ALÞINGISTÍÐINDI

2007–2008

HUNDRAÐ ÞRÍTUGASTA OG FIMMTA
LÖGGJAFARÞING

A

ÞINGSKJÖL

REYKJAVÍK
ODDI EHF
2008

ISSN 1028-6063 Alþingistíðindi
ISSN 1017-3641 Þingskjöl
ISSN 1017-365X Umræður
ISSN 1026-3233 Efnisyfirlit

Skrifstofa Alþingis hefur annast útgáfu Alþingistíðindanna.

Skammstafanir

afgr. = afgreitt
allshn. (a) = allsherjarnefnd
alþm. = alþingismaður
Alþt. = Alþingistíðindi
aths. = athugasemd
atkv. = atkvæði
atkvgr. = atkvæðagreiðsla
ákv. til brb. = ákvæði til bráðabirgða
brbl. = bráðabirgðalög
breyt. = breyting
brtt. = breytingartillaga
db. = dagbókarerindi
dóms- og kirkjumrn. = dóms- og kirkjumálaráðuneyti
dómsmrh. = dómsmálaráðherra
dómsmrn. = dómsmálaráðuneyti
efh.- og skattan. (es) = efnahags- og skattanefnd
efnismgr. = efnismálsgrein
fél.- og trn. (fl) = félags- og tryggingamálanefnd
félm.- og trmrh.= félags- og tryggingamálaráðherra
félm.- og trmrn. = félags- og tryggingamálaráðuneyti
félmn. (fél) = félagsmálanefnd
félmrh. = félagsmálaráðherra
fjárln. (fl) = fjárlaganefnd
fjmrh. = fjármálaráðherra
fjmrn. = fjármálaráðuneyti
flm. = flutningsmaður
form. = formaður
forsn. = forsætisnefnd
forsrh. = forsætisráðherra
forsrn. = forsætisráðuneyti
Framsfl. (F) = Framsóknarflokkur
frávtill. = frávísunartillaga
frhnál. = framhaldsnefndarálit
Frjálsl. (Fl) = Frjálslyndi flokkurinn
frsm. = framsögumaður
frv. = frumvarp
frvgr. = frumvarpsgrein
fskj. = fylgiskjal
fsp. = fyrirspurn
fyrirsp. = fyrirspyrjandi
fyrrv. = fyrrverandi
gr. = grein
grg. = greinargerð
hagstrh. = ráðherra Hagstofu Íslands
heilbrn. (h) = heilbrigðisnefnd
heilbrrh. = heilbrigðisráðherra
heilbrrn. = heilbrigðisráðuneyti
hv. = háttvirtur
hæstv. = hæstvirtur
iðnn. (i) = iðnaðarnefnd
iðnrh. = iðnaðarráðherra
iðnrn. = iðnaðarráðuneyti
kirkjumrh. = kirkjumálaráðherra
kjörbn. (k) = kjörbréfanefnd
l. = lög
lagafrv. = lagafrumvarp
landbn. (l) = landbúnaðarnefnd
landbrh. = landbúnaðarráðherra
landbrn. = landbúnaðarráðuneyti
lögþ. = löggjafarþing
málsl. = málsliður
menntmn. (m) = menntamálanefnd
menntmrh. = menntamálaráðherra
menntmrn. = menntamálaráðuneyti
mgr. = málsgrein
Norðaust. (Na) = Norðausturkjördæmi
Norðvest. (Nv) = Norðvesturkjördæmi
nál. = nefndarálit
núv. = núverandi
Reykv. n. (Rn) = Reykjavíkurkjördæmi norður
Reykv. s. (Rs) = Reykjavíkurkjördæmi suður
rg. = reglugerð
rökst. = rökstudd
Samf. (Sf) = Samfylkingin
samgn. (sg) = samgöngunefnd
samgrh. = samgönguráðherra
samgrn. = samgönguráðuneyti
samstrh. = ráðherra norrænna samstarfsmála
samþ. = samþykkt
sbr. = samanber
sérn. = sérnefnd
shlj. = samhljóða
Sjálfstfl. (S) = Sjálfstæðisflokkur
sjútv.- og landbn. (sl) = sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd
sjútv.- og landbrh. = sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra
sjútv.- og landbrn. = sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti
sjútvn. (sj) = sjávarútvegsnefnd
sjútvrh. = sjávarútvegsráðherra
sjútvrn. = sjávarútvegsráðuneyti
skv. = samkvæmt
stafl. = stafliður
stjfrv. = stjórnarfrumvarp
stjskl. = stjórnarskipunarlög
stjskr. = stjórnarskrá
stjskrn. = stjórnarskrárnefnd
stjtill. = stjórnartillaga
Stjtíð. = Stjórnartíðindi
Suðurk. (Su) = Suðurkjördæmi
Suðvest. (Sv) = Suðvesturkjördæmi
till. = tillaga
tillgr. = tillögugrein
trmrh. = tryggingamálaráðherra
tölul. = töluliður
umhvn. (um) = umhverfisnefnd
umhvrh. = umhverfisráðherra
umhvrn. = umhverfisráðuneyti
umr. = umræða

utanrmn. (ut) = utanríkismálanefnd
utanrrh. = utanríkisráðherra
utanrrn. = utanríkisráðuneyti
útb. = útbýtt
viðskn. (v) = viðskiptanefnd
viðskrh. = viðskiptaráðherra
viðskrn. = viðskiptaráðuneyti
Vinstri gr. (Vg) = Vinstri hreyfingin – grænt framboð
vþm. = varaþingmaður
þál. = þingsályktun
þáltill. = þingsályktunartillaga
þm. = þingmaður
þmfrv. = þingmannafrumvarp
þmtill. = þingmannatillaga
þskj. = þingskjal

Alþingismenn

ArnbS = Arnbjörg Sveinsdóttir
AtlG = Atli Gíslason
ÁI = Álfheiður Ingadóttir
ÁJ = Árni Johnsen
ÁKÓ = Ármann Kr. Ólafsson
ÁMM = Árni M. Mathiesen
ÁMöl = Ásta Möller
ÁÓÁ = Ágúst Ólafur Ágústsson
ÁPÁ = Árni Páll Árnason
ÁRJ = Ásta R. Jóhannesdóttir
ÁÞS = Árni Þór Sigurðsson
BÁ = Birgir Ármannsson
BBj = Björn Bjarnason
BjarnB = Bjarni Benediktsson
BjH = Bjarni Harðarson
BJJ = Birkir J. Jónsson
BjörgvS = Björgvin G. Sigurðsson
BjörkG = Björk Guðjónsdóttir
EBS = Ellert B. Schram
EKG = Einar K. Guðfinnsson
EMS = Einar Már Sigurðarson
GAK = Guðjón A. Kristjánsson
GÁ = Guðni Ágústsson
GHH = Geir H. Haarde
GMJ = Grétar Mar Jónsson
GSB = Guðfinna S. Bjarnadóttir
GSv = Gunnar Svavarsson
GuðbH = Guðbjartur Hannesson
GÞÞ = Guðlaugur Þór Þórðarson
HerdÞ = Herdís Þórðardóttir
HHj = Helgi Hjörvar
HöskÞ = Höskuldur Þórhallsson
IllG = Illugi Gunnarsson
ISG = Ingibjörg Sólrún Gísladóttir
JBjarn = Jón Bjarnason
JóhS = Jóhanna Sigurðardóttir
JónG = Jón Gunnarsson
JM = Jón Magnússon
KHG = Kristinn H. Gunnarsson
KaJúl = Katrín Júlíusdóttir
KJak = Katrín Jakobsdóttir
KLM = Kristján L. Möller
KolH = Kolbrún Halldórsdóttir
KÓ = Kjartan Ólafsson
KVM = Karl V. Matthíasson
KÞJ = Kristján Þór Júlíusson
LB = Lúðvík Bergvinsson
MS = Magnús Stefánsson
ÓN = Ólöf Nordal
PHB = Pétur H. Blöndal
REÁ = Ragnheiður E. Árnadóttir
RR = Ragnheiður Ríkharðsdóttir
SF = Siv Friðleifsdóttir
SJS = Steingrímur J. Sigfússon
SKK = Sigurður Kári Kristjánsson
StB = Sturla Böðvarsson
SVÓ = Steinunn Valdís Óskarsdóttir
VS = Valgerður Sverrisdóttir
ÞBack = Þuríður Backman
ÞKG = Þorgerður K. Gunnarsdóttir
ÞSveinb = Þórunn Sveinbjarnardóttir
ÖJ = Ögmundur Jónasson
ÖS = Össur Skarphéðinsson

Varaþingmenn

AKG = Anna Kristín Gunnarsdóttir
ALE = Auður Lilja Erlingsdóttir
ALJ = Alma Lísa Jóhannsdóttir
BVG = Björn Valur Gíslason
DPál = Dögg Pálsdóttir
DSk = Dýrleif Skjóldal
EÓÁ = Erla Ósk Ásgeirsdóttir
GBj = Guðný Helga Björnsdóttir
GHK = Guðný Hrund Karlsdóttir
GLG = Guðfríður Lilja Grétarsdóttir
GStein = Guðmundur Steingrímsson
HAð = Huld Aðalbjarnardóttir
HBJ = Hanna Birna Jóhannsdóttir
IIG = Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir
JHák = Jón Björn Hákonarson
KjE = Kjartan Eggertsson
MÁ = Mörður Árnason
PN = Páll Nikolov
RGuðb = Rósa Guðbjartsdóttir
RM = Róbert Marshall
SigfK = Sigfús Karlsson
SÞÁ = Steinunn Þóra Árnadóttir
SÖE = Samúel Örn Erlingsson
TH = Tryggvi Harðarson
VB = Valgerður Bjarnadóttir
ÞI = Þorvaldur Ingvarsson
ÞKM = Þórunn Kolbeins Matthíasdóttir

Skammstafanir þessar tákna og orðin í fleirtölu og öllum beygingarföllum.

Frumvarp til fjárlaga

fyrir árið 2008.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007.)

Fyrri hluti: Stefna og horfur

	Bls.
Inngangur	3
1. Efnahagsstefnan og markmið fjárlaga	5
2. Helstu þættir ríkisfjármála	9
3. Langtímaáætlun í ríkisfjármálum	16
4. Yfirlit þjóðhagsspár	22
Fylgiskjal: Töfluviðauki	29

Seinni hluti: Lagagreinar og athugasemdir

A-, B-, C-hluti og ýmis ákvæði 1. grein: Rekstraryfirlit ríkissjóðs, A-hluti, 2. grein: Sjóðstreymi ríkissjóðs, A-hluti, 3. grein: Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta, 4. grein: Fjárreiður lánastofnana í C-hluta, 5. grein: Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir, 6. grein: Heimildir.

Sundurliðanir 1. Tekjur A-hluta, 2. Fjármál ríkisaðila í A-hluta, 3. Fjármál ríkisfyrirtækja í B-hluta, 4. Fjármál lánastofnana í C-hluta.

Séryfirlit 1. Málaflokkar gjalda í A-hluta, 2. Hagræn skipting gjalda í A-hluta, 3. Markaðar tekjur, 4. Aðrar rekstrartekjur stofnana, 5. Lögbundin framlög.

Athugasemdir 1. Yfirlit ríkisfjármála, 2. Tekjur A-hluta, 3. Gjöld A-hluta, 4. Ríkisfyrirtæki í B-hluta, 5. Lánastofnanir í C-hluta, 6. Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir, 7. Heimildir, 8. Yfirlit um lagabreytingar.

Vefsetur fjárlaga fjarlog.is

Inngangur

Samkvæmt 42. gr. stjórnarskrárinnar ber að leggja fram frumvarp til fjárlaga fyrir Alþingi strax og það kemur saman að hausti. Í samræmi við þetta hefur frumvarpið jafnan verið lagt fram á fyrsta fundi þingsins. Um meginefni þess er fjallað í fjárlaganefnd Alþingis en aðrar nefndir fá þá efnisflokka til umsagnar sem að þeim snúa. Fjallað er um nauðsynlegar lagabreytingar vegna tekjuhliðar fjárlaga og breytingar á almennum lögum sem tengjast afgreiðslu fjárlaga í öðrum nefndum. Fjárlagafrumvarp er jafnan afgreitt í desember.

Frumvarpið er sett fram í tveimur hlutum. Í fyrri hluta er fjallað um stefnu og horfur í efnahags- og ríkisfjármálum auk umfjöllunar um ríkisfjármálin yfir lengra tímabil. Í síðari hluta eru lagagreinarnar og athugasemdir við þær auk sérstakra yfirlita.

Efnisskipan fyrri hluta

Í fyrsta kafla fyrri hluta frumvarpsins er fjallað um stefnuna í ríkisfjármálum og helstu áhersluatriði. Í öðrum kafla er að finna helstu niðurstöður frumvarpsins og mat á afkomuhorfum þessa árs. Í þriðja kafla er kynnt langtímaáætlun í ríkisfjármálum til nokkurra ára og helstu forsendur og niðurstöður hennar. Í fjórða kafla er fjallað um yfirlit þjóðhagsspár, um framvindu efnahagsmála og horfur næsta ár. Í lok heftisins er töfluviðauki með ýmsum upplýsingum um ríkisfjármálin.

Lagagreinar frumvarpsins – síðari hluti

1. gr. Rekstraryfirlit ríkissjóðs, A-hluti.
2. gr. Sjóðstreymi ríkissjóðs, A-hluti.
3. gr. Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta.
4. gr. Fjárreiður lánastofnana í C-hluta.
5. gr. Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir.
6. gr. Heimildir.

Efnisskipan síðari hluta

Í síðari hluta er að finna ítarlegar upplýsingar um tekjur, gjöld og lánsfjármál. Í fyrsta lagi koma fram lagagreinar þar sem meginniðurstöður ríkisfjármála eru sýndar ásamt heimildarákvæðum. Í öðru lagi er sýnd sundurliðun á tekjum ríkissjóðs, fjárreiðum stofnana og framlögum til einstakra viðfangsefna. Þessar sundurliðanir eru fylgihluti lagagreinanna. Í þriðja lagi eru séryfirlit af ýmsu tagi til skýringar. Að lokum er greinargerð um lagagreinarnar og yfirlitin.

Fjárlögin á veraldarvefnum

Vakin er athygli á því að allt efni fjárlagafrumvarpsins, bæði talnayfirlit og greinargerðir, er birt á vef fjármálaráðuneytisins um leið og frumvarpið hefur verið lagt fram á Alþingi. Veffangið er *fjarlog.is*.


1 Efnahagsstefnan og markmið fjárlaga

Ábyrg efnahagsstefna er forsenda velferðar

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er lögð áhersla á ábyrga efnahagsstjórn sem forsendu kraftmikils efnahagslífs og aukinnar velferðar. Markmið hagstjórnarinnar er að tryggja stöðugleika með lágri verðbólgu, lágu vaxtastigi, jafnvægi í utanríkisviðskiptum til langs tíma litið, jöfnum og öflugum hagvexti og áframhaldandi traustri stöðu ríkissjóðs. Stórframkvæmdir, skattkerfisbreytingar og aðrar hagstjórnaraðgerðir verða tímasettar í ljósi þessara markmiða. Íslenskum fyrirtækjum verði tryggt samkeppnishæft rekstrarumhverfi til að stuðla að áframhaldandi vexti þeirra og laða að starfsemi erlendis frá.

Frumkvæði og kraftur einkenna íslenskt efnahagslíf. Breytt skipulag hagkerfisins og aukin þátttaka í alþjóðlegu efnahagsstarfi hafa leitt af sér öflugt hagvaxtarskeið sem hefur einkennst af nýsköpun í atvinnustarfsemi og nýjungum á mörkuðum.

Hagvöxtur



Aukið framboð á ódýru fjármagni í hagkerfinu sem hefur styrkt gengi krónunnar og stuðlað að verðhækkun fasteigna og hlutabréfa. Eignir fyrirtækja og heimila hafa aukist umfram skuldir, bæði innan lands og utan. Ásamt stóriðjuframkvæmdum, hækkun tekna og háu atvinnustigi, hefur það leitt til mikillar aukningar á innlendri eftirspurn.

Aukið jafnvægi á næstu árum

Þótt aðhald í hagstjórn hafi aukist jafnt og þétt undanfarin ár hefur gangur efnahagsstarfseminnar verið meiri en búist var við þannig að verðbólga og viðskiptahalli hafa aukist tímabundið. Við lok núverandi stóriðjuframkvæmda er gert ráð fyrir viðsnúningi í eftirspurn og utanríkisviðskiptum. Hagvexti er spáð að vera hóflegur á komandi árum ásamt meira jafnvægi í erlendum viðskiptum og lægri verðbólgu.

Mun betri afkoma ríkissjóðs

Árið 2006 varð tekjuafkoman betri en reiknað var með í fjárlögum og fjáraukalögum þess árs eða 7,1% af landsframleiðslu. Áætlað er að tekjuafkoman nemi 5,4% af landsframleiðslu árið 2007 sem er umtalsvert betri afkoma en reiknað var með í fjárlögum.

Samdrætti í fjárfestingu atvinnuveganna verður mætt

Til að mæta væntum samdrætti í þjóðarútgjöldum hefur verið ákveðið að auka útgjöld til fjárfestinga ríkissjóðs árið 2008. Þá er víða brýn þörf á úrbótum í innviðum efnahagslífsins, sérstaklega úti á landi. Aukningin er þó aðeins brot af fyrirséðum samdrætti í fjárfestingu atvinnuveganna við lok stóriðjuframkvæmda. Í fjárlögum fyrir árið 2008 er gert ráð fyrir aðhaldsstigi sem er í samræmi við væntingar um hægari hagvöxt á árinu, eða tæplega 31 milljarða króna tekjuafgangi en það nemur 2,4% af landsframleiðslunni. Tekjuafgangurinn skapar svigrúm til að greiða niður skuldir enn frekar og þar með draga úr vaxtagjöldum ríkissjóðs svo og að styrkja stöðu ríkissjóðs hjá Seðlabanka Íslands.

Ábyrg stefna í ríkisfjármálum


Sveiflujafnandi stefna í ríkisfjármálum er mikilvæg forsenda fyrir stöðugleika í efnahagsmálum. Í fjárlagafrumvarpinu er lögð fram langtímaáætlun ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum til næstu fjögurra ára líkt og undanfarin ár. Í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar verður unnið að rammafjárlögum um forgangsröðun verkefna til næstu ára og verður í þeirri vinnu tekið mið af markmiðum í hagstjórn og öðrum áherslumálum ríkisstjórnarinnar.

Fjölbreyttara atvinnulíf

Íslenskt efnahagslíf er í örri framþróun. Atvinnustarfsemin er orðin mun fjölbreyttari og öflugri en hún áður var. Sjávarútvegur er áfram undirstöðugrein í útflutningi en aukin starfsemi í stóriðju, ferðaþjónustu og hátæknigreinum hefur styrkt stoðir útflutnings. Geta efnahagslífsins til að standa undir bættum lífskjörum í alþjóðlegu efnahagsumhverfi hefur því aukist. Íslensk fyrirtæki hafa haslað sér völl erlendis svo að eftir hefur verið tekið og eignamyndun Íslendinga erlendis fer vaxandi.

Breytt skipulag og alþjóðavæðing efnahagslífsins hafa umbylt efnahagsumgjörð heimila og fyrirtækja og gert hana eins góða, ef ekki betri, og þekkist í okkar helstu viðskiptalöndum. Stefnt verður að lækkun skatta á einstaklinga og fyrirtæki á kjörtímabilinu. Ríkisstjórnin mun vinna að endurskoðun á skattkerfi og almannatryggingum til að bæta hag lágtekjufólks og millitekjufólks. Mikilvægt er að fyrirtæki búi við stöðugt og örvandi skattaumhverfi. Einkavæðing ríkisfyrirtækja á fjármála- og fjarskiptamarkaði hefur eflt þessar atvinnugreinar. Hin breytta skipan hefur jafnframt aukið getu fyrirtækja og einstaklinga til að taka þátt í alþjóðavæðingu efnahagslífsins sem hefur aukist til muna á liðnum áratug.

Verðbólga




Verðbólga fer lækkandi

Til viðbótar við mikinn tekjuafgang á ríkissjóði hefur komið fram aðhald í peningastjórn Seðlabankans og stýrivextir verið hækkaðir til að draga úr innlendri eftirspurn og lækka verðbólgu. Þrátt fyrir mikið flökt hefur gengi krónunnar haldist nokkuð hátt árin 2006 og 2007, en það hefur ásamt áframhaldandi eignaverðshækkunum haft áhrif til að halda eftirspurnarstigi heimilanna hærra en ella. Vegna aðhalds í efnahagsstjórn og loka yfirstandandi stóriðjuframkvæmda er þenslan að ganga niður. Spáð er að verðbólga lækki og verði á markmiði Seðlabanka Íslands á komandi árum. Jafnframt mun viðskiptahalli minnka hratt og meira jafnvægi því einkenna þjóðarbúskapinn.

Styrk staða Íslands

Flestir efnahagslegir mælikvarðar sýna sterka stöðu Íslands í alþjóðlegum samanburði. Hagvöxtur hefur verið mikill og tekjur á mann á Íslandi eru með þeim hæstu í OECD ríkjunum. Atvinnuleysi er langt undir því sem gengur og gerist í nágrannalöndum okkar. Kraftur og áræði einkennir starfsemi íslenskra fyrirtækja og sókn þeirra á alþjóðamarkaði. Þegar horft er lengra fram í tímann kemur í ljós að staða okkar er einnig betri en víðast hvar annars staðar. Þannig er lífeyrissjóðakerfið mun öflugra hér á landi þar sem það er að verulegu leyti byggt á sjóðasöfnun en ekki gegnumstreymi. Þá er staða ríkisfjármála mjög góð, bæði hvað varðar afkomu og skuldir ríkissjóðs.

Viðskiptajöfnuður



Stöðugleiki í efnahagsmálum

Meginniðurstaða fjárlagafrumvarps og langtímaáætlunar í ríkisfjármálum er að stöðugleiki ríki í efnahagslífinu þegar hratt dregur úr umsvifum vegna stóriðjuframkvæmda og samdráttur verður í innlendri eftirspurn. Við þær aðstæður er dregið úr aðhaldsstigi í ríkisfjármálum árið 2008 sem er í samræmi við markmið í efahagsstjórn ríkisstjórnarinnar um stöðugleika í efnahagslífinu.

2 Helstu þættir ríkisfjármála

2.1 Horfur í ríkisfjármálum árið 2007

Mun betri afkoma en í fjárlögum

Tekjur og gjöld ríkissjóðs hafa verið endurmetin í ljósi þróunar í efnahags- og ríkisfjármálum það sem af er árinu. Í eftirfarandi töflu má sjá áætlaða afkomu ríkissjóðs og niðurstöðu ríkisreiknings 2006. Tekjuafkoma árið 2006 varð betri en reiknað var með í fjárlögum og fjáraukalögum eða 82 milljarðar króna. Svipað má segja um áætlaða tekjuafkomu fyrir árið 2007, sem er margfalt betri en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Er tekjuafkoman áætluð 66 milljarðar kr. en var áætluð rúmlega 9 milljarðar kr. í fjárlögum 2007. Tekjuafkoma sem hlutfall af vergri landsframleiðslu var 7% árið 2006 og áætlað að verði 5,4% á þessu ári. Hafa ríkisfjármálin þannig veitt talsvert meira aðhald að eftirspurn en gert var ráð fyrir.

Afkoma ríkissjóðs

Í milljörðum króna á verðlagi hvers árs	Reikningur 2006	Fjárlög 2007	Áætlun 2007	Frumvarp 2008
Tekjur	422,0	376,4	448,2	461,2
Gjöld	340,2	367,3	382,2	430,4
Tekjujöfnuður	**81,8**	**9,1**	**66,0**	**30,8**
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi [1]	5,9	-2,4	-13,4	-6,4
Handbært fé frá rekstri	**87,7**	**6,7**	**52,6**	**24,4**
Fjármunahreyfingar [2]	-104,9	3,0	-65,5	7,5
Hreinn lánsfjárjöfnuður [3]	**-17,2**	**9,7**	**-12,9**	**31,9**

[1] Til þess að fá mat á sjóðstreymi þarf að draga frá tekjum á rekstrargrunni þann hluta þeirra sem ekki kemur til innheimtu á árinu. Þá þarf að lækka tekjurnar um andvirðið af sölu eigna þar sem það fellur ekki undir eiginlegan rekstur. Jafnframt þarf að lækka útgjöld á rekstrargrunni vegna þeirra gjalda sem ekki koma til greiðslu á árinu.

[2] Hér eru færðar lánveitingar ríkissjóðs, að frádregnum afborgunum fyrri lánveitinga. Undir þennan lið falla til dæmis lán sem ríkissjóður tekur vegna Lánasjóðs íslenskra námsmanna o.fl. Auk þess færast þar hreyfingar á viðskiptareikningum og stofnfjárframlög ríkisins. Loks er heildarandvirði seldra eigna sem skilar sér í ríkissjóð á árinu fært undir þennan lið.

[3] Án aukaframlaga í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Tekjur aukast meira en útgjöld

Heildartekjur ríkissjóðs voru áætlaðar 376,4 milljarðar í fjárlögum fyrir árið 2007. Endurskoðuð áætlun gerir ráð fyrir að tekjur verði 448,2 milljarðar króna sem tæplega 72 milljörðum kr. meira en í fjárlögum. Skýringin á hærri tekjum ríkissjóðs á þessu ári er margþætt. Fjármagnstekjur hafa aukist vegna áframhaldandi eignaverðshækkana. Þá

hafa tekjuskattur einstaklinga, tryggingagjöld, aðflutningsgjöld og virðisaukaskattur aukist meira en reiknað var með, en vöxtur einkaneyslu, launabreytingar og mannfjölgun hafa verið mun meiri en reiknað var með í forsendum fjárlaga síðastliðið haust. Auk þess hefur bætt afkoma haft áhrif til að auka vaxtatekjur ríkissjóðs.

Heildargjöld ríkissjóðs árið 2007 eru áætluð 382,2 milljarðar kr. en eru 367,3 milljarðar í fjárlögum. Eru gjöldin því tæplega 15 milljörðum kr. hærri en áætlað var. Sé eingöngu litið á greiðsluhreyfingar er aukning útgjalda frá fjárlögum 8,7 milljarðar kr. Helstu skýringarnar á frávikum í útgjöldum eru að gert er ráð fyrir að afskriftir skattkrafna verði 4 milljörðum meiri en áætlað var í fjárlögum, þá er reiknuð sérstök 1,1 milljarðs kr. gjaldfærsla vegna núvirts mismunar á út- og innlánsvöxtum vegna félagslegra leiguíbúða. Framlög í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga aukast um rúmlega 1,8 milljarð króna, mest vegna tengingar við tekjur ríkissjóðs og ákvörðunar um sértakt 700 m.kr. tímabundið framlag í sjóðinn. Vaxtagjöld aukast um ríflega 1 milljarð og greiddur fjármagnstekjuskattur ríkissjóðs um 0,6 milljarða kr. Mótvægisaðgerðir ríkisstjórnarinnar vegna minni þorskafla og tillögur Vestfjarðanefndar skýra 1,3 milljarða króna. Þar að auki verður veitt 1,2 milljarða kr. stofnframlag til Byggðastofnunar, þannig að samtals er um að ræða 2,5 milljarða kr. Útgjöld lífeyristrygginga aukast um ríflega 0,5 milljarða kr. vegna ákvörðunar um að draga úr tekjutengingu bóta og lyfjakostnaðar sjúkratrygginga er 0,5 milljörðum króna hærri en áætlað var. Aðrar breytingar eru minni og eru nánar skýrðar út í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2007.

Eins og fram hefur komið er áætlað að tekjuafgangur ríkissjóðs árið 2007 verði 66 milljarðar kr. og handbært fé frá rekstri 53 milljarðar. Fjármunahreyfingar eru hins vegar neikvæðar um tæplega 66 milljarða kr. og því er lánsfjárþörf ríkissjóðs áætluð 13 milljarðar kr. Skýringin á neikvæðum fjármunahreyfingum er annars vegar 30 milljarða kr. kaup ríkissjóðs á hlut sveitarfélaganna í Landsvirkjun og hins vegar ákvörðun um að auka eigið fé Seðlabanka Íslands um 44 milljarða kr. Þá hefur verið ákveðið að styrkja eigið fé Byggðastofnunar um 1,2 milljarða kr. sem er hluti af mótvægisaðgerðum eins og fram hefur komið. Loks er stofnframlag í Fjarskiptasjóð 500 m.kr. Á móti kemur að söluandvirði á hlut ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja nam 7,6 milljörðum kr.

2.2 Helstu þættir fjárlagafrumvarps fyrir árið 2008.

Áfram afgangur á ríkissjóði

Áætlað er að tekjuafkoma ríkissjóðs árið 2008 verði ríflega 30 milljarðar kr. sem er mun betri afkoma en langtímaspá í síðasta fjárlagafrumvarpi gerði ráð fyrir en þá var áætlað að rekstrarhalli yrði tæplega 5 milljarða kr. Áætlað er að handbært fé frá rekstri nemi rúmlega 24 miljörðum króna og að lánsfjárjöfnuður verði ríflega 32 milljarðar. Áformað er að ráðstafa lánsfjárjöfnuði í að greiða 4 milljarða kr. inn á lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs, greiða niður skuldir er nemur 14,5 milljörðum kr. og bæta stöðuna við Seðlabanka um rúmlega 13 milljarða króna. Styrkist staða ríkissjóðs því verulega á næsta ári þrátt fyrir að verulegu fé verði ráðstafað til samgöngumála og til mótvægisaðgerða vegna minni þorskafla.

Áætlað er að tekjur ríkissjóðs árið 2008 verði 461,6 milljarðar króna, sem er 77,3 milljarða króna hækkun frá langtímaáætlun sem lögð var fram haustið 2006. Að mestu má rekja breytinguna til hækkunar tekjuspár árið 2007 á grundvelli endurskoðaðra þjóðhagsforsendna. Einnig er um að ræða aðeins meiri launa- og verðlagsbreytingar á næsta ári en gert var ráð fyrir í vorspá ráðuneytisins. Þá hækka vaxtatekjur ríkissjóðs vegna betri sjóðstöðu.

Gjöld vaxa vegna fjárfestinga í innviðum

Heildargjöld ríkissjóðs árið 2008 eru áætluð rúmir 430 milljarðar kr., sem er hækkun um 48 milljarða frá áætlun þessa árs. Aukast útgjöldin því um rúm 8% að raungildi á milli ára miðað við áætlun. Skýrist hækkunin að mestu af stórauknum framkvæmdum til samgöngumála í samræmi við samgönguáætlun og ráðstöfun á söluandvirði Landssímans hf. Almenn rekstargjöld ríkissjóðs, það er launagreiðslur, þjónustu- og vörukaup, hækka um 1,7% að raungildi frá áætlun þessa árs, þar af eru 0,7% vegna yfirtöku á verkefnum vegna brotthvarfs varnarliðsins. Tekjutilfærslur aukast um rúm 4% að raungildi meðal annar vegna spár um aukið atvinnuleysi og minni tekjutenginga í almannatryggingakerfinu. Stofnkostnaður vex um rúmlega 116% að raungildi mest vegna stóraukinna framlaga til samgöngumála og skýrir eins og áður segir að stórum hluta vöxt útgjalda frá þessu ári.

Í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar er haldið aftur af raunvexti rekstrargjalda, sem verður 1,7% og stafar að mestu af auknum framlögum til mennta- og velferðarmála. Þannig er gert ráð fyrir átaki í málefnum geðfatlaðra og kostnaði við stefnumörkun í málefnum barna og

Mennta- og velferðarmál í forgang

ungmenna. Útgjöld til menntamála aukast einkum vegna framlaga til háskóla og rannsóknasjóða. Útgjöld til varnarmála vaxa talsvert vegna brotthvarfs varnarliðsins, einkum vegna yfirtöku á rekstri ratsjárkerfisins. Loks má nefna framlög til mótvægisaðgerða vegna lækkun þorskafla og aukin framlög til þróunaraðstoðar.

Tekjutilfærslur aukast um rúm 4% að raungildi og stafar vöxturinn að hluta af spám um aukið atvinnuleysi, auk þess að útgjöld lífeyristrygginga aukast vegna samkomulags við aldraða og ákvörðunar ríkisstjórnarinnar að draga út tengingu greiðslna almannatrygginga við tekjur. Þá vaxa framlög til Lánasjóðs íslenskra námsmanna vegna fjölgunar lánþega. Framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga aukast vegna tengingar framlaga í sjóðinn við tekjur ríkissjóðs og útsvarsstofn auk ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um að veita áfram tímabundin framlög í sjóðinn til fólksfækkunarframlaga. Loks má nefna aukin framlög til atvinnuendurhæfingar.

Stofnkostnaður ríkissjóðs eykst verulega á milli ára og ríflega tvöfaldast. Er þar einkum um að ræða samgönguframkvæmdir, en tímabundin frestun framkvæmda fyrri ára gengur til baka auk þess að ráðstöfun á söluandvirði Landssímans hf. hefst að fullum þunga. Þannig aukast framlög til vegamála um 14 milljarða kr., til hafnamála um 1,4 milljarða kr. og til flugmála um 1,5 milljarð kr. Einnig má nefna að stofnkostnaður vegna smíði varðskips og kaupa á flugvélum fyrir Landhelgisgæsluna nemur 2 milljörðum kr. á næsta ári.

Aðhald í útgjöldum

Gripið er til ýmissa aðgerða á gjaldahlið frumvarpsins sem lækka útgjöld ríkisjóðs á næsta ári um 5,6 milljarða frá því sem annars hefði orðið. Þannig er gert ráð fyrir að fresta framkvæmdum við Sundabraut um 1,5 milljarð kr. Þá hafa ráðuneytin útfært lækkun rekstrargjalda stofnana og verkefna er nemur samtals 2 milljörðum króna. Loks er gripið til ýmissa aðgerða á gjaldahlið til að lækka millifærslur og verðjöfnun auk þess að byggingaframkvæmdum er frestað. Nánari grein er gerð fyrir þeim áformum í seinni hluta frumvarpsins.


Tekjuafgangur án óreglulegra tekna og gjalda

	Reikn. 2004	Reikn. 2005	Reikn. 2006	Fjárlög 2007	Áætlun 2007	Frv. 2008
Tekjur umfram gjöld	**0,5**	**112,8**	**81,8**	**0,0**	**66,0**	**30,8**
Óregluleg gjöld	23,5	13,9	24,5	10,8	14,8	15,0
Óreglulegar tekjur	1,1	64,1	15,3	0,5	6,1	0,5
Tekjuafg. fyrir óreglulega liði	**22,9**	**62,6**	**91,0**	**10,3**	**74,7**	**45,3**

Staða ríkissjóðs styrkist

Sé leiðrétt fyrir óreglulegum tekjum og gjöldum er tekjuafgangur ríkissjóðs tæplega 46 milljarðar kr. á næsta ári. Með óreglulegum tekjum er átt við liði eins og söluhagnað af hlutabréfum svo sem á borð við Landssímann hf. og endurmat á virði eigna. Með óreglulegum gjöldum er einkum átt við lífeyrisskuldbindingar og afskriftir skattkrafna. Tekjuafkoma á þennan mælikvarða ásamt lánsfjárjöfnuði er talin sýna betur hver raunveruleg áhrif ríkisfjármála eru á efnahagslífið, en lánsfjárafgangur er áætlaður 32 milljarðar króna á næsta ári. Í meðfylgjandi töflu má sjá að tekjuafgangur án óreglulegra liða samkvæmt ríkisreikningi síðustu þriggja ára hefur að meðaltali verið 59 milljarðar kr. á ári.

Hrein staða ríkissjóðs, hlutfall af VLF




Hrein staða ríkissjóðs er umfram skuldir

Sterk staða ríkissjóðs hefur leitt til þess að frá og með árinu 2006 eru vaxtatekjur ríkissjóðs talsvert umfram vaxtagjöld og er áætlað að vaxtatekjur verði ríflega 3,5 milljörðum meiri en vaxtagjöld á næsta ári. Það stafar af því að tekjuafgangi undanfarinna ára hefur verið varið til

að styrkja stöðuna við Seðlabanka Íslands, lækka hreinar skuldir ríkissjóðs og til að greiða fyrirfram inn á lífeyrisskuldbindingar ríkisins. Í árslok 2006 voru inneignir ríkissjóðs hjá Seðlabanka 117 milljarðar króna, án styrkingar á gjaldeyrisforða sem fjármögnuð var með Evruláni. Þá námu fyrirframgreiðslur ríkissjóðs inn á lífeyrisskuldbindingar 126 milljörðum króna ásamt vöxtum um síðustu áramót. Hrein skuldastaða ríkissjóðs á næsta ári er áætluð 4,9% af landsframleiðslu en var neikvæð um 23,4% árið 1998. Horfur eru því á að staða ríkissjóðs batni enn á þessu og næsta ári gangi áform frumvarpsins eftir.

Staða ríkisjóðs við Seðlabanka



Fjölbreytt atvinnulíf krefst menntunar

Á undaförnum árum hefur alþjóðavæðing og opnun íslensks efnahagslífs leitt til mikils hagvaxtar og fjölbreyttara atvinnulífs. Fleiri stoðir eru því undir vinnumarkaðinum en áður og eftirspurn eftir vel menntuðu fólki er mikil. Ríkisstjórnin mun fylgja þessum breytingum eftir og styðja við þær með því að efla menntun og rannsóknir auk þess að gætt verður að því að umhverfi fyrirtækja verði með því besta sem þekkist. Sterk staða ríkisfjármála gerir kleift að mæta samdrætti í þorskafla með mótvægisaðgerðum sem styrkja fjölbreytt atvinnulíf og menntun. Jafnframt er staðan nýtt til að taka mikilvæg skref í að bæta hag aldraðra og öryrkja. Á vegum félagsmálaráðuneytisins er að störfum nefnd sem hefur það verkefni að endurskoða almannatryggingalöggjöfina en málefni aldraðra og hluti almannatrygginga munu flytjast til félagsmálaráðuneytisins um n.k. áramót. Verkefni nefndarinnar er að vinna heildstæðar tillögur um eðlilegar fyrstu aðgerðir, langtíma stefnu-

mótun og nauðsynlegar lagabreytingar þeim samfara í samræmi við ákvæði í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Ljóst er að verkefni nefndarinnar er mjög viðamikið og mikilvægt er að úrbætur á einum stað leiði ekki til skerðingar á öðrum eins og getur verið raunin. Engu að síður er gert ráð fyrir að nefndin skili tillögum um fyrstu aðgerðir fyrir áramót þannig að þær geti komið til framkvæmda sem fyrst. Í frumvarpinu er varið stórfelldum fjármunum í að efla innviði efnahagslífsins með átaki í samgöngumálum og fjarskiptum. Með því að greiða niður skuldir á næsta ári er búið í haginn fyrir framtíðina og lagður grunnur að frekari umbótum.

2.3 Markvissari ríkisrekstur og breytt verkaskipti ráðuneyta

Einföldun og nútímavæðing stjórnsýslunnar

Í samræmi stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar verður unnið að einföldun og nútímavæðingu stjórnsýslunnar. Rafræn stjórnsýsla verður efld til að auka skilvirkni og til að einfalda samskipti milli almennings og stjórnvalda. Mikilvægur þáttur í bættri stjórnsýslu er endurskoðun á verkaskiptum ráðuneyta. Á vorþingi voru samþykktar breytingar á lögum um Stjórnarráð Íslands. Í lögunum eru tvö ráðuneyti sameinuð í eitt, það er landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneyti, auk þess að Hagstofu Íslands er breytt úr ráðuneyti í sjálfstæða ríkisstofnun. Jafnframt er með lögunum færð verkefni á milli ráðuneyta sem kallar á breytingu á nöfnum tveggja ráðuneyta vegna flutnings á hluta almannatrygginga frá heilbrigðisráðuneyti til félagsmálaráðuneytis. Vinna að breyttri verkaskiptingu í ráðuneytum og færslu málaflokka á milli ráðuneyta í samræmi við markmið ríkisstjórnarinnar um markvissari ríkisrekstur er vel á veg komin. Verkefni og fjárveitingar þeim tilheyrandi verða færð á milli ráðuneyta í frumvarpinu við 2. umr. fjárlaga. Með því að gera allar breytingarnar í einu með tillögu á Alþingi við 2. umr. fæst vettvangur til að ræða breytt verkaskipti á þinginu og samanburður á frumvarpinu við fjárlög fyrra árs og ríkisreikning verður auðveldari. Nauðsynlegar lagabreytingar þessu samfara verða lagðar fram fljótlega á haustþingi. Stefnt er að því að breytingar taki gildi um næstu áramót og þá verði gefin út endurskoðuð reglugerð um Stjórnarráð Íslands.

3 Langtímaáætlun í ríkisfjármálum 2008 - 2011

3.1 Inngangur

Útgjöldum haldið innan marka

Fjárlagafrumvörpum undanfarinna ára hafa fylgt áætlanir í ríkisfjármálum sem byggðu á markmiðum í efnahags- og ríkisfjármálum. Þar hafa verið sett fram markmið um að halda vexti ríkisútgjalda innan tiltekinna marka án þess að lögð hafi verið fram bein forgangsröðun verkefna með römmum til næstu þriggja ára. Þess í stað var forgangsröðun verkefna endurskoðuð í fjárlagafrumvarpi fyrir hvert ár í senn í samræmi við markmiðin.

Í lögum um fjárreiður ríkisins frá árinu 1997 er kveðið á um að með fjárlagafrumvarpi ár hvert skuli leggja fram langtímaáætlun í ríkisfjármálum til næstu þriggja ára eftir lok þess fjárhagsárs sem fjárlagafrumvarpið tekur til. Þar skal annars vegar gera grein fyrir horfum í ríkisbúskapnum í ljósi almennra efnahagshorfa og hins vegar stefnu stjórnvalda í ríkisfjármálum. Fram á að koma mat á áhrifum ríkisbúskaparins á efnahags- og atvinnumál, áform um öflun tekna og skiptingu gjalda, framlög til fjárfestingar og yfirlit yfir lánastarfsemi ríkisins og greiðslubyrði lána.

Í samræmi við ákvæði fjárreiðulaga leggur ríkisstjórnin nú fram langtímaáætlun í ríkisfjármálum fyrir árin 2008-2011. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir að gera skuli rammafjárlög til fjögurra ár í senn. Þar verði sett fram meginstefna í hagstjórn auk viðmiðana um tekjuöflun og útgjöld ríkissjóðs. Jafnframt verði þjónustuverkefnum og framkvæmdum ríkisins forgangsraðað. Gerð rammafjárlaga til fjögurra ára er rökrétt framhald stefnu sem mörkuð er í fjárreiðulögum.

Rammi fjárlaga til næstu ára

Ríkisstjórnin vinnur að gerð forgangsröðunar verkefna. Er það í fyrsta skipti sem slíkt er gert. Þar sem tiltölulega stutt er síðan ný ríkisstjórn tók við og umfangsmikið verk er að forgangsraða þjónustuverkefnum næstu fjögurra ára hefur verið ákveðið að leggja fram endurskoðaða stefnumörkum á vorþingi. Þar mun verða lagður fram rammi fjárlaga næstu ára með forgangsröðun verkefna í samræmi við áherslumál í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

Elstu og yngstu kynslóðir hafi forgang

Í ramma næstu ára verða málefni elstu og yngstu kynslóðanna forgangsmál auk þess sem ríkisstjórnin mun halda áfram uppbyggingu í samgöngumálum og í heilbrigðis- og félagsmálum. Þegar hefur verið mótuð heildstæð stefna í málefnum barna og ungmenna og gert er ráð fyrir fjölgun hjúkrunarrýma og eflingu heimahjúkrunar í frumvarpinu.

Staða aldraðra og öryrkja styrkt

Áhersla verður lögð á að styrkja stöðu aldraðra og öryrkja með því að einfalda almannatryggingakerfið og skoða sérstaklega samspil tryggingabóta almannatrygginga, greiðslna úr lífeyrissjóðum og atvinnutekna einstaklinga með það að markmiði að tryggja meiri sanngirni og hvetja til tekjuöflunar og sparnaðar. Í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar verður dregið úr tekjutengingum og skerðingum bóta í almannatryggingakerfinu. Fyrstu skrefin hafa þegar verið stigin með þeirri samþykkt Alþingis í sumar að afnema skerðingu lífeyris almannatrygginga vegna atvinnutekna 70 ára og eldri.

Fjárfest í menntun og rannsóknum

Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir áframhaldandi fjárfestingu í rannsóknum og menntakerfi þjóðarinnar og eflingu framlaga til rannsóknasjóða á næstu árum. Stefnt verður að fjölbreyttari námsleiðum, áhersla verður á aukið valfrelsi og einstaklingsmiðað nám m.a. til að draga úr brottfalli nemenda úr framhaldsskólum. List- og verkmenntun verður efld sem og starfs- og námsráðgjöf. Áhersla verður lögð á að skapa ný tækifæri til náms fyrir þá sem hafa eingöngu lokið grunnskólaprófi og efla fullorðinsfræðslu innan skólakerfisins og á vinnumarkaði. Þá verður unnið að lengingu kennaranáms og endurskoðun á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna með það að markmiði að bæta kjör námsmanna enn frekar.

Efling innviða

Í rammafjárlögum næstu ára verður lögð áhersla á að efla innviði samfélagsins á sviði samgangna og fjarskipta. Sést það þegar á stórauknum framlögum til samgöngumála í frumvarpinu sem aukast um 150% frá fjárlögum 2007.

Áhersla á forvarnir

Í heilbrigðismálum verður lögð stóraukin áhersla á forvarnir á öllum sviðum. Brugðist verður við vímuefnavá með aukinni fræðslu og forvörnum, stuðningi við fjölskyldur í vanda og fjölbreyttum meðferðarúrræðum. Stefnt verður að kostnaðargreiningu heilbrigðisþjónustu og að því að taka upp blandaða fjármögnun þar sem fjármagn fylgi sjúklingum. Þá hafa verið stigin myndarleg skref í þjónustu við geðfatlaða

m.a. með það að markmiði að stytta biðlista fyrir börn og ungmenni með geðraskanir.

3.2 Meginstefna ríkisstjórnarinnar í hagstjórn

Markmið um stöðugleika í efnahagsmálum

Á grundvelli skipulagsbreytinga, styrkingar innviða og vaxandi þátttöku í alþjóðlegu efnahagsstarfi er íslenskt efnahagslíf orðið afar kraftmikið. Mikil verðmætasköpun á undanförnum árum hefur aukið velferð landsmanna meira en dæmi eru um. Þeim góða árangri hefur hinsvegar fylgt tímabundið ójafnvægi í formi verðbólgu umfram verðbólgumarkmið, hækkandi vaxtastigs og aukins viðskiptahalla. Markmið ríkisstjórnarinnar í hagstjórn er að tryggja stöðugleika í efnahagslífinu með lágri verðbólgu, lágu vaxtastigi, betra jafnvægi í utanríkisviðskiptum, jöfnum og áframhaldandi öflugum hagvexti og traustri stöðu ríkissjóðs.

Lækkun skatta

Í stefnuyfirlýsingu ríkistjórnarinnar kemur m.a. fram að stefnt verður að frekari lækkun skatta á einstaklinga á kjörtímabilinu með það að markmiði að bæta hag lágtekjufólks og millitekjufólks, og leitað leiða til að lækka frekar skatta á fyrirtæki. Skattkerfisbreytingar og aðrar hagstjórnaraðgerðir verða hins vegar tímasettar í ljósi meginmarkmiða ríkisstjórnarinnar í hagstjórn.

Helsta viðmið varðandi tekjuöflun ríkissjóðs er að tekjuafkoma ríkissjóðs sé í jafnvægi yfir hagsveifluna og stuðli að efnahagslegum stöðugleika á hverjum tíma. Stefnt verður að skattabreytingum og eflingu velferðarkerfisins sem miðast við að auka framleiðslugetu hagkerfisins og velferð landsmanna.

3.3 Markmið og forsendur langtímaáætlunar

Ábyrg fjárm stjórn

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er sett markmið um að ríkisútgjöld aukist ekki í hlutfalli við þjóðarframleiðslu frá því sem nú er. Einnig eru markmið um áframhaldandi trausta stöðu ríkissjóðs og markvissan ríkisrekstur sem meðal annars felur í sér ráðdeild og varfærni í fjármálum. Markmiði um að viðhalda traustri stöðu ríkissjóðs verður náð með því að stefna að því að reka ríkissjóð í jafnvægi yfir hagsveifluna.

Fjármálaráðuneytið hefur lagt mat á horfur í efnahags- og ríkisfjármálum árin 2008–2011 og eru þær spár lagðar til grundvallar áætluninni ásamt stefnumörkun ríkisstjórnarinnar.

Í samræmi við hagstjórnarmarkmið ríkisstjórnarinnar er í forsendum langtímaáætlunar á tekjuhlið ekki gert ráð fyrir skattabreytingum á árinu 2008. Hinsvegar er gert ráð fyrir auknum fjárfestingum ríkissjóðs til að vega á móti snörpum samdrætti í atvinnuvegafjárfestingu þegar yfirstandandi stóriðjuframkvæmdum lýkur að mestu árið 2007.

Aukin umsvif nýtt til að lækka skuldir

Aukin umsvif í efnahagslífinu hafa skilað ríkissjóði myndarlegum afgangi undanfarin ár. Að stærstum hluta útskýrist þróunin af sjálfvirkri sveiflujöfnun í ríkisfjármálum sem framkallar afgang í uppsveiflu en halla í niðursveiflu. Þannig sinnir ríkissjóður hagstjórnarlegu hlutverki sínu með því að draga fjármuni út úr efnahagslífinu í uppsveiflu en setja þá inn í niðursveiflu. Árið 2008 er spáð að hagvöxtur verði áfram lítill, eða um 1,2%, en að ríkisjóður skili áfram afgangi þótt tekjur aukist minna en áður en útgjöld aukist meira. Vaxandi hagvexti er spáð árin 2009-2011. Miðað við óbreyttar áherslur í rekstri ríkissjóðs en aukin útgjöld til opinberra framkvæmda og engar frekari breytingar á skattkerfinu er því spáð að ríkisjóður verði rekinn með vaxandi afgangi á næstu árum eftir smávægilega lækkun árið 2009. Stefna stjórnvalda í ríkisfjármálum er að afkoma ríkissjóðs sé í jafnvægi til lengri tíma litið, þ.e. að ríkissjóður verði hallalaus yfir hagsveifluna með því að leyfa sjálfvirkri sveiflujöfnun að eiga sér stað.

Ríkisfjármál í jafnvægi til lengri tíma

Helstu þjóðhagsstærðir

Magnbreytingar, %	Frv. 2007	Frv. 2008	Áætlun 2009	Áætlun 2010	Áætlun 2011
Einkaneysla	2,1	-0,9	1,8	1,1	2,4
Samneysla	2,8	2,0	2,5	2,7	2,5
Fjárfesting	-22,2	-19,8	4,6	-4,5	0,4
Þjóðarútgjöld alls	-5,2	-4,8	0,4	0,3	2,0
Útflutningur vöru og þjónustu	8,7	9,2	3,9	2,8	2,8
Innflutningur vöru og þjónustu	-9,8	-7,0	-0,5	-1,5	1,9
Landsframleiðsla	0,7	1,2	2,1	2,0	2,4
Viðskiptajöfnuður, % af VLF	-15,2	-8,8	-7,6	-6,6	-5,8
Tekju- og verðlagsbreytingar, %					
Ráðstöfunartekjur á mann	9,8	4,3	3,9	1,8	4,0
Launabreytingar	9,0	5,5	3,8	3,6	4,0
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann	5,1	1,0	1,1	0,0	1,7
Vísitala neysluverðs	4,5	3,3	2,8	1,8	2,3
Gengisvísitala, stig	-2,1	0,4	4,3	3,4	0,3
Atvinnuleysi, hlutfall af mannafla	1,1	2,9	3,6	4,0	3,9

Efnahagsforsendur langtímaáætlunarinnar taka meðal annars mið af spám alþjóðastofnana um þróun efnahagsmála í helstu viðskiptaríkjum. Spár um þróun mannfjölda og vinnuafls taka mið af framvindu virkjana- og stóriðjuframkvæmda. Jafnframt er horft til líklegrar þróunar útflutningsframleiðslu þar sem m.a. er gengið út frá tilteknum forsendum um fiskafla og álframleiðslu á næstu árum. Komi til frekari stóriðjuframkvæmda á næstu árum þarf að endurskoða langtímaspá með tilliti til þess.

Í langtímaáætluninni er einnig gert ráð fyrir tilteknum aðgerðum á sviði peningamála í samræmi við þær meginforsendur sem áætlunin byggist á. Þannig er gengið út frá að Seðlabankinn haldi stýrivöxtum háum en taki að lækka þá á síðari hluta ársins 2008.

3.4 Niðurstöður langtímaáætlunar

Dregur úr umsvifum og eftirspurn

Meginniðurstaða langtímaáætlunar er að stöðugleiki ríki í efnahagslífinu þrátt fyrir að hratt dragi úr umsvifum vegna stóriðjuframkvæmda og hægi á vexti innlendrar eftirspurnar. Gert er ráð fyrir vaxandi hagvexti árin 2008 til 2011. Verulega dregur úr viðskiptahalla í upphafi tímabilsins þegar aukinn álútflutningur segir til sín. Verðbólga hefur lækkað árið 2007 og er spáð að hún verði komin á verðbólgumarkmið Seðlabanka Íslands á síðari hluta ársins 2008. Miðað er við að kauphækkanir við gerð kjarasamninga árið 2008 verði hóflegar til að forða frekari verðhækkunum og að kaupmáttur ráðstöfunartekna haldi áfram að aukast.

Mun betri afkoma en spáð var

Umtalsverður afgangur á ríkissjóði á undanförnum árum hefur verið notaður til að lækka skuldir og minnka vaxtabyrði ríkissjóðs. Árið 2007 er áætlað að afgangur nemi um 5,4% af landsframleiðslu en árið 2008 er gert ráð fyrir að afgangurinn minnki og verði sem nemur 2,4% af landsframleiðslu. Er það mikil breyting frá síðustu áætlun sem gerði ráð fyrir 9,2 milljarðs kr. afgangi á ríkissjóði árið 2007, eða 0,8% af landsframleiðslu og 4,8 milljarða kr. halla árið 2008, eða -0,4% af landsframleiðslu. Sá árangur næst þrátt fyrir talsvert aukin útgjöld vegna aðgerða til að mæta niðurskurði í veiðiheimildum fyrir þorsk á yfirstandandi fiskveiðiári og auknum útgjöldum til að styrkja innviði velferðarkerfisins.

Í ljósi framanrakinnar langtímaáætlunar og viðmiða um að vöxtur samneyslu ríkisins verði að jafnaði ekki umfram 2% að raungildi á ári, vöxtur tekjutilfærslna að jafnaði ekki umfram 2,5% að raungildi á ári og að framkvæmdir verði nýttar til sveiflujöfnunar er gert ráð fyrir að niðurstöður langtímaáætlunar 2008-2011 verði svo sem að neðan greinir á áætluðu verðlagi hvers árs.

Helstu þættir ríkisfjármála


Milljarðar króna	Áætlun 2008	Áætlun 2009	Áætlun 2010	Áætlun 2011
Heildartekjur	461,2	465,9	495,7	520,6
Þar af skatttekjur	422,3	432,6	462,4	486,0
Heildargjöld	430,4	454,6	468,8	485,3
Rekstrargjöld	185,9	198,7	210,1	222,2
Fjármagnskostnaður	21,8	21,8	22,3	22,6
Tilfærsluútgjöld	174,0	183,1	192,4	200,6
Viðhald	6,1	7,2	7,7	8,0
Fjárfesting	42,7	43,8	36,3	31,9
Tekjuafkoma ríkissjóðs	30,9	11,3	26,9	35,4
Lánsfjárjöfnuður	32,6	10,7	25,4	22,7
% af landsframleiðslu				
Heildartekjur	35,7	34,3	34,6	34,6
Þar af skatttekjur	32,7	31,8	32,3	32,3
Heildargjöld	33,4	33,4	32,7	32,2
Tekjuafkoma ríkissjóðs	2,4	0,8	1,9	2,3
Lánsfjárjöfnuður	2,5	0,8	1,8	1,5

4 Yfirlit þjóðhagsspár

Meiri hagvöxtur árið 2006 en talið var

Frá árinu 2003 hefur ríkt samfellt hagvaxtarskeið á landinu. Verg landsframleiðsla jókst um 23,2% að raungildi á sama tíma og þjóðinni fjölgaði um 5,2% frá 2003 til 2006. Landsframleiðsla á mann jókst því um 17% á tilgreindu tímabili, eða um 4% á ári. Það eru einkum þjónustugreinar í einkageiranum og byggingarstarfsemi sem hafa lagt hvað mest af mörkum til aukinnar landsframleiðslu á undafönum árum. Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann hefur aukist í takt við hagvöxtinn. Samkvæmt endurskoðuðum tölum frá Hagstofu Íslands var 4,2% hagvöxtur á árinu 2006. Fyrri mæling Hagstofunnar gaf til kynna 2,4% minni hagvöxt. Þjóðtekjur, þ.e. landsframleiðsla að viðbættum hreinum launa- og eignatekjum frá útlöndum, jukust um 1,2% og þjóðartekjur með viðskiptakjaraáhrifum um 2,6% að raungildi á síðasta ári. Þjóðarútgjöld vegna neyslu og fjárfestingar jukust um rúmlega 9% af landsframleiðslu en mismunurinn er halli á viðskiptajöfnuði sem nam tæplega 26% af landsframleiðslu á síðastliðnu ári.

Hlutdeild í hagvexti 2004-2009



Kaupmáttur ráðstöfunartekna vex hratt

Kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna hækkaði umtalsvert á síðastliðnu ári eða um 8,6% að raungildi á mann. Á sama tíma jukust einkaneysluútgjöld heimilanna um 4,4% að raungildi. Þetta gefur til kynna að heimilin hafi ekki þurft að fjármagna einkaneysluna með lánum eða minni sparnaði líkt og á undanförnum árum þegar vöxtur einkaneyslu var meiri en kaupmáttaraukning heimilanna. Mikill og samfelldur

vöxtur einkaneyslunnar undanfarin ár hefur án efa tengst mikilli hækkun eignaverðs, háu atvinnustigi og miklum launahækkunum, sterku gengi krónunnar og síðast en ekki síst væntinga um áframhaldandi kaupmáttaraukningu á næstu árum.

Skortur er á vinnuafli

Skráð atvinnuleysi lækkaði enn á síðasta ári og nam 1,6% af vinnuafli og fækkaði atvinnulausum um tæplega 700 manns frá árinu áður. Mikill innflutningur erlends vinnuafls hefur sett mark sitt á innlendan vinnumarkað. Þetta vinnuafl, sem að hluta til starfar við yfirstandandi stóriðjuframkvæmdir en einnig í æ ríkara mæli við almenn byggingarstörf og ýmis konar þjónustustörf, hefur án efa lagt sitt af mörkum til að draga úr spennu í efnahagslífinu. Þrátt fyrir þetta aukna aðstreymi erlends vinnuafls á íslenskan vinnumarkað ríkir enn mikil spenna á vinnumarkaði sem bendir til að þrýstingur verði nokkru meiri á hækkun launa á árinu en gert var ráð fyrir í fyrri spá. Reiknað er með að atvinnuleysi lækki enn á yfirstandandi ári og verði að meðaltali um 1,1% af vinnuafli á árinu. Skortur er því á vinnuafli og erfiðlega gengur að ráða í lausar stöður. Því er reiknað með að laun hækki um 9% og þrýstingur á hækkun verðlags sé því enn mikill.

Verðbólga mæld með vísitölu neysluverðs var um 4,0% árið 2005 og 6,8% árið 2006. Hækkandi verðbólgu má að mestu rekja til hækkunar íbúðaverðs og vaxandi framleiðsluspennu milli áranna 2005 og 2006. Skipulagsbreytingar og alþjóðavæðing efnahagslífsins hafa gert hagstjórn vandasamari en áður. Þrátt fyrir aðhaldssama hagstjórn undanfarin ár hefur vöxtur innlendrar eftirspurnar verið meiri og þrálátari en gert var ráð fyrir. Þá stöðu má rekja til þess að hinar breyttu aðstæður hafa aukið drifkraft fyrirtækja og bætt efnahag heimila.

Umfangsmiklum stóriðjuframkvæmdum að ljúka

Verulega mun draga úr umsvifum vegna stóriðjuframkvæmda árið 2007. Með hliðsjón af fjármunamyndun er reiknað með að umsvifin verði innan við helmingur miðað við árið 2006. Búist er við að heildarstofnkostnaður vegna framkvæmda við virkjanir með línulögnum og byggingu álvera á Reyðarfirði og við Grundartanga nemi um 310 milljörðum króna á verðlagi ársins 2006. Áætlað er að erlend hlutdeild framkvæmdanna sé tæplega 59% og að vinnuaflið verði um 10.400 ársverk en þar af er rúmlega 60% erlent vinnuafl. Að loknum framkvæmdum er reiknað með að framleiðslugeta álvera aukist um 525 þúsund tonn á ári sem er liðlega 190% aukning á framleiðslugetu þeirri

sem var til staðar árið 2003, þegar núverandi stóriðjuframkvæmdir hófust. Samhliða þessum stóriðjuframkvæmdum hefur fjármunamyndun í öðrum atvinnugreinum tekið kröftuglega við sér eftir verulegan samdrátt árin fyrir stóriðjuframkvæmdir.

Ekki gert ráð fyrir frekari stóriðju

Ekki er gert ráð fyrir frekari framkvæmdum við stóriðju þó svo ýmislegt bendi til að um framhald verði að ræða á næstu árum. Í þjóðhagsspám fjármálaráðuneytis er stuðst við þá vinnureglu að ekki er gert ráð fyrir slíkum framkvæmdum fyrr en að sýnt þykir að af þeim verði. Stóriðuframkvæmdir verða tímasettar í samræmi við markmið stjórnvalda í hagstjórn.

Í þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins er gert ráð fyrir að það hægi á efnahagsstarfsemi árið 2007 og að hagvöxtur það ár nemi 0,7% en að umsvif aukist á ný árin 2008 og 2009. Einnig er búist við að verðbólga fari lækkandi til lengri tíma litið en ekki er reiknað með að markmið Seðlabanka Íslands um 2,5% verðbólgu verði náð fyrr en á fyrri hluta árs 2009. Þá er gert ráð fyrir að atvinnuleysi aukist nokkuð á árunum 2008 og 2009.

Yfirlit þjóðhagsspár

	ma.kr. 2006	Bráðab. 2006	Spá 2007	Spá 2008	Spá 2009
Einkaneysla	685,6	4,4	2,1	-0,9	-1,8
Samneysla	285,4	3,9	2,8	2,0	2,5
Fjármunamyndun	388,0	19,8	-22,2	-19,8	4,6
Birgðabreytingar [1]	13,5	1,1	-1,0	0,0	0,0
Þjóðarútgjöld alls	1372,5	9,2	-5,2	-4,8	0,4
Útflutningur vöru og þjónustu	374,0	-5,1	8,7	9,2	3,9
Innflutningur vöru og þjónustu	583,6	10,1	-9,8	-7,0	-0,5
Landsframleiðsla	1162,9	4,2	0,7	1,2	2,1
Þjóðartekjur	1076,2	1,2	3,4	1,2	2,3
Viðskiptakjaraáhrif [2]	-	1,3	0,0	0,2	-0,6
Þjóðart. með viðskiptakjaraáhrifum	-	2,5	3,4	1,5	1,7
Viðskiptajöfnuður	-298,7	-	-	-	-
% af landsframleiðslu	-	-25,7	-15,2	-8,7	-7,6

[1] Birgðabreytingar milli ára eru sýndar sem hlutfall af landsframleiðslu fyrra árs á föstu verði.

[2] Hlutfall af þjóðartekjum fyrra árs á föstu verði.

Aukinn útflutningur ber uppi hagvöxt

Búist er við umtalsverðum viðsnúningi í utanríkisviðskiptum á árinu 2007. Mestu máli skiptir stóraukinn útflutningur á áli en einnig töluverður samdráttur í innflutningi. Þessi breyting ásamt því að reiknað er með mun hagstæðari jöfnuði þjónustuviðskipta og þáttatekna veldur því að viðskiptahalli minnkar verulega eða í rúm 15% af landsframleiðslu samanborið við tæplega 26% halla árið áður. Hátt verð sjávarafurða og áls valda því að viðskiptakjör batna örlítið þrátt fyrir hátt olíuverð.

Í forsendum þjóðhagsspár er gert ráð fyrir að meðalgengi krónunnar verði tæplega 119 stig árið 2007 en það er 2% styrking frá fyrra ári. Krónan styrktist mikið um miðbik ársins og stóð sterkast í 110 stigum. Sú styrking hafði að óverulegu leiti áhrif til lækkunar verðlags. Á móti má ætla að veikingin sem orðið hefur á krónunni síðan þá skili sér ekki að fullu til hækkunar verðlags. Gert er ráð fyrir að krónan haldist nær óbreytt milli ára og styrkist um 0,4% árið 2008 en síðan verði um hægt gengissig að ræða fram til 2012 þegar gert er ráð fyrir gengið standi í tæplega 130 stigum og er þá tekið mið af minnkandi gjaldeyrisinnflæði og lækkandi raunvaxtastigi. En töluverð óvissa ríkir varðandi áframhaldandi útgáfu á svonefndum krónubréfum sem erlendir fjárfestar hafa keypt í umtalsverðu magni.

Verðbólguhorfur til skamms tíma hafa versnað

Verðbólga fór lækkandi á fyrri hluta árs 2007 en verðbólguhorfur til skamms tíma hafa versnað nokkuð í kjölfar gengislækkunar á seinni hluta ársins. Spáð er 4,5% verðbólgu á yfirstandandi ári og miðast þá við breytingu milli áranna 2006 og 2007. Á næsta ári reiknað með 3,3% verðbólgu og um 2,8% verðbólgu árið 2009. Eins og að framan er getið er ekki gert ráð fyrir að verðbólgumarkmiði Seðlabankans verði náð fyrr en á fyrri hluta ársins 2009. Styrkingin krónunnar fyrr á árinu hefur haft óveruleg áhrif til lækkunar verðlags. Á móti má ætla að veikingin sem orðið hefur á krónunni síðan þá skili sér ekki að fullu til hækkunar verðlags. Verði það hins vegar raunin og verðbólguhorfur til skamms tíma versni enn frekar en orðið er má gera ráð fyrir að koma þurfi til hagstjórnarviðbragða. Hátt raunvaxtastig mun að lokum draga úr almennri eftirspurn heimila og fyrirtækja og varða veginn að auknu jafnvægi efnahagslífsins. Markmið Seðlabanka er að fyrirbyggja að háar verðbólguvæntingar nái að festa sig í sessi þegar verðbólguhorfur versna til skamms tíma. Sérstaklega er horft til þess að kjarasamningar stórra launþegasamtaka eru lausir í ársbyrjun 2008 og að á vormánuðum kemur til kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Frekara aðhald í ríkisfjármálum kann jafnframt að reynast nauðsynlegt umfram það aðhald sem kemur fram með sjálfvirkri sveiflujöfnun. Mikilvægt er að fjármálaregla ríkissjóðs haldi og að sveitarfélög taki upp slíka reglu í sínum fjármálum. Það myndi setja eftirspurn ríkissjóðs og sveitarfélaga skýr takmörk. Mikilvægt er að fjármálastjórn hins opinbera vinni eins og framast er unnt með peningastefnu Seðlabankans við að tryggja stöðugleika í efnahagslífinu á komandi árum.

Stýrivextir verða lækkaðir árið 2008

Í þjóðhagsspánni er gert ráð fyrir að Seðlabanki Íslands haldi stýrivöxtum háum 13,3% en taki að lækka þá í hægum skrefum á seinni helmingi ársins 2008, en gert er ráð fyrir að framleiðsluspennan hverfi úr hagkerfinu það ár. Reiknað er með að verðbólga verði 3,3% milli áranna 2007 og 2008. Stýrivextir verði því að meðaltali 12,2% árið 2008 og 6,8% árið 2009.

Spáð er 5,2% samdrætti þjóðarútgjalda á árinu 2007. Að baki þessum samdrætti er helst að nefna nærri þriðjungs samdrátt fjármunamyndunar atvinnuveganna í kjölfar loka stóriðjuframkvæmda. Reiknað er með að útgjöld ríkissjóðs og sveitarfélaga til samneyslu vaxi um 2,8% að raungildi en að fjárfesting hins opinbera vaxi um 2,1% árið 2007.

Áframhaldandi aðlögun að jafnvægi árið 2008

Framvinda efnahagsmála á árinu 2008 mun því væntanlega einkennast af áframhaldandi aðlögun hagkerfisins að jafnvægi. Gert er ráð fyrir að hagvöxtur aukist á ný og verði 1,2%. Þrátt fyrir 4,8% samdrátt í þjóðarútgjöldum er spáð að áframhaldandi hagfelld þróun utanríkisviðskipta beri uppi hagvöxtinn á árinu 2008. Spáð er að viðskiptahallinn verði 8,8% af landsframleiðslu á árinu. Líkt og árið 2007 er samdráttur þjóðarútgjalda aðallega rakinn til minni fjármunamyndunar, en þó er gert ráð fyrir verulegri aukningu í fjárfestingu hins opinbera eða um 27% að raungildi árið 2008. Reiknað er með að einkaneysla dragist saman um tæpt 0,9% og vöxtur kaupmáttar tímakaups og ráðstöfunartekna verði heldur minni á árinu 2008 en árið á undan. Þar að auki er reiknað með atvinnuleysi fari aftur vaxandi og að vinnumarkaðsspenna og launaskrið fari minnkandi. Atvinnuleysi nálgast jafnvægisatvinnuleysi og verður um 2,9% af vinnuafli.

Jafnvægi náð árið 2009

Spáð er að smávægilegur slaki myndist í hagkerfinu árið 2009 þrátt fyrir að þjóðarútgjöld taki að aukast lítillega eftir 10% samdrátt tvö árin þar á undan og að hagvöxtur verði 2,1%. Þá er gert ráð fyrir að viðskiptahalli dragist áfram saman og verði 7,8% af landsframleiðslu, að verðbólga verði 2,8% milli ára en að atvinnuleysi aukist áfram og verði 3,6% af vinnuafli.

Töfluviðauki

		Bls.
1.	Rekstraryfirlit A-hluta	31
2.	Sjóðstreymi A-hluta ríkissjóðs	32
3.	Skipting tekna ríkissjóðs	33
4.	Hagræn skipting á útgjöldum ríkssjóðs	34
5.	Skipting útgjalda eftir málaflokkum	35
6.	Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta	36
7.	Fjárreiður lánastofnana í C-hluta	37
8.	Skuldir, kröfur og handbært fé ríkissjóðs	38
9.	Skuldir og kröfur opinberra aðila	39
10.	Þjóðhagsforsendur frumvarpsins, magnbreytingar	40
11.	Þjóðhagsforsendur frumvarpsins, ma.kr.	41

Tafla 1 **Rekstraryfirlit A-hluta**

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2005	Reikningur 2006	Fjárlög 2007	Áætlun 2007	Frumvarp 2008
Skatttekjur	**335.322**	**377.386**	**343.223**	**404.764**	**422.266**
Skattar á tekjur einstaklinga	88.227	103.935	94.600	121.400	128.500
Skattar á tekjur lögaðila	23.413	32.427	39.000	39.000	44.000
Tryggingagjöld	32.607	37.813	34.851	38.823	41.279
Eignarskattar	13.340	8.754	7.675	9.965	10.455
Virðisaukaskattur	114.183	132.122	107.000	129.000	133.000
Aðrir skattar á vörur og þjónustu	54.560	58.325	55.318	59.602	57.837
Skattar ótaldir annars staðar	8.992	4.010	4.779	6.975	7.195
Aðrar rekstrartekjur	**25.800**	**28.705**	**30.474**	**34.996**	**36.259**
Arðgreiðslur	8.230	1.236	1.238	1.282	1.557
Vaxtatekjur og eignatekjur	9.315	18.358	20.450	25.045	25.382
Rekstrartekjur ótaldar annars staðar	8.255	9.111	8.786	8.669	9.321
Sala eigna	58.831	14.210	1.100	6.838	1.200
Fjárframlög	1.213	1.662	1.617	1.672	1.443
Tekjur samtals	**421.166**	**421.963**	**376.414**	**448.270**	**461.168**
Æðsta stjórn ríkisins	2.724	2.750	3.310	3.345	3.183
Forsætisráðuneyti	2.030	1.140	1.187	1.233	1.311
Menntamálaráðuneyti	37.750	43.440	46.252	47.428	50.958
Utanríkisráðuneyti	6.418	8.750	9.708	10.341	11.766
Landbúnaðarráðuneyti	15.643	13.619	13.822	14.075	14.016
Sjávarútvegsráðuneyti	2.196	3.574	3.004	3.441	3.395
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	16.825	19.025	20.815	21.485	23.433
Félagsmálaráðuneyti	27.508	29.478	32.698	34.386	40.198
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	118.462	130.128	144.649	147.468	156.603
Fjármálaráðuneyti	36.927	41.898	36.386	42.928	48.760
Samgönguráðuneyti	18.080	20.720	23.330	22.480	42.345
Iðnaðarráðuneyti	4.203	4.263	4.256	4.532	4.680
Viðskiptaráðuneyti	1.345	1.377	1.669	1.708	1.860
Hagstofa Íslands	632	629	595	595	629
Umhverfisráðuneyti	4.233	4.472	4.951	5.111	5.456
Vaxtagjöld ríkissjóðs	13.420	14.908	20.629	21.673	21.764
Gjöld samtals	**308.393**	**340.170**	**367.260**	**382.228**	**430.355**
Tekjujöfnuður	**112.773**	**81.792**	**9.154**	**66.043**	**30.813**

[1] Fjárlög að viðbættum fjáraukalögum ársins.

Tafla 2

Milljarðar króna	Reikningur 2006	Fjárlög 2007	Áætlun 2007	Frumvarp 2008
Handbært fé frá rekstri	**87,7**	**6,7**	**52,6**	**24,4**
Fjármunahreyfingar				
Lánahreyfingar, nettó	-90,5	3,4	3,7	7,5
Sala eigna og aðrar fjármunahreyfingar	-14,4	-0,4	-69,2	0,0
Fjármunahreyfingar samtals	**-104,9**	**3,0**	**-65,5**	**7,5**
Hreinn lánsfjárjöfnuður (án LSR)	**-17,2**	**9,7**	**-12,9**	**31,9**
Framlag til LSR	**-5,9**	**-4,0**	**-4,0**	**-4,0**
Lánsfjárafgangur að frádregnu framlagi í LSR [3]	-23,1	5,7	-16,9	27,9
Fjármögnun	**64,7**	**-1,8**	**27,3**	**-14,5**
Greiðsluafkoma	**41,6**	**3,9**	**10,4**	**13,4**
Hlutfall af VLF, %				
Handbært fé frá rekstri	7,5	0,6	4,3	1,9
Hreinn lánsfjárjöfnuður	-1,5	0,8	-1,1	2,5
Greiðsluafkoma	3,6	0,3	0,8	1,0

[1] Í fjárlagafrumvarpi er lánsfjárafgangi ráðstafað til niðurgreiðslu á skuldum eða til að styrkja stöðu ríkissjóðs með öðrum hætti. Því er hér sýndur lánsfjárafgangur áður en kemur til framlaga í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (LSR). Í ríkisreikningi er lánsfjárafgangur sýndur eftir framlög í LSR.

Tafla 3 **Skipting tekna ríkissjóðs**

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2005	Reikningur 2006	Fjárlög 2007	Áætlun [1] 2007	Frumvarp 2008
I Skatttekjur	**335.322**	**377.386**	**343.223**	**404.764**	**422.266**
Skattar á tekjur og hagnað	119.638	138.652	136.813	164.765	176.469
Einstaklingar	88.227	103.935	94.600	121.400	128.500
Tekjuskattur einstaklinga	72.610	81.122	75.600	90.500	93.500
Sérstakur tekjuskattur	1.005	331	0	0	0
Skattur á fjármagnstekjur	14.612	22.482	19.000	30.900	35.000
Lögaðilar	23.413	32.427	39.000	39.000	44.000
Ótalið annars staðar	7.998	2.290	3.213	4.365	3.969
Skattur á fjármagnstekjur ríkissjóðs	7.059	1.266	2.125	3.220	2.665
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	939	1.024	1.088	1.145	1.304
Tryggingagjöld	32.607	37.813	34.851	38.823	41.279
Eignarskattar	13.340	8.754	7.675	9.965	10.455
Skattar á vörur og þjónustu	168.743	190.447	162.318	188.602	190.837
Virðisaukaskattur	114.183	132.122	107.000	129.000	133.000
Almenn vörugjöld	17.475	19.015	22.667	19.364	18.618
Vörugjald af ökutækjum	10.391	10.083	6.800	9.250	8.150
Almennt vörugjald af bensíni	2.356	2.060	1.856	2.080	2.100
Sérstakt vörugjald af bensíni	6.342	6.935	6.590	7.350	7.420
Olíugjald	1.703	5.560	4.510	5.940	6.030
Aðrir sértækir veltuskattar	5.437	6.795	5.628	7.638	7.272
Bifreiðagjald	3.665	4.110	3.950	4.440	4.610
Þungaskattur/kílómetragjald	4.575	1.172	1.054	1.260	1.280
Önnur neyslu- og leyfisgjöld	2.616	2.595	2.263	2.280	2.358
Aðrir skattar	994	1.721	1.566	2.610	3.226
II Aðrar rekstrartekjur	**25.800**	**28.705**	**30.474**	**34.996**	**36.259**
Arðgreiðslur	8.230	1.236	1.238	1.282	1.557
Vaxtatekjur og aðrar eignatekjur	9.315	18.358	20.450	25.045	25.382
Neyslu- og leyfisgjöld	7.070	7.625	7.685	7.553	8.220
Annað	1.185	1.486	1.102	1.117	1.101
III Sala eigna	**58.831**	**14.210**	**1.100**	**6.838**	**1.200**
IV Fjármagnstilfærslur	-	-	-	-	-
V Fjárframlög	**1.213**	**1.662**	**1.617**	**1.672**	**1.443**
Heildartekjur ríkissjóðs	**421.166**	**421.963**	**376.414**	**448.270**	**461.168**
Sjóðshreyfing	**400.953**	**396.526**	**365.867**	**426.640**	**441.848**

[1] Fjárlög að viðbættum fjáraukalögum ársins.

Tafla 4 **Hagræn skipting á útgjöldum ríkissjóðs**

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2005	Reikningur 2006	Fjárlög 2007	Áætlun 2007	Frumvarp 2008
Rekstrargjöld					
Laun	87.398	97.691	100.501	105.455	112.734
Lífeyrisskuldbindingar	4.052	10.565	4.807	4.807	5.002
Önnur gjöld	81.762	81.663	84.083	89.066	94.540
Sértekjur	-28.121	-29.458	-20.661	-23.781	-26.361
Rekstrargjöld samtals	**145.091**	**160.461**	**168.730**	**175.546**	**185.914**
Fjármagnskostnaður	**13.420**	**14.908**	**20.629**	**21.673**	**21.764**
Rekstrar- og neyslutilfærslur					
Lífeyristryggingar	30.899	33.126	41.454	42.007	44.076
Sjúkratryggingar	14.970	16.243	17.014	17.884	18.565
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	8.091	9.869	9.741	11.835	12.176
Afskriftir skattkrafna	9.795	11.446	6.000	10.000	10.000
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	8.324	8.342	8.352	8.567	8.972
Barnabætur	5.374	6.371	8.500	8.500	8.800
Fæðingarorlofssjóður	6.594	6.916	7.600	7.600	8.256
Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð	6.148	6.367	7.560	7.560	7.854
Atvinnuleysistryggingasjóður	3.360	2.584	4.409	2.701	7.090
Lánasjóður íslenskra námsmanna	4.050	4.477	5.244	5.244	5.988
Vaxtabætur	5.472	5.351	5.530	5.530	5.880
Framlag til sókna og kirkjugarða	2.918	3.182	3.514	3.514	3.781
Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli	951	1.693	2.551	2.551	2.811
Ríkisútvarpið	2.483	3.205	2.780	2.780	2.635
Aðrar neyslu- og rekstrartilfærslur	21.118	22.865	23.734	24.104	27.074
Neyslu- og rekstrartilfærslur samtals	**130.547**	**142.036**	**153.982**	**160.376**	**173.958**
Viðhald					
Vegakerfi	2.405	2.867	3.114	3.114	3.350
Annað	2.494	2.898	2.092	2.425	2.718
Viðhald samtals	**4.899**	**5.764**	**5.206**	**5.539**	**6.068**
Fjárfesting					
Vegakerfi	6.714	7.954	10.353	9.353	24.637
Heilbrigðisstofnanir	1.024	2.054	1.952	1.452	4.487
Hafnarframkvæmdir	983	741	702	702	2.072
Háskólar og framhaldskólar	479	1.735	1.482	1.864	1.789
Flugvellir	518	394	361	361	1.824
Annað	4.720	4.124	3.864	5.362	7.842
Fjárfesting samtals	**14.438**	**17.001**	**18.713**	**19.093**	**42.651**
Gjöld samtals	**308.395**	**340.170**	**367.260**	**382.228**	**430.355**

Tafla 5 **Skipting útgjalda eftir málaflokkum [1]**

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2005	Reikningur 2006	Fjárlög 2007	Áætlun 2007	Frumvarp 2008
Almenn opinber þjónusta	16.859	18.217	20.542	22.270	21.640
Löggæsla og öryggismál	13.490	15.234	15.761	16.398	19.687
Fræðslumál	30.205	34.004	36.988	38.060	40.975
Heilbrigðismál	79.302	88.489	93.636	95.902	102.695
Almannatryggingar og velferðarmál	67.837	71.553	86.615	85.548	94.311
Húsnæðis-, skipulags- og hreinsunarmál	3.261	3.622	3.980	5.080	4.980
Menningar- og kirkjumál	11.836	13.979	14.043	14.249	14.824
Eldsneytis- og orkumál	2.327	2.314	2.245	2.361	2.076
Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál	17.024	16.307	15.990	16.529	16.546
Iðnaðarmál	1.484	1.560	1.536	1.536	1.704
Samgöngumál	18.541	21.941	25.401	24.551	44.650
Önnur útgjöld vegna atvinnuvega	5.430	4.847	5.389	5.806	6.286
Önnur útgjöld ríkissjóðs	40.798	48.103	45.135	53.938	59.983
Samtals	**308.393**	**340.170**	**367.260**	**382.228**	**430.355**

[1] Samkvæmt COFOG staðli, sem er alþjóðlegur staðall Sameinuðu þjóðanna (Classification of the Functions of Government).

[2] Fjárlög að viðbættum fjáraukalögum ársins.

Tafla 6 **Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta 2008**

Rekstrargrunnur, m.kr.	Hagnaður Tap	Arður til ríkissjóðs	Fjárfesting	Lántökur
Happdrætti Háskóla Íslands	980	0	20	0
Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli	109	0	290	0
Áfengis og tóbaksverslun ríkisins	159	183	160	0
Íslenskar orkurannsóknir	30	0	40	0
Samtals	**1.277**	**183**	**510**	**0**

Tafla 7 **Fjárreiður lánastofnana í C-hluta 2008**

Rekstrargrunnur, m.kr.	Hagnaður Tap	Veitt lán	Fjárfesting	Lántökur
Lánasjóður íslenskra námsmanna	4.757	10.922	74	8.000
Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild	904	0	7	0
Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir	-551	19.008	4	23.516
Íbúðalánasjóður, viðbótarlán	99	0	1	0
Íbúðalánasj., Byggingarsj. ríkis og verkam.	-1.112	0	4	0
Íbúðalánasjóður, íbúðalánadeild.	2.100	64.339	14	56.820
Orkusjóður	16	20	0	0
Byggðastofnun	-30	2.000	0	2.000
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins	187	0	0	0
Samtals	**6.370**	**96.289**	**104**	**90.336**

Tafla 8

Skuldir, kröfur og handbært fé ríkissjóðs [1]

Stöðutölur í milljónum króna á verðlagi í lok hvers árs	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	Áætlun 2007	Frumvarp 2008
Skuldir ríkissjóðs	**237.764**	**225.968**	**228.530**	**298.314**	**281.108**	**277.186**	**252.989**	**196.146**	**292.528**	**308.560**	**296.700**
Spariskírteini	82.865	82.618	68.898	64.243	50.818	47.402	37.910	26.063	17.664	17.650	19.000
Ríkisbréf	15.846	11.018	11.430	19.588	32.482	41.074	55.400	67.047	89.829	94.500	94.400
Ríkisvíxlar	15.209	9.899	5.970	12.003	12.004	20.504	14.504	14.004	6.254	15.000	15.000
Aðrir innlendir aðilar	6.526	4.297	2.907	4.191	3.799	3.977	3.888	3.624	3.604	30.630	29.500
Erlend lán	117.318	118.136	139.325	173.638	160.363	142.477	126.466	85.408	80.567	63.080	50.400
Lántaka v. gjaldeyrisforða Seðlabanka	0	0	0	24.651	21.642	21.752	14.822	0	94.610	87.700	88.400
Kröfur ríkissjóðs	**86.496**	**107.160**	**101.172**	**129.562**	**130.267**	**118.024**	**97.019**	**136.485**	**242.715**	**245.200**	**247.000**
Veitt lán	64.739	69.347	70.919	93.049	79.539	76.381	51.633	71.496	169.678	160.700	153.400
Lán tengd innlendu verðlagi	53.215	57.699	59.262	63.517	59.409	59.409	47.698	69.959	73.614	71.570	63.800
Gengisbundin lán	11.524	11.648	11.657	13.532	8.630	5.472	3.935	1.537	1.454	1.430	1.200
Vegna gjaldeyrisforða Seðlabanka	0	0	0	16.000	11.500	11.500	0	0	94.610	87.700	88.400
Viðskiptareikningar[2], nettó	21.757	37.813	30.253	36.513	50.728	41.643	45.386	64.989	73.037	84.500	93.600
Handbært fé[3], nettó	**13.044**	**15.354**	**16.830**	**18.046**	**16.468**	**16.848**	**24.384**	**50.814**	**92.384**	**103.000**	**114.000**
Hreinar lántökur ríkissjóðs	**151.268**	**118.808**	**127.358**	**168.752**	**150.841**	**159.162**	**155.970**	**59.661**	**49.813**	**63.360**	**49.700**
Lánveitingar sem % af teknum lánum	36,4	47,4	44,3	43,4	46,3	42,6	38,3	69,6	83,0	79,5	83,2
Hrein staða ríkissjóðs[4]	**-138.224**	**-103.454**	**-110.528**	**-150.706**	**-134.373**	**-142.314**	**-131.586**	**-8.847**	**42.571**	**39.640**	**64.300**
Hlutfall af VLF, % [5]											
Tekin lán	**40,4**	**35,7**	**33,4**	**38,7**	**34,4**	**32,9**	**27,2**	**19,2**	**25,2**	**25,2**	**23,0**
Þar af erlend lán	19,9	18,7	20,4	25,7	22,3	19,5	15,2	8,3	15,1	12,3	10,8
Þar af lántaka vegna gjaldeyrisforða	0,0	0,0	0,0	3,2	2,7	2,6	1,6	0,0	8,1	7,1	6,9
Veitt lán	**11,0**	**10,8**	**10,1**	**11,5**	**9,8**	**9,0**	**5,5**	**6,9**	**14,2**	**13,0**	**11,8**
Þar af gengisbundin lán	1,9	1,9	1,6	1,6	1,1	0,6	0,4	0,2	0,1	0,1	0,1
Þar af lánveiting vegna gjaldeyrisforða	0,0	0,0	0,0	1,9	1,5	1,4	0,0	0,0	7,9	7,2	6,8
Viðskiptareikningar, nettó	3,7	5,8	4,4	4,6	6,2	4,9	4,8	6,2	6,1	6,7	7,2
Hreinar lántökur ríkissjóðs	**25,8**	**19,1**	**18,9**	**22,5**	**18,5**	**19,1**	**16,9**	**6,1**	**4,8**	**5,5**	**4,0**
Hrein staða ríkissjóðs	**-23,4**	**-16,7**	**-15,0**	**-18,2**	**-17,2**	**-16,8**	**-15,0**	**-1,2**	**3,7**	**3,0**	**4,9**

[1] Áfallnir ógreiddir vextir ríkissjóðs eru meðtaldir.

[2] Viðskiptahr. taka til óinnheimtra skattekna, skammtímakrafna og skammtímask

[3] Handbært fé er staða A-hluta við Seðlabanka Íslands og aðrar innlánsstofnanir

[4] Hrein staða er skilgreind sem hreinar lántökur að viðbættu handbæru fé

[5] Reiknað til meðalverðlags hvers árs með vísitölu neysluverðs og meðalgengi.

Tafla 9 **Skuldir og kröfur opinberra aðila [1]**

Stöðutölur í milljónum króna á verðlagi í lok hvers árs	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	Áætlun 2007	Frumvarp 2008
Heildarskuldir hins opinbera	**281.588**	**274.518**	**280.595**	**354.190**	**343.470**	**343.523**	**320.030**	**260.691**	**352.073**	**365.412**	**354.834**
Innlendar skuldir	151.923	141.752	124.502	133.613	134.011	150.973	153.531	154.395	156.241	196.622	197.732
Erlendar skuldir	129.665	132.766	156.093	220.577	209.459	192.550	166.499	106.296	195.832	168.790	157.102
Kröfur hins opinbera	**97.276**	**120.500**	**114.671**	**159.013**	**163.499**	**148.661**	**126.734**	**163.747**	**260.856**	**264.152**	**265.952**
Veitt lán	70.689	73.427	74.726	113.704	103.043	97.948	73.286	91.921	185.530	177.265	169.965
Skatta- og viðskiptakröfur	26.587	47.073	39.945	45.309	60.456	50.713	53.448	71.826	75.326	86.887	95.987
Hreinar skuldir hins opinbera	**184.312**	**154.018**	**165.924**	**195.177**	**179.971**	**194.862**	**193.296**	**96.944**	**91.217**	**101.260**	**88.882**
Ríkissjóður	151.268	118.808	127.358	168.752	149.505	159.162	155.971	59.661	49.813	63.360	49.700
Bæjar- og sveitarfélög	33.716	35.704	38.915	26.627	30.610	35.837	37.455	37.406	41.524	38.020	39.302
Almannatryggingar	-672	-494	-349	-202	-144	-137	-130	-123	-120	-120	-120
Raunvirði opinberra skulda, verðlag 1998 [2]											
Heildarskuldir hins opinbera	281.588	270.524	259.863	287.518	300.003	297.813	285.340	228.942	279.739	291.115	277.061
Hreinar skuldir hins opinbera	184.312	155.651	154.890	155.342	164.815	177.796	186.529	107.234	81.481	90.250	77.717
Hlutfall af VLF, % [3]											
Skuldir hins opinbera	**47,6**	**43,2**	**39,2**	**43,9**	**43,3**	**40,6**	**35,4**	**25,5**	**28,9**	**29,4**	**27,3**
Innlendar skuldir	25,6	21,7	17,9	16,6	16,3	17,7	16,2	14,7	13,1	15,6	15,2
Erlendar skuldir	22,0	21,5	21,3	27,3	27,0	22,9	19,2	10,7	15,8	13,8	12,1
Kröfur hins opinbera	**16,4**	**18,6**	**16,4**	**19,7**	**19,9**	**17,5**	**13,4**	**15,6**	**21,6**	**21,2**	**20,4**
Hreinar skuldir hins opinbera	**31,2**	**24,6**	**22,8**	**24,1**	**23,3**	**23,2**	**22,0**	**9,8**	**7,3**	**8,2**	**6,9**

[1] Skilgreining á opinberum aðilum tekur mið af alþjóðlegum stöðlum (SNA) og miðast við A-hluta ríkissjóðs, sveitarfélög og almannatryggingar.
Tekið hefur verið tillit til innbyrðis lánveitinga opinberra aðila.

[2] Innlendar skuldir eru færðar til fasts verðlags miðað við neysluverðsvísitölu, en erlendar skuldir miðað við gengisvísitölu; hvort tveggja á ársloka verðlag.

Tafla 10

	Fjárlög 2007 [1]	Áætlun 2007 [2]	Frumvarp 2008 [2]
I. Helstu þjóðhagsstærðir, magnbreytingar - %			
Einkaneysla	-1,8	2,1	-0,9
Samneysla	2,1	2,8	2,0
Fjárfesting	-21,6	-22,2	-19,8
Þjóðarútgjöld alls	-6,4	-5,2	-4,8
Útflutningur vöru og þjónustu	10,1	8,7	9,2
Innflutningur vöru og þjónustu	-9,4	-9,8	-7,0
Verg landsframleiðsla	1,0	0,7	1,2
Viðskiptajöfnuður, % af landsframleiðslu	-10,7	-15,2	-8,8
II. Launa- og verðlagsforsendur, meðalbreytingar - %			
Ráðstöfunartekjur á mann	8,5	9,8	4,3
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann	3,8	5,1	1,0
Vísitala neysluverðs	4,5	4,5	3,3
Gengisvísitala	3,2	-2,1	0,4
Atvinnuleysi, hlutfall af mannafla	2,1	1,1	2,9

[1] Þjóðhagsspá útgefin í október 2006.

[2] Þjóðhagsspá útgefin í október 2007.

Tafla 11

	Fjárlög 2007 [1]	Áætlun 2007 [2]	Frumvarp 2008 [2]
Helstu þjóðhagsstærðir, mia. kr.			
Einkaneysla	686,7	710,8	728,6
Samneysla	291,4	317,1	336,8
Fjárfesting	273,7	318,8	268,4
Þjóðarútgjöld alls	1.251,8	1.346,7	1.333,8
Útflutningur vöru og þjónustu	448,1	408,1	454,6
Innflutningur vöru og þjónustu	523,8	528,0	498,2
Verg landsframleiðsla	1.176,1	1.226,7	1.290,2
Viðskiptajöfnuður	125,8	186,2	-113,1

[1] Þjóðhagsspá útgefin í október 2006.

[2] Þjóðhagsspá útgefin í október 2007.

Þingskjal 1

Frumvarp til fjárlaga

fyrir árið 2008.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007.)

A-hluti
Rekstraryfirlit ríkissjóðs

1. gr.

Árið 2008 er áætlað að tekjur og gjöld ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 1 og 2.

m.kr.	Rekstrar-grunnur	Sjóðs-hreyfingar
Skatttekjur	**422.265,8**	**404.135,7**
Skattar á tekjur einstaklinga	128.500,0	117.800,0
Skattar á tekjur lögaðila	44.000,0	42.000,0
Tryggingagjöld	41.279,0	39.963,3
Eignarskattar	10.455,0	10.355,0
Virðisaukaskattur	133.000,0	130.000,0
Aðrir skattar á vörur og þjónustu	57.837,2	57.143,0
Skattar ótaldir annars staðar	7.194,6	6.874,4
Aðrar rekstrartekjur	**36.259,4**	**35.069,4**
Arðgreiðslur	1.557,0	1.557,0
Vaxtatekjur og eignatekjur	25.381,7	24.231,7
Rekstrartekjur ótaldar annars staðar	9.320,7	9.280,7
Sala eigna	**1.200,0**	**1.200,0**
Fjárframlög	**1.443,2**	**1.443,2**
Tekjur alls	**461.168,4**	**441.848,3**
Æðsta stjórn ríkisins	3.182,7	3.182,7
Forsætisráðuneyti	1.310,6	1.310,6
Menntamálaráðuneyti	50.957,8	50.957,8
Utanríkisráðuneyti	11.766,4	11.766,4
Landbúnaðarráðuneyti	14.016,2	14.089,2
Sjávarútvegsráðuneyti	3.394,6	3.394,6
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	23.432,5	23.432,5
Félagsmálaráðuneyti	40.198,0	39.398,0
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	156.602,6	156.602,6
Fjármálaráðuneyti	48.759,6	39.769,6
Samgönguráðuneyti	42.345,0	42.333,2
Iðnaðarráðuneyti	4.679,6	4.679,6
Viðskiptaráðuneyti	1.860,4	1.843,3
Hagstofa Íslands	628,9	628,9
Umhverfisráðuneyti	5.456,0	5.456,0
Vaxtagjöld ríkissjóðs	21.764,0	18.055,0
Samtals	**430.354,9**	**416.900,0**
Tekjujöfnuður	**30.813,5**	

A-hluti
Sjóðstreymi ríkissjóðs

2. gr.

Árið 2008 er áætlað að sjóðstreymi ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein.

m.kr.

Rekstrarhreyfingar	
Tekjujöfnuður	30.813,5
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	749,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:	
Viðskiptakröfur, (breyting)	-7.980,1
Viðskiptaskuldir, (breyting)	865,9
Handbært fé frá rekstri	**24.448,3**
Fjármunahreyfingar	
Veitt stutt lán	-500,0
Veitt löng lán	-8.000,0
Afborganir veittra lána	16.000,0
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	-1.000,0
Sala hlutabréfa og eignarhluta	1.000,0
Fjármunahreyfingar samtals	**7.500,0**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**31.948,3**
Fjármögnun	
Skammtímalán	0,0
Tekin löng lán	30.000,0
Afborganir lána	-44.500,0
Fjármögnun samtals	**-14.500,0**
Framlag til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins	-4.000,0
Breyting á handbæru fé	**13.448,3**

B-hluti
Fjárreiður ríkisfyrirtækja

3. gr.

Árið 2008 er ætlast til þess að rekstri, arðgreiðslum, fjárfestingu og lántöku eftirtalinna ríkisfyrirtækja verði hagað eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 3.

m.kr.	Hagnaður tap	Arður til ríkissj.	Fjár-festing	Lán-tökur
Happdrætti Háskóla Íslands	980,0	0,0	20,0	0,0
Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli	108,5	0,0	290,0	0,0
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	158,5	182,5	160,0	0,0
Íslenskar orkurannsóknir	30,0	0,0	40,0	0,0
Samtals	**1.277,0**	**182,5**	**510,0**	**0,0**

C-hluti
Fjárreiður lánastofnana

4. gr.

Árið 2008 er ætlast til þess að rekstri, fjárfestingu og lánahreyfingum eftirtalinna stofnana og sjóða verði hagað eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 4.

m.kr.	Hagnaður tap	Veitt lán	Fjár-festing	Lán-tökur
Lánasjóður íslenskra námsmanna	4.756,9	10.921,5	74,0	8.000,0
Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild	904,0	0,0	7,0	0,0
Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir	-551,0	19.008,0	4,0	23.516,0
Íbúðalánasjóður, viðbótarlán	99,0	0,0	1,0	0,0
Íbúðalánasj., Byggingarsj. ríkisins og verkam	-1.112,0	0,0	4,0	0,0
Íbúðalánasjóður, íbúðalánadeild	2.100,0	64.339,0	14,0	56.820,0
Orkusjóður	16,0	20,0	0,0	0,0
Byggðastofnun	-30,0	2.000,0	0,0	2.000,0
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins	187,0	0,0	0,0	0,0
Samtals	**6.369,9**	**96.288,5**	**104,0**	**90.336,0**

Ýmis ákvæði

Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir

5. gr.

Fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, er heimilað að taka lán, endurlána, veita ríkisábyrgðir og fleira eftir því sem kveðið er á um í ákvæðum þessarar greinar:

1. Að taka lán allt að 30.000 m.kr. og ráðstafa því í samræmi við ákvæði þessara laga.

2. Að endurlána allt að 8.275 m.kr. til eftirtalinna aðila:
   - 2.1 Lánasjóðs íslenskra námsmanna allt að 8.000 m.kr.
   - 2.2 Happdrættis Háskóla Íslands allt að 275 m.kr.

3. Að veita eftirtöldum aðilum, sem heimild hafa í sérlögum til lántöku, heimild til að nýta þær á árinu 2008 með þeim takmörkunum sem tilgreindar eru í liðum 3.1 til 3.5, sbr. 26. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins:
   - 3.1 Landsvirkjun, allt að 32.000 m.kr., sbr. 9. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með síðari breytingum.
   - 3.2 Íbúðalánadeild Íbúðalánasjóðs, allt að 56.820 m.kr., sbr. 10. gr. og 1. tl. 15. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál, með síðari breytingum.
   - 3.3 Íbúðalánasjóði til lána vegna leiguíbúða, allt að 23.516 m.kr., sbr. 10. gr. og 3. tl. 15. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál, með síðari breytingum.
   - 3.4 Byggðastofnun, allt að 2.000 m.kr., sbr. 15. gr. laga nr. 106/1999, um Byggðastofnun.

4. Ýmis ákvæði.
   - 4.1 Erlendar fjárhæðir skulu miðast við kaupgengi íslensku krónunnar samkvæmt gengisskráningu Seðlabanka Íslands á staðfestingardegi fjárlaga.
   - 4.2 Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að gefa út að nýju viðbót inn í eldri flokka spariskírteina ríkissjóðs sem ekki eru komnir á gjalddaga. Skilmálar og kjör hlutdeildarskírteina (spariskírteina) slíkra viðbóta við eldri flokka skulu vera hin sömu og að breyttu breytanda, þ.e. útgáfudagur, fyrsti vaxtadagur, vextir, verðtryggingarákvæði, gjalddagi og þess háttar.

4.3 Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs getur heimilað þeim aðilum sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum:
   a. að taka lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar eldri lána þegar hagstæðari kjör eru talin bjóðast;
   b. að stofna til skulda- og vaxtaskipta og nýta aðra möguleika sem bjóðast á markaði til þess að tryggja viðkomandi aðila gegn verulegum vaxta- eða gengisbreytingum;
   c. að taka ný lán til endurgreiðslu skammtímalána sem tekin eru á grundvelli heimilda í lið 3, að hluta eða öllu leyti, án þess að lánssamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánssamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

4.4 Hyggist aðilar, sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum, nýta sér heimildir skv. lið 3 eða 4.3 skulu þeir gæta ákvæða 2. mgr. 7. gr. laga nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins.

Heimildir

6. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt:

Eftirgjöf gjalda

1.1 Að fella niður eða endurgreiða virðisaukaskatt af efniskostnaði og sérfræðiþjónustu sem keypt er fyrir styrktarfé vegna rannsóknar Hjartaverndar á heilbrigði öldrunar.

Sala húsnæðis

2.1 Að selja húsnæði lögreglunnar á Þórshöfn og kaupa annað hentugra.
2.2 Að selja þjónustuhús Ferðamálaráðs við Gullfoss, Biskupstungnahreppi, Árnessýslu.
2.3 Að semja við bæjaryfirvöld á Seyðisfirði um ráðstöfun fasteignarinnar við Hafnargötu 11, Seyðisfirði.
2.4 Að selja fasteignina Lambhaga 48, Árborg, og láta andvirðið renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra.
2.5 Að selja flugafgreiðslu á Norðfjarðarflugvelli.
2.6 Að selja flugafgreiðslu á Kópaskersflugvelli.
2.7 Að selja flugafgreiðslu á Breiðdalsvíkurflugvelli.
2.8 Að selja tækjageymslu á Norðfjarðarflugvelli.
2.9 Að selja fasteignina Laugarnesveg 91 og semja við Listaháskóla Íslands um aðra hentuga lausn á húsnæðismálum skólans.
2.10 Að selja fasteignir við Aragötu 9 og 14, Reykjavík, og verja andvirðinu til uppbyggingar Háskólatorgs.
2.11 Að selja fasteignina Bygggarða 7, Seltjarnarnesi, og verja andvirðinu til uppbyggingar lækningaminjasafns.
2.12 Að selja fasteignina Lyngás 7–9 í Garðabæ og verja hluta andvirðisins til uppbyggingar hönnunarsafns.
2.13 Að selja fasteignina Kveldúlfsgötu 2, Borgarbyggð, og láta andvirðið renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra.
2.14 Að selja húsnæði Vegagerðarinnar að Heiðavegi 4, Reyðarfirði.
2.15 Að selja sendiherrabústaðinn í Kaupmannahöfn og kaupa eða leigja annan hentugri.
2.16 Að selja gamla prestshúsið og kirkjuna á Stað í Grunnavík, Ísafjarðarbæ.
2.17 Að selja gamla prestshúsið og kirkjuna á Stað í Aðalvík, Ísafjarðarbæ.
2.18 Að selja íbúðarhús á Sauðanesi, Svalbarðshreppi.
2.19 Að selja stóðhestastöðina í Gunnarsholti ásamt landspildum við stöðina og ráðstafa andvirðinu til Hekluskóga og til uppbyggingar á landsmótssvæðinu að Gaddastaðaflötum.
2.20 Að selja fasteignina Fífilbrekku, Reykjum Ölfusi.
2.21 Að selja fasteignirnar Túngötu 1 og 3, Hvanneyri.
2.22 Að selja fasteignina Möðruvelli 4, Hörgárbyggð.
2.23 Að selja fasteignirnar Hlíðarveg 16 og 17, Hvolsvelli og ráðstafa andvirðinu til kaupa, leigu eða byggingar á nýrri lögreglustöð.
2.24 Að selja fasteignir ríkisins við Borgartún 5 og 7 og kaupa eða leigja annað hentugra húsnæði.

2.25 Að selja Lyngholt 9, Ísafirði, og láta andvirðið renna til Vegagerðar ríkisins.
2.26 Að selja húseignir ríkisins við Nauthólsvík.
2.27 Að selja húseign Skattstofu Austurlands að Selási 8, Egilsstöðum og ráðstafa andvirðinu til kaupa eða leigu á öðru hentugu húsnæði.

Sala eignarhluta í húsnæði

3.1 Að selja eignarhlut ríkisins í sprengiefnageymslu við Suðurlandsveg, Reykjavík.
3.2 Að selja eignarhlut ríkisins í fasteignum grunnskóla sem ekki eru lengur notaðar til skólahalds og verja andvirðinu til endurbóta á skólahúsnæði í eigu ríkisins.
3.3 Að selja eignarhlut ríkisins í fasteignum framhalds- og sérskóla sem ekki eru lengur notaðar sem slíkar og þykja ekki henta til skólahalds og verja andvirðinu til endurbóta á skólahúsnæði í eigu ríkisins.
3.4 Að selja eignarhluta ríkisins í félagsheimilum sem ekki eru lengur notuð sem slík og verja andvirðinu til viðhalds skólamannvirkja.
3.5 Að selja eignarhluta ríkisins í fasteigninni Brautarholt 6, Reykjavík, og leigja hentugra húsnæði.
3.6 Að selja eignarhlut ríkisins í heilsugæsluseli að Helluhrauni 17, Mývatnssveit, og kaupa eða leigja annað hentugra.
3.7 Að selja eignarhlut ríkisins í gamla sjúkrahúsinu á Seyðisfirði eða semja um hugsanlega yfirtöku eignarinnar.
3.8 Að selja eignarhluta ríkisins í læknisbústað að Hjarðartúni 7, Ólafsvík, og kaupa annað hentugra húsnæði.
3.9 Að selja eignarhlut ríkisins í Bleiksárhlíð 56, Eskifirði, og verja andvirðinu til kaupa eða leigu á hentugra húsnæði fyrir dvalar- og hjúkrunarheimilið Hulduhlíð.
3.10 Að selja eignarhlut ríkisins í Mánabraut 20, Akranesi.
3.11 Að selja eignarhlut ríkisins í flugskýli á Patreksfjarðarflugvelli.
3.12 Að selja íbúð við Hvassaleiti 30 og kaupa aðra hentugri.
3.13 Að selja eignarhlut ríkisins að Bíldshöfða 16, Reykjavík, og kaupa eða leigja annað hentugra.
3.14 Að selja eignarhlut ríkisins í Hraunbæ 102d–102e og verja andvirðinu til kaupa eða leigu á hentugu húsnæði fyrir Heilsugæslu Árbæjar.
3.15 Að selja eignarhlut ríkisins í læknisbústað að Hrannargötu 2, Flateyri, og verja andvirðinu til endurbóta á Heilbrigðisstofnuninni Ísafjarðarbæ.
3.16 Að selja eignarhlut ríkisins í læknisbústað að Dílahæð 5, Borgarnesi, og kaupa annað hentugra húsnæði í staðinn.
3.17 Að selja eignarhlut ríkisins í íbúðum við Kristnesspítala og verja andvirðinu til endurbóta og stækkunar á endurhæfingaraðstöðu spítalans.
3.18 Að selja eignarhluta ÁTVR í húsnæði að Strandvegi 50, Vestmannaeyjum.
3.19 Að selja eignarhlut ríkisins í Eyravegi 67, Árborg, og láta andvirðið renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra.
3.20 Að selja eignarhlut ríkisins í Duggugerði 12, Kópaskeri.
3.21 Að selja fasteignina Giljasel 7, Reykjavík, og láta andvirðið renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra.

Sala lóða og jarða

4.1 Að selja land á Keldum, á Keldnaholti og við Úlfarsá og verja hluta andvirðisins til eflingar vísindarannsóknum.
4.2 Að selja landspildur í eigu ríkisins í Garðabæ.
4.3 Að selja lóðarspildu í eigu ríkisins við Þorragötu í Reykjavík.
4.4 Að selja jörðina Þjótanda, Villingaholtshreppi, Árnessýslu.
4.5 Að selja jörðina Kollafjarðarnes, Hólmavíkurhreppi, Strandasýslu.
4.6 Að selja jörðina Þrándarstaði í Kjósarhreppi.
4.7 Að selja hluta af jörðunum Selárdal og Uppsölum í Vesturbyggð.
4.8 Að selja hluta af jörðinni Möðrudal á Fjöllum, Fljótsdalshéraði.
4.9 Að selja hluta af jörðinni Hólsseli, Öxarfjarðarhreppi.
4.10 Að selja hluta af jörðinni Ytri-Grenivík, Grímseyjarhreppi.
4.11 Að selja hluta af jörðinni Flatey í Sveitarfélaginu Hornafirði.
4.12 Að selja hluta af jörðinni Reykjum, Ölfusi, Árnessýslu.
4.13 Að selja hluta jarðarinnar Þormóðsdals í Mosfellsbæ.
4.14 Að selja hluta jarðarinnar Saurbæjar í Eyjafjarðarsveit.
4.15 Að selja íbúðarhúsið Sigtún í Grímsey.
4.16 Að selja fasteignir í Flatey á Skjálfanda.
4.17 Að selja fasteignina Hvammshlíð í Skorradal og ráðstafa andvirðinu til Skógræktar ríkisins.
4.18 Að selja jörðina Teigasel II á Jökuldal, Fljótsdalshéraði.
4.19 Að selja jörðina Selá í Dalvíkurbyggð.
4.20 Að selja jörðina Steinavelli í Flókadal, Skagafirði.
4.21 Að selja hluta af jörðinni Torfastöðum í Bláskógabyggð.
4.22 Að selja hluta jarðarinnar Barma í Reykhólasveit.
4.23 Að selja hluta af jörðinni Stóru-Völlum í Rangárþingi ytra.
4.24 Að selja hluta af jörðunum Torfastöðum I og II í Rangárþingi eystra.
4.25 Að selja Innranes úr landi Bolholts, Rangárþingi ytra, og ráðstafa andvirðinu til Landgræðslu ríkisins.
4.26 Að selja hluta af landsvæðum ríkisins við Litla-Hraun og ráðstafa andvirðinu til endurbóta á fangelsinu.
4.27 Að selja hluta jarðarinnar Hraunsmúla, Borgarbyggð.
4.28 Að selja jarðarhlutann Rima, Bláskógabyggð.
4.29 Að selja jörðina Tjaldanes í Arnarfirði, Ísafjarðarbæ.
4.30 Að selja jörðina Hleinagarð, Fljótsdalshéraði.
4.31 Að selja hluta af jörðinni Skarði, Rangárþingi ytra og ráðstafa andvirðinu til landgræðslu á þessum slóðum.
4.32 Að leigja út byggingarlóðir við Framhaldsskólann að Laugum.
4.33 Að selja jörðina Grænanes, Fjarðarbyggð.
4.34 Að selja jörðina Kleifarkot, Strandabyggð.
4.35 Að selja jörðina Syðri-Bakka, Strandabyggð.
4.36 Að selja jörðina Kleppjárnsreyki, Borgarbyggð.
4.37 Að selja landsspildur í eigu ríkissins í Kópavogi.
4.38 Að selja um 22 ha. landspildu ríkisins við Siglunesvita.

Sala hlutabréfa

5.1 Að selja hlut ríkisins í Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.
5.2 Að selja hlut ríkisins í Endurvinnslunni hf.
5.3 Að selja hlut ríkissjóðs í Fiskeldi Eyjafjarðar ehf.

Kaup og leiga fasteigna

6.1 Að kaupa fasteignir fyrir Stjórnarráð Íslands á svokölluðum Stjórnarráðsreit við Arnarhvol í Reykjavík.
6.2 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir aðalskrifstofur ráðuneyta.
6.3 Að kaupa hverasvæði Geysis í Haukadal.
6.4 Að kaupa jarðir innan fyrirhugaðs Vatnajökulsþjóðgarðs.
6.5 Að kaupa sumarbústaði í þjóðgarðinum á Þingvöllum og jarðir í næsta nágrenni hans.
6.6 Að kaupa jörðina Vestaraland II í Öxarfirði vegna þjóðgarðs í Jökulsárgljúfrum.
6.7 Að kaupa húsnæði við Eiríksgötu fyrir starfsemi Landspítala – háskólasjúkrahúss.
6.8 Að kaupa fasteign á skipulagsreit St. Jósefsspítala í Hafnarfirði.
6.9 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu.
6.10 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir líknardeild á Akureyri.
6.11 Að kaupa húsnæði fyrir skammtímavistun fatlaðra á Suðurnesjum.
6.12 Að kaupa húsnæði fyrir skammtímavistun fatlaðra á höfuðborgarsvæðinu.
6.13 Að kaupa húsnæði fyrir þrjú sambýli á höfuðborgarsvæðinu.
6.14 Að kaupa 25 íbúðir vegna átaks í málefnum geðfatlaðra.
6.15 Að kaupa húseign Félagsstofnunar stúdenta við Hringbraut í Reykjavík.
6.16 Að kaupa eða leigja hentugt húsnæði fyrir sjúkrabifreiðar Heilbrigðisstofnunarinnar Hvammstanga.
6.17 Að kaupa land Brekkubæjar á Hellnum.
6.18 Að kaupa jarðir vegna stækkunar þjóðgarðs við Snæfellsjökul.
6.19 Að leigja húsnæði fyrir sjúkrabifreiðar á Selfossi.
6.20 Að kaupa viðbótarhúsnæði fyrir starfsemi Þjóðleikhússins.
6.21 Að kaupa jörðina Hjörleifshöfða í Mýrdalshreppi.
6.22 Að kaupa eða leigja hentugt húsnæði fyrir Vinnumálastofnun.
6.23 Að kaupa eða leigja viðbótarhúsnæði fyrir heilsugæslustöðina í Vík í Mýrdal.

Ýmsar heimildir

7.1 Að breyta fjárhæðum tekju- og gjaldahliðar ef lög verða staðfest frá Alþingi árið 2008 sem hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð. Allar fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gildi aðeins fyrir fjárhagstímabilið.
7.2 Að fella niður eða fresta greiðslum úr ríkissjóði á árinu 2008, m.a. með því að leggja niður tímabundið eða til lengri tíma starfsemi ríkisstofnana, að fengnu samþykki ríkisstjórnar og fjárlaganefndar Alþingis.
7.3 Að semja við einstaklinga um bætur, í samræmi við tillögur nefndar um ágreiningsmál skv. 3. gr. laga nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, og að höfðu samráði við ríkislögmann, vegna tjóns sem þeir hafa orðið fyrir við læknismeðferð.
7.4 Að greiða bætur þeim sem sýkst hafa af lifrarbólgu C við blóðgjafir hér á landi fyrir október 1992. Bætur séu ákveðnar af fjármálaráðherra í samráði við heilbrigðisráðherra.

7.5 Að heimila sjúkrahúsum að taka þátt í eða eiga samstarf við fyrirtæki sem vinna að vísindarannsóknum og þróun nýjunga á sviði heilbrigðismála og læknisfræði. Samningar, sem fela í sér fjárskuldbindingar, skulu lagðir fyrir ráðherra heilbrigðismála og fjármála til staðfestingar.
7.6 Að greiða hlut ríkisins í undirbúningskostnaði Austurhafnar TR sem stofnað var á grundvelli samnings við Reykjavíkurborg um rekstur og byggingu tónlistar- og ráðstefnuhúss í Reykjavík.
7.7 Að selja flugvél Landhelgisgæslunnar TF-SYN og ráðstafa andvirðinu til að kaupa eða leigu á sérhannaðri flugvél til að sinna gæslustörfum.
7.8 Að selja Grímseyjarferjuna m/s Sæfara og ráðstafa andvirðinu til kaupa eða leigu á annarri hentugri ferju.
7.9 Að heimila Háskóla Íslands að gera lóðarleigusamning um hluta af lóðarréttindum skólans í Vatnsmýri í Reykjavík vegna uppbyggingar vísindagarða.
7.10 Að selja eða ráðstafa með öðrum hætti varðskipinu Óðni.
7.11 Að selja, leigja eða ráðstafa með öðrum hætti fasteignum og landsvæðum á varnarsvæðum á Keflavíkurflugvelli sem koma á í borgaraleg not.

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur

Sundurliðun 1

Tekjur A-hluta

I Skatttekjur

1 Skattar á tekjur og hagnað

1.1.1.1	Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla	93.500,0	89.800,0
1.1.5.1	Skattur á fjármagnstekjur einstaklinga	35.000,0	28.000,0
	Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga	**128.500,0**	**117.800,0**
1.5.1.1	Tekjuskattur, lögaðilar	44.000,0	42.000,0
1.10.2	Fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði	2.665,0	2.555,0
1.10.5	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	1.303,9	1.276,4
	Skattar á tekjur og hagnað, ót. annars staðar	**3.968,9**	**3.831,4**
	Skattar á tekjur og hagnað	**176.468,9**	**163.631,4**

2 Tryggingagjöld

2.2	Tryggingagjöld, lögaðilar	125,0	125,0
2.2.1.1	Tryggingagjald, almennt	35.808,3	34.630,7
2.2.1.5	Atvinnutryggingargjald	5.345,7	5.207,6
	Tryggingagjöld, lögaðilar	**41.279,0**	**39.963,3**
	Tryggingagjöld	**41.279,0**	**39.963,3**

3 Skattar á launagreiðslur og vinnuafl

3.2	Ábyrgðargjald vegna launa	822,2	822,2
3.5	Gjald til jöfnunar og lækkunar á örorkubyrði lífeyrissjóða	1.528,0	1.478,0
	Skattar á launagreiðslur og vinnuafl	**2.350,2**	**2.300,2**

4 Eignarskattar

4.3	Erfðafjárskattar, skattar á gjafafé	1.800,0	1.700,0

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
4.4.1	Stimpilgjöld	8.100,0	8.100,0
4.5.2.1	Sértækir eignarskattar á fasteignir	555,0	555,0
	Eignarskattar	**10.455,0**	**10.355,0**
5	**Skattar á vörur og þjónustu**		
5.1.1.1	Virðisaukaskattur	133.000,0	130.000,0
5.1.2.1.1	Vörugjald, almennt, af innfluttum vörum	3.870,0	3.680,0
5.1.2.1.5	Vörugjald, almennt, af innlendri framleiðslu	590,0	560,0
5.1.2.1.15	Vörugjald af innfluttum ökutækjum	8.150,0	8.050,0
5.1.2.1.25	Vörugjald af bensíni	2.100,0	2.100,0
5.1.2.1.30	Sérstakt vörugjald af bensíni	7.420,0	7.420,0
5.1.2.1.33	Olíugjald	6.030,0	6.030,0
5.1.2.1.35	Gjald af eftirlitsskyldum rafföngum	72,7	72,7
5.1.2.1.50	Áfengisgjald	8.150,0	8.136,8
5.1.2.1.52	Tóbaksgjald	3.770,0	3.770,0
5.1.2.1.55	Ýmis vörugjöld	2.165,0	2.165,0
5.1.2.10	Tollar og aðflutningsgjöld	4.931,0	4.631,0
5.1.2.20	Sértækir þjónustuskattar	2.338,1	2.338,1
5.1.2.30	Aðrir sértækir skattar á vörur og þjónustu	2,7	2,7
	Skattar á viðskipti með vörur og þjónustu	**182.589,5**	**178.956,3**
5.2.1.1.1	Bifreiðagjöld	4.610,0	4.580,0
5.2.1.5.5	Þungaskattur	1.280,0	1.280,0
5.2.2.1	Neysluskattar og leyfisgjöld af skipum	152,0	152,0
5.2.2.10	Ýmis leyfi fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi	58,3	58,3
5.2.2.15	Gjöld fyrir veitingu atvinnuréttinda og tengdra leyfa	10,2	10,2
5.2.2.25	Ýmis leyfis- og skráningargjöld	615,4	615,4
5.2.2.25.1.2	Veiðigjald fyrir veiðiheimildir	738,0	707,0
5.2.2.25.5.9	Ýmis skráningargjöld	290,0	290,0
5.2.2.30	Ýmis eftirlitsgjöld	470,3	470,3
5.2.2.35	Ýmislegt	23,5	23,5
	Neyslu- og leyfisgjöld	**8.247,7**	**8.186,7**
	Skattar á vörur og þjónustu	**190.837,2**	**187.143,0**

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
6	**Aðrir skattar**		
6.1.10	Iðnaðarmálagjald	259,3	259,3
6.1.15	Markaðsgjald	411,2	403,5
	Aðrir skattar á atvinnurekstur	**670,5**	**662,8**
6.2.1	Sektir á skatttekjur	205,0	80,0
	Aðrir skattar	**875,5**	**742,8**
	Skatttekjur, samtals	**422.265,8**	**404.135,7**
II	**Aðrar rekstrartekjur**		
8	**Arðgreiðslur og leigutekjur**		
8.2.1	Arðgreiðslur frá fjármálastofnunum	50,0	50,0
8.2.2	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum stofnunum	1.507,0	1.507,0
	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum aðilum	**1.557,0**	**1.557,0**
8.3.1	Vaxtatekjur af skatttekjum	5.600,0	4.100,0
8.3.6	Vaxtatekjur af endurlánum ríkissjóðs	8.470,0	8.820,0
8.3.7	Aðrar vaxtatekjur	11.254,0	11.254,0
8.3.8.1	Leiga á lóðum og landréttindum	57,7	57,7
	Aðrar eignatekjur	**25.381,7**	**24.231,7**
	Arðgreiðslur og leigutekjur	**26.938,7**	**25.788,7**
9	**Ýmsar tekjur**		
9.1.1	Dómsmálagjöld o.fl.	535,0	535,0
9.1.2	Áhættugjöld fyrir ríkisábyrgðir	260,0	260,0
9.1.3.1	Afnotagjöld RÚV	2.635,0	2.635,0
9.1.3.5	Skólagjöld	682,5	682,5
9.1.3.10	Gjöld fyrir læknishjálp o.fl.	100,0	100,0
9.1.3.15	Lendingargjöld o.fl.	682,0	682,0
9.1.3.20	Prófgjöld	21,5	21,5
9.1.3.25	Gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl.	140,0	140,0
9.1.3.30	Skoðunar-, mælinga- og eftirlitsgjöld	2.225,0	2.225,0
9.1.3.35	Ýmislegt	475,7	475,7

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
9.1.3.40	Útgáfa skírteina og þinglýsingar	415,5	415,5
9.1.4	Önnur neyslu- og leyfisgjöld	48,0	48,0
	Neyslu- og leyfisgjöld fyrir þjónustu	**8.220,2**	**8.220,2**
	Ýmsar tekjur	**8.220,2**	**8.220,2**
10	**Sektir**		
10.1	Lögreglumannasektir og lögreglustjórasektir	690,0	650,0
10.2	Dómsektir og viðurlagaákvarðanir	290,0	290,0
10.3	Ýmsar sektir	35,0	35,0
	Sektir	**1.015,0**	**975,0**
12	**Aðrar eigna- og aukatekjur**		
12.1	Aðrar eigna- og aukatekjur	15,0	15,0
12.5.1	Innborganir í Ábyrgðarsjóð launa úr gjaldþrotabúum	70,5	70,5
	Aðrar eigna- og aukatekjur	**85,5**	**85,5**
	Aðrar rekstrartekjur, samtals	**36.259,4**	**35.069,4**
III	**Sala eigna**		
13	**Sala varanlegra rekstrarfjármuna**		
13.1	Sala fasteigna	500,0	500,0
13.2	Söluhagnaður hlutabréfa	500,0	500,0
	Sala varanlegra rekstrarfjármuna	**1.000,0**	**1.000,0**
15	**Sala á landi og réttindum**		
15.1	Sala á landi og jarðeignum	200,0	200,0
	Sala eigna, samtals	**1.200,0**	**1.200,0**

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
V	**Fjárframlög**		
18	**Fjárframlög frá opinberum aðilum**		
18.1	Rekstrarframlög	175,2	175,2
18.1.1	Hluti sveitarfélaga í innheimtukostnaði	470,0	470,0
	Rekstrarframlög	**645,2**	**645,2**
18.2.1	Framlag Happdrættis HÍ til Háskóla Íslands	318,0	318,0
18.2.5	Viðbótarframlag sveitarfélaga vegna lífeyrisskuldbindinga grunnskólakennara	480,0	480,0
	Fjárframlög frá opinberum aðilum	**1.443,2**	**1.443,2**
	Fjárframlög, samtals	**1.443,2**	**1.443,2**
	Heildartekjur samtals	**461.168,4**	**441.848,3**

m.kr.

Sundurliðun 2

Fjármál ríkisaðila í A-hluta

00 Æðsta stjórn ríkisins

00-101 Embætti forseta Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	167,4
1.81 Opinberar heimsóknir	28,0
Almennur rekstur samtals	195,4
Viðhaldsverkefni:	
5.20 Laufásvegur 72, viðhald	1,0
Gjöld samtals	**196,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	196,4

00-201 Alþingi

Almennur rekstur:	
1.01 Alþingiskostnaður	791,9
1.02 Framlög til þingflokka	65,0
1.03 Fastanefndir	30,6
1.04 Alþjóðasamstarf	90,5
1.06 Almennur rekstur	783,2
1.07 Sérverkefni	33,1
1.10 Rekstur fasteigna	175,7
Almennur rekstur samtals	1.970,0
Viðhaldsverkefni:	
5.20 Fasteignir	24,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	44,6
Gjöld samtals	**2.038,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-18,4
Gjöld umfram tekjur	**2.020,2**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2.020,2

00-205 Framkvæmdir á Alþingisreit

Stofnkostnaður:
6.55 Framkvæmdir á Alþingisreit 50,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 50,0

00-301 Ríkisstjórn

Almennur rekstur:
1.01 Ríkisstjórn 247,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 247,0

00-401 Hæstiréttur

Almennur rekstur:
1.01 Hæstiréttur 138,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 138,9

00-610 Umboðsmaður Alþingis

Almennur rekstur:
1.01 Umboðsmaður Alþingis 101,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 101,2

00-620 Ríkisendurskoðun

Almennur rekstur:
1.01 Ríkisendurskoðun 456,7

Sértekjur:
Sértekjur ..... -27,7

Gjöld umfram tekjur **429,0**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 429,0

00 Æðsta stjórn ríkisins, gjöld umfram tekjur **3.182,7**
Greitt úr ríkissjóði **3.182,7**
Innheimt af ríkistekjum **0,0**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

01 Forsætisráðuneyti

01-101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	257,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	257,0

01-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.11 Ritun biskupasögu, Hið íslenska fornritafélag	14,0
1.15 Útboðs- og einkavæðingarverkefni	14,9
1.17 Úrskurðarnefnd upplýsingalaga	4,7
1.18 Stjórnarskrárnefnd	14,9
1.19 Efnahagsrannsóknir	49,9
1.20 Jafnréttissjóður	10,0
1.21 Öryggismálanefnd	14,5
1.23 Hrafnseyri	22,9
1.25 Vesturfarasetrið á Hofsósi	28,0
1.27 Þjóðveldisbærinn í Þjórsárdal	2,0
1.40 Gjöf Jóns Sigurðssonar	6,0
1.42 Grænlandssjóður	1,0
1.51 Undirbúningur að hátíðarhöldum vegna tveggja alda afmælis Jóns Sigurðssonar forseta	5,1
1.90 Ýmis verkefni	35,9
1.91 Til stjórnmálaflokka með hliðsjón af nýrri kjördæmaskipan og breyttum aðstæðum þingmanna af þeim sökum	50,0
Almennur rekstur samtals	273,8
Viðhaldsverkefni:	
5.25 Viðhald á stafkirkju í Vestmannaeyjum	3,0
Gjöld samtals	**276,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,0
Gjöld umfram tekjur	**275,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	275,8

m.kr.

01-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra 5,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,0

01-201 Fasteignir forsætisráðuneytis

Almennur rekstur:
1.01 Fasteignir forsætisráðuneytis 48,8

Viðhaldsverkefni:
5.29 Fasteignir forsætisráðuneytis 27,4

Gjöld samtals **76,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 76,2

01-203 Fasteignir Stjórnarráðsins

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 6,0

Stofnkostnaður:
6.25 Endurbætur bygginga Stjórnarráðsins 19,0

Gjöld samtals **25,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 25,0

01-231 Norræna ráðherranefndin

Almennur rekstur:
1.01 Norðurlandaskrifstofa forsætisráðuneytis 37,5
1.61 Framlag til norrænu ráðherranefndarinnar 125,6
Almennur rekstur samtals 163,1

Gjöld samtals **163,1**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,1

Gjöld umfram tekjur **162,0**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 162,0

01-241 Umboðsmaður barna

Almennur rekstur:
1.01 Umboðsmaður barna 36,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 36,0

01-251 Þjóðmenningarhúsið

Almennur rekstur:
1.01 Þjóðmenningarhúsið 100,9

Viðhaldsverkefni:
5.21 Fasteignir 20,0

Gjöld samtals **120,9**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -9,0

Gjöld umfram tekjur **111,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 111,9

01-253 Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn

Almennur rekstur:
1.01 Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn 8,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 8,9

01-255 Gljúfrasteinn - Hús skáldsins

Almennur rekstur:
1.01 Gljúfrasteinn - Hús skáldsins 32,3

Viðhaldsverkefni:
5.21 Viðhald 2,5

	m.kr.
Gjöld samtals	**34,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,1
Gjöld umfram tekjur	**31,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	31,7

01-261 Óbyggðanefnd

Almennur rekstur:	
1.01 Óbyggðanefnd	87,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	87,8

01-271 Ríkislögmaður

Almennur rekstur:	
1.01 Ríkislögmaður	64,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,8
Gjöld umfram tekjur	**59,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	59,6

01-902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum

Almennur rekstur:	
1.01 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	64,2
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Fasteignir	2,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Nýframkvæmdir	31,0
Gjöld samtals	**97,2**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -20,9

Gjöld umfram tekjur **76,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 76,3

01-996 Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verkefni ráðuneyta

Almennur rekstur:
1.01 Rafræn þjónustuveita hins opinbera 40,4

Stofnkostnaður:
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verkefni ráðuneyta 57,0

Gjöld samtals **97,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 97,4

01 Forsætisráðuneyti, gjöld umfram tekjur **1.310,6**
Greitt úr ríkissjóði **1.310,6**
Innheimt af ríkistekjum **0,0**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

02 Menntamálaráðuneyti

02-101 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	608,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,8
Gjöld umfram tekjur	**605,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	605,5

02-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	18,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	18,0

02-201 Háskóli Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Háskóli Íslands	8.548,0
1.13 Háskólasjóður	215,0
Almennur rekstur samtals	8.763,0
Viðhaldsverkefni:	
5.50 Fasteignir	40,0
Stofnkostnaður:	
6.50 Byggingarframkvæmdir og tækjakaup	175,0
Gjöld samtals	**8.978,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1.861,0
Gjöld umfram tekjur	**7.117,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	6.544,3
Innheimt af ríkistekjum	572,7

m.kr.

02-202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum

Almennur rekstur:	
1.01 Tilraunastöð Háskólans að Keldum	329,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-145,0
Gjöld umfram tekjur	**184,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	183,4
Innheimt af ríkistekjum	1,0

02-203 Raunvísindastofnun Háskólans

Almennur rekstur:	
1.01 Raunvísindastofnun Háskólans	767,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-412,8
Gjöld umfram tekjur	**354,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	354,9

02-209 Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

Almennur rekstur:	
1.01 Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum	298,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-39,4
Gjöld umfram tekjur	**258,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	258,7

02-210 Háskólinn á Akureyri

Almennur rekstur:	
1.01 Háskólinn á Akureyri	1.507,5

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -281,8

Gjöld umfram tekjur **1.225,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.163,8
Innheimt af ríkistekjum 61,9

02-215 Kennaraháskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Kennaraháskóli Íslands 1.853,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -199,5

Gjöld umfram tekjur **1.653,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.560,5
Innheimt af ríkistekjum 93,0

02-223 Námsmatsstofnun

Almennur rekstur:
1.01 Námsmatsstofnun 154,8

Sértekjur:
Sértekjur ..... -39,0

Gjöld umfram tekjur **115,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 115,8

02-225 Háskólinn á Bifröst

Almennur rekstur:
1.01 Háskólinn á Bifröst 274,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 274,9

m.kr.

02-227 Háskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Háskólinn í Reykjavík	1.858,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.858,6

02-228 Listaháskóli Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Listaháskóli Íslands	586,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	586,7

02-231 Rannsóknamiðstöð Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Rannsóknamiðstöð Íslands	208,5
1.05 Alþjóðlegar samstarfsáætlanir á sviði vísinda	20,0
Almennur rekstur samtals	228,5
Gjöld samtals	**228,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-69,2
Gjöld umfram tekjur	**159,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	159,3

02-234 Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora

Almennur rekstur:	
1.11 Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora	141,6
1.12 Launatengd gjöld	27,8
Almennur rekstur samtals	169,4
Gjöld samtals	**169,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	169,4

m.kr.

02-235 Markáætlun á sviði vísinda og tækni

Stofnkostnaður:
6.60 Markáætlun á sviði vísinda og tækni 160,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 160,0

02-236 Rannsóknasjóður

Almennur rekstur:
1.10 Rannsóknasjóður 769,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -19,0

Gjöld umfram tekjur **750,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 750,0

02-238 Tækjasjóður

Stofnkostnaður:
6.60 Tækjasjóður 145,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -30,0

Gjöld umfram tekjur **115,0**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 115,0

02-239 Rannsóknarnámssjóður

Almennur rekstur:
1.01 Rannsóknarnámssjóður 90,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 90,0

m.kr.

02-269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður

Viðhaldsverkefni:	
5.21 Viðhald	10,0
Stofnkostnaður:	
6.02 Tilraunastöð Háskólans að Keldum	5,0
6.09 Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum	300,0
6.10 Háskólinn á Akureyri	290,0
6.15 Kennaraháskóli Íslands	30,0
6.28 Listaháskóli Íslands	5,0
Stofnkostnaður samtals	630,0
Gjöld samtals	**640,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	640,0

02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi

Almennur rekstur:	
1.15 Nýsköpunarsjóður	20,0
1.73 Reykjavíkurakademían	17,7
1.80 Vísindastarfsemi	33,0
1.90 Háskólastarfsemi	135,7
1.91 Háskólar, óskipt	21,2
Almennur rekstur samtals	227,6
Gjöld samtals	**227,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	227,6

02-301 Menntaskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Menntaskólinn í Reykjavík	470,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-12,0
Gjöld umfram tekjur	**458,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	450,7
Innheimt af ríkistekjum	7,4

m.kr.

02-302 Menntaskólinn á Akureyri

Almennur rekstur:
1.01 Menntaskólinn á Akureyri 475,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -13,6

Gjöld umfram tekjur **461,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 454,9
Innheimt af ríkistekjum 6,5

02-303 Menntaskólinn að Laugarvatni

Almennur rekstur:
1.01 Menntaskólinn að Laugarvatni 158,8

Sértekjur:
Sértekjur ..... -13,2

Gjöld umfram tekjur **145,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 144,2
Innheimt af ríkistekjum 1,4

02-304 Menntaskólinn við Hamrahlíð

Almennur rekstur:
1.01 Menntaskólinn við Hamrahlíð 680,4

Sértekjur:
Sértekjur ..... -28,2

Gjöld umfram tekjur **652,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 642,9
Innheimt af ríkistekjum 9,3

m.kr.

02-305 Menntaskólinn við Sund

Almennur rekstur:	
1.01 Menntaskólinn við Sund	415,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-16,3
Gjöld umfram tekjur	**399,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	392,9
Innheimt af ríkistekjum	6,3

02-306 Menntaskólinn á Ísafirði

Almennur rekstur:	
1.01 Menntaskólinn á Ísafirði	242,8
Sértekjur:	
Sértekjur	-14,3
Gjöld umfram tekjur	**228,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	226,1
Innheimt af ríkistekjum	2,4

02-307 Menntaskólinn á Egilsstöðum

Almennur rekstur:	
1.01 Menntaskólinn á Egilsstöðum	263,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-19,9
Gjöld umfram tekjur	**243,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	240,8
Innheimt af ríkistekjum	2,9

m.kr.

02-308 Menntaskólinn í Kópavogi

Almennur rekstur:
1.01 Menntaskólinn í Kópavogi 735,5

Sértekjur:
Sértekjur ..... -58,2

Gjöld umfram tekjur **677,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 668,3
Innheimt af ríkistekjum 9,0

02-309 Kvennaskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Kvennaskólinn í Reykjavík 313,7

Sértekjur:
Sértekjur ..... -21,2

Gjöld umfram tekjur **292,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 287,8
Innheimt af ríkistekjum 4,7

02-316 Fasteignir framhaldsskóla

Almennur rekstur:
1.05 Fasteignir skóla 66,4

Viðhaldsverkefni:
5.21 Viðhald 10,0

Gjöld samtals **76,4**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,6

Gjöld umfram tekjur **75,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 75,8

m.kr.

02-318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður

Stofnkostnaður:	
6.00 Framhaldsskólar í Reykjavík	300,0
6.01 Menntaskólinn í Reykjavík	50,0
6.03 Menntaskólinn á Laugarvatni	25,0
6.07 Menntaskólinn á Egilsstöðum	20,0
6.54 Fjölbrautaskóli Vesturlands	35,0
6.56 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	25,0
6.58 Verkmenntaskóli Austurlands	20,0
6.60 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	40,0
6.70 Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	80,0
6.90 Byggingarframkvæmdir, óskipt	30,0
6.92 Héraðsskólahúsið á Laugarvatni	50,0
6.95 Tæki og búnaður, óskipt	34,0
Stofnkostnaður samtals	709,0
Gjöld samtals	**709,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	709,0

02-319 Framhaldsskólar, almennt

Almennur rekstur:	
1.11 Sameiginleg þjónusta	99,8
1.12 Orlof kennara	156,3
1.13 Forfallakennsla	112,1
1.14 Sérkennsla	49,5
1.15 Prófkostnaður	88,7
1.16 Nýjungar í skólastarfi	23,5
1.17 Námsskrárgerð	43,0
1.18 Námsefnisgerð	156,6
1.19 Kennslueftirlit	7,2
1.20 Sjálfsmatskerfi framhaldsskóla	179,7
1.21 Nám tannsmiða	11,4
1.23 Ólympíuleikar í raungreinum	3,1
1.24 Iðnnemasamband Íslands	5,8
1.26 Þróunarsjóður framhaldsskóla	40,1
1.28 Mat á skólastarfi	51,7

	m.kr.
1.29 Forvarnastarf í skólum	5,6
1.30 Endurmenntun	32,1
1.33 Myndlistarskólinn Akureyri	14,1
1.34 Myndlistarskólinn í Reykjavík	19,1
1.35 Myndlistarskólinn í Kópavogi	5,9
1.38 Menntun á sviði kvikmyndagerðar	29,5
1.39 Nám í listdansi	106,5
1.41 Framkvæmd nýrrar skólastefnu	96,4
1.90 Framhaldsskólar, óskipt	84,5
Almennur rekstur samtals	1.422,2
Gjöld samtals	**1.422,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,4
Gjöld umfram tekjur	**1.421,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.421,8

02-350 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

Almennur rekstur:	
1.01 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	983,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-78,7
Gjöld umfram tekjur	**905,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	893,3
Innheimt af ríkistekjum	11,7

02-351 Fjölbrautaskólinn Ármúla

Almennur rekstur:	
1.01 Fjölbrautaskólinn Ármúla	841,2
Sértekjur:	
Sértekjur	-91,2
Gjöld umfram tekjur	**750,0**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 740,2
Innheimt af ríkistekjum 9,8

02-352 Flensborgarskóli

Almennur rekstur:
1.01 Flensborgarskóli 474,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -15,7

Gjöld umfram tekjur **458,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 451,8
Innheimt af ríkistekjum 6,5

02-353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Almennur rekstur:
1.01 Fjölbrautaskóli Suðurnesja 693,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -28,4

Gjöld umfram tekjur **664,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 656,4
Innheimt af ríkistekjum 8,2

02-354 Fjölbrautaskóli Vesturlands

Almennur rekstur:
1.01 Fjölbrautaskóli Vesturlands 413,9

Sértekjur:
Sértekjur ..... -27,4

Gjöld umfram tekjur **386,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 381,9
Innheimt af ríkistekjum 4,6

m.kr.

02-355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Almennur rekstur:	
1.01 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	170,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,2
Gjöld umfram tekjur	**166,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	164,2
Innheimt af ríkistekjum	1,9

02-356 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra

Almennur rekstur:	
1.01 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	325,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-23,9
Gjöld umfram tekjur	**301,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	298,6
Innheimt af ríkistekjum	3,2

02-357 Fjölbrautaskóli Suðurlands

Almennur rekstur:	
1.01 Fjölbrautaskóli Suðurlands	651,8
Sértekjur:	
Sértekjur	-52,7
Gjöld umfram tekjur	**599,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	591,7
Innheimt af ríkistekjum	7,4

m.kr.

02-358 Verkmenntaskóli Austurlands

Almennur rekstur:	
1.01 Verkmenntaskóli Austurlands	183,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-16,7
Gjöld umfram tekjur	**166,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	165,4
Innheimt af ríkistekjum	1,4

02-359 Verkmenntaskólinn á Akureyri

Almennur rekstur:	
1.01 Verkmenntaskólinn á Akureyri	961,2
Sértekjur:	
Sértekjur	-49,9
Gjöld umfram tekjur	**911,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	901,0
Innheimt af ríkistekjum	10,3

02-360 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ

Almennur rekstur:	
1.01 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	441,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-25,3
Gjöld umfram tekjur	**416,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	410,5
Innheimt af ríkistekjum	5,9

m.kr.

02-361 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu

Almennur rekstur:	
1.01 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	129,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-10,1
Gjöld umfram tekjur	**119,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	118,7
Innheimt af ríkistekjum	1,1

02-362 Framhaldsskólinn á Húsavík

Almennur rekstur:	
1.01 Framhaldsskólinn á Húsavík	127,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-6,3
Gjöld umfram tekjur	**121,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	120,2
Innheimt af ríkistekjum	1,1

02-363 Framhaldsskólinn á Laugum

Almennur rekstur:	
1.01 Framhaldsskólinn á Laugum	147,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-9,2
Gjöld umfram tekjur	**138,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	137,2
Innheimt af ríkistekjum	1,0

m.kr.

02-365 Borgarholtsskóli

Almennur rekstur:	
1.01 Borgarholtsskóli	827,2
Sértekjur:	
Sértekjur	-47,6
Gjöld umfram tekjur	**779,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	770,6
Innheimt af ríkistekjum	9,0

02-367 Fjölbrautaskóli Snæfellinga

Almennur rekstur:	
1.01 Fjölbrautaskóli Snæfellinga	183,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-5,9
Gjöld umfram tekjur	**177,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	175,8
Innheimt af ríkistekjum	1,6

02-368 Menntaskóli Borgarfjarðar

Almennur rekstur:	
1.01 Menntaskóli Borgarfjarðar	91,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,0
Gjöld umfram tekjur	**90,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	89,7
Innheimt af ríkistekjum	0,6

m.kr.

02-369 Menntaskólinn Hraðbraut

Almennur rekstur:
1.01 Menntaskólinn Hraðbraut 173,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 173,2

02-430 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra

Almennur rekstur:
1.01 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra 77,5

Sértekjur:
Sértekjur ..... -16,8

Gjöld umfram tekjur **60,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 60,7

02-441 Fullorðinsfræðsla fatlaðra

Almennur rekstur:
1.01 Fullorðinsfræðsla fatlaðra 200,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 200,1

02-451 Símenntun og fjarkennsla

Almennur rekstur:
1.10 Fræðslumiðstöð atvinnulífsins 72,1
1.11 Símenntun og fjarkennsla 41,4
1.12 Námskeið og ráðgjöf 222,3
1.13 FS-net, símenntunarstöðvar 12,4
1.15 Mímir, símenntun 11,4
1.21 Símenntunarstöð á Vesturlandi 11,3
1.22 Fræðslumiðstöð Vestfjarða 11,3
1.23 Farskóli Norðurlands vestra 11,3
1.24 Símenntunarstöð Eyjafjarðar 11,3
1.25 Fræðslumiðstöð Þingeyinga 11,3

	m.kr.
1.26 Fræðslunet Austurlands	11,3
1.27 Fræðslunet Suðurlands	11,3
1.28 Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	11,3
1.29 Fræðslu- og símenntunarstöð Vestmannaeyja	11,3
1.30 Framvegis, miðstöð um símenntun í Reykjavík	11,4
1.31 Fræða- og þekkingasetur	112,8
1.41 Íslenskukennsla fyrir útlendinga	240,1
Almennur rekstur samtals	825,6
Gjöld samtals	**825,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	825,6

02-505 Fjöltækniskóli Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Fjöltækniskóli Íslands	327,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	327,8

02-514 Iðnskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Iðnskólinn í Reykjavík	1.284,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-93,1
Gjöld umfram tekjur	**1.191,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.179,4
Innheimt af ríkistekjum	11,8

02-516 Iðnskólinn í Hafnarfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Iðnskólinn í Hafnarfirði	559,8
Sértekjur:	
Sértekjur	-39,9
Gjöld umfram tekjur	**519,9**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 515,3
Innheimt af ríkistekjum 4,6

02-541 Hússtjórnarskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Hússtjórnarskólinn í Reykjavík 25,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 25,1

02-551 Hússtjórnarskólinn Hallormsstað

Almennur rekstur:
1.01 Hússtjórnarskólinn Hallormsstað 21,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 21,5

02-581 Verslunarskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Verslunarskóli Íslands 837,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 837,1

02-720 Grunnskólar, almennt

Almennur rekstur:
1.31 Sérstök fræðsluverkefni 22,7
1.33 Þróunarsjóður leikskóla 3,0
1.37 Endurmenntun 21,4
1.70 Greiðslur til samtaka höfundarréttarhafa fyrir ljósritun á höfundarréttarvernduðu efni 42,9
1.82 Þróunarstarf í grunnskólum 14,6
Almennur rekstur samtals 104,6

Gjöld samtals **104,6**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 104,6

02-725 Námsgagnastofnun

Almennur rekstur:
1.01 Námsgagnastofnun 394,6

Sértekjur:
Sértekjur ..... -14,7

Gjöld umfram tekjur **379,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 379,9

02-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna

Almennur rekstur:
1.01 Lánasjóður íslenskra námsmanna 5.988,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5.988,0

02-884 Jöfnun á námskostnaði

Almennur rekstur:
1.01 Jöfnun á námskostnaði 520,2
1.10 Skólaakstur 50,1
Almennur rekstur samtals 570,3

Gjöld samtals **570,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 570,3

02-901 Fornleifavernd ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Fornleifavernd ríkisins 72,3

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,6

Gjöld umfram tekjur **69,7**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 69,7

02-902 Þjóðminjasafn Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Þjóðminjasafn Íslands 375,8
1.10 Byggða- og minjasöfn 21,7
Almennur rekstur samtals 397,5

Viðhaldsverkefni:
5.21 Endurbætur húsa í vörslu Þjóðminjasafnsins 70,0

Gjöld samtals **467,5**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -46,5

Gjöld umfram tekjur **421,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 421,0

02-903 Þjóðskjalasafn Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Þjóðskjalasafn Íslands 191,4
1.11 Héraðsskjalasöfn 14,1
Almennur rekstur samtals 205,5

Gjöld samtals **205,5**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -14,0

Gjöld umfram tekjur **191,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 191,5

02-905 Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn

Almennur rekstur:
1.01 Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn 701,6

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -102,9

Gjöld umfram tekjur **598,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 598,7

02-906 Listasafn Einars Jónssonar

Almennur rekstur:
1.01 Listasafn Einars Jónssonar 17,4

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,0

Gjöld umfram tekjur **16,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 16,4

02-907 Listasafn Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Listasafn Íslands 166,2
1.02 Listasafn Ásgríms Jónssonar 5,2
Almennur rekstur samtals 171,4

Gjöld samtals **171,4**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -24,1

Gjöld umfram tekjur **147,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 147,3

02-908 Kvikmyndasafn Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Kvikmyndasafn Íslands 47,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 47,5

m.kr.

02-909 Blindrabókasafn Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Blindrabókasafn Íslands 90,3

Sértekjur:
Sértekjur ..... -5,9

Gjöld umfram tekjur **84,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 84,4

02-911 Náttúruminjasafn Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Náttúruminjasafn Íslands 31,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 31,0

02-918 Safnasjóður

Almennur rekstur:
1.10 Safnasjóður 87,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 87,7

02-919 Söfn, ýmis framlög

Almennur rekstur:
1.10 Listasafn ASÍ 5,4
1.11 Nýlistasafn 7,9
1.12 Listasafn Sigurjóns Ólafssonar 7,9
1.15 Hönnunarsafn Íslands 10,3
1.90 Söfn, ýmis framlög 24,5
1.98 Söfn, ýmis framlög menntamálaráðuneytis 86,1
Almennur rekstur samtals 142,1

Stofnkostnaður:
6.36 Síldarminjasafnið á Siglufirði 10,0

	m.kr.
6.45 Víkinganaust í Reykjanesbæ	20,0
6.90 Söfn, ýmis stofnkostnaður	100,0
Stofnkostnaður samtals	130,0
Gjöld samtals	**272,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	272,1

02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður

Stofnkostnaður:	
6.03 Þjóðskjalasafn Íslands	20,0
6.21 Endurbætur menningarstofnana	24,9
6.73 Þjóðleikhúsið	20,0
6.82 Geymsluhúsnæði safna	70,0
6.95 Menningarhús	30,0
6.96 Byggðasöfn	28,0
Stofnkostnaður samtals	192,9
Gjöld samtals	**192,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	192,9

02-971 Ríkisútvarpið

Almennur rekstur:	
1.10 Ríkisútvarpið, afnotagjöld	2.635,0
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	2.635,0

02-972 Íslenski dansflokkurinn

Almennur rekstur:	
1.01 Íslenski dansflokkurinn	114,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-11,8
Gjöld umfram tekjur	**102,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	102,9

m.kr.

02-973 Þjóðleikhúsið

Almennur rekstur:
1.01 Þjóðleikhúsið 825,4

Sértekjur:
Sértekjur ..... -176,5

Gjöld umfram tekjur **648,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 648,9

02-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Sinfóníuhljómsveit Íslands 637,6

Sértekjur:
Sértekjur ..... -81,0

Gjöld umfram tekjur **556,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 456,4
Innheimt af ríkistekjum 100,2

02-977 Höfundarréttargjöld

Almennur rekstur:
1.11 Höfundaréttargjöld til samtaka höfundaréttarfélaga 71,0
1.13 Fylgiréttargjald í Myndhöfundarsjóð Íslands - Myndstef 2,7
1.14 Höfundarréttargjald vegna flutnings tónverka við guðsþjónustur 1,0
1.15 Höfundarréttargjald vegna flutnings tónverka við jarðarfarir 4,1
Almennur rekstur samtals 78,8

Gjöld samtals **78,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1,0
Innheimt af ríkistekjum 77,8

m.kr.

02-978 Listasjóðir

Almennur rekstur:
1.01 Listasjóðir skv. lögum nr. 35/1991 334,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 334,2

02-979 Húsafriðunarnefnd

Almennur rekstur:
1.01 Húsafriðunarnefnd 33,5

Stofnkostnaður:
6.10 Húsafriðunarsjóður 93,3

Gjöld samtals **126,8**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -70,0

Gjöld umfram tekjur **56,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 56,8

02-980 Listskreytingasjóður

Stofnkostnaður:
6.01 Listskreytingasjóður 7,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 7,1

02-981 Kvikmyndamiðstöð Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Kvikmyndamiðstöð Íslands 71,7
1.10 Kvikmyndasjóðir 560,0
Almennur rekstur samtals 631,7

Gjöld samtals **631,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 631,7

m.kr.

02-982 Listir, framlög

Almennur rekstur:	
1.14 Bókasafnssjóður höfunda	30,0
1.17 Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar	18,0
1.18 Bókmenntasjóður	50,0
1.22 Starfsemi áhugaleikfélaga	22,4
1.23 Bandalag íslenskra leikfélaga	5,3
1.24 Starfsemi atvinnuleikhópa	60,1
1.25 Tónlistarsjóður	54,0
1.27 Tónlist fyrir alla	7,9
1.28 Barnamenningarsjóður	4,9
1.29 Íslenska tónverkamiðstöðin	12,6
1.30 Íslenska óperan	175,7
1.45 Samningar við sveitarfélög um menningarmál	279,0
1.70 Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis	48,0
1.76 Menningarsjóður félagsheimila	8,5
1.80 Listahátíð í Reykjavík	36,0
1.90 Listir	61,1
1.91 Menningarstofnanir, óskipt	16,7
Almennur rekstur samtals	890,2
Gjöld samtals	**890,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	890,2

02-983 Ýmis fræðistörf

Almennur rekstur:	
1.10 Fræðistörf	13,5
1.11 Styrkir til útgáfumála	34,8
1.17 Launasjóður höfunda fræðirita	12,2
1.20 Iðnsaga Íslands	3,8
1.21 Tónlistarsaga Íslands	4,2
1.23 Hið íslenska bókmenntafélag	19,7
1.52 Skriðuklaustur	14,7
1.53 Snorrastofa	16,1
1.54 Fornleifasjóður	25,0
Almennur rekstur samtals	144,0
Gjöld samtals	**144,0**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 144,0

02-984 Norræn samvinna

Almennur rekstur:
1.90 Norræn samvinna 7,5
1.98 Ýmis verkefni menntamálaráðuneytis á sviði norrænnar samvinnu 14,5
Almennur rekstur samtals 22,0

Gjöld samtals **22,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 22,0

02-985 Alþjóðleg samskipti

Almennur rekstur:
1.90 Alþjóðleg samskipti 41,4
1.91 Aðildargjöld ESB 758,3
1.95 Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna 14,5
Almennur rekstur samtals 814,2

Gjöld samtals **814,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 814,2

02-988 Æskulýðsmál

Almennur rekstur:
1.10 Æskulýðsráð ríkisins 2,9
1.12 Ungmennafélag Íslands 98,4
1.13 Bandalag íslenskra skáta 24,6
1.14 Útilífsmiðstöð skáta Úlfljótsvatni 3,9
1.15 Æskulýðsmiðstöð KFUM í Vatnaskógi 3,9
1.17 Landssamband KFUM og KFUK 24,6
1.18 Æskulýðsrannsóknir 7,5
1.19 Æskulýðssjóður 9,8
1.90 Æskulýðsmál 22,5
Almennur rekstur samtals 198,1

Gjöld samtals **198,1**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 198,1

02-989 Ýmis íþróttamál

Almennur rekstur:
1.10 Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands 154,9
1.11 Ferðasjóður Íþróttasambands Íslands 59,0
1.12 Ólympíunefnd fatlaðra 3,0
1.14 Íþróttasamband fatlaðra 21,6
1.15 Skólaíþróttir 3,0
1.16 Íþróttasjóður 17,9
1.17 Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri 3,6
1.20 Glímusamband Íslands 4,9
1.21 Skáksamband Íslands 16,7
1.22 Launasjóður stórmeistara í skák 16,7
1.25 Skákskóli Íslands 8,6
1.29 Afrekssjóður ÍSÍ 30,0
1.30 Bridgesamband Íslands 14,8
1.31 Lyfjaeftirlit 12,0
1.90 Ýmis íþróttamál 25,6
Almennur rekstur samtals 392,3

Stofnkostnaður:
6.53 Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri 35,0
6.58 Áhorfendaaðstaða á Laugardalsvelli í Reykjavík 50,0
Stofnkostnaður samtals 85,0

Gjöld samtals **477,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 477,3

02-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:
1.13 Útvarpsréttarnefnd 10,1
1.90 Ýmis framlög 106,0
1.98 Ýmis framlög menntamálaráðuneytis 155,0
Almennur rekstur samtals 271,1

	m.kr.
Stofnkostnaður:	
6.90 Ýmis stofnkostnaðarframlög	221,2
Gjöld samtals	**492,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	492,3
02 Menntamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**50.957,9**
Greitt úr ríkissjóði	**47.149,7**
Innheimt af ríkistekjum	**3.808,2**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

03 Utanríkisráðuneyti

03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	947,8
Sértekjur:	
Sértekjur	-24,9
Gjöld umfram tekjur	**922,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	922,9

03-111 Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis

Almennur rekstur:	
1.01 Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis	139,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,1
Gjöld umfram tekjur	**137,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	137,4

03-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.11 Samskipti við Vestur-Íslendinga	6,0
1.13 Þátttaka fulltrúa vinnumarkaðarins í EFTA- og EES-samstarfi	2,5
1.21 Starfsemi vegna Sameinuðu þjóðanna á Íslandi	2,7
1.23 Mannréttindamál	4,0
1.24 Samningur um eftirlit með tæknilegum viðskiptahindrunum	6,7
1.25 Hafréttarstofnun Íslands	6,1
1.31 Nefnd um landgrunnsmörk Íslands	13,4
Almennur rekstur samtals	41,4
Gjöld samtals	**41,4**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 41,4

03-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra 5,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,0

03-211 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli

Almennur rekstur:
1.10 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli 2.811,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.590,8
Innheimt af ríkistekjum 1.220,2

03-213 Varnarmál

Almennur rekstur:
1.01 Varnarmál 491,8

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 42,0

Gjöld samtals **533,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 533,8

03-217 Ratsjárstofnun

Almennur rekstur:
1.01 Ratstjárstofnun 822,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 822,3

m.kr.

03-300 Sendiráð Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands 1.829,0

Viðhaldsverkefni:
5.21 Viðhald fasteigna 45,0

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 43,0

Gjöld samtals **1.917,0**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -15,0

Gjöld umfram tekjur **1.902,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.902,0

03-390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 115,3
1.11 Þróunaraðstoð 1.436,1
Almennur rekstur samtals 1.551,4

Gjöld samtals **1.551,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.551,4

03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi

Almennur rekstur:
1.10 Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna 206,3
1.11 Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO 6,7
1.12 Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNDP 50,0
1.13 Alþjóðabarnahjálparstofnunin, UNICEF 70,0
1.15 Sjávarútvegsskóli Sameinuðu þjóðanna 154,5

m.kr.

1.21 Hjálparstarf Sameinuðu þjóðanna fyrir konur í þróunarlöndum, UNIFEM	87,5
1.30 Mannúðarmál og neyðaraðstoð	309,1
1.90 Þróunarmál og hjálparstarfsemi, óskipt	537,5
Almennur rekstur samtals	1.421,6
Gjöld samtals	**1.421,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.421,6

03-401 Alþjóðastofnanir

Almennur rekstur:	
1.10 Sameinuðu þjóðirnar, UN	55,7
1.13 Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO	9,2
1.15 Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA	7,6
1.16 Alþjóðaviðskiptastofnunin, WTO	3,2
1.19 Alþjóðabankinn, Íslenski ráðgjafasjóðurinn (WB)	32,5
1.35 Norðurskautsráðið, Eystrasaltsráðið, Barentsráðið	6,3
1.39 Evrópuráðið	34,5
1.40 Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunin, OECD	33,6
1.41 Atlantshafsbandalagið, NATO	65,2
1.70 Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA	47,3
1.71 Eftirlitsstofnun EFTA, ESA	75,7
1.72 EFTA-dómstóllinn	24,7
1.73 Þróunarsjóður EFTA	138,7
1.75 Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE	26,0
1.81 Samningur um bann við tilraunum með kjarnavopn	1,3
1.85 Alþjóðleg friðargæsla	112,1
1.87 Íslensk friðargæsla	515,7
1.91 Átak í lækkun skulda þróunarríkja	30,0
Almennur rekstur samtals	1.219,3
Gjöld samtals	**1.219,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-5,2
Gjöld umfram tekjur	**1.214,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.214,1

m.kr.

03-611 Útflutningsráð Íslands

Almennur rekstur:
1.10 Útflutningsráð Íslands 403,5

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 403,5

03 Utanríkisráðuneyti, gjöld umfram tekjur **11.766,4**
Greitt úr ríkissjóði **10.142,7**
Innheimt af ríkistekjum **1.623,7**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

04 Landbúnaðarráðuneyti

04-101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	246,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-12,4
Gjöld umfram tekjur	**234,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	234,3

04-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.11 Framkvæmd búvörusamnings	4,7
1.15 Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða	5,7
1.31 Skógræktarfélag Íslands	28,6
1.51 Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO	5,3
1.90 Ýmis verkefni	46,4
1.98 Ýmis framlög landbúnaðarráðuneytis	23,1
Almennur rekstur samtals	113,8
Stofnkostnaður:	
6.41 Innleiðing gagnagrunna á lögbýlum	5,0
Gjöld samtals	**118,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	118,8

04-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	6,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	6,0

m.kr.

04-221 Veiðimálastofnun

Almennur rekstur:
1.01 Veiðimálastofnun 167,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -92,6

Gjöld umfram tekjur **74,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 74,4

04-234 Landbúnaðarstofnun

Almennur rekstur:
1.01 Landbúnaðarstofnun 712,7

Viðhaldsverkefni:
5.90 Dýralæknisbústaðir 4,0

Gjöld samtals **716,7**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -24,7

Gjöld umfram tekjur **692,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 533,4
Innheimt af ríkistekjum 158,6

04-262 Landbúnaðarháskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Landbúnaðarháskóli Íslands 916,8

Sértekjur:
Sértekjur ..... -279,1

Gjöld umfram tekjur **637,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 622,0
Innheimt af ríkistekjum 15,7

m.kr.

04-271 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal

Almennur rekstur:
1.01 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal 354,4

Viðhaldsverkefni:
5.01 Viðhald fasteigna 4,2

Stofnkostnaður:
6.20 Fasteignir og lóðir 18,0

Gjöld samtals **376,6**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -149,4

Gjöld umfram tekjur **227,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 219,2
Innheimt af ríkistekjum 8,0

04-293 Hagþjónusta landbúnaðarins

Almennur rekstur:
1.01 Hagþjónusta landbúnaðarins 26,8

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,6

Gjöld umfram tekjur **24,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 24,2

04-311 Landgræðsla ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Landgræðsla ríkisins 509,5
1.90 Fyrirhleðslur 59,4
Almennur rekstur samtals 568,9

Viðhaldsverkefni:
5.01 Viðhald fasteigna 8,0

m.kr.

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 38,4

Gjöld samtals **615,3**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -101,2

Gjöld umfram tekjur **514,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 512,1
Innheimt af ríkistekjum 2,0

04-321 Skógrækt ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Skógrækt ríkisins 265,3
1.10 Rannsóknastöðin Mógilsá 95,4
Almennur rekstur samtals 360,7

Viðhaldsverkefni:
5.01 Viðhald fasteigna 6,2

Stofnkostnaður:
6.20 Fasteignir 9,1

Gjöld samtals **376,0**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -128,7

Gjöld umfram tekjur **247,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 242,3
Innheimt af ríkistekjum 5,0

04-325 Hekluskógar

Almennur rekstur:
1.01 Hekluskógar 50,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 50,0

m.kr.

04-331 Héraðs- og Austurlandsskógar

Almennur rekstur:
1.01 Héraðs- og Austurlandsskógar 154,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 154,2

04-332 Suðurlandsskógar

Almennur rekstur:
1.01 Suðurlandsskógar 125,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 125,8

04-334 Vesturlandsskógar

Almennur rekstur:
1.01 Vesturlandsskógar 67,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 67,7

04-335 Skjólskógar á Vestfjörðum

Almennur rekstur:
1.01 Skjólskógar á Vestfjörðum 51,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 51,2

04-336 Norðurlandsskógar

Almennur rekstur:
1.01 Norðurlandsskógar 114,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 114,7

m.kr.

04-801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu

Almennur rekstur:	
1.01 Beinar greiðslur til bænda	4.102,0
1.02 Lífeyrissjóður bænda	180,0
1.05 Kynbóta- og þróunarstarfsemi	120,0
1.06 Gripagreiðslur	504,0
1.07 Óframleiðslutengdur stuðningur	80,0
Almennur rekstur samtals	4.986,0
Gjöld samtals	**4.986,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4.986,0

04-805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu

Almennur rekstur:	
1.01 Beinar greiðslur til bænda	1.813,0
1.02 Lífeyrissjóður bænda	98,0
1.11 Gæðastýring	949,0
1.12 Ullarnýting	317,0
1.13 Markaðsstarf og birgðahald	329,0
1.14 Svæðisbundinn stuðningur	45,0
1.15 Nýliðunar- og átaksverkefni	85,0
Almennur rekstur samtals	3.636,0
Gjöld samtals	**3.636,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3.636,0

04-807 Greiðslur vegna grænmetisframleiðslu

Almennur rekstur:	
1.01 Beinar greiðslur til bænda	217,0
1.05 Niðurgreiðsla á lýsingu í ylrækt	105,4
1.08 Framlög til kynninga-, rannsókna-, þróunar- og endurmenntunarverkefna í ylrækt	27,9
Almennur rekstur samtals	350,3
Gjöld samtals	**350,3**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 350,3

04-811 Bændasamtök Íslands

Almennur rekstur:
1.11 Ráðgjafaþjónusta og búfjárrækt 418,8
1.13 Þróunarverkefni og markaðsverkefni 115,0
Almennur rekstur samtals 533,8

Gjöld samtals **533,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 533,8

04-818 Búnaðarsjóður

Almennur rekstur:
1.10 Búnaðarsjóður 310,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 310,0

04-821 Framleiðnisjóður landbúnaðarins

Almennur rekstur:
1.01 Framleiðnisjóður landbúnaðarins 234,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -74,0

Gjöld umfram tekjur **160,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 160,0

04-824 Verðmiðlun landbúnaðarvara

Almennur rekstur:
1.10 Verðmiðlun landbúnaðarvara 89,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 89,0

m.kr.

04-827 Fóðursjóður

Almennur rekstur:
1.10 Fóðursjóður 315,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 315,0

04-828 Garðávaxtasjóður

Almennur rekstur:
1.10 Garðávaxtasjóður 5,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -5,0

Gjöld umfram tekjur **0,0**

04-831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins

Stofnkostnaður:
6.20 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins 176,3

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,3

Gjöld umfram tekjur **174,0**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 247,0
Viðskiptahreyfingar ..... -73,0

04-843 Fiskræktarsjóður

Almennur rekstur:
1.10 Fiskræktarsjóður 26,6

Sértekjur:
Sértekjur ..... -3,1

Gjöld umfram tekjur **23,5**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 23,5

m.kr.

04-851 Greiðslur vegna riðuveiki

Almennur rekstur:
1.90 Greiðslur vegna riðuveiki 52,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 52,0

04-891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði

Almennur rekstur:
1.14 Átak í hrossarækt 25,0
1.91 Loðdýrafóður 22,0
Almennur rekstur samtals 47,0

Gjöld samtals **47,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 47,0

04 Landbúnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur **14.016,2**
Greitt úr ríkissjóði **12.915,4**
Innheimt af ríkistekjum **1.173,8**
Viðskiptahreyfingar ..... **-73,0**

m.kr.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

05-101 Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa	234,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,8
Gjöld umfram tekjur	**229,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	229,3

05-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.20 Eldi sjávardýra	19,1
1.21 Fiskifélag Íslands, sjóvinnukennsla	11,0
1.23 Matvælasetur	7,0
1.32 Starfsmenntun, markaðsöflun, kynning og tilraunir	41,1
1.33 Kynning erlendis á nýtingu á auðlindum hafsins	14,4
1.49 Úrskurðarnefndir	2,3
1.51 Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðið, NAMMCO	8,7
1.52 Alþjóðahafrannsóknir (ICES, NAFO, NEAFC, ICCAT)	33,9
1.54 Alþjóðahvalveiðiráðið, IWC	8,2
1.90 Ýmislegt	8,3
1.98 Ýmis framlög sjávarútvegsráðuneytisins	24,6
Almennur rekstur samtals	178,6
Gjöld samtals	**178,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	178,6

05-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	3,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3,0

m.kr.

05-202 Hafrannsóknastofnunin

Almennur rekstur:	
1.01 Hafrannsóknastofnunin	1.828,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-520,4
Gjöld umfram tekjur	**1.307,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.307,6

05-204 Fiskistofa

Almennur rekstur:	
1.01 Fiskistofa	836,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-8,6
Gjöld umfram tekjur	**828,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	770,4
Innheimt af ríkistekjum	57,7

05-206 Matvælarannsóknir

Almennur rekstur:	
1.01 Matvælarannsóknir	388,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	388,3

05-207 Verkefnasjóður sjávarútvegsins

Almennur rekstur:	
1.10 Verkefnasjóður sjávarútvegsins	236,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-201,0
Gjöld umfram tekjur	**35,0**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	35,0

m.kr.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

06-101 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa	351,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,9
Gjöld umfram tekjur	**346,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	346,7

06-102 Stjórnartíðindi

Almennur rekstur:	
1.01 Stjórnartíðindi	24,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-24,7
Gjöld umfram tekjur	**0,0**

06-103 Lagasafn

Almennur rekstur:	
1.10 Útgáfa lagasafns	2,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,5
Gjöld umfram tekjur	**0,0**

06-106 Þjóðskrá

Almennur rekstur:	
1.01 Þjóðskrá	433,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-139,4
Gjöld umfram tekjur	**294,5**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 191,5
Innheimt af ríkistekjum 103,0

06-111 Kosningar

Almennur rekstur:
1.10 Kosningar 168,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 168,4

06-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.10 Fastanefndir 61,0
1.11 Námsleyfi lögfræðinga 3,7
1.24 Eftirlitsnefnd félags fasteignasala 19,0
1.25 Tilkynningaskylda íslenskra skipa 30,2
1.26 Almannavarna- og björgunarskóli á Gufuskálum 14,3
1.27 Slysavarnafélagið Landsbjörg 83,5
1.40 Alþjóðasamstarf 7,2
1.45 Mannréttindamál 8,0
1.46 Stöðupróf í íslensku vegna veitingu ríkisborgararéttar 2,0
1.47 Íslensk ættleiðing 6,5
1.48 Hollvinasamtök varðskipsins Óðins 5,0
1.51 Innheimta meðlaga 4,0
1.82 Biblíuþýðingar 0,6
1.93 Dómsmál, ýmis kostnaður 2,5
Almennur rekstur samtals 247,5

Gjöld samtals **247,5**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -35,1

Gjöld umfram tekjur **212,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 189,9
Innheimt af ríkistekjum 22,5

m.kr.

06-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra 8,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 8,0

06-201 Hæstiréttur

Almennur rekstur:
1.01 Hæstiréttur 104,4

Sértekjur:
Sértekjur ..... -6,2

Gjöld umfram tekjur **98,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 98,2

06-210 Héraðsdómstólar

Almennur rekstur:
1.01 Héraðsdómstólar 930,6

Sértekjur:
Sértekjur ..... -5,2

Gjöld umfram tekjur **925,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 925,4

06-231 Málskostnaður í opinberum málum

Almennur rekstur:
1.10 Málskostnaður í opinberum málum 598,9

Sértekjur:
Sértekjur ..... -243,9

Gjöld umfram tekjur **355,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 355,0

m.kr.

06-232 Opinber réttaraðstoð

Almennur rekstur:	
1.10 Opinber réttaraðstoð	189,2
1.15 Réttaraðstoð við einstaklinga til að leita nauðasamninga	4,0
1.16 Lögfræðiþjónusta neyðarmóttöku vegna nauðgana	4,3
Almennur rekstur samtals	197,5
Gjöld samtals	**197,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-11,3
Gjöld umfram tekjur	**186,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	186,2

06-235 Bætur brotaþola

Almennur rekstur:	
1.10 Bætur brotaþola	110,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-50,0
Gjöld umfram tekjur	**60,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	60,0

06-251 Persónuvernd

Almennur rekstur:	
1.01 Persónuvernd	63,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,1
Gjöld umfram tekjur	**61,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	61,2

m.kr.

06-301 Ríkissaksóknari

Almennur rekstur:
1.05 Ríkissaksóknari 121,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 121,4

06-303 Ríkislögreglustjóri

Almennur rekstur:
1.01 Ríkislögreglustjóri 1.336,2
1.11 Rekstur lögreglubifreiða 218,5
Almennur rekstur samtals 1.554,7

Stofnkostnaður:
6.11 Bifreiðar 125,5

Gjöld samtals **1.680,2**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -472,4

Gjöld umfram tekjur **1.207,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.201,3
Innheimt af ríkistekjum 6,5

06-305 Lögregluskóli ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Lögregluskóli ríkisins 211,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 211,3

06-310 Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

Almennur rekstur:
1.01 Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu 2.964,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -40,0

Gjöld umfram tekjur **2.924,0**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2.906,1
Innheimt af ríkistekjum 17,9

06-312 Lögreglustjórinn á Suðurnesjum og sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 114,6
1.20 Löggæsla 744,4
1.30 Öryggisverkefni 228,5
1.40 Tollgæsla 565,7
Almennur rekstur samtals 1.653,2

Gjöld samtals **1.653,2**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -684,1

Gjöld umfram tekjur **969,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 942,6
Innheimt af ríkistekjum 26,5

06-325 Neyðarsímsvörun

Almennur rekstur:
1.10 Neyðarsímsvörun 172,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 172,1

06-341 Áfengis- og fíkniefnamál

Almennur rekstur:
1.25 Átak í löggæslu vegna fíkniefnamála 56,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 56,8

m.kr.

06-390 Ýmis löggæslu- og öryggismál

Almennur rekstur:	
1.10 Ýmis löggæslukostnaður	134,5
1.17 Rannsóknamiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði	15,0
1.18 Viðbótartryggingar lögreglumanna	24,5
Almennur rekstur samtals	174,0
Gjöld samtals	**174,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	174,0

06-391 Húsnæði löggæslustofnana

Stofnkostnaður:	
6.21 Fasteignir	10,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	10,0

06-395 Landhelgisgæsla Íslands

Almennur rekstur:	
1.90 Landhelgisgæsla Íslands	2.197,0
Viðhaldsverkefni:	
5.41 Viðhald skipa og flugfarkosta	147,0
Gjöld samtals	**2.344,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-66,0
Gjöld umfram tekjur	**2.278,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2.278,0

06-396 Landhelgissjóður Íslands

Stofnkostnaður:	
6.41 Landhelgissjóður Íslands	1.946,3

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -18,5

Gjöld umfram tekjur **1.927,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.927,8

06-397 Schengen-samstarf

Almennur rekstur:
1.01 Schengen-samstarf 94,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 94,9

06-398 Útlendingastofnun

Almennur rekstur:
1.01 Útlendingastofnun 210,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 210,9

06-411 Sýslumaðurinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Sýslumaðurinn í Reykjavík 318,4

Sértekjur:
Sértekjur ..... -7,3

Gjöld umfram tekjur **311,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 311,1

06-412 Sýslumaðurinn á Akranesi

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 71,9
1.20 Löggæsla 101,6
Almennur rekstur samtals 173,5

Gjöld samtals **173,5**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,7

Gjöld umfram tekjur **171,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 171,8

06-413 Sýslumaðurinn í Borgarnesi

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 58,7
1.20 Löggæsla 97,8
Almennur rekstur samtals 156,5

Gjöld samtals **156,5**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -4,4

Gjöld umfram tekjur **152,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 152,1

06-414 Sýslumaður Snæfellinga

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 67,1
1.20 Löggæsla 90,0
Almennur rekstur samtals 157,1

Gjöld samtals **157,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 157,1

06-415 Sýslumaðurinn í Búðardal

Almennur rekstur:
1.01 Sýslumaðurinn í Búðardal 23,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 23,7

m.kr.

06-416 Sýslumaðurinn á Patreksfirði

Almennur rekstur:
1.01 Sýslumaðurinn á Patreksfirði 35,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 35,4

06-417 Sýslumaðurinn í Bolungarvík

Almennur rekstur:
1.01 Sýslumaðurinn í Bolungarvík 25,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 25,1

06-418 Sýslumaðurinn á Ísafirði

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 76,7
1.20 Löggæsla 209,6
1.40 Tollgæsla 5,8
Almennur rekstur samtals 292,1

Gjöld samtals **292,1**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,4

Gjöld umfram tekjur **290,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 290,7

06-419 Sýslumaðurinn á Hólmavík

Almennur rekstur:
1.01 Sýslumaðurinn á Hólmavík 28,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 28,3

m.kr.

06-420 Sýslumaðurinn á Blönduósi

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	52,9
1.05 Innheimtumiðstöð sekta og sakarkostnaðar	52,2
1.20 Löggæsla	74,6
Almennur rekstur samtals	179,7
Gjöld samtals	**179,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,5
Gjöld umfram tekjur	**176,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	176,2

06-421 Sýslumaðurinn á Sauðárkróki

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	56,4
1.20 Löggæsla	83,2
Almennur rekstur samtals	139,6
Gjöld samtals	**139,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,7
Gjöld umfram tekjur	**135,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	135,9

06-422 Sýslumaðurinn á Siglufirði

Almennur rekstur:	
1.01 Sýslumaðurinn á Siglufirði	58,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	58,3

m.kr.

06-424 Sýslumaðurinn á Akureyri

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	164,0
1.20 Löggæsla	301,9
1.40 Tollgæsla	14,9
Almennur rekstur samtals	480,8
Gjöld samtals	**480,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-8,7
Gjöld umfram tekjur	**472,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	472,1

06-425 Sýslumaðurinn á Húsavík

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	74,4
1.20 Löggæsla	94,5
Almennur rekstur samtals	168,9
Gjöld samtals	**168,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,7
Gjöld umfram tekjur	**168,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	168,2

06-426 Sýslumaðurinn á Seyðisfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	77,3
1.20 Löggæsla	100,9
1.40 Tollgæsla	23,8
Almennur rekstur samtals	202,0
Gjöld samtals	**202,0**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -13,1

Gjöld umfram tekjur **188,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 188,9

06-428 Sýslumaðurinn á Eskifirði

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 80,3
1.20 Löggæsla 159,6
1.40 Tollgæsla 10,5
Almennur rekstur samtals 250,4

Gjöld samtals **250,4**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -7,5

Gjöld umfram tekjur **242,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 242,9

06-429 Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði

Almennur rekstur:
1.01 Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði 38,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 38,5

06-430 Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 27,2
1.05 Lögbirtingablað 21,5
Almennur rekstur samtals 48,7

Gjöld samtals **48,7**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 27,2
Innheimt af ríkistekjum 21,5

06-431 Sýslumaðurinn á Hvolsvelli

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 57,9
1.20 Löggæsla 101,0
Almennur rekstur samtals 158,9

Gjöld samtals **158,9**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,4

Gjöld umfram tekjur **158,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 158,5

06-432 Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 65,8
1.20 Löggæsla 93,0
1.40 Tollgæsla 17,4
Almennur rekstur samtals 176,2

Gjöld samtals **176,2**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -9,5

Gjöld umfram tekjur **166,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 166,7

06-433 Sýslumaðurinn á Selfossi

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 122,5

	m.kr.
1.20 Löggæsla	203,2
1.40 Tollgæsla	10,9
Almennur rekstur samtals	336,6
Gjöld samtals	**336,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-7,7
Gjöld umfram tekjur	**328,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	328,9

06-434 Sýslumaðurinn í Reykjanesbæ

Almennur rekstur:	
1.01 Sýslumaðurinn í Reykjanesbæ	150,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,1
Gjöld umfram tekjur	**150,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	150,0

06-436 Sýslumaðurinn í Hafnarfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Sýslumaðurinn í Hafnarfirði	191,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,7
Gjöld umfram tekjur	**190,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	190,0

06-437 Sýslumaðurinn í Kópavogi

Almennur rekstur:	
1.01 Sýslumaðurinn í Kópavogi	176,3

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,8

Gjöld umfram tekjur **175,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 175,5

06-490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta

Almennur rekstur:
1.10 Ýmis sameiginlegur kostnaður 82,1
1.30 Kostnaður skv. lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs 92,9
Almennur rekstur samtals 175,0

Gjöld samtals **175,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 175,0

06-491 Húsnæði og búnaður sýslumanna

Viðhaldsverkefni:
5.01 Viðhald húseigna 5,0

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 4,5
6.28 Húsnæði sýslumannsins á Eskifirði 15,0
Stofnkostnaður samtals 19,5

Gjöld samtals **24,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 24,5

06-501 Fangelsismálastofnun ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Fangelsismálastofnun ríkisins 1.056,4

Viðhaldsverkefni:
5.01 Viðhald fangelsisbygginga 10,0

Gjöld samtals **1.066,4**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -63,0

Gjöld umfram tekjur **1.003,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.003,4

06-591 Fangelsisbyggingar

Stofnkostnaður:
6.10 Stofnframkvæmdir 8,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 8,4

06-701 Þjóðkirkjan

Almennur rekstur:
1.01 Biskup Íslands 1.500,9

Stofnkostnaður:
6.21 Skálholtsstaður 11,4
6.22 Hallgrímskirkja 17,8
6.23 Hóladómkirkja 5,0
6.25 Dómkirkjan í Reykjavík 5,4
Stofnkostnaður samtals 39,6

Gjöld samtals **1.540,5**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -69,1

Gjöld umfram tekjur **1.471,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.471,4

06-705 Kirkjumálasjóður

Almennur rekstur:
1.10 Kirkjumálasjóður 283,9

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 283,9

06-707 Kristnisjóður

Almennur rekstur:
1.10 Kristnisjóður 89,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 89,7

06-733 Kirkjugarðar

Almennur rekstur:
1.11 Kirkjugarðar 820,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 820,1

06-735 Sóknargjöld

Almennur rekstur:
1.10 Sóknargjöld til þjóðkirkjunnar 1.986,0
1.20 Sóknargjöld til annarra trúfélaga 234,0
Almennur rekstur samtals 2.220,0

Gjöld samtals **2.220,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2.220,0

06-736 Jöfnunarsjóður sókna

Almennur rekstur:
1.10 Jöfnunarsjóður sókna 367,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 367,4

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur **23.432,5**
Greitt úr ríkissjóði **23.234,6**
Innheimt af ríkistekjum **197,9**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

07 Félagsmálaráðuneyti

07-101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa	335,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-55,4
Gjöld umfram tekjur	**279,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	279,9

07-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.10 Fastanefndir	27,3
1.23 Framkvæmdaáætlun um jafnréttismál	12,0
1.90 Ýmislegt	23,2
Almennur rekstur samtals	62,5
Gjöld samtals	**62,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	62,5

07-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	5,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5,0

07-205 Leiguíbúðir

Stofnkostnaður:	
6.21 Leiguíbúðir	1.100,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	300,0
Viðskiptahreyfingar	800,0

m.kr.

07-207 Varasjóður húsnæðismála

Stofnkostnaður:
6.21 Varasjóður húsnæðismála vegna félagslegra íbúða sveitarfélaga 60,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 60,0

07-302 Ríkissáttasemjari

Almennur rekstur:
1.01 Ríkissáttasemjari 64,1

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,1

Gjöld umfram tekjur **62,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 62,0

07-313 Jafnréttisstofa

Almennur rekstur:
1.01 Jafnréttisstofa 57,5

Sértekjur:
Sértekjur ..... -15,6

Gjöld umfram tekjur **41,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 41,9

07-331 Vinnueftirlit ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Vinnueftirlit ríkisins 459,3

Sértekjur:
Sértekjur ..... -43,3

Gjöld umfram tekjur **416,0**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 297,7
Innheimt af ríkistekjum 118,3

07-400 Barnaverndarstofa

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 180,1
1.20 Heimili fyrir börn og unglinga 500,3
1.50 Meðferðarstöð ríkisins 158,8
Almennur rekstur samtals 839,2

Gjöld samtals **839,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 839,2

07-700 Málefni fatlaðra

Almennur rekstur:
1.01 Stjórnarnefnd málefna fatlaðra 19,6
1.50 Laun vegna forfalla, orlofs o.fl. 16,2
1.80 Starfsþjálfun 30,8
1.81 Tölvumiðstöð fatlaðra 7,7
1.90 Ýmis verkefni 525,1
Almennur rekstur samtals 599,4

Gjöld samtals **599,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 599,4

07-701 Málefni fatlaðra, Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 2.402,5
1.30 Verndaðir vinnustaðir 56,1
Almennur rekstur samtals 2.458,6

Gjöld samtals **2.458,6**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -36,3

Gjöld umfram tekjur **2.422,3**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2.422,3

07-702 Málefni fatlaðra, Reykjanesi

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 1.625,2
1.61 Dagvistun Keflavík 22,8
1.89 Þjónusta á vegum félagasamtaka 11,6
Almennur rekstur samtals 1.659,6

Gjöld samtals **1.659,6**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -40,7

Gjöld umfram tekjur **1.618,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.618,9

07-703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 237,9
1.30 Dagvist og verndaðir vinnustaðir 56,2
Almennur rekstur samtals 294,1

Gjöld samtals **294,1**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -24,6

Gjöld umfram tekjur **269,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 269,5

07-704 Málefni fatlaðra, Vestfjörðum

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 183,7

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 183,7

07-705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra

Almennur rekstur:
1.10 Svæðisráð 1,4
1.86 Samningur við samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra um málefni fatlaðra 335,1
Almennur rekstur samtals 336,5

Gjöld samtals **336,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 336,5

07-706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra

Almennur rekstur:
1.10 Svæðisráð 1,5
1.85 Samningur við Norðurþing um þjónustu við fatlaða 113,4
1.86 Samningur við Akureyrarbæ um þjónustu við fatlaða 783,9
Almennur rekstur samtals 898,8

Gjöld samtals **898,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 898,8

07-707 Málefni fatlaðra, Austurlandi

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 267,2
1.86 Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um þjónustu við fatlaða 27,6
Almennur rekstur samtals 294,8

Gjöld samtals **294,8**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,6

Gjöld umfram tekjur **292,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 292,2

m.kr.

07-708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	364,9
1.72 Skaftholt	46,6
1.86 Samningur við Vestmannaeyjabæ um þjónustu við fatlaða	89,4
Almennur rekstur samtals	500,9
Gjöld samtals	**500,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,9
Gjöld umfram tekjur	**499,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	499,0

07-711 Styrktarfélag vangefinna

Almennur rekstur:	
1.01 Styrktarfélag vangefinna	612,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	612,9

07-720 Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ

Almennur rekstur:	
1.70 Vistheimilið Skálatúni	319,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	319,9

07-722 Sólheimar í Grímsnesi

Almennur rekstur:	
1.70 Sólheimar í Grímsnesi	240,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	240,5

m.kr.

07-750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins 401,9

Sértekjur:
Sértekjur ..... -20,0

Gjöld umfram tekjur **381,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 381,9

07-795 Framkvæmdasjóður fatlaðra

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 66,5

Viðhaldsverkefni:
5.21 Viðhald fasteigna 70,0

Stofnkostnaður:
6.01 Framkvæmdasjóður fatlaðra 524,4

Gjöld samtals **660,9**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -62,3

Gjöld umfram tekjur **598,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 598,6

07-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Almennur rekstur:
1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, lögbundin framlög 10.476,0
1.11 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, sérstök viðbótarframlög 1.700,0
Almennur rekstur samtals 12.176,0

Gjöld samtals **12.176,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 12.176,0

m.kr.

07-972 Bjargráðasjóður

Almennur rekstur:

1.10 Bjargráðasjóður	10,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	10,0

07-980 Vinnumálastofnun

Almennur rekstur:

1.01 Vinnumálastofnun	586,8
1.11 Starfsþjálfun ungs fólks í atvinnuleit	24,5
Almennur rekstur samtals	611,3
Gjöld samtals	**611,3**

Sértekjur:

Sértekjur	-402,2
Gjöld umfram tekjur	**209,1**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	209,1

07-981 Vinnumál

Almennur rekstur:

1.10 Félagsdómur	9,3
1.13 Kjararannsóknarnefnd	48,5
1.81 Alþjóðavinnumálastofnunin, ILO	8,3
1.90 Ýmislegt	20,5
Almennur rekstur samtals	86,6
Gjöld samtals	**86,6**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	86,6

07-982 Ábyrgðasjóður launa

Almennur rekstur:

1.01 Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota	555,4

m.kr.

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 555,4

07-983 Foreldrar langveikra eða alvarlega fatlaðra barna

Almennur rekstur:
1.11 Bætur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna 137,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 137,6

07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður

Almennur rekstur:
1.11 Atvinnuleysisbætur 6.285,0
1.15 Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar 71,0
1.16 Hlutdeild í rekstri svæðisvinnumiðlana Vinnumálastofnunar 187,0
1.25 Styrkir til fiskvinnslustöðva 155,0
1.35 Námskeiðahald, átaksverkefni og önnur úrræði 112,0
1.41 Framlög og styrkir 150,0
1.45 Starfsmenntasjóður 60,0
1.51 Rekstur úthlutunarnefnda 70,0
1.81 Vaxtatekjur 140,0
Almennur rekstur samtals 7.230,0

Gjöld samtals **7.230,0**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1.400,0

Gjöld umfram tekjur **5.830,0**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 5.830,0

07-985 Félagsmálaskóli alþýðu

Almennur rekstur:
1.10 Félagsmálaskóli alþýðu 20,8
1.20 ASÍ, Menningar- og fræðslusamband alþýðu 4,5
Almennur rekstur samtals 25,3

Gjöld samtals **25,3**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 25,3

07-987 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga

Almennur rekstur:
1.10 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga 30,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -30,0

Gjöld umfram tekjur **0,0**

07-989 Fæðingarorlof

Almennur rekstur:
1.01 Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar 93,0
1.11 Fæðingarorlofssjóður 7.747,0
1.13 Foreldrar utan vinnumarkaðar 509,0
Almennur rekstur samtals 8.349,0

Gjöld samtals **8.349,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 509,0
Innheimt af ríkistekjum 7.840,0

07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:
1.10 Kostnaður skv. 15. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga 32,8
1.11 Meðlög samkvæmt lögum nr. 76/2003 190,8
1.34 Geysir, vinnumiðlun fyrir geðfatlaða 28,7
1.35 Félag heyrnarlausra 9,2
1.36 Félagið Geðhjálp 21,0
1.37 Strókur, vinnumiðlun fyrir geðfatlaða 10,0
1.40 Kvennaathvarf í Reykjavík 33,5
1.41 Stígamót 32,4
1.43 Krossgötur, endurhæfingarheimili 24,0
1.44 Athvarf fyrir heimilislausa 30,5

	m.kr.
1.47 Félagsþjónusta við nýbúa	3,3
1.48 Nýbúamiðstöð á Vestfjörðum	17,3
1.49 Innflytjendaráð og móttaka flóttamanna	45,1
1.55 Átak í vímuvarnamálum	33,0
1.60 Ráðgjafastofa um fjármál heimilanna	52,2
1.90 Ýmis framlög	77,6
1.98 Ýmis framlög félagsmálaráðuneytis	70,2
Almennur rekstur samtals	711,6
Gjöld samtals	**711,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-33,2
Gjöld umfram tekjur	**678,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	678,4
07 Félagsmálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**40.198,0**
Greitt úr ríkissjóði	**25.054,3**
Innheimt af ríkistekjum	**14.343,7**
Viðskiptahreyfingar	**800,0**

m.kr.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

08-101 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	552,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,7
Gjöld umfram tekjur	**548,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	548,0

08-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	8,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	8,0

08-201 Tryggingastofnun ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Tryggingastofnun ríkisins	1.396,9
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	69,1
Gjöld samtals	**1.466,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-272,9
Gjöld umfram tekjur	**1.193,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.193,1

08-203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð

Almennur rekstur:	
1.11 Mæðra- og feðralaun	365,0

	m.kr.
1.15 Umönnunargreiðslur	1.193,0
1.21 Makabætur og umönnunarbætur	150,0
1.25 Dánarbætur	50,0
1.31 Endurhæfingarlífeyrir	1.214,0
1.35 Barnalífeyrir vegna menntunar	127,0
1.41 Heimilisuppbót	2.890,0
1.51 Frekari uppbætur	1.583,0
1.55 Uppbætur vegna bifreiðakaupa	282,0
Almennur rekstur samtals	7.854,0
Gjöld samtals	**7.854,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	7.854,0

08-204 Lífeyristryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Ellilífeyrir	8.406,0
1.15 Örorkulífeyrir	5.999,0
1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega	16.340,0
1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega	9.666,0
1.28 Vasapeningar ellilífeyrisþega	439,0
1.29 Vasapeningar örorkulífeyrisþega	78,0
1.31 Örorkustyrkur	195,0
1.35 Barnalífeyrir	2.511,0
1.91 Annað	442,0
Almennur rekstur samtals	44.076,0
Gjöld samtals	**44.076,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	18.098,8
Innheimt af ríkistekjum	25.977,2

08-206 Sjúkratryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Lækniskostnaður	4.235,0
1.15 Lyf	7.266,0
1.21 Hjálpartæki	2.145,0

	m.kr.
1.25 Hjúkrun í heimahúsum	114,0
1.31 Þjálfun	1.853,0
1.35 Tannlækningar	1.424,0
1.41 Sjúkraflutningar og ferðir innan lands	290,0
1.45 Brýn meðferð erlendis	751,0
1.51 Sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis	123,0
1.55 Sjúkradagpeningar	211,0
1.91 Annað	153,0
Almennur rekstur samtals	18.565,0
Gjöld samtals	**18.565,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	18.565,0

08-208 Slysatryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Bætur vegna læknis- og sjúkrakostnaðar	137,9
1.15 Bætur til framfærslu	350,0
1.16 Kaup og aflahlutur sjómanna	125,0
1.21 Stjórnunarkostnaður	66,0
Almennur rekstur samtals	678,9
Gjöld samtals	**678,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-40,0
Gjöld umfram tekjur	**638,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	513,9
Innheimt af ríkistekjum	125,0

08-209 Sjúklingatrygging

Almennur rekstur:	
1.11 Sjúklingatrygging	190,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	190,1

m.kr.

08-214 Eftirlaunasjóður aldraðra

Almennur rekstur:
1.10 Eftirlaunasjóður aldraðra 80,3

Sértekjur:
Sértekjur ..... -8,0

Gjöld umfram tekjur **72,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 72,3

08-301 Landlæknir

Almennur rekstur:
1.01 Landlæknir 311,1

Sértekjur:
Sértekjur ..... -31,1

Gjöld umfram tekjur **280,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 278,0
Innheimt af ríkistekjum 2,0

08-305 Lýðheilsustöð

Almennur rekstur:
1.01 Lýðheilsustöð 205,3
1.90 Forvarnasjóður 94,1
Almennur rekstur samtals 299,4

Gjöld samtals **299,4**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,1

Gjöld umfram tekjur **299,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 217,9
Innheimt af ríkistekjum 81,4

m.kr.

08-324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	123,8
Stofnkostnaður:	
6.10 Fasteign	1,0
Gjöld samtals	**124,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,9
Gjöld umfram tekjur	**121,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	121,9

08-326 Sjónstöð Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Sjónstöð Íslands	170,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,9
Gjöld umfram tekjur	**169,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	169,2

08-327 Geislavarnir ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Geislavarnir ríkisins	98,8
Sértekjur:	
Sértekjur	-26,4
Gjöld umfram tekjur	**72,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	67,2
Innheimt af ríkistekjum	5,2

m.kr.

08-340 Málefni fatlaðra

Almennur rekstur:	
1.10 Endurhæfingarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra	155,8
1.15 Samningur um sjúkraþjálfun fyrir fatlaða	39,4
1.20 Sjálfsbjörg Akureyri	6,8
1.30 Sumardvalarheimili í Reykjadal	21,2
1.40 Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Reykjavík	29,5
1.50 Endurhæfingarstöð Geðverndarfélags Íslands	3,6
1.60 Gigtlækningastöð Gigtarfélags Íslands	7,5
1.70 Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Akureyri	5,9
1.80 Gigtarráð	4,7
1.90 Ýmis starfsemi	2,4
Almennur rekstur samtals	276,8
Stofnkostnaður:	
6.90 Styrkir til ýmissa framkvæmda	5,0
Gjöld samtals	**281,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	281,8

08-358 Sjúkrahúsið á Akureyri

Almennur rekstur:	
1.01 Sjúkrahúsið á Akureyri	4.067,0
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Fasteign	25,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	89,0
6.50 Nýbygging	33,0
Stofnkostnaður samtals	122,0
Gjöld samtals	**4.214,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-323,0
Gjöld umfram tekjur	**3.891,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3.891,0

m.kr.

08-373 Landspítali

Almennur rekstur:	
1.01 Landspítali	34.821,0
Viðhaldsverkefni:	
5.60 Viðhald	178,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	201,0
6.70 Nýframkvæmdir	165,0
Stofnkostnaður samtals	366,0
Gjöld samtals	**35.365,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2.356,0
Gjöld umfram tekjur	**33.009,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	32.909,0
Innheimt af ríkistekjum	100,0

08-376 Bygging hátæknisjúkrahúss á lóð Landspítalans

Stofnkostnaður:	
6.21 Bygging hátæknisjúkrahúss á lóð Landspítalans	1.500,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.500,0

08-379 Sjúkrahús, óskipt

Almennur rekstur:	
1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa	154,1
Stofnkostnaður:	
6.50 Stofnkostnaður	65,0
Gjöld samtals	**219,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	219,1

m.kr.

08-383 Sjúkrahótel

Almennur rekstur:
1.01 Sjúkrahótel 81,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 81,9

08-384 Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn

Almennur rekstur:
1.01 Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn 111,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 111,2

08-386 Vistun ósakhæfra afbrotamanna

Almennur rekstur:
1.10 Vistun ósakhæfra afbrotamanna 193,8

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,4

Gjöld umfram tekjur **193,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 193,4

08-388 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið

Almennur rekstur:
1.10 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið 602,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 602,2

08-397 Lyfjastofnun

Almennur rekstur:
1.01 Lyfjastofnun 211,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -44,5

Gjöld umfram tekjur **166,5**

m.kr.

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 166,5

08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:
1.10 Samninganefnd heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins 30,3
1.13 Úrskurðarnefnd almannatrygginga 32,1
1.16 Lyfjagreiðslunefnd 30,8
1.17 Vísindasiðanefnd 24,7
1.21 Eftirlit með greiðslum almannatrygginga 1,9
1.30 Krabbameinsfélag Íslands, krabbameinsskráning 18,5
1.31 Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit 310,0
1.32 Krabbameinsfélag Íslands, styrkir 13,0
1.33 Samband íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga 7,0
1.34 Hjartaheill 4,0
1.35 Hjartavernd, rannsóknarstöð 59,8
1.36 Stórstúka Íslands 1,5
1.37 Skrifstofa líknarfélaga 5,5
1.38 Félagið Heyrnarhjálp 7,4
1.40 Kostnaður skv. lögum nr. 25/1975 2,9
1.42 Kostnaður samkvæmt lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi 94,8
1.43 Viðbúnaður gegn farsóttum 50,0
1.44 Átak í vímuvarnamálum 34,0
1.55 Niðurgreiðsla hjálpartækja vegna heyrnar- og talmeina 170,6
1.58 Krýsuvíkurskóli, vist- og meðferðarheimili 52,5
1.68 Sjúkrahjálp og endurhæfing íþróttamanna 20,0
1.71 Norræni lýðheilsuháskólinn 11,2
1.73 Bláa lónið, húðmeðferðir 46,1
1.74 Bláa lónið, styrkur 25,0
1.81 Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO 8,4
1.90 Ýmis framlög 41,9
1.95 Kynsjúkdómar, alnæmi 5,7
1.98 Ýmis framlög heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis 21,4
Almennur rekstur samtals 1.131,0

Stofnkostnaður:
6.91 Upplýsingatæknimál 53,0

m.kr.

Gjöld samtals **1.184,0**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -30,0

Gjöld umfram tekjur **1.154,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.154,0

08-401 Öldrunarstofnanir, almennt

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarheimili, almennt 241,9
1.09 Ný hjúkrunarrými 407,3
1.13 Óskipt framlag til minni öldrunarstofnana 675,8
Almennur rekstur samtals 1.325,0

Stofnkostnaður:
6.15 Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði 14,1
6.27 Jaðar, Ólafsvík 40,0
6.82 Hjúkrunarheimili í Kópavogi 350,0
6.83 Hjúkrunarheimili í Mosfellsbæ 93,0
6.84 Hjúkrunarheimili í Reykjanesbæ 159,0
6.85 Hjúkrunarheimilið Hlíð, Akureyri 11,5
6.86 Hjúkrunarheimilið Suðurlandsbraut 66, Reykjavík 194,7
6.99 Bygging hjúkrunarheimila og endurhæfingarstofnana, óskipt 100,0
Stofnkostnaður samtals 962,3

Gjöld samtals **2.287,3**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -383,0

Gjöld umfram tekjur **1.904,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.904,3

08-402 Framkvæmdasjóður aldraðra

Viðhaldsverkefni:
5.21 Viðhald fasteigna öldrunarstofnana 219,8

m.kr.

Stofnkostnaður:
6.21 Stofnkostnaður og endurbætur 1.056,6

Gjöld samtals **1.276,4**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 1.276,4

08-405 Hrafnista, Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 1.641,6
1.11 Dvalarrými 223,8
Almennur rekstur samtals 1.865,4

Gjöld samtals **1.865,4**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -24,1

Gjöld umfram tekjur **1.841,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.841,3

08-406 Hrafnista, Hafnarfirði

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 1.046,0
1.11 Dvalarrými 184,5
1.15 Dagvist 22,8
Almennur rekstur samtals 1.253,3

Gjöld samtals **1.253,3**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -15,6

Gjöld umfram tekjur **1.237,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.237,7

m.kr.

08-407 Grund, Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	1.200,3
1.11 Dvalarrými	121,6
Almennur rekstur samtals	1.321,9
Gjöld samtals	**1.321,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-18,4
Gjöld umfram tekjur	**1.303,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.303,5

08-408 Sunnuhlíð, Kópavogi

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	488,5
1.15 Dagvist	15,7
Almennur rekstur samtals	504,2
Gjöld samtals	**504,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-7,2
Gjöld umfram tekjur	**497,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	497,0

08-409 Hjúkrunarheimilið Skjól

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	713,2
Sértekjur:	
Sértekjur	-10,8
Gjöld umfram tekjur	**702,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	702,4

m.kr.

08-410 Hjúkrunarheimilið Eir

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	1.140,0
1.15 Dagvist	53,6
Almennur rekstur samtals	1.193,6
Gjöld samtals	**1.193,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-17,1
Gjöld umfram tekjur	**1.176,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.176,5

08-411 Garðvangur, Garði

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	257,2
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,9
Gjöld umfram tekjur	**253,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	253,3

08-412 Hjúkrunarheimilið Skógarbær

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	467,5
1.71 Endurhæfingardeild	95,7
Almennur rekstur samtals	563,2
Gjöld samtals	**563,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-6,9
Gjöld umfram tekjur	**556,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	556,3

m.kr.

08-413 Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	549,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-8,1
Gjöld umfram tekjur	**541,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	541,3

08-414 Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	197,2
1.11 Dvalarrými	16,9
Almennur rekstur samtals	214,1
Gjöld samtals	**214,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,8
Gjöld umfram tekjur	**211,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	211,3

08-415 Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	117,7
1.11 Dvalarrými	19,7
1.15 Dagvist	3,5
Almennur rekstur samtals	140,9
Gjöld samtals	**140,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,8
Gjöld umfram tekjur	**139,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	139,1

m.kr.

08-416 Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	133,9
1.11 Dvalarrými	29,7
1.15 Dagvist	5,2
Almennur rekstur samtals	168,8
Gjöld samtals	**168,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,0
Gjöld umfram tekjur	**166,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	166,8

08-417 Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	77,3
1.11 Dvalarrými	16,0
1.15 Dagvist	3,5
Almennur rekstur samtals	96,8
Gjöld samtals	**96,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,3
Gjöld umfram tekjur	**95,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	95,5

08-418 Seljahlíð, Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	183,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,8
Gjöld umfram tekjur	**180,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	180,9

m.kr.

08-421 Víðines

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 237,6

Sértekjur:
Sértekjur ..... -3,8

Gjöld umfram tekjur **233,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 233,8

08-423 Höfði, Akranesi

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 306,7
1.11 Dvalarrými 78,1
1.15 Dagvist 17,6
Almennur rekstur samtals 402,4

Gjöld samtals **402,4**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -4,7

Gjöld umfram tekjur **397,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 397,7

08-424 Dvalarheimili aldraða Borgarnesi

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 150,2
1.11 Dvalarrými 75,6
Almennur rekstur samtals 225,8

Gjöld samtals **225,8**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,4

Gjöld umfram tekjur **223,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 223,4

m.kr.

08-425 Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	61,0
1.11 Dvalarrými	26,8
Almennur rekstur samtals	87,8
Gjöld samtals	**87,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,0
Gjöld umfram tekjur	**86,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	86,8

08-426 Fellaskjól, Grundarfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	60,4
1.11 Dvalarrými	19,2
Almennur rekstur samtals	79,6
Gjöld samtals	**79,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,0
Gjöld umfram tekjur	**78,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	78,6

08-427 Jaðar, Ólafsvík

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	57,4
1.11 Dvalarrými	13,4
1.15 Dagvist	2,0
Almennur rekstur samtals	72,8
Gjöld samtals	**72,8**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,0

Gjöld umfram tekjur **71,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 71,8

08-428 Fellsendi, Búðardal

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 170,9

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,8

Gjöld umfram tekjur **168,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 168,1

08-429 Barmahlíð, Reykhólum

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 85,0
1.11 Dvalarrými 5,5
Almennur rekstur samtals 90,5

Gjöld samtals **90,5**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,4

Gjöld umfram tekjur **89,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 89,1

08-433 Dalbær, Dalvík

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 147,2
1.11 Dvalarrými 53,4

	m.kr.
1.15 Dagvist	12,3
Almennur rekstur samtals	212,9
Gjöld samtals	**212,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,4
Gjöld umfram tekjur	**210,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	210,5

08-434 Samningur við Akureyrarbæ um öldrunarþjónustu

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	1.082,9
1.11 Dvalarrými	168,7
1.15 Dagvist	35,0
Almennur rekstur samtals	1.286,6
Gjöld samtals	**1.286,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-16,6
Gjöld umfram tekjur	**1.270,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.270,0

08-436 Uppsalir, Fáskrúðsfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	85,3
1.11 Dvalarrými	32,9
Almennur rekstur samtals	118,2
Gjöld samtals	**118,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,3
Gjöld umfram tekjur	**116,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	116,9

m.kr.

08-437 Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um öldrunarþjónustu

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	171,5
1.11 Dvalarrými	38,8
1.15 Dagvist	5,5
Almennur rekstur samtals	215,8
Gjöld samtals	**215,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,6
Gjöld umfram tekjur	**213,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	213,2

08-438 Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	111,5
1.11 Dvalarrými	11,0
1.15 Dagvist	0,8
Almennur rekstur samtals	123,3
Gjöld samtals	**123,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,7
Gjöld umfram tekjur	**121,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	121,6

08-439 Hjallatún, Vík

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	69,8
1.11 Dvalarrými	16,4
Almennur rekstur samtals	86,2
Gjöld samtals	**86,2**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,2

Gjöld umfram tekjur **85,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 85,0

08-440 Kumbaravogur, Stokkseyri

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 267,0
1.11 Dvalarrými 28,5
Almennur rekstur samtals 295,5

Gjöld samtals **295,5**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -4,1

Gjöld umfram tekjur **291,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 291,4

08-441 Ás/Ásbyrgi, Hveragerði

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 167,1
1.11 Dvalarrými 214,8
1.17 Geðrými 200,3
Almennur rekstur samtals 582,2

Gjöld samtals **582,2**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,6

Gjöld umfram tekjur **579,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 579,6

m.kr.

08-442 Hraunbúðir, Vestmannaeyjum

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	199,6
1.11 Dvalarrými	30,1
1.15 Dagvist	8,6
Almennur rekstur samtals	238,3
Gjöld samtals	**238,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,1
Gjöld umfram tekjur	**235,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	235,2

08-443 Holtsbúð, Garðabæ

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	267,3
1.15 Dagvist	8,8
Almennur rekstur samtals	276,1
Gjöld samtals	**276,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,0
Gjöld umfram tekjur	**272,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	272,1

08-444 Vífilsstaðir, Garðabæ

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	329,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,9
Gjöld umfram tekjur	**324,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	324,8

m.kr.

08-447 Sóltún, Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 894,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 894,5

08-460 Dvalarrými aldraðra, önnur

Almennur rekstur:
1.11 Dvalarrými aldraðra, önnur 553,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 553,5

08-470 Vesturhlíð, Reykjavík

Almennur rekstur:
1.10 Vesturhlíð, Reykjavík 13,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 13,0

08-472 Hlíðabær, Reykjavík

Almennur rekstur:
1.10 Hlíðabær, Reykjavík 42,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 42,5

08-473 Lindargata, Reykjavík

Almennur rekstur:
1.10 Lindargata, Reykjavík 39,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 39,5

m.kr.

08-474 Dagvist og endurhæfingarstöð MS-sjúklinga

Almennur rekstur:
1.10 Dagvist og endurhæfingarstöð MS-sjúklinga 77,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 77,1

08-475 Múlabær, Reykjavík

Almennur rekstur:
1.10 Múlabær, Reykjavík 59,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 59,9

08-476 Fríðuhús, Reykjavík

Almennur rekstur:
1.10 Fríðuhús, Reykjavík 32,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 32,0

08-477 Dagvistun aldraðra, aðrar

Almennur rekstur:
1.10 Dagvistun aldraðra, aðrar 273,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 273,8

08-478 Vistheimilið Bjarg

Almennur rekstur:
1.10 Vistheimilið Bjarg 49,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 49,2

m.kr.

08-479 Hlaðgerðarkot

Almennur rekstur:
1.10 Hlaðgerðarkot 78,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 78,3

08-491 Reykjalundur, Mosfellsbæ

Almennur rekstur:
1.10 Reykjalundur, Mosfellsbæ 1.236,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.236,9

08-492 Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands

Almennur rekstur:
1.10 Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands 500,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 500,4

08-493 Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun

Almennur rekstur:
1.10 Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun 407,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 407,6

08-494 Hlein

Almennur rekstur:
1.10 Hlein 98,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 98,8

m.kr.

08-500 Heilsugæslustöðvar, almennt

Almennur rekstur:	
1.10 Heilsugæslustöðvar, almennt	735,0
1.13 Afnotagjöld og þjónusta við sjúkraskrárkerfi heilsugæslustöðva	55,5
Almennur rekstur samtals	790,5
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Viðhald	31,8
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	68,4
6.21 Bygging heilsugæslustöðva	3,6
Stofnkostnaður samtals	72,0
Gjöld samtals	**894,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	894,3

08-501 Sjúkraflutningar

Almennur rekstur:	
1.11 Sjúkraflutningar	511,7
1.12 Útvegun og rekstur sjúkrabifreiða	115,7
1.15 Sjúkraflug	111,9
Almennur rekstur samtals	739,3
Gjöld samtals	**739,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	739,3

08-506 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu	4.645,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-390,0
Gjöld umfram tekjur	**4.255,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4.255,0

m.kr.

08-515 Heilsugæslustöðin Lágmúla í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslustöðin Lágmúla	142,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,0
Gjöld umfram tekjur	**141,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	141,5

08-517 Læknavaktin

Almennur rekstur:	
1.01 Læknavaktin	246,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	246,4

08-522 Heilsugæslustöðin Borgarnesi

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslustöðin Borgarnesi	136,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-10,1
Gjöld umfram tekjur	**126,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	126,0

08-524 Heilsugæslustöðin Ólafsvík

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslustöðin Ólafsvík	95,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-7,6
Gjöld umfram tekjur	**87,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	87,5

m.kr.

08-525 Heilsugæslustöðin Grundarfirði

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Grundarfirði 59,7

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,5

Gjöld umfram tekjur **57,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 57,2

08-526 Heilsugæslustöðin Búðardal

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Búðardal 86,6

Sértekjur:
Sértekjur ..... -3,4

Gjöld umfram tekjur **83,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 83,2

08-551 Heilsugæslustöðin Ólafsfirði

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Ólafsfirði 59,9

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,7

Gjöld umfram tekjur **58,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 58,2

08-552 Heilsugæslustöðin Dalvík

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Dalvík 95,7

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -7,5

Gjöld umfram tekjur **88,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 88,2

08-553 Samningur við Akureyrarbæ um heilsugæslu

Almennur rekstur:
1.01 Samningur við Akureyrarbæ um heilsugæslu 438,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 438,2

08-588 Heilsugæslustöðin í Salahverfi í Kópavogi

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin í Salahverfi í Kópavogi 220,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 220,6

08-700 Heilbrigðisstofnanir

Viðhaldsverkefni:
5.50 Viðhald heilbrigðisstofnana 73,4

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 34,1
6.55 Heilbrigðisstofnunin Siglufirði 60,0
6.61 Heilbrigðisstofnun Þingeyinga 37,0
6.87 Heilbrigðisstofnun Suðurlands 98,0
6.91 Heilbrigðisstofnun Suðurnesja 60,5
Stofnkostnaður samtals 289,6

Gjöld samtals **363,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 363,0

m.kr.

08-711 Heilbrigðisstofnunin Akranesi

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	222,0
1.11 Sjúkrasvið	1.078,9
1.21 Hjúkrunarrými	139,3
Almennur rekstur samtals	1.440,2
Gjöld samtals	**1.440,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-84,3
Gjöld umfram tekjur	**1.355,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.355,9

08-715 St. Franciskusspítali, Stykkishólmi

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	84,2
1.11 Sjúkrasvið	223,6
1.21 Hjúkrunarrými	54,4
Almennur rekstur samtals	362,2
Gjöld samtals	**362,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-15,3
Gjöld umfram tekjur	**346,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	346,9

08-721 Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	101,0
1.11 Sjúkrasvið	50,1
1.21 Hjúkrunarrými	90,6
Almennur rekstur samtals	241,7
Gjöld samtals	**241,7**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -7,6

Gjöld umfram tekjur **234,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 234,1

08-725 Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 215,3
1.11 Sjúkrasvið 437,4
1.21 Hjúkrunarrými 171,5
Almennur rekstur samtals 824,2

Gjöld samtals **824,2**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -54,4

Gjöld umfram tekjur **769,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 769,8

08-731 Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 73,4
1.21 Hjúkrunarrými 71,7
Almennur rekstur samtals 145,1

Gjöld samtals **145,1**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -4,8

Gjöld umfram tekjur **140,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 140,3

m.kr.

08-735 Heilbrigðisstofnunin Hólmavík

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	60,1
1.11 Sjúkrasvið	8,3
1.21 Hjúkrunarrými	68,3
Almennur rekstur samtals	136,7
Gjöld samtals	**136,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,8
Gjöld umfram tekjur	**133,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	133,9

08-741 Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	84,7
1.11 Sjúkrasvið	39,5
1.21 Hjúkrunarrými	134,4
Almennur rekstur samtals	258,6
Gjöld samtals	**258,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-9,9
Gjöld umfram tekjur	**248,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	248,7

08-745 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	101,3
1.11 Sjúkrasvið	110,8
1.21 Hjúkrunarrými	188,7
Almennur rekstur samtals	400,8
Gjöld samtals	**400,8**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -33,6

Gjöld umfram tekjur **367,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 367,2

08-751 Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 163,2
1.11 Sjúkrasvið 335,3
1.21 Hjúkrunarrými 345,6
Almennur rekstur samtals 844,1

Gjöld samtals **844,1**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -68,9

Gjöld umfram tekjur **775,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 775,2

08-755 Heilbrigðisstofnunin Siglufirði

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 84,6
1.11 Sjúkrasvið 133,5
1.21 Hjúkrunarrými 166,2
Almennur rekstur samtals 384,3

Gjöld samtals **384,3**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -14,2

Gjöld umfram tekjur **370,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 370,1

m.kr.

08-761 Heilbrigðisstofnun Þingeyinga

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	306,3
1.11 Sjúkrasvið	460,6
1.21 Hjúkrunarrými	140,2
Almennur rekstur samtals	907,1
Gjöld samtals	**907,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-92,8
Gjöld umfram tekjur	**814,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	814,3

08-777 Heilbrigðisstofnun Austurlands

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	729,5
1.11 Sjúkrasvið	709,1
1.21 Hjúkrunarrými	338,5
Almennur rekstur samtals	1.777,1
Gjöld samtals	**1.777,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-129,6
Gjöld umfram tekjur	**1.647,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.647,5

08-779 Heilbrigðisstofnun Suð-Austurlands

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	112,5
1.11 Sjúkrasvið	58,8
Almennur rekstur samtals	171,3
Gjöld samtals	**171,3**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 171,3

08-781 Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 172,7
1.11 Sjúkrasvið 370,1
1.21 Hjúkrunarrými 97,5
Almennur rekstur samtals 640,3

Gjöld samtals **640,3**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -31,8

Gjöld umfram tekjur **608,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 608,5

08-787 Heilbrigðisstofnun Suðurlands

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 896,5
1.11 Sjúkrasvið 680,6
1.21 Hjúkrunarrými 183,6
Almennur rekstur samtals 1.760,7

Gjöld samtals **1.760,7**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -212,4

Gjöld umfram tekjur **1.548,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.548,3

08-791 Heilbrigðisstofnun Suðurnesja

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 503,2

m.kr.

1.11 Sjúkrasvið	823,5
1.21 Hjúkrunarrými	177,3
Almennur rekstur samtals	1.504,0
Gjöld samtals	**1.504,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-132,1
Gjöld umfram tekjur	**1.371,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.371,9

08-795 St. Jósefsspítali, Sólvangur

Almennur rekstur:	
1.11 St. Jósefsspítali, Sólvangur	766,8
1.21 Hjúkrunarrými	418,2
Almennur rekstur samtals	1.185,0
Gjöld samtals	**1.185,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-93,4
Gjöld umfram tekjur	**1.091,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.091,6

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**156.602,6**
Greitt úr ríkissjóði	**128.868,9**
Innheimt af ríkistekjum	**27.733,7**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

09 Fjármálaráðuneyti

09-101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa	641,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-8,6
Gjöld umfram tekjur	**632,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	632,4

09-103 Fjársýsla ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	478,7
1.43 Tekjubókhaldskerfi	293,5
1.47 Fjárhags- og starfsmannakerfi ríkisins	437,3
Almennur rekstur samtals	1.209,5
Stofnkostnaður:	
6.43 Hugbúnaðargerð fyrir tekjubókhaldskerfi	9,0
6.47 Hugbúnaðargerð fyrir fjárhags- og starfsmannakerfi ríkisins	15,0
Stofnkostnaður samtals	24,0
Gjöld samtals	**1.233,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,1
Gjöld umfram tekjur	**1.232,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.232,4

09-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	6,0

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 6,0

09-201 Ríkisskattstjóri

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 610,9
1.10 Sameiginleg útgjöld ríkisskattstjóra og skattstofa 149,4
1.41 Skattvinnslukerfi 301,6
Almennur rekstur samtals 1.061,9

Stofnkostnaður:
6.41 Hugbúnaðargerð fyrir skattvinnslukerfi 27,5

Gjöld samtals **1.089,4**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -11,2

Gjöld umfram tekjur **1.078,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 983,2
Innheimt af ríkistekjum 95,0

09-202 Skattstofan í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Skattstofan í Reykjavík 409,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 409,5

09-203 Skattstofa Vesturlands

Almennur rekstur:
1.01 Skattstofa Vesturlands 82,8

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,3

Gjöld umfram tekjur **82,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 82,5

m.kr.

09-204 Skattstofa Vestfjarða

Almennur rekstur:	
1.01 Skattstofa Vestfjarða	39,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,4
Gjöld umfram tekjur	**39,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	39,2

09-205 Skattstofa Norðurlands vestra

Almennur rekstur:	
1.01 Skattstofa Norðurlands vestra	42,2
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,3
Gjöld umfram tekjur	**41,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	41,9

09-206 Skattstofa Norðurlands eystra

Almennur rekstur:	
1.01 Skattstofa Norðurlands eystra	125,8
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,6
Gjöld umfram tekjur	**125,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	125,2

09-207 Skattstofa Austurlands

Almennur rekstur:	
1.01 Skattstofa Austurlands	56,1

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,3

Gjöld umfram tekjur **55,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 55,8

09-208 Skattstofa Suðurlands

Almennur rekstur:
1.01 Skattstofa Suðurlands 65,5

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,4

Gjöld umfram tekjur **65,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 65,1

09-209 Skattstofa Vestmannaeyja

Almennur rekstur:
1.01 Skattstofa Vestmannaeyja 26,8

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,2

Gjöld umfram tekjur **26,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 26,6

09-211 Skattstofa Reykjaness

Almennur rekstur:
1.01 Skattstofa Reykjaness 275,4

Sértekjur:
Sértekjur ..... -3,5

Gjöld umfram tekjur **271,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 271,9

m.kr.

09-212 Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld

Almennur rekstur:	
1.01 Ýmis sameiginleg útgjöld	36,5
1.05 Gæða- og þjónustumál skattstofa	1,0
1.10 Skatteftirlit	4,7
1.30 Þungaskattur	21,4
Almennur rekstur samtals	63,6
Stofnkostnaður:	
6.43 Hugbúnaðargerð fyrir skattkerfið	9,7
Gjöld samtals	**73,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	73,3

09-214 Yfirskattanefnd

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirskattanefnd	113,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	113,6

09-215 Skattrannsóknarstjóri ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Skattrannsóknarstjóri ríkisins	166,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	166,9

09-250 Innheimtukostnaður

Almennur rekstur:	
1.10 Ýmis innheimtukostnaður	615,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-235,7
Gjöld umfram tekjur	**380,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	380,2

m.kr.

09-262 Tollstjórinn í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Tollstjórinn í Reykjavík	1.150,0
1.45 Tollafgreiðslukerfi	177,0
Almennur rekstur samtals	1.327,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	30,0
Gjöld samtals	**1.357,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-44,5
Gjöld umfram tekjur	**1.312,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.312,5

09-381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun

Almennur rekstur:	
1.01 Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	3.803,0
1.04 Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga	368,0
1.06 Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands	146,0
1.07 Eftirlaun fyrrum bankastjóra Útvegsbanka Íslands	42,0
1.09 Lífeyrissjóðir sveitarfélaga vegna samrekstrarstofnana	149,0
1.10 Eftirlaun ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara	357,0
1.91 Aðrar lífeyrisskuldbindingar og eftirlaun	137,0
Almennur rekstur samtals	5.002,0
Gjöld samtals	**5.002,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	6.312,0
Viðskiptahreyfingar	-1.310,0

09-391 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða

Almennur rekstur:	
1.11 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða	1.478,0

m.kr.

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 1.478,0

09-402 Fasteignamat ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Fasteignamat ríkisins 417,0

Stofnkostnaður:
6.02 Landskrá fasteigna 100,0

Gjöld samtals **517,0**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,1

Gjöld umfram tekjur **514,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 18,3
Innheimt af ríkistekjum 496,6

09-481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum

Stofnkostnaður:
6.01 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum 190,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 190,0

09-711 Afskriftir skattkrafna

Almennur rekstur:
1.11 Afskriftir skattkrafna 10.000,0

Fjármögnun:
Viðskiptahreyfingar 10.000,0

09-721 Fjármagnstekjuskattur

Almennur rekstur:
1.11 Fjármagnstekjuskattur 2.665,0

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2.555,0
Viðskiptahreyfingar 110,0

09-811 Barnabætur

Almennur rekstur:
1.11 Barnabætur 8.800,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 8.800,0

09-821 Vaxtabætur

Almennur rekstur:
1.11 Vaxtabætur 5.880,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5.880,0

09-901 Framkvæmdasýsla ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Framkvæmdasýsla ríkisins 130,8

Sértekjur:
Sértekjur ..... -128,1

Gjöld umfram tekjur **2,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2,7

09-905 Ríkiskaup

Almennur rekstur:
1.01 Ríkiskaup 1.404,7

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1.404,7

Gjöld umfram tekjur **0,0**

m.kr.

09-973 Tapaðar kröfur og tjónabætur

Stofnkostnaður:	
6.11 Tapaðar kröfur	190,0
6.15 Tjónabætur	20,0
Stofnkostnaður samtals	210,0
Gjöld samtals	**210,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	20,0
Viðskiptahreyfingar	190,0

09-976 Lánaumsýsla ríkissjóðs

Almennur rekstur:	
1.01 Lánaumsýsla ríkissjóðs	75,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	75,0

09-980 Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól

Almennur rekstur:	
1.01 Rekstur húsnæðis	198,4
1.05 Rekstur tölvukerfis	38,1
Almennur rekstur samtals	236,5
Stofnkostnaður:	
6.21 Húsnæði	58,3
6.41 Tölvubúnaður	13,0
Stofnkostnaður samtals	71,3
Gjöld samtals	**307,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-276,7
Gjöld umfram tekjur	**31,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	31,1

m.kr.

09-981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs

Viðhaldsverkefni:
5.21 Viðhald stjórnarráðsbygginga 14,5

Stofnkostnaður:
6.40 Tollhúsið við Tryggvagötu 50,0

Gjöld samtals **64,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 64,5

09-984 Fasteignir ríkissjóðs

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 78,8
1.11 Rekstur fasteigna 1.088,9
Almennur rekstur samtals 1.167,7

Viðhaldsverkefni:
5.21 Viðhald fasteigna 1.243,4

Gjöld samtals **2.411,1**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2.411,3

Gjöld umfram tekjur ..... **-0,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -0,2

09-985 Rekstur fyrrum varnarsvæða við Keflavíkurflugvöll

Almennur rekstur:
1.01 Rekstur fyrrum varnarsvæða við Keflavíkurflugvöll 290,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 290,6

09-989 Launa- og verðlagsmál

Almennur rekstur:
1.90 Launa- og verðlagsmál 4.590,0

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -100,0

Gjöld umfram tekjur **4.490,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 4.490,0

09-990 Ríkisstjórnarákvarðanir

Almennur rekstur:
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar 200,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 200,0

09-993 Ráðstafanir vegna samdráttar í heimiluðum þorskafla

Almennur rekstur:
1.01 Ráðstafanir vegna samdráttar í heimiluðum þorskafla 1.102,0

Stofnkostnaður:
6.51 Ráðstafanir vegna samdráttar í heimiluðum þorskafla 673,0

Gjöld samtals **1.775,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.775,0

09-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:
1.10 Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið 56,2
1.12 Greiðslur til samtaka höfundarréttarhafa fyrir ljósritun á höfundarréttarvernduðu efni 7,0
1.13 Kjarasamningar 18,5
1.14 Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum 42,8
1.15 Kjararannsóknir 10,9
1.18 Framlög til stjórnmálasamtaka 310,0
1.20 Endurgreiðslur til sveitarfélaga 30,0
1.31 Lífeyrissjóður bænda 75,0
1.45 Ýmsar nefndir 30,5

	m.kr.
1.49 Rekstur fjárlagakerfis ráðuneyta og Alþingis	5,8
1.60 Dómkröfur	149,0
1.65 Kjararáð	34,0
1.66 Yfirfasteignamatsnefnd	15,6
1.81 Verðjöfnunargjöld vegna útflutnings	5,0
1.90 Ýmis verkefni	134,3
Almennur rekstur samtals	924,6
Stofnkostnaður:	
6.11 Bifreiðar Stjórnarráðsins	20,0
6.49 Hugbúnaðargerð fyrir fjárlagakerfi ráðuneyta og Alþingis	4,8
6.95 Þróunarmál í upplýsingatækni	49,2
Stofnkostnaður samtals	74,0
Gjöld samtals	**998,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-20,8
Gjöld umfram tekjur	**977,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	977,8
09 Fjármálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**48.759,6**
Greitt úr ríkissjóði	**37.700,0**
Innheimt af ríkistekjum	**2.069,6**
Viðskiptahreyfingar	**8.990,0**

m.kr.

10 Samgönguráðuneyti

10-101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa	305,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	305,3

10-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.11 Fastanefndir	7,1
1.12 Vetrarsamgöngur og vöruflutningar	1,9
1.23 Slysavarnaskóli sjómanna	59,6
1.34 Flugskóli Íslands	23,6
1.35 Átak í umferðaröryggismálum	50,0
1.42 Gestastofur, söfn og markaðsstarf	13,2
1.44 Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu	30,0
1.47 Markaðssetning Íslands í Norður-Ameríku	48,5
1.52 Samningur um flug milli Íslands og Narssarssuaq á Grænlandi	7,5
1.90 Ýmislegt	40,0
1.98 Ýmis framlög samgönguráðuneytis	83,9
Almennur rekstur samtals	365,3
Gjöld samtals	**365,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,1
Gjöld umfram tekjur	**365,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	365,2

10-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	5,0

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,0

10-211 Rekstur Vegagerðarinnar

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 531,2
1.02 Innheimtukostnaður vegna markaðra tekna 62,3
1.05 Umdæmi og rekstrardeildir 3.807,2
1.07 Þjónusta 3.349,9
1.11 Styrkir til ferja og sérleyfishafa 905,9
1.13 Styrkir til innanlandsflugs 263,4
1.21 Rannsóknir 123,5
Almennur rekstur samtals 9.043,4

Gjöld samtals **9.043,4**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -3.807,2

Gjöld umfram tekjur **5.236,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 263,4
Innheimt af ríkistekjum 4.972,8

10-212 Framkvæmdir Vegagerðarinnar

Viðhaldsverkefni:
5.10 Viðhald 3.349,6

Stofnkostnaður:
6.10 Framkvæmdir 24.637,4

Gjöld samtals **27.987,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 10.544,4
Innheimt af ríkistekjum 17.442,6

10-251 Umferðarstofa

Almennur rekstur:
1.01 Umferðarstofa 700,4

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -225,9

Gjöld umfram tekjur **474,5**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 474,5

10-281 Rannsóknanefnd umferðarslysa

Almennur rekstur:
1.01 Rannsóknanefnd umferðarslysa 28,8

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,7

Gjöld umfram tekjur **27,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 27,1

10-335 Siglingastofnun Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 644,7
1.11 Vaktstöð siglinga 240,0
Almennur rekstur samtals 884,7

Stofnkostnaður:
6.60 Vitabyggingar 24,4
6.80 Sjóvarnargarðar 125,2
Stofnkostnaður samtals 149,6

Gjöld samtals **1.034,3**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -175,5

Gjöld umfram tekjur **858,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 704,2
Innheimt af ríkistekjum 154,6

m.kr.

10-336 Hafnabótasjóður

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 11,8

Stofnkostnaður:
6.70 Hafnamannvirki 1.894,8
6.73 Tollaðstaða á Seyðisfirði 60,0
6.74 Lendingabætur 7,3
6.76 Ferjubryggjur 9,4
6.81 Vestmannaeyjaferja 100,0
Stofnkostnaður samtals 2.071,5

Gjöld samtals **2.083,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2.071,5
Viðskiptahreyfingar 11,8

10-381 Rannsóknanefnd sjóslysa

Almennur rekstur:
1.01 Rannsóknanefnd sjóslysa 38,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 38,2

10-471 Flugmálastjórn Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Flugmálastjórn Íslands 407,4

Sértekjur:
Sértekjur ..... -4,0

Gjöld umfram tekjur **403,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 183,4
Innheimt af ríkistekjum 220,0

m.kr.

10-475 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta

Almennur rekstur:	
1.01 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta	1.075,4
1.81 Framlag Íslands vegna samnings við Alþjóðaflugmálastofnunina, ICAO	115,4
Almennur rekstur samtals	1.190,8
Viðhaldsverkefni:	
5.41 Viðhald	409,0
Stofnkostnaður:	
6.41 Framkvæmdir	1.823,8
Gjöld samtals	**3.423,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	997,8
Innheimt af ríkistekjum	2.425,8

10-481 Rannsóknanefnd flugslysa

Almennur rekstur:	
1.01 Rannsóknanefnd flugslysa	42,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	42,1

10-512 Póst- og fjarskiptastofnunin

Almennur rekstur:	
1.01 Póst- og fjarskiptastofnunin	299,2
Sértekjur:	
Sértekjur	-10,2
Gjöld umfram tekjur	**289,0**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	289,0

10-521 Fjarskiptasjóður

Stofnkostnaður:	
6.41 Fjarskiptasjóður	500,0

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -60,0

Gjöld umfram tekjur **440,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 440,0

10-651 Ferðamálastofa

Almennur rekstur:
1.01 Ferðamálastofa 91,3
1.05 Landkynningarskrifstofur erlendis 164,7
1.11 Ferðamálasamtök landshluta 45,0
1.15 Samstarfssamningar við Grænland og Færeyjar 14,3
1.21 Fjölsóttir ferðamannastaðir 64,3
Almennur rekstur samtals 379,6

Gjöld samtals **379,6**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -13,3

Gjöld umfram tekjur **366,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 365,5
Innheimt af ríkistekjum 0,8

10 Samgönguráðuneyti, gjöld umfram tekjur **42.345,0**
Greitt úr ríkissjóði **16.353,1**
Innheimt af ríkistekjum **25.980,1**
Viðskiptahreyfingar **11,8**

m.kr.

11 Iðnaðarráðuneyti

11-101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	183,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	183,4

11-102 Einkaleyfastofan

Almennur rekstur:	
1.01 Einkaleyfastofan	133,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	10,6
Innheimt af ríkistekjum	123,2

11-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	8,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	8,0

11-205 Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Nýsköpunarmiðstöð Íslands	893,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-555,3
Gjöld umfram tekjur	**338,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	338,6

11-240 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja

Almennur rekstur:	
1.01 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja	17,0

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 17,0

11-242 Tækniþróunarsjóður

Almennur rekstur:
1.10 Tækniþróunarsjóður 580,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 580,0

11-245 Samtök iðnaðarins

Almennur rekstur:
1.10 Samtök iðnaðarins 259,3

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 259,3

11-251 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi

Almennur rekstur:
1.10 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi 75,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 75,0

11-299 Iðja og iðnaður, framlög

Almennur rekstur:
1.10 Fastanefndir 8,6
1.19 Staðlaráð 55,7
1.21 Kostnaður vegna samnings við ÍSAL 7,8
1.30 Alþjóðlegt samstarf 21,8
1.48 Átak til atvinnusköpunar 75,0
1.50 Nýsköpun og markaðsmál 25,0
1.98 Nýsköpun og markaðsmál, ýmis framlög iðnaðarráðuneytis 48,7
Almennur rekstur samtals 242,6

Gjöld samtals **242,6**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 186,9
Innheimt af ríkistekjum 55,7

11-301 Orkustofnun

Almennur rekstur:
1.01 Orkustofnun 1.114,3

Sértekjur:
Sértekjur ..... -600,4

Gjöld umfram tekjur **513,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 513,9

11-371 Orkusjóður

Almennur rekstur:
1.01 Rekstur Orkusjóðs 34,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 34,1

11-373 Niðurgreiðslur á húshitun

Almennur rekstur:
1.11 Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis 1.135,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.135,0

11-375 Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku

Almennur rekstur:
1.11 Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku 245,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 245,0

m.kr.

11-399 Ýmis orkumál

Almennur rekstur:	
1.13 Hafsbotnsrannsóknir	15,0
1.22 Vistvænir orkugjafar	58,4
1.24 Notendur utan samveitna	47,0
1.98 Ýmis verkefni iðnaðarráðuneytis	27,3
Almennur rekstur samtals	147,7
Gjöld samtals	**147,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	147,7

11-401 Byggðaáætlun

Almennur rekstur:	
1.10 Byggðaáætlun	379,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	379,9

11-411 Byggðastofnun

Almennur rekstur:	
1.10 Byggðastofnun	223,0
1.11 Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni	163,3
Almennur rekstur samtals	386,3
Gjöld samtals	**386,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	386,3

11 Iðnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**4.679,6**
Greitt úr ríkissjóði	**4.241,4**
Innheimt af ríkistekjum	**438,2**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

12 Viðskiptaráðuneyti

12-101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa	170,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,7
Gjöld umfram tekjur	**170,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	170,2

12-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.10 Neytendasamtökin	8,5
1.15 Fastanefndir	12,3
1.20 Icepro-nefnd	8,0
1.90 Ýmis viðskipta- og bankamál	37,2
Almennur rekstur samtals	66,0
Gjöld samtals	**66,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	58,0
Innheimt af ríkistekjum	8,0

12-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	3,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3,0

12-402 Fjármálaeftirlitið

Almennur rekstur:	
1.01 Fjármálaeftirlitið	952,2

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -16,5

Gjöld umfram tekjur **935,7**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 918,6
Viðskiptahreyfingar 17,1

12-411 Samkeppniseftirlitið

Almennur rekstur:
1.01 Samkeppniseftirlitið 252,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 252,5

12-421 Neytendastofa

Almennur rekstur:
1.01 Neytendastofa 261,4

Sértekjur:
Sértekjur ..... -10,0

Gjöld umfram tekjur **251,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 71,2
Innheimt af ríkistekjum 180,2

12-425 Talsmaður neytenda

Almennur rekstur:
1.01 Talsmaður neytenda 15,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 15,7

12-831 Jöfnun kostnaðar við vöruflutninga til Vestfjarða

Almennur rekstur:
1.10 Jöfnun kostnaðar við vöruflutninga til Vestfjarða 150,0

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 150,0

12-999 Ýmis viðskiptamál

Almennur rekstur:
1.10 Fjárfestingarstofan, almennt svið 15,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 15,9

12 Viðskiptaráðuneyti, gjöld umfram tekjur **1.860,4**
Greitt úr ríkissjóði **736,5**
Innheimt af ríkistekjum **1.106,8**
Viðskiptahreyfingar **17,1**

m.kr.

13 Hagstofa Íslands

13-101 Hagstofa Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Hagstofa Íslands	706,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-77,2
Gjöld umfram tekjur	**628,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	628,9

13 Hagstofa Íslands, gjöld umfram tekjur	**628,9**
Greitt úr ríkissjóði	**628,9**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

14 Umhverfisráðuneyti

14-101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa	305,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-14,5
Gjöld umfram tekjur	**291,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	291,1

14-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.10 Fastanefndir	9,1
1.12 Samvinnunefnd um miðhálendið	12,0
1.29 Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum	19,7
1.35 Umhverfisvöktun	28,0
1.40 Alþjóðastofnanir	16,4
1.41 Skrifstofa um vernd gróður- og dýraríkis á norðlægum slóðum, CAFF	10,2
1.42 Skrifstofa Norðurskautsráðsins um varnir gegn mengun hafsins, PAME	10,0
1.54 Rannsóknastöð að Kvískerjum	1,1
1.56 Vernd Breiðafjarðar	8,1
1.61 Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál	34,1
1.90 Ýmis verkefni	19,7
1.98 Ýmis framlög umhverfisráðuneytis	66,5
Almennur rekstur samtals	234,9
Gjöld samtals	**234,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	234,9

14-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	5,0

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,0

14-202 Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn

Almennur rekstur:
1.01 Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn 19,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -4,2

Gjöld umfram tekjur **14,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 14,8

14-211 Umhverfisstofnun

Almennur rekstur:
1.01 Umhverfisstofnun 796,9
1.11 Endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna veiða á ref og mink 30,6
Almennur rekstur samtals 827,5

Viðhaldsverkefni:
5.41 Þjóðgarðar og friðlýst svæði 14,0

Gjöld samtals **841,5**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -182,9

Gjöld umfram tekjur **658,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 608,4
Innheimt af ríkistekjum 50,2

14-212 Vatnajökulsþjóðgarður

Almennur rekstur:
1.01 Vatnajökulsþjóðgarður 72,9

Stofnkostnaður:
6.41 Framkvæmdir 160,5

	m.kr.
Gjöld samtals	**233,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	233,4

14-281 Styrkir til fráveitna sveitarfélaga

Stofnkostnaður:	
6.51 Styrkir til fráveitna sveitarfélaga	200,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	200,0

14-287 Úrvinnslusjóður

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	55,0
1.10 Úrvinnslusjóður	745,0
Almennur rekstur samtals	800,0
Gjöld samtals	**800,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-100,0
Gjöld umfram tekjur	**700,0**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	700,0

14-289 Endurvinnslan hf.

Almennur rekstur:	
1.10 Endurvinnslan hf., skilagjald og umsýsluþóknun	985,0
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	985,0

14-301 Skipulagsstofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Skipulagsstofnun	171,5

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -12,9

Gjöld umfram tekjur **158,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 158,6

14-303 Skipulagsmál sveitarfélaga

Almennur rekstur:
1.11 Endurgreiðslur skipulagsgjalds til sveitarfélaga sem annast sjálf skipulagsmál sín 110,0
1.13 Endurgreiðslur á hluta kostnaðar sveitarfélaga við skipulagsmál 45,0
Almennur rekstur samtals 155,0

Gjöld samtals **155,0**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 155,0

14-310 Landmælingar Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Landmælingar Íslands 231,7

Sértekjur:
Sértekjur ..... -10,7

Gjöld umfram tekjur **221,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 218,0
Innheimt af ríkistekjum 3,0

14-321 Brunamálastofnun ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Brunamálastofnun ríkisins 145,1

Sértekjur:
Sértekjur ..... -21,0

Gjöld umfram tekjur **124,1**

m.kr.

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 124,1

14-381 Ofanflóðasjóður

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 7,9

Stofnkostnaður:
6.60 Ofanflóðasjóður 761,0

Gjöld samtals **768,9**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -380,0

Gjöld umfram tekjur **388,9**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 388,9

14-401 Náttúrufræðistofnun Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Náttúrufræðistofnun Íslands 484,7

Sértekjur:
Sértekjur ..... -95,8

Gjöld umfram tekjur **388,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 388,9

14-403 Náttúrustofur

Almennur rekstur:
1.10 Náttúrustofa Neskaupstað 9,2
1.11 Náttúrustofa Vestmannaeyjum 9,2
1.12 Náttúrustofa Bolungarvík 17,4
1.13 Náttúrustofa Stykkishólmi 9,2
1.14 Náttúrustofa Sauðárkróki 9,2
1.15 Náttúrustofa Sandgerði 9,2

	m.kr.
1.16 Náttúrustofa Húsavík	9,2
Almennur rekstur samtals	72,6
Gjöld samtals	**72,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	72,6

14-407 Stofnun Vilhjálms Stefánssonar

Almennur rekstur:	
1.01 Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	34,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-5,2
Gjöld umfram tekjur	**29,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	29,4

14-410 Veðurstofa Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	757,1
1.70 Veðurþjónusta fyrir millilandaflug	193,2
Almennur rekstur samtals	950,3
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	20,0
Gjöld samtals	**970,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-375,6
Gjöld umfram tekjur	**594,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	594,7

14 Umhverfisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**5.456,0**
Greitt úr ríkissjóði	**3.049,8**
Innheimt af ríkistekjum	**2.406,2**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

19-801 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Almennur rekstur:	
1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs	21.764,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	18.055,0
Viðskiptahreyfingar	3.709,0

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs, gjöld umfram tekjur	**21.764,0**
Greitt úr ríkissjóði	**18.055,0**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**3.709,0**

m.kr.

Sundurliðun 3

Fjármál ríkisfyrirtækja í B-hluta

22 Menntamálaráðuneyti, B-hluti

22-201 Happdrætti Háskóla Íslands

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	4.300,0
Rekstrargjöld	3.400,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	80,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**980,0**
Hagnaður (-tap)	**980,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	980,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	40,0
Handbært fé frá rekstri	**1.020,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	20,0
Áhættufjármunir	350,0
Sala varanlegra rekstrarfjármuna	2,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-368,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	7,0
Greitt til Háskóla Íslands	215,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-222,0**
Breyting á handbæru fé	**430,0**
Handbært fé í ársbyrjun	333,0
Handbært fé í árslok	763,0

m.kr.

23 Utanríkisráðuneyti, B-hluti

23-111 Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	61,5
Rekstrargjöld	2.724,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-40,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**-2.702,5**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	2.811,0
Hagnaður (-tap)	**108,5**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	108,5
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	136,5
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	5,0
Handbært fé frá rekstri	**250,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	290,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-290,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	24,5
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-24,5**
Breyting á handbæru fé	**-64,5**
Handbært fé í ársbyrjun	202,6
Handbært fé í árslok	138,1

m.kr.

29 Fjármálaráðuneyti, B-hluti

29-101 Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	18.464,2
Rekstrargjöld	18.332,7
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	27,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**158,5**
Hagnaður (-tap)	**158,5**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	158,5
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	105,0
Handbært fé frá rekstri	**263,5**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	160,0
Áhættufjármunir	-1,5
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-158,5**
Fjármögnunarhreyfingar	
Arðgreiðsla í ríkissjóð	182,5
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-182,5**
Breyting á handbæru fé	**-77,5**
Handbært fé í ársbyrjun	963,0
Handbært fé í árslok	885,5

m.kr.

31 Iðnaðarráðuneyti, B-hluti

31-301 Íslenskar orkurannsóknir

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	800,0
Rekstrargjöld	770,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**30,0**
Hagnaður (-tap)	**30,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	30,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	45,0
Handbært fé frá rekstri	**75,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	40,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-40,0**
Breyting á handbæru fé	**35,0**
Handbært fé í ársbyrjun	16,6
Handbært fé í árslok	51,6

m.kr.

Sundurliðun 4

Fjármál lánastofnana í C-hluta

42 Menntamálaráðuneyti, C-hluti

42-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	4.648,7
Fjármagnsgjöld	4.260,5
Framlög í afskriftasjóð útlána	1.201,3
Hreinar fjármunatekjur	**-813,1**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	5.988,0
Aðrar rekstrartekjur	20,0
Önnur rekstrargjöld	438,0
Hagnaður (-tap)	**4.756,9**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	4.756,9
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-1.118,0
Handbært fé frá rekstri	**3.638,9**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	10.921,5
Afborganir af veittum löngum lánum	4.842,7
Varanlegir rekstrarfjármunir	74,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-6.152,8**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	8.000,0
Afborganir af teknum löngum lánum	5.297,8
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**2.702,2**
Breyting á handbæru fé	**188,3**
Handbært fé í ársbyrjun	321,0
Handbært fé í árslok	509,3

m.kr.

47 Félagsmálaráðuneyti, C-hluti

47-201 Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	14.021,0
Fjármagnsgjöld	12.854,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	261,0
Hreinar fjármunatekjur	**906,0**
Aðrar rekstrartekjur	60,0
Önnur rekstrargjöld	62,0
Hagnaður (-tap)	**904,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	904,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	2.945,0
Handbært fé frá rekstri	**3.849,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Afborganir af veittum löngum lánum	15.453,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	7,0
Sala áhættufjármuna	1.351,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**16.797,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	6.449,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-6.449,0**
Breyting á handbæru fé	**14.197,0**
Handbært fé í ársbyrjun	6.405,0
Handbært fé í árslok	20.602,0

m.kr.

47-205 Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	4.845,0
Fjármagnsgjöld	5.533,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	158,0
Hreinar fjármunatekjur	**-846,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	300,0
Aðrar rekstrartekjur	144,0
Önnur rekstrargjöld	149,0
Hagnaður (-tap)	**-551,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-551,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	307,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-101,0
Handbært fé frá rekstri	**-345,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	19.008,0
Afborganir af veittum löngum lánum	1.834,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	4,0
Sala áhættufjármuna	43,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-17.135,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	23.516,0
Afborganir af teknum löngum lánum	3.289,0
Afföll við sölu íbúðabréfa	3.159,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**17.068,0**
Breyting á handbæru fé	**-412,0**
Handbært fé í ársbyrjun	639,0
Handbært fé í árslok	227,0

m.kr.

47-211 Íbúðalánasjóður, viðbótarlán

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	1.011,0
Fjármagnsgjöld	912,0
Hreinar fjármunatekjur	**99,0**
Aðrar rekstrartekjur	4,0
Önnur rekstrargjöld	4,0
Hagnaður (-tap)	**99,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	99,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	45,0
Handbært fé frá rekstri	**144,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Afborganir af veittum löngum lánum	892,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	1,0
Sala áhættufjármuna	71,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**962,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	510,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-510,0**
Breyting á handbæru fé	**596,0**
Handbært fé í ársbyrjun	999,0
Handbært fé í árslok	1.595,0

m.kr.

47-215 Íbúðalánasjóður, byggingarsjóðir ríkisins og verkamanna

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	4.701,0
Fjármagnsgjöld	5.686,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	126,0
Hreinar fjármunatekjur	**-1.111,0**
Aðrar rekstrartekjur	29,0
Önnur rekstrargjöld	30,0
Hagnaður (-tap)	**-1.112,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-1.112,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	286,0
Handbært fé frá rekstri	**-826,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Afborganir af veittum löngum lánum	6.273,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	4,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**6.269,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	4.378,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-4.378,0**
Breyting á handbæru fé	**1.065,0**
Handbært fé í ársbyrjun	2.397,0
Handbært fé í árslok	3.462,0

m.kr.

47-219 Íbúðalánasjóður, íbúðalánadeild

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	16.095,0
Fjármagnsgjöld	13.709,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	260,0
Hreinar fjármunatekjur	**2.126,0**
Aðrar rekstrartekjur	764,0
Önnur rekstrargjöld	790,0
Hagnaður (-tap)	**2.100,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	2.100,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	2.489,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-327,0
Handbært fé frá rekstri	**4.262,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	64.339,0
Afborganir af veittum löngum lánum	6.200,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	14,0
Sala áhættufjármuna	249,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-57.904,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	56.820,0
Afborganir af teknum löngum lánum	10.893,0
Afföll við sölu íbúðabréfa	8.402,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**37.525,0**
Breyting á handbæru fé	**-16.117,0**
Handbært fé í ársbyrjun	1.516,0
Handbært fé í árslok	-14.601,0

m.kr.

51 Iðnaðarráðuneyti, C-hluti

51-371 Orkusjóður

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	16,5
Hreinar fjármunatekjur	**16,5**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	34,1
Önnur rekstrargjöld	34,6
Hagnaður (-tap)	**16,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	16,0
Handbært fé frá rekstri	**16,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	20,0
Afborganir af veittum löngum lánum	12,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-8,0**
Breyting á handbæru fé	**8,0**
Handbært fé í ársbyrjun	172,6
Handbært fé í árslok	180,6

m.kr.

51-411 Byggðastofnun

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	1.400,0
Fjármagnsgjöld	1.000,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	400,0
Hreinar fjármunatekjur	**0,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	386,3
Aðrar rekstrartekjur	20,0
Önnur rekstrargjöld	436,3
Hagnaður (-tap)	**-30,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-30,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	400,0
Handbært fé frá rekstri	**370,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	2.000,0
Afborganir af veittum löngum lánum	900,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-1.100,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	2.000,0
Afborganir af teknum löngum lánum	700,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**1.300,0**
Breyting á handbæru fé	**570,0**
Handbært fé í ársbyrjun	285,0
Handbært fé í árslok	855,0

m.kr.

52 Viðskiptaráðuneyti, C-hluti

52-101 Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	388,0
Fjármagnsgjöld	2,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	102,0
Hreinar fjármunatekjur	**284,0**
Önnur rekstrargjöld	97,0
Hagnaður (-tap)	**187,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	187,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	35,0
Handbært fé frá rekstri	**222,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Afborganir af veittum löngum lánum	40,0
Áhættufjármunir	1.000,0
Sala varanlegra rekstrarfjármuna	2,0
Sala áhættufjármuna	200,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-758,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	2,0
Ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands	500,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**498,0**
Breyting á handbæru fé	**-38,0**
Handbært fé í ársbyrjun	2.891,0
Handbært fé í árslok	2.853,0

m.kr.

Séryfirlit 1

Málaflokkar gjalda í A-hluta 2008

01.	**Almenn opinber þjónusta**	
01.1	Opinber þjónusta	
	01.1.1 Æðsta stjórnsýsla ríkisins	3.148,8
	01.1.2 Fjármálastjórnsýsla	7.562,4
	01.1.3 Utanríkisstjórnsýsla	5.221,0
	Samtals	**15.932,2**
01.2	Erlend efnahagsaðstoð	
	01.2.1 Efnahagsaðstoð við þróunarlönd	2.973,0
	Samtals	**2.973,0**
01.3	Opinberar frumrannsóknir	
	01.3.1 Frumrannsóknir í raunvísindum	490,9
	01.3.2 Frumrannsóknir í hugvísindum	258,7
	Samtals	**749,6**
01.4	Önnur almenn opinber þjónusta	
	01.4.2 Hagáætlanir og hagskýrslugerð	628,9
	01.4.3 Önnur almenn opinber þjónusta	1.356,2
	Samtals	**1.985,1**
Almenn opinber þjónusta samtals		**21.639,9**
03.	**Löggæsla og öryggismál**	
03.1	Löggæsla og brunavarnir	
	03.1.1 Löggæsla	11.519,0
	03.1.2 Brunavarnir	124,1
	Samtals	**11.643,1**
03.2	Dómstólar	2.333,0
03.3	Fangelsi	1.011,8
03.4	Önnur réttar- og öryggismál	4.699,1
Löggæsla og öryggismál samtals		**19.687,0**

		m.kr.
04.	**Fræðslumál**	
04.1	Grunnskólastig	484,5
04.2	Framhaldsskólastig	
	04.2.1 Almennt framhaldsskólastig	13.736,1
	04.2.2 Sérskólastig	3.324,5
	Samtals	**17.060,6**
04.3	Æðra skólastig	
	04.3.1 Háskólastig	21.668,4
	Samtals	**21.668,4**
04.4	Aðrir skólar, óta.	25,3
04.5	Námsaðstoð	570,3
04.6	Önnur fræðslumál, óta.	1.166,2
Fræðslumál samtals		**40.975,3**
05.	**Heilbrigðismál**	
05.1	Sjúkrahúsaþjónusta	
	05.1.1 Almenn sjúkrahúsaþjónusta	45.470,5
	05.1.2 Sérstæð sjúkrahúsaþjónusta	988,7
	05.1.4 Öldrunar- og endurhæfingarstofnanir	24.587,9
	Samtals	**71.047,1**
05.2	Heilsugæsla	
	05.2.1 Almenn heilsugæsla	15.246,8
	05.2.2 Sérstæð heilsugæsla	363,5
	05.2.3 Tannlæknisþjónusta	1.424,0
	05.2.4 Sjúkraþjálfun og önnur heilsugæsla	1.853,0
	Samtals	**18.887,3**
05.4	Lyf og hjálpartæki	9.577,5
05.6	Önnur heilbrigðismál	3.183,3
Heilbrigðismál samtals		**102.695,2**
06.	**Almannatryggingar og velferðarmál**	
06.1	Almannatryggingar	
	06.1.1 Sjúkra-, mæðra- og örorkubætur	9.061,0
	06.1.3 Elli-, örorku- og ekkjulífeyrir	49.795,3
	06.1.4 Atvinnuleysisbætur	5.830,0

	m.kr.
06.1.5 Fjölskyldu- og barnabætur	10.719,2
06.1.6 Önnur félagsleg aðstoð	6.614,0
Samtals	**82.019,5**
06.2 Velferðarmál	
06.2.1 Barna- og unglingaheimili	839,2
06.2.3 Málefni fatlaðra	9.419,2
06.2.4 Önnur velferðarheimili	186,1
06.2.5 Velferðarþjónusta utan stofnana	56,8
06.2.6 Önnur velferðarþjónusta	1.790,2
Samtals	**12.291,5**
Almannatryggingar og velferðarmál samtals	**94.311,0**
07. Húsnæðis- og skipulags- og hreinsunarmál	
07.1 Húsnæðis- og skipulagsmál	
07.1.1 Húsnæðismál	1.179,0
07.1.2 Skipulagsmál	2.115,5
Samtals	**3.294,5**
07.3 Hreinsunarmál	
07.3.1 Almenn hreinsunarmál	1.685,0
Samtals	**1.685,0**
Húsnæðis- og skipulags- og hreinsunarmál samtals	**4.979,5**
08. Menningarmál	
08.0 Menningarmál	
08.0.1 Æskulýðs-, íþrótta- og útivistarmál	675,4
08.0.2 Söfn, listir o.fl.	5.679,5
08.0.3 Fjölmiðlar	2.955,1
08.0.4 Kirkjumál	5.252,5
08.0.5 Önnur menningarmál	261,0
Samtals	**14.823,5**
Menningarmál samtals	**14.823,5**

		m.kr.
09.	**Eldsneytis- og orkumál**	
09.2	Orkumál	
	09.2.1 Raforkumál	1.461,1
	09.2.3 Orkumál	614,6
	Samtals	**2.075,7**
Eldsneytis- og orkumál samtals		**2.075,7**
10.	**Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál**	
10.1	Landbúnaðarmál	
	10.1.1 Jarðræktarmál	514,1
	10.1.3 Tekju- og verðlagsmál landbúnaðar	9.108,3
	10.1.4 Framleiðnistarfsemi	498,5
	10.1.5 Dýralæknisþjónusta	692,0
	10.1.6 Farsóttarvarnir	52,0
	10.1.7 Önnur landbúnaðarmál	1.475,5
	Samtals	**12.340,4**
10.2	Skógræktarmál	810,9
10.3	Sjávarútvegsmál	
	10.3.3 Tekju- og verðlagsmál sjávarafurða	15,1
	10.3.4 Rannsóknar- og þróunarstarfsemi	2.140,5
	10.3.7 Önnur sjávarútvegsmál	1.239,0
	Samtals	**3.394,6**
Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál samtals		**16.545,9**
11.	**Iðnaðarmál**	
11.2	Iðnaðarstarfsemi	1.703,9
Iðnaðarmál samtals		**1.703,9**
12.	**Samgöngumál**	
12.1	Landsamgöngur	
	12.1.1 Vega- og gatnagerð	32.053,9
	12.1.2 Umferðarmál	551,6
	Samtals	**32.605,5**

	m.kr.
12.2 Sjó- og vatnasamgöngur	
12.2.2 Sjósamgöngur	2.702,1
Samtals	**2.702,1**
12.4 Loftsamgöngur	
12.4.2 Önnur loftsamgöngumál	6.901,4
Samtals	**6.901,4**
12.7 Önnur samgöngumál	2.440,8
Samgöngumál samtals	**44.649,8**
13. Önnur útgjöld vegna atvinnuvega	
13.2 Ferðaþjónusta	366,3
13.4 Ýmsar þjónustustofnanir ríkisins	3.602,7
13.5 Almenn launa- og atvinnumál	1.400,4
13.6 Önnur atvinnumál	916,2
Önnur útgjöld vegna atvinnuvega samtals	**6.285,6**
14. Önnur útgjöld ríkissjóðs	
14.0 Önnur útgjöld ríkissjóðs	
14.0.1 Vaxta- og lántökukostnaður	21.766,7
14.0.2 Tilfærslur til annarra opinbera aðila	12.206,0
14.0.3 Önnur þjónusta	26.010,0
Samtals	**59.982,7**
Önnur útgjöld ríkissjóðs samtals	**59.982,7**
Heildargjöld samtals	**430.355,0**

Séryfirlit 2

Hagræn skipting gjalda í A-hluta 2008

m.kr.

Rekstrargjöld	
Laun	112.733,5
Lífeyrisskuldbindingar	5.002,0
Önnur gjöld	94.540,2
Sértekjur	-26.361,4
Rekstrargjöld samtals	**185.914,3**
Fjármagnskostnaður	**21.764,0**
Rekstrar- og neyslutilfærslur	
Lífeyristryggingar	44.076,0
Sjúkratryggingar	18.565,0
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	12.176,0
Afskriftir skattkrafna	10.000,0
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	8.972,3
Barnabætur	8.800,0
Fæðingarorlofssjóður	8.256,0
Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð	7.854,0
Atvinnuleysistryggingasjóður	7.090,0
Lánasjóður íslenskra námsmanna	5.988,0
Vaxtabætur	5.880,0
Framlag til sókna og kirkjugarða	3.781,1
Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli	2.811,0
Ríkisútvarpið	2.635,0
Aðrar neyslu- og rekstrartilfærslur	27.073,9
Neyslu- og rekstrartilfærslur samtals	**173.958,3**
Viðhald	
Vegakerfi	3.349,6
Annað	2.718,2
Viðhald samtals	**6.067,8**
Fjárfesting	
Vegakerfi	24.637,4
Heilbrigðisstofnanir	4.486,5
Hafnarframkvæmdir	2.071,5
Háskólar og framhaldskólar	1.789,0
Flugvellir	1.823,8
Annað	7.842,4
Fjárfesting samtals	**42.650,6**
Gjöld samtals	**430.355,0**

Séryfirlit 3

Markaðar tekjur 2008

m.kr		Sjóðs-hreyfingar
02-201	**Háskóli Íslands**	
	Almanaksgjald	1,7
	Greitt úr ríkissjóði	1,7
02-977	**Höfundarréttargjöld**	
	Höfundarréttargjald	71,0
	Höfundarréttargjald vegna flutnings tónverka við jarðarfarir	4,1
	Fylgiréttargjald í Myndhöfundarsjóð Íslands - Myndstef	2,7
	Greitt úr ríkissjóði	77,8
03-611	**Útflutningsráð Íslands**	
	Markaðsgjald	403,5
	Greitt úr ríkissjóði	403,5
04-234	**Landbúnaðarstofnun**	
	Eftirlitsgjöld með áburði og jarðvegsbætandi efnum, innflutningur og innlend framleiðsla	3,0
	Eftirlitsgjöld með innfluttri sáðvöru	2,3
	Eftirlitsgjald af innfluttum plöntum 1% á tollverð	8,0
	Eftirlitsgjald af innfluttum plöntum 2% á tollverð	8,0
	Fóðureftirlitsgjald af innlendri framleiðslu	0,5
	Fóðureftirlitsgjald af innflutningi	14,0
	Greitt úr ríkissjóði	35,8
04-818	**Búnaðarsjóður**	
	Búnaðargjald á búvöruframleiðslu	310,0
	Greitt úr ríkissjóði	310,0
04-824	**Verðmiðlun landbúnaðarvara**	
	Verðmiðlunargjöld landbúnaðarins	89,0
	Greitt úr ríkissjóði	89,0
04-827	**Fóðursjóður**	
	Aðflutningsgjöld af fóðri í Fóðursjóð	315,0
	Greitt úr ríkissjóði	315,0
04-843	**Fiskræktarsjóður**	
	Gjald af skírum veiðitekjum veiðifélaga	11,0
	Gjald af óskírum tekjum vatnsaflstöðva	12,5
	Greitt úr ríkissjóði	23,5

05-204 Fiskistofa

Vinnsluleyfi fiskvinnslustöðva	2,0
Gjald fyrir leyfi til veiða í atvinnuskyni	9,0
Tilkynningar til Fiskistofu um flutning aflamarks	16,5
Gjald fyrir landamæraeftirlit	4,5
Gjald vegna eftirlits um borð í fiskiskipum	22,5
Greitt úr ríkissjóði	54,5

06-303 Ríkislögreglustjóri

Áfengiseftirlitsgjald til Ríkislögreglustjóra	6,5
Greitt úr ríkissjóði	6,5

06-310 Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

Áfengiseftirlitsgjald til Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu	17,9
Greitt úr ríkissjóði	17,9

07-331 Vinnueftirlit ríkisins

Skráning vinnuvéla	2,7
Greitt úr ríkissjóði	2,7

07-982 Ábyrgðasjóður launa

Ábyrgðargjald vegna launa	822,2
Greitt úr ríkissjóði	484,9
Viðskiptahreyfing	337,3

07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður

Hluti Atvinnuleysistryggingasjóðs í atvinnutryggingargjaldi	5.047,3
Greitt úr ríkissjóði	5.830,0
Viðskiptahreyfing	-782,7

07-987 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga

Hluti Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga í atvinnutryggingargjaldi	160,3
Greitt úr ríkissjóði	0,0
Viðskiptahreyfing	160,3

07-989 Fæðingarorlof

Tryggingagjald, almennt, hluti Fæðingarorlofssjóðs	8.589,8
Greitt úr ríkissjóði	7.840,0
Viðskiptahreyfing	749,8

08-204 Lífeyristryggingar

Tryggingagjald, almennt, hluti lífeyristrygginga	25.977,2
Greitt úr ríkissjóði	25.977,2

08-208	**Slysatryggingar**	
	Slysatryggingagjald vegna sjómanna	125,0
	Greitt úr ríkissjóði	125,0
08-305	**Lýðheilsustöð**	
	Hlutdeild Forvarnasjóðs í áfengisgjaldi	81,4
	Greitt úr ríkissjóði	81,4
08-397	**Lyfjastofnun**	
	Gjald vegna innflutnings og sölu óskráðra lyfja	6,0
	Lyfjaeftirlitsgjald	65,0
	Árgjald lyfja til Lyfjastofnunar	47,0
	Greitt úr ríkissjóði	79,9
	Viðskiptahreyfing	38,1
08-402	**Framkvæmdasjóður aldraðra**	
	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	1.276,4
	Greitt úr ríkissjóði	1.276,4
09-391	**Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða**	
	Gjald til jöfnunar og lækkunar á örorkubyrði lífeyrissjóða	1.478,0
	Greitt úr ríkissjóði	1.478,0
09-402	**Fasteignamat ríkisins**	
	Umsýslugjald til Fasteignamats ríkisins	325,0
	Greitt úr ríkissjóði	325,0
10-211	**Rekstur Vegagerðarinnar**	
	Olíugjald til reksturs Vegagerðarinnar	3.682,8
	Þungaskattur af díselbifreiðum, km-gjald, til reksturs Vegagerðarinnar	1.280,0
	Leyfis- og eftirlitsgjöld Vegagerðarinnar af flutningum á landi	4,0
	Leyfisgjöld Vegagerðarinnar vegna leigubifreiða	6,0
	Greitt úr ríkissjóði	4.972,8
10-212	**Framkvæmdir Vegagerðarinnar**	
	Sérstakt vörugjald af blýlausu bensíni til framkvæmda Vegagerðarinnar	7.420,0
	Olíugjald til framkvæmda Vegagerðarinnar	2.347,2
	Vegna vegtenginga Hvarfjarðargangna og flýtingar á framkvæmda á árinu 1999	187,1
	Greitt úr ríkissjóði	17.442,6
	Viðskiptahreyfing	-7.862,5

10-251	**Umferðarstofa**	
	Skráningargjöld ökutækja	470,8
	Umferðaröryggisgjald	95,8
	Greitt úr ríkissjóði	465,5
	Viðskiptahreyfing	101,1
10-335	**Siglingastofnun Íslands**	
	Vitagjald	152,0
	Greitt úr ríkissjóði	152,0
10-471	**Flugmálastjórn Íslands**	
	Gjald fyrir útgáfu skírteina Flugmálastjórnar til einstaklinga	9,3
	Gjald fyrir útgáfu starfsleyfa og skírteina Flugmálastjórnar til lögaðila	0,9
	Skráning loftfars til atvinnuflugs	2,2
	Greitt úr ríkissjóði	12,4
10-475	**Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta**	
	Flugvallaskattur	495,0
	Varaflugvallagjald	543,0
	Vegna flýtingar framkvæmda við Reykjavíkurflugvöll	115,0
	Greitt úr ríkissjóði	2.360,8
	Viðskiptahreyfing	-1.437,8
10-512	**Póst- og fjarskiptastofnunin**	
	Jöfnunargjald til Póst- og fjarskiptastofnunar vegna alþjónustu	26,0
	Rekstrargjald vegna starfsemi á sviði póst- og fjarskipta	90,0
	Gjald fyrir úthlutuð símnúmer til fjarskiptafélaga	32,0
	Greitt úr ríkissjóði	148,0
10-651	**Ferðamálastofa**	
	Gjald vegna eftirlits með tryggingum og rekstri ferðaskrifstofa	0,8
	Greitt úr ríkissjóði	0,8
11-245	**Samtök iðnaðarins**	
	Iðnaðarmálagjald	259,3
	Greitt úr ríkissjóði	259,3
11-299	**Iðja og iðnaður, framlög**	
	Tryggingagjald, almennt, hluti Staðlaráðs	55,7
	Greitt úr ríkissjóði	55,7
12-190	**Ýmis verkefni**	
	Tryggingagjald, almennt, hluti Ice-Pro nefndar	8,0
	Greitt úr ríkissjóði	8,0

12-421	**Neytendastofa**	
	Gjald af eftirlitsskyldum rafföngum	72,7
	Gjald vegna yfireftirlits og úrtaksskoðana Neytendastofu	99,0
	Greitt úr ríkissjóði	171,7
14-211	**Umhverfisstofnun**	
	Gjöld vegna starfsleyfa Umhverfisstofnunar	0,5
	Gjald af veiðikorti	15,2
	Leyfisgjald af veiðileyfi vegna hreindýraveiða	3,0
	Veiðileyfi hreindýraráðs	25,0
	Greitt úr ríkissjóði	43,7
14-287	**Úrvinnslusjóður**	
	Úrvinnslugjald	700,0
	Greitt úr ríkissjóði	700,0
14-289	**Endurvinnslan hf.**	
	Skilagjald á einnota umbúðir	900,0
	Umsýsluþóknun af einnota umbúðum	85,0
	Greitt úr ríkissjóði	985,0
14-303	**Skipulagsmál sveitarfélaga**	
	Skipulagsgjald	230,0
	Greitt úr ríkissjóði	155,0
	Viðskiptahreyfing	75,0
14-310	**Landmælingar Íslands**	
	Birtingarleyfi til Landmælinga Íslands	3,0
	Greitt úr ríkissjóði	3,0
14-321	**Brunamálastofnun ríkisins**	
	Brunavarnargjald	250,0
	Greitt úr ríkissjóði	124,1
	Viðskiptahreyfing	125,9
14-381	**Ofanflóðasjóður**	
	Ofanflóðasjóðsgjald	1.020,0
	Greitt úr ríkissjóði	388,9
	Viðskiptahreyfing	631,1
	Heildartekjur	**65.722,7**
	Heildargreiðslur úr ríkissjóði	**73.285,0**
	Mismunur	**-7.562,3**
	Þar af viðskiptahreyfingar	**-7.562,3**

Séryfirlit 4

Aðrar rekstrartekjur stofnana 2008

m.kr		Sjóðs-hreyfingar
02-201	**Háskóli Íslands**	
	Innritunargjöld, Háskóli Íslands	356,0
	Framlag Happdrættis HÍ til Háskóla Íslands	318,0
	Greitt úr ríkissjóði	571,0
	Viðskiptahreyfing	103,0
02-202	**Tilraunastöð Háskólans að Keldum**	
	Fisksjúkdómagjald	1,0
02-210	**Háskólinn á Akureyri**	
	Innritunargjöld, Háskólinn á Akureyri	61,9
02-215	**Kennaraháskóli Íslands**	
	Innritunargjöld, Kennaraháskóli Íslands	93,0
02-238	**Tækjasjóður**	
	Leyfisgjald Happdrættis Háskóla Íslands	155,0
	Greitt úr ríkissjóði	115,0
	Viðskiptahreyfing	40,0
02-301	**Menntaskólinn í Reykjavík**	
	Innritunargjöld, Menntaskólinn í Reykjavík	7,4
02-302	**Menntaskólinn á Akureyri**	
	Innritunargjöld, Menntaskólinn á Akureyri	6,5
02-303	**Menntaskólinn að Laugarvatni**	
	Innritunargjöld, Menntaskólinn á Laugarvatni	1,4
02-304	**Menntaskólinn við Hamrahlíð**	
	Innritunargjöld, Menntaskólinn við Hamrahlíð	9,3
02-305	**Menntaskólinn við Sund**	
	Innritunargjöld, Menntaskólinn við Sund	6,3
02-306	**Menntaskólinn á Ísafirði**	
	Innritunargjöld, Menntaskólinn á Ísafirði	2,4
02-307	**Menntaskólinn á Egilsstöðum**	
	Innritunargjöld, Menntaskólinn á Egilsstöðum	2,9

02-308 Menntaskólinn í Kópavogi
Innritunargjöld, Menntaskólinn í Kópavogi 9,0

02-309 Kvennaskólinn í Reykjavík
Innritunargjöld, Kvennaskólinn í Reykjavík 4,7

02-350 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti
Innritunargjöld, Fjölbrautaskólinn í Breiðholti 11,7

02-351 Fjölbrautaskólinn Ármúla
Innritunargjöld, Fjölbrautaskólinn Ármúla 9,8

02-352 Flensborgarskóli
Innritunargjöld, Flensborgarskóli 6,5

02-353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja
Innritunargjöld, Fjölbrautaskóli Suðurnesja 8,2

02-354 Fjölbrautaskóli Vesturlands
Innritunargjöld, Fjölbrautaskóli Vesturlands 4,6

02-355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum
Innritunargjöld, Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum 1,9

02-356 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra
Innritunargjöld, Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra 3,2

02-357 Fjölbrautaskóli Suðurlands
Innritunargjöld, Fjölbrautaskóli Suðurlands 7,4

02-358 Verkmenntaskóli Austurlands
Innritunargjöld, Verkmenntaskóli Austurlands 1,4

02-359 Verkmenntaskólinn á Akureyri
Innritunargjöld, Verkmenntaskólinn á Akureyri 10,3

02-360 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ
Innritunargjöld, Fjölbrautaskólinn í Garðabæ 5,9

02-361 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu
Innritunargjöld, Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu 1,1

02-362 Framhaldsskólinn á Húsavík
Innritunargjöld, Framhaldsskólinn á Húsavík 1,1

02-363	**Framhaldsskólinn á Laugum**	
	Innritunargjöld, Framhaldsskólinn á Laugum	1,0
02-365	**Borgarholtsskóli**	
	Innritunargjöld, Borgarholtsskóli	9,0
02-367	**Fjölbrautaskóli Snæfellinga**	
	Innritunargjöld, Snæfellsskóli	1,6
02-368	**Menntaskóli Borgarfjarðar**	
	Innritunargjöld, Menntaskóli Borgarfjarðar	0,6
02-514	**Iðnskólinn í Reykjavík**	
	Innritunargjöld, Iðnskólinn í Reykjavík	11,8
02-516	**Iðnskólinn í Hafnarfirði**	
	Innritunargjöld, Iðnskólinn í Hafnarfirði	4,6
02-971	**Ríkisútvarpið**	
	Afnotagjöld RÚV	2.635,0
02-974	**Sinfóníuhljómsveit Íslands**	
	Hluti Reykjavíkurborgar í rekstri Sinfóníuhljómsveitar Íslands	100,2
03-211	**Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli**	
	Lendingargjald vegna millilandaflugs	617,0
	Öryggisgjald	603,2
04-234	**Landbúnaðarstofnun**	
	Eftirlitsgjald fiskeldis- og hafbeitarstöðva	1,5
	Gjald af sláturleyfishöfum fyrir yfirmat á sláturafurðum	10,4
	Gjald vegna heilbrigðiseftirlits með sláturafurðum	87,0
	Gjöld vegna eftirlits með innflutningi dýra	4,6
	Gjald vegna matvælaeftirlits	18,0
	Vottorð Yfirdýralæknis	1,3
04-262	**Landbúnaðarháskóli Íslands**	
	Aðrar leigutekjur stofnana, Landbúnaðarháskóli Íslands	3,7
	Innritunargjöld, Landbúnaðarháskóli Íslands	12,0
04-271	**Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal**	
	Innritunargjöld, Hólaskóla á Hólum í Hjaltadal	8,0
04-311	**Landgræðsla ríkisins**	
	Aðrar leigutekjur stofnana, Landgræðsla ríkisins	2,0

04-321	**Skógrækt ríkisins**	
	Aðrar leigutekjur stofnana, Skógrækt ríkisins	5,0
04-831	**Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins**	
	Afgjöld ríkisjarða	47,0
	Sala jarðeigna jarðasjóðs	200,0
05-204	**Fiskistofa**	
	Gjald vegna eftirlits með eldi nytjastofna sjávar	0,4
	Útflutningsvottorð Fiskistofu	2,8
05-207	**Verkefnasjóður sjávarútvegsins**	
	Gjald vegna ólögmæts sjávarafla	35,0
06-106	**Þjóðskrá**	
	Íbúaskrá Þjóðskrár	0,3
	Aðgangur að skrám Þjóðskrárinnar	93,8
	Vottorð Þjóðskrár	8,9
06-190	**Ýmis verkefni**	
	Prófgjöld vegna prófa dómtúlka og skjalaþýðenda	1,5
	Prófgjöld vegna prófa fasteignasala	2,0
	Gjald til eftirlitsnefndar félags fasteignasala	19,0
06-312	**Lögreglustjórinn á Suðurnesjum og sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli**	
	Tollafgreiðslugjöld til Lögreglustjórans á Suðurnesjum	26,5
06-430	**Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal**	
	Auglýsingar í Lögbirtingablaði	21,5
07-331	**Vinnueftirlit ríkisins**	
	Prófgjöld vegna verklegra prófa á vegum Vinnueftirlits ríkisins	8,8
	Skoðunargjöld til Vinnueftirlits ríkisins	101,3
	Útgáfa skírteina til að stjórna farandvinnuvélum	5,5
07-982	**Ábyrgðasjóður launa**	
	Innborganir í Ábyrgðarsjóð launa úr gjaldþrotabúum	70,5
08-301	**Landlæknir**	
	Gjald fyrir markaðseftirlit og klínískar prófanir lækningatækja	2,0
08-327	**Geislavarnir ríkisins**	
	Eftirlitsgjöld vegna eftirlits á vegum Geislavarna ríkisins	4,5
	Vottorð frá Geislavörnum ríkisins	0,7

08-373	**Landspítali**	
	Slysastofugjöld Landspítalans	100,0
08-397	**Lyfjastofnun**	
	Markaðsleyfi Lyfjastofnunar	86,6
09-201	**Ríkisskattstjóri**	
	Aðgangur að hlutafélagaskrá	61,0
	Aðgangur að fyrirtækjaskrá	27,0
	Vottorðsgjöld, hlutafélaga- og fyrirtækjaskrár	7,0
09-402	**Fasteignamat ríkisins**	
	Aðgangur að fasteignamatsskrá	171,6
10-251	**Umferðarstofa**	
	Hluti sveitarfélaga í rekstri Umferðarskólans	9,0
10-335	**Siglingastofnun Íslands**	
	Skoðunargjöld skipa	1,3
	Vottorð Siglingastofnunar	1,3
10-471	**Flugmálastjórn Íslands**	
	Prófgjöld Flugmálastjórnar	9,2
	Gjald fyrir útgáfu lofthæfisskírteina Flugmálastjórnar	10,0
	Árgjöld vegna framhaldsvottunar Flugmálastjórnar	187,2
	Ýmsar leyfisheimildir og vottanir Flugmálastjórnar	1,2
10-475	**Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta**	
	Lendingargjöld vegna innanlandsflugs	65,0
10-512	**Póst- og fjarskiptastofnunin**	
	Eftirlits- og starfrækslugjöld fyrir radíótæki	141,0
11-102	**Einkaleyfastofan**	
	Gjöld fyrir einkaleyfi	27,0
	Gjöld fyrir vörumerki	112,0
	Gjöld fyrir hönnunarvernd	1,0
	Faggilding hjá Einkaleyfastofunni	11,2
	Greitt úr ríkissjóði	123,2
	Viðskiptahreyfing	28,0
12-402	**Fjármálaeftirlitið**	
	Eftirlitsgjald Fjármálaeftirlitsins	918,6
12-421	**Neytendastofa**	
	Eftirlitsgjald til Neytendastofunnar	8,5

14-211 Umhverfisstofnun

Mengunareftirlitgjald	6,5
Heildartekjur	**7.860,6**
Heildargreiðslur úr ríkissjóði	**7.689,6**
Mismunur	**171,0**
Þar af viðskiptahreyfingar	**171,0**

Séryfirlit 5

Lögbundin framlög 2008

m.kr		Sjóðs-hreyfingar
02-201	**Háskóli Íslands**	
	Háskólasjóður	215,0
	Greitt úr ríkissjóði	215,0
02-978	**Listasjóðir**	
	Listamannalaun	334,2
	Greitt úr ríkissjóði	334,2
06-705	**Kirkjumálasjóður**	
	Kirkjumálasjóður	283,9
	Greitt úr ríkissjóði	283,9
06-735	**Sóknargjöld**	
	Sóknargjöld	2.220,0
	Greitt úr ríkissjóði	2.220,0
06-736	**Jöfnunarsjóður sókna**	
	Jöfnunarsjóður sókna	367,4
	Greitt úr ríkissjóði	367,4
07-801	**Jöfnunarsjóður sveitarfélaga**	
	Lögbundið framlag	10.476,0
	Greitt úr ríkissjóði	10.476,0
08-305	**Lýðheilsustöð**	
	Tóbaksvarnir, lögbundið framlag	65,0
	Tannverndarsjóður, lögbundið framlag	10,0
	Greitt úr ríkissjóði	75,0
	Lögbundin framlög alls	**13.971,5**
	Heildargreiðslur úr ríkissjóði	**13.971,5**

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur

Fjárlagafrumvarpið er sett fram í tveimur hlutum. Í *fyrri hluta* er fjallað um stefnu og horfur í efnahags- og ríkisfjármálum og birt stefnumörkun um ríkisfjármálin yfir lengra tímabil. Í *síðari hluta* eru sex lagagreinar frumvarpsins ásamt fjórum nánari sundurliðunum, sem jafnframt hafa lagagildi, og fjórum séryfirlitum. Efni lagaákvæðanna er sem hér segir:

- Í 1. gr. er sýndur áætlaður rekstrarreikningur ríkissjóðs, þ.e. tekjur og gjöld, á rekstrargrunni en sjóðshreyfingar eru einnig sýndar. Tekjunum er skipt eftir meginflokkum og helstu skattstofnum. Frekari skiptingu teknanna er að finna í sundurliðun 1. Gjöldin eru flokkuð eftir ábyrgðarsviðum, þ.e. eftir ráðuneytum. Nánari skipting á fjárreiðum ríkisaðila í A-hluta er sýnd í sundurliðun 2.
- Í 2. gr. er yfirlit yfir sjóðstreymi ríkissjóðs. Niðurstaða rekstrar- og fjármunahreyfinga er hreinn lánsfjárjöfnuður en hann er ein af lykilstærðum í reikningsskilum ríkissjóðs og sá mælikvarði sem þykir gefa einna besta mynd af efnahagsáhrifum ríkisfjármálanna.
- Í 3. gr. eru sýndar lykiltölur úr starfsemi ríkisfyrirtækja í B-hluta sem skipta máli við afgreiðslu og ákvörðun Alþingis. Hér er um að ræða hagnað eða tap hlutaðeigandi fyrirtækis, arðgreiðslu til ríkissjóðs, fjárfestingu þess og lántöku ef um slíkt er að ræða.
- Í 4. gr. eru sýndar fjárreiður lánastofnana í C-hluta og er hún eins að uppbyggingu og 3. gr. Fjárreiður B-hluta fyrirtækja og lánastofnana í C-hluta koma nánar fram í sundurliðunum 3 og 4.
- Í 5. gr. eru ákvæði sem snúa að lántökuheimildum ríkisins, heimildum til endurlána til einstakra aðila utan A-hluta og um veitingu ríkisábyrgða og niðurfellingu skulda.
- Í 6. gr. er kveðið á um heimildir fjármálaráðherra sem snerta framkvæmd fjárlaga, svo sem heimildir til eftirgjafar gjalda, ráðstöfunar eigna og fasteignakaupa.

Á eftir lagaákvæðum frumvarpsins eru nokkur séryfirlit sem veita nánari upplýsingar um ríkisfjármál. Þar kemur fyrst málaflokkaskipting gjalda í A-hluta í samræmi við alþjóðlega staðla og síðan hagræn skipting gjalda í rekstur, fjármagnskostnað, rekstrartilfærslur, viðhald og fjárfestingu. Enn fremur er eitt yfirlit yfir markaðar tekjur sem varið er til fjármögnunar á útgjöldum verkefna í A-hluta ríkissjóðs, annað yfir aðrar rekstrartekjur stofnana og það þriðja yfir lögbundin framlög.

Í athugasemdum á eftir lagagreinum er ítarleg umfjöllun sem skiptist þannig:

- Í fyrsta kafla er yfirlit yfir ríkisfjármálin.
- Í öðrum kafla er gerð grein fyrir tekjuhlið A-hluta frumvarpsins þar sem farið er yfir áætlun einstakra tekjustofna.
- Í þriðja kafla er að finna ítarlega umfjöllun um gjaldahlið A-hluta frumvarpsins í heild og eftir einstökum ráðuneytum, málefnaflokkum og stofnunum.
- Í fjórða kafla er gerð grein fyrir fjárreiðum fyrirtækja ríkisins í B-hluta.
- Í fimmta kafla er að finna umfjöllun um fjárreiður lánastofnana í C-hluta.
- Í sjötta kafla er fjallað um lánsfjármál, þ.e. lántökur, endurlán og ábyrgðir.
- Í sjöunda kafla er fjallað um heimildir fjármálaráðherra.
- Í áttunda kafla er birt yfirlit yfir lagabreytingar sem miðað er við í forsendum fjárlagafrumvarpsins.

Vakin er athygli á því að allt efni fjárlagafrumvarpsins, bæði talnayfirlit og greinargerðir, er birt á vef fjármálaráðuneytisins um leið og frumvarpið hefur verið lagt fram á Alþingi. Veffangið er *fjarlog.is*.

1 Yfirlit ríkisfjármála

Í kaflanum eru dregnar saman helstu niðurstöður fjárlagafrumvarpsins. Einnig er tæpt á meginatriðum en nánar er fjallað um einstök atriði annars staðar í greinargerðinni, bæði í fyrri og seinni hluta frumvarpsins.

Afkoma ríkissjóðs. Áætlað er að tekjuafkoma ríkissjóðs verði 30,8 milljarðar kr. árið 2008. Er það mun betri afkoma en spáð var í langtímastefnumörkun sem fylgdi fjárlagafrumvarpi þessa árs, en þar var gert ráð fyrir 5 milljarða kr. tekjuhalla á næsta ári. Á næsta ári hefst ráðstöfun á söluandvirði Landssímans af fullum þunga auk þess að tímabundin frestun framkvæmda gengur til baka og gert er ráð fyrir kostnaði við mótvægisaðgerðir ríkisstjórnarinnar vegna minni þorskafla. Ef fjárfesting ríkissjóðs hefði ekki verið ríflega tvöfölduð og að frátöldum mótvægisaðgerðum og óvæntum útgjöldum vegna brotthvarfs varnarliðsins læti nærri að tekjuafgangur á næsta ári yrði 60 milljarðar kr.

Í milljörðum króna á verðlagi hvers árs	Reikn. 2006	Fjárlög 2007	Áætlun 2007	Frumvarp 2008
Tekjur	422,0	376,4	448,2	461,2
Gjöld	340,2	367,3	382,2	430,4
Tekjujöfnuður	**81,8**	**9,1**	**66,0**	**30,8**
Rekstrarl. sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi [1]	5,9	-2,4	-13,4	-6,4
Handbært fé frá rekstri	**87,7**	**6,7**	**52,6**	**24,4**
Fjármunahreyfingar [2]	-104,9	3,0	-65,5	7,5
Hreinn lánsfjárjöfnuður [3]	**-17,2**	**9,7**	**-12,9**	**31,9**

[1] Til þess að fá mat á sjóðstreymi þarf að draga frá tekjum á rekstrargrunni þann hluta þeirra sem ekki kemur til innheimtu á árinu. Þá þarf að lækka tekjurnar um andvirðið af sölu eigna þar sem það fellur ekki undir eiginlegan rekstur. Jafnframt þarf að lækka útgjöld á rekstrargrunni vegna þeirra gjalda sem ekki koma til greiðslu á árinu.

[2] Hér eru færðar lánveitingar ríkissjóðs, að frádregnum afborgunum fyrri lánveitinga. Undir þennan lið falla til dæmis lán sem ríkissjóður tekur vegna Lánasjóðs íslenskra námsmanna o.fl. Auk þess færast þar hreyfingar á viðskiptareikningum og stofnfjárframlög ríkisins. Loks er heildarandvirði seldra eigna sem skilar sér í ríkissjóð á árinu fært undir þennan lið.

[3] Án aukaframlaga í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Handbært fé frá rekstri er áætlað 24,4 milljarðar kr. árið 2008 og lánsfjárafgangur 31,9 milljarðar. Áformað er að ráðstafa lánsfjárafgangi í að greiða niður skuldir ríkissjóðs um 14,5 milljarða kr., styrkja stöðuna við Seðlabanka um 13 milljarða kr. og greiða áfram inn á lífeyrisskuldbindingu ríkissjóðs.

Efnahagsforsendur. Þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins gerir ráð fyrir 0,7% hagvexti árið 2007 og 1,2% hagvexti árið 2008. Spáð er að verðlag hækki um 3,3% að meðaltali á

milli 2007 og 2008 og að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann aukist um 1%. Gert er ráð fyrir að einkaneysla dragist saman um 0,9% á milli ára og að atvinnuleysi aukist úr 1,1% af vinnuafli á þessu ári í 2,9% árið 2008. Áætlað er að viðskiptahalli lækki hratt á næstu árum, eða úr 15,2% af landsframleiðslu árið 2007 í 8,8% árið 2008.

Tekjuhlið. Heildartekjur ríkissjóðs eru áætlaðar 461,2 milljarðar króna árið 2008 og hækka um 12,9 milljarða frá áætlaðri útkomu þessa árs, en að raungildi lækka tekjur ríkissjóðs um 0,4% á milli ára. Koma þar fram áhrif minni umsvifa á næsta ári og að einkaneysla dregst saman frá þessu ári. Dregur því úr tekjum af veltusköttum svo sem virðisaukaskatti og vörugjöldum. Þá dregur úr skatttekjum einstaklinga með vaxandi atvinnuleysi. Nánar er fjallað um tekjur ríkissjóðs í kaflanum hér á eftir.

Gjaldahlið. Heildarútgjöld ríkissjóðs eru áætluð 430,4 milljarðar kr. árið 2008. Er það aukning um 48 milljarða kr. frá áætlun þessa árs eða um 8,2% að raungildi. Skýrist það fyrst og fremst af ríflega tvöföldun stofnkostnaðar á milli ára við að frestun framkvæmda frá fyrri árum gengur til baka og að ráðstöfun á söluandvirði Landssímans hf. kemur að fullum þunga. Þannig eykst almennur rekstur ríkissjóðs, það er laun og almenn vöru- og þjónustukaup, um 1,7% að raungildi. Að frátöldum rekstragjöldum vegna yfirtöku á verkefnum vegna brotthvarfs varnarliðsins er aukning almennra rekstrargjalda 1%. Tekjutilfærslur aukast um 4,2% að raungildi einkum vegna spár um aukið atvinnuleysi, ákvarðana ríkisstjórnar og samkomulags við aldraða um minni tekjutengingar í almannatryggingum, þá eykst framlag til Lánasjóð íslenskra námsmanna og loks aukast framlög í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga vegna tengingar framlaga við tekjur ríkissjóðs. Stofnkostnaður vex um 116% að raungildi og er þar fyrst og fremst um að ræða stóraukin framlög til samgöngumála með áherslu á þau svæði þar sem lækkun þorskveiðiheimilda gætir mest og hagvöxtur hefur verið minnstur undanfarin ár. Nánar er fjallað um áform á gjaldahlið í 3. kafla.

2 Tekjur A-hluta

Í þessum kafla er gerð grein fyrir tekjuhorfum ríkissjóðs árið 2008, eins og þær eru metnar út frá þeim forsendum sem fjárlagafrumvarpið byggist á. Þá er einnig gerð grein fyrir endurskoðaðri tekjuáætlun fyrir árið 2007.

2.1 Helstu niðurstöður

Tekjuhorfur 2007. Í fjárlögum ársins 2007 var gert ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs næmu 376 milljörðum króna. Við endurskoðun á tekjuáætlun ríkissjóðs 2007 er horft til þróunar innheimtu það sem af er af árinu, niðurstöðu ríkisreiknings fyrir árið 2006 og breyttra efnahagsforsendna. Er nú gert ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs 2007 verði 72 milljörðum króna meiri en ætlað var í fjárlögum og nemi 448 milljörðum króna. Áætlað er að beinir skattar á tekjur og hagnað verði 28 milljörðum króna meiri en í fjárlögum, og þar af verði tekjuskattur einstaklinga 15 milljörðum meiri og fjármagnstekjuskattur 12 milljörðum meiri. Af 26 milljarða króna hækkun áætlunar um óbeina skatta á árinu má rekja 22 milljarða til aukinna tekna af virðisaukaskatti. Vaxtatekjur ríkissjóðs eru taldar verða um 4,5 milljarða umfram áætlun fjárlaga. Viðvarandi þróttur efnahagslífsins er meginskýring enduráætlunar tekna ríkissjóðs til hækkunar en gagnstætt því sem reiknað var með við áætlun fjárlaga hefur einkaneysla aukist og atvinnuleysi minnkað á árinu. Laun hafa hækkað meira en áætlað var í upphafi árs og starfandi fólki haldið áfram að fjölga, m.a. vegna aðstreymis erlends vinnuafls. Hlutfall skatttekna af landsframleiðslu er nú talið verða 33,0% á árinu, borið saman við 32,4% 2006.

Tekjuáætlun fjárlagafrumvarps 2008. Tekjuáætlun fjárlagafrumvarps 2008 tekur mið af þeirri niðurstöðu þjóðhagsspár að hagvöxtur ársins verði 1,2%. Í þjóðhagsspá er gert ráð fyrir að áfram dragi úr verðbólgu og verðlag hækki að meðaltali um 3,3% milli áranna 2007 og 2008. Gert er ráð fyrir að atvinnuleysi aukist í 2,9%, en í ár er talið að það verði að meðaltali 1,1% sem er með því minnsta um árabil. Á þessum forsendum er talið að heildartekjur ríkissjóðs nemi 461 milljarði króna sem er aukning um 2,7% frá árinu 2007. Tekjur ríkissjóðs af sköttum eru áætlaðar 422 milljarðar þar af og hækka um 4,3%, þar af aukast beinir skattar um rúm 7% en óbeinir skattar aðeins um rúmt 1%. Hlutfall skatttekna af landsframleiðslu lækkar samkvæmt þessu lítillega milli áranna 2007 og 2008, úr 33,0% í 32,7%.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2005	Reikningur 2006	Fjárlög 2007	Áætlun [1] 2007	Frumvarp 2008
I Skatttekjur	**335.322**	**377.386**	**343.223**	**404.764**	**422.266**
Skattar á tekjur og hagnað	119.638	138.652	136.813	164.765	176.469
Einstaklingar	88.227	103.935	94.600	121.400	128.500
Tekjuskattur einstaklinga	72.610	81.122	75.600	90.500	93.500
Sérstakur tekjuskattur	1.005	331	0	0	0
Skattur á fjármagnstekjur	14.612	22.482	19.000	30.900	35.000
Lögaðilar	23.413	32.427	39.000	39.000	44.000
Ótalið annars staðar	7.998	2.290	3.213	4.365	3.969
Skattur á fjármagnstekjur ríkissjóðs	7.059	1.266	2.125	3.220	2.665
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraða	939	1.024	1.088	1.145	1.304
Tryggingagjöld	32.607	37.813	34.851	38.823	41.279
Eignarskattar	13.340	8.754	7.675	9.965	10.455
Skattar á vörur og þjónustu	168.743	190.447	162.318	188.602	190.837
Virðisaukaskattur	114.183	132.122	107.000	129.000	133.000
Almenn vörugjöld	17.475	19.015	22.667	19.364	18.618
Vörugjald af ökutækjum	10.391	10.083	6.800	9.250	8.150
Almennt vörugjald af bensíni	2.356	2.060	1.856	2.080	2.100
Sérstakt vörugjald af bensíni	6.342	6.935	6.590	7.350	7.420
Olíugjald	1.703	5.560	4.510	5.940	6.030
Aðrir sértækir veltuskattar	5.437	6.795	5.628	7.638	7.272
Bifreiðagjald	3.665	4.110	3.950	4.440	4.610
Þungaskattur/kílómetragjald	4.575	1.172	1.054	1.260	1.280
Önnur neyslu- og leyfisgjöld	2.616	2.595	2.263	2.280	2.358
Aðrir skattar	994	1.721	1.566	2.610	3.226
II Aðrar rekstrartekjur	**25.800**	**28.705**	**30.474**	**34.996**	**36.259**
Arðgreiðslur	8.230	1.236	1.238	1.282	1.557
Vaxtatekjur og aðrar eignatekjur	9.315	18.358	20.450	25.045	25.382
Neyslu- og leyfisgjöld	7.070	7.625	7.685	7.553	8.220
Annað	1.185	1.486	1.102	1.117	1.101
III Sala eigna	**58.831**	**14.210**	**1.100**	**6.838**	**1.200**
IV Fjármagnstilfærslur	-	-	-	-	-
V Fjárframlög	**1.213**	**1.662**	**1.617**	**1.672**	**1.443**
Heildartekjur ríkissjóðs	**421.166**	**421.963**	**376.414**	**448.270**	**461.168**
Sjóðshreyfing	**400.953**	**396.526**	**365.867**	**426.640**	**441.848**

[1] Fjárlög að viðbættum fjáraukalögum ársins.

2.2 Tekjuhorfur ríkissjóðs 2007

Yfirlit. Endurskoðuð áætlun um heildartekjur ríkissjóðs 2007 bendir til að þær verði 448 milljarðar króna, 72 milljörðum hærri en í fjárlögum ársins. Þar af eru skatttekjur taldar verða 61,5 milljörðum meiri en í fjárlögum, vaxtatekjur 4,6 milljörðum meiri og tekjur af sölu eigna 5,7 milljörðum meiri. Hér á eftir verður fjallað nánar um helstu tekjuliði.

Skattar á tekjur og hagnað. Í endurskoðaðri tekjuáætlun er gert ráð fyrir að skattar á tekjur og hagnað verði 28 milljörðum króna meiri en í fjárlögum og nemi 165 milljörðum króna. Tekjuskattur einstaklinga hefur skilað talsvert meiri tekjum á árinu en áætlað hafði verið og ný áætlun fyrir árið í heild er 15 milljörðum hærri en áætlun fjárlaga. Fjármagnstekjuskattur á einstaklinga er nú talinn verða 12 milljarðar meiri en í fjárlögum. Hvort tveggja skýrist af meiri aukningu tekna og þjóðarútgjalda en gert var ráð fyrir í lok sl. árs. Tekjuskattshlutfall á tekjur einstaklinga er 22,75%, einu prósentustigi lægra en í fyrra. Ekki er tilefni nú til að breyta áætlun fjárlaga um tekjuskatt lögaðila sem áætlaður var 39 milljarðar króna. Hann verður þó endurmetinn þegar álagning á lögaðila birtist í október.

Tryggingagjöld. Tekjur af tryggingagjaldi eru taldar munu hækka frá fjárlögum um fjóra milljarða eða rúm 11%, sem er nokkuð í takt við hækkun launa og aukinn fjölda starfandi manna.

Eignarskattar. Endurskoðun leiðir til verulegrar hækkunar áætlaðra tekna af eignarsköttum, eða um 2,3 milljarða króna og er nú talið að þær muni nema 10 milljörðum. Tekjur af stimpilgjöldum eru áætlaðar 7,7 milljarðar og af erfðafjárskatti 1,7 milljarðar. Stimpilgjöld hækka um 1,5 milljarð frá fjárlögum til áætlunar og erfðafjárskatttekjur um 750 milljónir. Er hér einkum höfð hliðsjón af innheimtu þessara tekjuliða á fyrstu sjö mánuðum ársins.

Skattar á vöru og þjónustu. Skattar á vöru og þjónustu eru taldir munu skila ríkissjóði tæpum 189 milljörðum króna á árinu 2007 sem er 26 milljörðum eða 16% meira en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Þar af er talið að virðisaukaskattur skili 22 milljörðum meira áður var áætlað og verði 21% umfram úr áætlun fjárlaga. Þann 1. mars sl. var virðisaukaskattur á matvæli og fleiri vörur og þjónustu lækkaður úr ýmist 14% eða 24,5% í 7%. Áætlað var að aðgerðin kostaði ríkissjóð 12 milljarða króna, að teknu tilliti til örvandi áhrifa þeirra á veltu. Með þessu var reiknað í fjárlögum ársins 2007. Þar var einnig reiknað með að virðisaukaskattur á áfengi yrði lækkaður í 7% en áfengisgjald hækkað á móti sem næmi lækkun skattsins, og leiddi þetta til hækkunar tekna af áfengisgjaldi um 3,8 milljarða króna frá því sem ella hefði verið í fjárlögum. Fjárlögin voru samþykkt á þessum forsendum, en síðar var horfið frá því að breyta skattlagningu áfengis. Þetta skýrir að litlum hluta hækkun áætlunarinnar um virðisaukaskatt ársins, en meginskýringin liggur í meiri veltu en reiknað var með. Tekjur af áfengisgjaldi voru af ofangreindri ástæðu mun hærri í fjárlögum ársins 2007 en þær hafa verið undanfarin ár, eða 11,6 milljarðar króna, en þær stefna hins vegar í að skila 7,9 milljörðum króna eða svipaðri útkomu og á sl. árum. Áfengisgjald telst til almennra vörugjalda og skýrir þetta lækkun þess liðar í töflunni um skatta á vöru og þjónustu, en aukin vörugjöld af innflutningi vega að hluta upp á móti. Vörugjald af ökutækjum á árinu 2007 eru nú áætluð 9,3 milljarðar króna. Það er 2,5 milljarði meira en

reiknað var með í fjárlögum ársins. Hægar hefur dregið úr innflutningi ökutækja en gert var ráð fyrir. Reiknað var með að fluttar yrðu inn 17.000 bifreiðar á árinu en stefnir í 21.000. Þá eru tekjur ársins af bensíni og olíu nú metnar talsvert meiri en í áætlun fjárlaga, einkum er frávikið mikið í olíugjaldi vegna mun meiri olíusölu en áður hafði verið áætlað. Tekjur af öðrum sértækum veltusköttum stefna í að verða um tveimur milljörðum meiri en í fjárlögum, nær eingöngu vegna meiri tekna af aðflutningsgjöldum.

Aðrar rekstrartekjur. Þessi liður er nú talinn munu verða 4,5 milljarða króna umfram áætlun fjárlaga, aðallega vegna meiri vaxtatekna ríkissjóðs en gert hafði verið ráð fyrir. Vaxtatekjur eru flokkaðar í þrennt; af skattkröfum, af endurlánum og aðrar vaxtatekjur. Þessir liðir eru allir enduráætlaðir til hækkunar nú. Vextir af skattkröfum eru taldir verða liðlega einum milljarði meiri en áætlað var, byggt á þróun innheimtu það sem af er ári. Vaxtatekjur af endurlánum eru hækkaðar óverulega en vaxtatekjur af bankareikningum ríkissjóðs eru nú áætlaðar 3 milljörðum meiri en í fjárlögum. Það skýrist annars vegar af betri afkomu og þar með hærri meðalstöðu á reikningum ríkissjóðs í Seðlabanka og hins vegar hærri vöxtum en reiknað var með við fjárlagagerðina. Þá eru arðgreiðslur ársins nú áætlaðar 1,3 milljarðar og ýmis neyslu- og leyfisgjöld 7,6 milljarðar og er frávik frá fjárlögum lítið í þeim liðum.

2.3 Tekjuáætlun fjárlagafrumvarps 2008

Yfirlit. Gert er ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs á árinu 2008 verði 461 milljarður króna og hækki um 2,7% frá þessu ári, reiknað á verðlagi hvers árs. Skatttekjur eru áætlaðar 422 milljarðar og hækka um 4,3% milli ára. Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu tekjuliðum.

Skattar á tekjur og hagnað. Gert er ráð fyrir að skattar á tekjur og hagnað nemi alls 176 milljörðum króna og hækki um 7% frá áætlun 2007.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2006	Fjárlög 2007	Áætlun 2007	Frumvarp 2008
Einstaklingar	103.935	94.600	121.400	128.500
Tekjuskattur einstaklinga	81.121	75.600	90.500	93.500
Sérstakur tekjuskattur einstaklinga	332	0	0	0
Fjármagnstekjuskattur	22.482	19.000	30.900	35.000
Lögaðilar	32.427	39.000	39.000	44.000
Ótalið annars staðar	2.290	3.213	4.365	3.969
Samtals	**138.652**	**136.813**	**164.765**	**176.469**

Tekjuskattur einstaklinga. Áætlað er að tekjuskattur einstaklinga skili 93,5 milljörðum króna og hækki um 3,3% milli ára. Reiknað er með að persónuafsláttur hækki um 4,8% í ársbyrjun 2008. Gert er ráð fyrir að tekjur hækki um 5,5% milli 2007 og 2008 og greiðendum tekjuskatts fjölgi um 2%. Tekjuskattshlutfallið er óbreytt, 22,75%. Fjármagnstekjuskattur á einstaklinga er áætlaður 35 milljarðar króna, 13% hærri en í áætlun 2007. Erfitt hefur reynst að áætla tekjur ríkissjóðs af fjármagnstekjuskatti, eins og endurmat þeirra fyrir árið 2007 ber með sér. Stofn skattsins er að stærstum hluta söluhagnaður hlutabréfa og auk þess vaxta- og arðtekjur. Í áætlun fyrir næsta ár er höfð hliðsjón af þróun skattsins á undanförnum árum, vaxtaþróun og öðrum efnahagsforsendum.

Tekjuskattur lögaðila. Við mat á tekjuskatti lögaðila er tekið mið af almennum efnahagsforsendum og afkomu atvinnufyrirtækja. Áætlað er að tekjuskattur lögaðila nemi 44 milljörðum króna og hækki um 13% milli ára, eða álíka mikið og fjármagnstekjuskattur. Um báða þessa tekjustofna leikur mikil óvissa fyrirfram, en forsendur munu þó skýrast meðan fjárlagafrumvarp verður rætt á Alþingi. Álagning þessa árs á lögaðila mun liggja fyrir síðar í haust svo og frekari vísbendingar um afkomuþróun fyrirtækja.

Tryggingagjöld. Gert er ráð fyrir að tryggingagjöld nemi rúmum 41 milljarði króna og hækki um rúm 6% milli ára. Í ársbyrjun 2007 tók gildi breyting á lögum um tryggingagjald nr. 113/1990 þess efnis að almenna tryggingagjaldið lækkaði úr 4,99% í 4,54% í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 7. mars 2004 vegna kjarasamninga á almennum vinnumarkaði. Ennfremur var hluta af gjaldstofni tryggingagjalds varið til að jafna örorkubyrði lífeyrissjóða. Sá hluti var 0,15% 2007 og verður 0,20% 2008 og 0,25% 2009. Við mat á gjaldstofni tryggingagjalds er tekið mið af þróun launa og vinnumagns.

Eignarskattar. Áætlað er að eignarskattar nemi 10,5 milljörðum króna 2008 og hækki um 5% milli ára. Hér er einkum um erfðafjárskatt og stimpilgjöld að ræða. Búist er við að tekjur af stimpilgjöldum aukist milli ára en þó minna en á árinu 2007. Í ár eru þær taldar munu nema 7,7 milljörðum og er áætlað að þær aukist í 8,1 milljarð á næsta ári. Áætlað er að erfðafjárskattur hækki lítillega milli ára.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2006	Fjárlög 2007	Áætlun 2007	Frumvarp 2008
Eignarskattar einstaklinga	-8	0	0	0
Eignarskattar lögaðila	58	0	0	0
Erfðafjárskattur	951	950	1.700	1.800
Stimpilgjöld	7.147	6.200	7.740	8.100
Sértækir eignarskattar	607	525	525	555
Samtals	**8.755**	**7.675**	**9.965**	**10.455**

Skattar á vöru og þjónustu. Heildarskattar á vöru og þjónustu eru taldir munu nema 191 milljarði króna árið 2008 og aukast um 1,2% frá áætlun 2007. Áætlunin 2008 er byggð á spá um þróun einkaneyslu og annarra hagstærða, en í þjóðhagsspá er gert ráð fyrir að hagvöxtur verði 1,2% á árinu 2008 og einkaneysla dragist nokkuð saman.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2006	Fjárlög 2007	Áætlun 2007	Frumvarp 2008
Virðisaukaskattur	132.122	107.000	129.000	133.000
Vörugjöld	43.653	42.423	43.984	42.318
Almenn vörugjöld af innfluttum vörum	3.708	3.350	4.270	3.870
Almenn vörugjöld af innlendri framleiðslu	768	795	580	590
Vörugjöld af ökutækjum	10.083	6.800	9.250	8.150
Vörugjald af bensíni	2.060	1.856	2.080	2.100
Sérstakt vörugjald af bensíni	6.935	6.590	7.350	7.420
Olíugjald	5.560	4.510	5.940	6.030
Flutningsjöfnunargjöld	368	401	401	0
Áfengisgjald	7.546	11.599	7.880	8.150
Ýmis vörugjöld	2.789	2.502	2.342	2.238
Tóbaksgjald	3.837	4.020	3.890	3.770
Tollar og innflutningsgjöld	4.621	3.427	5.437	4.931
Aðrir sértækir skattar á vöru og þjónustu	2.174	2.201	2.201	2.341
Bifreiðaskattar	5.282	5.004	5.700	5.890
Aðrir neysluskattar og leyfisgjöld	2.606	2.263	2.280	2.358
Samtals	**190.458**	**162.318**	**188.602**	**190.837**

Virðisaukaskattur. Nær þriðjungur af skatttekjum ríkissjóðs kemur frá virðisaukaskatti. Áætlað er að skatturinn nemi 133 milljörðum króna árið 2008, sem er 3,1% nafnaukning milli ára. Áætlunin er m.a. byggð á horfum um einkaneyslu og aðrar hagstærðir á næsta ári. Þá hefur lækkun skatthlutfallsins 1. mars 2007 þau áhrif að þróun skattskyldrar veltu milli áranna 2007 og 2008 endurspeglast ekki að fullu í þróun skatttekna á ársgrundvelli.

Vörugjöld af ökutækjum. Gert er ráð fyrir að vörugjöld af ökutækjum dragist saman á næsta ári eftir mikinn innflutning undanfarinna ára. Árið 2008 er gert ráð fyrir að fluttar verði inn 18.500 bifreiðir borið saman við áætlun um 21.000 á þessu ári. Samkvæmt þessu er áætlað að vörugjöld af ökutækjum dragist saman um 12% milli ára.

Vörugjöld af bensíni og olíugjald. Vörugjöld af bensíni eru tvenns konar, annars vegar almennt vörugjald sem rennur í ríkissjóð og hins vegar sérstakt vörugjald sem rennur til vegamála. Almenna vörugjaldið á bensín er 9,28 krónur á hvern lítra en sérstaka bensíngjaldið 32,95 krónur, hvort tveggja föst fjárhæð. Við mat á sölumagni bensíns og olíu á næsta ári er tekið er mið af áætluðu sölumagni á þessu ári og áætlunum Vegagerðarinnar um söluaukningu milli ára og þannig gert ráð fyrir að bensínsala verði nálægt 225

milljónum lítra og olíusala nálægt 145 milljónum lítra á árinu 2008. Bensíngjöldin munu samkvæmt því nema samanlagt liðlega 9,5 milljörðum króna. Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að olíugjald verði áfram óbreytt, 41 króna á hvern lítra, en tímabundin lækkun gjaldsins úr 45 í 41 krónu rennur út í lok árs 2007. Áætlaðar tekjur af olíugjaldi eru því um 6 milljarðar króna sem renna til vegamála.

Bifreiðagjald og kílómetragjald. Kílómetragjald er lagt á bifreiðir sem vega 10 tonn og þar yfir og rennur það til vegamála. Miðað er við 1,5% akstursaukningu milli ára og því áætlað að tekjur af kílómetragjaldi aukist lítillega og verði 1,3 milljarðar króna. Bifreiðagjöld eru áætluð 4,6 milljarðar króna sem er hækkun um tæp 4%.

Aðrir neysluskattar og leyfisgjöld. Þessi liður nær yfir ýmis neyslu-, leyfis- og eftirlitsgjöld og er talinn skila um 2,4 milljörðum króna sem er um 3% hækkun frá áætlun þessa árs.

Aðrar rekstrartekjur. Áætlað er að aðrar rekstrartekjur ríkissjóðs nemi rúmum 36 milljörðum króna 2008, sem er liðlega eins milljarðs hækkun milli ára. Arðgreiðslur er taldar aukast í tæpar 1.600 milljónir 2008 eða um rúman fimmtung. Vaxtatekjur aukast lítillega, í rúma 25 milljarða. Ýmis neyslu- og leyfisgjöld sem ekki teljast til skatta eru talin munu aukast úr 7,6 milljörðum árið 2007 í 8,2 milljarða á næsta ári eða um nær 9% milli ára.

Sala eigna. Gert er ráð fyrir að tekjur af sölu fasteigna, jarða og annarra eigna nemi 1,2 milljörðum árið 2008.

Fjárframlög. Gert er ráð fyrir að fjárframlög frá opinberum aðilum nemi rúmum 1,4 milljörðum króna 2008 og felst í því nokkur lækkun frá áætlun yfirstandandi árs, aðallega vegna þess að séð er fram á að framlag Happdrættis Háskóla Íslands til Háskólans muni lækka um 360 milljónir króna milli ára.

3 Gjöld A-hluta

Í kaflanum er fjallað um áætluð heildarútgjöld A-hluta ríkissjóðs árið 2008, helstu áherslumál ríkisstjórnarinnar og skiptingu útgjalda hagrænt og eftir málaflokkum. Farið er yfir endurskoðaða áætlun um útgjöld á þessu ári og helstu frávik frá fjárlögum útskýrð. Loks er í sérstökum köflum fjallað ítarlega um fjárreiður einstakra ráðuneyta, málaflokka og verkefna og gerð grein fyrir lánsfjármálum ríkissjóðs.

Verðlagsforsendur. Frumvarpið er á áætluðu verðlagi ársins 2008 í samræmi við spár fjármálaráðuneytisins um þróun efnahagsmála. Í þjóðhagsspánni er gert ráð fyrir að vísitala neysluverðs hækki um 3,3% frá árinu 2007 til 2008. Í frumvarpinu er hækkun á öðrum rekstrargjöldum en launum hins vegar almennt miðuð við spá um vísitöluna að frátöldum húsnæðislið hennar en hún nemur 3,8% þar sem áætlað er að húsnæðisverð muni hækka minna en aðrir liðir. Flestir útgjaldaliðir frumvarpsins sem tengjast ákveðnum gjaldmiðlum eru miðaðir við gengi 1. september 2007. Launaforsendur frumvarpsins miðast við gildandi kjarasamninga. Hækkar launaliður flestra stofnana um 2% í ársbyrjun 2008 og gert er ráð fyrir að bætur almannatrygginga hækki um 3,3% í upphafi árs. Talsverð óvissa er á næsta ári um þróun launa, gengis og verðlags þar sem kjarasamningar flestra ríkisstarfsmanna verða lausir á næsta ári og kjarasamningar á almennum vinnumarkaði losna á þessu ári. Á launa- og verðlagslið frumvarpsins er áætlað fyrir 4 milljarða kr. fjárveitingu til að mæta breytingum sem kunna að verða á þessum forsendum frumvarpsins.

3.1 Heildaryfirlit gjalda

Heildargjöld ríkissjóðs á næsta ári eru áætluð rúmlega 430 milljarðar kr. og aukast um 63 milljarða frá fjárlögum 2007, en í þeirri tölu er ýmislegt endurmat svo sem á afskriftum skattkrafna og breytt reikningsskil um hvernig á að færa skuldbindingar vegna vaxtamunar o.fl. Þá hefur velta margra stofnana verið endurskoðuð í ljósi ríkisreiknings 2006 og sértekjur og gjöld hækkuð, sem leiðir ekki til hækkunar gjalda nettó. Betri samanburður fæst því við áætlaða útkomu árið 2007 þar sem tekið hefur verið tillit til þessara breytinga. Hækkun útgjalda frá áætlun 2007 er 48 milljarðar eða 12,6%, sem er hækkun um 8,2% að raungildi miðað við verðlagsforsendur frumvarpsins. Má fyrst og fremst rekja hækkunina til aukningar í fjárfestingum einkum í samgöngumálum. Kemur þar meðal annars til að frestun framkvæmda frá fyrri árum gengur til baka og ráðstöfun á söluandvirði Landssímans hf. hefst af fullum þunga. Þá aukast fjárfestingaútgjöld vegna mótvægisaðgerða ríkisstjórnarinnar vegna lækkunar á aflamarki þorsks. Ef litið er á hagræna skiptinu útgjalda þá aukast almenn rekstrargjöld ríkissjóðs, það er laun og kaup á vöru og þjónustu,um 1,7% að raungildi frá þessu ári, en um 1% að frátöldum útgjöldum vegna brotthvarfs varnarliðsins.

Tekjutilfærslur hækka að raungildi um 4,2% og skýrist það einkum af spám um aukið atvinnuleysi, hækkun útgjalda almannatrygginga vegna minni tekjutenginga og auknum framlögum til Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Stofnkostnaður vex um 116% að raungildi á milli ára og skýrir að mestum hluta hækkun útgjalda á milli ára. Er þar einkum um að ræða framlög til samgöngumála eins og rakið verður nánar síðar í kaflanum. Vaxtagjöld eru nær óbreytt í krónutölu á milli ára.

Í frumvarpinu eru ýmsar aðgerðir til að lækka útgjöld frá því sem þau hefðu annars orðið til mæta nýjum útgjöldum og forgangsverkefnum. Nema aðgerðirnar samtals 5,6 milljörðum króna. Gerð er krafa um að ráðuneytin lækki rekstrarkostnað stofnana og verkefna um 2 milljarða frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum. Kemur lækkunin mismunandi þungt á ráðuneytin þannig er lækkun útgjalda hlutfallslega helmingi minni í mennta-, félags- og heilbrigðismálum en í öðrum málaflokkum. Áformað er að fresta framkvæmum við Sundabraut er nemur 1,5 milljarði króna frá því sem áætlað var á næsta ári. Áformað er að leggja af flutningsjöfnun olíuvara, sem lækkar tekjur og gjöld um 400 m.kr., fyrirhugað er að fresta byggingu stofnunar Árna Magnússonar um 300 m.kr. Þá er ráðgert að hætta verðmiðlun landbúnaðarafurða, sem lækkar útgjöld um 300 m.kr., auk áforma um að leggja af Fóðursjóð í áföngum, sem lækkar tekjur og gjöld um 300 m.kr. á næsta ári. Þá er framlag í Þróunarsjóð EFTA lækkað um 300 m.kr. og gert ráð fyrir að sjóðurinn gangi á inneignir sínar og dregið verður úr umfangi friðargæslu um 100 m.kr. Loks má nefna að framkvæmdum við Háskólatorg verður flýtt er nemur 280 m.kr. og fellur sá kostnaður til á þessu ári.

Fram hafa komið ýmis útgjaldatilefni sem ekki voru að fullu fyrirséð. Má þar fyrst nefna útgjöld vegna brotthvarfs varnarliðsins sem nema ríflega 1,6 milljarði króna, en helmingur þeirra skýrist með rekstri ratsjárkerfa. Einnig má nefna ákvarðanir ríkisstjórnar um mótvægisaðgerðir vegna minni þorskafla sem kosta um 4,4 milljarða kr. á næsta ári að meðtalinni flýtingu framkvæmda. Þá hafa reikningsskilareglur breyst sem hækkar útgjöld í ár og á næsta ári um 1,1 milljarð króna hvort ár, þar sem gjaldfæra þarf núvirtan vaxtamun lána Íbúðalánasjóðs til leiguíbúða. Loks leiðir endurskoðun tekjuáætlunar til tæplega 1 milljarðs kr. hærri framlaga í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og afskriftir skattkrafna eru auknar um 4 milljarða króna árlega í ár og á næsta ári af sömu ástæðu.

Framsetning gjaldahliðar. Frumvarpið er lagt fram miðað við óbreytta verkaskiptingu ráðuneyta þrátt fyrir lög nr. 109/2007, um breytingar á Stjórnarráði Íslands. Með lögunum verða landbúnaðarráðuneyti og sjávarútvegsráðuneyti sameinuð, Hagstofa Íslands verður sjálfstæð stofnun og hættir að vera ráðuneyti. Hluti almannatrygginga færist frá núverandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti til félagamálaráðuneytis og breytast nöfn þessara ráðuneyta til samræmis. Breytingarnar taka gildi 1. janúar 2008 og verður frumvarpinu breytt við 2. umræðu og verða verkefni og fjárveitingar þeim til heyrandi færð

á milli ráðuneyta. Með því að gera breytingarnar við 2. umræðu fæst heildaryfirlit yfir nýja skipan og þingmönnum gefst kostur á að ræða breytingarnar efnislega. Þá verður meðferð fjárlagafrumvarpsins meðförum Alþingis markvissari þar sem allur samanburður á milli ára og við fyrri ár er auðveldari.

Heildarútgjöldum ríkissjóðs er skipt í almennan rekstur, neyslu- og rekstrartilfærslur, viðhald og stofnkostnað. Er sú skipting kölluð hagræn skipting ríkisútgjalda. Til frádráttar almennum rekstrargjöldum koma sértekjur og eru þau gjöld því færð nettó. Með sértekjum er átt við sölu á vöru og þjónustu ásamt innbyrðis viðskiptum á milli ríkisaðila innan A-hluta. Ekki eru að þessu sinni gerðar breytingar á flokkun útgjalda innan A-hluta sem hafa teljandi áhrif á samanburð heildarstærða á milli ára. Þó eru gerðar þær breytingar að Sinfóníuhljómsveit Íslands flyst úr B-hluta í A-hluta, en lögum um hljómsveitina var breytt og greiðir ríkisjóður nú riflega 80% af kostnaði við hana. Við þá breytingu lækka tilfærsluútgjöld um 450 m.kr. og rekstrargjöld hækka um sömu fjárhæð. Úr B-hluta færist einnig rekstur ratsjárkerfa sem verður ný stofnun í A-hluta sem ríkissjóður kostar. Þá hefur Ríkisútvarpinu verið breytt í hlutafélag og fellur því úr B-hluta ríkissjóðs, en fær eftir sem áður sérstakt framlag frá A-hluta samkvæmt samningi sem menntamálaráðuneytið gerir við hlutafélagið.

Gjöld eru í frumvarpinu eins og áður færð á rekstrargrunni, það er þegar skuldbinding verður til en ekki þegar greiðsla fer fram. Er miðað við sömu reikningsskilareglur og hjá almennum fyrirtækjum að því frátöldu að fjárfesting er gjaldfærð þegar hún verður til en er ekki afskrifuð og beitt er verðbólguleiðréttum reikningsskilum á vaxtagjöld og lífeyrisskuldbindingar. Er framsetning ríkisfjármála nú til endurskoðunar hjá ríkisreikningsnefnd þar sem farið verður yfir reynsluna af núverandi framsetningu og gerðar tillögur um breytingar í ljósi reynslunnar og þarfa notenda upplýsinga um ríkisfjármál.

Gjöldin eru einnig sýnd á greiðslugrunni. Heildargreiðslur úr ríkissjóði eru áætlaðar 416,9 milljarðar króna en heildargjöld á rekstrargrunni eru 430,4 milljarðar samkvæmt frumvarpinu. Mismunurinn þar á milli er 13,5 milljarðar króna og skýrist einkum af fjórum liðum. Í fyrsta lagi eru afskrifaðar skattkröfur áætlaðar 10 milljarðar króna og eru færðar sem gjöld án þess að greiðsla komi úr ríkissjóði. Í öðru lagi er mismunur á greiddum og gjaldfærðum vöxtum 3,7 milljarðar kr. Í þriðja lagi er mismunur á greiddum og núvirtum vaxtamun vegna lána til leiguíbúða 0,8 milljarðar kr. Í fjórða lagi eru greiðslur vegna lífeyrisskuldbindinga hærri en gjaldfærð skuldbinding og er mismunurinn -1,3 milljarðar kr. sem kemur á móti hinum þremur.

Í séryfirlitum á bls. 234 og 239 eru birt yfirlit yfir markaðar tekjur og aðrar rekstrartekjur ríkisstofnana auk þess að gerð er grein fyrir ráðstöfun teknanna til fjármögnunar á

verkefnum á gjaldahliðinni. Þá er á bls. 245 yfirlit yfir lögbundin útgjöld ríkissjóðs. Nánari skýringar á mörkuðum tekjum, öðrum rekstrartekjum og lögbundnum framlögum er að finna í greinargerð með fjárlagafrumvörpum fyrri ára.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2005	Reikningur 2006	Fjárlög 2007	Áætlun 2007	Frumvarp 2008
Rekstrargjöld					
Laun	87.398	97.691	100.501	105.455	112.734
Lífeyrisskuldbindingar	4.052	10.565	4.807	4.807	5.002
Önnur gjöld	81.762	81.663	84.083	89.066	94.540
Sértekjur	-28.121	-29.458	-20.661	-23.781	-26.361
Rekstrargjöld samtals	**145.091**	**160.461**	**168.730**	**175.546**	**185.914**
Fjármagnskostnaður	**13.420**	**14.908**	**20.629**	**21.673**	**21.764**
Rekstrar- og neyslutilfærslur					
Lífeyristryggingar	30.899	33.126	41.454	42.007	44.076
Sjúkratryggingar	14.970	16.243	17.014	17.884	18.565
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	8.091	9.869	9.741	11.835	12.176
Afskriftir skattkrafna	9.795	11.446	6.000	10.000	10.000
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	8.324	8.342	8.352	8.567	8.972
Barnabætur	5.374	6.371	8.500	8.500	8.800
Fæðingarorlofssjóður	6.594	6.916	7.600	7.600	8.256
Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð	6.148	6.367	7.560	7.560	7.854
Atvinnuleysistryggingasjóður	3.360	2.584	4.409	2.701	7.090
Lánasjóður íslenskra námsmanna	4.050	4.477	5.244	5.244	5.988
Vaxtabætur	5.472	5.351	5.530	5.530	5.880
Framlag til sókna og kirkjugarða	2.918	3.182	3.514	3.514	3.781
Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli	951	1.693	2.551	2.551	2.811
Ríkisútvarpið	2.483	3.205	2.780	2.780	2.635
Aðrar neyslu- og rekstrartilfærslur	21.118	22.865	23.734	24.104	27.074
Neyslu- og rekstrartilfærslur samtals	**130.547**	**142.036**	**153.982**	**160.376**	**173.958**
Viðhald					
Vegakerfi	2.405	2.867	3.114	3.114	3.350
Annað	2.494	2.898	2.092	2.425	2.718
Viðhald samtals	**4.899**	**5.764**	**5.206**	**5.539**	**6.068**
Fjárfesting					
Vegakerfi	6.714	7.954	10.353	9.353	24.637
Heilbrigðisstofnanir	1.024	2.054	1.952	1.452	4.487
Hafnarframkvæmdir	983	741	702	702	2.072
Háskólar og framhaldskólar	479	1.735	1.482	1.864	1.789
Flugvellir	518	394	361	361	1.824
Annað	4.720	4.124	3.864	5.362	7.842
Fjárfesting samtals	**14.438**	**17.001**	**18.713**	**19.093**	**42.651**
Gjöld samtals	**308.395**	**340.170**	**367.260**	**382.228**	**430.355**

Horfur árið 2007. Útgjöld ríkissjóðs árið 2007 hafa verið endurskoðuð í ljósi breytinga á forsendum og þróun efnahagsmála. Er áætlað að heildargjöld verði 382,2 milljarðar kr. en eru 367,3 milljarðar í fjárlögum 2007. Er því gert ráð fyrir að gjöldin verði rúmum 15 milljörðum hærri en í fjárlögum. Það sem skýrir hækkun gjalda eru fyrst og fremst breytingar á forsendum frumvarpsins og ákvarðanir um mótvægisaðgerðir vegna minni þorskafla. Þannig eru afskriftir skattkrafna endurskoðaðar og hækka um 4 milljarða kr., framlög í Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verða 1,8 milljörðum hærri en áætlað var aðallega vegna tengingar lögbundinna framlaga í sjóðinn við tekjur ríkissjóðs. Áætlað er að vaxtagjöld verði 1 milljarði kr. hærri en í fjárlögum og nýr liður bætist við sem er 1,1 milljarður vegna núvirts vaxtamunar af lánum til leiguíbúða. Mótvægisaðgerðir vegna minni þorskafla kosta ríkissjóð 1,3 milljarða kr. Loks má nefna að greiddur fjármagnstekjuskattur ríkissjóðs verður um 1,1 milljarði kr. hærri en áætlað var vegna betri sjóðstöðu og hærri vaxta en áætlað var. Samtals skýra þessar breytingar rúmlega 10 milljarða kr. útgjöld. Á móti kemur að gert er ráð fyrri mun minna atvinnuleysi en spáð var í forsendum fjárlaga og lækka útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs því um 1,3 milljarða kr. þar að auki er gert ráð fyrir að vaxtatekjur sjóðsins verði 0,5 milljörðum meiri en áætlað var í fjárlögum vegna minni útgjalda og hærri tekna sjóðsins af mörkuðum tekjum. Aðrar helstu breytingar eru 0,5 milljarða hækkun útgjalda almannatrygginga vegna ákvörðunar um að draga úr tekjutengingum og tæplega 0,9 milljarða kr. hækkun sjúkratrygginga vegna lyfja- og lækniskostnaðar. Nánari grein er gerð fyrir útgjöldum árið 2007 í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir það ár.

Fjárlagafrumvarp fyrir árið 2008. Ný ríkisstjórn ákvað meginlínur í ríkisfjármálum með ákvörðun um útgjaldaramma í lok maí. Markmið í ríkisfjármálum voru endurskoðuð og teknar ákvarðanir um forgangsverkefni og lækkun útgjalda í byrjun júlí. Ráðuneytin forgangsröðuðu útgjöldum sínum innan útgjaldaramma í júlí. Eftir sumarleyfi voru teknar ákvarðanir um mótvægisaðgerðir vegna lækkunar á aflamarki þorsks, jafnframt voru efnahagsforsendur frumvarpsins endurmetnar og lögð fram endurskoðuð tekjuáætlun.

Rekstrargjöld. Með rekstrargjöldum er átt við laun og önnur rekstrargjöld vegna kaupa á vöru og þjónustu A-hluta ríkissjóðs að frádregnum sértekjum. Er hér um að ræða eiginlegan rekstur ríkissjóðs t.d. mennta- og heilbrigðisstofnana og kaup ríkissjóðs á þjónustu af einkaaðilum. Rekstrargjöld árið 2008 eru áætluð 185,9 milljarðar kr. og aukast um 10,4 milljarða kr. frá áætlun 2007, eða um 5,9%. Rekstrargjöld hækka því að raungildi um 1,7%. Að frádregnum ófyrirséðum útgjöldum vegna brotthvarfs varnarliðsins vaxa rekstrargjöld ríkissjóðs um 1% að raungildi frá áætlaðri útkomu 2007. Auk hækkunar vegna brotthvarfs varnarliðsins aukast rekstrargjöld til menntamála vegna eflingar háskólastigsins og rannsókna. Þá aukast framlög til heilbrigðis- og velferðarmála einkum vegna öldrunarþjónustu og aukinna framlaga til málaefna fatlaðra.

Sértekjur eru greiðslur fyrir vörur og veitta þjónustu sem ríkisstofnanir í A-hluta selja á markaðslegum forsendum. Einnig falla hér undir innbyrðis viðskipti aðila í A-hluta og styrkir frá rannsóknarsjóðum. Áætlað er að sértekjur verði 26,4 milljarðar árið 2008 og hækka þær um 2,6 milljarða frá áætlun 2007, en um 5,7 milljarða frá fjárlögum 2007. Skýringin á mikilli hækkun frá fjárlögum er að velta ýmissa stofnana og verkefna hefur verið leiðrétt með hliðsjón af ríkisreikningi 2006 og áætlana um þróun árin 2007 og 2008. Við það hækka tekjur og gjöld viðkomandi stofnana og verkefna án þess að hrein útgjöld ríkisins aukist. Aðrar breytingar, eða tæplega einn milljarður kr., skýrast af almennum verðlagsbreytingum í samræmi við forsendur frumvarpsins.

Neyslu- og rekstrartilfærslur. Undir þennan flokk útgjalda falla almannatryggingar, niðurgreiðslur á búvörum auk annarra framlaga til einstaklinga, fyrirtækja og sveitarfélaga. Hér falla einnig undir rekstrartilfærslur til ríkisaðila utan A-hluta, svo sem til B-hluta fyrirtækja og lánasjóða í C-hluta. Rekstrar og neyslutilfærslur aukast um 13,5 milljarða kr., eða 8,5% fræá áætlun þessa árs. Jafngildir það 4,2% hækkunar að raungildi. Mest munar um hækkun útgjalda til atvinnuleysisbóta sem aukast um 4,4 milljarða eða rúm 163% frá áætlun þessa árs. Stafar breytingin af spám um aukið atvinnuleysi en gert er ráð fyrir að það verði 2,9% af vinnuafli árið 2008. Þá hækka útgjöld Lánasjóðs íslenskra námsmanna nokkuð hlutfallslega, eða um 14% og stafar það af breytingum á viðmiðunarfjárhæðum til framfærslu á þessu ári, fjölgun nemenda og meiri lána til skólagjalda. Útgjöld lífeyristrygginga aukast um rúmlega 2 milljarða kr. eða tæp 5% vegna ákvarðana ríkisstjórnarinnar og samkomulags við aldraða um að draga úr tekjutengingum. Framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga aukast vegna tengingar þeirra við tekjur ríkissjóðs auk þess að veitt er tímabundið 700 m.kr. framlag til að koma á móts við þau sveitarfélög sem standa verst vegna ytri aðstæðna. Loks má nefna að tilfærslur aukast um tæplega 800 m.kr. til þróunaraðstoðar.

Fjármagnskostnaður er áætlaður tæplega 21,8 milljarðar kr. og hækkar um 91 m.kr. frá áætlun þessa árs en um 1,1 milljarð frá fjárlögum 2007. Hækkun vaxtagjalda á árinu 2007 skýrist af hækkun vaxta innanlands og á erlendum lánum. Þá hækka vaxtatekjur sjóða af inneignum, svo sem Atvinnuleysistryggingasjóðs og Ofanflóðasjóðs, sem færast sem vaxtagjöld hjá ríkissjóði. Þó lækka vaxtagjöld erlendra lána vegna áforma um að greiða niður lán á árinu 2008. Nánar er fjallað um vaxtagjöld síðar í greinargerðinni undir fjárlagalið 19.

Viðhaldsverkefni. Útgjöld vegna viðhaldsverkefna eru í frumvarpinu áætluð rúmir 6 milljarðar kr. og hækka um 530 m.kr. frá áætlun ársins eða um 9,5%. Þar af hækka útgjöld vegna viðhalds á vegum um tæplega 240 m.kr. og annað viðhald á húseignum um 300 m.kr. sem er hluti af mótvægisaðgerðum vegna lækkunar á þorskkvóta. Hækkun útgjalda vegna

viðhalds frá fjárlögum 2007 er nokkru meiri eða 860 m.kr.

Stofnkostnaður og fjármagnstilfærslur eru áætlaðar 42,6 milljarðar kr. og hækka um 23,6 milljarða króna aða um 123,4% sem jafngildir 116% hækkun að raunvirði. Þar af er hækkun á framlögum til vegamála 15,3 milljarðar eða 163%, stofnkostnaður heilbrigðisstofnana hækkar um 3 milljarða kr. eða 209% og munar þar mestu um 1,3 milljarða kr. aukið framlag til nýbyggingar Landspítala og 800 m.kr. framlög til byggingar hjúkrunarheimila. Framlög til flugvalla aukast um 1,5 milljarð kr. eða 405% og munar þar mestu um flýtingu á framkvæmdum við lengingu flugbrautar á Akureyri, 940 m.kr. Framlög til Hafnarframkvæmda aukast um 1,4 milljarða kr. mest vegna Bakkafjöru og nýrrar Vestmannaeyjaferju, eða rúmar 900 m.kr. Aðrir stofnkostnaðarliðir hækka samtals um 2,4 milljarða kr. eða 45%. Munar þar mest um framlag vegna varðskips og flugvélar fyrir Landhelgisgæsluna, eða 1,5 miljarð kr. og 1,1 milljarð vegna vaxtamunar á lánum til leiguíbúða sem flokkast sem fjármagnstilfærsla. Loks má nefna tæplega 700 m.kr. stofnkostnaðarframlög til mótvægisaðgerða vegna skerðingar á aflamarki þorsks. Á móti falla nokkur verkefni niður eða lækka þar sem þeim er að verða lokið svo sem framlag vegna Háskólatorgs og viðgerðir á Alþingishúsi.

3.2 Safnliðir

Alþingi ákveður fjárframlög til einstakra verkefna og stofnana og verður þeim ákvörðunum ekki breytt nema með lögum. Nauðsynlegt er þó fyrir framkvæmdarvaldið að hafa ákveðinn sveigjanleika innan ársins til að mæta breytingum á forsendum frá samþykkt fjárlaga og færa fjárheimildir á þá fjárlagaliði þar sem stofnað er til þeirra. Þannig eru í frumvarpinu tilteknir safnliðir með óskiptum fjárheimildum sem venja hefur verið að ráðstafa innan ársins með millifærslu á aðra fjárlagaliði án þess að sækja þurfi til þess heimild Alþingis enda er heildarfjárheimild óbreytt eftir sem áður. Í lok greinargerðar um hvert ráðuneyti í skýringum með frumvarpinu er yfirlit yfir slík viðfangsefni með óskiptum fjárheimildum sem ætlaðar eru til að mæta ýmsum sameiginlegum eða ófyrirséðum kostnaði tiltekinna verkefna. Fjárheimildir eru millifærðar af þessum viðfangsefnum á önnur viðfangsefni þar sem viðkomandi kostnaður er gjaldfærður miðað við framvinduna innan ársins. Eru millifærslurnar í samræmi við þær forsendur og þau verkefni sem liðirnir ná yfir. Má þar t.d. nefna safnliði vegna fjárfestinga, launa- og verðlagsbreytinga, sameiginleg útgjöld vegna heimildagreinar fjárlaga, ráðstöfunarfé ráðherra og safnliði fyrir vissa flokka samstæðra stofnana til að mæta breytingum á forsendum um nemendafjölda eða nýtingu hjúkrunarrýma o.fl. Verði breytingar á forsendum, t.d. um nýtingu hjúkrunarrýma, er millifært af viðkomandi safnlið á viðkomandi hjúkrunarheimili ef nýtingin er meiri en af hjúkrunarheimilinu á safnliðinn ef nýtingin reynist minni en áætlað var í fjárlögum. Samkvæmt 37. gr. fjárreiðulaga er heimilt að flytja fjárheimildir á milli einstakra rekstrarviðfangsefna hvers ríkisaðila í A-hluta. Er heimildin til komin þar sem áætlanir geta breyst um hvernig verkefni skipast innan hverrar stofnunar og ekki talin ástæða til að leggja hvert slíkt

tilvik fyrir Alþingi. Ekki er um að ræða að heimilt sé að millifæra fjárheimildir ef t.d. verkefni er fært frá einni stofnun til annarrar eða ef áformað er að nota ónýtta stofnkostnaðarheimild til reksturs. Í slíkum tilvikum er sótt um breytingu til Alþingis í fjáraukalögum. Ekki er um að ræða breytingu á þeirri framkvæmd sem verið hefur undanfarin ár. Var í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2005 í fyrsta sinn birt yfirlit yfir millifærsluliði hjá hverju ráðuneyti en ekki þótti nægjanlega skýrt við samþykkt fjárlaga hve víðtækar heimildir framkvæmdarvaldið hefði í þessum efnum. Fjárveitingavaldið er í höndum Alþingis og því eðlilegt að við afgreiðslu fjárlaga liggi fyrir hvert svigrúm framkvæmdarvaldsins er til að millifæra fjárheimildir á milli fjárlagaliða innan ársins.

Fjármálaráðuneytið hefur gert viðmiðunarreglur um millifærslur fjárheimilda innan ársins og eru þær eftirfarandi:

Samkvæmt 37. gr. fjárreiðulaga er heimilt að flytja fjárheimild milli einstakra rekstrarverkefna innan stofnunar enda séu verkefnin skilgreind í fjárlögum. Með ákvæðinu er komið á móts við sjónarmið um aukinn sveigjanleika stofnana til ráðstöfunar fjármuna sinna. Einnig eru í fjárlögum óskiptir safnliðir sem hafa verið notaðir til að mæta ýmsum sameiginlegum kostnaði og millifært er af milli fjárlagaliða. Er í fjárlagafrumvarpi birtur listi yfir þá liði. Tilvik, sem fela í sér greiðslu kostnaðarhlutdeildar, kaup eða sölu þjónustu milli verkefna, skulu hins vegar gerð með útgáfu reiknings sem færist til gjalda og tekna í bókhaldi á viðkomandi verkefni. Hvert ráðuneyti ber ábyrgð á millifærslu fjárheimilda samkvæmt reglum þessum og að fjárheimildir séu fyrir hendi en fjármálaráðuneytið hefur eftirlit með millifærslunum og heldur skrá með skýringum um einstakar millifærslur.

1. Alþingi ákvarðar fjárheimildir einstakra fjárlagaliða og verkefna í fjárlögum, fjáraukalögum og lokafjárlögum.

2. Eftir afgreiðslu fjárlaga er heimilt að millifæra fjárheimildir innan fjárlagaársins á milli einstakra rekstrarverkefna hvers ríkisaðila í A-hluta enda séu verkefnin tilgreind í fjárlögum, sbr. 37. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins.

3. Sé talið nauðsynlegt að millifæra fjárheimildir á fjárlagaliði eða viðfangsefni, sem ekki eru tilgreind í fjárlögum og stofna nýjan fjárlagalið eða viðfangsefni innan ársins, skal Fjársýsla ríkisins hafa samráð við fjárlagaskrifstofu um það.

4. Óheimilt er að millifæra fjárheimildir á milli framkvæmdaviðfangsefna (stofnkostnaðar- og viðhaldsviðfangsefna) og rekstrarviðfangsefna, sbr. lið 2, nema Alþingi veiti heimild til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum.

5. Tilteknir fjárlagaliðir og viðfangsefni eru skilgreind sem safnliðir með óskiptri fjár-

heimild og er þeim ætlað að mæta ýmsum kostnaði við sameiginleg verkefni ráðuneyta eða samstæðra stofnana. Sumir safnliðir fjárlaga eru ætlaðir til að millifæra fjárheimildir til stofnana þar sem framlög til þeirra eru ákvörðuð miðað við tilteknar forsendur um þjónustu eða framleiðslu og endanleg fjárheimild á að ráðast af uppgjöri á því magni þjónustu sem veitt er, svo sem fjölda nemenda eða legurýma. Heimilt er að millifæra fjárheimildir innan ársins af slíkum safnliðum til viðkomandi verkefna í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna eins og tilgreint er í fjárlagafrumvarpi.

6. Viðfangsefni fjárlaga, sem flokkast sem safnliðir, skulu einvörðungu notaðir til að flytja heimildir innan ársins á viðkomandi viðfangsefni þar sem efnt er til útgjaldanna og þau eru gjaldfærð. Sjálfir liðirnir skulu ekki notaðir til að færa gjöld eða tekjur í bókhaldi.

00 Æðsta stjórn ríkisins

Útgjöld og fjármögnun æðstu stjórnar ríkisins breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	2.573,2	3.065,7	2.996,3	-2	16
Neyslu- og rekstrartilfærslur	61,2	66,8	66,8	0	9
Stofnkostnaður og viðhald	115,9	177,8	119,6	-33	3
Samtals	**2.750,3**	**3.310,3**	**3.182,7**	**-4**	**16**
Greitt úr ríkissjóði	-	3.310,3	3.182,7	-4	-
Innheimt af ríkistekjum	-			-	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals	-	**3.310,3**	**3.182,7**	**-4**	-

Heildargjöld á fjárlagaliðum æðstu stjórnar ríkisins árið 2008 eru áætluð um 3.229 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 46 m.kr. en þær nema 1,4% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 3.183 m.kr. og eru þau öll fjármögnuð með beinu framlagi úr ríkissjóði.


Rekstrargjöld að frádregnum sértekjum eru áætluð 2.996 m.kr. og lækka um 69 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Það jafngildir 210 m.kr. lækkun að raungildi því launa- og verðlagsbætur frumvarpsins eru 141 m.kr. Munar þar mest um að niður falla nokkur framlög sem veitt voru til tímabundinna verkefna en þau nema alls 230,9 m.kr.

Neyslu- og rekstrartilfærslur nema 67 m.kr. og eru óbreyttar frá fjárlögum 2007.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 120 m.kr. og er það 58 m.kr. lækkun milli ára. Munar þar mest um að niður falla nokkur framlög sem veitt voru til tímabundinna verkefna samtals 110 m.kr. en á móti kemur að lagt er til að veitt verði 50 m.kr. tímabundið framlag til framkvæmda á Alþingisreit.

Vikið er nánar að helstu útgjaldabreytingum í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda árið 2008 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.



Fjárlagaliðir æðstu stjórnar ríkisins

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar á fjárveitingum stofnana sem tilheyra æðstu stjórn ríkisins.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Embætti forseta Íslands	167,5	182,7	196,4	7,5	17,3
Alþingi	1.783,2	2.265,0	2.020,2	-10,8	13,3
Framkvæmdir á Alþingisreit	2,3	10,0	50,0	400,0	2.073,9
Ríkisstjórn	217,9	221,3	247,0	11,6	13,4
Hæstiréttur	112,3	120,2	138,9	15,6	23,7
Umboðsmaður Alþingis	93,6	97,6	101,2	3,7	8,1
Ríkisendurskoðun	373,5	413,5	429,0	3,7	14,9
Samtals	**2.750,3**	**3.310,3**	**3.182,7**	**-3,9**	**15,7**

101 Embætti forseta Íslands. Gert er ráð fyrir 196,4 m.kr. fjárveitingu til embættisins á næsta ári en það jafngildir 5,8 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum yfirstandandi árs. Lögð er til 9,4 m.kr. hækkun fjárveitingar til að viðhalda jafnvægi í rekstri embættisins en á móti er gerð 3,6 m.kr. hagræðingarkrafa.

201 Alþingi. Framlög til Alþingis eru áætluð 2.020,2 m.kr. og lækka um 244,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Launa- og verðlagsbætur eru 79,8 m.kr. og því nemur lækkunin 324,6 m.kr. að raungildi. Lækkun fjárveitinga stafar af því að niður falla nokkur fram-

lög sem veitt voru vegna tímabundinna útgjalda, samtals 327,4 m.kr. Munar þar mest um 155 m.kr. vegna ársþings þingmannanefndar NATO, 52 m.kr. vegna biðlauna og viðbótar þingfararkaups á kosningaári og 50 m.kr. stofnkostnað skólaþings. Á móti kemur að 3,5 m.kr. fjárveiting sem veitt var tímabundið á fjárlögum 2004 til að bæta aðstöðu fatlaðra alþingismanna hækkar um 1 m.kr. og verður varanleg og framlag til stofnkostnaðar hækkar um 1,8 m.kr. við það að tímabundin 5% frestun stofnkostnaðar í fjárlögum 2007 gengur nú til baka. Rekstrarumfang Alþingis hefur verið nokkru meira en gert hefur verið ráð fyrir í fjárlögum. Um er að ræða útgjöld sem fjármögnuð hafa verið með sértekjum og er gerð leiðrétting á því í frumvarpinu með því að hækka hvoru tveggja um 9 m.kr. Gjöld umfram tekjur og bein framlög úr ríkissjóði verða óbreytt eftir sem áður. Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir gjöld og fjárveitingar á fjárlagalið Alþingis.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Alþingiskostnaður	699,4	805,6	791,9	-1,7	13,2
Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka	55,0	65,0	65,0	0,0	18,2
Fastanefndir	9,0	29,5	30,6	3,7	240,0
Alþjóðasamstarf	62,7	247,5	90,5	-63,4	44,3
Almennur rekstur	661,0	729,5	764,8	4,8	15,7
Sérverkefni	25,7	52,1	33,1	-36,5	28,8
Rekstur fasteigna	165,0	169,0	175,7	4,0	6,5
Fasteignir	56,1	59,0	24,0	-59,3	-57,2
Tæki og búnaður	49,3	107,8	44,6	-58,6	-9,5
Samtals	**1.783,2**	**2.265,0**	**2.020,2**	**-10,8**	**13,3**

205 ***Framkvæmdir á Alþingisreit.*** Gert er ráð fyrir 50 m.kr. fjárveitingu á liðinn. Niður fellur 10 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var á fjárlögum 2007 til að ljúka endurskoðun á deiliskipulagi Alþingisreits og undirbúa fornleifarannsóknir á vesturhluta reitsins og hönnun nýbygginga. Á móti er gerð tillaga um 50 m.kr. tímabundið framlag til fornleifarannsókna á reitnum og frumhönnunar nýbygginga. Reiknað er með að Skjaldbreið verði uppmæld og tekin niður. Gert er ráð fyrir að hún verði endurbyggð að hluta síðar.

301 ***Ríkisstjórn.*** Laun ráðherra að undanskildu þingfararkaupi, laun aðstoðarmanna ráðherra og þóknun ritara ríkisstjórnarinnar eru greidd af þessum fjárlagalið. Gert er ráð fyrir 247 m.kr. fjárveitingu á liðinn sem er 25,7 m.kr. hækkun frá fjárlögum 2007. Launabætur eru 15,7 m.kr. og auk þess er lögð til 10 m.kr. hækkun á fjárveitingu svo fjárhagsrammi verði sem næst raunútgjöldum.

*620 **Ríkisendurskoðun.*** Gert er ráð fyrir 429 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar. Það er 15,5 m.kr. hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs og stafar alfarið af launa- og verðlagsuppfærslu. Rekstrarumfang stofnunarinnar hefur verið nokkru meira en gert hefur verið ráð fyrir í fjárlögum. Um er að ræða útgjöld sem fjármögnuð hafa verið með sértekjum og er gerð leiðrétting á því í frumvarpinu með því að hækka hvoru tveggja um 6 m.kr. Gjöld umfram tekjur og bein framlög úr ríkissjóði verða óbreytt eftir sem áður.

01 Forsætisráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun forsætisráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	725,1	739,9	818,5	11	13
Neyslu- og rekstrartilfærslur	310,3	286,9	330,2	15	6
Stofnkostnaður og viðhald	104,8	159,7	161,9	1	54
Samtals	**1.140,2**	**1.186,5**	**1.310,6**	**10**	**15**
Greitt úr ríkissjóði	-	1.186,5	1.310,6	10	-
Innheimt af ríkistekjum	-			-	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals	-	**1.186,5**	**1.310,6**	**10**	-

Heildargjöld forsætisráðuneytis árið 2008 eru áætluð um 1.350 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 40 m.kr. en þær nema tæpum 3% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 1.310 m.kr. og eru öll fjármögnuð með beinu framlagi úr ríkissjóði.

Samkvæmt lögum nr. 109/2007 um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, verður Hagstofa Íslands ekki ráðuneyti heldur sjálfstæð stofnun undir forsætisráðuneyti frá og með 1. janúar 2008. Við aðra umræðu fjárlaga verða fluttar breytingatillögur við fjárlagafrumvarpið miðað við breytta skipan Stjórnarráðsins.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 819 m.kr. og hækka um 79 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um 40 m.kr. tímabundið framlag til verkefnisins Island.is, 5,9 m.kr. tímabundið framlag til undirbúnings að formennskuári Íslands í Norrænu ráðherranefndinni og 5 m.kr. tímabundið framlag til undirbúnings hátíðarhöldum vegna tveggja alda afmælis Jóns Sigurðssonar, forseta.


Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 43 m.kr. og verða 330 m.kr. en eru 287 m.kr. í fjárlögum ársins 2007. Fyrir utan verðlagsuppfærslu munar mest um 21,3 m.kr. hækkun á

framlagi til Norrænu ráðherranefndarinnar, 18 m.kr. aukin framlög til Hrafnseyrarnefndar, þar af 15 m.kr. tímabundið, og 11,7 m.kr. tímabundið framlag til byggingar Norður-atlantshúss við höfnina í Óðinsvéum í Danmörku. Niður falla samtals 11,5 m.kr. framlög sem veitt voru til tímabundinna verkefna.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 162 m.kr. og hækkar um 2 m.kr. milli ára. Stærstu breytingarnar eru 20 m.kr. tímabundið framlag til viðhalds á Þjóðmenningarhúsinu og 12,8 m.kr. lækkun á framlögum til verkefna íslenska upplýsingasamfélagsins.

Vikið er nánar að helstu útgjaldabreytingum í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2008 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.



Skuldbindandi samningar

Forsætisráðuneytið hefur gert nýjan samning við Vesturfarasetrið á Hofsósi um 28 m.kr. árlegt framlag á árunum 2008 til 2011. Samkvæmt samningnum er veitt 18 m.kr. rekstrarframlag til menningartengsla Íslendinga og fólks af íslenskum ættum sem búsett er í Norður Ameríku og 10 m.kr. framlag til uppbyggingar á gamla þorpskjarnanum á Hofsósi. Eldri samningar sem alls gerðu ráð fyrir 23 m.kr. árlegum framlögum falla jafnframt niður. Fjárhæðir í töflunni eru á áætluðu verðlagi ársins 2008 og miðast við hámarks-skuldbindingu. Samtals nema samningarnir 2,1% af útgjöldum ráðuneytisins á árinu 2008.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2007	2008	2009	2010	2011
Vesturfarasetrið á Hofsósi	C	23,0	28,0	28,0	28,0	28,0
Samtals		**23,0**	**28,0**	**28,0**	**28,0**	**28,0**

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir forsætisráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	215,4	250,6	257,0	2,6	19,3
Ýmis verkefni	306,5	252,5	275,8	9,2	-10,0
Ráðstöfunarfé	0,0	5,0	5,0	0,0	-
Samtals	**521,9**	**508,1**	**537,8**	**5,8**	**3,0**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 17,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru þær að lagt er til að framlag til Hrafnseyrarnefndar hækki um 18 m.kr., þar af 15 m.kr. tímabundið til endurnýjunar á Safni Jóns Sigurðssonar og umhverfisframkvæmda á Hrafnseyri, gert er ráð fyrir að veitt verði 11,7 m.kr. tímabundið framlag til byggingar Norðuratlantshúss í Óðinsvéum, framlag til Vesturfaraseturs á Hofsósi hækkar um 5 m.kr. og veitt er 5 m.kr. tímabundið framlag til nefndar um minningu tveggja aldar afmælis Jóns Sigurðssonar forseta. Niður falla nokkur eldri framlög sem veitt voru til tímabundinna verkefna samtals 26,9 m.kr.

101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa. Gert er ráð fyrir 257 m.kr. fjárveitingu til skrifstofunnar. Það jafngildir 3,2 m.kr. lækkun fjárveitingar að raungildi frá fjárlögum yfirstandandi árs og skýrist af aðhaldskröfu og breyttri forgangsröðun innan langtímaáætlunar.

190 Ýmis verkefni. Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 275,8 m.kr. á næsta ári og jafngildir það 20,9 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Helstu breytingar eru: Fjárveiting á viðfangsefni *1.16 Evrópunefnd* lækkar um 5,3 m.kr. vegna hagræðingarkröfu. Lagt er til að 14,4 m.kr. framlag á viðfang *1.18 Stjórnarskrárnefnd* sem veitt var tímabundið á fjárlögum 2005 og hefði að óbreyttu átt að falla niður verði veitt áfram þar sem starfi nefndarinnar er ekki lokið. Fjárveiting á viðfangsefni *1.21 Öryggismálanefnd* lækkar um 2 m.kr. vegna hagræðingarkröfu. Lagt er til að fjárveiting til Hrafnseyrarnefndar á viðfangi *1.23 Hrafnseyri* hækki um 18 m.kr. Annars vegar vegna 15 m.kr. framlags sem er fyrsti hluti af alls 80 m.kr. tímabundnu framlagi sem gert er ráð fyrir að verði veitt á næstu fjórum árum til endur-

nýjunar á Safni Jóns Sigurðssonar og umhverfisframkvæmda á Hrafnseyri og er liður í undirbúningi að hátíðarhöldum árið 2011 vegna 200 ára afmælis Jóns Sigurðssonar, forseta. Hins vegar vegna tillögu um 3 m.kr. fjárveitingu vegna breytinga á starfsskipulagi á Hrafnseyri og ráðstefnuhalds um Safn Jóns Sigurðssonar og Hrafnseyri í samvinnu við Háskólasetur Vestfjarða. Á viðfangsefni *1.25 Vesturfarasetrið á Hofsósi* er lögð til 5 m.kr. hækkun fjárveitingar, en forsætisráðuneytið hefur gert nýjan samning við Vesturfarasetrið um 28 m.kr. árlegt framlag á árunum 2008 til 2011. Samkvæmt samningnum verður veitt 18 m.kr. rekstrarframlag til menningartengsla Íslendinga og fólks af íslenskum ættum sem búsett er í Norður Ameríku og 10 m.kr. framlag til uppbyggingar á gamla þorpskjarnanum á Hofsósi. Eldri samningar sem alls gerðu ráð fyrir 23 m.kr. árlegum framlögum falla jafnframt niður. Á viðfangi *1.51 Undirbúningur að hátíðarhöldum vegna tveggja alda afmælis Jóns Sigurðssonar forseta*, er tillaga um 5 m.kr. tímabundið framlag á ári í fjögur ár vegna nefndar um minningu tveggja aldar afmælis Jóns Sigurðssonar, forseta. Nefndin mun starfa samkvæmt ályktun Alþingis til að undirbúa hvernig minnast eigi þess að 17. júní 2011 verða 200 ár liðin frá fæðingu Jóns Sigurðssonar. Í nefndinni munu eiga sæti fulltrúar stjórnmálaflokka, stofnana og samtaka sem tengjast minningu Jóns Sigurðssonar, forseta. Forsætisráðuneytið mun láta nefndinni í té starfsaðstöðu. Gert er ráð fyrir að fjárveiting á viðfangsefni *1.90 Ýmis verkefni* hækki um 0,2 m.kr. Munar þar mest um 11,7 m.kr., eða 1 milljón danskra króna, tímabundið framlag til byggingar Norðuratlantshúss við höfnina í Óðinsvéum. Norðuratlantshús er svipuð hugmynd og Norðurbryggja í Kaupmannahöfn og gert er ráð fyrir að Íslendingar, Færeyingar og Grænlendingar geti komið þar saman og haldið ýmsa menningarviðburði. Einnig verður þar aðstaða fyrir háskólanemendur frá þessum löndum, þ.á.m. nokkrar íbúðir. Á móti kemur að niður fellur 10,5 m.kr. tímabundið framlag til Jöklaseturs á Höfn í Hornafirði sem veitt var á fjárlögum 2006 og eins fellur niður 1 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var á fjárlögum 2007 til viðgerðar á píanói. Loks er á viðfangi *5.25 Viðhald á stafkirkju í Vestmannaeyjum* lagt til að 1 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var til fyrirbyggjandi viðhalds á fjárlögum 2004 falli ekki niður heldur verði varanlegt framlag til umsýslu og viðhalds á kirkjunni. Aðrar breytingar á fjárveitingum á þessum fjárlagalið skýrast af launa- og verðlagsbótum.

Annað

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 201 Fasteignir forsætisráðuneytis; 203 Fasteignir Stjórnarráðsins; 231 Norræna ráðherranefndin; 241 Umboðsmaður barna; 251 Þjóðmenningarhúsið; 253 Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn; 255 Gljúfrasteinn - Hús skáldsins; 261 Óbyggðanefnd; 271 Ríkislögmaður; 902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og 996 Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verkefni ráðuneyta.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fasteignir forsætisráðuneytis	74,6	74,6	76,2	2,1	2,1
Fasteignir Stjórnarráðsins	1,9	23,7	25,0	5,5	1.215,8
Norræna ráðherranefndin	130,0	134,8	162,0	20,2	24,6
Umboðsmaður barna	26,8	34,4	36,0	4,7	34,3
Þjóðmenningarhúsið	81,8	85,4	111,9	31,0	36,8
Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn	6,9	9,0	8,9	-1,1	29,0
Gljúfrasteinn - Hús skáldsins	35,6	30,0	31,7	5,7	-11,0
Óbyggðanefnd	89,7	85,1	87,8	3,2	-2,1
Ríkislögmaður	52,7	57,5	59,6	3,7	13,1
Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	77,9	74,1	76,3	3,0	-2,1
Ísl. uppl.samfélagið, sameiginleg verkefni ráðun.	37,0	69,8	97,4	39,5	163,2
Samtals	**614,9**	**678,4**	**772,8**	**13,9**	**25,7**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 80,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar launa- og verðlagsbætur. Munar þar mest um 27,2 m.kr. hækkun á framlagi til norrænu ráðherranefndarinnar vegna hækkunar á greiðsluhlutfalli Íslands og til undirbúnings að formennskuári Íslands í nefndinni, 23 m.kr. hækkun á framlagi til Þjóðmenningarhússins vegna utanhússviðhalds og útgáfu afmælisrits og 27,2 m.kr. hækkun á framlögum til verkefna Íslenska upplýsingasamfélagsins. Í eftirfarandi undirköflum er gerð nánari grein fyrir breytingum á fjárveitinum til einstakra fjárlagaliða málefnaflokksins.

203 Fasteignir Stjórnarráðsins. Gert er ráð fyrir 25 m.kr. fjárveitingu og hækkar hún um 1,3 m.kr. frá fjárlögum ársins í ár þar sem tímabundin 5% frestun stofnkostnaðar í fjárlögum 2007 gengur til baka. Auk þess er gert ráð fyrir að 6 m.kr. verði millifærðar af stofnkostnaði á rekstur vegna umsjónar með endurbóta- og viðhaldsframkvæmdum.

231 Norræna ráðherranefndin. Gert er ráð fyrir 162 m.kr. fjárveitingu á þennan lið og jafngildir það 27,2 m.kr. hækkun að raungildi frá gildandi fjárlögum. Á viðfangi *1.01 Norðurlandaskrifstofa forsætisráðuneytis* er tillaga um 5,9 m.kr. tímabundið framlag til að undirbúa formennskuár Íslands í norrænu ráðherranefndinni en Ísland tekur við formennsku í nefndinni 1. janúar 2009. Kostnaður við undirbúninginn felst í launum vegna tímabundinnar ráðningar starfsmanns og útgáfukostnaði. Á viðfangi *1.61 Framlag til norrænu ráðherranefndarinnar* er tillaga um 21,3 m.kr. hækkun á fjárveitingu þar sem framlag Íslands til norrænu ráðherranefndarinnar hækkar úr 1,1% í 1,3%. Skipting á framlögum aðildarríkja Norrænu ráðherranefndarinnar miðast við hlutdeild hvers lands í samanlögðum vergum þjóðartekjum á Norðurlöndum. Áætlað er að heildarframlag norrænu ríkjanna árið 2008 verði 825,5 milljónir danskra króna. Hlutur Íslands verður eins og áður sagði 1,3% eða rúmar 10,7 milljónir danskra króna.

251 ***Þjóðmenningarhúsið.*** Gert er ráð fyrir 111,9 m.kr. fjárveitingu til liðarins og jafngildir það 23 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum yfirstandandi árs. Annars vegar er tillaga um 20 m.kr. tímabundið framlag til viðhaldsframkvæmda. Framkvæmdasýsla ríkisins mat ástand hússins að utan í fyrravor. Ráðast þarf í sprunguviðgerðir og mála húsið að utan ásamt því að gera við útitröppur og grindverk á lóðarmörkum. Þá hefur komið í ljós að skemmdir á fjórum skorsteinum hússins eru meiri en í fyrstu var talið og nauðsynlegt er að ráðast í viðgerð á þeim sem fyrst. Upphafleg áætlun gerði ráð 15 m.kr. kostnaði en ljóst er að umfang verksins er meira og heildarkostnaður um 20 m.kr. Hins vegar er lagt til að veitt verði 3 m.kr. tímabundið rekstrarframlag í tvö ár til útgáfu afmælisrits í tilefni þess að á árinu 2009 verða 100 ár liðin frá byggingu hússins. Útgáfan er áformuð í mars 2009 en hefja þarf undirbúning á næsta ári. Ritið mun fjalla um byggingasögu hússins og hlutverk þess og þá starfsemi sem þar hefur verið, þ.e. starfsemi Landsbókasafnsins, Þjóðskjalasafnsins, Þjóðminjasafnsins, Náttúrugripasafnsins og Þjóðmenningarhússins. Rekstrarumfang stofnunarinnar hefur verið nokkru meira en gert hefur verið ráð fyrir í fjárlögum. Um er að ræða útgjöld sem fjármögnuð hafa verið með sértekjum og er gerð leiðrétting á því í frumvarpinu með því að hækka hvoru tveggja um 5 m.kr. Gjöld umfram tekjur og bein framlög úr ríkissjóði verða óbreytt eftir sem áður.

255 ***Gljúfrasteinn - Hús skáldsins.*** Gert er ráð fyrir 31,7 m.kr. fjárveitingu til safnsins en það jafngildir 0,8 m.kr. hækkun að raungildi frá gildandi fjárlögum. Lögð er til 2,7 m.kr. hækkun á rekstrarfjárveitingu þar sem tekjur safnsins hafa verið lægri en upphafleg áætlun gerði ráð fyrir. Niður fellur 2 m.kr. tímabundið framlag til endurbóta og frágangs á húsi og lóð en á móti hækkar fjárveiting um 0,1 m.kr. þar sem tímabundin 5% frestun stofnkostnaðar í fjárlögum 2007 gengur til baka.

261 ***Óbyggðanefnd.*** Gert er ráð fyrir 87,8 m.kr. fjárveitingu til nefndarinnar og er það óbreytt fjárveiting að raungildi frá fjárlögum ársins í ár. Lagt er til að 17 m.kr. tímabundið framlag til greiðslu á kostnaði annarra en ríkisins af hagsmunagæslu fyrir nefndinni og veitt var til sjö ára á fjárlögum 2001 falli ekki niður heldur framlengist um fjögur ár. Með lögum nr. 19/2006 var starfstími nefndarinnar framlengdur og nú er stefnt að því að nefndin ljúki störfum á árinu 2011.

271 ***Ríkislögmaður.*** Gert er ráð fyrir 59,6 m.kr. fjárveitingu til embættisins og er það óbreytt fjárveiting að raungildi frá fjárlögum ársins í ár. Rekstrarumfang embættisins hefur verið nokkru meira en gert hefur verið ráð fyrir í fjárlögum. Um er að ræða útgjöld sem fjármögnuð hafa verið með sértekjum og er gerð leiðrétting á því í frumvarpinu með því að hækka hvoru tveggja um 2 m.kr. Gjöld umfram tekjur og bein framlög úr ríkissjóði verða óbreytt eftir sem áður.

*902 **Þjóðgarðurinn á Þingvöllum.*** Gert er ráð fyrir 76,3 m.kr. fjárveitingu til liðarins en það jafngildir 1,1 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum ársins í ár. Breytingar eru þær að framlag til stofnkostnaðar hækkar um 1,6 m.kr. þar sem tímabundin 5% frestun stofnkostnaðar í fjárlögum 2007 gengur til baka og rekstrarfjárveiting lækkar um 0,5 m.kr. vegna aðhaldskröfu og breyttrar forgangsröðunar innan langtímaáætlunar. Rekstrarumfang stofnunarinnar hefur verið nokkru meira en gert hefur verið ráð fyrir í fjárlögum. Um er að ræða útgjöld sem fjármögnuð hafa verið með sértekjum og er gerð leiðrétting á því í frumvarpinu með því að hækka hvoru tveggja um 6 m.kr. Gjöld umfram tekjur og bein framlög úr ríkissjóði verða óbreytt eftir sem áður.

*996 **Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verkefni ráðuneyta.*** Gert er ráð fyrir 97,4 m.kr. fjárveitingu til verkefna Íslenska upplýsingasamfélagsins hjá forsætisráðuneytinu. Það er 27,6 m.kr. hærri fjárveiting en veitt var til þeirra mála á fjárlögum 2007 en þar af eru 0,4 m.kr. launa- og verðlagsbætur á nýju rekstrarviðfangsefni. Fjárveiting á þennan lið er eins og jafnan áður veitt tímabundið til eins árs og gengur til eftirtalinna verkefna: 1. Rafræn þjónustuveita hins opinbera, Island.is, 40 m.kr. Framlagið er ætlað til reksturs, hýsingar, viðhalds og viðbóta við þjónustuvefinn Island.is sem gangsettur var í mars 2007. 2. Island.is, gagnvirkni og undirbúningur að mínum síðum, 13 m.kr. Verkefnið er þróunarverkefni sem felur í sér að undirbúa aðgengi almennings að persónubundnum upplýsingum hjá opinberum aðilum, innleiða rafræn eyðublöð, rafræna auðkenningu og rafrænar greiðslur á Island.is. 3. Upplýsingabraut kerfa ríkisins og sveitarfélaga, 10 m.kr. Um er að ræða tímabundið verkefni sem gerir stofnunum kleift að veita viðskiptavinum sínum gagnvirka þjónustu þar sem nauðsynlegt er að sækja gögn til annarra stofnana á auðveldan og öruggan máta. 4. Rafræn stjórnsýsla - stoðverkefni, 8 m.kr. Verkefnið snýr að stöðlum í rafrænni stjórnsýslu, mótun leiðbeininga um skjalasendingar og opinn hugbúnað, kynningarmál og UT-daginn 2008. 5. Rafræn málsmeðferð, 13 m.kr. Verkefnið lýtur að rafrænni málsmeðferð innan stjórnarráðsins. Rafrænum sendingum mála og skjala milli ráðuneyta og nýrri virkni í málaskrárkerfi m.a. til að gera kleift að nota það í rafræn samskipti við almenning. 6. Notandinn í fyrirrúmi, framþróun opinberra vefja, 5 m.kr. Verkefnið felur í sér mótun stefnu um opinbera vefi þar sem lögð verður áhersla á að tryggja gæði vefjanna, aðgengi þeirra fyrir alla hópa í samfélaginu og viðunandi þjónustustig. Auk stefnunnar sjálfrar verður útbúin handbók og haldnar kynningar og/eða námskeið. 7. Mælikvarðar og úttektir í rafrænni stjórnsýslu, 8 m.kr. Fengnir verða ráðgjafar til að gera úttekt á stöðu rafrænnar stjórnsýslu á Íslandi. Þróaðir verði mælikvarðar í rafrænni stjórnsýslu eða erlendir mælikvarðar aðlagaðir að íslenskum aðstæðum og stuðlað að því að stofnanir setji sér mælanleg markmið í rafrænni stjórnsýslu.

Íslenska upplýsingasamfélagið, heildaryfirlit

Rekstrargrunnur, m.kr.		Frumvarp 2008
01-996-1.01	**Íslenska upplýsingasamfélagið, rafræn þjónustuveita hins opinbera**	
	Rafræn þjónustuveita hins opinbera, Island.is	40,0
01-996-6.51	**Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verkefni ráðuneyta**	
	Island.is, gangvirkni og undirbúningur að mínum síðum	13,0
	Upplýsingabraut kerfa ríkis og sveitarfélaga	10,0
	Rafræn stjórnsýsla, stoðverkefni	8,0
	Rafræn málsmeðferð	13,0
	Notandinn í fyrirrúmi, framþróun opinberra vefja	5,0
	Mælikvarðar og úttektir í rafrænni stjórnsýslu	8,0
02-299-1.80	**Háskóla og rannsóknastarfsemi. Vísindastarfsemi**	
	Framtíðarskipan gagnagrunna á Íslandi	5,0
05-190-1.98	**Ýmis verkefni. Ýmis framlög sjávarútvegsráðuneytis**	
	Gagnaveita um haf og sjávarútveg	5,0
06-106-1.01	**Þjóðskrá**	
	Ríkisnetfang	5,0
	Umsóknir og vottorð Þjóðskrár. Gögn þjóðar skráð	10,0
	Útgáfa nafnskírteina	7,0
07-700-1.90	**Málefni fatlaðra. Ýmis verkefni**	
	Aukið aðgengi öryrkja og fatlaðra að upplýsingasamfélaginu	5,0
08-201-6.01	**Tryggingastofnun ríkisins. Tæki og búnaður**	
	Rafræn samvinna TR og RSK, til hagsbóta fyrir sameiginlega viðskiptavini	7,0
	Rafræn þjónustugátt TR	10,0
08-399-6.91	**Heilbrigðismál, ýmis starfsemi. Upplýsingatæknimál**	
	Kvikan - vefur sjúklinga og aðstandenda	11,0
08-800-6.01	**Heilsugæslustöðvar, almennt. Tæki og búnaður**	
	Rafræn samskipti við skjólstæðinga og pappírslaus heilsugæslustöð	7,0
09-103-1.47	**Fjársýsla ríkisins. Fjárhags- og starfsmannakerfi ríkisins**	
	Innleiðing rafrænna reikninga í Oracle-kerfinu	14,0
09-999-6.95	**Ýmislegt. Þróunarmál í upplýsingatækni**	
	Útboðstorg opinberra aðila	10,0
	Grunnstoðir fyrir skilvirka rafræna þjónustu og gagnasamskipti kerfa ríkisins	12,0
	Rafræn skilríki fyrir almenning og fyrirtæki. Rafræn skilríki fyrir starfsemi ríkisins	14,0
10-651-1.01	**Ferðamálastofa**	
	Miðlun upplýsinga um íslenska ferðaþjónustu og náttúru	5,0
11-205-1.01	**Nýsköpunarmiðstöð Íslands**	
	Gagnvirk þjónustumiðstöð um stofnun og rekstur	6,0
12-421-1.01	**Neytendastofa**	
	Rafræn neytendastofa	5,0
14-401-1.01	**Náttúrufræðistofnun Íslands**	
	Náttúruvefsjá	5,0
	Samtals	**240,0**
	Frestun stofnkostnaðar í fjárlögum 2007 gengur til baka.	8,1

Í frumvarpinu er áætlað fyrir útgjöldum til málefna upplýsingasamfélagsins í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar. Gert er ráð fyrir útgjöldunum á fjárlagaliðum viðkomandi aðila sem annast um verkefnin. Verkefnin, sem þessu tengjast, eru samþykkt af verkefnisstjórn á vegum forsætisráðuneytisins og fjármögnuð með sérstakri fjárveitingu sem stjórnin skiptir niður á umsóknir. Fyrir utan sameiginleg verkefni ráðuneyta er gerð krafa um að minnsta kosti jafn hátt mótframlag frá hlutaðeigandi ráðuneytum vegna þessara verkefna. Verkefnisstjórnin skipti samtals 240 m.kr. til upplýsingaverkefna í frumvarpinu en þegar tekið er tillit til mótframlaga og þess að til baka gengur 8,1 m.kr. frestun útgjalda til verkefna upplýsingasamfélagsins á fjárlögum 2007 er í heildina áætlað að verja um 365 m.kr. til þeirra. Við úthlutun fjár að þessu sinni lagði verkefnisstjórn megináherslu á verkefni á sviði rafrænnar stjórnsýslu.

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem ætlaðir eru til að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um safnliði er að finna í kafla 3.2 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
01-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.

02 Menntamálaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun menntamálaráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	26.110,6	29.430,2	32.767,7	11	25
Neyslu- og rekstrartilfærslur	13.586,4	14.476,4	15.611,7	8	15
Stofnkostnaður og viðhald	3.742,9	2.345,2	2.578,5	10	-31
Samtals	**43.439,9**	**46.251,8**	**50.957,9**	**10**	**17**
Greitt úr ríkissjóði	-	42.051,2	47.149,7	12	-
Innheimt af ríkistekjum	-	4.200,6	3.808,2	-9	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	0	-
Samtals	-	**46.251,8**	**50.957,9**	**10**	-

Heildargjöld menntamálaráðuneytis árið 2008 eru áætluð um 55.450 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 4.492 m.kr. en þær nema 8,1% af heildar-

gjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 50.958 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 47.150 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 3.808 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.


Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 32.768.kr. og hækka um 3.338 m.kr. fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana sem nema 1.046 m.kr. munar þar mest um 1.237 m.kr. hækkun til kennslu og rannsókna í háskólum, 542 m.kr. vegna flutnings Sinfóníuhljómsveitar Íslands úr B-hluta yfir í A-hluta, 348 m.kr. vegna niðurfellingar á undanþágu frá greiðslu fasteignagjalda af ýmsu húsnæði í eigu ríkisins 310 m.kr. vegna fjölgunar nemenda og breytinga í námsframboði í framhaldsskólum, 30 m.kr. til Öryggismálasafns og 30 m.kr. til uppbyggingar Náttúruminjasafns Íslands. Á móti falla niður framlög sem veitt voru til tímabundinna verkefna en þau nema alls 41 m.kr. Einnig hafa rekstrarfjárveitingar ýmissa stofnana sem heyra undir ráðuneytið verið lækkaðar alls um 434 m.kr. vegna áforma um hagræðingu í rekstrarkostnaði. Sértekjur stofnana sem heyra undir ráðuneytið hafa verið nokkru meira en gert hefur verið ráð fyrir í fjárlögum undanfarinna ára og er gerð leiðrétting á því í frumvarpinu með því að hækka rekstrargjöld og sértekjur um samtals 587 m.kr. Bein framlög úr ríkissjóði verða því óbreytt eftir sem áður.

Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 1.135 m.kr. og verða 15.612 m.kr. en eru 14.476 m.kr. í fjárlögum ársins 2007. Auk launa- og verðlagsbreytinga sem nema 649 m.kr. munar þar mest um 200 m.kr. hækkun til aðildargjalda Íslands í vísindaáætlun ESB, 180 m.kr. fjárveitingar í samkeppnissjóði, 169 m.kr. hækkun vegna fjölgun lánþega hjá Lánasjóði Íslenskra námsmanna, 134 m.kr. til menningarsamninga á landsbyggðinni, 100 m.kr. til íslenskukennslu fyrir útlendinga, 60 m.kr. til ferðasjóðs Íþróttasambands Íslands, 52 m.kr. vegna endurmats sóknargjalda hjá Háskóla Íslands og 45 m.kr. til kvikmyndasjóðs. Á móti falla niður 453 m.kr. vegna tilfærslu Sinfóníuhljómsveitar Íslands úr B hluta yfir í A hluta og afnotagjöld Ríkisútvarpsins lækka um 171 m.kr. vegna lækkunar á virðisaukaskatti. Þá falla niður tímabundin verkefni 137 m.kr. og vegna áforma um hagræðingu lækka neyslu- og rekstrartilfærslur um 22 m.kr.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 2.579 m.kr. og er það 233 m.kr. hækkun milli ára. Stærstu breytingarnar eru 295 m.kr. til bygginu Húss íslenskra fræða, 288 m.kr. vegna tímabundinna frestanna á framkvæmdum sem ganga til baka, 175 m.kr. vegna Háskólans á Akureyri og 50 m.kr. til markáætlunar á sviði vísinda og tækni. Á móti falla niður tímabundin verkefni 598 m.kr.

Vikið er nánar að helstu útgjaldabreytingum í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2008 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.



Skuldbindandi samningar

Menntamálaráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um rekstrarverkefni sem áætlað er að nemi samtals um 5.606 m.kr. á yfirstandandi ári. Það svarar til 12,1% af heildarútgjöldum ráðuneytisins. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér á eftir. Fjárhæðir í töflunni, að undanskildu árinu 2007, eru á áætluðu verðlagi ársins 2008 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum.

Skuldbindandi samningum ráðuneyta er skipað í þrjá flokka í frumvarpinu: A, B og C. Samningar sem menntamálaráðuneytið stendur að ásamt fjármálaráðuneytinu skv. heimild í 30. gr. fjárreiðulaga eru merktir með bókstafnum A í töflunni og er kostnaður vegna þeirra áætlaður 3.422 m.kr. á yfirstandandi ári. Aðrir samningar sem bæði ráðuneytin standa að eru merktir með bókstafnum B og eru þær skuldbindingar áætlaðar 370 m.kr. Að lokum eru 1.815 m.kr. áætlaðar vegna samninga sem menntamálaráðuneytið stendur eitt að en þeir eru auðkenndir með bókstafnum C í töflunni. Gera má ráð fyrir að þeir samningar sem renna út á tímabilinu verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur, þannig að til jafnaðar verði nálægt 5,6 m.kr. bundnar árlega vegna framangreindra verkefna.

Á yfirstandandi ári var endurnýjaður samningur við Akureyrarbæ um menningarmál. Gengið var frá samningi um menningarmál milli ríkis og sveitarfélaga á svæði Eyþings, á Suðurnesjum, á Vestfjörðum, á Suðurlandi og á Norðurlandi Vestra. Hlutur menntamálaráðuneytisins er sýndir í töflunni hér að framan en samgönguráðuneytið kemur einnig að fjármögnun samninganna. Þá hefur verið gengið frá samningum milli ráðuneytisins og Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands vegna sérsambanda.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2007	2008	2009	2010	2011
Akureyrarbær, menningarmál í bænum	A	110,0	120,0	130,0	130,0	130,0
Háskólinn í Reykjavík, háskólanám	A	1.597,0	1.710,0	1.900,0	1.900,0	1.900,0
Listaháskóli Íslands, háskólanám	A	545,0	545,0	545,0	545,0	545,0
Reykholtskirkja - stofnstyrkur	A	6,0	6,0	6,0	6,0	-
Safnahús í Búðardal	A	10,0	10,0	10,0	10,0	0,0
Síldarminjasafn á Siglufirði, stofnkostnaður	A	15,0	10,0	-	-	-
Stoðþjónusta, viðh. og leiga Iðnsk. í Hafnarf.	A	87,7	87,7	87,7	-	-
Verzlunarskóli Íslands, framhaldsskólanám	A	786,0	786,0	786,0	786,0	786,0
Viðskiptaháskólinn á Bifröst	A	246,0	246,0	246,0	246,0	246,0
Víkingsnaust	A	19,0	20,0	20,0	20,0	20,0
Höfundarréttargreiðslur v/ljósritunar í skólum	B	40,0	40,0	40,0	0,0	0,0
Íslenska óperan	B	176,0	176,0	176,0	0,0	0,0
Menningarsamstarf, ýmsir samningar	B	154,0	121,0	109,0	0,0	0,0
Afreksmannasjóður ÍSÍ	C	30,0	30,0	30,0	30,0	30,0
Áhorfendaaðstaða á Laugardalsvelli, stofnk.	C	50,0	50,0	-	-	-
Dansmennt ehf. v. listdanskennslu í frh.sk.	C	45,0	45,0	45,0	-	-
Ferðasjóður íþróttahreyfinga	C	30,0	60,0	90,0	-	-
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ - viðbygging	C	50,0	75,0	80,0	-	-
Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, verkefni FA	C	69,5	69,5	69,5	-	-
Fræðslum.st. atvinnul. gr. frá FA til fræðslu.	C	214,2	214,2	214,2	-	-
Fullorðinsfræðsla fatlaðra	C	185,0	185,0	185,0	185,0	185,0
Hafnarfjarðarleikhúsið, leiklistarstarfsemi	C	20,0	20,0	20,0	-	-
Háhraðanet frh.sk. og símenntunarmiðst.	C	37,0	-	-	-	-
Háskólasetur Vestfjarða	C	18,0	18,0	18,0	18,0	0,0
Háskóli Íslands - menntun tannsmiða	C	12,0	12,0	12,0	12,0	12,0
Hraðbraut, framhaldsskóli	C	170,0	170,0	170,0	170,0	170,0
Húsavíkurstofa	C	21,0	21,0	21,0	21,0	0,0
Húsavíkurstofa	C	25,0	25,0	25,0	25,0	0,0
Hvalasafnið á Húsavík	C	10,0	10,0	10,0	-	-
ÍSÍ - framlag til sérsambanda	C	40,0	60,0	70,0	-	-
Íþróttaakademían - hreyfistundir í skólum	C	12,0	12,0	12,0	12,0	-
Kútter Sigurfari	C	12,0	12,0	12,0	12,0	12,0
Kvikmyndaskóli Íslands	C	28,0	33,0	35,0	-	-
Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar	C	18,0	-	-	-	-
Listahátíð í Reykjavík	C	34,0	36,0	36,0	36,0	36,0
Lundur, nemendagarðar	C	30,0	30,0	30,0	30,0	30,0
Snorrastofa	C	6,0	15,7	18,0	20,0	-
Menntafélagið ehf, Fjöltækniskóli Íslands	C	280,0	280,0	280,0	280,0	280,0
Menntaskóli Borgarfjarðar	C	52,0	52,0	52,0	52,0	52,0
Námsmatsstofnun vegna PISA	C	13,0	22,5	47,0	-	-
Reykjavíkurakademían	C	12,0	20,0	20,0	20,0	-
Símenntunarmiðstöðvar á 11 stöðum	C	121,0	121,0	121,0	121,0	121,0
Skriðuklaustur	C	0,0	15,0	15,0	15,0	15,0
Vetraríþróttamiðstöð á Akureyri, stofnk.	C	35,0	35,0	-	-	-
Víkin - Sjóminjasafn	C	10,0	10,0	10,0	-	-
Þekkingarnet Austurlands	C	18,0	18,0	18,0	18,0	18,0
Þekkingarsetur Þingeyinga	C	22,0	22,0	22,0	22,0	22,0
Ýmsir minni samningar	C	85,0	63,0	48,0	30,0	30,0
Samtals		**5.606,4**	**5.739,6**	**5.891,4**	**4.772,0**	**4.640,0**

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 menntamálaráðuneytið, aðalskrifstofa; 199 Ráðstöfunarfé

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	559,9	577,9	605,5	4,8	8,1
Ráðstöfunarfé	0,0	18,0	18,0	0,0	-
Samtals	**559,9**	**595,9**	**623,5**	**4,6**	**11,4**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 6,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru þær að óskað er eftir 8,5 m.kr. framlagi til ráðningar lögfræðings á skrifstofu menntamálaráðuneytisins. Í annan stað er óskað eftir 7,5 m.kr. framlagi vegna verkefnisstjóra á vettvangi námskrárdeildar, reiknilíkans og gagnameðferðar. Á móti er gert ráð fyrir 9,7 m.kr. lækkun vegna áforma um hagræðingu í rekstri.

Háskólar og rannsóknir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 201-203 Háskóli Íslands og stofnanir tengdar honum; 209 Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum; 210 Háskólinn á Akureyri; 215 Kennaraháskóli Íslands; 223 Námsmatsstofnun; 225 Háskólinn á Bifröst; 227 Háskólinn í Reykjavík; 228 Listaháskóli Íslands; 231 Rannsóknarmiðstöð Íslands; 234 Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora; 235-239 Rannsóknasjóður; 269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhalds og stofnkostnaður; 299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi og 985 Alþjóðleg samskipti.

Heildarútgjöld málefnaflokksins á rekstrargrunni eru áætluð 19.852,4 m.kr. sem er 2.798,3 m.kr. hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs, eða 16,4%. Þar af er áætlað að sértekjur standi undir 3.096,6 m.kr. sem er 422,3 m.kr. hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Gjöld að frádregnum sértekjum eru áætluð 16.755,7 m.kr. og hækka um 2.375,9 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs, þar af eru launa- og verðlagshækkanir 473,2 m.kr.

Stærstur hluti útgjalda málaflokksins eru rekstrarútgjöld og rekstrartilfærslur, 15.625,7 m.kr. og hækkar um 1.629,2 m.kr. fyrir utan launa- og verðlagsbreytingar. Stofnkostnaður hækkar um 271,7 m.kr. Áætlað er að háskólarnir innheimti 510,9 m.kr. ríkistekjur vegna innritunargjalda sem er hækkun um 8,6 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Háskóli Íslands	5.670,7	6.439,1	7.117,0	10,5	25,5
Tilraunastöð Háskólans að Keldum	174,9	151,1	184,4	22,0	5,4
Raunvísindastofnun Háskólans	284,6	334,1	354,9	6,2	24,7
Stofnun Sigurðar Nordals	17,2	-	-	-	-
Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	89,8	-	-	-	-
Orðabók Háskólans	22,6	-	-	-	-
Íslensk málstöð	14,4	-	-	-	-
Örnefnastofnun Íslands	9,1	-	-	-	-
Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum	63,9	246,2	258,7	5,1	304,9
Háskólinn á Akureyri	1.035,8	1.143,0	1.225,7	7,2	18,3
Tækniháskóli Íslands	15,1	-	-	-	-
Kennaraháskóli Íslands	1.485,3	1.562,1	1.653,5	5,9	11,3
Námsmatsstofnun	45,6	97,0	115,8	19,4	153,9
Háskólinn á Bifröst	231,9	246,2	274,9	11,7	18,5
Háskólinn í Reykjavík	1.368,8	1.596,4	1.858,6	16,4	35,8
Listaháskóli Íslands	529,8	544,5	586,7	7,8	10,7
Rannsóknamiðstöð Íslands	140,0	129,3	159,3	23,2	13,8
Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora	-	132,2	169,4	28,1	-
Markáætlun á sviði vísinda og tækni	32,2	104,5	160,0	53,1	396,9
Rannsóknasjóður	560,0	590,0	750,0	27,1	33,9
Tækjasjóður	97,6	110,0	115,0	4,5	17,8
Rannsóknarnámssjóður	62,0	80,0	90,0	12,5	45,2
Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnk.	86,4	66,8	640,0	858,1	640,7
Háskóla- og rannsóknastarfsemi	118,1	189,7	227,6	20,0	92,7
Alþjóðleg samskipti	564,6	617,6	814,2	31,8	44,2
Samtals	**12.720,4**	**14.379,8**	**16.755,7**	**16,5**	**31,7**

Þyngst vegur 1.236,9 m.kr. hækkun til kennslu og rannsókna í háskólum, þar af eru 136,6 m.kr. vegna fasteignagjalda, á móti er gerð krafa um 174,1 m.kr. hagræðingu í rekstri. Þá hækkar stofnkostnaður um 470 m.kr. vegna framkvæmda við Hús íslenskra fræða og Háskólann á Akureyri, 268 m.kr. hækkun framlaga í rannsóknarsjóði, 200 m.kr. hækkun aðildargjalda að áætlunum Evrópusambandsins og önnur háskólastarfsemi hækkar um ríflega 180 m.kr. Á móti fellur niður 390 m.kr. stofnkostnaðarframlag vegna byggingu Háskólatorgs.

Fjárveitingar til kennslu og rannsókna í háskólum eru ekki aðgreindar í frumvarpinu á mismunandi viðfangsefnaliðum hjá hverjum skóla eins og lengi tíðkaðist. Fyrirkomulaginu var breytt í fjárlögum 2006. Menntamálaráðuneytið áætlar þó, með sama hætti og áður, skiptingu fjárveitinga á milli kennslu á rannsókna, á grundvelli reglna nr. 646/1999 um fjárveitingar til háskóla og samninga við skólana. Skólarnir eru ekki bundnir af þeirri skiptingu.

Fjárveitingu til kennsluþáttarins er skipt niður á grundvelli útreikninga sem byggjast á áætlun um fjölda og skiptingu ársnemenda í verðflokka náms. Að árinu loknu eru út-

reikningarnir endurteknir með rauntölum ársnema. Skólinn heldur fjárveitingu sinni ef endurtekinn útreikningur gefur meira en 98% af henni, en getur ekki gert kröfu til viðbótarfjárveitingar þótt útreikningur gefi hærri niðurstöðu. Nánar er kveðið á um uppgjörsreglur í samningum menntamálaráðuneytisins og skólanna. Verðflokkar náms eru á bilinu 453 þús.kr. til 2.407 þús.kr. á árnemenda áður en tilteknir liðir eru dregnir frá, m.a. hluti af tekjum skólanna af skrásetningargjöldum nemenda og reiknuð fjárbinding í húsnæði ríkisins. Þessir frádráttarliðið og framsetning þeirra í frumvarpinu gera það að verkum að ekki er hægt að bera saman útgjöld ríkisins vegna skólanna þótt allir fái þeir framlög samkvæmt sömu reglum.

Verðflokkar, án frádráttarliða	Verð þús.kr.	Verðhlutfall
Nám á sviði félags- og mannvísinda, guðfræði og lögfræði og annað sambærilegt.	453	1,0
Styttra nám á sviði tölvufræða og stærðfræði og annað sambærilegt.	718	1,6
Kennaranám og annað hliðstætt nám sem m.a. felst í æfingakennslu.	769	1,7
Hjúkrunarnám og hliðstætt nám sem m.a. felst í þjálfun við meðhöndlun sjúklinga.	810	1,8
Nám í raunvísindum, verk- og tæknifr., m.a. verkl. æfingar og notkun sérhæfðs búnaðar.	1.032	2,3
Læknisnám sem felst m.a. í verklegum æfingum, notkun sérhæfðs búnaðar og þjálfun.	1.443	3,2
Nám í tannlækningum	2.407	5,3

Verðflokkar fyrir listnám á háskólastigi liggja ekki fyrir með sama hætti og vegna annars náms. Verð á árnemenda í Listaháskólanum eru á bilinu 769 þús.kr. til 2.972 þús.kr. og eru framlög til þróunarstarfs innifalin.

Árnemendur	HÍ	KHÍ	HA	VHB	HR	LHÍ	Áætlað 2008	Áætlað 2007
Félags- og mannvísindi	3.680	-	545	470	900	-	5.595	5.430
Tölvufræði og stærðfræði	170	-	65	-	220	-	455	455
Hjúkrunarfræði	520	-	290	-	-	-	810	750
Kennaranám o.þ.h.	145	1.610	360	-	190	30	2.335	2.270
Verk-, tækni-, efnafræði	1.140	-	88	-	685	66	1.979	1.829
Læknisfræði	340	-	-	-	-	-	340	330
Tannlækningar	55	-	-	-	-	-	55	45
Listnám	-	-	-	-	-	282	282	282
Framhaldsskólastig	-	-	-	40	185	-	225	225
Samtals 2008	**6.050**	**1.610**	**1.348**	**510**	**2.180**	**378**	**12.076**	**11.616**
Áætlað 2007	**5.875**	**1.560**	**1.268**	**480**	**2.060**	**373**	**11.616**	
Meðal verðhlutfall	1,5	1,7	1,5	1,0	1,3	3,3	1,7	

Í frumvarpinu er framlag til kennslu miðað við 12.076 árnemendur í háskólum. Það er fjölgun um 4% eða um 460 árnema frá forsendum fjárlaga 2007. Fjárveitingar til kennslu í háskólum hækka um 363,9 m.kr. fyrir utan launa- og verðlagshækkun og að teknu tilliti til

hagræðingar. Fjárhæðinni er skipt á grundvelli reglna um fjárveitingar til háskóla og samninga menntamálaráðuneytisins við skólana.

Framlög til rannsóknamála og tengdra verkefna aukast um 1.188,5 m.kr. fyrir utan launa- og verðlagshækkanir. Þar af hækka háskólar um 698,9 m.kr. að teknu tilliti til 55,1 m.kr. hagræðingarkröfu. Rannsóknarsjóðir, stoðkerfi rannsókna og alþjóðlegt samstarf, sem þessu tengist hækka um 487,8 m.kr. og aðrar stofnanir á háskólastigi um 56,9 m.kr.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Breyting kennsla verðlag 2007	Breyting rannsóknir og annað verðlag 2007	Kennsla, frumvarp 2008	Rannsóknir og annað, frumvarp 2008	Frumvarp alls 2008
Háskóli Íslands	144,4	598,4	4.096,3	2.590,7	6.687,0
Háskólinn á Akureyri	44,5	0,0	883,7	342,0	1.225,7
Kennaraháskóli Íslands	34,4	3,4	1.239,3	414,2	1.653,5
Háskólinn í Reykjavík	123,9	73,5	1.447,5	411,1	1.858,6
Háskólinn á Bifröst	10,0	9,0	218,3	56,6	274,9
Listaháskóli Íslands	6,7	14,6	560,6	26,1	586,7
Samtals	**363,9**	**698,9**	**8.445,7**	**3.840,7**	**12.286,4**

1. Háskóli Íslands og tengdar stofnanir. Hér er fjallað í einu lagi um Háskóla Íslands og stofnanir sem tengjast honum; Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, Raunvísindastofnun Háskólans og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

201-1.01 Háskóli Íslands. Rekstrarframlag til kennslu og rannsókna hækkar um 640 m.kr. í samræmi við samning milli skólans og menntamálaráðuneytisins en samkvæmt honum hækka framlög um þá fjárhæð árin 2009 til 2011 eða samtals um 2.860 m.kr. Framlag til kennslu hækkar auk þess um 138,3 m.kr. vegna fjölgunar ársnemenda um 175 eða úr 5.875 í 6.050 sem er fjölgun um 3% frá viðmiði sem notað var við gerð fjárlaga 2007. Lagt er til að veitt verði 70,6 m.kr. framlag til greiðslu fasteignagjalda vegna breytingar sem gerð var á lögum um tekjustofna sveitarfélaga þegar felld var niður undanþága frá greiðslu fasteignagjalda af ýmsu húsnæði ríkisins, s.s. skólahúsnæði. Þá er lagt til að veitt verði 8 m.kr. framlag til Fræðaseturs Háskóla Íslands á Patreksfirði með það að markmiði að efla atvinnulíf og samfélag í Vestur-Barðastrandasýslu með uppbyggingu sameiginlegrar starfsstöðvar fyrir stofnanir sem vinna að menntun, rannsóknum, nýsköpun og atvinnuþróun. Lögð er til 105,3 m.kr. lækkun rekstrargjalda til að mæta markmiði um aðhald í ríkisútgjöldum. Tímabundið framlag að fjárhæð 7,5 m.kr. sem veitt var Lagastofnun Háskóla Íslands í fjárlögum 2007 til að gefa út íslenska lögfræðiorðabók fellur niður og sömuleiðis tímabundið 1,2 m.kr. framlag til fjarkennslu í meistaranámi í opinberri stjórnsýslu. Að lokum er lagt til að áætlun um útgjöld sem fjármögnuð eru með sértekjum sem skólinn aflar sjálfur verði hækkuð um 318 m.kr. og að sértekjur hækki um sömu fjárhæð. Samanburður við ríkisreikning 2006 sýnir að sértekjur eru vanáætlaðar í fjárlögum.

201-1.03 Háskólasjóður. Gert er ráð fyrir að lögboðið framlag til Háskóla Íslands vegna sóknargjalda hækki um 52 m.kr. vegna fleiri skattgreiðenda.

201-6.50 Byggingaframkvæmdir og tækjakaup. Tímabundin fjárheimild að fjárhæð 390 m.kr. sem veitt var til byggingar Háskólatorgs á árunum 2006-2007 fellur niður. Þá hækkar framlag um 28 m.kr. þar sem tímabundinni frestun stofnkostnaðar í fjárlögum 2007 gengur til baka.

202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum. Í fyrsta lagi er lagt til að rekstrarframlag hækki um 18 m.kr. vegna reksturs á öryggisrannsóknarstofu sem tekin verður í notkun á haustmánuðum 2007 til greininga á H5N1 og öðrum afbrigðum fuglaflensuveirunnar. Ráða þarf tvo sérfræðinga til starfa auk þess sem kostnaður við förgun er umtalsverður. Í öðru lagi er lagt til að rekstrarframlag hækki um 6 m.kr. vegna stöðugildis gæðastjóra. Talin er nauðsyn á starfskrafti til að vinna í gæðamálum Tilraunastöðvarinnar vegna tilskipana Evrópusambandsins um gæðamál á rannsóknarstofum sem felldar eru inn í EES-samninga sem Ísland er aðili að. Í þriðja lagi er lagt til að veitt verði 6,5 m.kr. framlag til greiðslu fasteignagjalda, vegna breytingar sem gerð var á lögum um tekjustofna sveitarfélaga þegar felld var niður undanþága frá greiðslu fasteignagjalda af ýmsu húsnæði ríkisins, s.s. skólahúsnæði. Á móti framangreindu er lögð til 2,8 m.kr. lækkun rekstrargjalda til að mæta markmiði um aðhalda í ríkisútgjöldum.

203 Raunvísindastofnun Háskólans. Lagt er til að rekstrarframlag hækki um 10 m.kr. til að efla skrifstofuþjónustu stofnunarinnar. Umsvif í rannsóknum hafa aukist umtalsvert hjá stofnunni og þar með sértekjur sem hafa rúmlega tvöfaldast frá árinu 2003. Þetta hefur meðal annars leitt af sér aukið álag við umsýslu sértekna og við starfsmannahald. Samkeppnissjóðir fjármagna ekki skrifstofuþjónustu, til að skrifstofa stofnunarinnar geti þjónað hlutverki sínu á fullnægjandi hátt er þörf á að bæta við tveimur starfsmönnum. Þá er lagt til að áætlun um útgjöld sem fjármögnuð eru með sértekjum hækki um 46 m.kr. og að sértekjur hækki um sömu fjárhæð. Samanburður við ríkisreikning 2006 sýnir að sértekjur eru vanáætlaðar í fjárlögum.

209 Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Í fyrsta lagi er lagt til að rekstrarframlag hækki um 6 m.kr. vegna stöðugildis fjármálastjóra. Í lögum um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum sem tóku gildi 1. september 2006 var gert ráð fyrir að við hina sameinuðu stofnun kæmi nýtt stöðugildi fjármálastjóra. Í öðru lagi er lagt til að rekstrarframlag hækki um 1,3 m.kr. til að efla íslenskukennslu erlendis. Annars vegar til að styrkja byrjendakennslu í íslensku við Wasedaháskóla í Tókýó og hins vegar til að hækka styrkveitingu til þriggja sendikennaraskóla í Vín, Lyon og París. Í þriðja lagi er lagt til 1 m.kr. hækkun til styrkja Snorra Sturlusonar, skv. reglum þar um frá 1992 eru þeir veittir rithöfundum, þýðendum og fræðimönnum til að dveljast hér á landi í þrjá mánuði hið minnsta. Fjárveiting til styrkjanna hefur verið óbreytt frá upphafi, umsóknir eru á bilinu 30 til 60 á ári en einungis hægt að verða við tveimur umsóknum á ári. Með þessari hækkun ætti að verða unnt að verða við þremur til fjórum styrkjum á ári. Í fjórða lagi er lagt til 4,1

m.kr. lækkun rekstrargjalda til að mæta markmiði um aðhalda í ríkisútgjöldum. Í fimmta og síðasta lagi er lagt til að áætlun um útgjöld sem fjármögnuð eru með sértekjum hækki um 15,4 m.kr. og að sértekjur hækki um sömu fjárhæð. Samanburður við ríkisreikning 2006 sýnir að sértekjur eru vanáætlaðar í fjárlögum.

2. Aðrir háskólar. Hér verður fjallað í einu lagi um Háskólann á Akureyri, Kennaraháskóla Íslands, Háskólann á Bifröst, Háskólann í Reykjavík og Listaháskóla Íslands.

210 Háskólinn á Akureyri. Lagt er til að framlag til kennslu hækki um 42,3 m.kr. vegna fjölgun ársnemenda um 80 eða úr 1.268 í 1.348 sem er fjölgun um 6,3% frá viðmiðun sem notuð var við gerð fjárlaga yfirstandandi árs. Þá er lagt til að veitt verði 2,2 m.kr. framlag til greiðslu fasteignagjalda, vegna breytingar sem gerð var á lögum um tekjustofna sveitarfélaga þegar felld var niður undanþága frá greiðslu fasteignagjalda af ýmsu húsnæði ríkisins, s.s. skólahúsnæði. Að lokum er lagt til að áætlun um útgjöld sem fjármögnuð eru með sértekjum hækki um 147 m.kr. og að sértekjur hækki um sömu fjárhæð. Samanburður við ríkisreikning 2006 sýnir að sértekjur eru vanáætlaðar í fjárlögum.

215 Kennaraháskóli Íslands. Í fyrsta lagi er lagt til að framlag til kennslu hækki um 37,1 m.kr. vegna fjölgun ársnemenda um 50 eða úr 1.560 í 1.610 sem er fjölgun um 3,2% frá viðmiðun sem notuð var við gerð fjárlaga yfirstandandi árs. Í öðru lagi er lagt til að veitt verði 16,8 m.kr. framlag til greiðslu fasteignagjalda, vegna breytingar sem gerð var á lögum um tekjustofna sveitarfélaga þegar felld var niður undanþága frá greiðslu fasteignagjalda af ýmsu húsnæði ríkisins, s.s. skólahúsnæði. Í þriðja og síðasta lagi er lagt til að rannsóknarframlag hækki um 10 m.kr. vegna nýrrar rannsóknarstofu í menntunarfræðum yngri barna. Á móti framangreindu er lögð til 26,1 m.kr. lækkun rekstrargjalda til að mæta markmiði um aðhalda í ríkisútgjöldum. Að lokum er lagt til að áætlun um útgjöld sem fjármögnuð eru með sértekjum hækki um 52 m.kr. og að sértekjur hækki um sömu fjárhæð. Samanburður við ríkisreikning 2006 sýnir að sértekjur eru vanáætlaðar í fjárlögum.

225 Háskólinn á Bifröst. Lagt er til að framlag til kennslu hækki um 12,2 m.kr. vegna fjölgun ársnemenda um 30 eða úr 480 í 510 sem er fjölgun um 6,3% frá viðmiðun sem notuð var við gerð fjárlaga yfirstandandi árs. Lagt er til að framlag til rannsókna hækki um 10 m.kr. í samræmi við ákvæði í samningum milli skólans og menntamálaráðuneytisins. Þá er lagt til að veitt verði 1,2 m.kr. framlag til greiðslu fasteignagjalda, vegna breytingar sem gerð var á lögum um tekjustofna sveitarfélaga þegar felld var niður undanþága frá greiðslu fasteignagjalda af ýmsu húsnæði ríkisins, s.s. skólahúsnæði. Að lokum er lögð til 4,4 m.kr. lækkun rekstrargjalda til að mæta markmiði um aðhalda í ríkisútgjöldum.

227 Háskólinn í Reykjavík. Í fyrsta lagi er lagt til að framlag til kennslu hækki um 111,7 m.kr. vegna fjölgun ársnemenda um 120 eða úr 2.060 í 2.180 sem er fjölgun um 5,8% frá viðmiðun sem notuð var við gerð fjárlagayfirstandandi árs. Í öðru lagi er lagt til að framlag til rannsókna hækki um 74,8 m.kr. í samræmi við ákvæði í samningum milli skólans og menntamálaráðuneytisins. Í þriðja lagi er lagt til að veitt verði 35 m.kr. framlag

til greiðslu fasteignagjalda, vegna breytingar sem gerð var á lögum um tekjustofna sveitarfélaga þegar felld var niður undanþága frá greiðslu fasteignagjalda af ýmsu húsnæði ríkisins, s.s. skólahúsnæði. Í fjórða og síðasta lagi er lagt til 5 m.kr. framlag til 3ja ára vegna samnings um Rannsóknarsetur í stærðfræði. Að lokum er lögð til 29,1 m.kr. lækkun rekstrargjalda til að mæta markmiði um aðhald í ríkisútgjöldum.

228 Listaháskóli Íslands. Í fyrsta lagi er lagt til að veitt verði 15 m.kr. framlag vegna viðauka við kennslusamning um uppbyggingu þekkingar á sviði lista við skólinn. Í öðru lagi er lagt til að veitt verði 10,8 m.kr. framlag til greiðslu fasteignagjalda, vegna breytingar sem gerð var á lögum um tekjustofna sveitarfélaga þegar felld var niður undanþága frá greiðslu fasteignagjalda af ýmsu húsnæði ríkisins, s.s. skólahúsnæði. Í fjórða lagi er lagt til að veitt 10 m.kr. framlag til húsnæðis sem veitt var tímabundið á fjárlögum yfirstandandi árs verði framlengt þar sem ekki hefur fundist varanleg lausn á húsnæðismálum skólans. Í fimmta og síðasta lagi er lagt til að veitt verði 4,7 m.kr. framlag til kennslu vegna fjölgunar ársnema um 5 eða úr 373 í 378 í samræmi við ákvæði í samningum. Að lokum er lögð til 9,2 m.kr. lækkun rekstrargjalda til að mæta markmiði um aðhald í ríkisútgjöldum.

3. Þjónustu- og greiningastofnanir. Hér verður fjallað um Námsmatsstofnun og Rannsóknamiðstöð Íslands.

223 Námsmatsstofnun. Lagt er til að rekstrarframlag hækki um 15 m.kr. vegna fjölþjóðlegra rannsókna á vegum OECD á kunnáttu nemenda í lestri, stærðfræði og náttúrufræði svonefnd PISA rannsókn. Að undanförnu árum hefur kostnaður við þessar alþjóðlegu rannsóknir reynst mun meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Kostnaður vegna prófanna er breytilegur á milli ára, eða á bilinu 15-35 m.kr. og dreifist milli undirbúnings, fyrirlagna prófa, úrvinnslu og kynningar á niðurstöðum. Gerður hefur verið samningur milli menntamálaráðuneytisins og stofnunarinnar um framkvæmd PISA sem gildir til ársins 2009.

231 Rannsóknamiðstöð Íslands. Í fyrsta lagi er lagt til að veitt verði 15 m.kr. framlag vegna umsýslu og samskipta við önnur lönd við sjöundu rammaáætlun ESB um rannsóknir og tækniþróun. Í umboði menntamálaráðuneytisins hefur RANNÍS umsjón með þátttöku Íslands í rannsóknaráætlunum ESB. Vegna nýrra fjármögnunarreglna í sjöundu rammaáætluninni hafa greiðslur vegna umsýslu verið skertar verulega, framlagið kemur á móti þeim tekjumissi sem nýjar reglur skapa. RANNÍS mun fylgjast með tækifærum Íslands í áætluninni, veita aðstoð og upplýsingar til mögulegra þátttakenda, veita ráðgjöf til þátttakanda um verkefnaumsóknir auk þess að sjá um framkvæmd verkefnasamninga og uppgjör. Í öðru lagi er lagt til að 10 m.kr. verði millifærðar af *02-231-Rannsóknarmiðstöð Íslands* yfir á nýtt viðfang *02-231-1.05 Alþjóðlegar samstarfsáætlanir á sviði vísinda.* Þar sem um fjárhagslega sjálfstætt verkefni er að ræða þykir rétt að fjárveitingar séu á sérstöku fjárlagaviðfangi. Í þriðja og síðasta lagi er lagt til að áætlun um útgjöld sem fjármögnuð eru með sértekjum hækki um 39 m.kr. og að sértekjur hækki um sömu fjárhæð. Samanburður við ríkisreikning 2006 sýnir að sértekjur eru vanáætlaðar í fjárlögum. Á viðfangsefni *02-*

231 1.05 Alþjóðlegar samstarfsáætlanir á sviði vísinda er lagt til að veitt verði 10 m.kr. framlag til alþjóðlegra samstarfsáætlana á sviði vísinda, í samræmi við tillögur stjórnvalda um fjárveitingar til eflingar samkeppnissjóða á sviði vísinda- og tækni fyrir árin 2008-2011.

4. Rannsóknarsjóðir. Hér verður fjallað í einu lagi um, Ritlauna- og rannsóknarsjóð prófessora, Markáætlanir á sviði vísinda og tækni, Rannsóknasjóð, Tækjasjóð og Rannsóknarnámssjóð.

234 Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora. Óskað er eftir 27,8 m.kr. framlagi á nýtt viðfangsefni, *234 1.12 launatengd gjöld.* Er tillagan gerð í kjölfar hæstaréttardóms um að það eigi að reikna með launatengdum gjöldum við úthlutun úr sjóðnum. Nauðsynlegt þykir að hafa launatengd gjöld á sér viðfangsefni í ljósi dómsúrskurðar.

235 Markáætlun á sviði vísinda og tækni. Lagt er til að framlag til sjóðsins hækki um 50 m.kr. og verði samtals 160 m.kr. Gert er ráð fyrir að fjárframlög til sjóðsins hækki um 155 m.kr. árið 2009, 110 m.kr. árið 2011 og verði þá samtals 425 m.kr. Tillagan er í samræmi við tillögur stjórnvalda um fjárveitingar til eflingar samkeppnissjóða á sviði vísinda- og tækni fyrir árin 2008-2011. Framlag til sjóðsins hækkar um 5,5 m.kr. þar sem tímabundin frestun stofnkostnaðar í fjárlögum 2007 gengur til baka.

236 Rannsóknasjóður. Lagt er til að framlag til sjóðsins hækki um 160 m.kr. Gert er ráð fyrir að fjárframlög til sjóðsins hækki um 100 m.kr. árið 2009, 150 m.kr. árið 2010 og 100 m.kr. árið 2011 og verði þá samtals 1.100 m.kr. Tillagan er í samræmi við tillögur stjórnvalda um fjárveitingar til eflingar samkeppnissjóða á sviði vísinda- og tækni fyrir árin 2008-2011. Skv. ríkisreikningi hefur sjóðurinn haft sértekjur undanfarin ár án þess að gert hafi verið ráð fyrir þeim í fjárlögum. Lagt til að rekstrargjöld verði hækkuð um 19 m.kr. og að sértekjur að sömu fjárhæð. Þessar breytingar hafa ekki áhrif á greiðslur ríkissjóðs.

238 Tækjasjóður. Framlag til sjóðsins hækkar um 5 m.kr. þar sem tímabundin frestun stofnkostnaðar í fjárlögum 2007 gengur til baka. Skv. ríkisreikningi hefur sjóðurinn haft sértekjur án þess að gert hafi verið ráð fyrir þeim í fjárlögum. Lagt er til að rekstrargjöld verði hækkuð um 30 m.kr. og að sértekjur að sömu fjárhæð. Þessar breytingar hafa ekki áhrif á greiðslur ríkissjóðs.

239 Rannsóknarnámssjóður. Lagt er til að veittar verði 10 m.kr. í sjóðinn. Gert er ráð fyrir að fjárframlög til sjóðsins hækki árlega um 10 m.kr. til ársins 2011 og verði sjóðurinn þá 120 m.kr. Tillagan er í samræmi við tillögur stjórnvalda um fjárveitingar til eflingar samkeppnissjóða á sviði vísinda- og tækni fyrir árin 2008-2011.

269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhalds og stofnkostnaður. Stofnkostnaður hækkar um 573,2 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs. Fjárlagaliðurinn hækkar um 103,2 m.kr. þar sem tímabundin lækkunar í fjárlögum 2006 og 2007 gengur til baka. Þar af var 100 m.kr. lækkun í fjárlögum 2007, vegna sértaks aðhalds í framkvæmdum en 3,2 m.kr. vegna tímabundinna lækkunar í fjárlögum 2007. Lagt er til að framlag hækki um

295 m.kr. tímabundið til þriggja ára vegna byggingu Húss íslenskra fræða. Heildarkostnaður er áætlaður 300 m.kr. næstu þrjú árin en fyrir var fjárveiting upp á 5 m.kr. sem millifærð er af liðnum *02-269-6.01 Háskóli Íslands* yfir á nýtt viðfang *02-269-6.09 Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum*. Þá er lagt er til að framlag hækki um 175 m.kr. tímabundið til tveggja ára vegna framkvæmda við kennsluálmu við Háskólann á Akureyri. Gert er ráð fyrir að 100 m.kr. stofnkostnaðarframlag sem frestað hafði verið í fjárlögum 2006 og 2007 og greint er frá hér að framan verði einnig ráðstafað í framkvæmdirnar. Áætlaður heildarkostnaður er 665 m.kr. sem dreifist með eftirfarandi hætti 115 m.kr. á árinu 2007, 275 m.kr. á árinu 2008 og 275 m.kr. á árinu 2009.

299 ***Háskóla- og rannsóknastarfsemi.*** Viðfangsefnið *1.73 Reykjavíkurakademían* lækkar um 4,3 m.kr. Tímabundið framlag að fjárhæð 4 m.kr. sem veitt var í fjárlögum 2007 vegna tíu ára afmælis Reykjavíkurakademíunnar fellur niður. Þá lækkar framlag um 0,3 m.kr. til að mæta markmiði um aðhald í ríkisútgjöldum. Á Viðfangsefni *1.80 Vísindastarfsemi* er lagt er til að veitt verði 5 m.kr. tímabundið framlag í eitt ár til verkefnisins framtíðarskipan gagnagrunna á Íslandi. Um er að ræða úthlutun af framlagi verkefnisstjórnarátaks Íslenska upplýsingasamfélagsins árið 2008 og er gert ráð fyrir jafn háu mótframlagi til verkefnisins frá menntamálaráðuneytinu. Á viðfangsefni *1.90 Háskólastarfsemi* er í fyrsta lagi lagt er til að framlag hækki um 40 m.kr. vegna kostnaðar við framkvæmd nýrra háskólalaga. Í lögum nr. 63/2006 um háskóla sem samþykkt voru á Alþingi 13. júní 2006, er gert ráð fyrir viðamiklum nýjum verkefnum vegna viðurkenninga fræðasviða háskóla, veitingu heimilda til doktorsnáms og ytri úttekta á háskólum. Í öðru lagi er lagt til að veitt verði 4 m.kr. framlag til áframhaldandi stuðnings við íslenskukennslu við Humboldt- og Manitobaháskóla. Tímabundið framlag til verkefnisins sem veitt var á árinu 2003 féll niður í fjárlögum 2007. Að lokum fellur niður tímabundið framlag að fjárhæð 8 m.kr. sem veitt var á fjárlögum 2007 til verkefna Íslenska upplýsingasamfélagsins.

985 ***Alþjóðleg samskipti.*** Viðfangsefni *1.90 Alþjóðleg samskipti*. Lagt er til að framlag hækki um 4,5 m.kr. til þess að standa undir föstum kostnaði við fulltrúa menntamálaráðuneytisins í Brussel. Tveir starfsmenn starfa á vegum menntamálaráðuneytisins í Brussel, fulltrúar vísinda- og menningarmála. Auk þess að greiða laun starfsmanna af fjárlagalið aðalskrifstofu greiðir ráðuneytið staðaruppbót, húsnæðiskostnað, skólagjöld barna og ferðakostnað af viðfangsefninu. Kostnaðaraukning við þessa þætti hefur verið umfram fjárveitingar. Viðfangsefni *1.91 Aðildargjöld ESB*. Áætlanir gera ráð fyrir að framlag vegna aðildargjalda að rammaáætlun ESB um rannsóknir og tækniþróun, hækki um 200 m.kr. frá fjárlögum 2007. Samkvæmt fyrirliggjandi áætlun fyrir árið 2008 verður hlutdeild Íslands um 0,11% af heildarútgjöldum rammaáætlunar ESB en

endanlegt umfang áætlunarinnar liggur ekki fyrir. Sjöunda rammaáætlun ESB hófst 2007 og er til 7 ára. Hún er sú fjórða sem Ísland tekur fullan þátt í. Áætlunin er stærsta fjárfesting í alþjóðlegu samstarfi sem íslenska ríkið hefur tekist á hendur eða um 5-6 milljarða fjárfesting á sjö ára tímabili. EFTA ríkin, sem eiga aðild að samningnum, greiða framlög til áætlunarinnar í hlutfalli við landsframleiðslu. Áætlunin er með nýju sniði, stærri en fyrri áætlanir og mun telja 19 undiráætlanir. Í fyrsta sinn er lagt fé til grunnrannsókna í sérstakan sjóð í umsjá Evrópska rannsóknarráðsins (ERC), breytingar eru á verkefnagerð, róttækar breytingar á styrkjategundum og nýjar fjármögnunarreglur hafa tekið gildi. Þátttaka Íslands í þessum áætlunum hefur gefið íslenskum fyrirtækjum, háskólum og rannsóknastofnunum tækifæri til að vinna með leiðandi aðilum að hagnýtum rannsóknum og þróunarverkefnum. Þannig fæst aðgangur að sérfræðiþekkingu og fjármagni sem stæði annars ekki til boða. Sem dæmi um fjárhagslegan ávinning fengu íslenskir aðilar sem svarar 1,7 milljarði króna í styrki úr 5. rammaáætlunar ESB en íslenska ríkið greiddi 1,2 milljarða til hennar.

Framhaldsskólar

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 301-309; 350-369; 505-581 Framhaldsskólar; 316 Fasteignir framhaldsskóla; 318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður; 319 Framhaldsskólar, almennt; 441 Fullorðinsfræðsla fatlaðra og 451 Símenntun og fjarkennsla.

Heildarútgjöld málefnaflokksins eru áætluð 17.864,2 m.kr. á rekstrargrunni og hækka um 1.186,1 m.kr. eða 7,1% frá fjárlögum 2007. Áætlað er að sértekjur standi undir 825,1 m.kr. útgjöldum sem er hækkun um 97,9 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs.

Að frádregnum sértekjum nema útgjöld málefnaflokksins 17.039,1 m.kr. og hækka um 1.088,2 m.kr., þar af nema launa- og verðlagshækkanir 479,9 m.kr. Áætlað er að rekstrarútgjöld og rekstrartilfærslur nemi 16.320,1 m.kr. og hækki um 572,7 m.kr. fyrir utan launa- og verðlagshækkanir, en stofnkostnaður verði 719 m.kr. og hækki um 35,6 m.kr. Rekstrarútgjöld framhaldskóla hækka um 313 m.kr. Fullorðinsfræðsla fatlaðra og símenntun hækkar um 161,2 m.kr. önnur verkefni á framhaldsskólastigi um 98,5 m.kr.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Menntaskólinn í Reykjavík	443,4	431,8	458,1	6,1	3,3
Menntaskólinn á Akureyri	399,5	427,8	461,4	7,9	15,5
Menntaskólinn að Laugarvatni	135,9	136,5	145,6	6,7	7,1
Menntaskólinn við Hamrahlíð	650,2	631,7	652,2	3,2	0,3
Menntaskólinn við Sund	394,0	389,8	399,2	2,4	1,3
Menntaskólinn á Ísafirði	231,1	216,8	228,5	5,4	-1,1
Menntaskólinn á Egilsstöðum	216,3	235,2	243,7	3,6	12,7
Menntaskólinn í Kópavogi	642,3	643,5	677,3	5,3	5,4
Kvennaskólinn í Reykjavík	291,5	286,7	292,5	2,0	0,3
Fasteignir framhaldsskóla	268,6	72,3	75,8	4,8	-71,8
Framhaldsskólar, stofnkostnaður	1.103,2	673,4	709,0	5,3	-35,7
Framhaldsskólar, almennt	486,8	1.285,5	1.421,8	10,6	192,1
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	822,4	882,0	905,0	2,6	10,0
Fjölbrautaskólinn Ármúla	703,2	701,0	750,0	7,0	6,7
Flensborgarskóli	382,9	417,6	458,3	9,7	19,7
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	549,1	612,3	664,6	8,5	21,0
Fjölbrautaskóli Vesturlands	379,7	392,7	386,5	-1,6	1,8
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	152,6	161,5	166,1	2,8	8,8
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	278,4	267,2	301,8	12,9	8,4
Fjölbrautaskóli Suðurlands	522,8	589,3	599,1	1,7	14,6
Verkmenntaskóli Austurlands	152,1	167,2	166,8	-0,2	9,7
Verkmenntaskólinn á Akureyri	869,8	875,6	911,3	4,1	4,8
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	401,0	391,7	416,4	6,3	3,8
Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	98,3	93,6	119,8	28,0	21,9
Framhaldsskólinn á Húsavík	100,4	127,0	121,3	-4,5	20,8
Framhaldsskólinn á Laugum	118,2	121,4	138,2	13,8	16,9
Borgarholtsskóli	720,2	728,1	779,6	7,1	8,2
Fjölbrautaskóli Snæfellinga	140,9	169,5	177,4	4,7	25,9
Menntaskóli Borgarfjarðar	-	52,0	90,3	73,7	-
Menntaskólinn Hraðbraut	163,2	163,5	173,2	5,9	6,1
Fullorðinsfræðsla fatlaðra	187,9	194,7	200,1	2,8	6,5
Símenntun og fjarkennsla	285,9	644,6	825,6	28,1	188,8
Fjöltækniskóli Íslands	286,6	293,4	327,8	11,7	14,4
Iðnskólinn í Reykjavík	1.121,6	1.147,4	1.191,2	3,8	6,2
Iðnskólinn í Hafnarfirði	462,1	492,3	519,9	5,6	12,5
Hússtjórnarskólinn í Reykjavík	23,6	24,7	25,1	1,6	6,4
Hússtjórnarskólinn Hallormsstað	20,0	21,1	21,5	1,9	7,5
Listdansskólinn	80,0	-	-	-	-100,0
Verslunarskóli Íslands	749,9	788,5	837,1	6,2	11,6
Samtals	**15.035,6**	**15.950,9**	**17.039,1**	**6,8**	**13,3**

Reglulegum ársnemendum fjölgar um 157 og þar af fjölgar fötluðum nemendum um 40. Er þá mætt áætlun skólanna og menntamálaráðuneytisins um nemendafjölda eins og hún var áætluð í fyrri hluta árs 2007, þ.e. 20.140 ársnemendur. Áætlunin var nokkuð hærri í upphaflegri útgjaldaáætlun en innritun nýnema úr grunnskóla var lægri en vænst var og

voru áætlaðar tölur færðar lítils háttar niður í samræmi við það hjá nokkrum skólanna. Fatlaðir nemendur, alls um 300 talsins, eru sérskráðir í reiknilíkanið í áfanga sem eru í samræmi við þjónustuþörf þeirra en ekki einingabæra áfanga eins og gerist um aðra nemendur. Þannig teljast þeir með í heildartölur nemenda en nám þeirra er t.d. ekki aðgreint í bóknám og starfsnám. Að teknu tilliti til allra breytinga sem verða á forsendum reiknilíkansins ásamt samsetningu náms- og námshópa, hækka framlög um 310 m.kr. frá fjárlögum 2007 eða um 2,4%. Í öðru lagi hækkar framlag framhaldsskóla um 177,1 m.kr. vegna breytingar sem gerð var á lögum um tekjustofna sveitarfélaga þegar felld var niður undanþága frá greiðslu fasteignagjalda af skólahúsnæði í eigu ríkisins. Þá er lögð til 174,2 m.kr. lækkun framlaga til framhaldsskólanna til að mæta markmiði um aðhald í ríkisrekstri.

Spálíkan menntamálaráðuneytisins gerir ráð fyrir 1% árlegri aukningu skólasóknar nemenda á öllum aldri inn í framhaldsskólakerfið. Líkanið gerir hins vegar ekki ráð fyrir að nýting eða virkni aukist frá því sem nú er. Slík aukning myndi þýða frekari fjölgun nemenda í námshópum eða frekari niðurfellingu fámennra námshópa.

	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Fæðingarárgangar	4.673	4.560	4.768	4.533	4.609	4.623	4.442
Innritun skv. Hagstofu Íslands	23.446	24.664	26.196	*26.612*	*26.852*	*26.982*	*27.222*
Reiknaðir ársnemendur	18.056	18.980	*19.292*	*19.996*	*20.176*	*20.274*	*20.454*

Skáletraðar tölur eru spátölur ráðuneytisins fyrir árin 2006-2010

Í töflunni eru spátölur menntamálaráðuneytisins fyrir árin 2006-2010 en rauntölur fyrir árin 2004-2006 um innritunar- og ársnemendur Áætlað er fyrir ársnemendum fatlaðra í þessum tölum í fyrsta sinn og eru þær því ekki fyllilega sambærilegar við eldri spár. Fæðingarárgangar eru skv. gögnum Hagstofu Íslands.

	Reiknaðir ársnem. 2005	Reiknaðir ársnem. 2006	Áætlaðir ársnem. 2007[1]	Áætlaðir ársnem. 2008	Áætlað hlutfall bóknáms	Fjárveiting 2008	Þús. kr. á árs-nemanda
Menntaskólinn í Reykjavík	864	872	846	870	97,4	458,1	527
Menntaskólinn á Akureyri	665	696	751	770	98,7	461,4	599
Menntaskólinn að Laugarvatni	148	137	159	160	94,8	145,6	910
Menntaskólinn við Hamrahlíð	1.119	1.102	1.099	1.125	97,4	652,2	580
Menntaskólinn við Sund	751	742	756	745	96,0	399,2	536
Menntaskólinn á Ísafirði	302	270	295	320	88,3	228,5	714
Menntaskólinn á Egilsstöðum	332	322	362	350	96,7	243,7	696
Menntaskólinn í Kópavogi	1.052	1.097	1.065	1.055	89,7	677,3	642
Kvennaskólinn í Reykjavík	552	548	557	550	99,0	292,5	532
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	1.185	1.256	1.417	1.325	73,0	905,0	683
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	1.305	1.202	1.169	1.170	89,9	750,0	641
Flensborgarskóli	589	653	748	760	94,0	458,3	603
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	821	846	945	970	85,6	664,6	685
Fjölbrautaskóli Vesturlands	542	533	588	545	82,6	386,5	709
Framhaldssk. í Vestmannaeyjum	195	211	221	220	89,6	166,1	755
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	344	382	358	375	81,0	301,8	805
Fjölbrautaskóli Suðurlands	756	778	894	875	86,7	599,1	685
Verkmenntaskóli Austurlands	153	183	170	160	75,4	166,8	1.043
Verkmenntaskólinn á Akureyri	1.198	1.211	1.222	1.220	78,1	911,3	747
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	663	656	697	690	94,6	416,4	603
Framhaldssk. í A-Skaftafellssýslu	104	117	100	125	89,7	119,8	958
Framhaldsskólinn á Húsavík	130	124	136	130	99,0	121,3	933
Framhaldsskólinn á Laugum	98	106	120	120	99,1	138,2	1.152
Borgarholtsskóli	986	968	1.023	1.055	73,2	779,6	739
Fjölbrautaskóli Snæfellinga	145	173	181	185	91,1	177,4	959
Menntaskólinn í Borgarnesi	-	-	-	75	88,0	90,3	-
Menntaskólinn Hraðbraut	233	247	331	331	94,8	173,2	523
Fjöltækniskóli Íslands	295	299	299	320	68,3	327,8	1.024
Iðnskólinn í Reykjavík	1.364	1.362	1.397	1.390	40,2	1.191,2	857
Iðnskólinn í Hafnarfirði	546	515	517	545	41,4	519,9	954
Hússtjórnarskólinn í Reykjavík	24	24	24	24	-	25,1	1.046
Hússtjórnarskólinn á Hallormsstað	24	24	24	24	-	21,5	896
Listdansskóli Íslands	42	21	0	0	-	-	-
Verslunarskóli Íslands	1.301	1.419	1.441	1.490	96,3	837,1	562
Framhaldsskólar almennt, v/nem.uppgj.	-	-	73	50	-	32,5	-
Samtals	**18.828**	**19.096**	**19.985**	**20.119**	**0,0**	**13.806,8**	**686**

[1] Sérdeildarnemendur, 261 talsins, voru í fyrsta skipti taldir með í áætluðum ársnemendafjölda árið 2007.

316 ***Fasteignir framhaldsskóla.*** Lagt er til að veitt verði 1,3 m.kr. framlag til greiðslu fasteignagjalda, vegna breytingar sem gerð var á lögum um tekjustofna sveitarfélaga þegar felld var niður undanþága frá greiðslu fasteignagjalda af ýmsu húsnæði ríkisins, s.s. skólahúsnæði.

318 ***Framhaldsskólar, stofnkostnaður.*** Heildargjöld á fjárlagaliðnum eru áætluð 709,0 m.kr. sem er 35,6 m.kr. hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Þar með hefur tímabundin ákvörðun um frestun framkvæmda og lækkun stofnkostnaðarliða ráðuneyta um 5% gengið að fullu til baka. Fjárhæðin skiptist þannig að 675,0 m.kr. eru til byggingaframkvæmda og 34,0 m.kr. til kaupa á tækjum og búnaði. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir áætlaða skiptingu.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2008
Framhaldsskólar í Reykjavík	300,0
Menntaskólinn í Reykjavík	50,0
Menntaskólinn á Laugarvatni	25,0
Menntaskólinn á Egilsstöðum	20,0
Fjölbrautaskóli Vesturlands	35,0
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	25,0
Verkmenntaskóli Austurlands	20,0
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	40,0
Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	80,0
Byggingarframkvæmdir, óskipt	30,0
Hérðasskólahúsið á Laugarvatni	50,0
Tæki og búnaður, óskipt	34,0
Samtals	**709,0**

Lagt er til að verja 300 m.kr. til uppbyggingar framhaldsskóla í Reykjavík og 50 m.kr. til Menntaskólans í Reykjavík samkvæmt samningi við Reykjavíkurborg. Framkvæmdir standa yfir í framhaldsskólum víðs vegar um landið, m.a. er farið fram á 80 m.kr. framlag vegna *6.70 Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ* sem fyrirhugað er að reisa. Fjárveitingar til framkvæmda eru færðar af *6.52 Flensborgarskóli*, *6.53 Fjölbrautarskóli Suðurnesja*, *6.63 Framhaldsskólinn á Laugum* og *6.91 Iðnnemaíbúðir í Reykjavík* í fjárlögum yfirstandandi árs þar sem framkvæmdum við þá skóla er lokið og búið að gera upp hlut ríkisins í þeim.

319 ***Framhaldsskólar, almennt.*** Á þessum fjárlagalið er áætlað að mestu leyti fyrir sameiginlegum útgjöldum framhaldsskóla og óskiptum framlögum sem menntamálaráðuneytið millifærir yfir á hlutaðeigandi skóla þegar forsendur þar að lútandi liggja fyrir. Heildargjöld á liðnum eru áætluð 1.421,8 m.kr., sem er hækkun um 98,5 m.kr., án launa- og verðlagshækkana. Eftirfarandi breytingar eru lagðar til: 11 m.kr. framlag á lið *1.11 Sameiginleg þjónusta* vegna þróunar á Vöruhúsi gagna og nýju skráningarkerfi nemenda. Af sama lið fellur niður 10 m.kr. tímabundið framlag vegna breytinga á greiðslufyrirkomulagi virðisaukaskatts vegna nemendaskráningakerfis og háhraðaneti framhaldsskólanna. *1.13 Forfallakennsla* hækkar um 40 m.kr. vegna aukinna forfalla í röðum framhaldsskólakennara. *1.14 Sérkennsla* hækkar um 14 m.kr. vegna bráðaað-

gerða í bættri þjónustu við blinda og sjónskerta. Í samræmi við ákvæði í 10 punkta samkomulagi við Kennarasamband Íslands hækkar annars vegar liðurinn *1.18 Námsefnisgerð* um 26 m.kr. til eflingar námsefnisgerðar fyrir leik-, grunn- og framhaldsskólastigið og hins vegar liðurinn *1.26 Þróunarsjóður framhaldsskóla* um 15 m.kr. til eflingar þróunarsjóða. Farið er fram á 20 m.kr. framlag á *1.39 Nám í listdansi* vegna fjölgunar nemenda í listdansnámi. Liður *1.90 Framhaldsskólar, óskipt* lækkar um 16,3 m.kr. til að mæta breytingum á reiknilíkani. Framlag til eftirfarandi liða lækkar vegna aðhaldsaðgerða: *1.24 Iðnnemasamband Íslands* um 0,1 m.kr., *1.33 Myndlistarskólinn Akureyri* 0,2 m.kr., *1.34 Myndlistarskólinn í Reykjavík* um 0,3 m.kr., *1.35 Myndlistarskólinn í Kópavogi* um 0,1 m.kr. og *1.38 Menntun á sviði kvikmyndagerðar* um 0,5 m.kr.

441 ***Fullorðinsfræðsla fatlaðra.*** Á þennan fjárlagalið er farið fram á 6 m.kr. hækkun vegna samstarfsverkefnis Fjölmenntar og Geðhjálpar um kennslu fyrir geðfatlaða og heilaskaðaða. Lagt er til að veitt verði 0,2 m.kr. framlag til greiðslu fasteignagjalda, vegna breytingar sem gerð var á lögum um tekjustofna sveitarfélaga þegar felld var niður undanþága frá greiðslu fasteignagjalda af ýmsu húsnæði ríkisins, s.s. skólahúsnæði. Þá lækkar framlagið um 3,3 m.kr. vegna aðhalds í ríkisrekstri.

451 ***Símenntun og fjarkennsla.*** *451-1.10 Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.* Lagt er til að núverandi greiðslum til Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins verði skipt á tvö viðfangsefni til aðgreiningar framlaga sem annars vegar renna beint til verkefna Fræðslumiðstöðvarinnar 69,5 m.kr. og hins vegar til viðfangsefna sem renna til símenntunar- og fræðslumiðstöðva iðnaðarins skv. sérstökum samningum, sbr. yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar til að greiða fyrir samkomulagi ASÍ og SA um áframhaldandi kjarasamninga frá 15 nóvember 2005 og 22. júní 2006, samtals 214,2 m.kr. Því er gerð tillaga um að 214,2 m.kr. verði millifærðar af 451-1.10 Fræðslumiðstöð Atvinnulífsins yfir á nýtt viðfang *451-1.09 Námskeið og ráðgjöf.* Einnig er lagt til að 11 m.kr. framlag sem veitt var sem hluti af 120 m.kr. framlagi til fullorðins- og starfsmenntunarmála í fjárlögum 2007 m.a. til að efla starfsemi símenntunarmiðstöðvar ASÍ á höfuðborgarsvæðinu, verði millifært af *451-1.10 Fræðslumiðstöð Atvinnulífsins* yfir á nýtt viðfang *451-1.20 Mímir símenntun. 451-1.11 Símenntun og fjarkennsla.* Lagt er til að veitt verði 15 m.kr. framlag til fjarkennslu á háskólastigi. Framlagið renni til fimm símenntunarstöðva á landsbyggðinni, 3 m.kr. til hverrar stöðvar. Stöðvarnar eru á Sauðarkróki, í Borgarnesi, á Selfossi, í Vestmannaeyjum og í Keflavík. Tillaga þessi byggir á því jafnræðissjónarmiði að nú þegar er veitt fé til hliðstæðra stöðva á Ísafirði, Húsavík og Egilsstöðum. Lagt er til að framlag á viðfangið lækki um 0,7 m.kr. til að mæta markmiði um aðhald í ríkisútgjöldum. *451-1.31 Fræða- og þekkingarsetur.* Lagt er til að veitt verði 20 m.kr. framlag í því skyni að efla starfsemi Háskólaseturs Vest-

fjarða. Áætlað er að störfum fjölgi um tvö vegna þessa verkefnis. Tillagan er hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til með hliðsjón af skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum. Þá er lagt er að veitt verði 15 m.kr. tímabundið framlag til þriggja ára til Rannsóknaseturs Vestmannaeyja, vegna fyrirhugaðs samnings milli menntamálaráðuneytisins og rannsóknarsetursins. Tímabundið framlag til Háskólaseturs Vestfjarða – Fornleifaskóli Vestfjarða sem veitt var í fjárlögum 2007, fellur niður. *451-1.41 Íslenskukennsla fyrir útlendinga.* Lagt er til að framlag til íslenskukennslu fyrir útlendinga hækki um 100 m.kr. frá yfirstandandi fjárlögum. Er þetta samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá 10. nóvember 2006 um áætlun um eflingu íslenskukennslu fyrir útlendinga. Þá er lagt til að veitt verði 15 m.kr. framlag til að takast á við brottfall erlendra nemenda úr framhaldsskólum.

Grunnskólar

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þess málefnaflokks: 720 Grunnskólar, almennt og 725 Námsgagnastofnun.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Grunnskólar, almennt	185,6	100,9	104,6	3,7	-43,6
Námsgagnastofnun	388,4	372,4	379,9	2,0	-2,2
Samtals	**574,0**	**473,3**	**484,5**	**2,4**	**-15,6**

Heildargjöld málefnaflokksins eru áætluð 499,2 m.kr. á rekstrargrunni og hækka um 11,7 m.kr. eða 2,4% frá fjárlögum 2007. Áætlað er að sértekjur standi undir 14,7 m.kr. útgjöldum sem er hækkun um 0,5 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs.

Að frádregnum sértekjum nema útgjöld málefnaflokksins 484,5 m.kr. og lækka um 5 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Farið er fram á 1 m.kr. hækkun á *720-1.31 Sérstök fræðsluverkefni* til kennslu íslenskra barna sem búsett eru erlendis. Framlag til *725 Námsgagnastofnun* lækkar um 6 m.kr. til að mæta aðhaldi í ríkisrekstri.

Námsaðstoð

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 872 Lánasjóður íslenskra námsmanna og 884 Jöfnun námskostnaðar.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Lánasjóður íslenskra námsmanna	4.477,0	5.244,0	5.987,9	14,2	33,7
Jöfnun á námskostnaði	512,1	549,5	570,3	3,8	11,4
Samtals	**4.989,1**	**5.793,5**	**6.558,2**	**13,2**	**31,5**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins nemur 6.558,2 m.kr. og hækkar um 182,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar launa-, verðlags- og gengisbreytingar en þær nema 582,4 m.kr. Lagt er til að framlag í sjóðinn hækki að raungildi um 169,4 m.kr. vegna fjölgunar námsmanna og aukinna skólagjaldalána. Þá er lagt til að framlag hækki um 20 m.kr. vegna aukins rekstrarkostnaðar sjóðsins. Á móti lækkar framlag til sjóðsins um 7,1 m.kr. vegna aðhalds í ríkisrekstri. Gerð er grein fyrir fjárreiðum sjóðsins í umfjöllum um C-hluta fjárlaga.

Söfn, listastofnanir og fleira

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til málaflokksins: 901-919 Söfn; 969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður; 971 Ríkisútvarpið; 972 Íslenski dansflokkurinn; 973 Þjóðleikhúsið; 974 Sinfóníuhljómsveit Íslands; 977 Höfundarréttargjöld; 978 Listasjóðir; 979 Húsafriðunarnefnd; 980 Listskreytingasjóður; 981 Kvikmyndamiðstöð Íslands og 982 Listir, framlög.

Heildarútgjöld málefnaflokksins á rekstrargrunni eru áætluð 8.638,6. sem er 404,2 hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs eða 4,9%. Þar af er áætlað að sértekjur standi undir 536,3 m.kr. sem er 89,7 m.kr. hækkun frá fjárlögum 2007. Gjöld að frádregnum sértekjum eru áætluð 7.894 m.kr. og hækka um 314,5 m.kr. og þar af eru launa- og verðlagshækkanir 106,1 m.kr.

Helstu tillögur um hækkanir til rekstrar og tilfærslna eru að framlag til Sinfóníuhljómsveitar Íslands hækkar um 91,7 m.kr. vegna breytinga á lögum um að nú greiði ríkissjóður 82% af framlagi til hljómsveitarinnar í stað 56%. Við þessa breytingu flyst hljómsveitin úr B-hluta fjárlaga í A-hluta. Þá er lagt til að veitt verði 30 m.kr. framlag til nýrrar stofnunar Náttúruminjasafns Íslands, 44,6 m.kr. hækkun á framlagi til Kvikmyndamiðstöðvar Íslands vegna endurnýjunar samnings um hækkun á framlagi í Kvikmyndasjóð og 30 m.kr. hækkun á framlagi til Þjóðskjalasafns Íslands vegna Öryggissafns. Þá koma inn 27,9 m.kr. vegna niðurfellingar á undanþágu frá greiðslu fasteignagjalda og tímabundin verkefni að fjárhæð 95,5 m.kr. falla niður. Helstu tillögur um breytingar á stofnkostnaði eru þær að tímabundin verkefni að fjárhæð 146,5 m.kr. falla niður en á móti kemur að 100 m.kr. tímabundin frestun framkvæmda í fjárlögum 2006 sem var frestað aftur um eitt ár í fjárlögum 2007 gengur til baka og 5,8 m.kr. tímabundin 5% frestun stofnkostnaðar í fjárlögum 2007.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fornleifavernd ríkisins	57,8	56,7	69,7	22,9	20,6
Þjóðminjasafn Íslands	433,4	462,7	421,0	-9,0	-2,9
Þjóðskjalasafn Íslands	150,2	155,4	191,5	23,2	27,5
Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	482,9	551,4	598,7	8,6	24,0
Listasafn Einars Jónssonar	14,3	15,9	16,4	3,1	14,7
Listasafn Íslands	141,8	132,4	147,3	11,3	3,9
Kvikmyndasafn Íslands	43,8	46,6	47,5	1,9	8,4
Blindrabókasafn Íslands	67,0	76,5	84,4	10,3	26,0
Náttúruminjasafn Íslands	-	-	31,0	-	-
Safnasjóður	82,3	84,6	87,7	3,7	6,6
Söfn, ýmis framlög	190,5	272,4	272,1	-0,1	42,8
Samtals	**1.664,0**	**1.854,6**	**1.967,3**	**6,1**	**18,2**
Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður	714,8	93,1	192,9	107,2	-73,0
Ríkisútvarpið	3.204,5	2.780,0	2.635,0	-5,2	-17,8
Íslenski dansflokkurinn	96,9	96,0	102,9	7,2	6,2
Þjóðleikhúsið	585,9	610,2	648,9	6,3	10,8
Sinfóníuhljómsveit Íslands	296,4	453,0	556,6	22,9	87,8
Menningasjóður	14,8	-	-	-	-100,0
Höfundarréttargjöld	96,5	78,4	78,8	0,5	-18,3
Listasjóðir	287,9	305,1	334,2	9,5	16,1
Húsafriðunarnefnd	179,2	190,0	56,8	-70,1	-68,3
Listskreytingasjóður	6,6	6,7	7,1	6,0	7,6
Kvikmyndamiðstöð Íslands	449,7	586,0	631,7	7,8	40,5
Listir, framlög	646,9	734,8	890,2	21,1	37,6
Samtals	**6.580,1**	**5.933,3**	**6.135,1**	**3,4**	**-6,8**

Söfn

Hér verður fjallað í einu lagi um söfn og aðrar stofnanir sem vinna að varðveislu menningararfs þjóðarinnar og eru á fjárlagaliðnum 901-919 en það eru Fornleifavernd ríkisins, Þjóðminjasafn Íslands, Þjóðskjalasafn Íslands, Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn, Listasafn Einars Jónssonar, Listasafn Íslands, Kvikmyndasafn Íslands, Blindrabókasafn Íslands, Náttúruminjasafn Íslands sem er nýtt höfuðsafn, Safnasjóður og Söfn, ýmis framlög.

Lagt er til að framlag ríkissjóðs til safna nemi 1.909.6 m.kr. sem er 55 m.kr. hækkun ef ekki er tekið tillit til launa- og verðlagshækkana. Helstu breytingar eru þær að framlög til safna hækka um 145,3 m.kr. Á móti falla niður tímabundin verkefni að fjárhæð 79,5 m.kr. Auk þess lækka framlög um 10,8 m.kr. vegna aðhalds í ríkisrekstri.

901 Fornleifavernd ríkisins hækkar um 10,5 m.kr. auk launa- og verðlagshækkana. Veittar eru 6 m.kr. til að ráða minjavörð á Vestfjörðum sem er hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til með hliðsjón af skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum. Lagt er til að veittar verði 5 m.kr. til að efla rekstur stofnun-

arinnar vegna aukinna verkefna og breytinga á rekstri hennar og 0,5 m.kr. vegna niðurfellingar á undanþágu frá greiðslu fasteignagjalda. Á móti fellur niður 1 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var vegna Bláskeggsárbrúar í Hvalfirði. Þá er sértekjur lækkaðar úr 3,6 m.kr. í 2,5 m.kr. eða um 1,1 m.kr.

902 Þjóðminjasafn Íslands lækkar um 52,9 m.kr. en á móti koma 11,2 m.kr. launa- og verðlagshækkanir. Lagt er til að veitt verði 14,6 m.kr. hækkun á framlagi vegna næturvörslu á safnaðarhúsinu við Suðurgötu. Þá eru millifærðar 10,4 m.kr. af fjárlagalið *02-902-1.11 Hönnunarsafn Íslands* inn á nýtt fjárlaganúmer *02-919 1.15 Hönnunarsafn Íslands* þar sem gerður hefur verið samningur við Garðabæ um rekstur Hönnunarsafnsins, það er því ekki lengur deild innan Þjóðminjasafns Íslands.Samtals 51,5 m.kr. tímabundin framlög í fjárlögum 2007 falla niður. Þar af falla niður 10 m.kr. af fjárlagalið *02-902 1.01* þ.e. 5 m.kr. vegna fjarvinnsluverkefnis hjá Landvist á Húsavík og 5 m.kr. hjá Forsvara á Hvammstanga. Þá falla niður 41,5 m.kr. af fjárlagalið *02-902 1.10 Byggða og minjasöfn* sem skiptist þannig: 7 m.kr. til fornleifarannsókna í Skálholti, 4 m.kr. til fornleifarannsókna á Bæ í Öræfasveit, 5 m.kr. til fornleifarannsókna í Vatnsfirði við Ísafjarðardjúp, 4 m.kr. til fornleifarannsókna á tanganum við Kolkuós, 4 m.kr. til Byggðasafnsins á Garðskaga, 6 m.kr. til Hins þingeyska fornleifafélags, 3 m.kr. til menningarsetursins að Útskálum vegna rannsókna á fornleifum, 1 m.kr. til Önfirðingafélagsins í Reykjavík, 5 m.kr. til Kolkuóss, 2 m.kr. vegna verslunar Haraldar Júlíussonar og 0,5 m.kr. til Byggðasafns Húnvetninga og Strandamanna. Loks lækkar framlagið um 5,6 m.kr. vegna aðhalds í ríkisrekstri.

903 Þjóðskjalasafn Íslands. Lagt er til að framlag til stofnunarinnar hækki um 30 m.kr. auk launa- og verðlagshækkana vegna laga nr. 36 27. mars 2007 um breytingar á lögum nr. 66/1985 um Þjóðskjalasafn Íslands, þar sem fram kemur að safnið skuli hafa sérstakt öryggismálasafn. Auk þess er hefur verið óskað eftir 10 m.kr. í fjáraukalögum 2007 vegna Öryggismálasafnsins.

905 Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn hækkar um 28,3 m.kr. auk launa- og verðlagshækkana. Lagt er til að veitt verði 3,8 m.kr. framlag vegna endurnýjunar á samningi ráðuneytisins við safnið um rafrænan landsaðgang að erlendum vísindatímaritum sem safnið hefur umsjón með. Í fjárlögum 2007 voru 31,2 m.kr. vegna þessa sem hækkar nú í 35 m.kr. auk verðlagsuppfærslu. Veittar eru 26,5 m.kr. vegna niðurfellingar á undanþágu frá greiðslu fasteignagjalda. Þá fellur niður 2 m.kr. tímabundin fjárveiting til að minnast þess að á árinu 2007 voru 100 ár liðin frá heimsókn Friðriks 8. Danakonungs til Íslands.

907 Listasafn Íslands hækkar um 9,7 m.kr. auk launa- og verðlagshækkana. Annars vegar er lagt til að veitt verði 2,1 m.kr. hækkun á framlagi til listaverkakaupa þannig að heildarframlag til listaverkakaupa verði 20 m.kr. og 10 m.kr. hækkun til að efla rekstur stofnunarinnar vegna breytinga á rekstri og til útgáfu íslenskrar listasögu á 20 öld. Hins vegar er 2,4 m.kr. lækkun vegna aðhalds í ríkisrekstri.

909 Blindrabókasafn Íslands hækkar um 5 m.kr. til að efla rekstur stofnunarinnar vegna aukinna verkefna vegna blindra nemenda og lesblindu.

911 Náttúruminjasafn Íslands er ný stofnun sem varð til með samþykkt laga nr. 35/2007 um Náttúruminjasafn Íslands. Búið er að ráða forstöðumann sem stjórna á fyrirhugaðri undirbúningsvinnu við áætlun og uppbyggingu safnsins á árinu. Lögð er til 30 m.kr. fjárveiting til safnsins.

919 Söfn, ýmis framlög lækkar um 4,5 m.kr. að teknu tilliti til aðhalds í ríkisrekstri, án launa- og verðlagshækkana. Tímabundinn 20 m.kr. styrkur til að stofna Vatnasafn í Amtsbókasafnshúsinu í Stykkishólmi á *1.98 Söfn, ýmis framlög menntamálaráðuneytisins* fellur niður. Lagt er til að veittar verði 10 m.kr. á *1.98 Söfn, ýmis framlög menntamálaráðuneytisins* til rannsóknarstofnunar og fræðaseturs sem starfrækt verður á Ströndum, Þjóðtrúarstofu á Hólmavík. Þetta er hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til með hliðsjón af skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum. Millifærðar eru 10,4 m.kr. af *02-902 1.11 Hönnunarsafn Íslands* yfir á nýtt númer *02-919 1.15 Hönnunarsafn Íslands* þar sem safnið er ekki lengur deild innan Þjóðminjasafns Íslands heldur rekið af Garðabæ sem stofnun á vegum bæjarfélagsins með samning við ráðuneytið. Þá er 1,7 m.kr. lækkun á eftirfarandi framlögum vegna aðhalds í ríkisrekstri, 0,1 m.kr. lækkun til *1.10 Listasafns ASÍ*, 0,1 m.kr. lækkun til *1.11 Nýlistasafnsins*, 0,1 m.kr. lækkun til *1.12 Listasafns Sigurjóns Ólafssonar*, 0,2 m.kr. lækkun til *1.15 Hönnunarsafns Íslands* og 1,2 m.kr. lækkun á safnlið *1.98 Ýmis framlög menntamálaráðuneytis*. Framlög til *6.36 Síldarminjasafns á Siglufirði* lækkar um 4,2 m.kr. til samræmis við samning milli ráðuneytisins og safnsins sem gerir ráð fyrir 10 m.kr. framlagi. Þá gengur til baka 5% frestun stofnkostnaðar í fjárlögum 2007 á *02-919 6.45 Víkinganaust í Reykjanesbæ* um 1 m.kr. þannig að framlagið verður 20 m.kr. Á *1.98 Söfn, ýmis framlög menntamálaráðuneytis* eru 82,9 m.kr. án launa- og verðlagshækkana sem áætlað er að skiptist þannig:

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2008
Samningur, Byggðasafnið í Görðum v. Kútter Sigurfara	12,0
Samningur, Hvalamiðstöðin á Húsavík	10,0
Samningur, Víkin - Sjóminjasafnið í Reykjavík	10,0
Samningur, Dalabyggð, Safnahús í Búðardal	10,0
Samningur, Mosfellsbær, fornleifarannsóknir við Hrísbrú	8,0
Samningur, Heklusetur Leirubakka	6,0
Samningur, Galdrasýning á Ströndum	6,0
Styrkur til rannsóknarstofnunar og fræðaseturs, Þjóðtrúarstofu	10,0
Verkefni tengdum heimsminjasamningi UNESCO	6,0
Styrkir á grundvelli umsókna til safna sem falla ekki undir verksvið Safnasjóðs	4,9
Samtals	**82,9**

969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður. Heildarfjárveiting til menningarstofnana, viðhalds og stofnkostnaðar hækkar um 99,8 m.kr. og verður því 192,9 m.kr. Helstu breytingar eru þær að 100 m.kr. tímabundin frestun framkvæmda í fjárlögum 2006 sem var frestað aftur um eitt ár í fjárlögum 2007 gengur til baka og 5,8 m.kr. tímabundin 5% frestun stofnkostnaðar í fjárlögum 2007. Tímabundið 6 m.kr. framlag sem veitt var til endurbóta á Gunnarshúsi á Skriðuklaustri fellur niður. Þá voru gerðar nokkrar millifærslur milli viðfangsefna innan *02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður* og er skiptingin þannig: Framlag til *6.73 Þjóðleikhússins* og *6.03 Þjóðskjalasafnsins* er 20 m.kr. og til *6.96 Byggðasafna* 28 m.kr. Þá kemur inn nýtt viðfang *6.82 Geymsluhúsnæði safna* með 70 m.kr. sem er ætlað að leysa brýnasta geymsluvanda safna og hefja undirbúning að útboði vegna geymslna fyrir söfnin. Einnig er gert er ráð fyrir 30 m.kr. á *6.95 Menningarhús* vegna undirbúnings menningarhúss á Egilsstöðum og Sauðárkróki. Loks eru 24,9 m.kr. á *6.21 Endurbætur menningarstofnana* sem skiptist þannig að 6 m.kr. eru ætlaðar til að greiða samning við Reykholtskirkju í samræmi við ríkisstjórnarsamþykkt um alls 30 m.kr. á fimm árum, lokagreiðsla verður árið 2010 og 18,9 m.kr. eru vegna smærra viðhalds og viðgerða hjá hinum ýmsu menningarstofnunum.

971 Ríkisútvarpið. Á árinu 2007 voru samþykkt lög um Ríkisútvarpið ohf. nr. 61/2007 þar sem Ríkisútvarpið ohf. er sjálfstætt hlutafélag í eigu íslenska ríkisins. Samkvæmt nýsamþykktum lögum er helsti tekjustofn Ríkisútvarpsins ohf. sérstakt gjald, útvarpsgjald, sem skattstjórar leggja á samhliða álagningu opinberra gjalda skv. 93. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Þetta gjald tekur þó ekki gildi fyrr en árið 2009, þannig að á árinu 2008 verða innheimt afnotagjöld. Því er framlag A-hluta ríkisins, sem fjármagnað er með tekjum sem stofnunin aflar með innheimtu afnotagjalda, lækkað um 145 m.kr. í samræmi við endurskoðaða áætlun um ríkistekjur af afnotagjöldum og lækkun gjaldskrár frá 1. mars 2007 vegna lækkunar virðisaukaskatts úr 14% í 7%. Gert er ráð fyrir að afnotagjöld skili 2.635 m.kr. tekjum og er virðisaukaskattur þá innifalinn.

972 Íslenski dansflokkurinn. Framlag hækkar um 5 m.kr. til að efla reksturinn auk launa og verðlagshækkana. Á móti kemur lækkun vegna aðhalds í ríkisrekstri.

973 Þjóðleikhúsið. Framlag hækkar um 20,9 m.kr. fyrir utan launa- og verðlagshækkanir. Lagt er til að framlag til stofnunarinnar hækki um 20 m.kr. til að efla reksturinn. Þá er veitt 0,9 m.kr. vegna niðurfellingar á undanþágu frá greiðslu fasteignagjalda. Að lokum eru áætlaðar sértekjur lækkaðar úr 199 m.kr. í 170 m.kr. eða um 29 m.kr.

974 ***Sinfóníuhljómsveit Íslands.*** Framlag til hljómsveitarinnar hækkar um 91,7 m.kr. auk launa- og verðlagshækkana. Nýsamþykkt lög nr. 7/2007 um breytingar á lögum nr. 36/1982, um Sinfóníuhljómsveit Íslands gera ráð fyrir að framlag ríkissjóðs til hljómsveitarinnar verði 82% af áætluðum heildarútgjöldum í stað 56% og flyst stofnunin úr B-hluta í A-hluta fjárlaga. Því þarf að breyta framsetningu stofnunarinnar í fjárlögum og tilgreina sértekjur sem áætlaðar eru 81 m.kr. og ríkistekjur eru áætlaðar 100,2 og er það 18% hlutur Reykjavíkurborgar. Þá er gert ráð fyrir 11,7 m.kr. hækkun til að bæta tveimur hljóðfæraleikurum við hljómsveitina. Þá er lögð til lækkun vegna aðhalds í ríkisrekstri.

977 ***Höfundarréttargjöld.*** Ríkistekjur vegna höfundarréttargjalda hækka um 0,4 m.kr. með hliðsjón af rauntölum síðustu ára og er lagt til að útgjöld hækki um sömu fjárhæð.

978 ***Listasjóðir.*** Óskað er eftir 20 m.kr. hækkun á framlagi til listasjóðs vegna fyrir hugaðra breytinga.

979 ***Húsafriðunarnefnd.*** Tímabundnar fjárveitingar sem samþykktar voru við 2. umræðu fjárlaga 2006, samtals að fjárhæð 135,5 m.kr. falla niður. Þá kemur inn 1,2 m.kr. tímabundin 5% frestun stofnkostnaðar í fjárlögum 2007.

980 ***Listskreytingasjóður.*** 0,4 m.kr. tímabundin 5% frestun stofnkostnaðar í fjárlögum 2007 kemur til baka.

981 ***Kvikmyndamiðstöð Íslands.*** Framlag hækkar um 43,5 m.kr. fyrir utan launa- og verðlagshækkanir en að teknu tilliti til aðhalds í ríkisrekstri um 1,1 m.kr. Veitt er 44,6 m.kr. hækkun á framlagi í Kvikmyndasjóð vegna endurnýjunar á samkomulagi sem menntamálaráðherra og fjármálaráðherra gerðu við samtök í íslenskri kvikmyndagerð um að kvikmyndasjóður yrði 560 m.kr. á árinu 2008.

982 ***Listir, framlög.*** Framlag á liðnum nemur 887,4 m.kr. og hækkar um 152,6 m.kr. fyrir launa- og verðlagshækkanir. Í fyrsta lagi hefur verið stofnað nýtt númer *1.45 Samningar við sveitarfélög um menningarmál* þar sem fyrirhugað er að hafa framlög menntamálaráðuneytisins til menningarsamninga, sjá sundurliðun í töflu hér fyrir neðan. Vegna þessa hafa framlög af eftirfarandi númerum verið millifærð á hið nýja númer *1.45 Samningar við sveitarfélög um menningarmál* og eldri númer felld niður: 90 m.kr. af *1.40 Samningur við Akureyrarbæ um menningarstarfsemi*, 38 m.kr. af *1.43 Samningur við sveitarfélög á Austurlandi* um menningarmál, 16 m.kr. af *1.44 Samningu við sveitarfélög á Vesturlandi.* Þá er lögð til 135 m.kr. hækkun á framlagi til menningarsamninga vegna endurnýjunar á samningi við Akureyrarbæ og fimm nýrra

menningarsamninga við Norðurland vestra, Vestfirði, Eyþing, Suðurland og Suðurnes. Í öðru lagi eru lagðar til eftirtaldar hækkanir: 5,4 m.kr. til *1.14 Bókasafnsjóðs höfunda*, 12,7 m.kr. í *1.18 Bókmenntasjóð*, 10 m.kr. til *1.24 Starfsemi atvinnuleikhópa*, 5 m.kr. til 1.25 *Tónlistarsjóðs*, 1 m.kr. til *1.27 Tónlistar fyrir alla*, 3 m.kr. til *1.29 Íslensku tónverkamiðstöðvarinnar og* 2 m.kr. til *1.80 Listahátíðar í Reykjavík*. Í þriðja lagi lækka framlög um samtals 1,5 m.kr. til eftirfarandi vegna aðhalds í ríkisrekstri: 1.*22 Starfsemi áhugaleikfélaga* um 0,4 m.kr., *1.23 Bandalag íslenskra leikfélaga* um 0,1 m.kr. og *1.24 Starfsemi atvinnuleikhópa* um 1 m.kr. Í fjórða og síðasta lagi fellur niður 20 m.kr. tímabundið framlag vegna Franskrar menningarkynningar á Íslandi árið 2007.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2008
Samningur við Akureyrarbæ um menningarstarfsemi	120,0
Samningur við sveitarfélög á Austurlandi um menningarmál	38,0
Samningur við sveitarfélög á Vesturlandi um menningarmál	17,0
Samningur um samstarf ríkis og sveitarfélaga á svæði Eyþings um menningarmál	20,0
Samningur um samstarf ríkis og sveitarfélaga á Suðurnesjum um menningarmál	15,0
Samningur um samstarf ríkis og sveitarfélaga á Vestfjörðum um menningarmál	22,0
Samningur um samstarf ríkis og sveitarfélaga á Suðurlandi um menningarmál	25,0
Samningur um samstarf ríkis og sveitarfélaga á Norðurlandi vestra um menningarmál	22,0
Samtals	**279,0**

Annað

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 430 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra; 983 Ýmis fræðistörf; 984 Norræn samvinna; 988 Æskulýðsmál; 989 Ýmis íþróttamál og 999 Ýmislegt.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Samskiptamiðstöð heyrnarl. og heyrnarskertra	46,0	45,1	60,7	34,6	32,0
Kvikmyndaskoðun	5,8	-	-	-	-100,0
Ýmis fræðistörf	199,3	147,3	144,0	-2,2	-27,7
Norræn samvinna	11,8	13,0	22,0	69,2	86,4
Æskulýðsmál	167,3	197,9	198,1	0,1	18,4
Ýmis íþróttamál	387,1	418,6	477,3	14,0	23,3
Uppbygg. menntunar og menningar á landsbyggð	3,8	-	-	-	-100,0
Tungutækni	3,7	-	-	-	-100,0
Íslenska upplýsingasamfélagið	-4,4	-	-	-	-100,0
Ýmislegt	496,4	448,6	492,3	9,7	-0,8
Samtals	**1.316,8**	**1.270,5**	**1.394,4**	**9,8**	**5,9**

Heildarútgjöld málefnaflokksins á rekstrargrunni eru áætluð 1.411,2 m.kr. sem er 124,3 m.kr. hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs eða 9,7%. Þar af er áætlað að sértekjur standi undir 16,8 sem er 0,4 m.kr. hækkun frá fjárlögum 2007. Gjöld að frádregnum sértekjum eru áætluð 1394,4 m.kr. og hækka um 123,9 m.kr. sem skiptist þannig að auk 16,4 m.kr. launa- og verðlagshækkun kemur 107,5 m.kr. hækkun og þar af eru 144,2 m.kr. vegna rekstrarútgjalda og rekstrartilfærslna en 36,7 m.kr. lækkun vegna viðhalds og stofnkostnaðar.

430 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra. Framlag hækkar um 13,2 m.kr. auk launa- og verðlagshækkana. Lögð er til 3 m.kr. hækkun vegna flutnings og 10,2 m.kr. hækkun vegna táknmálstúlkunar fyrir heyrnarlausa í daglegu lífi þeirra.

983 Ýmis fræðistörf. Framlög á liðinn eru 141,3 m.kr. sem er 6 m.kr. lækkun frá yfirstandandi fjárlögum áður en tillit er tekið til launa- og verðlagshækkana. Helsta skýringin er að framlög hækka um 5 m.kr. á *1.53 Snorrastofa* vegna endurnýjunar samnings. Þá hækkar *1.10 Fræðistörf* tímabundið um 3 m.kr. vegna samstarfsverkefnis fjögurra ráðuneyta um skráningu menningararfs þjóðarinnar til varðveislu fyrir komandi kynslóðir. Á móti kemur annars vegar tillaga um að fella niður 13 m.kr. tímabundnar fjárveitingar í fjárlögum 2007 sem skiptist þannig að 7 m.kr. á *1.52 Skriðuklaustur* til fornleifarannsókna þar og 6 m.kr. á *1.53 Snorrastofa* vegna rannsóknar kirkjustæðisins í Reykholti. Þá er lagt til að framlög lækki samtals um 1 m.kr. vegna aðhalds í ríkisrekstri sem skiptist þannig: *1.20 Iðnsaga* um 0,1 m.kr., *1.21 Tónlistarsaga* um 0,1 m.kr., *1.51 Hið íslenska bókmenntafélag* um 0,3 m.kr., *1.52 Skriðuklaustur* um 0,2 m.kr. og *1.53 Snorrastofa* um 0,3 m.kr.

984 Norræn samvinna. Framlag á fjárlagaliðnum hefur verið skipt upp í *1.90 Norræn samvinna* með 7,5 m.kr. og *1.98 Ýmis verkefni menntamálaráðuneytis á sviði norrænnar samvinnu* með 5,5 m.kr. í samræmi við skiptingu á fjárlögum 2007. Þá er óskað eftir 9 m.kr. hækkun á *1.98 Ýmis verkefni menntamálaráðuneytis á sviði norrænnar samvinnu* vegna aukningar á samstafi og styrkjum vegna norrænnar samvinnu. Framlag á þeim lið verða því 14,5 m.kr.

988 Æskulýðsmál. Framlag á liðinn nemur 197,3 m.kr. sem er 0,6 m.kr. lækkun frá fjárlögum 2007 áður en tillit er tekið til launa- og verðlagshækkana. Breytingar eru í fyrsta lagi þær að *1.18 Æskulýðsrannsóknir* hækkar um 2 m.kr. vegna aukins umfangs. Í öðru lagi er lagt til að vegna aðhalds í ríkisrekstri lækki framlög um 2,6 m.kr. sem skiptist þannig að *1.12 Ungmennafélag Íslands* lækki um 1,6 m.kr., *1.13 Bandalag íslenskra skáta* um 0,4 m.kr., *1.14 Útilífsmiðstöð skáta Úlfljótsvatni* um 0,1 m.kr., *1.15 Æskulýðsmiðstöð KFUM í Vatnaskógi* um 0,1 m.kr. og *1.17 Landssamband KFUM og*

KFUK um 0,4 m.kr. Af framlagi til Ungmennafélags Íslands er gert ráð fyrir að 10 m.kr. renni til unglingalandsmóts UMFÍ sem haldið er árlega um verslunarmannahelgina.

989 Ýmis íþróttamál. Lagt er til að framlög til íþróttamála nemi 475,7 m.kr. og hækki um 57,1 m.kr. frá fjárlögum 2007 áður en tillit er tekið til launa- og verðlagshækkana. Í fyrsta lagi er tillaga um 35 m.kr. hækkun til *1.10 Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands* þar af er 20 m.kr. hækkun er vegna samnings um fjármögnun sérsambanda ÍSÍ. Samkvæmt samningnum var framlagið 40 m.kr. 2007 og árið 2008 er það 60 m.kr. og árið 2009 er gert ráð fyrir að það verði 70 m.kr. Þá er 15 m.kr. tímabundin hækkun vegna sumarólympíuleikanna sem haldnir verða í Peking 2008. Í öðru lagi hefur verið stofnað nýtt númer *02-989 1.11 Ferðasjóður Íþróttasambands Íslands* þar sem veittar eru 60 m.kr. til að koma á fót ferðasjóði Íþróttasambands Íslands. Tilgangur sjóðsins er að styrkja íþróttaiðkendur til að ferðast á viðurkennd íþróttamót. Markmiðið er að jafna aðstöðumun íþróttafélaga, auka öryggi keppenda og efla hreyfingu og forvarnir. Miðað er við að framlagið verði 30 m.kr. árið 2007, 60 m.kr. árið 2008 og 90 m.kr. árið 2009. Í þriðja lagi hækkar framlag til *1.12 Ólympíunefndar fatlaðra* um 1,5 m.kr. vegna ólympíumóts fatlaðra sem fram fer í Peking. Í fjórða lagi hækka framlög til *1.15 Skólaíþrótta* um 1 m.kr. vegna millifærslu af *1.18 Íþróttamiðstöð Íslands* þar sem henni hefur verið lokað. Í fimmta lagi er lagt til að framlag til *1.31 Lyfjaeftirlits* hækki um 2 m.kr. vegna breytts skipulags á lyfjaeftirliti. Í sjötta lagi er gerð tillaga um 4,7 m.kr. lækkun á framlagi, vegna aðhalds í ríkisrekstri, sem skiptist þannig: *1.10 Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands* 2,6 m.kr., *1.11 Ferðasjóður Íþróttasambands Íslands* 1 m.kr., *1.14 Íþróttasamband fatlaðra* 0,4 m.kr., *1.21 Skáksamband Íslands* 0,3 m.kr., *1.25 Skákskóli Íslands* 0,1 m.kr., *1.20 Glímusamband Íslands* 0,1 m.kr. og *1.30 Bridgesamband Íslands* 0,2 m.kr. Í sjöunda lagi gengur til baka 5% tímabundin frestun stofnkostnaðar í fjárlögum 2007 samtals 4,3 m.kr. sem skiptast þannig: 1,8 m.kr. á *6.53 Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri* og 2,5 m.kr. á *6,58 Áhorfendaaðstaða á Laugardalsvelli í Reykjavík.* Í áttunda og síðasta lagi falla niður tímabundin 41 m.kr. framlög í fjárlögum yfirstandandi árs þar af eru 8 m.kr. vegna *6.52 Skíðasvæði í Tungudal við Skutulsfjörð*, 8 m.kr. vegna 6.56 *Skíðamannvirki í Skarðsdal, Siglufirði* og 25 m.kr. vegna *6.57 Sparkvellir.*

999 Ýmis framlög. Framlag á fjárlagaliðinn nemur 483,4 m.kr. sem er hækkun um 34,8 m.kr. áður en tillit er tekið til launa- og verðlagshækkanir. Í fyrsta lagi er lagt til að framlag til *1.13 Útvarpsréttarnefndar* lækki um 0,2 m.kr. vegna aðhalds í ríkisrekstri. Í öðru lagi er lagt til að tímabundið 20 m.kr. framlag á *1.98 Ýmis framlög menntamálaráðuneytis* sem veitt var í fjárlögum yfirstandandi árs falli niður, þar af voru 5 m.kr. vegna átaksverkefnis í íslensku og 15 m.kr. vegna átaksverkefnis í lesblindu í

skólum landsins. Í þriðja lagi er lagt til að veitt verði tímabundið 10 m.kr. framlag á *1.98 Ýmis framlög menntamálaráðuneytis* til áframhaldandi átaksverkefna í lesblindu í skólum landsins. Í fjórða lagi fellur niður 5 m.kr. tímabundið framlag á *1.98 Ýmis framlög menntamálaráðuneytis* sem veitt var á fjárlögum 2007 í verkefni um miðlun hljóð- og sjónminjaarfs sem verkefnisstjórn um upplýsingasamfélagið samþykkti. Í fimmta lagi er veitt 12 m.kr. framlag tímabundið á *1.98 Ýmis framlög menntamálaráðuneytis* til íþróttaakademíunnar á Reykjanesi vegna samnings um tilraunaverkefni um áhrif hreyfistunda í grunnskólum sem gerir ráð fyrir samtals 48 m.k.r til ársins 2011. Upphæðin skiptist þannig að á árinu 2007 greiðast 7 m.kr., 12 m.kr. árið 2008, 12 m.kr. árið 2009, 12 m.kr. árið 2010 og 5 m.kr. árið 2011. Í sjötta lagi er veitt 8,7 m.kr. tímabundið framlag á *1.98 Ýmis framlög menntamálaráðuneytis* til meðferðarstarfsemi í Gaulverjaskóla. Í sjöunda lagi er lagt til að veitt verði 7,5 m.kr. tímabundið framlag á *1.98 Ýmis framlög menntamálaráðuneytis* samkvæmt samningi um stuðning við uppbyggingu Þorbergsseturs að Hala í Suðursveit. Í áttunda lagi eru veittar 2 m.kr. á *1.98 Ýmis framlög menntamálaráðuneytis* vegna Dags íslenskrar tungu. Í áttunda lagi er lögð til 5 m.kr. hækkun á framlagi á *1.98 Ýmis framlög menntamálaráðuneytis* vegna aukins stjórnvaldskostnaðar vegna alþjóðlegra samninga sem Ísland hefur gerst aðili að. Í níunda lagi er lögð til 26 m.kr. hækkun á *1.98 Ýmis framlög menntamálaráðuneytis* vegna aukningar á samningum og styrkjum. Í tíunda og síðasta lagi er lagt til að veitt verði 5 m.kr. framlag á *1.98 Ýmis framlög menntamálaráðuneytis* til undirbúnings ráðherrafundar Evrópuráðsins um fjölmiðlamál sem haldinn verður hér á landi 2009. Áætlað er að *1.98 Ýmis framlög menntamálaráðuneytis* skiptist þannig:

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2008
Átaksverkefni vegna lesblindu í skólum landsins	10,0
Samningur við Íþróttaakademíuna á Reykjanesi	12,0
Samningur til styrktar uppbyggingar Þórbergseturs	7,5
Framlag til Gaulverjaskóla vegna tilraunaverkefnis um meðferðarstarfsemi	8,7
Alþjóðasamningar er varða menningarmál, - aðildargjöld og stjórnvaldskostnaður	16,5
Ýmis menningarverkefni í upplýsingatækni	15,0
Framlag til undirbúnings ráðherrafundar Evrópuráðsins um fjölmiðla árið 2009	5,0
Framlag vegna Dags íslenskrar tungu	2,0
Ýmsir samningar og styrkir varðandi menningarmál	73,6
Samtals	**150,3**

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem ætlaðir eru til að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um safnliði er að finna í kafla 3.2 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
02-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.
02-234-1.11	Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora	Launagreiðslur til prófessora hjá ríkisreknum háskólastofnunum.
02-299-1.91	Háskólar, óskipt	Ófyrirséð útgjöld háskóla og uppgjör fjárheimilda skv. forsendum samninga.
02-319-1.12	Orlof kennara	Námsorlof kennara í framhaldsskólum.
02-319-1.13	Forfallakennsla	Forfallakennsla í framhaldsskólum.
02-319-1.14	Sérkennsla	Sérkennsla í framhaldsskólum.
02-319-1.90	Framhaldsskólar, óskipt	Ófyrirséð útgjöld framhaldsskóla og uppgjör fjárheimilda skv. forsendum samninga.
02-982-1.91	Menningarstofnanir, óskipt	Ófyrirséð útgjöld menningarstofnana.

03 Utanríkisráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun utanríkisráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	4.413,3	4.591,8	5.644,7	23	28
Neyslu- og rekstrartilfærslur	4.215,8	5.086,2	5.991,7	18	42
Stofnkostnaður og viðhald	120,8	30,0	130,0	333	8
Samtals	**8.749,9**	**9.708,0**	**11.766,4**	**21**	**34**
Greitt úr ríkissjóði	-	8.321,2	10.142,7	22	-
Innheimt af ríkistekjum	-	1.386,8	1.623,7	17	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals	-	**9.708,0**	**11.766,4**	**21**	-

Heildargjöld utanríkisráðuneytis árið 2008 eru áætluð um 11.813,6 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 47,2 m.kr. en þær nema 0,4% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 11.766,4 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 10.142,7 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 1.623,7 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.


Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 5.644,7 m.kr. og hækka um 1.052,9 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um 800 m.kr. framlag vegna yfirtöku Íslands á rekstri Ratsjárstofnunar ásamt 474 m.kr. framlagi vegna annarra varnarmála. Á móti kemur 280 m.kr. lækkun vegna niðurfellingar á fjárlagalið 215 Rekstur fyrrum varnarsvæða við Keflavíkurflugvöll.

Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 905,5 m.kr. og verða 5.991,7 m.kr. en eru 5.086,2 m.kr. í fjárlögum ársins 2007. Þyngst vega í fyrsta lagi 761,4 m.kr. til eflingar þróunarmála í samræmi við markmið ríkisstjórnarinnar. Í öðru lagi 290 m.kr. tímabundið framlag vegna stofnkostnaðar Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 130 m.kr. og er það 100 m.kr. hækkun milli ára. Skýrist það af tveimur tilefnum. Í fyrsta lagi 58 m.kr. hækkun framlags til sendiráða og í öðru lagi 42 m.kr. tímabundið framlag vegna endurnýjunar á þotugildrum fyrir herflugvélar á Keflavíkurflugvelli.

Vikið er nánar að helstu útgjaldabreytingum í greinargerð um viðkomandi fjárlagalið hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2008 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.



Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Utanríkisráðuneytið, aðalskrifstofa; 111 Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 25,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	978,0	987,8	922,9	-6,6	-5,6
Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis	0,0	0,0	137,4	-	-
Ýmis verkefni	32,4	47,6	41,4	-13,0	27,8
Ráðstöfunarfé	0,0	5,0	5,0	0,0	-
Samtals	**1.010,4**	**1.040,4**	**1.106,7**	**6,4**	**9,5**

101 Utanríkisráðuneytið, aðalskrifstofa. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 922,9 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 100,7 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum. Þær lækkanir á fjárlagaliðnum sem vega hvað þyngst er í fyrsta lagi, ósk um 91,2 m.kr. millifærslu yfir á nýjan fjárlagalið 111 Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis. Í öðru lagi er lögð til 21 m.kr. lækkun vegna aðhaldskröfu og breyttrar forgangsröðunar innan langtímaáætlunar. Í þriðja lagi er lagt til að millifæra 10 m.kr. á sendiráð vegna menningarstarfsemi sendiskrifstofa. Í fjórða lagi er lagt til að millifærðar verði 7 m.kr. yfir á nýjan fjárlagalið 213 Varnarmál. Hins vegar eru hækkanir á fjárlagaliðnum sem koma á móti ofangreindum lækkunum. Í fyrsta lagi er tímabundið 15 m.kr. framlag vegna kostnaðarauka utanríkisráðuneytisins við flokkun og skil skjala til öryggismálasafns samkvæmt ákvæðum laga. Í öðru lagi er óskað eftir 6 m.kr. tímabundnu framlagi vegna endurnýjunar á aðgangskerfi og símkerfi utanríkisráðuneytisins. Í þriðja lagi er óskað eftir 5 m.kr. framlagi til að standa undir kostnaði ráðuneytisins vegna fræðslu og menntamála. Í fjórða lagi er óskað eftir 2,5 m.kr. framlagi vegna samnings um rekstur Útflutningsskrifstofu íslenskrar tónlistar. Aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlagsbreytinga.

111 Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis. Hér er um að ræða nýjan fjárlagalið en gert er ráð fyrir að rekstrargjöld á honum nemi um 137,4 m.kr. á næsta ári. Skýrist það af tveimur tilefnum. Í fyrsta lagi eru 91,2 m.kr. millifærðar af fjárlagalið aðalskrifstofu utanríkisráðuneytisins yfir á liðinn. Í öðru lagi er óskað eftir 42 m.kr. framlagi vegna stofnunar útibús frá Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytisins á Akureyri. Aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlagsbreytinga.

190 Ýmis verkefni. Gert er ráð fyrir 41,4 m.kr. fjárveitingu til liðarins og jafngildir það 6,9 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Niður fellur 8 m.kr. tímabundið framlag til kennslu í heimskautarétti, á móti kemur að óskað er eftir 1,1 m.kr. framlagi til samskipta við Vestur-Íslendinga en umsvif verkefnisins hafa verið að aukast.

Varnarmál og Keflavíkurflugvöllur

Þessi málefnaflokkur nær til eftirtalinna fjárlagaliða: 211 Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli; 213 Varnarmál og 217 Ratsjárstofnun. Niður fellur liðurinn 215 Rekstur fyrrum varnarsvæða við Keflavíkurflugvöll.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli	1.693,1	2.551,0	2.811,0	10,2	66,0
Varnarmál	0,0	0,0	533,8	-	-
Rekstur fyrrum varnarsvæða við Keflavíkurflugv.	0,0	280,0	0,0	-100,0	-
Ratsjárstofnun	0,0	0,0	822,3	-	-
Samtals	**1.693,1**	**2.831,0**	**4.167,1**	**47,2**	**146,1**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 1.296 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar.

*211 **Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli.*** Samkvæmt frumvarpinu verða rekstrargjöld liðarins 2.811 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 260 m.kr. hækkun að raungildi frá gildandi fjárlögum. Skýrist það af tveimur tilefnum. Í fyrsta lagi er óskað eftir 290 m.kr. framlagi til stofnkostnaðar og skýrist sú fjárhæð að mestu af 147,4 m.kr. kostnaði við kaup á slökkvibifreið og öðrum tækjum ásamt 108,6 m.kr. kostnað vegna aðflugsbúnaðar. Þessi tillaga er afleiðing er fylgir yfirtöku á starfsemi varnarliðsins og er hún fjármögnuð með beinni greiðslu úr ríkissjóði yfir í B-hluta fjárlaga. Í öðru lagi er lögð til 30 m.kr. lækkun vegna aðhaldskröfu og breyttrar forgangsröðunar innan langtímaáætlunar. Áætlað er að ríkistekjur af lendingargjöldum og öryggisgjaldi sem innheimt er samkvæmt lögum nr. 60/1998, verði samtals 1.220,2 m.kr. Annars vegar er gert ráð fyrir því að tekjur af öryggisgjaldi hækki um 95,8 m.kr. og verði 603,2 m.kr. Hins vegar er gert ráð fyrir því að ríkistekjur af lendingargjaldi vegna millilandaflugs hækki um 71,8 m.kr. og verði 617 m.kr. Nánar er fjallað um fjárreiður Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli í umfjöllun um B-hluta fyrirtæki.

*213 **Varnarmál.*** Hér er um að ræða nýjan fjárlagalið en gert er ráð fyrir að rekstrargjöld á honum nemi um 533,8 m.kr. á næsta ári. Í fyrsta lagi er sótt um 200 m.kr. fjárveitingu vegna varnarsamstarfs Íslands innan NATO. Um er að ræða ýmis konar kostnað sbr. eldsneyti, aðbúnað auk annarrar almennrar fyrirgreiðslu vegna ríkja sem koma að vörnum og eftirliti á Norður Atlantshafi. Í öðru lagi er sótt um 100 m.kr. framlag vegna gæslu og viðbúnaðar á öryggissvæði við Keflavíkurflugvöll og Helguvík í tengslum við samstarf við grannþjóðir, heræfingar og nýtingu á svæðinu af innlendum aðilum. Um er að ræða eftirlit og gæslu á öryggissvæðum og sérstakt eftirlit vegna alþjóðlegra

og tvíhliða æfinga auk afnota aðildarþjóða NATO af svæðinu. Í þriðja lagi er óskað eftir 60 m.kr. fjárveitingu vegna reksturs öryggissvæðis við Keflavíkurflugvöll. Um er að ræða rekstur á byggingum og búnaði sem áður var kostaður af Bandaríkjaher. Reksturinn var áður vistaður á fjárlagalið 215 Rekstur fyrrum varnarsvæða við Keflavíkurflugvöll. Í fjórða lagi er sótt um 42 m.kr. tímabundið framlag vegna endurnýjunar á þotugildrum fyrir herflugvélar á Keflavíkurflugvelli í tengslum við rekstur öryggissvæðis og samstarf við grannþjóðir um varnarmál. Í fimmta lagi er óskað eftir 40 m.kr. fjárveitingu vegna æfinga Bandaríkjahers á Íslandi í samræmi við varnarsamning landanna. Í sjötta lagi er óskað eftir 30 m.kr. framlagi vegna yfirtöku á rekstri bygginga sem eru í eigu NATO á Keflavíkurflugvelli. Í sjöunda lagi er sótt um 17 m.kr. fjárveitingu vegna reksturs á þotugildrum á Keflavíkurflugvelli í samstarfi við Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar. Í áttunda lagi er óskað eftir 15 m.kr. tímabundnu framlagi til endurnýjunar á rafkerfi bygginga á öryggissvæði við Keflavíkurflugvöll. Í níunda lagi er óskað eftir 7 m.kr. millifærslu af fjárlagalið aðalskrifstofu utanríkisráðuneytisins vegna heræfinga NATO. Í tíunda lagi er sótt um 5 m.kr. tímabundna fjárveitingu vegna niðurrifs bygginga á öryggissvæði við Keflavíkurflugvöll. Um er að ræða byggingar sem eru nú á ábyrgð íslenska ríkisins og engin fyrirsjáanleg not eru fyrir. Aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlagsbreytinga.

*215 **Rekstur fyrrum varnarsvæða við Keflavíkurflugvöll.*** Óskað hefur eftir því að fjárlagaliðurinn verður felldur niður vegna flutnings verkefna og stofnunar nýs fjárlagaliðar 213 Varnarmál. Framlag vegna reksturs öryggissvæðis við Keflavíkurflugvöll verður framvegis vistað á þeim nýja fjárlagalið.

*217 **Ratsjárstofnun.*** Hér er um að ræða nýjan fjárlagalið er stofnaður hefur verið vegna yfirtöku Íslands á rekstri Ratsjárstofnunar frá Bandaríkjamönnum og flutningi á henni úr B-hluta fjárlaga yfir í A-hluta. Samkvæmt frumvarpinu verða rekstrargjöld liðarins 822,3 m.kr. á næsta ári. Ratsjárstofnun rekur í dag fjórar ratsjárstöðvar sem staðsettar eru á Miðnesheiði (á öryggissvæði utanríkisráðuneytisins á Keflavíkurflugvelli), Bolafjalli, Stokksnesi og Gunnólfsvíkurfjalli. Stöðvarnar eru allar í eigu NATO en á ábyrgð Íslands. Ratsjárstofnun annast viðhald þeirra mannvirkja og vega sem tilheyra ratsjárstöðvunum. Eftirlits- og stjórnstöðin er staðsett á öryggissvæði utanríkisráðuneytisins. Ratsjárstofnun er ábyrg fyrir rekstri hugbúnaðarsviðs sem einnig er staðsett á öryggissvæðinu, þar rekur Ratsjárstofnun að auki birgðahald og viðhaldseftirlit. Undanfarin ár hefur Ratsjárstofnun verið rekin samkvæmt árlegum verksamningi við Bandaríska flugherinn á grundvelli milliríkjasamninga Íslands og Bandaríkjanna. Bandarísk stjórnvöld hafa fjármagnað rekstur Ratsjárstofnunar, en íslensk stjórnvöld hafa stjórnað starfsemi hennar. Þessum samningum hefur nú verið sagt upp af hálfu Bandaríkjanna og rann uppsagnafresturinn út þann 15. ágúst 2007.

Sendiráð og fastanefndir

Til þessa málefnaflokks telst einn fjárlagaliður, 300 Sendiráð Íslands. Heildarframlög til málefnaflokksins eru áætluð 1.902 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 83,2 m.kr. hækkun að raungildi frá gildandi fjárlögum.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Sendiráð og fastanefndir	1.792,9	1.809,9	1.902,0	5,1	6,1
Samtals	**1.792,9**	**1.809,9**	**1.902,0**	**5,1**	**6,1**

Helstu breytingar á framlögum eru eftirfarandi: Í fyrsta lagi er sótt um 29,2 m.kr. fjárveitingu vegna aukins fjölda starfsstöðva. Um er að ræða fjárveitingu er skiptist niður á eftirfarandi viðföng, *5.21 Viðhald fasteigna* 15 m.kr. og *6.01 Tæki og búnaður* 14,2 m.kr. Í öðru lagi er óskað eftir 20 m.kr. framlagi vegna sjúkrasjóðs utanríkisþjónustunnar. Um er að ræða hækkun til samræmis við raunkostnað. Í þriðja lagi er óskað eftir 15 m.kr. framlagi til að leiðrétta viðvarandi rekstrarhalla á fjárlagaliðnum. Í fjórða lagi er sótt um 10 m.kr. fjárveitingu vegna þróunarstarfs sendiráðs Íslands í Pretoríu. Fjárveiting þessi er hluti af framlagi Íslands til þróunarmála og telst því til markmiða ríkisstjórnarinnar um aukningu framlaga til þróunarmála. Í fimmta lagi er óskað eftir 10 m.kr. millifærslu af fjárlagalið aðalskrifstofu utanríkisráðuneytisins vegna menningarstarfsemi sendiskrifstofa. Í sjötta lagi er lögð til 7,7 m.kr. lækkun vegna aðhaldskröfu og breyttrar forgangsröðunar innan langtímaáætlunar. Í sjöunda lagi er sótt um 3,7 m.kr. tímabundið framlag vegna íslenskrar menningar- og listahátíðar í Brussel. Um er að ræða hlut ríkisins í samstarfsverkefni með íslenskum fyrirtækjum. Í áttunda lagi er óskað eftir 3 m.kr. tímabundinni fjárveitingu vegna kostnaðar við útgáfu vegabréfsáritanna í Peking. Um er að ræða kostnað vegna húsnæðis og almenns reksturs. Aðrar breytingar má rekja til launa- og gengisbreytinga.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Sendiráð Íslands í Berlín	61,9	71,4	71,2	-0,3	15,0
Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn	83,2	95,6	95,3	-0,3	14,5
Sendiráð Íslands í London	101,8	101,5	101,2	-0,3	-0,6
Sendiráð Íslands í Moskvu	75,0	85,1	84,8	-0,3	13,1
Sendiráð Íslands í Ósló	49,2	63,2	63,0	-0,3	28,1
Sendiráð Íslands í París og fastanefnd	101,9	113,8	113,4	-0,3	11,3
Sendiráð Íslands í Stokkhólmi	48,6	51,4	51,2	-0,3	5,4
Sendiráð Íslands í Washington	85,7	88,0	87,7	-0,3	2,4
Fastanefnd Íslands í New York	133,5	134,0	133,6	-0,3	0,1
Skrifstofa aðalræðismanns í New York	36,9	32,1	32,0	-0,3	-13,3
Sendiráð Íslands í Brussel og hjá ESB	126,3	133,4	136,7	2,5	8,2
Fastanefnd hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu	92,5	100,2	99,9	-0,3	8,0
Fastanefnd hjá alþjóðast. og EFTA í Genf	76,4	87,9	87,6	-0,3	14,7
Sendiráð Íslands í Vínarborg og fastan. hjá ÖSE	48,4	58,1	57,9	-0,3	19,7
Sendiráð Íslands í Peking	67,7	75,0	77,8	3,7	14,9
Sendiráð Íslands í Ottawa	40,8	41,6	41,5	-0,3	1,6
Sendiráð Íslands í Tókíó	58,9	66,6	66,4	-0,3	12,7
Sendiráð Íslands í Helsinki	45,8	47,2	47,1	-0,3	2,7
Fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu	29,3	42,0	41,9	-0,3	42,9
Sendiráð Íslands í Pretoríu áður Mapútó	15,2	30,1	40,0	32,9	163,2
Aðalræðismaður í Winnipeg	25,2	28,9	28,8	-0,3	14,3
Sendiráð Íslands í Róm	24,7	25,3	25,2	-0,3	2,1
Sendiráð Íslands í Nýju Dehli	46,0	69,4	69,2	-0,3	50,4
Aðalræðismaður í Þórshöfn	0,0	0,0	23,0	-	-
Sendiráð annað	300,9	138,1	137,7	-0,3	-54,2
Samtals	**1.775,8**	**1.779,9**	**1.814,0**	**1,9**	**2,2**

Þróunarmál og alþjóðastofnanir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands; 391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi og 401 Alþjóðastofnanir.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Þróunarsamvinnustofnun Íslands	997,4	1.212,5	1.551,4	28,0	55,5
Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi	968,5	990,3	1.421,6	43,6	46,8
Alþjóðastofnair	1.178,8	1.489,7	1.214,1	-18,5	3,0
Samtals	**3.144,7**	**3.692,5**	**4.187,1**	**13,4**	**33,1**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins nemur 4.187,1 m.kr. og jafngildir það um 483,6 m.kr. hækkun að raungildi frá gildandi fjárlögum. Helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi.

390 ***Þróunarsamvinnustofnun Íslands.*** Gert er ráð fyrir að útgjöld nemi um 1.551,4 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 334,5 m.kr. hækkun að raungildi frá gildandi fjárlögum. Á viðfangsefni *1.11 Þróunaraðstoð* er farið fram á 334,5 m.kr. fjárveitingu í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aukningu framlaga til þróunarmála. Aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlagsbreytinga.

391 ***Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi.*** Samkvæmt frumvarpinu verða framlög til þessa liðar 1.421,6 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 419,7 m.kr. hækkun að raungildi frá gildandi fjárlögum. Í fyrsta lagi er sótt um 135,4 m.kr. fjárveitingu vegna hækkunar á þróunarmálum og hjálparstarfsemi óskipt í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aukningu framlaga til þróunarmála. Í öðru lagi er sótt um 115,4 m.kr. framlag til mannúðarmála og neyðaraðstoðar á viðfangsefni *1.30 Mannúðarmál og neyðaraðstoð.* Í þriðja lagi er óskað eftir 50 m.kr. framlagi til Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna. Í fjórða lagi er sótt um 40,1 m.kr. fjárveitingu til hjálparstarfs Sameinuðu þjóðanna fyrir konur í þróunarlöndum, UNIFEM. Í fimmta lagi er óskað eftir 30 m.kr. framlagi til Sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna. Í sjötta lagi er óskað eftir 25 m.kr. fjárveitingu til þróunaraðstoð Sameinuðu Þjóðanna, UNDP. Í sjötta lagi er sótt um 23,8 m.kr. framlag til Alþjóðabarnahjálparstofnunarinnar, UNICEF en markmið þess er að vinna að bættum hag barna, ungmenna og kvenna í þróunarlöndum. Aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlagsbreytinga.

401 ***Alþjóðastofnanir.*** Heildarframlag til Alþjóðastofnanna nemur 1.214,1 m.kr. og lækkar um 270,6 m.kr. að raungildi frá gildandi fjárlögum. Þær lækkanir á fjárlagaliðnum sem vega þyngst er í fyrsta lagi, tillaga um 300 m.kr. lækkun framlaga á viðfangsefni *1.73 Þróunarsjóði EFTA* vegna mikilla uppsafnaðra fjárheimilda á því viðfangi. Í öðru lagi er lögð til 100 m.kr. lækkun framlags á viðfangsefni *1.87 Íslensk friðargæsla* vegna uppsöfnun fjárheimilda. Í þriðja lagi er lögð til 7,8 m.kr. lækkun vegna hagræðingaraðgerðar. Um er að ræða heimköllun lánaðs starfsmanns er hefur starfað fyrir Evrópuráðið. Í fjórða lagi er lögð til 6 m.kr. lækkun vegna aðhaldskröfu og breyttrar forgangsröðunar innan langtímaáætlunar. Á móti koma hækkanir á fjárlagaliðnum en þær eru í fyrsta lagi, ósk um 135 m.kr. hækkun á framlagi Íslands til Þróunarsjóðs EFTA vegna nýrra aðildarríkja ESB. Í öðru lagi er sótt um 7,2 m.kr. hækkun á fjárveitingu til Alþjóðabankans í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aukningu framlaga til þróunarmála. Í þriðja lagi er óskað eftir 1 m.kr. hækkun á framlagi vegna þátttöku Íslands í BALTIC 21 verkefni á vegum Eystrasaltsráðsins. Aðrar breytingar má rekja til launa- og gengisbreytinga.

Útflutningsmál

Fjárlagaliðurinn 611 Útflutningsráð Íslands er eini liður þessa málaflokks. Framlagið nemur 403,5 m.kr. og er það jafnt þeim tekjum sem markaðsgjald skilar. Áætlað er að tekjurnar hækki um 69,3 frá áætlun gildandi fjárlaga.

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem ætlaðir eru til að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um safnliði er að finna í kafla 3.2 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
03-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun landbúnaðarráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	2.572,5	2.625,5	2.717,2	3	6
Neyslu- og rekstrartilfærslur	10.840,9	10.970,4	11.032,1	1	2
Stofnkostnaður og viðhald	205,1	226,1	266,9	18	30
Samtals	**13.618,5**	**13.822,0**	**14.016,2**	**1**	**3**
Greitt úr ríkissjóði	-	12.146,8	12.915,4	6	-
Innheimt af ríkistekjum	-	1.753,9	1.173,8	-33	-
Viðskiptahreyfingar	-	-78,7	-73,0	-7	-
Samtals	-	**13.822,0**	**14.016,2**	**1**	-

Heildargjöld landbúnaðarráðuneytis árið 2008 eru áætluð um 14.891 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 875 m.kr. en þær nema 5,9% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 14.016 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 12.915 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 1.174 m.kr. innheimtar af ríkistekjum. Mismunurinn, 73 m.kr., færist til lækkunar á viðskiptahreyfingum ríkissjóðs.

Samkvæmt lögum nr. 109/2007, um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, verða landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneyti sameinuð í eitt ráðuneyti undir heitinu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti frá og með 1. janúar 2008. Við aðra umræðu

fjárlaga verða fluttar breytingatillögur við fjárlagafrumvarpið miðað við breytta skipan Stjórnarráðsins.


Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 2.717 m.kr. og hækka um 92 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um 50 m.kr. fjárveitingu til nýs fjárlagaliðar Hekluskóga en inn í því framlagi er 14 m.kr. millifærsla sem Skógrækt ríkisins hefur hingað til greitt til Hekluskóga. Gert er ráð fyrir 30 m.kr. lækkun á rekstarfjárveitingu Landgræðslu ríkisins á móti samsvarandi hækkun á stofnkostnaðarframlagi. Að sama skapi er gert ráð fyrir 10 m.kr. lækkun rekstrargjalda hjá Framleiðnisjóði landbúnaðarins á móti samsvarandi hækkun tilfærslugjalda. Aðrar helstu breytingar eru þær að gert er ráð fyrir 9 m.kr. framlagi til að styrkja rekstur Landbúnaðarstofnunar og 3,7 m.kr. til Hólaskóla vegna húsaleigusamnings um aðstöðu til reiðkennslu á Hólum í Hjaltadal. Niður fellur 6 m.kr. tímabundið framlag vegna alþjóðlegs samráðsþings um verndun jarðvegs.

Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 62 m.kr. og verða 11.032 m.kr. en eru 10.970 m.kr. í fjárlögum ársins 2007. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um 305 m.kr. hækkun fjárveitingar vegna nýs sauðfjársamnings. Þá er gert er ráð fyrir að verðtilfærslugjald á mjólk verði fellt niður árið 2008 og að Fóðursjóður verði lagður niður í áföngum á næstu þremur árum. Á árinu 2008 munu fjárveitingar vegna niðurfellingar verðtilfærslugjalds lækka um 307 m.kr. og um 300 m.kr. vegna Fóðursjóðs. Aðrar helstu breytingar eru þær að gert er ráð fyrir að greiðslur vegna mjólkursamnings hækki um 37,7 m.kr. og munar þar mest um 25 m.kr. fjárveitingu til að tryggja samkeppnisumhverfi nautgripaframleiðenda gagnvart öðrum kjötframleiðendum. Niður falla alls 23 m.kr. framlög sem voru veitt til tímabundinna verkefna.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 267 m.kr. og er það 41 m.kr. hækkun milli ára. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um 30 m.kr. millifærslu af rekstrarlið Landgræðslu ríkisins. Þá er gert ráð fyrir að 8,7 m.kr. tímabundin frestun á framlagi til stofnkostnaðar hjá Jarðasjóði og Jarðeignum ríkisins gangi til baka.

Vikið er nánar að helstu útgjaldabreytingum í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2008 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni efst á næstu síðu.



Skuldbindandi samningar

Landbúnaðarráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um rekstrarverkefni sem áætlað er að nemi samtals um 9.012 m.kr. á yfirstandandi ári. Það svarar til 65,2% af heildarútgjöldum ráðuneytisins. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Fjárhæðir í töflunni, að undanskildu árinu 2007, eru á áætluðu verðlagi ársins 2008 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2007	2008	2009	2010	2011
Samningur um mjólkurframleiðslu	B	4.672,9	4.778,7	4.730,9	4.683,6	4.637,2
Samningur um sauðfjárframleiðslu	B	3.256,9	3.538,0	3.506,3	3.474,6	3.441,8
Samningur við Samband garðyrkjubænda	B	347,8	350,6	341,8	333,3	325,0
Samningur við Bændasamtök Íslands	A	678,9	679,9	669,7	659,5	0,0
Landgræðsluskógar	B	20,0	20,0	35,0	35,0	35,0
Norður-Atlandshafslaxveiðinefndin	A	7,0	5,4	5,4	5,4	5,4
Samningur um Hekluskóga	B	28,0	50,0	50,0	50,0	50,0
Samtals		**9.011,5**	**9.422,6**	**9.339,1**	**9.241,4**	**8.494,4**

Samningar sem landbúnaðarráðuneytið stendur að ásamt fjármálaráðuneytinu skv. heimild í 30. gr. fjárreiðulaga eru merktir með bókstafnum A í töflunni og er kostnaður vegna þeirra áætlaður 686 m.kr. á yfirstandandi ári. Aðrir samningar sem bæði ráðuneytin standa að eru merktir með bókstafnum B og eru þær skuldbindingar áætlaðar 8.326 m.kr. Samningur við Bændasamtök Íslands rennur út í árslok 2010. Verði sá samningur endurnýjaður má búast við að til jafnaðar verði 9.100 m.kr. bundnar árlega vegna framangreindra verkefna. Á árinu voru endurnýjaður samningar um sauðfjárframleiðslu og Landgræðsluskóga og gilda báðir samningarnir til ársloka 2013. Samningur um sauðfjárframleiðslu

tekur gildi í upphafi árs 2008 en samningurinn um Landgræðsluskóga í upphafi árs 2009. Samstarfssamningur ríkissjóðs, Landgræðslu ríkisins og Skógræktar ríkisins um landgræðslu og endurheimt skóg- og kjarrlendis á Heklusvæðinu var undirritaður á árinu og er gildistími samningsins árin 2007-2016 að báðum árum meðtöldum. Þá féllu tveir samningar úr gildi í árslok 2006 en það var samningur um Bleikjurækt við Hólaskóla og samningur við Stofnfisk.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir landbúnaðarráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa; 102 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	211,5	224,0	234,3	4,6	10,8
Ýmis verkefni	125,8	122,5	118,8	-3,0	-5,6
Ráðstöfunarfé	0,0	6,0	6,0	0,0	-
Samtals	**337,3**	**352,5**	**359,1**	**1,9**	**6,5**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 5,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Munar mest um að niður fellur 6 m.kr. tímabundið framlag til Skógræktarfélags Íslands sem veitt var á fjárlögum 2007 til að opna þrjú ný skógræktarsvæði við þjóðleiðir landsins. Í eftirfarandi undirkafla er gerð nánari grein fyrir breytingum, að raungildi, á fjárveitingum til einstakra fjárlagaliða málefnaflokksins. Aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlagsbreytinga.

190 Ýmis verkefni. Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 118,8 m.kr. og jafngildir það 5,7 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Breytingar á framlögum til liðarins snerta tvö viðfangsefni og eru þessar: Á viðfangsefni *1.31 Skógræktarfélag Íslands* fellur niður 6 m.kr. tímabundið framlag sem Skógræktarfélagi Íslands var veitt á fjárlögum 2007 til að opna þrjú ný skógræktarsvæði við þjóðleiðir landsins, þ.e. Þelamörk í Eyjafirði, Akurgerði í Norður-Þingeyjarsýslu og skógarreit við Djúpavog. Á viðfangsefni *6.41 Innleiðing gagnagrunna á lögbýlum* gengur til baka 0,3 m.kr. tímabundin frestun sem ákveðin var á fjárlögum 2007. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir ýmis framlög landbúnaðarráðuneytis á viðfangi *1.98*.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2007	Frumvarp 2008
Sundurliðun á óskiptu viðfangsefni:		
04-190-1.98 Ýmis framlög landbúnaðarráðuneytis		
Rannsóknarstarfsemi í landbúnaði	3,0	3,0
Kynbætur í fiskeldi	6,0	6,0
Tilraunastöðin Stóra-Ármóti	6,2	6,2
Landþurrkun	4,0	4,0
Samtals	**19,2**	**19,2**

Landbúnaðarstofnanir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 221 Veiðimálastofnun; 234 Landbúnaðarstofnun, 262 Landbúnaðarháskóli Íslands; 271 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal og 293 Hagþjónusta landbúnaðarins.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Veiðimálastofnun	93,1	72,3	74,4	2,9	-20,1
Landbúnaðarstofnun	605,5	660,2	692,0	4,8	14,3
Landbúnaðarháskóli Íslands	647,3	615,1	637,7	3,7	-1,5
Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal	238,7	220,7	227,2	2,9	-4,8
Hagþjónusta landbúnaðarins	21,1	22,1	24,2	9,5	14,7
Samtals	**1.605,7**	**1.590,4**	**1.655,5**	**4,1**	**3,1**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 12,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helsta breytingin felst í 9 m.kr. hækkun á framlagi til Landbúnaðarstofnunar til að styrkja rekstur stofnunarinnar. Í eftirfarandi undirköflum er gerð nánari grein fyrir breytingum, að raungildi, á fjárveitingum til einstakra fjárlagaliða málefnaflokksins.

234 ***Landbúnaðarstofnun.*** Gert er ráð fyrir 692 m.kr. fjárveitingu til liðarins. Lagt er til að veitt verði 9 m.kr. framlag til að styrkja rekstur stofnunarinnar en framlagið er hluti af útfærslu landbúnaðarráðuneytis á útgjaldasvigrúmi.

262 ***Landbúnaðarháskóli Íslands.*** Gert er ráð fyrir 637,7 m.kr. fjárveitingu til liðarins. Lögð er til 2,2 m.kr. hækkun á framlagi vegna niðurfellingar á undanþágu frá greiðslu fasteignagjalda.

271 ***Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal.*** Gert er ráð fyrir 227,2 m.kr. fjárveitingu til liðarins og jafngildir það 0,1 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Breytingar á framlögum til liðarins snerta tvö viðfangsefni og eru þessar: Á viðfangsefni *1.01*

Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal eru þrjár breytingar. Í fyrsta lagi er lagt til að veittar verði 3,7 m.kr. til Hólaskóla vegna húsaleigusamnings um aðstöðu til reiðkennslu. Í öðru lagi fellur niður 5 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var á fjárlögum 2007 til vettvangsskóla í fornleifafræði á Hólum í Hjaltadal og í þriðja lagi er lögð til 0,5 m.kr. hækkun á framlagi vegna niðurfellingar á undanþágu frá greiðslu fasteignagjalda. Á viðfangsefni *6.20 Fasteignir og lóðir* gengur til baka 0,9 m.kr. tímabundin frestun sem ákveðin var í fjárlögum 2007.

293 ***Hagþjónusta landbúnaðarins.*** Gert er ráð fyrir 24,2 m.kr. fjárveitingu til liðarins. Lagt er til að veitt verði 1 m.kr. framlag til að styrkja rekstur stofnunarinnar en framlagið er hluti af útfærslu landbúnaðarráðuneytis á útgjaldasvigrúmi.

Skógrækt og landgræðsla

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 311 Landgræðsla ríkisins; 321 Skógrækt ríkisins; 325 Hekluskógar; 331 Héraðs- og Austurlandsskógar; 332 Suðurlandsskógar; 334 Vesturlandsskógar; 335 Skjólskógar á Vestfjörðum og 336 Norðurlandsskógar.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Landgræðsla ríkisins	499,9	519,6	514,1	-1,1	2,8
Skógrækt ríkisins	256,2	255,6	247,3	-3,2	-3,5
Hekluskógar	0,0	0,0	50,0	-	-
Héraðs- og Austurlandsskógar	0,0	151,2	154,2	2,0	-
Suðurlandsskógar	0,0	124,3	125,8	1,2	-
Vesturlandsskógar	0,0	66,9	67,7	1,2	-
Skjólskógar á Vestfjörðum	0,0	50,5	51,2	1,4	-
Norðurlandsskógar	0,0	113,0	114,7	1,5	-
Héraðsskógar	100,4	0,0	0,0	-	-100,0
Landshlutabundin skógrækt	366,7	0,0	0,0	-	-100,0
Samtals	**1.223,2**	**1.281,1**	**1.325,0**	**3,4**	**8,3**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 19,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingarnar eru þær að gert er ráð fyrir 50 m.kr. til nýs fjárlagaliðar Hekluskóga í samræmi við samstarfssamning ríkissjóðs, Landgræðslu ríkisins og Skógræktar ríkisins um landgræðslu og endurheimt skóg- og kjarrlendis á Heklusvæðinu. Inn í þessu framlagi er 14 m.kr. fjárveiting sem Skógrækt ríkisins hefur verið veitt á fjárlögum vegna Hekluskóga. Þá fellur niður 12 m.kr. tímabundið framlag vegna neyðarástands út af klakastíflum í Jökulsá á Fjöllum og 6 m.kr. tímabundið framlag vegna alþjóðlegs samráðsþings um verndun jarðvegs. Í eftirfarandi undirköflum er gerð nánari grein fyrir breytingum, að raungildi, á fjárveitingum til einstakra fjárlagaliða málefnaflokksins. Aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlagsbreytinga.

311 Landgræðsla Íslands. Gert er ráð fyrir 514,1 m.kr. fjárveitingu til liðarins og jafngildir það 17,6 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Breytingar á framlögum til liðarins snerta þrjú viðfangsefni og eru þessar: Á viðfangsefni *1.01 Landgræðsla ríkisins* eru tvær breytingar. Annars vegar fellur niður 6 m.kr. tímabundið framlag vegna alþjóðlegs samráðsþings um verndun jarðvegs. Hins vegar er lagt til að ósk Landgræðslunnar að millifærðar verði 30 m.kr. af viðfangi *1.90 Landgræðsla ríkisins* yfir á *6.01 Tæki og búnaður* vegna ýmissa framkvæmda við höfuðstöðvar Landgræðslunnar í Gunnarsholti. Þar má helst nefna fyrirhugaðar framkvæmdir við kynningaraðstöðu í Gunnarsholti. Millifærslan mun ekki hafa áhrif á afkomu stofnunarinnar. Á viðfangsefni *1.90 Fyrirhleðslur* er lagt til að niður falli 12 m.kr. tímabundið framlag vegna neyðarástands út af klakastíflum í Jökulsá á Fjöllum. Á viðfangsefni *6.01 Tæki og búnaður* er 30 m.kr. millifærsla af viðfangi *1.90 Landgræðsla ríkisins*. Þá gengur til baka 0,4 m.kr. tímabundin frestun sem ákveðin var í fjárlögum 2007.

321 Skógrækt ríkisins. Gert er ráð fyrir 247,3 m.kr. fjárveitingu til liðarins og jafngildir það 13,5 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Breytingar á framlögum til liðarins snerta tvö viðfangsefni og eru þessar: Á viðfangsefni *1.01 Skógrækt ríkisins* er lagt til að millifærðar verði 14 m.kr., sem runnið hafa til Skógræktar ríkisins vegna Hekluskóga, yfir á nýjan fjárlagalið *04-325 Hekluskógar*. Á viðfangi *6.20 Fasteignir* gengur til baka 0,5 m.kr. tímabundin frestun sem ákveðin var í fjárlögum 2007.

325 Hekluskógar. Gert er ráð fyrir 50 m.kr. fjárveitingu til liðarins sem er nýr fjárlagaliður í fjárlagafrumvarpi 2008. Er það í samræmi við samstarfssamning ríkissjóðs, Landgræðslu ríkisins og Skógræktar ríkisins um Hekluskóga. Inn í þessu framlagi er 14 m.kr. fjárveiting sem runnið hefur til Skógræktar ríkisins vegna Hekluskóga. Markmið verkefnisins um Hekluskóga er að koma að landgræðslu og endurheimt skóg- og kjarrlendis á Heklusvæðinu. Samkvæmt samningnum skuldbindur ríkissjóður sig til að greiða 28 m.kr. árið 2007 og 50 m.kr. á ári til og með árinu 2016.

331 Héraðs- og Austurlandsskógar. Gert er ráð fyrir 154,2 m.kr. fjárveitingu til liðarins. Gert er ráð fyrir að 0,4 m.kr. tímabundin frestun sem ákveðin var í fjárlögum 2007 gangi til baka.

Greiðslur vegna búvöruframleiðslu

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu; 805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu og 807 Greiðslur vegna grænmetisframleiðslu.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu	4.875,5	4.789,2	4.986,0	4,1	2,3
Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu	3.123,0	3.215,4	3.636,0	13,1	16,4
Greiðslur vegna grænmetisframleiðslu	345,3	347,8	350,3	0,7	1,4
Samtals	**8.343,8**	**8.352,4**	**8.972,3**	**7,4**	**7,5**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 333,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helsta ástæða hækkunarinnar er 304,6 m.kr. hækkun fjárveitingar vegna nýs samnings um starfsskilyrði sauðfjárræktar. Gildistími samningsins er frá og með árinu 2008 til ársloka 2013. Aðrar breytingar eru þær að greiðslur vegna mjólkurframleiðslu hækka um 37,7 m.kr. og greiðslur vegna grænmetisframleiðslu lækka um 8,7 m.kr. Í eftirfarandi undirköflum er gerð nánari grein fyrir breytingum, að raungildi, á fjárveitingum til einstakra fjárlagaliða málefnaflokksins. Aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlagsbreytinga.

801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu. Fjárveiting til þessa fjárlagaliðar grundvallast á samningi frá 10. maí 2004, um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu. Gert er ráð fyrir 4.986 m.kr. fjárveitingu til liðarins og jafngildir það 37,7 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Breytingar til hækkunar á fjárveitingum eru þessar: Á viðfangsefni *1.07 Óframleiðslutengdur stuðningur* er lögð til 57,4 m.kr. hækkun fjárveitingar samkvæmt reiknilíkani samnings um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu. Á viðfangsefni *1.06 Gripagreiðslur* er lögð til 25 m.kr. fjárveiting til ársloka 2012 svo tryggja megi samkeppnisumhverfi nautgripaframleiðanda betur gagnvart öðrum kjötframleiðendum, bæði hér innanlands og erlendis. Samkvæmt niðurstöðu reiknilíkans hækka fjárveitingar til annarra viðfanga um samtals 3,5 m.kr. Breytingar til lækkunar á fjárveitingum til liðarins snertir eitt viðfangsefni en gert er ráð fyrir 48,2 m.kr. lækkun fjárveitingar á viðfangi *1.01 Beinar greiðslur til bænda* í samræmi við samninginn.

805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu. Fjárveiting til þessa fjárlagaliðar grundvallast á samningi frá 25. janúar 2007, um starfsskilyrði sauðfjárframleiðslu en samningurinn gildir frá 1. janúar 2008 til 31. desember 2013. Gert er ráð fyrir 3.636 m.kr. fjárveitingu til liðarins og jafngildir það 304,6 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs sem skýrist af öllu leyti af nýjum sauðfjársamningi. Nýr samningur um starfsskilyrði sauðfjárræktar er einfaldaður nokkuð frá fyrri samningi. Greiðsluleiðum til bænda er fækkað, jöfnunargreiðslum er breytt í beingreiðslur auk þess að undanþága frá útflutningsskyldu er felld niður í áföngum til ársloka 2009. Gert er ráð fyrir að mótframlag í lífeyrissjóð bænda verði áfram 6%. Í samræmi við samninginn hafa fimm ný viðföng verið stofnuð en þau eru: *1.11 Gæðastýring*, *1.12 Ullarnýting*, *1.13*

Markaðsstarf og birgðahald, *1.14 Svæðisbundinn stuðningur* og *1.15 Nýliðunar- og átaksverkefni*. Að sama skapi féllu niður fimm viðföng frá eldri samningnum en þau voru: *1.03 Jöfnunargreiðslur*, *1.04 Álagsgreiðslur vegna gæðastýringar*, *1.05 Niðurgreiðslur á ull*, *1.10 Þjónustu og þróunarkostnaður* og *1.35 Fagmennska í sauðfjárrækt*.

807 Greiðslur vegna grænmetisframleiðslu. Fjárveiting þessa fjárlagaliðar grundvallast á aðlögunarsamningi frá 12. mars 2002, um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða. Gert er ráð fyrir 350,3 m.kr. fjárveitingu til liðarins og jafngildir það 8,7 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Lækkunin kemur öll til vegna 2,5% samningsbundinnar hagræðingarkröfu. Breytingar til lækkunar á fjárveitingum til liðarins snerta þrjú viðfangsefni og eru þessar: 5,4 m.kr. á viðfangi *1.01 Beinar greiðslur til bænda*, 2,6 m.kr.á viðfangi *1.05 Niðurgreiðsla á lýsingu í ylrækt* og 0,7 m.kr. á viðfangi *1.08 Framlög til kynninga-, rannsókna-, þróunar- og endurmenntunarverkefna í ylrækt*.

Framlög og sjóðir í þágu landbúnaðar

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 811 Bændasamtök Íslands; 818 Búnaðarsjóður; 821 Framleiðnisjóður landbúnaðarins; 824 Verðmiðlun landbúnaðarvara; 827 Fóðursjóður; 828 Garðávaxtasjóður; 831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins; 843 Fiskræktarsjóður; 851 Greiðslur vegna riðuveiki og 891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Bændasamtök Íslands	513,6	525,5	533,8	1,6	3,9
Búnaðarsjóður	306,5	280,0	310,0	10,7	1,1
Framleiðnisjóður landbúnaðarins	156,3	157,0	160,0	1,9	2,4
Verðmiðlun landbúnaðarvara	90,0	383,0	89,0	-76,8	-1,1
Fóðursjóður	626,4	615,0	315,0	-48,8	-49,7
Garðávaxtasjóður	0,0	0,0	0,0	-	-
Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins	109,3	165,3	174,0	5,3	59,2
Lán til fiskeldis	72,7	0,0	0,0	-	-100,0
Fiskeldisrannsóknir	30,1	0,0	0,0	-	-100,0
Fiskræktarsjóður	26,2	20,8	23,5	13,0	-10,3
Greiðslur vegna riðuveiki	127,4	52,0	52,0	0,0	-59,2
Sérstakar greiðslur í landbúnaði	50,0	47,0	47,0	0,0	-6,0
Samtals	**2.108,5**	**2.245,6**	**1.704,3**	**-24,1**	**-19,2**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 554,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru þær að annars vegar er gert ráð fyrir því að Fóðursjóður verði lagður niður í áföngum á 3 árum og er lagt til að fjárveiting til liðarins lækki um 300 m.kr. í fjárlagafrumvarpi 2008. Hins vegar

er lagt til að verðtilfærslugjald á mjólkurafurðir verði fellt niður sem mun leiða til 307 m.kr. lækkun fjárveitingar. Markmiðið með þessum aðgerðum er að stuðla að aukinni samkeppni á markaði fyrir fóður og mjólk. Í eftirfarandi undirköflum er gerð nánari grein fyrir breytingum, að raungildi, á fjárveitingum til einstakra fjárlagaliða málefnaflokksins. Aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlagsbreytinga.

811 Bændasamtök Íslands. Gert er ráð fyrir 533,8 m.kr. fjárveitingu til liðarins og jafngildir það 5,1 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Er sú lækkun í samræmi við samning frá 17. maí 2005, um verkefni samkvæmt búnaðarlögum nr. 70/1998, og kemur öll fram á viðfangi *1.11 Ráðgjafaþjónusta og búfjárrækt.*

818 Búnaðarsjóður. Gert er ráð fyrir 310 m.kr. fjárveitingu til liðarins og jafngildir það 30 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Hækkunin skýrist af því að samkvæmt endurskoðaðri áætlun um ríkistekjur er gert ráð fyrir að tekjur af búnaðargjaldi hækki um 30 m.kr. og er lagt til fjárveiting til Búnaðarsjóðs hækki sem því nemur.

821 Framleiðnisjóður landbúnaðarins. Gert er ráð fyrir 160 m.kr. fjárveitingu til liðarins og jafngildir það 3 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Hækkunin er í samræmi við samning frá 17. maí 2005, um verkefni samkvæmt búnaðarlögum nr. 70/1998.

824 Verðmiðlun landbúnaðarvara. Gert er ráð fyrir 89 m.kr. fjárveitingu til liðarins og jafngildir það 294 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Lagt er til að verðtilfærslugjald á mjólk verði afnumið og að öll fjárheimild á viðfangi *1.11 Verðtilfærslugjald á mjólk* verði felld niður, eða samtals 296 m.kr. Gert er ráð fyrir því að tekjur af verðmiðlunargjöldum hækki um 2 m.kr. og er lagt til fjárveiting á viðfangi *1.10 Verðmiðlun landbúnaðarvara* hækki sem því nemur.

827 Fóðursjóður. Gert er ráð fyrir 315 m.kr. fjárveitingu til liðarins og jafngildir það 300 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Skýrist lækkunin af því að gert er ráð fyrir að leggja Fóðursjóð niður í áföngum á þremur árum og koma 300 m.kr. til lækkunar á árinu 2008.

831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins. Gert er ráð fyrir 174 m.kr. fjárveitingu til liðarins og jafngildir það 8,7 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Skýrist hækkunin af því að gert er ráð fyrir að tímabundin frestun sem ákveðin var í fjárlögum 2007 gangi til baka.

843 Fiskræktarsjóður. Gert er ráð fyrir 23,5 m.kr. fjárveitingu til liðarins og jafngildir það 2,7 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun um ríkistekjur er gert ráð fyrir að tekjur af gjaldi veiðifélaga og vatnsaflsstöðva hækki um 2,7 m.kr. og er lagt til að fjárveiting til Fiskræktarsjóðs hækki sem því nemur.

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem ætlaðir eru til að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um safnliði er að finna í kafla 3.2 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
01-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun sjávarútvegsráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	2.322,5	2.499,1	2.710,1	8	17
Neyslu- og rekstrartilfærslur	1.235,1	494,8	674,1	36	-45
Stofnkostnaður og viðhald	16,8	9,9	10,4	5	-38
Samtals	**3.574,4**	**3.003,8**	**3.394,6**	**13**	**-5**
Greitt úr ríkissjóði	-	2.884,2	3.301,9	14	-
Innheimt af ríkistekjum	-	119,6	92,7	-22	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals	-	**3.003,8**	**3.394,6**	**13**	-

Heildargjöld sjávarútvegsráðuneytis árið 2008 eru áætluð um 4.176 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 782 m.kr. en þær nema 18,7% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 3.395 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 3.302 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 93 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Samkvæmt lögum nr. 109/2007, um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, verða landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneyti sameinuð í eitt ráðuneyti undir heitinu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti frá og með 1. janúar 2008. Við aðra umræðu

fjárlaga verða fluttar breytingatillögur við fjárlagafrumvarpið miðað við breytta skipan Stjórnarráðsins.


Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 2.710 m.kr. og hækka um 211 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um 133 m.kr. fjárveitingu til matvælarannsókna, 63 m.kr. fjárveitingu til hafrannsókna og 11 m.kr. framlags vegna NEAFC, North East Atlantic Fisheries Commission. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld Verkefnasjóðs sjávarútvegsins lækki um 80 m.kr. á móti samsvarandi hækkun tilfærslugjalda. Þá lækka rekstrarfjárveitingar ýmissa stofnana sem heyra undir ráðuneytið um 15 m.kr. vegna hagræðingarkröfu og breytinga á forgangsröðun innan útgjaldaramma.

Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 179 m.kr. og verða 674 m.kr. en eru 495 m.kr. í fjárlögum ársins 2007. Þyngst vegur 100 m.kr. hækkun á framlagi í Rannsóknasjóð til að auka verðmæti sjávarútvegs.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 10,4 m.kr. og er það 0,5 m.kr. hækkun milli ára. Skýrist hækkunin af því að tímabundin frestun sem ákveðin var á fjárlögum gengur til baka.

Vikið er nánar að helstu útgjaldabreytingum í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2008 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.



Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa	182,3	219,9	229,3	4,3	25,8
Ýmis verkefni	179,7	161,8	178,6	10,4	-0,6
Ráðstöfunarfé	0,0	3,0	3,0	0,0	-
Samtals	**362,0**	**384,7**	**410,9**	**6,8**	**13,5**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 16 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Hækkunin kemur öll fram í lið ýmissa verkefna. Annars vegar er gert ráð fyrir 11 m.kr. fjárveitingu vegna aukins kostnaðar Íslands til NEAFC, North East Atlantic Fisheries Commission, og hins vegar 5 m.kr. framlagi til verkefnisins, gagnaveita um haf og sjávarútveg. Í eftirfarandi undirkafla er gerð nánari grein fyrir breytingum, að raungildi, á fjárveitingum til málefnaflokksins. Aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlagsbreytinga.

190 Ýmis verkefni. Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 178,6 m.kr. og jafngildir það 16 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Breytingar á framlögum til liðarins snerta tvö viðfangsefni og eru þessar: Á viðfangsefni *1.52 Alþjóðahafrannsóknir* er óskað eftir 11 m.kr. framlagi til að mæta auknum kostnaði Íslands til NEAFC, North East Atlantic Fisheries Commission. Um árabil hefur sú regla verið við lýði á vettvangi NEAFC að ríki sem telur færri en 300.000 íbúa skuli ekki greiða meira en sem nemur 5% af árlegum rekstrarkostnaði NEAFC. Hefur þessi regla einungis náð til Íslands og Danmerkur fyrir hönd Færeyja og Grænlands. Þar sem Íslendingar voru fleiri en 300.000 síðastliðin áramót á umrædd regla ekki lengur við um Ísland. Að þeim sökum hækkar framlag Íslands til NEAFC og verður framlag Íslands reiknað á sama grunni og á við um önnur aðildarríki NEAFC. Á viðfangsefni *1.98 Ýmis framlög sjávarútvegsráðuneytisins* er lagt til að veitt verði 5 m.kr. tímabundið framlag í eitt ár til verkefnisins, gagnaveita um haf og sjávarútveg. Vinna við grunngerð veitunnar er vel á veg komin og framundan er vinna við uppsetningu hennar á vefnum. Gert er ráð fyrir að ráða ritstjóra yfir veitunni og er áætlað að unnt verði að opna veituna um mitt ár 2008.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2007	Frumvarp 2008
Sundurliðun á óskiptu viðfangsefni:		
05-190-1.98 Ýmis framlög sjávarútvegsráðuneytis		
Rannsóknir á ræktunarsvæði kræklings og veiðisvæði kúfisks	3,0	3,0
Íslenskur sérfræðingur í fiskimáladeild Evrópusambandsins	6,0	0,0
Til að gæta íslenskra hagsmuna á alþjóðavettvangi m.a. vegna millirikjasamninga	6,2	6,2
Hafréttarstofnun	4,0	4,0
Vör, sjávarrannsóknasetur í Ólafsvík	0,0	5,0
Óskipt	0,0	1,4
Gagnavaeita um haf og sjávarútveg	0,0	5,0
Samtals	**19,2**	**24,6**

Rannsóknir og eftirlit

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 202 Hafrannsóknastofnunin; 204 Fiskistofa: 206 Matvælarannsóknir; 207 Verkefnasjóður sjávarútvegsins; Sjóður til síldarrannsókna; Verðlagsstofa skiptaverðs; 272 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins; 801 Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs og 901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Hafrannsóknastofnunin	1.256,3	1.206,1	1.307,6	8,4	4,1
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	285,4	0,0	0,0	-	-100,0
Fiskistofa	759,8	800,9	828,1	3,4	9,0
Matvælarannsóknir	0,0	241,1	388,3	61,1	-
Verkefnasjóður sjávarútvegsins	630,5	35,0	35,0	0,0	-94,4
Sjóður til síldarrannsókna	-2,1	0,0	0,0	-	-100,0
Verðlagsstofa skiptaverðs	19,5	24,1	15,1	-37,3	-22,6
Gengismunasjóður	8,5	0,0	0,0	-	-100,0
Sjávarspendýrasjóður	-0,3	0,0	0,0	-	-100,0
Veiðifærarannsóknir	8,3	0,0	0,0	-	-100,0
Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins	2,2	9,9	10,4	5,1	372,7
Sjávarútvegshús, undirbúningur	-8,7	0,0	0,0	-	-100,0
Húsbyggingasjóður	-9,2	0,0	0,0	-	-100,0
Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs	214,2	235,0	335,0	42,6	56,4
Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna	48,0	67,0	64,2	-4,2	33,8
Samtals	**3.212,4**	**2.619,1**	**2.983,7**	**13,9**	**-7,1**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 281,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru í fyrsta lagi þær að gert er ráð fyrir 133 m.kr. hækkun fjárveitingar til aukinna kaupa á matvælarannsóknum og til eflingar þeirra, í öðru lagi er lagt til að veitt verði 100 m.kr. fjárveiting til Rannsóknasjóðs um aukið verðmæti sjávarfangs og í þriðja lagi er gert ráð

fyrir 55 m.kr. hækkun á framlagi til Hafrannsóknastofnunar til eflingar á veiði- og vistfræðirannsóknum auk þess sem 8 m.kr. er veitt til stofnunarinnar vegna úrvinnslu á hvalatalningum. Vegna hagræðingar í rekstri lækka framlög til Verðlagsstofu skiptaverðs um 10 m.kr. og 5 m.kr. til skrifstofu rannsóknastofnana atvinnuveganna. Í eftirfarandi undirköflum er gerð nánari grein fyrir breytingum, að raungildi, á fjárveitingum til einstakra fjárlagaliða málefnaflokksins.

*202 **Hafrannsóknastofnunin.*** Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 1.307,6 m.kr. og jafngildir það 63 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Lagt er til að veitt verði 30 m.kr. framlag með það að markmiði að styrkja og efla veiðarfærarannsóknir við útibú Hafrannsóknastofnunar á Ísafirði. Áhersla verði lögð á að bæta við sérþekkingu á sviði atferlis fiska og þróunar kvíaeldis. Tillagan er hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til með hliðsjón af skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum. Áætlað er að störfum fjölgi um fjögur vegna þessa verkefnis. Gert er ráð fyrir að 25 m.kr. verði veitt til vistfræðirannsókna á loðnu og miðsjávartegundum. Á undanförnum árum hafa átt sér stað miklar breytingar á magni og útbreiðslu helstu uppsjávarfiska við landið sem tengja má breyttum aðstæðum í hafinu. Tillagan er hluti af útfærslu sjávarútvegsráðuneytis á útgjaldasvigrúmi sínu. Þá er óskað eftir 8 m.kr. tímabundnu framlagi vegna úrvinnslu á hvalatalningum sem fram fóru sumarið 2007 í samstarfi við Norður Atlantshafssjávarspendýraráðið.

*206 **Matvælarannsóknir.*** Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 388,3 m.kr. og jafngildir það 133 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Lagt er til að veitt verði 120 m.kr. tímabundið framlag til aukinna kaupa á matvælarannsóknum. Í framhaldi af stofnun Matís ohf. er gert ráð fyrir að ríkið auki tímabundið kaup sín á rannsóknaverkefnum um alls 650 m.kr. Fjárveitingarnar munu skiptast þannig að 130 m.kr. verður varið til þeirra árið 2007, 120 m.kr. árið 2008, 100 m.kr. árin 2009 og 2010, 90 m.kr. árið 2011, 65 m.kr. árið 2012 og 45 m.kr. árið 2013. Gert er ráð fyrir að veitt verði 10 m.kr. fjárveiting til eflingar matvælarannsókna, svo sem eldistækni landsstöðva, vinnslutækni matvæla, þróun matvælaiðnaðar og uppbyggingu háskólastarfa. Gert er ráð fyrir að útibú Matís ohf. á Vestfjörðum annist þessar rannsóknir. Ennfremur er lagt til að 3 m.kr. verði veitt til fjárlagaliðarins með það að markmiði að efla mælingarþjónustu á Ísafirði fyrir fyrirtæki, eigin rannsóknarverkefni og nemendaverkefni. Jafnframt verði ráðgjöf fyrir fyrirtæki og rannsóknaraðila á Vestfjörðum og fræðslustarfsemi efld. Útibúi Matís ohf. á Ísafirði verður falið verkefnið. Síðarnefndu tillögurnar eru báðar hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til með hliðsjón af skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum. Gert er ráð fyrir að störfum muni fjölga um tvö vegna þessara tilteknu verkefna.

*213 **Verðlagsstofa skiptaverðs.*** Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 15,1 m.kr. og jafngildir það 10 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Lækkunin er komin til vegna hagræðingar í rekstri.

*272 **Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins.*** Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 10,4 m.kr. og jafngildir það 0,5 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Hækkunin skýrist af því að á viðfangi *6.10 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins* gengur til baka 0,5 m.kr. tímabundin frestun sem ákveðin var í fjárlögum 2007.

*801 **Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs.*** Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 335 m.kr. og jafngildir það 100 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Annars vegar er gert ráð fyrir að 50 m.kr. fjárveiting verði veitt til eflingar sjóðsins en hlutverk hans er að stuðla að auknu verðmæti sjávarfangs með styrkjum til rannsóknaverkefna á sviði sjávarútvegs og fiskeldis. Ráðgert er að sjóðurinn starfi a.m.k. til ársins 2014. Hins vegar er gert ráð fyrir 50 m.kr. hækkun á framlagi í samræmi við tillögur stjórnvalda um fjárveitingar til eflingar samkeppnissjóða á sviði vísinda- og tækni fyrir árin 2008-2011. Heildarhækkun fjárveitinga til sjóðsins munu því nema 100 m.kr. á árinu 2008.

*901 **Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna.*** Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 64,2 m.kr. og jafngildir það 5 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Lækkunin er komin til vegna hagræðingar í rekstri.

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem ætlaðir eru til að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um safnliði er að finna í kafla 3.2 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
01-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun dóms- og kirkjumálaráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	14.737,8	15.964,1	17.028,5	7	16
Neyslu- og rekstrartilfærslur	3.543,7	3.797,2	4.117,7	8	16
Stofnkostnaður og viðhald	743,8	1.053,8	2.286,3	117	207
Samtals	**19.025,3**	**20.815,1**	**23.432,5**	**13**	**23**
Greitt úr ríkissjóði	-	20.639,4	23.234,6	13	-
Innheimt af ríkistekjum	-	191,3	197,9	3	-
Viðskiptahreyfingar	-	-15,6	0,0	-100	-
Samtals	-	**20.815,1**	**23.432,5**	**13**	-

Heildargjöld dóms- og kirkjumálaráðuneytis árið 2008 eru áætluð 25.443 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 2.011 m.kr. en þær nema 7,9% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 23.433 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 23.235 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 198 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 17.029 m.kr. og hækka um 1.064 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk 709 m.kr. launa- og verðlagshækkana munar þar mest um rúmlega 160 framlag vegna komandi forsetakosninga, 45 m.kr. vegna uppbyggingar Tetra-öryggisfjarskiptakerfis, 40 m.kr. til verkefna Útlendingastofnunar, 33 m.kr. til átaks í vímuvarnamálum í samvinnu við heilbrigðisráðuneyti og félagsmálaráðuneyti, 30 m.kr. til nýrra og aukinna verkefna sýslumannsembætta á Vestfjörðum, auk þess sem rekstrargjöld Fangelsismálastofnunar hækka um 24 m.kr. vegna stækkunar fangelsa. Á móti falla niður nokkur framlög sem veitt voru til tímabundina verkefna en þau nema alls 117 m.kr. Einnig hafa rekstrarfjárveitingar ýmissa stofnana sem heyra undir ráðuneytið verið lækkaðar alls um 109 m.kr. í samræmi við áform ríkistjórnarinnar um aðhald með aukningu rekstrarkostnaðar. Rekstrarumfang ráðuneytisins hefur verið nokkru meira en gert hefur verið ráð fyrir í fjárlögum undanfarinna ára. Um er að ræða útgjöld sem fjármögnuð hafa verið með sértekjum og er gerð leiðrétting á því í frumvarpinu með því að hækka hvoru tveggja um samtals 163 m.kr. Rekstrargjöld umfram tekjur og bein framlög úr ríkissjóði verða því óbreytt eftir sem áður.


Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 321 m.kr. og verða 4.118 m.kr. en eru 3.797 m.kr. í fjárlögum ársins 2007. Langþyngst vega 240 m.kr. verðlags- og samningsbundnar hækkanir framlaga vegna sóknargjalda og til kirkjugarða, auk 35 m.kr. vegna bóta brotaþola.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 2.286 m.kr. og er það 1.233 m.kr. hækkun milli ára, sem skýrist alfarið af 1.428 m.kr. framlagi til Landhelgissjóðs vegna kaupa á nýju varðskipi og eftirlitsflugvél fyrir Landhelgisgæsluna. Á móti vegur lækkun framlaga til fangelsisbygginga að fjárhæð 175 m.kr.

Vikið er nánar að helstu útgjaldabreytingum í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2008 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.

Útgjöld dóms- og kirkjumálaráðuneytis eftir málefnaflokkum



Skuldbindandi samningar

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um verkefni sem áætlað er að nemi samtals um 1.736 m.kr. á yfirstandandi ári. Það svarar til 8,2% af heildargjöldum ráðuneytisins. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Fjárhæðir í töflunni, að undanskildu árinu 2007, eru á áætluðu verðlagi ársins 2008 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2007	2008	2009	2010	2011
Rekstrarkostnaður þjóðkirkju Íslands	B	1.397,8	1.521,5	1.521,5	1.521,5	1.521,5
Neyðarlínan hf.	C	130,0	172,1	172,1	172,1	172,1
Tetra fjarskiptaþjónusta fyrir lögreglu	C	110,1	115,1	115,1	115,1	115,1
Þjóðskrá, afnot af þjóðskrá	C	5,7	6,0	6,0	6,0	6,0
Slysavarnarfélagið Landsbjörg	C	92,5	97,8	97,8	97,8	97,8
Samtals		**1.736,1**	**1.912,5**	**1.912,5**	**1.912,5**	**1.912,5**

Skuldbindandi samningum ráðuneyta er skipað í þrjá flokka í frumvarpinu: A, B og C. Samningar sem dómsmálaráðuneytið stendur að ásamt fjármálaráðuneytinu skv. heimild í 30. gr. fjárreiðulaga eru auðkenndir með bókstafnum A, en ekki er um neina slíka samninga að ræða hjá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Aðrir samningar sem bæði ráðuneytin standa að eru merktir með bókstafnum B og eru þær skuldbindingar áætlaðar 1.522 m.kr. og standa að mestu undir rekstri Þjóðkirkju Íslands. Að lokum eru 391 m.kr. áætlaðar vegna samninga sem dómsmálaráðuneytið sendur eitt að en þeir eru auðkenndir með bókstafnum C í töflunni. Samningur við Neyðarlínu er þríþættur, í fyrsta lagi grunnsamningur um þjónustu, í öðru lagi samningur um samstarf við Fjarskiptamiðstöð lögreglunnar og að lokum þjónusta vegna reksturs vaktstöðvar siglinga. Samningur um Tetra fjarskiptaþjónustu er fyrir löggæsluembætti og er þar um að ræða sameiginleg þjónustukaup með Reykjavíkurborg fyrir fleiri öryggisaðila eins og slökkvilið. Dómsmálaráðuneytið hefur gert samning við Slysavarnarfélagið Landsbjörgu um verkefni félagsins ásamt rekstri Almannavarna- og björgunarskóla að Gufuskálum. Dómsmálaráðherra hefur staðfest samning Neyðarlínunnar, Landhelgisgæslu Íslands, Landsbjargar og Siglingastofnunar um þjónustu við rekstur vaktstöðvar siglinga en hann gildir til ársloka 2011. Samningur við Þjóðskrá er vegna aðgangs stofnana ráðuneytisins að gögnum í Þjóðskrá. Gera má ráð fyrir að þeir samningar sem renna út á tímabilinu verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur, þannig að til jafnaðar verði nálægt 1.910 m.kr. skuldbundnar árlega vegna framangreindra verkefna.

Unnið er að endurnýjun nokkurra eldri samninga, en samningur við Skálholtsskóla féll niður á grundvelli samkomulags ríkisins og þjóðkirkjunnar um afhendingu prestsetra frá því í október 2006.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Aðalskrifstofa; 102 Stjórnartíðindi; 103 Lagasafn; 106 Þjóðskrá; 111 Kosningar; 190 Ýmis verkefni og 199 ráðstöfunarfé.

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 195 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Þar vegur þyngst að framlag vegna væntanlegra forsetakosninga nemur 160 m.kr. en framlag vegna alþingiskosninga 2007 nam 54 m.kr. í fjárlögum. Aðrar breytingar eru þær helstar, að gert er ráð fyrir að framlag til Þjóðskrár hækki um 58 m.kr. að raungildi, m.a. vegna kaupa á vegabréfabókum og til að halda áfram að færa skrána á rafrænt form. Þá hefur Tölvumiðstöð ráðuneytisins nú verið lögð niður og færist reksturinn annars vegar til Þjóðskrár og hins vegar til embættis ríkislögreglustjóra. Framlag til aðalskrifstofu ráðuneytisins hækkar tímabundið um 15 m.kr. að raungildi vegna Schengen-vegabréfsáritanna í Peking.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, aðalskrifstofa	323,2	318,4	346,7	8,9	7,3
Stjórnartíðindi	62,0	-15,6	0,0	-100,0	-100,0
Lagasafn	1,5	0,0	0,0	0,0	-100,0
Tölvumiðstöð dóms- og kirkjumálaráðuneytis	233,6	6,9	0,0	-100,0	-100,0
Þjóðskrá	105,1	227,3	294,5	29,6	180,2
Kosningar	15,8	56,8	168,4	-	-
Ýmis verkefni	235,7	200,1	212,4	6,1	-9,9
Ráðstöfunarfé	0,0	8,0	8,0	0,0	-
Samtals	**976,9**	**801,9**	**1.030,0**	**28,4**	**5,4**

101 ***Aðalskrifstofa.*** Fjárveiting til aðalskrifstofu verður 347 m.kr. og hækkar tímabundið um 15 m.kr. í frumvarpinu að raungildi. Þar er um að ræða framlag til samræmis við ákvörðun ríkisstjórnar um útsendan starfsmann í Peking sem starfa mun við vegabréfaáritanir. Á grundvelli tillagna frá dómsmálaráðuneyti og utanríkisráðuneyti hefur ríkisstjórnin ákveðið að taka upp útgáfu Schengen-vegabréfsáritana í sendiráði Íslands í Peking en um er að ræða tilraunaverkefni í tvö og hálft ár. Árlegur kostnaður sem fellur til hjá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu nemur 18 m.kr.

102 ***Stjórnartíðindi.*** Lagt er til að útgjaldaheimild Stjórnartíðinda verði hækkuð um 15,6 m.kr. þannig að hún verði alls 24,7 m.kr. eða jafn há og áætlaðar tekjur af sölu birtinga á efni í ritinu. Áform í fjárlagafrumvarpi ársins 2005 miðuðu við að prentkostnaður og fleiri útgjöld mundu lækka mikið í tengslum við lagabreytingu sem heimilaði að útgáfan yrði færð yfir í rafrænt form á Netinu. Þessi áætlun hefur ekki gengið eftir heldur hafa útgjöldin reynst vera verulega umfram tekjur. Kostnaður við útgáfuna hefur því verið endurmetinn. Skýringin á miklu fráviki frá reikningi 2006 liggur í breyttri skilgreiningu á tekjum Stjórnartíðinda og Lögbirtingarblaðsins.

104 ***Tölvumiðstöð dóms- og kirkjumálaráðuneytis.*** Í upphafi ársins 2007 var tekin ákvörðun um að hætta rekstri tölvumiðstöðvar dómsmálaráðuneytisins og færa hann annars vegar til Þjóðskrár, sem tekur að sér þjónustu fyrir stjórnsýslustofnanir ráðuneytisins, og hins vegar til embættis ríkislögreglustjóra, sem er með því falinn rekstur upplýsingakerfa á sviði öryggismála. Til þjóðskrár færast 64,2 m.kr. útgjöld en á móti 62,3 m.kr. sértekjur af sölu þjónustunnar til annarra stofnana. Til embættis ríkislögreglustjóra færast 103,3 m.kr. útgjöld ásamt jafn háum sértekjum.

106 ***Þjóðskrá.*** Lagt er til að fjárveitingar vegna þjóðskrár hækki samtals um 50 m.kr. að raungildi, fyrir utan áðurnefnda millifærslu á veltu vegna verkefna frá tölvumiðstöð ráðuneytisins. Hækkunin kemur til af fjórum tilefnum. Í fyrsta lagi eru 7 m.kr. tíma-

bundið framlag til útgáfu nafnskírteina. Fyrirhugað er að breyta gerð og útgáfu nafnskírteina svo að þau verði gefin út samkvæmt alþjóðlegum öryggisstöðlum, innihaldi nándarörgjörva svipað og vegabréf og með sömu upplýsingum þannig að þau nýtist sem ferðaskilríki innan Schengen svæðisins. Með þessu er verið að leggja grunn að öruggara rafrænu samfélagi og auðvelda almenningi að nýta sér væntanlegar rafrænar þjónustur t.d. um vefgáttir eins og *island.is* og rafrænt þjónustulag hins opinbera. Í öðru lagi er 5 m.kr. framlag til að koma á tilraunarekstri um ríkisnetfangaþjónustu. Fyrirhugað er að almenningur geti fengið eitt varanlegt ríkisnetfang og hann ásamt opinberum aðilum og fyrirtækjum hafi aðgengileg og sýnileg netföng. Í þriðja lagi er 10 m.kr. tímabundið framlag til að halda áfram að færa þjónustu Þjóðskrár á rafrænt form. Verkefnið lýtur að því að þróa hugbúnað þjóðskrárinnar þannig að almenningur og lögaðilar geti nálgast þjónustuna með rafrænum hætti. Loks er lagt til að veittar verði 27,3 m.kr. til kaupa á vegabréfabókum. Í upphaflegri áætlun var gert ráð fyrir að kaupa 40 þús. vegabréfabækur á ári og var kostnaðurinn þá metinn á um 44,6 m.kr. á verðlagi fjárlaga 2007. Í ljós hefur komið að nauðsynlegt reyndist að kaupa 45 þús. bækur vegna ársins 2006 og er ekki ástæða til að ætla að sú tala lækki. Einnig hefur komið í ljós að gera ber ráð fyrir sköttum og gjöldum af innkaupum bókanna. Heildarkostnaður við 45 þús. bækur með opinberum gjöldum nemur 71,9 m.kr. og er mismunurinn á þeim kostnaði og upphaflegri áætlun því um 27,3 m.kr.

111 ***Kosningar.*** Lagt er til að veitt verði 160 m.kr. tímabundið framlag á næsta ári vegna forsetakosninga. Við síðustu forsetakosningar á árinu 2004 var kostnaður rúmlega 33 m.kr. eða sem nemur um 37 m.kr. á núgildandi verðlagi. Með lögum nr. 162/2006, um fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda og upplýsingaskyldu þeirra, er kveðið á um þá breytingu að ríkissjóður komi í stað sveitarsjóða að því er varðar greiðslu kostnaðar sem sveitarsjóðir hafa hingað til borið. Er þar um að ræða kostnað vegna starfa undirkjörstjórna og kjörstjórna, fyrir húsnæði til kjörfunda o.fl. Á þetta bæði við um kosningar til Alþingis sem og forsetakosningar. Breytt fyrirkomulag á þessu er með þeim hætti að ríkið greiðir sveitarstjórnum 430 kr. fyrir hvern mann á kjörskrá og 300 þús. kr. fyrir hvern kjörstað en að sveitarstjórnin annast um framkvæmd kosninganna eins og verið hefur, þ.á.m. að greiða þóknanir til starfsfólks kjörstjórnar, útvega húsnæði og aðstöðu o.þ.h. Á móti fellur niður það framlag sem ætlað var í gildandi fjárlögum til að standa undir útgjöldum vegna framkvæmdar Alþingiskosninga á árinu 2007.

190 ***Ýmis verkefni.*** Fjárveiting hækkar um 7 m.kr. að raungildi og skýrist af tveimur tilefnum. Annars vegar eru 2 m.kr. til stöðuprófa í íslensku. Vegna fyrirhugaðra breytinga á lögum um íslenskan ríkisborgararétt er nauðsynlegt að koma á fót stöðuprófum í íslensku í þeim tilgangi að gefa umsækjendum um ríkisborgararétt kost á að

sýna fram á lágmarkskunnáttu í íslensku. Hins vegar eru 5 m.kr. framlag til Hollvinasamtaka varðskipsins Óðins til að taka þátt í hluta af kostnaði við að reka skipið og halda því við. Hollvinasamtökin fyrirhuga að koma á fót í skipinu minjasafni um landhelgisbaráttuna og þorskastríðin.

Dómsmál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 201 Hæstiréttur; 210 Héraðsdómstólar; 231 Málskostnaður í opinberum málum; 232 Opinber réttaraðstoð; 235 Bætur brotaþola og 251 Persónuvernd.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Hæstiréttur	93,5	89,3	98,2	10,0	5,0
Héraðsdómstólar	809,3	847,0	925,4	9,3	14,3
Málskostnaður í opinberum málum	336,7	342,0	355,0	3,8	5,4
Opinber réttaraðstoð	217,4	149,7	186,2	24,4	-14,4
Bætur brotaþola	174,3	40,0	60,0	50,0	-65,6
Persónuvernd	59,8	59,5	61,2	2,9	2,3
Samtals	**1.691,0**	**1.527,5**	**1.686,0**	**10,4**	**-0,3**

Heildarfjárveiting til málaflokksins nemur 1.686 m.kr. og hækkar um 52 m.kr. að raungildi, sem kemur aðallega fram í framlögum til opinberrar réttaraðstoðar og bóta brotaþola, en útgjöld þessara liða hafa hækkað langt umfram verðlagsbreytingar á sl. árum. Framlög til stofnana málaflokksins standa hins vegar því sem næst í stað að raungildi, fyrir utan Hæstarétt.

*201 **Hæstiréttur.*** Lagt er til að fjárheimild Hæstaréttar hækki um 5,4 m.kr. umfram launa- og verðlagshækkanir. Þar af eru 3 m.kr. framlag til að mæta því sem upp á vantar til að stofnunin geti getið viðhaldið óbreyttum fjölda löglærða fulltrúa hæstaréttar. Þá eru 1,2 m.kr. ætlaðar til að koma á móts við hækkun húsaleigu.

*231 **Málskostnaður í opinberum málum.*** Gert er ráð fyrir að útgjaldaheimild vegna málskostnaðar í opinberum málum verði aukin um 115,5 m.kr. og að áætlaðar sértekjur af innheimtum málskostnaði hjá sakamönnum hækki um sömu fjárhæð. Velta liðarins hefur verið vanmetin verulega í áætlunum undanfarinna ára en hér er miðað við að veltan verði svipuð og árið 2006.

*232 **Opinber réttaraðstoð.*** Gert er ráð fyrir að útgjaldaheimild vegna opinberrar réttaraðstoðar hækki um 40 m.kr. og að áætlaðar sértekjur af málskostnaði sem fellur í hlut ríkissjóðs hækki um 10 m.kr. þannig að nettóhækkun verði 30 m.kr. Útgjöld

liðarins hafa verið verulega umfram fjárheimildir fjárlaga undanfarin ár. Vinnuhópur dómsmálaráðuneytis og fjármálaráðuneytis fór á síðasta ári yfir útgjaldaþróun liðarins og skilaði skýrslu með tillögum um ráðstafanir til að sporna við útgjaldavextinum sem eru til skoðunar í dómsmálaráðuneytinu.

*235 **Bætur brotaþola.*** Gert er ráð fyrir að útgjaldaheimild vegna bóta til brotaþola hækki um 45 m.kr. og að áætlaðar sértekjur hækki um 25 m.kr. þannig að nettóhækkun verði 20 m.kr. Útgjöld liðarins hafa verið verulega umfram fjárheimildir fjárlaga undanfarin ár en einnig hafa innheimst tekjur af bótum frá brotamönnum sem ekki hefur verið gert ráð fyrir í fjárlögum.

Löggæsla og öryggismál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 301 Ríkissaksóknari; 303 Ríkislögreglustjóri; 305 Lögregluskóli ríkisins; 310 Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu; 312 Lögreglustjórinn á Suðurnesjum og sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli; 325 Neyðarsímsvörun; 341 Áfengis- og fíkniefnamál; 390 Ýmis löggæslu- og öryggismál; 391 Húsnæði löggæslustofnana; 395 Landhelgisgæsla Íslands; 396 Landhelgissjóður Íslands; 397 Schengen-samstarf og 398 Útlendingastofnun.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ríkissaksóknari	104,1	116,3	121,4	4,4	16,6
Ríkislögreglustjóri	1.122,5	1.079,4	1.207,8	11,9	7,6
Lögregluskóli ríkisins	168,8	213,0	211,3	-0,8	25,2
Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu	2.299,2	2.833,1	2.924,0	3,2	27,2
Lögreglustj. á Suðurn. og sýslum. á Keflav.flugv.	705,3	1.002,5	969,1	-3,3	37,4
Neyðarsímsvörun	101,3	100,6	172,1	71,1	69,9
Áfengis- og fíkniefnamál	0,2	21,7	56,8	161,8	-
Ýmis löggæslu- og öryggismál	277,8	169,2	174,0	2,8	-37,4
Húsnæði löggæslustofnana	0,0	9,5	10,0	5,3	-
Landhelgisgæsla Íslands	2.094,6	2.226,4	2.278,0	2,3	8,8
Landhelgissjóður Íslands	9,9	500,0	1.927,8	285,6	-
Schengen-samstarf	98,2	133,5	94,9	-28,9	-3,4
Útlendingastofnun	194,6	165,0	210,9	27,8	8,4
Samtals	**7.176,5**	**8.570,2**	**10.358,1**	**20,9**	**44,3**

Heildarfjárveiting til málaflokksins nemur 10.358 m.kr. og hækkar um 1.788 m.kr. milli ára en að þar af nema launa- og verðlagshækkanir 180 m.kr. Hækkunin skýrist að stærstum hluta af 1.500 m.kr. hækkun á framlögum í Landhelgissjóð vegna kaupa á varðskipi og flugvél fyrir Landhelgisgæsluna. Aðrar breytingar að raungildi vega mun minna, en koma fram í eftirfarandi umfjöllun um helstu liði.

303 ***Ríkislögreglustjóri.*** Lagt er til að fjárveiting til embættisins verði aukin um samtals 93,6 m.kr. að raungildi og er þá tekið tillit til 9,2 m.kr. almennrar hagræðingarkröfu. Þar af nema tvær millifærslur fjárheimilda af öðrum liðum 67,8 m.kr. Annars vegar er um að ræða 51,9 m.kr. fjárheimild sem flutt er frá lögreglustjóranum á Suðurnesjum vegna sérsveitarmanna, en ákveðið hefur verið að taka upp sömu skipan varðandi sérsveitarmenn sem hafa verið hjá lögreglustjóra Suðurnesja og er á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri þannig að uppbygging og stjórn sérsveitarinnar sé alfarið hjá embætti ríkislögreglustjóra. Hins vegar er lagt til að millifæra 15,9 m.kr. af safnlið samgönguráðuneytisins, *10-190-1.19 Útgáfa ökuskírteina.* Embætti ríkislögreglustjóra ber ábyrgð á ökuskírteinaskrá og gerir samninga við birgja um kaup á kortum og framleiðslu þeirra. Ökuskírteini hafa verið framleidd í Þýskalandi samkvæmt samningi milli ríkislögreglustjóra og fyrirtækisins en sá samningur rann út á þessu ári og er talið heppilegt að endurskoða fyrirkomulag framleiðslu ökuskírteina. Með vísan til þessa hefur það orðið að samkomulagi milli ráðuneytanna að ábyrgð á framleiðslu skírteinanna verði að fullu á ábyrgð ríkislögreglustjóra. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir 12 m.kr. tímabundnu framlagi í tvö ár til að standa undir kostnaði við starf tengslafulltrúa embættis ríkislögreglustjóra hjá Europool. Mikill ávinningur hefur verið af alþjóðasamstarfi lögreglunar varðandi upplýsingagjöf, samskipti og greiningu gagna. Framlagið er fyrst til reynslu í tvö ár. Samsvarandi tillaga er gerð í frumvarpi til fjáraukalaga 2007. Einnig er lagt til að veitt verði tímabundið framlag að fjárhæð 7 m.kr. í 5 ár til tilraunaverkefnis um áfallahjálp fyrir lögreglumenn við sérstakar aðstæður. Miðað er við að koma á fót markvissri fræðslu í báðum deildum Lögregluskóla ríkisins þar sem lögreglumenn fái þjálfun til að veita félagastuðning með aðstoð Rauða kross Íslands og sjálfstætt starfandi sérfræðinga á þessu sviði. Lagt er til að fjárheimild stofnunarinnar hækki um 10 m.kr. vegna fíkniefnaleitarhunda. Embætti ríkislögreglustjóra hefur gert heildstæðar tillögur um kostnað við fíkniefnaleitarhunda í þágu lögreglunnar á landsbyggðinni til aukins eftirlits á útihátíðum. Jafnframt er embættinu falið að hafa samvinnu um þjálfun fíkniefnaleitarhunda fyrir fangelsin. Loks gengur tímabundin frestun stofnkostnaðar í fjárlögum 2007 til baka og hækkar fjárheimild embættisins um 6 m.kr. af þeim sökum.

305 ***Lögregluskóli ríkisins.*** Lagt er til að 10 m.kr. fjárveiting vegna tímabundins kostnaðar við fjölgun nema við skólann falli niður. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir 2,8 m.kr. hækkun á fjárveitingu skólans til að standa undir helmingi aukinna útgjalda vegna stækkunar á húsnæði sem einkum er ætlað til verklegrar þjálfunar.

310 ***Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu.*** Fjárveiting stofnunarinnar verður því sem næst óbreytt frá fyrra ári. Áform um aðhald í rekstrarkostnaði vegur upp á móti sérstöku 20 m.kr. framlagi til tæknideildar stofnunarinnar. Samkvæmt lögreglulögum

þjónar tæknideildin öllum lögregluumdæmum landsins. Verkefni hafa aukist jafnt og þétt, ekki eingöngu á höfuðborgarsvæðinu heldur um allt land, og til að leysa þau þarf sérhæfða starfsmenn og reglubundnar uppfærslur og endurnýjanir á tæknibúnaði.

312 ***Lögreglustjórinn á Suðurnesjum og sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli.*** Fjárveiting lækkar að raungildi um 58 m.kr. og skýrist að mestu af 51,9 m.kr. millifærslu til embættis ríkislögreglustjóra vegna sérsveitarmanna, eins og áður segir. Áform um almennt aðhald í rekstrarkostnaði skýrir afganginn en þar fyrir utan eru bæði sértekjur og gjaldaheimild hækkaðar til samræmis við raunverulega veltu embættisins.

325 ***Neyðarsímsvörun.*** Gerð er tillaga um 62,5 m.kr. hækkun framlags til Neyðarlínunnar. Í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar hefur verið unnið að uppbyggingu TETRA-öryggisfjarskiptakerfisins og var fyrsti áfangi þess tekinn í notkun 1. maí s.l. Er reiknað með því að kerfið nái til landsins alls fyrir árslok 2007. Áætlaður viðbótarrekstrarkostnaður er 45 m.kr.á ári frá og með 1. júlí 2007 og stendur sú fjárhæð undir kostnaði við notkun lögreglu, björgunarsveita og almannavarna. Auk þess er lagt til að veittar verði 17,5 m.kr. til rekstrar varastöðvar Neyðarlínunnar á Akureyri. Varastöðin var tekin í notkun 15. apríl 2005 og var tilraunarekstur þá hafinn. Stöðin verður fullmönnuð með 5 starfsmönnum á þessu ári.

341 ***Áfengis- og fíkniefnamál.*** Gert er ráð fyrir 33 m.kr. hækkun á fjárveitingu þessa liðar vegna ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um átak í vímuvarnamálum. Verkefnið verður unnið í samvinnu við heilbrigðisráðuneyti og félagsmálaráðuneyti.

395 ***Landhelgisgæsla Íslands.*** Fjárveiting stofnunarinnar verður 2.278 m.kr. Fyrir utan launa- og verðlagsbreytingar milli ára sem nema 61,4 m.kr. er gert ráð fyrir 6 m.kr. framlagi fyrir nýtt starf hjá stofnuninni við kostnaðareftirlit, áætlanagerð og gæðastjórnun og 16,4 m.kr. aðhaldsmarkmiði í rekstrargjöldum.

396 ***Landhelgissjóður.*** Lagt er til að fjárveiting til sjóðsins nemi 2.000 m.kr., sem er hækkun um 1.500 m.kr. frá fjárlögum 2007, til kaupa á varðskipi og nýrri eftirlitsflugvél fyrir Landhelgisgæslu Íslands. Í 4. gr. laga nr. 133/2005, um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf., með síðari breytingum, er kveðið á um að varið verði samtals 3 milljörðum króna til kaupa eða leigu á fjölnota varðskipi og eftirlitsflugvél fyrir Landhelgisgæslu Íslands á árunum 2006 til 2008.

397 ***Schengen-samstarf.*** Framlög á þessum fjárlagalið lækka um 40 m.kr. að raungildi, þar sem tímabundin fjárveiting sem ætluð var til breytinga á núverandi tölvukerfum vegna Schengen-samstarfsins fellur niður.

398 Útlendingastofnun. Lagt er til að fjárheimild stofnunarinnar hækki um tæpar 40 m.kr. að raungildi. Tvenns konar tilefni liggja að baki hækkuninni. Í fyrsta lagi er lagt til að framlag vegna samnings við Reykjanesbæ um umönnun og vistun hælisleitenda hækki um 30 m.kr. Allt frá árinu 2005 hafa útgjöld vegna samningsins verið a.m.k. 30 m.kr. hærri en þær tæplega 25 m.kr. sem á sínum tíma voru veittar vegna þessa verkefnis. Stofnunin getur ekki stýrt þeim sveiflum sem verða á fjölda hælisleitenda og hefur aðeins forræði á málaafgreiðslu þeirra þar til hún hefur kveðið upp úrskurð sinn. Í öðru lagi er gerð tillaga um 10 m.kr. hækkun á rekstrarramma stofnunarinnar vegna stóraukins umfangs hennar á síðustu árum. Meginstoðin í starfi Útlendingastofnunar er útgáfa dvalarleyfa og hefur fjöldi umsókna aukist verulega, eða úr 5.266 árið 2003 í 16.796 árið 2006.

Sýslumenn

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 411-437 Sýslumenn; 490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta og 491 Húsnæði og búnaður sýslumanna.

Nýskipan lögreglumála, sem var kynnt ítarlega í frumvarpi ársins 2007, hefur nú komið til framkvæmda og því eru reikningstölur ársins 2006 ekki sambærilegar við fjárlög 2007 og frumvarpið 2008. Breytingar á milli áranna 2007 og 2008 eru hins vegar óverulegar en að teknu tilliti til launa- og verðlagsbreytinga lækkar fjárveiting málaflokksins um 18 m.kr. eða 0,5%, þar sem markmið um aðhald í rekstrargjöldum vegur þyngra en hækkanir einstakra liða.

431 Sýslumaðurinn á Hvolsvelli. Gerð er tillaga um 4,5 m.kr. framlag vegna yfirlögregluþjóns við embættið. Samkvæmt reglugerð um starfsstig innan lögreglu skal starfa yfirlögregluþjónn við öll lögregluembætti landsins en svo hefur ekki verið við embættið á Hvolsvelli. Árlegur kostnaður er áætlaður 9 m.kr. en gert er ráð fyrir að embættið fjármagni helming hans af eigin rekstrarfé.

434 Sýslumaðurinn í Reykjanesbæ. Lagt er til að gjöld og tekjur stofnunarinnar lækki um 34,4 m.kr. Með nýjum lögum tók Þjóðskrá við útgáfu vegabréfa og fól sýslumanninum í Keflavík framleiðslu þeirra. Nú hefur verið ákveðið að framleiðslan í Njarðvíkum verði á vegum Þjóðskrár og eru því gjöld og tekjur sýslumannsembættisins lækkaðar sem því nemur.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Sýslumaðurinn í Reykjavík	288,4	303,7	311,1	2,4	7,9
Sýslumaðurinn á Akranesi	167,7	167,3	171,8	2,7	2,4
Sýslumaðurinn í Borgarnesi	126,8	148,3	152,1	2,6	20,0
Sýslumaður Snæfellinga	144,4	153,0	157,1	2,7	8,8
Sýslumaðurinn í Búðardal	37,7	22,7	23,7	4,4	-37,1
Sýslumaðurinn á Patreksfirði	78,6	34,3	35,4	3,2	-55,0
Sýslumaðurinn í Bolungarvík	43,6	24,1	25,1	4,1	-42,4
Sýslumaðurinn á Ísafirði	180,7	283,3	290,7	2,6	60,9
Sýslumaðurinn á Hólmavík	48,5	27,2	28,3	4,0	-41,6
Sýslumaðurinn á Blönduósi	147,2	171,4	176,2	2,8	19,7
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki	119,9	132,1	135,9	2,9	13,3
Sýslumaðurinn á Siglufirði	64,5	56,0	58,3	4,1	-9,6
Sýslumaðurinn á Ólafsfirði	37,8	0,0	0,0	0,0	-100,0
Sýslumaðurinn á Akureyri	375,4	460,2	472,1	2,6	25,8
Sýslumaðurinn á Húsavík	159,8	163,7	168,2	2,7	5,3
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði	172,1	184,2	188,9	2,6	9,8
Sýslumaðurinn á Eskifirði	174,9	236,6	242,9	2,7	38,9
Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði	70,7	37,1	38,5	3,8	-45,5
Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal	65,6	41,7	48,7	16,8	-25,8
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli	109,0	149,6	158,5	5,9	45,4
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum	156,6	162,4	166,7	2,6	6,4
Sýslumaðurinn á Selfossi	321,1	320,5	328,9	2,6	2,4
Sýslumaðurinn í Keflavík	461,0	145,7	150,0	3,0	-67,5
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði	481,9	185,3	190,0	2,5	-60,6
Sýslumaðurinn í Kópavogi	383,5	170,8	175,5	2,8	-54,2
Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta	96,3	169,5	175,0	3,2	81,7
Húsnæði og búnaður sýslumanna	12,1	23,5	24,5	4,3	102,5
Samtals	**4.525,8**	**3.974,2**	**4.094,1**	**3,0**	**-9,5**

490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta. Framlag til liðarins í heild er óbreytt milli ára, en innbyrðis breytingar verða milli viðfangsefna. Lagt er til að framlag á viðfangsefninu *1.10 Ýmis sameiginlegur kostnaður* hækki samtals um 50 m.kr. vegna aukinna verkefna sýslumannsembætta. Í fyrsta lagi er um að ræða 20 m.kr. framlag til reglubundins rekstrarkostnaðar verkefna sem flutt hafa verið til sýslumannsembætta á landsbyggðinni. Markmiðið er að styrkja starfsemi einstakra sýslumannsembætta og jafnframt að létta verkefnum af aðalskrifstofu ráðuneytisins. Nokkur verkefni hafa þegar verið fjármögnuð innan ramma dómsmálaráðuneytisins. Í öðru lagi er veitt 30 m.kr. framlag til nýrra og aukinna verkefna sýslumannsembætta á Vestfjörðum í kjölfar skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum. Í skoðun eru nokkur verkefni en ekki liggja fyrir endanlegar ákvarðanir. Gert er ráð fyrir að lagðar verði fram tillögur um skiptingu framlagsins í samráði við Vestfjarðanefnd við 2. umræðu fjárlaga. Þá er lagt til að fjárveiting á viðfangsefninu *1.30 Kostnaður skv. lögum nr.*

88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs lækki um 50 m.kr. Hér er um að ræða kostnað vegna beiðna sýslumanna sem innheimtumanna ríkissjóðs í tengslum við fjárnám og nauðungarsölur. Kostnaðurinn færist jafnframt sem tekjur ríkissjóðs en í ljósi reynslu sl. tveggja ára er talið rétt að lækka fjárheimildina.

Fangelsismál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 501 Fangelsismálastofnun ríkisins og 591 Fangelsisbyggingar.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fangelsismálastofnun ríkisins	796,3	852,5	1.003,4	17,7	26,0
Fangelsisbyggingar	21,6	183,1	8,4	-95,4	-61,1
Samtals	**817,9**	**1.035,6**	**1.011,8**	**-2,3**	**23,7**

501 Fangelsismálastofnun. Lagt er til að fjárheimild stofnunarinnar verði 1.003 m.kr. og hækki um 51 m.kr. að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum, sem alls nema um 100 m.kr. Í fyrsta lagi er 24,2 m.kr. hækkun á rekstrarframlagi vegna ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um breytingar og stækkun fangelsis á Kvíabryggju. Í kjölfarið þarf að fjölga fangavörðum um þrjá og einnig hækkar annar kostnaður. Stækkunin kallar einnig á breytta yfirstjórn og að skipað verði í stöður varðstjóra og aðstoðarvarðstjóra en nú er þar enginn yfirmaður utan forstöðumanns. Í öðru lagi er gerð tillaga um hækkun framlags um 12,6 m.kr. vegna breytinga og stækkunar fangelsisins á Akureyri. Í þriðja lagi eru 12 m.kr. vegna kostnaðar við breytta starfsmannasamsetningu í kjölfar útfærslu á síðasta stofnanasamningi. Loks eru 9,2 m.kr. ætlaðar til að standa undir kostnaði við endurskoðun samnings við félagasamtökin Vernd. Tillagan tekur mið af hækkun framlags fyrir hvern fangadag miðað við hækkun verðlags frá árinu 1997 og nýtingu fangaplássa hjá Vernd.

591 Fangelsisbyggingar. Lagt er til að fjárveiting liðarins verði 8 m.kr. og lækki um 170,5 m.kr. frá núgildandi fjárlögum. Þar munar lang mest um niðurfellingu á 159,6 m.kr. fjárheimild þar sem að framkvæmdum við byggingu fangelsis og lögreglustöðvar á Akureyri er því sem næst lokið. Auk þess fellur niður 23,5 m.kr. tímabundið framlag vegna stækkunar fangelsis að Kvíabryggju. Áfram er unnið að undirbúningi framkvæmda við Litla Hraun og hefur verið til athugunar að fjármagna fyrstu framkvæmdir þar með sölu lands í samræmi við heimildarákvæði í 6. gr. frumvarpsins.

Kirkjumál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málaflokks: 701 Þjóðkirkjan; 705 Kirkjumálasjóður; 707 Kristnisjóður; 733 Kirkjugarðar; 735 Sóknargjöld og 736 Jöfnunarsjóður sókna.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Þjóðkirkjan	1.360,4	1.391,7	1.471,4	5,7	8,2
Kirkjumálasjóður	193,2	263,3	283,9	7,8	46,9
Kristnisjóður	87,3	82,8	89,7	8,3	2,7
Kirkjugarðar	747,1	787,3	820,1	4,2	9,8
Sóknargjöld	1.847,1	2.041,0	2.220,0	8,8	20,2
Jöfnunarsjóður sókna	307,4	339,6	367,4	8,2	19,5
Samtals	**4.542,5**	**4.905,7**	**5.252,5**	**7,1**	**15,6**

701 ***Þjóðkirkjan.*** Fyrir utan launa- og verðlagshækkanir, sem samtals nema um 85 m.kr., er lögð til 7 m.kr. lækkun á liðnum þar sem tvö tímabundin stofnkostnaðarframlög falla niður. Annars vegar fellur niður 3 m.kr. framlag til að standa straum af kostnaði við að breyta aðalinngangi að safnaðarheimili Dómkirkjunnar í Reykjavík og hins vegar fellur niður 4 m.kr. framlag til byggingar þjónustuhúss við Þingeyrarkirkju.

733 ***Kirkjugarðar.*** Framlag á næsta ári verður 820 m.kr. og hækkar um tæplega 33 m.kr. milli ára. Útreikningur framlagsins byggir á reiknilíkani sem miðast einkum við fjölda árlegra greftrana og stærð svæða í umhirðu kirkjugarða.

735 ***Sóknargjöld.*** Fjárveiting á þessum fjárlagalið hækkar alls um 33 m.kr. milli ára. Fjárveitingin skiptist þannig að 19,6 m.kr. eru til þjóðkirkjunnar en 14,3 m.kr. til annarra trúfélaga. Framlag vegna sóknargjalda hækkar árlega í samræmi við hækkanir á meðaltekjuskattstofni einstaklinga 16 ára og eldri. Framlög til *705 Kirkjumálasjóðs* og *736 Jöfnunarsjóðs sókna* taka mið af heildarfjárhæð sóknargjalda og hækka í samræmi við það um 48,4 m.kr.

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem ætlaðir eru til að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um safnliði er að finna í kafla 3.2 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
06-190-1.93	Dómsmál, ýmis kostnaður	Sameiginleg verkefni og ófyrirséð útgjöld dómsstóla.
06-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.
06-341-1.25	Áttak í löggæslu vegna fíkniefnamála	Til löggæslustofnana vegna átaks í fíkniefnamálum.
06-390-1.10	Ýmis löggæslukostnaður	Sameiginleg verkefni og ófyrirséð útgjöld löggæslustofnana.
06-391-6.21	Húsnæði löggæslustofnana	Framkvæmdir við húsnæði löggæslustofnana.
06-490-1.10	Ýmis sameiginlegur kostnaður	Sameiginleg verkefni og ófyrirséð útgjöld sýslumanna.
06-491-5.01	Húsnæði og búnaður sýslumanna. Viðhald húseigna	Til viðhalds húseigna sýslumanna.
06-491-6.01	Húsnæði og búnaður sýslumanna. Tæki og búnaður	Til kaupa á ýmsum búnaði sýslumanna.

07 Félagsmálaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun félagsmálaráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	8.254,5	8.658,8	9.285,2	7	12
Neyslu- og rekstrartilfærslur	20.450,8	23.316,1	29.158,4	25	43
Stofnkostnaður og viðhald	772,3	723,2	1.754,4	143	127
Samtals	**29.477,6**	**32.698,1**	**40.198,0**	**23**	**36**
Greitt úr ríkissjóði	-	21.246,0	25.054,3	18	-
Innheimt af ríkistekjum	-	11.452,1	14.343,7	25	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	800,0	-	-
Samtals	-	**32.698,1**	**40.198,0**	**23**	-

Heildargjöld félagsmálaráðuneytis árið 2008 eru áætluð um 42.368,2 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 2.170,2 m.kr. en þær nema 5,4% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 40.198 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 25.054,3 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 15.143,7 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Samkvæmt lögum nr. 109/2007 um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, verður hluti almannatrygginga fluttur frá heilbrigðisráðuneyti til félagsmálaráðuneytis frá og með 1. janúar 2008. Við aðra umræðu fjárlaga verða fluttar breytingatillögur við fjárlagafrumvarpið miðað við breytt verkaskipti innan Stjórnarráðsins.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 9.285,2 m.kr. og hækka um 626,4 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um 661,5 m.kr. til málefna fatlaðra og 71,4 m.kr. til málefna barna Á móti koma 500


m.kr. sem eru áætlaðar hreinar vaxtatekjur Atvinnuleysistryggingasjóðs af inneign hjá ríkissjóði vegna óráðstafaðra tekna af atvinnutryggingagjaldi. Einnig hafa rekstrarfjárveitingar ýmissa stofnana sem heyra undir ráðuneytið verið lækkaðar alls um 17 m.kr. vegna áforma um hagræðingu í rekstrarkostnaði. Rekstrarumfang ráðuneytisins hefur verið nokkru meira en gert hefur verið ráð fyrir í fjárlögum undanfarinna ára. Um er að ræða útgjöld sem fjármögnuð hafa verið með sértekjum og er gerð leiðrétting á því í frumvarpinu með því að hækka hvoru tveggja um samtals 285 m.kr. Rekstrargjöld umfram tekjur og bein framlög úr ríkissjóði verða því óbreytt eftir sem áður.

Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 5.842,3 m.kr. og verða 29.158,4 m.kr. en eru 23.316,1 m.kr. í fjárlögum ársins 2007. Þyngst vegur 2.525,3 m.kr. framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs í samræmi við spá aukið atvinnuleysi á árinu 2008.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 1.754,4 m.kr. og er það 1.031,2 m.kr. hækkun milli ára. Þar munar mest um 1.100 m.kr. skuldbindingu ríkissjóðs vegna niðurgreiðslu á lána til leiguíbúða. Auk þess er gert ráð fyrir um 111 m.kr. til uppbyggingar búsetuúrræða fyrir geðfatlaða í samræmi við ákvæði 7. gr. laga nr. 133/2005.

Vikið er nánar að helstu útgjaldabreytingum í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2008 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.



Skuldbindandi samningar

Félagsmálaráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um rekstrarverkefni sem áætlað er að nemi samtals um 3.044,3 m.kr. á yfirstandandi ári. Það svarar til 35,2% af heildarrekstrargjöldum ráðuneytisins. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Fjárhæðir í töflunni, að undanskildu

árinu 2007, eru á áætluðu verðlagi ársins 2008 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum. Samtals nema samningarnir 24,7% af rekstrargjöldum ráðuneytisins á árinu 2008.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2007	2008	2009	2010	2011
Árbót, meðferð barna og ungmenna	A	93,7	93,7	93,7	93,7	93,7
Barnaheill, málefni barna og ungmenna	A	1,1	1,1	0,8	0,0	0,0
Geldingalækur, meðferð barna og ungmenna	A	34,0	34,0	19,8	19,8	19,8
Háholt, meðferð barna og ungmenna	A	66,5	66,5	66,5	66,5	66,5
Hvítárbakki, meðferð barna og ungmenna	A	45,4	47,2	47,2	47,2	47,2
Laugaland, meðferð barna og ungmenna	A	53,2	26,6	26,6	26,6	26,6
Akurhóll, meðferð barna og ungmenna	A	81,9	81,9	81,9	81,9	81,9
ÖBÍ, verndaður vinnustaður	A	16,8	16,8	16,8	16,8	16,8
Múlalundur, verndaður vinnustaður	A	18,6	18,6	18,6	18,6	18,6
Blindrafélagið, verndaður vinnustaður	A	18,6	18,6	18,6	18,6	18,6
Styrktarfélag vangefinna, þjónusta við fatlaða	A	594,6	594,6	594,6	594,6	594,6
Þjónusta við fatlaða á Norðurlandi vestra	A	306,9	335,1	335,1	335,1	335,1
Akureyrarkaupstaður, þjónusta við fatlaða	A	739,2	783,9	783,9	783,9	783,9
Norðurþing, þjónusta við fatlaða	A	98,7	113,4	113,4	113,4	113,4
Sveitarf. Hornafjörður, þjónusta við fatlaða	A	26,7	27,6	27,6	27,6	0,0
Hólabrekka, sambýli fatlaðra	A	29,4	30,3	30,3	30,3	30,3
Vestmannaeyjabær, þjónusta við fatlaða	A	86,7	86,7	86,7	86,7	86,7
Sólheimar, þjónusta við fatlaða	A	233,1	240,5	240,5	240,5	240,5
Landspítali, málefni barna og ungmenna	C	33,8	33,8	33,8	33,8	0,0
Félagsþjónusta Rvk., þjónusta við fatlaða	A	69,7	69,7	69,7	69,7	69,7
Háskóli Íslands, lektor í fötlunarfræðum	C	4,0	4,0	1,3	0,0	0,0
Skálatún, þjónusta við fatlaða	A	310,4	319,9	319,9	319,9	319,9
Viðskiptaháskólinn Bifröst	C	6,0	2,0	0,0	0,0	0,0
Rauði kross Íslands, móttaka flóttamanna	C	14,0	3,3	0,0	0,0	0,0
Ný leið-meðferð fyrir ungt fólk	C	6,0	3,0	0,0	0,0	0,0
Vímulaus æska - rekstur Foreldrahúss	C	4,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Líf og sál - verkefnið "Karlar til ábyrgðar"	C	6,5	6,5	6,5	0,0	0,0
Skaftholt- sambýli fatlaðra	A	44,8	46,1	46,1	46,1	46,1
Samtals		**3.044,3**	**3.105,4**	**3.079,9**	**3.071,3**	**3.009,9**

Skuldbindandi samningum ráðuneyta er skipað í þrjá flokka í frumvarpinu: A, B og C. Samningar sem félagsmálaráðuneytið stendur að ásamt fjármálaráðuneytinu skv. heimild í 30. gr. fjárreiðulaga eru merktir með bókstafnum A í töflunni og er kostnaður vegna þeirra áætlaður 2.970 m.kr. á yfirstandandi ári. Engir samningar falla undir B flokk en það eru samningar sem bæði ráðuneytin standa að. Að lokum eru 74,3 m.kr. áætlaðar vegna samninga sem félagsmálaráðuneytið sendur eitt að en þeir eru auðkenndir með bókstafnum C í töflunni. Gera má ráð fyrir að þeir samningar sem renna út á tímabilinu verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur, þannig að til jafnaðar verði nálægt 3.100 m.kr. bundnar árlega vegna framangreindra verkefna.

Unnið er að endurnýjun nokkurra eldri samninga auk þess sem nokkrir nýir eru í undir-

Unnið er að endurnýjun nokkurra eldri samninga auk þess sem nokkrir nýir eru í undirbúningi og er þar helst að nefna samninga um málefni fatlaðra sem renna út í lok ársins. Í þeim tilvikum sýnir taflan ekki samningsfjárhæð næstu ára þó svo að gera megi ráð fyrir að ráðuneytið muni eftir sem áður gera samninga um þau rekstrarverkefni.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Félagsmálaráðuneytið, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa	234,3	261,1	279,9	7,2	19,5
Ýmis verkefni	48,9	60,4	62,5	3,5	27,8
Ráðstöfunarfé	-	5,0	5,0	0,0	-
Samtals	**283,2**	**326,5**	**347,4**	**6,4**	**22,7**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 8 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru þessar:

101 Félagsmálaráðuneytið, aðalskrifstofa. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 280 m.kr. og jafngildir það um 8 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Skýrist það annars vegar af 4,5 m.kr. til ýmissa verkefna sem eru færðar á milli liða innan sama málaflokks og 3,5 m.kr. sem lagt er til að færist af lið *07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi* einnig vegna ýmissa smærri verkefna.

190 Ýmis verkefni. Samkvæmt frumvarpinu verða rekstrargjöld liðarins óbreytt að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Farið er þó tímabundið fram á 9,5 m.kr. framlag til að fylgja eftir aðgerðaáætlun vegna ofbeldis á heimilum og kynferðislegs ofbeldis til loka árs 2011. Þá eru 4,5 m.kr. millifærðar á annan lið innan málaflokksins og jafnframt er lagt til að útgjöld lækki um 5 m.kr. vegna áforma um aðhald í rekstri.

Stjórnsýslustofnanir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 302 Ríkissáttasemjari; 313 Jafnréttisstofa og 331 Vinnueftirlit ríkisins.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ríkissáttasemjari	57,0	60,4	62,0	2,6	8,8
Jafnréttisstofa	30,5	40,5	41,9	3,5	37,4
Vinnueftirlit ríkisins	406,3	410,3	416,0	1,4	2,4
Samtals	**493,8**	**511,2**	**519,9**	**1,7**	**5,3**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 8 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Skýrist lækkunin eingöngu af áformum um aðhald í rekstri stofnana sem undir málefnaflokkinn falla.

Málefni barna

Til þessa málefnaflokks telst fjárlagaliðurinn 400 Barnaverndarstofa.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Barnaverndarstofa	677,4	740,2	839,2	13,4	23,9
Samtals	**677,4**	**740,2**	**839,2**	**13,4**	**23,9**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 71,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar.

400 Barnaverndarstofa. Samkvæmt frumvarpinu hækka rekstrargjöld um 71,4 m.kr. á næsta ári umfram launa- og verðlagshækkanir. Skýrist það af fjórum tilefnum. Í fyrsta lagi er farið fram á 50 m.kr. í samræmi við þingsályktun um aðgerðir til að styrkja stöðu barna í samfélaginu er lagt til að hrinda í framkvæmd nýjungum í meðferðarstarfi fyrir börn og ungmenni með hegðunar- og vímuefnavanda sem veitt skal utan stofnana og á vettvangi fjölskyldunnar og daglegs umhverfis. Í öðru lagi er óskað eftir 10 m.kr. til að mæta veikleikum í rekstri Stuðla og 1,4 m.kr. vegna húsnæðiskostnaðar rekstraraðila meðferðarheimila. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að 9 m.kr. verði færðar á liðinn vegna breyttrar nýtingar á Efri Brú, Grímsnesi fyrir meðferðarheimili á vegum Barnaverndarstofu. Aðrar breytingar skýrast m.a. af framlögum vegna niðurfellingar á undanþágu frá greiðslu fasteignagjalda.

Málefni fatlaðra

Eftirfarandi fjárlagaliður teljast til þessa málefnaflokks: 700 Málefni fatlaðra; 701–708 Málefni fatlaðra, svæðisskrifstofur, 711 Styrktarfélag vangefinna; 720 Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ; 722 Sólheimar í Grímsnesi; 750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og 795 Framkvæmdasjóður fatlaðra.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Málefni fatlaðra	91,1	337,9	599,4	77,4	558,0
Málefni fatlaðra, Reykjavík	2.019,6	2.223,4	2.422,3	8,9	19,9
Málefni fatlaðra, Reykjanesi	1.401,8	1.544,9	1.618,9	4,8	15,5
Málefni fatlaðra, Vesturlandi	212,1	251,1	269,5	7,3	27,1
Málefni fatlaðra, Vestfjörðum	151,7	172,9	183,7	6,2	21,1
Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra	273,4	297,7	336,5	13,0	23,1
Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra	730,2	802,6	898,8	12,0	23,1
Málefni fatlaðra, Austurlandi	258,6	273,0	292,2	7,0	13,0
Málefni fatlaðra, Suðurlandi	436,9	478,6	499,0	4,3	14,2
Styrktarfélag vangefinna	547,4	594,6	612,9	3,1	12,0
Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ	286,0	310,4	319,9	3,1	11,9
Sólheimar í Grímsnesi	209,5	228,1	240,5	5,4	14,8
Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	244,5	279,7	381,9	36,5	56,2
Framkvæmdasjóður fatlaðra	507,1	487,2	598,6	22,9	18,0
Samtals	**7.369,9**	**8.282,1**	**9.274,1**	**12,0**	**25,8**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 734,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar.

*700 **Málefni fatlaðra.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld aukist um 245 m.kr. á næsta ári umfram launa- og verðlagshækkanir. Skýrist það af fimm tilefnum. Í fyrsta lagi er farið fram á 175 m.kr. vegna aukins rekstrarkostnaðar sem stafar af fjölgun búsetuúrræða fyrir geðfatlaðra sem komið er á fót í samræmi við ákvæði 7. gr. laga nr. 133/2005 um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf. en samkvæmt því skal til loka árs 2009 verja 1.000 m.kr. til uppbyggingar búsetuúrræða og þjónustu við geðfatlaða. Af fjölguninni leiðir aukinn rekstrarkostnaður. Í öðru lagi er óskað eftir 82 m.kr. í tímabundið tilraunaverkefni til að þjónusta sjúklinga í öndunarvél í heimahúsum. Í frumvarpi til fjáraukalaga 2007 er óskað eftir 38 m.kr. í sama verkefni. Verkefninu lýkur í lok árs 2008 og verður þá árangur þess metinn. Í þriðja lagi er farið fram 40 m.kr. til endurnýjunar nokkurra þjónustusamninga við sveitarfélög, félagasamtök og einkaaðila um þjónustu við fatlaða. Í fjórða lagi er gert ráð fyrir 5 m.k. tímabundnu framlag til verkefna Íslenska upplýsingasamfélagsins til að auka aðgengi öryrkja og fatlaðra að upplýsingasamfélaginu. Í fimmta lagi eru samtals 57 m.kr. millifærðar af liðnum til svæðisskrifstofa vegna aukins umfangs í samningum við sveitarfélög og félagasamtök um þjónustu við fatlaða og vegna átaks í þjónustu við geðfatlaða.

*701 **Málefni fatlaðra, Reykjavík.*** Samkvæmt frumvarpinu aukast rekstrargjöld liðarins um 126,4 m.kr. á næsta ári umfram launa- og verðlagshækkanir. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir 98 m.kr. millifærslu af lið *08-373 Landspítali* í samræmi við markmið að efla

búsetuúrræði og þjónustu við geðfatlað fólk utan stofnana. Er áformað að á næstu árum flytjist langlegusjúklingar á geðdeild Landspítala á sambýli undir umsjón félagsmálaráðuneytis. Gert er ráð fyrir hliðstæðri 98 m.kr. færslu fjárheimilda í fjáraukalagafrumvarpi 2007. Í öðru lagi er óskað eftir 15 m.kr. til skammtímavistunar fyrir fötluð börn og ungmenni í Reykjavík en í fjárlögum 2007 eru veittar 30 m.kr. til að hefja þá starfsemi á árinu. Í þriðja lagi gerir frumvarpið ráð fyrir 8,1 m.kr. til að efla stoðþjónustu og frekari liðveislu. Í fjórða lagi er lagt til að veittar verði 7 m.kr. vegna hækkunar leigugjalda á sambýlum og heimilum fyrir börn. Að öðru leyti skýrist mismunurinn af tímabundnum fjárheimildum sem falla niður og framlögum vegna niðurfellingar á undanþágu frá greiðslu fasteignagjalda.

702 ***Málefni fatlaðra, Reykjanesi.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi 1.618,9 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 25,5 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Skýrist það annars vegar af 22,5 m.kr. tillögu til að hefja rekstur nýrrar skammtímavistunar á Reykjanesi frá miðju ári 2008 og hins vegar 3 m.kr. til að mæta kostnaði vegna flutnings svæðisskrifstofunnar í nýtt húsnæði.

703 ***Málefni fatlaðra, Vesturlandi.*** Samkvæmt frumvarpinu hækka rekstrargjöld liðarins um 10,2 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Þar vegur þyngst tillaga um 10 m.kr. vegna fjölgunar úrræða í búsetu fatlaðra í Borgarnesi. Að öðru leyti skýrist mismunurinn framlögum vegna niðurfellingar á undanþágu frá greiðslu fasteignagjalda.

704 ***Málefni fatlaðra, Vestfjörðum.*** Rekstrargjöld eru samkvæmt frumvarpinu 183,7 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 5 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs sem er ætlað að mæta kostnaði til að efla starfsemi skammtímavistana hjá svæðisskrifstofu Vestfjarða.

705 ***Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 336,5 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 29,1 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Þar af eru 29 m.kr. vegna aukins kostnaðar við nýjan samning um þjónustu við fatlaða milli ráðuneytisins og Byggðasamlags um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra við fatlaða og er lagt til að 18,4 m.kr. komi til með nýju framlagi í fjárlögum en 10,6 m.kr. eru færðar af lið *07-700 Málefni fatlaðra.* Aðrar breytingar skýrast m.a. af framlögum vegna niðurfellingar á undanþágu frá greiðslu fasteignagjalda.

706 ***Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra.*** Frumvarpið gerir ráð fyrir að rekstrargjöld liðarins nemi um 898,8 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 70,5 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs og skýrist það annars vegar af 43 m.kr. hækkun vegna

aukinna þjónustukaupa í nýjum samningi milli félagsmálaráðuneytisins og Akureyrarbæjar um þjónustu við fatlaða og hins vegar 27,5 m.kr. af sama tilefni vegna samnings við Norðurþing. Í báðum samningsfjárhæðum eru meðtaldar greiðslur vegna átaks í þjónustu við geðfatlaða, sem eru annars vegar 15,2 m.kr. í samningi við Akureyrarbæ og 5 m.kr. í samningi við Norðurþing.

*707 **Málefni fatlaðra, Austurlandi.*** Framlög til liðarins hækka um 9,7 m.kr. að raungildi frá fjárlögum þessa árs og verða 292,2 m.kr. Skýrist breytingin af 10 m.kr. tillögu til að efla frekari liðveislu og stoðþjónustu hjá svæðisskrifstofu Austurlands. Þá er lagt til að 0,7 m.kr. væri færðar til af lið *07-700 Málefni fatlaðra* á liðinn vegna samnings um þjónustu við fatlaða í Sveitarfélaginu Hornafjörður. Loks fellur niður 1 m.kr. tímabundin fjárheimild.

*708 **Málefni fatlaðra, Suðurlandi.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 499 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 5 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs og skýrist hækkunin af tveimur tilefnum. Annars vegar er óskað eftir 3,4 m.kr. vegna aukins leigukostnaðar af nýju húsnæði svæðisskrifstofunnar og hins vegar er farið fram á 1,6 m.kr. vegna aukins leigukostnaðar sambýla.

*722 **Sólheimar í Grímsnesi.*** Rekstrargjöld nemi 240,5 m.kr. á næsta ári samkvæmt frumvarpinu og jafngildir það um 5 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Skýrist breytingin af fjölgun vistmanna en um mitt ár 2006 var þeim fjölgað um tvo. Kostnaður við ársvist vistmanns er um 5 m.kr. Í fjárlögum 2006 er 5 m.kr. framlag til heimilisins til að mæta kostnaði síðari hluta ársins. Óskað er eftir 5 m.kr. til að hækka grunn heimilisins samtals í 10 m.kr. samkvæmt samkomulagi. Í fjáraukalagafrumvarpi er 5 m.kr. tillaga vegna framlaga ársins 2007

*750 **Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 381,9 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 91,5 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Gerir frumvarpið ráð fyrir 70,5 m.kr. fjárheimild til að stytta á biðtíma eftir þjónustu stöðvarinnar í samræmi við þingsályktun um aðgerðir til að styrkja stöðu barna í samfélaginu. Þá er gert ráð fyrir 21 m.kr. til að efla þjónustu við börn með einhverfu og þroskaraskanir.

*795 **Framkvæmdasjóður fatlaðra.*** Gert er ráð fyrir að gjöld sjóðsins nemi um 598,6 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 111,2 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Breytingin skýrist annars vegar af 100 m.kr. tímabundinni fjárveitingu til undirbúnings og uppbyggingar búsetuúrræða fyrir geðfatlaða. Í 7. gr. laga nr. 133/2005 um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf. er kveðið á um að verja skuli 1.000

m.kr. til uppbyggingar búsetuúrræða og þjónustu við geðfatlaða til loka árs 2009. Heildarstofnkostnaður vegna þessarar uppbyggingar er 1.500 m.kr. og er gert ráð fyrir því að Framkvæmdasjóður fatlaðra verji 500 m.kr. til verkefnisins. Í fjárlögum í ár eru 200 m.kr. til þessa verkefnis og með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir 100 m.kr. hækkun þessa framlags. Þá gengur til baka 11,2 m.kr. sem var tímabundin frestun á stofnkostnaði á árinu 2007.

Sveitarfélög

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	9.868,8	9.741,0	12.176,0	25,0	23,4
Samtals	**9.868,8**	**9.741,0**	**12.176,0**	**25,0**	**23,4**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 2.435 m.kr. eða um fjórðung.

801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga. Samkvæmt frumvarpinu er heildarframlag til sjóðsins 11.841,3 m.kr. Lögbundin framlög ríkisins til sjóðsins eru sýnd undir viðfangsefni *1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, lögbundin framlög* en önnur tímabundin framlög eru sýnd á viðfangsefni *1.11 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, sérstök viðbótarframlög.*

Lögbundin framlög eru ákvörðuð með tvennum hætti samkvæmt ákvæðum laga um tekjustofna sveitarfélaga.

a. Greitt framlag úr ríkissjóði er nemur 2,12% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs.

b. Greitt framlag úr ríkissjóði er nemur 0,264% af álagningarstofni útsvars næstliðins tekjuárs.

Lögboðin framlög samkvæmt a-lið nema um 8.575 m.kr. en um 1.901 m.kr. samkvæmt b-lið eða samtals 10.476 m.kr.

Auk lögboðinna framlaga gerir frumvarpið ráð fyrir sérstöku tímabundnu 700 m.kr. framlagi á viðfangsefni *1.11 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, sérstök viðbótarframlög* til viðbótar við 700 m.kr. fólksfækkunarframlag til sjóðsins sem var áður samþykkt í tengslum við tillögur tekjustofnanefndar. Framlaginu er ætlað að koma á móts við þau sveitarfélög sem verst standa fjárhagslega vegna ytri aðstæðna. Framlögin falla niður í lok árs 2008.

Vinnumál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 972 Bjargráðasjóður; 980 Vinnumálastofnun; 981 Vinnumál; 982 Ábyrgðasjóður launa; 983 Foreldrar langveikra eða

alvarlega fatlaðra barna; 984 Atvinnuleysistryggingasjóður; 985 Félagsmálaskóli alþýðu; 987 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga og 989 Fæðingarorlof.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Bjargráðasjóður	10,0	10,0	10,0	0,0	0,0
Vinnumálastofnun	141,2	196,1	209,1	6,6	48,1
Vinnumál	86,1	85,7	86,6	1,1	0,6
Ábyrgðasjóður launa	574,4	526,4	555,4	5,5	-3,3
Foreldrar langveikra eða alvarlega fatlaðra barna	-	84,9	137,6	62,1	-
Atvinnuleysistryggingasjóður	2.114,2	3.648,6	5.830,0	59,8	175,8
Félagsmálaskóli alþýðu	24,9	25,1	25,3	0,8	1,6
Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga	-10,6	0,0	0,0	-	-100,0
Fæðingarorlof	7.069,3	7.651,8	8.349,0	9,1	18,1
Samtals	**10.009,5**	**12.228,6**	**15.203,0**	**24,3**	**51,9**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 2.061,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar.

980 Vinnumálastofnun. Frumvarpið gerir ráð fyrir að rekstrargjöld stofnunarinnar verði um 209,1 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 7,2 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Farið er fram á 10 m.kr. til að mæta kostnaði við framkvæmd laga um starfsmannaleigur sem kemur til viðbótar við 4 m.kr. framlag í fjárlögum þessa árs. Þá hækkar rekstur stofnunarinnar um 40 m.kr. vegna aukins umsýslukostnaðar með Fæðingarorlofssjóði en sértekjur hækka að sama skapi og tillagan hefur því ekki áhrif á gjöld umfram tekjur. Að öðru leyti skýrast breytingarnar af áformum um hagræðingu í rekstrarkostnaði.

981 Vinnumál. Gert er ráð fyrir að útgjöld liðarins lækki um 1 m.kr. á næsta ári að raungildi og skýrist lækkunin af áformum um aðhald í útgjöldum.

983 Foreldrar langveikra eða alvarlega fatlaðra barna. Samkvæmt frumvarpinu hækkar liðurinn um 50 m.kr. en framlagi á þessum lið er ætlað að veita foreldrum langveikra eða alvarlega fatlaðra barna fjárhagslega aðstoð vegna vinnutaps, sbr. lög nr. 22/2006.

984 Atvinnuleysistryggingasjóður. Gert er ráð fyrir að útgjöld sjóðsins nemi um 7.230 m.kr. á næsta ári en á móti koma 1.400 m.kr. vaxtatekjur. Gjöld umfram tekjur nema því 5.830 m.kr. Það er 1.965,2 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Þar vegur þyngst 2.438 m.kr. hækkun atvinnuleysisbóta og 27 m.kr. hækkun styrkja til fiskvinnslustöðva. Á árinu 2008 er gert ráð fyrir 2,9% atvinnuleysi en í fjárlögum 2007

var gert ráð fyrir 1,9% atvinnuleysi. Þar að auki er nú gert ráð fyrir auknum fjölda á vinnumarkaði þannig að nú er reiknað með að fleiri einstaklingar standa á bakvið hvert prósentustig atvinnuleysis. Gert er ráð fyrir að fjöldi atvinnulausra verði að meðaltali um 4.860 manns sem er um 1.870 fleiri en var gert ráð fyrir í forsendum fjárlaga 2007. Þá er gert ráð fyrir að sjóðurinn greiði áfram 15 m.kr. tímabundið framlag til Sjómenntar, starfsmenntunar sjómanna en Sjómennt hefur verið styrkt með framlögum úr Atvinnuleysistryggingasjóði frá árinu 2002. Að óbreyttu fellur framlagið niður í árslok 2007 en lagt er til að verkefnið verði styrkt áfram til ársloka 2010. Loks er gert ráð fyrir að vaxtatekjur Atvinnuleysistryggingasjóðs af inneign hjá ríkissjóði vegna óráðstafaðra tekna af atvinnutryggingagjaldi hækki um 640 m.kr. frá því sem þær eru í fjárlögum 2007 og verði 1.400 m.kr. en þar af er greiddar 140 m.kr. í fjármagnstekjuskatt.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Atvinnuleysisbætur	2.236,9	3.646,0	6.285,0	72,4	181,0
Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar	80,0	68,7	71,0	3,3	-11,3
Sveðisvinnumiðl. Vinnumálastofnunar rekstrarhl.	174,0	181,2	187,0	3,2	7,5
Styrkir til fiskvinnslustöðva	163,9	123,0	155,0	26,0	-5,4
Námskeiðahald, átaksverkefni og önnur úrræði	62,7	112,0	112,0	0,0	78,6
Framlög og styrkir	137,9	150,0	150,0	0,0	8,8
Starfsmenntasjóður	66,2	60,0	60,0	0,0	-9,4
Rekstur úthlutunarnefnda	55,9	67,7	70,0	3,4	25,2
Vaxtatekjur	-863,3	-760,0	-1.260,0	65,8	46,0
Samtals	**2.114,2**	**3.648,6**	**5.830,0**	**59,8**	**175,8**

*987 **Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklina.*** Lagt er til að útgjaldaheimild sjóðsins verði hækkuð um 11 m.kr. og verði 30 m.kr. til samræmis við spá um aukið atvinnuleysi á árinu 2008 en sértekjur hækki að sama skapi.

*989 **Fæðingarorlof.*** Samkvæmt frumvarpinu er ráð fyrir að gjöld sjóðsins verði 8.349 m.kr. en er 7.822 í fjárlögum yfirstandandi árs. Gert er ráð fyrir 40 m.kr. hækkun kostnaðar til Vinnumálastofnunar fyrir umsýslu með Fæðingarorlofssjóði. Gerð er tillaga um sömu hækkun umsýslukostnaðar í fjáraukalögum 2007. Rekstur sjóðsins greiðist af tekjum hans.

Önnur mál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 999 Félagsmál, ýmis starfsemi en jafnframt er hér gerð grein fyrir liðunum 205 Leiguíbúðir og 207 Varasjóður húsnæðismála.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Leiguíbúðir	180,0	180,0	1.100,0	511,1	511,1
Varasjóður húsnæðismála	60,0	60,0	60,0	0,0	0,0
Félagsmál, ýmis starfsemi	535,0	628,5	678,4	7,9	26,8
Samtals	**775,0**	**868,5**	**1.838,4**	**111,7**	**137,2**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 951,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar.

205 Leiguíbúðir. Gert er ráð fyrir 1.100 m.kr. tímabundinni fjárheimild vegna skuldbindingar ríkissjóð til niðurgreiðslu vaxta af lánum sem veitt verða á árinu 2008 til byggingar 400 leiguíbúða. Bygging íbúðanna er hluti af tímabundnu átaki sem miðast að því að fjölga leiguíbúðum um 1.600 á tímabilinu 2006 til ársloka 2009 eða að jafnaði um 400 íbúðir á ári. Átakið er framhald af hliðstæðu átaki frá síðari hluta árs 2001 en á þeim tíma og fram til síðari hluta árs 2005 voru byggðar um 1.000 íbúðir. Lán til byggingar þessara íbúða eru veitt með 3,5% vöxtum og greiðir ríkissjóður vaxtamuninn milli almennra útlánsvaxta sjóðsins sem nú eru 5,10% að frádregnu afskrifta- og uppgreiðsluréttarálagi sem er samtals 0,45%. Vaxtamunurinn árið 2008 er því áætlaður 1,15%. Lánin skulu aðeins veitt þeim aðilum er leigja íbúðirnar til einstaklinga er uppfylla skilyrði um tekju- og eignamörk samkvæmt VIII. kafla húsnæðislaga. Skuldbinding ríkissjóðs vegna þessara framlaga til vaxtaniðurgreiðslu nemur 1.100 m.kr. út lánstímann sem er 50 ár miðað við 5% ávöxtunarkröfu. Árleg greiðsluheimild er áætluð hins vegar 60 m.kr. til greiðslu vaxtamunar fyrir hverjar 400 íbúðir miðað við 1,15% vaxtamun. Í fjárlögum 2007 eru 180 m.kr. til niðurgreiðslu vaxta en ekki var gert ráð fyrir aukningu lána til leiguíbúða á því ári en raunin reyndist önnur. Í fjárlagafrumvarpi 2008 er því gert ráð fyrir framlagi ársins 2007 auk framlagi ársins 2008 og því þarf greiðsluheimild að nema 300 m.kr. Gert er ráð fyrir 60 m.kr. greiðsluheimild í fjáraukalögum 2007 vegna framkvæmda yfirstandandi árs.

999 Félagsmál, ýmis starfsemi. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld aukist um 31,3 m.kr. á næsta ári umfram launa- og verðlagshækkanir. Skýrist það af fjórum tilefnum. Í fyrsta lagi er lögð til 33 m.kr. hækkun á viðfangsefni *1.55 Átak í vímuvarnamálum* í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar að bregðast hart við aukinni vímuefnavá með öflugri fræðslu og forvörnum, stuðningi við fjölskyldur í vanda, fjölbreyttum meðferðarúrræðum og hertri löggæslu. Er það hluti af 100 m.kr. framlagi sem skiptist á þrjú ráðuneyti. Hin tvö eru dóms- og kirkjumálaráðuneyti og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti. Í öðru lagi er óskað eftir 15 m.kr. á viðfangsefni *1.98 Ýmis framlög félagsmálaráðuneytis* til að styrkja verðandi kjörforeldra sem ættleiða erlent barn eða

börn. Gert er ráð fyrir að fjöldi ættleiddra barna frá útlöndum verði allt að 40 á ári. Lagt er hins vegar til að 9 m.kr. flytjist af liðnum á lið *400 Barnaverndarstofa*, þar sem áformað er að Efri-Brú í Grímsnesi verði nýtt sem meðferðarheimili og 3,5 m.kr. flytjist á viðfangsefni *190 Ýmis verkefni* undir aðalskrifstofu.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2007	Frumvarp 2008
Sundurliðun á óskiptu viðfangsefni:		
07-999-1.98 Ýmis framlög félagsmálaráðuneytis		
Húsaleiga, Efri-Brú	9,0	-
Nýjungar í meðferðarstarfi fyrir börn og unglinga	10,0	10,0
Rannsóknarsetur í vinnu- og jafnréttismálum	5,0	6,0
Sjónarhóll	15,0	15,5
Verkefnið; Karlar til ábyrgðar	6,5	6,5
Endurskoðun á stofnanakerfi ráðuneytisins	3,5	-
Samtökin 78	1,5	1,5
Styrkir til verðandi kjöforeldra ættleiddra barna erlendis frá	5,0	20,0
Óráðstafað	10,1	10,7
Samtals	**65,6**	**70,2**

Á viðfangsefni 1.98 Ýmis framlög félagsmálaráðuneytis er gert ráð fyrir 70,2 m.kr. útgjöldum á árinu 2008 sem er 2,5 m.kr. hækkun frá á yfirstandandi ári miðað við fast verð. Styrkir til verðandi kjörforeldra ættleiddra barna erlendis hækka um 15 m.kr. og verða 20 m.kr. Þá flytjast tvö verkefni á aðra fjárlagaliði. Það er annars vegar húsaleiga Efri-Brú sem er færð á lið *07-400 Barnaverndarstofa* og hins vegar Endurskoðun á stofnanakerfi ráðuneytisins sem flyst á lið *07-101 Aðalskrifstofa*.

Fjárlagaliðir með óskiptri heimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem ætlaðir eru til að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um safnliði er að finna í kafla 3.2 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
07-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.
07-700-1.50	Laun vegna forfalla, orlofs o.fl.	Ófyrirséð útgjöld vegna veikinda og forfalla hjá stofnunum fatlaðra.
07-700-1.90	Ýmis verkefni	Sameiginleg verkefni og ófyrirséð útgjöld stofnana fatlaðra.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	70.032,5	74.343,6	79.363,5	7	13
Neyslu- og rekstrartilfærslur	57.460,1	67.790,3	72.149,5	6	26
Stofnkostnaður og viðhald	2.635,6	2.514,9	5.089,6	102	93
Samtals	**130.128,2**	**144.648,8**	**156.602,6**	**8**	**20**
Greitt úr ríkissjóði	-	120.466,7	128.868,9	7	-
Innheimt af ríkistekjum	-	24.182,1	27.733,7	15	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals	-	**144.648,8**	**156.602,6**	**8**	-

Heildargjöld heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis árið 2008 eru áætluð um 161.724 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 5.121 m.kr. en þær nema um 3,3%% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 156.603 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 128.869 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 27.734 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Samkvæmt lögum nr. 109/2007 um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, verður hluti almannatrygginga fluttur frá heilbrigðisráðuneyti til félagsmálaráðuneytis frá og með 1. janúar 2008. Við aðra umræðu fjárlaga verða fluttar breytingatillögur við fjárlagafrumvarpið miðað við breytt verkaskipti innan Stjórnarráðsins.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 79.364 m.kr. og hækka um 5.019,9 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um 1.028 m.kr. til sjúkrahúsa og sérstæðrar sjúkrahúsaþjónustu en þar vegur þyngst 820 m.kr. til Landspítala og 82 m.kr. til Sjúkrahúss Akureyrar til að styrkja rekstur tveggja stærstu sjúkrahúsanna. Þá fara 472,2 m.kr. til heilsugæslu, 350,4 m.kr. til heilbrigðisstofnana og 347,7 m.kr. til öldrunarstofnana. Enn fremur hefur rekstrarumfang ráðuneytisins verið nokkru meira en gert hefur verið ráð fyrir í fjárlögum undanfarinna ára. Um er að ræða útgjöld sem fjármögnuð hafa verið með sértekjum og er gerð leiðrétting á því í frumvarpinu með því að hækka hvoru tveggja um samtals 1.099,2 m.kr. Rekstrargjöld umfram tekjur og bein framlög úr ríkissjóði verða því óbreytt eftir sem áður. Frumvarpið gerir einnig ráð fyrir samtals 314,3 m.kr. framlagi sem skiptist á einstaka fjárlagaliði vegna breytinga á lögum um tekjustofna sveitarfélaga sem felur í sér að heilbrigðisstofnanir m.a.


eru ekki lengur undanþegnar frá greiðslu fasteignaskatts. Loks er lagt til að komugjöld hækki 1. janúar 2008 sem nemur um 160 m.kr. fyrir heilt ár.

Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 4.359 m.kr. og verða 72.150 m.kr. en eru 67.790 m.kr. í fjárlögum ársins 2007. Þyngst vega 1.214,5 m.kr. aukin útgjöld til tekjutryggingar elli- og örorkulífeyrisþega með lækkun tekjutengingar í samræmi við samkomulag við eldri borgara og ákvörðunar ríkisstjórnar um að atvinnutekjur 70 ára og eldri hafi ekki áhrif á greiðslur lífeyristrygginga. Loks er rúmlega 990 m.kr. til sjúkratrygginga vegna aukins læknis- og lyfjakostnaðar.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 5.090 m.kr. og er það 2.575 m.kr. hækkun milli ára. Stærstu breytingar eru 1.310 m.kr. til byggingar sjúkrahúss fyrir slysa- og bráðaþjónustu á lóð Landspítala svo og hús fyrir rannsóknir. Auk þess er gert ráð fyrir 1.128 m.kr. til byggingar hjúkrunarheimila.

Vikið er nánar að helstu útgjaldabreytingum í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2008 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.



Skuldbindandi samningar

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um rekstrarverkefni sem áætlað er að nemi samtals um 7.492 m.kr. á yfirstandandi ári. Það svarar til 10% af heildarrekstrargjöldum ráðuneytisins. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Fjárhæðir í töflunni, að undanskildu árinu 2007, eru á áætluðu verðlagi ársins 2008 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum. Samtals nema samningarnir 9% af rekstrargjöldum ráðuneytisins á árinu 2008.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2007	2008	2009	2010	2011
Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra	A	146,1	155,8	160,8	160,8	160,8
Samningur um sjúkraþjálfun fyrir fatlaða	A	38,3	39,4	13,1	0,0	0,0
Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið	A	656,2	602,0	602,0	602,0	602,0
Leitarstöð Krabbameinsfélags Ísl., forvarnir	A	289,2	310,0	310,0	310,0	310,0
Hjartavernd, hóprannsóknir	A	57,9	59,8	59,8	59,8	0,0
Víðines, Reykjavík	A	229,0	233,8	233,8	233,8	233,8
Akureyrarbær, rekstur hjúkrunarþjónustu	A	1.204,0	1.270,0	1.270,0	1.270,0	1.270,0
Sveitarf. Hornafjörður, rekstur hjúkrunarþj.	A	252,4	213,2	213,2	213,2	213,2
Vífilsstaðir, Garðabæ	A	322,0	324,8	324,8	324,8	324,8
Öldungur hf., rekstur hjúkrunarþjónustu	A	823,8	894,5	894,5	894,5	894,5
Sjúkrahótel	A	78,7	81,9	81,9	81,9	81,9
Reykjalundur	A	1.196,5	1.236,9	1.236,9	1.236,9	1.236,9
Hlein	A	95,4	98,8	98,8	98,8	98,8
Heilsustofnun NLFÍ Hveragerði, endurhæfing	A	473,0	500,4	500,4	500,4	500,4
Læknavaktin ehf., vaktþjónusta	A	247,6	246,4	246,4	246,4	246,4
Sjúkraflutningar á Akureyri	A	54,3	55,9	55,9	55,9	55,9
Sjúkraflutningar á Suðurnesjum	A	49,3	50,9	50,9	50,9	50,9
Sjúkraflutningar á höfuðborgarsvæðinu	A	371,8	382,9	382,9	382,9	382,9
RKÍ, öflun bifreiða/búnaðar til sjúkraflutn.	A	104,0	115,7	115,7	115,7	115,7
Mýflug - sjúkraflug á Norðursvæði	A	79,0	81,6	81,6	115,7	115,7
Landsflug - sjúkrafl. til Vestm.	A	26,8	27,7	27,7	27,7	27,7
Akureyrarbær, rekstur heilsugæslu	A	424,6	438,2	438,2	438,2	438,2
Sveitarfél. Hornafjörður, rekstur heilsugæslu	A	107,7	171,3	171,3	171,3	171,3
Heilsugæslustöðin í Salahverfi Kópavogi	A	164,1	193,0	193,0	193,0	193,0
Samtals		**7.491,7**	**7.784,9**	**7.763,6**	**7.784,6**	**7.724,8**

Yfirlitið sýnir samninga sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið stendur að ásamt fjármálaráðuneytinu skv. heimild í 30. gr. fjárreiðulaga og er kostnaður vegna þeirra áætlaður 7.492 m.kr. á yfirstandandi ári. Gera má ráð fyrir að þeir samningar sem renna út á tímabilinu verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur, þannig að til jafnaðar verði nálægt 7.500 m.kr. bundnar árlega vegna framangreindra verkefna.

Unnið er að endurnýjun nokkurra eldri samninga auk þess sem nokkrir nýir samningar eru í undirbúningi sem renna út í lok ársins. Í þeim tilvikum sýnir taflan ekki samningsfjárhæð næstu ára þó svo að gera megi ráð fyrir að ráðuneytið muni eftir sem áður gera samninga um þau rekstrarverkefni

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Heilbrigðis- og tr.málaráðuneyti, aðalskrifstofa	458,6	486,0	548,0	12,8	19,5
Ráðstöfunarfé	-	8,0	8,0	0,0	-
Samtals	**458,6**	**494,0**	**556,0**	**12,6**	**21,2**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 41,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar.

101 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 548 m.kr. og aukist um 41,2 m.kr. á næsta ári umfram launa- og verðlagshækkanir, sem er ætlað til að efla starf á aðalskrifstofu.

Tryggingamál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 201 Tryggingastofnun ríkisins; 203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð; 204 Lífeyristryggingar; 206 Sjúkratryggingar; 208 Slysatryggingar; 209 Sjúklingatrygging og 214 Eftirlaunasjóður aldraðra.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Tryggingastofnun ríkisins	962,9	1.146,8	1.193,1	4,0	23,9
Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð	6.367,1	7.559,9	7.854,0	3,9	23,4
Lífeyristryggingar	33.592,2	41.453,6	44.076,0	6,3	31,2
Sjúkratryggingar	16.242,7	17.014,1	18.565,0	9,1	14,3
Slysatryggingar	573,5	703,9	638,9	-9,2	11,4
Sjúklingatrygging	68,4	190,1	190,1	0,0	177,9
Eftirlaunasjóður aldraðra	98,9	80,3	72,3	-10,0	-26,9
Samtals	**57.905,7**	**68.148,7**	**72.589,4**	**6,5**	**25,4**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins verður samkvæmt frumvarpinu 72.589,4 m.kr. og hækkar um 2.189,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar.

201 Tryggingastofnun ríkisins. Gert er ráð fyrir að heildarútgjöld aukist um 13,4 m.kr. á næsta ári umfram launa- og verðlagshækkanir. Framlög til rekstrar lækka um 1,5 m.kr. sem skýrist af því að umsjón með samningi sjálfstætt starfandi heimilislækna flyst til Heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu. Framlög til stofnkostnaðar hækka um 14,9 m.kr. sem skýrist af tveimur tímabundum verkefnum Íslenska upplýsingasamfélagsins. Annars vegar er þar um að ræða 10 m.kr. tímabundið framlag í verkefnið Rafræn

þjónustugátt TR og hins vegar 7 m.kr. í verkefnið Rafræn samvinna TR og RSK til hagsbóta fyrir sameiginlega viðskiptavini. Mun stofnunin leggja fram jafn hátt mótframlag. Enn fremur ganga 2,9 m.kr. til baka vegna tímabundinna frestunar stofnframkvæmda á yfirstandandi ári. Þá fellur niður 5 m.kr. tímabundið framlag til verkefna Íslenska upplýsingasamfélagsins. Loks er rekstrarumfang stofnunarinnar sem fjármagnað er með sértekjum hækkað um 140 m.kr. til samræmis við ríkisreikning en umfangið hefur verið vanmetið í fjárlögum. Gjöld umfram sértekjur eru eftir sem áður óbreytt og þessi leiðrétting breytir ekki útgjaldaramma liðarins.

*203 **Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð.*** Útgjöld bóta samkvæmt lögum um félagslega aðstoð eru áætluð 7.854 m.kr. á næsta ári og jafngildir það 43,2 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Skýrist hækkunin af auknu framlagi til heimilisuppbótar ellilífeyris- og örorkulífeyrisþega í samræmi við samkomulag við eldri borgara á árinu 2006. Þá eru 110 m.kr. færðar á milli viðfangsefna innan liðarins og er þar um að ræða flutning fjárheimilda af heimilisuppbót á viðfangsefnin makabætur og umönnunarbætur.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Mæðra- og feðralaun	290,3	353,0	365,0	3,4	25,7
Umönnunargreiðslur	1.014,6	1.085,0	1.193,0	10,0	17,6
Makabætur og umönnunarbætur	91,9	105,0	150,0	42,9	63,2
Dánarbætur	44,6	48,0	50,0	4,2	12,1
Endurhæfingarlífeyrir	918,4	1.174,9	1.214,0	3,3	32,2
Barnalífeyrir vegna menntunar	91,4	123,0	127,0	3,3	38,9
Heimilisuppbót	2.394,4	2.866,0	2.890,0	0,8	20,7
Frekari uppbætur	1.416,0	1.532,0	1.583,0	3,3	11,8
Uppbætur vegna bifreiðakaupa	105,5	273,0	282,0	3,3	167,3
Samtals	**6.367,1**	**7.559,9**	**7.854,0**	**3,9**	**23,4**

*204 **Lífeyristryggingar.*** Bætur lífeyristrygginga eru áætlaðar 44.076 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 1.214,5 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Hækkunin skýrist af auknu framlagi til lífeyristrygginga fyrir elli- og örorkulífeyrisþega með lækkun á vægi viðmiðunartekna í samræmi við samkomulag við eldri borgara og ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að flýta gildistöku ákvæða samkomulagsins. Þá ákvað ríkisstjórnin að atvinnutekjur 70 ára og eldri skerði ekki greiðslur lífeyristrygginga. Helstu ákvæði samkomulagsins sem koma til framkvæmda eru að áfram er dregið er úr tekjutengingum við tekjur maka og almennt skerðingarhlutfall lækkar úr 39,95% í 38,35%. Raunverulegt skerðingarhlutfall vegna atvinnutekna fer í 23% og hefur þá lækka úr 45% frá árinu 2000, þar sem atvinnutekjur koma að 60%

hluta til útreiknings. Jaðaráhrif í almannatryggingakerfinu hafa þó lækkað mun meira en þessu nemur því skerðingarhlutfall tekjutryggingarauka var 67%, en hann var sameinaður tekjutryggingu.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ellilífeyrir	7.343,2	8.137,0	8.406,0	3,3	14,5
Örorkulífeyrir	5.041,9	5.807,0	5.999,0	3,3	19,0
Tekjutrygging ellilífeyrisþega	10.211,8	15.042,0	16.340,0	8,6	60,0
Tekjutrygging örorkulífeyrisþega	6.120,5	8.920,0	9.666,0	8,4	57,9
Tekjutryggingarauki ellilífeyrisþega	787,6	-	-	-	-100,0
Tekjutryggingarauki örorkulífeyrisþega	872,8	-	-	-	-100,0
Vasapeningar ellilífeyrisþega	280,5	425,0	439,0	3,3	56,5
Vasapeningar örorkulífeyrisþega	54,0	75,0	78,0	4,0	44,4
Örorkustyrkur	148,2	188,5	195,0	3,4	31,6
Barnalífeyrir	2.069,1	2.431,1	2.511,0	3,3	21,4
Annað	662,6	428,0	442,0	3,3	-33,3
Samtals	**33.592,2**	**41.453,6**	**44.076,0**	**6,3**	**31,2**

206 ***Sjúkratryggingar.*** Heildarútgjöld sjúkratrygginga eru áætluð 18.565 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 991,6 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Í fyrsta lagi er lögð til 470 m.kr. hækkun á framlagi til að mæta auknum lyfjaútgjöldum en það jafngildir 7% aukningu í lyfjaveltu á milli ára. Í öðru lagi gerir frumvarpið ráð fyrir 256 m.kr. hækkun útgjalda í þjálfun. Þar er annars vegar áætlað fyrir 106 m.kr. vegna árlegrar aukningar og hins vegar 150 m.kr. til að auka atvinnulega endurhæfingu þeirra einstaklinga sem búa við skerta starfsorku vegna örorku í þeim tilgangi að skapa þeim tækifæri að auka atvinnuþátttöku sína. Er tillagan lögð fram í tengslum við störf nefndar sem skipuð var til að endurskoða örorkumat og leita leiða til að efla starfsendurhæfingu og fyrirbyggjandi aðgerðir sem til lengri tíma litið komi í veg fyrir ótímabæra skerðingu starfsorku. Af sama tilefni er tillaga um 50 m.kr. aukin framlög til hjálpartækja. Tillögum nefndarinnar var vísað til sérstakrar framkvæmdanefndar til nánari útfærslu og getur framlagið til verkefnisins skipst á aðra fjárlagaliði tengda endurhæfingu og vinnumarkaðsúrræðum. Þá er tillaga um 124 m.kr. framlag til hjálpartækja vegna árlegrar aukningar. Í þriðja lagi er tillaga um samtals 105,5 m.kr. hækkun framlaga vegna lækniskostnaðar. Skýrist það af fimm tilefnum. Þar ber fyrst að nefna tillögu um 300 m.kr. til að mæta magnaukningu í þjónustu og þar af eru 210 m.kr. vegna fólksfjölgunar en 90 m.kr. vegna aukinnar þjónustu. Þá er lagt til að samningagerð um tæknifrjóvganir færist til nefndarinnar ásamt 57,5 m.kr. fjárheimild. Þar af er gert ráð fyrir að 52,5 m.kr. verði færðar af lið Landspítala. Jafnframt er óskað eftir 20 m.kr. til að auka aðgengi ungmenna að sjálfstætt starfandi sérfræðingum á sviði geðheilbrigðisþjónustu. Í fjáraukalagafrumvarpi 2007 er óskað eftir 15 m.kr.

framlagi til sama verkefnis. Enn fremur er gert ráð fyrir 100 m.kr. hækkun komugjalda til sérgreinalækna frá 1. janúar 2008. Loks er lagt til að 172 m.kr. verði fluttar af lækniskostnaði sjúkratrygginga til heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins þar sem framkvæmd samnings við sjálfstætt starfandi heilsugæslulækna flyst þangað. Í fjórða lagi er tillaga um 42 m.kr. til tannlækninga vegna árlegrar aukningar og 15 m.kr. hækkun sjúkradagpeninga á sömu forsendum. Það sem þá stendur eftir af breytingunni á fjárveitingu liðarins, -69,6 m.kr., skýrist af tilfærslum vegna framkvæmd á samningum sem færast á aðra liði.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Lækniskostnaður	3.672,3	3.799,0	4.235,0	11,5	15,3
Lyf	6.703,1	6.713,8	7.266,0	8,2	8,4
Hjálpartæki	1.727,4	1.928,9	2.145,0	11,2	24,2
Hjúkrun í heimahúsum	99,1	110,4	114,0	3,3	15,0
Þjálfun	1.408,7	1.538,0	1.853,0	20,5	31,5
Tannlækningar	1.248,6	1.336,0	1.424,0	6,6	14,0
Sjúkraflutningar og ferðir innan lands	253,4	280,9	290,0	3,2	14,4
Brýn meðferð erlendis	693,2	773,0	751,0	-2,8	8,3
Sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis	97,3	127,0	123,0	-3,1	26,4
Sjúkradagpeningar	180,8	196,1	211,0	7,6	16,7
Annað	158,8	211,0	153,0	-27,5	-3,7
Samtals	**16.242,7**	**17.014,1**	**18.565,0**	**9,1**	**14,3**

208 Slysatryggingar. Gert er ráð fyrir að útgjöld slysatrygginga nemi um 638,9 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 65 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Á viðfangsefni *111 Bætur vegna læknis- og sjúkrakostnaðar* er gert ráð fyrir 10 m.kr. hækkun útgjalda vegna gervilima. Á viðfangsefni *115 Bætur vegna framfærslu* er hins vegar gert ráð fyrir 40 m.kr. í auknar sértekjur sem hafa verið vanmetnar í fjárlögum og loks er lögð til 35 m.kr. lækkun útgjalda undir viðfangsefni *1.16 Kaup og aflahlutur sjómanna* þar sem hluti útgerðamanna hefur beint viðskiptum sínum annað.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Bætur vegna læknis- og sjúkrakostnaðar	136,1	127,9	137,9	7,8	1,3
Bætur til framfærslu	264,4	350,0	310,0	-11,4	17,2
Kaup og aflahlutur sjómanna	106,7	160,0	125,0	-21,9	17,2
Stjórnunarkostnaður	66,3	66,0	66,0	0,0	-0,5
Samtals	**573,5**	**703,9**	**638,9**	**-9,2**	**11,4**

214 Eftirlaunasjóður aldraðra. Áætlað er að hlutur ríkissjóðs í eftirlaunum aldraðra verði 72,3 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 8 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum nr. 113 frá 1994 og er lífeyrir greiddur til þeirra sem fæddir eru árið 1914 eða fyrr og njóta lítilla sem engra réttinda úr lífeyrissjóðum. Samkvæmt ríkisreikningi voru útgjöld sjóðsins 111 m.kr. árið 2005 en gera má ráð fyrir að útgjöld hans lækki á milli ára á næstu árum. Lögð er því til 8 m.kr. lækkun á útgjöldum sjóðsins í samræmi við reynslu fyrri ára líkt og gert hefur verið undanfarin ár. Auk þess er í frumvarpinu lögð til 7 m.kr. leiðrétting á útgjöldum og sértækjum sjóðsins og í samræmi við ríkisreikning. Breytingin sem hefur hvorki áhrif á gjöld sjóðsins umfram tekjur né bein framlög úr ríkissjóði.

Sjúkrahús og sérstæð sjúkrahúsaþjónusta

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 358 Sjúkrahúsið á Akureyri; 373 Landspítali en þessir tveir fjárlagliðir breyta um heiti í nýjum lögum um heilbrigðisþjónustu sem tóku gildi 1. september sl.; 376 Bygging hátæknisjúkrahúss á lóð Landspítalans; 379 Sjúkrahús, óskipt; 383 Sjúkrahótel; 384 Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn; 386 Vistun ósakhæfra afbrotamanna og 388 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Sjúkrahúsið á Akureyri	3.566,5	3.635,7	3.891,0	7,0	9,1
Landspítali	29.986,7	31.140,1	33.009,0	6,0	10,1
Bygging hátæknisjúkrahúss á lóð Landspítalans	146,6	190,0	1.500,0	689,5	923,2
Sjúkrahús, óskipt	30,0	158,8	219,1	38,0	630,3
Sjúkrahótel	-	78,7	81,9	4,1	-
Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn	106,8	107,9	111,2	3,1	4,1
Vistun ósakhæfra afbrotamanna	182,7	178,8	193,4	8,2	5,9
Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið	517,0	576,2	602,2	4,5	16,5
Samtals	**34.536,3**	**36.066,2**	**39.607,8**	**9,8**	**14,7**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins nemur 39.607,8 og hækkar um 2.408,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru þær að gert er ráð fyrir 902 m.kr. til að styrkja rekstur Landspítala og Sjúkrahússins á Akureyri en auk þess gerir frumvarpið ráð fyrir 1.310 m.kr. í aukin framlög til byggingar nýrrar slysa- og bráðamóttöku á lóð Landspítala við Hringbraut.

358 Sjúkrahúsið á Akureyri. Samkvæmt frumvarpinu verða rekstrargjöld sjúkrahússins 3.891 m.kr. og aukast um 146 m.kr. á næsta ári umfram launa- og verðlagshækkanir. Frumvarpið gerir ráð fyrir að rekstrarútgjöld hækki um 139,9 m.kr. sem skýrist af sex tilefnum. Í fyrsta lagi er óskað eftir 82 m.kr. til styrktar núverandi rekstri

sjúkrahússins. Í öðru lagi gerir frumvarpið ráð fyrir 22 m.kr. til uppbyggingar blóðbankaþjónustu við sjúkrahúsið. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir 10 m.kr. til reksturs líknardeildar og í fjórða lagi er lagt til að færa 10 m.kr. til sjúkrahússins af lið *08-379 Sjúkrahús, óskipt* til að mæta kostnaði við meðferð psoriasis- og exemsjúklinga. Í fimmta lagi er lagt til að 3 m.kr. verði færðar af lið *08-500 Heilsugæsla, almennt* til umsjónar og eftirlits með sjúkraflugi á landsvísu. Stofnkostnaður hækkar samkvæmt frumvarpinu um 6,1 m.kr. þar sem tímabundin frestun framkvæmda á yfirstandandi ári gengur til baka. Jafnframt er lagt til að flytja 24 m.kr. á milli stofnkostnaðarviðfangsefna innan liðarins og hækka framlög sjúkrahússins til tækjakaupa. Loks er rekstrarumfang spítalans sem fjármangað er með sértekjum hækkað um 110 m.kr. til samræmis við ríkisreikning en umfangið hefur verið vanmetið í fjárlögum. Gjöld umfram sértekjur eru eftir sem áður óbreytt og þessi leiðrétting breytir ekki útgjaldaramma liðarins. Aðrar breytingar umfram launa- og verðlagsliði skýrast af framlagi til að mæta kostnaði af afnámi undanþágu heilbrigðisstofnana frá greiðslu fasteignaskatts auk þess sem tímabundin frestun framkvæmda á yfirstandandi ári gengur til baka.

373 ***Landspítali.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi 33.009 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 883,3 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Farið er fram á 820 m.kr. framlag til styrktar núverandi starfsemi Landspítala og þar með talið að mæta auknum útgjöldum vegna lyfja og aukinnar starfsemi. Enn fremur er lagt til 24 m.kr. framlag til að stytta bið eftir greiningu og meðferð á barna- og unglingageðdeild spítalans og jafnframt óskað eftir 5 m.kr. til að ráða þar fræðslustjóra til að efla ráðgjafahlutverk deildarinnar. Í fjáraukalagafrumvarpi 2007 er samtals gert ráð fyrir 30 m.kr. til þessara tveggja verkefna. Þá er lagt til að 16,7 m.kr. útgjöld færist til spítalans af öðrum liðum og er þar í fyrsta lagi um að ræða 10,7 m.kr. frá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins vegna skoðunar á verðandi mæðrum í áhættuhópi. Í öðru lagi eru 6 m.kr. sem lagt er til að flytjist af lið *08-379 Sjúkrahús, óskipt* til sérstakrar öndunarvélameðferðar. Á móti koma tvær tillögur um að samtals 143 m.kr. útgjöld færist frá spítalanum og er í fyrra tilviki um að ræða 98 m.kr. sem flytjast til félagsmálaráðuneytis til reksturs sambýla fyrir geðfatlaða sem áður voru hluti af geðsviði. Í síðari tillögunni er lagt til að 52,5 m.kr. flytjist til sjúkratrygginga sem jafnframt taki yfir framkvæmd samnings um tæknifrjóvganir. Loks er rekstrarumfang spítalans sem fjármangað er með sértekjum hækkað um 470 m.kr. til samræmis við ríkisreikning en umfangið hefur verið vanmetið í fjárlögum. Gjöld umfram sértekjur eru eftir sem áður óbreytt og þessi leiðrétting breytir ekki útgjaldaramma liðarins. Aðrar breytingar umfram launa- og verðlagsliði skýrast af framlagi til að mæta kostnaði af afnámi undanþágu heilbrigðisstofnana frá greiðslu fasteignaskatts auk þess sem tímabundin frestun framkvæmda á yfirstandandi ári gengur til baka.

*376 **Bygging hátæknisjúkrahúss á lóð Landspítalans.*** Á þennan fjárlagalið eru færðar fjárheimildir til byggingar nýs sjúkrahúss fyrir slysa- og bráðaþjónustu auk húss fyrir rannsóknir sem áformað er að reisa á lóð Landspítala við Hringbraut. Frumvarpið gerir ráð fyrir að útgjöld á liðnum verði 1.500 m.kr. og hækki því um 1.300 m.kr. auk 10 m.kr. sem ganga til baka vegna tímabundinnar frestunar stofnframkvæmda á yfirstandandi ári.

*379 **Sjúkrahús, óskipt.*** Gert er ráð fyrir að heildarútgjöld liðarins nemi um 219,1 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 60,3 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Þar af eru 34 m.kr. vegna breytinga á rekstri og 26,3 m.kr. vegna stofnkostnaðar. Helstu rekstrarbreytingar skýrast af 30 m.kr. framlagi til aukinna kaupa á þjónustu af sjálfstætt starfandi aðilum. Enn fremur er óskað eftir 20 m.kr. til að hefja leit að krabbameini í ristli sem takmarkist við einstaklinga í mestum áhættuhópi. Þá er lagt til að 10 m.kr. verði færðar af liðnum til Sjúkrahússins á Akureyri til meðferðar psoriasis- og exemsjúklinga og 6 m.kr. til Landspítala vegna öndunarvélameðferðar. Farið er fram á 25 m.kr. tímabundinn stofnkostnað í eitt ár til að efla blóðbankaþjónustu á landsvísu en breyta þarf sérhæfðum búnaði til blóðhlutavinnslu og blóðsöfnunar, á Landspítala og Sjúkrahúsinu á Akureyri. Áætlað er að breytingarnar í heild kosti um 48,7 m.kr. og eru fjármagnaðar annars vegar af þessum safnlið og hins vegar stofnkostnaðarliðum sjúkrahúsanna. Að lokum gengur 1,3 m.kr. til baka vegna tímabundinna frestunar stofnframkvæmda á yfirstandandi ári.

*386 **Vistun ósakhæfra afbrotamanna.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 193,4 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 9 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs og skýrist hækkunin af fjölgun vistmanna.

Öldrunarstofnanir, endurhæfing o.fl.

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 401 Öldrunarstofnanir, almennt; 402 Framkvæmdasjóður aldraðra; 460 Dvalarrými aldraðra, önnur; 477 Dagvistun aldraðra, aðrar svo og fjárlagaliðir einstakra dvalar- og hjúkrunarheimila og endurhæfingarstofnana.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Öldrunarstofnanir	15.680,8	16.916,4	19.139,0	13,1	22,1
Endurhæfingarstofnanir	2.110,1	2.283,3	2.371,2	3,8	12,4
Samtals	**17.790,9**	**19.199,7**	**21.510,2**	**12,0**	**20,9**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins er samkvæmt frumvarpinu 21.510,2 m.kr. og hækkar um 1.354,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar.

401 Öldrunarstofnanir, almennt. Gert er ráð fyrir að útgjöld liðarins sem er safnliður verði 1.904,3 m.kr. hækkar um 1.187,7 m.kr. á næsta ári umfram verðlagshækkanir. Þar af eru 287,3 m.kr. vegna rekstrar og 900, 4 m.kr. vegna stofnkostnaðar. Á viðfangsefni *401-101 Hjúkrunarheimili, almennt* eru útgjöldin 241,9 m.kr. samkvæmt frumvarpinu og hækka um 54 m.kr. Helstu breytingar eru í fyrsta lagi að farið er fram á 70 m.kr. framlag til að koma á fót 6-9 vistunarmatshópum til að meta vistunarþörf aldraðra í stað þjónustuhópa aldraðra sem hafa annast matið til þessa. Markmiðið með þessari breytingu er að stuðla að auknu samræmi við gerð vistunarmats aldraðra og tryggja samanburðarhæfar niðurstöður vistunarmats á landsvísu. Í öðru lagi er lagt til að 57,5 m.kr. verði varið til að hækka rekstrargrunn dagvistarrýma. Í þriðja lagi er óskað eftir 25 m.kr. til reksturs hugbúnaðarkerfa í öldrunarþjónustu sem tengd eru RAI matskerfinu. Þróunar- og uppbyggingavinnu þessara kerfa, sem Framkvæmdasjóður aldraðra hefur fjármagnað til þessa, er senn lokið en við tekur hefðbundinn rekstur sem fellur ekki undir verkefni sjóðsins. Í fjórða lagi er gert ráð fyrir 20 m.kr. til að mæta kostnaði við ýmis verkefni á sviði öldrunarmála t.d. að efla eftirlit, ráðgjöf, og útboð þjónustu svo og að kosta mat á hjúkrun ungra hjúkrunarsjúklinga sem ekki falla undir lög um málefni aldraðra. Í fimmta lagi er farið fram á 6,5 m.kr. framlag til að ráða verkefnisstjóra í eitt ár sem undirbýr og innleiðir á landsvísu mælitækið „RAI-heimaaðhlynning“. Loks lækkar viðfangsefnið um 125 m.kr. þar sem fjárheimild til reksturs 20 hvíldarrýma er færð milli viðfangsefna innan fjárlagaliðarins. Á viðfangsefni *401-109 Ný hjúkrunarrými* verða útgjöldin 407,3 m.kr. og hækka um 88,9 m.kr. Þar vegur þyngst 100 m.kr. rekstrarframlag samkvæmt samkomulagi við aldraða til að mæta fjölgun hjúkrunar- og dvalarrýma. Samkvæmt samkomulaginu hækkar framlagið í 580 m.kr. árið 2009 og 1.060 m.kr. árið 2010 og verður óbreytt eftir það. Þá er fært af viðfangsefninu samtals 16,1 m.kr. til ýmissa öldrunarstofnana. Á viðfangsefni *401-113 Óskipt framlag til minni öldrunarstofnana* verða útgjöldin 665,8 m.kr. og hækka um 234,4 m.kr. en reiknilíkan skiptir þeirri fjárhæð til minni dvalar- og hjúkrunarheimila sem ekki hafa sérstakan fjárlagalið. Tvö framangreind viðfangsefni eru sýnd í yfirliti reiknilíkans fyrir hjúkrunarheimili. Á viðfangsefni *401-183 Greiðslur frá vistmönnum* hækka sértekjur um 90 m.kr. og verða 373 m.kr. Skýrist það aðallega af fleiri vistmönnum og meiri greiðsluþátttöku vegna aukinni tekna. Frumvarpið gerir ráð fyrir að til uppbyggingar hjúkrunarheimila verði varið samtals 962,3 m.kr. en niður falla fjárheimildir til framkvæmdir sem lokið hefur verið við og nema þær samtals 27,8 m.kr. Breyting milli ára er því 900,4 m.kr. Þar vegur þyngst annars vegar 700 m.kr. til framkvæmda við uppbyggingu hjúkrunarheimila sem sérstaklega er ætluð til að stytta bið

eftir hjúkrunarvist og hins vegar 100 m.kr. breytinga og endurbygginga hjúkrunarheimila til að koma á móts við auknar kröfur um aðbúnað í eldra húsnæði hjúkrunarheimila. Tillögurnar eru samræmi við tillögu nefndar sem forsætisráðherra skipaði 16. janúar 2006 til að fjalla um lífeyrismál svo og búsetu- og þjónustumál aldraðra. Yfirlit fyrirhugaðra framkvæmda er sýnt í töflu:

Stofnkostnaður, m.kr.	Fjárlaga-frumvarp 2008
Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði	14,1
Jaðar, Ólafsvík	40,0
Hjúkrunarheimili í Kópavogi	350,0
Hjúkrunarheimili í Mosfellsbæ	93,0
Hjúkrunarheimili í Reykjanesbæ	159,0
Hjúkrunarheimilið Hlíð, Akureyri	11,5
Hjúkrunarheimilið Suðurlandsbraut 66, Reykjavík	194,7
Bygging hjúkrunarheimila og endurhæfingarstofnana, óskipt	100,0
Samtals	**962,3**

Auk framangreindra framkvæmda verður hafinn undirbúningur að uppbyggingu hjúkrunarheimilis á Lýsislóð, Reykjavík sem verður fjármagnaður úr Framkvæmdasjóði aldraðra.

*402 **Framkvæmdasjóður aldraðra.*** Gjöld sjóðsins samkvæmt frumvarpinu eru um 1.276,4 m.kr. á greiðslugrunni en eru 1.027,8 m.kr. í fjárlögum þessa árs. Sjóðurinn fær tekjur af sérstöku gjaldi, sem skattstjórar leggja á þá sem skattskyldir eru og kemur það til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert. Frumvarpið gerir ráð fyrir að gjaldendum fjölgi um 6,5% en jafnframt er lagt til að gjaldið hækki úr 6.314 kr. á hvern gjaldanda í 7.103 kr. og er það í samræmi við hækkun byggingarvísitölu frá desember 2005 til desember 2006. Heildarframlag sjóðsins á greiðslugrunni verður þá 1.276,9 m.kr. og hækkar um 211 m.kr. frá fjárlögum auk 37,5 m.kr. sem ganga til baka vegna aðhaldsaðgerða í ríkisfjármálum á yfirstandandi ári. Í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnar í kjölfar samkomulags við samtök eldri borgara gerir frumvarpið ráð fyrir að framlag sjóðsins til reksturs hjúkrunarheimila lækki um 120,6 m.kr. en framlög til stofnkostnaðar og endurbóta hækki um sömu fjárhæð. Sértekjur hjúkrunarheimila lækka því sem þessari fjárhæð nemur en greiðslur úr ríkissjóði aukast að sama skapi. Er þá að fullu efnt framangreint samkomulag hvað varðar Framkvæmdasjóð aldraðra að frá árinu 2008 renni hann óskiptur til stofnkostnaðar og endurbóta hjúkrunarheimila.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Öldrunarstofnanir, almennt	494,1	668,1	1.904,3	185,0	285,4
Framkvæmdasjóður aldraðra	1.046,4	1.027,8	1.276,4	24,2	22,0
Hrafnista, Reykjavík	1.487,6	1.792,0	1.841,3	2,8	23,8
Hrafnista, Hafnarfirði	1.049,3	1.147,5	1.237,7	7,9	18,0
Grund, Reykjavík	1.081,5	1.276,2	1.303,5	2,1	20,5
Sunnuhlíð, Kópavogi	448,3	459,2	497,0	8,2	10,9
Hjúkrunarheimilið Skjól	610,9	671,7	702,4	4,6	15,0
Hjúkrunarheimilið Eir	1.016,6	1.104,8	1.176,5	6,5	15,7
Garðvangur, Garði	250,5	238,9	253,3	6,0	1,1
Hjúkrunarheimilið Skógarbær	492,9	538,5	556,3	3,3	12,9
Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum	447,2	523,8	541,3	3,3	21,0
Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu	180,5	178,8	211,3	18,2	17,1
Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði	124,9	119,3	139,1	16,6	11,4
Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði	137,1	147,6	166,8	13,0	21,7
Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn	68,7	94,8	95,5	0,7	39,0
Seljahlíð, Reykjavík	191,4	203,2	180,9	-11,0	-5,5
Víðines	221,4	229,0	233,8	2,1	5,6
Höfði, Akranesi	342,9	364,2	397,7	9,2	16,0
Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi	196,7	196,2	223,4	13,9	13,6
Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi	74,4	84,9	86,8	2,2	16,7
Fellaskjól, Grundarfirði	50,0	75,9	78,6	3,6	57,2
Jaðar, Ólafsvík	55,6	73,0	71,8	-1,6	29,1
Fellsendi, Búðardal	90,4	151,0	168,1	11,3	86,0
Barmahlíð, Reykhólum	73,0	77,7	89,1	14,7	22,1
Dalbær, Dalvík	187,6	205,1	210,5	2,6	12,2
Samningur við Akureyrarbæ um öldrunarþjónustu	916,9	1.204,4	1.270,0	5,4	38,5
Uppsalir, Fáskrúðsfirði	116,5	103,3	116,9	13,2	0,3
Samningur við Sveitarf. Hornafjörð um öldrunarþj	165,3	199,5	213,2	6,9	29,0
Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	101,4	109,7	121,6	10,8	19,9
Hjallatún, Vík	78,1	84,7	85,0	0,4	8,8
Kumbaravogur, Stokkseyri	245,4	294,1	291,4	-0,9	18,7
Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	476,0	528,6	579,6	9,6	21,8
Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	206,3	231,2	235,2	1,7	14,0
Holtsbúð, Garðabæ	217,2	245,5	272,1	10,8	25,3
Vífilsstaðir, Garðabæ	309,9	322,0	324,8	0,9	4,8
Sóltún, Reykjavík	924,9	819,7	894,5	9,1	-3,3
Dvalarrými aldraðra, önnur	534,3	568,0	553,5	-2,6	3,6
Vesturhlíð, Reykjavík	6,4	12,6	13,0	3,2	103,1
Hlíðabær, Reykjavík	41,9	41,1	42,5	3,4	1,4
Lindargata, Reykjavík	37,9	38,3	39,5	3,1	4,2
Dagvist og endurhæfingarstöð MS-sjúklinga	72,7	74,6	77,1	3,4	6,1
Múlabær, Reykjavík	63,0	58,0	59,9	3,3	-4,9
Fríðuhús, Reykjavík	31,7	31,0	32,0	3,2	0,9
Dagvistun aldraðra, aðrar	233,9	249,1	273,8	9,9	17,1
Samtals	**15.199,6**	**16.864,6**	**19.139,0**	**13,5**	**25,9**

405-447 Hjúkrunarheimili. Gert er ráð fyrir að heildarframlög ríkissjóðs til reksturs hjúkrunarheimila á fjárlagaliðum 405-447 nemi 14.867 m.kr. en er 14.092 í fjárlögum þessa árs. Þar af eru 12.950,7 m.kr. til reksturs hjúkrunarrýma á þessum heimilum, 1.425,4 til reksturs dvalarrýma og 194,9 m.kr. til reksturs dagvista. Þá eru 200,3 m.kr. til reksturs geðrýma og 95,7 m.kr. til sérstakrar endurhæfingardeildar að Hjúkrunarheimilinu Skógarbæ, Reykjavík. Reiknilíkan til skiptingar heildarfjárhæðar á hjúkrunarrými hefur verið í notkun frá árinu 2003. Eru daggjöld vegna hjúkrunarrýma reiknuð út í samræmi við breytingu á umönnunarþyngd og skiptir heildarfjárhæð á milli hjúkrunarheimila að teknu tilliti til fjölda hjúkrunarrýma og stærðarhagkvæmni. Hjúkrunarheimilið Sóltún, Reykjavík fær einnig greidd daggjöld í samræmi við umönnunarþyngd en er hins vegar ekki hluti af reiknilíkani sem skiptir heildarfjárhæð á milli öldrunarheimila. Grunndaggjald miðað við þyngdarstuðulinn 1.00 er samkvæmt frumvarpinu 16.912 kr. og er þá miðað við 100% nýtingu án húsgjalds. Gjaldið miðast við að tiltekin lágmarksþjónusta sé veitt í faglegri umönnun, aðbúnaði og annarri þjónustu. Greiðsla til hvers heimilis tekur jafnframt mið af daglegri nýtingu rýma og getur því verið önnur en frumvarpið sýnir. Í yfirliti er sýnd skipting reiknilíkans á heildarútgjöldum til reksturs hjúkrunarrýma.

470-477 Dagvistun aldraðra. Gert er ráð fyrir að heildarstyrkur til þeirra heimila sem undir fjárlagaliðina falla nemi 537,8 m.kr. á næsta ári og hækki um 16 m.kr. umfram launa- og verðlagsbreytinga. Hækkun skýrist af því að frumvarpið gerir ráð fyrir að dagvistarrýmum fjölgi t.d. í Borgarnesi, Stykkishólmi, Búðardal, Reykhólum, Patreksfirði, Hólmavík, Fáskrúðsfirði og Hvolsvelli.

Hjúkrunarrými, reiknilíkan	Greiðslu-stuðull um-önnunar	Áformuð nýting rýma	Umönnun kostnaður m.kr.	Almennur rekstrar-kostnaður m.kr.	Heildar-kostnaður m.kr.	Þar af verðlags-breyting m.kr.
Ný hjúkrunarrými	1,00	64	243,3	164,0	407,3	11,9
Óskipt framlag til minni öldrunarstofnana	1,01	101	406,4	269,4	675,8	29,5
Hrafnista, Reykjavík	1,10	246	1.021,2	620,3	1.641,6	75,4
Hrafnista, Hafnarfirði	1,08	158	643,5	402,5	1.046,0	47,9
Grund, Reykjavík	1,04	187	732,6	467,7	1.200,3	55,3
Sunnuhlíð, Kópavogi	1,10	73	303,0	185,4	488,5	22,4
Hjúkrunarheimilið Skjól	1,06	109	435,4	277,8	713,2	32,6
Hjúkrunarheimilið Eir	1,04	173	690,9	449,1	1.140,0	51,1
Garðvangur, Garði	1,02	39	155,8	101,4	257,2	11,8
Hjúkrunarheimilið Skógarbær	1,10	70	290,6	176,9	467,5	21,4
Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum	1,10	82	340,4	209,0	549,4	25,1
Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu	1,12	28	123,2	74,0	197,2	9,0
Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði	1,00	18	70,5	47,2	117,7	5,4
Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði	1,04	20	81,5	52,4	133,9	6,2
Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn	0,83	13	43,0	34,4	77,3	3,5
Seljahlíð, Reykjavík	1,00	28	109,6	74,0	183,7	8,4
Víðines	0,92	38	137,1	100,4	237,6	10,9
Höfði, Akranesi	1,02	48	184,4	122,4	306,7	14,0
Dvalarheimili aldraða Borgarnesi	0,96	24	88,5	61,6	150,2	6,9
Dvalarheimili aldraða Stykkishólmi	0,88	10	34,6	26,4	61,0	2,7
Fellaskjól, Grundarfirði	0,85	10	33,8	26,6	60,4	2,8
Jaðar, Ólafsvík	0,77	10	30,9	26,5	57,4	2,6
Fellsendi, Búðardal	0,88	28	96,9	74,0	170,9	7,8
Barmahlíð, Reykhólum	0,85	14	47,3	37,7	85,0	3,9
Dalbær, Dalvík	0,92	24	85,0	62,2	147,2	6,7
Samningur við Akureyrarbæ um öldrunarþj.	1,02	170	653,0	430,0	1.082,9	49,6
Uppsalir, Fáskrúðsfirði	1,00	13	50,9	34,3	85,3	3,9
Samn. við Sveitarf. Hornafjörð,öldrunarþj.	1,02	26	103,9	67,6	171,5	7,9
Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	1,00	17	66,6	45,0	111,5	5,1
Hjallatún, Vík	0,79	12	37,9	31,8	69,8	3,2
Kumbaravogur, Stokkseyri	1,00	42	161,3	105,7	267,0	12,3
Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	1,04	26	101,9	65,3	167,1	7,6
Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	1,00	31	119,1	80,5	199,6	9,1
Holtsbúð, Garðabæ	1,04	40	163,0	104,3	267,3	12,3
Vífilsstaðir, Garðabæ	1,04	50	199,8	129,9	329,7	15,1
Samtals	**1,04**	**2.042**	**8.086,7**	**5.238,0**	**13.324,7**	**601,3**

492 Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands. Rekstrarframlag hækkar um 12,1 m.kr. að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Þar af eru 10 m.kr. vegna kaupa á aukinni þjónustu í samræmi við gildandi þjónustusamning. Jafnframt eru fjárheimildir stofnunarinnar færðar á eitt viðfangsefni. Aðrar breytingar umfram launa- og verðlagsliði skýrast af framlagi til að mæta kostnaði af afnámi undanþágu heilbrigðisstofnana frá greiðslu fasteignaskatts og hins vegar áformum um hækkun komugjalda.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Vistheimilið Bjarg	43,4	47,6	49,2	3,4	13,4
Hlaðgerðarkot	69,9	75,8	78,3	3,3	12,0
Reykjalundur, Mosfellsbæ	1.108,6	1.196,5	1.236,9	3,4	11,6
Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands	426,7	473,0	500,4	5,8	17,3
Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun	372,6	395,0	407,6	3,2	9,4
Hlein	88,9	95,4	98,8	3,6	11,1
Samtals	**2.110,1**	**2.283,3**	**2.371,2**	**3,8**	**12,4**

Heilsugæsla

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 500 Heilsugæslustöðvar, almennt; 501 Sjúkraflutningar. Fjárlagaliðirnir 505-588 sem eru liðir einstakra heilsugæslustöðva án starfstengsla við sjúkrahús. Liðurinn 568 Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um heilsugæslu fellur niður og framlagið færist á lið 779 Heilbrigðisstofnun Suð-Austurlands.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Heilsugæslustöðvar, almennt	127,1	499,4	894,3	79,1	603,6
Sjúkraflutningar	664,1	715,1	739,3	3,4	11,3
Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu	3.853,4	3.910,2	4.255,0	8,8	10,4
Heilsugæslustöðin Lágmúla í Reykjavík	126,5	132,9	141,5	6,5	11,9
Læknavaktin	239,1	247,6	246,4	-0,5	3,1
Heilsugæslustöðin Borgarnesi	123,9	117,8	126,0	7,0	1,7
Heilsugæslustöðin Ólafsvík	80,1	85,3	87,5	2,6	9,2
Heilsugæslustöðin Grundarfirði	49,0	52,1	57,2	9,8	16,7
Heilsugæslustöðin Búðardal	81,5	80,9	83,2	2,8	2,1
Heilsugæslustöðin Ólafsfirði	57,4	49,8	58,2	16,9	1,4
Heilsugæslustöðin Dalvík	72,6	82,9	88,2	6,4	21,5
Samningur við Akureyrarbæ um heilsugæslu	413,3	424,6	438,2	3,2	6,0
Heilsugæslustöðin í Salahverfi í Kópavogi	142,0	187,5	220,6	17,7	55,4
Samtals	**6.030,0**	**6.586,1**	**7.435,6**	**12,9**	**23,3**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 518,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Þar vegur þyngst 300 m.kr. til að styðja aldraða einstaklinga til sjálfstæðrar búsetu með því að efla heimahjúkrun. Lagt er til að komugjöld heilsugæslustöðva hækki 1. janúar 2008 sem nemur tæpum 40 m.kr. fyrir heilt ár.

500 Heilsugæslustöðvar, almennt. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld verði 894,3 m.kr. og aukist um 389,5 m.kr. á næsta ári umfram launa- og verðlagshækkanir, en þar af eru framlög til stofnkostnaðar 46,9 m.kr. Hækkun rekstrargjalda skýrist í fyrsta lagi af 300 m.kr. til að styðja aldraða einstaklinga til sjálfstæðrar búsetu þrátt fyrir veikindi og minnkaða færni með því að efla hjúkrun í heimahúsum og heimaaðhlynningu. Framlagið er í samræmi við samkomulag við eldri borgara frá miðju ári 2006. Í öðru lagi eru 35 m.kr. til að efla heilsugæslu og forvarnir á sviði geðsjúkdóma og geðraskana með því m.a. að ráða klíníska sálfræðinga til starfa innan heilsugæslunnar og styrkja þannig grunnþjónustu í greiningu og meðferð vægari tilfella. Þar með á að draga úr álagi á stofnanir sem veita sérhæfða meðferð. Þá hefur tilraunaverkefni um hugræna atferlismeðferð tekist vel þar sem það hefur staðið til boða og er áformað að fjölga þeim heilsugæslustöðvum sem bjóða upp á hliðstæða þjónustu. Í þriðja lagi er óskað eftir 30 m.kr. til hagræðingar og endurskoðunar á rekstrarformum heilsugæslustöðva, auka aðgengi og skilvirkni í starfseminni og undirbúa kaup á þjónustu með útboðum í ríkara mæli. Í fjórða lagi er farið fram á 11,4 m.kr. til að kaupa eða leigja nýtt húsnæði fyrir heilsugæslustöðina í Árbæjarhverfi sem þjónar nýjum ört vaxandi hverfum í Reykjavík svo sem Grafarholti og Norðlingaholti. Á móti kemur að samtals 33,8 m.kr. færast af liðnum á aðra fjárlagaliði innan málaflokksins og heilsugæslu heilbrigðisstofnana. Nánari grein er gerð fyrir þeim tillögum undir viðkomandi liðum. Frumvarpið gerir ráð fyrir 43,3 m.kr. til stofnkostnaðar og þar af eru 35 m.kr. til kaupa á tækjum og búnaði í nýja heilsugæslustöð í Árbæjarhverfi. Þá er 7 m.kr. vegna tímabundins verkefnis Íslenska upplýsingasamfélagsins um rafræn samskipti milli notenda og heilsugæslustöðvar. Loks gengur til 1,3 m.kr. til baka vegna tímabundinna frestunar stofnframkvæmda á yfirstandandi ári.

501 Sjúkraflutningar. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 739,3 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 2 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Samkvæmt frumvarpinu lækkar viðfangefni *1.11 Sjúkraflutningar* um 15,1 m.kr. Helstu breytingar eru þær að annars vegar er lagt til að 7,2 m.kr. verði varið til kaupa á sjúkraflutningaþjónustu en hins vegar færist 21,3 m.kr. til sjúkraflutninga á öðrum viðfangsefnum. Enn fremur er óskað eftir að 1 m.kr. færist af liðnum til landlæknis til að mæta kostnaði við prentun eyðublaða sem notuð eru í sjúkraflutningum. Á viðfangsefni *1.12 Útvegun og rekstur sjúkrabifreiða* er farið fram á 8,4 m.kr. vegna aukins kostnaðar af nýjum samningi við Rauða kross Íslands um útvegun og rekstur bifreiða og tækjabúnaðar til sjúkraflutninga sem gildir til ársloka 2010 auk 15 m.kr. millifærslu sem áður er nefnd undir þessum lið. Loks er fellur niður á viðfangefni *1.15 Sjúkraflug* 6,3 m.kr. framlag vegna tímabundinnar staðsetningar sjúkraflugvélar á Ísafirði.

506 ***Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu.*** Samkvæmt frumvarpinu verða rekstrargjöld 4.255 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 201,1 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Lagt er til að 20 m.kr. verði varið til að stytta biðtíma eftir þjónustu á miðstöð heilsuverndar barna. Er gert ráð fyrir 10 m.kr. til þessa verkefnis í fjáraukalagafrumvarpi 2007. Í öðru lagi er lagt til að 18 m.kr. verði færðar af lið *500 Heilsugæslustöðvar, almennt* til að efla geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn og unglinga innan heilsugæslunnar. Áformað er að starfrækja teymi sérhæfðra starfsmanna sem skipuð verða læknum, hjúkrunarfræðingum, sálfræðingum og öðru starfsfólki eftir því sem við á. Markmiðið er að tryggja að hvert barn fái þjónustu við hæfi og stuðla að öflugri samvinnu allra þeirra sem veita þjónustu á þessu sviði. Jafnframt verði lögð aukin áhersla á fræðslu og forvarnir til foreldra ungra barna. Í þriðja lagi gerir frumvarpið ráð fyrir að 172 m.kr. verði fluttar af lækniskostnaði sjúkratrygginga á þennan lið þar sem framkvæmd samnings við sjálfstætt starfandi heimilislækna flyst þangað. Auk þess er 1,5 m.kr. flutt af Tryggingastofnun vegna umsýslu með þeim samningi. Í fjórða lagi er tillaga um 10,2 m.kr. framlag til að mæta auknum leigukostnaði af nýju húsnæði heilsugæslustöðvarinnar í Hamraborg, Kópavogi. Í fimmta lagi er lögð til millifærsla á 4,4 m.kr. fjárheimild af lið *500 Heilsugæslustöðvar, almennt* til að efla skólaheilsugæslu í Brúarskóla og Öskjuhlíðarskóla. Í sjötta lagi er gert ráð fyrir að 10,7 m.kr. flytjist af liðnum til Landspítala þar sem áformað er að skoðun á verðandi mæðum sem taldar eru í áhættuhóp flytjist þangað. Í sjöunda lagi er enn fremur gert ráð fyrir að 1,4 m.kr. flytjist af liðnum vegna flutnings ljósmæðra frá Miðstöð mæðraverndar til Heilsugæslustöðvarinnar í Lágmúla. Loks er rekstrarumfang heilsugæslunnar sem fjármangað er með sértekjum hækkað um 120 m.kr. til samræmis við ríkisreikning en umfangið hefur verið vanmetið í fjárlögum. Gjöld umfram sértekjur eru eftir sem áður óbreytt og þessi leiðrétting breytir ekki útgjaldaramma liðarins. Aðrar breytingar umfram launa- og verðlagsliði skýrast af framlagi til að mæta kostnaði af afnámi undanþágu heilbrigðisstofnana frá greiðslu fasteignaskatts.

515 ***Heilsugæslustöðin Lágmúla, Reykjavík.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 141,5 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 4,1 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs sem skýrist af millfærslum innan málaflokksins vegna flutnings ljósmæðra til stöðvarinnar frá Miðstöð mæðraverndar. Aðrar breytingar umfram launa- og verðlagsliði skýrast af framlagi til að mæta kostnaði af afnámi undanþágu heilbrigðisstofnana frá greiðslu fasteignaskatts.

517 ***Læknavaktin.*** Rekstrargjöld verða 246,4 m.kr. á næsta ári samkvæmt frumvarpinu og jafngildir það um 8,4 m.kr. lækkun að raungildi milli ára. Breytingin skýrist annars vegar af 1,9 m.kr. framlagi til að mæta kostnaði af auknum komum samkvæmt samningi og 10,3 m.kr. auknum sértekjum vegna áforma um hækkun komugjalda.

*522 **Heilsugæslustöðin Borgarnesi.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 126 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 4,1 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Breytingin skýrist af 4,5 m.kr. framlagi til samræmis við niðurstöðu reiknilíkans um rekstrarkostnað heilsugæslustöðva á landsbyggðinni og framlögum til að mæta kostnaði af nýtilkominni álagningu fasteignaskatts

*525 **Heilsugæslustöðin Grundarfirði.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 57,2 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 3,2 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Breytingin skýrist af 3,2 m.kr. framlagi til samræmis við niðurstöðu reiknilíkans um rekstrarkostnað heilsugæslustöðva á landsbyggðinni og framlögum til að mæta kostnaði af nýtilkominni álagningu fasteignaskatts.

*551 **Heilsugæslustöðin Ólafsfirði.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 58,2 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 6,5 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Breytingin skýrist af 5,2 m.kr. framlagi til samræmis við niðurstöðu reiknilíkans um rekstrarkostnað heilsugæslustöðva á landsbyggðinni og framlögum til að mæta kostnaði af nýtilkominni álagningu fasteignaskatts.

*552 **Heilsugæslustöðin Dalvík.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 88,2 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 2,3 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Breytingin skýrist af 2 m.kr. framlagi til samræmis við niðurstöðu reiknilíkans um rekstrarkostnað heilsugæslustöðva á landsbyggðinni og framlögum til að mæta kostnaði af nýtilkominni álagningu fasteignaskatts.

*553 **Samningur við Akureyrarbæ um heilsugæslu.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 438,2 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 0,6 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Breytingin skýrist af framlögum til að mæta kostnaði af nýtilkominni álagningu fasteignaskatt en á móti koma áform um hækkun komugjalda.

*588 **Heilsugæslustöðin í Salahverfi í Kópavogi.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 220,6 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 23,7 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Breytingin skýrist annars vegar af 23,5 m.kr. framlagi til að mæta kostnaði af auknum komum samkvæmt samningi og framlögum til að mæta kostnaði af nýtilkominni álagningu fasteignaskatts.

Heilbrigðisstofnanir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 700 Heilbrigðisstofnanir og liðirnir 711–795 sem eru fjárlagaliðir einstakra heilbrigðisstofnana. Liðurinn 779 Heilbrigðisstofnun Suð-Austurlands er nýr.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Heilbrigðisstofnanir	347,8	484,0	363,0	-25,0	4,4
Heilbrigðisstofnunin Akranesi	1.282,6	1.297,4	1.355,9	4,5	5,7
St. Franciskusspítali, Stykkishólmi	327,9	334,6	346,9	3,7	5,8
Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði	204,8	219,3	234,1	6,7	14,3
Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ	753,5	726,3	769,8	6,0	2,2
Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík	140,1	135,9	140,3	3,2	0,1
Heilbrigðisstofnunin Hólmavík	135,2	129,9	133,9	3,1	-1,0
Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga	234,7	239,4	248,7	3,9	6,0
Heilbrigðisstofnunin Blönduósi	332,0	355,3	367,2	3,3	10,6
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	731,8	739,8	775,2	4,8	5,9
Heilbrigðisstofnunin Siglufirði	329,6	357,8	370,1	3,4	12,3
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	762,2	784,0	814,3	3,9	6,8
Heilbrigðisstofnun Austurlands	1.519,2	1.587,1	1.647,5	3,8	8,4
Heilbrigðisstofnun Suð-Austurlands	153,6	163,5	171,3	4,8	11,5
Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	562,5	588,6	608,5	3,4	8,2
Heilbrigðisstofnun Suðurlands	1.492,1	1.454,5	1.548,3	6,4	3,8
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	1.267,1	1.288,4	1.371,9	6,5	8,3
St. Jósefsspítali, Sólvangur	1.155,1	1.030,2	1.091,6	6,0	-5,5
Samtals	**11.731,8**	**11.916,0**	**12.358,5**	**3,7**	**5,3**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 229,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Lagt er til að komugjöld heilsugæslusviða heilbrigðisstofnana hækki 1. janúar 2008 sem nemur rúmum 20 m.kr. fyrir heilt ár.

700 Heilbrigðisstofnanir. Gert er ráð fyrir að útgjöld á liðnum verði 363 m.kr. á árinu 2008. Þar af eru 255,5 m.kr. til stofnkostnaðar, 73,4 m.kr. til viðhalds og 34,1 m.kr. til kaupa á tækjum og búnaði. Helstu breytingar eru að framlög til stofnkostnaðar lækka um 102,2 m.kr., þar sem verkefnum er lokið. Á árinu 2008 eru hins vegar fyrirhugaðar framkvæmdir við neðangreindar heilbrigðisstofnanir:

Stofnkostnaður, m.kr.	Fjárlaga-frumvarp 2008
Heilbrigðisstofnunin Siglufirði	60,0
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	37,0
Heilbrigðisstofnun Suðurlands	98,0
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	60,5
Samtals	**255,5**

Þá lækka framlög á liðnum til tækja og búnaðar um 18,8 m.kr. og vega þar þyngst millifærslur af liðnum til heilbrigðisstofnana vegna rekstrarleigu á myndgreiningarbúnaði.

*711 **Heilbrigðisstofnunin Akranesi.*** Samkvæmt frumvarpinu verða rekstrargjöld 1.355,9 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 15,5 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Skýrist það af 5,5 m.kr. framlagi vegna aukinna útgjalda stofnunarinnar sem rakin eru m.a. til tilskipunar Evrópusambandsins um vinnutímatilhögun. Þá eru 5,9 m.kr. færðar til stofnunarinnar af öðrum liðum. Er þar annars vegar um að ræða 4,9 m.kr. vegna rekstrarleigu myndgreiningarbúnaðar og 1 m.kr. til eflingar geðheilbrigðisþjónustu fyrir ungt fólk á Vesturlandi. Aðrar breytingar skýrast af framlagi til að mæta kostnaði af afnámi undanþágu heilbrigðisstofnana frá greiðslu fasteignaskatts.

*721 **Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 234,1 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 7,8 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Helstu breytingar eru þær að gert er ráð fyrir 8 m.kr. til að auka heimahjúkrun og skólaheilsugæslu en breytt aldurssamsetning íbúa á starfssvæði stöðvarinnar kallar á aukna heimahjúkrun. Einn hjúkrunarfræðingur sem starfar á heilsugæslusviði sem annar ekki að þjónusta stórt svæði. Þá er lagt til að dagþjónusta verði efld svo og hvíldarinnlagnir í þéttbýliskjörnum Vestur-Barðastrandarsýslu. Gert ráð fyrir 2 m.kr. til þessa verkefnisins í fjáraukalagafrumvarpi 2007. Áætlað er að störfum fjölgi um tvö þegar verkefnið er komið til fullra framkvæmda. Tillagan er hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til með hliðsjón af skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum.

*725 **Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 769,8 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 18,8 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Þar vegur þyngst tillaga um 8 m.kr. framlag til að auka og samþætta heimahjúkrun við heimaþjónustu bæjarins. Gert ráð fyrir 4 m.kr. til þessa verkefnis í fjáraukalagafrumvarpi 2007. Áætlað er að störfum fjölgi um tvö þegar verkefnið er komið til fullra framkvæmda. Tillagan er hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til með hliðsjón af skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum. Þá er lagt til að 6,3 m.kr. verði færðar af lið *08-501 Sjúkraflutningar* til stofnunarinnar til að mæta auknum kostnaði við sjúkraflutninga. Aðrar breytingar skýrast af framlagi til að mæta kostnaði af afnámi undanþágu heilbrigðisstofnana frá greiðslu fasteignaskatts.

751 ***Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki.*** Rekstrarútgjöld stofnunarinnar samkvæmt frumvarpinu eru 775,2 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 12,2 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Helsta breyting skýrist af 5,3 m.kr. til að mæta auknum kostnaði við sjúkraflutninga. Aðrar breytingar skýrast af framlagi til að mæta kostnaði af afnámi undanþágu heilbrigðisstofnana frá greiðslu fasteignaskatts.

761 ***Heilbrigðisstofnun Þingeyinga.*** Samkvæmt frumvarpinu eru rekstrarútgjöld stofnunarinnar 814,3 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 7,2 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Skýrist það annars vegar af 3,3 m.kr. vegna rekstrarleigu myndgreiningarbúnaðar sem er millifært af safnlið málaflokksins og 3 m.kr. tillögu til reksturs reyksímans hjá Heilbrigðisstofnun Þingeyinga. Aðrar breytingar skýrast af framlagi til að mæta kostnaði af afnámi undanþágu heilbrigðisstofnana frá greiðslu fasteignaskatts.

777 ***Heilbrigðisstofnun Austurlands.*** Rekstrarútgjöld stofnunarinnar samkvæmt frumvarpinu eru 1.647,5 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 8,9 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Lagt er til að veita 4,5 m.kr. tímabundið framlag til eins árs til að stuðla aukinni samvinna þeirra er veita frumþjónustu innan heilbrigðiskerfsins og er tilraunaverkefnið til eins árs. Gert er ráð fyrir 1,5 m.kr. til verkefnisins í fjáraukalagafrumvarpi 2007. Aðrar breytingar skýrast af framlagi til að mæta kostnaði af afnámi undanþágu heilbrigðisstofnana frá greiðslu fasteignaskatts.

779 ***Heilbrigðisstofnun Suð-Austurlands.*** Þessi fjárlagaliður er nýr. Á þennan lið eru fluttar fjárheimildir á fjárlaglið *08-568 Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð* og viðfangefni *1.81 Sjúkrarými og fæðingar* á lið *08-437 Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörður um öldrunarþjónustu.* Rekstrarútgjöld heilbrigðisstofnunarinnar samkvæmt frumvarpinu eru 171,3 m.kr. á næsta ári. Breytingar umfram launa- og verðlagsliði skýrast af framlagi til að mæta kostnaði af afnámi undanþágu heilbrigðisstofnana frá greiðslu fasteignaskatts.

787 ***Heilbrigðisstofnun Suðurlands.*** Samkvæmt frumvarpinu verða rekstrargjöld 1.548,3m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 43,8 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Þar er annars vegar um að ræða 26,5 m.kr. framlag til samræmis við daggjaldagreiðslur hjúkrunarrýma samkvæmt reiknilíkani til dvalar- og hjúkrunarheimila. Þá er óskað eftir 16 m.kr. til að mæta auknum kostnaði við sjúkraflutninga á starfssvæði stofnunarinnar. Aðrar breytingar skýrast af framlagi til að mæta kostnaði af afnámi undanþágu heilbrigðisstofnana frá greiðslu fasteignaskatts.

*791 **Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.*** Rekstrargjöld stofnunarinnar verða 1.371,9 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 38,8 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Þar vegur þyngst 30,9 m.kr. framlag til samræmis við daggjaldagreiðslur hjúkrunarrýma samkvæmt reiknilíkani til dvalar- og hjúkrunarheimila. Þá er lagt til að veitt verði 4,5 m.kr. tímabundið framlag til eins árs til að stuðla aukinni samvinna þeirra er veita frumþjónustu innan heilbrigðiskerfsins sem er tilraunaverkefnið til eins árs. Gert er ráð fyrir 1,5 m.kr. til verkefnisins í fjáraukalagafrumvarpi 2007. Enn fremur er 4,1 m.kr. færð af safnlið til að mæta kostnaði við rekstrarleigu myndgreiningarbúnaðar. Aðrar breytingar skýrast af framlagi til að mæta kostnaði af afnámi undanþágu heilbrigðisstofnana frá greiðslu fasteignaskatts.

*795 **St. Jósefsspítali, Sólvangur.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld verði 1.091,6 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 27,1 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Skýrist það í fyrsta lagi af 6,8 m.kr. framlagi vegna aukinna útgjalda stofnunarinnar sem rakin eru m.a. til tilskipunar Evrópusambandsins um vinnutímatilhögun. Í öðru lagi er tillaga um 5,1 m.kr. framlag til samræmis við daggjaldagreiðslur hjúkrunarrýma samkvæmt reiknilíkani til dvalar- og hjúkrunarheimila. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir 4,2 m.kr. til að mæta kostnaði við for- og eftirskoðanir vegna augasteins- og glákuaðgerða. Þá er lagt til að 8,8 m.kr. verði millifærðar af safnlið málaflokksins til að greiða fyrir rekstrarleigu myndgreiningarbúnaðar. Aðrar breytingar skýrast af framlagi til að mæta kostnaði af afnámi undanþágu heilbrigðisstofnana frá greiðslu fasteignaskatts.

Eftirlits- og stjórnsýslustofnanir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 301 Landlæknir; 305 Lýðheilsustöð; 324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands; 326 Sjónstöð Íslands; 327 Geislavarnir ríkisins og 397 Lyfjastofnun.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Landlæknir	218,9	233,7	280,0	19,8	27,9
Lýðheilsustöð	281,8	324,6	299,3	-7,8	6,2
Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	196,2	118,0	121,9	3,3	-37,9
Sjónstöð Íslands	115,7	147,3	169,2	14,9	46,2
Geislavarnir ríkisins	67,0	70,2	72,4	3,1	8,1
Lyfjastofnun	203,3	162,1	166,5	2,7	-18,1
Samtals	**1.082,9**	**1.055,9**	**1.109,3**	**5,1**	**2,4**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 22,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar.

301 ***Landlæknir.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld aukist um 38,2 m.kr. á næsta ári umfram launa- og verðlagshækkanir. Þar vegur þyngst 28 m.kr. framlag til að efla eftirlit með faglegum rekstri heilbrigðisþjónustu og skráningu rekstraraðila. Þá er gerð tillaga um 9,2 m.kr. til að efla umsjón og eftirlit með vistunarmati og vistunarmatsskrá en upplýsingar úr skránni eru notaðar til að meta ástand og þörf einstaklinga sem eru á biðlista eftir hjúkrunarrými. Verkefnið var áður fjármagnað af Framkvæmdasjóði aldraða. Enn fremur er lagt til að 1 m.kr. flytjist af lið sjúkraflutninga til embættisins til að mæta kostnaði við gerð og útgáfu eyðublaða til sjúkraflutninga. Þá er rekstrarumfang embættisins sem fjármagnað er með sértekjum hækkað um 30 m.kr. til samræmis við ríkisreikning en umfangið hefur verið vanmetið í fjárlögum. Gjöld umfram sértekjur eru eftir sem áður óbreytt og þessi leiðrétting breytir ekki útgjaldaramma liðarins.

305 ***Lýðheilsustöð.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 299,3 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 32 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Í tengslum við lækkun skatta á matvæli var gert ráð fyrir að virðisaukaskattur af áfengi lækkaði niður í 7% skattþrep en að áfengisgjald hækkaði á móti þannig að útsöluverð áfengis yrði því sem næst óbreytt. Þar sem Forvarnasjóður er fjármagnaður með 1% hlutdeild í áfengisgjaldinu hefði þessi breyting á skattkerfinu leitt til aukins fjárstreymis til sjóðsins og var gert ráð fyrir hækkun á fjárheimild hans við 2. umræðu fjárlagafrumvarps ársins 2007 vegna þess. Ekki varð af hækkun áfengisgjaldsins og er fjárheimild og fjármögnun sjóðsins því færð aftur í fyrra horf en þá hefur einnig verið tekið mið af endurskoðaðri áætlun um tekjurnar af gjaldinu á næsta ári. Þá er rekstrarumfang stofnunarinnar sem fjármangað er með sértekjum hækkað um 20 m.kr. til samræmis við ríkisreikning en umfangið hefur verið vanmetið í fjárlögum. Gjöld umfram sértekjur eru eftir sem áður óbreytt og þessi leiðrétting breytir ekki útgjaldaramma liðarins.

326 ***Sjónstöð Íslands.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 169,2 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 16 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs til að efla þjónustu við blinda og sjónskerta nemendur með ráðningu þriggja umferlis- og ADL þjálfa. Tillagan er hluti bráðaðgerða til að efla þjónustu við blinda og sjónskertra nemendur. Gerð er tillaga um 14 m.kr. til þessa máls undir fjárlagalið menntamálaráðuneytis *02-319 1.14 Framhaldsskólar, almennt.* Í fjáraukalagafrumvarpi 2007 er gerð tillaga um 11,5 m.kr. til þessa verkefnis undir þessum lið og 9,5 m.kr. undir fyrrnefndum lið menntamálaráðuneytis.

397 ***Lyfjastofnun.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 166,5 m.kr. á næsta ári sem er óbreytt fjárhæð að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Lögð er til 36,7 m.kr. leiðrétting á

sértekjum stofnunarinnar og þar af er 16,7 m.kr. hækkun sértekna vegna útselda vinnu sérfræðinga fyrir Lyfjamálastofnun Evrópu. Tillagan hefur ekki áhrif á útgjaldaramma stofnunarinnar.

Annað

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 340 Málefni fatlaðra og 399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Málefni fatlaðra	250,2	265,7	281,8	6,1	12,6
Heilbrigðismál, ýmis starfsemi	822,5	972,3	1.154,0	18,7	40,3
Samtals	**1.072,7**	**1.238,0**	**1.435,8**	**16,0**	**33,8**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 150 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar.

*340 **Málefni fatlaðra.*** Gert er ráð fyrir að útgjöld liðarins verði 281,8 m.kr. og aukist um 7,8 m.kr. á næsta ári umfram verðlagshækkanir. Í fyrsta lagi er óskað eftir 5 m.kr. framlagi til Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra til eflingar starfseminni vegna aukins fjölda meðferða í samræmi við ákvæði þjónustusamnings sem gildir til ársloka 2009. Þá er óskað eftir 2,5 m.kr. til að gera Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Reykjavík kleift að fjölga sjúklingum, sem njóta endurhæfingar á stöðinni en til þess þarf að gera breytingar á húsnæði stöðvarinnar. Loks gengur til baka 0,3 m.kr. tímabundið framlag vegna frestunar framkvæmda á yfirstandandi ári.

*399 **Heilbrigðismál, ýmis starfsemi.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 1.154 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 142,2 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Í fyrsta lagi er lögð til 40 m.kr. hækkun á framlagi til að niðurgreiða fleiri heyrnartæki. Í öðru lagi er óskað eftir 34 m.kr. sem er hlutur heilbrigðisráðuneytis í sameiginlegu átaki þriggja ráðuneyta til að bregðast við aukinni vímuefnavá með öflugri fræðslu og forvörnum, stuðningi við fjölskyldur í vanda, fjölbreyttum meðferðarúrræðum og hertri löggæslu. Er það hluti af 100 m.kr. framlagi sem skiptist á þrjú ráðuneyti. Hin tvö eru dóms- og kirkjumálaráðuneyti og félagsmálaráðuneyti. Í þriðja lagi er lagt til 5 m.kr. tímabundið framlag til að gera þjónustusamning við Blindrafélagið og Daufblindrafélagið um útvegun, þjálfun og rekstur fjögurra blindrahundum til ársloka 2012. Framlag ráðuneytisins í heild nemur 14 m.kr. til þessa verkefnis en framlag Blindrafélagsins og Daufblindrafélagsins samtals 6 m.kr. Í fjórða lagi eru 11. m.kr. til „Kvikunnar - vefur sjúklinga og aðstandenda“, sem er verkefni

Íslenska upplýsingasamfélagins. Aðrar breytingar skýrast af millifærðum heimildum og tímabundnum verkefnum sem falla niður.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2007	Frumvarp 2008
Sundurliðun á óskiptu viðfangsefni:		
08-399-1.98 Ýmis framlög heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis		
Gæðastyrkir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis	2,5	2,5
Athvarf fyrir geðsjúkra á Akureyri	2,0	2,0
Missoc þátttökugjald	2,2	2,5
Þátttaka í alþjóðlegu starfi	2,5	2,5
Samkomulag um kaup og þjálfun 5 blindrahunda	0,0	5,0
Óskipt	1,4	6,1
Samtals	**10,6**	**20,6**

Á viðfangsefni *1.98 Ýmis framlög heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis* er gert ráð fyrir 20,6 m.kr. útgjöldum á árinu 2008 sem er 9,6 m.kr. hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs miðað við fast verð. Innan viðfangsefnisins hækkar óskip fjárheimild um 4,7 m.kr.

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem ætlaðir eru til að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um safnliði er að finna í kafla 3.2 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
08-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.
08-379-1.01	Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa	Sameiginleg verkefni og ófyrirséð útgjöld sjúkrahúsa.
08-379-6.50	Stofnkostnaður	Stofnkostnaður sjúkrahúsa.
08-401-1.01	Hjúkrunarheimili, almennt	Ófyrirséð útgjöld hjúkrunarheimila og uppgjör fjárheimilda skv. forsendum samninga eða reiknilíkans.
08-500-1.10	Heilsugæslustöðvar, almennt	Sameiginleg verkefni og ófyrirséð útgjöld heilsugæslustöðva.
08-500-5.01	Heilsugæslustöðvar. Viðhald.	Viðhaldsframkvæmdir við heilsugæslustöðvar.
08-500-6.01	Heilsugæslustöðvar. Tækjakaup.	Tækjakaup fyrir heilsugæslustöðvar.
08-700-1.01	Heilbrigðisstofnanir. Almennur rekstur.	Sameiginleg verkefni og ófyrirséð útgjöld heilbrigðisstofnana.
08-700-5.50	Heilbrigðisstofnanir. Viðhald.	Viðhaldsframkvæmdir við heilbrigðisstofnanir.
08-700-6.01	Heilbrigðisstofnanir. Tækjakaup.	Tækjakaup fyrir heilbrigðisstofnanir.

09 Fjármálaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun fjármálaráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	16.989,8	13.302,0	17.797,1	34	5
Neyslu- og rekstrartilfærslur	23.423,8	21.599,4	28.298,1	31	21
Stofnkostnaður og viðhald	1.484,1	1.484,7	2.664,4	79	80
Samtals	**41.897,7**	**36.386,1**	**48.759,6**	**34**	**16**
Greitt úr ríkissjóði	-	31.115,0	37.700,0	21	-
Innheimt af ríkistekjum	-	577,1	2.069,6	259	-
Viðskiptahreyfingar	-	4.694,0	8.990,0	92	-
Samtals	-	**36.386,1**	**48.759,6**	**34**	-

Heildargjöld fjármálaráðuneytis árið 2008 eru áætluð um 53.410 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 4.651 m.kr. en þær nema 8,7% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 48.760 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 37.700 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 2.070 m.kr. innheimtar af ríkistekjum. Mismunurinn, 8.990 m.kr., færist til hækkunar á viðskiptahreyfingum ríkissjóðs.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 17.797 m.kr. og hækka um 4.495 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Þar af eiga um 3,5 milljarðar króna rætur að rekja til launa- og verðlagsbreytinga og munar þar mest um að í frumvarpinu er gert ráð fyrir 3,2 milljarða hækkun á fjárheimild til að mæta hugsanlegum kostnaðarhækkunum í rekstri annarra ráðuneyta vegna óvissu um niðurstöðu kjarasamninga á næsta ári. Að þessu frátöldu vegur þyngst 602 m.kr. fjárveiting samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar um mótvægisaðgerðir vegna niðurskurðar á þorskkvóta, sem fyrirhugað er að skipta niður á verkefni annarra ráðuneyta við 2. umræðu frumvarpsins. Þá er gert ráð fyrir 540 m.kr. hækkun á útgjaldaheimild vegna fjármagnstekjuskatts sem einnig færist á tekjuhlið frumvarpsins. Skýrist það af góðri afkomu ríkissjóðs og auknum inneignum í Seðlabanka Íslands. Auk þess er gert ráð fyrir tímabundnu framlagi að fjárhæð 280 m.kr. til að mæta kostnaði við rekstur og umsjón fyrrum varnarsvæðis við Keflavíkurflugvöll, sem flutt er frá utanríkisráðuneyti. Þá gerir endurskoðuð áætlun um lífeyrisskuldbindingar ráð fyrir að þær hækki um 96 m.kr. Gert er ráð fyrir að útgjaldaheimild vegna innheimtukostnaðar hækki um 50 m.kr. í ljósi útkomu síðustu ára og loks er í frumvarpinu fjárveiting til að standa undir 36 m.kr. rekstrarkostnaði í tengslum við nýja gegnumlýsingarbifreið fyrir tollgæsluna. Á móti falla niður nokkur rekstrarframlög, en þau nema alls um 628 m.kr. Mest


munar um 620 m.kr. fjárheimild sem ætluð var til að mæta fasteignagjöldum af húsnæði í eigu ríkisins sem áður var undanþegið álagningu, s.s. af skólum og heilbrigðisstofnunum. Hefur sú fjárheimild verið flutt á hlutaðeigandi stofnanir hjá öðrum ráðuneytum. Rekstrarumfang sumra stofnana ráðuneytisins hefur verið nokkru meira en gert hefur verið ráð fyrir í fjárlögum undanfarinna ára og í nokkrum tilvikum hefur umfangið verið ofmetið. Um er að ræða útgjöld sem fjármögnuð hafa verið með sértekjum og er gerð leiðrétting á því í frumvarpinu með því ýmist að hækka eða lækka hvoru tveggja. Dregst rekstrarveltan við það saman um 96 m.kr., nettó. Rekstrargjöld umfram sértekjur og bein framlög úr ríkissjóði verða óbreytt eftir sem áður.

Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 6.699 m.kr. og verða 28.298 m.kr. Þyngst vegur fjárheimild fyrir gjaldfærðar afskriftir á skattkröfum en gert ráð fyrir því í frumvarpinu að þær hækki um 4 milljarða króna og verði þá alls 10 milljarðar. Þá er gert ráð fyrir að 500 m.kr. af útgjöldum í tengslum við mótvægisaðgerðir ríkisstjórnarinnar vegna niðurskurðar á þorskkvóta færist sem tilfærsluframlög en fyrirhugað er að þau verði flutt á verkefni hlutaðeigandi ráðuneyta við 2. umræðu frumvarpsins. Reiknað er með að framlag til jöfnunar og lækkunar á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða aukist um tæpar 480 m.kr. á næsta ári en það er fjármagnað með auknum tekjum af hlutdeild í tryggingagjaldi. Þessu til viðbótar er áætlað að vaxtabætur vegna húsnæðislána aukist um 350 m.kr. og barnabætur um 300 m.kr. Loks er fjárheimild vegna tilfærslna á launa- og verðlagslið frumvarpsins hækkuð um 800 m.kr. vegna óvissu um verðlagsbreytingar á bótum almannatrygginga.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 2.664 m.kr. og er það 1.180 m.kr. hækkun milli ára. Helsta breytingin skýrist af mótvægisaðgerðum ríkisstjórnarinnar vegna niðurskurðar á þorskkvóta. Fjárheimild til stofnkostnaðar og viðhalds vegna þeirra aðgerða nemur alls 673 m.kr. en henni verður skipt á milli hlutaðeigandi ráðuneyta við 2. umræðu frumvarpsins eins og áður getur. Þá ganga til baka ráðstafanir ríkisstjórnarinnar samkvæmt gildandi fjárlögum um tímabundna frestun á framkvæmdum og á viðhaldi fasteigna í eigu ríkisins en það leiðir til um 350 m.kr. hækkunar á fjárheimildum. Loks má nefna að í frumvarpinu er 50 m.kr. framlag til þess að undirbúa framkvæmdir á tollhúsinu við Tryggvagötu. Þá lækka fjárveitingar til stofnkostnaðarverkefna á vegum íslenska upplýsingasamfélagsins um 24 m.kr.

Vikið er nánar að helstu útgjaldabreytingum í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2008 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.



Skuldbindandi samningar

Fjármálaráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um verkefni sem áætlað er að nemi samtals um 971 m.kr. á yfirstandandi ári. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Fjárhæðir í töflunni, að undanskildu árinu 2007, eru á áætluðu verðlagi ársins 2008 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum. Samtals nema samningarnir 2,2% af heildargjöldum ráðuneytisins á árinu 2008.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2007	2008	2009	2010	2011
Fjárhags- og starfsmannakerfi	A	407,3	420,3	420,3	420,3	420,3
Tekjubókhaldskerfi	A	282,8	291,9	291,9	291,9	291,9
Skattvinnslukerfi	A	280,9	289,9	289,9	289,9	289,9
Lánasumsýsla Seðlabanka Íslands	A	0,0	75,0	75,0	75,0	75,0
Samtals		**971,0**	**1.077,1**	**1.077,1**	**1.077,1**	**1.077,1**

Allir slíkir þjónustusamningar á vegum fjármálaráðuneytisins eru gerðir samkvæmt heimild í 30. gr. fjárreiðulaga. Á árinu 2002 var gerður samningur um rekstur og viðhald á nýju fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins að undangengnu útboði og er reiknað með að árlegur kostnaður við hann verði um 420 m.kr. Útgjöld vegna þjónustusamninga um rekstur eldra launagreiðslukerfis og bókhalds- og áætlanakerfi ríkisins féllu niður frá og með árinu 2006. Þó verður nauðsynlegt að reka gagnagrunn eldri kerfanna áfram um sinn vegna launa- og bókhaldsgagna fyrri ára sem þar er að finna. Undir liðnum skattvinnslukerfi eru

samningar um rekstur nokkurra kerfa sem samanlagt nema rúmum 290 m.kr. á ári. Um er að ræða rekstrar- og viðhaldssamninga við Skýrr, samninga um vefframtal, notendaleyfi, gagnaflutninga og rekstur staðarnets fyrir skattkerfið í heild. Gerður hefur verið nýr samningur við Seðlabanka Íslands um að bankinn taki að sér helstu verkefni sem Lánasýsla ríkisins hefur haft með höndum eins og nánar er greint frá undir liðnum *976 Lánaumsýsla ríkissjóðs* hér á eftir. Gera má ráð fyrir að þeir samningar sem renna út á tímabilinu verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur þannig að jafnaði verði nálægt 1.080 m.kr. bundnar árlega vegna framangreindra verkefna.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Fjármálaráðuneytið, aðalskrifstofa; 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa	550,5	571,3	632,4	10,7	14,9
Ráðstöfunarfé	0,0	6,0	6,0	0,0	-
Samtals	**550,5**	**577,3**	**638,4**	**10,6**	**16,0**

Fjárveiting til aðalskrifstofu fjármálaráðuneytisins hækkar um 40 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Með breytingum sem átt hafa sér stað á vinnumarkaði, auknum kröfum um þekkingu, fagleg vinnubrögð og árangur starfsmanna, þarf ráðuneytið að styrkja innviði sína og bæta þekkingu á nokkrum sviðum. Af fjárhæðinni eru 25 m.kr. vegna áforma um að efla stefnumörkun á vegum ráðuneytisins í tengslum við það að starfsemi Lánsýslu ríkisins verður hætt og fjárveiting hennar fellur niður og færist til aðalskrifstofunnar og annarra fjárlagaliða ráðuneytisins. Þar er því um að ræða tilfærslu á fjárheimildum innan útgjaldaramma ráðuneytisins en ekki aukningu. Einnig er gert ráð fyrir auknu rekstrarumfangi aðalskrifstofunnar með hækkun á útgjaldaheimild og sértekjum um 4 m.kr. en það hefur engin áhrif á framlög úr ríkissjóði.

Skatta- og tollamál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 201 Ríkisskattstjóri; 202-211 Skattstofur; 212 Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld: 214 Yfirskattanefnd; 215 Skattrannsóknarstjóri ríkisins; 250 Innheimtukostnaður og 262 Tollstjórinn í Reykjavík.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ríkisskattstjóri	1.027,3	1.021,8	1.078,2	5,5	5,0
Skattstofan í Reykjavík	372,1	397,2	409,5	3,1	10,1
Skattstofa Vesturlands	77,0	79,5	82,5	3,8	7,1
Skattstofa Vestfjarða	33,9	37,6	39,2	4,3	15,6
Skattstofa Norðurlands vestra	40,3	40,3	41,9	4,0	4,0
Skattstofa Norðurlands eystra	104,9	121,0	125,2	3,5	19,4
Skattstofa Austurlands	48,5	53,6	55,8	4,1	15,1
Skattstofa Suðurlands	63,9	62,7	65,1	3,8	1,9
Skattstofa Vestmannaeyja	25,9	25,3	26,6	5,1	2,7
Skattstofa Reykjaness	231,3	243,8	271,9	11,5	17,6
Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld	9,9	70,8	73,3	3,5	640,4
Yfirskattanefnd	108,6	108,5	113,6	4,7	4,6
Skattrannsóknarstjóri ríkisins	158,1	161,4	166,9	3,4	5,6
Innheimtukostnaður	327,5	316,3	380,2	20,2	16,1
Tollstjórinn í Reykjavík	1.070,5	1.193,7	1.312,5	10,0	22,6
Samtals	**3.699,7**	**3.933,5**	**4.242,4**	**7,9**	**14,7**

Útgjöld til stofnana og verkefna á sviði skatta- og tollamála hækka um alls 170,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum. Munar þar mest um 50 m.kr. fjárveitingu vegna áætlaðs innheimtukostnaðar ríkisins. Að auki er í frumvarpinu gert ráð fyrir 30 m.kr. hækkun á tímabundinni fjárveitingu til kaupa á gegnumlýsingarbifreið sem nota á við tollskoðun og 36 m.kr. fjárveitingu til þess að reka bifreiðina. Þá er lagt til að framlag til Skattstofu Reykjanesumdæmis verði aukið um 20 m.kr. vegna fjölgunar framteljenda í umdæminu og samræmingar á launakjörum starfsfólks.

*102 **Ríkisskattstjóri.*** Fjárheimild embættisins hækkar um 22,1 m.kr. að raungildi frá fjárlögum þessa árs og nemur alls 1.078,2 m.kr. Launa- og verðlagshækkanir nema 34,3 m.kr. Að öðru leyti er um að ræða 10 m.kr. framlag vegna breytinga á umfangi ársreikningaskrár og 10 m.kr. vegna hækkana á þjónustusamningi við Skýrr um rekstur á skattvinnslukerfum. Gert er ráð fyrir auknu rekstrarumfangi embættisins með hækkun á útgjaldaheimild og sértekjum sem nemur 5 m.kr. en það hefur engin áhrif á greiðslur úr ríkissjóði.

*202-211 **Skattstofur.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld skattstofa hækki um 20 m.kr. frá fjárlögum ársins 2007 umfram launa- og verðlagsbreytingar. Um er að ræða fjárveitingu til Skattstofu Reykjanesumdæmis vegna þeirrar fjölgunar sem orðið hefur á einstaklingum og lögaðilum í umdæminu og til þess að samræma laun starfsfólks skattstofunnar og starfsmanna annarra stofnana skattkerfisins. Launa- og verðlagsbreytingar nema alls 36,7 m.kr. á næsta ári.

*212 **Skatta- og tollamál.*** Fjárveitingar til viðfangsefna á þessum safnlið ráðuneytisins eru því sem næst óbreyttar. að raungildi frá fjárlögum þessa árs en launa- og verðlagsbreytingar nema 2,5 m.kr.

*250 **Innheimtukostnaður.*** Gert er ráð fyrir að auka þurfi útgjaldaheimild vegna innheimtukostnaðar ríkissjóðs um 50 m.kr. Útgjöldin hafa verið vanmetin í áætlunum undanfarinna ára. Miðað er við svipað umfang og árið 2006. Staða liðarins hefur jafnan verð felld niður í árslok í lokafjárlögum þannig að halli hefur ekki safnast upp milli ára.

*262 **Tollstjórinn í Reykjavík.*** Fjárheimild stofnunarinnar nemur alls 1.312,5 m.kr. í frumvarpinu. Að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum, sem nema 40,8 m.kr., hækkar fjárheimildin um 78 m.kr. Munar þar mest um 30 m.kr. tímabundna hækkun á 120 m.kr. fjárheimild sem veitt var í fjáraukalögum ársins 2006 til þess að kaupa nýja gegnumlýsingarbifreið og 36 m.kr. til þess að straum af kostnaði í tengslum við rekstur bifreiðarinnar svo sem vegna mönnunar hennar. Auk þess er gert ráð fyrir 15 m.kr. fjárveitingu til eins árs til þess að ráðast í þarfagreiningu og kostnaðaráætlun vegna endurnýjunar á núverandi tölvuvinnslu tollakerfisins, sem er eitt af helstu innheimtukerfum ríkisins, en hugbúnaður þess er að stórum hluta orðinn tuttugu ára gamall. Tímabundið framlag að fjárhæð 3 m.kr. til kaupa á fíkniefnahundi sem veitt var í fjárlögum þessa árs fellur niður. Gert er ráð fyrir auknu rekstrarumfangi embættisins með hækkun á útgjaldaheimild og sértekjum um 35 m.kr. en það hefur engin áhrif á greiðslur úr ríkissjóði.

Lífeyrir og eftirlaun

Til þessa málaflokks teljast tveir fjárlagaliðir: 381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun og 391 Jöfnun á örorkubyrði lífeyrissjóða. Áætlað er að útgjöld málaflokksins nemi 6.480 m.kr. árið 2008 og hækki um liðlega 670 m.kr. frá fjárlögum þessa árs.

*381 **Lífeyrisskuldbindingar*** Á þennan lið eru færðar til gjalda bæði greiddar verðlagsuppbætur á lífeyri og reiknuð breyting skuldbindingar ríkissjóðs gagnvart lífeyrissjóðum vegna ávinnslu ríkisstarfsmanna á lífeyrisréttindum á árinu umfram eignir sjóðanna. Hér er einkum um að ræða skuldbindingar vegna B-deilda Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga. A-deildir sjóðanna standa að fullu undir sínum skuldbindingum með iðgjöldum. Í árslok 2006 námu lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs um 210 milljörðum króna. Fyrirframgreiðslur ríkissjóðs í sjóðina námu samkvæmt ríkisreikningi 113,8 milljörðum króna ásamt vöxtum í árslok 2006. Áætlað er að skuldbindingin hækki í samræmi við launabreytingar og áunnin réttindi árin 2007 og 2008 en að ekki verði teljandi breytingar vegna hækkunar dagvinnulauna umfram heildarlaun eða breyttra reikniforsenda t.d. lífslíkur bótaþega. Ávöxtun lífeyris-

sjóðanna hefur verið mjög góð undanfarin ár og það sem af er ári 2007. Alls er áætlað að gjaldfærð hækkun lífeyrisskuldbindingar verði um 5 milljarðar króna á næsta ári sem er tæplega 200 m.kr. hærra en áætlað er í fjárlögum 2007. Hins vegar er gert ráð fyrir að greiðslur úr ríkissjóði vegna uppbóta á lífeyri fyrrum starfsmanna verði nokkru hærri en gjaldfærslan eða um 6,3 milljarðar króna. Eins og fyrri ár er miðað við að ekki verði nýtt heimild í lögum til að draga viðbótariðgjöld stofnana frá verðlagsuppbótunum og styrkir það stöðu lífeyrissjóðsins. Þá er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að nýta hluta af lánsfjárafgangi ársins 2008 til að greiða 4 milljarða króna fyrirfram inn á skuldbindinguna, sem er jafn mikið og í fjárlögum 2007. Loks skal þess getið að lífeyrisskuldbindingar ríkisfyrirtækja og stofnana í B- og C-hluta fjárlaga eru færðar til gjalda í reikningum þeirra. Þar sem kjarasamningar við stéttarfélög ríkisstarfsmanna eru lausir á næsta ári er meiri óvissa en ella um áætlunina um breytingu lífeyrisskuldbindinganna.

*391 **Jöfnun á örorkubyrði lífeyrissjóða.*** Gert er ráð fyrir 478 m.kr. hækkun á fjárheimild þessa fjárlagaliðar. Í tengslum við samkomulag aðila vinnumarkaðarins um áframhaldandi gildi kjarasamninga í nóvember 2005 gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu sem m.a. fól það í sér að veitt er framlag úr ríkissjóði til að greiða fyrir jöfnun á örorkubyrði milli lífeyrissjóða á samningssviði Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins. Seint á árinu 2006 voru sett lög nr. 177/2006 sem kveða á um að af almennu tryggingagjaldi skuli ráðstafa til sjóðanna 0,15% árið 2007, 0,20% árið 2008, 0,25% árið 2009 og 0,325% árið 2010 og eftirleiðis. Miðað við núverandi spár um stofn tryggingagjalds og þróun þjóðhagsforsendna er reiknað með því að framlagið verði um 1.000 m.kr. árið 2007 en 1.478 m.kr. árið 2008 á verðlagi þess árs. Í fjárlögum 2007 var miðað við að framlagið yrði greitt beint út ríkissjóði. Þar sem lögin sem sett voru um stuðninginn fela hins vegar í sér að framlagið verður fjármagnað með mörkuðum tekjum af tryggingagjaldi kemur það í stað beinna greiðslna úr ríkissjóði sem falla þá niður í þessu frumvarpi. Þessi breyting á fjármögnuninni hefur engin áhrif á útgjaldaheimild liðarins.

Barnabætur og vaxtabætur

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir: 811 Barnabætur og 821 Vaxtabætur.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Barnabætur	6.371,1	8.500,0	8.800,0	3,5	38,1
Vaxtabætur	5.351,3	5.530,0	5.880,0	6,3	9,9
Samtals	**11.722,4**	**14.030,0**	**14.680,0**	**4,6**	**25,2**

811 Barnabætur. Samkvæmt frumvarpinu aukast útgjöld vegna barnabóta um 300 m.kr. frá fjárlögum 2007. Í forsendum útreiknings fyrir þeirri áætlun er miðað við að mörk tekjuskerðingar hækki í samræmi við tólf mánaða hækkun launavísitölu Hagstofunnar á miðju ári 2007 og að viðmiðunarfjárhæðir bóta hækki í samræmi við spár um hækkun á vísitölu neysluverðs milli 2007 og 2008.

821 Vaxtabætur. Áætlun um vaxtabætur vegna húsnæðislána gerir ráð fyrir um 350 m.kr. aukningu milli ára. Reikniforsendur áætlunarinnar miðast við að hámörk vaxtagjalda og vaxtabóta hækki um 6% milli ára og að skerðingarmörk vegna eigna umfram skuldir hækki um 9%. Verulegir óvissuþættir eru í þeirri áætlun, bæði varðandi umfang íbúðalána og skerðingaráhrif af tekjuþróun.

Afskrifaðar kröfur og fjármagnstekjuskattur

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 711 Afskriftir skattkrafna; 721 Fjármagnstekjuskattur; 971 Ríkisábyrgðir og 973 Tapaðar kröfur og tjónabætur.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Afskriftir skattkrafna	11.445,8	6.000,0	10.000,0	66,7	-12,6
Fjármagnstekjuskattur	1.266,0	2.125,0	2.665,0	25,4	110,5
Tapaðar kröfur og tjónabætur	15,4	120,0	210,0	75,0	1.263,6
Samtals	**12.727,2**	**8.245,0**	**12.875,0**	**56,2**	**1,2**

Fjárheimildir til þessa málefnaflokks nema 12.875 m.kr. og hækka um 4.630 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Áætlun um afskrifaðar skattkröfur er hækkuð um 4 milljarða króna. Um er að ræða fjárheimild á móti gjaldfærslu á bæði beinum afskriftum á kröfum sem taldar eru vera sannanlega tapaðar, t.d. vegna gjaldþrota, og óbeinum afskriftum þar sem kröfur eru færðar niður um tiltekinn hluta sem reynslan hefur leitt í ljós að muni að líkindum ekki innheimtast. Afar erfitt er að áætla nákvæmlega fyrir þessum gjaldfærslum fyrir fram í fjárlögum. Lögð er til hækkun á fjárheimildinni í ljósi þess að fjárhæðin hefur reynst vanmetin síðustu árin. Vakin er athygli á því að þótt afskrifaðar kröfur séu færðar til gjalda á þennan lið í uppgjöri á rekstrargrunni þá hefur það ekki í för með sér neinar greiðslur úr ríkissjóði. Gert er ráð fyrir að fjármagnstekjuskattur sem lagður er á vaxtatekjur og söluhagnað ríkissjóðs hækki um 540 m.kr. milli ára. Skýrist það einkum af áætlun um að afkoma ríkissjóðs á þessu og næsta ári verði talsvert betri en áður var spáð og að vaxtaberandi inneignir í Seðlabanka Íslands aukist af þeim sökum. Skatturinn færist einnig sem tekjur hjá ríkissjóði og hefur því engin áhrif á afkomu ársins. Loks er fjárheimild til að mæta gjaldfærslum vegna tapaðra krafna aukin um 90 m.kr.

Verðlagsmál

Til þessa málaflokks telst einn fjárlagaliður: 989 Launa- og verðlagsmál.

989 Launa- og verðlagsmál. Frumvarpið er sett fram á áætluðu meðalverðlagi ársins 2008. Á árinu 2005 voru gerðir kjarasamningar við flest stéttarfélög ríkisstarfsmanna innan vébanda Bandalags háskólamanna og Stéttarfélags ríkisstarfsmanna sem gilda fram til loka apríl 2008. Samningar við flest félög ófaglærðra og iðnaðarmanna voru gerðir á árinu 2004 og gilda til loka mars 2008. Gera má ráð fyrir að sambærilegar hækkanir verði úrskurðaðar á næsta ári til embættismanna sem fá greidd laun samkvæmt ákvörðunum Kjararáðs. Launaforsendur fyrir fyrsta ársfjórðung næsta árs liggja því að mestu leyti fyrir en óvissa er um hækkanir í nýjum kjarasamningum sem gerðir verða í framhaldi af því. Í frumvarpinu hafa launaliðir allra stofnana, þ.m.t. sjálfseignastofnana sem ríkissjóður fjármagnar, verið hækkaðir í samræmi við gildandi kjarasamninga sem flestir kveða á um 2% hækkun þann 1. janúar nk. Í frumvarpinu er ekki spáð fyrir um útkomu nýrra kjarasamninga en þó er gert ráð fyrir fjárheimild á þessum lið til að mæta kostnaðarauka vegna launahækkana sem nemur tæplega 3,4 milljörðum króna. Þar er um að ræða varúðarráðstöfun til að treysta betur forsendur frumvarpsins.

Samkvæmt þjóðhagsforsendum frumvarpsins er reiknað með að vísitala neysluverðs hækki um 3,3% milli áranna 2007 og 2008. Í fjárlögum hafa hækkanir á öðrum rekstrargjöldum en launum almennt verið miðaðar við þá spá en í þessu frumvarpi er viðmiðuninni breytt að því leyti að gengið er út frá spánni að frátöldum húsnæðislið vísitölunnar. Er sú breyting gerð í ljósi þess að þær miklu sveiflur sem geta orðið á reiknuðum húsnæðiskostnaði vísitölufjölskyldunnar, t.d. vegna mikilla verðhækkana á íbúðamarkaði, eiga yfirleitt ekki við hjá ríkisstofnunum. Af þessari ástæðu eru önnur rekstargjöld almennt hækkuð um 3,8% í frumvarpinu eða nokkru meira en spá um meðalhækkun vísitölunnar þar sem áætlað er að á næstunni muni draga úr þenslu á húsnæðismarki og að þar með verði hækkanir á húsnæðisliðnum heldur minni en á öðrum liðum. Að vanda er í frumvarpinu miðað við að sértekjur stofnana hækki hlutfallslega til jafns við önnur rekstrargjöld. Í vissum málaflokkum er gert ráð fyrir að gjaldskrár verði óbreyttar en í öðrum tilvikum, þar sem útseld vinna og þjónusta er verulegt hlutfall af fjármögnun stofnana, er gert ráð fyrir að gjaldskrár hækki í takt við launahækkanir. Í forsendum gjaldahliðar frumvarpsins er ekki spáð fyrir um þróun á gengi gjaldmiðla heldur er miðað við gengi þeirra í byrjun september. Miðað við forsendur fjárlaga 2007 hefur gengi krónunnar styrkst lítillega, eða um u.þ.b. 1-1,5%, gagnvart helstu Evrópumyntum en heldur meira gagnvart bandaríkjadal, eða um 7%. Þetta leiðir til nokkurrar lækkunar á fjárheimildum fjárlagaliða þar sem útgjöld eru beinlínis greidd í erlendri mynt, en það á t.d. við um hluta útgjalda sendiráða, framlög og aðildargjöld til tiltekinna alþjóðasamtaka.

Í frumvarpinu er gert er ráð fyrir að bætur almannatrygginga hækki um 3,3% í samræmi við spá um vísitölu neysluverðs. Á launa og verðlagslið frumvarpsins er auk þess gert ráð fyrir fjárheimild sem nemur 800 m.kr. vegna breytinga sem kynnu að verða gerðar á bótum almannatrygginga í ljósi launa- og verðlagsþróunar næsta árs.

Þjónusta við ríkisaðila

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 103 Fjársýsla ríkisins; 402 Fasteignamat ríkisins; 405 Fasteignagjöld af húsnæði ríkisins; 901 Framkvæmdasýsla ríkisins; 905 Ríkiskaup; 972 Lánasýsla ríkisins; 976 Lánaumsýsla ríkissjóðs; 980 Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól; 981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs; 984 Fasteignir ríkissjóðs og 985 Rekstur fyrrum varnarsvæða við Keflavíkurflugvöll.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fjársýsla ríkisins	1.040,2	1.143,1	1.232,4	7,8	18,5
Fasteignamat ríkisins	624,9	503,6	514,9	2,2	-17,6
Fasteignagjöld af húsnæði ríkisins	0,0	620,0	0,0	-100,0	0,0
Framkvæmdasýsla ríkisins	4,0	2,7	2,7	0,0	-32,5
Ríkiskaup	-1,8	0,0	0,0	-	-
Lánasýsla ríkisins	31,5	128,6	0,0	-100,0	-100,0
Lánaumsýsla ríkissjóðs	0,0	0,0	75,0	-	-
Rekstrarfél. Stjórnarráðsbygginga við Arnarhól	34,4	29,8	31,1	4,4	-9,6
Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	188,0	14,5	64,5	344,8	-65,7
Fasteignir ríkissjóðs	-97,2	-242,6	-0,2	-100,0	-100,0
Rekstur fyrrum varnarsv. við Keflavíkurflugvöll	0,0	0,0	290,6	-	-
Samtals	**1.824,0**	**2.199,7**	**2.211,0**	**0,5**	**21,2**

Þessi málefnaflokkur tekur til stofnana og verkefna sem snúa að þjónustu við aðra ríkisaðila, s.s. bókhalds- og innkaupaþjónustu. Heildargjöld málefnaflokksins eru áætluð 6.435 m.kr. en gert er ráð fyrir að innheimtar verði 4.224 m.kr. sértekjur fyrir veitta þjónustu eða sem nemur nálægt 66% af veltunni. Fjárveiting málefnaflokksins til að mæta gjöldum umfram tekjur nemur því alls um 2.211 m.kr. og er nánast óbreytt frá fjárlögum 2007 að meðtöldum launa- og verðlagshækkunum.

103 Fjársýsla ríkisins. Gert er ráð fyrir að fjárheimild stofnunarinnar nemi 1.232 m.kr. í frumvarpinu og hækki um 25,3 m.kr. þegar frá eru taldar launa- og verðlagshækkanir. Munar þar mest um 14 m.kr. tímabundna fjárveitingu til þess að gera fjárhags- og mannauðskerfum ríkisins kleift að taka á móti rafrænum reikningum en þar er um að ræða eitt af verkefnum íslenska upplýsingasamfélagsins. Auk þess er gert ráð fyrir 10 m.kr. fjárveitingu til þess að auka þjónustu við ríkisstofnanir vegna launvinnslu og til þess að innleiða mannauðshluta fjárhags- og mannauðskerfa ríkisins.

402 ***Fasteignamat ríkisins.*** Gert er ráð fyrir að fjárveiting stofnunarinnar nemi 514,9 m.kr. í frumvarpinu. Að frátöldum launa- og verðlagshækkunum er ekki gert ráð fyrir breytingum á fjárreiðum hennar frá fjárlögum þessa árs. Sérstök nefnd um framtíð stofnunarinnar er að störfum og er að vænta niðurstaðna frá henni fyrir árslok.

901 ***Framkvæmdasýsla ríkisins.*** Gert er ráð fyrir að útgjaldaheimild og sértekjur stofnunarinnar lækki um rúmlega 5 m.kr. milli ára og rekstrarvelta verði um 131 m.kr. Samkvæmt lögum um skipan opinberra framkvæmda selur stofnunin ráðuneytum og ríkisstofnunum þjónustu sína samkvæmt gjaldskrá sem miðast við að tekjurnar standi undir rekstri hennar. Eins og áður er því ekkert framlag til stofnunarinnar að undanskildu 2,7 m.kr. framlagi vegna tiltekinna stjórnsýsluverkefna sem ekki eru seld út.

905 ***Ríkiskaup.*** Gert er ráð fyrir að útgjaldaheimild og sértekjur stofnunarinnar lækki um 100 m.kr. frá fjárlögum þessa árs og veltan nemi 1.405 m.kr. á næsta ári. Samkvæmt lögum um opinber innkaup skal þóknun, sem stofnunin innheimtir af viðskiptavinum sínum, standa undir rekstrinum og er því ekkert framlag til stofnunarinnar úr ríkissjóði.

972 ***Lánasýsla ríkisins.*** Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fella niður fjárveitingar til Lánasýslu ríkisins, sem námu 128,6 m.kr. í fjárlögum 2007. Áformað er að starfsemi stofnunarinnar verði hætt á þessu ári. Með heimild í gildandi lögum hefur verið gerður samningur við Seðlabanka Íslands um að hann taki að sér verkefnin sem stofnunin hefur haft með höndum frá og með 1. október 2007. Markmiðið með samningnum er að stuðla að hagkvæmri og vandaðri lánaumsýslu fyrir ríkissjóð sem byggist á stefnumörkun fjármálaráðuneytisins í lánamálum. Fyrirhugað er að hluti starfsmanna Lánasýslunnar verði ráðinn til Seðlabankans til að vinna að þessum verkefnum. Í frumvarpinu eru fjárheimildir stofnunarinnar fluttar á þrjá aðra fjárlagaliði. Stærstur hlutinn, eða 75 m.kr., er færður á nýjan lið, *976 Lánaumsýsla ríkissjóðs*, sem ætlaður er fyrir útgjöld vegna samningsins við Seðlabankann. Þá eru 29,2 m.kr. fluttar á *09-999-1.90 Ýmis verkefni* til að standa straum af kostnaði við nokkur sérverkefni á vegum ráðuneytisins. Loks er 25 m.kr. fjárheimild færð á *09-101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa* til að efla stefnumörkun og sérfræðiþekkingu innan ráðuneytisins þ.m.t. á sviði lánsfjármála. Ekki er því um að ræða aukin rekstrarumsvif vegna þessara breytinga heldur eru fjárheimildir færðar til milli verkefna innan útgjaldaramma ráðuneytisins.

976 ***Lánaumsýsla ríkissjóðs.*** Gert er ráð fyrir 75 m.kr. fjárveitingu á þessum nýja fjárlagalið. Eins og fram kemur í skýringum við liðinn *972 Lánasýsla ríkisins* verður starfsemi stofnunarinnar hætt og tekur Seðlabanki Íslands að sér verkefni hennar samkvæmt samningi við ráðuneytið. Fjárheimild þessa liðar er ætluð til að mæta útgjöldum við þann samning og er hún flutt af fjárlagalið Lánasýslunnar.

*980 **Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól.*** Starfsemi rekstrarfélagsins er að stærstum hluta fjármögnuð með þjónustugjöldum sem innheimt eru hjá ráðuneytum við Arnarhól fyrir leigu og rekstur húsnæðis, tölvuþjónustu og öryggisgæslu. Gert er ráð fyrir hækkun fjárheimilda um 1 m.kr. þar sem ákvörðun ríkisstjórnarinnar um frestun framkvæmda og stofnkostnaðar á þessu ári gengur til baka. Að öðru leyti breytast fjárheimildir félagsins í samræmi við launa- og verðlagshækkanir.

*981 **Ýmsar fasteignir ríkissjóðs.*** Gert er ráð fyrir að fjárheimild vegna ýmissa fasteigna ríkissjóðs hækki um 50 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Um er að ræða tímabundið framlag til að hefja undirbúning að viðbyggingu við húsnæði embættis tollstjórans í Reykjavík. Þá er gert ráð fyrir fjárheimild að upphæð 14,5 m.kr. sem ætluð er til viðhalds ýmissa stjórnarráðsbygginga. Sú fjárheimild er óbreytt frá gildandi fjárlögum.

*984 **Fasteignir ríkissjóðs.*** Útgjöld þessa fjárlagaliðar eru fjármögnuð að fullu með sértekjum af húsaleigu frá ríkisstofnunum sem hafa aðsetur í húsnæði í umsjón Fasteigna ríkissjóðs. Gert er ráð fyrir að fjárheimild stofnunarinnar og sértekjur nemi 2.411 m.kr. á verðlagi næsta árs. Helsta breytingin frá fjárlögum þessa árs er að ákvörðun ríkisstjórnarinnar um frestun framkvæmda, sem hafði í för með sér 250 m.kr. lækkun á viðhaldsframkvæmdum vegna húsnæðis í umsjón stofnunarinnar, gengur til baka. Jafnframt er gert ráð fyrir að rekstrarumfang stofnunarinnar aukist með fjölgun fasteigna í umsjón hennar.

*985 **Rekstur fyrrum varnarsvæða við Keflavíkurflugvöll.*** Á þessum nýja fjárlagalið er gert ráð fyrir 280 m.kr. tímabundnu framlagi til að mæta kostnaði við rekstur og umsjón með fyrrum varnarsvæði við Keflavíkurflugvöll. Kostnaðurinn felst m.a. í umsýslu, viðhaldi, öryggisgæslu, umhirðu og öðrum húsnæðiskostnaði. Stofnað hefur verið þróunarfélag sem mun annast um rekstur svæðisins. Fjárveitingin verður lækkuð þegar fasteignum á svæðinu hefur verið komið í sjálfbær borgaraleg not. Í fjárlögum þessa árs var gert ráð fyrir að verkefnið yrði í höndum utanríkisráðuneytisins og fellur jafn há fjárveiting niður á þeim fjárlagalið.

Annað

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum; 990 Ríkisstjórnarákvarðanir; 993 Ráðstafanir vegna samdráttar í heimiluðum þorskafla og 999 Ýmislegt.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	0,0	190,0	190,0	0,0	-
Ríkisstjórnarákvarðanir	0,0	200,0	200,0	0,0	-
Ráðstaf. vegna samdráttar í heimiluðum þorskafla	0,0	0,0	1.775,0	-	-
Ýmislegt	808,6	890,6	977,8	9,8	20,9
Samtals	**808,6**	**1.280,6**	**3.142,8**	**145,4**	**288,7**

Heildarfjárveiting til þessa málefnaflokks nemur 3.143 m.kr. og hækkar um 1.862 m.kr. frá fjárlögum þessa árs.

481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum. Á þessum fjárlagalið er áætlað fyrir útgjöldum sem leiða af heimildarákvæðum skv. 6. gr. frumvarpsins, svo og fyrir útgjöldum sem ríkissjóði kann að vera gert að inna af hendi samkvæmt sérlögum en ekki er hægt að sjá fyrir við afgreiðslu fjárlaga. Áætlun um ráðstöfun á fjárveitingu liðarins er jafnan háð nokkurri óvissu. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fjárheimild liðarins verði óbreytt frá fjárlögum yfirstandandi árs eða 190 m.kr. Sérstök umfjöllun er um 6. gr. frumvarpsins í kafla 7 og vísast til hennar um skýringar að öðru leyti.

990 Ríkisstjórnarákvarðanir. Af þessum lið er greiddur kostnaður vegna ýmissa mála á vegum ráðuneyta sem eðlilegt þykir að ríkisstjórnin taki sameiginlega ákvörðun um og ýmis tilfallandi útgjöld sem ekki hefur verið séð fyrir á öðrum fjárlagaliðum. Fjárheimild til að mæta þessum útgjöldum er 200 m.kr. og er óbreytt frá gildandi fjárlögum.

993 Ráðstafanir vegna samdráttar í heimiluðum þorskafla. Á þessum lið frumvarpsins er gert ráð fyrir samtals 1.775 m.kr. fjárheimild til að standa straum af kostnaði vegna ráðstafana ríkisstjórnarinnar á svæðum sem verða fyrir samdrætti í heimiluðum þorskafla á næsta fiskveiðiári. Þar af eru 1.102 m.kr. sem teljast til rekstrargjalda og tilfærslna og 673 m.kr. sem teljast til stofnkostnaðar. Til viðbótar við þessar fjárheimildir eru í frumvarpinu veitt framlög í þessu sama skyni á ýmsum öðrum liðum þannig að samtals nema fjárheimildir vegna mótvægisaðgerða af þessum toga um 4,4 milljörðum króna á næsta ári, eins og nánar er greint frá í umfjöllun um útgjöldin í heild í upphafi þessa kafla. Fyrirhugað er að fjárheimildum þessa liðar verði skipt niður á verkefni annarra ráðuneyta við 2. umræðu frumvarpsins

999 Ýmislegt. Á þennan fjárlagalið eru færðar fjárveitingar til ýmissa verkefna sem ekki verða heimfærðar á aðra fjárlagaliði ráðuneytisins. Fjárveitingar til þessara verkefna nema alls um 977,8 m.kr. og hækka um 69,8 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs að

frátöldum launa- og verðlagshækkunum. Í fyrsta lagi er gert er ráð fyrir að 29,2 m.kr. fjárheimild færist á viðfangsefnið *1.90 Ýmis verkefni*. Eins og fram kemur í skýringum við liðinn *972 Lánasýsla ríkisins* verður starfsemi stofnunarinnar hætt og tekur Seðlabanki Íslands að sér verkefni hennar samkvæmt samningi við ráðuneytið. Við þá breytingu fellur fjárveiting stofnunarinnar niður en hluti hennar er færður á þennan lið til að standa straum af ýmsum sérverkefnum á vegum ráðuneytisins í tengslum við þessar breytingar. Í öðru lagi er á þessu sama viðfangsefni gert ráð fyrir 11 m.kr. framlagi vegna samkomulags ríkisins við stéttarfélög innan BSRB, KÍ og BHM um styrk til að efla mannauðsmál hjá ríkinu. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir 35 m.kr. tímabundinni fjárveitingu á viðfangsefninu til verkefna tengdum rafrænni innkaupastefnu ríkisins. Um er að ræða fjölmörg verkefni á sviði rafrænna innkaupa og rafrænnar stjórnsýslu. Í fjórða lagi er gert ráð fyrir 10 m.kr. hækkun á fjárveitingu viðfangsefnisins *1.66 Yfirfasteignamatsnefnd* til að mæta fjárhagsvanda nefndarinnar. Um er að ræða kostnað samfara auknum umsvifum nefndarinnar. Í fimmta lagi er á viðfangsefninu *6.95 Þróunarmál í upplýsingatækni* gerð tillaga um 36 m.kr. tímabundna fjárveitingu í eitt ár til þriggja verkefna á vegum íslenska upplýsingasamfélagsins. Um er að ræða 10 m.kr. til verkefnis um útboðstorg opinberra aðila, 12 m.kr. til verkefnis um skilvirka rafræna þjónustu og gagnasamskipti upplýsingakerfa ríkisins og 14 m.kr. til verkefnis um rafræn skilríki fyrir almenning, fyrirtæki og starfsmenn ríkisins. Á móti falla niður framlög í fjárlögum 2007 að fjárhæð 60,8 m.kr. til annarra verkefna íslenska upplýsingasamfélagsins. Loks er undir sama viðfangsefnisnúmeri gert ráð fyrir 10 m.kr. tímabundnu framlagi næstu fimm árin til að fjármagna samning sem gerður var við fyrirtækið Auðkenni um samstarf fjármálaráðuneytisins og Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja um útgáfu á rafrænum skilríkjum.

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem ætlaðir eru til að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um safnliði er að finna í kafla 3.2 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
09-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.
09-212-1.01	Skatta- og tollamál. Ýmis sameiginleg útgjöld.	Sameiginleg verkefni og ófyrirséð útgjöld skattstofa og tollstjóra.
09-212-1.10	Skatta- og tollamál. Skatteftirlit.	Till skattembætta vegna skatteftirlits.
09-212-6.43	Hugbúnaðargerð fyrir skattkerfið	Til skattembætta vegna hugbúnaðargerðar
09-481-6.01	Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	Ófyrirséð útgjöld ýmissa ríkisaðila vegna notkunar á heimildagrein fjárlaga.
09-973-6.11	Tapaðar kröfur	Ófyrirséð útgjöld ýmissa ríkisaðila vegna tapaðra krafna.
09-973-6.15	Tjónabætur	Ófyrirséð útgjöld ýmissa ríkisaðila vegna tjónabóta.
09-989-1.90	Launa- og verðlagsmál	Ófyrirséðar eða óútfærðar launa- og verðlagsbreytingar í útgjöldum verkefna eða stofnana.
09-990-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ríkisstjórnarinnar.	Ákvarðanir ríkisstjórnar um sérstök framlög til ýmissa fjárlagaliða eftir afgreiðslu fjárlaga.
09-999-1.90	Ýmis verkefni	Ófyrirséð útgjöld ýmissa stofnana ráðuneytisins.
09-999-6.11	Bifreiðar Stjórnarráðsins	Til endurnýjunar á bifreiðum ráðherra allra ráðuneytanna.

10 Samgönguráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun samgönguráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	6.838,6	7.364,6	7.989,5	8	17
Neyslu- og rekstrartilfærslur	1.673,3	1.178,0	1.474,6	25	-12
Stofnkostnaður og viðhald	12.207,9	14.787,2	32.880,9	122	169
Samtals	**20.719,8**	**23.329,8**	**42.345,0**	**82**	**104**
Greitt úr ríkissjóði	-	6.748,0	16.353,1	142	-
Innheimt af ríkistekjum	-	16.510,4	25.980,1	57	-
Viðskiptahreyfingar	-	71,4	11,8	-83	-
Samtals	-	**23.329,8**	**42.345,0**	**82**	-

Heildargjöld samgönguráðuneytis árið 2008 eru áætluð um 46.642,9 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 4.297,9 m.kr. en þær nema 9,2% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 42.345 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 16.353,1 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 25.980,1 m.kr. innheimtar af ríkistekjum. Mismunurinn, 11,8 m.kr., færist til breytinga á viðskiptahreyfingum ríkissjóðs.


Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 7.989,5 m.kr. og hækka um 624,9 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um í fyrsta lagi 186,6 m.kr. hækkun útgjaldaheimilda á þjónustu Vegagerðarinnar til samræmis við samgönguáætlun. Í öðru lagi hækka rekstrargjöld Flugmálastjórnar Ísland um 57,4 m.kr.

Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 296,6 m.kr. og verða 1.474,6 m.kr. en eru 1.178 m.kr. í fjárlögum ársins 2007. Þyngst vegur í fyrsta lagi 180 m.kr. framlag til að koma til móts við varanlega viðbótarfjárþörf á viðfangsefni *111 Styrkir til ferja og sérleyfishafa*. Í öðru lagi 48 m.kr. tímabundin fjárveiting vegna menningarsamninga á landsbyggðinni. Í þriðja lagi 30 m.kr. tímabundið framlag vegna fjölgunar ferða Herjólfs til Vestmannaeyja.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 32.880,9 m.kr. og er það 18.093,7 m.kr. hækkun milli ára. Stærstu breytingarnar eru í fyrsta lagi 13.646,1 m.kr. hækkun til framkvæmda Vegagerðarinnar. Í öðru lagi hækka útgjöld til framkvæmda flugmála um 1.396,3 m.kr. Í þriðja lagi hækkar viðfangsefni *6.70 Hafnamannvirki* um 1.141 m.kr. en þá hækkun má að mestu leyti rekja til framkvæmda vegna hafnar í Bakkafjöru.

Í útgjaldaramma ráðuneytisins hefur verið gert ráð fyrir lækkun útgjalda frá horfum og fyrri áformum með frestun á fyrirhuguðum framkvæmdum eða öðrum stofnkostnaði sem nemur 1.730 m.kr. Einnig er gert ráð fyrir hagræðingu í rekstrarkostnaði sem nemur 73 m.kr. Á móti verða veitt framlög til ýmissa verkefna ráðuneytisins sem alls nema 23.322,9 m.kr. Launa- og verðlagsbreytingar nema samtals 1.228,7 m.kr. Sértekjur samgönguráðuneytisins hækka um 278,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Vikið er nánar að helstu útgjaldabreytingum í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2008 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.



Skuldbindandi samningar

Samgönguráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um rekstrarverkefni sem áætlað er að nemi samtals um 2.928,4 m.kr. á yfirstandandi ári. Það svarar til 12,6% af heildarútgjöldum ráðuneytisins. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Fjárhæðir í töflunni eru á verðlagi gildandi fjárlaga og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2007	2008	2009	2010	2011
Samningar um áætlunarflug innanlands	B	247,9	265,9	265,9	-	-
Slysavarnaskóla sjómanna	B	55,1	55,1	55,1	-	-
Flugvalla- og flugleiðsöguþjónustu	B	1.640,9	1.746,3	-	-	-
Samningar við sérleyfishafa	C	166,9	166,9	-	-	-
Rekstur Hríseyjarferjunnar Sævars	C	62,3	62,3	62,3	62,3	62,3
Rekstur Grímseyjarferjunnar Sæfara	C	50,3	55,3	-	-	-
Rekstur Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfs	C	221,3	251,3	251,3	251,3	-
Rekstur Breiðafjarðarferjunnar Baldurs	C	110,8	98,4	81,7	25,3	-
Samningur um Mjóafjarðarferjuna Anný	C	7,9	3,5	-	-	-
Flutningar til og frá Vigur í Ísafjarðardjúpi	C	7,1	7,1	7,1	1,8	-
Markaðssetningu Íslands í N-Ameríku	C	47,1	47,1	-	-	-
Samningar við Grænland og Færeyjar	C	12,6	12,6	12,6	12,6	-
Samn. við sveitarfélög á sviði menningarmála	C	42,0	58,0	58,0	-	-
Samningur um rekstur Flugskóla Íslands	C	22,0	22,0	22,0	22,0	22,0
Flug milli Íslands og Narsarsuaq	C	12,5	7,5	6,5	6,5	-
Samningur um Vaktstöð siglinga	C	221,7	243,2	243,2	243,2	243,2
Samtals		**2.928,4**	**3.102,5**	**1.065,7**	**625,0**	**327,5**

Samningar sem bæði samgönguráðuneytið og fjármálaráðuneytið standa að eru merktir með bókstafnum B og eru þær skuldbindingar áætlaðar 2.067,3 m.kr. Á næsta ári nema samningar sem samgönguráðuneytið stendur eitt að 1.035,2 m.kr. en þeir eru auðkenndir með bókstafnum C í töflunni. Gera má ráð fyrir að þeir samningar sem renna út á tímabilinu verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur, þannig að til jafnaðar verði nálægt 3.000 m.kr. bundnar árlega vegna framangreindra verkefna.

Hvað varðar hugsanlega nýja skuldbindandi samninga ber að nefna í fyrsta lagi, samning um Samgöngumiðstöð í Vatnsmýri. Ljóst þykir að ríkissjóður þarf að leggja til hlutafé a.m.k í því formi að leggja til lóð en núverandi áætlanir eru um staðsetningu á landsspildu sem er hluta til í eigu Reykjavíkurborgar. Einnig er hugsanlegt að ríkissjóður gæti þurft að leggja til beint framlag. Í öðru lagi er samningur um Bakkafjöruferju, en hugsanlegt er að samið verði um einkaframkvæmd til 20 ára með árlegum greiðslum.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir samgönguráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Samgönguráðuneytið, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Samgönguráðuneytið, aðalskrifstofa	306,7	288,0	305,3	6,0	-0,5
Ýmis verkefni	377,5	341,0	365,2	7,1	-3,3
Ráðstöfunarfé	0,0	5,0	5,0	0,0	-
Samtals	**684,2**	**634,0**	**675,5**	**6,5**	**-1,3**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 25 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru eftirfarandi:

101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa. Áætluð heildarútgjöld eru 305,3 m.kr. og jafngildir það um 4,8 m.kr. hækkun að raungildi frá gildandi fjárlögum. Skýrist það af tveimur tilefnum. Í fyrsta lagi er óskað eftir að millifæra 6,9 m.kr. af fjárlagalið 190 Ýmis verkefni en verkefni þau sem fjárheimildin fjármagnar hefur um árabil verið unnið á aðalskrifstofu. Í öðru lagi er lögð til 2,1 m.kr. lækkun vegna aðhaldskröfu og breyttrar forgangsröðunar innan langtímaáætlunar. Aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlagsbreytinga.

190 Ýmis verkefni. Gert er ráð fyrir að 365,2 m.kr. fjárveitingu til liðarins og jafngildir það um 20,2 m.kr. hækkun að raungildi frá gildandi fjárlögum. Sú hækkun á fjárlagaliðnum sem vegur hvað þyngst er ósk um 48 m.kr. tímabundna fjárveitingu á viðfangsefni *1.98 Ýmis framlög samgönguráðuneytis* vegna menningarsamninga á landsbyggðinni. Um er að ræða hlut samgönguráðuneytis í samningum vegna menningartengdrar ferðaþjónustu. Liðurinn lækkar vegna eftirfarandi tilefna: í fyrsta lagi er ósk um að millifæra 15,9 m.kr. yfir á fjárlagalið embættis ríkislögreglustjóra hjá dóms- og kirkjumálaráðaneytinu vegna útgáfu ökuskírteina. Um er að ræða samkomulag milli ráðuneytanna að framlag vegna ökuskírteina verði flutt til embættis ríkislögreglustjóra og að ábyrgð á framleiðslu skírteinanna verði að fullu á höndum embættisins. Í öðru lagi er lagt til að millifæra 6,9 m.kr. fjárheimild vegna staðsetningskerfa yfir á fjárlagalið 101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa en það verkefni hefur um árabil verið unnið á aðalskrifstofu. Í þriðja lagi er 5 m.kr. lækkun á viðfangsefni *1.52 Samningur um flug á milli Íslands og Narssarssuaq á Grænlandi.* Aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlagsbreytinga.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fastanefndir	16,0	6,9	7,0	1,4	-56,3
Vetrarsamgöngur og vöruflutningar	4,2	1,9	1,9	0,0	-54,8
Útgáfa ökuskírteina	26,7	15,9	0,0	-100,0	-100,0
Slysavarnaskóli sjómanna	71,7	57,8	59,6	3,1	-16,9
Staðsetningarkerfi	0,0	6,9	0,0	-100,0	-
Flugskóli Íslands	21,5	22,7	23,6	4,0	9,8
Samgöngumiðstöð í Vatnsmýri og RVKflugvelli	19,3	0,0	0,0	-	-100,0
Átak í umferðaröryggismálum	0,0	50,0	50,0	0,0	-
Gestastofur, söfn og markaðsstarf	15,2	12,7	13,2	3,9	-13,2
Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu	94,1	30,0	30,0	0,0	-68,1
Markaðssetning Íslands í Norður-Ameríku	48,4	52,3	48,5	-7,3	0,2
Samn. milli Íslands og Narssarssuaq á Grænl.	12,5	12,5	7,5	-40,0	-40,0
Ýmislegt	19,9	38,5	40,0	3,9	101,0
Ýmis framlög samgönguráðuneytis	28,0	32,9	83,9	155,0	199,6
Samtals	**377,5**	**341,0**	**365,2**	**7,1**	**-3,3**

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2007	Frumvarp 2008
Sundurliðun á óskiptu viðfangsefni:		
10-190-1.98 Ýmisframlög samgönguráðuneytisins		
Til markaðsstarfs og gestastofa	7,4	7,4
Menningartengd ferðaþjónusta	10,0	10,0
Samstarf ríkis og sveitarfélaga um menningarmál	10,0	58,0
Óskipt	5,5	5,5
Samtals	**32,9**	**80,9**

Vegamál

Þessi málefnaflokkur nær til eftirtalinna fjárlagaliða: 211 Rekstur Vegagerðarinnar, 212 Framkvæmdir Vegagerðarinnar, 251 Umferðastofa og 281 Rannsóknarnefnd umferðaslysa. Heildarfjárveiting til málefnaflokksins að frádregnum sértekjum nemur 33.724,8 m.kr. sem jafngildir 14.125,7 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Útgjöld Vegagerðarinnar eru áætluð 33.223,2 m.kr. og er það 14.121,8 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum 2007.

Almennur rekstur Vegagerðarinnar hækkar um 22,7 m.kr. og er skýringin á þeirri hækkun að öllu leyti rakin til breytinga á umfangi eða má rekja til launa- og verðlagsbreytinga ásamt aðhaldsmarkmiðum. Styrkir til ferja og sérleyfishafa hækka um 210 m.kr. þegar frá eru taldir almennir launa- og verðlagsútreikningar. Skýrist sú hækkun af tveimur tilefnum, þ.e.a.s. ósk um 180 m.kr. framlag til að koma til móts við varanlega viðbótarfjárþörf á viðfangsefninu ásamt beiðni um 30 m.kr. tímabundna fjárveitingu til þriggja ára vegna fjölgunar ferða Herjólfs til Vestmannaeyja. Styrkir til innanlandsflugs hækka um 15 m.kr. þegar frá eru taldar breytingar í samræmi við samgönguáætlun ásamt launa- og verð-

lagsbreytingar. Skýrist sú hækkun af einu tilefni eða ósk um 15 m.kr. fjárveitingu vegna aukningar á flugi til Vestmannaeyja.

Þjónusta hækkar um 258,5 og er skýringin á þeirri hækkun að öllu leyti rakin til breytinga í samræmi við samgönguáætlun eða má rekja til launa og verðlagsbreytinga ásamt aðhaldsmarkmiðum.

Viðhald vega hækkar um 235,9 m.kr. og þar af eru 113,3 m.kr. til samræmis við samgönguáætlun.

Útgjöld til framkvæmda hækka um 13.646,1 m.kr. þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsútreikningar. Í fyrsta lagi er lagt til að 7.200 m.kr. af söluandvirði Landssíma Íslands hf. verði varið til vegaframkvæmda, þar af eru 100 m.kr. frá fyrra ári. Í öðru lagi er 6.186,1 m.kr. hækkun framlags til samræmis við samgönguáætlun að teknu tilliti til flýtingu framkvæmda á samgönguáætlun sem mótvægisaðgerð vegna niðurskurðar á þorskkvóta. Í þriðja lagi er ósk um 260 m.kr. tímabundið framlag vegna stofnkostnaðar Grímseyjarferju. Framlagið færist á þennan lið en á ekki liðinn styrkir til ferja og sérleyfishafa. Loks er gert ráð fyrir að 1.530 m.kr. vegna framkvæmda við Sundabraut verði frestað á næsta ári.

Útgjöld til Rannsóknarnefndar umferðaslysa hækka um 9,7 m.kr. þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsútreikningar. Skýrist sú hækkun af tveimur tilefnum. Í fyrsta lagi er farið fram á 9 m.kr. hækkun vegna ráðningar sérfræðings. Um er að ræða starf er felur í sér að sinna bakvöktum til móts við rannsóknarstjóra ásamt öðrum daglegum verkefnum. Í öðru lagi er óskað eftir 0,7 m.kr. tímabundnu framlagi vegna vettvangsrannsóknarnámskeiðs hjá Transport Research Laboratory í Englandi. Um er að ræða námskeið sem ætlað er umferðarslysarannsakendum.

Aðrar breytingar á útgjöldum til vegamála, sem ekki er sérstaklega getið um, eru til samræmis við samgönguáætlun og langtímaáætlun eða má rekja til launa- og verðlagsbreytinga ásamt aðhaldsmarkmiðum.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Almennur rekstur	465,7	508,5	531,2	4,5	14,1
Innheimtukostnaður vegna markaðra tekna	57,1	58,7	62,3	6,1	9,1
Umdæmi og rekstrardeildir	-103,7	0,0	0,0	-	-100,0
Þjónusta	3.361,5	3.091,4	3.349,9	8,4	-0,3
Styrkir til ferja og sérleyfishafa	942,4	662,8	905,9	36,7	-3,9
Styrkir til innanlandsflugs	132,4	244,7	263,4	7,6	98,9
Rannsóknir	113,1	117,4	123,5	5,2	9,2
Viðhald	2.866,5	3.113,7	3.349,6	7,6	16,9
Framkvæmdir	7.954,4	10.352,9	24.637,4	138,0	209,7
Umferðarstofa	336,4	465,4	474,5	2,0	41,1
Rannsóknanefnd umferðarslysa	17,5	16,7	27,1	62,3	54,9
Samtals	**16.143,3**	**18.632,2**	**33.724,8**	**81,0**	**108,9**

Markaðar tekjur til vegamála eru áætlaðar 14.740 m.kr. Af þeim renna í ríkissjóð afborganir af lánum vegna Hvalfjarðaganga og skuldar frá 1999 samtals 187,1 m.kr. Viðskiptahreyfing, er nemur 7.862,5 m.kr. myndast við ráðstöfun á uppsöfnuðum afgangi markaðra tekna vegagerðarinnar. Fjármögnun með mörkuðum tekjum er því samtals 22.415,4 m.kr. Þar að auki er áætlað að beint framlag úr ríkissjóði nemi 10.807,8 m.kr. Þar af eru 3.344,4 m.kr. vegna jarðgangnaátaks og 263,4 m.kr. vegna styrkja til innanlandsflugs. Annað ríkisframlag 7.200 m.kr. er í samræmi við bein framlög úr ríkissjóði miðað við lög um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf. til vegaframkvæmda, þar af eru 100 m.kr. frá fyrra ári. Sjá nánar yfirlit yfir markaðar tekjur í séryfirliti 3 í fjárlagafrumvarpinu og töflu hér á eftir.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2007	Frumvarp 2008
Jarðgangaátak	1.750,9	3.344,4
Annað ríkisframlag	1.500,0	7.200,0
Styrkir til innanlandsflugs	244,7	263,4
Samtals	**3.495,6**	**10.807,8**
Skil á mörkuðum tekjustofnum	14.594,5	22.415,4
Viðskiptahreyfing á gjaldahlið A-hluta	60,0	0,0
Ráðstöfun markaðra tekna		
Innheimtar tekjur	12.163,5	14.740,0
Afborganir af ferjulánum, v. Hvalfjarðarganga og vegna skuldar frá 1999	-324,4	-187,1
Viðskiptahreyfing (inneign, skuld)	2.755,4	7.862,5
Greitt úr ríkissjóði	14.594,5	22.415,4

Siglingamál

Þessi málefnaflokkur nær til eftirtalinna fjárlagaliða: 335 Siglingastofnun Íslands; 336 Hafnabótasjóður og 381 Rannsóknanefnd sjóslysa.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Siglingastofnun Íslands	686,4	778,1	858,8	10,4	25,1
Hafnabótasjóður	724,6	713,2	2.083,3	192,1	187,5
Rannsóknanefnd sjóslysa	28,8	36,9	38,2	3,5	32,6
Samtals	**1.439,8**	**1.528,2**	**2.980,3**	**95,0**	**107,0**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 1.353,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru eftirfarandi:

335 ***Siglingastofnun Íslands.*** Áætluð heildarútgjöld eru 858,8 m.kr. og hækka um 53,8 m.kr. að raungildi frá gildandi fjárlögum. Gert er ráð fyrir að 470,7 m.kr. renni í almennan rekstur stofnunarinnar en í fjárlögum yfirstandandi árs var gert ráð fyrir 438,6 m.kr. sem er 32,1 m.kr. hækkun á milli ára. Þar af er 6,5 m.kr. tímabundið framlag vegna verkefnisins Surtsey á heimsminjaskrá Sameinuðu Þjóðanna og 5 m.kr. vegna íslensku alþjóðlegu skipaskrárinnar. Á viðfangsefni *111 Vaktstöð siglinga* er farið fram á 18,7 m.kr. hækkun vegna breyttra rekstrarforsendna. Aðrar breytingar á fjárlagaliðnum sem ekki er sérstaklega getið um, eru til samræmis við samgönguáætlun og langtímaáætlun eða má rekja til launa- og verðlagsbreytinga ásamt aðhaldsmarkmiðum.

336 ***Hafnabótasjóður.*** Áætluð heildarútgjöld eru 2.083,3 m.kr. og jafngildir það um 1.299,7 m.kr. hækkun að raungildi frá gildandi fjárlögum. Í fyrsta lagi hækkar viðfangsefnið *6.70 Hafnamannvirki* um 1.141 m.kr., þar vegur þyngst 835 m.kr. vegna verkefnisins höfn í Bakkafjöru í samræmi við samgönguáætlun. Í öðru lagi er lögð til 100 m.kr. hækkun á viðfangsefni *681 Vestmannaeyjaferja* í samræmi við samgönguáætlun. Í þriðja lagi sótt um 60 m.kr. til samræmis við samgönguáætlun vegna stækkunar á tollaaðstöðu á Seyðisfirði. Í fjórða lagi er lögð til 1,7 m.kr. lækkun á viðfangsefni *674 Lendingabætur* í samræmi við samgönguáætlun. Í fimmta lagi er lagt til að á viðfangsefni *676 Ferjubryggjur* gangi til baka 0,4 m.kr. tímabundin frestun stofnkostnaðar frá gildandi fjárlögum. Allar aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlagsbreytinga.

381 ***Rannsóknanefnd sjóslysa.*** Framlög til nefndarinnar verður 38,2 m.kr. og hækkar um 1,3 m.kr. Allar breytingar á liðnum má rekja til launa- og verðlagsbreytinga.

Flugmál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 471 Flugmálastjórn Íslands; 475 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta og 481 Rannsóknanefnd flugslysa.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Flugmálastjórn Íslands	1.463,4	270,3	403,4	49,2	-72,4
Framkvæmdir flugmálastjórnar Íslands	539,0	0,0	0,0	-	-100,0
Alþjóðaflugþjónustan	-187,7	0,0	0,0	-	-100,0
Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta	0,0	1.641,6	3.423,6	108,6	-
Rannsóknanefnd flugslysa	32,9	35,9	42,1	17,3	28,0
Samtals	**1.847,6**	**1.947,8**	**3.869,1**	**98,6**	**109,4**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 1.785,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru eftirfarandi:

*471 **Flugmálastjórn Íslands.*** Áætluð heildarútgjöld eru 403,4 m.kr. og jafngildir það um 119,9 m.kr. hækkun að raungildi frá gildandi fjárlögum. Í fyrsta lagi er gerð 60 m.kr. breyting í kjölfar endurskilgreiningar á tekjum stofnunarinnar en í ljós kom að megnið af tekjum stofnunarinnar sem áður höfðu verið skilgreindar sem sértekjur voru í raun ríkistekjur. Við þá breytingu færast tekjurnar með öðrum rekstrartekjum á tekjuhlið fjárlaga. Í öðru lagi hækka framlög um 59,9 m.kr. vegna breytinga á umfangi liðarins. Allar aðrar breytingar má að mestu rekja til launa- og verðlagsbreytinga.

*475 **Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta.*** Heildarframlag til fjárlagaliðarins er áætlað um 3.423,6 m.kr. og jafngildir það um 1.660,8 m.kr. hækkun að raungildi frá gildandi fjárlögum. Í fyrsta lagi hækkar framlag á viðfangsefni *641 Framkvæmdir* um 1.396,3 m.kr. Hér er um að ræða 735,3 m.kr. hækkun í samræmi við samgönguáætlun ásamt ósk 661 m.kr. tímabundið framlag vegna flýtingu framkvæmda við lengingu flugbrauta á Akureyrarflugvelli sem er hluti af mótvægisaðgerðum vegna niðurskurðar á þorskkvótanum. Í öðru lagi hækkar fjárveiting á viðfangsefni *541 Viðhald* um 262,9 m.kr. Skýrist þessi hækkun af 280 m.kr. framlagi vegna flýtingu framkvæmda á Akureyrarflugvelli ásamt ósk um 17,1 m.kr. lækkun í samræmi við samgönguáætlun. Í þriðja lagi hækkar framlagið á viðfangsefni *101 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta* um 1,6 m.kr. Allar aðrar breytingar má að mestu rekja til launa- og verðlagsbreytinga.

*481 **Rannsóknarnefnd flugslysa.*** Framlag til nefndarinnar verður 42,1 m.kr. og hækkar um 4,9 m.kr. að raungildi frá gildandi fjárlögum. Í fyrsta lagi er sótt um 1,9 m.kr. fjárveitingu vegna rekstrarleigu á bifreið fyrir vettvangsrannsóknir. Í öðru lagi er óskað eftir 1,5 m.kr. tímabundinni hækkun vegna handbókar. Í þriðja lagi er farið fram á 0,8 m.kr. tímabundið framlag til kaupa á fjarskipta- og rannsóknarbúnaði í vettvangsrannsóknarbifreið. Í fjórða lagi er óskað eftir 0,4 m.kr. vegna fjölgunar tilkynninga á flugslysum og alvarlegra flugatvika. Í framhaldi af reglugerð nr. 53/2006 sem tók í gildi þann 1. febrúar 2006 um aukna tilkynningu flugslysa, alvarlega flugatvika og atvika mun Rannsóknarnefnd flugslysa ásamt Flugmálastjórn Íslands safna upplýsingum í svokallað ECCAIRS gagnagrunnskerfi. Í fimmta lagi er óskað eftir 0,3 m.kr. tímabundnu framlagi vegna eflingar upplýsingabanka til bættrar tölfræðilegrar úrvinnslu. Allar aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlagsbreytinga.

Markaðar tekjur til flugmála eru áætlaðar 1.323 m.kr. Af þeim renna í ríkissjóð afborganir af lánum samtals 115 m.kr. Viðskiptahreyfing, er nemur 1.437,8 m.kr. myndast við ráðstöfun á uppsöfnuðum afgangi markaðra tekna Flugmálastjórnar. Fjár-

mögnun með mörkuðum tekjum er því samtals 2.645,8 m.kr. Þar að auki er áætlað að beint framlag úr ríkissjóði nemi 1.181,2 m.kr. Sjá nánar yfirlit yfir markaðar tekjur í séryfirliti 3 í fjárlagafrumvarpinu og töflu hér á eftir.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2007	Frumvarp 2008
Beinar greiðslur úr ríkissjóði	838,7	1.181,2
Skil á mörkuðum tekjustofnum	1.073,2	2.645,8
Viðskiptahreyfing á gjaldahlið A-hluta	0,0	0,0
Ráðstöfun markaðra tekna		
Innheimtar tekjur	1.195,4	1.323,0
Afborganir lána	-122,0	-115,0
Viðskiptahreyfing (inneign, skuld)	0,0	1.437,8
Greitt úr ríkissjóði	1.073,2	2.645,8

Póst- og fjarskiptamál

Eftirfarandi tveir fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 512 Póst og fjarskiptastofnunin og 521 Fjarskiptasjóður.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Póst og fjarskiptastofnunin	292,5	245,2	289,0	17,9	-1,2
Fjarskiptasjóður	-26,0	0,0	440,0	-	-1.792,3
Samtals	**266,5**	**245,2**	**729,0**	**197,3**	**173,5**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 476,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru eftirfarandi:

*512 **Póst- og fjarskiptastofnunin.*** Gert er ráð fyrir að heildarútgjöld nemi um 289 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 36,8 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Þær hækkanir á fjárlagaliðnum sem vega hvað þyngst eru í fyrsta lagi, ósk um 22,5 m.kr. framlag vegna ráðningar tveggja starfsmanna og aðkeyptrar sérfræðivinnu vegna markaðsgreiningar og verkefna tengdum henni. Í öðru lagi er sótt um 21 m.kr. fjárheimild vegna aukinnar áherslu á net- og upplýsingaröryggi. Um er að ræða ráðningu tveggja sérfræðinga ásamt hækkun á öðrum rekstrarkostnaði. Niður fellur 5 m.kr. tímabundið framlag vegna verkefna íslenska upplýsingasamfélagsins. Loks er lögð til 1,7 m.kr. lækkun vegna aðhaldskröfu og breyttrar forgangsröðunar innan langtímaáætlunar. Aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlagsbreytinga.

521 Fjarskiptasjóður. Samkvæmt frumvarpinu verða útgjöld á liðnum 500 m.kr. í samræmi við ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf. verði varið til uppbyggingar á sviði fjarskiptamála. Áætlað er að Fjarskiptasjóður hafi 60 m.kr. vaxtatekjur af inneign hjá ríkissjóði og lækkar því beint framlag ríkissjóðs til verkefna og reksturs sjóðsins sem því nemur.

Ferðamál

Til þessa málaflokks telst einn fjárlagaliður; 651 Ferðamálastofa. Heildarútgjöld eru áætluð 366,3 m.kr. og hækka um 19,9 að raungildi frá fjárlögum 2007. Í fyrsta lagi er farið fram á 10 m.kr. tímabundna fjárheimild á viðfangsefni *1.01 Ferðamálastofa* til að sinna verkefnum í markaðri ferðamálaáætlun. Í öðru lagi er óskað eftir 5 m.kr. tímabundnu framlagi til verkefna Íslenska upplýsingasamfélagsins. Um er að ræða verkefnið „Miðlun upplýsinga um íslenska ferðaþjónustu og náttúru". Í þriðja lagi er óskað eftir 3,6 m.kr. fjárveitingu vegna aukins kostnaðar við talningu ferðamanna í Leifsstöð. Í fjórða lagi er sótt um 1,3 m.kr. vegna fjölgunar fulltrúa í Ferðamálaráði.

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem ætlaðir eru til að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um safnliði er að finna í kafla 3.2 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
10-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.

11 Iðnaðarráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun iðnaðarráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	878,5	1.059,1	1.272,5	20	45
Neyslu- og rekstrartilfærslur	3.361,0	3.196,6	3.407,1	7	1
Stofnkostnaður og viðhald	23,4			-	-
Samtals	**4.262,9**	**4.255,7**	**4.679,6**	**10**	**10**
Greitt úr ríkissjóði	-	3.828,2	4.241,4	11	-
Innheimt af ríkistekjum	-	427,5	438,2	3	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals	-	**4.255,7**	**4.679,6**	**10**	-


Heildargjöld iðnaðarráðuneytis árið 2008 eru áætluð um 5.835 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 1.156 m.kr. en þær nema 19,8% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 4.680 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 4.241 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 438 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 1.273 m.kr. og hækka um 214 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um 320 m.kr. fjárveitingu til nýs fjárlagaliðar Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands en af þeirri fjárhæð eru 194,7 m.kr. millifærðar af Iðntæknistofnun Íslands og 101,3 m.kr. af Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. Aðrar helstu breytingar eru þær að gert er ráð fyrir 60 m.kr. fjárveitingu til undirbúnings vegna rammaáætlunar um verndun og nýtingu náttúrusvæða, 40 m.kr. fjárveitingu til stuðnings við raforkunotendur utan samveitna, 35,4 m.kr. fjárveitingu vegna kortlagningar flóða á Íslandi og reksturs vöktunarmæla um flóð og flóðahættu, 18 m.kr. fjárveitingu vegna starfsstöðvar nýsköpunarmiðstöðvar Impru á Ísafirði, 15 m.kr. fjárveitingu vegna aukins kostnaðar við rekstur almennrar skrifstofu iðnaðarráðuneytisins og 15 m.kr. fjárveitingu til jöfnunar kostnaðar við dreifingu raforku vegna 8% hækkunar á dreifigjaldskrá RARIK árið 2007. Þá falla niður 10 m.kr. framlög sem veitt voru til tímabundinna verkefna.

Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 210 m.kr. og verða 3.407 m.kr. en eru 3.197 m.kr. í fjárlögum ársins 2007. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um 105 m.kr. fjárveitingu í samræmi við tillögur stjórnvalda um fjárveitingar til eflingar samkeppnissjóða á sviði vísinda og tækni en gert er ráð fyrir að 80 m.kr. verði veitt til Tækniþróunarsjóðs og 25 m.kr. til Átaks til atvinnusköpunar.

Vikið er nánar að helstu útgjaldabreytingum í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2008 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.



Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa; 102 Einkaleyfastofan og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Iðnaðarráðuneyti aðalskrifstofa	153,1	162,7	183,4	12,7	19,8
Einkaleyfastofan	163,8	127,0	133,8	5,4	-18,3
Ráðstöfunarfé	0,0	8,0	8,0	0,0	-
Samtals	**316,9**	**297,7**	**325,2**	**9,2**	**2,6**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 15 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Hækkunin skýrist alfarið af því að lagt er til að veitt verði 15 m.kr. fjárveiting til að standa undir auknum kostnaði við rekstur almennrar skrifstofu iðnaðarráðuneytisins vegna breytinga á Stjórnarráðinu. Að auki er lagt til að 2,2 m.kr. millifærsla sem gerð var á fjárlögum 2007 frá faggildingarsviði Einkaleyfastofu til aðalskrifstofu ráðuneytisins gangi til baka. Einkaleyfastofa mun hafa 21,8 m.kr. fjárveitingu til reksturs faggildingarsviðs árið 2008. Fjárveitingin er fjármögnuð með 10,6 m.kr. framlagi úr ríkissjóði og 11,2 m.kr. ríkistekjum fyrir faggildingu.

Iðnaðarmál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 205 Nýsköpunarmiðstöð Íslands; 240 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja; 242 Tækniþróunarsjóður; 245 Samtök iðnaðarins; 251 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi og 299 Iðja og iðnaður, framlög.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Nýsköpunarmiðstöð Íslands	-	-	338,6	-	-
Iðntæknistofnun Íslands	191,3	211,7	0,0	-100,0	-100,0
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	97,0	101,3	0,0	-100,0	-100,0
Iðnaðarrannsóknir og stóriðja	23,4	20,2	17,0	-15,8	-27,4
Tækniþróunarsjóður	465,0	500,0	580,0	16,0	24,7
Samtök iðnaðarins	271,8	259,3	259,3	0,0	-4,6
Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi	165,2	75,0	75,0	0,0	-54,6
Iðja og iðnaður, framlög	194,1	197,7	242,6	22,7	25,0
Samtals	**1.407,8**	**1.365,2**	**1.512,5**	**10,8**	**7,4**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 135,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar er þær að gert er ráð fyrir að 308 m.kr. framlagi sem veitt hefur verið til Iðntæknistofnunar Íslands og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins verði millifært yfir á nýjan fjárlagalið Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Aðrar helstu breytingar eru þær að lagt er til að veitt verði 105 m.kr. fjárveiting til eflingar samkeppnissjóða á sviði vísinda og tækni. Þá er gert ráð fyrir 18 m.kr. fjárveitingu til starfsstöðvar nýsköpunarmiðstöðvar Impru á Ísafirði en tillagan er í samræmi við tillögur nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum. Niður fellur 5 m.kr. tímabundið framlag vegna íslenska upplýsingasamfélagsins sem veitt var á fjárlögum 2007. Í eftirfarandi undirköflum er gerð nánari grein fyrir breytingum, að raungildi, á fjárveitingum til einstakra fjárlagaliða málefnaflokksins. Aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlagsbreytinga.

205 Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Gert er ráð fyrir að framlög til þessa nýja fjárlagaliðar verði 338,6 m.kr. Nýsköpunarmiðstöð Íslands tók til starfa 1. ágúst 2007 við samruna Iðntæknistofnunar Íslands og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins. Við samrunann tók Nýsköpunarmiðstöðin við eignum, réttindum og skyldum þessara stofnana. Lagt er til að millifærðar verði á fjárlagaliðinn 206,7 m.kr. fjárheimild Iðntæknistofnunar og 101,3 m.kr. fjárheimild Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins. Aðrar helstu breytingar eru þær að lagt er til að veitt verði 18 m.kr. til að koma á fót starfsstöð nýsköpunarmiðstöðvar Impru á Ísafirði sem í samvinnu við Byggðastofnun og Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða legði áherslu á eflingu atvinnulífsins í

fjórðungnum. Starfsstöðin verður hluti af Þróunarsetrinu á Ísafirði þar sem unnið er að samþættingu háskólakennslu, háskólarannsókna, starfsemi opinberra rannsókna-stofnana og margs konar stuðningsþjónustu sem rekin er fyrir atvinnulífið. Tillagan er hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til með hliðsjón af skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum. Gert er ráð fyrir að störfum muni fjölga um tvö vegna þessa tiltekna verkefnis. Þá er lagt til að 6 m.kr. tímabundnu framlagi verði veitt til liðarins vegna íslenska upplýsingasamfélagsins árið 2008.

240 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja. Gert er ráð fyrir 17 m.kr. fjárveitingu til liðarins og jafngildir það 3,5 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Lækkunin er komin til vegna hagræðingarkröfu og breytinga á forgangsröðun innan útgjaldaramma ráðuneytisins.

242 Tækniþróunarsjóður. Gert er ráð fyrir 580 m.kr. fjárveitingu til liðarins og jafngildir það 80 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Hækkunin er í samræmi við tillögur stjórnvalda um fjárveitingar til eflingar samkeppnissjóða á sviði vísinda og tækni fyrir árin 2008-2011. Gert er ráð fyrir að fjárframlög til fjárlagaliðarins verði samtals 580 m.kr. árið 2008, 650 m.kr. árið 2009, 740 m.kr. árið 2010 og 800 m.kr. árið 2011.

299 Iðja og iðnaður, framlög. Gert er ráð fyrir 242,6 m.kr. fjárveitingu til liðarins og jafngildir það 40,4 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Breytingar á framlögum til liðarins eru þessar: Á viðfangsefni *1.48 Átak til atvinnusköpunar* er gert ráð fyrir 25 m.kr. hækkun fjárveitingar og er það í samræmi við tillögur stjórnvalda um fjárveitingar til eflingar samkeppnissjóða á sviði vísinda og tækni fyrir árin 2008-2011. Fjárframlög til þessa viðfangs verða samtals 75 m.kr. árið 2008 og 80 m.kr. á ári til og með árinu 2011. Á viðfangsefni *1.98 Nýsköpun markaðsmál, ýmis framlög iðnaðar-ráðuneytis* er lögð til 13,5 m.kr. hækkun fjárveitingar en framlagið er hluti af útfærslu iðnaðarráðuneytis á útgjaldasvigrúmi. Á viðfangsefni *1.19 Staðlaráð* er gert ráð fyrir 6,9 m.kr. hækkun fjárveitingar í samræmi við endurskoðaða áætlun um ríkistekjur. Á viðfangsefni *1.45 Kísilgúrsjóður, sjóður til eflingar atvinnulífs í Mývatnssveit* er lögð til 5 m.kr. lækkun fjárveitingar vegna hagræðingarkröfu og breytinga á forgangsröðun innan útgjaldaramma ráðuneytisins. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir ýmis framlög iðnaðarráðuneytis á viðfangi *1.98*.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2008
Sundurliðun á óskiptu viðfangsefni:	
11-299-1.98 Nýsköpun og markaðsmál, ýmis framlög iðnaðarráðuneytis	
Íslandskynning í Brussel	7,0
Verkefni á sviði atvinnuþróunarmála	13,5
Verkefni á sviði nýsköpunarmála	23,0
Kynningarmál	2,2
Jafnréttismál	3,0
Samtals	**48,7**

Orkumál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 301 Orkustofnun; 371 Orkusjóður; 373 Niðurgreiðslur á húshitun; 375 Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku og 399 Ýmis orkumál.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Orkustofnun	378,4	401,5	513,9	28,0	35,8
Orkusjóður	39,4	33,0	34,1	3,3	-13,5
Niðurgreiðslur á húshitun	1.087,6	1.093,1	1.135,0	-	-
Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku	219,7	230,0	245,0	6,5	-
Ýmis orkumál	221,6	86,7	147,7	70,4	-
Samtals	**1.946,7**	**1.844,3**	**2.075,7**	**12,5**	**6,6**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 173,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu ástæður hækkunarinnar er 60 m.kr. fjárveiting vegna rammaáætlunar um verndun og nýtingu náttúrusvæða, 40 m.kr. fjárveiting til stuðnings við raforkunotendur utan samveitna, 26,4 m.kr. fjárveiting til kortlagningar flóða á Íslandi, 15 m.kr. fjárveiting til jöfnunar kostnaðar við dreifingu raforku auk 9 m.kr. framlags til reksturs vöktunarmæla um flóð og flóðahættu. Í eftirfarandi undirköflum er gerð nánari grein fyrir breytingum, að raungildi, á fjárveitingum til einstakra fjárlagaliða málefnaflokksins. Aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlagsbreytinga.

301 Orkustofnun. Gert er ráð fyrir 513,9 m.kr. fjárveitingu til liðarins og jafngildir það 97,9 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Á viðfangsefni *1.01 Orkustofnun* er gert ráð fyrir 60 m.kr. fjárveitingu til undirbúnings vegna rammaáætlunar um verndun og nýtingu náttúrusvæða. Lagt er til að veitt verði 26,4 m.kr. tímabundið framlag til og með árinu 2010 vegna kortlagningar flóða á Íslandi. Auk þess er gert ráð fyrir 9 m.kr. fjárveitingu til reksturs vöktunarmæla til upplýsingaöflunar um flóð og

flóðahættu. Lagt er til að veitt verði 11 m.kr. fjárveiting vegna breytinga á lögum um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, nr. 13/2001. Niður fellur 5 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var á fjárlögum 2007 vegna íslenska upplýsingasamfélagsins. Þá er gert ráð fyrir 3,5 m.kr. lækkun fjárveitingar vegna hagræðingarkröfu og breytinga á forgangsröðun innan útgjaldaramma ráðuneytisins.

373 ***Niðurgreiðslur á húshitun.*** Gert er ráð fyrir 1.135 m.kr. fjárveitingu til liðarins og jafngildir það 0,4 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs sem skýrist öll af verðlagsuppfærslu.

375 ***Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku.*** Gert er ráð fyrir 245 m.kr. fjárveitingu til liðarins og jafngildir það 15 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Hækkunin er komin til vegna 8% hækkunar á dreifbýlisgjaldskrá RARIK árið 2007.

399 ***Ýmis orkumál.*** Gert er ráð fyrir 147,7 m.kr. fjárveitingu til liðarins og jafngildir það 60,5 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Á viðfangsefni *1.24 Notendur utan samveitna* er gert ráð fyrir 40 m.kr. hækkun fjárveitingar til stuðnings við raforkunotendur utan samveitna. Raforka á svæðum utan samtengds raforkukerfis landsins er framleidd með dísilvélum og hefur kostnaður við framleiðsluna farið mjög vaxandi á undanförnum árum vegna hækkunar eldsneytisverðs. Á viðfangsefni *1.98 Ýmis verkefni iðnaðarráðuneytis* er lagt til að veitt verði 13,5 m.kr. tímabundið framlag í eitt ár til nýrra verkefna á sviði orkumála. Tillagan er hluti af útfærslu iðnaðarráðuneytisins á útgjaldasvigrúmi. Á viðfangsefni *1.22 Vistvænir orkugjafar* eru tvær breytingar. Annars vegar er lagt til að 12 m.kr. verði veitt til undirbúnings og forathugunar á svokölluðu djúpborunarverkefni en verkefninu er ætlað að kanna hugsanlega nýtingu varma úr rótum háhitakerfa. Fjármögnun rannsóknarborana verður alfarið á herðum orkufyrirtækjanna en lagt er til að þeir fjármunir sem ríkið leggur til verkefnisins fari alfarið í að kosta hluta af vísindaþætti verkefnisins. Áætlað er að kostnaður ríkisins verði samtals um 342 m.kr. og mun skiptast þannig á milli ára, 11 m.kr. árið 2007, 12 m.kr. árið 2008, 157 m.kr. árið 2009 og 162 m.kr. árið 2010. Hins vegar er gert ráð fyrir 5 m.kr. lækkun fjárveitingar vegna hagræðingarkröfu og breytinga á forgangsröðun innan útgjaldaramma ráðuneytisins. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir ýmis verkefni iðnaðarráðuneytis á viðfangi *1.98*.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2008
Sundurliðun á óskiptu viðfangsefni:	
11-399-1.98 Ýmis verkefni iðnaðarráðuneytis	
Úrskurðar- og samráðsnefnd um framkvæmd raforkulaga	3,5
Kynningar- og útgáfukostnaður	1,0
Loftslagsmál	3,0
Hitaveitulög	2,0
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	3,0
Olíumál	5,8
Erlendir orkusamningar	7,0
Norræn verkefni	2,0
Samtals	**27,3**

Byggðamál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 401 Byggðaáætlun og 411 Byggðastofnun.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Byggðaáætlun	256,4	396,0	379,9	-4,1	48,2
Byggðastofnun	336,1	352,5	386,3	9,6	14,9
Samtals	**592,5**	**748,5**	**766,2**	**2,4**	**29,3**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 13 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Breytingin skýrist af 30 m.kr. lækkun framlaga til Byggðaáætlunar í samræmi við kostnaðaráætlun og 17 m.kr. fjárveitingu í tengslum við tillögur nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum.

401 Byggðastofnun. Gert er ráð fyrir 386,3 m.kr. fjárveitingu til liðarins og jafngildir það 17 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Hækkunin kemur öll fram á viðfangsefni *1.11 Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni*. Annars vegar er gert ráð fyrir 9 m.kr. framlagi til Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða en Strandabyggð hefur í hyggju að koma á fót þróunarsetri á Hólmavík þar sem fyrirhuguð er sambærileg starfsemi og í Þróunarsetri á Ísafirði. Í undirbúningi er verkefni sem byggir á hugmyndum um stofnun framhaldsdeildar, héraðsskjalasafns og starfsaðstöðu fyrir stofnanir og fyrirtæki. Gert er ráð fyrir að ráða einn starfsmann við að undirbúa stofnun Þróunarseturs á Hólmavík og vinna að uppbyggingu atvinnustarfsemi innan setursins. Hins vegar er lagt til að veitt verði 8 m.kr. framlag til Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða en Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur hafa komið á fót þróunarsetri á Patreksfirði þar sem fyrirhuguð er sambærileg starfsemi og í Þróunarsetri á Ísafirði. Þessi tillaga er hluti af

tillögu um alls 24 m.kr. fjárveitingu til að aðstoða Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, Náttúrustofu Vestfjarða og Fræðasetur Háskóla Íslands við að ráða starfsmann hvert um sig til að koma á fót verkefnum á sviði fiskeldis, ferðaþjónustu, fugla-, gróður- og vistfræðirannsóknum og nýsköpunar í fyrirtækjum. Samsvarandi tillögur um 8 m.kr. framlög eru á fjárlagaliðum Háskóla Íslands og Náttúrustofu Vestfjarða.

411 Byggðaáætlun. Gert er ráð fyrir 379,9 m.kr. fjárveitingu til liðarins og jafngildir það 30 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs sem er í samræmi við byggðaáætlun.

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem ætlaðir eru til að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um safnliði er að finna í kafla 3.2 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
01-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.

12 Viðskiptaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun viðskiptaráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	970,9	1.223,4	1.637,0	34	69
Neyslu- og rekstrartilfærslur	406,3	445,5	223,4	-50	-45
Stofnkostnaður og viðhald				-	-
Samtals	**1.377,2**	**1.668,9**	**1.860,4**	**11**	**35**
Greitt úr ríkissjóði	-	499,7	736,5	47	-
Innheimt af ríkistekjum	-	1.152,1	1.106,8	-4	-
Viðskiptahreyfingar	-	17,1	17,1	-	-
Samtals	-	**1.668,9**	**1.860,4**	**11**	-

Heildargjöld viðskiptaráðuneytis árið 2008 eru áætluð um 1.887 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 27 m.kr. en þær nema 14,3% af heildargjöldum ráðu-


neytisins. Gjöld umfram tekjur eru 1.860 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 737 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 1.107 m.kr. innheimtar af ríkistekjum. Mismunurinn, 17 m.kr., færist til hækkunar á viðskiptahreyfingum ríkissjóðs.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 1.637 m.kr. og hækka um 413,6 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um 331,6 m.kr. hækkun á fjárheimild Fjármálaeftirlitsins.

Neyslu- og rekstrartilfærslur lækka um 222,1 m.kr. og verða 223,4 m.kr. en eru 445,5 m.kr. í fjárlögum ársins 2007. Þyngst vega 401 m.kr. niðurfelling á framlagi til flutningsjóðs olíuvara og 150 m.kr. fjárveiting til tímabundinnar jöfnunar á kostnaði við vöruflutninga til Vestfjarða.

Vikið er nánar að helstu útgjaldabreytingum í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2008 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.



Skuldbindandi samningar

Viðskiptaráðuneytið hefur á síðustu árum gert samning við Neytendasamtökin sem áætlað er að kosti 8,5 m.kr. á yfirstandandi ári. Þessi samningur er tilgreindur í töflunni hér að neðan.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2007	2008	2009	2010	2011
Þjónustudamningur við Neytendasamtökin	C	8,5	8,5	8,5	8,5	8,5
Samtals		**8,5**	**8,5**	**8,5**	**8,5**	**8,5**

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir viðskiptaráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Viðskiptaráðuneytið, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa	137,7	129,2	170,2	31,7	23,6
Ýmis verkefni	55,0	44,2	66,0	49,3	20,0
Ráðstöfunarfé	0,0	3,0	3,0	0,0	-
Samtals	**192,7**	**176,4**	**239,2**	**35,6**	**24,1**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 55,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Munar þar mest um 36,8 m.kr. fjárveitingu til aðalskrifstofu viðskiptaráðuneytisins vegna breytinga á Stjórnarráðinu og 20 m.kr. tímabundins framlags til verkefna á sviði viðskipta- og bankamála. Í eftirfarandi undirköflum er gerð nánari grein fyrir breytingum, að raungildi, á fjárveitingum til einstakra fjárlagaliða málefnaflokksins. Aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlagsbreytinga.

101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa. Gert er ráð fyrir 170,2 m.kr. fjárveitingu til liðarins og jafngildir það 34,8 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Annars vegar er óskað eftir 36,8 m.kr. framlagi vegna aukins kostnaðar við yfirstjórn viðskiptaráðuneytis vegna breytinga á Stjórnarráðinu og hins vegar er gert ráð fyrir 2 m.kr. lækkun fjárveitingar vegna hagræðingarkröfu og breytinga á forgangsröðun innan útgjaldaramma ráðuneytisins.

190 Ýmis verkefni. Gert er ráð fyrir 66 m.kr. fjárveitingu til liðarins og jafngildir það 21 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Á viðfangsefni *1.90 Ýmis viðskipta- og bankamál* er lagt er til að veitt verði 20 m.kr. tímabundið framlag í eitt ár til nýrra verkefna en tillagan er hluti af útfærslu viðskiptaráðuneytisins á útgjaldasvigrúmi. Þá er gert ráð fyrir 1 m.kr. hækkun fjárveitingar á viðfangsefni *1.20 Icepro-nefnd* í ljósi endurskoðaðrar áætlunar um tekjur af tryggingagjaldi.

Viðskiptamál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 402 Fjármálaeftirlitið; 411 Samkeppniseftirlitið; 421 Neytendastofa og 425 Talsmaður neytenda.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fjármálaeftirlitið	376,0	597,1	935,7	-	-
Samkeppniseftirlitið	170,1	212,7	252,5	18,7	48,4
Neytendastofa	243,1	248,1	251,4	1,3	3,4
Talsmaður neytenda	13,0	18,2	15,7	-13,7	20,8
Ýmis viðskiptamál	14,8	15,4	15,9	3,2	7,4
Samtals	**817,0**	**1.091,5**	**1.471,2**	**34,8**	**80,1**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 362,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingarnar eru þær að lagt er til að fjárheimild Fjármálaeftirlitsins verði hækkuð um 338,6 m.kr. vegna aukinna verkefna og fjölgunar starfsmanna hjá stofnuninni og þá er gert ráð fyrir 24 m.kr. fjárveitingu til Samkeppniseftirlitsins vegna fjölgunar starfsmanna. Í eftirfarandi undirköflum er gerð nánari grein fyrir breytingum, að raungildi, á fjárveitingum til einstakra fjárlagaliða málefnaflokksins. Aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlagsbreytinga.

*402 **Fjármálaeftirlitið.*** Gert er ráð fyrir 935,7 m.kr. fjárveitingu til liðarins. Lagt er til að fjárheimild stofnunarinnar verði hækkuð um 338,6 m.kr. eftir sértekjur vegna aukinna verkefna og fjölgunar starfsmanna hjá stofnuninni. Er tillagan í samræmi við frumvarp til laga um breytingu á lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Útgjöldin eru fjármögnuð með hækkun á eftirlitsgjaldi sem færist á tekjuhlið ríkissjóð og hefur breytingin því ekki áhrif á afkomu hans.

*411 **Samkeppniseftirlitið.*** Gert er ráð fyrir 252,5 m.kr. fjárveitingu til liðarins og jafngildir það 32 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Hækkunin skýrist í fyrsta lagi af 24 m.kr. fjárveitingu til að standa undir upphaflegum áætlunum um starfsmannafjölda, í öðru lagi er gert ráð fyrir 6 m.kr. framlagi til styrkingar tölvukerfis Samkeppniseftirlitsins og í þriðja lagi er lögð til 2 m.kr. fjárveiting vegna hærri húsaleigu í nýju húsnæði Samkeppniseftirlitsins.

*421 **Neytendastofa.*** Gert er ráð fyrir 251,4 m.kr. fjárveitingu til liðarins og jafngildir það 5 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Gert er ráð fyrir 5 m.kr. tímabundnu framlagi í eitt ár til verkefnisins, Rafræn Neytendastofa, en markmiðið með því verkefni er að halda utan um öll samskipti neytenda við Neytendastofu á einum stað. Þá er gert ráð fyrir 10 m.kr. lækkun fjárveitingar vegna hagræðingarkröfu og breytinga á forgangsröðun innan útgjaldaramma ráðuneytisins.

*425 **Talsmaður neytenda.*** Gert er ráð fyrir 15,7 m.kr. fjárveitingu til liðarins og jafngildir það 3 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Lagt er til að veitt verði 2 m.kr. tímabundin fjárveiting í eitt ár til verkefnisins, Leiðakerfi neytenda. Um er að ræða gagnvirka netgátt þar sem neytendur geti með gagnvirkum hætti kannað rétt sinn á aðgengilegan og skiljanlegan hátt og komið kvörtunum til fyrirtækja á framfæri. Tillagan er hluti af útfærslu viðskiptaráðuneytisins á útgjaldasvigrúmi sínu. Niður fellur 5 m.kr. tímabundin fjárveiting vegna íslenska upplýsingasamfélagsins sem veitt var á fjárlögum 2007.

Flutningsjöfnun

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 811 Flutningssjóður olíuvara og 831 Jöfnun kostnaðar við vöruflutninga til Vestfjarða. Breytingar í þessum málefnaflokki eru tvær. Annars vegar er lagt til að veitt verði 150 m.kr. tímabundin fjárveiting á viðfangsefni *1.10 Jöfnun kostnaðar við vöruflutninga til Vestfjarða.* Niðurgreiðslan mun renna til flutningsfyrirtækjanna en ekki beint til einstakra viðskiptavina þeirra og er viðbótarafsláttur við þau kjör sem fyrirtækin kunna að njóta í dag. Um er að ræða tímabundna greiðslu til verkefnisins sem tæki enda þegar samgöngubótum til Vestfjarða er lokið en þær eru vegur um Arnkötludal, þverun Mjóafjarðar og aðrar vegabætur í Djúpinu sem allar eiga að klárast á síðari hluta ársins 2008 en þó eigi síðar en á árinu 2009. Hins vegar er lagt til að 401 m.kr. framlag á viðfangsefni *1.10 Flutningssjóður olíuvara* falli niður þar sem áformað er að leggja sjóðinn niður árið 2008. Flutningssjóður olíuvara byggir á lögum um jöfnun á flutningssjóði olíuvara sem tóku gildi árið 1994. Sjóðurinn er fjármagnaður með flutningsjöfnunargjaldi sem lagt er á allar olíuvörur sem fluttar eru til landsins. Afkoma ríkissjóðs mun því ekki breytast við það að leggja niður sjóðinn. Samskonar sjóður sem byggði á lögum um jöfnun flutningskostnaðar á sementi frá árinu 1973 var lagður niður árið 2004.

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem ætlaðir eru til að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um safnliði er að finna í kafla 3.2 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
01-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.

13 Hagstofa Íslands

Útgjöld og fjármögnun Hagstofu Íslands breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	626,6	595,0	628,6	6	0
Neyslu- og rekstrartilfærslur	2,1	0,3	0,3	0	-86
Stofnkostnaður og viðhald				-	-
Samtals	**628,7**	**595,3**	**628,9**	**6**	**0**
Greitt úr ríkissjóði	-	595,3	628,9	6	-
Innheimt af ríkistekjum	-			-	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals	-	**595,3**	**628,9**	**6**	-

Heildargjöld Hagstofu Íslands árið 2008 eru áætluð um 706 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 77 m.kr. en þær nema tæpum 11% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 629 m.kr. og eru öll fjármögnuð með beinu framlagi úr ríkissjóði.

Samkvæmt lögum nr. 109/2007 um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, verður Hagstofa Íslands ekki ráðuneyti heldur sjálfstæð stofnun undir forsætisráðuneyti frá og með 1. janúar 2008. Við aðra umræðu fjárlaga verða fluttar breytingatillögur við fjárlagafrumvarpið miðað við breytta skipan Stjórnarráðsins.

Gert er ráð fyrir að fjárveitingar til Hagstofunnar hækki um 33,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Þar af eru launa- og verðlagsbætur 18,6 m.kr. þannig að raunhækkun fjárveitinga er 15 m.kr. Breytingar eru í fyrsta lagi þær að farið er fram á 10 m.kr. fjárveitingu vegna stöðu tveggja sérfræðinga við hagskýrslugerð um þjónustuviðskipti við útlönd en sú starfsemi hefur nú verið flutt frá Seðlabanka Íslands til Hagstofunnar. Undirbúningur að flutningi verkefnisins hófst á árinu 2007 og 15 m.kr. veitt til þess á fjárlögum og jafnframt gert ráð fyrir 10 m.kr. viðbótarfjárveitingu á árinu 2008 þegar verkefnið væri endanlega komið til Hagstofunnar. Í öðru lagi er lögð til 7,5 m.kr. fjárveiting vegna nýrrar stöðu mannauðsstjóra. Á árinu 2006 störfuðu 82 starfsmenn í fullu starfi hjá Hagstofunni auk 40 starfsmanna sem ráðnir eru tímabundið vegna hinna ýmsu kannana sem Hagstofan gerir. Starfsmannamálum hefur til þessa verið sinnt af yfirstjórn Hagstofunnar en ekki er lengur talið fært að sinna þeim sem aukastarfi. Í þriðja lagi er lögð til 2,5 m.kr. fjárveiting til almennrar styrkingar á launaramma Hagstofunnar. Í fjórða lagi fellur nú niður 5 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var á fjárlögum 2007 vegna kostnaðar við norrænt tölfræðingamót

og þing hagstofustjóra á Norðurlöndum sem haldið var í Reykjavík í sumar. Rekstrarumfang Hagstofunnar hefur verið nokkru meira en gert hefur verið ráð fyrir í fjárlögum undanfarinna ára. Um er að ræða útgjöld sem fjármögnuð hafa verið með sértekjum og er gerð leiðrétting á því í frumvarpinu með því að hækka hvoru tveggja um 58 m.kr. Gjöld umfram tekjur og bein framlög úr ríkissjóði verða óbreytt eftir sem áður.

14 Umhverfisráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun umhverfisráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	2.414,4	3.267,1	3.257,9	0	35
Neyslu- og rekstrartilfærslur	1.465,2	1.277,5	1.422,6	11	-3
Stofnkostnaður og viðhald	592,0	406,2	775,5	91	31
Samtals	**4.471,6**	**4.950,8**	**5.456,0**	**10**	**22**
Greitt úr ríkissjóði	-	2.848,9	3.049,8	7	-
Innheimt af ríkistekjum	-	2.101,9	2.406,2	14	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals	-	**4.950,8**	**5.456,0**	**10**	-

Heildargjöld umhverfisráðuneytis árið 2008 eru áætluð um 6.659 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 1.203 m.kr. en þær nema 18% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 5.456 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 3.050 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 2.406 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 3.258 m.kr. og lækka um 9 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Launa- og verðlagsbætur eru 79 m.kr. og því er raunlækkun rekstrarfjárveitinga 88 m.kr. Munar þar mest um 180 m.kr. lækkun á fjárveitingu til Úrvinnslusjóðs vegna lækkunar á gjaldskrá sjóðsins ásamt því að niður falla nokkur framlög sem veitt voru til tímabundinna verkefna en þau nema alls 130 m.kr. Á móti koma ný framlög til ýmissa nýrra verkefna. Gert er ráð fyrir alls 126 m.kr. nýjum framlögum til Náttúrufræðistofnunar Íslands. Munar þar mest um 50 m.kr. vegna leigu á nýju skrifstofu- og rannsóknarhúsnæði fyrir stofnunina og 30 m.kr. tímabundið framlag vegna kostnaðar við flutning og til kaupa á búnaði í hið nýja húsnæði. Þar sem enn liggur ekki fyrir hvaða húsnæði verður fyrir valinu eða hvenær það verður tilbúið má gera ráð fyrir að þessar tillögur komi til endurskoðunar fyrir 2. umræðu frumvarpsins. Önnur helstu framlög til Náttúrufræðistofnunar eru þau að lagt er til að 20 m.kr. verði veitt til nokkurra mála til að


efla atvinnulíf á Vestfjörðum og veitt verði 13 m.kr. tímabundið framlag til að ljúka rannsóknum á áhrifum sinueldanna á Mýrum vorið 2006 á náttúru og lífríki svæðisins. Ný framlög til Umhverfisstofnunar nema alls 59 m.kr. Þar af eru 20 m.kr. til að styrkja starf stofnunarinnar á sviði EES mála, 15 m.kr. til reksturs nýrrar Hornstrandargestastofu á Ísafirði og 12 m.kr. til reksturs Surtseyjarstofu í Vestmannaeyjum. Ný framlög til Veðurstofu Íslands nema 34 m.kr. Munar þar mest um 16 m.kr. tímabundið framlag til rannsókna á loftslagsbreytingum og 13 m.kr. til nokkurra mála til að efla atvinnu á Vestfjörðum. Að síðustu skal nefnt að rekstrarumfang ráðuneytisins hefur verið nokkru meira en gert hefur verið ráð fyrir í fjárlögum. Um er að ræða útgjöld sem fjármögnuð hafa verið með sértekjum og er gerð leiðrétting á því í frumvarpinu með því að hækka hvoru tveggja um samtals 181 m.kr. Munar þar mest um 120 m.kr. hjá Veðurstofu Íslands og 50 m.kr. hjá Umhverfisstofnun. Rekstrargjöld umfram tekjur og bein framlög úr ríkissjóði verða því óbreytt eftir sem áður.

Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 145 m.kr. og verða 1.423 m.kr. en eru 1.278 m.kr. í fjárlögum 2007. Þyngst vegur 145 m.kr. hækkun á framlagi til Endurvinnslunnar hf. og 28 m.kr. hækkun á framlagi til skipulagsmála sveitarfélaga. Niður falla alls 73 m.kr. framlög sem veitt voru til tímabundinna verkefna. Aðrar breytingar eru smærri.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 776 m.kr. og er það 369 m.kr. hækkun milli ára. Mest munar um 297 m.kr. hækkun á framlagi til Ofanflóðasjóðs og 111 m.kr. hækkun hjá Vatnajökulsþjóðgarði. Niður falla framlög sem veitt voru til tímabundinna verkefna hjá Umhverfisstofnun og Veðurstofu Íslands, 25 m.kr. hjá hvorri stofnun um sig.

Vikið er nánar að helstu útgjaldabreytingum í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2008 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.



Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir umhverfisráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa	260,0	277,1	291,1	5,1	12,0
Ýmis verkefni	233,1	295,4	234,9	-20,5	0,8
Ráðstöfunarfé	0,0	5,0	5,0	0,0	-
Samtals	**493,1**	**577,5**	**531,0**	**-8,1**	**7,7**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 62 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru þær að gert er ráð fyrir 10 m.kr. nýju framlagi til aðalskrifstofu ráðuneytisins til að kosta stöðu sérfræðings við Umhverfisstofnun Evrópu en niður falla alls 72 m.kr. tímabundin framlög sem veitt voru til ýmissa verkefna, þar af 48,3 m.kr. framlag til minkarannsókna. Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu breytingum á fjárveitingum til málefnaflokksins.

101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa. Gert er ráð fyrir 291,1 m.kr. fjárveitingu til skrifstofunnar og er það 14 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum en að frátöldum launa- og verðlagsbótum nemur hækkunin 3 m.kr. Sótt er um 10 m.kr. tímabundið framlag í þrjú ár til að kosta stöðu sérfræðings við Umhverfisstofnun Evrópu. Mikilvægt er talið að halda úti slíkri stöðu til að fylgjast með því sem helst er að gerast í umhverfismálum í Evrópusamstarfinu og koma sjónarmiðum Íslands til skila á erlendum vettvangi. Niður fellur 7 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var á fjárlögum 2007 til kaupa á búnaði í fundarsal ráðuneytisins. Rekstrarumfang skrifstofunnar hefur verið nokkru meira en gert hefur verið ráð fyrir í fjárlögum. Um er að ræða útgjöld sem fjármögnuð hafa verið með sértekjum og er gerð leiðrétting á því í frumvarpinu með því að hækka hvoru tveggja um 14 m.kr. Gjöld umfram tekjur og bein framlög úr ríkissjóði verða óbreytt eftir sem áður.

190 Ýmis verkefni. Gert er ráð fyrir 234,9 m.kr. framlagi til þessa fjárlagaliðar og jafngildir það 65 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Á viðfangi *1.36 Rannsóknir og útrýming á mink* fellur niður 48,3 m.kr. tímabundið framlag. Lagt er til að 1 m.kr. framlög sem veitt voru tímabundið til CAFF-skrifstofunnar á viðfangi *1.41* og PAME-skrifstofunnar á viðfangi *1.42* falli ekki niður heldur verði varanleg. Á viðfangi *1.98*

Ýmis framlög umhverfisráðuneytis falla niður þrjú tímabundin framlög sem eru 10 m.kr. til Hoffellsstofu, 5 m.kr. til Sesseljuhúss á Sólheimum í Grímsnesi og 1,7 m.kr. sem veitt var til stuðnings rússneskri áætlun um verndun hafsvæða norðursins gegn mengun frá landi. Þá er gert ráð fyrir að 6,8 m.kr. fjárveiting sem umhverfisráðuneytið hafði á viðfangi *1.51* til að mæta kostnaði við stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs flytjist á viðfang *1.98 Ýmis framlög umhverfisráðuneytis*. Aðrar breytingar á fjárveitingum liðarins skýrast af launa- og verðlagsbótum. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir gjöld og fjárveitingar liðarins.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fastanefndir	34,2	8,8	9,1	3,4	-73,4
Samvinnunefnd um miðhálendið	9,0	11,6	12,0	3,4	33,3
Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum	15,3	19,5	19,7	1,0	28,8
Umhverfisvöktun	26,5	28,0	28,0	0,0	5,7
Rannsóknir og útrýming á mink	29,3	48,3	0,0	-100,0	-100,0
Alþjóðastofnanir	10,6	17,7	16,4	-7,3	54,7
Vernd gróður- og dýraríkis á norðl. slóðum CAFF	9,5	9,9	10,2	3,0	7,4
Varnir gegn mengun hafsins, PAME-skrifstofa	9,5	9,8	10,0	2,0	5,3
Þjóðgarður Vatnajökuls, undirbúningur	8,7	6,8	0,0	-100,0	-100,0
Rannsóknastöð að Kvískerjum	2,1	1,1	1,1	0,0	-47,6
Vernd Breiðafjarðar	5,6	7,8	8,1	3,8	44,6
Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál	32,1	33,1	34,1	3,0	6,2
Ýmis verkefni	11,5	19,0	19,7	3,7	71,3
Ýmis framlög umhverfisráðuneytis	29,2	74,0	66,5	-10,1	127,7
Samtals	**233,1**	**295,4**	**234,9**	**-20,5**	**0,8**

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2007	Frumvarp 2008
Sundurliðun á óskiptu viðfangsefni:		
14-190-1.98 Ýmis framlög umhverfisráðuneytis		
Skráningar- og viðskiptakerfi yfir útstreymisheimildir	15,0	15,0
Frjáls félagasamtök	10,0	10,0
Hoffellsstofa	10,0	0,0
Prófessorsstaða við líffræðiskor Háskóla Íslands	8,3	9,0
Staðardagskrá 21	5,0	5,0
Sesseljuhús að Sólheimum í Grímsnesi	5,0	0,0
Verndun hafsvæða norðursins gegn mengun frá Rússlandi	1,4	0,0
Umhverfisfræðsluráð	1,1	1,5
Byggingastaðlar	0,5	0,7
Samstarf við Kína á sviði umhverfismála og jarðskjálftavöktunar	4,0	4,0
Vistvæn innkaup	3,0	3,0
Ýmis umhverfisverkefni	5,1	6,8
Óskipt	5,6	11,5
Samtals	**74,0**	**66,5**

Umhverfisvernd

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 202 Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn; 211 Umhverfisstofnun; 212 Vatnajökulsþjóðgarður; 281 Styrkir til fráveitna sveitarfélaga; 287 Úrvinnslusjóður og 289 Endurvinnslan hf.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn	11,5	14,2	14,8	4,2	28,7
Umhverfisstofnun	678,6	667,4	658,6	-1,3	-2,9
Vatnajökulsþjóðgarður	0,0	119,0	233,4	96,1	-
Styrkir til fráveitna sveitarfélaga	240,3	190,0	200,0	5,3	-16,8
Úrvinnslusjóður	607,4	880,0	700,0	-20,5	15,2
Endurvinnslan hf.	921,0	840,0	985,0	17,3	6,9
Samtals	**2.458,8**	**2.710,6**	**2.791,8**	**3,0**	**13,5**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 60,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Stærstu breytingarnar felast í 112,5 m.kr. hækkun á fjárveitingu Vatnajökulsþjóðgarðs en þar af eru 45 m.kr. millifærðar frá Umhverfisstofnun, 145 m.kr. hækkun á útgjöldum Endurvinnslunnar hf. og 180 m.kr. lækkun á framlagi til Úrvinnslusjóðs.

*202 **Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn.*** Gert er ráð fyrir 14,8 m.kr. fjárveitingu til stöðvarinnar. Það er 0,6 m.kr. hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs og skýrist hækkunin alfarið af launa- og verðlagsbótum. Rekstrarumfang stofnunarinnar hefur verið nokkru meira en gert hefur verið ráð fyrir í fjárlögum. Um er að ræða útgjöld sem fjármögnuð hafa verið með sértekjum og er gerð leiðrétting á því í frumvarpinu með því að hækka hvoru tveggja um 2 m.kr. Gjöld umfram tekjur og bein framlög úr ríkissjóði verða óbreytt eftir sem áður.

*211 **Umhverfisstofnun.*** Gert er ráð fyrir 658,6 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar og jafngildir það 27 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Munar þar mest um að 45 m.kr. eru millifærðar til nýrrar stofnunar, Vatnajökulsþjóðgarðs, sem m.a. tekur við rekstri þjóðgarðanna í Skaftafelli og Jökulsárgljúfrum. Aðrar breytingar á rekstrarfjárveitingum á viðfangi *1.01 Umhverfisstofnun* felast í fyrsta lagi í tillögu um 12 m.kr. fjárveitingu til reksturs Surtseyjarstofu í Vestmannaeyjum. Undirbúningur fyrir stofnun stofunnar hófst með sýningu um Surtsey í Þjóðmenningarhúsinu í vor. Sýningin verður flutt í Surtseyjarstofu á næsta ári. Í öðru lagi er sótt um 12 m.kr. fjárveitingu í framhaldi af yfirtöku Matís ohf. á rannsóknastofu Umhverfisstofnunar. Rannsóknastofan var rekin sem fjárhagslega sjálfstæð eining innan Umhverfisstofnunar og skilaði rekstur hennar 12 m.kr. framlegð á ári upp í fastan kostnað

stofnunarinnar. Á síðustu árum hefur umfang vinnu hjá Umhverfisstofnun vegna Evrópusambandsgerða, stjórnsýsla öll og þátttaka í erlendu samstarfi vegna þess margfaldast. Er því í þriðja lagi lagt til að 20 m.kr. verði varið til að styrkja starfsemi stofnunarinnar á sviði EES mála. Fyrir liggur á næstunni upptaka nokkurra stórra Evrópusambandsgerða. Þær helstu eru tilskipun um efni og efnavörur og tilskipun um leyfisveitingar vegna sæfiefna. Í báðum tilvikum þarf að koma upp gagnagrunni til skráningar á þessum efnum en gert er ráð fyrir að innflytjendur og framleiðendur greiði fyrir rekstur gagnagrunnsins með skráningargjöldum. Þá verður lögð áhersla á að efla skráningu til að meta útstreymi og losun mengandi efna. Er það í samræmi við EES gerð samningsins um loftgæði og loftgæðavöktun og annarra alþjóðlegra skuldbindinga og framkvæmdaáætlun um mengun frá landstöðvum, og í takt við kröfur alþjóðasamfélagsins um tilvist og aðgengi að rauntíma upplýsingum um umhverfið. Í fjórða lagi er tillaga um 15 m.kr. fjárveitingu til að koma á fót og starfrækja gestastofu á Ísafirði sem tengist friðlandinu á Hornströndum. Gert er ráð fyrir að í gestastofunni muni starfa landvörður í heilsársstarfi, auk sumarstarfsfólks. Með því að gera starfið að heilsársstarfi er hægt að vinna að fræðslumálum, markaðssetningu og skipulagi ferðamennsku innan friðlandsins á vetrartímanum. Í fjáraukalögum 2007 er jafnframt sótt um 20 m.kr. framlag til undirbúnings og uppsetningar stofunnar. Áætlað er að rekstur stofunnar fjölgi störfum á Vestfjörðum sem svarar einu og hálfu stöðugildi, og er tillagan hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til með hliðsjón af skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum. Niður fellur 4 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var til kaupa á tækjum til umhverfisvöktunar við Hvaleyrarholt, sem og 7 m.kr. framlag sem veitt var til undirbúnings að stofnun Surtseyjarstofu. Á viðfangi *1.11 Endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna veiða á ref og mink* fellur niður 5 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var á fjárlögum 2006 og á viðfangi *5.41 Þjóðgarðar og friðlýst svæði* fellur niður 25 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var á fjárlögum 2005 til uppbyggingar á gestastofum í þjóðgörðunum í Jökulsárgljúfrum og á Snæfellsnesi. Að síðustu skal nefnt að rekstrarumfang stofnunarinnar hefur verið nokkru meira en gert hefur verið ráð fyrir í fjárlögum. Um er að ræða útgjöld sem fjármögnuð hafa verið með sértekjum og er gerð leiðrétting á því í frumvarpinu með því að hækka hvoru tveggja um 50 m.kr. Gjöld umfram tekjur og bein framlög úr ríkissjóði verða óbreytt eftir sem áður.

212 ***Vatnajökulsþjóðgarður.*** Lagt er til að fjárveiting til Vatnajökulsþjóðgarðs verði 233,4 m.kr. og jafngildir það 112,5 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum yfirstandandi árs. Rekstrarframlag hækkar um 2 m.kr. en framlag til stofnkostnaðar hækkar um 110,5 m.kr. Í frumvarpinu er því gert ráð fyrir að hægar verði farið í uppbyggingu garðsins á árinu 2008 en ráðgert var í kostnaðaráætlun sem fylgdi lagafrumvarpinu um þjóðgarðinn, en þar var áætlað að garðurinn hefði tvöfalt hærri fjárveitingu á árinu

2008 en hér er lagt til, eða 466 m.kr. Breytingar á rekstrarfjárveitingum sem hér eru lagðar til eru þær að niður fellur 59 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var vegna ýmiss undirbúningskostnaðar við stofnun þjóðgarðsins, 45 m.kr. fjárveiting er millifærð frá Umhverfisstofnun í tengslum við það að þjóðgarðarnir í Skaftafelli og Jökulsárgljúfrum renna inn í Vatnajökulsþjóðgarð og lögð er til 16 m.kr. fjárveiting til að efla rekstur garðsins. Breytingar á framlögum til stofnkostnaðar eru þær að niður fellur 50 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var til endurbóta á gestastofunni í Skaftafelli en á móti er tillaga um að veitt verði 160,5 m.kr. nýtt framlag, þar af 100 m.kr. tímabundið í fimm ár.

*281 **Styrkir til fráveitna sveitarfélaga.*** Gert er ráð fyrir 200 m.kr. fjárveitingu á liðinn. Fjárveitingin hækkar um 10 m.kr. frá fjárlögum ársins í ár þar sem tímabundin 5% frestun stofnkostnaðar í fjárlögum 2007 gengur til baka.

*287 **Úrvinnslusjóður.*** Gert er ráð fyrir 180 m.kr. lækkun á fjárveitingu til Úrvinnslusjóðs. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun um ríkistekjur af úrvinnslugjaldi er gert ráð fyrir að gjaldið skili 700 m.kr. tekjum á árinu 2008 og að tekjunum verði öllum veitt til Úrvinnslusjóðs. Þetta eru 180 m.kr. lægri tekjur en áætlað var á fjárlögum 2007. Lækkunin skýrist af því að fyrr á þessu ári var gerð breyting á lögum um úrvinnslugjald og fjárhæð gjaldsins lækkuð í því skyni að draga úr sjóðsmyndun, en tekjur af gjaldinu hafa verið töluvert umfram útgjöld sjóðsins. Áætlað er að sjóðurinn hafi 100 m.kr. vaxtatekjur af inneign sinni hjá ríkissjóði og að tekjunum verði varið til að standa undir útgjöldum sjóðsins. Áætlað er að útgjöld Úrvinnslusjóðs verði 950 m.kr. á árinu 2008 og að það sem uppá vantar að tekjur standi undir gjöldum verði fjármagnað af uppsöfnuðu eigin fé sjóðsins.

*289 **Endurvinnslan hf.*** Framlag ríkissjóðs til Endurvinnslunnar hf. er alfarið fjármagnað með tekjum af skilagjaldi og umsýsluþóknun á einnota drykkjarvöruumbúðir í samræmi við lög nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur. Áætlað er að á árinu 2008 muni þessi gjöld skila 985 m.kr. tekjum en það er 145 m.kr. hækkun frá áætlun fjárlaga ársins í ár. Gert er ráð fyrir að tekjurnar renni allar til Endurvinnslunnar hf. Samkvæmt gildandi lögum nr. 162/2002, um úrvinnslugjald, skulu umbúðir sem lög nr. 52/1989 taka til falla undir fyrrnefndu lögin frá og með 1. janúar 2008, jafnframt því sem síðarnefndu lögin falla þá úr gildi. Í þessu frumvarpi til fjárlaga er þó reiknað með óbreyttu fyrirkomulagi á næsta ári því umhverfisráðuneytið áformar að leggja fram lagafrumvarp á haustþingi þar sem m.a. áðurnefndu gildistökuákvæði í lögum um úrvinnslugjald verði frestað vegna áforma um að innleiða svokallaða framleiðendaábyrgð á söfnun einnota drykkjarvöruumbúða.

Skipulagsmál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 301 Skipulagsstofnun; 303 Skipulagsmál sveitarfélaga; 310 Landmælingar Íslands; 321 Brunamálastofnun ríkisins og 381 Ofanflóðasjóður.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Skipulagsstofnun	143,0	145,9	158,6	8,7	10,9
Skipulagsmál sveitarfélaga	104,7	127,5	155,0	21,6	48,0
Landmælingar Íslands	187,6	214,2	221,0	3,2	17,8
Brunamálastofnun ríkisins	158,3	120,1	124,1	3,3	-21,6
Ofanflóðasjóður	5,2	92,4	388,9	320,9	7.378,8
Samtals	**598,8**	**700,1**	**1.047,6**	**49,6**	**74,9**

Heildarframlag til málefnaflokksins hækkar um 332 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar hækkanir vegna launa- og verðlagsbóta. Munar þar mest um tæplega 300 m.kr. hækkun á framlögum til Ofanflóðasjóðs.

301 ***Skipulagsstofnun.*** Gert er ráð fyrir 158,6 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar en það jafngildir 8 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Farið er fram á 8 m.kr. fjárveitingu til að bæta við einu stöðugildi vegna stöðugt vaxandi umfangs í starfsemi hennar, en fjöldi mála sem berst til afgreiðslu á ári hverju hefur margfaldast á síðustu árum. Rekstrarumfang stofnunarinnar hefur verið nokkru minna en gert hefur verið ráð fyrir í fjárlögum hvað varðar útgjöld sem fjármögnuð hafa verið með sértekjum. Gerð er leiðréttíng á því í frumvarpinu með því að lækka hvoru tveggja um 4 m.kr. Gjöld umfram tekjur og bein framlög úr ríkissjóði verða óbreytt eftir sem áður.

303 ***Skipulagsmál sveitarfélaga.*** Á þennan lið er áætlað fyrir fjárveitingu til að standa straum af hlut Skipulagssjóðs í kostnaði sveitarfélaga við gerð skipulagsáætlana. Gert er ráð fyrir 155 m.kr. fjárveitingu á liðinn og hækkar hún um 27,5 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs. Hækkunin stafar af áætlaðri hækkun tekna af skipulagsgjaldi í þeim sveitarfélögum þar sem sveitarstjórn annast reglulega gerð aðalskipulags og endurskoðun þess án sérstaks samnings, en skv. 3. tl. 34. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, skal helmingur innheimtra skipulagsgjalda í þeim sveitarfélögum yfirfærður árlega til sveitarsjóðs úr Skipulagssjóði.

310 ***Landmælingar Íslands.*** Gert er ráð fyrir 221 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar. Það er 6,8 m.kr. hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs og skýrist hækkunin alfarið af launa- og verðlagsbótum. Þann 1. janúar 2007 tóku gildi ný lög um landmælingar og kortagerð á Íslandi og samkvæmt þeim er stofnunni skylt að draga sig út úr sam-

keppnisrekstri. Þar af leiðandi minnka möguleikar hennar til öflunar sértekna. Með hliðsjón af því er í frumvarpinu dregið úr rekstrarumfangi stofnunarinnar með 31 m.kr. lækkun gjalda og sértekna. Gjöld umfram tekjur og bein framlög úr ríkissjóði verða óbreytt eftir sem áður.

321 Brunamálastofnun ríkisins. Gert er ráð fyrir 124,1 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar. Það er 4 m.kr. hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs og skýrist hækkunin alfarið af launa- og verðlagsbótum. Rekstrarumfang stofnunarinnar hefur verið nokkru meira en gert hefur verið ráð fyrir í fjárlögum. Um er að ræða útgjöld sem fjármögnuð hafa verið með sértekjum og er gerð leiðrétting á því í frumvarpinu með því að hækka hvoru tveggja um 14 m.kr. Gjöld umfram tekjur og bein framlög úr ríkissjóði verða óbreytt eftir sem áður.

381 Ofanflóðasjóður. Gert er ráð fyrir 388,9 m.kr. fjárveitingu til sjóðsins en það er 296,5 m.kr. hækkun frá fjárlögum ársins í ár. Áætlað er að heildargjöld sjóðsins hækki um 416,5 m.kr. og verði 768,9 m.kr. og að vaxtatekjur af inneign sjóðsins hjá ríkissjóði hækki um 120 m.kr. og verði 380 m.kr. Lagt er til að veitt verði 400 m.kr. tímabundið framlag til ofanflóðaframkvæmda á næsta ári, auk þess sem fjárveiting hækkar um 4,5 m.kr. þar sem tímabundin 5% frestun stofnkostnaðar í fjárlögum 2007 gengur til baka. Sjóðurinn áætlar að styrkja framkvæmdir víða um land á næst ári. Munar þar mest um framkvæmdir á Ísafirði, Bolungarvík, Vesturbyggð og Fjarðabyggð.

Rannsóknir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 401 Náttúrufræðistofnun Íslands; 403 Náttúrustofur; 407 Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og 410 Veðurstofa Íslands.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Náttúrufræðistofnun Íslands	264,2	255,7	388,9	52,1	47,2
Náttúrustofur	93,8	110,6	72,6	-34,4	-22,6
Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	22,2	28,4	29,4	3,5	32,4
Veðurstofa Íslands	540,7	567,9	594,7	4,7	10,0
Samtals	**920,9**	**962,6**	**1.085,6**	**12,8**	**17,9**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 91,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar launa- og verðlagshækkanir. Mest munar um 125,5 m.kr. ný framlög til Náttúrufræðistofnunar Íslands, þar af 80 m.kr. vegna flutnings í nýtt húsnæði, ásamt 36,3 m.kr. nýjum framlögum til Veðurstofu Íslands, þar af 16 m.kr. til rannsókna á loftslagsbreytingum. Niður falla nokkur tímabundin framlög, samtals 78,4 m.kr.

401 Náttúrufræðistofnun Íslands. Gert er ráð fyrir 388,9 m.kr. fjárveitingu til Náttúrufræðistofnunar en það jafngildir 121,1 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum yfirstandandi árs. Munar þar mest um tillögu um 80 m.kr. fjárveitingu vegna leigu á nýju skrifstofu- og rannsóknarhúsnæði fyrir stofnunina, þar af 30 m.kr. tímabundið framlag vegna kostnaðar við flutning og kaup á búnaði í húsnæðið. Tillagan byggir á ríkisstjórnarsamþykkt frá 4. maí þar sem umhverfisráðherra var heimilað að auglýsa eftir nýju húsnæði fyrir Náttúrufræðistofnun Íslands sem uppfyllir þörf fyrir almennan rekstur og vísindasöfn stofnunarinnar, og farið fram á 45 - 50 m.kr. hækkun á fjárlagaramma umhverfisráðuneytisins vegna aukins leigukostnaðar í nýju húsnæði ásamt 30 m.kr. vegna flutningskostnaðar og húsbúnaðarkaupa. Fyrir milligöngu Ríkiskaupa hefur verið auglýst eftir nýju húsnæði fyrir stofnunina og fjölmörg tilboð hafa borist. Ekki liggur fyrir hvaða tilboði verður tekið og verður þessi tillaga endurskoðuð fyrir 2. umræðu frumvarpsins þegar nánari upplýsingar liggja fyrir. Aðrar breytingar á fjárveitingum stofnunarinnar nema samtals 41,1 m.kr. Þar er í fyrsta lagi tillaga um að veitt verði 8 m.kr. tímabundið framlag í tíu ár til áframhaldandi rannsókna og vöktunar á rjúpnastofninum, en 4,4 m.kr. tímabundið framlag til verkefnisins fellur að óbreyttu niður á næsta ári. Nauðsynlegt er talið að halda rannsóknunum áfram, m.a. til að meta veiðiþol stofnsins. Í öðru lagi er sótt um 12,5 m.kr. tímabundið framlag svo ljúka megi rannsóknum á áhrifum sinueldanna, sem geisuðu á Mýrum vorið 2006, á náttúru og lífríki svæðisins. Ríkisstjórnin samþykkti þann 2. júní 2006 að veita fjármunum til rannsókna í þessu skyni og stofnunin fékk 8,3 m.kr. til þeirra á fjáraukalögum 2006. Verkefnið er unnið í samvinnu við Landbúnaðarháskóla Íslands, Háskóla Íslands og Náttúrufræðistofu Kópavogs. Í þriðja lagi er tillaga um 12 m.kr. tímabundið framlag í fimm ár til gróðurkortagerðar á Vestfjörðum. Takmörkuð gróðurkortagerð hefur farið fram á Vestfjörðum en sú sem er til á gömlum loftmyndum hefur ekki verið staffærð og engin gróðurkort verið gefin út. Gert er ráð fyrir að stór hluti kortagerðarinnar verði unnin fyrir vestan og er Náttúrufræðistofnun Íslands ætlað að semja við Náttúrustofu Vestfjarða um verkefnið. Áætlað er að störfum á Vestfjörðum fjölgi sem svarar tveimur stöðugildum vegna þessa verkefnis. Í fjórða lagi er farið fram á 6 m.kr. tímabundið framlag í fimm ár til að efla fuglarannsóknir og -vöktun á Vestfjörðum þar sem eru einhverjar mestu sjófuglabyggðir landsins. Náttúrufræðistofnun Íslands er ætlað að semja við Náttúrustofu Vestfjarða um að annast rannsóknaverkefnið. Áætlað er að störfum á Vestfjörðum fjölgi sem svarar einu stöðugildi vegna þessa verkefnis. Í fimmta lagi er sótt um 2 m.kr. tímabundið framlag í fimm ár í rannsóknarverkefni um vöktun á ástandi gróðurs á láglendi og hálendi á Vestfjörðum og jafnframt að setja upp föst snið til talninga á fuglum á sömu svæðum. Náttúrufræðistofnun Íslands er ætlað að semja við Náttúrustofu Vestfjarða um að annast verkefnið. Áætlað er að störfum á Vestfjörðum fjölgi sem svarar hálfu stöðugildi vegna þessa verkefnis. Í sjötta lagi er tillaga um að veitt verði 5 m.kr. tímabundið framlag í eitt ár til verkefnisins Náttúru-

vefsjá. Er þar um að ræða úthlutun af framlagi verkefnisstjórnar átaks um íslenska upplýsingasamfélagið árið 2008 og er gert ráð fyrir jafn háu mótframlagi til verkefnisins frá stofnuninni eða úr útgjaldaramma ráðuneytis hennar. Að síðustu er gerð breyting á rekstrarumfangi stofnunarinnar en það hefur verið nokkru minna en gert hefur verið ráð fyrir í fjárlögum. Um er að ræða útgjöld sem fjármögnuð hafa verið með sértekjum og er gerð leiðrétting á því í frumvarpinu með því að lækka hvoru tveggja um 20 m.kr. Rekstrargjöld umfram tekjur og bein framlög úr ríkissjóði verða því óbreytt eftir sem áður.

403 Náttúrustofur. Framlag ríkisins til reksturs náttúrustofa sveitarfélaga er veitt á þennan fjárlagalið. Gert er ráð fyrir 72,6 m.kr. fjárveitingu á liðinn en það jafngildir 41 m.kr. raunlækkun frá fjárlögum 2007. Lækkunin skýrist af því að niður fellur 7 m.kr. fjárveiting sem veitt var tímabundið til hverrar stofu á fjárlögum 2007 en á móti kemur tillaga um 8 m.kr. sérstakt framlag til Náttúrustofu Vestfjarða. Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur hafa komið á fót þróunarsetri á Patreksfirði þar sem fyrirhuguð er sambærileg starfsemi og í Þróunarsetri á Ísafirði. Þessi tillaga um 8 m.kr. framlag til Náttúrustofu Vestfjarða er hluti af tillögu um alls 24 m.kr. framlag til að aðstoða Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, Náttúrustofu Vestfjarða og Fræðasetur Háskóla Íslands við að ráða starfsmann hvert um sig til að koma á fót verkefnum á sviði fiskeldis, ferðaþjónustu, fugla og gróður- og vistfræðirannsóknir og nýsköpunar í fyrirtækjum. Samsvarandi tillögur um 8 m.kr. framlög eru á fjárlagaliðum Háskóla Íslands og Byggðastofnunar.

407 Stofnun Vilhjálms Stefánssonar. Gert er ráð fyrir 29,4 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar. Það er 1 m.kr. hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs og skýrist hækkunin alfarið af launa- og verðlagsbótum. Rekstrarumfang stofnunarinnar hefur verið nokkru meira en gert hefur verið ráð fyrir í fjárlögum. Um er að ræða útgjöld sem fjármögnuð hafa verið með sértekjum og er gerð leiðrétting á því í frumvarpinu með því að hækka hvoru tveggja um 5 m.kr. Gjöld umfram tekjur og bein framlög úr ríkissjóði verða óbreytt eftir sem áður.

410 Veðurstofa Íslands. Gert er ráð fyrir 594,7 m.kr. fjárveitingu til Veðurstofu Íslands og jafngildir það 11,3 m.kr. hækkun að raungildir frá fjárlögum þessa árs. Breytingar eru þær í fyrsta lagi að niður fellur 25 m.kr. tímabundið stofnkostnaðarframlag til að koma upp nýrri veðursjá á Austurlandi. Í öðru lagi er tillaga um að veitt verði 16 m.kr. tímabundið framlag í þrjú ár til rannsókna á loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra á Ísland. Í þriðja lagi er farið fram á 5 m.kr. fjárveitingu vegna háloftaathugana á Keflavíkurflugvelli. Veðurstofan tók við þessum þætti í rekstri háloftastöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli síðla árs 2005 þegar varnarliðið hætti þátttöku sinni í rekstrinum.

Veðurstofan fékk 5 m.kr. fjárveitingu til þessara athugana á fjárlögum 2006 en komið hefur í ljós að kostnaður vegna þeirra var vanmetinn. Í fjórða lagi er tillaga um 7 m.kr. tímabundið framlag í þrjú ár til að koma upp samhæfðum gagnagrunni yfir stöðvarekstur Veðurstofunnar og athuganasögu frá upphafi. Kröfur um áreiðanleika veðurgagna hafa aukist mjög á síðari árum, ekki síst vegna rannsókna á veðurfarsbreytingum. Skráningu eldri hluta gagnasögunnar er ætlað að fari fram á Ísafirði. Áætlað er að störfum á Vestfjörðum fjölgi sem svarar einu stöðugildi vegna þessa verkefnis. Í fimmta lagi er sótt um 4 m.kr. tímabundið framlag í þrjú ár til að styrkja snjóflóðarannsóknir á Ísafirði og undirbúa fjölþjóðlega umsókn um ESB-rannsóknarstyrk til snjóflóðarannsóknarverkefnis sem óskað hefur verið eftir að Veðurstofan stýri. Áætlað er að störfum á Vestfjörðum fjölgi sem svarar einu og hálfu stöðugildi vegna þessa verkefnis. Í sjötta lagi er lagt til að verja 2 m.kr. til að koma upp aðstöðu fyrir aukin verkefni á snjóflóðasetri Veðurstofunnar á Ísafirði. Hér er um að ræða hluta snjóflóðavöktunar sem stofnunin sinnir lögum samkvæmt. Er í þessu sambandi gert ráð fyrir flutningi á allt að hálfu stöðugildi frá Reykjavík vestur á Ísafjörð. Aðrar breytingar á fjárveitingum Veðurstofunnar eru þær að framlag til stofnkostnaðar hækkar um 2,3 m.kr., þar af 1,3 m.kr. tímabundið, þar sem tímabundin 5% frestun stofnkostnaðar í fjárlögum 2007 gengur til baka. Að síðustu skal nefnt að rekstrarumfang stofnunarinnar hefur verið nokkru meira en gert hefur verið ráð fyrir í fjárlögum. Um er að ræða útgjöld sem fjármögnuð hafa verið með sértekjum og er gerð leiðrétting á því í frumvarpinu með því að hækka hvoru tveggja um 120 m.kr. Gjöld umfram tekjur og bein framlög úr ríkissjóði verða óbreytt eftir sem áður.

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem ætlaðir eru til að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um safnliði er að finna í kafla 3.2 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
14-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Rekstrargrunnur	Reikningur 2006 m.kr.	Fjárlög 2007 m.kr.	Frumvarp 2008 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Erlend lán	4.550,0	6.820,0	6.180,0	-9,4	35,8
Spariskírteini	989,0	600,0	780,0	30,0	-21,1
Ríkisbréf	5.752,0	8.150,0	8.900,0	9,2	54,7
Ríkisvíxlar	980,0	1.780,0	1.600,0	-10,1	63,3
Önnur innlend lán	152,0	1.350,0	1.380,0	2,2	807,9
Annar vaxtakostnaður	2.096,0	1.750,0	2.740,0	56,6	30,7
Innlendur lántökukostnaður	261,0	160,0	160,0	0,0	-38,7
Erlendur lántökukostnaður	128,0	20,0	20,0	0,0	-84,4
Samtals	**14.908,0**	**20.630,0**	**21.760,0**	**5,5**	**46,0**

Áætlað er að vaxtagjöld ríkissjóðs nemi 21,8 milljörðum króna á árinu 2008. Það er 5,5% hækkun frá fjárlögum 2007.

Hækkunin skýrist aðallega af hækkun vaxtastigs innanlands og erlendis svo og hækkun annars vaxtakostnaðar. Annar vaxtakostnaður er aðallega vegna inneigna Atvinnuleysistryggingasjóðs, Ofanflóðasjóðs, Úrvinnslusjóðs og annarra aðila sem eiga kröfur á markaða tekjustofna hjá ríkissjóði. Gert er ráð fyrir að þessi liður hækki um 1 milljarð króna milli fjárlaga 2007 og frumvarps 2008 sem skýrist af hækkun inneigna þessara sjóða og hærri vaxtastigi auk þess sem Fjarskiptasjóður bætist nú við þennan lið. Vaxtagjöld ríkisbréfa hækka um 750 milljónir króna frá fjárlögum þrátt fyrir að staða þeirra í lok áranna 2007 og 2008 sé áætluð svipuð á milli ára. Skýringuna er að finna í hærri vöxtum endurfjármögnunar þegar nær fjórðungur útistandandi ríkisbréfa er á innlausn. Undir lok árs 2006 tók ríkissjóður erlent lán að fjárhæð 1 milljarð evra sem hann síðan endurlánaði á sömu kjörum til Seðlabanka Íslands til að styrkja gjaldeyrisforða bankans. Lántakan kemur hér fram í hærri vaxtakostnaði erlendra lána frá reikningi 2006 en þessum vaxtakostnaði er mætt með samsvarandi aukningu vaxtatekna af endurlánum. Vaxtakostnaður erlendra lána lækkar þó á milli áranna 2007 og 2008 vegna niðurgreiðslu erlendra lána þessi ár. Aðrir liðir vaxtagjalda breytast óverulega milli fjárlaga 2007 og frumvarps 2008. Greiddir vextir eru áætlaðir 18 milljarðar króna 2008 sem eru 1,3 milljarði hærri en eru áætlaðir 2007. Mismunur gjaldfærðra og greiddra vaxta eru 3,7 milljarðar króna sem kemur fram sem viðskiptahreyfing.

4 Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta

Til B-hluta teljast ríkisfyrirtæki sem starfa á markaði og standa að öllu eða verulegu leyti undir kostnaði við starfsemi sína með tekjum af sölu á vöru eða þjónustu til almennings og fyrirtækja.

Framsetning áætlana í B-hluta er byggð á reikningsskilum fyrirtækja. Með rekstrartekjum er átt við heildartekjur af reglulegri starfsemi og til rekstrargjalda telst allur kostnaður sem efnt er til á árinu vegna öflunar teknanna. Þetta er óháð því hvort tekjur verða innheimtar eða gjöld greidd á árinu. Þannig eru áunnar lífeyrisskuldbindingar starfsfólks færðar til gjalda á viðkomandi ári óháð því hve stór hluti verður greiddur á árinu. Það sama á við um afskriftir. Í yfirliti um sjóðstreymi kemur fram uppruni fjármagns og ráðstöfun þess.

Frá fjárlögum 2007 hafa orðið þær breytingar að Ríkisútvarpið, Sinfóníuhljómsveit Íslands og Ratsjárstofnun eru nú ekki í B-hluta. Tölur þessara aðila eru því ekki meðtaldar í eftirfarandi umfjöllun.

Heildarrekstrartekjur fyrirtækja í B-hluta eru áætlaðar 23.626 m.kr. á árinu 2008 og rekstrargjöld 25.227 m.kr. Tekjur aukast um 2.125 m.kr. og gjöld um 2.236 m.kr. frá áætlun fjárlaga 2007. Frá ríkisreikningi 2006 hækka tekjur um 1.984 m.kr. og gjöld um 3.241 m.kr. Áætlað er að fjármunatekjur verði 67 m.kr. umfram fjármagnsgjöld og er það hækkun um 51 m.kr. frá fjárlögum en lækkun um 72 m.kr. frá reikningi 2006. Framlag til rekstrar úr A-hluta ríkissjóðs er áætlað 2.811 m.kr. og hækkar um 260 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs en um 1.213 m.kr. frá reikningi 2006. Miðað við framangreindar forsendur verður 1.277 m.kr. hagnaður á B-hluta ríkisjóðs og eykst um 200 m.kr. frá áætlun fjárlaga 2007 en lækkar um 116 m.kr. miðað við reikning 2006. Milli áranna 2007 og 2008 munar mest um 216 m.kr. afkomubata hjá Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar, 110 m.kr. hækkun á hagnaði Happdrættis Háskóla Íslands og 137 m.kr. lækkun á hagnaði ÁTVR.

Fjárfestingar eru áætlaðar 857 m.kr., þar af 510 m.kr. í varanlegum rekstrarfjármunum en 347 m.kr. í áhættufjármunum. Fjárfestingar dragast samkvæmt því saman um 42 m.kr. frá áætlun fjárlaga 2007. Mest munar um 135 m.kr. lækkun fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum hjá Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar og 80 m.kr. aukningu áhættufjárfestinga hjá Happdrætti Háskóla Íslands.

Engar lántökur eru áformaðar hjá B-hluta fyrirtækjum á árinu 2008 en á fjárlögum 2007 var lántaka áætluð 625 m.kr., þ.e. 275 m.kr. hjá Happdrætti Háskóla Íslands og 350 m.kr. hjá Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar. Horfur eru á að Happdrættið þurfi ekki að nýta sína lántökuheimild og Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar einungis 100 m.kr. af sinni heimild árið 2007.

Arðgreiðsla B-hluta fyrirtækja í ríkissjóð á árinu 2008 er áætluð tæpar 183 m.kr. en 152 m.kr. í fjárlögum 2007. Á árinu 2006 nam arðgreiðslan tæpum 161 m.kr. Einungis

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins greiðir arð í ríkissjóð en Happdrætti Háskóla Íslands greiðir hagnað sinn beint til Háskóla Íslands og áætlað er að á árinu 2008 nemi það framlag 215 m.kr.

Gangi framangreindar forsendur eftir er áætlað að handbært fé B-hluta fyrirtækja aukist um 323 m.kr. á árinu 2008 verði 1.838 m.kr. í árslok.

Að venju er gert ráð fyrir að áætlanir fyrirtækja í B-hluta verði endurskoðaðar fyrir afgreiðslu fjárlaga.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2007	Frumvarp 2008
Rekstrartekjur	21.500,8	23.625,7
Rekstrargjöld	-22.990,4	-25.226,7
Fjármunatekjur - fjármagnsgjöld	16,1	67,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**-1.473,5**	**-1.534,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	2.551,0	2.811,0
Önnur framlög og óreglulegar tekjur/gjöld	0,0	0,0
Hagnaður (-tap)	**1.077,5**	**1.277,0**
Sjóðstreymi:		
Hagnaður (-tap)	1.077,5	1.277,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	227,9	286,5
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	14,9	45,0
Handbært fé frá rekstri	**1.320,3**	**1.608,5**
Varanlegir rekstrarfjármunir	-629,6	-510,0
Áhættufjármunir	-268,5	-348,5
Sala varanlegra rekstrarfjármuna og annað	0,0	2,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-898,1**	**-856,5**
Tekin löng lán	625,0	0,0
Afborganir af teknum löngum lánum	-119,5	-31,5
Arðgreiðsla í ríkissjóð	-152,0	-182,5
Annað	-577,0	-215,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-223,5**	**-429,0**
Breyting á handbæru fé	198,7	323,0
Handbært fé í ársbyrjun	1.347,9	1.515,2
Handbært fé í árslok	1.546,6	1.838,2

22 Menntamálaráðuneyti, B-hluti

201 Happdrætti Háskóla Íslands. Áætlað er að á árinu 2008 verði 980 m.kr. hagnaður af rekstri happdrættisins en það er 110 m.kr. betri afkoma en gert var ráð fyrir í fjárlögum 2007 og 49 m.kr. betri afkoma en í reikningi ársins 2006. Tekjur og markaðshlutdeild happdrættisins ráðast af samkeppnisaðstæðum á happdrættismarkaði. Tekjuþróun og

markaðshlutdeild happdrættisins hefur verið hagstæð síðustu ár, m.a. vegna nýjunga og á síðasta ári fóru tekjur fram úr væntingum. Á samkeppnismarkaði er ekki hægt að gera ráð fyrir að tekjuaukning í kjölfar vörunýjungar verði viðvarandi. Áætlun um tekjur og gjöld happdrættisins byggir á þeirri forsendu að stafsheimildir á happdrættismarkaði taki ekki stórstígum breytingum.

Samkvæmt lögum um happdrættið skal það greiða leyfisgjald í ríkissjóð sem svarar 20% af nettóársarði, þó ekki hærri fjárhæð en 150 m.kr. Tekjur af leyfisgjaldinu renna til Tækjasjóðs, samkvæmt lögum nr. 3/2003, um opinberan stuðning við vísindarannsóknir, og á fjárlögum er framlagið veitt á lið *02-238 Tækjasjóður*. Eins og áður sagði er áætlað að á árinu 2008 skili rekstur happdrættisins 980 m.kr. hagnaði og eru 20% af þeirri fjárhæð 196 m.kr. Gert er ráð fyrir að 35 m.kr. af tekjum leyfisgjaldsins verði haldið eftir á viðskiptareikningi með sama hætti og gert var í fjárlögum 2007. Framlag í Tækjasjóð á árinu 2008 verður því 115 m.kr.

Samkvæmt lögum um happdrættið skal verja ágóða af rekstri þess til að reisa byggingar á vegum Háskóla Íslands. Ennfremur er heimilt að verja honum til greiðslu kostnaðar af viðhaldi háskólabyggingar, til fegrunar á háskólalóðinni, til þessa að koma á fót og efla rannsóknarstofur við hinar ýmsu deildir skólans, svo og til að greiða andvirði rannsóknar- og kennslutækja sem Háskólinn telur sér nauðsyn að eignast.

Gert er ráð fyrir að framlag til Háskóla Íslands nemi 607 m.kr. á árinu 2008. Framlagið er m.a. fólgið í greiðslu vaxta og afborgana vegna lána sem tekin voru vegna sérstakra framkvæmda og verkefna fyrir Háskóla Íslands og hefur þegar verið ráðstafað til þeirra þarfa. Lántökurnar eru færðar í bókum happdrættisins sem fyrirfram ráðstafaður hagnaður og afborganir vegna lánanna færðar sem framlag til Háskóla Íslands á því ári sem þær falla til. Kostnaður vegna þessara lána á árinu 2008 er áætlaður 7 m.kr. og framlag til Háskóla Íslands því áætlað 600 m.kr. Í A-hluta fjárlaga falla niður fjárheimildir upp á 390 m.kr. vegna byggingu Háskólatorgs. Um er að ræða framkvæmdir sem fjármagnaðar voru með framlagi happdrættisins. Í frumvarpinu er gert er ráð fyrir að fjárheimildir Háskóla Íslands til framkvæmda verði 215 m.kr. á árinu 2008. Peningalegt framlag Happdrættisins til Háskóla Íslands á árinu 2008 takmarkast við þá fjárhæð.

23 Utanríkisráðuneyti, B-hluti

111 ***Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli.*** Gert er ráð fyrir að rekstrartekjur nemi 61,5 m.kr. og framlag úr A-hluta ríkissjóðs af fjárlagalið *03-211 Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli* verði 2.811 m.kr. Þar af er 1.300,8 m.kr. greiðsla úr ríkissjóði vegna yfirtöku á flugtengdri starfsemi bandaríska hersins og flugverndar á þriðjulandafarþegum. Að auki er 290 m.kr. framlag úr A-hluta ríkissjóðs til stofnkostnaðar. Þá er

áætlað að lendingargjaldatekjur nemi 617 m.kr. og innheimta vegna öryggisgjalds muni nema 603,2 m.kr. Flugmálastjórn greiðir stærstan hluta innheimts öryggisgjalds til sýslumannsembættisins á Keflavíkurflugvelli fyrir vopnaleit og aðra öryggisþætti. Þau útgjöld skýra 549,8 m.kr. af 2.724 m.kr. rekstrargjöldum stofnunarinnar samkvæmt frumvarpinu. Fjármagnskostnaður umfram fjármagnstekjur er áætlaður 40 m.kr. Eins og fram kemur er framlag til stofnkostnaðar áætlaðar 290 m.kr. og skýrast sú fjárhæð að mestu af 147,4 m.kr. kostnaði við kaup á slökkvibifreið og öðrum tækjum ásamt 108,6 m.kr. kostnaði vegna aðflugsbúnaðar.

29 Fjármálaráðuneyti, B-hluti

*101 **Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins.*** Rekstrartekjur Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins eru áætlaðar um 18,5 milljarðar króna á næsta ári en það er um 1.075 m.kr. hækkun frá fjárlögum fyrir árið 2007. Sala áfengis er miðuð við tekjuþróun ársins 2007 og er gert ráð fyrir 4% tekjuaukningu milli áranna 2007 og 2008. Hins vegar er gert ráð fyrir 1% samdrætti í tekjum vegna sölu tóbaks milli áranna 2007 og 2008. Rekstrargjöld ársins 2008 eru áætluð 18,3 milljarðar króna og hækka um 1.223 m.kr. frá áætlun fyrir yfirstandandi ár. Vörunotkun er í samræmi við áætlaða sölu og er byggð á þeim álagningarreglum sem í gildi eru. Launagjöld hækka en fyrir því eru nokkrar ástæður. Kjarasamningar hækka um 2% á árinu og reiknað er með aukningu á mannafla vegna opnun nýrra vínbúða. Jafnframt má búast við aukningu vinnuafls í samræmi við söluaukningu milli ára. Eftirlaunaskuldbindingar vegna starfsmanna í B-hluta LSR eru áætlaðar 25. m.kr. Áætlað er að húsnæðiskostnaður aukist í samræmi við fjölgun verslana og aukinna umsvifa sem og bifreiðakostnaður. Að öðru leyti byggir áætlunin á rekstraráætlun ársins 2007 að viðbættum áhrifum af verðlagsbreytingum og auknum umsvifum. Fjármunatekjur umfram fjármagnsgjöld eru áætlaðar 27 m.kr. Áætlað er að hagnaður verði 158,5 m.kr. og gert er ráð fyrir að handbært fé ÁTVR verði 105 m.kr. í árslok. Fjármunatekjur umfram fjármagnsgjöld eru áætlaðar 27 m.kr. og gert er ráð fyrir að handbært fé ÁTVR verði 885,5 m.kr. í árslok. Gert er ráð fyrir að fyrirtækið greiði 182,5 m.kr. í arð til ríkissjóðs á árinu 2008 en á fjárlögum 2007 er gert ráð fyrir 152 m.kr. arðgreiðslu.

31 Iðnaðarráðuneyti, B-hluti

*301 **Íslenskar orkurannsóknir.*** Gert er ráð fyrir að umfang starfseminnar vaxi talsvert á árinu 2008. Í gildandi fjárhagsáætlun fyrir árið 2008 er gert ráð fyrir að ársveltan verði um 800 m.kr., en er 650 m.kr. í fjárlögum 2007. Þó er rétt að vekja athygli á, að búast

má við talsverðum sveiflum í rekstrartekjum fyrirtækisins frá ári til árs eftir markaðsaðstæðum. Horfur eru góðar vegna mikilla framkvæmda í orkumálum, einkum á sviði jarðhita. Gert er ráð fyrir að fjárfest verði fyrir um 40 m.kr. í tækjum og búnaði á árinu 2008. Fyrirtækið er jafnt og þétt að byggja upp tækjakost sinn til orku- og jarðrannsókna og gerir ráð fyrir að fjárfesta í slíkum búnaði fyrir um 40 m.kr. árlega þótt gera megi ráð fyrir sveiflum. Afskriftir af tækjum og búnaði eru taldar nema 45 m.kr. Ekki er gert ráð fyrir neinum breytingum á rekstrartengdum eignum og skuldum. Handbært fé í ársbyrjun 2008 er áætlað um 17 m.kr. og tæpar 52 m.kr. í árslok.

5 Fjárreiður lánastofnana í C-hluta

Í C-hluta fjárlaga eru lánastofnanir í eigu ríkisins enda séu þær hvorki sameignar- né hlutafélög. Fjárreiður C-hluta eru byggðar á reikningsskilum fyrirtækja í sambærilegum rekstri. Vísað er til umfjöllunar í upphafi 4. kafla um skýringar við reikningsskilin.

Áætlað er að á árinu 2008 verði fjármunatekjur lánastofnana í C-hluta rúmir 47 milljarðar króna, samanborið við 90,5 milljarða króna í fjárlögum yfirstandandi árs og 64,1 milljarð í ríkisreikningi 2006. Lækkun frá fjárlögum 2007 er 43,4 milljarðar króna, eða tæp 48%. Lækkun fjármunatekna er mest hjá Íbúðalánasjóði eða 41 milljarður króna og tekjur Lánasjóðs íslenskra námsmanna lækka um 2,6 milljarða króna. Heildarfjármagnsgjöld eru áætluð tæpir 44 milljarðar króna en eru 84,7 milljarðar í fjárlögum 2007 og 58,5 milljarðar í ríkisreikningi 2006. Lækkun frá fjárlögum 2007 er 40,8 milljarðar króna, eða rúm 48%. Þessi mikla lækkun fjármunatekna og fjármagnsgjalda frá áætlun fjárlaga 2007 til áætlunar þessa frumvarps skýrist að megin hluta af lægri verðbólguspá á næsta ári. Þannig er í forsendum frumvarpsins reiknað með að almennt verðlag hækki um 3,3% á árinu 2008 en 4,5% í ár. Þar sem veitt og tekin lán sjóðanna eru yfirleitt verðtryggð, eins og t.d. í tilviki Íbúðalánasjóðs, geta frávik verðlagsbreytinga frá forsendum fjárlaga og breytingar í verðlagi á milli ára valdið miklum sveiflum, bæði í fjármunatekjum og fjármagnsgjöldum. Framlög í afskriftasjóð útlána eru 2,5 milljarðar, eða 2,6% af heildarútlánum árið 2008, samanborið við 3% í fjárlögum yfirstandandi árs.

Framlög úr A-hluta ríkissjóðs til rekstrar C-hluta sjóða eru áætluð 6,7 milljarðar króna, samanborið við 5,8 milljarða í fjárlögum 2007 og 5,1 milljarð í ríkisreikningi 2006. Munar þar mest um rétt tæplega 6 milljarða króna framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna og hækkar framlag til sjóðsins um 744 m.kr. frá fjárlögum 2007. Aðrar rekstrartekjur eru áætlaðar 1.041 m.kr. og önnur rekstrargjöld 2.041 m.kr. Rekstrartekjurnar hækka um 236 m.kr. milli ára og munar mest um 234 m.kr. hækkun á rekstrartekjum Íbúðalánasjóðs. Rekstrargjöld hækka um 111 m.kr.

Gangi framangreint eftir er áætlað að C-hluta sjóðir verði reknir með um 6,4 milljarða króna hagnaði á árinu 2008, samanborið við 8,3 milljarða hagnað samkvæmt áætlun fjárlaga 2007 og 6,7 milljarða í ríkisreikningi 2006. Þyngst vegur tæplega 4,8 milljarða króna hagnaður Lánasjóðs íslenskra námsmanna sem varið er til að viðhalda eiginfjárstöðu og standa undir framtíðarskuldbindingum sjóðsins. Hagnaður Íbúðalánasjóðs er áætlaður 1,4 milljarðar.

Að teknu tilliti til liða sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi og breytinga á rekstrartengdum eignum og skuldum er áætlað að handbært fé frá rekstri C-hluta sjóða verði samtals 11,3 milljarðar króna árið 2008. Það er 6,7 milljarða króna lækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs en 3,7 m.kr. hækkun frá reikningi 2006.

Gert er ráð fyrir að veitt löng lán C-hluta sjóða á næsta ári verði 96,3 milljarðar króna. Það er 24 milljarða króna, eða 33%, hærri lánveitingar en áætlaðar eru á fjárlögum 2007. Mest munar um 83,3 milljarða króna áætlaðar lánveitingar Íbúðalánasjóðs, þar af 64,3 milljarða almenn íbúðalán og 19 milljarða til leiguíbúða. Lánveitingar Lánasjóðs íslenskra námsmanna eru áætlaðar 10,9 milljarðar. Áætlað er að árið 2008 verði 36,4 milljarðar króna innheimtar í afborganir af veittum löngum lánum. Það er lækkun um tæpa 5,6 m.kr. frá fjárlögum ársins í ár og um 17 milljarða króna lækkun frá reikningi 2006. Megin hluti breytingarinnar er hjá Íbúðalánasjóði.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2007	Frumvarp 2008
Fjármunatekjur	90.533,4	47.126,2
Fjármagnsgjöld	-84.725,7	-43.956,5
Framlög í afskriftasjóð útlána	-2.156,0	-2.508,3
Hreinar fjármunatekjur	**3.651,7**	**661,4**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	5.807,3	6.708,4
Aðrar rekstrartekjur	805,0	1.041,0
Önnur rekstrargjöld	-1.929,6	-2.040,9
Hagnaður (-tap)	**8.334,4**	**6.369,9**
Sjóðsstreymi:		
Hagnaður (-tap)	8.334,4	6.369,9
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	9.826,0	5.389,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-98,0	-428,0
Handbært fé frá rekstri	**18.062,4**	**11.330,9**
Veitt löng lán	-72.263,0	-96.288,5
Afborganir af veittum löngum lánum	42.001,0	36.446,7
Varanlegir rekstrarfjármunir	-90,0	-102,0
Áhættufjármunir, nettó	-14.208,0	914,0
Fjárfestingarhreyfingar, samtals	**-44.560,0**	**-59.029,8**
Tekin löng lán	67.309,0	90.336,0
Afborganir af teknum löngum lánum	-41.161,0	-31.518,8
Annað, nettó	-2.329,0	-11.061,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**23.819,0**	**47.756,2**
Breyting á handbæru fé	-2.678,6	57,3
Handbært fé í ársbyrjun	30.000,6	15.625,6
Handbært fé í árslok	27.322,0	15.682,9

Lántökur sjóða í C-hluta eru áætlaðar 90,3 milljarðar króna, samanborið við 67,3 milljarða króna áætlun fjárlaga 2007. Afborganir af teknum lánum eru áætlaðar 31,5 milljarðar en eru 41,2 milljarðar á fjárlögum yfirstandandi árs. Afföll af sölu verðbréfa Íbúðalánasjóðs árið 2008 eru áætluð 11,6 milljarðar en í fjárlögum yfirstandandi árs er

reiknað með 2,8 milljarða króna afföllum. Gert er ráð fyrir að ríkissjóður leggi Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins til 500 m.kr. aukið stofnfé.

Gangi framangreindar áætlanir eftir er áætlað að handbært fé lánastofnana í C-hluta verði 15,7 milljarðar króna í árslok 2008.

Að venju er gert ráð fyrir að fjárreiður lánastofnana í C-hluta verði endurskoðaðar fyrir afgreiðslu fjárlaga.

42 Menntamálaráðuneyti, C-hluti

872 Lánasjóður íslenskra námsmanna. Útlán sjóðsins árið 2008 eru áætluð 10.922 m.kr. og aukast um 1.416 m.kr. frá áætlun fjárlaga 2007 en um 2.744 m.kr. frá reikningi 2006. Hækkun milli áranna 2007 og 2008 er 14,9% og auk verðlags- og gengisþróunar munar mest um 3% fjölgun lánþega á Íslandi og erlendis. Til viðbótar er áætluð 47 m.kr. hækkun vegna skólagjalda umfram þá sem mun leiða af fjölgun lánþega. Eins og á undanförnum árum er framlag A-hluta ríkissjóðs til sjóðsins á lið *02-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna* í samræmi við mat Ríkisendurskoðunar á framlagsþörf. Framlag ríkissjóðs er 51% útlána, auk framlags til að standa undir rekstri og vaxtastyrk til námsmanna, og er við það miðað í frumvarpinu. Framlag ríkissjóðs er samkvæmt þessu áætlað 5.988 m.kr. og þar af er áætlað að 149 m.kr. séu vegna vaxtastyrks og 289 m.kr. vegna rekstrar.

Fjármunatekjur eru áætlaðar 4.649 m.kr., fjármagnsgjöld 4.261 m.kr. og framlög í afskriftasjóð útlána 1.201 m.kr. Hreinar fjármunatekjur eru samkvæmt þessu áætlaðar neikvæðar um 813 m.kr. en voru jákvæðar um 1.092 m.kr. í fjárlögum 2007 og jákvæðar um 25 m.kr. í ríkisreikningi 2006. Miðað við framangreindar forsendur er áætlað að hagnaður sjóðsins nemi 4.757 m.kr. og lækki um 1.183 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs. Ástæða fyrir lækkaðri afkomu eru lækkun fjármunatekna vegna spár um lægri verðbólgu. Útlán sjóðsins eru verðtryggð og nema tæpum 11 milljörðum króna. Fjármagnsgjöld lækka ekki að sama skapi þar sem mun minni fjárhæðir liggja þar að baki lántökum, eða um 8 milljaðar króna. Námslán eru vaxtalaus á námstíma en fylgja neysluverðsvísitölu frá námslokum og bera 1% vexti. Í árslok 2006 nam bókfært eigið fé sjóðsins 38.436 m.kr. en þar sem núvirði útlána í árslok var 22.097 m.kr. lægra en bókfært verðmæti þeirra er núvirði eigin fjár í árslok 16.339 m.kr.

Gert er ráð fyrir að sjóðurinn innheimti 4.843 m.kr. í afborganir af veittum löngum lánum og er það 552 m.kr. hækkun frá fjárlögum 2007. Áætlað er að verja 74 m.kr. til kaupa á varanlegum rekstrarfjármunum. Þá er áætlað er að sjóðurinn taki 8.000 m.kr. í löng lán og greiði 5.298 m.kr. í afborganir af teknum lánum. Gangi framangreindar forsendur eftir lækkar handbært fé sjóðsins um 188 m.kr. á árinu 2008 og verður um 509 m.kr. í árslok.

47 Félagsmálaráðuneyti, C-hluti

Íbúðalánasjóður

Útlán sjóðsins í heild eru áætluð 83,4 milljarðar króna en þau eru 60,7 milljarðar króna í fjárlögum 2007. Það er um 37% hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Til að fjármagna útlánin er gert ráð fyrir að sjóðurinn taki að láni 80,3 milljarða króna en hann tekur 57,2 milljarða króna samkvæmt fjárlögum yfirstandandi árs.

Fjármunatekjur eru áætlaðar 40,7 milljarðar króna sem er lækkun um tæplega 41 milljarð króna frá fjárlögum yfirstandandi árs. Fjármagnsgjöld eru áætluð 38,7 milljarður króna sem eru lækkun um rúmlega 40 milljarða króna frá áætlun ársins 2007. Í afskriftarsjóð útlána er áætlað að leggja 805 milljónir króna. Hreinar fjármunatekjur eru því áætlaðar 1.174 milljónir króna og hagnaður af starfsemi sjóðsins áætlaður 1.440 milljónir króna.

Gert er ráð fyrir að innheimtar afborganir af veittum löngum lánum og uppgreiðsla eldri lána nemi 30,7 milljörðum króna. Afborganir sjóðsins af teknum lögnum lánum eru áætlaðar 25,5 milljarðar króna.

Rekstrartekjur sjóðsins eru samkvæmt frumvarpinu rúmlega 1 milljarður króna m.kr. sem er rúmlega 30% hækkun frá áætlun fjárlaga yfirstandandi árs. Rekstrargjöld eru áætluð 1.035 m.kr. sem er 12% hækkun frá áætlun ársins 2007. Við áætlunina er tekið tillit til væntanlegra launabreytinga vegna kjarasamninga auk þess sem gert er ráð fyrir fjölgun starfsfólks um 3 sérfræðinga og tvo fulltrúa. Gert er ráð fyrir töluverðri aukningu útgjalda í tölvumálum frá árinu 2007 og einnig í kynningar- og markaðsstarf. Munar þar mestu um áætlanir um ný tölvukerfi sjóðsins sem verða komin í rekstur árið 2008 og aukna fjármuni í gerð ársskýrslna Íbúðalánasjóðs. Gert er því ráð fyrir að gjöld umfram tekjur nemi 34 m.kr.

201 Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild. Fjármunatekjur húsbréfadeildar verða samkvæmt frumvarpinu 14 milljarður króna og fjármagnsgjöld 12,9 milljarðar króna. Framlag í afskriftasjóð útlána er 261 m.kr. Hreinar fjármunatekjur eru áætlaðar 906 m.kr. Rekstrartekjur deildarinnar verða 60 m.kr., rekstrargjöld 62 m.kr. og hagnaður ársins því 904 m.kr. Innheimtar afborganir veittra lána eru áætlaðar 15,5 milljarður króna. Sjóðsstaða er áætluð 20,6 milljarður króna í árslok 2008.

205 Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir og aðrir lánaflokkar. Heildarlánveitingar til leiguíbúða og annarra lánaflokka verða um 19 milljarðar króna. Samkvæmt frumvarpinu verða í fyrsta lagi lánaðir allt að 6,5 milljarðar króna til bygginga eða kaupa leiguíbúða í samræmi við samkomulag fjármálaráðherra og félagsmálaráðherra frá september 2005. Lánin eru veitt þeim aðilum sem skuldbinda sig til að leigja íbúðirnar einstaklingum og fjölskyldum með tekjur og eignir innan ákveðinna marka með 3,5% vöxtum. Alls er í

samkomulaginu gert ráð fyrir framlagi úr ríkissjóði til að greiða niður vexti vegna allt að 400 leiguíbúða á ári í fjögur ár til árloka 2009. Vaxtamunurinn miðast við fjármögnunarkostnað Íbúðalánasjóðs hverju sinni að frádregnu samtals 0,45% álagi vegna uppgreiðsluréttar og afskrifta. Miðað við þessar forsendur er árlegt framlag til niðurgreiðslu á hverjar 400 nýjar íbúðir rúmar 60 m.kr. á ári út lánstímann. Samtals er því gert ráð fyrir 300 m.kr. framlagi úr ríkissjóði vegna nýrra og eldri leiguíbúða sem byggðar hafa verið á þessum lánskjörum. Í öðru lagi er lagt til að lána allt að 8 milljarða króna til almennra leiguíbúða á vöxtum sem taka mið af fjármögnunarkostnaði sjóðsins hverju sinni. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir 1,0 milljarði króna í greiðsluerfiðleikalán sem er um 300 m.kr. lægri lánsfjárheimild en í gildandi fjárlögum. Loks er gert ráð fyrir allt að 3,5 milljarði króna lánveitingum til byggingar þjónustumiðstöðva aldraðra, til byggingar eða kaupa á sambýlum fyrir fatlaða, meiriháttar utanhússviðgerða á þeim félagslegu íbúðum sem sveitarfélög hafa innleyst og til lána til einstaklinga með sérþarfir, til lána og styrkja til tækninýjunga og annarra umbóta í byggingariðnaði og vistheimila fyrir börn og unglinga sem rekin eru af einkaaðilum, sjálfseignarstofnunum og félagasamtökum. Sjóðstaða er áætluð 227 m.kr. í árslok 2008 og er það um 412 m.kr. lækkun frá áætlaðri sjóðstöðu í árlok 2007.

211 Íbúðalánasjóður, viðbótarlán. Með breytingum, sem gerðar voru á lögum um húsnæðismál í desember 2004, var veitingu viðbótarlána hætt. Í frumvarpinu er því hvorki gert ráð fyrir nýjum lánum á árinu 2008 né heldur lántökum í tengslum við lánaflokkinn. Sjóðstaða er áætluð um 1.595 m.kr. í árslok 2008 og er það um 596 m.kr. hækkun frá áætlaðri sjóðsstöðu í árslok 2007.

215 Íbúðalánasjóður, byggingarsjóður ríkisins og verkamanna. Áætlað er að tap af rekstri sjóðanna nemi 1,1 milljarði króna á árinu 2008 en áætlað tap samkvæmt fjárlögum yfirstandandi árs er 1,3 milljarður króna. Sjóðirnir hafa ekki stundað útlánastarfsemi frá því að Íbúðalánasjóður tók til starfa. Því er ekki gert ráð fyrir nýrri lántöku vegna þeirra á yfirstandandi ári. Sjóðstaða er áætluð 3,5 milljarðar króna í árslok 2008 og er það hækkun um 1,1 milljarð króna frá áætlaðri sjóðstöðu í árlok 2007.

219 Íbúðalánasjóður, almenn íbúðalán. Gert ráð fyrir að heildarútlán þessarar deildar verði 64,3 milljarðar króna en þau eru tæpir 46 milljarðar króna í gildandi fjárlögum sem nemur um 40% hækkun á milli ára. Gert er ráð fyrir að deildin taki 56,8 milljarða króna að láni til að fjármagna þessi útlán en er 46,3 milljarða króna í fjárlögum yfirstandandi árs. Á árinu 2008 er gert ráð fyrir svipuðu vaxtastigi á verðbréfamarkaði og á yfirstandandi ári.

51 Iðnaðarráðuneyti, C-hluti

371 ***Orkusjóður.*** Meginhlutverk Orkusjóðs er að stuðla að hagkvæmri nýtingu orkulinda landsins með styrkjum eða lánum, einkum til aðgerða er miða að því að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis. Sjóðurinn veitir lán til jarðhitaleitar, þar sem hagkvæmt þykir, til að draga úr kostnaði við upphitun húsnæðis. Einnig veitir hann styrki til þróunarverkefna, rannsókna og fræðslu sem stuðla að minni notkun jarðefnaeldsneytis. Sjóðurinn fær 34,1 m.kr. rekstrarframlag frá A-hluta ríkissjóðs af lið *11-371 Orkusjóður* og hækkar framlagið um 1,1 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs vegna verðlagsuppfærslu. Miðað er við að framlagið og hreinar fjármunatekjur að fjárhæð 16,5 m.kr. standi undir 34,6 m.kr. rekstrarútgjöldum sjóðsins auk þess að skila 16 m.kr. hagnaði á árinu 2008. Áætlað er að sjóðurinn veiti 20 m.kr. í lán og innheimti 12 m.kr. í afborganir af veittum lánum.

411 ***Byggðastofnun.*** Helsti tekjustofn Byggðastofnunar er fjármagnstekjur og eru þær áætlaðar 1.400 m.kr. árið 2008. Áætlað er að fjármagnsgjöld verði 1.000 m.kr. og að 400 m.kr. verði lagðar í afskriftasjóð útlána, en það er 20% af áætluðum útlánum á árinu, en í fjárlögum 2007 er þetta hlutfall 15%. Gert er ráð fyrir að stofnunin fái 386,3 m.kr. rekstrarframlag frá A-hluta ríkissjóðs af lið *11-411 Byggðastofnun*. Þar af eru 223 m.kr. til almenns rekstrar stofnunarinnar en 163,3 m.kr. til atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni. Aðrar rekstrartekjur eru áætlaðar 20 m.kr., rekstrargjöld 436,3 m.kr. og áætlað er að stofnunin verði rekin með 30 m.kr. halla á árinu. Reglur stofnunarinnar gera ráð fyrir að 12% af útlánafé fari samkvæmt sérstakri stefnumótun í upphafi hvers árs. Áætlað er að veita 2.000 m.kr. í ný lán, sem er óbreytt frá gildandi fjárlögum, og taka í því skyni jafn háa fjárhæð að láni. Áætlað er að innheimta 900 m.kr. í afborganir af veittum lánum og greiða 700 m.kr. í afborganir af teknum lánum. Gangi framgreint eftir er áætlað að handbært fé í árslok verði 855 m.kr.

52 Viðskiptaráðuneyti, C-hluti

101 ***Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins.*** Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum nr. 61/1997, um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins. Hann fjárfestir í nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum og tekur því mun meiri áhættu en aðrar lánastofnanir ríkisins. Innan sjóðsins er rekin Tryggingardeild útflutnings sem veitir tryggingar og ábyrgðir til þess að efla íslenskan útflutning. Í árslok 2005 ákvað Alþingi að leggja sjóðnum til samtals 2.500 m.kr. af söluandvirði Landssíma Íslands hf. og koma 500 m.kr. af því framlagi til greiðslu á árinu 2008. Sjóðurinn áformar að verja 1.000 m.kr. til fjárfestingarverkefna og útlána á árinu 2008, innleysa 200 m.kr. og leggja 102 m.kr. í afskriftarsjóð útlána. Hreinar fjár-

munatekjur sjóðsins eru áætlaðar 386 m.kr., rekstrargjöld 97 m.kr. og gert er ráð fyrir 187 m.kr. hagnaði af rekstri sjóðsins. Gangi framangreint eftir verður handbært fé sjóðsins í árslok rúmir 2,8 milljarðar króna.

6 Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir

Hér verður gerð grein fyrir lánsfjárþörf, lántökum og afborgunum hjá A-hluta ríkissjóðs, ríkisfyrirtækjum í B-hluta, sjóðum í C-hluta og aðilum sem taka lán á grundvelli sérlaga. Vísað er til 2. og 5. gr. frumvarpsins.

6.1 Horfur árið 2007

Reiknað er með að á árinu 2007 verði hreinn lánsfjárjöfnuður ríkissjóðs neikvæður um 12,9 milljarða króna en á fjárlögum var áætlað að hann yrði jákvæður um 9,7 milljarða króna. Breytingin frá fjárlögum er 22,6 milljarðar króna til lækkunar og rekur sig að mestu til þrennra þátta. Í fyrsta lagi eru nú horfur á að í ár skili rekstur ríkissjóðs næstum 46 milljörðum króna í handbæru fé umfram það sem áætlað var á fjárlögum og munar þar mest um mikinn vöxt tekna. Í öðru lagi skilar sala á eignarhlutum í félögum 7,2 milljörðum króna umfram það sem áætlað var, aðallega vegna sölu á eignarhlut ríkissjóðs í Hitaveitu Suðurnesja. Á móti kemur svo í þriðja lagi 76 milljarða króna aukning stofnfjárframlaga og kaup ríkissjóðs á eignarhlutum í félögum. Mest munar þar um 44 milljarða króna eiginfjárframlag til Seðlabanka Íslands og kaup ríkisins á öllum eignarhlutum Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun fyrir rúma 30,2 milljarða króna. Neikvæðum lánsfjárjöfnuði er mætt með auknum lántökum og þannig er gert ráð fyrir að lántökur ríkissjóðs verði 60,9 milljarðar á árinu 2007. Það eru 30,9 milljarðar umfram áætlun fjárlaga og tengist fyrst og fremst kaupunum á Landsvirkjun. Gert er ráð fyrir að ríkissjóður greiði 33,6 milljarða króna í afborganir af teknum lánum, eða 1,8 milljarða umfram áætlun fjárlaga. Eru lántökur umfram afborganir því áætlaðar 27,3 milljarðar króna. Gert er ráð fyrir að 4 milljarðar króna verði greiddir inn á skuldbindingar ríkisins hjá B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og að staða ríkissjóðs hjá Seðlabanka Íslands styrkist um 10,4 milljarða króna.

Lántökur árið 2007. Eins og fyrr segir er gert er ráð fyrir að heildarlántökur A-hluta ríkissjóðs á árinu 2007 verði 60,9 milljarðar króna eða 30,9 milljörðum króna meiri en áætlað var á fjárlögum. Gert er ráð fyrir að afborganir tekinna lána verði 33,6 milljarðar og samkvæmt því eru horfur á að nettó skuldaaukning ríkissjóðs verði 27,3 milljarðar króna. Það er 29,1 milljarðs króna frávik frá áætlun fjárlaga því þar var ætlað að ríkissjóður myndi greiða niður skuldir um 1,8 milljarða. Eins og áður hefur komið fram stafar frávikið fyrst og fremst af skuldabréfaútgáfu vegna kaupa ríkisins á eignarhlut sveitarfélaga í Landsvirkjun, en í forsendum fjárlaga var gert ráð fyrir þeim viðskiptum á árinu 2006.

Horfur eru á að lántökur ríkisfyrirtækja í B-hluta, sjóða í C-hluta og Landsvirkjunar verði 108 milljarðar króna og að afborganir af teknum lánum verði 44,4 milljarðar. Nettólántökur þessara aðila verða samkvæmt því 63,6 milljarðar króna og hækka um 22,5

milljarða frá áætlun fjárlaga. Annars vegar munar þar mest um 21,8 milljarða króna hækkun á lántökum Íbúðalánasjóðs á móti 3,8 milljarða króna meiri afborgunum sjóðsins af teknum lánum og hins vegar um 6 milljarða króna hærri lántökur Landsvirkjunar á móti 2,3 milljarða króna hærri afborgunum fyrirtækisins af teknum lánum. Auknar lántökur Íbúðalánasjóðs skiptast þannig að 15,7 milljarðar eru til almennra íbúðalána en 6,1 milljarður til leiguíbúða. Fyrir utan hærri afborganir af teknum lánum skýrast hærri lántökur Landsvirkjunar að mestu af um 3 milljarða króna hækkun fjárfestinga frá fyrri áætlunum vegna yfirtöku Landsnets á flutningslínum Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja.

6.2 Heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs, fyrirtækja og sjóða árið 2008

Áætlað er að heildarlántökur A-hluta ríkissjóðs, fyrirtækja í B-hluta, sjóða í C-hluta og Landsvirkjunar muni nema 144,3 milljörðum króna á árinu 2008. Afborganir af teknum lánum eru áætlaðar 87,7 milljarðar króna og hrein lánsfjárþörf þessara aðila nemur því 56,6 milljörðum króna. Reiknað er með að ríkissjóður muni taka 30 milljarða króna að láni á árinu og greiða 44,5 milljarða króna í afborganir af teknum lánum.

Lántökur fyrirtækja og sjóða í eigu ríkisins eru áætlaðar 114,3 milljarðar króna en afborganir tekinna lána 43,2 milljarður. Nettólántaka þessara aðila er því áætluð 71,1 milljarður króna, en það er 7,5 milljörðum króna hærri nettólántaka en gert er ráð fyrir í horfum fyrir árið í ár. Mest munar þar um Íbúðalánasjóð, en áætlað er að nettólántökur sjóðsins á næsta ári verði 13,3 milljörðum hærri en í ár, að mestu vegna lækkunar á afborgunum af teknum lánum. Áætlað er að nettólántökur Byggðastofnunar verði 0,4 milljörðum króna hærri á næsta ári en í ár, eða 1,3 milljarður á móti 0,9 milljörðum. Á móti kemur svo að er gert ráð fyrir að nettólántökur Landsvirkjunar lækki um 6,2 milljarða króna milli ára, lántökur aukist um 6 milljarða króna en afborganir um 12,2 milljarða.

	Horfur 2007			Frumvarp 2008		
Í milljörðum króna	Innlent	Erlent	Samtals	Innlent	Erlent	Samtals
Lántökur	**139,9**	**29,0**	**168,9**	**-**	**-**	**144,3**
Ríki	139,9	3,0	**142,9**	-	-	**112,3**
A-hluti	60,9	0,0	**60,9**	-	-	**30,0**
B- og C-hluti	79,0	3,0	**82,0**	-	-	**82,3**
Landsvirkjun	0,0	26,0	**26,0**	-	-	**32,0**
Afborganir	**60,8**	**17,2**	**78,0**	**-**	**-**	**87,7**
Ríki	60,5	12,7	**73,2**	-	-	**70,7**
A-hluti	22,5	11,1	**33,6**	-	-	**44,5**
B- og C-hluti	38,0	1,6	**39,6**	-	-	**26,2**
Landsvirkjun	0,3	4,5	**4,8**	-	-	**17,0**
Hrein lánsfjárþörf	**79,1**	**11,8**	**90,9**	**-**	**-**	**56,6**
Hlutfall af vergri landsframleiðslu	**6,4%**	**1,0%**	**7,4%**	**-**	**-**	**4,4%**

6.3 Sjóðstreymi og lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs

Í áætlun um sjóðstreymi fyrir árið 2008 er gert ráð fyrir að tekjujöfnuður ársins verði jákvæður um 30,8 milljarða króna og handbært fé frá rekstri 24,4 milljarðar. Tekjujöfnuður lækkar þannig um 35 milljarða króna og handbært fé frá rekstri lækkar um 28 milljarða frá horfum fyrir árið í ár. Hvoru tveggja endurspeglar áformaðan vöxt ríkisútgjalda umfram vöxt tekna. Útgjaldavöxtinn má rekja til mikillar aukningar í fjárfestingum, einkum í samgöngumálum, hækkun tilfærsluútgjalda, m.a. vegna spár um aukið atvinnuleysi og minnkun tekjutenginga í almannatryggingakerfinu og loks hækkun almennra rekstrarútgjalda, m.a. vegna brotthvarfs varnarliðsins. Fjármunahreyfingar eru jákvæðar um 7,5 milljarð króna og hreinn lánsfjárjöfnuður jákvæður um tæpa 32 milljarða. Áformað er að verja lánsfjárafganginum í að greiða niður skuldir ríkissjóðs um 14,5 milljarða króna, greiða 4 milljarða inn á skuldbindingar ríkissjóðs við B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og styrkja stöðu ríkissjóðs hjá Seðlabanka Íslands um 13,4 milljarð króna.

M.kr.	Horfur 2007	Frumvarp 2008
Handbært fé frá rekstri	**52.613**	**24.448**
Fjármunahreyfingar:		
Veitt stutt lán, viðskiptareikningar	-400	-500
Veitt löng lán	-7.200	-8.000
Afborganir veittra lána	11.300	16.000
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	-77.000	-1.000
Sala hlutabréfa og eignarhluta	7.800	1.000
Fjármunahreyfingar samtals	**-65.500**	**7.500**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**-12.887**	**31.948**
Fjármögnun:		
Skammtímalán	0	0
Tekin löng lán	60.900	30.000
Afborganir	-33.600	-44.500
Fjármögnun samtals	**27.300**	**-14.500**
Framlag til LSR	-4.000	-4.000
Breyting á handbæru fé	**10.413**	**13.448**

Handbært fé frá rekstri. Handbært fé frá rekstri er það fé sem regluleg starfsemi ríkisins skilar þegar frá eru taldar rekstrarfærðar tekjur og gjöld sem ekki koma til innheimtu eða útgreiðslu á árinu. Horfur eru á að í ár verði handbært fé frá rekstri 52,6 milljarðar króna en 24,4 milljarðar á næsta ári. Lækkunin er rúmlega 28 milljarðar og skýrist eins og áður hefur verið vikið að einkum af útgjaldavexti umfram vöxt tekna.

Veitt löng lán. Í 2. tl. 5. gr. frumvarpsins er sótt um heimildir til lánveitinga til lengri tíma en eins árs. Sótt er um 8.275 m.kr. endurlánaheimild á árinu 2008 en horfur eru á að í ár nemi endurlán samtals 7.200 m.kr. Sótt er um 8.000 m.kr. heimild vegna Lánasjóðs íslenskra námsmanna sem er 900 m.kr. hækkun frá áætlun fyrir árið í ár. Aðrar breytingar eru þær að gert er ráð fyrir að Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar nýti einungis 100 m.kr. af 350 m.kr. lánsfjárheimild sem fyrirtækið hefur á fjárlögum ársins í ár og engar lántökur eru áformaðar á næsta ári. Sótt er um 275 m.kr. lánsheimild vegna Happdrættis Háskóla Íslands sem er óbreytt fjárhæð frá fjárlögum. Happdrættið áformar engar lántökur í ár og óvíst er hvort fyrirtækið þurfi að nýta lánsfjárheimildina á næsta ári.

Afborganir veittra lána. Horfur eru á að í ár nemi innheimtar afborganir veittra lána 11,3 milljörðum króna en áætlað er að árið 2008 verði þær 16 milljarðar og hækki þannig um 4,7 milljarða króna milli ára. Skýrist hækkunin að lang mestu leyti af hækkun milli ára á afborgun Seðlabanka Íslands af 32 milljarða króna láni sem bankinn fékk hjá ríkissjóði á árinu 2005 þegar hluti af söluandvirði Landssíma Íslands hf. var ávaxtaður hjá Seðlabankanum í skuldabréfum sem endurgreiðast á árunum 2007-2010. Þannig kemur 6,1 milljarður króna til endurgreiðslu í ár, 10,1 milljarður árið 2008, 9,3 milljarðar árið 2009 og 6,5 milljarðar árið 2010.

Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög. Undir þennan lið falla stofnfjárframlög og kaup á eignarhlutum í félögum sem færð eru í efnahagsreikning ríkissjóðs. Miklar breytingar hafa orðið í þessum lið frá því sem áætlað var á fjárlögum 2007og hefur liðurinn hækkað frá 1.000 m.kr. áætlun fjárlaga í 77.000 m.kr. horfur fyrir árið í ár. Munar þar mest um 44.000 m.kr. eiginfjárframlag ríkissjóðs til Seðlabanka Íslands í vor og kaup ríkisins á eignarhlutum Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun fyrir 30.250 m.kr. svo sem á var minnst í kafla 6.1 hér að framan. Önnur stór breyting frá fjárlögum er 1.200 m.kr. stofnfjárframlag til Byggðastofnunar sem er hluti af mótvægisaðgerðum ríkisstjórnarinnar vegna tímabundins samdráttar í aflamarki þorsks. Aðrar breytingar frá fyrri áætlun eru smærri. Í frumvarpinu er áætlað fyrir 1.000 m.kr. hlutafjárkaupum og stofnfjárframlögum á næsta ári en það er óbreytt áætlun frá fjárlögum 2007 og ber þar hæst 500 m.kr. stofnfjárframlag til Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins í samræmi við lög um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands.

M.kr.	Áætlun 2007	Frumvarp 2008
Seðlabanki Íslands	44.000,0	0,0
Landsvirkjun	30.250,0	0,0
Byggðastofnun	1.200,0	0,0
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins	500,0	500,0
Matís ohf.	150,0	0,0
Neyðarlínan hf.	91,0	0,0
Vistorka hf.	25,0	100,0
Alþjóðabankinn og IDA, Washington, DC	205,0	205,0
Evrópubankinn, EBRD	35,0	35,0
Norræni þróunarsjóðurinn, NDF, Helsinki	35,0	35,0
Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið, NEFCO, Helsinki	10,0	10,0
Önnur hluta- og stofnfjárframlög	499,0	115,0
Samtals	**77.000,0**	**1.000,0**

Sala hlutabréfa og eignarhluta. Í frumvarpinu er ekki reiknað með sölu á tilteknum eignarhlutum ríkissjóðs í félögum. Eingöngu er gert ráð fyrir 1.000 m.kr. tekjum af sölu smærri eignarhluta.

Hreinn lánsfjárjöfnuður. Áætlað er að á næsta ári verði hreinn lánsfjárjöfnuður jákvæður um tæpa 32 milljarða króna. Gert er ráð fyrir að honum verði varið til að greiða niður skuldir ríkissjóðs um 14,5 milljarða króna, greiða 4 milljarða inn á skuldbindingar ríkissjóðs við B-deild LSR og styrkja stöðu ríkissjóðs hjá Seðlabanka Íslands um 13,4 milljarða króna.

Lántökur A-hluta ríkissjóðs. Gert er ráð fyrir 30 milljarða króna lántökum ríkissjóðs á árinu 2008 og í 5. gr. frumvarpsins er sótt um heimild fyrir fjármálaráðherra til að taka þá fjárhæð að láni fyrir hönd ríkissjóðs.

Afborganir af teknum lánum. Áætlað er að á árinu 2008 greiði ríkissjóður 44,5 milljarða króna í afborganir af teknum lánum. Miðað við það er áætlað að á næsta ári greiði ríkissjóður niður skuldir sínar um 14,5 milljarða króna.

6.4 Lántökur ríkisfyrirtækja og sjóða - ríkisábyrgðir

Í 3. tl. 5. gr. frumvarpsins er sett hámark á nýtingu lántökuheimilda sem kveðið er á um í hlutaðeigandi sérlögum. Horfur eru á árinu 2007 verði lántökur ríkisfyrirtækja og sjóða 108 milljarðar og áætlað er að þær verði 114,3 milljarðar króna árið 2008. Útlit er því fyrir að lántökur þessara aðila verði 6,3 milljörðun króna meiri á næsta ári en í ár. Stærstu breytingarnar eru 6 milljarða króna aukning á lántökum Landsvirkjunar og 1,3 milljarða króna hækkun á lántökum Íbúðalánsjóðs en lántökur Byggðastofnunar lækka um 1 milljarð króna. Horfur eru á að í ár greiði ríkisfyrirtæki og sjóðir 44,4 milljarða króna í afborganir af

teknum lánum en 43,2 milljarða árið 2008. Miðað við þetta er áætlað að í ár hækki skuldir þessara aðila um 63,6 milljarða króna og 71,1 milljarð árið 2008, eða um samtals 134,7 milljarða á þessum tveimur árum.

Hér á eftir eru raktar lántökuheimildir sem lagt er til að verði veittar skv. 3. tl. 5. gr. Nánari greinargerðir um stofnanir í B- og C-hluta eru í 4. og 5. kafla frumvarpsins.

1. Landsvirkjun. Lagt er til að Landsvirkjun verði heimilað að taka allt að 32 milljarða króna að láni á árinu 2008 í samræmi við rekstrar- og fjárfestingaráætlanir ársins. Áætlað er að á því ári nemi fjárfestingar félagsins alls 17,5 milljörðum króna. Um að ræða 10 milljarða í framkvæmdir við Kárahnjúkavirkjun, 4 milljarða í framkvæmdir við Neðri Þjórsá, 1,5 milljarðar í rannsóknarboranir á Þeistareikjasvæðinu og 2 milljarðar í ýmsar viðhaldsframkvæmdir. Því til viðbótar er gert ráð fyrir ýmsum framkvæmdum á vegum Landsnets fyrir um 5,5 milljarða króna. Helstu verkefni þar eru lagning jarðstrengs milli Geithála og Nesjavalla, stækkun tengivirkis við Kolviðarhól, undirbúningur fyrir byggingu tengi- og flutningsmannvirkja vegna stórnotkunar í Helguvík og á Húsavík, tenging aflþynnuverksmiðju á Akureyri og almenn styrking og endurnýjun í flutningskerfinu. Félagið áætlar að greiða 17 milljarða í afborganir af teknum lánum þannig að hrein lánsfjárþörf þess á árinu 2008 er 15 milljarðar króna.

2. Íbúðalánasjóður. Gert er ráð fyrir að Íbúðalánasjóður fái heimild til 80,3 milljarða króna lántöku á árinu 2008. Lántökur íbúðalánadeildar eru áætlaðar 56,8 milljarðar króna, og er það lækkun um 2,1 milljarð frá horfum fyrir árið í ár, og lántökur vegna leiguíbúða eru áætlaðar 23,5 milljarðar, sem er hækkun um 3,5 milljarða króna miðað við horfur fyrir árið í ár. Áætlað er að á árinu 2008 greiði sjóðurinn 25,5 milljarða króna í afborganir af teknum lánum. Hrein lánsfjárþörf sjóðsins á árinu 2008 nemur því 54,8 milljörðum króna. Horfur eru á að í ár þurfi sjóðurinn að taka að láni rétt tæpa 79 milljarða króna og greiða 37,4 milljarða í afborganir af teknum lánum, þannig að hrein lánsfjárþörf hans í ár nemur 41,6 milljörðum króna. Samkvæmt því hækka nettólántökur sjóðsins um 13,2 milljarða króna milli áranna 2007 og 2008. Lántökur hækka um 1,3 milljarða en afborganir af teknum lánum lækka um 11,9 milljarða. Munar þar mest um 14,5 milljarða lækkun á afborgunum af skuldum húsbréfadeildar.

3. Byggðastofnun. Lagt er til að Byggðastofnun fái 2 milljarða króna lántökuheimild á árinu 2008 sem öll er ætluð til nýrra lánveitinga. Stofnunin hefur 3 milljarða króna lánsfjárheimild á fjárlögum 2007 og þar af er 1 milljarður ætlaður til endurfjármögnunar á skuldum stofnunarinnar en 2 milljarðar til nýrra lánveitinga. Lánveitingar Byggðastofnunar í ár og á næsta ári eru því áætlaðar 2 milljarðar króna á ári hvort ár um sig.

7 Heimildir

Í 40. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, segir að ekki megi selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum ríkisins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt lagaheimild. Enn fremur segir í 29 gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, að ríkisaðilar í A-hluta skuli hverju sinni afla heimilda í lögum til að kaupa, selja, skipta eða leigja til langs tíma fasteignir, eignarhluta í félögum, skip og flugvélar, söfn og safnhluta – sem hafa að geyma menningarverðmæti og aðrar eignir sem verulegt verðgildi hafa. Lagaheimilda til þessara aðgerða er aflað í 6. gr. fjárlaga. Heimildum fjármálaráðherra er skipt í sjö flokka og eru þær samtals 124 talsins. Heimildirnar skiptast þannig að heimild til eftirgjafar gjalda er 1, til sölu húsnæðis eru 24, til sölu eignarhluta í húsnæði eru 21, til sölu lóða og jarða eru 38, til sölu hlutabréfa eru 3, til kaupa og leigu á fasteignum eru 23 og ýmsar heimildir eru 11. Í frumvarpinu er lagt til að fjárveiting til útgjalda vegna heimildagreinar sé 190 m.kr. Ef nýta á allar eða flestar heimildanna er þó ljóst að fjárveitingin dugir skammt.

Í fyrsta flokki er heimild til handa fjármálaráðherra til að fella niður virðisaukaskatt af efniskostnaði og sérfræðiþjónustu sem keypt er fyrir styrktarfé vegna rannsóknar Hjartaverndar um heilbrigði öldrunar. Heimildin er óbreytt frá fyrra ári en hún er komin til vegna umfangsmikillar rannsóknar sem Hjartavernd stendur fyrir í samvinnu við erlenda aðila.

Í öðrum og þriðja flokki eru heimildir til sölu húsnæðis og eignarhluta í húsnæði. Flestar heimildirnar eru til sölu fasteigna sem eru óhentugar eða nýtast ekki lengur í ríkisrekstrinum. Sem dæmi um þessar heimildir má nefna 2.19 sem er söluheimild vegna stóðhestastöðvarinnar í Gunnarsholti. Auk sölu eignarinnar er lagt til að heimilt verði að ráðstafa hluta andvirðisins til uppbyggingar á landsmótssvæði fyrir hestaíþróttir á Gaddastaðaflötum. Gert er ráð fyrir að sú fjárhæð verði ekki hærri en sem nemur 80 m. kr. Hluti söluandvirðisins mun renna til Hekluskóga samkvæmt nánari ákvörðun í fjárlögum. Heimildir 2.20-2.22 eru allar vegna íbúðarhúsa á forræði Landbúnaðarháskóla Íslands sem skólinn hefur áhuga á að verði seldar inn í Húsfélag Hvanneyrar sem er sjálfseignarstofnun. Heimild 2.23 er til komin vegna áhuga á því að selja núverandi embættisbústað sýslumannsins á Hvolsvelli sem stendur ónotaður, ásamt lögreglustöðinni og ráðstafa andvirðinu til kaupa, leigu eða byggingar nýrrar lögreglustöðvar. Heimild 2.24 er til komin vegna flutnings Vegagerðar ríkisins í hentugra húsnæði. Heimild 2.25 er vegna starfsmannahúsnæðis Vegagerðarinnar á Ísafirði sem ekki er lengur not fyrir. Heimild 2.26 er vegna „gamla hótelsins“ nálægt ylströndinni í Nauthólsvík og byggingum sem því tengjast. Heimildir 3.19 og 3.21 eru vegna almennrar umsýslu Framkvæmdasjóðs fatlaðra.

Fjórði flokkurinn er heimildir til sölu lóða og jarða. Flestar eru þessar heimildir til komnar vegna almennrar umsýslu Landbúnaðarráðuneytisins og Jarðasjóðs. Rétt er hins

vegar að minnast á heimild 4.32 sem er vegna nýs deiliskipulags sem samþykkt hefur verið við framhaldsskólann að Laugum í Reykjadal en í tengslum við það hefur skólameistarinn farið fram á að leigja tvær byggingarlóðir til starfsmanna skólans sem ætla að setjast að til frambúðar á staðnum. Heimild 4.37 er vegna áhuga Kópavogsbæjar að kaupa landsspildur ríkisins við Þinghól og Vatnsenda.

Í fimmta flokki er fjallað um heimildir til sölu hlutabréfa og eru þessar heimildir óbreyttar frá fyrra ári.

Í sjötta flokki eru heimildir til kaupa og leigu fasteigna. Þar er helst að nefna heimild 6.21 sem er vegna kaupa á jörðinni Hjörleifshöfða í Mýrdalshreppi. Landbúnaðarráðuneytið hefur mikinn áhuga á því að ríkið eignist þessu sérstæðu jörð, m.a. vegna þeirra hamfaraflóða úr Kötlu sem oft hafa farið yfir hluta hennar og gera uppgræðslu hennar nauðsynlega.

Í sjöunda flokki eru ýmsar heimildir sem flestar eru óbreyttar frá fyrra ári og skýra sig sjálfar.

8 Yfirlit yfir lagabreytingar

Lagðar verða til eftirfarandi breytingar á lögum til að áform í fjárlagafrumvarpinu nái fram að ganga:

Lagabreytingar vegna tekjuhliðar fjárlagafrumvarpsins:
Lög nr. 125/1999, um málefni aldraðra. Lögð verður til breyting á gjaldi í Framkvæmdasjóð aldraðra í samræmi við hækkun byggingarvísitölu.

Lög nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Lögð verður til breyting á eftirlitsgjaldi miðað við áætlaðan rekstrarkostnað Fjármálaeftirlitsins.

Lög nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald. Lagðar verða til breytingar í samræmi við þær forsendur frumvarpsins að hækkun á olíugjaldi úr 41 krónu á líter í 45 krónur á líter komi ekki til framkvæmda um næstu áramót.

Lög nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs. Lagðar verða til breytingar á gjaldskrá dómsmálaráðuneytisins fyrir vegabréfsáritun.

Lagabreytingar vegna gjaldahliðar fjárlagafrumvarpsins:
Lög nr. 133/2005, um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf. Lagðar verða til breytingar á lögunum í samræmi við áform í frumvarpinu um frestun framkvæmda við Sundabraut og Stofnun Árna Magnússonar.

Lög nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Lagðar verða til breyting á lögunum í samræmi við áform um afnám verðtilfærslugjalds á mjólk og áform um að leggja Fóðursjóð niður í áföngum á næstu þremur árum.

Lög nr. 103/1994, um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara. Lagt verður til að jöfnun á flutningskostnaði olíuvara verði hætt og flutningsjöfnunarsjóður olíuvara lagður niður.

Lög nr. 162/2002, um úrvinnslugjald. Lögð verður til frestun á gildistökuákvæði í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I.

Lög nr. 90/2003, um tekjuskatt. Lagðar verða til breytingar á ýmsum viðmiðunarfjárhæðum laganna, einkum varðandi barnabætur og vaxtabætur.

Atriðisorðaskrá

A

bls.

Aðildargjöld ESB ... 290
Aðrar rekstrartekjur ... 239
Afborganir lána ríkissjóðs ... 46
Afborganir veittra lána ríkissjóðs ... 46
Afnotagjöld RÚV ... 241
Afskriftir skattkrafna ... 233, 391
Alþingi ... 268,
Alþjóðastofnanir ... 314, 315
Atvinnuleysistryggingasjóður ... 233, 235, 354
Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni ... 415

Á

Ábyrgðargjald vegna launa ... 235
Ábyrgðasjóður launa ... 235, 242, 353
Áfengis- og fíkniefnamál ... 338, 340
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins ... 47, 438
Áfengisgjald ... 253
Áhorfendaaðstaða á Laugardalsvelli í Reykjavík ... 306
Átak í vímuvarnamálum ... 356
Átak til atvinnusköpunar ... 412

B

Bandalag íslenskra skáta ... 305
Barnabætur ... 233, 390, 391
Barnaverndarstofa ... 349, 357
Beinar greiðslur til bænda ... 323, 324
Bifreiðagjöld ... 257
Bjargráðasjóður ... 353
Blindrabókasafn Íslands ... 299, 301
Borgarholtsskóli ... 241
Bridgesamband Íslands ... 306
Brunamálastofnun ríkisins ... 238, 429, 430
Búnaðarsjóður ... 234, 324, 325
Byggðaáætlun ... 415, 416
Byggðastofnun ... 48, 49, 411, 415, 445, 452
Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins ... 329, 331
Bændasamtök Íslands ... 318, 324, 325
Bætur brotaþola ... 337, 338
Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð ... 233, 361, 362
Bætur vegna læknis- og sjúkrakostnaðar ... 364

D

Dagvistun aldraðra, aðrar ... 367
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti ... 45, 332, 333
Dvalarrými aldraðra, önnur ... 367

E

Eftirlaunasjóður aldraðra ... 361, 365
Einkaleyfastofan ... 243, 410
Embætti forseta Íslands ... 268
Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Reykjavík ... 382
Endurvinnslan hf. ... 238, 428
Evrópuráðið ... 315

F

Fangelsisbyggingar ... 343
Fangelsismálastofnun ríkisins ... 343
Fasteignamat ríkisins ... 236, 243, 393, 394
Fasteignir forsætisráðuneytis ... 273
Fasteignir framhaldsskóla ... 291, 294
Fasteignir ríkissjóðs ... 393, 395
Fasteignir Stjórnarráðsins ... 273, 274
Ferðamálastofa ... 237, 408
Ferðasjóður Íþróttasambands Íslands ... 306
Ferjubryggjur ... 405
Félagsmál, ýmis starfsemi ... 348, 355, 356
Félagsmálaráðuneyti ... 45, 345, 443
Félagsmálaskóli alþýðu ... 354
Fiskistofa ... 235, 242, 329
Fiskræktarsjóður ... 234, 324, 326
Fjármagnstekjuskattur ... 255, 391
Fjármálaeftirlitið ... 243, 419
Fjármálaráðuneyti ... 45, 384, 438
Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa ... 394
Fjárreiður lánastofnana í C-hluta ... 48
Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta ... 47
Fjársýsla ríkisins ... 265, 393
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra ... 240
Fjölbrautaskóli Snæfellinga ... 241
Fjölbrautaskóli Suðurlands ... 240
Fjölbrautaskóli Suðurnesja ... 240
Fjölbrautaskóli Vesturlands ... 240
Fjölbrautaskólinn Ármúla ... 240
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti ... 240
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ ... 240

Flensborgarskóli ... 240, 295
Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli ... 47, 241, 311, 437
Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta ... 237, 243, 406
Foreldrar langveikra eða alvarlega fatlaðra barna ... 354
Fornleifavernd ríkisins ... 299
Forsætisráðuneyti ... 45, 270, 272
Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa ... 272
Forvarnasjóður ... 381
Fóðursjóður ... 234, 317, 324, 325
Framhaldsskólar, stofnkostnaður ... 291, 295
Framhaldsskólinn á Húsavík ... 240
Framhaldsskólinn á Laugum ... 241, 295
Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu ... 240
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum ... 240
Framkvæmdasjóður aldraða ... 236, 369
Framkvæmdasjóður fatlaðra ... 349, 352
Framkvæmdasýsla ríkisins ... 275, 394
Framlag Happdrættis HÍ til Háskóla Íslands ... 239
Framleiðnisjóður landbúnaðarins ... 324, 325
Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ... 296
Fullorðinsfræðsla fatlaðra ... 291, 296
Fylgiréttargjald í Myndhöfundarsjóð Íslands - Myndstef ... 234
Fæðingarorlof ... 235, 355
Fæðingarorlofssjóður ... 233

G

Garðávaxtasjóður ... 324
Geislavarnir ríkisins ... 242, 380
Geymsluhúsnæði safna ... 302
Gjald af eftirlitsskyldum rafföngum ... 238
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraða ... 236
Gjald til jöfnunar og lækkunar á örorkubyrði lífeyrissjóða ... 236
Glímusamband Íslands ... 306
Gljúfrasteinn - Hús skáldsins ... 273, 275
Greiðslur vegna grænmetisframleiðslu ... 322, 324
Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu ... 322, 323
Greiðslur vegna riðuveiki ... 324
Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu ... 322, 323
Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins ... 349, 352

H

Hafnabótasjóður ... 404, 405
Hafnamannvirki ... 399, 405
Hafrannsóknastofnunin ... 329, 330

Hagræn skipting gjalda í A-hluta ... 233
Hagstofa Íslands ... 45, 259, 270, 421
Hagþjónusta landbúnaðarins ... 320, 321
Handbært fé frá rekstri A-hluta ríkissjóðs ... 46
Happdrætti Háskóla Íslands ... 47, 435, 436
Háskóla- og rannsóknastarfsemi ... 282, 290
Háskólasjóður ... 245, 286
Háskóli Íslands ... 234, 239, 245, 285
Háskólinn á Akureyri ... 239, 282, 287
Háskólinn á Bifröst ... 282, 287
Háskólinn í Reykjavík ... 282, 287
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti ... 45, 358
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa ... 361
Heilbrigðisstofnun Austurlands ... 379
Heilbrigðisstofnun Suðurlands ... 379
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja ... 380
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga ... 379
Heilbrigðisstofnunin Akranesi ... 378
Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ ... 378
Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði ... 378
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki ... 379
Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu ... 375
Heilsugæslustöðin Borgarnesi ... 376
Heilsugæslustöðin Dalvík ... 376
Heilsugæslustöðin Grundarfirði ... 376
Heilsugæslustöðin í Salahverfi í Kópavogi ... 376
Heilsugæslustöðin Lágmúla ... 375
Heilsugæslustöðin Ólafsfirði ... 376
Heilsugæslustöðvar, almennt ... 373, 374, 375
Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands ... 372
Heimildir ... 51
Hekluskógar ... 321, 322
Heyrnar- og talmeinastöð Íslands ... 380
Héraðs- og Austurlandsskógar ... 321, 322
Héraðsdómstólar ... 337
Hið íslenska bókmenntafélag ... 305
Hjúkrunarheimili, almennt ... 368
Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal ... 241, 320
Hrafnseyri ... 272
Húsafriðunarnefnd ... 298, 303
Hæstiréttur ... 337
Höfundarréttargjald vegna flutnings tónverka við jarðarfarir ... 234
Höfundarréttargjöld ... 234, 298, 303
Hönnunarsafn Íslands ... 300, 301

I

Icepro-nefnd ... 418
Iðnaðarmálagjald ... 237
Iðnaðarrannsóknir og stóriðja ... 411, 412
Iðnaðarráðuneyti ... 45, 409
Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa ... 410, 438, 445
Iðnnemasamband Íslands ... 296
Iðnskólinn í Hafnarfirði ... 241
Iðnskólinn í Reykjavík ... 241
Innheimtukostnaður ... 387, 389
Innleiðing gagnagrunna á lögbýlum ... 319

Í

Íbúðalánasjóður ... 48, 443, 444
Íslensk friðargæsla ... 315
Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verkefni ráðuneyta ... 273, 276
Íslenskar orkurannsóknir ... 47, 438
Íslenski dansflokkurinn ... 298, 302
Íslenskukennsla fyrir útlendinga ... 297
Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands ... 280, 306
Íþróttasamband fatlaðra ... 306

J

Jafnréttisstofa ... 348
Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins ... 242, 324, 325
Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða ... 236
Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku ... 413, 414
Jöfnun kostnaðar við vöruflutninga til Vestfjarða ... 420
Jöfnunarsjóður sókna ... 245, 344
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga ... 233, 245, 353

K

Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög ... 46
Kennaraháskóli Íslands ... 239, 282, 287
Kirkjugarðar ... 344
Kirkjumálasjóður ... 245, 344
Kjarasamningar ... 438
Kosningar ... 334, 336
Kristnisjóður ... 344
Kvennaskólinn í Reykjavík ... 240
Kvikmyndamiðstöð Íslands ... 298, 303
Kvikmyndasafn Íslands ... 299

L

Lagasafn 334
Landbúnaðarháskóli Íslands 241, 320
Landbúnaðarráðuneyti 45, 316, 319
Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa 319
Landbúnaðarstofnun 234, 241, 320
Landgræðsla ríkisins 241, 321, 322
Landhelgisgæsla Íslands 338, 340
Landhelgissjóður Íslands 338
Landlæknir 242, 380, 381
Landmælingar Íslands 238, 429
Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn 299, 300
Landspítali 243, 350, 365, 366
Landssamband KFUM og KFUK 306
Launa- og verðlagsmál 392
Lánasjóður íslenskra námsmanna 48, 233, 297, 442
Lánaumsýsla ríkissjóðs 387, 393, 394
Lánsfjárjöfnuður ríkissjóðs 46
Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir 49
Leiguíbúðir 355, 356
Listaháskóli Íslands 282, 288
Listamannalaun 245
Listasafn Einars Jónssonar 299
Listasafn Íslands 299, 300
Listasjóðir 245, 298, 303
Listir 298, 303
Listir, framlög 298, 303
Listskreytingasjóður 298, 303
Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun 389
Lífeyristryggingar 233, 235, 361, 362
Lyfjastofnun 236, 243, 380, 381
Lýðheilsustöð 236, 245, 380, 381
Læknavaktin 375
Lögregluskóli ríkisins 338, 339
Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu 235, 338, 339
Lögreglustjórinn á Suðurnesjum og sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli 242, 338, 340

M

Mannúðarmál og neyðaraðstoð 315
Markaðar tekjur 234
Markaðsgjald 234
Matvælarannsóknir 329, 330
Málefni fatlaðra 349, 382
Málskostnaður í opinberum málum 337

Menningarhús ... 302
Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður ... 298, 302
Menntamálaráðuneyti ... 45, 278, 436, 442
Menntaskóli Borgarfjarðar ... 241
Menntaskólinn að Laugarvatni ... 239
Menntaskólinn á Akureyri ... 239
Menntaskólinn á Egilsstöðum ... 239
Menntaskólinn á Ísafirði ... 239
Menntaskólinn á Laugarvatni ... 239
Menntaskólinn í Kópavogi ... 240
Menntaskólinn í Reykjavík ... 239
Menntaskólinn við Hamrahlíð ... 239
Menntaskólinn við Sund ... 239
Myndlistarskólinn Akureyri ... 296
Myndlistarskólinn í Kópavogi ... 296
Myndlistarskólinn í Reykjavík ... 296

N

Námsefnisgerð ... 296
Námsgagnastofnun ... 297
Námsmatsstofnun ... 282, 288
Náttúrufræðistofnun Íslands ... 431
Náttúruminjasafn Íslands ... 299, 301
Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn ... 426
Náttúrustofur ... 430, 432
Neyðarsímsvörun ... 338, 340
Neytendasamtökin ... 417
Neytendastofa ... 238, 243, 419
Niðurgreiðsla á lýsingu í ylrækt ... 324
Niðurgreiðslur á húshitun ... 414
Norðurlandaskrifstofa forsætisráðuneytis ... 274
Norðurlandsskógar ... 321
Norræn samvinna ... 304, 305
Norræna ráðherranefndin ... 273, 274
Nýsköpunarmiðstöð Íslands ... 411
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins ... 48, 445

O

Ofanflóðasjóður ... 238, 429, 430
Olíugjald ... 236
Opinber réttaraðstoð ... 337
Orkusjóður ... 48, 413, 445
Orkustofnun ... 413

Ó

Óbyggðanefnd 273, 275

P

Persónuvernd 337
Póst- og fjarskiptastofnunin 237, 243, 407

R

Rafræn þjónustuveita hins opinbera 276
Rannsóknamiðstöð Íslands 288
Rannsóknanefnd flugslysa 405
Rannsóknanefnd sjóslysa 404, 405
Rannsóknarnámssjóður 289
Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs 329, 331
Rannsóknasjóður 289, 331
Ratsjárstofnun 312, 435
Raunvísindastofnun Háskólans 286
Ráðstafanir vegna samdráttar í heimiluðum þorskafla 396
Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól 393, 395
Rekstrarreikningur ríkissjóðs 247
Rekstraryfirlit A-hluta ríkissjóðs 45
Rekstur fyrrum varnarsvæða við Keflavíkurflugvöll 312, 395
Reykjavíkurakademían 290
Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora 282, 289
Ríkisábyrgðir 49
Ríkisendurskoðun 270
Ríkiskaup 393, 394
Ríkislögmaður 273, 275
Ríkislögreglustjóri 235, 338, 339
Ríkissaksóknari 338
Ríkissáttasemjari 348
Ríkisskattstjóri 243, 387, 388
Ríkisstjórn 269
Ríkisstjórnarákvarðanir 395, 396
Ríkisútvarpið 233, 241, 302
Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn 365

S

Safnasjóður 299
Sala hlutabréfa og eignarhluta 46
Samgönguráðuneyti 45, 398, 401
Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa 401
Samkeppniseftirlitið 418, 419

Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra 304, 305
Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið 365
Samtök iðnaðarins 237, 411
Schengen-samstarf 338, 340
Sendiráð Íslands 313
Siglingastofnun Íslands 237, 243, 405
Sinfóníuhljómsveit Íslands 241, 260, 303
Símenntun og fjarkennsla 291, 296
Sjávarútvegsráðuneyti 45, 327
Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa 327
Sjóðstreymi A-hluta ríkissjóðs 46, 247
Sjóður til síldarrannsókna 329
Sjónstöð Íslands 381
Sjúklingatrygging 361
Sjúkraflug 374
Sjúkraflutningar 374, 378
Sjúkrahótel 365
Sjúkrahúsið á Akureyri 365
Sjúkratryggingar 233, 361, 363
Skammtímalán ríkissjóðs 46
Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld 387
Skattrannsóknarstjóri ríkisins 387
Skáksamband Íslands 306
Skákskóli Íslands 306
Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ 349
Skipulagsmál sveitarfélaga 238, 429
Skipulagsstofnun 429
Skjólskógar á Vestfjörðum 321
Skógrækt ríkisins 242, 317, 322
Skógræktarfélag Íslands 319
Skriðuklaustur 305
Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna 329, 331
Slysatryggingar 236, 361, 364
Snorrastofa 305
Sóknargjöld 245, 344
Sólheimar í Grímsnesi 349, 352
Sóltún, Reykjavík 371
St. Jósefsspítali, Sólvangur 380
Staðlaráð 412
Starfsemi áhugaleikfélaga 304
Stimpilgjöld 253
Stjórnarskrárnefnd 272
Stjórnartíðindi 335
Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum 282, 286, 290
Stofnun Vilhjálms Stefánssonar 430, 432
Styrkir til ferja og sérleyfishafa 399, 402

Styrkir til fráveitna sveitarfélaga ... 426, 428
Styrkir til innanlandsflugs ... 402
Styrktarfélag vangefinna ... 349
Suðurlandsskógar ... 321
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli ... 341
Sýslumaðurinn í Reykjanesbæ ... 341
Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal ... 242

T

Talsmaður neytenda ... 418, 420
Tannverndarsjóður ... 245
Tapaðar kröfur og tjónabætur ... 391
Tapaðar kröfur ... 391
Tekin löng lán ríkissjóðs ... 46
Tekjujöfnuður ... 45
Tilraunastöð Háskólans að Keldum ... 239, 286
Tollstjórinn í Reykjavík ... 387, 389
Tóbaksvarnir ... 245
Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga ... 235, 354
Tryggingastofnun ríkisins ... 361
Tækjasjóður ... 239, 289, 437
Tækniþróunarsjóður ... 412

U

Umboðsmaður barna ... 273
Umferðarstofa ... 237, 243
Umhverfisráðuneyti ... 45, 422, 424
Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa ... 424
Umhverfisstofnun ... 238, 244, 424, 426
Ungmennafélag Íslands ... 305
Utanríkisráðuneyti ... 45, 308, 437
Úrvinnslusjóður ... 238, 426, 428
Útflutningsráð Íslands ... 234, 316
Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum ... 396
Útilífsmiðstöð skáta Úlfljótsvatni ... 305
Útlendingastofnun ... 338, 341

V

Vaktstöð siglinga ... 405
Varasjóður húsnæðismála ... 355
Varnarmál ... 311
Vatnajökulsþjóðgarður ... 426, 427
Vaxtabætur ... 233, 391
Vaxtagjöld ríkissjóðs ... 45, 434

Veðurstofa Íslands ... 432
Veiðimálastofnun ... 320
Veitt löng lán ríkissjóðs ... 46
Veitt stutt lán ríkissjóðs ... 46
Verðlagsstofa skiptaverðs ... 331
Verðmiðlun landbúnaðarvara ... 234, 325
Verkefnasjóður sjávarútvegsins ... 242, 329
Verkmenntaskóli Austurlands ... 240
Verkmenntaskólinn á Akureyri ... 240
Vestmannaeyjaferja ... 405
Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn ... 273
Vesturfarasetrið á Hofsósi ... 273
Vesturlandsskógar ... 321
Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri ... 306
Viðskiptaráðuneyti ... 45, 418, 445
Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa ... 418
Viðskiptaráðuneyti, C-hluti ... 445
Vinnueftirlit ríkisins ... 235, 242, 348
Vinnumál ... 354
Vinnumálastofnun ... 54, 354
Virðisaukaskattur ... 45, 256
Vistun ósakhæfra afbrotamanna ... 367
Vistvænir orkugjafar ... 414
Víkinganaust í Reykjanesbæ ... 301

Y

Yfirfasteignamatsnefnd ... 397
Yfirskattanefnd ... 387

Þ

Þjóðgarðar og friðlýst svæði ... 427
Þjóðgarðurinn á Þingvöllum ... 273, 276
Þjóðkirkjan ... 344
Þjóðleikhúsið ... 298, 302
Þjóðmenningarhúsið ... 275
Þjóðminjasafn Íslands ... 300
Þjóðskjalasafn Íslands ... 300
Þjóðskrá ... 242, 335, 341
Þróunaraðstoð ... 315
Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi ... 315
Þróunarsamvinnustofnun Íslands ... 315
Þungaskattur ... 236
Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis ... 310

Æ

Æðsta stjórn ríkisins 45, 267
Æskulýðsmál 305
Æskulýðsmiðstöð KFUM í Vatnaskógi 305
Æskulýðsrannsóknir 305

Ö

Öldrunarstofnanir, almennt 368
Öryggismálanefnd 272

2. Þjóðhagsáætlun [2. mál]

fyrir árið 2008.

(Lögð fram af forsætisráðherra 2. október 2007.)

Inngangur.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er lögð áhersla á ábyrga efnahagsstjórn enda er hún forsenda kraftmikils efnahagslífs og aukinnar velferðar. Markmið hagstjórnarinnar er að tryggja stöðugleika með lágri verðbólgu, lágu vaxtastigi, jafnvægi í utanríkisviðskiptum til langs tíma litið, jöfnum og öflugum hagvexti og áframhaldandi traustri stöðu ríkissjóðs. Stefnt er að því að stórframkvæmdir, skattkerfisbreytingar og aðrar hagstjórnaraðgerðir verði tímasettar í ljósi þessara markmiða.


Skipulagsbreytingar hagkerfisins undanfarin ár og aukin þátttaka í alþjóðlegu efnahagsstarfi hafa leitt af sér öflugt hagvaxtarskeið sem hefur einkennst af nýsköpun í atvinnustarfsemi og nýjungum á mörkuðum. Atvinnustarfsemin er orðin mun fjölbreyttari og öflugri en hún áður var. Sjávarútvegur er áfram undirstöðugrein í útflutningi en aukin starfsemi í stóriðju, ferðaþjónustu og hátæknigreinum hefur styrkt stoðir útflutnings. Geta efnahagslífsins til að standa undir bættum lífskjörum í alþjóðlegu efnahagsumhverfi hefur því aukist. Íslensk fyrirtæki hafa haslað sér völl erlendis svo að eftir hefur verið tekið og eignamyndun Íslendinga erlendis fer vaxandi. Ríkisstjórnin stefnir að því að íslenskum fyrirtækjum verði tryggt samkeppnishæft rekstrarumhverfi til að stuðla að áframhaldandi vexti þeirra og laða að starfsemi að utan.

Helstu niðurstöður þjóðhagsspár.

Þótt aðhald í hagstjórn hafi aukist jafnt og þétt undanfarin ár hefur gangur efnahagsstarfseminnar verið meiri en búist var við þannig að verðbólga og viðskiptahalli hafa aukist tímabundið. Við lok núverandi stóriðjuframkvæmda er gert ráð fyrir viðsnúningi í eftirspurn og utanríkisviðskiptum. Spáð er hóflegum hagvexti á komandi árum ásamt meira jafnvægi í erlendum viðskiptum og lægri verðbólgu.

Samkvæmt endurskoðuðum tölum frá Hagstofu Íslands var 4,2% hagvöxtur á árinu 2006. Í forsendum fjárlagafrumvarps er gert ráð fyrir að það hægi á efnahagsstarfsemi árið 2007 og að hagvöxtur ársins muni nema 0,7%. Verulega dregur úr umsvifum vegna stóriðjuframkvæmda en reiknað er með áframhaldandi vexti í einkaneyslu og öðrum fjárfestingum en stóriðju. Útflutningur áls stóreykst á meðan samdráttur verður í innflutningi og því dregur verulega úr viðskiptahalla sem er áætlaður 15,2% árið 2007. Reiknað er með að þessi viðsnúningur í utanríkisverslun haldi áfram þrátt fyrir samdrátt í útflutningi sjávarafurða og að viðskiptahallinn verði 8,8% á næsta ári. Þetta leiðir til þess að hagvöxtur eykst á ný og verður 1,2% á árinu 2008 þrátt fyrir samdrátt í þjóðarútgjöldum upp á 4,8%. Gert er ráð fyrir að einkaneysla dragist saman um tæpt 1% og að kaupmáttaraukning tímakaups og ráðstöfunartekna verði heldur minni á árinu 2008 en árið á undan.


Hagvöxtur.



Á árinu 2009 er gert ráð fyrir að smávægilegur slaki myndist í hagkerfinu þrátt fyrir að þjóðarútgjöld taki að aukast lítillega eftir samdrátt tvö árin þar á undan og að hagvöxtur verði 2,1%. Þá er gert ráð fyrir að viðskiptahalli dragist áfram saman og verði 7,6% af landsframleiðslu.

Verðbólga mæld með vísitölu neysluverðs var um 6,8% árið 2006. Verðbólguna má að mestu rekja til hækkunar íbúðaverðs og töluverðrar framleiðsluspennu. Verðbólga fór lækkandi á fyrri hluta árs 2007 en verðbólguhorfur til skamms tíma hafa versnað nokkuð í kjölfar gengislækkunar á seinni hluta ársins. Spáð er 4,5% verðbólgu á yfirstandandi ári og miðast þá við breytingu milli áranna 2006 og 2007. Á næsta ári er reiknað með 3,3% verðbólgu og um 2,8% verðbólgu árið 2009.


Verðbólga.



Kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna jókst umtalsvert á síðastliðnu ári eða um 8,5% að raungildi á mann. Á sama tíma jukust einkaneysluútgjöld heimilanna um 4,4% að raungildi. Mikill og samfelldur vöxtur einkaneyslunnar undanfarin ár skýrist af mikilli hækkun


eignaverðs, háu atvinnustigi, miklum launahækkunum, sterku gengi krónunnar og síðast en ekki síst væntingum um áframhaldandi kaupmáttaraukningu á næstu árum. Á þessu og næsta ári er gert ráð fyrir að kaupmáttur ráðstöfunartekna haldi áfram að aukast. Miðað er við að kauphækkanir við gerð kjarasamninga árið 2008 verði hóflegar.

Kaupmáttur ráðstöfunartekna.



Skráð atvinnuleysi minnkaði enn á síðasta ári og nam 1,6% af vinnuafli og fækkaði atvinnulausum um tæplega 700 manns frá árinu áður. Mikill innflutningur erlends vinnuafls hefur sett mark sitt á innlendan vinnumarkað en þrátt fyrir þetta aukna aðstreymi erlends vinnuafls á íslenskan vinnumarkað ríkir enn mikil spenna á vinnumarkaði. Reiknað er með að atvinnuleysi minnki enn á yfirstandandi ári og verði að meðaltali um 1,1% af vinnuafli á árinu. Gert er ráð fyrir að atvinnuleysi aukist nokkuð á árunum 2008 og 2009.

Afkoma ríkissjóðs.



Aukin umsvif í efnahagslífinu og aðhaldssöm hagstjórn hefur skilað ríkissjóði myndarlegum afgangi undanfarin ár og hefur hann verið notaður til að lækka skuldir og minnka

vaxtabyrði ríkissjóðs. Á þessu ári er áætlað að tekjuafkoman nemi 66 milljörðum kr., eða 5,4% af landsframleiðslu, samanborið við 9 milljarða kr. afgang samkvæmt fjárlögum. Árið 2008 er reiknað með að ríkissjóður skili áfram umtalsverðum afgangi, eða um 31 milljarði kr., 2,4% af landsframleiðslu. Vaxandi hagvexti er spáð árin 2009–2011 og að ríkissjóður verði rekinn með afgangi á næstu árum þrátt fyrir aukin útgjöld til opinberra framkvæmda. Þetta er mikil breyting frá fyrri spám sem fólu í sér töluverðan halla á ríkissjóði næstu ár. Helsta viðmið varðandi tekjuöflun ríkissjóðs er að tekjuafkoma ríkissjóðs sé í jafnvægi yfir hagsveifluna og stuðli að efnahagslegum stöðugleika á hverjum tíma. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar kemur m.a. fram að stefnt verður að frekari lækkun skatta á einstaklinga á kjörtímabilinu með það að markmiði að bæta hag lágtekjufólks og millitekjufólks, og leitað leiða til að lækka frekar skatta á fyrirtæki. Skattkerfisbreytingar og aðrar hagstjórnaraðgerðir verða hins vegar tímasettar í ljósi framangreindra meginmarkmiða ríkisstjórnarinnar í hagstjórn.

Hrein skuldastaða ríkissjóðs.



3. Tillaga til þingsályktunar [3. mál]

um rannsókn á áhrifum markaðsvæðingar samfélagsþjónustu.

Flm.: Ögmundur Jónasson, Atli Gíslason, Álfheiður Ingadóttir,
Árni Þór Sigurðsson, Jón Bjarnason, Katrín Jakobsdóttir,
Kolbrún Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að gerð verði ítarleg rannsókn á áhrifum og afleiðingum markaðsvæðingar samfélagsþjónustunnar. Könnuð verði reynslan af markaðs- og einkavæðingu viðfangsefna ríkis og sveitarfélaga hér á landi og einnig verði dregnar saman og hafðar til hliðsjónar helstu niðurstöður rannsókna á slíkum breytingum erlendis. Sérstök verkefnisstjórn hafi yfirumsjón með rannsókninni, skipuð einum fulltrúa frá hverjum þingflokki, sem og einum fulltrúa frá hverjum um sig, Alþýðusambandi Íslands, Samtökum atvinnulífsins og BSRB, en formann

hópsins skipi forsætisráðherra án tilnefningar. Forsætisráðuneytið skal aðstoða verkefnisstjórnina og leggja henni til starfsaðstöðu, en stjórninni er einnig heimilt að ráða sér starfsmenn og kaupa utanaðkomandi sérfræðiþjónustu eftir þörfum. Kostnaður greiðist úr ríkissjóði. Verkefnisstjórn skal skila niðurstöðum sínum í formi skýrslu til Alþingis er þar komi svo til umræðu. Verklok skulu vera fyrir 1. október 2008. Fallið skuli frá öllum áformum um frekari einkavæðingu og einkarekstur þar til niðurstöður skýrslunnar liggi fyrir.

Greinargerð.

Víða um heim hafa markaðs- og einkavæðingaröflin knúið fram umfangsmiklar breytingar á almannaþjónustu og gjörbreytt grundvallarstoðum almennrar velferðar. Stofnanir sem sinna grunnþjónustu á borð við orkuveitur og vatnsveitur hafa verið einkavæddar og seldar, og skólum og heilbrigðisstofnunum hefur verið gert að starfa á markaðsvísu.

Í sumum tilvikum hefur verið þverpólitísk samstaða um breytingar í þessa veru, en oftar en ekki hafa þær leitt til djúpstæðs ágreinings og harðvítugra deilna.

Frá því í byrjun tíunda áratugar síðustu aldar hefur þessarar einkavæðingarstefnu gætt í æ meira mæli á Íslandi. Stofnunum og fyrirtækjum hefur verið breytt í hlutafélög og mörg þeirra seld í kjölfarið. Þessari stefnu vex nú mjög ásmegin og á döfinni eru enn víðtækari markaðsvæðingaráform.

Þeir stjórnmálaflokkar sem nú mynda ríkisstjórn á Íslandi hafa báðir verið hallir undir hugmyndir af þessum toga, þótt undir ólíku yfirskini sé. Þeir hafa þannig m.a. talað fyrir einkarekstri innan heilbrigðisþjónustunnar og annar stjórnarflokkurinn hefur mælt með einkavæðingu raforkugeirans.

Flestir geta verið sammála um að markaðsvæðing samfélagsþjónustunnar hefur í för með sér gjörbreyttan veruleika íslenska velferðarsamfélagsins. Markaðsvæðingin hefur áhrif á eðli, gæði og gagnsæi þjónustunnar, hún hefur áhrif á tilkostnað og aðgengi íbúa að þjónustunni og einnig snertir hún þá sem þjónustuna veita, þ.e. starfsfólk. Þá má ekki gleyma því að markaðsvæðingin snertir grunngildi í samfélaginu, gildi er lúta að því hvort samhjálp og samstaða sé æskileg eða ekki, og hvort réttindi einstaklings séu meiri en nemur greiðslugetu viðkomandi hverju sinni.

Áður en lengra er haldið á þessari braut markaðsvæðingar er áríðandi að gera ítarlega rannsókn á afleiðingum og birtingarmyndum þessarar stefnu hérlendis, og bera þróunina saman við það sem gerst hefur annars staðar.

Inntak rannsóknar og efnistök.

Við rannsókn sem þessa þarf augljóslega að leita svara við fjölda spurninga. Brýnt er að sem flest sjónarhorn komi fram á orsökum og afleiðingum þeirra breytinga sem markaðsvæðing grunnþjónustunnar hefur í för með sér.

Hugtakið markaðsvæðing skal skilgreina vítt og koma því hér til skoðunar einkavæðing opinberra fyrirtækja og/eða einstakra verkefna þeirra, einkaframkvæmdir svokallaðar sem geta verið á fjölbreytilegu formi, samflot opinberra aðila og einkaaðila í hlutafélögum, úthýsing verkefna til einkafyrirtækja og bein þátttaka almennings í kostnaði vegna samfélagsþjónustu.

Kanna skal afleiðingar þessarar markaðsvæðingar út frá víðu samfélagslegu og efnahagslegu samhengi, út frá hagsmunum hópa sem einstaklinga, notenda þjónustunnar jafnt sem veitenda hennar. Kanna þarf hvort sett markmið almannaþjónustu eru nægjanlega ítarleg og skýr. Meta þarf og bera saman hvort þessum markmiðum er betur náð með yfirfærslu verk-

efna frá hinu opinbera til markaðarins ellegar með fyrirliggjandi eða bættri þjónustu og sjálfstæðari einingum hins opinbera. Kanna skal hvernig ákvarðanir eru teknar um markaðsvæðingu, hvaða forsendur og hagsmunir liggja þar að baki, hvernig því heildarferli er háttað og hverjir hafa aðstöðu til að móta það ferli. Kannað verði hvernig eftirfylgni með markaðsvæðingu er háttað og lagt verði mat á hvort upplýsingagjöf og gagnsæi er fullnægjandi. Lagðar verði fram tillögur til úrbóta.

Dæmi um lýsandi spurningar sem að þessu lúta eru m.a.:

- **Hvernig hafa breytingarnar reynst almenningi?** Hefur þjónustan batnað eða hefur hún orðið verri fyrir íbúana? Hefur aukin mismunun fylgt einkarekstri og markaðsvæðingu eða hefur jöfnu og gagnsæju aðgengi fleygt fram? Hvaða samfélagshópar hafa bætt stöðu sína með markaðsvæðingu og hvaða hópar hafa komið verr út úr breytingunum?
- **Hvernig hafa breytingarnar reynst þeim sem greiða fyrir þjónustuna?** Hefur þjónustan orðið dýrari eða ódýrari fyrir einstaka greiðendur og samfélagið í heild sinni? Fæst betri þjónusta fyrir minna fjármagn eða er þessu öfugt farið?
- **Hvernig hafa breytingarnar reynst þeim sem veita þjónustuna?** Hefur markaðs- og einkavæðing almennt bætt eða rýrt kjör starfsfólks? Hvaða áhrif hafa breytingarnar haft á atvinnuöryggi og vinnuaðstæður fólks og hvernig hefur einstökum hópum starfsfólks farnast?
- **Hvaða valkostir koma til skoðunar þegar bæta á almannaþjónustu?** Hvaða aðferðafræði er beitt við samanburð á kostnaði? Hvernig eru kostir og gallar opinberrar þjónustu annars vegar og þjónustu einkaaðila metnir? Getur verið að hugmyndafræðilegar ástæður valdi því að sífellt hallar á hinn opinbera rekstur þegar ákvarðanir um einkavæðingu eða einkaframkvæmd eru teknar? Er til staðar gegnsætt og réttlátt matsferli þar sem allir veigamiklir þættir eru teknir til skoðunar við afdrifarík áform er lúta að markaðsvæðingu?

Sértækari rannsóknarefni er varða einkaframkvæmdir eru m.a. eftirfarandi:

- Meta þarf félagsleg og efnahagsleg áhrif af áhættunni og framtíðarskuldbindingum sem eru samfara einkaframkvæmdum.
- Kanna þarf hverjar afleiðingar verða og hvaða aðferðum er beitt þegar kostnaði við fjárfestingar einkaframkvæmda er varpað af núlifandi kynslóð yfir á komandi kynslóðir.
- Kanna þarf hversu gegnsætt ferlið er þegar einkaframkvæmdir eru ákveðnar og þeim komið á legg, hvernig þær eru reknar, hvernig þeim lýkur og hvernig verkið er gert upp; sérstaklega þarf að hyggja að hættunni á spillingu í þessu sambandi.
- Kanna þarf og bera saman efnahagslegar afleiðingar einkaframkvæmda annars vegar og sambærilegra framkvæmda á vegum hins opinbera hins vegar, einkum þegar litið er til lengri tíma, trygginga og ábyrgðarskuldbindinga.
- Meta þarf áhrifin á kostnað, skilvirkni og ábyrgðarskyldu almannaþjónustu á vegum hins opinbera.
- Meta þarf hættuna á versnandi starfsskilyrðum í opinberri almannaþjónustu, t.d. að störf verði sundurslitin og íhlaupastörfum fjölgi, launamisrétti aukist sem og misskipting.
- Meta þarf beinar afleiðingar fyrir núlifandi notendur sem og notendur komandi kynslóða.

Einkavæðing og einkaframkvæmdir geta haft áhrif á ráðningarsamband og starfsaðstæður launafólks, á kjarasamninga sem segja til um laun, kjör og réttindi, atvinnustig og möguleika starfsfólks á að veita sem allra besta almannaþjónustu. Tilurð einkaframkvæmdar, hvaða valmöguleikar eru teknir til skoðunar, hvernig staðið er að því að koma einkaframkvæmdum

á, hvernig starfsemi og rekstri er háttað, hver tengsl fyrirtækis/samsteypu við viðkomandi sveitarfélög kunna að vera og fleiri atriði, hafa þar bein áhrif.

Ákvarðanir um markaðsvæðingu almannaþjónustunnar snerta því stéttarfélög í almannaþjónustu með margvíslegum hætti. Það er eðlilegt að leitað sé beint til þeirra við undirbúning og framkvæmd þessarar rannsóknar, enda hljóta stéttarfélög að telja sig hafa mikilvægu hlutverki að gegna í framþróun hágæðaþjónustu.

Í þessum efnum hlýtur öllum að vera ljóst að tafarlaust þarf að grípa til aðgerða til að styrkja stöðu og bæta rekstrarumhverfi almannaþjónustunnar. Þar er ekki eftir neinum rannsóknum að bíða, enda blasir veruleikinn við. Þegar er erfitt að manna ýmsar stofnanir velferðarkerfisins og atgervisflótti einkennir ýmis þau lykilstörf samfélagsins er lúta að almennri vellíðan ungra sem aldinna. Stjórnvöld verða að horfast í augu við ábyrgð sína hvað varðar kjaramál starfsfólksins sem velferðarþjónustan hvílir á, enda eru kjör og vinnuaðstæður starfsfólks og sú þjónusta sem það veitir óaðskiljanlegir þættir.

Eldri þingsályktunartillögur.

Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs hefur áður reynt að efna til skipulegrar umræðu um þessi mál. Í því sambandi má minna á þingsályktunartillögu sem þingflokkur VG flutti á Alþingi árið 1999 þess efnis að komið yrði á fót „nefnd með fulltrúum allra þingflokka sem taki til skoðunar hlutverk og verkaskiptingu ríkis, sveitarfélaga og einkaaðila ...“ (124. löggjafarþing, þskj. 5, 5. mál).

Í greinargerð með tillögunni sagði m.a.:

„Á undanförnum árum hefur nokkrum opinberum stofnunum verið breytt í hlutafélög með það fyrir augum að markaðsvæða starfsemi þeirra og í sumum tilvikum hafa þau verið seld …

Mjög brýnt er að um allar grundvallarbreytingar sem gerðar eru á samfélagsþjónustunni fari fram vönduð og lýðræðisleg umræða til að tryggja tvennt: Í fyrsta lagi séu breytingar gaumgæfðar frá öllum sjónarhornum áður en í þær er ráðist. Vönduð vinnubrögð eru forsenda þess að vel takist til um þær breytingar sem gerðar eru. Í öðru lagi er eðlilegt að freista þess að breytingar séu þannig úr garði gerðar að um þær sé tryggð víðtæk þjóðfélagssátt.

Einkavæðing opinberra stofnana og sala fyrirtækja í ríkiseign hefur verið uppi á teningnum víða um lönd á undanförnum árum og hefur þegar fengist allvíðtæk reynsla af þessari stefnu. Mikilvægt er að fram fari ítarleg gagnasöfnun og í framhaldinu skipulögð athugun á því hvernig til hefur tekist hjá öðrum þjóðum. Þegar liggja fyrir gögn um þessi efni og má í því sambandi vísa til könnunar sem breska verkalýðshreyfingin hefur gert á því hvernig einkaframkvæmd almannaþjónustunnar í Bretlandi hefur reynst. Þar í landi hefur þessi stefna verið höfð að leiðarljósi bæði af hálfu Íhaldsflokksins og Verkamannaflokksins enda þótt hún sé mjög umdeild. Fram hafa komið rökstuddar staðhæfingar um að einkaframkvæmdin sé, þegar upp er staðið, dýr kostur fyrir skattborgarana og ávísun á félagslegt misrétti þegar til lengri tíma er litið.

Afar brýnt er að breytingar, sem gerðar eru á grundvallarþáttum samfélagsins, séu vel ígrundaðar, byggist á traustum rökum og haldgóðum upplýsingum en ekki framkvæmdar af handahófi. Þá er nauðsynlegt að breytingar séu gerðar með framtíðarsýn á hlutverk hins opinbera í huga þar sem skýrt komi fram hvaða verkefni eigi að vera á vegum ríkis og hvar skuli koma til kasta fyrirtækja á markaði.“

Tillaga þessi var að efni til samþykkt á sínum tíma en henni var hins vegar aldrei hrint í framkvæmd.

Á þeim átta árum sem liðin eru frá því að þessi tillaga var lögð fram hefur hugmyndafræði markaðs- og einkavæðingar skotið rótum á nær öllum sviðum mannlífsins. Það verður því að teljast brýnna en nokkru sinni að hrinda af stað ítarlegri rannsókn um þessi efni og fresta öllum frekari áformum um markaðsvæðingu þar til niðurstöður liggja fyrir og ítarleg umræða hefur farið fram.

Lýðræðisleg og málefnaleg umræða.

Þegar ráðist er í grundvallarbreytingar á samfélagsgerðinni hlýtur það að vera metnaðarmál allra kjörinna fulltrúa Alþingis að um þær breytingar fari fram víðtæk, vönduð og málefnaleg þjóðfélagsumræða.

Þau sem vilja gjörbreyta grunngildum samfélagsins hljóta að þurfa að sýna fram á ágæti hugmynda sinna. Það er með réttu á þeim sem sönnunarbyrðin hvílir. Iðulega er þessu hins vegar snúið við. Breytingar hafa verið knúnar í gegn á hugmyndafræðilegum forsendum án víðtækrar lýðræðislegrar umræðu eða samráðs, og reynsla og lærdómur annarra í þessum efnum hefur einatt verið hunsaður. Það hefur þá komið í hlut þeirra sem gagnrýna markaðsvæðinguna að vísa til þeirrar reynslu og þekkingar sem fyrir liggur í þessum málaflokkum.

Það vill enn brenna við að fagurgalar og loforðaflaumur um uppbyggingu velferðarmála, heilbrigðisþjónustu, menntakerfis, raforkukerfis, vatnsréttinda og annarra grunnþátta feli í raun í sér hugmyndafræðilega einstefnu sem stríðir gegn vilja, vitund og hag almennings. Eitt af því sem löngu tímabær og víðtæk rannsókn á þessum málum hefur í för með sér er að hún ýtir undir málefnalegri umræðu sem byggð er á reynslu og veruleika í stað stóryrtra töfralausna. Það er mikilvægt að allur almenningur taki þátt í umræðum um þessi mál enda er það fólkið í landinu sem að lokum mun borga brúsann og finna fyrir breytingunum á eigin skinni.

Reynslan erlendis og fyrirliggjandi rannsóknir.

Það liggur beint við að læra af reynslu annarra þjóða í þessum efnum. Það þarf að grandskoða niðurstöður og varnaðarorð erlendra fræðimanna og rannsakenda sem ítrekað hafa sýnt fram á að þegar fram líða stundir kemur markaðsvæðing almannaþjónustunnar almenningi í koll með einum eða öðrum hætti.

Markaðsvæðing grunnþjónustu samfélagsins hefur verið framkvæmd víða um lönd á undanförnum árum. Má þar nefna sérstaklega Nýja-Sjáland og Bretland en einnig önnur Evrópuríki að ógleymdum Bandaríkjunum.

Fjöldi rannsóknarskýrslna liggur fyrir um afleiðingar markaðsvæðingar samfélagsþjónustunnar erlendis. Hér að aftan er örfárra þessara rannsókna stuttlega getið og vitnað í brot úr helstu niðurstöðum, en tilvísun á vefslóðir vísa á rannsóknirnar í heild sinni.

Einnig eru prentuð tvö fylgiskjöl, annars vegar erindi David Hall „Vatnsveitur í opinberri eigu og einkaeigu – hver er munurinn?“ og hins vegar erindi Göran Dahlgren „Opinber heilbrigðisþjónusta eða einkarekin“.

1. Markaðsvæðing, einkavæðing og lagaramminn í þýskri póstþjónustu.

Höfundur: Kathrin Drews.

Rannsókn unnin fyrir Wirtschafts- und Sozialwissenschaftliches Institut (WSI). 1. fylgiskjal með verkefninu: Einkavæðing almenningsþjónustu og áhrif hennar á gæði, atvinnu og framleiðni (PIQUE). CIT5-2006-028478 (STREP, júní 2006–maí 2009). Kostuð af 6. rammagerðaráætlun framkvæmdastjórnar ESB.

Helstu niðurstöður: „Frá félagslegum sjónarhóli séð hefur markaðsvæðingin fyrst og fremst haft neikvæðar afleiðingar í för með sér (t.d. hvað varðar fækkun starfsfólks og atvinnuöryggi). Að mati lítils hóps (einkum stofnana) fjárfesta, hluthafa og stjórnar DPWN hefur þessi þróun hins vegar leitt til aukinnar sölu, arðs af hlutafé, sjálfstæði frá aðkomu hins opinbera o.s.frv.“

Sjá: http://www.boeckler.de/pdf/wsi_pj_piq_sekpost.pdf.

2. Markaðsvæðing þjónustu í almannaþágu í ESB og Austurríki: Áhrif á atvinnu, starfsskilyrði og atvinnutengsl.

Höfundar: Roland Atzmüller og Christoph Hermann.

Rannsókn unnin árið 2004 af FORBA fyrir Atvinnumálaráð Austurríkis (Austrian Chamber of Labour).

Helstu niðurstöður: „Í stuttu máli er hægt að draga saman áhrif markaðs- og einkavæðingar á þennan hátt: umfangsmikill samdráttur atvinnutækifæra, víðtækar tilraunir til þess að lækka laun og launatengdan kostnað, auknar kröfur um vinnuframlag og sveigjanleika í starfsaðstæðum auk þess sem stéttarfélög veikjast.“

Sjá: http://www.pique.at/reports/files/LiberalisationPublicInterest_FORBA_2005.pdf.

3. Gölluð, misheppnuð, kastað fyrir róða.

Höfundur: Natalie Mehra.

Samantekt á 100 einkaframkvæmdarverkefnum (P3 – Private Public Partnership) í Kanada og víðar sem hafa reynst gölluð, hafa mistekist eða hætt hefur verið við. Rannsóknin var unnin fyrir Ontario Health Coalition í mars 2005.

Helstu niðurstöður: „Skýrsla þessi er stutt samantekt um 100 verkefni í Kanada og víðar. Málsvarar P3-stefnunnar lýsa því yfir að verkefnum sé lokið „á réttum tíma“ og „samkvæmt fjárhagsáætlun“ en upplýsingar staðfesta ekki þessar fullyrðingar. Mörg verkefni eru á eftir áætlun og algengt er að kostnaður sé langt yfir fjárhagsáætlunum. Samningum þessum fylgir tvískipting í stjórnun og eignarhaldi á almenningsþjónustu. Þetta leiðir til alvarlegra hagsmunaárekstra fyrirtækja sem vilja hámarka hagnað annars vegar og almenningsþjónustukerfis sem leitast við að uppfylla samfélagslegar þarfir í samræmi við fjárhagsáætlanir hins vegar. Þetta leiðir til kostnaðarsamra lagalegra deilna og bitnar á gæðum. Hinu opinbera hefur heldur ekki tekist að ná þeim fjárhagslega ávinningi eða áhættuflutningi í samningum sínum um P3-verkefni sem málsvarar stefnunnar fullyrða að hægt sé að ná.

Skýrsla þessi segir ekki alla söguna. P3-verkefni hafa einnig aukið ójöfnuð, laun stjórnenda hafa hækkað mikið ásamt þóknunum til dýrkeyptra ráðgjafa og lögmanna á meðan laun hins almenna launþega hafa lækkað, starfsskilyrði versnað og aðgengi að þjónustu rýrnað. Lýðræðislegu eftirliti hefur verið fórnað fyrir viðskiptaleynd og einkavædda gróðahyggjustjórnun. Mikill kostnaður hefur leitt til niðurskurðar á þjónustu og minnkaðs aðgengis. Hið opinbera hefur skuldbundið sig til langtímaleigusamninga sem kalla á mikið fjárstreymi og það hefur ómæld áhrif á bæði sveigjanleika og opinbera ákvarðanatöku. Allt þetta og margt fleira þarf að rannsaka nánar en það er ekki umfjöllunarefni skýrslu þessarar.“

Sjá: http://www.cupe.ca/updir/Flawed_Failed_Abandoned_-_Final.pdf.

4. Einkaframkvæmd almannaþjónustu: Stefna byggð á sandi.

Höfundar: Allyson Pollock, David Price og Stewart Player. Public Health Policy Unit, UCL.

Skýrsla unnin fyrir verkalýðsfélagið UNISON, október 2005.

Í skýrslunni er arið yfir staðhæfingar breska fjármálaráðuneytisins um yfirburði einkaframkvæmda og sýnt fram á að þær staðhæfingar eru byggðar á sandi. Skýrslan fjallar m.a. um þau vandamál sem upp koma varðandi almenna upplýsingagjöf, gagnsæi verklags og heildaryfirsýn málaflokka þegar almannaþjónusta er komin í einkaframkvæmd.

Sjá: http://www.publicprivatefinance.com/Uploaded/unison-built-on-sand.pdf.

5. Virði tillagna um einkaframkvæmd almannaþjónustu: Athugasemdir við leiðbeiningar frá fjármálaráðuneyti Bretlands 2004 um fráviksmál í opinbera geiranum.

Höfundur: Andrew Coulson, Institute of Local Government Studies, háskólanum í Birmingham.

Skýrslan sýnir fram á innbyggða galla í aðferðafræði breska fjármálaráðuneytisins þegar kemur að því að leggja mat á kosti og galla einkaframkvæmdar, sem leiði til ofmats á kostum einkaframkvæmdar.

Helstu niðurstöður: „Í þessari greinargerð er að finna gagnrýnar athugasemdir um það hvernig fjallað er um skattamál, arðgreiðslur til hluthafa, aukakostnað, afsláttarkjör og áhættu í endurskoðuðum leiðbeiningum. Niðurstaðan er sú að þær einkennist af hlutdrægni í þágu einkaframkvæmda almenningsþjónustu á kostnað annarra leiða. Sú skoðun er kynnt að beint mat á virði verkefnisins á grundvelli útgjalda, sem viðkomandi stofnun þarf að bera, gæfi raunsannari mynd af kostnaði. Þá kæmi í ljós að upplýstur, nútímalegur og hefðbundinn kostur sé oft hagstæðari.“

Sjá: http://www.inlogov.bham.ac.uk/publications/pdfs_papers/PFI.pdf.

6. Verkefni á sviði einkaframkvæmdar almannaþjónustu: Gagnrýni á Grænbókina.

Höfundur: David Hall.

Skýrsla unnin fyrir European Federation of Public Service Unions (EPSU), 2004.

Gagnrýnin umfjöllun um afstöðu ESB til einkaframkvæmda (PPP) eins og hún kemur fram í „Grænni skýrslu“ framkvæmdastjórnar ESB. Upplýsandi um ýmsa eiginleika einkaframkvæmdar og hvernig einkaframkvæmdir og almannahagsmunir fara saman.

Sjá: http://www.psiru.org/reports/2004-07-U-ECPPP.doc.

7. PFI. Gegn almannahagsmunum.

Höfundur: Paul Goshling.

Skýrsla unnin fyrir Unison. Í skýrslunni er því lýst hvernig einkaaðilar reisa og reka opinberar stofnanir á borð við skóla, sjúkrahús og fangelsi (Private Finance Initiative, PFI). Þeir sjá um fjármögnun en ríki eða sveitarfélög ábyrgjast iðulega greiðslur áratugi fram í tímann. Árið 2004 höfðu verið gerðir samningar af þessu tagi (563 samningar á 12 árum, 451 þegar í framkvæmd) að verðmæti 36 milljarða sterlingspunda (sem margfalda má með u.þ.b. 130 til að fá upphæðina í íslenskum krónum). Breska ríkisstjórnin hefur réttlætt einkaframkvæmd á þeirri forsendu að áhættan í fjármögnun opinberrar starfsemi sé flutt frá hinu opinbera yfir á herðar einkaaðila, og það réttlæti að þeir hafi hagnað af rekstrinum. Í skýrslunni kemur hins vegar fram að þetta byggist ekki á traustum forsendum. Í fyrsta lagi hafi litlar rannsóknir verið gerðar af hálfu opinberra aðila um þetta efni. Af 563 samningum sem ríkisstjórnin hafði

gert fram í apríl sl. höfðu aðeins 8 samningar verið rannsakaðir en aðeins í einu tilviki hafði þessi þáttur verið kannaður sérstaklega. Í skýrslu Unison kemur hins vegar fram að fjárfestar séu varðir í bak og fyrir. Þannig hafi fjárfestar hinnar einkavæddu Vegabréfastofu (Passport Agency) fengið stuðning á kostnað skattborgara um 12,6 milljónir sterlingspunda þegar þeir lentu í ógöngum. Í einu rannsókninni sem breska ríkisendurskoðunin gerði á því samhengi sem er á milli áhættu og hagnaðar, og það var í tilviki Fazerkerley-fangelsisins, kom fram að hagnaður fjárfesta var himinhár eða 61% hærri en gert hafði verið ráð fyrir. Fjárfestar taka því hagnaðinn en þeim er hjálpað þegar þeir lenda í erfiðleikum.

Sjá: http://www.unison.org.uk/acrobat/B1457.pdf.

Sjá enn fremur fleiri skýrslur UNISON um efnið hér: http://www.unison.org.uk/pfi/docs_list.asp.

8. Einkahagsmunir og almannahagsmunir með tilliti til vatns og orkumála.

Höfundar: David Hall og Emanuele Lobina. Natural Resources Forum 28 (2004) 268–277.

Helstu niðurstöður: „Í greininni er vísað til reynslunnar í bæði þróuðum löndum og löndum sem mislangt eru komin á þróunarbraut af því hvernig hagsmunir einkageirans á sviði vatnsöflunar/hreinlætis og orkumála stangast á við almannahagsmuni, jafnt í félagshagfræðilegu, umhverfislegu sem pólitísku tilliti. Raunhæf dæmi eru tekin til að sýna fram á hvernig þessi samskipti geta þróast og fjallað er um mál á borð við óumbeðin tilboð, rangfærslur og spillingu. Rætt er um það að nýta sér stöðu innan kerfisins til þess að misnota misræmi í upplýsingagjöf og samningsstöðu gagnvart opinberum yfirvöldum og standa ekki við gerða samninga eða einkaumboð ef viðunandi arðsemi næst ekki. Þessi reynsla gefur til kynna að komi einkafyrirtæki að þessum geirum skapi það viðvarandi líkur á árekstrum opinberra hagsmuna og einkahagsmuna. Þjónustan er of mikilvæg, bæði félagslega og efnahagslega, til þess að hægt sé að treysta á eigið eftirlit fyrirtækja, auk þess sem stjórnkerfi ríkjanna skortir getu til þess að hafa skilvirkt eftirlit með þannig fyrirtækjum.“

Sjá: http://www.blackwell-synergy.com/links/doi/10.1111/j.1477-8947.2004.00100.x/pdf?

Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Vatnsveitur í opinberri eigu og einkaeigu – hver er munurinn? Erindi sem David Hall hélt á vegum BSRB 18. nóvember 2005. (Útgefið af BSRB 2006.)

II. Opinber eða einkarekin heilbrigðisþjónusta? Könnun byggð á fenginni reynslu. Erindi sem Göran Dahlgren hélt á vegum BSRB 5. maí 2004. (Útgefið af BSRB 2005.)

4. Frumvarp til laga [4. mál]

um breytingu á lögum um olíugjald og kílómetragjald, nr. 87/2004.

Flm: Höskuldur Þórhallsson, Bjarni Harðarson,
Magnús Stefánsson, Siv Friðleifsdóttir.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein er orðast svo:
Endurgreiða skal 50% olíugjalds af olíu sem flutningsaðilar skv. i- og j-lið 3. gr. laga um fólksflutninga og farmflutninga á landi, nr. 73/2001, kaupa til flutnings. Reglur um endurgreiðslu samkvæmt þessari málsgrein skulu settar af fjármálaráðherra í samráði við samgönguráðherra.
b. Í stað orðanna „endurgreiðslu skv. 1. mgr.“ í 3. mgr. kemur: endurgreiðslur skv. 1. og 3. mgr.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:
Ákvæði 3. mgr. 6. gr. laganna skal endurskoðað í upphafi árs 2011.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2008.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu er lagt til að flutningsaðilar sem stunda farmflutninga í skilningi i- og j-liðar 3. gr. laga um fólksflutninga og farmflutninga skuli fá endurgreitt 50% olíugjalds vegna starfsemi sinnar. I-liður fjallar um farmflutninga í atvinnuskyni sem eru skilgreindir svo: Flutningur á hvers kyns farmi gegn endurgjaldi þegar flutningsþjónusta er seld sérstaklega og flytjandi starfar við flutningsþjónustu. Sem dæmi má nefna farmflutningafyrirtæki og vörubifreiðastjóra sem starfa sem verktakar við flutning á farmi. Í j-lið er fjallað um farmflutninga í eigin þágu og þeir skilgreindir svo: Flutningur farms þegar ekki er innheimt sérstakt gjald fyrir flutninginn. Sem dæmi má nefna flutning iðnfyrirtækis á eigin hráefni og/eða aðföngum með merktum bifreiðum, svo sem flutning á gosdrykkjum og flutning með mjólkurbifreiðum. Einnig flutningur verktaka sem starfa við annars konar verktöku en flutningsþjónustu þótt flutningurinn sé hluti af verki, svo sem verktaka við byggingar.

Fram kemur í 2. mgr. 23. gr. laga um olíugjald og kílómetragjald að innheimtar tekjur af olíugjaldi, kílómetragjaldi og sérstöku kílómetragjaldi renni til Vegagerðarinnar að frádregnum 0,5% sem renna í ríkissjóð til að standa straum af kostnaði við framkvæmd laganna. Flutningsmenn leggja áherslu á að frumvarpinu er ekki ætlað að hafa áhrif á þær tekjur sem Vegagerðin hefur á grundvelli nefndrar lagagreinar. Samkvæmt því ættu tekjustofnar stofnunarinnar ekki að dragast saman verði frumvarpið samþykkt. Eðlilegt væri að annaðhvort hækki framlög ríkissjóðs til stofnunarinnar samkvæmt fjárlögum fyrir næsta ár sem því nemur eða að nýr útgjaldaliður verði settur inn í fjárlög til að mæta þeim kostnaði sem fellur á ríkissjóð vegna endurgreiðslunnar.

5. Tillaga til þingsályktunar [5. mál]

um aukinn þorskafla á fiskveiðiárinu 2007–2008.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson, Grétar Mar Jónsson,
Kristinn H. Gunnarsson, Jón Magnússon.

Alþingi ályktar að leyfilegur þorskafli fiskveiðiársins 2007–2008 verði aukinn um 40.000 tonn og að heildarafli þorsks verði alls 170.000 tonn á yfirstandandi fiskveiðiári. Úthlutað aflamark þorsks og þorskaflamark krókabáta verði hækkað sem nemur hlutdeild þeirra í 40.000 tonna viðbót þess leyfða þorskafla sem úthlutað var til fiskiskipa í lok ágúst sl.

Greinargerð.

Ástæður þess að þingmenn Frjálslynda flokksins leggja til að þorskaflinn á fiskveiðiárinu 2007–2008, 1. september 2007 til 31. ágúst 2008, verði aukinn eru margar. Verða þær helstu raktar hér í stuttu máli en nánar gerð grein fyrir þeim við umræðu málsins á Alþingi þegar málið kemst þar á dagskrá. Vonandi verður það sem fyrst í október svo að málið berist m.a. til hagsmunasamtaka fyrir aðalfundi þeirra nú í haust og þau geti kynnt sér þau rök og umræður sem fram koma við fyrstu umræðu málsins. Það er mikil nauðsyn nú að ræða rök og tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar (Hafró) ofan í kjölinn enda um vafasaman málstað að ræða.

Flutningsmenn telja að margt bendi til þess að uppvaxandi árgangar ungþorsks séu á Íslandsmiðum í meira mæli en gert er ráð fyrir í gögnum Hafró.

Fjöldi skyndilokana.

Á þessu ári hefur verið mikið um lokanir veiðisvæða vegna uppvaxandi þorsks sem er undir 55 sm að stærð, þ.e. tveggja, þriggja og fjögurra ára þorsks, og ekki er ólíklegt að skyndilokanir vegna ungþorsks geti orðið með mesta móti á þessu ári. Meðaltal skyndilokana vegna þorsks sl. tíu ár er um 60 lokanir ár hvert en árin 2000, 2001 og 2002 skera sig þar úr með 77–97 lokanir hvert ár. Viðmiðunarárgangar þeirra ára voru 1997–2000, metnir um 170 milljónir þorska sem þriggja ára nýliðar inn í þorskstofninn, og hafa verið áberandi í þorskveiðinni sl. ár. En stóra spurningin er hvernig það megi vera að lokanir árið 2006 hafi verið 86 vegna þorsks í uppvexti og stefna nú í 80–90 á árinu 2007, bæði árin langt yfir meðaltali, ef svo lítið er af uppvaxandi ungþorski eins og sagt er frá í skýrslu Hafró frá sl. vori. (Sjá *Nytjastofnar sjávar 2006–2007, aflahorfur fiskveiðiárið 2007–2008*, fjölrit nr. 129, bls. 22 – *Nýliðun.*)

Sé litið til fjölda skyndilokana 2006 og 2007 vegna uppvaxandi þorsks fær þessi svartsýnisspá ekki staðist. Skipstjórar fiskiskipa orða þetta þannig með mjög einföldum hætti að það sé ekki hægt að loka á þorsk sem ekki er til í sjónum, enda er það þeirra reynsla á þessu sumri að mikið af ungþorski sé víða á grunnslóð við landið, einkum norðvestan-, norðan- og austanlands. Sandsílið lifnaði seint í sumar sem leið en sást mikið síðsumars. Vonandi verður áfram hlýr sjór svo að smáþorskur leiti ekki út af grunnum niður á dýpri sjó. Gangi smáþorskur dýpra verður afar snúið að stunda veiðar á stærri þorski vegna þess að miðað við fjölda skyndilokana og lítils þorskkvóta yrði brottkast mjög mikið á bæði línu- og togveiðum blandist smáþorskur niður á dýpri sjó þar sem veiðar beinast þó oftast að stærri fiski.

Í ljósi sóknarvilja skipstjóra eingöngu í stærsta fiskinn má undrast allar skyndilokanirnar sem af er þessu ári. Af því má einnig draga þá rökréttu ályktun að uppvaxandi árgangar séu alls ekki líkt því eins slakir og Hafró telur þá vera. Mesti ávinningur okkar nú felst í vexti og viðgangi loðnu og að sandsílið nái sér á strik nú síðsumars. Það tvennt ætti að öðru jöfnu að verða til mikils vaxtarauka þorsksins.

Stjórnvöld þurfa að endurmeta veiðar á loðnu og stýra þeim upp á nýtt með það að leiðarljósi að efla vöxt þorsksins sem þarf aukið æti til vaxtar ef sjávarhiti er hár við landið.

Þorskur við Austur-Grænland.

Nú er orðið ljóst að haustið 2002 fór mikið af ungþorski frá djúpköntum Vestfjarðamiða yfir til ætis- og uppeldisslóðar við Austur-Grænland. Aukið innstreymi hlýsjávar við Vesturland og inn á Vestfjarðarmið sl. ár og síðan ríkjandi suðaustan- og austanátt haustið 2002 gerðu það að verkum að skil hlýsjávar og kaldsjávar færðust mjög langt til norðvesturs og inn á grænlenska landgrunnið um nokkurra vikna tímabil. Ungþorskurinn (þriggja til fimm ára) færðist að sjálfsögðu með, kominn á góða ætisslóð við Austur-Grænland, og var ferðin ljúf með straumi inn á hefðbundnar þorskslóðir vestan Dhornbanka við Jónsmiðahrygg og Kap Mösting-grunn. Hafrómenn þurfa því ekki að setja upp undrunarsvip þótt við Austur-Grænland veiðist nú átta til tíu ára þorskur. Þorskur hefur alla tíð synt á milli þessara miða þegar ætisskilyrði og straumar hafa boðið upp á þá sundferð. Því ferðalagi stjórnar náttúran eins og göngum til hrygningar og ætisgöngum aftur á ætisslóðir eins og skipstjórar fiskiskipa urðu svo áþreifanlega varir við í sundinu milli Látragrunns, Víkuráls og Dhornbanka, svonefndri grálúðuslóð í júní sl. Á þessar göngur þorsksins höfum við engin áhrif en það er að sjálfsögðu gott fyrir viðgang þorsksins að hafa fengið stærri beitarsvæði, alveg eins og það var gott fyrir ýsustofninn við Ísland að hlýsjór norðanlands opnaði þá uppeldisslóð fyrir uppvaxandi ýsustofna. Það kom reyndar Hafró á óvart því að á sama tíma og Hafró krafðist kvóta á ýsu og lagði til lítinn afla þá stækkaði ýsustofninn sem aldrei fyrr. Skipti þá engu þó að veitt væri 20–25% umfram ráðgjöf Hafró árum saman. Hafró gat ekki spáð fyrir um vöxt ýsustofnsins fyrr en hann var orðinn staðreynd og sást í stórum árgöngum sem komu fram og urðu sýnilegir sem ungfiskar í veiði.

Grænlandsþorskurinn nú er viðbót í þorskstofninn og örugglega mun eitthvað af honum ganga tímabundið á Íslandsmið á komandi árum, annaðhvort í ætisleit ef skilyrði og straumar breytast eða þá til hrygningar nema hvort tveggja verði, samfara vesturgöngu loðnu og suðurgöngu kolmunna undan kaldari sjó.

Sláturstærð þorska.

Það hefur gerst áður að þorskur tapi þunga milli ára og reyndar er það svo að kvótakerfið var sett á vegna hræðslu Hafró árið 1983 um slakan viðgang þorsksins. Það haust kom í fyrsta sinn tillaga um það að veiða aðeins 200.000 tonn af þorski árið eftir (1984), sem varð svo fyrsta kvótaárið.


Halldór Ásgrímsson flutti ræðu 2. nóvember 1983 á 31. þingi FFSÍ og sagði þar frá tillögu Hafró um 200.000 tonna þorskafla og hruni í vexti þorsksins þar sem fallþungi 7 ára þorsks lækkaði úr 5,86 kg í 4,01 kg á milli áranna 1979 og 1983. Þorskur sem landað var vó alls 290.000 tonn en hefði verið 90.000 tonnum þyngri eða 380.000 tonn ef vöxtur og fallþungi hefði haldist eins og áður var. Nú er sagt í skýrslu Hafró að 40% af samdrætti þorskaflans stafi af því að þorskurinn sé ekki jafn þungur, hver fiskur, og áður var, þ.e. fjöldinn sé sá sami en veiðin gefi færri tonn. Við þessa framsetningu er margt að athuga en nærtækast er

að veiða minni loðnu og auka þannig vöxt þorsksins sem kemur þá til hrygningar betur á sig kominn. Það er hins vegar áleitin spurning hvernig það má vera að í töflum Hafró um fjölda í hverjum árgangi fækkar alls um 100 milljónir þriggja til sex ára fiska milli skýrslna 2005 og 2007, þ.e. að um 167.000 tonn eru horfin úr töfluverkinu án veiða. Á móti var bætt inn í tíu ára fiskinn 2 milljónum einstaklinga og leiðrétt aftur í tímann, líklega á grunni gagna um tíu ára þorsk frá Grænlandi. Allt fram á þetta ár hefur því samt sem áður verið haldið fram af Hafró að frá Grænlandi væri lítils að vænta – e.t.v. seiðarek síðustu ár og langt í afrakstur þeirra ef hann yrði þá einhver.

Nú vitum við betur vegna veiða á þorski við Austur-Grænland en furðulegt er að ekki skuli brugðist við og farið til þorskrannsókna við Austur-Grænland. Á ef til vill að afneita því sem þar er af stórum þorski eða þorski að vaxa upp? Passar það ekki inn í svartsýnisspár sem krefjast þess nú að við veiðum minna af þorski en dæmi eru um sl. 100 ár, ef frá eru skilin heimsstyrjaldarárin og frostaveturinn 1918? Óháð rannsókn á töfluverkinu og orsökum tapaðs fallþunga hjá þorskinum væri nauðsyn. Eftir því sem dýpra er grafið í þau gögn vaxa efasemdir um trúverðugleikann.

Hverjar eru orsakirnar?

Af hverju léttist fiskur? Er hægt að finna beina samsvörun í aðalfæðu þorsksins og t.d. stærð loðnustofnsins? Magnús Þór Hafsteinsson, fyrrverandi þingmaður og varaformaður Frjálslynda flokksins, hefur skoðað þessi mál vel í gögnum um afla og stærð loðnustofnsins með tilliti til þess hvort þorskurinn er vel haldinn eða ekki þegar loðnustofninn er stór eða lítill. Samræming lítils þunga hvers þorsks í stofninum við lítinn loðnustofn sýnir mikla fylgni við minni fallþunga þegar loðnustofninn er lítill. Sjá línuritið hér á eftir sem sótt er í gagnasafn Hafró.



Afli og sókn.

Ekki er að sjá minnkandi afla á sóknareiningu báta eða togara, þó að núorðið sé mjög sjaldan um beina þorskveiðisókn að ræða og mikið um það að allir séu á skrapveiðum allan ársins hring eins og á dögum skrapdagakerfisins sem svo var kallað. Það er í raun merkilegt að kvótakerfið skuli engu hafa skilað okkur í uppbyggingu þorskstofnsins öll þessi ár sem byggja átti upp þorskstofninn en hefur í raun valdið því á nýrri öld að allir, smáir sem stórir, eru í leit að öðrum fiski en þorski alla daga ársins og lítill þorskkvóti leiðir af sér aukið brottkast ungþorsks. Það er hörmuleg niðurstaða að henda verðmætum.

Atvinnu- og efnahagslegar áherslur.

Við svo mikinn niðurskurð sem ákveðinn var af sjávarútvegsráðherra, að leyfa aðeins 130.000 tonna þorskafla, er nú þegar ljóst að fyrirhugaðar mótvægisaðgerðir ríkisstjórnar ná engan veginn að bæta þann atvinnu- og tekjumissi sem flestar sjávarbyggðir verða fyrir. Meira en 60.000 tonna niðurskurður þorskafla milli ára setur margar sjávarbyggðir, einkum þær minni sem eingöngu byggja á botnfiskveiðum og hafa mestar tekjur af þorskveiði, nánast í vonlausa stöðu til að viðhalda atvinnu og tekjum fólksins. Það eina sem sjávarútvegsráðherra virðist vera með á hreinu við þessa ákvörðun eru þau ummæli hans að ekkert geti komið í stað 60.000 tonna af þorski.

Flutningsmenn þessarar tillögu eru fullvissir um að í þeim fjölmörgu sjávarbyggðum sem byggja svo til alla afkomu sína á botnfiskveiðum verði skaðinn ekki bættur með mótvægisaðgerðum ríkisstjórnarinnar. Flutningsmenn telja einnig að fiskifræðileg rök Hafró fyrir róttækum niðurskurði þorskaflans séu ekki rétt og með öllu ástæðulaust að vega svo að fólki á landsbyggðinni, utan þenslusvæða, svo sem leiðir af niðurskurði þorskveiða um 60.000 tonn. Flutningsmenn leggja til að fyrri stefnu verði haldið, að aldrei megi draga meira úr veiði á þorski milli ára en um 30.000 tonn. Enn fremur leggja flutningsmenn til að þorskveiði verði aukin aftur sem allra fyrst um 40.000 tonn á þessu fiskveiðiári. Það er mat flutningsmanna eina raunhæfa mótvægisaðgerðin og kemur þeim svæðum mest til góða sem hafa mátt þola neikvæðan hagvöxt á undanförnum árum og einnig mikla fólksfækkun sem nú verður að stöðva með öllum tiltækum ráðum. Það þarf þónokkurn kjark hjá sjávarútvegsráðherra til þess að endurmeta málin en það er í raun eina skynsamlega niðurstaðan í þeirri stöðu sem þau eru komin í.

6. Frumvarp til laga [6. mál]

um breytingu ýmissa lagaákvæða sem varða sölu áfengis og tóbaks.

Flm.: Sigurður Kári Kristjánsson, Ágúst Ólafur Ágústsson, Birgir Ármannsson, Bjarni Benediktsson, Illugi Gunnarsson, Árni Páll Árnason, Pétur H. Blöndal, Birkir J. Jónsson, Einar Már Sigurðarson, Ásta Möller, Ólöf Nordal, Jón Gunnarsson, Kristján Þór Júlíusson, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Ármann Kr. Ólafsson, Ragnheiður Elín Árnadóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir.

I. KAFLI
Breyting á lögum nr. 63/1969, um verslun með áfengi og tóbak, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „áfengi“ í 1. mgr. kemur: sterku áfengi, þ.e. sem í er meira en 22% af vínanda að rúmmáli.
b. Við bætist ný málsgrein sem orðast svo:
   Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins er heimilt að dreifa áfengi sem í er minna en 22% af vínanda að rúmmáli sem og sterkara áfengi í heildsölu og smásölu innan lands samkvæmt samningum við birgja.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. 1. málsl. orðast svo: Útsöluverð áfengis er frjálst en þó skal fjármálaráðherra ákveða útsöluverð á sterku áfengi og tóbaki á hverjum tíma.
b. Við bætist nýr málsliður, er verði 3. málsl., svohljóðandi: Óheimilt er að selja áfengi undir kostnaðarverði en með því er átt við endanlegt innkaupsverð að viðbættum opinberum gjöldum auk virðisaukaskatts.

3. gr.

Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Innflutningur, heildsala, smásala, veitingar eða framleiðsla áfengis í atvinnuskyni er háð leyfi samkvæmt áfengislögum.

4. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Um sölu og dreifingu áfengis fer samkvæmt áfengislögum.

5. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Leggja skal hald á og gera upptækar til ríkissjóðs vörur sem lög þessi taka til og inn eru fluttar eða framleiddar í heimildarleysi.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

6. gr.

25. tölul. 11. gr. laganna orðast svo: Áfengissmásöluleyfi 30.000 kr.

III. KAFLI

Breyting á áfengislögum, nr. 75/1998, með síðari breytingum.

7. gr.

Á eftir orðinu „heildsölu“ í 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: smásölu.

8. gr.

Orðin „annað en leyfi til smásölu“ í 2. mgr. 5. gr. laganna falla brott.

9. gr.

1. mgr. 10. gr. laganna orðast svo:

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hefur einkaleyfi til smásölu sterks áfengis, þ.e. sem í er meira en 22% af vínanda að rúmmáli.

10. gr.

Í stað 2. mgr. 11. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Sveitarstjórn skal setja eftirfarandi skilyrði fyrir veitingu smásöluleyfis:

a. Afgreiðslutími skal ekki vera lengri en til kl. 20.00.
b. Starfsmenn sem afgreiða áfengi mega ekki vera yngri en 20 ára.
c. Önnur málefnaleg atriði, svo sem um staðsetningu verslunar, aðgengi, afgreiðslutíma, sbr. þó ákvæði a-liðar, merkingar o.fl.

Sveitarstjórn er óheimilt að veita smásöluleyfi fyrirtækjum sem stunda blandaða smásöluverslun aðra en rekstur stórmarkaða eða matvöru- eða nýlenduvöruverslunar, svo sem starfsemi sem fellur undir eftirfarandi ÍSAT-flokka: 50.11.4 (söluturnar), 50.11.5 (söluturnar með ís eða samlokugerð), 50.11.6 (matsöluvagnar) og 52.12 (önnur blönduð smásala). Þá er sveitarstjórn óheimilt að veita smásöluleyfi til blaðsöluturna, sbr. ÍSAT-flokk 52.26, og myndbandaleigna, sbr. ÍSAT-flokk 71.40.1.

11. gr.

2. málsl. 1. mgr. 12. gr. laganna fellur brott.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2008.

Greinargerð.

Mál þetta var lagt fram á 130., 131., 132. og 133. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu.

Með frumvarpinu er lagt til að einkasala Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins með annað áfengi en sterkt áfengi verði aflögð en með sterku áfengi er yfirleitt átt við áfengi með meiri vínandastyrk en 22%.

Á undanförnum árum og áratugum hefur hið opinbera dregið sig út úr atvinnurekstri á mörgum sviðum þar sem talið er að einstaklingar og fyrirtæki geti stundað viðkomandi starfsemi betur eða í það minnsta ekki verr. Nú er svo komið að til algerra undantekninga

heyrir ef ríki eða sveitarfélög standa í verslunarrekstri. Ein þeirra undantekninga er sala á áfengum drykkjum til einstaklinga en Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hefur enn sem komið er einkaleyfi á því að selja almenningi áfengi í smásöluverslun auk heildsöludreifingar á tóbaki og tóbaksgerðar.

Lengi framan af var sala áfengis algerlega í höndum ÁTVR, þ.e. fyrirtækið átti eða leigði húsnæði undir áfengisverslunina víðs vegar um landið og einungis starfsfólk þess afgreiddi áfengið. Í seinni tíð hefur orðið nokkur breyting á þessu og á nokkrum stöðum á landinu sjá einkaaðilar um sölu á áfengum drykkjum fyrir Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins með sérstöku samkomulagi við fyrirtækið. Ekki verður annað séð en að þetta fyrirkomulag hafi gefist vel. Þetta leiðir hugann að þeirri spurningu hvers vegna ríkið eigi yfirleitt að standa í rekstri slíkra verslana. Erfitt er að finna rök fyrir tilvist Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins en aftur á móti eru fjölmörg rök gegn henni. Í ársskýrslu Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins fyrir árið 2002 reifar stjórnin helstu röksemdina fyrir ríkiseinkasölu, en á bls. 9 í skýrslunni segir: „Forvarnarhlutverk ÁTVR felst nú fyrst og fremst í því að fylgja eftir lagaákvæðum um lágmarksaldur þeirra sem kaupa áfengi“. Þá segir að stefnan sé að nýta áhrifamátt fyrirtækisins til að „hlúa að vínmenningu í landinu og miðla upplýsingum um afleiðingar á misnotkun áfengis“. Þetta verða að teljast afar haldlítil rök til að viðhalda ríkiseinkasölu með vörur. Rétt er að benda á að einkaaðilum er treyst til að framfylgja reglum um lágmarksaldur til að kaupa tóbak og hið sama ætti þá væntanlega að gilda um sölu áfengis. Þá verður að spyrja hvort það sé hlutverk ríkisins að hlúa að tiltekinni vínmenningu í landinu með ærnum tilkostnaði.

Um rökin gegn ríkiseinkasölu skal í fyrsta lagi nefna að einkaaðilar hafa séð um rekstur slíkra verslana með góðum árangri. Í öðru lagi er aðilum eins og verslunarmiðstöðvum og byggðarlögum mismunað eftir staðsetningu útibúa. Í þriðja lagi má nefna kostnaðinn af versluninni; ólíklegt má telja að ríkisfyrirtæki reki þessar verslanir með hagkvæmari hætti en einkaaðilar mundu gera. Má í þessu sambandi benda á að fastafjármunir Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins voru á bókfærðu verði í efnahagsreikningi 31. desember 2002 um 1 milljarður kr. en eignir alls ríflega 3,2 milljarðar kr. Eigið fé fyrirtækisins var ríflega 2,1 milljarður kr. Fjármunir sem fengjust með sölu eigna fyrirtækisins mundu nýtast ríkissjóði vel. Eftir sem áður gæti ríkisvaldið náð öllum þeim markmiðum sem það hefur sett sér í áfengismálum. Það eina sem mundi breytast er að verslunin yrði í höndum þeirra sem eiga að sjá um verslun, þ.e. einkaaðila, og ekki yrði um að ræða eins sterkt skömmtunarvald á þessari þjónustu af hendi hins opinbera og nú er. Leyfin til að selja áfengi yrðu veitt af sveitarstjórnum með svipuðum hætti og leyfi til vínveitingahúsa.

Breytingin á verslun með áfengi og tóbak sem hér er lögð til er að aðrir en ríkið fái að sjá um smásölu léttvíns og bjórs eins og á öðrum sviðum en ekki er um að ræða breytingu á áfengisstefnu, áherslum í tóbaksvörnum eða tekjuöflunarkerfi ríkisins á þessu sviði. Þó er lagt til að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins sjái eitt um sölu sterks áfengis en verði áfram heimilt að dreifa öllu áfengi í heildsölu og smásölu.

Á 123. löggjafarþingi flutti Guðlaugur Þór Þórðarson tillögu til þingsályktunar um afnám einokunar ríkisins á smásölu áfengis og urðu töluverðar umræður um málið í þinginu. Þá hefur fyrrverandi þingmaður, Vilhjálmur Egilsson, ítrekað lagt fram frumvarp til laga um breytingu á einkasölu ríkisins á áfengi en það hefur ekki náð fram að ganga.

Fróðlegt er að skoða þetta með tilliti til sögunnar því að Áfengisverslun ríkisins, fyrirrennari Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, var sett á laggirnar árið 1922 þegar bannlögunum var aflétt og Tóbakseinkasalan var stofnuð í byrjun fjórða áratugarins þegar menn voru

mjög gjarnir á að setja einokunarlög og hin ýmsu höft í íslenska löggjöf. Þar má t.d. nefna einkaleyfi á síldarsölu, einkasölu á viðtækjum, einkarétt til útvarpsreksturs. Seinna komu ýmis lög og höft eins og einokun á sölu bifreiða, símtækja og annars slíks og fyrir einungis um 15 árum var ríkið með einokun á því að flytja inn eldspýtur. Þessum höftum hefur sem betur fer öllum verið aflétt.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sveitarstjórnir geti veitt einstaklingum og lögaðilum leyfi til smásöluverslunar með léttvín og bjór. Samkvæmt gildandi lögum veita sveitarstjórnir á hverjum stað smásöluleyfi fyrir áfengi og verður það fyrirkomulag í sjálfu sér óbreytt þrátt fyrir að fleiri endurseljendur komi nú til greina. Þá er gert ráð fyrir að óheimilt verði að selja áfengi og tóbak undir kostnaðarverði en með því er átt við endanlegt kaupverð dreifingaraðila að viðbættum opinberum gjöldum, svo sem áfengisgjaldi og tóbaksgjaldi, að viðbættum virðisaukaskatti. Er þetta gert til að tryggja hagsmuni ríkissjóðs af innheimtu opinberra gjalda af þessari vöru og koma í veg fyrir óeðlilegt undirboð. Hins vegar ætti þetta fyrirkomulag ekki að raska eðlilegri samkeppni á markaðnum fyrir einstakar vörutegundir.

Rétt er að vekja athygli á því að í frumvarpinu er gert ráð fyrir nokkrum takmörkunum á veitingu smásöluleyfis. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að sveitarstjórnir ákveði afgreiðslutíma, svo sem verið hefur, þó þannig að verslanir með áfengi mega ekki vera opnar lengur en til kl. 20.00. Þá er það gert að skilyrði að starfsmenn sem afgreiða áfengi skuli vera a.m.k. 20 ára. Sveitarstjórnum verður eftir sem áður heimilt að binda smásöluleyfi frekari skilyrðum, svo sem um staðsetningu verslana, aðgengi, merkingar o.fl. Þá er gert ráð fyrir að ekki verði leyft að selja áfengi í tilteknum tegundum verslana. Eru hér einkum hafðir í huga söluturnar, myndbandaleigur og söluvagnar. Leitast er við að skilgreina þessa starfsemi nánar með vísan til ÍSAT-flokkunarkerfisins. Gert er ráð fyrir að áfengissmásalar greiði gjald til ríkissjóðs fyrir leyfi til að selja áfengi í smásölu, líkt og gildir um innflutnings- og heildsöluleyfi fyrir áfengi.

Lagt er til að heimild ráðherra í 12. gr. áfengislaga til að ákveða hámarksafgreiðslutíma og önnur sérstök skilyrði varðandi smásöluleyfi í reglugerð verði felld brott enda er gert ráð fyrir að ákvörðun um leyfisveitingu færist til sveitarstjórna.

Flutningsmenn telja jafnframt að taka þurfi til skoðunar áfengisgjald sem lagt er á allt áfengi samkvæmt lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, t.d. með því að lækka áfengisgjald í þremur áföngum, um allt að 50%, fram til ársins 2008.

Áfengisgjald hefur farið lækkandi í nágrannalöndunum að undanförnu en hér á landi hefur gjaldið stöðugt farið hækkandi. Ljóst er að of hátt áfengisverð leiðir til þess að ákveðinn hópur fólks leitar annarra úrræða. Heimabruggun og smygl á áfengi hefur verið vandamál og ljóst er að ákveðin fylgni er milli áfengisverðs og heimabruggunar og smyglaðs áfengis. Samkvæmt könnun sem IBM gerði fyrir Samtök verslunarinnar hafði tæplega fjórðungur landsmanna neytt heimabruggs sl. tólf mánuði og um þriðjungur fólks á aldrinum 20–29 ára. Þá fer markaður fyrir efni til heimavíngerðar ört stækkandi. Ekki þarf að fjölyrða um hættuna sem getur stafað af heimabruggi og fjölmörg dæmi eru um að fólk hafi veikst alvarlega eftir að hafa drukkið slíkt.

Svo virðist sem smygl á sterku áfengi hafi aukist að undanförnu. Samkvæmt upplýsingum frá tollgæslunni jókst haldlagt sterkt áfengi um 30% á árunum 2002–2003. Árið 2003 var áætlað að haldlagt sterkt áfengi næmi um 1.500 lítrum, létt vín um 700 lítrum og bjór ríflega 800 lítrum. Haldlagt sterkt áfengi nam 1.147 lítrum árið 2002 og hafði magnið því aukist um a.m.k. 350 lítra.

Þá hafa Samtök ferðaþjónustunnar bent á að ferðamenn kvarti undan háu áfengisverði hér á landi. Leiða má líkur að því að ferðamannastraumur og ráðstefnuhald mundi aukast að einhverju marki með lækkuðu áfengisgjaldi. Ólíklegt verður að telja að heildarneysla áfengis aukist með lækkuðu áfengisgjaldi enda er talið að um 15–30% af heildarneyslunni sé heimabruggað eða smyglað áfengi. Ef áfengisgjaldið yrði lækkað eru verulegar líkur á að neysla á löglega keyptu áfengi mundi aukast á kostnað hins ólöglega. Tekjur ríkissjóðs munu því ekki lækka sem neinu nemur enda verður að gera ráð fyrir að mun meiri hluti af verslun með áfengi flytjist inn í landið, að ekki sé minnst á verulega minni sölu og neyslu á ólöglegu áfengi.

Oft hefur því verið haldið fram að mikil lækkun áfengisgjalds kalli á stóraukna neyslu. Reynslan í nágrannalöndum okkar sýnir að fólk neytir ekki meira áfengis heldur skýrist aukin sala af því að meira er keypt innan lands en í aðliggjandi löndum.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2005 var gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs af áfengisgjaldi yrðu rúmir 7 milljarðar kr. Framlag ríkisins til Forvarnasjóðs skv. 7. gr. laga nr. 95/1996, um gjald af áfengi og tóbaki, er 1% af innheimtu áfengisgjaldi eða um 70 millj. kr. fyrir árið 2005 og að óbreyttum forsendum mundi það lækka um helming. Ef áfengisgjald yrði lækkað væri rétt að hækka framlag til Forvarnasjóðs í samræmi við lækkun áfengisgjalds og við það miðað að hlutfallið verði 2% af innheimtu áfengisgjaldi þegar lækkun hefur að fullu komið til framkvæmda.

Þrátt fyrir að áfengisgjald hér á landi yrði lækkað um helming yrði það svipað og í Svíþjóð og áfram það langhæsta innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Fylgiskjal.

Samtök verslunarinnar:

Áfengisgjöld á Íslandi í samanburði við ESB-lönd og önnur lönd sem hafa sótt um aðild.
(5. apríl 2004.)

	Sterkt (kr.) lítri 40%	Vín (kr.) lítri 11%	Bjór (kr.) lítri 5%
Austurríki	342	0	22
Belgía	568	46	18
Búlgaría	88	15	3
Bretland	1.066	239	81
Danmörk	667	92	40
Eistland	317	65	15
Finnland*	970	207	86
Frakkland	496	3	11
Þýskaland	447	0	8
Grikkland	323	0	12
Holland	609	57	21
Írland	1.348	263	85
Ísland	*2.646*	*462*	*161*

	Sterkt (kr.) lítri 40%	Vín (kr.) lítri 11%	Bjór (kr.) lítri 5%
Ítalía	220	0	15
Kýpur	71	0	19
Lettland	316	49	9
Litháen	317	42	9
Lúxemborg	356	0	8
Malta	829	0	8
Pólland	369	32	18
Portúgal	302	0	13
Rúmenía	37	6	5
Slóvakía	205	0	8
Spánn	254	0	8
Svíþjóð	1.891	208	69
Tékkland	263	0	0,4
Tyrkland	1.183	123	54
Ungverjaland	235	2	16

*Tekið er tillit til lækkunar áfengisgjalds 1. mars.

7. Tillaga til þingsályktunar [7. mál]

um lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, nr. 18 2. nóvember 1992.

Flm.: Ágúst Ólafur Ágústsson, Einar Már Sigurðarson, Katrín Júlíusdóttir, Steinunn Valdís Óskarsdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Guðbjartur Hannesson, Árni Páll Árnason, Karl V. Matthíasson, Helgi Hjörvar.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Skal frumvarp sem felur í sér lögfestingu samningsins og aðlögun íslenskra laga að sáttmálanum vera lokið 20. nóvember 2008.

Greinargerð.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sem í daglegu tali er nefndur barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, var samþykktur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 20. nóvember 1989. Ísland undirritaði sáttmálann í New York 26. janúar 1990 með fyrirvara um fullgildingu. Ísland fullgilti síðan samninginn 27. nóvember 1992.

Samningurinn öðlaðist gildi 2. september 1990 þegar 20 ríki höfðu fullgilt hann en flest ríki Sameinuðu þjóðanna eru nú aðilar að honum. Til fróðleiks má nefna að það var ríkisstjórn Póllands sem átti frumkvæði að gerð samningsins árið 1978 þótt rekja megi tilurð hans allt til ársins 1924 þegar Þjóðabandalagið gaf Genfaryfirlýsinguna út.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna felur í sér skuldbindandi samkomulag þjóða heims um sérstök réttindi börnum til handa, óháð réttindum hinna fullorðnu. Þótt aðildarríkin að samn-

ingnum séu skuldbundin til að tryggja börnum þau réttindi sem samningurinn veitir þeim er sú skuldbinding aðeins samkvæmt þjóðarétti. Vegna tvíeðliskenningarinnar sem lögð er til grundvallar í lagatúlkun hér á landi þarf að lögfesta alþjóðlega samninga ef þeir eiga að hafa bein réttaráhrif hér á landi. Því er ekki hægt að beita barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna með beinum hætti fyrir íslenskum dómstólum.

Flutningsmenn telja hins vegar rétt að slíkur grundvallarsáttmáli verði lögfestur hér á landi með sama hætti og gert var með mannréttindasáttmála Evrópu. Vægi barnasáttmálans yrði þá meira hér á landi þar sem stjórnvöld og dómstólar landsins yrðu að taka mið af honum við úrlausnir mála sem varða börn.

Noregur lögfesti barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna 1. október árið 2003, en sá dagur er alþjóðlegur barnadagur.

Á 121. löggjafarþingi lagði Rannveig Guðmundsdóttir fram þingsályktunartillögu um bætta réttarstöðu barna samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Sú tillaga gekk m.a. út á að skipuð yrði nefnd til að gera úttekt á lögum sem varða réttarstöðu barna með það að markmiði að uppfylla skilyrði barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Þessi nefnd átti einnig að meta hvort rétt væri að lögleiða sáttmálann í heild sinni. Þessi framsýna tillaga var hins vegar ekki samþykkt á Alþingi.

Flutningsmenn fagna sérstaklega nýsamþykktri aðgerðaráætlun til fjögurra ára til að styrkja stöðu barna og ungmenna. Þar segir m.a. að aðgerðirnar skuli byggjast á rétti barna eins og hann er skilgreindur í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og að sérstakur samráðshópur skuli yfirfara tilmæli barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna varðandi framkvæmd barnasáttmálans á Íslandi.

Hér er hins vegar lagt til að gengið verði skrefinu lengra og ályktað um lögfestingu barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna fyrir 20. nóvember á næsta ári, en þá verða 19 ár liðin frá því að sáttmálinn var samþykktur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna.

Stutt yfirlit yfir efni barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Barnasáttmálinn felur í sér viðurkenningu á að börn hafi sjálfstæð réttindi óháð vilja foreldra eða forráðamanna. Samningurinn tryggir ekki einungis borgaraleg réttindi heldur einnig félagsleg, menningarleg og efnahagsleg réttindi. Með samningnum skuldbinda aðildarríki hans sig til að tryggja börnum ákveðin lágmarksréttindi.

Samningurinn nær til barna undir 18 ára aldri nema lögræðisaldur sé lægri samkvæmt lögum viðkomandi lands (1. gr.). Aðildarríkjum ber að tryggja börnum þau réttindi sem samningurinn kveður á um án mismununar (2. gr.). Þegar tekin er ákvörðun sem varðar barn skal fyrst og fremst haft í huga hvað barninu er fyrir bestu (3. gr.).

Aðildarríki eiga að grípa til allra viðeigandi ráðstafana til að réttindi þau sem samningurinn kveður á um verði virk (4. gr.). Varðandi fjárhagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi er gerður sá fyrirvari að aðildarríki skuli grípa til þeirra ráðstafana sem þau hafa bolmagn til. Aðildarríki eru hvött til alþjóðlegrar samvinnu til að tryggja þau réttindi sem samningurinn kveður á um. Aðildarríki eiga að virða réttindi og skyldur foreldra til þess að leiðbeina börnum sínum þannig að þau megi njóta þeirra réttinda sem samningurinn kveður á um (5. gr.). Kveðið er á um rétt barna til þess að lifa og ná þroska (6. gr.), til þess að fá nafn og ríkisfang, vera skráð strax eftir fæðingu (7. gr.) og til að halda persónulegum auðkennum sínum (8. gr.).

Fjallað er um rétt barna sem skilin hafa verið frá foreldri sínu eða foreldrum gegn vilja þeirra (9. gr.). Aðildarríkjum ber að greiða fyrir sameiningu fjölskyldna sem ekki búa í sama

landi og stuðla að því að barn geti viðhaldið sambandi við foreldri sem ekki býr í sama landi og það (10. gr.). Þau skulu gera ráðstafanir gegn því að börn séu flutt ólöglega úr landi og þeim haldið erlendis (11. gr.).

Börn eiga að hafa rétt til að tjá sig í málum sem varða þau sjálf (12. gr.). Í samningnum eru almenn ákvæði um tjáningarfrelsi barna (13. gr.), trúfrelsi (14. gr.), félagafrelsi og friðhelgi einkalífs (15.–16. gr.). Kveðið er á um rétt barna til aðgangs að upplýsingum og hlutverk fjölmiðla í því sambandi (17. gr.).

Aðildarríkjum ber að virða þá meginreglu að foreldrar beri sameiginlega ábyrgð á börnum sínum og aðstoða foreldra við að gegna foreldrahlutverki sínu (18. gr.). Aðildarríkjum ber að vernda börn gegn hvers konar illri meðferð (19. gr.).

Sérstök ákvæði eru um börn sem talin eru þurfa á sérstakri vernd að halda, svo sem börn sem ekki eru í umsjá fjölskyldna sinna (20. gr.), börn sem eru ættleidd, einkum milli landa (21. gr.), börn sem eru flóttamenn (22. gr.) og fötluð börn (23. gr.). Kveðið er á um rétt barna til heilbrigðisþjónustu (24. gr.) og rétt barna sem vistuð eru á stofnunum (25. gr.). Fjallað er um rétt barna til almannatrygginga (26. gr.), rétt þeirra til fullnægjandi lífsskilyrða (27. gr.) og menntunar (28.–29. gr.). Sérstakt ákvæði er um réttindi barna sem tilheyra minnihlutahópum (30. gr.).

Aðildarríkjum ber að virða rétt barna til hvíldar og tómstunda og rétt þeirra til að taka þátt í menningar- og listalífi (31. gr.). Börn eiga rétt á vernd gegn arðráni og vinnu sem getur verið þeim skaðleg (32. gr.).

Aðildarríkjum ber að vernda börn gegn ólögmætri notkun ávana-, fíkni- og skynvilluefna (33. gr.) og gegn kynferðislegri notkun og misnotkun (34. gr.). Þeim ber að grípa til ráðstafana til að hindra brottnám barna og verslun með þau (35. gr.). Síðan er almennt ákvæði (36. gr.) um að aðildarríkjum beri að vernda börn gegn hvers kyns annarri notkun sem gæti verið þeim skaðleg.

Fjallað er um réttindi barna sem hafa verið svipt frelsi (37. gr.) og sérstakt ákvæði er um börn sem lenda í vopnuðum átökum (38. gr.). Kveðið er á um skyldur aðildarríkja til þess að sjá börnum, sem sætt hafa illri meðferð eða eru fórnarlömb vopnaðra átaka, fyrir endurhæfingu og félagslegri aðlögun (39. gr.). Fjallað er um réttarvernd barna sem eru ákærð eða dæmd fyrir refsiverða verknaði (40. gr.). Ekkert í samningnum á að koma í veg fyrir að barni verði veittur meiri réttur með innlendum eða alþjóðlegum lögum (41. gr.).

Sérstök nefnd, svokölluð barnaréttarnefnd (Committee on the Rights of the Child), var sett á stofn til að fylgjast með hvort og hvernig aðildarríkin fullnægðu skuldbindingum sínum samkvæmt samningnum (II. hluti).

Hugsanlegar lagabreytingar vegna lögfestingar barnasáttmálans.

Fljótlega eftir undirritun barnasáttmálans af hálfu Íslands var hafist handa við að laga íslenskan rétt að ákvæðum hans og voru gerðar ýmsar réttarbætur í því sambandi. Barnasáttmálinn er hins vegar mjög víðfeðmur og stundum matskenndur. Það getur því stundum verið álitamál hvort viðkomandi ákvæði sáttmálans sé nú þegar að finna í lögum eða ekki. Sömuleiðis getur verið munur á lögunum sjálfum og framkvæmd þeirra.

Í skýrslu barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna um Ísland frá árinu 2003 eru m.a. margs konar vangaveltur um stöðu barnasáttmálans og barna almennt á Íslandi. Í svari dómsmálaráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur frá 10. maí 2005 (þskj. 1284, 747. mál) er fjallað um athugasemdir barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna vegna skýrslu Íslands um framkvæmd barnasáttmálans. Sömuleiðis koma fram margs konar upplýsingar um hugsanleg-

ar brotalamir í íslenskum lögum í skýrslu Barnaheilla frá árinu 2002 sem var m.a. skilað til barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna.

Með þingsályktunartillögu þessari leggja flutningsmenn til að ríkisstjórnin skoði hvort og þá hverju beri að breyta í gildandi löggjöf við lögfestingu sáttmálans. Hér geta margir lagabálkar komið við sögu, svo sem barnalög, barnaverndarlög, almenn hegningarlög, lög um leikskóla, lög um grunnskóla, lög um framhaldsskóla, almannatryggingalög, lög um heilbrigðisþjónustu, lög um málefni fatlaðra, ættleiðingarlög, lög um umboðsmann barna o.s.frv. Þá telja flutningsmenn að við lögfestingu barnasáttmálans sé nauðsynlegt að laga texta barnasáttmálans að hefðbundnu lagaformi.

Hér á eftir má finna nokkur ákvæði barnasáttmálans sem þyrfti að hafa í huga þegar kemur að öðrum lagabreytingum. Þessi upptalning er ekki tæmandi en gefur þó einhverja hugmynd um hugsanlegar lagabreytingar.

1.

Í fyrsta lagi ber að líta á 1. gr. barnasáttmálans sem segir að barn sé einstaklingur sem ekki hefur náð átján ára aldri, nema hann nái fyrr lögræðisaldri samkvæmt lögum þeim sem hann lýtur. Í íslenskri löggjöf er nokkurt misræmi um aldursmörk barna þótt lögræðisaldur sé 18 ár hér á landi. Í tilmælum barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna vegna skýrslu Íslands um framkvæmd barnasáttmálans frá 2003 er m.a. mælst til þess að íslensk löggjöf verði endurskoðuð í því skyni að tryggja að samræmi sé í aldursmörkum í ýmsum lögum. Í þessu sambandi ber að nefna að í sumum lögum hér á landi er miðað við fæðingarár en í öðrum fæðingardag barns.

Umboðsmaður barna hefur bent á að ítrekað fái hann ábendingar um gjaldtöku, svo sem á almannaþjónustu, þar sem fullorðinsgjald miðast við 12 ára aldur. Umboðsmaður telur að þetta geti skapað ójafnræði meðal barna vegna mismunandi fjárhagsstöðu foreldra og sé því í ósamræmi við 2. gr. barnasáttmálans sem segir m.a. að aðildarríki skuli virða og tryggja hverju barni innan lögsögu sinnar þau réttindi sem kveðið er á um í samningi þessum, án mismununar af nokkru tagi, svo sem sökum félagslegrar stöðu og eigna eða annarra aðstæðna þess eða foreldris þess eða lögráðamanns.

2.

Í öðru lagi ber að hafa í huga 3. gr. barnasáttmálans sem tryggir að börn eru sjálfstæðir einstaklingar með eigin réttindi sem ber að virða.

Í ársskýrslu sinni frá árinu 2002 benti umboðsmaður barna á að víða í íslensku samfélagi væru hagsmunir hinna fullorðnu teknir fram yfir hagsmuni ungu kynslóðarinnar og þótt margt hafi áunnist á liðnum árum sé enn langt í land með að tryggja sérhverju barni þann rétt sem því ber. Á það ekki síst við um framkvæmd ýmissa laga, segir umboðsmaður barna.

Umboðsmaður barna hefur sömuleiðis gagnrýnt að í barnaverndarlögum, nr. 80/2002, er ekki kveðið á um þennan sjálfstæða rétt barnsins. Þá hefur m.a. verið bent á að réttindi skv. 3. gr. barnasáttmálans séu ekki nægilega tryggð innan stjórnsýslu ýmissa sveitarfélaga.

Í niðurstöðum barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna vegna skýrslu Íslands um framkvæmd barnasáttmálans frá 2003 kemur m.a. fram að gera þurfi fullnægjandi ráðstafanir svo að lög, stjórnvaldsfyrirmæli og aðgerðaáætlun varðandi börn komi til framkvæmda, svo sem með fjárframlögum sem eiga að fylgja eftir efnahagslegum, félagslegum og menningarlegum réttindum barna.

3.

Í þriðja lagi er nauðsynlegt að líta á 4. gr. barnasáttmálans sem fjallar um að gera skuli allar viðeigandi ráðstafanir á sviði löggjafar og stjórnsýslu, svo og á öðrum vettvangi, til að réttindi þau sem viðurkennd eru í samningnum komi til framkvæmda. Hvað efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi snertir skulu aðildarríki gera slíkar ráðstafanir að því marki sem þau framast hafa bolmagn til, og með alþjóðlegri samvinnu þar sem þörf krefur.

Af þessari grein leiðir að aðildarríki eru ekki einungis ábyrg fyrir því að löggjöf þeirra sé í samræmi við samninginn heldur einnig lagaframkvæmd. Í skýrslu Barnaheilla frá árinu 2002 er fjallað um 4. gr. barnasáttmálans og þar er talið að auka þurfi almennar upplýsingar í stjórnsýslunni um börn, heilsu barna, brottfall barna úr skólum o.s.frv.

4.

1. mgr. 7. gr. sáttmálans lýtur að réttinum til nafns, ríkisfangs og eftir því sem unnt er rétt til að þekkja foreldra sína og njóta umönnunar þeirra.

Hér þarf að hafa í huga rétt barnsins til að þekkja foreldra sína og hvort þetta eigi við sæðisgjafa og kynforeldra ættleiddra barna. Á þetta hefur umboðsmaður barna nýlega bent.

5.

Í 12. sáttmálans segir að tryggja skuli barni sem myndað getur eigin skoðanir rétt til að láta þær frjálslega í ljós í öllum málum sem það varða og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska. Vegna þessa skal barni einkum veitt tækifæri til að tjá sig við hverja þá málsmeðferð fyrir dómi eða stjórnvaldi sem barnið varðar, annaðhvort beint eða fyrir milligöngu talsmanns eða viðeigandi stofnunar, á þann hátt sem samræmist reglum í lögum um málsmeðferð.

Í 13. gr. sáttmálans segir síðan m.a. að barn eigi rétt til að láta í ljós skoðanir sínar og felur það í sér rétt til að leita, taka við og miðla hvers kyns vitneskju og hugmyndum, án tillits til landamæra, annaðhvort munnlega, skriflega eða á prenti, í formi lista eða eftir hvers kyns öðrum leiðum að vali þess.

Umboðsmaður barna hefur bent á að íslensk barnalög séu ekki hvað þetta varðar að fullu leyti í samræmi við barnasáttmálann. Réttur barnsins skv. 12. gr. sáttmálans er ekki einungis bundinn við persónuleg málefni heldur nær hann einnig til málefna samfélagsins. Umboðsmaður nefnir dæmi um ákvarðanir sem varða skólastarf, tómstundir, forvarnastarf og skipulag íbúðarhverfa.

Hinn 16. apríl 2000 sagði umboðsmaður barna í viðtali við Morgunblaðið: „Hvernig getum við vitað hvað börnunum er fyrir bestu ef þau eru ekki spurð álits á þeim málum sem þau varða? Af hverju ekki að fá sjónarmið þeirra þegar verið er að skipuleggja íþrótta- eða útivistarsvæði sem ætluð eru þeirra aldurshópum eða þegar fjallað er um forvarnir í þágu þeirra, svo dæmi séu tekin?“

Tryggja þarf í lögum formlegan vettvang fyrir nemendur að láta í ljós skoðun sína á málefnum innan skólans sem snerta þá sjálfa. Umboðsmaður barna telur að það eigi að vera skylt að stofna lýðræðislega kjörið nemendaráð í hverjum skóla en það sé ekki nægilegt að það sé heimilt, sbr. lög um grunnskóla 66/1985. Í ársskýrslu umboðsmanns barna frá 2004 koma fram hugmyndir að breytingum á lögum um grunnskóla.

Umboðsmaður barna hefur nokkrum sinnum haldið svokallað netþing – unglingaþing umboðsmanns barna á netinu, þar sem fulltrúum ungu kynslóðarinnar eru m.a. gefin færi á ræða sín á milli og koma skoðunum sínum á framfæri við þá sem valdið hafa í þjóðfélaginu. Í at-

hugasemdum Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna fór nefndin lofsamlegum orðum um netþingin og mæltist til þess að ríkisstjórnin styddi verkefnið. Af því hefur þó ekki orðið.

Hjá umboðsmanni barna var nýlega unnin skýrsla um umgengnisrétt og hvernig sjónarmið barna komast að þegar úrskurðað er í slíkum málum skv. 4. mgr. 7. gr., sbr. 43. gr. barnalaga, nr. 76/2003. Helstu niðurstöður þessarar skýrslu voru m.a. að ræða þyrfti við börn í mun fleiri tilvikum en nú væri gert hjá sýslumannsembættum. Það ætti að ræða við yngri börn en nú væri gert og leyfa börnum að tjá sig í öllum málum sem snerta viðkomandi barn. Afstaða foreldra réði því í of mörgum tilvikum hvort rætt væri við barn eða ekki. Meta ætti þroska barns sjálfstætt í hverju einstöku tilviki.

Í skýrslu Barnaheilla frá árinu 2002 er því velt upp hvort nauðsyn sé að endurskoða lög um gagnagrunn á heilbrigðissviði þar sem forráðamenn taka ákvörðun um hvort upplýsingar um einstaklinga undir 18 ára aldri fari í gagnagrunninn eða ekki. Séu upplýsingar um viðkomandi einstakling komnar í gagnagrunninn er ekki hægt að taka þær úr honum, segir í skýrslu Barnaheilla.

Umboðsmaður barna hefur sömuleiðis bent á að það vanti talsvert upp á að þessi grein barnasáttmálans sé í heiðri höfð við meðferð mála sem varða börn innan stjórnsýslu ýmissa sveitarfélaga. Umboðsmaður mælti með í skýrslu sinni frá árinu 2004 að sett yrði í sveitarstjórnarlögin nýtt ákvæði sem mælir fyrir um formlegan samráðsvettvang milli barna og sveitarstjórna.

Í barnaverndarlögum er hins vegar tryggt að barn sem orðið er 15 ára geti orðið aðili barnaverndarmáls og í 2. mgr. 46. gr. laganna segir að gefa skuli barni kost á að tjá sig um mál sem það varðar í samræmi við aldur þess og þroska og taka skuli réttmætt tillit til skoðana þess við úrlausn málsins. Ávallt skal gefa barni sem náð hefur 12 ára aldri kost á að tjá sig um mál. Það er álitamál hvort rétt sé að hafa sérstök aldursviðmið í sjálfum lögunum.

Í ættleiðingarlögum er tryggt að barn sem orðið er 12 ára megi ekki ættleiða án samþykkis þess nema andlegum högum þess sé svo farið að það geti ekki gefið marktækt samþykki eða ef varhugavert þykir vegna hagsmuna þess að leita eftir því. Ef barn sem ættleiða á er yngra en 12 ára skal með sama hætti leita eftir afstöðu þess til fyrirhugaðrar ættleiðingar ef slíkt þykir gerlegt miðað við aldur þess og þroska. Ættleiðingarlögin virðast því vera í samræmi við barnasáttmálann hvað þetta varðar.

6.

14. gr. barnasáttmálans fjallar um rétt barnsins til frjálsrar hugsunar, sannfæringar og trúar. Sömuleiðis skal virða rétt og skyldur foreldra og lögráðamanna, eftir því sem við á, til að veita barni leiðsögn við að beita rétti sínum á þann hátt sem samræmist vaxandi þroska þess. Þá segir enn fremur að frelsi til að láta í ljós trú eða skoðun skuli einungis háð þeim takmörkunum sem mælt er fyrir um í lögum og eru nauðsynlegar til að gæta öryggis almennings, allsherjarreglu, heilsu almennings eða siðgæðis, eða grundvallarréttinda og frelsis annarra.

29. gr. sáttmálans er um að hverju menntun barns skuli beinast. Þar segir m.a. að móta eigi með barninu virðingu fyrir foreldrum þess, menningarlegri arfleifð, tungu og gildismati, þjóðernislegum gildum þess lands er það býr í og þess er það kann að vera upprunnið frá, og fyrir öðrum menningarháttum sem frábrugðnir eru menningu þess sjálfs. Sömuleiðis að undirbúa beri barn til að lifa ábyrgu lífi í frjálsu þjóðfélagi, í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, jafnréttis karla og kvenna og vináttu milli allra þjóða, þjóðhátta-, þjóðernis- og trúarhópa og fólks af frumbyggjaættum.

Þessi tvö ákvæði barnasáttmálans kalla hugsanlega á breytingar á grunnskólalögum og námskrá t.d. hvað varðar kennslu um aðrar þjóðir, menningarheima og trú. Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna gerði að umtalsefni árið 2003 stöðu nýbúabarna hér á landi og vildi sjá frekari ráðstafanir til að bregðast við þeim möguleika að vandamál rísi vegna kynþáttafordóma í kjölfarið á fjölgun útlendinga í landinu. Barnaréttarnefndin vildi sömuleiðis sjá að mannréttindafræðsla yrði felld inn í námskrá allra grunnskóla og framhaldsskóla, einkum hvað varðar virðingu fyrir jafnrétti kynjanna og minnihlutahópum. Styrkja bæri ráðstafanir til að bregðast við tíðu brotthvarfi nýbúabarna frá námi.

Lög um trúfélög, nr. 18/1975, gera ráð fyrir að foreldrar geti tekið ákvörðun um inngöngu eða úrsögn barns þeirra yngra en 16 ára úr trúfélagi en hafi það náð 12 ára aldri skuli leita álits þess um slíka ákvörðun. Það er álitamál hvort aldursmarkið 16 ára sé ekki of hátt og hefur barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna bent á það í skýrslu sinni frá árinu 2003.

7.

Í 16. gr. barnasáttmálans er einkalíf barns m.a. varið. Þetta ákvæði getur kallað á lagabreytingar í þá áttina að friðhelgi einkalífs barns sé virt í hvívetna. Ragnhildur Thorlacius lögfræðingur vann skýrslu fyrir umboðsmann barna árið 2003 um friðhelgi einkalífs þar sem komu fram fjölmargar tillögur að lagabreytingum til að tryggja friðhelgi einkalífs barns og sjálfsákvörðunarrétt.

Má þar nefna helst setningu almenns ákvæðis um rétt barns til að njóta friðhelgi einkalífs og ákvæði um sjálfsákvörðunarrétt í barnalög, nr. 76/2003 og ákvæði um samráðsrétt og tjáningarrétt í grunnskólalög, nr. 66/1995. Setja bæri einnig ákvæði um sjálfsákvörðunarrétt barna í lög nr. 47/1997, um réttindi sjúklinga, í lög nr. 139/1998, um gagnagrunn á heilbrigðissviði, í lög nr. 100/2000, um lífsýnasöfn, í lög um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir, nr. 25/1975.

Þá var nefnt að setja bæri í barnaverndarlög, nr. 80/2002, almennt ákvæði um rétt barns til að njóta friðhelgi einkalífs á heimilum og stofnunum á ábyrgð ríkisins. Almennt ákvæði um rétt barns til að njóta friðhelgi einkalífs meðan það dvelst á heimili eða stofnun á vegum ríkisins verði sett í upphaf þess kafla laganna sem fjallar um takmarkanir réttinda og beitingu þvingunarráðstafana á heimilum og stofnunum fyrir börn á ábyrgð ríkisins.

Eins og áður hefur komið fram eru í skýrslu Barnaheilla frá árinu 2002 vangaveltur um hvort nauðsyn sé að endurskoða lög um gagnagrunn á heilbrigðissviði með hliðsjón af upplýsingum um einstaklinga undir 18 ára aldri. Þau lög þarf því að skoða með hliðsjón af 16. gr. barnasáttmálans.

8.

17. gr. sáttmálans er um viðurkenningu á mikilvægi fjölmiðla, og að barn eigi aðgang að upplýsingum og efni af ýmsum uppruna frá eigin landi og öðrum, einkum því sem ætlað er að stuðla að félagslegri, andlegri og siðferðislegri velferð þess, og líkamlegu og geðrænu heilbrigði. Aðildarríki sáttmálans skulu í þessu skyni m.a. hvetja fjölmiðla til að dreifa upplýsingum og efni sem börn njóta góðs af félagslega og menningarlega. Þau skulu einnig stuðla að alþjóðlegri samvinnu við undirbúning, skipti og dreifingu á slíkum upplýsingum og efni af fjölbreyttum uppruna, menningarlegum, þjóðlegum og alþjóðlegum ásamt því að stuðla að því að barnabækur séu samdar og þeim dreift. Þá skal hvetja fjölmiðla til að taka sérstakt tillit til tungumálaþarfa barns sem tilheyrir minnihlutahópi eða er af frumbyggjaætt-

um. Loks skal stuðla að því að mótaðar verði viðeigandi leiðbeiningarreglur um vernd barns fyrir upplýsingum og efni sem skaðað getur velferð þess.

9.

18. gr. sáttmálans lýtur að því að virða þá meginreglu að foreldrar beri sameiginlega ábyrgð á að ala upp barn og koma því til þroska. Foreldrar eða lögráðamenn, ef við á, bera aðalábyrgð á uppeldi barns og því að barni sé komið til þroska. Það sem barninu er fyrir bestu skal vera þeim efst í huga.

Þetta ákvæði getur kallað á ýmsar breytingar á lögum á sviði sifjaréttar. Umboðsmaður barna hefur hvatt til að sett verði skylda á hjón eða sambúðarfólk með börn undir 18 ára aldri til að leita ráðgjafar áður en til skilnaðar eða sambúðarslita kemur. Umboðsmaður telur það umdeilt hvort börn geti leitað ráðgjafar í svona tilvikum án samþykkis foreldra og það sé því í andstöðu við barnasáttmálann að réttur barna til tjáningar í svona málum sé látinn ráðast af vilja foreldra.

10.

Í 19. gr. barnasáttmálans er m.a. talað um að gera allar viðeigandi ráðstafanir á sviði löggjafar, stjórnsýslu, félags- og menntunarmála til að vernda barn gegn hvers kyns líkamlegu og andlegu ofbeldi, meiðingum, misnotkun, vanrækslu, skeytingarleysi, illri meðferð eða notkun, þar á meðal kynferðislegri misnotkun, meðan það er í umsjá annars eða beggja foreldra, lögráðamanns eða lögráðamanna, eða nokkurs annars sem hefur það í umsjá sinni. Eftir því sem við á skulu meðal slíkra verndarráðstafana vera virkar ráðstafanir til að koma á félagslegri þjónustu til að veita barni og þeim sem hafa það í sinni umsjá nauðsynlegan stuðning, og til að koma á öðrum forvörnum, svo og til að greina, tilkynna, vísa áfram, rannsaka, taka til meðferðar og fylgjast með tilfellum er barn hefur sætt illri meðferð, svo og, ef við á, til að tryggja afskipti dómara.

Þetta ákvæði sáttmálans getur kallað á heildarendurskoðun á þeim köflum almennra hegningarlaga sem fjalla um ofbeldi. Má þar nefna þá staðreynd að í íslenskri löggjöf er ekki að finna neitt lagaákvæði sem tekur á heimilisofbeldi með fullnægjandi og heildstæðum hætti. Sömuleiðis má benda á að samkvæmt íslenskum hegningarlögum er kynferðislegur lögaldur 14 ára og þyrfti hann að mati flutningsmanna að hækka. Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna mælist til að börnum eldri en 14 ára verði í löggjöf tryggð full vernd gegn kynferðislegri misnotkun.

Þetta ákvæði sáttmálans kallar að mati flutningsmanna sömuleiðis á að starfsemi Barnahúss verði tryggð. Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna telur æskilegt að þær hugmyndir sem Barnahús byggist á verði styrktar. Þar er einnig hvatt til að embætti umboðsmanns barna verði tryggð nægileg aðstaða, mannafli og fjármagn til að það geti sinnt hlutverki sínu á árangursríkan hátt. Þar er sömuleiðis hvatning til sveitarfélaga að móta opinbera fjölskyldustefnu.

Umboðsmaður barna benti í skýrslu sinni frá árinu 2004 á nauðsynina á afdráttarlausu ákvæði í barnalögum sem banni foreldrum að beita barn sitt líkamlegu ofbeldi og hvers konar annarri vanvirðandi framkomu. Slíkt bann þarf að vera í barnalögum svo að þjóðréttarlegar skuldbindingar séu uppfylltar að mati umboðsmanns barna.

11.

Sérstök ákvæði eru um börn sem talin eru þurfa á sérstakri vernd að halda, svo sem börn sem ekki eru í umsjá fjölskyldna sinna (20. gr.), börn sem eru ættleidd, einkum milli landa (21. gr.), börn sem eru flóttamenn (22. gr.) og fötluð börn (23. gr.). Kveðið er á um rétt barna til heilbrigðisþjónustu (24. gr.) og rétt barna sem vistuð eru á stofnunum (25. gr.). Fjallað er um rétt barna til almannatrygginga (26. gr.), rétt þeirra til fullnægjandi lífsskilyrða (27. gr.) og menntunar (28.–29. gr.). Sérstakt ákvæði er um réttindi barna sem tilheyra minnihlutahópum (30. gr.).

Þetta eru ákvæði sem geta verið matskennd í eðli sínu. Það er hins vegar ljóst að með lögfestingu þeirra munu dómstólar gera ríkari kröfur til þess að þau réttindi barna sem þarna koma fram séu virt. Hér getur komið sérstaklega til skoðunar staða langveikra barna, fatlaðra barna, geðsjúkra barna og fátækra barna og barna nýbúa í íslenskum lögum. Þessi ákvæði barnasáttmálans geta sömuleiðis kallað á ýmsar aðrar lagabreytingar.

Þótt Íslendingar séu ein yngsta þjóð Evrópu og sú yngsta allra Norðurlandaþjóða verja þeir talsvert minna fé í félagsmál barna en aðrar Evrópuþjóðir. Samtökin Barnaheill hafa kallað eftir heildarskoðun á stöðu fátækra barna í íslensku samfélagi. Í tilmælum barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna vegna skýrslu Íslands um framkvæmd barnasáttmálans frá 2003 kemur m.a. fram að auka þurfi aðstoð við einstæða foreldra og við fjölskyldur fatlaðra barna.

12.

Í 31. gr. sáttmálans er fjallað um rétt barna til hvíldar og tómstunda og rétt þeirra til að taka þátt í menningar- og listalífi. Í 32. gr. er rétturinn til verndar gegn arðráni og vinnu sem getur verið þeim skaðleg.

Þessar kröfur geta sömuleiðis verið matskenndar og þyrfti að skoða vel hvort þær kalli á einhverjar lagabreytingar. Í því sambandi ber aðildarríkjum m.a. að setja reglur um lágmarksaldur við ráðningu í störf og reglur um vinnutíma og starfskjör.

13.

34. gr. sáttmálans fjallar um vernd barna fyrir hvers kyns kynferðislegri notkun eða misnotkun í kynferðislegum tilgangi.

Í þessu sambandi ber að fagna sérstaklega þeirri réttarbót sem náðist á síðasta löggjafarþingi þegar alvarleg kynferðisbrot gegn börnum voru gerð ófyrnanleg.

Umboðsmaður barna hefur lagt til að tekið verði upp sérstakt refsihækkunarákvæði þegar um er að ræða kynferðisbrot gegn börnum og þá vilja sumir hækka kynferðislegan lögaldur enn frekar en hann var hækkaður í fyrra úr 14 árum í 15 ár.

14.

Í 37. gr. barnasáttmálans segir m.a. að fara eigi mannúðlega með hvert það barn sem svipt er frjálsræði sínu og af virðingu fyrir meðfæddri göfgi manna og með þeim hætti að tekið sé tillit til þarfa einstaklings á þeim aldri sem um ræðir. Einkum skal halda hverju því barni sem svipt er frjálsræði sínu aðskildu frá fullorðnum, nema ef talið er að því sé fyrir bestu að gera það ekki, og á barn rétt á að halda tengslum við fjölskyldu sína með bréfaskriftum og heimsóknum, nema sérstaklega standi á.

Þetta ákvæði krefst endurskoðunar á lögum um fangelsi en í núgildandi kerfi er hægt að vista börn með fullorðnum í fangelsum landsins. Þegar Ísland fullgilti barnasáttmálann 1992 gaf Ísland út sérstaka yfirlýsingu hvað varðar aðskilnað ungra fanga frá eldri.

Hinn 15. apríl 1998 kom eftirfarandi fram í Morgunblaðinu: „Umboðsmaður barna telur að barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna sé brotinn með því að ungir fangar sem afplána refsivist eru um þessar mundir ekki aðskildir frá eldri föngum heldur vistaðir á almennum deildum afplánunarfangelsa og njóta þar engrar sérstöðu.“

Flutningsmenn telja því að skoða eigi sérstök úrræði fyrir fanga undir 18 ára aldri og reyndar mætti nýta þau úrræði fyrir fanga sem eru allt að 24 ára.

Í tilmælum barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna vegna skýrslu Íslands um framkvæmd barnasáttmálans frá 2003 koma m.a. fram tilmæli um að hér á landi verði tekið upp sérstakt réttarfarskerfi í sakamálum ungmenna með alþjóðlegar viðmiðunarkröfur að leiðarljósi.

Í barnaverndarlögum, nr. 80/2002, kemur m.a. fram að óheimilt er að beita barn innilokun, einangrun og öðrum slíkum þvingunarráðstöfunum eða agaviðurlögum nema nauðsyn beri til og þá samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur að fengnum tillögum Barnaverndarstofu. Enn fremur segir að óheimilt sé hafa eftirlit með póstsendingum, tölvusamskiptum og símtölum barns nema sérstakar ástæður komi til og þá samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur að fengnum tillögum Barnaverndarstofu.

Vegna þessa ákvæðis barnaverndarlaga hefur umboðsmaður barna sagt að hann telji að nauðsynlegt sé að kveða í lögum nákvæmlega á um réttarstöðu barna við þessar aðstæður þar sem hann telur öldungis ófullnægjandi og bjóða hættunni heim að kveða á um þvingunarráðstafanir og agaviðurlög í reglugerð sem sett sé af framkvæmdarvaldinu. Umboðsmaður segir einnig í ársskýrslu sinni frá árinu 2003 að hann telji að þetta sé hugsanlega brot á 67. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem segir m.a. að engan megi svipta frelsi nema samkvæmt heimild í lögum.

15.

Í 39. gr. er fjallað um viðeigandi ráðstafanir til að stuðla að því að barn, sem sætt hefur vanrækslu, notkun eða misnotkun af nokkru tagi, pyndingum eða annars konar grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu, eða er fórnarlamb vopnaátaka, hljóti líkamlegan og sálrænan bata og aðlagist samfélaginu á ný. Leita skal bata og aðlögunar í umhverfi sem hlynnir að heilsu, sjálfsvirðingu og göfgi barnsins.

Þetta ákvæði gerir kröfu um fullnægjandi stuðning og meðferð af hálfu opinberra aðila. Það getur verið umdeilt hvort þessu ákvæði sé fullnægt með núgildandi úrræðum.

16.

Í 40. gr. barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna segir m.a. að viðurkenna þurfi rétt hvers þess barns sem er grunað, ásakað eða fundið sekt um brot á refsilögum til meðferðar sem styrkir vitund þess um eigin göfgi og manngildi, sem treystir virðingu þess fyrir mannréttindum og mannfrelsi annarra, og tekur tillit til aldurs barnsins og þess að æskilegt sé að stuðla að aðlögun þess og því að það gegni jákvæðu hlutverki í samfélaginu. Í þessu ákvæði eru sömuleiðis talin upp þau réttindi sem barn í þessari stöðu hefur, svo sem með tillit til óhlutdrægar málsmeðferðar og forvarnastarfs.

Í skýrslu Barnaheilla frá árinu 2002 til barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna kom m.a. fram að styrkja þyrfti meðferðarúrræði fyrir unga kynferðisafbrotamenn. Sömuleiðis þyrfti að styrkja þær stofnanir sem sjá sérstaklega um unga afbrotamenn og unga þolendur.

17.

Að lokum má nefna að í niðurstöðum barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna vegna skýrslu Íslands um framkvæmd barnasáttmálans frá 2003 eru íslensk yfirvöld hvött til að auka upplýsingagjöf um barnasáttmálann og framkvæmd hans og standa að varanlegri og kerfisbundinni fræðslu um mannréttindi fyrir alla sem starfa fyrir börn og með börnum. Þar kemur einnig fram hvatning til stjórnvalda til að safna tölfræðilegum upplýsingum á þeim sviðum sem samningurinn tekur til.

Með tillögunni var fylgiskjal, Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, nr. 18 2. nóvember 1992. Sjá lagasafn.

8. Frumvarp til laga [8. mál]

um brottfall vatnalaga, nr. 20/2006.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Atli Gíslason, Álfheiður Ingadóttir,
Árni Þór Sigurðsson, Jón Bjarnason, Katrín Jakobsdóttir,
Kolbrún Halldórsdóttir, Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

1. gr.

Lög nr. 20/2006, vatnalög, falla brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi, hinu stutta vorþingi 2007, en varð þá eigi útrætt. Þar sem óbreytt staða er uppi í málinu að því leyti að 1. nóvember nk. ganga hin nýju vatnalög í gildi nema Alþingi ákveði annað er frumvarpið endurflutt. Brýnt er að hraða afgreiðslu málsins af þessum sökum. Frumvarpinu fylgdi í upphafi eftirfarandi greinargerð og fylgiskjal sem skýrir efni málsins:

Með frumvarpi þessu er lagt til að lög nr. 20/2006, vatnalög, falli brott og lög nr. 15/1923, vatnalög, með síðari breytingum, haldi gildi sínu.

Setning nýrra vatnalaga, heildarlaga í stað þeirra sem gilt höfðu allt frá 1923, var eitt umdeildasta mál 132. löggjafarþings. Þáverandi stjórnarandstaða sameinaðist í andstöðu við málið og lagði til að því yrði vísað frá, sbr. nefndarálit á þingskjali 864 frá því þingi. Meginrök stjórnarandstöðunnar voru að með frumvarpinu væri hróflað með óábyrgum og óvarlegum hætti við farsælli niðurstöðu Alþingis um nýtingarrétt á vatni frá 1923 og einkaeignarétti gert of hátt undir höfði. Við lokameðferð málsins náðist sú málamiðlun að fresta gildistöku hinna nýju vatnalaga fram yfir kosningar á þessu vori og þar til nýtt þing hefði komið saman og gæti tekið afstöðu til málsins. Það er skoðun flutningsmanna að ekki sé eftir neinu að bíða að fella hin nýju lög úr gildi áður en þau koma til framkvæmda hinn 1. nóvember nk. Því er

frumvarp þetta flutt. Um frekari rökstuðning vísast til nefndarálits minni hluta iðnaðarnefndar á þingskjali 864 frá 132. löggjafarþingi sem hér fer á eftir sem fylgiskjal.

Með frumvarpinu var fylgiskjal: Nefndarálit minni hluta iðnaðarnefndar um frumvarp til vatnalaga. Sjá þskj. 864 (268. mál 132. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 2005–2006, bls. 3383–3387.

9. Tillaga til þingsályktunar [9. mál]

um aukna hlutdeild sveitarfélaga í innheimtum skatttekjum.

Flm.: Magnús Stefánsson, Birkir J. Jónsson, Guðni Ágústsson, Bjarni Harðarson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að taka hið fyrsta upp viðræður við Samband íslenskra sveitarfélaga um aukna hlutdeild sveitarfélaganna í innheimtum skatttekjum.

Greinargerð.

Mörg sveitarfélög búa við erfiða fjárhagsstöðu af ýmsum ástæðum og mörgum þeirra hefur reynst erfiðara og erfiðara að standa undir lögbundnum verkefnum sínum vegna erfiðrar fjárhagsstöðu. Hins vegar er fjárhagsstaða sveitarfélaganna í landinu misjöfn, m.a. eftir landsvæðum. Tekjur sumra hafa minnkað eða nánast staðið í stað samanborið við aukinn rekstrarkostnað undanfarin ár. Þetta á fyrst og fremst við um sveitarfélög á landsbyggðinni.

Ekki er útlit fyrir að hagur margra þeirra muni batna á næstunni, frekar er útlit fyrir að erfiðleikar þeirra verði enn meiri vegna fyrirsjáanlegrar þróunar í sjávarútvegi. Sveitarfélög sem byggja afkomu sína að miklu leyti á útsvarstekjum frá sjávarútvegi og þjónustu við hann sjá nú fram á erfiða tíma vegna samdráttar í þorskveiðum. Því er brýnt að leita leiða til þess meðal annars að koma til móts við þau og mikilvægt að tryggja að tekjuskattur ríkis og sveitarfélaga sé í samræmi við verkaskiptingu þessara stjórnvalda. Eðlilegt er að kannað verði hvort vænlegra sé að fjármagna sveitarfélög að hluta til með öðrum tekjustofnum en þau hafa nú, svo sem með hlutdeild í fjármagnstekjuskatti. Í því sambandi má nefna að Samband íslenskra sveitarfélaga hefur ítrekað ályktað um það að sveitarfélögin fái hlutdeild í fjármagnstekjuskatti. Eftir að byrjað var að innheimta fjármagnstekjuskatt hafa tekjur ríkissjóðs af honum vaxið mikið ár frá ári. Það er því eðlilegt að stjórnvöldin, ríkisvaldið og sveitarfélögin, taki upp viðræður um málið og komist að niðurstöðu um það, svo og um eðlilega leið til að deila fjármunum með þeim hætti að illa stödd sveitarfélög geti betur staðið undir lögbundnum hlutverkum sínu. Í þeim viðræðum verði jafnframt hugað að jöfnun fjárhagslegs aðstöðumunar milli sveitarfélaga með því að styrkja Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sérstaklega til þess verkefnis.

10. Frumvarp til laga [10. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um málefni aldraða.

Flm.: Kristinn H. Gunnarsson, Guðjón A. Kristjánsson,
Grétar Mar Jónsson, Jón Magnússon.

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 100/2007, um almannatryggingar, sbr. lög nr. 105/2007.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:

a. B-liður 2. mgr. orðast svo: Atvinnutekjur lífeyrisþega eða maka hans skulu ekki hafa áhrif við útreikning á fjárhæð bóta skv. III. kafla laga þessara og vasapeninga skv. 48. gr.

b. C-liður 2. mgr. orðast svo: Séreignarlífeyrissparnaður lífeyrisþega hefur ekki áhrif við útreikning á fjárhæð bóta skv. III. kafla laga þessara og þá skal ekki reikna með lífeyrisgreiðslum maka lífeyrisþega úr skyldubundnum atvinnutengdum lífeyrissjóðum, séreignarlífeyrissparnaði og viðbótartryggingavernd, sbr. lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

c. 3. og 4. mgr. orðast svo:

Þegar um er að ræða elli- og örorkulífeyri skv. 17. og 18. gr. teljast ekki til tekna þrátt fyrir 2. mgr. atvinnutekjur lífeyrisþega eða maka hans, bætur samkvæmt lögum þessum og lögum um félagslega aðstoð, húsaleigubætur samkvæmt lögum um húsaleigubætur, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og greiðslur úr skyldubundnum atvinnutengdum lífeyrissjóðum, séreignarlífeyrissparnaði og viðbótartryggingavernd, sbr. lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, og sambærilegar bætur frá ríkjum sem Ísland hefur gert samninga við skv. 68. gr.

Þegar um er að ræða tekjutryggingu skv. 22. gr. teljast ekki til tekna þrátt fyrir 2. mgr. atvinnutekjur lífeyrisþega eða maka hans bætur samkvæmt lögum þessum og lögum um félagslega aðstoð, húsaleigubætur samkvæmt lögum um húsaleigubætur, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og sambærilegar bætur frá ríkjum sem Ísland hefur gert samninga við skv. 68. gr.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 125/1999, um málefni aldraða, með síðari breytingum.

2. gr.

2. mgr. 26. gr. laganna orðast svo:

Þrátt fyrir 1. mgr. teljast ekki til tekna atvinnutekjur vistmanns eða maka hans, bætur frá lífeyristryggingum almannatrygginga samkvæmt lögum um almannatryggingar, bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, húsaleigubætur samkvæmt lögum um húsaleigubætur, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og bætur frá ríkjum sem Ísland hefur gert samninga við skv. 68. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2008.

Greinargerð.

Með frumvarpinu er fylgt eftir áherslum Frjálslynda flokksins í málefnum elli- og örorkulífeyrisþega og lagt til að afnema að fullu þau lagaákvæði sem skerða bætur elli- og örorkulífeyrisþega skv. III. kafla laganna um almannatryggingar vegna atvinnutekna bótaþegans eða maka hans. Þá er einnig í frumvarpinu kveðið á um að séreignarlífeyrissparnaður skerði ekki sömu bætur þegar hann er greiddur út.

11. Frumvarp til laga [11. mál]

um brottfall laga um iðnaðarmálagjald, nr. 134/1993, með síðari breytingum.

Flm.: Pétur H. Blöndal, Sigurður Kári Kristjánsson.

1. gr.

Lög um iðnaðarmálagjald, nr. 134/1993, falla úr gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2008.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

a. Orðin „lögum um iðnaðarmálagjald“ í 1. mgr. 2. gr. laga um yfirskattanefnd, nr. 30/1992, falla brott.
b. Orðin „iðnaðarmálagjaldi samkvæmt lögum nr. 134/1993, um iðnaðarmálagjald“ í 3. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga, nr. 62/1997, falla brott.
c. Orðin „iðnaðarmálagjaldi samkvæmt lögum nr. 134/1993, um iðnaðarmálagjald, með áorðnum breytingum, og“ í 3. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga um heimild til samninga um álverksmiðju í Reyðarfirði, nr. 12/2003, falla brott.

Greinargerð.

Tilgangur frumvarps þessa er að fella niður lagaskyldu iðnfyrirtækja til að greiða iðnaðarmálagjald til Samtaka iðnaðarins. Iðnaðarmálagjaldið er innheimt af skattyfirvöldum með öllum úrræðum þeirra og er í reynd ígildi félagsgjalds til samtakanna (sem áður hétu Félag íslenskra iðnrekenda). Flutningsmenn hafa notið aðstoðar Snorra Stefánssonar lögfræðings og nefndasviðs Alþingis við samningu frumvarpsins. Frumvarpið var lagt fram á 133. löggjafarþingi (16. mál) og bárust þá nokkrar umsagnir sem verður gerð grein fyrir síðar.

Lög um iðnaðarmálagjald, nr. 134/1993, leystu af hólmi lög nr. 48/1975 um sams konar gjald og voru sett í kjölfar heildarendurskoðunar þeirra laga eftir að aðstöðugjald hafði verið fellt niður. Lög um gjaldið voru á sínum tíma sett að frumkvæði Félags íslenskra iðnrekenda, Landssambands iðnaðarmanna og Sambands íslenskra samvinnufélaga.

Samkvæmt núgildandi lögum skal leggja iðnaðarmálagjald, 0,08% af veltu, á allan iðnað í landinu. Skal gjaldstofn þess vera velta skv. 11. gr. laga um virðisaukaskatt að meðtalinni veltu sem undanþegin er virðisaukaskatti skv. 12. gr. þeirra laga (m.a. útflutningur). Álagning og innheimta iðnaðarmálagjalds fer samkvæmt ákvæðum VIII.–XIV. kafla laga um tekju-

skatt (m.a. sektir, fangelsi o.s.frv.). Tekjur af iðnaðarmálagjaldi renna til Samtaka iðnaðarins og skal þeim varið til þess að vinna að eflingu iðnaðar og iðnþróunar í landinu.

Fjárveitingavald Alþingis.

Í 41. gr. stjórnarskrárinnar segir: „Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum.“ Lög sem kveða á um greiðslu úr ríkissjóði, önnur en fjárlög eða fjáraukalög, hljóta því að vera í andstöðu við þetta ákvæði stjórnarskrárinnar og því ógild. Þing sem setur slík lög um árlega ráðstöfun á fjármunum ríkissjóðs er búið að binda hendur allra þinga þaðan í frá hvað varðar greiðslur þessara gjalda því að lögin hljóta að eiga að gilda eins og önnur lög frá Alþingi. Síðari þing þurfa árlega að taka fram í fjárlögum að þetta gjald skuli renna til verkefnisins og hafa því ekki óskorað fjárveitingarvald. Farist fyrir að geta um útgjöldin í fjárlögum kemur upp sú staða að lögin kveða á um að greiða skuli fé úr ríkissjóði sem stjórnarskráin bannar.

Í 1. mgr. 3. gr. laga um iðnaðarmálagjald stendur: „Tekjur af iðnaðarmálagjaldi renna til Samtaka iðnaðarins.“ Hér eru bein fyrirmæli til framkvæmdarvaldsins um að þessa fjármuni skuli greiða úr ríkissjóði þrátt fyrir bann stjórnarskrárinnar þar um. Þó að þessa gjalds og ráðstöfunar þess sé getið í fjárlögum hvers árs, þá er það ákvæði fjárlaganna þvingað og Alþingi getur ekki sett fjárlögin óbundið af lögum um iðnaðarmálagjald. Lög um iðnaðarmálagjald eru því í andstöðu við stjórnarskrá og það eitt styður það frumvarp sem hér er lagt fram.

Lagasafnið hefur að geyma fjölmörg lög af þessu tagi. Oft er um að ræða skatta, tekjur, sem renna eiga til ákveðinna verkefna eða aðila og eru slíkar tekjur ríkissjóðs oft nefndar „markaðar tekjur“, þ.e. tekjur ríkissjóðs, sem renna skulu til ákveðinna verkefna eða aðila, markaðar þessum verkefnum eða aðilum. Dæmi um slíkar tekjur eru búnaðargjaldið, sem rennur aðallega til stéttarsamtaka bænda, iðnaðarmálagjald, sem rennur til Samtaka iðnaðarins, fiskiræktargjald sem rennur til Fiskiræktarsjóðs, sem veitir m.a. styrki til fiskeldis og fiskiræktar, höfundaréttargjöld (t.d. 1% af verði tölva) og STEF-gjöld, sem renna til einstaklinga (tónskálda).

Skattur.

Gjaldstofn iðnaðarmálagjalds er sá sami og gjaldstofn virðisaukaskatts auk viðbótar og um álagningu og innheimtu þess fer samkvæmt ákvæðum VIII.–XIV. kafla laga um tekjuskatt. Þetta gjald hefur því öll einkenni skatts. Það er lagt á og innheimt af skattheimtumönnum ríkissjóðs. Samt fær ríkissjóður innheimtugjald og þessi skattur rennur til tiltekins félags. Það er óeðlilegt þar sem litið hefur verið svo á að skattar skuli renna til hins opinbera, ríkis og sveitarfélaga.

Þegar litið er á lög um iðnaðarmálagjald virðist sem hópur manna, stjórnir Félags íslenskra iðnrekenda, Landssambands iðnaðarmanna og Sambands íslenskra samvinnufélaga, hafi fengið löggjafann til þess að innheimta fyrir sig félagsgjöld og nota þannig ægivald ríkisins með heimild til sekta og fangelsa til að ná fénu af öllum iðnfyrirtækjum og gera þau um leið félagsbundin.

Í lögunum segir að í ríkissjóð skuli renna 0,5% af innheimtu iðnaðarmálagjalds vegna kostnaðar ríkissjóðs við innheimtu þess. Þetta undirstrikar að litið hefur verið á starfsemina sem innheimtu og þessi 0,5% eru eins konar innheimtuþóknun. Í því sambandi er rétt að benda á að umrædd gjöld verða að skatti og skil á gjöldunum verða að ríkisútgjöldum með því að innheimtan er lögbundin og falin ríkinu og fé greitt út. Um hvort tveggja hefur stjórnarskráin mjög nákvæmar leiðbeiningar eins og hér hefur verið drepið á.

Félaga- og tjáningarfrelsi.

Félagafrelsi er meginregla á Íslandi. Samkvæmt 74. gr. stjórnarskrárinnar má engan skylda til aðildar að félagi nema sérstakar aðstæður krefjist þess. Skoðanafrelsi er nátengt félagafrelsinu en í því felst að óheimilt er að neyða menn til að hafa tilteknar skoðanir eða losa sig við aðrar. Kveðið er á um skoðanafrelsi í 73. gr. stjórnarskrárinnar. Ekki reynir oft á skoðanafrelsisákvæði stjórnarskrárinnar en hér er því öfugt farið. Skyldugreiðslur til félags sem greiðendur kunna að vera á móti í sjálfu sér brýtur í bága við hugmyndir um skoðanafrelsi. Þá er sáralítill munur á því að skylda menn til félagsaðildar og að skylda menn til þess að greiða gjald til félags. Sé gjaldið greitt er varla annað hægt en að vera í félaginu og njóta þeirra réttinda sem í því felast. Skyldugreiðslur til félags fela því í sér gervifélagsskyldu.

Samtök iðnaðarins hafa haft uppi mjög ákveðnar skoðanir um ýmis pólitísk álitamál eins og aðild að Evrópusambandinu og upptöku evrunnar. Eflaust finnast í fjölmennum hópi iðnfyrirtækja aðilar sem eru á öndverðri skoðun og eru sannfærðir um að slíkar lausnir myndu skaða hagsmuni þeirra og þjóðarinnar. En þeir verða samt að greiða iðnaðarmálagjald til Samtaka iðnaðarins og fjármagna þannig upplýsingar og áróður gegn eigin skoðun án þess að geta komið henni að. Slíkt getur ekki verið í samræmi við ákvæði stjórnarskrár um skoðanafrelsi.

Í dómi Hæstaréttar í máli frá 17. desember 1998 (málsnr. 166/1998 á bls. 4406 í dómasafni 1998) var fjallað um lögmæti iðnaðarmálagjalds. Talið var að gjaldið stæðist þrátt fyrir félagafrelsisákvæði stjórnarskrárinnar þar sem löggjafanum væri heimilt að leggja á skatt og ráðstafa honum. Í dómi Hæstaréttar frá 20. desember 2005 (málsnr. 315/2005) var málatilbúnaður stefnanda að verulegu leyti sá sami og í framangreindu máli. Meiri hluti Hæstaréttar vísaði til málsins frá 1998 og taldi álagningu gjaldsins standast. Benti meiri hlutinn á að jafnvel þótt gjaldið rynni til Samtaka iðnaðarins skyldi verja því í ákveðnum tilgangi og það teldist því ekki styrkur til samtakanna. Ráðstöfun þessi fæli ekki í sér skylduaðild að samtökunum. Orðrétt segir í dómnum: „Með hliðsjón af því að Samtökum iðnaðarins er að lögum skylt að verja tekjum af iðnaðarmálagjaldi til að vinna að eflingu iðnaðar og iðnþróunar í landinu og þannig til hagsbóta þeirri atvinnugrein sem skattlögð er verður heldur ekki talið að löggjafinn hafi farið út fyrir heimildir sínar að þessu leyti við setningu laganna.“ Hvað varðar þá málsástæðu stefnanda að jafnræðis væri ekki gætt þar sem fyritæki í eigu hins opinbera væru undanþæg gjaldinu sagði meiri hlutinn: „… opinber fyrirtæki greina sig á margan hátt frá þeim, sem eru í eigu einkaaðila, og önnur sjónarmið eiga við um skattlagningu þeirra á ýmsum sviðum, svo sem fram kemur í skattalöggjöf almennt í landinu. Í málatilbúnaði áfrýjanda er ekki gerður samanburður á aðstöðu hans og tiltekinna opinberra fyrirtækja. Er ekki fram komið að um sé að ræða mismunun á aðstöðu áfrýjanda og þeirra sem undanþága laganna tekur til.“

Í sératkvæði eins dómara var bent á að í gögnum sem lögð hafi verið fram af Samtökum iðnaðarins væri ekki sundurgreint með glöggum hætti hvernig iðnaðarmálagjaldi væri varið. Taldi dómarinn að af gögnum málsins væri helst ráðið að hluti gjaldsins rynni til almenns reksturs samtakanna. Í skýrslum samtakanna kæmi fram að samtökin héldu „ekki sérstakt bókhald yfir það hvort einstakir þættir í rekstri þeirra eru greiddir með peningum sem stafa frá félagsgjöldum, fjármagnstekjum eða iðnaðarmálagjaldi“. Samkvæmt sératkvæðinu var því talið að ákvæði laga um iðnaðarmálagjald tryggðu ekki að ráðstöfun gjaldsins rynni til þeirra verkefna sem til væri ætlast samkvæmt lögunum. Auk þess var bent á að stefnandi væri skyldaður til að greiða umrætt gjald þrátt fyrir að vera ósamþykkur markmiðum samtakanna og í raun teldi hann samtökin vinna gegn hagsmunum sínum. Taldi dómarinn að þetta

fyrirkomulag sem markað væri með lögunum fæli í sér allríka skyldu stefnanda til þátttöku í starfsemi samtakanna án þess að hann hefði veitt samþykki sitt fyrir því. Talið var að skýra yrði ákvæði stjórnarskrárinnar um rétt manna til að standa utan félaga á þann hátt að sú tilhögun sem boðin væri með lögum um iðnaðarmálagjald væri óheimil nema hún uppfyllti skilyrði 2. mgr. 74. gr. stjórnarskráinnar þar sem fram kemur að með lögum megi kveða á um skylduaðild að félagi ef það er nauðsynlegt til að félag geti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda annarra. Ekki var talið að Samtök iðnaðarins væru félag með slíka starfsemi.

Telja verður að lög um iðnaðarmálagjald gangi gegn þeim meginsjónarmiðum sem félagafrelsisákvæði stjórnarskrárinnar hvílir á, ekki hvað síst þegar ákvæðið er lesið með skoðanafrelsisákvæðinu. Í máli Young, James og Webster gegn Stóra-Bretlandi fyrir Mannréttindadómstól Evrópu, í málum nr. 7601/76 og 7806/77, taldi dómstólinn eðlilegt að líta á skoðanafrelsi sem hluta félagsfrelsis. Almennt er viðurkennt að heimilt sé að skylda menn til aðildar að félögum í tilvikum þar sem vöntun slíkrar reglu kynni að leiða til skerðingar almannahagsmuna, svo sem slæmrar nýtingar verðmæta. Má hér nefna skyldu til aðildar að húsfélagi og skyldu til aðildar að veiðifélagi. Samtök iðnaðarins eru gerólík samtök. Það er engan veginn nauðsynlegt fyrir framgang einstakra iðnfyrirtækja að þau séu félagar í samtökunum né búa þar að baki mikilvægir almannahagsmunir.

Jafnræði.

Væru ný samtök stofnuð af iðnrekendum mundu þau ekki öðlast neinn rétt til sambærilegrar skattheimtu. Þá gæti sú staða komið upp að greiða þyrfti til Samtaka iðnaðarins og jafnframt annarra samtaka sem kynnu að berjast fyrir gagnstæðum hagsmunum.

Samtök iðnaðarins eru í samkeppni við önnur samtök atvinnulífsins um félaga. Vegna lagaskyldu um innheimtu félagsgjalda til Samtaka iðnaðarins eru þau í allt annarri og betri stöðu en önnur samtök sem verða að treysta á vilja fyrirtækja til að vera félagar og greiða félagsgjald. Að auki er það nánast óvinnandi vegur fyrir hóp fyrirtækja í iðnaði að stofna hagsmunafélag í andstöðu við Samtök iðnaðarins til að berjast fyrir hagsmunum sínum þar sem þau yrðu bæði að fjármagna eigið félag og andstöðuna við það. Þó að þetta frumvarp yrði að lögum mundi ekkert banna fyrirtækjum að greiða til Samtaka iðnaðarins ef þeim þættu samtökin hafa hlutverk og gegna því vel.

Sú hætta vofir yfir félögum sem fá tekjur á silfurfati frá ríkisféhirði að þau verði með árunum makráð og stofnanagerist. Starfsmönnum þeirra er hætt við að líta á sig sem opinbera starfsmenn með tryggt starf, öndvert við iðnfyrirtækin, sem verða að fóta sig á samkeppnismarkaði. Samtökin eiga því á hættu að ganga ekki í takt við félaga sína og gjá getur myndast þar á milli. Þess vegna getur slík ríkisinnheimta til lengdar verið skaðleg samtökunum og atvinnugreininni í heild þó að hún sé óneitanlega þægileg fyrir samtökin.

Kveðið er á um jafnræði allra fyrir lögum í 65. gr. stjórnarskrárinnar. Iðnaðarmálagjald er eigi að síður eitt sinnar tegundar. Aðrar atvinnugreinar hafa ekki sambærileg forréttindi (eða kvaðir). Alla jafna má beita þeirri þumalfingursreglu við mat á því hvort jafnræðisregla stjórnarskrárinnar sé brotin að íhuga hvort eins fer um ólík tilvik eða hvort ekki fer eins um sambærileg tilvik. Verður ekki séð að Viðskiptaráð Íslands, Samtök verslunar og þjónustu eða Félag íslenskra stórkaupmanna, svo dæmi séu tekin, séu svo eðlisólík að önnur sjónarmið eigi við um þau félög en Samtök iðnaðarins. Þrátt fyrir að upptalin samtök njóti ekki sérstakra forréttinda verður ekki annað séð en starfsemi þeirra sé með miklum blóma.

Hagsmunir iðnrekenda falla ekki alltaf saman í einu og öllu. Samtök iðnaðarins munu því jafnan eiga erfitt með að gera öllum til hæfis. Í þeim tilvikum er eðlilegt að mögulegt sé fyrir fyrirtæki að hætta að greiða til félags. Jafnvel þó að allir séu jafnan sammála er sjálfsagt og eðlilegt í lýðfrjálsu þjóðfélagi að möguleikinn sé fyrir hendi.

Um gildandi lög um iðnaðarmálagjald.

Samkvæmt lögum um iðnaðarmálagjald skal verja gjaldinu til eflingar iðnaði og iðnþróun í landinu. Ekki er auðvelt að sjá hvernig skattur á iðnaðinn er heppilegur til að ná þessu marki. Æskilegri leið við að efla iðnaðinn hlýtur að vera sú að leyfa iðnfyrirtækjunum að halda eftir skattinum. Þá er iðnaðarmálagjald lagt á alla veltu fyrirtækja en ekki aðeins hagnað. Í vissum tilvikum er því um skatt á tap iðnfyrirtækja að ræða.

Í greinargerð með upphaflegum lögum um iðnaðarmálagjald segir: „Starfsemi samtaka iðnaðarins hefur að höfuðmarkmiði eflingu iðnaðarins og mótun almennrar iðnaðarstefnu, er stuðlar að þjóðhagslega hagkvæmri iðnþróun. Nauðsynlegt er að auka starfsemi samtakanna verulega, t.d. á sviði alhliða kynningar- og útbreiðslustarfsemi, sviði hagrannsókna, útgáfustarfsemi o.fl. Enn fremur þurfa samtökin að hafa bolmagn til að taka virkan þátt í aðgerðum er miða að jákvæðum breytingum á skipulagsbyggingu einstakra iðngreina, framleiðniaukandi aðgerðum í einstökum iðngreinum eða iðnfyrirtækjum, sölu- og útflutningseflandi aðgerðum og loks í fræðslu og þjálfun starfsfólks og stjórnenda iðnfyrirtækja.“ Markmið þessi bera með sér aðrar þjóðfélagsaðstæður en nú eru uppi. Þegar hin upphaflegu lög voru sett á áttunda áratug tuttugustu aldar þótti enn sjálfsagt að hið opinbera kæmi að skipulagningu atvinnugreina og stýrði þróun þeirra. En síðan hafa viðhorf til skipulagningar gerbreyst.

Þau rök sem skynsamleg þóttu 1975 eiga síður við nú á tímum þar sem frelsi í atvinnulífi hefur verið aukið stórlega og dregið hefur verið úr skattheimtu með þeim afleiðingum að íslenskt atvinnulíf stendur í meiri blóma en nokkru sinni fyrr. Hvað svo sem segja má um markmið iðnaðarmálagjaldsins skýtur einnig skökku við að félagasamtökum skuli vera falin skipulagningin. Félagið sem hlýtur iðnaðarmálagjaldið er þannig með einhverjum hætti gert ábyrgt fyrir framfylgd opinberrar skipulagsstefnu ríkisins.

Upphæðir iðnaðarmálagjaldsins undanfarin ár eru þessar:

Ár	Millj. kr.
2000	151
2001	209
2002	212
2003	197
2004	235
2005	287
2006	271

Um 2. gr. frumvarpsins.

Verði frumvarp þetta að lögum fellur brott undanþága um greiðslu iðnaðarmálagjalds í lögum um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga annars vegar og í lögum um heimild til samninga um álverksmiðju í Reyðarfirði hins vegar. Eins og gefur að skilja þarf ekki að undanþiggja umrætt félag frá greiðslu þessa gjalds þar sem það verður ekki lagt á nái

frumvarp þetta fram að ganga. Hins vegar er í 3. tölul. 1. mgr. 6. gr. beggja þessara laga kveðið á um að verði síðar lagðir á skattar eða gjöld til viðbótar við eða í staðinn fyrir iðnaðarmálagjald skuli undanþágan einnig ná til þeirra skatta eða gjalda. Ástæða er til að halda þessu síðarnefnda atriði inni í framangreindum lögum, enda ekki ætlunin með þessu frumvarpi að fella undanþáguna brott verði síðar kveðið á um viðbótarskatta eða gjöld.

Umsagnir um frumvarpið á 133. löggjafaþingi.

Eins og að framan greinir var frumvarp þetta lagt fram á 133. löggjafarþingi og þá bárust nokkrar umsagnir um málið. Þeir sem lögðu til að frumvarpið næði fram að ganga voru Meistarasamband byggingarmanna, Félag íslenskra stórkaupmanna, Samtök verslunar og þjónustu og Viðskiptaráð. Í umsögn Samtaka verslunar og þjónustu kom fram að ekki ríki sátt um þetta gjald í atvinnulífinu. Þeir aðilar sem voru neikvæðir í garð frumvarpsins voru Bændasamtök Íslands, Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins. Reyndar má geta þess að í umsögnum tveggja síðastnefndu samtakanna kom fram að starfshópur á vegum forsætisráðuneytisins sé að störfum sem hafi það hlutverk að endurskoða gjaldtöku í þágu hagsmunasamtaka í atvinnulífinu. Töldu samtökin rétt að staldra við og bíða eftir niðurstöðu starfshópsins og fara svo yfir málin heildstætt, þar sem málið væri margþætt og varðaði fjölmörg samtök atvinnuvega og launþega.

12. Frumvarp til laga [12. mál]

um íslenska táknmálið sem fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra.

Flm.: Katrín Júlíusdóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson, Árni Páll Árnason, Árni Johnsen, Ásta R. Jóhannesdóttir, Ásta Möller, Guðbjartur Hannesson, Guðjón A. Kristjánsson, Höskuldur Þórhallsson, Kolbrún Halldórsdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Magnús Stefánsson, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Steinunn Valdís Óskarsdóttir.

1. gr.

Íslenska táknmálið er fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra Íslendinga og skal íslenska ríkið hlúa að því og styðja.

Íslenska táknmálið er jafnrétthátt íslensku sem tjáningarform í samskiptum manna í millum og er óheimilt að mismuna mönnum eftir því hvort málið þeir tala.

Íslenska ríkið skal tryggja fullnægjandi fjárframlög til íslenska táknmálsins ár hvert í samræmi við tilgang laga þessara.

2. gr.

Allir eiga rétt á kennslu og þjálfun í táknmáli frá þeim tíma sem heyrnarleysi, heyrnarskerðing eða daufblinda hefur greinst hjá þeim.

Nú fæðist barn heyrnarlaust, heyrnarskert eða daufblint eða það missir heyrn og/eða sjón á máltökuskeiði og skulu þá nánustu aðstandendur þess eiga rétt á endurgjaldslausri kennslu og þjálfun í táknmáli.

3. gr.

Heyrnarlausir, heyrnarskertir og daufblindir eiga rétt á aðstoð táknmálstúlks til að sinna atvinnu sinni og námi og í daglegu lífi að öðru leyti.

4. gr.

Til túlkaþjónustu telst túlkun á íslenskt táknmál eða á annað form sem heyrnarlaus, heyrnarskertur eða daufblindur maður skilur.

5. gr.

Notendur íslenska táknmálsins eiga rétt á að upplýsingar sem birtar eru opinberlega og fræðslu- og afþreyingarefni sem ætlað er almenningi verði gert þeim aðgengilegt með textun á íslensku eða túlkun á íslenskt táknmál eftir því sem við á.

Óheimilt er að neita heyrnarlausum, heyrnarskertum eða daufblindum manni um atvinnu, skólavist, tómstundir eða aðra þjónustu á grundvelli heyrnarleysis eða þess að hann notar táknmál.

6. gr.

Allar stofnanir og embætti ríkis og sveitarfélaga skulu útvega táknmálstúlka sem túlka fyrir heyrnarlausa, heyrnarskerta og daufblinda sem eiga erindi við viðkomandi stofnun eða embætti vegna þjónustu eða annarra atvika.

Ákvæði 1. mgr. gilda einnig um fyrirtæki sem eru í meirihlutaeigu ríkis og sveitarfélaga.

7. gr.

Sérhver notandi íslenska táknmálsins á rétt á a.m.k. 20 tíma endurgjaldslausri þjónustu táknmálstúlks mánaðarlega til að sinna persónulegum erindum sem ekki falla undir ákvæði 6. gr.

Daufblindir eiga rétt á a.m.k. tvöföldum tímafjölda skv. 1. mgr.

Notendur þjónustu táknmálstúlka eiga rétt á auknum tímafjölda samkvæmt þessari grein ef sérstaklega stendur á samkvæmt reglum sem ráðherra setur.

8. gr.

Íslenska ríkið skal stuðla að þróun, rannsóknum, kennslu og útbreiðslu íslenska táknmálsins og styðja að öðru leyti við menningu, menntun og fræðslu fyrir heyrnarlausa, heyrnarskerta og daufblinda.

Íslenska ríkið skal efla menntun táknmálstúlka og styðja sérstaklega við kennslu í táknmálsfræði og táknmálstúlkun. Þá skal íslenska ríkið í samræmi við ákvæði laga þessara og annarra laga leitast við að fullnægja eftirspurn eftir táknmálstúlkaþjónustu hverju sinni.

9. gr.

Menntamálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Lög þessi skal endurskoða innan fimm ára frá gildistöku þeirra.

Greinargerð.

Frumvarp þetta hefur verið lagt fram á nokkrum fyrri þingum. Höfundur þess er Sigurlín Margrét Sigurðardóttir sem lagði frumvarp þessa efnis upphaflega fram á 130. löggjafarþingi. Greinargerðin sem fylgir þessu frumvarpi er að mestu leyti samhljóða þeirri sem fylgdi upphaflega frumvarpinu en helst má nefna breytingu sem felst í nýjum kafla um sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðra. Í frumvarpi þessu er að finna réttindaskrá um stöðu og réttindi þeirra sem nota íslenska táknmálið jafnframt því sem kveðið er á um að táknmál verði viðurkennt sem fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra Íslendinga og réttur þeirra tryggður til hvers konar táknmálstúlkunar.

Einangrun rofin.

Til heyrnarskertra, heyrnarlausra og daufblindra teljast nú um 300 Íslendingar. Líf heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra mun taka miklum stakkaskiptum við viðurkenningu á íslenska táknmálinu. Sjálfsmynd og sjálfstraust þeirra mun eflast til muna. Þeir munu finna hvers virði það er að geta sinnt daglegum félagslegum þörfum hindrunarlaust og geta rofið þá einangrun sem hefur heft þá í langan tíma þar sem þeir munu geta tekið fullan þátt í atvinnulífinu. Þeir þurfa ekki lengur að „betla“ af t.d. vinnuveitanda um að greiða fyrir þjónustu túlks á starfsmannafundum. Það styrkir sjálfsmyndina töluvert, sérstaklega á vinnustað, að vita að maður hefur sömu möguleika til launahækkana og til að vinna sig upp og heyrandi samstarfsmenn.

Skýr ákvæði mannréttindasáttmála.

Sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðra var undirritaður af Íslands hálfu þann 30. mars á þessu ári. Með sáttmálanum eru stigin mikilvæg skref í réttindamálum fatlaðra og þá ekki síst heyrnarskertra, heyrnarlausra og daufblindra. Með undirritun sinni hefur Ísland samþykkt að leggja sig fram um að tryggja réttindi fatlaðra hér á landi og þar með bæta umhverfi þeirra. Í sáttmálanum er skýrt kveðið á um að allar aðildarþjóðir skuli grípa til viðeigandi ráðstafana til að tryggja rétt fatlaðra og frelsi til tjáningar og skoðana (Gr.21). Er þar sérstaklega tiltekið að tryggja eigi þennan rétt með því m.a. að viðurkenna og upphefja táknmálið (Gr. 21-e). Þá er jafnframt tiltekið að tryggja eigi þennan rétt með því að viðurkenna og greiða fyrir notkun táknmáls sem og öðrum þeim leiðum sem fatlaðir kjósa að nota í opinberum samskiptum (Gr. 21-b). Viðurkenning íslenskra stjórnvalda á íslenska táknmálinu er því eðlilegt framhald á staðfestingu framangreinds sáttmála.

Sterkari sjálfsmynd heyrnarskertra.

Víðs vegar um heim eru hugtökin heyrnarlaus og heyrnarskertur sett undir sama hatt, má þar nefna á ensku „deaf and hard of hearing“, á norsku „døve og sterk tunghørte“, á sænsku „döv och hörselskadad“. Hér á landi er þessu einnig háttað með sama hætti, sbr. nafn Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra og svo Hlíðaskóli – táknmálssvið fyrir heyrnarlaus og heyrnarskert börn. Heyrnarskertir hafa löngum verið sagðir „ekki þurfa á táknmálinu að halda“ og hafa því verið á svokölluðu „gráu svæði“, þ.e. ekki fundið sig almennilega í samskiptum með heyrandi samfélagi og ekki heldur með samfélagi heyrnarlausra vegna þess að þeir hafa ekki lært táknmálið á æviskeiði sínu. Rannsóknir á málefnum heyrnarskertra og frásagnir þeirra sjálfra hafa sýnt að sjálfsmynd þeirra og sjálfstraust hefur styrkst eftir að þeir hafa lært táknmál og kynnst heyrnarlausum einstaklingum. Daufblindir eru þeir sem hafa skerta eða enga heyrn og skerta eða enga sjón. Mikilvægt er að frumvarp

þetta taki einnig til daufblindra sem nota snertitáknmál. Daufblindir er fámennasti hópur fatlaðra hér á landi en þeir þurfa þó mjög sérhæfða þjónustu á sviði samskipta og skipar táknmálið þar stóran sess. Þessir þrír hópar eiga táknmálið sameiginlegt og því má enginn þeirra vera settur út undan. Nauðsynlegt er að standa vörð um íslenska táknmálið svo að þessir hópar geti haft aðgang að upplýsingum, stundað nám og tekið þátt í menningarlífi og athöfnum daglegs lífs. Markmið þessa frumvarps er að réttindi þessara þriggja hópa verði tryggð.

Einangrunartímabilið.

Táknmál var bannað í u.þ.b. 100 ár en þennan tíma kalla heyrnarlausir einangrunartímabilið. Þessi ákvörðun var tekin í Mílanó árið 1880 á ráðstefnu heyrnleysingjakennara víðs vegar að úr heiminum. Niðurstaða ráðstefnunnar var að samþykkja að beita svokallaðri „oral“-stefnu eða raddmálsaðferð við menntun heyrnarlausra. „Oral“-stefnan felst í því að heyrnarlausir og heyrnarskertir læra að lesa af vörum og læra að tala með hjálp kennara án þess að nota táknmál.

Þessi stefna breiddist út um allan heim og heyrnarlausir kennarar voru reknir frá skólunum. Verulega dró úr menntun heyrnarlausra, störf þeirra urðu einfaldari og samfélag heyrnarlausra einangraðist frá heimi heyrandi manna. Heyrnarlausir fóru í felur til þess að geta talað saman á því máli sem var þeim eðlilegast, táknmálinu. Þetta ástand varði í 100 ár.

Táknmál er mál eins og hver önnur.

Árið 1960 uppgötvaði bandarískur málvísindamaðurinn William Stokoe að táknmál væru mál eins og hver önnur mál. Þessi vitneskja breiddist út um allan heim og þeir málvísindamenn sem hafa rannsakað táknmál hafa komist að raun um að táknmál eru fullkomin og flókin mál. Heyrnarlausir brutu smám saman niður múrinn eftir að uppalendur og skólar tóku að viðurkenna mál þeirra.

Á Norðurlöndunum var táknmál viðurkennt á tímabilinu 1975–1980 en verður sýnilegt á Íslandi um 1986.

„Ef ég viðurkenni mál annars manns hef ég þar með viðurkennt manninn … en ef ég viðurkenni ekki mál hans hef ég þar með hafnað honum vegna þess að málið er hluti af okkur sjálfum.“ Þessi orð voru höfð eftir norska málvísindamanninum Terje Basilier og eiga þau sannarlega vel við þegar fjallað er um viðurkenningu íslenska táknmálsins.

Viðurkenning táknmálsins mikilvæg.

Það er flókið að viðurkenna nýtt mál. Skoða þarf vandlega hvaða þýðingu viðurkenning á táknmáli hefur fyrir heyrnarlausa, heyrnarskerta og daufblinda og fyrir stjórnvöld. Flutningsmenn telja að viðurkenning táknmálsins feli um leið í sér viðurkenningu á tilveru framangreindra hópa og ábyrgð stjórnvalda og skyldu þeirra að virða mismunandi þarfir einstaklinga og koma til móts við þá af virðingu. Framtíðarsýnin í frumvarpinu er sú að táknmálið muni njóta sömu virðingar og önnur mál og að heyrnarlausum verði mögulegt að taka fullan þátt í þjóðfélaginu á grundvelli laganna; að heyrnarlausir, heyrnarskertir og daufblindir hafi rétt til að ákveða hvert sé móðurmál þeirra og aðrir viðurkenni og virði þá ákvörðun. Íslendingar hafa byggt upp öflugt velferðarkerfi sem hefur vakið athygli út fyrir landsteinana. Alþingi væri sómi að því að gera betur með því að viðurkenna táknmál sem fyrsta mál heyrnarlausra. Gera þarf heyrnarlausum, heyrnarskertum og daufblindum, sem aðallega eru notendur táknmálstúlkaþjónustu, hátt undir höfði svo að þeir geti og fái notið táknmálstúlkaþjónustu hindrunarlaust. Full þátttaka ríkissjóðs í kostnaði við táknmálstúlkun verður að telj-

ast sjálfsögð. Samhliða frumvarpinu er flutt frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum hvað varðar réttindi og réttarstöðu heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra. Þá verður einnig lagt fram þingmál er varðar textun sjónvarpsefnis á þessu þingi en það mál snertir um 25–30 þúsund Íslendinga. Flutningsmenn telja rétt að benda á að sjónvarpsefni á táknmáli er af mjög skornum skammti á Íslandi og telja eðlilegt að það verði aukið. Annars staðar á Norðurlöndum eru t.d. sýndir menningartengdir táknmálsþættir a.m.k einu sinni í viku á opinberu sjónvarpsstöðvunum sem hefur auðvitað mikla þýðingu fyrir samfélag heyrnarlausra.

Mikilvægar forsendur viðurkenningar táknmálsins.

Félag heyrnarlausra sendi formönnum allra þingflokka á Alþingi formlegt bréf þegar málið var fyrst lagt fram. Þá var forseta Alþingis og forsætisráðherra afhent áskorun í apríl 2007 um að samþykkja frumvarpið. Var þess óskað í bréfinu að lögð yrði áhersla á að þeir sem notuðu íslenska táknmálið yrði tryggt jafnræði í samfélaginu. Réttindaskrá sú sem birtist í þessu frumvarpi er fyrsta skrefið í átt að því tryggja slíkt jafnræði. Frumvarpið gengur í þá átt að íslenska táknmálið verði síðar formlega viðurkennt í stjórnarskrá Íslands sem fullgilt mál til jafns við íslenskuna.

Til að viðurkenning íslenska táknmálsins öðlist fullt gildi þarf eftirfarandi jafnframt að vera tryggt:

1. Efling táknmálsfræðináms.

Í fyrsta lagi er mikilvægt að efla nám í táknmálsfræði og táknmálstúlkun á Íslandi. Á þeim sjö árum sem námið hefur verið kennt við Háskóla Íslands hefur aðsóknin verið nokkuð stöðug. Að jafnaði hefja um 10–15 nemendur nám í táknmálsfræði og táknmálstúlkun á ári hverju sem sýnir að áhugi er fyrir hendi á náminu. Táknmálsfræðin er fjögurra anna nám. Nám í túlkafræði er tveggja anna nám og aðeins þeir sem hafa lokið námi í táknmálsfræði geta farið í nám í túlkun. Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra (SHH) annast kennslu í túlkanáminu í samvinnu við táknmálsfræðideild HÍ. Túlkun er nú kennd þriðja hvert ár. Á þessu ári útskrifuðust átta nemendur úr túlkunarnámi og eru sjö þeirra nú starfandi við túlkun. Þrátt fyrir að aðstaða deildarinnar hafi batnað verulega er undirmönnun hins vegar viðvarandi vandi. Einungis einn lektor er ráðinn sem fastur starfsmaður deildarinnar, aðrir eru lausráðnir. Mikilvægt er að bæta við einu stöðugildi við deildina í táknmálskennslu. Núna er ekkert nám í boði hér á landi til að heyrnarlausir geti öðlast viðurkennda menntun til að starfa sem táknmálskennarar. Fjórir heyrnarlausir einstaklingar hafa útskrifast frá Kennaraháskóla Íslands, en tveir þeirra starfa á táknmálssviði Hlíðaskóla og kenna þar grunnskólanemendum. Sá þriðji er einn af lausráðnum táknmálskennurum í táknmálsfræði sem nefndir eru hér að framan. Aðrir sem annast táknmálskennslu í framhaldsskólum og á námskeiðum eru starfsmenn Samskiptamiðstöðvarinnar. Ef heyrnarlausir læra táknmálskennslu í Samskiptamiðstöðinni er það á engan hátt metið til eininga og er ekkert diplómanám í táknmálskennslu til hérlendis. Það þarf því augljóslega að bjóða heyrnarlausum upp á samfellt nám í táknmálskennslu og táknmálsfræði. Jafnvel þyrfti að koma á námi sambærilegu við táknmáls- og menningarfræði heyrnarlausra sem kennd er við Gallaudet-háskólann í Washington D.C. Hann er eini háskólinn í heiminum fyrir heyrnarlausa. Að öðrum kosti gæti íslenska ríkið stutt heyrnarlausa nemendur sem hyggja á nám í háskólum með greiðslu skólagjalda. Gjald fyrir tvær annir í Gallaudet-háskóla er um 2 millj. kr. Einnig mætti skoða Bristol

University í Bretlandi en þar hafa táknmáls- og menningarfræði heyrnarlausra (e. deaf studies) líka verið kennd.

Jafnframt þarf að veita meira fé til rannsókna á íslenska táknmálinu svo að fleiri geti lagt stund á þær. Í lögum um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra frá árinu 1991 er kveðið á um að eitt af meginhlutverkum miðstöðvarinnar sé að stunda rannsóknir á íslensku táknmáli. Nauðsynlegt er að efla námsefnisgerð í táknmálsfræði og táknmálstúlkun svo unnt sé að kenna og nema málið á sem bestan hátt.

Þess ber að geta að verkefni Samskiptamiðstöðvarinnar taka til táknmálsins og málsamfélags og menningar heyrnarlausra og heyrnarskertra. Hún hefur í samvinnu við Námsgagnastofnun gefið út námsefni fyrir grunnskóla á táknmáli og er það vel. Efla mætti þennan þátt stöðvarinnar enn frekar með tilkomu laganna og yrði það námsefni heyrnarlausum og heyrnarskertum nemendum á táknmálssviði Hlíðaskóla mikil stoð þar sem stefna sviðsins er tvítyngi, þ.e. að börnin verði jafnfær á táknmál og skrifað mál. Aðalnámskrá grunnskóla frá 1999 kveður á um þetta og er það því eðlilegt að því sé fylgt.

Táknmál hefur á undanförnum áratug farið að sjást víða í samfélaginu. Má þar nefna grunn- og framhaldsskóla og háskóla sem heyrnarlausir sækja með aðstoð túlka. Táknmálsfréttir eru fluttar í Ríkissjónvarpinu í átta mínútur hvern einasta dag. Nýársræða forseta Íslands er túlkuð eftir á. Í lögum um réttindi sjúklinga segir að heyrnarlaus sjúklingur eigi rétt á táknmálstúlki í viðtali við lækni þannig að táknmál sést á heilsugæslustöðum og sjúkrahúsum. Dómur Hæstaréttar nr. 151/1999 kveður á um að síðustu framboðsumræður séu túlkaðar á táknmáli í beinni útsendingu kvöldið fyrir kjördag. Prestur heyrnarlausra, séra Miyako Þórðarson, er viðurkennd sem táknmálsprestur og flytur messur á táknmáli auk þess að vera með táknmálskór. Táknmál sést hér á Alþingi. Nokkuð stór hluti aðalnámskrár grunnskóla fjallar um táknmál. Þetta eru því nokkur dæmi sem sýna að táknmálið er orðið sjálfsagt mál í samfélaginu og mikilvægt að tryggja og treysta sess þess í íslensku samfélagi.

Þar sem táknmál er sjónrænt mál eru rannsóknir á íslensku táknmáli ekki gerðar nema með upptökutækjum. Því þarf táknmálsfræðideildin að hafa til umráða stúdíó með upptökutækjum, sjónvörpum, myndböndum og mynddiskatölvum til úrvinnslu á upptökum í stafrænu formi. Táknmálsorðabækur eða rannsóknir á táknmáli víða erlendis eru gerðar með upptökum á táknum. Þessi upptökutækni er sambærileg við framburðarrannsóknir á erlendum tungumálum og íslensku talmáli.

Nám í táknmálsfræði og táknmálstúlkun í HÍ heyrir núna undir heimspekideild. Að loknu fjögurra anna námi eiga nemendur að vera orðnir nokkuð góðir í táknmáli og eiga að geta bjargað sér í samskiptum á táknmáli. Þeir þurfa því góða þjálfun. Núna felst þjálfunin í því að nemendur nái tengslum við heyrnarlausa með heimsóknum til þeirra eða heimsóknum til Félags heyrnarlausra. Félag heyrnarlausra býr við þröngan kost og hefur ekki sal til umráða.

Nám í táknmálsfræði og táknmálstúlkun í HÍ getur gefið nemum í öðrum námsgreinum háskólans möguleika á að læra táknmál. Þannig gætu heyrnarlausir notið þjónustu sálfræðings eða lögfræðings sem kann táknmál og nemendur í málvísindum geta lagt stund á táknmál og unnið að rannsóknum á því með námi og síðar að námi loknu. Nemendur í sagnfræði geta skoðað sögu táknmálsins og heyrnarlausra og lært táknmálið. Nemendur í mannfræði geta lært táknmál, fræðst um það og stundað rannsóknir á menningarlegum mun samfélaga heyrnarlausra og heyrandi.

Vesturhlíðarskólinn, eini grunnskólinn á Íslandi fyrir heyrnarlaus börn, var lagður niður 2001 og starfsemin flutt í Hlíðaskóla og nefnist núna Hlíðaskóli – táknmálssvið. Því er aðkallandi að kennarar í almennum skóla eins og Hlíðaskóla kunni táknmál og jafnvel kennarar

í öðrum skólum sem heyrnarlaus eða heyrnarskert börn kunna að vera í, því að foreldrar heyrnarlausra eða heyrnarskertra barna geta valið þann möguleika að setja barn sitt í hverfisskóla. Táknmálsfræðideild HÍ gæti í náinni samvinnu við Kennaraháskóla Íslands boðið nemum KHÍ táknmálsfræðinám og metið það til eininga sem hluta af kennaraprófi. Þannig gætu nemendur í þroskaþjálfaskor, leikskólakennaraskor og íþróttakennaraskor lært táknmál samhliða námi sínu í KHÍ eins og nemendur í grunnskólaskor. Það yrði mikill hagur í því að fólk í þessum störfum kynni táknmál. Jafnvel mætti síðar kenna táknmál í Háskólanum á Akureyri eða öðrum háskóla á landsbyggðinni ef eftirspurn væri eftir því.

Nám í táknmálsfræði og táknmálstúlkun verður ekki eflt á einum degi. Það þarf að gefa þessu öllu tíma til að dafna. Sýna þarf þeim sem hafa áhuga á að fara í táknmálskennaranám að starfsgrundvöllur þeirra og framtíð séu tryggð.

2. Túlkaþjónusta.

Í öðru lagi þarf að tryggja fjárveitingar til allrar þeirrar túlkaþjónustu sem fellur undir frumvarpið. Tryggja þarf rétt heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra til túlkaþjónustu á öllum sviðum. Sérstaklega þarf að skoða rétt þeirra til túlkunar í daglegu lífi. Táknmálstúlkastarfið þarf að lögvernda. Tryggja þarf að táknmálstúlkanám í HÍ verði alltaf í boði þar sem fjölga þarf táknmálstúlkum á tveggja ára fresti. Þá þarf að mennta túlka daufblindra sérstaklega þar sem þeir þurfa á mjög sérhæfðri þjónustu að halda. Með því að tryggja fé til allrar túlkaþjónustu verður heyrnarlausum tryggður réttur til að sinna daglegum þörfum. Þar má m.a. nefna táknmálstúlkun hjá fasteignasala, bankastjóra, fjármálaráðgjafa, arkitekt, byggingafræðingi, rafvirkja, pípulagningamanni, í íþróttum og tómstundum barna, á húsfélagsfundum, á tómstundanámskeiðum, á starfsnámskeiðum, á starfsmannafundum og í starfsviðtölum hjá einkafyrirtæki. Þessum hluta hefur verið sinnt undanfarin ár með fjárveitingu frá ráðuneytunum, fyrst frá félagsmálaráðuneyti, sem hætti úthlutun árið 1999 og tók þá forsætisráðuneytið af skarið og hefur veitt fé síðan, þó ekki reglulega. Félag heyrnarlausra hefur haft mikið fyrir því að fá af þessu fé sem í daglegu tali nefnist félagslegi túlkunarsjóðurinn. Frá árinu 2005 hefur Samskiptamiðstöðin sem heyrir undir menntamálaráðuneytið fengið 10 millj. kr. fjárveitingu á ári til þess að sinna túlkaþjónustu í daglegu lífi heyrnarlausra og heyrnarskertra. Gallinn við þennan sjóð er að fjárveitingin er ekki tryggð með lögum heldur er hluti af fjárveitingum til stöðvarinnar. Í Samskiptamiðstöðinni starfa nú 14 táknmálstúlkar í 11,2 stöðugildum og eru um 80% af verkefnum túlkaþjónustunnar túlkun í framhaldsskólum.

3. Menning heyrnarlausra.

Í þriðja lagi þarf að líta til menningar heyrnarlausra. Af öllum tungumálum sprettur upp menning. Því hefur oft verið haldið fram að heyrnleysingjaskólarnir væru vagga menningar heyrnarlausra. Þar lærðu heyrnarlausir táknmál af eldri kynslóðum og kynntust fyrst táknmálsumhverfinu. Á Íslandi er komin upp sú staða að vagga menningar heyrnarlausra er ekki lengur til í því formi sem áður var og er algengt víða um heim. Eins og áður hefur komið fram hefur Vesturhlíðarskólinn, skóli fyrir heyrnarlaus og heyrnarskert börn, verið lagður niður, og stunda nemendurnir nú námið í deild í Hlíðaskóla sem ber nafnið Hlíðaskóli – táknmálssvið. Að lokum ber að geta þess að í fylgiskjali með frumvarpi þessu er texti af vísindavef Háskólans sem skýrir táknmál á mjög einfaldan hátt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er kveðið á um að íslenska táknmálið verði viðurkennt sem fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra Íslendinga og að íslenska ríkið veiti nægilegt fé til málefna sem snerta íslenska táknmálið ár hvert. Þá er tekið sérstaklega fram að ekki megi mismuna fólki eftir því hvort það talar íslensku eða íslenska táknmálið.

Ákveðið var að nota hugtakið „fyrsta mál“ í greininni þar sem sú skilgreining sem gefin hefur verið á hugtakinu móðurmál getur ekki gilt um heyrnarlausa almennt. Skilgreiningin er svohljóðandi: „Það mál sem er talað í því landi sem maður fæðist í og er talað af þeirri fjölskyldu sem elur mann upp telst vera móðurmál manns.“ (Málfræðiorðasafn.)

Um 2. gr.

Í þessari grein er kveðið á um rétt allra til kennslu og þjálfunar í íslenska táknmálinu frá þeim tíma sem þeir greinast með heyrnarskerðingu eða heyrnarleysi. Þá er kveðið á um rétt nánustu aðstandenda barns sem fæðist heyrnarskert, heyrnarlaust eða daufblint eða missir heyrn og/eða sjón á máltökuskeiði til að fá strax kennslu og þjálfun í táknmáli. Skal þjónustan veitt þeim að kostnaðarlausu. Mikilvægt er að fjölskylda barnsins fái þar með nægjanlegan stuðning við að læra táknmál og menningarfræði heyrnarlausra. Við samningu reglugerðar um þetta málefni er lögð sérstök áhersla á að fullt samráð verði haft við Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaufra barna (FSFH) sem og Félag heyrnarlausra.

Um 3. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að lögfestur verði sá réttur hvers heyrnarlauss, heyrnarskerts eða daufblinds Íslendings að njóta aðstoðar táknmálstúlks til að sinna atvinnu, námi og menningarlífi. Athuga þarf sérstaklega að ekki þykir rétt að gera greinarmun á því hvort einstaklingur þurfi að sinna starfi eða námi á Íslandi eða erlendis. Þannig ætti t.d. einstaklingur rétt á aðstoð táknmálstúlks ef hann þyrfti að sækja fund eða ráðstefnu erlendis vegna starfs síns, náms eða áhugamáls.

Um 4. gr.

Í greininni er inntak og umfang túlkaþjónustu nánar skýrt. Í samræmi við stöðu íslenska táknmálsins samkvæmt frumvarpinu og rétt heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra til túlkaþjónustu verður að túlka hugtakið túlkaþjónusta rúmt. Markmiðið er að veita öllum einstaklingum jafnan rétt til tjáningar og þátttöku í samfélaginu hvort sem um vinnu, nám eða daglegt líf að öðru leyti er að ræða.

Um 5. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um rétt notenda íslenska táknmálsins til að fá notið fræðsluefnis, upplýsinga, afþreyingarefnis o.þ.h., annaðhvort með textun eða túlkun á íslenskt táknmál. Í þessu felst m.a. að sjónvarpsstöðvum ber annaðhvort að senda sjónvarpsefni út með íslenskum texta eða táknmálstúlkun. Hið sama gildir um kvikmyndahús og framleiðendur fræðslu-, auglýsinga- og afþreyingarefnis.

Þá leggur 2. mgr. bann við því að heyrnarlausum, heyrnarskertum eða daufblindum manni sé neitað um atvinnu, skólavist, tómstundir eða aðra þjónustu á grundvelli heyrnarleysis síns.

Um 6. gr.

Greinin leggur þá skyldu á herðar ríki og sveitarfélögum og öllum stofnunum og embættum sem undir þau heyra að útvega táknmálstúlka á eigin kostnað sem túlka fyrir heyrnarlausa, heyrnarskerta og daufblinda sem leita til viðkomandi stofnunar eða embættis. Heyrnarlausir, heyrnarskertir og daufblindir þurfi því ekki að koma með túlk með sér þegar þeir sinna erindum hjá stofnun eða embætti sem heyrir undir ríki eða sveitarfélag heldur gangi þeir að túlki vísum hjá viðkomandi stofnun. Ákvæðið tekur til allra stofnana og embætta ríkis og sveitarfélaga, þ.m.t. dómstóla landsins, auk fyrirtækja sem ríki eða sveitarfélög eiga helmingshlut í eða meira. Ekki er gert ráð fyrir að túlkarnir verði starfsmenn þeirra aðila sem skyldan hvílir á, enda er algjört skilyrði að túlkar séu óháðir í störfum sínum.

Um 7. gr.

Í greininni er kveðið á um að hver heyrnarlaus, heyrnarskertur eða daufblindur Íslendingur fái mánaðarlega að lágmarki 20 tíma endurgjaldslausa þjónustu táknmálstúlks til að sinna persónulegum erindum. Þessa tíma væri t.d. hægt að nota við foreldrafundi í skólum, ferð á fasteignasölu eða hvaðeina annað sem einstaklingur þarf að sinna og hann þarf aðstoð við. Þá er kveðið á um að sérhver daufblindur einstaklingur fái a.m.k. tvöfaldan þann tíma árlega sem aðrir heyrnarskertir og heyrnarlausir fá. Þá er gert ráð fyrir að notendur túlkaþjónustu geti fengið fleiri tíma en lágmarkið kveður á um þegar sérstakar aðstæður eru fyrir hendi. Gert er ráð fyrir að menntamálaráðherra setji nánari reglur um það en gera verður ráð fyrir að við samningu þeirra reglna verði tilgangur laga þessara og staða táknmálsins höfð að leiðarljósi. Heimild fyrir aukningu á tímafjölda má því ekki túlka of þröngt.

Um 8. gr.

Í greininni er kveðið á um skyldu íslenska ríkisins til að efla og styðja við nám og kennslu í táknmálstúlkafræði auk þess að hlúa sérstaklega að menningu og menntun þeirra sem ekki heyra. Jafnframt er kveðið á um að íslenska ríkið skuli á hverjum tíma leitast við að anna eftirspurn eftir túlkaþjónustu. Í því felst m.a. skylda til að gera nám í táknmálstúlkafræði eftirsóknarvert fyrir nýja nemendur, bæta starfsskilyrði og launakjör táknmálstúlka o.s.frv. Ef lögin eiga að ná markmiðum sínum verður að vera nægilegt framboð af táknmálstúlkum.

Um 9. og 10. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Með frumvarpinu var fylgiskjal: Hvað er táknmál? Er til alþjóðlegt táknmál fyrir heyrnarlausa? Grein eftir Svandísi Svavarsdóttur á vísindavef Háskóla Íslands.

13. Tillaga til þingsályktunar [13. mál]

um rannsóknir og sjálfbæra nýtingu jarðhitasvæða.

Flm.: Álfheiður Ingadóttir, Kolbrún Halldórsdóttir, Árni Þór Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa starfshóp sem fái það verkefni að leita leiða til að tryggja að umhverfisáhrifum af framkvæmdum á jarðhitasvæðum verði haldið í algjöru lágmarki. Hópurinn semji verklagsreglur fyrir framkvæmdaraðila sem taki mið af Ríóyfirlýsingunni; meginreglum umhverfisréttar og öðrum skuldbindandi samningum sem Ísland á aðild að með það að markmiði að nýting jarðvarmans uppfylli skilyrði sjálfbærrar þróunar. Þá verði hópnum falið að semja tillögur að lagabreytingum með framangreind markmið í huga. Starfshópurinn verði skipaður fulltrúum þingflokka á Alþingi, einum fulltrúa iðnaðarráðuneytisins og einum fulltrúa umhverfisráðuneytisins, auk eins fulltrúa frá hverri af eftirtöldum stofnunum Orkustofnun, Íslenskum orkurannsóknum, Jarðfræðistofnun Háskóla Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands og Stofnun Sæmundar fróða. Forsætisráðherra skipi formann starfshópsins. Niðurstöður hópsins verði kynntar Alþingi fyrir árslok 2008.

Greinargerð.

Markmiðið með tillögu þessari er að Alþingi fái til skoðunar rökstuddar tillögur um hvernig lágmarka megi umhverfisröskun við nýtingu jarðhita og hvernig hagnýta megi jarðhitasvæði með sjálfbærum hætti. Tillagan var lögð fram á 133. löggjafarþingi en var ekki útrædd. Iðnaðarnefnd Alþingis sendi hana til umsagnar og í umsögn Orkustofnunar var mælt með því að ríkisstjórnin skipaði starfshóp til að undirbúa meginreglur um sjálfbæra nýtingu jarðhita. Sú hugmynd er grunnur þeirra breytinga sem flutningsmenn hafa nú gert á tillögunni.

Tillögunni fylgdi greinargerð sem hér fylgir nær óbreytt. Tafla sem fylgdi tilvitnuðum texta úr skýrslu auðlindanefndar, um útgefin rannsóknarleyfi fyrir jarðhita, hefur verið uppfærð og flutt aftur fyrir tilvitnuna.

Undanfarið hafa umræður um óafturkræf umhverfisáhrif stórra vatnsaflsvirkjana orðið til þess að menn hafa í auknum mæli beint sjónum að jarðvarmavirkjunum með þá von í brjósti að slíkar virkjanir skilji ekki eftir eins alvarleg sár í viðkvæmri náttúru landsins og vatnsaflsvirkjanirnar. Umhverfisáhrifin sem blasa við á Hellisheiði í tengslum við framkvæmdir við Hellisheiðarvirkjun benda þó ekki til annars en að töluvert rask fylgi slíkum virkjunum. Þá hafa sjónir manna beinst í auknum mæli að því hvort ná megi meiri orku út úr háhitasvæðunum með nýrri tækni, svokölluðum djúpborunum. Þessi sjónarmið komu afar skýrt fram á Orkuþingi Samorku 2006, þar sem möguleg raforkuframleiðsla með jarðvarmavirkjunum fékk sérstaka athygli. Nokkuð ber á því sjónarmiði að um þær geti náðst meiri sátt en nú ríkir um stórar vatnsaflsvirkjanir á borð við Kárahnjúkavirkjun.

Í fyrsta áfanga rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma var megináhersla lögð á mögulegar vatnsaflsvirkjanir og því er aðeins búið að meta gróflega lítinn hluta mögulegra orkuöflunarkosta í jarðvarma. Þær jarðvarmavirkjanir sem þó komust á blað í fyrsta áfanga rammaáætlunarinnar virðast fremur sakleysislegar að því er varðar áhrif þeirra á náttúru og umhverfi, með þeim fyrirvara þó að ekki lá fullnægjandi þekking og reynsla að baki matinu á þeim, enda skortir tilfinnanlega rannsóknir á lífríki háhitasvæða.

Umhverfisáhrif af jarðvarmavirkjunum eru þó þekkt að ýmsu leyti og vitað að svæðin eru viðkvæm og lengi að ná sér hafi þeim verið raskað. Þar sem vinnsla er hafin á háhitasvæðum blasa við borplön, stórvaxin háspennumöstur og -línur, haugsvæði, slóðar og þéttriðin net uppbyggðra vega og vatnsröra. Umgengni og frágangi framkvæmdaraðila er í ýmsum tilfellum ábótavant og alkunna er að fyrstu rannsóknir, sýnataka og tilraunaboranir spilla ásýnd svæðanna umtalsvert. Til marks um þetta má nefna að í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn orkufyrirtækja um rannsóknarleyfi í Brennisteinsfjöllum segir m.a.: „Eftir jarðhitarannsóknir, eins og fyrirhugaðar eru í Brennisteinsfjöllum, verður svæðið ekki lengur ósnortið og forsendur fyrir frekari vernd þess breyttar að sama skapi. Rannsóknaleyfi jafngildir því stefnumörkun um framtíðarnýtingu.“

Um umgengni og mannvirkjagerð á jarðhitasvæðum gilda almenn ákvæði náttúruverndarlaga, nr. 44/1999, sjá t.d. 35. gr., og njóta heitar uppsprettur, hrúður og hrúðurbreiður, 100 m^2 að stærð eða stærri, sérstakrar verndar, sbr. d-lið 37. gr. sömu laga. Framkvæmdir við jarðhitavirkjanir fara fram að undangengnu umhverfismati. Oft er þó vikið frá upphaflegri hönnun og leyfum hvað varðar efnistöku, haugsvæði og vegagerð og stysta og ódýrasta leiðin valin. Eftirliti með frágangi er gjarnan ábótavant. Þannig valda framkvæmdaraðilar oft óþarfaraski á jarðmyndunum, gróðri og ásýnd jarðhitasvæða, sem hindrar síðari tíma nýtingu svæðanna til ferðamennsku.

Ásókn í rannsóknarleyfi.

Stóru orkufyrirtækin, Landsvirkjun, Orkuveita Reykjavíkur og Hitaveita Suðurnesja, hafa að undanförnu att kappi um rannsóknar- og nýtingarleyfi á flestum ef ekki öllum háhitasvæðum landsins. Þessi fyrirtæki undirbúa einnig í sameiningu verkefnið „Íslensk djúpborun“ sem ætlað er að þrefalda eða fimmfalda orkunýtingu á háhitasvæðum, en þau áform eru skammt á veg komin og mikil óvissa um árangur.

Í skýrslu auðlindanefndar „Framtíðarsýn um nýtingu auðlinda í jörðu og vatnsafls“ sem kynnt var í október 2006 er birt tafla yfir útgefin rannsóknarleyfi á jarðhitasvæðum og taldar upp þær umsóknir um rannsóknarleyfi sem iðnaðarráðuneytinu hafa borist:

„**4.1.1. Útgefin rannsóknarleyfi.**

Í ágúst 2006 voru í gildi 7 rannsóknarleyfi fyrir jarðhita, en 2 þeirra sérstaklega vegna hitaveitu. Eins og sjá má í töflu 4.1 þá er hér um að ræða rannsóknarleyfi vegna jarðhita á Hengilssvæði, Kröflusvæði, Þeistareykjum, Hágöngum, Trölladyngju og rannsóknarleyfi á jarðhita vegna hitaveitu í Heimaey og á Berserkseyri í Grundarfirði.

[…]

Einnig er í gildi eitt leyfi til rannsókna á jarðefnum, en þar er um að ræða leyfi sem Melmi ehf. hefur til rannsókna á málmum á 14 tilgreindum stöðum á landinu. Engin leyfi til rannsókna á vatnsafli til raforkuframleiðslu hafa verið gefin út, en hafa verður í huga að ekki þurfti slíkt leyfi fyrr en í febrúar 2006 þegar lög nr. 5/2006 tóku gildi.

4.1.2. Umsóknir um rannsóknarleyfi.

Hjá iðnaðarráðuneyti bíða nú afgreiðslu 21 umsókn um rannsóknarleyfi vegna jarðhita og vatnsafls á 15 svæðum, en þar af eru 12 umsóknir vegna jarðhita og 9 umsóknir vegna vatnsafls. Svæðin sem um er að ræða vegna jarðhita eru Brennisteinsfjöll, Fremri-Námar, Gjástykki, Grændalur, Kelduhverfi, Kerlingafjöll, Krýsuvík og Torfajökulssvæði. Vegna vatnsafls er um að ræða Skjálfandafljót, Hólmsá í Skaftártungu, Tungnaá ofan Sigöldustöðvar,

Þjórsá neðan Búrfells, Skaftá (efri hluti), Austari- og Vestari-Jökulsár í Skagafirði og Hagavatn. Einnig bíða afgreiðslu 3 umsóknir um rannsóknarleyfi vegna grunnvatns, en svæðin sem þar er um að ræða eru Fagridalur, Kaldárhöfði og Rauðsgil.“

Útgefin rannsóknarleyfi fyrir jarðhita.

Svæði	Rannsóknarleyfishafi	Gildistími	Útgáfudagur	Athugasemd
Grændalur	RARIK/Sunnlensk orka	10.6.2002	10.6.1999	Fallið niður
Hengilssvæði	Orkuveita Reykjavíkur	1.6.2016	7.5.2001	Ölkelduháls, Hverahlíð
Kröflusvæði	Landsvirkjun	31.5.2009	31.5.2002	Krafla II
Gjástykkissvæði	Landsvirkjun	10.5.2010	10.05.2007	
Þeistareykir	Þeistareykir ehf.	31.12.2008	23.1.2004	
Hágöngur/Köldukvíslar-botnar	Landsvirkjun	1.8.2008	1.4.2004	
Trölladyngja	Hitaveita Suðurnesja hf.	1.6.2007	2.6.2000	Leyfi framlengt til 2016
Krýsuvík	Hitaveita Suðurnesja hf.	1.12.2016	8.12.2006	
Kelduneshreppur	Orkuveita Húsavíkur	31.12.2008	19.12.2006	Vegna hitaveitu
Heimaey	Hitaveita Suðurnesja	19.12.2009	20.12.2004	Vegna hitaveitu
Berserkseyri	Orkuveita Reykjavíkur	31.7.2010	17.7.2006	Vegna hitaveitu

Sótt af heimasíðu iðnaðarráðuneytis, 2. október 2007.

Lágmörkun umhverfisáhrifa.

Ásókn orkufyrirtækjanna í rannsóknarleyfi á nýjum og viðkvæmum háhitasvæðum veldur áhyggjum þar sem við blasir eyðilegging á ásýnd og landslagi þar sem rannsóknarleyfi hafa verið veitt eins og t.d. á Reykjanesi og Hellisheiði. Hafa ber í huga að rannsóknarleyfi eru ekki nýtingarleyfi og veita því enga heimild fyrir fullvinnslu orku á viðkomandi svæði. Hins vegar segir það sig sjálft að þegar búið er að raska svæði að hluta með rannsóknum er erfiðara að koma í veg fyrir nýtingu í ljósi þess að svæðinu hefur þegar verið raskað með rannsóknunum. Flutningsmenn tillögunnar telja augljóst að áður en fleiri rannsóknarleyfi eru veitt þurfi að setja ströng skilyrði fyrir veitingu þeirra þannig að leyfisveitingin sem slík leiði ekki af sér óafturkræf spjöll í svo miklum mæli sem hingað til hefur tíðkast og að hún sé ekki ígildi nýtingarleyfis í augum framkvæmdaraðila. Mikilvægt er að setja ítarlegar reglur um umgengni og verklag við rannsóknir háhitasvæða sem tryggir að umhverfisáhrifum af rannsóknunum verði haldið í lágmarki. Þannig er mikilvægt að leita leiða til að rannsóknir kalli ekki sjálfkrafa á að ruddir verði eða byggðir upp vegir og önnur mannvirki. Slíkt ætti að vera framkvæmanlegt með því að gera leyfishöfum skylt að flytja bora og önnur tæki í smærri og léttari einingum á staðinn, helst meðan frost er í jörðu, og með farartækjum á breiðum dekkjum eða þyrlum ef þörf krefur. Jafnframt þarf að herða eftirlit með umgengni og frágangi á vettvangi.

Brýnt er að reglur um lágmörkun umhverfisáhrifa á jarðhitasvæðum liggi fyrir áður en farið verður að úthluta nýjum rannsóknarleyfum á grundvelli tillagna auðlindanefndar.

Sjálfbær nýting.

Reglurnar þurfa einnig að taka til umgengni og vinnulags við nýtingu, rekstur og viðhald jarðvarmavirkjana á háhitasvæðum þannig að vinnsluleyfi jafngildi ekki eyðileggingu á náttúru svæðanna. Slíkt er enda óþarft með nútímatækni og -samgöngum svo sem áður er nefnt. Þannig er t.d. ekki þörf á uppbyggðum vegum að og frá háspennumöstrum vegna viðhalds þar sem viðgerða á þeim er helst þörf yfir háveturinn þegar notast má við snjóbíla og vélsleða.

Grundvallaratriði er þó að nýting jarðvarmans á Íslandi sé sjálfbær. Áhrifasvæði jarðvarmavirkjana er að jafnaði ekki þekkt og ekki til svör við því hvort jarðhitageymirinn nær sér aftur að fullu eða hvort efnasamsetning háhitavökvans breytist við nýtingu. Því er erfitt að fullyrða að umhverfisáhrif jarðvarmavirkjana séu vægari en vatnsaflsvirkjana. Þekkt eru dæmi um niðurdrátt á ofnýttum jarðhitasvæðum hér á landi. Þá hefur ofnýting valdið jarðfalli á hverasvæðum t.d. á Nýja-Sjálandi þar sem nýir hverir opnuðust og landslag breyttist verulega. Hófleg nýting jarðhitasvæða til orkuframleiðslu þar sem fullt tillit er tekið til viðkvæmrar náttúru þeirra og verndargildis er því mikilvægt markmið. Einnig þarf að huga að orkunýtingunni, því þegar eingöngu er unnin raforka úr jarðvarma á háhitasvæðum nýtast aðeins 10–15% varmans til orkuframleiðslunnar. Ef affallsvatninu er ekki dælt aftur niður í háhitageyminn fara um 85% varmans til spillis. Ef hins vegar er unnt að nota varmann einnig til húshitunar eða iðnaðar næst önnur og betri nýting og virkjanirnar ættu þá jafnframt að verða hagkvæmari. Þá er þess að gæta að við mat á orkugetu jarðhitasvæða er miðað við að nýtingin vari aðeins í 50 ár og við gerð fjárhagsáætlana er yfirleitt miðað við 30 ára rekstrartíma. Hafa ber í huga að unnt er að nýta svæðin með öðrum hætti um langa framtíð, svo sem í ferðamennsku og útivist. Til að unnt verði að leggja grunn að mati á verndargildi jarðhitasvæða þarf að leggja aukna áherslu á rannsóknir á lífríki og jarðfræði svæðanna. Meta þarf svæðin innbyrðis og innan svæða, þannig að greina megi í sundur vissa hluta víðáttumikilla háhitasvæða þar sem heimila mætti sjálfbærar virkjanir en halda öðrum hlutum friðuðum, þannig að eingöngu verði leyfð þar nýting fyrir útivist og ferðamenn.

Nauðsynlegt er að Alþingi hlutist til um að settar verði reglur um sjálfbærni nýtingarinnar og lágmörkun umhverfisáhrifa af rannsóknum, vinnslu og viðhaldi á jarðhitasvæðum þannig að þær komi að notum þegar mörkuð verður framtíðarstefna um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Í þeim tilgangi er tillaga þessi flutt.

Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Orkugeta jarðhita. (Erindi flutt á Orkuþingi 2006, 12.–13. október 2006.) Sveinbjörn Björnsson, Orkustofnun.

II. Hvernig á að meta sjálfbæra vinnslugetu jarðhitasvæða? Guðni Axelsson, Sveinbjörn Björnsson og Valgarður Stefánsson. (Erindi flutt á Orkuþingi 2006, 12.–13. október 2006.)

14. Tillaga til þingsályktunar [14. mál]

um skattaívilnanir vegna rannsókna- og þróunarverkefna.

Flm.: Höskuldur Þórhallsson, Bjarni Harðarson, Birkir J. Jónsson.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að hefja nú þegar undirbúning þess að heimila skattaívilnanir vegna kostnaðar sem fyrirtæki leggja í vegna rannsókna og þróunar. Miðað verði við skilgreind og afmörkuð verkefni og ákveðið hámark sett á endurgreiðslufjárhæð hvers árs.

Greinargerð.

Skattaívilnanir til rannsókna og þróunar hafa um nokkurt skeið tíðkast í mörgum ríkjum OECD sem óbein leið til að hvetja fyrirtæki til fjárfestinga í rannsóknum og þróun. Markmiðið er m.a. að efla nýsköpun í atvinnulífinu sem leitt getur til efnahagslegra framfara og bættrar samkeppnisstöðu viðkomandi þjóða.

Í dag veita 18 af 30 OECD-ríkjum einhvers konar skattaívilnanir vegna rannsókna og þróunar en það gerðu um 12 ríki árið 1996. Meðal þeirra sem hafa farið þessa leið eru Norðmenn. Árið 2002 var skattalögum þar breytt þannig að lögaðilar sem stunda rannsóknir og þróun fengu heimild til frádráttar frá tekjuskattsstofni, allt að 20%, að uppfylltum tilteknum skilyrðum og upp að tilteknu þaki. Í lögunum er lögð áhersla á að þeir sem njóti þessara heimilda stundi vel skilgreind og afmörkuð rannsókna- og þróunarverkefni með skýrum markmiðum um árangur.

Norðmenn hafa farið þá leið að fela Rannsóknarráði Noregs (Norges forskningsråd) að meta hvort verkefnin uppfylli skilgreiningu skattyfirvalda og jafnframt að meta hvort framtaldir kostnaðarliðir teljist viðurkenndur rannsókna- og þróunarkostnaður. Skattkerfið er síðan notað til að miðla greiðslum þannig að þau fyrirtæki sem greiða tekjuskatt fá afslátt en þau sem ekki greiða skatt fá endurgreiðslu. Þetta gerir kerfið sérstaklega áhugavert fyrir lítil og vaxandi fyrirtæki sem eru ekki enn farin að greiða tekjuskatta, m.a. vegna mikils þróunarkostnaðar.

Komið hefur fram að norsk fyrirtæki eru afar ánægð með kerfið og að um helmingur samþykktra verkefna er á vegum lítilla fyrirtækja með færri en 10 starfsmenn. Kerfið hefur komið mikilli hreyfingu á nýsköpunarstarf norskra fyrirtækja og um 80% þátttakenda telja að verkefni þeirra hefðu ekki komist á legg án þessa stuðnings. Um 50% telja að verkefnin hafi aukið verðgildi fyrirtækja sinna, rúm 60% telja að kerfið hafi aukið einbeitingu þeirra í nýsköpun og þróun. Þá telja tæp 50% kerfið hafa hvatt til samstarfs við önnur fyrirtæki og stofnanir. Sérstaka athygli vekur að 25% norskra útrásarfyrirtækja virðast nýta sér kerfið.

Fjölgun vellaunaðra starfa í fyrirtækjum sem gera verðmæti úr þekkingu er háð öflugu nýsköpunarstarfi. Mikilvægt er því að fyrirtæki efli rannsóknir og nýsköpun. Til þess að svo megi verða þarf að búa atvinnulífi hér á landi hagstæð starfsskilyrði en jafnframt þurfa fyrirtækin stuðning fyrstu starfsárin til rannsókna- og þróunarstarfs. Sá stuðningur þarf að öðru jöfnu að vera sambærilegur þeim sem veittur er fyrirtækjum í samkeppnislöndunum.

15. Frumvarp til laga [15. mál]

um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003.

Flm.: Kristinn H. Gunnarsson, Guðjón A. Kristjánsson,
Grétar Mar Jónsson, Jón Magnússon.

1. gr.

Á eftir orðinu „Persónuafsláttur“ í 7. tölul. 28. gr. laganna kemur: sérstakur persónuafsláttur.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á A-lið 67. gr. laganna:

a. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:
   Sé tekjuskattsstofn manns skv. 1. og 3. tölul. 61. gr. 1.800.000 kr. eða lægri fær hann sérstakan persónuafslátt jafnháan samanlögðum álögðum tekjuskatti skv. 66. gr. og álögðu útsvari skv. IV. kafla laganna um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, að frádregnum persónuafslætti skv. 1. mgr. Sérstakur persónuafsláttur lækkar hlutfallslega með hækkandi tekjuskattsstofni frá 1.800.000 kr. árstekjum og fellur niður við 3.000.000 kr. Fjárhæðir í málsgreininni taka í upphafi hvers árs sömu breytingum og persónuafsláttur skv. 1. mgr.
b. Á eftir 2. mgr., er verður 3. mgr., kemur ný málsgrein, 4. mgr., svohljóðandi:
   Með sérstakan persónuafslátt skal fara eins og kveðið er á um persónuafslátt í 3. mgr. að öðru leyti en því að óráðstafaður sérstakur persónuafsláttur gengur ekki til maka.
c. Við bætist ný málsgrein, 6. mgr., svohljóðandi:
   Ráðherra skal í reglugerð setja ákvæði um ráðstöfun sérstaks persónuafsláttar launamanna á móti staðgreiðslu á tekjuári samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra skatta.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2008.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að bæta verulega hag lágtekjufólks með því að taka upp sérstakan persónuafslátt sem kemur til viðbótar núverandi persónuafslætti. Tekjur manns að 150 þús. kr. á mánuði verða skattfrjálsar, en skattleysismörk eru nú rétt tæplega 90 þús. kr. á mánuði. Nái frumvarpið fram að ganga munu skattar lækka um 21.400 kr. á hverjum mánuði hjá þeim sem hefur 150 þús. kr. á mánuði. Á heilu ári nemur kjarabótin fyrir lágtekjufólk allt að 257 þús. kr.

Skattar munu einnig lækka hjá þeim sem hafa tekjur frá 150 þús. kr. til 250 þús. kr. á mánuði, en við þau tekjumörk fellur sérstaki persónuafslátturinn niður. Gert er ráð fyrir að sérstaka persónuafslættinum verði eins og persónuafslættinum ráðstafað til greiðslu tekjuskatts, útsvars og fjármagnstekjuskatts og falli niður það sem þá er enn óráðstafað. Hins vegar verður sérstaki persónuafslátturinn ekki millifæranlegur til maka.

Ráðherra er falið að setja í reglugerð ákvæði um ráðstöfun sérstaka persónuafsláttarins á móti staðgreiðslu á tekjuári samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda þannig að

hann nýtist þá strax eins og kostur er, en eðli málsins samkvæmt verður sérstaki persónuafslátturinn ákvarðaður endanlega við álagningu skatta þegar skattframtal liggur fyrir.

Verði frumvarpið að lögum mun það bæta kjör elli- og örorkulífeyrisþega sérstaklega en þeir eru fjölmennir í tekjulægstu hópunum í þjóðfélaginu. Þannig er t.d. talið að nærri þriðjungur aldraðra hafi tekjur lægri en 120 þús. kr. á mánuði. Samkvæmt upplýsingum frá landssambandi eldri borgara hefur þróun kaupmáttar ráðstöfunartekna 1988–2007 hjá ellilífeyrisþega sem ekki býr einn verið fjarri því að halda í við kaupmáttaraukninguna hjá almenningi á sama tíma. Hefur hækkunin hjá ellilífeyrisþeganum verið aðeins tæplega 20% en 60% hjá almenningi.

Afdrifaríkast fyrir lágtekjufólk hefur verið lækkun skattleysismarka á þessum tíma. Skattleysismörkin eru aðeins rétt tæplega 90 þús. kr. á mánuði en væru um 120 þús. kr. ef þau hefðu fylgt verðlagi og nærri 150 þús. kr. nú ef þau hefðu fylgt launavísitölu. Vegna þessarar þróunar hefur skattlagning á tekjur lægri en 150 þús. kr. á mánuði farið vaxandi. Fyrir ellilífeyrisþega sem greiddi ekki skatt af tekjum sínum við upphaf staðgreiðsluskattkerfisins þýðir lækkun skattleysismarkanna síðan þá minnkandi ráðstöfunartekjur eftir skatta og nú er svo komið að af sambærilegum tekjum og voru 1988 fara ein mánaðarlaun í skatta til ríkisins og lífeyrisþeginn er verr staddur sem því nemur.

Þessi þróun kemur skýrt fram þegar skoðuð er skattbyrði einstakra tekjuhópa og framteljendum skipt í tíu jafnstóra hópa. Í lægstu tíund eru 10% tekjulægstu framteljendurnir og þannig koll af kolli. Borin er saman skattbyrði árin 1994 og 2004 og þá kemur í ljós að skattbyrðin hefur vaxið í öllum tíundarhópunum nema þeim hæsta þar sem hún hefur lækkað. Skattbyrðin hefur hins vegar þyngst mest í lægstu tekjuhópunum, um 14% í lægstu tíundinni og 15,3% í næstlægstu. Meðaltalshækkun skattbyrðarinnar hjá öllum tekjuhópunum er um 4,5% samkvæmt gögnum sem Stefán Ólafsson prófessor hefur látið taka saman.

Í heildina hafa heildarskatttekjur hins opinbera aukist um 10% af landsframleiðslu frá 1995 til 2004, meðal annars með því að skatttekjur af lágum tekjum hafa aukist á tímabilinu.

Fer ekki á milli mála að lækkun skattleysismarka á verulega sök á þessari þróun þar sem saman hefur farið raunlækkun persónuafsláttarins og lækkun tekjuskattsprósentunnar sem léttir sköttum mun meira af háum tekjum en lágum. Afleiðingin verður vaxandi ójöfnuður milli þjóðfélagshópanna sem sést best á þróun svonefnds Gini-stuðuls.

Tilgangur frumvarpsins er að rétta hlut þeirra sem lágar tekjur hafa og gera hann svipaðan og var við upphaf staðgreiðsluskattkerfisins með því að færa skattleysismörkin upp í 150 þús. kr. á mánuði fyrir þá sem hafa þær tekjur og lægri. Á tekjubilinu frá 150 þús. kr. upp í 250 þús. kr. verða einnig hærri skattleysismörk vegna sérstaka persónuafsláttarins og verða þau frá 150 þús. kr. og að 90 þús. kr. á mánuði eins og þau eru nú og fara lækkandi með vaxandi tekjum. Sem dæmi mundi sá sem hefur 2.400.000 kr. í árstekjur eða 200 þús. kr. á mánuði vera með 120 þús. kr. í skattleysismörk í stað 90 þús. kr. nú.

Frumvarpið mun bæta kjör tuga þúsunda framteljenda ef það nær fram að ganga.

16. Tillaga til þingsályktunar [16. mál]

um samkeppnisstöðu fyrirtækja í eigu ríkis og sveitarfélaga.

Flm.: Ásta Möller, Birgir Ármannsson, Sigurður Kári Kristjánsson, Ólöf Nordal, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Ragnheiður E. Árnadóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir, Kristján Þór Júlíusson, Árni Johnsen, Kjartan Ólafsson.

Alþingi ályktar að fela viðskiptaráðherra að gera athugun á því hvort og á hvaða sviðum fyrirtæki og stofnanir í eigu ríkis og sveitarfélaga eru í samkeppni gagnvart einkaaðilum, einnig að kanna hvort þessi fyrirtæki hafi eflt samkeppnisstöðu sína gagnvart einkafyrirtækjum á undanförnum árum. Þá er viðskiptaráðherra jafnframt falið að gera athugun á því í hversu miklum mæli stofnanir og fyrirtæki hins opinbera sinna verkefnum sem sérhæfðir aðilar í atvinnulífinu gætu leyst jafnvel eða betur fyrir minna fé.

Ráðherra skili Alþingi skýrslu um málið fyrir 1. apríl 2008.

Greinargerð.

Tillaga sambærilegs efnis var áður flutt á 131. og 132. löggjafarþingi og hafa flutningsmenn verið Guðlaugur Þór Þórðarson, Ásta Möller og Gunnar Örlygsson. Var hún send til umsagnar margra aðila á 132. löggjafarþingi og fékk hún jákvæðar viðtökur.

Á síðustu 10–15 árum hefur ríkið markvisst dregið sig út úr samkeppnisrekstri. Fjölmörg fyrirtæki á vegum ríkisins hafa verið einkavædd og má þar m.a. nefna bankastarfsemi og fjarskiptaþjónustu.

Á hinn bóginn hefur fjölgað þeim stofnunum ríkisins sem sinna stjórnsýsluverkefnum og öðrum samfélagslegum verkefnum sem talið er eðlilegt að séu fjármögnuð af ríkinu.

Oft eru stofnanir settar á laggirnar til að sinna afmörkuðum verkefnum, sem síðan snúa upp á sig og aukast að umfangi með tilheyrandi auknum kostnaði. Til þessara stofnana eru ráðnir vel menntaðir og metnaðarfullir starfsmenn, með víðtæka yfirsýn á þeim vettvangi sem þeir starfa á. Af þeim sökum og oft einnig vegna kröfu um sértekjur viðkomandi stofnana sjá þeir ákveðin tækifæri í því að útvíkka starfsemi stofnunarinnar. Þetta þýðir fleira starfsfólk, aukið fjármagn til reksturs og aukin umsvif ríkisstofnana, en slík útþensla stofnana er oft kennd við „Parkinson-lögmálið“.

Rekstur á vegum ríkis og sveitarfélaga hefur sökum umfangs síns mikil áhrif á starfsumhverfi og starfsmöguleika fyrirtækja í landinu. Þegar opinber stofnun víkkar út starfsemi, hvort heldur er af eigin hvötum eða sökum rúmrar skilgreiningar á þeim lögum sem hún starfar eftir, eða vegna aukinna skyldna sem sett eru á stofnunina, er veruleg hætta á að hún fari að rekast í horn starfsemi sem einkaaðilar hafa markað sér bás.

Við slíkar aðstæður er opinber stofnun viljandi eða óviljandi komin í beina samkeppni við einkaaðila og farin að þrengja að starfsskilyrðum og vaxtarmöguleikum fyrirtækisins. Allmörg dæmi eru um að ríkisstofnanir undirbjóði þjónustu einkaaðila, bjóði þjónustuna ókeypis undir merkjum tilraunaverkefnis eða taki upp hugmyndir sem kynntar hafa verið fyrir þeim og hrindi þeim í framkvæmd. Ríkisstofnanirnar gera þetta í krafti þess að þær fá fjármagn til reksturs frá ríkinu og geta niðurgreitt þjónustuna eða alfarið staðið straum af viðkomandi verkefnum með ríkisfé.

Aðrar aðstæður sem blasa við í þessu sambandi er þegar ríkisstofnanir taka ákvörðun um að taka til sín verkefni sem áður voru útvistuð til einkaaðila, eða semji við aðra ríkisstofnun

um framkvæmd verkefna, þótt fjölmargir aðilar á markaði séu tilbúnir til að takast á við verkefnið með samningum við viðkomandi stofnun. Sú staðreynd að opinberar stofnanir hafa dregið að sér hendurnar að kaupa þjónustu af aðilum utan kerfisins er í ósamræmi við yfirlýsta stefnu ríkisins um framkvæmd innkaupa á vegum þess, eins og hún birtist í riti fjármálaráðuneytisins *Innkaupastefna ríkisins – Hagkvæmni, samkeppni, ábyrgð og gagnsæi,* frá nóvember 2002. Markmið hennar er að fela einkaaðilum tiltekin verkefni, t.d. með útboðum, til að auka hagræðingu, auka fjölbreytni í þjónustu, byggja upp þekkingu í samfélaginu og efla samkeppni á markaði. Í formála þess rits leggur fjármálaráðherra áherslu á að innkaupastefnan nái einnig til útboða á verkefnum eða rekstrarþátta sem „nú eru hluti af ríkisrekstri“.

Aukið samstarf ríkis og einkaaðila hefur þann eftirsóknarverða tilgang að auka hagkvæmni í rekstri ríkisins og efla samkeppni í einkageiranum. Þannig getur ríkið dregið sig út úr starfsemi sem unnt er að vinna á betri og hagkvæmari hátt hjá fyrirtækjum sem starfa á opnum samkeppnismarkaði. Með slíku samstarfi verður ríkið í hlutverki upplýsts og krefjandi kaupanda þar sem aukin áhersla er lögð á árangur og góða nýtingu fjármagns. Ávinningur af þessari aðferðafræði felst í því að með því að tiltekin starfsemi flytjist til einkaaðila frá opinberum stofnunum eykst samkeppni um opinber verkefni og kaupendahópur fyrirtækjanna stækkar. Þeim eru jafnframt sköpuð betri starfsskilyrði með því að færa þeim stór og krefjandi verkefni. Jafnframt verður til ný þekking innan fyrirtækjanna sem styrkir stoðir þeirra til frekari afurðasköpunar.

Hægt er að nefna mörg dæmi þar sem opinber fyrirtæki eru eða hafa verið í beinni samkeppni við einkafyrirtæki.

Landmælingar Íslands, sem er ríkisfyrirtæki, stóð um árabil fyrir umfangsmikilli kortagerð byggðri á landmælingum, í samkeppni við einkafyrirtæki. Þessi starfsemi ríkisfyrirtækisins, sem var í yfirburðastöðu á markaði, gerði einkaaðilum sem sérhæfðu sig á þessu sviði nær ókleift að starfa og þróast. Með breytingum á lögum sem tóku gildi um síðustu áramót var þessi þáttur í starfi Landmælinga ríkisins lagður niður, sem hefur skapað aukið svigrúm fyrir starfsemi einkaaðila á þessu sviði.

Á vegum ríkisins eru starfandi ýmsar rannsóknastofur í samkeppni við einkaaðila. Þannig eru rannsóknastofur Landspítalans í beinni samkeppni við einkareknar rannsóknastofur lækna um verkefni. Vorið 2004 lagði Heilsugæslan í Reykjavík niður rannsóknastarfsemi sína en samdi, án undangengins útboðs, við aðra ríkisstofnun, Landspítala, um framkvæmd rannsókna á hennar vegum. Heilsugæslan hafði um langt árabil keypt hluta af rannsóknastarfsemi sinni frá einkaaðila, sem missti því stóran hluta af viðskiptum sínum við þennan gjörning. Þessi samningur var kærður til samkeppnisráðs.

Siglingastofnun Íslands heyrir undir samgönguráðuneyti, sbr. lög nr. 6/1996. Verkefni stofnunarinnar eru þau helst að annast framkvæmd ýmissa laga er lúta að höfnum og siglingum og að hafa umsjón með ríkisstyrktum sjóvarna- og hafnarframkvæmdum. Ýmsar verklegar framkvæmdir, auk þróunarvinnu, eru því á ábyrgð stofnunarinnar að ótöldum ýmsum áætlunum um öryggismál. Rekstur hennar kostar tæpar um 860 millj. kr. á ári. Mörg einkafyrirtæki geta sinnt ýmsum verkefnum Siglingastofnunar. Þannig hefur einkafyrirtæki lýst yfir áhuga á að taka að sér starfsemi hafnasviðs stofnunarinnar en sviðinu er ætlað að hafa umsjón með hafnarframkvæmdum og vinna að uppbyggingu sjóvarna og hafna.

Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laga um Siglingastofnun er stofnuninni heimilt, með samþykki samgönguráðherra, að fela öðrum að annast tiltekin verkefni sín. Sú heimild hefur ekki verið nýtt til þessa nema að afar takmörkuðu leyti. Ávinningur slíkrar einkavæðingar væri einkum sá að minnka kostnað af þessum verkefnum því gera má ráð fyrir að samlegðaráhrif í einka-

rekstri yrðu einhver. Ekki síður mikilvægt markmið er þó það að með því að fela einkaaðilum svo tæknileg verkefni sem Siglingastofnun hefur með höndum er hin fjölbreytta þekking sem til er á einkamarkaði nýtt til hins ýtrasta og um leið væri það einkaaðilum hvatning til frekari þróunar á viðkomandi sviði. Ávinningur þjóðfélagsins af því er ótvíræður.

Vinnueftirliti ríkisins er með lögum gert að fylgjast með aðbúnaði á vinnustöðum og til að geta rækt þá skyldu sína er m.a. könnun á afstöðu starfsmanna til vinnustaðarins nauðsynlegur hluti rannsókna Vinnueftirlitsins. Slíkar kannanir væri hæglega hægt að fela einkaaðilum. Þá hefur Vinnueftirlit ríkisins með því að skilgreina ákveðin „tilraunaverkefni“ boðið fyrirtækjum endurgjaldslausar kannanir á tilteknum öryggisþáttum vinnustaðarins. Þetta er í beinni samkeppni við fyrirtæki á heilbrigðissviði sem bjóða fyrirtækjum og stofnunum vinnustaða- og áhættugreiningar ásamt ráðgjöf sem lýtur að heilbrigðis- og öryggisstjórnun til að tryggja það að m.a. fyrirtækin uppfylli ákvæði laga um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum, nr. 40/1980.

Skilgreina þarf hlutverk Landspítala í þá veru að sjúkrahúsið sjái fyrst og fremst um sérhæfða sjúkrahússþjónustu. Bjóða þarf út rekstur fjölmargra þjónustuþátta sem falla utan kjarnastarfsemi Landspítalans. Sem dæmi má nefna rekstur þvottahúss, saumastofu, eldhúss, mötuneytis, apóteks, röntgen- og rannsóknaþjónustu, framleiðslu sjúkrafæðis, ræstingu, sótthreinsun og umsjón fasteignar. Jafnframt eru mörg tækifæri fyrir stjórnvöld og/eða stjórnendur sjúkrahússins að gera þjónustusamninga við heilbrigðisstarfsfólk um rekstur tiltekinna eininga í kjarnastarfsemi sjúkrahússins. Góð reynsla, bæði fagleg og fjárhagsleg, er af einkarekstri í starfsemi sem áður var eingöngu veitt á vegum heilbrigðisstofnana ríkisins. Má þar meðal annars nefna Læknisfræðilega myndgreiningu, Orkuhúsið, sem veitir sérfræðilæknisþjónustu vegna sjúkdóma í stoðkerfum, og Art Medica, sem starfar á sviði tæknifrjóvgunar.

Í útboði Sorpu bs. vegna gámaþjónustu á þremur endurvinnslustöðvum fyrir nokkrum missirum voru meðal þátttakenda í útboðinu einkafyrirtæki með mikla og langa reynslu á viðkomandi sviði sem hafa jafnvel sérhæft sig í umræddri þjónustu. Vélamiðstöðin ehf., sem aldrei hefur stundað slíkan rekstur, tók jafnframt þátt í útboðinu. Fyrirtækið er í eigu borgarinnar og Orkuveitunnar og er stjórn fyrirtækisins skipuð m.a. borgarverkfræðingi Reykjavíkur og forstjóra Orkuveitunnar. Vélamiðstöðin hefur notið góðs af þeirri eignaraðild með margvíslegum hætti, einkum við uppbyggingu þess með heimanmund upp á hundruð milljóna króna. Fyrirtækið leigir Reykjavíkurborg, Orkuveitunni og ýmsum borgarfyrirtækjum út bifreiðar og tæki og vinnur verk fyrir hundruð milljóna króna á ári án nokkurra útboða.

Skýrr er einkafyrirtæki á sviði upplýsingatækni. Það var áður í eigu ríkisins og Reykjavíkurborgar, en var hlutafélagavætt á árinu 1996 og síðar einkavætt þegar opinberir aðilar seldu hlut sinn í fyrirtækinu. Í viðtali sem birtist Blaðinu í nóvember 2006 við þáverandi forstjóra Skýrr, Hrein Jakobsson, talar hann m.a. um þá tilhneigingu ríkisstofnana að draga til sín verkefni sem eru í beinni samkeppni við einkaaðila. Forstjórinn bendir á að umfang ríkisstofnana á sviði upplýsingatækni hafi aukist verulega og að ríkisfyrirtækin hafi í auknum mæli tekið verkefni til sín. Hugbúnaðarverkefni fyrir ríkið séu yfirleitt boðin út, en rekstur tölvukerfa nánast aldrei, þrátt fyrir að einkafyrirtæki geti séð um rekstur þeirra með hagkvæmari hætti en ríkisfyrirtækin sjálf. Jafnframt tekur hann dæmi um að Skýrr hafi mátt sjá á bak tekjum sem fyrirtækið hafði áður eins og miðlun upplýsingar úr Ökutækjaskrá og Fasteignaskrá, varðandi rafræn veðbókarvottorð. Ekki sé ágreiningur um að ríkið eigi þessar upplýsingar, en miðlun þeirra hafi verið færð til ríkisfyrirtækja, þrátt fyrir að Skýrr hafi tekið þátt í að byggja upp markaðinn fyrir þær. Bendir hann á að Skýrr hafi kært opinberar stofnanir til Samkeppniseftirlitsins vegna útboðsmála og hafi t.d. úrskurður samkeppnisyfirvalda

gagnvart Ökutækjaskrá verið á þann veg að stjórnvöldum var bent á að draga sig út úr þeim rekstri, þar sem verið var að keppa við einkaaðila á þessum markaði.

Í þessu sambandi má benda á að á árinu 2005 vörðuðu 25% ákvarðana Samkeppniseftirlitsins kærur einkaaðila gagnvart stofnunum ríkis eða sveitarfélaga.

Ljóst má vera af upptalningu hér á undan að ríkisstofnanir hafa ekki orðið við tilmælum sem sett eru fram í Innkaupastefnu ríkisins frá árinu 2002. Fjöldi dæma um samkeppni fyrirtækja ríkis og sveitarfélaga og ríkisstofnana við rekstur einkaaðila gefur vísbendingu um að til markvissra aðgerða verði að grípa til að tryggja að stefna stjórnvalda um einkavæðingu og aukið samstarf ríkis og einkaaðila um framkvæmd verkefna á vegum ríkisins nái raunverulega fram að ganga á öllum sviðum.

Tilgangur með framlagningu þessarar þingsályktunartillögu er að fá yfirsýn yfir þá starfsemi á vegum ríkis og sveitarfélaga sem er í beinni samkeppni við einkaaðila. Með slíkar upplýsingar í höndunum er markvisst hægt að stefna að því að ríkið dragi sig út úr starfsemi sem er á samkeppnismarkaði og um leið vekja ríkisstofnanir til vitundar um skaðsemi þess að hamla þróun framsækinnar starfsemi á vegum einkaaðila.

Í þingsályktunartillögu þessari er jafnframt lagt til að skoðað verði hvort lögbundnar skyldur stofnana kalli á sífellt meira umfang þeirra og hvort lagabreytinga sé þörf. Jafnframt þarf að skoða hvað af lögbundnum verkefnum ríkisstofnana er hægt að fela einkaaðilum.

17. Frumvarp til laga [17. mál]

um breytingu á ýmsum lögum vegna viðurkenningar íslenska táknmálsins sem fyrsta máls heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra.

Flm.: Katrín Júlíusdóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson, Árni Páll Árnason, Árni Johnsen, Ásta R. Jóhannesdóttir, Ásta Möller, Guðbjartur Hannesson, Guðjón A. Kristjánsson, Höskuldur Þórhallsson, Kolbrún Halldórsdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Magnús Stefánsson, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Steinunn Valdís Óskarsdóttir.

I. KAFLI

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

Breyting á lögum um fullnustu refsinga, nr. 49/2005.

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 6. gr. laganna kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Forstjóri og forstöðumenn skulu sjá til þess að nægilegur fjöldi fangavarða og annars starfsliðs hafi kunnáttu í íslenska táknmálinu.

2. gr.

Á eftir 1. mgr. 14. gr. laganna kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Fangi sem á við andlega eða líkamlega fötlun að stríða eða þarfnast af öðrum ástæðum sérstaks aðbúnaðar skal afplána í því fangelsi sem uppfyllir skilyrði um slíkan aðbúnað. Hið sama gildir um heyrnarlausa, heyrnarskerta og daufblinda fanga.

3. gr.

Við 34. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Heyrnarlaus, heyrnarskertur eða daufblindur fangi á rétt á að fá táknmálstúlk sér til aðstoðar þegar hann fær heimsóknir.

4. gr.

Við 36. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Fangelsi skal útvega heyrnarlausum, heyrnarskertum og daufblindum föngum sérstakan útbúnað til að annast samskipti samkvæmt þessari grein.

5. gr.

Á eftir 40. gr. laganna kemur ný grein sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

Heyrnarlausir, heyrnarskertir og daufblindir fangar.

Heyrnarlaus, heyrnarskertur eða daufblindur fangi á rétt á að fá aðstoð túlks þegar honum er gerð grein fyrir réttindum sínum og skyldum í afplánun og í samskiptum sínum við fangaverði og aðra starfsmenn fangelsisins. Hann á jafnframt rétt á að hafa samband við lögmann sinn með aðstoð túlks. Þá skal heyrnarlaus, heyrnarskertur eða daufblindur fangi njóta sömu réttinda og þjónustu og almennt gildir um þá sem tala íslensku, m.a. með tilliti til menntunar, fræðslu- og afþreyingarefnis, vinnu o.fl.

Breyting á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
   Þingmálið er íslenska eða íslenska táknmálið. Dómari skal kalla til táknmálstúlk þegar þess er þörf og greiðist kostnaður af störfum hans úr ríkissjóði.
b. 1. málsl. 4. mgr. orðast svo: Ef maður, sem á að gefa skýrslu fyrir dómi, er ekki fær um að eiga orðaskipti á mæltu máli skal dómari kalla til táknmálstúlk til aðstoðar.
c. 2. málsl. 4. mgr. orðast svo: Um heit slíks manns og staðfestingu fer eftir ákvæðum 2. mgr.

Breyting á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
   Þingmálið er íslenska eða íslenska táknmálið.
b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:
   Ef maður, sem á að gefa skýrslu fyrir dómi, er ekki fær um að eiga orðaskipti á mæltu máli skal dómari kalla til táknmálstúlk til aðstoðar og greiðist kostnaður af störfum hans úr ríkissjóði.

Breyting á lögum um aðför, nr. 90/1989.

8. gr.

Við 22. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Ef gerðarþoli, gerðarbeiðandi, fyrirsvarsmaður aðila eða málsvari notar íslenska táknmálið skal sýslumaður kalla til táknmálstúlk til aðstoðar.

Breyting á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997.

9. gr.

Á eftir 1. mgr. 44. gr. laganna kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Þjóðkirkjan skal veita sóknarmönnum sem nota íslenska táknmálið sömu þjónustu og þeim sem tala íslensku.

Breyting á stjórnsýslulögum, nr. 37/1993.

10. gr.

Á eftir 1. mgr. 7. gr. laganna kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Stjórnvald skal kalla til táknmálstúlk til aðstoðar ef sá sem til þess leitar notar íslenska táknmálið og skal táknmálstúlkur jafnframt vera til staðar eftir því sem þörf krefur uns mál er til lykta leitt.

11. gr.

Við 32. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Ef einhver nefndarmanna notar íslenska táknmálið skal stjórnvald útvega nefndinni táknmálstúlk til aðstoðar.

II. KAFLI

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Breyting á lögum um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997.

12. gr.

Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Sjúklingur sem notar íslenska táknmálið á rétt á þjónustu heilbrigðisstarfsmanns sem kann táknmál eða aðstoð táknmálstúlks.

III. KAFLI

Menntamálaráðuneyti.

Breyting á útvarpslögum, nr. 53/2000.

13. gr.

Við 1. mgr. 7. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Útvarpsstöðvar skulu virða jafna stöðu íslenskunnar og íslenska táknmálsins og gæta þess að mismuna ekki borgurum eftir því hvort málið þeir nota.

14. gr.

Á eftir 1. mgr. 8. gr. laganna kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Efni sem sent er út með íslensku tali skal ávallt fylgja íslenskur texti eða túlkun á íslenskt táknmál.

Breyting á lögum um leikskóla, nr. 78/1994.

15. gr.

Við 15. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Barn sem notar íslenska táknmálið skal njóta handleiðslu leikskólakennara sem hefur fullnægjandi kunnáttu í íslenska táknmálinu og menningarfræði heyrnarlausra.

Breyting á lögum um grunnskóla, nr. 66/1995.

16. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Grunnskólinn skal veita nemendum sem nota íslensku og íslenska táknmálið sömu þjónustu og ber að tryggja að kennarar og annað starfslið hafi fullnægjandi kunnáttu í íslenska táknmálinu.

17. gr.

A-liður 2. mgr. 30. gr. laganna orðast svo: íslenska, íslenska fyrir heyrnarlausa og íslenska táknmálið.

Breyting á lögum um framhaldsskóla, nr. 80/1996.

18. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Framhaldsskólinn skal veita nemendum sem nota íslensku og íslenska táknmálið sömu þjónustu og ber að tryggja að kennarar og annað starfslið hafi fullnægjandi kunnáttu í íslenska táknmálinu.

19. gr.

Á eftir 4. mgr. 21. gr. laganna kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Í aðalnámskrá skal kveðið á um kennslu í íslensku fyrir heyrnarlausa og íslenska táknmálinu.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var áður lagt fram á 130., 131. og 133. löggjafarþingi en varð ekki útrætt.

Frumvarpið er flutt samhliða frumvarpi til laga um íslenska táknmálið og réttindi heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra. Með frumvarpinu eru lagðar til nauðsynlegar breytingar á ýmsum lögum til að styrkja réttarstöðu þeirra sem nota íslenska táknmálið, einkum hvað varðar rétt til að nota það í samskiptum sínum við ríki, sveitarfélög og stofnanir þeirra. Ljóst er að ef frumvarp til laga um íslenska táknmálið sem fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra verður að lögum þarf að breyta fjölmörgum lögum í kjölfarið og þyrfti hvert ráðuneyti fyrir sig að taka lög á sínu málefnasviði til gagngerrar endurskoðunar. Í þessu frumvarpi er tæpt á helstu atriðum sem þurfa lagfæringar við.

18. Frumvarp til laga [18. mál]

um breyting á ýmsum lagaákvæðum sem varða réttindi samkynhneigðra.

Flm.: Kolbrún Halldórsdóttir, Atli Gíslason, Katrín Jakobsdóttir, Ögmundur Jónasson, Bjarni Harðarson, Siv Friðleifsdóttir, Grétar Mar Jónsson.

Breyting á hjúskaparlögum, nr. 31/1993, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað orðanna „karls og konu“ í 1. gr. laganna kemur: tveggja einstaklinga.

2. gr.

1. málsl. 7. gr. laganna orðast svo: Stofna má til hjúskapar þegar hjónaefni hafa náð 18 ára aldri.

Brottfall laga um staðfesta samvist, nr. 87/1996, með síðari breytingum.

3. gr.

Lög um staðfesta samvist, nr. 87/1996, með síðari breytingum, falla brott.

Breyting á lögum um lögheimili, nr. 21/1990, með síðari breytingum.

4. gr.

2. málsl. 3. mgr. 7. gr. laganna fellur brott.

Breyting á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997, með síðari breytingum.

5. gr.

Orðin „staðfestri samvist, sbr. lög nr. 87/1996“ í 1. málsl. 7. mgr. 17. gr. laganna falla brott.

Breyting á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, með síðari breytingum.

6. gr.

Orðin „staðfestri samvist“ í 1. málsl. 3. mgr. 16. gr. laganna falla brott.

Breyting á lögum um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, nr. 155/1998, með síðari breytingum.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. Orðin „staðfestri samvist“ í 1. málsl. 3. mgr. falla brott.
b. Í stað orðanna „stofnar til sambúðar sem jafna má til hjúskapar eða stofnar til staðfestrar samvistar“ kemur: eða stofnar til sambúðar sem jafna má til hjúskapar.

Breyting á lögum um Lífeyrissjóð bænda, nr. 12/1999, með síðari breytingum.

8. gr.

Í stað orðanna „hjúskap, óvígða sambúð eða staðfesta samvist“ og „hjúskap, óvígðri sambúð eða staðfestri samvist“ í 2. mgr. 11. gr. laganna kemur: hjúskap eða óvígða sambúð; og: hjúskap eða óvígðri sambúð.

Breyting á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum.

9. gr.

4. mgr. 62. gr. laganna fellur brott.

10. gr.

Orðin „og einstaklingar í staðfestri samvist“ í 1. mgr. 80. gr. laganna falla brott.

Breyting á lögum um erfðafjárskatt, nr. 14/2004, með síðari breytingum.

11. gr.

Orðin „einstaklingur í staðfestri samvist með arfleifanda“ í 3. mgr. 2. gr. laganna falla brott.

Breyting á lögum um ættleiðingar, nr. 130/1999, með síðari breytingum.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Orðin „einstaklingar í staðfestri samvist“ í 1. mgr. falla brott.
b. Orðin „staðfestri samvist eða“ í 2. og 3. mgr. falla brott.

Breyting á lögum um tæknifrjóvgun, nr. 55/1996, með síðari breytingum.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Orðin „staðfestri samvist“ í a-lið 1. mgr. falla brott.
b. Orðin „staðfestri samvist eða“ í e-lið 1. mgr. falla brott.

14. gr.

Orðin „staðfestri samvist eða“ í 5. gr. laganna falla brott.

15. gr.

Orðin „í staðfestri samvist“ í 3. málsl. 1. mgr. 6. gr. laganna falla brott.

16. gr.

Orðin „staðfestri samvist eða“ í 2. mgr. 9. gr. og 4. mgr. 10. gr. laganna falla brott.

Breyting á barnalögum, nr. 76/2003, með síðari breytingum.

17. gr.

Í stað orðanna „staðfestri samvist eða óvígðri sambúð“ í 2. málsl. 3. gr. laganna kemur: óvígðri sambúð með annarri konu.

18. gr.

Orðin „staðfestri samvist eða“ í 2. mgr. 23. gr. laganna falla brott.

19. gr.

Lög þessi gildi 1. janúar 2008.

Greinargerð.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir að hjúskaparlögunum, nr. 31/1993, verði breytt þannig að þau gildi jafnt um öll pör, samkynhneigð sem gagnkynhneigð, og jafnframt að lögin um staðfesta samvist, nr. 87/1996, verði felld úr gildi.

Lögin um staðfesta samvist voru mikil réttarbót fyrir samkynhneigða, fjölskyldur þeirra, ættingja og vini. Þau gengu í gildi á alþjóðlegum frelsisdegi lesbía og homma 27. júní 1996 og voru gerð að fyrirmynd nágrannaþjóða okkar, Svía, Dana og Norðmanna. Í maí 2000 samþykkti Alþingi breytingar á lögunum um staðfesta samvist, þar sem stjúpættleiðingar barna fólks í staðfestri samvist voru heimilaðar og var Ísland annað landið í heiminum, á eftir Danmörku, þar sem þessi réttur var lögfestur. Þá voru einnig rýmkuð skilyrði varðandi ríkisborgararétt í tengslum við staðfesta samvist og lagfærð tiltekin lagatæknileg atriði.

Á grundvelli skýrslu nefndar forsætisráðherra um réttarstöðu samkynhneigðra, sem lögð var fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004, var svo lagt fram frumvarp í nóvember 2005 þar sem lagðar voru til fjölþættar breytingar sem höfðu að markmiði að afnema þá mismunun sem enn fannst í lögum varðandi réttarstöðu samkynhneigðra. Þar var um að ræða skilyrði fyrir stofnun staðfestrar samvistar, skráningu staðfestrar samvistar í þjóðskrá, ýmis réttindi varðandi almannatryggingar, lífeyrisréttindi, fæðingarorlof, skattalega meðferð tekna og eigna, skipti dánarbúa o.fl. Einnig að heimild samkynhneigðra para til að ættleiða börn yrði sú sama og gagnkynhneigðra para og lesbískum konum í óvígðri sambúð eða staðfestri samvist yrði heimilað að gangast undir tæknifrjóvgun. Lög á grundvelli þessa frumvarps voru samþykkt á Alþingi 2. júní 2006. Eftir þessa breytingu má segja að óvígð sambúð samkynhneigðra sé lögð að jöfnu við óvígða sambúð gagnkynhneigðra, enda var það yfirlýst markmið ríkisstjórnarinnar og kom fram í greinargerð með frumvarpinu.

Það sem upp á vantar, til að samkynhneigðir og gagnkynheigðir séu að fullu jafnir fyrir lögunum, varðar hinn formlega þátt staðfestrar samvistar eða hjúskapar. Samkvæmt lögunum um staðfesta samvist eru það einungis sýslumenn og löglærðir fulltrúar þeirra sem hafa heimild til að staðfesta samvist para. Þannig er samkynhneigðum pörum ókleift að öðlast kirkjulega vígslu og það sama gildir um sáttaumleitanir í tengslum við skilnað. Samkvæmt lögunum um staðfesta samvist eru það aðeins sýslumenn eða dómarar sem leitað geta sátta milli einstaklinga í staðfestri samvist en ekki prestar eða forstöðumenn trúfélaga eins og þegar um gagnkyhneigð pör er að ræða. Þetta eru hin formlegu atriði sem gera það að verkum að tvenn lög gilda í landinu um hjúskap einstaklinga; önnur um gagnkynhneigð pör en hin um samkynhneigð pör.

Það er mat flutningsmanna að það sé grundvallaratriði að löggjöfin mismuni ekki fólki. 65. gr. stjórnarskrárinnar er ætlað að koma í veg fyrir að slíkt gerist. Samkvæmt henni skulu allir vera jafnir fyrir lögunum, en segja má að á meðan tvenn lög gilda um hjúskap, eftir kynhneigð fólks, sé farið fram hjá þessari grundvallarreglu. Þann 6. desember 2005 barst Alþingi áskorun frá Samtökum foreldra og aðstandenda samkynhneigðra (FAS) um að breyta hjúskaparlögunum á þann veg að þau þjónuðu bæði gagnkynhneigðu og samkynhneigðu fólki. Sú áskorun skipti sköpum um tilurð þessa frumvarps og er greinargerð sem fylgdi áskoruninni aðgengileg á heimasíðunni: http://samtokinfas.is/.

Málefni samkynhneigðra hafa lengi verið á dagskrá þjóðkirkjunnar og ofarlega á baugi í umræðu innan hennar, sem og annars staðar í kirkjum víða um heim. Þetta kemur m.a. fram í drögum að ályktun kenningarnefndar kirkjunnar frá apríl 2006, sem endurskoðuð voru eftir prestastefnu og kirkjuþing 2006. Þjóðkirkjan hefur með umsögnum sínum komið að vinnu löggjafans við þær lagabreytingar. Innan kirkjunnar hafa verið skiptar skoðanir um einstaka

þætti málsins en á sínum tíma studdi þjóðkirkjan setningu laganna um staðfesta samvist. Nefnd forsætisráðherra frá 2004, sem hér hefur verið getið um, hvatti þjóðkirkjuna til að breyta afstöðu sinni til hjónabanda samkynhneigðra þannig að samkynhneigðir gætu fengið kirkjulega vígslu eins og gagnkynhneigð pör. Um þann þátt málsins hefur verið ágreiningur innan kirkjunnar.

Samtök foreldra og aðstandenda samkynhneigðra (FAS) og Prestafélag Íslands hafa markvisst unnið að því að leysa ágreiningsmálin sem komið hafa upp varðandi samkynhneigða, trú og kirkju. Í því augnamiði stofnuðu félögin til þriggja málþinga á árunum 2004 og 2005, sem fjölluðu hvert á sinn hátt um afmarkaða þætti. Hið fyrsta bar yfirskriftina Hvar stöndum við?, annað Fjölskyldur samkynhneigðra og hjúskaparform, og hið þriðja Getur íslenska Þjóðkirkjan haft frumkvæði í málefnum samkynhneigðra? Afrakstur málþinganna og erindin sem þar voru flutt birtust í 1. tbl. Kirkjuritsins 71. árg. og gefa þau glögga mynd af vel ígrundaðri afstöðu og rökstuðningi fræðimanna, presta, lögfræðinga og leikmanna. Við skoðun helstu þátta ágreiningsins liggur nokkuð ljóst fyrir að tímabært er að ein hjúskaparlög gildi um alla borgara landsins. Með því mælir einnig Sólveig Anna Bóasdóttur í ágætri grein *Kristinn mannskilningur, Kynverund – kynheilsa – kynverundarréttindi*, sem birtist í Ritröð Guðfræðistofnunar 2007.

Í skýrslu nefndar forsætisráðherra um réttarstöðu samkynhneigðra frá 2004 er ítarlega farið yfir sambúðarform samkynhneigðra í nágrannalöndum okkar auk þess sem gerð er grein fyrir ýmsum álitaefnum er varða vernd fjölskyldulífs og rétt samkynhneigðra til að ganga í hjúskap. Þar kemur í ljós að Svíar, og nú við Íslendingar, höfum gengið einna lengst Norðurlandaþjóðanna í að jafna rétt samkynhneigðs fólks og gagnkynhneigðs. Síðan skýrslan kom út hafa Svíar hafið undirbúning að lagabreytingum sem leggja munu hjúskap samkynhneigðs fólks að jöfnu við hjúskap gagnkynhneigðra. Þar í landi er undirbúningur lagabreytinga afar gagnsær og almenningi gert kleift að fylgjast með hugmyndunum, sem ríkisstjórnin vinnur eftir. Lagabreytingavinnunni er skipt í skilgreind þrep og er þetta tiltekna lagafrumvarp nú statt á öðru þrepi af sjö, áður en það verður að lögum. Núna er í undirbúningi skýrsla sem verður grundvöllur væntanlegs frumvarps og hafa höfundar skýrslunnar skilgreint efnistökin á eftirfarandi hátt:

a. Gera skal grein fyrir öllum rökum gegn því að leyfa einstaklingum af sama kyni að ganga í hjónaband.
b. Taka skal afstöðu til þess hvort rýmka eigi heimild til þess að ganga í hjónaband þannig að hún nái einnig til para af sama kyni.
c. Taka skal afstöðu til þess hvaða formlegu skilyrði eigi að gilda um hjónavígsluna, þ.e. hvort hún eigi að felast í veraldlegri og/eða trúarlegri athöfn.
d. Hvort leiðtogar trúarsafnaða eigi að hafa heimild til að gefa fólk saman með sama hætti og borgaralegir aðilar.
e. Að gera tillögur um breytingar á lögum um staðfesta samvist.

Höfundar sænsku skýrslunnar halda því fram að þótt ekki sé hægt að byggja kröfuna um hjónaband tveggja einstaklinga af sama kyni á alþjóðalögum um mannréttindi, þá sé sannarlega ekkert í alþjóðlegum skuldbindingum sem komi í veg fyrir að ríki lögleiði slík hjónabönd. Einnig er lögð áhersla á að staðfest samvist og hjónaband hafi nú þegar sambærilega stöðu fyrir lögum þannig að ekki sé ástæða til að gera upp á milli möguleika gagnkynhneigðra og samkynhneigðra til þess að ganga í hjónaband. Þá er því haldið fram að hefðbundin viðhorf til hjónabandsins geti breyst rétt eins og aldagamlir fordómar í garð samkynhneigðar hafa breyst. Sænska stjórnarskráin leggur þá skyldu á herðar löggjafanum að vinna

gegn misrétti (diskriminering) á grundvelli kynhneigðar og þótt skýrsluhöfundar telji ekki hægt að halda því fram að samkynhneigðir séu beittir misrétti með því að vera neitað um að ganga í hjónaband, þá sé þar um mismunun að ræða.

Eftirfarandi atriði hefur verið fjallað um í sænsku skýrslunni:

a. Hugtakið „hjónaband“.
   Ýmis trúarfélög, þar á meðal sænska þjóðkirkjan, hafa sagt hjónabandið einungis geta náð yfir sambúð karls og konu og þess vegna skuli annað lagalegt hugtak notað um sambúð tveggja einstaklinga af sama kyni. Höfundum þykja þessi rök mega sín lítils í ljósi þess að það er
   i. óþarfi að finna upp nýtt heiti,
   ii. hugsanlega erfitt að finna nýtt sambærilegt hugtak við hjónabandið og
   iii. hætta á að fyrir erlendum yfirvöldum yrði nýja heitið álitið hafa minna gildi en hjónabandið.
b. Æxlun.
   Það er ekki skilyrði fyrir því að einstaklingar teljist hjón að þeir eigi saman börn. Þess vegna er ekki hægt að beita þeim rökum gegn hjónabandi samkynhneigðra að ríkið verði að vernda hjónabandið sem þjóðfélagslega stofnun fyrir barneignir og barnauppeldi.
c. Sjónarhóll barnsins.
   Mikilvægara virðist að samband foreldra barns sé gott og tryggt en að foreldrar þess séu karl og kona. Ef eitthvað er til í þeirri fullyrðingu að það veiti barninu sterkari öryggiskennd ef uppalendur þess eru hjón, er erfitt að réttlæta þá stefnu að þeir megi ekki giftast séu þeir af sama kyni.
d. Önnur sambúðarform.
   Ekki verður séð að hjónaband samkynhneigðra muni rýra gildi eða tíðni hjónabanda gagnkynhneigðra. Ný sambúðarform væru það mikið frávik frá hjónabandi, t.d. milli aðila af saman kyni, að ekki verður séð að lögleiðing slíks hjónabands fæli það í sér að fjölskylduformið tæki algjörum stakkaskiptum.
e. Þörfin fyrir breytingar á lögum.
   Heppilegra er að afnema lögin um staðfesta samvist og láta ein og sömu hjúskaparlög gilda jafnt um hjón af sama kyni sem og af báðum kynjum enda er lagalegur munur á hjónabandi og staðfestri samvist nánast enginn. Fyrir því er einnig útbreiddur vilji.
f. Hugsanlegar flækjur í samskiptum við önnur ríki.
   Engin vandamál fylgdu því þegar ýmis ríki lögleiddu staðfesta samvist. Því ætti ekki að koma til neinna lagaflækja tengdra einkarétti og réttarfarslögum ef og þegar hjónaband samkynhneigðra yrði lögleitt.
g. Ályktun höfunda skýrslunnar.
   Rökin með breytingu á hjúskaparlögum virðast sterkari en rökin á móti. Sömu lög eiga að gilda og áður með þeirri breytingu að ekki er tekið tillit til kyns eða kynhneigðar hjóna.

Niðurstaða skýrsluhöfunda er sú að bráðabirgðaráðstafanir vegna lagaskila eigi að vera þær að sérhver staðfest samvist sem ekki hefur verið rift verði endurskilgreind sem hjónaband. Í skýrslunni er einnig tekið á álitamálum er tengjast reglugerðum Evrópuráðsins og samspili við erlenda löggjöf.

Röksemdir sænsku skýrsluhöfundanna eru afar sambærilegar rökum þeirra sem fluttu erindi á málþingum FAS og Prestafélags Íslands. Benda má sérstaklega á erindi Láru Júlíusdóttur, hæstaréttarlögmanns og lektors við Háskóla Íslands, *Hvað er hjónaband í skilningi*

laganna? og erindi Sólveigar Önnu Bóasdóttur, guðfræðings og doktors í guðfræðilegri siðfræði, *Hjónaband samkynhneigðra: hvers vegna – hvers vegna ekki?* Það sem kannski skilur á mill eru vangaveltur um orðsifjafræði. Um hana fjallar sr. Sigfinnur Þorleifsson m.a. í erindi sínu *Er ástæða til að endurskoða hjónaritual kirkjunnar?*

Við samningu frumvarps þessa hafa verið vangaveltur um það hvort, af orðsifjafræðilegum ástæðum, væri rétt að finna annað orð yfir hið formlega sambúðarform samkynhneigðra. Í því sambandi hafa verið nefnd orð eins og „festarband“ , „tryggðaband“ eða „tvíband“, jafnvel að halda mætti hugtakinu „staðfest samvist“. Eftir nokkra yfirlegu er það niðurstaða flutningsmanna að slík niðurstaða sé óheppileg þar sem hún viðhaldi aðgreiningunni sem frumvarpinu er ætlað að koma í veg fyrir. Það er því lagt til hér að orðin „hjónaband“ og „hjúskapur“ verði notuð yfir hið formlega sambúðarform hvort sem parið er tveir einstaklingar af sama kyni eða tveir einstaklingar af gagnstæðu kyni. Frumvarpið varðar í sjálfu sér mannréttindi og er fyrst og fremst hugsað til að jafna rétt samkynhneigðra para til að ganga í hefðbundið hjónaband. Það er mat flutningsmanna að það væri vel viðeigandi að Alþingi Íslendinga samþykkti lagafrumvarp sem tryggði öllum sömu réttindi varðandi hjúskap og hjónaband á *Evrópuári jafnra tækifæra 2007*.

19. Frumvarp til laga [19. mál]

um breytingu á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna, nr. 21/1992, með síðari breytingum.

Flm.: Birkir J. Jónsson, Guðni Ágústsson, Siv Friðleifsdóttir, Magnús Stefánsson.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. 1. tölul. orðast svo: að veita námsmönnum námslán og námsstyrki samkvæmt lögum þessum.
b. 4. tölul. orðast svo: að setja reglur um úthlutun námslána og breytingu námslána í styrki samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Við 4. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Eðlileg námsframvinda í námsgrein miðast við reglur í þeim skóla þar sem nám er stundað.
b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Þriðjungur af upphæð námsláns breytist í styrk ljúki námsmaður lokaprófum á tilskildum tíma samkvæmt reglum viðkomandi skóla sem háðar eru samþykki menntamálaráðherra. Ljúki námsmaður ekki lokaprófum samkvæmt reglum viðkomandi skóla og á tilskildum tíma og geti hann ekki framvísað vottorði um lögmæt forföll verður ekki af styrkveitingu. Styrkurinn er skattfrjáls og óháður tekjum viðkomandi námsmanns. Í vafatilvikum sker stjórn sjóðsins úr um hvort námsmaður telst hafa lokið lokaprófum á tilskildum tíma.

3. gr.

Fyrirsögn II. kafla laganna orðast svo: **Um námslán og námsstyrki.**

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á árunum 2003–2005 var brottfall nemenda í háskólum landsins á bilinu 19–57% eftir eins árs nám. Það var meira meðal nemenda ríkisháskólanna en þeirra einkareknu. Brottfall í svo miklum mæli er menntakerfinu dýrt og mikilvægt er að sporna við því með tiltækum ráðum. Öflug náms- og starfsráðgjöf er mikilvægur hlekkur í þeirri viðleitni en auk þess má nýta hagræna hvata til þess að hvetja námsmenn til að ljúka námi sem þeir hefja.

Víða á Norðurlöndunum tíðkast að verðlauna námsmenn fyrir að ljúka formlegu námi með viðunandi hætti og á tilskildum tíma með því að breyta hluta námslána þeirra í óafturkræfan styrk. Í því er fólginn sparnaður fyrir menntakerfið í heild þar sem hvati til þess að ljúka námi á tilsettum tíma er aukinn verulega og sparnaður næst á móti í menntakerfinu. Í frumvarpi þessu er lagt til að Íslendingar feti í fótspor frændþjóða sinna með viðlíka tilhögun. Íslenska leiðin verði sú að ljúki námsmaður námi samkvæmt reglum viðkomandi skóla og á tilskildum tíma breytist þriðjungur af námsláni hans í óafturkræfan styrk sem hvorki verði tekjutengdur eða skattlagður. Víðast hvar á Norðurlöndunum eru námsstyrkir ekki bundnir því skilyrði að námsmaður ljúki formlegu námi en hér er lagt til að svo verði. Breyting af þessu tagi hvetur mjög til þess að námsmenn ljúki námi á þeim tíma sem skólinn miðar við. Þó er gert ráð fyrir að námsmenn sem ljúka námi ekki á tilskildum tíma en geta framvísað vottorði um lögmætar tafir njóti þessara breytinga. Lögmætar tafir eru skilgreindar af stjórn LÍN en gætu m.a. verið langtímaveikindi, fæðingarorlof og slys sem hamla námi tímabundið.

Áætlaður kostnaður við þessa lagabreytingu er um 1,6 milljarðar kr. Útlán LÍN eru um 9,5 milljarðar kr. í ár (2007) og eru áætluð 10,7 milljarðar kr. árið 2008. Árlegt framlag ríkisins er samkvæmt nýjustu útreikningum Ríkisendurskoðunar 51% af heildarútlánum sem skýrist af vaxtaniðurgreiðslum annars vegar og afföllum hins vegar. Í heildina mundi kosta rúma 3 milljarða kr. að breyta þriðjungi námslána í styrk en þar sem helmingurinn er nú þegar ríkisframlag vegna áður greindra ástæðna er breytingin hér metin á 1,6 milljarða kr. Á móti kemur sparnaður í menntakerfinu ljúki námsmenn námi á tilskildum tíma.

Gert er ráð fyrir að stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna skeri úr um álitamál sem kunna að rísa vegna þessa. Líkt og öðrum úrskurðum stjórnar má skjóta þeim til málskotsnefndar sem skipuð er af menntamálaráðherra sbr. 5. gr. a í lögunum.

Að sama skapi þarf í þessu samhengi að huga að stöðu þeirra nemenda sem stunda lánshæft lán en kjósa að taka ekki lán hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna. Á síðasta námsári voru 16–18.000 nemendur í háskólum og sérskólum á háskólastigi á Íslandi. Lánþegar LÍN á sama tímabili voru rétt rúmlega 9000 talsins. Einhver hluti þeirra námsmanna sem ekki taka lán hjá LÍN er ekki lánshæfur en þó má gera ráð fyrir að þúsundir námsmanna kjósi að framfleyta sér með öðrum hætti en með lántöku. Framsóknarmenn vilja meta reynsluna af þessu máli þegar fram í sækir til að gæta jafnræðis meðal námsmanna og skoða alvarlega þann möguleika að jafna möguleika námsmanna til þess að hljóta styrk, bæði þeirra sem taka lán til framfærslu á námstíma og hinna sem kjósa að framfleyta sér með öðrum hætti. Mætti hugsa sér að þeir gætu sótt um styrk að námi loknu, þar sem tekið yrði tillit til tekna viðkom-

andi á námstímanum. Styrkirnir yrðu þó tekjutengdir með sama hætti og útreikningar og lánshæfi lántaka gera ráð fyrir.

20. Tillaga til þingsályktunar [20. mál]

um skipan lánamála og sambærileg lánakjör einstaklinga hér á landi og annars staðar á Norðurlöndum.

Flm.: Jón Magnússon, Grétar Mar Jónsson,
Guðjón A. Kristjánsson, Kristinn H. Gunnarsson.

Alþingi ályktar að fela viðskiptaráðherra að leita leiða til að koma skipan húsnæðislána og lána til neytenda í svipað horf og annars staðar á Norðurlöndum þannig að verðtrygging verði afnumin og samkeppni á lánamarkaði fyrir neytendur tryggð. Gjaldtaka lánastofnana verði svipuð og annars staðar á Norðurlöndum. Þá láti ráðherra fara fram skoðun á orsökum þess að lánakjör neytenda eru önnur á Íslandi en um ræðir annars staðar í okkar heimshluta.

Greinargerð.

Ítrekað hefur komið fram í samanburðarkönnunum milli Íslands og annarra Norðurlanda á lánakostnaði einstaklinga og fjölskyldna að kostnaður einstaklinga og fjölskyldna hér á landi er til muna hærri en gerist í okkar heimshluta. Þar munar mestu um að við höfum sérstaka verðtryggingu sem miðast við tilbúna reiknieiningu, vísitölu neysluverðs til verðtryggingar. Áfallinni vísitölu er bætt við höfuðstól lánanna samkvæmt ákveðnum reglum og vextir eru ekki línulegir heldur miðaðir við uppfærða vísitölu á gjalddaga sem allt veldur því að kostnaður lántakenda hér á landi við endurgreiðslu lána er til muna hærri en annars staðar á Norðurlöndum.

Ljóst er miðað við skuldastöðu heimilanna í dag að miklir erfiðleikar verða innan skamms tíma vegna ofurvaxta lánastofnana og verðtryggingar sem veldur því að lánakjör eru hér mjög óhagstæð.

Eina réttlæting þess að vísitölubinda lán er að gjaldmiðli þjóðarinnar er ekki treyst. Vegna þessa vantrausts hefur verið tekin upp sérstök hjálparmynt sem ber heitið vísitala neysluverðs til verðtryggingar. Útreikningur og hækkanir á viðmiðum vísitölunnar fara eftir sérstökum reikniaðferðum en geta aldrei tekið tillit til eðlilegra viðbragða neytenda við breytingum á vöruverði, t.d. að breyta frá dýrari vöru í ódýrari við verðhækkun. Nauðsynlegt er að íslenska krónan eða sá gjaldmiðill sem notaður er og verður hér á landi geti verið lögeyrir í öllum viðskiptum hvort heldur er í almennum vöruviðskiptum eða lánaviðskiptum til lengri eða skemmri tíma.

Réttlæting lánastofnana á Íslandi fyrir háum vöxtum og nauðsyn verðtryggingar er sú að þar sé um að ræða aukakostnað sem neytendur þurfi að bera vegna íslensku krónunnar. Við könnun á ástæðum þess af hverju lánakjör eru mun óhagstæðari hér á landi fyrir neytendur en annars staðar í okkar heimshluta hlýtur að koma til skoðunar hvort það sé raunin að neytendur beri gríðarlegan aukakostnað af því að við skulum halda úti sjálfstæðri mynt, íslensku krónunni. Sé það raunin að íslenskir neytendur, íslenskar fjölskyldur, beri ofurvexti og búi við óhagstæð lánakjör vegna íslensku krónunnar þá ber að skoða hvað sá kostnaður er mikill

fyrir fólkið í landinu. Þá verður jafnframt að skoða hvort það sé eðlilegt eða réttlætanlegt að einstaklingarnir, fjölskyldurnar í landinu, hinn litli lántakandi, beri meginhluta kostnaðarins af því óhagræði sem kann að vera fólgið í því að við notum íslensku krónuna og högum gjaldeyrisskráningu með þeim hætti sem nú er.

Á þeim tíma sem gengi íslensku krónunnar hefur haldist hátt hefur vísitala neysluverðs til verðtryggingar samt hækkað töluvert. Til þess liggja þær ástæður að vísitala neysluverðs til verðtryggingar tekur aldrei og getur ekki tekið mið af öllum aðstæðum markaðarins frekar en annar tilbúinn lögeyrir getur gert. Vísitölubundin lán hafa því hækkað umtalsvert undanfarin ár á sama tíma og lán sem stærstu lántakendunum hafa lengi staðið til boða hafa lækkað að raungildi í íslenskum krónum.

Íslenskar fjármálastofnanir hafa í auknum mæli boðið neytendum að taka gengisbundin lán. Margir hafa nýtt sér þann valkost. Nauðsynlegt er að kanna hvort kjör þeirra lána séu með sama eða svipuðum hætti og sambærileg lánakjör annars staðar á Norðurlöndum.

Vegna gengisáhættu þar sem margir telja að íslenska krónan sé allt of hátt skráð hafa margir, þar á meðal Neytendasamtökin, ráðlagt fólki frá því að taka gengisbundin lán að svo stöddu. Spurning getur verið um þá ráðgjöf en reynslan sýnir að kostnaður við lántöku annars vegar í erlendum gjaldmiðlum en hins vegar með vísitölu neysluverðs til verðtryggingar kemur út með þeim hætti að vísitölubundnu lánin eru til muna óhagstæðari en lán tekin í erlendri mynt.

Hér er um mikilvægasta hagsmunamál íslenskra lántakenda að ræða, unga fólksins í landinu, fjölskyldna sem hafa skuldsett sig mikið til að koma sér upp þaki yfir höfuðið. Breytingar í efnahagslífinu munu hafa veruleg og afgerandi áhrif og gætu leitt til fjöldagjaldþrota. Nauðsynlegt er að Alþingi og ríkisstjórn bregðist við áður en þessi fyrirsjáanlegi vandi verður að veruleika.

Nauðsynlegt er að hér geti verið eðlilegur lánamarkaður fyrir neytendur sem bjóði einstaklingunum og fjölskyldunum upp á lánakjör eins og þau gerast best í okkar heimshluta í stað þess að bjóða upp á lánakjör sem eru þau verstu í okkar heimshluta.

Meðal annars af framangreindum ástæðum telja flutningsmenn nauðsynlegt að Alþingi samþykki þingsályktunartillögu þessa til að tryggja hagsmuni fólksins í landinu sem best og koma í veg fyrir að neytendur þurfi að búa við vaxtaokur umfram það sem nokkurs staðar þekkist í okkar heimshluta.

21. Tillaga til þingsályktunar [21. mál]

um heilsársveg yfir Kjöl.

Flm.: Kjartan Ólafsson, Kristján Þór Júlíusson, Guðni Ágústsson, Einar Már Sigurðarson, Valgerður Sverrisdóttir, Árni Johnsen, Bjarni Harðarson, Björk Guðjónsdóttir, Grétar Mar Jónsson, Birkir J. Jónsson, Ólöf Nordal, Bjarni Benediktsson, Jón Gunnarsson, Ármann Kr. Ólafsson, Jón Magnússon, Ásta Möller.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna þjóðhagslega hagkvæmni þess að leggja heilsársveg yfir Kjöl. Jafnframt verði gerð forkönnun á umhverfisáhrifum og könnuð samfélagsleg áhrif framkvæmdarinnar, m.a. á atvinnustarfsemi og byggðir landsins. Ríkisstjórnin skili Alþingi skýrslu um málið fyrir 1. apríl 2008.

Greinargerð.

Ekki er langt síðan farið var að tala af alvöru um þann möguleika að stytta leiðina milli Norður- og Suðurlands með bættum hálendisvegum. Á síðustu árum hefur hins vegar mikið verið um þetta rætt af fullri alvöru með það að markmiði að tengja saman fjölmennustu byggðir landsins. Árið 2003 tók Vegagerðin saman stutta samantekt um styttingu leiða en í henni var m.a. velt upp þeim möguleika að fara um Kjöl og virkja aftur þessa fornu samgönguleið sem Íslendingar hafa nýtt sér um aldir. Sívaxandi þungi ferðamannaumferðar er nú á gamla Kjalvegi með tilheyrandi skemmdum á bifreiðum og rykmengun.

Undirbúningsvinna og stuðningur við framkvæmdina.

Félagið Norðurvegur ehf. hefur látið vinna úttektir á samfélags- og byggðaáhrifum sem framkvæmdin kynni að valda. Enn fremur hefur félagið látið vinna fyrstu athugun varðandi rekstrarkostnað, stofnkostnað, umferðarspá og hagkvæmni framkvæmdarinnar. Loks hefur verið gerð skoðanakönnun sem sýnir að 52,6% landsmanna eru mjög hlynnt eða frekar hlynnt lagningu heilsársvegar yfir Kjöl. Enn meiri stuðningur er við framkvæmd sem þessa á Akureyri, 66,1%, og 64,7% í Árborg. Þessi gögn munu nýtast við frekari athuganir og undirbúningsvinnu. Vegagerðin hefur enn fremur skoðað veðurfar á hálendinu með vegarlagningu í huga.

Að tengja saman fjölmennustu byggðir landsins.

Allar líkur benda til þess að hægt sé að leggja nýjan Kjalveg frá þjóðvegi 1 við Silfrastaði í Skagafirði yfir að Gullfossi. Slíkur vegur lægi upp Goðdalafjall að norðan og svo áfram sem leið liggur milli jökla, lægi síðan austan við Bláfell og mundi enda við umferðarmiðstöðina við Gullfoss. Það mun þýða 47 km styttingu milli Reykjavíkur og Akureyrar (farið um Hellisheiði). Vegalengd fer úr 388 km niður í 341 km. Stytting milli Selfoss og Akureyrar verður 141 km, úr 430 km niður í 289 km. Fyrstu athuganir benda til þess að vetraraðstæður á Kili verði ekki að ráði verri en á fjallvegum á Norður- og Austurlandi.

Ekki þarf að fjölyrða um gífurleg jákvæð byggða- og samfélagsleg áhrif framkvæmdarinnar með tengingu búsvæða. Gera má ráð fyrir því að samkeppni aukist með minni fjarlægðarvernd fyrirtækja bæði fyrir sunnan og norðan, þó sérstaklega fyrir norðan. Flutningskostnaður fyrirtækja mun einnig líklega lækka.

Aukið öryggi og umhverfismál.

Framkvæmdin sem slík styttir vegalengdir milli tveggja fjölmennustu svæða landsins frá 50–150 km eftir því við hvaða staði er miðað. Þessi stytting á leiðinni þýðir mun minni olíueyðslu og minni mengun og þar með minna útstreymi gróðurhúsalofttegunda. Norðurvegur hefur látið reikna út fyrir sig að með vegstyttingu mun losun gróðurhúsalofttegunda minnka um 1.500 tonn á ári. Með færri eknum kílómetrum vegna styttingar fækkar slysum að sama skapi. Einnig er líklegt að gert yrði ráð fyrir að vegurinn yrði breiðari en þjóðvegur 1 sem nær ekki nema 6,5 m breidd víða. Breiðari vegur eykur öryggistilfinningu ökumanna. Öryggi eykst jafnframt með því að umferð dreifist á fleiri en eina leið.

Ferðaþjónusta.

Nýr Kjalvegur mun hafa gríðarleg áhrif á ferðaþjónustu og dreifa sívaxandi fjölda ferðamanna erlendra og innlendra betur um landið en nú er gert. Framkvæmdin mun auka tekjur í ferðaþjónustu og gera landsmönnum kleift að bregðast betur við vaxandi ferðamanna-

straumi. Vegurinn mun tengja saman helstu ferðamannasvæði landsins og ekki verður nema rúmlega 200 km leið milli Gullfoss og Akureyrar svo dæmi sé tekið. Nýr ferðamannaöxull verður til milli Gullfoss og Mývatns sem gefa mun mikla möguleika. Kjalvegur mun lengja ferðamannatímabilið á Norðurlandi en þar er minnst fjölgun gistinátta á landinu og styrking ferðaþjónustu þar því mjög mikilvæg. Nýr Kjalvegur getur einnig haft mikil áhrif á innlenda ferðamenn sem m.a. gætu skipt um veðursvæði með því að fara milli landshluta á rúmum 2 klst.

Byggðastefna stjórnvalda og samgönguáætlun.

Framkvæmd sem þessi, ef hagkvæm reynist, fellur vel að byggðastefnu stjórnvalda og öllum meginmarkmiðum í samgönguáætlun um að stytta leiðir og tengja byggðir betur saman. Þess má geta að markmið Evrópusambandsins í vegagerð er einfalt, en það er að tengja stærri byggðarlög, stytta leiðir og draga þar með úr samgöngukostnaði. Fjölmörg dæmi er hægt að nefna þar sem slík verkefni eru í gangi hjá sambandinu í gegnum Trans-European Networks áætlunina (TEN). Sama má segja um frændur okkar Norðmenn sem hafa eitt meginmarkmið í vegasamgöngum en það er að stytta leiðir og tengja þéttbýlustu svæðin á vesturströndinni við Óslóarsvæðið. Norðmenn fara í gegnum sitt hálendi á fimm stöðum með hálendisvegi sem eru allt að 600 km langir og ná upp í allt að 1.100 m hæð.

22. Frumvarp til laga [22. mál]

um breyting á lögum um dómstóla, nr. 15/1998.

Flm.: Lúðvík Bergvinsson, Jón Magnússon, Gunnar Svavarsson, Helgi Hjörvar.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Í stað 1. mgr. koma þrjár nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Í Hæstarétti eiga sæti níu dómarar sem forseti Íslands skipar ótímabundið samkvæmt tilnefningu forsætisráðherra að fengnu samþykki ⅔ hluta atkvæða á Alþingi.

Þegar ráðherra hefur ákveðið hvern hann hyggst gera tillögu um sem hæstaréttardómara tilkynnir hann forseta Alþingis um það. Tillaga ráðherra skal hljóta meðferð í sérnefnd skv. 32. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, áður en hún er borin undir atkvæði þingmanna. Nefndin skal fjalla um hæfni umsækjanda um embættið og skila skýrslu til þingsins með rökstuddri niðurstöðu um mat sitt innan fjögurra vikna. Jafnframt skal nefndin leita umsagnar Hæstaréttar um hæfi og hæfni umsækjanda til að gegna embættinu.

Samþykki Alþingi tillögu ráðherra leggur hann hana fyrir forseta Íslands. Synji Alþingi staðfestingar á tillögu ráðherra gerir hann aðra tillögu og skal hún fá sömu meðferð.

b. 4. mgr. fellur brott.

2. gr.

2. mgr. 29. gr. laganna orðast svo:

Forseti Íslands veitir dómara við Hæstarétt lausn frá embætti um stundarsakir samkvæmt tillögu forsætisráðherra, en dómsmálaráðherra veitir héraðsdómara slíka lausn. Áður en lausn er veitt um stundarsakir skal ráðherra afla skriflegrar umsagnar frá nefnd um dómarastörf.

3. gr.

1. mgr. 30. gr. laganna orðast svo:

Þegar hæstaréttardómara hefur verið veitt lausn frá embætti um stundarsakir höfðar forsætisráðherra fyrir hönd ríkisins mál á hendur honum fyrir héraðsdómi Reykjavíkur með kröfu um að honum verði vikið úr embætti með dómi. Dómsmálaráðherra höfðar mál á hendur héraðsdómara. Um rekstur máls fer eftir almennum reglum um meðferð einkamála að öðru leyti en því að það sætir flýtimeðferð og skal dómur skipaður þremur héraðsdómurum.

4. gr.

1. mgr. 31. gr. laganna orðast svo:

Forseti Íslands veitir dómurum við Hæstarétt lausn frá embætti samkvæmt tillögu forsætisráðherra en dómsmálaráðherra héraðsdómurum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Mál þetta var síðast flutt á 131. löggjafarþingi en varð þá eigi útrætt.

Í gegnum aldirnar hafa verið uppi mismunandi skýringar á því hvaðan vald valdhafanna er sprottið og í umboði hvers valdhafarnir fara með það. Þar hafa ýmsar hugmyndir verið á kreiki allt frá því að valdhafarnir fari með það í umboði æðri máttarvalda eins og hugmyndir m.a. í Frakklandi voru uppi um að valdið kæmi frá Guði. Ýmsir andmæltu því og skilgreindi enski heimspekingurinn John Locke borgaralegt samfélag og nauðsynlegt vald sem þyrfti að fylgja stofnun þess eitthvað á þessa leið í ritgerð sinni um ríkisvaldið sem út kom í London 1649: „Hvar sem einhver hópur manna er sameinaður í eitt samfélag, þannig að hver og einn hefur afsalað sér rétti til heildarinnar til að sjá um að náttúrurétti sé fylgt, þar og aðeins þar er borgaralegt samfélag. Og þessi sameining verður hvar sem einhver hópur manna í ríki náttúrunnar myndar með sér samfélag og gerist ein þjóð, ein ríkisheild undir einni æðstu stjórn, og hún verður líka þar sem einhver einn maður gerist þegn ríkis sem þegar er orðið til. Með því að gerast þannig þegn, gefur hann ríkinu eða löggjafarvaldi þess umboð til að setja sér lög að því marki sem nauðsynlegt er fyrri almannaheill. Með þessu flytja menn úr ríki náttúrunnar og setjast í ríki, það er með því að skipa jarðneska dómara sem hafa umboð til að skera úr öllum álitamálum og deilum og heimta rétt þeirra samfélagsborgara sem brotið hefur verið gegn. Þessir dómarar eru löggjafarvaldið eða erindrekar þess. Sérhver hópur manna – hvernig svo sem tengslum þeirra er háttað – sem ekki getur vísað málum sínum til slíks úrskurðarvalds, býr enn við ríki náttúrunnar.“ Hvernig svo sem menn skilgreina valdið eða uppsprettu þess þá er alveg ljóst að þetta vald er vandmeðfarið, einkanlega ef markmiðið er að haga meðferð þess þannig að það þjóni fyrst og fremst hagsmunum borgaranna. Sagan geymir ófá dæmi um annað.

Íslensk stjórnskipun byggist að meginstefnu til á þrígreiningu ríkisvalds, þ.e. að því er skipt upp í löggjafar-, framkvæmdar- og dómsvald. Hugmyndafræðin að baki þrígreiningu ríkisvaldsins er sú að ekki safnist of mikið vald á fárra hendur. Með því að skipta ríkisvaldinu upp með þessum hætti er markmiðið að reyna að takmarka áhættu af því að misfarið sé með ríkisvaldið. Kenningin um þrígreiningu ríkisvaldsins er oftast rakin til franska stjórnvitringsins Montesquieus og rits hans „De l´Esprit des Lois“ er út kom árið 1748. Rót hugmynda Montesquieus er jafnan rakin til þeirra áhrifa sem hann varð fyrir meðan hann dvaldi á Englandi þar sem innanlandsátök leiddu til að valdinu var skipt upp milli konungs og þings, en valdi þingsins var síðan skipt upp í efri og neðri deild. Samkvæmt kenningu Montesquieus skyldi hver aðili fara með sína grein ríkisvaldsins. Hver hinna einstöku valdþátta átti að tempra eða takmarka vald hins, því ef allt ríkisvald væri á einni hendi eða höndum einnar stofnunar var að áliti Montesquieus hætta á ofríki og kúgun. Með skiptingu ríkisvaldsins milli þriggja þátta, sjálfstæðra valdhafa, ætti að vera hægt að ná því markmiði að koma í veg fyrir að nokkur þeirra verði svo sterkur að hann geti svipt þegnana frelsi með ofríki og kúgun að eigin geðþótta. Borgararnir þurfi því ekki að sæta geðþóttaákvörðun af hálfu þeirra sem með þetta vald fara án þess að eiga þess kost að geta borið slíkar ákvarðanir undir aðra valdþætti þess til endurskoðunar.

Þrátt fyrir að hugmyndin um þrígreiningu ríkisvalds gangi ekki ómenguð í gegnum stjórnskipunina verður því ekki á móti mælt að hún er sú hugsun sem býr að baki skiptingu ríkisvaldsins. Skv. 2. gr. stjórnarskrárinnar fara dómendur með einn þátt ríkisvaldsins – dómsvaldið. Samkvæmt hefðbundnum skilningi felur dómsvald í sér heimild eða vald til að skera úr tilteknum réttarágreiningi; kveða á um hvað sé rétt eða rangt lögum samkvæmt í hverju tilviki og komast að niðurstöðu í þeim málum sem undir dómsvaldið eru borin með lögmætum hætti. Það er því mikið vald sem mönnum er falið að fara með þegar þeir eru skipaðir til setu í æðsta dómstól landsins, Hæstarétti Íslands.

Það fyrirkomulag sem tíðkast hefur hér á landi við skipun hæstaréttardómara hefur gefið þeirri umræðu byr undir báða vængi að skipað sé í réttinn pólitískt og breytir engu hvaða ráðherra hefur átt í hlut hverju sinni. Það væri enn fremur fásinna að halda því fram að það skipti ekki máli fyrir þá sem í ríkisstjórn sitja hverju sinni hvaða viðhorf það fólk hefur sem sest í réttinn hverju sinni. Í þessu samhengi má minna á að deilur hafa lengi verið uppi meðal lögfræðinga, bæði hérlendis og erlendis, um það hversu langt dómstólar geta farið inn á svið löggjafans og endurskoðað ákvarðanir hans. Enn fremur hefur lengi verið deilt um hversu langt dómstólar geta gengið inn á það svið sem kallað hefur verið frjálst mat stjórnvalda við ákvarðanatöku og endurskoðað ákvarðanir þeirra, sbr. 60. gr. stjórnarskrárinnar um embættistakmörk yfirvalda.

Það er skoðun flutningsmanna að það sé miklum mun heilbrigðara að umræðan um það hver verði skipaður hæstaréttardómari, forsendur skipunarinnar og hver séu viðhorf dómara til þeirra grundvallaratriða sem lúta að hlutverki dómstóla og samskiptum þeirra við aðra handhafa ríkisvaldsins séu opinberar í stað þess að forseti Íslands skipi í réttinn að fenginni tillögu dómsmálaráðherra að undangenginni umsögn Hæstaréttar eins og nú er. Þetta þýðir í reynd að dómsmálaráðherra fer með þetta vald eða gerir í það minnsta tillögu til forseta um það hvern hann skuli skipa. Þetta gerist jafnan án opinberrar umræðu eða skoðunar. Það er enn fremur skoðun flutningsmanna að sú skipan sem hér er lögð til, þ.e. að Alþingi komi að skipun hæstaréttardómara sé til þess fallin að styrkja réttinn frá því sem nú er og gera hann enn sjálfstæðari. Það er ekki vafi á því að mati flutningsmanna að aukið sjálfstæði dómstóla

sé aðeins til þess fallið að efla og styrkja trú manna á lýðræðið og stjórnskipun landsins. Því er þetta frumvarp lagt fram.

Í frumvarpinu eru lagðar til þær breytingar að í stað þess að hæstaréttardómari sé skipaður samkvæmt tillögu dómsmálaráðherra tilnefni forsætisráðherra dómara að fengnu samþykki ⅔ hluta atkvæða á Alþingi. Áfram er gert ráð fyrir að forseti Íslands skipi hæstaréttardómara. Þegar forsætisráðherra hefur ákveðið hvern hann hyggst tilnefna skal hann tilkynna forseta Alþingis um tilnefningu sína. Tillögu ráðherra skal vísa til meðferðar í sérnefnd skv. 32. gr. laga um þingsköp Alþingis sem kjósa skal til að fjalla um tilnefningu ráðherra. Nefndin skal fjalla um hæfni þess sem tillaga er gerð um og skila skýrslu með mati sínu innan fjögurra vikna frá því að hún fær tillöguna til umfjöllunar. Líkt og er nú skal umsagnar Hæstaréttar leitað um hæfi og hæfni umsækjanda til að gegna embættinu.

Samþykki Alþingi tillögu ráðherra leggur hann hana fyrir forseta Íslands sem skipar viðkomandi í embætti hæstaréttardómara. Verði tillaga ráðherra hins vegar ekki samþykkt á Alþingi skal ráðherra leggja nýja tillögu fyrir þingið sem skal fá sömu meðferð.

Gert er ráð fyrir að sömu reglur gildi um lausn hæstaréttardómara frá embætti að öðru leyti en því að forsætisráðherra gerir tillögu til forseta Íslands um lausn í stað dómsmálaráðherra eins og nú er.

23. Frumvarp til laga [23. mál]

um breytingu á lagaákvæðum um almenningssamgöngur.

Flm.: Álfheiður Ingadóttir, Árni Þór Sigurðsson.

Breyting á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum.

1. gr.

3. málsl. ákvæðis til bráðabirgða X í lögunum fellur brott.

Breyting á lögum um olíugjald og kílómetragjald, nr. 87/2004, með síðari breytingum.

2. gr.

Í stað orðanna „skulu endurgreidd 80% olíugjalds“ í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: skal endurgreitt að fullu olíugjald.

Gildistaka.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frumvarpinu er gerð tillaga um tvenns konar breytingu á lagaákvæðum um almenningssamgöngur. Annars vegar er lögð til breyting á lögum um virðisaukaskatt til þess að fyrirtæki sem reka almenningssamgöngur sitji við sama borð og þeir sem reka hópferðabifreiðar og fái endurgreidda ⅔ hluta greidds virðisaukaskatts af nýjum almenningsvögnum frá 1. desember 2000 út gildistíma bráðbirgðaákvæðis X í lögunum.

Þá er lagt til að þeir sem reka almenningssamgöngur fái olíugjald að fullu endurgreitt, en með kerfisbreytingu þeirri að leggja niður þungaskatt og taka upp olíugjald greiða þessir aðilar 80–85% hærri gjöld til ríkissjóðs en í eldra kerfi þótt það hafi ekki verið ætlun löggjafans.

Kaupendur almenningsvagna sitji við sama borð og kaupendur hópferðabifreiða.

Frumvarp um breytingu á lögum um virðisaukaskatt var flutt á 130., 131. og 133. löggjafarþingi en varð ekki útrætt. Það er tekið óbreytt upp í 1. gr. frumvarps þessa.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að kaupendur almenningsvagna sitji við sama borð og kaupendur annarra hópferðabifreiða og njóti endurgreiðslu á ⅔ hlutum virðisaukaskatts sem greiddur er vegna kaupa eða leigu hópferðabifreiða á tímabilinu 1. september 2000 til 31. desember 2006.

Með lögum nr. 57/2001 var bundin í lög heimild til að endurgreiða þeim sem hafa leyfi til fólksflutninga í atvinnuskyni ⅔ hluta þess virðisaukaskatts sem greiddur er vegna kaupa eða leigu hópferðabifreiða á tímabilinu 1. september 2000 til 31. desember 2003. Með lögum nr. 175/2006 var heimildin framlengd til 31. desember 2008.

Niðurfelling virðisaukaskatts vegna kaupa á almenningsvögnum er hins vegar óheimil samkvæmt lögum nr. 50/1988 og hafa þeir sem reka almenningssamgöngur, en það eru einkum sveitarfélög og fyrirtæki þeirra, því engrar endurgreiðslu notið. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að fyrirtæki sem reka almenningssamgöngur sitji við sama borð og þeir sem reka hópferðabifreiðar í samræmi við jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar.

Jafngild rök liggja að baki nauðsynlegrar endurnýjunar á flota almenningsvagna og flota hópferðabifreiða. Stærsta fyrirtækið á þessu sviði er Strætó bs., sem er byggðasamlag í eigu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Þjónustusvæði þess er dreifbýli á Kjalarnesi og í Mosfellsdal, þéttbýli í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Garðabæ, Mosfellsbæ, á Seltjarnarnesi, Álftanesi og í Reykjanesbæ. Í ársbyrjun var þjónustusvæðið útvíkkað til Akraness í tilraunaskyni í tvö ár. Þá hafa Árborg, Hveragerði og Reykjanesbær lýst áhuga á samstarfi við Strætó bs. þannig að svipuð þjónusta verði veitt þessum sveitarfélögum og Akranesi.

Strætó bs. heldur nú úti akstri með 110–115 vögnum á þjónustusvæði sínu, þar af um 50 á vegum verktaka. Í bílaflota Strætó bs. eru tveir metanknúnir vagnar og þrír vetnisvagnar sem komu til landsins 2003 en Strætó bs. var meðal fyrstu almenningsvagnafyrirtækja í heiminum til að taka slíka vagna í notkun. Frá stofnun byggðasamlagsins 1. júlí 2001 hefur fyrirtækið keypt 45 nýja vagna og nemur álagður virðisaukaskattur vegna þeirra kaupa 161,6 millj. kr. Tveir þriðju hlutar fjárhæðarinnar, þ.e. það sem endurgreiðslan tæki til, nemur því 107,3 millj. kr. Stærsti undirverktaki Strætó bs., Hagvagnar hf., hefur á sama tíma keypt 21 strætisvagn til aksturs á áðurgreindu þjónustusvæði og nemur álagður virðisaukaskattur vegna þeirra kaupa um 64 millj. kr. og reiknuð endurgreiðsla, ef jafnræði væri með almenningssamgöngum og öðrum hópferðum, tæplega 43 millj. kr. Utan höfuðborgarsvæðisins er haldið uppi reglubundnum almenningssamgöngum á Akureyri, Ísafirði, í Fjarðabyggð, Reykjanesbæ og innan Akraness. Ætla má að endurgreiðsla ⅔ hluta virðisaukaskatts vegna kaupa á almenningsvögnum til allra þeirra fyrirtækja sem hér um ræðir gæti numið um 170 millj. kr. vegna tímabilsins 1. september 2000 til 31. desember 2007.

Almenningssamgöngur verði ekki verr settar en fyrir upptöku olíugjalds.

Þegar lög um olíugjald og kílómetragjald voru sett féllu úr gildi lög um fjáröflun til vegagerðar, þar sem m.a. var kveðið á um þungaskatt. Áður hafði þungaskattur þeirra sem reka

almenningsvagna verið felldur niður að 70% en í stað þess ákvæðis kom 80% endurgreiðsla olíugjalds. Í athugasemdum með frumvarpinu um olíugjald segir um 6. gr.: „Gert er ráð fyrir að endurgreiðslur samkvæmt þessum tölulið verði sambærilegar afslætti sem þessir aðilar njóta í núverandi þungaskattskerfi.“ Það var því augljós ásetningur löggjafans að þeir sem reka almenningsvagna sætu við sama borð eftir breytingu og fyrir. Reynslan hefur hins vegar sýnt að svo er ekki. Í erindi sem fjármálastjóri Strætó bs. sendi efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis þann 14. apríl 2004, þegar málið var þar til umfjöllunar, kemur fram að kostnaður þess fyrirtækis hækki úr 37,5 millj. kr. vegna þungaskatts í 68,5 millj. kr. vegna olíugjalds. Skýringin er einkum sú að 80% endurgreiðsla olíugjalds er reiknuð á gjaldið án virðisaukaskatt, sem þá leggst alfarið á viðkomandi fyrirtæki. Þá veldur sú breyting, að hluti þungaskattsins var felldur niður og aldrei innheimtur en olíugjaldið er að fullu innheimt og endurgreiðslan kemur síðar, viðvarandi fjárbindingu sem metin er á 10–14 millj. kr. hjá Strætó bs. Hið sama gildir að sjálfsögðu um almenningssamgangnafyrirtæki annars staðar á landinu. Þetta er viðbótarkostnaður sem ekki var í þungaskattskerfinu. Af þessu má ljóst vera að rekstraraðilar almenningssamgangna eru alls ekki jafnsettir í kerfi olíugjaldsins og þeir voru í þungaskattskerfinu, sem var þó aldrei ætlun löggjafans. Almenningssamgöngur eru því með lagabreytingunni á sínum tíma að greiða meiri gjöld til ríkisins en áður. Nauðsynlegt er að olíugjaldið verði endurgreitt að fullu svo að þessir aðilar sitji við sama borð, enda mun virðisaukaskatturinn sitja eftir sem kostnaður á fyrirtækin og þar með sem tekjur til ríkisins.

Almenningssamgöngur eru þjóðhagslega hagkvæmar og skila miklum umhverfislegum ávinningi.

Loftmengun, svifrik og sót af völdum samgangna er helsta umhverfisvandamálið á höfuðborgarsvæðinu enda byggjast samgöngur nær allar á notkun innflutts jarðefnaeldsneytis. Jafnframt því að styðja við þróun vistvænna orkugjafa í samgöngum er nauðsynlegt að auka hlut almenningssamgangna stórlega til að draga úr loftmengun. Fyrsta skrefið er að tryggja að almenningssamgöngur sitji a.m.k. við sama borð og hópferðaakstur við innkaup á nýjum farartækjum til fólksflutninga og enn fremur að almenningssamgöngur verði ekki til frambúðar miklu verr settar með tilliti til olíugjalds en þær voru þegar þungaskattur var innheimtur. Í þeim tilgangi er frumvarp þetta flutt.

24. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [24. mál]

um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

Flm.: Siv Friðleifsdóttir, Pétur H. Blöndal, Jón Magnússon, Höskuldur Þórhallsson.

1. gr.

Síðari málsliður 51. gr. stjórnarskrárinnar orðast svo: Sé þingmaður skipaður ráðherra skal hann víkja úr þingsæti á meðan hann gegnir ráðherradómi og tekur varamaður hans sætið á meðan.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp sama efnis var flutt á 123. löggjafarþingi 1998–1999, 131. löggjafarþingi 2004–2005 og á 132. löggjafarþingi 2005–2006 og er því endurflutt. Jafnframt flutti Kristinn H. Gunnarsson frumvarp á 130. löggjafarþingi 2003–2004 þar sem m.a. var lögð til sambærileg breyting.

Íslenskt réttarríki byggist á hugmyndum franskra umbótasinna á 18. öld um greiningu ríkisvaldsins í þrjá þætti, löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald, sbr. 2. gr. stjórnarskrárinnar. Hugsunin með slíkri skiptingu var að hver valdhafi um sig takmarkaði vald hins, en hver hluti ríkisvaldsins fyrir sig átti þó að vera sem sjálfstæðastur. Þó að stjórnarskrá okkar byggist á þessum hugmyndum gerir hún samt ráð fyrir að ráðherrar geti jafnframt verið alþingismenn. Aðskilnaður löggjafarvalds og framkvæmdarvalds er því í raun ekki eins mikill og 2. gr. stjórnarskrárinnar áskilur.

Sagt er að stærsti hluti hinnar eiginlegu vinnu við þingmál fari fram í þingnefndum. Sú hefð hefur hins vegar skapast að ráðherrar eiga ekki sæti í nefndum þingsins. Núverandi fyrirkomulag leiðir því til þess að um sjötti hluti þingheims er ekki nema að litlu leyti virkur í þingstarfinu. Með þessu frumvarpi til stjórnarskipunarlaga er lagt til að ráðherrar geti ekki átt sæti á þingi þann tíma er þeir gegna ráðherradómi. Jafnhliða þeirri breytingu, sem frumvarpið mælir fyrir um, telja flutningsmenn rétt að skoða hvort ástæða sé til að fækka þingmönnum. Gert er ráð fyrir að framkvæmdin verði sú að um leið og forseti hefur skipað alþingismann ráðherra taki varamaður sæti ráðherrans á þingi. Ráðherra á hins vegar rétt á þingsæti sínu aftur jafnskjótt og hann lætur af ráðherradómi ef þing hefur ekki verið rofið og boðað til nýrra kosninga. Í dag er staðan sú að ráðherra getur sagt af sér þingmennsku og látið varamann taka sæti sitt í staðinn. Mjög ólíklegt er að ráðherra mundi gera slíkt að öllu óbreyttu, því að ef hann missti ráðherraembættið aftur ætti hann ekki afturkvæmt í þingmennskuna fyrr en að afloknum kosningum, þ.e. ef hann næði kjöri, þannig að við núverandi aðstæður hafa ráðherrar ekki um góða kosti að velja í þessu sambandi. Með þessu móti munu allir sem sæti eiga á Alþingi hverju sinni geta sinnt þeim skyldum sem á þeim hvíla. Hins vegar er áfram gert ráð fyrir að ráðherrar geti tekið þátt í umræðum á þingi og svarað fyrirspurnum samkvæmt nánari reglum sem settar yrðu þar um í þingsköpum. Sú breyting á stjórnarskránni, sem hér er lögð til, á sér hliðstæðu bæði í Noregi og Svíþjóð þar sem slíkt fyrirkomulag þykir hafa gefist mjög vel. Frumvarpið er í anda stefnu Framsóknarflokksins og á flokksþingi í mars 2007 var samþykkt ályktun í tengslum við umfjöllun um aðskilnað löggjafar- og framkvæmdarvalds þar sem segir að styrkja þurfi stöðu löggjafarvalds gagnvart framkvæmdarvaldinu og að ráðherrar gegni ekki jafnframt þingmennsku og verði gert kleift að setjast aftur á þing, ljúki þeir ráðherradómi.

Um málið hefur skapast þverpólitísk sátt meðal ungra stjórnmálamanna sem samþykktu eftirfarandi ályktun um þrískiptingu ríkisvaldsins á Þingi unga fólksins árið 2007: „ÞUF telur nauðsynlegt að skýr skil séu á milli hinna þriggja greina ríkisvaldsins. Til að styrkja stöðu löggjafarvalds gagnvart framkvæmdarvaldi er rétt að styrkja nefndasvið Alþingis og Þing unga fólksins telur að enginn skuli gegna þingmennsku og embætti ráðherra á sama tíma. Þing unga fólksins ítrekar að ráðherrar og forstjórar ríkisstofnana bera ábyrgð á ráðuneytum þeim og stofnunum sem þeir eru í forsvari fyrir. Það á ekki að líðast að ráðuneyti og ríkisstofnanir geti farið fram úr þeim fjárveitingum sem fjárlög kveða á um en þeim ber að fylgja rétt eins og öðrum lögum sem Alþingi setur.“

25. Frumvarp til laga [25. mál]

um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson, Grétar Mar Jónsson,
Kristinn H. Gunnarsson, Jón Magnússon.

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Þrátt fyrir önnur ákvæði þessara laga er öllum þeim íslenskum ríkisborgurum sem hafa tilskilin réttindi til skipstjórnar og vélstjórnar, ef þess er krafist vegna stærðar vélar viðkomandi báts, að stunda fiskveiðar á eigin bát með tveimur sjálfvirkum handfærarúllum á tímabilinu 1. apríl til 1. október ár hvert. Báturinn skal vera undir 30 brúttórúmlestum að stærð og uppfylla skilyrði um sjálfvirka tilkynningarskyldu. Báturinn skal hafa viðurkennt haffæri. Á hverjum bát mega vera tveir menn í áhöfn og er hámarksfjöldi sjálfvirkra rúlla þá fjórar rúllur á tvo menn. Að fimm árum loknum skal skoðuð reynslan af þessum veiðum með tilliti til þess hvort setja eigi viðbótartakmarkanir sem taki eingöngu til veiðisvæða bátanna og fjölda veiðidaga.

Veiðar þessara báta eru ekki reiknaðar til aflamarks og hafa ekki áhrif á heildarúthlutun aflamarks til annarra fiskiskipa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það hefur löngum verið réttur Íslendinga við sjávarsíðuna að fá að róa til fiskjar og útróðrajarðir voru líklegri til þess að brauðfæða fólkið og gefa tekjur en þær jarðir sem illa lágu við fiskislóð. Útróðraréttur var metinn sem verðmæti í jörðum og talinn til hlunninda. Í gömlum lögum var öllum tryggður veiðiréttur í fjörðum og flóum. Þannig orðað að rétt ættu menn til fiskveiði sinnar nema síldveiði sem öllum væri heimilt að stunda hvar sem væri. Landsmenn áttu þannig allir tryggan forgang til botnfiskveiða næst sínum byggðum. Með þessu frumvarpi verður þeim sem rétt hafa til þess að stjórna skipum veittur þessi veiðiréttur á nýjan leik.

26. Frumvarp til laga [26. mál]

um breytingu á samkeppnislögum, nr. 44/2005.

Flm.: Bjarni Benediktsson, Birgir Ármannsson, Pétur H. Blöndal,
Sigurður Kári Kristjánsson, Kjartan Ólafsson,
Ragnheiður E. Árnadóttir, Jón Gunnarsson.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 17. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „1 milljarður kr.“ í 1. málsl. kemur: 4 milljarðar kr.
b. Í stað fjárhæðarinnar „50 millj. kr.“ í 3. málsl. kemur: 300 millj. kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 132. og 133. löggjafarþingi en varð ekki útrætt og er nú lagt fram að nýju.

Samkvæmt 2. mgr. 17. gr. samkeppnislaga er skylt að tilkynna samruna til Samkeppniseftirlitsins enda sé sameiginleg heildarvelta viðkomandi fyrirtækja einn milljarður króna eða meira og ársvelta a.m.k. tveggja af þeim fyrirtækjum sem aðild eiga að samrunanum yfir 50 millj. kr. Báðar þessar viðmiðunarfjárhæðir eru allt of lágar. Í frumvarpi þessu er því lagt til að veltuviðmiðin verði hækkuð verulega.

Umsvif fyrirtækja á Íslandi hafa aukist mikið undanfarin ár og fyrirtækjum sem falla undir viðmið 2. mgr. 17. gr. laganna, þ.e. hafa veltu yfir 1 milljarði kr., hefur því fjölgað verulega. Það liggur því í augum uppi að þessar fjárhæðir þarf að uppfæra í takt við þróun viðskiptalífsins og með hliðsjón af þeim miklu breytingum sem orðið hafa undanfarinn áratug. Þess má einnig geta að umræddar viðmiðunarfjárhæðir samkeppnislaga eru í engu samræmi við það sem gildir hjá nágrannaþjóðum okkar. Þótt sterk rök séu fyrir því að almennt verði miðað við lægri fjárhæðir hér á landi en annars staðar er munurinn engu að síður sláandi mikill. Í Danmörku er miðað við að heildarvelta samrunafyrirtækja jafngildi um 44 milljörðum kr. en velta a.m.k. tveggja fyrirtækja 3,5 milljörðum kr. Í Finnlandi er viðmiðið fyrir heildarveltu að jafngildi um 30 milljarðar kr. og velta a.m.k. tveggja fyrirtækja að jafngildi um 1,7 milljarðar kr. Í Svíþjóð er miðað við að heildarvelta samrunafyrirtækja jafngildi um 38 milljörðum kr. en velta a.m.k. tveggja fyrirtækja um 1 milljarði kr.

Hafa ber í huga að tilkynning um samruna er ekki léttvæg krafa sem auðvelt er að uppfylla. Upplýsa þarf m.a. um aðdraganda samrunans, veltu, eignarhald og fjárhagsleg tengsl, og skilgreina þarf þá markaði sem samruninn hefur áhrif á. Að jafnaði kallar þetta á aðstoð lögfræðinga og eftir atvikum endurskoðenda. Óþarflega ríkar kröfur um tilkynningarskyldu valda ástæðulausu álagi á Samkeppniseftirlitið á sama tíma og aðrar aðgerðir hafa miðað að því að auka málsmeðferðarhraða og létta álagi af eftirlitinu eftir því sem aðstæður leyfa. Með því að hækka viðmiðunarmörkin er tryggt að eingöngu komi til kasta Samkeppniseftirlitsins mál þar sem raunverulegir hagsmunir eru í húfi og ástæða er til að ætla að kaup eða samruni fyrirtækja geti skipt máli varðandi samkeppni.

Atvinnulífið hefur hvatt til þess að viðmiðunarmörk 2. mgr. 17. gr. verði hækkuð. Meðal þeirra sem telja nauðsynlegt að hækka þau má nefna Samtök atvinnulífsins og Viðskiptaráð Íslands. Raunar hafa Samtök atvinnulífsins bent á að ákjósanlegast væri að fella niður ákvæði laganna um bann við samruna og koma í veg fyrir misnotkun ráðandi aðila á markaði með ströngu og virku aðhaldi Samkeppniseftirlitsins gagnvart fyrirtækjum í markaðsráðandi stöðu. Þá hefur einnig verið bent á að óheppilegt sé að viðmiðunarmörk sem þessi séu bundin í lög frekar en t.d. í reglugerð þar sem nauðsynlegt sé að endurskoða veltumörkin reglulega, en það hefur ekki verið gert frá því að ákvæðið var lögtekið. Svo langt verður hins vegar ekki gengið hér heldur staðnæmst við þá breytingu að þröskuldur fyrir afskipti samkeppnisyfirvalda verði hækkaður.

Með hliðsjón af framansögðu er ljóst að varlega er af stað farið með þeirri lagabreytingu sem hér er lögð til.

27. Frumvarp til laga [27. mál]

um breytingu á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingum.

Flm.: Steinunn Valdís Óskarsdóttir, Karl V. Matthíasson, Ólöf Nordal, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Árni Þór Sigurðsson, Ármann Kr. Ólafsson.

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný orðskýring í réttri stafrófsröð, svohljóðandi:

Forgangsakrein:

Akrein sem einungis er ætluð fyrir umferð strætisvagna og leigubifreiða.

2. gr.

Við 2. mgr. 13. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Almenn umferð ökutækja um forgangsakreinar strætisvagna og leigubifreiða er óheimil.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er liður í því að efla almenningssamgöngur. Ljóst er að á næstu árum þarf átak í eflingu almenningssamgangna og á vettvangi samgönguráðuneytisins er unnið að endurskoðun á umferðarlögum sem taka mun mið af því. Þetta skref verður vonandi til þess að fleiri forgangsakreinar í umferðinni líti dagsins ljós og að almenningssamgöngur verði raunhæfur valkostur í fyllingu tímans. Töluvert hefur borið á því að ekki hafi verið tekið tillit til nýrra forgangsakreina strætisvagna og leigubifreiða. Í frumvarpinu er því lagt til að hugtakið forgangsakrein verði skilgreint í umferðarlögum, ásamt því að kveðið verði skýrt á um að umferð annarra ökutækja en strætisvagna og leigubifreiða um slíkar forgangsakreinar sé óheimil. Í þessu sambandi er lögð áhersla á að ökumönnum strætisvagna og leigubifreiða verði einungis heimilt að nota forgangsakreinar við störf sín. Brot gegn framangreindu banni mundi varða sektum, sbr. 4. mgr. 100. gr. umferðarlaga. Verði frumvarp þetta að lögum er

lögð áhersla á að samgönguráðuráðherra skerpi á sektarheimild vegna brots á ákvæðinu í reglugerð um sektir og önnur viðurlög vegna brota á umferðarlögum og reglum settum samkvæmt þeim, nr. 930/2006, að fengnum tillögum ríkissaksóknara, sbr. 4. mgr. 100. gr. umferðarlaga.

28. Tillaga til þingsályktunar [28. mál]

um aðgerðaáætlun um íslenskukennslu fyrir innflytjendur.

Flm.: Katrín Jakobsdóttir, Árni Þór Sigurðsson, Kolbrún Halldórsdóttir.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra gerð áætlunar um að efla íslenskukennslu fyrir innflytjendur hér á landi. Við gerð áætlunarinnar, sem verði til fimm ára, verði efnt til samráðs við fulltrúa allra skólastiga, verkalýðshreyfinguna, atvinnurekendur og símenntunarmiðstöðvar um land allt. Vinnu við áætlunina skal lokið 1. mars 2008.

Markmið áætlunarinnar verði:

1. að efla símenntunarmiðstöðvar til að kenna innflytjendum íslensku og miðstöðvunum verði jafnframt gert kleift að halda námskeið um íslenska menningu og fjölmenningu,
2. að efla íslenskukennslu á vinnumarkaði í því augnamiði að tryggja lágmarkskunnáttu erlendra starfsmanna í tungumálinu með áherslu á það mál sem talað er í starfsumhverfi þeirra,
3. að tryggja að börn innflytjenda og foreldrar þeirra fái allar nauðsynlegar upplýsingar um réttindi sín og skyldur um leið og skólaganga hefst og slíkt gildi um öll skólastig. Þarf þar sérstaklega að gæta réttar ungmenna á aldrinum 16–18 ára,
4. að efla kennslu í íslensku sem öðru máli í íslensku- og kennslufræðideildum háskóla landsins,
5. að grunnmarkmið íslenskunáms fyrir innflytjendur verði vel skilgreind og tryggt að allir innflytjendur eigi rétt á gjaldfrjálsri íslenskukennslu í samræmi við þau grunnmarkmið.

Greinargerð.

Hér á landi eru nú um 18.000 erlendir ríkisborgarar miðað við hagtölur fyrir árið 2006 og ljóst að þeir sem eru á vinnumarkaði þurfa allir að eiga veruleg samskipti við Íslendinga í starfi sínu, hvort sem það er byggingarvinna, umönnun, afgreiðsla eða strætóakstur. Síðastliðið vor veittu stjórnvöld 100 millj. kr. til íslenskukennslu fyrir innflytjendur og kom strax í ljós að ásóknin í námið var miklu meiri en búist hafði verið við. Óljósar hugmyndir gerðu ráð fyrir því að um 1.000 manns mundu sækja námskeiðin. Raunin varð sú að 70 umsóknir bárust um styrki að upphæð 144 millj. kr. fyrir tæplega 5.000 nemendur. 60 umsóknir fengu úthlutun og alls skráðu fræðsluaðilar um 4.200 nemendur á námskeiðin. Kennslan var margs konar, ýmist úti á vinnustöðum eða á hefðbundnum námskeiðum fyrir einstaklinga. Dreifðust nemendur þannig að um helmingur var á höfuðborgarsvæðinu og um helmingur úti á landi. Þegar ljóst var hversu mikil þörfin var í raun veittu stjórnvöld að nýju 100 millj. kr. í verkefnið í ágústmánuði 2007 og var tilkynnt um þetta á heimasíðu menntamálaráðuneytisins 7. ágúst sl.

Nú er ljóst að fjöldi innflytjenda á íslenskum vinnumarkaði er viðvarandi og dugir ekki lengur að gera tímabundið átak í íslenskukennslunni. Nauðsynlegt er að semja aðgerðaáætlun, t.d. til fimm ára. Slík áætlun þarf að ná yfir íslenskukennslu úti á vinnumarkaði sem og hjá símenntunarmiðstöðvum um land allt. Nú þegar liggja fyrir margs konar upplýsingar um stöðuna, gerðar hafa verið greiningar á ástandinu og ekki þörf á frekari undirbúningsvinnu. Verkefnið er fyrst og fremst fólgið í því að ákveða aðgerðir í samræmi við þær upplýsingar sem þegar liggja fyrir.

Ljóst er að fræðslusjóðir verkalýðshreyfingar og vinnuveitenda, eins og Landsmennt og Starfsafl, hafa veitt verulegan hluta sinna styrkja í íslenskukennslu, eða um 46% árið 2006, og áttu því minna til skiptanna í önnur bráðnauðsynleg verkefni. Nauðsynlegt er að stjórnvöld taki aukna ábyrgð á sínar herðar í þessum efnum til frambúðar en í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2007 var upphaflega gert ráð fyrir 19,6 millj. kr. framlagi í íslenskukennslu. Í meðförum fjárlaganefndar var framlagið hækkað um 100 millj. kr. Samkvæmt fjárlögum 2007 voru veittar 119,6 millj. kr. í íslenskukennslu. Í ágúst veitti svo ríkisstjórnin vilyrði fyrir öðrum hundrað milljónum í málaflokkinn. Þessir fjármunir hafa svo sannarlega komið að góðum notum en ljóst er að skipuleggja þarf þetta starf lengra fram í tímann svo að fjármunirnir nýtist sem best. Einnig þarf að skilgreina hvernig samstarfi hins opinbera við fulltrúa verkalýðshreyfingar, atvinnurekenda og ólíkra skólastiga verður háttað.

Nauðsynlegt er að huga að íslenskukennslu fyrir börn innflytjenda á öllum skólastigum, en einnig er mikilvægt að áætlunin feli í sér leiðir til að auðvelda börnum svokallað menningarlæsi til að auðvelda þeim að aðlagast samfélaginu. Miklu skiptir í þessum efnum að kennsla í fjölmenningarfræðum sé fléttuð saman við kynningu á innlendri menningu. Þannig lagar samfélagið sig að innflytjendum í ríkara mæli en það hefur gert hingað til þar sem áherslan hefur frekar verið á að innflytjendur lagi sig einhliða að samfélaginu.

Huga þarf að því sérstaklega hversu ólíkir innflytjendur eru innbyrðis og hversu ólíkar þarfir þeirra eru. Sérstaklega þarf að sinna ungmennum á aldrinum 16–18 ára. Hætta er á því að þessi aldurshópur lendi milli skips og bryggju og verði út undan í samfélaginu, ekki síst börn frá svæðum þar sem hefðbundin menntun er mjög ólík því sem gerist í íslensku skólakerfi. Tryggja þarf þessum hópi öfluga íslenskukennslu og að honum standi til boða tækifæri til frekari menntunar.

Árétta þarf að það er sitthvað að kenna íslensku sem móðurmál fólks og íslensku sem annað mál. Hér á landi er nýlega farið að kenna kennslufræði íslensku sem annars máls á háskólastigi og þá kennslu þarf að efla sérstaklega, bæði í íslenskunámi á háskólastigi og í kennslufræðideildum allra háskóla sem bjóða upp á nám í kennslufræðum.

Það er mat flutningsmanna að mikilvægt sé að menntamálaráðuneytið eigi skipulegt samráð við fulltrúa allra skólastiga, atvinnurekendur, verkalýðshreyfinguna og símenntunarmiðstöðvar um land allt, skilgreini ákveðin grunnmarkmið íslenskunáms fyrir innflytjendur og tryggi að allir innflytjendur njóti gjaldfrjálsrar íslenskukennslu í samræmi við þau grunnmarkmið. Þar með yrði öllum tryggð jöfn staða og jafnt aðgengi að þessari bráðnauðsynlegu menntun sem skiptir ekki aðeins innflytjendur máli heldur einnig allt íslenskt samfélag.

29. Tillaga til þingsályktunar [29. mál]

um eflingu rafrænnar sjúkraskrár.

Flm.: Valgerður Sverrisdóttir, Siv Friðleifsdóttir,
Magnús Stefánsson, Bjarni Harðarson.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að sjá til þess að á kjörtímabilinu verði lokið við innleiðingu rafrænnar sjúkraskrár fyrir alla heilbrigðisþjónustu, jafnt á sjúkrastofnunum sem á heilsugæslustöðvum og hjá sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum.

Greinargerð.

Á fyrri hluta ársins 2004 samþykkti ríkisstjórnin stefnumörkun um upplýsingasamfélagið fyrir tímabilið 2004–2007 og birtist hún í skýrslunni „Auðlindir í allra þágu“ sem forsætisráðuneytið gaf út sama ár. Í skýrslunni sem tók við af fyrri stefnumörkun um sama efni frá árinu 1996 segir m.a.:

> „2. Tekin verði markviss skref varðandi innleiðingu á rafrænni sjúkraskrá fyrir alla heilbrigðisþjónustu, jafnt á sjúkrastofnunum sem á heilsugæslustöðvum og hjá sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum. Fram fari kostnaðarmat og fyrir liggi framkvæmdaáætlun árið 2004.“

Í svari heilbrigðisráðherra við fyrirspurn á Alþingi 16. nóvember 2005, þskj. 270 í 257. máli, kom fram að á árinu 2004 hefði heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið fengið til samtals við sig fyrirtækið ParX viðskiptaráðgjöf og IBM Business Consulting Services til að meta stöðu mála og skilgreina helstu verkþætti í upplýsingavæðingu heilbrigðiskerfisins. Í skýrslu fyrirtækjanna frá síðari hluta ársins 2004 var því haldið fram að fjárfesting í rafrænni heilbrigðisþjónustu fæli í sér verulegan fjárhagslegan ávinning og stuðlaði jafnframt að auknum gæðum heilbrigðisþjónustunnar. Það var mat umræddra fyrirtækja að ráðast þyrfti í fjárfestingar fyrir tæplega 2 milljarða kr. til að byggja upp frá grunni heilbrigðisnet og rafræna sjúkraskrá á þriggja til fjögurra ára tímabili.

Sjúkraskrárkerfum er ætlað að halda utan um sjúkragögn einstaklings sem verða til vegna meðferðar hans. Í slíku kerfi verður að vera hægt að halda utan um grunnupplýsingar um sjúkling, ástæður komu hans á sjúkrastofnun, skoðun, meðferð, árangur og afdrif. Kerfið þarf auk þess að geyma upplýsingar um öll formleg samskipti milli heilbrigðisstarfsmanna um sjúklinginn, t.d. bréf, beiðnir og svör. Slíkt kerfi þarf einnig að geta skipst á upplýsingum við önnur tölvukerfi innan og utan stofnunar. Bent hefur verið á að heppilegt sé að rafræn sjúkraskrá verði einingabyggð þar sem slík uppbygging leyfi val á þeirri einingu sem best henti hverju verkefni ásamt því að hægt sé að skipta um einstakar einingar án röskunar á heildinni. Á vegum heilbrigðisráðuneytis hefur fyrir nokkru verið gerð kröfulýsing fyrir sjúkraskrárkerfi þar sem tilgreindar eru kröfur þær sem öll sjúkraskrárkerfi verða að uppfylla. Allnokkur undirbúningsvinna hefur því átt sér stað.

Æskilegt þykir að innleiðing rafrænnar sjúkraskrár taki ekki lengri tíma en 3–4 ár. Bent hefur verið á að umrædd fjárfesting muni skila sér til baka á skömmum tíma þar sem fjárhagslegur ávinningur að lokinni fjárfestingu geti numið allt að 850 millj. kr. á ári. Felst sá ávinningur m.a. í því að aðgangur að upplýsingum verður greiðari, færi gefst á hraðari upplýsingamiðlun og komið er í veg fyrir tvíverknað í rannsóknum, jafnframt því sem fjármagn, tæki og mannafli nýtist betur. Þá er ótalið að öryggi við varðveislu gagna eykst til muna. Vís-

bendingar frá öðrum löndum, m.a. Bandaríkjunum og Danmörku, benda einnig til þess að rafræn sjúkraskrá geti komið í veg fyrir mörg og oft alvarleg mistök og stuðli almennt að betri þjónustu við einstaklinga.

30. Frumvarp til laga [30. mál]

um Háskóla á Ísafirði.

Flm: Kristinn H. Gunnarsson, Guðjón A. Kristjánsson, Jón Magnússon.

I. KAFLI

Hlutverk.

1. gr.

Háskólinn á Ísafirði er vísindaleg mennta- og rannsóknastofnun. Hann veitir stúdentum sínum menntun til að sinna sjálfstætt vísindalegum verkefnum og til að gegna ýmsum ábyrgðarstörfum í atvinnulífinu. Háskólanum er heimilt að veita framhaldsmenntun og endurmenntun í þeim fræðum sem stunduð eru í deildum hans.

II. KAFLI

Kennarar og stúdentar.

2. gr.

Kennarar við Háskólann á Ísafirði eru prófessorar, dósentar, lektorar, aðjúnktar og stundakennarar.

Prófessorar, dósentar og lektorar hafa einir kennslu og rannsóknir að aðalstarfi. Aðjúnktar eru ráðnir til eins árs hið skemmsta. Stundakennarar eru ráðnir til eins árs eða skemmri tíma.

Háskólaráð setur nánari reglur um starfsskyldur kennara.

3. gr.

Rektor ræður prófessora, dósenta, lektora, aðjúnkta og stundakennara.

Umsóknum um prófessors-, dósents- og lektorsstarf skulu fylgja upplýsingar um háskólamenntun, vísindastörf og önnur störf, svo og ritsmíðar og rannsóknir umsækjenda.

Rektor skal skipa þriggja manna dómnefnd eftir tilnefningu háskólaráðs og menntamálaráðherra til tveggja ára í senn, til þess að dæma um hæfi umsækjenda til að gegna starfi prófessors, dósents eða lektors. Háskólaráð tilnefnir tvo menn í nefndina og er annar þeirra formaður. Annar fulltrúa háskólaráðs skal starfa utan háskólans. Menntamálaráðherra tilnefnir einn mann í nefndina. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Í dómnefnd má skipa þá eina sem lokið hafa meistaraprófi úr háskóla.

Að ábendingu viðkomandi deildar skal rektor hverju sinni tilnefna sérfræðing til ráðgjafar fyrir dómnefnd um mat á fræðistörfum umsækjenda.

Dómnefnd skal gefa rökstutt álit um hvort ráða megi af vísindagildi rita og rannsókna umsækjanda, svo og af námsferli hans og störfum, að hann sé hæfur til að gegna starfinu. Engum manni má veita starf prófessors, dósents eða lektors nema meiri hluti dómnefndar hafi látið það álit í ljós að hann sé til þess hæfur.

Háskólaráði er heimilt að setja reglur sem kveða á um að ákvæði 3. mgr. gildi við ráðningu sérfræðinga á sviði rannsókna og annarra fræðistarfa við háskólann.

Heimilt er að flytja lektor úr lektorsstarfi í dósentsstarf og dósent úr dósentsstarfi í prófessorsstarf, enda liggi fyrir hæfnisdómur dómnefndar.

Háskólaráð setur nánari reglur um nýráðningar og framgang í starfi þar sem einnig er kveðið á um störf dómnefnda og meðferð umsókna. Háskólaráð getur mælt svo fyrir í reglunum að undanþiggja megi auglýsingu störf sem byggjast á sérstökum tímabundnum styrkjum, störf sem tengjast sérstökum tímabundnum verkefnum, störf sem nemendur stunda við háskólann samhliða rannsóknartengdu framhaldsnámi og störf við háskólann sem tengjast tilteknu starfi utan hans á grundvelli samstarfssamnings.

Heimilt er að ráða kennara til háskólans tímabundinni ráðningu til allt að fimm ára. Um tilhögun slíkrar ráðningar skal háskólaráð setja reglur. Sama á við um þá sem eingöngu eru ráðnir til vísinda- og fræðistarfa.

Kennara má ráða í hlutastarf í samræmi við reglur sem háskólaráð setur. Heimilt er að tengja starf kennara tilteknu starfi utan háskólans eða starfi við stofnanir hans samkvæmt reglum sem háskólaráð setur.

4. gr.

Háskólaráð skal, að fengnum tillögum deilda, staðfesta reglur um skráningu stúdenta í einstakar deildir þar sem kveðið er nánar á um inntökuskilyrði í viðkomandi deild. Þeir einir teljast stúdentar við Háskólann á Ísafirði sem skrásettir hafa verið til náms samkvæmt reglum þessum.

Við skrásetningu til náms greiðir stúdent skrásetningargjald, 45.000 kr., fyrir heilt skólaár. Heimilt er að taka 15% hærra gjald af þeim sem fá leyfi til skrásetningar utan auglýstra skrásetningartímabila.

III. KAFLI
Stjórnskipulag.

5. gr.

Háskólaráð er æðsti ákvörðunaraðili innan skólans nema annað sé berum orðum tekið fram í lögum.

Í háskólaráði eiga sæti:

1. Rektor, sem er sjálfkjörinn í ráðið og er jafnframt forseti þess.
2. Tveir fulltrúar kennara sem ráðnir eru ótímabundið við skólann og tveir til vara, kosnir á almennum fundi þeirra til tveggja ára í senn.
3. Einn fulltrúi stúdenta og einn til vara, kosnir til tveggja ára í senn samkvæmt reglum stúdentafélags háskólans.
4. Einn fulltrúi skipaður af menntamálaráðherra og einn til vara til tveggja ára í senn.

Varaforseta kýs ráðið úr hópi háskólaráðsfulltrúa kennara.

6. gr.

Rektor boðar til fundar í háskólaráði eftir þörfum. Óski tveir háskólaráðsfulltrúar eftir fundi er rektor skylt að boða til hans. Rektor stýrir fundum ráðsins.

Háskólaráðsfundur er ályktunarhæfur ef helmingur atkvæðisbærra fulltrúa sækir fund hið fæsta. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Ef atkvæði eru jöfn sker atkvæði forseta úr. Varafulltrúar skulu sitja fundi háskólaráðs í forföllum aðalfulltrúa.

7. gr.

Menntamálaráðherra skipar rektor til fimm ára samkvæmt tilnefningu háskólaráðs. Skal staðan auglýst laus til umsóknar. Háskólaráð setur reglur um hvernig staðið skuli að tilnefningu rektors.

Þann einan má skipa í stöðu rektors sem lokið hefur æðri prófgráðu við háskóla og öðlast hefur stjórnunarreynslu. Óheimilt er að framlengja skipunartíma rektors án auglýsingar.

Rektor verður ekki leystur frá störfum án þess að það sé borið undir háskólaráð og hljóti samþykki meiri hluta þess.

Rektor er yfirmaður stjórnsýslu háskólans og æðsti fulltrúi hans gagnvart mönnum og stofnunum innan hans og utan. Hann hefur almennt eftirlit með starfsemi háskólans og hefur frumkvæði að því að háskólaráð marki sér heildarstefnu í málefnum skólans. Rektor hefur ráðningarvald yfir öllum starfsmönnum skólans nema annað sé berum orðum tekið fram í lögum. Á milli funda háskólaráðs hefur rektor ákvörðunarvald í umboði ráðsins í öllum málum háskólans sem ekki varða veruleg fjárhagsmálefni skólans eða hafa í för með sér breytingar á skipulagi hans.

8. gr.

Háskólaráð ákvarðar deildarskipan háskólans og afmarkar aðrar stjórnunareiningar innan skólans. Háskólaráð setur reglur um yfirstjórn deilda og um val á deildarforsetum. Störf deildarforseta skulu auglýst laus til umsóknar. Háskólaráð setur deildum starfsreglur og reglur um hvert skuli vera verksvið, vald og ábyrgð hverrar stjórnunareiningar innan hverrar deildar.

Stofnanir og einstakir starfsmenn háskólans, sem ekki lúta sérstakri stjórn, heyra beint undir embætti rektors.

9. gr.

Fyrir hverja deild háskólans eða skilgreinda námsbraut skal setja námskrá sem kveður á um markmið, inntak og meginviðfangsefni námsins, þar með talda starfsþjálfun á vettvangi þar sem það á við.

Á grundvelli námskrár skal árlega gefa út kennsluskrá þar sem m.a. er gerð grein fyrir tilhögun náms, kennsluháttum og námsmati. Í kennsluskrá eða öðrum starfsáætlunum einstakra deilda skal enn fremur kveðið á um missira- eða annaskiptingu, kennslutíma, próftímabil, leyfi og önnur atriði er varða skipulag náms.

Háskólaráð staðfestir námskrár og kennsluskrár, en deildarráð ber ábyrgð á gerð þeirra.

IV. KAFLI
Kennsla, framkvæmd prófa, agaviðurlög.

10. gr.

Háskólaráð skal setja reglur um prófgráður, prófgreinar, próftíma, prófdómara, endurtekningu prófa, viðurkenningu erlendra prófa, skiptingu fullnaðarprófs í fleiri en einn hluta, undirbúningspróf, einkunnir og annað er að prófum lýtur. Heimilt er í reglum háskólaráðs að kveða á um hámarkstímalengd í námi eða einstökum hlutum þess og um afleiðingar ef þeim ákvæðum er ekki fullnægt.

Stúdent á rétt til að fá útskýringar kennara á mati skriflegrar úrlausnar sinnar ef hann æskir þess innan 15 daga frá birtingu einkunnar. Vilji stúdent sem ekki hefur staðist próf þá eigi una mati kennarans getur hann snúið sér til viðkomandi deildarforseta. Skal þá prófdóm-

ari skipaður í hverju tilviki. Einnig getur kennari eða meiri hluti stúdenta, telji þeir til þess sérstaka ástæðu, óskað skipunar prófdómara í einstöku prófi. Háskólarektor skipar prófdómendur að fengnum tillögum háskóladeildar.

11. gr.

Rektor getur veitt stúdent áminningu eða vikið honum úr skóla um tiltekinn tíma eða að fullu ef hann hefur gerst sekur um brot á lögum eða öðrum reglum háskólans eða framkoma hans gagnvart starfsmönnum háskólans eða öðrum stúdentum er ósæmileg eða óhæfileg. Áður en ákvörðun um brottrekstur er tekin skal leita umsagnar háskóladeildar og gefa stúdentinum kost á að tjá sig um málið. Stúdent er heimilt að skjóta ákvörðun rektors til áfrýjunarnefndar samkvæmt lögum um háskóla. Málskot frestar framkvæmd ákvörðunar rektors. Rektor getur að hæfilegum tíma liðnum heimilað stúdent sem vikið hefur verið að fullu úr skóla að skrá sig aftur til náms í háskólanum ef aðstæður hafa breyst. Stúdent er heimilt að skjóta synjun rektors um skráningu til áfrýjunarnefndar.

V. KAFLI
Rannsóknir, bókasafn o.fl.

12. gr.

Háskólanum er heimilt að starfrækja rannsóknastofnun á eigin vegum eða í samvinnu við aðra. Kennarar háskólans geta fullnægt rannsóknarskyldu sinni að nokkru eða öllu leyti með störfum í þágu rannsóknastofnunarinnar. Heimilt er að ráða sérfræðinga til starfa við hana.

Rannsóknastofnunin skal eftir því sem aðstæður leyfa veita stúdentum skólans ráðgjöf og fræðslu um skipulagningu og framkvæmd rannsókna.

Háskólaráð skal setja reglur, sem menntamálaráðherra staðfestir, um starfsemi rannsóknastofnunarinnar, um skipan stjórnar og gjaldtöku fyrir þjónustu sem rannsóknastofnunin veitir.

Heimilt er háskólaráði að stofna sérstaka rannsóknarsjóði. Skal um þá sett skipulagsskrá.

Háskólanum er heimilt með samþykki menntamálaráðherra að eiga aðild að rannsókna- og þróunarfyrirtækjum sem eru hlutafélög, sjálfseignarstofnanir eða félög með takmarkaða ábyrgð og stunda framleiðslu og sölu í því skyni að hagnýta og þróa niðurstöður rannsókna sem háskólinn vinnur að hverju sinni. Háskólaráð fer með eignarhlut skólans í slíkum fyrirtækjum.

13. gr.

Við háskólann skal vera rannsókna- og sérfræðibókasafn sem tengist fræðasviðum skólans. Hlutverk þess er að veita stúdentum og kennurum háskólans og öðrum lánþegum safnsins sérhæfða þjónustu vegna kennslu, náms og rannsókna. Háskólaráð skal setja nánari reglur um starfsemi bókasafnsins.

14. gr.

Háskólanum á Ísafirði skal heimilt að taka gjald fyrir þjónustu sem telst utan þeirrar lögmæltu þjónustu sem háskólanum er skylt að veita. Háskólaráð setur nánari reglur um gjaldtöku og ráðstöfun gjalda samkvæmt ákvæði þessu.

Háskólaráði er heimilt að semja við félög stúdenta, hollvinasamtök, einstaklinga, samtök þeirra og fyrirtæki eða opinberar stofnanir um að taka að sér þjónustu fyrir hönd Háskólans á Ísafirði enda sé farið að ákvæðum í 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins.

15. gr.

Háskólanum er heimilt að gera samstarfssamninga við aðrar stofnanir og fyrirtæki sem tengjast starfssviði háskólans, t.d. um kennslu, rannsóknir og ráðningu kennara og annarra starfsmanna. Háskólaráð setur nánari reglur um stöðu þeirra starfsmanna innan háskólans sem þannig eru ráðnir til starfa við skólann.

16. gr.

Að fenginni tillögu viðkomandi deildarfundar hefur háskólaráð rétt til þess að veita doktorsnafnbót. Slíka nafnbót má veita í heiðursskyni, að undangengnu doktorsnámi eða með vörn doktorsritgerðar.

Háskólaráð setur sérstakar reglur um veitingu doktorsnafnbótar, þ.m.t. um doktorsnám og um vörn doktorsritgerða.

VI. KAFLI
Gildistaka, reglugerð o.fl.

17. gr.

Menntamálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

18. gr.

Allar reglur sem háskólaráð setur á grundvelli þessara laga skulu birtar í Stjórnartíðindum.

19. gr.

Lög þessi, sem sett eru með hliðsjón af lögum um háskóla, nr. 63/2006, öðlast gildi þegar í stað.

Ákvæði til bráðabirgða.

Menntamálaráðherra skal skipa fimm manna háskólaráð til bráðabirgða sem tekur til starfa þegar í stað. Tvo menn skipar ráðherra án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður, tveir skulu tilnefndir af Fjórðungssambandi Vestfirðinga og einn af nemendum Menntaskólans á Ísafirði. Hlutverk ráðsins verður að tilnefna rektor sem menntamálaráðherra skipar og jafnframt að undirbúa stofnun skólans í samstarfi við rektor. Skólinn skal hefja kennslu eigi síðar en á haustönn 2008 og skal þá skipa nýtt háskólaráð skv. 5. gr.

Greinargerð.

Á 52. Fjórðungsþingi Vestfirðinga, sem haldið var á Tálknafirði dagana 7.–8. september sl., var samþykkt ályktun um stofnun Háskóla Vestfirðinga. Frá árinu 2005 hefur verið starfrækt Háskólasetur Vestfjarða þar sem Vestfirðingar hafa átt þess kost að stunda nám við aðra háskóla í landinu. Er nú áætlað að u.þ.b. 150 nemendur stundi þar fjarnám.

Hugmyndin að stofnun Háskóla á Vestfjörðum á sér nokkurn aðdraganda. Á 130. löggjafarþingi var lögð fram þingsályktunartillaga, sem ekki fékkst samþykkt, þar sem skorað var á ráðherra menntamála að beita sér fyrir stofnun háskóla á svæðinu. Er þar m.a. vísað til þess að helstu rökin fyrir stofnun skólans væru af byggðarlegum toga enda benti reynsla af stofnun Háskólans á Akureyri til þess að slík stofnun gæti stutt vel við byggð í landinu.

Vestfirðingar hafa staðið frammi fyrir erfiðum byggðavanda undanfarin ár og hafa stjórnvöld viðurkennt vandann, nú síðast með boðuðum mótvægisaðgerðum vegna samráttar í veiðum á þorski fyrir næstu fiskveiðiár. Vestfirðingar búa við einhæft atvinnulíf og því ljóst

að samdrátturinn mun hafa veruleg áhrif á afkomu fólks á svæðinu. Vonir standa til þess að með stofnun háskóla verði þessi áhrif milduð enda má gera ráð fyrir að háskóla fylgi aukin tækifæri til nýsköpunar og sérhæfingar.

Frumvarp þetta er samið á grunni laga um háskóla, nr. 63/2006, en flestar greinar þess eiga sér hliðstæðu í lögum um Háskólann á Akureyri, nr. 40/1999.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Kjarninn í starfsemi Háskólans á Ísafirði er kennsla og rannsóknir. Ætla má að námskrá háskólans muni taka sérstakt mið af sérstöðu Vestfjarðasvæðisins auk þess sem umfang starfseminnar kemur til með að ráðast af fjárveitingum Alþingis, samningum sem gerðir verða við menntamálaráðuneytið á grundvelli VIII. kafla laga um háskóla og fjárframlögum frá öðrum aðilum.

Um 2. gr.

Hér er starfsheitum kennara skólans lýst. Gert er ráð fyrir að háskólaráð setji almennar reglur um hvernig starfsskyldur kennara skiptast á einstaka þætti (kennslu, rannsóknir, þjónustu og stjórnun) og geti einnig hlutast til um aðra skiptingu vegna einstakra kennara. Í reglum þessum skal einnig kveðið á um veitingu rannsóknarleyfa, sem eftir atvikum geta einnig náð til annarra starfsmanna.

Um 3. gr.

Samkvæmt greininni annast rektor ráðningu kennara við skólann og er sú tilhögun í anda laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Umsækjendur um störf eiga að styðja umsóknir sínar tilteknum gögnum og líkt og í núgildandi lögum um Háskólann á Akureyri er gert ráð fyrir að þriggja manna dómnefnd, skipuð af rektor en tilnefnd af háskólaráði og menntamálaráðherra, rannsaki hæfi umsækjenda um starf prófessors, dósents og lektors. Nefndinni til ráðgjafar hverju sinni er tilnefndur sérfræðingur í því skyni að leggja mat á fræðistörf umsækjenda.

Háskólaráð setur reglur um nýráðningar og framgang kennara í starfi og skal þar m.a. kveða nánar á um störf dómnefnda og meðferð umsókna. Ráðinu er þar enn fremur heimilað, að teknu tilliti til sérstaks eðlis háskólaumhverfisins og þeirra starfa sem þar eru unnin, að víkja frá meginreglum laga um auglýsingu starfa og tímabundar ráðningar á vegum ríkisins, sbr. 7. gr. og 2. mgr. 41. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Loks er gert ráð fyrir að í reglunum kveði ráðið á um ráðningu sérfræðinga á sviði rannsókna og annarra fræðistarfa.

Í frumvarpi til laga nr. 43/2003, um breytingu á lögum um Háskólann á Akureyri, er gerð grein fyrir í hverju sérstaða háskólastarfa getur falist og eiga þau sjónarmið sem þar eru rakin einnig við hér að breyttum breytanda. Í frumvarpinu er enn fremur vakin athygli á því að heimild háskólaráðs til að tengja starf kennara tilteknu starfi utan háskólans eða starfi við stofnanir hans samkvæmt reglum sem ráðið setur er við það miðuð að hún verði ekki bundin við störf hjá opinberum stofnunum eingöngu. Heimild þessi er nauðsynleg til að auka svigrúm háskólans til að tengjast fleiri aðilum utan hans, enda vinnur háskólinn markvisst að því að tengja kennslu- og rannsóknarstarfsemi sína atvinnulífi og annarri rannsóknarstarfsemi í landinu.

Um 4. gr.

Almenn skilyrði háskólainngöngu er viðurkennt stúdentspróf úr íslenskum skóla eða annað sambærilegt próf frá erlendum skóla. Tilgreina mætti tvenns konar undantekningar frá þessu. Eins og greinin mælir fyrir um skal háskólaráð, að fengnum tillögum viðkomandi deilda, setja reglur sem binda aðgang að námsgreinum sérstökum skilyrðum til viðbótar hinum almennu. Í annan stað má ætla að ráðinu verði heimilt á grundvelli laga um háskóla að setja reglur um rétt þeirra til inngöngu sem ekki hafa lokið prófi en hafa til að bera hliðstæðan þroska og þekkingu og þeir sem það hafa þreytt.

Skráningargjaldi er ætlað að standa undir hluta af kostnaði við háskólastarfið og er heimildin til töku þess í samræmi við áskilnað 2. mgr. 22. gr. laga um háskóla. Í lögum um háskólann á Akureyri og lögunum um Háskóla Íslands er að finna sambærilegar heimildir en nokkurrar óvissu virðist þó hafa gætt um hvort skráningargjald sé skattur eða þjónustugjald. Má um þetta vísa til sjónarmiða sem rakin eru í frumvörpum til laga nr. 132/2004 og laga nr. 135/2004 en á sérstöku skjali sem fylgdi þeim er að finna yfirlit yfir þá þjónustu sem gjaldinu er ætlað að standa undir.

Gera skal ráð fyrir að upphæð skrásetningargjalds verði bókfært hjá yfirstjórn háskólans í samræmi við fjárlög og að upphæð þess komi til endurskoðunar við afgreiðslu þeirra laga ár hvert.

Um 5. gr.

Háskólaráð er að meginstefnu til æðsti ákvörðunaraðili innan háskólans og ráðið skipa fimm nánar greindir einstaklingar. Samkvæmt greininni er rektor sjálfkjörinn í ráðið og jafnframt forseti þess, en um skipan ráðsins að öðru leyti er byggt á ákvæðum laga um háskóla, sbr. 16. gr. Tveir verði kjörnir fulltrúar kennara sem ráðnir eru tímabundið. Stúdentar kjósi einn fulltrúa og er gert ráð fyrir því að stúdentafélag skólans setji sér sérstakar reglur um kjör þeirra. Lagt er til að menntamálaráðherra skipi einn fulltrúa í ráðið. Rökin fyrir því að utanaðkomandi aðilar eigi sæti í æðstu stjórn skólans eru af þrennum toga: það styrkir stjórnsýslu stofnunarinnar, eflir tengsl hennar við samfélagið og veitir henni aukið aðhald.

Um 6. og 7. gr.

Greinarnar fjall um störf háskólaráðs og um skipan, hæfi og verksvið rektors og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 8. gr.

Háskólaráð tekur ákvörðun um deildarskipan skólans og aðrar stjórnunareiningar og er sú tilhögun til þess fallin að tryggja aukið sjálfstæði háskólans. Það felur í sér að stofnunin getur ákvarðað á hvaða sviðum menntun er veitt en ákvörðun um það er háð samningum við stjórnvöld og aðra aðila, sbr. athugasemdir við 1. gr. frumvarpsins.

Kveðið er á um að háskólaráð setji reglur um yfirstjórn deilda og hvernig deildarforseti er valinn. Hliðstætt gildir um aðrar stjórnunareiningar sem háskólaráð telur nauðsynlegt að afmarka sérstaklega. Þeir starfsmenn eða stofnanir sem ekki lúta sérstakri stjórn heyra beint undir rektor. Þetta ákvæði breytir engu um að rektor ræður alla starfsmenn skólans.

Um 9. gr.

Greinin kveður á um skyldur skólans til að gefa út nám- og kennsluskrár fyrir það nám sem í boði er. Nám- og kennsluskrár eru unnar á ábyrgð deilda en skulu staðfestar af háskóla-

ráði. Námskrár eru öðrum þræði hugsaðar til að gefa aðilum utan skólans færi á að koma á framfæri athugasemdum um skipan námsins og einstaka þætti þess. Einnig má líta á þær sem hluta af upplýsingaskyldu stofnunarinnar til stjórnvalda, hagsmunaaðila og almennings. Kennsluskrár eru nánari útfærsla á ákvæðum námskrár um tilhögun náms.

Um 10. gr.

Greinin mælir fyrir um að háskólaráð skuli setja reglur sem varða prófgráður, framkvæmd prófa, prófdómara og fleira.

Um 11. gr.

Í greininni er kveðið á um heimildir rektors til að áminna eða víkja nemanda úr skólanum um stundarsakir eða að fullu vegna hegðunarbrota. Er í greininni kveðið á um andmælarétt nemandans í tilefni af brottvikningu og enn fremur rétt hans til að skjóta ákvörðunum rektors um viðurlög til sjálfstæðrar úrskurðarnefndar samkvæmt lögum um háskóla. Mikilvægt er talið að agaviðurlög styðjist við heimildir í lögum þar sem um íþyngjandi ákvarðanir er að ræða af hálfu háskólayfirvalda.

Um 12. gr.

Grein þessi er sett til samræmis við upphafsgrein frumvarpsins og heimilar háskólanum að starfrækja rannsóknarstofnun á eigin vegum eða í samvinnu við aðra. Um kosti samvinnu skólans við aðrar stofnanir og fyrirtæki er fjallað í athugasemdum við 15. gr. frumvarpsins. Háskólaráð skal setja reglur, sem menntamálaráðherra staðfestir, sem lúta m.a. að hlutverki, starfssviði og stjórn rannsóknastofnunar.

Um 13. gr.

Leggja ber áherslu á mikilvægi vel búins rannsókna- og sérfræðibókasafns til að háskólinn geti rækt kennslu-, rannsóknar- og þjónustuhlutverk sitt.

Um 14. gr.

Í þessari grein er kveðið á um heimild háskólans til að taka gjald fyrir þjónustu utan lögbundinnar skyldu. Dæmi um slíkt gæti verið aukin þjónusta vegna tölvuaðgangs og innhringisambanda fyrir þá stúdenta sem þess óska. Einnig gæti hér fallið undir gjaldtaka fyrir veitingu vottorða um námsástundun og próf sem er utan reglulegrar upplýsingagjafar um þetta efni. Með þessu ákvæði er lagt til að þessi möguleiki verði rýmkaður, en um leið er lögð áhersla á að ákvarðanir um slík þjónustugjöld verða að byggjast á þeim kostnaði sem felst í því að veita þjónustuna.

Jafnframt er háskólaráði heimilað að semja við félög, fyrirtæki og stofnanir um að greiða þeim fyrir sérgreinda þjónustu. Eins má fela fyrirtækjum, samtökum eða stofnunum að sinna þessum verkefnum. Hér undir geta fallið ýmis verkefni er varða til dæmis stoðþjónustu við stúdenta. Gert er ráð fyrir því að það sé á valdi háskólaráðs að semja við félög stúdenta um þjónustu af þessu tagi.

Um 15. gr.

Samvinna háskólans við aðra stofnanir og fyrirtæki, sem tengjast starfssviði hans, getur annars vegar aukið möguleika á fjölþættari kostum hvað varðar menntun og rannsóknir og hins vegar leitt af sér hagkvæmni og sparnað. Eðlilegt þykir að háskólaráð skilgreini nánar

réttindi og skyldur þeirra sem ráðnir eru með þessum hætti, t.d. atkvæðisrétt þeirra á deildarfundum og þátttöku í stjórnun háskólans. Má í þessu sambandi vísa til athugasemda við 3. gr. frumvarpsins.

Um 16.–19. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í ákvæði til bráðabirgða er mælt fyrir um hvernig staðið skuli að stofnun háskólaráðs í upphafi. Helsta hlutverk þess verður að tilnefna rektor og undirbúa í samráði við hann stofnun skólans. Eftir atvikum skulu þessir aðilar viðhafa samstarf við Háskólasetur Vestfjarða um starfsemi og aðstöðu.

31. Frumvarp til laga [31. mál]

um brottfall laga um búnaðargjald, nr. 84/1997, með síðari breytingum.

Flm.: Pétur H. Blöndal, Sigurður Kári Kristjánsson, Ragnheiður Ríkharðsdóttir.

1. gr.

Lög um búnaðargjald, nr. 84/1997, falla úr gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2008.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á lögum um Bjargráðasjóð, nr. 146/1995:

a. B-liður 5. gr. laganna fellur brott.
b. Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:
   1. Í stað „c-lið“ í a-lið kemur: b-lið.
   2. Orðin „allt framlag skv. b-lið 5. gr.“ í b-lið falla brott.
   3. Í stað „c-lið“ í b-lið kemur: b-lið.
c. 3. mgr. 7. gr. laganna fellur brott.
d. 2. mgr. 10. gr. laganna fellur brott.

Greinargerð.

Frumvarp sama efnis var flutt á 132. og 133. löggjafarþingi en varð ekki útrætt. Flutningsmenn hafa notið aðstoðar Snorra Stefánssonar lögfræðings og nefndasviðs Alþingis við samningu frumvarpsins.

Tilgangur frumvarpsins er að fella niður skyldu bænda til að greiða búnaðargjald, sem er annars vegar félagsgjald til lögbundinna stéttarfélaga bænda, Bændasamtaka Íslands, ýmissa búnaðarsambanda og búgreinasambanda og hins vegar iðgjald til sérstaks tryggingasjóðs, Bjargráðasjóðs.

Búnaðargjaldið var ákveðið 2,65% frá ársbyrjun 1998 og tók við af flóknu kerfi gjalda. Það lækkaði í 2,55% í ársbyrjun 2000 þegar Framleiðsluráð landbúnaðarins var lagt niður

og aftur í 2,00% frá ársbyrjun 2003. Enn var það lækkað á 132. löggjafarþingi í 1,20% þar sem Lánasjóður landbúnaðarins hafði verið seldur.

Afkoma bænda hefur því miður ekki verið góð undanfarna áratugi og því hefðu bændur flestir vel getað ráðstafað þessum fjármunum sjálfir. Búnaðargjaldið nemur 1,2% af heildartekjum bús óháð afkomu. Það getur því verið miklu hærra hlutfall af tekjum hvers einstaks bónda og mjög erfitt tekjulágum bændum. Ef þetta frumvarp yrði samþykkt mundi samt ekkert banna bændum að greiða félagsgjald til þeirra stéttarfélaga sem þeir vilja vera félagar í eða greiða iðgjald til Bjargráðasjóðs kæri þeir sig um.

Eftirfarandi rök eru fyrir því að afnema skyldu bænda til að greiða búnaðargjald og eru þau rædd ítarlegar seinna í greinargerðinni:

- Innheimta ríkissjóðs á búnaðargjaldi og kvöð á fjármálaráðherra að standa skil á því skv. 6. gr. laganna brýtur gegn 41. gr. stjórnarskrárinnar en þar segir: „Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum.“
- Búvörugjaldið hefur öll einkenni skatts þótt það renni til félags einstaklinga. Það er lagt á og innheimt af innheimtumönnum ríkissjóðs og ríkisvaldið stendur með fullum þunga að baki innheimtunni.
- Skyldugreiðsla félagsgjalds vekur upp spurningar um tjáningarfrelsið sem tryggt er í 73. gr. stjórnarskrárinnar.
- Lögin skylda bændur óbeint til að taka þátt í félagi öndvert við ákvæði 1. málsl. 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar um frelsi til að standa utan félaga.
- Spurningar vakna varðandi jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar. Bændum er gert skylt að greiða gjald af þessu tagi en ekki öðrum stéttum, t.d. vörubílstjórum. Hvers á bóndi að gjalda sem vinnur við hlið vörubílstjóra?
- Gjaldið er 1,2% af heildartekjum búsins óháð afkomu þannig að ekki er jafnræði á milli bænda með góða afkomu og mjög laka.
- Upplýsingagjöf ríkisskattstjóra til Bændasamtaka Íslands skv. 5. mgr. 5. gr. laganna vekur upp spurningar um friðhelgi einkalífsins sem tryggð er í 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar.
- Miklar breytingar hafa orðið í landbúnaði og afnám búnaðargjaldsins væri liður í þeirri þróun.

Markaðir tekjustofnar og stjórnarskráin.

41. gr. stjórnarskrárinnar segir: „Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum.“ Lög sem kveða á um greiðslu úr ríkissjóði, önnur en fjárlög eða fjáraukalög, hljóta því að vera í andstöðu við þetta ákvæði stjórnarskrárinnar og því ógild. Þing sem setur slík lög um árlega ráðstöfun á fjármunum ríkissjóðs er búið að binda hendur allra þinga þaðan í frá hvað varðar greiðslur þessara gjalda því lögin hljóta að eiga að gilda eins og önnur lög frá Alþingi. Síðari þing þurfa árlega að taka fram í fjárlögum að þetta gjald skuli renna til verkefnisins og hafa því ekki óskorað fjárveitingarvald. Farist fyrir að geta um útgjöldin í fjárlögum kemur upp sú staða að lögin kveða á um að greiða skuli fé úr ríkissjóði sem stjórnarskráin bannar.

Lagasafnið hefur að geyma fjölmörg lög af þessu tagi. Oft er um að ræða skatta, tekjur sem renna eiga til ákveðinna verkefna eða aðila og eru slíkar tekjur ríkissjóðs oft nefndar „markaðar tekjur“. Dæmi um slíkar tekjur eru búnaðargjaldið, sem rennur aðallega til stéttarsamtaka bænda, iðnaðarmálagjald, sem rennur til Samtaka iðnaðarins, fiskiræktargjald, sem

rennur til Fiskiræktarsjóðs, sem veitir m.a. styrki til fiskeldis og fiskiræktar, höfundaréttargjöld (t.d. 1% af verði tölva) og STEF-gjöld, sem renna til einstaklinga (tónskálda).

Þegar litið er á lög um markaða tekjustofna virðist sem hópur manna hafi fengið löggjafann til þess að innheimta fyrir sig gjöld og nota þannig ægivald ríkisins til að ná fénu skilyrðislaust. Samkvæmt 3. mgr. 6. gr. laga um búnaðargjald skuli 0,5% af óskiptum tekjum af búnaðargjaldi renna í ríkissjóð sem undirstrikar að litið hefur verið á þessa starfsemi sem innheimtu og þessi 0,5% eru eins konar innheimtuþóknun. Í því sambandi er rétt að benda á að umrædd gjöld verða að skatti og skil á gjöldunum verða að ríkisútgjöldum með því að lögbinda innheimtuna og fela hana ríkinu. Um hvort tveggja hefur stjórnarskráin mjög nákvæmar leiðbeiningar eins og hér hefur verið drepið á.

Í 2. og 3. mgr. 6. gr. laganna um búnaðargjald segir að fjármálaráðherra standi skil á gjaldinu mánaðarlega, þó aldrei lægri fjárhæð en nemur 6,67% af álagningu næstliðins árs, og að af óskiptum tekjum búnaðargjalds skuli 0,5% renna í ríkissjóð til að standa straum af kostnaði við framkvæmd laganna. Af þessum ákvæðum er greinilegt að þessar tekjur ríkisins eru ekki til ráðstöfunar fyrir ríkið, þrátt fyrir fyrrnefnt ákvæði 41. gr. stjórnarskrárinnar. 6. gr. laganna brýtur því greinilega gegn ákvæðum stjórnarskrárinnar, sérstaklega sú kvöð á fjármálaráðherra að standa skil á gjaldinu mánaðarlega.

Skattur.

Í greinargerð sem fylgdi frumvarpi að þeim lögum sem hér er lagt til að felld verði úr gildi segir: „Helstu kostir þessa nýja fyrirkomulags samkvæmt frumvarpinu eru að innheimtan verður einföld, fellur inn í hið opinbera skattkerfi og snertir eingöngu hagsmunaaðila. Gjaldstofninn liggur þegar fyrir hjá greiðendum og kostnaður þeirra er óverulegur.“

Hér er sagt beinum orðum að innheimtan falli inn í hið opinbera skattkerfi. Skattheimta ríkisins er sem sagt notuð til að innheimta gjöld fyrir félagasamtök einstaklinga með þeim ofurúrræðum gagnvart einstaklingum sem skattheimtu ríkisins eru gefin. Þetta innheimtuhlutverk ríkisins er undirstrikað í 1. og 3. mgr. 6. gr. laganna þar sem fram kemur að tekjum af búnaðargjaldi skuli skipt í samræmi við viðauka við lögin og að af óskiptum tekjum búnaðargjalds skuli 0,5% renna í ríkissjóð til að standa straum af kostnaði við framkvæmd laganna.

Það getur varla verið hlutverk ríkisins að innheimta gjöld fyrir einstaklinga eða félög þeirra eins og 6. gr. gefur tilefni til að ætla.

Í 1. umræðu um frumvarpið á Alþingi 4. apríl 1997 svaraði þáverandi landbúnaðarráðherra, Guðmundur Bjarnason, aðspurður hvort hann teldi að búnaðargjaldið væri skattur eða þjónustugjald: „Hæstv. forseti. Varðandi fyrri spurningu hv. þm. er ljóst að þessi framkvæmd mun flokkast sem skattur. Þetta innheimtuform á þessum sjóðagjöldum eða búnaðargjaldi eins og við köllum það, mun flokkast sem skattur.“ Nú eru skattar almennt taldir fé sem greiða beri til opinberra aðila, ríkis eða sveitarfélaga. Búnaðargjaldið rennur hins vegar til félaga sem stofnuð eru af einstaklingum. Það fær vart staðist að einstaklingar og félög þeirra geti notað ríkisvaldið til að innheimta fyrir sig fé. Ef greiðandinn sættir sig ekki við að láta af hendi fé til félags sem hann er jafnvel andvígur verður féð innheimt með öllum tiltækum ráðum ríkisvaldsins, þar á meðal með lögregluvaldi.

Það styður svo enn þennan skatta- og innheimtueiginleika gjaldsins að landbúnaðarnefnd fékk samþykkta breytingartillögu sem kvað á um þungar refsingar (20% vanskilaálag) á þá bændur sem ekki stæðu skil á gjaldinu á réttum tíma. Í viðauka með lögum um búnaðargjald var eftirfarandi tafla sem sýnir hvernig á að skipta innheimtu gjaldi á milli búgreina, Lánasjóðsins og Framleiðsluráðs sem og eldri skiptingu:

Hlutfallsleg skipting tekna af búnaðargjaldi.

	Búnaðarsjóður						
Afurðir	Bændasamtök Íslands	Búnaðar-sambönd	Búgreina-sambönd	Bjargráða-sjóður	Lánasjóður landbúnaðarins	Framleiðsluráð landbúnaðarins	Alls
Nautgripaafurðir	0,325	0,50	0,10	0,3	1,15	0,275	**2,65**
Sauðfjárafurðir	0,325	0,50	0,10	0,3	1,15	0,275	**2,65**
Hrossaafurðir	0,325	0,50	0,55	0,2	0,80	0,275	**2,65**
Svínaafurðir	0,125	0,25	0,90	0,3	0,80	0,275	**2,65**
Alifuglakjöt	0,125	0,25	0,20	1,0	0,80	0,275	**2,65**
Egg	0,125	0,25	0,90	0,3	0,80	0,275	**2,65**
Kartöflur, gulrófur	0,325	0,50	0,45	0,3	0,80	0,275	**2,65**
Annað grænmeti og blóm	0,325	0,50	0,75	0,0	0,80	0,275	**2,65**
Grávara	0,325	0,50	0,45	0,3	0,80	0,275	**2,65**
Æðardúnn	0,325	0,50	0,45	0,3	0,80	0,275	**2,65**
Skógarafurðir	0,325	0,50	0,45	0,3	0,80	0,275	**2,65**

Það er ljóst að ekki er mikið svigrúm fyrir fjárveitingarvaldið með slíka lagasetningu í gildi.

Haustið 1997 var einnig samþykkt breyting á lögunum þar sem segir m.a.: „Fjármálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari reglur um fyrirframgreiðslur, álagningu, innheimtu og annað er varðar skattalega framkvæmd laga þessara.“ Þetta undirstrikar enn frekar að gjaldið er skattur á bændur enda segir í greinargerð: „Hægt er að nýta álagningar- og innheimtukerfi fyrir sérstakan tekjuskatt manna (hátekjuskatt) með tiltölulega litlum breytingum til að leggja á og innheimta fyrirframgreiðslu búnaðargjalds.“ Nú hefur hátekjuskattur reyndar verið aflagður en kannski lifir innheimtukerfi hans enn góðu lífi við innheimtu á búnaðargjaldinu?

Búnaðargjald er til þess fallið að auka flækjustig skattkerfisins. Skattaleg meðferð þess er sérstök með tilheyrandi vandræðagangi og flókinni framtalsgerð. Þá hefur heldur ekki verið tekið tillit til kostnaðarins sem innheimta og útdeiling fjármuna veldur hinu opinbera.

Tjáningarfrelsi.

Með lögum um búnaðargjald er bóndi skyldaður til að greiða til félags, sem hann kann að vera andsnúinn og telur jafnvel að vinni gegn hagsmunum hans eða útbreiði sjónarmið og skoðanir sem eru andsnúin sjónarmiðum hans og lífssýn. Það fær vart staðist að hann sé látinn greiða fyrir slíka starfsemi með hliðsjón af 73. gr. stjórnarskrárinnar. T.d. gæti hann verið þeirrar skoðunar að ekki eigi að leggja búnaðargjald á bændur og að landbúnaðarstefnan, sem að miklu leyti er mótuð af stéttarfélögum bænda, hafi beðið skipbrot fyrir löngu og að breytinga sé þörf til að landbúnaðurinn geti sýnt hvað í honum býr. Hann er samt neyddur til að greiða stórfé (120 þús. kr. af 10 millj. kr. ársveltu) til að fjármagna stefnu sem hann er eindregið á móti. Hann getur hins vegar ekki í sama mæli tjáð skoðanir sínar því hann hefur oft ekki þá afkomu af búi sínu að hann geti kostað til sambærilegum fjármunum í því skyni auk þess sem hagur hann skerðist sem nemur búnaðargjaldinu.

Í tjáningarfrelsinu felst að óheimilt er að kúga menn til að hafa tilteknar skoðanir eða losa sig við aðrar. Þrátt fyrir að skoðanafrelsisákvæði stjórnarskrárinnar hafi almennt ekki mikla þýðingu er því þveröfugt farið hér. Skyldugreiðslur til félags sem greiðendur kunna að vera á móti í sjálfu sér brjóta í bága við hugmyndir um skoðanafrelsi.

Félagafrelsi.

Margs konar réttindi fylgja félagsaðild og einnig tækifæri til að kjósa stjórn og þar með hafa áhrif á ráðstöfun þess fjár sem bónda er gert að greiða til félagsins. Þannig er það óskynsamlegt að gerast ekki félagi en verða samt að greiða fullt gjald.

Ef einhver hópur bænda vildi stofna félag til að gæta sameiginlegra hagsmuna sinna, t.d. berjast gegn því að verða að greiða búnaðargjald samkvæmt lögum, væri þeim það fullkomlega heimilt samkvæmt stjórnarskrá. Er ekki undarlegt í því ljósi að þeim skuli með lögum gert að greiða gjald til félaga sem líklega munu berjast gegn nýja félaginu þeirra? Hópnum yrði sem sagt gert að greiða herkostnað gegn eigin félagi og gegn eigin hagsmunum. Eins kunna einhver hlunnindi að fylgja því að vera félagar í þessum lögbundnu stéttarfélögum sem þeir yrðu af sem stæðu utan félaganna. Þeir yrðu samt sem áður að greiða þessi hlunnindi fyrir aðra. Þessi lögbundnu félög bænda minna óskyggilega á stéttarfélög í fyrrverandi ríkjum Sovétríkjanna. Starfsmenn Bændasamtaka Íslands eru með sömu lífeyriskjör og opinberir starfsmenn en þau eru miklu betri en þau slöku lífeyriskjör sem bændur njóta almennt hjá Lífeyrissjóði bænda. Lífeyriskjör starfsmanna Bændasamtakanna eru að sjálfsögðu greidd af bændum sem hafa haft slæma afkomu undanfarna áratugi.

Félagafrelsi er meginreglan á Íslandi. Samkvæmt stjórnarskránni má engan skylda til aðildar að félagi nema sérstakar aðstæður krefjist þess. Skoðanafrelsi er nátengt félagafrelsinu eins og bent er á hér að framan.

Jafna má búnaðargjaldi til skylduaðildar að Bændasamtökum Íslands og Landssambandi kúabænda. Öllum bændum er gert að greiða til samtakanna en aðeins þeir sem eru félagar njóta félagslegra réttinda í félögunum. Einungis sem félagsmenn hafa þeir aðstöðu til að koma að kjöri stjórnar sem svo aftur ráðstafar peningunum þeirra. Það er því naumast valkostur að vera ekki félagsmaður fyrst þessi félög hafa tækifæri til þess að ná í félagsgjald eftir sem áður.

Jafnræði.

Búnaðargjaldið er lagt á veltu bús en veltan segir ekki endilega til um tekjur bóndans. Hann getur haft laka afkomu og jafnvel engin laun af búrekstrinum en samt þurft að standa skil á háu búnaðargjaldi. Annar bóndi með helmingi minni heildartekjur getur haft mjög góða afkomu en hann greiðir samt helmingi minna búnaðargjald til stéttarfélaga bænda. Gjaldið sem bændum er gert að greiða til stéttarsamtaka bænda getur verið mjög há prósenta af tekjum þeirra sem lægstar hafa tekjurnar miðað við veltu og það veltir upp þeirri spurningu hvort jafnræðis sé gætt innan bændastéttarinnar.

Friðhelgi einkalífsins.

5. mgr. 5. gr. laganna um búnaðargjald hljóðar svo:

„Að lokinni álagningu ár hvert skal ríkisskattstjóri láta Bændasamtökum Íslands í té skrá um greiðendur búnaðargjalds eftir sveitarfélögum þar sem fram komi af hvaða búgreinum hver og einn hefur greitt. Skrána er samtökunum aðeins heimilt að nota til að sinna lögbundnum verkefnum sínum og þjónustu við bændur. Óheimilt er að veita öðrum aðgang að skránni. Einstakir greiðendur gjaldsins geta andmælt því við ríkisskattstjóra að nöfn þeirra verði birt í skránni, enda liggi til þess lögmætar ástæður eða sérstakar aðstæður að mati ríkisskattstjóra.“

Þetta ákvæði kom inn með frumvarpi um breytingu á lögum um búnaðargjaldið, sem landbúnaðarnefnd lagði fram á 128. löggjafarþingi og var samþykkt. Hér er Bændasamtökum Ís-

lands veitt ótrúlegt vald til að fá upplýsingar um bændur landsins og fá þau nánast sama vald og skattstjórar. Andmælaréttur einstakra bænda er reyndar til staðar en það þarf frumkvæði bóndans til og að auki rökstuðning sem ríkisskattstjóra ber að meta. Hér er Bændasamtökum Íslands veittur mjög víðtækur réttur eins og um opinbera stjórnsýsla sé að ræða án þess þó að falla undir skyldur opinberrar stjórnsýslu. Þetta ákvæði virðist ganga mjög nærri friðhelgi einkalífsins sem tryggt er í 1. mgr. 71. greinar stjórnarskrárinnar, sérstaklega þegar haft er í huga að Bændasamtök Íslands er félag einstaklinga.

Saga búnaðargjaldsins.

Miklar og stórstígar breytingar hafa átt sér stað í landbúnaði undanfarin ár. Sú atvinnugrein var hvað fastast bundin á klafa alls konar gjalda, sjóða og skyldugreiðslna sem stóð henni fyrir þrifum og stendur henni enn fyrir þrifum því mikið verk er enn óunnið við að leysa úr læðingi þá krafta sem búa með íslenskum bændum þrátt fyrir þrúgandi hlekki hátt í heila öld. Mikilvægustu breytingarnar eru án efa jarðalögin nýju, sala Lánasjóðs landbúnaðarins, aukið framboð á lánum til bænda og almenn lækkun vaxta sem til samans hefur hækkað verð á jörðum um hundruð prósenta og gert bændur fjárhagslega sjálfstæða. Enn er afkoman þó almennt ekki viðunandi.

Áður en lögin um búnaðargjaldið voru sett voru alls konar gjöld lögð á bændur. Er nærtækast að vitna til greinargerðar sem fylgdi frumvarpi að þeim lögum en þar segir:

„Rétt er að gera grein fyrir núverandi fyrirkomulagi í innheimtu sjóðagjalda og þeim gjöldum sem um er að ræða.

Búnaðarmálasjóðsgjald er innheimt samkvæmt lögum nr. 41/1990. Það er innheimt af afurðum nautgripa, sauðfjár, hrossa, svína, alifugla, garð- og gróðurhúsa hvers konar, auk loðdýraafurða og æðardúns. Gjaldið dregst frá verði til framleiðenda og álagningarstofn er verð til þeirra. Afurðastöðvar sjá um innheimtu þess og standa skil á því til Framleiðsluráðs landbúnaðarins sem síðan greiðir það til viðkomandi aðila. Álagningarprósenta gjaldsins er nokkuð mismunandi eftir afurðartegundum. Á nautgripa-, sauðfjár- og skógarafurðum og æðardúni er gjaldið 1,4%, á alifuglakjöti 1,75%, á afurðum svína 1,775%, afurðum hrossa og loðdýra 2,025%, á kartöflum og gulrófum 1,825% og á öðru grænmeti og blómum er gjaldið 1,525%. Á eggjum er gjaldið 0,85%.

Neytenda- og jöfnunargjald, 2% af heildsöluverði, er lagt á samkvæmt lögum nr. 45/1971 um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum. Heildsöluaðilum ber að standa skil á gjaldinu og sér Framleiðsluráð landbúnaðarins um innheimtu þess. Gjaldið er hluti af tekjum Stofnlánadeildar landbúnaðarins og er forsenda lágra vaxta af útlánum deildarinnar. Gjaldið er innheimt af heildsöluverðmæti sömu afurða og búnaðarmálasjóðsgjald, en þó hvorki af loðdýraafurðum né öðrum útfluttum afurðum. Fyrir Alþingi liggur frumvarp til laga um Lánasjóð landbúnaðarins. Í því frumvarpi er m.a. ákvæði um að tekjur til Lánasjóðsins séu 1,1% af stofni búnaðargjalds samkvæmt þessu frumvarpi.

Framleiðsluráðsgjald, 0,25%, er samkvæmt lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Það er innheimt af heildsöluverðmæti landbúnaðarafurða með neytenda- og jöfnunargjaldi. Gjaldinu er ætlað að standa straum af kostnaði við Framleiðsluráð landbúnaðarins.

Innheimtuferli ofangreindra gjalda er flókið og gjaldstofnar mismunandi. Greiðendur eru framleiðendur, afurðastöðvar og sölusamtök. Eftirlit með álagningu og innheimtu gjaldanna er erfitt og hætta á að gjaldstofnar skili sér ekki að fullu. Þá eru innheimtuúrræði veik.“

Búnaðargjaldið var lækkað úr 2,65% í 2,55% frá ársbyrjun 2000 með lögum nr. 112/1999 þegar Framleiðsluráð landbúnaðarins var lagt niður. Búnaðargjaldið var svo aftur lækkað úr 2,55% í 2,00% frá ársbyrjun 2003 með lögum nr. 59/2002. Síðasta þing samþykkti enn breytingar á lögum um búnaðargjald, sem fólust í því að gjaldið var lækkað úr 2,00% í 1,20% og framlag til Lánasjóðs landbúnaðar féll niður enda hafði hann verið seldur. Þróunin hefur því verið hröð í átt að því að létta þessum hlekkjum af bændum.

Að undangengnum breytingum á lögum um búnaðargjald er harla lítið eftir af gjaldinu nema félagsgjald til Bændasamtaka Íslands, búnaðarsambanda og búgreinasamtaka sem og iðgjald til Bjargráðasjóðs, sem tekið er fram í lögum um þann sjóð. Hér að framan hefur verið fjallað um félagsgjaldið og efasemdir um réttmæti þess. Hér á eftir verður rætt um Bjargráðasjóð.

Bjargráðasjóður.

Í 1. gr. laga um Bjargráðasjóð, nr. 146/1995, segir: „Bjargráðasjóður er sjálfstæð stofnun, sameign ríkisins, sveitarfélaganna og Bændasamtaka Íslands.“ Sjóðurinn skiptist í tvær deildir sem tryggja annars vegar meiri háttar bein tjón af völdum náttúruhamfara á lausum og föstum munum sem tengjast landbúnaði, svo og grasbrest, og hins vegar tjón á búfé og afurðum þess, sem og tjón á garðávöxtum af völdum sjúkdóma, slysa og veðurs.

Tekjur Bjargráðasjóðs eru framlag allra sveitarfélaga landsins, sem er árlegt fast gjald á hvern íbúa, 131,91 kr. fyrir árið 2007, framlag ríkisins, sem er ákveðið á fjárlögum, og búnaðargjaldið sem er mismunandi eftir starfsgreinum bænda, svo og vextir af eigin fé.

Helstu niðurstöður reikninga Bjargráðasjóðs eru (millj. kr.):

	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006
Fjármunatekjur	15,0	23,8	33,0	37,5	47,4	43,4	68,4
Framlag sveitarfélaga	27,0	28,4	31,4	32,1	33,1	34,8	37,0
Framlag ríkissjóðs	30,0	30,0	10,0	10,0	10,0	10,0	10,0
Búnaðargjald	66,0	66,8	47,6	39,5	40,0	16,6	28,1
Styrkir	-74,8	-74,2	-46,9	-42,7	-48,1	-47,0	-74,6
Rekstrargjöld	-21,1	-23,6	-22,0	-22,0	-22,9	-20,-1	24,6
Fjármagnstekjuskattur	-2,5	-4,7	-3,3	-3,4	-4,3	-4,3	6,8
Tekjur umfram gjöld	39,6	46,5	49,8	51,0	55,3	33,3	37,6
Hlutfall rekstrargjöld/styrkir	28,2%	31,8%	46,9%	51,5%	47,6%	42,8%	32,9%

Eigið fé sjóðsins í árslok 2006 voru 586,9 millj. kr. Á yfirlitinu hér að ofan sést að kostnaður við rekstur sjóðsins hefur verið mikill, eða um 30–50% af styrkjum. Þess ber þó að geta að tjón ættu eðli máls samkvæmt að vera mjög sveiflukennd.

Fram kemur í greinargerð með frumvarpi til þeirra laga sem nú gilda um Bjargráðasjóð að rætt hafi verið rækilega um þann kost að leggja sjóðinn niður og færa almenna deild hans undir Viðlagasjóð. Jafnframt að samtök bænda tækju við rekstri búnaðardeildar sjóðsins. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga lagðist á þessu stigi (árið 1994) gegn því að Bjargráðasjóður yrði lagður niður í þáverandi mynd. Af hálfu bændasamtaka var mikill vilji til að lækka þann hluta búnaðarmálagjalds sem rann til Bjargráðasjóðs. Niðurstaðan var að skerpa á hlutverki deildanna og lækka framlög með búnaðargjaldi. Enn fremur voru tjónabætur úr búnaðardeild sjóðsins bundnar því skilyrði að greitt hefði verið búnaðarmálagjald af söluvöru og að búgrein hefði ekki verið undanþegin greiðslu á gjaldi til Bjargráðasjóðs.

Þó að búnaðargjaldið verði aflagt sem slíkt getur Bjargráðasjóður starfað áfram um langt skeið miðað við eigið fé, en það svarar til um 12 ára útgreiðslna. Veittir styrkir svara einnig nokkurn veginn til framlaga ríkis og sveitarfélaga. Fjármagnstekjur geta staðið undir rekstrarkostnaði sem auðvitað mætti lækka. Bændur gætu einnig leitað eftir tryggingum á almennum markaði fyrir þeirri áhættu sem sjóðurinn mundi ekki geta staðið undir (e. stop loss). Hugsanlega mætti breyta Bjargráðasjóði í hlutafélag og selja hann til hagsbóta fyrir Lífeyrissjóð bænda eins og gert var við Lánasjóð landbúnaðarins. Athygli vekur að sala á þeim sjóði hefur opnað fyrir samkeppni um lán til bænda á kjörum sem þeir hafa aldrei séð áður. Einnig hefur verð á jörðum hækkað og veðhæfni þeirra þar með í kjölfar lækkandi vaxta. Það ætti að sýna bændum að þeir geta notið frelsis á mörkuðum eins og aðrir landsmenn og ætti að hvetja þá til að losa um þá hlekki á landbúnaði sem enn njörva athafnakraft þeirra niður eins og búnaðargjaldið er dæmi um.

32. Tillaga til þingsályktunar [32. mál]

um hreyfiseðla í heilbrigðiskerfinu.

Flm.: Ásta R. Jóhannesdóttir.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að skipa nefnd til að undibúa að hreyfing geti orðið valkostur í heilbrigðisþjónustu, sem lækning og í fyrirbyggjandi tilgangi, þannig að læknar geti vísað á hreyfingu sem meðferð við sjúkdómum á sama hátt og vísað er á lyf eða læknisaðgerðir. Nefndin kanni kostnað og ávinning af fyrirkomulaginu. Hún meti hvort gera þurfi breytingar á lögum til að ná þessu markmiði og hvort setja þurfi á laggirnar nám eða endurmenntun fyrir þá sem hafa umsjón með hreyfingar-, lífsstíls- eða þjálfunaráætlunum.

Nefndin verði skipuð sjö manns. Ráðherra skipi formann án tilnefningar og landlæknir, Læknafélag Íslands, Samtök sjúkraþjálfara, heilsugæslan, Íþróttasamband Íslands og Lýðheilsustofnun tilnefni einn hver. Nefndin skili tillögum sínum í júní 2008.

Greinargerð.

Þessi tillaga er nú flutt í fjórða sinn, í annað sinn undir heitinu tillaga til þingsályktunar um hreyfiseðla í heilbrigðiskerfinu, en hún hét áður tillaga til þingsályktunar um hreyfingu sem valkost í heilbrigðiskerfinu.

Þar sem hreyfiseðlar hafa verið teknir upp í tilraunaskyni í a.m.k. einni heilsugæslustöð síðan málið var fyrst flutt á Alþingi telja flutningsmenn mikilvægt að farið verði í þá vinnu sem hér er lögð til. Í nefndarvinnu sem farið hefur fram á vegum heilbrigðisráðuneytisins hefur verið tekið undir þessar hugmyndir.

Á tímum síhækkandi útgjalda til heilbrigðiskerfisins, þar sem lyfjanotkun eykst stöðugt og aðgerðum á sjúkrahúsum fjölgar ár frá ári, hefur vægi hreyfingar og leiðbeininga um mataræði í meðferð sjúklinga í grannlöndum okkar aukist. Í stað þess að læknir skrifi lyfseðil eða sendi sjúkling í aðgerð á sjúkrahúsi skrifar hann upp á ráðgjafar- og hreyfingaráætlun, svokallaða „hreyfiseðla“. Þannig getur sjúklingurinn tekist á við heilsuleysið með eigin atorku.

Útgjöld heilbrigðiskerfisins aukast stöðugt hér á landi. Ný, dýrari og fullkomnari lyf koma á markað sem kalla á notkun og launakostnaður heilbrigðisstofnana verður sífellt meiri. Eftir því sem tækninni fleygir fram verða aðgerðir sífellt dýrari og heilbrigðisstofnunum reynist erfitt að halda sig innan fjárlaga. Leita þarf leiða til að breyta þeirri hugsun að eina lækningin við kvillum sé lyf eða læknisaðgerð því að sjúklingar geta oft breytt heilsufari sínu sjálfir með breyttu líferni, mataræði og hreyfingu.

Ýmsir menningarsjúkdómar sem orsakast af óheilbrigðu líferni kosta samfélagið sífellt hærri fjárhæðir og það er ekki aðeins vandamál einstaklinga heldur samfélagsins alls. Samkvæmt upplýsingum frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (WHO) er rúmlega 1 milljarður manna of þungur, þar af þjást 300 milljónir þeirra af offitu (BMI > 30) og telur stofnunin offitu vera annað stærsta heilbrigðisvandamálið í heiminum, næst á eftir reykingum.

Hér á landi hefur offita meðal fullorðinna tvöfaldast á 20 árum og er komin yfir 20% og hjá 9 ára börnum fjórfaldaðist hún á tímabilinu 1978–2002. Ofþyngd hefur líka aukist, en 65% fullorðinna hér á landi eru yfir æskilegri þyngd og fylgir því fjöldi sjúkdóma.

Verkefni nefndarinnar.

Nefndin, sem hér er lagt til að verði skipuð, þyrfti að leita eftir upplýsingum um hvernig hreyfimeðferð var komið á í Danmörku, Noregi og Svíþjóð og hver reynslan hefur verið af þessu fyrirkomulagi þar. Þá þarf nefndin að meta hvort almannatryggingarnar eigi að taka þátt í hreyfingaráætlun sem læknar vísa á og hvernig eftirliti og eftirfylgni skuli háttað. Einnig þarf að athuga hvort mennta þurfi sérstaka hreyfingarráðgjafa og þá hvernig þeirri menntun skuli háttað. Hún gæti verið viðbótarmenntun við ýmsa aðra menntun, svo sem sjúkraþjálfun, líkamsræktar- og íþróttanám, félagsráðgjöf, næringarfræði og hjúkrun, svo að dæmi séu tekin. Annars staðar á Norðurlöndunum er farið að bjóða nám fyrir þá sem vilja starfa við stuðning, eftirfylgni og ráðgjöf þeirra sjúklinga sem fara þessa leið. Að auki þarf nefndin að koma með tillögur um það hvernig auðvelda skuli læknum að vísa á hreyfingu í stað lyfja, svo sem með stöðluðum formum eða rafrænum lausnum. Þá gætu stofnanir eins og landlæknisembættið, Lýðheilsustöð eða heilsugæslan gefið út handbók með leiðbeiningum.

Nefndin meti hvort sú leið sem hér er lögð til er ákjósanleg eða hvort aðrar leiðir skuli farnar til að koma á hreyfingu sem valkosti í heilbrigðisþjónustunni. Þá meti nefndin hvort gera þurfi breytingar á lögum til að ná þessu markmiði og hvort setja þurfi á laggirnar nám eða endurmenntun fyrir þá sem sinna umsjón með hreyfingar-, lífsstíls- eða þjálfunaráætlunum.

Afleiðingar samfélagsbreytinga.

Miklar samfélagslegar breytingar á síðustu áratugum, tækninýjungar og líkamlega léttari störf hafa leitt til minni hreyfingar og orkuþarfar fólks. Þessi þróun hefur síðan leitt til þess að ofþyngd og offita hefur aukist. Í heimsókn heilbrigðisnefndar Alþingis á Reykjalund í nóvember 2005, þar sem árangursrík meðferð við offitu býðst, bentu forsvarsmenn stofnunarinnar á alvarlegar afleiðingar þessa ástands. Dánartíðni vegna offitu hefur tvöfaldast, kæfisvefn og sykursýki tífaldast, hjarta- og æðasjúkdómar þrefaldast, og sama á við um stoðkerfisverki og slitgigt. Ýmsar gerðir krabbameins eru nú allt að tvöfalt algengari en áður og ófrjósemi hefur aukist. Algengir andlegir fylgikvillar eru síðan þunglyndi, vanmetakennd, kvíði og félagsfælni.

Offita hefur einnig ýmsar félagslegar afleiðingar, svo sem einelti, einangrun og fordóma sem síðan leiða til minni möguleika til náms, atvinnu og til að stofna fjölskyldu. Oftar en ekki er félagsleg staða þessa fólks slæm og líkleg til að leiða til örorku.

Offita veldur miklum kostnaði í heilbrigðiskerfinu. Marga algengustu sjúkdómana má rekja til óheilbrigðra lífshátta, svo sem hjarta- og æðasjúkdóma, háan blóðþrýsting, sykursýki eldra fólks og áunna sykursýki sem hefur aukist hjá börnum. Offita er ekki aðeins vandi fullorðinna heldur fer tíðni hennar vaxandi hjá börnum þannig að sá vandi er raunverulegt heilbrigðisvandamál sem á eftir að verða baggi á velferðarkerfinu í heild ef ekkert verður að gert. Hreyfing og hollusta er leið til að sporna við þeirri þróun.

Reynsla annarra þjóða.

Svíar, Danir og Norðmenn hafa í nokkur ár gert tilraunir með að vísa á hreyfingu sem úrræði í stað þess að vísa á lyf. Í leiðbeiningabók sem nefnd um aukna upplýsingagjöf um heilbrigðismál gaf út í Danmörku kemur fram að þessi leið gagnist best sem meðferð við æða-, stoðkerfis-, efnaskipta-, lungna- og geðsjúkdómum. Rannsóknir sýna að þetta er raunhæfur kostur en læknar verða að meta í hverju tilfelli hvort þessi leið gagnist viðkomandi sjúklingi þar sem ekki er hægt að alhæfa að hreyfing henti öllum. Bandarísk rannsókn þar sem eldra fólki með stoðkerfisvandamál var boðið upp á vatnsleikfimi í stað liðskiptaaðgerðar sýndi að helmingur þeirra sem völdu þá leið fengu bót meina sinna og þurfti ekki að fara í skurðaðgerð sem kemur sér vel fyrir sjúkling þar sem skurðaðgerðir hafa alltaf einhverja hættu í för með sér, auk þess sem það sparar samfélaginu mikla fjármuni þegar unnt er að ná heilsu á þennan hátt. Þessi leið hefur einhvern kostnað í för með sér, en þó mun minni en dýr lyf og skurðaðgerðir.

Frá árinu 2002 hafa dönsku ömtin hvert af öðru boðið íbúum sínum, sem hafa átt við heilsuleysi að stríða, að takast á við sjúkdóm sinn með því að læknir ávísi á hreyfingu („motion på recept“). Tilboðið hefur yfirleitt verið til hópa með lífsstílssjúkdóma, svo sem sykursýki eldra fólks, lungnasjúkdóma vegna reykinga, háan blóðþrýsting og þunglyndi. Vísað var á fjögurra mánaða þjálfun hjá sjúkraþjálfara. Í tengslum við þetta átak tóku íþróttaog líkamsræktarfyrirtæki upp samstarf og svo fyrirtæki og stofnanir sem buðu starfsmönnum sínum að taka þátt í átakinu. Mest hefur þetta verið líkamsrækt innan dyra en einnig hefur verið boðið upp á stafgöngu í þessu átaki.

Í upplýsingariti frá því í ágúst 2004 um stöðu átaksins segir að árangurinn hafi verið mjög góður. Þeir sem hafa boðið þessa leið hvað lengst eru í samstarfi við heilbrigðisstarfsmenn, íþróttahreyfinguna og líkamsræktarstöðvar til að tryggja framboð við hæfi sem flestra. Einnig hafa þeir verið í samstarfi við stéttarfélög og fyrirtæki sem styðja félaga og starfsmenn sína til að fara þessa leið. Hreyfingaráætlanirnar eru misvíðtækar eftir ömtum, en víða eru þær boðnar í nokkra mánuði og síðan halda menn áfram á eigin vegum.

Sumir hafa tekið upp hreyfingaráætlun fyrir almenning í forvarnaskyni, bæði fyrir börn og fullorðna, eins og Árhus-amtið sem er með þriggja ára átak undir heitinu „Líkami, matur og hreyfing“. Einnig eru læknar hvattir til að láta fólk í áhættuhópum hreyfa sig.

Árið 2003 tóku gildi í Noregi lög um hreyfingu sem valkost í heilbrigðiskerfinu þannig að læknar gætu vísað á hreyfingu ásamt matarleiðbeiningum ef þeir teldu ástæðu til, á sama hátt og lyfja- eða læknismeðferð. Þessi lagabreyting hefur gengið undir heitinu „græn ávísun“ þar í landi. Náði heimildin þar í fyrstu til sjúklinga með hjarta- og æðasjúkdóma. Tilgangurinn var að minnka lyfjanotkun og auka áherslu á að hvetja sjúklinga til að bera ábyrgð á eigin heilbrigði og ýta undir getu þeirra til að hafa áhrif á hana með eigin atorku þar sem

það var talið forsvaranlegt út frá læknisfræðilegu mati. Heimilaðar voru greiðslur til lækna fyrir grænar ávísanir sambærilegar við greiðslur fyrir lyfseðla eða aðrar tilvísanir. Nú hefur sjúklingum með áunna sykursýki, sykursýki 2, verið bætt við þann hóp sem getur fengið ávísun á hreyfingu. Fyrsta árið, þ.e. 2003, voru gefnar út 24.000 grænar ávísanir í Noregi.

Svíar hófu að beita þessu úrræði 2001 og hefur það gefist vel.

Kjöraðstæður á Íslandi.

Hér á landi eru kjöraðstæður til að bjóða þennan valkost. Hvergi eru fleiri sundlaugar en hérlendis og íþróttaaðstaða góð og ekki fullnýtt alls staðar. Hér er vel menntað fagfólk sem getur tekið að sér að veita þá fjölbreyttu þjónustu sem þyrfti að standa til boða auk þess sem hér eru margar vel búnar líkamsræktarstöðvar.

Hreyfiseðill – ávísun á hreyfingu.

Þingmál þetta kom fyrst fram á 131. löggjafarþingi, svo á 132. þingi og nú síðast á 133. þingi. Nú þegar þingmálið er flutt í fjórða sinn þykir flutningsmanni ástæða að vekja athygli á vinnu sem hefur farið fram í því að gera hreyfingu að valkosti í heilbrigðisþjónustunni frá því að þingmálið kom fyrst fram.

Veturinn 2004–2005 gerðu nemendur í verkefnastjórnun og leiðtogaþjálfun við Endurmenntun Háskóla Íslands lokaverkefni um hreyfingu sem meðferð í heilbrigðisþjónustunni. Verkefnið nefndu þau „Hreyfiseðill“ – ávísun á hreyfingu, og lauk því með skýrslu um hvernig unnt væri að koma á tilraunaverkefni á þessu sviði.

Hugmyndir nemendanna gengu út á að hefjast handa hið fyrsta við undirbúning og öflun fjármagns til að setja tilraunaverkefnið af stað hjá fjórum heilsugæslustöðvum, tveimur í dreifbýli og tveimur í þéttbýli. Í viðauka við skýrsluna er áætlun fyrir verkefnið sem sett hefur verið upp fyrir Heilsugæsluna í Garðabæ en hvaða heilsugæslustöð sem er getur í raun tekið þá áætlun og aðlagað hana að sínu starfsumhverfi.

Stutt samantekt höfunda á verkefninu er í fylgiskjali með tillögunni. Vinnan sem að baki þessu verkefni liggur ætti að auðvelda til muna vinnuna sem tillaga þessi um hreyfingu sem valkost í heilbrigðiskerfinu gerir ráð fyrir og leggja flutningsmenn til að nefnd ráðherra nýti sér skýrsluna við vinnu sína. Að síðustu ber að geta þess að heilsugæslan í Garðabæ hefur undirbúið notkun hreyfiseðla þar. Stefnt er að því að læknar byrji á að gefa út hreyfiseðla nú í vetur. Búið er að kortleggja úrræði sem til staðar eru í bænum og undirbúningur að fleiri úrræðum er í burðarliðnum en íþróttafulltrúi bæjarins heldur utan um málið. Læknar þar munu skrifa út hreyfiseðlana og vísa á sjúkraþjálfara sem meta í samráði við læknana hvaða úrræði hentar hverjum og einum best. Þeir munu síðan sinna eftirfylgd. Tilvalið er að nefndin sem lagt er til að undirbúi það að hreyfing verði raunverulegur valkostur í heilbrigðisþjónustunni með útgáfu „hreyfiseðla“ horfi til reynslunnar í Garðabæ við vinnu sína.

Fylgiskjal.

„Hreyfiseðill“ – ávísun á hreyfingu.
(Reykjavík, 20. september 2005.)

Undirritaðir nemendur í verkefnastjórnun og leiðtogaþjálfun við Endurmenntun Háskóla Íslands veturinn 2004–2005 völdu sem viðfangsefni „Motion på recept“, sem hlotið hefur íslenska heitið „Hreyfiseðill – ávísun á hreyfingu“. Hreyfiseðill er ákveðið meðferðarform við tilgreindum sjúkdómum sem getur komið að hluta til eða alveg í stað lyfja.

Í náminu var nemendum ætlað að taka fyrir raunverulegt verkefni sem hægt væri að setja af stað og framkvæma. Markmiðið með verkefni þessa hóps var að móta tillögu og gera líkan að tilraunaverkefni sem hægt verður að koma af stað hér á landi. Leitað var til Tryggingastofnunar ríkisins um að verða bakhjarl þessa verkefnis og samþykkti stofnunin það.

Í tengslum við verkefnið fór fram mikil upplýsingaöflun. Leitað var fanga víða á Norðurlöndum þar sem þessi aðferðafræði hefur verið í gangi í nokkur ár. Jafnframt var rætt við fjölmarga innlenda aðila sem koma að heilbrigðismálum með einum eða öðrum hætti, svo sem Lýðheilsustöð, landlæknisembættið, Hjartavernd, Reykjalund, lækna, sjúkraþjálfara, starfsmenn heilsugæslustöðva og fleiri. Sýndu þessir aðilar mikinn áhuga og eru jákvæðir gagnvart tilraunaverkefni um hreyfiseðil enda sú þekking og reynsla sem þarf til að koma slíku verkefni á hér á landi fyrir hendi. Niðurstöður rannsókna sýna að hreyfing er árangursrík bæði sem forvörn og sem meðferð við fjölmörgum sjúkdómum. Meðal annars við því sem nefnt hefur verið efnaskiptavilla eða „Metabolic Syndrome“, þ.e. þegar saman er komin fullorðinssykursýki, hár blóðþrýstingur, offita, og röskun á blóðfitu.

Skýrslan, sem hópurinn hefur lagt fram, er vörðuð leið til að koma af stað tilraunaverkefni á þessu sviði hér á landi, þannig að sjúklingum sé ávísað á hreyfingu í stað lyfja eða ásamt lyfjum. Fyrir Alþingi liggur þingsályktunartillaga þar sem lagt er til að ráðherra skipi nefnd til að kanna hvort hægt sé að koma á slíku meðferðarformi hér á landi. Hér er gengið skrefi lengra en þingsályktunartillagan gerir með því að mótuð er tillaga að tilraunaverkefni, „Hreyfiseðill“, sem við teljum mögulegt að framkvæma hér á landi. Þeir sem hafa áhuga á skýrslunni er beðnir um að hafa samband við einhvern undirritaðra.

Verkefnastjórnun og leiðtogaþjálfun er 15 eininga nám við Endurmenntun Háskóla Íslands. Nemendur hafa notið liðsinnis hæfustu leiðbeinenda í faginu sem hafa lagt metnað sinn í kennsluna og að þau verkefni sem unnin eru uppfylli ströngustu kröfur um aðferðafræði verkefnastjórnunar.

Með bestu kveðjum,

Anna K. Vilhjálmsdóttir, frkvstj. fræðslu- og útbreiðslusviðs ÍF.	Elísabet Einarsdóttir, starfsmannastjóri Ölgerðar Egils Skallagrímssonar.	Hulda Finnbogadóttir, tryggingafulltrúi, Tryggingastofnun ríkisins.
Jóhannes Bekk Ingason, verkefnisstjóri UST, Grunnskóla Seltjarnarness.	Júlíana Guðmundsdóttir, almannatengslafulltrúi, Orkuveitu Reykjavíkur.	Þórunn Sveinsdóttir, deildarstjóri, Vinnueftirliti ríkisins.

33. Frumvarp til laga [33. mál]

um breytingu á lagaákvæðum um húsafriðun.

Flm.: Árni Þór Sigurðsson, Álfheiður Ingadóttir, Jón Bjarnason,
Katrín Jakobsdóttir, Kolbrún Halldórsdóttir, Þuríður Backman.

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 104/2001, um húsafriðun.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
   Öll hús, sem eru 100 ára og eldri, eru friðuð, svo og allar kirkjur eldri en 75 ára.
b. Í stað orðanna „reist eru fyrir 1918“ í 2. mgr. kemur: eru 75 ára og eldri.
c. Í stað orðanna „fylgjast með því“ í 4. mgr. kemur: ganga úr skugga um.

2. gr.

Í stað orðanna „tvær vikur“ í 2. mgr. 8. gr. laganna kemur: fjórar vikur.

II. KAFLI

Breyting á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997.

3. gr.

Við 6. mgr. 9. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Nú gildir ákvæði hverfisverndar, samkvæmt lögum þessum, um einstakar byggingar, mannvirki eða húsaþyrpingar og er skipulagsfulltrúum þá skylt að leita álits húsafriðunarnefndar áður en breytingar á skipulagsskilmálum eru heimilaðar. Hið sama gildir ef á skipulagssvæði eru byggingar sem ákvæði 6. gr. laga um húsafriðun taka til.

4. gr.

Í stað orðanna „V. kafla þjóðminjalaga“ í 5. mgr. 43. gr. laganna kemur: laga um húsafriðun, nr. 104/2001.

III. KAFLI

Gildistaka.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarpinu er ætlað að styrkja stöðu húsafriðunar og verndun sögulegs byggingararfs þjóðarinnar frá því sem er í gildandi lögum, annars vegar í lögum um húsafriðun og hins vegar í skipulags- og byggingarlögum. Á undanförnum missirum hafa ítrekað komið fram dæmi sem sýna fram á þörfina á því að efla húsafriðun og stöðu hennar í lögum. Á sama tíma hefur umræða um húsafriðun verið mikil og skilningur almennings og stjórnvalda á mikilvægi húsafriðunar fyrir menningu og sögu þjóðarinnar er tvímælalaust að aukast.

Íslensk stjórnvöld hafa nýlega mótað sér menningarstefnu í mannvirkjagerð þar sem m.a. er sérstaklega fjallað um menningararfinn, byggingalistaarfinn. Menntamálaráðherra skipaði

nefnd á árinu 2005 til að vinna tillögur um stefnu stjórnvalda í manngerðu umhverfi undir forystu Halldóru Vífilsdóttur arkitekts. Menningarstefna í mannvirkjagerð er afrakstur þeirrar nefndarvinnu. Í stefnunni segir m.a. á bls. 21–23:

„Svo kann að virðast að Íslendingar eigi ekki mikinn byggingarlistararf. Íslendingar bjuggu lengi við fátækt, einangrun og harðbýli og var erfitt um vik með endingargóð byggingarefni. Á síðustu hundrað árum hefur orðið mikil breyting þar á en tilhneigingar gætir til þess að horfa einvörðungu fram á við og gá ekki að þeim fágætu verðmætum sem við eigum í mannvirkjum og byggðamynstri. Arfur liðins tíma gerir okkur kleift að þekkja rætur og grunn þeirrar sjálfsmyndar sem við tengjum okkur við í dag. Stórbrotið landslag er eitt helsta einkenni Íslands. Mikil auðæfi felast í ósnortinni náttúrunni og er þar falinn stór hluti af arfi komandi kynslóða.

Byggðaþróun veldur því að sífellt fleiri búa á færri og stærri stöðum. Þröngt skorin arðsemissjónarmið við mannvirkjagerð geta staðið í vegi fyrir gjöfulu samspili manngerðs umhverfis og náttúru.

Stjórnvöld setja fram eftirfarandi markmið er snúa að hinum íslenska byggingararfi:

2:1 Verndun, aðgæsla og virðing
Tryggja ber verndun og viðhald hins manngerða umhverfis til samræmis við menningarlegt og sjónrænt gildi þess. Stuðla skal að því að menningararfur manngerðs umhverfis njóti aðgæslu og virðingar sem hentar sögulegu hlutverki, tæknilegum vitnisburði og sjónrænum eiginleikum.

2:2 Varðveisla
Verklagsreglur um friðun húsa og byggðamynsturs, viðhald, endur- og viðbyggingar skulu stuðla að lifandi notkun. Tryggja ber varðveislu hins byggða menningararfs með tilliti til upprunalegrar verktækni og mikilvægra sérkenna.

2:3 Upplýsingar og fræðsla
Áhersla skal lögð á miðlun upplýsinga og fræðsluefnis um sögu og sjónræn einkenni stakra bygginga sem götumynda og staða með uppfærðum leiðsöguritum sem gera skil helstu gersemum hins íslenska byggingararfs. Átak verði gert til að kynna og markaðssetja byggingarlist.

2:4 Ósnortið land
Við hönnun, skipulag og byggingarframkvæmdir á viðkvæmum stöðum, svo sem í lítt snortinni náttúru eða landslagi menningarminja, skal viðhafa sérstaka aðgæslu sem tryggi að sjónrænt yfirbragð hins manngerða umhverfis rýri sem minnst hlut náttúrunnar í heildarmyndinni. Einnig skal huga að náttúrulegri strandlínu og sjávarbotni svo að tryggja megi sérstöðu og margbreytileika.

Varðveisla
Hið manngerða umhverfi geymir vitnisburð og frásagnir úr sögu okkar. Mikilvægt er að tryggja varðveislu þess samhliða eðlilegri framþróun. Hin sögulega vídd hefur ómetanlegt

gildi í sjálfsmynd okkar, hún varpar ljósi á samspil tíðaranda, ríkjandi hugmyndafræði og áhrif efnahags á húsakost og skipulag.

Umsagnir fagaðila með sérþekkingu á sögulegum byggingum, friðun og endurbyggingu eiga að skipa ákveðinn sess þegar byggingarframkvæmdir og skipulag krefjast þess að tillit sé tekið til þeirra þátta sem af ýmsum ástæðum hafa gildi sem ekki verður metið til fjár.

Hið opinbera hefur ríkum skyldum að gegna við varðveislu byggingararfsins. Bjóða ber upp á fræðslu og upplýsingar um manngert umhverfi á hinum ýmsu tímabilum Íslandssögunnar og nýta til þess þá möguleika sem upplýsingatæknin býður upp á. Skilningur á framvindu sögunnar í byggðu umhverfi eykur tilfinningu fyrir því hvernig nýtt tengist gömlu og hvernig notkun húsa og opinna svæða aðlagast með tíma. Þannig myndast haldgóður grunnur til frekari umræðna um þróun og áherslur byggðar á okkar tímum.

Byggingararfur
Mikilvægt er að stjórnvöld hafi yfir að ráða faglegu verklagi sem nýtist við að leggja mat á varðveislugildi byggðar andspænis kröfum um nýja byggð eða breytingar á skipulagi. Með aukinni stærð verkefna er nauðsynlegt að leggja faglegt mat á hvenær réttlætanlegt er að fjarlægja eldri byggingar og hvenær leitast skuli við að aðlaga nýjar framkvæmdir því sem fyrir er. Þetta á einnig við um endurbyggingar og viðhald. Jafnvel þótt gætt sé að upprunalegu útliti og hlutföllum er tækni og frágangur efna annar í dag en hann var og aðgæsla við smáatriði getur skipt miklu máli.

Setja þarf fram skýra afstöðu til varðveislu húsa þannig að þau haldist í notkun. Einnig skal huga að nýrri byggingum sem standa e.t.v. of nærri í tíma til að auðvelt sé að bera mat á gildi þeirra en spegla þann tíðaranda sem þær spruttu úr.

Áhersla skal lögð á heildarmynd og mælikvarða þegar byggt er í og við eldri byggð. Til að tryggja heildrænt og sögulegt yfirbragð húsa, götumynda og byggðamynsturs er nauðsynlegt að stjórnvöld framfylgi skýrri stefnu þar um.“

Í menningarstefnu í mannvirkjagerð kemur fram mikill metnaður til að láta söguna og arfinn njóta sín. Það er þýðingarmikið að ekki sé látið staðar numið með skýrri stefnumótun. Henni þarf að fylgja eftir á öllum sviðum. Þær breytingar á húsafriðunarlögum annars vegar og skipulags- og byggingarlögum hins vegar sem lagðar eru til í þessu frumvarpi eru til þess fallnar að styrkja húsafriðun og vernda sögulegan byggingararf.

Um I. kafla.
Í 1. gr. er gert ráð fyrir að aldursákvæði 6. gr. laga um húsafriðun breytist og gerður sá áskilnaður að öll hús sem eru 100 ára og eldri verði friðuð með lögum og jafnframt allar kirkjur sem eru 75 ára og eldri. Í gildandi lögum er friðun miðuð við hús byggð fyrir 1850 og kirkjur byggðar fyrir 1918. Augljóst er að með þessari viðmiðun næst ekki að láta húsafriðun fylgja tímanum heldur er hún óhögguð í ártölum sem ákveðin voru á sínum tíma, og eru jafnvel tilviljunarkennd. Með því að miða við ákveðinn aldur húsa er tryggt að um leið og hús nær tilteknum aldri nýtur það friðunar og gilda þá ákvæði laganna um allar fyrirhugaðar breytingar, flutning eða niðurrif. Þar með skapast einnig samfella í húsafriðun. Ekki

liggur nákvæmlega fyrir hver fjöldi húsa er á landinu öllu sem þessi viðmiðun ætti við, en talið er að á höfuðborgarsvæðinu séu aðeins um 1,2% húsa frá því fyrir 1908, eða um 500–600 hús. Utan Reykjavíkur eru heillegar húsaþyrpingar frá upphafi 20. aldar eða eldri, einkum í Stykkishólmi, á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði. Sem betur fer hafa þessi sveitarfélög borið gæfu til að varðveita og viðhalda þessum menningararfi og að hluta til með miklum myndarbrag.

Þá lagt til að eigendum húsa sem eru 75 ára og eldri sé skylt að leita umsagnar húsafriðunarnefndar ef þeir hyggjast breyta húsi sínu, flytja það eða rífa. Gildandi lög miða við ártalið 1918. Helstu rök fyrir þeirri tímasetningu eru væntanlega að um það leyti hefst steinsteypuöldin í íslenskri byggingarlist, en full ástæða er nú til að ákvæði húsafriðunarlaga taki til þeirra húsa sem fyrst voru byggð í samræmi við þá stefnu. Ljóst er að þau eru mikilsverður vitnisburður um byggingarsögu þjóðarinnar sem fullt tilefni er til að sýna sóma.

Í þriðja lagi er lagt til að hnykkt verði á orðalagi varðandi skyldur byggingarfulltrúa til að ganga úr skugga um að álits húsafriðunarnefndar hafi verið aflað áður en leyfi er veitt til framkvæmda við friðuð hús. Komið hefur í ljós að full þörf er á því að þær skyldur séu skýrar.

Í 2. gr. er gert ráð fyrir að lengja gildistíma ákvörðunar húsafriðunarnefndar á skyndifriðun skv. 8. gr. laganna úr tveimur vikum í fjórar vikur til þess að gefa rýmri tíma til að meta ástæður og þörf á skyndifriðun. Þegar Húsafriðunarnefnd ákveður skyndifriðun fer sú ákvörðun til menntamálaráðherra sem tekur endanlega ákvörðun í málinu. Hinn skammi tími sem skyndifriðun leyfi, virkar um leið sem mikil tímapressa á ráðherra að taka ákvörðun. Eðlilegt er að gefa hæfilegt ráðrúm til að kanna forsendur skyndifriðunar og afla gagna og umsagna í anda vandaðrar stjórnsýslu, sem núverandi tímamörk bjóða ekki upp á.

Um II. kafla.

Í öðrum kafla frumvarpsins er lögð til breyting á 9. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, þess efnis að skylt verði að leita álits húsafriðunarnefndar ef ákvæði um hverfisvernd eru sett í skipulagsáætlun eða ef breyta á skipulagi þar sem þegar gilda ákvæði hverfisverndar. Skylt er samkvæmt núgildandi lögum að setja slíkt ákvæði inn ef innan marka skipulagssvæðis eru einstakar byggingar, mannvirki, húsaþyrpingar, náttúruminjar eða trjágróður sem æskilegt er talið að varðveita vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um lögformlega friðun sé að ræða. Jafnframt er brýnt að húsafriðunarnefnd fái til umsagnar skipulagstillögur þar sem unnið er með skipulagsreiti eða svæði þar sem eru hús eða húsaþyrpingar sem ákvæði 6. gr. húsafriðunarlaga ná til.

Flutningsmenn telja að það sé sérstaklega mikilvægt til að tryggja að sjónarmið húsafriðunar og húsverndar komi fram og séu höfð til hliðsjónar strax á skipulagsstigi. Í 4. gr. gildandi húsafriðunarlaga segir: „Friða má mannvirki, hús eða húshluta, sem hafa menningarsögulegt eða listrænt gildi. Friðun getur náð til nánasta umhverfis friðaðs mannvirkis. Friða má samstæður húsa sem hafa sama gildi og að framan greinir og gilda þá reglur friðunar um hvert einstakt þeirra.“ Enda þótt markmið laganna sé m.a. að friða megi „samstæður húsa“ og „nánasta umhverfi“ virðist sem húsafriðunarnefnd hafi skort skýrar lagaheimildir til að hafa afskipti af málum á skipulagsstigi. Ítrekað hafa skipulagsyfirvöld í sveitarfélögum gagnrýnt húsafriðunarnefnd fyrir að kynna sín sjónarmið seint í ferli mála, iðulega þegar komið er að framkvæmdum og þá sé það „einfaldlega of seint“ eins og oft heyrist. Til að taka á þessu, og tryggja húsafriðunarnefnd þannig tæki til að ná fram markmiðum gildandi laga að þessu leyti, er lagt til að nefndin fái skipulagstillögur til umsagnar ef ákvæði hverfisverndar

gildir á svæðinu og sömuleiðis ef fjallað er um skipulag þar sem eru byggingar sem ákvæði húsafriðunarlaganna ná til. Eðlilegt þykir hins vegar að þetta ákvæði sé sett inn í skipulags- og byggingarlög.

Að lokum er lögð til breyting þess efnis að lagfærð er tilvísun í 5. mgr. 43. gr. skipulags- og byggingarlaga. Þar er vísað í V. kafla eldri þjóðminjalaga sem féllu úr gildi við gildistöku núgildandi þjóðminjalaga, nr. 107/2001. Ákvæði V. kafla eldri þjóðminjalaga fjölluðu um friðun húsa og annarra mannvirkja sem nú er í lögum nr. 104/2001, um húsafriðun.

34. Tillaga til þingsályktunar [34. mál]

um aðgerðir til að auka hlut kvenna í sveitarstjórnum.

Flm.: Siv Friðleifsdóttir, Kolbrún Halldórsdóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir, Katrín Júlíusdóttir, Guðjón A. Kristjánsson, Valgerður Sverrisdóttir, Magnús Stefánsson.

Alþingi ályktar að félagsmálaráðherra feli Jafnréttisstofu það verkefni að hrinda af stað aðgerðum í því skyni að efla hlut kvenna í sveitarstjórnum.

Greinargerð.

Mikilvægt er að í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga verði beitt markvissum aðgerðum til að bæta hlut kvenna í sveitarstjórnum. Ein leið að því marki væri að fela Jafnréttisstofu, sem býr yfir mikilli þekkingu á stöðu kvenna í samfélaginu, að annast slíkar aðgerðir eins og gert er ráð fyrir í tillögu þessari. Fjárveitingar til Jafnréttisstofu þyrftu að aukast samhliða slíkum aðgerðum.

Sveitarstjórnarkosningar verða næst haldnar vorið 2010. Umræða um aukinn hlut kvenna í stjórnmálum hefur eflst á undanförnum árum og missirum. Þrátt fyrir mikla umræðu og átaksverkefni er ljóst að enn vantar töluvert upp á að hlutur kvenna í sveitarstjórnum geti talist eðlilegur.

Hlutur kvenna í sveitarstjórnum eftir síðustu sveitarstjórnarkosningar árið 2006 var 35,9%. Svipaðar prósentutölur má sjá þegar skoðaðar eru stjórnir, nefndir og ráð sveitarfélaganna.

Hlutur kvenna í sveitarstjórnum hefur aukist mjög hægt eins og sjá má af tölulegum upplýsingum hér á eftir.

Síðustu alþingiskosningar skiluðu ekki til baka því hlutfalli sem konur höfðu á kjörtímabilinu 1999–2003, þegar þær áttu 34,9% fulltrúa á Alþingi en við kosningarnar 2003 fóru þær niður í 30,2% og upp úr því í 31,7% við kosningarnar sl. vor.

Brýnt er að tryggja að ekki eigi sér stað hliðstætt bakslag varðandi hlut kvenna í næstu sveitarstjórnarkosningum, heldur náist sá árangur að hlutur kvenna aukist verulega.

Konur eru í meiri hluta sveitarstjórnarmanna í tíu sveitarfélögum á landinu en í sjö sveitarfélögum er engin kona meðal sveitarstjórnarmanna. Oddvitar í sveitarstjórnum eru 98 talsins, þ.e. 25 konur, eða 25,5%.

Áður hefur verið farið í verkefni með svipað markmið og í þingsályktunartillögu þessari, en Alþingi samþykkti þingsályktun á 122. löggjafarþingi 1997–1998 (592. mál) um aðgerðir

til að auka hlut kvenna í stjórnmálum. Flutningsmenn tillögunnar voru Siv Friðleifsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Arnbjörg Sveinsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Kristín Halldórsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, Valgerður Sverrisdóttir, Árni M. Mathiesen, Guðmundur Árni Stefánsson, Ísólfur Gylfi Pálmason, Hjálmar Árnason og Ólafur Örn Haraldsson.

Í kjölfar samþykktar þingsályktunarinnar var komið á fót þverpólitískri opinberri nefnd á vegum félagsmálaráðuneytisins sem stóð fyrir slíkum aðgerðum í um fimm ár.

Árangurinn var góður. Hlutur kvenna á þingi jókst um 10% í alþingiskosningum árið 1999 m.a. vegna aðgerða nefndarinnar og þeirrar umræðu sem þær sköpuðu innan flokkanna og í samfélaginu á þeim tíma.

Finna má skýrslu nefndarinnar á slóð félagsmálaráðuneytisins: www.felagsmalaraduneyti.is, en í henni er greint frá aðgerðum og verkefnum nefndarinnar sem og árangri af starfi hennar.

Í lokaorðum skýrslunnar kemur m.a. fram eftirfarandi: „Konur eru helmingur þjóðarinnar og það hlýtur því að vera mikið réttlætismál að fleiri konur gefi kost á sér til stjórnmálastarfa. Tilgangurinn er að bæði konur og karlar taki sameiginlega ákvarðanir í stjórnmálum og þar með aukast líkur á að ákvarðanir séu teknar með hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi. En hvað þarf þá að koma til svo hlutur kvenna í stjórnmálum verði aukinn?

Svörin eru í grófum dráttum þessi:

1. Fleiri konur þurfa að gefa kost á sér til stjórnmálastarfa. Til þess að svo megi verða þarf að auka fræðslu meðal almennings, í fjölmiðlum og í skólum um mikilvægi aukins jafnréttis í stjórnmálum sem annars staðar.
2. Konur þurfa meiri hvatningu en karlar, ef til vill vegna þess að þær hafa færri kvenfyrirmyndir í stjórnmálum en karlar.
3. Það þarf að vera vilji til þess innan stjórnmálaflokkanna að fjölga konum á framboðslistum og þar skipta fyrstu sætin mestu máli.“

Þar sem reynslan af markvissum opinberum aðgerðum til að auka hlut kvenna í stjórnmálum er góð eins og rakið er hér að framan er rétt að félagsmálaráðuneytið feli Jafnréttisstofu að beita slíkum aðgerðum í aðdraganda komandi sveitarstjórnarkosninga og útvegi stofnunni fjármagn til aðgerðanna.

Tölulegar upplýsingar:

Sveitarstjórnarkosningar, hlutur kvenna:		**Alþingiskosningar, hlutur kvenna:**		
1950	0,60%	1979	5,00%	
1962	1,00%	1983	15,00%	
1982	12,40%	1987	20,60%	
1990	22,00%	1991	23,80%	
1994	25,00%	1995	25,40%	
1998	29,00%	1999	34,90%	(36,5% í lok tímabils)
2002	31,10%	2003	30,20%	(36,5% í lok tímabils)
2006	35,90%	2007	31,70%	

35. Frumvarp til laga [35. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007.

Flm.: Kristinn H. Gunnarsson, Guðjón A. Kristjánsson,
Grétar Mar Jónsson, Jón Magnússon.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 42. gr. laganna:

a. Orðin „aðra en tannréttingar“ í 1. mgr. falla brott.
b. 2. mgr. orðast svo:
Sjúkratryggingar greiða tannlæknaþjónustu aldraðra, öryrkja og þeirra sem eru yngri en 25 ára og skal ráðherra setja reglugerð um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga.

2. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 2008.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. janúar 2009 hækka aldursmörk skv. 2. mgr. 42. gr. laganna í 28 ár og síðan um þrjú ár hver áramót þar til þau hafa náð 40 árum.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til verulegar breytingar á greiðsluþátttöku ríkissjóðs í tannlæknakostnaði landsmanna. Gert er ráð fyrir að tannréttingar verði felldar inn í tannlæknaþjónustuna og greiddar með sama hætti og sjúkratryggingin og látin ná til fleiri en nú er. Aldursmörkin verði hækkuð strax úr 18 árum í 25 ár við næstu áramót og síðan árlega um þrjú ár þar til allir 40 ára og yngri, auk aldraða og öryrkja, falla undir sjúkratrygginguna 1. janúar 2013. Ekki er lagt til í að stíga skrefið til fulls að svo stöddu, en af hálfu flutningsmanna er markmiðið að kostnaður sjúklings við tannlækningar, án tillits til aldurs, verði meðhöndlaður eins og annar lækniskostnaður og falli að lokum inn í sjúkratrygginguna.

Gert er ráð fyrir að greiðsluþátttaka sjúklings verði föst fjárhæð, sambærileg við kostnað við aðra læknisþjónustu utan sjúkrahúsa og ákveðin í gjaldskrá sem ráðherra setur en horfið frá því fyrirkomulagi sem verið hefur að endurgreiðsla ríkisins miðist við gjaldskrá sem ráðherra setur án tillits til þess gjalds sem tannlæknar innheimta fyrir þjónustu sína.

Rétt þykir að minna á frétt í Ríkisútvarpinu frá 14. mars 2007 með fyrirsögninni *Tannverndarstefna stjórnvalda í molum.* Þar er haft eftir Sigurjóni Benediktssyni, formanni Tannlæknafélags Íslands, að stjórnvöld hafi brugðist í tannverndarmálum barna. Segir hann að tannheilsa barna fari eftir því hvort foreldrar þeirra hafi efni á því að senda þau til tannlæknis. Sem dæmi þá kosti tannskoðun þriggja ára barns hjá barnatannlækni um 11.000 kr. en aðeins um 3.000 kr. fáist endurgreiddar og því greiði foreldrar um 8.000 kr. úr eigin vasa. Þann kostnað sé svo ekki hægt að telja með við umsókn um afsláttarkort vegna lækniskostnaðar. Annar staðar á Norðurlöndum greiði stjórnvöld yfirleitt allan kostnað af tannvernd barna. Sigurjón segir að nýlegar rannsóknir heilbrigðisráðuneytisins bendi til þess að stefna íslenskra stjórnvalda hafi reynst illa. Nýlegar tölur benda til þess að fimmtungur barna og unglinga á aldrinum 4–18 ára fari ekki til tannlæknis.

Ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um kostnað við tannlækningar, en lauslegt mat gerir ráð fyrir að heildarkostnaður, að tannréttingum meðtöldum, geti verið allt að 7– 8 milljarðar kr. Hlutur ríkisins er um 1.300 millj. kr. eða tæplega 20% af heildarkostnaði. Ætla má, verði frumvarpið að lögum, að kostnaður nemi í fyrstunni um 1 milljarði kr. árlega, en að fullu komið til framkvæmda nái það til ríflega helmings kostnaðar þeirra sem í dag eru ekki sjúkratryggðir eða 3–4 milljarðar kr.

36. Frumvarp til laga [36. mál]

um breytingu á lögum nr. 90 7. maí 2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Sigurður Kári Kristjánsson, Birgir Ármannsson, Jón Gunnarsson, Ólöf Nordal, Pétur H. Blöndal, Ásta Möller, Illugi Gunnarsson, Kristján Þór Júlíusson, Jón Magnússon, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir.

1. gr.

98. gr. laganna orðast svo:

Þegar skattstjórar hafa lokið álagningu á skattaðila skulu þeir senda hverjum skattaðila tilkynningu um þá skatta sem á hann hafa verið lagðir. Jafnframt skal skattstjóri auglýsa rækilega, m.a. í Lögbirtingablaðinu, að álagningu sé lokið. Skattstjóri skal senda viðkomandi innheimtumanni ríkissjóðs skrá um þá aðila sem á hafa verið lagðir skattar, svo og samrit til ríkisskattstjóra og ríkisendurskoðanda.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 131., 132. og 133. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að opinber birting og framlagning álagningar- og skattskráa landsmanna verði lögð af. Ákvæði um birtingu slíkra skráa er að finna í 98. gr. núgildandi laga um tekjuskatt, nr. 90 7. maí 2003. Þar segir í 1. mgr.:

„Þegar skattstjórar hafa lokið álagningu á skattaðila skulu þeir semja og leggja fram til sýnis eigi síðar en 15 dögum fyrir lok kærufrests skv. 99. gr. álagningarskrá fyrir hvert sveitarfélag í umdæminu, en í henni skal tilgreina þá skatta sem á hvern gjaldanda hafa verið lagðir samkvæmt lögum þessum. Senda skal hverjum skattaðila tilkynningu um þá skatta sem á hann hafa verið lagðir. Jafnframt skal skattstjóri auglýsa rækilega, m.a. í Lögbirtingablaðinu, að álagningu sé lokið svo og hvar og hvenær álagningarskrár liggi frammi. Hafi skattaðili annað reikningsár en almanaksárið skal skattstjóri í stað auglýsingar skv. 3. málsl. senda honum tilkynningu um álagninguna með ábyrgðarbréfi og birta álagninguna í næstu útgáfu á álagningar- og skattskrá. Þá skal skattstjóri senda viðkomandi innheimtumanni ríkissjóðs skrá um þá aðila, sem á hafa verið lagðir skattar, svo og samrit til ríkisskattstjóra og ríkisendurskoðanda.“

Í 2. mgr. 98. gr. núgildandi laga segir síðan:

„Þegar lokið er álagningu skatta og kærumeðferð, sbr. 99. gr., skulu skattstjórar semja og leggja fram skattskrá fyrir hvert sveitarfélag í umdæminu en í henni skal tilgreina álagðan tekjuskatt hvers gjaldanda og aðra skatta eftir ákvörðun ríkisskattstjóra. Skattskrá skal liggja frammi til sýnis í tvær vikur á hentugum stað í hverju sveitarfélagi. Skattstjóri eða umboðsmaður hans auglýsir í tæka tíð hvar skattskrá liggur frammi. Heimil er opinber birting á þeim upplýsingum um álagða skatta, sem fram koma í skattskrá, svo og útgáfa þeirra upplýsinga í heild eða að hluta.“

Eins og sjá má af framangreindum lagaákvæðum leggur núgildandi löggjöf þá skyldu á skattstjóra landsins að leggja álagningar- og skattskrár fram til birtingar og er þeim jafnframt gert að auglýsa rækilega hvar og hvenær skrárnar liggi frammi. Jafnframt heimila núgildandi lög opinbera birtingu á upplýsingum úr skránum auk þess sem útgáfa þeirra upplýsinga sem fram koma í skattskrám í heild eða að hluta er heimil.

Forsaga birtingar álagningar- og skattskráa.

Skattyfirvöldum hefur um áratugaskeið verið skylt að lögum að leggja skattskrár einstaklinga fram til birtingar og að auglýsa framlagningu þeirra sérstaklega. Af orðalagi eldri laga um tekjuskatt og eignarskatt er ljóst að tilgangurinn með framlagningu skattskrár hefur verið sá að upplýsa gjaldendur um álagðan skatt á tekjur og eignir hvers og eins, en jafnframt að tryggja gjaldendum heimild til að fá upplýst hjá skattyfirvöldum um grundvöll viðmiðunar tekna og eigna til myndunar skattstofns og kæruheimildir vegna slíkra ákvarðana. Enn fremur tryggðu ákvæði eldri laga sérhverjum gjaldanda kæruheimild vegna ákvörðunar skattyfirvalda um skattstofn þriðja manns til tekjuskatts og eignarskatts. Með öðrum orðum var tilgangur laganna í öndverðu sá að gefa almenningi tækifæri til að kynna sér álagningu á samborgara sína enda var slíkt talið nauðsynlegt til að tryggja að mögulegt væri að ganga úr skugga um að allir skattborgarar landsins greiddu þá skatta sem þeim bæri í samræmi við greiðslugetu og að skattálagning annarra gengi ekki gegn hagsmunum almennings. Voru almenningi því heimilaðar svokallaðar samanburðarkærur ef grunsemdir voru um að tekjur og eignir tiltekinna einstaklinga væru of lágt taldar eða ótaldar. Þannig segir í 35. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 74 27. júní 1921:

„Innan marzmánaðarloka skal skattanefnd hafa lokið við ákvörðun tekna og eigna og samið skrá um alla þá, sem tekjuskatt eða eignaskatt eiga að greiða í hreppnum eða kaupstaðnum.

Skattskráin skal framlögð 1. dag aprílmánaðar á þingstað hreppsins eða öðrum hentugum stað, er auglýstur skal fyrirfram, og í kaupstöðum á bæjarþingstofunni eða skrifstofu bæjarfógeta, og liggja þar til sýnis til 15. dags sama mánaðar.

Sjerhver gjaldandi getur snúið sjer til skattanefndar og fengið hjá henni vitneskju um, eftir hverju hún hefir farið við ákvörðun tekna hans og eigna.“

Í 36. gr. laganna er síðan að finna þær kæruheimildir sem gerð er grein fyrir hér að framan, en þar segir:

„Ef einhver er óánægður með ákvörðun skattanefndar um tekjur hans og eign, skal hann bera upp kæru sína brjeflega fyrir formanni skattanefndar fyrir 15. dag aprílmánaðar. Innan sama tíma er hverjum gjaldanda heimilt að kæra yfir því, að skattskyldum manni sé slept eða tekjur og eign einhvers sje of lágt ákveðin, svo og að bera upp aðfinningar um hvert það atriði í skattskránni, sem að einhverju leyti getur snert hagsmuni hans. Formaður kveður

nefndarmenn til fundar ásamt kæranda og þeim, sem kært er yfir og skal úrskurður feldur um kæruna fyrir lok sama mánaðar og hlutaðeigendum gert viðvart um úrslitin.

Skattanefnd leiðrjettir skattskrána samkvæmt úrskurðum þeim, sem feldir eru, og sendir hana síðan ásamt framtalsskýrslum tafarlaust til formanns yfirskattanefndar.“

Sambærileg ákvæði var síðan að finna í 36. gr. og 37. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 6 9. janúar 1935, og í 37. gr. og 38. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 46 14. apríl 1954.

Með setningu laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 70 28. apríl 1962, var gerð veigamikil breyting á fyrrgreindum ákvæðum. Samkvæmt ákvæðum 39. gr. og 40. gr. laganna var skattstjórum eftir sem áður gert að leggja skattskrár fram í umdæmum sínum. Hins vegar var felld niður sú kæruheimild sem gjaldendur höfðu vegna ákvörðunar skatta á tekjur og eignir þriðja manns. Í greinargerð með frumvarpi til laga um tekjuskatt og eignarskatt, sem varð að lögum nr. 70 28. apríl 1962, kemur fram rökstuðningur fyrir breytingunni, en þar segir:

„Fellt er niður ákvæði 2. málsl. 38. gr. núgildandi laga um heimild gjaldenda til þess að kæra út af því, að tekjur og eign annarra gjaldenda sé of lágt ákveðin o.s.frv. Þessu ákvæði mun sjaldan eða aldrei hafa verið beitt, og verður því að teljast óþarft. Auðvitað getur hver gjaldþegn eftir sem áður komið á framfæri við skattstjóra eða umboðsmann hans hverjum þeim upplýsingum og ábendingum, sem hann telur ástæðu til.“

Fram til ársins 1979 lögðu skattyfirvöld einungis fram skattskrár, m.a. samkvæmt þeim ákvæðum sem vikið er að hér að framan. Fram að þeim tíma var ekki gerður lagalegur munur á skattskrám annars vegar og álagningarskrám hins vegar. Með setningu laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75 14. september 1981, var slíkur greinarmunur gerður og skattstjórum gert skylt að leggja bæði álagningar- og skattskrár fram árlega, samkvæmt ákvæðum 98. gr. laganna. Með 8. gr. laga nr. 7/1984 var opinber birting og útgáfa álagningar- og skattskráa síðan heimiluð og hefur verið það síðan. Í nefndaráliti meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis sem fylgdi lagabreytingunni árið 1984 kom fram það álit meiri hluta nefndarinnar að ótvírætt væri að birting upplýsinga úr skattskrá og útgáfa hennar væri í heild til þess fallin að skapa bæði gjaldendum og skattyfirvöldum virkt aðhald og að slík birting gegndi að mörgu leyti sama tilgangi og framlagning skattskráa. Framlagning álagningar- og skattskráa væri þannig hugsuð sem þáttur í virku skatteftirliti og ætlað að koma í veg fyrir undanskot frá skatti.

Frá því að síðastnefndu breytingarnar á skattalögum voru gerðar hefur framkvæmd laganna verið sú að skattstjórar hafa árlega lagt fram álagningar- og skattskrár í hverju umdæmi og jafnframt hefur efni þeirra verið gerð ítarleg skil í fjölmiðlum. Með frumvarpi þessu er lagt til að breyting verði gerð þar á.

Löggjöf á Norðurlöndum.

Reglur um birtingu upplýsinga um skattgreiðslur einstaklinga eru ekki samræmdar á Norðurlöndum. Ákvæði norskra laga munu vera sambærileg núgildandi ákvæðum íslenskra laga hvað varðar birtingu upplýsinga úr skattskrám. Samkvæmt sænskum lögum hafa þarlend skattyfirvöld víðtækar heimildir til að birta upplýsingar um skattgreiðslur einstaklinga. Í dönskum lögum er hins vegar kveðið á um algera leynd um skattgreiðslur einstaklinga.

Annmarkar á núgildandi löggjöf.

Ýmsa annmarka má nefna á núgildandi löggjöf hvað varðar álagningar- og skattskrár einstaklinga. Tölvutæknin gerir það að verkum að álagningar- og skattskrár eru unnar á tölvu-

tæku formi. Með afhendingu skránna kunna að rísa fjölmörg álitamál. Þannig má nefna að með samtengingu slíkra skráa við aðrar skrár er hægt að kalla fram nákvæmar persónuupplýsingar um alla landsmenn. Slíkar upplýsingar má nota í ýmsu skyni og sú hætta er fyrir hendi að þær kunni að verða notaðar í annarlegum tilgangi.

Núgildandi löggjöf leysir þennan vanda ekki að öllu leyti. Samkvæmt lögum ber að leggja álagningarskrár fram síðsumars en endanleg skattskrá er ekki lögð fram fyrr en í janúarmánuði. Ólík ákvæði gilda reyndar um birtingu skránna. Þannig er ótvírætt tekið fram að skattskrá megi birta og gefa út í heild eða að hluta. Um álagningarskrána segir hins vegar einvörðungu að hún skuli liggja frammi til sýnis í tiltekinn tíma. Ekki er hins vegar kveðið á um í núgildandi skattalögum hvort afhenda megi skrárnar á tölvutæku formi eða hvort vinna megi úr þeim líkt og tíðkast í fjölmiðlum, þó að vera kunni að lög um meðferð persónuupplýsinga, nr. 77 23. maí 2000, kunni að setja slíkri meðferð einhverjar skorður.

Helstu rök fyrir frumvarpinu.

Eins og áður segir er ljóst að tilgangurinn með því að skylda skattyfirvöld að lögum til að leggja fram skattskrár einstaklinga var í fyrsta lagi sá að upplýsa gjaldendur um álagðan skatt á tekjur og eignir hvers og eins og grundvöll viðmiðunar tekna og eigna til myndunar skattstofns og kæruheimild vegna slíkra ákvarðana. Í öðru lagi var tilgangurinn sá að tryggja almenningi kæruheimild vegna ákvörðunar skattyfirvalda um skattstofn þriðja manns til tekjuskatts og eignarskatt. Af orðalagi eldri lagaákvæða má ljóst vera að forsenda þess að gjaldendur gætu neytt kæruheimildar sinnar gagnvart þriðja manni var sú að skattskrárnar lægju frammi. Að öðrum kosti hefði almenningi verið ómögulegt að beita kæruheimild sinni. Þegar lögfest var breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt með lögum nr. 70 28. apríl 1962 og áðurnefnd kæruheimild gjaldenda vegna skattákvörðunar þriðja manns var felld niður, brustu þær forsendur sem lágu að baki framlagningu skattskráa einstaklinga.

Samkvæmt núgildandi ákvæðum 98. gr. laga nr. 90 7. maí 2003 hvílir á skattstjórum sú skylda að senda hverjum gjaldanda sérstaka tilkynningu eða álagningarseðla með upplýsingum um þá skatta sem á hann hafa verið lagðir á viðkomandi skattári. Í slíkum tilkynningum koma fram sömu upplýsingar og birtar eru í framlögðum álagningar- og skattskrám. Frumvarp þetta gerir ekki ráð fyrir að breyting verði gerð á þeirri framkvæmd. Í ljósi hennar verður hins vegar ekki séð að framlagning álagningar- og skattskráa samkvæmt núgildandi löggjöf feli í sér annan tilgang en að gefa almenningi kost á að kynna sér fjárhagsleg málefni náungans.

Veigamestu rökin að baki frumvarpinu eru þau að telja verði að birting álagningar- og skattskráa samkvæmt ákvæðum núgildandi laga brjóti gegn rétti einstaklinga til friðhelgi einkalífs. Fjárhagsmálefni einstaklinga eru meðal viðkvæmustu persónuupplýsinga í nútímasamfélagi sem eðlilegt og sanngjarnt er að fari leynt. Ljóst má vera að með framlagningu álagningar- og skattskráa fer fram birting á upplýsingum sem gefa glögga mynd af tekjum nafngreindra einstaklinga. Færa má rök fyrir því að notkun upplýsinganna hafi breyst verulega frá því að tryggja kærurétt gjaldenda gagnvart samborgurum sínum til þess að vera orðnar að þaulskipulagðri markaðsvöru. Í framkvæmd hefur þróunin orðið sú á síðustu árum að framlagning álagningar- og skattskránna hefur orðið uppspretta frétta um fjárhagsleg málefni einstaklinga. Það er orðinn árlegur viðburður að fjölmiðlar vinni upplýsingar upp úr álagningar- og skattskrám um tekjur manna. Birtir eru listar yfir tekjuhæstu einstaklingana í hverri starfsgrein, gjarnan með samanburði frá ári til árs. Leiða má líkur að því að fjöl-

miðlaumræða af slíku tagi feli í sér hættu á að einstaklingar verði fyrir óverðskuldaðri áreitni vegna tekna sinna, ýmist vegna þess að þær þyki of háar eða of lágar.

Framlagning álagningar- og skattskráa getur haft fleiri ókosti í för með sér. Birting upplýsinga um tekjur einstaklinga er til þess fallin að grafa undan því trúnaðarsambandi sem viðgengist hefur á vinnumarkaði um launakjör í frjálsum vinnusamningum. Á flestum vinnustöðum eru launakjör starfsmanna trúnaðarmál launþega og vinnuveitanda. Með því að skylda skattstjóra til að leggja álagningar- og skattskrár fram gerir ríkisvaldið þennan trúnað að engu.

Allt frá því að lögfest voru lagaákvæði um framlagningu álagningar- og skattskráa fyrir áratugum síðan hafa gríðarlegar umbætur átt sér stað hvað varðar réttarstöðu einstaklinga gagnvart ríkisvaldinu og réttur einstaklinga til friðhelgi einkalífs hefur verið bættur verulega. Má í því sambandi nefna setningu laga nr. 92 1. júní 1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, laga nr. 121 28. desember 1989, um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, stjórnsýslulaga, nr. 37 30. apríl 1993, og upplýsingalaga, nr. 50 24. maí 1996. Þá hefur í íslenskri löggjöf verið lögð aukin áhersla á vernd mannréttinda meðal annars með lögfestingu mannréttindasáttmála Evrópu með lögum nr. 62 19. maí 1994 og með endurskoðun á mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar 1995 og 1997. Á sama tíma hefur réttarvitund almennings tekið breytingum og ætla má að almennir borgarar geri sér betur grein fyrir réttindum sínum en áður og þeim takmörkunum sem ríkisvaldinu eru sett gagnvart þeim, þar á meðal hvað varðar meðferð ríkisvaldsins og annarra aðila á viðkvæmum persónuupplýsingum. Nægir þar að nefna þær umræður sem sköpuðust um meðferð heilsufarsupplýsinga einstaklinga í aðdraganda setningar laga um gagnagrunn á heilbrigðissviði, nr. 139 22. desember 1998.

Víða í íslenskri löggjöf er réttur einstaklinga til friðhelgi einkalífs tryggður og hömlur settar við meðferð, birtingu eða opinberun á viðkvæmum persónuupplýsingum einstaklinga. Í 71. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33 17. júní 1944, er friðhelgi einkalífs einstaklinga vernduð. Sambærilega reglu er að finna í 8. gr. laga nr. 62 19. maí 1994, um mannréttindasáttmála Evrópu. Einnig má nefna að í lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77 23. maí 2000, er kveðið á um friðhelgi einkalífs en skv. 1. gr. laganna er þeim meðal annars ætlað að stuðla að því að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs.

Þá er víða í löggjöfinni kveðið á um þagnarskyldu starfsmanna um einkahagi einstaklinga, svo sem um fjárhagsmálefni þeirra. Þannig er skattstjórum, umboðsmönnum skattstjóra, ríkisskattstjóra, skattrannsóknarstjóra ríkisins og yfirskattanefnd bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, að skýra óviðkomandi mönnum frá því sem þeir komast að í sýslan sinni um tekjur og efnahag skattaðila, samkvæmt 1. mgr. 117. gr. laga nr. 90 7. maí 2003, um tekjuskatt. Hið sama gildir um þá sem veita áðurnefndum aðilum aðstoð við starf þeirra eða á annan hátt fjalla um skattframtöl.

Í 22. gr. lögreglulaga, nr. 90 13. júní 1996, er lögð þagnarskylda á lögreglumenn og annað starfslið lögreglu um atvik sem þeim verða kunn í starfi sínu eða vegna starfs síns og leynt eiga að fara vegna lögmætra almanna- eða einkahagsmuna. Tekur þagnarskyldan meðal annars til upplýsinga um einkahagi manna sem eðlilegt er að leynt fari.

Í 1. mgr. 58. gr. laga nr. 161 20. desember 2002, um fjármálafyrirtæki, er ákvæði um bankaleynd fjármálafyrirtækja. Þar er mælt fyrir um að stjórnarmenn fjármálafyrirtækja, framkvæmdastjórar, endurskoðendur, starfsmenn og hverjir þeir sem taka að sér verk í þágu slíkra fyrirtækja séu bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um við fram-

kvæmd starfa sinna og varða viðskipta- eða einkamálefni viðskiptamanna þeirra, nema skylt sé að veita upplýsingar samkvæmt lögum. Skv. 2. mgr. 58. gr. laganna gildir þagnarskyldan jafnframt um hvern þann sem veitir viðtöku upplýsingum sem getið er um í 1. mgr. 58. gr. Sambærileg ákvæði um þagnarskyldu um persónuleg málefni einstaklinga, þar á meðal fjárhagsleg málefni þeirra, gilda samkvæmt lögum um endurskoðendur, nr. 18 17. apríl 1997, og lögum um lögmenn, nr. 77 15. júní 1998.

Telja verður að núgildandi ákvæði 98. gr. laga nr. 90 7. maí 2003, um tekjuskatt, um framlagningu álagningar- og skattskráa séu í verulegu ósamræmi við framangreind ákvæði og þær meginreglur sem lögfestar hafa verið í sérlögum um þagnarskyldu um upplýsingar sem varða fjárhagsleg málefni einstaklinga. Auk þess verður að telja að framlagningin brjóti í bága við meginreglur 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. laga nr. 62 19. maí 1994, um mannréttindasáttmála Evrópu, um friðhelgi einkalífs.

Gildar ástæður þurfa að liggja til grundvallar löggjöf sem mælir fyrir um svo yfirgripsmikla röskun á friðhelgi einkalífs einstaklinga sem núgildandi löggjöf kveður á um. Með vísan til þess sem að framan greinir verður ekki talið að slíkar ástæður séu fyrir hendi og því sé nauðsynlegt að gera þær breytingar á núgildandi ákvæði 98. gr. laga nr. 90 7. maí 2003, um tekjuskatt, sem frumvarp þetta kveður á um.

Að lokum er rétt að geta þess að frumvarp þetta felur það ekki í sér að neinu leyti að dregið verði úr þeim úrræðum sem skattyfirvöldum er veitt í núgildandi löggjöf til að sinna virku skatteftirliti, bregðast við undanskotum frá skatti eða til að beita öðrum þeim heimildum sem núgildandi löggjöf kveður á um. Gerir frumvarpið því ráð fyrir að núverandi eftirlit verði eftir sem áður í höndum skattyfirvalda. Verði frumvarpið að lögum lýkur einkaskattrannsóknum borgaranna á hverjum öðrum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að núgildandi ákvæði 98. gr. laga nr. 90 7. maí 2003, um tekjuskatt, verði breytt þannig að opinber birting álagningar- og skattskráa landsmanna verði lögð af. Núgildandi ákvæði 98. gr. leggur þá skyldu á skattstjóra landsins að leggja álagningar- og skattskrár fram til birtingar og er þeim jafnframt gert að auglýsa rækilega hvar og hvenær skrárnar muni liggja frammi. Jafnframt heimilar núgildandi ákvæði 98. gr. opinbera birtingu á upplýsingum úr skránum auk þess sem útgáfa og birting upplýsinga úr skattskrám er heimiluð hvort sem er í heild eða að hluta. Gerir breytingin á ákvæðinu sem frumvarp þetta kveður á um ráð fyrir að framlagning álagningar- og skattskráa verði lögð af. Af því leiðir að útgáfa þeirra í heild eða að hluta verður ekki lengur heimiluð. Verði frumvarpið að lögum verður einungis lögð sú skylda á skattstjóra landsins að senda hverjum skattaðila tilkynningu um þá skatta sem á hann hafa verið lagðir þegar skattstjórar hafa lokið álagningu á skattaðila. Jafnframt verði lögð sú skylda á skattstjóra að auglýsa rækilega, m.a. í Lögbirtingablaðinu, að álagningu sé lokið. Verður skattstjórum síðan gert skylt að senda viðkomandi innheimtumanni ríkissjóðs skrá um þá aðila sem á hafa verið lagðir skattar, svo og samrit til ríkisskattstjóra og ríkisendurskoðanda.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

37. Frumvarp til laga [37. mál]

um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

Flm.: Katrín Júlíusdóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson, Árni Johnsen,
Ásta R. Jóhannesdóttir, Björk Guðjónsdóttir, Guðbjartur Hannesson,
Kjartan Ólafsson.

1. gr.

Við 1. mgr. 20. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Þó er þeim sem hafa leyfi til sölu tóbaks í smásölu skv. 11. mgr. 8. gr. laga um tóbaksvarnir heimilt að selja nikótínlyf sem ekki eru lyfseðilsskyld. Um sölu á nikótínlyfjum samkvæmt þessari grein gilda ákvæði laga um tóbaksvarnir eftir því sem við á.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 132. og 133. löggjafarþingi en komst þá ekki á dagskrá og er það nú lagt fram að nýju. Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að þeir sem selja tóbak í smásölu fái heimild til sölu nikótínlyfja sem ekki eru lyfseðilsskyld. Þá er lagt til að önnur ákvæði laga um tóbaksvarnir, nr. 6/2002, gildi um sölu nikótínlyfja, eftir því sem við á. Flutningsmenn vilja í þessu sambandi sérstaklega nefna 1. mgr. 8. gr. laganna þar sem kveðið er á um að hvorki megi selja né afhenda tóbak einstaklingi yngri en 18 ára.

Markmiðið með frumvarpinu er að fjölga sölustöðum nikótínlyfja þannig að þau verði valkostur í stað tóbaks þar sem það er selt. Nikótínlyf sem seld eru í lausasölu eru í formi tyggigúmmís, plásturs, innsogs- og nefúðalyfs. Frumvarpið tekur einungis til nikótínlyfja sem ekki eru lyfseðilsskyld. Hins vegar eru til nikótíntöflur sem einungis fást gegn framvísun lyfseðils og verður ekki gerð breyting á því með þessu frumvarpi. Frumvarpið felur í sér að unnt verður að kaupa nikótínlyf m.a. á bensínstöðvum, á veitingastöðum, í stórmörkuðum og í söluturnum. Verði frumvarpið að lögum má búast við að samkeppni aukist og að verð slíkra lyfja lækki.

Ef litið er til annarra Norðurlanda þá var í Svíþjóð samþykkt að fara sambærilega leið og heimila sölu nikótínlyfja við hlið tóbaks. Í skýrslu danska lyfjaeftirlitsins sem kom út í september 2005 er fjallað um reynslu af frjálsari verslun með lyf. Í skýrslunni kemur fram að nikótínlyf geti hjálpað reykingamönnum að hætta að reykja og því megi færa rök fyrir því að slík lyf skuli vera jafnaðgengileg og tóbak. Þó er bent á það í skýrslunni að nikótín sé það efni í tóbakinu sem sé ávanabindandi. Í skýrslunni kemur hins vegar fram að rannsóknir sýni fram á að um 10% fyrrverandi reykingamanna sem notað hafa nikótínlyf í því skyni að hætta reykingum noti slík lyf ekki lengur en í eitt ár. Þó að Danir hafi heimilað frjálsa verslun með fleiri lyf sem ekki eru lyfseðilsskyld er það ekki ætlun flutningsmanna að stíga slík skref.

Flutningsmenn telja að með því að auðvelda aðgengi reykingamanna að nikótínlyfjum sjái fleiri lyfin sem valkost auk þess sem aukið aðgengi sé mikilvægur stuðningur við þá sem standa í stríði við tóbakið. Því telja flutningsmenn að með samþykkt þessa frumvarps verði stigið mikilvægt skref í tóbaksvörnum.

38. Tillaga til þingsályktunar [38. mál]

um leiðir til að auka fullvinnslu á fiski hérlendis.

Flm.: Jón Bjarnason, Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að kanna orsakir mikils útflutnings á óunnum fiski á fiskmarkaði erlendis og mögulegar leiðir til að auka í staðinn fullvinnslu innan lands. Ráðherra birti Alþingi niðurstöður sínar og tillögur eins fljótt og unnt er.

Greinargerð.

Tillaga þessi var fyrst flutt á 131. þingi og er nú endurflutt.

Útflutningur á óunnum fiski í gámum á fiskmarkaði erlendis hefur aukist gríðarlega. Útflutningur þessi hefur verulega neikvæð áhrif á þjóðarbúið enda ljóst að unnt væri að auka útflutningsverðmæti þessa afla umtalsvert ef hann væri unninn hér á landi. Hráefnisskortur er viðvarandi vandamál í íslenskri fiskvinnslu, ekki síst hjá þeim fyrirtækjum sem reka fiskvinnslu án útgerðar og treysta því algjörlega á nægt framboð af fiski á íslenskum fiskmörkuðum. Þegar fiskur er fluttur óunninn á fiskmarkaði erlendis hafa íslenskir fiskverkendur enga möguleika til að bjóða í hann. Segja má að jafnræði íslenskra fiskkaupenda gagnvart erlendum fiskkaupendum, sem og samkeppnisstaða þeirra, sé skert að þessu leyti. Þegar útflutningur á óunnum fiski er orðinn eins mikill og raun ber vitni hefur hann mjög neikvæð áhrif á möguleika fiskvinnslufyrirtækja til viðgangs og vaxtar. Þetta er sérstaklega bagalegt í því ljósi að virðisauki í vinnslu sjávarafurða hefur verið með mesta móti hjá þeim fyrirtækjum sem stunda fiskvinnslu án útgerðar auk þess sem þessi fyrirtæki hafa í mörgum tilvikum verið í fararbroddi við að vinna nýja markaði fyrir hágæða íslenskan fisk í hæsta verðflokki.

Spyrja má hvað valdi því að óunninn fiskur sé fluttur úr landi í þessum mæli. Margir hafa haldið því fram að orsakanna megi leita í ólíkum vigtunarreglum og svokallaðri yfirvigt sem tíðkast á erlendum fiskmörkuðum. Að minnsta kosti virðist ekki eingöngu unnt að skýra hinn mikla útflutning með vísan til þess að hærra verð fáist fyrir fiskinn á erlendum mörkuðum enda hefur fiskverð verið mjög hátt á fiskmörkuðum hérlendis undanfarin ár. Í þingsályktunartillögu þessari er lagt til að ráðherra kanni hvaða undirliggjandi ástæður og orsakir séu fyrir þessum mikla útflutningi og komi með tillögur til úrbóta.

Í sjávarútvegsstefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er komið inn á þetta, m.a. með eftirfarandi hætti: „Auk þess sem hér er talið upp má nefna að skoða þarf sérstaklega aðstöðumun landvinnslu og sjóvinnslu með það fyrir augum að finna leiðir til að jafna þann mun, auka alhliða menntun á sviði sjósóknar og fiskvinnslu og stuðla að fullvinnslu alls sjávarfangs. Þá þarf að tryggja nýliðun í greininni og huga sérstaklega að þjálfun verðandi sjómanna. Einnig ber að setja reglur um að allur afli, sem ekki fer beint til vinnslu hjá sama aðila og veiðarnar stundar, skuli fara á markað til að auðvelda aðgang innlendrar fiskvinnslu að öllu því hráefni.“

Það er nauðsynlegt að huga sérstaklega að því hvernig styrkja megi íslenska fiskmarkaði í samkeppni þeirra um fisk við erlenda fiskmarkaði þannig að þeir fái að fullu notið þess forskots sem fylgir nálægð við fiskimiðin og útgerðarfyrirtækin. Þáttur í þessari þingsályktunartillögu er að beina því til sjávarútvegsráðherra að hugað verði að þessum atriðum sérstaklega.

Íslenskur fiskmarkaður hefur verið í mikilli framþróun á síðustu árum. Með upptöku fullkomins uppboðskerfis er nú unnt að stunda viðskipti á honum með hjálp netsins, hvar sem

er í heiminum. Þannig standa kaupendur erlendis jafnfætis öðrum þegar uppboð fara fram. Er það álit flutningsmanna þessarar þingsályktunartillögu að eðlilegast væri að allur sá fiskur sem nú er fluttur á erlenda fiskmarkaði færi þess í stað á íslenskan fiskmarkað enda væru möguleikar erlendra fiskkaupenda til að bjóða í og kaupa íslenskan fisk og flytja hann út óunninn til vinnslu eða sölu ekki skertir. Hins vegar hefðu íslenskir fiskkaupendur þá alltaf möguleika á að bjóða í fiskinn í samkeppni við aðra.

Ótvírætt er að það þjónar hagsmunum Íslendinga að sem mest af þeim fiski sem veiddur er hér við land sé jafnframt unninn hér á landi. Alþingi og stjórnvöldum ber að haga lögum og reglum þannig að jafnræði og samkeppnisstaða íslenskra fiskverkenda sé trygg til að svo geti orðið.

Fylgiskjal I.

Hagstofa Íslands:

Verðmæti sjávarafla janúar–júní 2007.
(Frétt nr. 144/2007, 19. september 2007,
www.hagstofa.is.)

Aflaverðmæti 46 milljarðar króna.

Aflaverðmæti íslenskra skipa nam 46 milljörðum króna á fyrstu sex mánuðum ársins 2007 samanborið við 40,4 milljarða á sama tímabili 2006. Aukningin nemur 5,6 milljörðum króna eða 14% milli ára. Aflaverðmæti júnímánaðar nam 5,7 milljörðum en í júní í fyrra var verðmæti afla 6,4 milljarðar.

Aflaverðmæti botnfisks var í lok júní orðið 34,1 milljarður miðað við 30,4 milljarða á sama tíma árið 2006 og er um 12,2% aukningu að ræða. Verðmæti þorskafla var 18,3 milljarðar og jókst um 23,7%. Aflaverðmæti ýsu nam 6,6 milljörðum, sem er 15,7% aukning, og ufsaaflinn jókst að verðmæti um 11,7%, var 2,1 milljarðar króna.

Verðmæti flatfiskafla dróst saman um 17,9%, nam 2,6 milljörðum króna. Aflaverðmæti uppsjávarafla jókst um 42,7% og nam 8,8 milljörðum. Munar þar mestu um verðmæti loðnu sem nam 4,2 milljörðum samanborið við 2,2 milljarða í fyrra og kolmunna að verðmæti 2,8 milljarðar samanborið við 3,1 milljarða 2006.

Verðmæti afla sem seldur er í beinni sölu útgerða til vinnslu innanlands var 21,2 milljarðar króna, sem er auking um 5,1 milljarð eða 31,3%. Verðmæti afla sem keyptur er á markaði til vinnslu innanlands jókst um 23,3%, var 7,9 milljarðar. Aflaverðmæti sjófrystingar var 11,7 milljarðar og dróst saman um 7,4% frá fyrra ári. Verðmæti afla sem fluttur er út óunninn nam 4,3 milljörðum sem er 3,3% aukning.

Verðmæti afla janúar–júní 2007

Millj. kr.	Júní		Janúar–júní		Breytingar frá fyrra ári í %
	2006	2007	2006	2007	Jan.– júní
Verðmæti alls	**6.391,2**	**5.664,1**	**40.397,3**	**46.041,5**	**14,0**
Botnfiskur	**4.286,5**	**4.109,3**	**30.385,1**	**34.090,7**	**12,2**
Þorskur	1.371,7	1.655,3	14.766,5	18.263,3	23,7
Ýsa	764,4	706,5	5.717,0	6.617,1	15,7
Ufsi	308,6	241,9	1.917,7	2.141,3	11,7
Karfi	360,8	369,1	3.779,2	3.679,5	–2,6
Úthafskarfi	1.106,0	756,3	2.189,3	1.107,4	–49,4
Annar botnfiskur	375,1	380,3	2.015,4	2.282,0	13,2
Flatfiskur	**544,1**	**450,4**	**3.116,6**	**2.559,5**	**–17,9**
Uppsjávarafli	**1.318,4**	**893,2**	**6.185,8**	**8.825,0**	**42,7**
Síld	399,3	547,9	531,1	689,3	29,8
Loðna	0,0	0,0	2.179,9	4.228,3	94,0
Kolmunni	919,1	345,2	3.122,4	2.848,9	–8,8
Annar uppsjávarafli	0,0	0,1	352,4	1.058,5	200,4
Skel- og krabbadýraafli	**242,3**	**211,1**	**707,2**	**564,8**	**–20,1**
Rækja	52,9	23,2	254,6	90,8	–64,3
Annar skel- og krabbad.afli	189,4	187,9	452,7	474,0	4,7
Annar afli	**0,0**	**0,0**	**2,6**	**1,5**	**–42,1**

Verðmæti afla eftir tegund löndunar janúar–júní 2007

Millj. kr.	Júní		Janúar–júní		Breytingar frá fyrra ári í %
	2006	2007	2006	2007	Jan.– júní
Verðmæti alls	6.391,2	5.664,1	40.397,3	46.041,5	14,0
Til vinnslu innanlands	2.477,3	2.329,2	16.172,6	21.227,5	31,3
Í gáma til útflutnings	675,4	631,3	4.147,8	4.282,9	3,3
Landað erlendis í bræðslu	54,7	0,0	121,2	4,6	0,0
Sjófryst	2.090,6	1.671,8	12.640,1	11.707,5	–7,4
Á markað til vinnslu innanlands	978,2	939,8	6.418,9	7.915,4	23,3
Á markað, í gáma til útflutnings	90,3	68,2	700,0	574,1	–18,0
Sjófryst til endurvinnslu innanl.	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Selt úr skipi erlendis	0,0	0,0	25,6	108,3	323,3
Fiskeldi	3,1	0,0	29,7	0,5	–98,3
Aðrar löndunartegundir	21,6	23,7	141,5	220,7	56,0

Verðmæti afla eftir staðsetningu verkunarstaðar janúar–júní 2007

Millj. kr.	Júní		Janúar–júní		Breytingar frá fyrra ári í %
	2006	2007	2006	2007	Jan.– júní
Verðmæti alls	**6.391,2**	**5.664,1**	**40.397,3**	**46.041,5**	**14,0**
Höfuðborgarsvæði	1.376,4	1.028,0	7.964,3	7.666,8	–3,7
Suðurnes	932,1	1.100,7	7.046,0	9.542,2	35,4
Vesturland	149,5	170,2	1.855,5	2.824,5	52,2
Vestfirðir	312,3	360,9	2.162,4	2.388,4	10,5
Norðurland vestra	428,1	472,7	2.938,1	2.761,0	–6,0
Norðurland eystra	865,4	662,2	5.090,3	5.766,7	13,3
Austurland	1.081,2	835,3	5.047,5	6.214,3	23,1
Suðurland	536,6	436,9	4.147,2	4.604,3	11,0
Útlönd	709,7	597,1	4.145,7	4.273,1	3,1

Þessar upplýsingar byggjast á vigtar- og ráðstöfunarskýrslum sem Fiskistofa safnar frá fiskkaupendum. Fyrir árið 2007 er stuðst við bráðabirgðatölur en endanlegar tölur liggja að baki talna fyrir árið 2006. Athuganir benda til þess að endanlegar tölur séu að hámarki 1–2% hærri en bráðabirgðatölur þegar á heildina er litið en fyrir örfáar fisktegundir getur munurinn þó orðið meiri.

Fylgiskjal II.

Hagstofa Íslands:

Afli, verðmæti afla og meðalverð eftir tegund löndunar og fisktegundum 2003–2006.
(Heimild: Vigtarskýrslur.)

	Í gáma til útflutnings			
Tonn	**2003**	**2004**	**2005**	**2006**
Samtals	**27.832**	**43.430**	**47.594**	**48.082**
Þorskur	4.944	7.498	6.998	7.646
Ýsa	8.208	16.410	17.951	19.579
Ufsi	219	1.399	885	768
Karfi	8.085	9.532	12.564	10.956
Úthafskarfi	417	83	173	0
Steinbítur	1.521	2.649	3.254	2.476
Hlýri	63	309	325	148
Langa	176	268	357	457
Blálanga	125	284	358	381
Keila	26	33	65	62
Langhali	1	0	0	0
Tindaskata	1	0	0	0

	Í gáma til útflutnings			
Tonn	**2003**	**2004**	**2005**	**2006**
Skötuselur	474	719	956	847
Skata	2	12	25	30
Lýsa	442	526	384	412
Gulllax	0	0	1	0
Háfur	192	132	58	64
Hákarl	0	0	0	0
Annar botnfiskur	22	45	30	50
Botnfiskafli	**24.918**	**39.899**	**44.384**	**43.876**
Lúða	120	104	113	98
Grálúða	1.121	1.176	716	799
Skarkoli	1.313	1.536	1.407	2.122
Þykkvalúra	319	678	930	1.116
Langlúra	4	18	26	46
Stórkjafta	9	12	15	19
Sandkoli	23	5	2	2
Skrápflúra	2	1	2	0
Annar flatfiskur	0	1	0	1
Flatfiskafli	**2.911**	**3.531**	**3.211**	**4.203**
Uppsjávarafli	**0**	**0**	**0**	**0**
Skel- og krabbadýraafli	**0**	**0**	**0**	**0**
Annar afli	**0**	**0**	**0**	**2**

Fylgiskjal III.

Hagstofa Íslands:

Afli, verðmæti afla og meðalverð eftir tegund löndunar og fisktegundum 2003–2006.
(Heimild: Vigtarskýrslur.)

	Í gáma til útflutnings			
Þús. kr.	**2003**	**2004**	**2005**	**2006**
Samtals	**4.127.199**	**6.378.577**	**6.611.759**	**7.937.923**
Þorskur	929.170	1.395.707	1.248.573	1.667.693
Ýsa	967.832	2.024.559	2.200.103	2.837.456
Ufsi	13.399	89.460	69.417	58.155

	Í gáma til útflutnings			
Þús. kr.	**2003**	**2004**	**2005**	**2006**
Karfi	1.011.941	1.251.233	1.511.086	1.539.097
Úthafskarfi	44.184	9.242	17.290	0
Steinbítur	215.532	337.167	403.955	345.841
Hlýri	11.152	46.339	40.446	21.627
Langa	14.704	20.653	25.937	42.536
Blálanga	11.539	26.539	31.258	39.986
Keila	1.505	2.128	3.227	3.408
Langhali	88	0	0	0
Tindaskata	57	0	0	0
Skötuselur	126.219	164.014	249.312	272.070
Skata	244	1.857	4.130	5.618
Lýsa	30.606	36.790	28.643	36.462
Gulllax	0	0	91	0
Háfur	29.399	17.872	7.351	10.025
Hákarl	0	0	4	0
Annar botnfiskur	1.828	5.726	3.168	5.343
Botnfiskafli	**3.409.399**	**5.429.286**	**5.843.991**	**6.885.317**
Lúða	58.938	59.446	57.626	59.719
Grálúða	275.149	338.431	193.967	239.199
Skarkoli	276.203	361.285	295.421	450.206
Þykkvalúra	104.835	186.290	216.005	296.519
Langlúra	436	2.023	2.727	4.957
Stórkjafta	701	1.300	1.402	1.605
Sandkoli	1.390	255	78	216
Skrápflúra	105	73	475	8
Annar flatfiskur	41	191	58	95
Flatfiskafli	**717.798**	**949.294**	**767.759**	**1.052.524**
Uppsjávarafli	**0**	**0**	**11**	**0**
Skel- og krabbadýraafli	**0**	**0**	**0**	**0**
Annar afli	**0**	**0**	**0**	**80**

Með tillögunni voru einnig eftirfarandi fylgiskjöl:

IV. Vestmannaeyjar og kvótaskerðingin. (Birt á vef Starfsgreinasambands Íslands, 22. ágúst 2007.)

V. Úr skýrslu stjórnar og ræðu Arnars Sigurmundssonar, formanns Samtaka fiskvinnslustöðva á aðalfundi 28. september 2007.

39. Tillaga til þingsályktunar [39. mál]

um mótvægisaðgerðir vegna tekjutaps hafnarsjóða í kjölfar niðurskurðar þorskkvóta.

Flm.: Bjarni Harðarson, Valgerður Sverrisdóttir, Magnús Stefánsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að verja hluta þess fjár sem ætlað er til mótvægisaðgerða vegna niðurskurðar þorskkvóta til fullrar greiðslu á tapi á löndunargjöldum hafnarsjóða sökum lækkandi tekna í kjölfar samdráttar í útgerð og vinnslu.

Greinargerð.

Í tillögum þingflokks framsóknarmanna sem kynntar voru 28. september sl. var lagt til að ríkissjóður mætti með beinum fjárframlögum því tekjutapi hafnarsjóða og sveitarsjóða sem stafar af aflasamdrætti og verði til þeirra mála allt að 1 milljarði kr. Þannig verði allt að 200 millj. kr. varið til framlaga til hafnarsjóða til að mæta þar samdrætti í tekjum hafnanna og 800 millj. kr. varið í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga til þess að bæta sveitarfélögum útsvarstap vegna minnkandi þorskveiða.

Enn ríkir mikil óvissa um hvar niðurskurður aflaheimilda kemur harðast niður. Mögulegt er að stærri útgerðarfyrirtæki fari þá leið að loka ákveðnum starfsstöðvum sínum en auki heldur umsvif á öðrum. Þá getur komið til þess að einstakar útgerðir hætti rekstri. Vandi einstakra byggðarlaga getur því verið mjög mismunandi og brýnt að aðstoð stjórnvalda taki mið af því. Skilvirkasta leiðin til þess er að stjórnvöld greiði beint tekjutap sem stafar af aflasamdrætti.

40. Frumvarp til laga [40. mál]

um breytingu á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingum.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson, Grétar Mar Jónsson.

1. gr.

Í stað 3. mgr. 5. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Þegar kjarasamningur hefur verið undirritaður af til þess bærum fulltrúum samningsaðila gildir hann frá undirskriftardegi en þó því aðeins að hann hafi verið undirritaður innan sex mánaða frá því að fyrri samningur féll úr gildi, enda sé ekki á annan veg samið, nema hann sé felldur við leynilega atkvæðagreiðslu með meiri hluta greiddra atkvæða og minnst fimmtungs þátttöku samkvæmt atkvæða- eða félagaskrá innan fjögurra vikna frá undirritun.

Séu kjarasamningar lausir lengur en sex mánuði skal upphafshækkun launaliða og önnur atriði sem bæta kjör launþega þegar kjarasamningur kemst á virka aftur til helmings þess tíma sem liðinn er án nýs kjarasamnings. Við hverja tvo mánuði sem bætast við án kjarasamnings færist gildistaka upphafshækkunar aftur um einn mánuð. Eftir tólf mánuði eða meira með lausa kjarasamninga gildir umsamin hækkun frá því að samningurinn féll úr gildi. Óheimilt er að semja um annan upphafsgildistíma, nema því aðeins að launþegum verði greidd eingreiðsla sem telst jafngild í tekjum þeim afturvirku upphafshækkunum, eða áfangahækkunum á liðnum tíma án endurnýjunar kjarasamnings, sem lög þessi kveða á um.

Fari fram almenn leynileg póstatkvæðagreiðsla meðal félagsmanna um gerðan kjarasamning gildir niðurstaða hennar óháð þátttöku. Nú tekur kjarasamningur einungis til hluta félagsmanna eða starfsmanna fyrirtækis og er þá heimilt að ákveða í samningnum að þeir einir séu atkvæðisbærir um hann, enda komi þar skýrt fram hvernig staðið verði að atkvæðagreiðslu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nú fara í hönd gerð nýrra kjarasamninga á vinnumarkaði. Líklegt er að það ferli verði erfitt og langsótt. Samningar eru margir og ólíkir að gerð sem og forsendur fyrir kjarasamningum einstakra stétta. Vekja má athygli á að mikill niðurskurður þorskafla vegur harkalega að launakjörum fiskimanna við almennar botnfiskveiðar, jafnvel allt að þriðjungs tekjumissi að óbreyttu þorskverði. Því er enn ríkari ástæða til þess að frumvarp þetta fái vandaða og skjóta meðferð á Alþingi, enda gæti það, ef að lögum verður, dregið úr því að vinnudeilur leiði til verkfalla þar sem afturvirkni kauphækkana er tryggð í lögum ef tafir verða um langan tíma, sex mánuði eða lengri tíma án kjarasamnings.

Frumvarp sama efnis var flutt á 126., 127., 128., 130., 131., 132. og 133. löggjafarþingi en varð eigi útrætt og er því endurflutt. Eftirfarandi greinargerð fylgdi frumvarpinu þegar það var síðast flutt:

„Með frumvarpi þessu er lögð til réttarbót fyrir launþega ef upp kemur sú staða að kjarasamningar eru lausir mánuðum saman. Viðbótarákvæðin, sem lagt er til með frumvarpi þessu að komi í 5. gr. laga nr. 80/1938, með síðari breytingum, eru efnislega þau að tryggja launþegum sambærilegar launabreytingar og öðrum launþegum hafa verið tryggðar fyrir sömu tímabil eða ár ef svo hagar til að gerð nýrra kjarasamninga dregst verulega á langinn. Ákvæðin sem bætt er í 5. gr. laganna eiga aðeins við og verða því aðeins virk að kjarasamningar viðkomandi stéttarfélags hafi verið lausir lengur en í sex mánuði. Sé nýr kjarasamningur gerður innan sex mánaða frá því að eldri kjarasamningur féll úr gildi hafa þau ákvæði sem frumvarpið felur í sér enga beina virkni. Ákvæðin ættu samt sem áður að hafa óbeina virkni í þá veru að hvetja aðila kjaradeilu til þess að leysa mál sín fyrr en ella.

Réttarbót launþegans felst í því að honum sem einstaklingi er tryggð leiðrétting á launum í samræmi við það sem samið hefur verið um við önnur launþegasamtök eða stéttarfélög. Ákvæðin verða virk þegar svo hagar til að samtök launþega og vinnuveitendur hafa ekki gert nýjan kjarasamning innan sex mánaða frá því að eldri samningur féll úr gildi. Um leið og sex mánuðir eru liðnir (6 x 30 = 180 dagar) er launþeganum tryggt að kjarabætur til hans verða afturvirkar í þrjá mánuði (3 x 30 = 90 daga). Jafnframt eru ákvæði um að fyrir hverja 60 daga sem dregst að endurnýja eða gera nýjan kjarasamning bætist 30 dagar við afturvirkni hækkunar kaupliða og kjaraatriða. Dragist í 12 mánuði að gera kjarasamninga öðlast launþeginn lögvarinn rétt til þess að fá upphafshækkun reiknaða aftur í tímann til þess dags er eldri kjarasamningur féll úr gildi. Að þessum lagabreytingum gerðum ætti það að vera úr sögunni að vinnuveitendur hagnist á því árum og áratugum saman, eins og dæmi eru um, að draga gerð kjarasamninga. Ákvæðin ættu einnig að verða til þess almennt að bein inngrip löggjafans í kjaradeilur yrðu sjaldséðari en verið hefur á undanförnum árum.

Þegar þetta frumvarp var lagt fram haustið 2004 höfðu kjarasamningar Sjómannasambands Íslands (SSÍ) og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands (FFSÍ), sem og Alþýðusambands Vestfjarða, verið lausir frá 1. janúar, í níu mánuði, og samningar grunnskólakenn-

ara frá 1. apríl, eða í sex mánuði. Í sjómannadeilunni höfðu verið haldnir 30 fundir og 51 fundur í kjaradeilu grunnskólakennara. Kjaradeilu sjómanna lauk 30. okt. 2004 og kennara 29. okt. 2004 með gerð nýs kjarasamnings.

Eins og sést í fylgiskjali með frumvarpi þessu hafa kjarasamningar oft dregist mjög á langinn hjá fiskimönnum sem lengst hafa átt LÍÚ að beinum viðsemjendum þótt samtök vinnuveitenda og nú síðast Samtök atvinnulífsins, SA, hafi verið þar með hlutverk. Sú saga er reyndar mun lengri en fylgiskjalið sýnir. Það sem upp úr stendur við þessa samantekt er að „samningatækni“ LÍÚ sl. 19 ár hefur haft þau áhrif á kjör og kjarasamninga fiskimanna að þeir hafa ekki notið kaupbreytinga á launaliði eða annarra kjarabóta til jafns við aðra launþega í landinu. Þar munar miklu í tíma, 2.403 dögum eða um það bil sex og hálfu ári á þeim 19 árum sem gerð er grein fyrir í fylgiskjalinu. Samtök fiskimanna verða varla með sanngirni sökuð um of mikla verkfallsgleði til þess að þvinga útgerðina til samninga þegar litið er á að fiskimenn voru sex og hálft ár á sl. 19 árum með lausa kjarasamninga þegar aðrir nutu kauphækkana mestallan þann tíma. Þess eru þó dæmi að kjarasamningar annarra hafi verið lausir einhverja mánuði, en samningaferli sjómannasamninga í þessum efnum er þó einsdæmi.

Þrátt fyrir þetta er löggjafinn sjaldan langt undan þegar kemur að kjaradeilum sjómanna. Tímamæling á því væri fróðleg en oftast voru 15–25 dagar sá tími sem LÍÚ þurfti að bíða uns LÍÚ-vinveittu ríkisstjórnirnar settu lög á kjaradeilur sjómanna. Því væri full ástæða til þess að setja ákvæði inn í vinnulöggjöfina um að þegar kjaradeilu er frestað tímabundið með lögum skuli það ástand sem lögin frestuðu koma aftur upp þegar gildistíma laganna lýkur. Þetta þýðir í reynd að verkfall hæfist sjálfkrafa á nýjan leik um leið og lögbundinn samningstími væri runninn út. Sú tillaga er þó ekki flutt í þessu frumvarpi.

Ef setja ætti slíkt ákvæði í lög ætti það að koma sem ný grein á eftir 19. gr. laganna og hljóða svo:

„Vinnustöðvanir, þ.e. verkbönn og verkföll eins og þau eru skilgreind í lögum þessum, sem ákveðnar eru með lögum, hefjast að nýju þann dag sem þau lög falla úr gildi eða að loknum þeim tíma sem tiltekin ákvæði kjarasamningsins skulu gilda samkvæmt sömu lögum.““

Með frumvarpinu var fylgiskjal: Yfirlit yfir kjarasamninga sjómanna á fiskiskipum 15. janúar 1985 – 31. desember 2004. Sjá samhljóða fylgiskjal í þskj. 55 (55. mál 133. löggjafarþings) í Alþt. 2006– 2007, bls. 739–741.

41. Frumvarp til laga [41. mál]

um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, með síðari breytingum.

Flm.: Bjarni Benediktsson, Sigurður Kári Kristjánsson,
Birgir Ármannsson, Ólöf Nordal.

1. gr.

1. mgr. 172. gr. laganna orðast svo:

Nú andmælir ákærði bótakröfu og dómari telur að úrlausn um hana geti dregið mál að mun á langinn og getur hann þá vísað henni frá dómi með úrskurði. Þess í stað getur dómari látið við það sitja að vísa kröfunni frá dómi að því er fjárhæð hennar varðar en lagt dóm á hana varðandi skaðabótaskyldu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 132. löggjafarþingi en varð ekki útrætt og er nú lagt fram að nýju.

Í 1. mgr. 172. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, segir að dómari í opinberu máli skuli athuga hvort einkaréttarleg bótakrafa skuli tekin til meðferðar ef hún hefur komið fram. Honum sé rétt að synja að taka slíka kröfu til meðferðar ef hann telur það mundu valda verulegri töf eða óhagræði í málinu. Ákvörðun um slíka synjun skuli tekin með bókun dómara í þingbók eða í dómi. Í athugasemdum við frumvarp sem varð að lögum nr. 19/1991 segir að sé krafa ódómhæf við þingfestingu máls hafni dómari því að taka hana til meðferðar, enda sé yfirleitt ætlast til þess að bótakröfur verði ekki til að valda óþörfum töfum í refsimáli, sbr. 1. mgr. 172. gr.

Reyndin hefur orðið sú að dómarar synja því iðulega að taka einkaréttarlegar bótakröfur til meðferðar á grundvelli 1. mgr. 172. gr. laganna. Algengt er að slíkt sé gert á þeirri forsendu að meðferð bótakröfunnar valdi óhagræði í málinu.

Ótvírætt hagræði er að því fyrir málsaðila og dómskerfið að skorið sé úr bótakröfu brotaþola samhliða rekstri refsimáls. Það veldur óþægindum og töfum auk þess að vera kostnaðarsamt fyrir brotaþola og ákærða að reka sérstakt dómsmál vegna bótakröfu sem til er komin vegna hins refsiverða verknaðar.

Með frumvarpinu er ekki vikið frá því meginsjónarmiði að hið opinbera mál þurfi að hafa eðlilegan framgang og bótakrafa brotaþola megi ekki valda óhæfilegri töf eða óhagræði. Hins vegar þykir áherslan á öruggan framgang málsins í framkvæmd hafa gengið of nærri þeim rétti brotaþola að fá skorið úr um bótarétt sinn undir rekstri hins opinbera máls.

Í frumvarpinu er því lagt til að núverandi fyrirkomulagi verði breytt og leitast við að gera ákvæði 1. mgr. 172. gr. skilvirkara með því að þrengja aðeins að heimildum dómara til að vísa máli frá. Frumvarpið gengur þannig út frá því að dómari hafi heimild til að vísa einkaréttarlegri bótakröfu frá dómi með úrskurði ef ákærði andmælir henni og dómari telur að úrlausn um kröfuna geti dregið mál að mun á langinn. Að öðrum kosti geti dómari vísað kröfunni frá dómi að því er fjárhæð hennar varðar, en lagt efnislegan dóm á hana hvað skaðabótaskyldu varðar. Með þessu er þrennt tryggt. Í fyrsta lagi að alltaf verður dæmt um kröfu

nema henni sé andmælt af ákærða. Í öðru lagi að líklegt þarf að vera að mál dragist „að mun á langinn“ til að bótakröfu verði vísað frá með úrskurði, en þannig er lögð áhersla á að veigamiklar ástæður þurfi til að koma til þess að slíkri kröfu verði vísað frá. Í þriðja lagi að ætíð mun ganga úrskurður um frávísunina sem er þá kæranlegur til Hæstaréttar. Ákvæðinu er þannig gefið aukið vægi með því að tryggja möguleikann á endurskoðun ákvörðunar héraðsdómara fyrir Hæstarétti.

Í frumvarpinu er gengið út frá því að í vissum tilvikum séu atvik með þeim hætti að jafnvel þótt ekki verði felldur dómur um fjárhæð bótakröfu brotaþola sé ekkert því til fyrirstöðu að öðru leyti að skorið verði úr um bótaskyldu ákærða. Við meðferð málsins fyrir dómi getur komið fram að gögn brotaþola til sönnunar á umfangi tjónsins séu á einhvern hátt ófullnægjandi. Fyrir því geta verið margvíslegar ástæður. Í fyrsta lagi kann að vera að tjónið sé ekki að fullu komið fram og að brotaþoli byggi bótakröfu sína af þeirri ástæðu á áætlunum sem tekist er á um í málinu. Þá kann að vera að gögn að öðru leyti séu ekki tiltæk og málið þannig vaxið að ekki verði bætt úr undir rekstri málsins. Frumvarpið byggir á því að þegar þannig háttar til sé rétt að dómara sé heimilt að fella dóm um bótaskyldu ákærða. Það er ótvírætt mikils virði fyrir brotaþola að fá bótaskyldu viðurkennda við þessar aðstæður, jafnvel þótt höfða þurfi sérstakt einkaréttarlegt mál vegna fjárhæðar skaðabótakröfunnar í síðara dómsmáli. Annars vegar þarf ekki að vera augljóst, þótt ákærði sé dæmdur til refsingar, að orsakatengsl séu milli brotsins og þess tjóns sem krafist er bóta fyrir síðar. Í slíkum tilvikum er mikilvægt fyrir brotaþola að hafa fengið skorið úr um bótaskylduna áður en ákvörðun um málshöfðun er tekin á síðara stigi. Hins vegar verður mál sem síðar kann að verða höfðað um fjárhæð bótanna minna í vöfum og hefur í för með sér minni kostnað fyrir brotaþola.

42. Frumvarp til laga [42. mál]

um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum.

Flm.: Lúðvík Bergvinsson, Gunnar Svavarsson,
Ásta R. Jóhannesdóttir, Kristinn H. Gunnarsson.

1. gr.

Á eftir orðunum „vegna atvinnurekanda og“ í 1. tölul. A-liðar 1. mgr. 30. gr. laganna kemur: íþróttastyrkja sem.

2. gr.

Við 1. tölul. 31. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Til rekstrarkostnaðar telst jafnframt kostnaður sem lögaðili ber og miðar að því að tryggja heilsu starfsmanna, svo sem af forvarnaaðgerðum og læknisskoðunum og framlögum til starfsmanna til íþróttaiðkana, samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2008 og koma til framkvæmda við álagningu á árinu 2009.

Greinargerð.

Megintilgangur þessa frumvarps er að stuðla að betri heilsu landsmanna með þátttöku atvinnurekanda í kostnaði sem aftur ætti að leiða til lægri útgjalda ríkissjóðs til heilbrigðismála.

Með frumvarpinu er lagt til að kostnaður sem lögaðili ber og miðar að því að tryggja heilsu starfsmanna, svo sem með forvarnaaðgerðum, læknisskoðunum og framlögum til starfsmanna til íþróttaiðkana, verði frádráttarbær frá skatti.

Meginregla skattalaga um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri felur í sér að heimilt er að draga frá tekjum rekstrarkostnað, þ.e. þau gjöld sem eiga á árinu að ganga til að afla tekna, tryggja þær og halda þeim við. Helstu frádráttarliðir eru síðan taldir upp í lögunum en sú upptalning er engan veginn tæmandi og er í mörgum tilvikum matsatriði hvað fallið getur þar undir þegar lagaákvæðum sleppir.

Ekki hefur verið litið á greiðslur vinnuveitanda til starfsmanna vegna íþróttaiðkana sem frádráttarbæran rekstrarkostnað nema hann sé gefinn upp á launamiðum sem hlunnindi starfsmanna. Sú niðurstaða er þó engan veginn óumdeilanleg þar sem hagsmunir vinnuveitanda af því að starfsmenn séu við góða heilsu eru ótvíræðir. Heilbrigðir og hraustir starfsmenn eru líklegir til að skila meiri tekjum til fyrirtækja og gildir þá einu á hvaða sviði það er. Kostnaður vegna starfsmannahalds minnkar því að gera má ráð fyrir minni veikindum ef starfsmenn stunda holla hreyfingu.

Samkvæmt framansögðu má því vissulega halda því fram að peningar sem varið er til heilsueflingar séu til þess fallnir að afla tekna, tryggja þær og halda þeim við.

Með hliðsjón af þessu er ekki óeðlilegt að mörg fyrirtæki hafa séð sér hag í því að hvetja og styrkja starfsmenn sína til að stunda líkamsrækt af einhverjum toga en gera má ráð fyrir að þau yrðu enn þá fleiri væri kostnaður frádráttarbær frá skatti.

Frumvarp þetta heimilar lögaðilum ekki aðeins að gjaldfæra framlög til starfsmanna sinna vegna íþróttaiðkana heldur er gert ráð fyrir að framlög til hvers konar aðgerða sem eru til þess fallnar að efla og tryggja heilsu starfsmanna séu frádráttarbærar. Gert er ráð fyrir að ráðherra útfæri þessa heimild nánar í reglugerð.

Ávinningur af þeim lagabreytingum sem hér eru lagðar til er margþættur. Gera má ráð fyrir að vinnuveitendur verði viljugri til að bera kostnað af ýmiss konar aðgerðum sem vernda og stuðla að betri heilsu starfsmanna sem aftur skilar sér í auknu starfsþreki og meiri framleiðni. Starfsmennirnir hafa augljósan persónulegan ávinning af þessu. Ávinningur þeirra er betri heilsa og starfsþrek til vinnu sem og tómstunda auk fjárhagslegs ávinnings. Ávinningurinn ristir dýpra því að heilsuefling og hreyfing er lýðheilsumál sem stjórnvöld á hverjum tíma hljóta að gefa gaum enda er aukin hreysti landsmanna þjóðhagslega hagkvæm, t.d. með minni kostnaði heilbrigðiskerfisins. Auk þessa má ætla, eins og áður segir, að heilbrigðir og hraustir starfsmenn skili meiri tekjum til fyrirtækja sem aftur eykur skatttekjur ríkissjóðs, en það vegur upp á móti því tekjutapi sem frádráttarheimildin felur í sér.

Gert er ráð fyrir að lögin öðlist gildi 1. janúar 2008 og komi til framkvæmda við álagningu á árinu 2009.

43. Frumvarp til laga [43. mál]

um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Atli Gíslason, Álfheiður Ingadóttir, Árni Þór Sigurðsson, Jón Bjarnason, Katrín Jakobsdóttir, Kolbrún Halldórsdóttir, Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

1. gr.

Við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 5. mgr. og orðast svo:

Skilyrði fyrir virkjunarleyfi raforkuvers er að orkuverð og aðrir samningsskilmálar sem leyfishafi gerir við kaupendur orkunnar séu opinberir og öllum aðgengilegir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða I.

Handhafar gildandi virkjunarleyfa sem reisa eða reka raforkuver skulu frá og með gildistöku laga þessara uppfylla ákvæði 5. mgr. 5. gr. laganna við gerð allra nýrra samninga og jafnóðum og gildandi orkusölusamningar koma til endurnýjunar.

Ákvæði til bráðabirgða II.

Sé handhafi virkjunarleyfis bundinn af orkusölusamningi þar sem leynd hvílir á orkuverði með gildistíma lengur en til ársloka 2012 ber honum að tilkynna um slíkt til Orkustofnunar. Jafnframt skal leyfishafinn í samráði við Orkustofnun leita samkomulags við kaupanda orkunnar um að aflétta trúnaði um orkuverð samkvæmt samningnum fyrir þann tíma. Hafni kaupandi orkunnar slíku samkomulagi er óheimilt að framlengja gildandi samninga við hann eða gera við hann nýja.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er einfalt að gerð og efni þess skýrir sig að mestu sjálft. Það gengur út á að eftirleiðis sé það skilyrði virkjunarleyfis að allir samningsskilmálar, að meðtöldum ákvæðum um orkuverð, sem leyfishafi gerir um sölu á raforku frá virkjun séu opinberir og öllum aðgengilegir. Hér er eðli málsins samkvæmt yfirleitt um að ræða samninga til stórnotenda eða heildsölu til stórkaupenda sem síðan endurselja og dreifa orkunni. Ákvæði til bráðabirgða fjalla um með hvaða hætti afnám leyndar á orkuverði skal innleitt gagnvart handhöfum gildandi virkjunarleyfa og gagnvart gildandi orkusölusamningum sem ekki eru opinberir.

Allt frá því að stjórnvöld innleiddu leynd á orkuverði í samningum til stóriðju 1995, í tíð Finns Ingólfssonar sem iðnaðarráðherra og þegar álverið í Straumsvík var stækkað, hefur ríkt um það megn óánægja. Landsvirkjun hefur fylgt þeirri stefnu síðan og aðrir aðilar fylgt í kjölfarið. Þessi leynd hefur orðið til að auka enn á deilur og úlfúð sem stóriðjustefnan hefur haft í för með sér, enda enn erfiðara en ella að sjá hvort stóriðjusamningar skila þjóðarbúinu viðunandi arði. Útbreiddar efasemdir eru uppi um að hinn takmarkaði virðisauki sem eftir verður innan lands af stóriðjuumsvifunum réttlæti þann herkostnað sem stóriðjuframkvæmdunum er samfara, bæði í hagkerfinu og svo ekki sé talað um neikvæð umhverfisáhrif. Um-

hverfisfórnir vegna stórvirkjana eru hins vegar færðar sameiginlega af þjóðinni og á kostnað komandi kynslóða. Áhrifin á ásýnd, orðstír og ímynd lands og þjóðar eru sameiginlegt áhyggjuefni og líklegust til að valda allt öðrum en orkuframleiðendum búsifjum. Samanburður á orkuverði til almennra notenda og til stórnotenda verður ómögulegur við þessar aðstæður og sömuleiðis verður erfitt að meta hvort arðurinn af nýtingu sameiginlegrar auðlindar, auðlindarentan, skilar sér með sanngjörnum hætti til almennings eða þjóðarbúsins. Þannig mætti áfram telja.

Samkeppnissjónarmið hafa verið notuð til að réttlæta leynd á orkuverði til stóriðju en eru ekkert nema hreinn fyrirsláttur í þessu tilviki. Allir sem það vilja vita hið raunverulega orkuverð en munurinn er sá að stjórnvöld og orkufyrirtækin koma sér undan upplýstri umræðu um stóriðjustefnuna í skjóli hinnar meintu leyndar. Einnig er reynt að þagga niður í og múlbinda aðila, svo sem fjölmiðla og jafnvel þingmenn, með þessum leyndarákvæðum. Færa má fyrir því rök að það sé einmitt í þágu heilbrigðrar samkeppni, að svo miklu leyti sem forsendur fyrir slíku eru yfirhöfuð til staðar hérlendis, að gagnsæi ríki á markaðnum og samningar við stórnotendur séu opinberir. Í öllu falli er ljóst að hér vegast á meintir einkahagsmunir og ríkir almannahagsmunir sem auðvitað eru fólgnir í því að hafa greiðan aðgang að þessum mikilsverðu upplýsingum. Þær eru forsenda þess að upplýst umræða geti farið fram um umhverfismál og orkunýtingu, að almenningur geti nýtt sér möguleika sína til að hafa áhrif, t.d. á umhverfismat stórframkvæmda, geti rætt málin, myndað sér skoðun og tekið lýðræðislega afstöðu. Athyglisverð er í þessu sambandi niðurstaða úrskurðarnefndar um upplýsingamál frá 10. nóvember 2006 í máli A-234/2006. Þar var Seyðisfjarðarkaupstað gert skylt að veita kæranda, Hjörleifi Guttormssyni, aðgang að samningi virkjunaraðila í Fjarðará og kaupstaðarins í heild, þ.m.t. ákvæðum um greiðslur fyrir vatnsréttindi. Í rökstuðningi sínum leggur nefndin áherslu á að skýra beri allar undantekningar á upplýsingarétti almennings þröngt og eins þótt meintir einkahagsmunir eigi í hlut. Sá leyndarhjúpur sem reynt hefur verið að umvefja þessi mál, einkum hvað orkuverðsþáttinn varðar hér á Íslandi sl. 10–12 ár þar sem um er að ræða orkuverð frá fyrirtækjum í opinberri eigu, er sérískenskt fyrirbæri. Almennt er vandræðalaust að nágast haldgóðar upplýsingar um þessi mál í nágrannalöndunum.

Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Auðlindir og arður. Grein eftir Indriða H. Þorláksson. (Morgunblaðið 22. og 23. apríl 2007.)

II. Úrskurður úrskurðarnefndar um upplýsingamál í máli A-234/2006. (10. nóvember 2006.)

44. Tillaga til þingsályktunar [44. mál]

um þyrlubjörgunarsveit á Akureyri.

Flm.: Birkir J. Jónsson, Kristján Þór Júlíusson, Valgerður Sverrisdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Arnbjörg Sveinsdóttir, Einar Már Sigurðarson, Þuríður Backman, Ólöf Nordal, Höskuldur Þórhallsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að tryggja að Landhelgisgæsla Íslands haldi úti björgunarþyrlu frá Akureyri.

Greinargerð.

Á íslenskum fiskimiðum eru veður válynd og þyrlubjörgunarsveit Landhelgisgæslunnar er mikilvæg fyrir öryggi sjófarenda. Mörg stærstu sjávarútvegsfyrirtæki landsins eru á Norður- og Austurlandi og mikil útgerð er á svæðinu. Þyrlubjörgunarsveit Landhelgisgæslunnar er þó einungis staðsett á suðvesturhorni landsins og því búa sjófarendur um norðan- og austanvert landið við minna öryggi en aðrir vegna þess hve fjarlæg þyrlubjörgunarsveitin er. Þó að tillaga þessi sé flutt af hópi þingmanna Norðausturkjördæmis ber alls ekki að líta svo á að hún snúist um byggða- eða atvinnumál, heldur er hér fyrst og fremst um öryggismál að ræða sem brýnt er að leyst verði úr hið fyrsta.

Margt bendir til að skipaumferð á norðurslóðum aukist til muna á komandi árum í tengslum við minnkandi hafís á siglingaleiðinni um Norður-Íshafsleiðina. Einnig má benda á að miðstöð sjúkraflugs á Íslandi er á Akureyri auk þess sem Sjúkraflutningaskóli Íslands er á Akureyri. Faglega séð ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að byggja upp þyrlubjörgunarsveit á Akureyri.

Jafnframt má nefna að þyrlur Landhelgisgæslunnar gegna sívaxandi hlutverki við björgun á landi, t.d. þegar flytja þarf slasað fólk, m.a. frá hálendinu til byggða og undir læknishendur.

45. Frumvarp til laga [45. mál]

um breytingu á lögum um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997.

Flm.: Kristinn H. Gunnarsson, Guðjón A. Kristjánsson,
Grétar Mar Jónsson, Jón Magnússon.

1. gr.

33. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til felld verði brott úr lögum um fjárreiður ríkisins lagagrein sem heimilar fjármálaráðherra að greiða úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum. Greinin er svohljóðandi:

„Valdi ófyrirséð atvik því að greiða þarf úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum er fjármálaráðherra að höfðu samráði við hlutaðeigandi ráðherra heimilt að inna greiðsluna af hendi enda þoli hún ekki bið. Fjármálaráðherra er skylt að gera fjárlaganefnd Alþingis grein fyrir slíkum ófyrirséðum greiðslum strax og ákvörðun hefur verið tekin um þær og leita heimilda til þeirra með frumvarpi til fjáraukalaga.“

Greinin var umdeild þegar frumvarpið, sem síðar varð að lögum um fjárreiður ríkisins, var rætt og afgreitt á Alþingi á 121. löggjafarþingi vorið 1997. Var á það bent að greinin færi í bága við 41. gr. stjórnarskrárinnar en hún hljóðar svo:

„Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum.“

Tvær breytingartillögur komu fram við 33. gr. sem báðar miðuðu að því að lögin gengju ekki lengra en stjórnarskráin var talin heimila, en þær voru báðar felldar. Að öðru leyti er vísað til umræðunnar sem þá fór fram um málið sem var 100. mál þingsins, þskj. 103.

Fyrsti flutningsmaður flutti á 133. löggjafarþingi að nýju þá tillögu í frumvarpsformi að fella alveg brott 33. gr. og vildi með því undirstrika að löggjafarvaldinu er samkvæmt stjórnarskrá ætlað að fara með fjárveitingavaldið. Frumvarpið varð þá ekki útrætt og er nú endurflutt óbreytt.

Verði frumvarpið að lögum mun það styrkja löggjafarvaldið og stefna að aðgreiningu þess og framkvæmdarvaldsins. Vissulega var full þörf á því að flytja frumvarpið fyrir réttu ári, en síðan hafa gerst þau tíðindi sem undirstrika enn frekar nauðsyn þess að draga skýrar línur milli löggjafarvaldsins og framkvæmdarvaldsins og er þar vísað til Grímseyjarferjumálsins og skýrslu Ríkisendurskoðunar frá því í ágúst 2007. Það mál einkennist af því að fjármálaráðherra hefur teygt æ lengra túlkun sína á heimild til þess að stofna til útgjalda án heimildar í fjárlögum. Heimildarákvæði í fjárlögum til þess að selja ferjuna Sæfara og ráðstafa andvirðinu til kaupa eða leigu á annarri ferju túlkar ráðherrann sem sjálfstæða heimild til útgjalda án þess að sala á ferjunni hafi farið fram og telur einnig að upphæð þeirrar heimildar takmarkist ekki af andvirði hinnar seldu ferju. Ríkisendurskoðun gagnrýnir þetta harðlega og segir í skýrslu sinni: „Að mati Ríkisendurskoðunar stenst þessi aðferð á engan hátt ákvæði fjárreiðulaga og getur ekki talist til góðrar stjórnsýslu.“ Telja verður að ákvæði 33. gr. fjárreiðulaga ýti undir þessa óheillaþróun og affarasælast sé að afnema greinina og fella þar með

niður allar heimildir til greiðslu fjár úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum ríkisins. Að þeirri breytingu gerðri verður það skýr og ótvíræður vilji Alþingis að virða ákvæði 41. gr. stjórnarskrár lýðveldisins.

46. Frumvarp til laga [46. mál]

um breytingu á lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Flm.: Pétur H. Blöndal, Birgir Ármannsson,
Sigurður Kári Kristjánsson, Ólöf Nordal.

1. gr.

2. mgr. 7. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var áður lagt fram á 126., 127., 128., 130., 131. og 132. löggjafarþingi og hefur því verið vísað til efnahags- og viðskiptanefndar. Málið hefur ekki hlotið afgreiðslu úr nefnd en á 130. löggjafarþingi samþykkti nefndin að leita eftir lögfræðilegu áliti á efni frumvarpsins utan þings, en vegna umfangs málsins reyndist það ekki unnt fjárhagslega.

Hér á eftir er því haldið fram og færð fyrir því rök að ákvæði 2. mgr. 7. gr. laga nr. 94/1986 kunni að brjóta gegn stjórnarskrá lýðveldisins Íslands á tvennan hátt. Það er í andstöðu við 74. gr. stjórnarskrárinnar sem segir að menn eigi rétt á að taka þátt í félögum en ekki sé hægt að skylda menn til þátttöku í félögum. Það er enn fremur í andstöðu við 40. gr. stjórnarskrárinnar sem segir að engan skatt megi á leggja nema með lögum og í andstöðu við 77. gr. sem segir að ekki megi fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann.

Í 2. mgr. 7. gr., sem lagt er til að felld verði brott, segir: „Starfsmaður, sem lög þessi taka til og eigi er innan stéttarfélags samkvæmt lögum þessum, greiði til þess stéttarfélags, sem hann ætti að tilheyra, gjald jafnt því sem honum bæri að greiða væri hann í því, enda fari um laun hans og önnur starfskjör samkvæmt samningum þess samkvæmt nánari ákvörðun fjármálaráðherra eða sveitarstjórnar. Þá ákvörðun skal tilkynna viðkomandi sveitarfélagi.“

Umrædd málsgrein á rætur sínar að rekja til laga nr. 29/1976, um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, og laga nr. 62/1985, um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Í henni felst í raun dulbúin skylda til aðildar að stéttarfélagi. Það væri mjög óskynsamlegt fyrir starfsmann að njóta ekki allrar þjónustu stéttarfélags með því að gerast félagi, þótt honum væri það þvert um geð, þar sem hann er búinn að greiða fyrir hana. Má þar nefna orlofsheimili sem dæmi. Þannig brýtur þetta ákvæði hugsanlega gegn ákvæði 74. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, um félagafrelsi, sbr. 12. gr. laga nr. 97/1995. Einnig kann þetta ákvæði að brjóta gegn jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar í 65. gr. þannig að þeir sem ekki vilja gerast félagar í stéttarfélagi eru ekki jafnsettir þeim sem vilja ganga í félagið

eða sjá sig tilneydda til þess þótt þeim fyrstnefndu sé gert að greiða sama gjald til félagsins, en njóta þó ekki þeirra réttinda sem eru bundin við félagsaðild.

Ákvæðið kann enn fremur að brjóta gegn því ákvæði stjórnarskrárinnar sem kveður á um að skattar skuli lagðir á með lögum og að ekki skuli fela stjórnvöldum, hvað þá einkaaðilum, ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann. Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. er ekki kveðið á um hámarksfjárhæð þess gjalds sem rennur til stéttarfélags. Félagsfundur í stéttarfélagi getur samþykkt hvaða félagsgjald sem er, án hámarks, það er innheimt af stjórnvöldum með stuðningi í þessum lögum og rennur til aðila sem ekki er opinber aðili. Sá sem á að greiða gjaldið samkvæmt þessum lögum þarf ekki að vera félagsmaður og kemur því ekki að ákvörðun þess en honum ber að greiða það. Gjaldið hefur því öll einkenni skatts.

Umsagnir.

Þegar frumvarpið var fyrst lagt fram var það sent 21 aðila til umsagnar 8. mars 2001. Umsagnir bárust frá níu aðilum og voru þrjú meginþemu í umsögnunum:

Þema 1: Bent er á að ef 1. mgr. 7. gr. fellur niður rekist það á ákvæði 1. mgr. 6. gr. um að aðeins eitt stéttarfélag opinberra starfsmanna hafi rétt til samningsgerðar fyrir sömu starfsstétt.

Við þessari athugasemd er brugðist í nýjum búningi frumvarpsins sem fellir eingöngu niður 2. mgr. 7. gr. laganna. Það er svo umhugsunarefni að opinberum starfsmönnum er bannað með ákvæðum síðari málsliðar 1. mgr. 7. gr. og með 1. mgr. 6. gr. að stofna ný stéttarfélög og vekur það upp spurningar um frelsi manna til að stofna félög skv. 74. gr. stjórnarskrárinnar. Líta má á þetta eina löggilta stéttarfélag viðkomandi stéttar sem opinbert stéttarfélag sem nýtur velþóknunar og verndar stjórnvalda. Ekki er tekin afstaða til þessa í þessu frumvarpi.

Þema 2: Talið er eðlilegt að þeir sem njóta kjara sem stéttarfélag nær fram beri kostnað af þeirri kjarasamningsgerð hvort sem þeir eru félagar eða ekki. Allt launafólk eigi að standa sameiginlega undir kostnaði við sameiginlega hagsmunagæslu. Samningar stéttarfélaga kveða á um lágmarkskjör sem allir njóta, óháð félagsaðild. Félagsgjaldið sé í raun þjónustugjald fyrir þessa samningsvinnu. Seinna í greinargerðinni verður rætt um þema 2.

Þema 3: Dómur Félagsdóms í máli nr. 4/1998 segir að 2. mgr. 7. gr. samrýmist ákvæðum stjórnarskrárinnar um félagafrelsi. Um þennan dóm Félagsdóms verður fjallað síðar í greinargerðinni.

Á 126. löggjafaþingi bárust umsagnir frá eftirtöldum aðilum:

Læknafélag Íslands mælir gegn samþykkt frumvarpsins og nefnir þema 1 og þema 2.

Landssamband lögreglumanna og Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar lýsa yfir andstöðu við frumvarpið en vísa til umsagnar BSRB.

Alþýðusamband Íslands mælir gegn samþykkt frumvarpsins og nefnir þema 2 og þema 3.

Félag háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins nefnir þema 2, lýsir yfir andstöðu við frumvarpið og segir því beint gegn tilvist stéttarfélaga. Varðandi hugsanlega tilvistarkreppu stéttarfélaga virðist félagið telja að enginn eða of fáir mundu vilja vera í stéttarfélagi opinberra starfsmanna nema tilneyddir með lögum.

BSRB lýsir eindreginni andstöðu við frumvarpið og nefnir þema 2 og þema 3.

Fjármálaráðuneytið nefnir þema 1 og þema 3. Þá nefnir ráðuneytið að stéttarfélög opinberra starfsmanna hafi að ýmsu leyti samið um rýmri rétt en tryggður er með lögum, t.d. orlof sem allir viðkomandi starfsmenn njóti, sem frekari rök fyrir þema 2.

Fjármálaráðuneytið lagði fram minnisblað á fundi efnahags- og viðskiptanefndar þar sem það nefnir þema 3 og þema 2. Þá er vísað til þess að greiðsluskylda ófélagsbundinna þekkist einnig á almennum markaði samkvæmt samningum. Varðandi síðasta atriðið verður að benda á að reginmunur er á samningsbundinni skyldu til greiðslu félagsgjalds og lögbundinni.

Bandalag háskólamanna segir að samþykkt þessa frumvarps gangi gegn vilyrði fjármálaráðherra um heildarendurskoðun löggjafarinnar í samráði við stéttarfélög opinberra starfsmanna. Þá segir að frumvarpið sé samið án samráðs við samtök opinberra starfsmanna og samþykkt þess gangi gegn sjálfum grundvelli samtakanna sem njóti verndar stjórnarskrárinnar.

Þessi síðustu rök eru merkileg í ljósi þess að samkvæmt stjórnarskrá hefur Alþingi eitt heimild til að setja lög og því einnig heimild til að afnema þau sömu lög og þarf ekki að fá leyfi til þess frá öðrum aðilum.

Lögmannafélag Íslands segir að ekki verði fram hjá því litið að önnur löggjöf feli að nokkru leyti í sér hvatningu til aðildar að stéttarfélagi. Þá er nefnt að ASÍ hafi eftir stjórnarskrárbreytinguna 1995 gert sérstakt átak til að koma í veg fyrir aðildarskyldu í lögum stéttarfélaga sinna og að í mörgum kjarasamningum séu ákvæði um forgang félaga stéttarfélaga til vinnu. Deilt hafi verið um hvort slík forgangsréttarákvæði stæðust ákvæði 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrár en á það hafi ekki reynt fyrir Hæstarétti.

Þá segir að ekki verði vikist undan því að fallast á þau sjónarmið flutningsmanns að 7. gr. laga nr. 94/1998 sé barn síns tíma og ekki í samræmi við réttarþróun síðan. Hæpið sé þó að breyta þessu ákvæði einu sér án þess að fram fari endurskoðun á annarri löggjöf.

Um þessar umsagnir er það að segja að allar nema tvær eru frá aðilum sem njóta núverandi kerfis skyldugreiðslu til stéttarfélaga. Engin þessara umsagna tók afstöðu til þess hvort hér gæti verið um skattlagningu að ræða.

Frumvarpið var sent að nýju til umsagnar á 128. löggjafarþingi og 132. löggjafarþingi og vísuðu aðilar þá almennt til fyrri umsagna sinna og/eða vísuðu í umsögn BHM og/eða BSRB. Í umsögn Bandalags háskólamanna á 132. löggjafarþingi kom fram að félagið hafi lýst yfir vilja sínum til að koma að heildarendurskoðun á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Svipuð sjónarmið um heildstæða endurskoðun löggjafar komu fram í umsögn Lögmannafélags Íslands.

Dómur Félagsdóms nr. 4/1998.

Samkvæmt 1. málsl. 61. gr. stjórnarskrárinnar skulu dómendur í embættisverkum sínum einungis fara eftir lögunum. Sama hugsun er áréttuð í 1. mgr. 24. gr. laga um dómstóla, nr. 15/1998, en þar segir: „Dómarar eru sjálfstæðir í dómstörfum og leysa þau af hendi á eigin ábyrgð. Við úrlausn máls fara þeir eingöngu eftir lögum og lúta þar aldrei boðvaldi annarra.“ Því er enginn sérstakur stjórnlagadómstóll samkvæmt stjórnarskrá sem kannar valdheimildir löggjafarvaldsins, Alþingis, og það hvort ákvæði laga frá Alþingi stangast á við stjórnarskrána og séu því ógild, af því að alþingismenn sverja eið að stjórnarskránni. Rök eru fyrir því að Hæstiréttur einn ætti að geta tekið að sér þetta hlutverk:

Hvergi er minnst beint á Hæstarétt í stjórnarskránni en í 59. gr. segir: „Skipun dómsvaldsins verður eigi ákveðin nema með lögum.“ Í 1. gr. laga um dómstóla, nr. 15/1998, segir: „Hæstiréttur Íslands er æðsti dómstóll ríkisins.“ Í 3. gr. sömu laga segir: „Aðrir dómstólar eru Félagsdómur og Landsdómur. Um þá sérdómstóla gilda ákvæði í öðrum lögum.“ Hæstiréttur ætti því einn dómstóla að geta tekið að sér hlutverk stjórnlagadómstóls. Má færa fyrir því eftirfarandi rök:

Félagsdómur komst að þeirri niðurstöðu í máli nr. 4/1998 að 2. mgr. 7. gr. samrýmdist ákvæðum stjórnarskrárinnar um félagafrelsi. Gefum okkur að opinber starfsmaður, sem ekki er félagi í stéttarfélagi en sætir afdrætti greiðslu til stéttarfélags af launum, fari í einkamál við launagreiðanda sinn og krefjist endurheimtu á þessari eign sinni. Slíkt mál heyrir ekki undir Félagsdóm skv. 44. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur. Gefum okkur enn fremur að það mál færi til Hæstaréttar og hann kæmist að öndverðri niðurstöðu, þ.e. að 2. mgr. 7. gr. samrýmist ekki ákvæðum stjórnarskrárinnar um félagafrelsi. Þá hlyti niðurstaða Hæstaréttar að gilda þar sem Hæstiréttur er æðstur dómstóla. Þess vegna ætti enginn dómstóll annar en Hæstiréttur að geta tekið að sér það hlutverk að úrskurða ákvæði laga frá Alþingi ógild þar sem þau rekist á ákvæði stjórnarskrár.

Það er svo spurning hvort Hæstiréttur ætti ekki að setja sér þá vinnureglu að úrskurða fullskipaður þegar hann dæmir í málum þar sem ágreiningur er um hvort tiltekin lög standist ákvæði stjórnarskrár. Þá væri skynsamlegt að kveða á um það í lögum að slíkum málum, sem varða gildi laga gagnvart stjórnarskrá, yrði skotið til úrlausnar Hæstaréttar.

Samkvæmt 24. gr. fyrrgreindra laga um dómstóla, nr. 15/1998, skulu dómarar fara eingöngu eftir lögum. Þetta ákvæði er reyndar í IV. kafla, um réttindi og skyldur dómara, en sá kafli tekur jafnt til dómara við Hæstarétt og héraðsdómara. Ekki er til sambærilegt ákvæði um dómara Félagsdóms. Með hliðsjón af 61. gr. stjórnarskrár má þó álykta að það sama gildi um þá, þ.e. að við úrlausn máls fara þeir eingöngu eftir lögum. Þess vegna hlaut Félagsdómur að taka mið af gildandi lögum við úrskurð sinn. Það er hins vegar merkilegt og má setja við það spurningarmerki að Félagsdómur hafi talið sig þess umkominn að kveða á um hvort tiltekin lög frá Alþingi samrýmdust stjórnarskránni eður ei.

Notkun þessa dóms sem rök fyrir því að 2. mgr. 7. gr. samrýmist stjórnarskránni hefur því að mati flutningsmanna ekkert gildi á meðan Hæstiréttur, sem æðstur dómstóla, hefur ekki tekið afstöðu til málsins.

Félagsgjald sem þjónustugjald.

Skilyrði þess að skylda starfsmann til að greiða gjald til stéttarfélags án þess að skylda hann formlega til þátttöku er að um laun hans og önnur starfskjör fari samkvæmt samningum viðkomandi stéttarfélags. Eini ágóði starfsmanns af því að greiða gjald til stéttarfélags sem hann er ekki félagi í er að hann nýtur þeirra kjarasamninga sem félagið hefur gert. Þar sem starfsmaðurinn er ekki félagi í stéttarfélaginu nýtur hann ekki annarrar þjónustu félagsins, svo sem orlofsheimila, þótt hann greiði gjald til félagsins jafnhátt félagsgjaldi.

Félagsgjaldið og þar með skyldugjald þeirra sem ekki eru félagar er yfirleitt prósenta af launum, 1% eða 1,5% samkvæmt ákvörðun félagsfundar í viðkomandi stéttarfélagi, og er það dregið af launum án sérstakrar heimildar starfsmannsins. Þeir greiða mest sem hæst hafa launin þó að þeir þurfi yfirleitt sjálfir að semja um þau laun. Það eru engin rök fyrir því að tvöfalt dýrara sé fyrir stéttarfélag að semja um launataxta með 300 þús. kr. mánaðarlaunum en launataxta með 150 þús. kr. mánaðarlaunum. Sú meginregla gildir um þjónustugjöld að fjárhæð þeirra tekur mið af kostnaði við að veita þjónustuna. Félagsgjöld einstaklings eru ekki ákveðin á grundvelli kostnaðar við þá meintu þjónustu sem hann fær heldur eru tiltekið hlutfall af launum hans. Fjárhæð gjaldsins stendur því ekki í neinum tengslum við þjónustuna vegna samningsgerðar sem hann nýtur. Félagsgjaldið skv. 2. mgr 7. gr. getur því ekki allt verið þjónustugjald. Hluti þess er annað en þjónustugjald og sá hluti verður að fullnægja kröfum stjórnarskrár um skatta, þ.e. fjárhæð þess hluta verður að vera ákveðin í lögum og

það þarf að renna til opinberra aðila, ríkis eða sveitarfélaga. Svo er ekki með félagsgjaldið sem opinberum starfsmanni er gert að greiða til stéttarfélags án þess að vera félagsmaður.

Í þessu sambandi verður að hafa í huga að aðalefni kjarasamninga opinberra starfsmanna er laun þeirra. Um réttindi þeirra og skyldur, svo sem rétt til orlofs og launa í veikindaforföllum, er að öðru leyti fjallað í sérlögum sem taka að sjálfsögðu til allra opinberra starfsmanna, hvort sem þeir standa innan eða utan stéttarfélaga. Enn fremur má benda á að með þeirri stefnu að heimila forstöðumönnum ríkisstofnana að gera persónulega samninga við starfsmenn um launakjör nýtur starfsmaður utan stéttarfélags ekki þjónustu stéttarfélagsins nema í samningum um lágmarkslaun. Sjálfur þarf hann að semja um hærri laun.

Þessi rök leiða til þeirrar niðurstöðu að lögþvinguð greiðsla opinbers starfsmanns til stéttarfélags sem hann er ekki félagi í er ekki þjónustugjald og hlýtur því að vera skattur.

Þá er athyglisvert að lögin kveða ekki á um hámark þess sem félagsgjaldið má vera, t.d. sem hlutfall af launum. Ef félagsfundur í litlu stéttarfélagi ákvæði að félagsgjald þyrfti og ætti að vera t.d. 100% af launum yrði launaskrifstofa ríkisins að innheimta það gjald samkvæmt þessari grein og greiða til stéttarfélagsins. Sá sem ekki væri félagi í stéttarfélaginu hefði ekkert um þá ákvörðun að segja en þyrfti að greiða gjaldið. Félagsgjaldið er enda misjafnt eftir stéttarfélögum.

Hvað er skattur?

Hugtakið skattur hefur í skattarétti verið skilgreint sem greiðsla, venjulega peningagreiðsla, sem tilteknir hópar einstaklinga eða lögaðila verða að gjalda til hins opinbera samkvæmt einhliða ákvörðun ríkisvaldsins eftir almennum efnislegum mælikvarða og án sérgreinds endurgjalds frá hinu opinbera. Þjónustugjald hefur aftur á móti verið skilgreint sem greiðsla, venjulega peningagreiðsla, sem tilteknir hópar einstaklinga eða lögaðila verða að greiða hinu opinbera eða öðrum, sem hefur heimild til að taka við henni, fyrir sérgreint endurgjald sem látið er í té og er greiðslunni ætlað að standa að hluta eða öllu leyti undir kostnaði við endurgjaldið.

Stundum blandast skattlagning og þjónustugjald saman, þ.e. þegar gjaldtakan er hærri en kostnaður við veitta þjónustu. Í slíkum tilvikum þarf lagaheimild til heimtu þjónustugjalda til að fullnægja þeim kröfum sem stjórnarskrá gerir til skattlagningarheimilda.

Með opinberum aðila er þó oftast átt við ríkissjóð og sveitarfélagasjóði, þ.e. stjórnsýsluaðila, og enga aðra. Þess vegna fær ekki staðist að skylda einstakling með lögum til að greiða gjald til stéttarfélags sem hann er ekki félagi í. Ekki verður með neinu móti séð að stéttarfélag sem frjálst félag geti verið opinber aðili.

77. gr. stjórnarskrárinnar hljóðar svo:

„Skattamálum skal skipað með lögum. Ekki má fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann.

Enginn skattur verður lagður á nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu.“

Hér er sérstaklega kveðið á um réttarvernd borgaranna gagnvart álagningu skatta. Ekki má framselja vald til ákvörðunar skatta til stjórnvalda og álagning skatta skal vera samkvæmt lögum. Hvorugt er til staðar varðandi það gjald sem fjallað er um í þessu frumvarpi. Upphæð þess er ákveðin á félagsfundi og álagningin er ekki samkvæmt lögum.

Í því ákvæði sem hér er lagt til að fellt verði brott er skattlagningarvaldið framselt til stéttarfélags sem getur breytt gjaldi sem starfsmanni er skylt að inna af hendi fyrirvaralaust án þess að hann fái rönd við reist eða haft nokkur áhrif á þá ákvörðun þar sem hann er ekki

í stéttarfélaginu. Þar sem ákvæðið um bann við framsali skattlagningarvalds kom ekki inn í stjórnarskrána fyrr en árið 1995 virðist hafa láðst að laga lögin um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 94/1986, að því. Frumvarpinu er ætlað að lagfæra þessa annmarka á löggjöfinni svo að hún samræmist stjórnarskránni. Því er lagt til að ákvæðið verði fellt brott úr lögunum.

Önnur dæmi.

Mörg dæmi eru um greiðsluskyldu einstaklinga og fyrirtækja til félaga, samtaka eða sjóða. Flest dæmanna eru leyst þannig að ríkið sér um innheimtu gjaldsins en Alþingi veitir síðan aftur fé á fjárlögum til viðkomandi móttakanda greiðslu. En þá hefur Alþingi líka í hendi sér að breyta fjárveitingunni, t.d. til lækkunar. Eftirfarandi gjöld sem ekki fara í gegnum fjárlög vekja upp spurningar um framsal skattlagningarvalds og þyrftu að skoðast sem slík:

Búnaðargjald samkvæmt lögum nr. 84/1997 er lagt á alla bændur og rennur m.a. til Bændasamtaka Íslands. Með sömu rökum og talin voru upp hér að framan getur ekki nema hluti búnaðargjalds verið þjónustugjald. Búnaðargjald fer í gegnum fjárlög.

Sóknargjald samkvæmt lögum nr. 91/1987 er nefskattur sem hækkar eins og laun og rennur til trúfélags viðkomandi en ella til Háskóla Íslands ef viðkomandi er ekki í neinu trúfélagi. Ekki verður séð að sá trúlausi fái neina sérstaka þjónustu frá Háskólanum umfram aðra menn. Sóknargjöld fara í gegnum fjárlög.

Stefgjald. Í höfundalögum, nr. 73/1972, er kveðið á um álagningu vörugjalds á m.a. myndbands- og segulbandstæki, sem og spólur í slík tæki. Þessi vörugjöld renna til samtaka höfundarréttarfélaga, aðallega listamanna. Hér er um að ræða markaða skattheimtu þar sem réttarhafi teknanna getur ekki talist vera opinber aðili í hefðbundnum skilningi. Athyglisvert er að þessi skattur rennur ekki til höfunda forrita eða ljósmynda sem oft eru þó geymd á slíkum miðlum. Stefgjald fer ekki í gegnum fjárlög.

Iðnaðarmálagjald. Samkvæmt lögum nr. 134/1993 skal leggja iðnaðarmálagjald, 0,08% af veltu, á öll iðnfyrirtæki og rennur gjaldið til Samtaka iðnaðarins. Um þetta gjald gilda að mörgu leyti sömu rök og færð hafa verið gegn skyldugreiðslu til stéttarfélaga hér að framan. Iðnaðarmálagjald fer í gegnum fjárlög.

Iðgjald til lífeyrissjóðs, sbr. lög nr. 129/1997, er sömuleiðis ekki hreint þjónustugjald þar sem einhleypum barnlausum karlmanni er gert að greiða of hátt iðgjald sem að hluta til stendur undir barna- og makalífeyri annarra einstaklinga og dýrari ellilífeyri kvenna. Hér er því að hluta til um skattlagningu að ræða sem ekki hlítir ákvæðum stjórnarskrár því viðtakandi er ekki opinber aðili, ákvörðun greiðslunnar er ekki samkvæmt lögum og álagningin er ekki samkvæmt lögum. Iðgjald til lífeyrissjóðs fer ekki í gegnum fjárlög.

Fyrir breytingu á Ríkisútvarpinu í opinbert hlutafélag mátti líta á útvarpsgjaldið sem einhvers konar skatt þar sem einstaklingur þurfti að greiða það þrátt fyrir að vilja alls ekki horfa á Ríkisútvarpið heldur t.d. á Skjá einn sem er ókeypis. Samkvæmt lögum nr. 6/2007 um Ríkisútvarpið ohf. sem tóku gildi 3. febrúar 2007 var fjármögnun stofnunarinnar breytt og er nú innheimtur svokallaður nefskattur, þ.e. gjald sem skattstjórar leggja á samhliða álagningu opinberra gjalda og nemur 14.580 kr. ár hvert á hvern einstakling og lögaðila.

Félagafrelsi.

Árið 1992 skrifaði Elín Blöndal kandídatsritgerð til embættisprófs í lögfræði við lagadeild Háskóla Íslands sem fjallar um neikvætt félagafrelsi. Í ritgerðinni kemur fram að nokkur

dæmi séu um skyldu til að vera í félagi í íslenskri löggjöf og henni megi skipta í tvennt, beina félagaskyldu og óbeina félagaskyldu.

Bein félagaskylda leiðir til skyldu einstaklings að lögum til að vera í ákveðnum félagasamtökum og er viðkomandi þá fullgildur félagi með þeim réttindum og skyldum sem af því leiðir. Sem dæmi um beina félagaskyldu má nefna skyldu lögmanna til að vera félagar í Lögmannafélagi Íslands. Í því sambandi má nefna að menn eru ekki skyldugir að neinu leyti til að sækja um lögmannsréttindi. Menn velja að sækja um þessi starfsréttindi og því fylgir um leið umsókn um aðild að Lögmannafélaginu sem rökstyðja má með hlutdeild og hlutverki lögmanna í dómskerfinu.

Þá má einnig nefna sem dæmi skyldu húseigenda til að eiga aðild að húsfélagi skv. 13. gr. laga nr. 26/1994, um fjöleignarhús. Þessi skylda fylgir því að eiga hlut í fjöleignarhúsi.

Óbein félagaskylda felur það í sér að viðkomandi verður ekki sjálfkrafa meðlimur viðkomandi félags heldur leggur viðkomandi lagaákvæði á ófélagsbundinn einstakling skyldur og/eða veitir honum réttindi sem fullgildir félagar njóta. Þá getur óbein félagaskylda falið í sér að einstaklingum sé með lögum gert ókleift að standa utan ákveðinna félaga vilji þeir njóta ákveðinna réttinda.

Fram kemur í ritgerð Elínar Blöndal að 7. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, feli í sér óbeina félagsskyldu. Stéttarfélög opinberra starfsmanna semja um lágmarkskjör fyrir alla opinbera starfsmenn án tillits til félagsaðildar. Það að ófélagsbundnir starfsmenn verði einnig að greiða gjald í félögin er rökstutt með því að um sé að ræða gjald til félagsins fyrir samningsvinnuna sem hinir ófélagsbundnu njóti á sama hátt og skráðir félagar.

Því hefur verið haldið fram að samningsgjaldið sé ekki félagsgjald, enda veiti það hvorki réttindi né skyldur í viðkomandi stéttarfélagi umfram fyrrgreind afnot af kjarasamningi þess. Gjaldið feli því ekki í sér þvingaða félagsaðild. Hins vegar má benda á, gagnstæðri niðurstöðu til stuðnings, að slík gjaldtaka hlýtur að fela í sér a.m.k. óbeina félaganauðung þar sem einstaklingar hljóta, af tveimur kostum, fremur að kjósa að gerast félagar, verði þeir á annað borð að greiða félagsgjaldið, þar sem þeir öðlast þá a.m.k. önnur þau réttindi sem stéttarfélagsaðild veitir. Hér er heldur ekki um að ræða að launamenn geti án sérstakra kvaða valið hvort þeir vilji hafa eitthvað saman við viðkomandi stéttarfélag að sælda eða ekki heldur er beinlínis lögbundið að svo skuli vera. Það hvort einstaklingar eru formlegir félagar eða ekki hlýtur að teljast aukaatriði samkvæmt því.

Í ritgerð sinni segir Elín Blöndal loks að 7. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna samrýmist ekki ákvæði 2. gr. ILO 87 sem hafi verið túlkað þannig að þvingun að lögum til að greiða til ákveðins stéttarfélags, án tillits til þess hvort viðkomandi einstaklingur sé meðlimur félagsins (e. agency shop), sé brot á ákvæðinu.

47. Tillaga til þingsályktunar [47. mál]

um takmörkun auglýsinga á óhollri matvöru sem beint er að börnum.

Flm.: Ásta R. Jóhannesdóttir.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að kanna grundvöll fyrir setningu reglna um takmörkun auglýsinga matvöru sem beint er að börnum ef matvaran inniheldur mikla fitu, sykur eða salt, með það að markmiði að sporna við offitu, einkum meðal barna og ungmenna. Ráðherra leitist í þessu skyni m.a. við að ná samstöðu með framleiðendum, innflytjendum og auglýsendum um að þessar vörur verði ekki auglýstar í sjónvarpi þegar barnaefni er á dagskrá og þá ekki fyrr en eftir klukkan níu á kvöldin.

Greinargerð.

Offita er hratt vaxandi heilbrigðisvandamál, einkum í hinum vestræna heimi og er Ísland engin undantekning þar á. Hafa rannsóknir sýnt að offita er í raun orðin faraldur í íslensku þjóðfélagi en hún eykur stórlega líkur á ýmsum sjúkdómum, t.d. sykursýki 2 eða svokallaðri áunninni sykursýki, hjarta- og æðasjúkdómum, ristilkrabbameini, kæfisvefni og stoðkerfissjúkdómum, auk þess sem fullyrða má að sálrænir fylgikvillar offitu séu verulegir. Þrátt fyrir framangreint hefur lítið farið fyrir beinum aðgerðum stjórnvalda til að stemma stigu við þróuninni. Alþingi tók þó umræðu um vandann og samþykkti á 131. löggjafarþingi þingsályktunartillögu heilbrigðis- og trygginganefndar um aðgerðir til að bæta heilbrigði Íslendinga með hollara mataræði og aukinni hreyfingu.

Í þessu sambandi er sérstaklega brýnt að stjórnvöld beini sjónum að aukinni offitu meðal barna og ungmenna en rannsóknir hafa sýnt svo ekki verður um villst að tíðni offitu hjá þeim eykst hröðum skrefum. Sú staðreynd hlýtur að valda verulegum áhyggjum enda eykur offita á unga aldri verulega líkur á offitu á fullorðinsárum. Í skýrslu sem ber heitið „Markaðssetning óhollrar fæðu sem beint er að börnum í Evrópu“ og fjallar um 1. áfanga verkefnisins „Börn, offita og tengdir langvinnir sjúkdómar sem má forðast“ sem samtökin Hjartavernd og systrasamtök þeirra í 20 löndum vinna að kemur fram að verulega skortir reglur um slíka markaðssetningu en aðeins sex lönd í Evrópu hafi sett slíkar reglur. Einnig sé mikilvægt að skilgreina annars vegar hollan mat og hins vegar óhollustu. Flutningsmaður telur mikilvægt að ráðherra beiti sér fyrir slíkri skilgreiningu í tengslum við þessa vinnu. Einnig þarf að huga að auglýsingum á óhollustu á vefnum sem beint er sérstaklega að börnum og hvort unnt er að takmarka þær.

Með tillögu þessari er lagt til að Alþingi feli heilbrigðisráðherra að kanna grundvöll fyrir setningu reglna um takmörkun auglýsinga á matvöru sem inniheldur mikla fitu, sykur eða salt með það að markmiði að sporna við offitu, einkum meðal barna og ungmenna. Er í þessu skyni lagt til að ráðherra reyni að ná samstöðu með framleiðendum og innflytjendum þessarar vöru sem og auglýsendum um að slíkar auglýsingar verði ekki sýndar í sjónvarpi fyrr en eftir klukkan níu á kvöldin en með því móti ætti að mestu að vera tryggt að börn sjái þær ekki. Nauðsynlegt er að horfast í augu við að áhrifamáttur auglýsinga er mikill og þegar um börn er að ræða er hann verulegur. Með auglýsingum eru umræddar matvörur gerðar eftirsóknarverðar í augum barnanna og með hliðsjón af niðurstöðum rannsókna sem sýna sífellt aukna sykur- og fituneyslu meðal barna og ungmenna má álykta að auglýsingarnar nái tilætluðum árangri. Það er von og trú flutningsmanns að framleiðendur, innflytjendur og aug-

lýsendur taki ábyrgð á þessum málum þannig að unnt verði að koma slíku auglýsingabanni á án beinnar lagasetningar. Með framangreindu er ekki gert lítið úr ábyrgð foreldra í þessu efni. Þvert á móti er það skoðun flutningsmanns að þar sé ábyrgðin mest. Hins vegar kemur það ekki í veg fyrir aðrir axli þá ábyrgð sem þeim ber í þessum málum. Að ota í sífellu óhollum mat að börnum og ungmennum án þess að hirða um afleiðingarnar er ábyrgðarleysi.

Flutningsmaður vekur í þessu sambandi athygli á þeim aðgerðum sem bresk heilbrigðisyfirvöld hafa gripið til en tillaga þessi hefur þær að nokkru sem fyrirmynd. Þá vekur flutningsmaður athygli á því að á síðasta ári birti landlæknisembættið klínískar leiðbeiningar um offitu barna og unglinga þar sem settar eru fram upplýsingar um greiningu, forvarnir og meðferð við offitu. Það er mat flutningsmanns að með þessu hafi þarft og mikilvægt starf verið unnið. Hins vegar er nú þörf á markvissum aðgerðum þar sem vegið er að rótum vandans og er tillaga þessi hugsuð sem þáttur í slíkum aðgerðum.

Mál þetta var áður flutt á 132. þingi en var ekki afgreitt.

Með tillögunni voru eftirtalin fylgiskjöl:

I. Offitufaraldur krefst samfélagslegra lausna. Laufey Steingrímsdóttir. (Læknablaðið 90 (6), 2004.)
II. Bretland – Bannað að auglýsa ruslfæði. (Fréttir Ríkisútvarpsins, 14. nóvember 2004.)
III. Óhollustan mun oftar auglýst en hollmetið. Jóhanna Ingvarsdóttir. (Morgunblaðið 22. september 2005.)

48. Tillaga til þingsályktunar [48. mál]

um friðlandið í Þjórsárverum og verndun Þjórsár.

Flm.: Kolbrún Halldórsdóttir, Atli Gíslason, Álfheiður Ingadóttir, Árni Þór Sigurðsson, Jón Bjarnason, Katrín Jakobsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá til þess að fallið verði frá áformum um Norðlingaölduveitu í Þjórsárverum og frekari virkjunum í Þjórsá en orðið er. Jafnframt verði tryggð verndun Þjórsárvera í heild sinni með stækkun friðlandsins þannig að það nái til náttúrulegra marka veranna ásamt með Þjórsá og nærliggjandi svæðum að Sultartangalóni. Stækkað Þjórsárverafriðland verði sem fyrst tilnefnt á heimsminjaskrá UNESCO. Undirbúningur málsins miðist við hægt verði að auglýsa hin nýju friðlandsmörk í ársbyrjun 2008.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var áður flutt á 134. löggjafarþingi og er nú endurflutt.

Þjórsárver eru stærsta og gróðurríkasta votlendi á hálendi Íslands. Þau hafa notið verndar sem friðland síðan 1981 og eru auk þess eitt þriggja svæða sem Íslendingar hafa tilnefnt á lista Ramsar-samningsins um alþjóðlega mikilvæg votlendissvæði. Friðlýsing þeirra kom

upphaflega til vegna áforma um stórfelldar virkjanir í Þjórsá um 1970 sem gerðu ráð fyrir að Þjórsárver hyrfu undir 200 km^2 uppistöðulón. Þær áætlanir mættu strax miklum mótbyr og friðlýsingin áratug síðar var stórt skref í rétta átt. Með henni tókst þó ekki að útiloka miðlun síðar neðst í verunum við Norðlingaöldu. Hafa þau framkvæmdaáform Landsvirkjunar alla tíð síðan og verið þyrnir í augum þeirra sem barist hafa fyrir verndun Þjórsárvera og sú baráttа í seinni tíð orðið eins konar táknmynd í baráttunni fyrir verndun íslenskrar náttúru. Landsvirkjun hefur sótt ákaft að fá að reisa Norðlingaölduveitu en einlægir verjendur veranna hafa barist gegn þeim áformum og krafist þess að friðlandið verði stækkað þannig að það taki að fullu til hinnar vistfræðilegu og landfræðilegu heildar sem verin eru. Fjölmörg náttúruverndarsamtök hafa lýst stuðningi við stækkun friðlandsins og hvað eftir annað hafa heimamenn í Gnúpverjahreppi samþykkt ályktanir um að horfið verði frá öllum áformum um veitu- og virkjanaframkvæmdir í Þjórsárverum, nú síðast 3. maí 2005 þegar hreppsnefnd sameinaðs Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti að hafna Norðlingaölduveitu.

Í tillögu Umhverfisstofnunar að náttúruverndaráætlun 2003–2008, sem gefin var út 2003, er lagt til að friðlandið í Þjórsárverum verði stækkað á þrjá vegu, mest til suðurs eða í Sultartangalón. Í áætlun stofnunarinnar segir að forsenda stækkunar friðlandsins sé landslagsheild hins víðáttumikla votlendis- og rústasvæðis, ásamt fjölbreyttum búsvæðagerðum. Enn fremur segir að svæðið hafi að geyma fágætar náttúruminjar sem hafi alþjóðlegt náttúruverndargildi og að á herðum okkar hvíli alþjóðleg ábyrgð. Þar að auki sé verndargildi svæðisins mikið út frá vísindalegum, félagslegum, efnahagslegum og menningarlegum sjónarmiðum. Verkefnisstjórn rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, sem skilaði niðurstöðum 1. áfanga þeirrar áætlunar 2004, komst að sömu niðurstöðu og Umhverfisstofnun.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt fram tillögur á Alþingi um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum árlega síðan á 127. löggjafarþingi 2001–2002. Síðustu tvö löggjafarþing hafa þingmenn úr öllum flokkum nema Sjálfstæðisflokki verið meðflutningsmenn á tillögunni. Þar að auki hafa þingmenn Samfylkingar, Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Frjálslynda flokksins lagt til að heimild iðnaðarráðherra frá árinu 2003 til að leyfa gerð Norðlingaölduveitu verði numin brott úr lögum.

Upp á síðkastið hefur orðið vart vaxandi andstöðu við áform um virkjanir í neðri hluta Þjórsár, en samhliða aukinni ásókn álfyrirtækja í raforku frá íslenskum vatnsafls- og jarðvarmavirkjunum hafa áform orkufyrirtækjanna um virkjanaframkvæmdir þar orðið áleitnari. Nú hyggst Landsvirkjun reisa þar þrjár virkjanir í þágu stóriðju. Aðalfundur Náttúruverndarsamtaka Íslands, sem haldinn var 29. maí 2007, samþykkti að skora á ríkisstjórn Íslands að stöðva framkvæmdir og undirbúning þessara virkjana enda liggi ekki fyrir heildarmat á gildi eða sérstöðu landslags við neðri hluta Þjórsár, tjón af virkjunum þar verði fyrirsjáanlega mikið og mál til komið að stjórnvöld verji Þjórsá gegn frekari ágangi og eyðileggingu.

Það er mat flutningsmanna þessarar tillögu að það sé löngu tímabært að skapa frið um Þjórsá frá upptökum til ósa. Í því augnamiði beri að hætta við öll frekari áform um veitu- og virkjanaframkvæmdir í Þjórsárverum og í Þjórsá neðan Búrfellsvirkjunar. Til að tryggja Þjórsárverum þann sess, sem þau verðskulda sem alþjóðlega mikilvægt náttúruverndarsvæði, beri að tilnefna þau á heimsminjaskrá UNESCO, Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna. Stefna ber jafnframt að því að Þjórsárver verði hluti af Hofsjökulsþjóðgarði, sem næði yfir verin ásamt Kerlingafjöllum, friðlandinu í Guðlaugstungum og rústasvæðinu norðan Hofsjökuls. Í ljósi þess hversu óljós stefnuyfirlýsing Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar er um málefni Þjórsárvera er nauðsynlegt að Alþingi tali skýrt og greinilega í þessum efnum.

Á þann hátt einan er tryggt að horfið verði endanlega frá Norðlingaölduveitu, leyfi til hennar verði afturkallað og verndun Þjórsárvera tryggð til framtíðar.

49. Tillaga til þingsályktunar [49. mál]

um úttekt á réttindum og stöðu líffæragjafa.

Flm.: Siv Friðleifsdóttir, Álfheiður Ingadóttir,
Árni Þór Sigurðsson, Magnús Stefánsson, Bjarni Harðarson.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra og félagsmálaráðherra að gera úttekt á stöðu og réttindum líffæragjafa og leita leiða til að koma til móts við launatap og útgjöld sem þeir verða fyrir við líffæragjöf.

Greinargerð.

Líffæraígræðslur eru með mestu framfarasporum læknavísindanna á síðustu öld. Þær hafa reynst árangursríkar og eru stundaðar um allan heim enda hefur algengi sjúkdóma sem leiða til bilunar líffæra eins og hjarta, lifrar, lungna og nýrna farið ört vaxandi í vestrænum samfélögum. Biðtími eftir líffærum er hins vegar langur og árlega deyja í heiminum þúsundir sjúklinga á biðlista. Á sama tíma og eftirspurnin eftir líffærum til ígræðslu heldur áfram að aukast hefur fjöldi líffæragjafa víðast haldist svipaður. Því er afar brýnt að fjölga lifandi líffæragjöfum í þeim tilvikum þar sem því verður við komið.

Líffæri til ígræðslu fást yfirleitt frá látnum einstaklingum en lifandi líffæragjafar eru einnig margir, einkum þegar kemur að því að gefa nýru. Hérlendis er hlutfall lifandi nýrnagjafa með því hæsta sem þekkist, eða um 70%. Réttindi líffæragjafa á Íslandi eru hins vegar mjög óljós. Undirbúningur aðgerðar er líffæragjöfum að kostnaðarlausu og einnig aðgerðin sjálf en líffæragjafar virðast að miklu eða öllu leyti háðir velvilja vinnuveitenda sinna þegar þeir þurfa vegna slíkra aðgerða að vera frá vinnu lengri eða skemmri tíma. Sjúkrasjóðir stéttarfélaga hafa sumir reynt að styðja líffæragjafa fjárhagslega samkvæmt nánari reglum þar um. Sjálfstæðir atvinnurekendur tapa að öllu leyti sínum tekjum þann tíma sem þeim er ekki unnt að vinna í framhaldi af líffæragjöf. Í einhverjum tilvikum eiga líffæragjafar rétt á sjúkradagpeningum sem eru þó oftast nær einungis brot af launum viðkomandi. Lifandi líffæragjafar verða því sumir hverjir fyrir fjárhagslegu tjóni vegna slíkra aðgerða.

Víða erlendis hefur réttur lifandi nýrnagjafa verið skilgreindur sérstaklega innan sjúkratryggingakerfa og njóta þeir í einhverjum tilvikum fullrar launatryggingar af hálfu hins opinbera þann tíma sem þeir eru frá vinnu.

Líffæragjafir eru samfélagslega mun ódýrari en langtímameðferðir við ýmsum alvarlegum sjúkdómum auk þess sem lífsgæði líffæraþeganna sjálfra stóraukast við líffæragjöf. Framlag líffæragjafa er þýðingarmikið fyrir samfélagið allt. Mikilvægt er því að skýra réttarstöðu þeirra og skoða leiðir til að koma til móts við launatap og kostnað sem sannanlega fellur til við slíkar aðgerðir.

50. Frumvarp til laga [50. mál]

um breytingu á lögum um félagslega aðstoð, nr. 99/2007.

Flm.: Kristinn H. Gunnarsson, Guðjón A. Kristjánsson,
Grétar Mar Jónsson, Jón Magnússon.

1. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er að greiða umönnunargreiðslur skv. 4. gr. til maka elli- eða örorkulífeyrisþega, sem dvelst í heimahúsi, eða öðrum nákomnum lífeyrisþeganum sem annast lífeyrisþegann. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Núverandi lagaákvæði í 5. gr. er rýmkað nokkuð með frumvarpi þessu. Í fyrsta lagi verða heimilar umönnunargreiðslur til annarra en þeirra sem eiga sameiginlegt lögheimili með ellieða örorkulífeyrisþeganum og er þá miðað við að sá sem umönnunargreiðslur fær sé nákominn lífeyrisþeganum, ættingi eða náinn vinur. Í öðru lagi eru lagðar niður núverandi makabætur og umönnunarbætur og þess í stað lagt til að teknar verði upp umönnunargreiðslur skv. 4. gr. laganna. Við það hækka greiðslurnar úr því að vera allt að 80% af grunnlífeyri og tekjutryggingu almannatrygginga eða um 82.700 kr. í allt að 96.978 kr. á mánuði. Loks er í þriðja lagi fellt úr gildandi lögum skilyrði um að sérstakar aðstæður þurfi að vera fyrir hendi og þannig verður heimild laganna rýmri en áður.

Breytingarnar í frumvarpinu munu sérstaklega gagnast aðstandendum alzheimersjúklinga og öðrum þeim sem þurfa stöðuga umönnun og athygli annarra og eru auk þess í takt við sjálfsagðar kröfur sem nú eru uppi um að öldruðum verði gert kleift að búa sem lengst á eigin heimili og auka með þeim hætti lífsgæði þeirra.

Þrátt fyrir nokkra hækkun á greiðslum verður kostnaður við umönnun á hverjum mánuði einungis sem svarar einnar viku kostnaði við hjúkrunarrými og því má leiða að því sterkar líkur að umrædd breyting leiði til sparnaðar fyrir ríkissjóð. Á síðasta ári voru greiddar samtals 92 millj. kr. til 125 einstaklinga í makabætur og umönnunarbætur. Þær greiðslur hefðu orðið um það bil 107 millj. kr. ef gilt hefði fjárhæðin í frumvarpinu. Rýmkun á heimild laganna mun vafalaust fjölga þeim sem fá umönnunargreiðslur, enda til þess ætlast. Ekki er unnt að leggja mat á þann kostnað að svo stöddu né þann sparnað fyrir ríkissjóð sem hlýst af því að viðkomandi mun líklega dvelja lengur í heimahúsi en ella. Þykir því rétt að hafa lagaákvæðið í formi heimildar um sinn.

51. Tillaga til þingsályktunar [51. mál]

um varðveislu Hólavallagarðs.

Flm.: Ásta R. Jóhannesdóttir.

Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að skipa nefnd til að vinna að því að tryggja varðveislu, uppbyggingu og kynningu á þeim umhverfis- og menningarsögulegu verðmætum sem eru fólgin í kirkjugarðinum við Suðurgötu, Hólavallagarði.

Greinargerð.

Tillaga þessi var fyrst flutt á 130. löggjafarþingi. Þá var hún ekki afgreidd úr nefnd en send til umsagnar og hefur verið tekið tillit til athugasemda í umsögnum sem allar voru mjög fylgjandi samþykkt hennar. Tillagan var lögð fram að nýju í örlítið breyttri mynd á 131. og 132. löggjafarþingi og aftur á 133. þingi. Árið 2005 var garðurinn ein af níu tilnefningum til Umhverfisverðlauna Norðurlandaráðs. Vegna þessa ákváðu flutningsmenn, sem þá voru 12 þingmenn auk fyrsta flutningsmanns, að beina málinu til umhverfisráðherra í stað menntamálaráðherra áður. Umsögn um tilnefninguna er í fylgiskjali.

Kirkjugarðurinn.

Kirkjugarðurinn við Suðurgötu, Hólavallagarður, er „stærsta og elsta minjasafn“ Reykjavíkur bendir Björn Th. Björnsson listfræðingur á í bók sinni Minningarmörk í Hólavallagarði.

Garðurinn var aðalkirkjugarður Reykjavíkur frá árinu 1838 en árið 1932 var búið að úthluta öllum leiðum í garðinum og hafin ný úthlutun í Fossvogsgarði. Enn er þó jarðsett í frátekin leiði í Suðurgötugarði og er fyrirsjáanlegt að svo verði enn um sinn. Árið 2003 voru teknar 28 grafir í Hólavallagarði, þar af 27 duftgrafir. Reiknað er með að svipaður fjöldi grafa verði tekinn árlega næstu áratugi og þeim fari fjölgandi ef líkbrennsla eykst.

Mikilvægt er að varðveita kirkjugarðinn fyrir komandi kynslóðir. Það er jafnframt þýðingarmikið fyrir sögu Íslands og menningu. Minningarmörkin segja sína sögu um þróun bæjarins og fólkið sem lifði þar og bjó fyrrum. Margir legsteinar hljóta að hafa kostað stórfé þegar þeir voru settir upp og sýna hvernig fyrri kynslóðir mátu minningu látinna. Hverfi minnismerkin hverfur einnig hluti sögunnar.

Í janúar 2003 samþykkti borgarráð Reykjavíkur deiliskipulag sem þróunarhópur Hólavallagarðs hafði látið vinna. Í því er gert ráð fyrir að Hólavallagarður njóti hverfisverndar skv. 9. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, og ákvæðum skipulagsreglugerðar, nr. 400/1998. Hverfisvernd er ekki formleg friðlýsing en hana ber að skoða sem viljayfirlýsingu borgaryfirvalda um að fara að öllu með gát sem umsjónaraðili garðsins. Með hverfisverndinni voru settar reglur um umgengni og þróun garðsins. Við undirbúning deiliskipulagsins var gerð úttekt á minningarmörkum í garðinum og úttekt á trjágróðri, en hvort tveggja er mikilvæg forsenda frekari friðunar.

Í umsögn um málið bendir Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður á að segja megi að garðurinn sé merkt „minjasafn“ þar sem saga okkar birtist í hnotskurn. Gildi Hólavallagarðs frá sjónarhóli þjóðminjavörslunnar felist ekki síst í þeirri heildarmynd sem þar er varðveitt með einstökum hætti í evrópsku samhengi. Þjóðminjasafnið muni leggja áherslu á nálægðina

við hinn merka minjagarð. Nálægð garðsins muni gera Þjóðminjasafninu kleift að flétta slíkri miðlun inn í starfsemi sína og byggja þar á rannsóknum sínum.

Í skýrslu sem gerð var um minningarmörk í Hólavallagarði segir að á því leiki vart vafi að garðurinn sé með merkustu kirkjugörðum hérlendis og jafnvel þótt víðar væri leitað í Norður-Evrópu. Fyrir því eru nokkrar ástæður. Fyrst ber að nefna að engin meiri háttar röskun hefur orðið á garðinum frá því að hann var vígður ef frá er talin lagning stígs gegnum garðinn frá Ljósvallagötu að Suðurgötu, en sú framkvæmd var nauðsynleg til að bæta aðkomu að garðinum. Garðurinn heldur því sínum upphaflega svip frá því að fyrst var grafið og þar til lokið var við síðustu stækkun hans í upphafi fjórða áratugar síðustu aldar. Ólíkt því sem sjá má í eldri kirkjugörðum á Norðurlöndum hefur elsti hluti garðsins verið látinn algerlega óhreyfður, stígar ekki verið skipulagðir og engir hlutar hans sléttaðir til að koma fyrir bekkjum eða öðru slíku. Heildarsvip garðsins hefur því ekki verið raskað og gönguferð milli minningarmarka í garðinum er því sem ferð í tíma þar sem sjá má þróunina í gerð þeirra, auk þess sem garðurinn er heimild um list- og táknfræði, persónusögu og ættfræði og stefnur í byggingarlist, auk annars sem nefna mætti.

Hólavallagarður er einnig mjög gróinn og mun vera þar að finna hátt á annað hundrað plantna, og er grasafræðin eitt af því sem full ástæða væri að rannsaka og þá gildi garðsins sem grasagarðs. Í deiliskipulagi fyrir garðinn segir um gróðurinn: „Hin röksemdin fyrir hverfisvernd garðsins er vegna gróðursins í garðinum. Trjárækt á Íslandi varð ekki almenn fyrr en eftir aldamótin 1900. Gróðursetning í garðinum hófst að marki á árunum milli stríða. Í elsta hluta garðsins eru tegundir sem eiga rætur sínar í tilraunum frá þeim tíma. Í öðrum hluta garðsins er að finna einkennandi gróður frá eftirstríðsárunum. Auk þess er í garðinum ákaflega fjölbreytilegur blómgróður sem á rætur sínar að rekja til heimilisgarða á síðustu öld.“

Óli Valur Hansson, fyrrverandi garðyrkjuráðunautur, gerði úttekt á trjágróðri í garðinum árið 2000: „Á horni Suðurgötu og Hringbrautar er grenilundur sem er frá því 1951, elsti sitkagrenilundur í Vesturbænum. Hann ber að varðveita vegna þess að trén eru um margt einstök sem kvæmi. Þau lifðu t.d. af frostið 1963.“

Annað sem gerir Hólavallagarð mjög merkan er að þar er að finna tiltölulega mikið af járnsteyptum minningarmörkum, aðallega krossum, auk fjölda járnsteyptra grindverka. Hlutfallslega eru mörg slík minningarmörk varðveitt hér á landi en erlendis hafa pottjárnskrossar og -girðingar oft farið forgörðum af ýmsum ástæðum og víða var öllu járni í kirkjugörðum safnað saman í styrjöldum og það brætt til hergagnagerðar.

Fjölmörg grindverk úr smíðajárni eru einnig í garðinum og eru þau merk heimild um handverk og hönnun gömlu íslensku járnsmiðanna. Garðurinn er því merk söguleg heimild um ýmsar iðngreinar, svo sem járnsmíði. Í deiliskipulagi fyrir garðinn segir: „Önnur meginrökin fyrir því að lýsa garðinn hverfisverndaðan er að í garðinum hefur varðveist eitt merkasta og heillegasta safn af minningarmörkum á Íslandi og þó víðar væri leitað. Þau gefa mjög gott yfirlit um þróun stílbrigða og handbragðs sem nær yfir nærri 170 ára tímabil. Garðurinn hefur enn fremur verið skilgreindur sem eitt mesta útiminjasafn landsins. Einstök minnis merki eru auk þess mikilvæg sem sýnishorn handverks í evrópsku samhengi (járnkrossar og girðingar).“

Á mörgum legsteinum frá því um miðbik síðustu aldar er að finna lágmyndir af þeim sem þar hvíla og eru margar þeirra eftir listamennina Einar Jónsson og Ríkarð Jónsson. Eru þessar lágmyndir því merkar heimildir um list þeirra.

Ástand minningarmarkanna í Hólavallagarði er á heildina litið gott. Af öllum hinum mikla fjölda minningarmarka í garðinum eru örfá brotin eða stórskemmd. Mikill meiri hluti legsteinanna og járnkrossanna er í góðu ástandi. Það þarf að huga að því vernda og viðhalda garðinum svo að komandi kynslóðir fái notið þeirrar þjóðargersemar sem hann er.

Skipan nefndarinnar og verksvið.

Flutningsmaður telur ekki óeðlilegt að í nefndinni sem skipuð yrði eigi sæti fulltrúar frá umhverfisráðuneyti, dóms- og kirkjumálaráðuneyti og samgönguráðuneyti, Þjóðminjasafni, Fornleifavernd ríkisins, Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæma og Reykjavíkurborg, en ráðherra skipi formann. Einnig hefur Fornleifavernd bent á mikilvægi þess að fulltrúi með þekkingu á gróðurfari garðsins sitji í nefndinni.

Verkefni nefndarinnar skal vera að gera tillögur um hvernig best megi varðveita einstakt menningarsögulegt yfirbragð garðsins vegna minningarmarka, heildarmyndar hans og ræktunarsögu svo að hann fái að lifa sem minjasafn fyrir komandi kynslóðir. Henni ber að líta til annarra landa um verndun og nýtingu gamalla sögulegra kirkjugarða í ljósi þess að þessi garður er elsti óspillti kirkjugarður í Norður-Evrópu og jafnvel Evrópu allri. Margvíslegar úttektir hafa verið unnar á ýmsum þáttum garðsins á vegum Þjóðminjasafns Íslands, skipulagsnefndar kirkjugarða (nú kirkjugarðaráðs), Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma, Fornleifaverndar ríkisins, þróunarnefndar Hólavallagarðs og jafnvel fleiri, svo sem á gróðri, járnverki og minningarmörkum, auk þess sem gert hefur verið kort. Rétt er að nefndin kynni sér og nýti framangreind gögn í vinnu sinni.

Nefndin skal gera tillögur að breytingum á lögum sem garðinn varða í ljósi verndunar hans, þó svo að hann sé enn í notkun og geti verið áfram um einhver ár eða áratugi, svo sem undir duftker. Einnig skal nefndin gera tillögur að lagabreytingum, m.a. í þá veru að hægt verði að friða garðinn og aðra gamla merka garða, t.d. Alþingishússgarðinn. Samkvæmt íslenskum lögum er unnt að friða gömul hús en ekki er að finna skýra heimild um friðun garða. Þó er ekki loku fyrir það skotið að unnt sé að friðlýsa kirkjugarða. Í umsögn Fornleifaverndar ríkisins kemur fram að þrátt fyrir að ekki sé vísað sérstaklega til garða í þjóðminjalögum, nr. 107/2001, þá veiti lögin svigrúm til að friðlýsa slíka garða og bendir á að þeir geti fallið undir minjar „sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem: a. búsetulandslag … h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið … Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar,“ sbr. 9. og 11. gr. laganna. Þá er rétt að benda á að í lögunum er að finna skýra heimild til að friðlýsa minningarmörk í kirkjugörðum, sbr. 21. gr. laganna. Á meðan grafið er í kirkjugarð er hann ekki verndaður og leiði má slétta 75 árum eftir að gröf var tekin, eins og lög eru nú. Til var merkur garður í miðri höfuðborginni, Víkurgarður, en hann er að mestu glataður. Því er mikilvægt að grípa til lagasetningar og aðgerða á meðan Hólavallagarður er enn í svo upprunalegu horfi.

Nefndin meti hvort ástæða er til að breyta lögum um minjar eins og garðinn í ljósi fyrirkomulags í öðrum löndum, en kirkjugarðar hér á landi sem grafið er í eru á ábyrgð og undir stjórn viðkomandi kirkjugarðsstjórnar. Í sumum nágrannalöndum heyra sögufrægir kirkjugarðar undir stjórn menningararfs, svo sem í Danmörku, eða undir lög um þjóðararf, eins og í Bretlandi (National Heritage Act). Í Noregi heyra slíkir garðar undir lög um menningarminjar og eru undir yfirstjórn umhverfisráðuneytisins þar.

Huga þarf að því hvernig garðurinn getur nýst sem grasagarður fyrir almenning til að njóta fjölbreytileikans og námsmenn til að læra um flóru landsins. Í garðinum eru ljóslifandi dæmi um fjölbreytilegt handverk, steinsmíði, myndhögg, járnsmíði og fleiri list- og iðngreinar.

Nefndin geri tillögur um það hvernig hægt er að varðveita, kynna og kenna námsmönnum sögu og eðli þessara greina og hvernig hægt væri að gera kynnisferðir í garðinn að lið í list- og iðnnámi. Sama á við um söguna sem hefur víða skírskotun í garðinum og ætti nefndin að gera tillögur um hvernig gera mætti garðinn hluta af sögukennslu og bókmenntafræðslu. Í garðinum er hinsta hvíla marga þjóðskálda, stjórnmálamanna, embættismanna, presta og biskupa, listamanna og fleiri sögufrægra manna.

Einnig ber að huga að nýtingu garðsins sem aðdráttarafls fyrir ferðamenn eins og gert er víða erlendis þar sem gamlir og sögulegir kirkjugarðar draga til sín þúsundir ferðamanna árlega. Það eru mörg dæmi um kynningarferðir undir mismunandi formerkjum og ljóst að áhuga skortir ekki hjá Íslendingum eins og sýndi sig þegar Þjóðminjasafnið bauð upp á kynnisferðir um garðinn. Fornleifavernd ríkisins hefur einnig veitt hópum leiðsögn um garðinn, t.d. yfirmönnum erlendra kirkjugarða. Vegna þess hve garðurinn er einstakur er ekki ólíklegt að hann hafi einnig aðdráttarafl fyrir erlenda ferðamenn. Í ljósi þess hve sérstæður Hólavallagarður er í Evrópu ætti að huga að því að fá hann viðurkenndan sem „Evrópuminjar“ (e. European Heritage Program).

Hólavallagarður er undir yfirumsjón Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma sem höfðu frumkvæði að stofnun þróunarnefndar Hólavallagarðs árið 1999. Hún hefur það verkefni að varðveita sem best þau menningarverðmæti sem í garðinum eru. Þróunarnefndin er skipuð fulltrúum frá Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæma, Fornleifavernd ríkisins, Reykjavíkurborg og kirkjugarðaráði og er til ráðgjafar við að móta verndarstefnu í garðinum. Mikilvægt er að nefndin sem skipuð yrði vinni samhliða og í góðu samstarfi við þróunarnefnd Hólavallagarðs og að fjármagn verði tryggt svo að unnt verði að setja kraft í þá vinnu sem nauðsynleg er til að Hólavallagarður standi undir nafni sem einn af merkustu kirkjugörðum í Norður-Evrópu.

Vel væri við hæfi að samþykkja tillögu sem þessa nú þegar rúm 100 ár eru liðin frá upphafi heimastjórnar í ljósi þess sögulega mikilvægis sem garðurinn gegnir, en þar hvíla ýmsir af helstu baráttumönnum og sjálfstæðishetjum Íslendinga, svo sem Jón Sigurðsson forseti og Hannes Hafstein, fyrsti ráðherra Íslands, auk ýmissa annarra frammámanna þjóðarinnar.

Í greinargerð þessari er m.a. stuðst við skýrsluna „Hólavallagarður, kirkjugarðurinn við Suðurgötu: Skráning og rannsókn minningarmarka“ sem kom út í röð rannsóknarskýrslna Þjóðminjasafns árið 2002, eftir Gunnar Bollason, rit Björns Th. Björnssonar „Minningarmörk í Hólavallagarði“, ýmsar greinar úr Bautasteini, riti Kirkjugarðasambands Íslands, og fundargerðir og fleiri gögn sem garðinn varða.

Með tillögunni var fylgiskjal: Umsögn frá Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæma (KGRP) um Hólavallagarð í tilnefningu hans til umhverfisverðlauna Norðurlandaráðs árið 2005. Sjá samhljóða fylgiskjal í þskj. 176 (176. mál á 133. löggjafarþingi) Í A-deild Alþt. 2006–2007, bls. 1083.

52. Tillaga til þingsályktunar [52. mál]

um óháð áhættumat vegna Urriðafossvirkjunar, Holtavirkjunar og Hvammsvirkjunar í Þjórsá.

Flm.: Atli Gíslason, Álfheiður Ingadóttir, Kolbrún Halldórsdóttir,
Árni Þór Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta vinna óháð áhættumat vegna fyrirhugaðra virkjana í Þjórsá: Urriðafossvirkjunar, Holtavirkjunar og Hvammsvirkjunar.

Vinnan við matið verði á ábyrgð framkvæmdaraðila, þ.e. Landsvirkjunar, en til verksins verði skipaður starfshópur óháðra sérfræðinga á sviði jarðvísinda, mannvirkjagerðar, áhættumats og veiðimála. Áskilið verði að enginn sem velst í sérfræðihópinn hafi áður unnið að áhættumati vegna virkjananna, hönnun mannvirkja Landsvirkjunar á svæðinu eða eigi að öðru leyti hagsmuna að gæta vegna framkvæmdanna.

Greinargerð.

Landsvirkjun undirbýr nú byggingu þriggja virkjana í Þjórsá, þ.e. Urriðafossvirkjun, Holtavirkjun og Hvammsvirkjun. Um er að ræða viðamiklar framkvæmdir sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum en framkvæmdaraðili ber ábyrgð á gerð þess og ber kostnað af slíku mati, sbr. 16. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000.

Áhættumat er nauðsynlegur hluti umhverfismats skv. 9. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000. Mikilvægt er að slíkt áhættumat liggi fyrir þegar framkvæmdir, sem eru til þess fallnar að hafa í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfið, eru undirbúnar og það sé endurskoðað með tilliti til framvindu verksins og breytinga sem kunna að verða á hönnun mannvirkja. Til að slíkt áhættumat sé marktækt verður það hins vegar að vera unnið á óhlutdrægan og faglegan hátt af óháðum sérfræðingum. Má í þessu sambandi vísa í lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49/1997, en í 4. gr. þeirra laga er að finna skýran lagaramma um hættumat og skilgreind hættusvæði. Er þar m.a. kveðið á um skipan fjögurra manna nefndar sem stýrir gerð hættumats í viðkomandi sveitarfélagi.

Landsvirkjun hefur lýst því yfir að áhættumats sé að vænta vegna ofangreindra virkjanaframkvæmda. Sá böggull fylgir þó skammrifi að áhættumatið er unnið fyrir Landsvirkjun af sömu aðilum sem hafa eftirlit með framkvæmdunum og koma að hönnun mannvirkjanna. Er slíkt fyrirkomulag til þess fallið að draga í efa að áhættumatið sé unnið á faglegan og óhlutdrægan hátt. Var sami háttur hafður á þegar Landsvirkjun stóð að gerð áhættumats fyrir Kárahnjúkavirkjun og sætti það verklag harðri gagnrýni.

Mikil umræða hefur farið fram um öryggi fyrirhugaðra virkjana í neðri hluta Þjórsár. Öryggi framangreindra virkjana hefur verið dregið í efa og menn óttast hver áhrif þeirra kunna að verða á lífríki árinnar og næsta nágrenni.

Umrætt svæði hefur mikla jarðvísindalega sérstöðu og aldrei fyrr hafa virkjanir verið byggðar á slíku landsvæði. Gildir það á heimsvísu. Svæðið liggur á flekaskilum og myndar sjálfstætt fleka- og sprungusvæði, svonefndan Hreppafleka. Suðurlandsskjálftar eiga upptök sín á þessu svæði. Þar hefur í áranna rás myndast fjöldi sprungna og jarðlög eru afar óþétt. Páll Einarsson jarðeðlisfræðingur hefur vakið athygli á sérstöðu svæðisins og telur að þar verði erfitt að búa til lón sem haldi vatni og skynsamlegra sé að byggja þar rennslisvirkjanir.

Kunnugt er að Þjórsá hljóp eftir nýjum sprungum sem mynduðust við Suðurlandsskjálftana árið 2000 þannig að grunnvatnsstaða gjörbreyttist og dæmi eru um að tún í nágrenni

árinnar hafi eyðilagst eða spillst verulega. Sérstök hætta getur stafað af Urriðafosslóni þar sem Þjórsá stendur um 4,5 metrum hærra en Hvítá á móts við Hestfjall, sunnan Vörðufells. Eigendur Skálmholtshrauns, sem liggur að Urriðafosslóni, hafa með athugunum sínum og rannsóknum staðfest að jökulvatn úr Þjórsá á greiða leið í Hvítá eftir sprungum og gljúpum jarðlögum þegar Þjórsá er í vexti. Stíflugarðsrof við sprungumyndun í jarðskjálftum við lónin mundi óhjákvæmilega valda stórflóðum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Flóahreppi og jafnframt niður alla Hvítá um Selfoss og til sjávar. Við blasir að rof á stíflum eða stíflugörðum og stórflóð í kjölfarið gætu valdið manntjóni. Enn fremur að virkjanalónin myndu hækka grunnvatnsstöðu, en nú er grunnvatnið aðeins 1,5–2 m frá yfirborði og það kynni að gera fjölda býla óhæf til búskapar, jafnt jarðir sem liggja að fyrirhuguðum lónum og fjær þeim. Þetta á sérstaklega við um Urriðafosslón. Vísindalega er ekkert því til fyrirstöðu að meta mögulegar afleiðingar stíflu- eða stíflugarðarofs og breytingar á grunnvatnsstöðu.

Veruleg ástæða er einnig til að hafa áhyggjur af laxagengd í Þjórsá og hliðarám verði af fyrirhuguðum framkvæmdum. Í ána ganga nú árlega um 6000 laxar. Með virkjununum eyðileggjast mörg afar mikilvæg klak- og búsetusvæði laxaseiða auk þess sem rík ástæða er til að ætla að laxinn nái ekki að ganga upp fyrir Urriðafossstíflu eða að laxaseiði geti ekki gengið til sjávar um fyrirhuguð lón og stíflur og kunni auk þess að verða urriða í þeim að bráð.

Ekki verður séð að fyrirhugaðar virkjanaframkvæmdir standist meginreglur umhverfisréttar um sjálfbæra þróun, varúð og mengunarbætur sem ríkið er skuldbundið til að fylgja, sbr. einnig lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993. Um frekari rökstuðning er vísað til þingsályktunartillögu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um friðlandið í Þjórsárverum og verndun Þjórsár, sem lögð var fram á 134. löggjafarþingi 2007 (þskj. 6 – 6. mál).

Við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda eins og þeirra sem hér um ræðir er brýn nauðsyn að fram fari óháð og gagnsæ rannsókn á áhættuþáttum sem kunna að varða líf íbúa og vistfræðilega þætti. Flutningsmenn telja koma til greina að festa slíkt ákvæði í lög eða reglugerð um mat á umhverfisáhrifum. Núverandi aðstæður við Þjórsá kalla hins vegar á viðbrögð af hálfu Alþingis. Fyrirliggjandi mat á umhverfisþáttum þriggja virkjana í Þjórsá svarar engan veginn þeim alvarlegu spurningum sem vaknað hafa síðan umhverfismatið fór fram fyrir allmörgum árum.

Með vísan til framangreinds er þeim tilmælum beint til ríkisstjórnarinnar að tryggja að hópur sérfróðra og óháðra manna vinni áhættumat vegna áforma um fyrrnefndar virkjunarframkvæmdir enda verður að telja að mikilvægir almannahagsmunir séu í húfi.

53. Frumvarp til laga [53. mál]

um breytingu á lögum nr. 80/1996, um framhaldsskóla.

Flm.: Árni Þór Sigurðsson, Katrín Jakobsdóttir,
Kolbrún Halldórsdóttir, Jón Bjarnason.

1. gr.

2. og 3. mgr. 7. gr. laganna falla brott.

2. gr.

Á eftir 39. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi:

Kennsla í framhaldsskólum skal veitt nemendum að kostnaðarlausu og er óheimilt að krefja nemendur eða forráðamenn þeirra um greiðslur fyrir kennslu, námsgögn eða annað efni sem nemendum er gert skylt að nota í námi sínu og samrýmist ákvæðum laga þessara og aðalnámskrá.

Ríkinu er skylt að leggja til og kosta kennslu- og námsgögn er fullnægja ákvæðum aðalnámskrár.

Opinberum aðilum er ekki skylt að leggja nemendum til gögn til persónulegra nota, svo sem ritföng og pappír.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2008.

Greinargerð.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að námsgögn í framhaldsskólum verði nemendum að kostnaðarlausu og er sambærilegt ákvæði í grunnskólalögum um sama efni. Með samþykkt frumvarpsins yrði stigið mikilvægt skref í átt að auknu jafnræði til náms, óháð efnahag.

Með 1. gr. eru gjaldtökuheimildir laganna varðandi innritunar- og efnisgjöld felld brott. Samkvæmt núgildandi lögum ákveður skólanefnd upphæð framangreindra gjalda en þó getur fjárhæð innritunargjalds ekki orðið hærri en 8.500 kr. á skólaári. Heimilt er að taka 25% hærra gjald af þeim sem innrita sig utan auglýsts innritunartíma. Efnisgjald hjá nemendum í verklegri kennslu tekur mið af raunverulegum efniskostnaði en er þó aldrei hærra en 50.000 kr. á skólaári eða 25.000 kr. á önn.

Enn fremur er felld brott heimild til innheimtu á sérstöku endurinnritunargjaldi sem miðast við 500 kr. fyrir hverja ólokna einingu frá síðustu önn. Verði frumvarp þetta að lögum fellur einnig brott reglugerð nr. 333/1997, um endurinnritunargjald í framhaldsskólum. Jafnframt þyrfti að endurskoða reglugerð nr. 132/1997, um skólanefndir við framhaldsskóla.

2. gr. er efnislega samhljóða 1., 2. og 3. mgr. 33. gr. grunnskólalaga, nr. 66/1995, þar sem kveðið er á um að kennsla í skyldunámi skuli vera veitt nemendum að kostnaðarlausu og að óheimilt sé að krefja nemendur eða forráðamenn um greiðslur fyrir kennslu, námsgögn eða annað efni sem nemendum er gert skylt að nota í námi sínu og samrýmist ákvæðum laganna og aðalnámskrá.

Með þeirri breytingu sem hér er lögð til er kveðið afdráttarlaust á um það að kostnaður við námsgögn skuli vera hluti af rekstri framhaldsskóla.

Í aðdraganda síðustu alþingiskosninga var talsvert rætt um mikilvægi þess að námsgögn í framhaldsskólum væru nemendum að kostnaðarlausu og er markmið frumvarpsins í samræmi við menntastefnu Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs þar sem segir: „Vandað og fjölbreytt framhaldsskólanám á að standa öllum til boða óháð efnahag eða öðrum aðstæðum. Því á ekki að taka skólagjöld fyrir framhaldsskólanám. Ennfremur eiga nemendur að hafa aðgang að námsbókum og öðrum námsgögnum sér að kostnaðarlausu. Aðgengi allra að framhaldsskólabyggingum þarf að vera tryggt. Námsaðstaða fyrir nemendur með sérstakar menntunarþarfir verði bætt og hún boðin í sem flestum framhaldsskólum.“

Sambærileg markmið rötuðu inn í kosningastefnuskrá annarra flokka. M.a. segir í kosningastefnu Samfylkingarinnar í menntamálum: „Bjóða upp á ókeypis námsbækur í framhaldsskólum og fella niður innritunar- og efnisgjöld.“

Svipaðar áherslur var að finna í málflutningi fleiri framboða fyrir síðustu alþingiskosningar og í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar er gefið fyrirheit um áfanga í þessa átt þótt orðalagið sé raunar heldur rýrt í roðinu, en þar segir: „… og nemendur í framhaldsskólum fái stuðning til kaupa á námsgögnum.“ Því er þess vænst að frumvarpið eigi vísan góðan hljómgrunn á Alþingi.

54. Frumvarp til laga [54. mál]

um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson, Grétar Mar Jónsson,
Kristinn H. Gunnarsson, Jón Magnússon.

1. gr.

Við A-lið 1. mgr. 30. gr. laganna bætist nýr töluliður, 2. tölul., sem orðast svo: Útgjöld vegna sannanlegs ferðakostnaðar til og frá vinnu sem er umfram 180.000 kr. á ári en þó aldrei hærri en 600.000 kr. á ári og er í samræmi við matsreglur fjármálaráðherra.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2008 og koma til framkvæmda við álagningu á árinu 2009.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var áður flutt á 130., 131., 132. og 133. löggjafarþingi.

Hér er lagt til að kostnaður manna við ferðir til og frá vinnu sem er umfram 180.000 kr. verði frádráttarbær frá tekjum áður en til skattlagningar kemur, þó að hámarki 600.000 kr. á ári. Við framkvæmd ákvæðisins er gert ráð fyrir að sambærilegar reglur gildi um sönnun á útlögðum kostnaði og gilda um sönnun á kostnaði á móti ökutækjastyrkjum.

Hér er um sanngirnismál að ræða enda um að ræða kostnað sem til fellur við öflun atvinnutekna. Eins og frumvarpið er fram sett er markmiðið einkum að koma til móts við þá sem þurfa að sækja vinnu um langan veg og bera af því mikinn kostnað.

Frumvarp þetta samrýmist vel þeirri stefnu sem haldið hefur verið á lofti í byggðamálum og felst í því að stækka atvinnusvæði á landsbyggðinni. Mikill ferðakostnaður getur hamlað slíkri þróun og er til þess fallinn að draga úr samkeppnishæfni byggðarlaga um vinnuafl. Mikill ferðakostnaður getur einnig virkað vinnuletjandi með þeim afleiðingum að menn sjá hag sínum betur borgið með því að þiggja atvinnuleysisbætur en að sækja vinnu í næsta byggðarlag.

Þess má geta að í Noregi eru í gildi reglur um skattalega ívilnun til þeirra sem bera mikinn kostnað af ferðalögum til og frá vinnu en aðstæður þar eru að mörgu leyti svipaðar og hér á landi.

Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. janúar 2008 og komi til framkvæmda við álagningu árið 2009.

55. Frumvarp til laga [55. mál]

um breytingu á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965, og lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006.

Flm.: Kristinn H. Gunnarsson, Grétar Mar Jónsson.

I. KAFLI

Breyting á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað orðsins „sjávarútvegsráðuneytið“ í 10. gr. laganna kemur: umhverfisráðuneytið.

2. gr.

1. mgr. 11. gr. laganna orðast svo:

Í stjórn Hafrannsóknastofnunarinnar skulu vera fimm menn, skipaðir af umhverfisráðherra til fjögurra ára í senn, þar af þrír án tilnefningar, einn tilnefndur af Fiskifélagi Íslands og einn tilnefndur af starfsmönnum stofnunarinnar.

3. gr.

Í stað orðsins „sjávarútvegsráðherra“ í 1. mgr. 13. gr., 3. mgr. 15. gr. og 2. mgr. 18. gr. laganna kemur: umhverfisráðherra.

II. KAFLI

Breyting á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006.

4. gr.

Í stað orðsins „Sjávarútvegsráðherra“ í upphafi 3. gr. laganna kemur: Umhverfisráðherra.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skal þá skipa nýja stjórn Hafrannsóknastofnunarinnar.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lögð til sú grundvallarbreyting að verkefni sem nú heyrir undir sjávarútvegsráðuneyti verði flutt til umhverfisráðuneytis. Er þar um að ræða hafrannsóknir, friðun og ákvörðun um heildaraflamark úr einstökum fiskstofnum. Samhliða er gert ráð fyrir því að yfirstjórn Hafrannsóknastofnunarinnar verði færð frá sjávarútvegsráðuneyti til umhverfisráðuneytis. Nái þessi breyting fram að ganga mun umhverfisráðuneyti ákvarða heildaraflamark ár hvert, hafa umsjón með rannsóknum og gera tillögur varðandi almennt skipulag veiða innan efnahagslögsögunnar, ekki síst þeirra sem tengjast hafsbotninum. Þá mun ráðuneytið veita ráðgjöf um friðunaraðgerðir og notkun veiðarfæra, jafnframt því að setja almennar reglur um notkun veiðarfæra. Sjávarútvegsráðuneyti mun eftir sem áður annast stjórn veiðanna innan framangreindra marka og hafa yfirumsjón með eftirliti með veiðum og mati á sjávarafurðum.

Nauðsynlegt þykir að gera umræddа breytingu og leggja þannig ríkari áherslu en verið hefur á umhverfisþátt rannsókna og stjórn á álagi við hagnýtingu auðlindanna. Þetta er ítrekað með því að færa mikilvægar ákvarðanir og tillögugerð úr höndum beinna hagsmunaaðila

til umhverfisráðuneytis. Ekki er eðlilegt að hagsmunaaðilar geti ráðið miklu um ákvörðun sem þá varðar miklu fjárhagslega þegar í húfi eru náttúruauðlindir sem þjóðin byggir afkomu sína á í svo ríkum mæli sem raun ber vitni. Það skiptir miklu máli að við ákvarðanir um hagnýtingu auðlindar sé litið til langs tíma og þjóðarhags.

Frumvarp þetta er nú flutt í sjötta sinn og verði það að lögum er rétt að breyta viðeigandi ákvæðum reglugerðar um Stjórnarráð Íslands, en efni þess fellur vel að þeim sjónarmiðum að rétt sé að sameina atvinnuvegaráðuneytin í eitt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. og 3. gr. frumvarpsins eru lagðar til nauðsynlegar breytingar á 10., 13., 15. og 18. gr. laga um rannsóknir í þágu atvinnuveganna sem leiðir af þeirri tilhögun að Hafrannsóknastofnunin heyri undir umhverfisráðuneyti í stað sjávarútvegsráðuneytis eins og nú er.

Um 2. gr.

Hér er lögð til breyting á skipan stjórnar Hafrannsóknastofnunarinnar á þann veg að hagsmunaaðilar skipi ekki lengur fulltrúa í stjórnina heldur einvörðungu ráðherra, Fiskifélag Íslands og starfsmenn stofnunarinnar.

Um 3. gr.

Sjá athugasemd við 1. gr.

Um 4. gr.

Hér er lögð til sú breyting á 3. gr. laga um stjórn fiskveiða að í stað sjávarútvegsráðherra ákvarði umhverfisráðherra heildaraflamark ár hvert á þeim stofnum sem nauðsynlegt er talið að takmarka veiðar á. Þessi breyting er nauðsynleg til þess að markmið frumvarpsins nái fram að ganga. Þar sem orðið ráðherra kemur fyrir síðar í greininni er þá samkvæmt frumvarpinu vísað til umhverfisráðherra í stað sjávarútvegsráðherra.

Um 5. gr.

Hér er kveðið á um gildistöku laganna og að skipuð verði ný stjórn Hafrannsóknastofnunarinnar samkvæmt hinum nýju ákvæðum.

56. Frumvarp til laga [56. mál]

um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000.

Flm.: Katrín Jakobsdóttir, Kolbrún Halldórsdóttir, Atli Gíslason.

1. gr.

Við 6. mgr. 8. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Ef forsjárlaust foreldri nýtir ekki rétt sinn getur það foreldri sem fer með forsjá barnsins sótt um sérstakan aukastyrk úr fæðingarorlofssjóði. Fjárhæð styrksins skal svara til fæðingarorlofs í þrjá mánuði.

2. gr.

Í stað orðanna „tvö tekjuár“ í 2. mgr. 13. gr. laganna kemur: tvö ár.

3. gr.

Við 19. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 3. mgr. og orðast svo:

Í því tilfelli þegar foreldrar í hjúskap hafa flutt lögheimili sitt til útlanda vegna náms annars foreldrisins en hitt stundar fjarnám frá Íslandi, geta þau bæði átt tilkall til undanþágu frá skilyrði um lögheimili hér á landi ef önnur skilyrði greinar þessarar eru uppfyllt.

Greinargerð.

I.

Fyrir liggur í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar að til stendur að lengja fæðingarorlof úr níu mánuðum í tólf og fagna flutningsmenn þeirri fyrirætlan. Af þeim sökum eru ekki lagðar til frekari breytingar á lögum um foreldra- og fæðingarorlof að sinni en flutningsmenn munu að sjálfsögðu fylgjast vel með framgangi þessara mála.

Gildandi lög miðast við að tryggja barni samvistir við báða foreldra á fyrstu mánuðum í lífi þess. Nú er það svo að umtalsverður hópur forsjárlausra foreldra nýtir ekki rétt sinn til fæðingarorlofs sem verður til þess að börn þeirra njóta í skemmri tíma samvista við foreldri en börn þeirra foreldra sem báðir nýta rétt sinn. Þarna skapast því misræmi, sem leiðir til þess að börn einstæðra foreldra eiga á hættu að njóta í raun minni réttinda en börn foreldra í sambúð eða foreldra þar sem samkomulag er um að báðir nýti rétt sinn. Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að þetta misræmi verði leiðrétt þannig að það foreldri sem fer með forsjá geti sótt um sérstakan aukastyrk. Þannig eru réttindi barnanna fest í sessi og löggjöfin löguð að þeim veruleika sem því miður blasir við mörgum börnum einstæðra foreldra eftir að sex mánaða fæðingarorlofi lýkur.

Í Noregi er ekki ósvipuð fæðingarorlofslöggjöf og hér á landi að því leyti að foreldrar í sambúð geta sótt um 44 vikur með fullum styrk eða 54 vikur á 80% styrk. Níu vikur í kringum fæðingu eru eyrnamerktar móður og sex vikur eru eyrnamerktar föður. Afgangurinn af tímanum deilist milli foreldranna að þeirra ósk. Í norsku reglunum eru sérúrræði fyrir einstæða foreldra sem ekki eru í sambúð með föður eða móður barns og hafa ekki verið í sambúð með öðrum í tiltekinn tíma en þá er hægt að sækja um sérstakan stuðning líkt og gert er ráð fyrir með þessari breytingu.

II.

Með lagabreytingu árið 2004 var tímabilið sem miðað er við við útreikning tekna í aðdraganda fæðingarorlofs lengt úr einu ári í tvö, sbr. 4. gr. laga nr. 90/2004. Með því að hafa þetta tvö tekjuár en ekki bara tvö ár er hins vegar skapaður talsverður aðstöðumunur. Kona sem fæðir barn í desember 2007 fær greiðslur sem miðast við tekjur hennar árin 2005 og 2006 en kona sem fæðir barn í janúar 2008 fær greiðslur sem miðast við tekjur árin 2006 og 2007. Þar sem fólk á barneignaaldri er oftar en ekki á uppleið í tekjum, t.d. vegna þess að það lýkur námi og hefur störf, getur þetta hæglega munað talsverðum fjármunum og skapað ójafnræði milli fólks eftir því hvenær árs það eignast börnin. Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að þetta ójafnræði verði leiðrétt með því að miða greiðslur við tvö ár fyrir fæðingu barns, í stað tveggja tekjuára.

III.

Í 19. grein laganna um fæðingar- og foreldraorlof segir eftirfarandi um lögheimilisskilyrði námsmanna: „Að jafnaði skal foreldri eiga lögheimili hér á landi við fæðingu barns, ættleiðingu eða varanlegt fóstur og hafa átt lögheimili hér á landi síðustu 12 mánuði fyrir þann tíma. Heimilt er þó að veita undanþágu frá lögheimilisskilyrði hafi foreldri flutt lögheimili sitt tímabundið vegna náms erlendis enda hafi foreldri átt lögheimili hér á landi samfellt í a.m.k. fimm ár fyrir flutning.“ Í þeim tilfellum þar sem foreldri í hjúskap hafa flutt lögheimili tímabundið til útlanda vegna náms annars þeirra en hitt stundar fjarnám við íslenskan háskóla, hefur Fæðingarorlofssjóður túlkað lögin á þann veg að réttur þess foreldris sem stundar nám á Íslandi falli niður. Því kann það að fara svo að móðir, sem fæðir barn sitt í landi sem hún á lögheimili í vegna náms maka síns þar, missi rétt til fæðingarstyrks frá Fæðingarorlofssjóði. 3. gr. frumvarpsins er ætlað að standa þessu í vegi og tryggja báðum foreldrum eðlilegan fæðingarstyrk þegar svona stendur á.

IV.

Að lokum vilja flutningsmenn gera athugasemd við framkvæmdina á 8. mgr. 19. gr. laganna, án þess að lagðar séu til breytingar á henni að svo stöddu, en greinin orðast svo: „Heimilt er að greiða foreldri fæðingarstyrk skv. 1. mgr. þrátt fyrir að skilyrði um samfellt nám í a.m.k. sex mánuði á síðustu 12 mánuðum fyrir fæðingu barns, ættleiðingu eða varanlegt fóstur sé ekki uppfyllt hafi foreldri verið í samfelldu starfi í a.m.k. sex mánuði á innlendum vinnumarkaði fram til þess að námið hófst.“ Samkvæmt þessu er gert ráð fyrir að ef einstaklingur hættir í vinnu og hefur nám verði námið að hefjast tafarlaust um leið og starfi sleppir. Ef nokkrir dagar líða þar á milli þar sem viðkomandi er hvorki skráður í nám né í vinnu missir hann réttindin og fellur niður í flokk heimavinnandi, þ.e. þeirra sem eru með minna en 25% starfshlutfall. Til þess að halda réttindum þarf viðkomandi að skrá sig á atvinnuleysisskrá, jafnvel þótt aðeins sé um nokkra daga að ræða. Flutningsmenn álíta að jafnræðissjónarmið standi til þess að ráðherra eigi að vera heimilt að veita meira svigrúm í þessum efnum, t.d. mánuð. Því fylgir hér í niðurlagi hvatning til stjórnvalda um að tryggja að framkvæmd laganna verði þannig að jafnræðissjónarmiða sé gætt og að forðast sé að íþyngja foreldrum að nauðsynjalausu. Verði sú hins vegar ekki raunin áskilja flutningsmenn sér rétt til að leggja fram nýtt frumvarp varðandi þann efnisþátt málsins.

57. Tillaga til þingsályktunar [57. mál]

um mat á heildararðsemi stóriðju- og stórvirkjanaframkvæmda fyrir þjóðarbúið.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Atli Gíslason, Álfheiður Ingadóttir, Árni Þór Sigurðsson, Jón Bjarnason, Katrín Jakobsdóttir, Kolbrún Halldórsdóttir, Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera vandað, óháð og gagnsætt þjóðhagslegt mat á arðsemi og heildaráhrifum þess á efnahagslegan stöðugleika og framvindu íslensks þjóðarbúskapar að ráðist verði í frekari stóriðju- og virkjanafjárfestingar. Leitað verði til hóps sérfræðinga, jafnt innlendra sem erlendra, með breiðan faglegan bakgrunn til að stýra verkefninu, og leiðbeiningar Efnahags- og framfarastofnunarinnar hafðar til hliðsjónar. Einnig verði haft samráð við efnahags- og skattanefnd Alþingis um tilhögun verksins. Niðurstöður vinnunnar verði lagðar fyrir Alþingi í formi skýrslu sem komi þar til umræðu.

Greinargerð.

Tillaga þessi var lögð fram á 133. löggjafarþingi, en varð þá eigi útrædd. Efni hennar er ekki síður brýnt nú en þá og er hún því endurflutt óbreytt en aukið er við einu fylgiskjali. Þess ber að geta að þótt nokkur óvissa sé nú um framtíðarumsvif Alcan í álframleiðslu á Íslandi eftir að Hafnfirðingar felldu stækkun álversins í Straumsvík eru ýmis önnur nýbyggingar- eða stækkunaráform á prjónunum hjá því fyrirtæki. Þannig skoða nú fleiri en einn aðili möguleika á byggingu álvers við Þorlákshöfn, Keilisnes er á nýjan leik inni í myndinni, stækkun á landfyllingu við Straumsvík hefur verið reifuð og þannig mætti áfram telja. Ef eitthvað er, þá eru upp á borðum enn viðameiri stóriðjuáform af ýmsum toga en þegar tillaga þessi var fyrst lögð fram haustið 2006.

Svohljóðandi greinargerð fylgdi málinu á 133. löggjafarþingi:

„Svo ótrúlega sem það kann að hljóma er staðreynd að engin eiginleg þjóðhagsleg greining hefur farið fram á áhrifum stóriðju- og virkjanafjárfestinga fyrir heildarhagsmuni íslenska þjóðarbúsins. Stjórnvöld sjálf hafa lagt lauslegt mat á líkleg hagvaxtaráhrif einstakra framkvæmda og þá oftast borið þau saman við þann tilbúna eða fræðilega valkost að ekkert annað gerðist eða kæmi í staðinn. Þetta er þeim mun undarlegra þar sem öllum má vera ljóst að slíkar risaframkvæmdir með tilheyrandi innstreymi fjármagns og væntingaáhrifum hafa geysileg ruðningsáhrif í för með sér í efnahags- og atvinnulífinu. Borðleggjandi er að útreikningar, sem byggjast á að bæta hagvaxtaráhrifum stóriðjuframkvæmda við sem hreinni viðbót án þess að reikna með neinum frádráttarliðum á móti vegna fórnarkostnaðar annars atvinnulífs, aukinnar verðbólgu og meiri óstöðuleika, eru byggðir á sandi.

Nú eru á undirbúningsstigi hvorki meira né minna en þrjú risavaxin álvers- og virkjanaverkefni, þ.e. stækkun Álversins í Straumsvík um framleiðslugetu upp á 280 þúsund tonn, álver í Helguvík með 250 þúsund tonna framleiðslugetu og álver við Húsavík af sömu stærð. Heildarfjárfestingar eru áætlaðar um 430 milljarðar kr. eða nálægt 35% af áætlaðri landsframleiðslu þessa árs. Til samanburðar er fjárfestingin í yfirstandandi stóriðju- og virkjanahrinu á Austurlandi og á Suðvesturlandi upp á um 300 milljarða kr. og nálægt 25% af vergri landsframleiðslu. Það sem fram undan er, og greiningardeildir banka eru nú þegar teknar að gera ráð fyrir, a.m.k. að hluta, er nálægt einum og hálfum sinnum meiri fjárfesting en það sem nú er að ganga yfir og þykir þó flestum nóg um. Í ljósi gríðarlegs umfangs þessara fjár-

festinga í hagkerfinu og stærðargráðu áhættunnar sem tekin er hlýtur að teljast enn furðulegra en ella að engir tilburðir skuli uppi hafðir af hálfu stjórnvalda til að meta sjálfstætt hagsmuni íslenska þjóðarbúsins í dæminu.

Efasemdir hafa farið ört vaxandi um að arðsemi stóriðjufjárfestinganna sem slíkra sé fullnægjandi þegar af þeim sökum einum að orkuverðið er mjög lágt. Landsvirkjun veitir ekki upplýsingar í reikningum sínum um ávöxtun eigenda fyrirtækisins á eigin fé og burðast er við að halda orkuverðinu í einstökum samningum leyndum. Einnig má benda á að engin tilraun hefur verið gerð til þess að meta umhverfiskostnað eða umhverfislegan fórnarkostnað, hæfilegt endurgjald fyrir nýtingu náttúruauðlinda og áhættuna fyrir hagkerfið og líkur á meiri óstöðugleika. Sýnt hefur verið fram á að nettóvirðisauki stóriðjustarfseminnar fyrir hagkerfið er mjög lítill sökum þess að innlendir kostnaðarþættir vega ekki þungt, eru innan við þriðjungur og jafnvel ekki nema fjórðungur af veltu fyrirtækjanna. Skuldabyrðin vegna orkuöflunar í þágu stóriðjunnar vegur hins vegar þungt í þjóðarbúskapnum eins og sést t.d. á því að skuldir Landsvirkjunar einnar voru um 12% af landsframleiðslu um sl. áramót.

Allmargir innlendir sérfræðingar, bæði sjálfstætt starfandi hagfræðingar, eða fræðimenn á því sviði, og greiningaraðilar hafa fjallað um arðsemishlið stóriðjustefnunnar með gagnrýnum hætti og bent á veikleikana, en við takmarkaða hrifningu stjórnvalda svo ekki sé nú minnst á stóriðju- og orkugeirann sjálfan. Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) hefur í skýrslum sínum um íslenskt efnahagslíf ítrekað bent á nauðsyn þess að reyna að meta á breiðum grunni með gagnsærri hagkvæmnisgreiningu (e. cost benefit framework) hvort frekari stóriðju- og virkjanaverkefni séu hagkvæm fyrir landið og hvort í þau sé skynsamlegt að ráðast. Tillaga þessi gengur út á að þetta sé gert. Samhliða er flutt önnur tillaga um stöðvun allra frekari stóriðjuframkvæmda a.m.k. til 2012 sem yrði liður í aðgerðum til að endurheimta efnahagslegan stöðugleika og skapa skilyrði fyrir sjálfbærri orkustefnu. Með slíkum ráðstöfunum yrði brotið blað og lagður grunnur að stefnumótun og ákvarðanatöku í þessum efnum sem byggðist á vönduðu mati á því hvað væri hagsmunum þjóðarbúsins fyrir bestu. Um leið yrði verndun íslenskrar náttúru og umhverfis sett í öndvegi í stað þess að vera látin mæta afgangi og sífellt víkja fyrir græðgi orkuiðnaðarins og ásælni erlendra álhringa.“

Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. … og ákvarðanir um frekari stórfjárfestingar munu hafa afgerandi áhrif á efnahagshorfur til meðallangs tíma. (Úr skýrslu OECD um íslensk efnahagsmál, ágúst 2006, bls. 27–30.)

II. Kemur sannleikurinn að utan? Steingrímur J. Sigfússon. (Morgunblaðið, 7. september 2006.)

III. Lítill innlendur virðisauki stóriðjunnar. (Kafli úr bókinni Við öll, íslenskt velferðarsamfélag á tímamótum, Reykjavík 2006, bls. 109–117.)

58. Tillaga til þingsályktunar [58. mál]

um könnun á framkvæmd EES-samningsins.

Flm.: Katrín Júlíusdóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson.

Alþingi ályktar að skipuð verði nefnd sérfræðinga til að kanna hvort framkvæmd samningsins um Evrópska efnahagssvæðið rúmast innan 21. gr. stjórnarskrárinnar. Nefndin verði skipuð fimm mönnum og tilnefni Alþingi tvo menn og Háskóli Íslands, Háskólinn á Bifröst og Háskólinn í Reykjavík einn mann hver til setu í nefndinni. Fulltrúi Alþingis verði formaður nefndarinnar.

Nefndin skili skýrslu um athuganir sínar fyrir 1. október 2008.

Greinargerð.

Inngangur.

EES-samningurinn er umfangsmikill og tekur til flestra þátta þjóðlífsins. Samningurinn er í stöðugri þróun og mótun þar sem hann breytist samhliða þróun reglna á innri markaði ESB. Við gerð samningsins komst nefnd fjögurra sérfræðinga á vegum utanríkisráðuneytisins að þeirri niðurstöðu í nefndaráliti 6. júlí 1992 að samningurinn rúmaðist innan valdheimilda 21. gr. stjórnarskrárinnar en jafnframt að ekki væri loku fyrir það skotið að þróun samningsins yrði á þann veg að það mat breyttist. Þessi niðurstaða var umdeild meðal fræðimanna. Frá gildistöku EES-samningsins hefur eðli samningsins breyst, svo og áhrif Íslands á ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli hans. Færa má rök fyrir því að þróun samningsins hafi síðan verið með þeim hætti að ástæða sé til að meta á ný hvort hann og viðbætur við hann rúmast innan 21. gr. stjórnarskrárinnar eða hvort þörf er á að breyta stjórnarskránni.

Flutningsmenn telja svo mikinn vafa leika á að framkvæmd EES-samningsins standist ákvæði 21. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands að rétt sé að Alþingi hlutist til um rannsókn á málinu. Flutningsmenn leggja því til að Alþingi skipi nefnd sérfræðinga sem fái það hlutverk að kanna hvort framkvæmd EES-samningsins standist fyrrnefnt ákvæði stjórnarskrárinnar. Lagt er til að fimm menn skipi nefndina, tveir tilnefndir af Alþingi auk þriggja fulltrúa sem tilnefndir skulu af háskólasamfélaginu.

Carl Baudenbacher, forseti EFTA-dómstólsins, ritaði nýverið athyglisverða grein í Tímarit lögfræðinga (2. hefti 57. árg. 2007) þar sem hann færir hann m.a. rök fyrir því að EES-samningurinn sé yfirþjóðlegur samningur og standist því ekki íslensku stjórnarskrána. Þetta stangast á við álit lögfræðinganefndarinnar sem greint er frá hér að ofan. Flutningsmenn telja greinina og viðbrögð við henni, sem t.d. má lesa í Fréttablaðinu 9. október sl. (sjá fylgiskjal), gefa frekara tilefni til að skoða þessi mál á ný og kanna stöðu samningsins gagnvart 21. gr. íslensku stjórnarskrárinnar á nýjan leik.

Eðli EES-samningsins.

EES-samningurinn er lifandi samningur og breytist dag frá degi. Í honum er gert ráð fyrir að Ísland innleiði nýjar reglur ESB sem gilda á innri markaðnum. Þetta hefur víðtæk áhrif á íslenskt löggjafarvald. Umfang þessarar löggjafar hefur reynst mun meira en gert var ráð fyrir í upphafi. Frumkvæði og lokaákvörðun um innleiðingu nýrra reglna er í auknum mæli komin á Evrópuvettvanginn og fá svið samfélagsins eru undanskilin. Á sumum sviðum, eins og í umhverfismálum og matvælaeftirliti, er nær öll löggjöf sem tekur gildi hérlendis mótuð

af fulltrúum annarra ríkja í Brussel, en ekki af lýðræðislega kjörnum fulltrúum á Alþingi Íslendinga. Aðgangur íslenskra stjórnvalda að ákvarðanatöku ESB er mestur í upphafi í gegnum framkvæmdastjórnina. Hins vegar er hlutverk Evrópuþingsins og ráðherraráðsins orðið mun veigameira við meðferð mála og afgreiðslu þeirra en þegar samningurinn var gerður. Í þeirri meðferð og lokaafgreiðslu eigum við Íslendingar engan rétt samkvæmt EES-samningnum. Þetta má segja að sé grundvallarbreyting á aðkomu Íslands að afgreiðslu mála innan ESB. Borgarar ESB hafa margvíslegar leiðir til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri sem íslenskir borgarar hafa ekki en ákvarðanir í stofnunum ESB byggjast á fjölþættu samráði við sérfræðinga, stjórnmálamenn og hagsmunaaðila í aðildarríkjunum.

Óvirkt neitunarvald.

Ísland og EFTA-ríkin hafa engin áhrif á frumrétt ESB. Þau hafa ekki atkvæðisrétt þegar fjallað er um afleidda löggjöf eða breytingar á samstarfinu. EFTA-ríkin geta hins vegar neitað að taka upp nýja löggjöf eða breytingar á samstarfinu, en til þess að svo sé þurfa þau öll að tala einum rómi. Hvert EFTA-ríki hefur neitunarvald þegar kemur að upptöku nýrra reglna. Við framkvæmd samningsins hefur þó komið í ljós að neitunarvaldið sem EFTA-ríkin hafa í orði kveðnu er óvirkt. Ástæða þess er sú að hvert EFTA-ríkjanna veit að ef það beitir neitunarvaldinu getur það þurft að lúta neitunarvaldi annars ríkis í næstu umferð og þannig koll af kolli. Af því leiðir að Alþingi hefur einungis formlegt en ekki raunverulegt neitunarvald, því að beiting þess mundi í reynd kollvarpa samningnum. Grípi eitthvert EES ríkjanna til neitunarvalds hefur framkvæmdastjórnin heimild til að segja upp samningnum á viðkomandi sviði. Ef réttindi falla niður á einu sviði hins innri markaðar getur það haft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir atvinnulífið á Íslandi. Jafnframt væri þar með væri grafið undan meginforsendu samningsins um einsleitni á öllu svæðinu, að sömu reglur eigi að gilda alls staðar á innri markaðnum. Pólitískt er það því svo gott sem ógerlegt fyrir EES-ríki að neita að staðfesta gerðir frá ESB. EES-ríkin geta einungis dregið að staðfesta gerðir sem þeim líkar ekki, fengið aðlögun, oftast nær tímabundna, að þeim og frestað þannig gildistöku þeirra um nokkra hríð. Með öðrum orðum, fari svo að eitt EES-ríki hafni gerð sem snýr að innri markaðnum þýðir það í raun uppsögn á EES-samningnum á því sviði og næði uppsögnin til allra EFTA-ríkjanna.

Áhrif á íslenskt dómsvald.

Réttaráhrif EES-samningsins hafa reynst mun meiri en séð var fyrir í upphafi. Í hæstaréttardómi frá 16. desember 1999 í máli nr. 236/1999, Erla María Sveinbjörnsdóttir gegn íslenska ríkinu, gekk Hæstiréttur lengra en áður og dæmdi íslenska ríkið skaðabótaskylt vegna vanrækslu þess við lögfestingu á tilskipun frá Evrópusambandinu. Vísað var í niðurstöðu EFTA-dómstólsins í máli nr. E 9/97 frá 10. desember 1998 þar sem íslensk stjórnvöld voru talin vera bótaskyld þrátt fyrir að EES-samningurinn segði ekkert um slíkan rétt til bóta. Reyndar hafði það verið grundvallaratriði í samningaviðræðum um EES að tvíeðli réttarkerfa EFTA-ríkjanna yrði virt og að Evrópuréttur hefði ekki bein réttaráhrif hér á landi. Niðurstaða EFTA-dómstólsins í þessu máli bar þess hins vegar vitni að meiri áhersla væri lögð á að endurspegla í dómsniðurstöðunum áþekk réttaráhrif og tíðkuðust vegna dómafordæma dómstóls Evrópusambandsins fremur en að virða grundvallarsjónarmið um fullveldi Íslands og að ríkið gæti ekki bakað sér bótaábyrgð með aðgerðum eða aðgerðaleysi á vettvangi þjóðaréttar.

Breytt framkvæmd.

Í upphafi var daglegt samstarf á grundvelli EES gjarnan byggt á anda samningsins en ekki endilega samkvæmt orðanna hljóðan. Þannig fengu EES-ríkin mun meiri aðgang að ákvarðanatöku innan ESB í þeim málum sem heyra undir innri markaðinn en kveðið er á um í samningnum með beinum hætti. Til að mynda hafði Ísland í upphafi aðgang að fjölda nefnda sem undirbúa lagagerðir ESB sem síðan gilda fyrir allan innri markaðinn.

Nýir sáttmálar.

EES-samningurinn byggist á Rómarsamningnum, stofnsáttmála Evrópusambandsins, og ákvæði hans eru samhljóma texta sáttmálans eins og hann var þegar viðræðum lauk. Síðan samningurinn var gerður hafa þrír nýir sáttmálar ESB litið dagsins ljós. Með Maastricht-samningnum frá 1992, Amsterdam-samningnum frá 1997 og Nice-samningnum frá 2000 hafa orðið töluverðar breytingar á stofnsáttmálanum og starfsemi ESB sem ekki eru endurspeglaðar í EES-samningnum. Jafnframt má nefna fyrirhugaðan umbótasamning (Reform Treaty) sem nú er í meðförum innan ESB. Samkvæmt þessum nýju samningum hefur samstarf ESB orðið nánara og samstarfssviðum verið fjölgað. Þá hefur ákvarðanatökuferli sambandsins breyst. EES-samningurinn endurspeglar því hvorki Evrópusambandið eins og það er nú, né grundvallarreglur ESB.

Eins og áður hefur verið sagt tryggir EES-samningurinn EFTA-ríkjunum aðgang að störfum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, svo sem að sérfræðinganefndum sem undirbúa lagagerðir. Síðan samningurinn var undirritaður hefur sú grundvallarbreyting orðið á starfsemi Evrópusambandsins að dregið hefur úr völdum framkvæmdastjórnarinnar. Með gildistöku Maastricht-samningsins og síðan Amsterdam- og Nice-samninganna hafa mikil völd færst til ráðherraráðsins og Evrópuþingsins. EFTA-ríkin hafa lítinn aðgang að þessum stofnunum. Þessar breytingar á innri gerð ESB hafa dregið verulega úr möguleikum EES-ríkjanna til að hafa áhrif á Evrópulöggjöfina sem þó gildir á öllu EES-svæðinu eftir sem áður. Aukið vægi Evrópuþingsins og ráðherraráðsins hefur orðið til þess að erfiðara reynist að fá framkvæmdastjórnina til að tala máli EFTA-ríkjanna gagnvart ráðherraráðinu og aðildarríkjunum þar sem hún þarf að hafa meira fyrir því en áður að halda til streitu eigin sjónarmiðum og áhersluatriðum.

Fylgiskjal.

Telur EES-samning brjóta stjórnarskrá.
(Fréttablaðið, 9. október 2007.)

Forseti EFTA-dómstólsins telur samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (EES) yfirþjóðlegan samning, sem þýðir að hann standist ekki íslensku stjórnarskrána. Þetta stangast á við íslenskt lögfræðiálit frá árinu 1991 þar sem lögspekingar komust að því að samningurinn væri ekki yfirþjóðlegur, en hann gæti í framtíðinni orðið það.

Birt er grein eftir Carl Baudenbacher, forseta EFTA-dómstólsins, í nýjasta hefti Tímarits lögfræðinga. Þar segir hann að ekki sé nauðsynlegt að svara þeirri spurningu hvort EES-samningurinn hafi verið yfirþjóðlegur í upphafi, aðalatriðið sé að hann sé í raun yfirþjóðlegur samningur í dag.

Vangaveltur um það hvort EES-samningurinn sé yfirþjóðlegur vekja upp spurningar um það hvort samningurinn standist íslensku stjórnarskrána. Til að samningurinn standist stjórnarskrá má hann ekki fela í sér afsal á löggjafarvaldi, dómsvaldi eða framkvæmdavaldi, segir Stefán Már Stefánsson, prófessor við lögfræðideild Háskóla Íslands. Yfirþjóðlegur samningur taki fram fyrir hendur stjórnvalda, sem þurfi að afsala sér valdi til að hann taki gildi. Til að slíkt væri heimilt þyrfti að breyta stjórnarskránni.

Í áliti sem fjórir lögfræðingar unnu árið 1991 var fjallað um það hvort EES-samningurinn stæðist íslensku stjórnarskrána. Var það mat lögfræðinganna að svo væri, samningurinn væri þjóðréttarsamningur og ekki yfirþjóðlegur. Þó var bent á að hann gæti í framtíðinni orðið það.

Stefán Már var einn þeirra lögmanna sem stóðu að álitinu. Hann segir niðurstöðu Baudenbachers umdeilanlega. „Ég get ekki séð að það þó einhver dómari tali svona [skipti máli], hann hefur enga heimild til að tala fyrir hönd dómsins," segir Stefán. „Svo má deila um það hvort hann eigi að láta hafa svona eftir sér."

Stefán segir það enn sína skoðun að EES-samningurinn sé ekki yfirþjóðlegur, og stangist þar með ekki á við stjórnarskrána.

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra fjallar um yfirlýsingu Baudenbachers í pistli á vef sínum. Hann segir að í ljósi afdráttarlausrar niðurstöðu Baudenbachers um yfirþjóðlegt gildi EES-samningsins sé óhjákvæmilegt að „halda umræðum um inntak stjórnarskrárákvæðanna vakandi og taka af skarið á fortakslausan hátt um heimildina til þátttöku í alþjóðlegu samstarfi, sem verður sífellt meira og víðtækara".

Samkeppnislög brjóta stjórnarskrá.

Þótt EES-samningurinn brjóti ekki gegn stjórnarskránni að mati Stefáns Más Stefánssonar háskólaprófessors segir hann þó dæmi um íslensk lög sem geri það.

Þótt EES-samningurinn brjóti ekki gegn stjórnarskránni að mati Stefáns Más Stefánssonar háskólaprófessors segir hann þó dæmi um íslensk lög sem geri það. Hann skrifaði ásamt fleirum álit vegna samkeppnislaga sem sett voru árið 2005. Þar er komist að þeirri niðurstöðu að íslenskir dómstólar séu í raun bundnir af niðurstöðu erlendra dómstóla.

Í samkeppnislögum segir: „Þegar dómstóll fjallar um samninga, ákvarðanir eða aðgerðir […] í máli sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur þegar tekið ákvörðun í má úrlausn hans ekki brjóta í bága við þá ákvörðun."

Þar með segir Stefán að brotið sé gegn stjórnarskrá með því að afsala dómsvaldinu til erlendra dómstóla. Til þess að það standist þurfi að breyta stjórnarskránni. Ekki var tekið tillit til þessa sjónarmiðs við lagasetninguna heldur voru ákvæðin lögfest af Alþingi og tóku gildi 1. júlí 2005.

59. Tillaga til þingsályktunar [59. mál]

um friðlýsingu Austari- og Vestari-Jökulsár í Skagafirði.

Flm.: Jón Bjarnason, Atli Gíslason, Álfheiður Ingadóttir, Árni Þór Sigurðsson, Katrín Jakobsdóttir, Kolbrún Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa og leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um friðlýsingu vatnasvæðisins norðan Hofsjökuls, þ.e. Austari- og Vestari-Jökulsár í Skagafirði ásamt þverám þeirra.

Friðlýsingin taki til vatnasviðs ánna að meðtöldum þverám og skal hvers kyns röskun á náttúrulegum rennslisháttum ánna vera óheimil. Skal svæðið friðað og stjórnað til varðveislu landslags þess, náttúrufars og menningarminja ásamt því að það verði notað til útivistar, ferðaþjónustu og hefðbundins landbúnaðar. Sérstaklega skal hugað að því við undirbúning málsins hvernig friðlýsing vatnasvæðanna norðan Hofsjökuls geti tengst framtíðaráformum um Hofsjökulsþjóðgarð og fallið að stækkuðu friðlandi Þjórsárvera sunnan jökulsins.

Greinargerð.

Frá Hofsjökli renna árnar Austari- og Vestari-Jökulsár. Þegar þær koma saman kallast þær Héraðsvötn en þau eru meginvatnsfallið í Skagafirði. Koma jökulsárnar saman við bæinn Kelduland. Báðar árnar renna í gljúfrum og er gljúfur Austari-Jökulsár öllu hrikalegra en þeirrar vestari. Náttúrufegurð jökulsárgljúfranna er einstök, svo og gróður, landslag og náttúrufar á vatnasvæði ánna.

Hér er gert að tillögu að ríkisstjórnin leggi fyrir Alþingi frumvarp til laga þess efnis að árnar og vatnasvið þeirra verði friðlýst með lögum.

Með hliðsjón af flokkunarkerfi hinna alþjóðlegu náttúruverndarsamtaka IUCN er lagt til að svæðið geti fallið að V. friðlýsingarflokki. Nánari skilgreining þessa verndarstigs er á þessa leið: „Landsvæði, ásamt strönd eða sjó eftir því sem við á, þar sem samskipti manns og náttúru í gegnum tíðina hafa gert svæðið sérstætt, fagurfræðilega, vistfræðilega og/eða menningarlega, og gjarnan með mjög fjölbreyttu lífríki. Varðveisla þessara hefðbundnu samskipta í heild sinni er nauðsynleg fyrir verndun, viðhald og þróun slíks svæðis.“

Segja má að viðhorf þeirra sem vilja vernda vatnasvæði ánna speglist vel í ljóðlínum Stefáns Vagnssonar frá Hjaltastöðum (1889–1963) úr kvæðinu Blönduhlíð:

Meðan „Vötnin“ ólgandi að ósum sínum renna,
iðgrænn breiðist gróður um sléttur, hæð og laut,
geislar árdagssólar á bröttum tindum brenna,
blessun Drottins ríkulega falli þér í skaut.

Í ályktun félagsfundar Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í Skagafirði frá 8. júní 2005 segir:

„Héraðsvötnin og jökulárnar móta ásýnd og ímynd Skagafjarðar og eru undirstaða hins síkvika lífkerfis héraðsins allt frá jöklum til hafs. Tækifæri framtíðarinnar felast í að vernda þau og nýta óspjölluð í tengslum við fjölþætta útivist, veiði, ferðaþjónustu, landbúnað og aðra umhverfisvæna atvinnustarfsemi. Þýðing Vatnanna fyrir uppeldi fiskseiða, bæði fersk-

vatnsfiska og sjávarfiska er einnig ómetanleg. Félagsfundur VG í Skagafirði leggst því alfarið gegn öllum hugmyndum um virkjanir í Jökulsánum í Skagafirði.“

Ferðaþjónusta í Skagafirði er í örum vexti og hafa fljótasiglingar skapað svæðinu mikla sérstöðu.

Með þingsályktunartillögu þessari eru í fylgiskjölum ályktanir og sýnishorn af greinaskrifum Skagfirðinga sem undirstrika hug þeirra til svæðisins. Augu æ fleiri eru að opnast fyrir verðmæti ósnortinnar náttúru og ábyrgð okkar gagnvart komandi kynslóðum. Náttúran á sinn eigin sjálfstæða rétt. Við höfum hana að láni frá komandi kynslóðum. Jökulsárnar í Skagafirði eru mikilvægar fyrir lífkerfi héraðsins frá jöklum til sjávar. Vötnin hafa ekki aðeins mótað skagfirska náttúru heldur einnig skagfirska menningu og daglegt líf. Þau eru lífæð Skagafjarðar.

Í ljósi þessa er þingsályktunartillagan um friðun Austari- og Vestari-Jökulsár flutt.

Þetta mál var flutt í byrjun 133. löggjafarþings af þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs en komst ekki á dagskrá og er endurflutt, að mestu óbreytt.

Viðhorf heimamanna.

Rétt er að gera grein fyrir viðhorfum heimamanna til virkjunar Jökulvatnanna. Í grein í Morgunblaðinu eftir Sigurlaugu Kr. Konráðsdóttur (25. maí 2006) kemur fram að Skagfirðingar vilji ekki fórna ánum og vatnasvæðum þeirra í þágu virkjana og háspennulagna. Í greininni nefnir hún árnar „dýrustu perlur Skagafjarðar“. Ólafur Þ. Hallgrímsson, sóknarprestur á Mælifelli, ritar grein um önnur virkjunaráform við Skatastaði í sama blaði (20. maí 2006) og segir: „verði af virkjun við Skatastaði verður ásýnd dalsins stórlega spillt, m.a. nokkrar af fegurstu þverám hans eyðilagðar. Einnig munu siglingar á jökulánum leggjast af.“

Undir þessi orð taka flutningsmenn tillögu þessarar og leggja áherslu á að unnt er að samræma þetta tvennt, eflingu atvinnutækifæra og náttúru- og umhverfisvernd. Er þetta í samræmi við málefnaskrá Vinstri hreyfingarinnar en þar segir: „Nýting orkulindanna er mikilvæg og nauðsynleg en stóriðja og stórvirkjanir í þágu mengandi iðnaðar sem ganga á náttúruna eru andstæð sjálfbærri þróun. Ríkulegt tillit þarf að taka til umhverfis við áætlanir og ákvarðanir um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.“

Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Lífæð Skagafjarðar. Ingibjörg Jónsdóttir Kolka. (Morgunblaðið, 16. janúar 2005.)
II. Stöndum vörð um Jökulsárnar í Skagafirði. Áhugahópur um verndun Jökulsánna í Skagafirði. (6. september 2007.)
III. Virkjunum í Jökulsánum í Skagafirði hafnað. (Opinn fundur á Sauðárkróki, 25. september 2006.)
IV. Vinstri hreyfingin – grænt framboð, Skagafirði. Ályktun félagsfundar um verndun Jökulsánna. (8. júní 2005.)
V. Skatastaðavirkjun líka. (Morgunblaðið, 27. október 2004.)
VI. Dauðadómur yfir starfsemi okkar. (Morgunblaðið, 23. september 2004.)
VII. Vinstri hreyfingin – grænt framboð, Skagafirði. Ályktun gegn frekari stórvirkjunum og álbræðslum. (29. janúar 2006.)

VIII. Áskorun frá Náttúruverndarsamtökum Íslands. Náttúruverndarsamtök Íslands. (5. október 2006.)
IX. Ályktun frá Náttúruvaktinni vegna fyrirhugaðra virkjana Héraðsvatna í Skagafirði. Stjórn Náttúruvaktarinnar. (5. október 2006.)
X. Ólík sjónarmið. Sigríður Sigurðardóttir. (Feykir, 10. nóvember 2004.)
XI. Virkjum frekar mannauðinn. Valgeir Kárason. (Feykir, 3 40/2004.)
XII. Til varnar. Þórarinn Magnússon. (Feykir, 5 34/2004.)

60. Frumvarp til laga [60. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007.

Flm.: Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

1. gr.

42. gr. laganna orðast svo:

Fyrir almenna tannlæknaþjónustu greiðir Tryggingastofnun ríkisins samkvæmt samningum, sbr. 44. gr. Takist ekki samningar skv. 44. gr. er ráðherra heimilt að setja gjaldskrá. Gjaldskráin gildir bæði um tannlækningar sem starfræktar eru á vegum hins opinbera og annarra.

Greiðslur sjúkratrygginga skv. 1. mgr. skulu vera sem hér segir:

a. Fyrir almennar tannlækningar barna og ungmenna, 20 ára og yngri, 100% kostnaðar.
b. Fyrir elli- og örorkulífeyrisþega, sem njóta tekjutryggingar, 100% kostnaðar.
c. Fyrir elli- og örorkulífeyrisþega, sem njóta ekki tekjutryggingar, 75% kostnaðar. Fyrir gullfyllingar, krónur, brýr og tannplanta gilda sérstakar reglur sem ráðherra setur. Heimilt er að hækka greiðslur fyrir þessa bótaþega í allt að 100% eftir reglum sem ráðherra setur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 131., 132. og 133. löggjafarþingi og er nú endurflutt lítið breytt. Á 131. löggjafarþingi var gerð breyting á þágildandi 37. gr. laga um almannatryggingar um greiðslur sjúkratrygginga fyrir tannlæknaþjónustu og fagna flutningsmenn auknum réttindum sem leiddi af þeirri breytingu. Flutningsmenn telja hins vegar brýnt og eðlilegt að hlutfall greiðsluþátttöku sjúkratrygginga komi fram í lögum en ekki í reglugerð eins og fyrirkomulagið er nú.

Á 133. löggjafarþingi var frumvarpið sent til umsagnar og bárust umsagnir frá ríkisskattstjóra, Tryggingastofnun ríkisins, Alþýðusambandi Íslands, Miðstöð heilsuverndar barna, Lýðheilsustöð, Öldrunarráði Íslands og tannlæknadeild Háskóla Íslands. Voru umsagnirnar almennt mjög jákvæðar.

Í frumvarpinu er lagt til að Tryggingastofnun ríkisins (TR) greiði fyrir almennar tannlækningar barna og ungmenna 20 ára og yngri, svo og fyrir almennar tannlækningar elli- og

örorkulífeyrisþega. Flutningsmenn leggja áherslu á að kveðið verði á um form reikninga fyrir tannlæknaþjónustu í samningum við tannlækna eða gjaldskrá. Þá er í frumvarpinu lögð til sú breyting á 1. mgr. 42. gr. laga um almannatryggingar að felld verði niður tilvísun í hugtakið tannréttingar. Í stað þess verði vísað til almennra tannlækninga, en það hugtak skýrir sig að nokkru leyti sjálft. Hér er um að ræða forvarnir, almennar viðgerðir og tannréttingar aðrar en þær sem gerðar eru með föstum tækjum en um slíkar tannréttingar, svo og gullfyllingar, krónu- og brúargerð, gilda reglur sem vísað er til í 38. gr. almannatryggingalaga og eiga aðallega við um börn og unglinga.

Verði frumvarp þetta að lögum felur það í sér að sjúkratryggingar munu greiða að fullu tannlækningar, þ.m.t. tannréttingar með lausum tækjum, ungmenna á aldrinum 18–20 ára sem nú greiða slíka þjónustu sjálf, að fullu tannlækningar barna 0–17 ára í stað 75% af gjaldskrá ráðherra eins og nú er, að fullu tannréttingar með lausum tækjum fyrir börn 0–17 ára sem nú eru ekki greiddar, að fullu tannlækningar lífeyrisþega sem fá greidda tekjutryggingu, í stað 75% af gjaldskrá ráðherra eins og nú er, 75% af gjaldskrá ráðherra fyrir tannlækningar lífeyrisþega sem ekki fá greidda tekjutryggingu, í stað 50% af gjaldskrá ráðherra eins og nú er. Með vísan til fyrrgreinds er ljóst að frumvarp þetta er til þess fallið að stuðla að verulega bættu tannheilbrigði barna og ungmenna sem og elli- og örorkulífeyrisþega. Með þessu móti er leitast við að tryggja aðgengi að tannlækningum óháð efnahag og félagslegum aðstæðum. Er þetta mikilvægt, ekki síst í ljósi nýlegra rannsókna sem sýna að tannheilsa barna og ungmenna hér á landi virðist hætt að batna.

Eins og staðan er nú miðast endurgreiðsla Tryggingastofnunar ríkisins við opinbera gjaldskrá heilbrigðisráðherra en gjaldskrá starfandi tannlækna er frjáls. Einstaklingar þurfa að greiða að fullu þann mismun sem getur verið á gjaldskrá tannlæknis og gjaldskrá ráðherra. Almennt eru gjaldskrár tannlækna umtalsvert hærri en gjaldskrá ráðherra sem Tryggingastofnun ber að greiða eftir enda hefur gjaldskrá ráðherra ekki verið hækkuð síðan í nóvember 2004. Flutningsmenn vekja athygli á mikilvægi þess að gjaldskrá ráðherra sé uppfærð í samræmi við verðlagsþróun hér á landi svo ekki myndist djúp gjá milli gjaldskrár ráðherra annars vegar og gjaldskrár einstakra tannlækna hins vegar.

Flutningsmenn hafa áður lagt fram frumvörp um þátttöku Tryggingastofnunar ríkisins í kostnaði við tannlækningar. Frumvarpið byggist á frumvarpi sem flutt var af Ögmundi Jónassyni o.fl. á 122., 123. og 125. löggjafarþingi og vísað var til heilbrigðis- og tryggingaefndar án þess að hljóta þar afgreiðslu. Frá því að fyrri frumvörp voru lögð fram hefur greiðsluþátttaka Tryggingastofnunar aukist og er það vissulega framfaraskref.

Á 130. löggjafarþingi lögðu flutningsmenn þessa frumvarps fram tillögu til þingsályktunar um tannvernd barna og unglinga. Í henni var lagt til að tannvernd barna og unglinga til 18 ára aldurs yrði efld og sérstök tannvernd ákveðinna aldurshópa yrði hluti ungbarnaverndar og skólaheilsugæslu. Lagt var til að greiðsluþátttaka Tryggingastofnunar ríkisins fyrir almennar tannlækningar barna og unglinga að 18 ára aldri yrði 90%. Þingsályktunartillögunni var vísað til umfjöllunar í heilbrigðis- og tryggingaefnd og voru umsagnir sem bárust um hana í heild jákvæðar. Í þeim kom fram að nauðsynlegt væri að bæta tannheilbrigðiskerfið og auka greiðsluþátttöku Tryggingastofnunar en hins vegar þótti sú skipan sem tillagan gerði ráð fyrir nokkuð flókin í framkvæmd. Með hliðsjón af þeirri athugasemd er hér lögð til einfaldari útfærsla og að Tryggingastofnun greiði að fullu kostnað af almennum tannlækningum fyrir 20 ára og yngri.

Tannheilbrigði barna og unglinga.

Árið 1986 voru skemmdar, tapaðar eða viðgerðar fullorðinstennur (DMF) hjá 12 ára börnum að meðaltali 6,6, þeim fækkaði í 3,4 árið 1991 og voru komnar niður í 1,5 árið 1996. Helstu ástæður þessa árangurs eru taldar vera bætt efnahagsleg staða fólks, góð tannlæknaþjónusta, notkun flúortannkrems, flúormeðferð, bætt munnhirða og hugarfarsbreyting almennings í tannheilsumálum.

Árið 1986 var hlutfall 12 ára barna án tannskemmda 3,6% en árið 1996 hafði þetta hlutfall hækkað í 47,5%. Margir hafa því talið að tannheilbrigði barna og unglinga færi stöðugt batnandi, en að mati sumra tannlækna hefur ástandið breyst til hins verra á undanförnum árum, bæði hvað varðar tannskemmdir og glerungseyðingu. Ástæður þessa eru óljósar en dregið hefur úr markvissum forvarnaaðgerðum heilbrigðisyfirvalda auk þess sem það er staðreynd að greiðsluþátttaka TR í tannvernd og tannviðgerðum barna og unglinga hefur ekki fylgt verðlagsþróun. Þetta kom m.a. fram á málþingi um tannheilsu barna sem haldið var á Grand hóteli í Reykjavík 27. mars 2004.

Í nýlegri rannsókn á munnheilsu barna á Íslandi (MUNNÍS-rannsókn), en niðurstöður þeirrar rannsóknar voru kynntar 31. janúar 2007, kemur fram að tíðni tannskemmda hjá börnum og unglingum hér á landi virðist hætt að lækka. Rannsóknin leiddi einnig í ljós að í norrænum samanburði væru 12 ára íslensk börn að meðaltali með tvöfalt fleiri skemmdar tennur en samanburðarhópar í Svíþjóð og er staðan hér á landi verri en á öllum hinum Norðurlöndunum.

Tannheilbrigði aldraða.

Í nýlegri skýrslu eru birtar niðurstöður fjórða áfanga könnunar á breytingum á tannheilsu Íslendinga 1985–2000 en hún nær til landsmanna 65 ára og eldri. Að gerð skýrslunnar stóðu Guðjón Axelsson, Tannlækningastofnun Háskóla Íslands og Sigrún Helgadóttir. Þær umfangsmiklu upplýsingar sem aflað hefur verið um tannheilsu Íslendinga undirstrika mikilvægi þess að slíkum rannsóknum verði haldið áfram með reglulegu millibili í framtíðinni. Nauðsynlegt er að meta reglulega árangur af starfinu sem unnið er á þessu sviði heilsugæslu og greina í tíma breytingar sem verða á tannheilsu landsmanna þannig að bregðast megi við þeim. Í skýrslunni kemur fram að hlutfall þeirra sem eru tannlausir fer stöðugt lækkandi. Af þeim sem svöruðu voru 54,6% tannlausir í báðum gómum eða 17.599 manns og hafði fækkað um 22,4 prósentustig frá 1985.

Mjög sterk tengsl voru á milli tannleysis og aldurs, kynferðis, menntunar, tíma frá síðustu tannlæknisheimsókn og tíðni tannlæknisheimsókna. Einnig komu fram nokkuð sterk tengsl milli búsetu og tannleysis. Í könnunni kom einnig fram að marktækur kynbundinn munur var á tannleysi, þar er algengara meðal kvenna (64,4 %) en meðal karla (44,3%).

Markmið könnunarinnar var að afla upplýsinga um fjölda eigin tanna, á hvaða aldri fólk varð tannlaust, tíðni heilgóma og parta, þrif, aldur og notkunarvenjur heilgóma, tannhirðu, notkun flúortannkrems, notkun tannlæknisþjónustu og hvort fólk var ánægt með þá tannlæknisþjónustu sem það hefur fengið sl. 10 ár. Þá voru könnuð áhrif kynferðis, búsetu, búsetu mestan hluta ævinnar, hjúskaparstöðu, menntunar, starf, starfs maka, starfs föður og starfs móður á niðurstöður. Kannað var hvort og hvaða breytingar hefðu orðið á tannheilsu Íslendinga 65 ára og eldri frá 1985, 1990 og 1995 og hvort tekist hefði að ná alheimsmarkmiðum Alþjóðasamtaka tannlækna (FDI) og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) fyrir árið 2000 fyrir þennan aldurshóp.

Samkvæmt markmiðum þessara stofnana skyldi tíðni tannleysis hjá þeim sem voru 65 ára og eldri árið 2000 hafa minnkað um 25% frá því sem hún var árið 1980 og enn fremur skyldu yfir 50% tenntra einstaklinga hafa minnst 20 tennur í biti. Ekki er vitað hve margir Íslendingar 65 ára og eldri voru tannlausir árið 1980, en sé gert ráð fyrir að hlutfall tannlausra hafi lækkað álíka hratt á árunum 1980–1985 og frá 1985 til 1990 þá hefur hlutfall tannlausra verið rúmlega 80% árið 1980. Hlutfall tannlausra ætti þá að vera nálægt 60% árið 2000. Þetta markmið hefur því náðst á Íslandi.

Í skýrslunni kemur einnig fram að um síðustu aldamót voru 37,5% tenntra Íslendinga 65 ára og eldri með 10 eða fleiri tennur í hvorum gómi og að sýnt hafi verið fram á að í flestum tilfellum eru þeir sem segjast vera með 10 eða fleiri tennur í hvorum gómi með 20 eða fleiri tennur í biti. Það sé því ljóst að ekki hafi tekist að ná því markmiði að 50% tenntra Íslendinga 65 ára og eldri hefðu minnst 20 tennur í biti árið 2000.

Íslensk heilbrigðisáætlun til ársins 2010 tekur mið af markmiðum WHO og FDI. Í þeirri áætlun kemur fram að mikilvægustu verkefni næstu ára hvað aldraða varðar er að vinna að því að fullorðnir hafi a.m.k. 20 tennur í biti, draga úr tannleysi aldraðra og tryggja aðgengi allra þjóðfélagshópa að tannlækningum. Enn fremur verði að koma betra skipulagi á til þess að fylgjast með tannheilsu þjóðarinnar.

Tannheilsa aldraðra hefur batnað og fólk er betur meðvitað um tannheilsu og útlit. Betra aðgengi að tannheilbrigðisþjónustu og bættur fjárhagur fjölmargra aldraðra hefur haft afgerandi áhrif. Ný vandamál í munnholi koma upp með hækkandi meðalaldri þjóðarinnar og í staðinn fyrir tannskemmdir er tanneyðing orðin töluvert vandamál. Sjúkdómar í tannholdi fylgja hækkandi aldri og breyttum lífsstíl.

Tanndráttur og falskar tennur var viðurkennd meðferð við lélegri tannheilsu fram á seinni hluta síðustu aldar en ætti að heyra fortíðinni til þegar hægt er að byggja upp bit með öðrum hætti. Tannlæknisfræðin þróast hratt með nýrri tækni og efnum svo möguleikar skapast til að stuðla að betra tann- og tannholdsheilbrigði, betra biti og minna tannleysi. Í dag vilja flestir halda tönnum sínum og bæta tannleysi með öðrum ráðum en að láta rífa tennur fyrir heilgóma. Það er því miður of algeng lausn, þar sem hún er í mörgum tilfellum ódýrust fyrir aldraða einstaklinga.

Breytt aldursmörk og endurgreiðsluhlutfall.

Í fyrri frumvörpum var gert ráð fyrir að þeir sem væru 18 ára og yngri greiddu einvörðungu 10% af tannlækniskostnaði en brýnt væri að endurmeta með tilliti til eftirlitsþáttarins hvenær rétt væri að endurgreiða kostnaðinn að fullu. Í fyrri frumvörpum kom einnig fram að æskilegt væri að auka greiðsluþátttöku TR í áföngum og stefna að hækkun aldursmarka í 20 ár, þ.e. að setja svipuð aldursmörk og best gerist á Norðurlöndum að þessu leyti. Með frumvarpinu er fallið frá þessum aðlögunartíma og gert ráð fyrir 100% greiðsluhlutfalli hins opinbera í tannheilbrigðisþjónustu landsmanna 20 ára og yngri og ellilífeyrisþega sem njóta tekjutryggingar.

Flutningsmenn telja að miðað við stöðu þessara mála nú þurfi verulegt átak til að koma tann- og munnholsheilsu barna og ungmenna í betra horf. Greiðsluþátttaka TR vegur þyngst ef veita á börnum og unglingum tannheilbrigðisþjónustu óháð efnahag foreldra. Í könnun á hlutfalli barna sem ekki skila sér í eftirlit til tannlækna á Íslandi sem birt var í 1. tbl. Tannlæknablaðsins 2002 kom fram að börnum sem engrar tannlækningaþjónustu njóta hefur fjölgað. Í rannsókninni var ekki hægt að greina hvaða hópur barna það er sem ekki skilar sér en talið er líklegt að þau börn sem tilheyra þeim hópi þjóðfélagsins sem illa er staddur bæði

fjárhagslega og félagslega tilheyri einnig þessum hópi. Tannheilbrigðisþjónusta aldraðra og öryrkja fellur undir það sama, faglegt mat á viðhaldi bits og tanna á ekki að vera háð efnahag hvers og eins.

Dregið úr jaðaráhrifum á elli- og örorkulífeyrisþega.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að draga úr kostnaði elli- og örorkulífeyrisþega við tannlækningar en þess eru mörg dæmi að efnalítið fullorðið fólk og öryrkjar hafi ekki getað leitað sér lækninga af fjárhagsástæðum. Með þeim breytingum sem hér eru lagðar til yrði dregið verulega úr jaðaráhrifum innan almannatryggingakerfisins á elli- og örorkulífeyrisþega.

Greiðsluhlutdeild hins opinbera.

Greiðsluhlutdeild hins opinbera í tannlækniskostnaði hefur tekið miklum breytingum á undanförnum áratugum. Árið 1974 hófust greiðslur TR til tannlækna. Á áttunda og níunda áratugnum var kostnaðarhlutdeild Tryggingastofnunar í útgjöldum heimilanna aukin jafnt og þétt á meðan samningur tannlækna og TR var í gildi en eftir það hefur kostnaðarhlutdeild barna, aldraðra og öryrkja verið aukin.

Á árunum 1992–1993 var framlag Tryggingastofnunar við tannlækniskostnað elli- og örorkulífeyrisþega sem nutu óskertrar tekjutryggingar lækkað úr 100% í 75% og hlutur þeirra sem bjuggu við skerta tekjutryggingu lækkaður í 50%. Aðrir elli- og örorkulífeyrisþegar sem höfðu fengið greidd 50% af tannlækniskostnaði sínum fengu nú engan stuðning. Fleiri ráðstafanir voru gerðar í skerðingarátt, einkum á sviði tannréttinga en á síðustu árum hefur greiðsluþátttaka TR verið aukin aftur og má þar m.a. nefna eftirfarandi: Viðmiðunaraldursmörk hafa verið hækkuð í 18 ár. Elli- og örorkulífeyrisþegar sem njóta ekki tekjutryggingar fá nú aftur 50% af kostnaði samkvæmt gjaldskrá ráðherra. Elli- og örorkulífeyrisþegar sem njóta tekjutryggingar fá nú greidd 75% af tannlækniskostnaði samkvæmt gjaldskrá ráðherra en fengu áður 50%. Elli- og örorkulífeyrisþegar sem eru langsjúkir fá nú 100% endurgreiðslu af gjaldskrá ráðherra en fengu 75% áður. Þá fá börn í umönnunarflokki 3 nú 90% af kostnaði samkvæmt gjaldskrá ráðherra, eins og börn í flokkum 1 og 2, en fengu áður 75%.

Það að ekki skuli vera í gildi samningur um fasta gjaldskrá milli tannlækna og TR skerðir verulega hlut þeirra sem eiga rétt á greiðsluþátttöku stofnunarinnar. Samningur sem gerður var 1992 milli tannlækna og TR gilti til 1998, en þá náðist ekki samkomulag milli samningsaðila um gerð nýs samnings. Núgildandi gjaldskrá ráðherra byggist á samningnum sem gilti til 1998 og hefur ekki breyst í takt við verðlagsþróun og skekkir því greiðsluþátttöku TR verulega. Börn og unglingar sem nú eiga rétt á 75% endurgreiðslu TR fá í raun ekki nema 50% af þessum sökum þar sem greiðsluþátttaka TR miðast við fasta gjaldskrá ráðherra, en verðskrá tannlækna er frjáls og hefur hækkað umtalsvert umfram hækkun gjaldskrárinnar 2004.

Athyglisvert er að skoða kostnaðarskiptingu Tryggingastofnunar og sjúklinga og breytingar á henni á liðnum árum. Þar kemur fram að þegar dregið var úr stuðningi hins opinbera á árunum 1992–93 jókst greiðslubyrði heimilanna að sama skapi eða úr 62% af heildarútgjöldum í 75%, sbr. skýrslu Hagsýslu ríkisins, Tannlækningar, skipulag og stjórnsýsla, sem gefin var út í júlí 1997. Árið 1996 var kostnaðarhlutdeild ríkisins 856 millj. kr., þar af 620,8 millj. kr. vegna 37. gr. laga nr. 117/1993, en útgjöld heimilanna voru 2.412 millj. kr. Ljóst er að þessar breytingar höfðu það jafnframt í för með sér að samanlögð útgjöld heimila og ríkisins vegna tannlæknaþjónustu drógust saman. Þar sem hvorki var um það að ræða að verð á tann-

lækningum hefði lækkað né að tannheilsan hefði batnað má draga þá ályktun að þessar breytingar hafi haft það í för með sér að fólk veigri sér við því að leita lækninga eða fyrirbyggjandi ráðstafana, enda staðhæfir fólk að svo sé, samkvæmt skýrslu landlæknis sem vísað var til að framan. Forsenda þess að draga úr útgjöldum heimilanna vegna tannlæknaþjónustu sjúkratryggðra er að í gildi sé gjaldskrársamningur tannlækna og TR vegna sjúkratryggðra og greiðsluþátttaka hins opinbera verði aukin.

Í skýrslu landlæknisembættisins, Heilbrigðisþjónustan, árangur og skipulag í nútíð og framtíð, sem gefin var út í apríl 1997, er varað við þjónustugjöldum og hækkun gjalda í heilbrigðisþjónustunni þar sem í ljós hafi komið að meðal barnafólks með lægstar ráðstöfunartekjur á mánuði sé allstór hópur sem hefur frestað eða hætt við að leita læknismeðferðar og taka út lyf vegna fjárskorts. Í skýrslunni kemur fram að ekki virðast færri fara í aðgerðir á læknastofum en mun færri fara í meðferð hjá tannlækni og reyndar hefur borið á því áður. Flest bendir til þess að rekja megi þetta ástand til hækkandi þjónustugjalda á undanförnum árum. Í það minnsta eru þjónustugjöldin of há fyrir þá lægst launuðu. Hér hefur orðið grundvallarbreyting því að fyrri rannsóknir hafa ekki bent til misræmis í aðgengi fólks eftir stéttum og efnum.

Vissulega ber að fagna mikilvægum úrbótum sem gerðar hafa verið. Þær úrbætur eru þó ekki nægar og jafna ekki stöðu þeirra hópa sem hér hafa verið nefndir, t.d. ef borið er saman við þær reglur sem gilda um tannheilbrigðisþjónustu nágrannaþjóðanna.

Opinber stefna.

Í íslenskri heilbrigðisáætlun til ársins 2010 er bættri tannheilsu barna og unglinga skipað á bekk með forgangsverkefnum. Stefnt er m.a. að því að 12 ára börn hafi að meðaltali minna en eina skemmda, tapaða eða viðgerða fullorðinstönn fyrir árið 2010. Tannheilsa íslenskra barna hefur lítið verið rannsökuð á síðustu árum en miðað við þau gögn sem til eru, er talið að hjá 12 ára börnum sé þetta hlutfall u.þ.b. 1,5.

Ljóst er að auk kostnaðar hafa margir aðrir þættir áhrif á tannheilbrigði. Má þar nefna breytt mataræði, svo sem aukna neyslu gosdrykkja, tannhirðu og erfðir.

Til að halda útgjöldum við tannlækningar niðri er því mikilvægt að halda uppi stöðugri fræðslu, efla tannheilsugæslu og virkja þátt ábyrgðartannlækna svo nokkur dæmi séu nefnd. Það er mikilvægt að sátt náist um opinbera stefnu í tannheilbrigðisþjónustu svo að áherslan beinist að þeim hópum sem mest þurfa á því að halda. Komið hefur fram það sjónarmið að breyta megi áherslum og forvörnum í tannheilsuvernd barna og unglinga og leggja meiri áherslu á ákveðna áhættuhópa, en draga jafnframt úr forvarnaaðgerðum meðal barna og unglinga sem hafa góða tannhirðu og heilbrigðar tennur.

Áætlaður kostnaður.

Erfitt er að áætla nákvæmlega kostnað við breytingarnar en þegar kostnaður við þær er metinn ber að hafa í huga hinn mikla fjárhagslega ávinning sem hlytist af því að bæta tannheilsu þjóðarinnar. Bætt tannheilsa og betri vitund ungs fólks um mikilvægi þess að vernda tennurnar mundi stórlega draga úr tilkostnaði þjóðarinnar við tannlækningar þegar fram líða stundir. Miðað við núverandi gjaldskrá má ætla að heildarkostnaðaraukinn vegna þeirra breytinga sem frumvarp þetta mælir fyrir um yrði um 754 millj. kr. ef gengið yrði út frá þeim forsendum sem fram koma í fylgiskjali I. Hins vegar ber að geta þess að gjaldskráin hefur ekki hækkað í takt við verðlagsbreytingar svo að gera verður ráð fyrir sérstakri hækkun af þeim sökum umfram þessa fjárhæð. Ef miðað yrði við að gjaldskráin hækkaði um 30% í

samræmi við verðlagsbreytingar má ætla að heildarkostnaðaraukinn yrði 1.272 millj. kr. miðað við þær forsendur sem fram koma í fylgiskjali I.

Fylgiskjal I.

Reynir Jónsson tryggingatannlæknir:

Áætlaður kostnaður sem leiðir af frumvarpinu.

		m.kr. nú	**m.v. frv.**	**með 30% hækkun**
Börn	0–17 ára	514	754	980
	18–20 ára	0	162	211
	Forréttingar	0	50	65
ELTE		198	330	429
ORTE		148	247	321
ELLI		55	103	134
ORLI		13	24	32
Annað		46	58	75
	Samtals:	**974**	**1.728**	**2.246**
	Hækkun:		**754**	**1.272**

Forsendur:

1. Breytingin verði til þess að 10% fleiri börn leiti til tannlækna en nú er.
2. Í hverjum árgangi 18–20 ára séu 4.000 einstaklingar og að 90% þeirra leiti til tannlæknis.
3. Kostnaður við hvern einstakling, 18–20 ára, verði 15.000 kr./ári.
4. Forréttingar kosti 50 m.kr./ári.
5. Breytingin leiði til þess að fleiri lífeyrisþegar leiti til tannlækna og hver þiggi meiri meðferð, samtals aukning um 25%.
6. Sömu áhrif verði á aðra hópa, hér að ofan fært undir annað, svo sem börn með umönnunarbætur og fólk á sambýlum, sem nú fá 100%.
7. Hækka þarf gjaldskrá ráðherra, frá 2004, um a.m.k. 30%

Skýringar:

ELTE	Ellilífeyrisþegar með tekjutryggingu
ORTE	Örorkulífeyrisþegar með tekjutryggingu
ELLI	Ellilífeyrisþegar án tekjutryggingar
ORLI	Örorkulífeyrisþegar án tekjutryggingar

Með frumvarpinu voru einnig eftirfarandi fylgiskjöl:
II. Heimtur barna til tannlækna. Helga Ágústsdóttir, Hólmfríður Guðmundsdóttir, Reynir Jónsson. (Tannlæknablaðið 2002, 1. tbl., bls. 48–49.)
III. Úr heilbrigðisáætlun til ársins 2010. (Nóvember 2000.)

61. Tillaga til þingsályktunar [61. mál]

um aðgerðir til að bæta skil á fjármagnstekjuskatti.

Flm.: Ögmundur Jónasson, Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa setningu laga sem kveði á um að bönkum og fjármálastofnunum á Íslandi verði skylt að láta skattyfirvöldum í té upplýsingar um fjármagnseign og fjármagnstekjur skattgreiðenda. Frumvarp þess efnis verði lagt fram á þessu löggjafarþingi með það að markmiði að lög þessa efnis geti tekið gildi 1. maí 2008.

Greinargerð.

Mál þetta var fyrst flutt á 131. löggjafarþingi en ekki tókst að ljúka afgreiðslu þess. Enn var málið flutt á 132. og 133. löggjafarþingi en ekki tókst að ljúka afgreiðslu þá heldur.

Réttlát skattheimta grundvallast á því að skattgreiðendur telji tekjur sínar rétt fram og að skattyfirvöld hafi nauðsynlegar upplýsingar til að sinna virku og eðlilegu skatteftirliti. Hér á landi hafa skattyfirvöld yfirleitt greiðan aðgang að upplýsingum um launatekjur, fasteignir og fasteignaviðskipti, ökutækjaeign og ýmis lánaviðskipti alls almennings. Þegar hins vegar kemur að fjármagnstekjum er allt annað uppi á teningnum. Bankar og fjármálastofnanir á Íslandi hafa tregðast við að veita skattyfirvöldum upplýsingar um fjármagnstekjur skattgreiðenda og þrátt fyrir ítrekaðar óskir ríkisskattstjóraembættisins á síðasta ári hafa flest fyrirtækin látið það algerlega undir höfuð leggjast.

Fram hefur komið að Ísland sker sig úr á Norðurlöndum að þessu leyti og er í miklum minni hluta innan OECD þar sem yfirvöld í 20 ríkjum af 30 fá umræddar upplýsingar sjálfkrafa frá bönkum og öðrum fjármálastofnunum. Skattyfirvöld nota slíkar upplýsingar bæði við skatteftirlit og við forskráningu skattframtals. Í viðtali við Indriða H. Þorláksson ríkisskattstjóra í Morgunblaðinu 6. mars 2005 kom fram að slík skil hefðu aukist um 20% í Svíþjóð í kjölfar lagasetningar um upplýsingaskyldu fjármálafyrirtækja. Samkvæmt upplýsingum frá ríkisskattstjóraembættinu má ætla að skattskil vegna fjármagnstekna mundu einnig aukast um nálega fimmtung ef sama verklag væri viðhaft hér á landi. Í skýrslu starfshóps um umfang skattsvika á Íslandi (þskj. 664, 442. mál 131. löggjafarþings) kemur fram sú skoðun að tímabært sé að leiða í lög afdráttarlaus ákvæði um skyldu banka og fjármálastofnana til að láta skattyfirvöldum í té allar upplýsingar þeirra um eignir og tekjur viðskiptavina bankans og þeirra sem þeir annast einhvers konar fjársýslu fyrir.

Í 1. tölublaði 19. árgangs Tíundar, fréttablaði ríkisskattstjóra, kemur fram, í grein sem ber heitið Forskráning upplýsinga og skatteftirlit eftir Jóhannes H. Karlsson, að hluti íslenskra

banka og annarra fjármálastofnana, 14 talsins, hafi látið ríkisskattstjóra í té upplýsingar um heildarviðskipti sín við einstaklinga árið 2003. Þessar upplýsingar voru bornar saman við upplýsingar í gagnasöfnum ríkisskattstjóra. Samanburðurinn leiddi í ljós að fjármálastofnanirnar 14 keyptu hlutabréf fyrir 24 milljarða kr. í eigin nafni af einstaklingum. Þegar litið er til uppgefins kaupverðs hinna 14 fjármálastofnana á hlutabréfum frá einstaklingum annars vegar og framtalins söluverðs einstaklinga vegna sölu til sömu fjármálastofnana kemur í ljós að kaup fjármálastofnana námu um 24 milljörðum kr. en framtalin sala einstaklinga við þessar sömu fjármálastofnanir nemur um 19 milljörðum kr. Lítur því út fyrir að 5 milljarða kr. vanti upp á að einstaklingar telji sölutekjur af hlutabréfum rétt fram. Í greininni er einnig bent á að mun færri telji sig eiga hlutabréfaviðskipti við fjármálastofnanirnar en þær sjálfar telja, eða 11 þúsund einstaklingar á móti tæplega 17 þúsundum sem er fjöldinn sem fjármálastofnanirnar gefa upp. Er það niðurstaða greinarhöfundar að verulega vanti upp á að söluhagnaður af hlutabréfum sé talinn fram. Með hliðsjón af framangreindu og því að framtalið heildarsöluverð hlutabréfa einstaklinga var um 58 milljarðar kr. reiknast honum til að vanframtalið söluverð kunni að vera um 15 milljarðar kr. Á grundvelli þess að samkvæmt framtölum er stofnverð hlutabréfa að jafnaði um 55% söluverðs en söluhagnaður um 45% reiknast honum til að undandreginn skattstofn gæti verið nærri 7 milljörðum kr. Skatthlutfall fjármagnstekna er 10% hér á landi og því bendir allt til þess að 700 millj. kr. sé skotið undan fjármagnstekjuskatti á ári hverju.

Auðveldlega má koma í veg fyrir þess háttar skattsvik með einfaldri lagasetningu eins og hér er lagt til að Alþingi feli ríkisstjórninni að undirbúa.

62. Tillaga til þingsályktunar [62. mál]

um Loftslagsráð.

Flm.: Kolbrún Halldórsdóttir, Álfheiður Ingadóttir, Atli Gíslason,
Árni Þór Sigurðsson, Jón Bjarnason, Katrín Jakobsdóttir,
Steingrímur J. Sigfússon, Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að setja á fót Loftslagsráð sem hafi eftirtalin verkefni:

a. að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda og annarra efna sem haft geta skaðleg áhrif á andrúmsloft og loftslagsþróun,
b. að meta líkleg áhrif loftslagsbreytinga á þjóðarhag og þjóðaröryggi,
c. að vera til ráðgjafar um rannsóknaþörf og viðbrögð á sviðum sem mestu varða, m.a. um mannvirkjagerð, skipulag byggðar, samgöngur, atvinnuhætti og þróun lífríkis,
d. að miðla fræðslu og rækja alþjóðatengsl sem orðið geti viðfangsefnum ráðsins til framdráttar,
e. að beina að eigin frumkvæði tilmælum til opinberra aðila og annarra eftir því sem tilefni þykja til.

Í Loftslagsráði eigi sæti, samkvæmt tilnefningu, fulltrúar þingflokka á Alþingi, Sambands íslenskra sveitarfélaga, ráðuneyta, opinberra stofnana, samtaka á vinnumarkaði og umhverfis-

verndar- og neytendasamtaka. Umhverfisráðherra skipi formann ráðsins og veiti því nauðsynlega aðstöðu. Kostnaður við störf ráðsins greiðist úr ríkissjóði.

Eigi sjaldnar en annað hvert ár skili Loftslagsráð skýrslu um störf sín sem verði kynnt Alþingi.

Skipan og starfshættir Loftslagsráðs skulu endurmetin ekki síðar en að fimm árum liðnum.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var áður lögð fram á 133. löggjafarþingi (256. mál).

Brýnasta verkefni alþjóðasamfélagsins.

Loftslagsbreytingar af mannavöldum vegna mengunar lofthjúpsins með gróðurhúsalofttegundum eru nú af flestum taldar staðreynd og brýnasta viðfangsefni alþjóðasamfélagsins í umhverfismálum. Um það vitna aðgerðir á vegum Sameinuðu þjóðanna undanfarinn hálfan annan áratug og ákall fjölmargra vísindamanna, stjórnmálamanna, þjóðhöfðingja og forráðamanna í atvinnurekstri að undanförnu. Orsökin er að miklu leyti brennsla jarðefnaeldsneytis, en ýmsir iðnaðarferlar og gróðureyðing leggjast á sömu sveif. Hækkun meðalhita á jörðinni sem rakin er til losunar koldíoxíðs og annarra gróðurhúsalofttegunda nam á síðustu öld að meðaltali um 0,7°C en nokkru meira, eða 0,95°C, í Evrópu. Þessi hækkun hitastigs er þegar farin að hafa veruleg áhrif sem m.a. koma fram í fjölgun fellibylja og auknum styrk þeirra, hitabylgjum og þurrkum, stækkandi eyðimörkum, uppskerubresti og margháttuðum breytingum á vistkerfum. Einna örastar virðast breytingarnar á norðlægum slóðum. Takist ekki með samræmdum aðgerðum ríkja heims að koma mengun lofthjúpsins niður fyrir hættumörk verða það náttúruöflin sem taka í taumana með ófyrisjáanlegum og sársaukafullum hætti.

Draga þarf úr heildarlosun um nær 100%.

Mælanleg hækkun sjávarborðs vegna bráðnunar jökla er þegar staðreynd og forboði annars og meira. Fari svo að Grænlandsjökull bráðni hefði það um 5 m hækkun sjávarborðs í för með sér. Evrópusambandið hefur skilgreint 2°C hækkun meðalhita frá upphafi iðnbyltingar sem augljós hættumörk. Eigi að takast að verjast stórfelldum ófarnaði sem leitt gæti til hruns samfélaga og siðmenningar þarf að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á 21. öldinni um allt að 100% frá því sem nú er. Lofthjúpurinn er sameign mannkyns og eðlilegt að jafnræði ríki um nýtingu hans (sjá fskj. II). Á vettvangi loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna er samkomulag um að iðnríkin gangi á undan í aðgerðum til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda en þróunarríki fái enn um skeið nokkurt svigrúm til aukningar. Þetta endurspeglast m.a. í Kyoto-bókuninni frá 1997 sem tók loks gildi árið 2005. Utan við bókunina standa iðnríki eins og Bandaríkin og Ástralía og hefur afstaða stjórnvalda þessara ríkja verið gagnrýnd harðlega. Fyrr en seinna þurfa einnig þróunarríkin að taka á sig skuldbindingar um að hamla gegn losun. Í því sambandi munar eðlilega mest um fjölmennustu ríkin, Kína og Indland. Ör fjölgun jarðarbúa, sem gert er ráð fyrir að verði 9 milljarðar talsins upp úr 2040, veldur því að torveldara mun reynast en ella að ná tökum á nauðsynlegum samdrætti í mengun andrúmsloftsins.

Tillagan um Loftslagsráð.

Íslendingar hafa eins og aðrar þjóðir til mikils að vinna að náð verði tökum á loftslagsbreytingunum. Hugsanleg afleiðing hlýnunar á veraldarvísu er að breyting verði á hafstraumum sem leitt gæti til kólnunar við norðanvert Atlantshaf. Í Kyoto-ferlinu fengum við sérmeð-

höndlun eins og síðar er vikið að en stjórnvöld sem aðrir hafa fram að þessu ekki tekið loftslagsmálin þeim tökum sem vera ber. Víða erlendis eru markvissar aðgerðir hafnar til að komast á rétt spor, stöðva aukningu í losun og hefja niðurskurð. Virkja þarf allt samfélagið til að árangri verði náð, stjórnkerfi, samtök á vinnumarkaði, fræðslukerfi og almenning. Sporna þarf gegn ósjálfbærum hagvexti og ná fram breyttum neysluvenjum. Þingsályktunartillaga þessi um Loftslagsráð er flutt til að tryggja samræmdar aðgerðir og samhæfingu sem flestra. Verður hér gerð nánari grein fyrir einstökum atriðum tillögunnar.

Verkefni ráðsins eru sett fram í fimm liðum.

1. Almennt og brýnt verkefni er að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda. Ráðið getur haft margvísleg áhrif í þá átt þótt aðrir beri þar meginábyrgð, svo sem ríkisstjórn og einstök ráðuneyti, Alþingi sem löggjafi, stofnanir, sveitarfélög, fyrirtæki og almenningur með neyslumynstri sínu. Rétt þykir að ráðið fylgist einnig með öðrum efnum sem valdið geta óæskilegum breytingum á lofthjúpnum og lífríki, eins og díoxíni og PAH-efnum, svo og ósoneyðandi efnum og köfnunarefnis- og brennisteinssamböndum.
2. Loftslagsbreytingar snerta óhjákvæmilega þjóðarhag og þjóðaröryggi í víðtækri merkingu. Tímabundin áhrif þeirra á þjóðarhag einstakra landa geta verið jákvæð eða neikvæð eftir framvindu breytinganna. Augljóst dæmi eru breytingar á hitastigi sjávar, hafstraumum og vistkerfi sjávar að lífsskilyrðum nytjastofna meðtöldum. Náttúrulegar sveiflur eru vel þekktar í Íslandssögunni en nú er af vísindamönnum farið að tengja vissa sveiflukennda þætti við loftslagsbreytingar af mannavöldum. Niðurskurður í losun gróðurhúsalofttegunda snertir náið efnahagsstarfsemi og framleiðsluferli og kallar á aðlögun og róttækar breytingar sem sumar hverjar geta falið í sér jákvæð tækifæri.
3. Áhrif verulegra loftslagsbreytinga verða fyrr en varir víðtæk og nánast altæk. Því er þörf á markvissum rannsóknum til að leggja á ráðin um hversu við skuli brugðist á einstökum sviðum. Áhrif umhverfisbreytinga, eins og hækkun sjávarborðs, snúa að hvers kyns mannvirkjagerð og þróun byggðar. Tíðari og magnaðri stormar valda álagi á mannvirki og auka hættu af sjávarflóðum. Trjágróður getur fallið og áhrifin á skógrækt geta orðið veruleg. Samgöngur valda miklu útstreymi gróðurhúsalofttegunda og nú beinast sjónir víða öðru fremur að flugsamgöngum sem eru sá einstaki þáttur sem leggur hvað mest til í mengun lofthjúpsins – auk gróðurhúsalofttegunda einnig mengun af losun köfnunarefnisoxíðs og vatnsgufu.
4. Staðgóð fræðsla er á þessu sviði sem öðrum lykilatriði, ekki síst til að auðvelda almenningi skilning á loftslagsbreytingum og nauðsyn á viðbrögðum, sem í ýmsum tilvikum geta kallað á breyttan lífsstíl. Á fáum sviðum er jafnmikil þörf á alþjóðlegu samstarfi og alþjóðavitund eigi að takast að knýja fram þær fjölþættu breytingar sem þurfa að koma til.
5. Loftslagsráð þarf að hafa svigrúm til þess að hafa að eigin frumkvæði áhrif á þróun mála með tilmælum og tillögugerð sem m.a. geta varðað niðurskurð í losun.

Vel þarf að vanda til skipunar í Loftslagsráð og hafa í senn í huga að þar séu þeir aðilar með fulltrúa sem mestu geta ráðið um framvindu á starfssviði ráðsins en einnig fulltrúar almannasamtaka sem láta sig öðru fremur varða umhverfismál, svo og neytendamálefni. Þannig kæmu ef til vill til með að sitja í ráðinu 15–20 manns. Eðlilegt er að Loftslagsráð verði vistað hjá umhverfisráðuneytinu og umhverfisráðherra skipi formann ráðsins. Umhverfisstofnun heldur utan um mengunarmál og m.a. það sem snýr að loftslagssamningi Sameinuðu þjóðanna.

Gert er ráð fyrir að Alþingi verði kynnt yfirlitsskýrsla Loftslagsráðs um störf ráðsins, a.m.k. annað hvert ár en það geti þess utan beint tilmælum til þingsins hvenær sem það telur tilefni til. – Eðlilegt er að skipan ráðsins og starfshættir verði endurmetin eftir því sem reynsla fæst af starfi þess og ekki síðar en að fimm árum liðnum.

Sameiginlegt markmið að draga úr útstreymi.

Upphaf markvissrar vinnu við að ná tökum á losun gróðurhúsalofttegunda má rekja til ferlis sem Sameinuðu þjóðirnar höfðu forgöngu um og hófst fyrir alvöru með umhverfisráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Stokkhólmi 1972 og náði hámarki með leiðtogafundinum í Ríó de Janeiró 1992 sem sendi m.a. frá sér rammasamninginn um loftslagsbreytingar (Framework Convention on Climate Change – FCCC, hér nefndur loftslagssamningurinn). Markmið hans er að koma í veg fyrir frekari loftslagsbreytingar af mannavöldum með því að þjóðríki skuldbindi sig til að draga markvisst úr losun gróðurhúsalofttegunda. Aðildarríkin skuldbinda sig til að koma upp bókhaldi yfir útstreymi gróðurhúsalofttegunda og í samningnum er sett það almenna markmið að útblástur gróðurhúsalofttegunda aukist ekki frá því sem var árið 1990. Árið 1997 var skrifað undir bókun við samninginn, Kyoto-bókunina, þar sem sett eru fram töluleg markmið varðandi samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og sett ákveðin tímamörk til að ná fram þeim markmiðum. Fyrsta skuldbindingartímabil bókunarinnar stendur frá 2008 til 2012. Ísland undirritaði loftslagssamninginn í Ríó og Alþingi staðfesti hann á árinu 1994. Lengri tíma tók að fá Kyoto-bókunina fullgilta, það gerðist ekki fyrr en 23. maí 2002 eftir að ljóst var að „sérstaða Íslands“, sem stjórnvöld kölluðu svo, hafði hlotið viðurkenningu á vettvangi samningsins. Það gerðist í Marrakesh í Marokkó í nóvember 2001 en þar var samþykkt sérstakt ákvæði þar að lútandi – íslenska ákvæðið. Skuldbindingar Íslands samkvæmt samningnum og bókuninni fela í sér að útstreymi gróðurhúsalofttegunda frá landinu muni ekki aukast meira en sem nemur 10% frá árinu 1990, þ.e. vera innan við 3.650 þúsund tonn koldíoxíðsígilda árlega að meðaltali á tímabilinu 2008–2012. Og í öðru lagi að koldíoxíðsútstreymi frá stóriðju sem hóf starfsemi eftir árið 1990 og fellur undir „íslenska ákvæðið“ fari ekki yfir 1.600 þús. tonn að meðaltali árin 2008–2012. Rétt er að taka fram að Ísland var það aðildarríki Kyoto-bókunarinnar sem fékk heimild til að auka losun sína mest, eða sem nemur 10% miðað við viðmiðunarárið 1990, en langflest önnur iðnríki tóku á sig niðurskurð.

Samkvæmt Kyoto-bókunni skuldbinda 30 iðnríki sig til að halda útstreymi sex gróðurhúsalofttegunda á árunum 2008–2012 innan útstreymisheimilda sem eru 5,2% lægri en útstreymið á árinu 1990. Mestu mengunarvaldarnir, Bandaríkin og Ástralía, ákváðu að snúa bakinu við þessari viðleitni, svo það var ekki fyrr en rússnesk stjórnvöld ákváðu að staðfesta bókunina að ljóst var að hún gengi í gildi. Það gerðist16. febrúar 2005. Margt bendir til að erfitt verði fyrir aðildarríki bókunarinnar að uppfylla þær skuldbindingar sem þau hafa tekist á hendur. Kyoto-bókunin er bara fyrsta skrefið til að náð verði tökum á hlýnun andrúmsloftsins af mannavöldum. Til þess að það gerist er talið að draga þurfi úr losun gróðurhúsalofttegunda í heiminum öllum um hátt í 100% í lok 21. aldarinnar.

Um þátt Íslands hingað til og losun gróðurhúsalofttegunda hérlendis.

Birna Sigrún Hallsdóttir, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun, gerði grein fyrir stöðu losunarmála á Íslandi og greindi frá losunarbókhaldi stofnunarinnar í erindi sem hún hélt á Orkuþingi Samorku 12. og 13. október 2006. Í erindinu, sem birt er í heild sinni, sem fskj. I með tillögu þessari, kemur fram að heildarútstreymi gróðurhúsalofttegunda hérlendis hefur

aukist um 10,6% frá viðmiðunarári Kyoto-bókunarinnar 1990 til ársins 2004. Útstreymið nam 3.631 þúsund koltvíoxíðsígildum miðað við 3.282 þúsund koltvíoxíðsígildi viðmiðunarárið 1990. Brennsla jarðefnaeldsneytis veldur stærstum hluta heildarútstreymisins eða 54%, en næst kemur útstreymi vegna iðnaðarferla, 26%. Samtals standa þessar uppsprettur því fyrir 80% af útstreyminu hérlendis. Skiptingin árið 2004 er eftirfarandi:

Iðnaðarferlar	26%
Eldsneytisbrennsla frá iðnaði	13%
Vegasamgöngur	18%
Fiskiskip	20%
Önnur eldsneytisbrennsla	3%
Landbúnaður	14%
Úrgangur	6%

Í erindinu gerði Birna grein fyrir losunarspá Umhverfisstofnunar til ársins 2020. Þar voru reifaðir þrír möguleikar, sem hver um sig mundi valda mismikilu útstreymi, allt eftir því hvaða stóriðjuverkefni hugsanlega yrðu að veruleika á tímabilinu. Allar eiga þessir kostir það þó sameiginlegt að sýna mikla aukningu útstreymis fram til ársins 2020.

Í spá Umhverfisstofnunar er einnig gerð grein fyrir mögulegri þróun losunar tveggja flokka þrávirkra lífrænna efna, þ.e. díoxína og PAH-efna. Stofnunin hefur ekki útbúið sérstaka spá um útstreymi díoxíns en gerir ráð fyrir að útstreymi PAH4-efna eigi eftir að aukast mikið á næstu árum verði framhald á stóriðjuframkvæmdum, en málmframleiðsla veldur 76% af núverandi losun þessara efna.

Af þeim upplýsingum sem lesa má úr losunarbókhaldi Umhverfisstofnunar blasir við að þörf er á róttækum breytingum til að draga úr útstreymi, eigi að takast að standa við skuldbindingar Íslands samkvæmt Kyoto-bókuninni.Rétt er að geta þess að losun PFC frá álverum fellur innan almennra skuldbindinga Íslands. Einnig er ljóst að þrátt fyrir íslenska stóriðjuákvæðið verður losun frá stóriðju tilkominni eftir 1990 komin talsvert yfir heimiluð mörk, 1.600 þúsund tonn, við lok ársins 2012 ef hugmyndir núverandi stjórnvalda ganga eftir.

Lagasetningu hefur verið ábótavant.

Vinna á vegum íslenskra stjórnvalda við stefnumótun í málaflokknum hefur um of markast af áherslu á undanþáguheimildir. Lagasetningu hefur verið ábótavant, sem sést best á því að það var ekki fyrr en 3. júní 2006 sem samþykkt voru á Alþingi lög um skráningu losunar gróðurhúsalofttegunda, nr. 107/2006. Þau lög voru sett í kjölfar athugasemda frá eftirlitsnefnd loftslagssamningsins sem kom hingað til lands í september 2004. Nefndin gerði m.a. athugasemdir við það hversu óformlegt fyrirkomulag væri á losunarbókhaldi Umhverfisstofnunar, það væri ekki skilgreint í lögum eða reglugerðum auk þess sem aðferðafræði bókhaldsins og nákvæmni áætlana um útstreymi frá landbúnaði og urðunarstöðum væri ábótavant. Loks fór nefndin fram á að gerð væri grein fyrir óvissumörkum í tölum varðandi einstaka liði í bókhaldinu og að komið verði upp gæðaeftirliti á því. Í því augnamiði að lagfæra þessi atriði og þróa losunarbókhald okkar samþykkti Alþingi 15 millj. kr. fjárheimild til umhverfisráðuneytisins.

Þegar áðurgreint frumvarp um skráningu á losun gróðurhúsalofttegunda var til umfjöllunar í umhverfisnefnd Alþingis á síðasta vetri bárust nefndinni tvær athyglisverðar umsagnir. Í fyrsta lagi umsögn frá Orkustofnun sem lagði það til að sameinað yrði í eitt mál frumvarp

til laga um skráningu losunar gróðurhúsalofttegunda og upplýsingagjöf um innflutning, sölu og geymslu eldsneytis. Umsögninni fylgdi uppkast að frumvarpi og til skýringa segir í umsögninni:

„Orkustofnun hefur þann 24. apríl 2006 borist erindi umhverfisnefndar Alþingis, dags. 6. sama mánaðar, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um ofangreint frumvarp. Í frumvarpinu er Orkustofnun lögð sú skylda á herðar að safna upplýsingum um orkumál sem frumvarpinu tengjast og skila þeim upplýsingum til Umhverfisstofnunar.

Samkvæmt athugasemdum við lagafrumvarpið, 6. mgr., er stefnt að því að iðnaðarráðherra leggi fram frumvarp sem ætlað er að tryggja heimildir Orkustofnunar til að krefja aðila um upplýsingar sem nauðsynlegar eru fyrir gerð orkuspáa og skil á gögnum til Umhverfisstofnunar. Erfiðlega hefur gengið að fá nauðsynlegar upplýsingar frá öllum olíufélögunum að undanförnu. Orkustofnun leggur til að slíkt frumvarp verði lagt fram sem fyrst svo stofnuninni verði unnt að rækja skyldur sínar samkvæmt frumvarpi þessu er nú liggur fyrir Alþingi, eða að þessi tvö frumvörp verði sameinuð samkvæmt eftirfarandi tillögum.“

Í öðru lagi er ástæða til að nefna umsögn Umhverfisstofnunar, þar sem athygli nefndarinnar er vakin á því að frumvarpið hafi ekki að geyma tillögur um stjórnvaldsaðgerðir til að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda. Orkustofnun bendir á að gangi fyrirliggjandi hugmyndir um orkufrekan iðnað eftir muni losun aukast verulega á næstu árum. Líkanreikningar Umhverfisstofnunar gefi til kynna að hugsanlegt sé að útstreymi gróðurhúsalofttegunda muni aukast það mikið á tímabilinu 2008–2012, sem er fyrsta bókhaldstímabil Kyoto-bókunarinnar, að stjórnvöld verði að setja hömlur á losun þeirra til að tryggt sé að losunin verði undir þeim heimildum sem Ísland hefur fengið samkvæmt bókuninni. Umhverfisstofnun telur því brýnt að unnið verði að slíkri lagasetningu sem fyrst og þannig tryggð lagastoð fyrir veitingu heimilda til losunar gróðurhúsalofttegunda og viðskipti með losunarheimildir bæði innan lands og utan.

Flutningsmenn þessarar tillögu taka undir með Umhverfisstofnun hvað þetta varðar og telja afar brýnt að ráðist verði í markvissa vinnu sem miði að því að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda, t.d. með því að setja lagalega bindandi losunarmörk ásamt því að útfæra reglur um losunarheimildir.

Ábyrg afstaða um mótun framtíðarstefnu.

Mikilvægt er að íslensk stjórnvöld móti stefnu í loftslagsmálum og geri þjóðinni ljósa grein fyrir því hvert stefna beri í nánustu framtíð. Enn hefur ríkisstjórnin ekki gefið út neina yfirlýsingu um hvað hún sér fyrir sér að loknu fyrsta skuldbindingartímabili Kyoto-bókunarinnar eftir 2012, þó að allt bendi til þess að sækja eigi um frekari undanþáguheimildir á vettvangi loftslagssamningsins. Fyrrverandi forsætisráðherra, Halldór Ásgrímsson, svaraði því aðspurður í þingræðu 6. febrúar 2006 að farið yrði fram á auknar heimildir til losunar vegna stóriðju. Slíkt viðhorf lýsir mikilli skammsýni og segja má að trúverðugleiki Íslands á alþjóðavettvangi sé í húfi haldi fram sem horfir í þeim efnum.

Samningaviðræður um það hvað við taki eru hafnar á vettvangi loftslagssamningsins. Þær fara fram í tvennu lagi, annars vegar er um að ræða samræðu allra sem aðild eiga að samningnum og hins vegar viðræður aðildarríkja Kyoto-bókunarinnar. Þar eru Bandaríkin og Ástralía ekki með og virðist sem menn óttist að þessar þjóðir komi ekki að samningaborðinu fyrr en byrjað verður að ræða þriðja skuldbindingartímabilið, sem gert er ráð fyrir að hefjist 2017.

Samningaviðræðurnar vegna næsta skuldbindingartímabils munu taka mið af því markmiði loftslagssamningsins að koma í veg fyrir hættulegar loftslagsbreytingar. Ljóst er að verkefnið er ærið og tíminn naumur til að ná tökum á vandanum. Stefnt er að því að niðurstaða í samningum varðandi annað skuldbindingatímabil verði tilbúin árið 2008, en þá og til 2012 kemur til uppgjörs vegna yfistandandi tímabils. Umhverfisverndarsamtök hafa skilgreint verkefnið framundan þannig að halda þurfi hlýnun andrúmslofts jarðar innan við 2°C að meðaltali miðað við það sem var fyrir iðnbyltingu. Leiðtogar Evrópusambandsins hafa lýst stuðningi sínum við þetta markmið og leggja Evrópulöndin sig fram um að gera áætlanir um samdrátt í útstreymi, setja lagalega bindandi losunarmörk ásamt því að útfæra reglur um losunarheimildir.

17. mars 2007 voru samþykkt á Alþingi lög um losun gróðurhúsaloftegunda, nr. 65/2007. Markmið þeirra er að skapa skilyrði fyrir stjórnvöld til þess að standa við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands um að takmarka losun gróðurhúsaloftegunda. Það markmið er í samræmi við útgefna stefnumörkun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum sem gefin var út í febrúar 2007, en samkvæmt henni er gert ráð fyrir að dregið verði úr losun gróðurhúsaloftegunda um 50–70% fyrir miðja öldina. Framangreind markmið gefa til kynna að um metnaðarfulla stefnu sé að ræða í loftslagsmálum, en þegar grannt er skoðað kemur í ljós að tímasetta áætlun um hvernig beri að ná þessum samdrætti skortir. Enn bólar ekki á slíkri aðgerðaáætlun. Þess vegna er ómögulegt að sjá með hvaða hætti stjórnvöld hyggjast ná þessum árangri, sér í lagi þegar sífellt fleiri álver banka uppá og óska eftir heimildum til frekari uppbyggingar í áliðnaði. Til marks um ásóknina í losunarheimildirnar er nýafstaðin úthlutun á losunarheimildum vegna gróðurhúsaloftegunda. 28. september sl. kynnti umhverfisráðherra niðurstöður fyrstu úthlutunar losunarheimilda. Alls bárust nefndinni níu umsóknir og heildarfjöldi losunarheimilda sem sótt var um var 14.112.000 en til ráðstöfunar hafði nefndin einungis 10.500.000. Niðurstaðan var að fimm umsækjendur fengu úthlutað alls 8.633.105 losunarheimildum. Þetta sýnir hversu mikil aukning á losun gróðurhúsaloftegunda frá áliðnaði er í vændum. Á sama tíma hefur reynst erfitt að draga úr losun á öðrum sviðum. Líklegt er að erfitt verði fyrir Ísland að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt loftslagssamningi Sameinuðu þjóðanna. Því stefnir í að íslensk stjórnvöld muni reyna að sækja enn frekari losunarheimildir á vettvang samningsins. Slíkt væri dapurleg niðurstaða fyrir eina ríkustu þjóð veraldar, sem auk þess hefur tekið þátt í að móta metnaðarfull áform Norðurlandanna í loftslagsmálum og hefur fengið til varðveislu viðkvæma náttúruperlu í miðju Norður-Atlantshafinu.

Lokaorð.

Loftslagsráði sem hér er gerð tillaga um er m.a. ætlað að verða umræðu- og samráðsvettvangur um leiðir til að draga úr losun gróðurhúslofttegunda. Þar ber ekki að útiloka neinar hugmyndir fyrirfram sem líklegar geta verið til að skila árangri. Nú og á næstu árum er það samdráttur í losun gróðurhúsaloftegunda hjá iðnríkjunum sem sker úr um hvort aðilar að loftslagssamningnum eru á réttri leið. Loftslagsráðið getur orðið mikilvægur vettvangur til að stuðla að því að velmegunarríkið Ísland skili sínu í glímunni við mestu umhverfisvá sem steðjað hefur að mannkyninu frá því að sögur hófust.

Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Orka, iðnaður, útstreymi. Birna Sigrún Hallsdóttir. (Erindi flutt á Orkuþingi Samorku 12. og 13. október 2006.)

II. Ósjálfbær hagvöxtur og loftslagsbreytingar. Hjörleifur Guttormsson. (Lesbók Morgunblaðsins 30. september 2006.)

63. Frumvarp til laga [63. mál]

um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998, með síðari breytingum.

Flm.: Ögmundur Jónasson, Magnús Stefánsson, Karl V. Matthíasson, Jón Magnússon, Þuríður Backman, Gunnar Svavarsson.

1. gr.

Við síðari málslið 3. mgr. 20. gr. laganna bætist: eða hætta á ruglingi á milli áfengu framleiðslunnar og þeirrar sem verið er að auglýsa vegna nafns á vörunni, umbúða eða annarra einkenna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þingmál þetta hefur verið lagt fram á síðustu þremur þingum en ekki fengið afgreiðslu og er því lagt fram að nýju.

Auglýsingar á áfengi og einstökum áfengistegundum eru bannaðar hér á landi og hefur verið svo lengi. Það hefur þó aukist að framleiðendur og dreifingaraðilar áfengra drykkja reyni að koma þeim á framfæri í auglýsingum með því að nota líkar umbúðir og nöfn á óáfenga drykki sem þeir svo auglýsa.

Flutningsmenn vilja með frumvarpi þessu reyna að loka því gati sem virðist vera á löggjöfinni þannig að framleiðendur og dreifingaraðilar geti ekki farið í kringum bannið eins og að framan er lýst.

Á árinu 2001 kom út skýrsla á vegum ríkislögreglustjóra um áfengisauglýsingar. Þar kemur m.a. fram að í Noregi taki bann við áfengisauglýsingum einnig til auglýsinga á vörum með sömu merkjum eða einkennum. Í niðurstöðum nefndarinnar er að finna tillögu um að sú leið verði einnig farin hér á landi. Það er og vilji flutningsmanna að svo verði gert og löggjöfin hert eða eins og segir í skýrslunni:

„Það sem vekur sérstaka athygli við norsku löggjöfina er áherslan sem lögð er á að menn geti ekki komist fram hjá banninu með því að auglýsa vöru sem heimilt er að auglýsa, en með svo sterkri tilvísan til vöru sem ekki er heimilt að auglýsa að í raun er verið að auglýsa þá vöru. Með því að auglýsa tiltekna vöru sé í raun verið að auglýsa aðra vöru. Þá virðist löggjöfin skýr og nútímaleg.“

Með frumvarpinu var fylgiskjal: Skýrsla vinnuhóps ríkislögreglustjórans um viðbrögð við áfengisauglýsingum. Nóvember 2001. (Birt á vef Lýðheilsustöðvar.)

64. Frumvarp til laga [64. mál]

um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998, með síðari breytingum.

Flm.: Árni Þór Sigurðsson, Kolbrún Halldórsdóttir.

1. gr.

5. mgr. 38. gr. laganna orðast svo:

Sveitarstjórn, sem kjörin er bundinni hlutfallskosningu, skal heimila framboðsaðila sem fulltrúa á í sveitarstjórn en eigi nær kjöri í byggðarráð að tilnefna fulltrúa til að sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétti.

2. gr.

Á eftir 1. mgr. 40. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Sveitarstjórn, sem kjörin er bundinni hlutfallskosningu, skal heimila framboðsaðila sem fulltrúa á í sveitarstjórn en eigi nær kjöri í nefndir og ráð skv. 1. mgr. að tilnefna fulltrúa til að sitja fundi þeirra nefnda og ráða með málfrelsi og tillögurétti. Sveitarstjórn getur ákveðið í samþykktum sínum, sbr. 10. gr., að ákvæði 1. málsl. gildi um fleiri nefndir og ráð á vegum sveitarfélagsins.

3. gr.

Í stað tilvísunarinnar „2. mgr. 40. gr.“ í 4. málsl. 2. mgr. 42. gr. laganna komi: 3. mgr. 40. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var áður flutt á 133. löggjafarþingi en varð ekki útrætt. Fyrsti flutningsmaður var þá Kolbrún Halldórsdóttir. Það er nú endurflutt í óbreyttri mynd.

Með frumvarpinu er lagt til að framboðsaðili sem á fulltrúa í sveitarstjórn geti ákveðið að tilnefna áheyrnarfulltrúa til setu í nefndum og ráðum sveitarfélagsins, þ.m.t. byggðarráði, eigi hann ekki kjörinn fulltrúa í viðkomandi nefnd eða ráði. Samkvæmt gildandi lögum er sveitarstjórn í sjálfsvald sett hvort hún heimilar slíka áheyrnarfulltrúa. Reynslan sýnir að óvíða eru áheyrnarfulltrúar heimilaðir nema í byggðarráði en það er þó ekki sjálfgefið. Í Reykjavík hefur þó verið farin sú leið sem hér er lögð til, að framboðsaðilinn sjálfur ákveði hvort hann tilnefnir áheyrnarfulltrúa en er ekki háður samþykki sveitarstjórnar. Í samþykktum um stjórn og fundarsköp borgarstjórnar kemur fram að heimildin nær til borgarráðs og fagráða, en það eru átta helstu málefnaráð borgarinnar. 48. gr. samþykkta um stjórn og

fundarsköp Reykjavíkurborgar hljóðar svo: „Borgarstjórn kýs fulltrúa í borgarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir og leysir þá frá störfum ef því er að skipta samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar og öðrum samþykktum borgarráðs. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar bundnar hlutfallskosningar ef einhver borgarfulltrúa óskar þess. Framboðslista, sem fulltrúa á í borgarstjórn, er heimilt að tilnefna borgarfulltrúa eða varaborgarfulltrúa til að sitja fundi borgarráðs eða fagráða skv. 61. gr. með málfrelsi og tillögurétt, enda eigi hann ekki fulltrúa í viðkomandi ráði. Starfsmenn fyrirtækja og stofnana Reykjavíkurborgar eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá. Borgarstjórn getur vikið frá þessu ákvæði ef málefni vinnuveitanda eru óverulegur þáttur í starfi viðkomandi nefndar og starf viðkomandi einstaklings er ekki þess eðlis að hætta sé á hagsmunaárekstrum þrátt fyrir nefndarsetu.“

Tillögunni sem hér er flutt er ætlað að auka lýðræði í sveitarfélögunum. Ljóst er að sú staða getur hæglega komið upp að framboðslisti sem fær t.d. 10% atkvæða eigi engan fulltrúa í byggðarráði eða öðrum ráðum og nefndum sveitarfélagsins ef viðkomandi aðili er í minni hluta í sveitarstjórn. Á sama tíma getur framboðslisti með mun minna fylgi hæglega átt sæti í öllum nefndum í gegnum meirihlutasamstarf. Þessi staða leiðir til lýðræðishalla sem full ástæða er til að vinna gegn. Fyrir kjósendur sem í hlut eiga á ekki að skipta máli hvort listinn sem þeir kjósa er í meirihlutasamstarfi eða ekki. Þeir eiga sama rétt og kjósendur annarra lista. Þessu er auðvelt að breyta með því að tryggja öllum sem á annað borð fá fulltrúa kjörinn í sveitarstjórn, rétt til að tilnefna áheyrnarfulltrúa með málfrelsi og tillögurétti í byggðarráð, sbr. 1. gr. frumvarpsins, og önnur ráð og nefndir sveitarfélaga, sbr. 2. gr. frumvarpsins. Til nánari skýringar er í 2. gr. frumvarpsins lögð til breyting á 40. gr. laganna en í þeirri grein er fjallað um nefndir og ráð á fremur víðum grunni. Því er lagt til að ákvæðið um áheyrnaraðild einskorðist við nefndir og ráð skv. 1. mgr. 40. gr. laganna en þó geti sveitarstjórn ákveðið í samþykktum sínum, sbr. 10. gr. laganna, að það gildi um fleiri nefndir og ráð á vegum sveitarfélagsins. Rétt er að taka fram að ákvæðið á ekki við um stjórnir skv. 40. gr. laganna. Í 3. gr. frumvarpsins er aðeins um lagatæknilega breytingu að ræða.

65. Frumvarp til laga [65. mál]

um notkun raflagna og raffanga í núverandi ástandi á íbúðar- og skólasvæði fyrrum varnarsvæðis á Keflavíkurflugvelli.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

Heimilt er að nota raflagnir og rafföng í núverandi ástandi á íbúðar- og skólasvæði fyrrum varnarsvæðis á Keflavíkurflugvelli til 1. október 2010. Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf. skal fyrir 1. október 2007 leggja fram verkáætlun til Neytendastofu um hvernig staðið verði að breytingum til samræmis við íslenskar kröfur fyrir 1. október 2010.

2. gr.

Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf. skal tilnefna umsjónarmann öryggismála á svæðinu sem starfi í samvinnu við Neytendastofu. Hann skal uppfylla þær hæfniskröfur sem gerðar eru í reglugerð nr. 264/1971, um raforkuvirki, með síðari breytingum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast að öðru leyti til fylgiskjals I.

Fylgiskjal I.

BRÁÐABIRGÐALÖG
um notkun raflagna og raffanga í núverandi ástandi á íbúðar- og skólasvæði fyrrum varnarsvæðis á Keflavíkurflugvelli.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Viðskiptaráðherra hefur tjáð mér að raflagnir og rafföng á íbúðar- og skólasvæði fyrrum varnarsvæðis á Keflavíkurflugvelli séu í samræmi við bandaríska staðla. Raflagnir og rafföng, sem séu á svæðinu, uppfylli ekki þær kröfur sem gerðar eru í íslenskum lögum og reglugerðum og því sé ljóst að skipta verði um raflagnir sem séu innan svæðisins. Það sé viðamikið verkefni að skipta um allar raflagnir innan svæðisins og muni hafa mikinn kostnað í för með sér fyrir Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf. sem hafi ekki yfir slíkum fjármunum að ráða að svo stöddu. Skólastarf muni hefjast á svæðinu haustið 2007 og til standi að afhenda fyrstu íbúðirnar þar um miðjan ágúst. Nær ómögulegt sé að koma raflögnum í rétt ástand fyrir þann tíma vegna þess hve knappur tíminn sé auk þess sem erfitt sé að fá iðnaðarmenn til starfsins. Til að tryggja að skólastarf geti hafist á svæðinu í haust eins og fyrirhugað sé beri brýna nauðsyn til að nú þegar verði gerð breyting á gildandi lögum.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Heimilt er að nota raflagnir og rafföng í núverandi ástandi á íbúðar- og skólasvæði fyrrum varnarsvæðis á Keflavíkurflugvelli til 1. október 2010. Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf. skal fyrir 1. október 2007 leggja fram verkáætlun til Neytendastofu um hvernig staðið verði að breytingum til samræmis við íslenskar kröfur fyrir 1. október 2010.

2. gr.

Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf. skal tilnefna umsjónarmann öryggismála á svæðinu sem starfi í samvinnu við Neytendastofu. Hann skal uppfylla þær hæfniskröfur sem gerðar eru í reglugerð nr. 264/1971, um raforkuvirki, með síðari breytingum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 6. júlí 2007.
Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Björgvin G. Sigurðsson.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um notkun raflagna og raffanga í núverandi ástandi á íbúðar- og skólasvæði fyrrum varnarsvæðis á Keflavíkurflugvelli.

Markmið frumvarpsins er að staðfesta bráðabirgðalög frá 6. júlí 2007 um notkun raflagna og raffanga í núverandi ástandi á íbúðar- og skólasvæði fyrrum varnarsvæðis á Keflavíkurflugvelli.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð umfram það sem þegar hefur verið ákveðið.

66. Frumvarp til laga [66. mál]

um breytingu á lögum nr. 28/1998, um verslunaratvinnu, með síðari breytingum (eigendasaga myndverka o.fl.).

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 10. gr. laganna kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Sá sem rekur verslun með myndverk í atvinnuskyni skal krefjast eigendasögu myndverks af seljanda enda sé myndlistarmaðurinn á skrá Listasafns Íslands. Þar skal koma fram hver sé eigandi verksins og, eftir því sem unnt er, hverjir hafi verið eigendur þess. Skal verslunaraðilinn vekja athygli á tilvist eigendasögunnar við líklega kaupendur og afhenda hana formlegum kaupanda. Seljandi og verslunaraðili bera ábyrgð skv. 3. mgr. 23. gr.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. laganna:

a. Við 2. mgr. bætast tveir málsliðir sem orðast svo: Uppboðsstjóri skal krefjast eigendasögu myndverks skv. 2. mgr. 10. gr. Auk þess skal uppboðsstjóri vekja athygli á tilvist eigendasögunnar í uppboðsskilmálum.
b. 3. mgr. orðast svo:

Kaupandi uppboðsmunar getur ekki borið fyrir sig galla á honum, nema hann svari ekki til þess heitis er hann var auðkenndur með við söluna, seljandi eða uppboðsstjóri

hafi haft svik í frammi eða almennt sé talið óheiðarlegt að skjóta sér undan ábyrgð. Séu myndverk seld á opnum eða lokuðum frjálsum uppboðum, svo og í verslun með myndverk í atvinnuskyni, skal uppboðsstjóri eða listaverkasali, svo og seljandi, gæta sérstakrar varúðar varðandi ranga eignaraðild að og hættu á fölsun verkanna og þá sinna leiðbeiningarskyldu, m.a. um vöntun á eigendasögu framangreindra myndverka, að jafnaði með sannanlegum hætti. Uppboðsstjóri og listaverkasali skulu, ef ástæða þykir til, benda á að leita megi til sérfróðs álitsgjafa um myndverk. Þeir skulu afhenda formlegum kaupanda eigendasögu myndverkanna en jafnframt varðveita hana og síðan senda hana Listasafni Íslands þegar starfsemi fyrirtækis lýkur.

c. Við 4. mgr. bætist nýr málsliður sem orðast svo: Vakin skal þar athygli á tilvist eigendasögu myndverks, sbr. 2. mgr.

d. Við 5. mgr. bætast þrír málsliðir sem orðast svo: Uppboðsstjóri skal krefjast eigendasögu myndverks skv. 2. mgr. 10. gr. Auk þess skal uppboðsstjóri vekja athygli á tilvist eigendasögunnar í uppboðsskilmálum og afhenda hana formlegum kaupanda. Seljandi og uppboðsstjóri bera ábyrgð skv. 3. mgr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lagafrumvarp þetta er nú lagt fram í annað sinn og óbreytt frá 133. löggjafarþingi. Lagafrumvarpið, sem samið er í viðskiptaráðuneytinu, tekur mið af tillögum starfshóps sem menntamálaráðherra skipaði í maí 2004 til að fjalla um fölsun listaverka og gera tillögur um hvernig unnt væri að bregðast við þeim vanda sem af þeim hlytist. Í skilagrein starfshóps gegn listaverkafölsunum, dags. 23. júní 2005, sem Tryggvi Þór Herbertsson hagfræðingur var formaður fyrir, voru m.a. tillögur um þær breytingar á lögum um verslunaratvinnu að skylt yrði að leggja fram eigendasögu listaverks sem boðið væri til sölu í atvinnuskyni. Tillögurnar, sem fulltrúar dóms- og kirkjumálaráðuneytis, menntamálaráðuneytis og viðskiptaráðuneytis fóru síðan yfir, hefur viðskiptaráðuneytið útfært í frumvarpi þessu. Gildissvið ákvæða frumvarpsins er með tilliti til forsögu málsins og umsagna um frumvarpið takmarkað við tiltekin myndverk.

Í frumvarpinu er í stuttu máli gerð krafa til þess að seljandi leggi fram eigendasögu myndverks, enda sé myndlistarmaðurinn á skrá Listasafns Íslands, hvort sem það er 1) selt í atvinnuskyni hjá listaverkasala, 2) selt á opnu listmunauppboði eða 3) selt á lokuðu listmunauppboði. Bera annars vegar seljandi og hins vegar verslunaraðili (listaverkasali eða uppboðsstjóri) nánar tilteknar skyldur hér að lútandi. Ákvæði um ábyrgð eru hert með breytingu á 3. mgr. 23. gr. laganna, þ.e. ákvæðunum um svik sem ná ekki aðeins til seljanda heldur einnig verslunaraðila. Jafnframt er þar kveðið á um að gæta skuli sérstakrar varúðar varðandi ranga eignaraðild að og hættu á fölsun verkanna. Skulu aðilar þá sinna leiðbeiningarskyldu. Verslunaraðilar skulu jafnframt, ef ástæða þykir til, benda á að leita megi til sérfróðs álitsgjafa um myndverk. Áskilnaður um eigendasögu við sölu myndverka hinna tilteknu myndlistarmanna hjá listaverkasala, á opnu listmunauppboði eða á lokuðu listmunauppboði getur dregið úr hættu á fölsunum myndverka með tjóni fyrir ýmsa aðila og myndlistarmarkaðinn í landinu og stuðlað að betri neytendavernd. Geta slíkar upplýsingar að sögn Listasafns Íslands verið mikilvægar um sögu og feril myndverks og haft margvíslegt menningarsögulegt gildi. Kveðið er á um að listaverkasalar og uppboðsstjórar skuli senda Listasafni Íslands

handbærar upplýsingar um eigendasögu viðkomandi myndverka þegar starfsemi fyrirtækis lýkur.

Eigendasaga kemur einkum að gagni þegar um er að ræða eldri myndverk og mjög dýr myndverk. Gildir þetta einnig erlendis þar sem sérstaklega þarf að huga að ólöglega fengnum verkum, jafnvel frá tímum seinni heimsstyrjaldarinnar. Þegar grunur leikur á fölsun er unnt að leita til innlendra eða erlendra aðila sem geta rannsakað verk vísindalega. Einnig geta listfræðingar komið við sögu þá, t.d. þegar verk eru ómerkt.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sá sem rekur verslun með myndverk í atvinnuskyni skuli gera kröfu til þess að seljandi leggi fram eigendasögu myndverks ákveðins myndlistarmanns á sérstakri skrá Listasafns Íslands. Jafnframt mundi uppboðsstjóri gera slíka kröfu samkvæmt öðrum ákvæðum frumvarpsins um opið eða lokað uppboð. Þá er gert ráð fyrir að verslunaraðilinn veki athygli á tilvist eigendasögunnar við líklega kaupendur. Í öðrum ákvæðum frumvarpsins er hins vegar gert ráð fyrir að uppboðsstjóri veki athygli á tilvist eigendasögunnar í uppboðsskilmálum sem einnig höfða til líklegra kaupenda. Sé hún lögð fram má ætla að sumir seljendur hafi ekkert við það að athuga að hún sé kynnt hverjum þeim sem eftir því óskar. Aðrir seljendur kunna hins vegar að vilja takmarka aðgang að henni við líklega kaupendur eða jafnvel formlega kaupendur. Þótt eðlilegt virðist að fallast á slíka takmörkun af hálfu seljandans skal þó gera kröfu til að hann leggi eigendasöguna fram þannig að listaverkasali eða uppboðshaldari geti kynnt sér hana og veitt formlegum kaupanda aðgang að henni, svo og Listasafni Íslands er starfsemi fyrirtækis lýkur. Ekki er þó með kröfugerðinni unnt að tryggja að seljandi leggi eigendasöguna fram. Skortur á eigendasögu eða hnökrar á henni geta leitt til þess að viðkomandi myndverk verði ekki tekið til sölu, það seljist á lægra verði eða seljist jafnvel ekki.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 28/1998, um verslunaratvinnu, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er gerð krafa um að seljandi myndverka leggi fram eigendasögu myndverks. Þetta á við um sölu í atvinnuskyni hjá listverksala, opnu listmunauppboði eða sölu á lokuðu listmunauppboði.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

67. Frumvarp til laga [67. mál]

um fyrningu kröfuréttinda.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Kröfur um peninga eða aðrar greiðslur fyrnast samkvæmt reglum laga þessara nema annað sé ákveðið með lögum.

Samningur um að krafa fyrnist ekki er ógildur.

Frestir samkvæmt lögunum eru taldir í árum eða mánuðum og er reiknað með heilum dögum þannig að dagurinn sem talið er frá er ekki talinn með. Ef sami dagur er ekki í lok mánaðar rennur fresturinn út síðasta dag mánaðarins.

II. KAFLI
Fyrningarfrestur.

2. gr.

Fyrningarfrestur kröfu reiknast frá þeim degi þegar kröfuhafi gat fyrst átt rétt til efnda.

Fyrningarfrestur krafna, sem stofnast vegna vanefnda, reiknast frá þeim degi þegar samningurinn er vanefndur.

Þegar samningi verður rift áður en efndatími hans er kominn eða krafa er gjaldfallin fyrr en upphaflega var ákveðið, vegna vanefnda skuldara eða annarra atvika, reiknast fyrningarfrestur kröfu frá þeim degi er kröfuhafi tilkynnir skuldara að hann ætli að bera fyrir sig riftun eða gjaldfellingu. Kjósi kröfuhafi að beita ekki þessum úrræðum reiknast fresturinn frá þeim gjalddaga sem upphaflega var ákveðinn.

Nú hefur seljandi eða fyrri söluaðili ábyrgst seldan hlut með því að taka að sér úrbætur eða aðra ábyrgð og reiknast þá fyrningarfrestur kröfu, sem byggist á slíkri ábyrgð, frá þeim degi er kaupandi sendir tilkynningu um það atvik sem krafan byggist á, en í síðasta lagi frá þeim degi sem ábyrgðin rennur út. Sama gildir þegar sá sem veitir þjónustu hefur ábyrgst árangur af verki sínu.

3. gr.

Almennur fyrningarfrestur kröfuréttinda er fjögur ár.

4. gr.

Krafa vegna innláns eða verðmæta sem lögð hafa verið inn hjá fjármálafyrirtæki, opinberum sjóði eða öðrum aðila, sem hefur heimild að lögum til að taka við innlánum frá almenningi, auk vaxta af slíkum kröfum, fyrnist á 20 árum frá þeim degi er verðmætin voru lögð inn. Nýr fyrningarfrestur byrjar að líða þegar kröfuhafi hefur fengið umráð fjármunanna með því að taka þá út eða setja fjármuni inn á reikninginn.

Krafa skv. 1. mgr. fyrnist þó því aðeins að viðtakandi fjármuna geri áður eðlilegar ráðstafanir til að vekja athygli kröfuhafa eða erfingja hans á að krafan sé að fyrnast.

5. gr.

Kröfur samkvæmt skuldabréfi og kröfur sem skráðar hafa verið rafrænni skráningu í verðbréfamiðstöð fyrnast á tíu árum. Fyrningarfrestur ákvæðisins gildir ekki um vexti, verðbætur, arð af félagi og greiðslur skv. 6. gr.

Kröfur sem byggjast á peningalánum fyrnast einnig á tíu árum. Þetta gildir þó ekki um lán sem seljandi eða annar aðili hefur veitt til fjármögnunar á kaupum með greiðslufresti. Fyrningarfrestur ákvæðisins gildir ekki um vexti og verðbætur.

6. gr.

Krafa sem er umsamin eða ákveðin vegna eftirlauna, framfærslueyris, meðlags eða annarrar greiðslu, og fellur í gjalddaga með jöfnu millibili og er ekki afborgun af höfuðstóli, fyrnist þegar liðin eru tíu ár frá þeim degi sem síðasta greiðsla var innt af hendi. Ef engar greiðslur hafa átt sér stað byrjar fresturinn að líða frá þeim degi þegar kröfuhafi gat krafist þess að fá greidda fyrstu greiðsluna. Einstakar gjaldfallnar greiðslur fyrnast enn fremur eftir ákvæðum 3. gr.

7. gr.

Nú er krafa tryggð með ábyrgð eða annarri sambærilegri tryggingu og reiknast þá fyrningarfrestur gagnvart ábyrgðarmanni eftir sömu reglum og gilda um aðalkröfuna. Engu breytir við útreikning fyrningarfrests þótt ekki sé unnt að krefjast fullnustu hjá ábyrgðarmanni fyrr en greiðslu hefur árangurslaust verið leitað hjá aðalskuldara eða að ábyrgðin er að öðru leyti þess eðlis að hún sé til vara.

8. gr.

Nú eru fleiri skuldarar ábyrgir gagnvart kröfuhafa og einn þeirra efnir skuldbindinguna áður en krafa fyrnist gagnvart honum og fyrnist þá krafa hans á hendur meðskuldurum sínum fjórum árum eftir innlausnina. Krafan fyrnist þó ekki fyrr en við lok þess fyrningarfrests sem hann hefði notið ef innleysta krafan hefði verið framseld honum. Sama gildir um endurkröfu ábyrgðarmanns á hendur aðalskuldara eða meðábyrgðarmanni.

9. gr.

Krafa um skaðabætur, þar með talið fyrir ófjárhagslegt tjón, fyrnist á fjórum árum frá þeim degi er tjónþoli fékk nauðsynlegar upplýsingar um tjónið og þann sem ábyrgð ber á því eða bar að afla sér slíkra upplýsinga.

Krafan fyrnist þó í síðasta lagi 20 árum eftir að tjónsatburði eða öðru atviki sem liggur til grundvallar ábyrgðinni lauk. Þetta gildir þó ekki um líkamstjón ef:

a. tjónið hefur orðið í atvinnustarfsemi eða starfsemi sem má jafna við hana eða á meðan tjónþoli er undir 18 ára aldri og
b. sá sem er ábyrgur, eða einhver sem hann ber ábyrgð á, vissi eða mátti vita, áður en tjónsatburði lauk, að háttsemin gæti leitt til hættu á lífi eða alvarlegs heilsutjóns.

Þessi grein gildir ekki um kröfur sem eiga rót að rekja til samnings, nema kröfur varðandi líkamstjón.

III. KAFLI
Viðbótarfrestir.

10. gr.

Nú hefur kröfuhafi ekki haft uppi kröfu sökum þess að hann skorti nauðsynlega vitneskju um kröfuna eða skuldarann og fyrnist þá krafa hans aldrei fyrr en einu ári eftir þann dag þegar kröfuhafi fékk eða bar að afla sér slíkrar vitneskju.

Ef ekki er unnt að rjúfa fyrningu á grundvelli íslenskra eða erlendra laga eða sökum annarrar óyfirstíganlegrar hindrunar, sem ekki byggist á atvikum er varða kröfuhafa sjálfan, hefst fyrning í fyrsta lagi einu ári eftir þann dag er hindruninni lauk.

Ekki er unnt að framlengja fyrningarfrest samkvæmt þessari grein í meira en tíu ár frá því að krafa hefði ella fyrnst. Fyrningarfresti á grundvelli 2. mgr. 9. gr. er ekki unnt að framlengja samkvæmt þessari grein.

11. gr.

Þótt fyrningarfrestur sé liðinn er unnt að hafa uppi kröfu um skaðabætur í sakamáli þar sem skuldari er fundinn sekur um þann verknað sem liggur til grundvallar bótakröfu. Slíka kröfu má einnig setja fram í sérstöku máli sem höfðað er innan eins árs frá því að áfellisdómur í sakamáli var kveðinn upp. Sama gildir þegar skuldarinn gengst undir viðurlög vegna brotsins.

12. gr.

Nú á ólögráða maður kröfu á hendur fjárhaldsmanni eða yfirlögráðanda eða lögpersóna kröfu gegn stjórnarmanni eða framkvæmdastjóra og hefst þá fyrning kröfu vegna ábyrgðar, sem stafar af þessu réttarsambandi, í fyrsta lagi einu ári eftir að viðkomandi lét af starfanum. Ef sá sem er bær til að sækja kröfuna vegna kröfuhafa fær vitneskju um þau atvik sem liggja til grundvallar kröfunni fyrir þann tíma tekur fyrningarfrestur að líða frá því tímamarki þótt sá sem í hlut eigi hafi ekki látið af starfanum. Reglan gildi einnig um kröfu þrotamanns á hendur skiptastjóra þrotabúsins vegna starfa hans.

Fyrning kröfu sem hvílir samkvæmt félagssamningi á félagsmanni til að leggja framlag í eignasafn félags hefst fyrst þegar félagsaðild lýkur og félagið hefur fengið tilkynningu þar að lútandi.

13. gr.

Nú hefur opinber innköllun verið gefin út lögum samkvæmt með áskorun til kröfuhafa um að lýsa kröfum sínum innan ákveðins frests og fyrnist þá krafa ekki fyrr en sá frestur er liðinn. Ef kröfu er lýst innan kröfulýsingarfrests fyrnist krafan ekki fyrr en liðið er eitt ár frá því að kröfulýsingarfresti lauk. Við gjaldþrotaskipti eða opinber skipti dánarbús gilda 18. gr. og 2. mgr. 22. gr.

IV. KAFLI
Slit fyrningar.

14. gr.

Fyrningu er slitið þegar skuldari hefur gagnvart kröfuhafa beinlínis eða með atferli sínu viðurkennt skylduna, svo sem með loforði um greiðslu eða með því að greiða afborgun höfuðstóls, verðbætur eða vexti.

15. gr.

Fyrningu er slitið með málssókn kröfuhafa á hendur skuldara til að fá dóm fyrir kröfunni eða þegar krafist er skuldajafnaðar fyrir dómi. Einnig er fyrningu slitið þegar kröfuhafi höfðar mál til að fá viðurkenningardóm fyrir kröfunni eða leggur málið fyrir gerðardóm samkvæmt samningi.

Ef krafan er sótt fyrir dómstól er fyrningu slitið þegar mál telst höfðað eða þegar greinargerð er lögð fram með gagnkröfu til skuldajafnaðar.

Ef samið er um að ágreiningur um kröfu skuli lagður í gerð er fyrningu slitið þegar kröfuhafi gerir það sem nauðsynlegt er til að hrinda málinu af stað. Ef höfð er uppi krafa til skuldajafnaðar í slíku máli er fyrningu þeirrar kröfu slitið þegar hún er sett fram.

16. gr.

Fyrningu er slitið þegar kröfuhafi leggur málið til ákvörðunar fyrir stjórnvald sem hefur sérstakt ákvörðunarvald til þess að ljúka deilu um ágreininginn. Þetta gildir þótt kæra megi ákvörðunina til annars stjórnvalds eða dómstóla. Ef málið er undirbúið af öðru stjórnvaldi er nægilegt að krafan sé lögð fyrir það stjórnvald.

Ákvæði 1. mgr. gilda eftir því sem við á um kröfur sem lagðar eru fyrir kæru- eða umkvörtunarnefndir, sem eru settar á fót af skuldara eða starfsgreinasamtökum sem hann á aðild að eða með þátttöku þeirra. Sama gildir þegar skuldari samþykkir að krafa sé lögð fyrir kæru- eða umkvörtunarnefnd sem stofnað hefur verið til.

17. gr.

Nú hefur kröfuhafi heimild til að krefjast fullnustugerðar fyrir kröfu hjá skuldara og er fyrningu þá slitið þegar beiðni um fullnustugerð berst héraðsdómara eða sýslumanni og fullnægt er að öðru leyti skilyrðum 52. gr. laga um aðför og 2. mgr. 12. gr. laga um nauðungarsölu.

Þegar innheimta þarf meðlagsgreiðslu í öðru ríki er fyrningu slitið þegar sá sem rétt á til greiðslunnar leggur fram beiðni um slíka innheimtu hjá hlutaðeigandi stjórnvaldi hér á landi eða í erlenda ríkinu í samræmi við samning milli Íslands og þess ríkis sem á í hlut.

18. gr.

Fyrningu kröfu er slitið þegar héraðsdómi berst krafa um gjaldþrotaskipti eða opinber skipti á dánarbúi skuldara til fullnustu á kröfunni.

Nú hefur bú skuldara verið tekið til gjaldþrotaskipta eða dánarbú hans til opinberra skipta og er þá fyrningu slitið með því að lýsa kröfunni í búið áður en frestur til að lýsa kröfum rennur út.

Rof fyrningar skv. 1. og 2. mgr. hefur einnig áhrif gagnvart þrotamanni og erfingjum skuldara.

19. gr.

Nú er fyrningu slitið gegn einum af fleiri skuldurum með málssókn í samræmi við 15. gr. og fyrnist þá krafan ekki á hendur öðrum skuldara ef honum er stefnt til réttargæslu í málinu áður en krafan fyrnist gagnvart honum. Í kjölfarið verður kröfuhafi að fylgja kröfunni eftir gagnvart þeim skuldara innan eins árs eftir að málinu lauk með sátt, dómi eða með öðrum hætti.

Sama gildir ef sá sem málssókn beinist að vill hafa uppi endurkröfu á hendur öðrum manni vegna þess sem hann kann að þurfa að greiða.

V. KAFLI
Réttaráhrif þess að fyrningu er slitið.

20. gr.

Þegar fyrningu er slitið með viðurkenningu skuldara skv. 14. gr. telst nýr fyrningarfrestur samkvæmt reglum þessara laga frá því að krafan var viðurkennd eða frá síðara tímamarki ef kröfuhafi átti þá fyrsta rétt á að fá kröfuna efnda.

21. gr.

Ef fyrningu hefur verið slitið á grundvelli 15.–17. gr. byrjar nýr fyrningarfrestur ekki að líða á meðan á lögsókninni stendur.

Nú er krafa dæmd eða um hana gerð dómsátt eða hún tekin til greina við málsmeðferð skv. 16. gr. og hefst þá nýr tíu ára fyrningarfrestur. Reiknast sá fyrningarfrestur frá þeim degi sem dómur gekk, dómsátt var gerð eða krafan var tekin til greina eða frá síðara tímamarki ef kröfuhafi getur fyrst þá krafist efnda. Krafa um síðar áfallna vexti, verðbætur eða arð í félagi fyrnist skv. 3. gr.

Ef aðfarargerð skv. 1. mgr. 17. gr. fer fram hjá skuldara án þess að krafa fáist að fullu greidd hefst nýr tíu ára fyrningarfrestur frá þeim degi sem fullnustugerðinni lauk. Sami fyrningarfrestur tekur að líða frá því að lögð er fram beiðni skv. 2. mgr. 17. gr.

22. gr.

Nú er lögsókn skv. 15. eða 16. gr. beint að skuldara en máli vísað frá dómi eða viðkomandi úrlausnaraðila eða það fellt niður og getur þá kröfuhafi höfðað nýtt mál eða borið málið aftur undir sama úrlausnaraðila þótt fyrningarfresturinn sé liðinn, enda sé það gert innan sex mánaða. Sama gildir ef hinu síðari máli eða síðari málum verður vísað frá eða þau falla niður án efnisdóms.

Nú er ekki fallist á kröfu um gjaldþrotaskipti eða kröfu um opinber skipti dánarbús og er fyrningu þá slitið í sex mánuði frá því að skiptabeiðni var hafnað.

23. gr.

Nú er fyrningu slitið með málssókn í öðru ríki og er þá fyrningu kröfunnar slitið hér á landi á meðan málið er rekið þar fyrir dómi. Eftir því sem við getur átt gildir 1. mgr. 22. gr. ef máli lýkur ekki með efnisdómi.

Þegar krafa er dæmd eða um hana gerð dómsátt í öðru ríki hefst nýr tíu ára fyrningarfrestur skv. 2. mgr. 21. gr., enda sé dómsúrlausnin samrýmanleg íslensku réttarskipulagi.

VI. KAFLI
Réttaráhrif fyrningar.

24. gr.

Þegar krafa fyrnist fellur hún niður og kröfuhafi glatar rétti sínum til efnda. Falla þá einnig niður vextir, verðbætur, arður og aðrar viðbótargreiðslur.

25. gr.

Þótt krafa fyrnist gagnvart einum af fleiri skuldurum hefur það ekki áhrif gagnvart öðrum skuldurum nema á annan veg hafi verið samið.

Nú er krafa tryggð með ábyrgð og fyrnist þá krafan á hendur ábyrgðarmanni ef aðalkrafan fellur niður fyrir fyrningu áður en fyrningu er slitið gagnvart ábyrgðarmanni skv. 15.–19. gr., enda leiði ekki annað af samningi.

26. gr.

Fyrning kröfu felur ekki í sér að kröfuhafi missi rétt til skuldajafnaðar ef samið hefur verið um þann rétt eða kröfurnar eru af sömu rót runnar og aðalkrafan hefur stofnast áður en gagnkrafan fyrntist.

27. gr.

Fyrning kröfu hefur ekki áhrif á veðrétt og haldsrétt og standa slík tryggingaréttindi óhögguð þótt krafan, sem þau eiga að tryggja, falli niður fyrir fyrningu. Það á þó ekki við í eftirfarandi tilvikum:

a. Þegar krafa tryggð með lögveði fyrnist fellur lögveðið niður samtímis.
b. Sjálfsvörsluveð fyrir kröfu um vexti eða öðrum kröfum um greiðslu, sem falla í gjalddaga með jöfnu millibili og eru ekki afborgun höfuðstóls, fellur brott þegar krafan fyrnist.

Um brottfall söluveðs gildir 41. gr. laga um samningsveð.

Af réttindum, sem hvíla sem afgjaldskvöð á fasteign, fyrnast aðeins einstakar greiðslur.

VII. KAFLI

Gildistaka o.fl.

28. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2008. Lögin gilda einvörðungu um þær kröfur sem stofnast eftir gildistöku laganna.

Við gildistöku laganna falla úr gildi lög um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda, nr. 14/1905.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Frumvarp þetta felur í sér heildarendurskoðun á lögum um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda, nr. 14 frá 20. október 1905. Vinna við endurskoðun laganna hófst í viðskiptaráðuneytinu en Óskar Sigurðsson, hæstaréttarlögmaður og aðjúnkt við lagadeild Háskóla Íslands, var síðan fenginn til að annast verkefnið og vinna drög að frumvarpi til nýrra laga um fyrningu kröfuréttinda. Einnig kom Benedikt Bogason, dómstjóri og dósent við lagadeild Háskóla Íslands, að verkinu á síðari stigum. Ráðuneytið kynnti drög að frumvarpi til nýrra fyrningarlaga í september 2006 og gafst þá almenningi og hagsmunaaðilum kostur á að koma athugasemdum sínum á framfæri. Í kjölfarið hafa frumvarpsdrögin verið yfirfarin í ráðuneytinu og nokkrar minni háttar breytingar gerðar á þeim.

II.

Hugtakið fyrning hefur verið skilgreint á þann veg að réttindi falli niður eða missi réttarvernd sína að meira eða minna leyti fyrir það að þeirra er ekki neytt um tiltekinn tíma og ekki

gerðar aðrar ráðstafanir um þau sem að lögum gætu varnað því að þau fyrnist (Ólafur Lárusson, Fyrirlestrar um fyrningu, bls. 1).

Reglur um fyrningu eru ein tegund réttarreglna sem mæla fyrir um lagaleg áhrif aðgerðaleysis. Þeim til viðbótar koma almenn tómlætissjónarmið, vanlýsingarreglur og ýmsar reglur í lögum, sem áskilja að menn setji fram kröfur innan tiltekins frests (d. reklamation). Dæmi um slíkan lögbundinn frest er 2. mgr. 32. gr. laga um lausafjárkaup, nr. 50/2000, en samkvæmt því ákvæði verður kaupandi að leggja fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitir söluhlut viðtöku, ella getur hann ekki síðar borið gallann fyrir sig. Frestreglur af þessu tagi teljast ekki til fyrningarreglna, þar sem framsetning kröfu felur ekki í sér upphaf nýs frests, sem venjulega er jafnlangur hinum fyrri. Slíkar frestreglur gilda hins vegar jafnhliða fyrningarreglum, en af því leiðir að kröfuhafi kann að hafa glatað rétti til að halda fram kröfu, enda þótt hún sé enn ófyrnd.

Aðallagaboðið um fyrningu hafa verið lög um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda, nr. 14/1905 (hér eftir nefnd fyrningarlög). Samhliða þeim hafa einnig verið lögfestar sérreglur í ýmsum lögum um fyrningu tiltekinna tegunda kröfuréttinda. Í dæmaskyni um slíkar reglur má nefna 14. gr. laga um skaðsemisábyrgð, nr. 25/1991, 52. gr. laga um vátryggingarsamninga, nr. 30/2004, 99. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, og 215. og 216. gr. siglingalaga, nr. 34/1985. Með sérreglum um fyrningu er í flestum tilvikum mælt fyrir um styttri fyrningarfrest en leiðir af almennum reglum fyrningarlaga. Þessarar tilhneigingar hefur einnig gætt annars staðar á Norðurlöndum. Ástæður þessa eru einkum þær þjóðfélagsbreytingar sem átt hafa sér stað frá árinu 1905, þegar fyrningarlögin voru sett, en löggjafinn hefur á þessum tilteknu sviðum ekki talið jafnríkar ástæður fyrir svo löngum fyrningarfresti sem leiðir af almennum reglum fyrningarlaga.

III.

Rökin að baki fyrningarreglum eru bæði einstaklingsbundnir hagsmunir og hagsmunir almannavaldsins (almannahagsmunir).

Almannahagsmunir að baki lagareglum um fyrningu eru meðal annars að gjarnan er erfitt að færa fram sönnun þegar málssókn rís út af löngu liðnum atburðum. Þannig er yfirleitt erfiðara að sanna tilvist kröfu eftir því sem hún verður eldri. Að sama skapi er vandasamara fyrir dómstóla að meta réttmæti krafna vegna löngu liðinna lögskipta. Með fyrningarreglum er komið í veg fyrir þetta en þær stuðla að því að viðskiptum verði lokið áður en óhæfilega langur tími er liðinn frá því til þeirra var stofnað.

Með fyrningarreglum eru einnig verndaðir einstaklingsbundnir hagsmunir og þá einkum hagsmunir skuldara. Vissulega geta erfiðleikar við sönnun kröfu bitnað á hvorum aðilanum sem er en oftar kæmi þetta skuldara í koll, enda má frekar gera ráð fyrir að skuldari hafi tapað gögnum til að sanna að krafan sé fallin niður en að kröfuhafi hafi tapað gögnum sem sanna að hún hafi stofnast. Fyrningarreglur veita skuldaranum því vernd gegn því að verða dæmdur til að greiða kröfu, sem þegar er fallin niður eða greidd, og spara honum þá fyrirhöfn að geyma von úr viti kvittanir eða önnur gögn. Þá eru fyrningarreglurnar til hagsbóta fyrir kröfuhafa að því leyti að þær hvetja hann til að gera reka að fullnusta krafna sinna.

Það sem almennt býr að baki fyrningarreglunum er það að tryggja að endi verði bundinn á skuldbindingar sem stofnað hefur verið til. Má í þessu sambandi benda á að kröfuréttindum er venjulega ekki ætlaður langur líftími.

IV.

Nokkur aðdragandi var að því að fyrningarlög voru sett árið 1905. Í athugasemdum með frumvarpi til laganna kemur fram að árið 1890 hafi að tilhlutan dönsku stjórnarinnar verið samið frumvarp til laga um skuldafyrningu. Frumvarpið var síðan endurskoðað af dönskum og norskum lögfræðingum og á þessum grundvelli voru fyrningarlög lögfest í Noregi árið 1896, sbr. lög nr. 7 frá 27. júlí það ár (lov om foreldelse av fordringer). Þegar frumvarp til fyrningarlaga var lagt fram á Alþingi var til meðferðar í danska þinginu frumvarp, sem var í öllum aðalatriðum samhljóða norsku lögunum. Frumvarpið var hins vegar ekki samþykkt í Danmörku. Þar sem fyrningarlög höfðu verið sett í Noregi og lagafrumvarpið var til meðferðar í danska þinginu var talið heppilegt að hér á landi yrðu lögfestar sams konar reglur um fyrningu og í nágrannalöndum okkar og voru því lögin sniðin eftir norsku lögunum. Þó var í nokkrum atriðum vikið frá norsku fyrirmyndinni, svo sem varðandi fyrningarfrest sem skyldi hér á landi vera stystur fjögur ár en sá frestur var þrjú ár í norsku lögunum. Í Danmörku var frumvarp til laga um fyrningu lögfest árið 1908, sbr. lög nr. 274 frá 22. desember það ár (lov om forældelse af visse fordringer), og gilda þau lög samhliða ákvæðum dönsku laga Kristjáns V. frá árinu 1683, sbr. 5. bók 14. kapituli 4. gr. til 1. janúar 2008 en þá munu taka gildi ný fyrningarlög sem samþykkt voru í júní 2007. Í Noregi voru sett ný lög um fyrningu árið 1979, sbr. lög nr. 18 frá 18. maí það ár. Gildandi fyrningarlög í Noregi eru að mörgu leyti byggð á eldri lagagrundvelli.

Fyrir setningu fyrningarlaga árið 1905 voru engin almenn fyrningarlög í gildi hér á landi. Hins vegar mátti finna einstök lagaákvæði um fyrningu skulda, meðal annars varðandi eftirlaun, víxilkröfur, skaðabætur fyrir gæsluvarðhald að ósekju, o.fl. Í Jónsbók voru ákvæði um fyrningu og var aðallagaákvæðið í 8. kapitula kaupabálks Jónsbókar varðandi skuld eftir dauðan mann. Einnig voru ákvæði um hversu lengi arfur mætti standa ósóttur í 17., 18. og 20. kapitula Jónsbókar um kvennagiptingar.

Reglur dönsku laga Kristjáns V. í 5. bók 14. kapitula 4. gr. og norsku laga Kristjáns V. í 5. bók 13. kapitula 2. gr. um fyrningu giltu ekki hérlendis, eins og fram kemur í athugasemdum sem fylgdu frumvarpi til fyrningarlaga. Þar til fyrningarlög voru sett giltu því eingöngu ákvæði Jónsbókar auk sundurleitra sérlagaákvæða. Engar efnislegar breytingar hafa verið gerðar á ákvæðum fyrningarlaga, ef frá er talið brottfall nokkurra ákvæða í tengslum við aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, sem tók gildi 1. júlí 1992.

Enda þótt fyrningarlög hafi reynst vel um liðlega aldarskeið fer ekki hjá því að endurskoðun laganna sé löngu orðin tímabær. Orðalag í lögunum er á köflum torskilið og ýmsar reglur laganna eru miðaðar við aðstæður sem ekki eru fyrir hendi í viðskiptum nú á tímum. Að sama skapi eru lögin þögul um ýmis mikilvæg atriði sem reynt getur á í framkvæmd. Þá er meginregla laganna sú að kröfur fyrnist á tíu árum þótt flestar algengustu kröfur falli undir ákvæði laganna um fjögurra ára fyrningu. Þykir óheppilegt að lögin hafi að geyma svo víðtækar undantekningar frá meginreglu laganna.

V.

Eins og áður var rakið voru fyrningarlög samin eftir fyrirmynd sem ætlað var að gilda fyrir Danmörku, Ísland og Noreg. Þegar árið 1909 komu fram hugmyndir að norrænu samstarfi um lagasetningu á þessu sviði en til þess var þó ekki efnt á þeim tíma. Á sjötta áratug liðinnar aldar unnu fulltrúar frá Danmörku, Svíþjóð, Noregi og Finnlandi að lagasamræmingu, sem lauk árið 1957 með framlagningu fjögurra frumvarpa til fyrningarlaga, hverju fyrir sitt land. Frumvörpin sættu töluverðri gagnrýni og ekkert þeirra varð að lögum. Þótt lagasam-

ræming fyrningarreglna hafi af og til síðar borið á góma á norrænum vettvangi hefur ekki orðið úr samstarfi á því sviði. Réttarreglur Norðurlandanna um fyrningu eru því frábrugðnar í ýmsum atriðum og má til dæmis nefna að samkvæmt norskum og íslenskum rétti er fyrningarfrestur kröfu almennt miðaður við gjalddaga, en meginreglan annars staðar á Norðurlöndum er sú að miða við það tímamark þegar krafa stofnast. Í þeim löndum er einnig unnt að rjúfa fyrningarfrest með sannanlegri greiðsluáskorun, gagnstætt því sem á við samkvæmt íslenskum og norskum lögum.

Ef horft er til réttar annarra ríkja er löggjöfin enn sundurleitari. Má til dæmis nefna að í sumum ríkjum teljast fyrningarreglur til réttarfarsreglna fremur en efnisreglna, svo sem í engilsaxneskum rétti (statute of limitations). Árið 1967 var á vettvangi Evrópuráðsins sett á laggirnar nefnd, sem vinna átti drög að samræmdum fyrningarreglum, en ekki reyndist grundvöllur fyrir evrópskri lagasamræmingu á þessu sviði.

Við samningu frumvarps þessa þótti heppilegast að hafa hliðsjón af gildandi fyrningarlögum í Noregi frá árinu 1979 með síðari breytingum. Er þá litið til þess að þau lög voru sett á grundvelli eldri laga sem voru hliðstæð gildandi fyrningarlögum hér á landi. Jafnframt eru réttarreglur landanna um kröfuréttindi sambærileg í flestu tilliti.

VI.

Gildissvið frumvarpsins takmarkast að meginstefnu til við *kröfuréttindi*. Í því felst að við úrlausn um hvort tiltekin réttindi séu undirorpin fyrningu verður að líta til almennra lagasjónarmiða um hvort réttindin séu kröfuréttareðlis. Tekið skal fram að áhorfsmál er hvort krafa um afhendingu á einstaklega ákveðnum söluhlut samkvæmt kaupsamningi sé fremur kröfuréttar- eða eignarréttarlegs eðlis. Fræðikenningar um þetta hafa verið nokkuð á reiki. Samkvæmt eldri kenningum var einkum litið til þess hvort réttur til afhendingar hefði náð réttarvernd gagnvart þriðja manni. Það viðhorf hefur verið gagnrýnt, án þess að einhugur sé um við hvað annað skuli miðað.

Því hefur verið haldið fram að jafnvel þótt líta megi á rétt til afhendingar hlutar sem eignarrétt sé eðlilegt að beita fyrningarreglum um slíkan rétt með sama hætti og um tegundarákveðna greiðslu (Ólafur Lárusson, Fyrirlestrar um fyrningu, bls. 7). Á móti má benda á að aðrar lagareglur, einkum tómlætissjónarmið og frestir t.d. samkvæmt lögum um lausafjárkaup, draga úr nauðsyn þess að fyrningarreglur gildi um kröfu til afhendingar á einstökum hlut. Miða reglur frumvarpsins við að úrlausn um hvort tiltekin réttindi falli undir ákvæði þess, ráðist af því hvort réttindin teljist kröfuréttarlegs eðlis, enda er það í samræmi við dómaframkvæmd (sjá t.d. Hrd. 1957:94). Endanleg niðurstaða um þetta er þó að sjálfsögðu háð mati dómstóla í hverju tilviki fyrir sig.

Á hinn bóginn gildir einu hvernig krafan hefur stofnast. Eins og ákvæði frumvarpsins bera með sér er þeim ætlað að gilda jafnt um kröfur sem byggjast á samningi, skaðabótakröfur utan samninga og kröfur sem reistar eru á öðrum lagagrundvelli. Ekki skiptir heldur máli hvort krafan á rót sína að rekja til opinbers réttar eða einkaréttar.

Ekki eru öll kröfuréttindi háð fyrningu. Þau kröfuréttindi sem frumvarpið tekur til eru kröfur um *peninga og aðrar greiðslur,* svo sem beinlínis er tekið fram í 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins. Gildissvið þess takmarkast því við þau kröfuréttindi sem fela í sér að einhver greiðsla sé innt af hendi, hvort sem um er að ræða peninga, vöru, vinnuframlag eða annað. Umdeilt hefur verið hvort og þá hvernig kröfur þess efnis að tiltekinn aðili þoli eitthvað eða láti eitthvað ógert séu háð fyrningu, svonefndar neikvæðar kröfur. Ekki er gert ráð fyrir að reglur frumvarpsins nái til neikvæðra krafna af þessum toga. Ástæða þessa er meðal annars

sú að ekki er um að ræða neinn gjalddaga á slíkum kröfum um athafnaleysi, og því örðugt að slá nokkru föstu um upphaf fyrningarfrests.

Með sama hætti og í gildandi fyrningarlögum er kveðið á um áhrif fyrningar á tiltekin réttindi, sem almennt eru talin eignarréttindi í íslenskri lögfræði, til dæmis veðréttindi. Af þessu verður þó ekki dregin sú ályktun, fremur en af gildandi lögum, að ætlast sé til þess að litið verði á slík réttindi sem kröfuréttindi, heldur er fremur um að ræða rýmkun á gildissviði laganna út fyrir svið eiginlegra kröfuréttinda.

VII.

Ein af ástæðum þess að nauðsynlegt er talið að endurskoða gildandi fyrningarlög er að orðalag þeirra er sums staðar torskilið og flókið. Með hliðsjón af því hefur verið leitast við að einfalda uppbyggingu frumvarpsins og gera það eins gagnsætt og kostur er. Í 1. gr. er að finna ákvæði um almenn atriði en í 2. gr. er ákvæði um upphaf fyrningarfrests. Í 3. gr. er mælt fyrir um almennan fyrningarfrest og í 4.–9. gr. eru reglur um sérstakan fyrningarfrest ákveðinna krafna, svo sem vegna bankainnborgana, fasteignakaupa, skuldabréfa, peningalána, lífeyris, ábyrgðarskuldbindinga, endurkrafna og krafna um skaðabætur. Ákvæði um viðbótarfresti vegna vanþekkingar o.fl. eru í 10.–13. gr. Um slit fyrningar er fjallað um í 14.–19. gr. og áhrif þess að fyrningu kröfu sé slitið í 20.–23. gr. Þá er fjallað um réttaráhrif fyrningar í 24.–27. gr. Loks er í 28. gr. mælt fyrir um gildistöku laganna og lagaskil yngri og eldri laga.

VIII.

Að mestu má segja að frumvarpið sé lögfesting á því sem talið hefur verið gildandi réttur. Helstu nýmæli frumvarpsins eru þau að lagt er til að almennur fyrningarfrestur kröfuréttinda verði fjögur ár. Meginregla gildandi fyrningarlaga er aftur á móti sú að kröfur fyrnist á tíu árum, sbr. 2. tölul. 4. gr. laganna. Reyndin er hins vegar að flestar kröfur fyrnast á fjórum árum skv. 3. gr. laganna. Er því í raun um að ræða lögfestingu á gildandi meginreglu í framkvæmd. Þá er lagt til í frumvarpinu að ábyrgðarskuldbindingar fyrnist eftir sömu reglum og krafa á hendur aðalskuldara og að reglurnar verði einfaldaðar nokkuð frá því sem nú er. Nýtt ákvæði er í frumvarpinu um fyrningu flestra skaðabótakrafna og þar er meðal annars tekið mið af kröfum vegna tjóns, sem gerist á löngum tíma, eins og til dæmis mengunartjóns. Reglur um viðbótarfresti eru einnig gerðar skýrari auk þess sem það nýmæli er í frumvarpinu að ekki þurfi að vera um sviksamlega háttsemi að ræða hjá skuldara til þess að kröfuhafi geti fengið viðbótarfrest til að sækja kröfu sína. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir fleiri úrræðum til að slíta fyrningu en samkvæmt gildandi lögum. Þannig er lagt til að unnt verði að slíta fyrningu með því að leggja mál fyrir stjórnvald, sem hefur úrskurðarvald um málið, sem og kærunefndir. Eins og samkvæmt gildandi lögum er gert ráð fyrir að unnt sé að semja um lengri eða skemmri fyrningarfresti en lögin mæla fyrir um.

Í frumvarpinu er lagt til að settar verði almennar reglur um upphaf fyrningarfrests, sbr. 2. gr., og því verði afnumdar sérreglur um það efni. Í gildandi fyrningarlögum er slíkar sérreglur að finna í 1. mgr. 5. gr. um gjalddaga verslunarskulda og dómkrafna og í 1. tölul. 3. gr. um föst reikningsviðskipti og um kaupgjald hjús sem er samfellt í sömu vist. Að því er varðar *verslunarskuldir* og *reikningsviðskipti* er eðlilegra að gjalddagi, og þar með upphaf fyrningarfrests, ráðist af almennum kröfuréttarreglum. Rökin fyrir sérreglu um *dómkröfur* á rætur að rekja til reglna eldri laga um meðferð einkamála í héraði, en samkvæmt þeim byrjuðu frestir ekki að líða fyrr en við birtingu dóms, sbr. hins vegar nú 4. mgr. 115. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991. Varðandi kröfur um *kaupgjald hjúa* skal bent á að réttar-

reglur um hjú hafa varla nokkra raunhæfa þýðingu nú á tímum. Því verður ekki séð að ástæða sé til að halda í aðra tilhögun um fyrningu á launakröfum hjúa en gildir í vinnuréttarsamböndum almennt. Sömu rök búa að baki tillögum um afnám reglu 1. tölul. 8. gr. fyrningarlaga um kröfur hjóna hvort á annað en samkvæmt greindu ákvæði fyrnast kröfur milli hjóna ekki fyrr en fjögur ár eru liðin frá því að hjónabandi var slitið. Fyrningarfrestur er því samkvæmt ákvæðinu lengdur og getur ákvæðið átt við um allar kröfur hjóna hvort á annað, án tillits til þess hvort þær hafa stofnast fyrir eða eftir hjúskap. Í athugasemdum með frumvarpi til fyrningarlaga voru engin rök færð fyrir þessari reglu. Í öllu falli verður ekki séð að nú á tímum sé ástæða til að víkja frá almennum reglum um fyrningu þessara krafna.

Í 5. mgr. 1. gr. gildandi fyrningarlaga segir að kröfur til endurgjalds af þegnum sveitarstyrk fyrnist ekki. Í frumvarpinu er lagt til að þessi regla verði afnumin. Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga við einstaklinga hefur breyst í öllu tilliti á þeirri rúmu öld sem liðin er frá setningu fyrningarlaga árið 1905. Samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, getur fjárhagsaðstoð verið fólgin í lánveitingum og styrkjum, sbr. 22. gr. laganna. Ekki er gert ráð fyrir endurgreiðslu þegar um styrkveitingu er að ræða, nema ef rangar upplýsingar hafa verið veittar, en fjárhagsaðstoð er veitt sem lán ef umsækjandi óskar þess eða könnun á aðstæðum viðkomandi leiðir til þess að eðlilegra er að gera kröfu um endurgreiðslu með tilliti til eigna og framtíðartekna. Að því leyti sem slík aðstoð er á annað borð endurkræf verður ekki séð að rök standi til að undanþiggja slíkar kröfur fyrningu frekar en önnur kröfuréttindi hins opinbera. Þess má geta að gildissvið ákvæðisins hefur verið túlkað þröngt í réttarframkvæmd, sbr. Hrd. 1999:3079.

Með frumvarpinu er lagt til að afnumin verði 18. gr. fyrningarlaga þar sem segir að krafa samkvæmt peningaseðli eða bankaseðli fyrnist ekki. Peningaseðlar voru innleysanlegir í gulli fram til ársins 1916 og ákvæðið var því barn síns tíma. Í dag er litið svo á að peningaseðlar hafi sjálfstætt gildi og reynir því ekki á innlausn þeirra. Í meðförum Alþingis var orðinu „bankaseðill“ bætt við ákvæðið og var það rökstutt þannig að réttara væri að taka það fram að seðlar Landsbanka Íslands væru líka gildir sem peningaseðlar, en þeir voru ekki innleysanlegir. Þar sem ekki er um að ræða innlausnarskyldu Seðlabanka Íslands á útgefnum peningaseðlum eru þeir ekki kröfuréttarskjöl í hefðbundnum skilningi. Þeir mundu því ekki undirorpnir fyrningarreglum jafnvel þótt það væri ekki sérstaklega tekið fram í lögum. Um einkarétt Seðlabanka Íslands til útgáfu seðla og mynta er kveðið á um í II. kafla laga 36/2001. Ákvæði 18. gr. fyrningarlaga kemur ekki í veg fyrir að unnt sé að ógilda peningaseðla þannig að engin krafa verði á þeim byggð. Skv. 10. gr. laga um gjaldmiðil Íslands, nr. 22/1968, er ráðherra heimilt að láta innkalla einstakar gerðir gjaldgengra seðla og sleginna peninga með þeim réttaráhrifum að þeir hætta að vera lögmætur gjaldmiðill í lögskiptum að liðnum innköllunarfresti, sem skal vera 12 mánuðir. Eru allir bankar og sparisjóðir skyldugir að taka við peningum þeim sem innkalla skal á innköllunarfrestinum og láta í staðinn peninga, sem ekki skal innkalla.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er gildissvið frumvarpsins afmarkað en það á við um kröfuréttindi, hvort sem um er að ræða kröfu um greiðslu peninga eða aðra greiðslu. Um þetta vísast nánar til almennra athugasemda með frumvarpinu. Í ákvæðinu er gerður sá fyrirvari að sérlög geti haft að geyma reglur um fyrningu einstakra tegunda kröfuréttinda, og ganga þá slík ákvæði framar ákvæðum frumvarpsins. Áréttað skal einnig, svo sem rakið er í almennum athugasemdum,

að í lögum eru ýmsar reglur um brottfall réttinda sakir athafnaleysis rétthafa, sem þó teljast ekki fyrningarreglur. Mundu ákvæði frumvarpsins gilda jafnhliða slíkum reglum, eftir því sem við getur átt.

Samkvæmt 2. mgr. er óheimilt að semja svo að krafa sé ófyrnanleg. Slíkur samningur er ógildur og gæti því kröfuhafi ekki fengið dóm á hendur skuldara fyrir kröfu sem væri fyrnd eftir þeim reglum sem ættu við. Að baki þessu búa fyrst og fremst þau sjónarmið að tryggja hagsmuni skuldara með því að koma í veg fyrir samningsákvæði sem felur í sér að skuldari verði sviptur þeirri vernd sem lögboðin fyrning veitir. Þessi regla á bæði við um fyrir fram gerðan samning sem og samning gerðan eftir að krafa er stofnuð eða gjaldfallin. Aftur á móti er ekki lagt til að hömlur verði settar við því að samið verði um styttri eða lengri fyrningarfrest. Ef slíkur samningur færi í bága við tilgang fyrningarreglna gæti þó komið til álita að honum yrði vikið til hliðar á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, með síðari breytingum, í slíkum tilvikum, ef aðstæður eru slíkar.

Fyrningarfrestir samkvæmt frumvarpinu eru taldir í árum eða mánuðum. Er miðað við heila daga þannig að dagurinn sem talið er frá er ekki talinn með. Samkvæmt þessu væri síðasti dagur 4 ára fyrningarfrests 1. janúar 2011 ef gjalddagi kröfunnar var 1. janúar 2007. Krafan væri því fallin niður fyrir fyrningu 2. janúar 2011. Ef ekki er um sama dag að ræða í lok mánaðar rennur frestur út síðasta daginn í mánuðinum. Því er krafa fyrnd 1. mars án tillits til þess hvort um er að ræða hlaupár ef gjalddagi var 29. febrúar. Aftur á móti skiptir engu þótt síðasti dagurinn sé sunnudagur eða helgidagur. Er þetta í samræmi við gildandi rétt.

Um 2. gr.

Í ákvæðinu koma fram reglur um hvenær fyrningarfrestur byrjar að líða. Reglur þessar gilda óháð því hvort um er að ræða almennan fyrningarfrest skv. 3. gr. eða fresti samkvæmt sérreglum frumvarpsins eða öðrum lögum, enda feli þær ekki í sér önnur fyrirmæli um upphaf frests. Í sumum sérlögum er að finna aðrar reglur um upphaf fyrningarfrests, sbr. til að mynda 52. gr. laga um vátryggingarsamninga, nr. 30/2004. Samkvæmt því ákvæði miðast fyrningarfrestur krafna, sem rísa af vátryggingarsamningi, við lok þess almanaksárs er kröfuhafinn fékk vitneskju um kröfu sína. Hins vegar er í frumvarpinu lagt til að afnumdar verði þær sérreglur um gjalddaga og upphaf fyrningarfrests varðandi einstakar tegundir krafna, sem fram koma í gildandi fyrningarlögum, eins og nánar er rakið í almennum athugasemdum. Verður ekki séð að slíkra sérákvæða sé þörf í viðskiptalífi nútímans.

Reglur ákvæðisins um upphaf frestsins eru hlutlægar. Ef kröfuhafi hefur öðlast rétt til efnda byrjar fyrningarfrestur að líða og breytir þá engu hvort hann hafði á því tímamarki tök á að framfylgja kröfu sinni eða vissi um tilvist kröfunnar eða önnur atvik. Þekkingarskortur og aðrar hindranir geta hins vegar leitt til þess að regla 10. gr. frumvarpsins um viðbótarfresti eigi við. Loks getur huglæg afstaða kröfuhafa skipt máli varðandi beitingu einstaka sérreglna, sbr. til dæmis 9. gr. frumvarpsins um fyrningu skaðabótakrafna.

Samkvæmt 1. mgr. er meginreglan sú að fyrningarfrestur reiknast frá þeim degi þegar kröfuhafi gat fyrst átt rétt til efnda. Er það efnislega sama regla og nú er kveðið á um í 1. málsl. 1. mgr. 5. gr. fyrningarlaga. Regla 1. mgr. gildir hvort sem krafan verður gjaldkræf vegna ákvæða í samningi, dómsorði, fyrir venju eða á annan hátt.

Af ákvæðum 1. mgr. leiðir að upphaf fyrningarfrestsins miðast við gjalddaga ef hann er fastákveðinn. Almennar reglur kröfuréttarins segja til um hvaða dagur telst vera gjalddagi kröfu í hverju einstöku tilviki, en hann getur leitt af samningi, lögum eða venju. Hitt er

einnig til að ekki sé um að ræða neinn eiginlegan gjalddaga eða að gjalddagi kröfu fari eftir undanfarandi uppsögn af hálfu kröfuhafa. Í slíkum tilvikum leiðir af orðalagi ákvæðisins að upphaf fyrningarfrests miðast við það tímamark, þegar kröfuhafi gat fyrst átt möguleika á að knýja fram efndir, þ.e. með uppsögn eða kröfu um greiðslu. Enda þótt segja megi að réttur til efnda stofnist á því tímamarki þegar slík krafa um efndir er í raun sett fram er til þess að líta að í tilvikum sem þessum hefur kröfuhafi það í hendi sér hvenær krafa verður gjaldkræf. Ef miðað væri við það tímamark þegar kröfuhafi tekur ákvörðun um að fá kröfuna efnda mundi það leiða til þeirrar ótæku niðurstöðu að hann réði því hvenær fyrningarfrestur tekur að líða. Ber því að túlka orðalag ákvæðisins svo að miða skal upphaf fyrningarfrests við það tímamark þegar kröfuhafi átti þess fyrst kost að setja fram kröfu um efndir. Sú túlkun er í samræmi við reglu 1. málsl. 2. mgr. 5. gr. fyrningarlaga um kröfur sem háðar eru undanfarandi uppsögn, og samrýmist auk þess þeirri meginreglu frumvarpsins að upphaf fyrningarfrests sé óháð athöfnum eða athafnaleysi kröfuhafa.

Vera kann að gjalddagi kröfu sé tiltekinn, en kröfuhafi hafi jafnframt áskilið sér rétt til uppsagnar áður en gjalddaginn er kominn, án þess að vanefnd af hálfu skuldara eða önnur samningsbundin atvik komi til. Er þetta einkum raunhæft varðandi langtímaskuldbindingar. Miðast þá upphaf fyrningarfrestsins við hvenær kröfuhafi gat fyrst sagt upp kröfunni, óháð því hvenær gjalddaginn er. Í slíkum tilvikum er mögulegt að fyrningarfrestur byrji að líða þegar við stofnun kröfu, og krafan kann því að fyrnast áður en gjalddagi hennar er kominn. Við fyrstu sýn kann regla þessi að virðast ströng í garð kröfuhafa. Hún er hins vegar í samræmi við þær meginreglur sem ráða byrjun fyrningarfrests. Þá er til þess að líta að kröfuhafi hefur í hendi sér að meta hverju sinni hvort hann telur nauðsyn á víðtækum uppsagnarrétti með hliðsjón af samningstíma og öðrum aðstæðum. Hann getur tilgreint skilyrði þess að uppsagnarréttur hans verði virkur og hefst þá fyrningarfrestur ekki fyrr en þau skilyrði koma fram. Þá skal bent á að almennt er ekki ýkja raunhæft að kröfur vegna peningalána með reglulegum gjalddögum fyrnist því fyrningarfrestur þeirra er tíu ár og fyrningu er slitið með hverri afborgun vaxta, sbr. 14. og 20. gr. frumvarpsins. Loks skal bent á að regla þessi tekur ekki til réttar kröfuhafa til gjaldfellingar fyrir gjalddaga vegna vanefnda skuldara, en um þau tilvik er sérregla í 3. mgr., svo sem nánar verður vikið að síðar.

Í 2. mgr. er orðuð almenn regla varðandi upphaf fyrningarfrests krafna, sem rísa vegna vanefnda. Regla þessi gildir um kröfur vegna hvers konar vanefnda, hvort sem um er að ræða afhendingardrátt, galla, vanheimild eða önnur tilvik. Er upphaf fyrningarfrests miðað við þann dag sem vanefnd hefst. Í samningssamböndum liggur vanefnd oftast fyrir á því tímamarki þegar greiðsla (t.d. afhending vöru) á sér stað eða á að eiga sér stað. Í einstaka tilvikum kunna þó kröfur vegna vanefnda að verða til seinna, t.d. eftirfarandi vanheimild seljanda. Í slíkum tilvikum verður krafa gjaldkræf þegar vanefnd kemur til. Athygli skal vakin á því að sérreglur gilda um skaðabótakröfur utan samninga, sbr. 9. gr. frumvarpsins. Hér eins og í öðrum ákvæðum greinarinnar er upphaf fyrningarfrests miðað við hlutlæg atvik. Skiptir því ekki máli um upphaf fyrningarfrests hvort kröfuhafi hafi fengið vitneskju um að vanefnd væri fyrir hendi. Er þetta í samræmi við íslenska dómaframkvæmd, sem hefur meðal annars byggt á því að fyrningarfrestur krafna vegna leyndra galla byrji almennt að líða frá afhendingu söluhlutar.

Í 3. mgr. kemur fram sérregla, sem á við um þau tilvik þegar samningur er riftanlegur eða unnt er að líta á kröfu sem gjaldfallna vegna tiltekinna atvika, enda þótt gjalddagi hennar sé enn ekki kominn. Gagnstætt ákvæðum 1. og 2. mgr. 2. gr. byrjar fyrningarfrestur ekki að líða í slíkum tilvikum fyrr en kröfuhafi tilkynnir skuldara um að hann hyggist nýta sér þennan rétt

eða í síðasta lagi miðað við umsaminn gjalddaga. Rök þessarar sérreglu eru einkum þau að samningsákvæði eða almennar réttarreglur kunna að fela í sér víðtæka heimild fyrir kröfuhafa til gjaldfellingar vegna vanefnda skuldara. Þykir því ekki rétt að kröfuhafi sé knúinn til að beita þessum úrræðum af fullum þunga til að firra sig hættu á fyrningu. Við þetta hefur almennt verið miðað í réttarframkvæmd. (Sjá nánar: Ólafur Lárusson, Fyrirlestrar um fyrningu, bls. 10, og Hrd. 1998:642. Niðurstaðan var hins vegar gagnstæð í Hrd. 1998:3253.) Hér er lagt til að tekin verði af öll tvímæli í þessum efnum þannig að kröfuhafi þurfi að sýna í verki að hann vilji beita þessum rétti sínum til að fyrningarfrestur hefjist. Ákvæðið tekur bæði til riftunarréttar vegna fyrirsjáanlegra vanefnda skuldara og gjaldfellingar vegna atvika á borð við ófyrirsjáanleg ytri atvik (force majeure), andlát skuldara eða rýrnun veðs eða annarrar tryggingar. Ákvæðið á við jafnt þegar riftun eða gjaldfelling byggist beinlínis á samningsákvæði, og eins ef slíkan rétt má leiða af almennum reglum samningaréttarins um vanefndir og brostnar forsendur. Hins vegar gildir reglan ekki ef kröfuhafi hefur áskilið sér almenna og óbundna heimild til uppsagnar eða gjaldfellingar fyrir gjalddaga, sbr. 1. mgr.

Í 4. mgr. er að finna sérreglu sem á við þegar veitt er ábyrgð við kaup á vöru eða þjónustu. Ábyrgð getur miðast við tiltekið tímabil eða annað viðmið, til dæmis tiltekinn kílómetrafjölda bifreiðar og getur verið veitt af endanlegum seljanda, framleiðanda eða fyrri söluaðila. Fyrningarfrestur kröfu, sem byggist á slíkri ábyrgðaryfirlýsingu, byrjar að líða frá og með þeim degi þegar kaupandi hefur tilkynnt að hann ætli sér að byggja rétt á ábyrgðinni eða í síðasta lagi þann dag sem ábyrgðin rennur út. Ákvæðið á aðeins við þegar með ábyrgðaryfirlýsingu er veittur meiri réttur en kaupandi ætti að öðrum kosti. Ef yfirlýsingin felur ekki í sér annað en gilda mundi samkvæmt almennum réttarreglum er ekki um það að ræða að krafa „byggist á ábyrgðinni“ í skilningi ákvæðisins heldur væri um að ræða almenna kröfu vegna vanefnda, sem ætti undir ákvæði 2. mgr.

Um 3. gr.

Hér er lögð til sú meginregla að kröfuréttindi fyrnist á fjórum árum ef annað er ekki ákveðið með lögum. Skv. 2. tölul. 4. gr. fyrningarlaga gildir nú sú regla að kröfur fyrnast á tíu árum nema annað leiði af lögum. Þessi regla hefur þó í framkvæmd haft takmarkaða þýðingu þar sem 3. gr. laganna mælir fyrir um fjögurra ára fyrningarfrest varðandi flestar algengustu kröfur í viðskiptum manna. Má því heita að sá fyrningarfrestur sé í reynd meginreglan í framkvæmd. Ekki verður séð að þörf sé á því í viðskiptalífi nútímans að mæla fyrir um lengri fyrningarfrest krafna en fjögur ár, vegna annarra krafna en þeirra sem getið er sérstaklega um í ákvæðum frumvarpsins. Fremur má færa rök fyrir því að þjóðfélagslegir hagsmunir séu við það bundnir að kröfuréttindi séu gerð upp með sæmilega greiðum hætti. Auk þess má gera ráð fyrir að meðal almennings sé fjögurra ára fyrningarfresturinn betur þekktur en hinn almenni tíu ára frestur fyrningarlaga.

Samkvæmt norskum lögum er meginreglan sú að fyrningarfrestur er þrjú ár og var það svo einnig samkvæmt eldri lögum frá árinu 1896, sem eru hliðstæð við gildandi fyrningarlög hér á landi. Samkvæmt nýsamþykktum dönskum fyrningarlögum er almennur fyrningarfrestur einnig þrjú ár. Við setningu hérlendra fyrningarlaga á árinu 1905 var þriggja ára fyrningarfrestur talinn of stuttur fyrir íslenskar aðstæður, einkum vegna þess að á þeim tíma var innheimta skulda með málssókn seinleg. Enda þótt þessi rök eigi í sjálfu sér ekki við lengur þykir ekki ástæða til að hrófla við reglunni um fjögurra ára fyrningarfrest vegna algengustu krafna, en sá frestur hefur verið við lýði í rúma öld og er rótgróinn í viðskiptum.

Því þykir rétt að mæla fyrir um fjögurra ára fyrningarfrest sem meginreglu en mæla síðan fyrir um annan og lengri frest í sérreglum um tiltekin kröfuréttindi.

Um 4. gr.

Í greininni er mælt fyrir um 20 ára fyrningarfrest krafna vegna innlána á hendur fjármálafyrirtækjum og öðrum þeim sem heimild hafa til að taka við innlánum frá almenningi. Ákvæðið svarar að mestu til 1. tölul. 2. gr. gildandi fyrningarlaga. Ákvæðið á við um fjármálafyrirtæki, opinbera sjóði og aðra þá sem hafa að lögum heimild til að taka við innlánum. Með fjármálafyrirtækjum er átt við þá sem hafa starfsleyfi samkvæmt ákvæðum laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Með opinberum sjóðum er átt við hvern þann opinbera aðila sem tekur við fjármunum til varðveislu, hvort sem viðkomandi sjóður er á vegum ríkis eða sveitarfélaga. Þá tekur ákvæðið til vaxta af innlánum og öðrum kröfum sem falla þar undir.

Jafnframt innlánum í hefðbundnum skilningi tekur ákvæðið til þess þegar verðmæti eru lögð inn. Sem dæmi um slíkt má nefna að fjármálafyrirtæki taki verðbréf til varðveislu með þeim skilmála að skila síðar eiganda sambærilegum verðbréfum (depositum irregulare). Í þeim tilvikum mundi 20 ára fyrningarfrestur gilda um kröfu eigandans um að fá til baka sambærileg verðbréf og um kröfur tengdar þessu, svo sem ef fjármálafyrirtækið hefur selt verðbréf eða innheimt arð eða vexti. Hugtakið „verðmæti“ tekur hins vegar aðeins til kröfuréttinda, eins og leiðir af gildissviði frumvarpsins. Réttur manns til að fá afhentan einstakan hlut sem hann hefur falið til dæmis banka til varðveislu byggist á eignarrétti hans og er því ekki undirorpinn fyrningu. Hafi fjármálafyrirtækið í dæminu hér á undan skuldbundið sig til að skila nákvæmlega sama verðbréfi til baka, fyrnist krafa um þá afhendingu ekki.

Samkvæmt 1. málsl. 1. mgr. byrjar fyrningarfrestur að líða þegar fjármunir eru lagðir inn á reikning eða er komið í varðveislu. Í 2. málsl. 1. mgr. kemur hins vegar fram að fyrningu sé slitið við hreyfingar á reikningnum, þ.e. við inn- eða útborgun. Byrjar þá nýr 20 ára frestur að líða að því er varðar alla innstæðuna. Fyrningu er hins vegar ekki slitið við það eitt að áfallnir vextir séu lagðir við innstæðuna. Skv. 1. mgr. 12. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, skulu vextir höfuðstólsfærðir á tólf mánaða fresti, óháð því hversu lengi innstæða hefur staðið óhreyfð. Ef slík færsla sliti fyrningu yrðu því fyrningarákvæði frumvarpsins þýðingarlaus.

Í 2. mgr. kemur fram að krafa fyrnist ekki nema að því tilskildu að viðtakandi innláns eða fjármuna hafi áður gert eðlilegar ráðstafanir til að ná til reikningseiganda í því skyni að vekja athygli hans á yfirvofandi fyrningu. Er þetta svipuð regla og fram kemur í 5. gr. laga um geymslufé, nr. 9/1978. Það ræðst af aðstæðum hverju sinni, hvaða kröfur ber að gera til viðtakanda fjármuna í þessu efni. Að því er fjármálafyrirtæki varðar má þó benda á að þeim er jafnan fær sú leið að stefna til sín handhafa innlánsskilríkis, ef grunur leikur á að það hafi glatast, sbr. 114. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, sbr. 11. gr. laga nr. 130/2004. Ef rétthafi gefur sig þá ekki fram falla niður öll réttindi samkvæmt skilríkinu óháð því hvort fyrningarfrestur er liðinn.

Um 5. gr.

Í greininni eru taldar upp þær kröfur sem fyrnast á tíu árum. Þar sem meginreglan samkvæmt frumvarpinu er fjögurra ára fyrningarfrestur er í 5. og 6. gr. frumvarpsins að finna tæmandi talningu á þeim kröfum sem tíu ára frestur gildir um gagnstætt því sem gildir samkvæmt gildandi fyrningarlögum.

Í 1. mgr. kemur fram að skuldabréf fyrnast á tíu árum og er það sama regla og í 1. tölul. 4. gr. gildandi fyrningarlaga. Hugtakið skuldabréf er hér notað í venjubundinni kröfuréttarlegri merkingu, þ.e. að um sé að ræða skriflega yfirlýsingu, þar sem útgefandinn viðurkennir einhliða skyldu sína til að greiða peningagreiðslu. Ákvæði 1. mgr. á einnig við um kröfu, sem hefur verið skráð rafrænni skráningu í verðbréfamiðstöð í samræmi við ákvæði laga um rafræna eignarskráningu verðbréfa, nr. 131/1997. Vextir, verðbætur, arður af félagi og greiðslur skv. 6. gr. frumvarpsins fyrnast ekki samkvæmt þessu ákvæði heldur eftir almennum fjögurra ára fyrningarfresti sem kveðið er á um í 3. gr. frumvarpsins.

Í 1. málsl. 2. mgr. segir að kröfur vegna peningalána fyrnist á tíu árum. Er þetta sama regla og leiðir af almennum fyrningarfresti í 2. tölul. 4. gr. gildandi fyrningarlaga. Fyrir þessari reglu má færa þau rök að ýmis peningalán eru veitt án þess að tiltekinn sé ákveðinn gjalddagi, til dæmis lán milli venslamanna. Er eðlilegt að fyrningarfrestur vegna slíkra lána sé ríflegur, meðal annars með hliðsjón af meginreglu 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins, sem getur falið í sér að fyrningarfrestur byrji að líða strax þegar lánið er veitt, eins og rakið er í skýringum við það ákvæði. Reglan tekur bæði til peningalána, sem veitt eru í atvinnuskyni, þar með talið yfirdráttarlána, og lána milli einstaklinga, hvort sem um formlegan lánagerning er að ræða eða ekki. Ákvæðinu er hins vegar ekki ætlað að taka til annars konar fjármögnunar, sem fyrnist á fjórum árum eftir almennu reglunni í 3. gr. frumvarpsins.

Sérstaklega er tekið fram í 2. málsl. 2. mgr. að tíu ára fresturinn eigi ekki við um lán sem veitt er vegna afborgunarkaupa. Rökin fyrir þessu eru þau að þessi lán eru í raun ein tilhögun af fleirum við greiðslu kaupverðs, fremur en eiginlegt peningalán. Er tæpast eðlilegt að mismunandi fyrningarfrestir gildi um kröfur vegna kaupsamninga af þeirri ástæðu einni að gengið sé frá fjármögnun með mismunandi hætti. Þá eru lán af þessu tagi oft tryggð með söluveði í hinu selda og gildir þá fjögurra ára fyrningarfrestur skv. 41. gr. laga um samningsveð, nr. 75/1997. Loks skal á það bent að yfirleitt eru viðskipti vegna kaupa með greiðslufresti gerð upp á skömmum tíma fremur en að um langtímalán sé að ræða og því ekki þörf á jafnlöngum fyrningarfresti og ella. Að afborgunarkaupum frátöldum verður að líta á aðstæður hverju sinni þegar metið er hvort um er að ræða peningalán eða annars konar gerning. Tekið skal fram að ef gefið er út skuldabréf fyrir kröfu vegna afborgunarkaupa eða annarrar fjármögnunar, sem ekki telst peningalán í skilningi 2. mgr., mundi tíu ára fyrningarfrestur samt sem áður eiga við vegna ákvæða 1. mgr. Með sama hætti og skv. 1. mgr. fyrnast vextir af peningaláni eftir almennu reglunni í 3. gr. frumvarpsins.

Um 6. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um fyrningu krafna sem fela í sér greiðslur með reglulegu millibili án þess að um afborganir af höfuðstól skuldar sé að ræða. Hér er um að ræða fyrningu á sjálfum réttinum til að krefjast áframhaldandi greiðslna en ekki réttinum til að heimta hverja einstaka greiðslu. Kröfur um einstakar greiðslur fyrnast á fjórum árum frá gjalddaga hverrar greiðslu fyrir sig, svo sem beinlínis er kveðið á um í 3. málsl. greinarinnar. Er það sama regla og fram kemur í 2. tölul. 3. gr. gildandi fyrningarlaga. Jafnframt leiðir brottfall kröfu um greiðslu fjárframlagsins skv. 1. málsl. til þess að allar kröfur til einstakra, gjaldfallinna greiðslna fyrnast um leið, sbr. orðalagið „fyrnast enn fremur“.

Í gildandi fyrningarlögum eru ákvæði um slíkar kröfur í 2. tölul. 2. gr., sbr. 4. mgr. 5. gr. Þar er mælt fyrir um 20 ára fyrningarfrest talið frá þeim degi er hin fyrsta greiðsla féll í gjalddaga. Gildandi lög segja ekki beinlínis til um hvort fyrningarfrestur rofnar við að einstakar greiðslur eru inntar af hendi og hefur sambærilegt ákvæði í norskum lögum verið um-

deilt. Lagt er til að fyrningarfrestur þessara krafna verði styttur í tíu ár miðað við hvenær fyrsta greiðsla varð gjaldkræf, en jafnframt að því verði slegið föstu að greiðsla slíti fyrningu.

Ákvæðið tekur til krafna sem eru „umsamdar eða ákveðnar“, hvort sem um er að ræða einkaréttarlegan samning, dóm eða stjórnvaldsúrskurð, til dæmis varðandi rétt til lífeyris eða meðlags.

Að því er gjaldfallnar greiðslur vegna barnsmeðlags snertir skal bent á að almennt fara slíkar greiðslur fram fyrir milligöngu almannatryggingakerfisins og því er lítil hætta á að einstakar greiðslur fyrnist þrátt fyrir fjögurra ára fyrningarfrest. Hins vegar fyrnast kröfur Innheimtustofnunar sveitarfélaga á hendur barnsfeðrum um endurgreiðslu barnsmeðlaga og sérstakra framlaga samkvæmt ákvæðum barnalaga á tíu árum, sbr. 10. mgr. 5. gr. laga um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54/1971, eins og henni var breytt með lögum nr. 62/2000.

Um 7. gr.

Frumvarpið hefur að geyma sérreglur um fyrningu ábyrgðarskuldbindinga en lagt er til að þeim reglum verði hagað nokkuð með öðru móti en samkvæmt gildandi fyrningarlögum. Lagt er til að undir ákvæðið falli allar tegundir ábyrgða, þar með talið sjálfskuldarábyrgð og einföld ábyrgð. Einnig er gert ráð fyrir því að undir ákvæðið falli tilvik þar sem krafa hefur verið framseld með skaðlausu framsali, þ.e. þegar krafa er framseld með ábyrgð framseljanda á greiðslu kröfunnar. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að ábyrgðarskuldbindingar geti fyrnst með tvennum hætti. Annars vegar er um að ræða sjálfstæða fyrningu ábyrgðarkröfu og er um hana rætt í þessari grein. Hins vegar getur fyrning ábyrgðar átt sér stað samhliða fyrningu aðalkröfu skv. 2. mgr. 25. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt 4. tölul. 3. gr. gildandi fyrningarlaga er fyrningarfrestur ábyrgðarskuldbindinga fjögur ár óháð því hver fyrningarfrestur aðalkröfunnar er. Skv. 2. mgr. 5. gr. sömu laga gilda sérreglur um ábyrgð á kröfum, sem fyrnast á tíu eða tuttugu árum. Ef gjalddagi slíkra krafna fer eftir uppsögn af hálfu kröfuhafa byrjar fyrningarfrestur ábyrgðar á þeim aðeins að líða þegar uppsögn hefur í raun og veru farið fram. Jafnframt er kveðið á um að ábyrgðarkrafan fyrnist eftir sömu reglum og aðalkrafan, þ.e. á tíu eða tuttugu árum frá þeim degi er hún hefði fyrst getað orðið gjaldkræf vegna uppsagnar á aðalkröfunni. Er því um að ræða tvöfaldan fyrningarfrest að gildandi rétti.

Eins og orðalag 7. gr. frumvarpsins ber með sér er hér í fyrsta lagi lagt til að fyrningarfrestur ábyrgðarskuldbindingar verði sá sami og aðalkröfunnar. Ef aðalkrafa fyrnist til dæmis á 10 árum gildir það sama um ábyrgðarskuldbindingu vegna hennar. Í öðru lagi felur ákvæðið í sér að upphaf fyrningarfrests er ákveðið eftir sömu reglum og gilda um aðalkröfuna. Jafnframt leiðir af ákvæðum 2. mgr. 25. gr. frumvarpsins að ábyrgðarskuldbinding fyrnist hvað sem öðru líður samtímis aðalkröfu ef kröfuhafi hefur ekki látið reyna á ábyrgðina áður. Er það í samræmi við óskráðar reglur um ábyrgðir en samkvæmt þeim fellur ábyrgð niður við fyrningu aðalkröfu.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið er lagt til að reglurnar um fyrningu ábyrgðarkrafna verði einfaldaðar og er ekki gert ráð fyrir að lengur verði um að ræða að fyrningarfrestur ábyrgðarkröfu og aðalkröfu geti verið misjafn. Kröfuhafi verður hins vegar eins og áður að gæta að því sjálfur að kröfur á hendur aðalskuldara og ábyrgðarmanni fyrnist ekki.

Í 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins er lögð til sú meginregla að upphaf fyrningarfrests miðist við þann dag er kröfuhafi gat öðlast rétt til efnda. Lagt er til að það sama gildi um fyrningu ábyrgðarkröfu. Um ábyrgðarkröfur verður þó einnig að gæta að 2. málsl. 7. gr. en þar segir

að ekki skipti máli við útreikning á fyrningarfrestinum þótt ekki sé unnt að krefjast fullnustu hjá ábyrgðarmanni fyrr en greiðslu hefur árangurslaust verið leitað hjá aðalskuldaranum eða ábyrgðin er að öðru leyti þess eðlis að hún sé til vara. Af þessu leiðir að fyrningarfrestur ábyrgðarkrafna hefst þegar aðalskuldin er vanefnd, þ.e. frá gjalddaga aðalkröfunnar.

Um 8. gr.

Í ákvæðinu koma fram reglur um fyrningu svokallaðrar endurkröfu (regres). Er þá átt við þau tilvik þegar fleiri skuldarar en einn bera ábyrgð gagnvart kröfuhafa og einn þeirra greiðir kröfuna áður en fyrningarfrestur rennur út gagnvart honum. Eftir atvikum öðlast hann þá endurkröfu á hendur meðskuldurum sínum, hvort heldur sem er aðalskuldara sjálfum eða öðrum meðskuldurum.

Lagt er til að áfram gildi fjögurra ára fyrningarfrestur um slíkar kröfur eins og nú er enda er jafnframt lagt til að kveðið verði á um að endurkrafa fyrnist frá þeim tíma þegar hún er innleyst í samræmi við dómaframkvæmd. Sá sem leysir til sín kröfu nýtur þó jafnframt þess fyrningarfrests sem á við um aðalkröfuna. Eðlilegt er að sá sem leysir til sín kröfu njóti sama réttar og upphaflegur kröfuhafi gagnvart aðalskuldara eða meðskuldara. Í norskum lögum er samsvarandi fyrningarfrestur miðaður við eitt ár í stað fjögurra ára. Ekki verður talið að rök standi til að hrófla við reglunni um fjögurra ára fyrningarfrest á endurkröfu, enda er reglan rótgróin í viðskiptalífinu. Þar að auki búa að baki hagsmunir þess skuldara sem þarf að leysa kröfu til sín, en stytting frestsins gæti valdið honum réttarspjöllum að ósekju.

Ákvæðið nær til hvers konar endurkrafna og skiptir venjulega engu hvernig slík endurkrafa stofnast eða verður til. Þannig tekur ákvæðið til endurkrafna sem byggjast á löggerningi eða lögum sem og þeirra sem rísa vegna skaðabótaskyldu, hvort heldur sem um er að ræða endurkröfu að fullu eða að hluta. Í dæmaskyni um það fyrrnefnda má nefna að ákvæðið tekur til þess tilviks þegar ábyrgðarmaður þarf að greiða skuld, sem hann hefur ábyrgst fyrir aðalskuldara, og öðlast hann þá endurkröfu að fullu á hendur aðalskuldara. Einnig tekur ákvæðið til þess tilviks þegar einn af fleiri samskuldurum greiðir kröfu og eignast þá endurkröfu að hluta til á aðra meðskuldara, þ.e. fyrir þeirra hlut af skuldinni. Þá tekur ákvæðið til krafna sem rísa vegna skaðabótaskyldu, til dæmis þegar fleiri en einn tjónvaldur bera ábyrgð á tjóni. Enn fremur fyrnist samkvæmt þessari grein endurkrafa vinnuveitanda á hendur starfsmanni, sem valdið hefur tjóni, sbr. 17., 19. og 23. gr. skaðabótalaga, nr. 50/1993. Það sama gildir einnig um endurkröfur sem mælt er fyrir um í lögum nema þær séu sérstaklega undanskildar fyrningu samkvæmt fyrningarlögum. Um lögbundna endurkröfu má benda á 3. mgr. 158. gr. siglingalaga nr. 34/1985. Í því ákvæði er kveðið á um óskipta ábyrgð á líkamstjóni, sem verður af völdum skipa. Þar segir einnig að hafi einhver hinna seku greitt meiri bætur en hann bar ábyrgð á þá eigi hann endurkröfu á hendur hinum á þeirri upphæð sem hann varð að greiða umfram sinn hlut. Í dæmaskyni um sérreglu um fyrningu endurkröfu má benda á 4. gr. laga um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda, nr. 29/1995. Þar segir að krafa um endurgreiðslu samkvæmt lögunum falli úr gildi fyrir fyrningu þegar fjögur ár eru liðin frá því að greiðsla átti sér stað.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að allar endurkröfur fyrnist með sama hætti séu þær ekki undanskildar fyrningu samkvæmt fyrningarlögum berum orðum. Ákvæði um endurkröfur er nú í 2. málsl. 4. tölul. 3. gr. fyrningarlaga. Þar segir að slíkar kröfur fyrnist á fjórum árum en ekki kemur fram í ákvæðinu hvenær upphafstími fyrningar er. Í dómaframkvæmd hefur verið miðað við að upphafstími fyrningarfrestsins á slíkum kröfum sé þegar krafan er innleyst, sbr. til dæmis Hrd. 1978:1106 og Hrd. 2001:303. Samkvæmt umræddu ákvæði er

tvöfaldur fyrningarfrestur á endurkröfunni því þar er tekið fram að endurkrafan sé dómtæk eins lengi og aðalkrafan mundi vera.

Um 9. gr.

Hér er mælt fyrir um fyrningu á kröfum um skaðabætur, þar með talið bætur fyrir ófjárhagslegt tjón, og tekur ákvæðið til skaðabótakrafna utan samninga. Ákvæðið á hins vegar ekki við um kröfur sem rót eiga að rekja til samnings nema um sé að ræða kröfur vegna líkamstjóns, sbr. 3. mgr.

Samkvæmt greininni er lagt til það nýmæli að skaðabótakröfur fyrnist á fjórum árum frá þeim degi er tjónþoli fékk nauðsynlegar upplýsingar um tjónið og þann sem ábyrgur er fyrir því eða bar að afla sér slíkra upplýsinga. Krafan fyrnist þó alltaf í síðasta lagi tuttugu árum eftir að tjónsatburði lauk með tilteknum undantekningum þó varðandi líkamstjón. Undantekningarnar koma fram í tveimur stafliðum í 2. mgr. Í fyrsta lagi gildir tuttugu ára fyrningarreglan ekki í þeim tilvikum þegar tjónið sem um ræðir hefur orðið í atvinnustarfsemi eða starfsemi sem jafna má við hana. Í öðru lagi gildir tuttugu ára fyrningarreglan ekki á meðan tjónþoli er undir 18 ára aldri. Er því gert ráð fyrir að tuttugu ára fyrningartíminn byrji að líða þegar tjónþoli nær 18 ára aldri. Rök fyrir þessari reglu eru þau að eðlilegt sé að gefa tjónþola svigrúm til að sækja bætur eftir að hann nær sjálfræðisaldri og að óeðlilegt sé að skaðabótakröfur vegna slysa á börnum fyrnist of fljótt, en í mörgum tilvikum er erfitt að gera sér grein fyrir því hvert endanlegt tjón er fyrr en viðkomandi tjónþoli hefur náð fullorðinsaldri. Til að undantekningar þessar gildi þarf sá sem ábyrgur er fyrir tjóninu, eða einhver sem hann bar ábyrgð á, að hafa vitað eða mátt vita, áður en tjónsatburði lauk, að háttsemin gæti leitt til hættu á lífi eða alvarlegs heilsutjóns.

Annað hvort skilyrðið sem fram kemur í a-lið 2. mgr. auk skilyrðisins í b-lið þurfa að vera fyrir hendi til þess að undantekningin geti átt við. Hún getur til dæmis átt við um skaðabótakröfur vegna líkamstjóns, þar sem tjón kemur fram á lengri tíma, svo sem heilsutjón vegna mengunarslysa, hættulegra efna o.s.frv. Í slíkum tilvikum kemur tjónið fram á lengri tíma, hugsanlega smátt og smátt, og ef tuttugu ára fresturinn mundi gilda um slíkar kröfur kynnu þær að vera fyrndar loks þegar tjónþoli fær vitneskju um tjónið. Fyrningarfresturinn fer því eftir fyrirmælum 1. mgr.

Eins og áður segir felur 9. gr. frumvarpsins í sér það nýmæli að gert er ráð fyrir að flestar skaðabótakröfur fyrnist á fjórum árum, en ekki tíu eins og er samkvæmt gildandi fyrningarlögum. Upphafstími fyrningarfrests er mismunandi eftir því hvort um skaðabótakröfu innan eða utan samninga er að ræða. Krafa um skaðabætur innan samninga fyrnist eftir almennum reglum sem fram koma í 2. og 3. gr. frumvarpsins, þ.e. á fjórum árum frá gjalddaga. Upphaf fyrningarfrests skaðabótakrafna utan samninga sem og krafna um bætur fyrir líkamstjón bæði innan og utan samninga miðast við þann dag er tjónþoli fékk nauðsynlegar upplýsingar um tjónið og þann sem ábyrgur er fyrir því eða bar að afla sér slíkra upplýsinga. Því er gert ráð fyrir að fyrningarfrestur hefjist á síðara tímamarki en samkvæmt gildandi fyrningarlögum, en þar er í 1. mgr. 5. gr. kveðið á um að fyrningarfrestur teljist frá þeim degi þegar krafa verður gjaldkræf. Almennt mundi það teljast frá þeim degi þegar tjónsatvik á sér stað, en það er ekki alltaf raunin. Það kemur fyrir að tjón verður í raun ekki fyrr en við síðari tímapunkt eða umfang þess verður ekki ljóst fyrr en síðar. Í þeim tilvikum hefur upphafstími fyrningar verið talinn frá því tímamarki þegar tjónið kemur fram. Sem dæmi um þetta má nefna dóm Hæstaréttar Hrd. 1975:1105. (Viðar Már Matthíasson, Skaðabótaréttur, bls. 712–713).

Í reynd er þó ekki um jafnumfangsmikla breytingu að ræða og ætla mætti því að í sérlögum er að finna reglur um styttri fyrningartíma. Þannig er unnt að hafa til hliðsjónar 99. gr. umferðarlaga, nr. 55/1987, eftir því sem við á, en þar er kveðið á um að allar bótakröfur sem byggðar eru á XIII. kafla umferðarlaganna, bæði á hendur þeim sem ábyrgð ber og vátryggingafélagi, svo og endurkröfur vátryggingafélags, fyrnist á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs, sem kröfuhafi fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Kröfur skv. XIII. kafla umferðarlaganna fyrnast þó í síðasta lagi á tíu árum frá tjónsatburði. Í dómum þar sem reynt hefur á túlkun þessa ákvæðis er upphaf fyrningarfrestsins miðað við það tímamark er örorkumat eða skýrsla læknis liggur fyrir og jafnframt er litið til þess hvenær stöðugleikatímapunkti er náð. Það er eðlilegt þar sem um líkamstjón er að ræða og viðkomandi kröfuhafi verður fyrir slysi tiltekinn dag en fær ekki vitneskju um kröfu sína fyrr en álit læknis er fengið. Verður tjónþoli þá að höfða mál innan fjögurra ára frá lokum þess almanaksárs er álit læknis er fengið. Það verður þó að staðreyna tjón um leið og skilyrði eru til þess og fyrningarfrestur kröfunnar byrjar að líða frá lokum þess almanaksárs, sem það var tækt. Er iðulega í því samhengi miðað við það hvenær stöðugleikatímapunkti var náð.

Í norskum, sænskum, finnskum og þýskum fyrningarlögum er meginreglan sú að skaðabótakröfur fyrnast á þremur árum frá þeim degi er tjónþoli fékk nauðsynlegar upplýsingar um tjónið eða bar að afla sér slíkra upplýsinga. Samkvæmt lögum þessara ríkja fyrnast kröfur þó með ákveðnum undantekningum í síðasta lagi tuttugu árum frá tjónsdegi, líkt og gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu. Í nýsamþykktum dönskum fyrningarlögum, sem taka eiga gildi 1. janúar 2008, er mælt fyrir um að skaðabótakröfur fyrnist á þremur árum og miðast upphaf fyrningarfrests við þann tímapunkt þegar kröfuhafi fékk vitneskju eða hefði getað fengið vitneskju um kröfu sína. Skaðabótakröfur vegna líkamstjóns og mengunartjóns fyrnast þó alltaf í síðasta lagi 30 árum frá því að tjónsatburði lauk.

Í 9. gr. frumvarpsins er lagt til að upphaf fyrningartíma skaðabótakrafna utan samninga og allra skaðabótakrafna vegna líkamstjóns, hvort sem þær eru innan eða utan samninga, skuli telja frá þeim degi er tjónþoli fékk nauðsynlegar upplýsingar um tjónið og þann sem ábyrgur er fyrir því eða bar að afla sér slíkra upplýsinga. Skilyrðið um vitneskju tjónþola byggist á tveimur þáttum, annars vegar vitneskju um tjónið og hins vegar vitneskju um þann sem ábyrgð ber á því. Fyrst þegar bæði þessi skilyrði eru uppfyllt byrjar fyrningarfrestur kröfunnar að líða. Þessi skilyrði eru matskennd og fela í sér breytingu frá lögum nr. 14/1905. Miðað við framkvæmd á sambærilegu ákvæði sem verið hefur í norskum lögum frá árinu 1979 má segja að almennt sé litið svo á að fyrningarfresturinn byrji að líða þegar tjónþoli fékk eða bar að afla sér nauðsynlegra upplýsinga um fyrrgreinda tvo þætti, þ.e. tjónið sjálft og þann sem ábyrgðina ber. Þá fyrst hefur verið talinn grundvöllur fyrir hann til að setja fram kröfu sína um bætur. Hann getur hins vegar ekki setið aðgerðalaus eða borið við vanþekkingu sinni á réttarstöðu sinni. Fyrningarfrestur samkvæmt þessu ákvæði fer ekki eftir persónubundinni vitneskju einstakra tjónþola um réttarstöðu sína, heldur eftir því hvenær tjónþoli bjó yfir þeirri vitneskju að honum væri fært að leita fullnustu kröfu sinnar. Einstaklingsbundin vitneskja um lagareglur ræður ekki fyrningarfresti hér frekar en öðrum lagaskilyrðum.

Um 10. gr.

Ákvæðið mælir fyrir um viðbótarfrest fyrir kröfuhafa til að sækja kröfu sína ef hann skortir nauðsynlega vitneskju um kröfuna eða skuldarann. Hér er um nýmæli að ræða, en í

7. gr. gildandi fyrningarlaga er ákvæði sem mælir fyrir um það að ef skuldari dregur sviksamlega dul á eða vanrækir að skýra frá atvikum er krafan byggist á eða valda því að hún verður gjaldkræf og skuldaranum bar skylda til að segja frá þá fyrnist skuldin ekki fyrr en fjögur ár eru liðin frá þeim degi er kröfueigandinn fékk vitneskju um atvik þetta eða eitt ár er liðið frá dánardegi skuldara. Til þess að fresturinn geti lengst samkvæmt gildandi lögum þarf því að vera um sviksamlega háttsemi að ræða, mat á því hvenær háttsemi telst sviksamleg fer eftir eðli þess réttarsambands sem á í hlut. Ljóst er að erfitt er að sýna fram á að svik hafi átt sér stað þar sem skilyrðin eru ströng, þ.e. skuldari þarf að hafa vanrækt að skýra frá atvikum, sem krafan byggðist á, eða valda því að hún verður gjaldkræf, og honum var skylt að skýra frá. Þá þarf launungin einnig að vera sviksamleg. Vegna þessara skilyrða hefur sjaldan reynt á umrætt ákvæði í dómsmálum. Í Hrd. 2000:1183 var ekki fallist á að 7. gr. fyrningarlaga ætti við en þar var byggt á því að starfsmönnum ráðuneytis hefði verið skylt að greina frá því að gjaldtaka jöfnunargjalds væri ólögmæt. Þá var því hafnað í Hrd. 2000:4344 að ákvæðið ætti við um skaðabótakröfu vegna galla í fasteign sökum þess að ekki hefði verið sýnt fram á sviksamlega háttsemi. Því þykir þörf á því að setja í lög skýr ákvæði um viðbótarfrest fyrir kröfuhafa til að sækja kröfu sína í ákveðnum tilvikum.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um viðbótarfrest fyrir kröfuhafa í þeim tilvikum er hann skortir nauðsynlega vitneskju um kröfuna eða skuldarann. Þá fyrnist krafa hans aldrei fyrr en einu ári eftir þann dag er kröfuhafi fékk eða bar að afla sér slíkrar vitneskju. Fyrningarfrestur kröfunnar telst hér sem endranær frá gjalddaga en þetta ákvæði leiðir til þess að fresturinn getur lengst og búa hér að baki sjónarmið til verndar kröfuhafa. Skorti kröfuhafa vitneskju um kröfu sína eða skuldara á hann enga möguleika til að rjúfa fyrningu kröfu sinnar með þeim úrræðum, sem ákvæði 14.–19. gr. frumvarpsins mæla fyrir um. Í slíkum tilvikum er því réttlætanlegt að lengja frestinn. Samkvæmt ákvæðinu þarf ekki að sýna fram á sviksamlega háttsemi skuldara, sem erfitt getur reynst að færa sönnur fyrir, heldur er byggt á vitneskju og þekkingu kröfuhafans sjálfs. Ákvæðið tekur þó einnig til þess er skuldari með sviksamlegri háttsemi kemur í veg fyrir að kröfuhafi fái fullnægjandi vitneskju um kröfu sína. Það er vitneskja kröfuhafans sem er lykilatriði í þessu sambandi en viðbótarfrestur getur einungis komið til ef hann skortir „nauðsynlega vitneskju“ um kröfuna. Mat á því verður að ráðast af aðstæðum hverju sinni en skortur á vitneskju getur lotið annars vegar að kröfunni sjálfri, til dæmis ef kröfuhafi fær ranglega upplýsingar um að krafa hans sé fallin niður eða sé ekki til, eða hins vegar að skuldaranum sjálfum, til dæmis ef kröfuhafi hefur ekki vitneskju um hver sé skuldari. Hér verður þó að gera ákveðnar kröfur til sjálfstæðrar rannsóknar af hálfu kröfuhafa og vísar niðurlag 1. mgr. til þeirrar skyldu hans. Við mat á því hvort kröfuhafi hafi sinnt rannsóknarskyldu sinni verður að líta til aðstæðna hverju sinni en þá getur til dæmis skipt máli hvort því fylgi mikil fyrirhöfn eða kostnaður að afla upplýsinga um kröfuna. Enn fremur getur háttsemi skuldara einnig skipt máli að því leyti að sé um sviksamlegt háttalag að ræða getur það haft áhrif á hversu strangt sé tekið á því hvort kröfuhafi hafi fullnægt rannsóknarskyldu sinni.

Ákvæði 2. mgr. á við þegar ekki er mögulegt að rjúfa fyrningu vegna óyfirstíganlegra hindrana. Þá hefst fyrning í fyrsta lagi einu ári eftir að hindruninni lauk. Hér er verið að vísa til mjög sérstakra og óvenjulegra tilvika, sem upp geta komið, og ber að túlka ákvæðið í því ljósi. Atvik af þessu tagi eru svonefnd force majeure tilvik, þ.e. náttúruhamfarir og aðrir ófyrirsjáanlegir atburðir, sem koma í veg fyrir að unnt sé að rjúfa fyrningarfrest kröfu. Ákvæðið er þó ekki einskorðað við slík tilvik en hindrunin verður ætíð að vera almenn í þeim skilningi að ekki sé kleift fyrir neinn að slíta fyrningu með þeim hætti sem lög gera ráð fyrir.

Tilvik, sem varða einungis kröfuhafa sjálfan, geta því ekki fallið hér undir. Einnig verður að gera kröfu til nokkurs varanleika slíkra hindrana. Því kæmu skammvinnar hindranir tæplega til álita.

Ekki er unnt að framlengja fyrningarfrest samkvæmt ákvæðinu í meira en tíu ár frá því krafa hefði annars fyrnst, sbr. 3. mgr. Skuldarinn hefur hagsmuni af því að krafa geti ekki varað endalaust og telja verður að eftir svo langan tíma sé eðlilegt að krafa falli niður. Ákvæðið á ekki við um skaðabótakröfur skv. 2. mgr. 9. gr., enda er þar kveðið á um langan fyrningarfrest.

Um 11. gr.

Greinin svarar til ákvæða 16. gr. gildandi fyrningarlaga og hefur að geyma sérreglu um fyrningu skaðabótakröfu vegna refsiverðs verknaðar. Slíka kröfu er unnt að setja fram þótt hún teldist fyrnd eftir almennum reglum, ef skuldari er fundinn sekur um þann verknað sem liggur til grundvallar bótaskyldu. Af því leiðir að sérreglan á ekki við ef skuldari er sýknaður af ákæru í sakamáli eða máli vísað frá eða það fellt niður.

Í 16. gr. gildandi laga er gert að skilyrði að sakamaður sé dæmdur fyrir „glæp“ en ekki er alveg ljóst hvað átt er við með því orðalagi. Í athugasemdum með frumvarpi til laganna var ekki fjallað sérstaklega um þetta en fræðimenn hafa talið að það taki til ásetningsverka og þá aðeins til meiri háttar brota. Hins vegar eigi reglan ekki við um bætur fyrir minni háttar brot þótt þau sæti ákæru (Ólafur Lárusson, Fyrirlestrar um fyrningu, bls. 20). Í frumvarpinu er hins vegar lagt til að ekki verði gerður greinarmunur á meiri háttar og minni háttar brotum og ekki er lagt til að um ásetningsbrot þurfi að vera að ræða til að ákvæðið eigi við. Af orðalagi ákvæðisins leiðir að hvers konar refsiverð háttsemi, sem skuldari er fundinn sekur um, getur fallið hér undir.

Ef skilyrðum ákvæðisins er fullnægt er unnt að setja fram kröfu um skaðabætur með tvenns konar hætti. Annars vegar er unnt að hafa slíka kröfu uppi samhliða refsikröfu í opinberu máli í samræmi við XX. kafla laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991. Hins vegar getur kröfuhafi sett slíka kröfu fram sjálfstætt í sérstöku máli, sem höfðað er innan eins árs frá því að dómur í refsimáli var kveðinn upp. Það er því ekki skilyrði fyrir beitingu sérreglunnar í ákvæðinu að bótakrafan sé tekin til meðferðar í sjálfu sakamálinu. Ákvæðið á við um bótakröfu vegna bæði fjárhagslegs og ófjárhagslegs tjóns.

Um 12. gr.

Í greininni er að finna sérreglur um lengingu fyrningarfrestsins í kröfuréttarsamböndum af sérstöku tagi. Í fyrsta lagi tekur reglan til krafna milli ólögráða manns og fjárhaldsmanns eða yfirlögráðanda. Sambærilegt ákvæði er að finna í 2. tölul. 8. gr. fyrningarlaga og er lagt til að ákvæðið taki eins og samkvæmt gildandi lögum til allra kröfuréttinda ólögráða manna á hendur fjárhaldsmanni eða yfirlögráðanda, sem af réttarsambandi þeirra stafar. Í öðru lagi á ákvæðið við um kröfu sem lögpersónur á borð við hlutafélög eða önnur félagasamtök, sjóðir og stofnanir, kunna að eiga gegn stjórnarmanni eða framkvæmdastjóra. Tekur ákvæðið til allra krafna sem lögpersónan á vegna starfa viðkomandi. Svipað ákvæði er í 3. tölul. 8. gr. gildandi laga. Í þriðja lagi á ákvæðið einnig við um samband þrotamanns og skiptastjóra búsins og tekur til krafna sem þrotamaður kann að eiga á hendur skiptastjóra vegna bústjórnar hans. Slík krafa fyrnist ekki meðan á gjaldþrotaskiptum stendur, enda gæti skiptastjóri að öðrum kosti hugsanlega komið því til leiðar að krafa fyrntist með því einu að draga skiptin á langinn. Ákvæðið tekur einungis til þrotamanns og á ekki við um kröfuhafa búsins.

Í þeim tilvikum sem hér um ræðir byrjar fyrningarfrestur kröfu ekki að líða fyrr en í fyrsta lagi einu ári eftir að starfanum lauk, svo sem þegar fjárhaldinu lýkur með því að ólögráða maður verður lögráða og stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri hættir hjá félagi. Ef sá sem er til þess bær getur sótt kröfu fyrir hönd kröfuhafa vegna vitneskju um þau atvik sem krafan byggist á hefst fyrningarfrestur frá því tímamarki þótt viðkomandi hafi ekki látið af starfanum. Til þess bær aðili gæti til dæmis verið stjórn hlutafélags.

Í 2. mgr. er sérregla um fyrningu á framlagi samkvæmt félagssamningi í eignasafn félags. Ef slík krafa hvílir á félagsmanni þá fyrnist hún ekki fyrr en félagsaðild lýkur og félagið hefur fengið tilkynningu þar að lútandi. Hér undir gæti til dæmis fallið krafa um framlag samkvæmt hlutafjárloforði.

Um 13. gr.

Þetta ákvæði á við þegar opinber innköllun hefur verið gefin út lögum samkvæmt með áskorun til kröfuhafa um að lýsa kröfum sínum. Fyrnist þá krafan ekki fyrr en kröfulýsingarfresturinn rennur út. Ef kröfu er lýst á réttum tíma þá fyrnist hún ekki fyrr en eitt ár er liðið frá því að kröfulýsingarfrestur leið. Við gjaldþrotaskipti eða opinber skipti dánarbús gilda ákvæði 18. gr. og 2. mgr. 22. gr. Ákvæðið hefur hins vegar þýðingu við einkaskipti dánarbús þegar erfingjar gefa út og fá birta innköllun til kröfuhafa með áskorun til lánardrottna að lýsa kröfum sínum innan ákveðins frests, sbr. 1. mgr. 87. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991. Þegar slík innköllun hefur verið gefin út er fullnægjandi að lýsa kröfunni áður en kröfulýsingarfrestur líður og skiptir þá ekki máli þótt upphaflegur fyrningarfrestur líði eftir að innköllun var gefin út. Af ákvæðinu leiðir einnig að krafa á hendur skuldara sem fengið hefur heimild til að leita nauðasamnings fyrnist ekki á tímabilinu frá því innköllun hefur verið gefin út þar til kröfulýsingarfrestur rennur út. Aftur á móti er fyrningu kröfu slitið gagnvart skuldara með kröfulýsingu, sbr. 2. mgr. 45. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991. Þetta ákvæði um viðbótarfrest fær ekki haggað þeirri reglu um fyrningarrof við nauðasamningsumleitan og því gildir ekki ársfrestur greinarinnar heldur tekur nýr fyrningarfrestur að líða sem er jafnlangur hinum fyrri.

Um 14. gr.

Hér er mælt fyrir um að skuldari geti slitið fyrningu kröfu ef hann viðurkennir skuld sína við kröfuhafa annaðhvort beinlínis eða með atferli sínu, svo sem með loforði um greiðslu eða með því að greiða afborgun höfuðstóls, verðbætur eða vexti. Hefst þá nýr fyrningarfrestur frá þeim tíma. Ákvæðið er sambærilegt við 6. gr. gildandi fyrningarlaga og ber að túlka það á sama veg.

Af ákvæðinu leiðir að það er aðeins viðurkenning skuldara sjálfs gagnvart kröfuhafa sem getur slitið fyrningu. Það sama gildir ef skuldari viðurkennir skuld sína við mann sem hefur heimild til að taka við slíkri viðurkenningu fyrir hönd kröfuhafa. Um viðurkenningu skuldara gilda sömu reglur og um önnur loforð. Kröfuhafi verður að hafa ástæðu til að skilja framkomu skuldara á þá leið að hann kannist bæði við skuldina og lofi að greiða hana. Viðurkenningin þarf hins vegar ekki að vera í sérstöku formi en í ákvæðinu er sérstaklega tekið fram að viðurkenning geti verið með beinum hætti, til dæmis með berum orðum, eða atferli skuldara feli í sér viðurkenningu, svo sem loforð gefið um greiðslu eða að greitt sé upp í kröfuna.

Um 15. gr.

Kröfuhafi getur slitið fyrningu kröfu sinnar með málssókn fyrir dómi og í þessari grein eru nokkuð ítarlegar reglur um það. Í 1. mgr. kemur fram að málssókn kröfuhafa gegn skuldara slíti fyrningu og þegar krafist er skuldajafnaðar fyrir dómi. Sama gildir þegar kröfuhafi krefst viðurkenningar á kröfu sinni fyrir dómi eða leggur málið fyrir gerðardóm.

Í 2. mgr. eru settar nánari reglur um hvenær fyrningu er slitið. Þegar um er að ræða mál, sem sótt er fyrir dómstólum, er fyrning rofin á þeirri stundu þegar málið telst höfðað, sbr. 93. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991. Á það einnig við þegar mál er höfðað til sjálfstæðs dóms með gagnsök. Jafnframt er gert ráð fyrir því að kröfuhafi geti slitið fyrningu með því að hafa uppi gagnkröfu í máli til skuldajafnaðar án þess að höfða sérstakt gagnsakarmál. Þá er miðað við að fyrningu sé slitið með framlagningu greinargerðar þar sem gagnkrafan er höfð uppi. Um heimild til þess að hafa uppi gagnkröfur án þess að stefna fer eftir 28. gr. laga nr. 90/1991.

Í 3. mgr. eru fyrirmæli um slit fyrningar ef samið er um að ágreiningur um kröfu skuli lagður í gerð, sbr. lög um samningsbundna gerðardóma, nr. 53/1989. Þá slitnar fyrning þegar kröfuhafi gerir það sem nauðsynlegt er til að hrinda málinu af stað. Hvenær kröfuhafi telst hafa fullnægt því verður að meta eftir atvikum hverju sinni. Hafi aðilar til dæmis samið fyrir fram um gerðardóm og skipan hans til að útkljá ágreiningsefni sín á milli mundi fyrningu vera slitið þegar ágreiningsefnið er lagt fyrir gerðardóminn til úrlausnar. Hafi skipan ekki verið ákveðin teldist fyrningu slitið þegar kröfuhafi hefði efnt skyldu sína samkvæmt gerðarsamningi um útnefningu gerðarmanns. Ef höfð er uppi krafa til skuldajafnaðar í slíku máli er fyrningu þeirrar kröfu slitið þegar hún er sett fram.

Um 16. gr.

Í þessu ákvæði er að finna nýmæli sem gefur frekari möguleika til að slíta fyrningu en eftir gildandi lögum. Samkvæmt greininni getur kröfuhafi slitið fyrningu kröfu með því að leggja mál til ákvörðunar fyrir stjórnvald sem hefur sérstakt ákvörðunarvald til þess að ljúka deilu um ágreininginn. Af 2. málsl. 1. mgr. leiðir að hér skiptir ekki máli þótt viðkomandi stjórnvald hafi ekki fullnaðarúrskurðarvald í málinu og unnt sé að kæra úrskurð til æðra stjórnvalds eða dómstóla. Sé mál undirbúið af einu stjórnvaldi er nægjanlegt að krafan sé lögð fyrir það.

Eins og fyrr segir er hér um breytingu að ræða frá því sem er samkvæmt gildandi fyrningarlögum og réttarframkvæmd en ákvæði 11. gr. laganna hefur verið beitt þegar yfirvöld hafa endanlegt úrskurðarvald en ekki dómstólar, sbr. Hrd. 1957:482. Rök fyrir breytingunni eru þau að eðlilegt þykir að unnt sé að slíta fyrningu með því að leggja mál fyrir stjórnvald, jafnvel þó að það hafi ekki endanlegt úrskurðarvald og þannig koma í veg fyrir að krafa fyrnist á meðan mál er til meðferðar hjá stjórnvöldum.

Það sama gildir einnig þegar mál er borið undir kæru- eða umkvörtunarnefnd, sem settar hafa verið á fót af skuldara eða starfsgreinasamtökum, sem hann er aðili að eða með þátttöku þeirra, en mjög algengt er að slíkar nefndir séu starfandi. Á ákvæðið bæði við um nefndir, sem hafa úrskurðarvald í ágreiningi aðila, sem og nefndir sem gefa álit um réttarstöðu viðkomandi en fela ekki í sér bindandi niðurstöðu. Sé ekki um slíka nefnd að ræða, sem skuldari eða starfsgreinasamtök hans eiga aðild að, er engu að síður unnt að slíta fyrningu sé mál lagt fyrir kæru- eða umkvörtunarnefnd með samþykki skuldarans.

Um 17. gr.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um rof fyrningar með fullnustugerðum en um það er vísað til 52. gr. laga um aðför, nr. 90/1989, og 2. mgr. 12. gr. laga um nauðungarsölu, nr. 90/1991. Er miðað við að fyrningu sé slitið þegar beiðni um fullnustugerð berst héraðsdómara eða sýslumanni, enda sé fullnægt að öðru leyti skilyrðum greindra lagaákvæða.

Í 2. mgr. er sérákvæði um slit fyrningar á meðlagskröfum, sem innheimta þarf í öðru ríki. Þá er fyrning rofin þegar sá sem á rétt til greiðslunnar setur fram beiðni um slíka innheimtu við hlutaðeigandi stjórnvald hér á landi eða í erlenda ríkinu í samræmi við samning milli Íslands og viðkomandi ríkis. Með þessu móti er auðveldara fyrir þann sem á rétt til meðlagsgreiðslu að slíta fyrningu. Í stað þess að þurfa að hefja lögsókn eða aðrar aðgerðir fyrir dómstólum viðkomandi ríkis er nægjanlegt fyrir viðkomandi að senda beiðni um fullnustu til yfirvalda, annaðhvort hér á landi eða í erlenda ríkinu. Ákvæðið á einungis við um þau tilvik þar sem í gildi er samningur milli Íslands og viðkomandi ríkis um innheimtu á meðlagsgreiðslum. Hér á landi hefur verið lögfestur samningur milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um innheimtu meðlaga, sbr. lög nr. 93/1962. Samningurinn tekur til innheimtu á grundvelli aðfararhæfra dóma, úrskurða stjórnvalda eða skriflegra skuldbindinga.

Um 18. gr.

Í greininni eru ákvæði um rof fyrningar við gjaldþrotaskipti og opinber skipti dánarbús.

Samkvæmt 1. mgr. slítur kröfuhafi fyrningu kröfu sinnar þegar hann krefst gjaldþrotaskipta eða opinberra skipta á dánarbúi skuldara. Er hér um að ræða breytingu frá gildandi fyrningarlögum en skv. 13. gr. þeirra er fyrningu einungis slitið við kröfulýsingu í bú skuldara. Hér nýtur því kröfuhafi þess að fyrningu á kröfu hans er slitið þegar hann setur fram skiptabeiðni og hún er móttekin af héraðsdómi.

Af 2. mgr. leiðir að fyrningu er slitið með kröfu sem lýst er við gjaldþrotaskipti eða opinber skipti dánarbús. Með þessu móti getur kröfuhafi sem ekki er skiptabeiðandi rofið fyrningu kröfunnar. Þessi regla er í samræmi við 13. gr. gildandi fyrningarlaga. Auk þess er ákvæðið í samræmi við 6. mgr. 117. gr. laga um gjaldþrotaskipti, nr. 21/1991, og 4. mgr. 57. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991.

Af 3. mgr. leiðir að fyrningu er ekki aðeins slitið gagnvart viðkomandi búi heldur einnig gagnvart þrotamanni persónulega sem og erfingjum skuldara, ef um opinber skipti er að ræða og erfingjar hafa tekið á sig ábyrgð á skuldum búsins. Um rof fyrningar gagnvart þrotamanni fer eftir 2. mgr. 165. gr. laga nr. 21/1991.

Um 19. gr.

Samkvæmt þessari grein getur kröfuhafi, sem hefur byrjað lögsókn fyrir dómi gegn einum eða fleiri skuldurum, komið í veg fyrir að krafa á hendur öðrum skuldara fyrnist með því að stefna honum í málinu til réttargæslu, sbr. 21. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, áður en krafan fyrnist gagnvart viðkomandi skuldara. Geri kröfuhafi þetta verður hann að fylgja kröfu sinni eftir innan eins árs eftir að málinu lauk með sátt, dómi eða öðrum hætti.

Hér er um sambærilegt ákvæði að ræða og er í 14. gr. gildandi fyrningarlaga en samkvæmt því gat kröfuhafi fengið sex mánaða frest til að slíta fyrningu með því að gera skuldara aðvart um málssókn á hendur öðrum skuldara. Sá munur er hér á að ákvæðið mælir fyrir um rýmri frest fyrir kröfuhafa til að fylgja kröfu sinni eftir auk þess sem fyrningu verður eingöngu slitið með réttargæslustefnu.

Ákvæðið getur átt við í þeim tilvikum þegar fleiri menn ábyrgjast skuld saman, til dæmis aðalskuldari og ábyrgðarmaður eða fleiri samskuldarar. Kröfuhafi getur því sótt aðalskuldara um greiðslu skuldar en þá gæti hann jafnframt stefnt ábyrgðarmanni til réttargæslu í stað þess að þurfa að höfða mál á hendur honum.

Í 2. mgr. kemur fram að sama regla gildi einnig ef sá sem stefnt er vill hafa uppi endurkröfu á hendur öðrum manni vegna þess sem hann kann að þurfa að greiða. Ákvæðið er sambærilegt við 2. mgr. 14. gr. gildandi fyrningarlaga.

Um 20. gr.

Samkvæmt greininni reiknast nýr fyrningarfrestur frá þeim degi þegar fyrningu er slitið með viðurkenningu skv. 14. gr. frumvarpsins eða frá síðara tímamarki ef kröfuhafi átti þá fyrst rétt á að fá kröfuna efnda. Einnig er kveðið á um að hinn nýi fyrningarfrestur skuli vera í samræmi við reglur frumvarpsins en í því felst að um er að ræða sama fyrningarfrest og áður gilti.

Um 21. gr.

Hér eru fyrirmæli um áhrif þess að fyrningu sé slitið með málssókn eða öðrum aðgerðum, sem lýst er í 15.–17. gr. frumvarpsins. Ef fyrningu er slitið með þeim aðgerðum fyrnist krafan ekki meðan á meðferð málsins stendur. Fyrningu er því slitið en nýr fyrningarfrestur byrjar þó ekki að líða fyrr en lögsóknin hefur verið leidd til lykta eftir því sem segir í 2. mgr.

Samkvæmt 2. mgr. telst nýr fyrningarfrestur frá þeim degi sem dómur gekk, dómsátt var gerð eða krafan var tekin til greina við málsmeðferð skv. 16. gr. Hér er því ekki miðað við það tímamark þegar skuldari fær vitneskju um niðurstöðuna. Ástæða þess er sú að þá væri kröfuhafa í lófa lagið að lengja fyrningarfrestinn með því að gera skuldara ekki aðvart um niðurstöðuna. Ef kröfuhafi getur fyrst krafist efnda frá síðara tímamarki ber að reikna fyrningarfrestinn frá því. Þetta á helst við um dómsáttir en með þeim er gjarnan samið um gjaldfrest kröfu að einhverju eða öllu leyti. Nýr fyrningarfrestur skv. 2. mgr. er tíu ár og er það í samræmi við gildandi rétt um fyrningu dómsúrlausna, sbr. 1. tölul. 4. gr. gildandi fyrningarlaga. Lagt er til að frá þessari reglu verði gerð undantekning varðandi síðar áfallna vexti, verðbætur eða arð í félag. Þessar kröfur munu því fyrnast á fjórum árum skv. 3. gr. frumvarpsins. Af þessu leiðir að hafi kröfuhafi fengið dóm eða gert sátt fyrir útistandandi áföllnum vöxtum þá fyrnist sú krafa á tíu árum en síðar áfallnir vextir fyrnast hins vegar á fjórum árum.

Í 3. mgr. er lagt til að nýr tíu ára fyrningarfrestur taki að líða frá þeim degi sem aðfarargerð skv. 1. mgr. 17. gr. lauk hjá skuldara án þess að krafa fengist að fullu greidd. Þá er miðað við að sami frestur taki að líða frá því að beiðni um innheimtu meðlags í öðru ríki er lögð fram hjá hlutaðeigandi stjórnvaldi hér á landi eða í erlenda ríkinu, sbr. 2. mgr. 17. gr. Hér er ekki sérstaklega kveðið á um réttaráhrif þess að fyrningu sé slitið með nauðungarsölubeiðni, en um það fer eftir 2. mgr. 12. gr. laga um nauðungarsölu, nr. 90/1991. Með frumvarpinu er því ekki haggað við þeirri reglu.

Í frumvarpinu er ekki lagt til að sama regla og mælt er fyrir um í þessu ákvæði gildi þegar fyrningu er slitið með skiptabeiðni eða kröfulýsingu skv. 18. gr. Þó er gert ráð fyrir að stuttur frestur taki að líða þegar skiptabeiðni er hafnað, sbr. 2. mgr. 22. gr., en slík úrlausn felur ekki í sér neina endanlega niðurstöðu um fjárkröfuna sem slíka. Í öðrum tilvikum leiðir hins vegar af sjálfu sér að krafan kemur til meðferðar við búskiptin. Aftur á móti leiðir af 3. mgr. 18. gr. að fyrningu er slitið gagnvart þrotamanni og erfingjum skuldara ef þeir hafa tekið á sig

ábyrgð á skuldum búsins. Í samræmi við almennar reglur hefst þá nýr fyrningarfrestur jafnlangur hinum fyrri. Um upphaf frestsins gagnvart þrotamanni fer eftir 2. mgr. 165. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, og miðast hann við skiptalok ef krafan er viðurkennd við skiptin en ella við kröfulýsingu. Upphaf nýs fyrningarfrests gagnvart erfingjum hins látna miðast við kröfulýsingu, enda mæla lög ekki fyrir um annað tímamark.

Um 22. gr.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um viðbótarfresti ef máli er vísað frá eða það fellur niður án þess að leyst sé úr því að efni til. Þegar þannig hagar til er heimilt að höfða nýtt mál á hendur skuldara eða leggja málið aftur fyrir sama úrlausnaraðila þótt fyrningarfrestur sé liðinn, enda sé það gert innan sex mánaða. Miðast sá frestur við uppsögu úrskurðar eða þegar ákvörðun var tekin hjá viðkomandi dómstól eða úrlausnaraðila. Ef nýtt mál er rekið í samræmi við þetta falla ekki niður þau réttaráhrif fyrra máls að fyrningu kröfunnar hafi verið slitið, enda sé um að ræða sama sakarefni. Hér er um að ræða hliðstæða reglu og er að finna í 1. mgr. 11. gr. gildandi fyrningarlaga. Um beitingu þeirrar reglu má til að mynda benda á Hrd. 2000: 1183. Er gert ráð fyrir að ákvæðinu verði beitt á sama veg og sú regla hefur verið skýrð í dómaframkvæmd. Með ákvæðinu er einnig lagt til, óbreytt frá gildandi lögum, að heimilt verði að reka nýtt mál ef síðara máli eða síðari málum er vísað frá eða þau falla niður. Hins vegar eru ekki efni til að kveða sérstaklega á um frest til að fá mál tekið fyrir á ný við lægri dómstól eftir heimvísun, sbr. 2. mgr. 11. gr. gildandi fyrningarlaga, enda gilda almennar reglur um málshraða eftir að máli hefur verið vísað til nýrrar meðferðar.

Sambærilegt ákvæði og í 1. mgr. er að finna í 22. gr. norsku fyrningarlaganna, en þar er þó mælt fyrir um lengri frest eða eitt ár, auk þess sem skilyrði er að ekki sé um að ræða atriði sem kröfuhafa verður kennt um. Vandkvæði eru bundin við að beita svo matskenndri reglu í framkvæmd og eru því ekki talin efni til að hrófla við 1. mgr. 11. gr. gildandi fyrningarlaga.

Í 2. mgr. er lögð til sú regla að fyrningu sé slitið í sex mánuði ef kröfu um gjaldþrotaskipti eða opinber skipti er hafnað. Miðast sá frestur við úrskurð héraðsdóms þar að lútandi eða dóm Hæstaréttar ef máli er skotið þangað. Með þessu er kröfuhafa gefið hæfilegt ráðrúm til að leita annarra leiða til að koma í veg fyrir að krafa falli niður fyrir fyrningu.

Um 23. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um slit fyrningar með málssókn í erlendu ríki. Er miðað við að fyrningu sé slitið hér á landi með málssókn í öðru ríki og að krafan fyrnist ekki á meðan mál er rekið þar fyrir dómi. Einnig er lagt til að 1. mgr. 22. gr. frumvarpsins gildi eftir því sem við getur átt. Þegar dómsúrlausn er fengin tekur nýr tíu ára fyrningarfrestur að líða. Þó er gerður sá fyrirvari að dómsúrlausnin sé samrýmanleg íslensku réttarskipulagi.

Samkvæmt 15. gr. fyrningarlaga getur kröfuhafi sem ekki getur sótt kröfu fyrir íslenskum dómstólum komið í veg fyrir fyrningu kröfu með því að tilkynna landsyfirdómnum (nú Hæstarétti) um kröfuna áður en fyrningartími er liðinn. Heldur hann þá rétti sínum óskertum, til að sækja kröfu sína að lögum, annaðhvort innan árs eftir að skilyrði voru fengin fyrir því að innheimta mætti skuldina við íslenskan dómstól eða innan tíu ára frá því að tilkynningin var gerð. Með frumvarpinu er lagt til að þessi heimild verði felld niður. Að baki því búa þau rök að innheimta kröfu milli ríkja er nú mun auðveldari en áður. Þykir því eðlilegt að miða slit fyrningar og fyrningarfrest við málssókn og dómsúrlausn í erlendu ríki.

Um 24. gr.

Í greininni er kveðið á um réttaráhrif fyrningar. Meginreglan er sú að fyrning kröfu hefur í för með sér að kröfuhafi glatar rétti sínum til að krefjast efnda eða með öðrum orðum krafan fellur niður. Fyrning nær ekki aðeins til aðalskyldunnar heldur jafnframt vaxta, verðbóta, arðs og þess konar viðbótargreiðslna, sbr. 2. mgr. 24. gr. Á það bæði við um áfallnar viðbótargreiðslur sem og þær greiðslur sem mundu falla á til framtíðar litið ef aðalskyldan væri ófyrnd.

Um 25. gr.

Hér er fjallað um áhrif fyrningar kröfu þegar um samskuldara er að ræða. Þótt krafa fyrnist gagnvart einum skuldara hefur það ekki áhrif gagnvart samskuldurum og er það í samræmi við þá almennu reglu að skyldur fleiri skuldara, sem standa jafnfætis, ber að meta sjálfstætt. Sú staðreynd að krafan á hendur einum sé ógild eða fyrnd hefur því ekki þá afleiðingu að skuldbindingar annarra falli niður. Þótt krafa kunni að vera fyrnd gegn einum skuldara verður þó að hafa í huga að sá skuldari sem efnir skyldur sínar getur átt endurkröfu á hendur öðrum skuldurum eftir innbyrðis réttarsambandi þeirra, sbr. 8. gr. frumvarpsins. Þessi regla frumvarpsins er frávíkjanleg og er það tekið fram í greininni.

Í 2. mgr. er kveðið sérstaklega á um áhrif fyrningar aðalkröfu gagnvart ábyrgðarmanni. Hafi krafa á hendur aðalskuldara fyrnst áður en fyrningu hefur verið slitið gagnvart ábyrgðarmanni, með þeim hætti sem frumvarpið mælir fyrir um, telst krafan á hendur ábyrgðarmanni jafnframt fyrnd. Staða ábyrgðarmanns gagnvart kröfuhafa er því ekki sú sama og annarra samskuldara kröfu. Er þetta í samræmi við meginreglur kröfuréttar um ábyrgðir en af þeim leiðir að ábyrgðarmaður verður venjulega ekki krafinn um greiðslu ef aðalkrafan er ógild eða fallin niður.

Um 26. gr.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um hvenær kröfuhafi getur nýtt fyrnda kröfu til skuldajafnaðar. Eitt af skilyrðum skuldajafnaðar er að krafan, sem höfð er uppi til skuldajafnaðar, sé lögvarin krafa. Eins og fram kemur í 24. gr. frumvarpsins er meginreglan sú að fyrnd krafa nýtur ekki lögverndar, þ.e. hún fellur niður og kröfuhafi getur því ekki krafist efnda eða nýtt kröfuna til skuldajafnaðar. Hér er að finna frávik í tveimur atriðum frá þessari meginreglu. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir heimild til að skuldajafna með fyrndri gagnkröfu þegar samið hefur verið um þennan rétt en aðilar skuldarsambands geta almennt samið sín í milli fyrir fram um heimild til skuldajafnaðar með þessum hætti og þá jafnframt um víðtækari skuldajafnaðarheimild en leiða mundi af almennum reglum í því efni. Ef samið er á þennan veg, þ.e. um víðtækari rétt til skuldajafnaðar en gildir samkvæmt almennum reglum, er í raun verið að veita ákveðin tryggingaréttindi, sem um margt eru ekki ósvipuð öðrum tryggingaréttindum, til dæmis veði eða ábyrgð þriðja manns. Í annan stað er gert ráð fyrir heimild til að skuldajafna fyrndri gagnkröfu þegar aðalkrafan er af sömu rót runnin og fyrnda krafan. Með samrættum kröfum í þessu sambandi er átt við að aðalkrafa og gagnkrafa séu sprottnar af sama atburði eða sama réttarsambandi. Þá verður aðalkrafan að hafa stofnast áður en gagnkrafan fyrntist. Af almennum reglum kröfuréttar leiðir að heimild til skuldajafnaðar er rýmri þegar um samrættar kröfur er að ræða. Með þessu er tekið mið af nánu samhengi milli samrættra krafna en það sjónarmið býr einnig að baki þessari reglu frumvarpsins. Ákvæðið er sama efnis og 2. mgr. 1. gr. gildandi fyrningarlaga.

Um 27. gr.

Þessi grein fjallar um áhrif fyrningar á veðréttindi, haldsrétt og önnur takmörkuð (óbein) eignaréttindi. Almennt hefur fyrning kröfu ekki áhrif á þessi tryggingaréttindi og standa þau iðulega óhögguð þótt krafan, sem þau eiga að tryggja, falli niður fyrir fyrningu (Ólafur Lárusson, Fyrirlestrar um fyrningu, bls. 9). Í 1. mgr. er sérstaklega kveðið á um þetta og er hér um að ræða sambærilegt ákvæði og er í 3. mgr. 1. gr. fyrningarlaga. Í greininni eru síðan taldar upp undantekningar frá meginreglunni að þessi tryggingaréttindi fyrnist ekki.

Þessar undantekningar snerta sjálfsvörsluveð en þá heldur veðsali sjálfur umráðum veðandlagsins þrátt fyrir veðsetninguna, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga um samningsveð, nr. 75/1997. Sjálfsvörsluveð má síðan greina eftir veðandlaginu í fasteignaveð annars vegar og lausafjárveð hins vegar. Ákvæði 1. mgr. gildir jafnt um sjálfsvörsluveð í fasteignum og lausafé og falla veðréttindin niður um leið og krafa fyrnist í þeim tilvikum sem rakin eru í a- og b-lið 1. mgr.

Samkvæmt a-lið 1. mgr. fellur lögveð brott við fyrningu kröfu. Með lögveði er átt við þau veðréttindi sem stofnast vegna fyrirmæla í lögum og teljast hvorki til samningsveðs né aðfararveðs. Í dæmaskyni um veðréttindi af þessu tagi má nefna ýmis gjöld tryggð með lögveði í fasteign eins og fasteignagjöld, skipulagsgjöld, og brunatryggingariðgjöld. Sjóveð eru einnig lögveðsréttindi en sjóveð stofnast í skipum til tryggingar ýmsum fjárkröfum, er verða til í siglingum og nánar er mælt fyrir um í siglingalögum. Rökin að baki því að lögveð falli niður um leið og krafa fyrnist eru þau að þessar kröfur ganga á undan öðrum veðkröfum og því er eðlilegt að takmörk séu fyrir því hversu lengi veðrétturinn stendur. Þessar kröfur geta líka haft mikil áhrif á stöðu síðari veðhafa þar sem réttarvernd lögveðsréttinda er ekki háð þinglýsingu og þarf ekki að gera sérstakar tryggingarráðstafanir til þess að þau njóti réttarverndar. Njóta lögveðskröfur því sérstakrar tryggingar og þykir rétt með tilliti til hagsmuna síðari veðhafa að þau falli niður um leið og lögveðskrafan fyrnist.

Eftir b-lið 1. mgr. fellur niður við fyrningu sjálfsvörsluveð fyrir vöxtum og öðrum kröfum um greiðslu, sem falla í gjalddaga með jöfnu millibili og eru ekki afborgun höfuðstóls. Hér er um að ræða sambærilegt ákvæði og í 4. mgr. 1. gr. gildandi fyrningarlaga en rétt þykir að sú regla haldi gildi sínu.

Samhengisins vegna er í 2. mgr. vísað til 41. gr. laga um samningsveð, nr. 75/1997, um brottfall söluveðs. Í norsku fyrningarlögunum er sérákvæði um brottfall söluveðs sem og eignarréttarfyrirvara þegar krafa, sem tryggð er á þann veg, fellur niður. Þar sem um þetta er sérstaklega fjallað í lögum um samningsveð er ekki þörf á að kveða sérstaklega á um brottfall þessara tryggingaréttinda við fyrningu.

Samkvæmt 3. mgr. fyrnast ekki þau réttindi sem hvíla á fasteign sem ævarandi afgjaldskvöð. Hér er um að ræða sambærilegt ákvæði og í 5. mgr. 1. gr. gildandi fyrningarlaga. Réttindi af þessu tagi eru ekki kröfuréttindi heldur hlutaréttindi, sem tengd eru við fasteign og fela í sér óbeinan eignarrétt að eigninni. Um afgjaldsskyldur er talað þegar skylda til fjárgreiðslu er varanlega tengd við fasteign þannig að þeir sem eru afnotahafar eða eigendur fasteignarinnar eru skyldir til að inna þessa greiðslu af hendi (Gaukur Jörundsson, Eignaréttur I, bls. 7). Í dæmaskyni má nefna rétt til að heimta tiltekna greiðslu til framtíðar í formi peninga, vöru eða vinnu. Ákvæðið á við um afgjaldsréttinn sjálfan en ekki einstaka afgjaldsgreiðslu. Slík greiðsla fyrnist hins vegar samkvæmt reglum frumvarpsins.

Um 28. gr.

Í greininni er að finna lagaskilareglu þess efnis að lögunum verði eingöngu beitt um kröfur sem stofnast eftir gildistöku laganna. Um kröfur sem stofnast fyrir það tímamark fer því eftir gildandi lögum. Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um fyrningu kröfuréttinda.

Þau kröfuréttindi sem frumvarpið tekur til skv. 1. gr. frumvarpsins eru kröfur um peninga og aðrar greiðslur, þ.e. að einhver greiðsla sé innt af hendi. Með frumvarpinu er lagt til að almennur fyrningarfrestur kröfuréttinda verði fjögur ár en allt að 20 ár fyrir sérstakan fyrningarfrest ákveðinna krafna, svo sem vegna bankainnborgana, fasteignakaupa, skuldabréfa, peningalána, lífeyris, ábyrgðarskuldbindinga, endurkrafna og krafna um skaðabætur. Meginregla gildandi fyrningarlaga er að kröfur fyrnist á tíu árum. Við gildistöku frumvarpsins falla úr gildi lög um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda, nr. 14/1905.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

68. Fyrirspurn [68. mál]

til dómsmálaráðherra um vernd fyrir þolendur heimilisofbeldis.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

Hvað líður skoðun ráðuneytisins á aðgerðum til að vernda þá sem verða fyrir ofbeldi á heimilum sínum, sbr. frumvarp sem Alþingi vísaði til ríkisstjórnarinnar á 133. löggjafarþingi (71. mál) og varðaði breytingu á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, og almennum hegningarlögum, nr. 19/1940?

69. Fyrirspurn [69. mál]

til dómsmálaráðherra um vernd til handa fórnarlömbum mansals.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

Hvað líður skoðun ráðuneytisins á aðgerðum til að vernda fórnarlömb mansals, sbr. frumvarp sem Alþingi vísaði til ríkisstjórnarinnar á 133. löggjafarþingi (39. mál) og varðaði breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, breytingu á lögum um útlendinga, nr. 96/2002, og lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002?

70. Fyrirspurn [70. mál]

til menntamálaráðherra um málefni lesblindra.

Frá Atla Gíslasyni.

1. Hvað líður störfum nefndar sem ráðherra skipaði í nóvember 2006 til að setja fram tillögur um fyrirkomulag greiningar á lestrarerfiðleikum og eftirfylgni til hagsbóta fyrir nemendur með lestrarerfiðleika í grunn- og framhaldsskólum og hvers væntir ráðherra af störfum nefndarinnar?
2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að lesblindir nemendur í grunn- og framhaldsskólum eigi kost á lesblinduleiðréttingu sér og foreldrum sínum að kostnaðarlausu?

71. Fyrirspurn [71. mál]

til umhverfisráðherra um erfðabreyttar lífverur.

Frá Þuríði Backman.

1. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að farið verði að fordæmi Norðmanna í vörnum við hættum af notkun erfðatækni, en norsk stjórnvöld hafa sett stranga löggjöf um erfðabreyttar lífverur, hafnað öllum umsóknum um útiræktun erfðabreyttra plantna og þarlendis er starfrækt öflug óháð vísindastofnun um rannsóknir á áhrifum erfðatækni?
2. Hyggst ráðherra hvetja sveitarfélög til að lýsa sig svæði án erfðabreyttra lífvera en slík yfirlýst svæði eru víða í Evrópu?
3. Telur ráðherra koma til greina að lýsa Ísland land án erfðabreyttra lífvera?

72. Fyrirspurn [72. mál]

til landbúnaðarráðherra um vottaðar lífrænar landbúnaðarvörur.

Frá Þuríði Backman.

1. Mun ráðherra beita sér fyrir aukinni framleiðslu á vottuðum lífrænum landbúnaðarvörum og ef svo er, hvaða áform eru uppi um markmið og leiðir?
2. Hvað telur ráðherra valda því að ræktun og framleiðsla lífrænt vottaðra landbúnaðarvara hérlendis er ekki í takt við markaðshlutdeild slíkrar framleiðslu annars staðar á Norðurlöndum?
3. Telur ráðherra að náðst hafi markmið þingsályktunar um framleiðslu íslenskra matvæla á forsendum sjálfbærrar þróunar sem samþykkt var á Alþingi 10. mars 1999 (100. mál á 123. löggjafarþingi)?

4. Mun ráðherra beita sér fyrir opinberum stuðningi til aðlögunar lífræns landbúnaðar, sambærilegum þeim sem bændur annars staðar á Norðurlöndum hafa fengið um árabil?
5. Telur ráðherra koma til greina að fara að dæmi Norðmanna og gera sérstakt átak til eflingar lífrænni framleiðslu í samvinnu við sveitarfélög, m.a. til þess að skapa ný störf og efla byggðirnar?

Skriflegt svar óskast.

73. Fyrirspurn [73. mál]

til umhverfisráðherra um lífríki Hvalfjarðar.

Frá Jóni Bjarnasyni.

1. Hefur farið fram nýlega heildarúttekt á lífríki og vistkerfi Hvalfjarðar?
2. Ef svo er, hvernig er rannsóknum og vöktun fylgt eftir og hver heldur utan um það verkefni?

74. Fyrirspurn [74. mál]

til utanríkisráðherra um íslensku friðargæsluna.

Frá Steingrími J. Sigfússyni og Ögmundi Jónassyni.

1. Er þess að vænta að íslenskir friðargæsluliðar verði kvaddir heim frá Afganistan?
2. Hefur farið fram eða stendur yfir endurmat á þátttöku Íslendinga í friðargæsluverkefnum í kjölfar nýrra laga um íslensku friðargæsluna?
3. Telur ráðherra að þátttaka íslenskra friðargæsluliða í verkefnum á vegum NATO sé samrýmanleg ákvæðum 1. gr. laga nr. 73/2007, um íslensku friðargæsluna og þátttöku hennar í alþjóðlegri friðargæslu?

75. Fyrirspurn [75. mál]

til forsætisráðherra um Árneshrepp.

Frá Jóni Bjarnasyni.

1. Hvað líður framkvæmd tillagna nefndar sem ríkisstjórnin skipaði í samræmi við þingsályktun Alþingis „um aðgerðir til verndunar búsetu og menningarlandslags í Árneshreppi“ (55. mál 128. löggjafarþings)?
2. Til hvaða annarra aðgerða hyggst ríkisstjórnin grípa sem styrki byggð og búsetu í Árneshreppi?

76. Frumvarp til laga [76. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 50/1987, og lögum um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994 (ábyrgðartrygging ökutækja, EES-reglur).

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

Breyting á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 1. mgr. 94. gr. laganna bætist: og um skyldu vátryggingafélaga til að gefa út vottorð með upplýsingum um skaðabótakröfur vegna tjóns sem varða vátryggt ökutæki eða að ekki sé um slíkar kröfur að ræða.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 94. gr. b laganna:

a. Í stað orðanna „upplýsinga um vélknúið ökutæki sem valdið hefur tjóni og vátryggingu þess“ í 1. mgr. kemur: grundvallarupplýsinga sem eru nauðsynlegar við meðferð tjónamáls.
b. C-liður 1. mgr. orðast svo: tjónið hafi orðið í EES- eða EFTA-ríki eða öðru ríki sem er aðili að tilhöguninni um grænt kort.
c. Á eftir orðunum „starfsemi upplýsingamiðstöðvarinnar“ í 2. mgr. kemur: þar á meðal hvaða upplýsingar falla undir 1. mgr.

Breyting á lögum um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994, með síðari breytingum.

3. gr.

Lokamálsliður 5. mgr. 65. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

Lög þessi eru sett til innleiðingar á tilskipun 2005/14/EB frá 11. maí 2005 um breytingu á tilskipunum 72/166/EBE, 84/5/EBE, 88/357/EBE og 90/232/EBE og tilskipun 2000/26/EB um ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja (fimmtu tilskipun um ökutækjatryggingar). Tilskipunin var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 86 7. júlí 2006.

5. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur.

Tilgangur lagafrumvarps þessa er innleiðing tilskipunar 2005/14/EB um breytingu á tilskipunum 72/166/EBE, 84/5/EBE, 88/357/EBE og 90/232/EBE og tilskipun 2000/26/EB um ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja (fimmtu tilskipun um ökutækjatryggingar). Tilskipunin var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 86 7. júlí 2006. Samkvæmt 6. gr. tilskipunarinnar átti hún að hafa verið innleidd eigi síðar en 11. júní 2007.

Í tilskipuninni eru ákvæði sem gera auknar kröfur um vernd tjónþola sem verða fyrir tjóni af völdum vélknúins ökutækis. Gildandi íslensk löggjöf uppfyllir þegar hluta þessara krafna. Í frumvarpinu eru eingöngu tillögur um lagabreytingar sem eru nauðsynlegar til að aðrir hlutar tilskipunarinnar verði innleiddir.

Í frumvarpinu eru ákvæði sem veita ráðherra heimild til að setja nánari reglur í þeim tilgangi að uppfylla kröfur tilskipunarinnar. Í kjölfar samþykktar frumvarpsins munu verða breytingar á reglugerðum á grundvelli þeirra lagaheimilda og heimilda í núgildandi lögum.

2. Fimmta tilskipunin um ökutækjatryggingar.

Markmið fimmtu tilskipunar er að auka vernd tjónþola sem verða fyrir tjóni af völdum vélknúins ökutækis. Með hliðsjón af því eru í tilskipuninni gerðar breytingar á fyrri tilskipunum um ökutækjatryggingar sem m.a. eiga að stuðla að skýrari skilgreiningum og leysa vandamál sem upp koma í framkvæmd í því augnamiði að tryggja virkari innri markað fyrir ökutækjatryggingar.

Tilskipunin kemur í framhaldi af og breytir fjórum fyrri tilskipunum um ökutækjatryggingar: 72/166/EBE (fyrstu tilskipun) 84/5/EBE (annarri tilskipun), 90/232/EBE (þriðju tilskipun) og 2000/26/EB (fjórðu tilskipun) og jafnframt tilskipun 88/357/EBE (annarri skaðatryggingatilskipun) sem allar hafa verið innleiddar í íslenskan rétt.

Meginefni tilskipunarinnar er:

- Lágmarksvernd lögmæltrar ábyrgðartryggingar vegna líkamstjóns skal vera 1 milljón evra vegna hvers tjónþola eða 5 milljónir evra óháð fjölda tjónþola og vegna munatjóns 1 milljón evra óháð fjölda tjónþola. Lágmarksfjárhæðir skulu endurskoðaðar fimmta hvert ár með hliðsjón af breytingum sem verða á evrópsku neytendavísitölunni.
- Vátryggingartaki skal geta fengið hjá vátryggingafélagi „tjónsvottorð“ með upplýsingum um hugsanlegar skaðabótakröfur sem varða vátryggt ökutæki eða að ekki sé um slíkar kröfur að ræða.
- Reglur fjórðu tilskipunar um rökstutt tilboð um bætur eða rökstutt svar til tjónþola skulu gilda um sérhvert tjónsatvik sem valdið er af ábyrgðartryggðu ökutæki og til tjóna sem afgreidd eru af landsskrifstofum alþjóðlegra bifreiðatrygginga.
- Upplýsingamiðstöð í aðildarríki skal skylt að veita upplýsingar um fleiri atriði og til breiðari hóps einstaklinga og lögaðila en mælt er fyrir um í fjórðu tilskipun.
- Aðildarríki skal ekki heimilt að krefjast græns korts eða töku landamæravátryggingar vegna erlendra ökutækja sem eru undanþegin vátryggingarskyldu.
- Ef ábyrgðaraðili greiðir bætur fyrir verulegt líkamstjón af völdum óþekkts ökutækis skal ekki lengur vera hægt í sama máli að undanþiggja hann greiðslu bóta vegna munatjóns.
- Úrtakskönnun sem varðar ábyrgðartryggingu ökutækis skal framkvæmd án mismununar og könnunin má ekki eingöngu varða hvort vátryggingarskyldan sé uppfyllt.
- Ekki skal heimilt í ábyrgðartryggingu að undanskilja ábyrgð vegna tjóns farþega í vélknúnu ökutæki með þeim rökum að þeir hafi vitað eða mátt vita um ölvun ökumanns.
- Ábyrgðartrygging ökutækja skal bæta líkamstjón og munatjón fótgangandi manna, hjólreiðamanna og annarra vegfarenda utan vélknúins ökutækis.
- Ábyrgðartrygging ökutækja skal gilda í öllum aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins (EES) og Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) – einnig þótt ökutæki sé í skemmri eða lengri tíma staðsett í öðru aðildarríki.
- Vátryggingafélagi skal ekki heimilt að bera við eigin áhættu gagnvart tjónþola og tjónþoli skal eiga rétt á að beina kröfu sinni beint til vátryggingafélags.

– Ábyrgðaraðila sem greiðir bætur vegna tjóns af völdum óþekktra eða óvátryggðra ökutækja skal ekki heimilt að bera við eigin áhættu þegar óvátryggt ökutæki veldur munatjóni.
– Heimilt er vátryggingafélagi að fela útibúi sínu eða dótturfélagi í öðru aðildarríki að vera tjónsuppgjörsfulltrúi vegna starfsemi félagsins í ökutækjatryggingum.

2.1. Ákvæði fimmtu tilskipunar sem leiða til lagabreytinga.

2.1.1. Skylda til að gefa tjónsvottorð.

2.1.1.1. Efni tilskipunar.

Í 4. mgr. 4. gr. fimmtu tilskipunar er mælt fyrir um breytingu á ákvæði í þriðju tilskipun þess efnis að vátryggingartaki skuli hvenær sem er eiga rétt á að óska eftir yfirlýsingu (vottorði) frá vátryggingafélagi um skaðabótakröfur sem varða vátryggt ökutæki eða um að ekki sé um slíkar kröfur að ræða. Yfirlýsingin skal ná til fimm ára og vátryggingartakinn skal fá yfirlýsinguna í hendur innan 15 daga frá því hann setti fram beiðni þar að lútandi. Það kemur fram í aðfaraorðum tilskipunarinnar (19) að rökin fyrir ákvæðinu séu þau að aðili, sem óskar eftir að kaupa nýja vátryggingu í öðru vátryggingafélagi, eigi að hafa möguleika á því að færa sönnur á tjónasögu ökutækisins samkvæmt fyrri vátryggingarsamningi.

2.1.1.2. Tillögur frumvarpsins.

Samkvæmt 1. mgr. 94. gr. umferðarlaga setur viðskiptaráðherra reglur um framkvæmd vátryggingarskyldunnar, þar á meðal um skyldu vátryggingafélaga til að taka þátt í gagnkvæmu ábyrgðarkerfi vegna tjóna af völdum óvátryggðra og óþekktra ökutækja. Lagt er til að þessi heimild verði rýmkuð þannig að ráðherra geti sett reglur um skyldu vátryggingafélaga til að gefa vottorð með upplýsingum um skaðabótakröfur sem varða vátryggt ökutæki eða að ekki sé um slíkar kröfur að ræða. Á grundvelli þeirrar heimildar er síðan unnt að setja reglur um vottorðagjöfina í reglugerð nr. 392/2003 um lögmæltar ökutækjatryggingar.

2.1.2. Skylda upplýsingamiðstöðvar til að miðla grundvallarupplýsingum.

2.1.2.1. Efni tilskipunar.

Í 5. mgr. 4. gr. fimmtu tilskipunar er kveðið á um breytingu á 3 tilskipun (1. mgr. 5. gr.), um að upplýsingamiðstöð, sem viðurkennd er í samræmi við 4. tilskipun (á Íslandi Alþjóðlegar bifreiðatryggingar sf.), skuli veita upplýsingar, sem nefndar eru í tilskipuninni, til sérhvers sem átt hefur hlut að umferðarslysi sem vátryggt ökutæki veldur. Þar með er fellt niður skilyrðið um að tjónið skuli hafa orðið í öðru ríki en heimaríki tjónþola.

Fimmta ökutækjatilskipunin, 4. mgr. 5. gr., mælir fyrir um aukna möguleika á aðgangi tjónþola, vátryggingafélags hans eða lögmanns að grundvallarupplýsingum sem eru nauðsynlegar fyrir meðferð tjónamáls. Tilskilið er að þessar upplýsingar skuli í ríkum mæli liggja fyrir í rafrænu formi á miðlægri skrá í hverju aðildarríki og vera aðgengilegar þeim aðilum máls sem um þær biðja.

Til grundvallarupplýsinga má telja upplýsingar um skráningarnúmer ökutækis, hvernig vátryggingu er háttað (vátryggingafélag og skírteinisnúmer), nöfn og heimilisföng, símanúmer þeirra sem hlut eiga að máli og tjónsstað ásamt upplýsingum í lögregluskýrslu eða tjónstilkynningu um aðdraganda tjónsatviks og tjónsuppdrátt.

Ákvæði 5. mgr. 4. gr. og 4. mgr. 5. gr. fimmtu tilskipunar fela þannig í sér að upplýsingamiðstöð á að veita upplýsingar um fleiri atriði en eftir gildandi tilskipunum, upplýsingarnar

skulu veittar breiðari hópi og að lokum er krafa um að upplýsingarnar eigi í ríkum mæli að vera fyrirliggjandi í rafrænu formi.

2.1.2.2. Tillaga frumvarpsins.

Samkvæmt 1. mgr. 94. gr. b umferðarlaga skal ráðherra viðurkenna upplýsingamiðstöð til að aðstoða við öflun upplýsinga um vélknúið ökutæki sem valdið hefur tjóni og vátryggingu þess. Alþjóðlegar bifreiðatryggingar á Íslandi sf. (ABÍ) hafa verið viðurkenndar sem upplýsingamiðstöð, sbr. 21. gr. reglugerðar um lögmæltar ökutækjatryggingar nr. 392/2003. Samkvæmt 2. mgr. 94. gr. b getur ráðherra sett nánari reglur um starfsemi upplýsingamiðstöðvarinnar og um skyldu vátryggingafélaga og tjónsuppgjörsfulltrúa skv. 3. mgr. 94. gr. a til að láta upplýsingamiðstöð skv. 1. mgr. og upplýsingaskrifstofum í öðrum EES- eða EFTA-ríkjum í té upplýsingar. Lögð er til breyting á 1. og 2. mgr. 94. gr. b með tilliti til þess að fimmta ökutækjatilskipunin gerir ráð fyrir að veittar séu upplýsingar um fleiri atriði en um ökutækið og vátryggingu þess.

Aðgangur að upplýsingum frá upplýsingamiðstöðinni er samkvæmt gildandi íslenskum rétti háður því skilyrði að tjónið hafi orðið í öðru landi en heimalandi tjónþola, sbr. c-lið 1. mgr. 94. gr. b umferðarlaga. Það ákvæði er því ekki í samræmi við ákvæði fimmtu tilskipunarinnar og er því lögð til breyting á því.

2.1.3. Starfsheimildir tjónsuppgjörsfulltrúa.

2.1.3.1. Efni tilskipunar.

Í 3. gr. fimmtu tilskipunar er kveðið á um breytingu á annarri skaðatryggingatilskipuninni (88/357/EBE). Niður er felld 4. mgr. 12. gr. a (4) tilskipunarinnar. Breytingin felur í sér að vátryggingafélag getur notað útibú sitt eða dótturfélag sem er vátryggingafélag í öðru aðildarríki sem tjónsuppgjörsfulltrúa vegna starfsemi félagsins í ökutækjatryggingum.

2.1.3.2. Tillögur frumvarpsins.

Í 5. mgr. 65. gr. laga nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi, er kveðið á um hvert sé hlutverk tjónsuppgjörsfulltrúa erlends vátryggingafélags. Skal tjónsuppgjörsfulltrúinn afla allra nauðsynlegra gagna vegna tjóns og hafa allar heimildir til að greiða bætur og koma fram fyrir hönd félagsins hér á landi. Honum skal einnig skylt að veita lögbærum aðilum hér á landi upplýsingar um hvort lögmæltar ökutækjatryggingar séu fyrir hendi og um gildistíma. Í 4. málsl. 5. mgr. segir að fulltrúinn hafi ekki með höndum önnur verkefni fyrir félagið en í málsgreininni segir. Lagt er til að 4. málsl. 5. mgr. 65. gr. verði felldur niður.

2.2. Ákvæði tilskipunarinnar sem ekki krefjast breytinga á gildandi rétti og ákvæði sem unnt er að innleiða með stjórnvaldsákvörðun.

2.2.1. Skylda aðildarríkja til að krefjast vátryggingar.

Á aðildarríkjum hvílir skv. 1. mgr. 3. gr. fyrstu ökutækjatilskipunar skylda til að gera ráðstafanir til þess að tryggja að sá sem ber ábyrgð á ökutæki sem að öllu jöfnu er staðsett á yfirráðasvæði þess ríkis hafi gilda vátryggingu.

Í 1. gr. fimmtu tilskipunar er ákvæði sem felur í sér nánari skilgreiningu á því svæði sem ökutæki telst að öllu jöfnu staðsett á. Samkvæmt ákvæðinu skal ökutæki talið staðsett á yfirráðasvæði þess ríkis sem gaf út skráningarmerki sem það ber, hvort sem um er að ræða varanleg eða skammtímaskráningarmerki.

Það er tekið fram í aðfaraorðum tilskipunarinnar (4) að skilgreiningin eigi að koma í veg fyrir ranga túlkun á ákvæði fyrstu ökutækjatilskipunar og auðvelda vátryggingu á ökutækjum með skammtímaskráningarnúmer.

Það leiðir af 63. gr. umferðarlaga að ökutæki skuli skráð og skráningarmerki sett á það áður en það er tekið í notkun. Samkvæmt 33. gr. reglugerðar nr. 751/2003 um skráningu ökutækja, sbr. reglugerð nr. 506/2005, er þó heimilt í tilgreindum tilvikum að merkja ökutæki tímabundið. Í 1. mgr. 91. gr. umferðarlaga segir að greiðsla á bótakröfu vegna tjóns sem hlýst af notkun skráningarskylds vélknúins ökutækis skuli vera tryggð með ábyrgðartryggingu og að vátryggingafélagi sé skylt að taka að sér lögmælta ábyrgðartryggingu fyrir vátryggingarskyldan aðila, sbr. 1. gr. reglugerðar um ökutækjatryggingar.

Við skráningu vélknúins ökutækis skal færa sönnur á að vátryggingar vegna ökutækisins séu í gildi, sbr. 1. mgr. 8. gr. reglugerðar um ökutækjatryggingar. Samkvæmt ákvæði 1. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 751/2003 skulu við skráningu ökutækis og afhendingu skráningarmerkja, reynslumerkja og skammtímaskráningarmerkja liggja fyrir gögn um vátryggingu þess.

Gildandi reglur um skráningu og vátryggingu ökutækja kveða því á um að ökutæki, hvort sem þau eru með varanleg eða skammtímaskráningarmerki, eru vátryggingarskyld og eftirlit með því að vátryggingarskyldan sé uppfyllt. Íslenskur réttur uppfyllir því ákvæði tilskipunarinnar.

2.2.2. Bætur fyrir tjón sem valdið er af ökutækjum sem eru án skráningarmerkja eða með fölsuð eða ólögleg skráningarmerki.

Í aðfaraorðum tilskipunarinnar (5) er vitnað til þess að samkvæmt fyrstu ökutækjatilskipuninni séu ökutæki með fölsuð eða ólögleg skráningarmerki almennt talin tilheyra því aðildarríki sem gaf út upphafleg skráningarmerki. Þessi regla leiði til þess að landsskrifstofur alþjóðlegra bifreiðatrygginga séu oft neyddar til að fjalla um fjárhagslegar afleiðingar slysa sem hafa engin tengsl við það aðildarríki sem þær starfa í.

Í 1. gr. fimmtu tilskipunar er nýtt ákvæði. Kveðið er á um að þegar ökutæki sem eru án skráningarmerkja eða með fölsuð eða ólögleg skráningarmerki eiga hlut að tjónsatviki skuli þau álitin heyra undir yfirráðasvæði aðildarríkisins þar sem tjónsatvikið varð. Breytingin felur í sér að landsskrifstofa í því aðildarríki þar sem umferðarslys verður á að meðhöndla tjónamálið og eftir atvikum greiða bætur í staðinn fyrir landsskrifstofu í aðildarríki sem gaf út upphafleg skráningarmerki ökutækisins.

Samkvæmt 3. mgr. 18. gr. reglugerðar um lögmæltar ökutækjatryggingar greiða Alþjóðlegar bifreiðartryggingar á Íslandi sf. (ABÍ) sem ábyrgðaraðili tjónþola bætur vegna tjónsatviks sem hlotist hefur á Íslandi af völdum óvátryggðs ökutækis. Ökutæki án skráningarmerkja eða með fölsuð eða ólögleg skráningarmerki eru óvátryggð ökutæki. Það er því samkvæmt íslenskum rétti skylda ABÍ að greiða bætur fyrir tjón sem valdið er af ökutæki án skráningarmerkja eða með fölsuð eða ólögleg skráningarmerki. Íslenskur réttur uppfyllir því ákvæði tilskipunarinnar.

2.2.3. Eftirlit með að vátryggingarskylda erlendra ökutækja sé uppfyllt.

Í 1. mgr. 2. gr. fyrstu ökutækjatilskipunarinnar er kveðið á um að einstök aðildarríki megi ekki hafa eftirlit með því að ökutæki frá öðrum aðildarríkjum hafi lögboðna ábyrgðartryggingu. Sama gildir í sambandi við ökutæki frá öðrum ríkjum sem aka inn í aðildarríki frá öðru aðildarríki. Það er þó heimilt að framkvæma úrtakseftirlit.

Fimmta tilskipunin, 2. mgr. 1. gr., setur skilyrði fyrir heimild til úrtakseftirlits. Kveðið er á um að eftirlitið skuli framkvæmt án mismununar og sem liður í eftirliti sem varði ekki eingöngu staðfestingu á að vátryggingarskylda sé uppfyllt. Í aðfaraorðum tilskipunarinnar (6) kemur fram að tilgangurinn sé að auðvelda túlkun og beitingu hugtaksins „úrtakseftirlit“ í fyrstu ökutækjatilskipuninni.

Samkvæmt 66. gr. umferðarlaga setur ráðherra reglur um notkun erlendra ökutækja hér á landi. Þær reglur eru í reglugerð nr. 267/1993 um notkun erlendra ökutækja ásamt síðari breytingum.

Í 4. gr. reglugerðar nr. 267/1993, sbr. reglugerð nr. 391/2003, segir að eftirlit með því að erlent ökutæki, sem ekið sé hér á landi, uppfylli kröfur reglugerðarinnar, þ.m.t. hvort í gildi sé ábyrgðartrygging vegna þess, skuli fyrst og fremst byggjast á úrtakseftirliti. Skuli slíkt eftirlit fara fram bæði við innflutning ökutækis og eftir að notkun þess er hafin. Ákvæði tilskipunarinnar kann að gefa tilefni til nánari skilgreiningar á eftirlitsheimild 4. gr. reglugerðarinnar þannig að fram komi að „úrtakseftirlitið“ skuli framkvæmt sem liður í almennu eftirliti sem ekki einskorðist við kröfuna um lögboðna ábyrgðartryggingu. Þessi breyting gæti orðið með heimild í 66. gr. umferðarlaga.

2.2.4. Aðilar undanþegnir vátryggingarskyldu.

Í 1. mgr. 3. gr. fyrstu tilskipunar er kveðið á um að sérhvert aðildarríki skuli gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að sá sem ber ábyrgð á ökutæki, sem að öllu jöfnu er staðsett á yfirráðasvæði þess ríkis, og notkun þess hafi gilda vátryggingu. Tilskipunin gerir ráð fyrir heimild til undantekninga frá þessari reglu, m.a. vegna tiltekinna einstaklinga eða lögaðila, opinberra eða einkaaðila.

Ef aðildarríki notfærir sér heimild til undantekninga er jafnframt í fyrstu ökutækjatilskipun mælt fyrir um að viðkomandi aðildarríki tryggi að tjón sem valdið er í öðrum aðildarríkjum verði bætt.

Í 3. mgr. 1. gr. fimmtu tilskipunar er aukin skylda lögð á aðildarríki að tryggja tjónþolum bætur fyrir tjón sem valdið er af einstaklingum og lögaðilum sem eru undanþegnir vátryggingarskyldu. Ákvæði tilskipunarinnar felur í sér skyldu til að tryggja að einnig tjón sem verða á eigin yfirráðasvæði aðildarríkis séu bætt.

Samkvæmt 2. mgr. 93. gr. umferðarlaga er eigi skylt að kaupa vátryggingu vegna ökutækis í eigu ríkissjóðs. Samkvæmt 3. mgr. 93. gr. getur ráðherra undanþegið ökutæki, sem eru í eigu erlendra ríkja eða alþjóðastofnana, vátryggingarskyldu. Um þetta hefur ekki verið sett sérstök reglugerð. Samkvæmt 4. mgr. 93. gr. ber ríkissjóður ábyrgð með sama hætti og vátryggingafélag sem tekið hefur að sér vátryggingu ef ökutæki er ekki vátryggt skv. 2. og 3. mgr. 93. gr.

Samkvæmt 3. gr. reglugerðar um lögmæltar ökutækjatryggingar skal lögmælt ábyrgðartrygging gilda í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins (EES) og Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) á grundvelli eins og sama iðgjalds. Ábyrgð ríkissjóðs, vegna ökutækja sem falla undir undantekningarákvæði 2. og 3. mgr. 93. gr., gildir því gagnvart tjónþola hvort sem tjón verður hér á landi eða í öðru aðildarríki. Gildandi íslensk löggjöf uppfyllir því þegar kröfur tilskipunarinnar.

2.2.5. Ákveðnar tegundir ökutækja undanþegnar vátryggingarskyldu.

Fyrsta tilskipunin, b-liður 4. gr., veitir aðildarríkjunum tækifæri til að undanþiggja ákveðnar tegundir ökutækja vátryggingarskyldu (m.a. ákveðin landbúnaðartæki) eða ökutæki sem eru útbúin sérstöku skráningarmerki.

Ef aðildarríki nýtir sér undanþágumöguleikann getur annað aðildarríki áskilið sér rétt til að krefjast þess að sá sem hefur umráð slíks ökutækis hafi við komu inn á yfirráðasvæði þess gilt grænt kort eða geri samning um landamæravátryggingu.

Með 3. mgr. 1. gr. fimmtu tilskipunar er afnuminn réttur aðildarríkis til að krefjast græns korts eða landamæravátryggingar. Í stað þess er kveðið á um skyldu til að tryggja að ökutæki, sem í öðrum aðildarríkjum eru undanþegin vátryggingarskyldu, séu meðhöndluð á sama hátt og ökutæki sem eru óvátryggð. Það leiðir til þess að ábyrgðaraðili í aðildarríki skal bæta tjón sem verður í öðru aðildarríki og valdið er af ökutækjum sem eru undanþegin vátryggingarskyldu.

Það kemur fram í lið 2.2.2 að skv. 3. mgr. 18. gr. reglugerðar um lögmæltar ökutækjatryggingar greiðir ABÍ tjónþola bætur vegna tjónsatviks sem hlotist hefur á Íslandi af völdum óvátryggðs ökutækis. Samkvæmt gildandi rétti greiðast þannig bætur fyrir tjón sem valdið er af erlendu ökutæki sem er undanþegið vátryggingarskyldu í því aðildarríki sem það tilheyrir. Íslenskur réttur uppfyllir því kröfu tilskipunarinnar að því leyti.

Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 267/1993 um notkun erlendra ökutækja er ökumönnum (umráðamönnum) ákveðinna ökutækja frá öðrum aðildarríkjum skylt að framvísa „grænu korti“ eða annarri staðfestingu á því að gild ábyrgðartrygging hafi verið keypt fyrir ökutækið til notkunar hér á landi. Í samræmi við ákvæði fimmtu tilskipunar þarf að fella þetta ákvæði niður. Sú breyting getur orðið á grundvelli heimildar ráðherra skv. 66. gr. umferðarlaga til að setja reglur um notkun erlendra ökutækja.

2.2.6. Lágmark vátryggingarfjárhæða vegna líkamstjóns og munatjóns.

2. mgr. 1. gr. annarrar tilskipunar kveður á um að vátryggingarfjárhæð lögboðinnar ábyrgðartryggingar ökutækja skuli að lágmarki vera 350.000 ECU þegar um er að ræða einn slasaðan einstakling en slasist fleiri í sama tjónsatviki skal þessi fjárhæð margfölduð með fjölda slasaðra. Þó er heimilt að ákveða lágmarksfjárhæð 500.000 ECU þegar fleiri en einn slasast í sama tjónsatviki. Lágmarksfjárhæð vegna munatjóns er 100.000 ECU í einstöku tjónsatviki, óháð fjölda tjónþola.

Í 2. gr. fimmtu tilskipunarinnar er mælt fyrir um hærri vátryggingarfjárhæðir og kveðið er á um reglulega endurskoðun þeirra fjárhæða. Kveðið er á um að vátryggingarfjárhæð vegna líkamstjóns skuli að lágmarki vera 1 milljón evra vegna hvers tjónþola eða 5 milljónir evra vegna hvers einstaks vátryggingaratburðar óháð fjölda tjónþola. Vegna munatjóns skal vátryggingarfjárhæð að lágmarki vera 1 milljón evra vegna hvers vátryggingaratburðar óháð fjölda tjónþola. Hvað varðar lágmark vátryggingarfjárhæðar vegna líkamstjóns getur aðildarríki þannig valið milli tveggja aðferða. Önnur aðferðin er föst vátryggingarfjárhæð að lágmarki 5 milljónir evra vegna hvers vátryggingaratburðar en hin aðferðin felur í sér fjárhæðartakmörkun vegna hvers tjónþola.

Tilskipunin kveður einnig á um endurskoðunarferli sem felur í sér að lágmarksfjárhæðir þær sem kveðið er á um í tilskipuninni skuli endurskoðaðar að minnsta kosti fimmta hvert ár og breytast í sama hlutfalli og breytingar sem verða á evrópsku neytendavísitölunni (EICP).

Samkvæmt 4. mgr. 91. gr. umferðarlaga skal lögmælt ábyrgðartrygging tryggja bætur vegna líkamstjóns eða vegna missis framfæranda allt að 1.000 millj. kr. og vegna tjóns á munum allt að 175 millj. kr. sem hlýst af hverjum einstökum tjónsatburði. Samkvæmt 5. mgr. 91. gr. skal ráðherra árlega, að fengnum tillögum Fjármálaeftirlitsins, breyta vátryggingarfjárhæðum þessum í samræmi við verðlagsbreytingar. Núgildandi vátryggingarfjárhæðir eru 1.750 millj. kr. vegna líkamstjóns eða missis framfæranda og 270.000 millj. kr. vegna munatjóns.

Þær vátryggingarfjárhæðir sem kveðið er á um í 4. mgr. 91. gr. umferðarlaga eru þannig langt umfram þær sem fimmta tilskipunin tilgreinir sem lágmark vátryggingarfjárhæða vegna hvers vátryggingaratburðar. Samkvæmt því er ekki þörf á breytingu á 4. og 5. mgr. 91. gr. vegna innleiðingar tilskipunarinnar.

2.2.7. Ábyrgð vegna munatjóns sem valdið er af óþekktu ökutæki.

Önnur ökutækjatilskipun, 4. mgr. 1. gr., skyldar einstök aðildarríki til að koma á fót eða löggilda sérstakan uppgjörsaðila er annist greiðslu bóta, að minnsta kosti að því marki sem áskilið er að vátrygging taki til vegna líkamstjóns eða munatjóns af völdum óþekkts eða óvátryggðs ökutækis. Þó er heimilt að takmarka eða undanskilja bætur fyrir munatjón sem rekja má til óþekktra ökutækja. Rökin fyrir þeirri undanþáguheimild eru að koma í veg fyrir vátryggingarsvik.

Í 2. gr. fimmtu ökutækjatilskipunarinnar er kveðið á um takmörkun undanþáguheimildarinnar. Ekki skal lengur vera heimilt að undanskilja bætur fyrir munatjón sem óþekkt ökutæki hefur valdið ef tjónþola eru vegna sama tjónsatviks greiddar bætur fyrir verulegt líkamstjón. Það kemur fram í aðfaraorðum tilskipunarinnar (12) að ástæða breytingarinnar sé að gildandi ákvæði geti í ákveðnum tilvikum komið í veg fyrir að tjónþoli fái sanngjarnar bætur.

Breytingin hefur þannig í för með sér að munatjón sem óþekkt ökutæki veldur skal bætt ef tjónþola í sama máli eru greiddar bætur fyrir verulegt líkamstjón. Tilskipunin veitir þó heimild til þess að kveðið sé á um eigin áhættu tjónþola að fjárhæð allt að 500 evrur. Það kemur fram í tilskipuninni að það skuli ákveðast í landsrétti hvað skuli telja verulegt líkamstjón. M.a. sé unnt að taka tillit til þess hvort slysið hafi leitt til innlagningar á sjúkrahús.

Í 1. mgr. 94. gr. umferðarlaga segir að ráðherra setji reglur um framkvæmd vátryggingarskyldunnar, þar á meðal um skyldu vátryggingafélaga til að taka þátt í gagnkvæmu ábyrgðarkerfi vegna tjóna af völdum óvátryggðra og óþekktra ökutækja. Í reglugerð um lögmæltar ökutækjatryggingar eru reglur um gagnkvæmt ábyrgðarkerfi vegna tjóna af völdum óþekktra og óvátryggðra ökutækja. Alþjóðlegar bifreiðatryggingar sf. (ABÍ) eru ábyrgðaraðili sem greiðir tjónþola bætur eftir þeim reglum. Í 18. gr. reglugerðarinnar eru reglur um greiðslu bóta vegna tjóna af völdum óþekktra eða óvátryggðra ökutækja. Í 2. mgr. 18. gr. segir að ABÍ skuli sem ábyrgðaraðili greiða tjónþola bætur fyrir líkamsáverka eða missi framfæranda vegna slyss á Íslandi ef ætla megi að tjónið hafi hlotist af notkun óþekkts vélknúins ökutækis. ABÍ greiðir aftur á móti ekki bætur fyrir munatjón í slíkum tilvikum. Það gildir hvort sem um líkamstjón er að ræða eða ekki.

Til að uppfylla ákvæði tilskipunarinnar þarf að breyta reglugerð um lögmæltar ökutækjatryggingar á þann veg að ABÍ skuli greiða bætur fyrir munatjón þegar samtímis greiðast bætur fyrir líkamstjón.

2.2.8. Eigin áhætta tjónþola vegna munatjóns sem óvátryggt ökutæki veldur.

Önnur ökutækjatilskipun, 4. mgr. 1. gr., skyldar, eins og áður er getið, einstök aðildarríki til að koma á fót eða löggilda sérstakan uppgjörsaðila er annist greiðslu bóta, að minnsta kosti að því marki sem áskilið er að vátrygging taki til vegna líkamstjóns eða munatjóns af völdum óþekkts eða óvátryggðs ökutækis. Í því tilviki að óvátryggt ökutæki veldur munatjóni gat aðildarríki þó heimilað að tjónþoli beri sjálfur eigin áhættu allt að 500 ECU.

Í 2. gr. fimmtu tilskipunar er felld niður heimild til að ákveða eigin áhættu vegna munatjóns sem óvátryggt ökutæki veldur.

Samkvæmt 3. mgr. 18. gr. reglugerðar um lögmæltar ökutækjatryggingar skal ABÍ sem ábyrgðaraðili greiða tjónþola bætur vegna tjónsatviks sem hlotist hefur á Íslandi af notkun óvátryggðs ökutækis. Í ákvæðinu er ekki kveðið á um eigin áhættu tjónþola. Gildandi íslenskur réttur uppfyllir því þegar ákvæði tilskipunarinnar.

2.2.9. Þýðing vitneskju farþega um áfengisáhrif ökumanns.

Í 1. mgr. 1. gr. þriðju tilskipunarinnar er kveðið á um að ábyrgðartrygging ökutækis skuli taka til ábyrgðar vegna allra farþega að ökumanni undanskildum. Í 1. mgr. 4. gr. fimmtu tilskipunar er kveðið á um nýja málsgrein (3. mgr. 1. gr.). Samkvæmt ákvæðinu skulu aðildarríki tryggja að ekki séu ákvæði í löggjöf eða í vátryggingarskilmálum sem undanskilja ábyrgð vegna farþega með þeim rökum að hann hafi vitað eða mátt vita að ökumaður væri undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna.

Fram kemur í aðfaraorðum tilskipunarinnar (15) að farþegar séu almennt ekki nægjanlega í stakk búnir til að dæma um hvort ökumaður sé undir áhrifum áfengis. Einnig segir að því markmiði að hvetja ökumenn til þess að aka ekki bifreið undir áhrifum vímuefna verði ekki náð með því að farþegi sem lendir í umferðarslysi fái ekki bætur. Þá kemur fram að það að slíkir farþegar njóti verndar samkvæmt lögmæltri ábyrgðartryggingu segi ekki fyrir um ábyrgð sem þeir kunni að baka sér samkvæmt landslögum eða um fjárhæð bóta vegna einstaks tjónsatviks. Fyrirmæli tilskipunarinnar eru því á þann veg að tjónþoli skuli ekki fyrir fram vera útilokaður frá því að geta gert kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingunni. Tilskipunin setur hins vegar ekki reglur um að hvaða leyti farþegi eigi skaðabótakröfu eða um bótaákvarðanir.

Samkvæmt 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga skal sá sem ábyrgð ber á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki bæta það tjón sem hlýst af notkun þess enda þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á tækinu eða ógætni ökumanns. Samkvæmt 2. mgr. sömu greinar má lækka eða fella niður bætur fyrir líkamstjón eða vegna missis framfæranda ef sá sem varð fyrir tjóni eða lést var meðvaldur að því af ásetningi eða gáleysi. Samsvarandi regla kemur fram í 3. mgr. varðandi bætur vegna munatjóns.

Ákvæði 1. mgr. 88. gr. gildir um skaðabótaábyrgð á tjóni sem farþegar verða fyrir. Samkvæmt 2. og 3. mgr. sömu greinar er heimilt í einstökum tilvikum að lækka eða fella niður bætur vegna eigin sakar tjónþola. Samkvæmt 1. mgr. 91. gr. umferðarlaga skal greiðsla á bótakröfu vegna tjóns sem hlýst af notkun skráningarskylds vélknúins ökutækis vera tryggð með ábyrgðartryggingu. Skaðabótaábyrgð á tjóni farþega fellur því undir gildissvið lögmæltrar ábyrgðartryggingar óháð hugsanlegri vitneskju hans um ölvun ökumanns.

Þar sem tilskipunin setur aðeins reglu um að tjónþoli skuli eiga kröfu á bótum úr vátryggingunni, þegar um skaðabótaábyrgð er að ræða, en ekki um álitaefnið hvenær sé um skaðabótaábyrgð að ræða, uppfyllir íslenskur réttur ákvæði tilskipunarinnar.

2.2.10. Gildissvið ábyrgðartryggingarinnar gagnvart fótgangandi og hjólreiðamönnum.

Eins og nefnt er í lið 2.2.9 er í þriðju ökutækjatilskipuninni í 1. mgr. 1. gr. mælt fyrir um að lögmælt ábyrgðartrygging skuli taka til ábyrgðar vegna líkamstjóns, m.a. á farþegum ökutækis. Í 2. mgr. 4. gr. fimmtu tilskipunar er tilgreint að gildissvið ábyrgðartryggingarinnar skuli einnig ná til ábyrgðar vegna líkamstjóns og munatjóns fótgangandi manna, hjólreiðamanna og annarra vegfarenda utan vélknúinna ökutækja.

Það kemur fram í aðfaraorðum tilskipunarinnar (16) að ákvæðið varðar ekki álitaefni um skaðabótaábyrgð eða fjárhæð bóta, sem greiðast í samræmi við löggjöf viðkomandi ríkis. Skaðabótaábyrgð vegna tjóns sem valdið er af skráningarskyldu vélknúnu ökutæki á fótgangandi mönnum og hjólreiðamönnum og öðrum utan vélknúinna ökutækja tekur samkvæmt íslenskum rétti bæði til líkamstjóns og munatjóns, sbr. 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga. Samkvæmt 1. mgr. 91. gr. skal greiðsla á bótakröfu vegna tjóns sem hlýst af notkun skráningarskylds vélknúins ökutækis vera tryggð með ábyrgðartryggingu.

Þar sem ákvæði tilskipunarinnar varða ekki skaðabótaábyrgð heldur eingöngu gildissvið lögmæltrar ábyrgðartryggingar ökutækja kalla þau ekki á breytingu á umferðarlögunum.

2.2.11. Gildissvið vátryggingarinnar með tilliti til ökutækja, sem staðsett eru í öðru aðildarríki.

Í 2. gr. þriðju ökutækjatilskipunar er kveðið á um að aðildarríki skuli gera nauðsynlegar ráðstafanir til að sjá til þess að lögboðnar ábyrgðartryggingar vegna notkunar ökutækis gildi í öllum aðildarríkjunum á grundvelli eins og sama iðgjalds. Vátryggingin skuli veita þá vátryggingarvernd í hverju aðildarríki sem kveðið er á um í löggjöf viðkomandi ríkis, eða þá vátryggingarvernd sem lög kveða á um í aðildarríkinu þar sem ökutækið er að jafnaði staðsett, þegar sú vernd er víðtækari.

Í 3. mgr. 4. gr. fimmtu ökutækjatilskipunarinnar er mælt fyrir um að lögmælt ábyrgðartrygging skuli veitt á grundvelli eins og sama iðgjalds allt samningstímabilið og þá jafnt þótt ökutækið sé staðsett í öðru aðildarríki á því tímabili.

Rökin fyrir ákvæðinu eru samkvæmt aðfaraorðum tilskipunarinnar (17) að koma í veg fyrir að vátryggingafélög setji í skilmála sína ákvæði um að vátryggingarsamningurinn falli niður ef ökutækið er í langan tíma utan aðildarríkisins þar sem það er skráð.

Samkvæmt 6. mgr. 91. gr. getur ráðherra sett reglur um að hve miklu leyti vátryggingin skuli bæta tjón sem hlýst erlendis. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. reglugerðar um lögmæltar ökutækjatryggingar skal lögmælt ábyrgðartrygging gilda í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins (EES) og Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) á grundvelli eins og sama iðgjalds. Vátryggingin skal veita þá vernd í hverju aðildarríki sem kveðið er á um í löggjöf viðkomandi ríkis, eða þá vernd sem íslensk löggjöf mælir fyrir um þegar sú vernd er víðtækari.

Það kemur ekki beinlínis fram í ákvæðum reglugerðarinnar að vátryggingin skuli taka til tímabila eða að vátryggt ökutæki sé staðsett í öðru aðildarríki. Gert er ráð fyrir að ákvæði reglugerðarinnar verði endurskoðað og gert skýrara með hliðsjón af efni 2. gr. þriðju tilskipunar og 3. mgr. 4. gr. fimmtu tilskipunar. Heimild til þeirrar breytingar er að finna í 6. mgr. 91. gr. umferðarlaga.

2.2.12. Staðsetning vátryggingaráhættunnar – innflutt ökutæki.

Í 4. mgr. 1. gr. annarrar tilskipunarinnar er kveðið á um skyldu aðildarríkis til að setja á stofn eða viðurkenna sérstakan uppgjörsaðila sem á að greiða bætur sem valdið er af óvátryggðum ökutækjum.

Ef ökutæki er flutt inn frá einu aðildarríki til annars aðildarríkis og lendir í umferðaróhappi í ákvörðunarlandinu, áður en keypt er vátrygging, leiðir önnur ökutækjatilskipunin til þess að uppgjörsaðilinn í upprunaríkinu á að bæta tjón sem af óhappinu leiðir. Það er vegna þess að vátryggingaráhættan er talin staðsett þar.

Í fimmtu tilskipuninni, 4. mgr. 4. gr. (a og b), er þessu breytt. Staðsetning vátryggingaráhættunnar skal vera móttökulandið, þegar um innflutt farartæki er að ræða, í 30 daga frá þeim tíma sem kaupandi fékk ökutækið afhent, jafnvel þótt ökutækið sé ekki formlega skráð. Breytingin felur í sér að ábyrgðaraðilinn í móttökuríkinu (á Íslandi ABÍ) skal bæta tjón sem óvátryggt ökutæki veldur á tilgreindu tímabili. Bætur fyrir tjón sem valdið er eftir þrjátíu daga tímabilið skulu, ef vátrygging er ekki fyrir hendi, greiddar af ábyrgðaraðila í upprunaríkinu.

Samkvæmt 3. mgr. 18. gr. reglugerðar um lögmæltar ökutækjatryggingar skal ABÍ sem ábyrgðaraðili greiða bætur vegna tjónsatviks sem hlotist hefur á Íslandi af notkun óvátryggðs ökutækis. Ákvæðið er þannig í samræmi við ákvæði í 4. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar varðandi innflutt ökutæki.

2.2.13. Bann við að bera við eigin áhættu gagnvart tjónþola.

Í 4. mgr. 4. gr. (c) fimmtu tilskipunar er kveðið á um að vátryggingafélag megi ekki bera við eigin áhættu gagnvart tjónþola vegna tjóns sem hlotist hefur af vátryggðu ökutæki.

Í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar um lögmæltar ökutækjatryggingar segir að í samningi félagsins og vátryggingartaka megi áskilja að vátryggingartaki skuli að öllu leyti eða hluta bera áhættu af tjónsatburðum sem falla undir vátrygginguna, en slík ákvæði hafi engin áhrif á réttarstöðu þriðja manns. Íslenskur réttur uppfyllir því þegar ákvæði tilskipunarinnar.

2.2.14. Réttur tjónþola til beinnar kröfu á vátryggingafélagið.

Í 4. mgr. 4. gr. (d) fimmtu ökutækjatilskipunarinnar er ákvæði um að tjónþoli skuli eiga beina kröfu á vátryggingafélag tjónvalds. Þessa reglu er þegar að finna í fjórðu ökutækjatilskipuninni, 3. gr., en takmarkast þar við kröfur vegna tjónsatvika sem verða í öðru aðildarríki en heimaríki tjónþola. Hið nýja ákvæði fimmtu tilskipunarinnar eykur réttindi tjónþola. Samkvæmt því tekur það nú einnig til krafna vegna tjónsatvika sem verða í heimaríki tjónþola. Rökin fyrir ákvæðinu samkvæmt aðfaraorðum (21) eru að það hafi verulega þýðingu fyrir tjónþola að geta gert kröfu beint á vátryggingafélag.

Í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar um lögmæltar ökutækjatryggingar segir að vátryggingafélag skuli taka að sér vátrygginguna þannig að þriðji maður eigi beina kröfu á félagið, sbr. 1. mgr. 91. gr. og 1. mgr. 95. gr. umferðarlaga. Gildandi íslenskur réttur uppfyllir því ákvæði tilskipunarinnar um að tjónþoli skuli eiga beina kröfu á vátryggingafélag, óháð því hvort tjónsatvik verður hér á landi eða erlendis.

2.2.15. Auknar skyldur til rökstuðnings.

Samkvæmt 4. gr. fjórðu ökutækjatilskipunar skal vátryggingafélag, sem tekur að sér ábyrgðartryggingu vélknúinna ökutækja, tilnefna tjónsuppgjörsfulltrúa í öllum öðrum aðildarríkjum en því þar sem félagið hefur fengið starfsleyfi. Tjónsuppgjörsfulltrúinn skal hafa umboð til að afgreiða og taka ákvörðun eða semja um skaðabótakröfur tjónþola, vegna tjónsatviks í öðru aðildarríki en búseturíki tjónþola, enda verði tjónsatvik rakið til ökutækis sem er vátryggt og að öllu jöfnu staðsett í öðru aðildarríki.

Í 6. mgr. 4. gr. fjórðu ökutækjatilskipunarinnar er mælt fyrir um ákveðinn framgangsmáta við meðferð bótakrafna. Vátryggingafélag tjónvalds eða tjónsuppgjörsfulltrúinn skal eigi síðar en þremur mánuðum eftir að tjónþoli lagði fram bótakröfu sína annaðhvort leggja fram rökstutt tilboð um bætur (ef bótaábyrgð er viðurkennd og tjónið hefur verið metið) eða rökstutt svar við kröfu tjónþola (ef bótaábyrgð er hafnað eða tjónið hefur ekki endanlega verið metið).

Fimmta tilskipunin (4. gr.) eykur skyldu til rökstuðnings með setningu nýrra ákvæða. Fyrirmæli eru um að reglur um skyldu til rökstuðnings skuli gilda vegna allra tjóna sem er valdið af ökutæki sem er vátryggt lögboðinni ábyrgðartryggingu og er að öllu jöfnu staðsett í ríki Evrópusambandsins eða EFTA-ríki. Þetta þýðir að reglan gildir einnig um tjón sem leiðir af umferðaróhappi í búsetulandi tjónþola.

Reglurnar um skyldu til að leggja fram rökstutt tilboð eða svar skulu einnig gilda vegna bótakrafna sem afgreiddar eru af tjónsuppgjörsmiðstöð í viðkomandi ríki.

Samkvæmt í 1. mgr. 15. gr. reglugerðar um lögmæltar ökutækjatryggingar skal tjónsuppgjörsfulltrúi innan þriggja mánaða frá því að tjónþoli beinir að honum kröfu um bætur vegna tjónsatviks gera skriflega rökstutt tilboð um bætur þegar ekki er ágreiningur um bótaskyldu og tjón hefur verið metið, nema vátryggingafélagið hafi áður gert rökstutt tilboð. Samkvæmt 2. mgr. 15. gr. skal tjónsuppgjörsfulltrúinn, þegar bótaskyldu er hafnað eða ekki hefur verið skorið úr um hana eða ef tjón hefur ekki verið metið að fullu, innan sama frest og í 1. mgr. gefa rökstutt svar við þeim atriðum sem tiltekin eru í kröfunni. Reglugerðin kveður ekki á um tilsvarandi reglur vegna afgreiðslu annarra tjóna sem vátryggð ökutæki valda eða bótakrafna sem íslensk tjónsuppgjörsmiðstöð (ABÍ) afgreiðir.

Samkvæmt 3. mgr. 93. gr. umferðarlaga getur ráðherra sett nánari reglur um greiðslu bóta frá tjónsuppgjörsmiðstöð og um starfsemi hennar. Hann getur enn fremur sett nánari reglur um meðferð bótakrafna hjá vátryggingafélögum og tjónsuppgjörsfulltrúum vátryggingafélaga skv. 11. tölul. 2. mgr. 21. gr. laga um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994.

Er því nauðsynlegt að gera breytingar á reglugerð um lögmæltar ökutækjatryggingar til þess að uppfylla ákvæði tilskipunarinnar.

2.2.16. Niðurfelling skyldu upplýsingamiðstöðvar til að afla upplýsinga um græna kortið.

Í b-lið 6. gr. fyrstu ökutækjatilskipunar er aðildarríkjunum veittur réttur til að krefjast þess að ökumaður annars aðildarríkis hafi gilt grænt kort, eða að viðkomandi við komu í landið taki svonefnda landamæravátryggingu, ef ökutækið er undanþegið vátryggingarskyldu.

Þessi réttur aðildarríkis er afnuminn með b-lið 3. mgr. 1. gr. fimmtu tilskipunar þannig að ekki verður lengur hægt að gera kröfu um grænt kort eða landamæravátryggingu vegna ökutækja frá öðru aðildarríki.

Það kemur fram í fjórðu tilskipun (a-lið 1. mgr. 5. gr., 2, (ii)) að upplýsingamiðstöðvar skuli halda skrá sem innihaldi upplýsingar um númerið á grænu korti eða landamæravátryggingarskírteini ef annað þessara skjala gildir um ökutækið.

Þetta ákvæði er fellt niður með 3. mgr. 5. gr. fimmtu tilskipunar þar sem krafa um slíka upplýsingaskrá hefði ekki þýðingu þegar aðildarríki geta ekki lengur krafist græns korts eða landamæravátryggingarskírteinis.

Í c-lið 2. mgr. 21. gr. reglugerðar um lögmæltar ökutækjatryggingar er kveðið á um að upplýsingamiðstöðin (ABÍ) skuli safna og miðla upplýsingum um númer græna kortsins eða landamæravátryggingarskírteinis vegna þeirra ökutækja sem undanþegin eru vátryggingarskyldu, ef skjöl þessi eiga við um ökutækið. Ákvæði 3. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar leiðir til

þess að fella verður niður c-lið 2. mgr. 21. gr. reglugerðarinnar þar sem upplýsingamiðstöðin á ekki lengur að safna þeim upplýsingum sem þar eru nefndar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt frumvarpinu skal ráðherra setja reglur um skyldu vátryggingafélaga til að gefa vottorð (tjónsvottorð) með upplýsingum um skaðabótakröfur sem varða vátryggt ökutæki eða hvort ekki er um slíkar kröfur að ræða.

Áformað er að sett verði ákvæði í reglugerð um lögmæltar ökutækjatryggingar sem kveði á um skyldu vátryggingafélaga til að gefa út að beiðni vátryggingartaka tjónsvottorð fyrir vátryggt ökutæki hans. Tjónsvottorðið skal innihalda upplýsingar um skaðabótakröfur frá þriðja manni vegna tjóns sem varðar vátryggt ökutæki eða upplýsingar um að ekki sé um slíkar kröfur að ræða. Vottorðið skal taka til fimm ára tímabils áður en það er útgefið. Vátryggingartaki skal fá vottorð í hendur innan 15 daga frá því að beiðni hans barst vátryggingafélagi.

Um 2. gr.

Frumvarpið felur í sér að ABÍ sem upplýsingamiðstöð fær heimild til að safna og miðla grundvallarupplýsingum sem eru nauðsynlegar fyrir meðferð tjónamáls, sbr. 4. mgr. 5. gr. fimmtu ökutækjatilskipunar. Gildandi ákvæði 1. mgr. 94. gr. b tekur hins vegar eingöngu til upplýsinga um vélknúið ökutæki sem valdið hefur tjóni og vátryggingu þess.

Grundvallarupplýsingar eru einkum upplýsingar um skráningarnúmer ökutækis, vátryggingu þess (vátryggingafélag og skírteinisnúmer) og nöfn, heimilisföng og símanúmer þeirra aðila sem hlut eiga að máli, svo og upplýsingar um tjónsstað og upplýsingar í lögregluskýrslu eða tjónstilkynningu um aðdraganda tjónsatviks og tjónsuppdráttur.

Lögð er til breyting á 1. og 2. mgr. 94. gr. b með tilliti til þess að fimmta ökutækjatilskipunin gerir ráð fyrir að veittar séu upplýsingar um fleiri atriði en um ökutækið og vátryggingu þess.

Þá er lögð til breyting á c-lið 1. mgr. 94. gr. b þannig að ekki verði lengur skilyrði fyrir aðgangi að upplýsingum að tjónið hafi orðið í öðru landi en heimalandi tjónþola.

Um 3. gr.

Í 3. gr. fimmtu tilskipunar er gerð breyting á tilskipun 88/357/EBE frá 22. júní 1988 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum á sviði frumtrygginga, annarra en líftrygginga, um að greiða fyrir því að réttur til að stunda þjónustustarfsemi sé nýttur (önnur skaðatryggingatilskipun). Breytingin felur m.a. í sér að vátryggingafélag getur notað útibú sitt eða dótturfélag, sem er vátryggingafélag, í öðru aðildarríki sem tjónsuppgjörsfulltrúa vegna starfsemi félagsins í ökutækjatryggingum.

Samkvæmt 5. mgr. 65. gr. laga nr. 60/1994 skal félag, sem veitir þjónustu án starfsstöðvar í ábyrgðartryggingum ökutækja, sjá til þess að þeir sem kröfu eiga á bótum vegna tjóns hér á landi séu ekki lakar settir en aðrir vegna þess að starfsstöð er ekki fyrir hendi. Skal tjónsuppgjörsfulltrúi skv. 4. tölul. 2. mgr. sömu greinar laganna afla allra nauðsynlegra gagna vegna tjóns og hafa allar heimildir til að greiða bætur og koma fram fyrir hönd félagsins hér á landi. Honum skal einnig skylt að veita lögbærum aðilum hér á landi upplýsingar um hvort lögmæltar ökutækjatryggingar séu fyrir hendi og um gildistíma. Í samræmi við 3. gr. fimmtu

tilskipunar er lagt til að niður verði felldur 4. málsl. 5. mgr. 65. gr. laganna þar sem segir að fulltrúinn hafi ekki með höndum önnur verkefni fyrir félagið en sem í málsgreininni segir.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Samkvæmt tilskipun 2005/14/EB áttu ákvæði tilskipunarinnar að koma til framkvæmda eigi síðar en 11. júní 2007. Lagt er til að lögin öðlist þegar gildi.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á umferðarlögum, nr. 50/1987, og lögum nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi (ábyrgðartrygging ökutækja, EES-reglur).

Tilgangur frumvarpsins er innleiðing EES tilskipunar 2005/14/EB, sem felur í sér breytingar á ýmsum tilskipunum tengdum ökutækjatryggingum, og innleiðing tilskipunar 2000/26/EB um ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja. Markmið frumvarpsins er að auka vernd tjónþola sem verða fyrir tjóni af völdum vélknúins ökutækis.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

77. Fyrirspurn [77. mál]

til menntamálaráðherra um stöðu íslenskrar tungu.

Frá Ólöfu Nordal.

Hyggst ráðherra grípa til sérstakra aðgerða í því skyni að styrkja stöðu íslenskrar tungu? Mun ríkisstjórnin beita sér fyrir því að sett verði ákvæði í stjórnarskrá um að íslenska sé þjóðtunga Íslendinga?

78. Fyrirspurn [78. mál]

til samgönguráðherra um verklagsreglur við töku þvagsýna.

Frá Katrínu Júlíusdóttur.

Telur ráðherra rétt að setja samræmdar verklagsreglur fyrir öll lögregluumdæmi um hvernig brugðist skuli við ef sá sem grunaður er um brot á ákvæðum umferðarlaga undir áhrifum vímugjafa neitar að gefa þvagsýni af fúsum og frjálsum vilja?

79. Fyrirspurn [79. mál]

til fjármálaráðherra um sölu eigna ríkisins í Hvalfirði.

Frá Árna Þór Sigurðssyni.

1. Á grundvelli hvaða heimilda eru auglýstar til sölu húseignir, tækjabúnaður og bryggja fyrrum olíubirgðastöðvar NATO í Hvalfirði ásamt lóð, sbr. auglýsingu Ríkiskaupa í byrjun september sl. sem fylgja sölugögn, m.a. kauptilboðsblað, skýrsla um mat á ástandi olíubirgðastöðvarinnar frá september 2004 o.fl.?
2. Hvaða kvaðir fylgja þeim eignum sem til sölu eru og eru slíkar kvaðir skýrt tilteknar í sölugögnum?
3. Hefur fjármálaráðuneytið gengið úr skugga um að umræddar eignir séu skráðar í Landskrá fasteigna? Ef svo er ekki, telur ráðherra eðlilegt að auglýsa til sölu óskráðar eignir?
4. Hefur við undirbúning sölunnar verið fylgt ákvæðum reglugerðar nr. 651/1994, um ráðstöfun eigna ríkisins, og tilmælum umboðsmanns Alþingis nr. 3163 frá 2001?
5. Hvað veldur því ósamræmi að í sölugögnum segir að um sé að ræða 47,3 ha landsvæði en í auglýsingu er það sagt 18,6 ha?
6. Hver er staða aðalskipulags og deiliskipulags á því svæði sem fyrirhugað er að selja og hverjar eru heimildir til landnýtingar?
7. Hefur fjármálaráðuneytið fengið umboð hlutaðeigandi til að selja hús sem í sölugögnum er sagt metið ónýtt og „í eigu bónda í sveitinni og er ekki á skrá er fengin var frá verkkaupa“?
8. Er ástand olíugeyma með þeim hætti að unnt sé að íslenskum lögum að nýta þá til geymslu á eldsneyti? Ef svo er ekki, hvaða aðgerðir eru nauðsynlegar til þess að geymarnir uppfylli ákvæði íslenskra laga til birgðahalds?
9. Hver er ástæða þess að hluti ástandsskýrslu, m.a. að því er varðar kostnað við endurbætur, niðurrif o.fl., er ekki birtur í sölugögnum?
10. Er vitað um mengun í jarðvegi, olíu eða önnur mengandi efni, á því svæði sem fyrirhugað er að selja? Ef svo er, hvíla kvaðir á landeiganda varðandi hreinsun?

Skriflegt svar óskast.

80. Fyrirspurn [80. mál]

til utanríkisráðherra um aðild Íslands að alþjóðasamningum.

Frá Álfheiði Ingadóttur.

1. Hvaða alþjóðasamningar hafa verið undirritaðir af Íslands hálfu en ekki hlotið fullgildingu með staðfestingu Alþingis?
2. Hvaða alþjóðasamningar eru skuldbindandi að hluta til eða hafa verið undirritaðir með fyrirvörum um tiltekin atriði þeirra?
3. Hvaða gildandi alþjóðasamningum hafa hin Norðurlöndin öll gerst aðilar að en Ísland ekki?

Óskað er eftir því að í svarinu komi fram hvenær viðkomandi samningar voru gerðir, hvenær þeir voru undirritaðir fyrir Íslands hönd og með hvaða fyrirvörum eða undanþágum.

Skriflegt svar óskast.

81. Fyrirspurn [81. mál]

til utanríkisráðherra um tengsl NATO við fangaflug bandarísku leyniþjónustunnar o.fl.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hver eru tengsl ákvarðana NATO-fundarins (Norður-Atlantshafsráðsins) 4. október 2001, m.a. um átta skrefa varnaráætlun gegn hryðjuverkum, við fangaflug og leynifangelsi bandarísku leyniþjónustunnar og hvaða ábyrgð telur ráðherra að Ísland, sem aðili að þeim ákvörðunum, beri á þeim mannréttindabrotum sem fylgdu í kjölfarið?
2. Hyggst ráðherra gera Alþingi grein fyrir málinu og gera opinberar allar upplýsingar sem utanríkisráðuneytið hefur undir höndum um málið, þ.m.t. þær sem snúa að efni og ákvörðunum NATO-fundarins 4. október 2001?
3. Hafa íslensk stjórnvöld hugleitt að fylgja fordæmi Kanada og Bosníu-Hersegóvínu og viðurkenna ábyrgð sína í málinu?
4. Hvernig hefur utanríkisráðuneytið hingað til brugðist við skýrslum laga- og mannréttindanefndar Evrópuráðsþingsins um málið (sjá skjöl 11302 frá 11. júní 2007 og 10957 frá 12. júní 2006 og viðeigandi ályktanir)?

82. Fyrirspurn [82. mál]

til dómsmálaráðherra um upplýsingagjöf til bandarískra stjórnvalda.

Frá Álfheiði Ingadóttur.

Hafa bandarísk stjórnvöld á sl. 15 árum leitað liðsinnis íslenskra yfirvalda um öflun upplýsinga vegna refsidóma sem fallið hafa í málum íslenskra ríkisborgara? Ef svo er, hafa íslensk yfirvöld gefið slíkar upplýsingar og um hve marga íslenska ríkisborgara?

83. Fyrirspurn [83. mál]

til sjávarútvegsráðherra um mismunandi hrygningarstofna þorsks og veiðiráðgjöf.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hefur ráðherra kynnt sér fyrirliggjandi rannsóknaniðurstöður um mismunandi hrygningarstofna þorsks hér við land og tekið afstöðu til þess hvort þær gefi tilefni til breytinga á aðferð við veiðiráðgjöf og úthlutun aflamarks?
2. Hafa rannsóknastofnanir ráðuneytisins, þ.m.t. Hafrannsóknastofnunin, komið að þessum rannsóknum eða hefur verið leitað álits þeirra á þeim?

Skriflegt svar óskast.

84. Fyrirspurn [84. mál]

til samgönguráðherra um skýrslu nefndar um flutningskostnað og jöfnun flutningskostnaðar á landsbyggðinni.

Frá Jóni Bjarnasyni.

1. Hvernig hyggst ráðherra beita sér fyrir framkvæmd tillagna úr skýrslu nefndar um flutningskostnað, útgefinni af samgönguráðuneytinu árið 2003, þar sem fram kemur að heppilegasta leiðin til að jafna flutningskostnað sé að taka upp beina flutningsstyrki til þeirra atvinnugreina sem eiga undir högg að sækja staðsetningar sinnar vegna?
2. Með hvaða hætti öðrum hyggst ráðherra beita sér fyrir úrlausnum á jöfnun flutningskostnaðar á landsbyggðinni?

85. Fyrirspurn [85. mál]

til umhverfisráðherra um náttúruvernd við Mývatn og Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hvað veldur því að dregist hefur að setja reglugerð skv. 3. gr. laga um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, nr. 97/2004?
2. Hvað veldur því að dregist hefur að gera verndaráætlun um þau svæði sem falla undir 6. gr. laganna og átti að vera lokið 1. janúar 2006?
3. Hvað líður vinnu við undirbúning friðlýsingar þeirra mikilvægu svæða sem ekki falla undir ákvæði 1. mgr. 2. gr. laganna og gerð verndaráætlunar um þau samkvæmt ákvæði til bráðabirgða við lögin?
4. Hefur landeigendum við Mývatn og Laxá og sveitarstjórnum verið tilkynnt hvaða landsvæði áformað er að friðlýsa, eins og gera skal samkvæmt ákvæði til bráðabirgða við lögin?

Skriflegt svar óskast.

86. Fyrirspurn [86. mál]

til samgönguráðherra um uppbyggingu fjarskipta og háhraðanetstenginga.

Frá Jóni Bjarnasyni.

1. Hvað líður framkvæmdum við að koma á háhraðafarsímaþjónustu og háhraðatengingum um allt land sem átti að standa öllum landsmönnum til boða á árunum 2006 og 2007 samkvæmt þingsályktun um stefnu í fjarskiptamálum fyrir árin 2005–2010 sem samþykkt var á 131. löggjafarþingi? Upplýsingar um stöðu framkvæmdanna óskast sundurliðaðar eftir landsvæðum og einstökum byggðum og ástæður tilgreindar ef um seinkun á framkvæmdum er að ræða.
2. Er ráðherra kunnugt um hvort sveitarfélög hafi að eigin frumkvæði lagt í kostnað, sem fjarskiptasjóður hefði átt að bera, til að flýta fyrir uppbyggingu háhraðaþjónustu fyrir íbúa sína? Ef svo er, hvernig mun fjarskiptasjóður koma til móts við þau sveitarfélög svo að jafnræðis sé gætt?
3. Í hverju felst munurinn á kostnaði notenda eftir landsvæðum ef miðað er við sambærilega þjónustu við gagnaflutninga gegnum háhraðanet?
4. Hvenær og hvernig hyggst ráðherra hrinda í framkvæmd þeim brýnu og aðkallandi aðgerðum sem þarf til að jafna kostnað landsmanna við gagnaflutninga og aðra fjarskiptaþjónustu?
5. Mun ráðherra beita sér fyrir því að þeir þræðir í ljósleiðaranum sem áður tilheyrðu NATO en nú íslenska ríkinu verði nýttir til að byggja upp að nýju grunnnet fjarskipta

í samfélagseigu eða eru uppi áform um að einkavæða og selja þessa ljósleiðaraþræði eins og gert var með grunnnet símans?

Skriflegt svar óskast.

87. Frumvarp til laga [87. mál]

um breyting á lögum nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Fjármálaráðherra fer með lántökur ríkissjóðs og ríkisstofnana innan lands og utan, útgáfu og sölu ríkisskuldabréfa á innlendum markaði og aðra skuldaumsýslu fyrir ríkissjóð, svo og endurlán lánsfjár, ríkisábyrgðir og Ríkisábyrgðasjóð.

2. gr.

Í stað orðanna „Í störfum sínum skal Lánasýsla ríkisins stefna“ í 2. gr. laganna kemur: Lánasýsla ríkisins skal stefna.

3. gr.

3., 4., 8. og 10. gr. laganna falla brott og breytist greinatala samkvæmt því.

4. gr.

Í stað orðanna „Lánasýsla ríkisins“ í 1. mgr. 5. gr. laganna og orðanna „Lánasýslu ríkisins“ í 2. mgr. sömu greinar kemur: fjármálaráðherra.

5. gr.

Í stað orðanna „Lánasýslu ríkisins“ í 1. og 2. málsl. 1. mgr. og í 2. og 3. mgr. 6. gr. laganna kemur: fjármálaráðherra.

6. gr.

Í stað orðanna „Lánasýsla ríkisins“ í 1. mgr. 7. gr. laganna og orðanna „Lánasýslu ríkisins í 2. mgr. sömu greinar kemur: fjármálaráðherra.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. Orðið „erlendra“ fellur brott.
b. Í stað orðanna „Lánasýslu ríkisins eru falin“ kemur: fjármálaráðherra fer með samkvæmt lögum þessum.

8. gr.

Orðin „og starfsemi Lánasýslu ríksins“ í 11. gr. laganna falla brott.

9. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Fjármálaráðherra tekur við almennum réttindum og skyldum Lánasýslu ríkisins og við samningum við þriðja aðila eftir því sem við getur átt samkvæmt ákvæðum laga þessara.

10. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um lánasýslu ríkisins.**

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2008. Við gildistöku laga þessara verður Lánasýsla ríkisins lögð niður.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins, sem fela í sér að starfsemi stofnunarinnar Lánasýslu ríkisins verði lögð niður en þau ákvæði laganna sem snúa að lánastýringu og almennri lánaumsýslu ríkissjóðs standi óbreytt.

Lögin um Lánasýslu ríkisins voru upphaflega sett á þeim tíma er miklar breytingar áttu sér stað á íslenskum fjármálamarkaði í frjálsræðisátt, m.a. með uppbyggingu markaðsviðskipta. Þetta breytta umhverfi leiddi til þess að endurskoða þurfti stöðu, þróun og markaðssetningu ríkisverðbréfa. Talið var heppilegra á þeim tíma að það yrði gert með því að setja á fót sérstaka stofnun sem færi með þetta verkefni á innlenda fjármagnsmarkaðnum en að það yrði að hluta til innan fjármálaráðuneytisins og Seðlabankans eins og verið hafði. Hins vegar var gert ráð fyrir að Seðlabanki Íslands mundi áfram sinna erlendum lánamálum ríkissjóðs.

Á þeim tíma sem liðinn er frá lagasetningu þessari hafa miklar breytingar orðið á umhverfi lánaumsýslu ríkissjóðs. Innlendi fjármálamarkaðurinn hefur tekið stórstígum framförum og fyrirtæki sem þar starfa eru nú tilbúin að taka við stærri verkefnum en áður. Þá hefur ríkissjóður alfarið dregið sig út af smásölumarkaði og selur nú ríkisverðbréf eingöngu í útboðum til viðskiptavaka sem miðla bréfunum áfram út á markað til viðskiptaaðila. Samkeppnisstaða og hlutverk ríkisverðbréfa hefur einnig breyst þar sem fjármálafyrirtæki telja nú mikilvægt að til séu markaðshæfir flokkar ríkisverðbréfa sem geta myndað vaxtaviðmiðun fyrir önnur verðbréfaviðskipti á markaði. Hins vegar hefur minni lánsfjárþörf ríkissjóðs og takmörkun endurlána dregið verulega úr umfangi verðbréfaútgáfu ríkissjóðs undanfarin missiri og útgáfan því ekki í samkeppni um fjármagn með sama hætti og áður. Fjármálafyrirtækin líta þar af leiðandi ekki lengur á ríkisverðbréf sem samkeppnisvöru heldur sem mikilvægan þátt til að viðhalda öflugum fjármálamarkaði með íslensk verðbréf sem einfaldar bæði markaðssetningu og söluferli ríkisverðbréfa frá því sem áður var. Því er nú talið mögulegt að framkvæma lánaumsýslu ríkissjóðs með hagkvæmari hætti en verið hefur með því að flytja verkefni Lánasýslu ríkisins til Seðlabanka Íslands. Helstu kostir við að færa heildarumsjón lánamála ríkissjóðs á einn stað eru að með því fæst betri yfirsýn og skilvirkari lána-, gjaldeyris- og lausafjárstýring og hagræðing næst hvað varðar fastan kostnað og nýtingu starfsmanna.

Gerður hefur verið samningur milli fjármálaráðuneytis og Seðlabanka Íslands um þetta verkefni og tók hann gildi 1. október 2007. Markmið samningsins er að stuðla að hagkvæmri

og vandaðri lánaumsýslu fyrir ríkissjóð sem byggist á stefnumörkun fjármálaráðuneytisins í lánamálum. Í því felst að halda innlendum og erlendum vaxta- og fjármagnskostnaði ríkisins í lágmarki með því að leita hagkvæmra fjármögnunarleiða fyrir ríkissjóð innan lands sem erlendis, dreifa gengis-, vaxta- og verðlagsáhættu vegna skulda ríkissjóðs á sem hagkvæmastan hátt og draga eins og kostur er úr áhættu ríkissjóðs vegna ábyrgða og endurlána. Þar sem eitt meginhlutverk Seðlabankans snýr að peningamálastjórnun, sem þarf ekki alltaf að fara saman við hagkvæma lánastýringu ríkissjóðs, er í samningnum skýrt kveðið á um verkskiptingu milli aðila og um ákvörðunarvald fjármálaráðuneytisins í lánamálum og endanlegt úrslitavald ráðuneytisins gagnvart framkvæmd samningsins. Þannig skal ábyrgð á stjórn lánamála ríkisins vera í höndum fjármálaráðuneytisins sem tekur ákvarðanir um skuldabréfaútgáfu ríkissjóðs. Ráðuneytið ákvarðar ávöxtunarkröfu tekinna tilboða í útboðum ríkisverðbréfa, tekur ákvarðanir um uppbyggingu einstakra lánaflokka, tímalengd og eiginleika þeirra, uppkaup flokka og/eða gerð skiptasamninga. Seðlabankinn sér hins vegar um framkvæmdina og skuldstýringu í umboði fjármálaráðuneytis og í samræmi við viðmiðunarreglur sem settar eru af ráðuneytinu.

Þetta fyrirkomulag er ekki ósvipað því og er við lýði í Danmörku og Noregi en horft var til þessara landa við ákvörðunartöku um breytta tilhögun lánaumsýslu ríkissjóðs.

Á grundvelli þess sem að framan er greint er starfsemi Lánasýslu ríkisins lögð niður með frumvarpi þessu, án þess þó að það hniki frá markmiðum laga nr. 43/1990 um hagkvæma lánaumsýslu ríkissjóðs. Eftir standa ákvæði sem snúa að almennri lánaumsýslu ríkissjóðs sem eru að mestu í óbreyttri mynd frá lögum nr. 43/1990 þótt þau hafi verið aðlöguð niðurlagningu Lánasýslu ríkisins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þar sem starfsemi Lánasýslu ríksins verður lögð niður nái áform frumvarpsins fram að ganga gerir ákvæði 1. gr. ráð fyrir að fjármálaráðherra fari með lánasýslu ríksins innan lands og utan, þ.e. lántökur ríkissjóðs, útgáfu og sölu ríkisskuldabréfa á innlendum markaði og aðra skuldaumsýslu fyrir ríkissjóð, svo og endurlán lánsfjár, lausafjárstýringu, ríkisábyrgðir og Ríkisábyrgðasjóð. Um Ríkisábyrgðasjóð er nánar kveðið á í lögum nr. 121/1997, með síðari breytingum.

Um 2. gr.

Greinin fjallar um þau meginmarkmið sem stefna skal að með lánasýslu ríkisins.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Fjármálaráðherra tekur við réttindum og skyldum Lánasýslu ríkisins við niðurlagningu stofnunarinnar eins og segir í ákvæði til bráðabirgða, sbr. 9. gr. frumvarpsins.

Um 5. og 6. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Lagt er til að heimilt verði að semja við Seðlabanka Íslands um að hann annist framkvæmd þeirra verkefna sem fjármálaráðherra fer með samkvæmt lögunum.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Hér er kveðið á um að starfsemi Lánasýslu ríksins verði lögð niður og að fjármálaráðherra taki við almennum réttindum og skyldum stofnunarinnar og við samningum við þriðja aðila eftir því sem við getur átt.

Um 10. gr.

Svo sem segir í almennum athugasemdum frumvarpsins er lagt til að stofnunin Lánasýsla ríkisins verði lögð niður en að þau ákvæði laganna sem snúa að lánastýringu og almennri lánaumsýslu ríkissjóðs standi óbreytt. Lagt er til að heiti laganna breytist til samræmis.

Um 11. gr.

Lánasýsla ríkisins hætti starfsemi 1. október 2007 en gert er ráð fyrir að stofnunin verði formlega lögð niður 1. janúar 2008 þegar lög þessi taka gildi.

Fylgiskjal.

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins, með síðari breytingum.

Frumvarp þetta miðar að breyttu fyrirkomulagi á umsýslu með lánsfjármálum ríkissjóðs með hliðsjón af þeirri þróun sem orðið hefur á þessu sviði frá því lögin um Lánasýslu ríkisins voru sett fyrir 17 árum. Þar á meðal má nefna öra framþróun fjármálamarkaðarins hér á landi, að ríkissjóður hefur dregið sig út af smásölumarkaði verðbréfa og selur eingöngu til viðskiptavaka og að ríkisverðbréf gegna nú fremur því hlutverki að vera vaxtaviðmið á markaðinum á sama tíma og lánsfjárþörf ríkissjóðs hefur dregist verulega saman. Við núverandi aðstæður er talið hagkvæmara að færa verkefni Lánasýslu ríkisins til Seðlabanka Íslands, sem annast hefur um erlend lánamál ríkissjóðs, og koma þannig allri umsýslunni fyrir á einum stað til að ná fram meiri skilvirkni og betri yfirsýn. Á grundvelli heimildar í núgildandi lögum hefur þegar verið gerður samningur milli fjármálaráðuneytisins og Seðlabankans um þessi verkefni. Samkvæmt samningnum verða bankanum greiddar 75 m.kr. árlega fyrir þessa þjónustu en rekstrarkostnaður Lánasýslunnar nemur um 135 m.kr. samkvæmt gildandi fjárlögum þannig að sá kostnaður lækkar um 60 m.kr. Helstu breytingarnar samkvæmt frumvarpinu eru því þær að í ljósi þessa breytta fyrirkomulags er lagt til að ákvæði um Lánasýslu ríkisins verði felld niður í lögunum en að önnur ákvæði laganna varðandi lánsfjármál ríkissjóðs verði að mestu óbreytt. Eftir þessa breytingu verður stefnumörkun og ákvarðanataka um lánsfjármálin á hendi fjármálaráðuneytisins en Seðlabankinn annast um framkvæmdina í umboði ráðuneytisins.

88. Frumvarp til laga [88. mál]

um breytingu á siglingalögum, nr. 34 19. júní 1985, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 177. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „46.666 SDR“ í 1. mgr. kemur: 175.000 SDR.
b. Orðin „þó að hámarki 25 milljónir SDR“ í 1. mgr. falla brott.
c. Í stað fjárhæðarinnar „333.000 SDR“ í 2. mgr. kemur: 2.000.000 SDR.
d. Í stað orðanna „500 rúmlestir“ í 2. mgr. kemur: 2.000 tonn.
e. 1.–3. tölul. 2. mgr. orðast svo:
   1. fyrir hvert tonn frá 2.001 að 30.000 tonnum, um 800 SDR;
   2. fyrir hvert tonn frá 30.001 að 70.000 tonnum, um 600 SDR;
   3. fyrir hvert tonn umfram 70.000 tonn, um 400 SDR.
f. 4. tölul. 2. mgr. fellur brott.
g. Í stað fjárhæðarinnar „167.000 SDR“ í 3. mgr. kemur: 1.000.000 SDR.
h. Í stað orðanna „500 rúmlestir“ í 3. mgr. kemur: 2.000 tonn.
i. 1.–3. tölul. 3. mgr. orðast svo:
   1. fyrir hvert tonn frá 2.001 að 30.000 tonnum, um 400 SDR;
   2. fyrir hvert tonn frá 30.001 að 70.000 tonnum, um 300 SDR;
   3. fyrir hvert tonn umfram 70.000 tonn, um 200 SDR.
j. Í stað orðsins „lestir“ í 5. og 6. mgr. kemur: tonn.
k. 1. málsl. 7. mgr. orðast svo: Þar sem nefnd er tonnatala skips er átt við brúttótonn sem reiknuð eru samkvæmt reglum í viðauka I við alþjóðasamning um mælingar skipa frá 1969.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 180. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „alþjóðasáttmála frá 19. nóvember 1976, um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanns“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: bókun frá 2. maí 1996 til breytinga á samningi um takmörkun ábyrgðar á sjóréttarkröfum frá 19. nóvember 1976.
b. Í stað orðanna „á ábyrgð útgerðarmanns“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: ábyrgðar á sjóréttarkröfum.
c. Í stað orðanna „alþjóðasáttmála þeim sem nefndur er“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: bókun þeirri sem nefnd er.
d. Í stað orðanna „alþjóðasáttmála þeim“ í 3. mgr. kemur: bókun þeirri.

3. gr.

Í stað orðanna „alþjóðasáttmála þeim“ 1. mgr. 183. gr. laganna kemur: bókun þeirri.

4. gr.

Í stað orðanna „forvaxta (diskonto) á hverjum tíma að viðbættum 2% p.a.“ í lok 185. gr. laganna kemur: vaxta skv. 2. málsl. 4. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2008.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur.

Starfsemi á sjó fylgir töluverð áhætta og reglulega verða óhöpp og slys sem geta leitt til verulegs tjóns eða kostnaðar, ekki bara tjóns á skipi, farþegum og farmi heldur einnig kostnaðar við að fjarlægja skip og farm, hreinsa menguð svæði, koma í veg fyrir mengun o.s.frv.

Samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar skal sá sem ber skaðabótaábyrgð á tjóni bæta það að fullu. Reglur IX. kafla gildandi siglingalaga, nr. 34/1985, um ábyrgð útgerðarmanns og takmörkun ábyrgðar, fela í sér undantekningu frá þessari meginreglu. Þessar sérreglur byggjast á alþjóðlegum samningi frá 19. nóvember 1976 sem nánari grein verður gerð fyrir hér á eftir. Reynslan hefur þó sýnt að þessi ábyrgðartakmörkun leiðir til þess að tjón verða ekki alltaf bætt að fullu.

Nú er hafin vinna við heildarendurskoðun siglingalaganna og hefur verið skipuð sérstök nefnd til að vinna að henni. Í tengslum við þá vinnu verða m.a. ábyrgðartakmörkunarreglur laganna endurskoðaðar með það í huga að tryggja meginregluna um að sá sem ábyrgð ber á tjóni sem fellur undir gildissvið siglingalaga skuli bæta það að fullu. Má gera ráð fyrir að nefndin skoði m.a. þær breytingar sem gerðar voru á norsku siglingalögunum, nr. 39/1994, með lögum nr. 88/2005, en þar er í verulegum mæli vikið frá samningi um takmörkun ábyrgðar á sjóréttarkröfum frá 1976.

Þar sem heildarendurskoðun siglingalaga er umfangsmikið og tímafrekt verkefni var ákveðið að leggja frumvarp þetta fram nú þegar, en því er ætlað að aðlaga IX. kafla siglingalaga að þeim breytingum sem gerðar voru á framagreindum alþjóðasamningi árið 1996 með bókun við samninginn. Frumvarpið gerir því ráð fyrir ábyrgðartakmörkunarreglum sambærilegum þeim sem eru í dönsku, finnsku og sænsku siglingalögunum.

Þegar nefnd sú sem nú vinnur að heildarendurskoðun siglingalaga hefur lokið störfum má gera ráð fyrir að lagt verði fram frumvarp til nýrra siglingalaga þar sem frekari breytingar kunna að verða gerðar á reglum um takmörk ábyrgðar frá því sem lagt er til í frumvarpi þessu.

2. Almennt um IX. kafla siglingalaga, nr. 34/1985.

Í IX. kafla siglingalaganna er að finna ákvæði um ábyrgð útgerðarmanns og takmörkun ábyrgðar en hér er fyrst og fremst um að ræða skaðabótaábyrgð. Í 171. gr. eru ákvæði um bótagrundvöllinn, þ.e. hvaða skilyrði þurfi að vera uppfyllt til þess að útgerðarmaður verði skaðabótaskyldur. Þá er í 173.–176. gr. laganna að finna ákvæði um heimild til takmörkunar ábyrgðar. Jafnframt er í 177. gr. að finna ákvæði um svokallaða allsherjartakmörkun ábyrgðar en í því felst að bótaábyrgð er í ákveðnum tilvikum bundin við nánar tilgreinda hámarksfjárhæð.

Ákvæði IX. kafla siglingalaga byggjast á samningi um takmörkun ábyrgðar á sjóréttarkröfum sem gerður var í London 19. nóvember 1976 („Convention on Limitation of Liability for Maritime Claimes“). Hann var saminn að tilstuðlan Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar („International Maritime Organisation“, IMO) og öðlaðist gildi 1. desember 1986 og nú eru 50 ríki aðilar að honum. Í siglingalögunum var þessi samningur nefndur alþjóðasáttmáli um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanns en með lagabreytingunni verður íslensku heiti samningsins breytt til samræmis við enskt heiti hans.

Ísland hefur ekki gerst aðili að samningnum og er því ekki bundið af honum þrátt fyrir að reglur IX. kafla endurspegli ákvæði hans. Ísland hefur hins vegar fullgilt og er aðili að eldri samningi frá 1957 um sama efni, alþjóðasamþykkt um takmörkun á ábyrgð eigenda skipa sem á sjó sigla.

Samningurinn frá 1976 fjallar um eftirfarandi meginþætti:

1. Hverjir eiga rétt á að takmarka ábyrgð, sbr. 173. gr. siglingalaga.
2. Hvaða kröfur falla undir ábyrðartakmörkun og hverjar ekki, sbr. 174. og 175. gr. siglingalaga.
3. Ábyrgðartakmörk, þ.e. þá heildarfjárhæð sem gildir fyrir samtölu allra krafna sem rísa vegna eins og sama atburðar, sbr. 177. gr. siglingalaga.
4. Missi réttar til að takmarka ábyrgð, sbr. 176. gr. siglingalaga.
5. Stofnun takmörkunarsjóða, sbr. 178.–181. gr. og X. kafla siglingalaga.

2.1 Nánar um rétt til að takmarka ábyrgð skv. IX. kafla siglingalaga.

Rétturinn til takmörkunar á ábyrgð skv. IX. kafla siglingalaga er óháður því á hvaða grundvelli bótaábyrgðin byggist. Þannig kann ábyrgðin að byggjast á 171. gr. siglingalaga eða einhverjum öðrum réttarreglum, lögfestum eða ólögfestum, og gildir því þótt ábyrgð útgerðarmanns sé hlutlæg, þ.e. ekki sé krafist saknæmrar háttsemi.

Ábyrgðartakmörkun verður þó aðeins beitt ef hinn bótaskyldi er krafinn um bætur, þ.e. ef aðeins er um að ræða bótaábyrgð gagnvart þriðja aðila, þ.m.t. kröfur frá stjórnvöldum. Ef útgerðarmaður hefst t.d. eftir óhapp handa við að takmarka afleiðingar þess, sem honum kann að bera skylda til á grundvelli almennra reglna bótaréttar, verður kostnaður hans vegna slíkra ráðstafana ekki felldur undir réttinn til takmörkunar á ábyrgð þar sem ekki er um skaðabótakröfu frá þriðja aðila að ræða. Hann verður því að bera þann kostnað að fullu. Ef stjórnvöld láta hins vegar vinna verkið og senda útgerðarmanni reikning vegna kostnaðarins getur hann borið fyrir sig takmörkunarréttinn.

Í 174. gr. siglingalaga er fjallað um þær kröfur sem sæta ábyrgðartakmörkun. Varðandi einstaka töluliði 174. gr. má m.a. benda á eftirfarandi:

1. tölul. tekur á afleiðingum áreksturs skipa og getur útgerðarmaður takmarkað ábyrgð sína þótt hann beri ábyrgð gagnvart eiganda annars skips eða áhöfn.

3. tölul. heimilar takmörkun vegna bótaskylds tjóns sem verður t.d. vegna þess að skip strandar eða með einhverjum öðrum hætti hindrar innsiglingu inn í höfn.

4.–6. tölul. fjallar um kostnað við að fjarlægja skip af strandstað eða skip sem hefur sokkið. Ákvæðin geta einnig tekið til þess að fiskur, olía o.s.frv. er fjarlægt úr skipi þó að það sjálft sé ekki fjarlægt eða til tjóns af völdum mengunar frá skipi eða hættu á mengun.

3. Bókunin frá 1996 við 1976-samninginn.

Hinn 2. maí 1996 samþykkti IMO bókun við 1976-samninginn. Meginástæðan var sú að ábyrgðartakmörkunarfjárhæðir 1976-samningsins voru ekki lengur taldar fullnægjandi, m.a. vegna verðbólgu. Breytingin með 1996-bókuninni (hér eftir bókuninni) er því fyrst og fremst fólgin í verulegri hækkun takmörkunarfjárhæða og leiðir því til betri stöðu tjónþola. Fjárhæðir bókunarinnar miðast, eins og í 1976-samningnum, við verðmælieininguna SDR („Special Drawing Rights“).

Í 11. gr. bókunarinnar segir að hún öðlist gildi þegar 90 dagar eru liðnir frá því að fyrir liggur yfirlýsing tíu ríkja þess efnis að þau vilji vera bundin af henni. Bókunin öðlaðist gildi 13. maí 2004 og nú eru 26 ríki aðilar að henni. Bókunin öðlast gildi gagnvart ríkjum sem ger-

ast aðilar að henni eftir gildistöku hennar 90 dögum eftir að Alþjóðasiglingamálastofnunin hefur móttekið aðildarskjal þeirra.

Gert er ráð fyrir að Ísland gerist aðili að bókuninni, en eins og kemur fram í 9. gr. hennar geta ríki orðið aðilar án þess að hafa fyrst orðið aðilar að samningnum frá 1976. Samhliða er gert ráð fyrir að aðild íslenska ríkisins að alþjóðasamþykktinni frá 1957 verði sagt upp.

Samkvæmt 7. gr. bókunarinnar er aðildarríkjum heimilt að setja fyrirvara við takmörkun bótafjárhæðar vegna nokkurra tegunda krafna og þar með áskilja sér rétt til að ákveða sjálf hvaða bótareglur skuli gilda um þær kröfur sem þar eru nefndar. Er þar kveðið á um eftirfarandi breytingar:

Sérhvert ríki má við undirritun, fullgildingu, staðfestingu, samþykkt og aðild, eða hvenær sem er, áskilja sér:

a. að undanskilja beitingu d- og e-liðar 1. mgr. 2. gr.;
b. að undanskilja kröfur fyrir tjón í skilningi alþjóðasamþykktar um ábyrgð og bætur fyrir tjón í tengslum við flutning hættulegra og skaðlegra efna á sjó frá 1996 eða hvers kyns breytinga eða bókana við hana.

Fyrri fyrirvarinn, þ.e. a-liðurinn, varðar ábyrgðartakmarknir vegna kostnaðar sem fellur undir 4.–6. tölul. 174. gr. siglingalaganna. Seinni fyrirvarinn varðar tjón sem fellur undir HNS-samninginn frá 3. maí 1996 („International convention on liability and compensation for damage in connection with the carriage of hazardous and noxius substances by sea“). Sáttmálinn sem var saminn að tilstuðlan IMO fjallar bæði um mengunartjón og annað tjón sem rakið verður til hættulegra eða skaðlegra eiginleika farms.

Íslensk stjórnvöld munu geta nýtt sér þennan rétt og sett framangreinda fyrirvara við gildissvið samningsins eins og honum er breytt með bókuninni og undanskilja tilteknar kröfur frá takmörkun ábyrgðar.

4. Stjórnsýsluleg og fjárhagsleg áhrif tillagnanna.

Ekki er ástæða til að ætla að aðild að bókuninni og þær breytingar sem hún hefur í för með sér á IX. og X. kafla íslensku siglingalaganna muni hafa stjórnsýslulegar eða fjárhagslegar afleiðingar fyrir íslensk stjórnvöld. Hins vegar er ekki ólíklegt að reglur frumvarpsins geti haft einhvern kostnaðarauka í för með sér fyrir þá sem ábyrgð bera á flutningi. Athugun á áhrifum frumvarpsins á iðgjöld vátrygginga fyrir íslenska fiskiskipaflotann leiddi hins vegar í ljós að hækkanir ættu að verða óverulegar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér eru lagðar til breytingar á 177. gr. gildandi siglingalaga sem fjallar um upphæðir takmörkunarfjárhæða og eru þær breytingar í samræmi við bókunina frá 1996 til breytinga á samningnum frá 19. nóvember 1976.

Í a- og b-lið eru lagðar til breytingar á 1. mgr. 177. gr. Lagt er til að ábyrgðartakmörk vegna hvers farþega sem slasast eða deyr hækki úr 46.666 SDR í 175.000 SDR. Einnig er lagt til að ákvæði um hámarksfjárhæð bóta sem nú er 25 milljónir SDR falli brott enda er slíkt hámarksákvæði ekki lengur að finna í bókuninni. Sem dæmi um áhrif breytingarinnar má nefna að fyrir skip sem má taka 500 farþega er takmörkun bótafjárhæðar samkvæmt gildandi lögum 23.333.000 SDR en verður 87.500.000 SDR samkvæmt frumvarpinu.

Í c–f-lið eru lagðar til breytingar á 2. mgr. 177. gr., um aðrar kröfur vegna líkamstjóns. Lögð er til breyting hvað varðar ábyrgðartakmörkin og er hún einnig í samræmi við nefnda

bókun og hækkar fjárhæð bóta úr 333.000 SDR í 2.000.000 SDR. Að auki er lögð til sú breyting að í stað rúmlesta (brúttórúmlesta) um stærð skips er stuðst við tonn (brúttótonn). Breyting þessi grundvallast á 5. mgr. 6. gr. 1976-samningsins, sbr. bókunina, en þar kemur fram að reikna beri bótafjárhæðir á grundvelli stærðar skips mældri í brúttótonnum. Þar er vísað til alþjóðasamnings um mælingar skipa frá 23. júní 1969 en Ísland gerðist aðili að þeim samningi 17. júní 1970, sbr. C-deild Stjórnartíðinda nr. 18/1970, og öðlaðist samningurinn gildi 18. júlí 1982. Gert er ráð fyrir að lágmarksábyrgðin gildi fyrir 2.000 tonna skip eða minni í stað 500 rúmlesta áður. Jafnframt er lögð til breyting á 1.–4. tölul. um hækkun ábyrgðarmarka fyrir stærri skip.

Í g–i-lið eru lagðar til breytingar á 3. mgr. sem fjallar um ábyrgðarmörk fyrir allar aðrar kröfur. Lagt er til að lámarksábyrgð verði hækkuð úr 167.000 SDR í 1.000.000 SDR í samræmi við bókunina. Einnig er hér lögð til sams konar breyting og á 2. mgr. varðandi stærð skipa þ.e. 2.000 tonn eða minni í stað 500 lesta, og um hækkun ábyrgðarmarka fyrir stærri skip.

Hækkun bótafjárhæða sem lögð er til í frumvarpinu er veruleg. Sem dæmi má nefna að skipið Wilson Muuga var 3.658 brúttótonn. Takmörkun bóta fyrir það skip var skv. 3. mgr. 177. gr. gildandi siglingalaga 694.386 SDR en yrði samkvæmt frumvarpinu 1.663.200 SDR. Einnig má benda á flutningaskipið Vikartind sem strandaði við suðurströnd Íslands 5. mars 1997. Skipið var 8.633 brúttótonn. Bótafjárhæðin fyrir það skip skv. 3. mgr. 177. gr. gildandi siglingalaga takmarkaðist við 1.525.211 SDR en samkvæmt þessu frumvarpi yrði bótafjárhæðin 3.653.200 SDR.

Um 2. gr.

Hér er lögð til sú breyting á 180. gr. laganna að í stað þess að vísa til 1976-samningsins um takmörkun ábyrgðar á sjóréttarkröfum er nú vísað til samningsins eins og honum var breytt með 1996-bókuninni enda er Ísland einungis bundið af samningnum að teknu tilliti til bókunarinnar þar sem Ísland er ekki aðili að 1976-samningnum sjálfum.

Um 3. gr.

Breyting sem lögð er til á 1. mgr. 183. gr. er sams konar og í 2. gr. frumvarpsins þannig að í stað þess að vísa til 1976-samningsins er nú vísað til samningsins eins og honum var breytt og því aðeins vísað til bókunarinnar.

Um 4. gr.

Í frumvarpinu er lögð til sú breyting á 185. gr. laganna að um vexti fari skv. 2. málsl. 4. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingar, en þar segir: „Í þeim tilvikum sem um verðtryggða kröfu er að ræða skulu vextir vera jafnháir vöxtum sem Seðlabankinn ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum verðtryggðum útlánum hjá lánastofnunum og birtir skv. 10. gr.“ Í 3. gr. sömu laga segir: „Almenna vexti skal því aðeins greiða af peningakröfu að það leiði af samningi, venju eða lögum. Vexti skal greiða frá og með stofndegi peningakröfu og fram að gjalddaga.“

Um 5. gr.

Þar sem gera má ráð fyrir að ákvæði frumvarpsins geti leitt til einhverra hækkana á vátryggingariðgjöldum skipaflotans er lagt til að lögin taki gildi í upphafi árs 2008 enda má þá reikna með að gildistakan fari saman við nýtt vátryggingatímabil.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á siglingalögum, nr. 34 19. júní 1985, með síðari breytingum.

Meginmarkmið með frumvarpinu er að gera breytingar sem felast í uppfærslu takmörkunarfjárhæða í samræmi við bókun frá 1996 við alþjóðasamþykkt um takmörkun ábyrgðar frá 19. nóvember 1976.

Samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar skal sá sem ber skaðabótaábyrgð á tjóni bæta það að fullu. Reglur IX. kafla núgildandi siglingalaga, nr. 34/1985, um ábyrgð útgerðarmanns og takmörkun ábyrgðar, fela í sér undantekningu frá þessari meginreglu. Reynslan hefur þó sýnt að þessi ábyrgðartakmörkun leiðir til þess að tjón verða ekki alltaf bætt að fullu. Frumvarpið gerir því ráð fyrir ábyrgðartakmörkunarreglum sambærilegum þeim sem eru í dönsku, finnsku og sænsku siglingalögunum. Gera má ráð fyrir að ákvæði frumvarpsins geti leitt til einhverra óverulegra hækkana á vátryggingariðgjöldum fiskiskipaflotans.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

89. Frumvarp til laga [89. mál]

um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, með síðari breytingum.

Flm.: Kristinn H. Gunnarsson.

1. gr.

Við 1. mgr. 87. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þegar úrskurður um aðgerðir á grundvelli a-, c- eða d-liðar 86. gr. er kveðinn upp skal dómari skipa þolendum aðgerðanna réttargæslumann.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að þeim sem er þolandi að þeim aðgerðum sem beitt er í þágu rannsóknar sakamáls og taldar eru upp í a-, c- og d-lið 86. gr. verði skipaður réttargæslumaður. Samkvæmt framangreindum ákvæðum er um að ræða símhlerun, hlustun og kvikmyndun eða ljósmyndun. Þessar aðgerðir eiga það sameiginlegt að þeim er beint að aðila sem veit ekki af þeim, enda yrðu þær tilgangslausar ef svo væri.

90. Frumvarp til laga [90. mál]

um breyting á lögum nr. 79 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 9. gr. laganna:

a. Við 1. málsl. bætist: og varðveislu viðkvæmra hafsvæða.
b. 2. málsl. hljóðar svo: Getur ráðherra með reglugerð m.a. ákveðið sérstök friðunarsvæði þar sem veiðar með öllum eða tilteknum veiðarfærum eru bannaðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu er lagt til að gerðar verði breytingar á lögum nr. 79 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum. Lýtur breytingin að því að styrkja heimildir ráðherra til að friða viðkvæm hafsvæði í því skyni að vernda fyrst og fremst hafsbotninn sjálfan og það líf sem á honum þrífst. Frumvarp sama efnis var lagt fyrir 133. löggjafarþing en hlaut ekki afgreiðslu á því þingi.

Í október 2004 skipaði sjávarútvegsráðherra nefnd til að kanna forsendur fyrir friðun viðkvæmra hafsvæða. Nefndin skilaði tillögum sínum í lok maí 2005. Nefndin skoðaði þau svæði sem friðuð hafa verið hér við land og forsendur þeirra. Má almennt segja að flest friðunarsvæði í fiskveiðilandhelgi Íslands séu friðuð með heimild í 9. gr. laga nr. 79/1997 en tveir fyrri málsliðir 1. mgr. hennar hljóða svo: „Ráðherra skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að sporna við því að stundaðar séu veiðar sem skaðlegar geta talist með tilliti til hagkvæmrar nýtingar nytjastofna. Getur ráðherra með reglugerð m.a. ákveðið sérstök friðunarsvæði þar sem veiðar með tilteknum veiðarfærum eru bannaðar.“ Nefndin taldi að friðun svæða hefði fyrst og fremst verið beitt til að ná sértækum markmiðum í fiskvernd eins og t.d. verndun hrygningarfisks eða ungfisks. Á undanförnum árum hefði athyglin beinst í ríkari mæli að hafsbotninum sjálfum og lagði nefndin því til í skýrslu sinni að breytingar yrðu gerðar á heimild ráðherra þannig að verndun hafsbotnsins fengi meira vægi og rúmaðist betur innan lagaheimildarinnar. Með því móti mundi hún endurspegla skýrar markmið og inntak friðunar viðkvæmra hafsvæða. Miðar frumvarpið að því að binda í lög tillögur nefndarinnar að þessu leyti.

Með breytingu þeirri sem lagt er til að gerð verði með b-lið 1. gr. er aðeins verið að árétta að unnt er að láta friðun taka til allra veiða þannig að ekki þurfi að telja þær allar í reglugerð ef bannið á að vera altækt.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 79 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að heimildir ráðherra til að friða viðkvæm hafsvæði verði styrktar með það að markmiði að vernda hafsbotninn og það líf sem á honum þrífst.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

91. Frumvarp til laga [91. mál]

um breytingu á lögum nr. 116 10. ágúst 2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða IV við lögin:

a. Í stað orðanna „og 2007/2008“ í 1. mgr. og 2. málsl. 2. mgr. kemur: 2007/2008 og 2008/2009.
b. Í stað orðanna „og 2008“ í 3. málsl. 2. mgr. kemur 2008 og 2009.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 20., 21. og 22. gr. skal ekki leggja veiðigjald á veiðiheimildir í þorski sem veittar eru á grundvelli þessara laga fyrir fiskveiðiárin 2007/2008 og 2008/2009. Jafnframt skal Fiskistofa endurgreiða þegar innheimt veiðigjald í þorski fyrir umrædd fiskveiðiár.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpinu er ætlað að koma til móts við þær útgerðir sem verða fyrir skerðingu veiðiheimilda vegna niðurskurðar aflamarks í þorski. Jafnframt er frumvarpinu ætlað að framlengja undantekningarreglu ákvæðis IV til bráðabirgða sem setur sérstaka reglu hvað varðar úthlutun, veiðar og greiðslu veiðigjalds af aflamarki í úthafsrækju.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með lögum nr. 42/2006 um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða var ákveðið að til fiskveiðiársins 2007/2008 skyldi veiðigjald vegna úthafsrækju og rækju sem veidd er á Flæm-

ingjagrunni miðast við landaðan afla en ekki úthlutaðar veiðiheimildir. Jafnframt var ákveðið að aflétta veiðiskyldu í þeim veiðum til sama tíma. Var þetta gert til þess að koma til móts við rækjuveiðar og -vinnslu sem áttu við erfiðleika að etja. Hér er lagt til að þessar sérstöku ráðstafanir gildi einu ári lengur eða til loka fiskveiðiárs 2008/2009 enda stendur rækjuiðnaðurinn mjög höllum fæti.

Um 2. gr.

Frumvarpinu er ætlað að koma til móts við þær útgerðir sem verða fyrir skerðingu veiðiheimilda vegna niðurskurðar aflamarks í þorski úr 193.000 lestum í 130.000 lestir á yfirstandandi fiskveiðiári. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands hefur metið áhrifin þannig að aflaverðmæti þorsks muni dragast saman um 9,2 milljarða kr., útflutningsverðmæti um 16 milljarða kr. og verg landsframleiðsla um 0,8 prósentustig.

Með frumvarpi þessu er lagt til að vikið verði til hliðar þeirri reglu laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, að lagt skuli veiðigjald á þær veiðiheimildir sem veittar eru á grundvelli laganna hvað varðar veiðiheimildir í þorski á yfirstandandi fiskveiðiári og næsta fiskveiðiári.

Sjávarútvegsráðuneytið hefur áætlað að tekjur af álögðu og innheimtu veiðigjaldi á fiskveiðiárinu 2007/2008 nemi um 1.000 millj. kr. og eru tekjur vegna úthlutaðra veiðiheimilda í þorski um 275 millj. kr. þar af. Er því jafnframt lagt til að Fiskistofa endurgreiði þann hluta veiðigjalds fyrir veiðiheimildir í þorski sem þegar hefur verið innheimtur vegna yfirstandandi fiskveiðiárs.

Gert hefur verið ráð fyrir að ekki verði unnt að auka veiðiheimildir í þorski á fiskveiðiárinu 2008/2009 og er lagt til að veiðigjald vegna veiðiheimilda í þorski fyrir það fiskveiðiár falli því einnig niður.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116 10. ágúst 2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lagt til að ekki skuli lagt á veiðigjald á veiðiheimildir í þorski sem veittar eru á grundvelli laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, fiskveiðiárin 2007/2008 og 2008/2009. Áætlað er að tekjur vegna úthlutaðra veiðiheimilda í þorski verði um 250–275 m.kr. á fiskveiðiárinu 2007/2008 og munu því tekjur ríkissjóðs lækka sem því nemur. Jafnframt er lagt til að Fiskistofa endurgreiði þegar innheimt veiðigjald fyrir veiðiheimildir í þorski á yfirstandandi fiskveiðiári.

92. Frumvarp til laga [92. mál]

um breytingu á lögum nr. 73/2005, um skipan ferðamála.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. A-liður 1. tölul. 1. mgr. orðast svo: Skipulagningu ferða, til hópa og einstaklinga, innan lands og erlendis.
b. D-liður 1. tölul. 1. mgr. orðast svo: Dagsferðir sem fela í sér ýmiss konar afþreyingu og frístundaiðju, svo sem hestaferðir, vélsleðaferðir, fljótasiglingar og ævintýraferðir með sérútbúnum ökutækjum.

2. gr.

2. mgr. 8. gr. laganna orðast svo:

Ferðamálastofa skal eiga myndrænt auðkenni sem leyfishafi skal nota í hvers kyns auglýsingum um starfsemi sína og á heimasíðu sinni. Í sérstökum tilvikum er Ferðamálastofu heimilt að veita undanþágu frá ákvæði þessu og skal leyfishafi sækja um slíka undanþágu til Ferðamálastofu.

3. gr.

Í stað orðanna „30. apríl“ í 3. mgr. 18. gr. laganna kemur: 1. október.

4. gr.

Í stað orðsins „verður“ í 1. mgr. 21. gr. laganna kemur: er úrskurðaður.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 26. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

   Hver sá sem rekur leyfisskylda eða skráningarskylda starfsemi án tilskilins leyfis eða skráningar skal sæta sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Gildir þetta jafnt um þá sem reka starfsemi án leyfis og þegar starfsemi samræmist ekki útgefnu leyfi eða skráningu. Heimilt er jafnframt í tilefni brota að beita úrræði 3. mgr. um lokun starfsstöðvar þar sem brot er framið.
b. 3. mgr. orðast svo:

   Ef leyfis- og skráningarskyld starfsemi samkvæmt lögum þessum er rekin án tilskilins leyfis eða skráningar ber lögreglustjóra, að beiðni Ferðamálastofu og án fyrirvara eða aðvörunar, að stöðva starfsemina, þar á meðal með lokun starfsstöðvar og lokun heimasíðu. Á það við um eftirfarandi tilvik:
   1. Þegar ekki hefur verið gefið út leyfi vegna leyfisskyldrar starfsemi eða skráningarskyld starfsemi ekki skráð, leyfi hefur verið lagt inn, það afturkallað eða leyfishafi sviptur því.
   2. Þegar leyfis- og skráningarskyld starfsemi fer út fyrir mörk útgefins leyfis eða skráningar.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 1. janúar 2006 tóku gildi ný lög um skipan ferðamála og tóku þau við af lögum nr. 117/1994, um skipulag ferðamála. Meðal helstu breytinga með nýjum lögum voru skipulagsbreytingar sem fólu það í sér að skrifstofa Ferðamálaráðs var gerð að eiginlegri stjórnsýslustofnun, Ferðamálastofu, með það hlutverk að sjá um leyfisveitingar vegna starfsemi sem undir lögin fellur og umsýslu tryggingа vegna alferða en þessum málum hafði áður verið sinnt í samgönguráðuneytinu.

Að auki voru settar skýrari og fyllri reglur um þá starfsemi sem er leyfisskyld samkvæmt lögunum en leyfisskyldir aðilar eru ferðaskrifstofur og ferðaskipuleggjendur. Einnig er skýrt kveðið á um það að einungis þeir sem selja alferðir eru tryggingarskyldir og að slík starfsemi fellur aðeins undir starfsemi ferðaskrifstofu. Þá var kveðið á um tilkynningarskyldu aðila sem einungis sinna bókunarþjónustu og upplýsingagjöf til almennings um starfsemina til Ferðamálastofu.

Almennt hefur vel tekist til við framkvæmd laganna og ekki síst markmið þeirra hvað varðar leyfismál að það sé eftirsóknarvert og jákvætt að hafa leyfi fyrir rekstrinum og þeir sem stunda þessa starfsemi sjái sér hag í því, enda felst óneitanlega í því ákveðinn gæðastimpill gagnvart viðskiptavinum. Þó má að sjálfsögðu alltaf gera betur og á því eina og hálfa ári sem liðið er síðan lögin tóku gildi hefur orðið vart við nokkur atriði sem betur mega fara. Er frumvarpi þessu ætlað að bæta úr því og eru með því lagðar til breytingar í því skyni. Þær helstu varða úrræði vegna brota gegn lögunum og þá helst það úrræði að loka starfsstöð þar sem brot er framið. Þá hefur borið á misskilningi varðandi skilgreiningu hugtakanna ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjandi og muninn þar á.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með breytingum á a-lið 1. tölul. 1. mgr. er lagt til að skerpt verði á skilgreiningu hugtaksins ferðaskipuleggjandi þar sem mjög algengt er að umsækjendur um leyfi rugli því hugtaki saman við ferðaskrifstofu. Kemur það sérstaklega til af því að umsækjendur átta sig ekki á því að munur er á því að selja eiginlegar ferðir og því að selja ákveðið skipulag ferða þar sem ekki er verið að selja ferðina sjálfa á heildarverði beint til neytandans. Þannig hefur orðið „dvöl“ í a-lið verið túlkað þannig að sala á gistingu geti verið innifalin.

Sem dæmi má nefna að fyrirtæki hér á landi skipuleggur ferð sem felur í sér flug, gistingu og einhverja afþreyingu. Fyrirtækið hefur tvo kosti, að selja ferðirnar sjálft beint til neytandans, og er það þá ferðaskrifstofa að selja alferð, eða fela ferðaskrifstofu, hvort sem er innlendri eða erlendi, að selja pakkann og kemur það þá ekki fram gagnvart neytandanum sem ferðaskrifstofa. Viðkomandi er þá einungis að selja skipulag ferðarinnar en ferðaskrifstofan selur alferðina. Aðeins í því tilfelli þar sem alferð er seld beint til neytandans er um tryggingarskylda starfsemi að ræða og er það ferðaskrifstofan sem tekur við greiðslunni frá viðskiptavininum sem er tryggingarskyld gagnvart honum. Ekki þykir ástæða til að fara einnig fram á alferðatryggingu frá þeim sem einungis selur skipulagið til ferðaskrifstofunnar, sérstaklega í ljósi þess að sá aðili telur ekki við greiðslu beint úr hendi neytandans, heldur fær greitt fyrir sinn þátt í formi þóknunar eða endurgjalds frá viðkomandi ferðaskrifstofu. Hins vegar verður í því tilviki að neytandanum er ætlað að greiða beint til viðkomandi skipu-

leggjanda að fara fram á tryggingu og því er nauðsynlegt að sá þáttur liggi ljós fyrir þegar sótt er um leyfi.

Þá er lagt til að d-lið 1. tölul. verði breytt þannig að þar komi skýrt fram að hér undir falli hvers kyns mislangar dagsferðir sem bjóða upp á ýmiss konar afþreyingu og frístundaiðju og þeirri sömu upptalningu því sleppt í a-lið.

Um 2. gr.

Í 8. gr. gildandi laga er kveðið á um heimild leyfishafa til að nota auðkenni auk skyldu hans til að nota það í auglýsingum. Þykir þetta orðalag til þess fallið að geta valdið misskilningi og eðlilegra að leyfishöfum verði gert skylt að nota auðkennið enda er tilgangur þess að vera eins konar gæðastimpill fyrir þjónustuna.

Breyting sú sem lögð er til á 8. gr. er ætlað að bæta úr þessu og er lagt til að þeim sem fær leyfi Ferðamálastofu til starfsemi sem undir lögin fellur skuli vera skylt að nota myndræna auðkennið. Með því þykir markmiðinu með auðkenninu náð en það er að neytendur geti sjálfir gengið úr skugga um að tilskilið leyfi sé fyrir hendi hjá þeim sem þeir skipta við. Þá þykir þetta ekki vera íþyngjandi fyrir leyfishafa enda hafa þeir almennt tekið því vel að nota auðkennið.

Ekki þykir þó rétt að hafa skyldu þessa algjörlega skilyrðislausa enda geta verið sérstakar ástæður sem leiða til að leyfishafa er það ekki mögulegt. Er því lagt til að hægt verði að sækja um undanþágu frá þessari skyldu til Ferðamálastofu hvort sem er til lengri eða skemmri tíma. Þær sérstöku ástæður sem má hugsa sér að geti heimilað undanþágu eru t.d. að það sé tæknilega verulega erfitt að nota merkið og/eða kostnaður við það sé verulega íþyngjandi að teknu tilliti til umfangs starfseminnar. Önnur tilvik geta að sjálfsögðu komið til greina og er mat á þessu lagt í hendur Ferðamálastofu.

Um 3. gr.

Bent hefur verið á að fyrirtæki geti fengið frest til september eða október til að skila ársreikningum til ríkisskattstjóra. Almennt séu því ársreikningar ekki tilbúnir fyrr en þá og því óraunhæft að krefjast þess að ársreikningum sé skilað fyrir 30. apríl. Breytingu þessari er ætlað að bæta úr því og samræma ársreikningaskil raunveruleikanum.

Um 4. gr.

Í 21. gr. gildandi laga er gert ráð fyrir að leyfi falli niður ef leyfishafi verður gjaldþrota án þess að nánar sé gerð grein fyrir hvenær það tímamark er komið. Skýrara þykir að miða við það tímamark þegar viðkomandi er úrskurðaður gjaldþrota enda er það almennt skýrt og ótvírætt og margvísleg réttaráhrif því tengd sem eðlilegt er að eigi einnig við um starfsemi sem á undir lögin.

Um 5. gr.

Hér eru lagðar til breytingar á 26. gr. gildandi laga um úrræði vegna brota á lögunum. Í greininni er m.a. kveðið á um að leita megi dómsúrskurðar um stöðvun starfsemi sem fram fer án tilskilins leyfis, þar á meðal með lokun starfsstöðvar og lokun heimasíðu.

Réttarfarslega þykir ákvæði þetta ekki nægilega skýrt miðað við það ferli sem mál hafa farið í hjá Ferðamálastofu. Kærur hafa verið sendar lögreglustjórum í viðkomandi sveitarfélagi og er þá gert ráð fyrir að lögreglan geti leitað dómsúrskurðar og á grundvelli hans látið loka hjá þeim sem stunda leyfisskylda starfsemi án leyfis. Hins vegar hefur ákvæðið ekki þótt

nægilega skýrt hvað varðar heimildir lögreglu til lokunar þar sem þeirra er ekki beint getið þar, enda um verulega íþyngjandi aðgerð að ræða sem fara þarf varlega í að beita. Breytingum sem lagðar eru til á hér er ætlað að bæta úr þessu og kveða skýrt á um heimild lögreglu til að loka stöðum þar sem brot eru framin.

Í a-lið er lögð til skýrari brotalýsing og einnig kveðið á um heimild til beitingar þvingunarúrræðisins í tilefni brota.

Í b-lið er lagt til að framkvæmd við beitingu þvingunarúrræða verði sú að Ferðamálastofa óski eftir því við lögreglustjóra á viðkomandi stað að starfsemi verði stöðvuð, svo sem með lokun starfsstöðvar og lokun heimasíðu og er jafnframt kveðið á um að lögreglu beri að verða við slíkri beiðni. Lagt er til að þetta geti farið fram án fyrirvara eða aðvörunar, hvort sem er af hálfu Ferðamálastofu eða lögreglunnar, enda gert ráð fyrir að Ferðamálastofa hafi áður gert viðkomandi grein fyrir að þessu úrræði verði beitt fyrirvaralaust ef ekki er látið af broti. Til nánari skýringar og af því að um íþyngjandi úrræði er að ræða er lagt til að talin verði upp í ákvæðinu þau tilvik þegar þetta er heimilt og er um tæmandi talningu að ræða.

6. gr.

Lagt er til að lögin taki þegar gildi.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 73/2005, um skipan ferðamála.

Meginmarkmið með frumvarpinu er að sníða af ýmsa vankanta sem komið hafa upp við framkvæmd frá því að lög nr. 73/2005, um skipan ferðamála, tóku gildi. Helstu atriðin sem frumvarpinu er ætlað að bæta úr varða úrræði vegna brota gegn lögunum. Þá hefur borið á misskilningi varðandi skilgreiningu hugtakanna ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjandi og muninn þar á og einnig hvað telst nákvæmlega til skráningarskyldrar bókunarþjónustu.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

93. Frumvarp til laga [93. mál]

um breytingu á hafnalögum, nr. 61/2003.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

3. tölul. 1. mgr. 17. gr. laganna orðast svo: Geymslugjald fyrir geymslu vöru og gáma á hafnarsvæði, hvort sem er innan húss eða utan, og skal gjald þetta standa straum af kostnaði við uppbyggingu, viðhald, endurnýjun og rekstur á geymsluaðstöðunni.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða II í lögunum:

a. Í stað orðanna „til ársloka 2008“ í 1. mgr. kemur: til ársloka 2010.
b. Í stað orðanna „1. janúar 2009“ í 2. mgr. kemur: 1. janúar 2011.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í breytingum á hafnalögum sem gerðar voru á 133. löggjafarþingi með lögum nr. 28/2007 er ekki nægilega skýrt að geymslugjald sem höfnum er heimilt að taka fyrir geymslu vöru og gáma á hafnarsvæði sínu á við hvort sem vörur eða gámar eru geymdir innan húss eða utan. Til að koma í veg fyrir misskilning um þetta er með frumvarpi þessu lögð til sú breyting á 3. tölul. 1. mgr. 17. gr., sem fjallar um geymslugjald, að skýrt er tekið fram að um sé að ræða geymslu hvort sem er innan húss eða utan. Er breyting þessi einungis til nánari skýringa á ákvæðinu og hvenær höfnum er heimilt að taka geymslugjöld.

Þá var ákveðið í ríkisstjórn í júlí 2007 að grípa til aðgerða vegna hugsanlegs tekjusamdráttar sveitarfélaga vegna skertrar þorskveiði. Samkvæmt gildandi hafnalögum er gert ráð fyrir að ný ákvæði þeirra um styrktar hafnarframkvæmdir sveitarfélaga taki gildi 1. janúar 2009. Það mun að öllum líkindum leiða til þess að sveitarfélög, sem þegar hafa fengið heimildir til framkvæmda á grundvelli eldri styrkjareglna í samgönguáætlun, munu ráðast í þessar framkvæmdir á næsta ári, hvað sem líður mögulegum tekjusamdrætti, til þess að missa ekki af þeim betri styrkjum sem eldra kerfi fól í sér. Ekki þykir ástæða til annars en heimila þeim sveitarfélögum sem þess óska að fresta slíkum hafnarframkvæmdum tímabundið á meðan samdráttur aflamarks varir.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum, nr. 61/2003.

Meginmarkmið með frumvarpinu er að gera þá breytingu á 3. tölul. 1. mgr. 17. gr. hafnalaga, sem fjallar um geymslugjald, að skýrt sé tekið fram að um er að ræða geymslu hvort

sem er innan húss eða utan. Er breyting þessi einungis til nánari skýringa á ákvæðinu og hvenær höfnum er heimilt að taka geymslugjöld. Einnig hefur frumvarpið í för með sér breytingu á bráðabirgðaákvæði til samræmis við ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá því í júlí 2007 um mótvægisaðgerðir vegna hugsanlegs tekjusamdráttar sveitarfélaga vegna skertrar þorskveiði.

Samkvæmt gildandi hafnalögum er gert ráð fyrir að ný ákvæði þeirra um styrktar hafnarframkvæmdir sveitarfélaga taki gildi 1. janúar 2009. Það mun að öllum líkindum leiða til þess að sveitarfélög sem þegar hafa fengið heimildir til framkvæmda á grundvelli eldri styrkjareglna í samgönguáætlun munu ráðast í þessar framkvæmdir á næsta ári til þess að missa ekki af þeim styrkjum sem eldra kerfið fól í sér. Frumvarpið gerir því ráð fyrir að heimila þeim sveitarfélögum sem þess óska að fresta slíkum hafnarframkvæmdum tímabundið á meðan samdráttur aflamarks varir. Ekki er gert ráð fyrir breytingum á framlögum til samgöngumála.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi teljandi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

94. Frumvarp til laga [94. mál]

um breytingu á vatnalögum, nr. 20/2006.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

1. mgr. 42. gr. laganna orðast svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. nóvember 2008.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á 132. löggjafarþingi var frumvarp til nýrra vatnalaga samþykkt sem lög frá Alþingi. Lögunum er ætlað að leysa af hólmi eldri vatnalög, nr. 15/1923, með síðari breytingum. Markmiðið með setningu nýrra vatnalaga var að samræma ákvæði vatnalaga annarri löggjöf, sem sett hafði verið á þeim tíma sem liðinn var frá gildistöku laganna, auk þess sem einstakir kaflar og einstök ákvæði laganna töldust úrelt eða væri betur fyrir komið annars staðar í lögum. Þá var talið nauðsynlegt að taka stjórnsýslu vatnamála til endurskoðunar.

Við umfjöllun Alþingis á 132. löggjafarþingi kom upp ágreiningur um þá tilhögun frumvarpsins að taka upp neikvæða skilgreiningu eignarréttar á eignarhaldi á vatni í stað jákvæðrar skilgreiningar vatnalaga, nr. 15/1923, á rétti landareignar til hagnýtingar og umráða á vatni. Við aðra umræðu um frumvarpið náðu þingflokkar samkomulagi um meðferð frumvarpsins sem þáverandi iðnaðarráðherra gerði svohljóðandi grein fyrir við framhald annarrar umræðu á 86. fundi, miðvikudaginn 15. mars 2006:

„Hæstv. forseti. Í gærkvöldi náðist samkomulag um meðferð vatnalagafrumvarpsins á hv. Alþingi og ég vil segja það að mér finnst mikilvægt að þingflokkar geti náð slíku samkomu-

lagi þrátt fyrir efnislegan ágreining sem vissulega er í þessu máli. Ég mun nú lesa yfir yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tilefni af samkomulaginu, með leyfi forseta:

„Náðst hefur samkomulag milli allra þingflokka um framvindu frumvarps til nýrra vatnalaga. Samkomulagið felur í sér að iðnaðarráðherra mun, þegar frumvarpið hefur verið samþykkt, skipa nefnd með fulltrúum allra þingflokka, auk eins fulltrúa sem tilnefndur skal af umhverfisráðherra og formanns sem skipaður skal án tilnefningar. Skal nefnd þessi taka til skoðunar samræmi laga þessara við önnur þau lagaákvæði íslensks réttar sem vatn og vatnsréttindi varða, þar á meðal fyrirhugað frumvarp umhverfisráðherra til vatnsverndarlaga, sem byggjast mun að stofni til á tilskipun Evrópusambandsins frá árinu 2000, nr. 60, og fyrirhugað frumvarp iðnaðarráðherra til laga um jarðrænar auðlindir.

Í starfi sínu skal nefndin einnig hafa til hliðsjónar tillögur nefndar iðnaðarráðherra, sem skipuð er á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða við lög nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, svo sem þeim hefur verið breytt á yfirstandandi þingi. Nefndin skal skila áliti sínu eigi síðar en 1. október 2006.

Þá hefur verið ákveðið að gildistöku nýrra vatnalaga verði frestað fram til 1. nóvember 2007.“

Þá hef ég farið yfir það sem samkomulag varð um í gærkvöldi.“

Í samræmi við samkomulagið leitaði iðnaðarráðuneytið tilnefninga í umrædda nefnd. Tafir á tilnefningum, upptöku vatnatilskipunar Evrópusambandsins í EES-samninginn og framlagningu frumvarps til laga um breytingar á lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu urðu hins vegar til þess að ekkert varð af skipun nefndarinnar.

Í ljósi samkomulags þingflokka á 132. löggjafarþingi og yfirvofandi breytinga á fyrirkomulagi vatnamála í tengslum við vatnatilskipun Evrópusambandsins er í frumvarpinu lagt til að gildistöku nýrra vatnalaga verði frestað til 1. nóvember 2008. Með þeirri frestun skapast skilyrði til að uppfylla efni þess samkomulags sem náðist á 132. löggjafarþingi og vinna úr niðurstöðum nefndarinnar áður en ný vatnalög öðlast gildi.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á vatnalögum, nr. 20/2006.

Markmið frumvarpsins er að fresta gildistöku vatnalaga, nr. 20/2006, til 1. nóvember 2008.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

95. Frumvarp til laga [95. mál]

um breyting á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

1. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Eftirlitsskyldir aðilar og aðrir gjaldskyldir aðilar skv. 5. gr. skulu standa straum af kostnaði við rekstur Fjármálaeftirlitsins í samræmi við ákvæði laga þessara.

2. gr.

4. gr. laganna og fyrirsögn orðast svo:

Álagningarstofn.

Álagningarstofn eftirlitsgjalds er ársreikningur eftirlitsskylds aðila fyrir næstliðið ár þegar skýrsla Fjármálaeftirlitsins skv. 2. gr. er samin.

Hafi tveir eða fleiri eftirlitsskyldir aðilar sameinast skal miða álagningu við samanlagða ársreikninga þeirra fyrir næstliðið ár skv. 1. mgr. Sama á við um samruna eftirlitsskylds aðila við annað fyrirtæki eða einstaka rekstrarhluta þess.

Sé ársreikningur ekki fyrir hendi þar sem eftirlitsskyldur aðili er að hefja hina eftirlitsskyldu starfsemi skal miða álagningu við lágmarksgjald skv. 5. gr. Sé ársreikningur fyrir hendi fyrir fyrri starfsemi viðkomandi fyrirtækis er heimilt að nota hann sem álagningargrunn. Heimilt er að beita ákvæðum 2. mgr. ef við á.

Álagningarstofn eftirlitsgjalds á útgefendur fjármálagerninga, sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og markaðstorgi fjármálagerninga hér á landi, er markaðsvirði þeirra í árslok næstliðins árs þegar skýrsla Fjármálaeftirlitsins skv. 2. gr. er samin, sbr. nánar 5. og 6. mgr. 5. gr. Álagningarstofn vegna fjármálagerninga sem teknir eru til skráningar á því ári sem skýrsla Fjármálaeftirlitsins skv. 2. gr. er samin skal vera markaðsvirði þeirra í lok þess sama árs. Með markaðsvirði er átt við nafnvirði fjármálagernings margfaldað með gengi samkvæmt upplýsingum skipulegs verðbréfamarkaðar og markaðstorgs fjármálagerninga.

Álagning eftirlitsgjalds á eftirlitsskylda aðila skv. 1.–3. mgr. er óháð álagningu eftirlitsgjalds á eftirlitsskylda aðila sem eru útgefendur fjármálagerninga skv. 4. mgr.

Hafi tveir eða fleiri útgefendur fjármálagerninga, sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og markaðstorgi fjármálagerninga hér á landi, sameinast er heimilt að miða álagningu við samanlagt markaðsvirði fjármálagerninga þeirra.

3. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Eftirtaldir eftirlitsskyldir aðilar skulu greiða eftirlitsgjald af álagningarstofni í þeim hlutföllum og stærðum sem hér segir:

1. Viðskiptabankar, sparisjóðir, lánafyrirtæki og rafeyrisfyrirtæki skulu greiða 0,00661% af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 600.000 kr.
2. Vátryggingafélög skulu greiða 0,425% af bókfærðum iðgjöldum, þó eigi lægri fjárhæð en 600.000 kr.

3. Félög eða einstaklingar sem stunda vátryggingamiðlun skulu greiða 0,215% af þeim iðgjöldum sem miðlað hefur verið á næstliðnu ári, þó eigi lægri fjárhæð en 300.000 kr.
4. Verðbréfafyrirtæki skulu greiða 0,061% af eignum samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 600.000 kr. Verðbréfamiðlanir skulu greiða 0,061% af eignum samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 350.000 kr. Rekstrarfélög verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða og fjárfestingarsjóðir sem gefa út hlutabréf skulu greiða 0,0074% af eignum rekstrarfélags og viðkomandi sjóða samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 600.000 kr.
5. Kauphallir og aðrir skipulegir tilboðsmarkaðir skulu greiða 0,61% af rekstrartekjum, þó aldrei lægri fjárhæð en 350.000 kr.
6. Lífeyrissjóðir skulu samtals greiða 0,00891% af hreinni eign til greiðslu lífeyris. Greiða skal eftirlitsgjaldið sem 700.000 kr. fastagjald vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris undir einum milljarði króna, 1.120.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris frá einum til tíu milljarða króna, 1.960.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris frá tíu milljörðum til tuttugu og fimm milljarða króna, 3.650.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris frá tuttugu og fimm milljörðum til eitt hundrað milljarða króna og 4.210.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris þar yfir. Það sem þá er ógreitt af eftirlitsgjaldi skv. 1. málsl. greiðist í hlutfalli við hreina eign til greiðslu lífeyris.
7. Verðbréfamiðstöðvar skulu greiða 0,84% af rekstrartekjum, þó eigi lægri fjárhæð en 350.000 kr.
8. Innlánsdeildir samvinnufélaga skulu greiða fastagjald sem nemur 300.000 kr.
9. Íbúðalánasjóður skal greiða 0,00275% af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 600.000 kr.
10. Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta og öryggissjóðir samkvæmt lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta skulu greiða fastagjald sem nemur 300.000 kr.

Útibú erlendra eftirlitsskyldra aðila sem fengið hafa starfsleyfi hér á landi skulu greiða eftirlitsgjald samkvæmt viðeigandi tölulið 1. mgr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal eftirlitsskyldur aðili, sem er að minnsta kosti að 9/10 hlutum í eigu annars eftirlitsskylds aðila, greiða 1/5 hluta eftirlitsgjalds samkvæmt viðeigandi tölulið 1. mgr. enda hafi móðurfélagið heimild til sömu starfsemi og dótturfélagið. Ákvæði þetta á þó ekki við um lágmarksgjald skv. 1. mgr.

Eignarhaldsfélög á fjármálasviði, eignarhaldsfélög á vátryggingasviði, blönduð eignarhaldsfélög, blönduð eignarhaldsfélög á vátryggingasviði og blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi skulu greiða fastagjald sem nemur 1.500.000 kr.

Útgefendur hlutabréfa, sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og markaðstorgi fjármálagerninga hér á landi, skulu greiða fastagjald tengt fjárhæð markaðsvirðis útgefinna hlutabréfa sinna. Greiða skal 300.000 kr. fastagjald vegna hlutabréfa að markaðsvirði undir fimm milljörðum króna, 800.000 kr. vegna hlutabréfa að markaðsvirði frá fimm til tuttugu og fimm milljarða króna, 2.400.000 kr. vegna hlutabréfa að markaðsvirði frá tuttugu og fimm til eitt hundrað milljarða króna, 4.400.000 kr. vegna hlutabréfa að markaðsvirði frá eitt hundrað til fimm hundruð milljarða króna og 6.300.000 kr. vegna hlutabréfa með markaðsvirði yfir fimm hundruð milljarða króna.

Útgefendur skuldabréfa, sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og markaðstorgi fjármálagerninga hér á landi, skulu greiða fastagjald tengt fjárhæð mark-

aðsvirðis útgefinna skuldabréfa sinna. Greiða skal 100.000 kr. fastagjald vegna skuldabréfa að markaðsvirði undir einum milljarði króna, 150.000 kr. vegna skuldabréfa að markaðsvirði frá einum til fimm milljarða króna, 350.000 kr. vegna skuldabréfa að markaðsvirði frá fimm til tíu milljarða króna, 600.000 kr. vegna skuldabréfa að markaðsvirði frá tíu til fimmtíu milljarða króna, 850.000 kr. vegna skuldabréfa að markaðsvirði frá fimmtíu til tvö hundruð milljarða króna og 1.000.000 kr. vegna skuldabréfa að markaðsvirði yfir tvö hundruð milljarða króna.

Eftirlitsgjald skal reiknast í heilum þúsundum króna. Við álagningu skal jafnframt færa álagningarstofna í þúsundir króna.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „eftirlitsskyldum aðilum“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: og öðrum gjaldskyldum aðilum.
b. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Framangreind greiðsluskipting tekur þó ekki til álagðs eftirlitsgjalds sem nemur 300 þús. kr. eða lægri fjárhæð og innheimta skal í einni greiðslu 1. febrúar.
c. Á eftir 3. mgr. kemur ný málsgrein, 4. mgr., svohljóðandi:
   Ákvæði lokamálsliðar 3. mgr. gildir eftir því sem við á um fjármálagerninga sem teknir hafa verið úr viðskiptum á skipulegum verðbréfamarkaði og markaðstorgi fjármálagerninga hér á landi á álagningarári.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2008.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í 2. gr. laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum, segir: „Fyrir 1. júlí ár hvert skal Fjármálaeftirlitið gefa viðskiptaráðherra skýrslu um áætlaðan rekstrarkostnað næsta árs. Í skýrslunni skal jafnframt lagt mat á þróun starfseminnar undangengin þrjú ár með tilliti til þess tíma sem ætla má að farið hafi í eftirlit með hverjum flokki eftirlitsskyldra aðila skv. 5. gr. Skýrslu Fjármálaeftirlitsins skal fylgja álit samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila á áætluðu rekstrarumfangi næsta árs ásamt afgreiðslu stjórnar stofnunarinnar á því áliti. Til að samráðsnefndin geti gefið álit sitt skal Fjármálaeftirlitið eigi síðar en 1. júní ár hvert senda henni upplýsingar um áætlað rekstrarumfang ásamt skýringum á helstu rekstrarliðum. Ef niðurstaða skýrslunnar gefur tilefni til að breyta hundraðshluta eftirlitsgjalds skal viðskiptaráðherra leggja frumvarp þar að lútandi fyrir Alþingi.“

Áætlað álagt eftirlitsgjald á árinu 2007 er 601,9 millj. kr. en frumvarpið gerir ráð fyrir 915 millj. kr. árið 2008 og nemur áætluð hækkun á milli ára 313,1 millj. kr. eða 52%. Áætlaður rekstrarkostnaður Fjármálaeftirlitsins árið 2007 er 607,6 millj. kr. en áætlaður rekstrarkostnaður á árinu 2008 nemur 946,1 millj. kr. sem er hækkun um 338,6 millj. kr. eða 55,7%. Að undanskildum áhrifum af greiðslu vegna samkomulags við Lífeyrissjóð bankamanna á árinu 2007 telst hækkunin vera 372 millj. kr. eða 64,8%. Þar af er gert ráð fyrir aukningu vegna launa og launatengdra gjalda sem nemur 263,7 millj. kr. eða 64%. Áætluð aukning annars rekstrarkostnaðar nemur samtals 108,3 millj. kr. eða 66,8% en þar vegur þyngst húsnæðiskostnaður sem áætlað er að hækki um tæplega 60 millj. kr. vegna flutnings í stærra húsnæði.

Nánari sundurgreining á hækkun launa og launatengdra gjalda er eftirfarandi: 1) fyrirséðar samningsbundnar launahækkanir (u.þ.b. 7%) og áhrif launahækkana í samræmi við heimildir rekstraráætlunar 2007 reiknast vera 52,5 millj. kr. Rétt er að benda á að kjarasamningar eru lausir á árinu 2008 og því erfitt að áætla þessa fjárhæð, 2) 121 millj. kr. vegna fjölgunar starfsmanna um 10 á árinu 2008 auk áhrifa af ráðningu tveggja nýrra starfsmanna á árinu 2007 vegna laga nr. 55/2007, 3) 45,1 millj. kr., sem áætlað svigrúm til að bregðast við óvæntum útgjöldum og launaskriði vegna þenslu í launakostnaði á fjármálamarkaði, þróa „kælitímasamninga“ frekar og bregðast við óvæntri starfsmannaveltu, 4) 45,1 millj. kr. til að þróa árangurs- og frammistöðutengt launakerfi. Rök fyrir þörf á fjölgun starfsmanna er að finna í fylgiskjali með skýrslu stofnunarinnar til viðskiptaráðherra um áætlaðan rekstrarkostnað árið 2008 „Rekstur og starfsumhverfi Fjármálaeftirlitsins næstu þrjú ár“ sem er fylgiskjal með frumvarpinu.

Nánari sundurgreiningu á einstökum kostnaðarliðum að öðru leyti er að finna í skýrslu til viðskiptaráðherra um áætlaðan rekstrarkostnað árið 2008, sem er fylgiskjal með frumvarpinu.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að álagt eftirlitsgjald árið 2008 nemi 915 millj. kr. og er skipting þess milli flokka eftirlitsskyldra aðila byggð á mati sem grundvallast á tímaskráningu Fjármálaeftirlitsins. Samkvæmt frumvarpinu er nýjum flokki nú bætt inn í þessa skiptingu. Tímaskráning Fjármálaeftirlitsins verður ekki nema að hluta tengd ákveðnum eftirlitsskyldum aðilum eða flokkum þeirra. Fjölmörg mál og eftirlitsverkefni eru almenns eðlis (cross-sectoral) og varða fleiri en einn flokk eftirlitsskyldra aðila eða markaði í heild. Undir tímaskráningu á verðbréfamarkað fellur vinna sem varðar annars vegar eftirlit með markaðsaðilum (kauphallaraðilum), um 10%, og hins vegar útgefendum hluta- og skuldabréfa, sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og markaðstorgi fjármálagerninga hér á landi, tæplega 10%. Samtals nemur hlutur verkefna sem tengjast verðbréfamarkaði því um fimmtungi af tíma Fjármálaeftirlitsins. Eftirlitsverkefni sem snerta þessa aðila hafa farið vaxandi með árunum en þeir hins vegar ekkert greitt til rekstrar Fjármálaeftirlitsins nema þeir hafi jafnframt verið eftirlitsskyldir aðilar samkvæmt lögum nr. 99/1999 sem reyndar á við um fjölmarga útgefendur hlutabréfa og skuldabréfa.

Frumvarpið gerir ráð fyrir sérstöku eftirlitsgjaldi á útgefendur fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og markaðstorgi fjármálagerninga hér á landi. Ekki er gert ráð fyrir sérstöku gjaldi á markaðsaðila (kauphallaraðila) og eru færð rök fyrir því í kafla 4 í fylgiskjali I með frumvarpinu. Útfærsla frumvarpsins á eftirlitsgjaldi á útgefendur fjármálagerninga tekur þó aðeins til hlutabréfa og skuldabréfa en búast má við að í náinni framtíð þurfi að skoða hvort ástæða sé til að eftirlitsgjald nái til fleiri tegunda skráðra fjármálagerninga. Gert er ráð fyrir að 9,4% af tekjuþörf stofnunarinnar á árinu 2008 verði dreift á útgefendur hlutabréfa og skuldabréfa í formi þrepaskipts fastagjalds á einstaka aðila en þrepaskiptingin ákvarðast af markaðsvirði viðkomandi hlutabréfa og skuldabréfa. Í þessari skiptingu bera útgefendur hlutabréfa 70% og útgefendur skuldabréfa 30% álagðs heildargjalds.

Með frumvarpi þessu eru birt sem fylgiskjöl gögn sem tilheyra rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2008. Þau eru eftirfarandi:

I. Skýrsla til viðskiptaráðherra um áætlaðan rekstrarkostnað Fjármálaeftirlitsins árið 2008, skv. 2. gr. laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

II. Sérstök skýrsla, „Rekstur og starfsumhverfi Fjármálaeftirlitsins næstu þrjú ár“. Fylgiskjal með skýrslu til viðskiptaráðherra um áætlaðan rekstrarkostnað Fjármálaeftirlitsins árið 2008.
III. Umsögn samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila, „Um rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2008“.

Í þessum gögnum er að finna rekstrar- og tekjuáætlun stofnunarinnar fyrir árið 2008 auk margvíslegra upplýsinga er varða verkefni og starfsumhverfi Fjármálaeftirlitsins og varpa nánara ljósi á rekstrartölurnar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. 1. gr. er bætt inn orðunum „og aðrir gjaldskyldir aðilar“. Ástæðan er sú að hugtakið „eftirlitsskyldir aðilar“ í 1. mgr. gildandi laga nær ekki til allra gjaldskyldra aðila, svo sem útgefenda fjármálagerninga, sbr. umfjöllun hér að framan.

Um 2. gr.

Í fyrirsögn og 1. mgr. hefur orðinu álagningargrunnur verið breytt í álagningarstofn til samræmis við orðanotkun í 1. mgr. 2. gr. laganna.

2. og 3. mgr. greinarinnar eru óbreyttar frá gildandi lögum.

Ákvæði 4. mgr. er nýmæli. Þar er gert ráð fyrir að eftirlitsgjald verði lagt á útgefendur fjármálagerninga, sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og markaðstorgi fjármálagerninga hér á landi, en áætlað er að um tíunda hluta af tíma Fjármálaeftirlitsins sé varið til eftirlits með þessum aðilum. Frumvarpið leggur til að álagningarstofn eftirlitsgjaldsins verði markaðsvirði fjármálagerninga í árslok næstliðins árs, þegar skýrsla Fjármálaeftirlitsins skv. 2. gr. laganna er samin. Þegar um er að ræða fjármálagerninga sem teknir hafa verið til skráningar á sama ári og umrædd skýrsla er samin skal miða við markaðsvirði í lok þess sama árs.

5. mgr. er ætlað að taka af öll tvímæli um að eftirlitsskyldum aðilum sem jafnframt eru útgefendur fjármálagerninga beri auk almenns eftirlitsgjalds að greiða gjald sem útgefendur fjármálagerninga.

6. mgr. er efnislega samhljóða 2. mgr.

Um 3. gr.

Breytingar skv. 1. mgr. á álagningarhlutföllum frá gildandi lögum skýrast af lögbundnu endurmati á kostnaðarskiptingu við rekstur Fjármálaeftirlitsins, þróun álagningarstofna eftirlitsskyldra aðila og nýju mati á kostnaðardreifingu, sem gerð er grein fyrir í fylgiskjali I með frumvarpinu. Þannig er gert ráð fyrir að álagningarhlutföll viðskiptabanka, sparisjóða, lánafyrirtækja, rekstrarfélaga, kauphalla og verðbréfamiðstöðva lækki en álagningarhlutföll annarra aðila, þ.e. vátryggingafélaga, vátryggingamiðlara, verðbréfafyrirtækja, verðbréfamiðlana, lífeyrissjóða og Íbúðalánasjóðs hækki.

Samkvæmt 2. tölul. 1. mgr. er lögð til einföldun á álagningarstofnum vátryggingafélaga þannig að eftirlitsgjald verði aðeins reiknað af einum álagningarstofni, þ.e. bókfærðum iðgjöldum, í stað þriggja álagningarstofna samkvæmt gildandi lögum. Starfsemi í endurtryggingum er nú hverfandi lítil og sérstaks álagningarstofns hvað slíkar tryggingar varðar því ekki lengur þörf. Sérstakur álagningarstofn vegna söfnunarlíftrygginga var upphaflega ætl-

aður vegna líftrygginga þar sem líftryggingafélagið ber fjárfestingaráhættuna. Slík starfsemi er nú hverfandi og því ekki lengur talin þörf á þessum álagningarstofni.

Samkvæmt 6. tölul. 1. mgr. er gert ráð fyrir hækkunum á fastagjöldum lífeyrissjóða sem eru eins og fyrr í fimm þrepum og er lægsta þrepið samkvæmt frumvarpinu nú 720.000 kr. en það hæsta 4.320.000 kr. Breytingin tekur mið af því að fastagjöld lífeyrissjóða nemi hverju sinni um 60% hluta heildarálagningar á lífeyrissjóði og er gerð samkvæmt ósk Landssamtaka lífeyrissjóða.

Felldur er niður 1. málsl. í 9. tölul. 1. mgr. um álagningu eftirlitsgjalds á Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins þar sem sjóðurinn er ekki undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins eftir gildistöku laga nr. 53/2007, um breytingu á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, nr. 61/1997, með síðari breytingum.

Ákvæði 2. og 3. mgr. eru óbreytt frá gildandi lögum.

Lagt er til að fastagjald á eignarhaldsfélög á fjármálasviði, eignarhaldsfélög á vátryggingasviði, blönduð eignarhaldsfélög, blönduð eignarhaldsfélög á vátryggingasviði og blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi, skv. 4. mgr., verði 1.500.000 kr. í stað 600.000 kr., enda hefur aukist umfang eftirlits með slíkum aðilum.

5. og 6. mgr. greinarinnar eru nýjar. Þar eru ákvæði um sérstakt eftirlitsgjald á útgefendur hluta- og skuldabréfa sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og markaðstorgi fjármálagerninga hér á landi. Lagt er til að eftirlitsgjald á þessa aðila verði lagt á í formi þrepaskipts fastagjalds og taka þrepin mið af markaðsvirði viðkomandi hlutabréfa eða skuldabréfa.

Í 5. mgr. er kveðið á um fastagjald í fimm þrepum á útgefendur hlutabréfa þar sem lægsta þrepið er 300.000 kr. og það hæsta 6.500.000 kr.

Í 6. mgr. er kveðið á um fastagjald á útgefendur skuldabréfa í sex þrepum þar sem lægsta þrepið er 100.000 kr. en það hæsta 1.000.000 kr.

7. mgr. er óbreytt frá 4. mgr. gildandi laga.

Að öðru leyti en greint er frá hér á undan eru ekki lagðar til efnislegar breytingar á 5. gr. laganna.

Um 4. gr.

Í a-lið er lögð til breyting á 1. mgr. til að árétta að ákvæðið nái enn fremur til gjaldskyldra aðila en ákvæði gildandi laga takmarkast við eftirlitsskylda aðila eingöngu, sbr. breytingu sem lögð er til á 1. gr. laganna.

Í b-lið er lagt til innheimtuhagræði með því að heimila innheimtu lægstu gjaldanna, þ.e. 300 þús. kr. og lægri fjárhæða, í einni greiðslu.

Í c-lið er lögð til heimild til endurgreiðslu álagðs eftirlitsgjalds til útgefenda fjármálagerninga sem teknir eru úr viðskiptum á skipulegum verðbréfamarkaði og markaðstorgi fjármálagerninga hér á landi á álagningarári í samræmi við sambærilegt ákvæði laganna um eftirlitsskylda aðila sem hætta starfsemi.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

**Skýrsla til viðskiptaráðherra
um áætlaðan rekstrarkostnað Fjármálaeftirlitsins árið 2008,
skv. 2. gr. laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar
við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.**
(27. júní 2007.)

Í samræmi við 1. mgr. 2. gr. laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með áorðnum breytingum, er viðskiptaráðherra hér með send rekstraráætlun fyrir Fjármálaeftirlitið vegna ársins 2008. Samkvæmt tilvitnuðu ákvæði skal Fjármálaeftirlitið eigi síðar en 1. júlí ár hvert gefa viðskiptaráðherra skýrslu um áætlaðan rekstrarkostnað næsta árs. Í skýrslunni skal jafnframt lagt mat á þróun starfseminnar undangengin þrjú ár með tilliti til þess tíma sem ætla má að farið hafi í eftirlit með hverjum flokki eftirlitsskyldra aðila.

Fjármálaeftirlitið hefur, í samræmi við 2. mgr. 2. gr. laga nr. 99/1999, leitað álits samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila á áætluðu rekstrarumfangi stofnunarinnar á árinu 2008. Átti Fjármálaeftirlitið fundi með nefndinni þann 4. júní s.l. þar sem kynnt voru drög að rekstraráætlun fyrir stofnunina ásamt skýringum og drög að skiptingu eftirlitsgjaldsins við álagningu á árinu 2008. Samráðsnefndin skilaði drögum að skriflegu áliti til Fjármálaeftirlitsins um drögin að rekstraráætluninni þann 25. júní sl. Stjórn Fjármálaeftirlitsins fjallaði um álit nefndarinnar á stjórnarfundi þann 26. júní sl. og staðfesti meðfylgjandi rekstraráætlun. Samráðsnefndin skilaði síðan endanlegu áliti sínu á rekstraráætluninni þann 28. júní sem fylgir hjálagt með skýrslunni.

Í skýrslu þessari er að finna stutta greinargerð um rekstur Fjármálaeftirlitsins á árinu 2006 og umfjöllun um rekstraráætlun vegna ársins 2007. Þá er í skýrslunni gerð grein fyrir forsendum rekstraráætlunar stofnunarinnar fyrir árið 2008 og tillögum um álagningu eftirlitsgjalds fyrir árið 2008. Áætlunin ber þess merki að mikll vöxtur er í fjármálaþjónustugeiranum. Þá er sérstakt við þessa áætlun að mikil aukning húsnæðiskostnaðar verður vegna flutnings í nýtt og stærra húsnæði. Athygli er vakin á að í áætlun fyrir árið 2008 er verið að horfa allt að 18 mánuði fram í tímann varðandi umsvif í rekstri Fjármálaeftirlitsins.

Skýrslunni fylgja einnig þrjár töflur þar sem gerð er grein fyrir rekstri Fjármálaeftirlitsins á árinu 2006 og samanburði við rekstraráætlun fyrir það ár (tafla 1), áætluðu rekstrarumfangi næsta árs og rekstri Fjármálaeftirlitsins á yfirstandandi ári (tafla 2) og áætlaðri álagningu eftirlitsgjalds miðað við áætlað rekstrarumfang 2008 (tafla 3). Ársreikningur Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2006 er einnig meðfylgjandi.

1. Rekstur Fjármálaeftirlitsins á árinu 2006.

Tekjur af eftirlitsgjaldi námu á árinu 2006 435,1 m.kr. Ýmsar tekjur námu 9,5 m.kr. og fjármunatekjur nettó námu 10,7 m.kr. Rekstrargjöld, að meðtöldum eignakaupum, námu 396,2 m.kr. Tekjuafgangur samkvæmt rekstrarreikningi nam 59,1 m.kr. Eignir í árslok 2006 námu samtals um 58,1 m.kr. og skuldir 9,1 m.kr. þannig að eigið fé í árslok nam 49,0 m.kr.

Við gerð upphaflegrar rekstraráætlunar (ágúst 2005) fyrir árið 2006 var gert ráð fyrir 16,6 m.kr. tekjuafgangi til að jafna áætlað neikvætt eigið fé í ársbyrjun 2006 að sömu fjárhæð. Við endurskoðun áætlunarinnar (maí 2006) reyndist eigið fé í ársbyrjun vera -10,1 m.kr. í stað -16,6 m.kr. eða bati um 6,5 m.kr. Álögð eftirlitsgjöld voru þá áætluð 11,2 m.kr. hærri og

tekjuafgangur því 27,8 m.kr. í stað 16,6 m.kr. í upphaflegu áætluninni. Rauntölur fyrir árið 2006 sýna hins vegar 59,1 m.kr. tekjuafgang eða 31,3 m.kr. hærri fjárhæð en samkvæmt endurskoðuðu áætluninni sbr. ennfremur eftirfarandi töflu. Í aftasta dálki töflunnar er sýnt hvernig umrætt 31 m.kr. frávik skiptist á einstaka helstu rekstrarliði. Veigamesta frávikið tengist launakostnaði sem reyndist rúmlega 28 m.kr. lægri en áætlunin gerði ráð fyrir sem skýrist fyrst og fremst af tímatöf við ráðningu starfsmanna og breytingu á samsetningu starfsmanna í kjölfar mikillar starfsmannaveltu. Nýráðningar á starfsmönnum hafa ennfremur falið í sér að launakostnaður lækkar tímabundið samanborið við launakostnað reyndari starfsmanna. Að frádregnum lausráðnum starfsmönnum eru starfsmenn 40,3 í árslok 2006 í stað 39,3 eins og áætlað var. Hækkun á öðrum gjöldum um rúmlega 8 m.kr. skýrist fyrst og fremst af rekstri tölvubúnaðar og sérfræðikostnaði vegna tölvumála, 5,1 m.kr. og endurmenntunarkostnaði, 3,1 m.kr., samanber ennfremur töflu 1 í viðauka.

Rekstraráætlun vegna 2006	Upphafleg áætlun (ágúst 2005)	Endursk. áætlun (maí 2006)	Rauntölur 2006	Frávik frá áætl. ág. '05 til maí '06	Frávik frá endurskoðaðri áætlun
	m.kr.	m.kr.	m.kr.	m.kr.	m.kr.
Tekjur					
Eftirlitsgjald	424,1	435,3	435,1	11,2	-0,2
Úrskurðarnefndir	6,0	6,0	5,6	0,0	-0,4
Aðrar tekjur	0,0	0,0	3,9	0,0	3,9
Vaxtatekjur nettó	3,0	3,0	10,7	0,0	7,7
	433,1	**444,3**	**455,3**	**11,2**	**11,0**
Gjöld					
Launakostnaður	307,5	307,5	279,2	0,0	-28,3
Úrskurðarnefndir	6,0	6,0	5,6	0,0	-0,4
Önnur gjöld samt.	103,0	103,0	111,4	0,0	8,4
	416,5	**416,5**	**396,2**	**0,0**	**-20,3**
Tekjuafgangur	**16,6**	**27,8**	**59,1**	**11,2**	**31,3**
Yfirfært frá fyrra ári	-16,6	-10,1	-10,1	6,5	0,0
Eigið fé í árslok	**0**	**17,7**	**49,0**	**17,7**	**31,3**

Með lögum nr. 168/2006 var Fjármálaeftirlitinu heimilað að mynda varasjóð samsvarandi rekstrarafgangi umfram áætlun sem skerðist ekki þótt síðar verði rekstrartap af starfseminni. Hámark slíks varasjóðs er 5% af áætluðu eftirlitsgjaldi næsta árs og er heimilt að nýta viðkomandi sjóð til að fjármagna útgjöld umfram áætlanir vegna ófyrirséðra atvika. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða með lögum nr. 168/2006 gildir framangreint ákvæði um rekstrarafgang á árinu 2006 umfram áætlun. Rekstrarafgangur á árinu 2006 umfram áætlun telst vera 31,3 m.kr. (59,1 – 27,8) samanber ofangreinda töflu. Um er að ræða 5,2% af áætluðu eftirlitsgjaldi vegna 2007 (áætlun des. 2006), samanber töflu í kafla 3 hér á eftir. Fyrrgreint 5% hámark samsvarar 30 m.kr.

Um rekstur og efnahag FME á árinu 2006 er að öðru leyti vísað til ársreiknings Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2006.

2. Rekstraráætlun vegna ársins 2007.

Í tengslum við gerð rekstraráætlunar næsta árs hefur Fjármálaeftirlitið á hverju ári skoðað hvort ástæða sé til að endurskoða upphaflega rekstraráætlun yfirstandandi árs í því skyni að áætla eins nákvæmlega og kostur er stöðu í lok árs sem yfirfærist til næsta árs og hefur áhrif á ákvörðun um álagningarhlutföll þess árs. Með hliðsjón af bráðabirgða rekstraruppgjöri fyrir

fyrstu fjóra mánuði ársins sér Fjármálaeftirlitið ekki ástæðu til að endurskoða upphaflega áætlun um rekstrarkostnað fyrir árið 2007 að undanskildum: a) eignakaupum og kostnaði vegna flutnings í nýtt húsnæði að fjárhæð samtals 11,5 m.kr. sem áætlað var að félli til á árinu 2007 en mun frestast til ársins 2008, samanber ennfremur umfjöllun í næsta kafla, b) húsaleigukostnaði sem lækkar um 5,0 m.kr. frá upphaflegri áætlun vegna frestunar á flutningi í stærra og dýrara húsnæði, og c) launakostnaði vegna stjórnarmanna, sem hækkar um 3,0 m.kr. frá því sem áætlað var. Ákvæði nýsamþykktra laga um heimild til að beita stjórnvaldssektum í stað refsimeðferðar vegna brota á lögum um fjármálastarfsemi kalla á að þegar á árinu 2007 þurfi að ráða a.m.k. 2 starfsmenn til að sinna auknum verkefnum á þessu sviði en sú starfsmannaaukning var ekki inni í áætlun fyrir árið 2007. Haft var samráð við samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila í þessu sambandi. Gert er ráð fyrir að 2 starfsmenn verði ráðnir á síðari hluta ársins 2007 af þessu tilefni og að fjöldi starfsmnna verði samtals 45,4 í lok ársins fyrir utan lausráðna starfsmenn. Á þessari stundu er ekki talin ástæða til að breyta áætluðum launakostnaði fyrir árið 2007 en ekki er hægt að útiloka að hann gæti hækkað umfram áætlunina.

Hvað varðar áætlaðar tekjur ársins 2007 reyndist álagt eftirlitsgjald, sem lagt var á í ársbyrjun 2007, verða 2,0 m.kr. hærra en upphaflega áætlunin fyrir árið 2007 gerði ráð fyrir eða 601,9 m.kr. í stað 599,9 m.kr. og áætlað er að aðrar tekjur verði 4 m.kr. hærri en upphafleg áætlun vegna innheimts útlagðs kostnaðar í tengslum við vinnu við umsókn banka um viðurkenningu á innramats aðferðum við mat á eiginfjárkröfu samkvæmt nýjum eiginfjárreglum.

Samtals breytist þá tekjuafgangur frá upphaflegu áætluninni úr –17,7 m.kr. í 1,7 m.kr. eða 19,4 m.kr. hærri tekjuafgangur. Þá reyndist eigið fé í ársbyrjun 2007 vera 49 m.kr. í stað 17,7 m.kr. eða bati um 31,3 m.kr. Eigið fé í árslok 2007 verður því samtals 50,7 .kr. (31,3 + 19,4) í stað 0 kr. eins og upphafleg áætlun gerði ráð fyrir. Í eftirfarandi töflu er gerð grein fyrir helstu rekstrarstærðum vegna rekstraráætlunar 2007.

Rekstraráætlun vegna 2007	**Rekstraráætlun (des. 2006)**	**Endursk. áætlun (maí 2007)**	**Frávik frá upphafl. áætlun (des´06)**
	m.kr.	m.kr.	m.kr.
Tekjur			
Eftirlitsgjald	599,9	601,9	2,0
Úrskurðarnefndir	6,0	6,0	0,0
Aðrar tekjur	0,4	4,4	4,0
Vaxtatekjur nettó	3,0	3,0	0,0
	609,3	**615,3**	**6,0**
Gjöld			
Launakostnaður *	454,8	457,8	3,0
Úrskurðarnefndir	6,0	6,0	0,0
Önnur gjöld samt.	166,2	149,8	-16,4
	627,0	**613,6**	**-13,4**
Tekjuafgangur	**-17,7**	**1,7**	**19,4**
Yfirfært frá fyrra ári	17,7	49,0	31,3
Eigið fé í árslok	**0**	**50,7**	**50,7**

*) Meðtalið í launakostnaði er 33,4 m.kr. kostnaður vegna samkomulags sem gert var vegna Lífeyrissjóðs bankamanna.

3. Rekstraráætlun fyrir árið 2008.

Í töflu 2 er sýnd rekstraráætlun fyrir árið 2008 í samanburði við rekstraráætlun fyrir árið 2007. Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu forsendum hennar.

Launakostnaður.

Fjöldi starfsmanna er ráðandi þáttur í rekstrarkostnaði Fjármálaeftirlitsins. Af fjölda starfsmanna ráðast helstu rekstrarstærðir, þ.e. laun og launatengd gjöld, húsnæðisþörf og umfang tölvubúnaðar. Gert er ráð fyrir 10 nýjum starfsmönnum á árinu 2008. Áætlað er að fjöldi starfsmanna í árslok 2007 verði 45,4 og 55,4 í lok árs 2008. Í framangreindum tölum eru ekki meðtaldir lausráðnir starfsmenn, u.þ.b. 4,5 starfsmenn um hvor áramótin en gert er ráð fyrir að þeir séu að jafnaði 3 á árinu 2008. Nánar er fjallað um rökin fyrir þörf á aukningu nýrra starfsmanna í fylgiskjali (Rekstur og starfsumhverfi Fjármálaeftirlitsins næstu þrjú ár).

Í töflu 2 kemur fram að laun og launatengd gjöld eru áætluð 675,7 m.kr. árið 2008 samanborið við 412,0 m.kr. samkvæmt áætlun 2007. Hækkun launakostnaðar milli ára er því 263,7 m.kr. eða 64%. Nánari sundurgreining á hækkuninni er eftirfarandi: 1) fyrirséðar samningsbundnar launahækkanir (u.þ.b. 7%) og áhrif launahækkana í samræmi við heimildir rekstraráætlunar 2007 reiknast vera 52,5 m.kr. Rétt er að benda á að kjarasamningar eru lausir á árinu 2008 og því erfitt að áætla þessa fjárhæð, 2) 121 m.kr. vegna fjölgunar starfsmanna á árinu 2008 eins og gerð er grein fyrir hér að ofan auk áhrifa af ráðningu 2ja nýrra starfsmanna á árinu 2007 vegna laga nr. 55/2007, 3) 45,1 m.kr., sem áætlað svigrúm til að bregðast við óvæntum útgjöldum og launaskriði vegna þenslu í launakostnaði á fjármálamarkaði, þróa kælitímasamninga frekar og bregðast við óvæntri starfsmannaveltu, og 4) 45,1 m.kr. til að þróa árangurs- og frammistöðutengt launakerfi.

Gert er ráð fyrir að íþrótta- og gististyrkur hækki um 3,0 m.kr. eða um 100% og er þar haft til hliðsjónar kostnaður vegna árskorts í líkamsræktarstöð og vikudvalar í sumarhúsi og ennfremur fjölgun starfsmanna og betri nýting á styrknum. Áætlað er að stjórnarlaun verði óbreytt frá endurskoðaðri áætlun ársins 2007 en þau hækkuðu á miðju ári 2006 eftir að upphafleg áætlun vegna ársins 2007 var gerð. Viðskiptaráðherra ákvarðar laun stjórnarmanna.

Húsaleiga og rekstur á húsnæði; öryggisgæsla og ræsting meðtalin.

Húsaleiga í núverandi húsnæði byggir á föstum samningum sem bundnir eru vísitölu neysluverðs. Áætlunin gerir ráð fyrir að flutt verði í nýtt húsnæði í byrjun mars 2008. Leiguverð hækkar þá verulega þar sem ljóst er að nýtt húsnæði verður mun stærra en núverandi húsnæði og leiguverð hærra. Áætluð stærð nýs húsnæðis byggir á fyrirliggjandi húsrýmisáætlun með hliðsjón af meðaltali brúttóstærða húsnæðis og leiguverða sem Fjármálaeftirlitinu buðust í mars 2007 við auglýsingu eftir húsnæði. Áætlun vegna rafmagns, hita og húsfélags er byggð á reynslu. Samtals er kostnaður vegna þessara liða áætlaður 60,4 m.kr. samanborið við 24,9 m.kr. á árinu 2007 sem er hækkun um 142,6%. Nánar er gerð grein fyrir fyrirhuguðum flutningi stofnunarinnar í skýrslunni „Rekstur og starfsumhverfi Fjármálaeftirlitsins næstu þrjú ár“ sem er fylgiskjal með rekstraráætluninni. Áætlað er að kostnaður vegna öryggisgæslu og ræstingar hækki úr 4,5 m.kr. í 7,6 m.kr. eða 68,9% en sú hækkun stafar fyrst og fremst af stækkun á húsnæði frá og með fyrri hluta ársins 2008.

Kostnaður vegna flutninga/eignakaup.

Í rekstraráætlun stofnunarinnar fyrir árið 2008 eru áætlaðar 19 m.kr. til endurnýjunar húsbúnaðar stofnunarinnar við flutning og er fjárhæðin reiknuð sem 350 þús. kr. á starfsmann. Áætlað er 2,0 m.kr. í önnur smærri eignakaup. Þá áætlar Fjármálaeftirlitið 2 m.kr. í kostnað við sjálfa flutningana í rekstraráætlun sinni fyrir árið 2008.

Rekstur tölvubúnaðar.

Gert er ráð fyrir að rekstur tölvubúnaðar og sérfræðiþjónusta vegna tölvumála hækki um 1,9 m.kr., eða um 2,8% úr 68,1 m.kr. áætlun fyrir árið 2007 í 70,0 m.kr. á árinu 2008. Haldið er áfram í uppbyggingu á upplýsingakerfum og rafvæðingu ferla. Sjá nánar í kaflanum um nútímavæðingu í fylgiskjali (Rekstur og starfsumhverfi Fjármálaeftirlitsins næstu þrjú ár).

Ferðakostnaður, kostnaður vegna funda og þátttökugjöld vegna erlends samstarfs.

Gert er ráð fyrir að ferðakostnaður erlendis hækki um 60% milli ára og verði 28,0 m.kr. Gert er ráð fyrir 185 ferðum á næsta ári á móti rúmum 120 árið 2007. Aukningin skýrist af auknum umsvifum íslenskra viðskiptabanka erlendis og auknu samstarfi eftirlita á evrópska efnahagssvæðinu, sbr. enn fremur umfjöllun um þessa þætti í fylgiskjali (Rekstur og starfsumhverfi Fjármálaeftirlitsins næstu þrjú ár). Rétt er að nefna að ítarlegt yfirlit yfir erlent samstarf Fjármálaeftirlitsins er birt á heimasíðu þess.

Gert er ráð fyrir að ferðakostnaður innanlands verði 2,8 m.kr. samanborið við 2,0 m.kr. árið 2007 og kostnaður vegna funda innanlands verði 1,2 m.kr. samanborið við 1,0 m.kr. á árinu 2007. Samtals kostnaður vegna þessara tveggja liða er þannig áætlaður 4,0 m.kr. samanborið við 3,0 m.kr. á árinu 2007 eða 33% hækkun. Aukning kostnaðar samkvæmt framansögðu tengist m.a. aukningu á umsvifum í erlendum samskiptum og móttöku erlendra gesta.

Fjármálaeftirlitinu ber í nokkrum tilvikum að greiða þátttökugjöld í erlendu samstarfi. Hæstu þátttökugjöldin eru vegna þriggja samevrópskra nefnda þ.e. reksturs Samstarfsnefndar evrópskra verðbréfaeftirlita, Committee of European Securities Regulators (CESR), Samstarfsnefndar Evrópskra vátryggingaeftirlita og lífeyrissjóðaeftirlita, Committee of European Insurance and Occupational Pension Supervisors (CEIOPS) og Samstarfsnefndar evrópskra bankaeftirlita, Committee of European Banking Supervisiors (CEBS). Starfsemi þessara nefnda er kostuð af þátttakendum í tilteknum stærðarhlutföllum. Þátttökugjöld vegna þessara þriggja nefnda eru áætluð 3,4 m.kr. Þá má nefna þátttökugjald í Alþjóðasamtökum vátryggingaeftirlita (IAIS) 0,7 m.kr. Samtals þátttökugjöld samkvæmt framangreindu eru 4,1 m.kr. af 5,0 m.kr. áætluðum þátttökugjöldum í heild vegna erlends samstarfs og funda erlendis á árinu 2008. Á árinu 2006 var sambærilegur kostnaður samtals 4,0 m.kr.

Stjórnunar- og árangursmæling.

Í tengslum við innleiðingu á nýrri stefnumótun hefur FME innleitt svonefnt stefnukort (Balanced Scorecard) þar sem sett eru fram 15 meginmarkmið stofnunarinnar. Til þess að mæla hvort FME hafi náð ofangreindum markmiðum hafa verið settir niður 22 mælikvarðar. Flestir þeirra byggja að öllu á innanhúsupplýsingum en í nokkrum tilvikum er byggt á viðhorfskönnunum og greiningarvinnu utanaðkomandi fagaðila. Kostnaðaráætlunin byggir á áföllnum kostnaði vegna einstakra liða á árinu 2006 og tilboða frá ráðgjafafyrirtækjum vegna ársins 2007. Gert er ráð fyrir 2,5 m. kr. til að mæta þessum lið.

Sérfræðikostnaður.

Áætlað er að sérfræðikostnaður tvöfaldist eða úr 4 m.kr. árið 2007 í 8 m.kr. árið 2008. Ástæður aukningarinnar eru fyrst og fremst aukning í útvistun verkefna, aðkeyptri vinnu lögfræðinga og þýðingarvinnu.

Málskostnaður.

Hér er um nýjan lið að ræða, sem tekur mið af því að aðilar geta skotið ákvörðunum Fjármálaeftirlitsins beint til dómstóla. FME gerir ráð fyrir 6 m.kr. kostnaði vegna málskostnaðar á árinu 2008.

Annar kostnaður.

Samtala kostnaðarliða sem ekki hefur verið gerð grein fyrir hér á undan er áætluð 40,6 m.kr. á árinu 2008 samanborið við 26,3 m.kr. fyrir árið 2007 og nemur hækkunin 14,3 m.kr. eða 54%. Að hluta til stafar hækkunin milli ára af útvistun á símsvörun sem ekki var í áætluninni fyrir árið 2007. Ennfremur stafar hækkunin á þessum kostnaðarliðum af áhrifum af fjölgun starfsmanna og fyrirhugaðri stækkun á húsnæði FME. Í þessu sambandi má nefna að samkvæmt símenntunarstefnu Fjármálaeftirlitsins er stefnt að því að kostnaður vegna símenntunar nemi 3,5% af launum og launatengdum gjöldum. Innifalið í áætluðum endurmenntunarkostnaði er kostnaður vegna starfaskipta. Ekki er gert ráð fyrir sérgreindum lið vegna þessa heldur fellur þessi kostnaður undir liði 6, 7, 12, 18, 19 og 20.

Rekstrarkostnaður samtals.

Samtala gjaldaliða án úrskurðarnefnda er áætluð 946,2 m.kr. á árinu 2008 samanborið við 607,6 m.kr. samkvæmt endurskoðaðri áætlun ársins 2007 eða 55,7% hækkun milli ára.

Aðrar tekjur, vaxtatekjur.

Fjármálaeftirlitið fær vexti af innstæðu á reikningi í Seðlabanka Íslands. Vaxtatekjurnar eru byggðar á áætlaðri meðalstöðu innstæðu m.v. álagningu sem miðast við drög að rekstraráætlun. Aðrar tekjur eru óverulegar eða um 0,5 m.kr. vegna yfirlestrar á útboðslýsingum félaga sem ekki eru skráð á Kauphöll Íslands hf. en um er að ræða tilfallandi tekjur sem óvarlegt er að reikna með í áætlun fyrir næsta ár. Fjármálaeftirlitið áskilur sér jafnframt rétt til að nýta heimildir í 7. gr. laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með áorðnum breytingum, og 3. mgr 9. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með áorðnum breytingum, til að innheimta sérstaklega útlagðan kostnað vegna umframeftirlits eða aðkeyptrar sérfræðiþjónustu vegna ákveðinna aðila. Er þar til dæmis haft í huga innleiðing á nýjum eiginfjárreglum og vinna vegna stofnsetningar rekstrareininga erlendis hjá eftirlitsskyldum aðilum sem ekki var gert ráð fyrir í rekstraráætlun.

4. Álagning eftirlitsgjalds fyrir árið 2008.

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 99/1999 skal Fjármálaeftirlitið í skýrslu þessari leggja fram mat á þróun starfseminnar undangengin þrjú ár með tilliti til þess tíma sem ætla má að farið hafi í eftirlit með hverjum flokki eftirlitsskyldra aðila. Þannig skal hliðsjón höfð af tímaskiptingunni á tilgreindu tímabili samhliða mati á þróun þessarar skiptingar fyrir líðandi ár og næsta fjárhagsár.

Tímaskráning Fjármálaeftirlitsins verður ekki nema að hluta tengd ákveðnum eftirlitsskyldum aðilum eða flokkum þeirra. Fjölmörg mál og eftirlitsverkefni eru almenns eðlis (cross-sectoral) og varða fleiri en einn flokk eftirlitsskyldra aðila eða markaði í heild. Sama á við um verkefni í innri starfsemi eftirlitsins. Hlutfall slíkra verkefna af heild hefur farið hækkandi síðustu árin.

Þrátt fyrir framangreint má telja að tímaskráningin gefi viðunandi mynd til grundvallar dreifingar eftirlitsgjalds eins og mælt er fyrir í lögum. Við blasir þó þegar þessi grunnur er skoðaður að hlutur verkefna (mála) sem skráður er á almenna málaflokkinn „verðbréfamarkaður“ í tímaskráningunni er allstór eða um fimmtungur fyrir árin 2005 og 2006. Undir tímaskráningu á verðbréfamarkað fellur vinna sem varðar annars vegar eftirlit með markaðsaðilum (kauphallaraðilum) og hins vegar útgefendum hluta- og skuldabréfa. Eftirlitsverkefni sem snerta þessa aðila hafa farið vaxandi með árunum en þeir greiða hins vegar ekkert til rekstrar Fjármálaeftirlitsins séu þeir ekki jafnframt eftirlitsskyldir aðilar skv. l. nr. 99/1999.

Markaðsaðilar eru flestir eftirlitsskyldir aðilar og hlutfallsleg kostnaðarskipting milli stærstu aðilanna á móti nýju veltutengdu gjaldi yrði að öllu óbreyttu væntanlega svipuð og á milli lánafyrirtækjanna gagnvart núverandi gjaldi. Einnig verður að hafa í huga að með gildandi fyrirkomulagi bera lífeyrissjóðir, vátryggingafélög og aðrir smærri eftirlitsskyldir aðilar hluta kostnaðar við eftirlit með verðbréfamarkaðinum. Færa má rök fyrir því að allir þessir aðilar njóti góðs af því starfi. Framangreint dregur því óneitanlega úr þörf fyrir að leggja nýtt gjald á þessa aðila á þessum grunni. Nefna má einnig að líklegt er að þess megi vænta að eftirlitsgjöld tengd viðskiptum á verðbréfamörkuðum verði til skoðunar á næstunni í nágrannaríkjunum t.d. vegna MiFID kostnaðar. Eðlilegt virðist því að doka við með sérstök eftirlitsgjöld á markaðsaðila.

Með tilvísun til framangreinds hefur Fjármálaeftirlitið því undanfarið skoðað möguleika á frekari dreifingu rekstrarkostnaðar stofnunarinnar með sérstöku eftirlitsgjaldi á útgefendur hlutabréfa og skuldabréfa. Skoðaðar hafa verið hugmyndir um ný skiptiviðmið varðandi tímaskráninguna og mögulegir gjaldstofnar. Niðurstaða þeirrar vinnu er að lagt er til að 9,4% af tekjuþörf stofnunarinnar á árinu 2008 verði dreift á útgefendur hlutabréfa og skuldabréfa í formi fastagjalda. Í þeirri skiptingu beri útgefendur hlutabréfa 70% og útgefendur skuldabréfa 30%. Fastagjaldið verði þrepaskipt með hliðsjón af markaðsvirði bréfa þessara aðila í kauphöll í árslok 2006 eða á næstliðnu ári þegar álagning fer fram. Þrep fastagjaldsins verði þessi:

Útgefendur hlutabréfa		**Útgefendur skuldabréfa**	
Markaðsvirði m.kr.	Fastagjald í þús.kr.	Markaðsvirði m.kr.	Fastagjald í þús.kr.
0 – 4.999	300	0 – 999	100
5.000 – 24.999	800	1.000 – 4.499	150
25.000 – 99.999	2.400	5.000 – 9.999	350
100.000 – 499.999	4.400	10.000 – 49.999	600
500.000 og yfir	6.300	50.000 – 199.999	850
		200.000 og yfir	1.000

Framangreind gjöld verði innheimt á sömu tímum og almennt eftirlitsgjald. Lagt er þó til að lægstu gjöldin, þ.e. 300 þús. kr. og lægri, verði innheimt í einni greiðslu á 1. gjalddaga.

Afleitt af framangreindu eru breytingar á hlutfallsskiptingu eftirlitsgjalds á aðra flokka eftirlitsskyldra aðila frá því sem verið hefur.

Þá leggur Fjármálaeftirlitið nú til breytingar á fastagjöldum lífeyrissjóða en miðað er við að hlutur þessara gjalda verði hverju sinni um 60% af heildarálagningu eftirlitsgjalds á lífeyrissjóðina í samræmi við óskir Landssamtaka lífeyrissjóða. Gjöld þessi verði því:

Fastagjald sem 700.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris undir einum milljarði króna, 1.120.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris frá einum til tíu milljarða króna, 1.960.000 kr. vegna þeirra líf-

eyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris frá tíu milljörðum króna til tuttugu og fimm milljarða króna, 3.650.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris frá tuttugu og fimm milljörðum króna til eitthundrað milljarða króna og 4.210.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris þar yfir.

Þá leggur Fjármálaeftirlitið til að fastagjald á eignarhaldsfélög á fjármálasviði, eignarhaldsfélög á vátryggingasviði, blönduð eignarhaldsfélög, blönduð eignarhaldsfélög á vátryggingasviði og blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi verði 1.500.000 kr. í stað 600.000 kr.

Þá telur Fjármálaeftirlitið nauðsynlegt að leggja til breytingu á álagningarstofnum vátryggingarfélaga sem samkvæmt gildandi lögum er reiknað af þremur gjaldstofnum. Breytingar í starfsemi þessara félaga á liðnum árum kalla á einföldun þessarar álagningar og er því lagt til að eftirlitsgjald verði aðeins reiknað af einum stofni hjá vátryggingarfélögum, þ.e. bókfærðum iðgjöldum.

Eins og fram kemur í rekstraráætluninni fyrir árið 2008 er gert ráð fyrir að eftirlitsgjald á því ári verði 915 m.kr. samanborið við 601,9 m.kr. álagt eftirlitsgjald á árinu 2007 sem er 52% hækkun milli ára. Í meðfylgjandi töflu 3 eru áætluð álagningarhlutföll vegna ársins 2008 sýnd með hliðsjón af rekstraráætluninni fyrir það ár.

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Tafla 1
Áætlaður rekstrarkostnaður ársins 2006

Í þúsundum króna	Áætlun	Rauntölur		Rauntölur í hlutfalli
GJÖLD	**2006**	**2006**	**Mismunur**	**af áætlun**
Laun og launatengd gjöld	**298.800**	269.773	29.027	90%
Gisti og íþróttastyrkur	**2.300**	2.053	247	89%
Stjórnarlaun	**6.400**	7.891	-1.491	123%
Laun og launagjöld samtals	***307.500***	*279.717*	*27.783*	*91%*
Starfsmannaþj., kaffi, fundir	**3.400**	3.509	-109	103%
Endurm.kostnaður og skólakostnaður	**2.800**	5.932	-3.132	212%
Húsaleiga	**18.100**	18.477	-377	102%
Rafmagn, hiti, húsfélag	**2.100**	1.965	135	94%
Símakostnaður	**2.100**	1.940	160	92%
Útgáfa, auglýsingar, prentun o.fl.	**3.000**	2.716	284	91%
Bækur og ritföng	**3.100**	3.645	-545	118%
Póstkostnaður	**550**	443	107	81%
Rekstur tölvub. og sérfr.k. v. tölvumála	**32.800**	37.927	-5.127	116%
Sérfræðikostnaður	**3.000**	4.652	-1.652	155%
Ferðakostnaður erlendis	**14.000**	14.498	-498	104%
Ferðakostnaður innanlands	**1.800**	1.378	422	77%
Þátttökugjöld funda erlendis	**4.500**	3.538	962	79%
Kostnaður vegna funda hér á landi	**1.400**	674	726	48%
Eignakaup	**4.000**	2.200	1.800	55%
Öryggisgæsla	**700**	289	411	41%
Ræsting, ræstingarvörur	**3.100**	3.550	-450	115%
Styrkur til starfsmannafélags	**580**	708	-128	122%
Ýmis gjöld og þjónusta	**1.950**	2.817	-867	144%
Gjöld alls	**410.480**	**390.575**	**19.905**	**95%**
TEKJUR				
Yfirfært frá fyrra ári, áætlað	**-10.145**	-10.145		
Álagt eftirlitsgjald 2006	**435.352**	435.054		
Vaxtatekjur (netto)	**3.000**	10.678		
Aðrar tekjur	**0**	3.941		
Tekjur alls	**428.207**	439.528		
Úrskurðarnefndir				
Launakostnaður vegna úrskurðarnefnda	**6.000**	5.604		
Aðrar tekjur úrskurðarnefnda	**6.000**	5.604		
Tekjur mínus gjöld	**17.727**	**48.953**		

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Rekstraráætlun FME

Tafla 2.

Í þús. kr.	Áætlun vegna 2007		Endursk. áætlun 2007		Áætlun vegna 2008	Breyting %
Rekstrarkostnaður:	1		2		3	D2 til D3
Laun og launatengd gjöld	412.025		412.025		675.700	64,0%
Samkomulag vegna lífeyrissjóðs bankamanna	33.400		33.400		0	-100,0%
Íþrótta- og gististyrkur	3.000		3.000		6.000	100,0%
Stjórnarlaun	6.400		9.400		9.400	0,0%
Laun og launatengd gjöld samtals	*454.825*		*457.825*		*691.100*	51,0%
Starfsmannaþj., kaffi, fundir	3.800		3.800		4.800	26,3%
Endurm.kostnaður og skólakostnaður	5.700		5.700		8.500	49,1%
Húsaleiga, húsfélag	22.700		17.700		57.000	222,0%
Rafmagn, hiti,	2.200		2.200		3.400	54,5%
Símakostnaður	2.500		2.500		6.500	160,0%
Útgáfa, auglýsingar, prentun o.fl.	4.000		4.000		6.000	50,0%
Bækur og ritföng	3.500		3.500		4.800	37,1%
Póstkostnaður	600		600		700	16,7%
Rekstur tölvub.,sérfr.þj. v. tölvumála og eignk. v. tölvum	68.100		68.100		70.000	2,8%
Sérfræðikostnaður	4.000		4.000		8.000	100,0%
Málskostnaður	0		0		6.000	
Stjórnunar og árangursmæling	0		0		2.500	
Ferðakostnaður erlendis	17.500		17.500		28.000	60,0%
Ferðakostnaður innanlands	2.000		2.000		2.800	40,0%
Þátttökugj. vegna erl. samstarfs og funda erlendis	4.000		4.000		5.000	25,0%
Kostnaður vegna funda innanlands	1.000		1.000		1.200	20,0%
Eignakaup	12.000		2.000		21.000	950,0%
Öryggisgæsla	1.000		1.000		1.600	60,0%
Ræsting, ræstingarvörur	3.500		3.500		6.000	71,4%
Styrkur til starfsmannafélags	750		750		1.250	66,7%
Kostnaður vegna flutninga	2.000		500		2.000	300,0%
Ýmis gjöld og þjónusta	5.400		5.400		8.000	48,1%
Önnur gjöld samtals	*166.250*		*149.750*		*255.050*	70,3%
Gjöld alls án úrskurðarnefnda	621.075		607.575		946.150	55,7%
Tekjur						
Álagt eftirlisgj. m.v. breytingar á lögum nr. 99/1999	599.948		601.909		914.963	52,0%
Vaxtatekjur netto	3.000		3.000		10.000	233,3%
Aðrar tekjur	400		4.400		500	-88,6%
Tekjur alls án úrskurðarnefnda	603.348		609.309		925.463	51,9%
Úrskurðarnefndir						
Launakostnaður vegna úrskurðarnefnda	6.000		6.000		6.000	
Tekjur úrskurðarnefnda	6.000		6.000		6.000	
Tekjuafgangur	-17.727		1.734		-20.687	
Yfirfært frá fyrra ári, áætlað	17.727		48.953		50.687	
Eigið fé í árslok	0		50.687		30.000	
- þar af sérstakur varasjóður	*0*		*30.000*		*30.000*	
- þar af annað eigið fé	*0*		*20.687*		*0*	

Áætluð álagning eftirlitsgjalds fyrir árið 2008 og tillögur um álagningarhlutföll og lágmarksgjöld

Tafla 3

Miðað er við álagningarþörf 914.963 þús.kr. skv. rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins vegna 2008

Í þús. kr.	Tilvís. í lög nr. 99/ 1999 5. gr. Liður nr	Útr.- stofn *)	Álagt eftirlits- gjald 2007	Hlutfl. skipting milli flokka eftirlitsk.aðila m.v. álagn. 2007	Álagningar- stofnar samkvæmt ársreikningum ársins 2006	Áætluð lám.- og fasta- gjöld 2008	Gildandi lám.- og fasta- gjöld 2007	Áætluð álagningar hlutföll - % vegna ársins 2008	Gildandi álagningar- hlutföll - % og fastagjöld	Áætluð álagning vegna ársins 2008 [1]	Hlutfl. skipting milli flokka eftirlitsk.aðila m.v. álagn. 2008
Lánastofnanir - *töluliður 1. samtals*			*327.543*	*54,42*	*7.227.985.075*					*480.717*	*52,54*
Viðskiptabankar	*1*	e	268.511	44,61	6.079.792.984	600	600	0,00661	0,00712	401.874	43,92
Sparisjóðir	*1*	e	27.759	4,61	447.451.415	600	600	0,00661	0,00712	34.522	3,77
Lánafyrirtæki	*1*	e	31.273	5,20	700.740.676	600	600	0,00661	0,00712	44.321	4,84
Vátryggingafélög:	*2*		109.353	*18,17*	33.372.054	600	600	0,42500	0,382/0,073	141.831	*15,50*
Vátryggingamiðlarar	*3*	i	1.825	0,30	277.261	300	300	0,21500	0,14700	1.817	0,20
Verðbréfafyrirtæki	*4*	e	5.367	0,89	11.224.043	600	600	0,06100	0,05000	9.971	1,09
Verðbréfamiðlanir	*4*	e	1.050	0,17	328.183	350	350	0,06100	0,05000	700	0,08
Rekstrarfélög	*4*	e	37.686	6,26	457.246.944	600	600	0,00740	0,01021	35.114	3,84
- töluliður 4. samtals			*44.103*	*7,33*						*45.785*	*5,00*
Kauphallir	*5*	t	2.929	0,49	664.601	350	350	0,61000	0,63000	4.054	0,44
Lífeyrissjóðir	*6*	el	101.223	16,82	1.498.800.075	700/4.210	525/3.160	0,00891	0,00830	133.543	14,60
Verðbréfamiðstöðvar	*7*	t	1.884	0,31	305.943	350	350	0,84000	0,86000	2.570	0,28
Aðrir eftirlitsskyldir aðilar:											
Innlánsdeildir samvinnufélaga	*8*	f	300	0,05		300	300		300	300	0,03
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins **)	*9*	e	909	0,15						0	
Íbúðalánasjóður	*9*	e	10.040	1,67	541.787.336	600	600	0,00275	0,00203	14.899	1,63
Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárf.	*10*	f	300	0,05		300	300		300	300	0,03
Tryggingarsjóður sparisjóða	*10*	f	300	0,05		300	300		300	300	0,03
Eignarhaldsfélög skv. 4. mgr. 5. gr.			1.200	0,20		1.500	600		600	3.000	0,33
Útgefendur hlutabréfa og skuldabréfa		f	0	0,00		[2]				85.847	9,38
Samtals			601.909	100,00						**914.963**	100,0

**) e=eignir samtals; t=rekstrartekjur; el= hrein eign til greiðslu lífeyris; i=tryggingariðgjöld; f=fastagjald*

1) Tekið hefur verið tillit til áhrifa lágmarksgjalda og áhvæðis í 10. tl. 5. gr. l. 99/1999 er varðar 9/10 hluta eignaraðild.

2) Sjá nánar um áætluð fastagjöld á útgefendur hlutabréfa og skuldabréfa í kafla 4 í skýrslu til viðskiptaráðherra um áætlaðan rekstarkostnað Fjármálaeftirlitsins árið 2008.

***) Ekki undir eftirliti FME skv. br. á l. nr. 61/1997 frá 17.03.07.*

Fylgiskjal II.

Rekstur og starfsumhverfi Fjármálaeftirlitsins næstu þrjú ár.
Fylgiskjal með skýrslu til viðskiptaráðherra um áætlaðan rekstrarkostnað Fjármálaeftirlitsins árið 2008.
(29. júní 2007.)

1. Inngangur.


Samhliða rekstraráætlun sinni og greinargerð með henni leggur Fjármálaeftirlitið fram skýrslu um rekstur og starfsumhverfi sitt næstu ár, en efnahags- og viðskiptanefnd beindi þeim tilmælum til eftirlitisins á árinu 2001.

2. Þróun íslensks fjármálamarkaðar.

Íslenskur fjármálamarkaður hefur stækkað og eflst verulega á undanförnum árum og yfirbragð hans verður sífellt alþjóðlegra.

Á árinu 2006 jukust eignir viðskiptabankanna þriggja um 56% en frá árslokum 2003 hafa eignir þeirra á móðurfélagsgrunni 4,5 faldast og nánast sexfaldast á samstæðugrunni. Hrein eign lífeyrissjóða var í árslok 2006 um 1.500 milljarðar króna og jókst um 23% á árinu 2006 og aukist um 82% frá árslokum 2003. Eignir vátryggingafélaga jukust um 21% á árinu 2006 og hafa aukist um 90% frá árslokum 2003. Eignir í vörslum verðbréfasjóða námu 452 milljörðum íslenskra króna í árslok og jukust um 25% á árinu 2006 og hafa aukist um 130% sl. þrjú ár. Viðskipti með hlutabréf í Kauphöll jukust um 82% á árinu 2006 og hafa fjórfaldast á sl. þremur árum. Viðskipti með skuldabréf hafa rúmlega tvöfaldast á sl. þremur árum.

MYND 1: Vöxtur fjármálastarfsemi á Íslandi



Í þjóðhagslegu samhengi skiptir fjármálamarkaðurinn sífellt meira máli. Þannig er áætlað í nýrri skýrslu Samtaka fyrirtækja í fjármálaþjónustu (SFF) að hlutdeild fjármálafyrirtækja í landsframleiðslu sé tæplega 10% og verðmæti útflutnings þekkingar og þjónustu sé um 60 milljarðar króna.


Hin alþjóðlega starfsemi íslenskra fjármálafyrirtækja á sér stað bæði frá Íslandi og með stofnsetningu starfsstöðva erlendis. Árið 2006 komu um 52% af tekjum íslensku viðskiptabankanna erlendis frá og 60% útlána voru veitt erlendum viðskiptamönnum. Íslensku fjármálafyrirtækin starfa nú í 19 löndum í 46 starfseiningum. Starfseiningum hefur farið hratt fjölgandi að undanförnu og í maí 2007 eru 8 nýjar starfseiningar í undirbúningi. Jafnframt er „útrásin“ orðin víðtækari og nær til ríkja utan EES.

Ef litið er fram á veginn er ekkert sem bendir til annars en að áframhaldandi aukning verði í umsvifum íslenskra fjármálaþjónustufyrirtækja, bæði innan lands og utan. Slíkt hefur haft og mun hafa veruleg áhrif á starfsemi Fjármálaeftirlitsins, en gerðar eru miklar og vaxandi kröfur til þess af bæði innlendum og erlendum aðilum.

Á einungis tveimur árum hefur vegin staða eigna fjármálamarkaðarins, á móðurfélagsgrunni, á hvert stöðugildi hjá Fjármálaeftirlitinu meira en tvöfaldast. Í þessari tölu er hins vegar ekki gert ráð fyrir auknum umsvifum vegna dótturfélaga, sem þó hefur einnig áhrif á starfsemi Fjármálaeftirlitsins.

MYND 2 : Eignir fjármálamarkaðar pr. starfsmann FME

3. Áherslur í starfi Fjármálaeftirlitsins.



Fjármálaeftirlitið lítur á það sem meginhlutverk sitt að stuðla að traustri fjármálastarfsemi, en í því felst að undirstöður fjármálamarkaðar séu tryggar og starfsemi heilbrigð og í samræmi við lög. Unnið er að þessum markmiðum á margvíslegan hátt, en einkum má nefna:

– Viðhalda trúverðugleika markaðarins, s.s. tvíhliða/marghliða samskipti við erlend stjórnvöld, lánshæfismatsfyrirtæki, greiningaraðila og fjölmiðla.

– Þátttaka í útrás, s.s. beint eftirlit með starfsemi útibúa, samstarf um eftirlit við erlend stjórnvöld og gerð samstarfssamninga.
– Leiðeiningar til markaðar, s.s. leiðbeinandi tilmæli og túlkanir.
– Fyrirbyggjandi athafnir, s.s. hæfismat stjórnenda og mat á virkum eignarhlutum.
– Fjárhagslegt eftirlit, s.s. regluleg greining og söfnun upplýsinga.
– Eftirfylgni reglna, s.s. vettvangsathuganir, upplýsingasöfnun og rannsókn ábendinga.

Hér verður vikið að helstu áherslum í starfi þess að undanförnu og í náinni framtíð.

3.1 Lánamarkaður.

Lánamarkaður hefur einkennst af mikilli útlánaaukningu, hárri arðsemi og alþjóðavæðingu.

Megináhersla í eftirliti hefur beinst að því að takmarka áhættu á áföllum með úttektum á innra eftirliti, áhættustýringu, eiginfjárstöðu og stórum áhættuskuldbindingum. Einnig hafa verkefni sem snúa að eftirliti með virkum eignarhlutum í fjármálafyrirtækjum, mat á hæfi framkvæmdastjóra og útgáfa nýrra starfsleyfa verið fyrirferðamikil. Eftir að áætlun fyrir árið 2007 var gerð hefur verið sótt um starfsleyfi fyrir tvo fjárfestingarbanka.

Fjármálaeftirlitið hefur lagt aukna áherslu á eftirlit með aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Talsverð vinna hefur farið í mótun leiðbeinandi tilmæla, skipulagningu eftirlits og framkvæmd úttekta hjá fjármálafyrirtækjum. Verkefni tengd peningaþvætti eru einnig innt af hendi varðandi aðrar tegundir fjármálaþjónustufyrirtækja en eru fyrirferðarmest á lánamarkaði.

Mikil vinna hefur farið í að innleiða nýjar reglur í samræmi við Basel II staðal um eiginfjárhlutfall og nýjar tilskipanir Evrópusambandsins, en innleiðingin af hálfu Fjármálaeftirlitsins hefur átt sér stað með setningu reglna og leiðbeinandi tilmæla. Reglur þessar munu hafa veruleg áhrif á efirlitsframkvæmd að öðru leyti og auka töluvert samskipti á vettvangi CEBS (samstarfsnefnd evrópskra eftirlitsaðila á lánamarkaði). Þessu til viðbótar hafa umsóknir tveggja íslenskra fjármálafyrirtækja um heimild til að beita Innri matsaðferðum (IRB) við mat á eiginfjárþörf verið til meðferðar, en slíkt kallar á eins konar vottun Fjármálaeftirlitsins á matsferlum viðkomandi fyrirtækja innanlands og utan.

Viðfangsefni tengd erlendu samstarfi hafa aukist mikið samhliða aukinni alþjóðavæðingu íslenska markaðarins og þá einkum varðandi lánamarkaðinn. Nánar verður vikið að þessu síðar.

Í fyrirsjáanlegri framtíð má búast við að framangreind verkefni muni áfram vega þungt í starfsemi Fjármálaeftirlitsins og eingöngu aukast. Jafnframt má ætla að ný verkefni bætist við t.a.m. ef sett verða lög um sértryggð skuldabréf. Áformað er að auka áherslu á upplýsingasöfnun, -greiningu og veitingu og framkvæma eftirlit í auknum mæli í samræmi við sérstakt áhættumatskerfi gefi niðurstöður úr úrvinnslukerfi eftirlitsins (sem vikið verður að síðar) tilefni til þess.

Að þessu sinni er talin þörf á 3 starfmönnum vegna verulegrar aukningar íslenskra fjármálafyrirtæklja erlendis samanber það sem segir í kafla 6 um erlenda starfsemi.

3.2 Lífeyrismarkaður.

Lífeyrismarkaður hefur undanfarið einkennst af sameiningum lífeyrissjóða, yfirfærslu réttindakerfa, vaxandi lífs- og örorkulíkum, áhættusæknari fjárfestingastefnum og hárri ávöxtun.

Áherslur í eftirliti með lífeyrissjóðum hafa snúið að athugunum á fjárfestingum, fjárfestingarstefnum og skuldbindingum auk þess sem gerðar hafa verið heildarúttektir á starfseminni. Umgjörð sjóðanna s.s. innra eftirlit og áhættustýring er einnig metin í heildarúttektum.

Fjármálaeftirlitið fær til umsagnar tillögur að breytingum á samþykktum sjóðanna, svo sem vegna sameininga, og hefur töluverð vinna átt sér stað vegna þessa og breytinga á réttindakerfum.

Unnið er áfram að gæða-og áhættuflokkunarkerfi fyrir lífeyrissjóðina sem m.a. mun nýtast við forgangsröðun í eftirliti á einstökum sjóðum og gefa betri yfirsýn yfir áhættur í rekstri sjóðanna.

Stækkun lífeyrissjóða vegna vaxtar og sameininga, rýmkaðar fjárfestingaheimildir, áhættusæknari fjárfestingastefnur, yfirfærsla á réttindakerfum en jafnframt óvissa vegna hækkandi lífs- og örorkulíkna, leiðir til þess að ákvarðanataka í starfsemi sjóðanna verður flóknari og kallar á aukna ábyrgð stjórnenda, aukið innra eftirlit og áhættustýringu, aukna faglega þekkingu og almennt traustari umgjörð um rekstur sjóðanna. Framangreint kallar á aukið umfang eftirlits með tilheyrandi auknum mannafla með hæfni, þekkingu og svigrúm til að sérhæfa sig í öllum helstu þáttum í starfsemi sjóðanna. Fækkun lífeyrissjóða vegur einungis að litlu leyti á móti auknu verkefnaálagi samkvæmt ofangreindu.

Verkefni á næstu árum munu ráðast af stækkun lífeyrissjóða, fjárfestingarheimildum þeirra og áherslum í fjárfestingum. Þessu til viðbótar er óljóst hvort umfang eftirlits þurfi að aukast vegna laga um starfstengda eftirlaunasjóði nr. 78/2007, sem innleiða tilskipun nr. 2003/41/EB og taka gildi 1 júlí 2007. Fjármálaeftirlitið mun þurfa að hafa tiltekin lágmarksviðbúnað vegna þessa þó að ennþá séu engir slíkir sjóðir starfræktir hér á landi.

Með hliðsjón af ofangreindu er talin þörf á að bæta við 2 starfsmönnum. Komi til þess að stofnaðir verði starfstengdir eftirlaunasjóðir (t.d. að íslensk fyrirtæki bjóði starfsfólki erlendis upp á lífeyrissparnað hérlendis eða íslensk fjármálafyrirtæki bjóði slíkan sparnað erlendis) þyrfti að fjölga starfsmönnum.

3.3 Verðbréfasjóðir.

Eftirlit með sjóðum rekstrarfélaga, þ.e. verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum, hefur að miklu leyti snúið að staðfestingu nýrra sjóða og breytingum á reglum eldri sjóða í samræmi við lög nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, auk könnunar á veittum upplýsingum um fjárfestingar og eignastöðu. Lögð hefur verið áhersla á vettvangsathuganir en afar æskilegt er að fjölga slíkum úttektum.

Rekstrarfélögum verðbréfasjóða mun væntanlega fjölga úr 6 í 7 á árinu (16,7% aukning). Fjármagn í vörslum rekstrarfélaganna hefur aukist mjög á undanförnum árum vegna aukins fjölda og stærri sjóða en einnig vegna eignastýringar rekstrarfélaganna. Þá hafa fjárfestingarafurðir orðið flóknari og vænta má aukinnar markaðsetningar íslenskra verðbréfasjóða erlendis.

Fyrirsjáanlegar eru breytingar á löggjöf, m.a. vegna tilskipunar Evrópusambandsins nr. 2007/16/EB, um skýringar á fjárfestingarheimildum verðbréfasjóða og vegna MIFID tilskipunarinnar nr. 2004/39/EB. Jafnframt hafa komið fram hugmyndir um setningu laga um fjárvörslusjóði (e. Trusts) sem gætu haft aukin verkefni í för með sér fyrir Fjármálaeftirlitið. Þá má nefna að aukin starfsemi rekstrarfélaganna og innleiðing tilskipana kallar á aukna þátttöku í erlendu samstarfi.

Með hliðsjón af framansögðu er talið nauðsynlegt að fjölga um 1 starfsmann vegna eftirlits með starfsemi rekstrarfélaga verðbréfasjóða og verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum.

3.4 Vátryggingamarkaður.

Eftirlit með vátryggingamarkaði er bæði sinnt með vettvangsheimsóknum og skoðun á ýmsum reglubundum gögnum, sem Fjármálaeftirlitið fær send. Í vettvangsheimsóknum er áhersla lögð á athugun á áhættustýringu, innra eftirliti og verkferlum. Við eftirlit með gögnum er fylgst með þróun í rekstri félaganna og eignastöðu til að mæta vátryggingaskuld og gjaldþoli félaganna. Fjármálaeftirlitið hefur þróað sérstakt álagspróf og áhættumat sem nýtt er í þessum tilgangi.

Leiðbeiningar vegna nýrrar löggjafar (frá árinu 2005) hafa skipað nokkurn sess auk undirbúnings á innleiðingu Evróputilskipanna en vænta má innleiðingar á 4 tilskipunum á næsta ári. Má búast við nokkurri vinnu vegna þessa og aukinna krafna til eftirlitsins.

Innan Evrópusambandsins er unnið að nýrri gjaldþolstilskipun (Solvency II) og hefur Fjármálaeftirlitið tekið þátt í þeirri vinnu og upplýst íslenska markaðsaðila um þróunina og boðið þeim þátttöku í áhrifagreiningum (e. QIS studies) til að meta áhrif væntanlegra reglna á vátryggingafélög. Ljóst er að tilskipunin sjálf og innleiðing hennar mun auka umfang eftirlits á næstu 2 árum.

Á þessu sviði er einnig fylgst með framkvæmd reglna um virka eignarhluti en umsóknir um slíkt taka jafnan nokkurn tíma.

Vátryggingafélög hafa aukið við erlenda starfsemi sína, bæði með kaupum á erlendum félögum, samvinnu við erlend vátryggingafélög, eða með veitingu þjónustu yfir landamæri. Jafnframt hafa íslenskir fjárfestar sem eiga hluti í fjármálafyrirtækjum og vátryggingafélögum keypt hluti í norrænum vátryggingafélögum. Hér er um vaxandi verkefni fyrir Fjármálaeftirlitið að ræða með hliðsjón af reglum um heimaeftirlit vátryggingafélags og reglum um fjármálasamsteypur og samstæðueftirlit.

Með hliðsjón af auknum verkefnum á þessu sviði vegna væntanlegra lagabreytinga og útrásar er talið nauðsynlegt að auka um 1 starfsmann á þessu sviði.

3.5 Verðbréfamarkaður.

Helstu áherslur Fjármálaeftirlitsins í eftirliti með verðbréfamarkaði snúa að eftirliti með háttsemi útgefenda verðbréfa skráðra í Kauphöll og viðskiptum fjárfesta á markaði. Jafnframt er haft eftirlit með starfsemi Kauphallar og Verðbréfaskráningar. Vegna kaupa OMX AB á Kauphöll og Verðbréfaskráningar er fyrirsjáanlegt erlent samstarf um eftirlit auk þess sem kaupin sjálf og nýjungar í framhaldi af þeim hafa krafist nokkurs tíma.

Eftirlitið með verðbréfamarkaðnum byggist á skoðun einstakra viðskipta í framhaldi af ábendingum eða að eigin frumkvæði og með reglubundnum úttektum hjá útgefendum. Jafnframt eru gerðar úttektir á starfsháttum í verðbréfaviðskiptum hjá fjármálafyrirtækjum.

Fjármálaeftirlitið sinnir einnig verkefnum er snúa að lýsingum, mati á fagfjárfestum og yfirtökumálum.

Verðbréfamarkaður á Íslandi er tiltölulega ungur og segja má að löggjöfin sé „dynamisk“ og í stöðugri þróun. Lagasetning byggð á Evróputilskipunum hefur verið ör og er fyrirsjáanlegt að á næstunni þarf að bregðast við innleiðingu nýrra tilskipana s.s. um gegnsæi upplýsinga (Transparency) og almennt um viðskipti á verðbréfamarkaði (Mifid). Þessi „dynamik“ kallar til viðbótar á mikið af fyrirspurnum frá markaðsaðilum og öðrum, og beiðni um túlkanir eða tilmæli.

Erlend samskipti eru veigamikill þáttur á þessu sviði og fara vaxandi. Framundan eru aukin samskipti í tengslum við samevrópska gagnagrunna vegna Mifid og Transparency tilskipananna, eins og vikið verður að í kafla um upplýsingatæknimál.

Fjármálaeftirlitið telur mikilvægt vegna aukinna verkefna með vexti verðbréfamarkaðarins, innleiðingu áðurnefndra tilskipana og erlendu samstarfi að starfsmönnum á verðbréfamarkaði verði fjölgað um a.m.k. 3. Fjármálaeftirlitið telur tillögu þessa vera hófsama og þörf verði á því að endurmeta hana að ári liðnu þegar betri yfirsýn fæst yfir verkefni vegna umræddra tilskipana auk vinnuálags vegna lýsinga, einkum mótttöku og staðfestingu á útboðslýsingum með Evrópupassa.

3.6 Almennt.


Að síðustu er rétt að geta þess að ýmis verkefni eru sameiginleg fyrir hina ýmsu markaði þar sem samlegðaráhrif í starfseminni koma fram. Má þar sem dæmi nefna:

- Beiting stjórnvaldssekta vegna brota á lögum um fjármálastarfsemi, en nýsamþykkt lög nr. 55/2007 fela Fjármálaftirlitinu aukin verkefni.
- Samskipti við erlend eftirlitsstjórnvöld vegna starfsemi eða viðskipta íslenskra aðila erlendis og svör við upplýsingabeiðnum. Þessi þáttur hefur aukist verulega á síðasta ári.
- Reglur og eftirlit með fjármálasamsteypum, en verið er að leggja lokahönd á útfærslu þessa.
- Framkvæmd á hæfismati stjórnenda eftirlitsskyldra aðila.
- Viðbúnaðaráætlun vegna áfalla í fjármálakerfinu.
- Eftirlit með aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.
- Framkvæmd eftirlits með upplýsingatækni.

4. Stefnumótun og mælikvarðar

Fjármálaeftirlitið setti sér á árinu 2006 skýra stefnu um helstu markmið sín í formi stefnumiðaðs árangursmats (Balanced Scorecard). Stefnan nýtist við mótun almennra áherslna, forgangsröðun verkefna og mælingu árangurs.

MYND 3: Stefnukort FME



Unnið var að innleiðingu stefnunnar árið 2006 og þróun mælikvarða til að meta árangur auk þess sem í upphafi ársins 2007 voru sett árangursmarkmið fyrir sérhvern mælikvarða.

Meginmarkmið Fjármálaeftirlitsins er að stuðla að traustri fjármálastarfsemi. Til að vinna þessu framgang hafa verið skilgreind 15 markmið og árangur verður mældur með 22 mælikvörðum. Í upphafi ársins 2008 mun Fjármálaeftirlitið birta niðurstöður þessara mælinga (sjá mynd 4: Markmið og mælikvarðar).

MYND 4: Markmið og mælikvarðar

Virði/Áhrif	***V 1.***	***Öruggur fjármálamarkaður***
	V 1.1.	Meðaleinkunn úr áhættumati FME
	V 2.	***Áhrifavaldur í þróun fjármálamarkaðar***
	V 2.1.	Viðhorf markaðar til FME sem áhrifavaldur
	V 2.2.	Fjöldi opinbera tilmæla (túlkanir ofl.)
	V 3.	***Heilbrigðir viðskiptahættir á markaði***
	V 3.1.	Fjöldi atvika og frávik frá normi
	V 4.	***Traust og trúverðugt fjármálaeftirlit***
	V 4.1.	Viðhorf markaðar til FME, traust og trúverðugleiki
	V 4.2.	Viðhorf eftirlitsskyldra aðila e. vettvangsathugun
Innri ferlar	***I 1.***	***Markvisst verkefnaval og verkábyrgð***
	I 1.1.	Frávik frá áætlunum
	I 1.2.	Hlutfall sérstakra verkefna af heildarfjölda (A-C af heild)
	I 2.	***Starfsemi í hæsta gæðaflokki***
	I 2.1.	Fjöldi verkefna rýnd varðandi gæði og málsmeðferð
	I 2.2.	Fjöldi samþykktra / endurskoðaðra lykilverkferla
	I 3.	***Skilvirkni í meðferð mála***
	I 3.1.	Meðallíftími verkefna
	I 3.2.	Hlutfall mála eldri en eins árs
	I 4.	***Efla rafræna málsmeðferð***
	I 4.1.	Hlutfall rafrænnar úrvinnslu
	I 5.	***Skilvirk upplýsingamiðlun***
	I 5.1.	Upplýsingaatburðir
Starfsmenn/ þekking	***S 1.***	***Öflug þekking starfsmanna***
	S 1.1.	Hlutfall starfsmanna með meira en 3ja ára starfsreynslu (frá 1.1.2001)
	S 1.2.	Fjöldi starfsmanna sem nýtir sér starfstengda símenntun (eigin frumkv.)
	S 2.	***Fyrirmyndar upplýsingarkerfi***
	S 2.1.	Staða upplýsingakerfa (úttekt skv. leiðbeiningum FME)
	S 3.	***Eftirsóttur vinnustaður***
	S 3.1.	Viðhorf starfsmanna (Vinnustaðagreining)
	S 3.2.	Fjöldi starfsumsókna
Fjármál	***F 1.***	***Standast fjárhagsáætlun***
	F 1.1.	Frávik frá áætlunum
	F 2.	***Hagkvæmni í rekstri***
	F 2.1.	Umsvif fjármálamarkaðar á hvert stöðugildi FME
	F 3.	**Verkefnum fylgi tekjur**
	F 3.1.	Hlutfall nýrra verkefna sem FME kostnaðarmetur

5. Nútímavæðing og nýting upplýsinga.

Fjármálaeftirlitið hefur sett sér sérstaka upplýsingatæknistefnu til þriggja ára. Helstu atriði þeirrar stefnu eru eftirfarandi:

– Öll samskipti við eftirlitsskylda aðila verði rafræn.
– Úrvinnslukerfi verði fyrir hendi sem vinni frumgreiningu á upplýsingum og geri viðvart um frávik (early warning).
– Gagnagrunnar og málaskráningarkerfi séu samhæfð og tryggi auðvelda geymslu, úrvinnslu og notkun upplýsinga.

– Öryggi upplýsinga sé tryggt og eftirlitið fái vottun skv. ISO 27001.
– Vefumsjónarbúnaður og heimasíða styðji við öfluga og markvissa upplýsingamiðlun, þess vegna í mismunandi víddum, þ.e. á innra-neti (innan stofnunar), á ytra neti (skilgreind vefsvæði fyrir einstaka eftirlitsskylda aðila eða systurstofnanir) og interneti (almenningur).
– Hugbúnaður og vélbúnaður uppfylli þarfir hvers tíma.
– Eftirlitið geti uppfyllt alþjóðlegar skuldbindingar um upplýsingasamskipti.

Fjármálaeftirlitið kom á fót rafrænum skilum á um 3500 skýrslueintökum frá eftirlitsskyldum aðilum í upphafi árs 2007. Reynsla eftirlitsskyldra aðila af þessari breytingu er almennt jákvæð og rafræn skil virðast auka skilvirkni bæði hjá Fjármálaeftirlitinu og eftirlitsskyldum aðilum. Unnið er að frekari þróun kerfisins til að auka sjálfvirkni, s.s. með sendingum á XML-skjölum á milli kerfa eftirlitsskyldra aðila og Fjármálaeftirlitsins. Unnið hefur verið markvist að sjálfvirkum innlestri gagna í gagnagrunnana og hefur sú aðgerð ein sparað rúmlega hálft mannár. Heildar vinnusparnaður síðan rafræn skil komust á er um eitt og hálft mannár.

Megintilgangur með uppbyggingu gagnagrunna Fjármálaeftirlitsins er að koma á fót úrvinnslukerfi sem notar undirliggjandi gögn til að leggja mat á ástand eftirlitsskyldra aðila. Verið er að skilgreina ákveðnar kennitölur á hverju sviði og viðbrögð við frávikum. Jafnframt verður sjálfvirkt álagspróf og áhættumat byggt á innsendum gögnum en áhættumatið mun flokka eftirlitsskylda aðila eftir gæðum og kerfislægum áhættum og nýtast við forgangsröðun í eftirliti. Slík kerfisbundin nýting upplýsinga mun auka skilvirkni Fjármálaeftirlitsins og tími sérfræðinga mun nýtast í greiningu upplýsinga og frumkvæðiseftirlit í stað þess að vinna handvirkt úr gögnum.

Rafvæðing ferla innan Fjármálaeftirlitsins er hafin, en með því er átt við að auka möguleika á rafrænni meðferð mála, a.m.k. að hluta. Í upphafi verður væntanlega unnið með umsóknir um starfsleyfi tilkynningar vegna erlendrar starfsemi.

Samstarf við erlenda eftirlitsaðila kalla á rafræn upplýsingasamskipti og stærsta verkefnið á því sviði byggir á MIFID tilskipuninni sem gerir ráð fyrir því að eftirlitsaðilar í aðildarríkjum EES skiptist á upplýsingum um verðbréfaviðskipti (transaction reporting). Fjármálaeftirlitið vinnur að því að koma upp tilkynningakerfi sem safnar upplýsingum um viðskipti með fjármálagerninga á Íslandi, skv. 25. gr. MIFID, en upplýsingum um færslur sem snerta aðila undir eftirliti annarra fjármálaeftirlita innan EES verður miðlað til viðeigandi eftirlita í gegnum sameiginlegt kerfi til gagnaskipta sem CESR (evrópusamtök verðbréfaeftirlita) mun reka. Vinna við þetta tilkynningakerfi (TRS, Transaction Reporting) er vel á veg komin og er unnin í samvinnu með eftirlitum á Norðurlöndunum og í Eystrasaltslöndunum. Í framhaldi af TRS, á árinu 2008, verður ráðist í smíði greiningarkerfis sem byggir m.a. á upplýsingum sem tilkynningakerfið aflar. Stefnt er á áframhaldandi samstarfi aðila um þá uppbyggingu. Tilkoma slíks kerfis mun auðvelda eftirlit, auka yfirsýn og spara tíma við leit að upplýsingum.

Hafinn er undirbúningur að innleiðingu á Transparency tilskipun Evrópusambandsins, sem fjallar um opinbera birtingu tilgreindra upplýsinga útgefenda verðbréfa sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði með Ísland sem heimaríki. Þá nær tilskipunin einnig til flöggunarskyldu. Gert er ráð fyrir því að ofangreindum upplýsingum, sem skylt er að birta opinberlega, sé safnað saman í a.m.k. einn rafrænan miðlægan gagnagrunn (OAM, Officially Appointed Mechanism), sem skal vera opinn almenningi.

Stefnt er að innleiðingu nýs málaskráningarkerfis á árinu 2008 til að auðvelda aðgengi að upplýsingum og með samtengingu upplýsinga í málaskrá og öðrum gagnagrunnum Fjármálaeftirlitsins má bæta yfirsýn og auka skilvirkni í vinnu sérfræðinga. Kerfið mun verða á vefformi og tengjast jafnframt innra neti eftirlitsins.

Á árinu 2007 mun FME hefja innleiðingu stjórnkerfis upplýsingaöryggis og er stefnt að vottun skv. ISO 27001 á árinu 2009.

Auk innri upplýsingatæknimála ber Fjármálaeftirlitnu að fylgjast með því að greiðslu- og uppgjörskerfi eftirlitsskyldra aðila séu fullnægjandi. Slíkt þarf að gera með reglulegum könnunum á öryggi upplýsinga- og greiðslukerfa, annaðhvort með vettvangsathugun og/eða sjálfsmati. Með aukinni útrás eykst ábyrgð á þessu sviði, bæði gagnavart útibúum erlendis og kerfum fjármálafyrirtækjanna á samstæðugrunni.

Á árinu 2009 verður áfram unnið að nokkrum þeirra verkefna sem hér hafa verið nefnd auk annarra sem eru aftar á forgangslista eða fyrirsjáanleg á þeim tíma s.s. Solvency II. Að þessu loknu verður tíma stórframkvæmda í upplýsingatæknimálum lokið og vinna á sviðinu ætti að verða jafnari, þó fyrirvara verði að gera ef aðstæður breytast.

Í dag eru þrjú stöðugildi sem sinna upplýsingatæknimálum hjá Fjármálaeftirlitinu auk þess sem tímabundnir starfsmenn eða ráðgjafar sinna verkefnum vegna innleiðingar upplýsingatæknistefnunnar. Ekki er farið fram á fjölgun stöðugilda, en hinar veigamiklu breytingar sem nú eiga sér stað í upplýsingatæknimálum eftirlitsins kalla á endurmat á þörfum þess.

6. „Útrás“ Fjármálaeftirlitsins.

Íslensku viðskiptabankarnir eru alþjóðleg fyrirtæki sem bjóða þróaða fjármálaþjónustu. Um 52% tekna þeirra koma erlendis frá, eignir erlendra dótturfélaga nema 45% af heildareignum af samstæðugrunni og 60% útlána bankanna eru til erlendra viðskiptamanna. Þróun þessi hefur verið mjög hröð og virðist halda áfram. Jafnframt hafa íslenskir fjárfestar sem eiga hluti í íslenskum fjármálafyrirtækjum og vátryggingafélögum keypt hluti í norrænum vátryggingafélögum og koma þar til skoðunar reglur um fjármálasamsteypur í samstarfi við erlenda eftirlitsaðila.

Auk viðskiptabankanna þriggja hafa önnur fjármálafyrirtæki hafið útrás og það sama á við um vátryggingafélögin, sem hafa keypt hluti í erlendum vátryggingafélögum eða hafið nánari samvinnu við erlenda vátryggjendur. Þessu til viðbótar er Kauphöll Íslands og Verðbréfaskráning Íslands komin í eigu erlends aðila, OMX A.B., en það kallar á þáttöku Fjármálaeftirlitsins í sérstöku samstarfi norrænna eftirlitsaðila með starfsemi OMX. Í maí 2007 er óljóst hvort áformuð kaup Nasdaq á OMX muni auka umfang á þessu sviði.

Í lok ársins 2007 má búast við að starfsstöðvar íslensku bankanna verði í a.m.k. 20 löndum, þar af 22 útibú og 28 dótturfélög. Af töflunni hér fyrir neðan má sjá að fjölgunin hefur verið mjög hröð og ljóst er að töluverð auking verður til nk. áramóta. Jafnframt má gera ráð fyrir einhverri viðbót á árinu 2008. Það sem einkennir þróunina er mikil fjölgun útibúa sem leggur beina eftirlitsábyrgð á Fjármálaeftirlitið.

MYND 5: Erlend starfsemi íslenskra fjármálafyrirtækja

	Árslok 2005	*1. maí 2007*	*Í vinnslu 1. júní 2007*
Dótturfélög	21	27	+1
Útibú	4	15	+7
Umboðsskrifstofur	1	4	0
Erlend ríki þar sem starfsemi er stunduð	12	19	+1

Aukin alþjóðavæðing íslenskra fjármálaþjónustufyrirtækja og aukið Evrópusamstarf eftirlitsaðila hafa kallað á umtalsverða aukningu í erlendum samskiptum Fjármálaeftirlitsins. Sú starfsemi er í meginatriðum þríþætt.

Í fyrsta lagi á Fjármálaeftirlitið í samskiptum við systurstofnanir í þeim löndum sem íslensku fyrirtækin eru með starfsemi. Ef starfsemin er rekin í formi útibús ber Fjármálaeftirlitið beina eftirlitsábyrgð með flestum starfsþáttum þess. Um er að ræða svokallað heimaríkiseftirlit þannig að Fjármálaeftirlitið hefur eftirlitið með starfseminni með sambærilegum hætti og með starfsemi viðkomandi fjármálafyrirtækis á Íslandi. Sé um dótturfélag að ræða er Fjármálaeftirlitið eftirlitsaðili á samstæðugrundvelli en gistiríkið hefur eftirlit með starfsemi dótturfélagsins. Starfsemi í formi útibús fremur en dótturfélags hefur því umtalsverð áhrif á verkefnaálag hjá Fjármálaeftirlitinu í formi athugana á starfstöðvum erlendis og aukinna samskipta við eftirlitsaðila í viðkomandi ríkjum. Í báðum tilvikum treysta viðkomandi erlend stjórnvöld á eftirlit Fjármálaeftirlitsins. Sé um annars konar starfsemi að ræða, s.s. fjárfestingar eða veitingu þjónustu yfir landamæri, geta átt sér stað ýmis upplýsingasamskipti.

Sérstakur þáttur í þessum samskiptum er gerð samstarfssamninga við erlend eftirlit sem er nauðsynlegt þegar um ríki utan EES er að ræða. Á árinu 2006 gerði Fjármálaeftirlitið einn slíkan samning, við eyjuna Mön, en í lok maí 2007 er unnið að gerð 5 slíkra samninga. Ljóst er að fjölgun samstarfssamninga mun auka kröfur á Fjármálaeftirlitið.

Fjármálaeftirlitið er í samstarfi við systurstofnanir á öðrum Norðurlöndum um viðlagaáætlanir og viðbúnað vegna mögulegra erfiðleika á fjármálamarkaði. Ennfremur tekur Fjármálaeftirlitið þátt í umræðu og nefndastarfi á Evrópuvettvangi um viðbrögð við fjármálakreppum (Crisis Management).

Í öðru lagi tekur Fjármálaeftirlitið þátt í norrænu- og Evrópusamstarfi eftirlitsaðila á fjármálaþjónustumarkaði. Á þessum vettvangi er m.a. unnið að leiðbeinandi reglusetningu fyrir fjármálaþjónustufyrirtæki og unnið að samræmingu eftirlitsframkvæmdar, s.s. vegna upplýsingaskipta og þjálfun starfsfólks. Á árinu 2006 áréttaði Ráðherraráð Evrópusambandsins mikilvægi einsleitrar framkvæmdar Evrópureglna og samvinnu eftirlitsstjórnvalda til að ná mætti ávinningi innri markaðarins í fjármálaþjónustu. Með aukinni alþjóðavæðing íslenska markaðarins eykst mikilvægi þess að sinna slíku samstarfi af kostgæfni.

Í þriðja lagi er sífellt aukin eftirspurn eftir upplýsingagjöf um íslenska fjármálamarkaðinn frá ýmsum erlendum aðilum, s.s. alþjóðastofnunum, lánshæfismatsfyrirtækjum og greiningardeildum. Markmið Fjármálaeftirlitsins er að sinna þessu enn frekar með aukinni upplýsingamiðlun á ensku.

Á fyrri hluta ársins 2007 setti Fjármálaeftirlitið sér sérstaka stefnu um eftirlit með erlendri starfsemi íslenskra fjármálafyrirtækja og framkvæmdi greiningu á vinnuálagi vegna þessa. Helstu atriði stefnunnar eru eftirfarandi:

- Eftirlit með útibúum: Vettvangsheimsóknir í stærri útibú á tveggja ára fresti en í minni útibú eftir þörfum en þó aldrei sjaldnar en á fjögurra ára fresti.
- Eftirlit með dótturfélögum: Þátttaka í vettvangsheimsóknum gistiríkis ef eignarhlutur nemur 10% af heildareignum samstæðu, auk þess sem slík dótturfélög verða heimsótt á tveggja ára fresti til að fá gott yfirlit yfir starfsemi.
- Upplýsingagjöf: Árleg skýrslugjöf vegna útibúa og dótturfélaga á (rafrænu) eyðublaði Fjármálaeftirlitsins, auk efnhags- og rekstrarreiknings allra útibúa og dótturfélaga sem nema 10% af heildareignum samstæðu.
- Samskipti við erlend eftirlit: Reglulega farið almennt yfir stöðuna þar sem umfang íslenskra fyrirtækja er mikið.
- MoU: Fylgja eftir „útrás“ til ríkja utan EES með gerð MoU.
- Kostnaður: Innheimta sérstakt gjald skv. 7 gr. laga nr. 99/1999 vegna nýrrar erlendrar starfsemi sem ekki er gert ráð fyrir í rekstraráætlun viðkomandi árs.

MYND 6: Áætluð starfsmannaþörf vegna vinnu við erlenda starfsemi

	Innan EES	Utan EES, þar sem MoU til staðar
Útibú	0,1 stm.	0,1 stm.
Virkur ehl.	0,01 stm.	0,01 stm.
Dótturfélag	0,07 stm.	0,11 stm.

Niðurstöður greiningar á reglulegu vinnuálagi sýnir að m.v. fyrirliggjandi upplýsingar um væntanlega starfsemi íslenskra fyrirtækja erlendis, þyrfti Fjármálaeftirlitið að hafa rúmlega 4 aðila til að sinna þessum verkefnum. Í dag má gera ráð fyrir að tæplega eitt stöðugildi sinni þessum verkefnum með öðru. Í ljósi umfangs útrásarinnar er talin þörf á 3 starfsmönnum til að sinna útrás íslenskra fjármálafyrirtækja og fjármálaþjónustufyrirtækja en jafnframt mun nýr starfsmaður á vátryggingasviði einnig sinna erlendri starfsemi.

Með aukinni erlendri starfsemi er ljóst að ferðakostnaður Fjármálaeftirlitsins fer vaxandi. Einnig er rétt að geta þess að erlend starfsemi hefur jafnframt almenn áhrif á starfsemi Fjármálaeftirlitsins.

7. Eftirsóknarverður vinnustaður.

Forsenda þess að Fjármálaeftirlitið geti sinnt hlutverki sínu á trúverðugan hátt er að það búi yfir reynslu, þekkingu og nægum mannafla til að takast á við þau margbreytilegu og flóknu mál sem upp koma á fjármálamarkaði. Spurningar um fjölda starfsmanna, reynslu þeirra og starfsmannaveltu er nokkuð sem reglulega kemur upp í samskiptum við erlenda aðila.

Fjármálaeftirlitið hefur átt því láni að fagna að búa yfir hæfu starfsfólki til að takast á við verkefnin, en ströng hæfnisskilyrði við nýráðningar og öflug símenntunarstefna gegna þar lykilhlutverki. Á næsta ári má búast við því að símenntunarstefnan fái nýja vídd með möguleikum á starfaskiptum milli Evrópskra eftirlitsaðila. Verið er að leggja lokahönd á útfærslu þessa.

Fjármálaeftirlitið finnur verulega fyrir því að starfsfólk þess er eftirsóknarvert af ýmsum þeirra aðila sem tengjast fjármálamarkaðnum og til viðbótar er hörð samkeppni um hæft fólk við nýráðningar.

Á síðustu 12 mánuðum (maí til maí) var starfsmannavelta sérfræðinga um 8% í kjölfar 21% starfsmannaveltu síðustu 12 mánuða þar á undan.

Annar þeirra mælikvarða (á stefnu Fjármálaeftirlitins) sem metur þekkingu og reynslu starfsmanna mælir hversu hátt hlutfall starfsmanna, sem ráðnir voru eftir 1. janúar 2001, hafi náð 3 ára starfsreynslu. Þetta hlutfall er 36%.

Sé litið á meðalstarfstíma þeirra starfsmanna sem hafa ráðið sig til Fjármálaeftirlitsins eftir 1. janúar 2001 kemur í ljós að meðalstarfstími þeirra sem látið hafa af störfum var 2,1 ár og er 2,5 ár (þann 31. maí) hjá þeim sem nú eru starfandi.

Viðhorf utanaðkomandi aðila, m.a. ýmissa starfsmanna eftirlitsskyldra aðila, koma glöggt fram í Viðskiptablaðinu þann 4. maí 2007 en þar sagði:

„Starfsemi banka og fjármálafyrirtækja hefur til dæmis þanist svo hratt út að Fjármálaeftirlitið hefur ekki fylgt henni eftir og draga má í efa að það hafi styrk til þess að veita nauðsynlegt aðhald. Fjármálaeftirlitið getur þannig ekki á nokkurn hátt keppt við bankana um færustu sérfræðingana og bestu starfsmennirnir eru jafnharðan keyptir út af þeim, sem þeir eiga að vera fylgjast með. Er það eðlilegt fyrir heilbrigt íslenskt fjármálalíf?“

Eitt af markmiðum Fjármálaeftirlitsins er að vera eftirsóknarverður vinnustaður og að starfsfólk þess búi yfir fullnægjandi reynslu og þekkingu til að geta tekist á við verkefni sín. Ýmsir þættir hafa áhrif á þessi atriði en með hliðsjón af „burtfararviðtölum“ við fyrrum starfsmenn og launaþróun sérfræðinga á fjármálamarkaðnum, er ljóst að enn þarf að efla möguleika Fjármálaeftirlitsins til þess að vera samkeppnishæft í launum. Ef viðhalda á trúverðugleika Fjármálaeftirlitsins er mikilvægt að gæði starfsfólks þess sé ekki lakara en hjá þeim sem eftirlit er haft með. Jafnframt er rétt að benda á að starfsmannavelta hefur verulega truflandi áhrif á starfsemi eftirlitsins.

Með hliðsjón af framansögðu er mikilvægt að Fjármálaeftirlitið sé ávallt samkeppnishæft um starfsfólk og dregið sé úr starfsmannaveltu. Lagt er til að þetta verði gert á tvennan hátt. Annars vegar að Fjármálaeftirlitið fái svigrúm sem nemur 8% af heildarlaunum til að mæta almennri launaþróun, einkum í fjármálageiranum, þróa kælitímasamninga frekar og bregðast við óvæntri starfsmannaveltu. Hins vegar að Fjármálaeftirlitið fái svigrúm sem nemur 8% af heildarlaunum til að þróa árangurs- og frammistöðutengt launakerfi. Árangurstengdar greiðslur yrðu eingreiðslur sem bættust við í lok árs og færu ekki inn í almenna launakerfið.

8. Verkefni, stöðugildi og hagræðing.


Verkefni Fjármálaeftirlitsins hafa aukist verulega á undanförnum árum í kjölfar aukinna umsvifa fjármálamarkaðarins. Jafnframt hefur löggjafinn falið Fjármálaeftirlitinu ný verkefni, s.s. ný samþykkt lög um viðurlög við brotum á fjármálamarkaði nr. 55/2007. Fjöldi skráðra mála hefur aukist en ekki síður ýmis konar fyrirspurnir og óskir um leiðbeiningar. Þessu til viðbótar hafa verkefnin orðið flóknari, s.s. vegna stækkandi fyrirtækja, landfræðilegra þátta, nýrra afurða eða ógegnsæis, t.d. varðandi eignatengsl.

Á síðustu tveimur árum hefur starfsmönnum hjá Fjármálaeftirlitinu fjölgað nokkuð, sem hefur gert auðveldara að sinna verkefnum, en engu að síður hefur ekki tekist fullkomlega að halda í við aukinn verkefnaþunga og starfsmenn eftirlitsins finna verulega fyrir verkefnaálagi. Auknu verkefnaálagi hefur frá og með árinu 2006 verið mætt með lausráðningum starfsmanna sem eru á lokaári í háskóla eða nýútskrifaðir enda ljóst að ekki yrði um við-

varandi störf að ræða. Reynt verður að mæta auknu verkefnaálagi á árinu 2008 með sambærilegum hætti ef þörf verður talin á.


Gert er ráð fyrir að á seinni hluta ársins 2007 verði ráðnir 2 starfsmenn vegna nýsamþykktra laga, nr. 55/2007, um viðurlög við brotum á fjármálamarkaði, og er það viðbót frá upphaflegri áætlun fyrir árið 2007. Í umsögn Fjársýslunnar um frumvarpið sem varð að lögum var gert ráð fyrir að þörf væri á 2–3 starfsmönnum, en Fjármálaeftirlitið vill gæta hófs og meta síðan þörfina. Eftirfarandi mynd sýnir þróun í fjölda starfsmanna frá árinu 2004 í lok hvers árs að undanskildum lausráðnum starfsmönnum.

MYND 7: Fjöldi starfsmanna hjá Fjármálaeftirlitinu í árslok 2004–2008, án lausráðinna starfsmanna




Á mynd 8 er að finna samanburð á vexti í álagningarstofnum helstu flokka eftirlitsskyldra aðila við þróun rekstrarkostnaðar hjá fjármálaeftirlitinu. Það athugist að álagningarstofnar miðast við tölur úr ársreikningum eftirlitsskyldra aðila 2 árum fyrir álagningarár.

MYND 8: Vöxtur í álagningarstofnum helstu flokka eftirlitsskyldra aðila



Þróun í álagningarstofnum annars vegar og rekstrarkostnaði Fjármálaeftirlitsins sem sýnd er í mynd 8 endurspeglast síðan í álagningarhlutföllum, sbr. mynd 9. Þar kemur fram að að veruleg lækkun hefur orðið á álagningarhlutfalli lánastofnana en álagningarhlutfall vátryggingarfélaga og lífeyrissjóða hefur hækkað undanfarið einkum hjá vátryggingafélögum þrátt fyrir áformaða breikkun á álagningarstofnun með því að innheimt verði sérstakt eftirlitsgjald á útgefendur skráðra verðbréfa vegna eftirlits með verðbréfaviðskiptum.

MYND 9: Þróun álagningarhlutfalla



Fjármálaeftirlitið hefur leitast við að sýna hagkvæmni í rekstri og mæta verkefnaaukningu með breytingum á innra skipulagi og hagræðingu. Þannig hefur skipuriti verið breytt til að auka skilvirkni í meðferð einstakra mála. Símaþjónusta hefur verið útvistuð sem bæði bætir gæði og eykur skilvirkni í vinnu við almenn skrifstofustörf. Verið er að innleiða nýtt upplýsingatæknikerfi sem gert er ráð fyrir að muni bæta nýtingu á tíma sérfræðinga. Að síðustu, lagði Fjármálaeftirlitið niður eina stöðu á skrifstofu á síðasta ári og nýtti stöðuna til ráðningar sérfræðings.

Fjármálaeftirlitið mun áfram verða vakandi fyrir hagræðingarmöguleikum bæði í almennum rekstri og með reglulegu endurmati á verkefnum starfsmanna og nýtingu tímabundinna starfsmanna eða sérfræðinga. Hins vegar er ljóst að slíkt dugar skammt í ljósi vaxtar fjármálamarkaðarins.

9. Húsnæðismál.

Í skýrslu um rekstur og starfsumhverfi Fjármálaeftirlitsins næstu þrjú ár sem var fylgiskjal með rekstraráætlun stofnunarinnar fyrir árið 2007 var gerð grein fyrir því að mjög þröngt væri orðið um starfsemina í núverandi húsnæði og að fyrirhugað væri að flytja í stærra og hentugra húsnæði á síðari hluta ársins 2007. Gert var ráð fyrir því í rekstraáætlun ársins. Í skýrslunni er gerð grein fyrir stærð þess húsnæðis sem Fjármálaeftirlitið hefur nú til ráðstöfunar og áætlaðri viðbótarþörf hvað stærð og aðstöðu varðar. Bent var á mikilvægar breytingar sem orðið hafa í starfsumhverfi eftirlitsins síðustu árin, m.a. tengt aukinni erlendri starfsemi íslenskra fjármálafyrirtækja, sem kalla frekar en áður á frambærilega, trausta og vel staðsetta aðstöðu fyrir Fjármálaeftirlitið til styrktar ímynd starfseminnar í nýju fjölþjóðlegu umhverfi.

Með hliðsjón af framangreindu sneri Fjármálaeftirlitið sér til viðskiptaráðuneytis í byrjun desember 2006 með ósk um samvinnu ráðuneytisins við öflun nýs húsnæðis fyrir stofnunina.

Í framhaldi af því vann Framkvæmdasýsla ríkisins, samkvæmt beiðni fjármálaráðuneytis, síðan í samvinnu við Fjármálaeftirlitið húsrýmisáætlun fyrir stofnunina og húslýsingu eða hliðstæð gögn og venja mun við mat á húsnæðisþörf fyrir opinberar stofnanir og til undirbúnings auglýsingar eftir húsnæði. Í þessari áætlun er gert ráð fyrir að húsrýmisþörf Fjármálaeftirlitsins sé um 1600 m^2 fyrir um 60 starfsmenn til næstu 10 ára en jafnframt er talið æskilegt að nýtt húsnæði gefi framtíðarmöguleika á leigu umfram núverandi húsnæðisþörf.

Ríkiskaup auglýsti síðan eftir húsnæði fyrir Fjármálaeftirlitið á grundvelli framangreinds undir lok febrúar 2007. Viðbrögð við auglýsingunni voru ekki samkvæmt vonum Fjármálaeftirlitsins og leigutilboðin fá. Eftir ítarlega skoðun varð það svo niðurstaða stjórnar stofnunarinnar að afþakka framkomin leigutilboð af ýmsum ástæðum. Ýmist var að boðin leiguverð samræmdust ekki því sem vænst hafði verið, leigutilboð stóðust ekki stærðarviðmið húslýsingar, eða húsnæðið þótti ekki henta vegna innra og yrtra skipulags. Ákveðið var að auglýsa aftur eftir húsnæði fyrir Fjármálaeftirlitið í haustbyrjun 2007 í trausti þess að betri lausn náist þá í þessum málum og dráttur á flutningi frá upphaflegri áætlun verði ekki verulegur.

Í rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2008 er því gert ráð að stofnunin muni flytja í nýtt húsnæði byrjun mars 2008. Við áætlun leigukostnaðar eftir flutning er tekið mið af meðaltölum brúttóstærða húsnæðis og leiguverða sem fram komu í nefndum leigutilboðum til Fjármáleftirlitsins. Gert er því ráð fyrir að leigugjöld og húsfélagskostnaður muni hækka verulega á árinu 2008 og verði alls 57 m.kr. á árinu en endurskoðuð áætlun fyrir árið 2007 er 17,7 m.kr. Ýmsir kostnaðarliðir sem tengjast stærð húsnæðis s.s. rafmagn, hiti og ræstingarkostnaður munu að sama skapi hækka umtalsvert við húsnæðisskiptin.

Í tengslum við fyrirhuguð húsnæðisskipti hefur Fjármálaeftirlitið látið verkfræðistofu meta ástand og nýtanleika húsbúnaðar í eigu stofnunarinnar komi til flutnings í nýtt húsnæði og gera áætlun um kostnað við endurnýjun þess búnaðar sem þörf er á. Niðurstaða matsins er að stærstur hluti þessa búnaðar er þegar búinn með 60–80% þess endingartíma sem vænta má miðað við þau gæði sem krafist er á álíka vinnustöðum. Í rekstraráætlun stofnunarinnar fyrir árið 2008 eru því áætlaðar 19 m.kr. til endurnýjunar húsbúnaðar stofnunarinnar. Þá áætlar Fjármálaeftirlitið 2 m.kr. í kostnað við sjálfa flutningana í rekstraráætlun sinni fyrir árið 2008.

Náðst hefur samkomulag við leigusala Fjármálaeftirlitsins um viðbótarákvæði við leigusamninga vegna núverandi húsnæðis og getur stofnunin nú sagt húsnæðinu upp með 6 mánaða fyrirvara en leigusamningarnir voru áður bundnir til ársins 2011.

10. Lokaorð.

Á undanförnum árum hefur íslenskur fjármálamarkaður vaxið hröðum skrefum og er orðin sú atvinnugrein sem leggur mest til þjóðarframleiðslunnar. Starfsemin er alþjóðleg og á sér nú stað í 20 löndum í yfir 50 starfseiningum. Þessi umsvif eru mest hjá fjármálafyrirtækjunum en aðrir aðilar eru í síauknum mæli að auka erlend umsvif sín, s.s. vátryggingafélög, fjárfestingafélög og stækkandi hlutur fjárfestinga lífeyrissjóða er erlendis. Gera má ráð fyrir að þessi þróun haldi áfram á næstu árum.

Auk þessa hafa verið uppi hugmyndir um að gera Ísland að alþjóðlegri fjármálamiðstöð, s.s. á sviði alþjóðlegra lífeyrissjóða og alþjóðlegra sjálfseignasjóða (e. trusts).

Aukið umfang og flóknari starfsemi eftirlitsskyldra aðila leggur bæði nýjar og auknar kröfur á Fjármálaeftirlitið. Þannig þarf starfsemi Fjármálaeftirlitsins að verða alþjóðlegri, það þarf að hafa þekkingu á og yfirsýn yfir starfsemi og áhættur eftirlitsskyldra aðila og að síðustu

bolmagn til þess að framfylgja settum reglum. Slíkt kallar á að Fjármálaeftirlitið hafi nægan fjölda hæfs starfsfólks.

Rekstraráætlanir Fjármálaeftirlitsins fyrir árin 2006 og 2007 gerðu ráð fyrir auknum útgjöldum og nokkurri fjölgun starfsfólks. Þetta hefur auðveldað Fjármálaeftirlitinu að takast á við verkefni sín en á sama tíma hefur starfsmannavelta verið töluverð og nokkurn tíma hefur tekið að ráða hæft fólk til starfa. Jafnframt hafa umsvif fjármálamarkaðar aukist meira en búist hefur verið við.

Í þriggja ára áætlun sem fylgdi rekstraráætlun fyrir árið 2007 var þegar fyrirséð að nokkur kostnaðaraukning yrði þegar á árinu 2008. Þetta var vegna fyrirhugaðs flutnings í nýtt húsnæði í árslok 2007 og þörf á fjölgun um 3-4 starfsmenn vegna eftirlits með verðbréfamarkaðnum og lífeyrissjóðum. Jafnframt var sagt að setja yrði fyrirvara um starfsmannafjölda varðandi þróun í umsvifum íslenskra fyrirtækja erlendis.

Við gerð rekstraráætlunar 2008 er ljóst að hækka þarf rekstrarútgjöld til að mæta auknum kröfum til Fjármálaeftirlitsins. Skýrist það fyrst og fremst af eftirfarandi:

1. Leigukostnaður vegna nýs húsnæðis, en stefnt er að því að flytja þann 1. mars 2008. Þessa var getið í síðustu þriggja ára áætlun.
2. Fjölgun starfsmanna um 10. Að mati Fjármálaeftirlitins mátti sjá fyrir mestan hluta þessarar fjölgun m.v. síðustu rekstraráætlun.
   - Verðbréfamarkaður; 3 starfsmenn vegna aukinna verkefna á grundvelli Mifid og Transparency tilskipananna, en þessa var getið í síðustu þriggja ára áætlun. Jafnframt, hafa verkefni aukist vegna alþjóðlegrar samvinnu um eftirlit með OMX.
   - Lífeyrissjóðir; 2 starfsmenn vegna aukinna verkefna við stækkandi sjóði, flóknari fjárfestingaafurðir, rýmkaðar fjárfestingaheimildir og lágmarksskipulags vegna nýrra laga um starfstengda eftirlaunasjóði. Í síðustu þriggja ára áætlun var gert ráð fyrir að fjölga þyrfti um 1 en m.v. þróun er talið að það hafi verið vanætlað.
   - Lánamarkaður; 3 starfsmenn vegna aukningar í starfsemi íslenskra fyrirtækja erlendis. Í síðustu þriggja ára áætlun var settur fyrirvari um þróun í „útrás“ íslenskra fyrirtækja.
   - Vátryggingamarkaður; 1 starfsmaður vegna aukningar í umsvifum á vátryggingamarkaði, einkum vegna nýrra tilskipanna og erlendrar starfsemi vátryggingafélaga og stórra eigenda þeirra. Viðkomandi starfsmaður myndi m.a. fá það hlutverk að fylgjast með reglum um fjármálasamsteypur. Í síðustu þriggja ára áætlun var settur fyrirvari um þróun í „útrás“ íslenskra fyrirtækja.
   - Verðbréfasjóðir; 1 starfsmaður vegna fjölgunar rekstrarfélaga undir eftirliti, aukningu fjármagns í vörslum slíkra sjóða, flóknari fjármálaafurða og fyrirsjáanlegrar markaðssetningar íslenskra sjóða erlendis. Þetta var ekki fyrirséð við gerð síðustu 3ja ára áætlunar.
3. Til að minnka starfsmannaveltu og gera Fjármálaeftirlitið samkeppnishæfara um starfsfólk er óskað eftir 16% hækkun til að mæta óvæntum útgjöldum og launaskriði og þróa árangurstengt launakerfi.

Ef litið er fram til ársins 2009 er erfitt að segja hvort að þörf verður á fleiri starfsmönnum. Engar tilskipanir virðast fyrirsjáanlegar sem kalla á slíkt nema þá helst „Solvency II“ varðandi vátryggingamarkaðinn, sem þó er óljóst. Ef litið er á aðra þætti sem óvissa er um en myndu hafa áhrif í þessu veru má nefna eftirfarandi:

- Þróun í umsvifum íslenskra fyrirtækja erlendis.
- Aukin áhersla á upplýsingatækni og upplýsingaskipti á milli landa.

– Meta þarf umsvif vinnu vegna laga nr. 55/2007 og nýrrar löggjafar um verðbréfamarkaðinn.
– Hugsanlegar lagabreytingar um sértryggð skuldabréf og fjárvörslusjóði.
– Möguleg starfsemi alþjóðlegs eftirlaunasjóðs.

Það verður seint nægilega undirstrikað að öflugt Fjármálaeftirlit er samgæði sem nýtist öllum markaðnum. Fjármálaeftirlitið gegnir veigamiklu hlutverki sem grunngerð íslenska fjármálamarkaðarins, en traust erlendra aðila á þeirri grunngerð skiptir verulegu máli fyrir starfsemi íslenskra fjármálaþjónustufyrirtækja og fjárfesta erlendis. Þetta styður síðan við samkeppnishæfni markaðarins og möguleika hans til vaxtar og arðssköpunar.

Fjármálaeftirlit á Íslandi þarf að geta sinnt alþjóðlegu hlutverki sínu og hafa til þess burði, hvort heldur sem litið er til lagaumgjarðar, hæfni starfsfólks, gæði upplýsingakerfa eða annarra atriða. Markmið þess er að vera í fremstu röð á sínu sviði eins og íslensku fjármálaþjónustufyrirtækin.

Fylgiskjal III.


Samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila:

UM REKSTRARÁÆTLUN FJÁRMÁLAEFTIRLITSINS FYRIR ÁRIÐ 2008
(28. júní 2007.)

Meðfylgjandi eru athugasemdir samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila við greinargerð um áætlað rekstrarumfang FME árið 2008 og fylgiskjal um rekstur og starfsumhverfi næstu þrjú ár, sem kynnt voru nefndinni í. júní.

Fjárhagsáætlun 2008.

1. Samráðsnefnd vill öflugt Fjármálaeftirlit á Íslandi og styður eflingu núverandi starfsemi. Samráðsnefnd telur samt meir en 50% hækkun á rekstrarkostnaði FME milli áranna 2007 og 2008 ekki réttlætanlega. Fyrir FME líkt og aðra rekstraraðila er 50% vöxtur á milli ára ærið verkefni að vinna úr.



2. Launakostnaður nemur rúmum 70 prósentum af heildarrekstrarkostnaði FME. Í drögum að rekstraráætlun fyrir árið 2008 er gert ráð fyrir 64% hækkun launakostnaðar eða um 264 millj. kr. Heildarrekstrarkostnaður hækkar um 372 millj. kr. milli ára þegar búið er

að draga frá sérstakra eingreiðslu í Lífeyrissjóð bankamanna árið 2007, sem ekki getur fallið undir hefðbundinn rekstrarkostnað eftirlitsins. Þetta nemur 61,2% hækkun milli ára.

3. Í skýrslu FME er gert ráð verulegum fjárhæðum fyrir óvænt launaútgjöld og kælisamninga. Eðlilegt er að áætla lægri fjárhæð vegna þessa þáttar, sem samt mun gefa ríflegt svigrúm. Þess ber að geta að þróunin verður líklega sú að ef starfsmenn hjá FME færa sig yfir í fjármálafyrirtæki muni fjármálafyrirtækið sjálft reiðubúið að greiða fyrir hinn svokallaða kælitíma.
4. Í skýrslu FME er gert ráð fyrir 121 millj. kr. í ný stöðugildi til þess m.a. að mæta kröfum laga nr. 55/2007. Tillaga FME myndar mikið rými til ráðningar nýrra starfsmanna og að mati samráðsnefndar er til staðar svigrúm sem dregur úr þessari hækkun.
5. Í skýrslu FME er heildarlaunakostnaður 2008 áætlaður kr. 676 millj. og stöðugildi alls 55,4. FME er að mati samraðsnefndar að greiða laun sem eru mjög samkeppnishæf í samanburði við aðili sem lúta eftirliti FME.
6. Samantekt á athugasemdum. FME er að um verulega hækkun er að ræða og að mati samráðsnefndar er hægt að rúma verkefni FME innan 50% hækkunar milli ára. Rekstrarkostnaður FME hefur hækkað verulega síðust árin og að mati samráðsnefndar ætti starfsemin að rúmast vel innan þess ramma sem FME gerir tillögur um að teknu tilliti til ábendinga samráðsnefndar.

Nýting fjármuna FME.

7. Samráðsnefnd undirstrikar mikilvægi þess að helmingshækkun til FME verði nýtt til sem best til að auka enn frekar gæði í störfum eftirlitsins. Hlutverk og ábyrgð lykilstarfsmanna og skipulag starfsemi skiptir þar miklu. Gott samstarf markaðsaðila og eftirlits er lykillinn að því að þróa samkeppnishæfan fjármálamarkað. Miklu skiptir einnig að FME skynji þarfir fjármálamarkaðarins, svo sem mikilvægi þess að leiða mál fljótt og örugglega til lykta enda er mikilvægi skjótrar ákvarðanatöku meira í fjármálastarfsemi en víðast annars staðar.

Skipting eftirlitsgjalds.

8. Samráðasnefnd fagnar áformum um að láta útgefendur verðbréfa greiði fyrir þann hluta rekstrarkostnaðar eftirlitsins sem snýr að verkefnum sem snúa að verðbréfum en ekki hefðbundnu fjármálaeftirliti, svo sem innherjaskrám, flöggunarreglum o.fl.
9. Samráðsnefnd telur eðlilegt að ríkið greiði fyrir þá beinu þjónustu sem starfsfólk FME sinnir fyrir það, s.s. í tengslum við laga- og reglusetningu. Í því felast bæði sanngirnissjónarmið auk þess sem með því móti er kostnaðaraðhald ríkisins gagnvart eftirlitinu virkara.
10. Samráðsnefnd metur mikils að FME sé farið að leggja fram tímaskiptingu starfa FME milli einstakra hópa eftirlitsskyldra aðila. Miklu skiptir að þetta sé sem skýrast þannig að kostnaðarskiptingin verði í réttum hlutföllum á hverjum tíma.

Reykjavík 28. júní 2007,
f.h. samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila,

Guðjón Rúnarsson,
formaður.

Fylgiskjal IV.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Tilgangurinn með frumvarpinu er að kveða á um álagningarstofna eftirlitsskyldra fjármálastofnana. Ár hvert skal Fjármálaeftirlitið og samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila skila viðskiptaráðherra skýrslu um umfang og útgjöld eftirlitsins. Ef niðurstaða skýrslunnar gefur tilefni til breytinga á eftirlitsgjaldi skal viðskiptaráðherra leggja fram frumvarp þar að lútandi.

Með frumvarpinu er sú breyting gerð að gert er ráð fyrir að útgefendur hlutabréfa skuli greiða fastagjald sem verði tengt virði útgefinna hlutabréfa. Í frumvarpinu er lagt til að álagningarhlutföll viðskiptabanka, sparisjóða, lánafyrirtækja, rekstrarfélaga, kauphalla og verðbréfamiðstöðva lækki en álagningarhlutföll annarra aðila, þ.e. vátryggingafélaga, vátryggingamiðlara, verðbréfafyrirtækja, verðbréfamiðlana, lífeyrissjóða og Íbúðalánasjóðs, hækki. Þá eru gerðar ýmsar breytingar lágmarks- og fastagjöldum samkvæmt frumvarpinu. Áætlað er að álagt eftirlitsgjald á árinu 2007 verði samtals 601,9 m.kr. en 915 m.kr. árið 2008 og nemur áætluð hækkun á milli ára 313,1 m.kr. eða 52%. Áætlaður rekstrarkostnaður Fjármálaeftirlitsins árið 2007 er 607,6 m.kr. en 946,1 m.kr. árið 2008 og er áætluð hækkun á milli ára 338,6 m.kr. eða 55,7%. Hækkun á rekstrarkostnaði Fjármálaeftirlitsins felst fyrst og fremst í auknum launakostnaði sem áætlað er að hækki um 263,7 m.kr. eða 64%. Gert er ráð fyrir að starfsmönnum fjölgi um tvo á þessu ári og um tíu árið 2008. Áætluð hækkun annars rekstrarkostnaðar nemur 108,3 m.kr. eða 66,8% og vegur húsnæðiskostnaðurinn þar þyngst eða um 60 m.kr.

Rekstur Fjármálaeftirlitsins er alfarið fjármagnaður með eftirlitsgjaldi sem lagt er á eftirlitsskylda aðila. Mismunurinn á áætluðum tekjum og gjöldum árið 2007 greiðist af uppsöfnuðum tekjuafgangi stofnunarinnar ásamt sértekjum. Verði frumvarpið óbreytt að lögum mun það ekki hafa áhrif á afkomu ríkissjóðs.

96. Fyrirspurn [96. mál]

til samgönguráðherra um strandsiglingar.

Frá Magnúsi Stefánssyni.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að endurvekja strandsiglingar sem hagkvæman kost til flutninga?

97. Fyrirspurn [97. mál]

til fjármálaráðherra um stimpilgjöld af lánum til húsnæðiskaupa.

Frá Magnúsi Stefánssyni.

1. Hvenær verður hætt að innheimta stimpilgjöld af lánum til húsnæðiskaupa?
2. Hve miklir fjármunir runnu í ríkissjóð vegna innheimtu stimpilgjalda af lánum til húsnæðiskaupa tímabilið 2003–2006, sundurliðað eftir árum, og hverjar eru áætlaðar tekjur ríkissjóðs af stimpilgjöldunum árið 2007?
3. Hve margir aðilar greiddu stimpilgjöld af lánum til húsnæðiskaupa á framangreindu tímabili, sundurliðað eftir árum?

98. Fyrirspurn [98. mál]

til iðnaðarráðherra um þrífösun rafmagns.

Frá Jóni Bjarnasyni.

1. Hve mörg lögbýli og þorp eiga ekki kost á tengingu við þriggja fasa rafmagn og hvernig skiptast þau eftir landshlutum?
2. Hve margir raforkukaupendur fá aðgang að þriggja fasa rafmagni árin 2006 og 2007 og hvernig skiptast þeir landfræðilega?
3. Hve miklu fé er varið á þessu ári til þrífösunar rafmagns í dreifbýli?
4. Liggur fyrir kostnaðargreind framkvæmdaáætlun og pólitísk stefnumörkun um lagningu þriggja fasa rafmagns til þeirra staða sem ekki hafa aðgang að því nú, sbr. svar iðnaðarráðherra um það efni frá 131. löggjafarþingi (104. mál)?

Skriflegt svar óskast.

99. Fyrirspurn [99. mál]

til dómsmálaráðherra um fangelsismál.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

1. Er hafinn undirbúningur af hálfu ráðherra að uppbyggingu nýs fangelsis á höfuðborgarsvæðinu í einkaframkvæmd?
2. Er hafinn undirbúningur af hálfu ráðherra að því að fela einkaaðila að reka nýtt fangelsi á höfuðborgarsvæðinu?

100. Fyrirspurn [100. mál]

til landbúnaðarráðherra um erfðabreytt aðföng í landbúnaði.

Frá Þuríði Backman.

1. Hvað líður innleiðingu reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins 1829/2003/EB, um erfðabreytt matvæli og fóður, og 1830/2003/EB, um rekjanleika og merkingar á erfðabreyttum lífverum og rekjanleika á matvæla- og fóðurvörum sem framleiddar eru af erfðabreyttum lífverum?
2. Telur ráðherra ásættanlegt að íslenskir bændur hafi, ólíkt bændum í öðrum Evrópulöndum, ekki möguleika á að velja á milli venjulegs og erfðabreytts fóðurs vegna skorts á merkingum?
3. Telur ráðherra ásættanlegt hve hátt hlutfall af innfluttum maís og soja í fóðri og til fóðurframleiðslu er erfðabreytt?
4. Telur ráðherra að notkun erfðabreytts fóðurs geti skaðað markaðssetningu íslenskra landbúnaðarvara erlendis sem töluverð vinna og fjármagn hefur verið lagt í á grundvelli þess að þær séu náttúrulegar og hreinar?
5. Er ráðherra kunnugt um að evrópskar smásöluverslanir bregðast í sívaxandi mæli við kröfum neytenda um að búfjárafurðir séu ekki af búfé sem hefur verið alið á erfðabreyttu fóðri með því að úthýsa slíkum vörum?
6. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að fylgt verði fordæmi Norðmanna í vörnum við hættum af notkun erfðatækni í landbúnaði en Norðmenn girða fyrir innflutning á erfðabreyttu fóðri, hafna umsóknum um ræktun erfðabreyttra plantna og starfrækja óháða vísindastofnun um rannsóknir á áhrifum erfðatækni?
7. Mun ráðherra beita sér fyrir upplýstri umræðu um áhrif erfðabreytts landbúnaðar á umhverfi og heilsufar?

Skriflegt svar óskast.

101. Fyrirspurn [101. mál]

til umhverfisráðherra um fjölda landvarða og vinnutímabil þeirra.

Frá Katrínu Jakobsdóttur.

1. Hvernig er landvörslu háttað í friðlöndum og á náttúruverndarsvæðum?
2. Hversu mörg eru stöðugildi landvarða, hvar eru þeir staðsettir og hvernig eru starfskraftar þeirra nýttir utan mesta ferðamannatímans?
3. Hefur ráðherra í hyggju að fjölga stöðugildum eða víkka út verksvið landvarða, t.d. með því að þeir sinni fræðsluhlutverki í skólum á þeim svæðum sem þeir starfa?
4. Er ætlunin að fjölga landvörðum utan friðlýstra svæða og skilgreindra þjóðgarða?

102. Fyrirspurn [102. mál]

til menntamálaráðherra um menntun leikskólastarfsmanna og starfsmannamál leikskóla.

Frá Katrínu Jakobsdóttur.

1. Er fyrirhugað að veita Kennaraháskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri viðbótarframlag til að þeir geti innritað fleiri nemendur í leikskólakennara- og þroskaþjálfanám í ljósi þess að uppeldismenntaðir starfsmenn á leikskólum eru enn minni hluti starfsmanna?
2. Stendur til að styrkja framhaldsskóla sérstaklega til að efla leikskólaliðanám?
3. Stendur til að mat á óformlegu námi verði skipulagt þannig að ófaglærðum starfsmönnum leikskóla gefist tækifæri til að láta meta raunfærni sína og starfsreynslu til eininga í leikskólaliða- og leikskólakennaranámi?
4. Hvernig hyggst ráðherra beita sér til að koma til móts við sveitarfélögin hvað varðar manneklu og starfsmannaveltu á leikskólum?

Skriflegt svar óskast.

103. Frumvarp til fjáraukalaga [103. mál]

fyrir árið 2007.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

A-hluti
Rekstraryfirlit ríkissjóðs

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 1. gr. fjárlaga fyrir árið 2007, sbr. sundurliðun 1 og 2:

m.kr.	Rekstrar-grunnur	Sjóðs-hreyfingar
Skatttekjur	**61.541,4**	**51.487,6**
Skattar á tekjur og hagnað	27.951,3	21.194,1
Tryggingagjöld	3.971,8	3.386,1
Eignarskattar	2.290,0	2.190,0
Skattar á vörur og þjónustu	26.283,6	23.689,0
Aðrir skattar	1.044,7	1.028,4
Aðrar rekstrartekjur	4.526,4	3.467,4
Sala eigna	5.738,2	5.768,2
Fjárframlög	55,0	55,0
Tekjur alls	**71.861,0**	**60.778,2**
Æðsta stjórn ríkisins	48,8	48,8
Forsætisráðuneyti	32,7	32,7
Menntamálaráðuneyti	1.339,1	1.339,1
Utanríkisráðuneyti	1.021,9	1.021,9
Landbúnaðarráðuneyti	321,1	321,1
Sjávarútvegsráðuneyti	441,0	441,0
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	693,3	693,3
Félagsmálaráðuneyti	1.765,8	725,8
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	1.439,8	1.439,8
Fjármálaráðuneyti	6.731,0	2.731,0
Samgönguráðuneyti	322,2	322,2
Iðnaðarráðuneyti	392,2	392,2
Viðskiptaráðuneyti	48,6	48,6
Hagstofa Íslands	0,0	0,0
Umhverfisráðuneyti	50,0	50,0
Vaxtagjöld ríkissjóðs	1.178,5	52,5
Samtals	**15.826,0**	**9.660,0**
Tekjujöfnuður	**56.035,0**	

A-hluti
Sjóðstreymi ríkissjóðs

2. gr.
Eftirtaldar breytingar verða á 2. gr. fjárlaga fyrir árið 2007:

m.kr.

Rekstrarhreyfingar	
Tekjujöfnuður	56.035,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-6.116,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:	
Viðskiptakröfur, (breyting)	-5.978,8
Viðskiptaskuldir, (breyting)	1.040,0
Handbært fé frá rekstri	**44.980,2**
Fjármunahreyfingar	
Veitt stutt lán	0,0
Veitt löng lán	525,0
Afborganir veittra lána	-200,0
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	-76.000,0
Sala hlutabréfa og eignarhluta	7.200,0
Fjármunahreyfingar samtals	**-68.475,0**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**-23.494,8**
Fjármögnun	
Tekin stutt lán	0,0
Tekin löng lán	30.900,0
Afborganir lána	-1.800,0
Fjármögnun samtals	**29.100,0**
Framlag til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins	0,0
Breyting á handbæru fé	**5.605,2**

Ýmis ákvæði

Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir

3. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 5. gr. fjárlaga fyrir árið 2007:

1. Í stað orðanna „allt að 30.000 m.kr.“ í 1. tölulið kemur: allt að 60.900 m.kr.

2. Á 2. tölulið verða eftirfarandi breytingar:
   a. Í stað orðanna „allt að 7.725 m.kr.“ í inngangsmálslið kemur: allt að 7.200 m.kr.
   b. Í stað orðanna „allt að 350 m.kr.“ í lið 2.3 kemur: allt að 100 m.kr.
   c. Liður 2.2 fellur brott.

3. Á 3. tölulið verða eftirfarandi breytingar:
   a. Í stað orðanna „allt að 20.000 m.kr.“ í lið 3.1 kemur: allt að 26.000 m.kr.
   b. Í stað orðanna „allt að 43.267 m.kr.“ í lið 3.2 kemur: allt að 58.942 m.kr.
   c. Í stað orðanna „allt að 13.942 m.kr.“ í lið 3.3 kemur: allt að 20.035 m.kr.

Ýmis ákvæði

Heimildir

4. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 6. gr. fjárlaga fyrir árið 2007:

Breyting á heimildum:

Liður 2.31 orðast svo: Að selja stóðhestastöðina í Gunnarsholti ásamt landspildum við stöðina og ráðstafa andvirðinu til Hekluskóga og til uppbyggingar á landsmótssvæðinu að Gaddastaðaflötum.

Nýir liðir:

2.32 Að selja bústað varamanns sendiherra í Stokkhólmi.

3.29 Að selja eignarhlut ríkisins í svonefndu Læknishúsi í Flatey, Reykhólahreppi.

4.60 Að selja fasteignir og landssvæði fyrrum olíustöðvar NATO í Hvalfirði.

6.25 Að kaupa landspildu við Gljúfrastein, Mosfellsbæ, vegna safnsins.
6.26 Að kaupa bústað fyrir aðalræðisskrifstofu Íslands í Þórshöfn.
6.27 Að heimila Happdrætti Háskóla Íslands að kaupa viðbótarhúsnæði fyrir starfsemi sína.

7.15 Að kaupa hlut í VistOrku hf.
7.16 Að taka þátt í hlutafjáraukningu í e-Farice ehf. sem nemi allt að 400 m.kr.
7.17 Að efla eiginfjárstöðu Byggðastofnunar sem nemi allt að 1.200 m.kr.
7.18 Að leggja hlutafélaginu Matís ohf. til allt að 150 m.kr. stofnfé.

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
	Sundurliðun 1		
	Tekjur A-hluta		
I	**Skatttekjur**		
1	**Skattar á tekjur og hagnað**		
1.1.1.1	Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla	14.900,0	14.324,0
1.1.5.1	Skattur á fjármagnstekjur einstaklinga	11.900,0	5.850,0
	Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga	**26.800,0**	**20.174,0**
1.10.2	Fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði	1.095,0	965,0
1.10.5	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	56,3	55,1
	Skattar á tekjur og hagnað, ót. annars staðar	**1.151,3**	**1.020,1**
	Skattar á tekjur og hagnað	**27.951,3**	**21.194,1**
2	**Tryggingagjöld**		
2.2.1.1	Tryggingagjald, almennt	3.348,9	2.848,0
2.2.1.5	Atvinnutryggingargjald	622,9	538,1
	Tryggingagjöld, lögaðilar	**3.971,8**	**3.386,1**
	Tryggingagjöld	**3.971,8**	**3.386,1**
3	**Skattar á launagreiðslur og vinnuafl**		
3.2	Ábyrgðargjald vegna launa	95,8	81,6
3.5	Gjald til jöfnunar og lækkunar á örorkubyrði lífeyrissjóða	1.000,0	1.000,0
	Skattar á launagreiðslur og vinnuafl	**1.095,8**	**1.081,6**
4	**Eignarskattar**		
4.3	Erfðafjárskattar, skattar á gjafafé	750,0	650,0
4.4.1	Stimpilgjöld	1.540,0	1.540,0
	Eignarskattar	**2.290,0**	**2.190,0**

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
5	**Skattar á vörur og þjónustu**		
5.1.1.1	Virðisaukaskattur	22.000,0	20.000,0
5.1.2.1.1	Vörugjald, almennt, af innfluttum vörum	920,0	733,0
5.1.2.1.5	Vörugjald, almennt, af innlendri framleiðslu	-215,0	-245,0
5.1.2.1.15	Vörugjald af innfluttum ökutækjum	2.450,0	2.340,0
5.1.2.1.25	Vörugjald af bensíni	224,0	224,0
5.1.2.1.30	Sérstakt vörugjald af bensíni	759,6	759,6
5.1.2.1.33	Olíugjald	1.430,5	1.430,5
5.1.2.1.50	Áfengisgjald	-3.718,5	-3.616,1
5.1.2.1.52	Tóbaksgjald	-130,0	-130,0
5.1.2.1.55	Ýmis vörugjöld	-160,0	-160,0
5.1.2.10	Tollar og aðflutningsgjöld	2.010,0	1.750,0
5.1.2.20	Sértækir þjónustuskattar	0,0	0,0
	Skattar á viðskipti með vörur og þjónustu	**25.570,6**	**23.086,0**
5.2.1.1.1	Bifreiðagjöld	490,0	460,0
5.2.1.5.5	Þungaskattur	206,4	206,4
5.2.2.10	Ýmis leyfi fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi	11,6	11,6
5.2.2.25	Ýmis leyfis- og skráningargjöld	-223,0	-223,0
5.2.2.25.1.2	Veiðigjald fyrir veiðiheimildir	188,0	108,0
5.2.2.25.5.9	Ýmis skráningargjöld	40,0	40,0
	Neyslu- og leyfisgjöld	**713,0**	**603,0**
	Skattar á vörur og þjónustu	**26.283,6**	**23.689,0**
6	**Aðrir skattar**		
6.1.15	Markaðsgjald	47,9	40,8
6.1.20	Framleiðslugjald af áli	-95,0	-95,0
	Aðrir skattar á atvinnurekstur	**-47,1**	**-54,2**
6.2.1	Sektir á skatttekjur	-4,0	1,0
	Aðrir skattar	**-51,1**	**-53,2**
	Skatttekjur, samtals	**61.541,4**	**51.487,6**

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
II	**Aðrar rekstrartekjur**		
8	**Arðgreiðslur og leigutekjur**		
8.2.2	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum stofnunum	44,0	44,0
8.3.1	Vaxtatekjur af skatttekjum	1.280,0	330,0
8.3.6	Vaxtatekjur af endurlánum ríkissjóðs	3.694,0	3.540,0
8.3.7	Aðrar vaxtatekjur	-379,0	-379,0
	Aðrar eignatekjur	**4.595,0**	**3.491,0**
	Arðgreiðslur og leigutekjur	**4.639,0**	**3.535,0**
9	**Ýmsar tekjur**		
9.1.1	Dómsmálagjöld o.fl.	50,0	50,0
9.1.2	Áhættugjöld fyrir ríkisábyrgðir	30,0	30,0
9.1.3.1	Afnotagjöld RÚV	-142,0	-142,0
9.1.3.25	Gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl.	0,0	0,0
9.1.3.40	Útgáfa skírteina og þinglýsingar	-70,0	-70,0
9.1.4	Önnur neyslu- og leyfisgjöld	4,4	4,4
	Neyslu- og leyfisgjöld fyrir þjónustu	**-127,6**	**-127,6**
	Ýmsar tekjur	**-127,6**	**-127,6**
10	**Sektir**		
10.1	Lögreglumannasektir og lögreglustjórasektir	280,0	250,0
10.2	Dómsektir og viðurlagaákvarðanir	50,0	125,0
	Sektir	**330,0**	**375,0**
12	**Aðrar eigna- og aukatekjur**		
12.1	Aðrar eigna- og aukatekjur	-315,0	-315,0
	Aðrar rekstrartekjur, samtals	**4.526,4**	**3.467,4**

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
III	**Sala eigna**		
13	**Sala varanlegra rekstrarfjármuna**		
13.1	Sala fasteigna	-400,0	-370,0
13.2	Söluhagnaður hlutabréfa	6.138,2	6.138,2
	Sala varanlegra rekstrarfjármuna	**5.738,2**	**5.768,2**
	Sala eigna, samtals	**5.738,2**	**5.768,2**
V	**Fjárframlög**		
18	**Fjárframlög frá opinberum aðilum**		
18.1.1	Hluti sveitarfélaga í innheimtukostnaði	75,0	75,0
18.2.1	Framlag Happdrættis HÍ til Háskóla Íslands	0,0	0,0
18.2.5	Viðbótarframlag sveitarfélaga vegna lífeyrisskuldbindinga grunnskólakennara	-20,0	-20,0
	Fjárframlög frá opinberum aðilum	**55,0**	**55,0**
	Fjárframlög, samtals	**55,0**	**55,0**
	Heildartekjur samtals	**71.861,0**	**60.778,2**

m.kr.

Sundurliðun 2

Fjármál ríkisaðila í A-hluta

00 Æðsta stjórn ríkisins

00-101 Embætti forseta Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	4,0
Stofnkostnaður:	
6.11 Bifreiðar	9,8
Gjöld samtals	**13,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	13,8

00-201 Alþingi

Almennur rekstur:	
1.01 Alþingiskostnaður	35,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	35,0

00 Æðsta stjórn ríkisins, gjöld umfram tekjur	**48,8**
Greitt úr ríkissjóði	**48,8**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

01 Forsætisráðuneyti

01-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.90 Ýmis verkefni 30,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 30,0

01-201 Fasteignir forsætisráðuneytis

Almennur rekstur:
1.01 Fasteignir forsætisráðuneytis 17,4

Viðhaldsverkefni:
5.29 Fasteignir forsætisráðuneytis ..... -10,6

Gjöld samtals **6,8**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -6,8

Gjöld umfram tekjur **0,0**

01-203 Fasteignir Stjórnarráðsins

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 6,0

Stofnkostnaður:
6.25 Nýbygging á Stjórnarráðsreit ..... -6,0

Gjöld samtals **0,0**

01-255 Minningarsafn um Halldór Laxness á Gljúfrasteini

Stofnkostnaður:

Sértekjur:
Sértekjur 2,7

Gjöld umfram tekjur **2,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2,7

	m.kr.
01 Forsætisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**32,7**
Greitt úr ríkissjóði	**32,7**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

02 Menntamálaráðuneyti

02-201 Háskóli Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Háskóli Íslands	149,0
1.13 Háskólasjóður	48,6
Almennur rekstur samtals	197,6
Stofnkostnaður:	
6.50 Byggingarframkvæmdir og tækjakaup	282,0
Gjöld samtals	**479,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	197,6
Innheimt af ríkistekjum	282,0

02-202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum

Almennur rekstur:	
1.01 Tilraunastöð Háskólans að Keldum	19,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	19,4

02-215 Kennaraháskóli Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Kennaraháskóli Íslands	16,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	16,0

02-234 Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora

Almennur rekstur:	
1.12 Launatengd gjöld	26,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	26,4

m.kr.

02-269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður

Stofnkostnaður:
6.10 Háskólinn á Akureyri 100,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 100,0

02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi

Almennur rekstur:
1.91 Háskólar, óskipt 100,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 100,0

02-319 Framhaldsskólar, almennt

Almennur rekstur:
1.14 Sérkennsla 8,5
1.90 Framhaldsskólar, óskipt 167,0
Almennur rekstur samtals 175,5

Gjöld samtals **175,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 175,5

02-355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Almennur rekstur:
1.01 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum 5,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,0

02-356 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra

Almennur rekstur:
1.01 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra 5,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,0

m.kr.

02-361 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu

Almennur rekstur:
1.01 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu 2,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2,0

02-441 Fullorðinsfræðsla fatlaðra

Almennur rekstur:
1.01 Fullorðinsfræðsla fatlaðra 6,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 6,0

02-451 Símenntun og fjarkennsla

Almennur rekstur:
1.19 Námsframboð og starfsþjálfun í framhaldsskólum og símenntunarstöðvum 100,0
1.41 Íslenskukennsla fyrir útlendinga 15,0
Almennur rekstur samtals 115,0

Gjöld samtals **115,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 115,0

02-901 Fornleifavernd ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Fornleifavernd ríkisins 8,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 8,5

02-903 Þjóðskjalasafn Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Þjóðskjalasafn Íslands 50,0

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	50,0

02-919 Söfn, ýmis framlög

Almennur rekstur:	
1.98 Söfn, ýmis framlög menntamálaráðuneytis	14,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	14,0

02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður

Stofnkostnaður:	
6.21 Endurbætur menningarstofnana	25,0
6.73 Þjóðleikhúsið	130,0
6.95 Menningarhús	85,0
Stofnkostnaður samtals	240,0
Gjöld samtals	**240,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	240,0

02-971 Ríkisútvarpið

Almennur rekstur:	
1.10 Ríkisútvarpið, afnotagjöld	-142,0
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-142,0

02-982 Listir, framlög

Almennur rekstur:	
1.57 Þátttaka í bókakaupstefnu í Frankfurt árið 2011	50,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	50,0

m.kr.

02-988 Æskulýðsmál

Almennur rekstur:
1.90 Æskulýðsmál 7,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 7,0

02-989 Ýmis íþróttamál

Almennur rekstur:
1.11 Ferðasjóður Íþróttasambands Íslands 30,0
1.22 Launasjóður stórmeistara í skák 3,0
Almennur rekstur samtals 33,0

Gjöld samtals **33,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 33,0

02-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:
1.90 Ýmis framlög 8,0
1.98 Ýmis framlög menntamálaráðuneytis 15,7
Almennur rekstur samtals 23,7

Stofnkostnaður:
6.90 Ýmis stofnkostnaðarframlög 5,0

Gjöld samtals **28,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 28,7

02 Menntamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur **1.339,1**
Greitt úr ríkissjóði **1.199,1**
Innheimt af ríkistekjum **140,0**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

03 Utanríkisráðuneyti

03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	75,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	75,0

03-215 Rekstur fyrrum varnarsvæða við Keflavíkurflugvöll

Almennur rekstur:	
1.01 Rekstur fyrrum varnarsvæða við Keflavíkurflugvöll	-128,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-128,0

03-217 Ratsjárstofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Ratstjárstofnun	280,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	280,0

03-300 Sendiráð Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Sendiráð Íslands	65,0
Viðhaldsverkefni:	
5.21 Viðhald fasteigna	23,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	47,0
6.25 Sendiherrabústaður í Berlín	19,0
6.27 Sendiherrabústaður í Kaupmannahöfn	242,2
6.28 Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn	30,0
6.29 Bústaður aðalræðismanns í Þórhöfn, Færeyjum	87,9
Stofnkostnaður samtals	426,1
Gjöld samtals	**514,1**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 514,1

03-401 Alþjóðastofnanir

Almennur rekstur:
1.10 Sameinuðu þjóðirnar, UN 40,0
1.87 Íslensk friðargæsla 200,0
Almennur rekstur samtals 240,0

Gjöld samtals **240,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 240,0

03-611 Útflutningsráð Íslands

Almennur rekstur:
1.10 Útflutningsráð Íslands 40,8

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 40,8

03 Utanríkisráðuneyti, gjöld umfram tekjur **1.021,9**
Greitt úr ríkissjóði **981,1**
Innheimt af ríkistekjum **40,8**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

04 Landbúnaðarráðuneyti

04-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.51 Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO 1,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1,6

04-262 Landbúnaðarháskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Landbúnaðarháskóli Íslands 64,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 64,0

04-311 Landgræðsla ríkisins

Almennur rekstur:
1.90 Fyrirhleðslur 23,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 23,0

04-325 Hekluskógar

Almennur rekstur:
1.01 Hekluskógar 14,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 14,0

04-801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu

Almennur rekstur:
1.01 Beinar greiðslur til bænda 50,4
1.02 Lífeyrissjóður bænda 1,8
1.05 Kynbóta- og þróunarstarfsemi 1,9
1.06 Gripagreiðslur 30,6
Almennur rekstur samtals 84,7

Gjöld samtals **84,7**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	84,7

04-805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu

Almennur rekstur:	
1.01 Beinar greiðslur til bænda	83,3
1.02 Lífeyrissjóður bænda	4,8
1.03 Jöfnunargreiðslur	1,0
1.04 Álagsgreiðslur vegna gæðastýringar	30,9
1.05 Niðurgreiðslur á ull	7,0
1.10 Þjónustu- og þróunarkostnaður	6,8
Almennur rekstur samtals	133,8
Gjöld samtals	**133,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	133,8

04 Landbúnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**321,1**
Greitt úr ríkissjóði	**321,1**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

05-101 Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa ..... -2,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -2,0

05-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.98 Ýmis framlög sjávarútvegsráðuneytisins 72,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 72,0

05-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra 2,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2,0

05-202 Hafrannsóknastofnunin

Almennur rekstur:
1.01 Hafrannsóknastofnunin 219,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 219,0

05-206 Matvælarannsóknir

Almennur rekstur:
1.01 Matvælarannsóknir 150,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 150,0

	m.kr.
05 Sjávarútvegsráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**441,0**
Greitt úr ríkissjóði	**441,0**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

06-101 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa 13,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 13,5

06-102 Stjórnartíðindi

Almennur rekstur:
1.01 Stjórnartíðindi 15,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 15,6

06-106 Þjóðskrá

Almennur rekstur:
1.01 Þjóðskrá 48,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 48,1

06-111 Kosningar

Almennur rekstur:
1.10 Kosningar 130,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 130,0

06-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.27 Slysavarnafélagið Landsbjörg 12,5
1.48 Hollvinasamtök varðskipsins Óðins 5,0
Almennur rekstur samtals 17,5

Gjöld samtals **17,5**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 17,5

06-201 Hæstiréttur

Almennur rekstur:
1.01 Hæstiréttur 8,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 8,8

06-303 Ríkislögreglustjóri

Almennur rekstur:
1.01 Ríkislögreglustjóri 79,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 82,6
Innheimt af ríkistekjum ..... -2,8

06-310 Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

Almennur rekstur:
1.01 Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu 94,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 101,6
Innheimt af ríkistekjum ..... -7,6

06-312 Lögreglustjórinn á Suðurnesjum og sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli

Almennur rekstur:
1.20 Löggæsla 106,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 106,4

06-325 Neyðarsímsvörun

Almennur rekstur:
1.10 Neyðarsímsvörun 22,5

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	22,5

06-395 Landhelgisgæsla Íslands

Almennur rekstur:	
1.90 Landhelgisgæsla Íslands	17,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	17,0

06-398 Útlendingastofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Útlendingastofnun	57,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	57,0

06-430 Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal

Almennur rekstur:	
1.05 Lögbirtingablað	4,4
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	4,4

06-434 Sýslumaðurinn í Reykjanesbæ

Almennur rekstur:	
1.01 Sýslumaðurinn í Reykjanesbæ	-28,5
Sértekjur:	
Sértekjur	28,5
Gjöld umfram tekjur	**0,0**

06-501 Fangelsismálastofnun ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Fangelsismálastofnun ríkisins	63,9

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	63,9

06-705 Kirkjumálasjóður

Almennur rekstur:	
1.10 Kirkjumálasjóður	0,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	0,3

06-735 Sóknargjöld

Almennur rekstur:	
1.10 Sóknargjöld til þjóðkirkjunnar	1,9
1.20 Sóknargjöld til annarra trúfélaga	12,2
Almennur rekstur samtals	14,1
Gjöld samtals	**14,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	14,1

06-736 Jöfnunarsjóður sókna

Almennur rekstur:	
1.10 Jöfnunarsjóður sókna	0,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	0,4

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**693,3**
Greitt úr ríkissjóði	**699,3**
Innheimt af ríkistekjum	**-6,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

07 Félagsmálaráðuneyti

07-205 Leiguíbúðir

Stofnkostnaður:
6.21 Leiguíbúðir 1.100,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 60,0
Viðskiptahreyfingar 1.040,0

07-400 Barnaverndarstofa

Almennur rekstur:
1.20 Heimili fyrir börn og unglinga 9,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 9,0

07-700 Málefni fatlaðra

Almennur rekstur:
1.90 Ýmis verkefni 38,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 38,0

07-701 Málefni fatlaðra, Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 98,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 98,0

07-722 Sólheimar í Grímsnesi

Almennur rekstur:
1.70 Sólheimar í Grímsnesi 5,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,0

m.kr.

07-750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins 41,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 41,3

07-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Almennur rekstur:
1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, lögbundin framlög 1.144,0
1.11 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, sérstök viðbótarframlög 700,0
Almennur rekstur samtals 1.844,0

Gjöld samtals **1.844,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.844,0

07-980 Vinnumálastofnun

Almennur rekstur:
1.01 Vinnumálastofnun 55,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -40,0

Gjöld umfram tekjur **15,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 15,0

07-982 Ábyrgðasjóður launa

Almennur rekstur:
1.01 Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota 40,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 40,0

m.kr.

07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður

Almennur rekstur:	
1.11 Atvinnuleysisbætur	-1.313,0
1.25 Styrkir til fiskvinnslustöðva	77,0
1.41 Framlög og styrkir	15,0
1.81 Vaxtatekjur	140,0
Almennur rekstur samtals	-1.081,0
Gjöld samtals	**-1.081,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-640,0
Gjöld umfram tekjur	**-1.721,0**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-1.721,0

07-987 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga

Almennur rekstur:	
1.10 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga	-7,0
Sértekjur:	
Sértekjur	7,0
Gjöld umfram tekjur	**0,0**

07-989 Fæðingarorlof

Almennur rekstur:	
1.01 Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar	40,0
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	40,0

07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:	
1.48 Nýbúamiðstöð á Vestfjörðum	6,5
1.59 Til sveitarfélaga sem verða fyrir aflasamdrætti	250,0
Almennur rekstur samtals	256,5
Gjöld samtals	**256,5**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	256,5
07 Félagsmálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**1.765,8**
Greitt úr ríkissjóði	**2.366,8**
Innheimt af ríkistekjum	**-1.641,0**
Viðskiptahreyfingar	**1.040,0**

m.kr.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

08-101 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	10,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	10,0

08-203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð

Almennur rekstur:	
1.15 Umönnunargreiðslur	70,0
1.21 Makabætur og umönnunarbætur	40,0
1.41 Heimilisuppbót	-110,0
Almennur rekstur samtals	0,0
Gjöld samtals	**0,0**

08-204 Lífeyristryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Ellilífeyrir	70,0
1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega	408,0
1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega	75,0
Almennur rekstur samtals	553,0
Gjöld samtals	**553,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-380,5
Innheimt af ríkistekjum	933,5

08-206 Sjúkratryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Lækniskostnaður	334,0
1.15 Lyf	500,0
Almennur rekstur samtals	834,0
Gjöld samtals	**834,0**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 834,0

08-305 Lýðheilsustöð

Almennur rekstur:

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 34,7
Innheimt af ríkistekjum ..... -34,7

08-326 Sjónstöð Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Sjónstöð Íslands 11,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 11,5

08-373 Landspítali - háskólasjúkrahús

Almennur rekstur:
1.01 Landspítali - háskólasjúkrahús ..... -63,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -63,4

08-379 Sjúkrahús, óskipt

Almennur rekstur:
1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa ..... -5,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -5,0

08-386 Vistun ósakhæfra afbrotamanna

Almennur rekstur:
1.10 Vistun ósakhæfra afbrotamanna 20,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 20,0

m.kr.

08-388 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið

Almennur rekstur:
1.10 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið 30,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 30,0

08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:
1.31 Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit 1,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1,7

08-500 Heilsugæslustöðvar, almennt

Almennur rekstur:
1.10 Heilsugæslustöðvar, almennt 9,0

Stofnkostnaður:
6.21 Bygging heilsugæslustöðva 20,0

Gjöld samtals **29,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 29,0

08-506 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu 10,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 10,0

08-721 Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 2,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2,0

m.kr.

08-725 Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 4,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 4,0

08-777 Heilbrigðisstofnun Austurlands

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 1,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1,5

08-791 Heilbrigðisstofnun Suðurnesja

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 1,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1,5

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur 1.439,8
Greitt úr ríkissjóði 541,0
Innheimt af ríkistekjum 898,8
Viðskiptahreyfingar 0,0

m.kr.

09 Fjármálaráðuneyti

09-391 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða

Almennur rekstur:

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	-1.000,0
Innheimt af ríkistekjum	1.000,0

09-405 Fasteignagjöld af húsnæði ríkisins

Almennur rekstur:

1.01 Fasteignagjöld af húsnæði ríkisins	400,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	400,0

09-711 Afskriftir skattkrafna

Almennur rekstur:

1.11 Afskriftir skattkrafna	4.000,0

Fjármögnun:

Viðskiptahreyfingar	4.000,0

09-721 Fjármagnstekjuskattur

Almennur rekstur:

1.11 Fjármagnstekjuskattur	1.095,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	1.095,0

09-981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs

Viðhaldsverkefni:

5.25 Viðhald fasteigna á svæðum sem verða fyrir aflasamdrætti	333,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	333,0

m.kr.

09-984 Fasteignir ríkissjóðs

Viðhaldsverkefni:
5.21 Viðhald fasteigna 10,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 10,0

09-985 Rekstur fyrrum varnarsvæða við Keflavíkurflugvöll

Almennur rekstur:
1.01 Rekstur fyrrum varnarsvæða við Keflavíkurflugvöll 280,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 280,0

09-989 Launa- og verðlagsmál

Almennur rekstur:
1.90 Launa- og verðlagsmál 518,4

Sértekjur:
Sértekjur ..... -18,4

Gjöld umfram tekjur 500,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 500,0

09-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:
1.90 Ýmis verkefni 113,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 113,0

09 Fjármálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur 6.731,0
Greitt úr ríkissjóði 1.731,0
Innheimt af ríkistekjum 1.000,0
Viðskiptahreyfingar 4.000,0

m.kr.

10 Samgönguráðuneyti

10-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.19 Útgáfa ökuskírteina	-15,9
1.44 Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu	40,0
1.98 Ýmis framlög samgönguráðuneytis	28,0
Almennur rekstur samtals	52,1
Gjöld samtals	**52,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	52,1

10-211 Rekstur Vegagerðarinnar

Almennur rekstur:	
1.11 Styrkir til ferja og sérleyfishafa	343,5
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	343,5

10-471 Flugmálastjórn Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Flugmálastjórn Íslands	125,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	125,7

10-475 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta

Almennur rekstur:	
1.01 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta	-19,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-19,1

10-521 Fjarskiptasjóður

Almennur rekstur:

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-140,0
Gjöld umfram tekjur	**-140,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-140,0

10-651 Ferðamálastofa

Almennur rekstur:	
1.05 Landkynningarskrifstofur erlendis	-31,0
1.15 Samstarfssamningar við Grænland og Færeyjar	-9,0
Almennur rekstur samtals	-40,0
Gjöld samtals	**-40,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-40,0

10 Samgönguráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**322,2**
Greitt úr ríkissjóði	**-21,3**
Innheimt af ríkistekjum	**343,5**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

11 Iðnaðarráðuneyti

11-101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	-2,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-2,2

11-102 Einkaleyfastofan

Almennur rekstur:	
1.01 Einkaleyfastofan	2,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	7,9
Innheimt af ríkistekjum	-5,7

11-201 Iðntæknistofnun Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Iðntæknistofnun Íslands	-213,7
Sértekjur:	
Sértekjur	125,5
Gjöld umfram tekjur	**-88,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-88,2

11-203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins

Almennur rekstur:	
1.01 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	-130,0
Sértekjur:	
Sértekjur	87,8
Gjöld umfram tekjur	**-42,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-42,2

m.kr.

11-205 Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Nýsköpunarmiðstöð Íslands 436,9

Sértekjur:
Sértekjur ..... -213,3

Gjöld umfram tekjur **223,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 223,6

11-301 Orkustofnun

Almennur rekstur:
1.01 Orkustofnun 66,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 66,0

11-375 Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku

Almennur rekstur:
1.11 Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku 15,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 15,0

11-399 Ýmis orkumál

Almennur rekstur:
1.12 Jarðhitaleit 50,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 50,0

11-401 Byggðaáætlun

Almennur rekstur:
1.10 Byggðaáætlun 60,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 60,0

m.kr.

11-411 Byggðastofnun

Almennur rekstur:
1.11 Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni 108,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 108,0

11 Iðnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur 392,2
Greitt úr ríkissjóði 397,9
Innheimt af ríkistekjum ..... -5,7
Viðskiptahreyfingar 0,0

m.kr.

12 Viðskiptaráðuneyti

12-101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa 38,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 38,6

12-411 Samkeppniseftirlitið

Almennur rekstur:
1.01 Samkeppniseftirlitið 10,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 10,0

12 Viðskiptaráðuneyti, gjöld umfram tekjur 48,6
Greitt úr ríkissjóði 48,6
Innheimt af ríkistekjum 0,0
Viðskiptahreyfingar 0,0

m.kr.

14 Umhverfisráðuneyti

14-101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa	5,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5,4

14-211 Umhverfisstofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Umhverfisstofnun	123,6
Viðhaldsverkefni:	
5.41 Þjóðgarðar og friðlýst svæði	-70,6
Gjöld samtals	**53,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-25,4
Gjöld umfram tekjur	**27,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	27,6

14-287 Úrvinnslusjóður

Almennur rekstur:	
1.10 Úrvinnslusjóður	-110,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-50,0
Gjöld umfram tekjur	**-160,0**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-160,0

14-381 Ofanflóðasjóður

Stofnkostnaður:	
6.60 Ofanflóðasjóður	260,0

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -100,0

Gjöld umfram tekjur **160,0**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 160,0

14-401 Náttúrufræðistofnun Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Náttúrufræðistofnun Íslands 6,0

Stofnkostnaður:
6.11 Bifreiðar 3,0

Gjöld samtals **9,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 9,0

14-410 Veðurstofa Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Almenn starfsemi 5,0

Stofnkostnaður:
6.11 Bifreiðar 3,0

Gjöld samtals **8,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 8,0

14 Umhverfisráðuneyti, gjöld umfram tekjur **50,0**
Greitt úr ríkissjóði **50,0**
Innheimt af ríkistekjum **0,0**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

19-801 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Almennur rekstur:	
1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs	1.178,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	52,5
Viðskiptahreyfingar	1.126,0

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs, gjöld umfram tekjur	**1.178,5**
Greitt úr ríkissjóði	**52,5**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**1.126,0**

m.kr.

Séryfirlit 1

Málaflokkar gjalda í A-hluta 2007

01.	**Almenn opinber þjónusta**	
01.1	Opinber þjónusta	
	01.1.1 Æðsta stjórnsýsla ríkisins	78,8
	01.1.2 Fjármálastjórnsýsla	113,0
	01.1.3 Utanríkisstjórnsýsla	829,1
	Samtals	**1.020,9**
01.3	Opinberar frumrannsóknir	
	01.3.1 Frumrannsóknir í raunvísindum	9,0
	Samtals	**9,0**
01.4	Önnur almenn opinber þjónusta	
	01.4.3 Önnur almenn opinber þjónusta	943,1
	Samtals	**943,1**
Almenn opinber þjónusta samtals		**1.973,0**
03.	**Löggæsla og öryggismál**	
03.1	Löggæsla og brunavarnir	
	03.1.1 Löggæsla	354,2
	Samtals	**354,2**
03.2	Dómstólar	22,3
03.3	Fangelsi	63,9
03.4	Önnur réttar- og öryggismál	630,0
Löggæsla og öryggismál samtals		**1.070,4**
04.	**Fræðslumál**	
04.2	Framhaldsskólastig	
	04.2.1 Almennt framhaldsskólastig	302,5
	Samtals	**302,5**
04.3	Æðra skólastig	
	04.3.1 Háskólastig	805,4
	Samtals	**805,4**

	m.kr.
04.6 Önnur fræðslumál, óta.	11,0
Fræðslumál samtals	**1.118,9**
05. Heilbrigðismál	
05.1 Sjúkrahúsaþjónusta	
05.1.1 Almenn sjúkrahúsaþjónusta	-68,4
05.1.2 Sérstæð sjúkrahúsaþjónusta	50,0
Samtals	**-18,4**
05.2 Heilsugæsla	
05.2.1 Almenn heilsugæsla	382,0
05.2.2 Sérstæð heilsugæsla	11,5
Samtals	**393,5**
05.4 Lyf og hjálpartæki	500,0
05.6 Önnur heilbrigðismál	11,7
Heilbrigðismál samtals	**886,8**
06. Almannatryggingar og velferðarmál	
06.1 Almannatryggingar	
06.1.1 Sjúkra-, mæðra- og örorkubætur	40,0
06.1.3 Elli-, örorku- og ekkjulífeyrir	483,0
06.1.4 Atvinnuleysisbætur	-1.721,0
06.1.5 Fjölskyldu- og barnabætur	70,0
Samtals	**-1.128,0**
06.2 Velferðarmál	
06.2.1 Barna- og unglingaheimili	9,0
06.2.3 Málefni fatlaðra	182,3
06.2.4 Önnur velferðarheimili	6,5
Samtals	**197,8**
Almannatryggingar og velferðarmál samtals	**-930,2**
07. Húsnæðis- og skipulags- og hreinsunarmál	
07.1 Húsnæðis- og skipulagsmál	
07.1.1 Húsnæðismál	1.100,0
07.1.2 Skipulagsmál	33,0
Samtals	**1.133,0**

		m.kr.
07.3	Hreinsunarmál	
	07.3.1 Almenn hreinsunarmál	-160,0
	Samtals	**-160,0**
Húsnæðis- og skipulags- og hreinsunarmál samtals		**973,0**
08.	**Menningarmál**	
08.0	Menningarmál	
	08.0.1 Æskulýðs-, íþrótta- og útivistarmál	40,0
	08.0.2 Söfn, listir o.fl.	365,2
	08.0.3 Fjölmiðlar	-142,0
	08.0.4 Kirkjumál	14,8
	08.0.5 Önnur menningarmál	23,7
	Samtals	**301,7**
Menningarmál samtals		**301,7**
09.	**Eldsneytis- og orkumál**	
09.2	Orkumál	
	09.2.1 Raforkumál	65,0
	09.2.3 Orkumál	66,0
	Samtals	**131,0**
Eldsneytis- og orkumál samtals		**131,0**
10.	**Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál**	
10.1	Landbúnaðarmál	
	10.1.1 Jarðræktarmál	23,0
	10.1.3 Tekju- og verðlagsmál landbúnaðar	218,5
	10.1.7 Önnur landbúnaðarmál	1,6
	Samtals	**243,1**
10.2	Skógræktarmál	14,0
10.3	Sjávarútvegsmál	
	10.3.4 Rannsóknar- og þróunarstarfsemi	369,0
	10.3.7 Önnur sjávarútvegsmál	72,0
	Samtals	**441,0**
Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál samtals		**698,1**

	m.kr.
11. Iðnaðarmál	
11.2 Iðnaðarstarfsemi	133,2
11.3 Byggingarstarfsemi	-42,2
Iðnaðarmál samtals	**91,0**
12. Samgöngumál	
12.1 Landsamgöngur	
12.1.2 Umferðarmál	-15,9
Samtals	**-15,9**
12.4 Loftsamgöngur	
12.4.2 Önnur loftsamgöngumál	106,6
Samtals	**106,6**
12.7 Önnur samgöngumál	271,5
Samgöngumál samtals	**362,2**
13. Önnur útgjöld vegna atvinnuvega	
13.2 Ferðaþjónusta	-40,0
13.4 Ýmsar þjónustustofnanir ríkisins	99,6
13.5 Almenn launa- og atvinnumál	55,0
13.6 Önnur atvinnumál	168,0
Önnur útgjöld vegna atvinnuvega samtals	**282,6**
14. Önnur útgjöld ríkissjóðs	
14.0 Önnur útgjöld ríkissjóðs	
14.0.1 Vaxta- og lántökukostnaður	1.178,5
14.0.2 Tilfærslur til annarra opinbera aðila	2.094,0
14.0.3 Önnur þjónusta	5.595,0
Samtals	**8.867,5**
Önnur útgjöld ríkissjóðs samtals	**8.867,5**
Heildargjöld samtals	**15.826,0**

Séryfirlit 2

Hagræn skipting gjalda í A-hluta 2007

m.kr.

Rekstrargjöld	
Laun	1.895,8
Lífeyrisskuldbindingar	0,0
Önnur gjöld	3.506,3
Sértekjur	-710,8
Rekstrargjöld samtals	**4.691,3**
Fjármagnskostnaður	**1.178,5**
Rekstrar- og neyslutilfærslur	
Afskriftir skattkrafna	4.000,0
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	1.844,0
Leiguíbúðir	1.100,0
Sjúkratryggingar	819,0
Lífeyristryggingar	553,0
Styrkir til ferja og sérleyfishafa	343,5
Félagsmál, ýmis starfsemi	256,5
Alþjóðastofnanir	240,0
Atvinnuleysistryggingasjóður	-1.221,0
Aðrar neyslu- og rekstrartilfærslur	-434,9
Neyslu og rekstrartilfærslur samtals	**7.500,1**
Viðhald	
Vegakerfi	0,0
Annað	253,2
Viðhald samtals	**253,2**
Fjárfesting	
Heilbrigðisstofnanir	20,0
Háskólar og framhaldskólar	382,0
Annað	1.800,9
Fjárfesting samtals	**2.202,9**
Gjöld samtals	**15.826,0**

Séryfirlit 3

Markaðar tekjur 2007

m.kr		Sjóðs-hreyfingar
03-611	**Útflutningsráð Íslands**	
	Markaðsgjald	40,8
	Greitt úr ríkissjóði	40,8
06-303	**Ríkislögreglustjóri**	
	Áfengiseftirlitsgjald til Ríkislögreglustjóra	-2,8
	Greitt úr ríkissjóði	-2,8
06-310	**Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu**	
	Áfengiseftirlitsgjald til Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu	-7,6
	Greitt úr ríkissjóði	-7,6
07-982	**Ábyrgðasjóður launa**	
	Ábyrgðargjald vegna launa	81,6
	Greitt úr ríkissjóði	40,0
	Viðskiptahreyfing	41,6
07-984	**Atvinnuleysistryggingasjóður**	
	Hluti Atvinnuleysistryggingasjóðs í atvinnutryggingargjaldi	521,5
	Greitt úr ríkissjóði	-1.721,0
	Viðskiptahreyfing	2.242,5
07-987	**Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga**	
	Hluti Tryggingasj. sjálfst. starfandi einstakl. í atvinnutryggingargjaldi.	16,6
	Greitt úr ríkissjóði	0,0
	Viðskiptahreyfing	16,6
07-989	**Fæðingarorlof**	
	Tryggingagjald, almennt, hluti Fæðingarorlofssjóðs	907,8
	Greitt úr ríkissjóði	40,0
	Viðskiptahreyfing	867,8
08-204	**Lífeyristryggingar**	
	Tryggingagjald, almennt, hluti lífeyristrygginga	1.933,5
	Greitt úr ríkissjóði	933,5
	Viðskiptahreyfing	1.000,0
08-305	**Lýðheilsustöð**	
	Hlutdeild Forvarnasjóðs í áfengisgjaldi	-34,7
	Greitt úr ríkissjóði	-34,7

08-402	**Framkvæmdasjóður aldraðra**	
	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	55,1
	Greitt úr ríkissjóði	0,0
	Viðskiptahreyfing	55,1
09-391	**Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða**	
	Gjald til jöfnunar og lækkunar á örorkubyrði lífeyrissjóða	1.000,0
	Greitt úr ríkissjóði	1.000,0
10-211	**Rekstur Vegagerðarinnar**	
	Olíugjald til reksturs Vegagerðarinnar	343,5
	Þungaskattur af díselbifreiðum, km-gjald, til reksturs Vegagerðarinnar	206,4
	Greitt úr ríkissjóði	343,5
	Viðskiptahreyfing	206,4
10-212	**Framkvæmdir Vegagerðarinnar**	
	Sérstakt vörugjald af blýlausu bensíni til framkvæmda Vegagerðarinnar	759,6
	Olíugjald til framkvæmda Vegagerðarinnar	1.087,0
	Greitt úr ríkissjóði	0,0
	Viðskiptahreyfing	1.846,6
11-299	**Iðja og iðnaður, framlög**	
	Tryggingagjald, almennt, hluti Staðlaráðs	5,9
	Greitt úr ríkissjóði	0,0
	Viðskiptahreyfing	5,9
12-190	**Ýmis verkefni**	
	Tryggingagjald, almennt, hluti Ice-Pro nefndar	0,8
	Greitt úr ríkissjóði	0,0
	Viðskiptahreyfing	0,8
14-287	**Úrvinnslusjóður**	
	Úrvinnslugjald	-160,0
	Greitt úr ríkissjóði	-160,0
14-381	**Ofanflóðasjóður**	
	Ofanflóðasjóðsgjald	0,0
	Greitt úr ríkissjóði	160,0
	Viðskiptahreyfing	-160,0
	Heildartekjur	**6.755,0**
	Heildargreiðslur úr ríkissjóði	**631,7**
	Mismunur	**6.123,3**
	Þar af viðskiptahreyfingar	**6.123,3**

Séryfirlit 4

Aðrar rekstrartekjur stofnana 2007

m.kr		Sjóðs-hreyfingar
02-201	**Háskóli Íslands**	
	Framlag Happdrættis HÍ til Háskóla Íslands	0,0
	Greitt úr ríkissjóði	282,0
	Viðskiptahreyfing	-282,0
02-971	**Ríkisútvarpið**	
	Afnotagjöld RÚV	-142,0
	Greitt úr ríkissjóði	-142,0
06-430	**Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal**	
	Auglýsingar í Lögbirtingablaði	4,4
	Greitt úr ríkissjóði	4,4
11-102	**Einkaleyfastofan**	
	Gjöld fyrir vörumerki	0,0
	Greitt úr ríkissjóði	-5,7
	Viðskiptahreyfing	5,7
	Heildartekjur	**-137,6**
	Heildargreiðslur úr ríkissjóði	**138,7**
	Mismunur	**-276,3**
	Þar af viðskiptahreyfingar	**-276,3**

Séryfirlit 5

Lögbundin framlög 2007

m.kr		Sjóðs-hreyfingar
02-201	**Háskóli Íslands**	
	Háskólasjóður	48,6
	Greitt úr ríkissjóði	48,6
06-705	**Kirkjumálasjóður**	
	Kirkjumálasjóður	0,3
	Greitt úr ríkissjóði	0,3
06-735	**Sóknargjöld**	
	Sóknargjöld	14,1
	Greitt úr ríkissjóði	14,1
06-736	**Jöfnunarsjóður sókna**	
	Jöfnunarsjóður sókna	0,4
	Greitt úr ríkissjóði	0,4
07-801	**Jöfnunarsjóður sveitarfélaga**	
	Lögbundið framlag	1.144,0
	Greitt úr ríkissjóði	1.144,0
	Lögbundin framlög alls	**1.207,4**
	Heildargreiðslur úr ríkissjóði	**1.207,4**

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur

Með frumvarpi þessu er lögð fyrir Alþingi endurskoðuð tekjuáætlun og tillögur um breytingar á fjárheimildum ýmissa fjárlagaliða ársins 2007 í samræmi við endurmat á helstu forsendum fjárlaga, einkum þjóðhagsforsendum, og framvindu ríkisfjármálanna það sem af er árinu. Tillögurnar í frumvarpinu taka einnig eftir atvikum mið af nýrri lagasetningu á árinu, óvissum og ófyrirséðum útgjöldum og ákvörðunum ríkisstjórnarinnar um ný útgjöld.

Endurskoðuð áætlun um afkomu árið 2007. Samkvæmt fjárlögum ársins 2007 var áætlað að rekstur ríkissjóðs skilaði afgangi á árinu sem næmi 9,1 milljarði króna. Sú áætlun hefur nú verið endurskoðuð í ljósi nýrra upplýsinga um þróun tekjustofna og útgjalda málaflokka og með hliðsjón af nýrri þjóðhagsspá sem fjármálaráðuneytið birti í byrjun október. Það endurmat felur í sér talsverðar breytingar á helstu stærðum ríkisfjármálanna frá fyrri áætlun. Mesta breytingin snýr að tekjuhlið ríkissjóðs en nú er talið að heildartekjurnar verði um 448,2 milljarðar króna eða tæpum 72 milljörðum hærri en reiknað var með í fjárlögum. Þá er gert ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs verði um 382 milljarðar króna á árinu eða um 15 milljörðum hærri en gert var ráð fyrir við afgreiðslu fjárlaga. Er því áætlað að tekjuafgangur ríkissjóðs verði 66 milljarðar króna eða því sem næst 57 milljörðum meiri en í fjárlögum. Nánar er fjallað um helstu breytingar á bæði tekju- og gjaldahliðinni og skýringar á þeim í sérstökum köflum hér á eftir.

Í milljörðum króna á verðlagi hvers árs	Fjárlög 2007	Áætlun 2007	Breyting frá fjárlögum
Tekjur	376,4	448,2	71,8
Gjöld	367,3	382,2	14,9
Tekjujöfnuður	**9,1**	**66,0**	**56,9**
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-2,4	-13,4	-11,0
Handbært fé frá rekstri	**6,7**	**52,6**	**45,9**
Fjármunahreyfingar	3,0	-65,5	-68,5
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**9,7**	**-12,9**	**-22,6**

Breytingar á sjóðstreymi ríkissjóðs. Endurskoðuð áætlun um sjóðstreymi felur í sér talsvert miklar breytingar á fjármunahreyfingum og lánsfjárráðstöfunum ríkissjóðs frá því sem áformað var í fjárlögum. Nú eru horfur á að handbært fé frá rekstri ríkissjóðs verði tæplega 53 milljarðar króna á árinu 2007. Sú útkoma er nærri 46 milljörðum króna betri árangur en gert var ráð fyrir í fjárlögum þrátt fyrir um 11 milljarða hækkun á rekstrarliðum sem ekki teljast til sjóðstreymis og dragast því frá tekjuafganginum. Þar af eru 4 milljarðar gjaldfærsla á afskrifuðum skattkröfum og um 6 milljarðar hagnaður af sölu eigna. Þá er áætlað að útstreymi vegna fjármunahreyfinga verði um 65,5 milljarðar króna en við setningu fjárlaga var gert ráð fyrir 3 milljarða innstreymi þannig að viðsnúningurinn nemur um 68,5 milljörðum. Skýrist það að mestu af auknum eiginfjárframlögum og kaupum og sölu á eignarhlutum. Mest munar um 44 milljarða af innistæðum ríkisins í Seðlabankanum sem ákveðið var að nýta til að styrkja eiginfjárstöðu bankans í ljósi þeirrar miklu stækkunar sem orðið hefur á fjármálamarkaðinum hér á landi undanfarin misseri. Í öðru lagi færast á þetta ár 30,3 milljarða króna kaup á eignarhlutum sveitarfélaga í Landsvirkjun, sem gert hafði verið ráð fyrir að færð yrðu til bókar á árinu 2006 eins og fram kom í fjáraukalögum fyrir það ár. Í þriðja lagi er um að ræða 1.200 m.kr. stofnfjárframlag til Byggðastofnunar vegna mótvægisaðgerða ríkisstjórnarinnar í tengslum við aflasamdrátt og 400 m.kr. hlutafjáraukningu í félaginu e-Farice vegna lagningu nýs ljósleiðarastrengs til Evrópu. Á móti vegur að sala á eignarhluta í Hitaveitu Suðurnesja skilar ríkissjóði 7,2 milljörðum króna. Þessu til viðbótar verða veitt lán úr ríkissjóði 525 m.kr. minni en áformað var en á móti verða afborganir í ríkissjóð af veittum lánum lægri en áætlað var í fjárlögum. Að samanlögðu verður lánsfjárjöfnuður neikvæður um nálægt 13 milljarða króna í stað tæplega 10 milljarða afgangs samkvæmt fjárlögum. Við það bætist 4 milljarða króna framlag til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, sem er óbreytt frá fjárlögum. Þá breytist fjármögnun ríkissjóðs á þá leið að greiddir eru niður 1,8 milljarðar króna af skuldum umfram áætlun fjárlaga og að lántökur eru auknar um 30,9 milljarða. Sú lántaka er svo til öll vegna kaupa á eignarhlut í Landsvirkjun. Gangi þessar áætlanir eftir mun staða ríkissjóðs við Seðlabankann batna um 9,5 milljarða króna sem er 5,6 milljörðum meira en í forsendum fjárlaga.

Vakin er athygli á því að fjárheimildirnar sem gerð er tillaga um í 1. gr. frumvarpsins eru um 900 m.kr. hærri en endurskoðuð áætlun um gjaldfærð útgjöld ársins samkvæmt töflu um afkomu ríkissjóðs hér fyrir ofan. Þessi mismunur skýrist af fjárheimildum sem ekki er gert ráð fyrir eigi sér samsvörun með gjaldfærslu í ríkisreikning ársins 2007. Þar er annars vegar um að ræða umframgjöld tiltekinna stofnana og verkefna sem þegar hafa verið færð til gjalda í reikningum fyrri ára en veita þarf þó fjárheimildir fyrir til að mæta neikvæðri stöðu sem flyst til þessa árs. Hins vegar er gert ráð fyrir að við uppgjör í lok ársins geti komið fram umframgjöld að nokkru marki sem færast þá til komandi árs eða að gengið er á afgangsheimildir frá fyrri árum. Á sama hátt er reiknað með að ekki verði allar fjárheimildir ársins nýttar að fullu af ýmsum orsökum, s.s. vegna tafa í framkvæmdum, heldur færist þær þá til næsta árs.

Hér á eftir er fjallað um áætlaðar breytingar á tekjum, gjöldum og lánsfjármálum ríkissjóðs miðað við fjárlög 2007 og þær breytingar á fjárlögum 2007 sem lagðar eru til með frumvarpinu.

Tekjur A-hluta

Í þessum kafla er fjallað um tekjuhorfur fyrir árið 2007. Farið er yfir tekjur ríkissjóðs á árinu 2007 í tengslum við helstu forsendur þjóðhagsspár og helstu frávik frá fjárlögum.

	Fjárlög 2007 [1]	Áætlun 2007 [2]	Frávik frá fjárlögum
I. Helstu þjóðhagsstærðir, magnbreytingar - %			
Einkaneysla	-1,8	2,1	3,9
Samneysla	2,1	2,8	0,7
Fjárfesting	-21,6	-22,2	-0,6
Þjóðarútgjöld alls	-6,4	-5,2	1,2
Útflutningur vöru og þjónustu	10,1	8,7	-1,4
Innflutningur vöru og þjónustu	-9,4	-9,8	-0,4
Verg landsframleiðsla	1,0	0,7	-0,3
Viðskiptajöfnuður, % af landsframleiðslu	-10,7	-15,2	-4,5
II. Launa- og verðlagsforsendur, meðalbreytingar - %			
Ráðstöfunartekjur á mann	8,5	9,8	1,3
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann	3,8	5,1	1,3
Vísitala neysluverðs	3,0	4,5	1,5
Gengisvísitala	3,2	-2,1	-5,3
Atvinnuleysi, hlutfall af mannafla	2,1	1,1	-1,0

[1] Þjóðhagsspá útgefin í nóvember 2006.

[2] Þjóðhagsspá útgefin í október 2007.

Tekjuhorfur 2007. Í fjárlögum ársins 2007 var gert ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs yrðu 376 milljarðar króna. Við endurskoðun á tekjuáætlun ríkissjóðs 2007 er horft til þróunar innheimtu það sem af er af árinu, niðurstöðu ríkisreiknings fyrir árið 2006 og breyttra efnahagsforsendna. Er nú gert ráð fyrir að heildartekjurnar verði 72 milljörðum króna meiri en ætlað var í fjárlögum og nemi 448 milljörðum króna. Þar af eru skatttekjur taldar verða 61,5 milljarði meiri en í fjárlögum, vaxtatekjur 4,6 milljörðum meiri og tekjur af sölu eigna 5,7 milljörðum meiri. Áætlað er að beinir skattar á tekjur og hagnað verði 28 milljörðum króna meiri en í fjárlögum, og þar af verði tekjuskattur einstaklinga 15 milljörðum meiri og fjármagnstekjuskattur 12 milljörðum meiri. Af 26 milljarða króna hækkun

áætlunar um óbeina skatta á árinu má rekja 22 milljarða til meiri tekna af virðisaukaskatti en reiknað var með. Viðvarandi þróttur efnahagslífsins er meginskýring enduráætlunar tekna ríkissjóðs til hækkunar en gagnstætt því sem reiknað var með við áætlun fjárlaga hefur einkaneysla aukist og atvinnuleysi minnkað á árinu. Laun hafa hækkað meira en áætlað var í upphafi árs og starfandi fólki haldið áfram að fjölga, m.a. vegna aðstreymis erlends vinnuafls. Hlutfall skatttekna af landsframleiðslu er nú talið verða 33,0% á árinu en var 32,4% árið 2006.

Í nýrri þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins fyrir árið 2007 er reiknað með að hagvöxtur verði 0,7% en hann var áætlaður 1,0% í fjárlögum. Verg landsframleiðsla er þó áætluð 50 milljörðum meiri en gert var ráð fyrir. Skýringin á því er að hluta til sú að landsframleiðsla ársins 2006 var, samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu, nokkru meiri en reiknað var með. Verðbólguhorfur ársins eru nú taldar vera hærri en reiknað var með við setningu fjárlaga, eða 4,5% verðbólga að meðaltali milli áranna 2006 og 2007 í stað 3%. Nú er spáð 5,2% samdrætti þjóðarútgjalda á árinu 2007, einkum vegna þriðjungs samdráttar í fjárfestingu atvinnuveganna í kjölfar loka mikilla stóriðjuframkvæmda. Fjárfesting í íbúðarhúsnæði hefur þó haldið áfram að aukast á árinu og er hún talin verða 6% meiri en í fyrra. Einkaneysla hefur reynst mun kröftugri en ráð var fyrir gert, með raunaukningu milli ára um 2,1% í stað 1,8% samdráttar. Gert er ráð fyrir að samneysla ársins aukist um 2,8% og til mótvægis miklum samdrætti í atvinnuvegafjárfestingu kemur aukin fjárfesting hins opinbera. Viðskiptahalli er nú talinn verða 15,2% af landsframleiðslu í ár sem er meira en reiknað var með við í forsendum fjárlaga og á það einkum rætur að rekja til meiri halla á vöruskiptum. Nokkurn hluta hallans má rekja beint til stóriðjuframkvæmda.

Meiri einkaneysluútgjöld en ráð var fyrir gert í fjárlögum ársins 2007 skýrast meðal annars af meiri ráðstöfunartekjum á mann en áður var áætlað en einnig af hagstæðri gengisþróun um miðbik ársins. Atvinnuleysi hefur einnig verið nokkru minna en áætlað var og stefnir samkvæmt þjóðhagsspá í 1,1% af mannafla að meðaltali á árinu.

Skattar á tekjur og hagnað. Í endurskoðaðri tekjuáætlun er gert ráð fyrir að skattar á tekjur og hagnað verði 28 milljörðum króna meiri en í fjárlögum og nemi 165 milljörðum króna. Tekjuskattur einstaklinga hefur skilað talsvert meiri tekjum á árinu en áætlað hafði verið og ný áætlun fyrir árið í heild er 15 milljörðum hærri en áætlun fjárlaga. Fjármagnstekjuskattur á einstaklinga er nú talinn verða 12 milljörðum meiri en í fjárlögum. Hvort tveggja skýrist af meiri aukningu tekna og þjóðarútgjalda en gert var ráð fyrir í lok sl. árs. Tekjuskattshlutfall á tekjur einstaklinga er 22,75%, einu prósentustigi lægra en í fyrra. Ekki er tilefni nú til að breyta áætlun fjárlaga um tekjuskatt lögaðila sem áætlaður var 39 milljarðar króna. Hann verður þó endurmetinn þegar álagning á lögaðila birtist í október.

Tryggingagjöld. Talið er að tryggingagjöld muni hækka frá fjárlögum um 4 milljarða eða rúm 11%, sem er nokkuð í takt við hækkun launa og aukinn fjölda starfandi manna.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2007	Áætlun [1] 2007	Frávik m.kr.	Frávik %
I Skatttekjur	**343.223**	**404.764**	**61.541**	**17,9**
Skattar á tekjur og hagnað	136.813	164.765	27.951	20,4
Einstaklingar	94.600	121.400	26.800	28,3
Lögaðilar	39.000	39.000	0	0,0
Ótalið annars staðar	3.213	4.365	1.151	35,8
Tryggingagjöld	34.851	38.823	3.972	11,4
Eignarskattar	7.675	9.965	2.290	29,8
Skattar á vörur og þjónustu	162.318	188.602	26.284	16,2
Virðisaukaskattur	107.000	129.000	22.000	20,6
Aðrir skattar	1.566	2.610	1.045	66,7
II Aðrar rekstrartekjur	**30.474**	**34.996**	**4.522**	**14,8**
Arðgreiðslur	1.238	1.282	44	3,6
Vaxtatekjur og aðrar eignatekjur	20.450	25.045	4.595	22,5
Neyslu- og leyfisgjöld	7.685	7.553	-132	-1,7
Annað	1.102	1.117	15	1,4
III Sala eigna	**1.100**	**6.838**	**5.738**	**521,7**
V Fjárframlög	**1.617**	**1.672**	**55**	**3,4**
Heildartekjur ríkissjóðs	**376.414**	**448.270**	**71.857**	**19,1**
Sjóðshreyfing	**365.867**	**426.640**	**60.774**	**16,6**

[1] Fjárlög að viðbættum fjáraukalögum ársins.

Eignarskattar. Endurskoðun leiðir til verulegrar hækkunar áætlaðra tekna af eignarsköttum, eða um 2,3 milljarða króna og er nú talið að þeir muni nema 10 milljörðum. Tekjur af stimpilgjöldum eru áætlaðar 7,7 milljarðar og af erfðafjárskatti 1,7 milljarðar. Stimpilgjöld hækka um 1,5 milljarða frá fjárlögum og erfðafjárskatttekjur um 750 milljónir. Er hér einkum höfð hliðsjón af innheimtu þessara tekjuliða á fyrstu sjö mánuðum ársins.

Skattar á vöru og þjónustu. Skattar á vöru og þjónustu eru taldir munu skila ríkissjóði tæpum 189 milljörðum króna á árinu 2007, sem er 26 milljörðum eða 16% meira en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Þar af er talið að virðisaukaskattur skili 22 milljörðum meira en áður var áætlað og verði 21% umfram áætlun fjárlaga. Þann 1. mars sl. var virðisaukaskattur á matvæli og fleiri vörur og þjónustu lækkaður úr ýmist 14% eða 24,5% í 7%. Áætlað var að aðgerðin kostaði ríkissjóð 12 milljarða króna, að teknu tilliti til örvandi áhrifa þeirra á veltu. Með þessu var reiknað í fjárlögum ársins 2007. Þar var einnig reiknað með að virðisaukaskattur á áfengi yrði lækkaður í 7% en áfengisgjald hækkað á móti sem næmi lækkun skattsins, og leiddi þetta til hækkunar tekna af áfengisgjaldi um 3,8 milljarða

króna frá því sem ella hefði verið í fjárlögum. Fjárlögin voru samþykkt á þessum forsendum, en síðar var horfið frá því að breyta skattlagningu áfengis. Þetta skýrir að litlum hluta hækkun áætlunarinnar um virðisaukaskatt ársins, en meginskýringin liggur í meiri veltu en reiknað var með. Tekjur af áfengisgjaldi voru af ofangreindri ástæðu mun hærri í fjárlögum ársins 2007 en þær hafa verið undanfarin ár, eða 11,6 milljarðar króna, en þær stefna hins vegar í að skila 7,9 milljörðum króna eða svipaðri útkomu og á sl. árum. Áfengisgjald telst til almennra vörugjalda og skýrir þetta lækkun þess liðar en aukin vörugjöld af innflutningi vega að hluta upp á móti. Vörugjald af ökutækjum á árinu 2007 eru nú áætluð 9,3 milljarðar króna. Það er 2,5 milljarði meira en reiknað var með í fjárlögum ársins. Hægar hefur dregið úr innflutningi ökutækja en gert var ráð fyrir. Reiknað var með að fluttar yrðu inn 17.000 bifreiðar á árinu en nú stefnir í að innflutningurinn verði 21.000 bifreiðar. Þá eru tekjur ársins af bensíni og olíu nú metnar talsvert meiri en í áætlun fjárlaga, einkum er frávikið mikið í olíugjaldi vegna mun meiri olíusölu en áður hafði verið áætlað. Tekjur af öðrum sértækum veltusköttum stefna í að verða um tveimur milljörðum meiri en í fjárlögum, nær eingöngu vegna meiri tekna af aðflutningsgjöldum.

Aðrar rekstrartekjur. Þessi liður er nú talinn munu verða 4,5 milljörðum króna umfram áætlun fjárlaga, aðallega vegna meiri vaxtatekna en gert hafði verið ráð fyrir. Vaxtatekjur eru flokkaðar í þrennt; af skattkröfum, af endurlánum og aðrar vaxtatekjur. Þessir liðir eru allir enduráætlaðir til hækkunar nú. Vextir af skattkröfum eru taldir verða liðlega einum milljarði meiri en áætlað var, byggt á þróun innheimtu það sem af er ári. Vaxtatekjur af endurlánum eru hækkaðar óverulega en vaxtatekjur af bankareikningum ríkissjóðs eru nú áætlaðar 3 milljörðum meiri en í fjárlögum. Það skýrist annars vegar af betri afkomu og þar með hærri meðalstöðu á reikningum ríkissjóðs í Seðlabankanum og hins vegar af hærra vaxtastigi en reiknað var með við fjárlagagerðina. Þá eru arðgreiðslur ársins nú áætlaðar 1,3 milljarðar og ýmis neyslu- og leyfisgjöld 7,6 milljarðar.

2 Gjöld A-hluta

Fjármálaráðuneytið hefur lagt mat á óskir ráðuneyta um aukna fjárþörf verkefna og stofnana vegna frávika frá heimildum fjárlaga. Leitað hefur verið skýringa á frávikum útgjalda frá fjárheimildum og lögð til viðbrögð innan ársins. Í frumvarpinu er miðað við að fjárheimildir verði auknar til að mæta ófyrirséðum útgjöldum og breytingum á launakjörum sem komið hafa fram eftir afgreiðslu fjárlaga. Einnig eru í frumvarpinu lagðar til breytingar á fjárveitingum á grundvelli endurmats á hagrænum forsendum og kerfisbundnum útgjöldum, svo sem á gengisþróun, vaxtagjöldum, atvinnuleysi og bótagreiðslum almannatryggginga. Þá er tekið tillit til áhrifa af nýrri lagasetningu á árinu og nýrra ákvarðana ríkisstjórnarinnar á útgjöld ríkissjóðs. Loks er í nokkrum tilvikum lagt til að uppsafnaður rekstrarhalli

stofnana eða verkefna verði bættur að hluta eða öllu leyti. Er það gert í þeim tilvikum að verkefni er lokið eða sýnt þykir að gripið hafi verið til þeirra aðgerða að rekstur verði innan fjárheimilda og hallarekstur verði stöðvaður.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2007	Heimildir 2007	fjárlögum m.kr.	Breyt. frá fjárlögum %
Rekstrargjöld				
Laun	100.501	102.397	1.896	1,9
Lífeyrisskuldbindingar	4.807	4.807	0	0,0
Önnur gjöld	84.083	87.590	3.506	4,2
Sértekjur	-20.661	-21.372	-711	3,4
Rekstrargjöld samtals	**168.730**	**173.421**	**4.691**	**2,8**
Fjármagnskostnaður	**20.629**	**21.808**	**1.179**	**5,7**
Rekstrar- og neyslutilfærslur				
Lífeyristryggingar	41.454	42.007	553	1,3
Sjúkratryggingar	17.014	17.833	819	4,8
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	9.741	11.585	1.844	18,9
Afskriftir skattkrafna	6.000	10.000	4.000	66,7
Barnabætur	8.500	8.500	0	0,0
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	8.352	8.352	0	0,0
Fæðingarorlofssjóður	7.600	7.600	0	0,0
Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð	7.560	7.560	0	0,0
Vaxtabætur	5.530	5.530	0	0,0
Lánasjóður íslenskra námsmanna	5.244	5.244	0	0,0
Framlag til sókna og kirkjugarða	3.514	3.529	15	0,4
Atvinnuleysistryggingasjóður	4.409	3.188	-1.221	-27,7
Ríkisútvarpið	2.780	2.780	0	0,0
Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli	2.551	2.551	0	0,0
Aðrar neyslu- og rekstrartilfærslur	23.734	25.224	1.490	6,3
Neyslu- og rekstrartilfærslur samtals	**153.982**	**161.483**	**7.500**	**4,9**
Viðhald				
Vegakerfi	3.114	3.114	0	0,0
Annað	2.092	2.345	253	12,1
Viðhald samtals	**5.206**	**5.459**	**253**	**4,9**
Fjárfesting				
Vegakerfi	10.353	10.353	0	0,0
Heilbrigðisstofnanir	1.952	1.972	20	1,0
Hafnarframkvæmdir	702	702	0	0,0
Háskólar og framhaldskólar	1.482	1.864	382	25,8
Flugvellir	361	361	0	0,0
Annað	3.864	5.665	1.801	46,6
Fjárfesting samtals	**18.713**	**20.916**	**2.203**	**11,8**
Gjöld samtals	**367.260**	**383.086**	**15.826**	**4,3**

Í frumvarpinu er lagt til að fjárheimildir ráðuneyta árið 2007 verði auknar samtals um 15.826 m.kr. Sé eingöngu litið á greiðsluheimildir ársins í frumvarpinu nemur aukningin frá fjárlögum hins vegar 9.660 m.kr. Stærsti hlutinn af hækkun fjárheimildanna, eða um 10,7 milljarðar króna, á rætur að rekja til nokkurra veigamikilla breytinga á ýmsum hagrænum forsendum og reiknuðum viðmiðunarstærðum fjárlaga ásamt ákvörðunum ríkisstjórnarinnar um mótvægisaðgerðir vegna tímabundins samdráttar í þorskafla. Af einstökum málum vegur þyngst 4 milljarða hækkun á fjárheimild vegna afskrifaðra skattkrafna. Þar er um að ræða varúðarráðstöfun í ljósi þess að tekjuvelta ríkissjóðs hefur verið að aukast talsvert. Þar á eftir kemur 1,8 milljarða króna hækkun á framlagi í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga en 1,1 milljarður af þeirri fjárhæð er vegna lögbundinnar tengingar við tekjur ríkissjóðs og við útsvarsstofn. Gert er ráð fyrir að mótvægisaðgerðir sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að grípa til í því skyni að draga úr áhrifum af lækkun á heimiluðum þorskafla muni kosta ríkissjóð um 1,3 milljarða kr. eins og nánar er greint frá síðar í þessum kafla. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir nýrri fjárheimild sem nemur 1,1 milljarður og tengist breyttri reikningshaldslegri framsetningu. Þar er um að ræða núvirta heildarskuldbindingu ríkisins á mismun útláns- og innlánsvaxta af 50 ára skuldabréfum vegna félagslegra leiguíbúða sem byggðar verða á þessu ári. Þá er nú áætlað að vaxtagjöld verði 1,2 milljörðum kr. hærri en í fjárlögum, aðallega vegna vaxtagjalda af inneignum af mörkuðum tekjum sem nokkrir sjóðir eiga kröfu á, t.d. Atvinnuleysistryggingasjóður. Gert er ráð fyrir að fjármagnstekjuskattur sem ríkissjóður greiðir verði um 1,1 milljarði kr. hærri en áætlað var en það skýrist annars vegar af skatti á hagnað af sölu eignarhlutar í Hitaveitu Suðurnesja og hins vegar af betri sjóðstöðu og þar með hærri vaxtatekjum af henni en reiknað var með. Breytingar á launakjörum sem orðið hafa frá setningu fjárlaga, s.s. vegna úrskurða Kjararáðs, leiða til 500 m.kr. hækkunar og samkvæmt endurmetinni áætlun hækka lyfjaútgjöld ársins um sömu fjárhæð. Þá má nefna 560 m.kr. útgjöld vegna yfirtöku á starfsemi Ratsjárstofnunar og vegna ýmiss rekstrarkostnaðar á fyrrum varnarsvæðum við Keflavíkurflugvöll eftir brottför varnarliðsins og 400 m.kr. hækkun á fjárheimild til að mæta fasteignagjöldum af húsnæði skóla og heilbrigðisstofnana sem áður var undanþegið álagningu sveitarfélaga. Á móti kemur að gert er ráð fyrir mun minna atvinnuleysi en spáð var í forsendum fjárlaga og lækka útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs því um 1,3 milljarða kr. auk þess að vaxtatekjur sjóðsins hækka um 0,5 milljarða vegna aukinna inneigna markaðra tekna. Samtals skýra breytingar af þessum toga þannig tæplega 11 milljarða af 15,2 milljarða fjárheimild frumvarpsins.

Af öðrum breytingum á fjárveitingum sem lagðar eru til í frumvarpinu má nefna 553 m.kr. hækkun á greiðslum almannatrygginga vegna ákvörðunar um að draga úr tekjutengingum, 537 m.kr. vegna kaupa og endurbóta á fasteignum á vegum utanríkisráðuneytisins, 343 m.kr. vegna útgjalda við rekstur ferja, 334 m.kr. vegna lækniskostnaðar sjúkratrygginga, 282 m.kr. vegna flýtingar á fjárveitingum til framkvæmda við Háskólatorg Háskóla Íslands, 250 m.kr. framkvæmdir Ofanflóðasjóðs við nokkur bæjarfélög og 200 m.kr. vegna loftflutninga fyrir NATO. Aðrar breytingar eru minni.

Síðast liðið sumar var ákveðið með hliðsjón af tillögum Hafrannsóknastofnunar og álitsgerðar Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands að draga talsvert úr heimiluðum þorskafla á næsta fiskveiðiári. Í kjölfarið ákvað ríkisstjórnin að grípa til ýmissa mótvægisaðgerða til að draga úr áhrifum aflasamdráttarins á þeim svæðum sem ætla má að hans verði mest vart. Hluti þessara ráðstafana kemur til framkvæmda þegar á þessu ári og er í frumvarpinu gerðar tillögur um fjárveitingar vegna þeirra verkefna. Hér fyrir neðan er yfirlit um þessar ráðstafanir, sem samtals nema 1,3 milljörðum króna, en nánar er greint frá einstökum verkefnum í athugasemdum um einstaka fjárlagaliði. Til viðbótar við þessar aðgerðir er í frumvarpinu lagt til að eiginfjárstaða Byggðastofnunar verði aukin um 1,2 milljarða króna en sú aðgerð kemur ekki fram í fjárheimildum gjaldahliðar ríkissjóðs heldur færist um sjóðstreymið. Að samanlögðu er því um að ræða 2,5 milljarða króna vegna þessara ráðstafana í frumvarpinu.

Rekstrargrunnur, m.kr.		Frv. 2007
02-201 Háskóli Íslands	Háskóla- og fumkvöðlasetur á Hornafirði.	4,0
02-201 Háskóli Íslands	Háskólasetur á Bolungarvík.	20,0
02-201 Háskóli Íslands	Háskólasetur á Stykkishólmi.	20,0
02-201 Háskóli Íslands	Fræðslusetur Vestfjarða vegna Suðurfjarða.	5,0
02-319 Framhaldsskólar, almennt	Uppbygging nýs framhaldsskóla við utanverðan	5,0
02-319 Framhaldsskólar, almennt	Frumgreinadeildir á Suðurnesjum og Vestfjörðum.	12,0
02-355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	Vegna íþróttabrautar.	5,0
02-356 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	Til eflingar námsframboðs.	5,0
02-361 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	Vegna fjarnáms.	2,0
02-451 Símenntun og fjarkennsla	Til að efla námsframboð og náms- og starfs-þjálfun í framhaldsskólum og símenntunarmið-stöðvum.	100,0
02-901 Fornleifavernd ríkisins	Minjavörður Vestfjarða.	4,0
02-903 Þjóðskjalasafn Íslands	Skráning á lítt eða óskráðum skjalasöfnum og stafræna gerð manntala.	40,0
05-202 Hafrannsóknastofnunin	Til eflingar á verkefnum á Ólafsvík.	20,0
05-202 Hafrannsóknastofnunin	Útvíkkun svæða í togararalli, bæði á grunnslóð og djúpslóð.	50,0
05-206 Matvælarannsóknir	Til eflingar á verkefnum á Höfn í Hornafirði.	20,0
07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi	Til sveitarfélaga sem verða fyrir tekjumissi vegna samdráttar í aflamarki þorsks.	250,0
07-980 Vinnumálastofnun	Auknar stuðningsaðgerðir og vinnumarkaðsúrræði.	15,0
07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður	Til að auka svigrúm fiskvinnslufyrirtækja til að halda starfsfólki á launaskrá.	77,0
07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður	Sérstakt átak til að styrkja atvinnumál kvenna.	15,0
07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi	Til Fjölmenningarseturs á Vestfjörðum.	6,5
08-721 Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði	Aukin heimahjúkrun og skólaheilsugæsla í Vestur-Barðastrandarsýslu.	2,0
08-725 Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ	Aukin heimahjúkrun og geðheilbrigðisþjónsta í Ísafjarðarbæ.	4,0
09-981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	Framkvæmdir við fasteignir ríkisins á svæðum þar sem aflasamdráttur leiðir til fækkunar starfa.	333,0
11-205 Nýsköpunarmiðstöð Íslands	Starfsstöð nýsköpunarmiðstöðvar Impru á Ísafirði.	5,0
11-205 Nýsköpunarmiðstöð Íslands	Efling á verkefnum í Vestmannaeyjum.	4,0
11-205 Nýsköpunarmiðstöð Íslands	Efling á verkefnum á Höfn í Hornafirði.	4,0
11-399 Ýmis orkumál	Til jarðhitaleitar víðs vegar um landið.	50,0
11-401 Byggðaáætlun	Til vaxtarsamninga á Norðurlandi vestra.	30,0
11-401 Byggðaáætlun	Til vaxtarsamninga á Norðurlandi eystra.	30,0
11-411 Byggðastofnun	Efling starfsemi stofnana innan Þróunarseturs á Patreksfirði	5,0
11-411 Byggðastofnun	Efling starfsemi stofnana innan Þróunarseturs á Hólmavík.	3,0
11-411 Byggðastofnun	Til eflingar starfsemi atvinnuþróunarfélaga á landsbyggðinni.	100,0
14-211 Umhverfisstofnun	Gestastofa á Hornströndum.	20,0
14-401 Náttúrufræðistofnun Íslands	Gróðurkortagerð á Vestfjörðum.	3,0
14-401 Náttúrufræðistofnun Íslands	Sjófuglavöktun.	3,0
14-410 Veðurstofa Íslands	Samhæfður gagnagrunnur yfir stöðvarekstur Veðurstofunnar.	5,0

3 Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir

Hér er gerð grein fyrir breytingum á lánsfjármálum ríkissjóðs, ríkisfyrirtækja og sjóða sem fram koma í 2. og 3. gr. frumvarpsins.

Í 1. tl. 3. gr. frumvarpsins er lagt til að lántökuheimildir fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, hækki úr 30.000 m.kr. í 60.900 m.kr. og er það í samræmi við endurskoðuð lántökuáform ársins 2007. Aukningin er 30.900 m.kr. og skýrist að lang stærstu leyti af 26.850 m.kr. skuldabréfaútgáfu í upphafi árs vegna kaupa ríkisins á eignarhlutum Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun, en í forsendum fjárlaga hafði verið reiknað með þeim viðskipum á árinu 2006. Að öðru leyti er aukningunni ráðstafað til að greiða niður skuldir ríkissjóðs um 1.800 m.kr. en afgangurinn gengur til að styrkja stöðu ríkissjóðs hjá Seðlabanka Íslands.

Í 2. tl. 3. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á endurlánaheimildum ríkissjóðs til samræmis við horfur fyrir árið í ár. Lagt er til að heimildirnar lækki um alls 525 m.kr., þar af 250 m.kr. vegna Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli en 275 m.kr. heimild Happdrættis Háskóla Íslands fellur brott.

Í 3. tl. 3. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á heimildum til veitingu ríkisábyrgða á lántökum aðila sem heimild hafa til lántöku í sérlögum. Breytingarnar eru þrjár og í heildina tekið er lögð til 27.768 m.kr. hækkun heimildar. Í fyrsta lagi er sótt um 15.675 m.kr. hækkun á heimild Íbúðalánasjóðs vegna almennra íbúðalána, í öðru lagi 6.093 m.kr. hækkun á heimild Íbúðalánasjóðs vegna leiguíbúða og í þriðja lagi 6.000 m.kr. hækkun á heimild Landsvirkjunar. Aukin lánsfjárþörf Íbúðalánasjóðs stafar að lang mestu leyti af lánveitingum umfram áætlanir fjárlaga. Af aukinni lánsfjárþörf Landsvirkjunar munar mest um 3.000 m.kr. fjárfestingu við yfirtöku Landsnets á flutningslínum Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja og 2.300 m.kr. afborganir af teknum lánum umfram fyrri áætlun.

Samkvæmt endurskoðuðum áætlunum fyrir árið 2007 er gert ráð fyrir að handbært fé frá rekstri verði 51,7 milljarðar króna. Það er 45 milljarða króna hækkun frá áætlun fjárlaga. Munar þar mest um mikinn vöxt tekna umfram vöxt útgjalda, samanber það að á greiðslugrunni er gert ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs að frátöldum söluhagnaði eigna hækki um rúma 54,6 milljarða króna frá áætlun fjárlaga en gjöld um tæpa 9,7 milljarða.

Gert er ráð fyrir að fjármunahreyfingar ársins verði neikvæðar um 65,5 milljarða króna en á fjárlögum var áætlað að þær yrðu jákvæðar um tæpa 3 milljarða. Munar þar mest um stóraukin stofnfjárframlög og kaup á eignarhlutum í félögum fyrir samtals 77 milljarða króna, samanborið við 1.000 m.kr. áætlun í fjárlögum 2007. Þar ber hæst 44 milljarða króna eiginfjárframlag ríkissjóðs til Seðlabanka Íslands sem greitt var í vor og áðurnefnd kaup ríkisins á öllum eignarhlutum sveitarfélaga í Landsvirkjun fyrir 30.250 m.kr. Gert er ráð fyrir að eigið fé Byggðastofnunar verði aukið um 1.200 m.kr. og er það hluti af mótvægisaðgerðum ríkisstjórnarinnar vegna tímabundins samdráttar í aflamarki þorsks. Áformað er að ríkissjóður auki eignarhlut sinn í eignarhaldsfélaginu e-Farice ehf. um allt að 400 m.kr.

Loks má nefna að gert er ráð fyrir að ríkissjóður leggi fram 150 m.kr. stofnhlutafé í Matís ohf., þar af 68 m.kr. með framlögðum eignum að frádregnum skuldum en 82 m.kr. í reiðufé. Aðrar breytingar eru smærri. Á móti kemur að gert er ráð fyrir að sala á eignarhlutum í félögum skili ríkissjóði 7.200 m.kr. meiri tekjum en ætlað var í fjárlögum. Munar þar mest um söluna á eignarhlut ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja.

Í milljónum króna	Fjárlög 2007	Áætlun 2007	Breyting frá fjárlögum
Handbært fé frá rekstri	**6.719**	**51.699**	**44.980**
Fjármunahreyfingar:			
Veitt stutt lán, viðskiptareikningar	-400	-400	0
Veitt löng lán	-7.725	-7.200	525
Afborganir veittra lána	11.500	11.300	-200
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	-1.000	-77.000	-76.000
Sala hlutabréfa og eignarhluta	600	7.800	7.200
Fjármunahreyfingar samtals	**2.975**	**-65.500**	**-68.475**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**9.694**	**-13.801**	**-23.495**
Fjármögnun:			
Skammtímalán	0	0	0
Tekin löng lán	30.000	60.900	30.900
Afborganir af teknum lánum	-31.800	-33.600	-1.800
Fjármögnun samtals	**-1.800**	**27.300**	**29.100**
Framlag til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins	-4.000	-4.000	0
Breyting á handbæru fé	**3.894**	**9.499**	**5.605**

Í samræmi við það sem hér hefur verið rakið er því áætlað er að hreinn lánsfjárjöfnuður verði neikvæður um 13,8 milljarða króna. Eins og áður sagði er gert ráð fyrir að því verði mætt með 60,9 milljarða króna lántökum, auk þess sem skuldir ríkissjóðs verða greiddar niður um 33,6 milljarða króna, 4 milljarðar greiddir inn á skuldbindingar ríkisins hjá B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og staða ríkissjóðs hjá Seðlabanka Íslands bætt um 9,5 milljarða króna.

4 Heimildir

Sótt er um 11 heimildir í 4. gr. frumvarpsins. Heimildirnar skiptast þannig að ein er breyting á núverandi heimild, ein er vegna sölu á fasteign, ein vegna sölu á eignarhluta í fasteign, ein vegna sölu á lóðum og jörðum, þrjár til kaupa á fasteignum og fjórar til kaupa eða aukningar á hlutafé og stofnfjárframlögum.

Lagt er til að orðalag heimildar 2.31 verði breytt þannig að heimilt verði að ráðstafa andvirði sölunnar til Hekluskóga og til uppbyggingar á landsmótssvæði hestamanna að Gaddastaðaflötum.

Heimild 2.32 er vegna sölu á fasteign varamanns sendiherra við sendiráðið í Stokkhólmi en ákveðið var að leggja niður þá stöðu og flytja hana til aðalræðisskrifstofu í Þórshöfn.

Heimild 3.29 er vegna sölu á svokölluðu Læknishúsi í Flatey en húsnæðið sem var í sameign ríkis og Reykhólahrepps verður selt íbúa þess.

Heimild 4.60 er vegna sölu á olíustöð NATO í Hvalfirði ásamt tilheyrandi landspildu.

Heimild 6.25 er vegna kaupa á viðbótarlóð við safnið á Gljúfrasteini vegna bílastæða.

Heimild 6.26 er vegna kaupa á bústað fyrir aðalræðisskrifstofu í Þórshöfn.

Heimild 6.27 er vegna kaupa Happdrættis Háskóla Íslands á fasteigninni Tjarnargötu 4, Reykjavík, vegna happdrættisins.

Heimild 7.15 er vegna kaupa ríkisins á hlutafé í VistOrku hf. en fyrirtækið er að þróa aðferðarfræði til að meta notkun vetnis og annarra vistvænna orkugjafa á Íslandi. Áformað er að ríkissjóður kaupi hlutafé fyrir 225 m.kr. sem greiðist á þremur árum, þar af 25 m.kr. í ár og 100 m.kr. árlega 2008 og 2009.

Heimild 7.16 er vegna kaupa ríkisins á auknu hlutafé í e-Farice ehf. sem er eignarhaldsfélag um rekstur Farice sæstrengsins en tilgangur aukningarinnar er að fjármagna lagningu annars ljósleiðarastrengs til Evrópu, Danice.

Heimild 7.17 er til að efla eiginfjárstöðu Byggðastofnunar en það er liður í mótvægisráðstöfunum ríkisstjórnarinnar vegna væntanlegs samdráttar í þorskveiðiheimildum.

Heimild 7.18 er vegna áskilnaðar laga um að leggja beri nýju hlutafélagi um matvælarannsóknir til stofnfé. Um er að ræða viðbót við 5 m.kr. lágmarkshlutafé sem lagt var fram árið 2006.

Athugasemdir við einstaka fjárlagaliði.

00 Æðsta stjórn ríkisins

Lagt er til að fjárheimild æðstu stjórn ríkisins verði aukin um 48,8 m.kr.

101 Embætti forseta Íslands.

1.01 Almennur rekstur. Óskað er eftir 4 m.kr. viðbótarframlagi vegna breytinga í starfsmannahaldi. Eins þarf að ganga endanlega frá launakjörum skrifstofustjóra sem ráðinn var til embættisins í árslok 2006.

6.11 Bifreiðar. Farið er fram á 9,8 m.kr. fjárveitingu til að endurnýja aðra af tveimur embættisbifreiðum forsetaembættisins sem orðin er fjórtán ára. Hin nýja bifreið er með blendingsvél sem sækir orku jafnt til rafmagns og bensíns. Gert er ráð fyrir að nýja bifreiðin verði umtalsvert ódýrari í rekstri en sú eldri og í tillögufjárhæðinni hefur verið tekið tillit til þess sem og áætlaðs söluverðs eldri bifreiðarinnar.

201 Alþingi.

1.01 Alþingiskostnaður. Farið er fram á 35 m.kr. fjárveitingu vegna biðlauna. Alþingi hefur 46,5 m.kr. fjárveitingu í fjárlögum til greiðslu biðlauna þeirra alþingismanna sem létu af þingmennsku eftir alþingiskosningarnar í vor og tók fjárhæðin mið af biðlaunagreiðslum árið 2003. Mun fleiri þingmenn hætta hins vegar þingmennsku nú en þá og áætlað er að greiðslurnar í ár verði samtals um 81,5 m.kr. Meðtalið í þeirri fjárhæð er þingfararkaup og fastar greiðslur frá 13. maí til 31. maí.

01 Forsætisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild forsætisráðuneytis verði aukin um 32,7 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

1.90 Ýmis verkefni. Lögð er til 30 m.kr. fjárveiting vegna nefndar sem ætlað er að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn, sbr. lög nr. 26/2007. Markmið könnunarinnar og meginverkefni nefndarinnar er að lýsa starfsemi viðkomandi stofnana, staðreyna eins og kostur er hvort börn sem þar voru vistuð hafi sætt illri með-

ferð eða ofbeldi meðan á dvölinni stóð, lýsa því hvernig opinberu eftirliti með viðkomandi starfsemi var háttað og leggja grundvöll að tillögum til stjórnvalda um frekari viðbrögð ef ástæða þykir til.

201 Fasteignir forsætisráðuneytis.

1.01 Fasteignir forsætisráðuneytis. Lagt er til að 16,8 m.kr. fjárheimild verði flutt af viðhaldsviðfangsefni á rekstrarviðfangsefni til að mæta uppsöfnuðum halla þar.

5.29 Fasteignir forsætisráðuneytis. Lagt er til að 16,8 m.kr. fjárheimild verði millifærð af viðhaldsviðfangsefni á rekstrarviðfangsefni eins og að framan greinir.

203 Fasteignir Stjórnarráðsins.

1.01 Almennur rekstur. Lagt er til að 6 m.kr. fjárheimild verði millifærð af stofnkostnaðarviðfangsefni á rekstrarviðfangsefni vegna kostnaðar við umsjón með viðhaldi og endurbótum stjórnarráðsbygginga.

6.25 Nýbygging á Stjórnarráðsreit. Lagt er til að 6 m.kr. fjárheimild verði millifærð af stofnkostnaðarviðfangsefni á rekstrarviðfangsefni eins og að framan greinir.

255 Minningarsafn um Halldór Laxness á Gljúfrasteini.

1.01 Minningarsafn um Halldór Laxness á Gljúfrasteini. Lagt er til að áætlaðar sértekjur safnsins í fjárlögum verði lækkaðar um 2,7 m.kr. en við það hækkar beint framlag úr ríkissjóði um sömu fjárhæð. Reynslan sýnir að tekjur af rekstri safnsins eru lægri en upphafleg áætlun gerði ráð fyrir. Með tillögunni eru árlegar tekjur safnsins áætlaðar 3 m.kr. í stað 5,7 m.kr. Lögð er til samsvarandi breyting í fjárlagafrumvarpi 2008.

02 Menntamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild menntamálaráðuneytis verði aukin um 1.339,1 m.kr.

201 Háskóli Íslands.

1.01 Háskóli Íslands. Óskað er eftir samtals 129 m.kr. hækkun á viðfangsefninu. Í fyrsta lagi er lagt er til að ráðstafað verði 100 m.kr. af söluandvirði ríkissjóðs í Hitaveitu Suðurnesja til uppbyggingar þekkingarsamfélags á fyrrum varnasvæðum á Miðnesheiði. Með fjárheimildinni verður Háskóla Íslands gert kleift að vera kjölfesta í félagi um háskólastarfsemi á svæðinu. Er tillagan í samræmi við viljayfirlýsingu Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar og Háskóla Íslands.

Í öðru lagi er lagt til að veitt verði 20 m.kr. framlag til háskólaseturs í Stykkishólmi.

Í þriðja lagi er lagt er til að veitt verði 20 m.kr. framlag til Háskólaseturs á Bolungarvík.

Í fjórða lagi er lagt til að veitt verði 5 m.kr. framlag til Fræðsluseturs Vestfjarða vegna Suðurfjarða.

Í fimmta lagt er lagt til að veitt verði 4 m.kr. framlag til háskóla- og frumkvöðlaseturs á Hornafirði. Framlagið er m.a. ætlað til að styrkja Vatnajökulsþjóðgarð.

Framangreindar fjórar tillögur eru hluti af mótvægisaðgerðum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í aflamarki þorsks.

1.13 Háskólasjóður. Lagt er til að lögboðið framlag til Háskóla Íslands vegna sóknargjalda verði hækkað um 48,6 m.kr. frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum þessa árs. Sóknargjöld hækka í samræmi við hækkanir á meðaltekjuskattstofni milli næstliðinna tveggja ára og fjölgun einstaklinga 16 ára og eldri. Hækkun meðaltekjuskattstofnsins milli tekjuáranna 2005 og 2006 reyndist vera 9,9%, eða lítið eitt hærri en gert var ráð fyrir í fjárlögum en fjölgun einstaklinga utan trúfélaga varð meiri en reiknað var með.

6.50 Byggingarframkvæmdir og tækjakaup. Óskað er eftir 282 m.kr. fjárheimild til að ljúka framkvæmdum við Háskólatorg. Framkvæmdirnar eru vel á veg komnar og lýkur þeim að mestu á árinu 2007. Heildarkostnaður með verðbótum er áætlaður um 2 milljarðar kr.

202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum.

1.01 Tilraunastöð Háskólans að Keldum. Farið er fram á 19,4 m.kr. fjárveitingu á liðnum. Í fyrsta lagi er óskað eftir 10 m.kr. vegna breytinga á húsnæði og endurnýjunar á tækjum til að uppfylla kröfur ESA um rannsóknaraðferðir og rannsóknaraðstöðu vegna eftirlits með fisksjúkdómum. Aðilar á vegum ESA hafa í eftirlitsferðum sínum hingað til lands m.a. komið að Keldum. Þeir hafa ítrekað gert athugasemdir sem lúta að faggildingu vissra rannsóknaraðferða svo og að endurbótum á rannsóknaraðstöðu. Vegna þessara athugasemda var ekki hægt að draga lengur faggildingu og er áætlaður kostnaður við hana 10 m.kr. á þessu ári.

Í öðru lagi er óskað eftir 6 m.kr. til greiningar á fuglaflensu. Áætlanir gera ráð fyrir að húsnæði til greiningar fuglaflensu, svonefnd P3 aðstaða, verði tekið í notkun í byrjun september á þessu ári. Ráða þarf sérfræðing í meinafræði og veirufræði og líffræðing eða lífeindafræðing til að starfa við verkefnið. Aukinn kostnaður er við förgun o.fl. auk þess sem mikilvægt er að taka tillit til umhverfismála. Áætlaður kostnaður er 18 m.kr. á ársgrundvelli.

Í þriðja og síðasta lagi er óskað eftir 3,4 m.kr. framlagi vegna ófyrirséðs kostnaðar vegna nýrnaveiki í alifiskum. Haustið 2006 greindist nýrnaveiki í alifiskum í tveimur eldisstöðvum sem kallaði á umfangsmiklar rannsóknir. Í 16. gr. laga nr. 50/1986 um Rannsóknadeild fisksjúkdóma kemur fram að kostnaður við rannsóknir í

klak- og eldisstöðvum sem settar hafa verið í sölu- eða dreifingarbann vegna sjúkdóms, skuli greiddur úr ríkissjóði. Um óvænt útgjöld er að ræða og umfangsmeiri rannsóknir en áður þar sem hrogn og fiskar höfðu verið fluttir á milli stöðva áður en vart var við smitið. Sambærilegt mál kom upp árið 2005 og var veitt aukafjárveiting vegna þess í fjáraukalögum 2006.

215 Kennaraháskóli Íslands.

1.01 Kennaraháskóli Íslands. Óskað er eftir 16 m.kr. framlagi vegna samnings við Kennaraháskóla Íslands. Undirritaður var viðauki við samning milli menntamálaráðuneytis og skólans um kennslu og rannsóknir. Í samningnum er kveðið á um að Kennaraháskólinn vinni með menntamálaráðuneytinu að sameiningu hans og Háskóla Íslands og fái vegna þeirrar vinnu greiddar 16 m.kr. á árinu 2007.

234 Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora.

1.12 Launatengd gjöld. Óskað er eftir 26,4 m.kr. framlagi á nýtt viðfangsefni undir þessum lið til að aðgreina sérstaklega fjárheimild fyrir launatengd gjöld af úthlutunum úr sjóðnum til prófessora. Er tillagan gerð í kjölfar hæstaréttardóms. Nauðsynlegt þykir að hafa launatengd gjöld á sérstöku viðfangsefni í ljósi dómsúrskurðarins um að ekki þótti hafa komið fram í úrskurðum kjaranefndar á sínunm tíma að launtengd gjöld höfðu verið innifalin í fjárveitingu til almennrar úthlutunar úr sjóðnum.

269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður.

6.10 Háskólinn á Akureyri. Óskað er eftir 100 m.kr. framlagi til nýframkvæmda við kennsluálmu við Háskólann á Akureyri. Áætlaður heildarkostnaður er 645 m.kr. Áformað er að ljúka framkvæmdinni á árunum 2007 - 2009 og að framlög verði 115 m.kr. árinu 2007, 275 m.kr. árið 2008 og 335 m.kr. árið 2009.

299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi.

1.91 Háskólar, óskipt. Óskað er eftir 100 m.kr. framlagi til þróunar háskólanáms á landsbyggðinni. Lagt er til að fjárhæðinni verði skipt þannig að Orkuskólinn á Akureyri fái 60 m.kr. en Háskólasetur á Vestfjörðum fái 40 m.kr.

319 Framhaldsskólar, almennt.

1.14 Sérkennsla. Óskað er eftir 8,5 m.kr. framlagi til þjónustu við blinda og sjónskerta. Samtals er ætlunin að veita 50 m.kr. til bráðaðgerða til bættrar þjónustu Fjárveitingarnar skiptast á milli menntamálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis. Áætlað er að ráðið verði í þrjár stöður blindrakennara og kennsluráðgjafa sem munu starfa á öllum skólastigum og um allt land. Einnig er gert ráð fyrir þremur nýjum stöðum þjálfara við Sjónstöð Íslands.

1.90 Framhaldsskólar, óskipt. Óskað er eftir samtals 167 m.kr. fjárveitingu til viðfangsefnisins. Í fyrsta lagi er farið fram á 150 m.kr. hækkun framlags til sérdeilda framhaldsskóla. Sérdeildirnar hafa átt í þrengingum undanfarin ár sem hefur verið mætt með þaki á fjölda kennslustunda. Auk þess var ekki gert ráð fyrir launatengdum gjöldum og sérkennsluálagi við reikning á tímakaupi í sérkennslu né álagi vegna kennslutengdra starfa. Miðað við nemendatölur ársins 2006 vantar um 150 m.kr.

Í öðru lagi er lagt til að veitt verði 12 m.kr. framlag til frumgreinadeilda á Suðurnesjum og Vestfjörðum vegna nemendaígilda. Tillaga er hluti af mótvægisaðgerðum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í aflamarki þorsks.

Í þriðja lagi er lagt til að veitt verði 5 m.kr. framlag til flýtingar á uppbyggingu nýs framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð. Tillagan er hluti af mótvægisaðgerðum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í aflamarki þorsks.

355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum.

1.01 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum. Lagt er til að veittar verði 5 m.kr. til Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum vegna íþróttabrautar. Tillagan er hluti af mótvægisaðgerðum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í aflamarki þorsks.

356 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra.

1.01 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra. Lagt er til að veitt verði 5 m.kr. til Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra til eflingar námsframboðs. Tillagan er hluti af mótvægisaðgerðum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í aflamarki þorsks.

361 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu.

1.01 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu. Lagt er til að veitt verði 2 m.kr. framlag til Framhaldsskóla Austur-Skaftfellinga vegna fjarnáms. Tillagan er hluti af mótvægisaðgerðum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í aflamarki þorsks.

441 Fullorðinsfræðsla fatlaðra.

1.01 Fullorðinsfræðsla fatlaðra. Óskað er eftir 6 m.kr. hækkun til Fullorðinsfræðslu fatlaðra vegna samstarfsverkefnis Fjölmenntar og Geðhjálpar um sérstaka kennslu fyrir geðsjúka og heilaskaðaða.

451 Símenntun og fjarkennsla.

1.19 Námsframboð og starfsþjálfun í framhaldsskólum og símenntunarstöðvum. Óskað er eftir 100 m.kr. í þróunarsjóð sem ætlaður er til að efla námsframboð og náms- og starfsþjálfun í framhaldsskólum og símenntunarmiðstöðvum á landsbyggðinni. Sjóðnum verður jafnframt ætlað að styrkja náms- og starfsráðgjöf m.a. í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og veita fjármunum til raunfærnismats í samvinnu við hana. Tillagan er hluti af mótvægisaðgerðum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í aflamarki þorsks.

1.41 Íslenskukennsla fyrir útlendinga. Lagt er til að veitt verði 15 m.kr. framlag til kaupa á kennsluefni í íslensku fyrir útlendinga. Um er að ræða röð kennslumynda sem Tefra Films framleiddi og spanna 50-70 stundir. Með kaupunum fæst fullur afnotaréttur og höfundarréttur efnis til að nýta það, breyta og aðlaga. Efninu verður dreift eftir þörfum á vegum félagsmálaráðuneytis og menntamálaráðuneytis.

901 Fornleifavernd ríkisins.

1.01 Fornleifavernd ríkisins. Óskað er eftir samtals 8,5 m.kr. fjárveitingu á viðfangsefninu. Í fyrsta lagi er óskað eftir 4,5 m.kr. framlagi vegna rannsókna á Vaði og að Keldudal. Fornleifavernd flokkar rannsókn í Keldudal undir neyðarrannsókn, þótt búið sé að rannsaka minjar sem lágu beinlínis undir skemmdum vegna framkvæmda. Neyðarrannsókninni telst ekki vera lokið fyrr en minjarnar eru fullkannaðar. Ekki liggur fyrir hver endanlegur kostnaður verður en áætlað er að hann verði ekki undir 4,5 m.kr.

Í öðru lagi er lagt er til að veitt verði 4 m.kr. til embættis minjavarðar á Vestfjörðum. Minjaverði Vestfjarða er áætlað að starfa sem ráðgjafa, eftirlitsaðila og umsagnaraðila og að vera tengill við stofnanir og einstaklinga á Vestfjörðum. Gert er ráð fyrir 6 m.kr. til þessa verkefnis í fjárlagafrumvarpi 2008. Áætlað er að störfum fjölgi um eitt þegar verkefnið er komið til fullra framkvæmda. Tillagan er hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til með hliðsjón af skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum.

903 Þjóðskjalasafn Íslands.

1.01 Þjóðskjalasafn Íslands. Óskað er eftir samtals 50 m.kr. fjárveitingu til viðfangsefnisins. Í fyrsta lagi er lagt til að veittar verði 40 m.kr. í verkefni sem felur í sér að hafin verði grunnskráning og endurskráning á lítt eða óskráðum skjalasöfnum svo og vinna að stafrænni gerð manntala. Með verkefninu er gert ráð fyrir að bæta aðgengi almennings, fræðimanna og opinberra stofnana að mikilvægum réttar- og menningarsögulegum heimildum með hjálp upplýsingartækni. Er gert ráð fyrir að 20 störf á ári skapist vegna verkefnisins sem unnin verða m.a. í samstarfi við héraðsskjalasöfnin á Ísafirði, Sauðárkróki og Húsavík. Gert er ráð fyrir 100 m.kr. fjárveitingu á ári vegna

verkefnisins á næstu tveimur árum. Tillagan er hluti af mótvægisaðgerðum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í aflamarki þorsks.

Í öðru lagi er farið fram á 10 m.kr. framlag til nýrrar öryggisdeildar hjá safninu. Áætlað er að kostnaður við að setja öryggismálasafnið á stofn verði samtals um 150 m.kr. en hann dreifist á fjögur ár. Þar af eru um 100 m.kr. vegna úrvinnslu á skjölum, 42 m.kr. vegna húsnæðis, 5,5 m.kr. vegna umsýslukostnaðar og 3,4 m.kr. vegna umbúða.

919 Söfn, ýmis framlög.

1.98 Söfn, ýmis framlög menntamálaráðuneytis. Óskað er eftir 14 m.kr. framlagi vegna launa forstöðumanns náttúruminjasafns svo og vegna kostnaðar við stofnun og rekstur safnsins. Lög um Náttúruminjasafn Íslands nr. 35/2007 voru nýlega samþykkt á Alþingi og hefur forstöðumaður verið ráðinn frá 1. júlí 2007.

969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður.

6.21 Endurbætur menningarstofnana. Óskað er eftir 25 m.kr. framlagi vegna samnings um stofnkostnað, byggingu og rekstur húsnæðis fyrir Lækningaminjasafn Íslands og menningartengda starfsemi. Heildarkostnaður við safnbygginguna er áætlaður 345 m.kr. Þar af mun ríkissjóður greiða samtals 75 m.kr. í stofnstyrk en það sem á vantar fæst af söluandvirði Bygggarða 7 Seltjarnarnesi, framlögum frá Læknafélagi Íslands og Læknafélagi Reykjavíkur. Auk þess leggur Seltjarnanesbær til 110 m.kr.

6.73 Þjóðleikhúsið. Óskað er eftir 130 m.kr. framlagi svo unnt verði að ljúka utanhússviðgerðum á Þjóðleikhúsinu. Í frumvarpi til fjáraukalaga 2005 voru veittar 250 m.kr. en í ljós hefur komið að húsið var verr farið en gert var ráð fyrir og því hækkar áætlaður kostnaður um 130 m.kr. Mismunur milli áætlana felst einkum í kröfum frá verktaka við steypuviðgerðirnar vegna ófyrirséðra aðstæðna og óhagræðis sem hlotist hefur af starfsemi leikhússins þar sem ekki hefur verið hægt að vinna samfellt að steypubroti. Einnig hafi ýmsir aðrir þættir hækkað frá upphaflegri áætlun svo sem kostnaður vegna múrvinnu við glugga, hurðir og ísetning þeirra, viðgerðir á þaki, reyklosunarlúgur og lagning loftræsisstokka, lýsing utanhús og ráðgjöf og eftirlit.

6.95 Menningarhús. Óskað er eftir samtals 85 m.kr. viðbótarfjárheimild á viðfangsefninu. Í fyrsta lagi er óskað eftir 55 m.kr. framlagi til að standa undir lokaáfanga við endurreisn Edinborgarhússins. Felst í því m.a. endanlegur frágangur á ytra byrði hússins, innanstokksmunir og annar ófyrirséður kostnaður.

Í öðru lagi er óskað er eftir 30 m.kr. aukafjárveitingu til að standa við samning við Akureyri um framlag ríkissjóðs til byggingar menningarhúss á Akureyri. Ákveðið var að ráðstafa fjárheimild til endurbóta á Miðgarði í Skagafirði þegar ljóst var að framkvæmdir við byggingu menningarhúss á Akureyri myndu hefjast seinna en áætlað

var. Framkvæmdirnar við Miðgarð voru í samræmi við tillögu samstarfshóps um uppbyggingu menningarhúsa í Skagafirði.

971 Ríkisútvarpið.

1.10 Ríkisútvarpið, afnotagjöld. Lagt er til að framlag úr mörkuðum tekjustofni félagsins lækki um 142 m.kr. vegna lækkunar á virðisaukaskatti á afnotagjöldum úr 14% í 7% þann 1. mars 2007. Breytingin hefur ekki áhrif á afkomu Ríkisútvarpsins.

982 Listir, framlög.

1.57 Þátttaka í bókakaupstefnu í Frankfurt árið 2011. Lagt er til að veitt verði 50 m.kr. framlag vegna umsóknar Íslands um heiðursæti á bókakaupstefnunni í Frankfurt haustið 2011. Samtals er kostnaður við þátttökuna áætlaður 300 m.kr. sem greiðist þannig að 50 m.kr. falla til árlega frá og með árinu 2007 til og með árinu 2010 og síðan 100 m.kr. árið 2011. Skipta má kostnaðinum í fjóra meginhluta: þýðingarstyrki til bókaútgáfufyrirtækja, upplýsinga- og kynningarstarf, menningarkynningu í Þýskalandi og þátttaka í sjálfri bókakaupstefnunni.

988 Æskulýðsmál.

1.90 Æskulýðsmál. Óskað er eftir 7 m.kr. í Snorraverkefnið. Verkefnið snýr að samskiptum við Vestur-Íslendinga. Í fjárlögum fyrir árið 2007 er gert ráð fyrir 2 m.kr. til verkefnisins undir þessum lið, sbr. yfirlit 8 í sundurliðun óskiptra liða í fjárlögum. Samtals verður því framlag ríkissjóðs 9 m.kr.

989 Ýmis íþróttamál.

1.11 Ferðasjóður Íþróttasambands Íslands. Farið er fram á 30 m.kr. fjárveitingu til að koma á fót ferðasjóði Íþróttasambands Íslands. Í kjölfar þingsályktunartillögu sem samþykkt var 3. júní 2006 skipaði menntamálaráðherra nefnd sem falið var að gera úttekt á ferðakostnaði íþróttafélaga vegna þátttöku í viðurkenndum mótum. Niðurstaða nefndarinnar var að leggja til að komið verði á fót ferðasjóði íþróttafélaga til að jafna landfræðilegan aðstöðumun og efla þannig íþrótta- og forvarnastarf. Jafnframt var lagt til að gerður verði þjónustusamningur við Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands um umsjón og umsýslu sjóðsins. Í framhaldi af tillögum nefndarinnar ákvað ríkisstjórnin að stefnt verði að því að framlag til sjóðsins verði 90 m.kr. á ársgrundvelli og að því marki verði náð á þremur árum. Framlagið verði þannig 30 m.kr. árið 2007, 60 m.kr. árið 2008 og 90 m.kr. árið 2009.

1.22 Launasjóður stórmeistara í skák. Óskað er eftir 3 m.kr. framlagi til að jafna halla á liðnum. Fleiri stórmeistarar hafa fengið laun hluta úr ári en áætlanir gerðu ráð fyrir.

999 Ýmislegt.

1.90 Ýmis framlög. Óskað er eftir samtals 8 m.kr. fjárveitingu á þessu viðfangsefni. Þar af er lagt til að veitt verði 5 m.kr. framlag til Kirkjubæjarstofu sem er sama fjárhæð og árið 2006. Í annan stað er lagt til að veitt verði 3 m.kr. fjárveiting til Sjóminjasafnsins á Hellissandi. Safnið var opnað síðasta sumar og gerðar verulegar breytingar á skemmum yfir áraskip safnsins og aðgengi fatlaðra bætt.

1.98 Ýmis framlög menntamálaráðuneytis. Óskað er eftir samtals 15,7 m.kr. hækkun á fjárheimild viðfangsefnisins. Annars vegar er lagt til að veittar verði 8,7 m.kr. til Gaulverjaskóla og að framlag til skólans í fjárlögum þessa árs verði þar með tvöfaldað. Sú hækkun er gerð í ljósi þess að ekki varð að áformaðri aukafjárveitingu í fjárlögum fyrir árið 2006 til verkefnisins. Hins vegar er óskað eftir 7 m.kr. framlagi til íþróttaakademíunnar á Reykjanesi vegna samnings sem gerir ráð fyrir samtals 48 m.kr. fjárveitingu til ársins 2011.Fjárhæðin skiptist þannig að á árinu 2007 greiðast 7 m.kr., 12 m.kr. árið 2008, 12 m.kr. árið 2009, 12 m.kr. árið 2010 og 5 m.kr. árið 2011.

6.90 Ýmis stofnkostnaðarframlög. Lagt er til að framlag til Landnámsseturs í Borgarnesi árið 2007 verði 5 m.kr. sem er óbreytt fjárhæð frá árinu 2006.

03 Utanríkisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild utanríkisráðuneytis verði aukin um 1.021,9 m.kr.

101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa. Óskað er eftir samtals 75 m.kr. framlagi til fjárlagaliðarins. Í fyrsta lagi er lagt til að veitt verði 45 m.kr. fjárheimild til sameiginlegrar heræfingar Íslands og Bandaríkjanna, Norðurvíkingur 2007. Við brotthvarf varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli undirrituðu forsætisráðherra og utanríkisráðherra samkomulag við bandarísk stjórnvöld. Í því er gert ráð fyrir árlegum varnaræfingum á Íslandi. Kostnaður er vegna farartækja, eldsneytis, fæðis og aðstöðu á öryggissvæði Keflavíkurflugvallar, auk notkunar flugbrauta fyrir orrustuþotur.

Í öðru lagi er lagt til að veitt verði 20 m.kr. framlag til að stofna útibú fyrir Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytisins á Akureyri. Helstu verkefni hennar eru þýðingar á reglugerðum EES samningsins. Talið er að fjölga þurfi þeim 18 starfsmönnum sem nú starfa hjá stöðinni þar sem nú bíða þýðingarverkefni sem nema um 30-40 ársverkum. Unnt er að sinna þýðingum í fjarvinnslu og hefur utanríkisráðuneytið gert samning við Háskólann á Akureyri um að opnuð verði starfsstöð frá Þýðingamiðstöðinni þar. Lagt er til að á stöðinni starfi sex þýðendur sem er viðbót við núverandi starfafjölda og er því ekki um flutning starfa frá Reykjavík að ræða.

Í þriðja og síðasta lagi er óskað eftir 10 m.kr. vegna kostnaðarauka utanríkisráðuneytisins af nýjum lögum um öryggismálasafn. Um er að ræða kostnað við flokkun og skil skjala frá utanríkisráðuneyti til öryggismálasafns skv. ákvæðum laganna. Einnig er gerð 10 m.kr. tillaga vegna málsins undir menntamálaráðuneyti en samkvæmt kostnaðarumsögn er samtals gert ráð fyrir 20 m.kr. í verkefnið á árinu 2007.

215 Rekstur fyrrum varnarsvæða við Keflavíkurflugvöll.

1.01 Rekstur fyrrum varnarsvæða við Keflavíkurflugvöll. Óskað er eftir að framlagi á fjárlagaliðnum lækki um 128 m.kr. þar sem kostnaður vegna reksturs Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar er nú, samkvæmt samningi, vistaður hjá fjármálaráðuneytinu. Eftir stendur á liðnum 152 m.kr. kostnaður vegna öryggissvæðis við Keflavíkurflugvöll. Fjárveiting vegna öryggissvæðisins verður framvegis vistuð á liðnum *03-213 Varnarmál.*

217 Ratsjárstofnun.

1.01 Ratsjárstofnun. Lagt er til að veitt verði 280 m.kr. framlag til rekstur Ratsjárstofnunar sem annast um reksturs íslenska loftvarnakerfisins. Samkvæmt verksamningi greiddu bandarísk stjórnvöld kostnað af rekstri ratsjárkerfanna. Þeim samningi sögðu bandarísk yfirvöld upp frá og með 15. ágúst. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2008 er gert ráð fyrir um 800 m.kr. til reksturs loftvarnakerfisins.

300 Sendiráð Íslands.

1.01 Sendiráð Íslands. Óskað er eftir samtals 65 m.kr. fjárveitingu til viðfangsefnisins. Í fyrsta lagi er óskað er eftir 55 m.kr. vegna uppsafnaðs halla á sjúkrasjóði starfsmanna utanríkisþjónustunnar. Óviðráðanlegur kostnaður hefur verið umfram áætlun á árunum 2005 og 2006, auk fyrirsjáanlegs halla á árinu 2007. Sjóðnum er ætlað að tryggja starfsmönnum samsvarandi sjúkraþjónustu erlendis eins og þeir ættu aðgang að á Íslandi. Aukinn fjöldi starfsmanna og starfsstöðva hefur leitt til talsverðs útgjaldaauka og er gert ráð fyrir hærri heimild vegna sjúkrasjóðsins í fjárlagafrumvarpi 2008.

Í öðru lagi er farið er fram á 6 m.kr. til sendiráðs Íslands í Peking vegna útgáfu vegabréfa. Kostnaður vegna útsends starfsmanns, reksturs, búnaðar og breytinga á aðstöðu er áætlaður 24 m.kr. Dómsmálaráðuneytið mun greiða kostnað vegna sendiráðsnautar, sem áætlað er að kosti um 18 m.kr. á ári, en utanríkisráðuneytið greiðir 3 m.kr. í stofnkostnað og 3 m.kr. í árlegan rekstrarkostnað. Sendiráð Danmerkur í Peking hefur annast útgáfu vegabréfa fyrir hönd íslenskra stjórnvalda. Ferðaþjónustuaðilar telja að það hafi háð markaðssetningu á Íslandi sem áfangastaðar að væntanlegir ferðamenn hafa þurft að leita eftir áritunum til sendiskrifstofa annarra ríkja og að lengri málsmeðferð stærri ríkja hafi tafið afgreiðslu vegabréfa. Er um að ræða tilraunaverkefni sem mun standa í tvö og hálft ár.

Í þriðja lagi er óskað eftir 4 m.kr. vegna samnings menntamálaráðuneytisins og utanríkisráðuneytisins um menningarstarfsemi sendiskrifstofa.

5.21 Viðhald fasteigna. Óskað er eftir 23 m.kr. hækkun á fjárheimild viðfangsefnisins vegna uppsafnaðs halla. Áformað er að ráðstafa hluta af söluandvirði sendiráðsbústaðar Íslands í Kaupmannahöfn til að jafna halla á þessum lið.

6.01 Tæki og búnaður. Óskað er eftir 47 m.kr. hækkun á fjárheimild vegna uppsafnaðs halla. Áformað er að ráðstafa hluta af söluandvirði sendiráðsbústað Íslands í Kaupmannahöfn til að jafna halla á þessum lið.

6.25 Sendiherrabústaður í Berlín. Óskað er eftir 19 m.kr. framlagi vegna framkvæmda við sendiráðsbústað í Berlín. Áformað er að ráðstafa hluta af söluandvirði sendiráðsbústaðar Íslands í Kaupmannahöfn til að greiða þennan kostnað.

6.27 Sendiherrabústaður í Kaupmannahöfn. Óskað er eftir 242,2 m.kr. vegna kaupa og endurbóta á nýjum sendiherrabústað í Kaupmannahöfn ásamt kaupum á húsgögnum. Í hagræðingarskyni var ákveðið að selja sendiherrabústaðinn í Kaupmannahöfn og kaupa þess í stað ódýrara og hagkvæmara hús. Áætlað er að eldri bústaður verði seldur fyrir 372 m.kr. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fjárheimild sem nemur hagnaði af sölunni umfram kaup á nýjum bústað verði ráðstafað til verkefna tengdum nauðsynlegu viðhaldi fasteigna og tækjakaupum utanríkisþjónustunnar eins og nánar er tilgreint undir öðrum viðfangsefnum þessa fjárlagaliðar.

6.28 Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn. Óskað er eftir 30 m.kr. framlagi vegna halla frá fyrri árum á framkvæmdum við sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn. Áformað er að ráðstafa hluta af söluandvirði sendiráðsbústaðar Íslands í Kaupmannahöfn til að greiða þennan kostnað.

6.29 Bústaður aðalræðismanns í Þórshöfn, Færeyjum. Óskað er eftir 87,9 m.kr. framlagi vegna kaupa og endurbóta á bústað ræðismanns Íslands í Þórshöfn ásamt kaupum á húsgögnum. Kaupverð hússins var 5.560 þús. danskar krónur og er hér miðað við gengisforsendur fjárlaga 2007. Á móti kaupunum kemur sala á bústað varamanns sendiherra í Stokkhólmi sem færist á tekjuhlið ríkissjóðs.

401 Alþjóðastofnanir.

1.10 Sameinuðu þjóðirnar, UN. Óskað er eftir 40 m.kr. framlagi vegna hlutar Íslands í kostnaði við endurbyggingu höfuðstöðva Sameinuðu þjóðanna í New York. Um er að ræða samningsbundið framlag.

1.87 Íslensk friðargæsla. Óskað er eftir 200 m.kr. fjárheimild vegna loftflutninga fyrir NATO í samræmi við yfirlýsingar forsætisráðherra á leiðtogafundi NATO í Riga 2006 og samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnar.

611 Útflutningsráð Íslands.

1.10 Útflutningsráð Íslands. Óskað er eftir 40,8 m.kr. hækkunar á fjárveitingu til Útflutningsráðs í ljósi endurskoðaðrar áætlunar um tekjur af markaðsgjaldi sem lagt er á gjaldstofn tryggingagjalds.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild landbúnaðarráðuneytis verði aukin um 321,1 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

1.51 Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO. Farið er fram á 1,6 m.kr. hækkun á samningsbundnu framlagi til Norður-Atlandshafslaxveiðinefndarinnar, NASCO. NASCO var stofnsett í Reykjavík árið 1984 í þeim tilgangi að stuðla að verndun, uppbyggingu og skynsamlegri nýtingu laxastofna í Norður Atlantshafi. NASCO skrifstofan reiknar árlegt framlag út frá þeim laxveiðitölum sem gefnar eru upp af löndunum og staðfestar eru af Alþjóða hafrannsóknaráðinu, ICES.

262 Landbúnaðarháskóli Íslands.

1.01 Landbúnaðarháskóli Íslands. Óskað er eftir 64 m.kr. fjárveitingu vegna uppgjörs á uppsöfnuðum halla Landbúnaðarháskóla Íslands á árinu 2007. Rekstrarhalli skólans var síðast gerður upp í fjáraukalögum 2005. Gert er ráð fyrir að Landbúnaðarháskóli Íslands ásamt Hólaskóla á Hólum í Hjaltadal færist til menntamálaráðuneytis frá landbúnaðarráðuneyti um áramótin 2007-2008 í samræmi við breytingar á skipulagi Stjórnarráðsins.

311 Landgræðsla ríkisins.

1.90 Fyrirhleðslur. Farið er fram á 23 m.kr. framlag vegna brýnna aðgerða við að stöðva landbrot, gróðureyðingu og mannvirki við Krossá í Þórsmörk.

325 Hekluskógar.

1.01 Hekluskógar. Lagt er til veittar verði 14 m.kr. til Hekluskóga í samræmi við samstarfssamning ríkissjóðs, Landgræðslu ríkisins og Skógræktar ríkisins. Markmið verkefnisins er að koma á landgræðslu og endurheimt skóg- og kjarrlendis á Heklusvæðinu. Samkvæmt samningnum skuldbindur ríkissjóður sig til að greiða 28 m.kr. árið 2007 og 50 m.kr. á ári til og með árinu 2016 til Hekluskóga. Inn í árlegum framlögum ríkissjóðs er 14 m.kr. fjárveiting sem runnið hefur til Skógræktar ríkisins vegna Hekluskóga. Heildarframlög ríkisins til Hekluskóga munu því aukast um 14 m.kr. fyrir árið 2007 og 36 m.kr. á ári á tímabilinu 2008 - 2016 að báðum árum meðtöldum.

801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu.

1.01 Beinar greiðslur til bænda. Gerð er tillaga um 50,4 m.kr. hækkun fjárveitingar í samræmi við niðurstöður reiknilíkans með uppfærðum verðlagsforsendum samnings um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu fyrir árið 2007.

1.02 Lífeyrissjóður bænda. Gerð er tillaga um 1,8 m.kr. hækkun fjárveitingar í samræmi við niðurstöður reiknilíkans með uppfærðum verðlagsforsendum.

1.05 Kynbóta- og þróunarstarfsemi. Gerð er tillaga um 1,9 m.kr. hækkun fjárveitingar í samræmi við niðurstöður reiknilíkans með uppfærðum verðlagsforsendum samnings um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu fyrir árið 2007.

1.06 Gripagreiðslur. Óskað er eftir samtals 30,6 m.kr. viðbótarframlag til þessa viðfangsefnis. Farið er fram á að gripagreiðslur af holdanautum verði tvöfaldaðar, eða úr 25 m.kr. í 50 m.kr. Við gerð mjólkursamnings, sem tók gildi í september 2005, voru gripagreiðslur teknar upp. Var þeim ætlað að styrkja stöðu nautakjötsframleiðenda á kjötmarkaði. Til að tryggja áframhaldandi framleiðslu á íslensku nautakjöti er lagt til að framlög til gripagreiðslna verði tvöfölduð. Í annan stað er gerð tillaga um 5,6 m.kr. hækkun fjárveitingar í samræmi við niðurstöður reiknilíkans með uppfærðum verðlagsforsendum samnings um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu fyrir árið 2007.

805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu.

1.01 Beinar greiðslur til bænda. Gerð er tillaga um 83,3 m.kr. fjárveitingu í samræmi við niðurstöður reiknilíkans með uppfærðum verðlagsforsendum fyrir árið 2007 samkvæmt samningi um framleiðslu sauðfjárafurða.

1.02 Lífeyrissjóður bænda. Gerð er tillaga um 4,8 m.kr. fjárveitingu í samræmi við niðurstöður reiknilíkans með uppfærðum verðlagsforsendum.

1.03 Jöfnunargreiðslur. Gerð er tillaga um 1 m.kr. fjárveitingu í samræmi við niðurstöður reiknilíkans með uppfærðum verðlagsforsendum fyrir árið 2007 samkvæmt samningi um framleiðslu sauðfjárafurða.

1.04 Álagsgreiðslur vegna gæðastýringar. Gerð er tillaga um 30,9 m.kr. fjárveitingu í samræmi við niðurstöður reiknilíkans með uppfærðum verðlagsforsendum fyrir árið 2007 samkvæmt samningi um framleiðslu sauðfjárafurða.

1.05 Niðurgreiðslur á ull. Gerð er tillaga um 7 m.kr. fjárveitingu í samræmi við niðurstöður reiknilíkans með uppfærðum verðlagsforsendum fyrir árið 2007 samkvæmt samningi um framleiðslu sauðfjárafurða.

1.10 Þjónustu- og þróunarkostnaður. Gerð er tillaga um 6,8 m.kr. fjárveitingu í samræmi við niðurstöður reiknilíkans með uppfærðum verðlagsforsendum fyrir árið 2007 samkvæmt samningi um framleiðslu sauðfjárafurða.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild sjávarútvegsráðuneytis verði aukin um 441 m.kr.

101 Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa. Lagt er til að 2 m.kr. verði millifærðar af aðalskrifstofu yfir á ráðstöfunarfé ráðherra. Með þeirri breytingu verður ráðstöfunarféð samtals 5 m.k.

190 Ýmis verkefni.

1.98 Ýmis framlög sjávarútvegsráðuneytisins. Óskað er eftir 72 m.kr. vegna kostnaðar við biðlaun fyrrum starfsmanna Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins. Í byrjun árs 2007 sameinuðust þrjár stofnanir sem unnið höfðu að matvælarannsóknum og þróun í tengslum við matvælaiðnað í hlutafélaginu Matís ohf. Það voru Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Matvælarannsóknir Keldnaholti og Rannsóknastofa Umhverfisstofnunar. Í kjölfar sameiningarinnar nýtti hluti starfsmanna Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins biðlaunarétt sinn og fellur til kostnaður vegna þess á árinu 2007.

199 Ráðstöfunarfé.

1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra. Lagt er til að 2 m.kr. verði millifærðar af aðalskrifstofu yfir á ráðstöfunarfé ráðherra. Með þeirri breytingu verður ráðstöfunarféð samtals 5 m.k.

202 Hafrannsóknastofnunin.

1.01 Hafrannsóknastofnunin. Óskað er eftir samtals 219 m.kr. hækkun á fjárveitingu til stofnunarinnar. Í fyrsta lagi er óskað eftir 84 m.kr. framlagi vegna sameiginlegrar hvalatalningar á árinu 2007. Skipulegar talningar úr skipum og flugvélum eru almennt taldar besta aðferðin til að fá áreiðanlegt mat á fjölda hvala á tilteknum hafsvæðum. Árið 1987 hófust talningar vítt og breitt um Norður-Atlantshaf í samstarfi við Danmörk (Grænland), Færeyjar, Noreg og Spán og voru sambærilegar talningar gerðar árin 1995 og 2001. Niðurstöður talninganna árin 1987 og 1995 voru helsti grundvöllur úttekta Vísindanefndar NAMMCO á ástandi stofna hrefnu og langreyðar hér við land.

Í öðru lagi er óskað eftir 50 m.kr. fjárveitingu til svonefnds togararalls sem gegnir mikilvægu hlutverki við mat á ástandi þorskstofnsins og styrkleika uppvaxandi árganga. Ljóst þykir að stækkun svæða, bæði á grunnslóð og djúpslóð, vegna breytinga sem nú virðast eiga sér stað á ástandi sjávar og útbreiðslu fisktegunda er óhjákvæmileg. Gert er ráð fyrir að árlega verði 50 m.kr. veitt til þessa verkefnis árin 2008 og 2009. Tillagan er hluti af mótvægisaðgerðum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í aflamarki þorsks.

Í þriðja lagi er gerð tillaga um 40 m.kr. fjárveitingu vegna kostnaðar við leigu á skipum til vísindaveiða á hrefnu á árinu 2007. Sjávarútvegsráðuneytið hefur undanfarin þrjú ár gert samning við Félag hrefnuveiðimanna um veiðarnar og skuldbindur það sig til að veiða í vísindaskyni þær 39 hrefnur sem eftir eru samkvæmt rannsókna- og framkvæmdaáætlun um veiðar á hrefnu í vísindaskyni.

Í fjórða lagi er lagt til 25 m.kr. framlag vegna aukins kostnaðar við loðnuleit. Nauðsynlegt var að auka loðnurannsóknir í janúar sl. umfram það sem gert var ráð fyrir í starfsáætlun vegna breytinga á magni og útbreiðslu á loðnu.

Í fimmta og síðasta lagi er óskað eftir 20 m.kr. fjárveitingu til eflingar Hafrannsóknastofnunar á Ólafsvík. Tillagan er hluti af mótvægisaðgerðum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í aflamarki þorsks.

206 Matvælarannsóknir.

1.01 Matvælarannsóknir. Óskað er eftir samtals 150 m.kr. viðbótarfjárveitingu til þessa liðar. Annars vegar er farið fram á 130 m.kr. til matvælarannsókna. Með lögum um Matís ohf. voru matvælarannsóknir færðar í eitt fyrirtæki frá Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins, matvælarannsóknastofu Iðntæknistofnunar og Landbúnaðarháskóla Íslands og frá Umhverfisstofnun. Rekstur hófst í byrjun þessa árs og hefur fallið til nokkur kostnaður sem ekki var talinn í bókhaldi þeirra fyrirtækja sem sameinuðust. Er þar um að ræða kostnað vegna afskrifta tækja og búnaðar, fjármagnskostnað, lífeyrisskuldbindingar og fjárreiðuþjónustu. Auk þess hafa tekjur af seldri þjónustu lækkað tímabundið. Er því lagt til að fjárveiting til kaupa á matvælarannsóknum verði aukin tímabundið um 130 m.kr. en sú fjárhæð mun fara lækkandi á næstu árum þar til rekstur fyrirtækisins er kominn á fastann grunn. Í annan stað er óskað eftir 20 m.kr. fjárveitingu til eflingar Matvælarannsókna Íslands á Hornafirði. Tillagan er hluti af mótvægisaðgerðum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í aflamarki þorsks.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild dóms- og kirkjumálaráðuneytis verði aukin um 693,3 m.kr.

101 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa. Lagt er til að veitt verði 13,5 m.kr. framlag vegna ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um útsendan starfsmann í Peking sem starfa mun við vegabréfsáritanir. Á grundvelli tillagna frá dómsmálaráðuneyti og utanríkisráðuneyti hefur ríkisstjórnin samþykkt að taka upp útgáfu Schengen-vega-

bréfsáritana í sendiráði Íslands í Peking en um er að ræða tilraunaverkefni í tvö og hálft ár. Árlegur kostnaður sem fellur til hjá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu nemur 18 m.kr. Í samþykkt ríkisstjórnar var við það miðað að verkefnið hæfist í upphafi þessa árs en vegna tafa hófst það 1. apríl. Kostnaður á þessu ári nemur því 13,5 m.kr., 18 m.kr. á árinu 2008 og að lokum 13,5 m.kr. árið 2009. Einnig mun falla til kostnaður hjá utanríkisráðuneytinu og er hann áætlaður 6 m.kr. á þessu ári, 3 m.kr. á árinu 2008 og 2 m.kr. á árinu 2009. Gert hefur verið ráð fyrir sambærilegum framlögum vegna málsins í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2008.

102 Stjórnartíðindi.

1.01 Stjórnartíðindi. Lagt er til að útgjaldaheimild Stjórnartíðinda verði hækkuð um 15,6 m.kr. þannig að hún verði alls 24,7 m.kr. eða jafn há og áætlaðar tekjur af sölu birtinga á efni í ritinu. Í fjárlögum ársins 2005 lækkaði ráðuneytið fjárheimildina um svipaða fjárhæð og var þá miðað við að prentkostnaður og fleiri útgjöld myndu lækka í tengslum við lagabreytingu sem heimilaði að útgáfan yrði færð yfir í rafrænt form á Netinu. Miðað við þessi áform var gert ráð fyrir að tekjur Stjórnartíðinda yrðu um 25 m.kr. á ári en útgjöld u.þ.b. helmingi lægri. Þessi áætlun hefur ekki gengið eftir heldur hafa útgjöldin reynst vera verulega umfram tekjur þannig að gera má ráð fyrir að uppsafnaður halli á þessari útgáfustarfsemi dómsmálaráðuneytisins hafi verið í kringum 70 - 80 m.kr. í lok ársins 2006. Þessi fjárveiting er ætluð til að koma í veg fyrir að umframgjöldin aukist á þessu ári.

106 Þjóðskrá.

1.01 Þjóðskrá. Lagt er til að veitt verði 48,1 m.kr. til kaupa á vegabréfabókum. Í forsendum fjárlaga var gert ráð fyrir að kaupa 40 þús. vegabréfabækur á ári og kostnaður við það var metinn á um 44,6 m.kr. Í ljós hefur komið að nauðsynlegt er að kaupa 45 þús. bækur vegna ársins 2007 og er ekki ástæða til að ætla að sú tala lækki. Einnig þarf að gera ráð fyrir aukabirgðum og hefur verið miðað við um 15 þús. bækur. Heildarinnkaup á árinu 2007 þurfa því að nema um 60 þús. bókum. Einnig hefur komið í ljós að gera þarf ráð fyrir sköttum og gjöldum af innkaupum bókanna auk þess að gengi evru hefur hækkað frá því sem miðað var við í upphaflegum áætlunum. Heildarkostnaður við 60 þús. bækur með opinberum gjöldum nemur 92,7 m.kr. og er mismunurinn á þeim kostnaði og upphaflegri áætlun því um 48,1 m.kr. Gert hefur verið ráð fyrir sambærilegri hækkun vegna vegabréfabókanna í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2008.

111 Kosningar.

1.10 Kosningar. Lagt er til að framlag liðarins verði aukið um 130 m.kr. til að standa undir útgjöldum vegna kosninga til Alþingis á árinu 2007. Í fjárlögum 2007 var áætlað fyrir útgjöldum ríkisins vegna kosninganna miðað við svipuð útgjöld og féllu til á

árinu 2003. Með lagabreytingu nr. 162/2006, um fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda og upplýsingaskyldu þeirra, er kveðið á um þá breytingu að í lögum um kosningar til Alþingis komi ríkissjóður í stað sveitarsjóða að því er varðar greiðslu kostnaðar sem sveitarsjóðir hafa hingað til borið. Er þar um að ræða kostnað vegna starfa undirkjörstjórna og kjörstjórna, fyrir húsnæði til kjörfunda o.fl. Breytt fyrirkomulag á þessu er með þeim hætti að ríkið greiðir sveitarstjórnum 430 kr. fyrir hvern mann á kjörskrá og 300 þús. kr. fyrir hvern kjörstað en að sveitarstjórnir annast um framkvæmd kosninganna eins og verið hefur, þ.á.m. að greiða þóknanir til starfsfólks kjörstjórnar, útvega húsnæði og aðstöðu o.þ.h.

190 Ýmis verkefni.

1.27 Slysavarnafélagið Landsbjörg. Lagt er til að veitt verði 12,5 m.kr. viðbótarfjárveiting til björgunarsveita til kaupa á Tetra-fjarskiptabúnaði. Þann 20. október 2006 undirrituðu dóms- og kirkjumálaráðherra, samgönguráðherra, fjármálaráðherra og Slysavarnarfélagið Landsbjörg samkomulag um aðgang að neyðar- og öryggisfjarskiptakerfinu Tetra. Tillagan er gerð á grundvelli þessa samnings en fjárhæðin nemur um fjórðungi kostnaðar sem til fellur á þessu ári og munu björgunarsveitirnar bera annan kostnað sem til fellur á árinu.

1.48 Hollvinasamtök varðskipsins Óðins. Í fjárlögum fyrir árið 2007 er heimild til að selja varðskipið Óðinn eða ráðstafa því með öðrum hætti. Ríkisstjórnin samþykkti að leggja til að skipinu verði ráðstafað til Hollvinasamtaka varðskipsins Óðins og að ríkissjóður leggi þeim til 5 m.kr. árlega til að taka þátt í hluta af kostnaði við að reka skipið og halda því við. Hollvinasamtökin fyrirhuga að koma á fót í skipinu minjasafni um landhelgisbaráttuna og þorskastríðin. Gert er ráð fyrir jafn háu framlagi vegna verkefnisins í fjárlagafrumvarpi ársins 2008.

201 Hæstiréttur.

1.01 Hæstiréttur. Óskað er eftir samtals 8,8 m.kr. fjárveitingu til þessa fjárlagaliðar. Í fyrsta lagi er í samræmi við samþykkt ríkisstjórnar lagt til að fjárheimild dómstólsins verði hækkuð um 3,6 m.kr. á þessu ári vegna útgáfu hæstaréttardóma. Á undanförnum árum hafa tekjur vegna sölu á dómum minnkað umtalsvert enda hægt að nálgast dómana á vefsíðu réttarins. Er svo komið að halli er á útgáfunni en talið er að umtalsverð hækkun á söluverði muni fækka kaupendum enn frekar. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið telur óhjákvæmilegt að útgáfa dóma réttarins á prenti haldist, þótt unnt sé að nálgast dómana á vefsíðu réttarins. Framlag miðast við að prentuð verði árlega 200 eintök af dómum réttarins og af þeim kaupi ríkissjóður árlega 50 eintök en önnur verði sett á markað á kostnaðarverði. Upphafskostnaður er um 3,6 m.kr. en árlegur kostnaður verður síðan 0,9 m.kr. og er gert ráð fyrir honum í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2008.

Í öðru lagi er lagt til að fjárveiting verði aukin um 3 m.kr. vegna kostnaðar við fjóra löglærða fulltrúa hæstaréttar. Fulltrúum var fjölgað úr þremur í fjóra á árinu 2005 en ljóst er að fækka verður þeim aftur ef ekki kemur til hækkunar á framlagi.

Í þriðja lagi er lagt til að framlag hækki um 1,2 m.kr. vegna hækkunar sem orðið hefur á húsaleigu dómstólsins.

Í fjórða og síðasta lagi er lagt til að veitt verði 1 m.kr. framlag vegna öflunar vettvangsgagna í þjóðlendu- og landamerkjamálum sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum.

303 Ríkislögreglustjóri.

1.01 Ríkislögreglustjóri. Óskað er eftir samtals 79,8 m.kr. hækkun á fjárheimild fjárlagaliðarins en þar af eru 67,8 m.kr. millifærslur af öðrum liðum. Í fyrsta lagi er lagt til að 51,9 m.kr. fjárheimild verði millifærð frá lögreglustjóranum á Suðurnesjum til embættis ríkislögreglustjóra vegna sérsveitarmanna. Lögum samkvæmt fer ríkislögreglustjóri með skipunarvald vegna sérsveitarmanna. Ákveðið hefur verið að taka upp sömu skipan varðandi sérsveitarmenn sem staðsettir hafa verið hjá lögreglustjóra Suðurnesja og er á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri þannig að uppbygging og stjórn sérsveitarinnar sé alfarið hjá embætti ríkislögreglustjóra. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2008 er gert ráð fyrir sambærilegri tilfærslu á fjárheimildum milli embættanna.

Í öðru lagi er lagt til að millifæra 15,9 m.kr. af safnlið samgönguráðuneytisins, *10-190-1.19 Útgáfa ökuskírteina*, til embættis ríkislögreglustjóra. Í kjölfar flutnings umferðarmála og umferðaröryggismála frá dómsmálaráðuneytinu til samgönguráðuneytisins fluttist ábyrgð og fjárveiting vegna útgáfu ökuskírteina einnig til samgönguráðuneytisins. Embætti ríkislögreglustjóra ber hins vegar ábyrgð á ökuskírteinaskrá og gerir samninga við birgja um kaup á kortum og framleiðslu þeirra. Ökuskírteini hafa verið framleidd í Þýskalandi samkvæmt samningi. Samningurinn rann út á þessu ári og er talið heppilegt að endurskoða fyrirkomulag framleiðslu ökuskírteina. Með vísan til þessa hefur það orðið að samkomulagi milli ráðuneytanna að ábyrgð á framleiðslu skírteinanna verði að fullu hjá embætti ríkislögreglustjóra. Í fjárlagafrumvarpi 2008 er gert ráð fyrir sambærilegri tilfærslu fjárveitingar milli ráðuneytanna.

Í þriðja lagi er lagt til að veittar verði 12 m.kr. til að standa undir kostnaði við starf tengslafulltrúa embættisins hjá Europol í samræmi við samþykkt ríkisstjórnar. Alþjóðadeild ríkislögreglustjóra hefur verið virkur þátttakandi í alþjóðasamstarfi lögreglu og notið góðs af tengslum við alþjóðastofnanir, s.s. EUROPOL og INTERPOL. Mikill ávinningur hefur verið af þessu samstarfi lögreglunnar bæði til þess að afla upplýsinga um erlenda aðila hér á landi sem lögregla þarf að hafa afskipti af sem og Íslendinga sem koma við sögu hjá lögreglu erlendis. Verkefnið er fyrst til reynslu í tvö ár. Samsvarandi tillaga er gerð í frumvarpi til fjárlaga ársins 2008.

Loks er gert ráð fyrir að beint greiðsluframlag til stofnunarinnar úr ríkissjóði hækki um 2,8 m.kr. Við 2. umræðu fjárlagafrumvarps fyrir árið 2007 var greiðsluframlagið lækkað vegna áforma um hækkun áfengisgjalds, en hluti þess rennur til stofnunarinnar. Var það gert í tengslum við lækkun virðisaukaskatts á matvæli og áfengi o.fl. Ekki varð af hækkun áfengisgjaldsins og er fjármögnun útgjalda stofnunarinnar með greiðslum úr ríkissjóði því færð aftur í fyrra horf en þá hefur einnig verið tekið mið af endurskoðaðri áætlun um tekjurnar af gjaldinu í ár.

310 Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu.

1.01 Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu. Lagt er til að veitt verði 94 m.kr. fjárheimild vegna biðlaunakostnaðar í tengslum við stofnun nýs lögregluembættis á höfuðborgarsvæðinu. Við stofnun lögregluembættisins voru lögð niður 13 störf hjá Lögreglunni í Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði eða breytingar á þeim urðu svo verulegar að um ný störf var að ræða eftir sameininguna. Við niðurlagningu og breytingu þessara starfa myndaðist biðlaunaréttur sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum. Í annan stað er gert ráð fyrir að beint greiðsluframlag úr ríkissjóði hækki um 7,6 m.kr. Við 2. umræðu fjárlagafrumvarps fyrir árið 2007 var greiðsluframlagið lækkað vegna áforma um hækkun áfengisgjalds, en hluti þess rennur til stofnunarinnar. Ver það gert í tengslum við lækkun virðisaukaskatts á matvæli og áfengi o.fl. Ekki varð af hækkun áfengisgjaldsins og er fjármögnun útgjalda stofnunarinnar með greiðslum úr ríkissjóði því færð aftur í fyrra horf en þá hefur einnig verið tekið mið af endurskoðaðri áætlun um tekjurnar af gjaldinu í ár.

312 Lögreglustjórinn á Suðurnesjum og sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli.

1.20 Löggæsla. Óskað er eftir samtals 106,4 m.kr. viðbótarframlagi til embættisins. Í fyrsta lagi er lagt til að fjárveiting verði aukin um 158,3 m.kr. vegna fjárhagsvanda sýslumannsembættisins á Keflavíkurflugvelli í árslok 2006. Um sl. áramót tóku gildi lög nr. 46/2006, um breyting á lögreglulögum, nr. 90/1996, og lögum um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, nr. 92/1989. Við þá breytingu var sett á fót embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum sem jafnframt er sýslumannsembættið á Keflavíkurflugvelli. Unnið hefur verið að skoðun á fjárhagsstöðu embættisins og tekur tillagan mið af því að embættið hefji rekstur á grundvelli breytinga og nýrra laga án uppsafnaðs vanda. Um er að ræða 148,3 m.kr. uppsafnaðan halla í árslok 2006, auk 10 m.kr. hlutdeildar í halla sýslumannsembættisins í Keflavík, samtals 158,3 m.kr.

Í öðru lagi er lagt til að 51,9 m.kr. fjárheimild verði millifærð frá lögreglustjóranum á Suðurnesjum til embættis ríkislögreglustjóra vegna sérsveitarmanna. Lögum samkvæmt fer ríkislögreglustjóri með skipunarvald vegna sérsveitarmanna. Ákveðið hefur verið að taka upp sömu skipan varðandi sérsveitarmenn sem staðsettir hafa verið hjá lögreglustjóra Suðurnesja og er á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri

þannig að uppbygging og stjórn sérsveitarinnar sé alfarið hjá embætti ríkislögreglustjóra. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2008 er gert ráð fyrir sambærilegri tilfærslu á fjárheimildum milli embættanna.

325 Neyðarsímsvörun.

1.10 Neyðarsímsvörun. Gerð er tillaga um 22,5 m.kr. hækkun framlags til Neyðarlínunnar. Í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá 26. september 2006 hefur verið unnið að uppbyggingu TETRA-fjarskiptakerfisins og var nýr áfangi þess tekinn í notkun 1. maí s.l. Er reiknað með því að kerfið nái til landsins alls fyrir lok þessa árs. Áætlaður viðbótarrekstrarkostnaður er 45 m.kr. á ári frá og með 1. júlí 2007 og stendur sú fjárhæð undir kostnaði við notkun lögreglu, björgunarsveita og almannavarna. Gert er ráð fyrir fjárveitingu vegna verkefnisins í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2008.

395 Landhelgisgæsla Íslands.

1.90 Landhelgisgæsla Íslands. Lagt er til að veitt verði 17 m.kr. framlag vegna leigu á þyrlum fyrir Landhelgisgæsluna. Við undirbúning að leigu á þyrlum á síðasta ári var ljóst að leigutímabil þyrlna gætu skarast. Í samráði við fjármálaráðuneytið var ákveðið að áætla ekki fyrir þeim kostnaði heldur myndi Landhelgisgæslan leitast við að komast hjá þessu eða stytta þennan tíma. Fjárveitingar vegna leigu og tryggginga miðast því við að ekki sé um skörun að ræða milli leigusamninganna. Nú liggur fyrir að óhjákvæmilegt er að til falli 17 m.kr. kostnaður vegna þessa.

398 Útlendingastofnun.

1.01 Útlendingastofnun. Óskað er eftir samtals 57 m.kr. hækkun á fjárveitingu til stofnunarinnar. Í fyrsta lagi er lagt til að framlag vegna samnings við Reykjanesbæ um umönnun og vistun hælisleitenda hækki um 30 m.kr. og verði samtals 55 m.kr. Allt frá árinu 2005 hafa árleg útgjöld vegna samningsins verði a.m.k. 30 m.kr. hærri en þær 25 m.kr. sem á sínum tíma voru veittar vegna þessa verkefnis. Stofnunin getur ekki stýrt þeim sveiflum sem verða á fjölda hælisleitenda og hefur aðeins forræði á afgreiðslu mála þeirra þar til hún hefur kveðið upp úrskurð sinn. Gert er ráð fyrir sambærilegri hækkun vegna samningsins í fjárlagafrumvarpi 2008.

Í öðru lagi er lagt til að framlag til Útlendingastofnunar hækki um 22 m.kr. vegna stóraukins umfangs í starfsemi hennar á síðustu árum. Mál hælisleitenda hafa orðið umfangsmeiri og hefur þurft að fjölga starfsfólki sem starfar við þau og einnig hefur kostnaður hækkað við túlka, tungumálapróf, staðháttarpróf og aldursgreiningar. Jafnframt hefur bæst við kostnaður vegna læknisskoðana hælisleitenda. Meginstoðin í starfi stofununarinnar er þó útgáfa dvalarleyfa og hefur fjöldi umsókna aukist gífurlega, eða úr 5.266 árið 2003 í 16.796 árið 2006. Gert er ráð fyrir sambærilegri hækkun framlags í fjárlagafrumvarpi 2008.

Í þriðja lagi er farið fram á 3 m.kr. viðbótarfjárheimild til innleiðingar á rafrænu afgreiðsluferli EES umsókna. Stofnunin leitar leiða til að hagræða og er gert ráð fyrir að rafræn afgreiðsla umsókna muni miða að því. Með tæknivæddara afgreiðsluferli gerir stofnunin ráð fyrir að ekki þurfa að bæta við fleirum en tveimur starfsmönnum í þetta verkefni þrátt fyrir 100% aukningu dvalarleyfisumsókna.

Í fjórða og síðasta lagi er óskað eftir 2 m.kr. framlagi til að halda ráðstefnu um samhengið milli innflutnings og aðlögunar fólks á grundvelli Evrópusamstarfs á sviði útlendingamála. Gert er ráð fyrir um 80 þátttakendum á ráðstefnunni.

430 Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal.

1.05 Lögbirtingablað. Lagt er til að gjöld og tekjur Lögbirtingablaðs hækki um 4,4 m.kr. til samræmis við rekstraráætlun sýslumannsembættisins í Vík í Mýrdal.

434 Sýslumaðurinn í Reykjanesbæ.

1.01 Sýslumaðurinn í Reykjanesbæ. Lagt er til að gjöld og tekjur lækki um 28,5 m.kr. Með nýjum lögum tók Þjóðskrá við útgáfu vegabréfa og fól sýslumanninum í Keflavík framleiðslu þeirra. Í fjárlögum 2007 var gert ráð fyrir að Þjóðskráin keypti þessa þjónustu af embættinu sem hefði þá sértekjur af sölu hennar til að standa undir framleiðslukostnaðinum. Nú hefur verið ákveðið að framleiðslan í Njarðvíkum verði á vegum Þjóðskrár en ekki sýslumannsembættisins og eru því gjöld og tekjur lækkaðar sem því nemur. Gerð er sambærileg breyting á fjárreiðum embættisins í frumvarpi til fjárlaga 2008.

501 Fangelsismálastofnun ríkisins.

1.01 Fangelsismálastofnun ríkisins. Óskað er að fjárveiting til stofnunarinnar hækki samtals um 63,9 m.kr. í frumvarpinu. Í fyrsta lagi er lagt til að framlag til stofnunarinnar verði hækkað um 30,4 m.kr. vegna breytinga á stofnanasamningi við fangaverði sem gerðar voru í maí sl. Kostnaður á heilu ári nemur 69,8 m.kr. og hefur verið gert ráð fyrir honum í fjárlagafrumvarpi 2008.

Í öðru lagi er gerð tillaga um hækkun framlags um 12,3 m.kr. Í kjölfar ákvörðunar ríkisstjórnar um breytingar og stækkun fangelsis á Kvíabryggju þarf að fjölga fangavörðum um þrjá og einnig hækkar breytilegur kostnaður, aðallega vegna fæðiskostnaðar fanga. Stækkun fangelsisins kallar einnig á breytta yfirstjórn og að skipað verði í stöður varðstjóra og aðstoðarvarðstjóra en nú er þar enginn yfirmaður utan forstöðumanns. Jafnframt er brýnt að ráða skrifstofumann til fangelsisins vegna aukinna umsvifa við daglegan rekstur. Árlegur viðbótarkostnaður er áætlaður 24,2 m.kr. en við það er miðað að fangelsið tók til starfa eftir breytingar um miðjan ágúst. Í fjárlagafrumvarpi ársins 2008 er gert ráð fyrir sambærilegri aukningu rekstrarkostnaðarins.

Í þriðja lagi er lagt til að veittar verði 12 m.kr. til að gera stofnuninni kleift að gera breytingar á samsetningu starfsmanna sinna. Í síðustu kjaraviðræðum Samninganefndar ríkisins og SFR var farið yfir hvernig mæti laga samsetningu starfsmannahópsins betur að þörfum stofnunarinnar og byggir tillagan á útfærslu á þeim hugmyndum. Sambærileg tillaga er einnig í fjárlagafrumvarpi 2008.

Í fjórða og síðasta lagi er, í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar, lagt til að hækka framlag til Fangelsismálastofnunar um 9,2 m.kr. í ár og framvegis til að standa undir kostnaði við endurskoðun samnings við félagasamtökin Vernd. Tillagan tekur mið af hækkun framlags á hvern dag miðað við hækkun verðlags frá árinu 1997 og nýtingu rýma hjá Vernd. Auk þess er lagt til að veitt verði 1 m.kr. á ári til að efla meðferðarúrræði hjá Vernd en fyrirhugað er að ráða faglærðan vímuefnaráðgjafa. Gert hefur verið ráð fyrir sömu hækkun framlagsins í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2008.

705 Kirkjumálasjóður.

1.10 Kirkjumálasjóður. Gerð er tillaga um að hækka lögboðið framlag til Kirkjumálasjóðs um 0,3 m.kr. frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum þessa árs. Framlagið er reiknað sem 11,3% af sóknargjöldum til safnaða þjóðkirkjunnar en þau hækka í samræmi við hækkun á meðaltekjuskattsstofni milli næstliðinna tveggja ára og fjölgun einstaklinga 16 ára og eldri. Hækkun meðaltekjuskattsstofnsins milli tekjuáranna 2005 og 2006 var 9,9%, eða lítið eitt hærri en gert var ráð fyrir í fjárlögum, en á móti vegur að fjölgun einstaklinga í þjóðkirkjunni varð minni en reiknað var með.

735 Sóknargjöld.

1.10 Sóknargjöld til þjóðkirkjunnar. Lagt er til að lögboðið framlag til þjóðkirkjunnar vegna sóknargjalda verði hækkað um 1,9 m.kr. frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum þessa árs. Sóknargjöld hækka í samræmi við hækkanir á meðaltekjuskattsstofni milli næstliðinna tveggja ára og fjölgun einstaklinga 16 ára og eldri. Hækkun meðaltekjuskattsstofns milli tekjuáranna 2005 og 2006 var 9,9%, eða lítið eitt hærri en gert var ráð fyrir í fjárlögum, en á móti vegur að fjölgun einstaklinga í þjóðkirkjunni varð minni en reiknað var með.

1.20 Sóknargjöld til annarra trúfélaga. Lagt er til að lögboðið framlag til annarra trúfélaga en þjóðkirkjunnar vegna sóknargjalda verði hækkað um 12,2 m.kr. frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum þessa árs. Sóknargjöld hækka í samræmi við hækkanir á meðaltekjuskattsstofni milli næstliðinna tveggja ára og fjölgun einstaklinga 16 ára og eldri. Hækkun meðaltekjuskattsstofnsins milli tekjuáranna 2005 og 2006 var 9,9%, eða lítið eitt hærri en gert var ráð fyrir í fjárlögum, og fjölgun einstaklinga í þessum trúfélögum varð meiri en reiknað var með.

736 Jöfnunarsjóður sókna.

1.10 Jöfnunarsjóður sókna. Gerð er tillaga um að hækka lögboðið framlag til Jöfnunarsjóðs sókna um 0,4 m.kr. frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum þessa árs. Framlagið er reiknað sem 18,5% af sóknargjöldum til safnaða þjóðkirkjunnar en þau hækka í samræmi við hækkun á meðaltekjuskattsstofni milli næstliðinna tveggja ára og fjölgun einstaklinga 16 ára og eldri. Hækkun meðaltekjuskattsstofnsins milli tekjuáranna 2005 og 2006 var 9,9%, eða lítið eitt hærri en gert var ráð fyrir í fjárlögum, en á móti vegur að fjölgun einstaklinga í þjóðkirkjunni varð minni en reiknað var með.

07 Félagsmálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild félagsmálaráðuneytis verði aukin um 1.765,8 m.kr.

205 Leiguíbúðir.

6.21 Leiguíbúðir. Gert er ráð fyrir 1.100 m.kr. fjárheimild vegna skuldbindingar ríkissjóðs til að niðurgreiða vexti af lánum sem veitt verða á árinu 2007 til byggingar 400 leiguíbúða. Bygging íbúðanna er hluti af tímabundnu átaki sem miðar að því að fjölga leiguíbúðum um 1.600 á tímabilinu 2006 til ársloka 2009 eða að jafnaði um 400 íbúðir á ári. Átakið er framhald af hliðstæðu átaki frá næstliðnum fjórum árum en á þeim tíma voru byggðar um 1.000 íbúðir. Ekki var gert ráð fyrir mikilli aukningu frá fyrra ári í byggingu þessara íbúða en raunin hefur orðið önnur. Lán til byggingar íbúðanna eru veitt með 3,5% vöxtum og greiðir ríkissjóður vaxtamuninn milli almennra útlánsvaxta á því vaxtastigi og sjóðsins sem nú eru 5,10% að frádregnu afskrifta- og uppgreiðsluréttarálagi sem er samtals 0,45%. Vaxtamunurinn árið 2007 er því áætlaður 1,15%. Núvirt skuldbinding ríkissjóðs vegna þessara framlaga nemur 1.100 m.kr. út lánstímann sem er 50 ár, miðað við 5% ávöxtunarkröfu. Lánin skulu aðeins veitt þeim aðilum sem leigja íbúðirnar til einstaklinga sem uppfylla skilyrði um tekju- og eignamörk samkvæmt VIII. kafla húsnæðislaga. Árleg greiðsluheimild nemur um 60 m.kr. til greiðslu vaxtamunarins fyrir hverjar 400 íbúðir. Í fjárlögum 2007 eru 180 m.kr. til niðurgreiðslu vaxta en ekki var gert ráð fyrir aukningu íbúða á því ári eins og áður er nefnt. Í þessari tillögu er því gert ráð fyrir 1.100 m.kr. skuldbindingu ríkissjóðs auk 60 m.kr. greiðsluheimildar sem er niðurgreiðsla vaxtamunar yfirstandandi árs.

400 Barnaverndarstofa.

1.20 Heimili fyrir börn og unglinga. Farið er fram á 9 m.kr. til að mæta kostnaði við viðhald og endurbætur á húsnæði að Efri Brú Grímsnesi. Félagsmálaráðuneytið hefur leigt þetta húsnæði af Fasteignum ríkisins. Starfsemi Byrgisins var þar til húsa en frá og með 1. júlí 2007 mun Barnaverndarstofa yfirtaka leigusamninginn og veita Götu-

smiðjunni afnot af húsnæðinu. Við þessi aðilaskipti töldu Fatseignir ríkissjóðs brýnt að ráðast í viðhald, þrif og endurbætur á húsnæðinu sem ella hefðu beðið í einhver ár. Sú fjárhæð sem farið er fram á til þessa verkefnis byggir á kostnaðaráætlun frá Fasteignum ríkissjóðs.

700 Málefni fatlaðra.

1.90 Ýmis verkefni. Lagt er til að veitt verði 38 m.kr. framlag í tilraunaverkefni sem miðar að því að þjónusta sjúklinga í öndunarvél í heimahúsum. Gert er ráð fyrir að verkefnið hefjist í apríl árið 2007 og standi til ársloka 2008. Áætlað er að sjúklingur þurfi sólarhringsþjónustu til að sinna aðstoð við athafnir daglegs lífs sem jafngildir 23 m.kr. í launakostnað að teknu tilliti til veikinda og orlofs. Heimahjúkrun myndi að auki sinna sérhæfðri umönnun og hjúkrun eftir þörfum og vera faglegur bakhjarl starfsmanna. Kostnaður vegna einnota hjúkrunarvara, sem er um 0,5 m.kr. á ári á mann, hjólastóla, umhverfisstjórnunarbúnaðar og annarra hjálpartækja yrði greiddur af hefðbundnum framlögum ríkisins og er ekki inni í fyrrgreindum tölum. Lagt er til að í fyrstu verði einum einstaklingi veitt þjónusta en tveir til þrír í lok árs. Tillaga er um 82 m.kr. tímabundið framlag í þetta verkefni í fjárlagafrumvarpi 2008. Verkefninu lýkur í lok þess árs.

701 Málefni fatlaðra, Reykjavík.

1.01 Almennur rekstur. Lagt er til að liðurinn hækki um 98 m.kr. með flutningi fjárheimilda frá Landspítala í þeim tilgangi að taka yfir rekstur sambýla geðfatlaðra. Í byrjun þessa árs gerðu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og félagsmálaráðherra með sér samkomulag um að félagsmálaráðuneyti tæki yfir rekstur þriggja sambýla geðfatlaðra af Landspítala. Tvö sambýli við Flókagötu fluttust 1. september 2006 til félagsmálaráðuneytis og sambýlið við Esjugrund, Kjalarnesi í ársbyrjun 2007. Samkvæmt samkomulaginu er lagt til að 90 m.kr. rekstrarfjárveiting flytjist til félagsmálaráðuneytis vegna þessa auk 8 m.kr. vegna breytinga á launum og verðlagi. Samsvarandi lækkun verður á liðnum *08-373 Landspítali* í frumvarpinu.

722 Sólheimar í Grímsnesi.

1.70 Sólheimar í Grímsnesi. Óskað er eftir 5 m.kr. framlagi til Sólheima vegna fjölgunar vistmanna. Á miðju ári 2006 var fjölgað um tvo vistmenn að Sólheimum en áætlað er að hvert rými kosti 5 m.kr. á ári. Í fjárlögum ársins 2006 er 5 m.kr. framlag vegna þessarar aukningar sem var fjárveiting fyrir hálft ár. Því vantar 5 m.kr. vegna ársins 2007 til að mæta kostnaði fyrir heilt ár. Í fjárlagafrumvarpi 2008 er lagt til að varanlegar greiðslur til heimilisins verði 10 m.kr.

750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

1.01 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Farið er fram á 41,3 m.kr. fjárheimild til að vinna á biðlistum eftir þjónustu stöðvarinnar í samræmi við þingályktun um aðgerðir til að styrkja stöðu barna í samfélaginu.

801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.

1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, lögbundin framlög. Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins hækki um 1.144 m.kr. í samræmi við endurskoðaða áætlun um lögboðin framlög af skatttekjum og útsvarsstofni árið 2007. Spáin miðast við að skatttekjur verði 384.424 m.kr. á þessu ári og að álagningarstofn útsvars hafi verið 657.519 m.kr. árið 2007.

1.11 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, sérstök viðbótarframlög. Farið er fram á 700 m.kr. framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga til að jafna aðstöðumun sveitarfélaga í samræmi við 4. tl. viljayfirlýsingar ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 22. mars 2007.

980 Vinnumálastofnun.

1.01 Vinnumálastofnun. Óskað er eftir 15 m.kr. framlagi til að efla vinnumarkaðsúrræði. Samdráttur í sjávarútvegi og spár um tæplega 3% atvinnuleysi á næsta ári mun auka þörf fyrir stuðningsaðgerðir og vinnumarkaðsúrræði á vegum Vinnumálastofnunar. Auk þessarar tillögu er gert ráð 45 m.kr. á árinu 2008 til að bregðast við auknu atvinnuleysi. Tillagan er hluti af mótvægisaðgerðum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í aflamarki þorsks. Í annan stað er lagt til að og útgjöld og sértekjur stofnunarinnar hækki um 40 m.kr. vegna aukins kostnaðar af umsýslu Fæðingaorlofssjóðs en gert er ráð fyrir sömu hækkun á fjárlagaliðs sjóðsins í frumvarpinu.

982 Ábyrgðasjóður launa.

1.01 Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota. Áætlað er að vaxtagjöld Ábyrgðasjóðs launa af skuld við ríkissjóð hækki um 40 m.kr. frá því sem áætlað var í gildandi fjárlögum og verði 100 m.kr.

984 Atvinnuleysistryggingasjóður.

1.11 Atvinnuleysisbætur. Lagt er til að útgjaldaheimild sjóðsina verði lækkuð um 1.313 m.kr. og verði 2.333 m.kr. vegna áætlunar um lægra atvinnuleysi en var upphaflega gert ráð fyrir. Í forsendum fjárlaga 2007 var gert ráð fyrir 1,9% atvinnuleysi en samkvæmt spá fjármálaráðuneytisins er nú gert ráð fyrir að það verði 1,1%.

1.25 Styrkir til fiskvinnslustöðva. Óskað er eftir 77 m.kr. fjárheimild til að auka svigrúm fiskvinnslufyrirtækja til að halda starfsfólki á launaskrá þrátt fyrir minnkandi

þorskveiðar. Í samráði við Samtök fiskvinnslustöðva hefur verið ákveðið að leggja til við Alþingi að breyta lögum um hámark greiðsludaga til fyrra horfs þannig að þeir verði 60 í stað 45 og að lengsta samfellda lota geti orðið 30 dagar í stað 20. Ekki er talin þörf á að breytingin taki gildi fyrr en á næsta ári en þrátt fyrir það er þörf á aukinni fjárveitingu vegna yfirstandandi árs. Samtals er gert ráð fyrir rúmlega 200 m.kr. fjárveitingu í fjáraukalögum og fjárlögum 2008 vegna þessa. Tillagan er hluti af mótvægisaðgerðum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í aflamarki þorsks.

1.41 Framlög og styrkir. Lagt er til að veitt verði 15 m.kr. framlag í sérstakt átak til að styrkja atvinnumál kvenna. Ljóst er að samdráttur í sjávarútvegi mun valda auknu atvinnuleysi meðal kvenna í sjávarbyggðum. Mæta þarf vanda þeirra kvenna sem missa munu störf í kjölfar minnkandi þorskveiða. Styrkveitingar til atvinnumála kvenna hafa í mörgum tilvikum gert konum kleift að móta nýja atvinnustarfsemi og um leið að leysa þær úr fjötrum atvinnuleysis. Áformað er að veita auknu fjármagni til verkefnisins í gegnum Vinnumálastofnun bæði í fjáraukalögum 2007 og fjárlögum 2008, samtals að upphæð 40 m.kr. Er vonast til að fjárveitingin leiði til þess að um 100-150 konur finni sér nýjan starfsvettvang í stað þess að verða atvinnulausar. Tillagan er hluti af mótvægisaðgerðum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í aflamarki þorsks.

1.81 Vaxtatekjur. Áætlað er að vaxtatekjur Atvinnuleysistryggingasjóðs af inneign hjá ríkissjóði vegna óráðstafaðra tekna af atvinnutryggingagjaldi, hækki um 640 m.kr. frá því sem þær eru áætlaðar í fjárlögum og verði 1.400 m.kr. Einnig er gert ráð fyrir að fjármagnstekjuskattur af vaxtatekjunum verði 140 m.kr.

987 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga.

1.10 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga. Lagt er til að útgjaldaheimild verði lækkuð um 7 m.kr. og verði 12 m.kr. til samræmis við áætlun um lægra atvinnuleysi. Áætlað er að atvinnuleysi verði að meðaltali 1,1% á árinu 2007.

989 Fæðingarorlof.

1.01 Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar. Farið er fram á 40 m.kr. viðbótarfjárheimild til að greiða Vinnumálastofnun fyrir umsýslu með Fæðingarorlofssjóði. Tillaga um sömu hækkun er gerð í frumvarpi til fjárlaga 2008.

999 Félagsmál, ýmis starfsemi.

1.48 Nýbúamiðstöð á Vestfjörðum. Óskað er eftir 6,5 m.kr. til Fjölmenningarseturs á Vestfjörðum. Í því felst m.a. að ráðið verður í stöður upplýsingarfulltrúa, túlka og þróunarfulltrúa. Er verkefninu einkum ætlað að koma til móts við einstaklinga af erlendum uppruna sem missa munu störf vegna aflasamdráttar. Tillagan er hluti af

mótvægisaðgerðum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í aflamarki þorsks og er áformað að veita samtals 58 milljónum króna á næstu tveimur árum til styrkingar Fjölmenningarseturs á Vestfjörðum.

1.59 Til sveitarfélaga sem verða fyrir aflasamdrætti. Óskað er eftir 250 m.kr. til að koma til móts við þau sveitarfélög sem verða fyrir tekjumissi vegna tímabundins samdráttar í aflamarki þorsks. Ljóst er að aflasamdráttur mun leiða til tekjuminnkunar hafna víða um land auk þess sem meira atvinnuleysi veldur lækkandi skatttekjum bæði hjá ríki og sveitarfélögum. Veitt verður 750 milljónum króna á tímabilinu til þess að koma til móts við lækkandi tekjur sveitarfélaga vegna þessa. Ráðstöfun þessa fjár verður ákveðinn í samráði við félagsmálaráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga. Tillagan er hluti af mótvægisaðgerðum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í aflamarki þorsks.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild heilbrigðis- og tryggingamáalráðuneytis verði aukin um 1.439,8 m.kr.

101 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa. Farið er fram á að 10 m.kr. óráðstöfuð fjárveiting verði færð á liðinn frá *08-379 Sjúkrahús, óskipt* til að efla og hraða vinnu að stefnumörkun í forvörnum, lýðheilsu og geðheilbrigðismálum. Þá er lögð áhersla á styrkja enn frekar undirbúning að gerð þjónustusamninga ráðuneytisins.

203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð.

1.15 Umönnunargreiðslur. Lagt er til að millfæra 70 m.kr. frá viðfangsefninu *1.41 Heimilisuppbót* yfir á þetta viðfangsefni til leiðréttingar á frávikum í áætlunum innan bótaflokka um félagslega aðstoð.

1.21 Makabætur og umönnunarbætur. Lagt er til að millfæra 40 m.kr. frá viðfangsefninu *1.41 Heimilisuppbót* yfir á þetta viðfangsefni til leiðréttingar á frávikum í áætlunum innan bótaflokka um félagslega aðstoð.

1.41 Heimilisuppbót. Lagt er til að millfæra 40 m.kr. frá þessu viðfangsefni yfir á viðfangsefnið *1.41 Makabætur og umönnunarbætur* til leiðréttingar á frávikum í áætlunum innan bótaflokka um félagslega aðstoð. Einnig er lagt til að millfæra 70 m.kr. frá þessu viðfangsefni yfir á viðfangsefnið *1.15 Umönnunargreiðslur* til leiðréttingar á frávikum í áætlunum innan bótaflokka um félagslega aðstoð.

204 Lífeyristryggingar.

1.11 Ellilífeyrir. Óskað er eftir 70 m.kr. viðbótarfjárveitingu vegna breytingu á lögum um almannatryggingar. Með lögunum hafa atvinnutekjur 70 ára og eldri hvorki áhrif á eigin lífeyrisgreiðslur né hugsanlegar lífeyrisgreiðslur maka frá Tryggingastofnun. Lögin tóku gildi 1. júlí 2007.

1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega. Óskað er eftir samtals 408 m.kr. hækkun á fjárheimild viðfangsefnisins. Í fyrsta lagi er óskað eftir 210 m.kr. vegna breytingu á lögum um almannatryggingar. Með lögunum hafa atvinnutekjur 70 ára og eldri hvorki áhrif á eigin lífeyrisgreiðslur né hugsanlegar lífeyrisgreiðslur maka frá Tryggingastofnun. Lögin tóku gildi 1. júlí 2007.

Einnig er óskað eftir 198 m.kr. vegna breytinga á lögum um almannatryggingar. Kostnaðurinn er vegna lækkunar á tengingum við tekjur maka og lækkað vægi atvinnutekna til viðmiðunar við útreikninga á tekjutryggingu. Vægi á tekjum maka til útreiknings á lífeyrisgreiðslum fer úr 50% í 20% fyrir lífeyristekjur og úr 50% í 35% fyrir atvinnutekjur. Þá var vægi atvinnutekna til útreikningar á lífeyrisgreiðslum einnig lækkað þannig að einungis 60% af atvinnutekjum eru tekin til viðmiðunar.

1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega. Óskað er eftir 75 m.kr. vegna lækkunar á tengingum við tekjur maka. Vægi á tekjum maka til útreiknings á lífeyrisgreiðslum fer úr 50% í 20% fyrir lífeyristekjur og úr 50% í 35% fyrir atvinnutekjur.

Í fjárlögum 2007 var miðað við að 1.000 m.kr. framlag til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða yrði greitt úr ríkissjóði. Í lögum nr. 177/2006 um breytingu á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald með síðari breytingum verður framlag til jöfnunar örorkubyrðarinnar fjármagnað með mörkuðum tekjum af tryggingagjaldi og kemur í stað beinna greiðsla úr ríkissjóði. Á móti kemur jafn mikil lækkun á þeim hluta tryggingagjaldsins sem ekki er markaður til sérstakra verkefna heldur rennur til almannatrygginga og verður því að fjármagna þau útgjöld með auknum greiðslum úr ríkissjóði. Þessi breyting hefur engin áhrif á útgjöld eða fjárveitingu liðarins.

206 Sjúkratryggingar.

1.11 Lækniskostnaður. Óskað er eftir samtals 334 m.kr. hækkun á fjárveitingu þessa viðfangsefnis. Í fyrsta lagi er lagt til að framlag hækki um 190 m.kr. vegna aukins lækniskostnaðar. Þar vegur þyngst endurskoðun á einingaverðum í verkgreiðslum til klínískra lækna í Læknafélagi Reykjavíkur. Samkvæmt samningi sem gerður var í lok árs 2004 segir að taka skuli einingaverð til endurskoðunar í lok árs 2006 hafi verðlag ekki þróast í samræmi við verðbólgumarkmið Seðlabanka Íslands. Tók nýtt einingaverð gildi í ársbyrjun og nemur jafnaðarhækkun 5,56% frá áður gerðum samningi eða 144 m.kr. Samningurinn rennur út í lok mars 2008. Hliðstæð hækkun einingaverðs rannsóknar- og röntgenlækna nemur 25 m.kr. Þá var samið um að hækka einingaverð til þeirra lækna sem skila gögnum á rafrænu formi um 2 kr. og er hækkunin metin til

20 m.kr. útgjaldaauka á ári auk sérstakra lagfæringa á gjaldskrá ákveðinna sérgreina sem nemur 6 m.kr á ári.

Í öðru lagi er lagt til að veittar verði 129 m.kr. vegna magnaukningar. Í fjárlögum 2007 var aðeins gert ráð fyrir 50 m.kr. hækkun en ljóst er að aukningin verður meiri.

Í þriðja lagi er lagt til að veittar verði 15 m.kr. til að auka aðgengi ungmenna að sjálfstætt starfandi sérfræðingum á sviði geðheilbrigðisþjónustu. Í fjárlagafrumvarpi 2008 er óskað eftir 20 m.kr. framlagi til sama verkefnis.

1.15 Lyf. Lagt er til að veittar verði 500 m.kr. vegna aukinna lyfjaútgjalda í samræmi við endurskoðaða áætlun um útgjöld ársins. Að loknum fyrstu átta mánuðum ársins stefna útgjöld Tryggingastofnunar vegna lyfja að óbreyttu í 500 m.kr. umfram fjárlög. Ástæður þessarar aukningar eru annars vegar meiri lyfjanotkun en ráð var fyrir gert og hins vegar að ráðstafanir til að draga úr vexti lyfjaútgjalda á árin 2007 til að ná fram markmiðum um aðhald með ríkisútgjöldunum gengu aðeins að hluta til eftir. Var þar m.a. stefnt að aukinni notkun samheitalyfja og samhliða innfluttra lyfja ásamt aukinni notkun á reynd ódýr lyf, áður en meðferð er færð yfir á nýrri og dýrari lyf.

305 Lýðheilsustöð.

1.90 Forvarnasjóður. Gert er ráð fyrir að fjármögnun fjárveitinga Forvarnarsjóðs með beinni greiðslu úr ríkissjóði hækki um 34,7 m.kr. Í tengslum við lækkun skatta á matvæli var gert ráð fyrir að virðisaukaskattur af áfengi lækkaði niður í 7% skattþrep en að áfengisgjald hækkaði á móti þannig að útsöluverð áfengis yrði því sem næst óbreytt. Þar sem Forvarnasjóður er fjármagnaður með 1% hlutdeild í áfengisgjaldi hefði þessi breyting á skattkerfinu leitt til aukins fjárstreymis til sjóðsins og var gert ráð fyrir hækkun á fjárheimild hans við 2. umræðu fjárlagafrumvarps ársins 2007 vegna þess. Ekki varð af hækkun áfengisgjaldsins og er því gert ráð fyrir að ríkissjóður fjármagni þessa aukningu á árinu 2007 en þá hefur einnig verið tekið mið af endurskoðaðri áætlun um tekjurnar af gjaldinu í ár. Í fjárlagafrumvarpi ársins 2008 er fjármögnun sjóðsins færð í fyrra horf.

326 Sjónstöð Íslands.

1.01 Sjónstöð Íslands. Gerð er tillaga um 11,5 m.kr. framlag til aukinnar þjónustu við blinda og sjónskerta. Gert er ráð fyrir þremur nýjum stöðum umferlis- og ADL þjálfa. Einnig er lagt til að ráðið verði í þrjár stöður blindrakennara og kennsluráðgjafa sem munu starfa á öllum skólastigum og um allt land. Tillagan er hluti af bráðaðgerðum til bættrar þjónustu við blinda og sjónskertra og verða lagðar 50 m.kr. til þessa verkefnis annars vegar hjá heilbrigðisráðuneyti og hins vegar menntamálaráðuneyti. Í fjárlagafrumvarpi 2008 er gerð tillaga um 16 m.kr. til þessa verkefnis hjá heilbrigðisráðuneyti.

373 Landspítali - háskólasjúkrahús.

1.01 Landspítali - háskólasjúkrahús. Fjárveiting á viðfangsefninu lækkar um samtals 63,4 m.kr. vegna flutnings á verkefnum. Í fyrsta lagi er óskað eftir 24 m.kr. til að stytta bið eftir greiningu og meðferð á Barna- og unglingageðdeild. Einnig er gert ráð fyrir 24 m.kr. til þessa verkefnis í fjárlagafrumvarpi 2008.

Í öðru lagi er óskað eftir 6 m.kr. til að ráða fræðslustjóra á Barna- og unglingageðdeild til að efla ráðgjafahlutverk sjúkrahússins. Gert er ráð fyrir 5 m.kr. til þessa verkefnis í fjárlagafrumvarpi 2008.

Í þriðja lagi er óskað eftir 4,6 m.kr. framlagi til að mæta kostnaði við geðheilbrigðisþjónustu fyrir einstaklinga sem beittir hafa verið ofbeldi meðan þeir hafa dvalið á meðferðarstofnunum sem reknar hafa verið með opinberum framlögum.

Í síðasta lagi er lagt til að liðurinn lækki um 98 m.kr. með flutningi fjárheimilda frá Landspítala til félagsmálaráðuneytis. Í byrjun þessa árs gerðu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og félagsmálaráðherra með sér samkomulag um að félagsmálaráðuneyti tæki yfir rekstur þriggja sambýla geðfatlaðra af Landspítala. Tvö sambýli við Flókagötu fluttust 1. september 2006 til félagmálaráðuneytis og sambýlið við Esjugrund, Kjalarnesi í ársbyrjun 2007. Samkvæmt samkomulaginu er lagt til að 90 m.kr. rekstrarfjárveiting flytjist til félagsmálaráðuneytis vegna þessa auk 8 m.kr. vegna breytinga á launum og verðlagi. Samsvarandi hækkun verður á liðnum *07-701 Málefni fatlaðra, Reykjavík*

379 Sjúkrahús, óskipt.

1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa. Liðurinn lækkar samtals um 5 m.kr. Í fyrsta lagi er óskað eftir 5 m.kr. til að gera úttekt á starfsemi og stjórnun á Barna- og unglingageðdeild Landspítala. Í annan stað er farið fram á að 10 m.kr. óráðstöfuð fjárveiting á liðnum verði millifærð á liðinn *08-101 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa*. Á árinu 2007 hefur vinna sem lýtur að stefnumörkun í forvörnum, lýðheilsu og geðheilbrigðismálum verið efld verulega í ráðuneytinu, sem og vinna við undirbúning og gerð þjónustusamninga. Hluti þessarar vinnu hefur áður verið aðkeypt og greidd af safnliðum ráðuneytis.

386 Vistun ósakhæfra afbrotamanna.

1.10 Vistun ósakhæfra afbrotamanna. Farið er fram á 20 m.kr. fjárveitingu vegna aukins rekstrarkostnaðar á síðustu árum vegna fleiri vistmanna en upphaflega var gert ráð fyrir. Á síðustu árum hafa vistmenn verið að jafnaði 8-9 talsins en rekstaráætlanir miðaðast við 7 vistmenn. Af þeim sökum hefur stofnunin verið rekin með halla og því er óskað eftir fjárveitingu til að greiða uppsafnaðan halla. Í fjárlagafrumvarpi 2008 er gert ráð fyrir 9 m.kr. hækkun rekstrargrunns stofnunarinnar til að koma rekstri hennar í jafnvægi.

388 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið.

1.10 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið. Lagt er til að veitt verði 30 m.kr. framlag sem á vantar til að fjármagna 80 m.kr. hækkun á samningi við SÁÁ til loka þessa árs. Samningurinn rennur út í árslok og vel fyrir þann tíma þarf að hefja viðræður um hvort og með hvaða hætti verði framhald á þjónustukaupum milli aðila.

399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi.

1.31 Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit. Farið er fram á 1,7 m.kr. viðbótarfjárveitingu til að mæta kostnaði við samning við Krabbameinsfélag Íslands um starfsemi leitarsviðs. Samningurinn miðast við 200.000 einingar og eru greiðslur óbreyttar haldist þær innan 93% til 107% vikmarka. Fjöldi eininga 2006 var 220.978. Efri vikmörk samningsins miðast við 214.000 einingar og því er farið fram á framlagi fyrir 6.978 einingum.

500 Heilsugæslustöðvar, almennt.

1.10 Heilsugæslustöðvar, almennt. Óskað er eftir 7 m.kr. til að móta aðgerðaráætlun á sviði forvarna um geðvernd barna og ungmenna til lengri tíma. Óskað er eftir 2 m.kr. í tilraunaverkefni til eins árs sem miðar að því að samhæfa heilsugæslu og félagsþjónustu sveitarfélaga til að þær skili notanda beggja þjónustukerfa sem mestum lífsgæðum.

6.21 Bygging heilsugæslustöðva. Lagt er til að veittar verðir 20 m.kr. til byggingar tengigangs milli Heilsugæslustöðvarinnar á Hellu og almenns rýmis í húsinu.

506 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu.

1.01 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu. Óskað er eftir 10 m.kr. framlagi til að stytta biðtíma eftir þjónustu á miðstöð heilsuverndar barna. Gert er ráð fyrir 20 m.kr. til þessa verkefnis í fjárlagafrumvarpi 2008.

721 Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði.

1.01 Heilsugæslusvið. Lagt er til að veitt verði 2 m.kr. fjárheimild til að auka heimahjúkrun og skólaheilsugæslu en breytt aldurssamsetning íbúa á starfssvæði stöðvarinnar kallar á aukna heimahjúkrun. Einn hjúkrunarfræðingur er starfandi á heilsugæslusviði sem á að sinna stóru stafssvæði. Þá er lagt til að dagþjónusta verði efld svo og hvíldarinnlagnir í þéttbýliskjörnum Vestur-Barðastrandarsýslu. Áætlað er að störfum fjölgi um tvö þegar verkefnið er komið að fullu í framkvæmda. Tillagan er hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til með hliðsjón af skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum. Gert ráð fyrir 8 m.kr. til þessa verkefnisins í frumvarpi til fjárlaga 2008.

725 Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ.

1.01 Heilsugæslusvið. Lagt er til að veitt verði 4 m.kr. framlag til samþættingar heimahjúkrunar og heimaþjónustu Ísafjarðarbæjar ásamt því að efla geðheilbrigðisþjónustu. Áætlað er að störfum fjölgi um tvö þegar verkefnið er komið til fullra framkvæmda. Tillagan er hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til með hliðsjón af skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum. Gert ráð fyrir 8 m.kr. til þessa verkefnis í fjárlagafrumvarpi 2008.

777 Heilbrigðisstofnun Austurlands.

1.01 Heilsugæslusvið. Lagt er til að veitt verði 1,5 m.kr. framlag í tilraunverkefni til eins árs sem miðar að því að samhæfa heilsugæslu og félagsþjónustu sveitarfélaga svo að þær skili notendum beggja þjónustukerfa sem mestum lífsgæðum. Gert er ráð fyrir 4,5 m.kr. til verkefnisins í fjárlagafrumvarpi 2008.

791 Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.

1.01 Heilsugæslusvið. Lagt er til að veitt verði 1,5 m.kr. í tilraunverkefni til eins árs sem miðar að því að samhæfa heilsugæslu og félagsþjónustu sveitarfélaga svo að þær skili notendum beggja þjónustukerfa sem mestum lífsgæðum. Gert er ráð fyrir 4,5 m.kr. til verkefnisins í fjárlagafrumvarpi 2008.

09 Fjármálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild fjármálaráðuneytis verði aukin um 6.731 m.kr.

391 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða.

1.11 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða. Í fjárlögum 2007 var miðað við að 1.000 m.kr. framlag til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða yrði greitt beint úr ríkissjóði. Lög sem sett voru um stuðninginn fela hins vegar í sér að framlagið verður fjármagnað með mörkuðum tekjum af tryggingagjaldi og kemur það í stað beinna greiðsla úr ríkissjóði, sem falla þá niður á þessum lið í frumvarpinu. Á móti kemur jafn mikil lækkun á þeim hluta tryggingagjaldsins sem ekki er markaður til sérstakra verkefna heldur rennur til almannatrygginga og verður því að fjármagna þau útgjöld með auknum greiðslum úr ríkissjóði. Þessi breyting hefur engin áhrif á útgjöld eða fjárveitingu liðarins.

405 Fasteignagjöld af húsnæði ríkisins.

1.01 Fasteignagjöld af húsnæði ríkisins. Farið er fram á að fjárheimild þessa liðar verði aukin um 400 m.kr. Í framhaldi af samkomulagi í nefnd um tekjustofna sveitarfélaga voru gerðar breytingar á lögum sem fólu í sér að felld var niður undanþága frá greiðslu fasteignagjalda af ýmsu húsnæði ríkisins, s.s. skólum og heilbrigðisstofnunum. Í samkomulaginu er við það miðað að álagningarhlutfall verði ákveðið miðað við að sveitarfélögin fái til tekinn tekjuauka vegna afnáms undanþágunnar. Í fjárlögum ársins 2007 er gert ráð fyrir 620 m.kr. fjárheimild til að standa undir auknum fasteignagjöldum ríkisins. Í þeirri fjárhæð var hins vegar ekki gert ráð fyrir greiðslu fasteignagjalda af húsnæði sjálfstætt starfandi aðila sem selja ríkinu þjónustu og hafa verið undanþegnar fasteignaskatti með sama hætti og ríkissjóður en undanþága þeirra hefur einnig verið felld niður. Ákveðið hefur verið að ríkissjóður veiti þessum aðilum aukin framlög til að mæta hækkun á fasteignagjöldum og miðast tillagan við að það eigi við um bæði árin 2006 og 2007. Gert hefur verið ráð fyrir sambærilegri hækkun á fjárveitingum viðkomandi aðila í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2008.

711 Afskriftir skattkrafna.

1.11 Afskriftir skattkrafna. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að hækka áætlun um afskrifaðar skattkröfur um 4 milljarða króna. Um er að ræða fjárheimild á móti gjaldfærslu á bæði beinum afskriftum á kröfum sem taldar eru vera sannanlega tapaðar, t.d. vegna gjaldþrota, og óbeinum afskriftum þar sem kröfur eru færðar niður um tiltekinn hluta sem reynslan hefur leitt í ljós að muni að líkindum ekki innheimtast. Lögð er til hækkun á fjárheimildum í ljósi þess að tekjuáætlun ríkissjóðs hefur verið endurskoðuð og að fjárhæðin hefur reynst vanmetin síðustu árin. Vakin er athygli á því að þótt afskrifaðar kröfur séu færðar til gjalda á þennan lið í uppgjöri á rekstrargrunni þá hefur það ekki í för með sér neinar greiðslur úr ríkissjóði.

721 Fjármagnstekjuskattur.

1.11 Fjármagnstekjuskattur. Gert er ráð fyrir fjárheimild liðarins verði hækkuð um 1.095 m.kr. Skýrist það í fyrsta lagi af því að lögum samkvæmt er lagður 10% fjármagnstekjuskattur á hagnað af sölu eignarhlutar ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja, sem fram fór í maí á þessu ári. Söluhagnaðurinn er mismunurinn á söluverðmætinu, um 7,6 milljarðar króna, og bókfærðu verðmæti, um 1,5 milljarðar, eða alls um 6,1 milljarður. Eðli málsins samkvæmt lá ekki fyrir að af þessari sölu yrði við afgreiðslu fjárlaga.

Í öðru lagi hefur afkoma ríkissjóðs á árinu orðið talsvert betri en áætlað var og inneignir í Seðlabanka aukist af þeim sökum. Ríkissjóður fær vaxtatekjur af inneignunum og greiðir af þeim fjármagnstekjuskatt.

Fjármagnstekjuskatturinn færist einnig sem tekjur hjá ríkissjóði og hafa þessar breytingar því engin áhrif á afkomu ársins.

981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs.

5.25 Viðhald fasteigna á svæðum sem verða fyrir aflasamdrætti. Lögð er til 333 m.kr. fjárveiting til framkvæmda við endurbætur og viðhald fasteigna og mannvirkja í eigu ríkisins, bæði á vegum Fasteigna ríkissjóðs og heilbrigðisráðuneytisins. Nánari ákvörðun um tilhögun verkefnisins verður tekin af fjármálaráðherra og verður sérstaklega litið til þeirra sveitarfélaga og svæða þar sem í ljós kemur að aflasamdráttur í þorski muni leiða til fækkunar starfa. Fyrirhugað er að fjárheimildir verði færðar af þessum lið til Fasteigna ríkissjóð og viðkomandi fjárlagaliða heilbrigðisráðuneytisins eftir því hvaða framkvæmdir verða ákveðnar. Tillagan er hluti af mótvægisaðgerðum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í aflamarki þorsks.

984 Fasteignir ríkissjóðs.

5.21 Viðhald fasteigna. Lagt er til að veitt verði 10 m.kr. fjárveiting til liðarins. Fjármálaráðuneytið fól Fasteignum ríkisins umsýslu fasteigna í Gunnarsholti, þ.e. í Akurhóli og Kornbrekku, sem áður tilheyrðu starfsemi Götusmiðjunnar og þar áður vistheimili ríkisins í Gunnarsholti. Húseignir þessar eru flestar í mjög slæmu ástandi þar sem viðhald á þeim hefur verið lítið á undanförnum árum. Sum húsin þarf að rífa niður en önnur þurfa verulegt viðhald svo þau verði nothæf. Um er að ræða kostnað vegna viðhalds þriggja íbúðarhúsa og niðurrifs og förgun þeirra húsa sem þarf að farga.

985 Rekstur fyrrum varnarsvæða við Keflavíkurflugvöll.

1.01 Rekstur fyrrum varnarsvæða við Keflavíkurflugvöll. Gert er ráð fyrir 280 m.kr. framlagi til að mæta kostnaði við rekstur og umsjón með fyrrum varnarliðssvæði við Keflavíkurflugvöll. Kostnaðurinn felst m.a. í umsýslu, viðhaldi, öryggisgæslu, umhirðu og öðrum húsnæðiskostnaði. Stofnað hefur verið þróunarfélag sem mun annast um rekstur svæðisins. Er fjárveitingunni einnig ætlað að standa undir kostnaði við þróun og umbreytingu á svæðinu. Fjárveitingin verður lækkuð þegar fasteignir á svæðinu verða settar í sjálfbær borgaraleg not. Í fjárlögum 2007 var gert ráð fyrir að verkefnið yrði í höndum utanríkisráðuneytisins og lækkar fjárveiting vegna þessa kostnaðar á þeim fjárlagalið þar sem það hefur verið flutt til fjármálaráðuneytisins.

989 Launa- og verðlagsmál.

1.90 Launa- og verðlagsmál. Lagt er til að veitt verði 500 m.kr. fjárveiting í frumvarpinu vegna breytinga á launaforsendum. Í fjárlögum er fjárheimild þessa liðar 290,3 m.kr. Gert er ráð fyrir að ráðstafa þurfi af honum 100 m.kr. til stofnana til að mæta 3,6% hækkun á launum þeirra sem falla undir Kjarráð frá 1. október 2006 sem ráðið úrskurðaði 19. desember sl. eftir afgreiðslu fjáraukalaga 2006 og fjárlaga 2007. Um er að ræða hækkun á launakostnaði síðustu þrjá mánuði ársins 2006 en fjárheimildin

færist á þetta ár. Einnig er ráðstafað af liðnum 545,5 m.kr. fjárheimild til stofnana vegna áhrifa af þeim úrskurði á launakostnað þessa árs og af öðrum úrskurði Kjararáðs um 2,6% hækkun frá 1. júlí sl. ásamt áhrifum af breytingu á stofnanasamningum sjúkraliða hjá heilbrigðisstofnunum frá því sem gert hafði verið ráð fyrir í kjarasamningi og fjárlögum. Þá er gert ráð fyrir um 150 m.kr. fjárheimild vegna ýmissa annarra minni tilefna. Að samanlögðu verður því þörf fyrir 500 m.kr. fjárheimild á launa- og verðlagsliðnum umfram það sem gert var ráð fyrir í fjárlögum.

999 Ýmislegt.

1.90 Ýmis verkefni. Óskað er eftir samtals 113 m.kr. hækkun fjárheimildar á þessu fjárlagalið. Í fyrsta lagi er lagt til að veittar verði 80 m.kr. til Fjölskyldu- og styrktarsjóðs BSRB, BHM og KÍ til þess að koma til móts við þá fjárhagslega afkomu sjóðsins sem hlaust af lengingu viðmiðunartímabils launa hjá Fæðingarorlofssjóði. Með breytingu á viðmiðunartímabili Fæðingarorlofssjóðs urðu greiðslur hjá Fjölskyldu- og styrktarsjóði til félagsmanna sjóðsins hærri en áður. Um er að ræða tímabilið 2005 til miðs árs 2007.

Í öðru lagi er gerð tillaga um 33 m.kr. framlag til eflingar mannauðs hjá ríkinu. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar 22. júní 2006, sem gefin var í tengslum við niðurstöðu forsendunefndar ASÍ og SA, er til viðbótar við almennar ráðstafanir gert ráð fyrir sérstakri hækkun á framlagi til þjónustusamnings menntamálaráðuneytis og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Undirritað var samkomulag við stéttarfélög innan vébanda BSRB, KÍ og BHM um hliðstæðan styrk til eflingar mannauðsmála hjá ríkinu sem skipt verður á milli bandalaganna og verkefna. Gert er ráð fyrir að styrkurinn vari til loka kjarasamningatímans eða fram undir lok apríl á árinu 2008 og er því einnig gerð tillaga um 11 m.kr. framlag vegna málsins í frumvarpi til fjárlaga ársins 2008.

10 Samgönguráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild samgönguráðuneytis verði aukin um 322,2 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

1.19 Útgáfa ökuskírteina. Lagt er til að millifærð verði 15,9 m.kr. fjárheimild af þessu viðfangsefni til *06-303 Ríkislögreglustjóra.* Í kjölfar flutnings umferðarmála og umferðaröryggismála frá dómsmálaráðuneytinu til samgönguráðuneytisins fluttist ábyrgð og fjárveiting vegna útgáfu ökuskírteina einnig til samgönguráðuneytisins. Embætti ríkislögreglustjóra ber hins vegar ábyrgð á ökuskírteinaskrá og gerir samninga við birgja um kaup á kortum og framleiðslu þeirra. Samningur um framleiðslu ökuskírteina rann út á þessu ári og er talið heppilegt að endurskoða fyrirkomulag

framleiðslu þeirra. Með vísan til þessa hefur það orðið að samkomulagi milli ráðuneytanna að ábyrgð á framleiðslu skírteinanna verði að fullu hjá embætti ríkislögreglustjóra. Í fjárlagafrumvarpi 2008 er gert ráð fyrir sambærilegri tilfærslu fjárveitingar milli ráðuneytanna.

1.44 Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu. Farið er fram á að heimiluð verði millifærsla á 40 m.kr. framlagi sem Alþingi veitti með gildandi fjárlögum vegna átaks í landkynningu. Sá misskilningur varð við tillögugerðina að tillagan kom fram undir fjárlagaviðfangi sem tilheyrir Ferðamálastofu í stað fjárlagaviðfangsins þar sem framlag til markaðssóknar í íslenskri ferðaþjónustu er vistað, en það tilheyrir ýmsum verkefnum ráðuneytisins.

1.98 Ýmis framlög samgönguráðuneytis. Lagt er til að veitt verði 28 m.kr. fjárveiting til að gera menningarsamninga á landsbyggðinni. Er það hlutur samgönguráðuneytis í samningunum vegna menningartengdrar ferðaþjónustu. Um er að ræða samninga við Fjórðungssamband Vestfjarða, Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, Eyþing, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga og Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum.

211 Rekstur Vegagerðarinnar.

1.11 Styrkir til ferja og sérleyfishafa. Óskað er eftir samtals 343,5 m.kr. hækkun á fjárveitingu þessa viðfangsefnis. Í fyrsta lagi er farið fram á 313,5 m.kr. vegna uppsafnaðs halla á viðfangsefninu. Við undirbúning vegna 2. umræðu fjáraukalaga 2006 kom fram tillaga frá Vegagerðinni um fjárframlag vegna þessa. Tillagan hlaut ekki framgang en í kjölfar hennar var farið í athuganir í því skyni að staðreyna þann halla sem orðinn var á viðfangsefninu og tilurð hans. Niðurstaða hennar var að uppsafnaður halli um síðustu áramót og halli þessa árs stefnir í að verða samtals 313,5 m.kr.

Í öðru lagi er farið fram á 30 m.kr. vegna fjölgunar ferða ferjunnar Herjólfs milli Þorlákshafnar og Vestmannaeyja. Fram kom ósk frá bæjarstjórn Vestmannaeyja um að fjölga ferðum Herjólfs í þrjár á dag á mikilvægum ferðadögum. Snýst þetta einkum um föstudaga en þó jafnframt nokkra aðra daga þegar að mikils fjölda ferðamanna er að vænta og mikil eftirspurn er vegna flutnings bíla og fylgivagna. Tillagan snýst um að bætt sé við rúmlega 20 ferðum sem yrðu þá væntanlega næturferðir viðkomandi daga.

471 Flugmálastjórn Íslands.

1.01 Flugmálastjórn Íslands. Óskað er eftir samtals 125,7 m.kr. hækkun á þessum fjárlagalið. Í fyrst lagi er lagt til að veitt verði 106,6 m.kr vegna biðlauna hjá Flugmálastjórn Íslands. Við niðurlagningu á starfsemi flugleiðsöguþjónustu og flugvallareksturs Flugmálastjórnar Íslands myndaðist biðlaunaréttur hjá u.þ.b. 60 starfsmönnum stofnunarinnar í 6-12 mánuði. Lagt er til að ríkissjóður taki á sig skuldbindingar vegna þessa. Í annan stað er í frumvarpinu farið fram á að fjárheimild viðfangsefnisins verði hækkuð um 19,1 m.kr. með millifærslu af viðfangsefninu *10-475-1.01 Flugvellir og*

flugleiðsöguþjónusta. Er sú breyting gerð til leiðréttingar á millifærslu sem gerð var af þessu viðfangsefni í fjárlögum 2007.

475 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta.

1.01 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta. Farið er fram á að framlag til viðfangsefnisins verði lækkað um 19,1 m.kr. með millifærslu á viðfangsefnið *10-471-1.01 Flugmálastjórn Íslands*. Millifæra átti framlagið í fjárlögum ársins 2007 til umhverfisráðuneytis. Millifærslan var fyrir misskilning gerð af öðru viðfangsefni.

521 Fjarskiptasjóður.

6.41 Fjarskiptasjóður. Áætlað er að Fjarskiptasjóður hafi 140 m.kr. vaxtatekjur af inneign hjá ríkissjóði og lækkar því beint framlag ríkissjóðs til verkefna og reksturs sjóðsins sem því nemur, en heildarútgjöld verða eftir sem áður 500 m.kr.

651 Ferðamálastofa.

1.05 Landkynningarskrifstofur erlendis. Farið er fram á að 9 m.kr. fjárheimild verði millifærð af öðru viðfangsefni stofnunarinnar. Samstarfssamningur við Grænland og Færeyjar sem vistaður er undir viðfangsefninu 10-651-1.15 rann út og nýr samningur mun ekki taka gildi í beinu framhaldi hins fyrri. Því er óskað eftir að fjárheimild þess viðfangsefnis verði millifærð yfir á þetta viðfangsefni. Einnig er farið fram á að heimiluð verði millifærsla á 40 m.kr. framlagi sem Alþingi veitti með gildandi fjárlögum vegna átaks í landkynningu. Sá misskilningur varð við tillögugerðina að tillagan kom fram undir fjárlagaviðfangi sem tilheyrir Ferðamálastofu í stað viðfangsefnisins 10-190-1.44 þar sem framlag til markaðssóknar í íslenskri ferðaþjónustu er vistað, en það tilheyrir ýmsum verkefnum ráðuneytisins.

1.15 Samstarfssamningar við Grænland og Færeyjar. Farið er fram á að heimild verði veitt til að millifæra á annað viðfangsefni stofnunarinnar ónýtta fjárheimild að fjárhæð 9 m.kr. Samstarfssamningur um verkefni það sem viðfangsefnið fjármagnar rann út og nýr samningur mun ekki taka gildi í beinu framhaldi hins fyrri.

11 Iðnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild iðnaðarráðuneytis verði aukin um 392,2 m.kr.

101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa. Lagt er til að 2,2 m.kr. millifærsla sem gerð var á fjárlögum 2007 frá faggildingarsviði Einkaleyfastofu til aðalskrifstofu ráðuneytisins gangi til baka.

102 Einkaleyfastofan.

1.01 Einkaleyfastofan. Lagt er til að 2,2 m.kr. millifærsla sem gerð var á fjárlögum 2007 frá faggildingarsviði Einkaleyfastofu til aðalskrifstofu ráðuneytisins gangi til baka. Í annan stað er gerð tillaga um 5,7 m.kr. hækkun á framlagi ríkissjóðs. Í áætlun um ríkistekjur stofnunarinnar árið 2007 er gert ráð fyrir að tekjur hennar fyrir utan tekjur faggildingarsviðs hækki um 8,6 m.kr. Framlag ríkissjóðs til reksturs faggildingarsviðs var lækkað sem nam þessum tekjuauka, en að frátöldum 2,9 m.kr. launa- og verðlagsbótum á fjárlögum 2007 er fjárþörfin 5,7 m.kr. Auk þess er í annarri tillögu lagt til að 2,2 m.kr. millifærsla frá Einkaleyfastofu til aðalskrifstofu ráðuneytisins gangi til baka. Að þessu gerðu hefur Einkaleyfastofa 21,8 m.kr. fjárveitingu árið 2007 til reksturs faggildingarsviðs. Fjárveitingin er fjármögnuð með 12,6 m.kr. framlagi úr ríkissjóði og 9,2 m.kr. ríkistekjum fyrir faggildingu.

201 Iðntæknistofnun Íslands.

1.01 Iðntæknistofnun Íslands. Óskað er eftir að 88,2 m.kr. af fjárheimildum Iðntæknistofnunar Íslands verði fluttar yfir á *11-205-1.01, Nýsköpunarmiðstöð Íslands* sem tók við eignum, réttindum og skyldum stofnunarinnar þann 1. ágúst 2007 skv. lögum nr. 75/2007.

203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins.

1.01 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. Óskað er eftir að 42,2 m.kr. af fjárheimildum Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins verði fluttar yfir á *11-205-1.01, Nýsköpunarmiðstöð Íslands* sem tók við eignum, réttindum og skyldum stofnunarinnar þann 1. ágúst 2007 skv. lögum nr. 75/2007.

205 Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

1.01 Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Óskað er eftir 223,6 m.kr. fjárveitingu til liðarins sem er að hluta til vegna millifærslna. Í fyrsta lagi er óskað eftir að 88,2 m.kr. fjárheimild verði flutt af liðnum *11-201 Iðntæknistofnun Íslands* til Nýsköpunarmiðstöðvarinnar sem tók við eignum, réttindum og skyldum stofnunarinnar þann 1. ágúst 2007 skv. lögum nr. 75/2007. Á sama hátt er óskað eftir að 42,2 m.kr. af fjárheimildum *11-203 Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins* verði fluttar til Nýsköpunarmiðstöðvarinnar.

Í öðru lagi er óskað eftir að 80,2 m.kr. framlag verði veitt til að standa undir kostnaði af starfslokasamningum við starfsmenn Iðntæknistofnunar Íslands og Rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarins sem nýta munu sér rétt sinn til biðlauna skv. 34. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Nýsköpunarmiðstöðin ber ábyrgð á uppgjöri við þá starfsmenn sem ekki mun vera hægt að bjóða sambærileg störf og þeir höfðu áður.

Í þriðja lagi er lagt til að veitt verði 5 m.kr. framlag með það að markmiði að efla nýsköpun og atvinnuþróun á Vestfjörðum. Gert er ráð fyrir að ráðstafað verði 18 m.kr. til verkefnisins í fjárlagafrumvarpi 2008. Verkefnið felur í sér að koma á fót starfsstöð nýsköpunarmiðstöðvar Impru sem í samvinnu við Byggðastofnun og Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða leggi áherslu á eflingu atvinnulífs í fjórðungnum. Starfsstöðin verði hluti af Þróunarsetrinu á Ísafirði þar sem unnið er að samþættingu háskólakennslu, háskólarannsókna, starfsemi opinberra rannsóknastofnana og margs konar stuðningsþjónustu sem rekin er fyrir atvinnulífið. Áætlað er að störfum fjölgi um tvö vegna þessa verkefnis. Tillagan er hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til með hliðsjón af skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum.

Í fjórða lagi er óskað eftir 4 m.kr. fjárveitingu til eflingar Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands í Vestmannaeyjum. Gert er ráð fyrir að árlega verði 12 m.kr. veitt til verkefnisins árin 2008 og 2009. Tillagan er hluti af mótvægisaðgerðum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í aflamarki þorsks.

Í fimmta og síðasta lagi er óskað eftir 4 m.kr. fjárveitingu til eflingar Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands á Höfn. Gert er ráð fyrir að árlega verði 12 m.kr. veitt til verkefnisins árin 2008 og 2009. Tillagan er hluti af mótvægisaðgerðum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í aflamarki þorsks.

301 Orkustofnun.

1.01 Orkustofnun. Sótt er um 55 m.kr. fjárveitingu til grunnrannsókna á veðurfari, öldufari og straumum á fyrirhuguðu olíuleitarsvæði, Drekasvæðinu á Jan Mayen hrygg, en rannsóknirnar eru til undirbúnings útgáfu sérleyfa til rannsókna og vinnslu á olíu og gasi á svæðinu. Stefnt er að því að hægt verði að bjóða út slík sérleyfi í september 2008. Til rannsóknanna þarf að kaupa veður-, öldumælinga- og straummælingadufl og koma þeim fyrir á svæðinu áður en vetur skellur á. Takist það ekki verður nær heils árs töf á verkefninu þar sem þessum upplýsingum þarf að safna í a.m.k. eitt ár til að þær nýtist við útboð leyfa. Þessu til viðbótar er lagt til að veitt verði 11 m.kr. til að kosta hluta af vísindaþætti íslenska djúpborunarverkefnisins. Markmið verkefnisins er að kanna hugsanlega nýtingu varma úr rótum háhitakerfa á allt að 5 km. dýpi og virkja með því móti mun meiri orku úr háhitanum en áður hefur verið gert. Vegna kostnaðarhækkana og endurskoðaðra áforma er nú áætlað að kostnaður ríkisins verði um 350 m.kr., sem einkum fellur til á árunum 2009 og 2010.

375 Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku.

1.11 Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku. Lagt er til að fjárheimild verði aukin um 15 m.kr. vegna 8% hækkunar á dreifbýlisgjaldskrá RARIK árið 2007.

399 Ýmis orkumál.

1.12 Jarðhitaleit. Óskað er eftir 50 m.kr. fjárveitingu til jarðhitaleitar víðs vegar um landið, meðal annars á Vestfjörðum, Vesturlandi, Suðurlandi og Austfjörðum. Gert er ráð fyrir að árlega verði 50 m.kr. veitt til verkefnisins árin 2008 og 2009. Tillagan er hluti af mótvægisaðgerðum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í aflamarki þorsks.

401 Byggðaáætlun.

1.10 Byggðaáætlun. Annars vegar er óskað eftir 30 m.kr. fjárveitingu til vaxtarsamninga á Norðurlandi eystra. Gert er ráð fyrir að árlega muni 30 m.kr. verða veitt til verkefnisins árin 2008 og 2009. Hins vegar er óskað eftir 30 m.kr. fjárveitingu til vaxtarsamninga á Norðurlandi vestra. Gert er ráð fyrir að árlega muni 30 m.kr. verða veitt til verkefnisins árin 2008 og 2009. Báðar tillögurnar eru hluti af mótvægisaðgerðum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í aflamarki þorsks.

411 Byggðastofnun.

1.11 Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni. Óskað er eftir samtals 108 m.kr. fjárheimild til liðarins. Í fyrsta lagi er óskað eftir 100 m.kr. fjárveitingu til eflingar starfsemi atvinnuþróunarfélaga á landsbyggðinni með það að markmiði að auka stuðning við nýsköpun og þróun nýrra atvinnutækifæra og starfsemi. Gert er ráð fyrir að 100 m.kr. verði veitt til þessa verkefnis árið 2009. Tillagan er hluti af mótvægisaðgerðum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í aflamarki þorsks.

Í öðru lagi er lagt til að veitt verði 5 m.kr. framlag með það að markmiði að efla atvinnulíf og samfélag í Vestur-Barðastrandasýslu með uppbyggingu sameiginlegrar starfstöðvar stofnana er vinna að menntun, rannsóknum, nýsköpun og atvinnuþróun. Gert er ráð fyrir að ráðstafað verði 24 m.kr. til verkefnisins í fjárlagafrumvarpi 2008. Áætlað er að störfum fjölgi um þrjú vegna þessa verkefnis. Tillagan er hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til með hliðsjón af skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum.

Í þriðja og síðasta lagi er lagt til að veitt verði 3 m.kr. framlag með það að markmiði að efla atvinnulíf og samfélag í Strandasýslu með uppbyggingu sameiginlegrar starfstöðvar stofnana er vinna að menntun, rannsóknum, nýsköpun og atvinnuþróun. Gert ráð fyrir að ráðstafað verði 9 m.kr. til verkefnisins í fjárlagafrumvarpi 2008. Áætlað er að störfum fjölgi um eitt vegna þessa verkefnis. Tillagan er hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til með hliðsjón af skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum.

12 Viðskiptaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild viðskiptaráðuneytis verði aukin um 48,6 m.kr.

101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa. Óskað er eftir samtals 38,6 m.kr. fjárveitingu til liðarins. Í fyrsta lagi er lagt til að veitt verði 25,4 m.kr. í auknar fjárheimildir til að standa undir kostnaði við breytta yfirstjórn viðskiptaráðuneytis vegna breytinga á Stjórnarráðinu.

Í öðru lagi er óskað eftir 13,2 m.kr. vegna kostnaðar ráðuneytisins í tengslum við peningaþvættisverkefni. Um er að ræða innleiðingu á tilskipun Evrópusambandsins um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og eftirfylgni innleiðingarinnar. Ennfremur eftirfylgni úttektar FATF (Financial Action Task Force) á aðgerðum íslenskra stjórnvalda á þessu sviði sem fram fór árið 2006.

411 Samkeppniseftirlitið.

1.01 Samkeppniseftirlitið. Lagt er til að veitt verði 10 m.kr. framlag til að standa undir kaupum á nýjum húsbúnaði og til að greiða kostnað við flutning og uppsetningu tölvukerfis fyrir stofnunina í nýju húsnæði. Samkeppniseftirlitið hefur tekið á leigu nýtt húsnæði að Borgartúni 26. Húsbúnaður sá sem Samkeppniseftirlitið hefur yfir að ráða nú er allt að 20 ára gamall og að verulegu leyti úr tíð Verðlagsstofnunar, sem lögð var niður árið 1993. Er húsbúnaðurinn talinn ónýtur og því óhjákvæmilegt að festa kaup á nýjum húsbúnaði að nær öllu leyti.

14 Umhverfisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild umhverfisráðuneytis verði aukin um 50 m.kr.

101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa. Óskað er eftir samtals 5,4 m.kr. hækkun á fjárheimild liðarins. Annars vegar er farið fram á 3 m.kr. fjárveitingu vegna nýrrar stöðu sérfræðings við Umhverfisstofnun Evrópu. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2008 er jafnframt sótt um 10 m.kr. framlag vegna stöðunnar. Hins vegar er farið fram á 2,4 m.kr. fjárveitingu vegna kostnaðar sem féll á ríkið í tengslum við strand skipsins Wilson Muuga. Samkvæmt samningi milli eiganda skipsins og íslenska ríkisins um skiptingu kostnaðar vegna strandsins var hámarksframlag ríkisins 15 m.kr. Nýlega var gengið frá endanlegu uppgjöri og reyndist kostnaður ríkisins 2,4 m.kr.

211 Umhverfisstofnun.

1.01 Umhverfisstofnun. Óskað er eftir að fjárveiting stofnunarinnar hækki um samtals 27,6 m.kr.. Í fyrsta lagi er farið er fram á heimild til að flytja 96 m.kr. fjárheimild af viðfangsefni viðhalds í þjóðgörðum og á friðlýstum svæðum yfir á almennan rekstur stofnunarinnar. Fjárveitingar til viðhaldsverkefna hafa verið umfram bókfærð útgjöld á umliðnum árum og þar hefur safnast upp afgangur á meðan halli hefur verið á almennum rekstri. Á miðju þessu ári sameinuðust þjóðgarðarnir í Skaftafelli og Jökulsárgljúfrum Vatnajökulsþjóðgarði og er því fyrirséð lækkun á útgjöldum Umhverfisstofnunar vegna viðhalds í þjóðgörðum.

Í öðru lagi er sótt um 20 m.kr. fjárveitingu til að setja á fót gestastofu á Ísafirði sem tengist friðlandinu á Hornströndum. Koma þarf upp aðstöðu fyrir gesti og starfsfólk og setja upp sýningar. Áætlaður kostnaður við innréttingar og gerð sýninga er 16 m.kr. og rekstrarkostnaður í ár er áætlaður 4 m.kr. Gert er ráð fyrir að í gestastofunni starfi landvörður í heilsársstarfi, auk sumarstarfsfólks. Með því að gera starf landvarðar að heilsársstarfi er hægt að vinna að fræðslumálum, markaðssetningu og skipulagi ferðamennsku innan friðlandsins á vetrartímanum. Í fjárlagafrumvarpi 2008 er jafnframt sótt um 15 m.kr. rekstrarframlag í þessu skyni. Áætlað er að tilkoma stofunnar fjölgi störfum á Vestfjörðum sem svarar einu og hálfu stöðugildi, þar af einu í ár. Tillagan er hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til með hliðsjón af skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum.

Í þriðja og síðasta lagi er farið fram á 7,6 m.kr. fjárveitingu vegna biðlauna og áunnins orlofs fyrrverandi starfsmanna á rannsóknarstofu stofnunarinnar vegna stofunnar til Matís ohf. um síðustu áramót.

5.41 Þjóðgarðar og friðlýst svæði. Farið er fram á heimild til að flytja 96 m.kr. af uppsafnaðri fjárheimild á viðfangsefni viðhalds í þjóðgörðum og á friðlýstum svæðum yfir á almennan rekstur eins og að framan greinir.

287 Úrvinnslusjóður.

1.10 Úrvinnslusjóður. Áætlað er að Úrvinnslusjóður hafi 120 m.kr. vaxtatekjur af inneign sinni hjá ríkissjóði vegna óráðstafaðra markaðra tekna af úrvinnslugjaldi og er það 50 m.kr. hækkun frá áætlun fjárlaga. Gert er ráð fyrir að sjóðnum verði heimilað að ráðstafa vaxtatekjunum til starfsemi sinnar á sama hátt og mörkuðum ríkistekjum. Endurskoðuð áætlun um ríkistekjur af úrvinnslugjaldi gerir ráð fyrir að tekjurnar lækki um 160 m.kr. frá því sem þær voru áætlaðar á fjárlögum 2007. Með lögum nr. 15/2007 sem tóku gildi 1. mars sl. var lækkað úrvinnslugjald á umbúðir úr pappa, pappír og plasti og á olíuvörur, prentliti og hjólbarða. Lækkuninni er ætlað að draga úr sjóðsmyndun sem átt hefur sér stað í þessum flokkum, en reynslan hefur sýnt að kostnaður vegna meðhöndlunar þessa úrgangs er lægri en menn reiknuðu með þegar gjöldin voru ákvörðuð.

381 Ofanflóðasjóður.

6.60 Ofanflóðasjóður. Farið er fram á 250 m.kr. fjárveitingu til framkvæmda við ofanflóðavarnir í Bolungarvík, Siglufirði, Vesturbyggð og Snæfellsbæ í samræmi við framkvæmdaáætlun sjóðsins fyrir árið 2007. Þá er áætlað að vaxtatekjur Ofanflóðasjóðs af inneign hjá ríkissjóði, vegna óráðstafaðra tekna af ofanflóðasjóðsgjaldi, hækki um 100 m.kr. frá því sem þær eru á fjárlögum og verði 360 m.kr. Fjármagnstekjuskattur hækkar við það um 10 m.kr.

401 Náttúrufræðistofnun Íslands.

1.01 Náttúrufræðistofnun Íslands. Óskað er eftir samtals 6 m.kr. fjáraveitingu til stofnunarinnar. Í fyrsta lagi er sótt um 3 m.kr. fjárveitingu til gróðurkortagerðar á Vestfjörðum. Takmörkuð gróðurkortagerð hefur farið fram á Vestfjörðum en sú sem er til á gömlum loftmyndum hefur ekki verið staffærð og engin gróðurkort verið gefin út. Gert er ráð fyrir að stór hluti kortagerðarinnar verði unnin fyrir vestan og er Náttúrufræðistofnun Íslands ætlað að semja við Náttúrustofu Vestfjarða um verkefnið. Í fjárlagafrumvarpi 2008 er jafnframt sótt um 12 m.kr. tímabundið framlag í fimm ár til verkefnisins. Tillagan er hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til með hliðsjón af skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum.

Þá er farið fram á 3 m.kr. fjárveitingu til að efla fuglarannsóknir og fuglavöktun á Vestfjörðum. Þar eru einhverjar mestu sjófuglabyggðir landsins. Náttúrufræðistofnun Íslands er ætlað að semja við Náttúrustofu Vestfjarða um að annast rannsóknarverkefnið. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2008 er jafnframt sótt um 6 m.kr. tímabundið framlag til verkefnisins í fimm ár. Tillagan er hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til með hliðsjón af skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum.

6.11 Bifreiðar. Sótt er um 3 m.kr. fjárveitingu til kaupa á nýrri bifreið í stað bifreiðar sem eyðilagðist í veltu fyrr á þessu ári. Miðað við verkefni og þarfir stofnunarinnar verður hún að hafa yfir að ráða þremur bifreiðum. Á álagstímum er aukinni þörf fyrir bifreiðar mætt með leigusamningum.

410 Veðurstofa Íslands.

1.01 Almenn starfsemi. Farið er fram á 5 m.kr. fjárveitingu til að koma upp samhæfðum gagnagrunni yfir stöðvarekstur Veðurstofunnar og athuganasögu frá upphafi. Kröfur um áreiðanleika veðurgagna hafa aukist mjög á síðari árum, ekki síst vegna rannsókna á veðurfarsbreytingum. Gert er ráð fyrir að skráning á eldri hluta gagnasögunnar fari fram á Ísafirði. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2008 er jafnframt sótt um 7 m.kr. tímabundið framlag í þrjú ár til þessa verkefnis. Tillagan er hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til með hliðsjón af skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum.

6.11 Bifreiðar. Farið er fram á 3 m.kr. fjárveitingu til að endurnýja bifreið stofnunarinnar. Veðurstofan rekur umfangsmikið stöðvakerfi víða um land vegna veðurathugana, jarðskjálftavöktunar, snjóflóðeftirlits o.fl. Til að sinna eftirliti, rekstri og viðhaldi þessara stöðva þarf stofnunin öfluga bifreið sem nota má til þeirra verka, enda eru margar stöðvanna utan byggða og alfaraleiða. Núverandi bifreið stofnunarinnar er úr sér gengin og er hvorki öruggt eða fjárhagslega hagkvæmt að nota hana lengur.

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Lagt er til að fjárheimild vaxtagjöld ríkissjóðs verði aukin um 1.178,5 m.kr.

801 Vaxtagjöld ríkissjóðs.

1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs. Endurskoðuð áætlun um vaxtagjöld ríkissjóðs árið 2007 bendir til þess að gjaldfærðir vexti hækki um 1.044 m.kr. frá því sem reiknað var með í fjárlögum fyrir árið 2007 og verði 21.673 m.kr. en að greiddir vextir lækki um 82 m.kr. og verði 16.723 m.kr. Hækkun gjaldfærðra vaxtagjalda stafar aðallega af auknum vöxtum af inneignum Atvinnuleysistryggingasjóðs, Ofanflóðasjóðs, Úrvinnslusjóðs og annarra aðila sem eiga kröfur á markaða tekjustofna hjá ríkissjóði en Fjarskiptasjóður bætist nú í þann hóp. Auk þess er er gert ráð fyrir 134,5 m.kr. hækkun á fjárheimild liðarins í tengslum við kaup ríkissjóður á hlut sveitarfélaga í Landsvirkjun en gefin voru út skuldabréf fyrir hluta af söluverðinu. Ríkissjóður er ekki undanþeginn greiðslu stimpilgjalda af skuldabréfunum þar sem ekki er um að ræða útgáfu skráðra bréfa á skipulögðum markaði. Stimpilgjöldin færast því á þennan fjárlagalið sem lántökukostnaður. Sama fjárhæð færist sem tekjur af stimpilgjöldum á tekjuhlið og hefur því engin áhrif á afkomu ríkissjóðs. Samtals hækkar vaxtagjaldaliðurinn því um 1.178,5 m.kr. í frumvarpinu.

104. Fyrirspurn [104. mál]

til utanríkisráðherra um samstarf við Norðmenn og Dani á sviði öryggismála.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

1. Er hafin samvinna við Norðmenn og Dani á grundvelli rammasamkomulags og yfirlýsingar frá 26. apríl sl. um samstarf á sviði öryggismála, varnarmála, viðbúnaðar, leitar og björgunar?
2. Er unnið að nánari skilgreiningu á því hvað í rammasamkomulaginu og yfirlýsingunni getur falist?

105. Fyrirspurn [105. mál]

til dómsmálaráðherra um samstarf Íslands, Noregs og Danmerkur um björgunarmál og almannavarnir.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

Er á vegum ráðuneytisins og Landhelgisgæslunnar unnið að fyrirkomulagi björgunarmála og almannavarna í samræmi við rammasamkomulag Íslands og Noregs og yfirlýsingu Íslands og Danmerkur frá 26. apríl sl.?

106. Beiðni um skýrslu [106. mál]

frá forsætisráðherra um samninga, viljayfirlýsingar og fyrirheit ráðherra.

Frá Jóni Bjarnasyni, Atla Gíslasyni, Álfheiði Ingadóttur, Árna Þór Sigurðssyni, Birni Val Gíslasyni, Katrínu Jakobsdóttur, Kolbrúnu Halldórsdóttur, Þuríði Backman og Ögmundi Jónassyni.

Með vísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að forsætisráðherra flytji Alþingi skýrslu þar sem eftirfarandi komi fram:

- Upplýsingar um viljayfirlýsingar, fyrirheit eða samninga, sem kunna að fela í sér fjárhagslegar skuldbindingar fyrir ríkissjóð á núverandi kjörtímabili og því næsta, sem ráðherrar gerðu frá 6. desember 2006 og þar til fyrrverandi ríkisstjórn lét af störfum án þess að bera þá upp á Alþingi.
- Enn fremur komi fram við hvaða fjárheimildir eða samþykktir Alþingis er stuðst í hverju tilviki. Skýrslan taki til rekstrar, stofnverkefna eða réttinda, hvort sem þau eru beint á vegum ríkisins eða á hendi annarra.
- Efni skýrslunnar verði sundurgreint eftir ráðherrum og þær fjárhæðir sem um er að tefla komi fram.
- Greint verði frá tímasetningum, skilyrðum, svo sem um mótframlög, fyrirvörum eða öðru sem áhrif getur haft á framvindu einstakra mála.
- Greint verði frá því hvar almenningur og þingmenn geti nálgast tilgreinda gerninga.

Í skýrslunni verði lagt mat á það hvort framangreindir gerningar séu innan þess ramma sem markaður er í lögum um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997.

Greinargerð.

Með beiðninni er óskað eftir tæmandi upplýsingum um öll þau tilvik og allar þær fjárhæðir sem ráðherrar hafa, með samningum, fyrirheitum og viljayfirlýsingum, lofað að veita eða beita sér fyrir að veittar verði á tímabilinu frá því að fjárlög fyrir árið 2007 voru samþykkt 6. desember 2006 og þar til ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks lét af störfum.

Það var áberandi á síðustu mánuðum og vikum fyrir alþingiskosningar í vor hvað einstakir ráðherrar og ráðuneyti þeirra sýndu skyndilega mikinn áhuga á að styðja ýmiss konar verkefni og gera vel við ýmsar stofnanir og félagasamtök með skriflegum samningum og fyrirheitum til næstu ára.

Margar þessara undirskrifta lutu að samningum um brýn og þörf verkefni og í einhverjum tilfellum hafa ráðherrar verið að fullnusta mál sem þeim hafði áður verið falið að leysa úr eða ganga frá. Af fréttatilkynningum ráðuneytanna mátti þó oft ráða að um væri að ræða frumkvæði viðkomandi ráðherra. Í ljósi þess hversu nálægt kosningum var komið þegar brast á með þessari bylgju undirskrifta og loforða var haft á orði að ráðuneytin væru orðin eins og kosningaskrifstofur einstakra flokka og frambjóðenda.

Það er mikilvægt að framkvæmdarvaldið standi undir því trausti og þeim skyldum sem á því hvíla um meðferð á fjármunum hins opinbera og að það sé hafið yfir vafa að einstakir ráðherrar misnoti ekki aðstöðu sína sjálfum sér og flokki sínum til framdráttar í aðdraganda kosninga.

Ákvæði fjárreiðulaga.

Minnt er á ákvæði fjárreiðulaga, nr. 88/1997, um frumvarp til fjárlaga. Í 21. gr. segir: „Þannig skal fyrir fram leitað heimilda til greiðslna úr ríkissjóði, eftirgjafar krafna og til að gera hvers konar samninga um fjárhagslegar skuldbindingar fyrir ríkissjóð og ríkisstofnanir.“

Í 30. gr. segir: „Einstökum ráðherrum er heimilt, með samþykki fjármálaráðherra, að gera verksamninga og samninga um rekstrarverkefni, sem undir ráðuneytið heyra, til lengri tíma en eins árs við þá ríkisstofnun sem sinnt hefur verkefninu, aðrar ríkisstofnanir, sveitarfélög eða einkaaðila, enda sé áætlað fyrir verkefninu í fjárlögum.“

Siðferði og lagalegar skyldur.

Það er ljóst að ráðherrar gefa með undirskriftum sínum, viljayfirlýsingum eða fyrirheitum væntingar um að við þær verði staðið. Jafnframt er ljóst að vonbrigðin verða mikil þegar ekki er staðið við undirskriftirnar, og er þá hægt að velta fyrir sér í hvaða lagalegum eða siðferðilegum rétti ráðherra er að gefa slík fyrirheit.

Þessi skýrslubeiðni er lögð fram öðru sinni til að fá samantekt á þessum aðgerðum ráðherra og ríkisstjórnar svo að hægt sé að fá sundurliðað heildaryfirlit yfir þessa gerninga og leggja mat á lögformlega en einnig siðferðilega hlið þessa máls nú að afstöðnum kosningum til Alþingis.

107. Tillaga til þingsályktunar [107. mál]

um að fordæma mannréttindabrot og hvetja bandarísk yfirvöld til að loka fangabúðunum í Guantanamo.

Flm.: Katrín Jakobsdóttir, Atli Gíslason, Álfheiður Ingadóttir,
Árni Þór Sigurðsson, Björn Valur Gíslason, Jón Bjarnason,
Kolbrún Halldórsdóttir, Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

Alþingi fordæmir ólöglega og ómannúðlega meðferð á föngum í búðum Bandaríkjamanna við Guantanamo-flóa á Kúbu og felur ríkisstjórninni að beita sér fyrir því á alþjóðavettvangi að þeim verði lokað.

Greinargerð.

Þann 11. janúar 2007 voru fimm ár liðin síðan Bandaríkjastjórn hóf að starfrækja fangabúðirnar í Guantanamo í þeim yfirlýsta tilgangi að vista og yfirheyra meinta hryðjuverkamenn eða hermenn með hugsanleg tengsl við alþjóðleg samtök sem ógnuðu Bandaríkjunum. Flotastöð Bandaríkjanna við Guantanamo-flóa á Kúbu varð fyrir valinu vegna þess að talið var að svæðið stæði utan bandarískrar lögsögu. Þar með þyrfti ekki að virða ýmsar alþjóðlegar skuldbindingar um meðferð á föngum og stríðsföngum sem Bandaríkin gengust undir fyrir löngu, svo sem Genfarsáttmálann. Vistmenn fangabúðanna í Guantanamo voru flestir handteknir í Afganistan eða Pakistan með handahófskenndum hætti og á hæpnum forsendum, t.d. var sá yngsti þeirra þá aðeins 13 ára gamall. Með því að skilgreina þá sem „ólöglega bardagamenn“ (unlawful combatants) eða með öðru álíka loðnu orðalagi átti að skapa lagaleg skilyrði fyrir því að þá mætti beita „óhefðbundnum“ yfirheyrsluaðferðum. Með slíkum aðferðum eru fangar beittir líkamlegum og andlegum kvölum með ýmsu móti, t.d. látnir standa tímunum saman í óþægilegri líkamsstellingu, sviptir svefni, látnir þola mikinn hita eða kulda, stanslausa birtu og hávaða og fleira því um líkt. Á mannamáli eru slíkar aðferðir nefndar pyntingar sem aldrei eru réttlætanlegar og skýlaust brot á alþjóðamannúðar- og mannréttindalögum. Tilraun Bandaríkjastjórnar til að innleiða nýja skilgreiningu um „ólöglega bardagamenn“, sem hvorki njóti verndar sem almennir borgarar né sem stríðsfangar og hægt sé að halda föngnum og jafnvel pynta árum saman án þess að þeim sé birt ákæra og tryggð réttlát málsmeðferð er ósvífin atlaga að allri viðleitni alþjóðasamfélagsins til að tryggja mannréttindi, jafnt á tímum friðar sem ófriðar í heiminum.

19. júní 2006 úrskurðaði hæstiréttur Bandaríkjanna að umrædd túlkun um að bandarísk lögsaga gilti aðeins að takmörkuðu leyti eða alls ekki í Guantanamo-herstöðinni ætti ekki við rök að styðjast. Í kjölfarið gaf varnarmálaráðuneytið þann 7. júlí út þá yfirlýsingu að Genfarsáttmálinn yrði virtur í Guantanamo. Aðstæður vistmanna í fangabúðunum geta þó ekki talist boðlegar. Má sem dæmi nefna að um 250 föngum er enn haldið föngnum án þess að þeim sé birt nein ákæra, jafnvel eftir fimm ára harðræði.

Nýleg lagasetning í Bandaríkjunum á í orði kveðnu að tryggja umræddum föngum sömu lágmarksréttindi og öðrum stríðsföngum ber samkvæmt alþjóðlegum sáttmálum. Þegar betur er að gáð reynast lögin þó ekki ná því yfirlýsta markmiði sínu og þykja þau jafnvel grafa undan almennu réttaröryggi í Bandaríkjunum.

Með lögum sem nefnast „Military Commissions Act“ og staðfest voru 17. október 2006 er það Bandaríkjaforseta að ákveða hvaða yfirheyrsluaðferðir teljist leyfilegar; aðgangur sakbornings er takmarkaður að sönnunargögnum sem gegn honum er beitt og bandarískir dómstólar eru sviptir réttinum til þess að fjalla um kröfur „ólöglegra bardagamanna“ um grundvallarvernd gegn handahófskenndu varðhaldi og pyntingum (sk. habeas corpus).

Þann 18. janúar 2007 kynnti bandaríska varnarmálaráðuneytið vinnureglur fyrir sérstakan herdómstól í Guantanamo. Þeirri stofnun er þar með heimilt að dæma sakborninga á grundvelli sögusagna og framburðar sem hefur verið þvingaður fram, þ.e. með pyntingum. Verjandi sakbornings situr skör lægra en saksóknari því vilji hann leggja fram leynileg sönnunargögn má saksóknari fá að sjá þau en um sambærileg gögn, sem saksóknari byggir mál sitt á, gildir að verjandi fær ekki að sjá þau.

Það er því ljóst að Bandaríkjastjórn mætir öllum kröfum um að hún standi við alþjóðlegar skuldbindingar sínar á þessu sviði af sömu þrákelkninni og áður. Ekki þarf að hafa mörg orð um hversu hættulegt fordæmi bandarísku pyntingabúðirnar í Guantanamo eru. Réttarbrotum eða dómsmorðum hefur síst fækkað í meintu stríði Bandaríkjamanna eða Vesturlanda gegn

hryðjuverkavá um allan heim. Grundvallarréttindi fólks, sem tryggð eru í alþjóðlegum mannréttindasáttmálum, eru takmörkuð eða numin úr gildi með fáeinum stjórnvaldsaðgerðum. Gagnrýni Bandaríkjastjórnar á mannréttindabrot annars staðar í heiminum hefur öll orðið ótrúverðugri en ella og róðurinn í baráttunni fyrir mannréttindum einungis orðið þyngri. Á þetta hafa fjölmörg ríki bent sem og öll helstu mannréttindasamtök heims, svo sem Amnesty International og Human Rights Watch, allt frá því flogið var með fyrstu fangana til Guantanamo. Það er því full ástæða til þess að Alþingi Íslendinga og ríkisstjórn láti í sér heyra um mannréttindabrotin í Guantanamo með skýrum hætti á alþjóðavettvangi og beiti sér fyrir því að fangabúðunum verði lokað.

Þar með tekur Alþingi undir kröfu mannréttindasamtakanna Amnesty International sem einnig hafa hvatt bandarísk yfirvöld til að loka fangabúðunum. Það má þó ekki verða til þess að fangarnir verði fluttir annað á sambærilega staði eða í leynifangelsi. Lykilatriði er að virða mannréttindi þeirra fanga sem þarna hefur verið haldið án dóms og laga og tryggja þeim réttláta málsmeðferð samkvæmt alþjóðlegum viðmiðum.

108. Fyrirspurn [108. mál]

til félagsmálaráðherra um stöðu forsjárforeldra sem hafa annað lögheimili en börn þeirra.

Frá Guðmundi Steingrímssyni.

1. Hyggst ráðherra láta nefnd á vegum ráðuneytisins, sem kanna á félagslega, fjárhagslega og réttarfarslega stöðu einstæðra og forsjárlausra foreldra, kanna á sama hátt stöðu foreldra sem eru með sameiginlegt forræði en hafa annað lögheimili en börn þeirra og eru í flestum tilvikum meðlagsgreiðendur?
2. Mun ráðherra mælast til þess að nefndin kanni hvort staða áðurnefndra foreldra sé í mörgum grundvallaratriðum svipuð stöðu forsjárlausra foreldra?
3. Hyggst ráðherra ef til vill fá aðra aðila en nefndina til að kanna stöðu þessara forsjárforeldra?

Skriflegt svar óskast.

109. Fyrirspurn [109. mál]

til félagsmálaráðherra um félagslegar íbúðir og málefni Íbúðalánasjóðs.

Frá Birki J. Jónssyni.

1. Hver var fjárhagsleg staða Byggingarsjóðs verkamanna 31. desember 1998, á verðlagi ársins 2007?
2. Hvað voru margar félagslegar íbúðir auðar 31. desember 1998?

3. Hvað hefur Íbúðalánasjóður afskrifað mikið vegna félagslegra íbúða frá 1. janúar 1999, á verðlagi ársins 2007?
4. Hvað veitti Íbúðalánasjóður mörgum tekjulágum einstaklingum viðbótarlán frá 1. janúar 1999 til 1. desember 2004?

Skriflegt svar óskast.

110. Svar [83. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um mismunandi hrygningarstofna þorsks og veiðiráðgjöf.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hefur ráðherra kynnt sér fyrirliggjandi rannsóknaniðurstöður um mismunandi hrygningarstofna þorsks hér við land og tekið afstöðu til þess hvort þær gefi tilefni til breytinga á aðferð við veiðiráðgjöf og úthlutun aflamarks?*
2. *Hafa rannsóknastofnanir ráðuneytisins, þ.m.t. Hafrannsóknastofnunin, komið að þessum rannsóknum eða hefur verið leitað álits þeirra á þeim?*

Ráðuneytið sendi fyrirspurnina til Hafrannsóknastofnunarinnar og fylgir hér svar hennar:

Þær niðurstöður rannsókna sem hér er vísað til eru rannsóknir á stofneiningum þorsks hér við land sem stundaðar hafa verið á Hafrannsóknastofnuninni um árabil í samstarfi við aðrar stofnanir og háskóla, einkum líffræðideild Háskóla Íslands. Þessar rannsóknir hafa beinst að athugunum á erfðaefni, kvarnalögun og efnainnihaldi kvarna í þorski. Við þessar rannsóknir hefur verið haft að leiðarljósi að greina þorsk með tilliti til svæðisbundins uppruna hans. Þessu til stuðnings hafa legið til grundvallar áralangar merkingatilraunir Hafrannsóknastofnunarinnar á þorski og athuganir á vaxtareiginleikum þorsks á mismunandi svæðum við landið.

Lengi hefur verið vitað að þorskur hrygnir víða umhverfis landið og einnig að hann dreifist mikið eftir hrygningu. Þetta kemur m.a. fram í ritum Bjarna Sæmundssonar frá upphafi síðustu aldar. Í fyrrgreindum nýlegum rannsóknum Hafrannsóknastofnunarinnar og Háskóla Íslands hafa komið fram vísbendingar um afmarkaðar hrygningareiningar þorsks. Ekki liggja þó fyrir niðurstöður um mikilvægi einstakra hrygningareininga með tilliti til heildarframleiðslugetu stofnsins. Samkvæmt framangreindum rannsóknum virðist líklegast að mikilvægasti hluti hrygningarinnar fari fram undan Suður- og Suðvesturlandi eins og áður hefur verið talið. Smærri hrygningareiningar sem finnast allt í kringum landið gætu þó hugsanlega lagt til verulegan hluta seiðaframleiðslu við ákveðnar umhverfisaðstæður. Einnig er líklegt að þessar smærri hrygningareiningar séu mikilvægar með hliðsjón af fjölbreytileika innan tegundarinnar.

Aukin vitneskja með frekari rannsóknum á líffræði, atferli og vistfræði þorsks við Ísland mun væntanlega varpa frekara ljósi á mikilvægi staðbundinna hrygningareininga í nýliðun þorsks og hvernig megi taka tillit til þeirra við veiðistjórnun. Enn sem komið er vantar þó mikið á að nægileg þekking á stofneiningum þorsks sé fyrir hendi til að hægt sé að stjórna veiðum á grundvelli slíkrar þekkingar.

111. Fyrirspurn [110. mál]

til fjármálaráðherra um útrásarverkefni Landsvirkjunar og Rariks.

Frá Valgerði Sverrisdóttur.

Hyggst ráðherra draga fyrirtækin Landsvirkjun og Rarik, sem eru að fullu í eigu ríkisins, út úr útrásarverkefnum sem þau taka þátt í í samstarfi við einkaaðila, svo sem Landsbanka Íslands hf.?

112. Fyrirspurn [111. mál]

til heilbrigðisráðherra um bifreiðakaup hreyfihamlaðra.

Frá Þorvaldi Ingvarssyni.

Ætlar ráðherra að beita sér fyrir hækkun á styrkupphæðum til bifreiðakaupa fyrir hreyfihamlaða og fyrir breytingum á reglugerð um bifreiðakaup fyrir hreyfihamlaða?

113. Fyrirspurn [112. mál]

til fjármálaráðherra um endurgreiðslu virðisaukaskatts.

Frá Þorvaldi Ingvarssyni.

Ætlar ráðherra að beita sér fyrir skattalagabreytingum þannig að opinberar stofnanir sem ekki stunda virðisaukaskattsskylda starfsemi geti notið endurgreiðslu virðisaukaskatts af þeirri þjónustu sem þær kaupa?

114. Fyrirspurn [113. mál]

til sjávarútvegsráðherra um þorskeldi.

Frá Valgerði Sverrisdóttur.

til sjávarútvegsráðherra um þorskeldi.

Hvernig hyggst ráðherra standa að því að efla þorskeldi hér á landi?

115. Beiðni um skýrslu [114. mál]

frá iðnaðarráðherra um kostnað við Kárahnjúkavirkjun.

Frá Álfheiði Ingadóttur, Atla Gíslasyni, Árna Þór Sigurðssyni,
Birni Val Gíslasyni, Jóni Bjarnasyni, Katrínu Jakobsdóttur,
Kolbrúnu Halldórsdóttur, Þuríði Backman og Ögmundi Jónassyni.

Með vísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að iðnaðarráðherra flytji Alþingi skýrslu þar sem eftirfarandi komi fram:

1. Tölulegar upplýsingar um áætlaðan heildarkostnað við framkvæmdirnar við Kárahnjúka. Fram komi samanburður við upphaflega verksamninga sem gerðir voru um framkvæmdirnar í kjölfar útboða haustið 2002 og við áætlun um aðra þá kostnaðarþætti sem ekki voru gerðir sérstakir verksamningar um eftir að framkvæmdir hófust.
2. Upplýsingar, þ.e. listi yfir alla verksamninga sem nema hærri fjárhæð en 10 millj. kr. og framkvæmdaraðili hefur gert vegna undirbúnings, rannsókna og framkvæmda við Kárahnjúkavirkjun. Fram komi í yfirliti þessu upplýsingar um fjárhæð, mynt og gengi hvers verksamnings fyrir sig ásamt því hversu há fjárhæð var ætluð til greiðslu ófyrirséðs kostnaðar í viðkomandi samningi.
3. Upplýsingar um niðurstöðutölu viðkomandi verksamnings við lok hvers verks og verkþáttar, þ.e. hvort og þá hversu mikið frávik var frá umsaminni fjárhæð í hverju tilviki. Ef breyting er meiri en nemur því sem ætlað var til greiðslu ófyrirséðs kostnaðar fylgi skýringar.
4. Tölulegar upplýsingar um öll aukaverk, þar á meðal viðbótarsamninga sem framkvæmdaraðili hefur gert vegna krafna (claims) verktaka ásamt upplýsingum um útistandandi og óumsamdar kröfur verktaka. Hér er m.a. átt við viðbótarverk sem til komu vegna endurhönnunar stíflna og annarra mannvirkja, dráttar sem orðið hefur á framkvæmdum þess vegna, vatnsaga í göngum, aukins flutningskostnaðar vegna sölu rafmagns frá öðrum virkjunum þar til verklok verða við Kárahnjúka o.s.frv.
5. Upplýsingar um kostnað og framkvæmdaáætlun vegna mótvægisaðgerða samkvæmt ákvörðun umhverfisráðherra.
6. Upplýsingar um ógreiddan kostnað samkvæmt áætlun Landsvirkjunar um verklok.
7. Upplýsingar um áætlaðar tekjur áranna 2007 og 2008 samkvæmt upphaflegri áætlun Landsvirkjunar um raforkusölu til Alcoa-Fjarðaáls og til samanburðar rauntekjur af orkusölunni það sem af er árinu 2007 og endurskoðaða tekjuáætlun út árið og fyrir næsta ár.

Greinargerð.

Markmið þessarar skýrslubeiðni er að fá greinargott yfirlit yfir heildarkostnað við stærstu framkvæmd Íslandssögunnar og þá umdeildustu. Upphafleg kostnaðaráætlun vegna framkvæmdanna var talin nema tæplega eitt hundrað milljörðum króna, en niðurstaða í útboðum var 15–20 milljörðum lægri. Munaði þar mest um stærstu verkþættina, heilborun ganga og gerð stíflu við Kárahnjúka sem ítalska verktakafyrirtækið Impregilo bauð í, töluvert undir áætlun framkvæmdaraðila.

Hér er m.a. óskað eftir því að fram komi hvert verður tekjutap Landsvirkjunar vegna dráttar á raforkusölu frá Kárahnjúkavirkjun, áætlun/spá um greiðslu til landeigenda fyrir vatnsréttindi, upplýsingar um hugsanlega kröfu Alcoa/Fjarðaáls um skaðabætur samkvæmt raforku-

samningi fyrirtækjanna vegna a.m.k. sjö mánaða dráttar á verklokum o.fl. Það er afar mikilvægt að allar kostnaðarupplýsingar við framkvæmdirnar við Kárahnjúka komi fram og séu aðgengilegar þingheimi og almenningi.

116. Fyrirspurn [115. mál]

til heilbrigðisráðherra um embætti umboðsmanns sjúklinga.

Frá Þorvaldi Ingvarssyni.

Hefur ráðherra í hyggju að koma á fót embætti umboðsmanns sjúklinga?

117. Tillaga til þingsályktunar [116. mál]

um sjávarlíffræðisafn og rannsóknarsetur á Akureyri.

Flm.: Björn Valur Gíslason, Þuríður Backman, Birkir J. Jónsson, Höskuldur Þórhallsson, Þorvaldur Ingvarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja nú þegar undirbúning þess að koma á fót á Akureyri sjávarlíffræðisafni og rannsóknarsetri um auðlindir og lífríki hafsins, í samvinnu við Háskólann á Akureyri og sveitarfélög við Eyjafjörð.

Greinargerð.

Íslenska þjóðin hefur um aldir byggt afkomu sína á fjölbreyttu lífríki sjávar og nýtingu sjávarauðlinda og þarf ekki að fjölyrða um mikilvægi þekkingar á hafinu og lífríki þess fyrir okkur Íslendinga.

Tilgangur með stofnun rannsóknarseturs um auðlindir og lífríki sjávar yrði m.a. að rannsaka enn frekar en hingað til áhrif hafstrauma við landið, ástand hafsbotnsins á landgrunninu, kóralsvæði, hverastrýtur og annars konar náttúrusvæði á hafsbotni, einnig að kanna margs konar áhrif veiðarfæra á hafsbotninn og lífríki sjávar, áhrif loftslagsbreytinga á hitastig sjávar og lífríki þess. Rannsóknarsetrinu yrði m.a. ætlað að kanna stöðu og þróun frumframleiðslunnar, svifs, átu, botndýra og gróðurs, og þau áhrif sem umgengni manna hefur á þessa þætti. Rannsóknarsetrinu yrði gert að vinna að rannsóknum á fiskstofnum í samstarfi við Hafrannsóknastofnunina með það að meginmarkmiði að nýting þeirra verði sjálfbær og umhverfisvæn. Mikilvægt er að hefja nú þegar viðamiklar rannsóknir á áhrifum ferskvatns, flæðis og framburðar jökuláa á lífríki hafsins en vísbendingar eru um að áhrif þessara þátta á frumframleiðslu sjávar, þ.e. svifþörunga, séu mun meiri en áður hefur verið talið.

Framantalin atriði eru aðeins örfá dæmi um þau verkefni sem rannsóknarsetrinu yrði falið að vinna að og auðveldlega má tengja við fræðastörf innan Háskólans á Akureyri þar sem fyrir er áhugi, reynsla og þekking á þeim málum.

Rannsóknarsetur og safn um líffræði hafsins yrði mikilvægt skref í átt að stórauknum og bættum rannsóknum á þessu sviði ásamt því að miðla niðurstöðum úr vísindalegum rannsóknum til almennings.

Frá sjónarmiði háskólanáms og með eflingu Háskólans á Akureyri í huga mundi svona verkefni án vafa draga að sér fjölda erlendra fræðimanna og ekki síður námsmanna sem sækjast í rannsóknir og þekkingu á lífríki sjávar. Ísland hefur lengi verið talið gullnáma jarðfræðinema og gósenland jarðfræðinga vegna aðstæðna hér á landi. Það sama ætti að sjálfsögðu að eiga við þegar horft er til hafsins, fá lönd geta boðið upp á meiri fjölbreytilega þegar horft er til lífríkis eða náttúru hafsins.

Safn um líffræði sjávar hlýtur að verða eitt af höfuðsöfnum landsins, hið eina sem væri utan þéttbýlisins á suðvesturhorninu. Safnið mundi ekki aðeins nýtast landsmönnum til almennrar fræðslu og upplifunar um hafið og lífríki þess, heldur mundi það ekki síður laða að erlenda ferðamenn og fræða þá um náttúru og lífríki Íslands. Safn sem þetta, í tengslum við rannsóknarsetur, yrði fræðimönnum hvaðanæva úr heiminum djúpur brunnur til að sækja í fróðleik um einstakt lífríki hafsins við Ísland ásamt einstakri aðstöðu til rannsókna á hafinu og náttúru þess.

Fjölmörg sjávarlífssöfn má finna á Norðurlöndum en ekkert þeirra tengist rannsóknum með þeim hætti sem hér er sett fram. Svo vitað sé er ekkert slíkt safn til annars staðar þannig að hér er um einstakt tækifæri að ræða til að taka forustu á heimsvísu á þessu sviði.

Aðstæður til að setja slíkt safn á fót við Pollinn á Akureyri er einstakar. Þar má auðveldlega sjá fyrir sér að safn um sjávarlíffræði verði að hluta til neðansjávar, þar mætti sýna fiska í náttúrlegu umhverfi, kræklingaeldi, fiskeldi, hafsbotninn, botngróður og manngerðar eftirlíkingar af ýmsum náttúruundrum hafsins.

Þá er ljóst að safn og rannsóknarsetur af þessu tagi yrði gífurleg lyftistöng fyrir aðrar atvinnugreinar nyrðra og ekki síst ferðaþjónustuna.

Flutningsmenn telja að fyrstu skref í átt að rannsóknarsetri og sjávarlíffræðisafni á Akureyri ættu að vera þau að setja saman hóp fræðimanna, sjómanna, sveitarstjórnarmanna og áhugafólks sem síðan skilaði ríkisstjórninni fullbúnum tillögum. Þessum hópi yrði jafnframt falið að leita leiða til að tryggja þátttöku innlendra sem erlenda háskóla og stofnana á sviði rannsókna á lífríki sjávar í þessu verkefni.Flutningsmenn telja einnig rétt að setja undirbúningshópnum nokkuð þröng tímamörk svo að framkvæmdir geti hafist hið allra fyrsta.

118. Tillaga til þingsályktunar [117. mál]

um að efla kennslu í heilbrigðisvísindum í Háskólanum á Akureyri.

Flm.: Þorvaldur Ingvarsson, Kristján Þór Júlíusson, Ólöf Nordal, Björn Valur Gíslason, Þuríður Backman, Einar Már Sigurðarson, Valgerður Sverrisdóttir, Höskuldur Þórhallsson, Birkir J. Jónsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að sjá til þess að á kjörtímabilinu verði kennsla í heilbrigðisvísindum efld í Háskólanum á Akureyri.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur skortur á hjúkrunarfræðingum aukist og er talið að um 800 hjúkrunarfræðinga vanti á landinu öllu svo að þörfum heilbrigðiskerfisins sé fullnægt. Samkvæmt skýrslu Samtaka atvinnulífsins er gert ráð fyrir að meðalævi einstaklinga hér á landi lengist um sjö ár til ársins 2050. Þessar miklu breytingar á lýðfræði þjóðarinnar munu reyna á háskóla og menntakerfi landsins. Stjórnvöld og háskólar þurfa að bregðast við stóraukinni þörf fyrir sérfræðistörf í heilbrigðisvísindum.

Á landsbyggðinni vantar mikið af hjúkrunarfræðingum svo og ljósmæður og lækna. Þar sem mikil uppbygging er fram undan á þjónustu við aldraða er ljóst að enn þarf að efla kennslu í heilbrigðisvísindum. Það gefur auga leið að erfitt er að veita heilbrigðisþjónustu þegar starfsfólk vantar. Í heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri eru tvær greinar heilbrigðisvísinda kenndar, þ.e. hjúkrunarfræði og iðjuþjálfun. Nemendur í hjúkrunarfræði og iðjuþjálfun sækja verknám einkum til Sjúkrahússins á Akureyri en einnig til heilbrigðisstofnana víða um land, m.a. á höfuðborgarsvæðinu. Brautskráðir hjúkrunarfræðingar og iðjuþjálfar frá Háskólanum á Akureyri starfa á heilbrigðisstofnunum um allt land og víst er að mikil óvissa ríkti um mönnun á mörgum heilbrigðisstofnunum á landsbyggðinni ef starfskrafta brautskráðra frá Háskólanum á Akureyri nyti ekki við.

Lagt er til að kennsla í heilbrigðisvísindum verði efld í Háskólanum á Akureyri, námsplássum í hjúkrun verði fjölgað og lagt mat á hvort rétt sé að hefja kennslu í fleiri námsgreinum heilbrigðisvísinda. Við það verði miðað að nýjar leiðir verði nýttar í uppbyggingu náms í heilbrigðisvísindum, þannig að eins stór hluti og hægt er byggist á sameiginlegum grunni.

Framhaldsnámi í heilbrigðisvísindum, svo sem í „dreifbýlislækningum og hjúkrun“, verði og komið á fót. Rannsóknir hafa sýnt að nemendur brautskráðir frá Háskólanum á Akureyri setjast frekar að á landsbyggðinni. Í könnun sem Háskólinn á Akureyri gerði nýverið kom fram að 75% brautskráðra frá háskólanum búa og starfa á landsbyggðinni. Í annarri könnun, sem Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga lét gera, kom í ljós að 80% brautskráðra hjúkrunarfræðinga frá Háskólanum á Akureyri starfa við heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni. Niðurstöður þessara athugana sýna að áhrifaríkasta leiðin til að draga úr skorti á sérmenntuðu starfsfólki í heilbrigðiskerfinu á landsbyggðinni er að efla nám í heilbrigðisvísindum í Háskólanum á Akureyri.

119. Skýrsla [118. mál]

fjárlaganefndar um greinargerð Ríkisendurskoðunar um kaup og endurnýjun á Grímseyjarferju.

Nefndin hefur fjallað um greinargerð Ríkisendurskoðunar um kaup og endurnýjun á Grímseyjarferju, sbr. 26. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis.

Á fundi nefndarinnar komu Sigurður Þórðarson, Jón L. Björnsson og Pétur Vilhjálmsson frá Ríkisendurskoðun, Jón Rögnvaldsson frá Vegagerðinni, Þórhallur Arason, Jón Magnússon og Viðar Helgason frá fjármálaráðuneyti, Júlíus S. Ólafsson og Guðmundur I. Guðmundsson frá Ríkiskaupum, Ragnhildur Hjaltadóttir, Jóhann Guðmundsson og Oddur Einarsson frá samgönguráðuneyti og Einar Hermannsson skipaverkfræðingur.

I.

Í skýrslu sinni gagnrýnir Ríkisendurskoðun að bæði kaup og endurbætur á Grímseyjarferju hafi verið fjármögnuð með ónýttum heimildum Vegagerðarinnar og bendir á að þegar ferjan var keypt og endurbætur hófust hafi ekki verið gert ráð fyrir útgjöldunum á samgönguáætlun. Stofnunin telur þessa aðferð ekki samræmast ákvæðum fjárreiðulaga og að mati hennar getur hún ekki talist til góðrar stjórnsýslu.

Ríkisendurskoðun telur að mörg þeirra vandamála sem upp hafa komið í tengslum við endurnýjun Grímseyjarferju megi rekja til ófullnægjandi undirbúnings eða kostnaðaráætlana og skorts á formfestu þegar ákvarðanir um aukaverk voru teknar. Jafnframt telur Ríkisendurskoðun að óheppilegt sé að gerð kostnaðaráætlunar, útboðslýsingar og eftirlit skuli hafa verið á sömu hendi.

Fjármálaráðuneytið bendir á ákvæði í 37. gr. fjárreiðulaga, nr. 88/1997, sem hafa það að markmiði að auka sveigjanleika stofnana til ráðstöfunar fjármuna, þ.e. að flytja fjárheimildir milli einstakra rekstrarverkefna, enda séu þau tilgreind í fjárlögum, og flytja innstæður og umframgjöld milli ára. Ráðuneytið bendir á að ferju- og flóabátarekstur sé lögbundinn hluti af verkefnum Vegagerðarinnar og sérstaklega tilgreindur bæði í samgönguáætlun og fjárlögum hvers árs.

Ráðuneytið bendir enn fremur á að framlög til þessa liðar hafi bæði náð til rekstrarkostnaðar og til greiðslu eftirstöðva stofnkostnaðar af þeim ferjum sem ríkissjóður yfirtók þegar rekstur sérstakra ferjufyrirtækja í hlutafélagaformi var aflagður. Ráðuneytið telur með hliðsjón af þessu og heimild 6. gr. fjárlaga að svo langt sem fjárreiðulögin ná hafi ákvörðun um að heimila Vegagerðinni að nýta tímabundið ónotaðar lögákveðnar heimildir verið innan þess ramma sem fjárreiðulögin setja.

II.

Í skýrslum um framkvæmd fjárlaga hefur Ríkisendurskoðun á undanförnum árum gert athugasemdir við að stofnanir hafi farið fram úr fjárheimildum án þess að gripið hafi verið til aðgerða eins og reglur segja til um.

Sú skýrsla sem hér er lögð fram var afgreidd á fundi nefndarinnar mánudaginn 19. september en nefndin var ekki einhuga í afstöðu sinni til málsins.

Meiri hluti nefndarinnar setur fram sjónarmið sín hér á eftir en hann skipuðu: Gunnar Svavarsson, Ármann Kr. Ólafsson, Björk Guðjónsdóttir, Guðbjartur Hannesson, Kjartan Ólafsson, Kristján Þór Júlíusson og Steinunn Valdís Óskarsdóttir.

Meiri hlutinn leggur áherslu á að sameiginlegur skilningur um grundvallaratriði er varða framkvæmd fjárlaga þurfi hverju sinni að vera fyrir hendi hjá aðilum sem vinna að framkvæmdinni og/eða eftirliti.

Meiri hlutinn tekur undir það sjónarmið að kostnað við endurbætur eigi framvegis að færa á stofnkostnaðarliði en ekki sem rekstrarframlög til að samræmi verði milli samgönguáætlunar, ríkisreiknings og fjárlaga.

Meiri hlutinn leggur til að reglur um flutning fjárheimilda á milli verkefna og á milli ára verði gerðar skýrari en þær eru nú og að því verkefni komi fjárlaganefnd, Ríkisendurskoðun og fjármálaráðuneyti. Þá er einnig mikilvægt að umræddir aðilar rýni í og geri úrbætur á verklagi sem miði að því að framkvæmd fjárlaga verði betri en nú er.

Sjónarmið minni hluta nefndarinnar.

Minni hluti nefndarinnar, Jón Bjarnason, Bjarni Harðarson og Grétar Mar Jónsson (staðgengill Guðjóns A. Kristjánssonar), leggur til að fjárlaganefnd fresti fullnaðarafgreiðslu á greinargerð Ríkisendurskoðunar frá 14. ágúst sl. sem fjallar um kaup og endurnýjun á Grímseyjarferju.

Frá því að greinargerð Ríkisendurskoðunar kom út hefur risið alvarlegur ágreiningur milli fjármálaráðuneytis og ráðherra í ríkisstjórninni annars vegar og Ríkisendurskoðunar hins vegar um heimild fjármálaráðherra til að ávísa á greiðslur úr ríkissjóði vegna kostnaðar við ferjuna. Mikilvægt er að fjárlaganefnd taki afstöðu til þessara ágreiningsmála sem lúta meðal annars að grundvallaratriðum í stjórnskipan landsins og mögulegum rétti framkvæmdarvaldsins til að taka í eigin hendur það fjárveitingavald sem lög kveða á um að Alþingi fari með.

Fjárlaganefnd hefur kallað fulltrúa fimm stofnana á sinn fund vegna málsins og auk þeirra Einar Hermannsson skipaverkfræðing. Ljóst er að fjölmargir aðrir hafa komið að framkvæmdinni og engin efnisleg rök eru fyrir því að nefndin hætti nú rannsóknarvinnu sinni þegar fram hafa komið fjölmargar vísbendingar um nauðsyn þess að málið verði betur upplýst. Þá stangast á upplýsingar frá einstökum embættum, svo sem frá fjármálaráðuneyti og Ríkisendurskoðun, um hversu tíð sambærileg mál eru og frá samgönguráðuneyti um eðli og tilgang hins upphaflega ferjuútboðs og svo mætti áfram telja.

Minni hlutinn bendir á að enn sé óljóst hvert verði heildarumfang endurbótanna á umræddri ferju og kostnaður við þær. Hjá nefndinni liggur heldur ekki fyrir tímasetning um verklok og áhöld eru um hvort ferjan hæfi yfirhöfuð því hlutverki sem henni er ætlað í siglingum til og frá Grímsey. Rökstudd ástæða er því til að kalla eftir frekari upplýsingum um það mál.

Minni hlutinn bendir á að skýrsla Ríkisendurskoðunar um Grímseyjarferjuna er enn til meðferðar hjá samgöngunefnd Alþingis og m.a. með vísan til laga um þingsköp Alþingis er eðlilegt að beðið sé afgreiðslu samgöngunefndar áður en fjárlaganefnd afgreiðir endanlega frá sér skýrslu Ríkisendurskoðunar.

Minni hlutinn varar við því að fjárlaganefnd hrapi að niðurstöðu og taki undir fullyrðingar fjármálaráðherra um að umrætt verklag við framkvæmd fjárlaga eigi sér mörg fordæmi og sé í samræmi við gildandi reglur. Með því gangi nefndin gegn alvarlegum athugasemdum Ríkisendurskoðunar og staðfesti þar með óeðlileg vinnubrögð framkvæmdarvaldsins sem geta m.a. varðað við lög.

Minni hlutinn leggur því áherslu á að nefndin sinni til hlítar rannsókna- og eftirlitshlutverki sínu, fresti lokaafgreiðslu Grímseyjarferjumálsins úr fjárlaganefnd, sbr. 31. gr. þingskapalaga nr. 55 frá 1991, og afli frekari upplýsinga um það.

Minni hlutinn telur að fjárlaganefnd Alþingis beri skylda til að standa í þessu máli vörð um fjárveitingavald Alþingis og þar með að framkvæmdarvaldið fari eftir fjárreiðulögum.

Fylgiskjal.

Greinargerð Ríkisendurskoðunar um kaup og endurnýjun á Grímseyjarferju.
(Ágúst 2007.)

Samantekt.

Ríkisendurskoðun telur ljóst að rekja megi mörg þeirra vandamála sem upp hafa komið í tengslum við endurnýjun Grímseyjarferju til ófullnægjandi undirbúnings áður en kaupin voru gerð. Nákvæm þarfagreining fyrir nýja ferju fór ekki fram auk þess sem kostnaðar- og ábatagreiningar voru ekki gerðar. Slíkar greiningar hefðu veitt gleggri og nákvæmari upplýsingar þegar mögulegir kostir voru vegnir og metnir.

Skoðun ferjunnar áður en hún var keypt var ábótavant. Eftir að viðgerðir á henni hófust kom í ljós að ástand hennar var lakara en athuganir sem gerðar voru fyrir kaupin bentu til. Siglingastofnun varaði reyndar við því að ástand ferjunnar kynni að vera mun lakara en fyrstu athuganir gáfu til kynna og mælti með ítarlegri skoðun í matsskýrslu sinni um Oleain Arann. Með því móti hefði að öllum líkindum mátt draga verulega úr aukaverkum og þar með lágmarka kostnað í formi aukaverka við viðgerðina. Jafnframt hefði nákvæmari skoðun auðveldað mat á öðrum kostum og samanburð við þá.

Ríkisendurskoðun gerir athugasemdir við losarabrag á kostnaðaráætlunum og skort á formfestu þegar ákvarðanir voru teknar um aukaverk vegna endurbóta á ferjunni. Tíðar og síðbúnar kröfur Grímseyinga, sem yfirleitt hafa komið fram fyrir milligöngu samgönguráðuneytisins, hafa gert Vegagerðinni afar erfitt um vik. Þá hefur sú staðreynd að gerð kostnaðaráætlunar, útboðslýsingar og eftirlit hafa verið á sömu hendi augljóslega vakið nokkra tortryggni hjá verksala og m.a. af þeim sökum urðu samskipti verksala annars vegar og eftirlitsaðila og verkkaupa hins vegar erfiðari en ella.

Ljóst er að fjölmargt í störfum verksalans er gagnrýnivert, t.d. að hann gerði þrátt fyrir ítrekaðar óskir verkkaupa almennt ekki tilboð í aukaverk. Sömuleiðis hefur framvinda verksins verið mun hægari en samið var um. Verkáætlanir verksalans voru fáar og mjög síðbúnar og almennt ekki staðið við þær, auk þess sem verkbókhald hans hefur ekki verið eins nákvæmt og skyldi. Margt þykir benda til þess að verkið hafi á ýmsan hátt liðið fyrir skort á skipulagi og virkri stjórnun verksala.

Loks telur Ríkisendurskoðun ástæðu til að gagnrýna harðlega þá staðreynd að nú þegar hafa verið greiddar tæplega 400 m.kr. úr ríkissjóði til verksins, en í 6. grein fjárlaga 2006 er aðeins veitt heimild til *„að selja Grímseyjarferjuna m/s Sæfara og ráðstafa andvirðinu til kaupa eða leigu á annarri hentugri ferju“*. Samkvæmt samkomulagi fjármálaráðuneytisins, samgönguráðuneytisins og Vegagerðarinnar hafa bæði kaupin og endurbæturnar verið fjármögnuð með ónýttum heimildum Vegagerðarinnar. Þegar kaupin voru gerð og endurbætur hófust var ekki gert ráð fyrir útgjöldum þeirra vegna á samgönguáætlun. Að mati Ríkisendurskoðunar stenst þessi aðferð á engan hátt ákvæði fjárreiðulaga og getur ekki talist til góðrar stjórnsýslu.

1. Inngangur.

Hinn 8. maí síðastliðinn óskaði ríkisendurskoðandi eftir öllum gögnum Vegagerðarinnar er vörðuðu kaup á nýrri Grímseyjarferju og endurbætur á henni. Gögnin bárust Ríkisendurskoðun 1. júní síðastliðinn. Einnig var óskað eftir gögnum frá bæði samgönguráðuneytinu og

fjármálaráðuneytinu, enda höfðu ráðuneytin eðli málsins samkvæmt mikil afskipti af málinu, einkum þó samgönguráðuneytið. Starfsmenn Ríkisendurskoðunar hafa auk þess fundað með og/eða fengið upplýsingar frá helstu aðilum málsins, þ.e. verkkaupanum (Vegagerðinni), verksalanum (Vélsmiðju Orms og Víglundar ehf.), Navís Feng ehf. sem hefur eftirlit með endurbótunum á ferjunni, Ríkiskaupum sem annaðist útboð vegna kaupanna og endurbótanna, samgönguráðuneytinu, Siglingastofnun o.fl.

Meginmarkmið Ríkisendurskoðunar með greinargerð þessari er að leita svara við eftirfarandi spurningum.

1. Hvernig var undirbúningi við kaup og endurbætur á ferjunni háttað og var hann fullnægjandi?
2. Hvers vegna hefur kostnaður við endurbætur á ferjunni verið miklu hærri en upphaflega var gert ráð fyrir?
3. Hvaða lærdóm er hægt að draga af málinu?

2. Undirbúningur.

Í lok apríl 2003 skipaði þáverandi samgönguráðherra starfshóp til að fjalla um samgöngur til Grímseyjar. Hópinn skipuðu aðstoðarvegamálastjóri, staðgengill siglingamálastjóra, oddviti Grímseyjarhrepps, fulltrúi útgerðarmanna í Grímsey, varaflugmálastjóri auk forstöðumanns skipatæknisviðs hjá Samskipum hf. sem rekur Grímseyjarferjuna Sæfara samkvæmt samningi við Vegagerðina. Með hópnum starfaði starfsmaður Siglingastofnunar. Að auki hafði hópurinn samráð við og leitaði ráðgjafar hjá sjálfstætt starfandi skipaverkfræðingi og tveimur sérfræðingum Siglingastofnunar.

Starfshópurinn skilaði skýrslu í febrúar 2004. Þar kom m.a. fram að þrír kostir varðandi framtíðarferju til Grímseyjar hefðu verið skoðaðir. Í fyrsta lagi að nota Sæfara áfram. Talið var að viðhald auk nauðsynlegra endurbóta á honum kostaði um 140 m.kr. ef uppfylla ætti kröfur Siglingastofnunar skv. reglugerð nr. 666/2001. Þær kröfur má rekja til reglna Evrópusambandsins, sem taka gildi á árinu 2009, um búnað farþegaskipa á slíkri siglingaleið. Með þessu móti yrði rekstur ferjunnar a.m.k. tryggður til ársins 2018**.** Þá yrði hún 40 ára gömul og verðlaus, en verðmæti Sæfara árið 2003 var talið um 50–55 m.kr. Eins þótti ljóst að Sæfari uppfyllti ekki lengur kröfur um fjölda farþega á siglingaleiðinni yfir vetrartímann. Af þessum ástæðum taldi starfshópurinn þennan kost óraunhæfan.

Til fróðleiks má nefna að í apríl 2006 fengu Sæferðir í Stykkishólmi afhenta nýja Breiðafjarðarferju í stað Baldurs. „Nýja“ ferjan var smíðuð árið 1974 og var því 32 ára við afhendingu. Henni hefur á hinn bóginn jafnan verið vel viðhaldið auk þess sem hún telst innfjarðaferja og þarf því ekki að uppfylla jafn strangar kröfur um styrk og öryggi og Grímseyjarferja, t.d. um lekastöðugleika. Engu að síður verður af þessu ráðið að aldur skipa getur verið nokkuð afstæður hafi viðhald þeirra verið gott.

Annar kostur var að kaupa notaða ferju. Fram kemur í skýrslunni að skipaverkfræðingurinn sem starfaði með nefndinni hafi talið afar ólíklegt að fullnægjandi notuð ferja væri föl. Hópurinn vildi þó ekki útiloka þennan möguleika að svo stöddu þó að hann væri talinn ólíklegur. Ekkert var fjallað um hugsanlegan kostnað við kaup og endurbætur á notaðri ferju né gerð grein fyrir áætluðum líftíma enda ekki hlutverk vinnuhópsins. Af sömu ástæðum var ekki fjallað um hvaða kröfur slík ferja þyrfti að uppfylla til að teljast betri kostur en nýsmíði eða áframhaldandi notkun á endurbættum Sæfara.

Loks var fjallað um nýsmíði. Áðurnefndur skipaverkfræðingur og sérfræðingur starfshópsins á þessu sviði áætlaði að kostnaður við nýja ferju yrði allt að 600 m.kr. og vísaði í því

sambandi til tveggja dæma af sambærilegum ferjum sem afhentar voru á árinu 2003. Kostnaðurinn við hvora þeirra mun hafa numið um 500 m.kr. Starfshópurinn taldi nýsmíði fýsilegasta kostinn og mælti með honum í skýrslunni og jafnframt að eigi síðar en á árinu 2006 yrði skipaður starfshópur sem kanna skyldi kaup á notaðri eða nýrri ferju. Þegar formlegri athugun vinnuhópsins á samgöngum við Grímsey og hugsanlegri endurnýjun Grímseyjarferju í því sambandi lauk með gerð skýrslunnar í febrúar 2004 lá fyrir að Sæfari uppfyllti öll öryggisskilyrði til ársins 2009.

Starfshópurinn vann ekki eiginlega kröfulýsingu/þarfagreiningu, enda var það ekki hlutverk hans, heldur var almennt gengið út frá að ný ferja yrði að uppfylla eftirfarandi kröfur. Tekið skal fram að fulltrúar Grímseyinga settu ekki fram kröfur umfram þessar á undirbúningstímanum.

– Rými fyrir a.m.k. 100 farþega.
– 200 tonna farmflutningsgetu.
– 40 m mesta lengd. 13 til 15 hnúta ganghraða.
– Flokkun viðurkennds flokkunarfélags.
– Öryggisstaðal fyrir ferjur sem sigla á opnu hafi, svokallaðar B-siglingaleiðir.

Að mati Ríkisendurskoðunar var afar óheppilegt að ekki var hrint í framkvæmd tillögu nefndarinnar um að skipa starfshóp með fulltrúa heimamanna til að kanna kaup á notaðri eða nýrri ferju. Líklegt verður að telja að skipan slíks hóps hefði stuðlað að vandaðri undirbúningi en ella. Þannig fór í raun hvorki fram raunveruleg þarfagreining né kostnaðar- og ábatagreining áður en leit að notaðri ferju hófst. Með slíkum greiningum hefðu kostirnir þrír sem starfshópurinn fjallaði um fengið formlegri og vandaðri umfjöllun. Sem dæmi má nefna að í samræmi við fyrstu óskir Grímseyinga var miðað við að ný ferja þyrfti að hafa um 200 tonna burðargetu. Vegagerðin lét gera athugun á flutningsþörfinni sem leiddi í ljós að á árunum 2002 til loka árs 2005 flutti Sæfari að meðaltali 20 tonn í hverri ferð og aldrei meira en 60 tonn. Þegar auglýst var eftir ferju var flutningsþörfin tilgreind 130 tonn. Að loknum yfirstandandi breytingum á nýju ferjunni verður burðargetan um 90 tonn. Af þessu má glögglega ráða að nauðsynleg burðargeta Grímseyjarferju var stórlega ofmetin við kaupin. Upplýsinga hér að lútandi hefði með tiltölulega einföldum og skjótum hætti mátt afla áður en leit að nýrri ferju hófst.

Árið 1993 gaf Ríkisendurskoðun út skýrsluna „Stuðningur ríkisins við ferjur og flóabáta" þar sem m.a. var fjallað um undirbúning vegna kaupa á nokkrum ferjum. Í niðurstöðum hennar kemur fram að almennt hafi undirbúningur vegna þessara kaupa verið ónógur. Meðal annars var bent á að ekki hefðu verið gerðar fullnægjandi þarfa- og ábatagreiningar eða kostnaðaráætlanir. Ljóst er að sömu mistök hafa verið gerð við kaup nýrrar Grímseyjarferju.

3. Kaup á ferju.

Eftir að skýrsla starfshópsins var kynnt hófst óformleg leit að notaðri ferju. Skipaverkfræðingurinn sem starfað hafði með starfshópnum sendi Vegagerðinni bréf í september 2004 þar sem hann vakti athygli á írsku ferjunni Oleain Arann sem smíðuð var á Bretlandseyjum árið 1992. Ferjan hafði þá verið auglýst til sölu á alþjóðlegum skipamarkaði á 1,5 m. punda. Taldi hann ferjuna vænlegan kost ef hún stæðist reglur um farþegaskip á siglingaleiðinni til Grímseyjar og mælti með að málið yrði kannað nánar.

Vegagerðin óskaði eftir því að skipaverkfræðingurinn skoðaði ferjuna, sem hann og gerði ásamt forstöðumanni skipatæknisviðs Samskipa hf. sem sæti átti í starfshópnum. Fram kemur í skoðunarskýrslu þeirra að ferjan var í mjög lélegu ástandi og varla meira en 650–700 þús.

punda virði. Skipaverkfræðingurinn skilaði jafnframt grófu mati á kostnaði við nauðsynlegar endurbætur og taldi að það gæti numið um 56 m.kr. að koma ferjunni í fyrsta flokks ástand án umtalsverðra breytinga. Fleiri aðilar fóru utan til að skoða ferjuna, þ. á m. fulltrúar Grímseyinga. Engar athugasemdir munu hafa borist frá Grímseyingum á þessu stigi máls.

Í minnisblaði Vegagerðarinnar frá 5. apríl 2005, sem kynnt var á ríkisstjórnarfundi 12. apríl 2005, var heildarkostnaður við kaup og endurbætur á ferjunni áætlaður 150 m.kr. og tekið fram að þar með yrði ferjan komin í fyrsta flokks ástand. Ferjan var þá sögð föl á 80–100 m.kr. og kostnaður vegna endurbóta áætlaður um 60 m.kr. Ríkisstjórnin veitti heimild til kaupanna á grundvelli þessara áætlana.

Sama dag og umrætt minnisblað var ritað bárust óformleg tilboð í nauðsynlegar endurbætur frá erlendum skipasmíðastöðvum sem hljóðuðu upp á 68 m.kr. annars vegar og 79 m.kr. hins vegar. Ekki var gert ráð fyrir nema afar takmörkuðum breytingum heldur var einkum um viðhald að ræða. Strax á þessum tímapunkti voru því teikn á lofti um að verkið færi a.m.k. 10–15% fram úr fyrirliggjandi áætlun. Samgönguráðuneytið var upplýst um umrædd tilboð en ekki ríkisstjórnin.

Í maí 2005 fór fram útboð þar sem Ríkiskaup óskuðu eftir tilboðum í ferju í stað Sæfara. Tvö tilboð bárust. Annars vegar fyrrgreind ferja, Oleain Arann, á 1 m. punda og hins vegar norsk ferja, sem uppfyllti engan veginn útboðslýsingu, á 900 þús. dollara. Ákveðið var að gera gagntilboð með ákveðnum fyrirvörum í Oleain Arann. Eftir nokkrar þreifingar var samið um kaup á ferjunni fyrir 925 þús. pund í nóvember 2005. Sveitarstjórn Grímseyjar lýsti sig samþykka kaupunum með formlegum hætti.

Í millitíðinni, eða í september 2005, fór samgönguráðuneytið þess á leit að sérfræðingur á vegum Siglingastofnunar skoðaði ferjuna og legði sjálfstætt mat á hvort hún, eftir nauðsynlegar breytingar og endurbætur, gæti hentað til flutninga á vörum og farþegum til Grímseyjar og verið vænlegur valkostur við smíði á nýrri ferju. Sérfræðingnum var gefinn skammur tími til verksins. Í skýrslunni kemur fram að ástand ferjunnar hafi m.a. verið *„hrörlegt sökum vanhirðu og skorts á viðhaldi“* og blasti þetta við hvert sem litið væri. Jafnframt var bent á að skortur á viðhaldi og ófullnægjandi verkvöndun við smíði ferjunnar gæfi tilefni til að ætla að annað ástand hennar og búnaðar, sem ekki væri mögulegt að kanna án frárifa og upptektar, gæti verið talsvert lakara en aldur ferjunnar gæfi tilefni til að ætla. Af þessu sökum mætti búast við að endurbætur og viðgerðir gætu orðið mun meiri en ef ferjan hefði fengið eðlilegt viðhald. Í 7. kafla skýrslunnar, sem fjallar um mat á kostnaði við endurbætur á ferjunni, segir m.a. svo orðrétt:

„*Ástand skipsins að svo miklu leyti sem það hefur verið kannað er vægast sagt slæmt. Fullt tilefni er til að ætla að ýmsir alvarlegir annmarkar á skipinu og búnaði þess geti komið í ljós þegar kemur að frekari skoðun skipsins og endurbótum. Það er alkunna að ávallt er mjög kostnaðarsamt að þurfa að semja við skipasmíðastöð um aukaverk eftir að skipið er komið til skipasmíðastöðvarinnar. Það er því mjög mikilvægt að umfang þess verks sem framkvæma skal sé þekkt áður en samið er um verkið við skipasmíðastöðina. Raunverulegt ástand skipsins hefur ekki verið kannað eins ítarlega og mögulegt er eða svo ítarlega að unnt sé að gera sér fulla grein fyrir ástandi þess og kostnaði við þær endurbætur sem nauðsynlegt kann að vera að gera á því. Því er lagt til að raunverulegt ástand skipsins verði kannað nánar áður en gengið er frá samningi um kaup á skipinu.*“

Með hliðsjón af fyrirliggjandi upplýsingum frá sérfræðingi Vegagerðarinnar um kostnaðarverð á nýjum ferjum taldi skýrsluhöfundur kaup á ferjunni engu að síður vænlegri kost en nýsmíði ef umsamið verð ásamt kostnaði við endurbætur færi ekki fram úr 320 m.kr. samtals.

Í matsskýrslunni er jafnframt áætlun sem gerði ráð fyrir að kostnaður við nauðsynlegar endurbætur gæti a.m.k. orðið á bilinu 100 til 140 m.kr Þá er sá varnagli sleginn að mun lengri tíma hefði þurft til að vinna matsgerðina á fullnægjandi hátt.

Vegagerðin brást við umræddri skýrslu með því að senda tvo starfsmenn Siglingastofnunar til Írlands til að skoða ferjuna frekar. Í skýrslu þeirra kemur fram að afar skammur tími hafi gefist til undirbúnings og mæltu þeir með að frekari skoðanir færu fram, þá einkum á bol og rafmagnskerfi.

Ríkisendurskoðun gagnrýnir að ekki hafi verið tekið meira tillit til matsskýrslu Siglingastofnunar og kostnaðaráætlun uppfærð á grundvelli hennar. Á síðari stigum kom í ljós að mat Siglingastofnunar á nauðsynlegum endurbótum á ferjunni og kostnaði við þær var mun raunhæfara en önnur möt sem fóru fram fyrir kaupin. Jafnframt er rétt að vekja athygli á þeirri áherslu sem skýrsluhöfundur leggur á gildi þess að kanna eins ítarlega og kostur er ástand skips við kaup og reyna þannig að girða fyrir aukaverk á síðari stigum. Hlutur aukaverka við endurbætur á nýju ferjunni verður að teljast óverjandi og hefði eflaust mátt draga mjög úr þörf fyrir þau ef undirbúningur hefði verið betri.

4. Viðgerðir og breytingar.

Verkfræðistofan Navís Fengur ehf. var fengin til að vinna kostnaðaráætlun vegna endurbóta á ferjunni. Áætlunin gerði ráð fyrir að heildarkostnaður við verkið yrði frá 127 til 157 m.kr. Ástæður verulega hærri kostnaðar í þeirri áætlun samanborið við áðurnefnt minnisblað Vegagerðarinnar til ríkisstjórnarinnar má rekja til aukinna krafna Grímseyinga og áhafnar Sæfara um endurbætur á ferjunni.

Á grundvelli kostnaðaráætlunar og útboðslýsingar Navís Fengs buðu Ríkiskaup verkefnið út á Evrópska efnahagssvæðinu í desember 2005 og janúar 2006, eins og lög gera ráð fyrir. Útboðsskilyrði voru almenn og hefðbundin að mati Ríkiskaupa. Töluverðrar óánægju gætti þó meðal innlendra hagsmunaaðila, þ. á m. hjá Félagi járniðnaðarmanna, með tiltekin skilyrði útboðslýsingar. Þau skilyrði sem fundið var að lutu að verktryggingu, gæðavottun á viðgerðaraðstöðu og einum lið í matslíkani útboðsins. Félag járniðnaðarmanna sendi alþingismönnum m.a. bréf, þar sem því var haldið fram að í útboðsgögnunum væru sett skilyrði sem gerðu íslenskum skipasmíðastöðvum erfitt fyrir að bjóða í og jafnvel ómögulegt að fá verkið. Af þessu tilefni fór fjármálaráðuneytið þess á leit að Ríkiskaup tækju til skoðunar hvort bregðast mætti við ábendingum félagsins. Ríkiskaup brugðust við ábendingum frá fjármálaráðuneytinu með því að slaka nokkuð á umræddum kröfum og breyttu útboðslýsingunni í samræmi við það. Í svari sínu frá 30. janúar 2006 við erindi fjármálaráðuneytisins tóku Ríkiskaup engu að síður fram að upphaflegar kröfur, skilmálar og matslíkan útboðsins hafi endurspeglað markmið kaupanda með útboðinu. Með því að breyta þeim hafi líkur minnkað á því að þessi markmið næðust með útboðinu. Jafnframt var í svari Ríkiskaupa bent á að bjóðendum hafi eins og lög mæla fyrir um verið gefinn kostur á að gera athugasemdir við útboðsgögn allt þar til níu dagar væru til þess að tilboð væru opnuð. Engar athugasemdir við áðurnefnd atriði hafi borist fyrir tilsettan tíma.

Sex tilboð bárust á verðbilinu 1,3 til 1,7 m. evra. Aðeins eitt þeirra reyndist gilt en sá bjóðandi féll frá tilboðinu þar sem ljóst var að honum höfðu orðið á mistök við frágang á því. Næstlægsta tilboðið átti Vélsmiðja Orms og Víglundar ehf. (VOOV) en þar sem fyrirtækið uppfyllti ekki kröfur um jákvætt eigið fé var það ekki talið gilt. Það hljóðaði upp á rúmlega 1,3 m. evra, þ.e. um 99 m.kr. á þeim tíma. Í framhaldinu var farið í skýringarviðræður við VOOV án skuldbindinga um tilboðið og fyrirtækinu gert ljóst að það þyrfti að uppfylla

framangreinda kröfu. Í viðræðunum kom í ljós að VOOV höfðu m.a. gert mistök við tilboðsgerðina varðandiýringarkerfi og kostnað við hallaprófanir. Af þessum ástæðum var ákveðið að fella þessa þætti út úr útboðinu. Þá lagði löggiltur endurskoðandi VOOV fram yfirlýsingu um að eigið fé fyrirtækisins væri jákvætt og í framhaldi af því var verksamningur undirritaður hinn 6. apríl 2006. Samningurinn hljóðaði upp á um 1,3 m. evra og skyldi verkinu lokið eigi síðar en í nóvember 2006.

Vegna aukinna krafna Grímseyinga, áhafnar ferjunnar, flokkunarfélags og annarra um breytingar á ferjunni óskaði Vegagerðin eftir því að Navís Fengur ehf. annaðist eftirlit með framkvæmdinni. Sú ákvörðun að ráða eftirlitsaðila til verksins var eðlileg en valið á eftirlitsaðila umdeildanlegt í ljósi þess að sama aðila og vann útboðslýsingu var einnig falið að annast eftirlit með verkinu. Þetta hefur valdið töluverðum erfiðleikum í samskiptum VOOV, eftirlitsaðilans og Vegagerðarinnar. Verksalinn hefur m.a. haldið því fram í tengslum við ágreining sem hefur komið upp um túlkun tiltekinna ákvæða samningsins að eftirlitsaðilinn væri í þeirri stöðu að þurfa að verja ónákvæma útboðslýsingu sem hann sjálfur samdi.

Almennt á það við í samningum sem þessum að óskað er tilboða frá verksala í aukaverk og síðan gerður formlegur samningur á grundvelli þeirra. Ákvæði þessa efnis er í samningnum um endurbætur á nýrri Grímseyjarferju. VOOV hefur nær aldrei skilað formlegum tilboðum í aukaverk þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir eftirlitsaðila til að fá slík tilboð. Verkin hafa þrátt fyrir það verið unnin og Vegagerðin greitt fyrir þau, þó að henni hafi nær undantekningarlaust þótt þau mjög dýr og jafnvel þótt formlegir reikningar hafi ekki borist. Það er alkunna að því umfangsmeiri sem aukaverk eru í þessari iðngrein og því formlausari sem þau eru þeim mun veikari verður staða verkkaupans. Þessi staða einkennir að nokkru leyti stöðu aðila í þessu máli. Ástæða er til að nefna að í útboðsgögnum var krafa um að bjóðendur skyldu uppfylla kröfur um ISO-vottað gæðakerfi eða sambærilegt innra gæðakerfi. VOOV uppfyllti ekki þær kröfur og því var í upphafi óvíst hvernig gæðamálum var háttað innan fyrirtækisins.

Að mati Ríkisendurskoðunar má gera ýmsar athugasemdir við hvernig verksalinn hefur staðið að verkinu. Þar má í fyrsta lagi nefna að allt formlegt utanumhald um verkið og verkstjórn þess virðist hafa verið nokkuð losaralegt. Kröfum verkkaupa um verkáætlanir eða uppfærslu þeirra var ekki sinnt fyrr en seint og um síðir þrátt fyrir ítrekaðar kröfur og aðvaranir. Langtímum saman virðist ekki hafa verið unnið af fullum krafti við verkið. Þó að aukaverk hafi verið mun meiri en gert var ráð fyrir í upphafi skýra þau alls ekki þá miklu töf sem hefur orðið á verkinu. Þrátt fyrir að samkomulag hafi náðst í júní sl. um langflest þeirra atriða sem deilt var um og gert hafi verið upp við verksalann að fullu hefur lítið sem ekkert verið unnið í ferjunni síðustu vikur.

Eins og áður hefur verið nefnt var undirbúningur verksins ekki fullnægjandi og því strax frá upphafi ljóst að um veruleg aukaverk yrði að ræða. Vegagerðin er einhver reyndasti verkkaupi landsins og mátti vita að erfitt gæti reynst að ná samkomulagi um eðlilega verðlögð aukaverk, enda hefð fyrir því í verktöku að verðleggja slík verk með öðrum hætti en samningsverk. Í fyrrnefndri matsgerð Siglingastofnunar er einmitt varað við þessu atriði og hvatt til að vanda skoðanir og gerð útboðslýsinga eins vel og kostur er.

Ekki er hægt að láta hjá líða að setja spurningarmerki við ýmsar kröfur Grímseyinga og ekki síst kröfur þeirra eða áhafnar Sæfara um eitt og annað er snýr að aðbúnaði áhafnar um borð. Svo virðist sem umræddum aðilum hafi verið mjög í mun að ný ferja yrði sem allra líkust Sæfara og komu fjölmargar kröfur fram á ýmsum stigum, bæði eftir að ferjan var keypt, útboðslýsing unnin og samningur við VOOV undirritaður. Eins og á stóð var brýnt að gera formlegt samkomulag við Grímseyinga um kröfur þeirra áður en til útboðslýsingar og samn-

ingsgerðar kom í stað þess að mæta kröfum þeirra með því að semja um kostnaðarsöm aukaverk við verksalann. Í ljósi tiltölulega skamms ferðatíma á milli Grímseyjar og Dalvíkur er t.d. eðlilegt að velta vöngum yfir ákvörðunum um að koma til móts við kröfur áhafnar Sæfara um sérstaka og dýra aðstöðu fyrir skipstjóra um borð o.fl. Hafa ber í huga að áhöfnin er starfsmenn Samskipa hf., rekstraraðila ferjunnar, en ekki sérstakir fulltrúar Grímseyinga og jafnframt að kröfur áhafnarinnar voru ávallt settar fram af Grímseyingum eða í samstarfi við þá.

Eins og að framan hefur verið rakið tók fljótlega eftir að samningar um kaup og viðgerðir á ferjunni voru undirritaðir að gæta ýmissa afleiðinga þess að undirbúningur hafði ekki verið fullnægjandi. Þar má m.a. nefna kröfur Grímseyinga um breytingar á ferjunni umfram það sem áður hafði verið ákveðið, mun ríkari kröfur flokkunarfélags en gert hafði verið ráð fyrir og almennt verra ástand ferjunnar en frumskoðanir höfðu gefið til kynna. Hér verður þó að hafa í huga að í matsgerð Siglingastofnunar var eins og áður segir bæði gert ráð fyrir mun umfangsmeiri viðgerðum en Vegagerðin ráðgerði auk þess sem í henni var bent á að ástand ferjunnar gæfi til kynna að viðgerðir yrðu líklega meiri þegar á reyndi. Telja verður að bæði þörf fyrir og kröfur um aukaverk séu önnur meginástæða þess að kostnaður við endurbætur á ferjunni hefur farið jafn langt fram úr áætlun og raun ber vitni og m.a. leitt til þess að verkið hefur dregist. Hin meginástæðan er óhóflegur dráttur verksalans en samkvæmt verksamningnum átti verkinu að ljúka í nóvember 2006 eða innan átta mánaða. Inn í þetta spilar síðan ágreiningur um hvernig túlka beri tiltekin ákvæði samningsins o.fl.

5. Kostnaður.

Eins og áður gat hljóðaði samningurinn um endurbætur á ferjunni upp á um 1,3 m. evra. Nú þegar hafa verið greiddar 845 þús. evrur á grundvelli samningsins og 925 þús. evrur fyrir aukaverk. Eftir á að greiða 455 þús. evrur fyrir eftirstöðvar samningsins og enn meira fyrir frekari aukaverk. Heildargreiðslur til verksalans munu því að lágmarki nema 2,7 m. evra eða a.m.k. rúmlega tvöföldum verksamningi.

Kostnaður vegna endurbóta á ferjunni skiptist í fjóra hluta. Í fyrsta lagi er kostnaður vegna samningsins við VOOV upp á um 1,3 m. evra, þ.e. um 99 m.kr. Í öðru lagi eru greiðslur fyrir aukaverk vegna ófullnægjandi skoðunar ferjunnar og krafna flokkunarfélags upp á um 810 þús. evrur eða um 65 m.kr. Kostnaður vegna viðbótarkrafna frá Grímseyingum og áhöfn Sæfara nemur um 395 þús. Evrum eða um 32 m.kr. og kostnaður við aðrar endurbætur, t.d. losunar- og lestunarbúnað, nemur um 780 þús. evrum eða um 62 m.kr. Heildarkostnaður við endurbætur á ferjunni nemur því um 3,3 m. evra eða rúmlega 260 m.kr. nú þegar eða um 162% hærri fjárhæð en samið var um við VOOV og um 333% hærri en ríkisstjórnin samþykkti í apríl 2005. Þá er ótalinn annar kostnaður Vegagerðarinnar vegna eftirlits og fleiri atriða. Eins er ljóst að enn er nokkuð af aukaverkum eftir og því einboðið að kostnaðurinn á eftir að hækka.

Tafla 1. Kostnaður við endurbætur.

Í þús. evra	
Samningur	1.301
Aukaverk	1.985
Kröfur flokkunarfélags og óvæntir gallar	810
Viðbótarkröfur Grímseyinga	395
Aðrar kröfur	780
Kostnaður alls	**3.286**

Eins og áður hefur komið fram heimilaði ríkisstjórnin kaup á ferjunni Oleain Arann á grundvelli minnisblaðs Vegagerðarinnar. Þá var kostnaður við kaup og endurbætur á henni áætlaður um 150 m.kr. Nú er ljóst að kostnaðurinn verður að öllum líkindum a.m.k. 500 m.kr. Upplýsingarnar sem ríkisstjórnin lagði til grundvallar við ákvörðun um að kaupa notaða ferju á sínum tíma fyrir 150 m.kr. bentu eindregið til þess að um hagkvæman kost væri að ræða og því sýndist ákvörðunin sem slík mjög skynsamleg miðað við þann kost að láta smíða nýja ferju. Hins vegar er ljóst að lakara ástand ferjunnar en frumathuganir bentu til, auk meiri og mun dýrari endurbóta á henni en áætlanir gerðu ráð fyrir, sé skýr vísbending um að undirbúningi fyrir ákvarðanir um kaupin hafi verið ábótavant. Eins og áður hefur komið fram hefði með endurbótum á Sæfara fyrir um 140 m.kr. verið hægt að nota hann áfram til ársins 2018. Þegar upp er staðið sýnist samanburður á þeim þrem kostum sem starfshópur samgönguráðherra fjallaði um í skýrslu sinni benda til þess að hagkvæmast hefði verið að nota Sæfara áfram þrátt fyrir 140 m.kr. endurbætur að því gefnu að sú áætlun hafi byggt á ítarlegum athugunum og því verið raunhæf. Ætla verður að athugun sú sem fyrir lá hafi verið áreiðanleg því bæði Vegagerðin sem og rekstraraðili Sæfara þekktu vel ferjuna og ástand hennar.

Tafla 2. Kostnaðargreining.

Í m.kr.	Stofnk.	Endurb.	Líftími	Verð	Fjárm.k.	Sala	Heildark.	Á ári
Sæfari	50	140	13	190	126	0	316	24
Notuð ferja	100	400	13	500	333	-75	758	58
Ný ferja	700	0	13	700	466	-200	966	74

Miðað er við 4% fjármagnskostnað og ekki tekið tillit til rekstrarkostnaðar.

Ríkisendurskoðun leggur enn og aftur áherslu á að undirbúningsvinnu fyrir kaupin á ferjunni var mjög ábótavant. Þetta varðar bæði þarfagreiningu og kostnaðar- og ábatagreiningu en ekki síður skoðun á ferjunni. Ljóst er að endurskoða verður feril slíkra kaupa og framkvæmda hið fyrsta til að fyrirbyggja sambærileg mistök í framtíðinni.

Ný Grímseyjarferja var ekki á samgönguáætlun þegar ákvörðun um kaup á henni var tekin. Hún var á hinn bóginn tekin inn í gildandi samgönguáætlun fyrir árin 2007 til 2010. Við gerð vegaáætlunar fyrir umrætt tímabil, sem samþykkt var 17. mars sl., er miðað við að kostnaður vegna kaupa og endurbóta á Grímseyjarferju, verði greiddur á árunum 2008 og 2009. Nú þegar hafa verið greiddar tæplega 400 m.kr. úr ríkissjóði til verksins, en í 6. grein fjárlaga 2006 er aðeins veitt heimild til *„að selja Grímseyjarferjuna m/s Sæfara og ráðstafa andvirðinu til kaupa eða leigu á annarri hentugri ferju“*. Útgjöldin hafa til þessa verið fjármögnuð með ónotuðum fjárheimildum Vegagerðarinnar á grundvelli samkomulags frá 25. nóvember 2005 milli fjármálaráðuneytisins, samgönguráðuneytisins og Vegagerðarinnar. Í fundargerð frá 25. nóvember 2005 af fundi fulltrúa Vegagerðarinnar, samgönguráðuneytisins og

fjármálaráðuneytisins var bent á að nokkrir mánuðir myndu líða áður en hægt væri að gera sér grein fyrir heildarkostnaði við kaup og endurbætur á nýrri ferju og tekjum af sölu Sæfara. Þá var jafnframt vísað til þess að svigrúm í samgönguáætlun myndaðist ekki fyrr en að litlum hluta á árinu 2007 en síðan mun frekar á árinu 2008. Jafnframt var talið ljóst að endurskoðun samgönguáætlunar færi ekki fram fyrr en haustið 2006. Af þessum ástæðum „*var ákveðið að fjármögnun nýrrar Grímseyjarferju yrði af ónotuðum heimildum Vegagerðarinnar fram til 2007 og 2008. Hafi Vegagerðin ekki svigrúm til þess að nýta ónotaðar fjárheimildir mun fjármálaráðuneytið heimila yfirdrátt sem þessari vöntun nemur*“, eins og orðrétt segir í fundargerðinni.

Ríkisendurskoðun gerir alvarlega athugasemd við framangreinda ákvörðun og þá aðferð sem notuð er við að fjármagna kaup og endurbætur á ferjunni og telur hana á engan hátt standast ákvæði fjárreiðulaga.

120. Fyrirspurn [119. mál]

til félagsmálaráðherra um búsetuúrræði fyrir fatlaða.

Frá Birki J. Jónssyni.

1. Hversu margir eru á biðlista eftir húsnæði fyrir fatlaða, sundurliðað eftir landsvæðum?
2. Hversu mörg ný búsetuúrræði fyrir fatlaða, aðra en geðfatlaða, verða til árið 2008?
3. Hversu mörg ný búsetuúrræði fyrir fatlaða urðu til árin 2000–2005 í sérstöku átaki í samstarfi við Hússjóð Öryrkjabandalagsins?
4. Kemur til greina að hefja nýtt átak í samstarfi við hússjóðinn til að fjölga búsetuúrræðum fyrir fatlaða?

Skriflegt svar óskast.

121. Fyrirspurn [120. mál]

til iðnaðarráðherra um byggðarlög á Austurlandi sem standa utan áhrifasvæðis álversframkvæmda.

Frá Birki J. Jónssyni.

Er ráðherra reiðubúinn að beita sér fyrir því að skipuð verði sérstök verkefnastjórn um byggðaáætlun byggðarlaga á Austurlandi sem standa utan áhrifasvæðis álversframkvæmda?

122. Fyrirspurn [121. mál]

til umhverfisráðherra um kortlagningu vega og slóða á hálendinu.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

Er bráðlega að vænta niðurstöðu verkefnis sem felur í sér kortlagningu vega og slóða á hálendinu og ákvörðunar um hvaða vegi og slóða sé heimilt að aka?

123. Fyrirspurn [122. mál]

til umhverfisráðherra um dreifingu fjölpósts.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

Hvenær má vænta aðgerða sem hafa það að markmiði að auka ábyrgð þeirra sem dreifa fjölpósti á kostnaði við söfnun og förgun úrgangs hans?

124. Fyrirspurn [123. mál]

til samgönguráðherra um eftirlit með ökutækjum í umferð.

Frá Álfheiði Ingadóttur.

1. Hvernig er háttað boðun og eftirliti með því að ökutæki séu færð til skoðunar?
2. Hvernig er háttað eftirliti með bifreiðum sem ekki eru færðar til skoðunar?
3. Eru eigendur óskoðaðra og ótryggðra ökutækja sektaðir sjálfkrafa ef þau eru ekki færð til skoðunar?
4. Telur ráðherra þörf á átaki til að taka óskoðuð og ótryggð ökutæki úr umferð?

125. Fyrirspurn [124. mál]

til samgönguráðherra um fjölda óskoðaðra og ótryggðra ökutækja í umferð.

Frá Álfheiði Ingadóttur.

1. Hversu mörg óskoðuð og ótryggð ökutæki eru í umferð?
2. Hversu mörg óskoðuð ökutæki og ökutæki með bráðabirgðaskoðun hafa tengst banaslysum undanfarin fimm ár, flokkað eftir umdæmum?

3. Hverjar telur ráðherra vera skýringar á fjölda óskoðaðra og ótryggðra bifreiða í umferðinni?

126. Fyrirspurn [125. mál]

til iðnaðarráðherra um raforkuverð.

Frá Birni Val Gíslasyni og Jóni Bjarnasyni.

1. Hvert er verð á raforku til fiskvinnslunnar á Íslandi í dag?
2. Hvert er verð á raforku til álframleiðslu á Íslandi í dag?
3. Mun ráðherra beita sér fyrir því að innlend fiskvinnsla fái rafmagn á hliðstæðum kjörum og áliðnaðurinn?

127. Fyrirspurn [126. mál]

til ráðherra Hagstofu Íslands um ársverk í fiskvinnslu og álverum.

Frá Birni Val Gíslasyni.

1. Hve mörg ársverk hafa verið bundin fiskvinnslu hér á landi á árabilinu 1990–2006?
2. Hve mörg ársverk hafa verið bundin álverum hér á landi á árabilinu 1990–2006?

Skriflegt svar óskast.

128. Fyrirspurn [127. mál]

til forsætisráðherra um fátækt barna á Íslandi.

Frá Helga Hjörvar.

1. Hve stór hluti barna á Íslandi bjó við fátækt árið 2005 annars vegar og árið 2006 hins vegar, samkvæmt skilgreiningu OECD, og hve mörg voru þau?
2. Hvað skýrir þann mun sem er á stöðu Íslands og annarra Norðurlanda að þessu leyti?
3. Hvaða aðgerðir eru fyrirhugaðar sem dregið geta úr fjölda barna sem búa við fátækt?

129. Frumvarp til laga [128. mál]

um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

I. KAFLI
Hlutverk og skipulag.

1. gr.

Hagstofa Íslands er sjálfstæð stofnun sem heyrir undir forsætisráðherra og vinnur að opinberri hagskýrslugerð samkvæmt lögum þessum. Hún er miðstöð opinberrar hagskýrslugerðar í landinu og hefur forustu um tilhögun, samræmingu og framkvæmd hennar svo og um samskipti við alþjóðastofnanir um hagskýrslu- og tölfræðimál.

Með opinberri hagskýrslugerð er átt við starfsemi Hagstofunnar og annarra bærra ríkisstofnana sem lýtur að söfnun gagna til tölfræðilegrar úrvinnslu um landshagi Íslands og þjóðfélagsleg málefni, úrvinnslu gagnanna og miðlun tölfræðilegra upplýsinga til almennings, fyrirtækja, stofnana og stjórnvalda á grundvelli laga og í samræmi við fyrirmæli sett samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Hagstofan skal ákveða verkefni sín og forgangsraða með hliðsjón af þörfum stjórnvalda fyrir tölfræðilegar upplýsingar til stefnumótunar og ákvarðana um þjóðfélagsmál, alþjóðlegum skuldbindingum ríkisins um gerð hagskýrslna og af þörfum og óskum almennings, atvinnurekstrar og rannsóknar- og menntastofnana fyrir tölfræðilegar upplýsingar. Í þessu skyni skal stofnunin hafa virkt samráð við þessa aðila.

Hagstofan skipuleggur starfsemi sína og einstök verkefni innan þess ramma sem ræðst af fjárveitingum á fjárlögum, öðrum framlögum og eigin tekjum, sbr. 14. gr.

3. gr.

Hagstofan annast samræmingu opinberrar hagskýrslugerðar sem hún og aðrar ríkisstofnanir hafa með höndum skv. 1. gr. Samræming þessi tekur til verkefna og aðferða við hagskýrslugerðina, þar á meðal til notkunar staðla og flokkunarkerfa, skilyrða um gæði og birtingu svo og um meðferð gagna sem safnað er til tölfræðilegrar úrvinnslu.

Hagstofan skal efna til reglubundins samráðs milli þeirra ríkisstofnana sem leggja stund á opinbera hagskýrslugerð eða safna gögnum sem eru mikilvæg til þeirra nota.

4. gr.

Hagstofunni stýrir hagstofustjóri sem skipaður er af forsætisráðherra til fimm ára í senn. Hagstofustjóri skal hafa lokið háskólaprófi í hagfræði, tölfræði, félagsfræði eða skyldum greinum og hafa þekkingu og reynslu af hagskýrslugerð eða notkun hagtalna.

Hagstofustjóri ræður aðra stjórnendur og starfslið Hagstofunnar. Hann er ábyrgur fyrir rekstri Hagstofunnar og skipuleggur starfsemi hennar í samræmi við ákvæði 1.–3. gr.

Hagstofustjóri ber faglega ábyrgð á hagskýrslugerð Hagstofunnar. Hann tekur ákvarðanir um aðferðir og starfshætti við hagskýrslugerðina, um notkun flokkunarkerfa og staðla, um efni, tímasetningu og birtingu frétta, útgáfa og tölfræðilegra niðurstaðna og skýrslna stofnunarinnar.

II. KAFLI
Söfnun upplýsinga.

5. gr.

Hagstofunni er heimilt að krefja stjórnvöld, stofnanir, fyrirtæki og einstaklinga í atvinnurekstri um gögn og upplýsingar sem hún þarfnast til hagskýrslugerðar sinnar samkvæmt lögum þessum og er þeim skylt að veita henni upplýsingarnar á því formi sem hún óskar eftir eða um semst og innan þeirra tímamarka sem hún ákveður. Hagstofan skal jafnan upplýsa í hvaða tilgangi gagna er aflað, hvernig úrvinnslu verði háttað, gögn varðveitt og niðurstöður birtar.

6. gr.

Hagstofan skal haga gagnasöfnun sinni á þann hátt að fyrirhöfn upplýsingagjafa við að láta í té gögn sé hófleg. Hún skal leitast við að afla gagna úr stjórnsýsluskrám og öðrum opinberum skrám og gagnasöfnum þegar því verður við komið. Stjórnvöld sem afla gagna og halda skrár eða gagnasöfn vegna starfsemi sinnar skulu veita Hagstofunni upplýsingar úr þeim sem hún óskar eftir vegna hagskýrslugerðar sinnar og án þess að gjald komi fyrir.

Ríkisstofnanir og sveitarfélög sem afla eða hyggjast afla gagna til meiri háttar tölfræðilegrar úrvinnslu skulu upplýsa Hagstofuna um störf sín og áform á þessum vettvangi til að tryggja samræmi í verkefnum, aðferðum og vinnubrögðum og að gögnin nýtist sem best til hagskýrslugerðar. Hagstofan getur í slíkum verkum lagt fyrir hlutaðeigandi aðila að afla viðbótarupplýsinga til hagskýrslugerðar.

Ríkisstofnanir og sveitarfélög sem halda skrár vegna starfsemi sinnar eða hyggjast halda slíkar skrár skulu hafa samráð við Hagstofuna um gerð nýrra skráa og endurnýjun eða breytingar eldri skráa til að þær nýtist sem best til hagskýrslugerðar. Hagstofunni er heimilt að óska eftir breytingum á skrám í þessu skyni og skal orðið við þeim óskum eftir því sem við verður komið.

7. gr.

Fyrirtækjum og einstaklingum í atvinnurekstri er skylt að veita Hagstofunni umbeðnar upplýsingar um umsvif sín og rekstur. Við beina upplýsingaöflun frá aðilum í atvinnurekstri skal Hagstofan gæta þess að gagnasöfnunin sé sem auðveldust og hagkvæmust. Leitast skal við að rafrænni upplýsingatækni sé beitt eftir því sem unnt er, svo sem til útfyllingar gagnabeiðna, við gagnaskil og með tengingum við upplýsingakerfi fyrirtækja.

8. gr.

Hagstofan skal afla nauðsynlegra hagskýrslugagna um einstaklinga og heimili úr opinberum skrám og á grundvelli stjórnsýslugagna eftir því sem kostur er. Hagstofunni er að öðru leyti heimilt að afla persónubundinna upplýsinga beint frá einstaklingum.

9. gr.

Við tölfræðilega úrvinnslu og hagskýrslugerð er Hagstofunni heimilt að tengja saman eigin skrár og skrár frá öðrum aðilum með upplýsingum um einstaklinga eða lögaðila á grundvelli kennitölu eða annars auðkennis.

III. KAFLI
Trúnaður í hagskýrslugerð.

10. gr.

Þagnarskylda ríkir um allar upplýsingar sem Hagstofan safnar til hagskýrslugerðar og snerta tilgreinda einstaklinga eða lögaðila. Slíkar upplýsingar teljast trúnaðargögn og skulu þær einvörðungu notaðar til hagskýrslugerðar. Sama gildir um upplýsingar um einstaklinga og lögaðila í opinberum skrám sem Hagstofan nýtir til hagskýrslugerðar. Þegar um stjórnsýsluupplýsingar er að ræða er Hagstofunni þó heimilt að veita hlutaðeigandi stjórnvaldi upplýsingar úr gögnum sem það hefur áður tekið þátt í að safna eða látið henni í té.

Við birtingu og miðlun hagskýrslna skal svo sem frekast er unnt komið í veg fyrir að rekja megi upplýsingar til tilgreindra einstaklinga eða lögaðila. Þetta gildir ekki hafi hlutaðeigandi einstaklingur eða lögaðili samþykkt þess háttar birtingu eða ef um er að ræða opinberar upplýsingar sem ekki þurfa að fara leynt.

11. gr.

Starfsfólki Hagstofunnar er skylt að halda trúnað og gæta fyllstu þagmælsku um öll trúnaðargögn, trúnaðarupplýsingar og trúnaðarmál sem það verður áskynja í starfi sínu og leynt skulu fara, sbr. 18. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Þagnarskyldan helst þótt hlutaðeigandi hafi látið af starfi. Starfsfólk skal enn fremur umgangast allar aðrar upplýsingar um einstaklinga og lögaðila með aðgát og virðingu, jafnvel þótt um sé að ræða opinberar upplýsingar.

12. gr.

Hagstofunni er skylt að varðveita öll tölfræðigögn um einstaklinga og lögaðila tryggilega og beita viðeigandi ráðstöfunum til að tryggja öryggi gagna.

Trúnaðargögnum til hagskýrslugerðar skal eytt að lokinni hagnýtingu þeirra nema ástæða þyki til að varðveita þau til frekari rannsókna innan eða utan Hagstofunnar, en þá skal afmá persónuauðkenni þeirra eða dylja.

Ákvæði laga um skilaskyldu til Þjóðskjalasafns, sbr. 5. gr. laga um Þjóðskjalasafn Íslands, nr. 66/1985, gilda ekki um trúnaðargögn til hagskýrslugerðar og þeim skal ekki komið fyrir til geymslu þar.

Hagstofan skal setja sérstakar reglur um öryggi og varðveislu trúnaðargagna, þar á meðal um varðveislu eða eyðingu pappírsgagna, hvort eða hvenær skuli eyða tölvugögnum og afmá eða dylja auðkenni þess háttar gagna.

13. gr.

Hagstofan skal stuðla að því að gögn hennar nýtist til tölfræðilegra vísindarannsókna. Í því skyni er henni heimilt að veita viðurkenndum eða trúverðugum rannsóknaraðilum aðgang að gögnum eða afhenda gögn úr gagnasafni með almennum upplýsingum um einstaklinga eða fyrirtæki. Afhending eða hagnýting slíkra gagna skal háð þeim skilyrðum að auðkenni einstaklinga eða fyrirtækja hafi verið afmáð eða dulin og ráðstafanir verið gerðar eftir því sem unnt er til þess að upplýsingar verði ekki raktar til þekkjanlegra einstaklinga eða lögaðila.

Hagstofunni er einnig heimilt að veita aðgang að gagnasafni með viðkvæmum persónuupplýsingum sé skilyrðum 1. mgr. 9. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000, fullnægt og hlutaðeigandi rannsóknaraðili heiti því að skila gögnunum eða eyða persónuauðkennum þeirra að rannsókn lokinni.

Hagstofan skal setja nánari reglur um afhendingu og hagnýtingu gagna samkvæmt þessari grein og nánari skilyrði í því sambandi, svo sem um umsóknir þar að lútandi, tilgang rannsóknar og rannsóknaráætlun, samhengi gagnaþarfar og rannsóknar, varðveislu gagna og eyðingu gagna að rannsókn lokinni.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

14. gr.

Hagstofunni er heimilt að afla sértekna og taka gjald fyrir sérþjónustu í hagskýrslugerð og þjónustu við rannsóknaraðila og aðra gagnabeiðendur svo og vegna hagnýtingar á upplýsingakerfum hennar og þjónustu í því sambandi.

15. gr.

Skirrist einhver við að veita Hagstofunni umbeðnar upplýsingar til hagskýrslugerðar samkvæmt lögum þessum er henni heimilt að gera hlutaðeigandi skylt að fullnægja upplýsingaskyldu sinni að viðlögðum dagsektum sem mega nema 10.000–50.000 kr. fyrir hvern dag. Dagsektir skulu ákveðnar með úrskurði og falla á fyrir hvern dag sem líður frá uppkvaðningu hans þar til upplýsingaskyldu er sinnt. Áfallnar dagsektir falla niður þegar Hagstofan telur að upplýsingaskyldu hafi verið fullnægt. Dagsektir renna í ríkissjóð og má án undangengins dóms gera aðför til fullnustu þeirra.

16. gr.

Forsætisráðherra setur sérstakar verklagsreglur í hagskýrslugerð á grundvelli þessara laga og viðurkenndra reglna sem settar hafa verið á alþjóðavettvangi um opinbera hagskýrslugerð.

Forsætisráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2008. Jafnframt falla þá úr gildi eftirtalin lög:

1. Lög um hagstofu Íslands, nr. 24 20. október 1913.
2. Lög um hagfræðiskýrslur, nr. 29 8. nóvember 1895.
3. Lög um viðauka við lög nr. 29 8. nóvember 1895, um hagfræðiskýrslur, nr. 64 10. desember 1934.
4. Lög um launavísitölu, nr. 89 31. maí 1989.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara halda þeir starfsmenn Hagstofu Íslands sem ráðnir hafa verið með ráðningarsamningi, sbr. 41. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, og 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða við sömu lög, störfum sínum og starfskjörum.

Skrifstofustjórar við Hagstofu Íslands skulu við gildistöku laga þessara halda störfum sínum og starfskjörum, sbr. 23. gr. laga nr. 70/1996 og ákvæði til bráðabirgða við þau lög. Hagstofustjóra skal boðið að taka við starfi hagstofustjóra samkvæmt lögum þessum með óbreyttum starfskjörum.

Við ráðstöfun starfa samkvæmt þessari grein þarf ekki að gæta 7. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Nauðsyn nýrra laga um Hagstofu Íslands.

Með lögum nr. 109 25. júní 2007, um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, var meðal annars ákveðið að leggja Hagstofu Íslands niður sem ráðuneyti frá og með árslokum 2007. Í athugasemdum með frumvarpi ríkisstjórnarinnar um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands sagði um þetta efni að Hagstofu Íslands verði breytt úr ráðuneyti í sjálfstæða ríkisstofnun en sú breyting taki ekki gildi fyrr en í ársbyrjun 2008. Því vinnist tími til að endurskoða lög um Hagstofuna. Forsætisráðherra fjallaði sérstaklega um þetta er hann mælti fyrir stjórnarráðsfrumvarpinu. Kom þar fram að ráðgert væri að endurskoða gömul lög um Hagstofu Íslands með það fyrir augum að búa henni lagaramma sem sjálfstæðri ríkisstofnun. Ætlunin væri að hún heyrði undir forsætisráðuneyti. Starfsemi Hagstofunnar væri á margan hátt öðruvísi en venjulegs ráðuneytis. Þar fari ekki fram hefðbundin stefnumótunarvinna eins og í öðrum ráðuneytum. Þessi breyting væri því til þess fallin að skapa meira samræmi milli ráðuneyta en nú væri og laga starfsemi Hagstofunnar að raunverulegu hlutverki hennar.

Starfsemi Hagstofu Íslands byggist nú að hluta á mjög gömlum lögum, að hluta á lögum og reglugerð um Stjórnarráð Íslands og á nokkrum sérlögum um einstök viðfangsefni. Grunnlöggjöf Hagstofunnar er þríþætt. Elstu lögin eru lög um hagfræðiskýrslur, nr. 29 frá 8. nóvember 1895. Með þeim var landsstjórninni gert að annast um að samdar væru árlega hagfræðiskýrslur um atvinnuvegi landsmanna og atvinnurekendum gert að láta hlutaðeigandi stjórnvöldum ár hvert í té skýrslur um reksturinn. Stofnlög Hagstofunnar eru nr. 24 frá 20. nóvember 1913. Með þeim var Hagstofunni komið á fót, helstu verkefni hennar talin upp og kveðið á um innheimtu hennar á gögnum og skýrslum. Loks voru árið 1934 sett lög um viðauka við lögin um hagfræðiskýrslur þar sem skylda til skýrsluskila var færð út til atvinnustarfsemi sem ekki var nefnd í eldri lögum.

Lögin og reglugerðin um Stjórnarráð Íslands mynda aðra grunnstoðina undir starfsemi Hagstofunnar. Samkvæmt lögunum og reglugerðinni frá 1969 var Hagstofan ráðuneyti sem fór með þau mál er lutu að opinberri hagskýrslugerð, tilhögun hennar og framkvæmd. Hún fór jafnframt með þjóðskrá og almannaskráningu og eftir breytingu reglugerðarinnar árið 1997 einnig með skráningu fyrirtækja og hlutafélaga. Með útgáfu núgildandi reglugerðar um Stjórnarráðið árið 2004 og síðari breytingum voru ákvæði um Hagstofuna löguð að þeim breytingum sem orðið höfðu á hlutverki hennar. Þar má einkum nefna tilfærslu hagskýrsluverkefna Þjóðhagsstofnunar til Hagstofunnar árið 2002, flutning fyrirtækja- og félagaskráningar frá Hagstofunni til ríkisskattstjóra árið 2003 og flutning Þjóðskrár til dómsmálaráðuneytis árið 2006. Samkvæmt 6. gr. gildandi reglugerðar fer Hagstofan með mál sem varða:

1. Tilhögun, samræmingu og framkvæmd opinberrar hagskýrslugerðar.
2. Söfnun gagna um landshagi, úrvinnslu þeirra, miðlun tölfræðilegra upplýsinga og útgáfu hagskýrslna.
3. Gerð þjóðhagsreikninga.
4. Vísitölur.
5. Samskipti við alþjóðastofnanir um hagskýrslu- og tölfræðimál.

Auk ofangreindra laga og reglugerða eru í gildi þrenn lög um vísitölur sem Hagstofan reiknar: vísitölu neysluverðs, vísitölu byggingarkostnaðar og launavísitölu. Þau lög hafa verið sett vegna þess hlutverks sem vísitölurnar hafa gegnt við verðtryggingu fjárskuldbindinga.

Við niðurfellingu á ráðuneytisstöðu Hagstofunnar 1. janúar 2008 falla úr gildi ákvæði stjórnarráðsreglugerðar um starfsemi hennar. Eftir standa þá gömlu lögin um Hagstofuna auk fyrrnefndra vísitölulaga. Þetta er ekki fullnægjandi lagagrundvöllur og kemur þá einkum tvennt til:

Annars vegar hefur 6. gr. gildandi reglugerðar um Stjórnarráð Íslands að geyma mikilvæg ákvæði um starfsemi Hagstofunnar sem þurfa að vera lögfest, einkum ákvæði 1. tölul. um tilhögun og samræmingu opinberrar hagskýrslugerðar, ákvæði 2. tölul. um hið almenna hagskýrsluhlutverk Hagstofunnar og ákvæði 5. tölul. um alþjóðleg samskipti um hagskýrslu- og tölfræðimál.

Hins vegar hafa gömlu lögin um Hagstofuna og hagfræðiskýrslur ekki að geyma ýmis ákvæði sem nú þykir óhjákvæmilegt að séu í hagstofu- og hagskýrslulöggjöf. Meðal þessara atriða má nefna almennar og nútímalegar heimildir til öflunar gagna meðal einstaklinga, fyrirtækja, stofnana og stjórnvalda, heimildir til aðgangs að stjórnsýsluskrám og hagnýtingar gagna úr slíkum skrám og gagnasöfnum, skyldu stjórnvalda og annarra til að láta í té upplýsingar vegna opinberrar hagskýrslugerðar, trúnaðarkvaðir og öryggiskvaðir vegna söfnunar og varðveislu auðkennanlegra upplýsinga og heimildir Hagstofunnar til að veita aðgang að gögnum til tölfræðilegra rannsókna.

Frumvarp þetta er flutt í þeim tilgangi að búa Hagstofu Íslands og opinberri hagskýrslugerð viðhlítandi lagagrundvöll þar sem ofangreindum atriðum er til skila haldið.

Þróun hagskýrslulöggjafar á alþjóðavettvangi.

Undangengna tvo áratugi hafa orðið talsverðar umræður um hagstofu- og hagskýrslulög á alþjóðavettvangi og hafa margar þjóðir breytt löggjöf sinni um þessi efni með hliðsjón af þeim. Greina má þrjár meginástæður fyrir þessum umræðum og breytingum.

1. Í fyrsta lagi hefur gætt almennra sjónarmiða um að starfsemi hagstofa og vinna við opinbera hagskýrslugerð þurfi að byggjast á traustum og opinskáum lagagrunni. Í þessu sambandi hefur áhersla verið lögð á nokkur meginatriði, svo sem faglegt sjálfstæði hagstofa og hagskýrslugerðar gagnvart stjórnvöldum og hagsmunahópum, að festa ríki um hagskýrslugerðina, um aðferðir hennar, skilgreiningar og flokkanir, að tilgangur starfseminnar sé ljós og skynsamlegt samhengi sé milli gagnaöflunar og þarfa fyrir tölfræðilegar upplýsingar, og að jafnræði sé milli notenda um aðgang að upplýsingum og skýrslum hagstofanna.
2. Í annan stað hafði sundurliðun Sovétríkjanna og stofnun sjálfstæðra ríkja í Mið- og Austur-Evrópu fyrir og um 1990 mikil áhrif á þróun í setningu laga og meginreglna í hagskýrslugerð. Hagskýrslugerðin í austantjaldsríkjunum þótti afar ótrúverðug og einkum vera ætlað að styðja stjórnkerfi þessara ríkja og valdhafa á hverjum tíma. Við stofnun og á fyrstu árum nýrra lýðræðisríkja í Mið- og Austur-Evrópu var því við ramman reip að draga hvað snerti alla gagnasöfnun til hagskýrslugerðar þar sem almenningur og fyrirtæki treystu ekki hagstofum ríkjanna fyrir upplýsingum og gögnum og litið var á þær sem hluta af valdakerfinu á hverjum stað og tíma. Því var á þessum tíma mjög brýnt að sett yrðu lög og reglur um hagskýrslugerðina sem kvæðu skýrt á um heimildir og skyldur hagstofanna hvað snerti tilgang upplýsingasöfnunar, meðferð hagskýrslugagna, úrvinnslu og birtingu svo og um faglegt sjálfstæði hagstofanna gagnvart stjórnvöldum. Þessi umræða hafði áhrif á viðhorf til þessara mála langt út fyrir þau ríki sem hún tengdist á beinan hátt.

3. Allt frá stofnun innri markaðar Evrópusambandsins (ESB) á níunda áratug síðustu aldar hefur framkvæmdastjórn þess með hagstofu sína, Eurostat, í fararbroddi beitt sér fyrir að auka sem mest samræmi í opinberri hagskýrslugerð til þess að niðurstöður verði sem sambærilegastar milli aðildarríkja. Þetta hefur ekki síst verið gert með setningu laga og reglugerða um sem flest viðfangsefni hagskýrslugerðarinnar. Íslendingar hafa lent að fullu í þessari hringiðu aukinna verkefna, samræmingar og reglugerðarvinnu frá því hafist var handa við samningana um Evrópska efnahagssvæðið (EES) um og upp úr 1990. Þess má geta að við gildistöku EES-samningsins voru 26 reglugerðir í hagskýrsluviðauka hans en eru yfir 200 nú. Eftir Maastricht-samninginn og myndun hins sameiginlega myntbandalags ESB hefur þörfin fyrir sambærilegar hagskýrslur á sviði efnahagsmála orðið mjög brýn, einkum vegna þess að þátttaka í myntbandalaginu ræðst af frammistöðu aðildarríkja hvað snertir jafnvægi í verðlagsmálum, langtímavöxtum, ríkisfjármálum og skuldum hins opinbera. Þetta varð sérstaklega áleitið þegar ljóst varð að skýrslugerð eins aðildarríkis að myntbandalaginu, Grikklands, reyndist ekki trúverðug hvað snerti halla á fjárlögum ríkisins. Þetta, ásamt hliðstæðum álitamálum sem snertu önnur aðildarríki, varð til þess að framkvæmdastjórnin féllst á að þörf væri á skýrari reglum um hagskýrslugerðina en þáverandi regluverk ESB hafði að geyma.

Vandamál hagstofanna í hinum nýfrjálsu ríkjum í Mið- og Austur-Evrópu voru mikið rædd á alþjóðavettvangi í byrjun síðasta áratugar síðustu aldar. Á vettvangi hagstofustjóraþings Efnahagsstofnunar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu (UNECE) voru að beiðni þessara ríkja samin drög að grundvallarreglum í opinberri hagskýrslugerð. Þessi drög voru samþykkt á þingi hagstofustjóra árið 1991 og á 47. þingi Efnahagsstofnunarinnar í apríl árið 1992. Þessar reglur voru síðan samþykktar af Hagskýrslunefnd Sameinuðu þjóðanna árið 1994.

Grundvallarreglur þessar voru einkum ætlaðar hagskýrsluyfirvöldum í nýfrjálsum ríkjum, en fljótlega kom í ljós að þær höfðu mjög almenna skírskotun og voru mikilvægar fyrir gamalgrónar hagstofur sem og hagstofur í nýfrjálsum ríkjum og þróunarríkjum. Í reynd hafa þær orðið grundvöllur að hagskýrslulöggjöf margra þjóða og fylgni við þær hefur orðið eitt af aðalsmerkjum opinberrar hagskýrslustarfsemi um víða veröld.

Hagstofa Íslands tók þessum reglum tveim höndum þar sem þær þóttu fylla að nokkru upp í þau skörð sem voru í íslenskri hagskýrslulöggjöf, einkum hvað snerti tilgang upplýsingasöfnunar, gagnaleynd og trúnað við gagnaveitendur og takmörkun á hagnýtingu hagskýrslugagna við opinbera hagskýrslugerð. Grundvallarreglurnar voru þýddar á Hagstofunni og voru meðal þess sem fyrst var birt þegar Hagstofan kom sér upp vefsíðum árið 1995. Grundvallarreglurnar eru birtar hér í fylgiskjali I.

Á vettvangi ESB og evrópska hagskýrslusamstarfsins hafa hagstofur aðildarríkjanna allt frá því um síðastliðin aldamót reynt að fá framkvæmdastjórn ESB til að endurskoða ákvæði Rómarsáttmálans um hagskýrslur og ákvæði hagskýrslulöggjafar ESB (reglugerð ráðsins nr. 322/1997 um hagskýrslur ESB og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 281/1997 um hlutverk Eurostat). Tillögur þar að lútandi voru lagðar fram á árunum 2003 og 2004 en fengu ekki hljómgrunn í Eurostat. Var þá gerð atlaga að því að semja verklagsreglur (enska: Code of Practice) fyrir hagskýrslugerðina en nokkrar hagstofur í Evrópu höfðu þá þegar sett sér eigin verklags- og siðareglur. Eftir þá miklu umræðu sem varð um ríkishallatölur Grikkja og trúverðugleika hagskýrslna þeirra og annarra þjóða í framhaldi af því, féllst framkvæmdastjórnin á að settar yrðu sérstakar verklagsreglur um evrópska hagskýrslugerð. Drög vinnunefndar hagstofanna og Eurostat voru samþykkt af hagskýrsluáætlunarnefnd EES-ríkjanna

(nefnd allra hagstofustjóra EES-ríkja og Eurostat) í febrúar 2005 og gefin út af framkvæmdastjórninni sem tilmæli nr. 217/2005 í maí sama ár.

Tilmæli þessi voru talin eiga erindi við öll EES-ríkin og voru þau samþykkt af sameiginlegu EES-nefndinni og tekin upp í EES-samninginn. Í því felst að mælst er til að þau gildi fyrir íslensk stjórnvöld, Hagstofu Íslands og aðrar opinberar stofnanir sem fást við opinbera hagskýrslugerð hér á landi. Hagstofa Íslands taldi að mikill fengur væri að þessum verklagsreglum þar sem þær tækju á mörgum ef ekki flestum þeim málum sem æskilegt væri að væru í löggjöf eða í innlendum verklagsreglum. Hagstofan þýddi reglur þessar og innleiddi þær á eigin vettvangi veturinn 2005. Í framhaldi af þessu varð að ráði að reglurnar yrðu gefnar út formlega og skyldu gilda um opinbera hagskýrslugerð hér á landi. Reglurnar voru birtar með auglýsingu um gildistöku verklagsreglna í hagskýrslugerð í Stjórnartíðindum nr. 578 9. júní 2006. Verklagsreglur þessar koma fram í fylgiskjali II með þessu frumvarpi.

Setning verklagsreglna ESB var í reynd eins konar málamiðlun og af hálfu framkvæmdastjórnarinnar var þeim meðal annars ætlað að fullnægja þörf fyrir setningu nýrrar hagskýrslulöggjafar fyrir bandalagið. Eftir að reglurnar höfðu tekið gildi og farið var að fylgjast með framkvæmd þeirra hefur engu að síður orðið framhald á umræðum og vinnu að samningu nýrrar löggjafar. Að því hefur verið unnið af sameiginlegri nefnd hagstofa EES-ríkjanna og Eurostat. Nefndin hefur nú lagt fram drög að nýrri löggjöf sem lagt er til að leysi af hólmi þær reglugerðir sem nú fjalla um hagskýrslugerð, hagstofu ESB, meðferð trúnaðargagna og hagskýrsluáætlunarnefndina.

Formleg staða Hagstofu Íslands í áranna rás.

Hagstofan var sett á laggirnar með lögum árið 1913. Formlega átti hún að taka til starfa 1. janúar 1914 og við þann stofndag er jafnan miðað þótt ekki sé vitað nákvæmlega hvenær hagstofustjórinn og aðstoðarmaður hans hófu störf á Hagstofunni sem slíkri. Lög um Hagstofu Íslands voru staðfest af konungi og gefin út sem lög nr. 24 20. október 1913. Þegar lögin um Hagstofuna tóku gildi var Stjórnarráð Íslands rétt tæplega 10 ára gamalt. Stjórnarráðið var frá upphafi myndað af landritara og þremur skrifstofum. Landritari var eins konar yfirskrifstofustjóri en verkaskipting milli skrifstofanna var þannig að I. skrifstofa fór með kennslumál og dómsmál, II. skrifstofa fór með atvinnu- og samgöngumál og III. skrifstofa fór með fjármál og endurskoðun. Auk þessa starfaði skrifstofa Stjórnarráðs Íslands í Kaupmannahöfn og voru verkefni hennar að afla upplýsinga erlendis fyrir Stjórnarráðið og annast afgreiðslu fyrir það við dönsk stjórnvöld auk ýmissa annarra starfa í þágu Stjórnarráðsins.

Hagstofunni var komið á fót við hlið þessara skrifstofa eða ráðuneyta, eins og þau voru kölluð frá 1921. Öðrum stofnunum eða skrifstofum var ekki til að dreifa. Orðalag 1. gr. hagstofulaganna, að stofnunin standi beinlínis undir ráðherranum, gefur til kynna að Hagstofan hafi átt að vera jafnsett stjórnarskrifstofunum, en raunar var hún þó sjálfstæðari því hagstofustjórinn heyrði beinlínis undir ráðherrann en ekki undir landritara eins og skrifstofustjórar Stjórnarráðsins.

Í ársbyrjun 1917 var ráðherrum fjölgað úr einum í þrjá. Jafnframt var Stjórnarráðið endurskipulagt og landritaraembættið lagt niður. Þá þurfti að taka afstöðu til þess undir hvaða ráðherra Hagstofan heyrði er þessi skipan var komin á. Var þetta gert með auglýsingu nr. 12 31. mars 1917 en þar segir: „Við hlið fjármáladeildar starfar Hagstofan sem sérstök stofnun, og stendur hún beint undir þeim ráðherra sem fer með fjármálin.“

Þessi auglýsing virðist staðfesta að Hagstofunni hafi verið ætlað að vera sjálfstæð stjórnardeild. Þetta kemur meðal annars fram í riti Agnars Kl. Jónssonar, Stjórnarráð Íslands 1904–

1964 (bls. 401), en hann lætur þess getið að þrátt fyrir að Hagstofunni hafi í raun verið ætlað að vera ráðuneyti hafi svo ekki verið í framkvæmd nema að nokkru leyti.

Sú skipan, sem á var komið árið 1917, hélst til ársins 1956, en þá tók þáverandi forsætisráðherra „af skarið í þessu efni“ svo notað sé orðalag Agnars Kl. Jónssonar. Var það gert með bréfi forsætisráðherra til hagstofustjóra 15. október 1956, sem birt er í B-deild Stjórnartíðinda, nr. 112/1956, og er á þessa leið:

„Bréf forsætisráðherra til hagstofustjóra, um að hagstofan sé ráðuneyti hliðstæð öðrum stjórnardeildum.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 24/1913, um Hagstofu Íslands, stendur sú stofnun beint undir ráðherra, og er hún því í raun réttri ráðuneyti hliðstæð öðrum stjórnardeildum undir fjármálaráðherra, þ.e. fjármálaráðuneytinu og endurskoðunardeild þess. Þó að svo sé, hefur hingað til skort nokkuð á, að Hagstofan væri skoðuð sem ráðuneyti í framkvæmd, en nú vill ríkisstjórnin koma þessu í rétt horf og lýsir hér með yfir því, að héðan í frá skal staða Hagstofunnar vera í einu og öllu hin sama og staða annarra ráðuneyta, bæði gagnvart ríkisstjórninni sjálfri, öðrum ráðuneytum og öllum öðrum aðilum, sem Hagstofan á skipti við.

Af þessu leiðir meðal annars, að úrskurðir og ákvarðanir Hagstofunnar í verkahring hennar hafa sama gildi og úrskurðir og ákvarðanir ráðuneytis, svo og að starfsmenn Hagstofunnar hafa að öllu leyti sömu stöðu og starfskjör og hliðstæðir starfsmenn annarra ráðuneyta hafa.

Viðurkenning þess, að Hagstofan sé ráðuneyti, gefur ekki tilefni til breyttrar tilhögunar á meðferð og afgreiðslu mála í verkahring hennar frá því, sem verið hefur.“

Þetta bréf mun hafa verið ritað að beiðni hagstofustjóra í ljósi þeirra breytinga, sem þá höfðu orðið á starfsemi Hagstofunnar. Samkvæmt lögunum frá 1913 var Hagstofan hrein hagskýrslu- og efnahagsstofnun og henni voru ekki falin bein stjórnsýsluverkefni önnur en þau sem e.t.v. má telja að hafi falist í hagskýrslugerðinni sjálfri og í þeirri aðstoð sem henni var ætlað að veita landsstjórninni. Á þessu varð hins vegar breyting á árunum 1952–1954 þegar þjóðskránni var komið á fót. Þjóðskráin starfaði fyrstu árin á grundvelli bráðabirgðalaga nr. 58 10. september 1952 um töku sérstaks manntals 16. október það ár til að komið yrði upp „vélspjaldaskrá yfir alla landsmenn“ og á 32. gr. tekjuskattslaga nr. 46/1954, sem mælti fyrir um að gjaldendur skyldu skattlagðir þar sem þeir ættu lögheimili samkvæmt „allsherjarspjaldskrá“ Hagstofunnar. Lög um þjóðskrá voru fyrst sett á árinu 1956 (lög nr. 31/1956). Með þessari lagasetningu voru tekin af tvímæli um að Hagstofan gegndi stjórnsýsluhlutverki. Þar með hefur jafnframt þótt þörf á að taka af tvímæli um stöðu Hagstofunnar. Þar má nefna annars vegar nauðsyn á að skýra eða styrkja stöðu stofnunarinnar gagnvart ýmsum embættum, embættismönnum og öðrum, sem áttu að starfa að almannaskráningunni eftir lögunum og fyrirmælum Hagstofunnar. Hins vegar var Hagstofunni ætlað að taka ýmsar ákvarðanir um skráningu manna og ekki síst að skera úr um lögheimili, en slíkir úrskurðir eru endanlegir í þeim skilningi að þeim verður ekki áfrýjað til æðra setts stjórnvalds. Þetta kemur fram í síðari hluta bréfs forsætisráðherra þar sem segir að úrskurðir og ákvarðanir Hagstofunnar hafi sama gildi og úrskurðir og ákvarðanir ráðuneytis. Bréfinu virðist raunar fyrst og fremst ætlað að staðfesta þetta með formlegum hætti, en ekki að koma á breytingum á starfsemi Hagstofunnar eins og niðurlag þess er til vitnis um.

Sú lögformlega staða, sem staðfest var með bréfinu 1956, hélst til ársins 1969, er út voru gefin lög um Stjórnarráð Íslands, nr. 73 28. maí 1969. Í þeim lögum er Hagstofan talin eitt 13 ráðuneyta Stjórnarráðsins. Í 1. mgr. 10. gr. laganna segir enn fremur að ráðuneytisstjóri og

hagstofustjóri stýri ráðuneytum undir yfirstjórn ráðherra. Í framhaldi af útgáfu Stjórnarráðslaganna var birt auglýsing nr. 96 31. desember 1969, um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands. Í reglugerðinni er kveðið á um verkaskiptingu milli ráðuneyta og eru verkefni Hagstofunnar þar talin upp í 6. gr. eins og áður var getið.

Tímabilið 1917–1969 gilti sú tilhögun, eins og áður hefur verið rakið, að Hagstofan heyrði undir fjármálaráðherra. Lengst af þurfti því ekki við ákvörðun um skiptingu starfa milli ráðherra að víkja sérstaklega að stöðu Hagstofunnar. Árabilið 1956–1969 voru forsetaúrskurðir um skiptingu ráðherra mjög ítarlegir og voru þá talin upp einstök verkefni ráðherra en ekki þau ráðuneyti sem hver ráðherra fór með. Eftir útgáfu Stjórnarráðsreglugerðarinnar 1969 var þessa ekki þörf og hefur síðan verið látið nægja að geta þess með hvaða ráðuneyti hver ráðherra fer. Hefur Hagstofan þá jafnan verið hluti af þeirri upptalningu, þótt komið hafi fyrir að við hafi legið að hún gleymdist. Fróðlegt er að athuga með hvaða ráðuneytum Hagstofan hefur átt samleið þetta tímabil.

Samkvæmt fyrstu auglýsingunni, sem út var gefin eftir setningu Stjórnarráðsreglugerðarinnar nr. 97/1969, fór Magnús Jónsson með fjármálaráðuneytið og Hagstofu Íslands. Þetta hélst þar til viðreisnarstjórnin féll og ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar tók við 14. júlí 1971. Þar með lauk 58 ára samleið Hagstofunnar og fjármálaráðuneytis. Í vinstri stjórninni 1971–1974 fór Magnús Torfi Ólafsson með menntamálaráðuneyti og Hagstofu Íslands. Í ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar 1974–1978 og ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar 1978–1979 fóru forsætisráðherrarnir jafnframt með Hagstofuna. Hagstofan átti á ný samleið með fjármálaráðuneytinu er Sighvatur Björgvinsson fór með fjármálaráðuneytið og Hagstofuna í ríkisstjórn Benedikts Gröndals 1979–1980, en var aftur annað ráðuneyti forsætisráðherra í ríkisstjórn Gunnars Thoroddsen 1980–1983. Er Steingrímur Hermannsson myndaði ríkisstjórn sína 1983 varð Matthías Á. Mathiesen viðskiptaráðherra og ráðherra Hagstofunnar. Sú skipan stóð þar til Matthías lét af ráðherradómi árið 1985 og Þorsteinn Pálsson varð fjármálaráðherra en hann tók jafnframt að sér Hagstofuna. Fjölbreytni Hagstofunnar jókst enn er Þorsteinn Pálsson myndaði ráðuneyti sitt í júlí 1987. Þá varð Jón Sigurðsson ráðherra Hagstofunnar og átti hún þá til hausts 1988 samleið með dóms- og kirkjumálaráðuneyti og viðskiptaráðuneyti. Í lok september 1988 myndaði Steingrímur Hermannsson ráðuneyti að nýju. Fór hann þá enn fremur með Hagstofu Íslands. Sú skipan gilti þó einungis í tæplega eitt ár eða þar til Steingrímur myndaði nýtt ráðuneyti og fulltrúar Borgaraflokksins tóku sæti í ríkisstjórn. Júlíus Sólnes varð þá ráðherra Hagstofu Íslands. Fyrir Hagstofuna var þetta einstæður atburður því þennan dag, 10. september 1989, brá svo við að hún fékk ráðherra, sem hafði ekki önnur ráðuneyti. Við svo búið stóð þar til umhverfisráðuneyti var stofnað í febrúar 1990, en þá endurheimti forsætisráðherra „Hagstofuráðuneyti sitt“ eins og þá var farið að nefna Hagstofuna. Er Davíð Oddsson myndaði fyrsta ráðuneyti sitt 30. apríl 1991 fór hann auk forsætisráðuneytisins jafnframt með málefni Hagstofu Íslands. Hélst sú skipan í öllum ráðuneytum hans. Davíð Oddsson lét af embætti forsætisráðherra og tók við embætti utanríkisráðherra 15. september 2004 en gegndi áfram embætti sínu sem ráðherra Hagstofunnar. Er hann hvarf úr ríkisstjórn 27. september 2005 tók forsætisráðherra Halldór Ásgrímsson við málefnum Hagstofunnar og hélst sú skipan þar til Geir H. Haarde myndaði ráðuneyti og varð forsætisráðherra og ráðherra Hagstofu Íslands 15. júní 2006. Sú skipan hélst óbreytt í þeirri ríkisstjórn sem tók við 24. maí 2007.

Breytingar á verkefnum Hagstofunnar undangengin ár.

Samkvæmt stofnlögum Hagstofunnar skal hún fyrst og fremst sinna hagskýrslugerð en auk þess er henni falið „að aðstoða landsstjórnina með hagfræðis útreikningum og skýringum, er hún óskar eftir, og gefa henni álit og yfirlýsingar, þegar þess er leitað“ eins og segir í 2. gr. laganna. Hagstofan var því upphaflega hrein hagskýrslustofnun að heita má og hélst það þar til hún kom þjóðskrá á fót á árunum 1952–1954 eins og fyrr er getið. Með því og þeim lögum sem sett voru um þjóðskrá og almannaskráningu árið 1956, var Hagstofunni fengið stjórnsýsluhlutverk. Þetta var staðfest með Stjórnarráðsreglugerðinni 1969 hvað þjóðskrána varðar en enn fremur var henni falið að vinna skýrslur og úrskurði í þágu opinberra aðila.

Árið 1969 kom Hagstofan á fót fyrirtækjaskrá og um það verkefni voru sett sérstök lög nr. 62/1969. Fyrirtækjaskráin var í reynd stjórnsýsluskrá þótt henni væri af hálfu Hagstofunnar fyrst og fremst ætlað að vera undirstaða hagskýrslugerðar um fyrirtæki. Þessar skrár, þjóðskrá og fyrirtækjaskrá, urðu grunnskrár fyrir stjórnsýsluna í landinu, bæði vegna þess að skrárnar voru þær einu sinnar tegundar og til almennrar hagnýtingar og vegna notkunar skránna á auðkennisnúmeri fyrir einstaklinga, fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök. Þjóðskráin hafði frá upphafi byggst á fæðingarnúmeri fyrir alla einstaklinga en það var nær eingöngu notuð við vinnslu skrárinnar. Hagstofan beitti hins vegar svonefndu nafnnúmeri til stafrófsröðunar í skrám sínum og var það smám saman að almennu auðkennisnúmeri. Stóð svo þar til núverandi kennitala var tekin upp árið 1986 en hún var byggð á fæðingarnúmeri einstaklinga og hliðstæðu númeri fyrir fyrirtæki sem miðast við stofndag þeirra eða fyrstu skráningu. Þessi auðkennisnúmer hafa frá upphafi verið hagnýtt af skattayfirvöldum og fljótlega af allri opinberri stjórnsýslu og í viðskiptalífinu.

Árið 1997 var stjórnsýsluhlutverk Hagstofunnar aukið þegar henni var falið að halda skrár um hlutafélög, einkahlutafélög og samvinnufélög. Þetta var gert með breytingu á hlutaðeigandi löggjöf og með breytingu á Stjórnarráðsreglugerðinni frá 1969.

Í apríl 2001 kynnti forsætisráðherra þá fyrirætlun sína að taka til endurskoðunar verkaskiptingu þeirra stofnana ríkisins sem færu með efnahagsmál og hagskýrslugerð. Vinnu að undirbúningi þessa lauk með framlagningu frumvarps til laga um brottfall laga um Þjóðhagsstofnun. Í athugasemdum við frumvarpið var gerð grein fyrir niðurstöðum þessarar endurskoðunar en þær voru að færa verkefni Þjóðhagsstofnunar til skyldra sviða í fjármálaráðuneyti og Hagstofunni og styrkja þau, en leggja Þjóðhagsstofnun sem slíka niður. Þetta frumvarp varð að lögum sem tóku gildi 1. júlí 2002.

Þjóðhagsstofnun hafði annast hluta af hagskýrslugerð um efnahagsmál. Hér var einkum um að ræða gerð þjóðhagsreikninga og tengdra hagskýrslna svo sem um einkaneyslu, fjármunamyndun og búskap hins opinbera, rekstur og efnahag atvinnuvega, tekjur einstaklinga og tekjudreifingu auk athugana á sviði atvinnu og vinnumarkaðar. Þessi verkefni voru færð til Hagstofunnar þar sem talið var að betri forsendur væru til að samræma og bæta innihald, afköst og gæði opinberrar hagskýrslugerðar þegar verkefnin væru saman komin í einni sérhæfðri hagskýrslustofnun.

Í tengslum við niðurlagningu Þjóðhagsstofnunar og tilfærslu hagskýrsluverkefna hennar var enn fremur ákveðið að ná fram frekari hagræðingu í stjórnsýslunni og styrkja hagskýrslugerðina með því að endurskipuleggja Hagstofuna og flytja frá henni verkefni sem ekki tilheyrðu hagskýrslugerðinni beinlínis, það er þjóðskrá og almannaskráningu og skráningu fyrirtækja.

Hagstofan hafði lengi haft hug á því að þessi stjórnsýsluverkefni hennar yrðu flutt frá henni. Ástæðan var sú að samsetning hagskýrslugerðar og rekstur þjóðskrár og fyrirtækjaskráa

í einni stofnun þótti ekki lengur jafntrúverðug og heppileg og var þegar skrárnar voru stofnaðar. Þetta stafaði ekki síst af þeirri þróun sem orðið hafði í viðhorfum og reglum um meðferð persónubundinna gagna svo og þróun hagskýrslulöggjafar á alþjóðavettvangi sem lýst var hér á undan. Þannig þótti gagnasöfnun Hagstofunnar til hagskýrslugerðar ekki fara vel saman með gagnasöfnun hennar til skráningar fólks og fyrirtækja í stjórnsýsluskyni og rekstur opinberrar Þjóðskrár og fyrirtækjaskráa þar sem mismunandi reglur giltu um varðveislu og meðferð upplýsinganna eftir því hvort um væri að ræða trúnaðargögn til hagskýrslugerðar og gögn vegna opinberra skráa.

Í framhaldi af þessu var skráning fyrirtækja flutt frá Hagstofunni til ríkisskattstjóra 1. júlí 2003 og Þjóðskrá og almannaskráning flutt frá henni til dómsmálaráðuneytis 1. júlí 2006.

Í frumvarpinu um niðurlagningu Þjóðhagsstofnunar var því enn fremur lýst yfir að eftir að skráningarverkefnin hefðu verið flutt frá Hagstofunni væri ráðgert að ráðuneytisstaða Hagstofunnar yrði afnumin og Hagstofan gerð að stofnun forsætisráðuneytis. Hagstofan yrði við þetta hrein hagskýrslustofnun eins og systurstofnanir hennar í nágrannaríkjunum, með sömu verkefni og svipaða stöðu.

Meginefni þessa frumvarps.

Sem fyrr segir er frumvarp þetta flutt í þeim tilgangi að búa Hagstofu Íslands og opinberri hagskýrslugerð viðhlítandi lagagrundvöll. Við samningu frumvarpsins hefur einkum verið litið til þriggja þátta hvað snertir efnisatriði nýrra laga: þeirra ákvæða um Hagstofuna í núverandi reglugerð um Stjórnarráð Íslands sem felld verða niður 1. janúar 2008, meginreglna um opinbera hagskýrslugerð og starfsemi hagstofa sem er að finna í grundvallarreglum Sameinuðu þjóðanna og verklagsreglum í evrópskri hagskýrslugerð, sem áður er vikið að, og loks til löggjafar nokkurra nágrannaþjóða á þessu sviði sem og fyrirliggjandi tillagna að nýrri hagskýrslulöggjöf ESB.

Hagskýrslulöggjöf Evrópuþjóða er býsna mismunandi og sýnist það meðal annars fara eftir aldri laganna og þjóðfélagsástandinu á þeim tíma sem löggjöfin var samin. Norræn hagskýrslu- og hagstofulög geyma fyrst og fremst meginreglur um verkefni og skilyrði hagskýrslugerðarinnar, um gagnasöfnun og notkun stjórnsýslugagna til hagskýrslugerðar, um rekstur og stjórnun hagstofu og um faglegt sjálfstæði hagstofunnar eða hagstofustjóra. Frá þessu eru þó töluverð frávik í einstökum atriðum. Þannig er í dönsku hagstofulögunum nákvæm upptalning á þeim atriðum sem gagnaveitendur skulu láta hagstofunni í té. Finnsku lögin geyma ekki ámóta upptalningu en hins vegar er þar að finna nákvæm fyrirmæli um hagnýtingu stjórnsýsluupplýsinga og gagna úr stjórnsýsluskrám til hagskýrslugerðar. Löggjöf fyrrum austantjaldsríkja er yfirleitt mun ítarlegri en norræna löggjöfin og sver sig meira í ætt við verklagsreglur en meginreglur, enda var nýjum hagstofulögum í þessum ríkjum ætlað að rjúfa tengslin við fortíðina og því nauðsyn á setningu nákvæmari fyrirmæla en ella.

Fyrirliggjandi tillögur vinnunefndar hagstofa EES-ríkja og Eurostat um nýja hagskýrslulöggjöf ESB – og þar með EES – eru nokkuð nákvæmar og draga að hluta dám af evrópsku verklagsreglunum. Í tillögunum er meðal annars gert ráð fyrir mun skarpari ákvæðum en nú eru í löggjöf ESB um að hagskýrslugerð innan ESB skuli vera faglega sjálfstæð, óháð og óvilhöll, og um meðferð trúnaðargagna. Þá eru ákvæði um hlutverk og ábyrgð hagstofa aðildarríkja á hagskýrslugerðinni heima fyrir og um hlutverk hagstofu ESB. Lagt er til að hún skuli starfa samkvæmt reglugerðinni og lúta hagstofustjóra sem sé einn ábyrgur fyrir ákvörðunum um úrvinnslu, aðferðir, notkun staðla og verklag og um efni og birtingu hagskýrslna. Enn

fremur eru svipuð ákvæði um gæði hagskýrslna og gæðaeftirlit og eru í evrópsku verklagsreglunum.

Með þessu frumvarpi er lagt til að sett verði fremur knöpp lög sem fjalli um meginreglur. Nánari útfærslu verði hins vegar að finna í sömu eða svipuðum verklagsreglum í hagskýrslugerð og settar voru í júní 2006 að fyrirmynd tilmæla framkvæmdastjórnar ESB og nú er beitt í öllum aðildarríkjum EES. Jafnframt er gert ráð fyrir að settar verði reglur um framkvæmd einstakra atriða.

Lagt er til að ný lög um Hagstofuna taki gildi 1. janúar 2008 um leið og ákvæði um hana í lögum og reglugerð um Stjórnarráð Íslands falla úr gildi. Þá er jafnframt lagt til að á sama tíma falli úr gildi gömlu hagstofulögin frá 1913 og lögin um hagfræðiskýrslur frá 1895 og 1934. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir að núverandi lög um vísitölu neysluverðs og um vísitölu byggingarkostnaðar haldi gildi sínu vegna notkunar þessara vísitalna við verðtryggingu á fjármagnsmarkaði og í byggingarstarfsemi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin fjallar um stöðu Hagstofu Íslands, störf hennar að hagskýrslugerð og hlutverk hennar sem miðstöðvar opinberrar hagskýrslugerðar í landinu.

Í 1. mgr. segir að Hagstofan sé sjálfstæð stofnun sem heyri undir forsætisráðherra. Með þessu er Hagstofunni mörkuð sama staða og gegnir um flestar hagstofur í nágrannaríkjunum. Þær eru ríkisstofnanir sem heyra undir tiltekinn ráðherra eða ráðuneyti, hlíta almennum skilyrðum slíkra stofnana, starfa á grundvelli fjárveitinga á fjárlögum, hafa skýrt afmarkað hlutverk að lögum og er skylt að taka sjálfstæðar ákvarðanir um einstök viðfangsefni, aðferðir og verklag. Á alþjóðavettvangi er mikil áhersla lögð á faglegt sjálfstæði hagstofa og kemur það skýrt fram í grundvallarreglum Sameinuðu þjóðanna í opinberri hagskýrslugerð, verklagsreglum í evrópskri hagskýrslugerð og í hinum nýju drögum að hagskýrslulöggjöf ESB. Ekki þykir nægja að í þessu efni gildi langar og traustar hefðir, eins og raunin er hér á landi, heldur sé faglegt sjálfstæði tryggt í lögum. Þessa gætir í nýlegri „jafningjaúttekt“ sem gerð var á Hagstofu Íslands af hálfu evrópska hagskýrslusamstarfsins fyrr á þessu ári, en í niðurstöðum hennar er meðal annars mælst til þess að ákvæði af þessi tagi verði sett í nýja og heildstæða hagskýrslulöggjöf hér á landi.

Í 1. mgr. er einnig kveðið á um að Hagstofan vinni að opinberri hagskýrslugerð samkvæmt lögum þessum og jafnframt sé hún miðstöð opinberrar hagskýrslugerðar í landinu. Sem slíkri ber henni að hafa forystu um tilhögun, samræmingu og framkvæmd opinberrar hagskýrslugerðar og um alþjóðasamskipti á þessu sviði. Sömu efnisákvæði eru nú í 6. gr. reglugerðar um Stjórnarráð Íslands, nr. 3/2004.

Í 2. mgr. er fjallað um hvað sé opinber hagskýrslugerð. Segir þar að með því sé átt við hagskýrslustarfsemi Hagstofu Íslands og annarra bærra ríkisstofnana sem unnin sé á grundvelli laga og í samræmi við fyrirmæli sett samkvæmt lögum þessum. Í þessu sambandi þykir rétt að opinber hagskýrslugerð sé bundin því skilyrði að hún sé reist á lögum. Einnig er nauðsynlegt að slík starfsemi uppfylli tilteknar kröfur um forsendur, verklag og gæði eins og er að finna í verklagsreglum í hagskýrslugerð frá 9. júní 2006. Eins og rakið er í almennum athugasemdum hér að framan eru verklagsreglur þessar íslensk útgáfa af verklagsreglum í evrópskri hagskýrslugerð sem samdar voru af vinnunefnd hagstofa EES-ríkja og Eurostat, hagstofu ESB, í febrúar 2005 og gefnar út sem tilmæli í maí 2005. Þessi tilmæli hafa verið tekin upp í EES-samninginn og gilda því jafnt í öllum ríkjum EES. Í 16. gr. er gert ráð fyrir að

forsætisráðherra setji sérstakar verklagsreglur á grundvelli þessara laga og viðurkenndra reglna sem settar hafa verið á alþjóðavettvangi um opinbera hagskýrslugerð.

Rétt er að taka fram að orðin „miðlun tölfræðilegra upplýsinga“ vísa bæði til miðlunar tölfræðilegra niðurstaðna og tölfræðilegra gagna til rannsókna og frekari úrvinnslu eins og kveðið er á um í 13. gr. Hvort tveggja er hluti af hefðbundinni hagstofustarfsemi.

Um 2. gr.

Í greininni er lagt til að í stað langrar upptalningar á einstökum verkum og efnisatriðum sem hagskýrslugerðin skuli beinast að, skuli Hagstofan ákveða verkefni sín og forgangsraða með hliðsjón af þörfum stjórnvalda fyrir tölfræðilegar upplýsingar, alþjóðlegum skuldbindingum ríkisins um gerð hagskýrslna og af þörfum og óskum almennings, atvinnurekstrar og rannsóknar- og menntastofnana fyrir tölfræðilegar upplýsingar. Í þessu skyni skuli stofnunin hafa virkt samráð við hlutaðeigandi aðila.

Ekki þykir ástæða til að ákveða í lögum hvernig slíku samráði skuli háttað heldur látið nægja að skuldbinda Hagstofuna til þess að ástunda það. Tekið er fram að samráðið skuli vera virkt, en með því er átt við að það sé ástundað með samfelldum og reglubundnum hætti.

Mjög er misjafnt hvernig þess háttar samráði er hagað í nágrannaríkjum. Í sumum ríkjum eru starfandi sérstök hagskýrsluráð sem gegna mismunandi hlutverkum, svo sem að vera fulltrúar notenda, veita ráðgjöf um hagskýrslugerðina o.fl. Reynsla af störfum slíkra ráða þykir misjöfn. Þá hafa ýmsar hagstofur samráð við notendur með starfrækslu notendahópa. Hagstofa Íslands hefur ágæta reynslu af því að styðjast við ráðgjafar- og notendahópa á ýmsum sviðum hagskýrslugerðarinnar. Nú eru starfandi eftirtaldar fastanefndir og hópar:

- Ráðgjafarnefnd um vísitölu neysluverðs samkvæmt lögum nr. 12 /1995.
- Ráðgjafarnefnd um launakannanir og aðrar vinnumarkaðskannanir sem starfar á grundvelli samnings Hagstofunnar og Kjararannsóknarnefndar frá árinu 2004 um að Hagstofan yfirtæki það starf að kjararannsóknum sem nefndin hafði haft með höndum.
- Notendahópur um verðvísitölur.
- Notendahópur um þjóðhagsreikninga.

Notendahóparnir starfa að beiðni Hagstofunnar og eru skipaðir fulltrúum frá fjármálaráðuneyti, Seðlabanka Íslands, viðskipta- og hagfræðideildum háskóla, Samtökum atvinnulífsins, Alþýðusambandi Íslands og greiningardeildum bankanna. Þeir hittast um það bil tvisvar á ári eða oftar eftir því sem þurfa þykir. Nánari upplýsingar um hópanna er að finna á vef Hagstofunnar.

Þá er nú einnig unnið að því að koma á fót notendahópi um vinnumarkaðstölfræði.

Auk þessa hefur Hagstofan oft kallað saman tímabundna ráðgjafarhópa til að leggja á ráðin um einstök verkefni, innleiðingu nýrra flokkunarkerfa o.fl. Þannig er nú starfandi ráðgjafarhópur um innleiðingu á nýrri atvinnugreinaflokkun.

Að mati Hagstofunnar er ágæt reynsla af þessu fyrirkomulagi og starfi þessara hópa og hyggst hún sinna samráðsskyldu sinni við notendur á þennan hátt. Þá er æskilegt að færa þetta starf út til fleiri sviða, svo sem félags- og velferðarmála.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að Hagstofan annist samræmingu opinberrar hagskýrslugerðar í landinu. Þetta er eitt þeirra hlutverka sem Hagstofan hefur nú með höndum og kveðið er á um í 6. gr. reglugerðar um Stjórnarráð Íslands. Þetta efnisákvæði er útfært hér nánar og tekið fram

til hvaða helstu þátta samræmingin skuli ná, þ.e. notkunar staðla og flokkunarkerfa, skilyrða um gæði og birtingu svo og um meðferð gagna sem safnað er til tölfræðilegrar úrvinnslu.

Þá er í 2. mgr. lagt til að Hagstofan skuli efna til reglubundins samráðs milli þeirra ríkisstofnana sem leggja stund á opinbera hagskýrslugerð eða safna gögnum sem eru mikilvæg til opinberrar hagskýrslugerðar. Tilgangur þessa er annars vegar að tryggja að samráðið verði virkt og samfellt og hins vegar að stofnanir séu meðvitaðar um mikilvægi þess að stjórnsýslugögn séu hagnýtt til hagskýrslugerðar eftir því sem kostur er. Þeim mun meiri og betri sem slík not eru, þeim mun skilvirkari og ódýrari verður gagnasöfnunin og þeim mun minna þarf að ónáða fólk og fyrirtæki með beiðnum um gögn og upplýsingar.

Tillögur þessarar greinar eru meðal annars sniðnar eftir hliðstæðum ákvæðum í lögum eða reglum norsku og finnsku hagstofanna. Þar þykir samráð af þessu tagi hafa verið árangursríkt.

Um 4. gr.

Í greininni er fjallað um skipun, hlutverk og ábyrgð hagstofustjóra.

Í 1. mgr. er kveðið á um hvaða skilyrði hagstofustjóri skuli uppfylla. Lagt er til að forsætisráðherra skipi hagstofustjóra til fimm ára í senn og er þá hvað skipunartíma varðar fylgt þeim reglum sem nú gilda um skipun embættismanna. Þá er lagt til að hagstofustjóri skuli hafa lokið háskólaprófi í hagfræði, tölfræði, félagsfræði eða skyldum greinum og hafa þekkingu og reynslu af hagskýrslugerð eða notkun hagtalna. Hér gætir þess sjónarmiðs að brýnt sé að hagstofustjóri hafi til að bera faglega þekkingu á opinberri hagskýrslugerð og opinberum hagtölum.

Í 2. mgr. er kveðið á um að hagstofustjóri ráði aðra stjórnendur og starfslið Hagstofunnar, hann sé ábyrgur fyrir rekstri hennar og skipuleggi starfsemina í samræmi við ákvæði 1.–3. gr.

Í 3. mgr. er kveðið á um faglega ábyrgð hagstofustjóra á hagskýrslugerðinni. Tekið skal fram að tillögur 2. og 3. mgr. fela í reynd í sér staðfestingu á gildandi hlutverki og ábyrgð hagstofustjóra hér á landi og eru í samræmi við það sem tíðkast í nágrannaríkjum, svo sem í hinum norrænu ríkjunum.

Um 5. gr.

Ákvæði um gagnaöflun Hagstofunnar er að finna í 5.–8. gr. Í 5. gr. er fjallað almennt um heimild Hagstofunnar til öflunar gagna til hagskýrslugerðar en í 6.–8. gr. eru ítarlegri ákvæði í því efni.

Með 5. gr. er Hagstofunni heimilað að afla gagna til hagskýrslugerðar frá stjórnvöldum, stofnunum, fyrirtækjum og einstaklingum í atvinnurekstri og þeim gert skylt að veita umbeðnar upplýsingar. Hliðstæð ákvæði eru nú í lögum um hagfræðiskýrslur frá 1895 og viðauka við þau frá 1934. Þá eiga þessi ákvæði sér hliðstæðu í hagskýrslulöggjöf nágrannaríkja. Hér er enn fremur lagt til að Hagstofan skuli upplýsa gagnaveitendur og upplýsingagjafa um tilgang gagnasöfnunarinnar, úrvinnslu gagnanna, varðveislu þeirra og birtingu. Þetta er í reynd staðfesting á gildandi verklagi Hagstofunnar. Nefna má að upplýsingar af þessu tagi koma fram í kynningarbréfum til þátttakenda í úrtaksathugunum og öðrum könnunum svo og í upplýsingaefni um einstakar kannanir þar sem því er að skipta, meðal annars á vef Hagstofunnar.

Um 6. gr.

Hagstofur EES-ríkja byggja gagnasöfnun sína bæði á beinum könnunum meðal almennings og fyrirtækja og á stjórnsýsluupplýsingum. Með stjórnsýsluupplýsingum og stjórnsýslugögnum er átt við upplýsingar og gögn sem stjórnvöld afla vegna stjórnsýslu sinnar og upp-

lýsingaveitendur láta í té í því skyni. Á Norðurlöndunum er löng hefð fyrir því að hagnýta stjórnsýslugögn til hagskýrslugerðar. Þetta er gert í ríkum mæli hér á landi, ýmist á grundvelli hinar almennu heimildar Hagstofunnar til gagnaöflunar frá stjórnvöldum og á grundvelli sérstakra lagaákvæða þar að lútandi. Þannig er ákvæði um miðlun gagna og upplýsinga til Hagstofunnar að finna í lögum um þjóðskrá og almannaskráningu, í lögum um fyrirtækjaskrá, í skattalögum, tollalögum o.fl. Þessi aðferð til öflunar hagskýrslugagna er afar mikilvæg í litlum ríkjum. Hún er sérstaklega brýn hér á landi vegna smæðar þjóðfélagsins og mikils kostnaðar af því að afla upplýsinga með könnunum og fyrirspurnum meðal fyrirtækja og almennings. Nefna má þrjár meginástæður fyrir því að takmarka notkun beinna kannana meðal einstaklinga og fyrirtækja hér á landi:

- Upplýsingagjöf krefst óhjákvæmilega vinnu og tíma af þeim sem láta upplýsingar í té. Það ætti því að vera keppikefli að hafa sem mest hóf á beinni gagnasöfnun og leita ekki eftir sömu eða svipuðum upplýsingum og hafa þegar verið látnar í té til stjórnvalda.
- Fjöldi gagnaveitenda sem úrtaksathuganir og aðrar beinar kannanir beinast að verður hlutfallslega miklum mun meiri hér á landi en í stærri ríkjum. Kostnaðurinn við þessar aðferðir við gagnasöfnum er að sama skapi meiri.
- Í litlum ríkjum verður miklum mun oftar að leita til sömu fyrirtækja og einstaklinga en í stórum ríkjum. Þetta eykur líkur á að fyrirtæki og almenningur þreytist á því að láta í té upplýsingar.

Í 6. gr. er fyrst að finna almennt ákvæði um að Hagstofan skuli haga gagnasöfnun sinni á þann hátt að fyrirhöfn upplýsingagjafa við að láta í té gögn sé hófleg. Í framhaldi af því fjallar greinin um hagnýtingu stjórnsýsluupplýsinga til hagskýrslugerðar. Í 1. mgr. er kveðið á um að Hagstofan skuli leitast við að afla gagna úr stjórnsýsluskrám og öðrum opinberum skrám og gagnasöfnum þegar því verði við komið og að stjórnvöld sem afla gagna og halda skrár og gagnasöfn vegna starfsemi sinnar skuli veita Hagstofunni upplýsingar úr þeim sem hún óskar eftir og án þess að gjald komi fyrir. Sem fyrr segir eru svipuð ákvæði nú í ýmsum lögum og hefur Hagstofan um árabil byggt mikinn hluta gagnasöfnunar sinnar á opinberum skrám.

Í 2. mgr. er lagt til að ríkisstofnunum og sveitarfélögum sem afla gagna til meiri háttar tölfræðilegrar úrvinnslu eða hafa áform um það skuli upplýsa Hagstofuna um þetta til að tryggja samræmi í verkefnum, aðgerðum og vinnubrögðum og til þess að gögnin nýtist sem best til hagskýrslugerðar. Jafnframt geti Hagstofan þegar um slík verk er að ræða lagt fyrir hlutaðeigandi aðila að afla viðbótarupplýsinga til hagskýrslugerðar.

Í 3. mgr. er lagt til að ríkisstofnanir og sveitarfélög sem halda skrár vegna starfsemi sinnar eða hyggjast halda slíkar skrár skuli hafa samráð við Hagstofuna um gerð nýrra skráa eða breytingar eldri skráa til þess að þær nýtist sem best til hagskýrslugerðar. Hagstofunni sé og heimilt að óska eftir tilteknum breytingum á skrám í þessu skyni og skuli orðið við þeim eftir því sem við verður komið. Þetta orðalag sem og orðalag í niðurlagi 2. mgr. er vitaskuld fremur óákveðið en markmiðið er hér að kveða almennt á um skyldu ríkisstofnana og sveitarfélaga til að verða við óskum Hagstofunnar um öflun viðbótarupplýsinga og breytingar á skrám enda séu slíkar óskir innan skynsamlegra marka hvað snertir fyrirhöfn og kostnað.

Hliðstæð ákvæði um öflun viðbótarupplýsinga og um samráð um gerð skráa o.þ.h. eru í lögum annarra norrænna hagstofa. Þau þykja hafa gefist vel og orðið til þess að styrkja gagnaöflun hagstofanna úr opinberum skrám og samnýtingu opinberra gagna. Hagstofa Íslands hefur um árabil átt mikil og góð samskipti við opinbera aðila um hagnýtingu gagna. Dæmi eru um að Hagstofan hafi óskað eftir að aflað væri tiltekinna viðbótarupplýsinga vegna hagskýrslugerðar, ýmist með góðum eða döprum árangri. Þá eru enn fremur dæmi um að opin-

berir aðilar hafi leitað samráðs við Hagstofuna um uppbyggingu gagnasafna vegna hagnýtingar gagna til hagskýrslugerðar og að Hagstofan hafi óskað eftir tilteknum breytingum til að gögn nýttust sem best. Þau ákvæði sem hér er um að ræða ber meðal annars að skoða í samhengi við tillögur 3. gr. um reglubundið samráð milli Hagstofunnar og ríkisstofnana sem leggja stund á hagskýrslugerð eða safna gögnum sem eru mikilvæg til þeirra nota. Með þessum tveimur ákvæðum er stefnt að því að tryggja samráð og samstarf opinberra aðila í þessum efnum.

Um 7. gr.

Í greininni er kveðið á um að fyrirtækjum og einstaklingum í atvinnurekstri sé skylt að veita Hagstofunni umbeðnar upplýsingar um umsvif sín og rekstur. Hins vegar skuli Hagstofan gæta þess við beina upplýsingaöflun frá aðilum í atvinnurekstri að gagnasöfnunin sé sem auðveldust og hagkvæmust, Sérstaklega skuli leitast við að rafrænni upplýsingatækni sé beitt eftir því sem unnt er, svo sem til útfyllingar gagnabeiðna, við gagnaskil og með tengingum við upplýsingakerfi fyrirtækja.

Á undanförnum árum hafa ýmsar aðferðir verið þróaðar og teknar upp af hagstofum sem hagnýta rafræna tækni til öflunar upplýsinga. Hagstofa Íslands hefur gert þetta í nokkrum mæli og vinnur að frekari útfærslu slíkra aðferða. Meðal annars má nefna rafræna söfnun gagna úr bókhalds- og launakerfum fyrirtækja, gagnasöfnun á vef og notkun veflausna til flutnings gagnasafna og skráa. Brýnt er að framhald verði á þessu enda er hér um mjög hagkvæmar aðferðir að ræða sem spara bæði gagnaveitendum og Hagstofunni tíma og fyrirhöfn.

Um 8. gr.

Í þessari grein er fjallað um söfnun upplýsinga um einstaklinga og heimili. Mælt er fyrir um að Hagstofan skuli afla slíkra upplýsinga úr opinberum skrám og á grundvelli stjórnsýslugagna svo sem kostur er en henni sé að öðru leyti heimilt að afla persónubundinna upplýsinga beint frá einstaklingunum. Hér er enn lögð áhersla á notkun stjórnsýslugagna, bæði til að draga úr fyrirhöfn einstaklinga við að láta í té upplýsingar og til að hvetja til samnýtingar á gögnum opinberra stofnana til stjórnsýsluþarfa og hagskýrslugerðar.

Um 9. gr.

Í þessari grein er lagt til að Hagstofan hafi skýra heimild til samtengingar skráa vegna hagskýrslugerðar sinnar á þá leið að kveðið verði á um að við tölfræðilega úrvinnslu og hagskýrslugerð sé Hagstofunni heimilt að tengja saman skrár, bæði eigin og skrár frá öðrum aðilum, með upplýsingum um einstaklinga eða lögaðila á grundvelli kennitölu eða annars auðkennis.

Samkvæmt gildandi lögum hefur Hagstofan heimild til hagnýtingar þjóðskrár og fyrirtækjaskrár til hagskýrslugerðar sinnar og þar með til samtengingar þeirra við önnur gögn á grundvelli kennitölu eða annars auðkennis. Þá hefur hún ríkar heimildir til notkunar annarra skráa, svo sem skattskráa, tollskrár o.fl. Hagstofan hefur í áranna rás og allan þann tíma sem hún fór með Þjóðskrá og fyrirtækjaskrár byggt mikinn hluta hagskýrslugerðar sinnar á hagnýtingu skráa, meðal annars með því að tengja saman mismunandi gagnasöfn og skrár. Þessi aðferð er afar gagnleg við hagskýrslugerð. Henni er mikið beitt af norrænu hagstofunum er þær byggja opinbera hagskýrslugerð sína að miklu leyti á stjórnsýsluskrám. Meðal annars eru manntöl Dana, Finna og Norðmanna byggð á stjórnsýsluskrám þar sem hluti upplýsinganna er fenginn með því að tengja saman mismunandi skrár og gagnasöfn.

Í þessu sambandi ber að hafa í huga að samkvæmt þessu frumvarpi er meðferð upplýsinga um tilgreinda einstaklinga og lögaðila háð ströngum skilyrðum. Skilyrt er að sé slíkum upplýsingum safnað til hagskýrslugerðar megi einungis hagnýta þær í þeim tilgangi en engum öðrum, sbr. 1. mgr. 10. gr. Þá er kveðið á um að birtingu niðurstaðna beri jafnan að haga þannig að komið sé í veg fyrir svo sem unnt er að upplýsingar séu rekjanlegar til einstakra aðila, eins og kveðið er á um í 2. mgr. 10. gr. Þá eru ríkar trúnaðarskyldur lagðar á Hagstofuna og starfslið hennar í 10. og 11. gr. Loks eru í 12. gr. almenn fyrirmæli um öryggi gagna og sérstök fyrirmæli um að trúnaðargögnum skuli eytt að lokinni hagnýtingu eða auðkenni þeirra afmáð eða dulin ef ástæða sé til að varðveita þau til frekari rannsókna.

Um 10. og 11. gr.

Í þessum greinum eru tillögur um ákvæði um trúnaðarskyldur Hagstofunnar. Í 1. mgr. 10. gr. er kveðið á um að þagnarskylda ríki um allar upplýsingar sem Hagstofan safnar til hagskýrslugerðar og snerta tilgreinda einstaklinga eða lögaðila, að slíkar upplýsingar teljist trúnaðargögn og skuli einungis notaðar til hagskýrslugerðar. Þetta er meginregla við opinbera hagskýrslugerð í flestum ríkjum. Hún byggist á ákvæðum í grundvallarreglum Sameinuðu þjóðanna sem hafa verið tekin upp í hagstofulög margra þjóða, í verklagsreglur í evrópskri hagskýrslugerð og í íslensku verklagsreglurnar frá 9. júní 2006.

Í 2. mgr. 10. gr. er sem fyrr segir mælt fyrir um að við birtingu og miðlun hagskýrslna skuli jafnan komið í veg fyrir, svo sem frekast er unnt, að upplýsingar séu rekjanlegar til tilgreindra einstaklinga eða lögaðila. Þessa meginreglu er enn fremur að finna í fyrrnefndum reglum og lögum annarra þjóða. Tekið skal fram að þetta atriði er vandmeðfarnara hjá litlum ríkjum en stórum og aðgát í þessu efni er sífellt viðfangsefni Hagstofunnar.

Engin bein ákvæði um trúnaðarkvaðir í hagskýrslugerð hafa verið í íslenskum lögum. Hagstofan hefur hins vegar jafnan gætt vandlega að slíkum atriðum þótt óskráð væru og farið í því efni eftir þeim sjónarmiðum og verklagi sem tíðkast hefur í Vestur-Evrópu um árabil. Þá hefur hún farið eftir ákvæðum grundvallarreglna Sameinuðu þjóðanna frá því þær voru settar. Loks setti hún sér fyrir nokkrum árum eigin reglur um meðferð trúnaðargagna í hagskýrslugerð og hafa þær verið birtar á vefsíðum Hagstofunnar.

Í 11. gr. er loks að finna sérstök ákvæði um trúnaðarskyldur starfsfólks og eru þau í samræmi við reglur 18. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þess má geta að á grundvelli þeirra undirrita allir starfsmenn Hagstofunnar sérstakt trúnaðarheit er þeir hefja störf og hefur svo verið um árabil.

Um 12. gr.

Ákvæði greinarinnar lúta að varðveislu gagna og sérstaklega að meðferð gagna með persónuauðkennum. Gert er ráð fyrir að meginreglan sé sú að trúnaðargögnum til hagskýrslugerðar skuli eytt að lokinni hagnýtingu nema ástæða þyki til að varðveita þau til frekari rannsókna en þá skuli afmá persónuauðkenni þeirra eða dylja. Lagt er til að setja skuli sérstakar reglur um þetta efni.

Hagstofan hefur um nokkurra ára skeið fylgt eigin reglum um meðferð trúnaðargagna og eru þær birtar á vef hennar. Gera má ráð fyrir að þær reglur og það verklag sem beitt hefur verið samkvæmt þeim verði eftir því sem við á uppistaðan í þeim reglum sem hér er lagt til að settar verði um meðferð trúnaðargagna. Gildandi reglur kveða meðal annars á um að gögn skuli varðveitt þar til úrvinnslu er lokið og niðurstöður hafa verið birtar en að lokinni hagnýtingu skuli gögnunum eytt eða persónuauðkenni þeirra afmáð eða dulin. Jafnframt er við það

miðað að trúnaðargögn séu að jafnaði ekki varðveitt lengur en svo að ætla megi að nægur tími hafi liðið til þess að orðið hafi vart við hugsanlegar skekkjur og álitamál sem krefjist þess að grunngögn séu tiltæk.

Í ýmsum tilvikum þykir ástæða til að varðveita trúnaðargögn um langa hríð til frekari úrvinnslu eða rannsókna. Í þessu sambandi verður að hafa í huga að ýmis hagskýrslugögn má hagnýta löngu eftir að þeirra er aflað og því ástæða til að varðveita þau. Í þeim tilvikum er nauðsynlegt að gaumur sé gefinn að varðveislu auðkennanlegra gagna og því er í 12. gr. gert ráð fyrir öðru af tvennu, að auðkenni séu afmáð til að gögnin verði ekki rekjanleg eða að auðkennin verði dulin í sama skyni. Í síðara tilvikinu er þá gert ráð fyrir að halda opnum þeim möguleika að tengja saman gögnin við önnur gögn á grundvelli auðkennis. Enn ber að geta þess að þessi regla felur í sér svipað verklag og við er haft í hinum norrænu hagstofunum.

Í 3. mgr. er kveðið á um að trúnaðargögnum sem aflað er til hagskýrslugerðar skuli ekki skilað til Þjóðskjalasafns til varðveislu. Þessara gagna er aflað beinlínis til hagskýrslugerðar og þau verða eingöngu notuð til hagskýrslugerðar samkvæmt grundvallarreglum Sameinuðu þjóðanna, viðteknu verklagi evrópskra hagstofa og samkvæmt tillögum þessa frumvarps, sbr. 1. mgr. 10. gr. Þá er gagnanna aflað á þeim forsendum að þeim verði eytt eða auðkenni þeirra afmáð að lokinni hagnýtingu.

Loks er í 4. mgr. kveðið á um að Hagstofan skuli setja sérstakar reglur um öryggi og varðveislu trúnaðargagna, þar með talið varðveislu og eyðingu pappírsgagna, hvort eða hvenær skuli eyða tölvugögnum og afmá eða dylja auðkenni þess háttar gagna.

Um 13. gr.

Áhugi á aðgangi að grunngögnum hagstofa til tölfræðilegra rannsókna, svo sem á sviði hagfræði, félagsfræði, læknisfræði o.fl., hefur farið vaxandi að undanförnu, bæði hér á landi og í öðrum EES-ríkjum. Hagstofurnar hafa reynt í auknum mæli að verða við þessari eftirspurn enda eykur það virði gagnanna ef þau nýtast til annarra tölfræðilegra rannsókna en þeirra sem hagstofurnar annast. Sameiginlegt álit hagstofa, svo sem það hefur komið fram á þingi hagstofustjóra Efnahags- og samvinnustofnunar Evrópu og í hagskýrsluáætlunarnefnd EES-ríkja, er að afhending gagna af þessu tagi sé æskileg en hljóti að vera háð skilyrðum um gagnaleynd og gagnavernd. Auk þess þurfi að vera ljóst að um sé að ræða vel grundaðar rannsóknir, þær gerðar af sérfræðingum og af faglegri þekkingu og samhengi sé milli rannsóknaráforma og yfirlýstrar gagnaþarfar.

Í þessari grein er fyrst kveðið á um að Hagstofan skuli stuðla að því að gögn hennar nýtist til tölfræðilegra vísindarannsókna. Þá eru gerðar tillögur um heimildir til Hagstofunnar til að veita aðgang að gagnasöfnum með upplýsingum um einstaklinga eða lögaðila í rannsóknarskyni og skilyrði í því sambandi. Þessar tillögur eru byggðar á sjónarmiðum sem fram hafa komið í alþjóðlegri umræðu um aðgang að grunngögnum hagstofa og verklagi sem mælt er með í þessu sambandi. Svipuð ákvæði hafa verið um nokkurt skeið í reglum Hagstofu Íslands um meðferð trúnaðargagna sem áður var getið.

Í 1. og 2. mgr. er greint á milli veitingar aðgangs að gagnasöfnum með almennum upplýsingum og viðkvæmum persónuupplýsingum. Í fyrra tilvikinu er afhendingin háð þeim skilyrðum að auðkenni einstaklinga og fyrirtækja hafi verið afmáð eða dulin og ráðstafanir verið gerðar til þess að upplýsingar verði ekki raktar til þekkjanlegra einstaklinga eða lögaðila. Þegar um er að ræða viðkvæmar persónuupplýsingar í skilningi laga um persónuvernd er lagt til að Hagstofunni sé heimilt að veita aðgang að gagnasafni eða gögnum með slíkum upplýsingum til tölfræðilegra vísindarannsókna sé skilyrðum laga um persónuvernd og meðferð

persónuupplýsinga fullnægt og rannsóknaraðili hafi heitið því að skila gögnunum eða eyða persónuauðkennum þeirra að rannsókn lokinni. Hvað gögn Hagstofunnar snertir lúta ákvæði 2. mgr. fyrst og fremst að dánarvottorðum og dánarmeinaskrá en samkvæmt lögum varðveitir Hagstofan dánarvottorð og semur upp úr þeim skýrslur um dánarorsakir. Þessi gögn eru mikið notuð til læknisfræðilegra rannsókna og brýnt þykir að á því geti orðið framhald. Persónuvernd hefur bent á að vafi leiki á heimild Hagstofunnar til að veita persónubundnar upplýsingar úr þessum gögnum og er ákvæðum 2. mgr. ætlað að taka af tvímæli í því efni hvað snertir viðkvæmar persónuupplýsingar, þar með talið úr dánarmeinaskrá.

Sameiginlegt skilyrði er að um sé að ræða viðurkenndan eða trúverðugan rannsóknaraðila. Er þá gert ráð fyrir að rannsakandinn hafi aflað sér viðurkenningar með rannsóknum sínum, hann komi frá viðurkenndri rannsóknarstofnun og slík stofnun taki ábyrgð á hlutaðeigandi rannsókn og rannsakanda.

Í 3. mgr. segir að Hagstofan skuli setja nánari reglur um afhendingu og hagnýtingu gagna samkvæmt þessari grein. Tekið er fram að meðal þeirra atriða sem reglurnar skuli fjalla um séu skilyrði um umsóknir um aðgang að gögnum, upplýsingar um tilgang rannsóknar, framlagningu rannsóknaráætlunar, hvernig gert sé ráð fyrir að gögn verði nýtt til rannsóknar, hvernig varðveislu gagna verði háttað og um eyðingu gagna að lokinni rannsókn. Hagstofan hefur sett allnákvæmar reglur um þetta efni í reglum sínum um meðferð trúnaðargagna. Samkvæmt þeim er sérstök trúnaðargagnanefnd starfrækt innan Hagstofunnar til að fjalla um beiðnir um einstaklingsbundin gögn. Af hálfu Hagstofunnar er aðgangur að slíkum gögnum háður þeim skilyrðum að sótt sé skriflega um aðganginn, upplýsingar veittar um tilgang rannsóknar, rannsóknaráætlun sé lögð fram og upplýsingar veittar um hvernig ætlað sé að umbeðin gögn nýtist í rannsókninni. Gert er ráð fyrir að þær reglur sem setja á samkvæmt greininni verði í svipuðum dúr.

Um 14. gr.

Í þessari grein er lagt til að Hagstofunni sé heimilt að afla sértekna og taka gjald fyrir sérþjónustu í hagskýrslugerð og þjónustu við rannsóknaraðila og aðra gagnabeiðendur svo og vegna hagnýtingar á upplýsingakerfum hennar og þjónustu í því sambandi. Langmestur hluti ráðstöfunarfjár Hagstofunnar kemur úr ríkissjóði á grundvelli fjárlaga. Þá nýtur Hagstofan nokkurra framlaga úr sjóðum ESB til sérstakra sameiginlegra eða samræmdra verkefna sem byggjast á reglugerðum eða tilskipunum þar að lútandi. Loks hefur Hagstofan takmarkaðar sértekjur af sölu rita og sérstakri þjónustu sem látin er í té þegar um er að ræða verkefni sem krefjast sérstaks undirbúnings gagna eða vinnu við gerð sérhæfðra skráa fyrir rannsakendur og aðra gagnabeiðendur. Meginreglan er sú að upplýsingar Hagstofunnar séu veittar án endurgjalds, aðallega á vef hennar, en eðlilegt þykir að kostnaði við prentun rita sé mætt með sölu þeirra. Svipuðu máli gegnir ef sú vinna sem Hagstofan innir af hendi vegna sértækra óska um gögn eða þjónustu er sérstaklega umfangsmikil og meiri eða sértækari en felst í almennu hagskýrsluhlutverki hagstofu.

Um 15. gr.

Í þessari grein er lagt til að Hagstofunni sé heimilt að gera þeim sem verða ekki við óskum hennar um upplýsingar skylt að fullnægja upplýsingaskyldu sinni að viðlögðum dagsektum. Ákvæði er sniðið eftir hliðstæðu ákvæði í lögum um fyrirtækjaskrá en þau veita ríkisskattstjóra heimild til þessa.

Svipuð ákvæði er að finna í nokkrum lögum nágrannaríkja. Á Norðurlöndunum er það einkum norska hagstofan sem hefur ákveðnar heimildir til beitingar viðurlaga sé upplýsingaskyldu ekki fullnægt og eru þau ákvæði bæði virk og virt. Hér á landi hefur Hagstofuna skort heimildir til að geta með valdboði aflað allra nauðsynlegustu upplýsinga. Tekið skal fram að enda þótt ákvæði þetta verði lögfest mun Hagstofan eftir sem áður leitast við að byggja gagnaöflun sína sem mest á samvinnu við upplýsingagjafa og samþykki þeirra. Hins vegar á Hagstofan oft í erfiðleikum með að afla nauðsynlegra upplýsinga frá fyrirtækjum þrátt fyrir skýlausa skyldu til að veita þær. Í þeim tilvikum er brýnt að Hagstofan hafi heimildir til að beita viðurlögum til að afla mjög brýnna upplýsinga.

Um 16. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að ráðherra skuli setja sérstakar verklagsreglur í hagskýrslugerð á grundvelli laga þessara og viðurkenndra reglna sem settar hafa verið á alþjóðavettvangi um opinbera hagskýrslugerð. Er þá fyrst og fremst átt við samþykktir Sameinuðu þjóðanna um grundvallarreglur um opinbera hagskýrslugerð og verklagsreglur í evrópskri hagskýrslugerð samkvæmt tilmælum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. 217/2005. Um þetta efni vísast til almennra athugasemda hér á undan svo og til gildandi verklagsreglna í hagskýrslugerð frá 9. júní 2006 sem prentaðar eru sem fylgiskjal II með þessu frumvarpi.

Í 2. mgr. er að finna almennt heimildarákvæði til handa ráðherra um setningu nánari reglna um framkvæmd laganna. Sem dæmi um slíkar reglur má nefna reglur um öryggi og varðveislu trúnaðargagna skv. 12. gr. og um afhendingu og hagnýtingu gagna skv. 13. gr.

Um 17. gr.

Lagt er til að ný lög um Hagstofu Íslands öðlist gildi 1. janúar 2008 um leið og ákvæði um hana í lögum og reglugerð um Stjórnarráð Íslands falla úr gildi. Jafnframt er lagt til að gömlu lögin um hagstofu Íslands og um hagfræðiskýrslur falli úr gildi á sama tíma svo og lög um launavísitölu, nr. 89/1989.

Sem fyrr segir eru nú í gildi þrenn sérlög um vísitölur sem Hagstofan reiknar. Þetta eru lög um vísitölu neysluverðs, vísitölu byggingarkostnaðar og um launavísitölu.

Lögin um launavísitölu voru sett vegna notkunar þeirrar vísitölu til myndunar lánskjaravísitölu sem var um skeið helsta verðtryggingarvísitala hér á landi. Notkun þeirrar vísitölu var hætt árið 1995 þegar leitt var í lög að verðtrygging fjárskuldbindinga skyldi miðast við vísitölu neysluverðs samkvæmt lögum nr. 12/1995. Lögin um launavísitölu eru því úrelt og því er lagt til að þau verði felld úr gildi. Það hefur vitaskuld engin áhrif á útreikning ýmiss konar launavísitalna sem hluta af hagskýrslugerð á sviði launa- og efnahagsmála.

Samkvæmt þessu er gert ráð fyrir að núverandi lög um vísitölu neysluverðs og um vísitölu byggingarkostnaðar haldi gildi sínu vegna notkunar þessara vísitalna við verðtryggingu á fjármagnsmarkaði og í byggingarstarfsemi.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara verður Hagstofa Íslands gerð að sjálfstæðri ríkisstofnun. Sú aðgerð hefur ekki í för með sér breytingar á verkefnum starfsmanna. Réttarstaða þeirra er engu að síður ólík eftir því hvort þeir hafa verið skipaðir embættismenn, eins á við á um hagstofustjóra og skrifstofustjóra, sbr. 1. mgr. 2. tölul. 22. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, eða ráðnir með gagnkvæmum uppsagnarfresti.

Í 1. mgr. ákvæðisins er gert ráð fyrir því að starfsmenn sem ráðnir hafa verið með gagnkvæmum uppsagnarfresti haldi störfum sínum og óbreyttum starfskjörum. Þannig verður aðild að lífeyrissjóði óbreytt og laun fara eftir þeim kjarasamningum sem við eiga. Í þessu felst enn fremur að núverandi starfsmenn geta, á meðan þeir starfa hjá Hagstofunni, kosið að taka áfram laun samkvæmt kjarasamningum þeirra stéttarfélaga sem fram til þessa hafa samið um starfskjör þeirra. Hjá Hagstofunni eru starfsmenn sem á sínum tíma hafa verið skipaðir til starfa hjá Hagstofunni. Af 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða við lög nr. 70/1996 leiðir að nauðsynlegt er að kveða sérstaklega á um að þeir skuli með sama hætti halda störfum sínum. Samkvæmt þessu er ekki gert ráð fyrir því að rof verði á ráðningu starfsmanna og að sérstaklega þurfi að bjóða þeim störf hjá Hagstofunni. Með þeim hætti er reynt að tryggja að breytingin hafi sem minnsta röskun í för með sér.

Hvað viðkemur störfum skrifstofustjóra er í 2. mgr. gert ráð fyrir því að þeir skuli halda störfum sínum. Lagt er til að núverandi skrifstofustjórum verði boðin sambærileg stjórnunarstörf hjá Hagstofu Íslands samkvæmt hinum nýju lögum án breytinga á starfskjörum, þ.e. á þeim kjörum sem skrifstofustjórar við Stjórnarráð Íslands njóta. Í því felst enn fremur að þeir teljast áfram vera skipaðir í embætti til fimm ára í senn, sbr. 23. gr. laga nr. 70/1996, eða ótímabundið þar sem það á við, sbr. ákvæði til bráðabirgða við þau lög. Er þá gert ráð fyrir að nýir stjórnendur, sem ráðnir verða í tímans rás í stað núverandi skrifstofustjóra, verði ráðnir til starfa á grundvelli ótímabundins ráðningarsamnings.

Í 2. mgr. er enn fremur lagt til að núverandi hagstofustjóra verði boðið að taka við starfi hagstofustjóra samkvæmt hinum nýju lögum og að hann njóti óbreyttra starfskjara, þ.e. starfskjara ráðuneytisstjóra. Þegar kemur til skipunar nýs hagstofustjóra er gert ráð fyrir því að hagstofustjóri verði forstöðumaður Hagstofunnar, sbr. 13. tölul. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1996 að fengnum úrskurði fjármálaráðherra, sbr. 2. mgr. 22. gr. sömu laga. Um laun hans og önnur starfskjör fer því eftir ákvörðun kjararáðs.

Loks er í 3. mgr. tekið fram að við ráðstöfun starfa samkvæmt ákvæðinu þurfi ekki að gæta ákvæða um auglýsingu starfa í 7. gr. laga nr. 70/1996.

Fylgiskjal I.

Grundvallarreglur um opinbera hagskýrslugerð.

Grundvallarreglur um opinbera hagskýrslugerð í ríkjum Sameinuðu þjóðanna

Hagskýrslunefnd Sameinuðu þjóðanna samþykkir eftirfarandi:

Forsendur

Hafa ber í huga að opinberar, tölfræðilegar upplýsingar eru nauðsynleg forsenda framfara á sviði efnahagsmála, mannfjöldamála, félagsmála og umhverfismála og gagnkvæmrar þekkingar og viðskipta milli ríkja og þjóða heims.

Hafa ber í huga að nauðsynlegt traust almennings á opinberum hagtölum byggist að miklu leyti á virðingu fyrir þeim grundvallargildum og meginreglum sem eru undirstaða allra þjóðfélaga sem leitast við að skilja sjálf sig og bera virðingu fyrir rétti þegnanna.

Hafa ber í huga að gæði opinberra hagskýrslna, og þar með áreiðanleiki þeirra upplýsinga sem stjórnvöld, efnahagslíf og almenningur eiga kost á, eru að miklu leyti komin undir samstarfi við einstaklinga, fyrirtæki og aðra um að láta í té viðeigandi og áreiðanleg gögn, sem nauðsynleg eru til tölfræðilegrar úrvinnslu, svo og undir samvinnu notenda og framleiðenda opinberra hagskýrslna um hvernig upplýsingaþörfum notenda skuli fullnægt.

Minnt skal á viðleitni alþjóðastofnana og alþjóðasamtaka, sem fást við hagskýrslugerð, til að koma á stöðlum og samræma hugtök til að auðvelda samanburð milli landa.

Ennfremur skal minnt á yfirlýsingu Alþjóðatölfræðistofnunarinnar um siðareglur í hagskýrslugerð.

Hagskýrslunefndin hefur áður lýst þeirri skoðun sinni að efni Ályktunar C (47), sem Efnahagsstofnun Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu samþykkti 15. apríl 1992, sé mikilvægt hvar sem er í heiminum.

Bent skal á að vinnuhópur sérfræðinga á vegum hagskýrslunefndar Efnahags- og félagsmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna fyrir Asíu og Kyrrahafsríki komst að þeirri niðurstöðu á áttunda fundi sínum í Bangkok í nóvember 1993 að fallast bæri á Grundvallarreglur um opinbera hagskýrslugerð samkvæmt ályktun Efnahagsstofnunar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu og að þær ættu erindi við allar þjóðir.

Ennfremur skal bent á að Samtök afríska skipulagsfræðinga, tölfræðinga og mannfjöldafræðinga ályktuðu á áttunda fundi sínum í Addis Ababa í mars 1994 að Grundvallarreglur um opinbera hagskýrslugerð séu mikilvægar hvar sem er í heiminum.

Grundvallarreglur um opinbera hagskýrslugerð

1. Opinberar hagskýrslur eru ómissandi þáttur í upplýsingakerfi lýðræðisþjóðfélags. Þær veita stjórnvöldum, efnahagslífi og almenningi upplýsingar um stöðu efnahagsmála, um mannfjöldann og stöðu félags- og umhverfismála. Til að þjóna þessum tilgangi skulu hagskýrslustofnanir hins opinbera taka saman opinberar hagskýrslur, sem standast kröfur um hagnýtt notagildi, gera þær aðgengilegar og setja fram á hlutlausan hátt til að tryggja rétt borgaranna til almennra upplýsinga.

2. Til þess að varðveita traust til opinberra hagskýrslna er nauðsynlegt að opinberar hagskýrslustofnanir ákveði á grundvelli strangra faglegra sjónarmiða, þar á meðal um vísindaleg vinnubrögð og siðareglur, hvaða aðferðum og vinnureglum skuli beita við söfnun, úrvinnslu, geymslu og framsetningu á tölulegum upplýsingum.

3. Til þess að auðveldar sé að túlka gögn rétt verða hagskýrslustofnanir að birta upplýsingar samkvæmt vísindalegum stöðlum um heimildir gagnanna og þær aðferðir og vinnubrögð sem beitt er við skýrslugerðina.

4. Hagskýrslustofnanir eiga rétt á að gera athugasemdir við ranga túlkun og misnotkun hagtalna.

5. Tölfræðileg gögn má sækja í margs konar heimildir, hvort heldur er kannanir eða opinberar skrár. Hagskýrslustofnanir verða að velja sér heimildir með hliðsjón af gæðum, tímasetningu, kostnaði og þeirri byrði sem lögð er á skýrslugjafa.

6. Upplýsingar um einstaka aðila sem hagskýrslustofnun safnar til tölfræðilegrar úrvinnslu, hvort sem um er að ræða einstaklinga eða lögaðila, skulu vera algert trúnaðarmál og notaðar eingöngu til hagskýrslugerðar.

7. Lög, reglugerðir og ákvarðanir, sem hagskýrslustofnunum er ætlað að starfa eftir, skulu gerð opinber.

8. Nauðsynlegt er að samhæfa störf innlendra hagskýrslustofnana til þess að samræmi og skilvirkni náist í hagskýrslukerfi hins opinbera.

9. Notkun hagskýrslustofnana í hverju landi á alþjóðlegum hugtökum, flokkunum og aðferðum stuðlar að samræmi og skilvirkni hagskýrslukerfa hins opinbera á öllum stjórnsýslustigum.

10. Samstarf í hagskýrslugerð milli einstakra ríkja og á alþjóðavettvangi stuðlar að því að bæta hagskýrslukerfi í öllum ríkjum.

Grundvallarreglur þessar voru samþykktar á sérstökum fundi Hagskýrslunefndar Sameinuðu þjóðanna 11.–15. apríl 1994 (reglurnar höfðu áður verið samþykktar á 47. fundi Efnahagsstofnunar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu í Genf 15. apríl 1992; Ísland átti aðild að þeirri samþykkt).

Grundvallarreglurnar og forsendur þeirra hafa verið þýddar á íslensku hjá Hagstofu Íslands eftir enska frumtextanum sem birtur er í hinum enska hluta þessara vefsíðna.

Fylgiskjal II.

AUGLÝSING
um gildistöku verklagsreglna í hagskýrslugerð.

(B-deild Stjórnartíðinda nr. 578/2006, útgáfud. 10. júlí 2006.)

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (ESB) hefur samþykkt *verklagsreglur í evrópskri hagskýrslugerð* og gefið þær út sem tilmæli nr. 217/2005. Þessar reglur eru ætlaðar stjórnvöldum ESB og aðildarríkja þess og hagskýrslustofnunum, þ.e. Hagstofu ESB (Eurostat), hagstofum og öðrum stofnunum sem hafa með höndum opinbera hagskýrslugerð í aðildarríkjum ESB.

Hagstofa Íslands tekur ásamt öðrum hagstofum EFTA-ríkjanna fullan þátt í evrópska hagskýrslusamstarfinu á grundvelli EES-samningsins. Tilmælin nr. 217/2005 hafa verið tekin upp í EES-samninginn en í því felst að mælst er til að verklagsreglurnar gildi fyrir íslensk stjórn-

völd, Hagstofu Íslands og aðrar opinberar stofnanir sem fást við opinbera hagskýrslugerð hér á landi.

Verklagsreglurnar, sem birtar eru sem fylgiskjal með auglýsingu þessari, öðlast þegar gildi og skal beita við opinbera hagskýrslugerð hér á landi, sbr. lög um hagstofu Íslands nr. 24/1913.

Hagstofu Íslands, 9. júní 2006.

Halldór Ásgrímsson.

Hallgrímur Snorrason.

Fylgiskjal.

Verklagsreglur í hagskýrslugerð.

Skilgreiningar:

Evrópskar hagskýrslur merkja í þessu skjali hagskýrslur Evrópusambandsins eins og þær eru skilgreindar í reglugerð ráðsins (EB) nr. 322/97 frá 17. febrúar 1997 um hagskýrslur bandalagsins sem eru unnar og gefnar út af hagskýrsluyfirvöldum hvers ríkis og hagskýrsluyfirvöldum sambandsins (Hagstofu Evrópusambandsins) í samræmi við grein 285(2) Rómarsáttmálans.

Hagskýrsluyfirvöld merkja, í hverju ríki, hagstofa ríkisins og aðrar hagskýrslustofnanir, sem eru ábyrgar fyrir að taka saman og miðla evrópskum hagskýrslum, og í Evrópusambandinu, Hagstofa Evrópusambandsins.

Með *evrópska hagskýrslukerfinu* er átt við samstarf Hagstofu Evrópusambandsins, hagstofa ríkjanna og annarra hagskýrslustofnana ríkjanna sem ábyrgar eru fyrir gerð og miðlun evrópskra hagskýrslna í hverju aðildarríki.

Í samræmi við Rómarsáttmálann, sér í lagi grein 285(2) ásamt reglugerð ráðsins (EB) nr. 322/97 frá 17. febrúar 1997 um hagskýrslur bandalagsins, og í samræmi við grundvallarreglur um opinbera hagskýrslugerð sem samþykktar voru af hagskýrslunefnd Sameinuðu þjóðanna 14. apríl 1994, gegna þessar verklagsreglur tvennum tilgangi:

- Að auka traust og tiltrú á sjálfstæði, heiðarleika og ábyrgð, bæði á hagstofum einstakra ríkja og Hagstofu Evrópusambandsins, og á trúverðugleika og gæðum hagskýrslna sem þær taka saman og miðla (þ.e. ytra viðhorf).
- Að stuðla að því að allir sem koma að gerð evrópskra hagskýrslna temji sér bestu alþjóðlegu hagskýrslureglur, aðferðir og verklag til að auka gæði hagskýrslugerðarinnar (þ.e. innra viðhorf).

Verklagsreglurnar eru ætlaðar til beitingar af:

Stjórnvöldum (þ.e. ríkisstjórnum, ráðuneytum, framkvæmdastjórninni og ráðinu) – til að veita þeim leiðbeiningar til að tryggja að hagskýrslustofnanir þeirra séu faglega skipulagðar og hafi bolmagn til að taka saman trúverðugar evrópskar hagskýrslur á þann hátt að sjálfstæði, heiðarleiki og áreiðanleiki þeirra sé tryggður.

Hagskýrsluyfirvöldum og starfsliði þeirra – til að skapa viðmiðun í meginreglum í hagskýrslugerð og fyrir gildi og bestu vinnubrögð sem auðveldar þeim að vinna og miðla samræmdum hagskýrslum í háum gæðaflokki.

Verklagsreglurnar eru ætlaðar til upplýsingar fyrir:

- *Notendur* – til að sýna þeim að hagskýrsluyfirvöld Evrópusambandsins og einstakra ríkja séu óhlutdræg og að hagskýrslurnar, sem þau semja og miðla, séu trúverðugar, hlutlægar og áreiðanlegar.
- *Gagnaveitendur* – til að sýna að gætt sé fyllsta trúnaðar um þær upplýsingar sem þeir láta í té og að óþarfa kröfur séu ekki gerðar til þeirra sem veita þær.

Verklagsreglurnar eru byggðar á *15 meginreglum*. Stjórnvöld og hagskýrsluyfirvöld Evrópusambandsins skuldbinda sig til þess að fara eftir þessum meginreglum og endurskoða framkvæmd þeirra reglubundið með því að leggja mælistikur „góðra vinnubragða“, sem miða skal við, á hverja þessara 15 meginreglna.

Hagskýrsluáætlunarnefndin sem sett var á fót samkvæmt ákvörðun ráðsins 89/382/ESB frá 19. júní 1989 mun fylgjast reglubundið með framkvæmd þessara verklagsreglna á jafningjagrundvelli.

Stofnanaumhverfi.

Stofnanabundnir og skipulagslegir þættir hafa umtalsverð áhrif á skilvirkni og trúverðugleika hagskýrsluyfirvalda sem taka saman evrópskar hagskýrslur og miðla þeim. Það sem máli skiptir er faglegt sjálfstæði, heimildir til gagnasöfnunar, fjárhagslegt bolmagn, hár gæðastaðall, trúnaður í hagskýrslugerð, óhlutdrægni og hlutlægni.

Meginreglur.

1. meginregla: Faglegt sjálfstæði.

Faglegt sjálfstæði hagskýrsluyfirvalda gagnvart öðrum stjórnardeildum eða stofnunum sem annast stefnumótun, stjórnun eða framkvæmd mála, svo og gagnvart einkageiranum, stuðlar að trúverðugleika evrópskra hagskýrslna.

Mælistikur:

- Sjálfstæði hagskýrsluyfirvalda gagnvart stjórnmálaöflum og annarri utanaðkomandi íhlutun við gerð og dreifingu opinberra hagskýrslna sé bundið í lögum.
- Hagstofustjóri sé það hátt settur í embættismannastiganum að hann eigi aðgang að stjórnvöldum og stofnunum framkvæmdarvaldsins. Fagleg hæfni hans sé óvéfengjanleg.
- Hagstofustjóri og, þar sem það á við, yfirmenn undirstofnana, bera ábyrgð á því að evrópskar hagskýrslur séu unnar og þeim miðlað án íhlutunar annarra.
- Hagstofustjóri og, þar sem það á við, yfirmenn undirstofnana, bera einir ábyrgð á ákvörðunum um tölfræðilegar aðferðir, staðla og verklag, um efni frétta og hagtalna og hvenær þær skuli birtar.
- Hagskýrsluáætlanir séu birtar og reglubundnar skýrslur unnar um framgang mála.
- Hagskýrsluútgáfum sé haldið skýrt aðgreindum frá stjórnmála- og stefnuyfirlýsingum.
- Hagstofan geri, eftir því sem við á, opinberlega athugasemdir við hagskýrslumál, þ.m.t. gagnrýni á hagskýrslur og misnotkun þeirra.

2. meginregla: Heimildir til gagnasöfnunar.

Hagstofur verða að hafa skýrar lagaheimildir til að safna upplýsingum til hagskýrslugerðar. Með lögum má skylda stjórnvöld, fyrirtæki, heimili og almenning til að veita hagstofum aðgang að eða láta þeim í té gögn til hagskýrslugerðar.

Mælistikur:

- Heimildir hagstofa til söfnunar gagna til úrvinnslu og miðlunar opinberra hagskýrslna sé lögbundin.
- Hagstofa hafi lagaheimildir til að nota stjórnvaldsgögn til hagskýrslugerðar.
- Hagstofa hafi lagalega heimild til að krefjast svara við tölfræðilegum könnunum.

3. meginregla: Nægilegt bolmagn.

Hagskýrsluyfirvöld skulu hafa nægilegt fjármagn til að standast kröfur um gerð evrópskra hagskýrslna.

Mælistikur:

- Starfslið, fjármagn og tölvubúnaður sé nægur, bæði að magni og gæðum, til að svara kröfum evrópskrar hagskýrslugerðar hverju sinni.
- Umfang, sundurliðun og kostnaður við evrópska hagskýrslugerð sé í samræmi við þarfir.
- Vinnureglur séu tiltækar til að meta þörf fyrir nýja, evrópska hagskýrslugerð miðað við kostnað.
- Vinnureglur séu tiltækar til að meta áframhaldandi þörf fyrir alla þætti evrópskrar hagskýrslugerðar og athuga hvort leggja megi niður einhverja þeirra eða draga úr þeim til að koma að öðrum verkefnum.

4. meginregla: Gæðaskuldbindingar.

Aðilar að evrópska hagskýrslukerfinu skuldbinda sig til að vinna eftir og framfylgja gæðayfirlýsingu þess.

Mælistikur:

- Fylgst sé reglubundið með gæðum hagskýrslna samkvæmt gæðastaðli evrópska hagskýrslukerfisins.
- Vinnureglur séu tiltækar til að fylgjast með gæðum gagnasöfnunar, úrvinnslu og miðlunar.
- Vinnureglur séu tiltækar til að meta gæðamál, þar með talin forgangsröðun með tilliti til gæða, og til að yfirfara skipulag yfirstandandi og nýrra athugana.
- Viðmiðunarreglur gæðamála séu skráðar og starfslið vel þjálfað. Þessar viðmiðunarreglur séu birtar og gerðar aðgengilegar fyrir almenning.
- Helstu hagskýrsluafurðir séu endurmetnar reglulega og ítarlega, með aðstoð utanaðkomandi sérfræðinga þegar við á.

5. meginregla: Trúnaðarkvaðir við hagskýrslugerð.

Fyllilega sé tryggt að friðhelgi gagnaveitenda (heimila, fyrirtækja, stjórnvalda og annarra svarenda) sé virt, að farið sé með upplýsingar sem þeir veita sem trúnaðarmál og þær eingöngu notaðar til hagskýrslugerðar.

Mælistikur:
- Trúnaðarkvaðir við hagskýrslugerð séu lögbundnar.
- Starfslið við hagskýrslugerð undirriti trúnaðarheit við ráðningu.
- Ströng viðurlög séu við trúnaðarbroti af yfirlögðu ráði.
- Reglur og leiðbeiningar séu fyrir hendi um gagnaleynd í úrvinnslu og miðlun. Þessar leiðbeiningar séu birtar skriflega og gerðar almenningi kunnar.
- Efnislegum og tæknilegum ráðstöfunum sé beitt til að tryggja öryggi og heilleika tölfræðilegra gagnasafna.
- Strangar reglur gildi um aðgang utanaðkomandi aðila að tölfræðilegum gögnum um einstaka aðila í rannsóknarskyni.

6. meginregla: Óhlutdrægni og hlutlægni.

Hagstofur verða að vinna evrópskar hagskýrslur og miðla þeim af vísindalegum heilindum og á hlutlægan, faglegan og gagnsæjan hátt svo að allir notendur standi jafnt að vígi.

Mælistikur:
- Hagskýrslur séu byggðar á hlutlægum grunni sem ræðst af tölfræðilegum sjónarmiðum.
- Val á gögnum og aðferðum ráðist af tölfræðilegum sjónarmiðum.
- Villur sem finnast í útgefnum skýrslum séu leiðréttar og leiðréttingarnar birtar svo skjótt sem auðið er.
- Upplýsingar um aðferðir og verklag hagstofa séu almenningi aðgengilegar.
- Birtingardag og -stund hagskýrslufrétta skal tilkynna fyrirfram.
- Allir notendur hafi jafnan aðgang að hagskýrslufréttum og á sama tíma. Forgangur utanaðkomandi að efni þeirra sé takmarkaður, undir eftirliti og gerður opinber. Leki fréttir út ber að endurskoða forgangsheimildir til að tryggja óhlutdrægni.
- Hagskýrslufréttir og yfirlýsingar á fréttamannafundum séu hlutlægar og dragi ekki taum neins.

Starfshættir í hagskýrslugerð.

Fara skal að fullu eftir evrópskum og alþjóðlegum stöðlum, leiðbeiningum og verklagsreglum við skipulag, gagnasöfnun, úrvinnslu og miðlun opinberra hagskýrslna. Orðspor góðs reksturs og skilvirkni við hagskýrslugerð eykur traust á hagskýrslum. Mestu máli skiptir traust aðferðafræði, réttir tölfræðilegir verkferlar, hófleg svarbyrði og hagkvæmur rekstur.

7. meginregla: Traust aðferðafræði.

Gæði hagskýrslna byggjast á traustri aðferðafræði. Þetta krefst haldgóðrar tækni, góðs verklags og sérfræðiþekkingar.

Mælistikur:
- Hjá hagstofu ráðist aðferðafræðileg undirstaða af evrópskum og alþjóðlegum stöðlum, forskriftum og góðu verklagi.
- Tryggt sé á kerfisbundinn hátt að viðurkenndum hugtökum, skilgreiningum og flokkunum sé beitt markvisst innan hagstofunnar.
- Fyrirtækjaskrá og úrtaksrammar einstaklingskannana séu yfirfarnir reglulega og lagfærðir ef nauðsyn krefst til þess að tryggja gæði.

- Innlendar flokkanir og sundurgreiningar séu í fullu samræmi við samsvarandi evrópsk kerfi.
- Háskólamenntað fólk í viðeigandi greinum sé ráðið til starfa.
- Starfslið sæki alþjóðleg námskeið og ráðstefnur eftir því sem við á og leiti samstarfs við starfsystkin sín á alþjóðavettvangi til að læra af þeim fremstu og auka færni sína.
- Skipulegt samstarf sé við vísindasamfélagið til að bæta aðferðafræði og leitað sé utanaðkomandi ráðgjafar þegar henta þykir um gæði og skilvirkni þeirra aðferða sem beitt er.

8. meginregla: Viðeigandi verklag.
Réttu verklagi verður að beita á öllum stigum hagskýrslugerðar til þess að tryggja gæði hennar.

Mælistikur:
- Sé evrópsk hagskýrslugerð byggð á stjórnsýslugögnum verða skilgreiningar og hugtök þeirra að svara nokkurn veginn til þess sem krafist er í tölfræðilegum tilgangi.
- Spurningalistar kannana séu prófaðir skipulega áður en þeim er beitt til gagnasöfnunar.
- Snið kannana, úrtök og úrtaksvogir byggist á traustum grunni og þær yfirfarnar, endurskoðaðar og uppfærðar reglulega.
- Söfnun, skráning og kóðun gagna sé háð reglubundnu eftirliti og endurskoðuð eftir þörfum.
- Beitt sé viðeigandi tölvutækni til gagnahreinsunar og tilreiknunar gagna og hún endurmetin og endurnýjuð eftir þörfum.
- Endurskoðun á niðurstöðum fylgi viðurkenndu, traustu og gagnsæju verklagi.

9. meginregla: Hófleg svarbyrði gagnaveitenda.
Svarbyrði skal vera í samræmi við þarfir notenda og ekki íþyngja svarendum óhóflega. Hagstofur fylgist með svarbyrðinni og setji sér það markmið að draga úr henni með tímanum.

Mælistikur:
- Kröfur evrópskrar hagskýrslugerðar um umfang og sundurliðun takmarkist við það sem talið er algerlega nauðsynlegt.
- Svarbyrðinni sé dreift eins og kostur er með viðeigandi úrtaksaðferðum.
- Upplýsingar sem leitað er frá fyrirtækjum, miðist eftir því sem unnt er, við það sem er tiltækt í bókhaldi þeirra, og tölvutækni beitt, þegar þess er kostur, til að auðvelda gagnaskil.
- Besta mat og áætlanir skulu teknar gildar þegar ekki er auðvelt að afla nákvæmra, sundurliðaðra gagna.
- Stjórnsýslugögn séu jafnan notuð þegar þau eru tiltæk til að koma í veg fyrir að beðið sé oft um sömu upplýsingar.
- Hagskýrslustofnanir hagnýti gögn sameiginlega til að koma í veg fyrir óþarfar kannanir.

10. meginregla: Hagkvæmni í rekstri.
Fjármunir skulu nýttir af ýtrustu hagkvæmni.

Mælistikur:
- Notkun fjármuna hagstofu skal háð innra eftirliti og óháðu ytra eftirliti.

- Einhæf skrifstofustörf (svo sem skráning, kóðun og yfirferð gagna) séu gerð sjálfvirk eftir því sem kostur er.
- Afkastageta í upplýsinga- og samskiptatækni sé nýtt eins og kostur er til gagnasöfnunar, úrvinnslu og miðlunar.
- Áhersla sé lögð á að gera stjórnsýslugögn þannig úr garði að þau séu tæk til hagskýrslugerðar svo að ekki þurfi beinar, kostnaðarsamar kannanir.

Gagnsemi hagskýrslna.

Hagskýrslur verða að uppfylla þarfir notenda. Hagskýrslur skulu fylgja gæðastöðlum evrópska hagskýrslukerfisins og gagnast stofnunum Evrópusambandsins, ríkisstjórnum aðildarríkjanna, rannsóknarstofnunum, fyrirtækjum og almenningi. Mestu máli skiptir að hvaða marki hagskýrslurnar eru hagnýtar, nákvæmar og áreiðanlegar, tímanlegar, samfelldar, samanburðarhæfar milli svæða og ríkja og aðgengilegar notendum.

11. meginregla: Notagildi.

Evrópskar hagskýrslur verða að fullnægja þörfum notenda.

Mælistikur:

- Á skipulagðan hátt sé ráðgast við notendur um mikilvægi og notagildi fyrirliggjandi hagskýrslugerðar, um nýjar þarfir fyrir hagskýrslur og áherslur í forgangsröðun verkefna.
- Verkáætlanir greini brýnustu þarfir og hvernig þeim skuli fullnægt.
- Notendakannanir séu gerðar með reglubundnu millibili.

12. meginregla: Nákvæmni og áreiðanleiki.

Evrópskar hagskýrslur skulu lýsa raunveruleikanum á nákvæman og áreiðanlegan hátt.

Mælistikur:

- Hrágögn, niðurstöður á vinnslustigi og hagskýrsluafurðir séu metnar og sannreyndar.
- Úrtaksskekkjur og aðrar skekkjur séu metnar og skráðar kerfisbundið samkvæmt gæðareglum evrópska hagskýrslukerfisins.
- Endurskoðanir hagtalna sæti reglubundnum athugunum og greiningu og niðurstöðurnar notaðar til að bæta verkferla í hagskýrslugerð.

13. meginregla: Skjótvirkni og stundvísi.

Evrópskum hagskýrslum skal miðlað svo fljótt sem kostur er og á tilsettum tíma.

Mælistikur:

- Skýrslur séu birtar jafnfljótt og gert er ráð fyrir í evrópska hagskýrslukerfinu og alþjóðlegu samstarfi.
- Hagskýrslufréttir séu jafnan birtar á sama tíma á deginum.
- Tíðni evrópskra hagskýrslna miðist við þarfir notenda eftir því sem við verður komið.
- Öll frávik frá birtingaráætlun séu auglýst fyrirfram, þau skýrð og nýr birtingartími tilkynntur.
- Birta má bráðabirgðaniðurstöður af ásættanlegum gæðum þegar það er talið gagnlegt.

14. meginregla: Samræmi og samanburðarhæfni.

Evrópskar hagskýrslur skulu vera sjálfum sér samkvæmar, samfelldar frá tímabili til tímabils og samanburðarhæfar milli svæða og ríkja. Hægt skal vera að tengja og samnýta skyld gögn af mismunandi uppruna.

Mælistikur:

- Hagskýrslur séu innbyrðis samræmdar og sjálfum sér samkvæmar (til dæmis sé gerður greinarmunur á reiknuðum niðurstöðum og bókhaldsniðurstöðum).
- Hagskýrslur séu samfelldar og sambærilegar frá einum tíma til annars.
- Hagskýrslur séu byggðar á sömu stöðlum hvað snertir umfang, skilgreiningar, einingar og flokkanir í mismunandi könnunum og gagnauppsprettum.
- Niðurstöður úr mismunandi könnunum og gögnum séu bornar saman og samræmdar.
- Samanburðarhæfni gagna milli þjóða sé tryggð með reglubundnum samskiptum evrópska hagskýrslukerfisins og annarra hagskýrslukerfa. Aðferðafræðilegar athuganir fari fram í náinni samvinnu milli hagstofa aðildarríkja og Hagstofu Evrópusambandsins.

15. meginregla: Aðgengi og skýrleiki.

Evrópskar hagskýrslur skulu settar fram á skýru og auðskildu formi, þeim skal miðlað á hagkvæman og hentugan hátt, hafðar tiltækar og aðgengilegar á hlutlausum grunni og vera studdar lýsigögnum og leiðbeiningum.

Mælistikur:

- Framsetning hagskýrslna gefi færi á réttri túlkun og raunhæfum samanburði.
- Við miðlun hagtalna sé beitt nýjustu upplýsinga- og samskiptatækni og, ef við á, hefðbundnu prentverki.
- Sérsniðin greining skal látin í té eftir föngum og hún gerð opinber.
- Veita má aðgang að gögnum um einstaka aðila í rannsóknarskyni eftir ströngum reglum þar að lútandi.
- Lýsigögn séu skjalfest í samræmi við stöðluð lýsigagnakerfi.
- Notendur séu upplýstir um aðferðafræði við gerð hagskýrslna og gæði hagskýrsluafurða með tilliti til gæðastaðla evrópska hagskýrslukerfisins.

Hagstofa Íslands, 9. júní 2006.

Fylgiskjal III.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð.

Með lögum nr. 109/2007, um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, var meðal annars ákveðið að leggja Hagstofu Íslands niður sem ráðuneyti frá og með 1. janúar 2008. Við niðurfellingu á ráðuneytisstöðu Hagstofunnar falla jafnframt úr gildi ákvæði reglugerðar um Stjórnarráð Íslands er varða málefni Hagstofu Íslands. Gildandi lög um Hagstofu

Íslands eru að stofni til gömul og tilgangur þessa frumvarps er að búa Hagstofu Íslands og opinberri hagskýrslugerð viðhlítandi lagagrundvöll sem sjálfstæðri ríkisstofnun í samræmi við raunverulegt hlutverk og starfsemi Hagstofunnar. Ekki er í frumvarpinu gert ráð fyrir breytingum á starfsemi Hagstofunnar frá því sem nú er og verður því ekki séð að lögfesting frumvarpsins leiði til aukins kostnaðar fyrir ríkissjóð.

130. Frumvarp til laga [129. mál]

um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Við greinina bætast eftirfarandi orðskýringar í réttri stafrófsröð:
   1. *Neyðarsamstarf raforkukerfisins:* Samvinnuvettvangur vinnslufyrirtækja, flutningsfyrirtækis, dreifiveitna, stórnotenda og opinberra aðila á Íslandi vegna vár sem steðjar að vinnslu, flutningi eða dreifingu raforku og/eða stórnotendum. Nánar er kveðið á um starfsemina í samstarfsgrunni neyðarsamstarfs raforkukerfisins.
   2. *Neyðarstjórnun:* Skipulag sem lýsir stjórnun í vá.
   3. *Vá:* Atburður sem ógnar almannahag, öryggi fólks, mannvirkja og starfsemi, og kallar á að neyðarstjórnun verði gerð virk. Atburðurinn getur valdið stórfelldum truflunum á raforkuflutningi, framleiðslu eða dreifingu raforku á tilteknu svæði.
   4. *Viðbragðsáætlun:* Áætlun sem gerir grein fyrir aðgerðum og tengiliðum viðkomandi aðila í vá. Nánar er kveðið á um efni hennar í reglugerð.
b. Í stað „14 MW“ í 15. tölul. kemur: 8 MW.

2. gr.

Við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Vinnslufyrirtæki skulu hafa tiltækar viðbragðsáætlanir við vá.

3. gr.

5. tölul. 4. mgr. 9. gr. laganna orðast svo: Hafa tiltækar viðbragðsáætlanir og annast samræmingu neyðaraðgerða í flutningskerfinu, bregðast við í vá og ef einhver aðili að neyðarsamstarfi raforkukerfisins óskar þess og tryggja tengsl við yfirstjórn almannavarna.

4. gr.

Á eftir 4. mgr. 16. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Dreifiveitur skulu hafa tiltækar viðbragðsáætlanir við vá og taka þátt í neyðarsamstarfi raforkukerfisins þegar við á.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 31. gr. laganna:

a. Í stað „0,3 aurum“ í 1. tölul. 1. mgr. kemur: 0,2 aurum.

b. Í stað „0,7 aurum“ í 2. tölul. 1. mgr. kemur: 0,5 aurum.
c. 3. mgr. orðast svo:
Orkustofnun skal annast innheimtu gjalda þessara fyrir ríkissjóð. Gjalddagi skal vera 1. mars ár hvert vegna þess almanaksárs og byggjast á rauntölum vegna liðins árs. Aðför má gera til fullnustu kröfum um gjaldið án undangengins dóms, úrskurðar eða sáttar.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum, þ.e. breyting á skilgreiningu laganna á stórnotanda, lögbinding á verkefnum tengdum neyðarsamstarfi raforkukerfisins og breytingar á fjárhæð gjalds vegna eftirlits samkvæmt lögunum.

II. Neyðarsamstarf raforkukerfisins.

Almennt.

Raforkukerfi landsins er lífæð þjóðfélagsins og öruggur rekstur þess er grundvöllur allrar annarrar starfsemi í þjóðfélaginu. Mjög mikilvægt er því að allir þættir rekstursins séu vel skilgreindir jafnt hvað varðar daglega starfsemi sem og viðbrögð við hvers konar áföllum. Stórfelld áföll í raforkukerfinu hvort heldur er hjá vinnslufyrirtækjum, dreifiveitum eða flutningsfyrirtæki geta lamað þjóðfélagið og haft stórfelld áhrif á fjárfestingar landsmanna og um leið þjóðarhag. Einnig geta áföll vegna bilana hjá einstökum stórnotendum haft töluverð áhrif á þjóðarhag.

Sérhvert flutningsfyrirtæki, vinnslufyrirtæki, dreifiveita og stórnotandi sinnir öryggisstjórnun/öryggismálum sínum í samræmi við lög og reglugerðir og þær kröfur sem þau setja sér. Nokkuð mismunandi er hvort fyrirtækin hafa sérstaklega hugað að neyðarstjórnun og fer það nokkuð eftir staðsetningu og umfangi starfsemi þeirra.

Hlutverk Landsnets.

Með raforkulögum, nr. 65/2003, breyttist hlutverk Landsvirkjunar við það að framleiðsla og rekstur raforkuflutningskerfisins voru aðskilin. Rekstur flutningskerfisins og kerfisstjórnun er nú í höndum Landsnets, sbr. reglugerð nr. 1051/2004. Fram að gildistöku laganna hafði Landsvirkjun með höndum kerfisstjórn og samræmingu viðbragða við hvers konar truflunum, þar á meðal viðbragða við hamförum og hvers konar stórbilunum í samráði við fulltrúa veitna í stjórnstöð Almannavarna ríkisins. Í stjórnstöð almannavarna ríkisins átti áður sæti fulltrúi veitustofnana og fór Rarik um árabil með það hlutverk. Í nýrri samhæfingarstöð almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra hefur sæti fulltrúa raforkukerfisins ekki verið mannað enn sem komið er. Þar sem Landsnet hefur nú tekið við rekstri og kerfisstjórnun raforkukerfisins af Landsvirkjun má telja eðlilegt að Landsnet taki einnig við þessu samræmingarhlutverki.

Í raforkulögum og reglugerðum þeim tengdum er ekki fjallað um þætti sem lúta að neyðarstjórnun eða hver sé ábyrgur fyrir skipulagningu og samræmingu viðbragða við neyð í raforkukerfinu.

Lög um almannavarnir, nr. 94/1962, með síðari breytingum, fjalla um neyðarviðbrögð og er þar öll samræming og stjórnun í höndum almannavarna. Þess er getið að almannavarnir geti lagt kvöð á fyrirtæki um skipulag viðbragða við sérstakar aðstæður (IV. kafli, Einkavarnir, 15. gr.). Þetta á þó einungis við ef um almannavá er að ræða.

Neyðarsamstarf raforkukerfisins (NSR).

Mikilvægi neyðarsamstarfs raforkukerfisins fyrir þjóðarhag er augljóst. Þar sem raforkukerfi Íslands er ótengt raforkukerfum annarra landa og á landinu má búast við náttúruhamförum af ýmsu tagi er enn mikilvægara en ella að kerfið sé fært um að takast á við stórfelldar truflanir á starfsemi þess.

Ekki er síður mikilvægt að huga að neyðarsamstarfi raforkukerfisins komi til stórfelldra bilana hjá vinnslufyrirtækjum, flutningsaðilum, dreifiveitum eða hjá stórnotendum. Slíkt gæti stytt verulega viðbragðstíma aðgerða í formi gagnkvæmrar aðstoðar er varðar varahluti og mannauð.

Undirbúningur Neyðarsamstarfs raforkukerfisins.

Í lok maí 2005 hafði Landsnet frumkvæði að fundi með hagsmunaaðilum innan raforkugeirans. Á fundinum voru fulltrúar stærstu vinnslufyrirtækja á landinu, Orkustofnunar, Samorku, stóriðju og ríkislögreglustjóra. Fundarmenn voru sammála um mikilvægi samræmdrar skipulagningar og samstarfs og var Landsneti falið að sjá um verkefnið áfram.

Meðal mikilvægra verkefna neyðarsamstarfs raforkukerfisins eru samræming neyðarviðbragða framleiðenda, flutningsaðila, dreifiveitna og stórnotenda og samvinna við opinbera aðila svo sem almannavarnir, m.a. val fulltrúa í samhæfingarstöð almannavarna, uppbygging neyðarfjarskipta, skipulagning viðbragðssveita, auk æfinga. Ekki er síður mikilvægt að koma upp sameiginlegum gagnagrunni þar sem aðilar geta nálgast á skjótan hátt varahluti og mannafla sem hjálpað gæti aðilum í neyð.

Forsvarsmenn Landsnets lögðu til við iðnaðarráðuneytið í september 2006 að formlegur stuðningur ráðuneytisins fengist við að koma neyðarsamstarfi raforkukerfisins á fót og lýstu sig reiðubúna til að sjá um þessa vinnu áfram og leggja til að hraðað verði ákvarðanatöku um skipulag og fjármögnun neyðarsamstarfs raforkukerfisins ásamt lagalegum stoðum þess þannig að unnt verði að vinna áfram að verkefninu og með því lágmarka hugsanlegt tjón sem hlotist getur af stórfelldum truflunum eða bilunum.

Í byrjun nóvember 2006 var formlegur stofnfundur NSR haldinn og voru þátttakendur eftirtaldir: Alcan, Alcoa Fjarðaál, Hitaveita Suðurnesja, iðnaðarráðuneyti, Járnblendiverksmiðjan, Landsnet, Landsvirkjun, Norðurál, Norðurorka, Orkubú Vestfjarða, Orkustofnun, Orkuveita Reykjavíkur, Rarik, ríkislögreglustjóri, Samorka.

Allir framangreindir aðilar hafa um árabil átt með sér gott samstarf á vettvangi raforkumála og eru sammála um gagnsemi og nauðsyn samvinnuvettvangs um neyðarsamstarf raforkukerfisins.

Á fundinum var skipað í vinnuhópa til að vinna að skipulagi samstarfsvettvangsins, tillögum að lagabreytingum og að uppbyggingu gagnagrunns. Frumvarp þetta byggist á tillögum vinnuhóps NSR um lagabreytingar.

III. Eftirlitsgjald.

Í 1. mgr. 31. gr. raforkulaga er kveðið á um að til að standa undir kostnaði vegna eftirlits samkvæmt lögunum skuli flutningsfyrirtækið og dreifiveitur greiða gjald af raforku sem fer

um kerfi þessara aðila. Gjaldið á flutningsfyrirtækið nemur 0,3 aurum á hverja kWst en dreifiveitur greiða 0,7 aura á hverja kWst. Orkustofnun annast innheimtu gjaldsins sem rennur í ríkissjóð.

Tekjur ríkissjóðs af eftirlitsgjaldi og raunkostnaður Orkustofnunar af eftirlitinu hefur verið eftirfarandi:

Ár	Eftirlitsgjald (millj. kr.)	Kostnaður Orkustofnunar (millj. kr.)
2003	21,5	17,2*
2004	44,1	50,0
2005	46,1	37,8
2006	51,4	37,3
2007	60,1	17,4*

* Hálft ár.

Eins og sést hafa tekjur af gjaldinu farið hækkandi frá setningu raforkulaga, sem einkum verður rakið til aukinnar raforkuframleiðslu vegna stóriðju. Á hinn bóginn sést að breytingar á kostnaði Orkustofnunar við eftirlitið hafa verið óverulegar, ef árið 2004 er undanskilið. Eftirlitsgjaldið er því orðið nokkuð umfram kostnað vegna eftirlits Orkustofnunar og hefur svo verið undanfarin ár að undanskildu árinu 2004.

Í 1. mgr. 31. gr. kemur skýrt fram að gjaldinu sé ætlað að standa undir kostnaði við eftirlit samkvæmt raforkulögum. Í ljósi þessa óskaði ráðuneytið eftir því að Orkustofnun gerði tillögu um breytingu á fjárhæð eftirlitsgjaldsins í ljósi þeirra breytinga sem orðið hafa á raforkuframleiðslu og raforkunotkun. Stofnunin leggur til að gjaldið á flutningsfyrirtækið verði 0,2 aurar á kWst en dreifiveitum verði gert að greiða 0,5 aura á kWst.

Samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila hefur lagt til að gjaldtaka sé miðuð við rauntölur liðins árs, þar sem sveiflur í raforkunotkun eru að jafnaði ekki umtalsverðar. Þá hefur nefndin bent á að heppilegra sé að hafa gjalddaga fyrr á almanaksárinu, sem næst upphafi árs. Í frumvarpinu er lagt til að gerðar verði breytingar á þessum atriðum. Annars vegar er lagt til að miðað verði við rauntölur liðins árs og hins vegar að gjalddagi verði 1. febrúar.

Ráðuneytið óskaði eftir endurskoðun á gjaldtökuákvæði 1. mgr. 31. gr. laganna og í ljós hefur komið að unnt er að lækka bæði gjaldstofn þann sem lagður er á framangreind fyrirtæki. Annars vegar er um að ræða lækkun á gjaldstofni flutningsfyrirtækisins sem nemur um 0,1 eyri á hverja kWst sem mötuð er inn á flutningskerfið. Hins vegar er um að ræða lækkun á gjaldstofni dreifiveitna sem nemur um 0,2 aurum á hverja kWst af raforku sem móttekin er frá flutningskerfi eða beint frá virkjunum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í raforkulögum er kveðið á um að stórnotandi sé notandi sem notar á einum stað a.m.k. 14 MW afl með árlegum nýtingartíma 8.000 stundir eða meira. Þeir sem nota svo mikið magn orku geta tengst flutningskerfi raforku beint en ekki um dreifiveitu og greiða fyrir flutning raforkunnar samkvæmt gjaldskrá fyrir stórnotendur.

Til þessa hafa eingöngu stóriðjuver fallið undir skilgreiningu stórnotanda. Hins vegar hafa aðrir aðilar með háan nýtingartíma sýnt áhuga á að koma upp starfsemi hér á landi, svo sem netþjónabú. Þótt slík starfsemi hafi háan nýtingartíma getur hún verið nokkuð undir þeim

aflmörkum sem lögin kveða á um nú. Til að tryggja þessum aðilum svipaða stöðu og öðrum stóriðjufyrirtækjum er lagt til að aflmörk verði lækkuð úr 14 MW í 8 MW.

Greinin þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 2. gr.

Til að tryggja sem skjótust og markvissust viðbrögð við vá og lágmarka þannig þá truflun sem af henni kann að hljótast er nauðsynlegt að vinnslufyrirtæki hafi skráð verklag í viðbragðsáætlun.

Um 3. gr.

Til að tryggja sem skjótust og markvissust viðbrögð við vá og lágmarka þannig þá truflun á flutningskerfið sem af henni kann að hljótast er nauðsynlegt að kerfisstjórnandi hafi skilgreint hlutverk sem samræmingaraðili aðgerða við rekstur flutningskerfisins og hafi auk þess skráð verklag í viðbragðsáætlun.

Um 4. gr.

Til að tryggja sem skjótust og markvissust viðbrögð við vá og lágmarka þannig þá truflun sem af henni kann að hljótast er nauðsynlegt að dreifiveita hafi skráð verklag í viðbragðsáætlun.

Þegar vá steðjar að dreifikerfi viðkomandi dreifiveitu ber henni að taka þátt í samstarfi

Um 5. gr.

Í ákvæðinu eru lagðar til breytingar á annars vegar 1. og 2. tölul. 1. mgr. 31. gr. laganna og hins vegar 3. mgr. sama ákvæðis.

Í samræmi við ábendingar Samorku og útreikninga Orkustofnunar er í ákvæðinu lagður til breyttur gjaldstofn vegna eftirlits Orkustofnunar. Í fyrsta lagi er lagt til að flutningsfyrirtæki greiði gjald af raforku sem er mötuð inn á flutningskerfið sem nemur 0,2 aurum á hverja kWst en að óbreyttu nemur það gjald 0,3 aurum á samsvarandi einingu. Í öðru lagi er lagt til að dreifiveitur greiði gjald af raforku sem er móttekin frá flutningskerfi eða beint frá virkjunum sem nemur 0,5 aurum á hverja kWst en að óbreyttu nemur það gjald 0,7 aurum á samsvarandi einingu.

Hvað varðar tillögur þær sem snerta 3. mgr. er lögð til einföldun gjaldtökunnar. Þannig er að óbreyttu kveðið á um að gjalddagi skuli vera 1. ágúst ár hvert vegna þess almanaksárs og byggjast á rauntölum vegna fyrri helmings ársins en áætlun fyrir seinni helminginn. Í frumvarpi þessu er hins vegar lögð til sú einföldun að gjalddagi skuli vera 1. febrúar ár hvert vegna þess almanaksárs. Um leið er vikið frá þeirri framkvæmd að við álagningu næsta árs skuli taka tillit til frávika rauntalna frá áætlun fyrir seinni helming liðins árs. Ekki eru hins vegar lagðar til breytingar á málsgreininni að öðru leyti.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum.

Markmið frumvarpsins er annars vegar að lögbinda verkefni og hlutverk neyðarsamstarfs raforkukerfisins og hins vegar að gera breytingar á ákvæði 31. gr. laganna, þ.e. gjaldtöku vegna eftirlits samkvæmt lögunum.

Í 31. gr. raforkulaga er kveðið á um að til að standa undir kostnaði vegna eftirlits samkvæmt lögunum skuli flutningsfyrirtæki og dreifiveitur greiða gjald af raforku sem fer um kerfi þessara aðila. Orkustofnun annast innheimtu gjaldsins fyrir ríkissjóð og hefur eftirlit með því að fyrirtæki sem starfa samkvæmt þessum lögum fullnægi þeim skilyrðum sem um starfsemina gilda. Í frumvarpinu er lagt til að það gjald sem flutningsfyrirtæki greiða lækki úr 0,3 aurum á hverja kWst í 0,2 aura og að það gjald sem dreifiveitur greiða lækki úr 0,7 aurum á hverja kWst í 0,5 aura. Frá setningu raforkulaga hafa tekjur af eftirlitsgjaldinu farið hækkandi vegna aukinnar raforkuframleiðslu en breytingar á kostnaði Orkustofnunar vegna eftirlitsins hafa hins vegar verið óverulegar. Mismunur hefur því verið á milli tekna eftirlitsgjaldsins og kostnaðar Orkustofnunar. Árið 2005 nam þessi mismunur 8,3 m.kr. og 17,1 m.kr. árið 2006. Með frumvarpinu er leitast við að láta tekjur af eftirlitsgjaldinu og kostnað Orkustofnunar við eftirlitið standast á.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum mun það ekki hafa áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

131. Frumvarp til laga [130. mál]

um breytingu á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. ÞÁTTUR

Breytingar vegna flutnings sveitarstjórnarmála til samgönguráðuneytis.

I. KAFLI

Breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998, með síðari breytingum.

1. gr.

a. Í stað orðsins „Félagsmálaráðuneytið“ í 1. mgr. 2. gr. og 6. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I við lögin kemur: Samgönguráðuneytið.
b. Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ í 3. mgr. 73. gr. og 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I við lögin kemur: samgönguráðherra.

II. KAFLI

Breyting á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum.

2. gr.

a. Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ í 15., 16. og 18. gr. laganna kemur: samgönguráðherra.
b. Í stað orðsins: „félagsmálaráðuneytisins“ í 16. gr. laganna kemur: samgönguráðuneytisins.

III. KAFLI

Breyting á lögum um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, með síðari breytingum.

3. gr.

a. Í stað orðsins „félagsmálaráðuneytið“ í 2. mgr. 1. gr., 8. gr., 1. mgr. 42. gr. og 1. og 2. mgr. 46. gr. laganna kemur: samgönguráðuneytið.
b. Í stað orðsins „félagsmálaráðuneytisins“ í 3. mgr. 93. gr. og 3. mgr. 98. gr. laganna kemur: samgönguráðuneytisins.

IV. KAFLI

Breyting á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54/1971.

4. gr.

a. Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: samgönguráðherra.
b. Í stað orðsins „félagsmálaráðuneytinu“ í 4. mgr. 6. gr. laganna kemur: samgönguráðuneytinu.

V. KAFLI

Breyting á lögum um Bjargráðasjóð, nr. 146/1995, með síðari breytingum.

5. gr.

a. Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 1. og 2. málsl. 2. gr. laganna kemur: Samgönguráðherra.
b. Í stað orðsins „félagsmálaráðuneytið“ í 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: samgönguráðuneytið.

VI. KAFLI

Breyting á lögum um gatnagerðargjald, nr. 153/2006.

6. gr.

Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ í 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: samgönguráðherra.

VII. KAFLI

Breyting á lögum um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga, nr. 150/2006.

7. gr.

Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ í ákvæði til bráðabirgða IV við lögin kemur: samgönguráðherra.

VIII. KAFLI

Breyting á lögum um húsaleigubætur, nr. 138/1997.

8. gr.

Á eftir orðunum „Samband íslenskra sveitarfélaga“ í 21. gr. laganna kemur: og samgönguráðuneytið.

IX. KAFLI

Breyting á lögum um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, nr. 53/1995.

9. gr.

Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ í 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: samgönguráðherra.

X. KAFLI

Breyting á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49/1997.

10. gr.

Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ í 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: samgönguráðherra.

XI. KAFLI

Breyting á lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998.

11. gr.

Orðið „félagsmálaráðherra“ í 1. mgr. 4. gr. laganna fellur brott.

XII. KAFLI

Breyting á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum.

12. gr.

Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ í 2. mgr. 12. gr. a laganna kemur: samgönguráðherra.

2. ÞÁTTUR

Breytingar vegna flutnings ferðamála til iðnaðarráðuneytis.

XIII. KAFLI

Breyting á lögum um skipan ferðamála, nr. 73/2005.

13. gr.

Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 2. gr., 2. mgr. 3. gr., 2. mgr. 17. gr. og 4. mgr. 18. gr. laganna kemur: iðnaðarráðherra.

3. ÞÁTTUR

Breytingar vegna flutnings alferða til viðskiptaráðuneytis.

XIV. KAFLI

Breyting á lögum um alferðir, nr. 80/1994, með síðari breytingum.

14. gr.

Í stað orðsins „Samgönguráðherra“ í 16. gr. laganna kemur: Viðskiptaráðherra.

4. ÞÁTTUR

Breytingar vegna flutnings landbúnaðarskóla til menntamálaráðuneytis.

XV. KAFLI

Breyting á lögum um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999, með síðari breytingum.

15. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Menntastofnanir landbúnaðarins lúta yfirstjórn menntamálaráðherra, sbr. einnig lög nr. 63/2006, um háskóla, og lög nr. 80/1996, um framhaldsskóla.

16. gr.

Í stað orðsins „Landbúnaðarráðherra“ í 1. mgr. 5. gr., 2. mgr. 23. gr., 1. mgr. 25. gr., 2. mgr. 31. gr., 32. gr., 1. og 2. mgr. 35. gr. og 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna kemur: Menntamálaráðherra.

17. gr.

2. mgr. 10. gr. laganna fellur brott.

18. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

II. kafli laga nr. 63/2006, sem fjallar um viðurkenningu háskóla, gildir um menntastofnanir landbúnaðarins.

19. gr.

13. gr. laganna orðast svo:

III. kafli laga nr. 63/2006, sem fjallar um námsframboð og prófgráður í háskólum, gildir um menntastofnanir landbúnaðarins.

20. gr.

14. gr. laganna orðast svo:

Viðmið, útgefin af menntamálaráðherra skv. 5. gr. laga nr. 63/2006, gilda um æðri menntun og prófgráður sem menntastofnanir landbúnaðarins veita.

21. gr.

Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 3. mgr. 27. gr. og 4. mgr. 34. gr. laganna kemur: menntamálaráðuneytis.

22. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

Þeir sem við gildistöku bráðabirgðaákvæðis þessa eru skipaðir í háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands og Hólaskóla halda sætum sínum út skipunartímann, nema önnur skipan verði ákveðin. Láti fulltrúi af setu í háskólaráði á skipunartímanum skipar menntamálaráðherra annan í hans stað á grundvelli tilnefningar eftir því sem við á.

Ákvæði um háskólaráð og stjórnskipan Landbúnaðarháskóla Íslands og Hólaskóla skulu endurskoðuð með tilliti til rammalaga um háskóla.

5. ÞÁTTUR

Breytingar vegna flutnings landgræðslu og skógræktar, að undanskilinni ræktun nytjaskóga, til umhverfisráðuneytis og breytingar er lúta að því að skýra valdmörk sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis og umhverfisráðuneytis.

XVI. KAFLI

Breyting á lögum um landgræðslu, nr. 17/1965, með síðari breytingum.

23. gr.

Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 1. mgr. 3. gr. og 13. gr. laganna kemur: umhverfisráðherra.

XVII. KAFLI

Breyting á lögum um skógrækt, nr. 3/1955, með síðari breytingum.

24. gr.

1. málsl. 2. gr. laganna orðast svo: Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn skógræktarmála samkvæmt lögum þessum, sbr. þó ákvæði IV. kafla.

25. gr.

Við 24. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fer með þau málefni er varða ræktun nytjaskóga á bújörðum sem fjallað er um í IV. kafla.

26. gr.

a. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 4. málsl. b-liðar 28. gr. og 3. mgr. 29. gr. laganna kemur: sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.
b. Í stað orðsins „landbúnaðarráðuneytið“ í 31. gr. laganna kemur: sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið.
c. Í stað orðsins „Ráðherra“ í 34. gr. laganna kemur: Umhverfisráðherra.

XVIII. KAFLI

Breyting á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, með síðari breytingum, sbr. lög nr. 58/2007.

27. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 41. gr. laganna:

a. 2. málsl. 3. mgr. orðast svo: Ráðherra er heimilt að gera samninga við ríkisstofnanir og/eða einkaaðila um að annast verkefni við úttekt og eftirlit á landi sem nýtt er við gæðastýrða framleiðslu.
b. Orðin „og Landgræðslu ríkisins“ í 3. málsl. 3. mgr. falla brott.
c. 4. málsl. 3. mgr. fellur brott.

XIX. KAFLI

Breyting á lögum um dýravernd, nr. 15/1994.

28. gr.

2. mgr. 11. gr. laganna orðast svo:

Umhverfisráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari fyrirmæli um flutning á dýrum öðrum en búfé að höfðu samráði við Matvælaeftirlitið.

29. gr.

2. mgr. 14. gr. laganna orðast svo:

Umhverfisráðherra er heimilt , að höfðu samráði við Matvælaeftirlitið, að setja í reglugerð nánari fyrirmæli um hvernig staðið skuli að aflífun dýra annarra en búfjár.

XX. KAFLI

Breyting á lögum um búfjárhald o.fl., nr. 103/2002, með síðari breytingum.

30. gr.

Við 17. gr. laganna bætast tveir nýir töluliðir er orðast svo:

5. Reglugerð um flutning búfjár. Í reglugerðinni skulu m.a. sett fyrirmæli er tryggja velferð búfjár í tengslum við flutninga. Þá skal setja fram kröfur um flutning búfjár frá brottfararstað til áfangastaðar, þ.m.t. hleðsla, umferming og afferming, og um þær kröfur sem gerðar eru til flutningstækja sem flytja búfé auk hleðslubúnaðar. Heimilt er að setja reglur um flutningsskilríki flutningsaðila, skyldur gæsluaðila með búfé, sérstök leyfi flutningsaðila sem veitt verða af Matvælaeftirlitinu og reglur til að skylda aðila sem vinna við flutning á búfé til að sækja námskeið. Við setningu reglugerðar um flutning búfjár skal aflað umsagnar Umhverfisstofnunar.
6. Reglugerð um aflífun búfjár. Í reglugerðinni skal m.a. kveðið á um að búfé skuli aflífað með skjótum og sársaukalausum hætti og án þess að önnur dýr verði þess vör, sem og að búfé skuli ávallt svipt meðvitund áður en blóðtæming fer fram. Þá skal setja í reglugerðina fyrirmæli um hvernig nánar verði staðið að meðferð, skoðun og aflífun búfjár í sláturhúsum og utan sláturhúsa, svo og vegna aflífunar búfjár vegna sjúkdómavarna. Heimilt er að setja kröfur um fræðslu og hæfi aðila sem vinna við aflífun búfjár, t.d. um skyldu til að sækja námskeið. Við setningu reglugerðar um aflífun búfjár skal aflað umsagnar Umhverfisstofnunar.

XXI. KAFLI
Breyting á lögum um innflutning dýra, nr. 54/1990, með síðari breytingum.

31. gr.

Við 5. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Með umsókn um leyfi til innflutnings á nýjum dýrategundum skal fylgja áhættumat sem umsækjandi um leyfi hefur aflað. Í áhættumati skal m.a. meta hættu á því hvort viðkomandi tegund geti sloppið út í umhverfið og þá hvaða áhrif það kunni að hafa á lífríkið.

Ráðherra er heimilt, að höfðu samráði við umhverfisráðherra, að setja í reglugerð nánari fyrirmæli um það með hvaða hætti áhættumat skuli fara fram.

6. ÞÁTTUR
Breytingar vegna flutnings vatnamælinga til umhverfisráðuneytis.

XXII. KAFLI
Breyting á lögum um Orkustofnun, nr. 87/2003.

32. gr.

1. mgr. 3. gr. laganna fellur brott.

33. gr.

Við lögin bætast tvö ný ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

a. (I.)

Starfsemi vatnamælinga Orkustofnunar heyrir undir umhverfisráðuneytið frá 1. janúar 2008. Umhverfisráðherra skal vinna að sameiningu Veðurstofu Íslands og vatnamælinga Orkustofnunar í eina stofnun eigi síðar en 1. janúar 2009.

Umhverfisráðherra og iðnaðarráðherra í samráði við orkumálastjóra ákveða hvaða eignir og gögn skuli færast með vatnamælingum til hinnar nýju stofnunar.

b. (II.)

Starfsmönnum Veðurstofu Íslands og vatnamælinga Orkustofnunar skal boðið starf hjá nýrri stofnun sem verður til við sameiningu Veðurstofu Íslands og vatnamælinga Orkustofnunar. Ákvæði 7. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, gilda ekki um störf sem ráðið er í samkvæmt þessu ákvæði.

7. ÞÁTTUR

Breytingar vegna flutnings matvælamála til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis.

XXIII. KAFLI

Breyting á lögum um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum.

34. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, í lögum þessum nefndur ráðherra, fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum. Matvælaeftirlitið er ráðherra til ráðgjafar.

35. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Matvælaeftirlitið annast opinbert eftirlit samkvæmt lögum þessum með:

a. innflutningi og útflutningi búfjárafurða,
b. smitsjúkdómum búfjár,
c. meðferð, skoðun og mati á sláturafurðum,
d. heilbrigðisskoðun eldisfisks,
e. meðferð, flutningi, geymslu, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, að undanskilinni smásölu,
f. innflutningi annarra matvæla en getið er í a–e-lið.

36. gr.

7. gr. laganna fellur brott.

37. gr.

8. gr. laganna fellur brott.

38. gr.

Í stað orðanna „hlutaðeigandi ráðherra“ í 2. mgr. 10. gr. og 18. gr. laganna kemur: ráðherra.

39. gr.

1. mgr. 19. gr. laganna orðast svo:

Matvælaeftirlitið skal sjá um að halda uppi fræðslu fyrir almenning um þau málefni sem lög þessi ná til. Jafnframt skal stofnunin vinna að eflingu fræðslustarfs fyrir þá sem starfa við framleiðslu og dreifingu matvæla og veita ráðgjöf við gerð námsefnis fyrir kennslu um matvæli og meðferð þeirra, sbr. 2. mgr.

40. gr.

1. mgr. 20. gr. laganna orðast svo:

Framleiðsla og dreifing matvæla er háð leyfi heilbrigðisnefndar. Heimilt er að binda slíkar leyfisveitingar ákveðnum kröfum til þess að tryggja að matvæli verði ekki fyrir skemmdum

eða spillist á annan hátt. Þegar ákvæði þessi eiga við um starfsemi sem er undir opinberu eftirliti Matvælaeftirlitsins skv. 6. gr. er leyfisveiting í höndum þeirrar stofnunar.

41. gr.

21. gr. laganna fellur brott.

42. gr.

22. gr. laganna orðast svo:

Heilbrigðisnefnd hefur undir yfirumsjón Matvælaeftirlitsins opinbert eftirlit með framleiðslu og dreifingu matvæla. Matvælaeftirlitið hefur þó opinbert eftirlit með matvælum sem falla undir ákvæði 6. gr. Matvælaeftirlitið skráir nauðsynlegar upplýsingar um framleiðslu og dreifingu matvæla vegna matvælaeftirlits. Matvælaeftirlitið skal hafa aðgang að niðurstöðum úr sýnatökum heilbrigðisnefnda sveitarfélaganna. Þá er ráðherra heimilt að fela stofnuninni eftirlit með afmörkuðum þáttum.

43. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Hlutaðeigandi ráðherra“ hvarvetna í 1. og 2. mgr. kemur: ráðherra.
b. 3. mgr. fellur brott.

44. gr.

Í stað orðanna „til hlutaðeigandi stofnana, sem eru ráðuneytum til ráðgjafar samkvæmt ákvæðum III. kafla laganna“ í 3. mgr. 24. gr. laganna kemur: Matvælaeftirlitinu.

45. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 25. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „hlutaðeigandi ráðherra“ hvarvetna í 1. mgr. kemur: ráðherra.
b. Í stað orðanna „Umhverfisstofnunar, Fiskistofu og Landbúnaðarstofnunar“ í 1. og 4. málsl. 1. mgr. kemur: Matvælaeftirlitsins.

46. gr.

Í stað orðanna „Hlutaðeigandi ráðherra“ í 26. gr. laganna kemur: Ráðherra.

47. gr.

Í stað orðanna „Umhverfisstofnun, Landbúnaðarstofnun eða Fiskistofu“ í 28. gr. laganna kemur: eða Matvælaeftirlitið.

48. gr.

Við 30. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 1. mgr., svohljóðandi:

Matvælaeftirlitið getur gripið til þvingunarúrræða og viðurlaga vegna brota á ákvæðum laga þessara sem varða eftirlit með innflutningi matvæla skv. f-lið 6. gr.

49. gr.

Á eftir 30. gr. laganna kemur ný grein sem verður 30. gr. a, svohljóðandi:

Rísi ágreiningur milli heilbrigðisnefndar og sveitarstjórna um framkvæmd þessara laga skal vísa málinu til fullnaðarúrskurðar ráðherra. Sama gildir um ágreining milli Matvælaeftirlitsins og heilbrigðisnefnda um framkvæmd laganna.

XXIV. KAFLI

Breyting á lögum um Umhverfisstofnun, nr. 90/2002.

50. gr.

Orðin „lögum nr. 93/1995, um matvæli, með síðari breytingum“ í a-lið 2. mgr. 1. gr. laganna falla brott.

XXV. KAFLI

Breyting á lögum um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, nr. 55/1998, með síðari breytingum.

51. gr.

a. Í stað orðsins „Fiskistofa“ í 4. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Matvælaeftirlitið.
b. Í stað orðsins „hún“ í 1. málsl. 4. mgr. 21. gr. laganna kemur: það.

52. gr.

Við 4. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ráðherra getur falið Matvælaeftirlitinu að gera samkomulag við aðrar ríkisstofnanir um að annast tiltekna þætti í starfsemi stofnunarinnar samkvæmt þessum lögum.

53. gr.

Í stað orðsins „Sjávarútvegsráðuneytið“ í 2. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 22. gr. laganna kemur: Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið; og í stað orðsins „sjávarútvegsráðuneytis“ í 5. mgr. 14. gr. laganna kemur: sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis.

XXVI. KAFLI

Breyting á lögum um eldi nytjastofna sjávar, nr. 33/2002, með síðari breytingum.

54. gr.

a. Í stað orðsins „sjávarútvegsráðherra“ í 1. mgr. 3. gr., 4. gr., 6. gr. og 2. mgr. 7. gr. laganna kemur: sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.
b. Í stað orðsins „Fiskistofu“ í 2. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Matvælaeftirlitið.
c. Í stað orðsins „hún“ í 3. málsl. 1. mgr. 3. gr. og 2. málsl. 2. mgr. 7. gr. og orðsins „hennar“ í 1. og 3. málsl. 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: það, og: þess.
d. Í stað orðsins „Landbúnaðarráðherra“ í 4. gr. laganna kemur: Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.
e. Í stað orðanna „Landbúnaðarstofnun“ og „Landbúnaðarstofnunar“ í 6. gr. laganna kemur Matvælaeftirlitið, og: Matvælaeftirlitsins.

XXVII. KAFLI

Breyting á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum.

55. gr.

Orðið „matvælum“ í 2. mgr. 3. gr. laganna og orðin „matvælum og“ í ákvæði til bráðabirgða III við lögin falla brott.

XXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, með síðari breytingum, sbr. lög nr. 58/2007.

56. gr.

a. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 1. mgr. 2. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur: sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.
b. Í stað orðsins „Landbúnaðarstofnun“ í 1. mgr. 38. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Matvælaeftirlitið.
c. Orðin „laga nr. 7 12. mars 1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og“ í 1. mgr. 66. gr. laganna falla brott.
d. Í stað orðsins „landbúnaðarráðuneytis“ í 3. mgr. 85. gr. A laganna kemur: sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis.

XXIX. KAFLI

Breyting á lögum um Landbúnaðarstofnun, nr. 80/2005, með síðari breytingum.

57. gr.

a. Í stað orðsins „Landbúnaðarstofnun“ í 1. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Matvælaeftirlitið.
b. Í stað orðsins „Landbúnaðarráðherra“ í 1. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur: sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

58. gr.

Við 2. gr. laganna bætast þrír nýir stafliðir er orðast svo:

h. að annast eftirlit með meðferð fisks og framleiðslu sjávarafurða samkvæmt lögum um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, nr. 55/1998,
i. að annast eftirlit með matvælum samkvæmt lögum um matvæli, nr. 93/1995,
j. að annast eftirlit með fiskeldi samkvæmt lögum nr. 57/2006, um eldi vatnafiska, og lögum nr. 33/2002, um eldi nytjastofna sjávar.

59. gr.

Við lögin bætist ný grein, 5. gr. a, sem orðast svo:

Ráðherra getur falið Matvælaeftirlitinu að gera samkomulag við aðrar ríkisstofnanir um að annast tiltekna þætti í starfsemi stofnunarinnar.

60. gr.

Við lögin bætast þrjú ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

a. (I.)

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra er heimilt að ákveða með auglýsingu, er birta skal í B-deild Stjórnartíðinda, að flutningur málefna frá Fiskistofu til Matvælaeftirlitsins, sbr. h-, i- og j-lið 2. gr., komi til framkvæmda að hluta eða öllu leyti síðar á árinu 2008.

b. (II.)

Við flutning á málefnum frá Fiskistofu og Umhverfisstofnun til Matvælaeftirlitsins skv. h-, i- og j-lið 2. gr. halda starfsmenn störfum sínum og starfskjörum. Við ráðstöfun starfa sam-

kvæmt þessu ákvæði þarf ekki að gæta 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

c. (III.)
Á árinu 2008 skal heimild skv. 5. gr. a til að gera samninga við Fiskistofu um að annast tiltekna þætti í starfsemi Matvælaeftirlitsins ná til allra verkefna sem við gildistöku þessara laga eru á verksviði stofnunarinnar samkvæmt lögum nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum, þ.m.t. ákvarðana um þvingunarúrræði og viðurlög skv. III.–VI. kafla laganna, svo sem leyfissviptinga, ákvarðana um stöðvun vinnslu og dreifingar afurða, stöðvun innflutnings, innköllun, endursendingu, förgun, eyðingu, geymslu og ráðstöfun afurða, og ákvarðana um önnur þvingunarúrræði og viðurlög, svo og ákvarðana um kostnað við að framfylgja ákvæðum laganna.

61. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um Matvælaeftirlitið.**

XXX. KAFLI
Breyting á lögum um Fiskistofu, nr. 36/1992, með síðari breytingum.

62. gr.

2. málsl. 2. gr. laganna fellur brott.

XXXI. KAFLI
Breyting á lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, nr. 66/1998, með síðari breytingum.

63. gr.

a. Í stað orðsins „Landbúnaðarráðherra“ í 3. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur: sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.
b. Í stað orðsins „Landbúnaðarstofnun“ í 1. mgr. 4. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Matvælaeftirlitið.
c. Í stað orðsins „vör“ í 1. mgr. 18. gr. laganna kemur: vart.

XXXII. KAFLI
Breyting á lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, nr. 25/1993, með síðari breytingum.

64. gr.

a. Í stað orðsins „Landbúnaðarráðherra“ í 1. mgr. 3. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur: sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.
b. Í stað orðsins „Landbúnaðarstofnun“ í 2. mgr. 3. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Matvælaeftirlitið.

XXXIII. KAFLI

Breyting á lögum um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, nr. 96/1997, með síðari breytingum.

65. gr.

a. Í stað orðsins „Landbúnaðarstofnunar“ í 3. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Matvælaeftirlitið.
b. Í stað orðsins „landbúnaðarráðuneytisins“ tvívegis í 3. gr. laganna kemur: sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis; og í stað orðanna „landbúnaðarráðuneyti“ og „landbúnaðarráðuneytinu“ í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti.
c. Í stað orðsins „Landbúnaðarráðherra“ í 4. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur: sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.
d. Í stað orðsins „Hún“ í 2. málsl. 1. mgr. 16. gr. laganna kemur: Matvælaeftirlitið.

XXXIV. KAFLI

Breyting á lögum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986, með síðari breytingum.

66. gr.

a. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 1. mgr. 27. gr., 2. mgr. 63. gr., 2. mgr. 66. gr., 2. mgr. 68. gr. og 2. mgr. 69. gr. laganna kemur: sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.
b. Í stað orðsins „Landbúnaðarstofnunar“ í 2. mgr. 69. gr. laganna kemur: Matvælaeftirlitsins.

XXXV. KAFLI

Breyting á lögum um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, nr. 22/1994, með síðari breytingum.

67. gr.

a. Í stað orðsins „Landbúnaðarráðherra“ í 1. mgr. 3. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur: Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.
b. Í stað orðsins „Landbúnaðarstofnun“ í 1. mgr. 3. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Matvælaeftirlitið.

XXXVI. KAFLI

Breyting á lögum um lífræna landbúnaðarframleiðslu, nr. 162/1994, með síðari breytingum.

68. gr.

a. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 2. mgr. 2. gr., 2. mgr. 3. gr. og 6. gr. laganna kemur: sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.
b. Í stað orðsins „Landbúnaðarstofnun“ tvívegis í 4. gr. og 5. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Matvælaeftirlitið.

XXXVII. KAFLI

Breyting á lögum um útflutning hrossa, nr. 55/2002, með síðari breytingum.

69. gr.

a. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 2. gr., 2. mgr. 4. gr. og 7. gr. laganna kemur: sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

b. Í stað orðsins „Landbúnaðarstofnunar“ í 2. gr. og orðsins „Landbúnaðarstofnun“ í 6. gr. laganna kemur: Matvælaeftirlitsins, og: Matvælaeftirlitið.

XXXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um innflutning dýra, nr. 54/1990, með síðari breytingum.

70. gr.

a. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 2. mgr. 2. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur: sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.
b. Í stað orðsins „Landbúnaðarstofnunar“ tvívegis í 2. mgr. 2. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Matvælaeftirlitið.
c. Í stað orðsins „Landbúnaðarráðuneytið“ í 6. gr. laganna kemur: Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið.
d. Í stað orðanna „Landbúnaðarstofnun eða fulltrúi hennar“ í 1. mgr. 12. gr. laganna kemur: Matvælaeftirlitið eða fulltrúi þess.

XXXIX. KAFLI

Breyting á lögum um búfjárhald o.fl., nr. 103/2002, með síðari breytingum.

71. gr.

a. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 1. og 2. mgr. 2. gr., 1. mgr. 5. gr., 2. mgr. 13. gr., 15. gr. og 17. gr. laganna kemur: sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.
b. Í stað orðsins „Landbúnaðarstofnun“ í 4. gr., 11. gr., 1. mgr. 13. gr., 1. og 5. mgr. 16. gr. og 3. tölul. 17. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Matvælaeftirlitið.
c. Í stað orðsins „landbúnaðarráðuneytið“ í 11. gr. og „landbúnaðarráðuneytisins“ í 1. mgr. 13. gr. laganna kemur: sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, og: sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis.

XL. KAFLI

Breyting á lögum um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006.

72. gr.

a. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 1. mgr. 4. gr., 1. mgr. 44. gr. og 1. og 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I við lögin kemur: sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.
b. Í stað orðsins „Landbúnaðarstofnunar“ í 1. mgr. 4. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Matvælaeftirlitið.
c. Í stað orðsins „hún“ í 3. mgr. 12. gr., 5. mgr. 26. gr. og 3. mgr. 27. gr. laganna kemur: það.

XLI. KAFLI

Breyting á lögum um Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, nr. 67/1990, með síðari breytingum.

73. gr.

Í stað orðsins „Landbúnaðarstofnun“ þrívegis í 2. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Matvælaeftirlitið.

XLII. KAFLI

Breyting á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

74. gr.

Í stað orðsins „Landbúnaðarstofnun“ í 2. mgr. 1. gr., 4. mgr. 11. gr., 6. mgr. 33. gr. og 5. mgr. 43. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Matvælaeftirlitið.

XLIII. KAFLI

Breyting á lögum um dýravernd, nr. 15/1994, með síðari breytingum.

75. gr.

a. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 5. gr. laganna kemur: sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.
b. Í stað orðsins „Landbúnaðarstofnun“ í 2. mgr. 11. gr., 2. mgr. 13. gr. og 2. mgr. 14. gr. laganna kemur: Matvælaeftirlitið.

XLIV. KAFLI

Breyting á sóttvarnalögum, nr. 19/1997, með síðari breytingum.

76. gr.

Í stað orðsins „Landbúnaðarstofnun“ í 3. mgr. 4. gr., 2. mgr. 6. gr., fyrirsögn á undan 11. gr. og 1. og 2. mgr. 11. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Matvælaeftirlitið.

XLV. KAFLI

Breyting á lögum um almannavarnir, nr. 94/1962, með síðari breytingum.

77. gr.

Í stað orðsins „Landbúnaðarstofnun“ í e-lið 2. mgr. 6. gr. laganna kemur: Matvælaeftirlitið.

XLVI. KAFLI

Breyting á lögum um varnir gegn fisksjúkdómum, nr. 60/2006.

78. gr.

a. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 1. og 2. mgr. 4. gr., 1. mgr. 8. gr. og ákvæði til bráðabirgða við lögin kemur: sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.
b. Í stað orðsins „Landbúnaðarstofnunar“ í 1. mgr. 4. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Matvælaeftirlitið.

XLVII. KAFLI

Breyting á lögum um fiskrækt, nr. 58/2006.

79. gr.

a. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 1. mgr. 4. gr., 13. gr. og ákvæði til bráðabirgða við lögin kemur: sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.
b. Í stað orðsins „Landbúnaðarstofnunar“ í 1. mgr. 4. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Matvælaeftirlitið.
c. Í stað orðsins „hún“ í 1. málsl. 12. gr. laganna kemur: það.

XLVIII. KAFLI

Breyting á lögum um eldi vatnafiska, nr. 57/2006.

80. gr.

a. Í stað orðsins „Landbúnaðarráðherra“ í 1. mgr. 4. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur: sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.
b. Í stað orðsins „Landbúnaðarstofnunar“ í 1. mgr. 4. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Matvælaeftirlitið.
c. Í stað orðsins „hennar“ í 5. mgr. 14. gr. laganna kemur: þess.

8. ÞÁTTUR

Breytingar vegna flutnings Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins til iðnaðarráðuneytis.

XLIX. KAFLI

Breyting á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, nr. 61/1997.

81. gr.

Í stað orðsins „viðskiptaráðherra“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: iðnaðarráðherra.

82. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Viðskiptaráðherra“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: Iðnaðarráðherra.
b. Í stað orðanna „einn eftir tilnefningu iðnaðarráðherra, einn eftir tilnefningu iðnaðarráðherra“ í 3. málsl. 2. mgr. kemur: einn án tilnefningar, einn.

83. gr.

Orðin „iðnaðarráðherra og“ í 2. mgr. 8. gr. laganna falla brott.

9. ÞÁTTUR

Breytingar vegna flutnings Einkaleyfastofu til viðskiptaráðuneytis.

L. KAFLI

Breyting á lögum um einkaleyfi, nr. 17/1991, með síðari breytingum.

84. gr.

a. Í stað orðsins „Iðnaðarráðherra“ í 2. mgr. 3. gr. b laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: viðskiptaráðherra.
b. Í stað orðsins „iðnaðarráðuneytið“ í 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: viðskiptaráðuneytið.

LI. KAFLI

Breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998.

85. gr.

Í stað orðsins „Iðnaðarráðherra“ í 4. mgr. 5. gr. laganna kemur: Viðskiptaráðherra.

LII. KAFLI

Breyting á lögum um hönnun, nr. 46/2001, með síðari breytingum.

86. gr.

a. Í stað orðsins „iðnaðarráðuneyti“ í 1. mgr. 36. gr. laganna kemur: viðskiptaráðuneyti.
b. Í stað orðsins „Iðnaðarráðherra“ í 2. mgr. 52. gr. og 1. mgr. 53. gr. laganna kemur: Viðskiptaráðherra.

LIII. KAFLI
Breyting á lögum um félagamerki, nr. 155/2002.
87. gr.

a. Í stað orðsins „iðnaðarráðuneyti“ í 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: viðskiptaráðuneyti.
b. Í stað orðsins „Iðnaðarráðherra“ í 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: Viðskiptaráðherra.

10. ÞÁTTUR
Breytingar vegna flutnings fasteignakaupa og fasteignasölu til viðskiptaráðuneytis.
LIV. KAFLI
Breyting á lögum um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa, nr. 99/2004, með síðari breytingum.
88. gr.

a. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 2. mgr. 1. gr., fyrirsögn 23. gr. og 26. gr. kemur: viðskiptaráðherra.
b. Í stað orðsins „dómsmálaráðuneytis“ í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: viðskiptaráðuneytis.

11. ÞÁTTUR
Breyting á lögum um Stjórnarráð Íslands.
LV. KAFLI
Breyting á lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, með síðari breytingum.
89. gr.

Við 14. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Nú flytjast stjórnarmálefni milli ráðuneyta, sbr. 8. gr., og skal þá ljúka meðferð ólokinna stjórnsýslumála í því ráðuneyti sem við málefni tekur.

LVI. KAFLI
Gildistaka.
90. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2008.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við myndun núverandi ríkisstjórnar var ákveðið að fara heildstætt yfir verkaskiptingu milli ráðuneyta með það fyrir augum að hagræða, einfalda stjórnsýslu og skipa skyldum málaflokkum undir eina stjórn. Var lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, breytt í þessu skyni á síðasta löggjafarþingi, sbr. lög nr. 109/2007. Þar voru landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneyti sameinuð frá og með 1. janúar næstkomandi, Hagstofu Íslands breytt úr ráðuneyti í ríkisstofnun frá sama tíma og nöfnum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis annars vegar og félagsmálaráðuneytis hins vegar breytt til samræmis við áformaða verkaskiptingu. Jafnframt var skilið á milli iðnaðar- og viðskiptaráðuneyta en þau ráðuneyti höfðu um árabil verið rekin sameiginlega. Sú nýbreytni kallaði ekki á lagabreytingu því ráðuneytin tvö höfðu ekki verið formlega sameinuð.

Eins og kom fram í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 109/2007 verður gefin út ný reglugerð um Stjórnarráð Íslands þar sem er að finna nánari lýsingu á verkefnum einstakra ráðuneyta.

Verða nú stuttlega raktar helstu breytingar sem ákveðnar hafa verið. Fyrirkomulag heilbrigðis- og tryggingakerfisins verður stokkað upp til að gera það auðskiljanlegra og aðgengilegra almenningi. Það verður m.a. gert með því að samhæfa og gera skilvirkara hlutverk ríkisins sem kaupanda heilbrigðisþjónustu gagnvart þeim sem hana veita. Verkefnum Tryggingastofnunar ríkisins verður skipt upp og sjúkratryggingar betur afmarkaðar innan heilbrigðisráðuneytis en lífeyristryggingar og félagslegar bætur færðar til félagsmálaráðuneytis. Sveitarstjórnarmál verða færð frá félagsmálaráðuneyti til samgönguráðuneytis. Sú breyting ræðst af því annars vegar að félagsmálaráðuneytið mun taka við veigamiklum málaflokkum frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Hins vegar fer vel saman að efla samgöngur og að sinna málefnum sveitarfélaga.

Ferðamál færast frá samgönguráðuneyti til iðnaðarráðuneytis. Iðnaðarráðuneytið fer nú þegar með skylda málaflokka eins og nýsköpun og atvinnuþróun. Af sama toga er sú breyting að Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins mun flytjast frá viðskiptaráðuneyti til iðnaðarráðuneytis. Alferðir, sbr. lög um alferðir nr. 80/1994, færast frá samgönguráðuneyti til viðskiptaráðuneytis enda er þar fyrst og fremst um neytendamálefni að ræða. Lög um fasteignakaup heyra undir dóms- og kirkjumálaráðuneytið. Öll önnur lög á sviði kauparéttar, þ.e. lög um lausafjárkaup, lög um neytendakaup og lög um þjónustukaup, heyra undir viðskiptaráðuneytið. Telja verður eðlilegt að lagabálkar þessir heyri allir undir sama ráðuneyti, enda efni þeirra náskylt. Varðandi lög um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa má segja að þau falli vel að þeim málefnum sem ráðuneytið fer með, t.d. málefnum er varða verslun og viðskipti almennt auk þess sem neytendaverndin kemur inn í þar. Þá munu einkaleyfi og önnur hugverkaréttindi sem lúta að atvinnulífinu færast frá iðnaðarráðuneyti til viðskiptaráðuneytis enda fer síðarnefnda ráðuneytið með aðra málaflokka sem snerta mjög starfsskilyrði fyrirtækja í landinu. Landbúnaðarskólar færast frá landbúnaðarráðuneyti til menntamálaráðuneytis enda fer síðarnefnda ráðuneytið með málefni annarra skóla í landinu. Landgræðsla og skógrækt annars vegar og vatnamælingar hins vegar flytjast frá landbúnaðarráðuneyti og iðnaðarráðuneyti til umhverfisráðuneytis enda er þar um málaflokka að ræða sem eru mjög nátengdir öðrum verkefnum umhverfisráðuneytisins. Ræktun nytjaskóga verður hins vegar undanskilin þessum flutningi. Matvælaeftirlit verður sameinað undir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti og þeir hlutar þess sem nú eru hjá umhverfisráðuneyti færast yfir til hins nýja sameinaða ráðuneytis. Sú sameining mun auka samhæfingu og bæta eftirlit á öllum stigum matvælaframleiðslu en einnig efla samkeppnisstöðu og orðspor íslenskrar matvælaframleiðslu á mörkuðum.

Breytt verkaskipting kallar á breytingu á ýmsum sérlögum. Tillögur um þær breytingar eru hér fluttar í einu lagi eins og boðað hafði verið í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 109/2007. Lagabreytingar þær sem leiðir af breyttri verkaskiptingu milli heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og félagsmálaráðuneytis eru hins vegar það viðamiklar að ákveðið hefur verið að gera tillögu um þær í sérstöku frumvarpi. Þá verða einnig flutt sjálfstæð frumvörp um Keflavíkurflugvöll, en yfirstjórn hans mun færast frá utanríkisráðuneyti til samgönguráðuneytis, og Hagstofu Íslands sem verður sjálfstæð ríkisstofnun eins og fyrr segir.

Flest ákvæði þessa frumvarps fela í sér orðalagsbreytingar vegna þess að málaflokkar færast milli ráðuneyta. Helstu efnislegar breytingar tengjast sameiningu matvælaeftirlits hjá Landbúnaðarstofnun, sem lagt er til að fái heitið Matvælaeftirlitið, til samræmis við aukin verkefni. Rétt er að taka fram að ekki hefur verið talin ástæða til að gera á þessu stigi allsherjartillögu um breytingu í lögum á nöfnum ráðuneyta sem breytast um áramót. Það er einungis ef lögum er breytt á annað borð vegna verkefnaflutninga sem slíkar breytingar eru gerð-

ar. Verður að telja að þótt áfram megi finna til dæmis orðið „landbúnaðarráðherra“ eða „sjávarútvegsráðherra“ víða í lögum muni það ekki valda vafa hvaða ráðherra eigi í hlut.

Verður nú gefið yfirlit yfir helstu breytingar sem fólgnar eru í frumvarpinu:

Í 1. þætti frumvarpsins er að finna tillögu um lagabreytingar vegna flutnings sveitarstjórnarmála frá félagsmálaráðuneyti til samgönguráðuneytis.

Í 2. þætti frumvarpsins eru lagðar til breytingar á lögum vegna flutnings ferðamála frá samgönguráðuneyti til iðnaðarráðuneytis.

Í 3. þætti frumvarpsins eru breytingar lagðar til vegna flutnings alferða frá samgönguráðuneyti til viðskiptaráðuneytis.

Í 4. þætti frumvarpsins eru lagðar til breytingar á lögum um búnaðarfræðslu vegna fyrirhugaðs flutnings menntastofnana landbúnaðarins frá landbúnaðarráðuneyti til menntamálaráðuneytis. Jafnframt eru ákvæði um viðurkenningu, námsframboð og prófgráður þessara stofnana færð til samræmis við gildandi rammalög um háskóla, nr. 63/2006.

Frumvarpið snertir fyrst og fremst þau formsatriði sem ákvarða þarf vegna flutnings milli ráðuneyta. Búfræðslulög munu hins vegar áfram gilda sem sérlög um skólana með hliðstæðum hætti og sérlög sem í gildi eru um einstaka ríkisháskóla. Um þessar mundir er unnið að endurskoðun sérlaga um opinbera háskóla. Áfram verður unnið að þeirri endurskoðun og samræmingu sem mælt er fyrir um í ákvæði til bráðabirgða með gildandi rammalögum um háskóla.

Vakin er athygli á því að samkvæmt lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965, segir að á vegum Landbúnaðarháskóla Íslands skuli stundaðar rannsóknir í þágu landbúnaðarins á sérstöku rannsóknasviði er hafi aðgreindan fjárhag frá annarri starfsemi Landbúnaðarháskóla Íslands. Miðað er við að þetta ákvæði haldist óbreytt.

Stefnt er að því að kennsluframlög til landbúnaðarskólanna verði skilgreind með sambærilegum hætti og framlög til annarra ríkisháskóla. Hvað varðar framlög til rannsókna er annars vegar stefnt að því að styrkja forsendur háskóla til rannsókna, en hlutfall framlaga til rannsókna miðað við kennslu er á bilinu 40–100% meðal skóla sem heyra undir menntamálaráðuneytið, og endurspeglar mishátt rannsóknaframlag til einstakra skóla vísindalega stöðu þeirra.

Samtals nema tekjur Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri tæpum 885 millj. kr. á ári samkvæmt fjárlögum 2007, en þar af eru um 270 millj. kr. sértekjur. Gert er ráð fyrir að núverandi fjárframlög og sértekjur skili sér að fullu til Landbúnaðarháskóla Íslands. Í annan stað munu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og menntamálaráðherra standa í sameiningu að gerð rannsóknasamnings við skólann til þriggja til fimm ára, sbr. lög um háskóla, nr. 63/2006. Af framlagi til rannsókna við skólann verða 160 millj. kr. vistaðar hjá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti mun í samráði við Bændasamtök Íslands og menntamálaráðuneyti semja sérstaklega við skólann til þriggja til fimm ára um rannsóknir í þágu landbúnaðar fyrir andvirði þeirrar fjárhæðar. Loks munu afnot Landbúnaðarháskólans af jörðum á forræði landbúnaðarráðuneytis haldast óbreytt.

Í 5. þætti frumvarpsins er lagt til að stjórnsýslulegt forræði og ábyrgð á Skógrækt ríkisins og Landgræðslu ríkisins færist frá landbúnaðarráðuneyti til umhverfisráðuneytis. Samhliða þessum breytingum eru gerðar tillögur um lagabreytingar til að einfalda framkvæmd dýraverndar með búfé og til að tryggja betur sjónarmið umhverfisverndar við innflutning á dýrum. Áfram verður unnið að endurskoðun laga um búfjárhald og laga um dýravernd til að skýra valdmörk og einfalda stjórnsýslu í málaflokknum.

Samkomulag er á milli viðkomandi ráðuneyta um að fjármunir til verkefnisins *Bændur græða landið,* sem ætlaðir eru til uppgræðslu á heimajörðum bænda og eru nú á fjárlagalið Landgræðslunnar, verði á forræði og fjárlagalið sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis.

Ráðuneytið mun gera samning til þriggja ára um að Landgræðslan annist framkvæmd og eftirlit með þeim verkefnum á sama hátt og stofnunin hefur gert til þessa.

Enn fremur verða fjármunir til framkvæmda á grundvelli laga nr. 91/2002, um varnir gegn landbroti, innan sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis. Ráðuneytið mun gera samning við Landgræðslu ríkisins til þriggja ára um óbreytt hlutverk Landgræðslunnar varðandi yfirstjórn og framkvæmd varna gegn landbroti. Á þeim tíma er stefnt að því að endurskoða lögin um varnir gegn landbroti undir forystu forsætisráðuneytis.

Þá munu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og umhverfisráðherra standa í sameiningu að gerð rannsóknasamnings við Rannóknastöð Skógræktar ríkisins á Mógilsá til þriggja til fimm ára um rannsóknir í þágu skógræktar, í fyrsta sinn á árinu 2008. Fjármunir til hagnýtra rannsóknaverkefna á sviði landbúnaðar, sem nú eru á viðfangsefni *04-321-1.10 Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins á Mógilsá*, verða áfram hjá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti. Gert er ráð fyrir að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið í samráði við Bændasamtök Íslands og umhverfisráðuneyti geri samning til þriggja ára við Skógrækt ríkisins um að Rannsóknastöðin að Mógilsá annist tilteknar rannsóknir í þágu landbúnaðar fyrir a.m.k. andvirði þeirrar fjárhæðar árlega með sama hætti og verið hefur til þessa.

Loks munu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, umhverfisráðherra og forstöðumenn Skógræktar ríkisins og Landgræðslu ríkisins gera með sér samning um áframhaldandi umsjón tveggja síðasttöldu stofnananna á jörðum og jarðarhlutum sem tilgreind eru í viðaukum við þann samning. Í samkomulaginu verða ákvæði þess efnis að landbúnaðarráðuneytið beiti sér fyrir því að lagt verði fram lagafrumvarp er kveði á um að forræði þeirra svæða sem nefnd hafa verið einu nafni „þjóðskógar“, færist til umhverfisráðuneytisins.

Í 6. þætti er að finna tillögur um lagabreytingar vegna fyrirhugaðs flutnings vatnamælinga frá iðnaðarráðuneyti til umhverfisráðuneytis. Vatnamælingar sem nú eru hluti af Orkustofnun verði færðar til nýrrar stofnunar ásamt núverandi starfsemi Veðurstofu Íslands. Til að gefa nægilegt svigrúm til þessarar sameiningar er lagt til að umhverfisráðherra verði falið að undirbúa hana á árinu 2008, m.a. að því er varðar nauðsynlegar lagabreytingar.

Í 7. þætti frumvarpsins er lagt til að stjórnsýslulegt forræði og ábyrgð matvælamála sem nú heyra undir umhverfisráðuneytið flytjist á forræði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis. Þetta þýðir að sú starfsemi Umhverfisstofnunar sem tengist lögum nr. 93/1995, um matvæli, og nú fellur undir matvælasvið Umhverfisstofnunar flyst frá umhverfisráðuneyti til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis.

Aukið verður við hlutverk Landbúnaðarstofnunar að þessu leyti og er lagt til að hún fái heitið Matvælaeftirlitið. Mun hún taka við matvælaeftirliti sem nú er hjá Fiskistofu og Umhverfisstofnun. Þá er gert ráð fyrir að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra geti gert samninga við stofnanirnar um að sinna þeim verkefnum sem eru á verksviði þeirra við gildistöku þessara laga, allt til ársloka 2008.

Í 8. þætti frumvarpsins er lagt til að málefni er varða Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins verði flutt frá viðskiptaráðherra til iðnaðarráðherra. Því eru í XLIX. kafla frumvarpsins lagðar til nauðsynlegar breytingar á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, nr. 61/1997.

Samkvæmt 1. tölul. 8. gr. reglugerðar um Stjórnarráð Íslands eru nýsköpun og tækniþróun á meðal þeirra verkefna sem falla undir verksvið iðnaðarráðuneytisins. Málefni Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins hafa hins vegar heyrt undir viðskiptaráðuneytið.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins sem tók til starfa 1. janúar 1998. Hlutverk sjóðsins var í upphafi að stuðla að arðbærri uppbyggingu og vexti íslensks atvinnulífs með því að taka þátt í fjárfestingarverkefnum á sviði nýsköpunar með

áhættufjármagni og að styðja við þróunar- og kynningarverkefni. Stofnfé sjóðsins samanstóð af sameiginlegu eigin fé Fiskveiðasjóðs Íslands, Iðnlánasjóðs, Útflutningslánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs, en Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf. var stofnaður um leið og reistur á grunni fyrrgreindra sjóða. Á starfstíma Nýsköpunarsjóðs hafa orðið mjög miklar breytingar á starfsumhverfinu og hefur sjóðurinn gegnt veigamiklu hlutverki í fjármögnun sprota- og nýsköpunarfyrirtækja með því að vera einna fyrstur fjárfesta til að kaupa hluti í þeim. Nýsköpunarsjóður er hluti af stærri heild, en hann er veigamikill þáttur í stuðningskerfi atvinnulífsins. Starfsemi hans þarf því að taka mið af heildstæðri stefnumótun um nýsköpun og atvinnuþróun. Á árinu 2007 voru samþykktar breytingar á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, en samhliða því frumvarpi var samþykkt frumvarp um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun. Með því er Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins tengdur við stefnumótun í málefnum rannsókna, nýsköpunar og atvinnuþróunar. Í ljósi þessa þykir eðlilegt að málefni sjóðsins heyri undir iðnaðarráðuneytið.

Í 9. þætti frumvarpsins er að finna breytingar sem leiðir af tillögu um að Einkaleyfastofa og hugverkaréttindi önnur en höfundaréttur, svo sem einkaleyfi, vörumerki og hönnunarvernd, heyri undir viðskiptaráðuneytið. Áfram er gert ráð fyrir því að málefni er snúa að hönnun heyri undir iðnaðarráðuneytið.

Í 10. þætti frumvarpsins eru lagðar til breytingar sem leiðir af flutningi málefna er varða fasteignir frá dómsmálaráðuneyti til viðskiptaráðuneytis, en gert er ráð fyrir því að forræði á lögum um fasteignakaup og lögum um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa færist til viðskiptaráðuneytisins 1. janúar 2008.

Við undirbúning frumvarpsins í hlutaðeigandi ráðuneytum hefur verið haft víðtækt samráð við þær stofnanir sem í hlut eiga. Þar sem frumvarpið varðar eingöngu tilfærslu verkefna milli ráðuneyta og hagræðingu sem því fylgir mun það fyrst og fremst hafa áhrif á stjórnsýsluna sjálfa. Ætla má að hún verði almennt talað betur í stakk búin en fyrr til að sinna verkefnum sínum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.
Athugasemdir við 1. þátt, breytingar vegna flutnings sveitarstjórnarmála til samgönguráðuneytis.
Um 1.–12. gr.

Í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að færa sveitarstjórnarmál frá félagsmálaráðuneyti til samgönguráðuneytis eru hér lagðar til breytingar á ýmsum lögum er varða aðkomu ráðherra að sveitarstjórnarmálum. Um 11. gr. sérstaklega má það segja að í 1. mgr. 4. gr. laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, er mælt fyrir um skipan í samstarfsnefnd um málefni þjóðlendna. Er því lagt til að félagsmálaráðherra eigi ekki lengur fulltrúa í samstarfsnefndinni þar sem seta fulltrúa hans tengist yfirstjórn sveitarstjórnarmála. Samgönguráðherra á eftir sem áður fulltrúa í nefndinni.

Athugasemdir við 2. þátt, breytingar vegna flutnings ferðamála til iðnaðarráðuneytis.
Um 13. gr.

Í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að færa ferðamál frá samgönguráðuneytinu til iðnaðarráðuneytisins er í XIII. kafla frumvarpsins lagt til að þar sem kveðið er á um aðkomu ráðherra í lögum um skipan ferðamála verði vísað til iðnaðarráðherra í stað samgönguráðherra nú.

Athugasemdir við 3. þátt, breytingar vegna flutnings alferða til viðskiptaráðuneytis.

Um 14. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að forræði laga um alferðir flytjist frá samgönguráðherra til viðskiptaráðherra. Með lögum um alferðir er innleidd tilskipun ráðherraráðs Evrópubandalagsins nr. 90/314/EBE um ferðapakka, sumarleyfis- og skoðunarferðapakka, en tilskipunin fellur undir XIX. viðauka EES-samningsins um neytendavernd. Eftirlit með framkvæmd laga um alferðir hefur frá upphafi verið í höndum undirstofnana viðskiptaráðuneytisins, fyrst Samkeppnisstofnunar og frá árinu 2005 Neytendastofu. Á grundvelli lagabreytingar sem gerð var á vorþingi er nú heimilt að skjóta ákvörðunum sem Neytendastofa tekur á grundvelli laga um alferðir til áfrýjunarnefndar neytendamála sem starfar á grundvelli 4. gr. laga um Neytendastofu og talsmann neytenda. Í ljósi þessa þykir eðlilegt að lög um alferðir heyri undir viðskiptaráðherra í stað þess ráðherra sem fer með ferðamál.

Athugasemdir við 4. þátt, breytingar vegna flutnings landbúnaðarskóla til menntamálaráðuneytis.

Um 15. gr.

Menntastofnanir landbúnaðarins, sem eru Landbúnaðarháskóli Íslands og Hólaskóli – Háskólinn á Hólum, verða færðar undir yfirstjórn menntamálaráðherra. Báðir skólar bjóða upp á nám á framhaldsskólastigi og á háskólastigi samkvæmt þeim lögum sem gilda um hvort skólastig. Þá hafa báðir skólarnir ákveðið að sækja um viðurkenningu menntamálaráðherra á grundvelli II. kafla rammalaga um háskóla og reglna settra með stoð í þeim. Uppfylla þeir þannig gildissviðsákvæði 1. gr. rammalaganna.

Um 16. og 21. gr.

Ákvæðum gildandi laga er breytt að því marki sem þau gera ráð fyrir atbeina ráðherra við rekstur og starfsemi skólanna.

Um 17. gr.

Báðir skólar eru aðilar að viðurkenningarferli samkvæmt rammalögum um háskóla, sem byggist á alþjóðlegum viðmiðum um háskólastarfsemi. Ekki er því þörf á að vísa sérstaklega til erlendra háskóla hvað þetta varðar.

Um 18.–20. gr.

Ákvæði um viðurkenningu, námsframboð og prófgráður skólanna tveggja eru hér færð til samræmis við gildandi rammalög um háskóla, nr. 63/2006. Formleg viðmið um æðri menntun og prófgráður voru gefin út af menntamálaráðuneytinu í febrúar 2007.

Um 22. gr.

Lagt er til að háskólaráð beggja skóla haldi áfram án þess að til nýrrar skipunar komi að svo stöddu. Í samræmi við aðrar breytingar er hins vegar gengið út frá því að menntamálaráðherra skipi fulltrúa í stað þeirra sem láta af setu áður en skipunartíminn er úti.

Athugasemdir við 5. þátt, breytingar vegna flutnings landgræðslu og skógræktar, að undanskilinni ræktun nytjaskóga, til umhverfisráðuneytis og breytingar er lúta að því að skýra valdmörk sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis og umhverfisráðuneytis.

Um 23.–26. gr.

Í samræmi við þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar að færa málefni skógræktar og landgræðslu, utan nytjaskóga og skógræktar á bújörðum, frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti til umhverfisráðuneytis kemur orðið umhverfisráðherra í stað landbúnaðarráðherra í viðeigandi greinum. Í öðrum greinum koma orðin sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra í stað landbúnaðarráðherra.

Í IV. kafla laga um skógrækt, nr. 3/1955, er fjallað um skógrækt á bújörðum. Í samræmi við áframhaldandi forræði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins á þeim málaflokki er í 25. gr. frumvarpsins kveðið skýrt á um forræði þeirra mála.

Um 27. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er lagt til að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fái heimild í 41. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum til að gera samninga við ríkisstofnanir og einkaaðila um verkefni við úttekt á landi sem nýtt er við gæðastýrða sauðfjárframleiðslu. Verkefni þessi yrðu nánar afmörkuð í reglugerð. Í lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, eins og þeim var breytt með lögum nr. 58/2007, sem sett voru í kjölfar nýs samnings um starfsskilyrði sauðfjárræktar, er nú gert ráð fyrir að landbúnaðarráðherra hafi heimild til að fela Landgræðslu ríkisins þessi verkefni í reglugerð með líkum hætti og þegar er gert í núgildandi reglugerð um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu, nr. 175/2003. Lög nr. 58/2007 öðlast gildi 1. janúar 2008 rétt eins og nefndur samningur.

Gert er ráð fyrir því að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra muni gera samning við Landgræðslu ríkisins um tiltekna framkvæmdaþætti en stjórnsýsluverkefni verði þó á könnu Matvælaeftirlitsins. Til samræmis við útvistunarstefnu fjármálaráðuneytisins er gert ráð fyrir því að ráðherra hafi einnig heimild til að fela einkaaðilum verkefni við gæðastýringu en möguleikar kunna að skapast til þess, t.d. við úttekt á landi og gerð landbóta eða landnýtingaráætlana.

Mælt er fyrir um brottfall 4. málsl. 3. mgr. lagagreinarinnar þar sem það ákvæði verður óþarft við þá breytingu sem lögð er til að gerð verði á 2. málsl. 3. mgr. enda rúmast heimildir 4. málsl. 3. mgr. innan þeirrar heimildar.

Um 28.–29. gr.

Í greinunum er fjallað um breytingar á lögum nr. 15/1994, um dýravernd. Breytingarnar miða að því að draga skýrari valdmörk milli sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra annars vegar og umhverfisráðherra hins vegar. Samkvæmt lögum um búfjárhald o.fl., nr. 103/2002, fer sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra með málefni er varða búfé og eru þessi skil gerð skýrari með þeirri breytingu sem lögð er til.

Um 30. gr.

Í greininni er lagt til að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra setji tvær nýjar reglugerðir. Í fyrsta lagi er ráðherra ætlað að setja reglugerð er fjalli um flutninga búfjár, m.a. um kröfur til flutningstækja sem flytja búfé. Í öðru lagi skal ráðherra setja reglugerð er fjalli um aflífun búfjár. Með lagabreytingunni er stjórnsýsla ráðuneyta gerð skýrari og ábyrgð á þessum þáttum

búfjárhalds, þ.e. flutningi búfjár og aflífun þess, gleggri. Reglugerðarbreytingin veitir ráðherra jafnframt heimild til þess að auka kröfur til þeirra aðila sem annast flutninga og aflífun á búfé.

Um 31. gr.

Í fyrri efnismálsgreininni er að finna nýmæli. Gerð er krafa um að með umsókn um innflutning á nýrri dýrategund til landsins skuli ávallt fylgja áhættumat sem umsækjandi skuli leggja fram með umsókn sinni. Markmið slíks áhættumats er að leggja mat á þá hættu sem fylgir því að leyfa innflutning viðkomandi tegundar fyrir lífríkið. Þannig á áhættumatið að leiða í ljós líkur þess að viðkomandi tegund geti sloppið út í umhverfið og ef slíkt gerðist hvaða áhrif það gæti haft á lífríkið, svo sem líffræðilega fjölbreytni o.s.frv. Áhættumatið mun liggja fyrir þegar umsagnaraðilar veita umsögn sína um erindið og taka þeir þannig afstöðu til þess í umsögn sinni. Gert er ráð fyrir því að ráðherra geti í reglugerð sett nánari fyrirmæli um hvernig áhættumat skuli fara fram og til hvaða þátta það skuli taka.

Athugasemdir við 6. þátt, breytingar vegna flutnings vatnamælinga til umhverfisráðuneytis.

Um 32.–33. gr.

Lagt er til að vatnamælingar Orkustofnunar heyri undir umhverfisráðuneytið frá 1. janúar 2008 en starfsemi vatnamælinga hefur verið rekin sem sjálfstæð eining innan Orkustofnunar og verið fjárhagslega aðgreind frá annarri starfsemi stofnunarinnar. Til samræmis við þetta er lagt til að 1. mgr. 3. gr. gildandi laga nr. 87/2003 um starfsemi Vatnamælinga innan Orkustofnunar falli brott. Í samræmi við 2. og 3. tölul. 2. gr. laga um Orkustofnun skal áréttað forræði stofnunarinnar á rannsóknum á orkubúskap og gagnasöfnun um orkulindir. Talið er rétt að sameina Veðurstofu Íslands og vatnamælingar Orkustofnunar í eina stofnun þar sem verkefni vatnamælinga eru eðlislík ákveðnum verkefnum sem falla undir verksvið Veðurstofu Íslands. Gert er ráð fyrir að hafist verði handa við að sameina starfsemi Veðurstofu Íslands og vatnamælinga Orkustofnunar við gildistöku frumvarps þessa, frekari lagabreytingar undirbúnar og sameiningunni verði lokið eigi síðar en 1. janúar 2009. Fram að þeim tíma mun starfsemi vatnamælinga vera vistuð hjá Orkustofnun.

Gert er ráð fyrir að réttindi og skyldur starfsmanna vatnamælinga samkvæmt lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, haldist óbreytt, enda sé um flutning starfa að ræða.

Athugasemdir við 7. þátt, breytingar vegna flutnings matvælamála til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis.

Um 34. gr.

Í samræmi við tilfærslu málefna matvæla frá umhverfisráðuneyti til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis koma orðin sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra í stað umhverfisráðherra. Gert er ráð fyrir því að Landbúnaðarstofnun taki við verkefnum matvælasviðs Umhverfisstofnunar og verkefnum matvælaeftirlitssviðs Fiskistofu. Stofnunin mun fá nýtt nafn, Matvælaeftirlitið.

Um 35. gr.

Þar sem einn ráðherra, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, mun fara með málefni matvæla, þ.e. sjávarafurða, landbúnaðarafurða og unninna matvæla, er ekki þörf á sérstakri upp-

talningu eða lýsingu á verksviði landbúnaðarráðherra. Í þessu lagaákvæði eru hins vegar talin upp þau svið sem Matvælaeftirlitið sinnir samkvæmt lögunum.

A–d-liðir eru teknir óbreyttir úr 6. gr. laga nr. 93/1995, um matvæli. Þessir liðir féllu undir yfirstjórn landbúnaðarráðherra og voru því á forræði Landbúnaðarstofnunar áður. E-liður er í samræmi við 7. gr. laga nr. 93/1995, um matvæli, og féll undir yfirstjórn sjávarútvegsráðherra og var því á forræði matvælasviðs Fiskistofu áður. Þó eru gerðar nokkrar breytingar á e-liðnum til að samræma verksvið Matvælaeftirlitsins betur ákvæðum laga nr. 55/1998 þannig að það nái ekki eingöngu til meðferðar, flutnings, geymslu og vinnslu sjávarafurða til útflutnings heldur einnig til annarrar meðferðar, flutnings, geymslu og vinnslu sjávarafurða, auk dreifingar, þ.m.t. innflutnings. Smásala sjávarafurða verður hins vegar ekki undir opinberu eftirliti Matvælaeftirlitsins heldur munu heilbrigðisnefndir fara áfram með það eftirlit með sama hætti og verið hefur. F-liður lýsir núverandi verksviði matvælasviðs Umhverfisstofnunar samkvæmt bráðabirgðaákvæði III við lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Það er nauðsynlegt að gera grein fyrir verksviði Matvælaeftirlitsins samkvæmt lögunum þar sem heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna sinna jafnframt verkefnum samkvæmt lögunum. Ekki er ætlunin að breyta verksviði heilbrigðisnefndanna gagnvart Matvælaeftirlitinu heldur á það að vera óbreytt. Skv. 6. gr. laga nr. 93/1995, um matvæli, fór Landbúnaðarráðherra með yfirstjórn mála er varða eftirlitsstörf dýralækna. Enda þótt þessa sé ekki getið í nýju lagaákvæði fer Matvælaeftirlitið með mál er varða eftirlitsstörf dýralækna í samræmi við lög nr. 80/2005, um landbúnaðarstofnun. Hugtakið opinbert eftirlit er skilgreint í 4. gr. laga nr. 93/1995, um matvæli, og er hér notað sem slíkt.

Um 36. gr.

Í samræmi við fyrri athugasemdir er ekki þörf á sérstakri upptalningu eða lýsingu á verksviði sjávarútvegsráðherra og því fellur ákvæðið brott.

Um 37. gr.

Samstarfsráði var falið að vinna að samræmingu matvælaeftirlits og samræmingu löggjafar á sviði matvæla. Ekki er þörf á slíku ráði nú þegar matvælaeftirlit flyst á eina hendi í stað þriggja.

Um 38.–39. gr.

Gerðar eru breytingar á nokkrum ákvæðum laganna um matvæli vegna tilfærslu málefna matvæla frá umhverfisráðuneyti til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis.

Um 40. gr

1. mgr. 20. gr. laganna er breytt til samræmis við sameinað verksvið Matvælaeftirlitsins sem er útlistað í 6. gr. laganna. Gert er ráð fyrir óbreyttu verksviði heilbrigðisnefnda hvað varðar leyfisveitingar frá því sem áður var.

Um 41. gr.

Ekki er þörf á þessu ákvæði þar sem einn ráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögunum.

Um 42. gr.

Heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna hafa sinnt opinberu eftirliti með tilteknum matvælum undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar. Gert er ráð fyrir að þetta eftirlit heilbrigðisnefndanna með matvælum verði óbreytt en verði nú undir yfirstjórn Matvælaeftirlitsins sem tekur við hlutverki matvælasviðs Umhverfisstofnunar. Matvælaeftirlitið tekur að öðru leyti við hlutverki matvælasviðs Umhverfisstofnunar samkvæmt lagaákvæðinu. Þar sem Landbúnaðarstofnun fær nýtt nafn og tekur við starfsemi matvælasviðs Fiskistofu falla brott 2. og 3. mgr. 22. gr. matvælalaganna.

Um 43.–47. gr.

Gerðar eru breytingar á nokkrum ákvæðum laganna vegna tilfærslu málefna matvæla frá umhverfisráðuneyti til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis.

Um 49. gr.

Hér er lagt til að lögfest verði ný grein, 30. gr. a, sem er nýmæli. Greinin er sett til að tryggja að til staðar sé úrskurðaraðili á stjórnsýslustigi um þau ágreiningsefni sem geta komið upp milli þeirra aðila sem fara með stjórnsýslu matvælamála. Hér er gert ráð fyrir að ráðherra fari með úrskurðarvald ef ágreiningur verður milli heilbrigðisnefndar og sveitarstjórnar um framkvæmd laganna. Sambærilegt ákvæði er í 32. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Eins og fram kemur í athugasemdum við það ákvæði í frumvarpi til laga nr. 7/1998, sbr. Alþingistíðindi A-deild, 122. löggjafarþing 1997–98, þskj. 197, 194. mál, eru heilbrigðisnefndir ekki settar undir vald sveitarstjórna og geta þær ekki ógilt eða breytt ákvörðunum heilbrigðisnefnda. Sætti sveitarstjórnir sig ekki við ákvarðanir heilbrigðisnefnda geta þær óskað eftir úrskurði ráðherra.

Um 50. gr.

Gerð er breyting á 1. gr. laga nr. 90/2002, um Umhverfisstofnun, vegna tilfærslu málefna matvæla frá Umhverfisstofnun til Matvælaeftirlitsins.

Um 51.–53. gr.

Gerðar eru breytingar á nokkrum ákvæðum laga nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða vegna tilfærslu málefna matvæla frá Fiskistofu til Matvælaeftirlitsins. Einnig er þar að finna nýmæli um að ráðherra geti falið Matvælaeftirlitinu að gera samkomulag við aðrar ríkisstofnanir um að annast tiltekna þætti í starfsemi stofnunarinnar samkvæmt lögunum. Með því er t.d. átt við að ráðherra geti falið Matvælaeftirlitinu að gera samkomulag við Fiskistofu um að annast tiltekin verkefni ef það er talið hagkvæmt en hún hefur sinnt þessum verkefnum hingað til. Annars staðar í frumvarpinu er lagt til að sambærilegt ákvæði verði tekið upp í lög nr. 93/1995.

Um 54. gr.

Með greininni er annars vegar lagt til að eldi nytjastofna sjávar flytjist til Matvælaeftirlitsins frá Fiskistofu en það er eðlilegt þar sem fiskeldi fellur undir matvælaframleiðslu og matvælalöggjöfin gildir bæði um lifandi eldisdýr og eldisafurðir eftir því sem við á, m.a. þær reglur sem gilda um meðferð, flutning, inn- og útflutning á Evrópska efnahagssvæðinu.

Hins vegar eru gerðar breytingar á tilteknum ákvæðum laga nr. 33/2002, um eldi nytjastofna sjávar, vegna breytinga á yfirstjórn matvælamálefna og heiti Landbúnaðarstofnunar sem verður Matvælaeftirlitið.

Um 55. gr.

Gerðar eru breytingar á tveimur ákvæðum laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, vegna flutnings matvælamálefna frá Umhverfisstofnun til Matvælaeftirlitsins.

Um 56. gr.

Lagðar eru til breytingar á nokkrum ákvæðum laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, vegna breytinga á yfirstjórn matvælamálefna.

Um 57.–59. gr. og 61. gr.

Gerðar eru breytingar á nokkrum ákvæðum laga nr. 80/2005, um Landbúnaðarstofnun. Gert er ráð fyrir því að Landbúnaðarstofnun fá nýtt heiti: Matvælaeftirlitið. Skv. 58. gr. fær Matvælaeftirlitið annað og meira hlutverk en Landbúnaðarstofnun hafði. Þannig bætast þrír nýir stafliðir, h-, i- og j-liður, við 2. gr. laga 80/2005. Skv. h-lið annast Matvælaeftirlitið eftirlit með meðferð fisks og framleiðslu sjávarafurða, sem Fiskistofu er falið samkvæmt lögum um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, nr. 55/1998, og skv. i-lið eftirlit með matvælum, sem matvælasviði Umhverfisstofnunar er falið samkvæmt lögum um matvæli, nr. 93/1995. Þá verður Matvælaeftirlitinu einnig falið skv. j-lið að hafa eftirlit með fiskeldi samkvæmt lögum nr. 57/2006, um eldi vatnafiska, eins og Landbúnaðarstofnun hefur nú þegar, en eftirlit með eldi nytjastofna sjávar flyst jafnframt frá Fiskistofu til Matvælaeftirlitsins.

Loks er gert ráð fyrir að ráðherra geti falið Matvælaeftirlitinu að gera samkomulag við aðrar ríkisstofnanir um að annast tiltekna þætti í starfsemi stofnunarinnar, en það er nýmæli.

Um 60. gr.

Um a-lið.

Gert er ráð fyrir að lögin taki gildi 1. janúar 2008. Þó er gert ráð fyrir að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra verði veitt heimild til að ákveða að flutningur verkefna frá Fiskistofu til Matvælaeftirlitsins komi til framkvæmda að hluta eða öllu leyti síðar, í síðasta lagi 1. janúar 2009. Eðlilegt þykir að ráðherra fái hér gott svigrúm til þess að unnt verði að flytja þau málefni sem um er að ræða með sem öruggustum hætti. Ekki er hægt að miða flutning viðfangsefnanna við tiltekið tímamark. Skilyrði þess að flutningur viðfangsefnanna frá Fiskistofu til Matvælaeftirlitsins komi til framkvæmda að hluta eða öllu leyti eftir 1. janúar 2008 er að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hafi birt um það auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.

Um b-lið.

Ákvæðið tekur mið af flutningi verkefna til Landbúnaðarstofnunar er fær nýtt heiti og verður Matvælaeftirlitið. Til þeirrar stofnunar flytjast málefni sem hingað til hafa heyrt undir aðrar ríkisstofnanir eins og nánar er rakið í frumvarpinu.

Ákvæðið gerir ráð fyrir því að starfsmenn, sem ráðnir hafa verið hjá matvælasviði Fiskistofu og matvælasviði Umhverfisstofnunar, haldi störfum sínum og óbreyttum starfskjörum hjá Matvælaeftirlitinu. Störf eru ekki lögð niður heldur flutt til Matvælaeftirlitsins með því að sú stofnun yfirtekur ráðningarsamninga. Starfsmönnum er þannig ekki sagt upp við yfirfærslu verkefna enda eru störfin ekki lögð niður. Þannig verður aðild að lífeyrissjóði óbreytt og laun fara eftir þeim kjarasamningum sem við eiga.

Um c-lið.

Þá er einnig talið nauðsynlegt með tilliti til aðstæðna að kveða á um tiltekinn aðlögunartíma til að flytja verkefni sem eru á verksviði matvælasviðs Fiskistofu við gildistöku þessara laga til Matvælaeftirlitsins. Með þessu ákvæði er gert ráð fyrir að það verði gert með samningum Matvælaeftirlitsins við Fiskistofu eftir því sem ástæða þykir til. Er gert ráð fyrir að til ársloka 2008 verði heimilt að gera samninga við Fiskistofu um að annast öll þau verkefni sem stofnunin hefur hingað til annast, þ.m.t. hvers konar ákvarðanir um þvingunarúrræði og viðurlög. Lagt verður mat á það á þeim tíma hvort og hvaða verkefni verða falin stofnuninni. Ákvarðanir sem teknar verða af Fiskistofu samkvæmt þessu ákvæði verða kæranlegar til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis með sama hætti og ákvarðanir Matvælaeftirlitsins.

Um 62. gr.

Gerðar eru breytingar á ákvæði 2. gr. laga nr. 36/1992, um Fiskistofu, vegna flutnings matvælamálefna frá Fiskistofu til Matvælaeftirlitsins.

Um 63. gr.

Gerðar eru breytingar á nokkrum ákvæðum laga nr. 66/1998, um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, vegna breytinga á yfirstjórn matvælamálefna og heiti Landbúnaðarstofnunar sem verður Matvælaeftirlitið.

Um 64. gr.

Gerðar eru breytingar á nokkrum ákvæðum laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, vegna breytinga á yfirstjórn matvælamálefna og heiti Landbúnaðarstofnunar sem verður Matvælaeftirlitið.

Um 65. gr.

Lagðar eru til breytingar á nokkrum ákvæðum laga nr. 96/1997, um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, vegna breytinga á yfirstjórn matvælamálefna og heiti Landbúnaðarstofnunar sem verður Matvælaeftirlitið.

Um 66. gr.

Gerðar eru breytingar á nokkrum ákvæðum laga nr. 6/1986, um afréttamálefni, fjallskil o.fl., vegna breytinga á yfirstjórn matvælamálefna og heiti Landbúnaðarstofnunar sem verður Matvælaeftirlitið.

Um 67. gr.

Lagðar eru til breytingar á nokkrum ákvæðum laga nr. 22/1994, um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, vegna breytinga á yfirstjórn matvælamálefna og heiti Landbúnaðarstofnunar sem verður Matvælaeftirlitið.

Um 68. gr.

Gerðar eru breytingar á nokkrum ákvæðum laga nr. 162/1994, um lífræna landbúnaðarframleiðslu, vegna breytinga á yfirstjórn matvælamálefna og heiti Landbúnaðarstofnunar sem verður Matvælaeftirlitið.

Um 69. gr.

Gerðar eru breytingar á nokkrum ákvæðum laga nr. 55/2002, um útflutning hrossa, vegna breytinga á yfirstjórn matvælamálefna og heiti Landbúnaðarstofnunar sem verður Matvælaeftirlitið.

Um 70. gr.

Lagðar eru til breytingar á nokkrum ákvæðum laga nr. 54/1990, um innflutning dýra, vegna breytinga á yfirstjórn matvælamálefna og heiti Landbúnaðarstofnunar sem verður Matvælaeftirlitið.

Um 71. gr.

Gerðar eru breytingar á nokkrum ákvæðum laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl., vegna breytinga á yfirstjórn matvælamálefna og heiti Landbúnaðarstofnunar sem verður Matvælaeftirlitið.

Um 72. gr.

Gerðar eru breytingar á nokkrum ákvæðum laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, vegna breytinga á yfirstjórn matvælamálefna og heiti Landbúnaðarstofnunar sem verður Matvælaeftirlitið.

Um 73. gr.

Gerðar eru breytingar á 2. gr. laga nr. 67/1990, um Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, vegna breytinga á yfirstjórn matvælamálefna og heiti Landbúnaðarstofnunar sem verður Matvælaeftirlitið.

Um 74. gr.

Gerðar eru breytingar á tilteknum ákvæðum lyfjalaga, nr. 93/1994, vegna breytinga á yfirstjórn matvælamálefna og heiti Landbúnaðarstofnunar sem verður Matvælaeftirlitið.

Um 75. gr.

Gerðar eru breytingar á nokkrum ákvæðum laga nr. 15/1994, um dýravernd, vegna breytinga á yfirstjórn matvælamálefna og heiti Landbúnaðarstofnunar sem verður Matvælaeftirlitið.

Um 76. gr.

Lagðar eru til breytingar á tilteknum ákvæðum sóttvarnalaga, nr. 19/1997, vegna breytinga á yfirstjórn matvælamálefna og heiti Landbúnaðarstofnunar sem verður Matvælaeftirlitið.

Um 77. gr.

Gerð er breyting á 6. gr. laga nr. 94/1962, um almannavarnir, vegna breytinga á yfirstjórn matvælamálefna og heiti Landbúnaðarstofnunar sem verður Matvælaeftirlitið.

Um 78. gr.

Gerðar eru breytingar á tilteknum ákvæðum laga nr. 60/2006, um varnir gegn fisksjúkdómum, vegna breytinga á yfirstjórn matvælamálefna og heiti Landbúnaðarstofnunar sem verður Matvælaeftirlitið.

Um 79. gr.

Lagðar eru til breytingar á tilteknum ákvæðum laga nr. 58/2006, um fiskrækt, vegna breytinga á yfirstjórn matvælamálefna og heiti Landbúnaðarstofnunar sem verður Matvælaeftirlitið.

Um 80. gr.

Gerðar eru breytingar á tilteknum ákvæðum laga nr. 57/2006, um eldi vatnafiska, vegna breytinga á yfirstjórn matvælamálefna og heiti Landbúnaðarstofnunar sem verður Matvælaeftirlitið.

Athugasemdir við 8. þátt, breytingar vegna flutnings Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins til iðnaðarráðuneytis.

Um 81. gr.

Í greininni er lagt til að kveðið verði á um í 1. mgr. 1. gr. laga um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins að yfirumsjón með sjóðnum sé í höndum iðnaðarráðherra í stað viðskiptaráðherra nú.

Um 82. gr.

Hér er lagt til að ákvæðum 4. gr. um skipan stjórnar Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins verði breytt þannig að það verði iðnaðarráðherra í stað viðskiptaráðherra sem skipi stjórnina. Áfram er gert ráð fyrir því að iðnaðarráðherra skipi einn mann án tilnefningar og að sami ráðherra skipi einn mann samkvæmt ábendingum samtaka atvinnufyrirtækja í iðnaði. Einnig er lagt til að í stjórnina verði áfram skipaður einn stjórnarmaður eftir tilnefningu sjávarútvegsráðherra, einn stjórnarmaður eftir tilnefningu sjávarútvegsráðherra samkvæmt ábendingum samtaka atvinnufyrirtækja í sjávarútvegi og einn stjórnarmaður samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands.

Um 83. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Athugasemdir við 9. þátt, breytingar vegna flutnings Einkaleyfastofu til viðskiptaráðuneytis.

Um 84. gr.

Í greininni er lögð til breyting á lögum um einkaleyfi vegna tilfærslu málefna Einkaleyfastofu frá iðnaðarráðuneyti til viðskiptaráðuneytis.

Um 85. gr.

Í greininni er lögð til breyting á ákvæði sveitarstjórnarlaga um byggðamerki vegna tilfærslu málefna Einkaleyfastofu frá iðnaðarráðuneyti til viðskiptaráðuneytis.

Um 86. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum um hönnun, en þar er kveðið á um hönnunarvernd, vegna tilfærslu málefna Einkaleyfastofu frá iðnaðarráðuneyti til viðskiptaráðuneytis.

Um 87. gr.

Í greininni er lögð til breyting á lögum um félagamerki vegna tilfærslu málefna Einkaleyfastofu frá iðnaðarráðuneyti til viðskiptaráðuneytis.

Athugasemdir við 10. þátt, breytingar vegna flutnings fasteignakaupa og fasteignasölu til viðskiptaráðuneytis.

Um 88. gr.

Í greininni eru lagðar til nauðsynlegar breytingar á lögum um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa vegna flutnings málefna er varða fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu til viðskiptaráðuneytisins.

Athugasemdir við 11. þátt, breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands.

Um 89. gr.

Hér er tekið af skarið um að ljúka beri stjórnsýslumálum, sem hafin eru fyrir gildistöku flutnings málefnis en er ólokið við flutninginn, í því ráðuneyti sem við málefni tekur. Á það einnig við ef til þess kemur að breyta þurfi, endurupptaka eða afturkalla ákvörðun, sbr. VI. kafla stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Sama á við ef leysa þarf úr stjórnsýslukæru vegna ákvörðunar, sbr. VII. kafla stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

Um 90. gr.

Lagt er til að lögin taki gildi 1. janúar 2008.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands í framhaldi af stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 23. maí 2007 og lögum nr. 109/2007, um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands nr. 73/1969. Markmið þessara aðgerða er að laga stjórnsýsluna og verkefni ráðuneyta betur að þörfum nútímans og að ráðuneyti verði öflugar og skilvirkar einingar þar sem skyldum málaflokkum er skipað saman undir eina stjórn.

Fjármálaráðuneytið gerir ráð fyrir að áhrif frumvarpsins á kostnað ríkissjóðs verði einkum í formi tilflutnings á kostnaði milli ráðuneyta og stofnana og auki þannig ekki heildarkostnað ríkissjóðs. Samkvæmt lauslegu yfirliti sem ráðuneytið hefur tekið saman kann þessi tilflutningur að snerta fjárveitingar um 200 viðfangsefna á fjárlögum og er áformað að flytja tillögur þess efnis við 2. umræðu fyrirliggjandi fjárlagafrumvarps. Í einhverjum tilvikum kann þó að koma til breytinga á kostnaði, svo sem vegna breytinga á starfsmannafjölda eða húsnæði, en komi til slíkra óvæntra útgjalda eða biðlauna verður að fjalla um það sérstaklega. Markmið ríkisstjórnarinnar í því sambandi er að þeim kostnaði verði haldið í lágmarki þannig að hann rúmist innan ramma viðkomandi ráðuneyta og stofnana.

132. Frumvarp til laga [131. mál]

um breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, og lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

I. KAFLI
Breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Vinnuveitandi starfsmanna sem ráðnir eru til starfa á grundvelli samnings um útleigu á vinnuafli telst launagreiðandi þeirra samkvæmt lögum þessum hafi starfsmannaleigan ekki skattalegt heimilisfesti hér á landi.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

2. gr.

Á eftir orðinu „Launagreiðendur“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: samkvæmt lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda.

III. KAFLI
Breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

3. gr.

Á eftir orðinu „Launagreiðendur“ í 3. mgr. 6. gr. laganna kemur: samkvæmt lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 20. september 2007 var kveðinn upp dómur í Hæstarétti í máli nr. 523/2006 gegn íslenska ríkinu.

Í dómi sínum komst rétturinn að þeirri niðurstöðu að áfrýjandi, útibú erlends fyrirtækis, sem stundaði starfsemi hér á landi og notaðist við starfsmenn sem ráðnir höfðu verið af erlendum starfsmannaleigum sem síðan leigðu þá út hingað til lands, teldist vera vinnuveitandi hinna útleigðu starfsmanna og starfsmennirnir því skattskyldir hér á landi, sbr. 1. tölul. 3. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, og Ísland ætti skattlagningarréttinn samkvæmt ákvæðum tvísköttunarsamnings milli Íslands og heimaríkis viðkomandi starfsmannaleigna. Við mat á því hver teldist vinnuveitandi í þessu tilviki leit Hæstiréttur meðal annars til þess hvaða aðili átti rétt til verksins sem til verður við vinnuna og beri áhættu og ábyrgð á því. Við alþjóðlega útleigu á vinnuafli séu þessar heimildir almennt hjá þeim sem unnið er fyrir. Á hinn bóginn

væri skyldan til að standa skil á staðgreiðslu samkvæmt lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögð á launagreiðanda eða þann sem annast milligöngu á launagreiðslum og væri hugtakið launagreiðandi þrengra hugtak en hugtakið vinnuveitandi og ekki eins margþætt. Fyrir lægi að við breytingar sem gerðar hefðu verið á tekjuskattslögum árið 1995 hefði verið uppi ráðagerð um að það skyldi vera notandi þjónustunnar en ekki starfsmannaleigan sem teldist launagreiðandi og væri þar með skyldugur til þess að standa skil á staðgreiðslu vegna erlendra útleigðra starfsmanna hér á landi. Þessari ráðagerð hafi hins vegar ekki verið fylgt eftir með breytingu á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda. Geti ummæli í greinargerð með frumvarpi til breytinga á öðrum lögum en þeim sem gilda um staðgreiðslu opinberra gjalda ekki verið viðhlítandi grundvöllur til að leggja á notendur þjónustu starfsmannaleigna skyldu til staðgreiðsluskila af launum útleigðra starfsmanna. Þurfi til þess skýra heimild í lögum. Samkvæmt þessu taldi Hæstiréttur að það væru hinar erlendu starfsmannaleigur en ekki aðilinn sem nýtti starfskrafta þeirra hér á landi sem almennt teldust launagreiðendur umræddra útleigðra starfsmanna og bæri notanda þjónustunnar því almennt ekki skylda til þess að standa skil á staðgreiðslu vegna launa þessara starfsmanna.

Með frumvarpi þessu er lagt til að fylgt verði eftir þeirri breytingu sem gerð var á lögum um tekjuskatt og eignarskatt á sínum tíma með hliðstæðri breytingu á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, þannig að lagastoðum sé skotið undir þá framkvæmd að það skuli vera notandi þjónustunnar en ekki starfsmannaleigan sem teljist launagreiðandi á grundvelli samninga um útleigu á vinnuafli hafi starfsmannaleigan ekki skattalegt heimilisfesti hér á landi. Einnig eru lagðar til breytingar á lögum um tryggingagjald og lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða til að taka af öll tvímæli um það hver sé launagreiðandi við umræddar kringumstæður.

Í athugasemdum við 1. tölul. 1. gr. laga nr. 145/1995, um breytingu á lögum nr. 75/1981, segir: „Um langt skeið hefur alþjóðleg útleiga vinnuafls leitt til ýmissa vandkvæða í skattframkvæmd. Hér er um það að ræða að rekstraraðili sem óskar eftir því að ráða erlent vinnuafl í skemmri tíma en 183 daga ræður starfskraft í gegnum erlendan millilið. Milliliðurinn gefur sig út fyrir að vera vinnuveitandi og leigir út vinnuaflið til rekstraraðilans. Með breytingunni er gert ráð fyrir að launþegi sem þannig hagar til um verði skattskyldur hér á landi á grundvelli 3. gr. Launagreiðandi hans (hinn innlendi rekstraraðili) ber ábyrgð á staðgreiðslu af launum hans eins og annarra launamanna sem hér starfa tímabundið. Þetta er í samræmi við sambærileg ákvæði tvísköttunarsamninga og er lagt til að tekin verði af tvímæli um að menn sem svo háttar um sem að framan er lýst verði ótvírætt skattskyldir hér á landi.“

Eins og fram kemur í tilvitnuðum dómi Hæstaréttar takmarkaðist breyting þessi við tekjuskattslögin og taldi rétturinn því að skýra lagaheimild skorti í staðgreiðslulögin nr. 45/1987 til að fylgja eftir í framkvæmd þeim áformum að það skyldi vera notandi þjónustunnar, þ.e. vinnuveitandi útleigðra starfsmanna, en ekki starfsmannaleigan sem teldist launagreiðandi í skilningi staðgreiðslulaga. Með frumvarpi þessu er verið að hnykkja á því að hin almenna skylda til að halda eftir staðgreiðslu af skattskyldum launum og skila í ríkissjóð hvíli þannig á heimilisföstum vinnuveitanda sem telst launagreiðandi í skilningi staðgreiðslulaga við þessar aðstæður. Starfsmannaleiga án heimilisfesti hér á landi teldist þannig ekki almennur launagreiðandi útleigðra starfsmanna í skilningi staðgreiðslulaga nr. 45/1987. Eðli máls samkvæmt verða skyldur launagreiðenda ekki lagðar á aðra vinnuveitendur en þá sem eiga hér á landi skattalegt heimilisfesti skv. 1. og 2. gr. laga nr. 90/2003 og uppfylla að öðru leyti þær skyldur sem almennt eru lagðar á launagreiðendur samkvæmt ákvæðum staðgreiðslulaga, laga um tryggingagjald, laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda auk annarra lögboðinna krafna um

skráningu o.fl., þegar svo háttar til að starfsmenn á vegum starfsmannaleigna eru skattskyldir hvort heldur er skv. 1. eða 3. gr. laga nr. 90/2003.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, og lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á þrennum lögum sem allar varða skilgreiningu á hugtakinu launagreiðandi þegar um er að ræða útleigu á vinnuafli og starfsmannaleigan hefur ekki skattalegt heimilisfesti á Íslandi. Markmiðið með því er að fylgja eftir breytingu sem gerð var á lögum um tekjuskatt og eignarskatt á sínum tíma með hliðstæðri breytingu á framangreindum lögum þannig að styrkari lagastoðum verði skotið undir þá framkvæmd að það skuli vera notandi þjónustunnar en ekki starfsmannaleigan sem teljist launagreiðandi á grundvelli samninga um útleigu á vinnuafli hafi starfsmannaleigan ekki skattalegt heimilisfesti hér á landi.

Ekki er gert ráð fyrir að lögfesting frumvarpsins hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

133. Fyrirspurn [132. mál]

til félagsmálaráðherra um sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðra.

Frá Árna Þór Sigurðssyni.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að Alþingi lögfesti sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðra sem samþykktur var á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 13. desember 2006?

134. Nefndarálit [94. mál]

um frv. til l. um breyt. á vatnalögum, nr. 20/2006.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðjón A. Guðjónsson frá iðnaðarráðuneyti.

Á 132. löggjafarþingi samþykkti Alþingi frumvarp til nýrra vatnalaga, nr. 20/2006, og er þeim ætlað að leysa af hólmi gildandi vatnalög, nr. 15/1923. Við þinglega meðferð málsins varð samkomulag meðal allra flokka um að fresta gildistöku nýju laganna til 1. nóvember 2007 og jafnframt að sérstakri nefnd yrði komið á fót til að rannsaka lagasamræmi og yfirvofandi breytingar á sviði vatnamála.

Í frumvarpi þessu er lagt til að gildistöku nýju vatnalaganna verði frestað enn um sinn eða til 1. nóvember 2008 þar sem ekki hefur orðið af skipun umræddrar nefndar.

Nefndin leggur til að gildistöku laga nr. 31/2007, um breytingu á lögum nr. 91/2002, um varnir gegn landbroti, verði einnig frestað en þeim lögum er ætlað að taka gildi sama dag og nýju vatnalögunum. Því leggur nefndin til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Á eftir 2. gr. komi ný grein er orðist svo:

Við gildistöku laga þessara verður eftirfarandi breyting á lögum nr. 31/2007, um breytingu á lögum nr. 91/2002, um varnir gegn landbroti: Í stað „2007“ í 1. mgr. 2. gr. kemur: 2008.

Guðni Ágústsson og Ragnheiður E. Árnadóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 17. okt. 2007.

Katrín Júlíusdóttir, form., frsm.	Ólöf Nordal.	Einar Már Sigurðarson.
Álfheiður Ingadóttir.	Herdís Þórðardóttir.	Björk Guðjónsdóttir.

Grétar Mar Jónsson.

135. Breytingartillaga [94. mál]

við frv. til l. um breyt. á vatnalögum, nr. 20/2006.

Frá Katrínu Júlíusdóttur og Kristjáni Þór Júlíussyni.

Við 1. gr. bætist nýr liður, svohljóðandi: Í stað ártalsins „2008“ í lokamálslið 4. mgr. 42. gr. laganna kemur: 2009.

Greinargerð.

Í tengslum við frestun á gildistöku nýrra vatnalaga er óhjákvæmilegt annað en að leggja til að saman fari lenging á fresti sem vatnafélög hafa til að laga starfsemi sína að lögunum, sbr. 4. mgr. 42. gr. þeirra.

136. Svar [79. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Árna Þórs Sigurðssonar um sölu eigna ríkisins í Hvalfirði.

1. *Á grundvelli hvaða heimilda eru auglýstar til sölu húseignir, tækjabúnaður og bryggja fyrrum olíubirgðastöðvar NATO í Hvalfirði ásamt lóð, sbr. auglýsingu Ríkiskaupa í byrjun september sl. sem fylgja sölugögn, m.a. kauptilboðsblað, skýrsla um mat á ástandi olíubirgðastöðvarinnar frá september 2004 o.fl.?*

Í 6. gr. fjárlaga 2007, lið 4.57, er heimild til að selja landspildur í eigu ríkisins í Hvalfirði. Auk þess hefur verið óskað eftir heimild í 4. gr. fjáraukalaga fyrir árið 2007, lið 4.60, til að selja fasteignir og landsvæði fyrrum olíustöðvar NATO í Hvalfirði.

2. *Hvaða kvaðir fylgja þeim eignum sem til sölu eru og eru slíkar kvaðir skýrt tilteknar í sölugögnum?*

Umræddar eignir eru boðnar til sölu án kvaða.

3. *Hefur fjármálaráðuneytið gengið úr skugga um að umræddar eignir séu skráðar í Landskrá fasteigna? Ef svo er ekki, telur ráðherra eðlilegt að auglýsa til sölu óskráðar eignir?*

Eignirnar eru ekki skráðar í Landskrá fasteigna enda voru fasteignir á fyrrum varnarsvæðum undanþegnar slíkri skráningu. Stofnskjal hefur verið gefið út fyrir umrædda lóð og liggur það hjá byggingarfulltrúa Hvalfjarðarsveitar til afgreiðslu.

4. *Hefur við undirbúning sölunnar verið fylgt ákvæðum reglugerðar nr. 651/1994, um ráðstöfun eigna ríkisins, og tilmælum umboðsmanns Alþingis nr. 3163 frá 2001?*

Við undirbúning sölunnar hefur verið fylgt ákvæðum reglugerðar nr. 206/2003 sem kom í stað eldri reglugerðar nr. 651/1994, um ráðstöfun eigna ríkisins, og tilmælum umboðsmanns Alþingis nr. 3163 frá 2001.

5. *Hvað veldur því ósamræmi að í sölugögnum segir að um sé að ræða 47,3 ha landsvæði en í auglýsingu er það sagt 18,6 ha?*

Stærð lóðarinnar sem selja á var tilgreind 18,6 ha. í blaðaauglýsingum, á heimasíðu Ríkiskaupa, á tilboðsblaði og á hnitaskrá lóðarinnar sem var fylgiskjal með sölugögnum. Hins vegar kemur fram í matsskýrslu frá 2004 um ástand eignanna, sem var hluti sölugagna, að landsvæði (land, foreign base right) sé 47,3 ha. Upplýsingar þessar eiga við um allt það land sem áður tilheyrði fyrrum olíubirgðastöð NATO. Hins vegar er nú aðeins verið að selja 18,6 ha. svo sem söluauglýsing ber greinilega með sér.

6. *Hver er staða aðalskipulags og deiliskipulags á því svæði sem fyrirhugað er að selja og hverjar eru heimildir til landnýtingar?*

Aðalskipulag og deiliskipulag eru á forræði viðkomandi sveitarstjórnar. Frumkvæði skipulagsgerðar og ábyrgð er einnig hjá henni. Væntanlegur kaupandi þarf að sjálfsögðu að fá samþykki viðkomandi yfirvalda fyrir þeirri starfsemi sem hann hyggst reka á svæðinu.

7. *Hefur fjármálaráðuneytið fengið umboð hlutaðeigandi til að selja hús sem í sölugögnum er sagt metið ónýtt og „í eigu bónda í sveitinni og er ekki á skrá er fengin var frá verkkaupa“?*

Umrætt hús var selt til niðurrifs eða flutnings fyrir nokkrum árum og er ekki hluti þess sem selja á eins og kemur fram í sölugögnum. Húsið verður fjarlægt fyrir afhendingu hins selda.

8. *Er ástand olíugeyma með þeim hætti að unnt sé að íslenskum lögum að nýta þá til geymslu á eldsneyti? Ef svo er ekki, hvaða aðgerðir eru nauðsynlegar til þess að geymarnir uppfylli ákvæði íslenskra laga til birgðahalds?*

Umræddar eignir ríkisins í Hvalfirði verða seldar í því ástandi sem þær eru í við afhendingu til kaupanda. Seljandi hefur hvorki látið kanna hvort umræddar eignir uppfylla skilyrði hlutaðeigandi stjórnvalda um geymslu á olíu né hvort leyfi fæst til að geyma olíu eða önnur mengandi efni í umræddum geymum.

9. *Hver er ástæða þess að hluti ástandsskýrslu, m.a. að því er varðar kostnað við endurbætur, niðurrif o.fl., er ekki birtur í sölugögnum?*

Eins og kemur fram í sölulýsingu var ástandsskýrslan unnin árið 2004 og er nefnd „Mat á ástandi og valkostum“. Sá hluti sem snýr að mati á ástandi eignanna var birtur til fróðleiks fyrir væntanlega bjóðendur. Hinn hlutinn snéri að hugsanlegum nýtingarmöguleikum stöðvarinnar og kostnaði honum samfara. Telja verður óraunhæft að seljandi hafi á því skoðun hvernig væntanlegur kaupandi hyggst nýta eignirnar eða áætli kostnað við hugsanlegar endurbætur, sé þeirra þörf.

10. *Er vitað um mengun í jarðvegi, olíu eða önnur mengandi efni, á því svæði sem fyrirhugað er að selja? Ef svo er, hvíla kvaðir á landeiganda varðandi hreinsun?*

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja (varnarsvæði falla undir Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja skv. 3. gr. reglugerðar nr. 828/2003, um hollustuhætti og mengunarvarnir á varnarsvæðum) hefur upplýst að því hafi á sínum tíma verið gert viðvart um að lekið hafi úr hálfniðurgröfnum olíutanki á svæðinu fyrir nokkrum árum. Sýni voru tekin úr grunnvatni árið 2002 og greindist ekkert óeðlilegt í þeim. Það er afstaða Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja að jarðvegs- og grunnvatnsmengun sé minniháttar. Heilbrigðiseftirlitið telur að það muni ekki á neinn hátt hamla nýtingu svæðisins, hvorki hvað varðar mannvirkjagerð í framtíðinni né nýtingu svæðisins til útivistar.

137. Frumvarp til laga [133. mál]

um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, með síðari breytingum, og lögum um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, með síðari breytingum.

Flm.: Árni Þór Sigurðsson, Siv Friðleifsdóttir, Atli Gíslason,
Grétar Mar Jónsson, Höskuldur Þórhallsson.

Breytingar á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000.

1. gr.

Við 12. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Nú fær framboð sem á fulltrúa á Alþingi ekki kjörinn fulltrúa í landskjörstjórn og skal því þá heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til setu í henni. Áheyrnarfulltrúi hefur sama rétt og kjörinn fulltrúi annan en atkvæðisrétt.

2. gr.

Við 1. mgr. 13. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Nú fær framboð sem á fulltrúa á Alþingi ekki kjörinn fulltrúa í yfirkjörstjórn og skal því þá heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til setu í henni. Áheyrnarfulltrúi hefur sama rétt og kjörinn fulltrúi annan en atkvæðisrétt.

Breyting á lögum um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998.

3. gr.

Við 4. mgr. 14. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Nú fær framboð sem fulltrúa á í sveitarstjórn ekki kjörinn fulltrúa í yfirkjörstjórn og skal því þá heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til setu í kjörstjórninni. Áheyrnarfulltrúi hefur sama rétt og kjörinn fulltrúi annan en atkvæðisrétt.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á annars vegar lögum um kosningar til Alþingis og hins vegar á lögum um kosningar til sveitarstjórna. Gert ráð fyrir að framboð sem á fulltrúa á Alþingi eða í sveitarstjórn geti tilnefnt áheyrnarfulltrúa í landskjörstjórn og/eða yfirkjörstjórn eigi framboðið ekki kjörinn fulltrúa þar. Gengið er út frá því að strax eftir gildistöku geti framboð óskað eftir áheyrnaraðild að landskjörstjórn og yfirkjörstjórnum.

Kosningarrétturinn er einn mikilvægasti rétturinn í lýðræðissamfélagi. En lýðræði er þó ekki tryggt þótt kosningarréttur sé til staðar. Mýmörg dæmi eru til um ríki þar sem aðeins einn flokkur hefur fengið að bjóða fram eða þar sem ríkjandi stjórnvöldum er tryggður sigur í kosningum með kosningasvindli. Kjörstjórnir gegna mikilvægu hlutverki við að tryggja að kosningar fari rétt og eðlilega fram, þær séu leynilegar og úrslit kosninga séu í samræmi við það sem kjósendur hafa raunverulega kosið. Það má því aldrei verða þannig að kjörstjórnir verði lokaður hópur fulltrúa fárra stjórnmálaflokka, enda þótt þeir njóti stuðnings meiri hluta kjósenda. Starf kjörstjórna er heldur ekki flokkspólitískt, það er fyrst og fremst lýðræðislegs eðlis og því afar þýðingarmikið að tryggja hagsmuni og sjónarmið sem allra flestra innan þeirra. Eðlilegt hlýtur að teljast að allir flokkar eða framboðslistar sem eiga fulltrúa á Alþingi geti tekið þátt í störfum landskjörstjórnar og yfirkjörstjórna. Hið sama á við við sveitarstjórnarkosningar.

Eftir alþingiskosningar í vor fóru fram kosningar í landskjörstjórn og yfirkjörstjórnir í hverju kjördæmi. Þar sem hlutfallskosningareglunni er beitt við kosningar af þessu tagi gat núverandi stjórnarmeirihluti á Alþingi tilnefnt fjóra af fimm fulltrúum í öllum kjörstjórnum. Tveir stjórnmálaflokkar hafa þannig 80% allra kjörstjórnarfulltrúa þótt þeir hafi „ekki nema“ 67% þingmanna á bak við sig. Þrír stjórnmálaflokkar, með um 33% þingmanna, hafa hins vegar aðeins 20% kjörstjórnarmanna og verða að skipta með sér einu sæti í hverri kjörstjórn. Þessi staða er vitaskuld óviðunandi og í sjálfu sér afar ólýðræðisleg. Nær hefði verið að flokkarnir tveir, með 67% fylgi, fengju þrjá af fimm kjörstjórnarmönnum, eða 60%. Því var hreyft við formenn þingflokka stjórnarflokkanna áður en til kosninga kjörstjórna kom, en því miður reyndist ekki áhugi á því að koma til móts við lýðræðisleg sjónarmið stjórnarandstöðunnar í þessu efni. Þetta er þeim mun sérkennilegra þegar haft er í huga hlutverk kjörstjórna: Að tryggja að kosningar fari lýðræðislega fram.

Til að taka á þessum lýðræðishalla er vafalaust hægt að fara mismunandi leiðir. Ein leið væri að tryggja öllum flokkum að lágmarki einn fulltrúa í hverri kjörstjórn en þá þyrfti væntanlega að fjölga í kjörstjórnum til að tryggja um leið vissan jöfnuð milli flokka eftir stærð þeirra. Sú leið sem hér er lögð til kallar ekki á fjölgun í kjörstjórnunum sjálfum en gefur flokkum og framboðslistum sem fá kjörinn fulltrúa á Alþingi eða í sveitarstjórn, rétt til að tilnefna áheyrnarfulltrúa til starfa með kjörstjórnum. Þannig er tryggt að rödd allra heyrist, og um leið viðurkennt að það er jafnmikilvægt að lítill stjórnmálaflokkur geti á lýðræðislegan hátt fylgst með gangi kosninga eins og stór flokkur.

138. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [134. mál]

um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

Flm.: Kristinn H. Gunnarsson, Guðjón A. Kristjánsson, Grétar Mar Jónsson.

1. gr.

28. gr. stjórnarskrárinnar fellur brott.

2. gr.

2. málsl. 51. gr. stjórnarskrárinnar orðast svo: Ráðherra má ekki vera alþingismaður.

3. gr.

2. málsl. 1. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar orðast svo: Nái tillagan samþykki skal leggja hana undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar í leynilegri atkvæðagreiðslu.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í þessu frumvarpi eru lagðar til þrjár breytingar á stjórnarskránni. Í fyrsta lagi er felld brott heimild til þess að setja bráðabirgðalög og í öðru lagi er skilið milli framkvæmdarvalds og löggjafarvalds með því að meina ráðherrum setu á Alþingi en í þriðja lagi er gert ráð fyrir að breytingar á stjórnarskránni verði bornar undir þjóðina.

Heimild til setningar bráðabirgðalaga hefur lengi verið umdeild og var lengi beitt í umtalsverðum mæli. Frá 1874 hefur heimildinni verið beitt 448 sinnum og þar af liðlega 100 sinnum á áttunda og níunda tug síðustu aldar. Hafa ber í huga að þegar stjórnarskráin er sett 1874 voru aðstæður í íslensku þjóðfélagi allt aðrar en nú er. Þá kom Alþingi saman annað hvert ár og stóð almennt ekki lengur en átta vikur, samgönguerfiðleikar voru miklir og fjarskipti stirð. Þessi rök fyrir heimild til þess að setja bráðabirgðalög eru löngu úr gildi fallin.

Við stjórnarskrárbreytinguna fyrir sextán árum, þegar deildaskipting Alþingis var afnumin, var ákveðið að þrengja heimild ríkisstjórnarinnar til þess að setja lög með þessum hætti og var miðað við að heimildin yrði aðeins notuð í undantekningartilvikum. Ætlunin var að meginreglan yrði sú að kalla Alþingi saman og starfsreglum þess var breytt þannig að það starfar allt

árið og getur komið saman til funda hvenær sem er með litlum fyrirvara. Ekki verður séð að sú staða geti komið upp að ókleift verði að kalla Alþingi saman en á sama tíma geti einstök ráðuneyti, ríkisstjórnin og embætti forseta Íslands staðið að því að setja nauðsynlega löggjöf.

Í kjölfar breytinganna hefur dregið verulega úr lagasetningu með bráðabirgðalögum. Setning bráðabirgðalaga um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði og fleiri lögum sumarið 2003 og bráðabirgðalaga í júlí sl. um notkun raflagna og raffanga í núverandi ástandi á íbúðar- og skólasvæði fyrrum varnarsvæðis á Keflavíkurflugvelli bendir til þess að aftur sækir í sama farið af hálfu ríkisstjórnar á hverjum tíma. Í fyrra málinu kom fram í áliti meiri hluta landbúnaðarnefndar Alþingis um frumvarpið til staðfestingar bráðabirgða lögunum að leitað hafi verið álits Ragnhildar Helgadóttur, lektors í Háskólanum í Reykjavík, og Eiríks Tómassonar prófessors. Niðurstaða Ragnhildar var að með bráðabirgðalögunum þá hafi verið gengið nær 28. gr. stjórnarskrárinnar en dæmi eru um frá stjórnarskrárbreytingunni 1991. Hún taldi hins vegar ólíklegt að dómstólar kæmust að þeirri niðurstöðu að bráðabirgðalöggjafinn teldist hafa farið út fyrir valdsvið sitt þó að sú niðurstaða væri að hennar mati ekki vafalaus. Eiríkur Tómasson taldi setningu bráðabirgðalaganna takmarkatilvik.

Það sem fyrst og fremst þótti vafasamt er hvort brýna nauðsyn hafi borið til að beita heimildinni og setja bráðabirgðalög fremur en að leggja málið fyrir Alþingi, sem fer með löggjafarvaldið samkvæmt stjórnarskránni. Reyndar gengur Ragnhildur í áliti sínu svo langt að segjast vera þeirrar skoðunar að of nærri hafi verið gengið skilyrðum 28. gr. um brýna nauðsyn, eins og greinin verði skýrð með hliðsjón af þeim ummælum sem féllu á Alþingi við breytingu stjórnarskrárinnar 1991, með því að setja bráðabirgðalög án þess að reyna að leggja málið fyrir Alþingi. Í sumar voru aðstæður þær sömu og fyrir fjórum árum og því nokkuð ljóst að skilyrði fyrir notkun bráðabirgðalagaheimildarinnar eru ekki ríkari en var fyrir fjórum árum. Það verður að telja hafið yfir allan vafa að unnt var að kveðja Alþingi saman og leggja málið fyrir það á þeim tíma sem til ráðstöfunar var og viðurkennt var af hálfu ráðherra við 1. umræðu um staðfestingarfrumvarpið nú í október að ríkisstjórninni fannst ekki ástæða til þess. Í ljósi þessara atriða þykir rétt að fella niður með öllu núverandi heimild til þess að setja bráðabirgðalög.

Seta ráðherra á Alþingi hefur lengi þótt umdeilanleg í ljósi þess sjónarmiðs að rétt sé að aðskilja framkvæmdarvald og löggjafarvald með sama hætti og dómsvald er aðgreint frá öðrum þáttum ríkisvaldsins. Nefna má að á 123. löggjafarþingi var flutt frumvarp sem kvað á um að ráðherrar sætu ekki á Alþingi þann tíma sem þeir gegndu ráðherradómi. Slíkt fyrirkomulag er talið heppilegt til að auka skilin á milli framkvæmdar- og löggjafarvalds og er í samræmi við meginregluna um þrígreiningu ríkisvaldsins.

Undanfarna áratugi hefur greinilega verið sú þróun í löggjöf að þáttur alþingismanna innan framkvæmdarvaldsins hefur farið mjög minnkandi og hlutur og áhrif ráðherra vaxið að sama skapi. Nú er meginreglan að ráðherrar skipa stjórnir og ráð sem falla undir ráðuneyti þeirra eða stofnanir sem heyra undir ráðuneytið. Enn fremur hafa veigamiklar ákvarðanir verið fluttar frá Alþingi til ráðherra og má þar nefna sem dæmi að virkjanaleyfi eru nú í höndum iðnaðarráðherra en áður veitti Alþingi sjálft þau flest með sérstökum lögum hverju sinni. Breytingar á lögum um ríkisstofnanir og um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins hafa styrkt stöðu framkvæmdastjóra ríkisstofnana. Stjórnir einstakra stofnana hafa ýmist verið lagðar niður eða heyra að öllu leyti beint undir ráðherra og hlutverki þeirra verið breytt.

Þessi skýra stefna um aðskilnað löggjafarvalds frá framkvæmdarvaldi er studd mörgum veigamiklum rökum og hefur eflt framkvæmdarvaldið. Eðlilegast er að framfylgja þessari stefnu með sama hætti innan löggjafarvaldsins og taka fyrir setu ráðherra á Alþingi. Er hér

lagt til að ráðherra verði að afsala sér þingmennsku og eigi því ekki afturkvæmt til setu á Alþingi fyrr en við næstu alþingiskosningar. Þessi leið tryggir aðskilnað löggjafarvalds og framkvæmdarvalds. Önnur leið er að ráðherra verði að láta tímabundið af þingmennsku meðan hann gegnir ráðherrastarfi. Hún kemur einnig til greina og er til bóta en er þó síðri en sú sem lögð er til í frumvarpinu.

Þriðja breytingartillagan gerir ráð fyrir að breytingar á stjórnarskránni verði bornar undir þjóðina og öðlist ekki gildi nema með samþykki í almennri og leynilegri atkvæðagreiðslu. Þykir ekki eðlilegt að Alþingi sjálft bæði leggi fram tillögur til breytinga á stjórnarskránni og samþykki þær, einkum í ljósi þess að stjórnarskráin er upphaflega sett af þjóðinni og hefur að geyma fyrirmæli um starfssvið Alþingis. Rétt þykir að sá sem setti stjórnarskrána í upphafi, þ.e. þjóðin sjálf, staðfesti framvegis breytingar á henni. Að sama skapi verður að telja það til bóta að Alþingi ákvarði ekki sjálft eigin stöðu í stjórnskipaninni.

Frumvarp þetta var lagt fram á 133. löggjafarþingi er varð ekki útrætt og er endurflutt óbreytt.

139. Fyrirspurn [135. mál]

til félagsmálaráðherra um atvinnuleyfi fyrir erlenda sérfræðinga.

Frá Guðfinnu S. Bjarnadóttur.

Er ráðherra tilbúinn að beita sér fyrir því að skilgreina nýja tegund atvinnuleyfa, fyrir háskólamenntaða sérfræðinga með einstaka þekkingu á alþjóðlega vísu?

140. Fyrirspurn [136. mál]

til viðskiptaráðherra um flutningsjöfnunarstyrki.

Frá Birki J. Jónssyni.

1. Áformar ráðherra að beita sér fyrir tímabundnum flutningsjöfnunarstyrkjum til annarra landshluta en Vestfjarða, sem gert er ráð fyrir í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2008?
2. Mun afnám flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara hafa áhrif á verð á dísilolíu og bensíni á Þórshöfn, og ef svo er, þá hvaða?

141. Fyrirspurn [137. mál]

til samgönguráðherra um leigubíla.

Frá Ármanni Kr. Ólafssyni.

Áformar ráðherra að breyta lögum um leigubifreiðar til þess að mæta mikilli eftirspurn eftir leigubílum á mestu háannatímum sólarhringsins, um helgar og í tengslum við aðra frídaga?

142. Fyrirspurn [138. mál]

til fjármálaráðherra um skattskyldu framlaga úr styrktar- og sjúkrasjóðum.

Frá Þuríði Backman.

Mun ráðherra beita sér fyrir afnámi skattlagningar á framlög og styrki sem einstaklingum eru greiddir úr styrktar- og sjúkrasjóðum?

143. Svar [80. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Álfheiðar Ingadóttur um aðild Íslands að alþjóðasamningum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvaða alþjóðasamningar hafa verið undirritaðir af Íslands hálfu en ekki hlotið fullgildingu með staðfestingu Alþingis?*
2. *Hvaða alþjóðasamningar eru skuldbindandi að hluta til eða hafa verið undirritaðir með fyrirvörum um tiltekin atriði þeirra?*
3. *Hvaða gildandi alþjóðasamningum hafa hin Norðurlöndin öll gerst aðilar að en Ísland ekki?*

Óskað er eftir því að í svarinu komi fram hvenær viðkomandi samningar voru gerðir, hvenær þeir voru undirritaðir fyrir Íslands hönd og með hvaða fyrirvörum eða undanþágum.

1. Hér á eftir eru taldir upp þeir fjölþjóðasamningar á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðsins sem undirritaðir hafa verið af Íslands hálfu en ekki verið fullgiltir. Tekið skal fram að sumir þessara samninga hafa ekki öðlast gildi og/eða hafa misst þýðingu sína. Þeir samningar sem ráðuneytið hefur áform um að fullgilda á næstu vikum og mánuðum í samstarfi við viðkomandi fagráðuneyti eru auðkenndir með stjörnu en fullgilding flestra þeirra kallar á lagabreytingar hér á landi. Heiti samninganna eru á frummáli þeirra, ensku, en samningar eru almennt ekki þýddir á íslensku fyrr en við undirbúning fullgildingar þeirra.

Rétt er að taka fram til að fyrirbyggja misskilning að fullgilding samninga af hálfu Íslands er aðeins háð samþykki Alþingis „ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef þeir horfa til breytinga á stjórnarhögum ríkisins“, sbr. 21. gr. stjórnarskrárinnar.

A. Samningar á vettvangi Sameinuðu þjóðanna:

13.12.2006 Convention on the Rights of Persons with Disabilities, undirritaður af hálfu Íslands 30.03.2007.

13.12.2006 Optional Protocol to the Convention on the Rights of Persons with Disabilities, undirritaður af hálfu Íslands 30.03.2007.

13.04.2005 International Convention for the Suppression of Acts of Nuclear Terrorism, undirritaður af hálfu Íslands 16.09.2005.

02.12.2004 United Nations Convention on Jurisdictional Immunities of States and their Property, undirritaður af hálfu Íslands 16.09.2005.

18.12.2002 Optional Protocol to the Convention against Torture and Other Cruel, Inhuman or Degrading Treatment or Punishment, undirritaður af hálfu Íslands 24.09.2003.*

31.05.2001 Protocol against the Illicit Manufacturing of and Trafficking in Firearms, Their Parts and Components and Ammunition, supplementing the United Nations Convention against Transnational Organized Crime, undirritaður af hálfu Íslands 15.11.2001.

15.11.2000 Convention against Transnational Organized Crime (Palermo Convention), undirritaður af hálfu Íslands 13.12.2000.*

15.11.2000 Protocol to Prevent, Suppress and Punish Trafficking in Persons, Especially Women and Children, supplementing the United Nations Convention against Transnational Organized Crime, undirritaður af hálfu Íslands 13.12.2000.*

15.11.2000 Protocol against the Smuggling of Migrants by Land, Sea and Air, supplementing the United Nations Convention against Transnational Organized Crime, undirritaður af hálfu Íslands 13.12.2000.

29.01.2000 Cartagena Protocol on Biosafety to the Convention on Biological Diversity, undirritaður af hálfu Íslands 01.06.2001.*
17.06.1999 Protocol on Water and Health to the 1992 Convention on the Protection and Use of Transboundary Water-courses and International Lakes, undirritaður af hálfu Íslands 17.06.1999.
25.06.1998 Convention on Access to Information, Public Participation in Decision-Making and Access to Justice in Environmental Matters, undirritaður af hálfu Íslands 25.06.1998.
24.06.1998 Protocol to the 1979 Convention on Long-Range Transboundary Air Pollution on Heavy Metals, undirritaður af hálfu Íslands 24.06.1998.
25.02.1991 Convention on Environmental Impact Assessment in a Transboundary Context, undirritaður af hálfu Íslands 26.02.1991.
10.10.1980 Convention on Prohibitions or Restrictions on the Use of Certain Conventional Weapons which may be deemed to be Excessively Injurious or to have Indiscriminate Effects (with Protocols I, II and III), undirritaður af hálfu Íslands 10.04.1981.*
10.12.1976 Convention on the Prohibition of Military or any Other Hostile Use of Environmental Modification Techniques, undirritaður af hálfu Íslands 18.05.1977.
29.04.1958 Convention on the Territorial Sea and the Contiguous Zone, undirritaður af hálfu Íslands 29.04.1958.
29.04.1958 Convention on the High Seas, undirritaður af hálfu Íslands 29.04.1958.
29.04.1958 Convention on Fishing and Conservation of the Living Resources of the High Seas, undirritaður af hálfu Íslands 29.04.1958.
29.04.1958 Convention on the Continental Shelf, undirritaður af hálfu Íslands 29.04.1958.

B. Samningar á vettvangi Evrópuráðsins:
16.05.2005 Council of Europe Convention on Laundering, Search, Seizure and Confiscation of the Proceeds from Crime and on the Financing of Terrorism, undirritaður af hálfu Íslands 16.05.2005.
16.05.2005 Council of Europe Convention on Action against Trafficking in Human Beings, undirritaður af hálfu Íslands 16.05.2005.*
16.05.2007 Council of Europe Convention on the Prevention of Terrorism, undirritaður af hálfu Íslands 16.05.2005.*
25.01.2005 Additional Protocol to the Convention on Human Rights and Biomedicine, concerning Biomedical Research, undirritaður af hálfu Íslands 25.01.2005.
15.05.2003 Additional Protocol to the Criminal Law Convention on Corruption, undirritaður af hálfu Íslands 15.05.2003.
15.05.2003 Protocol amending the European Convention on the Suppression of Terrorism, undirritaður af hálfu Íslands 15.05.2003.*
28.01.2003 Additional Protocol to the Convention on Cybercrime, concerning the Criminalisation of Acts of a Racist and Xenophobic Nature Committed through Computer Systems, undirritaður af hálfu Íslands 09.10.2003.
08.11.2001 European Convention for the Protection of the Audiovisual Heritage, undirritaður af hálfu Íslands 08.11.2001.
08.11.2001 Protocol to the European Convention on the Protection of the Audiovisual Heritage, on the Protection of Television Productions, undirritaður af hálfu Íslands 08.11.2001.
08.11.2001 Additional Protocol to the Convention for the Protection of Individuals with regard to Automatic Processing of Personal Data, regarding Supervisory Authorities and Transborder Data Flows, undirritaður af hálfu Íslands 08.11.2001.

08.11.2001 Second Additional Protocol to the European Convention on Mutual Assistance in Criminal Matters, undirritaður af hálfu Íslands 08.11.2001.
04.10.2001 Additional Protocol to the European Agreement on the Transmission of Applications for Legal Aid, undirritaður af hálfu Íslands 04.10.2001.
04.11.2000 Protocol No. 12 to the Convention for the Protection of Human Rights and Fundamental Freedoms, undirritaður af hálfu Íslands 04.11.2000.
04.11.1999 Civil Law Convention on Corruption, undirritaður af hálfu Íslands 04.11.1999.*
04.11.1998 Convention on the Protection of Environment through Criminal Law, undirritaður af hálfu Íslands 04.11.1998.
05.05.1998 Protocol No. 2 to the European Outline Convention on Transfrontier Co-operation between Territorial Communities or Authorities, concerning Interterritorial Co-operation, undirritaður af hálfu Íslands 15.06.1999.
03.05.1996 European Social Charter (revised), undirritaður af hálfu Íslands 04.11.1998.
25.01.1996 European Convention on the Exercise of Children's Rights, undirritaður af hálfu Íslands 25.01.1996.
09.11.1995 Additional Protocol to the European Outline Convention on Transfrontier Co-operation between Territorial Communities or Authorities, undirritaður af hálfu Íslands 15.06.1999.
01.02.1995 Framework Convention for the Protection of National Minorities, undirritaður af hálfu Íslands 01.02.1995.
21.06.1993 Convention on Civil Liability for Damage resulting from Activities Dangerous to the Environment, undirritaður af hálfu Íslands 21.06.1993.
05.11.1992 European Charter for Regional or Minority Languages, undirritaður af hálfu Íslands 07.05.1999.
05.05.1988 Additional Protocol to the European Social Charter, undirritaður af hálfu Íslands 05.05.1988.
24.11.1983 European Convention on the Compensation of Victims of Violent Crimes, undirritaður af hálfu Íslands 30.11.2001.
21.05.1980 European Outline Convention on Transfrontier Co-operation between Territorial Communities or Authorities, undirritaður af hálfu Íslands 15.06.1999.
27.01.1977 European Agreement on the Transmission of Applications for Legal Aid, undirritaður af hálfu Íslands 08.06.2000.
15.10.1975 European Convention on the Legal Status of Children born out of Wedlock, undirritaður af hálfu Íslands 27.01.1977.
15.05.1972 European Convention on the Transfer of Proceedings in Criminal Matters, undirritaður af hálfu Íslands 19.09.1989.
11.12.1967 European Convention on Consular Functions, undirritaður af hálfu Íslands 11.12.1967.
24.04.1967 European Convention on the Adoption of Children, undirritaður af hálfu Íslands 27.09.1982.
29.04.1957 European Convention for the Peaceful Settlement of Disputes, undirritaður af hálfu Íslands 29.04.1957.
13.12.1955 European Convention on Establishment, undirritaður af hálfu Íslands 13.12.1955.

2. Hér á eftir eru taldir upp helstu alþjóðasamningar sem Ísland hefur fullgilt með fyrirvörum. Tekið skal fram að fyrirvararnir eru í samræmi við ákvæði samninganna sjálfra eða almennar reglur þjóðaréttar.

23.11.2001 Samningur um tölvubrot/Convention on Cybercrime, sbr. tillögu til þingsályktunar, þskj. 1022, mál 692, á 132. löggjafarþingi:
Fyrirvari gerður við beitingu b- og c-liða 2. mgr. 9. gr. samningsins.

20.05.1980 Evrópusamningur um viðurkenningu og fullnustu ákvarðana varðandi forsjá barna og endurheimt forsjár barna/European Convention on Recognition and Enforcement of Decisions concerning Custody of Children and on Restoration of Custody of Children, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 14/1996:
Fyrirvari gerður við beitingu b- og c-liða 2. mgr. 9. gr. samningsins.
Fyrirvari gerður við beitingu 8. og 9. gr. samningsins þess efnis að synja megi um viðurkenningu og fullnustu ákvarðana varðandi forsjá af þeim ástæðum sem greinir í 10. gr. samningsins.

19.09.1979 Samningur um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða Evrópu/Convention on the Conservation of European Wildlife and Natural Habitats, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 17/1993:
Fyrirvarar gerðir varðandi listun tiltekinna tegunda í viðauka I, II og III.

27.01.1977 Evrópusamningur um varnir gegn hryðjuverkum/European Convention on the Suppression of Terrorism, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 14/1980:
Fyrirvari gerður við beitingu 1. gr. samningsins sé brot samkvæmt ákvæðinu talið stjórnmálaafbrot, framið í tengslum við stjórnmálaafbrot eða framið af stjórnmálalegum hvötum.

15.10.1975 Viðbótarsamningur við Evrópusamning um framsal sakamanna/Additional Protocol to the European Convention on Extradition, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 8/1984:
Yfirlýsing gefin um að Ísland samþykki ekki I. kafla viðbótarsamningsins.

03.03.1973 Samningur um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu/Convention on International Trade in Endangered Species of Wild Fauna and Flora (CITES), sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 1/2000 og 5/2003:
Fyrirvarar gerðir varðandi listun tiltekinna dýrategunda í viðauka I og II við samninginn.

28.05.1970 Evrópusamningur um alþjóðlegt gildi refsidóma/European Convention on the International Validity of Criminal Judgments, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 22/1993:
Fyrirvari gerður samkvæmt 19. gr. samningsins.
Fyrirvari gerður samkvæmt 64. gr. samningsins þess efnis að samningurinn gildi ekki um samskipti Íslands og annarra norrænna ríkja sem aðilar eru að samningnum nema þar sem fullnusta refisdóma fer ekki eftir samræmdri löggjöf Norðurlanda um fullnustu.

16.12.1966 Alþjóðasamningur um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi og valfrjáls bókun við hann/International Covenant on Civil and Political Rights and an Optional Protocol thereto, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 10/1979 og 28/1993:
Fyrirvarar gerðir við 2. og 3. mgr. 10. gr., 13. gr., 7. mgr. 14. gr. og 1. mgr. 20. gr. samningsins.
Fyrirvari gerður við 2. mgr. 5. gr. bókunarinnar.

16.12.1961 Evrópusamningur um ferðalög æskufólks á sameiginlegum vegabréfum milli aðildarríkja Evrópuráðsins/European Agreement on Travel by Young Persons on Collective Pass-

ports between the Member Countries of the Council of Europe, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 1/1969:
Fyrirvari gerður við 8. gr. samningsins.

18.10.1961 Félagsmálasáttmáli Evrópu/European Social Charter, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 3/1976:
Yfirlýsing gefin samkvæmt 20. gr. samningsins um að Ísland telji sig bundið af eftirfarandi greinum hans: 1. gr., 3. gr., 4. gr., 5. gr., 6. gr., 11. gr., 12. gr., 13. gr., 14. gr., 15. gr., 16. gr., 17. gr. og 18. gr., svo og 2. gr., 1., 3. og 5. mgr.

20.04.1959 Evrópusamningur um gagnkvæma aðstoð í sakamálum/European Convention on Mutual Assistance in Criminal Matters, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 9/1984:
Fyrirvari gerður við 1. tölul. 1. gr. samningsins varðandi þau tilvik þegar íslensk stjórnvöld munu veita aðstoð.
Fyrirvari gerður við 1. tölul. 13. gr. samningsins um að veittar upplýsingar megi einungis varða hinn ákærða.
Fyrirvari gerður samkvæmt 1. tölul. 5. gr. samningsins um skilyrði fyrir leit og haldlagningu.

13.12.1957 Evrópusamningur um framsal sakamanna/European Convention on Extradition, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 8/1984:
Fyrirvarar gerðir varðandi 1., 2., 3., 4., og 12. gr. samningsins og yfirlýsingar gefnar varðandi 6. og 28. gr. hans um skilyrði framsals o.fl.

11.12.1953 Bráðabirgðasamningur Evrópuríkja um félagsleg tryggingalög varðandi elli, örorku og eftirlifendur/European Interim Agreement on Social Security Schemes Relating to Old Age, Invalidity and Survivors, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 12/1964:
Fyrirvari gerður samkvæmt 9. gr. samningsins um að ákvæði hans gildi ekki um Norðurlandasamning um félagslegt öryggi.

02.12.1946 Alþjóðasamningur um stjórnun hvalveiða/International Convention for the Regulation of Whaling, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 18/2001, 27/2002 og 40/2002:
Fyrirvari gerður við e-lið 10. mgr. fylgiskjals við samninginn, um núllkvóta fyrir hvalveiðar í atvinnuskyni.

3. Hér á eftir eru taldir upp þeir fjölþjóðasamningar á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðsins sem hin norrænu ríkin, Danmörk, Finnland, Noregur og Svíþjóð, eru aðilar að en Ísland ekki. Tekið skal fram að sumir þessara samninga hafa ekki öðlast gildi og/eða hafa misst þýðingu sína. Þeir samningar, sem ráðuneytið hefur áform um að fullgilda á næstu vikum og mánuðum í samstarfi við viðkomandi fagráðuneyti, eru auðkenndir með stjörnu.

A. Samningar á vettvangi Sameinuðu þjóðanna:

28.11.2003 Protocol on Explosive Remnants of War to the Convention on Prohibitions or Restrictions on the Use of Certain Conventional Weapons which may be deemed to be Excessively Injurious or to have Indiscriminate Effects (Protocol V).*

31.10.2003 United Nations Convention against Corruption.*

21.12.2001 Amendment to the Convention on Prohibitions or Restrictions on the Use of Certain Conventional Weapons which may be deemed to be Excessively Injurious or to have Indiscriminate Effects.*

15.11.2000 United Nations Convention against Transnational Organized Crime (Palermo Convention).*
15.11.2000 Protocol to Prevent, Suppress and Punish Trafficking in Persons, Especially Women and Children, supplementing the United Nations Convention against Transnational Organized Crime.*
15.11.2000 Protocol against the Smuggling of Migrants by Land, Sea and Air, supplementing the United Nations Convention against Transnational Organized Crime.
29.01.2000 Cartagena Protocol on Biosafety to the Convention on Biological Diversity.*
30.11.1999 Protocol to the 1979 Convention on Long-range Transboundary Air Pollution to Abate Acidification, Eutrophication and Ground-level Ozone.
13.04.1999 Food Aid Convention.
10.09.1998 Rotterdam Convention on the Prior Informed Consent Procedure for Certain Hazardous Chemicals and Pesticides in International Trade.
25.06.1998 Convention on Access to Information, Public Participation in Decision-Making and Access to Justice in Environmental Matters.
24.06.1998 Protocol to the 1979 Convention on Long-Range Transboundary Air Pollution on Heavy Metals.
03.05.1996 Protocol on Prohibitions or Restrictions on the Use of Mines, Booby-Traps and Other Devices as amended on 3 May 1996 (Protocol II as amended on 3 May 1996) annexed to the Convention on Prohibitions or Restrictions on the Use of Certain Conventional Weapons which may be deemed to be Excessively Injurious or to have Indiscriminate Effects.*
13.10.1995 Additional Protocol to the Convention on Prohibitions or Restrictions on the Use of Certain Conventional Weapons which may be deemed to be Excessively Injurious or to have Indiscriminate Effects (Protocol IV, entitled Protocol on Blinding Laser Weapons).*
22.09.1995 Amendment to the Basel Convention on the Control of Transboundary Movements of Hazardous Wastes and their Disposal.*
14.06.1994 Protocol to the 1979 Convention on Long-Range Transboundary Air Pollution on Further Reduction of Sulphur Emissions.
28.10.1993 Protocol amending article 1 (a), article 14 (1) and article 14 (3) (b) of the European Agreement of 30 September 1957 concerning the International Carriage of Dangerous Goods by Road (ADR).
17.03.1992 Convention on the Protection and Use of Transboundary Watercourses and International Lakes.
17.03.1992 Convention on the Transboundary Effects of Industrial Accidents.
18.11.1991 Protocol to the 1979 Convention on Long-Range Transboundary Air Pollution concerning the Control of Emissions of Volatile Organic Compounds or their Transboundary Fluxes.
25.02.1991 Convention on Environmental Impact Assessment in a Transboundary Context.
31.10.1988 Protocol to the 1979 Convention on Long-Range Transboundary Air Pollution concerning the Control of Emissions of Nitrogen Oxides or their Transboundary Fluxes.
08.07.1985 Protocol to the 1979 Convention on Long-Range Transboundary Air Pollution on the Reduction of Sulphur Emissions or their Transboundary Fluxes by at least 30 per cent.
28.09.1984 Protocol to the 1979 Convention on Long-range Transboundary Air Pollution on Long-term Financing of the Co-operative Programme for Monitoring and Evaluation of the Long-range Transmission of Air Pollutants in Europe (EMEP).
21.10.1982 International Convention on the Harmonization of Frontier Controls of Goods.

07.05.1982 Agreement establishing the African Development Bank done at Khartoum on 4 August 1963, as amended by resolution 05-79 adopted by the Board of Governors on 17 May 1979.
10.10.1980 Convention on Prohibitions or Restrictions on the Use of Certain Conventional Weapons which may be deemed to be Excessively Injurious or to have Indiscriminate Effects (with Protocols I, II and III).
27.06.1980 Agreement establishing the Common Fund for Commodities.
08.04.1979 Constitution of the United Nations Industrial Development Organization.
10.12.1976 Convention on the Prohibition of Military or any Other Hostile Use of Environmental Modification Techniques.
15.11.1975 European Agreement on Main International Traffic Arteries (AGR).
14.11.1975 Customs Convention on the International Transport of Goods under Cover of TIR Carnets (TIR Convention).
21.08.1975 Protocol amending article 14 (3) of the European Agreement of 30 September 1957 concerning the International Carriage of Dangerous Goods by Road (ADR).
06.04.1974 Convention on a Code of Conduct for Liner Conferences.
29.10.1971 Convention for the Protection of Producers of Phonograms against Unauthorized Duplication of their Phonograms.
01.09.1970 Agreement on the International Carriage of Perishable Foodstuffs and on the Special Equipment to be used for such Carriage (ATP).
01.07.1970 European Agreement concerning the Work of Crews of Vehicles Engaged in International Road Transport (AETR).
08.11.1968 Convention on Road Traffic.
08.11.1968 Convention on Road Signs and Signals.
04.12.1965 Agreement establishing the Asian Development Bank.
08.07.1965 Convention on Transit Trade of Land-locked States.
09.12.1960 European Convention on Customs Treatment of Pallets used in International Transport.
15.01.1959 Customs Convention on the International Transport of Goods under Cover of TIR Carnets (TIR Convention).
05.07.1958 Protocol to the Convention on the Contract for the International Carriage of Goods by Road (CMR).
29.04.1958 Convention on the Continental Shelf.
20.03.1958 Agreement concerning the Adoption of Uniform Technical Prescriptions for Wheeled Vehicles, Equipment and Parts which can be fitted and/or be used on Wheeled Vehicles and the Conditions for Reciprocal Recognition of Approvals Granted on the Basis of these Prescriptions.
30.09.1957 European Agreement concerning the International Carriage of Dangerous Goods by Road (ADR).
14.12.1956 Convention on the Taxation of Road Vehicles engaged in International Goods Transport.
14.12.1956 Convention on the Taxation of Road Vehicles engaged in International Passenger Transport.
20.06.1956 Convention on the Recovery Abroad of Maintenance.
19.05.1956 Convention on the Contract for the International Carriage of Goods by Road (CMR).
18.05.1956 Customs Convention on Containers.
18.05.1956 Customs Convention on the Temporary Importation of Commercial Road Vehicles.

18.05.1956 Convention on the Taxation of Road Vehicles for Private Use in International Traffic.
28.09.1954 Convention relating to the Status of Stateless Persons.
04.06.1954 Convention concerning Customs Facilities for Touring.
04.06.1954 Additional Protocol to the Convention concerning Customs Facilities for Touring, relating to the Importation of Tourist Publicity Documents and Material.
04.06.1954 Customs Convention on the Temporary Importation of Private Road Vehicles.
22.11.1950 Agreement on the Importation of Educational, Scientific and Cultural Materials.
16.09.1950 Declaration on the Construction of Main International Traffic Arteries.
19.09.1949 Convention on Road Traffic.

Samningar á vettvangi Evrópuráðsins:
22.06.1998 Protocol of Amendment to the European Convention for the Protection of Vertebrate Animals used for Experimental and other Scientific Purposes.
01.02.1995 Framework Convention for the Protection of National Minorities.
05.11.1992 European Charter for Regional or Minority Languages.
06.02.1992 Protocol of Amendment to the European Convention for the Protection of Animals kept for Farming Purposes.
16.01.1992 European Convention on the Protection of the Archeaological Heritage (Revised).
05.05.1988 Additional Protocol to the European Social Charter.
13.11.1987 European Convention for the Protection of Pet Animals.
18.03.1986 European Convention for the Protection of Vertebrate Animals used for Experimental and other Scientific Purposes.
24.11.1983 European Convention on the Compensation of Victims of Violent Crimes.
01.01.1983 Additional Protocol to the European Agreement on the Exchange of Therapeutic Substances of Human Origin.
01.01.1983 Additional Protocol to the European Agreement on the Exchanges of Blood-Grouping Reagents.
16.10.1980 European Agreement on Transfer of Responsibility for Refugees.
21.05.1980 European Outline Convention on Transfrontier Co-operation between Territorial Communities or Authorities.
10.05.1979 European Convention for the Protection of Animals for Slaugther.
27.01.1977 European Agreement on the Transmission of Applications for Legal Aid.
03.06.1964 Protocol to the European Convention on the Equivalence of Diplomas leading to Admission to Universities.
14.05.1962 European Agreement on the Exchanges of Blood-Grouping Reagents.
15.12.1958 European Agreement on the Exchange of Therapeutic Substances of Human Origin.

144. Frumvarp til laga [94. mál]

um breytingu á vatnalögum, nr. 20/2006.

(Eftir 2. umr., 18. okt.)

1. gr.

1. mgr. 42. gr. laganna orðast svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. nóvember 2008.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

3. gr.

Við gildistöku laga þessara verður eftirfarandi breyting á lögum nr. 31/2007, um breytingu á lögum nr. 91/2002, um varnir gegn landbroti: Í stað „2007“ í 1. mgr. 2. gr. kemur: 2008.

145. Lög [94. mál]

um breytingu á vatnalögum, nr. 20/2006.

(Afgreidd frá Alþingi 18. okt.)

Samhljóða þskj. 144 með þessari breytingu:

1. gr. hljóðar svo:
Eftirfarandi breytingar verða á 42. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. nóvember 2008.
b. Í stað ártalsins „2008“ í lokamálslið 4. mgr. kemur: 2009.

146. Fyrirspurn [139. mál]

til samgönguráðherra um Teigsskóg.

Frá Álfheiði Ingadóttur og Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hver er staða annars áfanga Vestfjarðavegar 60 um Gufudalssveit, þ.e. uppbyggingar vegarins frá Þórisstöðum í Þorskafirði að Kraká á Skálanesi?
2. Hvert er núverandi kostnaðarmat Vegagerðarinnar á leið B annars vegar og leið D hins vegar í framangreindum öðrum áfanga Vestfjarðavegar 60?

3. Hefur ráðherra kynnt sér útreikninga Gunnlaugs Péturssonar verkfræðings sem benda til þess að komast megi hjá eyðileggingu verðmætra náttúrusvæða án mikils aukakostnaðar með því gera göng undir Hjallaháls í stað þess að leggja Vestfjarðaveg 60 út fyrir Hallsteinsnes og yfir minni Djúpafjarðar og Gufufjarðar (leið B)?

Skriflegt svar óskast.

147. Fyrirspurn [140. mál]

til umhverfisráðherra um Teigsskóg.

Frá Álfheiði Ingadóttur og Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Telur ráðherra það samrýmast tilnefningu Breiðafjarðar sem Ramsarsvæðis og skráningu fjarðarins á tilnefningarlista íslensku heimsminjanefndarinnar að leggja veg við norðurströnd fjarðarins um ósnortinn birkiskóg, við arnarsetur og á vaxtarsvæði friðaðrar jurtar?
2. Hvernig hefur ráðherra brugðist við tillögu nefndar um vernd og endurheimt íslenskra birkiskóga, að Teigsskógur við Þorskafjörð verði tekinn inn á næstu náttúruverndaráætlun?
3. Hefur ráðherra kynnt sér útreikninga Gunnlaugs Péturssonar verkfræðings sem benda til þess að komast megi hjá eyðileggingu verðmætra náttúrusvæða án mikils aukakostnaðar með því að gera göng undir Hjallaháls í stað þess að leggja Vestfjarðaveg 60 út fyrir Hallsteinsnes og yfir mynni Djúpafjarðar og Gufufjarðar (leið B)?

Skriflegt svar óskast.

148. Fyrirspurn [141. mál]

til menntamálaráðherra um stjórnunarkostnað Ríkisútvarpsins ohf.

Frá Árna Þór Sigurðssyni.

1. Hver er launakostnaður vegna útvarpsstjóra Ríkisútvarpsins ohf. nú og hver var sambærilegur kostnaður fyrir ári síðan?
2. Hver er þóknun formanns og annarra stjórnarmanna í Ríkisútvarpinu ohf. nú og hver var þóknun fulltrúa í útvarpsráði fyrir ári síðan?
3. Hver er kostnaður við yfirstjórn Ríkisútvarpsins ohf. og hver var hann fyrir ári síðan?

4. Hefur launakostnaður almennra starfsmanna breyst hlutfallslega eins og launakostnaður útvarpsstjóra?

149. Frumvarp til laga [142. mál]

jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

I. KAFLI
Markmið og orðskýringar.
1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Allir einstaklingar skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni. Markmiði þessu skal náð m.a. með því að:

a. gæta jafnréttissjónarmiða og vinna að kynjasamþættingu í stefnumótun og ákvörðunum á öllum sviðum samfélagsins,
b. vinna að jöfnum áhrifum kvenna og karla í samfélaginu,
c. bæta sérstaklega stöðu kvenna og auka möguleika þeirra í samfélaginu,
d. vinna gegn launamisrétti og annarri mismunun á grundvelli kyns á vinnumarkaði,
e. gera bæði konum og körlum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf,
f. efla fræðslu um jafnréttismál,
g. greina tölfræðiupplýsingar eftir kyni,
h. efla rannsóknir í kynjafræðum,
i. vinna gegn kynbundnu ofbeldi og
j. breyta hefðbundnum kynjaímyndum og vinna gegn neikvæðum staðalímyndum um hlutverk kvenna og karla.

2. gr.
Orðskýringar.

Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Bein mismunun:* Hvers kyns aðgreining, útilokun eða takmörkun sem byggð er á kyni sem hefur þau áhrif eða markmið að hindra eða koma í veg fyrir að annað kynið fái viðurkennd mannréttindi og grundvallarfrelsi á sviði stjórnmála, efnahagsmála, félagsmála, menningarmála, borgaralegra mála eða á sérhverju öðru sviði, geti notið þeirra eða fengið þeim framfylgt.
2. *Óbein mismunun:* Þegar hlutlaust skilyrði, viðmið eða ráðstöfun kemur hlutfallslega verr við annað kynið nema slíkt sé viðeigandi, nauðsynlegt eða réttlætanlegt vegna hlutlægra þátta óháð kyni.
3. *Kynbundin áreitni:* Hvers kyns ósanngjörn og/eða móðgandi hegðun, sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk og hefur áhrif á sjálfsvirðingu þess sem fyrir henni verður og er haldið áfram þrátt fyrir að gefið sé skýrt í skyn að hegðunin sé óvel-

komin. Áreitnin getur verið líkamleg, orðbundin eða táknræn. Eitt tilvik getur talist kynbundin áreitni ef það er alvarlegt.

4. *Kynferðisleg áreitni:* Hvers kyns ósanngjörn og/eða móðgandi kynferðisleg hegðun sem er í óþökk og hefur áhrif á sjálfsvirðingu þess sem fyrir henni verður og er haldið áfram þrátt fyrir að gefið sé skýrt í skyn að hegðunin sé óvelkomin. Áreitnin getur verið líkamleg, orðbundin eða táknræn. Eitt tilvik getur talist kynferðisleg áreitni ef það er alvarlegt.
5. *Kynjasamþætting:* Að skipuleggja, bæta, þróa og leggja mat á stefnumótunarferli þannig að sjónarhorn kynjajafnréttis sé á öllum sviðum fléttað inn í stefnumótun og ákvarðanir þeirra sem alla jafna taka þátt í stefnumótun í samfélaginu.
6. *Sértækar aðgerðir:* Sérstakar tímabundnar aðgerðir sem ætlað er að bæta stöðu eða auka möguleika kvenna eða karla í því skyni að koma á jafnri stöðu kynjanna á ákveðnu sviði þar sem á annað kynið hallar. Þar getur þurft tímabundið að veita öðru kyninu forgang til að ná jafnvægi.
7. *Laun:* Almennt endurgjald fyrir störf og hvers konar frekari þóknun, bein og óbein, hvort heldur er með hlunnindagreiðslum eða með öðrum hætti sem atvinnurekandi greiðir starfsmanni sínum fyrir vinnu hans.
8. *Kjör:* Laun ásamt lífeyris-, orlofs- og veikindaréttindum og hvers konar öðrum starfskjörum eða réttindum sem metin verða til fjár.

II. KAFLI
Stjórnsýsla.

3. gr.
Yfirstjórn.

Félagsmálaráðherra fer með framkvæmd laga þessara nema annars sé sérstaklega getið. Jafnréttisstofa er sérstök stofnun sem heyrir undir yfirstjórn ráðherra. Hún annast stjórnsýslu á því sviði sem lögin ná til.

4. gr.
Jafnréttisstofa.

Félagsmálaráðherra skipar framkvæmdastjóra Jafnréttisstofu til fimm ára í senn.

Framkvæmdastjóri annast daglega stjórn Jafnréttisstofu og ræður starfsfólk hennar.

Verkefni sem Jafnréttisstofa annast eru m.a. að:

a. hafa eftirlit með framkvæmd laganna,
b. sjá um fræðslu og upplýsingastarfsemi,
c. veita stjórnvöldum, stofnunum, fyrirtækjum, félögum og einstaklingum ráðgjöf í tengslum við jafnrétti kynjanna,
d. koma á framfæri við ráðherra, Jafnréttisráð og önnur stjórnvöld ábendingum og tillögum um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna,
e. koma með tillögur að sértækum aðgerðum,
f. auka virkni í jafnréttismálum, m.a. með aukinni aðild karla að jafnréttisstarfi,
g. fylgjast með þróun jafnréttismála í þjóðfélaginu, m.a. með upplýsingaöflun og rannsóknum,
h. veita jafnréttisnefndum, jafnréttisráðgjöfum og jafnréttisfulltrúum sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja aðstoð,

i. vinna að forvörnum gegn kynbundnu ofbeldi í samstarfi við önnur stjórnvöld og samtök sem sinna slíkum forvörnum sérstaklega,
j. vinna gegn launamisrétti og annarri mismunun á grundvelli kyns á vinnumarkaði,
k. leita sátta í ágreiningsmálum sem Jafnréttisstofu berast og varða ákvæði laga þessara,
l. breyta hefðbundnum kynjaímyndum og vinna gegn neikvæðum staðalímyndum um hlutverk kvenna og karla,
m. vinna önnur verkefni í samræmi við markmið laganna samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

Stofnunum, fyrirtækjum og félagasamtökum er skylt að veita Jafnréttisstofu hvers konar almennar upplýsingar sem nauðsynlegar eru starfsemi hennar.

Hafi Jafnréttisstofa rökstuddan grun um að stofnun, fyrirtæki eða félagasamtök hafi brotið gegn lögum þessum er hlutaðeigandi stofnun, fyrirtæki eða félagasamtökum skylt að afhenda Jafnréttisstofu hvers konar upplýsingar og gögn sem Jafnréttisstofa telur nauðsynleg til að upplýsa um málsatvik í þeim tilgangi að kanna hvort ástæða er til að Jafnréttisstofa óski eftir því við kærunefnd jafnréttismála að nefndin taki málið til meðferðar. Verði hlutaðeigandi stofnun, fyrirtæki eða félagasamtök ekki við beiðni Jafnréttisstofu um afhendingu upplýsinga og gagna innan hæfilegs frests getur Jafnréttisstofa ákveðið að viðkomandi stofnun, fyrirtæki eða félagasamtök greiði dagsektir þar til umbeðnar upplýsingar og gögn hafa verið afhent. Sé það mat Jafnréttisstofu að umræddar upplýsingar og gögn renni frekari stoðum undir að brotið hafi verið gegn ákvæðum laganna skal Jafnréttisstofa óska eftir því við kærunefnd jafnréttismála að nefndin taki málið til meðferðar. Skal Jafnréttisstofa jafnframt tilkynna hlutaðeigandi stofnun, fyrirtæki eða félagasamtökum skriflega um þá ákvörðun sína.

Jafnréttisstofa skal að beiðni kæranda fylgja því eftir að úrskurðum kærunefndar jafnréttismála sé framfylgt eftir því sem við getur átt. Þegar sá sem úrskurður kærunefndar beinist að fer ekki að úrskurðinum getur Jafnréttisstofa beint þeim fyrirmælum til viðkomandi að gripið verði til viðunandi úrbóta til samræmis við úrskurðinn innan hæfilegs frests. Verði sá sem úrskurður beinist að ekki við fyrirmælum Jafnréttisstofu getur Jafnréttisstofa ákveðið að viðkomandi greiði dagsektir þar til farið verður að fyrirmælunum.

Starfsmönnum Jafnréttisstofu er óheimilt að nota aðstöðu sína til að afla sér annarra upplýsinga eða gagna en þeirra sem eru nauðsynleg eða kunna að vera nauðsynleg í þágu eftirlitsins skv. 5. mgr. Enn fremur er þeim óheimilt að veita eða afhenda öðrum en aðilum máls og kærunefnd jafnréttismála upplýsingar eða gögn sem aflað er í þágu eftirlitsins skv. 5. mgr., sem starfsmenn kunna að verða áskynja vegna starfa sinna við lausn á ágreiningsmálum skv. k-lið 3. mgr. eða eftirfylgni við úrskurði kærunefndar jafnréttismála skv. 6. mgr.

Ákvörðun um dagsektir skv. 5. og 6. mgr. skal tilkynnt bréflega á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að. Dagsektir geta numið allt að 50.000 kr. hvern dag. Við ákvörðun fjárhæðar dagsekta skal m.a. líta til fjölda starfsmanna fyrirtækis, stofnunar eða félagasamtaka og hversu umsvifamikill viðkomandi atvinnurekstur er.

Dagsektir skulu renna í ríkissjóð.

Þeim sem fyrirmælum Jafnréttisstofu er beint að samkvæmt ákvæði þessu er heimilt að kæra ákvörðun Jafnréttisstofu til félagsmálaráðherra. Ákvörðun um dagsektir skv. 6. mgr. fellur niður sé úrskurður kærunefndar borinn undir dómstóla.

Ákvarðanir Jafnréttisstofu um dagsektir eru aðfararhæfar. Kæra til félagsmálaráðherra eða málshöfðun fyrir almennum dómstólum frestar aðför.

5. gr.

Kærunefnd jafnréttismála.

Félagsmálaráðherra skipar samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar þrjá fulltrúa í kærunefnd jafnréttismála til þriggja ára í senn. Skulu þeir allir vera lögfræðingar og a.m.k. einn þeirra hafa sérþekkingu á jafnréttismálum. Formaður og varaformaður skulu uppfylla skilyrði um embættisgengi héraðsdómara. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Nefndinni er heimilt að kalla sér til ráðgjafar og aðstoðar sérfróða aðila ef hún telur þörf á.

Verkefni kærunefndar jafnréttismála er að taka erindi til meðferðar og kveða upp skriflegan úrskurð um hvort ákvæði laga þessara hafi verið brotin. Niðurstöður kærunefndar sæta ekki kæru til æðra stjórnvalds.

Þegar um er að ræða mál sem ætla má að geti haft stefnumarkandi áhrif á vinnumarkaðinn í heild skal nefndin leita umsagnar frá heildarsamtökum launafólks og atvinnurekenda áður en úrskurður er kveðinn upp.

Úrskurðir kærunefndar eru bindandi gagnvart málsaðilum. Málsaðilum er heimilt að bera úrskurði nefndarinnar undir dómstóla. Að kröfu málsaðila getur nefndin kveðið upp úrskurð um frestun réttaráhrifa úrskurðar telji hún ástæðu til þess. Krafa þess efnis skal gerð eigi síðar en tíu dögum frá birtingu úrskurðar. Frestun á réttaráhrifum úrskurðar skal vera bundin því skilyrði að málsaðili beri málið undir dómstóla innan þrjátíu daga frá birtingu úrskurðar um frestun réttaráhrifa og óski þá eftir að það hljóti flýtimeðferð. Ef beiðni um flýtimeðferð er synjað skal mál höfðað eins fljótt og unnt er eftir að synjun kemur fram og eigi síðar en innan þrjátíu daga frá synjun dómara. Frestun réttaráhrifa úrskurðar fellur úr gildi ef mál er ekki borið undir dómstóla innan þrjátíu daga frá birtingu úrskurðar um frestun réttaráhrifa eða mál er ekki höfðað innan þrjátíu daga frá synjun dómara um flýtimeðferð. Sé mál höfðað vegna úrskurðar nefndarinnar er henni heimilt að fresta afgreiðslu sambærilegra mála sem eru til meðferðar hjá henni þar til dómur gengur í málinu.

Ef úrskurður kærunefndar jafnréttismála er kæranda í hag en gagnaðili vill ekki una úrskurði kærunefndar og höfðar mál til ógildingar honum fyrir dómstólum, skal kærandi njóta gjafsóknar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Kærunefnd jafnréttismála getur ákveðið að sá sem kæra beinist gegn greiði kæranda kostnað við að hafa kæruna uppi. Ef kæra er bersýnilega tilefnislaus að mati kærunefndarinnar getur nefndin úrskurðað kæranda til að greiða málskostnað sem rennur í ríkissjóð. Aðför má gera án undangengins dóms til fullnustu málskostnaðar.

Kærunefndin skal birta úrskurði sína.

Kostnaður við starfsemi nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði. Félagsmálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um störf kærunefndar og skrifstofuhald.

6. gr.

Málsmeðferð fyrir kærunefnd jafnréttismála.

Einstaklingar, fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök í eigin nafni eða fyrir hönd félagsmanna sem telja að ákvæði laga þessara hafi verið brotin á sér geta leitað atbeina kærunefndar jafnréttismála. Kærunefndin getur enn fremur þegar sérstaklega stendur á tekið mál til meðferðar að eigin frumkvæði eða samkvæmt ábendingum annarra.

Jafnréttisstofa getur óskað eftir að kærunefnd jafnréttismála taki mál til meðferðar, sbr. 5. mgr. 4. gr.

Erindi skulu berast nefndinni skriflega innan sex mánaða frá því að ætlað brot á lögum þessum lá fyrir, frá því að ástandi sem talið er brot á lögunum lauk eða frá því að sá er málið

varðar fékk vitneskju um ætlað brot. Sé leitað rökstuðnings á grundvelli ákvæða stjórnsýslulaga tekur fresturinn að líða þegar sá rökstuðningur liggur fyrir. Kærunefndin getur þegar sérstaklega stendur á ákveðið að taka erindi til umfjöllunar þótt liðinn sé framangreindur frestur, þó aldrei ef liðið er meira en eitt ár. Erindi telst nægjanlega snemma fram komið ef bréf sem hefur það að geyma hefur borist nefndinni eða verið póstlagt áður en fresturinn er liðinn.

Kærunefnd getur að höfðu samráði við kæranda sent mál til sáttameðferðar hjá Jafnréttisstofu.

Nefndin skal kveða upp úrskurð svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en þremur mánuðum eftir að henni berst mál í hendur.

Málsmeðferð fyrir kærunefnd skal að jafnaði vera skrifleg en þó getur nefndin kallað málsaðila eða fulltrúa þeirra á sinn fund. Að öðru leyti fer um málsmeðferð hjá nefndinni samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga og nánari reglum sem ráðherra setur, að fengnum tillögum frá nefndinni.

7. gr.

Upplýsingaöflun fyrir kærunefnd.

Kærunefnd jafnréttismála skal tryggja að aðili máls eigi þess kost að tjá sig um efni máls áður en nefndin kveður upp úrskurð sinn enda telji nefndin að hvorki afstaða hans né rök fyrir henni liggi fyrir í gögnum málsins.

Kærunefnd jafnréttismála getur, að kröfu gagnaðila, krafið aðila um gögn sem nefndin telur að geti haft áhrif á úrlausn máls.

Kærunefnd jafnréttismála getur krafist frekari gagna frá málsaðilum telji hún málið ekki nægjanlega upplýst.

Ef lögð eru fyrir kærunefnd jafnréttismála gögn sem varða laun, önnur starfskjör eða réttindi einstaklinga skal kærunefndin tilkynna hlutaðeigandi að þessar upplýsingar hafi verið veittar nefndinni. Fara skal með slíkar upplýsingar sem trúnaðarmál.

8. gr.

Jafnréttisráð.

Eftir hverjar alþingiskosningar skipar félagsmálaráðherra átta manna Jafnréttisráð. Ráðherra skipar formann án tilnefningar, tvo fulltrúa sem tilnefndir eru sameiginlega af samtökum launafólks, tvo fulltrúa sem tilnefndir eru sameiginlega af samtökum atvinnurekenda, einn fulltrúa sem tilnefndur er sameiginlega af Femínistafélagi Íslands, Kvenfélagasambandi Íslands og Kvenréttindafélagi Íslands, einn fulltrúa sem tilnefndur er sameiginlega af Samtökum um kvennaathvarf og Stígamótum og einn fulltrúa sem tilnefndur er af Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

9. gr.

Hlutverk Jafnréttisráðs.

Jafnréttisráð skal starfa í nánum tengslum við Jafnréttisstofu og vera félagsmálaráðherra og framkvæmdastjóra Jafnréttisstofu til ráðgjafar við faglega stefnumótun í málum er tengjast jafnrétti kynjanna. Sérstök áhersla skal lögð á að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði og samþættingu fjölskyldu- og atvinnulífs.

Jafnréttisráð skal undirbúa jafnréttisþing í samráði við félagsmálaráðherra, sbr. 10. gr., og leggja fyrir það skýrslu um störf sín.

Kostnaður við starfsemi ráðsins greiðist úr ríkissjóði. Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um störf Jafnréttisráðs og skrifstofuhald.

10. gr.

Jafnréttisþing.

Félagsmálaráðherra skal boða til jafnréttisþings innan árs frá alþingiskosningum og aftur að tveimur árum liðnum.

Á jafnréttisþingi skal fjalla um jafnréttismál en félagsmálaráðherra skal leggja fram skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála við upphaf þingsins. Í skýrslu ráðherra skal m.a. koma fram mat á stöðu og árangri verkefna í gildandi þingsályktun um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum, sbr. 11. gr., auk umfjöllunar um stöðu og þróun jafnréttismála á helstu sviðum samfélagsins. Jafnréttisráð skal sjá til þess að umræður þingsins verði teknar saman og skal ráðið afhenda ráðherra samantektina. Önnur verkefni þingsins ákveður félagsmálaráðherra hverju sinni að fengnum tillögum Jafnréttisráðs.

Þingið er öllum opið en Jafnréttisráð skal boða alþingismenn, fulltrúa stofnana ríkis og sveitarfélaga, þar á meðal jafnréttisfulltrúa, sem og fulltrúa aðila vinnumarkaðarins og frjálsra félagasamtaka sem hafa jafnréttismál á stefnuskrá sinni.

Seta á þinginu er ólaunuð en annar nauðsynlegur kostnaður af þinghaldinu greiðist úr ríkissjóði samkvæmt ákvörðun félagsmálaráðherra.

11. gr.

Þingsályktun um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum.

Félagsmálaráðherra leggur fyrir Alþingi, innan árs frá alþingiskosningum, tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára í senn að fengnum tillögum einstakra ráðuneyta, Jafnréttisstofu og Jafnréttisráðs. Enn fremur skal höfð hliðsjón af umræðum jafnréttisþingsins skv. 10. gr. Þingsályktun um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum skal fela í sér verkefni sem ætlað er að tryggja jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla í íslensku samfélagi, sbr. 1. gr. laganna. Framkvæmdaáform og áætlaðar fjárveitingar til verkefna skulu koma sundurliðuð fram í áætluninni. Skýrsla félagsmálaráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála sem lögð er fram á jafnréttisþingi skv. 10. gr. skal fylgja með tillögunni til þingsályktunarinnar.

12. gr.

Jafnréttisnefndir sveitarfélaga.

Sveitarstjórnir skulu að loknum sveitarstjórnarkosningum skipa jafnréttisnefndir sem fjalla um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla innan viðkomandi sveitarfélags. Skulu nefndirnar vera ráðgefandi fyrir sveitarstjórnir í málefnum er varða jafnrétti kynjanna og fylgjast með og hafa frumkvæði að aðgerðum, þar með talið sértækum aðgerðum, til að tryggja jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla innan viðkomandi sveitarfélags.

Hver jafnréttisnefnd skal hafa umsjón með gerð jafnréttisáætlana til fjögurra ára, þar sem m.a. komi fram hvernig unnið skuli að kynjasamþættingu á öllum sviðum ásamt framkvæmdaáætlun um það hvernig leiðrétta skuli mismun á stöðu kvenna og karla innan sveitarfélagsins. Jafnréttisáætlanir skulu lagðar fram til samþykktar í viðkomandi sveitarstjórn eigi síðar en ári eftir sveitarstjórnarkosningar.

Hver nefnd skal annað hvert ár afhenda Jafnréttisstofu skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála innan viðkomandi sveitarfélags.

13. gr.
Jafnréttisfulltrúar.

Í sérhverju ráðuneyti skal starfa jafnréttisfulltrúi sem hefur sérþekkingu á jafnréttismálum. Jafnréttisfulltrúi fjallar um og hefur eftirlit með jafnréttisstarfi á málefnasviði viðkomandi ráðuneytis og stofnana þess, þar á meðal skal hann vinna að kynjasamþættingu á málefnasviði ráðuneytisins. Jafnréttisfulltrúi skal árlega senda Jafnréttisstofu greinargerð um stöðu og þróun jafnréttismála á málefnasviði viðkomandi ráðuneytis.

14. gr.
Jafnréttisráðgjafar.

Félagsmálaráðherra er heimilt að ráða jafnréttisráðgjafa sem vinnur tímabundið að jafnréttismálum á tilteknu sviði og/eða á tilteknu landsvæði.

15. gr.
Þátttaka í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum hins opinbera.

Við skipun í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skal þess gætt að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða. Þetta gildir einnig um stjórnir opinberra hlutafélaga og fyrirtækja sem ríki eða sveitarfélag er aðaleigandi að.

Þegar tilnefnt er í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skal tilnefna bæði karl og konu. Tilnefningaraðila er heimilt að víkja frá skilyrði 1. málsl. þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að ekki er mögulegt að tilnefna bæði karl og konu. Skal tilnefningaraðili þá skýra ástæður þess.

Skipunaraðila er heimilt að víkja frá ákvæði 1. mgr. ef undanþáguheimild 2. mgr. á við.

16. gr.
Greining á tölfræðiupplýsingum.

Í opinberri hagskýrslugerð um einstaklinga og í viðtals- og skoðanakönnunum skal greint á milli kynja við söfnun gagna, úrvinnslu þeirra og birtingu upplýsinga nema sérstakar ástæður, svo sem persónuverndarhagsmunir, mæli gegn því.

17. gr.
Kynjasamþætting.

Kynjasamþættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð sem gerð er á vegum ráðuneyta og opinberra stofnana er starfa á málefnasviði þeirra. Hið sama gildir um alla ákvörðunartöku innan ráðuneyta og stofnana eftir því sem við getur átt.

III. KAFLI
Réttindi og skyldur.

18. gr.
Vinnumarkaður.

Atvinnurekendur og stéttarfélög skulu vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði. Atvinnurekendur skulu sérstaklega vinna að því að jafna stöðu kynjanna innan fyrirtækis síns eða stofnunar og stuðla að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf. Sérstök áhersla skal lögð á að jafna hlut kynjanna í stjórnunar- og áhrifastöðum.

Fyrirtæki og stofnanir þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli skulu setja sér jafnréttisáætlun eða samþætta jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu sína. Skal þar m.a. sérstaklega kveðið á um markmið og aðgerðir til að tryggja starfsmönnum þau réttindi sem kveðið er á um í 19.–22. gr. Framkvæmdaáætlun skal fylgja jafnréttisáætluninni eða starfsmannastefnu en hvort tveggja skal endurskoðað á þriggja ára fresti.

Fyrirtæki og stofnanir skv. 2. mgr. skulu afhenda Jafnréttisstofu afrit af jafnréttisáætlun eða starfsmannastefnu sinni ef jafnréttisáætlun er ekki fyrir hendi ásamt framkvæmdaáætlun þegar Jafnréttisstofa óskar eftir því. Enn fremur skulu fyrirtæki og stofnanir skv. 2. mgr. afhenda Jafnréttisstofu skýrslu um framgang mála þegar Jafnréttisstofa óskar eftir því innan hæfilegs frests.

Hafi fyrirtæki eða stofnun skv. 2. mgr. ekki gert jafnréttisáætlun eða samþætt jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu sína skal Jafnréttisstofa beina þeim fyrirmælum til viðkomandi fyrirtækis eða stofnunar að gerðar séu viðunandi úrbætur innan hæfilegs frests. Hið sama gildir sé það mat Jafnréttisstofu að jafnréttisætlun fyrirtækis eða stofnunar skv. 2. mgr. sé ekki viðunandi eða að jafnréttissjónarmið hafi ekki verið samþætt í starfsmannastefnu með nægilega skýrum hætti.

Verði fyrirtæki eða stofnun skv. 2. mgr. ekki við fyrirmælum Jafnréttisstofu skv. 4. mgr. getur Jafnréttisstofa ákveðið að viðkomandi fyrirtæki eða stofnun greiði dagsektir þar til farið verður að fyrirmælunum. Hið sama á við þegar fyrirtæki eða stofnun lætur hjá líða að afhenda Jafnréttisstofu afrit af jafnréttisáætlun eða starfsmannastefnu sinni ef jafnréttisáætlun er ekki fyrir hendi ásamt framkvæmdaáætluninni þegar Jafnréttisstofa óskar eftir því eða neitar að afhenda Jafnréttisstofu skýrslu um framgang mála, sbr. 3. mgr. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynnt bréflega á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að.

Dagsektir geta numið allt að 50.000 kr. hvern dag. Við ákvörðun fjárhæðar dagsekta skal m.a. líta til fjölda starfsmanna fyrirtækis eða stofnunar og hversu umsvifamikill viðkomandi atvinnurekstur er.

Dagsektir skulu renna í ríkissjóð.

Þeim sem fyrirmælum Jafnréttisstofu er beint að samkvæmt ákvæði þessu er heimilt að kæra ákvörðun Jafnréttisstofu til félagsmálaráðherra.

Ákvarðanir Jafnréttisstofu um dagsektir eru aðfararhæfar. Kæra til félagsmálaráðherra eða málshöfðun fyrir almennum dómstólum frestar aðför.

19. gr.

Launajafnrétti.

Konum og körlum er starfa hjá sama atvinnurekanda skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

Með jöfnum launum er átt við að laun skulu ákveðin á sama hátt fyrir konur og karla. Skulu þau viðmið sem lögð eru til grundvallar launaákvörðun ekki fela í sér kynjamismunun.

Starfsmönnum skal ávallt heimilt að skýra frá launakjörum sínum ef þeir kjósa svo.

20. gr.

Laus störf, starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun.

Starf sem laust er til umsóknar skal standa opið jafnt konum og körlum.

Atvinnurekendur skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að konur og karlar njóti sömu möguleika til endurmenntunar, símenntunar og starfsþjálfunar og til að sækja námskeið sem haldin eru til að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings fyrir önnur störf.

21. gr.

Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs.

Atvinnurekendur skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera konum og körlum kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu. Ráðstafanir þær skulu m.a. miða að því að auka sveigjanleika í skipulagningu á vinnu og vinnutíma þannig að bæði sé tekið tillit til fjölskylduaðstæðna starfsmanna og þarfa atvinnulífs, þar með talið að starfsmönnum sé auðveldað að koma aftur til starfa eftir fæðingar- og foreldraorlof eða leyfi úr vinnu vegna óviðráðanlegra og brýnna fjölskylduaðstæðna.

22. gr.

Kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni.

Atvinnurekendur og yfirmenn stofnana og félagasamtaka skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og skjólstæðingar verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað, stofnun, í félagsstarfi eða skólum.

Ef yfirmaður er kærður vegna ætlaðrar kynbundinnar eða kynferðislegrar áreitni verður hann vanhæfur til að taka ákvarðanir í tengslum við starfsskilyrði kæranda á meðan meðferð málsins stendur yfir og skal þá næsti yfirmaður taka slíkar ákvarðanir.

23. gr.

Menntun og skólastarf.

Kynjasamþættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í skóla- og uppeldisstarfi, þar á meðal íþrótta- og tómstundastarfi.

Á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál þar sem m.a. skal lögð áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi.

Kennslu- og námsgögn skulu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað.

Í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólum skulu piltar og stúlkur óháð kyni hljóta fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf.

Efla skal rannsóknir á stöðu kynjanna í íslensku samfélagi, jafnt fræðilegar grunnrannsóknir sem hagnýtar rannsóknir, og miðla niðurstöðum þeirra markvisst innan skólastarfsins og til fjölmiðla.

Menntamálaráðuneytið skal fylgjast með að jafnréttis kynjanna sé gætt í skóla- og uppeldisstarfi sem og í íþrótta- og tómstundastarfi. Enn fremur skal menntamálaráðuneytið fylgjast með þróun jafnréttismála á þessum sviðum samfélagsins.

Jafnréttisráðgjafi skal starfa innan menntamálaráðuneytisins og skal hann fylgja eftir ákvæðum þessarar greinar og veita viðkomandi aðilum ráðgjöf í jafnréttismálum, m.a. um sértækar aðgerðir til að stuðla að jafnrétti kynjanna.

IV. KAFLI

Bann við mismunun á grundvelli kyns.

24. gr.

Almennt bann við mismunun.

Hvers kyns mismunun á grundvelli kyns, hvort heldur bein eða óbein, er óheimil.

Þó teljast sértækar aðgerðir ekki ganga gegn lögum þessum. Sama á við ef gild rök mæla með því að ráða til starfa einstakling af ákveðnu kyni vegna hlutlægra þátta er tengjast starfinu.

Það telst ekki mismunun að taka sérstakt tillit til kvenna vegna meðgöngu og barnsburðar.

25. gr.

Bann við mismunun í kjörum.

Atvinnurekendum er óheimilt að mismuna konum og körlum í launum og öðrum kjörum á grundvelli kyns.

Ef leiddar eru líkur að því að kona og karl sem starfa hjá sama atvinnurekanda njóti mismunandi launakjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf skal atvinnurekandi sýna fram á, ef um launamun er að ræða, að munurinn skýrist af öðrum þáttum en kyni.

26. gr.

Bann við mismunun í starfi og við ráðningu.

Atvinnurekendum er óheimilt að mismuna umsækjendum um starf á grundvelli kyns. Sama gildir um stöðuhækkun, stöðubreytingar, endurmenntun, símenntun, starfsþjálfun, námsleyfi, uppsögn, vinnuaðstæður og vinnuskilyrði starfsmanna.

Óheimilt er að láta fæðingar- og foreldraorlof eða aðrar aðstæður tengdar meðgöngu og barnsburði hafa neikvæð áhrif á ákvarðanir skv. 1. mgr.

Óheimilt er að auglýsa eða birta auglýsingu um laust starf þar sem gefið er í skyn að fremur sé óskað starfsmanns af öðru kyninu en hinu. Þetta ákvæði gildir ekki ef tilgangur auglýsandans er að stuðla að jafnari kynjaskiptingu innan starfsgreinarinnar og skal það þá koma fram í auglýsingunni. Sama á við ef gild rök mæla með því að einungis sé auglýst eftir öðru kyninu.

Umsækjandi um starf getur krafist rökstuðnings atvinnurekanda fyrir ráðningu annars umsækjanda af gagnstæðu kyni. Í rökstuðningi atvinnurekanda skal m.a. koma fram hvernig þeir þættir sem taldir eru upp í 6. mgr. varða þann er ráðinn var í starfið.

Ef leiddar eru líkur að því að við ráðningu, setningu eða skipun í starf, stöðuhækkun, stöðubreytingu, endurmenntun, starfsþjálfun, símenntun, námsleyfi, uppsögn, vinnuaðstæður eða vinnuskilyrði hafi einstaklingum verið mismunað á grundvelli kyns, töku fæðingar- og foreldraorlofs eða annarra aðstæðna í tengslum við meðgöngu og barnsburð, skal atvinnurekandi sýna fram á að aðrar ástæður en kyn, fæðingar- og foreldraorlof eða aðrar aðstæður tengdar meðgöngu og barnsburði, hafi legið til grundvallar ákvörðun hans.

Í rökstuðningi atvinnurekanda skv. 4. mgr. sem og við mat á því hvort ákvæði þetta hafi verið brotið skal taka mið af menntun, starfsreynslu, sérþekkingu eða öðrum sérstökum hæfileikum sem krafa er gerð um í viðkomandi starfi samkvæmt lögum eða reglugerðum eða telja verður annars að komi að gagni í starfinu.

27. gr.

Bann við uppsögn o.fl. vegna kæru eða leiðréttingarkröfu.

Atvinnurekanda er óheimilt að segja starfsmanni upp störfum sökum þess að hann hafi krafist leiðréttingar á grundvelli laga þessara.

Atvinnurekandi skal jafnframt gæta þess að starfsmaður verði ekki beittur óréttlæti í starfi, svo sem með tilliti til starfsöryggis, starfskjara eða mats á árangri, á grundvelli þess að hafa kært eða veitt upplýsingar um kynbundna eða kynferðislega áreitni eða kynjamismunun.

Ef leiddar eru líkur að því að gengið hafi verið gegn ákvæði þessu skal atvinnurekandi sýna fram á að uppsögn eða ætlað óréttlæti grundvallist ekki á leiðréttingarkröfu starfsmanns, kæru eða veitingu upplýsinga um kynbundna eða kynferðislega áreitni eða aðra kynjamismunun. Þetta gildir ekki ef uppsögnin á sér stað meira en einu ári eftir að starfsmaðurinn setti fram leiðréttingarkröfur á grundvelli laga þessara.

Við mat á því hvort ákvæði þetta hafi verið brotið skal taka mið af menntun, starfsreynslu, sérþekkingu eða öðrum sérstökum hæfileikum sem krafa er gerð um í viðkomandi starfi samkvæmt lögum eða reglugerðum eða telja verður annars að komi að gagni í starfinu.

28. gr.

Bann við mismunun í skólum og á uppeldisstofnunum.

Í skólum og öðrum mennta- og uppeldisstofnunum er hvers konar mismunun á grundvelli kyns óheimil. Skylt er að gæta þessa í námi og kennslu, starfsháttum og daglegri umgengni við nemendur.

Yfirmaður stofnunar skal gæta þess að nemandi eða skjólstæðingur sé ekki látinn gjalda þess að hafa kært kynbundna áreitni eða kynjamismunun.

29. gr.

Auglýsingar.

Auglýsandi og sá sem hannar eða birtir auglýsingu skulu sjá til þess að auglýsingin sé öðru kyninu ekki til minnkunar, lítilsvirðingar eða stríði gegn jafnri stöðu og jöfnum rétti kynjanna á nokkurn hátt. Óheimilt er að birta slíka auglýsingu í fjölmiðlum eða á öðrum opinberum vettvangi.

30. gr.

Bann við afsali réttar.

Óheimilt er að afsala sér þeim réttindum sem kveðið er á um í lögum þessum.

V. KAFLI
Viðurlög.

31. gr.

Bætur fyrir fjártjón og miska.

Sá sem af ásettu ráði eða vanrækslu brýtur gegn lögum þessum er skaðabótaskyldur samkvæmt almennum reglum. Enn fremur má dæma hlutaðeigandi til að greiða þeim sem misgert er við, auk bóta fyrir fjártjón ef því er að skipta, bætur vegna miska.

32. gr.

Sektir.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim geta varðað sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Sektir renna í ríkissjóð.

Með mál er varða brot á lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim fer að hætti opinberra mála.

VI. KAFLI
Önnur ákvæði.

33. gr.

Reglugerðarheimild.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

34. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 96/2000, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í júní 2006 skipaði félagsmálaráðherra nefnd til að endurskoða efni laga nr. 96/2000, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Nefndina skipuðu Guðrún Erlendsdóttir, fyrrverandi hæstaréttardómari, formaður nefndarinnar, Margrét María Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu, tilnefnd af Jafnréttisstofu, Bjarni Benediktsson alþingismaður, tilnefndur af þingflokki Sjálfstæðisflokksins, Bryndís Bjarnarson nemi, tilnefnd af þingflokki Framsóknarflokksins, Daníel Helgason húsasmiður, tilnefndur af þingflokki Frjálslynda flokksins, Mörður Árnason alþingismaður, tilnefndur af þingflokki Samfylkingarinnar, og Valgerður H. Bjarnadóttir ráðgjafi, tilnefnd af þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Starfsmenn nefndarinnar voru Bjarnheiður Gautadóttir og Guðrún Erna Hreiðarsdóttir, lögfræðingar í félagsmálaráðuneytinu.

Umboð nefndarinnar til endurskoðunar laganna var rúmt, en lögð var áhersla á að nefndin hefði samráð við samtök aðila vinnumarkaðarins og aðra þá aðila sem láta sig jafnréttismál varða.

Ákveðið var að nefndin myndi starfa sem mest fyrir opnum tjöldum og sett var upp heimasíða þar sem unnt var að senda erindi til nefndarinnar og birta fundargerðir hennar. Send voru bréf til aðila vinnumarkaðarins og þeirra sem láta sig jafnréttismál varða og þeir beðnir um að koma athugasemdum sínum og ábendingum í tengslum við endurskoðun laganna á framfæri við nefndina. Forsvarsmenn margra þessara aðila komu á fundi nefndarinnar, m.a. Þorbjörg I. Jónsdóttir, formaður Kvenréttindafélags Íslands, Sigurbjörg G. Viborg, forseti Kvenfélagasambands Íslands, Kristín Ástgeirsdóttir, forstöðumaður Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands, Fanný Gunnarsdóttir, formaður Jafnréttisráðs, Hrafnhildur Stefánsdóttir yfirlögfræðingur, Gústaf Adolf Gústafsson og Hannes Sigurðsson aðstoðarframkvæmdastjóri, frá Samtökum atvinnulífsins, Halldóra Friðjónsdóttir, formaður Bandalags háskólamanna, Maríanna Traustadóttir jafnréttisfulltrúi og Ingvar Sigurðsson lögfræðingur, frá Alþýðusambandi Íslands, Guðrún Ósk Sigurjónsdóttir, lögfræðingur á kjarasviði Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Karl Björnsson, sviðsstjóri kjarasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga. Þá komu einnig á fund nefndarinnar Lilja Mósesdóttir prófessor, Brynhildur Flóvenz lögfræðingur, Ragnhildur Arnljótsdóttir, ráðuneytisstjóri í félagsmálaráðuneytinu, Guðrún Agnes Þorsteinsdóttir, lögfræðingur í félagsmálaráðuneytinu, og Elsa Þorkelsdóttir lögfræðingur. Ábendingar og athugasemdir þessara aðila komu endurskoðunarnefndinni að miklu gagni við vinnu hennar.

Í byrjun mars 2007 skilaði nefndin til félagsmálaráðherra drögum að frumvarpi til nýrra laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Í framhaldinu voru frumvarpsdrögin sett í opið umsagnarferli á heimasíðu félagsmálaráðuneytisins þar sem almenningi gafst kostur á að senda inn athugasemdir við frumvarpsdrögin. Frumvarp þetta byggist í meginatriðum á drögum nefndarinnar en ákveðnar breytingar hafa verið gerðar þar sem m.a. var höfð hliðsjón af þeim umsögnum og athugasemdum sem bárust ráðuneytinu í gegnum heimasíðu ráðuneytisins og með öðrum hætti.

Baráttan fyrir launajafnrétti kynjanna á sér langan aðdraganda hér á landi. Árið 1911 höfðu konur fengið sama rétt til allra embætta og karlar og rétt til sömu launa fyrir slík störf.

Barnakennarar fengu árið 1919 jafnan rétt til launa, án tillits til þess hvort þeir voru karlar eða konur, og með lögum nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, var kveðið á um það að konur og karlar skyldu hafa jafnan rétt til opinberra starfa og til sömu launa fyrir sömu störf. Vorið 1939 hóf Kvenréttindafélag Íslands skelegga baráttu fyrir launajafnrétti þar sem krafan var *sömu laun fyrir sömu störf*.

Árið 1958 fullgilti Ísland jafnlaunasamþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar frá 1951. Með því skuldbatt Ísland sig til að tryggja jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt (e. *of equal value*) störf. Árið 1961 voru sett lög um launajöfnuð kvenna og karla nr. 60/1961. Samkvæmt þeim áttu laun kvenna að hækka á árunum 1962–1967 til jafns við laun karla fyrir sömu störf í eftirfarandi starfsgreinum: Almennri verkavinnu, verksmiðjuvinnu og verslunar- og skrifstofuvinnu. Eðlilegt þótti að atvinnuvegirnir fengju nokkurt ráðrúm til að samlagast hinum nýju viðhorfum í kjaramálum kvenna og var talið að sex ár væru nægur tími til þess. Þrátt fyrir lögin um launajöfnuð komst hann ekki á í reynd.

Árið 1963 fullgilti Ísland samþykkt nr. III um misrétti með tilliti til atvinnu og starfs sem gerð var á þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar 1958. Árið 1973 voru sett lög um Jafnlaunaráð, nr. 37/1973, sem starfaði á árunum 1973–1976. Jafnlaunaráð hafði hvorki starfsmenn né skrifstofuaðstöðu en staðfesti tvær meginreglur, annars vegar um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf og hins vegar að atvinnurekendum væri óheimilt að mismuna starfsfólki eftir kyni. Jafnlaunaráði var ætlað að tryggja framkvæmd laganna um jafnrétti kynjanna í atvinnulífinu.

Lögin um Jafnlaunaráð voru afnumin árið 1976 þegar sett voru fyrstu almennu lögin um jafnrétti kvenna og karla, nr. 78/1976. Þeim lögum var ætlað að stuðla að jafnrétti kynjanna á öllum sviðum þjóðfélagsins. Þeim lögum hefur þrívegis verið breytt, þ.e. með lögum nr. 65/1985, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, lögum nr. 28/1991, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, og núgildandi lögum nr. 96/2000, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Þegar lögin um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla voru sett árið 1976 var mótuð opinber stefna um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna og Jafnréttisráð sett á stofn til að framfylgja lögunum. Samkvæmt lögunum hvíldi sú fordæmisskylda á stjórnvöldum að vinna að því að jafnrétti kæmist á í raun. Nú þegar liðin eru þrjátíu ár frá setningu fyrstu jafnréttisþlaganna er ljóst að þau hafa ekki borið þann árangur sem vonast var eftir þó að ekki sé nokkur vafi á því að það hefur verið mikill styrkur að hafa slík lög. Miklar breytingar til hins betra hafa orðið og er þar helst til að telja að menntun kvenna hefur stórlega aukist og meira ber á konum í þjóðlífinu en áður fyrr. Þá hefur setning laga nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, bætt stöðu kvenna á vinnumarkaði. Hjá hinum norrænu ríkjum hafa orðið töluverðar áherslubreytingar í jafnréttismálum síðastliðin sex til sjö ár en ágætt samráð er milli þeirra á þessu sviði. Umræða um þátttöku karla í jafnréttismálum hefur orðið meira áberandi. Nauðsynlegt er talið að karlar komi meira að uppeldismálum og ábyrgð á heimili en verið hefur þar sem jafnréttismál séu ekki einkamál kvenna. Þá hefur kynjasamþætting í öllum málaflokkum verið talin nauðsynleg til þess að jafnrétti náist í raun. Bent hefur verið á að útrýming kynbundins ofbeldis (mansals, vændis og annars kynbundins ofbeldis) sé liður í jafnréttisbaráttunni. Við gerð frumvarpsdraganna hafði endurskoðunarnefndin sérstaklega til hliðsjónar lög og skipan jafnréttismála hjá hinum norrænu ríkjunum.

Þegar fyrstu jafnréttislögin voru sett hér á landi var talið að erfiðast yrði að breyta viðhorfum fólks til stöðu kynjanna en auðveldast yrði að breyta launamun kynjanna og að hann yrði horfinn innan fárra ára. Sú hefur því miður ekki orðið raunin. Niðurstöður rann-

sóknar um launamyndun og kynbundinn launamun sem Capacent Gallup vann fyrir félagsmálaráðuneytið á árinu 2006 benda til stöðnunar í launajafnréttismálum og að kynbundinn launamunur sé tæplega 16% hér á landi. Rannsókn þessi sýnir þó að umtalsverðar jákvæðar breytingar hafa orðið á starfsumhverfi og starfsháttum, vinnutíma og viðhorfi kynjanna og gefur vísbendingar um að frekari breytingar séu í sjónmáli. Þessi jákvæða þróun virðist þó ekki skila sér í launaumslagið. Það er vitanlega þeirra sem taka launaákvarðanir, hvort heldur hjá hinu opinbera eða á almennum vinnumarkaði, að gæta þess að ekki sé mismunun í launakjörum kynjanna, störf kvenna og karla á að meta eftir sömu viðmiðum.

Samkvæmt könnun sem gerð var í sex Evrópulöndum árið 2002 og dr. Þorgerður Einarsdóttir, lektor í kynjafræði við Háskóla Íslands, hafði umsjón með hér á landi kom í ljós að á Íslandi er kynbundinn launamunur á almenna vinnumarkaðnum meiri en á hinum opinbera vinnumarkaði. Þetta er í samræmi við launakannanir Reykjavíkurborgar og launakannanir sem Félagsvísindastofnun hefur gert fyrir VR. Þess ber og að geta að sífellt verður erfiðara að fylgjast með launaþróun og launamisrétti því mjög algengt er að samið sé um laun á einstaklingsgrundvelli en helst hefur reynt á jafnréttislögin að því er varðar mismunun á grundvelli kyns í tengslum við launagreiðslur og við ráðningar í störf. Flestir þeirra sem komu umsögnum sínum og athugasemdum til endurskoðunarnefndarinnar voru á þeirri skoðun að sú samningsbundna launaleynd sem tíðkast á íslenskum vinnumarkaði ætti stóran þátt í því hversu mikill launamunur er á milli kynjanna. Auka þyrfti aðgegni að upplýsingum um launamál og því bæri að afnema samningsbundna skyldu til launaleyndar.

Við samningu frumvarps þessa var m.a. hugað að skyldum sem íslensk stjórnvöld hafa gengist undir á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Eftirfarandi gerðir Evrópusambandsins hafa verið felldar undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og hafa verið innleiddar í íslenskan rétt: Tilskipun nr. 75/117/EBE, um samræmingu á lögum aðildarríkjanna er varða beitingu meginreglunnar um sömu laun karla og kvenna, tilskipun nr. 76/207/EBE, um framkvæmd meginreglunnar um jafnrétti karla og kvenna varðandi aðgang að störfum, starfsþjálfun og stöðuhækkun, sem og varðandi starfskjör, tilskipun nr. 92/85/EBE, um lögleiðingu ráðstafana til að auka öryggi og heilbrigði á vinnustöðum fyrir starfsmenn sem eru þungaðir, hafa nýlega alið börn eða hafa börn á brjósti, tilskipun nr. 96/34/EB, um rammasamning um foreldraorlof, tilskipun nr. 97/80/EB, um sönnunarbyrði í málum er varða mismunun vegna kyns og tilskipun nr. 2002/73/EB, um breytingu á tilskipun nr. 76/207/EBE, sem innleidd var 9. nóvember sl. Er ákvæðum frumvarps þessa ætlað að tryggja áframhaldandi innleiðingu framangreindra tilskipana.

Í gildandi lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla er kveðið á um það að í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum hins opinbera skuli, þar sem því verður við komið, sitja sem næst jafnmargar konur og karlar og skuli á það minnt þegar óskað er tilnefninga í hlutaðeigandi nefndir, ráð og stjórnir. Í skipun í Jafnréttisráð er aftur á móti sú skylda lögð á tilnefningaraðila að tilnefna einn karl og eina konu. Ljóst er að hið opinbera þarf að vera fyrirmynd atvinnulífsins og því er í frumvarpi þessu lagt til að sama regla og gildir um Jafnréttisráð að þessu leyti verði látin ná til allra nefnda, stjórna og ráða á vegum ríkis og sveitarfélaga. Þannig verði tilnefningaraðila skylt að tilnefna bæði karl og konu og að við skipun skuli þess gætt að hlutfallsleg skipting milli kynjanna sé sem jöfnust þannig að hlutur hvors kyns verði ekki minni en 40%, en í þriggja manna nefndum sé minnst ein kona og einn karl.

Enn fremur er í gildandi lögum ákvæði þess efnis að fyrirtæki og stofnanir þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn skuli setja sér jafnréttisáætlun eða kveða sérstaklega á um jafnrétti

kvenna og karla í starfsmannastefnu sinni. Þar skuli sérstaklega kveðið á um markmið og aðgerðir til að tryggja starfsmönnum þau réttindi sem kveðið er á um í 14.–17. gr. laganna. Í löggjöf annarra norrænna ríkja er að finna ákvæði um sektir ef brotið er gegn samsvarandi ákvæði. Hér á landi hafa fyrirtæki verið hvött til að gera áætlanir og haldin hafa verið námskeið og leiðbeiningar veittar við gerð slíkra jafnréttisáætlana. Á árunum 2001 og 2004 sendi Jafnréttisstofa öllum fyrirtækjum með fleiri en 25 starfsmenn bréf þar sem óskað var eftir upplýsingum um jafnréttisáætlanir viðkomandi fyrirtækja en svörunin var aðeins 16,5%. Í Svíþjóð var ástandið svipað þar til sektarákvæði kom í sænsku lögin. Margir umsagnaraðilar töldu rétt að láta ákvæði þetta ná til fyrirtækja þar sem starfa fleiri en tíu starfsmenn þannig að þessum fyrirtækjum yrði skylt að gera jafnréttisáætlanir sem væru endurskoðaðar reglulega, en nauðsynlegt er talið að jafnframt sé gerð framkvæmdaáætlun til að gera jafnréttisáætlanir fyrirtækja að virku tæki í baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands eru 807 fyrirtæki með 25 starfsmenn eða fleiri en 1.333 fyrirtæki hafa 10–24 starfsmenn. Ef miðað yrði við fyrirtæki með tíu starfsmenn eða fleiri myndu fyrirtækin sem gera þyrftu jafnréttisáætlanir vera 2.140 talsins í stað 807 ef miðað er við fyrirtæki með 25 starfsmenn eða fleiri. Er því talið heppilegra að miða ekki við færri starfsmenn en 25 en reyna heldur að tryggja betur eftirlit með að ákvæðinu sé fylgt, m.a. með virkara eftirliti Jafnréttisstofu.

Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs er mikilvæg forsenda jafnréttis. Sú skylda er lögð á atvinnurekendur í gildandi lögum að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera konum og körlum kleift að samræma starfsskyldur sínar og skyldur gagnvart fjölskyldu. Ráðstafanirnar eiga m.a. að auka sveigjanleika í skipulagningu á vinnu og vinnutíma þannig að tekið sé tillit til þarfa atvinnulífs og fjölskylduaðstæðna starfsmanna. Mikilvægt er að atvinnurekendur komi til móts við starfsmenn sína, bæði konur og karla, að þessu leyti og geri þeim kleift að samræma betur fjölskyldu- og atvinnulíf. Liður í þeirri samræmingu væri t.d. að setja ákvæði þess efnis í framkvæmdaáætlun, sem fylgir jafnréttisáætlun fyrirtækja eða stofnana, sem endurskoðuð yrði reglulega þannig að unnt yrði að staðreyna hvort takmarkinu væri náð. Er því mælt með að ákvæði þetta verði áfram í lögunum.

Helstu nýmæli frumvarpsins.

1. *Eftirlitshlutverk Jafnréttisstofu gert skýrara.*
   Lagt er til að eftirlit Jafnréttisstofu með framkvæmd laganna verði gert skýrara. Er gert ráð fyrir að Jafnréttisstofa fái frekari heimildir til öflunar gagna hjá fyrirtækjum, stofnunum og félagasamtökum í tilvikum þegar stofan hefur rökstuddan grun um brot á lögunum og þá í þeim tilgangi að meta hvort ástæða sé til að óska eftir því að kærunefnd jafnréttismála taki málið til meðferðar. Enn fremur er lagt til að Jafnréttisstofa hafi heimildir til að fylgja úrskurðum kærunefndar jafnréttismála eftir að ósk kæranda. Þá er gert ráð fyrir að Jafnréttisstofa hafi eftirlit með að fyrirtæki og stofnanir með fleiri en 25 starfsmenn geri jafnréttisáætlanir eða samþætti jafnréttissjónarmið inn í starfsmannastefnu sína og meti jafnframt að efni þeirra sé viðunandi. Er lagt til að Jafnréttisstofa geti kallað eftir skýrslum um framgang mála frá umræddum fyrirtækjum og stofnunum. Fari sá sem fyrirmæli Jafnréttisstofu beinast að ekki eftir þeim er lagt til að Jafnréttisstofu verði veittar heimildir til að leggja dagsektir á viðkomandi að fjárhæð 50.000 kr. á dag þar til að viðunandi úrbætur verði gerðar.

2. *Kærunefnd jafnréttismála.*
   Lagt er til að úrskurðir kærunefndar jafnréttismála verði bindandi fyrir málsaðila í stað álita áður. Er með þeirri tilhögun verið að leitast við að veita niðurstöðum nefndarinnar meira vægi en nú er og framkvæmd þessara mála þar með færð nær því sem tíðkast hjá öðrum norrænum ríkjum. Enn fremur er gert ráð fyrir ýmsum nýmælum að því er varðar málsmeðferð fyrir kærunefnd, svo sem um frest til að kæra mál og frest kærunefndar til að kveða upp úrskurð. Einnig eru ákvæði um að nefndin geti ákveðið að fresta réttaráhrifum úrskurðar með nánar tilteknum skilyrðum og geti einnig ákveðið að sá sem kæra beinist gegn greiði kæranda kostnað við að hafa kæruna uppi og sé kæra bersýnilega tilefnislaus geti nefndin úrskurðað kæranda til að greiða málskostnað. Þá er lagt til að gjafsókn verði veitt kæranda í tilvikum þegar úrskurður kærunefndar er kæranda í hag, hafi gagnaðili höfðað mál til ógildingar úrskurðinum.
3. *Jafnréttisþing.*
   Lagt er til að félagsmálaráðherra boði til sérstaks jafnréttisþings innan árs frá alþingiskosningum og aftur að tveimur árum liðnum. Þinginu er ætlað að vera vettvangur þeirra sem fjalla um jafnréttismál en markmiðið með slíku þinghaldi er að hvetja til virkari umræðu um jafnréttismál meðal almennings og þar með á sem flestum sviðum samfélagsins. Félagsmálaráðherra skal leggja fram skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála við upphaf jafnréttisþings. Jafnréttisþingið er öllum opið en lagt er til að Jafnréttisráð boði ákveðna aðila til þingsins. Enn fremur er gert ráð fyrir að Jafnréttisráð sjái um að umræður þingsins verði teknar saman og afhendi ráðherra samantektina.
4. *Jafnréttisfulltrúar ráðuneytanna.*
   Lagt er til að innan sérhvers ráðuneytis starfi sérstakur jafnréttisfulltrúi sem hafi sérþekkingu á jafnréttismálum. Er þar m.a. átt við að jafnréttisfulltrúar hafi aflað sér þekkingar á sviði jafnréttismála, t.d. með endurmenntun eða þátttöku í námskeiðum sem haldin eru á vegum Jafnréttisstofu eða annarra fagaðila. Ljóst þykir að styrkja þurfi stöðu þessara fulltrúa. Starfshlutfall jafnréttisfulltrúanna getur verið misjafnt eftir því hvaða ráðuneyti á í hlut en ekki er gert að skilyrði að hvert ráðuneyti fyrir sig ráði sérstakan jafnréttisfulltrúa í fullt starf eða til að sinna því starfi eingöngu. Enn fremur kann að vera kostur fyrir einstök ráðuneyti að sami jafnréttisfulltrúi starfi fyrir fleiri en eitt ráðuneyti en í því getur falist faglegur styrkleiki auk ákveðins hagræðis. Jafnréttisfulltrúarnir geta einnig verið stofnunum er starfa á málefnasviði viðkomandi ráðuneytis til ráðgjafar í jafnréttismálum. Hlutverk þeirra er að fjalla um og hafa eftirlit með jafnréttisstarfi á málefnasviði viðkomandi ráðuneytis og stofnana þess, þar á meðal skulu þeir vinna að kynjasamþættingu á málefnasviði ráðuneytanna.
5. *Þátttaka í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum hins opinbera.*
   Lengi hefur verið í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla ákvæði sem ætlað er að tryggja sem jafnast hlutfall kynjanna í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum hins opinbera. Í þeim tilgangi að styrkja þetta ákvæði er lagt til að við skipun í nefndir, ráð og stjórnir verði þess gætt að hlutfall kynjanna verði sem jafnast og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá er að ræða. Þetta er í samræmi við markmið stjórnvalda sem m.a. hefur komið fram í þingsályktun um áætlun í jafnréttismálum. Til þess að fylgja þessu markmiði eftir er enn fremur gert ráð fyrir að tilnefningaaðilar tilnefni ávallt bæði karl og konu þegar tilnefnt er í nefndir, ráð og stjórnir.

6. *Kynjasamþætting tryggð.*
Fram hefur komið í þingsályktunum um áætlanir í jafnréttismálum að það sé markmið stjórnvalda að samþætta jafnréttis- og kynjasjónarmið inn í daglegt starf allra ráðuneyta. Með hliðsjón af þessu markmiði stjórnvalda er lagt til að kveðið verði nánar á um þá skyldu stjórnvalda að samþætta jafnréttis- og kynjasjónarmið inn í alla stefnumótun og áætlanagerð enda talið eitt af lykilatriðum þess að tryggja megi jafnrétti kynjanna í íslensku samfélagi. Er ákvæði þetta jafnframt í samræmi við eitt af meginmarkmiðum frumvarpsins.
7. *Launafólki tryggður réttur til að skýra frá launakjörum sínum ef það svo kýs.*
Í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að tryggður verði réttur launafólks til að skýra frá launakjörum sínum ef það svo kýs er lagt til það nýmæli að starfsmönnum skuli ávallt heimilt að skýra frá launakjörum sínum ef þeir kjósa svo. Þessu ákvæði er þar með ætlað að koma markmiði ríkisstjórnarinnar að þessu leyti í framkvæmd.
8. *Rökstuðningur atvinnurekanda fyrir ráðningu.*
Lagt er til að umsækjandi um starf geti krafist rökstuðnings atvinnurekanda fyrir ráðningu annars umsækjanda af gagnstæðu kyni. Er gert ráð fyrir að í rökstuðningi atvinnurekanda komi m.a. fram hvernig menntun, starfsreynsla, sérþekking eða aðrir sérstakir hæfileikar sem krafa var gerð um í viðkomandi starfi varði þann er ráðinn var í starfið.
9. *Auglýsingar.*
Lagt er til það nýmæli að óheimilt sé að birta auglýsingu í fjölmiðlum eða á öðrum opinberum vettvangi sem er öðru kyninu til minnkunar, lítilsvirðingar eða stríði gegn jafnri stöðu og jafnrétti kynjanna á nokkurn hátt.
10. *Breyting á skipan Jafnréttisráðs.*
Mikilvægt þykir að fulltrúar ráðsins endurspegli þekkingu á mörgum sviðum innan jafnréttismála án þess að fjölda fulltrúa verði fjölgað innan ráðsins. Er því lagt til að aðilar sem starfa á svipuðum vettvangi tilnefni sameiginlega fulltrúa í ráðið. Í því sambandi er lagt til að samtök launafólks, bæði á almennum vinnumarkaði og hjá hinu opinbera, tilnefni sameiginlega tvo fulltrúa og samtök atvinnurekenda á sama hátt einnig tvo fulltrúa. Enn fremur er gert ráð fyrir að Kvenfélagasamband Íslands, Kvenréttindafélag Íslands og Femínistafélagið komi sér saman um einn fulltrúa. Hið sama gildir um Samtök um kvennaathvarf og Stígamót. Þykir sérstaklega mikilvægt að Samtök um kvennaathvarf og Stígamót eigi sameiginlegan fulltrúa í ráðinu enda er það eitt af markmiðum frumvarpsins að unnið sé gegn kynbundnu ofbeldi. Þá þykir mikilvægt að fræðasamfélagið eigi fulltrúa í Jafnréttisráði og þykir þar Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum hafa mikla reynslu af rannsóknum í kvenna- og kynjafræðum.
11. *Breytt hlutverk Jafnréttisráðs.*
Lagt er til að Jafnréttisráð starfi í nánari tengslum við Jafnréttisstofu en verið hefur í tíð gildandi laga. Er ráðinu m.a. ætlað að vera félagsmálaráðherra og framkvæmdastjóra Jafnréttisstofu til ráðgjafar við faglega stefnumótun í málum er tengjast jafnrétti kynjanna. Er jafnframt lagt til að sérstök áhersla verði lögð á að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði og samþættingu fjölskyldu- og atvinnulífs. Þá er lagt til að það falli í hlutverk Jafnréttisráðs að undirbúa svokallað jafnréttisþing.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæði þetta er að mestu leyti samhljóða 1. gr. gildandi laga. Markmið laganna er að koma á jafnrétti og veita konum og körlum jöfn tækifæri. Til þess að svo verði eru lögfestar leiðir sem hafa skal til hliðsjónar til að ná því markmiði en að sjálfsögðu koma þar einnig til önnur atriði sem ekki eru talin upp í ákvæðinu. Lagt er til að nýrri leið verði bætt inn í upptalninguna, þ.e. að vinna skuli gegn kynbundnu ofbeldi, en vitað er að slíkt ofbeldi sem fjöldi kvenna sætir er mikil hindrun fyrir því að konur njóti jafnréttis á við karla. Því er eðlilegt að nefna ofbeldi sem eitt þeirra atriða sem þarf að koma í veg fyrir til þess að jafnrétti kynjanna komist á. Einnig er lagt til að undirstrikað verði í markmiðsákvæði frumvarpsins að unnið skuli áfram gegn launamisrétti og annarri mismunun á vinnumarkaði. Jafnframt er það talið mikilvæg leið að jafnrétti kynjanna að unnið verði að því að breyta hefðbundnum kynjaímyndum og vinna gegn neikvæðum staðalímyndum, t.d. að koma í veg fyrir að störf á heimilum eða vinnumarkaði flokkist sem karla- eða kvennastörf. Þá er lögð áhersla á kynjasamþættingu á öllum sviðum samfélagsins, auk þess sem bæta skal sérstaklega stöðu kvenna og auka möguleika þeirra í samfélaginu.

Um 2. gr.

Rétt þykir að hafa í sérstöku ákvæði skilgreiningu á hugtökum sem fram koma í lögunum. Hér kemur því skýring á hugtökunum *bein og óbein mismunun* sem einnig er að finna í reglugerð nr. 47/2003, um starfsemi Jafnréttisstofu, með síðari breytingum. Skýringarnar eiga sér fyrirmyndir í samningnum um afnám allrar mismununar gegn konum og gerðum Evrópusambandsins sem teknar hafa verið upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Það sama á við um hugtökin *kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni* en skilgreiningarnar er að finna í tilskipun Evrópusambandsins nr. 2002/73/EB, um breytingu á tilskipun ráðsins 76/207/EBE, um framkvæmd meginreglunnar um jafnrétti karla og kvenna varðandi aðgang að störfum, starfsþjálfun og stöðuhækkunum, sem og varðandi starfskjör. Hugtakið *kynjasamþætting* er þýðing á enska hugtakinu „gender mainstreaming“ en í skýrslu félagsmálaráðherra um stöðu framkvæmdaáætlunar ríkisstjórnarinnar til að ná fram jafnrétti kynjanna 2002–2004 frá árinu 2004 er hugtakið þýtt sem samþætting kynja- og jafnréttissjónarmiða. Enn fremur hefur hugtakið verið þýtt hér á landi sem samþætting kynjasjónarmiða. Um er að ræða aðferðafræði sem upphaflega var kynnt á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og hefur síðan verið þróuð víða um heim. Hugtakið *sértækar aðgerðir* er einnig skilgreint í ákvæðinu en þar er átt við sérstakar aðgerðir sem ætlað er að bæta stöðu eða auka möguleika kvenna eða karla í því skyni að koma á jafnrétti kynjanna á ákveðnum sviðum þar sem á annað kynið hallar. Í gildandi lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla er kveðið á um að sérstakar tímabundnar aðgerðir sem hafa fyrrgreindan tilgang gangi ekki gegn ákvæðum laganna, sbr. 22. gr. þeirra, án þess að slíkar aðgerðir séu sérstaklega skilgreindar í lögunum. Þá eru orðin *laun* og *kjör* skilgreind en þær skilgreiningar eru efnislega samhljóða 2. og 4. mgr. 14. gr. gildandi laga.

Um 3. gr.

Áfram er lagt til að félagsmálaráðherra fari með yfirstjórn jafnréttismála en aðrir ráðherrar fari með framkvæmd laganna á tilteknum sviðum þegar það er sérstaklega tekið fram. Enn fremur er lagt til að Jafnréttisstofa annist áfram stjórnsýslu á því sviði sem efni frumvarpsins nær til. Lagt er til að lokamálsliður 2. gr. gildandi laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna

og karla um að ráðherra ákveði staðsetningu Jafnréttisstofu falli brott þar sem ekki þykir ástæða til að taka þetta sérstaklega fram.

Um 4. gr.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eru efnislega samhljóða 1. og 2. mgr. 3. gr. gildandi laga.

Í 3. mgr. er fjallað um verkefni Jafnréttisstofu og eru a–d-liðir að mestu samhljóða a–d-liðum 3. mgr. 3. gr. gildandi laga og f–h-liðir eru efnislega samhljóða liðum e–g sama ákvæðis. Auk þessara verkefna er lagt til að talin verði upp fleiri verkefni Jafnréttisstofu en upptalningin er ekki tæmandi. Lagt er til í e-lið að Jafnréttisstofu verði falið að koma með tillögur um sértækar aðgerðir, í i-lið að hún vinni að forvörnum gegn kynbundnu ofbeldi í samstarfi við önnur stjórnvöld og samtök sem sinna slíkum forvörnum sérstaklega og í k-lið að stofunni verði falið að leita sátta í ágreiningsmálum sem henni berast og varða ákvæði frumvarpsins. Það ætti að gera málsaðilum mögulegt að ljúka deilumálum sínum án aðkomu kærunefndar jafnréttismála. Þá er lagt til í l-lið að Jafnréttisstofa skuli stuðla að breytingum á hefðbundnum kynjaímyndum og vinna gegn neikvæðum staðalímyndum um hlutverk kvenna og karla.

Ákvæði 4. mgr. er efnislega samhljóða 4. mgr. 3. gr. gildandi laga en þar er opinberum stofnunum, atvinnurekendum og félagasamtökum gert skylt að veita Jafnréttisstofu hvers konar almennar upplýsingar sem nauðsynlegar eru starfsemi hennar. Lagt er til að eftirlit Jafnréttisstofu með framkvæmd laganna verði gert skýrara en verið hefur í gildandi lögum og henni m.a. veittar heimildir til álagningar dagsekta í nánar tilgreindum tilvikum þegar ekki er farið að fyrirmælum hennar. Er því lagt til að í tilvikum þegar Jafnréttisstofa hefur rökstuddan grun um að stofnun, fyrirtæki eða félagasamtök hafi brotið gegn ákvæðum laganna geti Jafnréttisstofa kallað eftir hvers konar upplýsingum eða gögnum frá hlutaðeigandi stofnun, fyrirtæki eða félagasamtökum og er þeim þá skylt að afhenda umbeðnar upplýsingar eða gögn innan hæfilegs frests. Verði hlutaðeigandi stofnun, fyrirtæki eða félagasamtök ekki við beiðni Jafnréttisstofu um veitingu upplýsinga og afhendingu gagna innan hæfilegs frests er gert ráð fyrir að Jafnréttisstofa geti lagt dagsektir á viðkomandi, allt að 50.000 krónum á dag. Er bæði átt við veitingu upplýsinga og afhendingu gagna en það kann að vera nauðsynlegt fyrir rannsókn mála að Jafnréttisstofa fái í hendur frumgögn eða ljósrit af þeim. Tilgangur þessarar upplýsinga- og gagnaöflunar er að gera Jafnréttisstofu kleift að meta hvort sá grunur sem hún hefur fengið um að stofnun, fyrirtæki eða félagasamtök hafi brotið gegn ákvæðum frumvarpsins eigi við frekari rök að styðjast þannig að ástæða sé til að mati stofunnar að óska eftir því við kærunefnd jafnréttismála að nefndin taki málið til meðferðar. Ekki er gert ráð fyrir að Jafnréttisstofa beiti þessum eftirlitsheimildum þegar ágreiningsmál eru borin undir hana í því skyni að hún leiti sátta milli aðila, sbr. k-lið 3. mgr. Hið sama gildir um mál sem þegar eru til meðferðar hjá kærunefnd jafnréttismála.

Í gildandi lögum hefur verið sérstök heimild til handa Jafnréttisstofu til að fylgja eftir álitum kærunefndar jafnréttismála fyrir almennum dómstólum þegar sérstaklega stendur á og ætla má að úrskurður dómstóla geti haft víðtæk áhrif í átt til jafnréttis eða hagsmunir kæranda eru metnir þess eðlis að mikilvægt þykir að fá úrlausn dómstóla. Lagt er til að þessi heimild verði felld brott í ljósi þess að gert er ráð fyrir að úrskurðir kærunefndarinnar verði bindandi fyrir málsaðila, sbr. 4. mgr. 5. gr. frumvarpsins. Þess í stað er lagt til að Jafnréttisstofu verði fengið það hlutverk að fylgja því eftir að þeir aðilar sem úrskurðir kærunefndar jafnréttismála beinast að fari að niðurstöðum nefndarinnar eftir því sem við getur átt. Gert er ráð fyrir að Jafnréttisstofa fylgi eftir úrskurðum að beiðni kærenda en það fellur í hlut

kæranda að láta Jafnréttisstofu vita þegar ekki er farið að niðurstöðum nefndarinnar. Mun Jafnréttisstofa þá eftir því sem við á beina fyrirmælum um viðunandi úrbætur í samræmi við niðurstöðu kærunefndarinnar innan hæfilegs frests til þess aðila sem úrskurðurinn beinist að. Verði ekki farið að fyrirmælum Jafnréttisstofu getur stofan ákveðið að sá aðili sem úrskurður beinist að greiði dagsektir þar til farið verður að fyrirmælunum. Þá er kveðið nánar á um álagningu dagsekta og um þagnarskyldu starfsmanna Jafnréttisstofu. Jafnframt gildir þagnarskylduákvæði 18. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, um störf starfsmanna Jafnréttisstofu. Þá er lagt til að þeim sem Jafnréttisstofa beinir fyrirmælum sínum að samkvæmt ákvæðinu sé heimilt að kæra ákvörðun Jafnréttisstofu til félagsmálaráðherra.

Um 5. gr.

Lagt er til að ráðherra skipi þrjá fulltrúa í kærunefnd jafnréttismála til þriggja ára í senn samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar. Nefndarmenn eiga allir að vera lögfræðingar og skal að minnsta kosti einn þeirra hafa sérþekkingu á jafnréttismálum. Formaður og varaformaður skulu uppfylla skilyrði um embættisgengi héraðsdómara. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Lagt er til að kærunefndin verði áfram sjálfstæð stjórnsýslunefnd þannig að ekki er gert ráð fyrir að formaður hennar hafi stöðu forstöðumanns í skilningi laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins. Það nýmæli er lagt að nefndin kveði upp skriflegan rökstuddan úrskurð um það hvort ákvæði laganna hafi verið brotin. Reynslan virðist sýna að við beri að álit kærunefndar jafnréttismála séu ekki virt en flest mál sem hafa borist til kærunefndarinnar lúta að stöðuveitingum og launajafnrétti. Með því að kærunefndin kveði upp bindandi úrskurði fá niðurstöður hennar meira vægi en nú er og framkvæmd þessara mála er færð nær því sem tíðkast hjá öðrum norrænum ríkjum. Það er einnig nýmæli að lagt er til að nefndinni sé heimilt að kalla sér til ráðgjafar og aðstoðar sérfróða aðila, ef hún telur þörf á, sem starfi með nefndinni eftir nánari ákvörðun formanns. Að öðru leyti eru 2. og 3. mgr. 5. gr. efnislega samhljóða 2. og 3. mgr. 4. gr. gildandi laga. Tekið skal fram að þegar um er að ræða mál sem ætla má að geti haft stefnumarkandi áhrif á vinnumarkaðinn í heild er gert ráð fyrir að kærunefndin leiti umsagnar frá samtökum aðila vinnumarkaðarins, bæði á almenna vinnumarkaðnum og hjá hinu opinbera eftir því sem við á, áður en úrskurður er kveðinn upp.

Málsaðilum er heimilt að bera úrskurð kærunefndar jafnréttismála undir dómstóla. Lagt er til að nefndin geti ákveðið að fresta réttaráhrifum úrskurðar síns að kröfu annars hvors málsaðila að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Þar á meðal er gert ráð fyrir að mál sé borið undir dómstóla innan þrjátíu daga frá birtingadegi úrskurðar nefndarinnar um frestun réttaráhrifa þar sem óskað er eftir flýtimeðferð ella falli úrskurður um frestun réttaráhrifa úr gildi. Í tilvikum þegar dómari synjar um flýtimeðferð skal mál höfðað eins og fljótt og unnt er og eigi síðar en þrjátíu dögum eftir að synjun dómara liggur fyrir. Að öðrum kosti er lagt til að frestun réttaráhrifa falli úr gildi. Í tilvikum þegar mál er höfðað vegna úrskurðar kærunefndar jafnréttismála er lagt til að nefndin geti frestað afgreiðslu sambærilegra mála, sem eru til meðferðar hjá henni, þar til dómur gengur í málinu.

Í 5. mgr. er lagt til að kæranda verði veitt gjafsókn í héraði og fyrir Hæstarétti hafi úrskurður kærunefndar jafnréttismála verið kæranda í hag, en gagnaðili höfðar mál til ógildingar úrskurðinum. Tilgangur þessa er einkum að koma í veg fyrir að einstaklingar beri mál sín síður undir kærunefnd jafnréttismála af ótta við þann tilkostnað sem kann að hljótast af því að gagnaðili freisti þess að fá úrskurði nefndarinnar hnekkt fyrir dómstólum.

Í 6. mgr. er lagt til að kærunefnd geti ákveðið að sá sem kæra beinist gegn greiði kæranda kostnað við að hafa kæruna uppi. Ef kæra er bersýnilega tilefnislaus getur nefndin úrskurðað kæranda til að greiða málskostnað sem rennur í ríkissjóð. Aðför má gera án undangengins dóms til fullnustu málskostnaðar. Þá er gert ráð fyrir að kærunefnd jafnréttismála birti úrskurði sína og kostnaður vegna starfa nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Um 6. gr.

Ákvæði þetta fjallar um aðild, kærufresti og málsmeðferð fyrir kærunefnd jafnréttismála. Ekki eru lagðar til breytingar á því hverjir geta leitað atbeina kærunefndar jafnréttismála en lagt er til að nefndin geti þegar sérstaklega standi á tekið mál til meðferðar að eigin frumkvæði. Enn fremur er lagt til að Jafnréttisstofa hafi heimildir til að óska eftir því við kærunefndina að hún taki mál sem Jafnréttisstofa hefur rannsakað í samræmi við 5. mgr. 4. gr. frumvarpsins til meðferðar.

Í 3. mgr. er lagt til að sex mánaða frestur verði til að skila inn erindi til kærunefndar jafnréttismála í stað eins árs frests í 2. mgr. 5. gr. gildandi laga. Undantekning er lögð til frá þessari meginreglu í 3. málslið 3. mgr. þar sem getið er um allt að eins árs frest þegar sérstaklega stendur á. Lagt er til að kærunefndin ákveði í hvaða tilvikum undantekningin eigi við en gert er ráð fyrir að nefndin hafi þar m.a. til hliðsjónar 1. og 2. tölul. 1. mgr. 28. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, með síðari breytingum.

Það nýmæli er lagt til í 4. mgr. að kærunefnd jafnréttismála geti að höfðu samráði við kæranda sent mál til sáttameðferðar hjá Jafnréttisstofu. Rétt þykir að leggja til slíka málsmeðferð enda má gera ráð fyrir að í einhverjum tilvikum geti það leitt til skjótari niðurstöðu án þess að rýra rétt kæranda.

Í 5. mgr. er lagt til að nefndin kveði upp úrskurð svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en þremur mánuðum eftir að henni berst mál. Þá er 6. mgr. ákvæðisins efnislega samhljóða 4. mgr. 5. gr. gildandi laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Um 7. gr.

Ákvæði 1.–4. mgr. eru efnislega samhljóða 1.–4. mgr. 6. gr. gildandi laga. Miðað er við að kærunefnd jafnréttismála geti óskað eftir gögnum frá málsaðilum í því skyni að upplýsa mál nánar, sbr. einnig 10. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, með síðari breytingum. Verði málsaðili ekki við beiðni kærunefndar um afhendingu gagna sem ætla má að hann hafi undir höndum, og varpað geta ljósi á málið að mati kærunefndar, má gera ráð fyrir að hann muni almennt þurfa að bera hallann af því að gögnin komi ekki fram þrátt fyrir áskorun um framlagningu. Enn fremur er lagt til að það falli í hlut kærunefndar jafnréttismála að tilkynna einstaklingi að tilteknar upplýsingar um laun hans, önnur starfskjör eða réttindi hafi verið veittar nefndinni en nokkuð óljóst hefur verið hver hefur það hlutverk að tilkynna einstaklingum um afhendingu slíkra upplýsinga til nefndarinnar samkvæmt gildandi lögum.

Um 8. gr.

Rétt þykir að leggja til breytt hlutverk og skipan Jafnréttisráðs. Lagt er til að Jafnréttisráð verði áfram stjórnsýslunefnd sem heyrir undir félagsmálaráðherra þannig að ekki er gert ráð fyrir að formaður ráðsins hafi stöðu forstöðumanns í skilningi laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins. Í 9. gr. frumvarpsins er lagt til að Jafnréttisráð starfi í nánari tengslum við Jafnréttisstofu en verið hefur í tíð gildandi laga og sé félagsmálaráðherra og framkvæmdastjóra Jafnréttistofu til ráðgjafar

við faglega stefnumótun í málum er tengjast jafnrétti kynjanna. Þykir því mikilvægt að fulltrúar ráðsins endurspegli þekkingu á mörgum sviðum jafnréttismála án þess að fulltrúum innan ráðsins verði fjölgað. Er því lagt til að aðilar sem starfa á svipuðum vettvangi tilnefni sameiginlega fulltrúa í ráðið. Í því sambandi er lagt til að samtök launafólks, bæði á almennum vinnumarkaði og hjá hinu opinbera, tilnefni sameiginlega tvo fulltrúa og samtök atvinnurekanda á sama hátt einnig tvo fulltrúa. Enn fremur er gert ráð fyrir að Kvenfélagasamband Íslands, Kvenréttindafélag Íslands og Femínistafélagið komi sér saman um einn fulltrúa. Hið sama gildir um Samtök um kvennaathvarf og Stígamót. Þykir sérstaklega mikilvægt að Samtök um kvennaathvarf og Stígamót eigi sameiginlegan fulltrúa í ráðinu enda er það eitt af markmiðum frumvarpsins að unnið sé gegn kynbundnu ofbeldi. Þá þykir mikilvægt að fræðasamfélagið eigi fulltrúa í Jafnréttisráði og þykir þar Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum hafa mikla reynslu af rannsóknum í kvenna- og kynjafræðum.

Um 9. gr.

Lagt er til að Jafnréttisráð starfi í nánum tengslum við Jafnréttisstofu. Er ráðinu m.a. ætlað að vera félagsmálaráðherra og framkvæmdastjóra Jafnréttisstofu til ráðgjafar við faglega stefnumótun í málum er tengjast jafnrétti kynjanna. Er jafnframt lagt til að sérstök áhersla verði lögð á að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði og samþættingu fjölskyldu- og atvinnulífs. Þá er lagt til að það falli í hlutverk Jafnréttisráðs að undirbúa svokallað jafnréttisþing sem nánar er kveðið á um í 10. gr. frumvarps þessa. Jafnréttisráði er ætlað að gera skýrslu um störf sín sem það leggur fyrir jafnréttisþingið. Kostnaður við starfsemi ráðsins greiðist úr ríkissjóði og getur ráðherra með reglugerð sett nánari ákvæði um störf þess og skrifstofuhald.

Um 10. gr.

Með ákvæði þessu er lagt til að félagsmálaráðherra boði til sérstaks jafnréttisþings innan árs frá alþingiskosningum og aftur að tveimur árum liðnum. Þinginu er ætlað að vera vettvangur þeirra sem fjalla um jafnréttismál en markmiðið með slíku þinghaldi er m.a. að hvetja til virkari umræðu um jafnréttismál meðal almennings og þar með á sem flestum sviðum samfélagsins. Félagsmálaráðherra skal leggja fram skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála við upphaf jafnréttisþings. Er gert ráð fyrir að í skýrslu ráðherra komi m.a. fram mat á stöðu og árangri verkefna í gildandi þingsályktun um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum hverju sinni, sbr. 11. gr. Enn fremur skal fjallað í skýrslunni um stöðu kynjanna á helstu sviðum samfélagsins, svo sem um stöðuna á vinnumarkaði, þar á meðal um þróun kynbundins launamunar, atvinnuþátttöku kvenna og karla sem og almennt um þátttöku kynjanna í atvinnulífinu, styrkveitingar opinberra aðila greindar eftir kyni styrkþega, þátttöku kvenna og karla í stjórnmálum, kynjahlutfallið í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum ríkis og sveitarfélaga o.s.frv. Einnig er gert ráð fyrir að fjallað verði um þá þróun sem orðið hefur á einstökum sviðum frá fyrri skýrslu. Gæta skal þess að þær upplýsingar sem koma fram í skýrslunni séu ávallt kyngreindar. Jafnréttisþingið er öllum opið en lagt er til að Jafnréttisráð boði ákveðna aðila til þingsins. Enn fremur er gert ráð fyrir að Jafnréttisráð sjái um að umræður þingsins verði teknar saman og afhendi ráðherra samantektina. Gert er ráð fyrir að seta á þinginu sé ólaunuð enda þótt það komi ekki í veg fyrir að einstök fyrirtæki, stofnanir eða félagasamtök greiði fulltrúum sínum fyrir setu á þinginu eða annan tilfallandi kostnað sem kann að hljótast af setu fullrúanna á þinginu. Hins vegar er lagt til að nauðsynlegur kostnaður, svo sem leiga á aðstöðu og tækjum til þinghalds, greiðist úr ríkissjóði.

Um 11. gr.

Lagt er til að félagsmálaráðherra leggi fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára í senn eins og verið hefur, sbr. 9. gr. gildandi laga. Er við það miðað að ráðherra leggi ekki fram tillögu sína fyrir Alþingi fyrr en að loknu jafnréttisþingi skv. 10. gr. enda gert ráð fyrir að m.a. verði tekið mið af umræðum á jafnréttisþinginu við gerð tillögunnar. Engu síður er lagt til að tillagan til þingsályktunarinnar verði lögð fram innan árs frá alþingiskosningum. Enn fremur er gert ráð fyrir að önnur ráðuneyti, Jafnréttisstofa og Jafnréttisráð komi með tillögur til ráðherra um verkefni í framkvæmdaáætlunina. Gert er ráð fyrir að áætlunin feli í sér verkefni sem ætlað er að tryggja jafnan rétt og jafna stöðu kynjanna í íslensku samfélagi, sbr. 1. gr. frumvarpsins, þar á meðal verkefni sem ætlað er að tryggja kynjasamþættingu við stefnumótun allra ráðuneyta, tryggja jafnara hlutfall kynjanna í nefndum, ráðum og stjórnum, fela í sér forvarnir gegn kynbundnu ofbeldi og tryggja jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði. Þá skulu framkvæmdaáform og áætlaðar fjárveitingar til verkefna koma sundurliðuð fram í áætluninni. Ekki er gert ráð fyrir sérstakri endurskoðun framkvæmdaáætlunar á miðju tímabili eins og verið hefur heldur er lagt til að í skýrslu félagsmálaráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála sem lögð er fram á jafnréttisþingi komi fram mat á stöðu og árangri verkefna í þingsályktuninni. Skýrsla félagsmálaráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála skal fylgja með tillögunni til þingsályktunarinnar.

Um 12. gr.

Ákvæði þetta er efnislega samhljóða 10. gr. gildandi laga en leitast er við að skýra betur efni jafnréttisáætlana sem sveitarstjórnum er ætlað að setja sér en aukin áhersla er á kynjasamþættingu. Í jafnréttisáætlunum sveitarfélaganna er miðað við að komi fram lykilupplýsingar um stöðu kynjanna í sveitarfélaginu og hvernig vinna skuli að kynjasamþættingu á öllum sviðum ásamt framkvæmdaáætlun um aðgerðir til að leiðrétta mismun á stöðu kynjanna. Enn fremur er skýrar kveðið á um að gert sé ráð fyrir að sveitarstjórnir fjalli um jafnréttisáætlanir og samþykki þær eigi síðar en ári eftir sveitarstjórnarkosningar. Þá er gert ráð fyrir að jafnréttisnefndir sveitarfélaga afhendi Jafnréttisstofu skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála innan viðkomandi sveitarfélags annað hvert ár.

Um 13. gr.

Ákvæði þetta er efnislega samhljóða 11. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að sérstök áhersla er lögð á að jafnréttisfulltrúar ráðuneytanna hafi sérþekkingu á jafnréttismálum. Er þar m.a. átt við að jafnréttisfulltrúar hafi aflað sér þekkingar á sviði jafnréttismála, t.d. með endurmenntun eða þátttöku í námskeiðum sem haldin eru á vegum Jafnréttisstofu eða annarra fagaðila. Ljóst þykir að styrkja þurfi stöðu þessara fulltrúa. Starfshlutfall jafnréttisfulltrúanna getur verið misjafnt eftir því hvaða ráðuneyti á í hlut en ekki er gert að skilyrði að hvert ráðuneyti fyrir sig ráði sérstakan jafnréttisfulltrúa í fullt starf eða til að sinna því starfi eingöngu. Enn fremur kann að vera kostur fyrir einstök ráðuneyti að sami jafnréttisfulltrúi starfi fyrir fleiri en eitt ráðuneyti en í því getur falist faglegur styrkleiki auk ákveðins hagræðis. Jafnréttisfulltrúarnir geta einnig verið stofnunum er starfa á málefnasviði viðkomandi ráðuneytis til ráðgjafar í jafnréttismálum. Fulltrúunum er m.a. ætlað að vinna að kynjasamþættingu á málefnasviði hlutaðeigandi ráðuneytis. Getur það falið í sér ráðgjöf við aðra starfsmenn ráðuneytis eða stofnana eða að jafnréttisfulltrúar komi beint að stefnumótun í einstaka málum. Enn fremur getur það falist í starfi jafnréttisfulltrúa að meta efni frumvarpa með tilliti til

jafnréttissjónarmiða. Samkvæmt reglum ríkisstjórnarinnar um undirbúning og meðferð stjórnarfrumvarpa skal fylgja frumvörpum almennt mat á áhrifum þar sem m.a. séu metin, eftir því sem tilefni er til, áhrif þeirra á tiltekna mikilvæga almannahagsmuni. Ljóst er að þar undir falla áhrif á jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Við þetta mat getur jafnréttisfulltrúinn jafnframt haft jafnréttisgátlista forsætisráðuneytis sér til leiðbeiningar. Að öðru leyti er jafnréttisfulltrúum ætlað að fjalla um og hafa eftirlit með jafnréttisstarfi á málefnasviði viðkomandi ráðuneytis og stofnana þess. Það getur t.d. falið í sér gerð eða aðstoð við gerð og endurskoðun jafnréttisáætlana, sbr. 18. gr. frumvarpsins, og að gæta þess að allar skýrslur eða rannsóknir sem gerðar eru á vegum hlutaðeigandi ráðuneytis eða stofnana þess séu kyngreindar, sbr. 16. gr. frumvarpsins. Hver jafnréttisfulltrúi skal jafnframt árlega senda Jafnréttisstofu greinargerð um stöðu og þróun jafnréttismála á málaefnasviði viðkomandi ráðuneytis.

Um 14. gr.

Ákvæði þetta er efnislega samhljóða 12. gr. gildandi laga.

Um 15. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 20. gr. gildandi laga. Í þeim tilgangi að styrkja þetta ákvæði sem hefur verið lengi í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla er jafnframt lagt til að við skipun í nefndir, ráð og stjórnir verði þess gætt að hlutfall kynjanna verði sem jafnast og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá er að ræða. Þetta á bæði við um aðal- og varamenn. Þetta er í samræmi við markmið stjórnvalda sem m.a. hefur komið fram í þingsályktun um áætlun í jafnréttismálum. Er lagt til að þessi regla eigi einnig við um stjórnir opinberra fyrirtækja, sbr. 2. gr. laga nr. 90/2006, um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum, og stjórnir fyrirtækja sem ríki eða sveitarfélag er aðaleigandi að. Svo ná megi framangreindu markmiði er jafnframt lagt til að tilnefningaaðilar skuli ávallt tilnefna bæði karl og konu þegar tilnefnt er í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga. Þó er lagt til að tilnefningaraðila sé heimilt að víkja frá framangreindu skilyrði þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að ekki er mögulegt að tilnefna bæði karl og konu. Dæmi um slíkt eru félagasamtök þar sem félagsmenn eru nær eingöngu af öðru kyninu, svo sem hjá Kvenfélagasambandi Íslands, Kvenréttindafélagi Íslands og Félagi ábyrgra feðra.

Um 16. gr.

Ákvæði þetta er efnislega samhljóða 21. gr. gildandi laga.

Um 17. gr.

Fram hefur komið í þingsályktunum um áætlanir í jafnréttismálum að það sé markmið stjórnvalda að samþætta jafnréttis- og kynjasjónarmið í daglegt starf allra ráðuneyta. Í greinargerð með gildandi áætlun segir m.a. að „nauðsynlegt [er] að hafa þetta markmið að leiðarljósi þar sem árangurinn hefur ekki verið sem skyldi. Hér er þó rétt að benda á að samþætting er ekki markmið í sjálfri sér, heldur er það jafnrétti kynjanna sem er markmiðið. Það næst með því m.a. að gera samþættingu að viðteknum vinnubrögðum í stjórnsýslunni. Samþætting er aðferðin, eða verkfærið, sem getur gert það kleift að ná markmiðinu um jafnrétti.“ Með hliðsjón af þessu markmiði stjórnvalda þykir mikilvægt að kveða nánar á um þá skyldu stjórnvalda að samþætta jafnréttis- og kynjasjónarmið í alla stefnumótun og áætlanagerð enda er samþætting talin eitt af lykilatriðum þess að tryggja megi jafnrétti kynjanna í

íslensku samfélagi. Er ákvæði þetta jafnframt í samræmi við eitt af meginmarkmiðum frumvarpsins.

Um 18. gr.

Áfram er gert ráð fyrir að atvinnurekendur og stéttarfélög vinni markvisst að því að jafna stöðu kvenna og karla á vinnumarkaði. Enn fremur er gert ráð fyrir að atvinnurekendur vinni sérstaklega að því að jafna stöðu kynjanna innan fyrirtækis síns eða stofnunar eins og verið hefur en jafnframt er lagt til að sérstök áhersla skuli lögð á að auka hlut kvenna í stjórnunar- og áhrifastöðum.

Enn fremur er áfram gert ráð fyrir að fyrirtæki og stofnun sem hefur fleiri en 25 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli hafi gilda jafnréttisáætlun eða samþætti jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu sína. Með samþættingu jafnréttissjónarmiða í starfsmannastefnu er átt við að fyrirtæki og stofnanir flétti sjónarhorn kynjajafnréttis inn í starfsmannastefnu sína með skýrum hætti. Til viðbótar er lagt til að fyrirtæki og stofnanir geri jafnframt áætlun um hvernig ná skuli þeim markmiðum er koma fram í jafnréttisáætlun eða starfsmannastefnu þeirra. Er fyrirtækjum og stofnunum gert að fara yfir málin þriðja hvert ár þegar þau endurskoða jafnréttisáætlun eða samþættingu jafnréttissjónarmiða í starfsmannastefnu sem og framkvæmdaáætlun er byggist á þeim.

Í jafnréttisáætlun eða starfsmannastefnu á að koma fram markviss stefna og verkefnaskrá fyrirtækis eða stofnunar um hvernig jafnrétti kynjanna verði náð og því viðhaldið til framtíðar. Er miðað við að þar komi fram lykiltölur um stöðu kynjanna í viðkomandi fyrirtæki eða stofnun og sérstaklega kveðið á um markmið og aðgerðir til að tryggja starfsmönnum þau réttindi sem kveðið er á um í 19.–22. gr. frumvarpsins. Jafnframt er gert ráð fyrir að þar sé fjallað um viðbrögð við kynbundinni áreitni og kynferðislegri áreitni enda sé það ekki gert í áætlun fyrirtækis eða stofnunar um öryggi og heilbrigði á vinnstað, sbr. XI. kafla laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum. Einnig er jafnréttisáætlun eða samþætting jafnréttissjónarmiða í starfsmannastefnu leið til að koma á nauðsynlegum ráðstöfunum til að gera starfsfólki kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Þar gæti einnig komið fram það markmið að leitast skuli við að jafna hlut kynjanna í stjórn viðkomandi fyrirtækis eða stofnunar. Jafnréttisstofa mun gera sérstakar leiðbeiningar um gerð jafnréttis- og framkvæmdaáætlana sem fyrirtæki og stofnanir geta haft til hliðsjónar við gerð slíkra áætlana.

Lagt er til að Jafnréttisstofa hafi virkt eftirlit með að fyrirtæki og stofnanir með fleiri en 25 starfsmenn hafi gilda jafnréttisáætlun eða samþætti jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu sína. Er lagt til að framangreind fyrirtæki og stofnanir afhendi Jafnréttisstofu afrit af jafnréttisáætlun eða eftir atvikum starfsmannastefnu ásamt framkvæmdaáætluninni þegar Jafnréttisstofa óskar eftir því. Þá er gert ráð fyrir að Jafnréttisstofa geti óskað eftir skýrslu frá fyrirtæki eða stofnun um framgang mála. Verði fyrirtæki eða stofnun ekki við fyrirmælum Jafnréttisstofu er lagt til að Jafnréttisstofu verði veitt heimild til að leggja dagsektir á viðkomandi fyrirtæki eða stofnun. Hið sama gildir í þeim tilvikum þegar fyrirtæki eða stofnun lætur hjá líða að gera jafnréttisáætlun eða samþætta jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu sína enda hafi Jafnréttisstofa áður beint þeim fyrirmælum til hlutaðeigandi að gera viðunandi úrbætur innan hæfilegs frests. Mega dagsektirnar nema allt að 50.000 kr. dag hvern þar til viðunandi úrbætur hafa verið gerðar. Nánari ákvæði eru um dagsektirnar en sambærileg sektarákvæði eru einnig að finna í löggjöf annarra norrænna ríkja og þykja þau hafa reynst vel.

Um 19. gr.

Ákvæði 1.–2. mgr. eru að mestu efnislega samhljóða 14. gr. gildandi laga. Í 1. mgr. 14. gr. laganna er kveðið á um að konum og körlum skuli greidd jöfn laun fyrir „jafnverðmæt og sambærileg“ störf. Í 1. mgr. ákvæðis þessa er lagt til að konum og körlum skuli greidd jöfn laun og njóta sömu kjara fyrir „sömu eða jafnverðmæt“ störf. Jafnlaunareglu íslenskra laga ber að skýra til samræmis við ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem og gerðir er hafa verið felldar undir samninginn. Í tilskipun um launajafnrétti, nr. 75/117/EBE, er talað um jafnverðmæt (e. *of equal value*) störf. Margir dómar Evrópudómstólsins hafa slegið því föstu að ólík störf geti verið jafnverðmæt. Hvort störf eru jafnverðmæt verður að byggjast á heildstæðu mati. Núgildandi orðalag „jafnverðmæt og sambærileg“ hefur þótt óljóst en í því orðalagi sem lagt er til í frumvarpinu felst ekki efnisleg breyting. Þessu ákvæði er ætlað að tryggja að konur og karlar njóti sömu launa og sömu kjara fyrir sömu störf og fyrir ólík störf sem metin eru jafnverðmæt og jafngild. Í 1. mgr. er einnig tekið fram að miðað skuli við störf hjá sama atvinnurekanda. Miklar breytingar hafa orðið á atvinnurekstri undanfarin ár. Með sama atvinnurekanda er því átt við atvinnurekstur sem tengdur er eignaböndum, svo sem móður- og dótturfélög.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar frá 23. maí 2007 kemur m.a. fram að „[t]ryggður verði réttur launafólks til að skýra frá launakjörum sínum ef það svo kýs.“ Í 3. mgr. ákvæðis þessa er því lagt til það nýmæli að starfsmönnum skuli ávallt heimilt að skýra frá launakjörum sínum ef þeir kjósa svo. Þessu ákvæði er ætlað að tryggja rétt launafólks til að skýra frá launakjörum sínum ef það kýs að gera það og þar með að koma markmiði ríkisstjórnarinnar að þessu leyti í framkvæmd. Þetta er í samræmi við það sem fram kom hjá langflestum umsagnaraðilum endurskoðunarnefndarinnar en þeir töldu að launaleynd væri til þess fallin að hindra það að jafnréttislög gætu náð markmiði sínu. Í skýrslu Capacent Gallup um launamyndun og kynbundinn launamun frá því í október 2006 var komist að þeirri niðurstöðu að óútskýrður munur á launum karla og kvenna væri 15,7%. Samkvæmt könnuninni töldu margir að launamunur þrifist betur í skjóli launaleyndar og að launaleynd ýtti undir launamun þar sem hún gerði stjórnendum auðveldara að hygla fólki á ófaglegum grundvelli.

Um 20. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 15. gr. gildandi laga en ástæða þótti til að bæta við orðinu „símenntun“.

Um 21. gr.

Ákvæðið er að mestu efnislega samhljóða 16. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að felld eru niður orðin „*force majeure*“ í lok ákvæðisins. Þá er fjallað um ábyrgð en ekki skyldur starfsfólks gagnvart fjölskyldu. Ákvæðið fjallar um það að atvinnurekandi skuli gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera starfsfólki sínu kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Æskilegt er að setja fram aðgerðir sem stefna að settu marki í jafnréttisáætlanir eða starfsmannastefnur fyrirtækja og stofnana, sbr. 2. mgr. 18. gr. frumvarpsins, og einnig er nauðsynlegt að starfsmönnum smærri fyrirtækja sé kynnt stefnan á skýran og skilmerkilegan hátt.

Um 22. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 17. gr. gildandi laga nema hvað það er víðara þar sem það tekur ekki eingöngu á kynferðislegri áreitni heldur einnig á allri áreitni sem tengd er kyni. Skýring hugtakanna, sbr. 2. gr. frumvarpsins, er byggð á tilskipun nr. 2002/73/EB, um breytingu á tilskipun ráðsins 76/207/EBE, sbr. reglugerð nr. 923/2006, um breytingu á reglugerð nr. 47/2003, um starfsemi Jafnréttisstofu.

Um 23. gr.

Ákvæðið er að mestu samhljóða 19. gr. gildandi laga. Hér er þó eins og víðar í frumvarpinu lögð áhersla á kynjasamþættingu við alla stefnumótun í menntakerfinu og sértækar aðgerðir þar sem þeirra er þörf. Rétt er að nýta þá þekkingu og reynslu sem til er um ólíkar námsþarfir stúlkna og drengja til að skapa námsumhverfi á öllum skólastigum sem mætir ólíkum þörfum kynjanna og koma þannig í veg fyrir óbeina jafnt sem beina mismunun kynjanna. Í 7. mgr. ákvæðisins er lagt til að innan menntamálaráðuneytisins starfi jafnréttisráðgjafi sem fylgi ákvæðinu eftir og veiti ráðgjöf í jafnréttismálum. Hér er ekki átt við jafnréttisfulltrúa ráðuneytisins, sbr. 13. gr. frumvarpsins, heldur sérstakan ráðgjafa sem sinni þessu eftirliti.

Um 24. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 22. gr. gildandi laga.

Um 25. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 23. gr. gildandi laga. Í 1. mgr. er lagt til að orðin „konur og karlar“ komi í stað „starfsfólks“ og í 2. mgr. er lagt til að í stað orðanna „jafnverðmæt og sambærileg störf“ komi „sömu eða jafnverðmæt störf“, sbr. 19. gr. frumvarpsins.

Um 26. gr.

Ákvæði 1. og 3. mgr. eru samhljóða 1. og 2. mgr. 24. gr. gildandi laga.

Í 4. mgr. er það nýmæli að umsækjandi um starf getur krafist rökstuðnings atvinnurekanda fyrir ráðningu annars umsækjanda af gagnstæðu kyni og skal rökstuðningur atvinnurekanda m.a. snúa að sömu þáttum og taldir eru upp í 6. mgr. ákvæðis þessa hvað varðar þann sem ráðinn var í starfið. Þar er m.a. vísað til annarra sérstakra hæfileika sem krafa er gerð um í viðkomandi starfi samkvæmt lögum eða reglugerðum eða telja verður annars að komi að gagni í starfinu. Getur atvinnurekandi því auk menntunar, starfsreynslu og sérþekkingar þess sem ráðin(n) var til starfans tilgreint sérstaklega þá hæfileika sem sá eða sú er hann réð til starfans hefur og hann telur að komi að gagni í umræddu starfi.

Í 2. mgr. er einnig það nýmæli að óheimilt sé að láta fæðingar- og foreldraorlof eða aðrar aðstæður tengdar meðgöngu og barnsburði hafa neikvæð áhrif á þær ákvarðanir sem um getur í 1. mgr. ákvæðis þessa.

Í 6. mgr. er lagt til það nýmæli að taka skuli mið af menntun, starfsreynslu, sérþekkingu eða öðrum sérstökum hæfileikum sem krafa er gerð um í viðkomandi starfi samkvæmt lögum eða reglugerðum eða telja verður annars að komi að gagni í starfinu þegar meta skal hvort ákvæðið hafi verið brotið sem og í rökstuðningi atvinnurekanda fyrir ráðningu í starf skv. 4. mgr. ákvæðis þessa.

Um 27. gr.

Í ákvæðinu eru 1.–3. mgr. að mestu samhljóða 1.–3. mgr. 25. gr. gildandi laga, en bætt er við að atvinnurekandi skuli gæta þess að starfsmaður verði ekki beittur óréttlæti í starfi á grundvelli þess að hann hafi veitt upplýsingar í máli um kynbundna áreitni eða kynjamismunun.

Í 4. mgr. er lagt til það nýmæli að taka skuli mið af menntun, starfsreynslu, sérþekkingu eða öðrum sérstökum hæfileikum sem krafa er gerð um í viðkomandi starfi samkvæmt lögum eða reglugerðum þegar meta skal hvort ákvæðið hafi verið brotið. Afar mikilvægt er að um hlutlæg viðmið sé að ræða.

Um 28. gr.

Ákvæðið er samhljóða 26. gr. gildandi laga.

Um 29. gr.

Ákvæði 1. málsl. er efnislega samhljóða 18. gr. gildandi laga. Enn fremur er lagt til það nýmæli að óheimilt sé að birta auglýsingu í fjölmiðlum eða á öðrum opinberum vettvangi sem er öðru kyninu til minnkunar, lítilsvirðingar eða stríði gegn jafnri stöðu og jafnrétti kynjanna á nokkurn hátt.

Um 30.–33. gr.

Ákvæðin eru samhljóða 27.–30. gr. gildandi laga og þarfnast ekki nánari skýringa.

Um 34. gr.

Lagt er til að lögin öðlist þegar gildi, ef frumvarpið verður samþykkt, og að gildandi lög nr. 96/2000, um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna, falli úr gildi við gildistöku þeirra.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að eftirlitshlutverk Jafnréttisstofu verði aukið og að hún fái ríkari heimildir til að afla gagna frá fyrirtækjum, stofnunum og félagasamtökum sem liggja undir rökstuddum grun um brot á lögunum. Fær Jafnréttisstofa heimild til að leggja dagsektir á viðkomandi aðila þar til viðunandi úrbætur verða gerðar. Enn fremur er henni heimilt að leita sátta í ágreiningsmálum auk þess sem hún skal vinna að forvörnum gegn kynbundnu ofbeldi og breyta hefðbundnum kynjaímyndum og vinna gegn neikvæðum staðalímyndum um hlutverk kvenna og karla. Jafnframt gerir frumvarpið ráð fyrir að kærunefnd jafnréttismála kveði upp skriflega úrskurði fyrir málsaðila í stað álita áður og gjafsókn verði veitt kæranda í tilvikum þegar úrskurður kærunefndar er kæranda í hag, ef gagnaðili hefur höfðað mál til ógildingar úrskurðinum. Þá skal kærunefnd kveða upp úrskurð eigi síðar en þremur mánuðum eftir að henni berst mál í hendur.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að boðað verði til jafnréttisþings innan árs frá alþingiskosningum og aftur að tveimur árum liðnum. Samkvæmt ákvæðum frumvarpsins skal starfa innan menntamálaráðuneytis jafnréttisráðgjafi sem skal m.a. fylgja eftir kynasamþættingu í skóla- og uppeldisstarfi. Auk þess leggur frumvarpið til að jafnréttisfulltrúar sem starfi innan hvers ráðuneytis, eins og verið hefur, hafi sérþekkingu eða afli sér þekkingar á sviði jafnréttismála, t.d. með endurmenntun eða þátttöku í námskeiðum sem haldin eru á vegum Jafnréttisstofu eða annarra fagaðila. Þeirra hlutverk verði eftir sem áður að veita ráðgjöf og fjalla um og hafa eftirlit með jafnréttisstarfi á málefnasviði viðkomandi ráðuneytis og stofnana þess. Gert er ráð fyrir að hvert ráðuneyti skilgreini nánar hversu stór hluti starfstíma viðkomandi starfsmanns sem starfar sem jafnréttisfulltrúi innan ráðuneytisins skuli fara í að sinna jafréttismálum, en þetta starfshlutfall getur verið misjafnt eftir því hvaða ráðuneyti á í hlut. Í athugasemdum við frumvarpið segir að sami jafnréttisfulltrúi geti starfað fyrir fleiri en eitt ráðuneyti. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir að allar stofnanir og fyrirtæki með fleiri en 25 starfsmenn setji sér jafnréttisáætlun eða samþætti jafnréttissjónarmið í stafsmannastefnu sína. Skal þar kveðið á um markmið og aðgerðir til að tryggja réttindi starfsmanna samkvæmt lögunum. Framkvæmdaáætlun skal fylgja jafnréttisáætlun og skulu áætlanirnar endurskoðaðar á þriggja ára fresti. Jafnréttisstofa mun gera sérstakar leiðbeiningar sem fyrirtæki og stofnanir geta haft til hliðsjónar við gerð jafnréttis- og framkvæmdaáætlana.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum má gera ráð fyrir að kostnaður við aukin umsvif og eftirlit Jafnréttisstofu hækki um helming frá því sem nú er eða um 20 m.kr. á ári. Þar af eru 2 m.kr. vegna námskeiða fyrir jafnréttisfulltrúa til að afla sér þekkingar á sviði jafnréttismála. Þá má gera ráð fyrir 2–4 m.kr. kostnaðarauka hjá kærunefnd jafnréttismála vegna sérfræðiráðgjafar, fjölgunar mála og ákvæða um lágmarkstíma í málsmeðferð. Gert er ráð fyrir 8 m.kr. á ári vegna jafnréttisfulltrúa menntamálaráðuneytis sem fylgja skal eftir kynasamþættingu í skóla- og uppeldisstarfi. Enn fremur er gert ráð fyrir nokkrum kostnaði við gerð jafnréttisáætlana um 120 ríkisaðila sem hafa fleiri en 25 starfsmenn. Flestir þeirra hafa þegar unnið slíkar áætlanir samkvæmt gildandi lagaákvæðum en áætlanirnar skal endurskoða á þriggja ára fresti og má ætla að sú endurskoðun kosti um 10–15 m.kr. eða samtals um 3–5 m.kr. á ári að jafnaði. Í heild má því gera ráð fyrir að frumvarpið leiði til 33–37 m.kr. útgjaldaauka fyrir ríkissjóð á ári.

150. Svar [85. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um náttúruvernd við Mývatn og Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu.

1. *Hvað veldur því að dregist hefur að setja reglugerð skv. 3. gr. laga um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, nr. 97/2004?*

Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. laga um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu skal umhverfisráðherra, að fenginni umsögn sveitarfélaga á svæðinu og Umhverfisstofnunar, setja reglugerð þar sem kveðið skal nánar á um verndun Mývatns og Laxár, þar á meðal takmarkanir á framkvæmdum á svæðinu og umferð og umferðarrétt almennings. Í 6. gr. laganna er fjallað um gerð verndaráætlunar sem Umhverfisstofnun vinnur. Skal þar m.a. fjallað um nauðsynlegar verndaraðgerðir, friðlýsingu náttúruminja, landnýtingu, umferðarrétt almenn-

ings og aðgengi ferðamanna að svæðinu. Að hluta til er því fjallað um sömu þætti í reglugerðinni annars vegar og verndaráætlun hins vegar. Eins og fram kemur í svari við 2. lið er nú unnið að gerð verndaráætlunar fyrir svæðið og er sú vinna á lokastigi. Sú vinna sem þar hefur farið fram nýtist við undirbúning reglugerðarinnar og við töku ákvarðana um efni hennar. Var það mat ráðuneytisins að rétt væri að bíða með setningu reglugerðarinnar þar til vinna við verndaráætlun væri langt komin. Þar sem vinnan er nú á lokastigi eins og áður segir hefur ráðuneytið ákveðið að hefja vinnu við gerð reglugerðarinnar sem þannig gæti tekið gildi um svipað leyti og verndaráætlunin.

2. *Hvað veldur því að dregist hefur að gera verndaráætlun um þau svæði sem falla undir 6. gr. laganna og átti að vera lokið 1. janúar 2006?*

Vinna við verndaráætlun hófst árið 2005 og var gerður samningur við Náttúrustofu Norðausturlands um að vinna drög að áætluninni sama ár. Jafnframt hefur Rannsóknastöðin við Mývatn komið að vinnu við verndaráætlunina sem og Umhverfisstofnun, þ.m.t. heilsársland-vörður/sérfræðingur sem staðsettur er í Mývatnssveit. Gert er ráð fyrir að lokadrög að verndaráætluninni verði tilbúin um næstu áramót og má því segja að henni hafi seinkað um tvö ár og helgast það af ýmsum ástæðum. Verkið er umfangsmikið og tengist vinnu við friðlýsingar í Skútustaðahreppi þar sem verndaráætlunin nær til hreppsins alls. Þetta hefur að hluta til tafið vinnuna en einnig má benda á að hugmyndir um Vatnajökulsþjóðgarð gera ráð fyrir að hluti Skútustaðahrepps sé innan hans. Haldnir hafa verið kynningarfundir með almenningi, fulltrúum sveitarfélaga og landeigenda og óskað hefur verið eftir athugasemdum bréflega. Einnig hefur verið haldin kynning fyrir Veiðifélag Laxár og Krákár og haft samráð við sveitarstjórn og aðra hagsmunaaðila, svo sem formann Samtaka um náttúruvernd á Norðurlandi, fulltrúa Vegagerðarinnar og ferðaþjónustuaðila.

3. *Hvað líður vinnu við undirbúning friðlýsingar þeirra mikilvægu svæða sem ekki falla undir ákvæði 1. mgr. 2. gr. laganna og gerð verndaráætlunar um þau samkvæmt ákvæði til bráðabirgða við lögin?*

Umhverfisstofnun sendi þann 23. september 2004 skýrslu til umhverfisráðuneytisins, Verndarsvæði í Skútustaðahreppi, Tillögur Umhverfisstofnunar vegna breytinga á lögum um vernd Mývatns og Laxár, en þar komu fram hugmyndir stofnunarinnar að verndarsvæðum í Skútustaðahreppi, sbr. ákvæði II til bráðabirgða í lögum um vernd Mývatns og Laxár. Eitt af þeim svæðum sem stofnunin leggur til að verði friðlýst er hálendi Skútustaðahrepps sem er að flatarmáli langstærsta svæðið sem Umhverfisstofnun gerir tillögu um. Svæðið er innan þess svæðis sem vonir standa til að fyrirhugaður Vatnajökulsþjóðgarður geti náð til. Vinna við þann undirbúning hefur verið í fullum gangi í samráði við sveitarstjórn. Hafa þær hugmyndir verið kynntar landeigendum. Hvað varðar önnur svæði í skýrslu Umhverfisstofnunar taldi ráðuneytið rétt að fresta töku ákvarðana um hvaða svæðum yrði stefnt að friðlýsingu á þar til vinna við stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs væri lengra komin.

4. *Hefur landeigendum við Mývatn og Laxá og sveitarstjórnum verið tilkynnt hvaða landsvæði áformað er að friðlýsa, eins og gera skal samkvæmt ákvæði til bráðabirgða við lögin?*

Landeigendum á hálendissvæðum Skútustaðahrepps hafa verið kynntar hugmyndir um friðlýsingu svæðisins. Ekki hefur verið haft samband við landeigendur annarra svæða í skýrslu Umhverfisstofnunar enda hefur ekki verið tekin afstaða í ráðuneytinu til tillagna Um-

hverfisstofnunar og ekki ákveðið hvort unnið verði að friðlýsingu þeirra allra. Er reiknað með því að þau mál verði skoðuð nánar eftir stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs.

151. Svar [86. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Jóns Bjarnasonar um uppbyggingu fjarskipta og háhraðanetstenginga.

1. *Hvað líður framkvæmdum við að koma á háhraðafarsímaþjónustu og háhraðatengingum um allt land sem átti að standa öllum landsmönnum til boða á árunum 2006 og 2007 samkvæmt þingsályktun um stefnu í fjarskiptamálum fyrir árin 2005–2010 sem samþykkt var á 131. löggjafarþingi? Upplýsingar um stöðu framkvæmdanna óskast sundurliðaðar eftir landsvæðum og einstökum byggðum og ástæður tilgreindar ef um seinkun á framkvæmdum er að ræða.*

Póst- og fjarskiptastofnun bauð út tíðnir fyrir þriðju kynslóð farsíma í samræmi við lög um þriðju kynslóð farsíma, nr. 8/2005, og voru tilboð í tíðniheimildarnar opnuð þann 12. mars sl. Í kjölfarið var tíðniheimildum úthlutað til þriggja fjarskiptafyrirtækja, Nova ehf., Símans hf. og Og fjarskipta ehf., og hafa þau fyrirtæki hafið uppbyggingu þriðju kynslóðar farsímaþjónustu í samræmi við útboðsskilmála.

Varðandi framkvæmdir við að koma á háhraðanettengingum um allt land þá er undirbúningur að útboði á háhraðatengingum á þeim stöðum þar sem markaðsaðilar eru ekki eða ætla ekki að bjóða upp á háhraðatengingar á lokastigi en áætlað er að þeirri vinnu verði lokið í byrjun nóvember.

Að öðru leyti er vísað til skýrslu samgönguráðherra um framkvæmd fjarskiptaáætlunar sem lögð var fyrir á Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007 (þskj. 1063, 682. mál) varðandi stöðu framkvæmda við að koma á háhraðanettengingum og háhraðafarsímaþjónustu.

2. *Er ráðherra kunnugt um hvort sveitarfélög hafi að eigin frumkvæði lagt í kostnað, sem fjarskiptasjóður hefði átt að bera, til að flýta fyrir uppbyggingu háhraðaþjónustu fyrir íbúa sína? Ef svo er, hvernig mun fjarskiptasjóður koma til móts við þau sveitarfélög svo að jafnræðis sé gætt?*

Erindi hafa borist fjarskiptasjóði frá einstökum sveitarfélögum sem ákveðið hafa að byggja upp háhraðatengingar innan síns sveitarfélags á undan uppbyggingu á vegum fjarskiptasjóðs. Fjarskiptasjóður starfar samkvæmt lögum um fjarskiptasjóð, nr. 132/2005, og reglugerð sem sett hefur verið á grundvelli þeirra laga nr. 588/2006, um stjórn fjarskiptasjóðs og verkefnisstjórnar um framkvæmd fjarskiptaáætlunar. Hlutverk hans skv. 2. gr. laganna er að úthluta fjármagni til verkefna sem miða að uppbyggingu stofnkerfa fjarskiptaverkefna sem stuðla að öryggi og samkeppnishæfni þjóðfélagsins á sviði fjarskipta og annarra verkefna, enda sé kveðið á um þau í fjarskiptaáætlun og ætla má að ekki verði í þau ráðist á markaðsforsendum.

Í 7. gr. reglugerðar nr. 588/2006, um stjórn fjarskiptasjóðs og verkefnisstjórnar um framkvæmd fjarskiptaáætlunar, er nánar kveðið á um verksvið og verkefni stjórnar fjarskiptasjóðs. Þar er meðal annars tekið fram að stjórnin skuli ákveða framlög úr sjóðnum í samræmi við hlutverk sitt og fjarskiptaáætlun að undangengnu útboði. Þá segir í greinargerð sem

fylgdi með frumvarpi til laga um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands: „Samgönguráðherra skipar verkefnisstjórn til að hafa yfirumsjón með framkvæmd fjarskiptaáætlunar. Farin verður útboðsleið til að ná fram markmiðum áætlunarinnar og boðin verður út skýrt skilgreind þjónusta á afmörkuðum svæðum.“ Það frumvarp varð að lögum nr. 133/2005 en þar er kveðið á um að verja skuli 2.500 millj. kr. til uppbyggingar í samræmi við fjarskiptaáætlun, m.a. til uppbyggingar á háhraðatengingum.

Með vísan til ofangreindra laga- og reglugerðarákvæða liggur fyrir að framlög úr fjarskiptasjóði til uppbyggingar á háhraðatengingum verða eingöngu veitt að undangengnu útboði þar sem meðal annars er gætt að EES-reglum eins og kröfum um tæknilega óháð útboð. Af þeim sökum er fjarskiptasjóði óheimilt að taka þátt í kostnaði sem sveitarfélög hafa lagt út í vegna uppbyggingar háhraðanettenginga og ekki standast skilyrði ofangreindra laga- og reglugerðarákvæða um framkvæmd útboða.

3. *Í hverju felst munurinn á kostnaði notenda eftir landsvæðum ef miðað er við sambærilega þjónustu við gagnaflutninga gegnum háhraðanet?*

Samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar eru 91% heimila á höfuðborgarsvæðinu með ADSL-tengingar og 6% með upphringitengingu (venjulega símalínu eða ISDN) en 86% heimila á landsbyggðinni eru með ADSL-tengingar og 10% með upphringitengingu. Heimilin greiða sama verð fyrir þessar tengingar hvar sem er á landinu þar sem þær eru í boði, en þjónustan er ekki alls staðar sú sama, þ.e. ADSL-tenging er ekki alls staðar í boði og á ýmsum stöðum er hraði umfram 2 Mb/s ekki í boði af tæknilegum ástæðum.

Fyrirtæki nota helst IP-gagnaflutningstengingar (IP stendur fyrir „Internet Protocol“-samskiptastaðal sem m.a. er notaður á internetinu) af einhverju tagi, svo sem ADSL eða IP-netsambönd. IP-sambönd eru ekki alls staðar í boði en verð getur verið allt að 20% hærra úti á landi en á höfuðborgarsvæðinu.

Fjarskiptafyrirtæki og internetþjónustuaðilar nota ýmsar tegundir gagnaflutningstenginga, eftir því hvaða fjarskipti þau bjóða upp á, t.d. leigulínur (stofnlínur), ljósleiðarasambönd og IP-netsambönd. Fyrir leigulínur er mismunandi leiguverð tekið eftir því hver flutningsgeta þeirra er. Verð fyrir gagnasambönd á landsbyggðinni um leigulínur og ljósleiðarasambönd með tryggða flutningsgetu miðast annars vegar við fastagjald og hins vegar vegalengd þeirra til Reykjavíkur, þ.e. fjölda kílómetra, þar sem tengipunkturinn fyrir gagnaflutning er í Reykjavík. Notendur á landsbyggðinni greiða því hærra verð en þeir sem eru á höfuðborgarsvæðinu.

4. *Hvenær og hvernig hyggst ráðherra hrinda í framkvæmd þeim brýnu og aðkallandi aðgerðum sem þarf til að jafna kostnað landsmanna við gagnaflutninga og aðra fjarskiptaþjónustu?*

Eitt af markmiðum fjarskiptaáætlunar er að stuðla að því að jafna verð á fjarskiptaþjónustu um allt land. Samgönguráðherra hyggst halda áfram að vinna að þessu markmiði með þeim úrræðum sem ráðuneyti hans hefur lögum samkvæmt yfir að ráða. Þegar áform fyrirtækja á fjarskiptamarkaði liggja fyrir og útboði háhraðatengingar lýkur eru líkur til þess að samkeppni á þessum markaði aukist neytendum til hagsbóta. Vinna í þessum efnum mun m.a. taka mið af þessu, þ.e. að reyna eftir fremsta megni að efla og auka samkeppni á þessu sviði. Fyrsta skrefið er að koma á tengingum um allt land.

5. *Mun ráðherra beita sér fyrir því að þeir þræðir í ljósleiðaranum sem áður tilheyrðu NATO en nú íslenska ríkinu verði nýttir til að byggja upp að nýju grunnnet fjarskipta í samfélagseigu eða eru uppi áform um að einkavæða og selja þessa ljósleiðaraþræði eins og gert var með grunnnet símans?*

Þeir þræðir í ljósleiðaranum sem hér um ræðir heyra undir utanríkisráðuneyti en þeir eru á eignaskrá NATO sem kostaði lagningu þeirra og þeir verða því ekki seldir að óbreyttu. Að öðru leyti tekur samgönguráðuneytið þátt í starfshópi sem komið hefur verið á fót undir forystu utanríkisráðuneytisins með það hlutverk að kanna möguleika á hagnýtingu umræddra þráða í borgaralegum tilgangi. Búast má við að frekari ákvarðanir varðandi framtíð umræddra ljósleiðaraþráða muni bíða niðurstöðu þess starfshóps.

152. Frumvarp til laga [143. mál]

um breytingu á lögum nr. 125/1999, um málefni aldraða, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „6.314“ í 2. málsl. 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: 7.103.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 2008 vegna tekna ársins 2007.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpinu er lagt til að gjald í Framkvæmdasjóð aldraða verði hækkað um 789 kr. eða um 12,5% og nemi 7.103 kr. á hvern gjaldanda í stað 6.314 kr. samkvæmt gildandi lögum. Hækkunin er vegna verðlagsbreytinga á tímabilinu desember 2005 til desember 2006. Byggingarvísitalan hækkaði á þessu tímabili um 12,5%.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 125/1999, um málefni aldraða, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lagt til að sérstakt gjald sem skattstjórar leggja á þá sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, og rennur í Framkvæmdasjóð aldraða skuli nema 7.103 kr. á hvern gjaldanda í stað 6.314 kr. í gildandi lögum. Á árinu 2008 er gert ráð fyrir að gjaldendur verði um 183.560 og tekjur sjóðsins hækki um 211,3 m.kr. á greiðslugrunni.

153. Skýrsla [144. mál]

samgönguráðherra um framkvæmd ferðamálaáætlunar.

(Lögð fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

Alþingi samþykkti vorið 2005 þingsályktun um áætlun í ferðamálum fyrir árin 2006–2015. Sú ályktun var samin af stýrihópi sem þáverandi samgönguráðherra skipaði haustið 2003. Þetta var í fyrsta skipti sem Alþingi samþykkti slíka þingsályktun um ferðamál en fyrirmyndin var m.a. samgönguáætlun 2003–2014. Í áætluninni er sett fram forgangsröðun og stefnumótun fyrir málaflokkinn í heild sinni. Jafnframt var markmið hennar að stuðla að hagkvæmari notkun fjármagns og mannafla og leggja meiri áherslu á samstarf og samspil milli aðila ferðaþjónustu á landinu, stofnana samgönguráðuneytisins, ráðuneytisins sjálfs og annarra ráðuneyta.

Alþingi ályktaði að fela samgönguráðherra að stefna að fjórum meginmarkmiðum í ferðamálum á tímabilinu 2006–2015 í samráði við ráðherra viðkomandi málaflokka:

- Náttúra Íslands, sterk byggð, menning þjóðarinnar og fagmennska verði ráðandi þættir í þróun íslenskra ferðamála.
- Tryggð verði samkeppnishæfni ferðaþjónustunnar sem stuðli að hámarksafrakstri í greininni.
- Álagi vegna ferðaþjónustu verði jafnað á landið og íbúa þess og verði innan þolmarka í samræmi við niðurstöður rannsókna.
- Ímynd Íslands sem ferðamannastaðar verði byggð upp og varin.

Enn fremur yrði unnið að eftirfarandi markmiðum:

- Ferðaþjónustunni verði sköpuð rekstrarskilyrði sambærileg við rekstrarskilyrði í samkeppnislöndunum.
- Ísland verði í forustu í umhverfisvænni ferðaþjónustu.
- Fylgt verði eftir uppbyggingu þjóðgarða með því að stuðla að ferðaþjónustu sem samþættir útivist og náttúruvernd.
- Ábyrgð ferðamanna og fyrirtækja í ferðaþjónustu verði aukin í umhverfismálum.

Ferðamálaáætlunin og sú vinna sem að henni sneri skiptist í þrjá þætti, þ.e. fylgiskjal þingsályktunartillögu, athugasemdir við þingsályktunartillögu og þingsályktunartillögu. Umfangsmikil skýrslugerð hefur átt sér stað undanfarin ár þar sem tekið var á allflestum þáttum ferðaþjónustunnar. Sú skýrslugerð var grunnur áætlunarinnar. Áætlunin skiptist í eftirfarandi málaflokka sem hafa eigin markmið og stefnumið mótuð fyrir framkvæmd þeirra: rekstrarumhverfi, kynningarmál, nýsköpun og þróun, menntun, rannsóknir, grunngerð, fjölþjóðasamstarf, gæða- og öryggismál, og umhverfismál.

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir þeim verkefnum sem voru í aðgerða- og framkvæmdaáætlun ferðamálaáætlunar og lokið er við. Einnig er gerð grein fyrir öðrum verkefnum sem lokið hefur verið við en voru ekki í aðgerða- og framkvæmdaáætlun. Þar sem vel hefur gengið að koma verkefnum áætlunarinnar í framkvæmd, auk þess sem önnur eru komin vel á veg, var ákveðið að endurskoða áætlunina og hefur sami stýrihópur og áður unnið að því verki.

Aðgerða- og framkvæmdaáætlun.

Til að tryggja sem best að markmiðum ferðamálaáætlunar verði náð og stefnumiðum fylgt, skyldu stjórnvöld framkvæma verkefni í samræmi við aðgerðaáætlun málaflokkanna. Í febrúarmánuði 2006 skilgreindi samgönguráðuneytið tólf verkefni sem hafin yrði vinna við á fyrsta ári áætlunarinnar og var Ferðamálastofu formlega falin sú vinna. Hér á eftir verður gerð grein fyrir þeim verkefnum. Flestum þessara verkefna er lokið eða um það bil að ljúka en í eðli sínu eru nokkur verkefni án upphafs og endis og í sívinnslu.

Þarfagreining um nauðsynlegar rannsóknir í ferðaþjónustu.

Ferðamálastofu var falið að gera þarfagreiningu um nauðsynlegar rannsóknir í ferðaþjónustu. Sú leið var farin að fá hugmyndir að rannsóknarverkefnum hjá hagsmunaaðilum í íslenskri ferðaþjónustu með rýnihópaathugun og var ráðgjafafyrirtækið Capacent Gallup fengið til að sjá um framkvæmd hennar. Þegar niðurstöður þeirrar vinnu lágu fyrir var ákveðið að skipa vinnuhóp til að skilgreina nánar þau verkefni sem þátttakendur höfðu sett í forgang og í framhaldi af því voru gerðar tillögur til samgönguráðuneytisins að tíu rannsóknarverkefnum. Hér á eftir fer samantekt á þeim rannsóknarverkefnum sem Ferðamálastofa með aðstoð vinnuhópsins hefur sett í forgang og er þeim raðað eftir mikilvægi.

Ferðamarkaðurinn.

a. Kannanir meðal ferðamanna á Íslandi.
b. Ímynd og viðhorf til landsins á erlendum mörkuðum.
c. Þróun á ferðamörkuðum erlendis og innan lands.
d. Árangur af landkynningar- og markaðsstarfi.

Þær kannanir sem gerðar hafa verið og heyra undir málaflokkinn eru eftirfarandi: Ferðamálastofa hefur framkvæmt almennar kannanir meðal erlendra gesta frá árinu 1996, um er að ræða brottfararkannanir í flugstöð Leifs Eiríkssonar og á Seyðisfirði. Síðasta könnun var framkvæmd á tímabilinu júní 2004–maí 2005.

Kannanir meðal innlendra ferðamanna hafa einnig verið gerðar, annars vegar í árslok 2000 og hins vegar í árslok 2003. Mikilvægt er að halda þessum könnunum áfram annað eða þriðja hvert ár. Árið 2006 lét Ferðamálastofa gera könnun á viðhorfi Íslendinga til gæða á nokkrum grunnþáttum íslenskrar ferðaþjónustu. Samtök ferðaþjónustunnar gerðu sambærilega könnun á viðhorfi erlendra ferðamanna til gæða íslenskrar ferðaþjónustu. Árið 2006 lét samgönguráð gera greinargerð um erlenda ferðamenn á Íslandi.

Þolmörk.

a. Þolmörk ferðamennsku á einstaka ferðamannastöðum.
b. Þolmörk ferðamennsku í einstaka landshlutum.
c. Þolmörk ferðamennsku á landsvísu.

Í ferðamálaáætlun kemur fram að stefnt skuli að stuðningi við rannsóknir á þolmörkum ferðamannastaða, niðurstöður eigi svo að nýta til almennrar stefnumótunar og til að forgangsraða aðgerðum í þeim tilgangi að draga úr álagi á náttúruna. Þær þolmarkarannsóknir sem gefnar hafa verið út eru:

– Þolmörk ferðamennsku í Landmannalaugum 2003.
– Þolmörk ferðamennsku í friðlandi á Lónsöræfum 2003.
– Þolmörk ferðamennsku í þjóðgarðinum í Skaftafelli 2002.

Aðrar þolmarkarannsóknir sem gerðar hafa verið eru á Snæfellsnesi, í Mývatnssveit, í Jökulsárgljúfrum og í vinnslu er rannsókn á Lakasvæðinu.

Starfsumhverfið.

a. Rekstrarumhverfi ferðaþjónustunnar.
b. Hlutverk hins opinbera í uppbyggingu/skipulagningu ferðaþjónustunnar.

Ýmsar skýrslur og kannanir sem falla undir málaflokkinn hafa verið gerðar. Í mars 2007 gaf samgönguráðuneytið út skýrslu um samanburð á rekstrarumhverfi ferðaþjónustu á Íslandi í samanburði við rekstrarumhverfi í Danmörku, Svíþjóð og Noregi.

Að ósk Samtaka ferðaþjónustunnar skipaði samgönguráðherra 10. janúar 2006 starfshóp til þess að fjalla um rekstraraðstæður þeirra sem reka hópbifreiðar með hliðsjón af hlutverki þeirra í almenningssamgöngukerfinu. Í framhaldi af vinnu starfshópsins kom í júlí 2006 út skýrsla um rekstrarumhverfi hópbíla. Að beiðni samgönguráðherra gerðu Ferðamálastofa og Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, árið 2005, með sér samning um að Hagfræðistofnun skoðaði áhrif þróunar raungengis á íslenska ferðaþjónustu. Afrakstur þeirrar vinnu var skýrslan *Áhrif raungengis á ferðaþjónustu,* sem kom út í mars 2006.

Deiliskipulag á ferðamannastöðum.

Úttekt á stöðu deiliskipulags á fjölsóttum ferðamannastöðum og forgangsröðun vegna þeirra staða sem ekki eru með deiliskipulag.

Lokið hefur verið við úttekt á stöðu deiliskipulags á fjölsóttum ferðamannastöðum auk þess sem forgangsröðun þeirra staða sem ekki eru með deiliskipulag liggur fyrir. Leggur Ferðamálastofa til að eftirfarandi staðir verði í forgangi og unnið að skipulagi við þá í samvinnu við hagsmunaaðila. Nauðsynlegt er að sams konar þarfagreining verði unnin í það minnsta annað hvert ár. Þeir staðir sem lagt er til að teknir verði fyrir sem forgangsverkefni eru sem hér segir: Reykjanestá (viti), svæði í kringum Glanna í Borgarfirði, Látrabjarg, Dimmuborgir, Dettifoss að vestan, Hólmatungur og Vesturdalur.

Samanburður á rekstrarumhverfi ferðaþjónustu á Íslandi og öðrum Norðurlöndum.

Í mars 2007 gaf samgönguráðuneytið út skýrslu um samanburð á rekstrarumhverfi ferðaþjónustu á Íslandi í samanburði við Danmörku, Svíþjóð og Noreg. Í skýrslunni eru rekstrarskilyrði ferðaþjónustu á Íslandi greind og samkeppnishæfnin borin saman við samanburðarlöndin þrjú með vísan til rekstrarumhverfis.

Flokkun ráðstefnuaðstöðu.

Mikilvægt er að taka upp flokkun á ráðstefnuaðstöðu á svipaðan hátt og gert hefur verið á gististöðum hérlendis. Sú flokkun hefur orðið íslenskri gistiþjónustu til verulegs framdráttar og standa vonir til þess sama varðandi ráðstefnuþjónustu. Í þessu sambandi hefur verið rætt um að styðjast við sama staðal og notaður er á gististöðum og er málið nú til skoðunar hjá hagsmunaaðilum.

Gæðakönnun meðal innlendra og erlendra ferðamanna.

Samtök ferðaþjónustunnar létu gera könnun meðal erlendra ferðamanna frá júní og fram í september 2006. Niðurstöðurnar komu út í nóvember 2006. Í könnuninni var m.a. spurt um álit á gæðum íslenskrar ferðaþjónustu og viðmóti starfsfólks, bæði í greininni í heild og eftir

fyrirtækjasviðum innan ferðaþjónustunnar. Jafnframt voru ferðamenn spurðir álits á verðlagi nokkurra þátta í íslenskri ferðaþjónustu.

Ferðamálastofa lét gera könnun meðal innlendra ferðamanna með það að markmiði að kanna viðhorf Íslendinga til gæða á nokkrum grunnþáttum íslenskrar ferðaþjónustu. Niðurstöður þeirrar könnunar komu út í október 2006. Fyrirhugað er að gera sambærilegar kannanir annað hvert ár.

Rannsóknir á áhrifum nýsköpunar á vöxt í ferðaþjónustu.

Ekki hefur verið hafin vinna við rannsóknir á áhrifum nýsköpunar á vöxt í ferðaþjónustu.

Stofnun gagnamiðstöðvar um tölfræði og rannsóknir í ferðaþjónustu.

Markmið gagnamiðstöðvar er að halda könnunum og talnagögnum til haga á einu vefsvæði í þeim tilgangi að einfalda notendum leit að upplýsingum. Um gagnvirkan vef er að ræða og þannig á notandi að geta kallað fram upplýsingar með einföldum skipunum.

Gagnamiðstöðin er tvískipt. Annars vegar er um að ræða útgefin rit en þeir málaflokkar sem falla undir þann hluta eru: afþreying, ferðavenjur, fræðslurit, gisting, gæðamál, heilsutengd ferðaþjónusta, lög og reglugerðir, markaðsmál, menning og saga, menntun og rannsóknir, samgöngur, stefnumótun og skipulag, stjórnun og rekstur, umfang og áhrif, umhverfismál, veitingar – matur og drykkur. Hins vegar er um að ræða upplýsingar um talnagögn. Þeir málaflokkar sem falla undir þann hluta eru: lykiltölur, tekjur af ferðaþjónustu, fyrirtæki og velta í ferðaþjónustu, rekstrarleyfi og skráningar, gistinætur, flugtölur, ferðamannatalningar, kannanir á sviði ferðamála, ráðstefnur, alþjóðleg talnagögn og fyrirspurnir til Ferðamálastofu.

Verkefninu lauk sumarið 2007 og mun Ferðamálastofa sjá um viðhald og rekstur gagnamiðstöðvarinnar.

Skilgreining á lágmarkskröfum til upplýsingamiðstöðva og auðkenni þeirra.

Skilgreining liggur fyrir og verður hún birt sem viðmið á vef Ferðamálastofu.

Einföldun á kvörtunarferli fyrir ferðamenn.

Komið hefur verið upp stöðluðu formi fyrir kvartanir á landkynningarvef Ferðamálastofu. Þar gefst fólki færi á að koma kvörtunum sínum á framfæri og í kjölfarið mun starfsfólk taka við þeim og kanna allar hliðar málsins. Markmið verkefnisins er að auka gæði í ferðaþjónustu. Til stendur að birta árlega á vef Ferðamálastofu fjölda kvartana í hverjum flokki fyrir sig þannig að hægt verði að gera samanburð milli ára. Þannig er komin ein leið til að greina hvort gæði í ferðaþjónustu fari vaxandi eða minnkandi.

Rafrænt bókunarkerfi fyrir íslenska ferðaþjónustu.

Rafræna bókunarkerfinu Expedia hefur verið komið fyrir á vef Ferðamálastofu. Þar geta ferðamenn hvaðanæva úr heiminum bókað flug til landsins og gistingu. Val á bókunarkerfinu byggist á viðamiklum samningum þess við hótel og gististaði hérlendis. Til stendur að á sömu síðu megi finna slóðir á fleiri bókunarkerfi.

Samstarf við almannavarnadeild ríkislögreglustjóra um nauðsynlega þjónustu.

Eitt meginmarkmiðið með samstarfinu er að tryggja öryggi ferðamanna sem koma til landsins og tryggja eins og kostur er að þeir séu varaðir við ef vá ber að garði. Það má gera

með tilkynningum í ljósvakamiðlum eða með öðrum hætti. Listi yfir alla skála á hálendinu hefur verið sendur til ríkislögreglustjóra í þeim tilgangi að koma þar fyrir stöðluðum upplýsingum. Nú er verið að teikna samskiptanet þar sem m.a. upplýsingamiðstöðvar, gististaðir og afþreyingaraðilar koma fram. Einnig hefur landinu verið skipt upp eftir svæðum þannig að hægt sé að senda á alla aðila á viðkomandi svæði skilaboð frá ríkislögreglustjóra. Ferðamálastofa og samskiptanet Ferðamálastofu verður dreifileið með upplýsingar til ferðaþjónustuaðila sem koma upplýsingunum áleiðis til gesta.

Markaðsrannsóknir.

Ýmsar markaðsrannsóknir hafa verið gerðar á síðustu árum. Helst ber að nefna rannsóknir sem verkefnið Iceland Naturally hefur staðið fyrir á erlendum mörkuðum með reglubundnum hætti, svo sem í N-Ameríku og Evrópu. Aðrar rannsóknir eru *Staða og horfur á ferðamörkuðum í Evrópu, Ameríku og Asíu,* skýrsla um niðurstöður málþings alþjóðlega markaðsrannsóknafyrirtækisins IPK og Ferðamálaráðs Evrópu (ETC) í Pisa í nóvember 2005.

Ferðamálastofa hefur átt í samstarfi við nokkra aðila um rannsóknir, m.a. rannsókn Ferðamálaráðs Evrópu á kínverska markaðnum í apríl 2007 og rannsóknir á rússneska markaðnum.

Í samvinnu við Scandinavian Tourist Board (STB) hefur Ferðamálastofa staðið fyrir viðamiklum markaðsrannsóknum í Asíu á ferðahegðun og markaðsmöguleikum. Þær rannsóknir standa enn yfir og ná til þrettán landa. Eru þær unnar undir heitinu *Encyclopedia of Asia-Pacific Tourism Bound for the Nordic Countries* og ná yfir eftirtalin lönd: Japan, Kína, Kóreu, Hong Kong, Taívan, Taíland, Indland, Singapúr, Ástralíu, Nýja-Sjáland, Filippseyjar, Malasíu og Indónesíu. Einnig hefur verið samstarf við Ferðamálaráð Norðurlanda um rannsóknir á pólska markaðnum. Þá hefur Ferðamálastofa unnið að rannsóknum í samvinnu við Euromonitor á ferðaþróun og ferðavenjum í Bretlandi, Bandaríkjunum, Þýskalandi, Frakklandi, Danmörku, Noregi, Spáni og Rússlandi.

Aðrar aðgerðir ferðamálaáætlunar sem lokið er við.

Í ferðamálaáætlun voru tilgreindar aðgerðir sem lutu að markmiðum hennar en komu ekki fram á aðgerðalista samgönguráðuneytisins fyrir árið 2006. Hér á eftir verður gerð grein fyrir stöðu þessara aðgerða.

Rekstrarumhverfi.

Í ferðamálaáætlun kom fram að hraða skyldi vinnu starfshóps sem ynni að sameiningu leyfa í veitingarekstri. Samþykkt var frumvarp til laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald á Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007 og tóku lögin gildi 1. júlí 2007.

Samgönguráðuneytið hefur samið við Hagstofuna um gerð hliðarreikninga (e. Satellite account) fyrir ferðaþjónustuna. Með því er átt við víðtæka gagnasöfnun um umfang ferðaþjónustu í íslensku efnahagslífi. Markmið verkefnisins er að fá skýrari og betri mynd af stöðu og mikilvægi ferðaþjónustunnar sem nýta má til markvissari ákvarðanatöku. Fyrsti áfangi verkefnisins snýst um að afmarka og skilgreina þær atvinnugreinar sem teljast til ferðaþjónustu. Í næsta áfanga, sem unninn var á tímabilinu frá mars til október á þessu ári, fór fram gagnaöflun og í framhaldi af því hófst úrvinnsla gagna. Á fyrsta ársfjórðungi 2008 verður lokaskýrsla gefin út og ákvörðun tekin um framhald verkefnisins.

Lög og reglur.

Lög og opinberar reglur stuðli að skilvirkri starfsemi, samkeppnishæfni greinarinnar, öryggi ferðamanna, auk hámarksgæða og fagmennsku í ferðaþjónustu. Lög nr. 73/2005, um skipan ferðamála, voru samþykkt í maí 2005 og tóku gildi 1. janúar 2006.

Menntun.

Unnin hefur verið þarfagreining fyrir fræðslu og menntun í ferðaþjónustu, niðurstöður má sjá í skýrslu sem kom út í október 2005, *Þarfagreining fyrir fræðslu og menntun í íslenskri ferðaþjónustu*. Verkefnið var unnið að frumkvæði Samtaka ferðaþjónustunnar í samstarfi við Starfsgreinaráð um náttúrunýtingu, Starfsafl, Landsmennt og Starfsmenntasjóð verslunar- og skrifstofufólks og með styrk frá Starfsmenntasjóði félagsmálaráðuneytis og menntamálaráðuneyti.

154. Svar [100. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Þuríðar Backman um erfðabreytt aðföng í landbúnaði.

1. *Hvað líður innleiðingu reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins 1829/2003/EB, um erfðabreytt matvæli og fóður, og 1830/2003/EB, um rekjanleika og merkingar á erfðabreyttum lífverum og rekjanleika á matvæla- og fóðurvörum sem framleiddar eru af erfðabreyttum lífverum?*

Unnið er að upptöku þessara reglugerða í EES-samninginn og má vænta þess að þær verði innleiddar í íslenskan rétt á næsta ári.

2. *Telur ráðherra ásættanlegt að íslenskir bændur hafi, ólíkt bændum í öðrum Evrópulöndum, ekki möguleika á að velja á milli venjulegs og erfðabreytts fóðurs vegna skorts á merkingum?*

Í framangreindum reglum eru ákvæði um merkingar á fóðri og matvælum og eftir innleiðingu þessara reglna munu íslenskir bændur því hafa sömu möguleika og aðrir Evrópubúar á EES til að velja á milli vörutegunda.

3. *Telur ráðherra ásættanlegt hve hátt hlutfall af innfluttum maís og soja í fóðri og til fóðurframleiðslu er erfðabreytt?*

Markmið lagasetningar hér á landi um fóður, sem unnið er úr erfðabreyttum nytjaplöntum á grundvelli EES-löggjafar, er að tryggja að aðeins sé notað fóður sem er viðurkennt og hefur því staðist þær prófanir sem gerð er krafa um í Evrópu. Þegar þessar kröfur eru uppfylltar er það á valdi innflytjenda og bænda að ákveða hvaða fóður eða hráefni til fóðurgerðar þeir vilja nota eða stunda viðskipti með. Stjórnvöld hafa ekki afskipti af slíkum viðskiptum þegar allar kröfur um öryggi og merkingar eru uppfylltar.

4. *Telur ráðherra að notkun erfðabreytts fóðurs geti skaðað markaðssetningu íslenskra landbúnaðarvara erlendis sem töluverð vinna og fjármagn hefur verið lagt í á grundvelli þess að þær séu náttúrulegar og hreinar?*

Íslenskar landbúnaðarvörur hafa verið í nokkurri sókn, t.d. á mörkuðum í Bandaríkjunum á síðustu árum. Þar á bæ eru menn meðvitaðir um stöðu mála á Íslandi hvað merkingar á fóðri áhrærir og virðist það ekki hafa haft skaðleg áhrif á markaðsaðgang.

5. *Er ráðherra kunnugt um að evrópskar smásöluverslanir bregðast í sívaxandi mæli við kröfum neytenda um að búfjárafurðir séu ekki af búfé sem hefur verið alið á erfðabreyttu fóðri með því að úthýsa slíkum vörum?*

Í landbúnaðarráðuneytinu liggja ekki fyrir upplýsingar um þróun smávöruverslunar í Evrópu hvað varðar markaðssetningu afurða búfjár sem alið hefur verið á fóðri sem unnið er úr uppskeru plantna sem kynbættar hafa verið með erfðatækni, sem leiðir til þess að þær kallast erfðabreyttar.

6. *Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að fylgt verði fordæmi Norðmanna í vörnum við hættum af notkun erfðatækni í landbúnaði en Norðmenn girða fyrir innflutning á erfðabreyttu fóðri, hafna umsóknum um ræktun erfðabreyttra plantna og starfrækja óháða vísindastofnun um rannsóknir á áhrifum erfðatækni?*

Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum munu reglur ESB um erfðabreytt matvæli og fóður verða teknar upp í EES-samninginn, þannig að þær muni í framhaldinu gilda með sama hætti í Noregi og hér á landi eftir lögformlega innleiðingu þeirra. Afstaða landbúnaðarráðherra er sú að samræmdar EES-reglur komi til framkvæmda á Íslandi og að ekki sé tilefni til aðgerða sem teljist meira takmarkandi en þær gera ráð fyrir. Evrópudómstóllinn felldi nýlega dóm sem kveður á um að einstökum ríkjum eða sveitarfélögum innan sambandsins er ekki heimilt að setja strangari kvaðir en í reglum þessum er að finna, svo sem að lýsa því yfir að í tilteknum héruðum eða jafnvel þjóðlöndum skuli ekki rækta lífverur sem kynbættar hafa verið með aðferðum sem gerir að þær flokkast sem erfðabreyttar.

7. *Mun ráðherra beita sér fyrir upplýstri umræðu um áhrif erfðabreytts landbúnaðar á umhverfi og heilsufar?*

Þessi málefni eru í stöðugri umræðu og landbúnaðarráðuneytið kom ásamt Landbúnaðarháskóla Íslands, Bændasamtökum Íslands og valinkunnum sérfræðingum úr vísindasamfélaginu að opinni ráðstefnu um þessi mál á síðasta ári. Á þeim fundi fluttu erindi, auk íslenskra fræðimanna, breskur og bandarískur sérfræðingur, sem báðir eru oddvitar um mál þessi í sínum heimalöndum. Góður rómur var gerður að ráðstefnunni. Á þessari stundu liggja ekki fyrir áform um fleiri fundi, en landbúnaðarráðuneyti mun taka vel í aðkomu að opinni umræðu um þessi mál sem og önnur sem varða hag íslensks landbúnaðar og gæði íslenskra landbúnaðarafurða.

155. Fyrirspurn [145. mál]

til samgönguráðherra um starfsemi Íslandspósts hf.

Frá Sigurði Kára Kristjánssyni.

1. Er ráðherra fylgjandi því að Íslandspóstur hf. stundi rekstur í samkeppni við einkaaðila á mörkuðum sem einkaleyfi fyrirtækisins nær ekki til?
2. Hyggst ráðherra grípa til einhverra aðgerða til þess að koma í veg fyrir að Íslandspóstur hf. stundi slíka samkeppni?

156. Frumvarp til laga [146. mál]

um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum.

Flm.: Erla Ósk Ásgeirsdóttir, Pétur H. Blöndal, Sigurður Kári Kristjánsson, Illugi Gunnarsson, Bjarni Benediktsson.

1. gr.

Orðin „og eigi lægra en 11,24%“ í 1. mgr. 23. gr. laganna falla brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpinu er lagt til að ákvæði um lágmarksútsvar sveitarfélaga verði afnumið. Þegar lögum um tekjustofna sveitarfélaga var breytt árið 1993 voru sett inn ný mörk um hámarksútsvar ásamt því að lágmarksútsvar var tekið upp. Ákvæðið um lágmarksútsvar var umdeilt, m.a. vegna þess að það leiddi til verulegrar hækkunar á útsvari ákveðinna sveitarfélaga.

Sveitarfélögin hafa ákveðna tekjustofna, t.d. útsvar, fasteignaskatt og þjónustutekjur. Þau nýta þessa tekjustofna til þess að sinna lögbundnum hlutverkum sínum, svo sem rekstri grunnskóla, félagsþjónustu o.s.frv. Með þessu frumvarpi er ekki verið að leggja til breytingar á lögbundnu hlutverki sveitarfélaga. Vilji sveitarfélög hins vegar lækka útsvar sitt á löggjafinn ekki að standa í vegi fyrir því.

Í stjórnarskránni kemur fram að sveitarfélögin skuli sjálf ráða málefnum sínum eftir því sem lög ákveða. Hlýtur það að teljast eðlilegur skilningur á því ákvæði að haldgóð rök og verulegir hagsmunir þurfi að koma til til að þessi ákvörðunarréttur sé skertur. Bein íhlutun um lágmarksútsvar getur tæpast talist uppfylla þau skilyrði.

Óeðlilegt er að bundið sé í lög að innheimta skuli að lágmarki tiltekinn skatt af íbúum, hvort sem þörf sé á honum til að sinna lögbundnu hlutverki eða ekki. Sveitarfélag þarf að uppfylla lögbundið hlutverk sitt, en óhófleg afskipti löggjafans af því hvernig slíkt er fjármagnað eru óþörf og draga úr valdi og ábyrgð kjörinna fulltrúa þjóðarinnar í sveitarstjórnarmálum til þess að leita sem hagkvæmastra leiða til þess að uppfylla hlutverk sitt.

157. Frumvarp til laga [147. mál]

um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, með síðari breytingum.

Flm.: Björn Valur Gíslason, Jón Bjarnason, Atli Gíslason.

1. gr.

Á eftir 27. gr. laganna kemur ný grein, 28. gr., sem orðast svo:

Gildistími laganna er til 1. september 2010 enda taki þá gildi ný heildarlög um stjórn fiskveiða.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Sjávarútvegsráðherra skal þegar við gildistöku laga þessara skipa nefnd sem vinna á að mótun heildarstefnu í sjávarútvegsmálum sem komi í stað núverandi laga um stjórn fiskveiða. Markmið nýrra laga um stjórn fiskveiða skulu vera að nytjastofnar á Íslandsmiðum verði óvéfengjanleg sameign íslensku þjóðarinnar og að þau tryggi verndun, sjálfbærni og hagkvæma nýtingu sjávarauðlinda og lífríkis sjávar, sem og trausta atvinnu og byggð í landinu öllu.

Í nefndinni skulu sitja tveir fulltrúar allra þingflokka sem eiga menn kjörna á Alþingi og skal nefndin eiga náið samstarf við Hafrannsóknastofnunina og hagsmunaaðila í greininni auk annarra sem lagt geta af mörkum upplýsingar og ráðgjöf til endurskoðunar laganna.

Nefndin skal standa fyrir opinni, almennri og víðtækri umræðu um þau mál er endurskoðun laganna kann að varða.

Nefndinni er heimilt að ráða starfsmenn og kaupa þá ráðgjöf sem þurfa kann við endurskoðun laganna. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Ráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir því að lög um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, í heild sinni falli úr gildi 1. september 2010 og í stað þeirra komi ný lög um stjórn fiskveiða sem taki gildi frá sama tíma. Með þessu móti eru löggjafanum sett nauðsynleg tímamörk til þess að ráðast í þá aðkallandi vinnu í þessum efnum sem til þarf, en um leið er gengið út frá því að allar grundvallarbreytingar fái nauðsynlegan fyrirvara og aðlögunartíma. Flutningsmenn telja mjög mikilvægt að sjávarútvegurinn búi við stöðugleika og að fyrirtæki og starfsfólk í greininni sjái jafnan hvert stefnir í lagaumhverfinu með góðum fyrirvara. Framhjá því verður ekki litið að óstöðugleiki og óvissa hefur verið fylgifiskur núverandi laga um stjórn fiskveiða fyrir byggðarlög, sjómenn, fiskverkafólk og útgerðir og því tímabært að skapa greininni annað og betra lagaumhverfi til að starfa í.

Skipbrot núverandi laga.

Harðar deilur hafa staðið um stjórn fiskveiða í meira en tvo áratugi. Um ekkert annað einstakt mál hefur verið tekist á í þjóðfélaginu af jafn mikilli hörku. Þær deilur hafa svert ímynd sjávarútvegsins og skaðað greinina í heild sinni jafnframt því að skipa þjóðinni, og ekki síst þeim sem starfa í greininni, í andstæðar fylkingar.

Rætur núverandi laga um stjórn fiskveiða ná aftur til ársins 1983 er sett voru lög um aflamarkskerfi sem giltu fyrst um sinn til eins árs í senn. Með þeim var úthlutuðum aflaheimildum skipt upp á milli skipa í ljósi aflareynslu þeirra síðustu þriggja ára á undan. Lög um stjórn fiskveiða voru síðan samþykkt á Alþingi á vordögum 1990 og leystu af hólmi lögin frá 1983. Með lögum um stjórn fiskveiða varð sú breyting á að veiðiheimildum var ekki lengur úthlutað frá ári til árs heldur til lengri tíma, auk fleiri breytinga sem festu í raun í sessi það stjórnkerfi sem lagt var upp með árið 1983 og kallað hefur verið kvótakerfið.

Alls hafa verið gerðar vel á fjórða tug breytinga á lögum um stjórn fiskveiða frá því þau voru fyrst samþykkt á Alþingi árið 1990.

Þrátt fyrir allar þær breytingar sem gerðar hafa verið á lögunum frá þeim tíma eru markmið þeirra þau sömu og í upphafi, þ.e.:

1. að vernda fiskistofna,
2. að stuðla að hagkvæmri nýtingu þeirra,
3. að treysta atvinnu,
4. að efla byggð í landinu.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um að markmið núverandi laga um stjórn fiskveiða hafa ekki náðst og reyndar hafa lögin aldrei verið fjær markmiðum sínum en einmitt í dag.

Þvert á markmið núgildandi laga um stjórn fiskveiða sýna rannsóknir Hafrannsóknastofnunarinnar að helstu nytjastofnar sjávar standa höllum fæti.

Þvert á markmið laganna hafa lögin í reynd stuðlað að óhagkvæmri nýtingu sjávarauðlinda með tilheyrandi skuldasöfnun og erfiðleikum í fiskveiðum og vinnslu.

Þvert á markmið laganna hefur störfum í sjávarútvegi fækkað og starfsöryggi þeirra sem byggja afkomu sína á greininni hefur sjaldan verið verra. Þvert á þau markmið laganna að efla byggð í landinu öllu hefur jafnt og þétt dregið úr mætti sjávarbyggðanna um land allt með tilheyrandi byggðaröskun og fólksflótta.

Ekki verður lengur við það búið að landslög gangi gegn grundvallarmarkmiðum sínum og það er óumflýjanlegt að hefja nú þegar heildarendurskoðun á fyrirkomulagi fiskveiðistjórnar. Móta þarf heildstæða sjávarútvegsstefnu þar sem jafnt tillit er tekið til verndunar- og nýtingarsjónarmiða og þar sem sjálfbær nýting sjávarauðlinda er í öndvegi. Mikilvægt er að landsmenn nái að sameinast um farsæl markmið í sjávarútvegsmálum og þær meginlínur sem þróun greinarinnar eigi að fylgja á komandi árum.

Mikilvægustu atriðin við mótun nýrrar stefnu í sjávarútvegi eru m.a.:

- Auðlindir sjávar verði raunveruleg sameign þjóðarinnar og einstökum byggðarlögum sé tryggður réttlátur skerfur veiðiheimilda og viðunandi öryggi.
- Sjávarútvegurinn lagi sig að markmiðum sjálfbærrar þróunar og vinni markvisst að því að bæta umgengni um náttúruna og lífríkið, þ.e. einstaka nytjastofna, vistkerfi hafsbotnsins og hafsbotninn sjálfan.
- Sjávarútvegsstefnan treysti byggð og efli atvinnu í landinu öllu ásamt því að stuðla að aukinni fullvinnslu framleiðslunnar og þar með aukinni verðmætasköpun og hámarksafrakstri auðlindanna innan lands.

- Ný tækifæri í sjávarútvegi felast ekki síst í aukinni verðmætasköpun. Sjávarútvegurinn er í raun þekkingariðnaður sem skiptir miklu máli að búa vel að og gefa tækifæri til þróunar. Leggja þarf meri áherslu á þróunarstörf í greininni með aukna fullvinnslu og verðmætasköpun í huga.
- Sjávarútvegsstefnan stuðli að réttlátri og jafnri skiptingu gæðanna ásamt jöfnum og góðum lífskjörum þeirra sem við greinina starfa og veita henni þjónustu. Markmiðið á að vera að afraksturinn af nýtingu sameiginlegra auðlinda dreifist með réttlátum hætti til landsmanna allra.
- Sjávarútvegurinn, ekki síst fiskvinnslan, þróist og verði fær um að bjóða vel launuð og eftirsóknarverð störf og standi sig í samkeppni við aðrar atvinnugreinar hvað snertir launakjör, starfsaðstæður, vinnuumhverfi og aðra slíka þætti.
- Stórefla verður alhliða menntun í sjávarútvegi og auka tækifæri fólks til að afla sér frekari menntunar í greininni. Þannig má í leiðinni viðhalda og auka þá þekkingu og færni sem fyrir er í sjávarútvegi. Leiðir verði fundnar til að tryggja nýliðun í greininni og hugað verði sérstaklega að þjálfun verðandi sjómanna.
- Stuðlað verði að betra jafnvægi og réttlátari leikreglum í samskiptum helstu aðila innan sjávarútvegsins, þ.e. útgerðar og fiskvinnslu, verkafólks og sjómanna, sjávarbyggða og samfélagsins alls.
- Þau ákvæði gildandi laga sem setja eiga samþjöppun veiðiheimilda skorður verði styrkt. Afnotaréttareðli veiðiheimildanna verði undirstrikað og dregið úr braski. Strangari skorður verði settar við óhóflegum geymslumöguleikum veiðiheimilda milli ára og skiptimöguleikum milli tegunda.
- Staðið verði að nauðsynlegum kerfisbreytingum og aðgerðum með þeim hætti að stöðugleiki og heilbrigt rekstrarumhverfi í greininni sé tryggt og hæfilegur aðlögunartími gefist til breytinga.
- Skoðaður verði sérstaklega aðstöðumunur landvinnslu, sjóvinnslu og útflutnings á óunnum fiski og leitað úrbóta í þeim efnum.

Flutningsmenn leggja áherslu á nauðsyn þess að ná breiðri samstöðu meðal þingmanna úr öllum stjórnmálaflokkum um þetta mikilvæga mál. Á þeirri vegferð sem framundan er við mótun nýrra laga um stjórn fiskveiða er algjört lykilatriði að um það myndist víðtæk samstaða meðal þings, hagsmunaaðila í greininni og þjóðarinnar.

Sjálfbær sjávarútvegur.

Hornsteinn allrar stefnumótunar í þessum efnum er sjálfbær og siðferðilega ábyrg nýting lífrænna auðlinda hafsins, nýting sem byggist á rannsóknum, þekkingu og heildarsýn og stuðlar að jafnvægi í búsetu landsins. Sjálfbær sjávarútvegsstefna þarf í senn að taka mið af umhverfislegum, samfélagslegum og efnahagslegum þáttum með það að markmiði að varðveita náttúru og lífrænar auðlindir hafsins, treysta byggð og atvinnu sem víðast og skapa sem mest verðmæti af sjávarauðlindunum innan lands. Á sama tíma og við Íslendingar áskiljum okkur hér eftir sem hingað til rétt til nýtingar sjávarauðlinda þarf að endurmeta forsendur fyrir veiðum og nýtingu sjávarlífvera frá grunni með tilliti til sjálfbærni og efnahagslegrar þýðingar fyrir þjóðarbúið í heild, sem og alþjóðlegra skuldbindinga og ímyndar Íslands.

Brýnt er að með nýjum lögum um stjórn fiskveiða verði litið til verndunar og nýtingar lífrænna auðlinda hafsins í heildstæðu samhengi. Leggja ber áherslu á víðtækar rannsóknir til að fá sem skýrasta mynd af sem flestum þáttum í vistkerfi sjávar og samspili þeirra. Nauðsynlegt er að stórefla hafrannsóknir með sérstakri áherslu á að fylgjast með samspili tegund-

anna og viðgangi staðbundinna stofna. Þá er einnig mikilvægt að fylgjast með þeim lífríkisbreytingum sem eiga sér stað í hafinu umhverfis landið vegna áhrifa loftslagsbreytinga og hvaða áhrif það kunni að hafa á viðgang, útbreiðslu og nýtingu okkar sjávarfangs. Einnig þarf að efla möguleika rannsóknastofnana á að skoða áhrif mismunandi veiðarfæra, bera saman árangur fiskverndaraðgerða, rannsaka áhrif ólíkra veiðarfæra á hafsbotninn og sinna fleiri slíkum rannsóknarverkefnum sem ekki hefur verið sinnt sem skyldi, m.a. vegna fjárskorts. Styrkja þarf alþjóðlegt rannsóknasamstarf til að efla vísindalegan grundvöll fiskveiðistjórnar og framleiðslu.

Taka þarf mið af alþjóðasáttmálum og samþykktum og lögfesta mikilvæga þætti þeirra er varða m.a. varúðar- og vistkerfisnálgun í fiskveiðum. Þróa þarf vistvænar veiðiaðferðir sem valdi sem minnstum skaða á hafsbotni, lífríki sjávar og uppvaxtarskilyrðum í hafinu, skili hágæðahráefni, nýti sem best orku og valdi sem minnstri mengun, m.a. af gróðurhúsalofttegundum. Tryggja þarf verndun enn óraskaðra hafsbotnssvæða á grundvelli rannsókna.

Fullvinna þarf sjávarafla svo sem kostur er með vottuðu, vistvænu framleiðsluferli þannig að sem mest verðmæti fáist með sem minnstum áhrifum á umhverfið. Taka þarf orkunotkun í sjávarútvegi sérstaklega til skoðunar með það að markmiði að stuðla að orkusparnaði og nýtingu vistvænna orkugjafa í sjávarútvegi hérlendis og vinna þarf markvisst að því að draga úr orkunotkun á aflaeiningu. Endurskoða þarf þá þætti fiskverndar sem lúta að reglum um löndun meðafla, notkun veiðarfæra, landhelgislínum sem vernda grunnslóðina, friðun svæða og friðun á hrygningartíma.

Fiskiskip þarf að flokka meira en hingað til hefur verið gert með hliðsjón af stærð, útgerðarháttum,veiðarfærum o.fl. Við þá flokkun þarf einnig að hafa í huga æskilega samsetningu flotans og sóknarmynstur og taka tillit til varðveislu lífríkisins og nýtingu veiðistofna með tilliti til stærðar þeirra og veiðiþols til langs tíma. Í þessu sambandi hlýtur að koma til álita að takmarka enn frekar aðgang stórvirkra veiðarfæra á grunnslóð næst landi og leita annarra tiltækra ráða til að vernda og byggja upp hrygningar- og uppeldisstöðvar.

Sjómenn græða hafið.

Á undanförnum árum hefur orðið verulegur ágreiningur á milli vísindamanna Hafrannsóknastofnunarinnar annars vegar og sjómanna og útgerðar hins vegar varðandi mat á ástandi fiskistofna og lífríki hafsins og þær aðferðir sem notaðar eru við stofnstærðarmat fiskistofna. Hin síðari ár má reyndar segja að myndast hafi gjá á milli þessara aðila með tilheyrandi deilum sem hafa harðnað með hverju árinu sem líður. Það er brýnt að skapa gagnkvæmt traust og virðingu fyrir skoðunum þeirra sem að þessum málum koma og að reynsla aðila sem starfa í sjávarútvegi ásamt vísindalegum rannsóknum haldist í hendur við mat á náttúru hafsins. Það er nauðsynlegt að brúa það bil sem þarna hefur orðið með öllum tiltækum ráðum.

Ýmsar leiðir eru færar í þessum efnum. Flutningsmenn þessa frumvarps telja rétt að nefndin, sem hér er lagt til að verði skipuð, skoði það m.a. í þaula að hleypa af stokkunum tilrauna- og rannsóknarverkefni, Sjómenn græða hafið, í samvinnu við sjómenn og útgerðir. Samið verði við fjölbreyttan hóp aðila víðs vegar um landið sem afli upplýsinga og miðli af reynslu sinni af umgengni við hafið, og varpi þannig betra ljósi á lífríki hafsins og stöðu fiskistofna. Meðal þeirra verkefna sem nefna má í þessu samhengi er nákvæm skráning afla úr tilteknum veiðarfærum á ákveðnum veiðistöðum, skráning á yfirborðs- og botnhita sjávar á veiðistöðum, söfnun sýna úr sjó og lífsýna úr sjávardýrum, þróun veiðifæra og veiðitækni o.fl. Til þessa rannsóknarverkefnis verði úthlutað tilteknum aflaheimildum á hverju rannsóknarsvæði. Sjómenn og útgerðir gætu sótt um að fá aðild að verkefninu og fengið þar með

taldar rannsóknarveiðiheimildir, gegn því að sinna ákveðnum skyldum í tiltekinn tíma í samvinnu við Hafrannsóknastofnunina og aðrar stofnanir og fyrirtæki á sviði hafrannsókna, veiða og vinnslu. Komið verði á svæðisbundnum tilrauna- og rannsóknastöðvum sem fylgi tilraunum eftir og hafi eftirlit með framkvæmd þeirra. Vísir að slíkum stöðvum er þegar fyrir hendi víða um land.

Með þessu móti verður sótt í vannýttan sjóð reynslu og þekkingar sem orðið hefur til hjá þeim sem stunda fiskveiðar og vinnslu, og möguleikar opnast til að tengja betur saman fræðimennsku og reynslu og þekkingu sjómanna. Með sama móti má vænta þess að verkefni af þessu tagi auki skilning og stuðli að samvinnu milli aðila í greininni samhliða því að efla almennan áhuga á mikilvægi haf- og fiskirannsókna.

Í þessu samhengi má benda á hliðstæðu í verndun, ræktun og nýtingu landgæða – Bændur græða landið – sem hefur gefist mjög vel. Sambærileg verkefni hafa sömuleiðis verið unnin með bændum við rannsóknir á vötnum og lífríki þeirra með ágætum árangri. Sem vörslumenn landsins eru bændur best til þess fallnir að vernda það, græða og rækta. Það sama gildir um sjómenn og hafið.

Flutningsmenn hafa í hyggju að flytja síðar sérstakt þingmál um verkefnið Sjómenn græða hafið.

158. Frumvarp til fjáraukalaga [148. mál]

fyrir árið 2007.

Flm.: Kristinn H. Gunnarsson, Guðjón A. Kristjánsson,
Grétar Mar Jónsson, Jón Magnússon.

1. gr.

Við 6. gr. fjárlaga fyrir árið 2007 bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

7.15 Að semja við hlutafélagið Spöl hf. um að ríkið yfirtaki veggöngin undir Hvalfjörð ásamt tilheyrandi mannvirkjum og skuldum félagsins vegna ganganna og fella þá strax niður veggjaldið um göngin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Flutningsmenn leggja til að ríkið yfirtaki nú þegar Hvalfjarðargöngin og skuldir sem þeim tilheyra. Samkvæmt gildandi samningi milli ríkisins og Spalar hf. mun ríkið eignast göngin ásamt tilheyrandi mannvirkjum án endurgjalds við lok samningstíma árið 2018. Eftirstöðvar skuldanna eru um 3,9 milljarðar kr. sem verða greiddar upp á næstu 11 árum. Gert er ráð fyrir því samkvæmt frumvarpinu að fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkisins, semji við Spöl hf. um yfirtöku eigna og skulda félagsins strax á þessu ári og samhliða verði veggjaldið fellt niður. Ríkissjóður annist síðan greiðslu af áhvílandi skuldum.

Talið var á sínum tíma þegar þessi tilhögun var ákveðin árið 1990 að þróunin yrði á þann veg að víðar yrðu kostnaðarsöm umferðarmannvirki fjármögnuð með sambærilegum hætti.

Reyndin hefur orðið sú að Hvalfjarðargöng eru eini kaflinn á þjóðvegum landsins þar sem innheimt er sérstakt veggjald til viðbótar sköttum og gjöldum sem umferðin ber. Þykja ekki forsendur til þess að viðhalda gjaldtöku í Hvalfjarðargöngum í því ljósi.

Gjaldtakan hefur áhrif á búsetuþróun og búsetuskilyrði, einkum á Vesturlandi eins og kemur glögglega fram í álitsgerð sem Vífill Karlsson hagfræðingur vann fyrir 1. flutningsmann í desember 2004. Miðað við tilteknar forsendur telur Vífill að heildarávinningur Vestlendinga af niðurfellingu gjaldsins verða á bilinu 4,5–5,0 milljarðar kr. að núvirði eða að jafnaði 275–306 millj. kr. árlega.

Síðan álitsgerðin var samin hefur Spölur endursamið um skuldir sínar og hugsanlega hefur það einhver áhrif á fyrrgreint mat, en það hefur ekki verið athugað sérstaklega. Þó vilja flutningsmenn setja fram það mat sitt að í heild leiði af skuldbreytingunni óveruleg áhrif og því megi styðjast við álitsgerð Vífils Karlssonar og fá með henni gott mat á þeim ávinningi sem leiðir af niðurfellingu gjaldsins.

Í álitsgerðinni kemur fram að ávinningurinn fyrir Vestlendinga birtist einkum í hærra virði fasteigna, hærri launum, lækkandi vöruverði, aukinni þjónustu og auknu atvinnuúrvali og atvinnuöryggi. Áhrifanna mundi einnig gæta í fjarlægari landshlutum, svo sem á Vestfjörðum, Norðurlandi og jafnvel Austfjörðum. Þá er líka um að ræða ávinning í hina áttina, það er að segja íbúar höfuðborgarsvæðisins munu einnig njóta góðs af afnámi gjaldtökunnar og telur Vífill Karlsson að sá ávinningur geti verið meiri í krónum talið ef eitthvað er.

Athyglisvert er að árlegur ávinningur Vestlendinga af því að fella niður veggjaldið er langt í það jafnmikill og ávinningur af Hvalfjarðargöngunum sjálfum. Í októbermánuði 2004 kom út vönduð skýrsla um áhrif Hvalfjarðarganga á búsetuskilyrði og búsetuþróun á Vesturlandi, sem Vífill Karlsson vann fyrir samtök sveitarfélaga á Vesturlandi. Niðurstaða hans er að árlegur ávinningur þeirra sé um 500 millj. kr. Niðurfelling veggjaldsins mun auka þennan ávinning um 60%.

Þetta má orða á annan veg, sem sé þann að ákvörðun um að hafa veggjald hafi valdið því að aðeins 60% af mögulegum ávinningi Vestlendinga af Hvalfjarðargöngunum hafi skilað sér til íbúanna og þeir því farið á mis við framfarir, sem því nemur, sem hefðu annars orðið eftir að göngin voru tekin í notkun. Sama er líklegt að eigi við um íbúa höfuðborgarsvæðisins, ávinningur þeirra af göngunum er verulegur og veggjaldið hefur dregið úr honum.

Flutningsmenn leggja áherslu á gildi Hvalfjarðarganganna og nauðsyn þess að ráðist var í gerð þeirra, þrátt fyrir veggjald. En gjaldið hefur hindrað fullan ávinning af göngunum til þessa og flutningsmönnum þykir tímabært að bæta úr með frumvarpi þessu.

Fylgiskjal I.

Álitsgerð um veggjald Hvalfjarðarganganna.
(Desember 2004.)

Undirritaður hefur nýlega unnið umfangsmikla rannsókn á áhrifum Hvalfjarðarganga á búsetuþróun og búsetuskilyrði á Vesturlandi. Í kjölfar rannsóknarinnar barst fyrirspurn frá Kristni H. Gunnarssyni, þingmanni í Norðvesturkjördæmi um það hversu mikið Vestlending-

ar mundu hagnast á niðurfellingu veggjalds um Hvalfjarðargöng sem tæki gildi á miðju ári 2005.

Athugun leiðir í ljós að miðað við tilteknar forsendur mun heildarávinningur Vestlendinga af niðurfellingu veggjalds verða á bilinu 4,5–5,0 ma.kr. að núvirði. Það gerir að jafnaði 275–306 m.kr. að jafnaði árlega.

Ávinningurinn felst m.a. í:

1. *Hærra virði fasteigna.* Í rannsóknum undirritaðs kom í ljós að fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu hefur áhrif á raunvirði fasteigna. Með vegstyttingum eykst raunvirði fasteigna í dreifbýli og veggjald að samgöngumannvirkjum dregur úr þessum áhrifum og er reyndin í tilfelli Hvalfjarðarganganna.
2. *Hærri launum.* Jafnvel þó rannsókn undirritaðs hafi bent til þess að meðallaun hafi ekki hækkað við opnun ganganna þá er það vegna þess að Akranessvæðið, sem varð mest fyrir núverandi vinnumarkaðslegum áhrifum Hvalfjarðarganganna hefur haft meðaltekjur sem er á svipuðum nótum og á höfuðborgarsvæðinu. Hins vegar mun fjarlæging veggjaldsins stækka vinnumarkað höfuðborgarsvæðisins upp í Borgarnes og jafnvel lengra vestur Mýrar og norður Borgarfjörð. Þar hafa meðaltekjur verið mun lægri heldur en á höfuðborgarsvæðinu eða sem nemur aðeins 75–80% af meðallaunum höfuðborgarsvæðisins.
3. *Auknu atvinnuúrvali og atvinnuöryggi.* Við stækkun vinnumarkaðarins munu fleiri Vestlendingar upplifa aukið atvinnuúrval og öryggi á vinnumarkaði.
4. *Lækkandi vöruverði.* Með fjarlægingu gjaldsins lækkar flutningskostnaður og það mun renna stoðum undir rekstur lágvöruverðsverslana á fleiri stöðum utan höfuðborgarsvæðisins.
5. *Aukinni þjónustu.* Vegna vaxandi frístundabyggðar og hugsanlega aukinnar andborgarmyndunar, auk lægri flutnings- og ferðakostnaðar, má búast má við aukinni þjónustu sem birtist m.a. í:
   a. Meira matvöruúrvali.
   b. Rekstur sérvöruverslana verður arðbærari sem leiðir til fjölgunar þeirra og/eða stækkun þar með auknu vöruúrvali.
   c. Arðbært getur orðið að reka sérhæfða þjónusta á fleiri stöðum.
   d. Aukið aðgengi Vestlendinga að opinberri þjónustu sem finnst á höfuðborgarsvæðinu.
   e. Aukin umhverfis- og lífsgæði í formi auðveldara aðgengis að menningar- og skemmtanalífi.

Jafnvel þótt þessari spurningu hafi verið svarað fyrir afmarkaðan landshluta, Vesturland, þá er rökrétt að álykta að áhrif ganganna, sem þegar er nokkur á Vestfjörðum, Norðurlandi vestra, Norðurlandi eystra og jafnvel að Austfjörðum, muni einnig aukast við þetta. Þetta staðfesta gögn sem liggja fyrir í rannsókn undirritaðs um áhrif Hvalfjarðarganganna á Vesturlandi. Þess utan þá er ávinningur höfuðborgarbúa allnokkur og ef eitthvað, sá mesti í krónum og aurum talið fyrir einstakan landshluta. Ávinningur höfuðborgarbúa felst einkum í aðgangi að vinnu- og vörumarkaði auk frístundabyggðar, svo það helsta sé nefnt.

Tekið skal fram að heildartalan er frekar varlega áætluð.

Vífill Karlsson, hagfræðingur.

Með frumvarpinu voru einnig eftirfarandi fylgiskjöl:

II. Samningur um vegtengingu við utanverðan Hvalfjörð. (22. apríl 1995.)

III. Áhrif Hvalfjarðarganga á búsetuskilyrði og búsetuþróun á Vesturlandi. Úr skýrslunni Samgöngubætur og búseta eftir Vífil Karlsson hagfræðing. (Október 2004.) Birt á vef samgönguráðuneytis.

159. Frumvarp til laga [149. mál]

um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003, með síðari breytingum.

Flm.: Dögg Pálsdóttir.

1. gr.

Orðin „enda hafi barnið ekki verið feðrað“ í 1. mgr. 10. gr. laganna falla brott.

2. gr.

Við 28. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Nú fara foreldrar sameiginlega með forsjá barns og er foreldrinu sem barnið á lögheimili hjá þá óheimilt að flytja lögheimili barnsins án samþykkis hins.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 30. gr. laganna:

a. Í stað 1.–3. mgr. kemur ein ný málsgrein sem orðast svo:
   Við andlát forsjárforeldris fer forsjá barnsins yfir til hins foreldrisins, hvort sem foreldrar fara saman með forsjá barns eða ekki, sbr. þó 4. mgr.
b. Í stað „1.–3. mgr.“ í 4. mgr., sem verður 2. mgr., kemur: 1. mgr.
c. Í stað „6. mgr.“ í 7. mgr., sem verður 5. mgr., kemur: 4. mgr.

4. gr.

Við 31. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2. málsl. 1. mgr. geta foreldrar ákveðið að barnið eigi lögheimili hjá þeim báðum.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 34. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:
   Fari foreldrar sameiginlega með forsjána við upphaf dómsmáls sker dómari úr um það hvort sameiginlega forsjáin skuli halda áfram eða hvort annað foreldranna skuli framvegis fara eitt með forsjána. Sameiginlegri forsjá má þó ekki slíta nema til þess séu ríkar ástæður og að slík tilhögun sé barninu fyrir bestu. Telji dómari ekki ástæðu til að slíta sameiginlegri forsjá skal hann þó engu að síður ákveða hjá hvoru foreldri barnið skal eiga lögheimili.
b. Við 4. mgr. bætist nýr málsliður sem orðast svo: Dómari getur ákveðið að barn skuli dvelja allt að sjö daga af hverjum 14 hjá foreldrinu sem ekki fær lögheimili þess.

c. Við bætist ný málsgrein sem verður 5. mgr. og orðast svo:
Forsjárlaust foreldri, sem áður var með sameiginlega forsjá yfir barni, getur höfðað mál og krafist þess að forsjáin yfir barninu verði framvegis sameiginleg og að lögheimili barnsins flytjist til sín. Dómari ákveður hvort fallist verður á kröfurnar, aðra eða báðar, eftir því sem barni er fyrir bestu.

6. gr.

1. og 2. mgr. 35. gr. laganna orðast svo:

Í máli þar sem krafist er slita á sameiginlegri forsjá getur dómari ekki slitið sameiginlegri forsjá til bráðabirgða nema skýrir hagsmunir barnsins krefjist þess. Dómari getur á hinn bóginn úrskurðað til bráðabirgða, að kröfu aðila, um lögheimili barns, umgengni og meðlag. Í slíku máli getur dómari enn fremur ákveðið að barn skuli búa allt að sjö daga af hverjum 14 hjá því foreldri sem ekki er úrskurðað lögheimili barnsins til bráðabirgða, enda þyki slíkt fyrirkomlag samræmast hagsmunum barns.

Í máli þar sem foreldri sem ekki fer með forsjá barns krefst sameiginlegrar forsjár eða að það fari framvegis eitt með forsjána verður stefnanda ekki úrskurðuð forsjá barnsins og lögheimili til bráðabirgða nema fyrir liggi að forsjárhæfni forsjárforeldrisins sé skert. Dómari getur á hinn bóginn, í slíku máli, ákveðið að meðan forsjármálið er rekið skuli barn búa allt að sjö daga af hverjum 14 hjá forsjárlausa foreldrinu.

7. gr.

2. málsl. 2. mgr. 46. gr. laganna orðast svo: Að jafnaði skal við það miðað að kostnaður vegna umgengni skiptist jafnt á milli foreldra nema annað sé ákveðið með samningi, sbr. 3. mgr., eða úrskurði, sbr. 2. mgr. 47. gr.

8. gr.

Í stað 1. málsl. 2. mgr. 47. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Ef foreldra greinir á um umgengni úrskurðar sýslumaður, að kröfu foreldris, um inntak umgengnisréttar og getur m.a. úrskurðað að barn skuli búa allt að sjö daga af hverjum 14 hjá því foreldri sem það telst ekki búa hjá, enda þyki slíkt fyrirkomulag samræmast hagsmunum barns. Sýslumaður úrskurðar einnig um það hvernig kostnaður foreldra vegna umgengni skuli skiptast, en að jafnaði skal við það miðað að kostnaður vegna umgengni skiptist jafnt á milli foreldra.

9. gr.

Á eftir orðinu „fá“ í 1. málsl. 2. mgr. 52. gr. laganna kemur: munnlegar og skriflegar.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

11. gr.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. *Lög um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum:* 3. málsl. 1. mgr. A-liðar 68. gr. laganna orðast svo: Sá er greiðir meðlag með barni telst ekki framfærandi í þessu sambandi nema hann fari sameiginlega með forsjá barns og foreldrarnir hafi samið svo um

að barnið eigi lögheimili hjá þeim báðum, sbr. 5. mgr. 31. gr. barnalaga og 2. mgr. 8. gr. laga um lögheimili.

2. *Lög um lögheimili, nr. 21/1990, með síðari breytingum:* Á eftir 1. mgr. 8. gr. laganna kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. geta foreldrar með sameiginlega forsjá barns, sem ekki búa lengur saman, ákveðið að lögheimili barnsins verði hjá þeim báðum.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til eftirfarandi breytingar á gildandi barnalögum, nr. 76/2003:

a. Að karlmaður sem telur sig föður barns geti höfðað barnsfaðernismál þótt barnið sé feðrað.
b. Að foreldrar með sameiginlega forsjá verði að ákveða sameiginlega um flutning lögheimilis barnsins innan lands.
c. Að meginreglan verði sú að forsjá barns færist til langlífari kynforeldrisins án tillits til þess hvort foreldrar hafa farið saman með forsjána eða ekki. Foreldri getur þó áfram gert yfirlýsingu um aðra ráðstöfun.
d. Að foreldrar geti samið svo að lögheimili barns verði hjá þeim báðum.
e. Að hægt verði framvegis að dæma áfram sameiginlega forsjá.
f. Að dómari getið ákveðið svo rúma umgengni að barn dvelji allt að sjö daga af hverjum 14 hjá foreldri sem það á ekki lögheimili hjá.
g. Að í bráðabirgðaforsjármáli verði óheimilt að slíta sameiginlegri forsjá nema skýrir hagsmunir barnsins krefjist þess.
h. Að í bráðabirgðaforsjármáli verði óheimilt að færa forsjá frá öðru foreldri til hins nema fyrir liggi að forsjárhæfni forsjárforeldris sé skert.
i. Að dómari í bráðabirgðaforsjármáli geti ákveðið að barn skuli búa allt að sjö daga af hverjum 14 hjá því foreldri sem ekki er úrskurðað lögheimili barns til bráðabirgða.
j. Að sú meginregla gildi að kostnaður vegna umgengni skiptist jafnt á milli foreldra nema þau ákveði annað í samningi eða sýslumaður úrskurði á annan veg. Gert er þó ráð fyrir að sýslumaður skuli við það miða í úrskurðum sínum að kostnaður vegna umgengni skiptist jafnt milli foreldra.
k. Að sýslumaður geti í úrskurðum um inntak umgengni ákveðið að barn skuli búa allt að sjö daga af hverjum 14 hjá því foreldri sem það telst ekki búa hjá.
l. Að forsjárlaust foreldri eigi rétt á munnlegum jafnt og skriflegum upplýsingum um barn sitt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er lögð til breyting á 10. gr. barnalaga. Breytingin lýtur að því að tryggja karlmanni, sem telur sig föður barns, heimild til að höfða barnsfaðernismál. Við endurskoðun barnalaganna 2003 gerði sifjalaganefnd ráð fyrir því að karlmaður hefði þessa heimild. Við meðferð frumvarpsins á Alþingi var heimildin þrengd þannig að karlmaður í þessari stöðu getur ekki höfðað barnsfaðernismál nema barnið sé ófeðrað.

Telja verður að þessi þrenging á rétti karlmanns til að fá úr því skorið hvort hann sé faðir barns sé óeðlileg og brjóti jafnvel í bága við 1. gr. barnalaga sem mælir skýrt fyrir um rétt barns til að þekkja báða foreldra sína.

Rökstuðningur allsherjarnefndar á sínum tíma var sá að með henni væri verið að koma í veg fyrir tilhæfulausar málshöfðanir. Ætla verður að slíkur ótti sé ástæðulaus. Reynslan hefur sýnt að dómstólar gera mjög strangar sönnunarkröfur í barnsfaðernismálum. Dómstólum ætti því að vera fullkomlega treystandi til að stöðva hugsanlega tilhæfulaus barnsfaðernismál.

Um 2. gr.

Í greininni er fjallað um það hvenær foreldri með sameiginlega forsjá, og jafnframt lögheimili barns, geti breytt lögheimili barnsins. Lögð er til breyting á 28. gr. barnalaga þannig að við greinina bætist ný málsgrein um það að lögheimili barns, sem lýtur sameiginlegri forsjá, verði aldrei breytt nema með samþykki beggja forsjárforeldra.

Með þessu er tryggt að lögheimilisforeldrið geti ekki upp á sitt einsdæmi flutt milli sveitarfélaga, og jafnvel landshorna á milli, án samþykkis hins forsjárforeldrisins.

Í raun ætti ekki að þurfa það ákvæði sem hér er lagt til að bætt verði við 28. gr. því samkvæmt skýru ákvæði 4. mgr. 28. gr. barnalaga felur forsjá barns í sér rétt og skyldu til að ráða persónulegum högum barns og ákveða búsetustað þess. Í þessu ætti að felast að lögheimili barns, sem lýtur sameiginlegri forsjá, verði ekki breytt nema með samþykki beggja. Ákvörðun um búsetustað sé ein sú ákvörðun sem báðir forsjáraðilar taki. Í framkvæmd hefur þetta hins vegar ekki virkað með þessum hætti. Þvert á móti hefur verið litið svo á að lögheimilisforeldrinu sé heimilt einhliða að færa lögheimili barnsins, án nokkurrar aðkomu hins foreldrisins.

Nauðsynlegt þykir að láta það koma skýrt fram að ákvörðun um lögheimili barns er ákvörðun sem forsjárforeldrar taka sameiginlega og því er lagt til að það verði sagt í þeirri nýju málsgrein sem hér er lagt til að bætist við 28. gr. barnalaga.

Um 3. gr.

Í greininni er lögð til sú meginbreyting að langlífara foreldrið, sem meginregla, fái forsjá barns við andlát skammlífara foreldrisins, án tillits til þess hvort barnið laut sameiginlegri forsjá eða ekki.

Reglur nú eru með þeim hætti að ef forsjá barns er sameiginleg hverfur forsjáin til langlífara foreldrisins við andlát hins skammlífara. Á hinn bóginn gildir að ef foreldri hefur farið eitt með forsjá ásamt maka eða sambýlingi þá hverfur forsjá barns við andlát forsjárforeldrisins til makans eða sambýlingsins en ekki langlífara foreldrisins.

Þetta fyrirkomulag er að margra mati óeðlilegt og því er lagt hér til að langlífara foreldrið fái alltaf forsjána. Áfram er þó gert ráð fyrir því að forsjárforeldrið geti gengið frá yfirlýsingu þar sem það óskar eftir að þriðji maður fái forsjá barns undir þessum kringumstæðum. Mat á því hvort við fyrirmælum í slíkri yfirlýsingu yrði orðið fer eftir hefðbundnum reglum, þ.e. hvaða forsjárskipan er talin barni fyrir bestu þegar forsjárforeldrið er fallið frá.

Um 4. gr.

Hér er lögð til sú grundvallarbreyting að foreldrar með sameiginlega forsjá geti samið um það að lögheimili barns geti verið hjá þeim báðum, þ.e. að barn geti átt tvö lögheimili. Í 11. gr. eru lagðar til breytingar á lögum um lögheimili og lögum um tekjuskatt til að tryggja annars vegar að barn geti átt lögheimili á tveimur stöðum og hins vegar að foreldrar sem semja með þessum hætti fái bæði barnabætur sem einstætt foreldri.

Um 5. gr.

Sameiginleg forsjá var lögfest sem meginregla með breytingu á barnalögum árið 2006. Skrefið var þó ekki tekið til fulls þá því ekki náðist samstaða um það að heimila dómstólum að dæma áfram sameiginlega forsjá.

Hinn 1. október sl. gengu í gildi í Danmörku ný lög um forræði (forældreansvarsloven) þar sem gert er ráð fyrir því að dómarar geti ekki í forsjárdeilu slitið sameiginlegri forsjá nema fyrir því séu ríkar ástæður. Sambærilegt ákvæði hefur um langt árabil verði í sænskum lögum.

Full ástæða er til að fylgja fordæmi nágrannalanda okkar í þessu efni, enda ekkert sem mælir með því að dómstólum sé ekki treyst til að meta hvort einhver ástæða sé í raun til að slíta sameiginlegu forsjánni.

Eins og dómaframkvæmd er nú er niðurstaða forsjármáls, sem höfðað er til slita á sameiginlegri forsjá eftir að samkomulag náðist um slíkt fyrirkomulag eftir hjónaskilnað eða samvistarslit, nokkuð fyrirsjáanleg. Dómstólar hafa mikla tilhneigingu til að ákveða, af því að ekki er unnt að dæma sameiginlega forsjá, að engar breytingar verði á umhverfi barnsins, enda bendi sálfræðiniðurstöður til að ekkert kalli á að hróflað sé við gildandi fyrirkomulagi. Komi til forsjárdeilu hefur lögheimilisforeldrið því sjálfkrafa allnokkuð sterkari stöðu varðandi niðurstöðu.

Fullyrða má að ef dómstólum verður veitt heimild til að dæma áfram sameiginlega forsjá mun forsjárdeilumálum fyrir dómstólum fækka.

Eftir sem áður getur dómari dæmt hvar lögheimili barns skuli vera. Jafnframt er lagt til að dómari geti við ákvörðun umgengni ákveðið svo rúma umgengni að barnið skuli vera í allt að sjö daga af hverjum 14 hjá foreldrinu sem ekki fær lögheimili. Með þessari breytingu er einnig fylgt fordæmi Dana í nýju lögunum sem áður er vikið að.

Þá er gert ráð fyrir því, í ljósi þess að framvegis verði unnt að neita að slíta með dómi sameiginlegu forsjánni, að foreldri, sem áður var með sameiginlega forsjá en hefur misst hana, t.d. í forsjármáli, geti höfðað nýtt forsjármál og fengið aftur sameiginlega forsjá með hinu foreldrinu. Með breytingunni er enn frekari stoðum rennt undir það að tryggja að barn lúti sem oftast sameiginlegri forsjá foreldra.

Um 6. gr.

Lagðar eru til þær breytingar á 35. gr. laganna um bráðabirgðaforsjá að ekki verði unnt að slíta sameiginlegri forsjá í bráðabirgðaforsjármáli nema skýrir hagsmunir barns krefjist þess. Með sama hætti er lagt til að ef foreldri óskar eftir að fá dæmda sameiginlega forsjá þegar hitt foreldrið fer eitt með forsjána sé ekki unnt að verða við því í bráðabirgðaforsjármáli nema sýnt sé fram á að forsjárforeldrið sé með skerta forsjárhæfni.

Í þeim tilvikum þegar dómstólar hafa rift sameiginlegu forsjánni strax í bráðabirgðaforsjármálinu má í raun segja að foreldrið sem þannig heldur ekki sameiginlegri forsjá og fær ekki bráðabirgðaforsjá sé í öllu forsjármálinu sem á eftir kemur með lakari stöðu. Stafar það fyrst og fremst af þeirri tilhneigingu dómstóla að raska sem minnst börnum þegar kemur til dóms í forsjármálinu.

Með þeim breytingum sem hér eru lagðar til á 35. gr. er leitast við að jafna stöðu foreldra sem mest í forsjárdeilu.

Um 7. og 8. gr.

Í gildandi barnalögum er við það miðað að meginreglan sé sú að foreldri sem sinna skal umgengni og á rétt á henni skuli sjálft bera kostnað af henni. Þetta er ósanngjörn regla og engin ástæða til að losa lögheimilisforeldrið alveg undan því að axla nokkra ábyrgð á kostnaði vegna umgengni barns. Ekki síst er þetta ósanngjarnt í ljósi þess að einstaklingurinn sem nýtur umgengnisréttar á oft og tíðum ekkert val um það hvar barnið býr og þarf að una einhliða ákvörðun forsjárforeldris um flutning á barninu landshluta á milli. Með breytingunni sem hér er lögð til á 46. og 47. gr. laganna er lagt til að kostnaður vegna umgengni skiptist milli foreldra nema þeir ákveðið annað með samningi eða sýslumaður úrskurði annað. Jafnframt er mælt fyrir um það að við úrskurð um þetta atriði skuli sýslumaður miða við það að þessi kostnaður skiptist að jöfnu.

Um 9. gr.

Um langa hríð hefur ríkt ruglingur um það hvers konar upplýsingar um barn sitt forsjárlaust foreldri megi fá. Um þetta er fjallað í 52. gr. barnalaga. Ekkert segir í lagaákvæðinu sjálfu á hvaða formi upplýsingarnar skuli vera en í greinargerð með eldri barnalögum var skýrt tekið fram að þessar upplýsingar mættu einvörðungu vera munnlegar. Hefur því almennt verið litið svo á að forsjárlaust foreldri megi eingöngu fá munnlegar upplýsingar um barn sitt.

Líta verður svo á að eðlilegra sé að forsjárlaust foreldri megi fá munnlegar jafnt sem skriflegar upplýsingar um barn sitt. Hér er því lagt til að í lagaákvæðinu sjálfu komi skýrt fram að veita megi foreldri í þessari stöðu munnlegar jafnt sem skriflegar upplýsingar.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Nái breytingar frumvarpsins á barnalögum fram að ganga þarf samhliða að tryggja að báðir foreldrar teljist framfærendur barnsins í skilningi laga um tekjuskatt og að stuðningur hins opinbera við einstæða foreldra skiptist milli foreldranna. Í 1. tölul. er lögð til breyting á 3. málsl. 1. mgr. A-liðar 68. gr. laga um tekjuskatt sem tryggir að foreldrar með sameiginlega forsjá, sem samið hafa um að barnið eigi lögheimili hjá þeim báðum, teljist framfærandi í skilningi málsliðarins. Með breytingunni fá foreldrar báðir bætur sem einstætt foreldri í þessum tilvikum, að fullnægðum öðrum skilyrðum fyrir barnabótum.

Verði samningar foreldra um að barn þeirra eigi lögheimili hjá þeim báðum lögfestir þarf að gera ráð fyrir því í lögheimilislögum að barn geti átt tvö lögheimili. Í 2. tölul. er slík breyting lögð til.

160. Fyrirspurn [150. mál]

til fjármálaráðherra um skattlagningu á tónlist og kvikmyndir.

Frá Katrínu Jakobsdóttur.

1. Hefur ráðherra í hyggju að endurskoða fyrirkomulag skattlagningar á tónlist og kvikmyndir í ljósi þess að æ meira af tónlist og kvikmyndum er hlaðið niður af netinu?
2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir endurskoðun á þessari skattlagningu með þann möguleika í huga að niðurhal hætti að teljast ólöglegt en listamönnum verði jafnframt tryggðar sanngjarnar tekjur?

161. Fyrirspurn [151. mál]

til félagsmálaráðherra um styttingu vinnutíma.

Frá Birki J. Jónssyni.

Er ráðherra reiðubúinn að beita sér fyrir því í komandi kjarasamningum, í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins, að vinnutími verði styttur?

162. Fyrirspurn [152. mál]

til landbúnaðarráðherra um eignarhald á jörðum.

Frá Birki J. Jónssyni.

1. Telur ráðherra rétt að breyta jarðalögum í ljósi þess að jarðir hafa safnast á færri hendur á síðustu árum?
2. Hefur ráðherra upplýsingar um hversu margir einstaklingar og lögaðilar eiga meira en þrjú lögbýli og þá hversu mörg?

163. Fyrirspurn [153. mál]

til sjávarútvegsráðherra um veiðar í flottroll.

Frá Herdísi Þórðardóttur.

Telur ráðherra koma til greina að banna veiðar á síld og loðnu í flottroll við strendur landsins?

164. Nefndarálit [65. mál]

um frv. til l. um notkun raflagna og raffanga í núverandi ástandi á íbúðar- og skólasvæði fyrrum varnarsvæðis á Keflavíkurflugvelli.

Frá meiri hluta viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jónínu S. Lárusdóttur og Atla Frey Guðmundsson frá viðskiptaráðuneyti og Tryggva Axelsson og Jóhann Ólafsson frá Neytendastofu.

Frumvarpið var sent til umsagnar og hafa umsagnir borist frá Rafiðnaðarsambandi Íslands og Þróunarfélagi Keflavíkurflugvallar ehf.

Frumvarp þetta er lagt fram í samræmi við fyrirmæli 28. gr. stjórnarskrárinnar í þeim tilgangi að staðfesta bráðabirgðalög frá 6. júlí sl. um notkun raflagna og raffanga í núverandi ástandi á íbúðar- og skólasvæði fyrrum varnarsvæðis á Keflavíkurflugvelli. Aðdraganda að setningu bráðabirgðalaganna er að rekja til þeirrar ákvörðunar að taka íbúðar- og skólahúsnæði á varnarsvæðinu í notkun á þessu hausti. Raflagnir og rafföng þar voru hins vegar í samræmi við bandaríska staðla og uppfylltu ekki þær kröfur sem gerðar eru í íslenskum lögum og reglugerðum. Því var ljóst að skipta þurfti um allar raflagnir innan svæðisins. Um er að ræða viðamikið og kostnaðarsamt verkefni og var ekki talið unnt að koma raflögnum í rétt ástand áður en skólastarf hæfist á svæðinu, þ.e. fyrir haustið 2007. Af þeim sökum þótti brýn nauðsyn til að gefa út framangreind bráðabirgðalög.

Samkvæmt bráðabirgðalögunum er heimilt að nota raflagnir og rafföng á íbúðar- og skólasvæði fyrrum varnarsvæðis á Keflavíkurflugvelli til 1. október 2010. Í lögunum er jafnframt mælt fyrir um að Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf. skuli leggja fram verkáætlun til Neytendastofu fyrir 1. október 2007 um hvernig staðið verði að breytingum til samræmis við íslenskar kröfur fyrir 1. október 2010. Þá er kveðið á um það í lögunum að Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf. skuli tilnefna umsjónarmann öryggismála á svæðinu sem starfi í samvinnu við Neytendastofu og að hann uppfylli hæfniskröfur sem gerðar eru í reglugerð um raforkuvirki, nr. 264/1971, með síðari breytingum.

Meiri hlutinn telur gagnrýnivert að mál þetta hafi ekki komið fyrr inn til viðskiptaráðuneytisins. Eðlilegra hefði verið ef málið hefði verið lagt fram á síðastliðnu sumarþingi og hlotið þar hefðbundna þinglega meðferð. Meiri hlutinn áréttar mikilvægi þess að gætilega sé farið með heimild 28. gr. stjórnarskrárinnar til setningar bráðabirgðalaga. Meiri hlutinn telur engu að síður að brýnt hafi verið að koma mannvirkjum á varnarsvæðinu í notkun og leggur jafnframt áherslu á að raflögnum og rafföngum þar verði komið í viðunandi horf sem allra fyrst. Í þessu sambandi má nefna að samkvæmt upplýsingum frá Neytendastofu er nú þegar búið að breyta raflögnum í 318 íbúðum af þeim 340 sem taka á í notkun í fyrsta áfanga eða um 94% af íbúðarhúsnæðinu. Framkvæmdirnar ganga þannig mun betur en áætlað var í fyrstu og verður að öllum líkindum lokið fyrir 1. október 2010.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Birkir J. Jónsson og Höskuldur Þórhallsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.
Jón Magnússon sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 31. okt. 2007.

Ágúst Ólafur Ágústsson, form., frsm.	Sigurður Kári Kristjánsson.	Valgerður Bjarnadóttir.
Erla Ósk Ásgeirsdóttir	Björk Guðjónsdóttir.	Jón Gunnarsson.

165. Fyrirspurn [154. mál]

til sjávarútvegsráðherra um tilraunaveiðar Örfiriseyjar RE 4 í Ísafjarðardjúpi.

Frá Guðjóni A. Kristjánssyni.

1. Hverjir óskuðu eftir því að Örfirisey RE 4 fengi að stunda botnvörpuveiðar í Ísafjarðardjúpi og á hvaða forsendum?
2. Hverjir samþykktu að 1.000 tonna togari fengi að stunda botnvörpuveiðar í Ísafjarðardjúpi og á hvaða forsendum og hve lengi?
3. Hvers vegna var ekki haft samband við hagsmunaaðila, t.d. smábátafélagið Eldingu, og leitað umsagnar um þessa tilraun á veiðisvæði smábáta í Ísafjarðardjúpi?
4. Eru þessar tilraunir eitthvað í líkingu við rannsóknirnar sem Gunnbjörn ÍS gerði fyrir utan 12 mílur sl. vor og ef svo er, hvers vegna þurfti að endurtaka sömu rannsóknir inni í Ísafjarðardjúpi?
5. Hvað heitir botnvarpan og af hvaða stærð er hún?
6. Hvað er rokkhopper-lengjan löng og þung undir trollinu?
7. Hvað eru langir grandarar? Eru sumir þeirra tvöfaldir, eða eru þeir einfaldir? Er keðja í gröndurunum?
8. Hvaða hlerar voru notaðir og hvað eru þeir þungir?
9. Hvaða möskvastærð var í poka og í trollinu?
10. Hvaða skilyrði var í leyfinu varðandi veiðarfæri?
11. Hver var aflinn og hvernig var aflasamsetningin í hverju togi og alls? Hvernig var aflasamsetning í aðskildum trollpokum vörpunnar? Var aflinn tekinn utan kvótakerfisins? Hver lagði til aflamarkið ef aflinn var innan kvótakerfisins?
12. Voru notaðar neðansjávarmyndavélar? Sé svo, hvað voru notaðar margar vélar og eru neðansjávarmyndir af veiðunum til sýnis?
13. Hvar var togað?

Skriflegt svar óskast.

166. Frumvarp til laga [155. mál]

um breytingu á lögum um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, nr. 141/2003.

Flm.: Valgerður Bjarnadóttir, Katrín Júlíusdóttir, Ellert B. Schram, Gunnar Svavarsson, Róbert Marshall.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Við bætist ný málsgrein sem verður 2. mgr., svohljóðandi:
Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal iðgjaldshlutfall ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara nema 4% eftir 1. janúar 2008.
b. Í stað orðanna „skv. 1. mgr.“ í 2. mgr. kemur: skv. 1. og 2. mgr.
c. Við bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
Til viðbótar lágmarkslífeyrissjóðsiðgjaldi skv. 2. mgr. er greiðendum heimilt að greiða allt að 4% af heildarlaunum sem iðgjald í séreignarlífeyrissjóð samkvæmt lögum nr. 129/1997. Ríkissjóður skal þá greiða jafnhátt mótframlag, þó ekki hærra en 2%.
Eftir 1. janúar 2008 falla ákvæði III.–V. kafla laganna úr gildi gagnvart öðrum en þeim sem þá hafa hafið töku lífeyris. Áunnin lífeyrisréttindi fram til þess tíma halda þó gildi sínu.

2. gr.

Fyrirsögn I. kafla laganna verður: **Eftirlaunaréttur, lífeyrisiðgjald, greiðsla eftirlauna og séreignarlífeyrissjóðir.**

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2008.

Greinargerð.

Markmiðið með flutningi frumvarpsins er að alþingismenn, ráðherrar og hæstaréttardómarar njóti sömu lífeyriskjara og ríkisstarfsmenn, en búi ekki við sérstök forréttindi. Þannig halda þeir þeim réttindum sem þeir hafa áunnið sér en eftir gildistöku laganna gilda almennar reglur um lífeyrisréttindi ríkisstarfsmanna um aðra en forseta Íslands.

Setning laga nr. 141/2003 var allumdeild meðal þjóðarinnar. Með þeim voru æðstu handhöfum framkvæmdarvalds, löggjafarvalds og dómsvalds færð lífeyriskjör sem eru úr takti við það sem tíðkast meðal þjóðarinnar. Frumvarpið gerir ráð fyrir að lífeyriskjör þessara hópa verði færð til þess vegar sem nú gerist hjá starfsmönnum ríkisins.

Áhöld hafa verið um hvort eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar verndi þau réttindi sem fólk hefur áunnið sér eða fengið samkvæmt hinum umdeildu lögum. Til að forðast að málið lendi í sjálfheldu málalenginga á grundvelli formsatriða, svo sem tengsla eignarréttarákvæða við löggjöfina frá 2003, er gert ráð fyrir að áunnin réttindi samkvæmt hinum umdeildu lögum skuli í engu skert.

167. Fyrirspurn [156. mál]

til utanríkisráðherra um eignir Ratsjárstofnunar.

Frá Birni Val Gíslasyni og Þuríði Backman.

1. Hvernig var staðið að sölu eigna Ratsjárstofnunar á Gunnólfsvíkurfjalli, hverjum voru eignirnar seldar og hvert var söluverðið?
2. Var haft samráð við sveitarfélög í grennd um ráðstöfun eignanna og hugsanlega nýtingu þeirra?

168. Fyrirspurn [157. mál]

til menntamálaráðherra um framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð.

Frá Birni Val Gíslasyni og Þuríði Backman.

1. Hvenær er áætlað að hefja framkvæmdir við byggingu framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð?
2. Hvar verður skólinn og hvenær er áætlað að hann verði fullbúinn í nýju húsnæði?
3. Hver er áætlaður kostnaður við nýbyggingu framhaldsskólans?

169. Fyrirspurn [158. mál]

til samgönguráðherra um Múlagöng.

Frá Birni Val Gíslasyni og Þuríði Backman.

Eru áform uppi hjá ráðuneytinu um tvöföldun Múlaganga?

170. Fyrirspurn [159. mál]

til forsætisráðherra um ný störf á vegum ríkisins.

Frá Birni Val Gíslasyni og Þuríði Backman.

1. Hvað er áætlað að mörg ný störf verði til á vegum ríkisins á næstu fjórum árum
   a. vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðsins,
   b. af öðrum ástæðum?

2. Um hvers konar störf er þar að ræða og hvar á landinu verða þau unnin?

Skriflegt svar óskast.

171. Fyrirspurn [160. mál]

til iðnaðarráðherra um störf á vegum ríkisins.

Frá Birni Val Gíslasyni og Þuríði Backman.

Hver hefur þróun fjölda starfa á vegum ríkisins verið sl. 15 ár
a. á höfuðborgarsvæðinu,
b. utan höfuðborgarsvæðisins, skipt eftir landshlutum?

Skriflegt svar óskast.

172. Fyrirspurn [161. mál]

til iðnaðarráðherra um sölu á hlut ríkisins í Jarðböðunum við Mývatn.

Frá Birni Val Gíslasyni og Þuríði Backman.

1. Hvert var söluvirði hlutar ríkisins í Jarðböðunum við Mývatn sem seldur var fyrr á árinu og hver var söluhagnaðurinn?
2. Hvernig hefur söluandvirðinu verið varið?

Skriflegt svar óskast.

173. Nefndarálit [65. mál]

um frv. til l. um notkun raflagna og raffanga í núverandi ástandi á íbúðar- og skólasvæði fyrrum varnarsvæðis á Keflavíkurflugvelli.

Frá minni hluta viðskiptanefndar.

Minni hlutinn telur að skilyrði 28. gr. stjórnarskrárinnar um brýna nauðsyn hafi ekki verið uppfyllt við útgáfu bráðabirgðalaga um notkun raflagna og raffanga í núverandi ástandi á íbúðar- og skólasvæði fyrrum varnarsvæðis á Keflavíkurflugvelli. Í þessu sambandi bendir minni hlutinn á að ákvörðun um brottför hersins lá fyrir í mars 2006 og hann fór af landi brott í september 2006. Neytendastofa vakti jafnframt athygli á málinu í desember sama ár án þess að ríkisstjórnin eða stjórnvöld brygðust við. Minni hlutinn telur að framkvæmdarvaldið hefði átt að bregðast við fyrr með því að leggja fram frumvarp um þetta mál á sl. vor- eða sumarþingi en ella kalla þing saman til að afgreiða málið með eðlilegum hætti, enda situr Alþingi nú allt árið.

Minni hlutinn telur að þröng heimild 28. gr. stjórnarskrárinnar til setningar bráðabirgðalaga verði ekki nýtt í þessu afmarkaða máli til að berja í þá bresti sem hlutust af sleifarlagi framkvæmdarvaldsins. Framkvæmdarvaldið getur ekki sótt skjól í framangreint ákvæði stjórnarskrárinnar til að réttlæta mistök og alls ekki þegar minni háttar hagsmunir eru í húfi eins og hér er raunin. Valdið liggur hjá þjóðinni og hún hefur falið það lýðræðislega kjörnum fulltrúum sínum á Alþingi. Með vísan til þessa telur minni hlutinn að einungis beri að beita 28. gr. stjórnarskrárinnar í algjörum undantekningartilvikum þegar ríkir þjóðfélagshagsmunir eru í húfi.

Minni hlutinn minnir á að sérhverjum þingmanni er skylt að vinna drengskaparheit að stjórnarskránni þegar kosning hans hefur verið tekin gild, sbr. 47. gr. stjórnarskrárinnar. Alþingismönnum ber því skylda til að standa vörð um stjórnarskrána. Minni hlutinn áréttar að það sé stjórnarskráin sem eigi að njóta vafans en ekki bráðabirgðalöggjafinn.

Auk alls framangreinds telur minni hlutinn að það sé ekki nauðsynlegt að Alþingi staðfesti bráðabirgðalögin í ljósi þess að upplýst hefur verið að framkvæmdunum við umrætt verkefni sé að mestu lokið.

Að lokum ber að geta þess að í umsögn Rafiðnaðarsambandsins um þetta mál kemur fram hörð gagnrýni á setningu umræddra bráðabirgðalaga og leggst sambandið alfarið gegn því að þau verði staðfest. Umsögnin er birt með áliti þessu sem fylgiskjal.

Alþingi, 31. okt. 2007.

Atli Gíslason.

Með nefndarálitinu var fylgiskjal: Umsögn Rafiðnaðarsambands Íslands frá 24. október 2007.

174. Frumvarp til laga [162. mál]

um breytingu á lögum nr. 51/1995, um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

Í stað orðsins „hámarksdagpeninga“ í 4. mgr. 1. gr. laganna kemur: óskertra grunnatvinnuleysisbóta.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir takmarkanir á fjölda greiðsludaga skv. 4. mgr. 1. gr. skal fjöldi greiðsludaga sem heimilt er að greiða í senn vera að hámarki 30 dagar en þó aldrei fleiri en 60 dagar á hverju almanaksári. Að öðru leyti gildir ákvæði 1. gr.

Ákvæði þetta gildir fram til 31. desember 2009.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2008.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram sem liður í aðgerðum ríkisstjórnarinnar til að styrkja atvinnulíf í sjávarbyggðum sem eiga í erfiðleikum vegna ákvörðunar stjórnvalda um samdrátt þorskveiðiheimilda. Við smíði frumvarpsins var haft samráð við Samtök fiskvinnslustöðva sem og Starfsgreinasambandið.

Lög um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks kveða á um rétt fyrirtækja, sem starfrækja fiskvinnslu og greiða starfsfólki sínu föst laun fyrir dagvinnu í tímabundinni vinnslustöðvun í samræmi við ákvæði kjarasamninga, til greiðslna úr Atvinnuleysistryggingasjóði fyrir hvern heilan vinnudag sem fyrirtæki greiðir starfsmönnum laun meðan á tímabundinni vinnslustöðvun stendur samkvæmt nánar tilgreindum skilyrðum. Í því skyni að koma til móts við þessi fyrirtæki vegna framangreinds samdráttar aflaheimilda er lagt til að greiðsludagar sem heimilt er að greiða fyrirtækjum í einni vinnslustöðvun verði 30 talsins í stað 20 samkvæmt gildandi lögum. Að því er varðar heildarfjölda greiðsludaga á ári hverju er jafnframt lagt til að heimilt verði að greiða fyrir allt að 60 vinnudaga til sama fyrirtækis í stað 45 daga áður.

Gert er ráð fyrir að breytingar þær sem lagðar eru til á fjölda greiðsludaga með frumvarpi þessu verði tímabundnar og komi því fram í ákvæði til bráðabirgða við lögin sem falli úr gildi að liðnum tveimur árum frá gildistöku.

Breyting sú sem lögð er til á 4. mgr. 1. gr. laganna er í samræmi við þær breytingar sem gerðar voru á atvinnuleysistryggingakerfinu með lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar. Er því lagt til að í stað hámarksdagpeninga komi óskertar grunnatvinnuleysisbætur í samræmi við 33. gr. laga um atvinnuleysistryggingar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 51/1995, um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks.

Frumvarpið er lagt fram sem liður í aðgerðum ríkisstjórnarinnar til að styrkja atvinnulíf í þeim sjávarbyggðum sem eiga í erfiðleikum vegna ákvörðunar stjórnvalda um samdrátt þorskveiðiheimilda. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að koma til móts við fyrirtæki sem starfrækja fiskvinnslu vegna tímabundinnar vinnustöðvunar sem rekja má til framangreinds samdráttar með því að fjölga greiðsludögum sem heimilt er að bæta fyrirtækjum í einni vinnslustöðvun úr 20 dögum eins og verið hefur í 30. Að því er varðar heildarfjölda greiðsludaga á ári hverju er jafnframt lagt til að heimilt verði að greiða fyrir allt að 60 vinnudaga á ári hverju til sama fyrirtækis í stað 45 daga áður. Gert er ráð fyrir að breytingar þær sem lagðar eru til á fjölda greiðsludaga með frumvarpi þessu verði tímabundnar og því er lagt til að ákvæði til bráðabirgða falli úr gildi að liðnum tveimur árum frá gildistöku þeirra.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er gert ráð fyrir að aukin útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs nemi 77 m.kr. á þessu ári og 140 m.kr. árið 2008. Eru gerðar tillögur um þann útgjaldaauka í fjáraukalagafrumvarpi 2007 og frumvarpi til fjárlaga 2008.

175. Frumvarp til laga [163. mál]

um breyting á lögum um vátryggingarsamninga, nr. 30/2004.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

82. gr. laganna orðast svo:

Á meðan félagið hefur ekki samþykkt að veita vátryggingu getur það óskað eftir upplýsingum sem hafa þýðingu fyrir mat þess á áhættunni. Í þeim tilgangi er félaginu heimilt að óska upplýsinga um sjúkdóma sem vátyggingartaki eða vátryggður, foreldri hans eða systkini eru haldin eða hafa verið haldin óháð því hvernig sjúkdómur hefur greinst. Slíkra upplýsinga skal aflað beint hjá vátryggingartaka, eða eftir atvikum vátryggðum, sem skal veita rétt og tæmandi svör eftir bestu vitund við spurningum félagsins. Vátryggingartaki, eða eftir atvikum vátryggður, skal staðfesta að þær upplýsingar sem hann veitir um sjúkdóma foreldra eða systkina sinna séu veittar með þeirra samþykki, enda sé með sanngirni hægt að ætlast til að hann hafi getað aflað slíks samþykkis. Afli vátryggingafélag upplýsinga um sjúkdóma vátryggingartaka eða vátryggðs frá öðrum en honum skal, áður en þeirra er aflað, liggja fyrir skriflegt upplýst samþykki hans. Vátryggingartaki, og eftir atvikum vátryggður, skal að eigin frumkvæði veita upplýsingar um sérstök atvik sem hann veit, eða má vita, að hafa verulega þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er félaginu óheimilt fyrir eða eftir gerð samnings um persónutryggingu, að óska eftir, afla með einhverjum öðrum hætti, taka við eða hagnýta sér upplýs-

ingar sem fengnar eru úr niðurstöðu erfðarannsóknar á einstaklingi og geta gefið til kynna hættu á að hann þrói með sér eða fái tiltekinn sjúkdóm. Félaginu er einnig óheimilt að óska eftir rannsóknum sem teljast nauðsynlegar til þess að kostur sé á að fá slíkar upplýsingar.

Synji félagið að veita persónutryggingu skal það rökstyðja synjunina sé eftir því leitað.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Með frumvarpi þessu er lögð til breyting á 82. gr. laga um vátryggingarsamninga, nr. 30/2004, sem fjallar um upplýsingaöflun við töku persónutrygginga.

Eftir gildistöku laganna hefur við túlkun og framkvæmd 82. gr. risið vafi um hvort unnt sé að svara spurningum um heilsufar náinna skyldmenna án þess að í því felist miðlun upplýsinga um erfðaeiginleika og þar með hvort í bannreglu ákvæðisins felist að ekki megi óska upplýsinga um heilsufar þeirra.

Ljóst er að tilgangurinn með ákvæði 2. mgr. 82. gr. laganna var ekki sá að banna notkun upplýsinga um heilsufar náinna skyldmenna þess er óskar vátryggingar. Markmiðið var að ákveða mörk upplýsingaskyldu og heimildar vátryggingafélaga til að nýta sér heilbrigðisupplýsingar. Mikilvægt er að skýrt liggi fyrir hvar þessi mörk liggja. Er enda slík upplýsingaöflun nauðsynleg til þess að koma í veg fyrir neikvætt úrtak og til þess að vátryggingafélag geti metið hlutlaust þá áhættu sem vátryggja á til þess að geta ákveðið iðgjald og metið hvort vátrygging skuli veitt samkvæmt almennum skilmálum.

Þar sem um er að ræða mikilvægt ákvæði er varðar persónutryggingar er með frumvarpi þessu lögð til breyting á ákvæðinu til að eyða þessum vafa. Vinna við frumvarp sama efnis var langt komin vorið 2006 og komu þá að undirbúningi þess, auk nefndarmanna efnahags- og viðskiptanefndar, sérfræðingar viðskiptaráðuneytis, Fjármálaeftirlitsins og Persónuverndar. Á 133. löggjafarþingi var síðan lagt fram frumvarp til breytinga á ákvæðum 82. gr. en náði ekki fram að ganga. Náði málið þó það langt að meiri hluti efnahags- og viðskiptanefndar lagði fram breytingartillögu við frumvarp viðskiptaráðherra sem unnin var í samvinnu við Fjármálaeftirlitið, Persónuvernd og Samtök fjármálafyrirtækja.

II. Almennt um 82. gr. laga nr. 30/2004.

Persónutryggingar lúta að lífi og heilsu hins vátryggða. Upplýsingagjöf vátryggingartaka hefur mikla þýðingu, enda er það vátryggingartaki, eða hinn vátryggði, sem að jafnaði býr yfir þeim upplýsingum sem vátryggingafélag þarf á að halda.

Með 82. gr. gildandi laga um vátryggingarsamninga var leitast við að skýra betur upplýsingaskyldu vátryggingartaka við töku persónutrygginga. Í ákvæðinu felst að vátryggingartaki eða vátryggður þarf ekki að hafa frumkvæði að upplýsingagjöf heldur stendur skylda hans til að svara spurningum vátryggjanda/vátryggingafélags. Frumkvæði hvílir þó hjá vátryggingartaka eða vátryggðum í þeim tilvikum er upplýsingarnar hafa verulega þýðingu fyrir mat félagsins á áhættunni og honum verið ljós þessi sérstöku atriði og hann vitað um þýðingu upplýsinganna fyrir félagið. Helsta nýmæli ákvæðisins laut að takmörkun á heimild vátryggingafélaga til að óska upplýsinga um heilsufar vátryggingartaka með rannsókn á erfðaeiginleikum hans. Ákvæði 2. mgr. leggur bann við hagnýtingu upplýsinga um erfðaeiginleika vátryggingartaka/vátryggðs og hættu á því að hann þrói með sér eða fái sjúkdóm.

Fram kom í athugasemdum með frumvarpi því er varð að lögum nr. 30/2004 að tilefni bannreglunnar væri ekki hættan á misnotkun slíkra upplýsinga heldur sú staðreynd „að hægt sé að spá fyrir um það með erfðafræðilegum rannsóknum, að ekki sé talað um rannsóknir á lífsýnum úr fólki, hvernig því muni farnast heilsufarslega í framtíðinni“.

Unnt er að ákveðnu leyti að fá upplýst hvort viðkomandi einstaklingur er líklegur til að þróa með sér eða fá tiltekinn sjúkdóm í framtíðinni með rannsóknum sem gefa upplýsingar um erfðaefni heilbrigðs einstaklings. Niðurstöður slíkra erfðafræðilegra rannsókna geta haft þýðingu fyrir viðkomandi einstakling og nánustu ættingja. Síðustu ár hafa jafnframt þróast rannsóknaraðferðir sem gera mönnum kleift að rannsaka og kortleggja erfðaefni einstaklinga í áður óþekktum mæli. Í greinargerð með dönsku lögunum, sem notuð voru sem fyrirmynd við samningu bannreglu 82. gr. í frumvarpi því er varð að lögum nr. 30/2004, kemur fram að með rannsókn á erfðaeiginleika sé átt við DNA-próf, RNA-greiningar eða aðrar rannsóknir, t.d. vefja- og blóðrannsóknir, sem gerðar eru í því skyni að leggja mat á erfðafræðilega áhættu þess er óskar vátryggingar.

Bannregla 2. mgr. tekur ekki til upplýsinga um sjúkdóma, sem einstaklingur annaðhvort er haldinn eða hefur haft einkenni um, þrátt fyrir að slíkar upplýsingar geti falið í sér upplýsingar um hættu viðkomandi á að þróa með sér eða fá sjúkdóma í framtíðinni. Bannið tekur þannig, sem dæmi, ekki til upplýsinga um hvernig sjúkdómur, sem einstaklingur hefur þegar fengið, muni þróast í framtíðinni. Bannið tekur heldur ekki til upplýsinga um breytingar sem þurfa ekki að lúta beint að sjúkdómum, en geta veitt vísbendingu um hættu á sjúkdómum síðar, svo sem magn kólesteróls í blóði eða of hár blóðþrýstingur. Þá tekur bannið ekki til upplýsinga um hvort einstaklingur hafi greinst HIV-jákvæður þar sem slíkar upplýsingar lýsa ekki erfðaeiginleikum.

Bannið gegn því að óska eftir erfðafræðilegum upplýsingum þýðir því m.a. að vátryggingafélaginu er ekki heimilt að byggja iðgjaldaákvörðun eða veitingu vátryggingar á kröfu um að erfðarannsókn fari fram. Félaginu er ekki heldur heimilt að spyrja hvort slík rannsókn hafi farið fram.

Í lokamálslið 2. mgr. kemur fram að heimilt sé að óska upplýsinga um núverandi eða fyrra heilsufar vátryggingartaka eða annarra einstaklinga. Tilgangur vátryggingafélags með því að óska upplýsinga um fjölskyldusögu vátryggingartaka eða vátryggðs er að meta þá áhættu sem felst í því að veita umsækjanda vátryggingarvernd hjá félaginu. Geta upplýsingar þessar m.a. leitt til þess að vátryggingafélag óski þess að heilsufar vátryggðs verði rannsakað frekar. Hefur þetta verið framkvæmt með þeim hætti að á umsóknareyðublaði líftryggingarfélaga er spurt hvort foreldrar eða systkini hafi eða hafi haft tiltekna sjúkdóma. Þannig getur jákvætt svar við slíkri spurningu gefið tilefni til frekari rannsókna á þeim er óskar vátryggingar þar sem tilteknir sjúkdómar sem foreldrar og systkini hafa borið geta aukið áhættu annarra skyldmenna. Er þetta viðurkennd leið sem íslensk jafnt og erlend vátryggingafélög beita við áhættumat við töku vátrygginga. Með frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að breyting verði á þessari framkvæmd.

III. Efni frumvarpsins.

Við töku persónutrygginga er mikilvægt að vátryggingafélag láti fara fram áhættumat. Liður í áhættumati vátryggingafélags við gerð vátryggingarsamninga í persónutryggingum er að afla upplýsinga um heilsufar þess sem vátryggja á og kanna hvort vátrygging skuli veitt samkvæmt almennum skilmálum og venjulegu iðgjaldi. Er upplýsingagjöf vátryggingartaka grundvöllur slíks áhættumats. Mat á áhættu hefur áhrif á iðgjaldaákvörðun vátryggingafélags,

enda er það grundvallaratriði að iðgjöld taki mið af þeirri áhættu sem fyrir hendi er þannig að vátryggingafélag eigi jafnan fyrir fjárhagslegum skuldbindingum sínum.

Lögð er til breyting á 1. mgr. þannig að nýr málsliður, 2. málsl., bætist við málsgreinina. Samkvæmt honum er vátryggingafélagi heimilt að afla upplýsinga um þá sjúkdóma sem vátryggingartaki, eða vátryggður, svo og foreldrar og systkini vátryggðs eru haldin eða hafa haft og félagið telur nauðsynlegt að fá vitneskju um til að geta lagt mat á hina væntanlegu vátryggðu áhættu. Í gildandi lögum er vísað til heilsufars, sbr. lokamálslið 2. mgr. sem frumvarpið leggur til að verði felldur brott, en frumvarpið gerir ráð fyrir að umsækjandi gefi upplýsingar um tilgreinda sjúkdóma sem spurt kann að verða um. Breyting þessi er lögð til þar sem ekki er hægt að ætlast til að umsækjandi sem ekki býr yfir þekkingu á læknisfræði geti lagt almennt mat á heilsufar sitt eða þessara tilteknu nákomnu ættingja. Með sanngirni er hins vegar hægt að gera þá kröfu til viðkomandi að hann viti um þá sjúkdóma sem máli kunna að skipta við áhættumatið. Heimild vátryggingafélags til upplýsingaöflunar er þó takmörkuð af bannreglu 2. mgr. sem vikið verður að síðar. Frumvarpið gerir ráð fyrir að ekki skipti máli við hvaða aðstæður sjúkdómsgreining hefur átt sér stað. Eftir sem áður hvílir sú skylda á herðum þess er óskar vátryggingar að veita tæmandi svör við spurningum vátryggingafélagsins. Hafi sjúkdómsgreining t.d. orðið til samhliða erfðafræðirannsókn sem vátryggingartaki tók þátt í ber honum að gefa vátryggingafélaginu upplýsingar um þá greiningu, enda hafi það spurt um þann tiltekna sjúkdóm. Að öðru leyti hefur vátryggingafélagið ekki rétt til að nýta sér þær upplýsingar aðrar sem kunna að hafa orðið til við erfðafræðirannsóknina.

Frumvarpið leggur ekki til aðrar breytingar á 3. málsl. 1. mgr. (2. málsl. í gildandi lögum) en þær að orðunum „eftir bestu vitund“ er skeytt inn. Í ljósi þess að vátryggingartaki kann að hafa alist upp fjarri öðru foreldri sínu eða báðum, veit jafnvel ekki hver þau eru, eða annaðhvort eða bæði látin, er ekki sanngjarnt að ætlast til að hann búi yfir upplýsingum um þá sjúkdóma sem þeir hafa verið haldnir.

Auk 2. málsl. er það nýmæli að frumvarpið leggur til að nýr málsliður, 4. málsl., bætist við málsgreinina. Samkvæmt honum er gert ráð fyrir að vátryggingartaki, eða eftir atvikum vátryggður, staðfesti við umsókn um töku vátryggingar að hann hafi hlotið samþykki foreldra sinna eða systkina á því að hann megi gefa upplýsingar um að þau séu haldin eða hafi verið haldin tilteknum sjúkdómum sem um er spurt. Áfram er gert ráð fyrir að spurningar á umsóknareyðublaði séu með þeim hætti að tiltekinn sjúkdómur verði ekki tengdur tilteknum einstaklingi. Það vill segja að spyrja skal um foreldra og systkini sem eina heild, t.d.: Hefur foreldri eða systkini þitt fengið sjúkdóminn A? Ákvæðið gerir jafnframt ráð fyrir því að vátryggingartaka sé, af ýmsum ástæðum, ekki mögulegt að verða við þessum kröfum. Má þar taka sem dæmi að foreldri eða systkini hans séu látin, vátryggingartaki þekki í raun ekki blóðforeldra eða samband systkina hafi rofnað um svo langa hríð að vátryggingartaki hafi ekki tök á að afla samþykkis viðkomandi fyrir upplýsingagjöfinni. Gera má ráð fyrir að ákvæði málsliðarins kalli á endurskoðun á verklagi vátryggingafélaga, þar á meðal á þeim umsóknareyðublöðum sem vátryggingartakar þurfa að útfylla.

Þótt ekki sé lögð til efnisleg breyting á 5. málsl. 1. mgr. (4. málsl. í gildandi lögum) um upplýsingaöflun frá öðrum en vátryggingartaka eða vátryggðum þykir rétt að hnykkja á því að ákvæðið vísar til upplýsinga um sjúkdóm eða sjúkdóma sem vátryggingartaki er eða hefur verið haldinn og sem aflað er hjá öðrum en vátryggingartaka, svo sem læknum og öðrum heilbrigðisstéttum, og koma úr sjúkraskrám eða öðrum sambærilegum skrám sem kunna að vera haldnar á sjúkra- eða heilbrigðisstofnunum. Eins og í gildandi lögum gerir frumvarpið áfram ráð fyrir að þessar upplýsingar varði vátryggingartakann, ekki aðra einstaklinga. Er áfram gert

ráð fyrir því að heimild vátryggingafélags til þess að afla upplýsinga úr slíkum skrám sé bundin við upplýst samþykki viðkomandi. Er efni málsgreinarinnar í samræmi við 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga um persónvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000.

Ekki er lögð til efnisbreyting á 6. málsl. 1. mgr. (5. málsl. í gildandi lögum).

Lögð er til breyting á 2. mgr. ákvæðisins sem felur í sér að vátryggingafélagi er óheimilt að nýta sér niðurstöður erfðarannsókna en gildandi lög vísa til upplýsinga um erfðaeiginleika manns. Með erfðarannsókn er einkum átt við DNA-rannsókn, RNA-greiningu og vefja- og blóðrannsókn sem gerð er í þeim tilgangi að meta hættu einstaklings á því að verða síðar veikur. Hafi á hinn bóginn sjúkdómur verið greindur með erfðarannsókn, t.d. DNA-rannsókn, er félaginu heimilt að nýta þær upplýsingar í áhættumati sínu, en ekki aðrar upplýsingar, sbr. umfjöllun um 2. málsl. 1. mgr. Jafnframt væri vátryggingartaka, eða vátryggðum, skylt að upplýsa um sjálfa sjúkdómsgreininguna sem hefði fengist við erfðarannsóknina, sbr. greinargerð með gr. 3a í dönsku vátryggingarsamningalögunum, nr. 129/1930, sbr. breytingalög nr. 413/1997, sem er fyrirmynd ákvæðisins í 82. gr. Með breytingu þessari er leitast við að eyða vafa um hvers konar upplýsingar það eru sem vátryggingafélagi sé óheimilt að nota í áhættumati sínu. Í orðalagi málsgreinarinnar felst jafnframt að reglur um vanrækta upplýsingagjöf eiga ekki við í þeim tilfellum er vátryggingartaki eða vátryggður upplýsir ekki um erfðafræðilegar upplýsingar, enda væri vátryggingafélagi ekki heimilt að taka við slíkum upplýsingum, að öðru leyti en því sem að framan greinir um sjúkdómsgreiningar sem slíkar.

Frumvarpið leggur ekki til breytingu á ákvæði 3. mgr.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um vátryggingarsamninga, nr. 30/2004.

Markmið frumvarpsins er að leggja til nánari afmörkun á heimild vátryggingafélaga til upplýsingaöflunar. Með frumvarpinu er lögð til sú breyting að í stað þess að vísa til heilsufars annarra gerir frumvarpið ráð fyrir að upplýsingaöflunin varði sjúkdóma sem foreldrar eða systkini vátryggingartaka hafa verið haldin eða eru haldin. Þá er í frumvarpinu lagt til að vátryggingartaki staðfesti við umsókn um vátryggingu að hann hafi hlotið heimild foreldra eða systkina fyrir því að hann megi veita þessar upplýsingar.

Í greinargerð með frumvarpinu er gert ráð fyrir að þessar breytingar kalli á endurskoðun á verklagi vátryggingafélaga, þar á meðal á þeim umsóknareyðublöðum sem vátryggingartakar þurfa að útfylla, þar sem gera þarf ráð fyrir þeim möguleika að vátryggingartaki fái af einhverjum ástæðum ekki samþykki foreldra eða systkina fyrir því að veita umbeðnar upplýsingar.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

176. Svar [108. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Guðmundar Steingrímssonar um stöðu forsjárforeldra sem hafa annað lögheimili en börn þeirra.

1. *Hyggst ráðherra láta nefnd á vegum ráðuneytisins, sem kanna á félagslega, fjárhagslega og réttarfarslega stöðu einstæðra og forsjárlausra foreldra, kanna á sama hátt stöðu foreldra sem eru með sameiginlegt forræði en hafa annað lögheimili en börn þeirra og eru í flestum tilvikum meðlagsgreiðendur?*

Félagsmálaráðherra hefur ákveðið að skipa nefnd er fjalli um stöðu einstæðra og forsjárlausra foreldra og réttarstöðu barna þeirra. Nefndinni verður jafnframt falið að fjalla um réttarstöðu stjúpforeldra og aðstæður þeirra. Nefndin er skipuð í samræmi við þingsályktun um aðgerðaáætlun til fjögurra ára til að styrkja stöðu barna og ungmenna sem samþykkt var á 134. löggjafarþingi.

Meginverkefni nefndarinnar verða að kanna fjárhagslega og félagslega stöðu einstæðra og forsjárlausra foreldra og stjúpforeldra, að skipuleggja og vinna að söfnun upplýsinga um þessa hópa foreldra og stöðu þeirra, að fara yfir réttarreglur sem varða hópana og gera tillögur til hlutaðeigandi ráðherra um hugsanlegar úrbætur í málefnum þeirra á grundvelli löggjafar og/eða tiltekinna aðgerða. Félagsmálaráðherra skipar formann nefndarinnar en óskað hefur verið eftir tilnefningum í nefndina frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti, menntamálaráðuneyti, Hagstofu Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Velferðarsviði Reykjavíkurborgar, Háskóla Íslands, Rannsóknarsetri í barna- og fjölskylduvernd, Félagsráðgjafafélagi Íslands, Heimili og skóla, Félagi einstæðra foreldra, Félagi stjúpfjölskyldna og Félagi ábyrgra feðra. Nefndin verður skipuð um leið og tilnefningar hafa borist frá öllum aðilum. Nefndin skal skila ráðherra tillögum sínum eigi síðar en 1. júlí 2008.

Að mati félagsmálaráðherra er nauðsynlegt að fara yfir gildandi löggjöf hér á landi með tilliti til breyttrar fjölskyldugerðar. Málefni foreldra sem eru með sameiginlegt forræði en hafa annað lögheimili en börn þeirra eru eðli málsins samkvæmt nátengd viðfangsefnum sem nefnd félagsmálaráðherra mun fjalla um. Ráðherra hefur gert ráð fyrir því að álitamál tengd réttarstöðu barna þessara foreldra og foreldranna sjálfra komi til skoðunar í ítarlegri yfirferð nefndarinnar yfir gildandi löggjöf hér á landi. Þau álitamál varða m.a. margvísleg réttindi tengd lögheimilisskráningu, meðlagsgreiðslum o.fl.

2. *Mun ráðherra mælast til þess að nefndin kanni hvort staða áðurnefndra foreldra sé í mörgum grundvallaratriðum svipuð stöðu forsjárlausra foreldra?*

Með vísan til svars við 1. lið gerir ráðherra ráð fyrir því að nefndin kanni stöðu þess hóps foreldra sem fyrirspurn varðar.

3. *Hyggst ráðherra ef til vill fá aðra aðila en nefndina til að kanna stöðu þessara forsjárforeldra?*

Nei, samsetning nefndarinnar er þess eðlis að eðlilegt er að hún fjalli jafnframt um stöðu þess hóps foreldra sem fyrirspurn varðar.

177. Frumvarp til laga [164. mál]

um breytingu á lögum nr. 19/1979, um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla.

Flm.: Atli Gíslason, Álfheiður Ingadóttir, Árni Þór Sigurðsson,
Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

1. gr.

6. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:
Uppsögn skal vera skrifleg, rökstudd og málefnaleg og miðast við mánaðamót.

2. gr.

Við lögin bætist ný grein er verður 11. gr. laganna og orðast svo:
Fyrir brot gegn lögum þessum má dæma þeim miskabætur sem misgert er við.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2008.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var fyrst flutt á 131. löggjafarþingi og aftur á 132. þingi en var í hvorugt skiptið rætt eða samþykkt.

Guðmundur Ingvi Sigurðsson hæstaréttarlögmaður ritaði grein í Tímarit lögfræðinga, 3. hefti 1975, sem ber heitið Uppsögn vinnusamninga. Í greininni segir hann meðal annars orðrétt:

„Tilkynning um slit á vinnusamningi, uppsögn, getur haft í för með sér margvísleg óþægindi fyrir þann, sem fyrir verður, hvort sem það er vinnuveitandinn eða launþeginn. Það er auðvitað augljóst, hvaða ástæður valda reglum um uppsagnarfrest, sem sé þær að draga sem mest úr óþægindum og tjóni, sem kunna að leiða af fyrirvaralausri eða fyrirvaralítilli uppsögn. Fyrirvaralaus uppsögn getur valdið mikilli röskun í lífi launþegans, sem fyrir verður, svo að ekki sé talað um þá móðgun, sem getur falist í henni. Launþegar eru sjaldnast svo vel fjáðir, að þeir þoli að missa af þeim tekjum, sem stöðug vinna skapar. Það er því eðlilegt og sjálfsagt, að þeir eigi rétt á rúmum uppsagnarfresti, svo þeim gefist færi á að útvega sér atvinnu í tæka tíð. Það getur og verið mjög bagalegt fyrir vinnuveitanda, ef launþegi stekkur fyrirvaralaust úr vistinni, og því eðlilegt að uppsagnarfrestur sé gagnkvæmur.“

Guðmundur Ingvi Sigurðsson ritar hér af næmum skilningi á stöðu launafólks grein sem fjallar fyrst og fremst um rétt til uppsagnarfrests. Hann var lögfestur fjórum árum síðar með lögum nr. 19/1979 en umsaminn áður í mörgum kjarasamningum.

Í núgildandi lögum er kveðið á um lengd uppsagnarfrests og að uppsagnir skuli vera skriflegar. Í sérlögum er að finna ákvæði sem takmarka rétt atvinnurekanda til uppsagna, svo sem þegar trúnaðarmenn eiga í hlut og launafólk í fæðingarorlofi. Einnig eru sérákvæði sem takmarka uppsagnarrétt, svo sem í jafnréttislögum, nr. 96/2000, lögum nr. 27/2000, um bann við uppsögnum vegna fjölskylduábyrgðar starfsmanna, lögum nr. 72/2002, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, og í lögum um hópuppsagnir, nr. 63/2000.

Almennt er ekki lögð sú skylda á atvinnurekendur og launafólk að tilgreina ástæður uppsagnar. Einber tilkynning um uppsögn nægir og atvinnurekandi getur leyst starfsmann þegar

í stað undan starfsskyldum en ber eðlilega að greiða laun á uppsagnarfresti. Um það eru fjölmörg gömul sem ný dæmi. Uppsagnir, svo ekki sé talað um geðþóttauppsagnir, valda enn sem fyrr mikilli röskun í lífi launamanna. Þær eru særandi og álitshnekkir og til þess fallnar að meiða æru launafólks þegar ráðningarsamband hefur staðið lengi. Þær eru jafnframt til þess fallnar að torvelda möguleika þess sem sagt er upp að fá nýtt starf. Bak við órökstuddar uppsagnir geta búið og búa oft ástæður sem fela í sér mismunun, einnig samkvæmt jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar um bann við mismunun vegna kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Alkunna er sú mismunun sem konur sæta í íslensku þjóðfélagi. Þær sæta órökstuddum uppsögnum vegna kynferðis síns auk þess að vera mismunað við ráðningar. Önnur staðreynd blasir einnig við. Hún er sú að það gerist æ algengara að miðaldra og eldra fólki með langan starfsaldur sé sagt upp og yngra starfsfólk ráðið í staðinn eða það heldur fremur störfum sínum. En leyndin, sú staðreynd að ekki þurfi að rökstyðja uppsagnir, útilokar einatt alla sönnun þess að þeim sem sagt er upp hafi verið mismunað eða að fyrrnefnd lög sem takmarka uppsagnir hafi verið brotin.

Reynslan virðist sú að harka og óbilgirni í samskiptum atvinnurekenda við starfsfólk færist í vöxt. Svo er að sjá að ný kynslóð auðmanna, sem hafa á undanförnum árum keypt eða yfirtekið hvert stórfyrirtækið af öðru, gjarnan að frumkvæði og fyrir fjármagn einokunarbankanna, beri meiri virðingu fyrir arði af fjármagni sínu og bankanna en fólki. Það er til að mynda þyngra en tárum taki að horfa til þess að starfsfólki sé sagt upp fyrirvaralaust og gert að hirða persónuleg gögn sín og hypja sig af vinnustað samdægurs undir eftirliti eins og um glæpamenn væri að ræða. Í því felast dylgjur um hæfni og eiginleika starfsmanns sem hann hefur lítil tök á að leiðrétta.

Við búum í lýðræðisþjóðfélagi þar sem heiðarleg gegnsæ samskipti atvinnurekanda og starfsfólks eiga að vera aðalsmerki. Það er engum ofraun að haga uppsögn með málefnalegum og rökstuddum hætti eins og lagt er til í frumvarpi þessu. Það er einfaldlega lagt til að komið sé fram við launafólk af virðingu.

Í samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar ILO-158 frá 1982 um uppsögn og ráðningarsamninga er kveðið á um það að sú meginregla gildi að atvinnurekandi megi ekki segja starfsmanni upp, nema ákvörðunin sé byggð á atvikum er varða hæfni og háttsemi hans eða ástæðum sem varða atvinnureksturinn. Gerð er krafa um gildar ástæður, „valid reasons“. Í samþykktinni er að finna upptalningu á ástæðum sem aldrei geta talist gildar, svo sem mismunun í blóra við mannréttindaákvæði, stéttarfélagsaðild o.fl. Svipaðar reglur hafa verið teknar upp í alþjóðasáttmála, svo sem félagsmálasáttmála Evrópu, og ýmis ákvæði mannréttindasáttmála Evrópu eiga samhljóm í samþykktinni. Samþykkt ILO hefur ekki verið innleidd hér á landi og aðeins í fáum Evrópuríkjum. Í löggjöf flestra Evrópuríkja, meðal annars Norðurlanda, hafa engu að síður verið sett lög sem takmarka uppsagnarrétt atvinnurekanda. Þau hafa lögleitt skilyrði um það að gildar og málefnalegar ástæður verði að liggja til grundvallar ákvörðun um uppsögn. Þessi skilyrði hafa ekki raskað starfsskilyrðum og samkeppnisstöðu fyrirtækja í viðkomandi löndum Evrópu. Verður ekki annað ætlað en að íslensk fyrirtæki geti starfað, vaxið og dafnað við sömu skilyrði. Það er aðeins verið að fara fram á að uppsögn byggist á málefnalegum og gildum rökum. Uppsögn starfsmanns skiptir litlu sem engu fyrir afkomu fyrirtækis og kostnaður af rökstuddri og málefnalegri uppsögn er enginn eða hverfandi í hlutfalli við það fjártjón og miska sem starfsfólk má þola vegna ómálefnalegra uppsagna. Lífsafkoma hvers launamanns stendur og fellur með reglulegum vinnutekjum. Í þessu samhengi verður að taka fram að flestir atvinnurekendur gera sér grein fyrir því að ánægt

starfsfólk, sem býr við starfsöryggi og góðan aðbúnað, er forsenda ábatasams reksturs. Í vel reknum fyrirtækjum eru uppsagnir rökstuddar og ekki gripið til þeirra nema önnur úrræði séu tæmd. Þegar fækka þarf starfsmönnum á samdráttarskeiði vel rekins fyrirtækis er því til dæmis mætt með því að ráða ekki í störf sem losna eða með því að útvega starfsmönnum vinnu hjá öðrum atvinnurekanda. Það eru fyrst og fremst forsvarsmenn illa rekinna fyrirtækja sem koma ekki fram við starfsfólk af virðingu og sjálfsagðri kurteisi þegar grípa þarf til uppsagna. Þeir gera sér ekki grein fyrir þeirri auðlegð sem felst í ánægðu og reyndu starfsfólki. Það má því færa fram gild rök fyrir því að það komi atvinnurekendum til góða, ekki síst þegar til lengri tíma er litið, að frumvarp þetta nái fram að ganga.

Fjölmargir dómar hafa gengið þar sem launafólki hafa verið játaðar skaðabætur vegna ólögmætra uppsagna. Dómstólar hafa hins vegar verið afar tregir til að dæma þeim sem misgert hefur verið við miskabætur, jafnvel ekki í þeim tilvikum þar sem unnt hefur verið að sýna fram á dómgreindarleysi, hörku og óbilgirni atvinnurekanda. Hafa dómstólar vísað til þess að lagaheimild skorti. Reyndar er fyrir hendi nýlegt dæmi um miskabætur greiddar opinberum starfsmanni í hárri stöðu á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga, nr. 50/1993. Er full ástæða til að lögleiða ótvíræða heimild til að greiða almennu launafólki miskabætur og einnig í tilvikum þegar 26. gr. laga nr. 50/1993 á ekki við, eins og nánar er rökstutt í skýringum með greininni. Sérregla um miskabætur vegna órökstuddra og eða ómálefnalegra uppsagna almenns launafólks hefur auk þess rík varnaðaráhrif.

Síðustu 10–15 árin hafa verið ár einkavæðingar og frelsis í viðskiptum. Þjóðfélagsgerð okkar hefur tekið stórstígum breytingum. Því miður er það svo að auknu frelsi hefur að bestu manna yfirsýn ekki fylgt ábyrgð. Með frumvarpi þessu er leitast við að sporna gegn ábyrgðarlausu frelsi við uppsagnir og einkavæða ábyrgðina.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt gildandi lögum skal uppsögn vera skrifleg. Með frumvarpinu er lagt til að uppsögn skuli jafnframt vera rökstudd og málefnaleg, þ.e. að fyrir uppsögn séu gildar ástæður. Hér er fyrst og fremst verið að horfa til uppsagna atvinnurekenda. Almennt má segja að það eigi ekki að vefjast fyrir atvinnurekanda eða starfsmanni að haga uppsögn þannig að hún uppfylli kröfur um málefnalegar og gildar ástæður svo sannað sé. Rökin verða fyrst og fremst að varða hæfni eða framgöngu starfsmanns eða rekstrarlegar ástæður. Í dæmaskyni má nefna að atvinnurekandi verður að líta til starfsreynslu, færni og menntunar og gæta þess almennt séð að segja fremur upp starfsmanni með styttri starfsaldur. Kjósi hann engu að síður að segja upp starfsmanni með lengri starfsaldur og reynslu verða að vera til þess málefnaleg rök. Þau geta verið margvísleg og átt sér rekstrarlegar forsendur. En ljóst er að veigameiri rök þarf til að segja upp starfsmanni sem á að baki langan starfsferil hjá atvinnurekanda og önnur og veigaminni ef starfsmanni er til að mynda sagt upp á reynslutíma eða skömmu eftir að honum lauk, ráðning var tíma- eða verkefnabundin eða starfið tilfallandi um stuttan tíma. Þá má ljóst vera að uppsögn verður aldrei rökstudd með stéttarfélagsaðild starfsmanns eða þátttöku hans í starfsemi stéttarfélaga, vegna kæru á hendur atvinnurekanda eða þátttöku í málaferlum vegna brota á lögum eða reglum, vegna jafnréttissjónarmiða, sbr. 65. gr. stjórnarskrárinnar, og annarra mannréttindaákvæða. Þá verða að koma fram veigamikil rök ef segja á launamanni upp störfum sem er tímabundið frá vinnu vegna veikinda eða slyss. Það teljast málefnaleg rök ef starfsmaður uppfyllir ekki þær kröfur sem voru forsendur ráðningar, er áhugalaus um starfið, óstundvís og þar fram eftir götunum. Í slíkum tilvikum verður þó að reikna með að

atvinnurekandi áminni viðkomandi starfsmann um að bæta ráð sitt, ella megi búast við uppsögn. Áður en til þess kemur er mikilvægt að atvinnurekandi gefi starfsmanni kost á að tjá sig. Alvarleg brot í starfi réttlæta uppsögn og jafnvel fyrirvaralausa ef þannig stendur á. Skýr starfsmannastefna og leiðbeinandi reglur um framkvæmd starfa og annað það sem viðkemur starfsemi atvinnurekanda eru til þess fallnar að auðvelda allar ákvarðanir um uppsagnir, þar með talið val á þeim starfsmanni eða starfsmönnum sem segja á upp.

Um 2. gr.

Um skýringar á greininni vísast aðallega til umfjöllunar hér að framan. Dómstólum er treyst til að ákvarða í hvaða tilvikum miskabætur eru réttlætanlegar og kveða á um fjárhæð þeirra. Til hliðsjónar mati á fjárhæð miskabóta verður meðal annars að horfa til starfsaldurs, til möguleika starfsmanns á að fá annað starf, til uppsagnarástæðna og rökstuðnings og almennt til sjónarmiða sem reifuð eru hér að framan.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

178. Fyrirspurn [165. mál]

til heilbrigðisráðherra um nýtt sjúkrahús í Vatnsmýrinni.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

1. Hvað líður áformum um nýtt háskólasjúkrahús í Vatnsmýrinni?
2. Hefur orðið stefnubreyting hvað uppbyggingu þess varðar?

Skriflegt svar óskast.

179. Fyrirspurn [166. mál]

til samgönguráðherra um íbúafjölgun og almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

1. Hvað er áætlað að íbúum á höfuðborgarsvæðinu fjölgi mikið næstu 10 árin miðað við áætlanir sveitarfélaganna um uppbyggingu?
2. Hvernig hyggst ráðherra bregðast við þörf sveitarfélaganna fyrir auknar almenningssamgöngur vegna þeirrar íbúafjölgunar?

Skriflegt svar óskast.

180. Fyrirspurn [167. mál]

til samgönguráðherra um Hafnarfjarðarveg.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

Telur ráðherra æskilegt að setja hluta Hafnarfjarðarvegar í stokk?

181. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [168. mál]

um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

Flm.: Ellert B. Schram, Gunnar Svavarsson, Katrín Júlíusdóttir.

1. gr.

8. gr. stjórnarskrárinnar orðast svo:

Nú verður sæti forseta lýðveldisins laust eða hann getur ekki gegnt störfum vegna sjúkleika eða af öðrum ástæðum og skulu þá forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti hæstaréttar fara með forsetavald. Forseti Alþingis stýrir fundum þeirra. Ef ágreiningur er þeirra í milli ræður meiri hluti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í 8. gr. stjórnarskrárinnar er kveðið á um að ef forseti Íslands geti ekki gegnt störfum um sinn vegna dvalar erlendis, sjúkleika eða af öðrum ástæðum skulu forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti hæstaréttar fara með vald forseta.

Hér er lagt til að orðunum um að forseti geti ekki gegnt störfum vegna dvalar erlendis verði sleppt úr ákvæðinu.

Ákvæðið er komið til ára sinna. Stjórnarskráin tók gildi árið 1944 þegar samgöngur og fjarskipti voru allt önnur og minni en nú þekkist. Hver sem er, forsetinn sem aðrir, geta skroppið til útlanda að morgni og komið heim að kvöldi. Forseti Íslands hefur öll tök á því að fylgjast með og sinna skyldum sínum, enda þótt hann fari utan í nokkra daga. Auðvitað þarf forseti Íslands að sinna opinberum heimsóknum og koma fram í nafni þjóðarinnar á margvíslegan hátt. Núverandi forseti hefur sömuleiðis verið ötull við að styðja við bakið á íslenskum fyrirtækjum og viðskiptamönnum, sem eru að hasla sér og íslensku framtaki völl á erlendri grund. Forseti Íslands má og getur farið í einkaerindum til útlanda og farið í leyfi til annarra landa. Störf forseta eru að breytast í krafti hnattvæðingar, útrásar og breyttra áherslna í verkahring embættisins. Hann er ekki lengur eingöngu til „heimabrúks“.

Það fyrirkomulag að þrír aðrir einstaklingar gegni starfi forseta Íslands þótt hann bregði sér „á milli bæja“ er óþarfi. Og raunar einsdæmi. Það er þar að auki barn síns tíma. Forsetinn er áfram forseti þótt hann sé erlendis.

Þá er þess að geta að hér er um að ræða verulegan kostnað, sem þetta tilstand hefur í för með sér. Þeir valdsmenn sem taka við forsetaembættinu í hvert skipti sem forseti Íslands hverfur úr landi fá greidd laun fyrir ómakið og upplýst hefur verið í fjölmiðlum að sá kostnaður nemi milljónum króna. Það er óþægileg umræða og ástæðulaus útgjöld, sem hægt er að spara eftir þá breytingu sem hér er lögð til.

182. Tillaga til þingsályktunar [169. mál]

um endurskoðun á skattamálum lögaðila.

Flm.: Ellert B. Schram.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að hefja nú þegar endurskoðun á skattamálum lögaðila, einkum einkahlutafélaga.

Greinargerð.

Í árslok 2001 var tekjuskattur á atvinnurekstur lækkaður, einkum í þeim tilgangi „að auka fjárfestingar erlendra aðila hér á landi og koma í veg fyrir að íslensk fyrirtæki flytji starfsemi sína til útlanda“.

Á 133. löggjafarþingi lagði flutningsmaður fyrirspurn fyrir fjármálaráðherra um þá reynslu sem fengist hefur af þessum skattalagabreytingum að því er varðar skatta á einkahlutafélög. Svar fjármálaráðherra nær yfir árin 2003–2005 (sjá þskj. 1186, 583. mál). Þar má meðal annars sjá að þúsundir einkahlutafélaga hafa verið stofnaðar til að nýta sér framangreindar skattalagabreytingar. Skráð félög af þessu tagi eru á árinu 2005 samtals 24.163 talsins. Langflest þeirra eru mynduð um þjónustustarfsemi og aðra starfsemi sem alls ekki er í samkeppni við útlönd. Hér eru í yfirgnæfandi meiri hluta fyrirtæki sem einstaklingar stofna um sína eigin þjónustu, en þar er skattgreiðanda heimilt, innan marka sem sett eru um svokallað „reiknað endurgjald“, að ákveða sér sjálfum laun en telja síðan afganginn af tekjum sínum fram sem arð af hlutafé. Í raun þýðir þetta að skattgreiðandinn getur oft að eigin ákvörðun náð fram verulegri lækkun á sköttum sínum. Skattur á einkahlutafélög er 18% og síðan eru arðgreiðslur skattlagðar með 10% fjármagnstekjuskatti. Á árinu 2005 greiddu 1.752 einkahlutafélög arð sem var umfram 100% af hlutafé og arðshlutfallið hjá þessum félögum var að meðaltali 650%.

Var þetta tilgangur laganna? Er það í samræmi við sanngjarnt og réttlátt skattkerfi að þúsundir skattgreiðenda geti hagrætt sköttum sínum með því að telja óeðlilegan hluta af tekjum sínum fram sem arð? Er það í samræmi við sanngjarnt og réttlátt skattkerfi að með hækkandi tekjum lækki það hlutfall sem greitt er í skatt? Fer nokkuð á milli mála að tilurð skattívilnana gagnvart einkahlutafélögum hefur leitt af sér óverjandi mismun á skattbyrði af raunverulegum tekjum einstaklinga?

Við lauslega athugun má ætla að skattalegur ávinningur þess hóps skattgreiðenda sem stofnað getur einkahlutafélög um atvinnu sína nemi að minnsta kosti einum milljarði króna á ári hverju.

Þegar framangreindar lagabreytingar voru gerðar á árinu 2001 var oftlega vísað til góðs fordæmis frá öðrum löndum um lækkun skatta á atvinnurekstur. Hins vegar var ekki gerð

grein fyrir því hvaða ákvæði er að finna í skattalöggjöf viðkomandi landa til að hindra að slík skattalækkun leiði til misréttis í skattlagningu einstakra þjóðfélagshópa. Nauðsynlegt er að þessara upplýsinga verði aflað í sambandi við þá endurskoðun sem hér er óskað eftir.

183. Tillaga til þingsályktunar [170. mál]

um yfirtöku ríkisins á Speli ehf. og niðurfellingu veggjalds um Hvalfjarðargöng.

Flm.: Jón Bjarnason, Árni Þór Sigurðsson, Katrín Jakobsdóttir, Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra og fjármálaráðherra að semja um yfirtöku ríkisins á Speli ehf. í því skyni að veggjald um Hvalfjarðargöng verði fellt niður eigi síðar en 1. júní 2008. Gert verði ráð fyrir kostnaði við verkefnið á fjárlögum ársins 2008.

Greinargerð.

Árið 1990 stofnuðu Vegagerðin, Járnblendifélagið hf. og Akranesbær félag um jarðgangagerð undir Hvalfjörð. Ári síðar stofnuðu þessir aðilar hlutafélagið Spöl ehf. Gangagerðin var boðin út 1994, framkvæmdir við göngin hófust 1996 og þau voru opnuð fyrir umferð tveimur árum síðar, þ.e 1998.

Með opnun Hvalfjarðarganga 11. júlí 1998 varð að veruleika samgöngumannvirki sem ekki var á dagskrá af hálfu ríkissjóðs og framkvæmdin var ekki á þágildandi samgönguáætlun. Spölur ehf. vann að verkefninu á grundvelli sérstakra laga og samnings við ríkissjóð sem heimiluðu félaginu að fjármagna, byggja og reka Hvalfjarðargöng. Opinberir aðilar áttu og eiga meiri hluta í Speli ehf. og kveðið er á um að ríkinu verði afhent göngin til eignar þegar þau hafa verið borguð upp, sem gert var ráð fyrir að yrði á 20 árum.

Öllum er kunnugt hvernig félaginu hefur tekist að uppfylla þau markmið sem sett voru í upphafi. Árangurinn af starfi félagsins er sá að umferð hefur aukist verulega milli höfuðborgarsvæðisins og Vesturlands og jákvæð áhrif vegtengingarinnar er langt umfram væntingar. Aukin umferð hefur gefið meiri tekjur en spáð var og það hefur gert mögulegt að lækka veggjöldin, sömuleiðis var árið 2005 samið um endurfjármögnun lána á hagstæðari kjörum. Að óbreyttu mun Spölur greiða lán sín að fullu 2018 og göngin þá renna til ríkissjóðs eins og samningar og lög gera ráð fyrir. Í upphafi var gengið út frá því að vegfarendur hefðu val um að aka Hvalfjarðargöng eða Hvalfjörðinn. Reynslan er sú að vel yfir 90% vegfarenda nota Hvalfjarðargöng og líta svo á að göngin séu eðlilegur hluti af vegakerfi landsmanna. Þrátt fyrir að Hvalfjarðargöng hafi verið byggð á ákveðnum forsendum um að veggjald greiddi upp stofnkostnað þá hafa forsendur breyst að því leyti að göngin eru eina vegamannvirkið á Íslandi þar sem sérstakri gjaldtöku er beitt. Ríkissjóður hefur haft margs konar hag af verkefninu sem m.a. kemur fram í mun minni stofnkostnaði og rekstri vegarins fyrir Hvalfjörð auk margs konar samfélagslegs ávinnings sem m.a. felst í styttri vegalengdum. Það sjónarmið að áframhaldandi gjaldtaka um Hvalfjarðargöng sé ósanngjörn á því rétt á sér í ljósi þess að aðrir vegir sem gerðir eru af ríkinu eru án veggjalds og ekki liggur fyrir nein heildarstefnumótun um hvort eða hvernig ríkið hyggst beita álagningu veggjalda við byggingu og rekstur umferðarmannvirkja. Jafnræðissjónarmið kalla því á að gjaldtöku þessari verði aflétt.

Þingmál um þetta efni hafa áður verið flutt. Meðal annars lagði Guðjón Guðmundsson á 131. löggjafarþingi fram þingsályktunartillögu um niðurfellingu eða verulega lækkun veggjalds í göngunum (þskj. 75, 75. mál) og er tillaga hans fylgiskjal með þessari tillögu. Þá voru málefni Hvalfjarðarganga talsvert til umræðu í aðdraganda síðustu alþingiskosninga og var þá einkum vakin athygli á því hversu mikil mismunun fælist í því fyrirkomulagi að innheimta veggjöld í göngunum, einum samgöngumannvirkja. Það viðhorf kom m.a. fram hjá oddvita Samfylkingarinnar í Norðvesturkjördæmi og hét hann því að beita sér fyrir breytingu á þessu fyrirkomulagi. Í grein Guðbjarts Hannessonar í Morgunblaðinu 12. febrúar sl. segir m.a.: „Allt frá því að Hvalfjarðargöngin voru tekin í notkun um mitt ár 1998 hafa orðið umtalsverðar breytingar í vegamálum á Íslandi og ráðist hefur verið í stórframkvæmdir án þess að gjaldtaka fylgdi. Ekki er gjaldtaka í Fáskrúðsfjarðargöng og ekki er áætlað að gjald verði tekið í Héðinsfjarðargöng og er þó um fleiri samgönguleiðir að ræða í báðum tilfellum. Þegar hugmyndir komu fyrst um Hvalfjarðargöng var nokkur andstaða við gangagerðina og ýmsir sögðu að göngin væru dekurverkefni íbúa Akraness og svæðisins sunnan Skarðsheiðar og að framkvæmdin myndi draga úr vegagerð annars staðar, einkum á Vesturlandi. Þannig var núverandi samgönguráðherra andstæðingur gangagerðarinnar á þeim tíma. Nú 8 árum síðar held ég að allir séu sammála um hvílíkt framfaraskref göngin voru fyrir byggðaþróun á Vesturlandi og Snæfellsnesi og alla þá fjölmörgu sem annars hefðu þurft að aka um Hvalfjörðinn. Umferð um göngin hefur aukist langt umfram umferðarspár og er meðtalsumferð komin yfir 5.000 bíla á dag. Það kann að virðast freistandi að halda veggjaldinu og reyna þannig að hraða tvöföldun Hvalfjarðarganga. Rökin gegn því eru hins vegar að það er augljós mismunun á samkeppnisstöðu byggðalaga norðan Hvalfjarðar gagnvart byggðum á Suðurlandi og Reykjanesi, að þurfa eitt svæða að greiða veggjald. Það er vandséð hvað réttlætir að ein leið út úr Reykjavík sé skattlögð.“ Og í niðurlagi greinarinnar segir: „Að vel athuguðu máli hef ég ákveðið að beita mér fyrir því að veggjaldið verði fellt niður sem fyrst ef ég fæ til þess völd og áhrif á Alþingi Íslendinga. Ég tel það auðveldlega hægt án þess að skerða fé til annarra vegaframkvæmda úti á landi.“ Fyrsti flutningsmaður þessarar tillögu skrifaði einnig um þetta mál sl. vetur og er grein hans í Skessuhorninu frá 21. febrúar sl. birt sem fylgiskjal með tillögunni. Þá samþykkti kjördæmisþing Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í Norðvesturkjördæmi ályktun í október 2004 þar sem skorað er „… á Alþingi og samgönguráðherra að beita sér fyrir átaki í samgöngubótum í Norðvesturkjördæmi og finna leiðir til að lækka gjaldtöku í Hvalfjarðargöng,“ eins og m.a. segir í ályktuninni.

Að mati flutningsmanna er skynsamlegasta leiðin sú að ríkið yfirtaki einkahlutafélagið Spöl og þar með allar skuldbindingar þess. Með því væri lúkningu þeirra samninga sem gerðir voru við Spöl ehf. árið 1995 flýtt. Þá yrði samhliða tekin ákvörðun um að fella niður veggjöldin í göngunum en í vegáætlun hvers árs yrði gert ráð fyrir framlagi til að standa undir rekstri ganganna eins og öðrum vegamannvirkjum og greiðslu áhvílandi lána vegna framkvæmdarinnar til ársins 2018. Nú munu lán Spalar ehf. nema um 3,9 milljörðum kr., en þar af er m.a. skuld við lífeyrissjóði um 2,7 milljarðar kr. og lánstími þeirra til ársins 2018. Rekstrarkostnaður Hvalfjarðarganga eru um 200 millj. kr. á ári, en niðurfelling veggjalds mundi lækka kostnað af rekstri ganganna.

Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Tillaga til þingsályktunar um veggjald í Hvalfjarðargöng. Sjá þskj. 75 (75. mál 131. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 2004–2005, bls. 697–698.

II. Fráleitt að nota veggjald um Hvalfjarðargöng til að fjármagna aðrar vegaframkvæmdir í landinu. Grein eftir Jón Bjarnason. (Skessuhorn 21. febrúar 2007.)

184. Fyrirspurn [171. mál]

til dómsmálaráðherra um nettælingu.

Frá Ágústi Ólafi Ágústssyni.

Mun ráðherra beita sér fyrir skýrari refsiheimildum um nettælingu gagnvart börnum í kynferðislegum tilgangi?

185. Fyrirspurn [172. mál]

til dómsmálaráðherra um tálbeitur í baráttu gegn barnaníðingum.

Frá Ágústi Ólafi Ágústssyni.

Er ráðherra tilbúinn að beita sér fyrir heimild handa lögreglu til að beita tálbeitum í baráttu sinni gegn barnaníðingum?

186. Fyrirspurn [173. mál]

til dómsmálaráðherra um heimsóknir í fangelsi.

Frá Ágústi Ólafi Ágústssyni.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að heimsóknartímum verði fjölgað í fangelsum landsins og að aðstæður til heimsókna fyrir aðstandendur fanga verði bættar, t.d. þannig að börn þurfi aldrei að fara inn fyrir veggi öryggisfangelsis?

187. Fyrirspurn [174. mál]

til forsætisráðherra um íslenska ákvæðið í Kyoto-bókuninni.

Frá Valgerði Sverrisdóttur.

Hver er stefna ríkisstjórnarinnar hvað varðar svokallað „íslenskt ákvæði“ í Kyoto-bókuninni (loftslagssamningi Sameinuðu þjóðanna)?

188. Fyrirspurn [175. mál]

til heilbrigðisráðherra um þjónustu við aldraða.

Frá Valgerði Sverrisdóttur.

Væntir ráðherra þess að þjónusta við aldraða, svo sem rekstur heimahjúkrunar og hjúkrunarrýma, færist til sveitarfélaganna á kjörtímabilinu?

189. Fyrirspurn [176. mál]

til heilbrigðisráðherra um bólusetningar gegn leghálskrabbameini.

Frá Valgerði Sverrisdóttur.

Hefur ráðherra áform um að koma á bólusetningum gegn veiru sem valdið getur leghálskrabbameini?

190. Fyrirspurn [177. mál]

til heilbrigðisráðherra um uppbyggingu hjúkrunarrýma.

Frá Valgerði Sverrisdóttur.

Hvernig stendur undirbúningur að 174 nýjum hjúkrunarrýmum sem kynnt voru 4. nóvember 2006 og stendur til að verði á Suðurlandi, í Kópavogi, Mosfellsbæ, Reykjanesbæ, Hafnarfirði, Ísafirði og Garðabæ?

Skriflegt svar óskast.

191. Fyrirspurn [178. mál]

til umhverfisráðherra um tillögur refanefndar og endurgreiðslu á kostnaði við veiðar á ref og mink.

Frá Guðnýju Helgu Björnsdóttur.

1. Hver hefur verið framgangur tillagna nefndar um áhrif refs í íslenskri náttúru sem skipuð var af umhverfisráðherra og skilaði niðurstöðum sínum 23. júní 2004?
2. Hvernig hefur verið fylgt eftir tillögu nefndarinnar um að veiðar á ref verði efldar við jaðra friðlandsins á Hornströndum?
3. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að sveitarfélögunum verði tryggð endurgreiðsla á 50% af kostnaði við veiðar á ref og mink?
4. Með hvaða hætti telur ráðherra unnt að samræma og skipuleggja betur veiðar á ref og mink þannig að nágrannasveitarfélög leggi jafnmikla áherslu á veiðarnar og árangurinn verði viðunandi?
5. Telur ráðherra koma til greina að sveitarfélögin verði undanþegin virðisaukaskatti eða fái hann endurgreiddan af verðlaunum fyrir refa- og minkaveiði á grundvelli reglugerðar nr. 248/1990 þar sem um samfélagslega þjónustu sé að ræða?

Skriflegt svar óskast.

192. Fyrirspurn [179. mál]

til sjávarútvegsráðherra um veiðar Færeyinga innan íslensku fiskveiðilögsögunnar.

Frá Grétari Mar Jónssyni.

1. Hver var heildarafli Færeyinga á Íslandsmiðum síðastliðin tvö fiskveiðiár og hver er staðan nú á fiskveiðiárinu 2007/2008?
2. Hvernig skiptist aflinn eftir tegundum?
3. Hvaða veiðarfæri voru notuð við veiðarnar?
4. Hvernig er eftirliti með veiðunum háttað?
5. Hefur verið beitt svonefndum skyndilokunum gagnvart veiðum Færeyinga?
6. Hversu oft á fyrrnefndu tímabili hefur verið farið um borð í færeysk skip til eftirlits og afli og veiðarfæri skoðuð?
7. Hversu oft hafa verið gerðar athugasemdir í skoðunarferðum?
8. Hefur komið til leyfissviptinga vegna brota á reglum?
9. Hvar er afla Færeyinga af Íslandsmiðum landað?
10. Er eitthvert eftirlit með löndunum?

193. Fyrirspurn [180. mál]

til dómsmálaráðherra um húsnæðismál lögreglustjórans á Suðurnesjum.

Frá Björk Guðjónsdóttur.

Hverjar eru áætlanir ráðherra um framtíðarlausn á húsnæðisvanda lögreglustjóraembættisins á Suðurnesjum?

194. Frumvarp til laga [181. mál]

um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

3. tölul. 3. mgr. 3. gr. laganna orðast svo: Verðbréfasjóðir, fjárfestingarsjóðir og lífeyrissjóðir sem og vörslufyrirtæki slíkra sjóða.

2. gr.

7. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna orðast svo: Rekstrarfélag verðbréfasjóða skv. c-lið 6. tölul. og 7. tölul. 1. mgr. 3. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á 3. og 4. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Á síðasta löggjafarþingi voru samþykkt á Alþingi lög nr. 111/2007, um breytingar á lagaákvæðum um fjármálafyrirtæki o.fl. Með lögunum var innleidd hér á landi tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipunum ráðsins 85/611/EBE og 93/6/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/22/EBE (e. Markets in Financial Instruments Directive eða MiFID-tilskipunin). Samhliða lögum nr. 111/2007 voru sett ný lög um kauphallir, nr. 110/2007, og ný lög um verðbréfaviðskipti, nr. 108/2007. Lög nr. 111/2007 taka gildi 1. nóvember nk.

Með b-lið 1. gr. laga nr. 111/2007 var 3. mgr. 3. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, breytt en þar er kveðið á um undanþágur fyrir tiltekna aðila frá skilyrðum laganna um starfsleyfi. Í tengslum við breytingar sem gerðar voru við meðferð frumvarpsins á Alþingi láðist að fella brott úr ákvæðinu tilvísun til rekstrarfélaga verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu. Því verða rekstrarfélög verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu undanskilin gildissviði laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, frá

gildistöku breytingalaganna 1. nóvember en það fer gegn öðrum ákvæðum laganna sem hafa þvert á móti að geyma ýmis ákvæði er varða slík rekstrarfélög.

Með a-lið 1. gr. laga nr. 111/2007 var 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 161/2002 jafnframt breytt. Við breytingu ákvæðisins riðlast röð stafliða þess frá því sem nú er, hins vegar láðist að gera ráð fyrir breytingunni í 7. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna, þar sem vísað er til stafliðar í 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. sömu laga.

Úr fyrrgreindum ágöllum er brýnt að bæta sem fyrst og er frumvarpið lagt fram í þeim tilgangi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæði 3. mgr. 3. gr. í gildandi lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, hefur að geyma undantekningar fyrir tiltekna aðila frá skilyrðum a-liðar 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna. Umræddir aðilar geta með öðrum orðum sinnt tiltekinni starfsemi, þ.e. móttöku og miðlun fyrirmæla frá viðskiptavinum um einn eða fleiri fjármálagerninga og framkvæmd slíkra fyrirmæla fyrir reikning þriðja aðila, án þess að hafa til þess starfsleyfi. Vegna innleiðingar MiFID-tilskipunarinnar var núgildandi a-lið 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. skipt upp í tvo sjálfstæða liði, a- og b-lið, með lögum nr. 111/2007, um breytingar á lagaákvæðum um fjármálafyrirtæki o.fl.

Í frumvarpi því er varð að lögum nr. 111/2007 var upphaflega lagt til að inngangsmálsliður 3. mgr. 3. gr. yrði samhljóða gildandi ákvæði að teknu tilliti til breytinga á stafliðum 6. tölul. 1. mgr. greinarinnar. Orðalagi inngangsmálsliðararins var hins vegar breytt úr „Þrátt fyrir 1. mgr. geta eftirtaldir aðilar sinnt starfsemi skv. a- og b-lið 6. tölul. 1. mgr. án starfsleyfis“ í „Aðilar þessir falla ekki undir gildissvið laganna“ samkvæmt breytingatillögu viðskiptanefndar Alþingis og þannig varð ákvæðið að lögum. Þegar lög nr. 111/2007 öðlast gildi, hinn 1. nóvember nk., mun 3. mgr. 3. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, fela í sér að tilteknir aðilar verða undanþegnir gildissviði laganna. Þar á meðal verða rekstrarfélög verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu, en ætlunin var ekki að undanþiggja þessa aðila ákvæðum laganna í heild.

Með frumvarpi þessu er lagt til að tilvísun til rekstrarfélaga verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu verði felld brott úr 3. tölul. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 161/2002, þar sem lögin gilda um fyrirtæki sem fengið hafa starfsleyfi skv. 6. gr. laganna, sbr. 4. gr. þeirra. Þeirra á meðal eru rekstrarfélög verðbréfasjóða, sbr. 7. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna, og lögin hafa að geyma ýmis ákvæði er varða slík rekstrarfélög.

Um 2. gr.

Í 3. gr. gildandi laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, er afmarkað hvaða starfsemi er starfsleyfisskyld samkvæmt lögunum. Í greininni felst að ekki má stunda þá starfsemi sem þar er talin upp, í sjö töluliðum, án starfsleyfis. Í 6. tölul. 1. mgr. greinarinnar er fjallað um viðskipti og þjónustu með fjármálagerninga samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti.

Með 1. gr. laga nr. 111/2007, um breytingar á lagaákvæðum um fjármálafyrirtæki o.fl., var framangreindum tölulið breytt til samræmis við A-hluta viðauka I í MiFID-tilskipuninni. Stafliðum 6. tölul. 1. mgr. greinarinnar var með öðrum orðum fjölgað úr fjórum í sex (a–g-liðir). Samkvæmt lögunum er gert ráð fyrir að eignastýring verði eftir sem áður starfsleyfisskyld starfsemi. Það sem breytist við gildistöku laga nr. 111/2007 er að kveðið verður á um það í c-lið 6. tölul., en í gildandi lögum er eignastýring talin upp í b-lið 6. tölul. Við setningu

breytingalaganna láðist hins vegar að gera ráð fyrir þessari breytingu í 7. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna. Hinn 1. nóvember nk. verður tilvísun til b-liðar 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 161/2002 tilvísun til framkvæmdar fyrirmæla fyrir hönd viðskiptavinar sem starfsleyfisskyldrar starfsemi samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki.

Ekki stóð til að breyta starfsleyfisheimildum rekstrarfélaga verðbréfasjóða á þá vegu að fella niður heimildir slíkra félaga til öflunar starfsleyfis vegna eignastýringar. Þvert á móti er gert ráð fyrir því í athugasemdum við 1. gr. frumvarpsins er varð að lögum nr. 111/2007 að rekstrarfélög verðbréfasjóða sinni eignastýringu, á grundvelli starfsleyfis, hér eftir sem hingað til. Annað væri enda í ósamræmi við 27. gr. laga nr. 161/2002 er kveður á um starfsheimildir rekstrarfélags og ekki var hróflað við með lögum nr. 111/2007. Samkvæmt greininni er rekstarfélagi heimilt að stunda eftirfarandi starfsemi, auk reksturs verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu: Eignastýringu, fjárfestingarráðgjöf, vörslu og stjórnun fjármálagerninga í sameiginlegri fjárfestingu. Ákvæði 27. gr. laga nr. 161/2002 byggist á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 85/611/EBE frá 20. desember 1985 um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum, með síðari breytingum, og var ekki breytt við innleiðingu MiFID-tilskipunarinnar.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Með frumvarpinu eru lagðar til tæknilegar breytingar á 3. og 4. gr. laganna sem snúa annars vegar að leyfisskyldri starfsemi og hins vegar að tegundum starfsleyfa.

Verði frumvarpið að óbreyttu samþykkt verður ekki séð að það muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

195. Frumvarp til laga [182. mál]

um brottfall laga nr. 39/1964, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

Lög um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, nr. 39/1964, falla úr gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpinu er lagt til að lög um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra verði felld brott. Lög um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra voru fyrst sett árið 1949 en lögin voru endurútgefin árið 1964. Lögin eru því komin til ára sinna og tákn þess tíma þegar þau voru samin. Verður hér á eftir gerð nánari grein fyrir þeim lagaákvæðum sem nú taka til þeirra einstaklinga sem lög nr. 39/1964 gilda jafnframt um.

Í lögum nr. 39/1964 er gert ráð að sé maður handtekinn vegna ölvunar tvisvar sinnum eða oftar með skömmu millibili skuli lögreglan tilkynna nafn hans til áfengisvarnaráðunauts eða áfengisvarnanefndar. Gert var ráð fyrir að áfengisvarnanefnd eða áfengisvarnaráðunautur væri til staðar í hverju sveitarfélagi sem hefði það hlutverk að aðstoða yfirvöld til að halda hlýðni við áfengislög og jafnframt að vinna gegn ólöglegri meðferð áfengis. Með lögum nr. 76/1998, um áfengis- og vímuvarnaráð, var áfengis- og vímuvarnaráð stofnað í samræmi við aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar í fíkniefna-, áfengis- og tóbaksvörnum. Með gildistöku laga um Lýðheilsustöð árið 2003 var öll starfsemi áfengis- og vímuvarnaráðs flutt yfir til Lýðheilsustöðvar sem starfar þar áfram í dag sem fagráð. Áfengis- og vímuvarnaráð hefur tekið að hluta við því starfi sem áður var falið áfengisvarnanefndum og áfengisvarnaráðunautum með lögum nr. 39/1964, þ.e. því hlutverki að efla og styrkja áfengis- og vímuvarnir og að sinna eftirliti með því að ákvæðum laga og reglugerða um áfengis- og vímuvarnir sé framfylgt. Bein afskipti af drykkjusjúkum, eins og gert er ráð fyrir í lögum nr. 39/1964, hefur ekki átt sér stað síðan áfengis- og vímuvarnaráð var stofnað. Starfsemi ráðsins miðar nú einvörðungu að því að miðla upplýsingum til almennings í formi forvarna. Samkvæmt lögum nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, kemur það í hlut þeirra að veita aðstoð við áfengissjúka og annast vímuefnavarnir. Jafnframt er gert ráð fyrir samkvæmt lögunum að félagsmálanefndir hlutist til um að nauðsynleg aðstoð og meðferð sé veitt að meðferð lokinni. Af framansögðu verður ráðið að áfengis- og vímuvarnaráð og félagsþjónusta í sveitarfélögum sinni því hlutverki í dag sem áfengisvarnaráðunautum og áfengisvarnanefndum var falið að gera áður fyrr með lögum nr. 39/1964.

Samkvæmt lögum nr. 39/1964 er gert ráð fyrir að meðferð drykkjusjúkra skuli vera í höndum lækna, sjúkrahúsa, heilsuverndarstöðva eða annarra stofnana, sem til þess hafa hlotið sérstakt leyfi heilbrigðisstjórnarinnar og háðar eru eftirliti hennar. Í lögum nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu, er byggt á því grundvallarsjónarmiði að haldið skuli uppi öflugu opinberu heilbrigðiskerfi sem allir landsmenn eiga jafnan aðgang að óháð efnahag og búsetu. Jafnframt er með lögunum tryggt virkt eftirlit með heilbrigðisþjónustu og gæðum hennar. Lög um heilbrigðisþjónustu hafa því að geyma mun sterkari ákvæði er varða heilbrigðisþjónustu sem veitt er drykkjusjúkum en lög nr. 39/1964 gera.

Eins og að framan er rakið gilda lög um réttindi sjúklinga um drykkjusjúka, þ.m.t. ákvæði er lúta að sjálfsákvörðunarrétti sjúklings. Í lögunum er tekið fram að ákvæði lögræðislaga gilda um samþykki fyrir meðferð sjúklinga sem vegna greindarskorts, eða af öðrum ástæðum sem þau lög tilgreina, eru ófærir um að taka ákvörðun um meðferð. Skv. b-lið 4. gr. lögræðislaga, nr. 71/1997, er heimilt að svipta mann lögræði með úrskurði dómara ef þörf krefur ef hann sökum ofdrykkju eða ofnotkunar ávana- og fíkniefna er ekki fær um að ráða persónulegum högum sínum eða fé. Í lögum nr. 39/1964 er gert ráð fyrir að þeir sem sviptir hafi verið sjálfræði vegna drykkjusýki skuli teknir til hælisvistar. Hælisvistun drykkjusjúkra, eins og gert er ráð fyrir í lögum nr. 39/1964, þekkist ekki í dag. Að uppfylltum skilyrðum b-liðar 4. gr. lögræðislaga, nr. 71/1997, er viðkomandi sjúklingur vistaður tímabundið á geðdeildum

sjúkrahúsa. Ekki þekkist nú að sjúklingur með drykkjusýki sé sendur í áfengis- og vímuefnameðferð án hans samþykkis, enda þykir slíkt ekki vænlegt til árangurs.

Samkvæmt 10. gr. laga nr. 39/1964 er ríkinu heimilt að veita styrki til bæjarfélaga og samtaka sem starfa að bindindis- og líknarmálum og reisa og reka á sinn kostnað hæli til aðhlynningar og lækninga á drykkjusjúku fólki. Til slíkra stofnana eru m.a. veittir styrkir úr Forvarnasjóði (áður gæsluvistarsjóður) skv. 7. gr. laga nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki. Í dag starfar Forvarnasjóður á grundvelli laga nr. 18/2003, um Lýðheilsustöð. Samkvæmt lögum um Lýðheilsustöð kemur það nú í hlut Lýðheilsustöðvar að ráðstafa fé úr Forvarnasjóði til verkefna á sviði áfengis- og vímuvarna í samráði við ráðherra að fengnum tillögum áfengis- og vímuvarnaráðs. Með hliðsjón af framansögðu er nauðsynlegt að ákvæði um gæsluvistarsjóð í lögum nr. 39/1964 verði felld brott.

Með vísan til framangreinds er lagt til að felld verði úr gildi lög nr. 39/1964, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um brottfall laga nr. 39/1964,
um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.

Í frumvarpinu er lagt til að lög um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra verði felld brott. Ekki verður séð að frumvarpið hafi teljandi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

196. Frumvarp til laga [183. mál]

um breytingu á lögum nr. 55/1996, um tæknifrjóvgun, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „frá því að það er frjóvgað“ í 5. mgr. kemur: með sæðisfrumu.
b. Við bætast tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Umframfósturvísir: Fósturvísir sem búinn er til með glasafrjóvgun í æxlunarskyni en nýtist ekki í þeim tilgangi.

Kjarnaflutningur: Aðgerð þegar kjarni er fjarlægður úr eggfrumu konu og komið þar fyrir kjarna úr líkamsfrumu.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður sem orðast svo: Ráðherra er heimilt að binda slík leyfi sérstökum skilyrðum, m.a. um hæfni og þekkingu starfsmanna rannsóknastofu, eftirlit heilbrigðisyfirvalda, upplýsingagjöf og aðstöðu.

b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Notkun umframfósturvísa til stofnfrumurannsókna skv. 12. gr. og kjarnaflutningur skv. 13. gr. er einungis heimill á rannsóknastofum sem fengið hafa til þess leyfi ráðherra. Ráðherra er heimilt að binda slíkt leyfi sérstökum skilyrðum, m.a. um hæfni og þekkingu starfsmanna rannsóknastofu, eftirlit heilbrigðisyfirvalda, upplýsingagjöf og aðstöðu. Áður en ráðherra tekur ákvörðun um veitingu leyfis samkvæmt ákvæði þessu skal hann leita umsagnar landlæknis. Brjóti leyfishafi gegn ákvæðum laga þessara eða reglna sem settar eru samkvæmt þeim eða gegn skilyrðum sem sett eru í leyfisbréfi getur ráðherra, eftir atvikum að undangenginni áminningu, svipt leyfishafa leyfi tímabundið, þar til bætt hefur verið úr annmörkum, eða að fullu.

3. gr.

Við 10. gr. laganna bætast þrjár nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2.–4. mgr. er heimilt, að hámarksgeymslutíma liðnum eða þegar skylt er að eyða fósturvísum skv. 3. og 4. mgr., að ráðstafa fósturvísum til aðila sem fengið hafa leyfi til að nota fósturvísa til stofnfrumurannsókna enda liggi fyrir upplýst samþykki beggja kynfrumugjafa til þess. Við ráðstöfun fósturvísa samkvæmt ákvæði þessu skulu upplýsingar um uppruna þeirra dulkóðaðar og kóðinn geymdur hjá ábyrgðarmanni leyfishafa. Ef hagsmunir kynfrumugjafa eða brýnir rannsóknarhagsmunir krefjast þess er heimilt með samþykki vísindasiðanefndar að afkóða upplýsingar um uppruna fósturvísa. Við afkóðun skal þess gætt að einungis þeir starfsmenn leyfishafa sem nauðsynlega þurfa hafi aðgang að upplýsingunum.

Kynfrumugjafi getur hvenær sem er afturkallað samþykki sitt skv. 5. mgr. og skal ábyrgðarmaður leyfishafa þá sjá til þess að fósturvísar frá viðkomandi kynfrumugjafa séu ekki nýttir til rannsókna og þeim eytt án ástæðulausra tafa.

Heimilt er að taka gjald fyrir ráðstöfun umframfósturvísa til leyfishafa skv. 5. mgr. er nemur kostnaði við ráðstöfunina. Flutningur fósturvísa úr landi er óheimill nema með samþykki kynfrumugjafa og vísindasiðanefndar.

4. gr.

11. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Rannsóknir á fósturvísum í tengslum við glasafrjóvgunarmeðferð.

Heilbrigðisstofnun sem fengið hefur leyfi skv. 1. mgr. 2. gr. er heimilt með upplýstu samþykki kynfrumugjafa að gera rannsóknir, tilraunir og aðgerðir á fósturvísum sem verða til við glasafrjóvgunarmeðferð og eru liður í henni eða gerðar til að greina arfgenga sjúkdóma í fósturvísunum sjálfum. Sama á við um rannsóknir sem miða að framförum í meðferð vegna ófrjósemi eða eru ætlaðar til aukins skilnings á orsökum meðfæddra sjúkdóma og fósturláta.

5. gr.

12. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Notkun umframfósturvísa til stofnfrumurannsókna.

Með samþykki vísindasiðanefndar er þeim sem hlotið hafa leyfi skv. 2. mgr. 2. gr. heimilt að nota umframfósturvísa, sem ráðstafað hefur verið til þeirra skv. 5. mgr. 10. gr., til að búa til stofnfrumulínur sem nýst geta til að afla þekkingar í líf- og læknisfræði eða til að bæta heilsu og lækna sjúkdóma. Vísindasiðanefnd skal m.a. leggja mat á það hvort framangreind skilyrði séu uppfyllt áður en hún veitir samþykki sitt.

6. gr.

Á eftir 12. gr. laganna koma tvær nýjar greinar sem orðast svo:

a. (13. gr.)

Leyfishöfum skv. 2. mgr. 2. gr. er heimilt með samþykki vísindasiðanefndar, eggfrumugjafa og þess sem erfðaefni stafar frá að framkvæma kjarnaflutning í þeim tilgangi að búa til stofnfrumulínur sem nýst geta til lækninga eða til að afla þekkingar í líf- og læknisfræði enda sé ekki talið unnt að ná sama árangri eða afla sömu þekkingar með notkun stofnfrumulína sem búnar eru til úr umframfósturvísum eða með öðrum hætti. Vísindasiðanefnd skal m.a. leggja mat á það hvort framangreind skilyrði séu uppfyllt áður en hún veitir samþykki sitt. Óheimilt er að rækta eggfrumu sem kjarnaflutningur hefur verið framkvæmdur á lengur en í 14 daga eða eftir að frumrákin kemur fram. Á öllum stigum er óheimilt að koma eggfrumu sem kjarnaflutningur hefur verið framkvæmdur á fyrir í legi konu.

b. (14. gr.)

Óheimilt er:

a. að rækta eða framleiða fósturvísa eingöngu í þeim tilgangi að gera á þeim rannsóknir,
b. að rækta fósturvísa lengur en í 14 daga utan líkamans eða eftir að frumrákin kemur fram,
c. að koma mannlegum fósturvísum fyrir í dýrum,
d. að framkvæma kjarnaflutning í æxlunarskyni (einræktun).

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. Við bætist nýr stafliður sem verður a-liður og orðast svo: almenn skilyrði fyrir veitingu leyfa skv. 2. gr.
b. Á eftir c-lið kemur nýr stafliður sem orðast svo: ráðstöfun fósturvísa skv. 5. mgr. 10. gr., fyrirkomulag við öflun upplýsts samþykkis kynfrumugjafa og hvert inntak þess skuli vera, hámarksgeymslutíma fósturvísa og eggfrumna sem kjarnaflutningur hefur verið framkvæmdur á hjá rannsóknaraðila, dulkóðun upplýsinga um uppruna fósturvísanna og hvenær heimilt sé að afkóða upplýsingarnar.
c. D-liður orðast svo: rannsóknir á fósturvísum og notkun umframfósturvísa til að búa til stofnfrumulínur skv. 11. og 12. gr.
d. Við bætist nýr stafliður sem orðast svo: kjarnaflutning skv. 13. gr.

8. gr.

Á eftir 1. mgr. 14. gr. laganna kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Brot gegn ákvæði 13. gr. og d-lið 14. gr. varðar sektum eða fangelsi allt að einu ári.

9. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um tæknifrjóvgun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna.**

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

11. gr.

Í stað orðsins „tæknifrjóvgunarlögum“ í 3. mgr. 2. gr. laga nr. 110/2000, um lífsýnasöfn, kemur: lögum um tæknifrjóvgun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Frumvarp það sem hér er lagt fram er samið af nefnd sem skipuð var af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra 5. október 2005 til að fjalla um nýtingu stofnfrumna til rannsókna og lækninga og semja drög að frumvarpi til laga um stofnfrumurannsóknir. Sveinn Magnússon, skrifstofustjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, var skipaður formaður nefndarinnar en aðrir nefndarmenn voru Sigurður Guðmundsson landlæknir, Magnús Karl Magnússon læknir, Björn Guðbjörnsson læknir, Þórarinn Guðjónsson frumulíffræðingur, Ingileif Jónsdóttir ónæmisfræðingur, Vilhjálmur Árnason prófessor, Sólveig Anna Bóasdóttir guðfræðingur og Jóhann Hjartarson lögfræðingur. Starfsmaður nefndarinnar var Ágúst Geir Ágústsson lögfræðingur. Nefndin kom saman til fundar um málið alls fimmtán sinnum áður en hún lauk störfum 21. júní 2006 en þann dag skilaði hún jafnframt niðurstöðum sínum til ráðherra í frumvarpsformi. Frumvarpið er nú endurflutt en það var áður flutt af heilbrigðisráðherra á 133. löggjafarþingi en hlaut ekki fullnaðarafgreiðslu. Frumvarpið fékk hins vegar umræðu og afgreiðslu í heilbrigðis- og trygginganefnd þingsins og lagði nefndin til að frumvarpið yrði samþykkt með fjórum breytingum. Tvær þessara breytingatillagna lutu að smávægilegum lagfæringum á frumvarpstextanum og hafa þær lagfæringar nú verið færðar inn í frumvarpstextann. Þriðja breytingartillagan laut að heimild ráðherra til að binda leyfi til að framkvæma tæknifrjóvgun tilteknum skilyrðum. Var breytingin lögð til í þeim tilgangi að gæta samræmis milli ákvæða laganna um útgáfu leyfa til að framkvæmda tæknifrjóvgun annars vegar og ákvæða frumvarpsins um útgáfu leyfa til stofnfrumurannsókna og kjarnaflutnings hins vegar. Hefur þessi breytingartillaga nú jafnframt verið felld inn í frumvarpið. Í fjórða og síðasta lagi lagði heilbrigðis- og trygginganefnd til að mælt yrði fyrir um það í lögunum að þau skyldi endurskoða fyrir 1. janúar 2008. Af nefndarálitinu er ljóst að tilefni þeirrar endurskoðunar sem nefndin taldi þörf á að fram færi varðaði önnur atriði í lögum um tæknifrjóvgun en frumvarp þetta lýtur að en það er að efni til alfarið afmarkað við lagabreytingar sem nauðsynlegar eru taldar til að heimila notkun fósturvísa til stofnfrumurannsókna. Af þessu tilefni skal það tekið fram að innan heilbrigðisráðuneytisins er nú hafin vinna við endurskoðun á ákvæðum laganna er varða tæknifrjóvgun og ákvæðum reglugerðar um tæknifrjóvgun og verða þau atriði sem vikið er að í nefndarálitinu þar m.a. til skoðunar.

Frumvarpsdrögin voru af hálfu ráðuneytisins send fjölmörgum aðilum til umsagnar í júlí 2006, þar á meðal heilbrigðisstofnunum, menntastofnunum, stjórnsýslustofnunum á þessu sviði, félögum heilbrigðisstarfsmanna, sjúklingafélögum, trúfélögum, líftæknifyrirtækjum og ýmsum öðrum aðilum. Alls bárust ráðuneytinu 24 umsagnir um drögin og voru þær almennt mjög jákvæðar. Frumvarpið var einnig sent út til umsagnar af hálfu heilbrigðis- og trygginganefndar og barst nefndinni 21 umsögn og voru þær jafnframt almennt mjög jákvæðar.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum nr. 55/1996, um tæknifrjóvgun. Sú ákvörðun að fella framangreind ákvæði inn í lög um tæknifrjóvgun helgast af þeirri staðreynd að öll helstu álitaefni sem taka þarf afstöðu til við lagasetningu um stofnfrumurannsóknir lúta að því hvort og þá að hvaða marki eigi að heimila notkun fósturvísa í því skyni að búa til stofnfrumulínur og eftir atvikum hvort leyfa eigi kjarnaflutning í læknisfræðilegum tilgangi með

notkun eggfrumu. Lýtur efni frumvarpsins þannig í reynd ekki að rannsóknum á stofnfrumum sem slíkum enda hefur almennt ekki verið talin ástæða til að setja sérstakar hömlur við slíkum rannsóknum hvorki frá siðfræðilegu né vísindalegu sjónarhorni. Hafa slíkar rannsóknir með notkun innfluttra stofnfrumulína í reynd verið leyfðar hér á landi með samþykki vísindasiðanefndar. Í þessu ljósi þykir rétt að fella lagaákvæði um þetta efni inn í lög um tæknifrjóvgun þar sem ákvæði núgildandi laga sem lúta að kynfrumum manna, fósturvísum og rannsóknum á þeim er að finna.

II. Staða fósturvísa samkvæmt núgildandi lögum og helstu breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu.

1. Almennt.

Samkvæmt núgildandi lögum er óheimilt að nota fósturvísa til að búa til stofnfrumulínur. Með frumvarpinu er lagt til að þessu banni verði aflétt að hluta með því kveða á um tilteknar heimildir til að nota umframfósturvísa í þessu skyni. Að baki þessum tillögum liggja veigamikil læknisfræðileg og þekkingarfræðileg rök sem nánar eru rakin hér á eftir. Við gerð frumvarpsins hefur jafnframt verið litið til þeirrar sérstöðu sem fósturvísar óneitanlega hafa sem viðfang rannsókna vegna eðlis þeirra og eiginleika en almennt er litið svo á að fósturvísar hafi siðferðilega stöðu umfram önnur lífsýni sem notuð eru til rannsókna. Við lagasetningu um þetta efni er því óhjákvæmilegt að tekin sé afstaða til þess hvort og þá í hvaða tilvikum sé réttlætanlegt að raska þeirri siðferðilegu stöðu sem hér um ræðir. Eru ákvæði frumvarpsins grundvölluð á slíku hagsmunamati og við það miðuð að ekki séu veittar ríkari heimildir til notkunar fósturvísa en nauðsynlegar þykja til að ná þeim markmiðum sem að er stefnt.

2. Heimildir til að búa til fósturvísa.

Samkvæmt lögum nr. 55/1996, um tæknifrjóvgun, er heimilt að búa til fósturvísa með glasafrjóvgunarmeðferð ef það er gert í æxlunartilgangi, þ.e. í þeim tilgangi að koma þeim síðar fyrir í legi konu, en skýrt bann er sett við því að fósturvísar séu búnir til eingöngu í þeim tilgangi að gera á þeim rannsóknir. Við framkvæmd glasafrjóvgunarmeðferðar í æxlunarskyni eru hins vegar að jafnaði búnir til fleiri fósturvísar en nýtast munu í þessu skyni. Ástæða þessa er fyrst og fremst sú að með því aukast líkurnar á því að til verði lífvænlegur fósturvísir til uppsetningar í leg konunnar og eru þeir fósturvísar sem búnir eru til skoðaðir og metnir sérstaklega í þessu ljósi. Fósturvísar sem ekki eru valdir til uppsetningar en þykja þó lífvænlegir eru að jafnaði geymdir til hugsanlegrar notkunar síðar í samræmi við ákvæði laganna. Er þetta viðurkennd framkvæmd við glasafrjóvgunarmeðferð og gert ráð fyrir henni í lögunum, sbr. 7.–10. gr., þar sem m.a. er fjallað um geymslu og eyðingu fósturvísa sem ekki nýtast í framangreindum tilgangi. Löggjafinn hefur því metið það svo að þeir hagsmunir sem í því eru fólgnir að aðstoða fólk við að eignast börn réttlæti að fósturvísar séu búnir til jafnvel þótt vitað sé að þeir muni ekki allir nýtast í þeim tilgangi. Í frumvarpinu eru ekki lagðar til breytingar á framangreindum ákvæðum að því er varðar heimildir til að búa til fósturvísa með samruna eggfrumu og sæðisfrumu. Þannig gerir frumvarpið áfram ráð fyrir að óheimilt verði að rækta eða framleiða fósturvísa með samruna eggfrumu og sæðisfrumu eingöngu í þeim tilgangi að gera á þeim rannsóknir og eru auknar rannsóknarheimildir bundnar við umframfósturvísa, þ.e. fósturvísa sem búnir eru til í æxlunartilgangi en nýtast ekki sem slíkir.

Auk heimildar til notkunar umframfósturvísa er í frumvarpinu lagt til að heimilt verði í undantekningartilvikum að framkvæma kjarnaflutning í þeim tilgangi að búa til stofnfrumulínur sem nýst geta til lækninga eða til að afla þekkingar í líf- og læknisfræði. Með kjarna-

flutningi í frumvarpinu er átt við þá athöfn að fjarlægja kjarna úr eggfrumu konu og koma þar fyrir kjarna úr líkamsfrumu. Með kjarnaflutningi af þessu tagi verður til fruma sem hefur sambærilega eiginleika og frjóvguð eggfruma eða fósturvísir. Sá grundvallarmunur er þó á að eggfruma sem kjarnaflutningur hefur verið framkvæmdur á hefur einungis erfðaefni úr einum einstaklingi, þeim sem líkamsfruman stafar frá, og því á engin frjóvgun sér stað auk þess sem möguleikar hennar til að þroskast og verða að mannsfóstri, væri henni komið fyrir í legi konu, eru ekki raunhæfir miðað við núverandi tækni. Er framangreind heimild til kjarnaflutnings takmörkuð við þau tilvik þar sem ekki er talið unnt að ná sama árangri eða afla sömu þekkingar með notkun stofnfrumulína sem búnar eru til úr umframfósturvísum eða með öðrum hætti. Byggist þessi takmörkun á framangreindu sjónarmiði um að ekki skuli ganga lengra í þessu efni en nauðsynlegt er til að ná markmiðum um betri meðhöndlun sjúkdóma og öflun þekkingar í líf- og læknisfræði. Þá er skýrt tekið fram í frumvarpinu að óheimilt sé á öllum stigum að koma eggfrumu sem kjarnaflutningur hefur verið framkvæmdur á fyrir í legi konu.

3. Rannsóknir á fósturvísum.

Samkvæmt núgildandi lögum er heimilt að framkvæma tilteknar rannsóknir á fósturvísum sem búnir hafa verið til með glasafrjóvgun í æxlunarskyni þótt meginreglan sé sú að slíkar rannsóknir séu ekki heimilaðar. Þannig kemur fram í 2. mgr. 11. gr. laganna að rannsóknir séu heimilar ef þær eru liður í glasafrjóvgunarmeðferð, ef þeim er ætlað að greina arfgenga sjúkdóma í fósturvísunum sjálfum, ef þær miða að framförum í meðferð vegna ófrjósemi eða ef þær eru ætlaðar til aukins skilnings á orsökum meðfæddra sjúkdóma og fósturláta. Í athugasemdum sem fylgdu frumvarpi til laganna segir m.a. svo um þetta ákvæði laganna:

„Nauðsynlegt þykir að gera ráð fyrir lagaákvæðum um rannsóknir á fósturvísum og að byggt verði á þeirri grundvallarreglu að hvorki skuli heimilt að framkvæma rannsóknir eða tilraunir á fósturvísum, né heldur neins konar aðgerðir á þeim. Frá þessari meginreglu þykir þó eðlilegt að leyfa undantekningar ef rannsóknin miðar að velferð fósturvísisins sjálfs eða hún skaðar hann ekki á nokkurn hátt. Þá þykir einnig verjandi að leyfa tilteknar rannsóknir á fósturvísum sem fyrirsjáanlega eru ekki lífvænlegir. Slíkar rannsóknir skulu þá miða að framförum í ófrjósemislækningum eða vera ætlaðar til aukins skilnings á fósturlátum og meðfæddum sjúkdómum.“

Af framangreindu má sjá að löggjafinn hefur metið það svo að réttlætanlegt sé að víkja frá meginreglunni um bann við rannsóknum á fósturvísum í tilteknum tilvikum. Af framangreindum ummælum í athugasemdum með frumvarpinu má jafnframt sjá að heimildir laganna til rannsókna eru að nokkru grundvallaðar á sömu forsendum og lagðar eru til grundvallar frekari rannsóknarheimildum í frumvarpi þessu, þ.e. að „verjandi sé að leyfa tilteknar rannsóknir á fósturvísum sem fyrirsjáanlega eru ekki lífvænlegir“. Þannig eru auknar heimildir í frumvarpinu bundnar við notkun umframfósturvísa, þ.e. fósturvísa sem búnir hafa verið til með glasafrjóvgun í æxlunarskyni en nýtast ekki í þeim tilgangi, sbr. 1. efnismgr. 3. gr. frumvarpsins, en samkvæmt núgildandi lögum skal eyða slíkum fósturvísum að hámarksgeymslutíma liðnum.

4. Hversu lengi er heimilt að rækta fósturvísa utan líkamans.

Samkvæmt b-lið 12. gr. núgildandi laga um tæknifrjóvgun er óheimilt að rækta fósturvísa lengur en í fjórtán daga utan líkamans eða eftir að frumrákin kemur fram. Lögin heimila því ekki rannsóknir á fósturvísum eftir þetta tímamark. Myndun frumrákar (e. primitive streak)

er fyrsti vottur um myndun taugakerfis hjá fósturvísi og á sér að jafnaði stað á fjórtánda degi fósturþroskunar. Sú staðreynd að þetta tímamark er miðað við framangreindan áfanga í þroskaferli fósturvísis leiðir til þeirrar ályktunar að við setningu laga um tæknifrjóvgun hafi verið litið svo á að þá verði sú breyting á fósturvísi sem geri það að verkum að ekki þyki lengur forsvaranlegt að rækta hann utan líkamans eða gera á honum rannsóknir. Ljóst er að bann við rannsóknum eftir að þessu tímamarki er náð byggist einkum á sjónarmiðum um sterkari siðferðilega stöðu fósturvísa eftir að myndun taugakerfis hefst. Verður því að leggja til grundvallar að það hafi verið afstaða löggjafans við setningu laganna að fósturvísar öðlist aðra og veigameiri siðferðilega stöðu eftir að framangreindu tímamarki er náð en þeir höfðu áður. Í frumvarpinu eru ekki lagðar til neinar breytingar sem fela í sér breytt mat að þessu leyti. Verða hinar nýju rannsóknarheimildir sem gerð er tillaga um í frumvarpinu því einungis notaðar við rannsóknir á fósturvísum innan umræddra tímamarka og sama gildir um rannsóknir á eggfrumum sem kjarnaflutningur hefur verið framkvæmdur á.

5. Bann við einræktun.

Samkvæmt d-lið 12. gr. núgildandi laga um tæknifrjóvgun er óheimilt að framkvæma einræktun. Eins og ákvæðið er orðað hefur verið litið svo að það banni hvers kyns einræktun þar sem kynfrumur manna eru notaðar, þ.e. bæði einræktun í æxlunartilgangi, þar sem tilgangurinn er að einrækta manneskju, og jafnframt einræktun í læknisfræðilegum tilgangi, þar sem tilgangurinn er annaðhvort að búa til stofnfrumulínur sem nýst geta til lækninga eða til að afla þekkingar í líf- og læknisfræði. Í frumvarpinu er lagt til að heimilaðar verði tilteknar undanþágur frá framangreindu banni við einræktun í læknisfræðilegum tilgangi. Í þessu skyni er hugtakið „kjarnaflutningur“ skilgreint í frumvarpinu en það er sú aðferð sem notuð er til einræktunar. Er heimild til kjarnaflutnings bundin því skilyrði að ekki sé talið unnt að ná sama árangri eða afla sömu þekkingar með notkun stofnfrumulína sem búnar eru til úr umframfósturvísum eða með öðrum hætti. Er það m.a. hlutverk vísindasiðanefndar að leggja mat á það, áður en hún veitir samþykki sitt, hvort framangreind skilyrði séu uppfyllt. Er samkvæmt þessu um undantekningarheimild að ræða. Sérstaklega er tekið fram í ákvæðinu að óheimilt sé að rækta eggfrumu sem kjarnaflutningur hefur verið framkvæmdur á lengur en í 14 daga eða eftir að frumrákin kemur fram og er það sama tímamark og á við um ræktun fósturvísa. Loks er í ákvæðinu lagt blátt bann við því að eggfrumum sem kjarnaflutningur hefur verið framkvæmdur á sé komið fyrir í legi kvenna.

Í engu er hins vegar hvikað frá banni núgildandi laga við einræktun í æxlunartilgangi en um slíkt bann er rík samstaða meðal þjóða heims og er Ísland skuldbundið af alþjóðlegum sáttmálum hvað það varðar.

III. Stofnfrumur.

1. Almennt.

Stofnfrumur eru uppspretta allra vefja í fósturþroska og jafnframt nauðsynlegar til viðhalds fullþroskaðra vefja. Nýlegar rannsóknir á stofnfrumum úr fósturvísum og stofnfrumum úr ýmsum vefjum manna og dýra hafa aukið vonir um að unnt verði að nota stofnfrumur til lækninga í náinni framtíð. Grunneiginleiki stofnfrumna er annars vegar hæfni þeirra til að endurmynda sjálfar sig og hins vegar hæfni til að gefa af sér sérhæfðar vefjafrumur. Í raun má segja að stofnfrumur séu lykillinn að því að mannslíkaminn nái að viðhalda starfsemi sinni svo lengi sem raun ber vitni. Stofnfrumur eru flokkaðar í tvær megingerðir, annars vegar

stofnfrumur úr fósturvísum og hins vegar vefjastofnfrumur. Hér á eftir er gerð nánari grein fyrir þessum meginflokkum stofnfrumna.

2. Stofnfrumur úr fósturvísum.

Árið 1998 tókst dr. James Thomson og félögum hans við Wisconsin-háskóla í Bandaríkjunum að einangra og rækta stofnfrumur úr fósturvísum manna. Fósturvísarnir sem notaðir voru í þessum tilraunum höfðu orðið til við glasafrjóvgun í æxlunarskyni en nýttust ekki sem slíkir og voru því gefnir til rannsókna. Megineinkenni stofnfrumna úr fósturvísum og það sem gerir þær frábrugðnar vefjastofnfrumum, sem fjallað er um hér að neðan, er að þær hafa við réttar kringumstæður hæfileika til að mynda frumugerðir allra vefja líkamans. Þessi eiginleiki þeirra veldur því að vísindamenn binda miklar vonir við mögulega hagnýtingu þeirra til rannsókna og notkunar í lífverkfræði í tengslum við vefjauppbyggingu skaddaðra vefja og til lyfjarannsókna. Á þeim stutta tíma sem liðinn er frá því að fyrst tókst að rækta þessar frumur hefur safnast upp dýrmæt þekking á líffræði þeirra. Þá hefur nýlega verið sýnt fram á það í dýralíkömum að þessar frumur geti læknað eða dregið úr sjúkdómseinkennum sjúkdóma sem engin lækning er til við í dag. Má þar nefna sykursýki, vöðvarýrnun, hjartadrep og parkinsonsjúkdóm. Þrátt fyrir þetta eru rannsóknir skammt á veg komnar og ekki unnt að fullyrða nokkuð um það hvort og í hversu miklum mæli stofnfrumur úr fósturvísum gagnist við sjúkdómsmeðferð á mönnum en auk framangreindra sjúkdóma hafa vísindamenn beint sjónum sínum að sjúklingum með tauga- og mænuskaða, MS-sjúkdóm, MND-sjúkdóm og krabbamein. Þótt enn sé óvíst hvort unnt verði að nota stofnfrumur úr fósturvísum til beinna lækninga eru vísindamenn sammála um að stofnfrumur úr fósturvísum séu og eigi eftir að reynast mikilvægar við lyfjaprófanir og til að auka skilning á uppruna og eðli ýmissa sjúkdóma sem síðar getur orðið grundvöllur nýrra meðferðarúrræða.

3. Vefjastofnfrumur.

Lengi hefur verið vitað að líkaminn hefur ákveðna hæfni til viðgerða og endurmyndunar á fullmynduðum, sérhæfðum vefjum ýmissa líffæra. Þetta er sérstaklega áberandi í vefjum þar sem á sér stað hröð ummyndun, svo sem í húð, þörmum og blóði. Á undanförnum árum hefur komið í ljós að margir fullmyndaðir vefir í fullþroska einstaklingum geyma svokallaðar vefjastofnfrumur (e. somatic stem cells) sem gera viðgerðir og eðlilega endurnýjun vefja mögulega. Mikil áhersla er nú lögð á að skilgreina þessar stofnfrumur betur til að unnt sé að einangra þær og virkja til lækninga. Einnig er líklegt að frekari þekking á vefjastofnfrumum geti gefið vísbendingar um tilurð ýmissa sjúkdóma, m.a. krabbameins. Dæmi um vefjastofnfrumur eru blóðmyndandi stofnfrumur sem finnast í beinmerg en áralangar rannsóknir á þeim hafa skilað mikilli þekkingu á tilurð og framþróun blóðsjúkdóma á borð við hvítblæði og hefur þekkingin jafnframt skilað sér í betri meðferðaúrræðum fyrir sjúklinga. Nú þegar eru blóðmyndandi stofnfrumur notaðar til lækninga á ýmsum blóðsjúkdómum með svokallaðri blóðstofnfrumuígræðslu eða beinmergsígræðslu.

Eins og allar aðrar stofnfrumur geta vefjastofnfrumur myndað nákvæm afrit af sjálfum sér (dótturfrumur) í langan tíma án þess að sýna öldrunareinkenni (e. senescence). Einnig geta þær gefið af sér sérhæfðar frumur með ákveðna svipgerð. Í flestum tilfellum á sérhæfingin sér stað í nokkrum skrefum þar sem stofnfrumurnar gefa fyrst af sér svokallaðar forverafrumur sem síðan mynda sérhæfðar frumur með vefjasértækt hlutverk. Hins vegar hefur gengið erfiðlega að rækta vefjastofnfrumur utan líkamans, ólíkt því sem á við um stofnfrumur úr fósturvísum, og takmarkar það að svo komnu máli verulega möguleika á notkun þeirra til

rannsókna og beinna vefjalækninga. Hins vegar munu rannsóknir á stofnfrumum úr fósturvísum gagnast við öflun þekkingar á læknisfræðilegum möguleikum vefjastofnfrumna.

4. Leiðir til að verða sér úti um stofnfrumur og stofnfrumulínur.

Segja má að unnt sé að búa til eða verða sér úti um stofnfrumur á fimm mismunandi vegu sem lýsa má með eftirfarandi hætti:

a. *Nýta stofnfrumulínur sem þegar hafa verið búnar til úr fósturvísum.*
Mögulegt er að nálgast stofnfrumulínur úr fósturvísum sem hafa verið búnar til erlendis. Slíkum frumulínum sem aðgengilegar eru vísindamönnum hefur fjölgað undanfarin ár. Hér á landi er ekki bannað að flytja inn stofnfrumulínur úr fósturvísum og hefur einn rannsóknahópur þegar fengið samþykki vísindasiðanefndar fyrir slíkum innflutningi.

b. *Einangra vefjastofnfrumur úr líkamsvefjum.*
Hægt er að einangra stofnfrumur úr ýmsum vefjum líkamans, fósturvefjum eða úr naflastrengsblóði. Á þessu sviði hefur mestur árangur náðst við einangrun og skilgreiningu á stofnfrumum í beinmerg.

c. *Nota umframfósturvísa sem verða til við glasafrjóvgunarmeðferð til að búa til stofnfrumulínur.*
Fósturvísar sem verða til við glasafrjóvgunarmeðferð í æxlunarskyni en eru ekki nýttir í því skyni þegar í stað eru frystir og geymdir þar til og ef kynfrumugjafar þurfa á þeim að halda síðar við tæknifrjóvgunarmeðferð. Reynist ekki þörf fyrir þá innan fimm ára ber samkvæmt núgildandi reglum að farga þeim að fimm árum liðnum. Mörg lönd heimila, með upplýstu samþykki kynfrumugjafanna, að slíkir umframfósturvísar séu nýttir til rannsókna í stað þess að farga þeim og er í frumvarpinu lagt til að slíkt verði einnig heimilað hér á landi.

d. *Búa til fósturvísa með samruna eggfrumu og sæðisfrumu í því skyni að búa til úr þeim stofnfrumulínur.*
Í þessu felst að fósturvísar eru búnir til með samruna eggfrumu og sæðisfrumu í rannsóknarskyni eingöngu. Í núgildandi lögum er lagt bann við því að fósturvísar séu búnir til í þessu skyni og gerir frumvarpið ekki ráð fyrir breytingu þar á.

e. *Framkvæma kjarnaflutning í þeim tilgangi að búa til stofnfrumulínur.*
Við kjarnaflutning er kjarni gjafaeggfrumu sem inniheldur erfðaefni eggfrumunnar fjarlægður og í hans stað settur kjarni úr líkamsfrumu. Við þetta verður til fruma sem hefur svipaða eiginleika og frjóvguð eggfruma, þ.e. fósturvísir. Kostir þessarar aðferðar liggja fyrst og fremst í því að unnt er að búa til sérsniðnar stofnfrumulínur sem innihalda erfðaefni sem er nákvæmlega eins og erfðaefni þess sjúklings sem ætlunin er að meðhöndla. Á þennan hátt er hægt að komast hjá þeirri áhættu sem jafnan er fólgin í því að líkami sjúklings hafni þeim stofnfrumum sem í hann eru græddar. Þá má ætla að slíkar stofnfrumur reynist mikilvægar til rannsókna á ýmsum erfðasjúkdómum þar sem þá er mögulegt að búa til stofnfrumulínur með viðkomandi erfðagalla sem nýtast vel til rannsókna á viðkomandi sjúkdómi. Með hliðsjón af framangreindu m.a. er lagt til í frumvarpinu að heimilt verði að framkvæma kjarnaflutning í þeim tilgangi að búa til stofnfrumulínur sem nýst geta til lækninga eða til að afla þekkingar í líf- og læknisfræði að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum sem nánar er vikið að hér síðar.

IV. Stofnfrumurannsóknir.

1. Markmið stofnfrumurannsókna.

Eins og fram er komið hafa vísindamenn í auknum mæli gert sér grein fyrir því að stofnfrumur hafa að geyma uppskrift að uppbyggingu vefja og að með rannsóknum á þessum frumum sé mögulegt að auka þekkingu okkar á samsetningu einstakra líkamsvefja og skilning á því hvað fer úrskeiðis í vefjum við upphaf og framþróun ýmissa sjúkdóma. Víst er að aukin þekking á þessu sviði mun nýtast við að skilgreina ferli sjúkdóma og þar með auka líkur á að hægt verði að bregðast við þeim fyrr og með markvissari hætti. Þá eru eins og áður segir miklar væntingar um að mögulegt verði að nýta stofnfrumur úr fósturvísum og eggfrumum sem kjarnaflutningur hefur verið framkvæmdur á við læknismeðferð ýmissa sjúkdóma, ekki síst vegna þess árangurs sem náðst hefur í tilraunum á dýrum. Slíkar stofnfrumur hafa þó enn ekki verið notaðar til vefjalækninga í mönnum og er óvíst hvenær það verður unnt. Ástæða þess er fyrst og fremst sú að mikið skortir á að menn geti stýrt ræktunarskilyrðum þessara frumna utan líkamans nægjanlega vel. Jafnframt er ekki nægjanlega mikið vitað um hegðun slíkra stofnfrumna í líkamanum eftir ígræðslu. Niðurstöður tilrauna á dýrum benda þó ótvírætt til að hægt sé að lina eða lækna ýmsa alvarlega sjúkdóma með stofnfrumuígræðslu. Á næstu missirum er því líklegt að aukinn þungi færist í grunnrannsóknir á þessu sviði. Rannsóknir á vefjastofnfrumum hafa einnig eflst mjög mikið og má þar helst nefna rannsóknir á blóðmyndandi stofnfrumum. Ýmsar vísbendingar eru um að þessar frumur séu fjölhæfari en áður var talið og hugsanlegt er að hægt verði að nýta þær í framtíðinni gegn hinum ýmsu sjúkdómum. Eftir sem áður er almennt talið auðveldara að viðhalda stofnfrumum úr fósturvísum og eggfrumum sem kjarnaflutningur hefur verið framkvæmdur á í rækt utan líkama en vefjastofnfrumum og því binda flestir vísindamenn meiri vonir við þær.

2. Almennt um stöðu stofnfrumurannsókna í heiminum í dag.

Eins og vikið hefur verið að hefur nú þegar náðst allverulegur árangur í rannsóknum á stofnfrumum úr fósturvísum dýra og þá sérstaklega músa. Það er þó ljóst að á grundvelli þeirra rannsókna er ekki unnt að draga þá ályktun að sami árangur muni nást í rannsóknum á stofnfrumum úr fósturvísum manna. Það eykur þó vonir manna að vel hefur gengið að búa til stofnfrumulínur úr fósturvísum manna en það er forsenda frekari rannsókna á þessu sviði. Auk rannsóknastofu James Thomson í Bandaríkjunum hefur fjöldi rannsóknastofa í Bandaríkjunum, Evrópu og Asíu náð árangri á þessu sviði. Einnig hefur verið rannsakað hvort hægt sé að búa til stofnfrumulínur úr eggfrumum sem kjarnaflutningur hefur verið framkvæmdur á en eins og fram er komið mundi slíkt skapa einstakt tækifæri til að búa til stofnfrumulínu sem gæti nýst þeim einstaklingi beint sem gæfi erfðaefni til kjarnaflutnings.

Nýlega hélt kóreskur vísindamaður því fram að honum hefði tekist að búa til stofnfrumulínur úr eggfrumu sem kjarnaflutningur hafði verið framkvæmdur á. Komið hefur í ljós að miklir vísindalegir og siðfræðilegir annmarkar voru á þessum rannsóknum. Hefur nú verið sýnt fram á það með óyggjandi hætti að þær stofnfrumulínur sem haldið var fram að búnar hefðu verið til með þessum hætti reyndust ekki innihalda erfðaefni umræddra sjúklinga. Hefur þetta valdið miklum vonbrigðum meðal vísindamanna og annarra enda var talið að um tímamótaniðurstöður væri að ræða. Þá hefur komið í ljós að eggfrumugjafar við framangreindar rannsóknir voru meðal annarra samstarfskonur vísindamannsins sem hefur vakið upp spurningar um hvort þær hafi verið beittar einhvers konar þrýstingi. Þótt málið hafi verið áfall fyrir vísindasamfélagið og ákveðið bakslag fyrir rannsóknir á þessu sviði má segja að vísindasamfélagið hafi sýnt styrk í viðleitni sinni við að upplýsa málið allt frá því að grunur

um óheiðarleika vaknaði og leiðrétta þau ósannindi sem fram höfðu komið. Eru vísindamenn þrátt fyrir framangreint þó sammála um að kjarnaflutningur í læknisfræðilegum tilgangi sé mögulegur enda hafi mönnum tekist að búa til stofnfrumulínur úr eggfrumum dýra sem kjarnaflutningur hefur verið framkvæmdur á, m.a. músa.

3. Stofnfrumurannsóknir á Íslandi.

Á Íslandi eru stofnfrumurannsóknir vaxandi þó að enn séum við töluvert á eftir þeim þjóðum sem fremst standa í þessum efnum. Rannsóknir á stofnfrumum hafa verið stundaðar á rannsóknastofum í háskólum, rannsóknastofnunum og rannsóknafyrirtækjum. Fyrst og fremst hafa farið fram rannsóknir á mismunandi vefjastofnfrumum, m.a. úr blóði (bæði naflastrengsblóði og úr beinmerg), þekjuvef og fleiri vefjum. Þessar rannsóknir hafa vakið upp ýmsar spurningar er varða eðlilegan þroska þessara vefja en einnig hafa spurningar vaknað er varða afbrigðilegan þroska vefja, t.d. krabbameinsmyndun. Þess má geta að á Landspítala eru stofnfrumur úr blóði sjúklinga notaðar til stofnfrumuígræðslu. Þessar ígræðslur hafa nú verið stundaðar í um tvö ár og gengið mjög vel. Þá hafa íslenskir vísindamenn nýlega fengið stofnfrumulínu frá Bandaríkjunum til rannsókna og er það fyrsta rannsóknarverkefnið sem beinist beint að rannsóknum á stofnfrumum úr fósturvísum. Þetta verkefni var samþykkt af vísindasiðanefnd og hefur m.a. fengið styrki úr opinberum samkeppnissjóðum til vísindarannsókna. Loks má geta þess að íslenskir vísindamenn eru í góðu samstarfi við marga af fremstu vísindamönnum heimsins á sviði stofnfrumurannsókna.

V. Siðfræðileg álitaefni sem varða kjarnaflutning og notkun fósturvísa til þess að búa til stofnfrumulínur.

1. Almennt.

Sú siðfræðilega umræða sem orðið hefur um stofnfrumurannsóknir snýst að mestu um réttmæti þess að nota fósturvísa til stofnfrumurannsókna með því að einangra stofnfrumur úr þeim en það hefur í för með sér eyðingu þeirra. Fósturvísar eru eins og nafnið gefur til kynna vísar að mannsfóstrum og þar með að mönnum. Þeir eru því ekki eins og hver annar frumuklasi heldur mannlegt lífsform á frumstigi fósturþroskunar. Það má því færa rök fyrir því að fósturvísar hafi siðferðisgildi, þá beri að umgangast með aðgát og almennt eigi ekki að nota þá sem hráefni til rannsókna. Þrennt kemur einkum til álita þegar metið er hvort réttmætt sé að gera undantekningu frá þessari meginreglu. Í fyrsta lagi hvort umtalsverður læknisfræðilegur ávinningur geti orðið af stofnfrumurannsóknum. Þótt fósturvísar hafi siðferðisgildi eru þeir ekki menn en margt fólk þjáist af alvarlegum sjúkdómum og geti stofnfrumur fengnar úr fósturvísum orðið til þess að stuðla að lækningu þeirra sjúkdóma gætu það verið rök fyrir því að nýta fósturvísa til rannsókna. Í öðru lagi verður að spyrja hvort sömu þekkingar sé hægt að afla með rannsóknum þar sem ekki eru sambærileg siðferðileg verðmæti í húfi. Rannsóknir á vefjastofnfrumum úr blóðmerg, naflastreng og öðrum líkamsvefjum eru ákjósanlegri frá siðfræðilegu sjónarmiði en rannsóknir á stofnfrumum úr fósturvísum, en möguleikar á hagnýtingu þeirra til rannsókna eru almennt taldir vera mun takmarkaðri en þeirra sem koma frá fósturvísum eins og rakið hefur verið. Í þriðja lagi þarf að hyggja að því í hverju tilviki hvort viðkomandi fósturvísir, sem kemur til álita til rannsókna, sé lífvænlegur í þeim skilningi að líkur séu á að hann gæti orðið að manneskju. Í þessu ljósi má meta þá kosti sem til álita koma við setningu laga um þetta efni.

2. Umframfósturvísar sem verða til við glasafrjóvgunarmeðferð með samruna eggfrumu og sæðisfrumu í æxlunarskyni.

Í þessu tilviki skiptir það máli þegar réttmæti notkunar slíkra fósturvísa í rannsóknarskyni er metið að þeir hafa ekki verið gagngert búnir til í því skyni heldur verða þeir til sem liður í glasafrjóvgunarmeðferð en nýtast þar ekki. Æskilegt er að sem fæstir umframfósturvísar verði til við glasafrjóvgunarmeðferð og aldrei fleiri en nauðsynlegt er til að tryggja árangur hennar. Það er síðan tilfallandi hliðarverkun af þeirri meðferð ef einhverjir fósturvísar ganga af. Við þær aðstæður vaknar sú spurning hvort réttlætanlegt sé að nota fósturvísana í öðrum tilgangi og þá vegur þungt hvaða aðrir kostir koma til álita um afdrif þeirra. Standi valið einungis um að þeim verði annaðhvort fargað eða að þeir verði notaðir til að búa til stofnfrumulínur sem nýst geta til lækninga eða til að afla þekkingar í líf- og læknisfræði þá virðist sem seinni kosturinn sé betri að því gefnu að gjafar þeirra kynfrumna sem fósturvísirinn er myndaður úr hafi veitt upplýst samþykki sitt fyrir slíkri notkun. Hefur sá kostur orðið ofan á í frumvarpinu eins og rakið hefur verið en þar er samþykki vísindasiðanefndar jafnframt áskilið fyrir rannsókn.

3. Fósturvísar sem verða til með samruna eggfrumu og sæðisfrumu í rannsóknarskyni.

Hér væri um að ræða framleiðslu á mannlegu lífsformi sem hefur erfðaefni tveggja einstaklinga og gæti orðið að manneskju ef sú ákvörðun væri tekin að nota fósturvísana ekki sem efnivið til rannsókna, eins og upprunalega er til stofnað, heldur koma þeim fyrir í legi konu. Þetta er því umdeilanlegra en hin tilvikin tvö. Munurinn liggur í því að fósturvísir er þá eingöngu framleiddur í rannsóknarskyni sem er ekki raunin þegar stofnfrumna er aflað úr umframfósturvísum. Hér er um mannsfósturvísi að ræða sem hefur erfðaefni frá tveimur foreldrum og gæti orðið að manneskju væri honum komið fyrir í legi konu. Þetta á ekki við um eggfrumur sem kjarnaflutningur hefur verið framkvæmdur á þar sem erfðaefnið er frá einni manneskju komið. Óraunhæft er að ætla að slíkar eggfrumur geti þroskast í eðlilegt mannsfóstur enda er óheimilt að rækta þær lengur en í 14 daga og alfarið bannað að koma þeim fyrir í legi konu. Það væri því mun afdrifaríkara skref að heimila að venjulegir mannlegir fósturvísar væru búnir til alfarið sem efniviður til rannsókna og banna að þeir væru ræktaðir lengur en í 14 daga. Af þessum ástæðum er lagt til í frumvarpinu að óheimilt verði að afla stofnfrumna til rannsókna með því að búa til fósturvísa með samruna eggfrumu og sæðisfrumu eingöngu í rannsóknarskyni. Heimild til að afla stofnfrumulína úr fósturvísum er því bundin við notkun umframfósturvísa eins og rakið hefur verið.

4. Kjarnaflutningur.

Við kjarnaflutning þar sem kjarni eggfrumu konu er fjarlægður og í hans stað komið fyrir kjarna úr líkamsfrumu verður til fruma sem hefur svipaða eiginleika og frjóvguð eggfruma. Eins og fram er komið er slík fruma þó frábrugðin frjóvgaðri eggfrumu að því leyti að hún er einræktuð, þ.e. hún hefur einungis erfðaefni eins einstaklings en ekki tveggja eins og fósturvísir. Því er villandi að kalla slíkar frumur fósturvísa. Möguleikar slíkrar eggfrumu til að þroskast í mannsfóstur eru, enn sem komið er a.m.k., einungis fræðilegir og tilraunir í þá veru samrýmast ekki meginviðmiðum siðfræðirannsókna á mönnum. Með hliðsjón af þessum greinarmun má ætla að nokkur önnur siðfræðileg sjónarmið eigi við þegar metið er hvort og þá að hvaða marki skuli heimila kjarnaflutning í læknisfræðilegum tilgangi.

Kjarnaflutningur í þeim tilgangi að búa til stofnfrumulínur hefur mikilvæga kosti frá læknisfræðilegu sjónarmiði einkum vegna þess að með kjarnaflutningi er unnt að tryggja

vefjasamræmi stofnfrumnanna við þá einstaklinga sem til stendur að lækna en auk þess geta stofnfrumur úr eggfrumum sem kjarnaflutningur hefur verið framkvæmdur á veitt vísindamönnum mikilvæga innsýn í sameindalíffræði ýmissa erfðasjúkdóma. Þótt rannsóknir á vefjastofnfrumum séu ákjósanlegri frá siðfræðilegu sjónarmiði halda vísindamenn því fram að þekking á læknisfræðilegum möguleikum vefjasértækra stofnfrumna fáist ekki nema með rannsóknum á stofnfrumum fengnum úr fósturvísum eða eggfrumum sem kjarnaflutningur hefur verið framkvæmdur á. Á grundvelli þessara hagsmuna er lagt til í frumvarpinu að heimilt verði í undantekningartilvikum „að framkvæma kjarnaflutning í þeim tilgangi að búa til stofnfrumulínur sem nýst geta til lækninga eða til að afla þekkingar í líf- og læknisfræði enda sé ekki talið unnt að ná sama árangri eða afla sömu þekkingar með notkun stofnfrumulína sem búnar eru til úr umframfósturvísum eða með öðrum hætti“.

Kjarnaflutningur í æxlunartilgangi, þ.e. í þeim tilgangi að koma eggfrumu sem kjarnaflutningur hefur verið framkvæmdur á fyrir í legi konu þannig að úr verði ný manneskja með sama erfðaefni og sá sem erfðaefni fósturvísisins stafar frá, felur í sér mörg siðfræðileg álitamál en fá rök sem styðja nauðsyn eða gagnsemi hennar fyrir einstaklinga eða samfélög. Þótt slík einræktun sé ekki möguleg miðað við núverandi þekkingu og tækni er ekki útilokað að það breytist í framtíðinni. Af þessum ástæðum er í frumvarpinu lagt skýrt bann við kjarnaflutningi í æxlunartilgangi (einræktun) sem felst m.a. í því að óheimilt er á öllum stigum að koma eggfrumu sem kjarnaflutningur hefur verið framkvæmdur á fyrir í legi konu. Bannað er í frumvarpinu að rækta þessar eggfrumur lengur en í 14 daga eða þar til frumrákin, sem felur í sér upphafsvísi að taugakerfi, kemur fram.

5. Siðfræðileg grundvallargildi sem taka ber mið af við setningu reglna um rannsóknir á þessu sviði.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins gaf í apríl 2003 út skýrslu um rannsóknir á stofnfrumum úr fósturvísum. Í skýrslunni er að finna álit siðanefndar Evrópusambandsins (the European Group on Ethics, EGE) um það hvaða siðfræðileg sjónarmið skuli leggja til grundvallar við stofnfrumurannsóknir (Ethical aspects of human stem cell research and use. EGE opinion no. 15, 2000). Í skýrslunni er lögð áhersla á að við stofnfrumurannsóknir eigi eftirfarandi siðfræðileg grundvallargildi við:

i. lögmálið um að bera skuli virðingu fyrir mannslífi,
ii. lögmálið um sjálfsákvörðunarrétt einstaklingsins (þ.m.t. reglur um upplýst samþykki og friðhelgi einkalífsins),
iii. lögmálið um réttlæti og ábata (þ.e. hvað varðar varðveislu og bætta heilsu),
iv. lögmálið um frelsi til rannsókna (sem þarf að vega á móti öðrum grundvallargildum sem við eiga),
v. lögmálið um meðalhóf (þ.e. að rannsóknaraðferðirnar séu nauðsynlegar til að ná settum markmiðum og engar aðrar ásættanlegri aðferðir séu tiltækar).

Auk þess telur siðanefndin mikilvægt, með hliðsjón af varúðarreglunni, að taka tillit til mögulegra langtímaafleiðinga stofnfrumurannsókna og notkunar þeirra fyrir einstaklinga og samfélög.

Við samningu frumvarpsins hafa framangreind grundvallargildi verið höfð að leiðarljósi.

VI. Löggjöf í öðrum löndum.

1. Norræn löggjöf.

Eins og fram er komið lúta öll helstu álitaefni sem taka þarf afstöðu til við setningu laga um stofnfrumurannsóknir að því hvort og þá að hvaða marki skuli heimilt að nota fósturvísa til stofnfrumurannsókna. Þetta endurspeglast í löggjöf Norðurlandanna en þar hefur ekki frekar en hér á landi verið talin ástæða til að setja sérstaka löggjöf um stofnfrumurannsóknir heldur snýr löggjöf um þetta efni fyrst og fremst að heimildum til að nota fósturvísa við stofnfrumurannsóknir og eftir atvikum að heimildum til kjarnaflutnings í sama tilgangi.

Í Danmörku er mælt fyrir um heimildir til rannsókna á fósturvísum í lögum um tæknifrjóvganir, sbr. lög nr. 460/1977, om kunstig befrugtning, og lög nr. 427/2003 og 535/2006, um breytingu á þeim lögum, en samkvæmt þeim eru tilteknar rannsóknir á fósturvísum heimilaðar, þ.m.t. er heimilt að framkvæma rannsóknir á umframfósturvísum í því skyni að einangra úr þeim stofnfrumur. Tímamörk rannsókna á fósturvísum og til ræktunar þeirra utan líkama móður eru þau sömu og hér á landi eða 14 dagar frá frjóvgun en hámarksgeymslutími fósturvísa er 5 ár. Einungis er heimilt að búa til fósturvísa með samruna eggfrumu og sæðisfrumu en í því felst að kjarnaflutningur er óheimill.

Í Finnlandi er mælt fyrir um heimildir til rannsókna á fósturvísum í lögum um læknisfræðilegar rannsóknir, sbr. lög nr. 488/1999, om medicinsk forskning, en samkvæmt þeim eru rannsóknir á fósturvísum heimilaðar allt að 14 dögum frá frjóvgun og varðveisla fósturvísa leyfð í allt að 15 ár. Er litið svo á að lögin heimili að gerðar séu rannsóknir á umframfósturvísum í því skyni að einangra úr þeim stofnfrumur. Lögin taka einungis til fósturvísa sem verða til við samruna eggfrumu og sæðisfrumu. Um kjarnaflutning er ekki fjallað að öðru leyti en því að lagt er bann við kjarnaflutningi í æxlunarskyni. Unnið er að endurskoðun laga í Finnlandi, með tilliti til rannsókna á fósturvísum og heimildum til kjarnaflutnings.

Í Noregi er í gildi bann við rannsóknum á fósturvísum í líftæknilögunum, sbr. lög nr. 100/2003, om humanmedicinsk bruk av bioteknologi, en í þeim er jafnframt lagt bann við kjarnaflutningi hvort sem er í læknisfræðilegum eða æxlunarlegum tilgangi. Þann 1. maí 2007 samþykkti Norska þingið hins vegar breytingar á lögunum sem fela í sér að heimilt verður að stunda rannsóknir á umframfósturvísum og stofnfrumum úr þeim að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Þessar breytingar taka gildi 1. janúar 2008.

Í Svíþjóð er mælt fyrir um heimildir til rannsókna á fósturvísum í lögum um rannsóknir og meðferð þar sem eggfrumur eru notaðar, sbr. lög nr. 115/1991, om åtgärder i forskningseller behandlingssyfte med ägg från människa. Samkvæmt lögunum eru rannsóknir á fósturvísum, þ.m.t. rannsóknir sem miða að því að einangra stofnfrumur úr fósturvísum, heimilaðar í allt að 14 daga frá frjóvgun og er varðveisla fósturvísa leyfð í allt að 5 ár. Þessum lögum var breytt í apríl 2005 og gilda þau nú bæði um frjóvgaðar eggfrumur kvenna og eggfrumur sem kjarnaflutningur hefur verið framkvæmdur á í læknisfræðilegum tilgangi en kjarnaflutningur í æxlunartilgangi er hins vegar óheimill. Í lögunum er ekki lagt beint bann við því að fósturvísar séu búnir til eingöngu til rannsókna, en það er ekki heldur heimilað, heldur er gerð krafa um að allar rannsóknir á fósturvísum séu háðar sérstöku siðfræðilegu mati og er ekki útilokað samkvæmt lögunum að komið geti til þess að lagt sé mat á það hvort heimila eigi að búa til fósturvísi til rannsókna í einstökum tilvikum. Lögin í Svíþjóð ganga því lengra að þessu leyti en lagt er til í frumvarpinu.

2. Löggjöf í öðrum löndum Evrópu.

Í Evrópu er mjög breytilegt hvernig háttað er löggjöf og reglum um kjarnaflutning og rannsóknir á fósturvísum. Í áliti sem European Group of Ethics gaf út í júlí 2007[1] er gerð grein fyrir stöðu mála í aðildarlöndum Evrópusambandsins og eru aðildarlöndin flokkuð í fjóra flokka eftir því hvernig þau hafa kosið að haga löggjöf sinni um þessi mál. Flokkun þessi eftirfarandi:

1. *Ríki þar sem löggjöf endurspeglar frjálslynd viðhorf til þessara mála (heimilt að búa til fósturvísa í rannsóknarskyni):* Belgía, Bretland, Spánn og Svíþjóð.
2. *Ríki þar sem löggjöf endurspeglar frjálslynd viðhorf með tilteknum takmörkunum þó (heimilt að nota umframfósturvísa sem verða til við tæknifrjóvgunarmeðferð til stofnfrumurannsókna):* Tékkland, Danmörk, Finnland, Frakkland, Grikkland, Holland og Portúgal.
3. *Ríki þar sem löggjöf endurspeglar afturhaldssöm viðhorf til þessara mála (óheimilt að búa til nýjar stofnfrumulínur úr fósturvísum en innflutningur heimilaður að tilteknum skilyrðum uppfylltum):* Þýskaland og Ítalía.
4. *Ríki þar sem engin sérstök löggjöf hefur verið sett um þessi mál:* Búlgaría, Kýpur, Eistland, Írland, Lúxemborg, Lettland og Rúmenía. Þá hafa nokkur ríki innan sambandsins komið því á framfæri að þau leggist gegn stofnfrumurannsóknum án þess þó að slíkar rannsóknir hafi beinlínis verið bannaðar með lögum. Austurríki, Litháen, Malta, Pólland og Slóvakía tilheyra þeim flokki.

3. Sáttmáli Evrópuráðsins um mannréttindi og líf- og læknisfræði.

Sáttmáli Evrópuráðsins um mannréttindi og líf- og læknisfræði, Oviedo-sáttmálinn frá 1997 (Council of Europe Convention on Human Rights and Biomedicine, the Oviedo Convention) var undirritaður af Íslands hálfu 4. apríl 1997 og fullgiltur 10. desember 2004. Með fullgildingu sáttmálans varð Ísland skuldbundið að þjóðarétti til að hlíta ákvæðum sáttmálans. Hins vegar skuldbindur sáttmálinn ekki Alþingi til að haga löggjöf sem það setur í samræmi við sáttmálann. Engu að síður er það viðurkennt löggjafarsjónarmið hér á landi að leitast skuli við að haga löggjöf í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist og á það við hér sem endranær.

Í 18. gr. sáttmálans er vikið að rannsóknum á fósturvísum og sú almenna skylda lögð á þau ríki sem eru aðilar að sáttmálanum að tryggja viðeigandi vernd fósturvísa þar sem lög heimili rannsóknir á þeim *in vitro*. Þá er í ákvæðinu jafnframt lagt bann við því að fósturvísar séu búnir til í rannsóknarskyni eingöngu.

Á vettvangi lífsiðfræðinefndar Evrópuráðsins (Steering Committee on Bioethics) hafa farið fram umræður um það hvort framangreint bann við því að fósturvísar séu búnir til í rannsóknarskyni skerði með einhverjum hætti heimildir aðildarþjóðanna til að leyfa kjarnaflutning í læknisfræðilegum tilgangi. Hafa menn þá haft í huga þá staðreynd að eggfruma sem kjarnaflutningur hefur verið framkvæmdur á hefur í grundvallaratriðum sambærilega eiginleika og fósturvísir þótt hún sé jafnframt í grundvallaratriðum frábrugðin fósturvísi eins og rakið hefur verið. Þótt engin formleg niðurstaða liggi fyrir um þessi álitamál af hálfu nefndarinnar hafa verið færð sterk rök fyrir því að umrætt bannákvæði sáttmálans geti aðeins átt við fósturvísa eins og þeir hafa að jafnaði verið skilgreindir hingað til, þ.e. sem eggfrumu sem frjóvguð hefur verið með sæðisfrumu. Þessi rök eru í meginatriðum tvíþætt. Annars

[1] Europe Group of Ethics: opinion No 22 on the ethics review of hESC FP7 research projects.

vegar liggur fyrir að við samningu sáttmálans og í endanlegri gerð hans sem kom til undirritunar árið 1997 er hvergi tekin afstaða til einræktunar með kjarnaflutningi, hvorki í læknisfræðilegum tilgangi né í æxlunartilgangi. Þessi staðreynd kemur í sjálfu sér ekki á óvart þar sem rannsóknir á þessu sviði voru á þeim tíma mjög skammt á veg komnar. Af þessari staðreynd verður sú ályktun dregin að aðildarþjóðir sáttmálans hafi ekki skuldbundið sig á þessu sviði með undirritun hans eða fullgildingu. Það styrkir þessa ályktun enn frekar að í sérstökum viðauka við sáttmálann frá árinu 1998 var lagt skýrt bann við kjarnaflutningi í æxlunarskyni, þ.e. einræktun manna, en í engu vikið að kjarnaflutningi í læknisfræðilegum tilgangi. Segir á hinn bóginn í inngangi viðaukans að aðildarþjóðirnar séu sér meðvitaðar um að tilteknar aðferðir við einræktun geti fært mönnum vísindalega þekkingu og stuðlað að lækningu sjúkdóma.

Í öðru lagi hefur verið bent á það, í samræmi við framangreint, að rýmkandi skýring á hugtakinu fósturvísir í framangreindu ákvæði sáttmálans með þeim hætti að undir hugtakið yrðu felldar eggfrumur sem kjarnaflutningur hefði verið framkvæmdur á mundi leiða til skerðingar á fullveldi aðildarþjóðanna umfram það sem þær máttu gera sér grein fyrir við undirritun og fullgildingu sáttmálans.

Á grundvelli framangreindra röksemda m.a. hefur portúgalska þingið sem og það spænska nú samþykkt lagabreytingar þar sem veittar eru tilteknar heimildir, að skilyrðum uppfylltum, til að framkvæma kjarnaflutning í læknisfræðilegum tilgangi. Báðar þessar þjóðir hafa undirritað og fullgilt sáttmálann og hefur hann auk þess beint lagagildi í þessum löndum á grundvelli þeirrar réttarskipunar sem þar gildir. Þá hafa Svíar, eins og fram er komið, nú þegar lögfest tilteknar heimildir til kjarnaflutnings í læknisfræðilegum tilgangi en þeir hafa jafnframt undirritað umræddan sáttmála en þó ekki fullgilt hann.

Samkvæmt framansögðu verður ekki séð að þær heimildir sem veittar eru í frumvarpinu til að framkvæma kjarnaflutning í læknisfræðilegum tilgangi fari í bága við eða séu í ósamræmi við framangreint ákvæði 2. mgr. 18. gr. Oviedo-sáttmálans.

4. Stefnur og straumar.

Að framan hefur verið gerð grein fyrir stöðu mála á Norðurlöndunum og í ýmsum öðrum löndum Evrópu. Óhætt er að fullyrða, m.a. í ljósi þess vaxandi skilnings sem er á mikilvægi stofnfrumurannsókna með tilliti til mögulegra framfara í læknisfræði og lyfjaþróun og þeim árangri sem þegar hefur náðst, að þróunin hefur á undanförnum árum fremur verið í átt til aukins frjálsræðis sem lýsir sér í því að æ fleiri ríki kjósa að heimila notkun umframfósturvísa til stofnfrumurannsókna að einhverju marki og þeim ríkjum fjölgar jafnframt sem kjósa að heimila kjarnaflutning í læknisfræðilegum tilgangi.

Bretar hafa staðið framarlega í stofnfrumurannsóknum á undanförnum árum sem skýrist m.a. af rúmum heimildum þar í landi til að einangra stofnfrumur úr fósturvísum og til að framkvæma kjarnaflutning á eggfrumum. Allar rannsóknir á stofnfrumum í Bretlandi eru háðar samþykki HEFA (Human Fertilisation and Embryology Authority), sem hefur eftirlit með stofnfrumurannsóknum þar í landi. Í febrúar 2002 samþykkti stofnunin í fyrsta sinn tvær rannsóknir á fósturvísum sem miðuðu að því að búa til stofnfrumulínur til rannsókna. Var leyfið veitt að undangenginni ítarlegri skoðun á vísindalegum, læknisfræðilegum og siðfræðilegum þáttum þessara rannsókna, svo og hvernig afla ætti upplýsts samþykkis fólks fyrir gjöf fósturvísa til þeirra. Hvorug rannsóknin gerði þó ráð fyrir kjarnaflutningi. Hafði önnur rannsóknin það að markmiði að búa til stofnfrumulínur sem varðveittar yrðu í stofnfrumubanka breska rannsóknaráðsins og nýttar til að auka skilning á fósturþroska sem aftur mætti nýta til

að þróa meðferð við alvarlegum sjúkdómum eins og parkinson-sjúkdómi. Hin rannsóknin hafði það að markmiði annars vegar að auka skilning á fósturþroska og þróun meðferðar á ófrjósemi og orsökum fósturláta, og hins vegar að þróa stofnfrumulínur sem yrðu varðveittar í stofnfrumubanka breska rannsóknaráðsins og nýta mætti til að afla þekkingar og þróa meðferð gegn alvarlegum sjúkdómum eins og taugasjúkdómum og sjúkdómum í brisi. Í ágúst 2004 heimilaði stofnunin síðan í fyrsta skipti rannsókn sem fól í sér kjarnaflutning í læknisfræðilegum tilgangi. Vísindamenn fengu leyfi til að flytja frumukjarna úr húðfrumum eða stofnfrumum í eggfrumu, í þeim tilgangi að auka skilning á fósturþroska sem gæti nýst til að þróa meðferð við alvarlegum sjúkdómum. Rannsóknin beindist ekki að ákveðnum sjúkdómum heldur var henni ætlað að leggja grunn að frekari rannsóknum á meðferð við alvarlegum sjúkdómum. Í febrúar 2005 heimilaði stofnunin svo kjarnaflutning í því skyni að rannsaka sjúkdóm í hreyfitaugum (Motor Neuron Disease), en erfðafræðilegar orsakir hans eru óþekktar. Eru frumukjarnar og þar með erfðaefni úr einstaklingum með sjúkdóminn fluttir í eggfrumur og stofnfrumur úr fósturvísum sem þannig verða notaðar til að rannsaka þróun sjúkdómsins.

Í Bandaríkjunum hafa stofnfrumurannsóknir mætt nokkurri andstöðu af hálfu alríkisstjórnarinnar. Þannig tilkynnti forseti Bandaríkjanna í ágúst 2001 þá ákvörðun sína að einungis yrði heimilt að nýta opinbert fjármagn úr alríkissjóðum til rannsókna á stofnfrumulínum sem þegar hefðu verið búnar til á þeim tímapunkti. Þessi ákvörðun felur í sér að óheimilt er að nota fjármagn úr þeim sjóðum til rannsókna á fósturvísum eða eggfrumum sem kjarnaflutningur hefur verið framkvæmdur á í því skyni að einangra úr þeim stofnfrumur. Ákvörðun forsetans kemur þó ekki í veg fyrir að slíkar rannsóknir séu fjármagnaðar á annan veg og framkvæmdar í Bandaríkjunum né takmarkar hún rétt einstakra ríkja innan Bandaríkjanna til að veita fé til slíkra rannsókna og eru dæmi um það, svo sem í Kaliforníuríki. Miklar umræður hafa átt sér stað í Bandaríkjunum um réttmæti þess að nýta fósturvísa og eggfrumur sem kjarnaflutningur hefur verið framkvæmdur á til stofnfrumurannsókna og þá m.a. hvort framangreindar takmarkanir eigi rétt á sér. Hafa m.a. verið lögð fram frumvörp á Bandaríkjaþingi sem fela í sér tilslakanir í þeim efnum. Breytingar hafa þó ekki enn náð fram að ganga.

Af framangreindu má sjá að nokkuð hröð þróun hefur átt sér stað í löggjöf er varðar notkun fósturvísa til stofnfrumurannsókna á undanförnum árum og er víða um lönd unnið að endurskoðun laga með það að markmiði að styrkja lagastoð stofnfrumurannsókna. Umræðan í Bandaríkjunum, breytingar á löggjöf og umræða á Norðurlöndunum, í Bretlandi og fleiri Evrópulöndum eru lýsandi fyrir þær stefnur og strauma sem eru í setningu laga og reglna á þessu sviði víða um heim.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í a-lið ákvæðisins er lagt til að tekið verði fram í skilgreiningu á hugtakinu fósturvísir, sbr. 5. mgr. 1. gr. laganna, að það sé egg sem frjóvgað sé „með sæðisfrumu“. Í þessu felst engin efnisbreyting enda hefur þetta verið talið felast í hugtakinu „frjóvgað egg“. Engu að síður þykir rétt að taka þetta fram nú, m.a. í þeim tilgangi að skýra og skerpa skilin á milli „fósturvísis“ og eggfrumu sem kjarnaflutningur hefur verið framkvæmdur á og er hugtakið „kjarnaflutningur“ jafnframt skilgreint í frumvarpinu.

Í b-lið eru tvö ný hugtök skilgreind. Annars vegar er hugtakið *umframfósturvísir* skilgreint sem fósturvísir sem búinn er til með glasafrjóvgun í æxlunarskyni en nýtist ekki í þeim tilgangi. Frumvarpið gerir ráð fyrir auknum rannsóknarheimildum þegar um umframfósturvísa

er að ræða og er skilgreiningin sett fram til nánari aðgreiningar og skýringar. Hins vegar er hugtakið *kjarnaflutningur* skilgreint sem sú aðgerð þegar kjarni er fjarlægður úr eggfrumu konu og komið þar fyrir kjarna úr líkamsfrumu. Þessi skilgreining hefur það að markmiði að aðgreina eggfrumur sem kjarnaflutningur hefur verið framkvæmdur á frá frjóvguðum eggfrumum, þ.e. fósturvísum, sem verða til við samruna eggfrumu og sæðisfrumu, sbr. skilgreiningu í 5. mgr. 1. gr. laganna, en samkvæmt frumvarpinu munu að nokkru gilda ólíkar reglur um þessar frumur og er skilgreiningin sett fram til aðgreiningar og skýringar. Það sem skilur eggfrumu sem kjarnaflutningur hefur verið framkvæmdur á frá frjóvgaðri eggfrumu er fyrst og fremst erfðaefnið. Þannig hefur hin fyrrnefnda einungis erfðaefni frá einum einstaklingi eða einni frumu en frjóvguð eggfruma hefur ávallt erfðaefni frá tveimur einstaklingum. Framangreindur skilsmunur er meginatriði í skilgreiningu hugtaksins.

Um 2. gr.

Í a-lið ákvæðisins er lagt til að lögbundin verði heimild ráðherra til að binda leyfi til framkvæma tæknifrjóvgun tilteknum skilyrðum. Er breytingin lögð til í þeim tilgangi að gæta samræmis milli ákvæða laganna um útgáfu leyfa til að framkvæmda tæknifrjóvgun annars vegar og ákvæða frumvarpsins, sbr. b-lið þessa ákvæðis, um útgáfu leyfa til stofnfrumurannsókna og kjarnaflutnings hins vegar.

Í b-lið ákvæðisins er mælt fyrir um að einungis megi nota fósturvísa og framkvæma kjarnaflutning, sbr. 5. og 6. gr. frumvarpsins, á rannsóknastofum sem fengið hafa til þess leyfi ráðherra. Er ráðherra heimilt að binda slík leyfi sérstökum skilyrðum, m.a. um hæfni og þekkingu starfsmanna rannsóknastofunnar, eftirlit heilbrigðisyfirvalda, upplýsingagjöf og aðstöðu. Þá skal ráðherra leita umsagnar landlæknis áður en hann tekur ákvörðun um veitingu leyfis. Miðar ákvæðið að því að tryggja að virkt eftirlit sé með rannsóknastofum sem sinna starfsemi af þessu tagi og að þær uppfylli tilteknar lágmarkskröfur. Það að binda heimild til kjarnaflutnings og til að nota fósturvísa til stofnfrumurannsókna leyfum af þessu tagi endurspeglar það viðhorf að sýna þurfi sérstaka aðgát við meðhöndlun fósturvísa og eggfrumna sem kjarnaflutningur hefur verið framkvæmdur á vegna eðlis þeirra og eiginleika og þeirrar siðferðilegu stöðu sem fósturvísar hafa umfram önnur lífsýni sem notuð eru í líf- og læknisfræðirannsóknum. Rétt er að taka það skýrt fram að almennt leyfi samkvæmt ákvæði þessu veitir ekki sjálfstæðan rétt til að nota umframfósturvísa til að búa til stofnfrumulínur eða til að framkvæma kjarnaflutning í sama tilgangi. Leyfi samkvæmt ákvæðinu er hins vegar forsenda fyrir því að heimilt sé að ráðstafa umframfósturvísum til rannsóknastofu, sbr. 3. gr. frumvarpsins, og jafnframt forsenda fyrir því að rannsóknaraðili geti fengið samþykki vísindasiðanefndar til notkunar umframfósturvísis eða til að framkvæma kjarnaflutning í einstökum tilvikum.

Þá er í ákvæðinu kveðið á um heimild ráðherra til að svipta leyfishafa leyfi brjóti hann gegn ákvæðum laganna eða reglna sem settar eru samkvæmt þeim eða gegn skilyrðum í leyfisbréfi. Getur ráðherra, eftir atvikum að undangenginni áminningu, svipt leyfishafa leyfi tímabundið, þar til bætt hefur verið úr annmörkum, eða að fullu. Þykir rétt að kveða skýrlega á um heimild ráðherra að þessu leyti til að tryggja virkt eftirlit og úrræði í því sambandi. Um málsmeðferð við sviptingu leyfis fer samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

Um 3. gr.

Samkvæmt 1. mgr. 10. gr. laganna er ráðherra falið að setja reglur um hversu lengi megi geyma fósturvísa sem búnir hafa verið til við glasafrjóvgunarmeðferð í æxlunarskyni. Þetta

hefur ráðherra gert, sbr. 16. gr. reglugerðar nr. 568/1997, um tæknifrjóvgun, en þar kemur fram að hámarksgeymslutími fósturvísa skuli vera fimm ár. Að loknum þeim tíma ber að eyða ónotuðum fósturvísum, sbr. 2. mgr. 10. gr. laganna. Þá ber skv. 3. og 4. mgr. 10. gr. laganna að eyða ónotuðum fósturvísum ef kynfrumugjafi andast eða ef karlmaður sá og kona sem lögðu kynfrumurnar til slíta hjúskap eða sambúð. Í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að við 10. gr. laganna bætist ný málsgrein þar sem veitt er heimild, að hámarksgeymslutíma liðnum eða þegar skylda til eyðingar vaknar af þeim orsökum sem raktar hafa verið, til að ráðstafa fósturvísum til aðila sem fengið hafa leyfi til að nota fósturvísa til stofnfrumurannsókna, sbr. 2. gr. frumvarpsins. Með þessu er veitt heimild til að ráðstafa umframfósturvísum, þ.e. fósturvísum sem búnir hafa verið til með samruna eggfrumu og sæðisfrumu í æxlunartilgangi en hafa ekki nýst í því skyni, til framangreindra aðila. Upplýst samþykki beggja kynfrumugjafa er áskilið til slíkrar ráðstöfunar en með því er tryggt að fósturvísum sé aldrei ráðstafað til þessara nota í andstöðu við vilja þeirra. Rétt er að taka það skýrt fram að þótt umframfósturvísum hafi verið ráðstafað til leyfishafa með þessum hætti veitir það honum ekki þar með heimild að nota þá til að búa til stofnfrumulínur heldur þarf hann jafnframt að afla samþykkis vísindasiðanefndar til þess, sbr. 5. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt ákvæðinu skulu upplýsingar um uppruna fósturvísa dulkóðaðar og kóðinn geymdur hjá ábyrgðarmanni leyfishafa. Er óheimilt að afkóða þessar upplýsingar nema hagsmunir kynfrumugjafa eða brýnir rannsóknarhagsmunir krefjist þess og er afkóðun óheimil nema með samþykki vísindasiðanefndar sem metur, m.a. á grundvelli reglna sem ráðherra setur sbr. b-lið 7. gr. frumvarpsins, hvort framangreindir hagsmunir réttlæti afkóðun. Við afkóðun ber ábyrgðarmanni leyfishafa að sjá til þess að einungis þeir starfsmenn sem nauðsynlega þurfa hafi aðgang að upplýsingunum.

Í 7. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að ráðherra setji nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis, t.d. um fyrirkomulag við öflun upplýsts samþykkis og um hámarksgeymslutíma fósturvísa hjá rannsóknaraðila, um dulkóðun upplýsinga o.fl.

Um 4. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um rannsóknir sem heimilt er að gera á fósturvísum í tengslum við glasafrjóvgunarmeðferð. Heimildir þessar eru óbreyttar frá núgildandi lögum sbr. 2. mgr. 11. gr. laganna.

Um 5. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um rannsóknir sem heimilt er að gera á umframfósturvísum. Eins og fram kemur í 1. gr. frumvarpsins eru umframfósturvísar fósturvísar sem búnir hafa verið til með glasafrjóvgun í æxlunarskyni en nýtast ekki sem slíkir. Er leyfishafa sem fengið hefur slíka fósturvísa skv. 3. gr. frumvarpsins heimilt, með samþykki vísindasiðanefndar, að nota þá til að búa til stofnfrumulínur, enda sé tilgangur rannsóknanna að afla þekkingar í líf- og læknisfræði sem nýst getur til að bæta heilsu og lækna sjúkdóma. Er það m.a. hlutverk vísindasiðanefndar að leggja mat á það áður en hún gefur samþykki sitt hvort framangreind skilyrði séu uppfyllt. Eins og umrætt skilyrði um tilgang rannsóknar er orðað er ljóst að það takmarkar einungis óverulega heimildir leyfishafa til rannsókna enda verður að ætla að flestar ef ekki allar rannsóknir sem til álita geta komið á þessu sviði séu áformaðar í þessum tilgangi. Um samþykki vísindasiðanefndar gilda að öðru leyti og eftir því sem við á ákvæði reglugerðar nr. 552/1999, um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði.

Um 6. gr.

Með ákvæðinu er lagt til að á eftir 12. gr. laganna bætist tvær nýjar greinar.

Í fyrri greininni er kveðið á um að óheimilt sé að framkvæma kjarnaflutning nema í þeim undantekningartilvikum sem í ákvæðinu greinir en samkvæmt þeim er leyfishöfum, sbr. 2. gr. frumvarpsins, heimilt með samþykki vísindasiðanefndar, eggfrumugjafa og þess sem erfðaefni stafar frá að framkvæma kjarnaflutning í þeim tilgangi að búa til stofnfrumulínur sem nýst geta til lækninga eða til að afla þekkingar í líf- og læknisfræði. Er heimildin bundin því skilyrði að ekki sé talið unnt að ná sama árangri eða afla sömu þekkingar með notkun stofnfrumulína sem búnar eru til úr umframfósturvísum eða með öðrum hætti. Samkvæmt ákvæðinu er það m.a. hlutverk vísindasiðanefndar að leggja mat á það, áður en hún veitir samþykki sitt, hvort framangreind skilyrði séu uppfyllt en í því sambandi ber henni sérstaklega að meta á grundvelli þeirra vísinda- og læknisfræðilegu markmiða sem rannsókn hefur hvort unnt sé að ná sama árangri eða afla sömu þekkingar með notkun stofnfrumulína sem búnar eru til úr umframfósturvísum eða úr vefjastofnfrumum. Verður að ætla að þessi takmörkun setji allverulegar skorður við heimildum til kjarnaflutnings. Í d-lið 7. gr. frumvarpsins kemur fram að ráðherra setji nánari reglur um kjarnaflutning samkvæmt þessu ákvæði og ber vísindasiðanefnd jafnframt að taka mið af þeim við meðferð umsókna. Um samþykki vísindasiðanefndar gilda að öðru leyti og eftir því sem við á ákvæði reglugerðar nr. 552/1999, um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði. Sérstaklega er tekið fram í ákvæðinu að óheimilt sé að rækta eggfrumu sem kjarnaflutningur hefur verið framkvæmdur á lengur en í 14 daga eða eftir að frumrákin kemur fram og er það sama tímamark og á við um ræktun fósturvísa. Loks er í ákvæðinu lagt blátt bann við því að eggfrumum sem kjarnaflutningur hefur verið framkvæmdur á sé komið fyrir í legi kvenna. Af þessu leiðir að það er með öllu óheimilt að framkvæma kjarnaflutning í æxlunarskyni.

Seinni greinin er samhljóða 12. gr. núgildandi laga að frátöldum d-lið ákvæðisins en þar segir nú að óheimilt sé að framkvæma einræktun. Eins og fram er komið er með frumvarpinu lagt til að heimilt verði í undantekningartilvikum að framkvæma kjarnaflutning eða einræktun í læknisfræðilegum tilgangi. Áfram verður þó með öllu óheimilt að framkvæma kjarnaflutning í æxlunarskyni og er það tekið fram með skýrum hætti í ákvæðinu. Í a-lið ákvæðisins kemur fram að óheimilt sé að rækta eða framleiða fósturvísa með samruna eggfrumu og sæðisfrumu eingöngu í þeim tilgangi að gera á þeim rannsóknir. Samhljóða ákvæði er nú í a-lið 12. gr. núgildandi laga. Í b-lið er tekið fram að óheimilt sé að rækta fósturvísa lengur en í 14 daga utan líkamans eða eftir að frumrákin kemur fram og er ákvæðið samhljóða b-lið 12. gr. núgildandi laga. Í c-lið kemur loks fram að óheimilt sé að koma mannlegum fósturvísum fyrir í dýrum og er samhljóða ákvæði nú að finna í c-lið 12. gr. núgildandi laga.

Um 7. gr.

Í ákvæðinu eru lagðar til nokkrar breytingar á 13. gr. laganna þar sem kveðið er á um heimildir ráðherra til að setja nánari reglur um framkvæmd laganna.

Í a-lið er bætt við heimild til handa ráðherra til að kveða á um almenn skilyrði fyrir veitingu leyfa skv. 2. gr. laganna, sbr. 2. gr. frumvarpsins.

Í b-lið er kveðið á um heimild ráðherra til að setja nánari reglur um ráðstöfun fósturvísa skv. 5. mgr. 10. gr. laganna, sbr. 3. gr. frumvarpsins, fyrirkomulag við öflun upplýsts samþykkis kynfrumugjafa og hámarksgeymslutíma fósturvísa og eggfrumna sem kjarnaflutningur hefur verið framkvæmdur á hjá rannsóknaraðila, dulkóðun upplýsinga um uppruna fósturvísanna og hvenær heimilt sé að afkóða upplýsingarnar.

Í c-lið er kveðið á um heimildir ráðherra til að setja nánari reglur um rannsóknir á fósturvísum og notkun umframfósturvísa til að búa til stofnfrumulínur skv. 11. og 12. gr. laganna, sbr. 4. og 5. gr. frumvarpsins.

Í d-lið er loks kveðið á um heimild ráðherra til að setja nánari reglur um framkvæmd kjarnaflutnings skv. 13. gr. laganna, sbr. 6. gr. frumvarpsins.

Um 8. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að refsing við broti gegn ákvæði 13. gr. laganna, sbr. a-lið 6. gr. frumvarpsins, verði sektir eða fangelsi allt að einu ári. Samkvæmt þessu er lagt til að refsiramminn vegna brota á ákvæðum laganna sem varða kjarnaflutning verði víðari en gildir um brot gegn öðrum ákvæðum laganna, en almennur refsirammi vegna brota er sektir eða fangelsi allt að þremur mánuðum, sbr. 1. mgr. 14. gr. laganna. Ríkari refsiábyrgð í þessum tilvikum endurspeglar þá afstöðu að sýna beri sérstaka aðgæslu við framkvæmd kjarnaflutnings þar sem eggfruma er notuð og meðferð hennar.

Um 9. gr.

Með ákvæðinu er lagt til að heiti laganna verði: Lög um tæknifrjóvgun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna. Breytt heiti tekur mið af þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu og er ætlað að endurspegla efni laganna í grófum dráttum verði frumvarpið að lögum.

Um 10. gr.

Samkvæmt ákvæðinu öðlast lögin, ef samþykkt verða, gildi þegar við birtingu.

Um 11. gr.

Samkvæmt 3. mgr. 2. gr. laga um lífsýnasöfn gilda þau ekki um geymslu kynfrumna og fósturvísa samkvæmt tæknifrjóvgunarlögum. Þykir rétt að þessi takmörkun á gildissviði laga um lífsýni taki einnig til þeirra sem fengið hafa sérstakt leyfi skv. 2. gr. frumvarpsins til að nota umframfósturvísa til stofnfrumurannsókna og til að framkvæma kjarnaflutning. Byggist undanþágan á því að einungis sé um tímabundna vörslu lífsýna að ræða sem vari að jafnaði ekki lengur en fimm ár, sbr. heimild ráðherra í b-lið 7. gr. frumvarpsins til að setja reglur um hámarksgeymslutíma fósturvísa og eggfrumna sem kjarnaflutningur hefur verið framkvæmdur á hjá leyfishöfum. Hins vegar munu lífsýnalögin gilda eftir því sem við á um geymslu stofnfrumna og stofnfrumulína sem búnar verða til úr fósturvísum og eggfrumum sem kjarnaflutningur hefur verið framkvæmdur á.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 55/1996, um tæknifrjóvgun, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lagt til að nýtt heiti laganna verði lög um tæknifrjóvgun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna og tekur breytt heiti mið af megin-

breytingum frumvarpsins í þá veru að auka rannsóknarheimildir á umframfósturvísum frá því sem nú er.

Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið leiði til aukins kostnaðar fyrir ríkissjóð verði það óbreytt að lögum.

197. Frumvarp til laga [184. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum (upptaka, hryðjuverk, skipulögð brotastarfsemi, mansal og peningaþvætti).

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

Við 6. gr. laganna bætast þrír nýir töluliðir er orðast svo:

19. Fyrir háttsemi sem greinir í samningi Sameinuðu þjóðanna gegn fjölþjóðlegri, skipulagðri brotastarfsemi frá 15. nóvember 2000 og í bókun við þann samning til að koma í veg fyrir, berjast gegn og refsa fyrir verslun með fólk, einkum konur og börn, frá 15. nóvember 2000.
20. Fyrir háttsemi sem greinir í Evrópuráðssamningi um varnir gegn hryðjuverkum frá 3. maí 2005.
21. Fyrir háttsemi sem greinir í Evrópuráðssamningi um aðgerðir gegn mansali frá 3. maí 2005.

2. gr.

Í stað 69. gr. laganna kemur nýr kafli, er verður VII. kafli A, **Upptaka,** með átta nýjum greinum er orðast svo:

a. (69. gr.)

Gera má upptækan ávinning af broti eða fjárhæð sem svarar til hans í heild eða að hluta. Sama gildir um muni sem keyptir eru fyrir ávinninginn eða komið hafa í stað hans. Þegar ekki er unnt að færa fullar sönnur á fjárhæð ávinnings er heimilt að áætla fjárhæðina.

Kostnaður sem tengist framkvæmd brots dregst ekki frá fjárhæð ávinnings.

b. (69. gr. a.)

Gera má upptæka með dómi:

1. Hluti sem hafa verið notaðir, ætlaðir eru til eða hætta þykir á að verði notaðir við framningu brots.
2. Hluti sem hafa orðið til við brot.
3. Hluti sem með öðrum hætti tengjast framningu brots.

Í stað upptöku á hlutum skv. 1. mgr. má gera upptæka fjárhæð sem svarar til andvirðis þeirra í heild eða að hluta.

Nú er félagi slitið með dómi og má þá gera fjármuni, bækur, skjöl og aðrar eignir þess upptækar.

c. (69. gr. b.)

Gera má upptæk verðmæti, að hluta eða í heild, sem tilheyra einstaklingi sem gerst hefur sekur um brot þegar:

1. brotið er til þess fallið að hafa í för með sér verulegan ávinning og,
2. það getur varðað að minnsta kosti 6 ára fangelsi.

Með sömu skilyrðum og greinir í 1. mgr. má gera upptæk verðmæti, að hluta eða í heild, sem núverandi eða fyrrverandi maki eða sambúðarmaki þess sem framið hefur brot hefur aflað nema:

1. verðmætanna hafi verið aflað meira en 5 árum áður en brotið var framið eða,
2. viðkomandi voru ekki í hjúskap eða sambúð á þeim tíma sem verðmætanna var aflað.

Með sömu skilyrðum og greinir í 1. mgr. má gera upptæk verðmæti, að hluta eða í heild, sem runnið hafa til lögaðila sem viðkomandi einstaklingur, einn eða með sínum nánustu, hefur ráðandi stöðu í. Sama gildir ef verulegur hluti af tekjum lögaðilans rennur til viðkomandi. Upptaka er þó ekki heimil ef verðmætin hafa runnið til lögaðilans meira en 5 árum áður en brotið var framið.

Nú sýnir viðkomandi fram á að verðmætanna hefur verið aflað á lögmætan hátt og skulu þau þá ekki gerð upptæk.

Í stað upptöku á tilgreindum verðmætum skv. 1.–3. mgr. má gera upptæka fjárhæð sem svarar til andvirðis þeirra í heild eða að hluta.

d. (69. gr. c.)

Nú hefur ávinningi af broti verið blandað saman við eignir sem aflað hefur verið með lögmætum hætti og má þá gera þær eignir upptækar allt að matsvirði þess ávinnings sem blandað var við þær.

e. (69. gr. d.)

Upptaka skv. 69. gr. má fara fram hjá þeim sem notið hefur ávinnings af broti.

Upptaka skv. 1. og 2. mgr. 69. gr. a má fara fram hjá þeim sem framið hefur brot og þeim sem hann hefur unnið fyrir.

Tryggingarréttindi yfir hlutum sem sæta upptöku geta aðeins fallið brott samkvæmt ákvörðun dómstóls þegar rétthafi er grandsamur.

Hafi einhver þeirra sem nefndur er í 1. og 2. mgr. gert ráðstafanir eftir að brot var framið sem varða eignarhald eða réttindi yfir ávinningi eða hlut sem gera á upptækan má gera ávinninginn eða hlutinn upptækan hjá þriðja manni hafi hann vitað um tengsl ávinningsins eða hlutarins við brot eða sýnt af sér stórfellt gáleysi í því sambandi. Sama gildir þegar um gjöf er að ræða.

Upptöku verður ekki komið við hafi viðkomandi látist, nema um sé að ræða upptöku skv. 69. gr.

f. (69. gr. e.)

Hafi einhver beðið tjón við brot má í dómi ákveða að nýta andvirði upptækra verðmæta til greiðslu á skaðabótakröfu viðkomandi.

Hafi dómfelldi greitt skaðabætur til brotaþola í slíkum tilvikum, eftir uppkvaðningu dóms, skal lækka þá fjárhæð sem gerð er upptæk í sama hlutfalli.

g. (69. gr. f.)

Nú er krafist upptöku á ávinningi, hlutum, munum, verðmætum eða eignum annarra en sakbornings og skal þá beina þeirri kröfu að eigandanum eða handhafa réttindanna.

Nú er ekki vitað hver er eigandi eða handhafi réttindanna eða hann hefur ekki þekktan dvalarstað hér á landi og má dómstóll þá beita upptöku í máli gegn sakborningi.

Nú er ekki vitað hver hefur gerst brotlegur eða er handhafi réttindanna og má þá beita upptöku með dómi án þess að nokkur sé ákærður.

Nú hefur verið lagt hald á verðmæti við rannsókn máls og ekki er vitað hver eigandi þeirra er og enginn gerir lögmætt tilkall til þeirra innan 5 ára og má þá gera þau upptæk.

h. (69. gr. g.)

Það sem gert er upptækt er eign ríkissjóðs nema annað sé sérstaklega ákveðið í lögum. Það á þó ekki við þegar andvirðið er nýtt til að greiða skaðabótakröfu þess sem beðið hefur tjón við brot, sbr. 69. gr. e.

Dómsmálaráðuneytinu er heimilt að ákveða að því sem gert er upptækt sé skipt á milli íslenska ríkisins og annars ríkis eða ríkja. Við slíka ákvörðun skal m.a. leggja til grundvallar þau útgjöld sem málið hefur leitt af sér í ríkjunum, hvort þar hafi orðið tjón vegna málsins og hvaðan upptækt verðmæti er runnið. Skipting samkvæmt þessari málsgrein má ekki leiða til þess að bótagreiðslur til tjónþola séu takmarkaðar.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 100. gr. a laganna:

a. Upphafsmálsliður 1. mgr. orðast svo: Fyrir hryðjuverk skal refsa með allt að ævilöngu fangelsi hverjum sem í þeim tilgangi að valda almenningi verulegum ótta eða þvinga með ólögmætum hætti íslensk eða erlend stjórnvöld eða alþjóðastofnun til að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert eða í því skyni að veikja eða skaða stjórnskipun eða stjórnmálalegar, efnahagslegar eða þjóðfélagslegar undirstöður ríkis eða alþjóðastofnunar fremur eitt eða fleiri af eftirtöldum brotum.
b. Við 1. mgr. bætast tveir nýir töluliðir er orðast svo:
   7. á ólöglegan hátt tekur við, hefur í vörslum sínum, notar, flytur, breytir, losar eða dreifir kjarnakleyfum efnum skv. 169. gr. a,
   8. fremur önnur brot sem greinir í alþjóðasamningi um að koma í veg fyrir hryðjuverkasprengingar frá 15. desember 1997, alþjóðasamningi um að koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverkastarfsemi frá 9. desember 1999 eða Evrópuráðssamningi um varnir gegn hryðjuverkum frá 3. maí 2005.

4. gr.

Við 100. gr. b laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Sá sem með sama hætti og greinir í 1. mgr. fjármagnar hryðjuverk skv. 100. gr. a skal sæta fangelsi allt að 16 árum.

5. gr.

Á eftir 100. gr. c laganna komi ný grein, 100. gr. d, svohljóðandi:

Hver sem opinberlega hvetur menn til að fremja hryðjuverk skv. 100. gr. a skal sæta fangelsi allt að 3 árum.

6. gr.

Á eftir 175. gr. laganna komi ný grein, 175. gr. a, er orðast svo:

Sá er sammælist við annan mann um að fremja verknað sem varðar minnst 4 ára fangelsi og framkvæmd hans er liður í starfsemi skipulagðra brotasamtaka skal sæta fangelsi allt að 4 árum, nema brot hans varði þyngri refsingu samkvæmt öðrum ákvæðum laga þessara eða öðrum lögum.

Með skipulögðum brotasamtökum er átt við félagsskap þriggja eða fleiri manna sem hefur það að meginmarkmiði, beint eða óbeint í ávinningsskyni, að fremja með skipulegum hætti refsiverðan verknað sem varðar minnst 4 ára fangelsi, eða þegar verulegur þáttur í starfseminni felst í því að fremja slíkan verknað.

7. gr.

227. gr. a laganna orðast svo:

Hverjum þeim sem gerist sekur um eftirtalda verknaði, einn eða fleiri, í þeim tilgangi að misnota mann kynferðislega eða til nauðungarvinnu eða til að nema á brott líffæri hans skal refsa fyrir mansal með allt að 8 ára fangelsi:

1. Að útvega, flytja, afhenda, hýsa eða taka við einhverjum og við það er beitt eða hefur verið beitt ólögmætri nauðung skv. 225. gr., eða frelsissviptingu skv. 226. gr., eða hótun skv. 233. gr., eða ólögmætum blekkingum með því að vekja, styrkja eða hagnýta sér villu viðkomandi um aðstæður eða með því að hagnýta sér bága stöðu viðkomandi.
2. Að útvega, flytja, afhenda, hýsa eða taka við einstaklingi yngri en 18 ára.
3. Að láta af hendi greiðslu eða annan ávinning til að afla samþykkis til misnotkunarinnar hjá manni sem ræður gerðum annars manns.

Sömu refsingu skal sá sæta sem tekur við greiðslu eða öðrum ávinningi skv. 3. tölul. 1. mgr.

Beinist brot skv. 1. mgr. gegn barni skal taka það til greina til þyngingar refsingunni.

Sömu refsingu skal hver sá sæta sem gerist sekur um eftirtalda verknaði, einn eða fleiri, í því skyni að greiða fyrir mansali:

1. Að falsa ferða- eða persónuskilríki.
2. Að annast milligöngu um slík skilríki eða útvega þau.
3. Að halda eftir, fjarlægja, skemma eða eyðileggja ferða- eða persónuskilríki annars einstaklings.

8. gr.

264. gr. laganna orðast svo:

Hver sem tekur við, nýtir eða aflar sér eða öðrum ávinnings af broti á lögum þessum eða af refsiverðu broti á öðrum lögum, eða meðal annars umbreytir slíkum ávinningi, flytur hann, sendir, geymir, aðstoðar við afhendingu hans, leynir honum eða upplýsingum um uppruna hans, eðli, staðsetningu, ráðstöfun eða flutningi ávinnings skal sæta fangelsi allt að 6 árum. Sá sem framið hefur frumbrot og fremur jafnframt brot skv. 1. mgr. skal sæta sömu refsingu og þar greinir. Ákvæði 77. gr. laga þessara gildir þá eftir því sem við á.

Refsing getur orðið fangelsi allt að 12 árum ef um ræðir ávinning af broti skv. 173. gr. a.

Sé brot skv. 1. mgr. framið af gáleysi varðar það sektum eða fangelsi allt að 6 mánuðum.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Almenn atriði.

Frumvarp þetta er samið í refsiréttarnefnd að tilhlutan dómsmálaráðherra. Við samningu frumvarpsins var leitað umsagnar embættis ríkissaksóknara og tekið tillit til athugasemda og ábendinga sem bárust frá embættinu við lokafrágang þess.

Með frumvarpinu er lagt til að gerðar verði annars vegar breytingar á ákvæðum almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, um hryðjuverk, peningaþvætti og mansal. Þá er lagt til að lögfestur verði nýr heildstæður kafli um upptöku eigna auk þess sem lögfest verði nýtt ákvæði um skipulagða brotastarfsemi.

Með frumvarpinu er með heildstæðum hætti leitast við að endurskoða gildandi ákvæði almennra hegningarlaga um framangreind efnisatriði með það í huga að fært sé í fyrsta lagi að fullgilda samning Sameinuðu þjóðanna gegn fjölþjóðlegri, skipulagðri brotastarfsemi (Palermó-samningur) frá 15. nóvember 2000 og bókun við þann samning frá sama tíma um að koma í veg fyrir, berjast gegn og refsa fyrir verslun með fólk, einkum konur og börn, og í öðru lagi að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hægt sé að fullgilda Evrópuráðssamning um varnir gegn hryðjuverkum og Evrópuráðssamning um aðgerðir gegn mansali sem báðir eru frá 3. maí 2005. Í því sambandi verður þó að gera þann fyrirvara að efni síðastnefnds samnings kann að kalla á aðrar lagabreytingar svo unnt verði að fullgilda hann. Hvað varðar endurskoðun á ákvæðum almennra hegningarlaga um upptöku eigna hefur einnig verið tekið tillit til athugasemda í annarri matsskýrslu GRECO (Samtök ríkja gegn spillingu, e. Group of States Against Corruption) frá 2. júlí 2004. Þá er með frumvarpinu komið til móts við þær athugasemdir varðandi gildandi löggjöf um peningaþvætti sem fram koma í skýrslu FATF (Financial Action Task Force) um aðgerðir gegn peningaþvætti á Íslandi frá 13. október 2006.

Helstu efnisákvæði frumvarpsins eru eftirfarandi:

1. Lagt er til í 2. gr. að lögfestur verði nýr kafli, VII. kafli A, um upptöku eigna.
2. Með 3. gr. er lagt til að gerðar verði ákveðnar breytingar á ákvæðum almennra hegningarlaga um hryðjuverk. Verknaðarlýsing hryðjuverka í 1. mgr. 100. gr. a er gerð skýrari og jafnframt gert ljóst að hvers konar fjármögnun hryðjuverka eða annað liðsinni við slíka brotastarfsemi telst refsiverð. Þá er lögfest sérstakt ákvæði sem bannar opinbera hvatningu til hryðjuverka.
3. Með 6. gr. er lagt til að lögfest verði sérstakt ákvæði, 175. gr. a, um skipulagða brotastarfsemi.
4. Með 7. gr. er lagt til að gerðar verði breytingar á 227. gr. a almennra hegningarlaga um mansal.
5. Með 8. gr. er lagt til að gerðar verði breytingar á 264. gr. almennra hegningarlaga um peningaþvætti.

Áður en fjallað er um einstakar frumvarpsgreinar er í II.–VI. kafla fjallað almennt um einstaka efnisþætti frumvarpsins. Í II. kafla er vikið að alþjóðlegri baráttu gegn skipulagðri brotastarfsemi sem horft var til við samningu frumvarpsins og lýst meginefni Palermó-samningsins. Í III. kafla er fjallað um Evrópuráðssamningana um varnir gegn hryðjuverkum og um aðgerðir gegn mansali. Þessu næst er í IV. kafla vikið að þeim meginsjónarmiðum sem höfð voru í huga við endurskoðun ákvæða almennra hegningarlaga um upptöku eigna og við þá útfærslu sem fram kemur í 2. gr. frumvarpsins. Í V. kafla er fjallað um þær réttarpólitísku röksemdir sem liggja til grundvallar þeirri tillögu 6. gr. frumvarpsins að lögfest verði nýtt sérákvæði um skipulagða brotastarfsemi í almenn hegningarlög. Loks er í VI. kafla fjallað um hvort nauðsyn sé sérstakra lagabreytinga vegna innleiðingar á bókun við Palermó-samn-

inginn um að koma í veg fyrir, berjast gegn og refsa fyrir verslun með fólk, einkum konur og börn.

II. Alþjóðleg barátta gegn skipulagðri brotastarfsemi – Palermó-samningurinn.

Samningur Sameinuðu þjóðanna gegn fjölþjóðlegri, skipulagðri brotastarfsemi var samþykktur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 15. nóvember 2000 og hefur verið nefndur Palermó-samningurinn. Einnig voru sama dag samþykktar á vettvangi allsherjarþingsins bókanir við samninginn, þar á meðal bókun til að koma í veg fyrir, berjast gegn og refsa fyrir verslun með fólk, einkum konur og börn. Palermó-samningurinn gekk í gildi 29. september 2003 en af hálfu íslenska ríkisins var hann undirritaður 13. desember 2000 ásamt framangreindri bókun við samninginn, en um hana verður nánar fjallað í VI. kafla hér síðar.

Með Palermó-samningnum er tekið skref fram á við í baráttunni gegn fjölþjóðlegri, skipulagðri brotastarfsemi. Með tilkomu alþjóðavæðingar, framfara í upplýsingatækni, stóraukinna alþjóðaviðskipta, auðveldari samgangna og breyttrar landamæravörslu hefur starfsumhverfi skipulagðra brotasamtaka gjörbreyst. Hér má sem dæmi vekja athygli á því að 1. maí 2004 fjölgaði ríkjum Evrópusambandsins úr 15 í 25. Talið er líklegt að sú stækkun auki tækifæri skipulagðra brotasamtaka til að sækja sér nýja markaði og auðveldi þeim að skipuleggja brotastarfsemi sína. Stækkunin mun auðvelda viðskipti milli landa og draga úr ýmsum hömlum á starfsemi brotasamtaka, en löggæslu- og eftirlitsstofnanir einstakra ríkja eru áfram háðar landamærum. Brotasamtök hafa nýtt sér þessar breyttu landfræðilegu aðstæður og ógna nú þjóðum án tillits til landamæra. Er engum vafa undirorpið að alvarleg brotastarfsemi á alþjóðlegum vettvangi er vaxandi vandamál í þjóðfélögum nútímans.

Eitt af því sem einkennir skipulagða brotastarfsemi er fagmennska, skipulagning og nær ótakmörkuð fjárráð. Fyrir vikið er hér um sífellt vaxandi og erfiðari mál að ræða. Ágóði af skipulagðri brotastarfsemi eykst jafnt og þétt og ógnar ríkisvaldi og samfélagi, þar sem brotamennirnir festa illa fengið fé sitt í löglegri starfsemi (peningaþvætti) og bjóða heim hættunni á spillingu. Skipulögð brotastarfsemi er eins og fram er komið ekki bundin af landamærum einstakra ríkja og eykur það þörfina fyrir alþjóðasamstarf lögreglu. Jafn mikilvæg er samræming löggjafar á milli ríkja og pólitísk áhersla á upprætingu slíkra brota. Mismunandi framkvæmd löggæslu og ósamræmi milli landa er augljóslega til trafala, ekki síst í ljósi þess að brotamennirnir eru ekki háðir slíkum takmörkunum. Með samningnum eiga ríki að geta treyst hvort á annað við rannsókn, saksókn og refsingu brota sem framin eru af skipulögðum brotasamtökum þar sem annaðhvort brotin eða þeir sem þau fremja tengjast á einhvern hátt milli landa. Með tilkomu samningsins ætti skipulögðum brotasamtökum að vera gert erfiðara fyrir við starfsemi sína, t.d. með því að misnota glufur í löggjöf einstakra ríkja eða vandamál varðandi lögsögu ríkja.

Megintilgangur Palermó-samningsins er að stuðla að samvinnu á milli ríkja með það markmið í huga að berjast gegn fjölþjóðlegri, skipulagðri brotastarfsemi með skilvirkari hætti en áður hefur tíðkast og efla þar með alþjóðlegt samstarf, sbr. 1. gr. samningsins.

Samningurinn hefur að telja 41 grein sem margar hverjar skiptast niður í fjölda undirliða. Í 2. gr. samningsins eru hin ýmsu hugtök sem fram koma í samningnum skilgreind, m.a. skipulögð brotasamtök, stórfelld brot, samhæfð samtök og frumbrot. Gildissvið samningsins er afmarkað í 3. gr. hans en samkvæmt henni gildir hann um varnir gegn, rannsókn á og saksókn vegna þeirra brota sem lýst eru refsinæm skv. 5., 6., 8. og 23. gr. samningsins og alvarlegra brota samkvæmt skilgreiningu 2. gr. enda sé brotið liður í fjölþjóðlegri brotastarfsemi þar sem skipulögð brotasamtök koma við sögu. Þá kemur fram í 2. mgr. 3. gr. að brot

teljist vera liður í fjölþjóðlegri brotastarfsemi taki framkvæmd og afleiðingar þess til fleiri en eins ríkis. Í 4. gr. samningins er fjallað um fullveldisvernd og í 5. gr. hans er þátttaka í starfsemi skipulagðra brotasamtaka lýst refsiverð. Í 6.–7. gr. er fjallað um peningaþvætti, en í 8.–9. gr. er fjallað um spillingu og forvarnir. Ákvæði 10. gr. beinist að ábyrgð lögaðila og í 11. gr. er fjallað um skyldur ríkisins til saksóknar, dómsálagningar og til að koma við viðurlögum vegna þeirra verknaða sem lýstir eru refsiverðir samkvæmt samningnum.

Þá er í samningnum fjallað um upptöku og haldlagningu sem og alþjóðlega samvinnu í slíkum málum, sbr. 12.–14. gr. samningsins. Í 15. gr. er fjallað um lögsögureglur en í 16.–22. gr. er fjallað um framsal, sbr. 16. gr., flutning dæmdra manna, sbr. 17. gr., gagnkvæma dómsmálaaðstoð og rannsóknir, sbr. 18.–20. gr., flutning meðferðar sakamáls milli aðildarríkja, sbr. 21. gr., og atriði tengd skráningu í sakaskrá, sbr. 22. gr. Í 23. gr. er fjallað um skyldu aðildarríkja til að lýsa hindrun á framgangi réttvísinnar refsiverða. Í 24. og 25. gr. samningsins er fjallað um vitnavernd og aðstoð við brotaþola og vernd þeirra.

Í 26. og 27. gr. er fjallað um ráðstafanir til að efla samstarf við yfirvöld aðildarríkja sem framfylgja efnisákvæðum samningsins, sbr. 26. gr., og samvinnu milli ríkja varðandi brot þau sem samningurinn tekur til, sbr. 27. gr. samningsins. Í 29. gr. samningsins er fjallað um skyldur ríkja til að safna og miðla upplýsingum um eðli skipulagðrar brotastarfsemi. Þá er í 29. og 30. gr. samningsins vikið að nauðsyn þess að aðildarríki þrói og betrumbæti sértækar áætlanir um þjálfun þeirra starfsmanna sem framfylgja þeim lagaákvæðum sem samningurinn leiðir af sér, sbr. 29. gr., og komi á fót samstarfi milli aðildarríkja sem og við alþjóðastofnanir og svæðisstofnanir til að berjast gegn skipulagðri, fjölþjóðlegri brotastarfsemi, sbr. 30. gr. samningsins. Þá er í 31. gr. samningsins fjallað um forvarnarstarf í aðildarríkjunum til að koma í veg fyrir fjölþjóðlega, skipulagða brotastarfsemi.

Í 32.–41. gr. samningsins er svo að finna ýmis lokaákvæði.

Loks má geta þess að réttarfarsnefnd hefur farið yfir efni samningsins sem snertir réttarfar og telur það ekki gefa tilefni til breytinga á íslenskri réttarfarslöggjöf.

III. Evrópuráðssamningar um varnir gegn hryðjuverkum og aðgerðir gegn mansali.

A. Evrópuráðssamningur um varnir gegn hryðjuverkum.

Samningur um varnir gegn hryðjuverkum var samþykktur af ráðherranefnd Evrópuráðsins 3. maí 2005. Samningurinn var undirritaður af hálfu Íslands 16. maí 2005, en 17. september 2007 höfðu sjö ríki fullgilt samninginn.

Tilkomu samningsins má rekja til hryðjuverkanna sem framin voru í Bandaríkjunum 11. september 2001, en í kjölfar þeirra samþykkti ráðherranefnd Evrópuráðsins yfirlýsingu um alþjóðlegar aðgerðir gegn hryðjuverkum og var komið á fót nefnd sem hafði það hlutverk að endurskoða og uppfæra gildandi regluverk innan ráðsins, sérstaklega Evrópusamning um varnir gegn hryðjuverkum frá 1977. Nefndin samdi viðauka við þann samning og var hann samþykktur af ráðherranefndinni og lagður fram til undirritunar 16. maí 2003. Innan nefndarinnar náðist samstaða um að þörf væri á einum eða fleiri gerningum um varnir gegn hryðjuverkum sem hefðu afmarkað gildissvið og tækju á fleiri atriðum en gildandi samningar. Óskaði þing Evrópuráðsins í janúar 2004 eftir því að hafin yrði vinna sem stefndi að þessu markmiði og yrði grundvölluð á regluverki Sameinuðu þjóðanna, Evrópuráðsins og Evrópusambandsins. Í kjölfarið var komið á fót nýrri nefnd sérfræðinga á sviði hryðjuverka og lagði hún fram drög til ráðherranefndarinnar að samningi um varnir gegn hryðjuverkum í lok febrúar 2005 og var hann, eins og að framan greinir, samþykktur af ráðherranefndinni 3. maí 2005.

Samningurinn hefur að geyma 32 greinar og er helsta markmið hans að berjast gegn hryðjuverkum og þeim neikvæðu áhrifum sem þau hafa á mannréttindi, einkum réttinn til lífs, bæði með aðgerðum innan lands og með alþjóðlegri samvinnu, að teknu tilliti til þeirra margþliða og tvíhliða sáttmála og samninga sem þegar eru í gildi milli samningsaðila, sbr. 2. gr. Í 1. gr. segir að hugtakið hryðjuverk sé notað um sérhvert brot sem fellur undir gildissvið þeirra sáttmála sem getið er í viðauka við samninginn og skilgreint er þar. Í 3. gr. er fjallað um ráðstafanir sem samningsaðilar skulu gera innan lands, en í 4. gr. er vikið að alþjóðlegri samvinnu.

Í 5.–7. gr. er að finna meginákvæði samningsins, en samkvæmt þeim er samningsaðilum skylt að mæla fyrir um refsinæmi opinberrar hvatningar til hryðjuverka, sbr. 5. gr., liðssöfnunar til hryðjuverka, sbr. 6. gr., og þjálfunar til hryðjuverka, sbr. 7. gr. Þessir verknaðir teljast ekki til hryðjuverka skv. 1. gr. samningsins, heldur er um að ræða alvarleg brot sem tengjast hryðjuverkum og geta leitt til framningar þeirra. Tekið er fram í 8. gr. að verknaður geti fallið undir 5.–7. gr. þótt ekki hafi verið framið hryðjuverk.

Í 9. gr. er mælt fyrir um refsinæmi brota sem tengjast tilraun og hlutdeild í þeim brotum sem skilgreind eru í samningnum. Í 10. gr. er fjallað um ráðstafanir til að unnt sé að gera lögaðila ábyrga fyrir hlutdeild í þeim brotum sem fjallað er um í 5.–7. gr. og 9. gr. samningsins. Samkvæmt 11. gr. samningsins skulu viðurlög við brotum gegn 5.–7. gr. og 9. gr. vera skilvirk og í réttu hlufalli við brotið.

Samkvæmt 12. gr. er samningsaðilum skylt að mæla fyrir um refsinæmi þeirra verknaða sem fjallað er um í 5.–7. gr. og 9. gr. í löggjöf sinni. Í 13. gr. er fjallað um ráðstafanir til verndar og stuðnings þeim sem hafa orðið fyrir hryðjuverkum, svo og um bætur þeim til handa.

Ákvæði 14. gr. um refsilögsögu er í samræmi við alþjóðasamninga um hryðjuverk og samning Evrópuráðsins um tölvubrot. Í 15. gr. er vikið að skyldu samningsaðila til að rannsaka þau brot sem samningurinn tekur til þegar fyrir liggja upplýsingar um að hinn brotlegi kunni að vera á yfirráðasvæði þeirra, en í 16. gr. er mælt fyrir um frávik frá beitingu samningsins við ákveðnar aðstæður.

Fjallað er um alþjóðlega samvinnu í 17. gr. og nær hún til rannsóknar á sakamáli, meðferðar sakamáls og málsmeðferðar við framsal í tengslum við brot gegn 5.–7. og 9. gr. samningsins. Í 18. gr. er mælt fyrir um skyldu samningsaðila til að fela viðeigandi yfirvöldum saksókn máls að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, sé beiðni um framsal meints brotamanns synjað. Samkvæmt 19. gr. skulu brot gegn 5.–7. gr. og 9. gr. falla undir brot sem geta orðið grundvöllur framsals í öllum framsalssamningum milli samningsaðila. Í því skyni að greiða fyrir alþjóðlegri samvinnu er kveðið á um í 1. mgr. 20. gr., sem varðar framsal og gagnkvæma réttaraðstoð, að ekki skuli líta á brot gegn 5.–7. gr. eða 9. gr. sem stjórnmálaafbrot, afbrot tengt stjórnmálaafbroti eða afbrot sem sprottið er af stjórnmálaástæðum, en í 2. mgr. ákvæðisins er að finna undanþágu frá þessu. Í 21. gr. er áréttuð nauðsyn þess að barátta gegn hryðjuverkum sé í samræmi við mannréttindi og er vikið að ástæðum sem geta búið að baki synjun á framsali eða gagnkvæmri réttaraðstoð. Með 22. gr. er samningsaðilum heimilað að miðla upplýsingum, sem þau hafa aflað, í þágu alþjóðlegrar samvinnu. Loks er að finna ýmis lokaákvæði í 23.–32. gr. samningsins.

Að mati ráðuneytisins gefur efni samningsins ekki tilefni til breytinga á réttarfarslöggjöf.

B. Evrópuráðssamningur um aðgerðir gegn mansali og íslensk refsilög um mansal.

Árlega verða þúsundir einstaklinga, aðallega konur og börn, fórnarlömb mansals, ýmist í eigin heimalandi eða erlendis, og er markmiðið meðal annars hagnýting í kynferðislegum tilgangi. Bendir flest til þess að fjöldi fórnarlamba fari vaxandi. Aðgerðir gegn mansali hafa hlotið mikla athygli um heim allan og er ástæðan sú að mansal ógnar mannréttindum og grundvallargildum í lýðræðisþjóðfélögum. Aðgerðir til að berjast gegn þessari plágu er einn þáttur í baráttu Evrópuráðsins fyrir helstu markmiðum þess, mannréttindum og mannlegri reisn. Til að ná árangri í þessari baráttu verða aðgerðir að fela í sér þverfaglega aðkomu sem grundvallast á forvörnum, verndun mannréttinda fórnarlambanna og saksókn þeirra sem standa að mansali, en á sama tíma verður að leitast við að samræma viðeigandi ákvæði í landslögum ríkja og tryggja að þeim verði beitt með samstilltum og árangursríkum hætti.

Ríki heims hafa í auknum mæli beint sjónum sínum að baráttunni gegn mansali og hafa nokkrir alþjóðasamningar verið gerðir innan vébanda Sameinuðu þjóðanna. Má þar nefna alþjóðasamning Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gegn konum frá 1979, en sá samningur leggur þær skyldur á aðildarríki að vinna gegn hvers konar verslun með konur og gróðastarfsemi sem tengist vændi kvenna. Var samningurinn fullgiltur af Íslands hálfu 18. júní 1985 og öðlaðist gildi mánuði síðar. Einnig má nefna bókun við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins sem fjallar um sölu á börnum, barnavændi og barnaklám frá 25. maí 2000. Var bókunin undirrituð af Íslands hálfu 7. september 2000 og fullgilt 9. júlí 2001.

Á árinu 1991 samþykkti ráðherranefnd Evrópuráðsins tilmæli nr. R(91)11 um hagnýtingu í kynferðislegum tilgangi, klám, vændi og mansal barna og ungmenna og var það fyrsti alþjóðlegi gerningurinn sem tók sérstaklega á þessum málum. Þá voru á árunum 2000 og 2001 samþykkt tilmæli ráðherranefndarinnar nr. R(2000)11 um aðgerðir gegn mansali vegna hagnýtingar í kynferðislegum tilgangi og tilmæli nefndarinnar R(2001)16 um verndun barna gegn hagnýtingu þeirra í kynferðislegum tilgangi. Þá má einnig nefna áðurnefnda bókun frá 15. nóvember 2000 til að koma í veg fyrir, berjast gegn og refsa fyrir verslun með fólk, einkum konur og börn, en um er að ræða bókun við Palermó-samninginn um fjölþjóðlega, skipulagða brotastarfsemi.

Sérstakt refsiákvæði um mansal var sett inn í almenn hegningarlög, sem 227. gr. a, með lögum nr. 40/2003. Refsing fyrir brot gegn ákvæðinu getur numið allt að átta ára fangelsi. Í almennum athugasemdum í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 40/2003 segir að með hliðsjón af alþjóðasamningum sé lagt til að lögfest verði sérstakt ákvæði í hegningarlög um refsinæmi mansals. Þótt sú háttsemi sem fjallað hafi verið um í frumvarpinu hafi þegar verið refsinæm segir í greinargerð að með frumvarpinu sé lögð sérstök áhersla á þessi brot og refsivernd gegn þeim aukin, en brotastarfsemin beinist gegn helgustu persónuréttindum, svo sem frjálsræði. Þá segir í frumvarpinu að við ákvörðun viðurlaga reyni á ýmis sjónarmið, og er það virt til refsiþyngingar ef brot beinist að barni eða ef brotastarfsemin er skipulögð. Þá sé brot refsivert án tillits til þess hvort fólk er flutt til landsins eða úr landi með sama hætti og þegar starfsemin fari að öllu leyti fram hér á landi. Í þessu sambandi verði að gæta þess að brotastarfsemi tengd mansali sé alþjóðleg og virði ekki landamæri.

Á þríhliða fundi sem haldinn var í Genf 14. febrúar 2003, þar sem saman voru komnir háttsettir embættismenn Evrópuráðsins, Öryggis- og framfarastofnunar Evrópu (ÖSE) og Sameinuðu þjóðanna, var lýst yfir stuðningi við gerð sérstaks Evrópuráðssamnings um aðgerðir gegn mansali. Sérfræðinganefnd, sem sett var á fót til að sinna þessu verkefni, samþykkti endanleg drög að samningnum í desember 2004 og var hann samþykktur af ráðherra-

nefnd Evrópuráðsins 3. maí 2005. Samningurinn var lagður fram til undirritunar 16. maí 2005 og var hann undirritaður af hálfu Íslands sama dag. Hinn 17. september 2007 höfðu átta ríki fullgilt samninginn.

Samningur Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali styðst að mörgu leyti við áðurnefnda bókun við Palermó-samninginn (Palermó-bókun), en er mun ítarlegri og gildir til að mynda bæði um mansal innan lands sem og fjölþjóðlegt mansal. Þá gildir samningurinn án tillits til þess hvort skipulögð brotasamtök standa að baki mansali eða ekki, en bókunin gildir hins vegar eingöngu um mansal sem á sér stað milli landa fyrir tilstilli skipulagðra brotasamtaka, sbr. meðal annars 4. gr. og 2. mgr. 1. gr. Palermó-bókunarinnar, sbr. 1. og 2. mgr. 3. gr. og 2. gr. a Palermó-samningsins. Loks má nefna að allnokkur atriði er að finna í Evrópuráðssamningnum sem ekki er að finna í Palermó-bókuninni, til að mynda ákvæði um vitna- og upplýsingavernd og ákvæði um refsiábyrgð lögaðila.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir meginefni Evrópuráðssamningsins um aðgerðir gegn mansali, en sjónum verður einkum beint að þeim ákvæðum sem þýðingu hafa fyrir frumvarp þetta.

Í 1. gr. eru talin upp þau markmið sem stefnt er að með samningnum. Megináherslan er lögð á verndun réttinda fórnarlamba mansals og málshöfðun á hendur þeim sem eru ábyrgir fyrir þeim brotum. Fjallað er um gildissvið samningsins í 2. gr., en hann tekur bæði til mansals innan lands og fjölþjóðlegs mansals, óháð því hvort það tengist skipulagðri brotastarfsemi. Í 3. gr. er fjallað um bann við mismunun.

Í a-lið 4. gr. samningsins er að finna skilgreiningu á mansali, en til að berjast gegn mansali á alþjóðlegum vettvangi er undirstöðuatriði að notast sé við skilgreiningu á mansali sem alþjóðasamfélagið hefur náð samstöðu um. Umrædd skilgreining styðst að nær öllu leyti við skilgreininguna í a-lið 3. gr. Palermó-bókunarinnar. Ákvæði 4. gr. er svohljóðandi samkvæmt frumtexta samningsins:

For the purposes of this Convention:

a. *„Trafficking in human beings“ shall mean the recruitment, transportation, transfer, harbouring or receipt of persons, by means of the threat or use of force or other forms of coercion, of abduction, of fraud, of deception, of the abuse of power or of a position of vulnerability or of the giving or receiving of payments or benefits to achieve the consent of a person having control over another person, for the purpose of exploitation. Exploitation shall include, at a minimum, the exploitation of the prostitution of others or other forms of sexual exploitation, forced labour or services, slavery or practices similar to slavery, servitude or the removal of organs;*
b. *The consent of a victim of „trafficking in human beings“ to the intended exploitation set forth in subparagraph (a) of this article shall be irrelevant where any of the means set forth in subparagraph (a) have been used;*
c. *The recruitment, transportation, transfer, harbouring or receipt of a child for the purpose of exploitation shall be considered „trafficking in human beings“ even if this does not involve any of the means set forth in subparagraph (a) of this article;*
d. *„Child“ shall mean any person under eighteen years of age;*
e. *„Victim“ shall mean any natural person who is subject to trafficking in human beings as defined in this article.*

Í skilgreiningunni felast þrír meginþættir; a) verknaður, þ.e. að útvega, flytja, afhenda, hýsa eða taka við einstaklingum, b) aðferð, þ.e. með því hóta valdbeitingu, beita valdi eða annars konar nauðung, brottnámi, svikum, blekkingum o.fl., og c) tilgangur, þ.e. að misnotk-

unin sé til hvers konar hagnýtingar (e. exploitation). Til að um mansal geti verið að ræða verða allir þessir þrír þættir að vera til staðar, en þegar um er að ræða börn skiptir ekki máli hvaða aðferð er beitt við mansalið, sbr. c-lið 4. gr. Efnislega er skilgreining 227. gr. a almennra hegningarlaga á mansali svipuð skilgreiningunni í samningnum. Með 14. gr. frumvarpsins er þó lagt til að gerðar verði ákveðnar breytingar á gildandi mansalsákvæði hegningarlaga, og vísast að öðru leyti í því efni til sérstakra athugasemda við greinina.

Í 5. gr. samningsins er fjallað um forvarnir gegn mansali. Fjallað er um aðgerðir til að draga úr eftirspurn í 6. gr. og um landamæraeftirlit í 7. gr. sem er að miklu leyti byggð á 11. gr. Palermó-bókunarinnar.

Ákvæði 8. gr., sem styðst við 12. gr. Palermó-bókunarinnar, fjallar um öryggi og skoðun skilríkja. Samkvæmt ákvæðinu er sú skylda lögð á herðar samningsaðilum að grípa til viðeigandi ráðstafana til að tryggja gæði ferða- eða persónuskilríkja og tryggja að þau séu traust og örugg í því skyni að erfitt sé að falsa þau eða breyta þeim, afrita þau eða gefa þau út ólöglega. Ferða- og persónuskilríki eru nauðsynleg tæki í tengslum við mansal, sérstaklega fjölþjóðlegt mansal. Samvinna milli samningsaðila við að ganga úr skugga um lögmæti og gildi slíkra skilríkja er þar af leiðandi nauðsynleg forvörn. Samkvæmt 9. gr., sem er byggð á 13. gr. Palermó-bókunarinnar, skal samningsaðili að beiðni annars samningsaðila, staðfesta innan hæfilegs frest, í samræmi við landslög sín, lögmæti og gildi ferða- og persónuskilríkja sem eru gefin út eða sögð hafa verið gefin út í umboði hans og grunur leikur á að séu notuð til mansals. Með þessu er átt við að sá aðili sem beiðni er beint til skuli ganga úr skugga um bæði formlegt og efnislegt lögmæti skilríkja. Skilríki sem notuð eru til mansals geta verið hrein fölsun frá grunni og þar af leiðandi ekki gefin út af þeim aðila sem beiðni er beint til. Skilríki geta einnig hafa verið gefin út af þeim aðila sem beiðni er beint til en síðan getur þeim verið breytt á síðari stigum til að falsa þau. Í slíkum tilfellum eru skilríkin formlega ólögmæt. Á hinn bóginn geta skilríki sem hvorki eru fölsuð né hefur verið breytt verið notuð við mansal. Má sem dæmi nefna gild og lögmæt skilríki sem eru notuð af öðrum en þeim sem þau tilheyra. Í slíkum tilvikum eru skilríkin efnislega ólögmæt.

Í III. kafla samningsins er að finna ákvæði sem fjalla um vernd og aðstoð við fórnarlömb mansals. Sum ákvæði kaflans eiga við um öll fórnarlömb (10., 11., 12., 15. og 16. gr.), en önnur eiga sérstaklega við um fórnarlömb sem dvelja ólöglega í viðtökuríkinu (13. og 14. gr.). Þá eiga sum ákvæði við um einstaklinga sem hafa ekki enn þá verið greindir sem fórnarlömb mansals en líkur benda til þess að svo sé (2. mgr. 10. gr., 1. og 2. mgr. 12. gr. og 13. gr.).

Í 1. mgr. 12. gr. er fjallað um þá aðstoð sem samningsaðilum ber að veita fórnarlömbum mansals. Í 13. gr. er vikið að þeim fórnarlömbum mansals sem dvelja ólöglega í viðtökuríki eða sem dvelja þar löglega og hafa skammtímadvalarleyfi. Ákvæði 14. gr. samningsins fjallar um dvalarleyfi og 15. gr. um bætur og lagalega úrlausn, þar á meðal um rétt til lögfræðiaðstoðar og gjafsóknar. Ákvæði 16. gr., sem er að hluta til byggt á 8. gr. Palermó-bókunarinnar, tekur bæði til sjálfviljugrar og þvingaðrar endurkomu fórnarlamba mansals. Áhersla er þó lögð á að slík endurkoma skuli helst vera með samþykki fórnarlambs.

Með 17. gr. er leitast við að koma í veg fyrir ójafnrétti á grundvelli kynferðis og leggja áherslu á þá staðreynd að samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum eru konur aðalmarkhópurinn í tengslum við mansal. Í 18., 19. og 20. gr. er mælt fyrir um refsinæmi tiltekinna verknaða, en samræming löggjafar samningsaðila um þau atriði sem þar er fjallað um auðveldar aðgerðir gegn mansali. Með 18. gr. er leitast við að gera mansal að refsiverðu athæfi, en greinin er byggð á 5. gr. Palermó-bókunarinnar. Rétt er að taka fram að fórnarlamb þarf ekki að hafa

t.d. orðið fyrir misnotkun í kynferðislegum tilgangi til þess að um mansal sé að ræða. Sem fyrr greinir var sérstakt refsiákvæði um mansal sett inn í almenn hegningarlög, 227. gr. a, með lögum nr. 40/2003.

Samkvæmt 19. gr. skulu samningsaðilar íhuga að mæla fyrir um refsinæmi þess að nýta af ásettu ráði þá þjónustu sem mansal miðar að. Tilgangur þess er að draga úr eftirspurn eftir þeirri þjónustu sem mansal miðar að, hvort sem það er í kynferðislegum tilgangi, ánauð, þrælahald eða brottnám líffæra. Sem dæmi má nefna að samkvæmt þessu ákvæði væri það refsivert fyrir eiganda fyrirtækis að hafa í vinnu verkamenn sem eru fórnarlömb mansals. Í slíku tilviki ætti 18. gr. ekki við um eigandann, heldur mundi brotið varða við 19. gr. Með sama hætti væri hægt að refsa kaupanda vændis sem er meðvitaður um að viðkomandi einstaklingur sé fórnarlamb mansals. Áhersla skal lögð á að skilyrði refsinæmis er að viðkomandi hafi framið brotið vísvitandi en slíkt gæti reynst ákæruvaldinu erfitt að sanna.

Nýlega voru samþykktar á Alþingi breytingar á ákvæði 206. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 13. gr. laga nr. 61/2007, um vændi. Þar var refsiákvæði um sölu vændis í atvinnuskyni fellt brott. Þá eru kaup á vændi refsilaus. Á hinn bóginn voru gerðar nokkar efnisbreytingar sem hafa það að markmiði að gera það refsivert með öllu að stunda milligöngu um vændi, þ.e. að hagnýta sér vændi annarra með ýmsum hætti. Með þetta í huga er í frumvarpi þessu, í tilefni af 19. gr. Evrópuráðssamningsins um aðgerðir gegn mansali, ekki hróflað við þeirri stefnu sem mótuð var nýlega af hálfu löggjafans með áðurgreindri 13. gr. laga nr. 61/2007.

Tilgangur 20. gr. er að litið verði á tiltekna verknaði sem tengjast ferða- eða persónuskilríkjum sem refsiverð brot þegar þeir eru framdir í tengslum við mansal. Slík skjöl, sem oft eru fölsuð, eru nauðsynleg verkfæri þegar um er að ræða mansal sem á sér stað milli landa. Í 13. gr. frumvarpsins eru gerðar nauðsynlegar breytingar á 227. gr. a almennra hegningarlaga til að innleiðing þessa ákvæðis samningsins sé fullnægjandi.

Í 21. gr. er annars vegar fjallað um tilraun til brots og hins vegar aðstoð við brot eða hvatningu til þess. Sams konar ákvæði er einnig að finna í 2. mgr. 5. gr. Palermó-bókunarinnar. Í hegningarlögum er að finna ákvæði um þetta, sbr. 20. og 22. gr.

Ákvæði 22. gr. samningsins er í samræmi við þá ríkjandi stefnu að draga lögaðila til refsiábyrgðar. Með lögum nr. 74/2006, um breyting á almennum hegningarlögum, lögum um meðferð opinberra mála og lögum um fjarskipti (samningur Evrópuráðsins um tölvubrot frá 23. nóvember 2001), var lögfest nýtt ákvæði í almenn hegningarlög, 19. gr. d, sem veitir almenna heimild til að leggja refsiábyrgð á lögaðila fyrir brot á ákvæðum þeirra laga, þar á meðal ákvæði 227. gr. a um mansal.

Í 23. gr. er kveðið á um viðurlög við brotum gegn 18.–22. gr. samningsins. Skulu samningsaðilar tryggja að viðurlögin séu áhrifarík, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi.

Ákvæði 24. gr. leggur þær skyldur á herðar samningsaðilum að tryggja að tilteknar aðstæður hafi áhrif til þyngingar refsingar vegna brots gegn 18. gr. Í 70. gr. almennra hegningarlaga er að finna ákvæði um atriði sem hafa áhrif á refsihæð þegar hegning er tiltekin. Að öðru leyti vísast hér til athugasemda við 7. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt 25. gr. samningsins skal hver samningsaðili eftir atvikum gera nauðsynlegar breytingar á löggjöf og aðrar ráðstafanir til þess að hægt verði að taka tillit til erlendra refsidóma við ákvörðun refsingar. Í 2. mgr. 71. gr. almennra hegningarlaga segir: „Dómstólunum er heimilt að láta refsidóma, er kveðnir hafa verið upp erlendis, hafa ítrekunaráhrif, eins og þeir hefðu verið kveðnir upp hér á landi.“ Er því ekki þörf á lagabreytingum vegna þessa ákvæðis samningsins.

Í 26. gr. samningsins er kveðið á um undanþágu frá refsingu. Samkvæmt henni skal fórnarlömbum ekki refsað fyrir aðild sína að ólöglegri starfsemi, enda hafi þau verið þvinguð til hennar. Hér má líta til 74. gr. almennra hegningarlaga.

Í V. kafla samningsins er fjallað um rannsókn, saksókn og um málsmeðferð. Í VI. kafla er fjallað um alþjóðlega samvinnu og samvinnu við borgaralegt samfélag. Þá er í VII. kafla fjallað um eftirlitskerfi. Í VIII. kafla er fjallað um tengsl samningsákvæðanna við alþjóðlega gerninga. Ákvæði 39. gr. fjallar um tengsl við Palermó-bókunina. Í 40. gr. er fjallað um tengsl við aðra alþjóðlega gerninga.

IV. Nýr kafli í almenn hegningarlög um upptöku eigna.

Ákvæði 69. gr. almennra hegningarlaga um upptöku eigna hefur staðið óbreytt frá setningu laganna, að öðru leyti en því að síðari málsliður 3. tölul. 1. mgr. greinarinnar var lögfestur með lögum nr. 10/1997. Endurskoðun á ákvæðunum er því orðin tímabær og er markmið frumvarpsins að gera ákvæðin skýrari og færa þau í nútímalegt horf til að um upptöku gildi skýrar og ótvíræðar reglur og unnt sé að bregðast við skipulagðri brotastarfsemi með skilvirkari hætti. Þá er þörf á endurskoðun ákvæðanna til innleiðingar á 12. gr. Palermó-samningsins og til að bregðast við athugasemdum í annarri matsskýrslu GRECO frá 2. júlí 2004. Er í þessu skyni lagt til að nýr heildstæður kafli um upptöku eigna, VII. kafli A, verði settur í almenn hegningarlög og komi hann í stað núgildandi ákvæðis 69. gr.

Með 12. gr. Palermó-samningsins er samningsaðilum gert skylt að samþykkja ráðstafanir, að því marki sem frekast er unnt, til að gera upptækan ávinning af refsiverðri háttsemi, sem leiddur er af þeim brotum sem samningurinn tekur til, eða eign sem svarar til slíks ávinnings og eignir, búnað eða önnur tæki sem notuð eru eða ætluð eru til notkunar við framningu brots sem samningurinn tekur til, sbr. 1. mgr. 12. gr. Hafi ávinningi af refsiverðu broti verið breytt eða skipt í aðra eign, að hluta eða að öllu leyti, skal vera unnt að gera hana upptæka í stað ávinningsins, sbr. 3. mgr. 12. gr. Hafi ávinningi af refsiverðu broti verið blandað saman við eignir, sem hefur verið aflað með lögmætum hætti, skal vera unnt að gera þær eignir upptækar allt að matsverði þess ávinnings sem blandað var við þær, sbr. 4. mgr. 12. gr. Þá skal vera unnt að gera upptækar tekjur og annan hagnað af ávinningi af refsiverðu broti, af eignum sem ávinningi hefur verið breytt eða skipt í og af eignum sem ávinningi hefur verið blandað saman við, sbr. 5. mgr. 12. gr. samningsins.

Ákvæði 69. gr. almennra hegningarlaga þykir ekki fullnægjandi til innleiðingar á 3. og 4. mgr. 12. gr. samningsins og er brugðist við því með a- og d-lið 2. gr. frumvarpsins. Í fyrrgreindum tilmælum GRECO er meðal annars lagt til að íslenska ríkið rýmki gildissvið ákvæða um upptöku eigna og ávinnings af refsiverðum brotum og íhugi að endurskoða reglur um sönnunarbyrði í því skyni að auka skilvirkni upptöku í málum sem varða spillingu, einkum að því er varðar aðstæður þar sem ekki er hægt að koma við sakfellingu og þegar verðmæti er í vörslum þriðja manns. Með c- og g-lið 2. gr. frumvarpsins er leitast við að koma til móts við þessi tilmæli GRECO.

Við gerð þessa kafla frumvarpsins voru ákvæði danskra og norskra hegningarlaga um upptöku eigna og gögn sem standa þeim að baki könnuð vandlega, en gerðar voru veigamiklar breytingar á dönsku ákvæðunum með lögum nr. 411/1997 og á norsku ákvæðunum með lögum nr. 39/1999. Ákvæði frumvarpsins voru samin með hliðsjón af dönsku og norsku ákvæðunum og eiga sér flest hliðstæðu þar, en þess var þó gætt að laga ákvæðin að íslensku lagaumhverfi og gera ekki tillögur að breytingum á því sem gefist hefur vel í gildandi löggjöf.

Í kaflanum er að finna ýmis nýmæli og má þar í fyrsta lagi nefna að lagt er til að lögfest verði rýmri heimild til upptöku verðmæta hafi einstaklingur gerst sekur um alvarlegt brot sem er til þess fallið að hafa í för með sér verulegan ávinning og er við þær aðstæður hugsanlegt að gera upptæk verðmæti sem tilheyra öðrum en honum sjálfum, sbr. c-lið 2. gr. frumvarpsins. Í öðru lagi er sérstaklega fjallað um upptöku hafi ávinningi verið blandað saman við eignir sem aflað hefur verið með lögmætum hætti, sbr. d-lið 2. gr. frumvarpsins. Í þriðja lagi er mælt fyrir um hjá hverjum upptaka getur farið fram, sbr. e-lið 2. gr. frumvarpsins, og í fjórða lagi er fjallað ítarlega um tengsl skaðabótakröfu þess sem beðið hefur tjón af broti og upptöku verðmæta vegna sama brots, sbr. f-lið 2. gr. frumvarpsins. Þá er í fimmta lagi kveðið á um að hverjum beina á kröfu um upptöku og þá aðstöðu þegar sakborningur, eigandi eða handhafi réttinda sem gera á upptæk er óþekktur, sbr. g-lið 2. gr. frumvarpsins. Loks er í sjötta lagi mælt fyrir um heimild dómsmálaráðherra til að ákveða að því sem gert er upptækt skuli skipt milli íslenska ríkisins og annars ríkis eða ríkja, sbr. h-lið 2. gr. frumvarpsins. Það nýmæli sem felst í c-lið 2. gr. frumvarpsins hefur að geyma veigamestu breytinguna á gildandi löggjöf og verður því sérstaklega fjallað um álitaefni því tengd hér á eftir. Um önnur nýmæli vísast til athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins.

Með c-lið 2. gr. frumvarpsins er lagt til að unnt verði að gera upptæk verðmæti án þess að sýnt sé fram á að þau megi rekja til tiltekins refsiverðs brots hafi viðkomandi gerst sekur um brot sem er til þess fallið að hafa í för með sér verulegan ávinning og geti brotið varðað að minnsta kosti 6 ára fangelsi. Að þessum skilyrðum uppfylltum má gera upptæk verðmæti sem tilheyra viðkomandi, nema hann sýni fram á að þeirra hafi verið aflað með lögmætum hætti. Við þessar aðstæður og að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum má jafnframt gera upptæk verðmæti sem tilheyra maka eða sambúðarmaka viðkomandi og verðmæti sem runnið hafa til lögaðila sem viðkomandi hefur einn eða með sínum nánustu ráðandi stöðu í, sé ekki sýnt fram á að þeirra hafi verið aflað með lögmætum hætti. Er því gert ráð fyrir fráviki frá meginreglunni um sönnunarbyrði ákæruvaldsins við þessar aðstæður. Sambærilegt ákvæði er að finna í 76. gr. a dönsku hegningarlaganna og á það rætur að rekja til laga nr. 411/1997 sem sóttu að einhverju leyti fyrirmynd í skýrslu svokallaðrar upptökunefndar (n. Inndragningsudvalget) frá 17. september 1996 sem skipuð var af norska dómsmálaráðherranum og bar meðal annars að gera tillögur að breytingum á ákvæðum norskra hegningarlaga um upptöku eigna, sbr. NOU 1996:21. Í 68. gr. norsku hegningarlaganna er að finna ákvæði sem gerir ráð fyrir sams konar fráviki frá sönnunarbyrði ákæruvaldsins hafi einstaklingur gerst sekur um eitt eða fleiri brot sem eru til þess fallin að hafa í för með sér verulegan ávinning og að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum sem lúta að alvarleika brota.

Við setningu ákvæðis af þessu tagi í íslenska löggjöf verður að ganga úr skugga um að það samræmist ákvæðum í stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944. Þá verður einnig að huga að þjóðréttarlegum skuldbindingum íslenska ríkisins samkvæmt ákvæðum mannréttindasáttmála Evrópu sem einnig hefur verið lögfestur hér á landi, sbr. lög nr. 62/1994. Kemur til skoðunar annars vegar hvort ákvæði c-liðar 2. gr. frumvarpsins, sem mælir fyrir um frávik frá sönnunarbyrði ákæruvaldsins, samrýmist 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 2. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmálans þar sem mælt er fyrir um að hver sá sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi skuli talinn saklaus uns sekt hans hefur verið sönnuð. Hins vegar þarf að taka til athugunar hvort ákvæðið gangi nærri stjórnskipulegri eignarréttarvernd skv. 72. gr. stjórnarskrárinnar þar sem mælt er fyrir um friðhelgi eignarréttarins, sbr. 1. gr. 1. viðauka við mannréttindasáttmála Evrópu.

Við setningu sambærilegra ákvæða í Danmörku og Noregi var fjallað um þessi álitaefni, einkum í Noregi, og komist að þeirri niðurstöðu að þau brytu ekki gegn ákvæðum innlendra laga og fyrrnefndum ákvæðum mannréttindasáttmála Evrópu.

Í dómi Mannréttindadómstóls Evrópu í máli *Phillips gegn Bretlandi frá 5. júlí 2001* reyndi á upptökuákvæði í breskum lögum þar sem vikið er frá sönnunarbyrði ákæruvaldsins, en þarlend löggjöf gengur þó nokkuð lengra í þessum efnum en lagt er til í c-lið 2. gr. frumvarpsins. Álitaefnið var það hvort fyrirkomulag bresku laganna gengi lengra en heimilt væri skv. 2. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Málsatvik voru þau að kærandi var sakfelldur fyrir innflutning fíkniefna og dæmdur til að sæta fangelsi í níu ár. Í sérstöku upptökumáli, sem höfðað var í kjölfarið, var ákveðið að hann skyldi sæta upptöku á ákveðinni fjárhæð og honum gerð vararefsing. Kærandi hélt því fram að brotið hefði verið gegn 2. mgr. 6. gr. sáttmálans í síðara málinu þar sem hann hefði samkvæmt breskum lögum þurft að sýna fram á að þeirra fjármuna, sem krafist var upptöku á, hefði verið aflað með lögmætum hætti til að komast hjá upptöku þeirra. Mannréttindadómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að ekki reyndi á 2. mgr. 6. gr. við þessar aðstæður þar sem kærandi hefði ekki verið „borinn sökum um refsiverða háttsemi“ þegar tekin var ákvörðun um upptöku fjármunanna. Markmið málsins hefði enda ekki verið að sakfella eða sýkna hann fyrir annað brot en hann hafði þegar verið sakfelldur fyrir. Taldi dómstóllinn þessa málsmeðferð vera hliðstæða ákvörðun dómstóls um fjárhæð sektar eða tímalengd fangelsis eftir að maður hefði verið sakfelldur.

Við gerð þessa frumvarps hefur verið lagt til grundvallar að við túlkun 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar verði að horfa til þess að það ákvæði á rætur sínar að rekja til 2. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu eins og fram kemur í lögskýringargögnum að baki stjórnarskrárákvæðinu. Að þessi virtu og með vísan til áðurnefnds dóms Mannréttindadómstóls Evrópu í máli *Phillips gegn Bretlandi frá 5. júlí 2001* hefur hér verið lagt til grundvallar að það frávik frá sönnunarbyrði ákæruvaldsins sem mælt er fyrir um í c-lið 2. gr. frumvarpsins brjóti ekki í bága við 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar eða 2. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Það fyrirkomulag á upptöku verðmæta sem lagt er til með c-lið 2. gr. frumvarpsins hefur enda ekki áhrif á þann rétt sem mönnum er tryggður með áðurnefndum ákvæðum, enda er sá er slík upptökukrafa beinist að við þær aðstæður ekki „borinn sökum“ um annað brot en hann hefur þegar verið sakfelldur fyrir, eins og lagt er til grundvallar í framangreindum dómi Mannréttindadómstólsins.

Hvað varðar síðara álitaefnið er fyrir mælt í 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrárinnar að eignarrétturinn sé friðhelgur og að engan megi skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þurfi til þess lagaboð og komi fullt verð fyrir. Þrátt fyrir ákvæðið hefur eignaupptaka á grundvelli 69. gr. almennra hegningarlaga verið talin heimil og hefur ekki verið talið skipta máli að viðkomandi sé sviptur eignarrétti án þess að fá nokkrar bætur fyrir. Samkvæmt 1. gr. 1. viðauka mannréttindasáttmála Evrópu verður eignarsvipting að eiga sér stoð í lögum og þjóna almannahagsmunum, auk þess sem hún verður að vera í samræmi við almennar meginreglur þjóðaréttar. Af dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu verður ráðið að skerðing eignarréttar þurfi auk þess að fullnægja kröfum meðalhófsreglunnar, en í því felst að skerðingin má ekki raska því réttláta jafnvægi sem ríkja skal á milli almannahagsmuna og verndar eignarréttar. Í 2. mgr. ákvæðisins segir meðal annars að ríki hafi rétt til að fullnægja þeim lögum sem það telur nauðsynlegt til að tryggja greiðslu skatta, annarra opinberra gjalda eða viðurlaga. Fjallað var um hvort ákvæði af því tagi sem c-liður 2. gr. frumvarpsins hefur að geyma væri í samræmi við fyrrgreint ákvæði mannréttindasáttmálans við setningu sambærilegs ákvæðis í Noregi. Vísað var til þess að í undantekningartilvikum

gæti komið til þess að hin rúma heimild til upptöku leiddi til þess að eignir, sem ekki hefði verið aflað með refsiverðri háttsemi, yrðu gerðar upptækar. Var þó talið að hagsmunir almennings af skilvirkum reglum um upptöku sem væru nauðsynlegar í baráttunni gegn brotastarfsemi í ágóðaskyni hefðu meira vægi en þessi möguleiki. Væri ákvæðið því í samræmi við meðalhófsregluna og 1. gr. 1. viðauka mannréttindasáttmála Evrópu.

Í fyrrnefndu máli *Phillips gegn Bretlandi* frá 5. júlí 2001 reyndi á það fyrir Mannréttindadómstól Evrópu hvort heimild til upptöku samkvæmt ákvæði breskrar fíkniefnalöggjafar væri það víðtæk að hún bryti gegn umræddu ákvæði mannréttindasáttmálans um friðhelgi eignaréttar. Dómstóllinn vísaði til þess að ákvörðun um upptöku í þessu tilviki væri „viðurlög“ í skilningi 2. mgr. ákvæðisins og að aðildarríkjum væri heimilt að fullnægja þeim lögum sem það teldi nauðsynlegt til að tryggja greiðslu viðurlaga. Hins vegar yrði kröfum meðalhófsreglunnar að vera fullnægt. Í ljósi þess markmiðs upptökunnar að berjast gegn útbreiðslu fíkniefna og annarra atvika málsins var ekki talið að brotið hefði verið gegn meðalhófsreglunni í máli kæranda og að því væri ekki um að ræða brot gegn 1. gr. 1. viðauka mannréttindasáttmálans. Að framangreindu virtu og í ljósi þess markmiðs c-liðar 2. gr. frumvarpsins að berjast gegn skipulagðri brotastarfsemi er hér lagt til grundvallar að ákvæðið brjóti ekki gegn 72. gr. stjórnarskrárinnar og 1. gr. 1. viðauka mannréttindasáttmála Evrópu, enda sé því í hverju tilviki beitt þannig að gætt sé meðalhófs að virtum atvikum máls.

Í 2. og 3. mgr. c-liðar 2. gr. frumvarpsins er lagt til að með sömu skilyrðum og greinir í 1. mgr. sé heimilt að gera upptæk verðmæti, að hluta eða í heild, sem núverandi eða fyrrverandi maki eða sambúðarmaki þess sem framið hefur brot hefur aflað eða þau verðmæti sem runnið hafa til lögaðila sem viðkomandi einstaklingur einn eða með sínum nánustu hefur ráðandi stöðu í eða ef verulegur hluti af tekjum lögaðilans renna til viðkomandi. Frá þessum reglum er mælt fyrir um tiltekin frávik sem fram koma í 2. og 3. mgr. Í þessu sambandi ber að geta þess að af hálfu fræðimanna hefur ekki verið talið að rök standi til þess að líta svo á að í íslenskum rétti ráðist mörkin milli eignarnáms og eignaupptöku af því hvort eignarskerðing komi niður á mönnum sem eru á einhvern hátt viðriðnir refsiverð brot eða brotastarfsemi eða ekki. Skipti þar ekki máli þótt unnt sé að benda á að slík eignarupptaka komi mjög hart niður. Á þessum grundvelli er á því byggt í doktorsriti Gauks Jörundssonar *Um eignarnám* (Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík 1969, bls. 153) að meginmáli skipti í þessu sambandi hvort eignarskerðingin geti talist liður í aðgerðum löggjafans til að koma fram refsingu fyrir brot „eða hindra, að þau séu framin“. Niðurstaða Gauks er sú að „eignarnámsákvæði stj.skr. [komi] því aðeins til álita, að telja megi, að verið sé að fara á svig við það undir því yfirskini, að verið sé að hindra afbrot eða refsa fyrir þau“. Í frumvarpi þessu er lagt til grundvallar að tilvitnuð sjónarmið endurspegli ríkjandi viðhorf um efni og inntak eignarréttarákvæðis 72. gr. stjórnarskrárinnar. Því sé ekki ástæða til að ætla að það fyrirkomulag sem lagt er til í 2. og 3. mgr. c-liðar 2. gr. frumvarpsins gangi nærri hinni stjórnskipulegu eignarréttarvernd með tilliti til efnis þessara ákvæða og þeirra markmiða sem að baki þeim búa um skipulega og skilvirka framkvæmd refsivörslu. Ekki verður séð að ákvæði 1. gr. 1. viðauka við mannréttindasáttmála Evrópu leiði til annarrar niðurstöðu.

V. Nýtt ákvæði um bann við skipulagðri brotastarfsemi.

Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. Palermó-samningsins ber samningsaðilum að lögfesta í refsilöggjöf sinni ákvæði sem mælir fyrir um að þátttaka í starfsemi skipulagðra brotasamtaka sé refsinæm, enda sé um ásetning að ræða. Hugtakið skipulögð brotasamtök er skilgreint í a-lið 2. gr. samningsins, en þetta mun vera í fyrsta skipti sem hugtak þetta er skilgreint í alþjóða-

samningi. Þá viðleitni má rekja til þess að skortur á slíkri skilgreiningu gerði það nokkuð erfitt fyrir alþjóðasamfélagið að gera sér nægjanlega grein fyrir umfangi skipulagðrar brotastarfsemi þar sem mikill munur er á réttarfars- og refsilöggjöf á milli landa sem og kerfisbundnum afbrotaskráningaraðferðum lögreglu og ákæruvalds. Birtast sjónarmið þessi glögglega í markmiðslýsingu 1. gr. samningsins.

Af 5. gr. Palermó-samningsins verður að draga þá ályktun að til þess að fullnægja skuldbindingum samkvæmt þessu ákvæði sé það ekki viðhlítandi fyrir ríki að gera háttsemi þessa refsinæma á grundvelli tilraunarákvæða í landslögum. Í þessu sambandi verður þó að líta til þess að íslensk lög um tilraunaábyrgð, sbr. hið almenna ákvæði 20. gr. hgl., ganga töluvert lengra en tíðkast í rétti flestra evrópskra ríkja, að Danmörku undanskilinni, við að heimila refsiábyrgð fyrir undirbúningsathafnir, jafnvel þótt fjarlægar séu frá framkvæmdarathöfn. Þannig kann það að sammælast um að fremja refsiverðan verknað að vera nægur grundvöllur refsiábyrgðar, einkum og sér í lagi þegar eitthvað liggur fyrir um hvernig framkvæma eigi verknaðinn eða hafist hefur verið handa um að útvega eitthvað til undirbúnings í tengslum við framkvæmdina, sbr. m.a. Hrd. 1948, bls. 1. Umrætt ákvæði virðist hins vegar ekki útiloka samkvæmt efni sínu að ríki geri þátttöku í skipulögðum brotasamtökum refsiverða með hlutdeildarákvæðum refsilaga. Ekki eru þó forsendur til að rýmka 22. gr. almennra hegningarlaga á þann veg að brot það sem hér um ræðir geti tekið til athafna þegar ekki er fyrir hendi ásetningur til hlutdeildar í ákveðnu broti.

Hafa verður í huga markmið þau er 5. gr. Palermó-samningsins byggist á, þ.e. að veita virka refsivernd gegn þessari alvarlegu brotastarfsemi, auk þess sem tryggja verður með ótvíræðum hætti að Ísland fullnægi þeim þjóðréttarlegu skuldbindingum sem fullgilding samningsins hefur í för með sér. Í þessu sambandi má geta þess að við könnun danskra yfirvalda á efnisákvæðum sáttmálans komu upp efasemdir um að hlutdeildarákvæði dönsku hegningarlaganna (23. gr.) mundu teljast fullnægjandi með hliðsjón af innleiðingu á efnisákvæðum 1. mgr. 5. gr. samningsins. Hins vegar var það ekki talið útilokað en það álitaefni mundi koma til skoðunar við fullgildingu samningsins. Norðmenn hafa aftur á móti fullgilt samninginn og gerðu í því sambandi breytingar á hegningarlögum til þess að uppfylla þær skuldbindingar er felast í umræddri grein samningsins, sbr. lög nr. 78 frá 4. júlí 2003. Annars vegar er um að ræða refsihækkunarástæðu (60. gr. a) en hins vegar er um að ræða sjálfstætt brot sem er að finna í kafla um almannahættubrot (162. gr. c).

Eftir vandlega athugun af hálfu refsiréttarnefndar er í frumvarpi þess lagt til grundvallar að rök standi til að stíga nú það skref að lögfesta sérstakt refsiákvæði í almenn hegningarlög um *bann við þátttöku í skipulagðri brotastarfsemi.* Þær röksemdir sem hefur verið horft til í þessu sambandi eru einkum að það kunni eftir atvikum að vera vafamál hvort og þá að hvaða marki hin almennu tilraunar- og hlutdeildarákvæði 20. og 22. gr. almennra hegningarlaga taki til þeirrar háttsemi sem skilgreind er í 5. gr. Palermó-samningsins. Í ljósi þeirrar áherslu á alþjóðavettvangi um að ríki standi saman í baráttunni við skipulagða brotastarfsemi, sem að framan er lýst, sé nauðsynlegt að hafið sé yfir allan vafa að íslensk refsilög hafi að geyma refsinæma lýsingu á þátttöku í slíkri starfsemi. Með þetta í huga er í 6. gr. þessa frumvarps lagt til að lögfest verði nýtt ákvæði í almenn hegningarlög, 175. gr. a, sem geri skipulagða brotastarfsemi refsiverða, eins og henni er þar nánar lýst. Sú útfærsla sem þar lítur dagsins ljós er annars vegar byggð á ákvæðum 2. og 5. gr. Palermó-samningsins, en einnig hefur verið horft til 162. gr. c norsku hegningarlaganna sem að framan var vísað til. Um nánari skýringar á inntaki ákvæðisins og einstökum efnisþáttum vísast til athugasemda við 6. gr. frumvarpsins.

VI. Bókun við Palermó-samning til að koma í veg fyrir, berjast gegn og refsa fyrir verslun með fólk, einkum konur og börn, frá 15. nóvember 2000.

Með 7. gr. frumvarpsins er jafnframt stefnt að því að innleiða bókun frá 15. nóvember 2000 við samning Sameinuðu þjóðanna gegn fjölþjóðlegri, skipulagðri brotastarfsemi sem fjallar um aðgerðir gegn mansali (Palermó-bókunin). Íslenska ríkið undirritaði bókunina 13. desember 2000 en hún tók gildi gildi 25. desember 2003, sbr. 17. gr. hennar. Í 3. gr. bókunarinnar er meðal annars að finna skilgreiningu á verslun með fólk og er ákvæðið samhljóða 4. gr. framangreinds samnings Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali, að öðru leyti en því að síðarnefndur samningur hefur einnig að geyma skilgreiningu á hugtakinu fórnarlamb.

Með 1. mgr. 5. gr. Palermó-bókunarinnar er aðildarríkjum gert skylt að lýsa þá háttsemi sem lýst er í 3. gr. refsiverða þegar hún er framin af ásetningi. Samkvæmt 2. mgr. sömu greinar skulu tilraun, hlutdeild og skipulag eða stjórnun slíks verknaðar einnig vera refsiverð. Orðalag þess ákvæðis sem lagt er til í 13. gr. frumvarpsins dugir til innleiðingar á 1. mgr. 5. gr. Palermó-bókunarinnar. Þá eru ákvæði 20. og 22. gr. almennra hegningarlaga um tilraun og hlutdeild fullnægjandi til innleiðingar á 2. mgr. 5. gr. bókunarinnar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 6. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eru heimildir til að sækja mann til saka eftir íslenskum hegningarlögum fyrir tiltekin brot enda þótt þau séu framin utan íslenska ríkisins og án tillits til þess hver er að þeim valdur. Hér er um að ræða reglur um rýmkaða refsilögsögu.

Í 1. gr. frumvarpsins er í fyrsta lagi lögð til viðbót, sem verður 19. tölul. við 6. gr. almennra hegningarlaga, sem mælir fyrir um að það ákvæði taki einnig til brota sem falla undir samning Sameinuðu þjóðanna gegn fjölþjóðlegri, skipulagðri brotastarfsemi frá 15. nóvember 2000 og bókun við þann samning frá sama degi til að koma í veg fyrir, berjast gegn og refsa fyrir verslun með fólk, einkum konur og börn. Með þessu er tryggt að íslensk lög fullnægi þeim kröfum um refsilögsögu sem mælt er fyrir um í 15. gr. Palermósamningsins og 4. gr. áðurnefndrar bókunar við þann samning.

Í öðru lagi er gerð tillaga um samsvarandi viðbót sem verður 20. tölul. 6. gr. og varðar Evrópuráðssamning um varnir gegn hryðjuverkum frá 3. maí 2005. Með þessu er tryggt að íslensk lög fullnægi áskilnaði í 14. gr. samningsins. Hliðstæðar breytingar á almennum hegningarlögum hafa áður verið gerðar í tilefni af fullgildingu alþjóðasamninga á sviði refsiréttar sem leggja skyldur á aðildarríki til að rýmka refsilögsögu sína vegna brota sem þar eru talin. Er því fylgt þeirri löggjafarstefnu um lögfestingu ákvæða um hryðjuverk sem mótuð var með 1. gr. laga nr. 99/2000, um breyting á almennum hegningarlögum og lögum um refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslu til opinbers starfsmanns (hryðjuverk).

Loks er í þriðja lagi lagt til að við 6. gr. almennra hegningarlaga bætist nýr 21. tölul. þannig að hin rýmkaða refsilögsaga taki einnig til brota sem falla undir Evrópuráðssamning um aðgerðir gegn mansali frá 3. maí 2005, sbr. áskilnað í 13. gr. samningsins.

Um 2. gr.

Lagt er til að nýr heildstæður kafli, VII. kafli A, um upptöku eigna, verði lögfestur í almenn hegningarlög.

Um a-lið (69. gr.).

Ákvæðið er efnislega sambærilegt 3. tölul. 1. mgr. 69. gr. núgildandi laga, eins og greininni var breytt með 2. gr. laga nr. 10/1997. Þar er mælt fyrir um almenna heimild til upptöku ávinnings af broti, fjárhæðar sem svarar til hans í heild eða að hluta og muna sem keyptir hafa verið fyrir ávinning eða komið hafa í stað hans. Dómara er veitt sérstök heimild til mats á umfangi ávinnings, en í framkvæmd getur reynst erfitt að færa fullar sönnur á fjárhæð hans. Lagt er til að heimild til upptöku nái einnig til muna sem komið hafa í stað ávinnings, enda getur ávinningi verið breytt í önnur verðmæti án þess að eiginleg kaup fari fram. Er þetta orðalag í betra samræmi við 3. mgr. 12. gr. Palermó-samningsins þar sem fram kemur að hafi ávinningi af refsiverðu broti verið breytt eða skipt í aðra eign, að hluta eða að öllu leyti, skuli vera unnt að gera hana upptæka í stað ávinningsins,

Með ávinningi er átt við þann hagnað sem maður hefur haft af broti. Sem dæmi má nefna ágóða af sölu ávana- og fíkniefna og verðmæti sem hefur verið stolið. Sparnaður sem brot hefur í för með sér getur einnig fallið undir ávinning, svo sem ef komist er hjá greiðslu launa eða leigu. Ætla má að algengast verði í framkvæmd að fjárhæð sem svarar til ávinnings sé gerð upptæk, þ.e. svokölluð jafnvirðisupptaka. Ástæða þess er sú að erfitt getur reynst að aðgreina þau verðmæti sem mynda eiginlegan ávinning af broti frá öðrum verðmætum í vörslum þess sem framið hefur brot. Skilyrði fyrir upptöku samkvæmt ákvæðinu er að framið hafi verið refsivert brot og getur upptaka farið fram þrátt fyrir að gerandinn sé ósakhæfur, sbr. 14.–16. gr. almennra hegningarlaga. Loks skal getið að eðli máls samkvæmt verður ekki fallist á kröfu um jafnvirðisupptöku á ávinningi af broti nema sýnt sé fram á að fjármunir til upptöku séu fyrir hendi, sbr. dóm Hæstaréttar frá 9. júní 2005 í máli nr. 72/2005.

Ýmis álitaefni geta vaknað við útreikning á fjárhæð ávinnings og má sem dæmi nefna hvort hugsanlegt sé að draga kostnað sem tengist broti frá ávinningi af því. Í 2. mgr. er tekið af skarið um að kostnaður sem tengist framkvæmd brots dragist ekki frá fjárhæð ávinnings. Að því leyti sem skilja má niðurstöðu Hæstaréttar frá 22. febrúar 2001 í máli nr. 312/2000 á þá leið að þar sé byggt á því að draga beri kaupverð fíkniefna frá söluverði þeirra er með 2. mgr. ótvírætt lagt til grundvallar að slíkur kostnaður dragist ekki frá fjárhæð ávinnings. Önnur dæmi um slíkan kostnað má nefna greiðslu til samverkamanns eða kostnað sem ólögmætt er að greiða, svo sem mútur. Er þetta í samræmi við 7. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974, um ávana- og fíkniefni, þar sem gert er ráð fyrir að heimilt sé að gera upptækt til ríkissjóðs andvirði ólögmætrar sölu efna sem lögin taka til og 2. mgr. 50. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, þar sem sérstaklega er tekið fram að kostnað, hverju nafni sem nefnist, við öflun ólöglegs upptækis hagnaðar eða kostnað tengdan saknæmum brotum megi ekki telja til rekstrarkostnaðar eða til frádráttar skattskyldum tekjum.

Sé um að ræða skyld en aðskilin brot ber að reikna ávinning hvers brots fyrir sig og leggja hann saman, en ekki líta til heildarávinnings þannig að fjárhagslegt tap af tilteknu broti sé dregið frá ávinningi af öðru broti. Miða skal við að heimild til upptöku samkvæmt ákvæðinu nái bæði til beins og óbeins ávinnings af broti, en sem dæmi um óbeinan ávinning má nefna leigutekjur af verðmæti sem hefur verið stolið. Er slík túlkun í samræmi við 5. mgr. 12. gr. Palermó-samningsins þar sem gert er ráð fyrir að unnt sé að gera upptækar tekjur og annan hagnað af ávinningi af refsiverðu broti, af eignum sem ávinningi hefur verið breytt eða skipt í og af eignum sem ávinningi hefur verið blandað saman við. Um útreikning ávinnings hafi skaðabótakrafa verið greidd vísast til athugasemda við f-lið 2. gr. frumvarpsins.

Um b-lið (69. gr. a).

Í ákvæðinu er fjallað um upptöku hluta sem tengjast broti. Í fyrsta lagi er um að ræða hluti sem hafa verið notaðir, ætlaðir eru til eða hætta þykir á að verði notaðir við framningu brots og má sem dæmi nefna vopn sem notuð hafa verið við líkamsárás eða rán og farartæki sem ætluð eru til innflutnings fíkniefna. Í öðru lagi er um að ræða hluti sem hafa orðið til við brot og má þar nefna myndir sem teljast barnaklám og falsaða peninga. Í þriðja lagi er um að ræða hluti sem með öðrum hætti tengjast framningu brots. Vikið er að fyrstu tveimur flokkunum í 1. og 2. tölul. 69. gr. núgildandi laga, en með síðasta flokknum er leitast við að tryggja að heimild til upptöku nái til allra hluta sem tengjast framningu brots. Það getur verið álitaefni hvort sýnt hafi verið fram á nægileg tengsl milli hlutar, sem krafist er upptöku á, og refsiverðs brots og fellur það í hlut dómstóla að meta hvort sú sönnun hafi tekist.

Í 2. mgr. er tekið fram að í stað upptöku á þeim hlutum sem taldir eru upp í 1. mgr. megi gera upptæka fjárhæð sem svarar til andvirðis þeirra í heild eða að hluta. Þetta er sams konar heimild og í 1. málsl. a-liðar 2. gr., en samkvæmt núgildandi lögum má aðeins gera upptæka fjárhæð sem svarar til andvirðis muna sem aflað hefur verið með broti eða muna sem keyptir eru fyrir ávinning. Hér er því lögð til rýmkun á heimild til jafnvirðisupptöku þannig að hún verði ætíð heimil þegar um er að ræða hluti sem tengjast framningu brots. Valfrjálst er hvort upptöku skv. 1. eða 2. mgr. er beitt og getur upptaka skv. 2. mgr. því bæði komið að gagni þegar gera mætti hlutinn upptækan og þegar það er ekki hægt.

Í 3. mgr. er að finna heimild til að gera fjármuni, bækur, skjöl og aðrar eignir félags sem slitið er með dómi upptækar. Í 3. mgr. 69. gr. núgildandi laga er mælt fyrir um skyldu til upptöku við þessar aðstæður, en rétt þykir að breyta orðalagi ákvæðisins þar sem upp geta komið aðstæður þar sem upptaka þjónar ekki tilgangi.

Um c-lið (69. gr. b).

Með þessu ákvæði er lagt til að lögfest verði rýmri heimild til upptöku verðmæta vegna alvarlegra brota sem eru til þess fallin að hafa í för með sér verulegan ávinning. Ekki er gerð krafa um að sýnt sé fram á tengsl milli ákveðins brots og þess sem gert er upptækt og er hugsanlegt að gera verðmæti sem tilheyra öðrum en sakborningi upptæk. Gert er ráð fyrir að sönnunarbyrði sé snúið við þannig að viðkomandi verður að sýna fram á að verðmæti megi ekki rekja til brotastarfsemi. Tilgangur ákvæðisins er einkum að ná til einstaklinga sem hafa lifibrauð sitt eða verulegar tekjur af brotastarfsemi og má gera ráð fyrir að því verði aðallega beitt vegna innflutnings ávana- og fíkniefna, auðgunarbrota og annarrar skipulagðrar brotastarfsemi. Þá má ætla að því verði einkum beitt til upptöku reiðufjár, innstæðna á bankareikningum, verðbréfa og annarra fjármuna sem sá sem framið hefur brot getur ekki útskýrt hvernig hann hefur aflað. Þessi heimild er til viðbótar almennum upptökuheimildum sem gert er ráð fyrir í a- og b-lið 2. gr. og má beita henni samhliða þeim. Um almenn atriði og röksemdir fyrir lögfestingu þessa ákvæðis, m.a. að virtum ákvæðum stjórnarskrárinnar, vísast til umfjöllunarinnar í IV. kafla í almennum athugasemdum hér að framan.

Skilyrði til upptöku samkvæmt ákvæðinu er í fyrsta lagi að einstaklingur hafi framið brot sem er til þess fallið að hafa í för með sér verulegan ávinning. Það er ekki nauðsynlegt að viðkomandi hafi í raun hagnast af brotinu, heldur nægir að hann hefði getað hagnast af því. Sé einstaklingur til dæmis sakfelldur fyrir stórfelldan innflutning fíkniefna en ekki fyrir sölu efnanna væri skilyrðið uppfyllt ef sala þeirra hefði getað haft í för með sér verulegan ávinning. Með sama hætti getur tilraun til brots verið grundvöllur upptöku samkvæmt ákvæðinu. Í öðru lagi er skilyrði að brotið geti varðað að minnsta kosti sex ára fangelsi. Rétt er að taka fram að brot gegn lögum nr. 65/1974, um ávana- og fíkniefni, geta orðið grundvöllur upptöku

samkvæmt ákvæðinu, enda segir í 1. mgr. 5. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 13/1985, að brot gegn lögunum, reglugerðum og öðrum fyrirmælum samkvæmt þeim varði sektum eða fangelsi allt að sex árum.

Sem dæmi um beitingu ákvæðisins má nefna þá aðstöðu þegar einstaklingur sem hefur verið gripinn á flugvelli með fíkniefni í farangri sínum, sem ætluð eru til sölu, er sakfelldur fyrir stórfellt fíkniefnalagabrot. Þótt enginn ávinningur hafi þannig hlotist af brotinu er ljóst miðað við eðli þess og umfang að það var til þess fallið að hafa í för með sér verulegan ávinning. Við rannsókn ákæruvalds á eignastöðu og fjárhag viðkomandi kemur í ljós að hann á verulegar eignir og fjármuni sem ekki eru í samræmi við uppgefnar tekjur hans eða aðrar fjárhagslegar upplýsingar sem aflað hefur verið. Við slíkar aðstæður getur ákæruvaldið krafist upptöku á þessum verðmætum, þó svo að þau verði ekki rakin til þess brots sem viðkomandi hefur verið sakfelldur fyrir og nær slík krafa fram að ganga nema viðkomandi sýni fram á að verðmætanna hafi verið aflað með lögmætum hætti.

Með 2. og 3. mgr. er gerð undantekning frá þeirri meginreglu að verðmæti sem gerð eru upptæk skuli tilheyra þeim einstaklingi sem gerst hefur sekur um brot. Þar er gert ráð fyrir að heimild til upptöku geti náð til verðmæta sem tilheyra núverandi eða fyrrverandi maka eða sambúðarmaka viðkomandi eða lögaðila sem hann tengist. Stefnir þessi heimild að því að tryggja skilvirkni reglnanna þannig að viðkomandi geti ekki komist hjá upptöku með því að skjóta verðmætum til þeirra sem honum tengjast.

Til að unnt sé að gera upptæk verðmæti sem tilheyra maka eða sambúðarmaka þess sem framið hefur brot þarf ekki að sýna fram á að þau stafi frá hinum brotlega. Rökin fyrir þessu ákvæði eru að hafi einstaklingur, sem tengist með þessum hætti þeim sem gerst hefur sekur um brot, í vörslum sínum verðmæti sem ekki er unnt að sýna fram á hvernig var aflað séu líkur fyrir því að þau megi rekja til hins brotlega. Hins vegar má upptaka ekki fara fram ef verðmætanna hefur verið aflað meira en fimm árum áður en brotið var framið eða viðkomandi voru ekki í hjúskap eða sambúð á þeim tíma sem verðmætanna var aflað.

Heimild til upptöku verðmæta getur jafnframt náð til lögaðila sem viðkomandi einstaklingur einn eða með sínum nánustu hefur ráðandi stöðu í og gildir hið sama ef verulegur hluti af tekjum lögaðilans renna til viðkomandi. Við þessar aðstæður þarf að sýna fram á að viðkomandi hafi látið verðmætin renna til lögaðilans, en líkt og þegar um er að ræða verðmæti sem tilheyra maka eða sambúðarmaka er upptaka ekki heimil ef þau hafa runnið til lögaðilans meira en fimm árum áður en brot var framið. Með hugtakinu „sínum nánustu“ er átt við þá sem undanþegnir eru vitnaskyldu skv. 1. mgr. 50. gr. laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála.

Samkvæmt 4. mgr. ber eigandi þeirra verðmæta sem 1.–3. mgr. ná til sönnunarbyrði fyrir því að þeirra hafi verið aflað á lögmætan hátt og skulu þau þá ekki gerð upptæk. Meginreglan er því sú að allt sem viðkomandi getur ekki sýnt fram á að hafi verið aflað með lögmætum hætti má gera upptækt. Með vísan til orðalags ákvæðisins og þar sem um frávik frá sönnunarbyrði ákæruvaldsins er að ræða ber ekki að gera strangar kröfur til þess að viðkomandi sýni fram á þetta. Í sumum tilvikum kunna að liggja fyrir kvittanir eða skrifleg gögn, í öðrum tilvikum getur framburður vitna dugað og í enn öðrum tilfellum getur skýring ákærða verið nægilega trúverðug. Þá getur skattframtal viðkomandi þar sem fram koma upplýsingar um tekjur hans og eignir haft ákveðið vægi. Auk þess getur við matið skipt máli hvernig verðmætin hafa verið geymd, t.d. hvort reiðufé hefur verið falið eða fjárhæðir geymdar á erlendum bankareikningum.

Í 5. mgr. er mælt fyrir um heimild til þess að gera upptæka fjárhæð sem svarar til verðmætis þeirra eigna sem greinir í 1. til 3. mgr. í heild eða að hluta. Er um að ræða sambærilega heimild og í a-lið og 2. mgr. b-liðar 2. gr. frumvarpsins.

Um d-lið (69. gr. c).

Hér er lagt til nýmæli í því skyni að bregðast við þeirri aðstöðu þegar ávinningi af broti hefur verið blandað saman við eignir sem aflað hefur verið með lögmætum hætti. Lagt er til að við þær aðstæður verði heimilað að gera þær eignir upptækar allt að matsvirði þess ávinnings sem blandað var við þær. Hafi ávinningur til dæmis verið nýttur til endurbóta á húsnæði, svo sem með viðbyggingu, væri hægt að gera húsnæðið upptækt að matsvirði ávinningsins sem nýttur var. Með þessu er stefnt að því að innleiða 4. tölul. 12. gr. Palermó-samningsins og er markmið ákvæðisins að koma í veg fyrir að ávinningi af broti sé komið undan með því að blanda honum saman við aðrar eignir.

Um e-lið (69. gr. d).

Hér er mælt fyrir um hjá hverjum upptaka getur farið fram, en í núgildandi lögum er ekki að finna ákvæði um þetta. Samkvæmt 1. mgr. getur upptaka samkvæmt hinni nýju 69. gr., sbr. a-lið 2. gr. frumvarpsins, farið fram hjá þeim sem notið hefur ávinnings af broti. Í flestum tilvikum er um að ræða þann sem framið hefur brot eða átt hlutdeild í því. Einnig getur verið um að ræða þriðja mann, svo sem fyrirtæki sem sá sem framið hefur brotið starfar hjá og gæti upptaka þá farið fram hjá því. Það er hugsanlegt að upptaka fari fram hjá tveimur eða fleiri aðilum og að krafa um upptöku beinist óskipt að þeim. Sem dæmi má nefna að gera mætti kröfu um upptöku ávinnings óskipt hjá tveimur mönnum sem staðið hafa saman að innflutningi og sölu fíkniefna.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að upptaka á hlutum eða samsvarandi fjárhæð samkvæmt nýjum ákvæðum, sem verða 1. og 2. mgr. 69. gr. a, sbr. b-lið 2. gr. frumvarpsins, geti farið fram hjá þeim sem framið hefur brot og þeim sem hann hefur unnið fyrir. Það er skilyrði að viðkomandi eigi hlutinn, en hafi hann til dæmis fengið hlutinn lánaðan eða leigðan getur upptaka varla farið fram nema lán- eða leigusalinn hafi átt hlutdeild í brotinu. Upptaka samkvæmt þessu ákvæði fer almennt fram hjá þeim sem fremur brot eða því fyrirtæki eða stofnun sem hann starfar hjá. Ekki er nægilegt til að upptaka geti farið fram hjá fyrirtæki eða stofnun að einstaklingur sem ber refsiábyrgð hafi starfað þar, heldur verður að meta hvort brotið hefur verið framið á vegum þess eða sem liður í starfsemi þess. Á grundvelli þessa ákvæðis væri t.d. hægt að gera upptæka bifreið sem tilheyrði fyrirtæki hefði starfsmaður þess notað hana við framningu brots í vinnu sinni.

Í 3. mgr. er tekið fram að tryggingarréttindi yfir hlutum sem sæta upptöku geti aðeins fallið brott samkvæmt ákvörðun dómstóls þegar rétthafi er grandsamur. Með þessu er tekið af skarið um hvenær tryggingarréttindi geta fallið á brott, en meginreglan er sú að upptaka hluta hefur ekki áhrif á slík réttindi.

Í 4. mgr. er að finna heimild til að gera ávinning eða hlut upptækan hjá þriðja manni að ákveðnum skilyrðum uppfylltum hafi einhver þeirra sem nefndur er í 1. og 2. mgr. gert ráðstafanir eftir að brot var framið sem varða eignarhald eða réttindi yfir ávinningnum eða hlutnum. Með þessu ákvæði er leitast við að koma í veg fyrir að ávinning eða hlutum, sem tengjast broti og geta sætt upptöku, sé komið undan þannig að upptaka geti ekki farið fram. Ákvæðið nær ekki aðeins til ráðstafana þeirra sem bera refsiábyrgð, heldur til allra þeirra sem upptaka getur farið fram hjá á hlutlægum grunni skv. 1. og 2. mgr. Getur ákvæðið því náð til tilvika þegar aðili gerir ráðstafanir varðandi ávinning eða hlut, en hvorki vissi né mátti vita að ávinningurinn eða hluturinn hefði tengsl við refsivert brot. Það er hins vegar skilyrði að

sá sem upptaka fer fram hjá sé grandsamur um tengsl ávinningsins eða hlutarins við brot eða hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í því sambandi. Ákvæðið nær einnig til ráðstafana sem varða takmörkuð réttindi yfir hlutum og til þess þegar um gjöf er að ræða.

Um f-lið (69. gr. e).

Í ákvæðinu er fjallað um tengsl skaðabótakröfu þess sem beðið hefur tjón við brot og upptöku verðmæta vegna sama brots. Segir þar að nýta megi andvirði þeirra verðmæta sem gerð hafa verið upptæk til greiðslu á skaðabótakröfu viðkomandi. Heimildin nær til upptöku samkvæmt öllum ákvæðum kaflans. Þegar upptaka fer fram samkvæmt ákvæði c-liðar 2. gr. frumvarpsins verða verðmætin ekki endilega rakin til ákveðins brots og því ekki um ákveðinn brotaþola að ræða. Hins vegar mundi nægja að viðkomandi sýndi fram á að hann hefði beðið tjón vegna þeirra brota sem eru grundvöllur upptöku samkvæmt ákvæðinu.

Hafi dómfelldi greitt skaðabætur áður en hann er dæmdur til að sæta upptöku skal lækka fjárhæð ávinnings hans til samræmis við það. Hafi sá sem beðið hefur tjón við brot fallið frá kröfu sinni, ekki gert kröfu um skaðabætur eða ekki er vitað hver hann er er ekki þörf á að líta til hugsanlegrar skaðabótakröfu við útreikning ávinnings. Hugsanlegt er að skaðabótakrafa sé hærri en ávinningur þess sem framið hefur brot og getur þá komið til þess að heildarandvirði þess sem gert er upptækt renni til brotaþola.

Í 2. mgr. er áréttað að hafi dómfelldi greitt skaðabætur til brotaþola, eftir uppkvaðningu dóms, þar sem ekki var litið til skaðabóta við ákvörðun fjárhæðar ávinnings, skuli lækka þá fjárhæð sem gerð er upptæk í sama hlutfalli. Sönnunarbyrði fyrir því að slík greiðsla hafi átti sér stað hvílir á dómfellda.

Vandamál geta komið upp ef um er að ræða marga brotaþola og tjón þeirra nemur hærri fjárhæð en andvirði þess sem gert hefur verið upptækt. Þarf þá að meta hvað á að koma í hlut hvers og eins í ljósi aðstæðna. Hafi upptaka farið fram án þess að skaðabótakrafa brotaþola hafi komið til álita má ætla að hann geti krafið íslenska ríkið um greiðslu kröfunnar að því marki sem andvirði hins upptæka nægir til greiðslu hennar.

Um g-lið (69. gr. f).

Í ákvæðinu er kveðið á um að hverjum beina á kröfu um upptöku á ávinningi, hlutum, munum, verðmætum eða eignum sem tilheyra öðrum en sakborningi og þá aðstöðu þegar sakborningur, eigandi eða handhafi réttinda sem gera á upptæk er óþekktur.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um að beina eigi kröfu um upptöku á eignum sem tilheyra öðrum en sakborningi að eiganda eða handhafa réttindanna. Sú staða getur komið upp að ekki liggi fyrir hver eigandi eða handhafi réttinda sé eða hann eigi ekki þekktan dvalarstað hér á landi. Brugðist er við því í 2. mgr. með því að mæla fyrir um að þá megi dómstóll beita upptöku í máli gegn sakborningi. Einnig er hugsanlegt að til staðar séu ávinningur, hlutir, munir, verðmæti eða eignir sem rakin eru til brots en óvíst er hverjum tilheyra og hver sakborningur er. Við slíkar aðstæður er ekki unnt að beina kröfu um upptöku að neinum og til að upptaka geti farið fram er kveðið á um í 3. mgr. að beita megi upptöku með dómi án þess að nokkur sé ákærður. Þá er tekið fram í 4. mgr. að hafi verið lagt hald á verðmæti vegna rannsóknar máls og ekki er vitað hver eigandi þeirra er megi gera þau upptæk hafi enginn gert lögmætt tilkall til þeirra innan fimm ára.

Um h-lið (69. gr. g).

Í 1. mgr. er mælt fyrir um þá meginreglu að það sem gert er upptækt sé eign ríkissjóðs, nema annað sé sérstaklega ákveðið í lögum eða ef andvirðið hefur verið nýtt til að greiða skaðabótakröfu brotaþola. Þetta er í samræmi við 2. mgr. 69. gr. núgildandi laga.

Samkvæmt 2. mgr. er dómsmálaráðuneytinu heimilt að ákveða að því sem gert er upptækt sé skipt milli íslenska ríkisins og annars ríkis eða ríkja og er kveðið á um til hvers ber að líta við slíka skiptingu. Þessi heimild er í samræmi við 14. gr. Palermó-samningsins þar sem mælt er fyrir um ráðstöfun samningsaðila á ávinningi eða eignum sem gerðar hafa verið upptækar. Verður að telja sanngjarnt og eðlilegt að ávinningur af brotum renni ekki óskipt til íslenska ríkisins hafi annað ríki beðið tjón vegna þeirra eða málið leitt af sér útgjöld þar, svo sem vegna rannsóknar. Heimild til skiptingar þess sem gert er upptækt milli ríkja er einnig til þess fallin að efla alþjóðlega samvinnu við rannsókn sakamála. Sambærilegt ákvæði er að finna í 3. mgr. 75. gr. norsku hegningarlaganna.

Um 3.–5. gr.

Með 1. gr. laga nr. 99/2002, um breyting á almennum hegningarlögum og lögum um refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslu til opinbers starfsmanns (hryðjuverk), voru lögfest gildandi ákvæði 100. gr. a til c um hryðjuverk í hegningarlög. Með þeim ákvæðum voru gerðar nauðsynlegar lagabreytingar vegna innleiðingar á alþjóðasamningi um að koma í veg fyrir hryðjuverkasprengingar frá 15. desember 1997 og alþjóðasamningi um að koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverkastarfsemi frá 9. desember 1999. Í athugasemdum greinargerðar með frumvarpi því er varð að lögum nr. 99/2000 er ítarlega fjallað um alþjóðlega samvinnu gegn hryðjuverkum og aðild Íslands að alþjóðasamningum á því sviði, um efni þeirra samninga sem lagabreytingarnar tóku til og um ákvæði íslenskrar löggjafar um hryðjuverk og hryðjuverkastarfsemi, þar á meðal um fjármögnun slíkrar starfsemi. Vísast hér til þeirrar umfjöllunar.

Í A-lið III. kafla hér að framan er með almennum hætti fjallað um efni Evrópuráðssamningsins um varnir gegn hryðjuverkum frá 3. maí 2005 sem þessi frumvarpsgrein beinist að. Þá er með frumvarpsgreininni komið til móts við þau tilmæli sem fram koma í skýrslu FATF um aðgerðir gegn peningaþvætti á Íslandi frá 13. október 2006. Í 3.–5. gr. frumvarpsins er lagt til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á 100. gr. a og 100. gr. b almennra hegningarlaga. Þá er lagt til að lögfest verði ný grein, 100. gr. d.

Um a-lið 3. gr.

Eins og fram kemur í athugasemdum greinargerðar með frumvarpi því er varð að lögum nr. 99/2002 var við lögfestingu hryðjuverkaákvæðis 100. gr. a, sbr. a-lið 2. gr. laganna, horft að mestu leyti til lagafrumvarps danska dómsmálaráðuneytisins um sama efni. Tillögur þess frumvarps fólu í sér að verknaðurinn hryðjuverk var skilgreindur í refsilögum og látinn ná til alvarlegustu afbrota gegn hegningarlögum auk þess sem fjárhagslegur stuðningur við hryðjuverkastarfsemi var gerður sjálfstætt refsivert brot. Þá var lagt til að lögfest yrði heimild til að refsa lögaðila fyrir slík brot sem framin eru í starfsemi þeirra.

Á undanförnum árum hefur verknaðarlýsing hryðjuverks í upphafsmálslið 100. gr. a almennra hegningarlaga sætt nokkurri gagnrýni fyrir að vera of matskennd og óljós, m.a. af hálfu íslenskra fræðimanna. Þá er í áðurnefndri skýrslu FATF frá 13. október 2006, 101. mgr., sett fram sú athugasemd að lok ákvæðisins sem eru svohljóðandi: „þegar verknaðurinn í ljósi eðlis hans eða með hliðsjón af aðstæðum þegar og þar sem hann er framinn getur skaðað ríki eða alþjóðastofnun alvarlega“, feli í sér of matskennda og óljósa lýsingu á hlutrænum efnisþáttum hryðjuverkabrotsins sem ekki sé áskilin samkvæmt áðurnefndum alþjóðasamningum um að koma í veg fyrir hryðjuverkasprengingar frá 15. desember 1997 og um að koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverkastarfsemi frá 9. desember 1999. Af hálfu FATF-nefndarinnar er lagt til að þetta skilyrði verið afnumið úr 100. gr. a, sjá 111. mgr. Einnig má hér

benda á athugasemdir mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna frá 25. apríl 2005, þar sem nefndin lýsir áhyggjum sínum yfir því að í „100. gr. a laga nr. 99/2002, um breytingu á almennum hegningarlögum, [sé] að finna óljósa og víðtæka skilgreiningu á hryðjuverkum, sem gæti náð til lögmæts athæfis í lýðræðisþjóðfélagi og stefnt því í hættu, einkum þátttöku í opinberum mótmælum (sjá 2. og 21. gr. sáttmálans)“. Mælist nefndin til þess að Ísland „móti og taki upp nákvæmari skilgreiningu á hryðjuverkum“.

Á þessum grundvelli er lagt til í a-lið 3. gr. frumvarpsins að tilvitnaður setningarliður í lokin á upphafsmálslið 100. gr. a hegningarlaga verði felldur brott. Verður enda að telja að sú viðbót sem hann felur í sér sé óþarfur í ljósi annarra efnisþátta ákvæðisins. Þótt ekki verði hjá því komist að orða verknaðarlýsingu hryðjuverkabrotsins þannig að notaðir séu matskenndir efnisþættir verður að telja að þessi breyting feli í sér nauðsynlega einföldum á ákvæðinu og geri það skýrara. Um nánari skýringar á verknaðarlýsingu 100. gr. a, sem eftir stendur, vísast að öðru leyti til athugasemda greinargerðar með frumvarpi því er varð að lögum nr. 99/2002.

Um b-lið 3. gr.

Hér er lagt til að við upptalningu verknaða í 1.–6. tölul. 1. mgr. 100. gr. a bætist nýr 7. tölul. þar sem lagt er til að það verði jafnframt gert refsinæmt að fremja hryðjuverk, sbr. upphafsmálslið, með því á ólöglegan hátt að taka við, hafa í vörslum sínum, nota, flytja, breyta, losa eða dreifa kjarnakleyfum efnum skv. 169. gr. a hegningarlaga. Byggist þessi breytingartillaga á tilmælum FATF-nefndarinnar frá 13. október 2006, sbr. 100. mgr. Einnig er lagt til að við ákvæðið bætist nýr 8. tölul. þar sem framning annarra brota sem greinir í þeim alþjóðasamningum sem taldir eru upp í ákvæðinu er gerð refsiverð.

Um 4. gr.

Með þessari grein er lagt til að lögfest verði ný málsgrein, sem bætist við 100. gr. b, þar sem bein fjármögnum hryðjuverka skv. 100. gr. a er gerð refsiverð þannig að hún varði allt að 16 ára fangelsi. Ákvæði 1. mgr. 100. gr. b er takmarkað samkvæmt orðalagi sínu við beinan eða óbeinan stuðning við mann, félag eða hóp sem fremur eða hefur þann tilgang að fremja hryðjuverk skv. 100. gr. a með því að leggja fram fé eða veita annan fjárhagslegan stuðning, útvega eða safna saman fjármagni eða með öðrum hætti að gera fjármagn aðgengilegt. Með 4. gr. frumvarpsins eru tekin af öll tvímæli um að refsinæmi beinnar fjármögnunar á hryðjuverki sé gerð sérstaklega refsinæm samkvæmt hegningarlögum, hvað sem líður vangaveltum um inntak og gildissvið hins almenna hlutdeildarákvæðis í 22. gr. almennra hegningarlaga. Er hér horft til tilmæla FATF-nefndarinnar frá 13. október 2006, sbr. 97. mgr.

Um 5. gr.

Með þessari grein er lagt til að lögfest verði ný grein, 100. gr. d þar sem gert verður refsivert að hvetja menn opinberlega til að fremja hryðjuverk skv. 100. gr. a. Er hér horft til 5. gr. Evrópuráðssamningsins um varnir gegn hryðjuverkum. Þess ber að geta að í 1. mgr. 121. gr. almennra hegningarlaga er að finna almennt ákvæði þar sem opinber hvatning til refsiverðra verka er lýst refsinæm, en þar segir: „Hver, sem opinberlega hvetur menn til refsiverðra verka, skal sæta fangelsi allt að 2 árum, eða sektum, ef málsbætur eru, nema brot hans varði þyngri refsingu að lögum.“ Telja verður í ljósi 5. gr. Evrópuráðssamningsins um varnir gegn hryðjuverkum og eðli og alvarleika þess brots sem felst í hryðjuverki skv. 100. gr. a að rök standi til þess að lögfesta sérrefsiákvæði um þessa tegund opinberrar hvatningar. Þá er í þessu ljósi lagt til að refsing fyrir að hvetja opinberlega til hryðjuverka skuli vera allt að þriggja ára fangelsi, en ekki tveggja ára eins og í hinu almenna ákvæði 1. mgr. 121. gr. almennra hegningarlaga.

Um 6. gr.

Með þessari grein er lagt til að lögfest verði nýtt ákvæði í almenn hegningarlög, 175. gr. a, sem geri það refsivert að taka þátt í *skipulagðri brotastarfsemi*. Um almenn atriði og röksemdir í þessu sambandi vísast til umfjöllunarinnar í II. kafla í almennum athugasemdum hér að framan.

Í 1. mgr. er hinni refsinæmu háttsemi lýst. Í fyrsta lagi er áskilið að maður sammælist við annan mann um að fremja verknað sem varðar *minnst fjögurra ára fangelsi*. Afmörkunin við að brot varði a.m.k. fjögurra ára fangelsi er byggð á skilgreiningu b-liðar 2. gr. Palermó-samningsins. Er þar áskilið, sbr. i-lið a-liðar 1. mgr. 5. gr. samningsins, að skipulögð brotastarfsemi taki til allra stórfelldra brota (e. serious crime) í merkingu samningsins, en samkvæmt áðurnefndum b-lið 2. gr. falla þar undir brot sem varða að minnsta kosti fjögurra ára fangelsi. Ekki er áskilið samkvæmt ákvæðinu að um sé að ræða brot samkvæmt almennum hegningarlögum. Öll refsiverð brot, sem fullnægja þeirri kröfu að varða a.m.k. fjögurra ára fangelsi, geta orðið grundvöllur að verknaði sem er liður í starfsemi skipulagðra brotasamtaka. Leiðir það einnig af orðalaginu í niðurlagi 1. mgr.: nema brot hans varði þyngri refsingu samkvæmt öðrum ákvæðum laga þessara *eða öðrum lögum*. Við nánari túlkun á hlutræna efnisskilyrðinu um *sammæli* manna verður að horfa til þess hvort maður hafi vitandi vits tekið þá ákvörðun að taka virkan þátt í starfsemi skipulagðra brotasamtaka með því að fremja verknað sem fullnægir framangreindum skilyrðum og framkvæmd verknaðarins er liður í starfsemi slíkra samtaka eins og þau eru skilgreind í 2. mgr.

Í 2. mgr. er hugtakið skipulögð brotasamtök skilgreint. Áskilið er að um sé að ræða félagsskap þriggja eða fleiri manna sem hefur það að meginmarkmiði, beint eða óbeint í ávinningsskyni, að fremja með skipulegum hætti refsiverðan verknað sem varðar minnst fjögurra ára fangelsi eða þegar verulegur þáttur í starfseminni felst í því að fremja slíkan verknað. Hér er byggt á skilgreiningu a-liðar 2. gr. Palermó-samningsins og einnig að sumu leyti 162. gr. c norsku hegningarlaganna. Það er því áskilið að tilvist og mótun félagsskaparins sé ekki tilviljunarkennd heldur sé um að ræða meðvitað samstarf á milli þriggja eða fleiri manna um skipulega framkvæmd refsiverðra verka sem fullnægja framangreindum skilyrðum eða að verulegur þáttur í starfseminni felist í því að fremja slíkan verknað. Þá verður framkvæmd refsiverðs verknaðar að vera beint eða óbeint í ávinningsskyni. Ekki er þar áskilið að ávinningurinn sé fjárhagslegur heldur getur hvers konar efnislegur ávinningur eftir atvikum fullnægt hlutrænum efnisskilyrðum ákvæðisins.

Um 7. gr.

Ákvæði 227. gr. a almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, um mansal var lögfest með lögum nr. 40/2003, en frumvarp þeirra laga var samið á vegum þáverandi refsiréttarnefndar. Við lýsingu brotsins var höfð hliðsjón af 3. gr. bókunar við Palermó-samninginn til að koma í veg fyrir, berjast gegn og refsa fyrir verslun með fólk, einkum konur og börn, en henni þó ekki fylgt út í hörgul. Skilgreiningin á mansalsbrotinu, sem fram kemur í 4. gr. Evrópuráðssamningsins um aðgerðir gegn mansali, er samhljóða 3. gr. fyrrgreindrar Palermó-bókunar. Ákvæði 4. gr. Evrópuráðssamningsins er rakið orðrétt í B-lið III. kafla hér að framan. Lagt er til í þessari frumvarpsgrein að texta 4. gr. verði fylgt með nákvæmari hætti. Er í þessu efni einkum litið til mansalsákvæðis 262. gr. a dönsku hegningarlaganna.

Um 1. málsl. 1. mgr.

Lagt er til að sögnin *að misnota* komi í stað orðalagsins *að notfæra sér* í ákvæðinu. Þá er hnykkt á því að um geti verið að ræða einn eða fleiri verknaði sem nánar er lýst í 1.–3. tölul. 1. mgr.

Um 1. tölul. 1. mgr.

Hér þykir rétt að bæta inn sögninni *að afhenda,* einkum með hliðsjón af enska orðinu „transfer“. Þá þykir réttara að nota orðalagið „og við það er beitt eða hefur verið beitt“ í stað „sem beittur er eða hefur verið beittur“. Orðalagið þykir skýrara að því leyti að verið er m.a. að mæla refsivert sem mansal að útvega, flytja mann og beita við það ólögmætri nauðung, frelsissviptingu o.s.frv. Núverandi orðalag kann að verða túlkað þannig að maður sem t.d. einungis hýsir brotaþola, sem beittur hefur verið hótun af öðrum á fyrri stigum brotsins, og beitir við það t.d. hótun, teljist ekki hafa gerst sekur um mansal heldur einungis frelsissviptingu eða hótun. Mikilvægt er að atriði sem þessi orki ekki tvímælis þar sem alþekkt er að verkaskipting á sér stað við framningu mansals m.a. í því skyni að villa um fyrir lögreglu um raunveruleg atvik. Við þessa breytingartillögu hefur verið höfð hliðsjón af tilvitnuðu ákvæði dönsku hegningarlaganna um mansal þar sem umrætt atriði er orðað svo: „hvor der anvendes eller har været anvendt“.

Lagt er til að bætt verði inn í ákvæðið verknaðarlýsingunni „með því að hagnýta sér bága stöðu viðkomandi“, og fellt út orðalagið „annarri ótilhlýðilegri aðferð“, sbr. „anden utilbørlig fermgangsmåde“ í dönsku hegningarlögunum, enda með öllu óljóst hvað þar er átt við. Þessari verknaðaraðferð er ekki lýst í núgildandi mansalsákvæði en er skýrlega lýst í 4. gr. a í Evrópuráðssamningnum.

Um 2. og 3. tölul. 1. mgr.

Ákvæði 2. tölul. er skipt upp og til verður 3. tölul. Jafnframt er lagt til að verknaðarlýsingin í 3. tölul. nái ekki einungis til þeirra sem láta af hendi greiðslu eða annan ávinning til að afla samþykkis frá þeim sem hefur umsjón með barni, heldur verði slík greiðsla refsiverð þegar hún er látin af hendi við þann sem ræður gerðum annars manns. Hér er litið til 4. gr. Evrópuráðssamningsins og 2. tölul. 2. mgr. 262. gr. a dönsku hegningarlaganna.

Um 2. mgr.

Greinin vísar til 3. tölul. í stað 2. tölul. áður.

Um 3. mgr.

Í ákvæðum 24. gr. Evrópuráðssamningsins er fjallað um refsiþyngingarástæður sem samningsaðilum ber að hafa í löggjöf sinni. Hér er lagt til grundvallar að einungis þurfi að lögfesta sérstaklega ákvæði sem varðar mansalsbrot gegn barni. Við ákvæðið bætist því ný málsgrein sem gerir ráð fyrir refsiþyningarástæðu ef brot skv. 1. mgr. beinist gegn barni.

Um 4. mgr.

Við bætist ný málsgrein sem lýsir refsinæmi athafna sem tengjast ferða- eða persónuskilríkjum, sbr. ákvæði 20. gr. Evrópuráðssamningsins. Í gildandi refsilögum hér á landi eru ekki til staðar ákvæði sem gera þá háttsemi refsiverða sem lýst er í a-, b- og c-liðum greinarinnar og er efni hennar því tekið hér upp og talið rétt að hafa það í ákvæðinu um mansal.

Um 8. gr.

Ákvæði 1. mgr. 6. gr. Palermó-samningsins leggur þá skyldu á herðar aðildarríkjum að gera peningaþvætti að refsinæmum verknaði. Er refsiábyrgð afmörkuð við ásetning. Ákvæði 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga laga nr. 10/1997, er svohljóðandi í heild sinni: Hver sem tekur við eða aflar sér eða öðrum ávinnings af broti sam-

kvæmt lögum þessum skal sæta sektum eða fangelsi allt að 2 árum. Sömu refsingu skal sá sæta sem geymir eða flytur slíkan ávinning, aðstoðar við afhendingu hans eða stuðlar á annan sambærilegan hátt að því að tryggja öðrum ávinning af broti. Nú er brot ítrekað eða stórfellt og getur refsing þá orðið fangelsi allt að fjórum árum.

Framangreind lagabreyting frá árinu 1997 átti rætur sínar að rekja til fullgildingar Íslands á tveimur alþjóðasamningum, annars vegar samningi Sameinuðu þjóðanna gegn ólöglegri verslun með fíkniefni og skynvilluefni frá 20. desember 1988 (fíkniefnasamningurinn) og hins vegar Evrópuráðssamningi um þvætti, leit, hald og upptöku ávinnings af afbrotum frá 8. nóvember 1990 (þvættissamningurinn). Með tilvitnaðri 4. gr. laga nr. 10/1997 var þvættisbrot gert að sjálfstæðu broti svo unnt væri að fullnægja þeim áskilnaði sem fram kemur í 6. gr. þvættissamningsins. Þessi lagabreyting hafði það með öðrum orðum í för með sér að þvætti ávinnings af brotum var gert að sjálfstæðum refsiverðum verknaði, án tillits til þess um hvaða brotategund er að ræða. Með þessari hegningarlagabreytingu var 173. gr. b, sbr. 1. gr. laga nr. 39/1993, felld út, sbr. 3. gr. laga nr. 10/1997, en samkvæmt þeirri grein var einungis heimilt að refsa fyrir þvætti ávinnings af fíkniefnabrotum.

Með 8. gr. frumvarpsins eru lagðar til verulegar breytingar á gildandi ákvæði 264. gr. almennra hegningarlaga um peningaþvætti. Hér hefur að meginstefnu til verið horft til 6. gr. Palermó-samningsins og athugasemda FATF-nefndarinnar frá 13. október 2006.

Í 1. mgr. er lagt til að almenn verknaðarlýsing peningaþvættis í 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga verði gerð skýrari og gildissvið hennar rýmkað. Í núgildandi ákvæði er þessu broti lýst með eftirfarandi hætti: „Hver sem tekur við eða aflar sér eða öðrum ávinnings af broti samkvæmt lögum þessum skal sæta sektum eða fangelsi allt að 2 árum. Sömu refsingu skal sá sæta sem geymir eða flytur slíkan ávinning, aðstoðar við afhendingu hans eða stuðlar á annan sambærilegan hátt að því að tryggja öðrum ávinning af broti.“ Í fyrsta lagi er lagt til að í stað lokamálsliðarins, sem vísar til verknaða sem á *sambærilegan hátt stuðla að því að tryggja öðrum ávinning af broti,* verði verknaðarlýsing peningaþvættis gerð skýrari með því að orða sérstaklega þær verknaðaraðferðir sem slíkt brot tekur til. Er þá höfð hliðsjón af 1. og 2. mgr. 6. gr. Palermó-samningsins. Í öðru lagi verði gildissvið peningaþvættisbrotsins skv. 1. mgr. 264. gr. rýmkað þannig að það taki ekki einungis til frumbrota á almennum hegningarlögum, heldur einnig til refsiverðra frumbrota á öðrum lögum, sem fullnægja að öðru leyti hlutrænum og huglægum efnisskilyrðum ákvæðisins. Er að þessu leyti tekið tillit til athugasemda FATF-nefndarinnar í skýrslunni frá 13. október 2006, sjá 67. mgr.

Verði þessi frumvarpsgrein að lögum verður því óþarfi að orða sérstakar heimildir í sérrefsilögum til að refsa fyrir peningaþvætti, annaðhvort sjálfstætt eða með tilvísun til 264. gr. almennra hegningarlaga. Hvað varðar mat á hvort nægilega sé sýnt fram á að ávinningur stafi af frumbroti eða sé af lögmætum toga skal tekið fram að þær breytingar sem hér eru lagðar til raska í engu þeirri túlkun á 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga sem lögð er til grundvallar í *dómi Hæstaréttar frá 8. nóvember 2001 í máli nr. 200/2001.* Þar sagði í forsendum Hæstaréttar: „Í 1. mgr. 264. gr. hegningarlaganna er áskilið að um ávinning sé að ræða af broti samkvæmt þeim lögum. Þegar litið er til eðlis og tilgangs ákvæðisins þykir hins vegar ekki verða gerð sú krafa, að fyrir liggi, hvaða brot sé nákvæmlega um að ræða. Verður að meta í ljósi atvika hverju sinni, hvort sýnt sé nægilega fram á að ávinningur sé ekki af lögmætum toga, heldur stafi hann frá broti á lögunum.“ Með rýmkun á gildissviði ákvæðisins er hér á því byggt að sömu sjónarmið skuli lögð til grundvallar þegar metið er hvort ávinningur stafi af broti samkvæmt öðrum refsilögum en almennum hegningarlögum.

Einnig er lögð áhersla á að með þessari frumvarpsgrein eru ekki gerðar breytingar á skilgreiningu hugtaksins *ávinningur* í merkingu 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga. Það hugtak tekur sem fyrr til allra tegunda eigna, hvort sem er fasteigna eða lausafjármuna, eða fjárverðmæta, áþreifanlegra eða óáþreifanlegra, auk skjala eða gagna sem teljast skilríki fyrir eignum eða fjárverðmætum. Að þessu leyti skal túlka inntak þessarar frumvarpsgreinar með hliðsjón af d- og e-liðum 2. gr., sbr. og 6. gr. Palermó-samningsins. Hér má einnig vísa til 64. mgr. í skýrslu FATF-nefndarinnar frá 13. október 2006.

Samkvæmt framangreindu gerir frumvarpsgreinin ráð fyrir allt að sex ára fangelsi til handa þeim sem tekur við, nýtir eða aflar sér eða öðrum ávinnings af broti á lögum þessum eða af refsiverðu broti á öðrum lögum, eða meðal annars umbreytir slíkum ávinningi, flytur hann, sendir, geymir, aðstoðar við afhendingu hans, leynir honum eða upplýsingum um uppruna hans, eðli, staðsetningu, ráðstöfun eða flutningi ávinnings. Peningaþvætti getur tekið á sig ýmsar myndir eins og glöggt sést af þessu orðalagi. Við túlkun einstakra verknaðarþátta verður sem fyrr að horfa til þess að peningaþvætti er í megindráttum hver sú starfsemi sem lýtur að því að fela uppruna og eiganda fjár sem er ávinningur af brotastarfsemi. Meginmarkmiðið með því að gera háttsemina refsiverða er að höggva að rótum afbrota með því að uppræta aðalhvata þeirra, þann ávinning sem af þeim kann að leiða, sbr. áðurnefndan *dóm Hæstaréttar frá 8. nóvember 2001 í máli nr. 200/2001.* Við nánari afmörkun á einstökum hugtökum í frumvarpsgreininni skal túlka þau samkvæmt orðanna hljóðan, til samræmis við framangreind markmið og með hliðsjón af 6. gr. Palermó-samningsins.

Samkvæmt núgildandi 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga varðar peningaþvætti allt að tveggja ára fangelsi, en allt að fjögurra ára fangelsi ef brot er ítrekað eða stórfellt. Í skýrslu FATF-nefndarinnar frá 13. október 2006 eru gerðar athugasemdir við refsihámark gildandi ákvæðis. Er mælst til þess að gerðar verði breytingar á peningaþvættisákvæðinu þannig að refsihámarkið sé a.m.k. í samræmi við refsihámark sem almennt séð er lagt til grundvallar hér á landi þegar framið er auðgunarbrot, þ.e. allt að sex ára fangelsi. Í samræmi við tilmæli FATF-nefndarinnar er í frumvarpsgreininni lagt til að refsihámark vegna brots gegn 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga verði allt að sex ára fangelsi. Þá er lagt til að um verði að ræða eitt almennt refsihámark, en ekki um tvískipta refsireglu þar sem sérstök refsihækkunarheimild verði til staðar vegna stórfelldra eða ítrekaðra brota eins og er í núgildandi ákvæði. Ekki er hins vegar hróflað við reglu 3. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga þar sem kveðið er á um það að refsing geti orðið fangelsi allt að tólf árum ef um ræðir ávinning af broti skv. 173. gr. a almennra hegningarlaga.

Í 2. mgr. er lagt til að skýrt verði kveðið á um það að sá sem framið hefur frumbrot, og fremur *jafnframt* brot skv. 1. mgr. (peningaþvætti), skuli sæta sömu refsingu og þar greinir (sjálfsþvætti, e. self-laundering). Hér er horft til þeirra athugasemda sem fram koma í 71. mgr. í skýrslu FATF-nefndarinnar frá 13. október 2006. Þar sem framning frumbrots og síðar tilkomið sjálfsþvætti á ávinningi sem af því stafar verða þannig tvö sjálfstæð brot er í frumvarpsgreininni áréttað að 77. gr. almennra hegningarlaga um brotasamsteypu gildi eftir því sem við á.

Í núgildandi 3. mgr. 264. gr. er kveðið svo á að ef ávinningur er smávægilegur og engin sérstök atvik auka saknæmi brotsins skuli mál eigi höfðað nema almenningshagsmunir krefjist. Í 65. mgr. í skýrslu FATF-nefndarinnar er að því vikið að ekki hafi komið fram skýringar á því hvað teljist „smávægilegur“ ávinningur í þessu sambandi. Í ákvæðinu sjálfu eða lögskýringargögnum sé ekki að finna neina hlutlæga viðmiðun í þessu sambandi. Vegna eðlis og alvarleika peningaþvættis, og í ljósi þess að með 1. mgr. hér að framan er lagt til að refsi-

hámark vegna þessa brots sé hækkað umtalsvert, er hér jafnframt lagt til að núgildandi 3. mgr. 264. gr. verði felld brott. Sömu röksemdir búa að baki þeirri tillögu að fella brott núgildandi síðari málslið 4. mgr. 264. gr. en þar er veitt heimild til að *láta refsingu falla niður* varði brotið sem ávinningur stafar frá ekki þyngri refsingu en fangelsi allt að einu ári.

Loks er efnislega ekki hróflað við núgildandi 4. mgr. 264. gr. um heimild til að refsa fyrir brot skv. 1. mgr. sem framið er af gáleysi. Þá er sérstaklega hnykkt á því að það taki til gáleysisbrots *skv. 1. mgr.*

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 19/1940, almennum hegningarlögum, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ákvæðum almennra hegningarlaga sem snúa að upptöku eigna, hryðjuverkum, mansali og peningaþvætti. Tilgangurinn með frumvarpinu er að laga þessi ákvæði að alþjóðlegum skuldbindingum, annars vegar vegna fullgildingar samninga um alþjóðlega brotastarfsemi og hins vegar vegna tilmæla frá alþjóðlegum nefndum eins og nánar er greint frá í almennum athugasemdum við frumvarpið. Þar á meðal er lagt til að lögfest verði rýmri heimild til upptöku eigna en er í núgildandi lögum hafi einstaklingur gerst sekur um alvarleg brot sem fela í sér verulegan ávinning. Eðli málsins samkvæmt er ekki hægt að segja fyrir um í hvaða mæli reyna kynni á það ákvæði þannig að upptæk verðmæti rynnu til ríkissjóðs.

Ekki er ástæða til að ætla að ákvæði frumvarpsins hafi í för með sér aukin útgjöld ríkissjóðs verði það óbreytt að lögum.

198. Tillaga til þingsályktunar [185. mál]

um íþróttakennslu í grunnskólum.

Flm.: Ellert B. Schram, Ragnheiður Ríkharðsdóttir.

Alþingi ályktar að beina þeim tilmælum til menntamálaráðherra að við endurskoðun námskrár í grunnskólum verði kennsla í íþróttum aukin og nemendum tryggð að minnsta kosti ein hreyfistund á dag.

Greinargerð.

Starfshópur sem menntamálaráðherra skipaði til að móta íþróttastefnu í víðtækum skilningi skilaði á síðasta ári skýrslu þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að brýna nauðsyn

bæri til að efla kennslu í íþróttum í grunnskólum landsins, ekki síst með vísan til heilsu og líkamlegs ástands ungs fólks. Í skýrslunni segir m.a.:

„Hreyfingarleysi ógnar lífi og lífsgæðum mikils fjölda manna um heim allan en talið er að á bilinu 60–85% fullorðinna lifi því sem næst algjöru kyrrsetulífi. Margir stunda þar með ekki nægа reglulega hreyfingu til að hún hafi heilsufarslegan ávinning í för með sér og hópur þeirra verður stöðugt fjölmennari. Á það ekki síður við um börn en fullorðna en þátttaka barna í reglulegri hreyfingu minnkar með auknum aldri. Víða um heim hreyfir aðeins innan við þriðjungur barna sig nægilega til að það bæti heilsu þeirra en mikill meiri hluti barna hreyfir sig ekki nóg.

Hátt hlutfall fullorðinna, og ekki síst unglinga, stundar þannig litla sem enga hreyfingu og eru margir þar að auki illa á sig komnir líkamlega. Til að mynda hefur nýleg bandarísk rannsókn þannig leitt í ljós að um þriðjungur unglinga þar í landi náði slökum árangri á þrekprófi. Kyrrseta hefur því ekki einungis aukist heldur eru afleiðingar hennar á heilsufar nú þegar greinilegar.“

Þyngd barna hefur aukist jafnt og þétt á Íslandi. Þar veldur margt, svo sem mataræði, kyrrseta fyrir framan tölvur og sjónvörp og skortur á reglulegri hreyfingu sem aftur hefur skaðleg og neikvæð áhrif á bæði andlegt og likamlegt heilsufar, þegar komið er fram á fullorðinsár.

Þróunin er sú að skólarnir skipta sífellt meira máli að því er varðar uppeldisleg gildi, áhugamál og lífshætti unga fólksins. Í grunnskólum landsins er oft lagður hornsteinn að hegðun og hugðarefnum og þeim lífsstíl sem fólk temur sér. Það er mat flutningsmanna að með aukinni áherslu á líkamsrækt, íþróttir og hvers konar hreyfingu megi sporna við offitu, heilsukvillum og lífsleiða. Það er margsannað að regluleg hreyfing er hverjum einstaklingi bæði holl og nauðsynleg.

Í núverandi námskrá grunnskólanna er gert ráð fyrir þremur tímum á viku til íþrótta, og þar af einum tíma til sundkennslu. Þar sem því verður ekki við komið að kenna sund einu sinni í viku er skólum heimilt að kenna sund á sérstöku námskeiði, a.m.k. 20 kennslustundir. Brögð eru að því að nemendur fái enga íþróttakennslu í þeim tímum sem þá eru eftir. Afleiðingin er þess vegna stundum sú að kennslustundum í íþróttum fækkar. Skyldan er ekki uppfyllt. Hér þarf að herða tökin. Ekki aðeins að fylgja eftir kröfunni um þrjá íþróttatíma í viku, heldur og að fjölga þeim kennslustundum þar sem nemendur stunda hvers konar íþróttir. Lagt er til að íþróttakennslustundum verði fjölgað og helst þyrfti að gangast fyrir reglulegri hreyfingu á hverjum degi skólavikunnar. Að þessu leyti sýnist eðlilegt að hafa fullt samráð og samvinnu við viðkomandi íþróttafélög í hverfi eða bæjarfélagi.

Um þessar mundir er starfandi nefnd á vegum menntamálaráðuneytisins sem endurskoðar námskrá grunnskólanna. Með samþykkt þessarar tillögu til þingsályktunar beinir Alþingi þeim eindregnu tilmælum til nefndarinnar að taka tillit til þeirra sjónarmiða að íþróttakennsla í grunnskólunum fái aukið rými í skólaskyldunni. Flutningsmenn treysta því að menntamálaráðherra fylgi því sjónarmiði eftir þegar ný námskrá er samin og og staðfest.

199. Lög [65. mál]

um notkun raflagna og raffanga í núverandi ástandi á íbúðar- og skólasvæði fyrrum varnarsvæðis á Keflavíkurflugvelli.

(Afgreidd frá Alþingi 6. nóv.)

Samhljóða þskj. 65.

200. Fyrirspurn [186. mál]

til heilbrigðisráðherra um aðstoð við fyrrverandi vistmenn upptökuheimila.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Með hvaða hætti hefur sú aðstoð sem heitið var fyrrverandi vistmönnum, aðstandendum og starfsfólki Breiðavíkurheimilisins og annarra sambærilegra vistheimila verið veitt?
2. Hversu margir hafa þegið aðstoð og hvaða heimilum hafa viðkomandi tengst?

Skriflegt svar óskast.

201. Fyrirspurn [187. mál]

til forsætisráðherra um störf stjórnarskrárnefndar.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

Hvernig miðar störfum nefndar þeirrar sem hefur það hlutverk að endurskoða stjórnarskrá lýðveldisins Íslands og hver verða helstu verkefni hennar á næstunni?

202. Fyrirspurn [188. mál]

til samgönguráðherra um samgöngumiðstöð í Reykjavík.

Frá Þuríði Backman.

1. Hvað líður undirbúningi að byggingu nýrrar samgöngumiðstöðvar í Reykjavík?
2. Hefur verið tekin ákvörðun um eignar- og rekstraraðila og ef svo er, hverjir verða þeir?

3. Hefur verið tekin ákvörðun um fjármögnun framkvæmdarinnar og rekstrarform? Ef svo er, hvernig verður fjármögnun og rekstri háttað?
4. Hvenær er áætlað að framkvæmdir hefjist og samgöngumiðstöðin verði tekin í notkun?
5. Hvaða starfsemi er fyrirhuguð í nýju miðstöðinni?
6. Verður gert ráð fyrir afgreiðslu fleiri flugfélaga en rúmast í núverandi flugafgreiðslu á Reykjavíkurflugvelli?

Skriflegt svar óskast.

203. Frumvarp til laga [189. mál]

um brottfall heimildar til sölu á hlut ríkissjóðs í Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.

Flm.: Jón Bjarnason, Guðfríður Lilja Grétarsdóttir,
Katrín Jakobsdóttir, Árni Þór Sigurðsson.

1. gr.

Í 6. gr. fjárlaga 2008 verði felldur út liðurinn 5.1: „Að selja hlut ríkisins í Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar“.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á fjárlögum ársins 2007 eru heimildir til að selja hlut ríkissjóðs í Hitaveitu Suðurnesja og heimild til sölu á hlut ríkissjóðs í Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar (liður 5.1 og liður 5.2).

Í maí sl. nýtti fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisstjórnarinnar sér heimild til sölu á hlut ríkissjóðs í Hitaveitu Suðurnesja. Markmið ríkisstjórnarinnar með sölunni var að setja í gang ferli til að koma orkuveitum og orkulindum úr eigu opinberra aðila í hendur einkaaðila á frjálsum markaði.

Komu þau áform ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks m.a. skýrt fram í útboðsskilmálum: „Íslensk orkufyrirtæki (félög sem stunda starfsemi sem fellur undir raforkulög nr. 65/2003) í opinberri eigu mega ekki bjóða í eignarhlut ríkisins. Sama gildir um dótturfélög framangreindra fyrirtækja og önnur félög þar sem þau fara með yfirráð í skilningi samkeppnislaga.“

Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar ekki treystandi í orkumálum.

Þótt ný ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar hafi tekið við áður en salan á hlut ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja (HS) fór fram var söluferlið ekki stöðvað þrátt fyrir háværar kröfur þar um. Salan á hlut ríkisins í HS til einkafyrirtækis hleypti af stað atburðarás í einkavæðingu og sölu orkuveitna og orkulinda úr samfélagseigu sem ekki sér enn fyrir endann á. Nægir að nefna framvindu mála hjá Orkuveitu Reykjavíkur, einkavæðingu, sölu og afhend-

ingu samfélagseigna til útvalinna einkaaðila. Meiri hluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks í Reykjavík sprakk út af því máli og nýr meirihluti með aðild Vinstri grænna hefur tekið við. Vonandi leiðir sú breyting til að hægt verði að stöðva einkavæðingarferli og sölu orkuveitna landsmanna.

„Rödd almennings“ á móti einkavæðingu.

Æ fleiri stuðningsmönnum einkavæðingar og sölu almenningsveitna og orkulinda landsmanna hefur snúist hugur og leggjast nú á sveif með Vinstri grænum um þjóðareign á náttúruauðlindum. Þannig fjallar forustugrein Morgunblaðsins fimmtudaginn 1. nóvember sl. um einkavæðingu, sölu og brask sem átt hefur sér stað með Hitaveitu Suðurnesja og Orkuveitu Reykjavíkur. Rótina að þessum sinnaskiptum má rekja að hluta til einkavæðingarstefnu ríkisins og sölu þess á hlut sínum í HS. Í forustugreininni eru kjörnir fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í bæjarstjórnum og á Alþingi og ráðherrar harðlega gagnrýndir fyrir blinda einkavæðingu og veruleikafirringu og að þeim hafi verið „ótrúlega mislagðar hendur“ í þessum málum. Fylgir leiðarinn með sem fylgiskjal IV.

Komum í veg fyrir einkavæðingu og sölu Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar og Deildartunguhvers.

Með vísan til þess hvernig ríkisstjórnarflokkarnir nýttu heimild á fjárlögum til sölu Hitaveitu Suðurnesja er brýnt að fella nú þegar á brott úr lögum sams konar heimild til sölu á hlut ríkisins í Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar. Enda væri þessi söluheimild ekki á fjárlögum ef stjórnvöld ætluðu sér ekki að nýta hana.

Orkuveita Reykjavíkur og ríkissjóður eiga og reka saman Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar (HAB) og á ríkið liðlega 20% hlut í hitaveitunni. Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar á jafnframt jarðhitaréttindi á jörðinni Deildartungu í Reykholtsdal, þar á meðal Deildartunguhver. Svo brýnt almannahagsmunamál þótti á sínum tíma að ríkið ætti vatnsréttindi þar að Alþingi veitti ríkisstjórninni með sérstökum lögum frá 1978 heimild til að taka eignarnámi landspildu úr landi Deildartungu ásamt jarðhitaréttindum, þ.m.t. Deildartunguhver. Ríkissjóður lagði síðan þessi jarðhitaréttindi inn í Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar. Söluheimild ríkissjóðs á HAB nær því bæði til hlut hitaveitunnar sjálfrar ásamt ofnagreindum jarðhitaréttindum.

Um Deildartunguhver og Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.

Deildartunguhver er álitinn vera einhver vatnsmesti hver jarðar, ef ekki sá vatnsmesti. Úr honum koma 180 lítrar af 98 gráðu heitu vatni á sekúndu upp á yfirborðið en það er alls 40% af öllu heitu vatni sem kemur upp á yfirborðið í Borgarfirði. Vatninu úr hvernum er veitt til Akraness, sem er í 64 km fjarlægð, og Borgarness, í 34 km fjarlægð, en einnig til nokkurra bæja á leiðinni. Hverinn er friðaður og gildi hans fyrir ferðamannaiðnaðinn á Vesturlandi er mikið. Við hverinn vex einnig friðað afbrigði af burknanum skollakamba (blechnum spicant) sem vex aðeins á einum öðrum stað á landinu.

Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar var stofnuð 1979 af Akraneskaupstað og Hitaveitu Borgarfjarðar en að henni stóðu Borgarneshreppur, Andakílshreppur og Bændaskólinn á Hvanneyri. Hitaveitan fær vatn úr Deildartunguhver og borholum í Bæjarsveit, við Laugarholt og Bæ. Árið 2001 sameinaðist HAB Orkuveitu Reykjavíkur og tók nýtt sameinað fyrirtæki til starfa 1. desember það ár. Við það gekk hlutur Akurnesinga og Borgfirðinga í HAB

inn í OR en hlutur ríkisins er enn sem áður liðlega 20% og HAB er rekið sem sjálfstætt fyrirtæki.

Áskoranir heimamanna.

Félög Vinstri grænna á Akranesi og í Borgarbyggð hafa ályktað gegn einkavæðingu og sölu opinberra orkuveitna og krafist þess að heimild til sölu á hlut ríkisins í HAB verði tafarlaust afturkölluð. Með vísan til örlaga hluta ríkisins í HS (breytti þar engu hvort Framsókn eða Samfylking væri í ríkisstjórn með Sjálfstæðiflokki) er mjög brýnt að afnema nú þegar heimild á fjárlögum til sölu á hlut ríkisins í Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.

Fylgiskjal I.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð í Borgarbyggð skorar á Alþingi að afturkalla heimild til að selja Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.

(11. október 2007.)

Fundur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í Borgarbyggð, haldinn í Borgarnesi 10. október 2007, skorar á Alþingi að fella nú þegar úr gildi heimild í fjárlögum til að selja hlut ríkisins í Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar. Atburðarás undanfarinna daga hefur leitt í ljós að sala ríkisins á hlut sínum í Hitaveitu Suðurnesja voru mistök.

Það er Borgfirðingum afar mikilvægt að ráða þeim náttúruauðlindum sem gera Borgarfjörð jafnfýsilegan búsetukost og raun ber vitni en Deildartunguhver og önnur hitaréttindi HAB í Borgarfirði verði ekki leiksoppar markaðsaflanna líkt og gerst hefur á Suðurnesjum.

Fylgiskjal II.

Bókun fulltrúa Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í bæjarstjórn Akraness.

(11. október 2007.)

Fulltrúi Vinstri grænna í bæjarstjórn Akraness lagði fram svohljóðandi bókun á fundi bæjarstjórnar 10. október:

Við horfum í dag fram á það að Hitaveita Suðurnesja verði á næstu dögum einkavædd, það er, að hluti Orkuveitu Reykjavíkur verði seldur inn í REI. Nú er Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar dótturfyrirtæki Orkuveitu Reykjavíkur, sem á 79,3% í HAB á móti 20,7% hluta ríkisins. Í tillögu að fjárlögum næsta árs er að auki gert ráð fyrir að ríkið selji sinn hlut.

Það sem hóf þetta ferli allt, sem við nú stöndum frammi fyrir, er sala ríkisins á 15% hlut sínum í Hitaveitu Suðurnesja. Það hlýtur því að vera hagur Akurnesinga að ekki verði af hlutafélagavæðingu Orkuveitunnar og komið verði í veg fyrir að Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar fari sömu leið og Hitaveita Suðurnesja. Ég skora á bæjarstjórn og fulltrúa Akraneskaupstaðar í stjórn Orkuveitunnar að leggjast gegn markaðsvæðingu OR og standa þar með vörð um hagsmuni bæjarbúa.

Fylgiskjal III.

Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs krefst þess að ríkið falli frá sölu á hlut sínum í Hitaveitu Suðurnesja.

(29. júní 2007.)

Ýmis sveitarfélög sem átt hafa eignaraðild að Hitaveitu Suðurnesja eða eru á þjónustusvæði hennar eru uggandi vegna sölu fyrirtækisins og aðkomu einkaaðila að rekstrinum. Þegar ríkið bauð hlut sinn í Hitaveitu Suðurnesja til kaups skömmu fyrir nýafstaðnar kosningar til Alþingis kom í ljós að fjárfestar mátu fyrirtækið á margfalt hærra verði en opinberir aðilar höfðu gert. Þetta endurspeglar trú fjárfesta á möguleikum til að hafa arð út úr orkugeiranum eftir að hann hefur verið markaðsvæddur. Forsenda mikillar arðsemi er að sjálfsögðu hátt raforkuverð sem kemur til með að bitna á neytendum, hinum almenna raforkukaupanda, heimilum og fyrirtækjum.

Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hefur ítrekað varað við einkavæðingu raforkugeirans og í því samhengi bent á að markaðsvæðing á starfsemi sem í eðli sínu er einokandi er neytendum í óhag. Slíka starfsemi á að reka á samfélagslegum forsendum enda um grunnþjónustu að ræða og í verkahring hins opinbera að tryggja öllum aðgengi og lágt verð á grunngæðum.

Nú hefur komið ljós að sala á hlut ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja til einkaaðila er þvert á vilja margra sveitarfélaga sem eiga hlut í fyrirtækinu. Voldugir fjárfestar, þar á meðal Glitnir og FL-Group ganga nú á milli eignaraðila í því augnamiði að eignast sem stærstan hlut í fyrirtækinu. Með aðgerðum sínum hefur ríkisvaldið valdið óvissu í rekstri Hitaveitu Suðurnesja og komið samstarfi sveitarfélaga í uppnám. Meðal annars í þessu ljósi telur VG að ríkisstjórninni beri að leita allra leiða til að endurheimta hlut sinn í Hitaveitu Suðurnesja þannig að tryggt verði að fyrirtækið verði áfram í samfélagslegri eigu og þessi innrás fjárfesta í orkufyrirtæki landsmanna stöðvuð.

Fylgiskjal IV.

Rödd almennings.

(Morgunblaðið, fimmtudaginn 1. nóvember, 2007 – Ritstjórnargrein.)

Einn ánægjulegasti þátturinn í þróun þjóðfélagsmála í landi okkar síðustu árin er hin beina þátttaka almennra borgara ekki bara í opinberum umræðum heldur með beinni íhlutun í gang mála.

Dæmi um slíkt er sú undirskriftasöfnun, sem Hannes Friðriksson, innanhúsarkitekt og íbúi í Reykjanesbæ, hefur haft forgöngu um þar sem skorað er á sveitarstjórnarmenn að tryggja að Hitaveita Suðurnesja verði áfram í meirihlutaeigu sveitarfélaganna og annist áfram orkuöflun og sölu og dreifingu á vatni og rafmagni á því svæði.

Ýmsar vísbendingar hafa komið fram um, að íbúum á Suðurnesjum standi ekki á sama um þá þróun, sem orðið hefur í málefnum Hitaveitu Suðurnesja á undanförnum mánuðum. Nú gefst fólki á Suðurnesjum færi á að sýna afstöðu sína í verki með þátttöku eða ekki þátttöku í undirskriftasöfnuninni sem Hannes Friðriksson hefur komið af stað.

Slík þátttaka almennings í ákvörðun um eigin málefni er hin æskilega þróun í lýðræðisríki. Og eins og Morgunblaðið hefur margbent á er full ástæða til að fólkið sjálft í sveitarfélögum eða á landsvísu taki ákvarðanir um meginmál.

Þannig er alls ekki fráleitt að ræða þann möguleika, að framtíð Hitaveitu Suðurnesja verði ákveðin í beinni kosningu fólksins, sem býr á þjónustusvæði fyrirtækisins.

Kjörnum fulltrúum eru stundum ótrúlega mislagðar hendur eins og skýrt hefur komið fram í málefnum Orkuveitu Reykjavíkur síðustu vikur. Og ekki hefur ástandið á þeim vettvangi batnað eftir að nýr meirihluti tók við í borgarstjórn.

Kjörnir fulltrúar eru stundum í erfiðri stöðu til þess að taka ákvarðanir. Þeir geta legið undir miklum þrýstingi frá aðilum, sem gæta sérhagsmuna. Enginn þarf að efast um, að bæjarfulltrúar meiri hlutans í bæjarstjórn Reykjanesbæjar hafa legið undir miklum þrýstingi vegna málefna Hitaveitu Suðurnesja frá sérhagsmunaaðilum.

Hið góða við að ákvarðanir um meginmál séu teknar í almennum atkvæðagreiðslum er einmitt að sérhagsmunaaðilar geta ekki komizt að hverjum og einum kjósanda, þótt þeir geti vissulega reynt að hafa áhrif á þá með almennum áróðri. Stundum geta þær aðferðir snúizt í höndum þeirra eins og kom í ljós í kosningunni í Hafnarfirði um stækkun álversins í Straumsvík.

Það verður fróðlegt að sjá hvaða árangri Hannes Friðriksson nær í undirskriftasöfnuninni á Suðurnesjum. En það hlýtur líka að koma til umræðu, að grundvallarákvörðun um framtíð Hitaveitu Suðurnesja verði tekin af fólkinu sjálfu en ekki tiltölulega fámennum hópi manna, þótt þeir hafi verið kjörnir til trúnaðarstarfa í þágu fólksins.

Hvað skyldu bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins segja um það?

204. Frumvarp til laga [190. mál]

um almannavarnir.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Markmið almannavarna.

Lög þessi taka til samhæfðra almannavarnaviðbragða til þess að takast á við afleiðingar neyðarástands sem kann að ógna lífi og heilsu almennings, umhverfi og/eða eignum.

Markmið almannavarna er að undirbúa, skipuleggja og framkvæma ráðstafanir sem miða að því að koma í veg fyrir og takmarka, eftir því sem unnt er, að almenningur verði fyrir líkams- eða eignatjóni af völdum náttúruhamfara eða af mannavöldum, farsótta, hernaðaraðgerða, hryðjuverka eða af annarri hættu og veita líkn í nauð og aðstoð vegna tjóns sem hugsanlega kann að verða eða hefur orðið enda falli þau störf ekki undir aðra samkvæmt lögum.

2. gr.

Umsjón almannavarna.

Ríkið fer með almannavarnir á landinu öllu, hvort heldur sem er á landi, í lofti eða á sjó. Sveitarfélög fara með almannavarnir í héraði, í samvinnu við ríkisvaldið, svo sem kveðið er á um í lögum þessum.

II. KAFLI
Stefnumörkun í almannavarna- og öryggismálum.

3. gr.

Hlutverk almannavarna- og öryggismálaráðs.

Stefna stjórnvalda í almannavarna- og öryggismálum skal mörkuð af almannavarna- og öryggismálaráði til þriggja ára í senn. Í almannavarna- og öryggismálastefnu stjórnvalda skal gera grein fyrir ástandi og horfum í almannavarna- og öryggismálum í landinu, fjalla um áhersluatriði varðandi skipulag almannavarna- og öryggismála, forvarnastarf, nauðsynlega samhæfingu á efni viðbragðsáætlana og starfsemi opinberra stofnana á því sviði, sbr. VI. kafla laga þessara, nauðsynlegar birgðir til þess að tryggja lífsafkomu þjóðarinnar á hættutímum, endurreisn eftir hamfarir og aðrar aðgerðir sem ráðið telur nauðsynlegar til þess að markmið laga þessara náist.

Umsýsla vegna almannavarna- og öryggismálaráðs og undirbúningur vegna funda þess er í höndum dómsmálaráðherra.

4. gr.

Skipan almannavarna- og öryggismálaráðs.

Í almannavarna- og öryggismálaráði eiga sæti forsætisráðherra, sem jafnframt er formaður þess, dómsmálaráðherra, samgönguráðherra, umhverfisráðherra, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, utanríkisráðherra og iðnaðarráðherra. Þar að auki er forsætisráðherra heimilt að kveðja allt að tvo ráðherra til setu í ráðinu í senn vegna sérstakra mála.

Einnig eiga sæti í almannavarna- og öryggismálaráði:

1. Ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytis.
2. Ráðuneytisstjóri dómsmálaráðuneytis, ríkislögreglustjóri og forstjóri Landhelgisgæslu Íslands.
3. Ráðuneytisstjóri samgönguráðuneytis, flugmálastjóri, forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar, siglingamálastjóri og vegamálastjóri.
4. Ráðuneytisstjóri umhverfisráðuneytis, veðurstofustjóri, brunamálastjóri og forstjóri Umhverfisstofnunar.
5. Ráðuneytisstjóri heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, landlæknir og sóttvarnalæknir.
6. Ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytis.
7. Ráðuneytisstjóri iðnaðarráðuneytis, orkumálastjóri og forstjóri Landsnets.
8. Fulltrúi Slysavarnafélagsins Landsbjargar.
9. Fulltrúi Rauða kross Íslands.
10. Fulltrúi samræmdrar neyðarsvörunar.

Að auki skipar forsætisráðherra tvo fulltrúa til setu í ráðinu samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga.

III. KAFLI
Skipulag almannavarna á landinu öllu.

5. gr.
Æðsta stjórn almannavarna.

Dómsmálaráðherra er æðsti yfirmaður almannavarna í landinu. Hann gefur út reglur um almannavarnastig að fenginni tillögu ríkislögreglustjóra.

Ríkislögreglustjóri annast málefni almannavarna í umboði dómsmálaráðherra. Ríkislögreglustjóri tekur ákvörðun um almannavarnastig hverju sinni og tilkynnir það dómsmálaráðherra. Heimilt er að lýsa yfir almannavarnaástandi þegar neyðarástand er líklegt, er yfirvofandi eða ríkir eða sambærilegar aðstæður eru fyrir hendi.

Við embætti ríkislögreglustjóra starfar í Reykjavík samhæfingar- og stjórnstöð undir sérstakri stjórn, sbr. V. kafla laga þessara.

6. gr.
Tímabundinn flutningur á stjórn almannavarna.

Dómsmálaráðherra er heimilt að færa stjórn almannavarnaaðgerða frá Reykjavík þegar yfirgnæfandi líkur eru á því að almannavörnum landsins verði ekki stjórnað þaðan.

7. gr.
Verkefni ríkislögreglustjóra á sviði almannavarna.

Ríkislögreglustjóri hefur umsjón með að ráðstafanir séu gerðar í samræmi við stefnu stjórnvalda í almannavarna- og öryggismálum, þar á meðal gerð varnarvirkja eða aðrar verndarráðstafanir.

Ríkislögreglustjóri hefur eftirlit með skipulagi almannavarna á landinu öllu og eftirlit með almannavörnum sveitarfélaga. Hann hefur umsjón með gerð hættumats í samráði við almannavarnanefndir. Hann tekur þátt í undirbúningi og gerð viðbragðsáætlana ríkis og sveitarfélaga, sbr. VI. kafla laga þessara, og hefur eftirlit með endurskoðun þeirra og samhæfingu. Auk þessa hefur ríkislögreglustjóri eftirlit með gerð viðbragðsáætlana einkaaðila. Hann hefur með höndum eftirlit með samhæfingu viðbragðsaðila og annarra aðila, sbr. 8. gr., og stjórn aðgerða bæði áður og eftir að hættu ber að garði.

Ríkislögreglustjóri skipuleggur forvarnir og almenningsfræðslu á sviði almannavarna, svo og fræðslu einkaaðila, stjórnvalda og almennings um skipulag almannavarnakerfisins eftir því sem þurfa þykir. Auk þess annast ríkislögreglustjóri þjálfun og fræðslu á sviði almannavarna.

Ríkislögreglustjóri tekur þátt í alþjóðlegu samstarfi stjórnvalda um almannavarnir.

8. gr.
Um samninga við þriðja aðila.

Ríkislögreglustjóra er heimilt að semja við sjálfseignarstofnanir, félagasamtök eða aðra aðila um að þeir skuli annast framkvæmd almannavarna á tilteknu sviði.

Samningur um framkvæmd aðila á almannavörnum samkvæmt þessari grein er háður samþykki dómsmálaráðherra.

IV. KAFLI
Skipulag almannavarna í héraði.

9. gr.
Almannavarnanefndir.

Í hverju sveitarfélagi starfar almannavarnanefnd sem sveitarstjórn skipar og ákveður hún fjölda nefndarmanna. Almannavarnanefnd skal skipuð sýslumanni þess umdæmis sem sveitarfélagið er í, fulltrúum úr sveitarstjórn og þeim fulltrúum sveitarstjórna sem í starfi sínu sinna verkefnum í þágu öryggis hins almenna borgara. Á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum sitja lögreglustjórar viðkomandi umdæma í almannavarnanefndum en ekki sýslumenn.

Almannavarnanefnd kýs sér sjálf formann og varaformann. Sveitarstjórnir ráða starfsmenn almannavarnanefnda og greiða kostnað af störfum þeirra.

Sveitarstjórnum er heimilt að vinna saman að gerð viðbragðsáætlunar eða koma á fót sameiginlegri almannavarnanefnd. Sameining almannavarnanefnda eða samstarf þeirra er háð staðfestingu dómsmálaráðherra. Ráðherra ákveður hvaða sýslumaður skuli sitja í almannavarnanefnd ef fleiri en eitt sýslumannsumdæmi fellur undir nefndina.

10. gr.
Hlutverk almannavarnanefnda.

Almannavarnanefndir móta stefnu og skipuleggja starf sitt að almannavörnum í héraði í samræmi við lög þessi.

Í umdæmum sínum vinna almannavarnanefndir að gerð hættumats og viðbragðsáætlana, í samvinnu við ríkislögreglustjóra, sbr. 16. gr.

Almannavarnanefndir skulu endurskoða hættumat og framkvæma prófanir á viðbragðsáætlunum í samvinnu við ríkislögreglustjóra.

11. gr.
Aðgerða- og vettvangsstjórn í héraði.

Stjórn aðgerða í héraði þegar almannavarnaástand ríkir er í höndum lögreglustjóra í viðkomandi lögregluumdæmi ásamt fulltrúa Slysavarnafélagsins Landsbjargar og fulltrúa almannavarnanefndar í samvinnu við samhæfingar- og stjórnstöð. Í stjórn aðgerða felst m.a. skipulag björgunar- og hjálparstarfa vegna hættu eða tjóns sem getur eða hefur skapast og að stýra neyðaraðgerðum í samvinnu við samhæfingar- og stjórnstöð, sbr. 12. gr.

Lögreglustjóri tilnefnir vettvangsstjóra er fari með heildarstjórn og samhæfingu á vettvangi.

V. KAFLI
Samhæfingar- og stjórnstöð.

12. gr.
Hlutverk samhæfingar- og stjórnstöðvar.

Í samhæfingar- og stjórnstöð fer fram samhæfing og yfirstjórn almannavarnaaðgerða með hliðsjón af almannavarnastigi og viðeigandi viðbragðsáætlun. Þar getur einnig farið fram samhæfing hvers kyns aðgerða við leit og björgun á landi, sjó og í lofti, sbr. 13. gr.

Í stjórnstöðinni starfa fulltrúar viðbragðsaðila almannavarna og ber þeim skylda til að fara að fyrirmælum þess aðila sem stýrir samhæfingu aðgerða úr samhæfingar- og stjórnstöð samkvæmt viðbragðsáætlun. Nú er ágreiningur um hvaða fyrirmæli skuli gefin og sker þá ríkis-

lögreglustjóri úr. Ákvörðun ríkislögreglustjóra samkvæmt þessu ákvæði verður ekki skotið til dómsmálaráðherra.

Samhæfingar- og stjórnstöð skal hafa aðgang að öruggu fjarskiptakerfi, sem er óháð og aðskilið frá almennum fjarskiptakerfum, vegna samskipta við viðbragðsaðila almannavarna.

Samhæfingar- og stjórnstöð lýtur níu manna stjórn sem dómsmálaráðherra skipar. Formaður stjórnar skal skipaður af ráðherra án tilnefningar. Ríkislögreglustjóri, Landhelgisgæsla Íslands, landlæknir, stjórn slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, stjórn samræmdrar neyðarsvörunar og stjórn Slysavarnafélagsins Landsbjargar tilnefna hver sinn fulltrúa í stjórnina og skulu þeir valdir úr hópi þeirra sem taka virkan þátt í starfi samhæfingar- og stjórnstöðvarinnar. Auk þess tilnefna samgönguráðherra og stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga hvor sinn fulltrúa.

Stjórnin ræður og tekur ákvarðanir um innra skipulag, rekstur og samstarf viðbragðsaðila. Stjórnin beitir sér fyrir ráðstöfunum til að tryggja snurðulausa framkvæmd viðbragðsáætlana. Samhæfing eða framkvæmd aðgerða er ekki á verksviði stjórnar.

Stjórnin getur ákveðið að viðbragðsaðilar almannavarna, sem ekki eiga fulltrúa í stjórn samhæfingar- og stjórnstöðvar, tilnefni fulltrúa í samhæfingar- og stjórnstöðvarráð sem er stjórninni til ráðuneytis við ákvarðanir hennar.

Ríkislögreglustjóri ræður umsjónarmann samhæfingar- og stjórnstöðvarinnar að fenginni tillögu stjórnar stjórnstöðvarinnar. Kostnaður af starfsemi samhæfingar- og stjórnstöðvar greiðist úr ríkissjóði.

13. gr.

Verkefni samhæfingar- og stjórnstöðvar.

Samhæfingar- og stjórnstöð skal virkjuð þegar nauðsyn krefst að mati þeirra sem koma að stjórn leitar, björgunar eða viðbragða við hættuástandi.

Almannavarnanefnd eða viðbragðsaðili almannavarna getur óskað eftir því að samhæfingar- og stjórnstöð annist stjórn aðgerða vegna tiltekinnar hættu. Ef ágreiningur er í almannavarnanefnd eða á milli viðbragðsaðila um það hvort leita skuli til samhæfingar- og stjórnstöðvar getur hvor aðili um sig óskað eftir því við ríkislögreglustjóra að samhæfingar- og stjórnstöð taki við stjórn aðgerða.

14. gr.

Tímabundin stofnun og rekstur þjónustumiðstöðvar.

Samhliða rekstri samhæfingar- og stjórnstöðvar er ríkislögreglustjóra heimilt, þegar hættu ber að garði eða hún er um garð gengin, að stofna tímabundið þjónustumiðstöð vegna tiltekinnar hættu eða hættuástands.

Verkefni þjónustumiðstöðvarinnar skulu m.a. felast í upplýsingagjöf til almennings og þjónustu við þá aðila sem hafa orðið fyrir tjóni og hin tiltekna hætta hefur haft önnur bein áhrif á. Auk þess skal þjónustumiðstöðin annast samskipti við fjölmiðla vegna aðgerða sem gripið er til hverju sinni.

Ráðuneyti og sveitarfélög, þar með taldar undirstofnanir þeirra, skulu veita hinni tímabundnu þjónustumiðstöð lið við miðlun upplýsinga og þjónustu. Haft skal samráð við hlutaðeigandi sveitarstjórnir um starfsemi þjónustumiðstöðvar samkvæmt þessari grein.

VI. KAFLI
Gerð viðbragðsáætlana.

15. gr.
Skylda ríkisvalds til að gera viðbragðsáætlanir.

Einstök ráðuneyti og undirstofnanir þeirra skulu, í samvinnu við ríkislögreglustjóra, kanna áfallaþol þess hluta íslensks samfélags sem fellur undir starfssvið þeirra. Þá skulu einstök ráðuneyti, í samvinnu við ríkislögreglustjóra, skipuleggja fyrirhuguð viðbrögð og aðgerðir samkvæmt viðbragðsáætlun þar sem m.a. er fjallað um eftirfarandi þætti:

1. Skipulagningu aðgerða.
2. Viðbúnað viðbragðsaðila, m.a. liðsafla, þjálfun liðsafla og útbúnað og stjórnsýsluviðbúnað.
3. Samgöngur og fjarskipti.
4. Framkvæmd ráðstafana á hættustundu.
5. Samhæfingu og stjórn aðgerða viðbragðsaðila og annarra aðila.
6. Áfallahjálp og aðstoð við þolendur.
7. Hagvarnir, birgðir og neyðarflutninga til og frá landi.

Ríkislögreglustjóri skal semja viðbragðsáætlanir varðandi þá hluta íslensks samfélags sem falla ekki undir starfssvið tiltekins ráðuneytis.

Viðbragðsáætlanir skulu undirritaðar og staðfestar af réttum yfirvöldum.

16. gr.
Skylda sveitarfélaga til að gera viðbragðsáætlanir.

Sveitarfélög skulu, í samvinnu við ríkislögreglustjóra, kanna áfallaþol í umdæmi sínu. Þá skulu sveitarfélög, í samvinnu við ríkislögreglustjóra, gera viðbragðsáætlun í samræmi við hættumat í umdæmi þeirra. Um efni viðbragðsáætlana fer skv. 15. gr.

Sveitarfélögum er heimilt að hafa samvinnu um gerð viðbragðsáætlana. Hafi almannavarnanefndir verið sameinaðar skal gerð sameiginleg viðbragðsáætlun.

Ríkislögreglustjóri skal hafa yfirumsjón með samvinnu einstakra sveitarfélaga vegna sameiginlegrar hættu svo og þegar almannavarnanefndir tveggja eða fleiri sveitarfélaga gera viðbragðsáætlun.

17. gr.
Afhending viðbragðsáætlana, æfingar og endurskoðun.

Ráðuneyti, undirstofnanir þeirra og sveitarfélög skulu senda ríkislögreglustjóra viðbragðsáætlanir sínar.

Þegar viðbragðsáætlun hefur verið samþykkt og afhent ríkislögreglustjóra skal hún æfð eftir því sem frekast er kostur. Ríkislögreglustjóri, almannavarnanefndir, viðbragðsaðilar almannavarna, stofnanir ríkis og sveitarfélaga og einkaaðilar sem hafa hlutverki að gegna í skipulagi almannavarna samkvæmt samningi skulu án endurgjalds taka þátt í æfingu viðbragðsáætlunar eftir því sem þurfa þykir. Ágreiningi um skyldu til að taka þátt í æfingu má skjóta til dómsmálaráðherra. Viðbragðsáætlanir skal endurskoða eins oft og nauðsyn krefst.

18. gr.
Upplýsinga- og aðgerðaskylda opinberra aðila og einkaaðila.

Opinberum aðilum og einkaaðilum ber skylda til að veita nauðsynlegar upplýsingar við gerð viðbragðsáætlana ríkis eða sveitarfélaga. Nú er ágreiningur um hvað teljist nauðsyn-

legar upplýsingar samkvæmt málsgrein þessari og er þá heimilt að leita dómsúrskurðar um málið.

Sérhver ráðherra getur, í samráði við ríkislögreglustjóra, ákveðið að opinberir aðilar eða einkaaðilar skuli veita aðstoð, liðsinni eða útfæra nánar einstaka þætti laga þessara.

Sérhver ráðherra getur, í samráði við ríkislögreglustjóra, ákveðið að opinberir aðilar eða einkaaðilar skuli grípa til fyrirbyggjandi ráðstafana varðandi sölu á vörum, veitingu þjónustu og framleiðslu í atvinnurekstri sínum ef þess gerist þörf til þess að markmið laga þessara náist.

Áður en ákvörðun er tekin á grundvelli 2. og 3. mgr. skal leitast við að semja um skyldur þeirra fyrirtækja eða stofnana sem ákvörðunin varðar og hversu mikil áhrif þær muni hafa á starfsemi þeirra.

Nú er heimild skv. 2. og 3. mgr. beitt og skal þá ríkið bæta það tjón sem af hlýst fyrir viðkomandi aðila samkvæmt almennum reglum.

VII. KAFLI
Borgaralegar skyldur á hættustundu.

19. gr.
Almenn borgaraleg skylda.

Það er borgaraleg skylda þeirra sem eru á aldrinum 18–65 ára að gegna á hættustundu, án endurgjalds, starfi í þágu almannavarna í umdæmi þar sem þeir dveljast samkvæmt fyrirmælum er lögreglustjóri gefur, að fengnum tillögum almannavarnanefndar eða ríkislögreglustjóra. Ákvörðun lögreglustjóra má skjóta til dómsmálaráðherra.

Kveðja má þá sem eru á aldrinum 16–18 ára eða eldri en 65 ára til starfs skv. 1. mgr., ef þeir óska þess sjálfir.

Þeim sem kvaddir hafa verið til starfs ber að koma til læknisskoðunar skv. 1. mgr., ef nauðsynlegt þykir.

Enginn má á neinn hátt tálma því að maður gegni starfi sem hann hefur verið kvaddur til í þágu almannavarna.

20. gr.
Kvaðning til starfa við almannavarnir.

Ef hætta vofir yfir getur lögreglustjóri eða sýslumaður kvatt hvern fulltíða mann, sem tiltækur er, til tafarlausrar aðstoðar við störf í þágu almannavarna. Ákvörðun um kvaðningu fulltíða manns til starfa við almannavarnir verður ekki skotið til æðra stjórnvalds.

Ríkislögreglustjóri hefur ákvörðunarvald um flutning þeirra manna sem kvaddir hafa verið til starfa í þágu almannavarna. Ef fjöldi manns eða hjálparlið er flutt á milli umdæma skal haft samráð við lögreglustjóra og almannavarnanefnd.

21. gr.
Skylda til að taka þátt í námskeiðum og æfingum.

Ríkislögreglustjóri boðar þá sem kvaddir hafa verið til starfa í þágu almannavarna til námskeiða og æfinga. Ber öllum viðkomandi að fara að þeim fyrirmælum og öðrum starfsreglum. Óheimilt er að hverfa úr starfi án leyfis.

Á hættustundu má starfsmaður ekki fara úr lögsagnarumdæmi án samþykkis lögreglustjóra eða þess er hann tilnefnir.

Ef sá sem kvaddur hefur verið til starfa í þágu almannavarna verður fyrir meiðslum eða tjóni á námskeiði eða æfingu á hann rétt á bótum.

22. gr.

Reglur um starfsskyldu.

Dómsmálaráðherra er heimilt að setja reglur um starfsskyldu samkvæmt ákvæðum þessa kafla. Skal að því stefnt að starfskvöð komi sem réttlátast niður á borgarana. Ráðherra ákveður hámarkstíma fyrir skyldunám og æfingar í þágu almannavarna.

VIII. KAFLI
Valdheimildir á hættustundu.

23. gr.

Almenn fyrirmæli á hættustundu.

Á hættustundu er ríkislögreglustjóra, eða þeim sem hann tilnefnir, heimilt að ákveða að taka í sínar hendur umferðarstjórn, banna dvöl eða umferð á ákveðnum svæðum, svo sem með því að girða af eða hindra umferð um þau, þ.m.t. tilteknar fasteignir, taka í sínar vörslur hættulega muni, vísa á brott eða fjarlægja fólk.

Fyrirmælum þessum er öllum skylt að hlíta.

24. gr.

Flutningur fólks af hættusvæðum.

Ríkislögreglustjóri gefur fyrirmæli um brottflutning fólks af hættusvæði.

Nú eru fyrirmæli gefin skv. 1. mgr. og er þá öllum skylt að halda brott á þeirri stundu, á þann hátt og til þess móttökustaðar sem ákveðinn er. Engum er heimilt án sérstaks leyfis að fara af móttökustað.

25. gr.

Heimild til leigunáms.

Dómsmálaráðherra getur, þegar hættu ber að garði, ákveðið að taka leigunámi fasteignir eða lausafé í eigu einkaaðila, í þágu almannavarna, enda komi bætur fyrir eftir samkomulagi eða á grundvelli mats samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms. Stofnunum ríkis og sveitarfélaga er skylt á hættustundu að ljá til almannavarna fasteignir og lausafjármuni, eftir því sem við verður komið, án sérstaks endurgjalds.

Heimild skv. 1. mgr. felur enn fremur í sér að gera má hverjar þær breytingar á viðkomandi fasteignum eða lausafjármunum sem þörf er á til að þær komi að tilætluðum notum í þágu almannavarna.

26. gr.

Skyldur eigenda og umráðamanna húsnæðis.

Ríkislögreglustjóra er heimilt, ef brýna nauðsyn ber til, að gefa eiganda eða umráðamanni húsnæðis fyrirmæli um að taka við fólki sem flutt hefur verið af hættusvæði, veita því húsaskjól og annan viðurgjörning eftir því sem aðstæður krefjast.

Sveitarfélag sem flutt er frá greiðir kostnað vegna húsnæðis og fæðis, sem látið er í té samkvæmt þessari grein, en á kröfu um endurheimt á hendur þeim sem fyrirgreiðslunnar hafa notið.

27. gr.

Um fyrirmæli um sölu og dreifingu nauðsynja.

Ríkisstjórninni er heimilt, ef almannaheill krefur vegna hættu á náttúruhamförum, farsóttum, hernaðaraðgerðum, hryðjuverkum eða annarrar hættu, að gefa út fyrirmæli um sölu og dreifingu nauðsynja sem til eru í landinu eða taka eignarnámi matvæli, eldsneyti, varahluti, lyf og aðrar nauðsynjar sem hætta er á að gangi fljótt til þurrðar.

IX. KAFLI
Rannsóknarnefnd almannavarna.

28. gr.

Skyldur rannsóknarnefndar.

Rannsóknarnefnd almannavarna starfar sjálfstætt og óháð stjórnvöldum og öðrum rannsóknaraðilum, ákæruvaldi og dómstólum.

Rannsóknarnefnd almannavarna skal að loknu hættuástandi rannsaka þær viðbragðsáætlanir sem stuðst var við og viðbrögð viðbragðsaðila, þar á meðal vaktstöðvar samræmdrar neyðarsvörunar, samhæfingar- og stjórnstöðvar, lögreglu, slökkviliðs, landhelgisgæslu og almannavarnanefnda.

29. gr.

Skýrsla rannsóknarnefndar.

Nú er rannsókn skv. 2. mgr. 28. gr. lokið og semur þá rannsóknarnefnd almannavarna skýrslu til dómsmálaráðherra, ríkislögreglustjóra og allsherjarnefndar Alþingis um niðurstöður nefndarinnar, tillögur og annað sem nefndinni þykir máli skipta.

Skýrslan skal birt opinberlega að virtum ákvæðum 31. gr. og ákvæðum upplýsingalaga.

Skýrslum rannsóknarnefndar almannavarna skal ekki beitt sem sönnunargögnum í opinberum málum.

30. gr.

Skipan rannsóknarnefndar almannavarna.

Alþingi kýs þrjá menn og þrjá varamenn hlutfallskosningu til fimm ára til setu í rannsóknarnefnd almannavarna. Nefndin kýs sér formann. Með nefndinni starfar maður sem skal fullnægja skilyrðum til að gegna embætti héraðsdómara.

Rannsóknarnefnd almannavarna skal virða þagnarskyldu um þau atvik sem henni eða starfsmönnum hennar verða kunn vegna starfa fyrir nefndina. Tekur þetta til hvers konar upplýsinga um einkahagi manna og annarra upplýsinga sem leynt eiga að fara vegna lögmætra einka- og almannahagsmuna. Þagnarskylda helst þótt látið sé af störfum í þágu nefndarinnar.

31. gr.

Heimildir rannsóknarnefndar.

Rannsóknarnefnd almannavarna skal hafa óhindraðan aðgang að gögnum viðbragðsaðila almannavarna og er þeim skylt að veita nefndinni hverjar þær upplýsingar sem hún óskar.

Rannsóknarnefndinni er óheimilt að veita aðgang að trúnaðargögnum sem nefndin aflar í tengslum við rannsókn einstakra mála. Til trúnaðargagna teljast m.a. álitsgerðir, sem aflað hefur verið í tengslum við rannsókn máls, og skýrslur vitna og annarra aðila.

Að öðru leyti en greinir í ákvæðum þessa kafla skal í starfi nefndarinnar fara eftir lögum um rannsóknarnefnd umferðarslysa eftir því sem við á.

X. KAFLI
Um skiptingu kostnaðar vegna almannavarna.

32. gr.
Skipting kostnaðar á milli ríkisvalds og sveitarfélaga o.fl.

Kostnaður vegna skyldna ríkisins skv. II., III., VI. og IX. kafla laga þessara greiðist úr ríkissjóði. Kostnaður vegna verkefna sveitarfélaganna skv. IV. og VI. kafla greiðist af hálfu sveitarfélaga.

Ef sveitarfélög hafa samstarf um skyldur sínar samkvæmt þessum lögum þá skal skipta kostnaði á milli þeirra samkvæmt íbúatölu.

XI. KAFLI
Refsiákvæði.

33. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum nema þyngri refsingu varði samkvæmt öðrum lögum.

XII. KAFLI
Reglugerð og gildistaka.

34. gr.

Dómsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um flokkun almannavarnastiga almannavarna, inntak þeirra og viðbrögð, um frekara skipulag samhæfingar- og stjórnstöðvar og þjónustumiðstöðva skv. V. kafla að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, um öryggiskröfur neyðarfjarskiptakerfis samhæfingar- og stjórnstöðvarinnar að höfðu samráði við samgönguráðherra, um störf stjórnar samhæfingar- og stjórnstöðvar og samhæfingar- og stjórnstöðvarráðs, svo og hverjir skuli teljast viðbragðsaðilar almannavarna skv. 4. mgr. 12. gr.

Þá setur dómsmálaráðherra, að fenginni tillögu ríkislögreglustjóra, reglugerð um efni og gerð viðbragðsáætlana skv. 15. og 16. gr. Ráðherra er og heimilt að kveða í reglugerð nánar á um samræmda gerð og samningu einstakra viðbragðsáætlana, fjölda æfinga og tengsl við almannavarnastig.

Dómsmálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi rannsóknarnefndar um almannavarnir, svo sem hver skuli kalla á rannsókn nefndarinnar, hafi hún ekki sjálf frumkvæði að rannsókn, og um vinnslu persónuupplýsinga hjá nefndinni að svo miklu leyti sem hún fellur ekki undir lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Forsætisráðherra setur reglugerð um starfshætti almannavarna- og öryggismálaráðs í samráði við dómsmálaráðherra.

35. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2008. Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 94 29. desember 1962, um almannavarnir, með síðari breytingum. Jafnframt breytast við gildistöku laganna eftirfarandi lagaákvæði:

1. Eftirfarandi breytingar verða á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49 23. maí 1997:

a. 1. mgr. 5. gr. laganna orðast svo:
Almannavarnanefndir skulu annast gerð viðbragðsáætlana, svo og sjá um leiðbeiningar og almannafræðslu um hættu af ofanflóðum í samvinnu við ríkislögreglustjóra og Veðurstofu Íslands.
b. Orðið „almannavarnaráði“ í lokamálslið 1. mgr. 6. gr. laganna fellur brott.

2. Í stað orðsins „almannavarnaráð“ í 3. mgr. 2. gr. laga um björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn, nr. 43 24. mars 2003, kemur: almannavarna- og öryggismálaráð.
3. J-liður 1. mgr. 5. gr. lögreglulaga, nr. 90 13. júní 1996, orðast svo: að annast málefni almannavarna í umboði dómsmálaráðherra.
4. Orðin „að höfðu samráði við almannavarnaráð“ í 2. mgr. 72. gr. laga um fjarskipti, nr. 81 26. mars 2003, falla brott.

Reglugerðir og önnur stjórnvaldsfyrirmæli sem sett eru samkvæmt eldri lögum skulu halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þau fara ekki í bága við lög þessi. Þá skulu samningar sem gerðir voru í tíð eldri laga halda gildi sínu uns þeir verða endurskoðaðir af hálfu samningsaðila.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið á vegum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 26. september 2006 um ný verkefni íslenskra stjórnvalda við brottför varnarliðsins sagði m.a.:

„Til að efla almennt öryggi verður við endurskoðun laga um almannavarnir hugað að því að koma á fót miðstöð þar sem tengdir verði saman allir aðilar sem koma að öryggismálum innan lands, hvort heldur vegna náttúruhamfara eða vegna hættu af mannavöldum. Til að tryggja sem best samhæfingu innan miðstöðvarinnar munu forsætisráðherra, utanríkisráðherra, dóms- og kirkjumálaráðherra, samgönguráðherra, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og umhverfisráðherra sitja í yfirstjórn hennar. Dagleg stjórn miðstöðvarinnar verður á vegum dóms- og kirkjumálaráðherra og mun hann leggja fram frumvarp til nýrra almannavarnalaga.“

Í frumvarpi því sem hér er lagt fram er tekið mið af þessari yfirlýsingu. Samkvæmt frumvarpinu verður stofnað almannavarna- og öryggismálaráð með þátttöku þeirra ráðherra sem nefndir eru í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, embættismanna á vegum ráðuneyta þeirra auk fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga, Slysavarnafélagsins Landsbjargar og Rauða kross Íslands.

Í umboði þessa ráðs, undir forustu dóms- og kirkjumálaráðherra, ríkislögreglustjóra og sérstakrar stjórnar, verður síðan samhæfingar- og stjórnstöð kjarninn í víðtæku kerfi almannavarna um land allt, en sveitarstjórnir gegna eins og áður lykilhlutverki við framkvæmd aðgerða á grundvelli laganna auk björgunarsveita. Í samræmi við viðbragðsáætlanir á kerfið að geta tekist á við hvers kyns hættu sem unnt er að bregðast við með borgaralegum viðbrögðum. Gert er ráð fyrir því að ríkislögreglustjóri taki ákvörðun um almannavarnastig innan marka laganna og tilkynni dóms- og kirkjumálaráðherra til að tryggja virk tengsl við ríkisstjórn. Dóms- og kirkjumálaráðherra setur reglur um flokkun almannavarnastiga almannavarna, inntak þeirra og viðbrögð. Aðgerðir ráðast af almannavarnastigi en við þær allar gegna sveitarfélög mikilvægu hlutverki auk þess sem treyst er á samvinnu við Slysavarnafélagið Landsbjörg, Rauða kross Íslands, Þjóðkirkjuna og fleiri viðbragðsaðila sem tíundaðir verða í reglugerð.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefur unnið að endurskoðun laga um almannavarnir frá 8. mars 2005 þegar efnt var til 100 manna málþings með fulltrúum opinberra stofnana og annarra viðbragðsaðila um viðhorf til leitar, björgunar og almannavarna.

Í ræðu á málþinginu sagði Björn Bjarnason, dóms- og kirkjumálaráðherra, m.a.:

„Margt hefur breyst á þeim 40 árum, sem liðin eru frá því að fyrstu lögin voru sett um almannavarnir, þótt enn sé í meginatriðum byggt á þeim og þau hafi staðist vel tímans tönn.

Ein mesta breytingin felst í hinni öflugu björgunarmiðstöð sem komið hefur verið á laggirnar við Skógarhlíð í Reykjavík með varastöð á Akureyri. Þar er í senn að finna stöð til samhæfingar á aðgerðum og stjórnstöð til að takast á við einstök atvik. Ný lög þurfa að endurspegla mikilvægi þessarar stöðvar og festa kjarna hennar í sessi án þess að draga úr nauðsynlegum sveigjanleika í viðbrögðum.

Neyðarnúmerið 112 er lykill að öryggi og löggjöfin um neyðarsímsvörun þarf að haldast í hendur við löggjöf um almannavarnir. – Ábyrgð á sviði almannavarna, leitar og björgunar þarf að vera skýr og einnig hvernig skrefið er stigið inn í almannavarnaástand með nauðsynlegum viðvörunum til almennings og útkalli á björgunarsveitum og hjúkrunarliði.

Lög og reglur um þetta eiga að vera einföld og gagnsæ. Markmiðið er að allir þræðir liggi saman í einn punkt, svo að unnt sé að bregðast við á skjótan og markvissan hátt til bjargar mannslífum.“

Við frumvarpsvinnuna var efnt til funda með öllum helstu viðbragðsaðilum almannavarnakerfisins. Þar kom í ljós mikil ánægja með þróun mála undanfarin ár, eftir að markvisst var hafist handa við að skapa öllum helstu viðbragðsaðilum samastað í Björgunarmiðstöðinni Skógarhlíð. Er það samdóma álit þessara aðila að Björgunarmiðstöðin Skógarhlíð hafi margsannað gildi sitt. Við gerð frumvarpsins var tekið mið af þessum viðhorfum og haft að leiðarljósi, að unnt sé að nýta sér ágæti stöðvarinnar í hvaða tilvikum sem er, en umfang viðbragða ráðist af hættu hverju sinni.

Lög um almannavarnir verða að taka mið af þessari þróun og jafnframt fleiri hættum en af hernaðaraðgerðum og náttúruhamförum. Stjórnvöld verða að búa sig undir almannahættu af mannavöldum og vegna farsótta af meiri þunga en áður hefur verið gert. Íslendingar hafa gengist undir alþjóðlegar skuldbindingar um eigið öryggi og annarra sem stjórnvöld geta sinnt betur en ella með góðu og nútímalegu skipulagi almannavarna. Alþjóðlegt samstarf á þessu sviði er meira en áður og er óhjákvæmilegt að Íslendingar tengist því, bæði til að leggja sjálfir sitt af mörkum og njóta aðstoðar annarra, ef þörf krefur.

Núgildandi lög um almannavarnir eru að stofni til frá 1962 en þeim hefur verið breytt með lögum nr. 30/1967, lögum nr. 55/1979, lögum nr. 85/1985, lögum nr. 90/1996, lögum nr. 83/1997, lögum nr. 82/1998, lögum nr. 93/2002, lögum nr. 44/2003 og lögum nr. 76/2005.

II. Helstu nýmæli frumvarpsins.

Í frumvarpi þessu eru fjölmörg nýmæli og er m.a. lagt til að:

- Markmið og gildissvið laga um almannavarnir verði rýmkað frá því sem er í núgildandi lögum að því leyti að áhersla verði lögð á fyrirbyggjandi ráðstafanir og gerð viðbragðsáætlana auk þess sem vísað er til að almennt hættuástand kunni að skapast vegna náttúruhamfara eða af mannavöldum, farsótta ýmiss konar annarrar hættu. Sett eru viðmið um hvenær svo sérstakar aðstæður teljist vera fyrir hendi sem heimila að gripið sé til almannavarnaviðbragða.
- Stefnumótun í almannavarna- og öryggismálum verði í almannavarna- og öryggismálaráði. Störf ráðsins lúti að mörkun stefnu um innra öryggi ríkisins og viðbrögð við hættu-

ástandi. Vægi málaflokksins verði aukið með því að stefnumótun fari fram í ráði þar sem ráðherrar, önnur stjórnvöld og viðbragðsaðilar sitji og starfi undir stjórn forsætisráðherra. Þar komi saman ráðherrar og fulltrúar opinberra stofnana og viðbragðsaðila til stefnumótunar í þeim tilgangi að tryggja heildarsýn og markvissar samhæfðar aðgerðir og til að leggja grunn að endurreisn eftir hamfarir.
– Dóms- og kirkjumálaráðherra gefi út reglur um almannavarnastig að fenginni tillögu ríkislögreglustjóra. Ríkislögreglustjóri taki ákvörðun um almannavarnastig hverju sinni og tilkynni dóms- og kirkjumálaráðherra.
– Ákvæði um aðgerða- og vettvangsstjórn verði lögfest.
– Víðtækar skyldur verði lagðar á embætti ríkislögreglustjóra við framkvæmd almannavarna. Þessar skyldur felist einkum í gerð hættumats, gerð tillögu um almannavarnastig, umsjón með gerð viðbragðsáætlana, samhæfingu aðgerða og stjórn þeirra á hættustundu. Þá er lagt til að ríkislögreglustjóri og sérstök samhæfingar- og stjórnstöð annist þessi verkefni í samvinnu við einstök fagráðuneyti, undirstofnanir þeirra, sveitarfélög, félagasamtök, fyrirtæki og almenning.
– Komið verði á laggirnar sérstakri samhæfingar- og stjórnstöð í tengslum við embætti ríkislögreglustjóra er starfi rekstrarlega undir sérstakri stjórn. Hlutverk stöðvarinnar á að vera að hafa yfirumsjón með og stjórna aðgerðum við leit og björgun á landi, sjó og í lofti. Er kveðið á um að samhæfingar- og stjórnstöðin skuli hafa aðgang að öruggu neyðarfjarskiptakerfi, sem er óháð og aðskilið frá almennum fjarskiptakerfum, vegna samskipta við viðbragðsaðila almannavarna.
– Aukin krafa verði gerð um að tilgreindir aðilar semji viðbragðsáætlanir, afhendi þær til ríkislögreglustjóra og æfi síðan samkvæmt þeim. Lagðar verði mun ríkari skyldur á ríkisstofnanir, sveitarfélög og í einstökum tilvikum einkaaðila um gerð viðbragðsáætlana eða þróun öryggisráðstafana. Þannig verði meiri líkur á því að almannavarnakerfið sé reiðubúið á hættustundu og að viðbrögð séu betur skilgreind þegar aðgerða er þörf.
– Starfsheimildir stjórnvalda á hættustundu verði skerptar frá því sem nú er. Stjórnvöldum verði unnt með vísan til skýrra lagaheimilda að kalla menn til starfa við almannavarnir og taka fasteignir og lausafjármuni eignar- eða leigunámi. Lagt er til að stjórnvöld geti tekið ákvarðanir um að einkaaðilar skuli gera viðbragðsáætlanir. Á það sérstaklega við um einkaaðila sem starfa á sviði sem hefur mikla þýðingu fyrir almannaheill og öryggi landsins. Gert er ráð fyrir að opinberir aðilar og einkaaðilar veiti stjórnvöldum nauðsynlegar upplýsingar við gerð viðbragðsáætlana en ef ágreiningur er um hvað teljist nauðsynlegar upplýsingar er heimilt að leita dómsúrskurðar.
– Þjónusta við almenning verði aukin á meðan hættuástand varir og eftir að því lýkur. Stjórnvöldum verði gert kleift að stofna sérstaka þjónustumiðstöð með þríþætt hlutverk. Í fyrsta lagi verði henni ætlað að taka við áreiti og álagi. Á hættustundu berast oft mörg hundruð símtöl til samræmdrar neyðarsvörunar, 112, eða annarra viðbragðsaðila og verði það verkefni þjónustumiðstöðvarinnar að hlaupa þar undir bagga. Í öðru lagi verði þjónustumiðstöðinni ætlað að veita fjölmiðlum upplýsingar. Í þriðja lagi verði henni ætlað að starfa í nánum tengslum við sveitarfélög sem orðið hafa fyrir áfalli og aðstoða ráðuneyti, sveitarfélög og undirstofnanir þeirra við að veita almenningi almenna aðstoð til að létta undir með viðbragðsaðilum, til dæmis með áfallahjálp og svörum við fyrirspurnum um bætur vegna eignatjóns. Mikilvægt er að samráð sé haft við hlutaðeigandi sveitarstjórnir um gerð reglugerðar um þjónustumiðstöðvar og að hlutaðeigandi sveitarstjórnir séu hafðar með í ráðum um starfsemi þjónustumiðstöðvar sem komið er á fót.

– Alþingi kjósi þriggja manna rannsóknarnefnd almannavarna og með henni starfi löglærður maður. Nefndinni verði ætlað rannsaka hvernig staðið sé að viðbrögðum og framkvæmd viðbragðsáætlana og gera tillögur að úrbótum. Nefndin skili skýrslu til dóms- málaráðherra, ríkislögreglustjóra og allsherjarnefndar Alþingis. Sjálfstæði nefndarinnar er áréttað með því að hún er kjörin af Alþingi.

III. Um nánari útfærslu almannavarna.

Í frumvarpi þessu er lagt til að stjórnvöld fái heimildir til að skipuleggja og standa að almannavörnum þegar hættu ber að garði og setja lagaramma um heildstæð og samhæfð viðbrögð samfélagsins til þess að takast á við afleiðingar almannahættuástands. Þá eru ákvæði í frumvarpinu um úrræði til að rannsaka, eftir að hættuástandi er lokið, hvernig þessar heimildir voru nýttar. Frumvarpið hefur eðli málsins samkvæmt ekki að geyma allar reglur sem nauðsynlegt er að setja um skipulag og framkvæmd almannavarna. Með vísan til þess er gert ráð fyrir því að dóms- og kirkjumálaráðherra sé heimilt að setja reglugerð um frekari framkvæmd laganna og útfærslu almannavarna eftir því sem henta þykir á hverjum tíma.

Athugasemdir við einstakar greinar og kafla frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæðið fjallar um gildissvið laganna og markmið almannavarna. Er frumvarpinu ætlað að taka til samhæfðra viðbragða samfélagsins til þess að takast á við afleiðingar almannahættu, sem ógnar lífi og heilsu almennings, umhverfi og/eða eignum, án tillits til þess af hvaða rótum almannahættan er runnin.

Líkt og í núgildandi lögum verði markmiðið að undirbúa, skipuleggja og grípa til ráðstafana sem miða að því koma í veg fyrir, eftir því sem unnt er, að almenningur verði fyrir líkamstjóni eða eignatjóni af völdum náttúruhamfara eða af mannavöldum, hernaðaraðgerða eða af annarri hættu og veita líkn í nauð og aðstoð vegna tjóns sem hugsanlega kann að verða eða hefur orðið. Nýmæli er að vísað er til almannavarnaástands er kann að skapast vegna farsótta og hryðjuverka.

Markmið og gildissvið laganna er rýmkað með áherslu á fyrirbyggjandi ráðstafanir og gerð viðbragðsáætlana. Niðurlag 1. gr. núgildandi laga er fellt niður enda er markmið laga þessara að setja heildarramma um almannavarnastörf og vísan til annarra laga því óþörf og til þess fallið að skapa vafa um hver fari með yfirstjórn aðgerða í almannavarnaástandi.

Um 2. gr.

Í greininni er sama meginskipulag almannavarna og nú er í gildi áréttað. Við útfærslu á skipulaginu er gert ráð fyrir að eftirfarandi reglur verði lagðar til grundvallar:

1. *Sviðsábyrgðarreglan*. Sá aðili sem fer venjulega með stjórn tiltekins sviðs samfélagsins eða tiltekins svæðis eða umdæmis skal skipuleggja viðbrögð og koma að stjórn aðgerða þegar hættu ber að garði.
2. *Grenndarreglan*. Staðbundin stjórnvöld undirbúa fyrirbyggjandi ráðstafanir og viðbragðsáætlanir.
3. *Samkvæmnisreglan*. Yfirvald eða stofnun sér á hættustundu um björgunarstörf á verksviði sínu.
4. *Samræmingarreglan*. Allir viðbragðsaðilar samhæfa störf sín við undirbúning aðgerða vegna hættuástands þannig að búnaður og mannafli sé nýttur á skilvirkan hátt.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að stefnumótun í almannavarna- og öryggismálum verði í höndum almannavarna- og öryggismálaráðs. Gert er ráð fyrir að stefnan verði hverju sinni mótuð til þriggja ára í senn. Stefnumótun á þessu sviði varðar starfsemi viðbragðsaðila og opinberra stofnana. Þannig er gert ráð fyrir að umfjöllun ráðsins taki til almennrar þróunar sem krefst aðgæslu á sviði almannavarna í þeim tilgangi að tryggja heildaryfirsýn og markvissa og samhæfða framkvæmd. Hlutverk ráðsins verði að setja almenn stefnumið í almannavarna- og öryggismálum til lengri tíma, en ekki að framfylgja stefnu eða stjórna aðgerðum. Jafnframt hugi ráðið að leiðum til endurreisnar eftir að hamfarir hafa orðið. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 4. gr.

Í 4. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um skipan almannavarna- og öryggismálaráðs í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 26. september 2006. Til að starfsemi þess fái þá pólitísku athygli sem viðfangsefnið verðskuldar er lagt til að sjö ráðherrar eigi þar fast sæti en þeim megi fjölga um að minnsta kosti tvo í samræmi við þær áherslur sem ríkisstjórnin kýs að leggja hverju sinni. Auk þeirra verði ráðið skipað 24 fulltrúum stjórnvalda og björgunar- og hjálparaðila. Lagt er til að forsætisráðherra verði formaður ráðsins en að öðru leyti skipti það með sér verkum, ákveði starfshætti og skipuleggi starfsemi sína, að svo miklu leyti sem um það er ekki mælt í reglugerð sem forsætisráðherra setur, sbr. 36. gr. frumvarpsins. Lagt er til að dóms- og kirkjumálaráðherra undirbúi fundi ráðsins og annist umsýslu vegna starfa þess. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um III. kafla.

Í þessum kafla frumvarpsins er fjallað um skipulag almannavarna á landinu öllu. Skipulagning á landinu öllu verði í höndum ríkisvaldsins en í héraði í höndum sveitarfélaga í samvinnu við ríkisvaldið. Er þannig byggt á sömu meginreglum og gert hefur verið í núverandi almannavarnakerfi. Þá er í þessum kafla lagt til að ríkislögreglustjóri annist málefni almannavarna á landinu öllu í umboði dóms- og kirkjumálaráðherra.

Um 5. gr.

Í grein þessari er lagt til að dóms- og kirkjumálaráðherra sem æðsti yfirmaður almannavarna í landinu gefi út reglur um almannavarnastig að fenginni tillögu ríkislögreglustjóra. Í reglunum verði kveðið á um mismunandi viðbragðsstig almannavarnakerfisins og um tilkynningar til almennings. Það verði síðan hlutverk ríkislögreglustjóra að taka ákvörðun um almannavarnastig hverju sinni. Í ákvæðinu eru sett viðmið um hvenær slíkar sérstakar aðstæður teljist vera fyrir hendi sem heimila að gripið sé til almannavarnaviðbragða, sbr. 1. mgr. 1. gr. Tekið er fram að ríkislögreglustjóri tilkynni dóms- og kirkjumálaráðherra ákvarðanir sínar um almannavarnastig. Hér er í raun um varúðarákvæði að ræða og er það sett til að árétta að ávallt skuli tryggt að þeir sem bera hina pólitísku ábyrgð hafi tök á að fylgjast með framvindu einstakra mála eða atvika.

Samkvæmt núgildandi leiðbeiningum embættis ríkislögreglustjóra er neyðarskipulagi almannavarna skipt í fjögur stig: Könnunarstig, viðbúnaðarstig, hættustig og neyðarstig sem hér segir: Á könnunarstigi fer fram könnun á atvikum vegna óljósra tilkynninga eða atburðarásar sem krefst frekari skýringar. Á viðbúnaðarstigi hefst samráð milli vísindastofnana og almannavarna vegna atburðarásar sem hafin er og ætla má að geti leitt til þess að öryggi fólks

og/eða byggðar sé stefnt í hættu og er miðað við að lágmarksmönnun eigi sér stað innan samhæfingarstöðvar. Ef hættumat leiðir í ljós að hætta fer vaxandi og að grípa verði til tafarlausra ráðstafana til að tryggja sem best öryggi þeirra sem á svæðinu búa/dvelja er miðað við hættustig og viðbúnaður neyðar- og öryggisþjónustunnar á viðkomandi svæði efldur ásamt því að grípa til fyrirbyggjandi aðgerða, svo sem rýmingar, brottflutnings eða lokunar svæða. Á neyðarstigi hefur orðið atburður sem valdið hefur slysum á fólki og/eða tjóni á mannvirkjum eða farartækjum, fólks er saknað eða alvarlegt umhverfisslys hefur orðið o.s.frv. Verkefni á þessu stigi einkennast af tafarlausum aðgerðum til lífsbjargandi aðstoðar og viðleitni til að afstýra frekari slysum og varna frekara tjóni.

Neyðarskipulag almannavarna og aðgerðir viðbragðsaðila á grundvelli þess ráðast af því hvernig almannavarnastigin eru skilgreind. Því er nauðsynlegt við framkvæmd neyðarskipulags almannavarna að stigskipting almannavarna sé öllum ljós og jafnframt hvaða aðili sé bær til þess að taka ákvörðun um hvort nauðsyn sé á því að lýsa yfir almannavarnastigi og þá hvert stig hættunnar sé.

Um 6. gr.

Hér er ráðgert að almannavörnum verði stjórnað frá Reykjavík. Dóms- og kirkjumálaráðherra verði engu að síður heimilt, ef aðstæður krefjast þess, að færa stjórn almannavarna frá Reykjavík þegar þeim verður ekki stjórnað þaðan.

Um 7. gr.

Í 1. mgr. er gerð grein fyrir verkefnum ríkislögreglustjóra en í umboði dóms- og kirkjumálaráðherra er honum ætlað að hafa umsjón með því að ráðstafanir séu gerðir í samræmi við stefnu stjórnvalda í almannavarna- og öryggismálum og hafa eftirlit með skipulagi almannavarna og annast samhæfingu á gerð viðbragðsáætlana. Mun ríkislögreglustjóri hafa eftirlit með skipulagi almannavarna án tillits til þess hvort það tekur til landsins alls eða tiltekins sveitarfélags. Mun embættið þannig hafa eftirlit með að lögunum verði framfylgt af hálfu allra aðila.

Verkefni ríkislögreglustjóra eru hvorki tíunduð til hlítar né nefndar samstarfsstofnanir embættisins. Hættumat, almannavarnastig og viðbragðsáætlanir ákvarða með hvaða ráðuneytum og stofnunum ríkislögreglustjóri starfar hverju sinni.

Í 2. mgr. er m.a. kveðið á um eftirlitshlutverk ríkislögreglustjóra en einnig er honum ætlað að hafa umsjón með og vera til aðstoðar og ráðgjafar varðandi ýmsa þætti almannavarnastarfs, svo sem við gerð hættumats og viðbragðsáætlana, samhæfingu viðbragðsáætlana og endurskoðun þeirra. Í hættumati felst að gerð er skipulega grein fyrir mati á aðstæðum, líkum á því að hætta kunni að skapast vegna þeirra og hvaða afleiðingar það kunni að hafa. Hættumat er grundvöllur viðbragðsáætlana sem miða að því að koma í veg fyrir og takmarka, eftir því sem unnt er, að almenningur verði fyrir líkams- eða eignatjóni.

Í 3. mgr. er kveðið á um að ríkislögreglustjóri gegni forvarna-, leiðbeiningar- og almenningsfræðsluhlutverki og þjálfun og fræðslu starfsmanna almannavarnakerfisins. Í þessu felst að ríkislögreglustjóra ber að upplýsa stjórnvöld um hlutverk og skyldur þeirra í almannavarnakerfinu og almenning um hvernig bregðast skuli við á hættustundu.

Í 6. mgr. er tekið fram að ríkislögreglustjóri taki þátt í alþjóðlegu samstarfi stjórnvalda um almannavarnir.

Um 8. gr.

Lagt er til að ríkislögreglustjóri geti, með samþykki dóms- og kirkjumálaráðherra, gert samninga við einstaka aðila um framkvæmd almannavarna. Fjölmörg félagasamtök hafa mikla reynslu og þekkingu á hinum ýmsu sviðum almannavarna. Þegar eru í gildi samningar við ýmsa aðila um einstaka þætti almannavarna, t.d. Rauða kross Íslands.

Um IV. kafla.

Í þessum kafla er mælt fyrir um skipulag almannavarna af hálfu sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir því að hlutverk og verkefni almannavarnanefnda verði með sambærilegum hætti og verið hefur. Sveitarfélögum verði skylt að endurskoða og framkvæma hættumat.

Um 9. gr.

Í þessari grein er fjallað um almannavarnanefndir í héraði og skipan þeirra. Greinin tekur mið af því að tryggja sem mesta og besta þátttöku sveitarstjórna og starfsmanna þeirra í allri meðferð mála samkvæmt lögunum. Tilgangur hennar er einnig sá að auðvelda sameiningu almannavarnanefnda, ef sveitarstjórnir velja þann kost.

Hér er lagt til að sýslumenn utan höfuðborgarsvæðisins og Suðurnesja sitji í almannavarnanefndum. Tekur tillagan mið af því að staðarþekking sýslumanna og tengsl þeirra við heimamenn nýtist við allt skipulagsstarf nefndanna og æfingar á þeirra vegum. Á höfuðborgarsvæðinu er ein almannavarnanefnd og er lagt til að lögreglustjóri þess svæðis sitji í henni. Hið sama á við um Suðurnes þar sem unnið er að sameiningu almannavarnanefnda og er því einnig lagt til að lögreglustjórinn þar sitji í almannavarnanefnd þess svæðis.

Um 10. gr.

Í grein þessari er fjallað um hlutverk almannavarnanefnda sem felst í stefnumótun og skipulagningu starfs, þ.m.t. forvarnir og undirbúningsaðgerðir, svo sem gerð og endurskoðun hættumats í samvinnu við ríkislögreglustjóra. Samkvæmt frumvarpinu er á því byggt að almannavarnanefndir gegni fyrst og fremst forvarna- og viðbúnaðarhlutverki en hafi ekki með höndum aðgerða- eða vettvangsstjórn í hættuástandi, sbr. 11. gr.

Í 2. mgr. er byggt á því að almannavarnanefndir skuli eiga samvinnu við ríkislögreglustjóra við gerð hættumats.

Sveitarfélögum er skylt að móta sjálf stefnu um skipulag almannavarna innan síns umdæmis í samráði við ríkislögreglustjóra en við það nýtist staðarþekking best. Þessi skylda er útfærð nánar í VI. kafla frumvarpsins, einkum 16. gr.

Í 3. mgr. er lögð sú skylda á almannavarnanefndir að endurskoða hættumat og prófa viðbragðsáætlanir og skal ríkislögreglustjóra tilkynnt um slíkar prófanir og niðurstöður þeirra.

Um 11. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að lögreglustjóri hafi með höndum aðgerðastjórn í héraði ásamt fulltrúa Slysavarnafélagsins Landsbjargar og fulltrúa almannavarnanefndar í samvinnu við samhæfingar- og stjórnstöð. Stjórnstig í almannavarnaástandi eru þrjú, yfirstjórn í samhæfingar- og stjórnstöð, aðgerðastjórn lögreglustjóra og vettvangsstjórn aðila í umboði hans. Þegar kemur að stjórn aðgerða í héraði tekur lögreglustjórinn við og starfar í tengslum við samhæfingar- og stjórnstöðina. Þegar viðbragðsaðilar hafa verið virkjaðir af ríkislögreglustjóra vegna almannavarnaástands bera lögreglustjórar ábyrgð á stjórn aðgerða í héraði í samvinnu við samhæfingar- og stjórnstöð.

Kveðið er á um að lögreglustjóri tilnefni vettvangsstjóra. Venjulega er miðað við að einungis einn vettvangsstjóri stjórni vettvangi á hverjum tíma. Fleiri geta þó verið í vettvangsstjórn og er tekið mið af aðstæðum hverju sinni. Vettvangsstjóri er æðsti stjórnandi á vettvangi og undir hans stjórn starfa ýmsir fagstjórnendur. Vettvangsstjórn samræmir og stjórnar því sem gerist á vettvangi með það m.a. að markmiði að tryggja öryggi þolenda, viðbragðsaðila og almennings, finna og bjarga öllum þolendum á sem stystum tíma, veita fyrstu lífsbjargandi aðstoð og undirbúa flutning særðra, slasaðra og látinna af vettvangi.

Um V. kafla.

Í V. kafla er að finna ákvæði um sérstaka samhæfingar- og stjórnstöð sem verði kjarninn í víðtæku kerfi almannavarna um land allt. Þar verði yfirumsjón og stjórn almannavarnaaðgerða sem og aðgerða við leit og björgun á landi, sjó og lofti. Reynslan af starfi í slíkri stjórnstöð hefur verið góð frá því að hún tók til starfa við Skógarhlíð í Reykjavík. Er mikilvægt að unnt verði að virkja stöðina við lítil og stór atvik samkvæmt ákvörðun viðbragðsaðila hverju sinni. Boðleiðir og ábyrgð þurfa að vera skýr og í því efni skiptir miklu að viðbragðsáætlanir séu samdar af kostgæfni og stofnað sé reglulega til æfinga samkvæmt þeim.

Í frumvarpinu er núverandi skipulag almannavarnakerfisins lagt til grundvallar. Ráðgert er, eins og verið hefur, að við minni háttar atvik bregðist hin daglega neyðarþjónusta við með hefðbundnum hætti. Viðbúnaður í samhæfingar- og stjórnstöð eykst svo í samræmi við almannavarnastig hverju sinni. Sömu grunnþættir gilda í starfi stöðvarinnar hvort sem tekist er á við stór eða lítil atvik.

Um 12. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að í samhæfingar- og stjórnstöð fari fram samhæfing og yfirstjórn almannavarnaaðgerða og ráðast viðbrögð og aðgerðir af almannavarnastigi, sbr. 2. mgr. 5. gr., og viðeigandi viðbragðsáætlun. Í einstökum viðbragðsáætlunum yrði nánar skilgreint hvernig og hvenær samhæfingar- og stjórnstöðin tekur til starfa og hvaða aðili fari með forustu í samhæfingu aðgerða.

Í samhæfingar- og stjórnstöðinni fari fram samhæfing aðgerða við hvers kyns leit og björgun á landi, sjó og í lofti. Umsvif í stöðinni ráðist af nauðsynlegum viðbrögðum hverju sinni. Er þetta á því byggt að með virku samstarfi allt árið um kring byggi viðbragðsaðilar upp hæfni til þess að samhæfa rétt viðbrögð þegar verulega á samstarf þeirra reynir.

Þetta ákvæði sem og 13. gr. tekur mið af því fyrirkomulagi sem nú gildir við leit og björgun í Björgunarmiðstöðinni Skógarhlíð. Í samhæfingar- og stjórnstöðinni verður aðgerðum stjórnað af starfsmönnum sem hafa fengið þjálfun og reynslu í viðbrögðum á hættustundu. Í stjórnstöðinni verða allir viðbragðsaðilar með fulltrúa og vinna þeir saman að samhæfingu og stjórn aðgerða, fjöldi þeirra sem kallaðir eru til starfa í stöðinni hverju sinni ræðst af því verkefni sem krefst úrlausnar. Þegar eru fyrir hendi áætlanir með verkferlum og skiptingu verkefna þegar hættu ber að garði. Þar má nefna verkþáttaskipurit viðbragðsaðila, SÁBF (Stjórn – Áætlun – Bjargir – Framkvæmd). Ekki er gert ráð fyrir breytingu hvað þetta varðar, heldur að byggt verði á því sem þegar er til staðar varðandi samhæfingu og stjórn aðgerða.

Viðbragðsaðilum almannavarna ber skylda til að fara að fyrirmælum þess aðila sem fer með forustu í samhæfingu aðgerða innan samhæfingar- og stjórnstöðvar í samræmi við viðbragðsáætlun. Brýnt er að skýrt sé kveðið á um þetta í lögum. Einn aðili innan samhæfingar- og stjórnstöðvar tekur ákvarðanir um aðgerðir samkvæmt viðbragðsáætlun, enda tryggir það heildarsýn yfir viðfangsefnið, hættuna og bjargir. Ákvæðinu er ekki ætlað að breyta núver-

andi verkferlum um samhæfingu aðila, þ.e. skiptingu verkefna milli almannavarnanefndar, aðgerðastjórnar og vettvangsstjórnar. Nauðsynlegt þykir að taka sérstaklega fram hvernig með skuli fara verði ágreiningur milli aðila um fyrirmæli og er lagt til að ríkislögreglustjóri eigi síðasta orðið í umboði dóms- og kirkjumálaráðherra. Eðli málsins samkvæmt verður ákvörðun ríkislögreglustjóra ekki skotið til dóms- og kirkjumálaráðherra.

Í frumvarpinu er kveðið á um að samhæfingar- og stjórnstöðin hafi aðgang að öruggu fjarskiptakerfi, sem er óháð og aðskilið frá almennum fjarskiptakerfum, vegna samskipta við viðbragðsaðila almannavarna. Ríkisstjórnin ákvað 26. september 2006, að TETRA-fjarskiptakerfið skyldi ná til landsins alls sem öruggt kerfi lögreglu og björgunaraðila. Á grundvelli þeirrar ákvörðunar hefur verið unnið að því að koma TETRA-sendum fyrir hvarvetna í landinu auk þess sem björgunarsveitir hafa verið að taka TETRA-stöðvar í notkun. Reynslan af kerfinu er góð eins og til dæmis sannaðist í mikilli og hættulegri leit að tveimur þýskum ferðamönnum við rætur Hvannadalsjökuls 19. til 25. ágúst 2007. Þá var unnt að ferilvakta leitarmenn á jöklum úr stjórnstöð þeirra í Öræfum og úr samhæfingar- og stjórnstöðinni í Skógarhlíð. Með þessu ákvæði er verið að lögbinda grundvöll þessa kerfis. Við gerð viðbragðsáætlana kann að þykja skynsamlegt að tengja öruggt fjarskiptakerfi samhæfingar- og stjórnstöðvar við öruggt kerfi annarra, sem gegna lykilhlutverki fyrir öryggi landsmanna, eins og til dæmis orkufyrirtækja.

Ákvæði 4. mgr. gerir ráð fyrir að níu manna stjórn skipuð fulltrúum tiltekinna viðbragðsaðila fjalli um og taki ákvarðanir um innra skipulag, rekstur og samstarf viðbragðsaðila innan samhæfingar- og stjórnstöðvar. Á þessum vettvangi geta viðbragðsaðilar leyst úr álitamálum sem kunna að vakna við störf innan stöðvarinnar og framgang viðbragðsáætlana. Stjórnin skal sjá til þess að umgjörð í stöðinni sé við hæfi en hún kemur ekki að samhæfingu eða framkvæmd einstakra aðgerða í stöðinni.

Stjórn er heimilt að stofna samhæfingar- og stjórnstöðvarráð með fulltrúum þeirra viðbragðsaðila sem eru utan stjórnar. Samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 36. gr. ákveður dóms- og kirkjumálaráðherra með reglugerð hverjir teljist viðbragðsaðilar almannavarna samkvæmt lögum þessum.

Um 13. gr.

Í 1. mgr. er tekið fram að samhæfingar- og stjórnstöð skuli virkjuð við leit og björgun á landi, sjó og í lofti.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að verði ágreiningur milli viðbragðsaðila um hvort hætta teljist svo alvarleg að stjórn aðgerða skuli fara fram í samhæfingar- og stjórnstöð geti hver viðbragðsaðila óskað eftir því að stöðin taki við stjórn aðgerða.

Um 14. gr.

Í ákvæðinu er að finna nýmæli um tímabundna stofnun þjónustumiðstöðvar á hættustundu. Viðbrögðum í kjölfar áfalla er gjarnan skipt í þrjá meginþætti: björgun mannslífa, neyðaraðstoð og uppbyggingu. Í núgildandi lögum hefur á Íslandi, líkt og í rétti nágrannaþjóðanna, verið lögð megináhersla á björgun mannslífa. Með þessu frumvarpi er lagt til að frekari áhersla verði lögð á uppbyggingu og upplýsingagjöf á meðan hættuástand varir og ekki síst eftir að það er afstaðið. Lagt er til að hlutverk tímabundinnar þjónustumiðstöðvar verði þríþætt.

Í fyrsta lagi að taka við hluta þess áreitis sem vaktstöð um samræmda neyðarsvörun og samhæfingar- og stjórnstöð verða fyrir á hættustundu.

Í öðru lagi að veita fjölmiðlum upplýsingar um hvers eðlis hættan sé og til hvaða aðgerða stjórnvöld hafi gripið.

Í þriðja lagi að starfa í nánum tengslum við sveitarfélög þar sem hættuástand hefur skapast og aðstoða ráðuneyti, sveitarfélög og undirstofnanir þeirra við að veita almenningi og þeim aðilum sem hafa orðið fyrir tjóni eða áfalli vegna hættuástands almenna aðstoð. Einnig að veita þjónustu til að létta undir með viðbragðsaðilum, t.d. með áfallahjálp og svörum við fyrirspurnum um bætur vegna eignatjóns. Almenningur hafi aðgang að einni miðstöð til að afla sér upplýsinga um atriði er tengjast hættuástandinu. Leitað verði samvinnu við sérfræðinga, t.d. félagsfræðinga, sálfræðinga og lögfræðinga, til að veita nauðsynlega þjónustu.

Um VI. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um skyldu einstakra ráðuneyta, undirstofnana þeirra auk sveitarfélaga, til að gera viðbragðsáætlanir. Er byggt á því að þeir aðilar sem starfi á tilgreindu afmörkuðu sviði skipuleggi sjálfir, í samvinnu við ríkislögreglustjóra, viðbrögð við hættu. Byggist þetta á svonefndri sviðsábyrgðarreglu, þ.e. að sá aðili sem fer venjulega með stjórn tiltekins sviðs samfélagsins eða tiltekins svæðis eða umdæmis skuli skipuleggja viðbrögð og koma að stjórn aðgerða þegar hættu ber að garði, sbr. athugasemdir við 2. gr.

Talið er nauðsynlegt að leggja þessa skyldu á einstök ráðuneyti enda eiga þau að hafa nauðsynlega yfirsýn yfir starfssvið sitt og eiga þannig að geta stýrt vinnu við gerð viðbragðsáætlana og því að samræmis sé gætt milli ráðuneytis og undirstofnana þess. Sem dæmi um þessa tilhögun má nefna að heilbrigðisráðuneytið skal fylgja eftir gerð viðbragðsáætlana heilbrigðisstofnana og annarra undirstofnana, svo sem vegna hópslysa, hópsýkinga og farsótta. Gert er ráð fyrir að þessar áætlanir heilbrigðiskerfisins séu hluti af heildarkerfi almannavarna án þess að hróflað sé við ábyrgð einstakra aðila innan heilbrigðiskerfisins á grundvelli laga sem um þá gilda. Stjórn sóttvarna er í höndum sóttvarnalæknis en viðbragðsáætlanir hans verða hluti af almannavarnakerfinu. Landlæknisembættið hefur með höndum forvarnir, leiðbeiningar og almannafræðslu um málefni sem ógna heilsu manna. Forráðamönnum heilbrigðisstofnana ber samkvæmt tilmælum landlæknis að undirbúa og framkvæma ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að geta veitt sjúkum og særðum móttöku og meðferð á hættutímum. Þeim ber og að taka þátt í undirbúningi að stofnun og rekstri varasjúkrahúsa. Áætlanir um þetta verða samkvæmt þessu frumvarpi hluti af viðbragðsáætlanakerfi almannavarna.

Sveitarfélög búa yfir staðarþekkingu sem er nauðsynleg forsenda þess að viðbragðsáætlanir taki mið af aðstæðum á hverjum stað, tækjakosti og mannafla.

Sumar áætlanir eru þess eðlis að þær byggjast á samvinnu margra og má þar t.d. nefna ráðstafanir til að bregðast við hættu vegna sýkla-, efna- og geislavopna. Fyrir liggur skýrsla um þessa hættu og stofnað hefur verið til samvinnu við slökkviliðið á höfuðborgarsvæðinu um viðbrögð, en þau ráðist síðan af samvinnu við marga. Þá skiptir miklu að hér á landi sé til búnaður sem gerir viðbragðsaðilum kleift að snúast gegn hættu af þessum toga og hann standist öryggiskröfur.

Um 15. gr.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir samvinnu ráðuneyta og undirstofnana þeirra og ríkislögreglustjóra varðandi könnun á áfallaþoli íslensks samfélags. Þessi regla byggist, eins og þegar hefur verið gerð grein fyrir, á meginreglunni um sviðsábyrgð – nánar tiltekið að það stjórnvald sem almennt vinnur á tilteknu sviði skuli framkvæma hættumat og skipuleggja viðbrögð við utanaðkomandi hættu. Gert er ráð fyrir því að öll vinna við gerð viðbragðsáætlana sé

hnitmiðuð og skýr á ábyrgð ráðuneyta, sveitarfélaga og ríkislögreglustjóra. Er tekið fram um hvað skuli fjalla í viðbragðsáætlunum en sú upptalning er ekki tæmandi.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir þeirri skyldu ríkislögreglustjóra að kanna áfallaþol og láta gera viðbragðsáætlanir hvað varðar þá hluta íslensks samfélags sem ekki falla undir tiltekið ráðuneyti. Ólíklegt er að mikið reyni á þetta ákvæði en telja verður að með setningu þessarar reglu ætti ekki að rísa vafi um hvort og hver eigi að kanna áfallaþol og semja viðbragðsáætlun.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að viðbragðsáætlanir skuli undirritaðar og staðfestar af réttum yfirvöldum. Þannig verði betur tryggt að aðilar geri ráð fyrir þessum skuldbindingum í rekstraráætlunum sínum.

Um 16. gr.

Í 1. mgr. 16. gr. kemur fram á sama hátt og í 15. gr. frumvarpsins sú regla að sveitarfélög skuli í samvinnu við ríkislögreglustjóra kanna áfallaþol þess hluta íslensks samfélags sem fellur undir umdæmi þeirra og gera viðbragðsáætlanir í samræmi við það. Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að sveitarfélögum verði heimilt að hafa samvinnu um gerð viðbragðsáætlana ef hætta nær til umdæma tveggja eða fleiri sveitarfélaga eða ef hættan er þess eðlis að hún kalli á samvinnu sveitarfélaga. Með síðastnefnda atriðinu er einkum vísað til þess að hættan kunni að vera svo mikil að hún kalli á víðtæka samvinnu eða veki upp spurningu um innan hvaða umdæmis hættuástand skapast. Þá yrði nauðsynlegt fyrir sveitarfélögin að samnýta þau úrræði sem þau búa yfir og skipuleggja sameiginleg viðbrögð undir yfirumsjón ríkislögreglustjóra.

Að öðru leyti vísast til almennra athugasemda við þennan kafla og athugasemda við 15. gr.

Um 17. gr.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir skyldu til að afhenda ríkislögreglustjóra viðbragðsáætlanir sem ráðuneyti og sveitarfélög hafa unnið. Á undanförnum árum hafa verið samdar umfangsmiklar viðbragðsáætlanir á vegum stofnana einstakra ráðuneyta, svo sem heilbrigðisstofnana, auk áætlana almannavarnanefnda sveitarfélaga (almannavarnanefnda). Við vinnslu frumvarpsins lýstu einstakir viðbragðsaðilar þeirri skoðun að ná mætti meiri samræmingu og samhæfingu á milli hinna ýmsu stofnana til að ná betri heildarárangri. Að teknu tilliti til þessa er mikilvægt að skylt sé að afhenda viðbragðsáætlanir til eins aðila, enda verði þannig unnt að samræma og samhæfa hættumat, viðbrögð og önnur atriði betur en verið hefur.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um skyldu til að æfa viðbragðsáætlanir. Í endurskoðun nágrannalandanna á almannavörnum hefur mikil áhersla verið lögð á gerð hættumats, skipulagningu viðbragða í sérstakri áætlun og ekki síst æfinga á grundvelli hennar. Í núverandi almannavarnakerfi hafa umfangsmiklar æfingar farið fram hér á landi. Í ákvæðinu er lagt til að haldið verið áfram á sömu braut en hins vegar verði lögð sú skylda á aðila að æfa viðbragðsáætlanirnar til að tryggja fumlaus viðbrögð á hættustundu.

Um 18. gr.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um upplýsinga- og aðgerðaskyldu opinberra aðila og einkaaðila í tengslum við almannavarnir. Í þeim tilvikum að upp komi ágreiningur um afhendingu nauðsynlegra upplýsinga samkvæmt þessari málsgrein er heimilt að leita dómsúrskurðar vegna málsins.

Í 2. og 3. mgr. er gert ráð fyrir að einstökum ráðherrum verði heimilt, í samráði við ríkislögreglustjóra, að ákveða að opinberir eða einkaaðilar komi að útfærslu einstakra þátta laga þessara. Rökin fyrir þessari heimild eru þau að á undanförnum árum hefur starfsemi, sem áður var á hendi ríkisvaldsins, færst yfir til einkaaðila. Um er að ræða starfsemi sem tengist almannavörnum á ýmsa vegu, t.d. fjármálaþjónustu og þjónustu á sviði fjarskipta. Við gerð frumvarpsins var talið nauðsynlegt að leggja skyldur á þessa aðila til að grípa til fyrirbyggjandi ráðstafana, auk þess að koma að gerð viðbragðsáætlana og vernda þannig starfsemi sína samfélaginu til hagsbóta. Óþarft þykir að nefna viðbragðsáætlanir berum orðum í ákvæðinu, en þess ber að geta að í 2. mgr. 7. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að ríkislögreglustjóri hafi eftirlit með gerð viðbragðsáætlana einkaaðila.

Samkvæmt 4. mgr. skal, áður en ákvörðun er tekin, leitast við að semja við viðkomandi fyrirtæki eða stofnanir. Þykir þessi regla nauðsynleg í ljósi meðalhófsreglu og að unnið verði með þeim aðilum sem ákvörðunin varðar. Ljóst er að mismunandi viðmið geta gilt eftir því hvenær nauðsynlegt er að taka ákvörðun. Ef ákvörðun er tekin áður en hættu ber að garði og varðar t.d. einungis gerð viðbragðsáætlunar til að vernda starfsemi tiltekins fyrirtækis er ljóst að gera þarf ríkar kröfur um meðalhóf. Minni kröfur yrðu hins vegar gerðar varðandi ráðstafanir sem grípa þyrfti til þegar hættuástand hefði skapast.

Ákvæði 5. mgr. varðar það þegar tjón hlýst af beitingu einstakra ráðuneyta á valdheimildum sínum samkvæmt ákvæðinu. Þegar tjón hlýst af er ráðgert að ríkisvaldið bæti tjónið samkvæmt almennum reglum. Með þessari tilvísun er vísað til almennra reglna íslensks réttar um skaðabætur utan samninga, þ.e. almennu skaðabótareglunnar (sakarreglan).

Um VII. kafla.

Í þessum kafla frumvarpsins er mælt fyrir um borgaralegar skyldur almennings þegar hættu ber að garði. Byggt er á núgildandi lögum og þarfnast því ákvæði 19.–22. gr. ekki skýringa.

Um 19.–22. gr.

Ákvæðin eru að mestu leyti efnislega samhljóða 10.–14. gr. núgildandi laga, þó með þeim breytingum að í frumvarpinu er tekið fram að borgaralegar skyldur samkvæmt ákvæðum þessa kafla eigi við á hættustundu.

Um VIII. kafla.

Í þessum kafla frumvarpsins er mælt fyrir um valdheimildir stjórnvalda þegar hættu ber að garði. Í meginatriðum er byggt á núgildandi lögum en valdheimildir stjórnvalda eru skerptar að nokkru. Tekið skal fram að byggt er á því sjónarmiði að valdheimildunum verði að beita af varfærni og ekki gengið lengra en þörf er hverju sinni til að afstýra hættu.

Um 23. gr.

Ekki kemur skýrt fram í núgildandi lögum um almannavarnir að lögregla eða almannavarnanefndir geti tekið í sínar hendur umferðarstjórn, bannað dvöl eða umferð á ákveðnum svæðum o.s.frv., á hættustundu. Hér er tekið af skarið um heimild lögreglu að þessu leyti.

Um 24. gr.

Þetta ákvæði leysir af hólmi 20.–21. gr. núgildandi laga og er efnislega sambærilegt þeim ákvæðum. Hér ber að geta þess að lagt er til að vald til að ákveða brottflutning verði fært frá ríkisstjórn til ríkislögreglustjóra.

Um 25. gr.

Þetta ákvæði mælir fyrir um heimild til leigunáms. Það er í samræmi við ákvæði 22. gr. og 2. mgr. 27. gr. núgildandi laga. Er ákvæði 22. gr. núgildandi laga takmarkað við leigunám í þeim tilgangi að greiða fyrir brottflutningi fólks, en ákvæði 2. mgr. 27. gr. núgildandi laga mælir einungis fyrir um afnot eða umráð ríkis eða sveitarfélags vegna almannavarna.

Við undirbúning þessa frumvarps kom til álita að rýmka heimildir stjórnvalda til takmörkunar á eignarrétti vegna utanaðkomandi hættu með því að heimila að taka eign annaðhvort eignar- eða leigunámi og það án tillits til þess hvort greiða þyrfti fyrir brottflutningi fólks. Var einkum litið til þess að eignarnám kynni ekki síður að vera nauðsynlegt en leigunám enda gæti verið hagstætt fyrir eiganda fasteignar að hún væri tekin eignarnámi ef t.d. óhjákvæmilegar breytingar hefðu verið gerðar á henni og yrði þá að meta fasteignina á grundvelli laga um framkvæmd eignarnáms. Fallið var frá þessum hugmyndum. Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að gera megi hverjar þær breytingar á fasteignum og lausafjármunum sem þörf er á til að þær komi að tilætluðum notum. Þrátt fyrir þessa heimild á það við sem fyrr að ekki ber að breyta fasteign meira en þörf er á eins og fyrr er rakið.

Um 26. gr.

Ákvæði þetta leysir af hólmi 2.–3. mgr. 22. gr. og 1. mgr. 27. gr. núgildandi laga og er efnislega sambærilegt þeim ákvæðum. Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um 27. gr.

Ákvæðið er efnislega í samræmi við 2. mgr. 25. gr. og þarfnast ekki skýringa.

Um IX. kafla.

Í þessum kafla frumvarpsins er gert ráð fyrir þingkjörinni rannsóknarnefnd almannavarna og er þar um nýmæli að ræða. Lagt er til að sjálfstæð nefnd, rannsóknarnefnd, kjörin af Alþingi, hafi það hlutverk að kynna sér hættumat og rannsaka hvernig viðbragðsáætlanir og viðbrögð reyndust í framkvæmd.

Ljóst er að hættumat og viðbragðsáætlanir geta aldrei tekið á öllum hættum sem steðja að samfélaginu hverju sinni. Atburðarás og viðbrögð geta einnig reynst önnur en búist var við samkvæmt mati og áætlunum. Vegna þessa og til að auðvelda mönnum að læra af reynslunni er lagt til að sérstök rannsóknarnefnd kynni sér hættumat, viðbragðsáætlanir og viðbrögð samkvæmt þeim.

Rökin fyrir því að fela Alþingi að kjósa þrjá menn í rannsóknarnefndina eru þau að þar með er tryggt að framkvæmdarvaldið verði ekki sakað um hlutdrægni við val á mönnum til að rannsaka gerðir þess sjálfs eða aðila sem starfa á ábyrgð þess. Sjálfstæði nefndarinnar er auk þess best tryggt með því að hún starfi í umboði Alþingis. Lagt er til að löglærður maður starfi með nefndinni til að ekki sé neinn vafi á því að allt starf nefndarinnar sé í samræmi við lögheimildir og skyldur.

Fyrirmynd þessarar nefndar er að finna í hinum fjölmörgu rannsóknarnefndum sem hafa verið stofnaðar á undanförnum árum til að rannsaka og hafa eftirlit með atburðum sem varða almenning miklu á tilteknu sviði, t.d. rannsóknarnefnd flugslysa og rannsóknarnefnd umferðarslysa og hefur löggjöf um hina síðarnefndu verið höfð til hliðsjónar þegar ákvæði í kaflanum voru samin.

Um 28. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að rannsóknarnefnd almannavarna starfi sjálfstætt og óháð stjórnvöldum. Tryggir það að þeim markmiðum sé náð sem að er stefnt með störfum nefndarinnar.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að rannsóknir nefndarinnar beinist að viðbragðsáætlununum og viðbrögðum viðbragðsaðila eftir að hætta eða hættuástand er yfirstaðið. Er talið að þetta sé nauðsynlegt til að unnt verði að meta hvernig einstakar viðbragðsáætlanir reyndust og gera tillögur til úrbóta.

Í 36. gr. frumvarpsins er síðan gert ráð fyrir því að dóms- og kirkjumálaráðherra ákveði með reglugerð hvers konar hætta eða hættuástand nefndin skuli rannsaka. Eðlilegt er að nefndin hafi víðtækt sjálfdæmi um atvik, sem hún rannsakar, en styðjist þar einnig við almennar reglur settar í reglugerð.

Um 29. gr.

Í grein þessari er gert ráð fyrir að rannsóknarnefnd almannavarna skili niðurstöðum sínum í skýrslu til dóms- og kirkjumálaráðherra, ríkislögreglustjóra og allsherjarnefndar Alþingis. Þar sem nefndin kann að byggja niðurstöður sínar á viðkvæmum trúnaðarupplýsingum gildi sérstakar reglur um aðgang að slíkum gögnum, sbr. 31. gr., sem og ákvæði upplýsingalaga, og verði þau eðli málsins samkvæmt ekki hluti af hinni opinberu skýrslu nefndarinnar. Tekið er fram að skýrsla nefndarinnar verði ekki notuð sem sönnunargagn í opinberu máli og á ákvæðið fyrirmynd í lögum um rannsóknarnefnd umferðarslysa.

Um 30. gr.

Í greininni er fjallað um þagnarskyldu þeirra sem starfa í nefndinni eða í hennar þágu. Þannig skal nefndin og starfslið hennar virða þagnarskyldu um þau atvik sem þeim verða kunn vegna starfa fyrir nefndina. Tekur þetta til hvers konar upplýsinga um öryggismálefni, einkahagi manna og annarra upplýsinga sem leynt eiga að fara vegna lögmætra einka- og almannahagsmuna.

Um 31. gr.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir að rannsóknarnefnd almannavarna hafi óhindraðan aðgang að gögnum viðbragðsaðila almannavarna. Þykir nauðsynlegt að hún öðlist sjálfstæðan aðgang að gögnum svo hún geti gegnt hlutverki sínu. Um vinnslu persónuupplýsinga gilda lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga að teknu tilliti til gildissviðs þeirra, en athygli er vakin á 2. mgr. 3. gr. laganna þar sem kveðið er á um að tiltekin ákvæði skuli ekki gilda um vinnslu persónuupplýsinga sem varða almannaöryggi, landvarnir, öryggi ríkisins og starfsemi ríkisins á sviði refsivörslu. Til þess að enginn vafi leiki á því hvaða reglur skuli gilda um vinnslu persónuupplýsinga hjá rannsóknarnefnd almannavarna er lagt til í 36. gr. frumvarpsins að setja skuli nánari ákvæði um hana í reglugerð.

Um aðgang að trúnaðargögnum er fjallað í 2. mgr. og er þar tekið mið af sambærilegum ákvæðum í lögum um rannsóknarnefnd umferðarslysa.

Um 32. gr.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir því að ríkisvaldið greiði kostnað vegna starfa almannavarna- og öryggismálaráðs (II. kafla), af skipulagi almannavarna á landinu öllu (III. kafli), gerð viðbragðsáætlana (VI. kafli) og rannsóknarnefnd almannavarna (IX. kafli). Auk þess er ráðgert að ríkisvaldið standi straum af þeim kostnaðarauka sem einstök ákvæði hafa í för með sér, t.d. varðandi aðkomu ráðuneyta í samningu viðbragðsáætlana, sbr. 15. gr. Sveitarfélög skuli með sama hætti standa straum af þeim kostnaði sem hlýst af skyldum þeirra, sbr. skipulag almannavarna í héraði (III. kafli) og gerð viðbragðsáætlana (VI. kafli).

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að miða skuli við íbúatölu þegar kostnaði er skipt á milli sveitarfélaga sem hafa samstarf um rekstur skyldna sinna samkvæmt lögunum. Er í þessu sambandi byggt á núgildandi fyrirkomulagi.

Um 33. gr.

Samkvæmt núgildandi lögum varða brot á lögunum sektum eða fangelsi allt að tveimur árum og er það óbreytt.

Um 34. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa umfram þær sem þegar hafa verið gefnar hér að framan.

Um 35. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um almannavarnir.

Frumvarp þetta felur í sér heildarendurskoðun á lögum nr. 94/1962, um almannavarnir. Í meginatriðum byggist það á þeim almannavörnum sem fyrir hendi eru í landinu en miðar að því að efla samhæfingu viðbúnaðaraðila, endurbæta og skerpa á skipulagi málaflokksins og festa betur í sessi þá auknu samvinnu sem tekist hefur milli helstu aðila á þessu sviði á undanförnum árum, svo sem með starfsemi sameiginlegrar björgunarmiðstöðvar. Af helstu breytingum frumvarpsins má nefna að lagt er til að komið verði á fót almannavarna- og öryggismálaráði sem sjái um stefnumótun fyrir málaflokkinn. Í ráðinu eigi sæti ráðherrar og fulltrúar opinberra stofnana og viðbragsaðila undir stjórn forsætisráðherra. Ekki er gert ráð fyrir sérstökum greiðslum til þeirra sem sitja í ráðinu. Frumvarpið gerir jafnframt ráð fyrir að lagt verði niður svonefnt hagvarnaráð sem ráðuneytisstjórar ráðuneytanna hafa átt sæti í. Þá er lagt til að í tengslum við embætti ríkislögreglustjóra verði starfrækt samhæfingar- og stjórnstöð undir sérstakri stjórn en kjarninn í þeirri starfsemi yrði núverandi stjórnstöð í Skógarhlíð í Reykjavík. Einnig eru lagðar ríkar skyldur á embætti ríkislögreglustjóra um framkvæmd almannavarna, svo sem gerð viðbragðsáætlana og samhæfingu og stjórn aðgerða. Gert er ráð fyrir að gerðar verði auknar kröfur um að ríkisstofnanir og sveitarfélög geri viðbragðsáætlanir, afhendi þær og fylgi þeim eftir með æfingum. Lagt er til að á hættu-

tímum geti stjórnvöld sett á laggirnar þjónustumiðstöð sem gegni því hlutverki að taka við og svara fyrirspurnum frá almenningi og létta þannig á stjórnstöð almannavarna. Loks má nefna að í frumvarpinu er ákvæði um að Alþingi kjósi þriggja manna rannsóknarnefnd almannavarna sem ætlað er að rannsaka hvernig staðið hafi verið að viðbrögðum og framkvæmd viðbragðsáætlana þegar hættuástandi er lokið.

Frumvarpið miðast í aðalatriðum við að áfram verði byggt á þeim stoðum sem núverandi almannavarnakerfi hvílir á. Áherslu- og skipulagsbreytingar kunna að verða á vissum sviðum í viðbúnaði þeirra aðila en gera verður ráð fyrir að það ráðist meðal annars af fjárveitingum í fjárlögum hverju sinni og útgjaldasvigrúmi langtímaáætlunar í ríkisfjármálum hvernig slíkum verkefnum verður forgangsraðað og á hversu löngum tíma þau verða unnin. Ef ákvæði frumvarpsins leiða til aukins kostnaðar vegna viðbúnaðar á hættutímum er eðli málsins samkvæmt þó ekki hægt að segja fyrir um hvort og í hvaða mæli það gæti orðið. Loks má nefna að í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ríkið beri kostnað af almannavörnum á sínu verksviði og sveitarfélög á sínu sviði, líkt og verið hefur.

205. Frumvarp til laga [191. mál]

um samræmda neyðarsvörun.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

Markmið laganna.

Samræmd neyðarsvörun fyrir Ísland sinnir viðtöku tilkynninga um fólk, eignir og umhverfi í neyð og beiðnum um aðstoð lögreglu, slökkviliðs, björgunarsveita og sjúkraflutningaliðs og aðra neyðaraðstoð. Neyðarsvörun þessi skal jafnframt fullnægja skuldbindingum Íslands samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

2. gr.

Samræmt neyðarnúmer.

Samræmt neyðarnúmer fyrir Ísland er 112.

Óheimilt er að nota töluna 112 sem símanúmer eða annað auðkenni í fjarskiptakerfi á Íslandi eða fyrir aðra starfsemi. Einnig er óheimilt að nota orðin „neyðarnúmer“ eða „neyðarsímanúmer“ ein og sér í orðasamböndum um aðra starfsemi hér á landi en lög þessi kveða á um.

Póst- og fjarskiptastofnun, opinberir aðilar sem fjalla um síma- og fjarskiptamál og þeir einkaaðilar sem leyfi hafa til reksturs á þessu sviði skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að allir notendur geti, þar sem því verður við komið, náð sambandi við neyðarþjónustu 112 sér að kostnaðarlausu.

3. gr.

Vaktstöð samræmdrar neyðarsvörunar.

Í vaktstöð samræmdrar neyðarsvörunar skal vera aðstaða til þess að taka við og vinna úr tilkynningum sem berast um samræmt neyðarnúmer. Vaktstöðin miðlar þeim upplýsingum

sem þannig berast tafarlaust til viðbragðsaðila á eða nærri vettvangi í samræmi við gildandi lög og skipulag. Vaktstöðvar skulu vera í Reykjavík og á Akureyri og skulu þær samtengdar í samræmdu kerfi.

Vaktstöð samræmdrar neyðarsvörunar veitir samhæfingar- og stjórnstöð almannavarna samkvæmt lögum um almannavarnir nauðsynlega þjónustu vegna leitar-, björgunar- og almannavarnaaðgerða.

4. gr.

Réttindi og skyldur viðbragðsaðila.

Öllum viðbragðsaðilum er skylt að tengjast vaktstöð samræmdrar neyðarsvörunar a.m.k. með svörun og símtalsflutningi og veita vaktstöð fullnægjandi upplýsingar um hverjir veiti viðtöku beiðnum um aðstoð af þeirra hálfu ásamt upplýsingum um þá þjónustu sem í boði er, menntunar- og þjálfunarstig þeirra sem hana veita og tækjabúnað sem tiltækur er til þess að sá sem óskar aðstoðar fái hana viðstöðulaust. Óski viðbragðsaðili þess er vaktstöðinni heimilt að veita viðbragðsaðilum víðtækari þjónustu. Dómsmálaráðherra er heimilt í reglugerð að ákveða til hvaða aðila framangreind skylda tekur og kveða nánar á um fyrirkomulag á upplýsingagjöfinni.

Vaktstöð skal tilkynna viðbragðsaðilum umsvifalaust stöðvist reksturinn af einhverjum ástæðum.

Allir viðbragðsaðilar skulu hafa aðgang að öryggis- og fjarskiptakerfi samræmdrar neyðarsvörunar.

5. gr.

Skráning upplýsinga.

Í vaktstöð samræmdrar neyðarsvörunar skal skrá og afrita allar tilkynningar sem berast. Skráningin skal að lágmarki ná til eftirtalinna atriða:

a. hvaðan er hringt,
b. hvenær er hringt,
c. hver hringir,
d. hvers vegna er hringt.

Svo sem kostur er skal tilgreina nákvæmlega staðinn sem hringt er frá og úr hvaða síma, klukkan hvað hringt er, fullt nafn þess sem hringir og hvert tilefnið er.

Afrita skal samskipti tilkynnanda og vaktstöðvar allt þar til símtalsflutningur til viðbragðsaðila á sér stað. Samskipti vaktstöðvar við viðbragðsaðila skulu afrituð.

Þeir sem leita eftir aðstoð með tilkynningu til vaktstöðvar skulu, svo sem kostur er, gefa greinargóðar upplýsingar um atburð og það ástand sem er tilefni beiðni. Verði einstaklingur uppvís að því að senda vísvitandi ranga tilkynningu til samræmdrar neyðarsvörunar eða misnota að öðru leyti þjónustu hennar við boðun viðbragðsaðila varðar það refsingu skv. 120. gr. og 120. gr. a almennra hegningarlaga.

6. gr.

Varðveisla upplýsinga.

Afritun og skráning tilkynninga skv. 5. gr. skal varðveitt í a.m.k. sex mánuði frá því að tilkynning barst og skal farið með efni þeirra sem trúnaðarmál. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um varðveislu upplýsinganna, aðgengi að þeim og notkun í samræmi við ákvæði laga þessara og lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

7. gr.

Skyldur starfsfólks vaktstöðvar samræmdrar neyðarsvörunar.

Starfsfólk vaktstöðvar samræmdrar neyðarsvörunar skal gæta þagmælsku um atriði sem það fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, reglugerðum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi. Skal starfsfólk undirrita þagnarheit áður en það hefur störf.

8. gr.

Rekstur vaktstöðvar samræmdrar neyðarsvörunar.

Rekstur vaktstöðvar samræmdrar neyðarsvörunar skal vera í höndum hlutafélags um rekstur slíkrar stöðvar. Dómsmálaráðherra semur við rekstraraðila um fyrirkomulag, fjármögnun og þátttöku í rekstrinum.

Vaktstöð samræmdrar neyðarsvörunar er heimilt í samráði við ráðherra að gera þjónustusamninga við aðra aðila.

Kostnaður við uppbyggingu og rekstur vaktstöðvar, að því marki sem hann er ekki greiddur af tekjum fyrir þá þjónustu sem vaktstöðin veitir, greiðist úr ríkissjóði, m.a. með hluta af jöfnunargjaldi sem innheimt er á grundvelli fjarskiptalaga.

9. gr.

Reglugerðarheimild.

Dómsmálaráðherra fer með framkvæmd laga þessara og setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þeirra, þ.m.t. um starfsemi vaktstöðvar samræmdrar neyðarsvörunar, um menntun og þjálfun starfsfólks, lágmarksfjölda starfsfólks og um þátttöku stöðvarinnar í æfingum á sviði almannavarna. Einnig skal í reglugerð mæla fyrir um ráðstafanir sem gerðar eru í því skyni að tryggja öryggi vaktstöðvarinnar, þar á meðal um eftirlit og vöktun aðgengis að vaktstöð, um samskiptaleiðir við lögreglu og um varaafl fyrir reksturinn. Í reglugerð skal enn fremur mæla fyrir um hverjir teljast viðbragðsaðilar samkvæmt lögum þessum.

10. gr.

Gildistaka og brottfallin lög.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 25 3. mars 1995, um samræmda neyðarsímsvörun.

Reglugerðir og önnur stjórnvaldsfyrirmæli sem sett eru samkvæmt eldri lögum skulu halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þau fara ekki í bága við lög þessi. Þá skulu samningar sem gerðir voru í tíð eldri laga halda gildi sínu þar til þeir verða endurskoðaðir af hálfu samningsaðila.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 25 frá 3. mars 1995 var ákveðið að ríkisstjórnin skyldi eigi síðar en 31. desember 1995 koma upp samræmdri neyðarsímsvörun fyrir Ísland. Þar var gert ráð fyrir að kostnaður við uppbyggingu og rekstur vaktstöðvar eða vaktstöðva skyldi greiddur að hálfu af ríkissjóði og að hálfu af sveitarfélögunum og skyldi hlutur þeirra innheimtur hjá hverju sveitarfélagi fyrir sig í samræmi við íbúatölu.

Með yfirlýsingu sem fjármálaráðherra og félagsmálaráðherra gáfu hinn 13. desember 1996 tók ríkissjóður að sér að fjármagna hlut sveitarfélaga í rekstri neyðarsímsvörunar en yfirlýsingin var gefin í tengslum við áform um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Hafa sveitarfélögin samkvæmt þessu ekki verið krafin um greiðslu kostnaðar við neyðarsímsvörun.

Eftir setningu laganna 1995 var stofnað hlutafélagið Neyðarlínan hf. um rekstur vaktstöðvar til að reka neyðarsímsvörun og gerði dómsmálaráðuneytið samning við félagið í október 1995 um rekstur vaktstöðvar. Vaktstöðin er í húsnæði Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins við Skógarhlíð í Reykjavík, en á sama stað eru einnig höfuðstöðvar slökkviliðsins og fjarskiptamiðstöð lögreglunnar ásamt höfuðstöðvum Slysavarnafélagsins Landsbjargar.

Vorið 2003 var sett þar á fót samhæfingarstöð leitar og björgunar sem jafnframt er stjórnstöð Almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra í almannavarnaástandi. Haustið 2004 fluttist Vaktstöð siglinga í sama húsnæði og sér Neyðarlínan um daglegan rekstur hennar, en Landhelgisgæslan um faglega yfirstjórn. Loks flutti Landhelgisgæslan höfuðstöðvar sínar á sama stað árið 2006 og má segja að þá séu allir helstu viðbragðsaðilar við slysum og náttúruhamförum komnir í nábýli með stuttum boðleiðum sín á milli. Varastöð fyrir þessa starfsemi hefur verið byggð upp í húsnæði lögreglustöðvarinnar á Akureyri og hefur þar verið komið fyrir varabúnaði fyrir Neyðarlínuna og fjarskiptamiðstöð lögreglunnar. Nú hefur verið ákveðið að stöðin skuli vera í daglegum rekstri og hún rekin í samræmdu kerfi Neyðarlínunnar um neyðarsvörun.

Lagt er til að lögin um samræmda neyðarsímsvörun verði nú felld að þegar gerðum breytingum og nýjum aðstæðum og jafnframt verði þar fjallað um atriði er varða tekjuöflun til rekstursins. Jafnframt er lagt til að fellt verði á brott ákvæði 8. gr. núgildandi laga um sérstaka samstarfsnefnd til eftirlits og ráðuneytis um framkvæmdina. Nefndarskipanin var hugsuð sem vettvangur fyrir sveitarfélögin og fleiri aðila sem vinna að skyldum verkefnum. Ekki þykir nú þörf á slíkri nefnd.

Neyðarlínan hf. var upphaflega sett á fót með þátttöku einkaaðila en er nú að mestu leyti í eigu opinberra aðila. Dómsmálaráðuneytið hefur samið við fyrirtækið um rekstur samræmdrar neyðarsvörunar og er núgildandi samningur til ársloka 2011.

Lagt er til í frumvarpi þessu að framvegis verði lögin ekki miðuð við „neyðarsímsvörun“ heldur við „neyðarsvörun“ sem er víðtækara hugtak. Er þetta gert í ljósi þess að stöðugt fjölgar öðrum fjarskiptamöguleikum, eins og t.d. SMS-skilaboðum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Neyðarsvörun er ætlað að stuðla að auknu öryggi þeirra sem hverju sinni eru staddir hér á landi eða næsta nágrenni. Einnig er henni ætlað að uppfylla skyldur stjórnvalda til að veita viðtöku tilkynningum um bruna, slys, óhöpp, yfirvofandi eignatjón og önnur neyðartilvik í því skyni að koma umsvifalaust tilkynningu um neyðartilvik til hlutaðeigandi stjórnvalds eða þess sem sinna ber neyðarþjónustu. Neyðarnúmerið 112 er sameiginlegt fyrir öll ríki Evrópska efnahagssvæðisins þar sem í dag búa um 485 milljónir manna.

Samræmd neyðarsvörun fyrir Ísland sinnir viðtöku tilkynninga um fólk og eignir í neyð sem og beiðnum um aðstoð lögreglu, slökkviliðs, björgunarsveita og sjúkraflutninga eða aðra neyðaraðstoð.

Um 2. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 2. gr. núgildandi laga að öðru leyti en því að Póst- og símamálastofnun heitir nú Póst- og fjarskiptastofnun.

Um 3. gr.

Grein þessi er að efni til samsvarandi 3. gr. núgildandi laga en áréttað er hið mikilvæga hlutverk sem vaktstöð samræmdrar neyðarsvörunar gegnir vegna leitar og björgunarstarfa sem og aðgerða á vegum samhæfingar- og stjórnstöðvar almannavarna.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa og er í samræmi við ákvæði 5. gr. núgildandi laga.

Um 5. og 6. gr.

Greinarnar eru að efni til samsvarandi 6. og 9. gr. núgildandi laga. Þá er lagt til að 12. og 13. gr. reglugerðar um framkvæmd samræmdrar neyðarsímsvörunar, nr. 570/1996, verði tekin upp í lög, þó þannig að hugtakið viðbragðsaðilar er í 3. mgr. 5. gr. notað í stað neyðarsveita og gerð er tillaga um að varðveislutími afritana og skráninga verði lengdur úr tveimur mánuðum í sex mánuði.

Lagt er til að mælt verði fyrir um sjálfkrafa skráningar. Með tilkomu nýrrar fjarskiptatækni er mikilvægt að kveðið verði sérstaklega á um nauðsyn þess að vaktstöð skrái staðsetningu tilkynnandans. Forsenda þess að svo megi verða er að tæknilega sé mögulegt að staðsetja svokölluð „flökkunúmer“ með sömu nákvæmni og önnur. Er þetta í samræmi við önnur ákvæði laga, sbr. sérstaklega f-lið 4. tölul. 3. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun, þar sem fram kemur að stofnuninni sé ætlað að gæta hagsmuna almennings með því að tryggja að heildstæði og öryggi almennra fjarskiptaneta sé viðhaldið.

Um 7. gr.

Grein þessi er að efni til samsvarandi 7. gr. núgildandi laga. Lagt er til að 14. gr. reglugerðar um framkvæmd samræmdrar neyðarsímsvörunar, nr. 570/1996, verði tekin nær óbreytt upp í lög.

Um 8. gr.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum hér að framan hefur vaktstöð neyðarsvörunar verið rekin af hlutafélaginu Neyðarlínan hf. sem er að mestu leyti í eigu opinberra aðila. Er í frumvarpinu gert ráð fyrir að rekstur vaktstöðva verði áfram á hendi hlutafélags um rekstur slíkra stöðva. Til þess að tryggja að starfsemi rekstraraðilans sé í samræmi við lög og stefnu stjórnvalda skal dómsmálaráðherra gera samning við rekstraraðilann um fyrirkomulag, fjármögnun og þátttöku í rekstrinum, þar á meðal eftirlit með stjórn vaktstöðva.

3. mgr. greinarinnar er að mestu samhljóða 4. gr. núgildandi laga að öðru leyti en því að hlutdeild sveitarfélaga í kostnaði hefur verið felld niður. Lagt er til að viðbótarfjármögnun fáist með svokölluðu jöfnunargjaldi sem skilgreint er í fjarskiptalögum.

Um 9. og 10. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um samræmda neyðarsímsvörun.

Frumvarp þetta miðar að því að laga eldri lög um samræmda símsvörun að þeirri þróun sem orðið hefur á þessu sviði á undanförnum árum og fella lagarammann þannig betur að núverandi aðstæðum. Frá því hlutafélaginu Neyðarlínan var komið á fót samkvæmt eldri lögum á árinu 1995 hefur samvinna og samhæfing helstu viðbragðs- og björgunaraðila í landinu aukist mikið, einkum með uppbyggingu samhæfingarstöðvar þeirra í Skógarhlíð í Reykjavík. Þar er um að ræða vaktstöð Neyðarlínunnar, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, fjarskiptamiðstöð lögreglunnar, höfuðstöðvar Slysavarnafélagsins Landsbjargar, Vaktstöð siglinga, stjórnstöð almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra og höfuðstöðvar Landhelgisgæslunnar. Einnig hefur verið komið á fót varastöð sem starfrækt er hjá lögreglunni á Akureyri. Á sama tíma hefur verið byggt upp nýtt fjarskiptakerfi öryggis- og björgunaraðila á landsvísu, svonefnt Tetra-kerfi, en Neyðarlínan á hlut í fyrirtækinu og annast um rekstur þess. Samkvæmt þjónustusamningi við Siglingastofnun Íslands frá árinu 2004 annast Neyðarlínan líka rekstur Vaktstöðvar siglinga, sem áður var tilkynningarskyldan og fjarskiptastöðin í Gufunesi.

Neyðarlínan hefur verið rekin sem hlutafélag sem er að mestu í eigu opinberra aðila og er gert ráð fyrir óbreyttu fyrirkomulagi að því leyti. Eignarhlutur ríkissjóðs í félaginu er nú liðlega 50%. Dómsmálaráðherra gerir samning við félagið um fyrirkomulag starfseminnar og fjármögnun og er rekstrarframlag ríkissjóðs samkvæmt honum rúmlega 100 m.kr. samkvæmt fjárlögum ársins 2007. Núverandi samningur gildir til ársins 2011 og gerir frumvarpið ráð fyrir að hann haldi gildi sínu. Í öðru lagi hefur félagið tekjur af seldri þjónustu til ýmissa aðila sem alls námu um 460 m.kr. á síðasta ári. Í þriðja lagi hefur félagið fengið um 25 m.kr. framlag á ári úr jöfnunarsjóði alþjónustu sem Póst- og fjarskiptastofnun annast og er miðað við að það fyrirkomulag verði óbreytt í frumvarpinu. Sá sjóður er fjármagnaður með því að innheimta 0,12% gjald af veltu fjarskiptafyrirtækja. Heildarvelta hlutafélagsins er því í kringum 580–600 m.kr. um þessar mundir.

Í núverandi lögum var gert ráð fyrir að kostnaður við starfsemi vaktstöðvarinnar umfram tekjur af seldri þjónustu yrði greiddur að hálfu af ríkissjóði og að hálfu af sveitarfélögum. Af því varð þó ekki að sveitarfélögin greiddu sinn hlut þar sem gefin var út yfirlýsing um það af hálfu ríkisins á árinu 1996 í tengslum við áform um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Í þessu frumvarpi er þetta ákvæði því fellt niður.

Ekki er gert ráð fyrir að breyting verði á beinum framlögum ríkissjóðs til félagsins verði frumvarp þetta að lögum.

206. Svar [109. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Birkis J. Jónssonar um félagslegar íbúðir og málefni Íbúðalánasjóðs.

1. *Hver var fjárhagsleg staða Byggingarsjóðs verkamanna 31. desember 1998, á verðlagi ársins 2007?*

Samkvæmt stofnefnahagsreikningi Íbúðalánasjóðs, sem unninn var af sérstakri matsnefnd og áritaður af KPMG endurskoðun hf. fyrir hönd Ríkisendurskoðunar, var eigið fé Byggingarsjóðs verkamanna 31. desember 1998 neikvætt um 16.162 millj. kr. eða 24.344 millj. kr. á núverandi verðlagi. Um var að ræða mat á heildarskuldbindingum sjóðsins fyrir allan lánstímann sem var 40 ár.

Á árunum kringum 1990 var tekin ákvörðun um að auka framlög ríkisins í Byggingarsjóð verkamanna í því skyni að gera sjóðnum kleift ár hvert að standa undir skuldbindingum sínum. Breyting varð á þessari þróun með fjárlögum 1995, fyrst vegna innleiðingar húsaleigubóta en framlagið lækkaði síðan ár hvert eftir það, sbr. eftirfarandi töflu (fjárhæðir í millj. kr.):

Ár	Fjárlög	Framreiknað m.v. okt. 2007
1990	500	965
1991	900	1.610
1992	1.075	1.855
1993	925	1.533
1994	918	1.499
1995	608	976
1996	400	628
1997	300	463
1998	275	417

Miðað við sömu forsendur og árið 1994 hefði framlag í fjárlögum árið 1998 þurft að vera um 988 millj. kr. á verðlagi þess árs til að sjóðurinn gæti staðið undir árlegum skuldbindingum sínum en framlagið var aðeins 275 millj. kr. Má því leita skýringa á neikvæðu mati á eigin fé sjóðsins í árslok 1998 í því að dregið var verulega úr framlögum í sjóðinn eftir 1995.

2. *Hvað voru margar félagslegar íbúðir auðar 31. desember 1998?*

Talning á auðum félagslegum íbúðum hefur aldrei verið tæmandi þar sem ekki bárust svör frá öllum sveitarfélögum í könnunum Húsnæðisstofnunar og síðar Íbúðalánasjóðs.

Ekki eru til tölur um auðar félagslegar íbúðir árið 1998 þar sem slík könnun var ekki gerð það haust. Á hinn bóginn má nefna að 117 félagslegar íbúðir voru auðar 1. nóvember 1997 í þeim 68 sveitarfélögum sem sendu Húsnæðisstofnun svör. Þær íbúðir skiptust svo eftir landshlutum:

Höfuðborgarsvæðið	8
Suðurnes	3
Vesturland	7
Vestfirðir	47
Norðurland	16
Austurland	18
Suðurland	18

Áætlað er að árið 1997 hafi heildarfjöldi félagslegra íbúða á landinu verið um 10.500. Auðar íbúðir voru því um 1,1% af heildarfjöldanum.

3. *Hvað hefur Íbúðalánasjóður afskrifað mikið vegna félagslegra íbúða frá 1. janúar 1999, á verðlagi ársins 2007?*

Íbúðalánasjóður hefur afskrifað 88,1 millj. kr. vegna félagslegra íbúða frá 1. janúar 1999 eða u.þ.b. 114 millj. kr. á verðlagi ársins í ár. Heildarútlán sjóðsins á tímabilinu voru um 2.175.000 millj. kr. og námu afskriftirnar því um 0,004% af heildarútlánum á tímabilinu.

4. *Hvað veitti Íbúðalánasjóður mörgum tekjulágum einstaklingum viðbótarlán frá 1. janúar 1999 til 1. desember 2004?*

Íbúðalánasjóður veitti alls 13.500 viðbótarlán á þessu tímabili til einstaklinga og fjölskyldna sem féllu undir tekju- og eignamörk sem skilgreind voru í reglugerð.

Félagslega eignaríbúðakerfið byggðist á lánafyrirgreiðslu sem var hagstæðari fyrir einstaklinga en almenn lán, en skilyrði var að lántaki væri undir skilgreindum tekju- og eignamörkum. Vaxtakjör voru 2,4% af eignaríbúðum og lánin voru afborgunarlaus fyrstu þrjú árin. Vextir viðbótarlána fóru eftir fjármögnunarkjörum Íbúðalánasjóðs hverju sinni og gátu því verið hærri en vextir húsbréfa. Í byrjun árs 2004 voru vextir viðbótarlána 5,3% en þá báru húsbréf 5,1% vexti. Viðbótarlánin voru afborgunarlaus fyrsta árið. Vaxtakjör í félagslega eignaríbúðakerfinu sem lagt var niður árið 1998 voru því mun hagstæðari en vaxtakjör viðbótarlána sem voru ríflega tvöfalt hærri. Vaxtakjör í félagslega leiguíbúðakerfinu sem einnig var lagt niður voru 1% en eru nú 3,5% til rúmlega 5% eða þrefalt til fimmfalt hærri.

207. Frumvarp til laga [192. mál]

um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum.

Flm.: Kolbrún Halldórsdóttir, Atli Gíslason, Auður Lilja Erlingsdóttir,
Ágúst Ólafur Ágústsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Katrín Júlíusdóttir,
Siv Friðleifsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Steinunn Valdís Óskarsdóttir.

1. gr.

Við 206. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 1. mgr., svohljóðandi:

Hver sem lætur af hendi eða heitir greiðslu eða öðrum ávinningi fyrir vændi skal sæta sektum eða fangelsi allt að 1 ári.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp sambærilegs efnis hefur nokkrum sinnum verið lagt fyrir Alþingi en aldrei náð fram að ganga. Á 131. löggjafarþingi var málið afgreitt frá allsherjarnefnd en komst ekki til annarrar umræðu. Í frumvarpinu er lagt til að kaup á vændi verði refsiverð, þ.e. lagt er til að Íslendingar fari að dæmi Svía og innleiði „sænsku leiðina“ svokölluðu sem miðast við að það

sé hlutverk löggjafans að sporna við sölu á kynlífi, enda sé ekki ásættanlegt að líta á manns-líkamann sem söluvöru. Einnig er gengið út frá því að ábyrgðin af viðskiptunum hvíli á herð-um kaupandans en ekki seljandans, enda sé aðstöðumunur þeirra ævinlega mikill. Loks er litið svo á að það sé kaupandinn sem í krafti peninganna hafi eiginlegt val um að kaupa eða kaupa ekki, enda staða hans í langflestum tilvikum miklum mun sterkari en staða þess sem selur aðgang að líkama sínum til kynlífsathafna.

Sænska leiðin hefur verið til umræðu í nokkur ár hér á landi eða allt síðan tillaga þess efnis kom fyrst fram á Alþingi árið 2000. Fylgi við tillöguna hefur aukist síðan þá og í mars á þessu ári þegar Capacent Gallup kannaði hug landsmanna til kaupa á vændi kom í ljós að 70% þjóðarinnar voru hlynnt eða mjög hlynnt því að sænska leiðin yrði farin hér á landi (sjá mynd). Sömu sögu er að segja af nágrannaþjóðum okkar en í Noregi er komið fram stjórnar-frumvarp um að sænska leiðin verði farin og er það í umsagnarferli.

Þess má geta að víðtækur stuðningur hefur verið meðal kvennahreyfingarinnar við að kaup á vændi verði gerð refsiverð. Haustið 2003 sendu 14 samtök þingmönnum áskorun um að leiða slíkt bann í lög. Þetta voru Bríet – félag ungra femínista, Femínistafélag Íslands, Kven-félagasamband Íslands, Kvennaathvarfið, Kvennakirkjan, Kvennaráðgjöfin, Kvenréttindafé-lag Íslands, Neyðarmóttaka vegna nauðgunar, Stígamót, Tímaritið Vera, UNIFEM á Íslandi, Félag kvenna í læknastétt á Íslandi, Landssamband framsóknarkvenna og V-dagssamtökin. Í greinargerð með áskoruninni var lögð áhersla á tengsl klámiðnaðarins og vændis og tekið undir það sjónarmið að vændi væri kynbundið ofbeldi sem bæri að vinna gegn. Það að gera kaup á vændi refsiverð væri virk leið til varnar.


Niðurstöður úr könnun Capacent Gallup.

Dagana 21.–27. mars 2007 gerði Capacent Gallup símakönnun fyrir Ríkisútvarpið um viðhorf fólks til þess að kaup á vændi verði gerð refsiverð. Úrtakið var tilviljunarúrtak úr þjóðskrá. Í því voru 1.210 manns 18–75 ára. Svarhlutfall var 61,7%. Spurt var m.a. eftirfar-andi spurningar:

Ertu hlynnt(ur) því eða andvíg(ur) að kaup á vændi verði gerð refsiverð?



Mjög hlynnt(ur) Frekar hlynnt(ur) Hvorki hlynnt(ur) né andvíg(ur) Frekar andvíg(ur) Mjög andvíg(ur)



208. Fyrirspurn [193. mál]

til umhverfisráðherra um losun gróðurhúsalofttegunda frá jarðvarmavirkjunum.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hvaða rannsóknir liggja til grundvallar útreikningi á losun gróðurhúsalofttegunda og annarra lofttegunda, svo sem brennisteinsvetnis, frá jarðvarmavirkjunum, hversu lengi hafa þær staðið og hversu áreiðanlegar eru þær taldar vera?
2. Hvaða lofttegundir er um að ræða og hvernig er losun þeirra háttað við undirbúnings- og rannsóknarboranir annars vegar og hins vegar eftir að virkjun er fullbúin og rekstur hafinn?
3. Hversu mikil losun er talin vera frá þeim jarðvarmavirkjunum sem þegar eru starfræktar á Íslandi? Svarið óskast sundurliðað eftir virkjunum.
4. Hversu mikið má gera ráð fyrir að bætist við losunina verði að veruleika þær jarðvarmavirkjanir sem unnið er að um þessar mundir?
5. Hvernig reiknast losun frá jarðvarmavirkjunum og borun eftir jarðhita inn í losunarbókhald Íslands?

Skriflegt svar óskast.

209. Tillaga til þingsályktunar [194. mál]

um stuðning við sjálfstæðisbaráttu íbúa Vestur-Sahara.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Katrín Jakobsdóttir, Guðfríður Lilja Grétarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að viðurkenna Polisario-hreyfinguna sem lögmætan fulltrúa íbúa Vestur-Sahara og grípa til aðgerða til stuðnings sjálfstæðisbaráttu þeirra, þar á meðal að kanna möguleika á að viðurkenna sjálfstæði Vestur-Sahara og taka upp stjórnmálasamband við landið.

Greinargerð.

Í sumar hafa Sameinuðu þjóðirnar staðið fyrir beinum og skilyrðislausum samningaviðræðum milli fulltrúa marokkóskra stjórnvalda og þjóðfrelsisfylkingar Vestur-Sahara (Polisario) um hvernig megi leysa deilur þeirra á milli um framtíð Vestur-Sahara. Marokkó lagði svæðið undir sig 1975 og 1979 eftir að það hafði verið hluti af nýlenduveldi Spánar í um öld. Árið 1976 lýsti Polisario yfir stofnun sjálfstæðs ríkis, Sahrawi Arab Democratic Republic (SADR), sem nýtur einkum viðurkenningar aðildarríkja Afríkubandalagsins (African Union) auk ýmissa ríkja utan þess enda þótt stjórn þess sé útlæg og hafist við í flóttamannabúðum í Alsír, rétt eins og stór hluti vestur-saharísku þjóðarinnar. Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna hefur ítrekað neitað að viðurkenna yfirráð Marokkós yfir Vestur-Sahara

og þegar árið 1975 úrskurðaði Alþjóðadómstóllinn í Haag að virða bæri sjálfsákvörðunarrétt íbúa Vestur-Sahara.

Í meira en 30 ár hefur Polisario barist fyrir þessum sjálfsákvörðunarrétti. Vopnahlé tók gildi árið 1991 og sjá Sameinuðu þjóðirnar um að það sé virt. Þó hefur lítið miðað í samkomulagsátt síðan og aldrei verið efnt til umsaminnar þjóðaratkvæðagreiðslu á meðal íbúa Vestur-Sahara um framtíð landsins. Árið 2003 lagði James Baker fram seinni útgáfu að friðaráætlun sinni fyrir svæðið sem kvað á um að Vestur-Sahara hlyti sjálfstjórn í fimm ár en að því tímabili loknu skyldi haldin þjóðaratkvæðagreiðsla um sjálfstæði landsins þar sem allir íbúar hefðu atkvæðisrétt, einnig aðfluttir Marokkóbúar. Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna og Polisario féllust á þessa áætlun en Marokkó hafnaði henni. (Sendifulltrúi Sameinuðu þjóðanna sagði af sér embætti í kjölfarið.)

Vestur-Sahara telst því vera síðasta nýlendan í Afríku. Samkvæmt ársskýrslu Amnesty International er þar gróflega brotið gegn tjáningarfrelsi, félagafrelsi og fundafrelsi íbúanna. Í orði kveðnu eru báðir deiluaðilar sammála um að ekki verði lengur búið við ríkjandi ástand. Þeim mun mikilvægara er að utanaðkomandi aðilar þrýsti á um að þessi deila verði leidd til farsælla lykta. Það verður þó ekki gert nema í samræmi við þjóðarétt og stefnumörkun Sameinuðu þjóðanna gegn nýlendukúgun.

210. Frumvarp til laga [195. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð, lögum um sjúklingatryggingu, lögum um heilbrigðisþjónustu, lögum um málefni aldraðra og lögum um eftirlaun til aldraðra.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingu.

1. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Félags- og tryggingamálaráðherra fer með lífeyristryggingar, sbr. 1. gr., og yfirstjórn Tryggingastofnunar ríkisins. Heilbrigðisráðherra fer með slysatryggingar og sjúkratryggingar, sbr. 1. gr. Tryggingastofnun annast framkvæmd lífeyristrygginga samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Orðin „eftir hverjar alþingiskosningar“ í 1. málsl. 3. gr. laganna falla brott.

3. gr.

3. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu“ í 1. mgr. 25. gr. laganna kemur: ráðherra.

5. gr.

Orðin „dvalarheimila fyrir aldraða“ í 1. málsl. 2. mgr. 44. gr. laganna falla brott.

6. gr.

6. mgr. 48. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra ákveður daggjöld dvalarheimila fyrir aldraða með reglugerð. Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að greiða dvalarheimili fyrir aldraða sem ekki er á föstum fjárlögum vistunarframlag allt að því sem á vantar dvalarkostnað í samræmi við lög um málefni aldraðra. Vistunarframlag skal þó aldrei nema hærri fjárhæð en nemur dvalarkostnaði vistmanns eins og hann er ákveðinn af ráðherra hverju sinni skv. 1. málsl.

7. gr.

Í stað orðanna „Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 3. mgr. 58. gr. laganna kemur: Ráðherra.

8. gr.

Í stað orðsins „ráðherra“ í 1. málsl. 1. mgr. 68. gr. laganna kemur: hlutaðeigandi ráðherra.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 70. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Ráðherra“ í 1. málsl. kemur: Félags- og tryggingamálaráðherra eða heilbrigðisráðherra eftir atvikum.
b. Í stað orðsins „ráðherra“ í 2. málsl. kemur: hlutaðeigandi ráðherra.

10. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

9. Tryggingastofnun ríkisins annast reikningshald og daglega afgreiðslu slysatrygginga og sjúkratrygginga, að undanskilinni 39. gr., í umboði heilbrigðisráðherra, þar til ný stofnun samkvæmt ákvæði til bráðabirgða við lögin um heilbrigðisþjónustu tekur til starfa.

Hvarvetna í lögum þessum þar sem Tryggingastofnun ríkisins er falið að annast framkvæmd slysatrygginga og sjúkratrygginga skal það gert í umboði heilbrigðisráðherra.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 99/2007, um félagslega aðstoð.

11. gr.

Í stað orðanna „Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 2. mgr. 14. gr. laganna kemur: Ráðherra.

III. KAFLI
Breyting á lögum nr. 111/2000, um sjúklingatryggingu, með síðari breytingu.

12. gr.

Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 1. málsl. 1. mgr. 1. gr., 1. málsl. 2. mgr. 10. gr., 2. málsl. 1. mgr. 15. gr. og 1. málsl. 17. gr. laganna kemur: heilbrigðisráðherra.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í d-lið kemur: heilbrigðisráðherra.
b. Í stað orðanna „við Tryggingastofnun ríkisins“ í d-lið kemur: á grundvelli 44. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar.

14. gr.

Í stað orðsins „Ráðherra“ í 21. gr. laganna kemur: Heilbrigðisráðherra.

15. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða sem hljóðar svo:

Hvarvetna í lögum þessum þar sem Tryggingastofnun ríkisins er falið að annast framkvæmd sjúklingatryggingar skal það gert í umboði heilbrigðisráðherra.

IV. KAFLI
Breyting á lögum nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu.

16. gr.

Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamála“ í 2. gr. laganna kemur: heilbrigðismála.

17. gr.

Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 7. tölul. 4. gr. laganna kemur: heilbrigðisráðherra.

18. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Starfrækja skal stofnun undir yfirstjórn heilbrigðisráðherra sem hefur m.a. það hlutverk að annast kaup, greiðslur og samninga um heilbrigðisþjónustu og framkvæmd þeirra málaflokka almannatrygginga sem heyra undir heilbrigðisráðherra.

Ráðherra skipar forstjóra stofnunarinnar til fimm ára í senn. Forstjóri skal hafa lokið námi á háskólastigi. Forstjóri ræður aðra starfsmenn stofnunarinnar og annast daglegan rekstur hennar.

Ráðherra skipar fimm menn í stjórn stofnunarinnar og skal einn skipaður formaður stjórnar og annar varaformaður. Ráðherra setur stjórninni erindisbréf.

V. KAFLI
Breyting á lögum nr. 125/1999, um málefni aldraða, með síðari breytingum.

19. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. tölul. 2. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „heilbrigðis-“ í 1. málsl. kemur: félags-.
b. Í stað orðsins „þjónustuþættir“ í 2. málsl. kemur: þjónustuþættir, aðrir en heilbrigðisþjónusta.

20. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Félags- og tryggingamálaráðherra fer með yfirstjórn öldrunarmála samkvæmt lögum þessum. Heilbrigðisráðherra fer með yfirstjórn heilbrigðisþjónustu við aldraða.

b. 1. málsl. 2. mgr. orðast svo: Félags- og tryggingamálaráðuneytið skal annast stefnumótun og áætlanagerð í öldrunarmálum fyrir landið í heild.

21. gr.

1. og 2. málsl. 4. gr. laganna orðast svo: Félags- og tryggingamálaráðherra skipar fimm manna samstarfsnefnd um málefni aldraðra. Skal einn nefndarmaður tilnefndur af heilbrigðisráðherra, einn af Landssambandi eldri borgara, einn af Öldrunarráði Íslands, einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn skipaður án tilnefningar og skal hann vera formaður.

22. gr.

Í stað orðsins „heilbrigðis-“ í 1. tölul. 5. gr. laganna kemur: félags-.

23. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. mgr. 9. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 1. málsl. kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „heilbrigðis-“ í 2. málsl. kemur: félags-.

24. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „heilbrigðis-“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: félags-.
b. Í stað orðsins „heilbrigðis-“ í 2. mgr. kemur: félags-.

25. gr.

Í stað orðsins „Heilbrigðis-“ í 12. gr. laganna kemur: Félags-.

26. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. Orðin „sem er í höndum starfsfólks heilsugæslustöðva“ í 4. málsl. 1. tölul. falla brott.
b. Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 2. málsl. 4. tölul. kemur: ráðherra.

27. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:

Engan má vista til langdvalar á stofnun fyrir aldraða skv. 2. tölul. 1. mgr. 14. gr. nema að undangengnu mati á vistunarþörf. Heilbrigðisráðherra skipar þriggja manna nefndir til að meta vistunarþörf. Nefndirnar skulu skipaðar lækni með sérmenntun á sviði öldrunar- eða heimilislækninga, hjúkrunarfræðingi með þekkingu á öldrunarþjónustu og félagsráðgjafa með þekkingu á félagslegri þjónustu við aldraða sem tilnefndur er af félags- og tryggingamálaráðherra. Skipa skal þrjá varamenn sem uppfylla sömu menntunarskilyrði og aðalmenn. Nánar skal kveðið á um vistunarmat, fjölda nefnda og starfssvæði þeirra í reglugerð heilbrigðisráðherra.

b. 4. mgr. fellur brott.

28. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Áður en framkvæmdir hefjast við dagvist fyrir aldraða skv. 3. tölul. 13. gr. eða stofnun fyrir aldraða skv. 14. gr. skal afla framkvæmda- og rekstrarleyfis félags- og tryggingamálaráðherra.
b. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður sem verður 2. málsl. og orðast svo: Þegar um er að ræða stofnun fyrir aldraða skv. 2. tölul. 1. mgr. 14. gr. skal liggja fyrir leyfi heilbrigðisráðherra til reksturs heilbrigðisþjónustu á slíkum stofnunum, sbr. lög um heilbrigðisþjónustu, áður en framkvæmdaleyfi er gefið út.
c. Orðin „sem útbúin eru af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu“ í 2. málsl. 1. mgr. (sem verður 3. málsl.) falla brott.
d. Í stað orðsins „heilbrigðis-“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: félags-.
e. Í stað orðsins „heilbrigðis-“ í 4. málsl. 2. mgr. kemur: félags-.

29. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 21. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „6. mgr. 43. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: 6. mgr. 48. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar.
b. Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skv. 39. gr. laga um almannatryggingar“ í 3. málsl. 1. mgr. kemur: ráðherra skv. 6. mgr. 48. gr. laga um almannatryggingar.
c. Í stað orðanna „43. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: 48. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar.
d. Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hverju sinni, sbr. 39. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar“ í 3. mgr. kemur: ráðherra hverju sinni, sbr. 6. mgr. 48. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar.

30. gr.

Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, sbr. 39. gr. laga um almannatryggingar“ í 2. málsl. 1. mgr. 22. gr. laganna kemur: ráðherra, sbr. 6. mgr. 48. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar.

31. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „heilbrigðis-“ í 3. málsl. 2. mgr. kemur: félags-.
b. Í stað orðsins „Heilbrigðis-“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: Félags-.
c. Í stað orðanna „39. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar“ í 2. málsl. 3. mgr. kemur: 6. mgr. 48. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar.

32. gr.

Í stað orðanna „43. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum“ í 24. gr. laganna kemur: 48. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar.

33. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 26. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „64. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: 68. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar.
b. Í stað orðanna „11. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar“ í 4. mgr. kemur: 17. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar.
c. Í stað orðanna „47. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar“ í 3. málsl. 5. mgr. kemur: 52. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar.
d. Í stað orðanna „47. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar“ í 6. mgr. kemur: 52. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar.
e. Í stað orðanna „1., 2. og 5. mgr. 50. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar“ í 2. málsl. 8. mgr. kemur: 1., 2. og 5. mgr. 55. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar.
f. Í stað orðanna „47. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar“ í 2. málsl. 9. mgr. kemur: 52. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar.

34. gr.

29. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

VI. KAFLI
Breyting á lögum nr. 113/1994, um eftirlaun til aldraða, með síðari breytingum.

35. gr.

Í stað orðanna „Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 1. málsl. 1. mgr. 17. gr. laganna kemur: Ráðherra.

VII. KAFLI
Gildistaka.

36. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2008. Frá sama tíma fellur brott 3. gr. laga nr. 29/2007, um breytingu á lögum nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við myndun núverandi ríkisstjórnar var samþykkt að fara gaumgæfilega yfir verkaskiptingu milli ráðuneyta með það fyrir augum að hagræða, einfalda stjórnsýslu og skipa skyldum málaflokkum undir eina stjórn. Var lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, breytt í þessu skyni á síðasta löggjafarþingi, sbr. lög nr. 109/2007. Í tengslum við þá lagabreytingu voru boðaðar breytingar á verkaskiptingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og félagsmálaráðuneytis og nöfnum ráðuneytanna breytt til samræmis við fyrirhugaðan tilflutning verkefna. Frumvarpið sem hér er lagt fram hefur sama tilgang og frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðsins sem forsætisráðherra mælti fyrir og nú er til umræðu á Alþingi. Þetta frumvarp tekur sérstaklega til breytinga sem ákveðnar hafa verið varðandi verkaskiptingu milli heilbrigðisráðuneytisins og félags- og tryggingamálaráðuneytisins frá og með 1. janúar 2008.

Markmiðið með breyttri verkaskiptingu á þessu sviði er að gera fyrirkomulag heilbrigðis- og tryggingakerfisins auðskiljanlegra og aðgengilegra almenningi. Það verður m.a. gert með því að samhæfa og gera skilvirkara hlutverk ríkisins sem kaupanda heilbrigðisþjónustu gagn-

vart þeim sem hana veita og einfalda almannatryggingakerfið. Tryggingastofnun mun færast undir félagsmálaráðuneytið en sjúkra- og slysatryggingar, sem eru meðal núverandi verkefna hennar, verða áfram á forræði heilbrigðisráðuneytisins. Jafnframt mun úrskurðarnefnd almannatrygginga færast undir félags- og tryggingamálaráðherra en allar ákvarðanir Tryggingastofnunar verða áfram kæranlegar til nefndarinnar, hvort sem þær varða lífeyristryggingar eða slysa- og sjúkratryggingar. Í kjölfarið verður ráðist í heildarstefnumótun, uppbyggingu og breytingar á hvoru sviði fyrir sig með það að markmiði að bæta og einfalda þjónustu við almenning í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

Stefna ríkisstjórnarinnar er að á Íslandi sé veitt heilbrigðisþjónusta á heimsmælikvarða. Leggja á stóraukna áherslu á forvarnir á öllum sviðum og stuðla að heilbrigðari lífsháttum. Leita á leiða til að lækka lyfjaverð og einfalda greiðsluþátttöku hins opinbera. Kostnaðargreina á heilbrigðisþjónustuna og taka upp blandaða fjármögnun á heilbrigðisstofnunum þar sem fjármagn fylgir sjúklingum. Þannig fái heilbrigðisstofnanir fjármagn í samræmi við þörf og fjölda verka. Skapað verði svigrúm til fjölbreytilegri rekstrarforma í heilbrigðisþjónustu, þar á meðal með öflugri hjúkrun aldraðra í heimahúsum, en jafnframt tryggt að allir hafi að henni jafnan aðgang, óháð efnahag. Samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu getur heilbrigðisráðherra veitt stofnunum eða öðrum aðilum heimild til að veita sambærilega heilbrigðisþjónustu og veitt er í hjúkrunarrýmum en ákvæði laga um málefni aldraðra, sbr. einkum ákvæði þeirra um útgáfu framkvæmda- og rekstrarleyfa, skerða ekki umboð heilbrigðisráðherra til að semja um greiðsluþátttöku ríkisins í heilbrigðisþjónustu. Breytingar í þessa átt á heilbrigðissviði eru nú að hefjast og munu taka nokkurn tíma. Með þessu frumvarpi er stigið stórt skref þar sem ákveðið er að sett verði á fót ný stofnun sem heyrir undir heilbrigðisráðherra og mun meðal annars annast kaup, greiðslur og samninga um heilbrigðisþjónustu. Stefnt er að því að hún verði komin í fullan rekstur í síðasta lagi 1. september 2008.

Hvað varðar almannatryggingar er í stefnu ríkisstjórnarinnar lögð áhersla á að styrkja stöðu aldraðra og öryrkja, m.a. með einföldun almannatryggingakerfisins og að því er nú unnið. Samspil skatta, tryggingabóta, greiðslna úr lífeyrissjóðum og atvinnutekna einstaklinga verði skoðað sérstaklega til að tryggja meiri sanngirni og hvetja til tekjuöflunar og sparnaðar. Vinna við þetta hefur þegar hafist í félagsmálaráðuneytinu og mun strax á næsta ári verða hafist handa við að hrinda breytingum í framkvæmd.

Auk breytinga á verkaskiptingu ráðuneyta á sviði almannatrygginga er í frumvarpinu lagt til að yfirstjórn öldrunarmála færist frá heilbrigðisráðuneyti til félags- og tryggingamálaráðuneytis. Þessi stefnumörkun endurspeglar það viðhorf að öldrun sé ekki sjúkdómur sem kalli á heilbrigðisþjónustu heldur almenna öldrunar- og umönnunarþjónustu. Þjónusta við aldraða önnur en heilbrigðisþjónusta færist til félags- og tryggingamálaráðuneytis frá 1. janúar 2008. Yfirstjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra færist því til félags- og tryggingamálaráðuneytis og er gert ráð fyrir að hvort ráðuneyti skipi einn fulltrúa í samstarfsnefnd um málefni aldraðra og að félags- og tryggingamálaráðherra skipi formann. Fé úr Framkvæmdasjóði aldraðra verður sem fyrr varið til uppbyggingar öldrunarþjónustu. Framangreindar breytingar eru framkvæmdar með breytingum á lögum nr. 125/1999, um málefni aldraða. Auk þess er gert ráð fyrir breytingum á 44. og 48. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar, til samræmis við breytingar á lögum um málefni aldraðra. Með þessum breytingum verður skilið á milli veitingar heilbrigðisþjónustu við aldraða sem heilbrigðisráðuneytið mun áfram sinna og búsetuúrræða og almennrar öldrunarþjónustu sem verður flutt til félags- og tryggingamálaráðuneytis. Ljóst er að nokkurn tíma mun taka að skilja á milli þess sem telst almenn öldrunarþjónusta og þess sem telst heilbrigðisþjónusta við aldraða. Því er gert ráð fyrir að ráðuneytin

vinni að því að skilgreina þessa þætti nánar og móta hvernig samskiptum við og greiðslum til öldrunarstofnana verði háttað í framtíðinni. Meðal annars þarf að skipta daggjöldum í tvennt þar sem annars vegar verða daggjöld vegna heilbrigðisþjónustu sem heilbrigðisráðuneyti ákveður og hins vegar daggjöld vegna búsetu- og almennrar öldrunarþjónustu sem félags- og tryggingamálaráðuneytið ákveður. Stefnt er að því að þessari vinnu verði lokið fyrir 1. september nk. Þess má vænta að lagt verði fram frumvarp um frekari breytingar á lögum um málefni aldraða á vorþingi 2008.

Með þeim breytingum sem þetta frumvarp boðar næst skýr forgangsröðun verkefna í hvoru ráðuneyti fyrir sig og ráðist verður í umfangsmiklar aðgerðir til þess að bæta þjónustu á báðum sviðum. Heilbrigðisráðherra og félags- og tryggingamálaráðherra munu hvor um sig leggja fram frumvörp á vorþingi þar sem nánar verður gerð grein fyrir hlutverki og skipulagi stofnana sem komið verður á fót á grunni Tryggingastofnunar, en hún verður rekin með óbreyttu sniði til 1. september 2008 eða þangað til ný stofnun heilbrigðisráðherra tekur formlega við þeim verkefnum Tryggingastofnunar sem verða áfram á forræði heilbrigðisráðherra. Lögð verður áhersla á að tryggja réttindi starfsmanna Tryggingastofnunar ríkisins við þær breytingar sem kveðið er á um í frumvarpi þessu.

Flestar greinar þessa frumvarps fela í sér orðalagsbreytingar sem eru til komnar vegna þess að málaflokkar færast milli ráðuneytanna. Helstu efnislegu breytingarnar eru þær að sett verður á fót ný stofnun undir heilbrigðisráðuneytinu sem sjá mun um sjúkra- og slysatryggingar ásamt kaupum á heilbrigðisþjónustu, en hlutverk hennar verður skilgreint nánar í sérstöku frumvarpi á vorþingi og verður hún komin í fullan rekstur 1. september 2008 eða fyrr.

Verður nú gefið yfirlit yfir helstu breytingar sem fólgnar eru í frumvarpinu.

Í I. kafla eru lagðar til breytingar á lögum nr. 100/2007, um almannatryggingar. Þar er skilgreint í 2. gr. með skýrum hætti hvaða ráðherra fer með sjúkra- og slysatryggingar annars vegar og lífeyristryggingar hins vegar. Í ákvæði til bráðabirgða er hnykkt á því að Tryggingastofnun sjái áfram um framkvæmd ákveðinna mála í umboði heilbrigðisráðherra.

Í II. kafla er lögð til breyting á lögum nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, í ljósi þess að lögin flytjast undir félags- og tryggingamálaráðuneytið.

Í III. kafla eru lagðar til breytingar á lögum nr. 111/2000, um sjúklingatryggingu, til þess að samræma lagaákvæði breytingum á nafni heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis í heilbrigðisráðuneyti.

Í IV. kafla eru lagðar til breytingar á lögum um heilbrigðisþjónustu. Í ákvæði til bráðabirgða er kveðið á um að sett verði á fót stofnun undir heilbrigðisráðuneyti sem hafi meðal annars það hlutverk að annast kaup, greiðslur og samninga um heilbrigðisþjónustu og sinni sjúkra- og slysatryggingum. Eins og fyrr sagði verður nánar kveðið á um skipulag og hlutverk þessarar stofnunar í sérstökum lögum sem lögð verða fyrir á vorþingi.

Í V. kafla eru lagðar til breytingar á lögum um málefni aldraðra í samræmi við yfirfærslu málaflokksins til félags- og tryggingamálaráðuneytisins og þá verkaskiptingu sem ákveðin hefur verið milli ráðuneytanna er varðar framkvæmd samninga og greiðslna til hjúkrunarheimila.

Í VI. kafla er lögð til breyting á lögum um eftirlaun til aldraðra vegna flutnings málaflokksins til félags- og tryggingamálaráðuneytis.

Við undirbúning þessa nýja fyrirkomulags var haft samráð við Tryggingastofnun ríkisins. Tryggt er að þeir aðilar sem skipta við stofnunina daglega muni ekki finna fyrir breytingunum fyrst um sinn þótt þeir ættu að gera það í framtíðinni með bættri þjónustu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. frumvarpsins er 2. gr. laganna breytt og lagt til að Tryggingastofnun ríkisins muni heyra undir félags- og tryggingamálaráðherra. Í samræmi við breytta verkaskiptingu ráðuneyta verður ábyrgð og yfirstjórn þeirra málaflokka almannatrygginga sem kveðið er á um í núgildandi lögum um almannatryggingar deilt þannig að félags- og tryggingamálaráðherra fer með lífeyristryggingar og heilbrigðisráðherra fer með slysatryggingar og sjúkratryggingar. Hvor ráðherra um sig hefur þannig vald til setningar reglugerða varðandi þá þætti almannatrygginga sem undir hann heyra.

Gert er ráð fyrir að starfsemi Tryggingastofnunar verði með óbreyttu sniði fyrst um sinn, eða þar til ný stofnun heilbrigðisráðherra tekur formlega við þeim verkefnum sem verða áfram á forræði heilbrigðisráðherra, sbr. einnig 10. gr. frumvarpsins.

Að öðru leyti er vísað til almennra athugasemda við frumvarpið.

Um 2. gr.

Í greininni er lagt til að 3. gr. laganna verði breytt þannig að skipan stjórnar Tryggingastofnunar ríkisins verði ekki bundin við alþingiskosningar. Félags- og tryggingamálaráðherra verður þannig heimilt að skipa í stjórn stofnunarinnar að nýju þegar stofnunin flyst undir yfirstjórn hans.

Um 3. gr.

Í greininni er lagt til að 3. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna falli brott í samræmi við 28. gr. og 3. tölul. 39. gr. laga nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu, þar sem tilhögun skipanar í samninganefnd ráðherra var breytt frá því sem áður var. Vegna breyttrar verkaskiptingar ráðuneyta er jafnframt gert ráð fyrir að stjórn Tryggingastofnunar komi ekki lengur að skipan í nefnd skv. 40. gr. laganna.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 5. og 6. gr.

Í samræmi við breytta verkaskiptingu ráðuneyta er gert ráð fyrir breytingu á 2. mgr. 44. gr. þannig að ákvörðun daggjalda dvalarheimila fyrir aldraða verði ekki lengur hjá heilbrigðisráðherra. Ákvæði um ákvörðun þeirra flytjast yfir í 6. mgr. 48. gr. þar sem jafnframt er kveðið á um vistunarframlag.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Í greininni er lagt til að ákvæðum 68. gr. laganna verði breytt á þann veg að félags- og tryggingamálaráðherra og heilbrigðisráðherra verði veitt heimild til að semja við erlendar tryggingastofnanir um gagnkvæman rétt til þeirra hlunninda sem almannatryggingar veita. Samningsheimild hvors ráðherra um sig mundi þannig ná til þeirra málaflokka sem undir þá heyra, þ.e. félags- og tryggingamálaráðherra hefði samningsheimild varðandi lífeyristryggingar og heilbrigðisráðherra varðandi slysa- og sjúkratryggingar.

Um 9. gr.

Í samræmi við breytta verkaskiptingu ráðuneyta er gert ráð fyrir breytingu á 70. gr. laganna þannig að félags- og tryggingamálaráðherra beri ábyrgð á setningu reglugerða um lífeyristryggingar en heilbrigðisráðherra beri ábyrgð á setningu reglugerða um slysa- og sjúkratryggingar.

Um 10. gr.

Í ákvæði til bráðabirgða er kveðið á um að Tryggingastofnun ríkisins annist áfram reikningshald og daglega afgreiðslu slysatrygginga og sjúkratrygginga eins og verið hefur, en í umboði heilbrigðisráðherra, þar til ný stofnun heilbrigðisráðherra samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu tekur við þeim verkefnum, nema um annað sé samið.

Í núgildandi lögum um almannatryggingar er Tryggingastofnun ríkisins víða falið beint hlutverk varðandi framkvæmd almannatrygginga. Í ákvæði til bráðabirgða er hnykkt sérstaklega á því að Tryggingastofnun annist framkvæmd slysa- og sjúkratrygginga í umboði heilbrigðisráðherra til 1. september 2008 eða fyrr.

Um 11. og 12. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Fyrri efnisliður greinarinnar þarfnast ekki skýringar. Í b-lið greinarinnar er lögð til breyting á orðalagi 9. gr. laganna til samræmis við breytt fyrirkomulag samninga við sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn með gildistöku laga nr. 154/2001, um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu og lögum um almannatryggingar, og núgildandi lög nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu.

Um 14. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 15. gr.

Í núgildandi lögum um sjúklingatryggingu er Tryggingastofnun ríkisins víða falið beint hlutverk varðandi framkvæmd sjúklingatryggingar. Lagt er til að með ákvæði til bráðabirgða verði hnykkt sérstaklega á því að Tryggingastofnun annist framkvæmd sjúklingatryggingar í umboði heilbrigðisráðherra til 1. september 2008 eða fyrr.

Um 16. og 17. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 18. gr.

Í greininni er lagt til að kveðið verði á um í ákvæði til bráðabirgða að sett verði á fót stofnun sem heyri undir heilbrigðisráðherra og hafi m.a. það hlutverk að annast kaup, greiðslur og samninga um heilbrigðisþjónustu og sinni sjúkra- og slysatryggingum. Gert er ráð fyrir að nánar verði kveðið á um skipulag og hlutverk þessarar stofnunar í sérstöku frumvarpi sem lagt verði fram á vorþingi árið 2008.

Að öðru leyti vísast til almennra athugasemda við frumvarpið.

Um 19. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 20. gr.

Lagðar eru til breytingar á 3. gr. laganna sem fela í sér að félags- og tryggingamálaráðherra fari með faglega yfirstjórn, fjármögnun, ákvörðun daggjalda og samskipti við stofnanir vegna annarrar öldrunarþjónustu en heilbrigðisþjónustu. Heilbrigðisráðuneytið annist áfram heimahjúkrun, rekstur hjúkrunarrýma hjá heilbrigðisstofnunum ríkisins og faglega yfirstjórn, fjármögnun, ákvörðun daggjalda og samskipti við stofnanir vegna heilbrigðisþjónustu. Til heilbrigðisþjónustu í þessu sambandi telst meðal annars heilbrigðisþáttur heimaþjónustu og heilbrigðisþjónusta á dagvistun aldraða, sbr. 13. gr. laganna, ásamt hjúkrunarþjónustu, læknisþjónustu og endurhæfingu í hjúkrunarrýmum, sbr. 14. gr. laganna. Vistunarmat skv. 15. gr. laganna heyrir áfram undir heilbrigðisráðherra, sbr. 27. gr. frumvarpsins.

Um 21. gr.

Í greininni er lagt til að félags- og tryggingamálaráðherra skipi samstarfsnefnd um málefni aldraðra og formann nefndarinnar. Tilnefning nefndarmanna er óbreytt að því undanskildu að nauðsynlegt er að heilbrigðisráðherra eigi aðild að nefndinni og tilnefni einn mann. Ástæða þessa er að þrátt fyrir að málefni aldraðra flytjist til félags- og tryggingamálaráðherra mun veiting heilbrigðisþjónustu við aldraða á hjúkrunarheimilum og í hjúkrunarrýmum áfram heyra undir heilbrigðisráðherra, sbr. ákvæði laga um heilbrigðisþjónustu. Gert er ráð fyrir að skipun ráðherra í nefndina verði ekki bundin við alþingiskosningar. Félags- og tryggingamálaráðherra verður þannig heimilt að skipa í samstarfsnefndina að nýju þegar málaflokkurinn flyst undir yfirstjórn hans.

Um 22.–25. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 26. gr.

Í fyrri lið greinarinnar er lögð til breyting á orðalagi 4. málsl. 1. tölul. 13. gr. laganna en samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu er heilbrigðisþáttur heimaþjónustu ekki afmarkaður við heilsugæslustöðvar. Síðari liður greinarinnar þarfnast ekki skýringar.

Um 27. gr.

Í greininni er lögð til breyting á 2. mgr. 15. gr. laganna í samræmi við 3. gr. laga nr. 29/2007, um breytingu á lögum um málefni aldraðra, með síðari breytingum. Hér er gert ráð fyrir að vistunarmat nái einungis til hjúkrunarrýma og hjúkrunarheimila enda er fyrst og fremst um að ræða mat á hjúkrunarþörf. Heilbrigðisráðherra skipar þriggja manna nefndir til að meta vistunarþörf og félags- og tryggingamálaráðherra tilnefnir einn nefndarmann. Reglugerðarheimildir 2. mgr. og 4. mgr. 15. gr. eru sameinaðar í 2. mgr. og 4. mgr. felld brott. Að öðru leyti vísast til skýringa með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 29/2007.

Um 28. gr.

Í greininni er kveðið á um að félags- og tryggingamálaráðherra veiti þau framkvæmda- og rekstrarleyfi sem fjallað er um í 16. gr. laganna. Þegar um er að ræða stofnun fyrir aldraða skv. 2. tölul. 1. mgr. 14. gr. skal liggja fyrir leyfi heilbrigðisráðherra til reksturs heilbrigðis-

þjónustu á slíkum stofnunum, í samræmi við VI. og VII. kafla laga nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu, áður en framkvæmdaleyfi er gefið út.

Um 29.–33. gr.

Í 29.–30. gr., c-lið 31. gr. og 32.–33. gr. eru lagðar til breytingar á tilvísunum 21., 22., 23., 24. og 26. gr. laganna í lög um almannatryggingar í samræmi við endurútgefin lög nr. 100/2007, um almannatryggingar, og breytingar á þeim sem lagðar eru til í 5. og 6. gr. þessa frumvarps. A- og b-liður 31. gr. þarfnast ekki skýringa.

Um 34. gr.

Í greininni er lagt til að í 29. gr. laganna verði kveðið á um að ráðherra setji með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna en ekki er talin þörf á að telja upp efnisatriði er skuli vera í reglugerðinni.

Um 35. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 36. gr.

Gert er ráð fyrir að lögin öðlist gildi 1. janúar 2008. Einnig er gert ráð fyrir að 3. gr. laga nr. 29/2007 um breytingu á lögum nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum, falli brott í samræmi við 27. gr. frumvarpsins.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð, lögum um sjúklingatryggingu, lögum um heilbrigðisþjónustu, lögum um málefni aldraðra og lögum um eftirlaun til aldraðra.

Með frumvarpinu er lögð til breyting á verkaskiptingu ráðuneyta á sviði almannatrygginga og öldrunarmála. Gerir frumvarpið ráð fyrir að Tryggingastofnun færist undir félagsmálaráðuneyti en sjúkra- og slysatryggingar verði áfram á forræði heilbrigðisráðuneytis. Jafnframt mun úrskurðarnefnd almannatrygginga færast undir félagsmálaráðuneyti þótt allar ákvarðanir Tryggingastofnunar verði áfram kæranlegar til nefndarinnar. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir að þjónusta við aldraða önnur en heilbrigðisþjónusta færist til félagsmálaráðuneytis frá 1. janúar 2008 ásamt yfirstjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra. Í athugasemd með frumvarpinu segir að ljóst sé að nokkurn tíma taki að skilja á milli þess sem telst almenn öldrunarþjónusta og þess sem er heilbrigðisþjónusta við aldraða og má vænta frumvarps um frekari breytingar á lögum um málefni aldraðra á vorþingi. Samhliða þessum breytingum verður nöfnum ráðuneytanna breytt til samræmis við tilflutning verkefna í félags- og tryggingamálaráðuneyti og heilbrigðisráðuneyti.

Í meginatriðum felur frumvarpið fyrst og fremst í sér orðalagsbreytingar sem tengdar eru flutningi málaflokka á milli ráðuneyta og er því ekki gert ráð fyrir auknum kostnaði við framkvæmd verkefna heldur eingöngu færslu fjárheimilda á milli ráðuneyta. Helstu efnisbreytingar eru þær að sett verður á fót ný stofnun undir heilbrigðisráðuneyti sem mun sjá um sjúkra- og slysatryggingar ásamt kaupum á heilbrigðisþjónustu. Verður hlutverk hennar skilgreint nánar í sérstöku frumvarpi á vorþingi, sem verður kostnaðarmetið þegar það verður lagt fram. Fram til þess tíma að sú stofnun tekur til starfa verður Tryggingastofnun rekin með óbreyttu sniði. Gert er hins vegar ráð fyrir að rekstrarkostnaður sjúkratrygginga sem Tryggingastofnun mun annast í umboði heilbrigðisráðherra verði áfram hjá heilbrigðisráðuneyti.

211. Frumvarp til laga [196. mál]

um sértryggð skuldabréf.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi gilda um útgáfu sértryggðra skuldabréfa.

2. gr.
Skilgreiningar.

Í lögum þessum merkir:

1. *Útgefandi:* Viðskiptabanki, sparisjóður eða lánafyrirtæki, sem hlotið hefur starfsleyfi samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, sem hefur fengið leyfi til að gefa út sértryggð skuldabréf.
2. *Sértryggt skuldabréf:* Skuldabréf eða önnur einhliða, óskilyrt, skrifleg skuldarviðurkenning sem nýtur sérstaks fullnusturéttar í tryggingasafni útgefanda og gefið er út samkvæmt lögum þessum.
3. *Skuldabréf:* Skrifleg yfirlýsing þar sem útgefandi viðurkennir einhliða og skilyrðislaust skyldu sína til að greiða ákveðna peningagreiðslu.
4. *Tryggingasafn:* Safn skuldabréfa, staðgöngutrygginga og annarra eigna sem færðar hafa verið á skrá skv. VI. kafla og eigendur sértryggðra skuldabréfa og gagnaðilar útgefanda í afleiðusamningum eiga fullnusturétt í samkvæmt ákvæðum þessara laga.
5. *Staðgöngutryggingar:* Eignir skv. 6. gr. sem geta talist með í tryggingasafni og eiga að tryggja að hagsmunum eiganda sértryggðs skuldabréfs sé ekki raskað þótt breyting verði á eignum í tryggingasafni.
6. *Aðildarríki:* Ríki sem er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, aðili að stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjar.
7. *Afleiðusamningur:* Samningur sem gerður er í þeim tilgangi að ná jafnvægi á milli fjárhagslegra skilyrða vegna eigna í tryggingasafni og samsvarandi skilyrða fyrir sértryggð

skuldabréf og er milli útgefanda og íslenska ríkisins, aðildarríkja, sveitarfélaga í aðildarríki, seðlabanka í aðildarríki, fjármálafyrirtækja í aðildarríki eða annarra sem Fjármálaeftirlitið telur nægilega trausta til að efna þá skuldbindingu sem felst í samningnum.
8. *Lánaflokkur:* Tegund skuldabréfs í tryggingasafni skv. 1.–4. tölul. 1. mgr. 5. gr.
9. *Flokkur sértryggðra skuldabréfa:* Sértryggð skuldabréf sem gefin eru út af sama útgefanda á grundvelli sama leyfis frá Fjármálaeftirlitinu.

3. gr.

Skilyrði leyfisveitingar.

Fjármálaeftirlitið veitir leyfi til útgáfu sértryggðra skuldabréfa samkvæmt lögum þessum. Leyfi til útgáfu sértryggðra skuldabréfa verður aðeins veitt viðskiptabönkum, sparisjóðum og lánafyrirtækjum.

Skilyrði leyfis til útgáfu sértryggðra skuldabréfa eru:
1. Að útgáfan sé í samræmi við lög þessi.
2. Að fjárhagsáætlun útgefanda, sem staðfest er af löggiltum endurskoðanda, sýni að fjárhagur hans sé svo traustur að hagsmunum annarra kröfuhafa sé ekki stefnt í hættu með útgáfu sértryggðra skuldabréfa.

Fjármálaeftirlitið getur heimilað að áður útgefnum skuldabréfum og öðrum skuldarviðurkenningum, gefnum út til að fjármagna skuldabréf sömu tegundar og heimilt er að hafa í tryggingasafni, sé breytt í sértryggð skuldabréf í samræmi við lög þessi.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að binda leyfi skilyrðum, m.a. um lánaflokka í tryggingasafni sem tilheyra viðkomandi útgáfu, flokka sértryggðra skuldabréfa, tímamörk útgáfu, tímalengd og afborgunarskilmála væntanlegs sértryggðs skuldabréfs. Skilyrði skal tilgreina í leyfi.

4. gr.

Afgreiðsla á umsóknum um leyfi.

Þegar lögð hefur verið fram umsókn um leyfi skal Fjármálaeftirlitið afgreiða hana innan sex mánaða frá dagsetningu umsóknarinnar. Verði frekari dráttur á leyfisveitingunni skal Fjármálaeftirlitið tilkynna umsækjanda skriflega um ástæðuna.

II. KAFLI
Eignir í tryggingasafni o.fl.

5. gr.

Skuldabréf í tryggingasafni.

Tryggingasafn skal myndað úr skuldabréfum í eftirfarandi flokkum:
1. Skuldabréfum sem hafa verið gefin út með veði í íbúðarhúsnæði í aðildarríkjum.
2. Skuldabréfum sem hafa verið gefin út með veði í iðnaðar-, skrifstofu- eða verslunarhúsnæði í aðildarríkjum.
3. Skuldabréfum sem hafa verið gefin út með veði í bújörðum og öðrum fasteignum í aðildarríkjum sem notaðar eru til landbúnaðar.
4. Skuldabréfum sem gefin hafa verið út af íslenska ríkinu eða öðru aðildarríki, sveitarfélagi hér á landi eða í öðru aðildarríki eða eru með ábyrgð slíks opinbers aðila.

Fasteignir sem vísað er til í 1.–3. tölul. 1. mgr. skulu skráðar í Landskrá fasteigna.

Séu skuldabréf sem tilgreind eru í 1.–3. tölul. 1. mgr. tryggð með veði í fasteignum í öðru aðildarríki en Íslandi skulu þær skráðar í opinbera gagnagrunna.

6. gr.

Staðgöngutryggingar í tryggingasafni.

Tryggingasafn má innihalda eftirfarandi staðgöngutryggingar:

1. Innstæðu hjá fjármálafyrirtæki sem er laus til útborgunar, án fyrirvara.
2. Innstæðu hjá eða kröfu á aðildarríki eða seðlabanka í aðildarríki.
3. Kröfur á hendur öðrum lögaðilum sem að mati Fjármálaeftirlitsins fela ekki í sér meiri áhættu en þær sem tilgreindar eru í 1.–2. tölul. þessarar málsgreinar.

Fjármálaeftirlitið getur samþykkt sem staðgöngutryggingar eftirfarandi kröfur:

1. Kröfur á hendur sveitarfélögum í aðildarríki.
2. Kröfur á hendur fjármálafyrirtækjum, aðrar en greinir í 1. tölul.1. mgr., enda sé gjalddagi þeirra innan árs frá útgáfu þeirra.
3. Kröfur á erlenda þróunarbanka sem Fjármálaeftirlitið tilgreinir í reglum sem það setur, sbr. 25. gr.
4. Kröfur á aðra lögaðila, sem ekki fela í sér meiri áhættu en þær staðgöngutryggingar sem tilgreindar eru í 1.–3. tölul. þessarar málsgreinar.

Hámarkshlutdeild staðgöngutrygginga í tryggingasafni má vera 20% af verðmæti þess. Fjármálaeftirlitið getur veitt heimild til að auka hlutdeild staðgöngutrygginga í tryggingasafni í allt að 30% af verðmæti þess.

III. KAFLI

Skuldabréf með veði í fasteignum.

7. gr.

Veðhlutföll og samsetning tryggingasafns.

Skuldabréf, sem falla undir 1.–3. tölul. 1. mgr. 5. gr. og skráð eru í tryggingasafn skulu á þeim degi sem þau eru skráð uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Veðhlutfall af markaðsvirði íbúðarhúsnæðis skal að hámarki nema 80%.
2. Veðhlutfall af markaðsvirði iðnaðar-, skrifstofu- eða verslunarhúsnæðis skal að hámarki nema 60%.
3. Veðhlutfall af markaðsvirði bújarðar eða fasteignar sem skráð er til landbúnaðarstarfsemi skal að hámarki nema 70%. Framleiðsluréttindi, sem úthlutað hefur verið á lögbýli, skulu ekki talin með við útreikning markaðsvirðis.

Óheimilt er að taka á skrá skuldabréf skv. 1.–3. tölul. 1. mgr. 5. gr. í tryggingasafn hafi vanskil staðið í 90 daga eða lengur.

Nú hyggst útgefandi hafa í tryggingasafni fleiri en einn flokk skuldabréfa og skal hann þá geta þess í umsókn um leyfi.

8. gr.

Mat á verðmæti veðsettra fasteigna.

Við mat á markaðsvirði fasteigna skv. 7. gr. skal beita mati er taki mið af söluverði í nýlegum viðskiptum með sambærilegar fasteignir.

Nú liggur markaðsvirði fasteignar skv. 1. mgr. ekki fyrir og skal þá ákvarða það með sérstöku mati. Matið skal vera grundvallað á almennum og viðurkenndum aðferðum við mat á markaðsvirði fasteigna. Er meðal annars heimilt að byggja á gögnum um verðþróun fasteigna frá Fasteignamati ríkisins og annarri skipulagðri öflun upplýsinga um fasteignaverð.

Ef útgefandi metur markaðsvirði fasteignar skv. 1. eða 2. mgr. skal hinn sjálfstæði skoðunarmaður skv. VIII. kafla staðreyna að matið sé byggt á viðurkenndri aðferðafræði. Skal honum heimilt að endurmeta markaðsvirði fasteigna, einnar eða fleiri, ef hann telur það ekki rétt metið.

Mat á markaðsvirði fasteignar skv. 1. og 2. mgr. skal vera skriflegt og skal tilgreint á hvaða aðferð er byggt, hver hafi framkvæmt matið og hvenær það fór fram.

9. gr.

Reglubundið mat á markaðsvirði veðsettra eigna í tryggingasafni.

Útgefandi skal reglulega fylgjast með og láta meta markaðsvirði þeirra fasteigna sem standa til veðtrygginga í tryggingasafni.

Ef markaðsvirði veðtrygginga í tryggingasafni lækkar verulega skal fjárhæð skuldabréfsins í tryggingasafninu færð niður þannig að veðhlutfall takmarkist við það sem tilgreint er í 1.–3. tölul. 1. mgr. 7. gr.

IV. KAFLI
Sérreglur um sveitarfélög.

10. gr.

Skuldabréf og ábyrgðir.

Skuldabréf útgefin af sveitarfélagi, eða með ábyrgð þess skv. 4. tölul. 1. mgr. 5. gr. skulu, á þeim degi sem þau eru skráð í tryggingasafn, uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Sveitarfélagið skal vera með jákvætt eigið fé.
2. Lán skal vera í skilum.
3. Sé um ábyrgð sveitarfélags að ræða skal hún falla innan heimilda þess samkvæmt sveitarstjórnarlögum til að gangast í ábyrgð.

V. KAFLI
Jöfnunarreglur.

11. gr.

Fjárhæð tryggingasafns og sértryggðra skuldabréfa.

Uppreiknuð heildarfjárhæð höfuðstóls skuldabréfa og annarra eigna í tryggingasafni sem stendur til tryggingar tilteknum flokki sértryggðra skuldabréfa skal ávallt nema hærri fjárhæð en sem nemur uppreiknaðri heildarfjárhæð höfuðstóls þess tiltekna flokks.

12. gr.

Mat á tryggingasafni, meðferð þess o.fl.

Skuldabréf, staðgöngutryggingar og aðrar eignir sem útgefandi leggur í tryggingasafn skulu metnar með hliðsjón af gengi gjaldmiðla, vöxtum, vaxtatímabilum og öðru sem þýðingu hefur þannig að hæfilegt jafnvægi haldist milli tryggingasafns og þess flokks sértryggðra skuldabréfa sem tilheyrir viðkomandi tryggingasafni. Útgefanda er heimilt að gera afleiðusamninga í því skyni að ná fram þessu jafnvægi.

Útgefandi skal sjá til þess að afborganir og aðrar greiðslur af eignum í tryggingasafni, svo og af afleiðusamningum, og greiðslur af sértryggðu skuldabréfunum séu með þeim hætti að unnt sé að efna skuldbindinguna gagnvart eigendum sértryggðra skuldabréfa og gagnaðilum afleiðusamninga. Í þessu skyni skal afborgunum og öðrum greiðslum af eignum í trygginga-

safni haldið aðgreindum frá öðrum eignum útgefanda, þ.m.t. öðrum tryggingasöfnum, ásamt afborgunum og öðrum greiðslum af þeim.

Útgefandi skal varðveita fjármuni skv. 2. mgr. á sérstökum reikningi og aðgreina þá frá öðrum eignum sínum.

Útgefanda skal óheimilt að veðsetja skuldabréf og aðrar eignir í tryggingasafni.

Skuldabréf og aðrar eignir í tryggingasafni skulu undanþegnar aðför skuldheimtumanna útgefanda.

VI. KAFLI
Skrá.

13. gr.
Skylda til að halda skrá og árita skuldabréf.

Útgefandi skal halda sérstaka skrá yfir sértryggð skuldabréf og tryggingasafnið, auk afleiðusamninga, sé um þá að ræða. Í henni skulu koma fram eftirfarandi upplýsingar:

1. Nafnverð, vaxtaskilmálar og lokagjalddagar sértryggðra skuldabréfa í skuldabréfaflokknum.
2. Flokkar skuldabréfa í tryggingasafni, skv. 1.–4. tölul. 1. mgr. 5. gr.
3. Númer skuldabréfs í tryggingasafni, nafn skuldara, kennitala hans, nafnvirði láns, útgáfudagur, lánstími, afborgunar- og vaxtaskilmálar.
4. Nafn ábyrgðaraðila að skuld ríkis eða sveitarfélags eða stofnana þeirra, sé um slíkan að ræða.
5. Mat á virði veðtrygginga í tryggingasafni, hvenær matið var framkvæmt og forsendur þess.
6. Nú er um staðgöngutryggingar að ræða og skal þá tilgreina þær og þær eignir sem tryggingarnar leysa af hólmi, nafnvirði þeirra, greiðslutíma og vaxtakjör eignanna.
7. Fjármunir og aðrar eignir sem mótteknar hafa verið sem greiðsla af skuldabréfum og öðrum eignum í tryggingasafni og ekki hafa verið greiddar til handhafa sértryggðra skuldabréfa, svo og hvernig geymslu þeirra er háttað.
8. Sé um afleiðusamning, einn eða fleiri, að ræða skal tilgreina tegund hans og númer, gagnaðila, nafnverð, gjaldmiðil, vaxtaskilmála, nettókröfu eða nettóskuld vegna samningsins ásamt upphafs- og lokadagsetningu.

Skuldabréf í tryggingasafni skulu áritуð um að þau séu hluti af tryggingasafni og hafi verið færð á skrá samkvæmt þessum kafla. Áritunin skal einnig bera með sér að skuldabréfið standi til fullnustu á tilgreindum flokki sértryggðra skuldabréfa.

VII. KAFLI
Gjaldþrotaskipti á búi útgefanda.

14. gr.
Réttaráhrif úrskurðar um gjaldþrotaskipti.

Nú er bú útgefanda tekið til gjaldþrotaskipta og falla þá sértryggð skuldabréf, sem hann hefur gefið út, ekki í gjalddaga, nema sérstaklega hafi verið um það samið.

15. gr.
Staða í skuldaröð.

Nú er bú útgefanda tekið til gjaldþrotaskipta og skulu þá sértryggð skuldabréf njóta tryggingaréttinda í skuldabréfum og öðrum eignum í tryggingasafni og greiðslum sem mótteknar

hafa verið vegna framangreindra eigna, enda hafi eignirnar verið færðar á skrá, sbr. VI. kafla laga þessara. Um eðli tryggingaréttindanna og fullnusturétt á sértryggðum skuldabréfum í eignunum skal farið samkvæmt reglum 111. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl.

Nú leitar útgefandi nauðasamnings við lánardrottna sína og skulu þá sértryggð skuldabréf samkvæmt lögum þessum njóta stöðu í samræmi við reglur 4. tölul. 1. mgr. 28. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl.

16. gr.

Umsýsla eigna.

Skiptastjóri í þrotabúi skal halda skuldabréfum og öðrum eignum í tryggingasafni samkvæmt lögum þessum aðgreindum frá öðrum eignum í þrotabúi útgefanda. Sama gildir um fjármuni og aðrar eignir sem koma í stað skuldabréfa og annarra eigna í tryggingasafni, eða greiðast vegna þeirra. Aðgreiningunni skal haldið þar til kröfur samkvæmt sértryggðum skuldabréfum hafa verið greiddar að fullu.

Skiptastjóri skal einnig halda afleiðusamningum og fjármunum sem greiðast vegna þeirra, eða greiða þarf úr tryggingasafni til gagnaðila að afleiðusamningi, aðgreindum frá öðrum eignum þrotabúsins.

17. gr.

Samningsbundnar greiðslur.

Skiptastjóri og umsjónarmaður við nauðasamningsumleitanir skulu efna skuldbindingar útgefanda samkvæmt sértryggðum skuldabréfum og afleiðusamningum með skuldabréfum og öðrum eignum í tryggingasafni, og greiðslum af þessum eignum, enda séu eignirnar tilgreindar í skrá skv. VI. kafla.

Nú fær útgefandi heimild til greiðslustöðvunar og skal þá aðstoðarmaður við greiðslustöðvun, þrátt fyrir ákvæði IV. kafla laga um gjaldþrotaskipti o.fl., tryggja að efndar séu skuldbindingar samkvæmt sértryggðum skuldabréfum og afleiðusamningum með verðmætum í tryggingasafni, staðgöngutryggingum og greiðslum sem koma til vegna þessara eigna.

18. gr.

Mótteknar greiðslur.

Greiðslur, sem útgefandi tekur við eftir frestdag í samræmi við skilmála skuldabréfa eða annarra eigna í tryggingasafni vegna fullnustu á kröfum, þ.m.t. vegna efnda á afleiðusamningum, skal færa í skrá skv. VI. kafla.

19. gr.

Riftun ráðstafana.

Ráðstafanir útgefanda, hvort sem um er að ræða afhendingu fjármuna í tryggingasafn, afhendingu staðgöngutrygginga í safnið, greiðslur af eignum í safninu eða ráðstöfun fjármuna úr safninu til réttra efnda á skuldabréfi sem sértryggt er í því, eða afleiðusamningi sem gerður hefur verið samkvæmt lögum þessum og tengist safninu, skulu ekki sæta riftun, sbr. XX. kafla laga um gjaldþrotaskipti o.fl. Hið sama á við um greiðslur til útgefanda samkvæmt afleiðusamningum sem hann hefur gert í samræmi við ákvæði laga þessara.

20. gr.

Skiptakostnaður.

Skiptakostnaður, sbr. 110. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., að því leyti sem hann fellur til vegna vinnu skiptastjóra við sértryggð skuldabréf, safn skuldabréfa og annarra eigna sem því eru til tryggingar, greiðslur vegna þessara eigna eða afleiðusamninga sem tengjast tryggingasafni, skal greiddur af eignum í tryggingasafni eða fjármunum sem koma í stað þeirra. Annar skiptakostnaður þrotabús greiðist ekki af eignum í tryggingasafni, nema að undangenginni fullnustu á sértryggðu skuldabréfi og efndum á afleiðusamningum sem safninu tengjast, sé um slíka samninga að ræða.

VIII. KAFLI
Eftirlit sjálfstæðs skoðunarmanns.

21. gr.

Sjálfstæður skoðunarmaður.

Fjármálaeftirlitið skal skipa sjálfstæðan skoðunarmann til eftirlits með sérhverjum útgefanda sem veitt hefur verið leyfi til að gefa út sértryggð skuldabréf. Fjármálaeftirlitið getur afturkallað slíka skipun skoðunarmanns ef það telur hann ekki sinna skyldum sínum eða að eftirliti hans sé betur fyrir komið hjá öðrum. Fjármálaeftirlitið skal þá skipa annan skoðunarmann. Skoðunarmaðurinn á rétt á þóknun frá útgefanda fyrir starf sitt. Upphæð þóknunar skal ákvörðuð af Fjármálaeftirlitinu og skal við þá ákvörðun tekið mið af umfangi starfsins.

Áður en skoðunarmaður er skipaður skal útgefanda gefinn kostur á að tjá sig um þá sem til álita kemur að skipa. Útgefandi skal þá einnig gera Fjármálaeftirlitinu grein fyrir hugsanlegum tengslum þeirra sem til álita kemur að skipa við útgefanda og helstu fyrirsvarsmenn hans.

22. gr.

Helstu verkefni skoðunarmanns.

Skoðunarmaður skal fylgjast með því að haldin sé skrá, sbr. VI. kafla laga þessara. Hann skal ganga úr skugga um að mat á veðtryggingum skuldabréfa í tryggingasafni byggist á réttri aðferð.

Skoðunarmaður skal veita Fjármálaeftirlitinu upplýsingar sem hann fær í starfi sínu svo oft og í því formi sem mælt er fyrir um í skipunarbréfi hans og umfram það ef sérstök ástæða er til.

23. gr.

Upplýsingaskylda. Þagnarskylda.

Útgefandi skal veita skoðunarmanni allar upplýsingar sem hann óskar eftir og varða útgáfu sértryggðra skuldabréfa og tryggingasafn. Skoðunarmaðurinn hefur rétt til að framkvæma þá athugun á gögnum í húsnæði útgefanda sem hann telur nauðsynlega til að fullnægja skyldum sínum.

Skoðunarmaður er bundinn þagnarskyldu gagnvart öðrum en Fjármálaeftirlitinu um allt sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara. Skoðunarmanni er heimilt að fá aðstoð ef verkefni hans er umfangsmikið. Sá sem er skoðunarmanni til aðstoðar skal einnig bundinn þagnarskyldu.

IX. KAFLI
Eftirlit og heimildir Fjármálaeftirlitsins.

24. gr.
Hlutverk Fjármálaeftirlitsins.

Fjármálaeftirlitið annast eftirlit með lögum þessum, þ.m.t. að útgefandi fylgi ákvæðum þessara laga og annarra reglna sem um starfsemi hans gilda. Um eftirlitið fer samkvæmt ákvæðum laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

25. gr.
Reglur Fjármálaeftirlitsins.

Fjármálaeftirlitið getur gefið út reglur um:

1. Efni áætlunar sem tilgreind er í 2. tölul. 2. mgr. 3. gr.
2. Fasteignir sem tilgreindar eru í 1.–3 . tölul. 1. mgr. 5. gr.
3. Aðferð við mat á veðtryggingum skuldabréfa.
4. Staðgöngutryggingar og hverjir geti verið skuldarar að kröfum sem nota má sem staðgöngutryggingar.
5. Hvernig útgefandi skal uppfæra mat á markaðsvirði veðtrygginga.
6. Skilmála og skilyrði fyrir afleiðusamningum og að auki skilyrði fyrir útreikningum á áhættum og vaxtagreiðslum.
7. Skrá sem tilgreind er í VI. kafla.
8. Hæfisskilyrði sjálfstæðs skoðunarmanns, sbr. VIII. kafla, skyldur hans og efni og form skýrslna sem hann gefur Fjármálaeftirlitinu.
9. Ákvörðun kostnaðar sem tilgreindur er í 30. gr.

26. gr.
Afturköllun leyfis til útgáfu sértryggðra skuldabréfa.

Fjármálaeftirlitið skal afturkalla leyfi til að gefa út sértryggð skuldabréf ef útgefandinn:

1. Hefur ekki gefið út hin sértryggðu skuldabréf, sem leyfið gerir ráð fyrir, innan árs frá útgáfu þess.
2. Hefur lýst því yfir að hann muni ekki nýta sér heimild til útgáfu sértryggðra skuldabréfa.

Í stað afturköllunar, sbr. 1. tölul. 1. mgr., getur Fjármálaeftirlitið veitt útgefanda tiltekinn frest til útgáfunnar. Að liðnum fresti er afturköllun heimil, enda hafi útgáfan ekki farið fram.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að afturkalla leyfi til að gefa út sértryggð skuldabréf ef:

1. Forsendur leyfis til útgáfu sértryggðra skuldabréfa breytast á þann veg að Fjármálaeftirlitið telur skilyrðum 2. tölul. 2. mgr. 3. gr. ekki lengur fullnægt.
2. Útgefandi brýtur gegn lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim.

Áður en til afturköllunar skv. 3. mgr. kemur skal útgefanda veittur hæfilegur frestur til úrbóta, sé unnt að koma úrbótum við að mati Fjármálaeftirlitsins.

27. gr.
Afleiðingar afturköllunar.

Þegar leyfi til útgáfu sértryggðra skuldabréfa er afturkallað skal Fjármálaeftirlitið ákveða hvernig binda skuli endi á þá starfsemi útgefanda sem lög þessi taka til. Fjármálaeftirlitinu er meðal annars heimilt að tilnefna nýjan vörsluaðila tryggingasafns eða tryggingasafna útgefanda og grípa til þeirra ráðstafana sem það telur nauðsynlegar til að tryggja réttindi þeirra sem eiga sértryggð skuldabréf útgefin af þeim sem sviptur hefur verið leyfi.

28. gr.
Útgáfa án heimildar.

Nú eru gefin út skuldabréf sem bera sömu einkenni og sértryggð skuldabréf samkvæmt lögum þessum án þess að aflað hafi verið leyfis Fjármálaeftirlitsins og skal það þá mæla fyrir um að slíkri starfsemi verði þegar hætt. Fjármálaeftirlitið getur ákveðið með hvaða hætti skuli bundinn endi á slíka starfsemi.

Slík útgáfa hefur ekki þau réttaráhrif sem mælt er fyrir um í VII. kafla.

29. gr.
Sérgreind tilkynningarskylda og bann við útgáfu.

Ef sá er hefur heimild til útgáfu sértryggðra skuldabréfa hyggst gefa út skuldabréf sem veita kröfuhöfum forgangsrétt til tiltekinna eigna útgefandans, með sambærilegum hætti og um útgáfu sértryggðra skuldabréfa væri að ræða, skal útgefandi, með tveggja mánaða fyrirvara, senda Fjármálaeftirlitinu skýrslu um viðkomandi útgáfu þar sem fram koma sambærilegar upplýsingar og kallað er eftir í lögum þessum í umsókn um leyfi til útgáfu sértryggðra skuldabréfa.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að banna slíka útgáfu ef það álítur hana stofna hagsmunum annarra lánardrottna í hættu.

30. gr.
Kostnaður.

Útgefandi, eða eftir atvikum umsækjandi, skal greiða kostnað Fjármálaeftirlitsins við afgreiðslu umsóknar og útgáfu leyfis samkvæmt lögum þessum eftir gjaldskrá sem samþykkt skal af stjórn Fjármálaeftirlitsins og birt í Stjórnartíðindum.

X. KAFLI
Viðurlög o.fl.

31. gr.
Stjórnvaldssektir.

Fjármálaeftirlitið getur lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gegn:

1. 2. mgr. 7. gr. um að taka ekki á skrá skuldabréf í vanskilum.
2. 9. gr. um reglubundið mat á markaðsvirði veðtryggða eigna í tryggingasafni.
3. 2.–4. mgr. 12. gr. um meðferð á tryggingasafni.
4. 13. gr. um skyldu til að halda skrá og árita skuldabréf.
5. 1. mgr. 23. gr. um upplýsingaskyldu.
6. Sátt milli Fjármálaeftirlitsins og aðila, sbr. 32. gr.

Sektir sem lagðar eru á útgefanda geta numið frá 50 þús. kr. til 50 millj. kr. Við ákvörðun sekta skal m.a. tekið tillit til alvarleika brots, hvað það hefur staðið lengi, samstarfsvilja hins brotlega aðila og hvort um ítrekað brot er að ræða. Ákvarðanir um stjórnvaldssektir skulu teknar af stjórn Fjármálaeftirlitsins og eru þær aðfararhæfar. Sektir renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtuna. Séu stjórnvaldssektir ekki greiddar innan mánaðar frá ákvörðun Fjármálaeftirlitsins skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

Stjórnvaldssektum verður beitt óháð því hvort lögbrot eru framin af ásetningi eða gáleysi.

32. gr.
Sáttir.

Hafi útgefandi gerst brotlegur við ákvæði laga þessara eða ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins á grundvelli þeirra er Fjármálaeftirlitinu heimilt að ljúka málinu með sátt með samþykki málsaðila. Sátt er bindandi fyrir málsaðila þegar hann hefur samþykkt og staðfest efni hennar með undirskrift sinni. Fjármáleftirlitið setur nánari reglur um framkvæmd ákvæðisins.

33. gr.
Frestur til að leggja á stjórnvaldssektir.

Heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir samkvæmt lögum þessum fellur niður þegar sjö ár eru liðin frá því að háttsemi lauk.

Frestur skv. 1. mgr. rofnar þegar Fjármálaeftirlitið tilkynnir aðila um rannsókn á meintu broti. Rof frests hefur réttaráhrif gagnvart öllum sem staðið hafa að broti.

34. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Skipun nefndar og umboð.

Þann 22. september 2006 skipaði viðskiptaráðherra starfshóp sem skyldi semja drög að lagafrumvarpi um sértryggð skuldabréf (e. covered bonds). Í starfshópinn voru skipuð Kjartan Gunnarsson skrifstofustjóri, formaður, Agnar Hansson framkvæmdastjóri, Jón Finnbogason sjóðstjóri, Ólafur Freyr Þorsteinsson hagfræðingur og Jóhann G. Jóhannsson sviðsstjóri. Varamenn voru skipaðir Haraldur Örn Ólafsson lögfræðingur, Jóna Björk Guðnadóttir héraðsdómslögmaður, Jón Þorsteinn Oddleifsson forstöðumaður og Guðrún Jónsdóttir viðskiptafræðingur. Ritari og starfsmaður starfshópsins var Jakob Hrafnsson deildarsérfræðingur. Starfshópurinn naut aðstoðar Viðars Más Matthíassonar, prófessors í lögum við Háskóla Íslands.

Starfshópurinn lauk störfum 15. febrúar 2007 og skilaði ráðherra frumvarpsdrögum. Frumvarp það sem hér liggur fyrir er afrakstur starfs hópsins.

2. Almenn umfjöllun um sértryggð skuldabréf.

Á síðari árum hefur orðið mikil breyting á evrópska skuldabréfamarkaðnum. Hefur hennar einkum gætt í stóraukinni útgáfu sértryggðra skuldabréfa. Þótt þessar breytingar hafi einkum átt sér stað hin síðari ár er langt í frá að sértryggð skuldabréf í einhverri mynd séu ný af nálinni. Fyrstu eiginlegu sértryggðu skuldabréfin sem vitað er um voru gefin út í Prússlandi að frumkvæði Friðriks II árið 1770. Stuttu síðar, eða árið 1779, var fyrsta útgáfan á Norðurlöndum (Danmörku). Bruninn mikli í Kaupmannahöfn 1795, þar sem talið er að eyðilagst hafi um 1450 fasteignir, varð hvati að nýrri aðferð í skuldabréfaútgáfu, sértryggðum skuldabréfum (realkreditobligationer), sem notuð var til þess að fjármagna endurbyggingu borgarinnar. Áður höfðu hefðbundin veðskuldabréf, fjármögnuð með venjulegum hætti, helst verið notuð við fjármögnun húsbygginga. Í fjölda Evrópulanda voru útgáfur sértryggðra skuldabréfa hafnar á nítjándu öld en raunveruleg sprenging hefur orðið hin seinni ár. Þannig er talið að í árslok 2005 hafi útistandandi sértryggð skuldabréf í Evrópu numið um 1,8 trilljónum evra.

Með aukinni útgáfu hefur þörfin fyrir setningu laga um útgáfu sértryggðra skuldabréfa aukist. Í mars 2006 höfðu öll ríki Vestur- og Mið-Evrópu, utan Íslands, Bretlands, Hollands, Belgíu, Hvíta-Rússlands, Eistlands og ríkja þeirra sem áður tilheyrðu Júgóslavíu, sett löggjöf um sértryggð skuldabréf. Unnið hefur verið að setningu löggjafar í Eistlandi, Hollandi, Bretlandi og Slóveníu.

Í frumvarpi þessu er lagt til að notað verði heitið „sértryggð skuldabréf“. Á ensku er notað heitið „covered bonds“, í dönskum lögum er notað orðið „realkreditobligationer“ og í sænskum lögum er notað heitið „säkerställda obligationer“. Það væri því e.t.v. ekki óeðlilegt að nota á íslensku heitið „sértryggðar kröfur“. Ástæða þess að það er ekki gert er að eins og heitið „sértryggt skuldabréf“ er skilgreint í 1. gr. frumvarps þessa er við það miðað að undir heitið falli ekki aðeins skuldabréf, heldur einnig aðrar skriflegar, einhliða og óskilyrtar skuldaviðurkenningar. Að teknu tilliti til þessa verður að ætla að það heiti sem frumvarpið gerir ráð fyrir sé heppilegt og auðskiljanlegt bæði lærðum og leikum. Svo sem síðar greinir hafa a.m.k. tvö fjármálafyrirtæki gefið út það sem nefnt hefur verið „samningsbundin sértryggð skuldabréf“ (e. structured covered bonds). Slík bréf eru reist á öðru skipulagi en sértryggð skuldabréf samkvæmt frumvarpi þessu og er frumvarpinu því ekki ætlað að hreyfa við þeirri útgáfu.

3. Ákvæði frumvarpsins um sértryggð skuldabréf.

Í stuttu máli er sértryggt skuldabréf fjármálagerningur sem ber öll helstu einkenni skuldabréfs, þ.e. er skrifleg, einhliða og óskilyrt skuldarviðurkenning, með öðrum orðum loforð um að greiða tiltekna peningafjárhæð á einum eða fleiri gjalddögum. Sama lýsing á við um önnur skuldabréf. Ætla verður að sértryggt skuldabréf geti verið rafbréf í skilningi 2. gr. laga um rafræna eignarskráningu verðbréfa, nr. 131/1997. Skuldabréf eru ýmist með eða án tryggingа. Algengustu tryggingar skuldabréfa eru veð eða ábyrgðir einstaklinga eða lögaðila. Sértryggð skuldabréf eru ekki tryggð með eiginlegu veði og heldur ekki með sérstakri ábyrgðaryfirlýsingu þriðja manns. Sértryggð skuldabréf munu, ef frumvarp þetta verður að lögum, njóta sérstaks tryggingaréttar og fullnusturéttar í tryggingasafni sem efnt er til samkvæmt reglum frumvarpsins. Sá tryggingaréttur og fullnusturéttur, sem sértryggt skuldabréf hefur í tryggingasafni, fullnægir skilgreiningu á veðrétti skv. 1. tölul. 1. gr. laga um samningsveð, nr. 75/1997. Þar sem útgefandi hins sértryggða skuldabréfs hefur sjálfur vörslur tryggingasafnsins svipar sértryggðu skuldabréfi, sem hefur sérstakan tryggingar- og fullnusturétt í tryggingasafni, til skuldabréfs sem tryggt er með sjálfsvörsluveði í lausafé, sbr. III. kafla laga um samningsveð. Samt gilda reglur síðastgreindra laga og reglur þinglýsingalaga, nr. 39/1978, ekki um sértryggð skuldabréf. Í frumvarpi þessu er þó lagt til að ýmsar efnisreglur í lögum um samningsveð gildi einnig um sértryggð skuldabréf. Í frumvarpinu er einnig lagt til að sérstakar reglur gildi um vörslur og skráningu tryggingasafns þess, sem er til tryggingar og fullnustu sértryggðum skuldabréfum. Þá er lagt til að réttindum þeim, sem sértryggt skuldabréf hefur í tryggingasafni, þurfi ekki að þinglýsa. Lagt er til í frumvarpi þessu að lögfestar verði sérstakar reglur um greiðslur af sértryggðu skuldabréfi ef útgefandi fær greiðslustöðvun og jafnframt að tryggingasafn og greiðslur úr því af sértryggðu skuldabréfi eða afleiðusamningi, hafi hann verið gerður, séu undanþegnar riftunarreglum í XX. kafla laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, og að ýmsar sérreglur gildi um tryggingasafnið og greiðslur úr því ef til gjaldþrots útgefanda sértryggðs skuldabréfs kemur. Allt er þetta háð því að sérstakt leyfi Fjármálaeftirlitsins fáist til útgáfu sértryggðs skuldabréfs og að sá er um það sækir uppfylli tilteknar kröfur um fjárhagsstöðu o.fl. Þá þarf útgefandi að halda skrá um eignir í

tryggingasafni og hann þarf að sæta eftirliti sjálfstæðs skoðunarmanns sem Fjármálaeftirlitið skipar. Hinn sjálfstæði skoðunarmaður á bæði að fylgjast með að eignir þær sem standa að veði fyrir skuldabréfum í tryggingasafni og svonefndar staðgöngutryggingar uppfylli tilteknar kröfur. Á tryggingasafnið því að vera tryggilega afmarkað frá öðrum eignum útgefandans. Fjármálaeftirlitið hefur svo samkvæmt tillögum frumvarpsins heildareftirlit með þessum þætti í starfsemi viðskiptabanka, sparisjóða og lánafyrirtækja eins og annarri starfsemi þeirra.

Útgefandi, sem getur verið viðskiptabanki, sparisjóður eða lánafyrirtæki, getur haft ríka hagsmuni af því að fá leyfi til að gefa út sértryggð skuldabréf. Fasteignaveðlán eru almennt veitt til langs tíma, þ.e. til 25 eða 40 ára. Fjármögnun þeirra af hálfu viðskiptabanka, sparisjóða eða lánafyrirtækja hefur þó til þessa að miklu leyti farið fram á skammtímamarkaði. Það er því mikilvægt fyrir útgefandann að geta jafnað og dregið úr vaxtaáhættu sinni til lengri tíma litið með útgáfu sértryggðra skuldabréfa, jafnvel þótt sú útgáfa sé ekki til jafnlangs tíma og tryggingasafn það sem stendur til tryggingar og fullnustu á skuldabréfinu.

Sértryggð skuldabréf auka enn fremur valkosti fjárfesta til lengri tíma, svo sem ýmissa stofnanafjárfesta, lífeyrissjóða og líftryggingafélaga. Sértryggð skuldabréf yrðu því, ef frumvarp þetta verður að lögum, nýr og öruggur valkostur sem að öllu jöfnu getur fengið sjálfstætt mat matsfyrirtækja.

4. Staða innstæðueigenda.

Eins og að framan greinir er markmið frumvarpsins að skapa umgjörð um að viðskiptabankar, sparisjóðir eða lánafyrirtæki geti hlotið leyfi til þess að gefa út sértryggð skuldabréf, sem hafi sérstakan tryggingarrétt og fullnusturétt í safni eigna sem tilheyra útgefanda hins sértryggða skuldabréfs. Að hluta hlýtur efni þess réttarsambands sem stofnast milli útgefanda (viðskiptabanka, sparisjóðs eða lánafyrirtækis) og eiganda/handhafa sértryggðs skuldabréfs að ráðast af samningi þeirra. Almennt yrði um að ræða trausta aðila sem hafa á að skipa starfsfólki með sérfræðiþekkingu sem getur metið hvað er hagstætt og rétt að gera við tilteknar aðstæður.

Eðlilegt er að spurt sé hver verði staða innstæðueigenda í viðskiptabönkum og sparisjóðum ef þessi fjármálafyrirtæki lenda í greiðsluerfiðleikum, t.d. bú þeirra verði tekin til skipta. Ákvæði þessa frumvarps ættu ekki að hafa sérstök áhrif á innstæðueigendur, auk þess sem innstæðueigendur njóta nokkurrar tryggingar samkvæmt lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, nr. 98/1999. Útgáfa sértryggðra skuldabréfa og tilvist varins safns sem stendur því til tryggingar og fullnustu hefur ekki önnur áhrif en væri tryggingasafnið veðsett til fullnustu á kröfum útgefanda með venjulegum hætti.

Komi til skipta á búi viðskiptabanka, sparisjóðs eða lánafyrirtækis samkvæmt reglum frumvarpsins gilda ákvæði laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, um skiptin. Svo sem fyrr greinir er lagt til í frumvarpinu að vikið verði frá reglum laga um gjaldþrotaskipti o.fl. með svipuðum hætti og gildir um veðsettar eignir. Þess ber þó að geta að ef innstæðueigandi í fjármálafyrirtæki (viðskiptabanka eða sparisjóði) hvers bú er tekið til skipta samkvæmt framansögðu er einnig skuldari að veðskuldabréfi sem er í tryggingasafni því er stendur til tryggingar og fullnustu fyrir sértryggðu skuldabréfi, þá gildir regla 100. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, um réttarstöðuna. Í því felst að innstæðueigandinn getur notað þá kröfu, sem hann á á hendur fjármálafyrirtæki, til skuldajafnaðar á móti kröfu þess á hendur honum samkvæmt veðskuldabréfinu. Ekkert í frumvarpi þessu felur í sér tillögu um að breyta þessari réttarstöðu. Þess skal getið að í dönskum lögum um sértryggð skuldabréf (þ.e. lov om realkreditlån og realobligationer, nr. 454/2003) er í 30. gr. sérstaklega tekið fram

að regla 42. gr. dönsku laganna um gjaldþrotaskipti (konkursloven nr. 118/1997) sem er að efni til hliðstæð 100. gr. íslensku laganna um gjaldþrotaskipti o.fl. gildi ekki. Í því felst að sá sem á kröfu á hendur útgefanda sértryggðra skuldabréfa öðlast ekki rétt til skuldajafnaðar við gjaldþrot.

Til viðbótar skal þess getið að þegar viðskiptabanki eða sparisjóður setur veðskuldabréf sem fjármálafyrirtækið á í sérstakt tryggingasafn sem stendur til tryggingar sértryggðu skuldabréfi, þá er það ekki gert með framsali á bréfið, enda er það áfram í eigu og í vörslum viðskiptabankans eða sparisjóðsins. Í frumvarpinu er einungis lagt til að það verði áritað um að það tilheyri tryggingasafni og hafi verið fært á skrá skv. VI. kafla frumvarpsins, en það er gert til þess að viðskiptabankinn eða sparisjóðurinn geti ekki framselt veðskuldabréfið. Slíkt framsal gæti skert rétt innstæðueigandans og skuldarans að veðskuldabréfinu til skuldajafnaðar.

Samkvæmt framangreindu ætti staða innstæðueiganda í engu að versna þótt frumvarp þetta verði að lögum.

Þess skal einnig getið til skýringar að sú meginregla, sem Hæstiréttur hefur ítrekað slegið fastri (sbr. t.d. Hrd. 1992, bls. 1197, Hrd. 1994, bls. 2271, og Hrd. 1998, bls. 1865), að viðskiptabanki eða sparisjóður getur ekki notað kröfu sína á hendur þeim, sem á innstæðu á „bankareikningi“ hjá viðkomandi fjármálafyrirtæki til skuldajafnaðar, nema sérstaklega hafi verið um það samið, verður óbreytt þótt frumvarp þetta verði að lögum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í kaflanum eru fjórar greinar. Hin fyrsta fjallar um gildissvið reglna frumvarpsins, önnur hefur að geyma skilgreiningar á lykilhugtökum sem notuð eru í frumvarpinu og sú þriðja hefur að geyma reglur um skilyrði þess að viðskiptabanki, sparisjóður eða lánafyrirtæki, sem hér eftir verða nefnd fjármálafyrirtæki, fái leyfi til að gefa út sértryggð skuldabréf og hin fjórða fjallar um afgreiðslu á umsóknum um leyfi.

Um 1. gr.

Reglur frumvarpsins gilda eingöngu um útgáfu sértryggðra skuldabréfa eins og þau eru skilgreind í frumvarpinu. Frá því er þó sú undantekning að í 28. gr. frumvarpsins er fjallað um útgáfu skuldabréfa, sem bera sömu einkenni og er ætlað að hafa sömu réttaráhrif, án þess að leyfi sé fyrir hendi. Verði frumvarpið að lögum teldust lögin sérlög um útgáfu sértryggðra skuldabréfa. Í því felst að ákvæði frumvarpsins mundu almennt ganga framar almennum lögum, t.d. lögum um samningsveð, nr. 75/1997, framar þinglýsingalögum, nr. 39/1978, og framar almennum óskráðum reglum um skuldabréf. Ber í því sambandi að geta þess að reglur íslensks réttar um skuldabréf eru fæstar í settum lögum. Í því mundi einnig felast að hæpið yrði að reglunum yrði beitt á grundvelli lögskýringarreglna eða með lögjöfnun um tilvik sem eru ólögfest og féllu ekki undir ákvæði þau sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Má árétta það sem áður er fram komið að reglur frumvarpsins gilda ekki um útgáfu á því sem nefnt hefur verið „samningsbundin sértryggð skuldabréf“ (e. structured covered bonds) enda er uppbygging þess kerfis með öðrum hætti en gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu. Æskilegt væri þó í framkvæmdinni hér eftir að notað yrði annað heiti á þeim skuldabréfum en „samningsbundin sértryggð skuldabréf“.

Um 2. gr.

Í þessari grein eru gerðar tillögur að skilgreiningum á lykilhugtökum sem notuð er í frumvarpinu. Leitast er við að hafa skilgreiningarnar í þeirri efnisröð sem samrýmist frumvarpinu. Gert er ráð fyrir að skilgreiningarnar verði bundnar við frumvarp þetta. Fæstar skilgreininganna þarfnast skýringa. Á hinn bóginn er, til frekari skilnings á skilgreiningunum og efni frumvarpsins í heild sinni, rétt að lýsa því kerfi sem frumvarpið gerir ráð fyrir að verði komið upp með útgáfu sértryggðra skuldabréfa og samsvarandi tryggingasafni sem á að standa því til tryggingar og fullnustu.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að þau fjármálafyrirtæki, sem eru skilgreind sem útgefandi í greininni, geti fengið leyfi Fjármálaeftirlitsins til að gefa út sértryggð skuldabréf. Á móti hinum sértryggðu skuldabréfum stendur tryggingasafnið. Það er trygging eiganda sértryggðra skuldabréfsins og við gjaldþrot útgefanda öðlast hann sérstakan fullnusturétt í því, umfram aðra kröfuhafa. Eignir í tryggingasafni eru undanþegnar aðför og lagt er bann við því að þær sé settar öðrum að veði. Í tryggingasafninu eru í fyrsta lagi þær tryggingar sem upphaflega eru settar í það. Í því geta einnig verið svonefndar staðgöngutryggingar sem útgefandi getur sett í safnið til að bæta upp rýrnun á hinum upphaflegu tryggingum, t.d. vegna verðlækkunar á fasteignum eða vegna þess að greiðslufall verður á veðskuldabréfum og full greiðsla fæst ekki við nauðungarsölu á hinum veðsettu eignum. Til viðbótar koma svo eignir, t.d. peningar sem útgefandi tekur á móti og eru afborganir af veðskuldabréfum (eða skuldabréfum útgefnum af ríki eða sveitarfélögum) eða staðgöngutryggingum sem ekki renna strax til greiðslu á hinu sértryggða skuldabréfi. Allt sem er í tryggingasafni, og eignir sem koma til vegna þeirra eigna sem í safninu eru, þarf að vera fært á skrá skv. VI. kafla frumvarpsins og haldið aðskildu frá öðrum eignum útgefanda. Til viðbótar við framangreint getur komið afleiðusamningur, einn eða fleiri, sem útgefandi gerir við þriðja aðila til þess að tryggja sér jafnvægi milli fjárhagslegra skilyrða fyrir eignum í tryggingasafni og samsvarandi skilyrða fyrir sértryggðum skuldabréfum. Ljóst er að það kostar útgefanda mikið að gera slíka afleiðusamninga. Það kann þó að borga sig fyrir hann. Vegna mikilvægis afleiðusamninga í þessu kerfi þarf kostnaður, sem hann hefur af afleiðusamningum og greiðir þriðja manni af þeirri ástæðu, að njóta sömu verndar, t.d. fyrir riftunarreglum XX. kafla laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, og eignir í tryggingasafni og greiðslur af sértryggðu skuldabréfi.

Um 3. gr.

Í greininni er kveðið á um skilyrði þess að veitt verði leyfi til útgáfu sértryggðs skuldabréfs ef frumvarpið verður að lögum og þar með myndunar tryggingasafns með tilheyrandi réttaráhrifum. Áður en vikið er að þeim reglum er rétt að geta þess að leyfið yrði veitt að undangenginni umsókn, en henni mundi m.a. fylgja áætlun, eins og gert er ráð fyrir í 2. tölul. 2. mgr. greinarinnar. Í 25. gr. frumvarpsins er lagt til að lögfest verði heimild fyrir Fjármálaeftirlitið til þess að setja reglur um efni slíkrar áætlunar. Efni þessarar greinar er rúmt að því leyti að það stendur umsækjanda opið að tilgreina hve mörg sértryggð skuldabréf hann muni gefa út í tilteknum flokki, þ.e. á grundvelli leyfisins, og á hvaða tíma hann muni gera það. Hann mundi með sama hætti tilgreina með hvaða hætti hann mundi byggja upp tryggingasafn það sem standa mundi til tryggingar hinu eða hinum sértryggðu skuldabréfum. Nauðsynlegt er talið að hafa sveigjanleika í reglunum til þess að útgefandi geti hagað skipulagningu útgáfunnar með eins hagkvæmum hætti og kostur er, þó innan þeirra reglna sem frumvarpið hefur að geyma og Fjármálaeftirlitinu er einkum ætlað að fylgjast með að farið verði eftir. Í 1. mgr. greinarinnar er lagt til að Fjármálaeftirlitið veiti leyfi til útgáfu sértryggðra skulda-

bréfa. Þetta samrýmist þeirri stefnu t.d. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, að fela Fjármálaeftirlitinu að veita starfsleyfi samkvæmt þeim lögum. Gert er ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið verði einnig sá aðili sem hefur eftirlit með útgáfunni og því ferli sem á sér stað. Leyfi til útgáfu sértryggðra skuldabréfa er aðeins heimilt að veita viðskiptabönkum, sparisjóðum og lánafyrirtækjum eins og þessir lögaðilar eru skilgreindir í lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, en starfsheimildir þeirra eru tilgreindar í 20. gr. þeirra laga. Þess skal getið til skýringar að lánafyrirtæki, sem í daglegu tali eru oftast nefnd fjárfestingarbankar, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, hafa leyfi til að stunda margs konar starfsemi á fjármálamarkaði, þó ekki að taka við innlánum.

Í 2. mgr. greinarinnar er mælt fyrir um skilyrði sem umsækjandi þarf að uppfylla til þess að fá leyfi til útgáfu sértryggðra skuldabréfa. Fyrra skilyrðið er að útgáfan sé í samræmi við reglur frumvarpsins. Þarfnast þetta skilyrði ekki frekari skýringa. Annað skilyrðið er að umsækjandi leggi fram fjárhagsáætlun með umsókn um leyfi, en áskilið er að fjárhagsáætlunin sé staðfest af löggiltum endurskoðanda. Hin staðfesta fjárhagsáætlun á að sýna að fjárhagur útgefanda sé svo traustur að hagsmunum annarra kröfuhafa sé ekki stefnt í hættu þótt hann fái leyfi til útgáfu sértryggðra skuldabréfa. Svo sem áður getur standa reglur frumvarpsins því ekki í vegi að gefin séu út fleiri en eitt sértryggt skuldabréf í sama flokki og sú útgáfa taki nokkurn tíma. Með sama hætti mundi útgefandi byggja upp tryggingasafn sem stæði hinu sértryggða skuldabréfi til tryggingar og fullnustu. Ef ætlun útgefanda er að dreifa framangreindu ferli yfir lengra tímabil þarf fjárhagsáætlun hans að taka til þess tíma. Í þeim tilvikum væru líkur til að Fjármálaeftirlitið mundi gera meiri kröfur til hennar en ef einungis er um útgáfu eins tiltekins sértryggðs skuldabréfs að ræða sem gefið skal út innan skamms tíma. Mat Fjármálaeftirlitsins á því hvaða kröfur verða gerðar hlýtur því að taka mið af áætlun þeirri sem lögð er fram og tímasetningum sem gert er ráð fyrir. Grundvallaratriðið í mati Fjármálaeftirlitsins er að fjárhagurinn sé svo traustur að útgáfa sértryggðra skuldabréfa með þeirri tilfærslu verðmæta í tryggingasafn sem því fylgir stefni ekki í hættu hagsmunum annarra kröfuhafa, þ.m.t. innstæðueigenda hjá útgefanda. Þess er áður getið að Fjármálaeftirlitið hefur heimild til þess að setja nánari reglur um efni fjárhagsáætlunar sem hér hefur verið fjallað um.

Í 3. mgr. er lagt til að Fjármálaeftirlitinu verði heimilt að veita leyfi til þess að útgefandi skuldabréfa og annarra skuldaviðurkenninga, sem þegar hafa verið gefin út til þess að fjármagna skuldabréf sömu tegundar og heimilt er að hafa í tryggingasafni, sé breytt í sértryggð skuldabréf samkvæmt lögum þessum. Af sjálfu sér leiðir að skuldabréfin, skuldaviðurkenningarnar og tryggingasafnið verða að uppfylla öll skilyrði reglna frumvarpsins. Slík heimild er nauðsynleg því almennt eru skuldabréf í tryggingasafni til langs tíma og getur því varðað miklu að fá slíkt safn sett inn í það regluverk sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Þess ber einnig að geta að með því færist safnið inn í það eftirlitskerfi sem gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu, þ.e. eftirlit sjálfstæðs skoðunarmanns og yfirumsjón eða eftirlit Fjármálaeftirlitsins. Hluti af eftirlitskerfinu eru svo reglur um hvaða skilyrði tryggingasafnið verði að uppfylla, veðhlutföll, mat á markaðsvirði eigna sem standa að veði fyrir skuldabréfum í tryggingasafni o.fl.

Í 4. mgr. er lagt til að Fjármálaeftirlitið geti bundið leyfið skilyrðum, m.a. hvernig tryggingasafnið skuli vera samsett, hvaða tímamörk séu sett o.fl. Þá er eðlilegt, þótt ekki sé ástæða til að tilgreina það í ákvæðinu, að Fjármálaeftirlitið taki fram hvort afleiðusamningar muni gerðir og við hvern eða hverja. Þarfnast þessi málsgrein ekki frekari skýringa.

Um 4. gr.

Í greininni er að finna reglur um skyldu til að afgreiða umsókn um leyfi til útgáfu sértryggðra skuldabréfa innan tiltekins tíma, en tilkynna ella um drátt á afgreiðslu umsóknar og rökstyðja hann.

Um II. kafla.

Í þessum kafla eru tvær greinar og lúta þær báðar að því hvernig tryggingasafn það, sem stendur til tryggingar og fullnustu sértryggðum skuldabréfum, geti verið samsett og hvaða staðgöngutryggingar er heimilt að setja í safnið. Til að taka af tvímæli skal þess getið að reglur frumvarpsins miða við að útgefandi hafi heimildir til þess að setja sams konar skuldabréf og eru í tryggingasafni inn í það, án þess að á því séu sérstakar takmarkanir. Hann gæti þess vegna skipti út skuldabréfi í safninu og sett inn sams konar skuldabréf. Slíkt kann að vera heppilegt ef skuldabréf er greitt upp, samið er um nýja skilmála sem ekki falla að safninu o.s.frv. Kjósi hann á hinn bóginn að setja aðrar eignir í tryggingasafnið eru honum settar skorður við því hve mikið af slíkum staðgöngutryggingum hann má setja í það. Reglur frumvarpsins mynda ramma um þessa umgjörð, en vera kann að samið verði um enn strangari reglur við þann sem fjármagnar tryggingasafnið og verður eigandi sértryggðu skuldabréfanna.

Um 5. gr.

Í þessari grein er að finna tillögur að reglum um skuldabréf í tryggingasafni. Í grófum dráttum geta skuldabréfin verið tvenns konar, þ.e. annars vegar veðskuldabréf og eru veðandlögin (fasteignirnar í aðildarríkjum) flokkuð í þrennt í greininni, og hins vegar skuldabréf sem út eru gefin af ríki eða sveitarfélögum, annaðhvort á Íslandi eða í öðrum aðildarríkjum, eins og það hugtak er skilgreint í 2. gr. frumvarpsins. Þá er að finna fyrirmæli um að skilyrði sé að fasteignir séu skráðar með tilteknum hætti.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um flokka skuldabréfa sem mega vera í tryggingasafni. Gerð er tillaga um fjóra flokka skuldabréfa sem mega vera í tryggingasafni. Flokkarnir gætu verið fleiri, svo sem er t.d. í sænskum lögum um þetta efni, en hér er þó gerð tillaga að reglum um einfalt tryggingasafn. Regluna verður að skoða í tengslum við ákvæði 7. gr. þar sem er að finna tillögur að veðhlutföllum sem leyfð eru. Sú flokkun fasteigna sem er í 1.–3. tölul. er hefðbundin og þarfnast ekki annarra skýringa en þeirrar að hún samrýmist reglum um mismunandi veðhlutföll sem eru heimil. Tekið skal fram að miðað er við fasteignir í aðildarríkjum eins og það hugtak er skilgreint í frumvarpinu. Regla 4. tölul. þarfnast ekki skýringa.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að fasteignir þær á Íslandi sem geta verið veðandlög samkvæmt skuldabréfum í 1.–3. tölul. 1. mgr. þurfi að vera skráðar í Landskrá fasteigna sem nú hefur að geyma miðlæga skrá um fasteignir í landinu. Upplýsingar sem þar er að finna um fasteignir hafa verið fluttar úr þremur skrám sem áður voru sjálfstæðar. Þegar þessum skrám var steypt í eina voru upplýsingar um þær fasteignir sem um ræðir samræmdar og villur leiðréttar. Er því vart traustari grunnur undir upplýsingar um fasteignir en þar er að finna.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að ef fasteignir, sem veðsettar eru samkvæmt skuldabréfum í tryggingasafni, eru í öðrum aðildarríkjum en Íslandi skuli þær skráðar í opinbera gagnagrunna. Ástæða þessarar tillögu er sú að traust skráning er grundvöllur þess að unnt sé að treysta því að veðandlög séu eins og skuldabréfin gera ráð fyrir. Eftirlit af hálfu Fjármálaeftirlitsins, og hins sjálfstæða skoðunarmanns sem það skipar, með því að verðmæti hinna veðsettu fasteigna sé það sem er sagt er háð því að fasteignirnar séu skráðar í öruggum

gagnagrunnum og upplýsingar um þær, t.d. auðkenni, stærð, byggingarár, byggingarefni o.fl. séu eins samræmdar og kostur er. Það er á hinn bóginn hæpið í lagatexta að gera ítarlegar kröfur til þess hvernig slíkri skráningu er háttað þar sem hún er augljóslega mismunandi í aðildarríkjum og með ítarlegum kröfum væri hugsanlega verið að útiloka heppilega kosti fyrir fjármálafyrirtæki. Er því ekki lagt til að gengið verði lengra en svo að slá því föstu að um opinbera gagnagrunna sé að ræða.

Um 6. gr.

Í þessari grein eru tillögur að reglum um hvaða staðgöngutryggingar mega vera í tryggingasafni. Sem fyrr segir er útgefanda heimilt að skipta út án takmörkunar skuldabréfum, sem fullnægja skilyrðum þeim sem tilgreind eru í 3. gr. og veðhlutföllum, sem tilgreind eru í 7. gr. Í þessari grein er lagt til að staðgöngutryggingum verði skipt í tvo flokka. Í öðrum flokknum eru staðgöngutryggingar sem setja má í tryggingasafnið af því að þær fullnægja tilteknum lögbundnum skilyrðum sem þó í síðasta töluliðnum er háð því að Fjármálaeftirlitið hafi með almennum hætti samþykkt lögaðila og fellt þá í flokk sem getur fallið undir 3. tölul. Er eðlilegt að í reglum sem Fjármálaeftirlitið getur sett skv. 3. tölul. verði listi um þá sem á hverjum tíma geti fallið í þann flokk sem miðað er við í þeim tölulið. Í hinum flokknum eru staðgöngutryggingar sem eru þess eðlis að í öllum tilvikum þarf samþykki Fjármálaeftirlitsins til þess að heimilt sé að setja þær í tryggingasafnið. Flokkun þessi er gerð svo að auðveldara sé að átta sig á því hvaða eignir megi nota sem staðgöngutryggingar, en flokkunin er ekki nákvæm.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um að tryggingasafn megi hafa að geyma staðgöngutryggingar sem uppfylla skilyrði sem tilgreind eru í þremur töluliðum. Ríkari kröfur eru gerðar til staðgöngutrygginga sem fjallað er um í þessari málsgrein, enda gert ráð fyrir minni afskiptum Fjármálaeftirlitsins af því að þær séu notaðar. Verður að telja að staðgöngutryggingar þær, sem getið er um í 1. og 2. tölul., séu ígildi peninga og því öruggar eignir. Í 3. tölul. er um að ræða kröfur á hendur lögaðilum sem Fjármálaeftirlitið hefur lagt mat á og fullnægja að þess áliti kröfum um fjárhagslegan styrk, þannig að kröfur á hendur þeim séu öruggar eignir. Sem fyrr segir er gert ráð fyrir því að Fjármálaeftirlitið setji sérstakar reglur um staðgöngutryggingar og hverjir geti verið skuldarar að kröfum sem nota má sem staðgöngutryggingar bæði skv. 3. tölul. 1. mgr. og 4. tölul. 2. mgr.

Í 2. mgr. er að finna upptalningu staðgöngutrygginga sem háðar eru samþykki Fjármálaeftirlitsins. Ástæða þessa áskilnaðar er sú að í upptalningu í þessari málsgrein er um að ræða kröfur sem ekki eru eins tryggar og þær sem tilgreindar eru í 1. mgr.

Í 3. mgr. er að finna reglur um hámark staðgöngutrygginga. Rökin fyrir því að setja reglur um hámark staðgöngutrygginga eru fyrst og fremst þau að ef eignir í tryggingasafni rýrnuðu svo í verðmæti að setja þyrfti staðgöngutryggingar umfram það hámark sem tilgreint er í þessari málsgrein væri rétt að leysa upp kerfið með því að greiða upp hin sértryggðu skuldabréf. Útgefandi yrði að áskilja sér þann rétt í samningum við eiganda sértryggða skuldabréfsins. Það er rökrétt, enda er hið sértryggða skuldabréf gefið út sem skuldaviðurkenning útgefanda vegna móttöku hans á fé frá eiganda sértryggða skuldabréfsins, en með þessu fé hefur útgefandi fjármagnað þau fasteignalán sem eru í tryggingasafninu. Rýrni verðmæti þeirra svo mjög að hlutfall staðgöngutrygginga næði því hámarki, sem tiltekið er í þessari málsgrein er sem fyrr segir eðlilegt að freista þess að binda enda á skuldarsambandið með greiðslu hins eða hinna sértryggðu skuldabréfa.

Um III. kafla.

Í þessum kafla eru þrjár greinar sem allar hafa að geyma reglur sem lýsa kröfum til tryggingasafnsins og hvernig það skuli metið. Reglurnar hafa það markmið að tryggja gæði tryggingasafnsins og þar með trúverðugleika þess kerfis sem útgefandi setur upp að fengu leyfi frá Fjármálaeftirlitinu. Reglurnar og hinar skilgreindu kröfur til veðhlutfalls og mats á eignum sem eru í tryggingasafni auðvelda eftirlit með kerfinu og gera það þess vegna trúverðugara.

Um 7. gr.

Í þessari grein er að finna tillögur að reglum um veðhlutföll skuldabréfa og hvernig tryggingasafn megi vera samsett. Þær kröfur, sem gerðar eru til skuldabréfa, ber að uppfylla þegar skuldabréfið er sett í safnið og fært á skrá samkvæmt reglum VI. kafla frumvarpsins. Vera kann að síðar standist skuldabréfið ekki þessar kröfur, en þá hefur útgefandi tvö úrræði, annars vegar getur hann skipt út skuldabréfinu fyrir annað sem stenst kröfurnar, hins vegar getur hann sett inn staðgöngutryggingar, annaðhvort til viðbótar skuldabréfinu eða í stað þess.

Í 1. mgr. eru tilgreindar kröfur um veðhlutföll af markaðsvirði fasteigna í 1.–3. tölul., sbr. sömu töluliði í 1. mgr. 5. gr. Veðhlutfallið er miðað við markaðsverð fasteiganna, sem meta skal með tilteknum hætti, sem fjallað er um í 8. gr. Veðhlutfallið er mismunandi, en það byggist á reynslu, og miðar við sem öruggasta fullnustu á veðskuldabréfunum í öllum tilvikum, einnig við nauðungarsölu. Vakin er athygli á því að framleiðsluréttindi, sem veitt eru í landbúnaði og skráð á lögbýli, á ekki að telja með þegar metið er markaðsvirði bújarðar eða fasteignar sem notuð er til landbúnaðarstarfsemi. Ástæðan er fyrst og fremst sú að slík réttindi má ekki veðsetja, sbr. 4. mgr. 3. gr. laga um samningsveð, nr. 75/1997.

Í 2. mgr. er lagt bann við að sett séu í tryggingasafnið og þar með tekin á skrá skuldabréf ef þau hafa verið í vanskilum í 90 daga eða meira. Með þessu er leitast við að tryggja gæði skuldabréfa í tryggingasafni, enda má ætla að eftir svo langvarandi vanskil stefni í þvingunaraðgerðir til að knýja fram greiðslu.

Nefnd sú er vann drög að frumvarpi þessu ræddi sérstaklega hvort ástæða væri til þess að setja því skorður hvernig blanda mætti saman einstökum flokkum veðskuldabréfa, en reglur um slíkt hafa verið settar í fáeinum löndum. Í flestum löndum er á hinn bóginn ekki að finna slíkar skorður. Niðurstaðan var sú að ekki væri ástæða til þess að setja því aðrar skorður en þær að ef útgefandi hygðist blanda saman flokkum í tryggingasafni bæri honum að geta þess í umsókn um leyfi. Fjármálaeftirlitið gæti þá tekið afstöðu til þess hvort eitthvað væri athugavert við samsetninguna.

Um 8. gr.

Í þessari grein er að finna tillögur að reglum um mat á markaðsvirði þeirra fasteigna, sem eru veðandlög samkvæmt skuldabréfum sem tilgreind eru í 1.–3. tölul. 5. og 7. gr. frumvarpsins. Eins og miðað er við í 7. gr. er markaðsvirði fasteignanna notað við ákvörðun á veðhlutfalli. Í 8. gr. er að finna leiðbeiningarreglur um hvernig markaðsverðið er fundið.

Í 1. mgr. kemur fram sú meginregla að markaðsvirði fasteigna eigi að miðast við söluverð þeirra í viðskiptum. Hafi nýleg viðskipti með sambærilega fasteign átt sér stað yrði almennt unnt að miða við það sem markaðsverð. Þótt slík viðskipti hefðu ekki átt sér stað er líklegt að unnt sé að fullyrða með nokkurri vissu hvert sé markaðsverð margra fasteigna, t.d. íbúðarhúsnæðis á stöðum þar sem viðskipti með fasteignir eru tíð.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um hvernig með skuli fara þegar markaðsvirði fasteignar, metið eftir reglum 1. mgr., liggur ekki fyrir. Í þeim tilvikum skal markaðsvirðið ákvarðað með sérstöku mati. Það mat, eins og reyndar matið skv. 1. mgr., á að vera skriflegt, sbr. 4. mgr. Fyrirmæli eru í þessari málsgrein um að miðað skuli við að mat sé grundvallað á almennum og viðurkenndum aðferðum við mat á markaðsvirði fasteigna. Slíkt mat yrði framkvæmt af sérfróðum mönnum, en ekki þykir rétt að leggja til að matsaðferðir verði bundnar í lögum, enda geta þær breyst með tímanum og verið mismunandi eftir landshlutum. Aðeins er lagt til að byggja megi á gögnum frá Fasteignamati ríkisins og annarri skipulagðri upplýsingaöflun um fasteignaverð. Ástæða þess að áhersla er lögð á gögn frá Fasteignamati ríkisins er sú að þeirri stofnun hefur að lögum verið falið að taka á móti tilkynningum um upplýsingar um eigendaskipti að fasteignum og safna gögnum eftir föngum og vinna úr þeim yfirlitsupplýsingar um gangverð fasteigna við kaup og sölu og breytingar á því. Á stofnunin að birta, eftir því sem við verður komið, niðurstöður þessara rannsókna á fasteignaverði þannig að þær séu aðgengilegar almenningi, sbr. 21. og 23. gr. laga um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001. Stofnunin hefur samkvæmt þessu birt á vefsíðu sinni, www.fmr.is, ýmsar upplýsingar um söluverð fasteigna og þróun þess. Þótt sérstaklega sé skírskotað til hinnar lögboðnu og víðtæku upplýsingaöflunar Fasteignamats ríkisins er sú upplýsingaöflun ekki eini kosturinn. Stærri fjármálafyrirtæki, sem veitt hafa þúsundir fasteignaveðlána, hljóta einnig að safna kerfisbundið upplýsingum um markaðsverð fasteigna og þróun þess. Ekki er verið að útiloka að slíkar upplýsingar geti verið grundvöllur mats á markaðsverði, séu þær trúverðugar. Svo sem fram kemur annars staðar er þetta háð eftirliti sjálfstæðs skoðunarmanns og hlýtur hann því að meta gildi slíkra upplýsinga.

Í 3. mgr. eru reglur um rétt og skyldu hins sjálfstæða skoðunarmanns sem skipaður yrði skv. VIII. kafla laganna til þess að staðreyna að mat skv. 1. og 2. mgr. sé byggt á viðurkenndri aðferðafræði. Hann getur endurmetið eða látið endurmeta slík verðmöt, enda þarf hann sjálfur að vera sannfærður um að markaðsvirði eigna, sem eru veðandlög skuldabréfa í tryggingasafni, séu rétt metin.

Í 4. mgr. er áréttting um að mat á markaðsvirði fasteigna skv. 1. og 2. mgr. greinarinnar skuli vera skriflegt og tilgreint þar á hvaða aðferð er byggt, hver hafi framkvæmt matið og hvenær það hafi farið fram. Krafa um skriflegt mat er óhjákvæmileg til þess að hinn sjálfstæði skoðunarmaður geti sinnt eftirliti sínu, átt aðgang að þeim sem framkvæmdi mat og vitað hvenær það var framkvæmt. Allt eru þetta upplýsingar sem hann þarf til að staðreyna matið.

Um 9. gr.

Í þessari grein eru tvíþættar reglur, annars vegar um reglulegt mat á markaðsvirði eigna sem standa að veði fyrir skuldum í tryggingasafni og hins vegar um skyldu til að gera tilteknar ráðstafanir ef veruleg lækkun verður á markaðsvirði eignanna.

Í 1. mgr. er lagt til að sú skylda hvíli sjálfstætt á útgefanda að hann fylgist reglulega með hvort tilgreint markaðsvirði fasteigna, sem veðsettar eru samkvæmt skuldabréfum í tryggingasafni, sé rétt. Skal hann í því skyni láta endurmeta fasteignirnar reglulega. Enga þýðingu hefur að mæla fyrir um hve oft þetta eigi að gera, eða hvernig, enda háð aðstæðum á markaði. Verður að ætla að útgefandi sé bundinn að þessu leyti við nánari fyrirmæli í samningi sínum við eiganda sértryggða skuldabréfsins sem hefur ríka hagsmuni af því að verðmæti fasteigna sem standa að veði samkvæmt skuldabréfum í tryggingasafni sé ekki minna en skráð mark-

aðsvirði sem veðhlutfallið er upphaflega miðað við. Meginatriðið er að mat á markaðsvirði þeirra fasteigna sem um ræðir sé rétt.

Í 2. mgr. eru tillögur um hvernig með skuli fara ef markaðsvirði fasteigna sem eru veðandlög skuldabréfa í tryggingasafni „lækkar verulega“. Ekki er fært að leggja til nákvæmari reglu en hið tilvitnaða orðalag mælir fyrir um. Ástæðurnar eru m.a. þær að verðsveiflur á fasteignamarkaði eru tíðar þótt sjaldan sé um varanlega lækkun að ræða, en einnig að markaðsverð fasteigna kann að hafa hækkað verulega frá því að skuldabréf var lagt í tryggingasafnið. Þótt lækkun komi í kjölfarið er ekki sjálfgefið að það kalli á leiðréttingu fyrr en orðin er veruleg lækkun frá því markaðsverði sem var er skuldabréfið var lagt í tryggingasafnið. Það er því háð mati hvenær um verulega lækkun sé að ræða. Raunveruleg lækkun er þegar markaðsvirði fasteigna lækkar þannig að veðhlutfallið milli uppreiknaðrar fjárhæðar veðskuldarinnar og markaðsvirðis fasteignarinnar fer að breytast með þeim afleiðingum að veðhlutfallið sem er bundið í 7. gr. frumvarpsins raskast og stenst ekki lengur. Þegar svo er komið að veðhlutfallið samkvæmt fyrirmælum 7. gr. stenst ekki þarf að leiðrétta fjárhæð skuldabréfsins og það getur þýtt að útgefandi þurfi að bæta skuldabréfum í safnið eða staðgöngutryggingum. Í 2. mgr. eru engin fyrirmæli um hvað gera skal þótt veruleg hækkun verði á markaðsvirði fasteigna sem eru veðandlög samkvæmt skuldabréfum í safninu. Það er þó hin sögulega reynsla hér á landi að markaðsvirði fasteigna fari hækkandi, mismikið eftir tímabilum. Það er með öðrum orðum ekki að finna tillögur að fyrirmælum um aðgerðir ef verðmæti tryggingasafnsins eykst og veðhlutfallið batnar. Í V. kafla eru tillögur að svonefndum jöfnunarreglum. Að því leyti sem þau fyrirmæli binda ekki hendur útgefanda yrði honum heimilt í samningi við eiganda sértryggðu skuldabréfanna að gera ráðstafanir með eignir í tryggingasafni þannig að verðmæti þeirra þyrfti ekki að vera hærra en tiltekið hlutfall á móti heildarfjárhæð sértryggðra skuldabréfa sem stofnað er til og eiga tryggingaréttindi í safninu.

Um IV. kafla.

Í þessum kafla er að finna eina grein, með sérreglum um skuldabréf, sem út eru gefin af sveitarfélögum og skuldabréf með ábyrgð þeirra.

Um 10. gr.

Í þessari grein eru tillögur að sérreglum um skilyrði til skuldabréfa sem út eru gefin af sveitarfélögum eða eru með ábyrgð þeirra. Nú, eins og leiðir af 3. tölul. greinarinnar, eru í 73. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, takmarkanir á heimildum sveitarfélaga til þess að gangast í ábyrgðir. Þykir rétt að minna á þessar takmarkanir í lokatölulið greinarinnar.

Í 1. tölul. eru sett einföld skilyrði um fjárhagsstöðu sveitarfélaga til þess að skuldabréf útgefin af þeim megi vera í tryggingasafni. Þá er í 2. tölul. tekið af skarið um að lán sveitarfélags skuli ekki vera í vanskilum. Miðað er við það tímamark þegar skuldabréf er fært í tryggingasafn og sett á skrá skv. VI. kafla frumvarpsins. Ástæður þess að lagt er til að gerðar séu sérstakar kröfur til fjárhags sveitarfélaga til þess að skuldabréf þeirra megi vera í tryggingasafni eru fyrst og fremst þær að meðferð sveitarfélags á fjármunum sínum eru settar verulegar skorður í sveitarstjórnarlögum, m.a. heimildum þess til að veðsetja eignir sínar, heimildum til að gangast í ábyrgðir, heimildum til að gera aðför í eignum sveitarfélaga o.fl. Skýringin er sú að sveitarfélagið þarf að vera fært um að sinna lögboðnum verkefnum sínum. Á hinn bóginn er ekki eðlilegt að útiloka sveitarfélög sem eru með góða fjárhagsstöðu frá því að fjármagna sig eða verkefni á þeirra vegum með útgáfu skuldabréfa sem sett yrðu í trygg-

ingasafn á móti sértryggðum skuldabréfum. Ekki þótti ástæða til að leggja til reglu um að fjárhagsstaða sveitarfélags verði staðfest af löggiltum endurskoðanda, enda liggur slíkt í hlutarins eðli.

Um V. kafla.

Í þessum kafla er að finna tillögur að svonefndum jöfnunarreglum, frekari reglur um mat á eignum í tryggingasafni en er að finna í III. kafla og nokkrar reglur um meðferð eigna í tryggingasafni.

Um 11. gr.

Í greininni er að finna almenna reglu sem mælir fyrir um að uppreiknuð fjárhæð höfuðstóls allra eigna í tryggingasafni, sem er til tryggingar tilteknum flokki sértryggðra skuldabréfa, skuli ávallt nema hærri fjárhæð en uppreiknaðri fjárhæð höfuðstóls viðkomandi flokks. Ekki er í þessu sambandi gert ráð fyrir að taka beri tillit til vaxta eða annarra viðbóta við höfuðstólinn sem falla til í framtíðinni. Hér er aðeins lagt til að uppreiknuð fjárhæð höfuðstóls tryggingasafnsins verði á hverjum tíma að vera hærri en uppreiknuð fjárhæð höfuðstóls hinna sértryggðu skuldabréfa. Ekkert segir um hve mikið hærri hún á að vera, enda er við það miðað að það sé samningsatriði milli útgefanda og eiganda sértryggðu skuldabréfanna. Vera kann að samið sé um að hlutfallið sé 1–1,05 eða 1–1,25, en það gæti t.d. verið háð mati á áhættu á þeim skuldabréfum, sem mega vera í tryggingasafni, eða hvaða staðgöngutryggingar má setja í það.

Um 12. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að lögfest verði almenn regla um mat á eignum í tryggingasafni. Þessi almenna regla kemur til viðbótar matsreglum um markaðsverð fasteigna sem standa til tryggingar samkvæmt skuldabréfum í tryggingasafni og eru í III. kafla. Hin almenna regla hefur að geyma leiðbeiningar um hvaða atriði hafa helst þýðingu við mat á verðmæti eigna í tryggingasafni. Upptalningin er ekki tæmandi, enda tekið fram að höfð skuli hliðsjón af tilgreindum atriðum og einnig skuli taka tillits til „annars sem þýðingu hefur“. Með hæfilegu jafnvægi er skírskotað til þess jafnvægis eða hlutfalls sem um kann að vera samið milli útgefanda og eiganda hinna sértryggðu skuldabréfa. Í lokamálslið þessarar málsgreinar er tekið fram að útgefanda sé heimilt að gera afleiðusamning við þriðja aðila í því skyni að ná því jafnvægi sem um ræðir. Orðið afleiðusamningur eins og það er notað í frumvarpinu er skilgreint í 2. gr. þess og er aðeins notað í þessu sambandi, þ.e. um heimild útgefanda til þess að gera slíkan samning til að ná jafnvægi milli eigna í tryggingasafni og sértryggðra skuldabréfa.

Í 2. mgr. er lagt til að lögfest verði tvíþætt regla. Annars vegar að útgefanda sé skylt að skipuleggja kerfið sem búið er til þannig að afborgarnir og aðrar greiðslur af eignum í tryggingasafni og af afleiðusamningum, sé um þá að ræða, standist á við þær greiðslur sem hann þarf að inna af hendi af hinum sértryggðu skuldabréfum og til gagnaðila afleiðusamninga ef um þá er að ræða. E.t.v. má segja að þessi regla sé sjálfgefin, en rétt þykir að árétta hana. Hins vegar er mælt fyrir um að til að tryggja það jafnvægi greiðslna inn í tryggingasafnið og út úr því, sem hér um ræðir, skuli útgefandi halda afborgunum og öðrum greiðslum af eignum í tryggingasafni aðgreindum frá öðrum eignum sínum, þ.m.t. öðrum tryggingasöfnum og greiðslum samkvæmt þeim. Aðgreiningin er ekki aðeins nauðsynleg til þess að tryggja að fjármunir séu til staðar, heldur einnig til þess að tryggingasafnið geti talist varið safn eigna.

Aðgreiningin ásamt færslu á skrá, sem um er fjallað í VI. kafla, er nauðsynleg til þess að geta haldið uppi vernd gegn lánardrottnum og til þess að unnt sé að halda þessum verðmætum aðskildum ef útgefandi fær heimild til greiðslustöðvunar, hann leitar nauðasamnings við lánardrottna sína eða ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta.

Í 3. mgr. er lögð sú skylda á útgefanda að hann varðveiti fjármuni sem hann fær vegna tryggingasafnsins, þ.e. að afborganir og aðrar greiðslur af eignum í tryggingasafni séu varðveittar á sérstökum reikningi sem einnig skal vera aðgreindur frá öðrum eignum.

Í 4. mgr. er lagt til að útgefanda verði bannað að veðsetja skuldabréf og aðrar eignir í tryggingasafni. Tryggingasafni er komið upp í tilteknu skyni og það þarf að fullnægja skilyrðum sem getið er um í reglum frumvarpsins. Það mundi kollvarpa mati á verðmætum tryggingasafns ef í ljós kæmi að eitthvað af skuldabréfum eða öðrum eignum þar væri veðsett. Bannreglan er til þess fallin að auka trúverðugleika þess regluverks sem smíðað er um hin sértryggðu skuldabréf og tilheyrandi tryggingasafn.

Með sama hætti er lagt til í 5. mgr. að skuldabréf og aðrar eignir í tryggingasafni skuli undanþegnar aðför skuldheimtumanna. Slíkt er nauðsynlegt til þess að vernda tryggingasafnið, auk þess sem ósamræmi væri á milli banns við því að veðsetja eignir í safninu með samningi ef heimilt væri að öðlast aðfararveð í því með fjárnámi.

Um VI. kafla.

Í þessum kafla er ein grein um skrá sem skylt er að halda um allar eignir í tryggingasafni. Annars vegar er mælt fyrir um skyldu til að halda skrá og hins vegar eru settar reglur um efni skrárinnar. Þess skal getið að í 7. tölul. 25. gr. frumvarpsins er lagt til að Fjármálaeftirlitið geti sett nánari reglur um skrá þá sem hér er til umfjöllunar.

Hlutverk þeirrar skrár sem fjallað er um í kaflanum er veigamikið. Eins og fram hefur komið svipar því kerfi, sem frumvarp þetta tekur til, nokkuð til veðsetningar, þ.e. sjálfsvörsluveðs í lausafé. Hæpið er þó að unnt sé að fullnægja reglum laga um samningsveð, nr. 75/1997, í því kerfi sem hér um ræðir, einkum vegna þess að í 23. gr. þeirra laga er eingöngu heimilað að stofna til sjálfsvörsluveðs í einstökum lausafjármunum. Í 3. mgr. 3. gr. laganna um samningsveð er bannað að setja að sjálfsvörsluveði safn muna sem eru samkynja eða ætlaðir til samkynja notkunar og eru auðkenndir með einu almennu nafni. Þegar tekið er tillit til þess að útgefandi getur þurft, eða kosið án þess að þurfa, að skipta út skuldabréfum í tryggingasafni er enn ólíklegra að unnt væri að fylgja til hlítar sérgreiningarreglu veðréttarins. Það kerfi, sem mælt er fyrir um í frumvarpi þessu, hefur að geyma reglu sem hefur sama markmið og reglur laganna um samningsveð, þ.e. að alltaf verði unnt að sanna án sérstakrar fyrirhafnar hvaða eignir tilheyra tryggingasafni. Þetta er í fyrsta lagi gert með reglum V. kafla um aðgreiningu allra eigna í tryggingasafni frá öðrum eignum, svo og með kröfum um aðgreiningu greiðslna sem koma vegna eigna í tryggingasafni. Í öðru lagi er þetta gert með því að halda nákvæma skrá um allar eignir í tryggingasafni og eignir sem greiðst hafa vegna þess og eru t.d. varðveittar á bankareikningi til þess að verða notaðar sem greiðsla af sértryggðu skuldabréfunum.

Um 13. gr.

Í greininni er að finna fyrirmæli um skyldu til að halda sérstaka skrá, en hana skal halda um eftirtalin verðmæti:

1. Sértryggðu skuldabréfin, sem gefin hafa verið út á grundvelli tiltekins leyfis.
2. Skuldabréf í tryggingasafni.

3. Staðgöngutryggingar sem settar hafa verið í tryggingasafn.
4. Peninga og aðrar eignir sem greiddar hafa verið vegna skuldabréfa eða staðgöngutrygginga í tryggingasafni og ekki hafa verið greiddar áfram til eiganda sértryggðra skuldabréfa eða gagnaðila að afleiðusamningi.
5. Afleiðusamninga sé um þá að ræða.

Framangreint ætti að tryggja að allir fjármálagerningar og eignir í kerfinu séu á skrá þeirri sem hér er mælt fyrir um.

Í 1. mgr. eru tillögur að reglum um efni skrárinnar sem halda ber. Þau atriði, sem færa ber í skrána, eru tilgreind í átta töluliðum sem almennt þarfnast ekki skýringa hér. Þess ber þó að geta að þegar í 7. tölul. er talað um að tilgreina þurfi hvernig geymslu peninga og annarra eigna sem mótteknar hafi verið vegna skuldabréfa í tryggingasafni eða staðgöngutrygginga skuli háttað er átt við að tilgreina þurfi reikningsnúmer og aðrar hefðbundnar upplýsingar um bankareikning þann sem féð er varðveitt á.

Í 2. mgr. þessarar greinar eru fyrirmæli um að skuldabréf í tryggingasafni skuli árituð um að þau séu hluti af tilteknu tryggingasafni og hafi verið færð á skrá þá sem fjallað er um í þessum kafla frumvarpsins. Þá skal áritun bera með sér að skuldabréfið standi til tryggingar á tilteknum flokki sértryggðra skuldabréfa. Þessi krafa um áritun á skuldabréfin er í sama skyni gerð og kröfur um aðgreiningu tryggingasafnsins og færslu upplýsinga á skrá. Með því er unnt að tryggja að skuldabréfið verður ekki framselt grandlausum móttakanda. Það yrði vart sett að handveði ef það bæri slíka áritun. Ef skuldabréfi yrði skipt út úr tryggingasafninu yrði áritunin afmáð.

Um VII. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um réttarstöðu útgefanda, eiganda sértryggðra skuldabréfa og annarra kröfuhafa útgefanda ef bú hans verður tekið til gjaldþrotaskipta. Óhjákvæmilegt þykir að leggja til að lögfestar verði ítarlegar reglur um hvernig farið skuli með tryggingasafnið og aðrar eignir í kerfinu ef bú útgefanda verður tekið til gjaldþrotaskipta, svo og hvernig staðið verður að fullnustu á hinum sértryggðu skuldabréfum. Í stuttu máli má segja að um tryggingasafnið og fullnustu hinna sértryggðu skuldabréfa gildi sömu efnisreglur og mundu gilda ef tryggingasafnið væri veðsett til tryggingar hinum sértryggðu skuldabréfum. Í því felst að tryggingasafnið, og allar eignir tengdar því, verður áfram til þrátt fyrir töku bús til gjaldþrotaskipta. Eignir í tryggingasafni breytast smám saman í peninga sem notaðir verða til þess að greiða upp hin sértryggðu skuldabréf. Allur kostnaður skiptastjóra af umsýslu við eignir í tryggingasafni og hin sértryggðu skuldabréf greiðist af eignum í tryggingasafni. Ef eitthvað verður eftir, sem almennt yrði, þá mundi það renna inn í búið og verða þar til skipta til annarra kröfuhafa eftir reglum um skuldaröð. Ef eignir í tryggingasafni mundu ekki duga til að greiða hin sértryggðu skuldabréf að fullu yrðu eftirstöðvar þeirra almennar kröfur í búið. Segja má að allar reglur þessa kafla miði að því að tryggja að framgangur skiptanna verði sem hér hefur verið lýst.

Um 14. gr.

Í þessari grein er gerð tillaga að reglu um að þótt bú útgefanda verði tekið til skipta, þá falli kröfur samkvæmt hinum sértryggðu skuldabréfum ekki í gjalddaga. Slíkt mundi ella gerast, sbr. 1. mgr. 99. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, en þar segir að allar kröfur á hendur þrotamanni falli sjálfkrafa í gjalddaga við uppkvaðningu úrskurðar um að búið sé tekið til gjaldþrotaskipta, án tillits til þess, sem kann að hafa verið umsamið eða ákveðið með

öðrum hætti. Hér er sem sagt lagt til að vikið verði frá þessari reglu. Verði frumvarp þetta að lögum yrðu þau sérlög, svo sem áður greinir, en í því felst að þessi sérregla gengi framar hinni almennu reglu laganna um gjaldþrotaskipti o.fl.

Rökin fyrir þessari reglu eru þau að það er algerlega nauðsynlegt fyrir útgefanda og bú hans, verði það tekið til gjaldþrotaskipta, að hin sértryggðu skuldabréf verði ekki gjaldfelld. Ef svo væri mundi það þýða að skiptastjóri í búinu þyrfti að selja allar eignir í tryggingasafni til þess að geta greitt eiganda hins gjaldfellda sértryggða skuldabréfs. Ef selja ætti þúsundir veðskuldabréfa í einni svipan er ljóst að afföll á þeim yrðu veruleg og mundi slíkt baka búinu mikið tjón. Hér er því lagt til að farin verði sú leið að hin sértryggðu skuldabréf gjaldfalli ekki, heldur greiðist af þeim áfram af eignum úr tryggingasafni óháð skiptum á öðrum eignum búsins.

Í lok greinarinnar er þó lagt til að heimilt verði að semja sérstaklega um að sértryggð skuldabréf gjaldfalli ef bú útgefanda yrði tekið til skipta.

Um 15. gr.

Í greininni eru ákvæði um stöðu eiganda sértryggðra skuldabréfa við skipti á búi útgefanda, en einnig ef svo færi að útgefandi leitaði eftir nauðasamningi við kröfuhafa sína. Í stuttu máli má segja að reglur greinarinnar lúti að því að gera réttarstöðu eiganda sértryggðra skuldabréfa og útgefanda sem allra líkasta því að hann hefði veðrétt í tryggingasafninu.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um stöðu sértryggðra skuldabréfa í skuldaröð við skipti á búi útgefanda. Tryggingasafnið, og eignir í því, er sérvarið safn og hin sértryggðu skuldabréf njóta bæði tryggingaréttar og sérstaks fullnusturéttar í því. Er mælt fyrir um í þessari málsgrein að staða hinna sértryggðu skuldabréfa fari eftir 111. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., þ.e. þau njóti sömu stöðu til fullnustu af verðmæti eigna í tryggingasafni og veðkrafa nýtur af andvirði veðsettrar eignar.

Í 2. mgr. er, til samræmis við framangreint, lagt til að ef útgefandi leitar nauðasamninga við lánardrottna sína hafi eigandi sértryggðra skuldabréfa í því ferli sömu stöðu og veðhafi, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 28. gr. laga um gjaldþrotaskipta o.fl. Í því felst að hann hefur ekki atkvæðisrétt um nauðasamninginn, enda eru það bara almennir kröfuhafar sem nauðasamningurinn snertir, hann hefur ekki áhrif á t.d. veðkröfur.

Um 16. gr.

Í þessari grein eru tillögur að reglum um hvernig skiptastjóri í búi útgefanda á að bera sig að við umsýslu þeirra eigna og samninga sem frumvarpið tekur til.

Í 1. mgr. er efnislega sagt að skiptastjóri eigi að halda eignum aðgreindum með sama hætti og reglur frumvarpsins gera ráð fyrir að útgefanda sé skylt að gera þegar hann fer sjálfur með forræði á búi sínu. Ber skiptastjóra að annast eignir í tryggingasafni, innheimta afborgarnir af þeim og efna skuldbindingar við eiganda sértryggðu skuldabréfanna með sama hætti og samningsskilmálar og leyfi Fjármálaeftirlitsins gera ráð fyrir. Skiptastjóra ber því einnig að halda við þeirri skrá sem mælt er fyrir um í VI. kafla. Á hinn bóginn er ljóst að skiptastjóri getur ekki sett staðgöngutryggingar í safnið eftir að bú útgefanda hefur verið tekið til skipta. Liggur í því áhætta fyrir eiganda sértryggðu skuldabréfanna, en við þessu verður ekkert gert, enda gengi það ekki upp að heimila skiptastjóra að ráðstafa eignum búsins í tryggingasafnið, einungis til hagsbóta fyrir eiganda sértryggðra skuldabréfa.

Í 2. mgr. segir að skiptastjóri skuli einnig halda afleiðusamningum sem gerðir hafa verið vegna tryggingasafnsins aðgreindum frá öðrum eignum búsins. Þarfnast þetta ekki skýringa.

Um 17. gr.

Í þessari grein er með svipuðum hætti og í 16. gr. lagt til að skiptastjóri, umsjónarmaður með nauðasamningsumleitunum og aðstoðarmaður við greiðslustöðvun sjái til þess að skuldbindingar við eiganda sértryggðra skuldabréfa og gagnaðila í afleiðusamningum verði efndar réttilega.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um skyldu til að halda áfram efndum á sértryggðum skuldabréfum þótt útgefandi leiti nauðasamnings við lánardrottna sína og þótt bú útgefanda verði tekið til gjaldþrotaskipta. Eins og fyrr segir mundi „rekstur“ tryggingasafnsins og eigna sem koma í stað þess haldast óbreyttur þrátt fyrir skiptin, svo og efndir á sértryggðum skuldabréfum og á afleiðusamningi, ef um hann er að ræða. Eina frávikið er að ekki væri heimilt að setja staðgöngutryggingar í tryggingasafnið eftir að bú útgefanda hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta. Það er skilyrði, eins og ella, að eignir séu færðar á skrá um safnið skv. VI. kafla.

Í 2. mgr. er að finna fyrirmæli til aðstoðarmanns útgefanda ef sá síðarnefndi fær heimild til greiðslustöðvunar. Þar sem kröfur samkvæmt sértryggðum skuldabréfum teldust að jafnaði almennar kröfur væri óheimilt að greiða afborganir og vexti af þeim, þ.e. það væri óheimilt að efna skuldbindingar samkvæmt þeim, svo og samkvæmt afleiðusamningum. Verður því að koma til regla, eins og sú sem hér er gerð tillaga um, þannig að á greiðslustöðvunartíma megi halda „rekstri“ tryggingasafnsins áfram og nota fjármuni í því til að greiða af sértryggðum skuldabréfum og afleiðusamningum.

Um 18. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um að greiðslur, sem útgefandi móttekur eftir frestdag, þ.e. afborganir eða vextir af skuldabréfum í tryggingasafni eða greiðslur vegna staðgöngutrygginga, eða vegna afleiðusamninga, skuli færðar á skrá skv. VI. kafla. Í því felst að hann á að meðhöndla þessar greiðslur eins og þær greiðslur sem hann móttekur fyrir frestdag. Af þessu leiðir líka að hann á að halda þessum greiðslum aðgreindum og þær á að nota til að efna skuldbindingar samkvæmt hinum sértryggðu skuldabréfum, eða afleiðusamningi ef því er að skipta.

Um 19. gr.

Í þessari grein er tekið af skarið um hver staða tryggingasafnsins og eigna sem í því eru eða koma til vegna þess, svo sem afborgarnir og vextir af skuldabréfum, er andspænis riftunarreglum XX. kafla laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991. Meginreglan, sem hér er lagt til að lögfest verði, er sú að allar ráðstafanir sem tengjast „rekstri“ tryggingasafnsins og þess kerfis sem komið er á fót í tengslum við það, þ.e. sértryggðum skuldabréfum og afleiðusamningum, séu ekki riftanlegar þótt þær færu ella í bága við reglur framangreinds kafla í lögum um gjaldþrotaskipti o.fl.

Nánar tiltekið er sérstaklega tekið fram að:

- ráðstafanir útgefanda sem felast í afhendingu verðmæta í tryggingasafn eða afhendingu staðgöngutrygginga í safnið,
- ráðstafanir útgefanda sem felast í afhendingu verðmæta (greiðslu) úr tryggingasafni til réttra efnda á sértryggðu skuldabréfi sem því tengist,
- ráðstafanir útgefanda sem felast í afhendingu verðmæta (greiðslu) úr tryggingasafni til réttra efnda á afleiðusamningi, sem gerður kann að hafa verið og tengist safninu,

– greiðslur, sem gagnaðili útgefanda (þrotabús) að afleiðusamningi greiðir samkvæmt efni samningsins til útgefanda (þrotabús), séu ekki riftanlegar samkvæmt ákvæðum XX. kafla laga um gjaldþrotaskipti o.fl.

Regla sem þessi er óhjákvæmileg til þess að tryggja að safnið haldist óbreytt til fullnustu á hinum sértryggðu skuldabréfum. Tekið skal fram að engu mundi skipta þótt peningar, sem greiðst hefðu af eignum í tryggingasafni og væru sérgreindir á reikningi og á skrá skv. VI. kafla, yrðu notaðir til að greiða af sértryggðu skuldabréfunum. Slík ráðstöfun væri ekki riftanleg samkvæmt því sem segir í greininni.

Um 20. gr.

Í þessari grein er tillaga að því hvernig skiptakostnaður á að greiðast. Er lagt til að beitt verði sömu reglum og mundu gilda um skiptakostnað vegna umsýslu með veðsettar eignir þrotabús, sbr. 3. mgr. 111. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991. Í því felst að allur kostnaður við skiptin, sem fellur til vegna vinnu eða „reksturs“ tryggingasafnsins og þess kerfis sem sniðið er í kringum það, á að greiðast af verðmætum í safninu. Gengur skiptakostnaðurinn framar kröfum samkvæmt sértryggðu skuldabréfunum í safnið, sbr. síðasttilvitnaða lagagrein. Á hinn bóginn greiðist annar skiptakostnaður í búi útgefanda ekki af eignum í tryggingasafni, þ.e. ekki fyrr en búið er að fullnusta sértryggðu skuldabréfin og þann afleiðusamning (þá afleiðusamninga) sem kann að hafa verið gerður. Sá skiptakostnaður sem fellur til vegna vinnu við aðrar eignir búsins á að greiðast af verðmæti annarra eigna en eru í tryggingasafni eða koma í þeirra stað.

Um VIII. kafla.

Í þessum kafla eru þrjár greinar sem allar fjalla um sjálfstæðan skoðunarmann sem skipa skal í hvert sinn sem veitt er leyfi til útgáfu sértryggðra skuldabréfa. Ekkert mælir gegn því að sami skoðunarmaðurinn hafi eftirlit á grundvelli fleiri en eins leyfis, þ.e. hjá einum og sama útgefanda. Hlutverk skoðunarmanns er mikilvægt enda á hann að sjá til þess að farið sé að lögum við útgáfu og „rekstur“ þess kerfis sem komið er á fót með útgáfu sértryggðra skuldabréfa og tryggingasafns. Hinn sjálfstæði skoðunarmaður er á vettvangi, ef svo má segja, þ.e. hann hefur heimildir til þess að kanna gögn á starfsstöð útgefanda. Til viðbótar reglum þessa kafla skal bent á að í 8. tölul. 25. gr. er gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið setji reglur um hæfisskilyrði hins sjálfstæða skoðunarmanns og skyldur hans og um efni og form skýrslna hans til Fjármálaeftirlitsins.

Um 21. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um skipun sjálfstæðs skoðunarmanns. Skoðunarmaðurinn er hluti af hinu opinbera eftirliti með þeirri starfsemi sem hér um ræðir, enda er hann skipaður af Fjármálaeftirlitinu og ber að gefa því skýrslur um störf sín. Skoðunarmaðurinn eykur almennt séð trúverðugleika þess kerfis, sem hér um ræðir. Í þessu frumvarpi er ekki að finna tillögur að reglum um skoðunarmann á vegum eiganda hinna sértryggðu skuldabréfa eða á vegum gangaðila í afleiðusamningum. Vel má vera að skoðunarmenn verði á þeirra vegum, en skoðun eða eftirlit þeirra yrði einungis byggt á samningi þeirra í millum.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um Fjármálaeftirlitið skuli skipa sjálfstæðan skoðunarmann til eftirlits með sérhverjum útgefanda sem fengið hefur leyfi til útgáfu sértryggðra skuldabréfa. Í hverju tilviki sem leyfi er veitt til útgáfu sértryggðra skuldabréfa þarf að skipa slíkan skoðunarmann. Svo sem orðalagi er háttað er við það miðað að einn og sami skoðunarmaður sinni

hverjum útgefanda. Er litið svo á að það sé heppileg skipan mála. Jafnframt er ákvæði um afturköllun á leyfi hins sjálfstæða skoðunarmanns ef það er mat Fjármálaeftirlitsins að hann sinni ekki skyldum sínum eða starfi hans sé betur borgið hjá öðrum. Loks eru í þessari málsgrein ákvæði um þóknun til skoðunarmanns sem ekki þarfnast skýringa.

Í 2. mgr. er að finna ákvæði sem eiga að tryggja nokkurs konar andmælarétt útgefanda áður en sjálfstæður skoðunarmaður er skipaður til eftirlits með útgáfu sértryggðra skuldabréfa og uppbyggingu og „rekstri“ tilheyrandi tryggingasafns. Jafnframt er lögð sú skylda á útgefanda að gera Fjármálaeftirlitinu grein fyrir því hvort sá sem til álita kemur að skipa sem sjálfstæðan skoðunarmann hafi einhver þau tengsl við útgefanda eða helstu fyrirsvarsmenn hans að það geti haft áhrif á hæfi hans. Sem fyrr segir er gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið geti sett reglur um hæfi hins sjálfstæða skoðunarmanns.

Um 22. gr.

Í þessari grein eru tillögur að reglum um helstu verkefni hins sjálfstæða skoðunarmanns. Segja má að helstu verkefni skoðunarmanns séu tvíþætt, þ.e. annars vegar að ganga úr skugga um að mat á veðtryggingum skuldabréfa í tryggingasafni byggist á réttri aðferð, sbr. 3. mgr. 8. gr. frumvarpsins, og hins vegar að veita Fjármálaeftirlitinu upplýsingar sem hann fær í starfi sínu svo oft sem mælt er fyrir um í skipunarbréfi hans, eða oftar ef þörf krefur. Þess skal getið að verkefni hins sjálfstæða skoðunarmanns geta verið viðameiri. Fjármálaeftirlitið hefur heimild til þess að setja reglur, m.a. um skyldur hans. Það gæti því útfært skyldurnar nánar en gert er í þessari grein.

Um 23. gr.

Í þessari grein eru reglur um heimildir sjálfstæðs skoðunarmanns til aðgangs að upplýsingum og gögnum hjá útgefanda, að því leyti sem hann telur þurfa. Er lagt fyrir útgefanda að veita honum allar upplýsingar sem hann óskar eftir og varða útgáfu sértryggðra skuldabréfa og tryggingasafnið. Eins og áður hefur komið fram getur skoðunarmaður framkvæmt þá athugun á vettvangi, þ.e. hjá útgefanda, sem hann telur þörf á til að fullnægja skyldum sínum.

Hinn sjálfstæði skoðunarmaður er bundinn þagnarskyldu vegna starfs síns og er um það hefðbundið ákvæði í 2. mgr. þessarar greinar. Fái skoðunarmaður aðstoð við starfa sinn gilda sömu reglur um aðstoðarmanninn.

Um IX. kafla.

Í þessum kafla er að finna tillögur að reglum um eftirlit Fjármálaeftirlitsins og heimildir þess.

Um 24. gr.

Í greininni er kveðið á um að Fjármálaeftirlitið annist eftirlit með lögunum, þ.m.t. með því að útgefandi fylgi ákvæðum sem um hann gilda. Tekið er fram að um eftirlitið fari samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Samkvæmt þeim lögum hefur Fjármálaeftirlitið víðtækar og skýrar heimildir til þess að fylgjast með því að starfsemi á fjármálamarkaði sé í samræmi við lög, reglugerðir, reglur eða samþykktir sem um starfsemina gilda. Fjármálaeftirlitið hefur einnig heimild í 9. gr. téðra laga til þess að skipa sérfræðing til þess að gera athuganir á tilteknum þáttum í rekstri hins eftirlitsskylda aðila. Þá hefur Fjármálaeftirlitið heimild skv. 11. gr. laganna til að leggja févíti á aðila sem brjóta gegna ákvörð-

unum sem teknar hafa verið af Fjármálaeftirlitinu. Samkvæmt 18. gr. lagnna getur aðili, sem ekki vill una ákvörðun Fjármálaeftirlitsins, höfðað mál til ógildingar henni fyrir dómstólum. Mál skal höfðað innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðun Fjármálaeftirlitsins. Málshöfðun frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar Fjármálaeftirlitsins, né heimild til aðfarar samkvæmt henni.

Þótt frumvarp þetta feli í sér sérreglur ber ekki að túlka þær svo að ákvæði frumvarpsins um sjálfstæðan skoðunarmann og eftirlit Fjármálaeftirlitsins komi í stað ákvæða í lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Þvert á móti koma reglur frumvarpsins til viðbótar og fyllingar.

Um 25. gr.

Í greininni eru ákvæði um heimildir Fjármálaeftirlitsins til þess að setja reglur samkvæmt lögunum. Vikið er að einstökum töluliðum í þessari grein á viðeigandi stöðum í frumvarpinu.

Um 26. gr.

Í þessari grein eru reglur um afturköllun á leyfi Fjármálaeftirlitsins til útgefanda um útgáfu sértryggðra skuldabréfa. Í greininni er fyrst og fremst miðað við afturköllun leyfis í þeim tilvikum sem það hefur verið veitt, en engin útgáfa enn farið fram. Þó er ekki girt fyrir að 4. mgr. geti átt við í tilvikum þar sem útgáfa sértryggðra skuldabréfa á grundvelli leyfis er hafin.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um að afturkalla skuli leyfi til útgáfu sértryggðra skuldabréfa í tveimur tilgreindum tilvikum, þ.e.

– ef útgáfa er ekki hafin innan árs frá því að leyfi til hennar var gefið út, eða
– ef sá er fengið hefur leyfi lýsir því yfir að hann muni ekki gefa út sértryggð skuldabréf á grundvelli þess.

Í 2. mgr. er lagt til að Fjármálaeftirlitið geti látið nægja, í stað leyfissviptingar, að veita leyfishafa (útgefanda) tiltekinn frest til útgáfunnar, en að liðnum þessum fresti geti það afturkallað leyfið. Líklegt verður að telja að þessi heimild komi ekki til álita þegar því er lýst yfir að heimild til útgáfu á grundvelli leyfis verði ekki nýtt, heldur aðeins þegar dráttur verður á útgáfu sértryggðra skuldabréfa sem fyrirhugað er að gefa út. Meðalhófsregla í stjórnsýslu leiðir til þess að líklegt er að Fjármálaeftirlitið muni í þeim tilvikum almennt veita tiltekinn frest, áður en til afturköllunar leyfis kemur.

Í 3. mgr. er lagt til að Fjármálaeftirlitið hafi heimild til að afturkalla leyfi til útgáfu sértryggðra skuldabréfa ef fjárhagslegar forsendur útgefanda, sem leyfisveiting var reist á, hafa breyst. Verður Fjármálaeftirlitið að leggja mat á þetta atriði og getur við það mat stuðst við reglur sem því er heimilt að setja skv. 1. tölul. 25. gr. frumvarpsins.

Í 4. mgr. er Fjármálaeftirlitinu heimilað að afturkalla leyfi ef útgefandi gerist brotlegur við ákvæði frumvarpsins. Það er afar mikilvægt fyrir Fjármálaeftirlitið að hafa ótvíræðar heimildir til leyfissviptingar og láta ekki viðgangast brot á reglum um starfsemina, enda eru miklir hagsmunir í húfi og mikilvægt að unnt sé að grípa strax í taumana ef hlutir byrja að fara úrskeiðis. Virk úrræði eftirlitsaðila er hluti af trúverðugleika slíks kerfis.

Um 27. gr.

Ef útgáfa sértryggðra skuldabréfa er hafin og búið er að leggja skuldabréf í tryggingasafn þarf, ef leyfi útgefanda er afturkallað, að taka ákvörðun um hvernig farið skuli með tryggingasafnið og efndir á sértryggðum skuldabréfum. Um getur verið að ræða mikla hagsmuni

sem leiða verður til lykta án þess að tjóni sé valdið umfram það sem óhjákvæmilegt kann að vera. Í þessari grein er lagt til að Fjármálaeftirlitið ákveði hvernig binda skuli enda á þá starfsemi sem stofnað hefur verið til á grundvelli leyfis sem veitt hefur verið. Er lagt til að það geti tilnefnt nýjan vörsluaðila að tryggingasafni og að því verði heimilt að grípa til annarra þeirra ráðstafana sem það metur nauðsynlegar til þess tryggja réttindi þeirra sem eiga sértryggð skuldabréf útgefin af þeim sem leyfi er sviptur. Í húfi eru einnig hagsmunir hluthafa útgefanda, ef við á, og annarra lánardrottna hans.

Um 28. gr.

Í þessari grein eru reglur um tilvik þar sem skuldabréf eru gefin út sem bera öll eða flest einkenni sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu að sértryggð skuldabréf beri, án þess að leyfi hafi verið veitt til þess. Skal þá Fjármálaeftirlitið mæla fyrir um að slíkri starfsemi verði þegar hætt. Í 2. mgr. er mælt fyrir um að slík útgáfa hafi ekki þau réttaráhrif sem mælt er fyrir um í VII. kafla frumvarpsins ef til skipta á búi útgefanda kemur. Hér skal áréttað það sem áður hefur komið fram, að sértryggð skuldabréf er ekki hið sama og „samningsbundin sértryggð skuldabréf“ (e. structured covered bonds) enda bera þau og það kerfi sem upp er komið vegna þeirra ekki sömu einkenni og sértryggð skuldabréf. Hefur því samþykkt frumvarps þessa ekki áhrif á þá útgáfu samningsbundinna sértryggðra skuldabréfa sem a.m.k. tvö íslensk fjármálafyrirtæki hafa gefið út til þessa.

Um 29. gr.

Í þessari grein er tillaga að reglum um að ef sá sem fengið hefur leyfi til að gefa út sértryggð skuldabréf hyggst gefa út skuldabréf með forgangsrétti kröfuhafa til einstakra eigna útgefandans verði hann að tilkynna það til Fjármálaeftirlitsins. Ber þeim sem hyggur á slíka útgáfu að tilkynna það til Fjármálaeftirlitsins og gera þar grein fyrir sömu atriðum og ef hann væri að sækja um leyfi til útgáfu sértryggðra skuldabréfa. Lagt er til að Fjármálaeftirlitið geti bannað slíka útgáfu ef það álítur hana stofna hagsmunum annarra lánardrottna í hættu.

Um 30. gr.

Í þessari grein eru fyrirmæli um greiðslu kostnaðar Fjármálaeftirlitsins við útgáfu leyfis samkvæmt lögum þessum, þ.m.t. eftirlit hins sjálfstæða skoðunarmanns. Tillagan tekur mið af 7. gr. laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Um X. kafla.

Í kaflanum eru þrjár greinar, um stjórnvaldssektir, sáttir og frest til álagningar stjórnvaldssekta.

Um 31. gr.

Í greininni er lagt til að tiltekin brot gegn lögunum varði stjórnvaldssektum. Gert er ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið geti lagt stjórnvaldssektir á útgefendur ef þeir hafa brotið gegn 2. mgr. 7. gr. um samsetningu tryggingasafns, 9. gr. um reglubundið mat á markaðsvirði veðtryggðra eigna í tryggingasafni, 2.–4. mgr. 12. gr. um meðferð á tryggingasafni, 13. gr. um skyldu til að halda skrá eða 1. mgr. 23. gr. um upplýsingaskyldu. Í 32. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að lögfest verði heimild til handa Fjármálaeftirlitinu til að ljúka málum með sátt. Því er talið rétt að Fjármálaeftirlitið geti lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki eða einstaklinga ef þau fara ekki eftir ákvæðum sáttarinnar.

Í 2. mgr. greinarinnar er kveðið á um álagningu stjórnvaldssekta. Í málsgreininni er lagt til að sektir sem lagðar eru á útgefendur geti numið frá 50 þús. kr. til 50 millj. kr. Þegar fjallað er um sektarfjárhæðirnar er rétt að hafa í huga að hámarkssektum samkvæmt ákvæðinu verður ekki beitt nema sem viðurlögum við allra alvarlegustu brotunum sem Fjármálaeftirlitið leggur stjórnvaldssektir við. Í 2. málsl. 2. mgr. koma fram þau atriði sem hafa skal til hliðsjónar við ákvörðun sekta. Upptalning ákvæðisins er ekki tæmandi, en þar kemur fram að tekið skuli tillit til alvarleika brots, hvað brot hefur staðið lengi, samstarfsvilja hins brotlega aðila og hvort um er að ræða ítrekað brot. Í 3. málsl. er kveðið á um að stjórn Fjármálaeftirlitsins skuli taka ákvarðanir um stjórnvaldssektir og að sektirnar séu aðfararhæfar. Þá er í 4. málsl. kveðið á um að sektir skuli renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtuna, en eðlilegt þykir að innheimtukostnaður, sem oft getur verið allnokkur og stofnunin ber kostnað af, renni til hennar. Loks er lagt til í 5. og 6. málsl. 2. mgr. að mælt verði fyrir um greiðslu dráttarvaxta af fjárhæð stjórnvaldssekta sem Fjármálaeftirlitið leggur á. Er lagt til að dráttarvextir byrji að reiknast eftir mánuð frá ákvörðun Fjármálaeftirlitsins og að um ákvörðun og útreikning þeirra fari eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

Í 3. mgr. greinarinnar er kveðið á um að stjórnvaldssektum verði beitt hvort sem lögbrot er framið af ásetningi eða gáleysi. Þó er ljóst að alvarleiki brots ræður miklu við ákvörðun um fjárhæð stjórnvaldssekta og að stjórnvaldssektir fyrir gáleysisbrot verða almennt lægri en fyrir ásetningsbrot.

Um 32. gr.

Í greininni er lagt til að mælt verði fyrir um heimildir til handa Fjármálaeftirlitinu til að ljúka málum með sátt. Í tillögunni er ekki aðeins gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitinu verði heimilt að bjóða málsaðilum að ljúka málum með sátt um hæfilega sektargreiðslu, heldur er ætlunin að Fjármálaeftirlitið geti beitt öllum þeim úrræðum sem það hefur lögum samkvæmt þegar málum er lokið með sátt. Til að unnt sé að ljúka málum með sátt verður samþykki málsaðila að liggja fyrir. Sátt er því ekki einhliða ákvörðun stjórnvalds, heldur koma hlutaðeigandi málsaðilar einnig að henni. Því er lagt til að kveðið verði skýrt á um að hún sé bindandi fyrir aðila, þegar hann hefur samþykkt sáttina og staðfest efni hennar með undirskrift sinni. Gert er ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið setji nánari reglur um framkvæmd ákvæðisins.

Um 33. gr.

Í greininni er lagt til að kveðið verði á um að heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir falli niður þegar sjö ár eru liðin frá því að háttsemi lauk. Við afmörkun þess hvenær háttsemi lauk ber að taka mið af meginreglum refsiréttar og fjármálamarkaðsréttar um það atriði. Af því leiðir að ef um samfellda brotastarfsemi eða ástandsbrot er að ræða telst broti ekki lokið fyrr en hinu ólögmæta ástandi linnir og upphaf fyrningarfests telst þá einnig frá þeim tíma.

Í 2. mgr. greinarinnar er kveðið á um að tilkynning Fjármálaeftirlitsins til aðila um rannsókn á meintu brot rjúfi fyrningu. Reglan á sér að nokkru leyti hliðstæðu í 4. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga. Einnig er kveðið á um að rof fyrningarfrests hafi réttaráhrif gagnvart öllum sem staðið hafa að broti. Af því leiðir að þótt rannsókn beinist í upphafi að einum aðila hindra fyrningarreglur ekki að lögð verði stjórnsýsluviðurlög á aðra aðila sem síðar kemur í ljós að stóðu einnig að broti. Rétt er að taka fram að þótt réttur Fjármálaeftirlitsins til álagningar stjórnvaldssekta sér fyrndur koma ákvæði þessarar greinar ekki í veg fyrir að Fjármála

eftirlitið fjalli efnislega um mál og kveði upp úr um það hvort tiltekin háttsemi hafi falið í sér brot gegn lögum um fjármálafyrirtæki.

Um 34. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um sértryggð skuldabréf.

Frumvarpið er niðurstaða starfshóps sem viðskiptaráðherra skipaði en hópnum var ætlað að semja drög að lagafrumvarpi um sértryggð skuldabréf. Tilgangur frumvarpsins er að skapa umgjörð til þess að viðskiptabankar, sparisjóðir eða lánafyrirtæki geti hlotið leyfi til þess að gefa út sértryggð skuldabréf sem hafi sérstakan tryggingar- og fullnusturétt í safni eigna sem tilheyra útgefanda hins sértryggða skuldabréfs. Samkvæmt frumvarpinu skal Fjármálaeftirlitið skipa sjálfstæðan skoðunarmann sem hefur eftirlit með sérhverjum útgefanda sem fengið hefur leyfi til að gefa út sértryggð skuldabréf og skal útgefandi greiða honum þóknun fyrir starf sitt. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitinu verði heimilt að leggja á stjórnvaldssektir vegna brota á tilteknum greinum frumvarpsins sem geta numið frá 50 þús. kr. til 50 m.kr. og renni í ríkissjóð.

Gert er ráð fyrir því að kostnaður Fjármálaeftirlitsins vegna eftirlits aukist óverulega og að sá kostnaður verði fjármagnaður með eftirlitsgjaldi samkvæmt lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 99/1999. Í 30. gr. frumvarpsins er kveðið á um gjaldtöku á útgefendur sértryggðra skuldabréfa sem mun færast á tekjuhlið ríkissjóðs, en gjaldinu verður varið til að fjármagna kostnað Fjármálaeftirlitsins við móttöku umsókna, úrvinnslu og útgáfu leyfa. Áætlað er að sá kostnaður verði á bilinu 1–2 m.kr. Verði frumvarpið óbreytt að lögum er því ekki gert ráð fyrir að það hafi áhrif á afkomu ríkissjóðs.

212. Fyrirspurn [197. mál]

til félagsmálaráðherra um félagslegar leiguíbúðir.

Frá Birki J. Jónssyni

Hvað voru margar félagslegar leiguíbúðir á hverja 1.000 íbúa í árslok 1998 annars vegar og í árslok 2006 hins vegar:

1. í Reykjavík,
2. í Garðabæ,
3. á Seltjarnarnesi?

Skriflegt svar óskast.

213. Fyrirspurn [198. mál]

til fjármálaráðherra um úthýsingu verkefna á vegum ríkisins.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

Er stefna nýrrar ríkisstjórnar um úthýsingu verkefna á vegum ríkisins óbreytt frá því sem var í tíð fyrri ríkisstjórnar?

214. Fyrirspurn [199. mál]

til umhverfisráðherra um starfshóp ráðherra um loftslagsmál.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

Hvernig miðar vinnu starfshóps ráðherra um loftslagsmál sem settur var á stofn í september sl. til að móta samningsmarkmið Íslands í væntanlegum viðræðum um samkomulag um loftslagsmál eftir 2012, og hvenær er ráðgert að hópurinn skili af sér?

215. Fyrirspurn [200. mál]

til dómsmálaráðherra um móttöku og vernd flóttafólks og hælisleitenda.

Frá Árna Þór Sigurðssyni.

Með hvaða hætti hyggst ráðherra bregðast við áskorun fjölmargra frjálsra norrænna mannréttindasamtaka um norrænt átak til að tryggja fólki sem flýr vopnuð átök þá vernd og hæli eins og því ber samkvæmt flóttamannasamningi Sameinuðu þjóðanna?

216. Fyrirspurn [201. mál]

til iðnaðarráðherra um nýjar reglur Evrópusambandsins á sviði orkumála.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hefur iðnaðarráðuneytið fylgst með áformum Evrópusambandsins um setningu nýrra reglna á sviði orkumála, sbr. kynningu framkvæmdastjórnar ESB 19. september sl.?
2. Hvaða áhrif mundu slíkar reglur hafa hér á landi?
3. Kemur til greina að Ísland leiti eftir undanþágu frá hinum væntanlegu reglum?

217. Fyrirspurn [202. mál]

til utanríkisráðherra um vopnaburð herflugvéla.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Liggur fyrir hvort erlendar orustuflugvélar, sem ríkisstjórnin hyggst fá hingað til svokallaðs loftrýmiseftirlits eða æfinga, munu bera vopn? Ef svo er, um hvers konar vopn, skotvopn, flaugar og sprengiodda verður þá að ræða?
2. Verður leyft að æfa vopnanotkun á íslensku yfirráðasvæði? Ef svo er, hvaða reglur munu þá gilda um slíkt, sem og um vopnaburðinn sjálfan?

218. Frumvarp til laga [203. mál]

um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þá er nefndinni heimilt að verðleggja einstakar vörutegundir þannig að þær skili mismunandi framlegð.
b. 3. mgr. fellur brott.

2. gr.

19. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

22. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2008. Þó öðlast 2. gr. gildi 1. janúar 2008.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt núgildandi 19. gr. búvörulaga er lagt á verðmiðlunargjald, 0,65 kr., á hvern lítra af mjólk sem lögð er inn í afurðastöð innan greiðslumarks. Gjaldinu hefur síðan í fyrsta lagi verið ráðstafað til afurðastöðva sem rekstrarstyrkir, þar sem aðstæður hafa verið erfiðar. Síðustu ár hafa einungis afurðastöðvarnar á Ísafirði og Vopnafirði notið þessa hluta verðmiðlunarinnar. Nú hefur afurðastöðin á Vopnafirði verið lögð niður og í kjölfar stofnunar nýs rekstrarfélags í mjólkuriðnaði, MS ehf., sem afurðastöðin á Ísafirði varð hluti af, eru ekki lengur forsendur fyrir þessari ráðstöfun. Í öðru lagi hefur gjaldið verið nýtt til jöfnunar á flutningskostnaði framleiðenda, en það fyrirkomulag er orðið úrelt og er í raun aflagt. Í þriðja lagi hefur verðmiðlunargjaldið verið nýtt til styrkja á flutningi hráefnis og mjólkurvara milli afurðastöðva og til styrktar flutningi á sömu vörum til fjarlægari staða þar sem ekki eru fyrir afurðastöðvar svo sem Vestmannaeyja og Grímseyjar.

Með lögum nr. 85/2004 var búvörulögum breytt. Var tilgangur laganna m.a. sá að gera afurðastöðvum í mjólkuriðnaði kleift að mæta harðnandi samkeppni erlendis frá með sameiningu og samruna. Með stofnun nýs rekstrarfélags í mjólkuriðnaði, með þátttöku Mjólkursamsölunnar, Auðhumlu og Kaupfélags Skagafjarðar, er talið að nást muni verulegur sparnaður sem m.a. tekur til hagræðingar í rekstri, flutningi og aðföngum. Er því ekki talin lengur nauðsyn að tryggja þann kostnað sem verðmiðlunargjaldi var ætlað að mæta með aðkomu ríkisins. Við brottfall ákvæðisins færist þessi kostnaður til einkaaðilanna og verður hluti þess rekstrarkostnaðar sem starfsemin krefst. Við lokaráðstöfun á uppsöfnuðu fé verðmiðlunarsjóðsins, 1. september 2006, var fénu ráðstafað til endurskipulagningar afurðastöðvarinnar á Ísafirði til samræmis við 3. mgr. 19. gr. og þannig tryggt að rekstur afurðastöðvarinnar haldi áfram. Verði frumvarpið að lögum mun afurðastöðin þurfa að tryggja rekstur sinn eins og önnur félög í landinu og gegnir þar samstarf afurðastöðvanna í sameiginlegu rekstrarfélagi lykilhlutverki.

Með sömu eða svipuðum rökum er talið að ekki eigi lengur við að viðhalda þeirri nauðsynlegu hagræðingu sem komst á með verðtilfærslu 1998 þegar niðurgreiðslu á heildsöluverði mjólkur og mjólkurafurða var hætt til framleiðenda. Var með lögum nr. 69/1998 sett lögbundið verðtilfærslugjald sem ákveðið var 2,65 kr. af hverjum lítra mjólkur og notað til að lækka verð tiltekinna afurða í heildsölu. Með aukinni hagræðingu og sameiningu afurðastöðva er því ekki heldur talið nauðsynlegt lengur fyrir verðmyndun mjólkur og mjólkurafurða að stunda verðtilfærslu milli afurða í þeirri mynd sem núverandi 22. gr. laganna mælir fyrir um.

Í 2. mgr. 13. gr. búvörulaga er verðlagsnefnd heimilað að gera fyrir fram ákveðnar framleiðnikröfur til afurðastöðva. Með frumvarpi þessu er lagt til að bætt verði við málslið í 2. mgr. 13. gr. til þess að styrkja heimildir nefndarinnar varðandi ákvörðun á heildsöluverði einstakra vörutegunda á þann hátt að nefndin geti gert ákveðnar framlegðarkröfur til þeirra. Með breytingunni getur nefndin því aukið kröfur sínar gagnvart einstökum vörutegundum og afurðastöðvum með ákvörðun heildsöluverðs þeirra skv. 1. mgr. 13. gr. Er talið nauðsynlegt að lögbinda slíka heimild í ljósi þess að afurðastöðvarnar geta ekki lengur nýtt sér endurgreiðslur skv. 19. og 22. gr. til verðmiðlunar og verðtilfærslu. Er eðlilegt að verðlagsnefnd geti þess vegna tekið tillit til framlegðarkrafna einstakra vörutegunda við ákvörðun heildsöluverðs fyrir þær.

Með frumvarpinu er einnig verið að minnka afskipti ríkisvaldsins af framleiðslu og vinnslu mjólkurafurða og með því verið að bregðast við athugasemdum Samkeppniseftirlitsins, en í áliti sínu nr. 1/2006 er því beint til ráðherra að jafna samkeppnisstöðu afurðastöðva. Með brottfalli 3. mgr. 13. gr., 19. gr. og 22. gr. er dregið úr afskiptum ríkisins af verðmyndun og áhrifum á verðþol mjólkurafurða.

Ákvæði 3. mgr. 13. gr. búvörulaga kom nýtt inn í lagabálkinn við setningu breytingalaga nr. 85/2004. Efnislega víkur ákvæðið til hliðar vissum ákvæðum samkeppnislaga og heimilar afurðastöðvum í mjólkuriðnaði að hagræða í sínum rekstri, m.a. með verðtilfærslum, sem kunna að fara í bága við samkeppnislög. Í greinargerð með frumvarpi sem varð að lögum nr. 85/2004 var vikið að helstu röksemdum þess að lögleiða þyrfti þessar undantekningar.

Er þar m.a. rakið að mikill fjárhagsvandi hafi einkennt flest svið landbúnaðar á undanförnum árum og að vandinn sé að miklu leyti til kominn vegna óhagstæðra rekstrareininga sem og lögbundinnar skyldu afurðastöðva og mjólkuriðnaðarins til þess að jafna landsbundinn aðstöðumun einstakra afurðastöðva og fjarlægð frá stærstu mörkuðum landbúnaðarvara.

Var því talið nauðsynlegt þar til markaðurinn yrði talinn þroskaður í þeim skilningi, að verðmiðlun og verðtilfærsla afurðastöðva í mjólkuriðnaði yrði undanskilin gildissviði samkeppnislaga. Frá setningu breytingalaganna hefur átt sér stað mikil hagræðing og er staða iðnaðarins í dag talin það stöðug að óþarft sé lengur að lögbinda undantekningu um verðtilfærslu og verðmiðlun frá samkeppnislögum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Breytingunni í a-lið er ætlað styrkja heimildir verðlagsnefndar til þess að ákveða framlegðarkröfur á einstakar mjólkurafurðir og með því getur nefndin stýrt betur verðlagi og verðmyndun tiltekinna mjólkurafurða í landinu.

Með breytingunni í b-lið er ætlunin að falla frá undanþágu samninga um verðtilfærslu afurðastöðva í mjólkuriðnaði gagnvart samkeppnislögum.

Um 2. gr.

Breytingunni er ætlað að færa form og ábyrgð rekstrar til afurðastöðvanna og afnema lögbundið verðmiðlunargjald skv. 19. gr. búvörulaga.

Um 3. gr.

Breytingunni er ætlað að færa form og ábyrgð rekstrar til afurðastöðvanna og afnema lögbundið verðtilfærslugjald skv. 22. gr. búvörulaga.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa en hún hefur það að markmiði að skapa skýr lagaskil.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

Markmið frumvarpsins er að stuðla að minni afskiptum ríkisvaldsins af framleiðslu og vinnslu mjólkurafurða og bregðast við athugasemdum Samkeppniseftirlitsins um að jafna samkeppnisstöðu afurðastöðva.

Í frumvarpinu er lagt til að að lögbundið verðmiðlunargjald skv. 19 gr. laganna og lögbundið verðtilfærslugjald skv. 22. gr. verði afnumið. Verðmiðlunargjaldið hefur hingað til verið notað sem rekstrarstyrkir til afurðastöðva, til að jafna flutningskostnað framleiðenda og til að styrkja flutning hráefnis og mjólkurvara milli afurðastöðva og til fjarlægari staða þar sem ekki eru fyrir afurðastöðvar. Verðtilfærslugjaldið hefur aftur á móti verið notað til að lækka verð tiltekinna afurða í heildsölu. Vegna breytinga á umhverfi mjólkuriðnaðarins er ekki lengur talin þörf fyrir verðmiðlun og verðtilfærslur. Í frumvarpinu er einnig lagt til að 3. mgr. 13. gr. falli brott en það ákvæði hefur gefið afurðastöðvum heimild til að hagræða í rekstri, meðal annars með verðtilfærslum. Jafnframt eru lagðar til viðbætur við 2. mgr. 13. gr. til að styrkja heimildir verðlagsnefndar til þess að ákveða framlegðarkröfur á einstakar mjólkurafurðir en með því getur nefndin stýrt betur verðlagi og verðmyndun tiltekinna mjólkurafurða í landinu.

Í fjárlögum 2007 námu gjöld fjárlagaliðar 04-824 Verðmiðlun landbúnaðarvara, samtals 383 m.kr. og voru þau að fullu innheimt af ríkistekjum. Af þeirri fjárhæð komu 296 m.kr. til á viðfangsefni 1.10 Verðtilfærslugjald á mjólk og 87 m.kr. á viðfangsefni 1.11 Verðmiðlun landbúnaðarvara. Verði frumvarpið að óbreyttu samþykkt munu tekjur og gjöld ríkissjóðs lækka um 383 m.kr.

219. Frumvarp til laga [204. mál]

um breytingu á lögum um innflutning dýra, nr. 54/1990, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Orðskýringin *Búfé* verður svohljóðandi: Alifuglar, geitfé, hross, kanínur, loðdýr, nautgripir, sauðfé og svín. Rísi ágreiningur um hvað skuli falla undir hugtakið búfé sker landbúnaðarráðherra úr.
b. Við orðskýringuna *Einangrunarstöð* bætist: auk svína og erfðaefnis þeirra.
c. Ný orðskýring bætist við, í réttri stafrófsröð, svohljóðandi: *Gæludýr:* Dýr af eftirgreindum tegundum og flokkum: Hundar, kettir, kanínur, skrautfiskar, vatnadýr, nagdýr og búrfuglar.

2. gr.

Á eftir orðunum „dýra og erfðaefnis“ í 4. mgr. 2. gr. laganna kemur: sbr. þó 4. gr. a.

3. gr.

Á eftir 4. gr. laganna bætist við ný grein, 4. gr. a, svohljóðandi:

Yfirdýralæknir getur vikið frá því banni sem um getur í 1. mgr. 2. gr. og leyft innflutning á gæludýrum og erfðaefni þeirra sem ekki teljast til nýrra dýrategunda eða erlendra stofna tegunda sem hér eru fyrir, sbr. 5. gr., enda sé fylgt fyrirmælum sem felast í lögum þessum og reglugerðum er settar verða samkvæmt þeim.

Meta skal áhættu af innflutningi og er heimilt að krefja innflytjanda um upplýsingar um heilbrigði gæludýrs, þ.m.t. heilbrigðis- og upprunavottorð, sem staðfesta nauðsynlega bólusetningu, rannsóknir og meðhöndlun gæludýrs eða erfðaefnis fyrir innflutning.

Heimilt er að krefjast skapgerðarmats á hundum sem sótt er um innflutningsleyfi fyrir, einnig er heimilt að krefjast skapgerðarmats á hundum sem sótt er um leyfi til að flytja inn erfðaefni úr. Ekki skal veita undanþágu til innflutnings á hundum, blendingum af úlfum og hundum, eða öðrum gæludýrum sem hætta getur stafað af.

4. gr.

Við 13. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Innflutt erfðaefni svína má ekki flytja úr einangrunarstöð. Svín sem vaxið hafa af innfluttu erfðaefni í einangrunarstöð má hins vegar flytja þaðan að fengnu leyfi yfirdýralæknis og uppfylltum skilyrðum 1. mgr.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er ákvörðunarvald um innflutning gæludýra sem ekki teljast til nýrra dýrategunda eða erlendra stofna tegunda sem hér eru fyrir flutt frá landbúnaðarráðuneytinu til yfirdýralæknis. Ákvörðunum yfirdýralæknis má skjóta til úrskurðar ráðherra verði frumvarpið að lögum. Með frumvarpinu er einnig áformað að skýra hugtakið búfé til samræmis við lög um búfjárhald o.fl., nr. 103/2002, og þær reglur sem gilda um innflutning á svínum og erfðaefni þeirra en við setningu laga nr. 153/2002, um breytingu á lögum um innflutning dýra, sem hafði að markmiði að breyta reglum um innflutning á svínum og erfðaefni þeirra láðist m.a. að breyta skilgreiningu laganna á einangrunarstöð. Vísað er að öðru leyti til athugasemda með frumvarpi til þeirra laga sem birt er í Alþingistíðindum 2002–2003, A-deild, bls. 3028.

Í orðskýringu frumvarpsins á gæludýrum er tekin upp skilgreining hugtaksins í reglugerð um einangrunarstöðvar og sóttkvíar fyrir gæludýr nr. 432/2003 og reglugerð um innflutning gæludýra og hundasæðis nr. 935/2004. Þá má við skýringu hugtaksins hafa hliðsjón af skilgreiningu gæludýra í lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, nr. 25/1993, en þar er hugtakið orðað svo: „Öll dýr sem haldin eru til afþreyingar.“ Rétt er að geta sérstaklega hvað átt er við með heitinu „vatnadýr“ í skilgreiningu á gæludýrum. Þar er átt við flokk dýrateg-

unda sem lifa að mestu eða öllu leyti í vatni, t.d. froskdýr, krabbadýr og lindýr af fjölmörgum gerðum. Innflutningur á þessum gæludýrum er nokkuð algengur.

Í framkvæmd ætti hugtakið ekki að valda vafa, ekki síst þar sem undir 3. gr. frumvarpsins munu einungis falla þau gæludýr sem hafa áður verið flutt inn til landsins og falla því ekki undir ákvörðunarvald ráðherra skv. 4. mgr. 2. gr. laganna og skyldur til að leita umsagna sérfróðra aðila skv. 5. gr. Frumvarpið er skýrt um þetta.

Yfirdýralæknir hefur lengi annast innflutningsmál og er vel í stakk búinn til að leiðbeina umsækjendum um innflutning rísi vafatilvik. Verði umsóknum beint til yfirdýralæknis sem ráðherra er einn valdbær til að veita úrlausn um, svo sem vegna þess að ekki er um að ræða gæludýr, eða ef gæludýr hefur ekki áður verið flutt inn til landsins, þá mun yfirdýralæknir framsenda umsóknir til ráðherra á grundvelli leiðbeiningarskyldu stjórnvalda.

Frumvarpið fellur að nýútkominni áætlun um einföldun regluverks og stjórnsýslu landbúnaðarráðuneytisins.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um innflutning dýra, nr. 54/1990, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lagt til að ákvörðunarvald um innflutning dýra verði falið Landbúnaðarstofnun en samkvæmt almennum reglum laga um innflutning dýra er þetta vald nú hjá landbúnaðarráðherra. Þá eru einnig lagðar til ýmsar tæknilegar breytingar á 1. gr. laganna.

Verði frumvarpið að óbreyttu samþykkt verður ekki séð að það muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

220. Álit fjárlaganefndar [205. mál]

um ársskýrslu Ríkisendurskoðunar 2006.

Fjárlaganefnd hefur fjallað um skýrslu Ríkisendurskoðunar á fundi og fengið ríkisendurskoðanda til fundar við sig.

Skýrslan er í senn starfsskýrsla til þingsins og samantekt á upplýsingum um þau mál sem stofnunin hefur fjallað um á árinu 2006 og telur rétt að kynna Alþingi.

Ríkisendurskoðun starfar á vegum Alþingis og endurskoðar ríkisreikning og reikninga þeirra aðila sem hafa með höndum rekstur og fjárvörslu á vegum ríkisins. Enn fremur annast stofnunin eftirlit með framkvæmd fjárlaga og er þingnefndum til aðstoðar við störf er varða fjárhagsmálefni ríkisins. Ríkisendurskoðun er engum háð í störfum sínum. Forsætisnefnd getur þó ýmist að eigin frumkvæði eða samkvæmt óskum þingmanna krafist skýrslna um einstök mál er falla undir starfsemi Ríkisendurskoðunar.

Eins og skýrslan ber með sér eru viðfangsefnin fjölbreytt. Stofnunin varði 58% allra virkra vinnustunda til fjárhagsendurskoðunar, 17% til stjórnsýsluendurskoðunar, 6% til innra eftir-

lits, 6% til endurskoðunar upplýsingarkerfa, 6% til verkefna á laga- og umhverfissviði og 7% til yfirstjórnar og annarra verkefna, m.a. gæðaeftirlits og aðstoðar við önnur svið stofnunarinnar.

Það er mikilvægt fyrir fjárlaganefnd og þingmenn að fá með skýrslu sem þessari innsýn í eftirlitsstarfsemi Ríkisendurskoðunar en slíkar upplýsingar eru til þess fallnar að styrkja það sjálfstæða eftirlitshlutverk sem Alþingi hefur gagnvart framkvæmdarvaldinu.

Alþingi, 13. nóv. 2007.

Gunnar Svavarsson, form., frsm.	Kristján Þór Júlíusson.	Guðbjartur Hannesson.
Jón Bjarnason.	Illugi Gunnarsson.	Bjarni Harðarson.
Ásta Möller.	Steinunn Valdís Óskarsdóttir.	Guðjón A. Kristjánsson.
Ármann Kr. Ólafsson.	Björk Guðjónsdóttir.	

221. Svar [161. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Björns Vals Gíslasonar og Þuríðar Backman um sölu á hlut ríkisins í Jarðböðunum við Mývatn.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvert var söluvirði hlutar ríkisins í Jarðböðunum við Mývatn sem seldur var fyrr á árinu og hver var söluhagnaðurinn?*
2. *Hvernig hefur söluandvirðinu verið varið?*

Kaupverð hlutafjár ríkisins í Baðfélagi Mývatnssveitar var 20 millj. kr. og var það greitt á árunum 2002 og 2003. Í maí 2007 var umrætt hlutafé selt fyrir 24 millj. kr.

Söluandvirðið rann í ríkissjóð.

222. Svar [140. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Álfheiðar Ingadóttur og Kolbrúnar Halldórsdóttur um Teigsskóg.

1. *Telur ráðherra það samrýmast tilnefningu Breiðafjarðar sem Ramsarsvæðis og skráningu fjarðarins á tilnefningarlista íslensku heimsminjanefndarinnar að leggja veg við norðurströnd fjarðarins um ósnortinn birkiskóg, við arnarsetur og á vaxtarsvæði friðaðrar jurtar?*

Að mati ráðuneytisins er fátt sem fram hefur komið um fyrirhugaða vegarlagningu um Þorskafjörð sem stangast á við hugsanlega tilnefningu Breiðafjarðarsvæðisins á lista Ramsarsamningsins yfir alþjóðlega mikilvæg votlendissvæði og skráningu á tilnefningarlista Íslands fyrir heimsminjaskrá UNESCO og jafnvel við tilnefningu svæðisins á heimsminjaskrána. Ramsarsamningurinn er samningur um verndun alþjóðlegra mikilvægra votlendissvæða, einkum fyrir fuglalíf og er þá sérstaklega átt við andfugla og gæsir. Á síðari árum hefur túlkun samningsins verið útvíkkuð þannig að nú er áhersla lögð á fleiri tegundir vatnafugla, svo sem vaðfugla og sjófugla. Framkvæmdin ætti tæpast að hafa áhrif á tilnefningu Breiðafjarðar á skrá Ramsarsamningsins, þótt hún geti hugsanlega haft áhrif á önnur náttúruverðmæti en þau er samningurinn tekur til.

Tilnefningarlisti til skrifstofu heimsminjasamnings UNESCO er yfirlýsing um að Ísland kunni í framtíðinni að tilnefna viðkomandi svæði á heimsminjalistann, undirbúningur að tilnefningu er ekki hafinn en svæðið er talið eiga erindi inn á heimsminjalistann sem menningar- og náttúruminjasvæði. Friðlýsing Breiðafjarðar nær til eyja, hólma og skerja ásamt fjörum í innri hluta Breiðafjarðar og vegarlagning um skóginn hefur því vart áhrif á tilnefningu Breiðafjarðar á heimsminjalistann. Með þverun Djúpafjarðar er vissulega farið inn á verndarsvæði Breiðafjarðar, en verði tryggt að full vatnsskipti verði um Djúpafjörð er ekki talið að verndargildi svæðisins rýrni.

2. *Hvernig hefur ráðherra brugðist við tillögu nefndar um vernd og endurheimt íslenskra birkiskóga, að Teigsskógur við Þorskafjörð verði tekinn inn á næstu náttúruverndaráætlun?*

Tillögur nefndarinnar hafa verið til skoðunar í ráðuneytinu og hvernig brugðist verður við þeim. Næsta náttúruverndaráætlun fyrir tímabilið 2009–2013 er í undirbúningi á vegum ráðuneytisins og hefur samráðshópur ráðuneytisins, Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands sem skipaður var í sumar það verkefni að gera tillögur til ráðuneytisins um næstu áætlun. Fram kom á V. umhverfisþingi sem haldið var dagana 12.–13. október sl. að hópurinn mun við vinnu sína taka mið af skuldbindingum, stefnumótun, áætlunum og tillögum ráðuneytisins, þar á meðal eru tillögur nefndar um verndun birkiskóga.

3. *Hefur ráðherra kynnt sér útreikninga Gunnlaugs Péturssonar verkfræðings sem benda til þess að komast megi hjá eyðileggingu verðmætra náttúrusvæða án mikils aukakostnaðar með því að gera göng undir Hjallaháls í stað þess að leggja Vestfjarðaveg 60 út fyrir Hallsteinsnes og yfir mynni Djúpafjarðar og Gufufjarðar (leið B)?*

Ráðuneytið hefur kynnt sér þau gögn sem Gunnlaugur Pétursson hefur lagt fram í þessu máli og hugmyndir hans um breytt vegarstæði og útreikninga á væntanlegum kostnaði framkvæmdarinnar í tengslum við úrskurð ráðuneytisins í kæru varðandi lagningu vegar um Þorskafjörð. Það er hins vegar ekki hlutverk ráðuneytisins að leggja mat á þá kosti sem ekki voru tilgreindir í mati á umhverfisáhrifum Vestfjarðavegar 60 á þessum kafla í úrskurði ráðuneytisins vegna kæru um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

223. Svar [139. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Álfheiðar Ingadóttur og Kolbrúnar Halldórsdóttur um Teigsskóg.

1. *Hver er staða annars áfanga Vestfjarðavegar 60 um Gufudalssveit, þ.e. uppbyggingar vegarins frá Þórisstöðum í Þorskafirði að Kraká á Skálanesi?*

Hafin er vinna við fullnaðarhönnun verksins samkvæmt leið B með það að markmiði að bjóða verkið út á næsta ári. Fyrirhuguð framkvæmd hefur verið kynnt fyrir landeigendum og þeim gefinn kostur á að koma fram sjónarmiðum sínum um legu vegarins. Einnig hefur Vegagerðin kynnt framkvæmdina og átt samráð við þá opinberu samráðsaðila sem tilgreindir voru í úrskurði umhverfisráðherra. Vegagerðin hefur nú sett fram tillögu um legu vegarins þar sem tekið hefur verið tillit til sjónarmiða áðurnefndra aðila. Innan tíðar verður leitast við að ná samkomulagi við landeigendur um bætur fyrir land og efnistöku.

2. *Hvert er núverandi kostnaðarmat Vegagerðarinnar á leið B annars vegar og leið D hins vegar í framangreindum öðrum áfanga Vestfjarðavegar 60?*

Í matsskýrslu vegna framkvæmdarinnar frá september 2005 var áætlaður kostnaður við 2. áfanga (Þórisstaðir – Kraká) samkvæmt leið B 1.690 millj. kr. og við leið D 1.133 millj. kr. Kostnaður við 3. áfanga (Kraká – Eyri) var áætlaður 498 millj. kr. Við endurskoðun samgönguáætlunar fyrri hluta þessa árs gerði endurskoðuð áætlun ráð fyrir að að leið B (Þórisstaðir – Kraká) kostaði 1.954 millj. kr og Kraká – Eyri kostaði 460 millj. kr. Kostnaður við leið D hefur ekki verið endurskoðaður sérstaklega enda ákveðið að fara ekki þá leið. Miðað við verðlagsbreytingar frá september 2005 til janúar 2007 hækkar áætlunin í tæpar 1.300 millj. kr.

3. *Hefur ráðherra kynnt sér útreikninga Gunnlaugs Péturssonar verkfræðings sem benda til þess að komast megi hjá eyðileggingu verðmætra náttúrusvæða án mikils aukakostnaðar með því gera göng undir Hjallaháls í stað þess að leggja Vestfjarðaveg 60 út fyrir Hallsteinsnes og yfir mynni Djúpafjarðar og Gufufjarðar (leið B)?*

Gunnlaugur Pétursson hefur m.a. gert ítarlega grein fyrir útreikningum sínum í Framkvæmdafréttum Vegagerðarinnar, 4. tbl. 2007, þar sem hann reiknar með gerð jarðganga undir Hjallaháls og Gufudalsháls. Auk þess birtir hann þar mun hærri kostnaðaráætlun fyrir leið B heldur en Vegagerðin gerir grein fyrir í svari við 2. tölul. hér að framan. Gunnlaugur reiknar með töluvert styttri jarðgöngum undir Hjallaháls en Vegagerðin hefur gert, með því að fara hærra með göngin, en svipaðri lengd undir Gufudalsháls. Vegagerðin hefur áætlað að heildarkostnaður við jarðgöng, frá Þórisstöðum að Eyri, yrði um 5,4 milljarðar kr., en Gunnlaugur metur kostnaðinn 4,3–4,4 milljarða kr. fyrir sams konar (tvíbreið) göng.

224. Frumvarp til laga [206. mál]

um breyting á lögum nr. 14/2004, um erfðafjárskatt, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 1. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Af öllum fasteignum hér á landi, sem eigendaskipti verða að á grundvelli lögerfða, bréferfða eða fyrirframgreiðslu arfs, skal greiða skatt eftir lögum þessum án tillits til þess hvort aðilar að ráðstöfuninni séu búsettir hér á landi eða erlendis.

2. gr.

Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Nú hafnar maður, sem undanþeginn er erfðafjárskatti, eða afsalar sér arfi eftir annan mann og skal þá erfingi, sem við arfsafsalið fær stærri arfshluta en hann ella hefði fengið, greiða erfðafjárskatt af hinum aukna arfi. Hafni maður eða afsali sér arfi beint eða óbeint til hagsbóta fyrir aðila sem undanþeginn er erfðafjárskatti skal sá erfingi sem þannig fær við arfsafsalið stærri arfshluta en hann ella hefði fengið greiða erfðafjárskatt af þeim arfshluta.

3. gr.

Í stað 4. málsl. 2. mgr. 4. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Ef hlutabréf í félagi eru ekki skráð á skipulegum verðbréfamarkaði skal miða við gangverð þeirra í viðskiptum, annars bókfært verð eigin fjár samkvæmt síðasta endurskoðaða ársreikningi eða árshlutareikningi viðkomandi félags að viðbættum áunnum óefnislegum verðmætum sem metin eru til fjár og gefa af sér arð í framtíðinni en óheimilt er lögum samkvæmt að færa til bókar. Sama gildir um eignir í öðrum félögum.

4. gr.

5. gr. laganna verður svohljóðandi:

Skuldir arfleifanda, þ.m.t. væntanleg opinber gjöld, skulu koma til frádráttar áður en erfðafjárskattur er reiknaður, svo og útfararkostnaður arfleifanda. Kostnaður sem fellur á búið vegna ráðstafana skv. 17.–21. gr. laga nr. 20/1991, um skipti á dánarbúum o.fl., skal einnig koma til frádráttar hvort heldur bú sætir opinberum skiptum eða einkaskiptum. Þessir liðir skulu sundurliðaðir á erfðafjárskýrslu og studdir gögnum. Erfðafjárskattur samkvæmt lögum þessum er ekki frádráttarbær.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til fjórar breytingar á lögum um erfðafjárskatt. Í fyrsta lagi er kveðið á um sérstaka álagningu erfðafjárskatts á fasteignir hér á landi sem eru í eigu erlendra dánarbúa. Nauðsynlegt þykir að setja skýrt ákvæði varðandi þessar aðstæður en núgildandi lög eru ekki nægilega skýr að þessu leyti. Í öðru lagi eru ákvæði um hvernig álagningu erfðafjárskatts skuli háttað þegar erfingi afsalar sér arfi eða hafnar arfi. Í slíkum tilvikum ber ávallt að greiða erfðafjárskatt. Í þriðja lagi eru verðmæti óbókfærðra eigna og réttinda

tiltekin sem almenn markaðsverðmæti og er það gert til að taka af allan vafa við skýringu á því að slíkar eignir og réttindi falli undir almenn markaðsverðmæti. Að lokum er kveðið á um að kostnaður sem fellur á dánarbú vegna mats á eignum þess skv. 17.–21. gr. laga nr. 20/1991, um skipti á dánarbúum o.fl., skuli koma til frádráttar frá skattstofni dánarbús þegar erfðafjárskattur er ákveðinn og að sama regla skuli gilda um einkaskipti og opinber skipti.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæðið um sérstaka álagningu erfðafjárskatts á fasteignir var upphaflega sett í lög um erfðafjárskatt með lögum nr. 114/1989 og var það til samræmis við reglur annars staðar á Norðurlöndunum þar sem krafist er erfðafjárskatts af fasteignum í því landi þar sem þær eru án tillits til þess hvar búskiptin fara fram. Í nefndaráliti um frumvarp til núverandi erfðafjárskattslaga voru lagðar til breytingar á 1. gr. laganna en í álitinu kom fram að lögin tækju til eigna hér á landi sem falla til búa sem skipt er erlendis og krefðust m.a. atbeina innlendra aðila við eigendaskiptin. Raunin hefur orðið sú að ekki hefur þótt unnt að leggja erfðafjárskatt á fasteignir hér á landi, þegar arfláti hefur verið búsettur erlendis, á grundvelli núgildandi ákvæðis þar sem skattlagning verður að byggjast á skýrri heimild í lögum. Því er nauðsynlegt að ákvæði sem kveður sérstaklega á um skattlagningu við þessar aðstæður verði sett inn í lögin til að taka af öll tvímæli.

Um 2. gr.

Með þessu ákvæði er mælt fyrir um hvernig álagningu erfðafjárskatts skuli háttað afsali erfingi arfi eða hafni honum áður en til skipta kemur þannig að sá hlutur falli til annarra erfingja við skipti. Er kveðið á um að í þeim tilvikum beri ávallt að greiða erfðafjárskatt af hinum afsalaða arfshluta. Sé sá sem afsalar sér arfi undanþeginn erfðafjárskatti greiða aðrir erfingjar erfðafjárskatt af hinum aukna arfshluta sem til þeirra fellur við skiptin eins og þeir hefðu fengið þann arf beint. Sé viðtakandi þess hluta arfs sem afsalað var eða hafnað undanþeginn álagningu erfðafjárskatts samkvæmt ákvæðum laganna ber honum engu að síður að greiða erfðafjárskatt af þeim hluta arfs.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. 4. gr. núgildandi laga er tiltekið að greiða skuli erfðafjárskatt af heildarverðmæti allra fjárhagslegra verðmæta búsins. Í 2. mgr. er tiltekið að átt sé við almennt markaðsverðmæti og talin eru upp í dæmaskyni verðmæti sem metin verða til fjár, efnisleg sem óefnisleg, svo sem aflaheimildir. Með breytingu þessari er ætlunin að taka af allan vafa um að við mat á hlutabréfum í félögum sem ekki eru skráð á skipulegum verðbréfamarkaði skuli ótvírætt tekið tillit til verðmætis allra fjárhagslegra réttinda félagsins, enda þótt um óbókfærðar eignir sé að ræða, svo sem aflaheimildir, hugverkaréttindi o.fl.

Um 4. gr.

Með breytingunni er lagt til að kveðið verði á um það í 5. gr. laganna að auk skulda arfleifanda og útfararkostnaðar komi sá kostnaður til frádráttar sem fellur til á grundvelli 17.–21. gr. laga nr. 20/1991, um skipti á dánarbúum o.fl., og að sá frádráttur taki jafnt til einkaskipta og opinberra skipta. Við skipti á dánarbúum getur reynst nauðsynlegt t.d. að fá sérfróða aðila eins og lögmenn eða endurskoðendur til að leggja mat á verðmæti eigna. Í

þeim tilvikum skal dánarbúið bera kostnaðinn og verður sá kostnaður frádráttarbær áður en kemur að útreikningi erfðafjárskatts, hvort sem um einkaskipti eða opinber skipti er að ræða.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 14/2004, um erfðafjárskatt, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á ákvæðum laga um erfðafjárskatt. Í fyrsta lagi er um að ræða ákvæði um að erfðafjárskattur verði lagður á fasteignir hér á landi þegar þær eru í eigu erlendra dánarbúa, í öðru lagi um álagningu skattsins þegar erfingi hefur afsalað sér arfi, í þriðja lagi um að verðmæti óbókfærðra eigna og réttinda skuli miðast við almenn markaðsverðmæti og í fjórða lagi um hvaða kostnaður er frádráttarbær frá skattstofninum.

Verði frumvarpið að lögum er ekki ástæða til að ætla að það hafi teljandi áhrif á skatttekjur eða útgjöld ríkissjóðs.

225. Frumvarp til laga [207. mál]

um breyting á lögum um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, nr. 16 13. apríl 1973, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

1. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:
Heimild þessi gildir til ársloka 2018.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 16 13. apríl 1973 var Dvalarheimili aldraðra sjómanna heimilað að stofna og reka vöruhappdrætti. Hefur sú heimild verið framlengd nokkrum sinnum, síðast um 10 ár til ársloka 2007, með lögum nr. 21 17. apríl 1997.

Ágóða af happdrættinu skal varið til byggingarframkvæmda fyrir aldraða á vegum Sjómannadagssamtakanna í Reykjavík og Hafnarfirði. Þá er stjórn samtakanna, sem sér um stjórn og daglegan rekstur happdrættisins, heimilt að veita styrk eða lán til annarra bygginga um land allt í þágu aldraðra, svo sem verndaðra þjónustuíbúða, umönnunar- og hjúkrunarheimila og þjónustumiðstöðva fyrir aldraða.

Með frumvarpi þessu er lagt til að heimild Dvalarheimilis aldraðra sjómanna til rekstrar happdrættisins verði framlengd um 11 ár, þ.e. til ársloka 2018. Slík framlenging væri í samræmi við gildistíma heimildar Happdrættis Háskóla Íslands til einkareksturs peningahappdrættis hér á landi sem framlengdur var til 1. janúar 2019 með lögum nr. 127/2003.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 16/1973, um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lagt til að heimild Dvalarheimilis aldraðra sjómanna til reksturs happdrættis verði framlengd um 11 ár eða til loka ársins 2018, líkt og áður hefur verið gert nokkrum sinnum. Lögfesting frumvarpsins hefur ekki áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

226. Frumvarp til laga [208. mál]

um breyting á lögum um happdrætti fyrir Samband íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga, nr. 18 22. apríl 1959, með síðari breytingum.

1. gr.

1. málsl. 3. gr. laganna orðast svo: Heimild þessi gildir til ársloka 2018.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 13 16. mars 1949 var Sambandi íslenskra berklasjúklinga heimilað að stofnsetja og reka vöruhappdrætti og gilti heimildin í 10 ár. Var sú heimild framlengd um 10 ár í senn, síðast með lögum nr. 94 10. desember 1999 til ársloka 2007.

Ágóða af happdrættinu skal varið til að greiða stofnkostnað við byggingarframkvæmdir Reykjalundar, endurhæfingarmiðstöðvar, til byggingar og rekstrar vinnustofu fyrir öryrkja og til annarrar félagsmálastarfsemi Sambands íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga sem viðurkennd er af ríkisstjórninni.

Með frumvarpi þessu er lagt til að heimild Sambands íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga til rekstrar happdrættis verði framlengd um 11 ár, þ.e. til ársloka 2018. Slík framlenging væri í samræmi við gildistíma heimildar Happdrættis Háskóla Íslands til einka-

reksturs peningahappdrættis hér á landi sem framlengdur var til 1. janúar 2019 með lögum nr. 127/2003.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 18/1959, um happdrætti fyrir Samband íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lagt til að heimild Sambands íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga til reksturs happdrættis verði framlengd um 11 ár eða til loka ársins 2018, líkt og áður hefur verið gert nokkrum sinnum. Lögfesting frumvarpsins hefur ekki áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

227. Frumvarp til laga [209. mál]

um breytingu á lögum um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, nr. 22/2006.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

1. gr. laganna verður svohljóðandi:

Lög þessi gilda um réttindi foreldra til fjárhagsaðstoðar þegar þeir geta hvorki stundað vinnu né nám vegna sérstakrar umönnunar barna sinna sem hafa greinst með alvarlega og langvinna sjúkdóma eða alvarlega fötlun.

2. gr.

2. gr. laganna verður svohljóðandi:

Markmið laga þessara er að tryggja foreldrum langveikra eða alvarlega fatlaðra barna fjárhagsaðstoð þegar þeir geta hvorki stundað vinnu né nám vegna sérstakrar umönnunar barna sinna, þar á meðal vegna þeirra bráðaaðstæðna sem upp koma þegar börn þeirra greinast með alvarlega og langvinna sjúkdóma eða alvarlega fötlun, enda verður vistunarþjónustu á vegum opinberra aðila ekki við komið.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Á eftir a-lið koma tveir nýir stafliðir, b- og c-liðir, svohljóðandi, og breytist röð stafliða samkvæmt því:

b. *Langveikt barn:* Barn sem þarfnast læknisfræðilegrar meðferðar vegna alvarlegs og langvinns sjúkdóms.

c. *Alvarlega fatlað barn:* Barn sem, vegna alvarlegrar þroskaröskunar, geðröskunar eða líkamlegrar hömlunar, þarf sérstaka íhlutun, svo sem þjálfun, aðstoð eða gæslu á uppvaxtarárum sínum.

b. Við bætist nýr stafliður, g-liður, svohljóðandi:
g. *Bráðaaðstæður:* Aðstæður sem koma upp þegar foreldri er knúið til að leggja niður störf utan heimilis eða gera hlé á námi þegar barn þess greinist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun og þarfnast þjónustu sérhæfðrar greiningar- eða meðferðarstofnunar.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. verður svohljóðandi: Foreldri langveiks eða alvarlega fatlaðs barns skal sækja um greiðslur skv. III. og IV. kafla til framkvæmdaraðila skv. 5. gr.

b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Skattyfirvöld, Tryggingastofnun ríkisins og Innheimtustofnun sveitarfélaga skulu láta framkvæmdaraðila í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru við framkvæmd laga þessara.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. 1. mgr. verður svohljóðandi:
Foreldri, sbr. d- og e-lið 3. gr., sem leggur niður launað starf vegna þeirra bráðaaðstæðna sem upp koma þegar barn þess greinist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun getur átt sameiginlegan rétt á tekjutengdum greiðslum skv. 1. mgr. 11. gr. í allt að þrjá mánuði með hinu foreldri barnsins samkvæmt mati framkvæmdaraðila.

b. Í stað orðanna „Skilyrði eru meðal annars að foreldri hafi“ í 2. mgr. kemur: Foreldri getur átt rétt á tekjutengdum greiðslum skv. 1. mgr. hafi foreldri.

c. 3. mgr. verður svohljóðandi:
Heimilt er að framlengja sameiginleg réttindi foreldra til tekjutengdra greiðslna skv. 1. mgr. um allt að þrjá mánuði þegar barn þeirra þarfnast verulegrar umönnunar vegna mjög alvarlegs og langvinns sjúkdóms eða fötlunar, sbr. einnig 18. gr.

d. Á eftir orðunum „rétt til greiðslna“ í 5. mgr. kemur: skv. 1. og 3. mgr.

e. 6. mgr. verður svohljóðandi:
Foreldrar geta ákveðið hvernig þeir skipta réttinum til greiðslna sín á milli fullnægi báðir foreldrar skilyrðum laganna. Foreldrar eiga þó ekki rétt á greiðslum samkvæmt lögum þessum fyrir sama tímabil. Þó er heimilt að veita undanþágu frá 2. málsl. þegar barn nýtur líknandi meðferðar og foreldrar hafa ekki nýtt sér rétt sinn að fullu samkvæmt ákvæði þessu.

f. Á eftir 6. mgr. kemur ný málsgrein, 7. mgr., svohljóðandi:
Andist langveikt eða alvarlega fatlað barn er heimilt að halda tekjutengdum greiðslum skv. 1. eða 3. mgr. sem foreldri hefði ella átt rétt á áfram í allt að einn mánuð frá andláti barns enda sé því tímabili sem framkvæmdaraðili hafði áður ákveðið skv. 1. eða 3. mgr. ekki lokið.

g. 7. mgr., sem verður 8. mgr., verður svohljóðandi:
Félagsmálaráðherra er heimilt að kveða í reglugerð nánar á um rétt foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna til greiðslna samkvæmt ákvæði þessu.

6. gr.

Á eftir 8. gr. laganna kemur ný grein, 9. gr., svohljóðandi ásamt fyrirsögn, og breytast greinanúmer samkvæmt því:

Þátttaka á vinnumarkaði.

Það að starfa á innlendum vinnumarkaði í skilningi 8. gr. felur í sér að starfa í annarra þjónustu í a.m.k. 25% starfshlutfalli í hverjum mánuði eða að starfa við eigin rekstur, án tillits til félagsforms, í því umfangi að hlutaðeiganda er gert að standa mánaðarlega, eða með öðrum reglulegum hætti samkvæmt ákvörðun skattyfirvalda, skil á tryggingagjaldi. Fullt starf miðast við 172 vinnustundir á mánuði, en þó skal jafnan tekið tillit til fjölda vinnustunda sem samkvæmt kjarasamningi teljast fullt starf.

Til þátttöku á vinnumarkaði telst enn fremur:

a. orlof eða leyfi samkvæmt lögum, kjarasamningi eða ráðningarsamningi þótt ólaunað sé að hluta eða öllu leyti, sbr. þó 2. mgr. 29. gr.,
b. sá tími sem foreldri fær greiddar atvinnuleysisbætur, er á biðtíma eftir slíkum bótum eða hefði átt rétt á þeim hefði foreldrið skráð sig án atvinnu samkvæmt gildandi lögum um atvinnuleysistryggingar,
c. sá tími sem foreldri fær greidda sjúkra- eða slysadagpeninga, er á biðtíma eftir dagpeningum eða hefði átt rétt á þeim hefði foreldri sótt um þá til Tryggingastofnunar ríkisins samkvæmt gildandi lögum um almannatryggingar, eða fær greiðslur úr sjúkrasjóði stéttarfélags enda hafi foreldri látið af launuðum störfum af heilsufarsástæðum,
d. sá tími sem foreldri nýtur bóta frá tryggingafélagi sem koma í stað launa vegna tímabundins atvinnutjóns af völdum slyss.

Vinnumálastofnun, sbr. lög um atvinnuleysistryggingar, metur hvort foreldri hefði átt rétt á atvinnuleysisbótum hefði foreldri skráð sig án atvinnu á þeim tíma sem um er að ræða, sbr. b-lið 2. mgr. Um rétt til atvinnuleysisbóta fer samkvæmt ákvæðum laga um atvinnuleysistryggingar.

Tryggingastofnun ríkisins, sbr. lög um almannatryggingar, metur hvort foreldri hefði átt rétt á sjúkra- eða slysadagpeningum hefði foreldri sótt um þá fyrir þann tíma sem um er að ræða, sbr. c-lið 2. mgr. Um rétt til sjúkradagpeninga fer samkvæmt ákvæðum laga um almannatryggingar.

7. gr.

Á eftir nýrri 9. gr. kemur ný grein, 10. gr., svohljóðandi ásamt fyrirsögn, og breytast greinanúmer samkvæmt því:

Samfellt starf.

Með samfelldu starfi er átt við að foreldri hafi verið í a.m.k. 25% starfi í hverjum mánuði á innlendum vinnumarkaði yfir tiltekið tímabil. Enn fremur telst til samfellds starfs þau tilvik sem talin eru upp í a–d-liðum 2. mgr. 9. gr.

8. gr.

9. gr. laganna, sem verður 11. gr., verður svohljóðandi, ásamt fyrirsögn, og breytast greinanúmer samkvæmt því:

Tilhögun greiðslna til foreldra á vinnumarkaði.

Tekjutengdar greiðslur til foreldris skv. 1. og 3. mgr. 8. gr. sem er launamaður, sbr. d-lið 3. gr., skulu nema 80% af meðaltali heildarlauna og skal miða við tólf mánaða tímabil sem hefst tveimur mánuðum áður en barnið greindist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða

alvarlega fötlun. Til launa teljast hvers konar laun og aðrar þóknanir samkvæmt lögum um tryggingagjald sem og greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði, greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði, sjúkra- eða slysadagpeningar, greiðslur úr sjúkrasjóðum stéttarfélaga eða bætur frá tryggingafélagi vegna tímabundins atvinnutjóns, sbr. a–d-liði 2. mgr. 9. gr. Þegar um er að ræða greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði, Atvinnuleysistryggingasjóði, sjúkrasjóði stéttarfélags eða bætur frá tryggingafélagi vegna tímabundins atvinnutjóns skal þó taka mið af þeim viðmiðunartekjum sem þær greiðslur miðuðust við. Einungis skal miða við meðaltal heildarlauna fyrir þá mánuði á viðmiðunartímabili sem foreldri hefur verið á innlendum vinnumarkaði, sbr. einnig 2. mgr. 9. gr. Aldrei skal þó miða við færri mánuði en fjóra við útreikning á meðaltali heildarlauna.

Tekjutengdar greiðslur til foreldris skv. 1. og 3. mgr. 8. gr. sem er sjálfstætt starfandi einstaklingur, sbr. e-lið 3. gr., skulu nema 80% af meðaltali heildarlauna og skal miða við tekjuárið á undan því ári sem barnið greindist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun. Að öðru leyti gildir ákvæði 1. mgr.

Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. skal hámarksfjárhæð tekjutengdra greiðslna í hverjum mánuði aldrei nema hærri fjárhæð en 518.600 kr.

Útreikningar á tekjutengdum greiðslum skv. 1. og 2. mgr. skulu byggjast á upplýsingum sem framkvæmdaraðili aflar um tekjur foreldris úr skattframtölum, staðgreiðsluskrá og tryggingagjaldsskrá skattyfirvalda. Framkvæmdaraðili skal leita staðfestingar hjá skattyfirvöldum á því að upplýsingar úr staðgreiðsluskrá og tryggingagjaldsskrá hafi verið í samræmi við álagningu skattyfirvalda.

Tekjutengdar greiðslur til foreldris skv. 1. mgr. hefjast frá og með þeim degi er fullar launagreiðslur frá vinnuveitanda í forföllum þess féllu niður, sbr. einnig 2. málsl. 2. mgr. 8. gr., sem og greiðslur úr sjúkra- eða styrktarsjóði stéttarfélags vegna veikinda eða fötlunar barns. Foreldri skal leggja fram vottorð vinnuveitanda um að það hafi lagt niður störf og fullar launagreiðslur hafi fallið niður og staðfestingu sjúkra- eða styrktarsjóðs um að það hafi nýtt sér réttindi sín þar. Foreldri getur þó óskað eftir að tekjutengdar greiðslur hefjist síðar en um getur í 1. málsl.

Þegar foreldri er sjálfstætt starfandi einstaklingur, sbr. e-lið 3. gr., reiknast tekjutengdar greiðslur skv. 2. mgr. frá og með þeim degi er foreldri hefur lagt niður störf samtals í fjórtán virka daga vegna sérstakrar umönnunar barns síns. Sjálfstætt starfandi einstaklingur telst hafa lagt niður störf þegar ekki er greitt reiknað endurgjald vegna starfa hans. Að öðru leyti gildir ákvæði 5. mgr. eftir því sem við getur átt.

Þegar tekjutengdar greiðslur skv. 1. eða 2. mgr. reynast lægri en greiðslur skv. IV. kafla getur foreldri sótt um þær án þess að sækja fyrst um greiðslur samkvæmt ákvæði þessu að öðrum skilyrðum IV. kafla uppfylltum.

Tekjutengdar greiðslur fyrir undanfarandi mánuð eða hluta úr mánuði skulu inntar af hendi eftir á, fimmtánda virka dag hvers mánaðar, enda hafi foreldri skilað inn nauðsynlegum gögnum til framkvæmdaraðila fyrir fimmta virka dag mánaðarins.

Greiðslur frá vinnuveitanda eða öðrum aðilum til foreldris fyrir sama tímabil, sem eru hærri en nemur mismun greiðslna skv. 1. mgr. og meðaltals heildarlauna foreldris fyrir tekjuárið á undan því er barn greindist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun, skulu koma til frádráttar greiðslum samkvæmt ákvæði þessu. Þó er heimilt að taka tillit til kjarasamningsbundinna launahækkana, annarra kjarasamningsbundinna greiðslna og launabreytinga sem rekja má til breytinga á störfum foreldris. Hið sama gildir um greiðslur til foreldris sem er sjálfstætt starfandi einstaklingur eftir því sem við getur átt. Umönnunar-

greiðslur sem ætlað er að mæta útlögðum kostnaði vegna veikinda eða fötlunar barns skulu ekki koma til frádráttar greiðslum samkvæmt lögum þessum.

Fjárhæð hámarksgreiðslna skv. 3. mgr. kemur til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála. Þá er félagsmálaráðherra heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnar, að breyta fjárhæðinni til hækkunar ef verulegar breytingar verða á launaþróun og þjóðhagsforsendum frá afgreiðslu fjárlaga. Þegar framangreind skilyrði leiða til hækkunar á fjárhæð greiðslna skal félagsmálaráðherra breyta fjárhæðinni í reglugerð.

9. gr.

10. gr. laganna, sem verður 12. gr., orðast svo, ásamt fyrirsögn, og breytast greinanúmer samkvæmt því:

Greiðslur samhliða minnkuðu starfshlutfalli.

Foreldri, sbr. d- og e-lið 3. gr., sem þarf að leggja niður störf að hluta vegna bráðaaðstæðna sem koma upp þegar barn þess greinist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun getur átt rétt á hlutfallslegum greiðslum skv. 8. og 11. gr. í samræmi við minnkað starfshlutfall. Fullar greiðslur skulu miðast við starfshlutfall foreldris á ávinnslutímabili skv. 2. mgr. 8. gr. Hið sama á við þegar foreldri kemur aftur til starfa í lægra starfshlutfalli en það var í áður en það lagði niður störf tímabundið og ástæður þess að foreldrið er í hlutastarfi má rekja til þeirra bráðaaðstæðna sem komu upp þegar barn þess greindist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun, sbr. 8. gr. Skilyrði er að foreldri hafi lagt niður störf og/eða verið í minnkuðu starfshlutfalli samfellt lengur en í fjórtán virka daga og að breyting á starfshlutfalli vari í tvær vikur eða lengur. Að öðru leyti gilda skilyrði 8. og 11. gr. um greiðslur til foreldra samhliða minnkuðu starfshlutfalli.

Óski foreldri eftir greiðslum samhliða minnkuðu starfshlutfalli skal greiða 80% af meðaltali heildarlauna skv. 1. eða 2. mgr. 11. gr., eftir því sem við á, í samræmi við það starfshlutfall sem foreldri minnkar við sig vinnu. Heimilt er sem því nemur að lengja tímabilið sem foreldri hefði ella átt rétt á greiðslum skv. 8. og 11. gr. hefði það lagt niður störf að fullu.

Félagsmálaráðherra er heimilt að kveða í reglugerð nánar á um rétt foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna til greiðslna samkvæmt ákvæði þessu.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna, sem verður 13. gr.:

a. Í stað orðanna „b- og c-lið 3. gr.“ í 1. mgr. kemur: d- og e-lið 3. gr.
b. Í stað orðanna „8.–10. gr.“ í 1. mgr. kemur: 8., 11. og 12. gr.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna, sem verður 14. gr., og breytast greinanúmer samkvæmt því:

a. 1. mgr. verður svohljóðandi:

   Foreldri sem gerir hlé á námi, sbr. f-lið 3. gr., vegna þeirra bráðaaðstæðna sem upp koma þegar barn þess greinist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun getur átt sameiginlegan rétt á greiðslum skv. 1. mgr. 16. gr. í allt að þrjá mánuði með hinu foreldri barnsins samkvæmt mati framkvæmdaraðila.
b. Í stað orðanna „d-lið 3. gr.“ í 2. mgr. kemur: f-lið 3. gr.
c. 3. mgr. fellur brott og breytist röð málsgreina samkvæmt því.

d. Á eftir orðunum „rétt til greiðslna“ í 5. mgr., sem verður 4. mgr., kemur: skv. 1. mgr.
e. 6. mgr., sem verður 5. mgr., verður svohljóðandi:
   Foreldrar geta ákveðið hvernig þeir skipta réttinum til greiðslna sín á milli fullnægi báðir foreldrar skilyrðum laganna. Foreldrar barna eiga þó ekki rétt á greiðslum samkvæmt lögum þessum fyrir sama tímabil. Þó er heimilt að veita undanþágu frá 2. málsl. þegar barn nýtur líknandi meðferðar og foreldrar hafa ekki nýtt sér rétt sinn að fullu samkvæmt ákvæði þessu.
f. Á eftir 6. mgr., sem verður 5. mgr., kemur ný málsgrein, 6. mgr., svohljóðandi:
   Andist langveikt eða alvarlega fatlað barn er heimilt að halda greiðslum sem foreldri hefði ella átt rétt á áfram í allt að einn mánuð frá andláti barns enda sé því tímabili sem framkvæmdaraðili hafði áður ákveðið skv. 1. mgr. ekki lokið.
g. 7. mgr. verður svohljóðandi:
   Félagsmálaráðherra er heimilt að kveða í reglugerð nánar á um rétt foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna til greiðslna samkvæmt ákvæði þessu.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna, sem verður 15. gr.:
a. Í stað orðanna „12. gr.“ í 1. og 2. mgr. kemur: 14. gr.
b. Í stað orðanna „d-lið 3. gr.“ í 2. mgr. kemur: f-lið 3. gr.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna, sem verður 16. gr., og breytast greinanúmer samkvæmt því:
a. 1. mgr. orðast svo:
   Greiðsla til foreldris skv. 14. gr. skal nema 130.000 kr. á mánuði.
b. 1. málsl. 2. mgr. orðast svo: Greiðslur til foreldris reiknast frá og með þeim degi er fjórtán virkir dagar eru liðnir frá því að barn greindist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun samkvæmt læknisvottorði, sbr. 14. gr.
c. Á eftir 3. mgr. kemur ný málsgrein, 4. mgr., svohljóðandi:
   Þegar greiðslur skv. 1. mgr. reynast lægri en greiðslur skv. IV. kafla getur foreldri sótt um þær greiðslur án þess að sækja fyrst um greiðslur samkvæmt ákvæði þessu að öðrum skilyrðum IV. kafla uppfylltum.
d. Í stað orðanna „greiðslum samkvæmt lögum þessum“ í 4. mgr., sem verður 5. mgr., kemur: greiðslum samkvæmt ákvæði þessu.

14. gr.

Á eftir 14. gr. laganna, sem verður 16. gr., kemur ný grein, 17. gr., svohljóðandi, ásamt fyrirsögn, og breytast greinanúmer samkvæmt því:

Mat á lengd greiðslutímabils foreldra.

Við mat á því í hversu langan tíma foreldrar eiga sameiginlegan rétt til greiðslna skv. 8. eða 14. gr. skal framkvæmdaraðili líta heildstætt á aðstæður fjölskyldunnar við þær bráðaaðstæður sem upp komu þegar barn greindist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun. Miða skal við aðstæður fjölskyldunnar þegar óskað er eftir að greiðslur hefjist og skal þá meðal annars litið til sjúkdóms- eða fötlunarstigs barns, sbr. 26. og 27. gr., umfangs þjónustu greiningar- og meðferðarstofnunar, umönnunarþarfar samkvæmt vottorði sér-

fræðings þeirrar greiningar- og meðferðarstofnunar sem veitir barninu þjónustu, sbr. einnig 25. gr., og þeirrar vistunarþjónustu sem í boði er á vegum opinberra aðila.

15. gr.

Á eftir nýrri 17. gr. kemur ný grein, 18. gr., svohljóðandi, ásamt fyrirsögn, og breytast greinanúmer samkvæmt því:

Framlenging á greiðslutímabili.

Foreldri barns sem fellur undir 1. eða 2. sjúkdóms- eða fötlunarstig, sbr. 26. og 27. gr., getur átt sameiginlegan rétt með hinu foreldri barnsins til framlengingar á greiðslutímabili um allt að þrjá mánuði skv. 3. mgr. 8. gr. Við mat á því hvort foreldrar eigi rétt til framlengingar og í hversu langan tíma skal framkvæmdaraðili líta heildstætt á aðstæður fjölskyldunnar skv. 17. gr. sem og lengdar vistunar á sjúkrahúsi, hjúkrunar í heimahúsi, yfirsetu foreldris og hversu tíðar sjúkrahúsinnlagnir barnsins eru enda þarfnist barnið meðferðar í heimahúsi samhliða tíðum sjúkrahúsinnlögnum.

16. gr.

15. gr. laganna fellur brott.

17. gr.

Á eftir III. kafla laganna kemur nýr kafli, IV. kafli, er hefur fyrirsögnina **Almenn fjárhagsaðstoð,** með sex nýjum greinum sem orðast svo ásamt fyrirsögnum:

a. (19. gr.)

Skilyrði fyrir réttindum foreldra til grunngreiðslna.

Foreldri sem getur hvorki sinnt störfum utan heimilis né námi vegna þess að barn þess þarfnast verulegrar umönnunar vegna mjög alvarlegs og langvinns sjúkdóms eða fötlunar getur átt sameiginlegan rétt á grunngreiðslum skv. 20. gr. með hinu foreldri barnsins samkvæmt mati framkvæmdaraðila.

Foreldri getur átt rétt á grunngreiðslum skv. 1. mgr. hafi barn þess greinst með mjög alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða mjög alvarlega fötlun sem fellur undir 1. og 2. sjúkdóms- eða fötlunarstig skv. 26. og 27. gr. samkvæmt vottorði sérfræðings þeirrar sérhæfðu greiningar- og meðferðarstofnunar sem veitir barninu þjónustu, barn þarfnist sérstakrar umönnunar foreldris, svo sem vegna innlagnar á sjúkrahús og/eða meðferðar í heimahúsi, enda verði ekki annarri vistunarþjónustu á vegum opinberra aðila við komið, foreldri geti hvorki sinnt störfum utan heimilis né námi vegna verulegrar umönnunar barnsins og foreldri og barn eigi lögheimili hér á landi þann tíma sem greiðslur eru inntar af hendi.

Réttur foreldris til grunngreiðslna skv. 1. mgr. er bundinn því að það fari sjálft með forsjá barnsins eða hafi sameiginlega forsjá ásamt hinu foreldri þess þegar barn greinist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun.

Forsjárlaust foreldri á rétt til grunngreiðslna skv. 1. mgr. liggi fyrir samþykki þess foreldris sem fer með forsjána um að forsjárlausa foreldrið annist barnið þann tíma sem greiðslur standa yfir. Maki, sambúðarmaki eða samvistarmaki foreldris sem fer með forsjána getur átt rétt til greiðslna liggi fyrir samþykki beggja kynforeldra barns enda hafi hjónaband, skráð sambúð eða staðfest samvist staðið yfir lengur en eitt ár. Í tilvikum þegar annars kynforeldra nýtur sannanlega ekki við er samþykki þess foreldris sem fer með forsjána nægjanlegt.

Foreldrar geta ákveðið hvernig þeir skipta réttinum til grunngreiðslna skv. 1. mgr. sín á milli. Foreldrar barns eiga þó ekki rétt á greiðslum samkvæmt lögum þessum fyrir sama tímabil. Þó er heimilt að veita undanþágu frá ákvæði 2. málsl. í allt að þrjá mánuði þegar barn nýtur líknandi meðferðar. Foreldrar sem hafa nýtt sér undanþágu skv. 6. mgr. 8. gr. skemur en í þrjá mánuði geta átt rétt á greiðslum á sama tíma samkvæmt ákvæði þessu en þó ekki lengur en samtals í þrjá mánuði.

Réttur til grunngreiðslna samkvæmt ákvæði þessu fellur niður þegar foreldri uppfyllir ekki lengur skilyrði IV. kafla, sbr. þó 7. mgr., eða þegar barn þess nær átján ára aldri.

Andist langveikt eða alvarlega fatlað barn er heimilt að halda greiðslum samkvæmt ákvæði þessu sem foreldri hefði ella átt rétt á áfram í allt að þrjá mánuði frá andláti barns. Hið sama á við þegar barn nær bata eftir langvarandi veikindi sem staðið hafa yfir meira en tvö ár.

Félagsmálaráðherra er heimilt að kveða í reglugerð nánar á um rétt foreldra mjög alvarlega langveikra eða alvarlega fatlaðra barna til grunngreiðslna samkvæmt ákvæði þessu.

b. (20. gr.)

Tilhögun grunngreiðslna til foreldra.

Grunngreiðsla til foreldris skv. 1. mgr. 19. gr. skal nema 130.000 kr. á mánuði.

Grunngreiðslur til foreldris reiknast frá og með þeim degi er tekjutengdar greiðslur skv. 8. og 11. gr. falla niður eða greiðslur skv. 14. og 16. gr. hafi foreldri átt rétt á þeim. Greiðslur til foreldra utan vinnumarkaðar reiknast frá og með þeim degi er fjórtán virkir dagar eru liðnir frá því að barn greindist með mjög alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða mjög alvarlega fötlun samkvæmt læknisvottorði skv. 19. gr.

Grunngreiðslur skulu inntar af hendi eftir á, fyrir undanfarandi mánuð eða hluta úr mánuði, fimmtánda virka dag hvers mánaðar, enda hafi foreldri skilað inn nauðsynlegum gögnum til framkvæmdaraðila fyrir fimmta virka dag mánaðarins.

Fjárhæð grunngreiðslna skv. 1. mgr. kemur til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála. Þá er félagsmálaráðherra heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnar, að breyta fjárhæðinni til hækkunar ef verulegar breytingar verða á launaþróun og þjóðhagsforsendum frá afgreiðslu fjárlaga. Þegar framangreind skilyrði leiða til hækkunar á fjárhæð greiðslna skal félagsmálaráðherra breyta fjárhæðinni í reglugerð.

c. (21. gr.)

Greiðslur vegna framfærsluskyldu gagnvart börnum.

Foreldri sem á rétt á grunngreiðslum skv. 19. gr. og hefur framfærsluskyldu gagnvart börnum yngri en átján ára skal eiga rétt á barnagreiðslum að fjárhæð 18.284 kr. á mánuði með hverju barni frá upphafi tímabils skv. 20. gr.

Einstætt foreldri sem á rétt á grunngreiðslum skv. 19. gr. og hefur á framfæri tvö börn sín eða fleiri yngri en átján ára skal eiga rétt á sérstökum barnagreiðslum að fjárhæð 5.325 kr. vegna tveggja barna og 13.846 kr. vegna þriggja barna frá upphafi tímabils skv. 20. gr.

Heimilt er að skuldajafna kröfum Innheimtustofnunar sveitarfélaga um meðlög foreldris sem stofnuninni hefur verið falið að innheimta á móti greiðslum skv. 1. og 2. mgr.

Fjárhæðir greiðslna skv. 1. og 2. mgr. koma til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála. Þá er félagsmálaráðherra heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnar, að breyta fjárhæðinni til hækkunar ef verulegar

breytingar verða á launaþróun og þjóðhagsforsendum frá afgreiðslu fjárlaga. Þegar framangreind skilyrði leiða til hækkunar á fjárhæð greiðslna skal félagsmálaráðherra breyta fjárhæðinni í reglugerð.

d. (22. gr.)

Frádráttur vegna tekna og annarra greiðslna.

Þegar samanlagðar grunngreiðslur skv. 19. gr., sbr. 20. gr., og tekjur foreldris og aðrar greiðslur, þar á meðal örorkulífeyrisgreiðslur úr almennum lífeyrissjóðum og séreignarsjóðum og fjármagnstekjur, eru hærri en sem nemur grunngreiðslum að viðbættu frítekjumarki skv. 2. mgr. skal skerða grunngreiðslur um helming þeirra tekna sem umfram eru. Eingöngu skal taka tillit til þeirra tekna sem foreldri hefur haft á þeim tíma er það nýtur grunngreiðslna skv. 19. gr., sbr. 20. gr. Umönnunargreiðslur sem ætlað er að mæta útlögðum kostnaði vegna veikinda eða fötlunar barns skulu ekki koma til frádráttar greiðslum samkvæmt lögum þessum.

Frítekjumarkið skal vera 52.000 kr. á mánuði. Fjárhæð frítekjumarksins kemur til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála. Þá er félagsmálaráðherra heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnar, að breyta fjárhæð frítekjumarksins til hækkunar ef verulegar breytingar verða á launaþróun og þjóðhagsforsendum frá afgreiðslu fjárlaga. Þegar áðurgreind skilyrði leiða til hækkunar á fjárhæð frítekjumarksins skal félagsmálaráðherra breyta fjárhæðinni með reglugerð.

e. (23. gr.)

Mat á lengd greiðslutímabils foreldra.

Við mat á því í hversu langan tíma foreldrar eiga sameiginlegan rétt til grunngreiðslna skv. 19. gr., sbr. einnig 20. gr., skal framkvæmdaraðili líta heildstætt á aðstæður fjölskyldunnar vegna mjög alvarlegra og langvinnra sjúkdóma eða fötlunar barnsins. Skal þá miða við aðstæður fjölskyldunnar þegar óskað er eftir að greiðslur hefjist en meðal annars skal litið til sjúkdóms- eða fötlunarstigs barns, sbr. 1. og 2. sjúkdóms- eða fötlunarstig skv. 26. og 27. gr., umfangs þjónustu greiningar- og meðferðarstofnunar, umönnunarþarfar samkvæmt vottorði sérfræðings þeirrar greiningar- og meðferðarstofnunar sem veitir barninu þjónustu, sbr. einnig 25. gr. og þeirrar vistunarþjónustu sem í boði er á vegum opinberra aðila. Skal enn fremur líta til lengdar vistunar á sjúkrahúsi, hjúkrunar í heimahúsi, yfirsetu foreldris og hversu tíðar sjúkrahúsinnlagnir barnsins eru enda þarfnist barnið meðferðar í heimahúsi samhliða tíðum sjúkrahúsinnlögnum.

f. (24. gr.)

Endurmat á réttindum foreldra til grunngreiðslna.

Framkvæmdaraðili skal endurmeta rétt foreldris til grunngreiðslna skv. 19. gr., sbr. einnig 20. gr., með reglubundnum hætti eftir því sem þörf krefur og eigi sjaldnar en árlega. Framkvæmdaraðili skal fara yfir hvort skilyrði 19. gr. séu enn uppfyllt og skal óska eftir vottorði sérfræðings þeirrar sérhæfðu greiningar- og meðferðarstofnunar sem veitir barninu þjónustu um greiningu, meðferð og umönnunarþörf barnsins, sbr. 25. gr. Enn fremur er framkvæmdaraðila heimilt að óska eftir umsögn frá öðrum aðilum vegna einstakra umsókna þegar ástæða er til að mati hans. Að öðru leyti vísast til matsins skv. 23. gr.

18. gr.

Á eftir nýjum IV. kafla kemur nýr kafli, V. kafli, er hefur fyrirsögnina **Sameiginleg skilyrði,** með fjórum nýjum greinum sem orðast svo ásamt fyrirsögnum og breytast kafla- og greinanúmer samkvæmt því:

a. (25. gr.)

Umönnunarþörf barns.

Skilyrði fyrir greiðslum til foreldris skv. III. og IV. kafla er að langveikt eða alvarlega fatlað barn þess þarfnist sérstakrar umönnunar foreldris vegna sjúkdóms eða fötlunar sem fellur undir sjúkdómsstig skv. 26. gr. eða fötlunarstig skv. 27. gr. Miða skal við að foreldri geti ekki verið virkur þátttakandi á vinnumarkaði vegna umönnunarinnar meðan greiðslur standa yfir enda verði annarri vistunarþjónustu á vegum opinberra aðila, svo sem hjá leikskólum, dagvistunarþjónustu eða skammtímavistun fyrir fatlaða, ekki við komið. Sama á við um foreldra í námi, sbr. f-lið 3. gr., en miða skal við að foreldri geti ekki stundað nám sitt vegna umönnunarinnar þann tíma er greiðslur skv. 14. gr., sbr. 16. gr., koma fyrir. Þegar kemur að framlengingu tekjutengdra greiðslna skv. 3. mgr. 8. gr. eða almennrar fjárhagsaðstoðar skv. IV. kafla skal jafnframt miða við að umönnunin sem barn þarfnast vegna mjög alvarlegs og langvinns sjúkdóms eða fötlunar sé veruleg.

b. (26. gr.)

Sjúkdómsstig.

Foreldri getur átt rétt á greiðslum skv. III. eða IV. kafla þegar barn þess hefur greinst með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm sem fellur undir eitthvert eftirfarandi sjúkdómsstiga, sbr. þó 3. mgr. 8. gr., sbr. einnig 18. gr., og 19. gr. Framkvæmdaraðili skal meta undir hvert eftirfarandi sjúkdómsstiga barn fellur:

1. *1. stig:* Börn sem þurfa langvarandi vistun á sjúkrahúsi eða hjúkrun í heimahúsi og yfirsetu foreldris vegna alvarlegra og langvinnra sjúkdóma, til dæmis börn með illkynja sjúkdóma.
2. *2. stig:* Börn sem þurfa tíðar sjúkrahúsinnlagnir og meðferð í heimahúsi vegna alvarlegra og langvinnra sjúkdóma, til dæmis alvarlegra hjartasjúkdóma og alvarlegra nýrna-, lungna- eða lifrarsjúkdóma, sem krefjast ónæmisbælandi meðferðar.
3. *3. stig:* Börn sem þurfa innlagnir á sjúkrahús og meðferð í heimahúsi vegna alvarlegra og langvinnra sjúkdóma, til dæmis börn með alvarlega bæklunarsjúkdóma, innkirtla- og efnaskiptasjúkdóma, meltingarfærasjúkdóma og geðsjúkdóma.

Við mat skv. 1. mgr. skal miða við að um sé að ræða langvinnan sjúkdóm sem líklegt er að vari í a.m.k. þrjá mánuði.

Við meðferð umsóknar um framlengingu á réttindum foreldra skv. 3. mgr. 8. gr., sbr. einnig 18. gr., eða umsókn um grunngreiðslur skv. 19. gr. þegar greiðslur skv. III. kafla koma ekki lengur til skal mat skv. 1. mgr. endurtekið þegar ástæða þykir til.

c. (27. gr.)

Fötlunarstig.

Foreldri getur átt rétt á greiðslum skv. III. eða IV. kafla þegar barn þess greinist með alvarlega fötlun sem fellur undir eitthvert eftirfarandi fötlunarstiga, sbr. þó 3. mgr. 8. gr., sbr. einnig 18. gr., og 19. gr. Framkvæmdaraðili skal meta undir hvert eftirfarandi fötlunarstiga barn fellur:

1. *1. stig:* Börn sem vegna alvarlegrar fötlunar eru algjörlega háð öðrum með hreyfifærni eða flestar athafnir daglegs lífs.
2. *2. stig:* Börn sem vegna alvarlegrar fötlunar þurfa mjög víðtæka aðstoð og nær stöðuga gæslu í daglegu lífi, til dæmis vegna alvarlegrar þroskahömlunar eða alvarlegrar einhverfu.
3. *3. stig:* Börn sem vegna alvarlegrar fötlunar þurfa töluverða aðstoð og gæslu í daglegu lífi, til dæmis vegna miðlungs þroskahömlunar, hreyfihömlunar sem krefst notkunar hjólastóls eða verulegrar einhverfu.

Við meðferð umsóknar um framlengingu á réttindum foreldra skv. 3. mgr. 8. gr., sbr. einnig 18. gr., eða umsókn um grunngreiðslur skv. 19. gr. þegar greiðslur skv. III. kafla koma ekki lengur til skal mat skv. 1. mgr. endurtekið þegar ástæða þykir til.

d. (28. gr.)

Barn greinist aftur með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm.

Foreldri barns sem greinist aftur með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eftir að hafa náð bata getur átt sameiginlegan rétt á greiðslum skv. III. kafla með hinu foreldri barnsins enda hafi foreldri verið samfellt í sex mánuði á innlendum vinnumarkaði eða stundað nám í jafnlangan tíma. Hið sama getur átt við þegar ástand barns versnar vegna sjúkdóms eða fötlunar. Að öðru leyti gilda skilyrði 8. og 14. gr. eftir því sem við á.

Foreldri barns sem greinist aftur með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eftir að hafa náð bata sem fullnægir ekki skilyrðum 1. mgr. um samfellt starf eða nám getur átt sameiginlegan rétt á greiðslum skv. IV. kafla með hinu foreldri barnsins. Hið sama getur átt við þegar ástand barns versnar vegna sjúkdóms eða fötlunar. Að öðru leyti gilda skilyrði 19. gr.

Foreldrar geta átt rétt á greiðslum samkvæmt lögum þessum þegar annað barn þeirra greinist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun enda þótt foreldrarnir hafi áður fengið greiðslur vegna annars barns. Foreldrar geta þó einungis fengið greitt vegna eins barns í einu.

19. gr.

2. mgr. 16. gr. laganna sem verður 2. mgr. 29. gr. verður svohljóðandi:

Þegar barn greinist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun meðan foreldrar þess eru í fæðingarorlofi eða fá greiddan fæðingarstyrk samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof öðlast foreldrarnir ekki jafnframt rétt á greiðslum samkvæmt III. eða IV. kafla laga þessara vegna sama barns á þeim tíma. Foreldrar skv. 1. málsl. sem eiga rétt á framlengingu á fæðingarorlofi eða greiðslu fæðingarstyrks vegna veikinda eða fötlunar barnsins öðlast jafnframt ekki rétt til greiðslna skv. III. kafla laga þessara þegar fæðingarorlofi eða greiðslu fæðingarstyrks lýkur en þeir geta þá átt rétt á greiðslum skv. IV. kafla laganna að öðrum skilyrðum laganna uppfylltum. Foreldrar skv. 2. málsl. geta síðar átt rétt á greiðslum skv. III. kafla laganna þegar skilyrði 28. gr. laganna eiga við.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2008 en greiðslur koma til framkvæmda 1. mars 2008. Ákvæði III. kafla laganna nr. 22/2006, um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlegra fatlaðra barna, sbr. 5.–15. gr. laga þessara, eiga við um foreldra barna sem greinast með alvarlega og langvinna sjúkdóma eða alvarlega fötlun 1. október 2007 eða síðar, sbr. þó 18.

gr. d laga þessara, enda hafi barn greinst aftur með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða ástand þess versnað vegna sjúkdóms eða fötlunar eftir 1. október 2007.

Foreldrar barna sem hafa greinst fyrir 1. október 2007 og hefðu átt rétt á greiðslum skv. 1. mgr. 8. gr. eða 1. mgr. 12. gr. laga nr. 22/2006, um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, að óbreyttum lögum í allt að þrjá mánuði eftir 1. janúar 2008 og uppfylla ekki skilyrði 17. gr. laga þessara skulu eiga rétt á grunngreiðslum að fjárhæð 130.000 kr. þann tíma sem þeir eiga rétt á greiðslum samkvæmt mati framkvæmdaraðila.

Foreldrar barna sem hafa greinst fyrir 1. október 2007 og uppfylla skilyrði 17. gr. laga þessara geta átt rétt á almennri fjárhagsaðstoð frá 1. janúar 2008 samkvæmt mati framkvæmdaraðila.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta felur í sér endurskoðun á því greiðslukerfi sem komið var á með lögum nr. 22/2006, um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna. Gildandi kerfi er vinnumarkaðstengt þar sem skilyrði er að foreldrar hafi verið samfellt í sex mánuði á innlendum vinnumarkaði áður en að barnið greindist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun. Kerfinu er ætlað að bæta foreldrum tekjumissi þegar þeir þurfa að leggja niður störf að fullu eða að hluta þegar börn þeirra greinast með alvarlega og langvinna sjúkdóma eða alvarlega fötlun. Tilgangur laganna er því að koma til móts við þær bráðaaðstæður sem geta komið upp hjá fjölskyldum þegar barn greinist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun og leiða til þess að foreldrar geta ekki haldið áfram að stunda vinnu sína. Í meðförum Alþingis var frumvarpi því sem varð að gildandi lögum breytt á þann veg að foreldrar langveikra eða alvarlega fatlaðra barna þurfa fyrst að tæma rétt sinn hjá sjúkrasjóði þess stéttarfélags sem þeir eru félagsmenn í áður en þeir sækja um greiðslur á grundvelli laganna. Hafa foreldrar þessara barna því almennt fyrst leitað til sjúkrasjóða stéttarfélaga sinna áður en þeir hafa sótt um greiðslur á grundvelli laganna.

Reynslan af framkvæmd laganna er sú að tiltölulega fáir foreldrar hafa sótt um greiðslur á grundvelli þeirra en í lok september 2007 höfðu tíu umsóknir borist til Vinnumálastofnunar sem annast framkvæmdina. Engu síður geta aðstæður foreldra barns sem greinist langveikt eða alvarlega fatlað verið mjög erfiðar því auk þess áfalls sem foreldrar verða fyrir í tengslum við veikindi barnsins geta þeir ekki sinnt störfum sínum á vinnumarkaði með sama hætti og áður með þeim afleiðingum að tekjuinnkoma heimilisins raskast. Þykir mikilvægt að komið verði betur til móts við aðstæður þessa hóps en verið hefur í því skyni að tryggja að röskun á tekjuinnkomu heimilanna verði sem minnst meðan foreldrar laga sig að breyttum aðstæðum. Er því lagt til að foreldrum sem eru virkir þátttakendur á vinnumarkaði þegar börn þeirra greinast langveik eða alvarlega fötluð verði tryggðar tekjutengdar greiðslur í allt að sex mánuði þegar þeir þurfa að leggja tímabundið niður störf vegna framangreindra bráðaaðstæðna. Gert er ráð fyrir að miðað verði við sömu skilyrði um alvarleika sjúkdóms eða fötlunar og verið hefur samkvæmt gildandi lögum þannig að foreldrar barna sem greinast með sjúkdóma eða fatlanir sem falla undir 1.–3. sjúkdóms- eða fötlunarstig, sbr. 18. gr. b og c frumvarps þessa, geta átt rétt á tekjutengdum greiðslum í allt að þrjá mánuði. Foreldrar barna með sjúkdóma eða fatlanir sem falla undir 1. og 2. sjúkdóms- eða fötlunarstig geta síðan átt rétt á framlengingu í allt að þrjá mánuði til viðbótar.

Enn fremur er áfram lögð áhersla á að foreldrar þessara barna hafi tækifæri á að viðhalda tengslum við vinnumarkaðinn þrátt fyrir að þeir þurfi að leggja tímabundið niður störf vegna mikillar umönnunar barna sinna. Standa því vonir til að sjúkrasjóðir stéttarfélaganna komi

til móts við aðstæður þessara foreldra með sama hætti og verið hefur. Er það meðal annars talið auka líkur á því að foreldrar snúi aftur til vinnu þegar aðstæður leyfa.

Gildandi lögum um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna var einungis ætlað að ná til þeirra foreldra sem eru virkir á vinnumarkaði eða í námi þegar börn þeirra greinast langveik eða alvarlega fötluð. Í ljósi þessa var við gildistöku laganna miðað við að lögin tækju til foreldra barna sem greindust á árinu 2006 eða síðar enda voru þeir foreldrar þá virkir á vinnumarkaði við gildistöku laganna eða mjög skammur tími var liðinn frá því að þeir lögðu niður störf. Sú fjárhagsaðstoð sem lögin kveða á um náði því ekki til ákveðins hóps foreldra mjög alvarlega langveikra og fatlaðra barna sem stóðu utan vinnumarkaðar þegar lögin tóku gildi þar sem þeir höfðu ekki getað hafið störf að nýju vegna verulegrar umönnunar barna sinna. Reynslan hefur sýnt að fjölskyldur barna með mjög alvarlega og langvinna sjúkdóma eða fatlanir lenda oft í fjárhagslegum erfiðleikum enda eru tækifæri þeirra til tekjuöflunar takmörkuð af þungri umönnun barnanna. Verður að telja mjög þýðingarmikið að þessum hópi verði tryggt ákveðið fjárhagslegt öryggi. Á það ekki síst við í ljósi hættunnar á að foreldrarnir sjálfir þrói með sér sjúkdóma sem rekja megi til mikils álags þannig að afleiðingin verði varanleg örorka foreldris.

Með hliðsjón af framangreindu er lagt til með frumvarpi þessu að komið verði til móts við fjárhagslegar aðstæður foreldra barna sem hafa greinst með mjög alvarlega og langvinna sjúkdóma eða fatlanir er falla undir 1. og 2. sjúkdóms- eða fötlunarstig, sbr. 18. gr. b og c frumvarps þessa óháð atvinnuþátttöku þeirra. Er gert ráð fyrir að þeim verði tryggðar mánaðarlegar grunngreiðslur þann tíma sem þeir geta ekki tekið virkan þátt á vinnumarkaði vegna verulegrar umönnunar barna sinna. Þar af leiðandi er gert ráð fyrir að foreldrar þessara barna sem hafa ekki getað tekið virkan þátt á vinnumarkaði til lengri eða skemmri tíma vegna verulegrar umönnunar barna sinna við gildistöku frumvarpsins, verði það að lögum, geti átt rétt á slíkum greiðslum að skilyrðum frumvarpsins uppfylltum án þess að litið sé til þess hvenær barnið greindist langveikt eða fatlað. Einnig er miðað við að þeir foreldrar sem ekki eru virkir á vinnumarkaði þegar börn þeirra greinast með mjög alvarlega og langvinna sjúkdóma eða mjög alvarlegar fatlanir eftir að frumvarpið hefur tekið gildi, verði það að lögum, geti jafnframt átt rétt á þessum greiðslum að öðrum skilyrðum þess uppfylltum. Enn fremur er lagt til að foreldrar þessara barna geti átt rétt á slíkum greiðslum þegar vinnumarkaðstengda kerfinu sleppir að skilyrðum frumvarpsins uppfylltum. Þá er miðað við að foreldrar geti átt rétt á þessum greiðslum þann tíma sem þær aðstæður sem vísað er til í skilyrðum frumvarpsins eru fyrir hendi eða þar til barnið nær átján ára aldri.

Þegar litið er til niðurstaðna könnunar sem nefnd er fjallaði um rétt foreldra langveikra barna til greiðslna í fjarveru frá vinnu lét gera á raunaðstæðum foreldranna á árinu 2004 og reynslu þeirra sem að þessum málum koma má leiða að því líkur að ekki sé um mjög fjölmennan hóp foreldra að ræða sem þarf á slíkri fjárhagsaðstoð að halda. Í skýrslu nefndarinnar frá árinu 2005 kemur fram að niðurstöður könnunarinnar sýndu að 61% mæðra og 19% feðra lögðu tímabundið niður störf eftir að barnið greindist langveikt. Þeir foreldrar sem lögðu niður störf tímabundið voru að meðaltali í sex mánuði frá störfum eftir að barnið greindist langveikt. Átti það bæði við um feður og mæður. Af því 61% mæðra sem kváðust hafa lagt niður störf svöruðu 87% þeirri spurningu hvort þær hefðu hafið störf að nýju. Meiri hluti þeirra eða 68% sagðist hafa hafið störf á ný en 32% höfðu ekki gert það. Af þeim 19% feðra sem lögðu tímabundið niður störf eftir að börn þeirra höfðu greinst langveik svöruðu 77% því til hvort þeir hefðu hafið störf að nýju. Af þeim höfðu 76% hafið störf á ný en 24% gerðu það ekki. Enn fremur eru skilyrði að barn þarfnist þjónustu þriðja stigs greiningar- eða

meðferðarstofnunar og að ekki verði við komið vistunarþjónustu sem í boði er á vegum opinberra aðila vegna sjúkdóms eða fötlunar barnsins. Miðað er við að aðstæður fjölskyldnanna sem í hlut eiga verði ávallt metnar heildstætt.

Börn með fötlun eiga rétt á félagslegri þjónustu á grundvelli laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra. Lögð hefur verið áhersla á að langveikum börnum og fjölskyldum þeirra verði veitt sambærilegt aðgengi að félagslegri þjónustu sem og að sálfélagslegur stuðningur við fjölskyldur þessara barna verði efldur. Tilgangurinn er að veita langveikum börnum umönnun og þjálfun ásamt nauðsynlegri aðstoð við fjölskyldur þeirra svo unnt sé að búa börnunum örugg og þroskavænleg uppeldisskilyrði þrátt fyrir veikindin. Mikilvægt er að auðvelda fjölskyldum langveikra barna að lifa sem eðlilegustu lífi sem og að efla þroska barnanna í samræmi við eðli og þarfir hvers þeirra og hlúa að þeim svo þau fái notið bernsku sinnar. Er þetta jafnframt í samræmi við markmið þingsályktunar um aðgerðaáætlun til fjögurra ára til að styrkja stöðu barna og ungmenna sem Alþingi samþykkti í júní 2007. Sem dæmi um slíka þjónustu má nefna skammtímavistun, stuðningsaðila og ýmiss konar þjálfun. Þegar um er að ræða langveik börn kann þjónustan, svo sem skammtímavistun eða stuðningsaðilar, að vera að miklu leyti veitt á heimili fjölskyldu langveiks barns, þar sem það getur ekki vegna sjúkdóms síns verið utan heimilisins eða innan um önnur börn. Markmiðið var að leggja til ákvæði um félagslega þjónustu fyrir langveik börn með frumvarpi þessu meðal annars til samræmis við rétt fatlaðra barna. Að betur athuguðu máli var talið að lengri tíma þyrfti til að laga þá félagslegu þjónustu sem stendur fötluðum börnum til boða að þörfum langveikra barna enda ljóst að langveik börn geta ekki nýtt sér þá þjónustu að óbreyttu vegna sérþarfa sinna. Enn fremur þótti mikilvægt að vinna betur að því að fá heildarsýn yfir þau þjónustuúrræði sem þegar eru fyrir hendi innan ólíkra þjónustukerfa, svo sem heilbrigðiskerfisins, menntakerfisins og félagslega kerfisins, og meta hvar ástæða er til að virkja þá þjónustu sem fyrir er betur og á hvaða sviðum mikilvægt er að taka upp ný úrræði í því skyni að unnt verði að veita sem heildstæðasta þjónustu við langveik börn og fjölskyldur þeirra. Ekki þótti þó rétt að bíða með framlagningu frumvarps þessa í heild sinni vegna þessa þar sem vitað er að foreldrar langveikra eða alvarlega fatlaðra barna búa margir hverjir við kröpp kjör. Er því lagt til að frumvarp þetta fjalli eingöngu um fjárhagslega aðstoð foreldra þessara barna en félagsmálaráðherra mun skipa starfshóp þar sem nokkur fagráðuneyti eiga fulltrúa ásamt Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Umhyggju, félagi til stuðnings langveikum börnum, til að fara yfir þessi mál. Ráðgert er að starfshópurinn skili tillögum til ráðherra fyrir 15. febrúar 2008 þannig að unnt verði að leggja fram frumvarp til laga um breytt stuðningskerfi á vorþingi. Enn fremur hefur komið fram við smíði þessa frumvarps sem og í skýrslu nefndar um rétt foreldra til launa í fjarveru frá vinnu og rétt til sjúkradagpeninga vegna langvarandi veikinda barna frá árinu 2005 að eðlilegt sé að ákvæðin um umönnunargreiðslur, sbr. lög nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, verði tekin til endurskoðunar með það að markmiði að skýra betur reglur um aðstoð til foreldra langveikra og fatlaðra barna vegna útlagðs kostnaðar í tengslum við veikindi eða fötlun barnanna. Mun félagsmálaráðherra því jafnframt efna til endurskoðunar á umönnunargreiðslum samkvæmt lögum um félagslega aðstoð innan tveggja ára frá gildistöku frumvarpsins, verði það að lögum, samhliða því greiðslukerfi sem lagt er til með frumvarpi þessu þar sem meðal annars verður höfð hliðsjón af reynslunni.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að frumvarpið nái ekki eingöngu til réttinda foreldra sem eru virkir á innlendum vinnumarkaði eða í námi þegar börn þeirra greinast með alvarlega og langvinna sjúkdóma eða alvarlega fötlun heldur einnig til foreldra þessara barna sem standa utan vinnumarkaðar þar sem þeir hafa ekki átt kost á að vera virkir á vinnumarkaði til lengri eða skemmri tíma þar sem að börn þeirra þarfnast sérstakrar umönnunar þeirra vegna alvarlegra og langvinnra sjúkdóma eða alvarlegrar fötlunar. Í frumvarpinu er síðan nánar skilgreind þau skilyrði sem verða að vera uppfyllt til þess að foreldri geti átt rétt á annars vegar tekjutengdum greiðslum og hins vegar almennri fjárhagsaðstoð.

Um 2. gr.

Frumvarpinu er ætlað að tryggja foreldrum langveikra eða alvarlega fatlaðra barna fjárhagsaðstoð þegar þeir geta ekki stundað vinnu eða nám vegna sérstakrar umönnunar barna sinna, þar á meðal vegna þeirra bráðaaðstæðna sem upp koma þegar börn þeirra greinast með alvarlega og langvinna sjúkdóma eða alvarlega fötlun, enda verður ekki annarri vistunarþjónustu á vegum opinberra aðila við komið. Er með því leitast við að koma til móts við aðstæður foreldra sem eiga þess ekki kost að sjá fyrir sér og sínum með virkri þátttöku á vinnumarkaði vegna verulegrar umönnunar barna sinna sem greinst hafa með alvarlega og langvinna sjúkdóma eða alvarlega fötlun. Er markmiði frumvarpsins því breytt frá gildandi lögum til samræmis við þær breytingar sem lagðar eru til á gildissviði laganna með frumvarpi þessu.

Um 3. gr.

Í reglugerð nr. 543/2006, um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, sem sett var með heimild í gildandi lögum um sama efni hafa hugtökin „langveikt barn“, „alvarlega fatlað barn“ og „bráðaaðstæður“ verið skýrð nánar. Er lagt til að þessar skýringar á hugtökunum verði hluti af lögunum sjálfum enda eðlilegra að slíkar skýringar sé að finna í lögum frekar en í reglugerðum. Orðskýringarnar eru efnislega samhljóða b, c og g liðum 2. gr. reglugerðarinnar.

Um 4. gr.

Lögð er til breyting á 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. laganna til samræmis við þá breytingu að fleiri tegundir greiðslna komi til með að eiga þar undir en gert er ráð fyrir að sami framkvæmdaraðili annist framkvæmd á greiðslum sem lagðar eru til með frumvarpi þessu, sbr. 5., 8., 9., 11., 13. og 17. gr. frumvarps þessa. Enn fremur er lagt til að við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein þess efni að tiltekin stjórnvöld veiti framkvæmdaraðila upplýsingar sem nauðsynlegar eru við framkvæmd frumvarpsins en sérstaklega þykir mikilvægt að unnt sé að byggja á upplýsingum frá skattyfirvöldum við útreikninga á tekjutengdum greiðslum til foreldra á vinnumarkaði skv. 5. og 8 gr. frumvarps þessa.

Um 5. gr.

Lagðar eru til breytingar á 8. gr. laganna til samræmis við aðrar þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpi þessu. Gert er ráð fyrir að vinnumarkaðstengda kerfið geti varað samtals í allt að sex mánuði í stað níu áður þegar um er að ræða mjög alvarleg og langvinn veikindi eða fötlun barns en lagt er til að þann tíma eigi foreldrar rétt á greiðslum sem eru ákveðið hlutfall af fyrri tekjum þeirra fyrir störf á innlendum vinnumarkaði. Samkvæmt 17. gr. reglu-

gerðar nr. 543/2006, um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, geta foreldrar barna með sjúkdóma eða fatlanir sem falla undir 1.–3. sjúkdóms- eða fötlunarstig 15. og 16. gr. reglugerðarinnar átt rétt á greiðslum í allt að þrjá mánuði skv. 1. mgr. 8. gr. laganna að öðrum skilyrðum laganna uppfylltum. Jafnframt geta foreldrar barna með sjúkdóma eða fatlanir sem falla undir 1. og 2. sjúkdóms- eða fötlunarstig átt rétt á framlengingu á greiðslutímabili skv. 3. mgr. 8. gr. laganna, sbr. 18. gr. reglugerðarinnar. Ekki eru lagðar til breytingar á þessum skilyrðum en sjúkdóms- og fötlunarstig reglugerðarinnar svara til sjúkdóms- og fötlunarstiga sem skilgreind eru í 18. gr. b og c frumvarps þessa.

Jafnframt er miðað við að annað greiðslukerfi taki við af vinnumarkaðstengda kerfinu þegar um er að ræða mjög alvarleg og langvinn veikindi eða mjög alvarlega fötlun barns. Er miðað við að sömu skilyrði gildi um rétt til greiðslna innan þess kerfis og gilda um rétt til framlengingar skv. 3. mgr. 8. gr. laganna. Gert er ráð fyrir að foreldrar geti átt rétt á þeim grunngreiðslum þann tíma sem þeir uppfylla skilyrði 17. gr. frumvarps þessa eða að barn verði fullra átján ára. Með þessari breytingu á heildaruppbyggingu kerfisins er þannig bæði lagt til að greiðslur verði tengdar fyrri tekjum foreldra í stað fastrar fjárhæðar áður í tiltekinn tíma og að foreldrar þessara barna geti átt rétt á fjárhagsaðstoð þann tíma sem barn þarfnast verulegrar umönnunar þeirra að mati framkvæmdaraðila vegna mjög langvinnra og alvarlegra veikinda eða mjög alvarlegrar fötlunar. Tilgangur þessara breytinga er að koma betur til móts við foreldra í þeim bráðaaðstæðum er koma upp þegar börn þeirra greinast með alvarlega og langvinna sjúkdóma eða alvarlega fötlun. Enn fremur er ætlunin að koma til móts við þann hóp foreldra mjög alvarlegra veikra eða fatlaðra barna sem hefur ekki getað verið virkur á vinnumarkaði til lengri eða skemmri tíma vegna verulegrar umönnunar barnanna.

Áfram er gert ráð fyrir að báðir foreldrar barns eigi ekki rétt á greiðslum samkvæmt lögunum fyrir sama tímabil, sbr. 6. mgr. 8. gr. laganna. Þó er lagt til með frumvarpi þessu að undanþága verði veitt að þessu leyti þegar barn nýtur líknandi meðferðar enda þá tvísýnt um lífshorfur barnsins. Er þá gert ráð fyrir að báðir foreldrar geti átt rétt á greiðslum á sama tíma en þó ekki lengur en þrjá mánuði hvort um sig. Foreldrar geta því ekki átt rétt á tekjutengdum greiðslum í lengri tíma en samtals sex mánuði. Hafi annað foreldranna þegar nýtt sér hluta af þeim mánuðum þegar upp kemur að barn þarfnast líknandi meðferðar geta foreldrarnir sótt um að fá greiðslur skv. 17. gr. frumvarpsins fyrir sama tímabil. Sá tími sem foreldrar fá bæði greiðslur á sama tíma, fyrst samkvæmt ákvæði þessu og síðan skv. 17. gr. a getur þó samtals ekki varað lengur en þrjá mánuði.

Þá er lagt til að heimild sem er að finna í 2. mgr. 17. gr. reglugerðar nr. 543/2006, um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, verði færð í lög en ljóst er að foreldrar þurfa einhvern aðlögunartíma eftir andlát barna þeirra til að hefja eðlilegt líf með atvinnuþátttöku á nýjan leik. Er því lagt til að heimilt verði að greiða tekjutengdar greiðslur í allt að einn mánuð eftir andlát langveiks eða alvarlega fatlaðs barns enda hafi því tímabili sem framkvæmdaraðili hafði áður ákveðið samkvæmt ákvæðinu ekki verið lokið.

Um 6. gr.

Ákvæði þetta er efnislega samhljóða 2.–4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 543/2006, um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, og felur því ekki sér breytingar á framkvæmd laganna.

Um 7. gr.

Ákvæði þetta er efnislega samhljóða 6. gr. reglugerðar nr. 543/2006, um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, og fjallar um hvað telst vera samfellt starf í skilningi 8. gr. laganna.

Um 8. gr.

Lagðar eru til breytingar á 9. gr. laganna, sem verður 11. gr., þar sem gert er ráð fyrir að mánaðarlegar greiðslur til foreldra sem þurfa að leggja niður störf til að annast börn sín að uppfylltum skilyrðum 8. gr. laganna miðist við ákveðið hlutfall fyrri tekna foreldra fyrir störf þeirra á innlendum vinnumarkaði. Þannig er miðað við að foreldri sem er launamaður eigi rétt á greiðslum sem nema 80% af meðaltali heildarlauna yfir viðmiðunartímabil sem tekur til tólf mánaða samfellds tímabils og lýkur tveimur mánuðum áður en barn greinist langveikt eða alvarlega fatlað. Hér er átt við almanaksmánuði. Skal ekki draga frá þann tíma sem foreldri hefur verið í orlofi eða leyfi samkvæmt lögum, kjarasamningi eða ráðningarsamningi þótt ólaunaður sé að hluta eða öllu leyti eða önnur þau tilvik sem talin eru í a–d-liðum 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins. Gert er ráð fyrir að foreldri sem er sjálfstætt starfandi einstaklingur eigi rétt á greiðslum sem nema 80% af meðaltali heildarlauna en lagt er til að viðmiðunartímabil vegna sjálfstætt starfandi einstaklings verði tekjuárið á undan því ári er barn hans greindist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun. Með tekjuári er átt við almanaksár. Ástæða þessa er einkum sú að nokkur eðlismunur er talinn vera á starfstengdum aðstæðum launafólks annars vegar og sjálfstætt starfandi einstaklingum hins vegar en sjálfstætt starfandi einstaklingar kunna að hafa meiri áhrif á tekjur sínar en launafólk. Þykir því mikilvægt að miða við sama tímabil og skattyfirvöld gera að því er sjálfstætt starfandi einstaklinga varðar með það fyrir augum að unnt sé að samkeyra kerfin þegar álagning skattyfirvalda liggur fyrir. Þó er gert ráð fyrir hámarki á mánaðarlegar greiðslur til foreldra samkvæmt ákvæði þessu. Lagt er til að hámarkið miðist við meðalmánaðartekjur foreldra að fjárhæð 648.250 kr. þannig að mánaðarlegar greiðslur til foreldra verði að hámarki 518.600 kr. Er miðað við sama hámark á greiðslur og gildir innan fæðingarorlofskerfisins.

Hafi foreldri ekki verið á vinnumarkaði á öllu viðmiðunartímabilinu skal miða við meðalheildarlaun þess fyrir það tímabil sem foreldri hefur verið á innlendum vinnumarkaði, sbr. einnig a–d-liði 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins. Skal þá alltaf miða við almanaksmánuði. Er þá að lágmarki unnt að miða við fjóra almanaksmánuði við útreikning á meðaltali heildarlauna foreldris enda ætið gert að skilyrði að foreldri uppfylli skilyrði 2. mgr. 8. gr. laganna um sex mánaða samfellt tímabil á innlendum vinnumarkaði áður en barnið greindist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun til að öðlast rétt á tekjutengdum greiðslum. Þá er miðað við heildarlaun en til launa skulu teljast hvers konar laun og aðrar þóknanir samkvæmt lögum um tryggingagjald sem og greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði, greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði, sjúkra- eða slysadagpeninga, greiðslur úr sjúkrasjóðum stéttarfélaga eða bætur frá tryggingafélagi vegna tímabundins atvinnutjóns, sbr. a–d-liði 2. mgr. 6. gr. frumvarps þessa. Þegar um er að ræða greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði, Atvinnuleysistryggingasjóði, sjúkrasjóði stéttarfélags eða bætur frá tryggingafélagi vegna tímabundins atvinnutjóns skal þó miða við þær viðmiðunartekjur sem þær greiðslur miðuðust við. Hafi því tímabili sem foreldri á rétt á tekjutengdum atvinnuleysisbótum verið lokið skal engu síður miða við viðmiðunartekjur hans sem nýttar voru fyrir tekjutengda tímabilið. Þó er ekki átt við styrki sem foreldri kann að hafa fengið úr Atvinnuleysistryggingasjóði eða sjúkrasjóðum stéttarfélaga á tímabilinu heldur eingöngu þær greiðslur sem ætlað er að koma í stað

launa. Jafnframt skiptir ekki máli þótt foreldri hafi verið í vinnu hjá fleirum en einum vinnuveitanda á umræddu tímabili. Þá er gert ráð fyrir að þegar tekjutengdar greiðslur til foreldris reynast lægri en greiðslur skv. 17. gr. frumvarps þessa getur foreldri sótt um þær greiðslur án þess að hafa fyrst sótt um greiðslur samkvæmt ákvæði þessu.

Lagt er til að framkvæmdaraðili leiti staðfestingar hjá skattyfirvöldum á að upplýsingar úr staðgreiðsluskrá og tryggingagjaldsskrá hafi verið í samræmi við álagningu skattyfirvalda er álagningin liggur fyrir að því er varðar viðmiðunartímabil samkvæmt ákvæði þessu. Tekjur foreldra eru færðar inn í staðgreiðsluskrá tveimur mánuðum eftir þann mánuð sem þær eru greiddar fyrir og ættu því að liggja fyrir þegar sótt er um tekjutengdar greiðslur samkvæmt ákvæði þessu. Í þeim tilgangi að auðvelda framkvæmdaraðila starf sitt er skattyfirvöldum gert skylt að láta honum í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru við framkvæmd frumvarps þessa, sbr. 4. gr. frumvarpsins.

Ákvæði 5. og 6. mgr. eru efnislega samhljóða 2. og 3. mgr. 9. gr. gildandi laga og 8. og 9. mgr. svara til 4. og 6. mgr. 9. gr. laganna.

Um 9. gr.

Ákvæði þetta er efnislega samhljóða 10. gr. laganna og 10. gr. reglugerðar nr. 543/2006, um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, en það er í samræmi við aðrar breytingar þar sem lagt er til að efni reglugerðarinnar verði að hluta til fært í lög. Er því hvorki um að ræða breytingu á efni né framkvæmd laganna. Er því áfram gert ráð fyrir að óski foreldri eftir greiðslum samhliða minnkuðu starfshlutfalli geti foreldri dreift greiðslum yfir lengra tímabil í samræmi við það starfshlutfall sem foreldri minnkar við sig vinnu. Sem dæmi má nefna foreldri sem hefur verið í 80% starfi á vinnumarkaði með 200.000 kr. í mánaðartekjur og á rétt á greiðslum í samtals þrjá mánuði samkvæmt frumvarpi þessu að uppfylltum öllum skilyrðum. Leggi foreldri niður störf að fullu á foreldrið rétt á sem nemur 160.000 kr. tekjutengdum mánaðargreiðslum í þrjá mánuði. Óski foreldri hins vegar að halda áfram í 40% starfi ætti það þá rétt á 80.000 kr. í sex mánuði.

Um 10. gr.

Lagðar eru til breytingar á 11. gr. laganna sem verður 13. gr. til samræmis við þær breytingar sem lagðar eru til á 3. gr. laganna, sbr. 3. gr. frumvarps þessa.

Um 11. gr.

Lagt er til að foreldri í námi geti átt sameiginlegan rétt á greiðslum með hinu foreldri barnsins í allt að þrjá mánuði geri foreldri hlé á námi vegna þeirra bráðaaðstæðna sem upp koma þegar barn þess greinist með alvarlegan og langveikan sjúkdóm eða alvarlega fötlun. Svarar a-liður ákvæðis þessa til 1. mgr. 12. gr. laganna. Ekki er gert ráð fyrir að sá tími framlengist með sama hætti og áður heldur sæki foreldri sem ekki getur stundað námið vegna þess að barn þess þarfnast verulegrar umönnunar vegna mjög alvarlegs og langvinns sjúkdóms eða mjög alvarlegrar fötlunar um greiðslur skv. 17. gr. frumvarps þessa. Er miðað við að sömu skilyrði gildi um almenna fjárhagsaðstoð og gilda um framlengingu greiðslutímabils skv. 3. mgr. 12. gr. laganna. Er því ekki verið að skerða réttindi foreldra sem eru í námi heldur breyta heildaruppbyggingu kerfisins og þar með að lengja þann tíma sem foreldri kann að eiga rétt á fjárhagsaðstoð.

Um 12. gr.

Lagðar eru til breytingar á 2. mgr. 13. gr. laganna, sem verður 15. gr., til samræmis við þær breytingar sem lagðar eru til á 3. gr. laganna, sbr. 3. gr. frumvarps þessa.

Um 13. gr.

Gert er ráð fyrir að fjárhæð greiðslna sem foreldrar í námi geta átt rétt á þegar þeir þurfa að gera hlé á námi vegna þeirra bráðaaðstæðna sem upp koma þegar börn þeirra greinast með alvarlega og langvinna sjúkdóma eða alvarlega fötlun verði jöfn þeirri fjárhæð sem lögð er til að verði greidd sem grunnfjárhæð skv. 17. gr. a frumvarps þessa, sbr. einnig 17. gr. b.

Um 14. gr.

Lagt er til að ákvæði 17. gr. reglugerðar nr. 543/2006, um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, um mat á lengd greiðslutímabils verði fært í lög í stað þess að kveða eingöngu á um það í reglugerð. Er það til þess fallið að gera lögin aðgengilegri þannig að þar komi skýrt fram til hvaða atriða framkvæmdaraðili skuli líta til við mat á lengd þess tímabils sem foreldri á vinnumarkaði eða í námi geti átt rétt til greiðslna skv. 8. og 12. gr. laganna, sbr. 5. og 11. gr. frumvarpsins.

Um 15. gr.

Á sama hátt og lagt er til í 14. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að ákvæði 18. gr. reglugerðar nr. 543/2006, um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, verði fært í lög þannig að tekið verði á því í lögum hvaða foreldrar geti átt rétt til framlengingar á tekjutengdum greiðslum skv. 3. mgr. 8. gr. laganna, sbr. 5. og 8. gr. frumvarps þessa.

Um 16. gr.

Lagt er til að 15. gr. laganna falli brott en í stað ákvæðisins komi efnislega samhljóða ákvæði sem 28. gr. laganna, sbr. 18. gr. d frumvarps þessa, og fjallar um sameiginlegan rétt foreldra til greiðslna samkvæmt frumvarpi þessu þegar barn þeirra greinist aftur með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða þegar ástand barns versnar vegna sjúkdóms eða fötlunar.

Um 17. gr.

Um a-lið (19. gr.).

Sú fjárhagsaðstoð sem lögin um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna kveða á um nær eingöngu til foreldra sem eru á innlendum vinnumarkaði eða í námi þegar barn þeirra greinist langveikt eða alvarlega fatlað. Með ákvæði þessu er hins vegar lagt til að komið verði til móts við fjárhagslegar aðstæður foreldra barna sem hafa greinst með mjög alvarlega og langvinna sjúkdóma eða mjög alvarlegar fatlanir er falla undir 1. og 2. sjúkdóms- eða fötlunarstig, sbr. 18. gr. b og c frumvarps þessa til lengri tíma óháð fyrri þátttöku þeirra á vinnumarkaði. Er gert ráð fyrir að þeim verði tryggðar mánaðarlegar grunngreiðslur þann tíma sem þeir geta ekki tekið virkan þátt á vinnumarkaði vegna verulegrar umönnunar barna sinna. Þar af leiðandi er gert ráð fyrir að foreldrar þessara barna sem hafa ekki getað tekið virkan þátt á vinnumarkaði til lengri eða skemmri tíma vegna verulegrar umönnunar barna sinna við gildistöku frumvarpsins, verði það að lögum, geti átt rétt á slíkum greiðslum að skilyrðum frumvarpsins uppfylltum án þess að litið sé til þess hvenær barnið greindist langveikt eða fatlað. Enn fremur er miðað við að þeir foreldrar sem ekki eru virkir á vinnumarkaði þegar börn þeirra greinast með mjög alvarlega og langvinna sjúkdóma eða

mjög alvarlegar fatlanir eftir að frumvarpið hefur tekið gildi, verði það að lögum, geti jafnframt átt rétt á þessum greiðslum að öðrum skilyrðum frumvarpsins uppfylltum. Þá er lagt til að foreldrar þessara barna geti átt rétt á slíkum greiðslum þegar vinnumarkaðstengda kerfinu sleppir að skilyrðum frumvarpsins uppfylltum.

Skilyrði fyrir réttinum til greiðslna eru sambærileg þeim sem gilda um framlengingu á rétti foreldra innan vinnumarkaðstengda kerfisins skv. 3. mgr. 8. gr. laganna. Auk skilyrða um alvarleika sjúkdóms eða fötlunar, sbr. 1. og 2. sjúkdóms- eða fötlunarstig skv. 18. gr. b og c frumvarps þessa, er miðað við að sérfræðingur þeirrar sérhæfðu greiningar- og meðferðarstofnunar sem veitir barninu þjónustu votti hvenær barnið greindist með mjög alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða mjög alvarlega fötlun og um ástand barnsins þegar sótt er um greiðslur. Enn fremur er það skilyrði að barn þarfnist sérstakrar umönnunar foreldris þannig að foreldrið eigi þess ekki kost að starfa utan heimilisins enda er átt við tilvik þegar upp koma aðstæður þar sem barn þarfnast þjónustu þriðja stigs greiningar- eða meðferðarstofnunar, hvort sem barnið er lagt inn á sjúkrahús eða nýtur meðferðar í heimahúsi. Með þriðja stigs greiningar- eða meðferðarstofnun er átt við sérhæfðar meðferðar- og greiningarstofnanir á landsvísu, svo sem Barnaspítala Hringsins og Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Framkvæmdaraðila ber að meta aðstæður fjölskyldna heildstætt, meðal annars með hliðsjón af þeirri vistunarþjónustu sem í boði er á vegum opinberra aðila, svo sem hjá leikskólum, dagvistunarþjónustu og skammtímavistun fyrir fatlaða. Er við það miðað að standi barni til boða vistunarþjónusta á vegum opinberra aðila komi foreldrar ekki til með að eiga rétt á þessum greiðslum. Þó er gert ráð fyrir að framkvæmdaraðili meti aðstæður ávallt heildstætt en sem dæmi geta komið upp þær aðstæður að barn geti ekki nýtt vistunarþjónustu sem skyldi, til dæmis vegna ónæmisbælingar sökum illkynja sjúkdóma eða annarra alvarlegra veikinda og foreldrar geti því ekki verið virkir þátttakendur á vinnumarkaði. Við mat á því hvort foreldrar kunni að eiga rétt á greiðslum samkvæmt ákvæði þessu skal framkvæmdaraðili jafnframt taka mið af lengd vistunar á sjúkrahúsi eða hjúkrunar í heimahúsi sem og yfirsetu foreldris vegna alvarlegs og langvinns sjúkdóms eða mjög alvarlegrar fötlunar. Einnig ber að líta til þess hvort um sé að ræða tíðar sjúkrahúsinnlagnir enda þótt hver þeirra standi yfir í skamman tíma. Gert er ráð fyrir að samhliða tíðum sjúkrahúsinnlögnum þarfnist barn meðferðar í heimahúsi vegna alvarlegs og langvarandi sjúkdóms. Að því er varðar börn með mjög alvarlega fötlun ber að líta til þeirrar umönnunar sem fötlunin krefst enda er miðað við að barnið sé algjörlega háð öðrum með hreyfifærni eða flestar athafnir daglegs lífs. Er því miðað við að fatlað barn þurfi mjög víðtæka aðstoð, umönnun og þjálfun sem ekki verður veitt með öðrum hætti. Framkvæmdaraðila er á sama hátt og áður falið að meta hvort og í hve langan tíma foreldrar geti átt rétt á greiðslum samkvæmt ákvæðinu, sbr. einnig 17. gr. e og f frumvarps þessa. Þá er gert ráð fyrir að foreldri og barn eigi lögheimili hér á landi þann tíma sem greiðslur standa yfir.

Markmið þessa kerfis er að veita foreldrum fjárhagslegan stuðning þann tíma sem þeir geta ekki verið virkir á vinnumarkaði þar sem börn þeirra þarfnast verulegrar umönnunar vegna mjög alvarlega og langvinnra sjúkdóma eða mjög alvarlegrar fötlunar. Er gert ráð fyrir rýmri tímatakmörkunum á greiðslum samkvæmt ákvæði þessu samanborið við vinnumarkaðstengda kerfið. Er því lagt til að foreldrar kunni að eiga rétt á greiðslum samkvæmt ákvæði þessu fram til þess að foreldri uppfyllir ekki lengur skilyrði 17. gr. frumvarps þessa eða barnið verður fullra átján ára. Verður þá miðað við afmælisdag barnsins. Þó er gert ráð fyrir að foreldrar kunni að eiga rétt á greiðslum í allt að þrjá mánuði eftir andlát barns og hið sama á við þegar barn nær bata eftir langvarandi veikindi sem staðið hafa yfir meira en tvö

ár. Ástæðan er sú að ljóst er að foreldrar þurfa einhvern aðlögunartíma eftir andlát barna þeirra til að hefja eðlilegt líf með atvinnuþátttöku á nýjan leik. Þá getur tekið tíma að aðstoða barn sem náð hefur bata eftir langvarandi veikindi er hafa staðið yfir í a.m.k. tvö ár við að taka aftur þátt í venjulegu lífi, svo sem að hefja skólagöngu á nýjan leik eftir erfið veikindi. Þykir því mikilvægt að foreldrum sé gefinn kostur á að vera til staðar fyrir börn sín við slíkar aðstæður um leið og foreldrarnir undirbúa sig sjálfir til að verða aftur virkir þátttakendur á vinnumarkaði. Ekki er gert ráð fyrir að foreldrar barns geti átt rétt á þessum greiðslum fyrir sama tímabil. Þó er lagt til með frumvarpi þessu að undanþága verði veitt að þessu leyti þegar barn nýtur líknandi meðferðar. Er þá gert ráð fyrir að báðir foreldrar geti átt rétt á greiðslum á sama tíma en þó ekki lengur en þrjá mánuði hvort um sig. Í tilvikum þegar foreldrar hafa nýtt sér samsvarandi undanþágu sem lögð er til í 5. gr. frumvarps þessa skemur en þrjá mánuði geta foreldrarnir sótt um að fá greiðslur samkvæmt ákvæði þessu fyrir sama tíma. Sá tími sem foreldrar fá báðir greiðslur á sama tíma, fyrst skv. 5. gr. frumvarpsins og síðan samkvæmt ákvæði þessu getur þó samtals ekki varað lengur en þrjá mánuði.

Um b-lið (20. gr.).

Lagt er til að mánaðarlegar greiðslur almennrar fjárhagsaðstoðar nemi 130.000 kr. en við ákvörðun á fjárhæð greiðslnanna var meðal annars litið til fjárhæðar örorkulífeyris. Gert er ráð fyrir að þessar greiðslur komi til þegar tekjutengdum greiðslum skv. 5. og 8. gr. frumvarps þessa eða greiðslum til námsmanna skv. 11. og 13. gr. frumvarps þessa sleppir. Jafnframt er gert ráð fyrir að greiðslur til foreldra sem standa utan vinnumarkaðar og uppfylla skilyrði 17. gr. a geti hafist fjórtán dögum frá því að börn þeirra greindust með mjög alvarlega og langvinna sjúkdóma eða mjög alvarlega fötlun, sbr. 1. og 2. sjúkdóms- eða fötlunarstig skv. 18. gr. b og c frumvarps þessa.

Um c-lið (21. gr.).

Gert er ráð fyrir að foreldrar sem njóta almennrar fjárhagsaðstoðar skv. 17. gr. a frumvarps þessa, sbr. einnig 17. gr. b, geti átt rétt á sambærilegum greiðslum vegna barna og gilda innan örorkulífeyriskerfisins. Þannig er lagt til að umræddir foreldrar sem hafa framfærsluskyldu gagnvart börnum yngri en átján ára eigi rétt á barnagreiðslum sem eru sambærilegar við svokallaðan barnalífeyri innan örorkulífeyriskerfisins. Enn fremur er lagt til að einstæðir foreldrar í sömu stöðu eigi rétt á sérstökum barnagreiðslum, annars vegar vegna tveggja barna og hins vegar vegna þriggja barna, en þessar greiðslur svara til svokallaðra mæðra- og feðralauna innan örorkulífeyriskerfisins. Þá er gert ráð fyrir að skuldi umræddir foreldrar barnameðlög vegna barna sinna sé heimilt að skuldajafna þessum barnagreiðslum við kröfur Innheimtustofnunar sveitarfélaga sem annast innheimtu hjá meðlagsskyldum foreldrum meðlög sem Tryggingastofnun ríkisins hefur greitt forráðamönnum barna þeirra, sbr. 3. gr. laga nr. 54/1971, um Innheimtustofnun sveitarfélaga.

Um d-lið (22. gr.).

Ákvæði þetta gerir ráð fyrir að hvers konar tekjur foreldris eða aðrar sambærilegar greiðslur komi til frádráttar grunngreiðslum skv. 17. gr. b frumvarps þessa. Þó er gert ráð fyrir ákveðnu frítekjumarki en miðað er við að foreldri geti haft tekjur sem því nemur án þess að komi til skerðingar á grunngreiðslum. Lagt er til að helmingur þeirrar fjárhæðar sem fer fram yfir samanlagðar tekjur eða aðrar greiðslur foreldris og grunngreiðslna komi til frádráttar grunngreiðslunum. Miðað er við að frítekjumarkið nemi 52.000 kr. við gildistöku frumvarpsins. Sem dæmi má nefna foreldra sem á rétt á grunngreiðslum skv. 17. gr. b frumvarpsins og hefur 100.000 kr. í aðrar tekjur. Samanlagðar grunngreiðslur og tekjur nema þá 230.000 kr. Sú reikniregla sem lögð er til leiðir til þess að helmingur þeirrar fjárhæðar sem

fer umfram 182.000 kr. (130.000 kr. + 52.000 kr.) kemur til frádráttar grunngreiðslum foreldris. Mismunurinn nemur 48.000 kr. (230.000 kr. – 182.000 kr.) þannig að 24.000 kr. koma til frádráttar grunngreiðslum foreldris. Á foreldrið því rétt á sem nemur 106.000 kr. í stað 130.000 kr. á mánuði í grunngreiðslur.

Þá er lagt til að breytingar á frítekjumarki verði ákvarðaðar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert sem og að félagsmálaráðherra verði enn fremur veitt heimild, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, til að breyta frítekjumarkinu ef verulegar breytingar verða á launaþróun og þjóðhagsforsendum frá afgreiðslu fjárlaga.

Um e-lið (23. gr.).

Ákvæðið fjallar um mat framkvæmdaraðila á því hvort og í hversu langan tíma foreldrar eiga sameiginlega rétt til grunngreiðslna skv. 17. gr. a frumvarpsins, sbr. einnig 17. gr. b. Áhersla er lögð á að framkvæmdaraðili líti heildstætt á aðstæður fjölskyldunnar vegna mjög alvarlegra og langvinnra sjúkdóma eða fötlunar barnsins. Ákvæðið svarar til 14. og 15. gr. frumvarps þessa en að öðru leyti er vísað til athugasemda við 17. gr. a frumvarpsins.

Um f-lið (24. gr.).

Gert er ráð fyrir að framkvæmdaraðili endurmeti með reglubundnum hætti aðstæður foreldra barna með mjög alvarlega og langvinna sjúkdóma eða mjög alvarlega fötlun sem fá greiðslur skv. 17. gr. a frumvarps þessa, sbr. einnig 17. gr. b, og eigi sjaldnar en árlega. Fer þá fram sambærilegt mat og lagt er til í 17. gr. e frumvarpsins. Ástæðan er sú að mikilvægt er að fylgjast með aðstæðum foreldra og barna í þessu tilliti til að meta hvort foreldrar fullnægi skilyrðum frumvarpsins til áframhaldandi greiðslna.

Um 18. gr.

Um a-lið (25. gr.).

Ákvæðið er efnislega samhljóða 14. gr. reglugerðar nr. 543/2006, um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, en þar er kveðið á um að skilyrði fyrir greiðslum samkvæmt frumvarpinu sé að barn þarfnist sérstakrar umönnunar foreldris vegna sjúkdóms eða fötlunar sem fellur undir sjúkdómsstig skv. 18. gr. b eða fötlunarstig skv. 18. gr. c frumvarps þessa. Er þá miðað við að foreldri geti ekki verið virkur þátttakandi á vinnumarkaði vegna umönnunarinnar meðan greiðslur standa yfir enda verði annarri vistunarþjónustu á vegum opinberra aðila ekki við komið. Í tilvikum þegar foreldrar eiga kost á vistunarþjónustu fyrir börn sín á vegum opinberra aðila, svo sem hjá leikskólum, dagvistunarþjónustu eða skammtímavistun fyrir fatlaða, er ekki gert ráð fyrir að þeir eigi rétt á greiðslum samkvæmt frumvarpi þessu. Þó er alltaf gert ráð fyrir mati framkvæmdaraðila á heildaraðstæðum foreldra, sbr. einnig athugasemdir við 17. gr. a frumvarpsins. Þegar kemur að framlengingu tekjutengdra greiðslna skv. 3. mgr. 8. gr. eins og henni verður breytt með frumvarpi þessu eða almennri fjárhagsaðstoð skv. 17. gr. frumvarpsins eru gerðar ríkari kröfur til umfangs þeirrar umönnunar sem foreldrar þurfa að veita börnum sínum vegna mjög alvarlegra og langvinnra sjúkdóma eða mjög alvarlegrar fötlunar.

Um b-lið (26. gr.).

Ákvæði þetta er efnislega samhljóða 15. gr. reglugerðar nr. 543/2006, um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna. Ekki eru lagðar til breytingar á sjúkdómsstigum þannig ákvæðið felur ekki sér breytingu á framkvæmd gildandi laga að því leyti.

Um c-lið (27. gr.).

Ákvæði þetta er efnislega samhljóða 16. gr. reglugerðar nr. 543/2006, um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna. Ekki eru lagðar til breytingar á fötlunarstigum þannig ákvæðið felur ekki sér breytingu á framkvæmd gildandi laga að því leyti.

Um d-lið (28. gr.).

Ákvæði þetta er efnislega samhljóða 15. gr. laganna. Samkvæmt 15. gr. laganna getur foreldri barns sem greinist aftur með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eftir að hafa náð bata átt sameiginlegan rétt á greiðslum samkvæmt lögunum eftir að foreldri hefur verið samfellt á vinnumarkaði í tólf mánuði eða stundað nám í jafnlangan tíma. Lagt er til að sá tími sem foreldri þarf að vera á vinnumarkaði verði styttur um sex mánuði þannig að ávinnslutíminn þegar foreldrið kemur aftur inn í kerfið verði færður til samræmis við ávinnslutíma 2. mgr. 8. gr. laganna, þ.e. að foreldri hafi verið samfellt á vinnumarkaði í sex mánuði á innlendum vinnumarkaði. Hið sama á við um foreldri í námi. Enn fremur er við það miðað að þegar barn greinist aftur með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða ástand þess versnar vegna sjúkdóms eða fötlunar geti foreldri átt rétt á greiðslum skv. 17. gr. frumvarps þessa, enda hafi foreldri ekki uppfyllt skilyrði 1. mgr. ákvæðisins um samfellt starf eða nám í sex mánuði. Að öðru leyti þarf foreldri að uppfylla skilyrði 17. gr. a frumvarpsins.

Um 19. gr.

Ákvæðið svarar til 2. mgr. 16. gr. laganna sem fjallar um ósamrýmanlegar greiðslur. Áfram er gert ráð fyrir að greiðslur samkvæmt frumvarpi þessu fari ekki saman við greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði eða fæðingarstyrk vegna sama barns enda er tilgangur þeirra sá sami. Enn fremur er gert ráð fyrir að foreldrar barna sem njóta framlengingar á fæðingarorlofi eða greiðslu fæðingarstyrks vegna veikinda eða fötlunar barnanna öðlist ekki rétt á greiðslum skv. III. kafla laganna með þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpi þessu þegar fæðingarorlofi eða greiðslu fæðingarstyrks lýkur. Hins vegar er gert ráð fyrir að þeir foreldrar geti átt rétt á greiðslum skv. 17. gr. frumvarpsins að skilyrðum þess uppfylltum þegar fæðingarorlofi eða greiðslu fæðingarstyrks lýkur. Þá er lagt til að taki sjúkdómur sig upp aftur eftir að barn hefur náð bata eða ástand þess versnar vegna sjúkdóms eða fötlunar kunni foreldrar að eiga rétt á greiðslum skv. III. kafla laganna með þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpi þessu að skilyrðum 18. gr. d frumvarpsins uppfylltum.

Um 20. gr.

Lagt er til að frumvarpið taki gildi 1. janúar 2008 verði það að lögum en greiðslur komi til framkvæmda 1. mars sama ár. Enn fremur er lagt til að III. kafli laganna eins og kaflanum er breytt með frumvarpi þessu eigi við um foreldra barna sem greinast með alvarlega og langvinna sjúkdóma eða alvarlega fötlun 1. október 2007 eða síðar. Ástæða þess að miðað er við þetta tímamark er sú að foreldrar sem eru á vinnumarkaði þegar barn þeirra greinist á þessum tíma kæmu inn í greiðslukerfið samkvæmt gildandi lögum í janúar 2008 en miðað er við að foreldrar sem eru launamenn eigi almennt rétt til greiðslna úr sjúkrasjóði stéttarfélaga að meðaltali í þrjá mánuði, sbr. einnig 2. mgr. 9. gr. laganna. Til að gæta jafnræðis við foreldra sem eru sjálfstætt starfandi einstaklingar og eiga þar af leiðandi ekki rétt úr sjúkrasjóðum stéttarfélaga er lagt til að sama gildi um þá sem eiga börn sem greindust eftir sama tímamark þannig að þeir geti fengið þau réttindi sem þeir hefðu ella fengið á árinu 2008 að óbreyttu kerfi sem tekjutengdar greiðslur samkvæmt frumvarpi þessu. Sem dæmi um sjálfstætt starfandi foreldri barns sem greindist í október 2007 með mjög alvarlegan og langvinnan sjúkdóm

þannig að foreldrið á rétt til greiðslna í sex mánuði þá fengi foreldrið greitt samkvæmt gildandi kerfi fyrir nóvember og desember 2007 en samkvæmt nýju kerfi frá janúar til apríl 2008. Tekjutengdar greiðslur fyrir janúar og febrúar kæmu þó ekki til framkvæmda fyrr en 1. mars 2008.

Þrátt fyrir framangreind tímamörk er lagt til að foreldrar barna sem greinast aftur með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eftir að hafa náð bata eða ástand þeirra versnar vegna sjúkdóms eða fötlunar eftir 1. október 2007 þannig að foreldrar geta ekki haldið áfram þátttöku á vinnumarkaði geti átt rétt á tekjutengdum greiðslum þrátt fyrir að barnið hafi verið greint langveikt eða alvarlega fatlað fyrir þann tíma að skilyrðum 18. gr. d frumvarpsins uppfylltum.

Foreldrar barna sem hafa greinst með mjög alvarlega og langvinna sjúkdóma eða alvarlega fötlun fyrir 1. október 2007 og geta hvorki sinnt störfum utan heimilis né námi vegna þess að börn þeirra þarfnast verulegrar umönnunar þeirra geta átt rétt á greiðslum skv. 17. gr. frumvarpsins að öðrum skilyrðum uppfylltum frá gildistöku frumvarpsins. Þar undir falla foreldrar sem hefðu ella átt rétt á greiðslum skv. 3. mgr. 8. gr. eða 3. mgr. 12. gr. laganna að óbreyttu. Foreldrar barna sem greinst hafa langveik eða alvarlega fötluð fyrir 1. október 2007 og hefðu átt rétt skv. 1. mgr. 8. gr. eða 1. mgr. 12. gr. laga nr. 22/2006, um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, í allt að þrjá mánuði eftir 1. janúar 2008 og uppfylla ekki skilyrði 17. gr. frumvarps þessa skulu eiga rétt á greiðslum að fjárhæð 130.000 kr. þann tíma sem þeir hefðu átt rétt á greiðslum samkvæmt mati framkvæmdaraðila á grundvelli gildandi laga.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna.

Frumvarpið felur í sér endurskoðun á greiðslum til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, sem komið var á með lögum nr. 22/2006. Er foreldrum sem eru virkir þátttakendur á vinnumarkaði bættur tekjumissir þegar þeir þurfa að leggja niður störf að fullu eða hluta eða gera hlé á námi sínu þegar börn þeirra greinast með alvarlega og langvinna sjúkdóma eða alvarlega fötlun. Lögin öðluðust gildi um mitt ár 2006 og áttu að koma að fullu til framkvæmda í ársbyrjun 2008. Samkvæmt þeim geta foreldrar átt rétt á greiðslum í allt að þrjá mánuði sem heimilt er að framlengja um allt að sex mánuði þegar barn þeirra þarfnast verulegrar umönnunar vegna mjög alvarlegra veikinda eða fötlunar.

Í frumvarpinu er lagt til að foreldrum sem eru virkir þátttakendur á vinnumarkaði verði tryggðar tekjutengdar greiðslur í allt að sex mánuði þegar þeir þurfa að leggja tímabundið niður störf vegna framangreindra bráðaaðstæðna. Frumvarpið gerir einnig ráð fyrir að foreldrum barna utan vinnumarkaðar verði tryggðar mánaðarlegar grunngreiðslur þann tíma sem þeir eiga ekki afturkvæmt á vinnumarkað vegna verulegrar umönnunar barna sinna að öðrum skilyrðum frumvarpsins uppfylltum og án þess að litið sé til þess hvenær barn þeirra greindist langveikt eða fatlað. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir að foreldrar barna með mjög alvarlega og

langvinna sjúkdóma eða fatlanir geti átt rétt á slíkum greiðslum þegar vinnumarkaðstengdum greiðslum sleppir. Er miðað við að þær grunngreiðslur verði greiddar þann tíma sem þær aðstæður sem vísað er til í skilyrðum frumvarpsins eru fyrir hendi eða allt að því að barnið verði fullra átján ára.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum má gera ráð fyrir að árleg útgjöld fyrsta árið verði um 250 til 310 m.kr. miðað við að velflestir sem undir skilyrði frumvarpsins falla nýti rétt til greiðslna. Hvorki eru fyrir hendi nákvæmar upplýsingar um fjölda barna né tímalengd aðstæðna sem falla undir skilyrði frumvarpsins um grunngreiðslur. Gera má þó ráð fyrir að framangreind fjárhæð hækki ár frá ári um allt að 20–25 m.kr. fyrstu árin. Á móti kostnaði frumvarpsins er gert ráð fyrir 137,6 m.kr. í fjárlagafrumvarpi 2008 til greiðslu til foreldra langveikra barna eða alvarlega fatlaðra barna.

228. Fyrirspurn [210. mál]

til sjávarútvegsráðherra um löndun á óslægðum afla.

Frá Herdísi Þórðardóttur.

Hversu miklum þorsk- og ýsuafla hefur verið landað óslægðum frá fiskveiðiárinu 1999/2000 til og með fiskveiðiárinu 2006/2007, skipt eftir verstöðvum, og hversu hátt hlutfall hefur þetta verið af lönduðum þorsk- og ýsuafla þessi ár?

Skriflegt svar óskast.

229. Fyrirspurn [211. mál]

til umhverfisráðherra um losun gróðurhúsalofttegunda frá álverum.

Frá Magnúsi Stefánssyni.

Hver er áætluð losun gróðurhúsalofttegunda frá álverum, á hvert framleitt tonn af áli, miðað við að raforkan sem notuð er sé framleidd með:

a. olíu,
b. kolum,
c. jarðgasi,
d. endurnýjanlegum orkugjöfum, þ.e. jarðvarma annars vegar og vatnsafli hins vegar?

Skriflegt svar óskast.

230. Fyrirspurn [212. mál]

til félagsmálaráðherra um lán Íbúðalánasjóðs.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hvenær hyggst ráðherra hækka lánshlutfall almennra lána Íbúðalánasjóðs aftur upp í 90%?
2. Telur ráðherra koma til greina að hækka lánshlutfallið strax upp í 90% í þeim sveitarfélögum þar sem opinberar skýrslur sýna að hagvöxtur hefur verið neikvæður undanfarin ár?

231. Fyrirspurn [213. mál]

til sjávarútvegsráðherra um viðskipti með aflamark og aflahlutdeild.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

Telur ráðherra tímabært að sett verði almenn löggjöf um viðskipti með aflamark og aflahlutdeild þar sem meðal annars verði kveðið á um hlut ríkissjóðs úr þeim viðskiptum, og ef svo er, hvenær?

232. Fyrirspurn [214. mál]

til iðnaðarráðherra um íbúaþróun utan höfuðborgarsvæðisins.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hver telur ráðherra að verði íbúaþróun á næstu þremur árum á einstökum landsvæðum utan áhrifasvæðis höfuðborgarinnar í ljósi ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um samdrátt í þorskveiðum?
2. Hver verða á sama tíma áhrifin á meðaltekjur á einstökum landsvæðum utan höfuðborgarsvæðisins í samanburði við meðaltekjur á höfuðborgarsvæðinu?

233. Álit allsherjarnefndar [215. mál]

um skýrslu umboðsmanns Alþingis 2006.

Allsherjarnefnd skilar nú í fyrsta skipti áliti um skýrslu umboðsmanns Alþingis og er það í samræmi við 1. mgr. 23. gr. laga um þingsköp Alþingis eins og henni var breytt síðastliðið vor með lögum nr. 68/2007. Markmiðið með þessu nýmæli er að tryggja betur en áður tengsl

embættis umboðsmanns og þingsins sjálfs og undirstrika mikilvægi þess að skýrsla umboðsmanns fái viðeigandi umfjöllun í þeirri fastanefnd þingsins sem um málefni embættisins fjallar.

Allsherjarnefnd hefur fjallað um skýrslu umboðsmanns fyrir árið 2006 á tveimur fundum. Nefndin heimsótti embættið 17. október sl. og gerði umboðsmaður þar grein fyrir meginþáttum starfseminnar og fór yfir helstu atriði skýrslunnar sem lögð var fram á þingi daginn eftir. Þá kom umboðsmaður á fund nefndarinnar og svaraði fyrirspurnum nefndarmanna um einstök atriði. Nefndin telur yfirferð af þessu tagi gagnlega og mikilvæga og leggur áherslu á að þessi samskipti umboðsmanns og nefndarinnar þurfi að auka og móta frekar á næstu þingum.

Á næsta ári verða 20 ár liðin frá stofnun embættis umboðsmanns Alþingis. Nefndin telur óhætt að fullyrða að með því hafi verið stigið verulegt framfaraskref í innleiðingu góðra stjórnsýsluhátta. Hlutverk umboðsmanns hefur frá upphafi verið að hafa, í umboði Alþingis, eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga og honum er þannig ætlað að standa vörð um réttindi borgaranna gagnvart stjórnvöldum og stuðla að því að þeir sem með opinbert vald fara gæti jafnan lagareglna og góðra stjórnsýsluhátta í störfum sínum. Ekki er vafamál að störf umboðsmanns og það aðhald sem hann hefur veitt stjórnvöldum á hverjum tíma hefur skilað umtalsverðum árangri í þeim efnum á undanförnum árum.

Skýrslur umboðsmanns gegna mikilvægu hlutverki, enda er þar að finna ítarlega og vandaða umfjöllun um ýmsa þætti stjórnsýsluréttarins. Skýrslurnar – og raunar einstök álit umboðsmanns – eru mikilvæg heimild um túlkun margvíslegra reglna á þessu réttarsviði. Skýrslan fyrir árið 2006 er að vanda greinargóð og fróðleg og þakkar allsherjarnefnd umboðsmanni og starfsmönnum hans fyrir skýrsluna og vel unnin störf á liðnu ári.

Sigurður Kári Kristjánsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins

Alþingi, 14. nóv. 2007.

Birgir Ármannsson, form., frsm.	Ágúst Ólafur Ágústsson.	Atli Gíslason.
Ellert B. Schram.	Siv Friðleifsdóttir.	Ólöf Nordal.
Karl V. Matthíasson.		Jón Magnússon.

234. Fyrirspurn [216. mál]

til iðnaðarráðherra um samkeppnisstöðu hótela og gististaða á landsbyggðinni.

Frá Ólöfu Nordal.

1. Hyggst ráðherra beita sér fyrir könnun á samkeppnisstöðu hótela og gististaða á landsbyggðinni með hliðsjón af því að ríkið hefur lengi leigt skólahúsnæði á háannatíma til einstakra ferðaþjónustuaðila?
2. Telur ráðherra slík afskipti ríkisins af ferðaþjónustu eðlileg?

235. Fyrirspurn [217. mál]

til iðnaðarráðherra um flutningsgetu byggðalínu.

Frá Ólöfu Nordal.

Hver yrði flutningsgeta byggðalínu og hversu mikil orka yrði til aflögu á tengipunktum á Norðausturlandi:

a. ef byggðalínan yrði spennt upp í 220 kV,
b. ef ný 220 kV lína yrði byggð?

236. Fyrirspurn [218. mál]

til iðnaðarráðherra um framleiðslu- og flutningsgetu í raforkukerfinu.

Frá Ólöfu Nordal.

1. Hver er núverandi framleiðslugeta í raforkukerfinu miðað við að Fljótsdalsstöð sé í fullum rekstri?
2. Hver er flutningsgetan og hversu mikil orka er til aflögu á tengipunktum á Norðausturlandi?

237. Fyrirspurn [219. mál]

til iðnaðarráðherra um raforkuframleiðslu.

Frá Ólöfu Nordal.

1. Væri að öðru óbreyttu hægt að auka raforkuframleiðslu í einstökum virkjunum ef flutningskerfi raforku væri eflt?
2. Hvað kostar að virkjun sé ekki fullnýtt og hvað kostar að bæta úr því?

238. Tillaga til þingsályktunar [220. mál]

um prófessorsembætti á sviði byggðasafna og byggðafræða.

Flm.: Árni Johnsen, Bjarni Harðarson, Lúðvík Bergvinsson, Guðni Ágústsson, Grétar Mar Jónsson, Björk Guðjónsdóttir, Kjartan Ólafsson, Atli Gíslason.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að hlutast til um að Háskóli Íslands stofni til prófessorsembættis á sviði byggðasafna og byggðafræða sem verði tengt Byggðasafninu á Skógum undir Eyjafjöllum.

Greinargerð.

Mikilvægi byggðasafna á Íslandi er óumdeilt. Þau eru allt í senn, menningarsöfn, sögusöfn og verkfærasöfn. Þau eru spegilmynd lífsins í landinu. Það segir í gömlu máltæki að það sem þú segir mér, gleymi ég en það sem þú sýnir mér muni ég. Byggðasafnið tryggir skilvirkni hvors tveggja.

Byggðasöfnin eru mikilvæg fyrir þekkingu landsmanna á lífinu í landinu í gegnum tíðina, þróun búsetu, lífsháttum og öllu sem lýtur að mannlegu samfélagi Íslendinga. Það skiptir miklu að þau séu sett upp af alúð og tillitssemi og af mikilli vandvirkni.

Þá eru byggðasöfnin snar þáttur í ferðaþjónustu nútímans og erlendir ferðamenn sækja þau heim í sífellt meiri mæli. Vönduðustu söfn landsins í þessum efnum eru á heimsmælikvarða og það er mikilvægt fyrir framtíðina að hlúa að uppbyggingu þeirra með eins skilvirkum hætti og kostur er og nýta til þess nútímatækni hverju sinni í bland við safngripina sjálfa.

Byggðasafnið í Skógum er eitt öflugasta byggðasafn landsins. Það nýtur þess að hafa byggst upp undir forustu Þórðar Tómassonar, einhvers mesta safnamanns Íslandssögunnar, sem sinnti því af fádæma ósérhlífni og krafti, og þess að hafa byggst upp í nánum tengslum við grasrótina í landinu, fólkið sjálft í starfi og leik.

239. Tillaga til þingsályktunar [221. mál]

um prófessorsembætti kennt við Jónas Hallgrímsson.

Flm.: Árni Johnsen, Guðni Ágústsson, Ólöf Nordal, Björk Guðjónsdóttir, Birgir Ármannsson, Guðbjartur Hannesson, Guðjón A. Kristjánsson, Katrín Jakobsdóttir, Karl V. Matthíasson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að hlutast til um það við Háskóla Íslands að stofnað verði prófessorsembætti kennt við Jónas Hallgrímsson skáld með vörn og sókn fyrir íslenska tungu og ljóðrækt að meginmarkmiði.

Greinargerð.

Íslensk tunga er ankeri íslenskrar þjóðar, lykillinn að sjálfstæðri menningu og þjóðerni. Íslensk tunga hefur alltaf átt undir högg að sækja, en hún er lífsseig með eindæmum og ber þannig spegilmyndina af eðli þjóðarinnar og virðingu fyrir tungunni þótt stundum pusi í þræs-

ingum. Um þessar mundir á íslensk tunga undir högg að sækja og rótgrónar stofnanir á Íslandi hafa meira að segja látið sér detta í hug að setja erlenda tungu í fremstu víglínu tungutaks Íslendinga við hlið íslenskunnar. Við slíku verður að sporna af lífs og sálar kröftum því sjálfstæði Íslands kann að vera í húfi.

Það er mikilvægt að Íslendingar og Háskóli Íslands sýni þeim manni sem hvað fegurst hefur ritað á íslenska tungu, Jónasi Hallgrímssyni, þá virðingu að vinna markvisst í stíl hans og fylgja eftir til komandi kynslóða þeim blæ íslenskrar náttúru og íslenskrar hugsunar sem hann tengdi saman í ritverkum sínum og skáldskap. Mikilvægi Jónasar Hallgrímssonar fyrir íslenska þjóð mælist ekki í verðbréfum heldur ómetanlegum verðmætum í þjóðarsálinni og persónuleika Íslendinga. Þess vegna er það engin tilviljun að Jónas Hallgrímsson býr í öllum Íslendingum.

Jónas Hallgrímsson kom sem vorvindur inn í íslenskt tungutak fyrir 200 árum og enn er vorvindurinn í loftinu, slíkt var afl skáldsins til þess að ríma við möguleika íslenskunnar á náttúrulegum grunni hennar. Þessi vorvindur hefur dugað okkur vel og við þurfum að tryggja vel að hann verði staðvindur í íslensku samfélagi.

Halldór Blöndal, fyrrverandi alþingismaður og forseti Alþingis, skrifaði í Morgunblaðið fyrir skömmu um Jónas: „Hann var magískur töframaður og það er eins og allt, sem hann snerti, verði lifandi og aðlaðandi á einhvern hátt.“

Í minningarorðum samtímamanns Jónasar, Konráðs Gíslasonar í Fjölni, segir svo um Jónas: „Það sem eftir hann liggur mun lengi halda uppi nafni hans á Íslandi og bera honum vitni.“

Öld er liðin frá því að Guðmundur á Sandi ritaði eftirfarandi um Jónas í grein í Eimreiðinni: „Jónas er æskumaður og æskuskáld. Hann var á undan tíma sínum, og enn þá stendur samtíð vor á herðum hans. Hann eldist ekki né fyrnist og er 100 ára ungur nú. Mál hans er með nýjabrumi enn þá, hreint eins og lindarvatn, ungt eins og döggin á grasinu.

Hann er konungur í Hulduríki.“

Enn þá andar suðrið sæla af tungutaki Jónasar og það er mikilvægt að virkja þessa auðlind inn í hjartslátt þjóðarinnar í starfi og leik. Einn af mörgum möguleikum er sá spennandi kostur að Háskóli Íslands skapi rúm um borð í móðurskipinu fyrir prófessorsembætti tengt nafni Jónasar Hallgrímssonar, prófessorsembætti sem hefði það markmið að fylgja íslenskunni áfram með reisn og styrkja íslenska ljóðrækt.

240. Fyrirspurn [222. mál]

til menntamálaráðherra um viðurkenningu á prófgráðum frá löndum utan EES.

Frá Paul Nikolov.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að prófgráður frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins verði viðurkenndar hér svo að prófgráðuhafi geti stundað áframhaldandi nám í framhalds- og háskólum eða fengið útgefið starfsleyfi þegar um löggilt starf er að ræða?

241. Fyrirspurn [223. mál]

til menntamálaráðherra um fullorðinsfræðslu.

Frá Katrínu Jakobsdóttur.

Stendur til að setja nýja löggjöf um fullorðinsfræðslu í landinu á þessu þingi? Hvar er vinna við slíka löggjöf á vegi stödd?

242. Fyrirspurn [224. mál]

til heilbrigðisráðherra um kostnað af áfengisnotkun.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hver er áætlaður árlegur kostnaður þjóðfélagsins af áfengisnotkun?
2. Hvað er áætlað að árlegur kostnaður þjóðfélagsins hafi vaxið mikið frá 1997, þegar neyslan var um 5 lítrar af hreinu alkóhóli á hvern 15 ára og eldri, til ársins 2005 þegar neyslan hafði aukist í 7,1 lítra?

243. Fyrirspurn [225. mál]

til heilbrigðisráðherra um áfengisneyslu og áfengisverð.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hvað telur ráðherra að áfengisneysla mundi aukast mikið frá því sem nú er ef samþykkt verður að selja áfengi í smásöluverslunum?
2. Hvaða áhrif hefði helmingslækkun áfengisgjaldsins á áfengissölu og neyslu?

244. Fyrirspurn [226. mál]

til heilbrigðisráðherra um markmið heilbrigðisáætlunar til ársins 2010.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hverjar eru helstu ástæður þess, að mati ráðherra, að áfengisneysla hefur vaxið verulega frá því sem hún var þegar heilbrigðisáætlun til ársins 2010 var samþykkt á Alþingi í maí 2001 og er liðlega 40% yfir markmiðum áætlunarinnar eða 7,1 lítri af hreinu alkóhóli á hvern íbúa 15 ára og eldri miðað við árið 2005?

2. Hverjar eru tillögur ráðherrans til að minnka áfengisneysluna og telur hann raunhæft að ná settu marki um 5 lítra árið 2010?

245. Svar [98. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Jóns Bjarnasonar um þrífösun rafmagns.

1. *Hve mörg lögbýli og þorp eiga ekki kost á tengingu við þriggja fasa rafmagn og hvernig skiptast þau eftir landshlutum?*

Samkvæmt upplýsingum frá Rarik ohf. og Orkubúi Vestfjarða ohf. hafa öll þorp og þéttbýliskjarnar aðgang að þriggja fasa rafmagni. Í október 2007 höfðu 2.489 lögbýli, eða 38% lögbýla í landinu, ekki aðgang að þriggja fasa rafmagni.

Tafla 1: Fjöldi lögbýla án þriggja fasa rafmagns, skipt eftir landshlutum.

Vesturland	437
Vestfirðir	50
Norðurland	1.170
Austurland	351
Suðurland	481
Samtals	2.489

2. *Hve margir raforkukaupendur fá aðgang að þriggja fasa rafmagni árin 2006 og 2007 og hvernig skiptast þeir landfræðilega?*

Á árinu 2006 og til loka október 2007 hafa 353 lögbýli fengið aðgang að þriggja fasa rafmagni, sjá töflu 2. Undanfarin ár hefur markvisst verið unnið að styrkingu og endurnýjun á háspennukerfi í dreifbýli. Öll endurnýjun er með jarðstrengjum sem koma í stað loftlína og eru nýju strengirnir þriggja fasa. Í flestum tilvikum eru settar upp þriggja fasa spennistöðvar og notendur hvattir til að taka inn þriggja fasa tengingu um leið og framkvæmdir standa yfir en þá geta þeir fengið slíka tengingu sér að kostnaðarlausu. Samkvæmt upplýsingum Rarik ohf. kjósa aðeins 10–20% eigenda lögbýla að tengjast við þriggja fasa rafmagn um leið og kostur gefst. Aðrir kjósa að tengjast að nokkrum tíma liðnum, en sumir meta ekki þörf á því að taka upp þriggja fasa tengingu.

Tafla 2: Fjöldi lögbýla sem fengu aðgengi að þriggja fasa kerfi 2006–2007, skipt eftir landshlutum.

Vesturland	69
Vestfirðir	10
Norðurland	108
Austurland	89
Suðurland	77
Samtals	353

3. *Hve miklu fé er varið á þessu ári til þrífösunar rafmagns í dreifbýli?*

Uppbygging á þriggja fasa dreifikerfi rafmagns helst í hendur við almenna endurnýjun og uppbyggingu á dreifikerfinu og er sjaldnast um sérstakar aðgerðir að ræða sem einvörðungu snúa að því að tengja þriggja fasa rafmagn. Á árinu 2006 varði Rarik ohf. um 500 millj. kr. til að endurnýja og styrkja dreifikerfið. Gert er ráð fyrir að fyrirtækið verji svipaðri fjárhæð til dreifikerfisins á þessu ári og á árinu 2008. Orkubú Vestfjarða ohf. varði um 43 millj. kr. til framkvæmda í dreifikerfnu á árinu 2006 og áætlar að verja til þessa um 30 millj. kr. á árinu 2007 og 25 millj. kr. á árinu 2008.

4. *Liggur fyrir kostnaðargreind framkvæmdaáætlun og pólitísk stefnumörkun um lagningu þriggja fasa rafmagns til þeirra staða sem ekki hafa aðgang að því nú, sbr. svar iðnaðarráðherra um það efni frá 131. löggjafarþingi (104. mál)?*

Árið 2002 var birt skýrsla þar sem metin var þörf fyrir uppbyggingu á þriggja fasa raforkukerfi og kostnaði við hana. Við gerð skýrslunnar var leitað til sveitarfélaga í landinu og þeim falið að koma með ábendingar um þörf og forgangsröðun á þriggja fasa rafmagni í viðkomandi sveitarfélagi. Endurbætur á dreifikerfinu hafa á undanförnum árum stuðst við þær ábendingar sem fram koma í skýrslunni.

Eins og áður segir þá helst uppbygging á þriggja fasa dreifikerfi í hendur við endurnýjun og uppbyggingu á dreifikerfinu og sjaldan er um að ræða sérstakar framkvæmdir eingöngu til að koma á þrífösun. Í áætlunum raforkufyrirtækja um uppbyggingu og endurnýjun dreifikerfisins felst því áætlun um þrífösun.

Á svæðum þar sem háspennudreifikerfi er enn einfasa er hægt að fá aðgang að þriggja fasa rafmagni með því að notað svokallaða „rafhrúta“ til að búa til þriggja fasa rafmagn svo hægt sé að knýja stærri þriggja fasa mótora. Þennan búnað er hægt að leigja hjá Rarik ohf. Einnig er hægt að nota hraðabreyta fyrir minni mótora.

Samkvæmt áætlun Rarik ohf. er áætlað að heildarkostnaður við að endurnýja það sem eftir er af einfasa dreifikerfi sé um 12–13 milljarðar króna. Á undanförnum árum hefur Rarik ohf. endurnýjað um 150 km á ári af dreifikerfi sínu og nú er eftir að endurnýja um 3.700 km af einfasa línum í dreifbýli. Á veitusvæði Orkubús Vestfjarða ohf. liggur ekki fyrir framkvæmdaáætlun fyrir allt veitusvæðið með tilliti til endurnýjunar og uppbyggingar, en stærsta verkefnið sem fyrirtækið stendur fyrir á næstunni eru viðamiklar framkvæmdir við endurnýjun dreifikerfis við innanvert Ísafjarðardjúp, sem felur m.a. í sér lagningu þriggja fasa strengs milli Hólmavíkur og Nauteyrar.

Á haustmánuðum skipaði ráðherra vinnuhóp sem m.a. er falið að endurmeta þörf atvinnulífs á landsbyggðinni fyrir þriggja fasa rafmagn ásamt því að gera nýtt mat á kostnaði við að tryggja öllum landsmönnum aðgang að því. Í starfshópnum eiga sæti fulltrúar frá iðnaðarráðuneyti, Rarik ohf. og Orkubúi Vestfjarða ohf.

Það eru ekki fyrirætlanir um að ríkið leggi fram sérstaka fjármuni til að hraða endurnýjun og uppbyggingu raforkudreifikerfisins. Hins vegar er það vilji stjórnvalda að Rarik ohf. og Orkubú Vestfjarða ohf., sem eru að fullu í eigu ríkisins, hraði eins og kostur er endurnýjun dreifikerfisins án þess þó að það leiði til hækkunar á almennri gjaldskrá fyrir dreifingu rafmagns.

246. Frumvarp til laga [227. mál]

um breytingu á lögum nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Flm.: Auður Lilja Erlingsdóttir, Katrín Jakobsdóttir, Kolbrún Halldórsdóttir.

1. gr.

Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. og orðast svo:

Fullt námslán miðast að jafnaði við 100% nám samkvæmt skipulagi skóla samþykktu af stjórn sjóðsins. Námslán skerðist hlutfallslega í samræmi við námsframvindu allt að 50%.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. 5. mgr. orðast svo:
   Námsmenn sem fá lán úr sjóðnum skulu undirrita skuldabréf við lántöku.
b. 6. og 7. mgr. falla brott.

3. gr.

4. mgr. 7. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

Við 8. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. og orðast svo:

Viðbótargreiðsla hefst tveimur árum eftir námslok en föst greiðsla fjórum árum eftir námslok. Sjóðstjórn skilgreinir hvað telja beri námslok samkvæmt lögum þessum og úrskurðar um vafatilfelli.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Flestir geta verið sammála um að menntun er undirstaða velferðar og framfara. Aukin menntun stuðlar að betra mannlífi og betra samfélagi og helst í hendur við hagvöxt. Það skiptir því máli að sem flestir eigi kost á að mennta sig og geti stundað það nám sem hæfileikar, geta og áhugi segja til um, óháð efnahag, félagslegum þáttum eða stöðu að öðru leyti.

Ljóst er að stjórnvöld geta stuðlað að aukinni menntun með hvatningu og með því að búa skólastarfi gott umhverfi. Þess vegna skiptir miklu að reka öflugan lánasjóð með góðum kjörum fyrir námsmenn. Lánasjóður íslenskra námsmanna er mikilvægur sjóður fyrir menntun í landinu og á að gegna því hlutverki að gera sem flestum kleift að stunda nám og jafna aðstöðu manna.

Flutningsmenn leggja einnig fram þingsályktunartillögu um að gerð verði úttekt á kjörum námsmanna hér á landi – þar sem m.a. verði kannaðar aðstæður námsmanna sem eiga við veikindi að stríða og staða námsmanna í fæðingarorlofi, auk þess sem gerð verði ný könnun á kjörum námsmanna til að byggja framfærslugrunn námslánanna á.

Með þessum aðgerðum telja flutningsmenn að námsmönnum verði sköpuð betri kjör, námslánakerfið verði sveigjanlegra og lögin um lánasjóðinn réttlátari.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að námsmenn fái notið aukins sveigjanleika í námi á þann veg að 50% lán fáist fyrir 50% námsframvindu.

Um 2. gr.

Lagt er til að krafa um ábyrgðarmenn á lánum verði felld brott úr lögunum enda samræmist hún ekki 1. gr. laganna um jafnrétti til náms. Í ríku samfélagi á ekki að líðast að fólk þurfi að hverfa frá áætlunum um nám vegna þess að það hefur ekki ábyrgðarmenn sem lánasjóðurinn tekur gilda.

Um 3. og 4. gr.

Lagt er til að endurgreiðsla af námslánum breytist á þann hátt að tveimur árum eftir að námi lýkur hefji námsmaður að greiða tekjutengdar afborganir en þurfi ekki að borga fasta árlega afborgun fyrr en fjórum árum eftir að námi lýkur. Á fyrstu árunum eftir að námi lýkur er algengt að fólk sé að koma sér þaki yfir höfuðið og stofna fjölskyldu. Þessi breyting léttir greiðslubyrði af námslánunum fyrstu árin.

247. Tillaga til þingsályktunar [228. mál]

um úttekt á kjörum og réttindum námsmanna.

Flm.: Auður Lilja Erlingsdóttir, Katrín Jakobsdóttir, Kolbrún Halldórsdóttir.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að gera úttekt á kjörum og réttindum námsmanna. Vinnu við áætlunina skal lokið 1. mars 2008.

Markmið úttektarinnar verði:

1. að kanna rétt námsmanna, sem veikjast eða lenda í slysi og geta ekki stundað nám, til opinberrar aðstoðar og námslána,
2. að kanna rétt námsmanna til fæðingarorlofs, sérstaklega með tilliti til kvenna sem veikjast á meðgöngu og geta af þeim sökum ekki skilað fullnægjandi námsárangri,
3. að skoða þann framfærslugrunn sem miðað er við í úthlutun námslána og endurskoða hann með nýrri framfærslurannsókn.

Greinargerð.

Árið 2006 stunduðu um 17 þúsund einstaklingar nám á háskólastigi á Íslandi. Þessi stóri hópur er fjölbreyttur og með margvíslegar þarfir. Helmingur hópsins á það þó sameiginlegt að byggja framfærslu sína á námslánum.

Samkvæmt núverandi framfærslugrunni LÍN er gert ráð fyrir að einstaklingur eyði 497 þús. kr. á ári í húsnæði, hita og rafmagn, eða um 42 þús. kr. á mánuði. Á höfuðborgarsvæðinu eru slík kostakjör á leiguhúsnæði vandfundin. Það er mat flutningsmanna að tími sé kominn til að framkvæma nýja metnaðarfulla framfærslurannsókn meðal námsmanna og að miðað verði við þá könnun við úthlutun námslána.

Til að hljóta námslán þarf að uppfylla ýmsar kröfur hvað varðar námsárangur og námsframvindu. Því geta veikindi, slys eða meðganga og fæðing veikt fjárhagsstöðu margra námsmanna. Því er nauðsynlegt að kanna réttindi og kjör námsmanna og kortleggja ástandið eins og það er í dag til að geta bætt það. Sem dæmi má nefna að þegar námsmenn eignast börn fá þeir fæðingarstyrk. Til að fá fæðingarstyrk þarf námsmaður að skila 75% námsárangri í a.m.k. 6 mánuði af síðustu 12 mánuðum. Þessi krafa gerir það að verkum að ef námsmaður verður veikur á meðgöngunni og nær ekki að skila tilskildum námsárangri fær viðkomandi ekki þennan fæðingarstyrk sem námsmaður, heldur flokkast hann utan vinnumarkaðar. Sú upphæð sem þá er um að ræða dugar ekki fyrir framfærslu.

Það er mat flutningsmanna þessarar þingsályktunartillögu að mikil þörf sé á að greina vandann á þessu sviði og í framhaldinu finna á honum lausnir.

248. Frumvarp til laga [229. mál]

um breyting á tollalögum, nr. 88/2005, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. laganna:

a. 1. og 2. mgr. orðast svo:

Tollafgreiðslugengi skal miða við opinbert viðmiðunargengi sem skráð er af Seðlabanka Íslands hvern virkan dag. Tollafgreiðslugengi þeirra gjaldmiðla sem Seðlabanki Íslands tekur ekki til opinberrar skráningar skal ákvarðað af tollstjóranum í Reykjavík að höfðu samráði við Seðlabanka Íslands.

Við tollafgreiðslu sendinga skal ákvörðun tollverðs byggð á tollafgreiðslugengi eins og opinbert viðmiðunargengi er skráð af Seðlabanka Íslands síðasta virkan dag á undan.

b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Tollafgreiðslugengi.*

2. gr.

2. mgr. 68. gr. laganna orðast svo:

För skv. 1. mgr. eru undanþegin innsiglun vista, birgða og annars varnings um borð.

3. gr.

Við 1. mgr. 69. gr. laganna bætist nýr töluliður sem orðast svo:

6. Umflutningsgeymslum, sbr. 108. gr. a–108. gr. d.

4. gr.

Við 82. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 3. mgr. og orðast svo:

Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu gilda að breyttu breytanda um flutning á ótollafgreiddum vörum frá farmflytjanda á geymslusvæði sem ekki er á hans ábyrgð.

5. gr.

1. málsl. 1. mgr. 83. gr. laganna orðast svo: Við flutning á ótollafgreiddum vörum í tollfrjálsa verslun eða tollfrjálsa forðageymslu skal farið eftir eftirfarandi formreglum um flutning er kallast tollband.

6. gr.

1. mgr. 88. gr. laganna orðast svo:

Að uppfylltum skilyrðum 1.–3. og 5.–7. tölul. 1. mgr. 91. gr. getur tollstjórinn í Reykjavík heimilað lögaðilum að reka afgreiðslugeymslur fyrir ótollafgreiddar vörur.

7. gr.

Fyrirsögn á undan 88. gr. laganna verður: **Afgreiðslugeymslur.**

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 91. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „ráðherra“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: tollstjórinn í Reykjavík.
b. Í stað orðsins „Ráðherra“ í 2. mgr. kemur: Tollstjórinn í Reykjavík.

9. gr.

Í stað orðanna „Ráðherra getur að fenginni tillögu tollstjórans í Reykjavík“ í 92. gr. laganna kemur: Tollstjórinn í Reykjavík getur.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 94. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Ráðherra“ í 1. málsl. og 2. tölul. 1. mgr. kemur: Tollstjórinn í Reykjavík.
b. Í stað orðanna „Ráðherra getur að fenginni tillögu tollstjórans í Reykjavík“ í 2. mgr. kemur: Tollstjórinn í Reykjavík getur.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 96. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „ráðherra“ í 1. mgr. kemur: tollstjórinn í Reykjavík.
b. Í stað orðsins „Ráðherra“ í 2. mgr. kemur: Tollstjórinn í Reykjavík.

12. gr.

Í stað orðanna „Ráðherra getur að fenginni tillögu tollstjórans í Reykjavík“ í 97. gr. laganna kemur: Tollstjórinn í Reykjavík getur.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 101. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „ráðherra“ í 1. mgr. kemur: tollstjórinn í Reykjavík.
b. Í stað orðsins „Ráðherra“ í 3. mgr. kemur: Tollstjórinn í Reykjavík.

14. gr.

Í stað orðanna „Ráðherra getur að fenginni tillögu tollstjórans í Reykjavík“ í 102. gr. laganna kemur: Tollstjórinn í Reykjavík getur.

15. gr.

Í stað orðsins „ráðherra“ í 2. mgr. 104. gr. laganna kemur: tollstjórinn í Reykjavík.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 105. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „ráðherra“ í 1. mgr. kemur: tollstjórinn í Reykjavík.
b. Í stað orðsins „Ráðherra“ í 3. mgr. kemur: Tollstjórinn í Reykjavík.

17. gr.

Í stað orðanna „Ráðherra getur að fenginni tillögu tollstjórans í Reykjavík“ í 106. gr. laganna kemur: Tollstjórinn í Reykjavík getur.

18. gr.

Á eftir 108. gr. laganna koma fjórar nýjar greinar ásamt fyrirsögninni **Umflutningsgeymslur** og orðast greinarnar svo ásamt fyrirsögnum:

a. (108. gr. a.)

Starfsleyfi.

Að fenginni skriflegri umsókn og að uppfylltum skilyrðum 1. mgr. 91. gr. getur tollstjórinn í Reykjavík heimilað lögaðilum að reka umflutningsgeymslur.

Leyfi skal veitt þeim einum sem starfa í þeim tilgangi að veita öðrum þá þjónustu sem felst í rekstri umflutningsgeymslu. Leyfishöfum sjálfum skal óheimilt að geyma þar vörur eða stunda þar iðnaðarframleiðslu, verslun, umboðssölu, heildsölu eða smásölu.

Tollstjórinn í Reykjavík skal halda skrá yfir leyfishafa samkvæmt þessari grein. Öðrum fyrirtækjum en þeim sem tekin hafa verið á skrá er óheimilt að starfrækja umflutningsgeymslu.

Hefji leyfishafi ekki starfsemi innan tólf mánaða frá því að tilkynnt er um veitingu starfsleyfis fellur leyfið niður. Starfsleyfi fellur jafnframt niður hafi leyfishafi ekki veitt þjónustu sem honum er heimilt að veita samkvæmt lögum þessum samfellt í tólf mánuði.

b. (108. gr. b.)

Afturköllun starfsleyfis.

Tollstjórinn í Reykjavík getur afturkallað starfsleyfi skv. 108. gr. a uppfylli leyfishafi ekki lengur skilyrði fyrir starfsleyfinu eða vanræki gróflega skyldur sínar samkvæmt lögum þessum.

c. (108. gr. c.)

Vörur sem heimilt er að flytja í umflutningsgeymslu.

Heimilt er að flytja ótollafgreiddar vörur í umflutningsgeymslu úr fari eða afgreiðslugeymslu. Vörur sem háðar eru innflutningsleyfum er heimilt að flytja í umflutningsgeymslu, enda þótt leyfi liggi ekki fyrir.

Heimilt er að flytja innlendar vörur í umflutningsgeymslu ef þær eru ætlaðar til að viðhalda óbreyttu ástandi umflutningsvörunnar eða varna umflutningsvöru skemmdum, sbr. 108. gr. d.

Óheimilt er að flytja vörur í umflutningsgeymslu á annað geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur. Þá er óheimilt að afhenda vörur úr umflutningsgeymslu til notkunar innan lands.

d. (108. gr. d.)

Aðvinnsla í umflutningsgeymslu.

Iðnaðarframleiðsla og önnur aðvinnsla vöru er óheimil í umflutningsgeymslu.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. eru aðgerðir til þess að viðhalda óbreyttu ástandi vörunnar eða til þess að verja hana gegn skemmdum heimilar í umflutningsgeymslum.

19. gr.

12. tölul. 1. mgr. 195. gr. laganna orðast svo: Eftirlitsgjald vegna tolleftirlits með tollfrjálsum forðageymslum, tollfrjálsum verslunum og tollfrjálsum birgðageymslum þeirra, frísvæðum og umflutningsgeymslum.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi að undanskilinni 1. gr. sem tekur gildi 1. febrúar 2008.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til nokkrar breytingar á tollalögum. Í fyrsta lagi er lagt til að tilteknar leyfisveitingar verði færðar frá fjármálaráðuneytinu til tollstjórans í Reykjavík vegna geymslusvæða fyrir ótollafgreiddar vörur. Slíkt er í takt við yfirlýsta stefnu að fækka sem kostur er beinum afgreiðsluverkefnum hjá ráðuneytinu.

Í öðru lagi eru lagðar til breytingar á ákvæðum 19. gr. laganna um tollafgreiðslugengi í þá veru að í stað þess að miða við gengi 28. hvers mánaðar skuli tollafgreiðslugengi taka mið af daggengi næsta virka dags á undan. Vegna mikilla gengissveiflna undanfarin misseri hafa innflutningsaðilar haft tilhneigingu í þá átt að flýta eða draga tollafgreiðslu fram yfir mánaðamót allt eftir afstöðu tollafgreiðslugengis miðað við daglega skráningu sem skapað hefur óeðlilegt álag hjá tollyfirvöldum. Jafnframt hefur gildandi aðferð skapað ákveðið ósamræmi í skráningu vöruviðskipta okkar við útlönd.

Í þriðja lagi er lagt til að mótuð verði ný tegund geymslusvæðis fyrir ótollafgreiddar vörur, svokallaðar umflutningsgeymslur. Hlutverk slíkra geymslna er einungis að geyma ótollafgreiddar vörur þar til þær eru fluttar aftur af landi brott. Vörur sem fluttar eru í slíkar geymslur hljóta því aldrei tollafgreiðslu hér á landi.

Í fjórða lagi er lagt til að allir lögaðilar í atvinnurekstri geti rekið afgreiðslugeymslur en ekki einungis farmflytjendur og tollmiðlarar. Þessi breyting er lögð til vegna þess að það hefur sætt nokkrum vandkvæðum í framkvæmd að takmarka leyfi til reksturs afgreiðslugeymslna við farmflytjendur og tollmiðlara.

Auk þessara breytinga eru lagðar til nokkrar breytingar sem koma til vegna þess að varnarsvæðið á Keflavíkurflugvelli sem slíkt hefur verið lagt niður.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er að finna tillögur um breytingar á 19. gr. laganna um tollafgreiðslugengi. Lagt er til að í stað þess að tollafgreiðslugengi sé miðað við gengisskráningu 28. hvers mánaðar þá verði notast við daggengi þannig að við tollafgreiðslu sendinga dag hvern, frá mið-

nætti til miðnættis, verði ákvörðun tollverðs byggð á opinberu viðmiðunargegni eins og það var skráð af Seðlabanka Íslands síðasta virkan dag á undan. Tollverð vöru sem er tollafgreidd á sunnudegi verður því ákvarðað á grundvelli gengis sem Seðlabankinn skráði sem opinbert viðmiðunargengi á föstudeginum á undan.

Verði tollafgreiðslugengi miðað við daggengi er þess vænst að upplýsingar um verðmæti inn- og útfluttra vara verði réttari en talsverðar skekkjur hafa birst í heildarfjárhæðum innflutnings og útflutnings annaðhvort til vanmats eða ofmats vegna mikilla sveiflna á gengi innan mánaðar og milli mánaða. Auk þess verður oft mikið álag við tollafgreiðslu dagana áður en nýtt tollafgreiðslugengi tekur gildi ef gengi íslensku krónunnar hefur fallið yfir tímabilið.

Í dag er orðið afar sjaldgæft að tollafgreitt sé í gjaldmiðlum sem Seðlabankinn tekur ekki til opinberrar skráningar. Seðlabankinn hefur nýlega hafið skráningu á mörgum nýjum gjaldmiðlum sem ekki voru teknir til skráningar áður. Með greininni er lagt til að tollafgreiðslugengi þeirra gjaldmiðla sem Seðlabanki Íslands tekur ekki til opinberrar skráningar verði ákvarðað af Tollstjóranum í Reykjavík að höfðu samráði við Seðlabanka Íslands.

Lagt er til að breytingar skv. 1. gr. taki gildi 1. febrúar 2008 vegna aðlögunar sem fram þarf að fara á tölvukerfum tollyfirvalda.

Um 2. gr.

Með greininni er lagt til að tilvísun 2. mgr. 68. gr. til varnarsamnings Íslands og Bandaríkja Norður-Ameríku verði felld út úr lagatextanum.

Um 3. gr.

Vísað er til athugasemda með 18. gr. frumvarpsins.

Um 4. gr.

Í 6. gr. frumvarpsins er lagt til að heimild til reksturs afgreiðslugeymslu verði rýmkuð í þá átt að lögaðilar geti sótt um leyfi til reksturs slíkrar geymslu. Samkvæmt gildandi lögum geta eingöngu farmflytjendur og tollmiðlarar sótt um leyfi til reksturs afgreiðslugeymslu. Í ljósi þess eru í þessari grein frumvarpsins lagðar til nauðsynlegar breytingar á 82. gr. laganna um yfirfærslu vörsluábyrgðar í þá átt að sönnun um yfirfærslu vörsluábyrgðar frá farmflytjanda til leyfishafa geymslusvæðis, t.d. þess sem hefur leyfi til þess að reka afleiðslugeymslu, verði tryggð með sama hætti og yfirfærsla vörsluábyrgðar á milli leyfishafa geymslusvæða.

Um 5. gr.

Hér er lagt til að tilvísun 1. málsl. 1. mgr. 83. gr. til varnarsvæðisins á Keflavíkurflugvelli verði felld brott.

Um 6. gr.

Á undanförnum misserum hefur skapast nokkur þörf fyrir það að öðrum aðilum en tollmiðlurum og farmflytjendum verði heimilað að reka afgreiðslugeymslur. Þannig verður mögulegt að einn aðili geti þjónustað fleiri aðila en einungis farmflytjendur. Slíkur möguleiki getur verið mikilvægur, sérstaklega í smærri fyrirtækjum. Í greininni er því lagt til að öllum lögaðilum með atvinnurekstur verði heimilað að reka afgreiðslugeymslur en ekki einungis tollmiðlurum eða farmflytjendum. Ekki verður séð að það muni torvelda eftirlit með afgreiðslugeymslum.

Um 7. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringar.

Um 8.–17. gr.

Í 8.–17. gr. er lagt til tollstjórinn í Reykjavík veiti leyfi til reksturs tollvörugeymslna, tollfrjálsra forðageymslna, tollfrjálsra verslana og frísvæða í stað ráðherra. Tollstjórinn í Reykjavík veitir nú þegar leyfi til reksturs afgreiðslugeymslna. Þessar breytingar eru lagðar til í samræmi við yfirlýsta stefnu um að fækka sem kostur er beinum afgreiðsluverkefnum hjá ráðuneytinu.

Um 18. gr.

Í greininni er að finna tillögu að nýrri tegund geymslusvæðis fyrir ótollafgreiddar vörur, svokallaðar umflutningsgeymslur. Skapast hefur þörf fyrir slíkt geymslusvæði sem eingöngu er ætlað að geyma ótollafgreiddar vörur sem fluttar eru til landsins uns þær eru svo aftur fluttar ótollafgreiddar út úr landinu. Með umflutningsgeymslum er hægt að koma til móts við slíkar þarfir. Umflutningsvörur hafa það sérstaka eðli að þær eru ekki ætlaðar til sölu eða ráðstöfunar innan lands.

Til að hljóta leyfi til að reka umflutningsgeymslu þurfa að vera uppfyllt sömu skilyrði og áskilin eru til að reka aðrar tollvörugeymslur í 1. mgr. 91. gr. laganna. Líkt og áskilið er um tollvörugeymslu þá má sá sem rekur umflutningsgeymslu einungis starfa í þeim tilgangi að veita öðrum þá þjónustu sem felst í rekstri geymslunnar. Leyfishafanum sjálfum er óheimilt að geyma þar vörur.

Heimilt er að flytja ótollafgreiddar vörur úr fari eða afgreiðslugeymslu í umflutningsgeymslu. Vörur sem háðar eru innflutningsleyfum er heimilt að flytja í umflutningsgeymslu þó leyfi liggi ekki fyrir.

Óheimilt er að flytja vörur sem þegar eru komnar í umflutningsgeymslu á annað geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur. Þá er einnig óheimilt að afhenda vörur úr umflutningsgeymslu til notkunar innan lands.

Þrátt fyrir að aðvinnsla og iðnaðarframleiðsla sé bönnuð í umflutningsgeymslum þá eru aðgerðir til þess að viðhalda óbreyttu ástandi vörunnar eða til þess að verja hana gegn skemmdum heimilar í umflutningsgeymslum. Öll aðvinnsla umfram það er bönnuð.

Um 19. gr.

Í greininni er lagt til að umflutningsgeymslum verði bætt við þau geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur sem þegar eru talin upp í greininni.

Um 20. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki frekari skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 88/2005, tollalögum, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á tollalögum. Í fyrsta lagi er lagt til að tilteknar leyfisveitingar verði á hendi tollstjórans í Reykjavík í stað fjármála-ráðuneytisins. Í öðru lagi verði heimiluð ný tegund af geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur sem fluttar verða aftur brott af landinu. Í þriðja lagi verði öllum lögaðilum heimilt að reka afgreiðslugeymslur en ekki einungis farmflytjendum og tollmiðlurum. Í fjórða lagi eru nokkrar breytingar sem leiðir af því að ekki er lengur til staðar sérstakt varnarsvæði við Keflavíkurflugvöll. Loks er lagt til að tollafgreiðslugengi verði framvegis miðað við daglega gengisskráningu Seðlabanka Íslands í stað þess að nota gengi 28. dags hvers mánaðar. Svo stopul gengisskráning hefur þótt vera fremur óheppileg þegar breytingar á gengi hafa verið miklar og stuðlað að ójöfnu álagi við tollafgreiðslu þar sem gætt hefur tilhneigingar hjá innflytjendum til að haga tollafgreiðslu eftir þróun gengis innan mánaðartímabilsins frá 28. hvers mánaðar. Sú breyting er þó ekki talin hafa teljandi áhrif á tekjur ríkissjóðs.

Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið hafi umtalsverð áhrif á kostnað við framkvæmd tollafgreiðslu verði það að lögum.

249. Frumvarp til laga [230. mál]

um breyting á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 1. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Hlutafélög“ í 1. tölul. kemur: Félög skv. 2.–4. tölul.
b. Á eftir orðunum „svo og“ í 3. tölul. kemur: sparisjóðir og skráð útibú erlendra félaga og.

2. gr.

5. málsl. 4. gr. laganna orðast svo: Breytingin skal tilgreind í samþykktum félagsins og rökstudd í skýringum með fyrsta ársreikningi eftir breytinguna.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. mgr. 65. gr. laganna:

a. Orðin „sameignarfélögum og samlagsfélögum“ í 1. málsl. falla brott.
b. Við bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Í sameignarfélögum og samlagsfélögum skal upplýsa um eigendur og eignarhluta þeirra í upphafi og lok reikningsárs.

4. gr.

Á eftir orðinu „skal“ í 1. málsl. 1. mgr. 66. gr. laganna kemur: til viðbótar upplýsingum skv. 65. gr.

5. gr.

Á eftir 66. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, 66. gr. a og 66. gr. b, ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi:

a. (66. gr. a.)

Upplýsingaskylda.

Í skýrslu stjórnar félaga sem fengið hafa skráningu fyrir einn eða fleiri flokka hlutabréfa á skipulegum verðbréfamarkaði skal birta nákvæmar upplýsingar um eftirtalin atriði:

1. uppbyggingu hlutafjár, þar á meðal hluti sem ekki eru skráðir á skipulegum verðbréfamarkaði, mismunandi hlutaflokka og réttindi og skyldur tengdar þeim, sem og hlutfall þeirra af heildarhlutafé,
2. allar takmarkanir á framsali hluta, t.d. takmarkanir varðandi hlutafjáreign einstakra aðila eða ef samþykki félagsins eða annarra hluthafa þarf fyrir framsali,
3. verulega beina eða óbeina hlutafjáreign, þar á meðal óbeina eign í gegnum önnur félög eða gagnkvæma hlutafjáreign félaga,
4. eigendur hluta með sérstök stjórnunarréttindi og lýsingu á þeim réttindum,
5. helstu ákvæði kaupréttaráætlana starfsmanna,
6. allar takmarkanir varðandi atkvæðisrétt, t.d. takmarkanir á atkvæðisrétti hluthafa sem eiga ákveðið hlutfall eða fjölda atkvæða, frest til að nýta atkvæðisrétt eða ef fjárhagsleg réttindi tengd hlutum eru ekki tengd eignarhaldi þeirra,
7. alla samninga milli hluthafa sem félaginu er kunnugt um og geta haft í för með sér takmarkanir varðandi framsal og/eða atkvæðisrétt,
8. reglur varðandi tilnefningar og endurnýjun stjórnarmanna og breytingar á samþykktum félags,
9. sérstakar heimildir stjórnar, þar á meðal heimildir til að gefa út nýja hluti eða kaupa eigin hluti,
10. samninga sem félagið er aðili að og taka gildi, breytast eða falla úr gildi ef breytingar verða á stjórnun eða yfirráðum í félagi í kjölfar yfirtökutilboðs og áhrif þess á félagið, nema um sé að ræða upplýsingar sem haft geta skaðleg áhrif á starfsemi félagsins eða hafa óveruleg áhrif á starfsemi félagsins. Þær undantekningar eiga þó ekki við ef um er að ræða upplýsingar sem félagi er skylt að birta á grundvelli laga,
11. samninga félagsins við stjórnarmenn eða starfsmenn um greiðslur eða bætur ef þeir segja upp eða ef þeim er sagt upp án gildrar ástæðu eða ef starfi þeirra lýkur vegna yfirtökutilboðs.

Stjórn félags sem skráð hefur einn eða fleiri hlutabréfaflokka á skipulegum verðbréfamarkaði skal á aðalfundi hvert ár kynna þau atriði sem tiltekin eru í 1. mgr.

b. (66. gr. b.)

Yfirlýsing stjórnarmanna.

Í félagi skv. 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. sem gefið hefur út verðbréf sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Evrópska efnahagssvæðinu skal hver og einn stjórnarmaður undirrita yfirlýsingu þar sem fram kemur nafn hans og verksvið innan stjórnar

félagsins. Í yfirlýsingunni skal koma fram að samkvæmt bestu vitneskju stjórnarmanna sé ársreikningur saminn í samræmi við VIII. kafla og gefi glögga mynd af eignum og skuldum, fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu félagsins. Þá skal koma fram að skýrsla stjórnar geymi glöggt yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess og lýsi helstu áhættu- og óvissuþáttum sem félagið stendur frammi fyrir. Sama gildir þegar um samstæðureikning er að ræða sem móðurfélagið semur.

6. gr.

Á eftir 87. gr. laganna kemur nýr kafli, VII. kafli A, **Árshlutareikningsskil,** með fimm nýjum greinum, ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi:

a. (87. gr. a.)

Árshlutareikningur.

Félag skv. 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. sem gefið hefur út hlutabréf eða skuldabréf sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði í ríki á Evrópska efnahagssvæðinu skal semja árshlutareikning vegna fyrstu sex mánaða reikningsársins.

Ef endurskoðendur hafa ekki áritað árshlutareikninginn skal það koma fram í árshlutaskýrslu stjórnar.

Árshlutareikningurinn skal hafa að geyma styttan rekstrarreikning, styttan efnahagsreikning í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, sjóðstreymi, skýringar og árshlutaskýrslu stjórnar, sbr. 87. gr. b, ásamt árshlutayfirlýsingu stjórnarmanna, sbr. 87. gr. c, og áritun endurskoðanda þegar það á við.

Við samningu árshlutareiknings skal fylgja sömu meginreglum um færslu og mat og gildir um samningu ársreiknings.

Ákvæði um samningu árshlutareikninga samkvæmt þessari grein skulu jafnframt gilda um samstæðureikninga eftir því sem við á.

Ákvæði 2.–5. mgr. taka einnig til fyrstu þriggja og níu mánaða árshlutareikninga, kjósi félag að semja slík reikningsskil.

b. (87. gr. b.)

Árshlutaskýrsla stjórnar.

Í árshlutaskýrslu stjórnar vegna fyrstu sex mánaða reikningsársins skal að minnsta kosti tilgreina mikilvæga atburði sem átt hafa sér stað á fyrstu sex mánuðum reikningsársins og áhrifum þeirra á árshlutareikninginn. Jafnframt skal árshlutaskýrsla stjórnar geyma lýsingu á helstu áhættu- og óvissuþáttum þeirra sex mánaða sem eftir eru af reikningsárinu og meiri háttar viðskiptum við tengda aðila.

c. (87. gr. c.)

Árshlutayfirlýsing stjórnarmanna.

Í félagi skv. 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. sem gefið hefur út hlutabréf eða skuldabréf sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Evrópska efnahagssvæðinu skal hver og einn stjórnarmaður undirrita yfirlýsingu þar sem fram kemur nafn hans og verksvið innan stjórnar félagsins. Í yfirlýsingunni skal koma fram að samkvæmt bestu vitneskju stjórnarmanna sé árshlutareikningur, sbr. 87. gr. a, saminn í samræmi við VIII. kafla og gefi glögga mynd af eignum og skuldum, fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu félagsins og sam-

stæðunnar í heild, og að árshlutaskýrsla stjórnar, skv. 87. gr. b, gefi skýra mynd af þeim upplýsingum sem krafist er.

d. (87. gr. d.)

Undanþága.

Ákvæði kafla þessa gilda ekki um félög sem eingöngu gefa út skuldabréf á skipulegum verðbréfamarkaði á Evrópska efnahagssvæðinu þar sem nafnverð hverrar útgefinnar einingar er hærra en 4.600.000 kr. Fjárhæð þessi er grunnfjárhæð sem er bundin gengi evru 3. janúar 2007 (92,37 íslenskar krónur).

e. (87. gr. e.)

Birting árshlutareiknings.

Félag skv. 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. sem gefið hefur út hlutabréf eða skuldabréf sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Evrópska efnahagssvæðinu skal birta árshlutareikning, sbr. 3. mgr. 87. gr., í samræmi við ákvæði VII. kafla laga um verðbréfaviðskipti.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 90. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „skylt“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: heimilt.
b. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

   Félag skv. 2. og 3. tölul. og 2. málsl. 4. tölul. 1. mgr. 1. gr. sem hefur eingöngu skuldabréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum, skal beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við samningu samstæðureiknings ef því ber að semja samstæðureikning samkvæmt lögum þessum.
c. Á eftir tilvísuninni „skv. 1. tölul. 1. mgr. 1. gr.“ í 3. mgr., sem verður 4. mgr., kemur: og 3. mgr. þessarar greinar.

8. gr.

Á eftir orðinu „samningu“ í 91. gr. laganna kemur: samstæðureiknings eða.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 92. gr. laganna:

a. 1. málsl. orðast svo: Félagi skv. 1. mgr. sem kýs að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við samningu samstæðureiknings sem því er skylt að semja er einnig heimilt að beita þeim við samningu ársreiknings síns.
b. 2. málsl. fellur brott.

10. gr.

2. málsl. 1. mgr. 94. gr. laganna orðast svo: Eftirlitið nær jafnframt til árshlutareikninga, sbr. VII. kafla A.

11. gr.

Á eftir 94. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, 94. gr. a og 94. gr. b, ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi:

a. (94. gr. a.)

Dagsektir.

Ársreikningaskrá getur lagt dagsektir á eftirlitsskyld félög samkvæmt kafla þessum veiti þau ekki umbeðnar upplýsingar innan hæfilegs frests. Greiðast dagsektirnar þangað til umbeðnar upplýsingar hafa borist ársreikningaskrá. Dagsektirnar geta numið frá 10.000 kr. til 100.000 kr. á dag. Við ákvörðun um fjárhæð dagsekta er heimilt að taka tillit til fjárhagslegs styrkleika viðkomandi félags og hvort um ítrekað brot er að ræða.

Ákvörðun um dagsektir má skjóta til yfirskattanefndar innan 14 daga frá því að viðkomandi aðila var tilkynnt um hana.

Áfallnar dagsektir falla ekki niður þó að eftirlitsskylt félag verði síðar við kröfu ársreikningaskrár.

Dagsektir samkvæmt þessari grein eru aðfararhæfar og renna til ríkissjóðs.

Heimilt er að kveða nánar á um ákvörðun og innheimtu dagsekta í reglugerð.

b. (94. gr. b.)

Úrskurðir.

Komist ársreikningaskrá að þeirri niðurstöðu að reikningsskil eftirlitsskylds félags séu ekki í samræmi við ákvæði laganna getur ársreikningaskrá krafist þess að reikningsskilin séu leiðrétt og að félagið birti breytingar og/eða viðbótarupplýsingar sem nauðsynlegar eru. Ársreikningaskrá getur birt opinberlega upplýsingar um nauðsynlegar breytingar á reikningsskilum verði félagið ekki við kröfum hennar. Þessu til viðbótar getur ársreikningaskrá óskað eftir því við viðkomandi kauphöll að viðskiptum með verðbréf eftirlitsskylds félags verði hætt tímabundið á skipulegum verðbréfamarkaði, þar til félagið hefur birt fullnægjandi reikningsskil og/eða viðbótarupplýsingar að mati ársreikningaskrár.

Úrskurður ársreikningaskrár er kæranlegur til fjármálaráðherra innan 14 daga frá því að hann er kynntur þeim er hann beinist að. Tekur úrskurðurinn ekki gildi ef kært er, nema að ráðherra staðfesti hann. Að öðru leyti skal farið með brot á lögum þessum í samræmi við ákvæði XII. kafla.

12. gr.

Við 95. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Við upphaf hvers reikningsárs skulu félög sem beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum samkvæmt þessum kafla gera ársreikningaskrá grein fyrir öllum dótturfélögum sínum sem eru innifalin í samstæðureikningsskilunum og hvert af þeim beita stöðlunum.

13. gr.

4. málsl. 1. mgr. 100. gr. laganna fellur brott.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 106. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Endurskoðendur og skoðunarmenn skulu gera skýrslu um endurskoðunarvinnu sem a.m.k. inniheldur“ í 1. mgr. kemur: Áritun endurskoðenda og skoðunarmanna skal a.m.k. innihalda.
b. Orðin „áritun þar sem skýrt kemur fram“ í 3. tölul. 1. mgr. falla brott.
c. Í stað orðsins „skýrsluna“ í 2. mgr. kemur: áritunina.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 109. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „sex“ í 2. málsl. kemur: fjórum.
b. Í stað orðsins „tölvutæku“ í 4. málsl. kemur: rafrænu.

16. gr.

Orðin „eða samstæðureiknings“ í 1. mgr. 112. gr. laganna falla brott.

17. gr.

Í stað orðanna „og 2003/51/EB“ í 128. gr. laganna kemur: 2003/51/EB og 2004/109/EB.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu gilda fyrir hvert það reikningsár sem hefst 1. janúar 2007 eða síðar á því ári.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þær tillögur sem lagðar eru fram í þessu frumvarpi til breytinga á lögum um ársreikninga eru þrenns konar. Í fyrsta lagi byggjast þær á félagatilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2004/109/EB frá 15. desember 2004 um samhæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað og um breytingu á tilskipun 2001/34/EB. Tilskipun þessi var felld inn í EES-samninginn samkvæmt samþykkt sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 120/2005 frá 30. september 2005. Hluti tilskipunarinnar var tekinn upp í lög um verðbréfaviðskipti en ákvæði II. kafla tilskipunarinnar kalla á breytingar á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga, og ná breytingarnar til félaga vegna reikningsárs sem hefst 1. janúar 2007 eða síðar á því ári. Breytingarnar lúta annars vegar að upplýsingagjöf stjórnenda í ársreikningum þeirra félaga sem gefið hafa út verðbréf sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Evrópska efnahagssvæðinu og hins vegar upplýsingagjöf stjórnenda í árshlutareikningsskilum þeirra félaga sem gefið hafa út skuldabréf eða hlutabréf sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Evrópska efnahagssvæðinu.

Með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002, um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla, sem innleidd var í lög um ársreikninga á árinu 2005, var lagður grunnur að samræmingu reikningsskilastaðla í ríkjum ESB fyrir útgefendur verðbréfa sem skráð eru á skipulagðan markað. Þar með hefur þegar verið komið á fót sérstöku kerfi fyrir útgefendur verðbréfa, sem er víðtækara en hið almenna kerfi fyrir öll félög sem mælt er fyrir um í tilskipunum um félagarétt. Tilskipunin, sem þetta frumvarp er að leiða í lög, að því er varðar ársreikninga félaga, byggist á þessari nálgun hvað varðar samningu ársreikninga og árshlutareikninga. Árshlutareikningar ná yfir tiltekið reikningstímabil félagsins sem er styttra en reikningsárið, t.d. 3 mánuði, 6 mánuði eða 9 mánuði. Með frumvarpinu er félögum sem gefið hafa út hlutabréf eða skuldabréf sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Evrópska efnahagssvæðinu gert skylt að semja árshlutareikninga og árshlutaskýrslur vegna fyrstu sex mánaða reikningsársins. Heimilt verður samkvæmt frumvarpinu að semja stytt árshlutareikningsskil í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðla um það efni.

Í öðru lagi er með frumvarpinu lagt til að afnumin verði skylda móðurfélaga og dótturfélaga, þeirra félaga sem beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, til að notast við alþjóð-

lega staðla við samningu ársreiknings. Þeim félögum sem hér um ræðir verður eftir sem áður heimilt að beita alþjóðlegum stöðlum kjósi þau það. Skuldbindingar okkar að Evrópurétti taka aðeins til samstæðureikninga en ekki til reikninga móður- og dótturfélaga. Við lögfestingu reglna um alþjóðlega reikningsskilastaðla var talið rétt að láta þær reglur einnig ná til móður- og dótturfélaga. Við nánari athugun og að fenginni reynslu þykir nú hins vegar rétt að hverfa frá þeirri skyldu. Mikill kostnaður og fyrirhöfn fylgir því að gera ársreikninga og árshlutareikninga samkvæmt alþjóðlegum stöðlum og má reikna með að þessi breyting sé til hagsbóta fyrir mörg fyrirtæki sem beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Hafa ber í huga að dótturfélög í samstæðum geta verið mjög mörg og starfsemi þeirra misumfangsmikil og því er ekki þörf á að skylda dótturfélög til að gera upp í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla. Með þessari breytingu er ekki verið að minnka gæði reikningsskila hjá samstæðunum og breytingin mun ekki hafa áhrif á samstæðureikning viðkomandi samstæðu og ekki leiða til óhagræðis eða ónákvæmari upplýsinga til fjárfesta.

Í þriðja lagi er í frumvarpinu lagt til að ársreikningaskrá verði veitt heimild til að beita dagsektum þegar félög, sem eru undir eftirliti hennar vegna beitingar á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við samningu reikningsskila sinna, veita ekki umbeðnar upplýsingar. Um er að ræða félög sem hafa gefið út hlutabréf eða skuldabréf sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Evrópska efnahagssvæðinu og önnur félög sem heimild hafa til að beita þessum stöðlum. Jafnframt er lagt til að ársreikningaskrá geti haft frumkvæði að því að birta opinberlega upplýsingar um reikningsskil sem talin eru ófullnægjandi að mati hennar og hvaða hluta reikningsskilanna hún telur að þurfi að leiðrétta eða veita frekari upplýsingar um. Þá er og lagt til að ársreikningaskrá geti að auki óskað eftir því að viðskipti með bréf félaga á skipulegum verðbréfamarkaði verði stöðvuð tímabundið, þar til þau hafa farið að tilmælum hennar varðandi leiðréttingar reikningsskila. Tilgangur með þessari tillögu er að gera eftirlit ársreikningaskrár skilvirkara og auðveldara í framkvæmd. Í lögunum eins og þau eru núna, hefur ársreikningaskrá takmörkuð úrræði til að bregðast við ef félög veita ekki umbeðnar upplýsingar. Þetta hefur orðið til þess að vegna viðbragðsleysis eftirlitsskyldra félaga hefur eftirlit ársreikningaskrár ekki virkað eins og til var ætlast. Félög hafa dregið úr hófi að svara fyrirspurnum ársreikningaskrár og þannig gert ársreikningaskrá erfitt um vik að bregðast við þegar upplýsingar vantar í reikningsskil. Þetta hefur sérstaklega átt við í sambandi við árshlutauppgjör. Með því að setja inn ákvæði um dagsektir fær ársreikningaskrá möguleika á að beita aðila sem ítrekað bregðast ekki við beiðnum um upplýsingar sektum. Það má því ætla að eftirlitið verði skilvirkara þar sem upplýsingaöflun vegna mála ætti að ganga hraðar fyrir sig. Við mótun heimilda dagsekta var m.a. horft til þeirra heimilda sem Fjármálaeftirlitið hefur samkvæmt lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, og enn fremur 16. liðar í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla þar sem skýrt kemur fram að forsenda þess að styrkja traust fjárfesta á fjármálamörkuðum sé viðeigandi og strangt kerfi til að framfylgja gildandi reglum. Þá var við mótun á heimildum til aðgerða gagnvart félögum sem brjóta ákvæði laganna varðandi framsetningu og innihald reikningsskila einnig horft til heimilda eftirlitsaðila í Danmörku, Noregi og Finnlandi.

Að auki er að finna í frumvarpinu ýmsar tillögur um lagfæringar á orðalagi án þess að um eiginlegar efnisbreytingar sé um að ræða eins og nánar er greint frá í athugasemdum við þær greinar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í a-lið er lagt til að undir 1. tölul. falli öll félög sem lög um ársreikninga ná yfir og hafa verðbréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði innan Evrópska efnahagssvæðisins. Þessi tillaga kemur fram í tengslum við 7. gr. frumvarpsins.

Í b-lið er tillaga um að tekið verði inn í upptalningu um gildissvið laganna ákvæði um sparisjóði og skráð útibú erlendra félaga. Upptalning þeirra féll niður við fyrri lagabreytingar, sbr. nú lög nr. 3/2006, um ársreikninga, en ótvírætt er að sparisjóðir falli undir lögin. Jafnframt er lagt til að tekið verði með skýrum hætti fram að skráð útibú erlendra félaga falli undir lögin, en reikningsskil þeirra eru birtingarskyld hjá ársreikningaskrá, sbr. 112. gr. laganna.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að felld verði niður skylda félags til að tilkynna ársreikningaskrá þegar það breytir reikningsári sínu. Látið er nægja að breytingin á samþykktum sé tilkynnt viðkomandi félagaskrá (fyrirtækjaskrá, firmaskrá) og rökstudd í skýringum með ársreikningi sem senda ber til ársreikningaskrár.

Um 3. gr.

Hér er ekki um efnisbreytingu að ræða en lagt er til að ákvæði um upplýsingaskyldu sameignarfélaga og samlagsfélaga um eigendur í árslok verði til einföldunar gerð að sérstökum málslið.

Um 4. gr.

Hér er með ótvíræðum hætti tekið fram að bæði upplýsingar skv. 65. og 66. gr. skulu koma fram í skýrslu stjórnar hjá þeim félögum sem skylt er að gefa upp upplýsingar skv. 66. gr.

Um 5. gr.

Í þessari grein eru lagðar til breytingar í samræmi við tilskipanir ESB nr. 25/2004/EB og nr. 109/2004/EB.

Um a-lið (66. gr. a).

Í þessari grein er kveðið á um aukna upplýsingaskyldu í skýrslu stjórnar og á aðalfundi félaga sem fengið hafa skráningu fyrir einn eða fleiri flokka hlutabréfa á skipulegum verðbréfamarkaði um ýmis atriði sem haft geta áhrif á innihald tilboðs. Ákvæðið er í samræmi við 10. gr. tilskipunar nr. 25/2004/EB um yfirtökutilboð og var leitt í lög með samþykkt 28. gr. laga nr. 31/2005, um starfsemi kauphalla. Ákvæðið þykir frekar eiga heima í lögum um ársreikninga og hefur verið fellt út úr fyrrnefndum lögum með gildistöku nýrra laga um starfsemi kauphalla.

Um b-lið (66. gr. b).

Breytingin sem hér er lögð til er í samræmi við 4. gr. tilskipunar nr. 2004/109/EB. Í ákvæðinu er mælt fyrir um skyldu stjórnarmanna í félögum sem hafa gefið út verðbréf sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Evrópska efnahagssvæðinu. Samkvæmt henni ber stjórnarmönnum að undirrita yfirlýsingu um að ársreikningurinn ásamt skýrslu stjórnar og samstæðureikningur, þegar hann er saminn, sé að þeirra bestu vitund í samræmi við VIII. kafla laganna og gefi glögga mynd af eignum og skuldum, fjárhagsstöðu

og rekstrarafkomu félagsins. Enn fremur að skýrsla stjórnar geymi glöggt yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess og lýsi helstu áhættu- og óvissuþáttum sem félagið stendur frammi fyrir. Skal í yfirlýsingunni koma fram nafn hvers og eins stjórnarmanns og staða hans í stjórninni og skulu allir skrifa undir hana.

Um 6. gr.

Hér er lögð til breyting í samræmi við 5. gr. tilskipunar nr. 2004/109/EB. Um er að ræða fimm greinar sem fjalla um samningu ársreikninga, ársreikningaskrár, ársreikningaskýrslna, ársreikningaskýrslna, ársreikningaskýrslna

Um c-lið (87. gr. c).

Í c-lið er fjallað um innihald í árshlutayfirlýsingu stjórnarmanna með árshlutareikningnum. Er hún í samræmi við ákvæði í b-lið 5. gr. frumvarpsins.

Um d-lið (87. gr. d).

Í d-lið er lagt til að veitt verði undanþága frá því að semja árshlutareikninga og árshlutayfirlýsingu hjá þeim félögum sem eingöngu gefa út skráð skuldabréf þar sem nafnverð hverrar einingar er hærra en 4.600.000 kr. Ákvæðið er í samræmi við b-lið 1. tölul. 8. gr. tilskipunar nr. 2004/109/EB og fjárhæðin, 4.600.000 kr., tekur sömu breytingum og gengi evrunnar á hverjum tíma. Samsvarandi fjárhæð er að finna í 56. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfaviðskipti.

Um e-lið (87. gr. e).

Lagt er til að birting árshlutareikninga skuli fara fram í samræmi við ákvæði VII. kafla laga um verðbréfaviðskipti. Ekki er talin ástæða til þess að gera kröfu til opinberrar birtingar árshlutareikninga hjá ársreikningaskrá.

Um 7. gr.

Í a-lið er lagt til að skylda móðurfélaga og dótturfélaga sem eru innifalin í samstæðureikningsskilum, svo og félaga skv. 1. málsl. 4. tölul. 1. mgr. 1. gr., sem eru í meirihlutaeigu félaga í samstæðunni, til að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlunum verði felld niður. Þess í stað er lagt til að stjórn viðkomandi félags geti ákveðið hvort það beiti alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við samningu ársreiknings og árshlutareiknings.

Í b-lið er gerð tillaga um að félög sem hafa eingöngu skuldabréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði skuli beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við samningu samstæðureiknings ef þeim er skylt að semja samstæðureikning samkvæmt gildandi lagaákvæðum. Er það í samræmi við reglugerð EB nr. 1606/2002, sem VIII. kafli laganna byggist á. Hér getur verið um að ræða samvinnufélög með B-deildar stofnsjóð svo og sameignarfélög og samlagsfélög sem falla að öðru leyti undir 4. tölul. 1. mgr. 1. gr. laganna. Breyting þessi er gerð í tengslum við tillögu í a-lið 1. gr. frumvarpsins.

Í c-lið er lagt til að sama krafa verði gerð til félaga sem eingöngu hafa skuldabréf skráð á markaði og til þeirra félaga sem hafa skráð hlutabréf á markaði og mynda ekki samstæðu með dótturfélögum. Í báðum þessum tilvikum skal slíkt félag beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við samningu ársreikninga og árshlutareikninga sinna.

Um 8. gr.

Með greininni eru tekin af öll tvímæli um að skyldan til að beita stöðlunum á því ári sem verðbréf eru afskráð af markaði og næsta reikningsári á eftir nái einnig til samstæðureikninga.

Um 9. gr.

Greinin er efnislega samhljóða a-lið 7. gr. frumvarpsins þar sem afnumin er skylda móðurfélaga og dótturfélaga í samstæðu til að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

Um 10. gr.

Hér er um að ræða nánari tilvísun til nýs kafla í lögunum, sbr. 6. gr. frumvarpsins.

Um 11. gr.

Um a-lið (94. gr. a).

Í 1. mgr. er lagt til að ársreikningaskrá geti lagt dagsektir á eftirlitsskyld félög sem beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum ef þau verða ekki við því að veita ársreikningaskrá umbeðnar upplýsingar varðandi reikningsskil sín innan hæfilegs frests. Dagsektirnar geti þá numið frá 10.000 kr. til 100.000 kr. á dag þar sem tekið verður mið af fjárhagslegum styrk þeirra og hvort um ítrekað brot er að ræða. Sé um að ræða ítrekað brot er eðlilegt að dagsektir viðkomandi félags séu hærri en ella.

Samkvæmt 2. mgr. má kæra ákvörðun ársreikningaskrár um dagsektir til yfirskattanefndar innan 14 daga. Þó að ákvörðun ársreikningaskrár um dagsektir sé skotið til yfirskattanefndar leggjast dagsektirnar áfram á hafi ársreikningaskrá ekki verið veittar umbeðnar upplýsingar, enda væri óeðlilegt, með hliðsjón af eðli dagsekta sem úrræðis til að knýja fram efndir, að unnt væri að stöðva dagsektir með kæru til yfirskattanefndar.

Með 3. mgr. eru tekin af öll tvímæli um að dagsektir falla ekki niður þó að viðkomandi félag verði síðar við kröfum ársreikningaskrár.

Samkvæmt 4. mgr. er lagt til að dagsektirnar séu aðfararhæfar og renni til ríkissjóðs.

Í 5. mgr. er kveðið á um að ráðherra sé heimilt að setja nánari reglur um ákvörðun sekta og innheimtu þeirra.

Um b-lið (94. gr. b).

Í 1. mgr. er fjallað um aðgerðir ársreikningaskrár þegar hún kemst að þeirri niðurstöðu eftir að hafa fengið allar nauðsynlegar upplýsingar eftirlitsskylds félags um reikningsskil þess að þau séu ekki í samræmi við ákvæði laganna. Lagt er til að ársreikningaskrá geti í því tilfelli krafist að reikningsskilin séu leiðrétt og birt þannig eða krafist viðbótarupplýsinga við reikningsskilin. Verði félag ekki við þessari kröfu getur ársreikningaskrá að eigin frumkvæði birt athugasemdir sínar. Lagt er til að í alvarlegum málum geti ársreikningaskrá óskað eftir því við viðkomandi kauphöll ef félagið er með verðbréf sín í viðskiptum á skipulegum verðbréfamarkaði að viðskiptum með verðbréf félagsins verði tímabundið hætt þar til félagið hefur birt fullnægjandi reikningsskil að mati ársreikningaskrár.

Með 2. mgr. er lagt til að úrskurðir ársreikningaskrár verði kæranlegir til fjármálaráðherra og taki úrskurðurinn ekki gildi ef kært er fyrr en niðurstaða hans liggur fyrir. Að öðru leyti verður farið með brot á lögunum í samræmi við XII. kafla laganna.

Um 12. gr.

Hér er lagt til að bæði skráð félög sem og óskráð félög sem heimild hafa til að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum tilkynni ársreikningaskrá í upphafi rekstrarárs um þau dótturfélög sem innifalin eru í samstæðureikningi þeirra og hver þeirra beiti alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við reikningsskil sín. Er það annars vegar vegna innheimtu umsýslu- og eftirlitsgjaldsins og hins vegar til að viðhalda réttri opinberri birtingu, sbr. 4. mgr. 92. gr. í gildandi lögum, á þeim félögum sem beita stöðlunum og ársreikningaskrá hefur eftirlit með.

Um 13. gr.

Hér er lagt til að fella niður skyldu félaga til að tilkynna ársreikningaskrá sérstaklega um breytingu á endurskoðanda eða skoðunarmanni enda kemur þessi breyting fram í hverjum ársreikningi sem sendur er til ársreikningaskrár.

Um 14. gr.

Hér er lögð til lagfæring á orðalagi greinarinnar þannig að ljóst sé að verið sé að fjalla um innihald áritunar endurskoðanda eða skoðunarmanns. Samkvæmt 3. tölul. 106. gr. getur áritunin falist í þeirri vinnu sem lögð er í við endurskoðunina sem getur verið án fyrirvara, með fyrirvara, neikvæð eða án álits en þá skal það koma fram í texta áritunarinnar.

Um 15. gr.

Í a-lið er lagt til að stytta þann frest sem veittur er til að leggja fram til birtingar ársreikninga hjá félögum sem hafa verðbréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði svo og öðrum félögum sem beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum samkvæmt heimild í 92. gr. laganna úr sex mánuðum í fjóra. Er það í samræmi við 1. mgr. 4. gr. tilskipunar nr. 2004/109/EB.

Í b-lið er lögð til notkun á orðinu „rafræn“ í stað tölvutæk, sbr. l) lið 1. gr. fyrrnefndrar tilskipunar.

Um 16. gr.

Í þessari grein er að finna tillögu um að fella niður orðin „eða samstæðureiknings“ sem hefur valdið misskilningi. Útibúum erlendra félaga ber að leggja fram reikningsskil sín sem eru þá eingöngu um rekstur félagsins á Íslandi, tekjur þess og gjöld, eignir og skuldir, tilheyrandi atvinnurekstrinum hér á landi ásamt ársreikningi erlenda félagsins.

Um 17. gr.

Hér er lagt til að tilgreind verði tilvísun til þeirrar tilskipunar sem tillögur þessa frumvarps byggjast á að stórum hluta.

Um 18. gr.

Lagt er til að lögin taki til ársreikninga sem samdir eru á árinu 2008 fyrir reikningsár sem hefst 1. janúar 2007 eða síðar á því ári og árshlutareikninga sem samdir eru á árinu 2008. Samkvæmt kröfu kauphallar semja öll félög með skráð verðbréf nú þegar árshlutareikninga fyrir fyrstu sex mánuði reikningsársins. Er því í raun ekki um að ræða nýtt ákvæði varðandi samningu árshlutareikninga á árinu 2007. Því til viðbótar er það valkvætt að semja þriggja og níu mánaða árshlutareikninga skv. 6. mgr. 87. gr. a í gildandi lögum.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um ársreikninga sem eru aðallega af þrennum toga. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því að lögfesta ýmis atriði sem leiðir af félagatilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2004/109/EB. Annars vegar er þar um að ræða atriði sem lúta að upplýsingagjöf stjórnenda í ársreikningum þeirra fyrirtækja sem gefa út verðbréf á skipulegum verðbréfamarkaði eins og nánar er greint frá í almennum athugasemdum við

frumvarpið. Hins vegar er kveðið á um skyldu slíkra fyrirtækja til að birta árshlutareikninga fyrir fyrstu sex mánuði hvers reikningsárs. Tilgangurinn er að gera fjárfestum betur kleift að meta stöðu sína á grundvelli tíðari upplýsinga frá slíkum félögum. Í öðru lagi er með frumvarpinu lagt til að afnumin verði skylda móðurfélaga og dótturfélaga þeirra félaga sem beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum til að notast við alþjóðlega staðla nema þau kjósi að gera það. Í þriðja lagi eru í frumvarpinu ákvæði sem ætlað er að efla eftirlit ársreikningaskrár með því að fjölga úrræðum til að bregðast við þegar félög veita ekki umbeðnar upplýsingar. Þar á meðal er lagt til að ársreikningaskrá verði veitt heimild til að beita dagsektum frá 10.000 kr. til 100.000 kr. á dag vegna dráttar á skilum umbeðinna upplýsinga frá félögum sem sæta eftirliti vegna beitingar á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Ekki er þó ástæða til að ætla að slíkum dagsektum þurfi að beita í þeim mæli að þær skili teljandi tekjum í ríkissjóð. Þá geti ársreikningaskrá birt opinberlega upplýsingar um reikningsskil sem talin eru vera ófullnægjandi og einnig óskað eftir því að viðskipti með bréf félaga á skipulegum verðbréfamarkaði verði stöðvuð tímabundið. Ákvæði frumvarpsins varða einkum fremur fá en stór íslensk fyrirtæki. Verði það samþykkt má gera ráð fyrir að starfsemi ársreikningaskrár verði skilvirkari en að áhrif á útgjöld ríkisins verði óveruleg.

250. Frumvarp til laga [231. mál]

um breyting á lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „45 kr.“ í 3. mgr. 1. gr. laganna kemur: 41 kr.

2. gr.

Í stað 6. mgr. 13. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Sérstakt kílómetragjald af gjaldskyldum bifreiðum skv. 2. mgr. skal vera sem hér segir:

Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	*Sérstakt kílómetragjald, kr.*	*Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg*	*Sérstakt kílómetragjald, kr.*
5.000–6.000	8,45	18.001–19.000	22,31
6.001–7.000	9,14	19.001–20.000	23,32
7.001–8.000	9,84	20.001–21.000	24,33
8.001–9.000	10,54	21.001–22.000	25,34
9.001–10.000	11,23	22.001–23.000	26,35
10.001–11.000	12,22	23.001–24.000	27,36
11.001–12.000	13,52	24.001–25.000	28,37
12.001–13.000	14,82	25.001–26.000	29,38
13.001–14.000	16,11	26.001–27.000	30,39
14.001–15.000	17,41	27.001–28.000	31,40
15.001–16.000	18,71	28.001–29.000	32,41
16.001–17.000	20,00	29.001–30.000	33,42

Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	*Sérstakt kílómetragjald, kr.*	*Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg*	*Sérstakt kílómetragjald, kr.*
17.001–18.000	21,30	30.001–31.000	34,43
		31.001 og yfir	35,44

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2008.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að tímabundin lækkun á fjárhæð olíugjalds og sérstaks kílómetragjalds verði fest ótímabundið. Með lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl., var fjárhæð olíugjaldsins ákvörðuð 45 kr. á hvern lítra af gjaldskyldri olíu. Með lögunum var stefnt að því að útsöluverð á dísilolíu yrði ívið lægra en á bensíni með það að markmiði að gera dísilknúnar fólksbifreiðar ákjósanlegan kost við val á einkabifreið. Vegna óhagstæðrar þróunar á heimsmarkaðsverði á dísilolíu, samanborið við heimsmarkaðsverð á bensíni, var olíugjaldið lækkað tímabundið, úr 45 kr. í 41 kr., með lögum nr. 70/2005. Gilti sú tímabundna lækkun í sex mánuði frá gildistöku laganna um olíugjald og kílómetragjald, þ.e. frá 1. júlí til 31. desember 2005. Með lögum nr. 126/2005, um breytingu á lögum um olíugjald og kílómetragjald o.fl., var sú tímabundna lækkun framlengd til 1. júlí 2006. Lækkunin var framlengd á ný til 31. desember 2006 með lögum nr. 81/2006, um breytingu á lögum um olíugjald og kílómetragjald o.fl. Enn á ný var svo lækkunin framlengd til 31. desember 2007 með lögum nr. 169/2006, um breytingu á lögum um olíugjald og kílómetragjald o.fl.

Frá því að olíugjald var tekið upp hefur heimsmarkaðsverð á dísilolíu oftar en ekki verið hærra en heimsmarkaðsverð á bensíni. Spár gera ráð fyrir því að heimsmarkaðsverð á dísilolíu verði á næstu missirum að jafnaði hærra en heimsmarkaðsverð á bensíni.

Með vísan til framangreinds er með frumvarpi þessu lagt til að þessi tímabundna lækkun olíugjalds og sérstaks kílómetragjalds verði fest til frambúðar.

Á vegum fjármálaráðherra er starfandi starfshópur sem gera á tillögur fyrir 1. febrúar 2008 um heildarstefnu að því er varðar skattlagningu ökutækja og eldsneytis. Með heildarendurskoðun löggjafar á þessu sviði gefst tækifæri til þess að móta stefnu til frambúðar í þessum málaflokki. Hlutverk starfshópsins er að gera tillögur um samræmda skattlagningu ökutækja og eldsneytis sem hafi það að markmiði að hvetja til notkunar vistvænna ökutækja, orkusparnaðar, minnkunar á losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum, aukinnar notkunar innlendra orkugjafa og að fjármagna uppbyggingu og viðhald vegakerfisins, auk þess að þjóna áfram sem almenn tekjuöflun fyrir ríkissjóð. Fjárhæð olíugjalds, m.a. gagnvart vörugjaldi af bensíni, er því eitt af þeim atriðum sem koma til skoðunar hjá starfshópnum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með greininni er lagt til að tímabundin lækkun olíugjalds í 41 kr. á hvern lítra verði fest til frambúðar. Áætlað er að sú ráðstöfun, ásamt lækkun á sérstöku kílómetragjaldi, leiði til þess að tekjur ríkissjóðs verði um 450 millj. kr. lægri á ári en ella hefði orðið og hefur þegar verið reiknað með því í forsendum tekjuhliðar fjárlagafrumvarps fyrir árið 2008.

Um 2. gr.

Með greininni er lagt til að tímabundin lækkun á sérstöku kílómetragjaldi á bifreiðar til sérstakra nota sé fest til frambúðar til þess að jafnræðis sé gætt í skattlagningu þeirra ökutækja sem greiða olíugjald og þeirra sem greiða sérstakt kílómetragjald.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að tímabundin lækkun olíugjalds úr 45 kr. í 41 kr. á hvern lítra og lækkun á gjaldskrá vegna sérstaks kílómetragjalds, sem falla átti úr gildi um næstu áramót, verði gerð ótímabundin þar sem ekki eru horfur á að óhagstæð verðþróun á dísilolíu gagnvart bensíni á heimsmarkaði gangi til baka á næstunni. Áætlað er að sú ráðstöfun leiði til þess að tekjur ríkissjóðs verði í kringum 580 m.kr. lægri en ella hefði orðið og hefur þegar verið reiknað með því í forsendum tekjuhliðar fjárlagafrumvarps fyrir árið 2008. Er þá miðað við að hækkun gjaldsins yrði ekki til þess að draga úr sölunni á olíunni. Lögfesting frumvarpsins ætti því ekki að hafa áhrif á tekjur né útgjöld ríkissjóðs umfram það sem þegar hefur verið gert ráð fyrir.

251. Frumvarp til laga [232. mál]

um breyting á lögum um meðferð einkamála, nr. 91 31. desember 1991 (Haagsamningar á sviði réttarfars).

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

Við 2. mgr. 74. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Um þá gagnaöflun fer eftir lögum viðkomandi ríkis og þjóðréttarsamningi, ef slíkur samningur er í gildi við hlutaðeigandi ríki.

2. gr.

Við 2. mgr. 76. gr. laganna, sbr. 27. gr. laga nr. 133/1993, bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ef beiðni kemur frá öðru ríki skal haga gagnaöflun í samræmi við þjóðréttarsamning, ef slíkur samningur er í gildi við hlutaðeigandi ríki, enda fari það ekki í bága við ákvæði laga þessara.

3. gr.

90. gr. laganna orðast svo:

1. Nú á stefndi þekkt heimili eða aðsetur erlendis eða það liggur annars fyrir að hann eigi heimili í tilteknu öðru ríki og birting stefnu getur ekki farið fram hér á landi eftir öðrum ákvæðum þessa kafla og fer þá um birtingu eftir lögum þess ríkis og þjóðréttarsamningi, ef slíkur samningur hefur verið gerður við hlutaðeigandi ríki.

2. Stefna eða önnur tilkynning frá öðru ríki verður birt hér á landi eftir reglum þessa kafla og í samræmi við þjóðréttarsamning, ef slíkur samningur er í gildi við hlutaðeigandi ríki, enda fari það ekki í bága við ákvæði laga þessara.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 133. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „eða aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu“ í a-lið 1. mgr., sbr. 3. gr. laga nr. 72/2003, kemur: eða Haagsamnings um einkamálaréttarfar frá 1. mars 1954.
b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Nú hefur maður búsettur hér verið undanþeginn að leggja fram málskostnaðartryggingu í ríki sem á aðild að Haagsamningnum um einkamálaréttarfar frá 1. mars 1954 og skal þá úrlausn erlends dómstóls um skyldu hans til að greiða málskostnað eða réttargjöld vera aðfararhæf hér á landi.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Frumvarp þetta er samið á vegum réttarfarsnefndar að tilhlutan dómsmálaráðherra. Með frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, vegna fyrirhugaðrar aðildar Íslands að þremur alþjóðasamningum á sviði réttarfars. Miða tillögur frumvarpsins að því að tryggja fullt samræmi milli þessara samninga og réttarfarslaga.

Um liðlega aldarskeið hafa ríki átt með sér samstarf á sviði alþjóðlegs einkamálaréttar á vegum ráðstefnu sem kennd er við borgina Haag í Hollandi. Á þessum vettvangi hefur fjöldi alþjóðasamninga verið gerður og á Ísland aðild að sumum þeirra. Meðal réttarsviða sem samningar þessir snerta er einkamálaréttarfar. Að baki þeim samningum býr sú viðleitni að efla réttarsamvinnu milli aðildarríkjanna til að greiða fyrir rekstri dómsmála í þeim.

Hinn 17. júlí 1905 var á vegum Haagráðstefnunnar gerður samningur um einkamálaréttarfar. Var samningur þessi fullgiltur af hálfu Danmerkur 24. apríl 1909 en við það öðlaðist hann einnig gildi gagnvart Íslandi. Eftir að Ísland öðlaðist fullveldi 1. desember 1918 hélt samningurinn gildi sínu hér á landi. Samningur þessi hefur ekki verið birtur hér á landi en hann er að finna á frönsku í ritinu Samningar Íslands við erlend ríki sem kom út í Reykjavík árið 1963.

Samningurinn um einkamálaréttarfar frá árinu 1905 var leystur af hólmi með samningi um sama efni frá 1. mars 1954. Sá samningur hefur síðan að hluta til verið leystur af hólmi með tveimur samningum. Annars vegar er um að ræða samning um birtingu erlendis á réttarskjölum og utanréttarskjölum í einkamálum og verslunarmálum frá 15. nóvember 1965 og hins vegar samning um öflun sönnunargagna erlendis í einkamálum og verslunarmálum frá 18. mars 1970. Þessir þrír samningar, sem komu í stað samningsins frá árinu 1905, hafa ekki

verið fullgiltir af Íslands hálfu. Öll önnur ríki, sem áttu aðild að samningum frá árinu 1905, hafa hins vegar fullgilt einn eða fleiri af þessum samningum og er nú svo komið að Ísland eitt ríkja á aðeins aðild að þeim samningi eftir að Alþýðulýðveldið Þýskaland sameinaðist Þýska sambandslýðveldinu. Löngu tímabært er að úr þessu verði bætt en rétt þykir að gera nokkrar breytingar á lögum um meðferð einkamála áður en samningarnir verða fullgiltir af Íslands hálfu.

II.

Svo sem áður er vikið að býr það markmið að baki samningum Haagráðstefnunnar um einkamálaréttarfar að efla samvinnu milli ríkja til að greiða fyrir rekstri dómsmála. Er þá stefnt að því að ryðja úr vegi hindrunum milli ríkja vegna ólíkra réttarkerfa og jafnframt að efla réttaröryggi þegar dómsmál varða aðila og hagsmuni í fleiri ríkjum. Rétt þykir að gera í helstu atriðum grein fyrir efni þeirra alþjóðasamninga sem frumvarpið snertir, en samningarnir í íslenskri þýðingu eru fylgiskjöl með frumvarpinu.

II.1 Samningur um einkamálaréttarfar frá 1. mars 1954.

Í I. hluta samningsins er fjallað um birtingu réttarskjala og utanréttarskjala í einkamálum og verslunarmálum fyrir mönnum sem dveljast erlendis. Skv. 1. gr. samningsins skal birting fara fram að beiðni ræðismanns þess ríkis sem beiðni kemur frá og skal henni beint að því yfirvaldi er það ríki tilnefnir sem skjalið er sent til. Það yfirvald skal síðan senda ræðismanninum staðfestingu þess að birting hafi farið fram eða tilgreina þær ástæður sem komu í veg fyrir hana. Í stað þess að beiðni um birtingu sé komið á framfæri af ræðismanni geta aðildarríkin með tilkynningu til annarra samningsríkja lýst því yfir að beiðni skuli senda eftir diplómatískum leiðum, sbr. 3. mgr. 1. gr. samningsins. Þá gerir samningurinn ráð fyrir að samningsríki geti komið sér saman um að heimila bein samskipti milli hlutaðeigandi yfirvalda þeirra, sbr. 4. mgr. sömu greinar.

Samkvæmt 2. gr. samningsins er viðkomandi yfirvaldi heimilt að birta skjal með því að afhenda það viðtakanda sem veitir því fúslega viðtöku. Að öðrum kosti skal birting fara fram eftir þeim reglum sem gilda þar sem skjal er birt eða með sérstakri aðferð, enda fari hún ekki í bága við lög viðkomandi ríkis, sbr. 2. mgr. 3. gr. samningsins. Þá verður beiðni um birtingu aðeins hafnað ef ríki telur að um sé að ræða íhlutun í fullveldi þess eða öryggi, sbr. 4. gr. samningsins.

Í 6. gr. samningsins er gert ráð fyrir heimild til að koma skjölum á framfæri með því að senda þau í pósti til viðtakanda. Einnig er gert ráð fyrir að hlutaðeigandi sem vill fá skjal birt geti snúið sér beint til yfirvalda þar sem birting fer fram, auk þess sem ríki geti látið sendierindreka eða ræðiserindreka birta skjöl erlendis. Þetta er bundið því að samningsríki andmæli ekki birtingu með þessu móti. Þó geta samningsríkin ekki andmælt því að sendierindrekar eða ræðiserindrekar birti skjöl þvingunarlaus fyrir ríkisborgara þess ríkis sem beiðni kemur frá.

Birting réttarskjala skal vera án endurgreiðslu gjalda eða kostnaðar af einhverju tagi. Þó er heimilt ef ekki er á annan veg samið að krefja það ríki sem beiðni kemur frá um kostnað vegna þjónustu starfsmanns dómstóls eða við að birta skjal með sérstakri aðferð, sbr. 7. gr. samningsins.

Í II. hluta samningsins er fjallað um réttarbeiðnir í einkamálum og verslunarmálum til að fram fari sönnunarfærsla eða önnur dómsathöfn innan lögsögu annars samningsríkis. Skv. 9. gr. samningsins skal réttarbeiðni send af ræðismanni þess ríkis sem beiðni kemur frá til

yfirvalds tilnefnds af viðkomandi ríki. Það yfirvald skal síðan senda ræðismanni staðfestingu á því að réttarbeiðnin hafi verið framkvæmd eða upplýsa hvað hafi hindrað það. Í stað þess að réttarbeiðni sé komið á framfæri af ræðismanni geta aðildarríkin með tilkynningu til annarra samningsríkja lýst því yfir að beiðni skuli senda eftir diplómatískum leiðum, sbr. 3. mgr. 9. gr. Þá gerir samningurinn ráð fyrir að samningsríki geti komið sér saman um að heimila bein samskipti milli hlutaðeigandi yfirvalda þeirra, sbr. 4. mgr. sömu greinar.

Samkvæmt 11. gr. samningsins skal það dómsmálayfirvald sem beiðni er send til vera skuldbundið til að verða við henni með sömu þvingunarúrræðum og eiga við um framkvæmd fyrirmæla frá yfirvöldum í eigin ríki eða beiðni frá aðila að máli sem þar væri rekið fyrir dómi. Þó er ekki nauðsynlegt að beita þeim þvingunarúrræðum vegna þingsóknar málsaðila. Réttarbeiðni verður aðeins synjað þegar vafi leikur á áreiðanleika skjals, framkvæmd beiðni fellur ekki undir valdsvið dómstóla í því ríki sem henni er beint til eða viðkomandi ríki telur beiðnina íhlutun í fullveldi sitt eða öryggi.

Þegar réttarbeiðni er framkvæmd skal dómsmálayfirvald sem hefur það með höndum beita lögum síns ríkis við málsmeðferðina. Þó má beita sérstökum málsmeðferðarreglum ef það yfirvald sem beiðni kemur frá óskar þess og það fer ekki í bága við lög þar sem beiðni verður framkvæmd, sbr. 14. gr. samningsins.

Samkvæmt 15. gr. kemur samningurinn ekki í veg fyrir að ríki láti sendierindreka eða ræðiserindreka sína framkvæma réttarbeiðni milliliðalaust, enda sé það heimilt samkvæmt samningi viðkomandi ríkja eða það ríki þar sem beiðni verður framkvæmd andmælir því ekki.

Framkvæmd réttarbeiðni skal vera án endurgreiðslu gjalda eða kostnaðar af einhverju tagi. Þó er heimilt nema á annan veg sé samið að krefjast endurgreiðslu á þóknun til vitna eða sérfræðinga og kostnaðar sem til fellur vegna nauðsynlegrar þjónustu starfsmanns dómstóls vegna þess að vitni mættu ekki sjálfviljug eða vegna tilmæla um sérstaka málsmeðferð, sbr. 16. gr. samningsins.

Í III. hluta samningsins er að finna ákvæði um málskostnaðartryggingu. Skv. 17. gr. samningsins gildir sú regla að ríkisborgurum samningsríkis, sem búsettir eru í einhverju þeirra, verður ekki gert að leggja fram málskostnaðartryggingu vegna þess að þeir eru útlendingar eða án fastrar búsetu í því landi þar sem mál er höfðað. Þegar málsaðili hefur verið undanþeginn skyldu til að leggja fram málskostnaðartryggingu samkvæmt þessu skal ákvörðun um skyldu hans til greiðslu málskostnaðar eða réttargjalda vera fullnægt án kostnaðar af þar til bæru yfirvaldi í öðru samningsríki, sbr. 18. gr. samningsins. Jafnframt skulu slíkar ákvarðanir vera aðfararhæfar án undangengins málflutnings, en dómþoli skal þó hafa rétt til að fá slíka ákvörðun endurskoðaða í samræmi við löggjöf í því ríki þar sem fullnustu er leitað, sbr. 19. gr. samningsins.

Í IV. hluta samningsins er fjallað um ókeypis réttaraðstoð. Skv. 20. gr. hans gildir sú regla að ríkisborgarar samningsríkjanna skulu hafa sama aðgang að réttaraðstoð og ríkisborgarar í því samningsríki þar sem réttaraðstoðar er leitað í samræmi við löggjöf þess ríkis. Á það einnig við þegar réttaraðstoð er veitt í stjórnsýslumálum. Um málsmeðferðina vegna réttaraðstoðar er síðan fjallað nánar í 21.–24. gr. samningsins.

Þá eru í V. hluta samningsins ákvæði um heimild fyrir efnalitla ríkisborgara samningsríkis til að fá vottorð úr opinberum skrám á sama veg og ríkisborgarar viðkomandi ríkis. Enn fremur er í VI. hluta samningsins girt fyrir að frelsissviptingu verði beitt sem nauðungarúrræði til að skapa varnaðaráhrif gagnvart útlendingum sem eru ríkisborgarar samningsríkis í tilvikum þar sem frelsissviptingu verður ekki beitt gagnvart borgurum viðkomandi ríkis.

Loks eru í VII. hluta lokaákvæði um undirritun, fullgildingu, gildistöku og uppsögn samningsins.

II.2 Samningur um birtingu erlendis á réttarskjölum og utanréttarskjölum í einkamálum og verslunarmálum frá 15. nóvember 1965.

Samningur þessi gildir um birtingar á skjölum erlendis og leysti hann af hólmi I. hluta samningsins um einkamálaréttarfar frá 1. mars 1954. Í aðfaraorðum samningsins er tekið fram að markmið hans sé að bæta skipulag gagnkvæmrar aðstoðar í dómsmálum með einfaldari og skjótari framkvæmd.

Samkvæmt 1. gr. samningsins gildir hann um öll einkamál og verslunarmál þar sem senda þarf réttarskjöl eða utanréttarskjöl til birtingar í öðru ríki. Sá fyrirvari er þó gerður að samningurinn gildir ekki þegar heimilisfang viðtakanda er óþekkt. Um birtingar á réttarskjölum er síðan fjallað í I. kafla samningsins og utanréttarskjölum í II. kafla.

Í 2. gr. samningsins er sú skylda lögð á samningsríkin að tilnefna miðlægt stjórnvald til að annast birtingu skjala frá öðrum samningsríkjum. Um hvernig haga skuli birtingu réttarskjala eru síðan nánari ákvæði í 3.–6. gr.

Samkvæmt 3. gr. samningsins skal beiðni um birtingu frá ríki send miðlægu stjórnvaldi viðtökuríkis í samræmi við formála sem er að finna í viðauka með samningnum og á skjal til birtingar eða afrit þess að fylgja beiðninni. Miðlæga stjórnvaldið sem fær skjalið til birtingar annast hana síðan sjálft eða hlutast til um að skjalið verði birt af viðeigandi stofnun, sbr. 1. mgr. 5. gr. Birtingunni skal hagað í samræmi við lög viðkomandi ríkis eða með þeirri sérstöku aðferð sem óskað er eftir að verði viðhöfð, enda stríði hún ekki gegn lögum þar sem birtingin fer fram, sbr. a- og b-lið 1. mgr. 5. gr. Þegar ekki er óskað eftir að birting fari fram með sérstakri aðferð er ávallt heimilt að birta skjal með því að afhenda það viðtakanda sem tekur fúslega við því, sbr. 2. mgr. sömu greinar. Að lokinni birtingu skal það stjórnvald sem annaðist hana fylla út vottorð í samræmi við formála í viðauka með samningnum. Í vottorðinu skal koma fram að skjalið hafi verið birt, hvar, hvenær og með hvaða aðferð og hverjum það hafi verið afhent. Ef birting fór ekki fram skal tilgreina í vottorðinu hvað kom í veg fyrir hana, sbr. 6. gr. samningsins. Einnig skal beiðanda þegar tilkynnt ef miðlægt stjórnvald telur að beiðni um birtingu samræmist ekki ákvæðum samningsins og ber þá að tilgreina rök fyrir því, sbr. 4. gr. samningsins.

Í stað þess að skjal sé birt af stjórnvöldum í því ríki þar sem birting fer fram getur samningsríki falið sendierindrekum eða ræðiserindrekum sínum að birta réttarskjöl milliliðalaust fyrir mönnum erlendis, ef ekki er beitt þvingun af neinu tagi. Samningsríki getur hins vegar lýst yfir andmælum sínum við slíkri birtingu innan yfirráðasvæðis síns nema þegar birting fer fram fyrir ríkisborgurum þess ríkis sem skjal kemur frá, sbr. 8. gr. samningsins.

Ef því hefur ekki verið sérstaklega andmælt er heimilt skv. 10. gr. samningsins að senda réttarskjöl í pósti beint til þeirra sem eru erlendis, sbr. a-lið, að birta skjal með milliliðalausum samskiptum þeirra sem bærir eru til að birta í ríki sem beiðni kemur frá og í ríki þar sem birt er, sbr. b-lið, og að sá sem óskar eftir birtingu snúi sér beint til þeirra sem annast birtingu í viðkomandi ríki, sbr. c-lið. Einnig geta tvö eða fleiri ríki komið sér saman um að heimila aðrar boðleiðir til að birta réttarskjöl, sbr. 11. gr. samningsins.

Birting réttarskjala skal vera án greiðslu eða endurgreiðslu gjalda eða kostnaðar þess ríkis sem beiðni er send til. Þó skal beiðandi greiða eða endurgreiða kostnað af þjónustu starfsmanns dómstóls eða annars sem er valdbær eftir lögum þess ríkis sem beiðni er send til eða vegna sérstakrar aðferðar sem er viðhöfð.

Þegar fullnægt er skilyrðum samningsins verður beiðni um birtingu ekki synjað nema ríki sem beiðni er send til telji framkvæmd hennar íhlutun í fullveldi sitt eða öryggi. Verður beiðni um birtingu ekki synjað af þeirri ástæðu einni að sakarefnið eigi samkvæmt lögum aðeins undir dómstóla viðkomandi ríkis eða að málsókn af þessu tagi sé ekki heimil samkvæmt lögum ríkisins, sbr. 13. gr. samningsins.

Í samningnum er að finna ákvæði sem miða að því að þrengja heimild til að dómur gangi þegar stefndi sækir ekki dómþing í málinu. Skv. 1. mgr. 15. gr. samningsins skal útivistardómur ekki kveðinn upp nema stefna hafi verið birt í samræmi við lög þess ríkis þar sem birting fór fram eða stefna hafi í raun verið afhent stefnda eða á heimili hans í samræmi við samninginn. Einnig er gerður sá áskilnaður að stefna hafi verið afhent svo tímanlega að stefnda hafi verið kleift að taka til varna, sbr. niðurlag sömu greinar. Í 2. mgr. 15. gr. samningsins er að finna heimild fyrir samningsríkin til að lýsa því yfir að dómur geti allt að einu gengið í máli þótt ekki liggi fyrir að stefna hafi verið birt og ekki sé sótt þing af hálfu stefnda ef ákveðnum skilyrðum er fullnægt. Þessi skilyrði eru í fyrsta lagi að stefna hafi verið send með einhverjum þeim aðferðum sem kveðið er á um í samningnum. Í öðru lagi þarf hæfilegur frestur að vera liðinn að mati dómara frá því stefna var send, þó ekki skemmri frestur en sex mánuðir. Í þriðja lagi gildir loks það skilyrði að ekki hafi borist vottorð af neinu tagi um birtinguna, þótt allt hafi verið gert til að afla þess sem með sanngirni má ætlast til. Ef útivistardómur hefur gengið í máli þegar birta hefur þurft stefnu erlendis er gert ráð fyrir því í 16. gr. samningsins að unnt sé að undanþiggja dómþola frá áhrifum þess að liðinn sé frestur til að leita endurskoðunar dóms. Skilyrði þess eru að dómþoli hafi sér að ósekju hvorki verið kunnugt um málshöfðunina svo tímanlega að hann gæti tekið til varna né fengið vitneskju um dóm svo tímanlega að hann gæti leitað endurskoðunar og dómþoli hafi efnislegar varnir sem við fyrstu sýn virðist á rökum reistar. Þessa heimild geta samningsríkin þó takmarkað með því að setja tiltekinn frest sem þó skal ekki vera skemmri en eitt ár frá dómsuppkvaðningu.

Í II. kafla samningsins þar sem ákvæði eru um utanréttarskjöl segir það eitt að slík skjöl, sem koma frá stjórnvöldum eða starfsmönnum dómstóla í samningsríki, megi senda til birtingar í öðrum ríkjum með þeirri aðferð sem kveðið er á um í samningnum og í samræmi við fyrirmæli hans.

Loks er í III. kafla samningsins að finna venjuleg ákvæði um undirritun, fullgildingu, fyrirvara og uppsögn.

II.3 Samningur um öflun sönnunargagna erlendis í einkamálum og verslunarmálum frá 18. mars 1970.

Samningurinn gildir þegar aflað er sönnunargagna erlendis og kemur hann í stað II. hluta samningsins um einkamálaréttarfar frá 1. mars 1954. Í aðfaraorðum segir að markmið samningsins sé að auðvelda sendingu réttarbeiðna og greiða fyrir mismunandi aðferðum sem ríki beita í því skyni. Einnig er tekið fram að samningsríkin vilji bæta samvinnu á sviði einkamála og verslunarmála.

Samningurinn miðar við að sönnunargagna verði aflað með tvennu móti. Annars vegar er um að ræða að gagnaöflun fari fram með réttarbeiðni, en um það eru nánari ákvæði í I. kafla samningsins. Hins vegar er gert ráð fyrir að sönnunargagna verði aflað fyrir milligöngu sendierindreka, ræðiserindreka eða sérstaklega tilnefndra manna (e. commissioners), en ákvæði þar að lútandi eru í II. kafla samningsins.

Samkvæmt 1. gr. samningsins getur dómsmálayfirvald í samningsríki óskað eftir því með réttarbeiðni að aflað verði sönnunargagna í öðru samningsríki. Sönnunargagna verður ekki aflað með réttarbeiðni nema þau séu ætluð fyrir dómsmál sem hefur verið höfðað eða er fyrirhugað. Jafnframt er unnt að gera fyrirvara skv. 23. gr. samningsins um að réttarbeiðnum verði ekki fylgt eftir til að afla sönnunargagna af því tagi sem í „common law“ réttarkerfum er þekkt sem „pre-trial discovery of documents“. Að auki er kleift með réttarbeiðni að fara þess á leit að önnur dómsathöfn verði framkvæmd. Með annarri réttarathöfn er þó ekki átt við birtingu réttarskjala eða aðgerðir til að fullnægja dómi eða hrinda í framkvæmd fyrirmælum eða aðgerðum til bráðabirgða eða verndar.

Til að koma réttarbeiðnum á framfæri við þau dómsmálayfirvöld sem framkvæma þær skulu samningsríkin tilnefna miðlægt stjórnvald í samræmi við eigin löggjöf. Skulu réttarbeiðnir sendar því stjórnvaldi án milligöngu annarra yfirvalda í viðkomandi ríki, sbr. 2. gr. samningsins.

Í 3. og 4. gr. samningsins eru nánari ákvæði um hvernig réttarbeiðni skuli úr garði gerð og á hvaða tungumáli hún skuli rituð. Ef réttarbeiðni fullnægir ekki kröfum samningsins skal það þegar tilkynnt því yfirvaldi sem sendi beiðnina, sbr. 5. gr. samningsins.

Samkvæmt 7. gr. samningsins skal því yfirvaldi sem beiðni kemur frá tilkynnt um hvar og hvenær réttarbeiðni verði tekin fyrir svo málsaðilar og umboðsmenn þeirra geti verið viðstaddir. Einnig getur samningsríki lýst því yfir að starfsmenn dómstóla samningsríkis, sem beiðni kemur frá, megi vera viðstaddir þegar réttarbeiðni er framkvæmd, en áskilja má þó undanfarandi heimild viðkomandi ríkis, sbr. 8. gr. samningsins.

Við framkvæmd réttarbeiðni skal dómsmálayfirvald fara að lögum síns ríkis um þá málsmeðferð sem fylgt er. Þó má beita sérstakri málsmeðferð ef það yfirvald sem beiðni kemur frá óskar þess, svo framarlega sem það brýtur ekki í bága við lög í ríkinu þar sem beiðnin er framkvæmd eða er ómögulegt vegna réttarframkvæmdar eða örðugleika í framkvæmd. Þá skal réttarbeiðni afgreidd án tafar, sbr. 9. gr. samningsins. Það yfirvald sem framkvæmir beiðni skal beita viðeigandi þvingunarúrræðum í sömu tilvikum og að sama marki og gert er ráð fyrir í lögum viðkomandi ríkis þegar framfylgt er fyrirmælum frá yfirvöldum eða beiðni aðila að innlendu dómsmáli, sbr. 10. gr. samningsins.

Í 11. gr. samningsins er að finna heimild fyrir þann einstakling sem afla á sönnunargagna frá til að neita að veita atbeina sinn. Getur viðkomandi einstaklingur skorast undan að láta í té sönnunargögn ef honum er það heimilt eða skylt samkvæmt lögum þess ríkis þar sem beiðnin er framkvæmd eða samkvæmt lögum þess ríkis sem beiðni kemur frá.

Samkvæmt 12. gr. samningsins verður réttarbeiðni aðeins hafnað ef meðferð hennar er ekki á verksviði dómstóla í því ríki þar sem hún verður framkvæmd eða viðkomandi ríki telji framkvæmd hennar fela í sér íhlutun í fullveldi sitt eða öryggi. Verður réttarbeiðni ekki synjað af þeirri ástæðu einni að sakarefnið eigi samkvæmt lögum aðeins undir dómstóla þess ríkis þar sem beiðni verður framkvæmd eða að beiðni varði málsókn sem ekki er heimil eftir lögum þess.

Þegar réttarbeiðni hefur verið afgreidd skal senda því yfirvaldi sem hún barst frá skjöl um framkvæmd hennar eftir sömu leiðum og hún barst upphaflega. Þá skal í öllum tilvikum þegar beiðni er ekki framkvæmd tilkynna það yfirvaldi sem hún barst frá og tilgreina ástæður þess, sbr. 13. gr. samningsins.

Samkvæmt 14. gr. samningsins gildir sú meginregla að réttarbeiðni skuli afgreiða án endurgreiðslu gjalda og kostnaðar af einhverju tagi. Þó má krefja endurgreiðslu kostnaðar

vegna þóknunar til sérfræðinga og þýðenda og kostnaðar sem leiðir af því að viðhöfð er sérstök málsmeðferð að beiðni ríkis sem beiðni kemur frá.

Samkvæmt II. kafla samningsins getur sendierindreki eða ræðiserindreki samningsríkis aflað án þvingunar sönnunargagna á starfssvæði sínu vegna dómsmáls á yfirráðasvæði annars samningsríkis frá ríkisborgurum þess ríkis sem hann er í fyrirsvari fyrir. Þó getur samningsríki lýst því yfir að þetta megi aðeins gera samkvæmt heimild sem veitt er eftir umsókn, sbr. 15. gr. samningsins. Einnig er gert ráð fyrir því í 16. gr. samningsins að sönnunargagna verði aflað með þessu móti frá ríkisborgurum þess ríkis þar sem sönnunarfærslan fer fram eða frá ríkisborgurum þriðja ríkis samkvæmt leyfi viðkomandi ríkis og að gættum þeim skilyrðum sem kunna að verða sett. Þá er að finna heimild í 17. gr. samningsins fyrir löglega tilnefndan mann til að afla án þvingunar sönnunargagna á yfirráðasvæði annars samningsríkis að fengnu leyfi og samkvæmt settum skilyrðum.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið verður ekki beitt þvingunarúrræðum þegar sendierindreki, ræðiserindreki eða sérstaklega tilnefndur maður aflar sönnunargagna. Þó getur samningsríki lýst því yfir skv. 18. gr. samningsins að óska megi viðeigandi aðstoðar frá til þess bæru yfirvaldi. Skal þá sömu þvingunarúrræðum beitt og eiga við lögum samkvæmt í dómsmáli sem rekið er í viðkomandi ríki.

Ef ríki hefur gefið leyfi sitt fyrir sönnunarfærslu skv. 15.–17. gr. eða fallist á umsókn skv. 18. gr. um að þvingunarúrræðum verði beitt getur yfirvald þess ríki sem í hlut á sett þau skilyrði sem það telur efni til, þar á meðal um hvar og hvernig gagna verði aflað. Einnig getur yfirvaldið gert þá kröfu að því verði tilkynnt með hæfilegum fyrirvara hvenær gagna verði aflað og á þá fulltrúi þess rétt á að vera viðstaddur, sbr. 19. gr. samningsins.

Um málsmeðferðina þegar sendierindreki, ræðiserindreki eða sérstaklega tilnefndur maður afla sönnunargagna er fjallað í 21. gr. samningsins. Þar er því nánar lýst hvaða gagna verður aflað og hvernig haga ber kvaðningu til manns um að mæta og láta í té sönnunargögn, auk þess sem mælt er fyrir um heimild til að skorast undan því.

Þegar ekki tekst að afla sönnunargagna skv. II. kafla samningsins vegna synjunar manns um að láta þau í té er unnt með réttarbeiðni að afla gagnanna eftir reglum I. kafla, sbr. 22. gr. samningsins.

Loks er í III. kafla að finna venjuleg ákvæði um undirritun, fullgildingu, fyrirvara og uppsögn samningsins.

III.

Því má slá föstu að engar hindranir standa í vegi þess að framangreindir alþjóðasamningar verði fullgiltir af Íslands hálfu. Má í því sambandi geta þess að fjöldi ríkja á aðild að samningunum, þar á meðal velflest ríki Evrópu. Rétt er þó að huga að nokkrum atriðum sem snerta fyrirhugaða aðild Íslands að samningunum.

Samkvæmt birtingarsamningnum frá 1965 og samningnum um öflun sönnunargagna frá 1970 skulu samningsríkin tilnefna miðlæg stjórnvöld til að sinna þeim málefnum sem falla undir samningana. Af hálfu Íslands liggur beint við að dómsmálaráðuneytið fari með þetta hlutverk. Eftir atvikum gæti dómsmálaráðuneytið falið öðru stjórnvaldi að sinna ákveðnum viðfangsefnum á sviði samninganna, sbr. 1. mgr. 6. gr. samningsins frá 1965 og 1. mgr. 24. gr. samningsins um öflun sönnunargagna frá 1970. Hér má nefna að vel mætti fela einhverju embætti sýslumanns verkefni af þessu tagi og væri það í samræmi við þá stefnu ráðuneytisins að efla þau embætti.

Í samningnum um einkamálaréttarfar frá 1954 er í 3. tölul. 6. gr. að finna heimild fyrir ríki til að láta sendierindreka eða ræðiserindreka sína millilíðalaust annast birtingu skjala erlendis. Þó má samningsríki skv. 2. mgr. sömu greinar lýsa yfir andmælum við slíkri birtingu gagnvart öðrum en ríkisborgurum þess ríkis sem beiðni kemur frá. Í 8. gr. birtingarsamningsins frá 1965 er að finna hliðstætt ákvæði sem heimilar sendierindrekum og ræðiserindrekum að birta skjöl millilíðalaust án þvingunar. Samningsríki getur jafnframt lýst yfir andmælum við slíkri birtingu þegar í hlut eiga aðrir en ríkisborgarar þess ríkis sem skjal kemur frá. Við fullgildingu þessara samninga er ekki gert ráð fyrir að nýtt verði heimild til að lýsa yfir slíkum andmælum, enda verður ekki talið varhugavert að birting geti farið fram með þessu móti. Má nefna að andmæli við þessu var ekki lýst yfir af hálfu Danmerkur, Finnlands eða Svíþjóðar. Aftur á móti hefur Noregur haft uppi andmæli skv. 8. gr. birtingarsamningsins frá 1965.

Í b- og c-lið 10. gr. birtingarsamningsins frá 1965 er gert ráð fyrir, ef því er ekki andmælt, að þeir sem birti skjöl í einu ríki eða málsaðilar geti snúið sér beint til þeirra sem annast birtingu í öðru ríki með ósk um birtingu í stað þess að hún fari fram fyrir milligöngu miðlægs stjórnvalds. Heppilegra þykir að dómsmálaráðuneytið sem miðlægt stjórnvald komi fram af Íslands hálfu og er því miðað við að nýtt verði heimild til að andmæla birtingu af þessu tagi. Má geta þess að öll hin Norðurlandaríkin hafa að einhverju leyti haft uppi andmæli gegn þessu ákvæði samningsins.

Svo sem áður segir er í 15. gr. birtingarsamningsins frá 1965 að finna ákvæði sem miða að því að þrengja heimild til að dómur gangi þegar stefndi sækir ekki dómþing í máli. Hverju samningsríki er þó rétt að lýsa því yfir að unnt sé að kveða upp dóm þótt ekki hafi borist vottorð um birtingu, enda sé nánar tilgreindum skilyrðum fullnægt. Ástæðulaust þykir að Ísland taki á sig frekari þjóðréttarlegar skuldbindingar að þessu leyti en nauðsynlegt er til að samningurinn verði fullgiltur með því að útiloka að þessarar heimildar verði neytt. Er því fyrirhugað að slík yfirlýsing verði gefin af Íslands hálfu. Á það skal bent að Danmörk og Noregur hafa gefið slíka yfirlýsingu en það hafa Finnland og Svíþjóð hins vegar ekki gert.

Samkvæmt 16. gr. birtingarsamningsins frá 1965 skal heimilt að leita endurskoðunar dóms þótt frestur til þess sé liðinn ef birta hefur þurft stefnu erlendis og stefnda var sér að ósekju hvorki kunnugt um skjalið svo tímanlega að hann gæti tekið til varna né fékk vitneskju um dóm svo tímanlega að hann gæti leitað endurskoðunar, enda hafi hann uppi efnislegar varnir sem við fyrstu sýn virðast á rökum reistar. Samningsríki getur skv. 3. mgr. sömu greinar takmarkað þessa heimild með því að setja tiltekinn frest sem þó skal ekki vera skemmri en eitt ár frá dómsuppkvaðningu. Hér á landi er ekki heimilt að áfrýja dómi sem gengið hefur í máli þar sem útivist hefur orðið af hálfu stefnda. Hins vegar er hægt að óska eftir endurupptöku málsins samkvæmt reglum XXIII. kafla laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991. Frestur til að beiðast endurupptöku getur að hámarki verið eitt ár skv. 1. og 2. mgr. 137. gr. laganna. Að þessu gættu þykir rétt að yfirlýsing verði gefin af Íslands hálfu skv. 3. mgr. 16. gr. samningsins þannig að frestur til að leita endurupptöku, sem telja verður hliðstætt úrræði og áfrýjun, geti ekki verið lengri en eitt ár frá dómsuppkvaðningu. Danmörk hefur gefið yfirlýsingu um sama frest en í yfirlýsingu Noregs er miðað við þrjú ár. Finnland og Svíþjóð hafa ekki gefið yfirlýsingu hvað þetta varðar.

Samkvæmt 4. gr. samningsins um öflun sönnunargagna frá 1970 gildir sú meginregla að réttarbeiðni skal vera rituð á tungumáli þess yfirvalds sem óskað er að framkvæmi beiðnina en að öðrum kosti skal fylgja þýðing yfir á það tungumál. Samningsríki skal þó taka við beiðni sem rituð er á ensku eða frönsku eða í þýðingu á annað hvort þessara tungumála. Þó

má gera fyrirvara við þetta, sbr. 33. gr. samningsins. Af hálfu Íslands er reiknað með að fyrirvari verði gerður þannig að réttarbeiðnir verði ekki ritaðar á frönsku.

Í II. kafla samningsins um öflun sönnunargagna frá 1970 er fjallað um öflun sönnunargagna hjá sendierindrekum, ræðiserindrekum eða sérstaklega tilnefndum mönnum. Samningurinn gerir ráð fyrir að ríki hafi nokkurt svigrúm til að ákveða í hvaða mæli þau heimili sönnunarfærslu af þessu tagi. Hvað þetta varðar er til þess að líta að hér á landi eru dómstólar skilvirkir og aðgangur að þeim mjög greiður. Þá verður að hafa í huga að réttaröryggi verður hvergi betur tryggt en með sönnunarfærslu fyrir dómi. Jafnframt má slá því föstu að sönnunargildi gagna sem þar er aflað er ríkara en þeirra gagna sem aflað er með öðru móti. Má í því sambandi benda á að rangur framburður fyrir dómi varðar þungum refsingum skv. 142. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Samkvæmt efni sínu getur það ákvæði ekki átt við um vitnisburð hjá fulltrúum erlendra ríkja og er reyndar álitamál að slík háttsemi geti yfir höfuð verið refsinæm. Það kann þó að koma til greina í einhverjum tilvikum, sbr. til að mynda 147. gr. almennra hegningarlaga. Með hliðsjón af þessu þykir rétt að nýtt verði heimild í 33. gr. samningsins til að gera fyrirvara við II. kafla hans. Sama yrði einnig gert samkvæmt hliðstæðri heimild í 15. gr. samningsins um einkamálaréttarfar frá 1954. Þyrfti því í öllum tilvikum að sækja um sérstaka heimild til að sendierindrekar, ræðiserindrekar eða sérstaklega tilnefndir menn öfluðu sönnunargagna hér á landi. Að þeim sjónarmiðum virtum sem hér hafa verið rakin er jafnframt miðað við að slík heimild verði almennt ekki veitt nema í undantekningartilvikum þegar gild rök mæla með því að gagna sé aflað með því móti. Við það mat hefur meðal annars áhrif það málefni sem er til úrlausnar og hjá hverjum gagna verður aflað. Þannig væru fremur efni til að fallast á beiðni af þessu tagi þegar sakarefnið snerti ekki með nokkru móti íslenska hagsmuni og ef eingöngu ættu í hlut borgarar þess ríkis sem réttarbeiðni kemur frá. Þá má slá því föstu að varla kemur til greina að fallist yrði á beiðni skv. 18. gr. samningsins um að beitt verði þvingunarúrræðum þegar gagna er aflað af fulltrúum erlendra ríkja. Í öllu falli yrðu gerðar mjög ríkar kröfur svo fallist yrði á slíka beiðni.

Loks er fyrirhugað að gerður verði fyrirvari af Íslands hálfu skv. 23. gr. samningsins þannig að hér á landi mun ekki verða framfylgt réttarbeiðnum til að afla sönnunargagna af því tagi sem í „common law“ réttarkerfum er þekkt sem „pre-trial discovery of documents“. Hafa öll hin Norðurlandaríkin gert fyrirvara við gagnaöflun af því tagi.

IV.

Til að samningarnir verði fullgiltir þykir rétt að gera nokkrar breytingar á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991. Verður hér gerð nokkur grein fyrir þessum tillögum frumvarpsins, auk þess sem rakið verður, eftir því sem efni eru til, hvort fullt samræmi sé að öðru leyti milli íslenskra laga og þeirra þjóðréttarlegu skuldbindinga sem leiða af samningunum.

Fyrir því er löng venja í samskiptum ríkja að stefnur séu birtar landa á milli. Helgast þetta af gagnkvæmni í samskiptum ríkja sem lýsir sér í því að ríki getur ekki vænst þess að stefnur frá því séu birtar í öðrum ríkjum ef viðkomandi ríki sjálft er ekki reiðubúið til að verða við slíku. Í sumum tilvikum getur birting erlendrar stefnu verið íþyngjandi fyrir þann sem hún beinist gegn. Það er þó ekki einhlítt, enda þekkist í sumum réttarkerfum að það eitt að reynt sé að koma stefnu á framfæri hafi sömu réttaráhrif og ef hún hafi í raun verið birt. Þegar þannig háttar til þjónar stefnubirting ekki öðrum tilgangi en að gera viðkomandi aðvart um málareksturinn. Venjulega liggja ekki fyrir upplýsingar um lögfylgjur stefnubirtingar vegna máls sem rekið er í öðru ríki þegar leitað er eftir birtingu og þær ættu yfirleitt ekki að ráða

neinu um hvort fallist verði á slíka beiðni. Með hliðsjón af því að þetta getur verið íþyngjandi fyrir þann sem birting beinist gegn þykir rétt að leggja til með frumvarpinu að lagastoð verði skotið undir þá venju að birta hér á landi stefnur frá öðrum ríkjum. Á það skal hins vegar bent að sú regla gildir að erlendum dómum verður ekki fullnægt hér á landi nema til þess standi sérstök heimild.

Í samræmi við það sem hér hefur verið rakið er lagt til að ný málsgrein bætist við 90. gr. laga um meðferð einkamála þar sem mælt verði fyrir um birtingu hér á landi á stefnu frá öðru ríki. Í ákvæðinu er sá almenni áskilnaður gerður að þetta fari ekki í bága við ákvæði laganna. Er þá hafður í huga samsvarandi fyrirvari í 2. mgr. 3. gr. samningsins um einkamálaréttarfar 1954 og b-lið 1. mgr. 5. gr. birtingarsamningsins frá 1965 um að birting skuli fara fram með sérstakri aðferð, ef þess er óskað, nema það fari í bága við lög viðkomandi ríkis.

Samkvæmt 90. gr. laga um meðferð einkamála gildir sú regla, ef ekki er unnt að birta stefnu hér á landi, að um birtinguna fer eftir lögum þess ríkis þar sem hún fer fram. Rétt þykir að gera einnig þann áskilnað í þessu ákvæði að birtingunni skuli hagað í samræmi við þjóðréttarsamning, ef hann er fyrir hendi. Þjónar þetta jafnframt þeim tilgangi að benda á að þjóðréttarsamningar kunna að gilda í þessum efnum við önnur ríki.

Í 1. mgr. 75. gr. laga um meðferð einkamála segir að fara skuli eftir nánar tilgreindum ákvæðum laganna, eftir því sem við getur átt, þegar öflun sönnunargagna fer fram hér á landi vegna máls sem rekið er fyrir öðrum dómstól. Skv. 2. mgr. 76. gr. laganna á þetta einnig við um mál sem er rekið fyrir dómstóli erlendis. Lagt er til að jafnframt verði tekið fram í því ákvæði að haga skuli gagnaöflun í samræmi við þjóðréttarsamning, ef slíkur samningur er í gildi við hlutaðeigandi ríki. Hér er einnig gerður sá fyrirvari að þetta fari ekki í bága við ákvæði laganna. Svarar það til fyrirvara í 2. mgr. 9. gr. samningsins um öflun sönnunargagna frá 1970 um að beita megi sérstakri málsmeðferð, ef þess er óskað, svo framarlega sem það brýtur ekki í bága við lög í því ríki þar sem réttarbeiðni er framkvæmd.

Í 2. mgr. 74. gr. laga um meðferð einkamála er fjallað um öflun sönnunargagna erlendis. Lagt er til að bætt verði við þetta ákvæði málslið um að sú gagnaöflun fari eftir lögum viðkomandi ríkis og þjóðréttarsamningi, ef slíkur samningur er í gildi við hlutaðeigandi ríki. Með þessu yrði þetta ákvæði samhljóða 1. mgr. 90. gr. laganna um stefnubirtingu erlendis með þeirri breytingu á því ákvæði sem áður er vikið að.

Samkvæmt a-lið 1. mgr. 133. gr. laga um meðferð einkamála getur stefndi gert þá kröfu í dómsmáli að lögð verði fram málskostnaðartrygging ef stefnandi er búsettur erlendis og menn sem eru búsettir hér á landi eru ekki undanþegnir því að setja slíka tryggingu í heimalandi hans. Þetta á þó ekki við þá sem búsettir eru innan Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, svo sem ákvæðinu var breytt með lögum nr. 97/1999 og 72/2003. Skv. 17. gr. samningsins um einkamálaréttarfar frá 1954 skulu ríkisborgarar samningsríkis sem búsettir eru í einhverju þeirra vera undanþegnir því að leggja fram málskostnaðartryggingu. Er því lagt til að þeir sem búsettir eru í aðildarríkjum samningsins verði einnig undanskildir því að leggja fram málskostnaðartryggingu af þessum sökum. Ástæðulaust þykir að binda þetta við ríkisborgara samningsríkjanna.

Samkvæmt 18. og 19. gr. samningsins um einkamálaréttarfar frá 1954 skulu ákvarðanir um skyldu aðila til að greiða málskostnað eða réttargjöld vera aðfararhæfar ef sá sem höfðar málið hefur verið undanþeginn því að leggja fram málskostnaðartryggingu. Lagt er til að mælt verði fyrir um aðfararhæfi slíkra úrlausna erlendra dómstóla í nýrri málsgrein sem bætt verði við 133. gr. laga um meðferð einkamála.

Svo sem hér að framan hefur verið rakið er í IV. hluta samningsins um einkamálaréttarfar frá 1954 fjallað um ókeypis réttaraðstoð. Gildir sú regla skv. 20. gr. samningsins að ríkisborgarar samningsríkis eigi að hafa sama aðgang að réttaraðstoð í öðru samningsríki og borgarar þess ríkis njóta. Heimild til að veita gjafsókn skv. XX. kafla einkamálalaga er hvorki bundin við íslenska ríkisborgara né þá sem eru búsettir hér á landi. Í tilefni af fullgildingu samningsins eru því ekki efni til að gera breytingar á þeim lagareglum sem gilda um gjafsókn.

Samkvæmt 3. mgr. 1. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, skal greiða 6.300 króna dómsmálagjald í ríkissjóð þegar sönnunarfærsla fer fram fyrir dómi án tengsla við rekstur máls fyrir hlutaðeigandi dómi. Sú regla gildir hins vegar skv. 16. gr. samningsins um einkamálaréttarfar frá 1954 og 14. gr. samningsins um öflun sönnunargagna frá 1970 að framkvæmd réttarbeiðni skuli vera án endurgreiðslu gjalda eða kostnaðar af einhverju tagi. Í kjölfar þess að dómsmálaráðuneytið hefur sem miðlægt stjórnvald framsent réttarbeiðni svo hún verði framkvæmd getur það ekki gert þá kröfu að gjaldið verði endurgreitt. Verður ráðuneytið því sjálft að sitja uppi með þann kostnað en einnig kemur til álita að gera viðeigandi breytingu á lögum um aukatekjur ríkissjóðs. Hefur ábendingu þar að lútandi verið komið á framfæri en hugað verður að þessu samfara öðrum breytingum á þeim lögum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er lagt til að nýjum málslið verði bætt við 2. mgr. 74. gr. laganna þess efnis að gagnaöflun erlendis fari eftir lögum viðkomandi ríkis og þjóðréttarsamningi, ef slíkur samningur er í gildi við hlutaðeigandi ríki. Er þetta eingöngu til áréttingar auk þess sem ákvæðið vísar til þess að þjóðréttarsamningar geti gilt um slíka sönnunarfærslu.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að nýr málsliður bætist við 2. mgr. 76. gr. um að haga skuli öflun sönnunargagna fyrir dómi hér á landi samkvæmt beiðni frá öðru ríki í samræmi við þjóðréttarsamning, ef slíkur samningur er í gildi við hlutaðeigandi ríki. Þetta er þó bundið þeim fyrirvara sem liggur í hlutarins eðli að málsmeðferðin fari ekki í bága við ákvæði laganna.

Um 3. gr.

Í ákvæðinu eru lagt til að beinlínis verði tekið fram í 90. gr. laganna að birting erlendis fari fram í samræmi við þjóðréttarsamning. Er þetta eingöngu til áréttingar eins og hliðstætt ákvæði í 1. gr. frumvarpsins. Þá er lagt til að í settum lögum verði skotið lagastoð undir þá framkvæmd að birta erlendar stefnur hér á landi en sú framkvæmd hefur til þessa helgast af venju.

Um 4. gr.

Í þessari grein eru lagðar til tvær breytingar á reglum 133. gr. laganna um málskostnaðartryggingu. Annars vegar að þeim sem búsettir eru í aðildarríkjum samningsins um einkamálaréttarfar frá 1. mars 1954 verði ekki gert að leggja fram málskostnaðartryggingu af þeirri ástæðu að þeir séu búsettir erlendis. Hins vegar er lagt til að úrlausn erlends dómstóls um skyldu til að greiða málskostnað á hendur þeim sem búsettur er hér á landi og hefur verið undanþeginn að leggja fram málskostnaðartryggingu verði aðfararhæf.

Um 5. gr.

Gildistökuákvæði frumvarpsins þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Haagsamningur 1954:

SAMNINGUR
um einkamálaréttarfar

Ríki þau sem undirrita samning þennan,

sem óska, í ljósi reynslunnar, að bæta samninginn frá 17. júlí 1905 um einkamálaréttarfar,

hafa í því augnamiði ákveðið að gera nýjan samning og hafa orðið ásátt um eftirfarandi ákvæði:

I.

Birting réttarskjala og utanréttarskjala

1. gr.

Í samningsríkjunum skal birting skjala í einkamálum eða verslunarmálum fyrir mönnum sem dveljast erlendis fara fram að beiðni ræðismanns þess ríkis sem beiðnin kemur frá og beinast að því yfirvaldi er það ríki tilnefnir sem beiðni er send til. Í beiðni skulu koma fram upplýsingar um það yfirvald sem skjalið kemur frá, nöfn aðila og stöður, heimilisfang viðtakanda og tegund skjals, sem skal vera á máli þess yfirvalds sem beiðni er send til. Það yfirvald skal senda ræðismanninum staðfestingu þess að birting hafi farið fram eða upplýsingar um ástæður sem komið hafa í veg fyrir birtingu.

Öll vandkvæði sem geta komið upp vegna beiðni ræðismannsins skal leysa eftir diplómatískum leiðum.

Með tilkynningu til annarra samningsríkja getur hvert samningsríki lýst því yfir að senda skuli eftir diplómatískum leiðum beiðni þess efnis sem getur í 1. mgr. um birtingu skjala á yfirráðasvæði þess.

Framangreind ákvæði hindra ekki að tvö samningsríki komi sér saman um að heimila bein samskipti milli hlutaðeigandi yfirvalda þeirra.

2. gr.

Birting skjala skal framkvæmd af því yfirvaldi sem til þess er bært samkvæmt lögum þess ríkis sem beiðni er send til. Að frátöldum þeim tilvikum sem nefnd eru í 3. gr., getur það yfirvald framkvæmt birtingu skjals með því að afhenda það viðtakanda, sem er fús til að veita því viðtöku.

3. gr.

Með beiðni skal senda í tvíriti skjal til birtingar.

Þegar skjal til birtingar er ritað á máli þess yfirvalds sem beiðni er send til eða á því máli sem hlutaðeigandi tvö ríki hafa komið sér saman um eða ef meðfylgjandi er þýðing á öðru hvoru þessara tungumála skal yfirvaldið sem beiðni er send til, samkvæmt ósk í beiðninni,

framkvæma birtingu eftir því sem segir í lögum þess ríkis um birtingu samsvarandi tilkynninga eða með sérstakri aðferð, enda brjóti hún ekki í bága við þau lög. Þegar slík ósk er ekki sett fram skal það yfirvald sem beiðni er send til í fyrstu reyna að afhenda skjalið með þeim hætti sem segir í 2. gr.

Þegar ekki er um annað samið skal sú þýðing sem um getur í 2. mgr. vera staðfest rétt af sendierindreka eða ræðiserindreka þess ríkis sem beiðnin kemur frá eða af eiðsvörnum þýðanda í því ríki sem beiðni er send til.

4. gr.

Beiðni um birtingu skv. 1., 2. og 3. gr. verður ekki hafnað nema ríkið þar sem birting á að fara fram telji framkvæmd hennar íhlutun í fullveldi sitt eða öryggi.

5. gr.

Birtingu skal sanna með dagsettri og löggiltri móttökukvittun viðtakanda eða vottorði yfirvalds í því ríki sem beiðni er send til með upplýsingum um hvaða dag og með hvað hætti birting fór fram.

Móttökukvittunin eða vottorðið skal vera rituð á annað eintak birta skjalsins eða fest við það.

6. gr.

Framangreind ákvæði koma ekki í veg fyrir að:

1. skjöl verði send með pósti beint til hlutaðeigandi sem er erlendis;
2. hlutaðeigandi geti milliliðalaust látið starfsmenn dómstóla eða til þess bæra opinbera starfsmenn þess lands sem beiðni er send til annast birtinguna;
3. hvert ríki geti látið sendierindreka eða ræðiserindreka sína milliliðalaust annast birtingar skjala fyrir þeim sem er erlendis.

Heimild til birtingar skjala með þeim hætti sem greinir í 1. mgr. er þó háð því að hún sé heimil samkvæmt samningum milli viðkomandi ríkja, eða, þegar ekki er um slíkan samning að ræða, að ríkið þar sem birting á að fara fram andmæli henni ekki. Það ríki getur ekki andmælt birtingu skv. 3. tl. 1. mgr., sem fer fram þvingunarlaust fyrir ríkisborgara þess ríkis sem beiðnin kemur frá.

7. gr.

Birting réttarskjala skal vera án endurgreiðslu gjalda eða kostnaðar af einhverju tagi.

Þegar ekki er um annað samið er þó því ríki sem beiðni er send til heimilt að krefja það ríki sem beiðnin kemur frá um endurgreiðslu kostnaðar vegna þjónustu starfsmanns dómstóls, eða þegar birting hefur farið fram með sérstakri aðferð, sbr. 3. gr.

II.

Réttarbeiðnir

8. gr.

Í einkamálum eða verslunarmálum getur dómsmálayfirvald í samningsríki, í samræmi við fyrirmæli í eigin löggjöf, snúið sér með réttarbeiðni til þar til bærs yfirvalds í öðru samningsríki með ósk um sönnunarfærslu eða aðra dómsathöfn innan lögsögu sinnar.

9. gr.

Réttarbeiðnir skulu sendar af ræðismanni þess ríkis sem beiðnin kemur frá til yfirvalds tilnefnds af því ríki þar sem beiðni verður framkvæmd. Það yfirvald skal senda ræðismanni staðfestingu þess að réttarbeiðnin hafi verið framkvæmd eða upplýsa hvað hafi hindrað það.

Öll vandkvæði sem geta komið upp vegna þeirrar sendingar skal leysa eftir diplómatískum leiðum.

Með tilkynningu til annarra samningsríkja getur hvert samningsríki lýst því yfir að senda skuli eftir diplómatískum leiðum réttarbeiðnir, sem á að framkvæma á yfirráðasvæði þess.

Framangreind ákvæði hindra ekki að tvö samningsríki komi sér saman um að heimila beina sendingu réttarbeiðna milli viðkomandi yfirvalda sinna.

10. gr.

Þegar ekki er um annað samið skal réttarbeiðni vera rituð á tungumáli þess yfirvalds sem beiðni er send til eða á máli sem hlutaðeigandi tvö ríki hafa komið sér saman um en ella verður að fylgja þýðing á annað hvort þessara tungumála staðfest rétt af sendierindreka eða ræðiserindreka þess ríkis sem beiðnin kemur frá eða af eiðsvörnum þýðanda í því ríki þar sem beiðni verður framkvæmd.

11. gr.

Það dómsmálayfirvald sem réttarbeiðni er send til skal vera skuldbundið til að verða við henni með sömu þvingunarúrræðum og eiga við um framkvæmd fyrirmæla frá yfirvöldum í eigin ríki eða beiðni frá aðila að innlendu dómsmáli. Þó er ekki nauðsynlegt að beita þeim þvingunarúrræðum vegna þingsóknar málsaðila.

Samkvæmt ósk þess yfirvalds sem beiðni kemur frá skal því tilkynnt um stað og stund þegar framfylgja skal beiðninni svo að viðkomandi aðila gefist færi á að vera viðstaddur.

Réttarbeiðni verður aðeins synjað þegar svo stendur á:

1. vafi leikur á áreiðanleika skjals;
2. framkvæmd beiðninnar fellur ekki undir valdsvið dómstóla í því ríki þar sem framkvæma á beiðnina;
3. það ríki þar sem framkvæma á beiðnina telur það íhlutun í fullveldi sitt eða öryggi.

12. gr.

Nú er það yfirvald sem réttarbeiðni er send til ekki bært til þess að framfylgja henni og skal þá beiðnin sjálfkrafa framsend því yfirvaldi í ríkinu sem til þess er bært samkvæmt ákvæðum laga.

13. gr.

Í öllum tilvikum þegar réttarbeiðni er ekki framkvæmd af því yfirvaldi sem beiðni er send til skal þegar í stað senda því yfirvaldi sem beiðni kemur frá tilkynningu þess efnis og upplýsa, í þeim tilvikum sem 11. gr. á við, ástæður þess að beiðninni var hafnað, og í þeim tilvikum sem 12. gr. á við, hvaða yfirvaldi hefur verið framsend beiðnin.

14. gr.

Það dómsmálayfirvald sem framkvæmir réttarbeiðni skal beita lögum eigin ríkis um þá málsmeðferð sem fylgt er.

Þó má beita sérstökum málsmeðferðarreglum ef það yfirvald sem beiðnin kemur frá óskar þess, svo framarlega sem það brýtur ekki í bága við lög í því ríki þar sem beiðni verður framkvæmd.

15. gr.

Framangreind ákvæði útiloka ekki rétt hvers ríkis til að láta sendierindreka eða ræðiserindreka sína framkvæma réttarbeiðnir milliliðalaust, enda sé það heimilt samkvæmt samningi viðkomandi ríkja eða það ríki þar sem beiðni verður framkvæmd andmælir því ekki.

16. gr.

Framkvæmd réttarbeiðni skal vera án endurgreiðslu gjalda eða kostnaðar af einhverju tagi.

Þegar ekki er um annað samið hefur þó það ríki þar sem beiðni verður framkvæmd rétt til að krefja það ríki sem beiðni kemur frá um endurgreiðslu á þóknun sem greidd er vitnum eða sérfræðingum og kostnaði sem fellur til af nauðsynlegri þjónustu starfsmanns dómstóls vegna þess að vitni mættu ekki sjálfviljug eða vegna tilmæla skv. 2. mgr. 14. gr.

III.

Málskostnaðartrygging

17. gr.

Ríkisborgurum samningsríkis, sem búsettir eru í einhverju þeirra og höfða mál eða gerast meðalgönguaðilar að því fyrir dómstólum í öðru samningsríki, verður ekki gert að leggja fram geymslufé eða annars konar tryggingu vegna þess að þeir eru útlendingar eða án heimilisfestis eða fastrar búsetu í landinu.

Sama gildir um greiðslu sem stefnandi eða meðalgönguaðili krefst sem tryggingar fyrir réttargjöldum.

Allir samningar milli samningsríkja um að ríkisborgarar þeirra án tillits til búsetu þurfi ekki að setja tryggingu fyrir málskostnaði eða greiða réttargjöld skulu halda gildi sínu.

18. gr.

Nú hefur stefnanda eða meðalgönguaðila verið gert í samningsríki að greiða málskostnað eða réttargjöld, en verið undanþeginn skyldu til að leggja fram tryggingu, geymslufé eða greiðslu skv. 1. eða 2. mgr. 17. gr., eða samkvæmt lögum í því ríki þar sem mál er höfðað, og skal þeirri ákvörðun þá fullnægt án kostnaðar af þar til bæru yfirvaldi í öðru samningsríki, berist krafa þess efnis eftir diplómatískum leiðum.

Sama gildir um dómsúrlausnir sem síðar kveða á um málskostnað.

Framangreind ákvæði hindra ekki að tvö samningsríki komi sér saman um að beiðni um aðför verði sett fram beint af viðkomandi málsaðila.

19. gr.

Ákvarðanir um málskostnað eða réttargjöld skulu vera aðfararhæfar án undangengins málflutnings, en dómþoli hefur þó rétt til þess síðar að fá slíka ákvörðun endurskoðaða í samræmi við löggjöf í því ríki þar sem fullnustu er leitað.

Það yfirvald sem bært er til að taka ákvörðun um aðfararbeiðni skal sjálft kanna:

1. hvort endurrit dómsúrlausnar sé staðfest í samræmi við lög þess ríkis þar sem dómur var kveðinn upp;
2. hvort dómsúrlausn hafi bindandi áhrif (res judicata) samkvæmt sömu lögum;

3. hvort niðurstaða dómsúrlausnar sé á tungumáli þess yfirvalds sem beiðni er send til eða á því tungumáli sem hlutaðeigandi tvö ríki hafa komið sér saman um eða hvort meðfylgjandi sé þýðing á öðru hvoru þessara tungumála og hvort hún sé staðfest rétt af sendierindreka eða ræðiserindreka þess ríkis sem beiðnin kemur frá eða af eiðsvörnum þýðanda þess ríkis sem beiðni er send til, nema um annað sé samið.

Til staðfestingar því að skilyrðum skv. 1. og 2. tl. 2. mgr. sé fullnægt er nægilegt að fyrir liggi yfirlýsing frá til þess bæru yfirvaldi þess ríkis sem beiðnin er frá um að dómsúrlausnin hafi bindandi áhrif (res judicata) að lögum eða fyrir liggi tilskilin staðfest skjöl sem sýna að hún hafi bindandi áhrif (res judicata) að lögum. Heimild framangreinds yfirvalds skal, nema um annað sé samið, staðfest af æðsta embættismanni dómsmálayfirvalda í því ríki sem beiðnin kemur frá. Yfirlýsingin og staðfestingin skal vera rituð eða þýdd í samræmi við fyrirmæli 3. tl. 2. mgr.

Þegar hlutaðeigandi aðili krefst þess samtímis skal það yfirvald sem bært er til að taka ákvörðun um aðfararbeiðni ákveða kostnað vegna vottunar, þýðingar og staðfestingar sem getið er í 3. tl. 2. mgr. Sá kostnaður skal talinn til málskostnaðar.

IV.
Ókeypis réttaraðstoð

20. gr.

Í einkamálum eða verslunarmálum skulu ríkisborgarar samningsríkjanna hafa sama aðgang að ókeypis réttaraðstoð í öllum hinum samningsríkjunum og ríkisborgarar viðkomandi ríkja njóta, í samræmi við löggjöf þess ríkis þar sem leitað er eftir ókeypis réttaraðstoð.

Í þeim ríkjum þar sem ókeypis réttaraðstoð er veitt í stjórnsýslumálum gilda ákvæði 1. mgr. með sama hætti um þau mál sem til meðferðar koma hjá dómstólum með lögsögu á því sviði.

21. gr.

Vottorð eða yfirlýsing um nauðsyn aðstoðar skal í öllum tilvikum gefin eða móttekin af yfirvöldum þar sem útlendingurinn er búsettur eða, ef ekki af þeim, af yfirvöldum á dvalarstað hans. Ef þau yfirvöld tilheyra ekki samningsríki, og hvorki veita viðtöku né gefa út staðfestingar eða yfirlýsingar af þessu tagi, er nægjanlegt að slík beiðni eða yfirlýsing sé sett fram eða móttekin af sendierindreka eða ræðiserindreka þess ríkis sem hinn erlendi maður er frá.

Þegar beiðandi er ekki staddur í því landi þar sem réttaraðstoðar er leitað skal beiðnin eða yfirlýsingin um nauðsyn aðstoðar staðfest án gjaldtöku af sendierindreka eða ræðiserindreka þess ríkis þar sem skjal skal leggja fram.

22. gr.

Það yfirvald sem er bært til að staðfesta eða taka við yfirlýsingu um nauðsyn aðstoðar getur aflað sér upplýsinga um fjárhagslegar aðstæður umsækjanda hjá yfirvöldum í hinum samningsríkjunum.

Því yfirvaldi sem afgreiða skal beiðni umsækjanda um ókeypis réttaraðstoð er heimilt innan valdmarka sinna að staðreyna þær staðfestingar, yfirlýsingar og upplýsingar, sem lagðar eru fyrir það og afla frekari upplýsinga til skýringar.

23. gr.

Nú dvelur efnalítill umsækjandi í öðru landi en því sem hann leitar ókeypis réttaraðstoðar og má þá senda beiðni hans um réttaraðstoð, auk vottorðs eða yfirlýsingar um nauðsyn aðstoðar, og eftir atvikum önnur gögn sem greiða fyrir athugun á beiðni hans, fyrir milligöngu ræðismanns frá landi umsækjanda til þess yfirvalds sem er bært til að taka ákvörðun um beiðnina, eða til yfirvalds tilnefnds af því ríki þar sem fjallað skal um beiðnina.

Ákvæði 2., 3. og 4. mgr. 9. gr. og 10. og 12. gr. varðandi réttarbeiðnir skulu gilda um sendingu beiðna um ókeypis réttaraðstoð og fylgigagna þeirra.

24. gr.

Þegar ríkisborgara samningsríkis hefur verið veitt ókeypis réttaraðstoð skulu birtingar varðandi mál hans sem fara fram í öðru samningsríki, án tillits til þess hvernig birting fer fram, ekki valda því að það ríki sem beiðni er send til geti krafist endurgreiðslu kostnaðar frá því ríki sem beiðni kemur frá.

Sama gildir um réttarbeiðnir að undanskilinni þóknun sem greidd er sérfróðum mönnum.

V.

Ókeypis vottorð úr opinberum skrám

25. gr.

Efnalitlir ríkisborgarar samningsríkis geta fengið vottorð úr opinberum skrám endurgjaldslaust með sama hætti og ríkisborgarar viðkomandi ríkis. Þau skjöl sem nauðsynleg eru vegna hjónavígslu skulu staðfest endurgjaldslaust af sendierindreka eða ræðiserindreka samningsríkjanna.

VI.

Frelsissvipting

26. gr.

Í einkamálum og verslunarmálum er óheimilt að beita frelsissviptingu sem nauðungarúrræði eða til þess eins að skapa varnaðaráhrif gagnvart útlendingum, sem eru ríkisborgarar samningsríkis, í tilvikum þar sem frelsissviptingu verður ekki beitt gagnvart borgurum viðkomandi ríkis. Atvik sem heimilisfastur ríkisborgari þess ríkis getur borið fyrir sig til þess að fá frelsissviptingu hrundið skal hafa sömu áhrif að því er varðar ríkisborgara annars samningsríkis, jafnvel þótt það atvik hafi gerst erlendis.

VII.

Lokaákvæði

27. gr.

Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu þeirra ríkja sem áttu fulltrúa á sjöunda fundi ráðstefnunnar um alþjóðlegan einkamálarétt.

Hann skal fullgiltur og skulu fullgildingarskjöl afhent utanríkisráðuneyti Hollands.

Halda skal skrá þar sem getið er um sérhverja afhendingu fullgildingarskjala og staðfest endurrit skrárinnar skal sent, eftir diplómatískum leiðum, hverju ríki sem undirritað hefur samninginn.

28. gr.

Samningur þessi öðlast gildi á sextugasta degi eftir að fjórða fullgildingarskjalið hefur verið afhent, sbr. 2. mgr. 27. gr.

Gagnvart hverju ríki, sem undirritað hefur samninginn og fullgildir hann síðar, öðlast hann gildi á sextugasta degi eftir þann dag er fullgildingarskjal hefur verið afhent.

29. gr.

Milli þeirra ríkja sem fullgilt hafa samning þennan kemur hann í staðinn fyrir samninginn um einkamálaréttarfar, sem undirritaður var í Haag 17. júlí 1905.

30. gr.

Samningur þessi gildir á heimalandsvæði samningsríkjanna.

Óski samningsríki þess að samningurinn öðlist gildi á öllum eða sumum annarra landsvæða, í alþjóðlegum samskiptum sem viðkomandi ríki ber ábyrgð á, skal það tilkynna slík áform sín með skjali sem afhent skal utanríkisráðuneyti Hollands. Ráðuneytið skal senda hverju samningsríki, eftir diplómatískum leiðum, staðfest endurrit af skjalinu.

Að liðnum sex mánuðum frá tilkynningu þessari gengur samningurinn í gildi gagnvart þeim ríkjum sem ekki hafa andmælt því og gagnvart því landsvæði eða þeim landsvæðum sem tilkynningin varðar og viðkomandi ríki ber ábyrgð á.

31. gr.

Ríki, sem ekki átti aðild að sjöunda fundi ráðstefnunnar, getur gerst aðili að samningi þessum nema eitt eða fleiri ríki, sem fullgilt hafa samninginn, andmæli því innan sex mánaða frá því að hollenska ríkisstjórnin tilkynnti um aðildina. Aðildin stofnast með þeim hætti sem getur í 2. mgr. 27. gr.

Aðild þessi getur ekki stofnast fyrr en eftir gildistöku samningsins skv. 1. mgr. 28. gr.

32. gr.

Hvert samningsríki getur við undirritun, fullgildingu eða þegar það gerist aðili að samningi þessum gert fyrirvara um að takmarka gildissvið 17. gr. við ríkisborgara samningsríkjanna, sem búsettir eru þar.

Ríki, sem gerir fyrirvara skv. 1. mgr., getur einungis krafist þess að önnur samningsríki beiti 17. gr. til hagsbóta fyrir ríkisborgara sína, sem eru búsettir í því samningsríki þar sem þeir koma fyrir dóm sem stefnendur eða meðalgönguaðilar.

33. gr.

Samningur þessi gildir í fimm ár frá þeim degi sem getið er í 1. mgr. 28. gr. samningsins.

Þetta tímabil hefst jafnframt frá sama degi gagnvart ríkjum sem síðar fullgilda eða gerast aðilar að samningnum.

Samningurinn framlengist sjálfkrafa um fimm ár í senn sé honum ekki sagt upp. Uppsögn skal tilkynna minnst sex mánuðum fyrir lok tímabilsins til utanríkisráðuneytis Hollands, sem tilkynnir öllum hinum samningsríkjunum um hana.

Uppsögn má takmarka við landsvæði eða einstök þeirra landsvæða sem getið er í tilkynningu skv. 2. mgr. 30. gr.

Uppsögn hefur aðeins gildi gagnvart því ríki sem hefur tilkynnt um hana. Samningurinn heldur gildi sínu milli annarra samningsríkja.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð hlutaðeigandi ríkisstjórna, undirritað samning þennan.

Gjört í Haag 1. mars 1954 í einu eintaki, sem varðveitt skal í skjalasafni ríkisstjórnar Hollands, og staðfest endurrit skal sent eftir diplómatískum leiðum til hvers ríkis sem átti aðild á sjöundu fundi Haagráðstefnunnar um alþjóðlegan einkamálarétt.

Fylgiskjal II.

Haagsamningur 1965:

SAMNINGUR
um birtingu erlendis á réttarskjölum og utanréttarskjölum í einkamálum og verslunarmálum

Ríki þau sem undirrita samning þennan,

sem vilja koma á viðeigandi tilhögun til að tryggja að réttarskjöl og utanréttarskjöl, sem birta skal erlendis, komist tímanlega til vitundar viðtakanda,

sem vilja í þeim tilgangi að bæta skipulag gagnkvæmrar aðstoðar í dómsmálum með einfaldari og skjótari framkvæmd,

hafa í því augnamiði ákveðið að gera samning og hafa orðið ásátt um eftirfarandi ákvæði:

1. gr.

Samningur þessi gildir um öll einkamál og verslunarmál þar sem senda skal réttarskjöl eða utanréttarskjöl til birtingar erlendis.

Samningur þessi gildir ekki þegar heimilisfang viðtakanda er óþekkt.

I. KAFLI
Réttarskjöl

2. gr.

Hvert samningsríki skal tilnefna miðlægt stjórnvald sem tekur við beiðnum um birtingu frá öðrum samningsríkjum og framkvæmir hana í samræmi við 3.–6. gr.

Hvert ríki skal skipa miðlægt stjórnvald í samræmi við eigin löggjöf.

3. gr.

Það yfirvald eða sá starfsmaður dómstóls sem til þess er bær samkvæmt lögum þess ríkis sem skjöl koma frá skal senda miðlægu stjórnvaldi viðtökuríkisins beiðni í samræmi við formála í viðauka með samningi þessum, án þess að krafist sé löggildingar eða annarra sambærilegra formsatriða.

Skjal til birtingar eða afrit þess skal fylgja beiðninni. Beiðnin og skjalið skulu vera í tvíriti.

4. gr.

Þegar miðlægt stjórnvald telur að beiðni samræmist ekki ákvæðum samnings þessa skal það þegar tilkynna beiðanda og tilgreina andmæli sín við beiðninni.

5. gr.

Miðlægt stjórnvald þess ríkis sem beiðni er send til skal sjálft birta skjal eða hlutast til um að það verði birt af viðeigandi stofnun, annaðhvort:

a. með þeirri aðferð sem kveðið er á um í lögum viðkomandi ríkis um birtingu skjala fyrir mönnum á yfirráðasvæði þess í málum sem rekin eru þar, eða
b. með þeirri sérstöku aðferð sem beiðandi óskar, nema hún sé ósamrýmanleg lögum þess ríkis sem beiðni er send til.

Að frátöldum þeim tilvikum sem greinir í b-lið 1. mgr. er ávallt heimilt að birta skjal með afhendingu þess til viðtakanda sem er fús til að taka við því.

Nú fer birting skjals fram skv. 1. mgr. og getur þá miðlægt stjórnvald þess ríkis sem beiðni er send til gert kröfu um að skjalið sé ritað eða þýtt á opinbert tungumál ríkisins eða eitthvert af opinberum tungumálum þess.

Með skjali skal birta þann hluta beiðni sem rituð er samkvæmt formála í viðauka með samningi þessum og hefur að geyma samantekt skjals til birtingar.

6. gr.

Miðlægt stjórnvald þess ríkis sem beiðni er send til eða annað yfirvald sem það kann að hafa tilnefnt í því skyni skal fylla út vottorð í samræmi við formála í viðauka með samningi þessum.

Í vottorðinu skal koma fram að skjalið hafi verið birt og með hvaða aðferð, hvar og hvenær birting fór fram og hverjum skjalið var afhent. Hafi birting ekki farið fram skal tilgreina hvað komið hafi í veg fyrir hana.

Beiðandi getur farið fram á að vottorð sem ekki er ritað af miðlægu stjórnvaldi eða dómsmálayfirvaldi verði staðfest af öðru hvoru þeirra.

Vottorðið skal sent beint til beiðanda.

7. gr.

Almennir skilmálar formála í viðauka með samningi þessum skulu ávallt ritaðir á frönsku eða ensku. Einnig má rita þá á opinberu tungumáli eða einu af opinberum tungumálum þess ríkis sem skjölin koma frá.

Viðeigandi eyður skulu útfylltar annaðhvort á opinberu tungumáli þess ríkis sem beiðni er send til eða á frönsku eða ensku.

8. gr.

Hverju samningsríki er rétt að fela sendierindrekum eða ræðiserindrekum sínum að birta réttarskjöl milliliðalaust fyrir mönnum erlendis, ef ekki er beitt þvingun af neinu tagi.

Hvert ríki getur lýst yfir andmælum við slíkri birtingu innan yfirráðasvæðis síns, nema birta skuli fyrir ríkisborgara þess ríkis sem skjal kemur frá.

9. gr.

Hverju samningsríki er einnig rétt að senda skjöl til birtingar fyrir milligöngu ræðismanns til þeirra yfirvalda annars samningsríkis sem það síðarnefnda tilnefnir í því skyni.

Þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi getur samningsríki sent skjöl í sama tilgangi eftir diplómatískum leiðum.

10. gr.

Hafi andmæli ekki verið höfð uppi af því ríki sem beiðni er send til kemur samningur þessi ekki í veg fyrir að:

a. réttarskjöl séu send með pósti beint til þeirra sem eru erlendis,
b. starfsmenn dómstóla, opinberir starfsmenn eða aðrir sem eru bærir til að birta réttarskjöl í því ríki sem skjöl koma frá láti birta beint fyrir milligöngu starfsmanna dómstóla, opinberra starfsmanna eða annarra sem til þess eru bærir í því ríki sem beiðni er send til,
c. hver sem hefur hagsmuni af máli birti réttarskjöl beint fyrir milligöngu starfsmanna dómstóla, opinberra starfsmanna eða annarra sem til þess eru bærir í því ríki sem beiðni er send til.

11. gr.

Samningur þessi skal ekki hindra að tvö eða fleiri samningsríki komi sér saman um að leyfa aðrar boðleiðir til birtingar réttarskjala en hér hefur verið kveðið á um og tekur það sérstaklega til beinna samskipta milli hlutaðeigandi yfirvalda þeirra.

12. gr.

Birting réttarskjala frá samningsríki skal vera án greiðslu eða endurgreiðslu gjalda eða kostnaðar vegna þjónustu þess ríkis sem beiðni er send til.

Beiðandi skal greiða eða endurgreiða kostnað sem leiðir af:

a. þjónustu starfsmanns dómstóls eða annars manns sem er valdbær samkvæmt lögum þess ríkis sem beiðni er send til,
b. notkun sérstakrar aðferðar til birtingar.

13. gr.

Þegar fullnægt er skilyrðum þessa samnings verður beiðni um birtingu ekki hafnað nema ríki sem beiðni er send til telji framkvæmd hennar íhlutun í fullveldi sitt eða öryggi.

Beiðni verður ekki synjað af þeirri ástæðu einni að sakarefni eigi samkvæmt lögum aðeins undir dómstóla þess ríkis sem beiðni er send til eða beiðni varði málsókn sem ekki sé heimil í lögum þess.

Nú er beiðni synjað og skal þá miðlægt stjórnvald þegar tilkynna það beiðanda og greina frá ástæðum þess.

14. gr.

Vandkvæði sem geta komið upp vegna sendingar réttarskjala til birtingar skal leysa eftir diplómatískum leiðum.

15. gr.

Þegar senda hefur þurft stefnu eða samsvarandi skjal úr landi til birtingar samkvæmt ákvæðum þessa samnings og stefndi hefur ekki sótt þing skal dómur ekki kveðinn upp nema leitt sé í ljós að:

a. skjalið hafi verið birt í samræmi við lög þess ríkis sem beiðni var send til um birtingu skjala fyrir mönnum á yfirráðasvæði þess í málum sem rekin eru þar, eða
b. skjalið hafi í raun verið afhent stefnda eða á heimili hans með annarri aðferð sem kveðið er á um í samningi þessum,

og í hvoru þessara tilvika hafi birting eða afhending farið fram svo tímanlega að stefnda hafi verið kleift að taka til varna.

Hverju samningsríki er rétt að lýsa því yfir að dómari geti þrátt fyrir 1. mgr. kveðið upp dóm jafnvel þótt vottorð um birtingu eða afhendingu hafi ekki borist, ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

a. skjalið hefur verið sent með einhverjum þeim aðferðum sem kveðið er á um í samningi þessum,
b. liðinn er hæfilegur frestur að mati dómara, þó ekki skemmri en sex mánuðir, frá þeim degi er skjalið var sent,
c. ekki hafi borist vottorð af neinu tagi þótt allt hafi verið gert til öflunar þess, sem með sanngirni má ætlast til, fyrir milligöngu þar til bærra yfirvalda í því ríki sem beiðni var send til.

Þrátt fyrir framangreindar málsgreinar getur dómari gefið fyrirmæli um bráðabirgða- og verndarráðstafanir, ef brýna nauðsyn ber til.

16. gr.

Nú hefur þurft að senda stefnu eða samsvarandi skjal úr landi til birtingar samkvæmt ákvæðum þessa samnings, og dómur gengið á hendur stefnda, sem sótti ekki þing, og skal dómara þá heimilt að undanþiggja stefnda frá áhrifum þess að liðinn sé frestur til að leita endurskoðunar dóms ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

a. stefnda var, sér að ósekju, hvorki kunnugt um skjalið svo tímanlega að hann gæti tekið til varna né fékk vitneskju um dóm svo tímanlega að hann gæti leitað endurskoðunar, og
b. stefndi hefur uppi efnislegar varnir sem við fyrstu sýn virðast á rökum reistar.

Beiðni um undanþágu verður að leggja fram innan hæfilegs tíma frá því er stefndi fékk vitneskju um dóm.

Samningsríki getur lýst því yfir að slík beiðni verði ekki tekin til meðferðar ef hún er lögð fram að liðnum þeim fresti sem tilgreindur skal í yfirlýsingunni, en sá frestur skal þó aldrei vera skemmri en eitt ár frá dómsuppkvaðningu.

Þessi grein gildir ekki um dóma er varða réttarstöðu eða hæfi manna.

II. KAFLI
Utanréttarskjöl

17. gr.

Utanréttarskjöl, sem koma frá stjórnvöldum eða starfsmönnum dómstóla í samningsríki, má senda til birtingar í öðru samningsríki með þeirri aðferð sem kveðið er á um í samningi þessum og í samræmi við fyrirmæli hans.

III. KAFLI
Almennar reglur

18. gr.

Hvert samningsríki getur tilnefnt önnur yfirvöld til viðbótar miðlægu stjórnvaldi og skal ákveða valdsvið þeirra.

Beiðanda er þó ávallt rétt að senda beiðni sína beint til miðlæga stjórnvaldsins.

Sambandsríkjum er rétt að tilnefna fleiri en eitt miðlægt stjórnvald.

19. gr.

Samningur þessi kemur ekki í veg fyrir að lög samningsríkis heimili að skjöl erlendis frá séu send með öðrum hætti en kveðið er á um í framangreindum ákvæðum til birtingar innan yfirráðasvæðis þess.

20. gr.

Samningur þessi kemur ekki í veg fyrir að tvö eða fleiri samningsríki geri með sér samkomulag um að víkja frá:

a. að senda beri skjöl í tvíriti skv. 2. mgr. 3. gr.,
b. áskilnað um tungumál í 3. mgr. 5. gr. og 7. gr.,
c. ákvæði 4. mgr. 5. gr.,
d. ákvæði 2. mgr. 12. gr.

21. gr.

Við afhendingu fullgildingar- eða aðildarskjals eða síðar skal hvert samningsríki skýra utanríkisráðuneyti Hollands frá eftirfarandi:

a. tilnefningu yfirvalda skv. 2. gr. og 18. gr.,
b. tilnefningu yfirvalds sem bært er til að fylla út vottorð skv. 6. gr.,
c. tilnefningu yfirvalds sem bært er til að taka við skjölum sendum fyrir milligöngu ræðismanna skv. 9. gr.

Hvert samningsríki skal með sama hætti eftir því sem við á skýra ráðuneytinu frá eftirfarandi:

a. andmælum við sendingaraðferð skv. 8. og 10. gr.,
b. yfirlýsingum skv. 2. mgr. 15. gr. og 3. mgr. 16. gr.,
c. öllum breytingum á ofangreindum tilnefningum, andmælum og yfirlýsingum.

22. gr.

Milli ríkja sem eiga aðild að samningi þessum og einnig öðrum eða báðum samningunum um einkamálaréttarfar, sem undirritaðir voru í Haag 17. júlí 1905 og 1. mars 1954, skal samningur þessi koma í stað 1.–7. gr. fyrri samninganna.

23. gr.

Samningur þessi hefur hvorki áhrif á beitingu 23. gr. samningsins um einkamálaréttarfar, sem undirritaður var í Haag 17. júlí 1905, né 24. gr. samningsins um einkamálaréttarfar, sem undirritaður var í Haag 1. mars 1954.

Þessi ákvæði gilda þó aðeins ef notaðir eru sömu samskiptahættir og kveðið er á um í samningi þessum.

24. gr.

Viðbótarsamningar milli ríkja sem eiga aðild að samningunum frá 1905 og 1954 skulu einnig taldir eiga við um þennan samning, nema annað hafi verið ákveðið.

25. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 22. og 24. gr. skal samningur þessi ekki gilda um samninga sem hafa að geyma ákvæði um málefni sem þessi samningur tekur til og samningsríki eru eða verða síðar aðilar að.

26. gr.

Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu þeirra ríkja sem áttu fulltrúa á tíunda fundi Haagráðstefnunnar um alþjóðlegan einkamálarétt.

Hann skal fullgiltur og skulu fullgildingarskjöl afhent utanríkisráðuneyti Hollands.

27. gr.

Samningur þessi skal öðlast gildi á sextugasta degi eftir að þriðja fullgildingarskjalið hefur verið afhent, sbr. 2. mgr. 26. gr.

Gagnvart hverju ríki, sem undirritað hefur samninginn og fullgildir hann síðar, öðlast hann gildi á sextugasta degi eftir að fullgildingarskjal hefur verið afhent.

28. gr.

Ríki sem ekki átti aðild að tíunda fundi Haagráðstefnunnar um alþjóðlegan einkamálarétt getur gerst aðili að samningi þessum eftir að hann hefur öðlast gildi í samræmi við 1. mgr. 27. gr. Aðildarskjal skal afhent utanríkisráðuneyti Hollands.

Samningurinn öðlast gildi gagnvart slíku ríki nema ríki sem fullgilt hefur samninginn fyrir afhendinguna hafi uppi andmæli við utanríkisráðuneyti Hollands innan sex mánaða frá þeim degi er ráðuneytið tilkynnir því um aðildina.

Komi ekki fram slík andmæli skal samningurinn öðlast gildi gagnvart ríki sem gerist aðili að honum á fyrsta degi næsta mánaðar eftir að síðasta fresti lýkur samkvæmt næstu málsgrein hér á undan.

29. gr.

Við undirritun, fullgildingu eða aðild getur ríki lýst því yfir að samningur þessi taki í alþjóðlegum samskiptum til allra svæða sem viðkomandi ríki ber ábyrgð á, eða til eins þeirra eða fleiri. Slík yfirlýsing skal taka gildi á þeim degi er samningurinn öðlast gildi gagnvart viðkomandi ríki.

Eftir það skal tilkynna um slíka útfærslu til utanríkisráðuneytis Hollands.

Gagnvart þeim svæðum sem útfærsla tekur til skal samningurinn öðlast gildi sextíu dögum eftir tilkynningu sem getur í næstu málsgrein hér á undan.

30. gr.

Samningur þessi gildir í fimm ár frá þeim degi er hann öðlast gildi skv. 1. mgr. 27. gr., og gildir það einnig gagnvart ríkjum sem síðar fullgilda eða gerast aðilar að samningnum.

Ef samningnum hefur ekki verið sagt upp framlengist hann sjálfkrafa um fimm ár í senn.

Uppsögn skal tilkynna utanríkisráðuneyti Hollands eigi síðar en sex mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins.

Takmarka má hana við ákveðin landsvæði sem samningurinn tekur til.

Uppsögn hefur aðeins gildi gagnvart því ríki sem hefur tilkynnt um hana. Samningurinn heldur gildi sínu milli annarra samningsríkja.

31. gr.

Utanríkisráðuneyti Hollands skal tilkynna þeim ríkjum sem getur í 26. gr., og ríkjum sem gerst hafa aðilar skv. 28. gr., um:

a. undirritanir og fullgildingar skv. 26. gr.,
b. gildistökudag samnings þessa skv. 1. mgr. 27. gr.,

c. aðild skv. 28. gr. og hvenær hún öðlast gildi,
d. útfærslu skv. 29. gr. og hvenær hún öðlast gildi,
e. tilnefningar, andmæli og yfirlýsingar skv. 21. gr.,
f. uppsagnir skv. 3. mgr. 30. gr.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Haag 15. nóvember 1965 á ensku og frönsku, og eru báðir textar jafngildir, í einu eintaki, sem varðveitt skal í skjalasafni ríkisstjórnar Hollands, og staðfest endurrit skal sent eftir diplómatískum leiðum til hvers ríkis sem átti aðild að tíunda fundi Haagráðstefnunnar um alþjóðlegan einkamálarétt.

Fylgiskjal III.

Haagsamningur 1970:

SAMNINGUR
um öflun sönnunargagna erlendis í einkamálum og verslunarmálum

Ríki þau sem undirrita samning þennan,

sem vilja auðvelda sendingu og framkvæmd réttarbeiðna og greiða fyrir mismunandi aðferðum sem þau beita í því skyni,

sem vilja bæta samvinnu á sviði einkamála og verslunarmála,

hafa í því augnamiði ákveðið að gera samning og hafa orðið ásátt um eftirfarandi ákvæði:

I. KAFLI
Réttarbeiðnir

1. gr.

Í einkamálum og verslunarmálum getur dómsmálayfirvald í samningsríki, í samræmi við lög þess ríkis, með réttarbeiðni gagnvart viðeigandi dómsmálayfirvaldi í öðru samningsríki, óskað eftir að aflað verði sönnunargagna eða að önnur dómsathöfn verði framkvæmd.

Réttarbeiðni skal ekki senda til að afla sönnunargagna sem ekki eru ætluð vegna dómsmáls, sem hefur verið höfðað eða er fyrirhugað.

Með orðtakinu „önnur dómsathöfn“ er ekki átt við birtingu réttarskjala eða aðgerðir til að fullnægja dómi eða hrinda í framkvæmd fyrirmælum eða aðgerðir til bráðabirgða eða verndar.

2. gr.

Samningsríki skal tilnefna miðlægt stjórnvald sem tekur við réttarbeiðnum frá dómsmálayfirvöldum í öðru samningsríki og framsendir því yfirvaldi sem bært er til að framkvæma þær. Hvert ríki skal skipa miðlægt stjórnvald samkvæmt eigin löggjöf.

Réttarbeiðnir skulu sendar miðlægu stjórnvaldi þess ríkis sem framkvæmir hana án milligöngu annarra yfirvalda í því ríki.

3. gr.

Í réttarbeiðni skal greina:

a. það yfirvald sem óskar eftir framkvæmd hennar og það yfirvald sem óskað er að framkvæmi hana, ef því yfirvaldi sem beiðni kemur frá er kunnugt um það yfirvald,
b. nöfn og heimili málsaðila og umboðsmenn þeirra, ef við á,
c. um hvers konar mál er að ræða sem umbeðin sönnunargögn eru ætluð fyrir, ásamt öllum nauðsynlegum upplýsingum þar að lútandi,
d. hvaða sönnunargagna skuli aflað eða hvaða dómsathöfn framkvæmd.

Þar sem við á skal meðal annars tilgreina í beiðni:

e. nöfn og heimili þeirra sem á að yfirheyra,
f. þær spurningar sem leggja á fyrir þá sem á að yfirheyra eða yfirlýsingu um það efni sem yfirheyra á þá um,
g. þau skjöl eða aðrar eignir, fasteignir eða lausafé, sem skoða skal,
h. hvort þess sé óskað að sönnunargögn verði gefin með eiði eða þau staðfest og hvort gæta beri sérstakra formsatriða,
i. hvort gæta beri sérstakra aðferða eða málsmeðferðar skv. 9. gr.

Í beiðni má einnig greina nauðsynlegar upplýsingar til að 11. gr. verði beitt.

Ekki skal gerð krafa um löggildingu eða önnur formsatriði af því tagi.

4. gr.

Réttarbeiðni skal vera rituð á tungumáli þess yfirvalds sem óskað er að framkvæmi hana en annars skal fylgja þýðing yfir á það tungumál.

Samningsríki skal þó taka við beiðni sem rituð er á ensku eða frönsku, eða í þýðingu á annað hvort þessara tungumála, hafi það ekki gert fyrirvara samkvæmt heimild í 33. gr.

Nú getur samningsríki með fleiri en eitt opinbert tungumál vegna eigin laga ekki fallist á fyrir allt sitt yfirráðasvæði beiðni, sem rituð er á annað hvort þessara tungumála, og skal þá með yfirlýsingu tilgreina það tungumál sem beiðni eða þýðing hennar skal vera rituð á svo hún verði framkvæmd í ákveðnum hlutum yfirráðasvæðisins. Ef slíkri yfirlýsingu er ekki fylgt án réttmætrar ástæðu skal kostnaður af þýðingu yfir á áskilið tungumál greiddur af því ríki sem beiðni kemur frá.

Samningsríki getur með yfirlýsingu tilgreint eitt eða fleiri tungumál, önnur en þau er getur í málsgrein næst á undan, sem senda má beiðni til miðlægs stjórnvalds þess.

Þýðing sem fylgir beiðni skal staðfest rétt af sendierindreka eða ræðiserindreka, eða af eiðsvörnum þýðanda eða öðrum sem löggiltur er til þess í öðru hvoru ríkinu.

5. gr.

Ef miðlægt stjórnvald telur að beiðni fullnægi ekki kröfum samningsins skal það þegar tilkynna því yfirvaldi í ríkinu sem sendi réttarbeiðnina og tilgreina andmæli sín við beiðninni.

6. gr.

Nú er það yfirvald sem réttarbeiðni er send til ekki bært til þess að framfylgja henni og skal þá beiðnin þegar framsend því yfirvaldi í ríkinu sem til þess er bært samkvæmt ákvæðum laga.

7. gr.

Eftir ósk þess yfirvalds sem beiðni kemur frá skal tilkynna því hvar og hvenær réttarbeiðni verður tekin fyrir svo málsaðilar og umboðsmenn þeirra, ef við á, geti verið viðstaddir. Upplýsingar þar að lútandi skulu sendar beint til aðila eða umboðsmanna þeirra ef yfirvald þess ríkis sem beiðni kemur frá fer þess á leit.

8. gr.

Samningsríki getur lýst því yfir að starfsmenn dómstóla hjá yfirvaldi annars samningsríkis sem beiðni kemur frá megi vera viðstaddir þegar réttarbeiðni er framkvæmd. Krefjast má undanfarandi heimildar frá til þess bæru yfirvaldi sem tilnefnt er af því ríki sem gefur yfirlýsinguna.

9. gr.

Það dómsmálayfirvald sem framkvæmir réttarbeiðni skal fara að lögum eigin ríkis um þá málsmeðferð sem fylgt er.

Þó má beita sérstakri málsmeðferð ef það yfirvald sem beiðni kemur frá óskar þess, svo framarlega sem það brýtur ekki í bága við lög í því ríki þar sem beiðnin er framkvæmd eða er ómögulegt vegna réttarframkvæmdar eða örðugleika í framkvæmd.

Réttarbeiðni skal framkvæmd án tafar.

10. gr.

Þegar réttarbeiðni er framkvæmd skal það yfirvald sem hún er send til beita viðeigandi þvingunarúrræðum í sömu tilvikum og að sama marki og gert er ráð fyrir í lögum ríkisins þegar framfylgt er fyrirmælum frá yfirvöldum þess eða beiðnum aðila að innlendu dómsmáli.

11. gr.

Þegar réttarbeiðni er framfylgt getur sá einstaklingur sem á í hlut neitað að veita atbeina sinn að því marki sem honum er heimilt eða skylt að skorast undan að láta í té sönnunargögn samkvæmt:

a. lögum ríkis þar sem beiðni er framkvæmd, eða
b. lögum ríkis sem beiðni kemur frá, ef heimild eða skylda til að skorast undan að láta í té sönnunargögn hefur verið tilgreind í beiðni eða það er staðfest af því yfirvaldi sem beiðni kemur frá að frumkvæði yfirvalds sem beiðni er send til.

Samningsríki getur enn fremur lýst því yfir að það muni virða rétt og skyldu sem er fyrir hendi samkvæmt lögum annarra ríkja en ríkisins sem beiðni kemur frá og ríkisins sem framfylgir beiðni að því marki sem tilgreint er í yfirlýsingunni.

12. gr.

Réttarbeiðni verður aðeins synjað að því marki sem:

a. meðferð hennar er ekki á verksviði dómstóla í því ríki þar sem hún verður framkvæmd, eða
b. það ríki sem beiðni er send til telur framkvæmd hennar fela í sér íhlutun í fullveldi sitt eða öryggi.

Réttarbeiðni verður ekki synjað af þeirri ástæðu einni að sakarefnið eigi samkvæmt lögum aðeins undir dómstóla þess ríkis þar sem beiðni verður framkvæmd eða beiðni varði málsókn sem ekki sé heimil í lögum þess.

13. gr.

Það yfirvald sem beiðni er send til skal senda eftir sömu leiðum og beiðnin barst því yfirvaldi sem beiðni kemur frá skjöl sem leiða í ljós að beiðnin hefur verið framkvæmd.

Í öllum tilvikum þegar réttarbeiðni er ekki framfylgt að einhverju leyti eða öllu skal tilkynna það því yfirvaldi sem beiðni kemur frá eftir sömu leiðum og beiðnin barst og greina frá ástæðum þess.

14. gr.

Framkvæmd réttarbeiðni skal vera án endurgreiðslu gjalda eða kostnaðar af einhverju tagi.

Þó hefur það ríki þar sem beiðni verður framkvæmd rétt til að krefja ríkið sem beiðni kemur frá um endurgreiðslu á þóknun til sérfræðinga og þýðenda og þeim kostnaði sem leiðir af sérstakri málsmeðferð að ósk þess ríkis sem beiðni kemur frá, sbr. 2. mgr. 9. gr.

Nú leggja lög hjá því yfirvaldi sem beiðni er send til þá skyldu á aðila að afla sjálfir sönnunargagna, og þeim aðila sem á í hlut er það ókleift, og getur þá viðkomandi yfirvald tilnefnt hæfan mann í því skyni að fengnu samþykki þess yfirvalds sem beiðni kemur frá. Þegar leitað er eftir slíku samþykki skal það yfirvald sem beiðni er send til upplýsa um áætlaðan kostnað sem leiðir af þessari tilhögun. Ef það yfirvald sem beiðni kemur frá veitir samþykki sitt skal það endurgreiða allan kostnað sem til fellur, en án samþykkis ber yfirvaldið ekki ábyrgð á kostnaði.

II. KAFLI
Öflun sönnunargagna með sendierindrekum, ræðiserindrekum eða sérstaklega tilnefndum mönnum

15. gr.

Í einkamálum og verslunarmálum getur sendierindreki eða ræðiserindreki samningsríkis án þvingunar aflað sönnunargagna á yfirráðasvæði annars samningsríkis og á starfssvæði sínu frá ríkisborgurum þess ríkis sem hann er í fyrirsvari fyrir vegna dómsmáls sem rekið er í því ríki.

Samningsríki getur lýst því yfir að sendierindreki eða ræðiserindreki megi aðeins afla sönnunargagna samkvæmt heimild sem veitt er eftir umsókn sem lögð er fram af honum eða á hans vegum hjá viðeigandi yfirvaldi tilnefndu af því ríki sem gefur yfirlýsinguna.

16. gr.

Sendierindreki eða ræðiserindreki samningsríkis getur einnig án þvingunar aflað sönnunargagna á yfirráðasvæði annars samningsríkis og á starfssvæði sínu frá ríkisborgurum þess ríkis þar sem hann starfar eða ríkisborgurum þriðja ríkis vegna dómsmáls sem rekið er í því ríki sem hann er í fyrirsvari fyrir, ef:

a. þar til bært yfirvald tilnefnt af því ríki þar sem hann starfar hefur gefið leyfi sitt, annað hvort almennt eða í ákveðnu tilviki, og
b. hann gætir þeirra skilyrða sem til þess bæra yfirvaldið hefur sett í leyfinu.

Samningsríki getur lýst því yfir að sönnunargagna megi afla samkvæmt þessari grein án þess að það gefi leyfi sitt fyrir fram.

17. gr.

Í einkamálum eða verslunarmálum getur maður, sem löglega er tilnefndur í því skyni, án þvingunar aflað sönnunargagna á yfirráðasvæði samningsríkis vegna dómsmáls sem rekið er í öðru samningsríki, ef:

a. þar til bært yfirvald tilnefnt af því ríki þar sem afla á sönnunargagna hefur gefið leyfi sitt, annað hvort almennt eða í ákveðnu tilviki, og
b. hann gætir þeirrar skilyrða sem til þess bæra yfirvaldið hefur sett í leyfinu.

Samningsríki getur lýst því yfir að sönnunargagna megi afla samkvæmt þessari grein án þess að það gefi leyfi sitt fyrirfram.

18. gr.

Samningsríki getur lýst því yfir að sendierindreki, ræðiserindreki eða sérstaklega tilnefndur maður, sem hefur heimild til að afla sönnunargagna eftir 15.–17. gr., geti sótt um viðeigandi aðstoð frá til þess bæru yfirvaldi tilnefndu af því ríki sem gefur yfirlýsinguna til að afla sönnunargagna með þvingunarúrræðum. Yfirlýsingin má hafa að geyma þau skilyrði sem ríkið sem hana gefur telur rétt að setja.

Ef yfirvaldið fellst á slíka beiðni skal það beita þeim þvingunarúrræðum sem eiga við lögum samkvæmt í innlendu dómsmáli.

19. gr.

Þegar til þess bært yfirvald hefur veitt leyfi skv. 15.–17. gr. eða fallist á umsókn skv. 18. gr., getur það sett þau skilyrði sem það telur rétt að setja, þar á meðal um hvar og hvenær sönnunargagna verði aflað. Einnig getur yfirvaldið gert þá kröfu að því verði tilkynnt með hæfilegum fyrirvara um hvenær og hvar sönnunargagna verði aflað og á þá fulltrúi þess rétt á að vera viðstaddur þegar það er gert.

20. gr.

Þegar sönnunargagna er aflað samkvæmt þessum kafla mega hlutaðeigandi aðilar hafa lögmann sér til aðstoðar.

21. gr.

Þegar sendierindreka, ræðiserindreka eða sérstaklega tilnefndum manni er heimilt að afla sönnunargagna skv. 15.–17. gr.:

a. getur hann aflað hvers konar sönnunargagna sem ekki eru ósamrýmanleg lögum þess lands þar sem þeirra er aflað eða andstæð leyfi sem kann að hafa verið veitt samkvæmt ákvæðum hér á undan, en innan þeirra marka hefur hann vald til að eiðfesta eða taka við staðfestingu,
b. skal kvaðning til manns um að mæta eða láta sönnunargögn í té vera á tungumáli þess staðar þar sem gagna er aflað eða henni fylgja þýðing yfir á það tungumál, nema viðtakandi sé ríkisborgari þess ríkis þar sem dómsmál er rekið.
c. skal í kvaðningu greina viðkomandi frá því að hann megi hafa lögmann sér til aðstoðar, og í ríki sem hefur ekki gefið yfirlýsingu skv. 18. gr. skal jafnframt greint frá því að viðkomandi sé ekki skylt að mæta eða láta í té sönnunargögn,
d. má afla gagnanna með því móti sem gert er ráð fyrir í lögum um þann dómstól þar sem mál er rekið svo framarlega sem sú framkvæmd er ekki bönnuð samkvæmt lögum þess ríkis þar sem sönnunargagna er aflað.

e. getur sá maður sem beðinn er um að láta sönnunargögn í té borið fyrir sig rétt sinn eða skyldu til að skorast undan að lát þau í té eins og getur í 11. gr.

22. gr.

Þótt ekki hafi tekist að afla sönnunargagna eftir reglum þessa kafla vegna synjunar manns á að láta þau í té kemur það ekki í veg fyrir að í kjölfarið sé sett fram beiðni um öflun sönnunargagna eftir reglum I. kafla.

III. KAFLI
Almennar reglur

23. gr.

Samningsríki getur við undirritun, fullgildingu eða aðild lýst því yfir að það muni ekki framfylgja réttarbeiðnum sem eru sendar til að afla sönnunargagna af því tagi sem í „common law“ réttarkerfum er þekkt sem „pre-trial discovery of documents“.

24. gr.

Samningsríki getur tilnefnt önnur yfirvöld til viðbótar miðlægu stjórnvaldi og skal ákvarða valdsvið þeirra. Réttarbeiðnir má þó ávallt senda til miðlæga stjórnvaldsins.

Sambandsríkjum er rétt að tilnefna fleiri en eitt miðlægt stjórnvald.

25. gr.

Samningsríki, sem hefur fleiri en eitt réttarkerfi, getur tilnefnt yfirvald fyrir hvert þessara réttarkerfa og er það þá eitt bært til að framkvæma réttarbeiðnir samkvæmt samningi þessum.

26. gr.

Ef nauðsynlegt er vegna stjórnlaga getur samningsríki krafið það ríki sem beiðni kemur frá um endurgreiðslu þóknunar eða kostnaðar vegna framkvæmdar réttarbeiðni, birtingar kvaðningar fyrir manni svo honum verði gert að mæta til að láta í té sönnunargögn, mætingar þess manns og fyrir endurrit vegna öflunar sönnunargagna.

Hafi ríki krafist endurgreiðslu samkvæmt næstu málsgrein hér á undan getur annað samningsríkið krafið það um endurgreiðslu samsvarandi þóknunar og kostnaðar.

27. gr.

Ákvæði samnings þessa koma ekki í veg fyrir að samningsríki:

a. lýsi því yfir að réttarbeiðnir megi senda dómsmálayfirvöldum þess eftir öðrum leiðum en þeim sem getur í 2. gr.,
b. heimili í löggjöf eða í réttarframkvæmd að úrræðum sem kveðið er á um í samningi þessum séu sett vægari skilyrði,
c. heimili í löggjöf eða réttarframkvæmd að sönnunargagna sé aflað með öðrum hætti en kveðið er á um í samningi þessum.

28. gr.

Samningur þessi kemur ekki í veg fyrir að tvö eða fleiri samningsríki geri með sér samkomulag um að víkja frá:

a. ákvæðum 2. gr. um aðferðir til að senda réttarbeiðnir,
b. ákvæðum 4. gr. um þau tungumál sem nota má,

c. ákvæðum 8. gr. um viðveru starfsmanna dómstóla þegar beiðni er framkvæmd,
d. ákvæðum 11. gr. um heimild eða skyldu vitna til að skorast undan að láta í té sönnunargögn,
e. ákvæðum 13. gr. um aðferðir til að senda því yfirvaldi sem beiðni kemur frá skjöl sem leiða í ljós að beiðnin hefur verið framkvæmd,
f. ákvæðum 14. gr. um þóknun og kostnað,
g. ákvæðum II. kafla.

29. gr.

Milli aðila að samningi þessum sem einnig eru aðilar að öðrum eða báðum samningunum um einkamálaréttarfar, sem undirritaðir voru í Haag 17. júlí 1905 og 1. mars 1954, skal samningur þessi koma í stað 8.–16. gr. fyrri samninganna.

30. gr.

Samningur þessi hefur ekki áhrif á beitingu 23. gr. samningsins frá 1905 eða 24. gr. samningsins frá 1954.

31. gr.

Viðbótarsamningar milli ríkja sem eiga aðild að samningunum frá 1905 og 1954 skulu einnig taldir eiga við um þennan samning, nema annað hafi verið ákveðið.

32. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 29. og 31. gr. skal samningur þessi ekki gilda um samninga sem hafa að geyma ákvæði um málefni sem þessi samningur tekur til og samningsríki eru eða verða síðar aðilar að.

33. gr.

Við undirritun, fullgildingu eða aðild getur ríki undanskilið að einhverju leyti eða öllu ákvæði 2. mgr. 4. gr. og II. kafla. Aðrir fyrirvarar verða ekki gerðir.

Samningsríki getur hvenær sem er afturkallað fyrirvara sem það hefur gert og skal fyrirvarinn þá falla úr gildi á sextugasta degi eftir að tilkynnt hefur verið um afturköllun hans.

Þegar ríki hefur gert fyrirvara getur annað ríki, sem fyrirvarinn hefur áhrif á, beitt sömu reglu gagnvart því ríki sem gert hefur fyrirvarann.

34. gr.

Ríki getur hvenær sem er afturkallað eða breytt yfirlýsingu.

35. gr.

Þegar samningsríki afhendir fullgildingar- eða aðildarskjal sitt eða síðar skal það skýra utanríkisráðuneyti Hollands frá tilnefningu yfirvalda af sinni hálfu skv. 2., 8., 24. og 25. gr.

Samningsríki skal jafnframt þegar það á við skýra ráðuneytinu frá eftirfarandi:

a. tilnefningu yfirvalda sem tilkynna ber, unnt er að afla leyfi frá og leita má aðstoðar hjá þegar sendierindrekar eða ræðiserindrekar afla sönnunargagna skv. 15., 16. eða 18. gr.,
b. tilnefningu yfirvalda sem getur gefið leyfi til að sérstaklega tilnefndur maður afli sönnunargagna skv. 17. gr. og þeirra sem veitt geta aðstoð skv. 18. gr.,

c. tilkynningum skv. 4., 8., 11., 15., 16., 17., 18., 23. og 27. gr.,
d. sérhverri afturköllun og breytingu á ofangreindum tilnefningum og yfirlýsingum,
e. afturköllun á fyrirvörum.

36. gr.

Öll vandkvæði sem komið geta upp milli samningsríkja vegna framkvæmdar samningsins skal leysa eftir diplómatískum leiðum.

37. gr.

Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu þeirra ríkja sem áttu fulltrúa á ellefta fundi Haagráðstefnunnar um alþjóðlegan einkamálarétt.

Hann skal fullgiltur og skulu fullgildingarskjöl afhent utanríkisráðuneyti Hollands.

38. gr.

Samningur þessi skal öðlast gildi á sextugasta degi eftir að þriðja fullgildingarskjalið hefur verið afhent, sbr. 2. mgr. 37. gr.

Gagnvart hverju ríki, sem undirritað hefur samninginn en fullgildir hann síðar, öðlast hann gildi á sextugasta degi eftir að fullgildingarskjal hefur verið afhent.

39. gr.

Ríki sem ekki átti aðild að ellefta fundi Haagráðstefnunnar um alþjóðlegan einkamálarétt, en á aðild að þessari ráðstefnu eða að Sameinuðu þjóðunum eða sérstofnunum þeirra eða er aðili að samþykktum Alþjóðadómstólsins, getur gerst aðili að samningi þessum eftir að hann hefur öðlast gildi í samræmi við 1. mgr. 38. gr.

Aðildarskjal skal afhent utanríkisráðuneyti Hollands.

Samningurinn öðlast gildi gagnvart ríki sem gerist aðili að honum á sextugasta degi eftir afhendingu aðildarskjals þess.

Aðildin hefur aðeins áhrif á samskipti þess ríkis sem gerist aðili og þeirra samningsríkja sem lýst hafa yfir samþykki sínu við aðildinni. Slíkar yfirlýsingar skulu afhentar utanríkisráðuneyti Hollands til vörslu og skal ráðuneytið framsenda hverju samningsríki, eftir diplómatískum leiðum, staðfest endurrit þeirra.

Samningurinn skal öðlast gildi milli ríkis sem gerist aðili að honum og ríkis sem lýst hefur yfir samþykki sínu við aðildinni á sextugasta degi eftir afhendingu yfirlýsingar um samþykki.

40. gr.

Við undirritun, fullgildingu eða aðild getur ríki lýst því yfir að samningur þessi taki í alþjóðlegum samskiptum til allra svæða sem viðkomandi ríki ber ábyrgð á, eða til eins þeirra eða fleiri. Slík yfirlýsing skal taka gildi á þeim degi er samningurinn öðlast gildi gagnvart viðkomandi ríki.

Eftir það skal tilkynna um slíka útfærslu til utanríkisráðuneytis Hollands.

Gagnvart þeim svæðum sem útfærsla tekur til skal samningurinn öðlast gildi sextíu dögum eftir tilkynningu sem getur í næstu málsgrein hér á undan.

41. gr.

Samningur þessi gildir í fimm ár frá þeim degi er hann öðlast gildi skv. 1. mgr. 38. gr., og gildir það einnig gagnvart ríkjum sem síðar fullgilda eða gerast aðilar að samningnum.

Ef samningnum hefur ekki verið sagt upp framlengist hann sjálfkrafa um fimm ár í senn.

Uppsögn skal tilkynna utanríkisráðuneyti Hollands eigi síðar en sex mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins.

Takmarka má hana við ákveðin landsvæði sem samningurinn tekur til.

Uppsögn hefur aðeins gildi gagnvart því ríki sem hefur tilkynnt um hana. Samningurinn heldur gildi sínu milli annarra samningsríkja.

42. gr.

Utanríkisráðuneyti Hollands skal tilkynna þeim ríkjum sem getur í 37. gr., og ríkjum sem gerst hafa aðilar skv. 39. gr., um:

a. undirritanir og fullgildingar skv. 37. gr.,
b. gildistökudag samnings þessa skv. 1. mgr. 38. gr.,
c. aðild skv. 39. gr. og hvenær hún öðlast gildi,
d. útfærslu skv. 40. gr. og hvenær hún öðlast gildi,
e. tilnefningar, fyrirvara og yfirlýsingar skv. 33. og 35. gr.,
f. uppsagnir skv. 3. mgr. 41. gr.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Haag 18. mars 1970 á ensku og frönsku, og eru báðir textar jafngildir, í einu eintaki, sem varðveitt skal í skjalasafni ríkisstjórnar Hollands, og staðfest endurrit skal sent eftir diplómatískum leiðum til hvers ríkis sem átti aðild að ellefta fundi Haagráðstefnunnar um alþjóðlegan einkamálarétt.

Fylgiskjal IV.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

Megintilgangur þessa frumvarps er að fullgilda þrjá alþjóðasamninga á sviði einkamálaréttarfars sem kenndir eru við borgina Haag í Hollandi. Lagðar eru til nokkrar lagabreytingar sem miða að því að tryggja fullt samræmi milli þessara samninga og réttarfarslaga eins og nánar er greint frá í athugasemdum við frumvarpið. Ekki verður séð að ákvæði frumvarpsins leiði til útgjalda fyrir ríkissjóð verði það að lögum.

252. Frumvarp til laga [233. mál]

um meðferð sakamála.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. ÞÁTTUR
Almennar reglur um meðferð sakamála.
I. KAFLI
Gildissvið laganna og dómendur í héraði.

1. gr.

Þau mál öll, sem handhafar ákæruvalds höfða til refsingar lögum samkvæmt, skulu sæta meðferð eftir ákvæðum laga þessara nema öðruvísi sé fyrir mælt í lögum.

Sama á við um mál til þess að koma fram refsikenndum viðurlögum, svo sem öryggisgæslu og öðrum öryggisráðstöfunum, upptöku eigna, sviptingu réttinda og ómerkingu ummæla, ef ákæruvaldið á sókn sakar, þótt ekki sé krafist refsingar í málinu.

2. gr.

Einnig skulu sæta meðferð samkvæmt lögum þessum mál til úrlausnar kröfu um framsal sakamanns og fullnustu erlends refsidóms hér á landi og meðferð erinda frá erlendum dómstólum og yfirvöldum um aðgerðir hér á landi í tengslum við sakamál. Þar að auki þau mál sem sæta skulu meðferð sakamála samkvæmt öðrum lögum.

Einkaréttarkröfur má hafa uppi og dæma í sakamáli samkvæmt ákvæðum XXVI. kafla laga þessara. Sama gildir um kröfur, allsherjarréttar eðlis, svo sem kröfur um skatta, brottnám ólögmæts ástands eða bann við ólögmætri starfsemi.

3. gr.

Í héraði eiga mál samkvæmt lögum þessum undir hina reglulegu héraðsdómstóla.

Einn dómari skipar dóm í hverju máli nema svo standi á sem í 3.–5. mgr. segir.

Ef deilt er um staðreyndir og dómari telur þurfa sérkunnáttu í dómi til að leysa úr getur hann kvatt til tvo meðdómsmenn sem hafa slíka sérkunnáttu.

Ef ákærði neitar sök og dómari telur sýnt að niðurstaða kunni að verulegu leyti að ráðast af mati á sönnunargildi munnlegs framburðar fyrir dómi getur dómstjóri ákveðið að þrír héraðsdómarar skipi dóm í málinu.

Ef mál er annars umfangsmikið eða sakarefni mjög mikilvægt frá almennu sjónarmiði getur dómstjóri ákveðið að þrír héraðsdómarar skipi dóm í málinu eða tveir héraðsdómarar með einum sérfróðum meðdómsmanni.

4. gr.

Þá eina má kveðja til setu í dómi sem sérfróða meðdómsmenn er hafa nægilegan þroska og andlegt og líkamlegt heilbrigði, eru íslenskir ríkisborgarar, lögráða og orðnir 25 ára, hafa forræði á búi sínu og hafa hvorki gerst sekir um refsivert athæfi sem má telja svívirðilegt að almenningsáliti né sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem dómarar verða almennt að njóta.

Hverjum þeim sem fullnægir skilyrðum 1. mgr. er skylt að verða við kvaðningu til starfa sem sérfróður meðdómsmaður. Þetta gildir þó ekki um hæstaréttardómara, starfsmenn Hæsta-

réttar, héraðsdómara og aðstoðarmenn þeirra, ráðherra, ráðuneytisstjóra, biskupa, presta og forstöðumenn í viðurkenndum trúfélögum, umboðsmann Alþingis, ríkissaksóknara, héraðssaksóknara, sýslumenn, tollstjóra og lögreglustjóra og löglærða starfsmenn þeirra né heldur lögmenn og fulltrúa þeirra.

5. gr.

Meðdómsmenn skulu taka sæti í dómi ekki síðar en við upphaf aðalmeðferðar máls. Dómari skal að öðru jöfnu greina aðilum frá því með fyrirvara hverja hann hyggist kveðja til setu í dómi sem sérfróða meðdómsmenn, þannig að aðilum gefist kostur á að gera athugasemdir ef þeir telja efni til.

Bókað skal um kvaðningu meðdómsmanna í máli þegar þeir taka fyrst sæti í dómi. Sé maður að gegna starfi sérfróðs meðdómsmanns í fyrsta sinn skal hann um leið undirrita bókun þar sem kemur fram drengskaparheit hans um að hann muni jafnan gegna slíkum störfum af samviskusemi og óhlutdrægni og fara í öllu að lögum.

Meðdómsmenn taka þátt í málsmeðferð og dómsuppsögu og hafa sömu réttindi og bera sömu skyldur og dómsformaður í því máli. Dómsformaður stýrir þó dómi, kveður einn upp úrskurði um annað en frávísun máls, gefur út kvaðningar og tilkynningar, heldur þing til uppkvaðningar dóms, annast gerð og staðfestingu dómsgerða og kemur fram út á við fyrir hönd dómsins.

Dómsformaður ákveður þóknun sérfróðra meðdómsmanna.

6. gr.

Dómari, þar á meðal meðdómsmaður, er vanhæfur til að fara með mál ef:

a. hann er sakborningur, brotaþoli eða fyrirsvarsmaður þeirra,
b. hann hefur gætt réttar sakbornings eða brotaþola í málinu,
c. hann hefur borið eða verið kvaddur til að bera vitni um atvik málsins af réttmætu tilefni eða verið mats- eða skoðunarmaður um sakarefnið,
d. hann er eða hefur verið maki sakbornings eða brotaþola, skyldur eða mægður þeim í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða tengdur þeim með sama hætti vegna ættleiðingar,
e. hann tengist eða hefur tengst fyrirsvarsmanni sakbornings eða brotaþola eða málflytjanda með þeim hætti sem segir í d-lið,
f. hann tengist eða hefur tengst vitni í málinu með sama hætti og segir í d-lið ellegar mats- eða skoðunarmanni,
g. fyrir hendi eru önnur atvik eða aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans með réttu í efa.

Dómari skal enn fremur víkja sæti í máli eftir útgáfu ákæru ef hann hefur fallist á kröfu um að ákærði sæti gæsluvarðhaldi skv. 2. mgr. 95. gr.

7. gr.

Dómari gætir að hæfi sínu til að fara með mál af sjálfsdáðum, en aðili getur einnig krafist að hann víki sæti. Dómsformaður gætir með sama hætti að hæfi sérfróðra meðdómsmanna.

Dómari eða dómsformaður, ef dómur er fjölskipaður, kveður upp úrskurð um kröfu aðila um að hann eða meðdómsmenn víki sæti, svo og ef hann eða þeir víkja sæti af sjálfsdáðum. Ef þrír héraðsdómarar skipa dóm kveða þeir þó allir upp slíkan úrskurð.

Þótt dómari hafi vikið sæti ber honum að gera ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að halda máli í réttu horfi þar til annar dómari tekur við því. Á þeim tíma getur hann einnig látið af hendi afrit af málskjölum og staðfest dómsgerðir.

II. KAFLI
Þinghöld, þingbækur o.fl.

8. gr.

Dómari stýrir þinghaldi og gætir þess að það sé háð eftir réttum reglum. Hann ákveður í hverri röð mál verða tekin fyrir. Enginn má taka til máls nema með leyfi dómara og getur hann, að undangenginni aðvörun, tekið orðið af manni sem heldur sig ekki við efni máls.

Þegar einn maður situr í dómi skal að jafnaði vera einn þingvottur. Hann skal fullnægja almennum vitnaskilyrðum og má ekki vera svo venslaður dómara, ákæranda, sakborningi, brotaþola, fyrirsvarsmanni eða málflytjanda sem segir í d-lið 1. mgr. 6. gr. Dómari ákveður þóknun þingvotts ef hann er ekki starfsmaður dómstólsins.

9. gr.

Dómþing skulu haldin á föstum þingstöðum. Rétt er þó að heyja dómþing á öðrum stað ef það þykir heppilegra, svo sem í fangelsi eða á sjúkrahúsi, ef taka þarf skýrslu af manni sem þar er staddur. Nú þarf að taka skýrslu af barni, yngra en 15 ára, og getur dómari þá ákveðið að það skuli gert í sérútbúnu húsnæði á öðrum stað ef það þykir æskilegra með tilliti til hagsmuna barnsins.

10. gr.

Þinghöld skulu háð í heyranda hljóði. Dómari getur þó ákveðið, að eigin frumkvæði eða eftir kröfu ákæranda, sakbornings eða brotaþola, að þinghald fari fram fyrir luktum dyrum, að öllu leyti eða að hluta, ef það er háð utan reglulegs þingstaðar, sakborningur er yngri en 18 ára eða hann telur það annars nauðsynlegt:

a. til hlífðar sakborningi, brotaþola, vandamanni þeirra, vitni eða öðrum sem málið varðar,
b. vegna nauðsynjar sakbornings, brotaþola, vitnis eða annars sem málið varðar á því að halda leyndum atriðum varðandi hagsmuni í viðskiptum eða samsvarandi aðstöðu,
c. vegna hagsmuna almennings eða öryggis ríkisins,
d. af velsæmisástæðum,
e. til að halda uppi þingfriði,
f. meðan á rannsókn máls stendur og hætta þykir á sakarspjöllum ef þing væri háð fyrir opnum dyrum,
g. meðan vitni gefur skýrslu án þess að það þurfi að skýra frá nafni sínu í heyranda hljóði, sbr. 8. mgr. 122. gr.

Við þingfestingu máls er dómara heimilt að ákveða í eitt skipti fyrir öll að þinghöld í málinu skuli vera lokuð, enda sé ákvörðunin færð til bókar þar sem greint skal frá því af hverri ástæðu það sé gert. Á sama hátt tekur dómari ákvörðun um lokun einstaks þinghalds. Sá sem sættir sig ekki við ákvörðun dómara getur krafist þess að hann kveði upp úrskurð um það hvort þinghöld eða einstakt þinghald skuli háð fyrir luktum dyrum.

Þótt þinghald sé háð í heyranda hljóði er dómara rétt að takmarka fjölda áheyrenda við þá sem rúmast á þingstað með góðu móti. Dómari getur einnig meinað þeim aðgang sem eru yngri en 15 ára eða þannig á sig komnir að návist þeirra samræmist ekki góðri reglu við þinghald eða hætta er á að nærvera þeirra valdi því að sakborningur eða vitni skýri ekki satt frá.

Dómara er rétt að vísa manni úr þinghaldi ef návist hans horfir til truflunar þingfriði eða framkoma hans er óviðeigandi í orði eða verki. Ef um sakborning er að ræða, fyrirsvarsmann hans, ákæranda, verjanda eða réttargæslumann skal dómari þó að jafnaði áminna hann og gefa honum kost á að bæta ráð sitt áður en af brottvísun verður. Ákvörðun dómara um að víkja manni úr þinghaldi má framfylgja með lögregluvaldi ef með þarf. Bókað skal um brottvikningu manns ef sakborningur, fyrirsvarsmaður hans eða málflytjandi á í hlut.

Nú telur dómari að nægilegt sé til þess að tryggja þá hagsmuni sem búa að baki 1. mgr. að leggja bann við opinberri frásögn af þinghaldi skv. 2. mgr. 11. gr. og skal hann þá grípa til þess úrræðis í stað þess að loka þinghaldi.

11. gr.

Óheimilt er að hljóðrita eða taka myndir í þinghaldi. Dómari getur veitt undanþágu frá þessu banni ef sérstaklega stendur á. Ef tekið hefur verið upp hljóð eða teknar myndir í þinghaldi án leyfis dómara er óheimilt að birta þær hljóðupptökur eða myndir.

Óheimilt er að skýra frá því sem gerist í lokuðu þinghaldi án leyfis dómara. Þótt þinghald sé háð í heyranda hljóði getur dómari bannað að skýrt verði frá því sem gerist þar ef ætla má að frásögn geti leitt til sakarspjalla eða valdið vandamönnum sakbornings, brotaþola eða öðrum sem ekki eru fyrir sökum hafðir þjáningum eða verulegum óþægindum. Ákvörðun um slíkt bann má vera tímabundin. Skal dómari skrá hana í þingbók og kynna hana viðstöddum.

Brot gegn 1. og 2. mgr. varðar sektum, sbr. 1. mgr. 223. gr. Enn fremur má dómari meina þeim sem brotið hefur gegn þeim ákvæðum um aðgang að þinghaldi, hvort sem er í sama máli eða öðrum málum.

12. gr.

Þingmálið er íslenska.

Nú gefur maður skýrslu fyrir dómi sem kann ekki íslensku nægilega vel og skal þá ákæruvaldið sjá um að kalla til löggiltan dómtúlk. Sé ekki kostur á löggiltum dómtúlki er dómara rétt að samþykkja að annar hæfur maður annist þýðingu, en sá skal þá undirrita heit í þingbók um að hann muni rækja starfann eftir bestu getu og ber honum að staðfesta þýðingu sína fyrir dómi ef hún er vefengd.

Skjali á erlendu tungumáli skal að jafnaði fylgja þýðing á íslensku að því leyti sem byggt er á efni þess í máli nema dómari telji sér fært að þýða það. Þýðing skjals skal að jafnaði gerð af löggiltum skjalaþýðanda. Sé ekki kostur á löggiltum skjalaþýðanda má leggja fram þýðingu annars hæfs manns, en honum ber að staðfesta hana fyrir dómi ef hún er vefengd.

Ef maður, sem á að gefa skýrslu fyrir dómi, er ekki fær um að eiga orðaskipti á mæltu máli skal ákæruvaldið sjá um að kalla til kunnáttumann til aðstoðar. Um heit slíks manns og staðfestingu fer eftir ákvæðum 2. mgr. Dómari getur þó ákveðið í stað þess að eftir atvikum verði spurningar lagðar fyrir hlutaðeiganda eða hann svari þeim skriflega fyrir dómi.

Þann einn má kveðja til sem dómtúlk, þýðanda eða kunnáttumann sem er orðinn 20 ára að aldri. Að auki má dómtúlkur eða kunnáttumaður ekki vera vanhæfur til að taka starfann að sér, sbr. 6. gr. Dómari ákveður þóknun til handa dómtúlki, þýðanda eða kunnáttumanni og greiðist þóknunin og annar kostnaður vegna starfa hans úr ríkissjóði.

13. gr.

Við hvern héraðsdómstól skulu vera þingbækur til afnota í sakamálum. Dómara er rétt að láta vélrita eða rita á tölvu það sem væri ella fært í slíka bók, en það sem er skráð með þeim

hætti skal þá varðveitt í prentuðu formi með áritun dómara um staðfestingu og síðan heft eða bundið saman sem þingbók.

Þegar dómþing er háð skal rita skýrslu í þingbók um það sem þar fer fram. Í þingbók skal jafnan skráð hvar og hvenær þinghald fer fram, nafn dómara sem fer með það mál sem fyrir er tekið, gögn sem lögð eru fram, hverjir taki þátt í þinghaldi og koma fyrir dóm og hvað hafi verið afráðið um rekstur máls, svo og ákvarðanir dómara og úrskurði sem hann kveður upp jafnharðan undir rekstri máls. Einnig er rétt að bóka um yfirlýsingar af hendi aðila sem hafa ekki komið fram skriflega. Ef önnur ákvæði þessara laga mæla ekki fyrir um að bókað verði um tiltekin atriði ákveður dómari hvað verði annars skráð í þingbók og undirritar það sem hefur verið bókað að loknu þinghaldi. Málflytjendur geta þó jafnan krafist þess að bókaðar verði stuttar athugasemdir þeirra. Ef dómari telur ástæðu til er honum rétt að kynna þeim sem mæta í þinghald efni bókunar í heild eða að hluta og gefa hlutaðeigendum kost á að undirrita hana. Þrátt fyrir það sem að framan segir skal ekki færa til bókar nafn og önnur persónueinkenni vitnis, sem gefur skýrslu fyrir dómi án þess að það þurfi að skýra frá nafni sínu í heyranda hljóði, sbr. 8. mgr. 122. gr., heldur skulu þær upplýsingar varðveittar með þeim hætti sem þar er kveðið á um.

Það sem kemur fram við munnlega sönnunarfærslu skal hljóðritað, tekið upp á myndband eða mynddisk ellegar ritað í þingbók eftir ákvörðun dómara. Dómari getur einnig ákveðið að taka upp eða skrá útdrátt sinn af framburði, en hlutaðeiganda skal þá gefinn kostur á að koma að athugasemdum um það sem er haft eftir honum og um framkvæmd skýrslutökunnar.

14. gr.

Við hvern héraðsdómstól skal haldin dómabók sem hefur að geyma dóma, svo og úrskurði sem fela í sér niðurstöðu máls, undirritaða af dómara.

15. gr.

Skjöl, sem eru lögð fram í dómi, skulu vera í frumriti séu þau tiltæk. Þau skulu merkt í áframhaldandi töluröð og vottuð um framlagningu. Sá sem leggur fram skjal skal láta í té þann fjölda eftirrita af því sem dómari mælir fyrir um og afhendir jafnframt öðrum aðilum máls eftirrit, svo og brotaþola ef mætt er af hans hálfu í málinu.

Framlögð skjöl skulu varðveitt í skjalasafni hlutaðeigandi dómstóls þar til þau verða afhent Þjóðskjalasafni.

Frumrit skjals verður ekki afhent öðrum en þeim sem á réttmætt tilkall til þess. Meðan máli er ólokið verður frumrit skjals þó ekki afhent nema brýn nauðsyn krefji og dómari telji að láta megi það af hendi gegn því að afrit komi í stað þess.

Hljóðritanir, myndbönd og mynddiska skv. 3. mgr. 13. gr. skal varðveita í minnst þrjú ár frá lokum dómsmáls.

16. gr.

Ákærði og brotaþoli eiga rétt á að fá afrit af málskjölum án endurgjalds um leið og mál hefur verið þingfest, sbr. þó 1. mgr. 47. gr. Eftir þingfestingu er dómara skylt gegn greiðslu gjalds að láta öðrum þeim, sem þess óskar, í té staðfest afrit af ákæru og greinargerð ákærða, ef hún hefur verið lögð fram, svo fljótt sem við verður komið. Þó skal synja um að láta í té afrit af þeim hlutum þessara skjala sem hafa að geyma upplýsingar um einka-, fjárhags- eða viðskiptahagsmuni einstaklinga ellegar lögpersóna sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari nema sá samþykki sem í hlut á. Enn fremur ef mikilvægir almannahagsmunir krefjast þess,

svo sem ef um er að ræða upplýsingar um öryggi ríkisins eða varnarmál ellegar samskipti þess við önnur ríki eða alþjóðastofnanir.

Aðilar máls og brotaþoli eiga rétt á að fá staðfest endurrit úr þingbók eða dómabók endurgjaldslaust.

Dómara er enn fremur skylt gegn greiðslu gjalds að láta öðrum þeim, sem þess óskar, í té staðfest endurrit úr dómabók og af úrskurðum og ákvörðunum sem færðar hafa verið í þingbók. Áður en þau endurrit eru afhent skal, ef sérstök ástæða er til, afmá úr þeim atriði sem eðlilegt er að leynt fari með tilliti til almanna- eða einkahagsmuna, þar á meðal atriði úr endurritum af úrskurðum og ákvörðunum ef það hefði í för með sér hættu á sakarspjöllum að þau kæmust til vitundar almennings.

Meðan mál er rekið í héraði, unnt er að skjóta því til Hæstaréttar eða mál er rekið þar fyrir dómi er dómara skylt að láta aðilum máls endurgjaldslaust í té eftirgerð af hljóð- eða myndupptökum skv. 3. mgr. 13. gr. eða leyfa þeim að hlýða á slíkar upptökur, svo fljótt sem við verður komið eftir að þess er óskað. Eftir þann tíma má verða við ósk þess efnis ef sérstakar ástæður mæla með því. Dómara er skylt gegn greiðslu gjalds að láta brotaþola í té eftirgerð af hljóð- eða myndupptökum eða leyfa honum að hlýða á slíkar upptökur ef honum er þörf á því til þess að geta gætt hagsmuna sinna.

Dómara er heimilt að krefjast fyrirframgreiðslu áætlaðs gjalds skv. 1., 3. og 4. mgr.

Telji dómari óheimilt eða óskylt að verða við ósk um afrit eða eftirrit ellegar leyfi til að hlýða á upptöku kveður hann upp úrskurð um það ef þess er krafist.

17. gr.

Við hvern héraðsdómstól skal haldin skrá yfir þau mál sem koma þar til úrlausnar samkvæmt lögum þessum.

Dómstólaráð setur nánari reglur um:

a. málaskrár,
b. þingbækur, þar á meðal færslu þeirra á tölvu,
c. búnað til hljóðritunar og myndbandsupptöku í þinghöldum,
d. dómabækur,
e. varðveislu málskjala, hljóðritana, myndbanda og mynddiska,
f. aðgang að endurritum af dómum og úr þingbók, svo og að framlögðum skjölum, þar með talið brottnám upplýsinga úr þeim.

III. KAFLI
Ákæruvaldið.

18. gr.

Ákærendur eru ríkissaksóknari, héraðssaksóknari og lögreglustjórar. Þeim til aðstoðar eru vararíkissaksóknari, saksóknarar, aðstoðarsaksóknarar, saksóknarfulltrúar og lögmenn, eftir því sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum.

Hlutverk ákærenda er að tryggja, í samvinnu við lögreglu, að þeir sem afbrot fremja verði beittir lögmæltum viðurlögum. Þeir taka ekki við fyrirmælum frá öðrum stjórnvöldum um meðferð ákæruvalds nema sérstaklega sé kveðið á um það í lögum.

Ákærendur skulu vinna að því að hið sanna og rétta komi í ljós og gæta jafnt að þeim atriðum sem horfa til sýknu og sektar. Þeim ber jafnframt að hraða meðferð mála eftir því sem kostur er.

Ákærendum er skylt að gæta þagmælsku um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu eða vegna starfs síns og leynt eiga að fara vegna lögmæltra almanna- eða einkahagsmuna. Tekur þetta til upplýsinga um einkahagi manna sem eðlilegt er að leynt fari, upplýsinga sem varða starfshætti ákæruvalds og lögreglu og fyrirhugaðar aðgerðir í þágu rannsóknar, og annarra upplýsinga sem leynt skulu fara samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

19. gr.

Dómsmálaráðherra hefur eftirlit með framkvæmd ákæruvalds og getur krafist þess að ríkissaksóknari láti í té gögn og greinargerð um meðferð einstakra mála.

Þau sérákvæði í lögum skulu haldast þar sem kveðið er á um að mál skuli því aðeins höfða að dómsmálaráðherra mæli svo fyrir. Þegar svo stendur á leggur ráðherra samþykki sitt á ákæru og áfrýjun og getur að auki gefið ríkissaksóknara fyrirmæli um meðferð máls, þar á meðal um rannsókn þess.

20. gr.

Ríkissaksóknari er æðsti handhafi ákæruvalds og ber ábyrgð á ákvörðunum þeirra sem við embætti hans starfa. Skal hann skipaður ótímabundið í embætti af dómsmálaráðherra og fullnægja lagaskilyrðum til skipunar í dómaraembætti við Hæstarétt. Skal hann enn fremur njóta sömu lögkjara og hæstaréttardómarar, eftir því sem við verður komið.

Ríkissaksóknari hefur embættisskrifstofu í Reykjavík. Honum til aðstoðar eru vararíkissaksóknari, sem ráðherra skipar ótímabundið, svo og saksóknarar sem ráðherra skipar til fimm ára í senn. Skal vararíkissaksóknari fullnægja sömu lagaskilyrðum og ríkissaksóknari, en saksóknarar skilyrðum til skipunar í embætti héraðsdómara. Ríkissaksóknari ræður annað starfslið við embætti sitt, þar á meðal saksóknarfulltrúa sem lokið hafa embættis- eða meistaraprófi í lögfræði.

21. gr.

Ríkissaksóknari gefur út almennar reglur og fyrirmæli um meðferð ákæruvalds. Hann hefur jafnframt eftirlit með framkvæmd ákæruvalds hjá öðrum ákærendum.

Ríkissaksóknari höfðar sakamál ef brot varðar X. kafla almennra hegningarlaga, svo og þau mál önnur þar sem dómsmálaráðherra tekur ákvörðun um saksókn, sbr. 2. mgr. 19. gr. Ef sú háttsemi sem um ræðir felur í sér annað eða önnur brot fer ríkissaksóknari með ákæruvald vegna þeirra. Ríkissaksóknari getur endranær tekið saksókn í sínar hendur, þar á meðal gefið út ákæru, hvenær sem hann telur þess þörf.

Ríkissaksóknari getur gefið öðrum ákærendum fyrirmæli um einstök mál sem þeim er skylt að hlíta. Hann getur kveðið á um rannsókn máls, mælt fyrir um framkvæmd hennar og fylgst með henni.

Ríkissaksóknari tekur ákvörðun um áfrýjun héraðsdóms til Hæstaréttar, svo og um kæru til Hæstaréttar í málum sem hann hefur höfðað.

22. gr.

Dómsmálaráðherra skipar héraðssaksóknara ótímabundið og skulu þeir fullnægja skilyrðum til skipunar í embætti héraðsdómara. Ráðherra ákveður fjölda héraðssaksóknara að höfðu samráði við ríkissaksóknara og er embættisskrifstofa þeirra í Reykjavík.

Dómsmálaráðherra skipar forstöðumann héraðssaksóknara til fimm ára í senn. Hann ber ábyrgð á ákvörðunum þeirra sem við embætti hans starfa. Hann skiptir verkum með héraðssaksóknurum og úthlutar þeim málum. Hann getur skipt héraðssaksóknurum í deildir eftir málaflokkum eða umdæmum. Þá ræður hann annað starfslið embættisins, þar á meðal saksóknarfulltrúa sem lokið hafa embættis- eða meistaraprófi í lögfræði.

Dómsmálaráðherra er heimilt að fenginni umsögn ríkissaksóknara að setja á stofn embætti sérstaks héraðssaksóknara til að fara með ákæruvald í tilteknum málaflokkum. Slíkur héraðssaksóknari skal hafa embættisskrifstofu í Reykjavík og bera starfsheiti sem kennt er við málaflokka sem undir hann heyra. Um skipun hans og stöðu gilda ákvæði 1. mgr. Skal mælt fyrir í reglugerð um verksvið hans og verkaskiptingu milli hans og hins almenna héraðssaksóknara.

23. gr.

Héraðssaksóknari höfðar sakamál ef um er að ræða eftirgreind brot á almennum hegningarlögum:

a. brot á ákvæðum XI. kafla laganna, öðrum en 99. og 101. gr.,
b. brot á ákvæðum XII.–XVI. kafla laganna,
c. brot á ákvæðum XVII. kafla laganna, öðrum en 155.–158. gr.,
d. brot á ákvæðum XVIII.–XXII. kafla laganna,
e. brot á ákvæðum XXIII. kafla laganna, öðrum en 215. og 219. gr., ef brot tengist broti á umferðarlögum, og 217. gr. og 1. mgr. 218. gr.,
f. brot á ákvæðum XXIV. og XXV. kafla laganna, öðrum en 231., 232. og 233. gr.,
g. brot á ákvæðum XXVI. kafla laganna, öðrum en 244., 245. og 246. gr.

Héraðssaksóknari höfðar enn fremur mál ef um er að ræða meiri háttar brot á lögum um skatta, samkeppnislögum og öðrum lögum eftir því sem nánar er kveðið á um í almennum reglum sem ríkissaksóknari setur.

Ef háttsemi felur í sér annað eða önnur brot en þau sem héraðssaksóknari fer með skv. 1. og 2. mgr. tekur hann ákvörðun um það hvort hann höfðar mál sjálfur eða hvort lögreglustjóri gerir það. Héraðssaksóknari getur endranær tekið saksókn í sínar hendur, þar á meðal gefið út ákæru, hvenær sem hann telur þess þörf.

Að svo miklu leyti sem það fer ekki í bága við fyrirmæli ríkissaksóknara skv. 3. mgr. 21. gr. getur héraðssaksóknari gefið lögreglustjórum fyrirmæli um einstök mál sem þeim er skylt að hlíta. Með sama skilorði getur hann kveðið á um rannsókn máls, mælt fyrir um framkvæmd hennar og fylgst með henni.

Nú hefur héraðssaksóknari ákveðið að falla frá saksókn skv. 2.–4. mgr. 146. gr. og ber honum þá að tilkynna ríkissaksóknara það. Ef ríkissaksóknari telur að ekki hafi verið efni til að falla frá saksókn getur hann, innan tveggja mánaða frá því að sú ákvörðun var tekin, lagt fyrir héraðssaksóknara að höfða mál.

Héraðssaksóknari tekur ákvörðun um kæru til Hæstaréttar í málum sem hann hefur höfðað.

24. gr.

Lögreglustjórar höfða önnur sakamál en þau sem ríkissaksóknari eða héraðssaksóknari höfðar skv. 2. mgr. 21. gr. og 1. og 2. mgr. 23. gr., sbr. þó 3. mgr. þeirrar greinar.

Lögreglustjóri getur borið undir héraðssaksóknara álitaefni varðandi saksókn eða málsmeðferð að öðru leyti, svo sem ef hann telur að mál eigi að höfða í öðru umdæmi, hann telur sig vanhæfan eða mál er vandasamt úrlausnar.

Nú hefur lögreglustjóri ákveðið að falla frá saksókn skv. 2.–4. mgr. 146. gr. og ber honum þá að tilkynna héraðssaksóknara það. Ef héraðssaksóknari telur að ekki hafi verið efni til að falla frá saksókn getur hann, innan tveggja mánaða frá því að sú ákvörðun var tekin, ákveðið að höfða mál sjálfur eða lagt fyrir lögreglustjóra að gera það.

Lögreglustjóri sem stýrt hefur rannsókn brots höfðar sakamál vegna þess nema ríkissaksóknari eða héraðssaksóknari höfði mál eða annað leiði af reglum um varnarþing skv. VI. kafla. Í því tilviki tekur héraðssaksóknari ákvörðun um hvaða lögreglustjóri skuli höfða mál eða hvort hann geri það sjálfur.

Lögreglustjórar taka ákvörðun um kæru til Hæstaréttar í málum sem þeir hafa til rannsóknar eða þeir hafa höfðað skv. 1. mgr.

25. gr.

Í héraði flytur ríkissaksóknari þau mál sem hann höfðar eða tekur til sín. Hann getur falið héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanni flutning máls í héraði og ber hann þá sömu skyldur og saksóknari. Þá getur ríkissaksóknari falið héraðssaksóknara eða lögreglustjóra flutning máls fyrir héraðsdómi. Lögreglustjórar geta falið löglærðum starfsmönnum sínum að flytja slíkt mál. Enn fremur er lögreglustjórum heimilt að fela öðrum lögreglustjórum að sækja þing í máli.

Í héraði flytur héraðssaksóknari, saksóknari eða fulltrúi héraðssaksóknara þau mál sem hann höfðar. Einnig má héraðssaksóknari fela öðrum flutning máls í héraði á sama hátt og segir í 1. mgr.

Lögreglustjórar annast flutning þeirra mála, sem þeir höfða, fyrir héraðsdómi. Þeir geta falið löglærðum starfsmönnum sínum flutning þessara mála. Lögreglustjórum er heimilt að fela öðrum lögreglustjórum að sækja þing í máli. Héraðssaksóknari getur tekið við flutningi máls samkvæmt þessari málsgrein hvenær sem hann telur þess þörf.

Ríkissaksóknari sækir mál fyrir Hæstarétti, sbr. þó 5. mgr. Hann getur falið vararíkissaksóknara, héraðssaksóknara, saksóknara eða hæstaréttarlögmanni að flytja þau mál. Sé hæstaréttarlögmanni falið að flytja mál fyrir Hæstarétti hefur hann sömu skyldur og saksóknari. Áður en ríkissaksóknari felur saksóknara við embætti héraðssaksóknara að flytja mál fyrir Hæstarétti skal hann leita samþykkis héraðssaksóknara.

Héraðssaksóknari og lögreglustjórar flytja þau kærumál fyrir Hæstarétti sem þeir fara með skv. 6. mgr. 23. gr. og 5. mgr. 24. gr. Þeim er heimilt að fela löglærðum starfsmönnum sínum flutning þessara mála.

26. gr.

Ef ríkissaksóknari væri vanhæfur til að fara með mál sem dómari skv. 6. gr. skal hann víkja sæti. Setur dómsmálaráðherra þá annan löghæfan mann til að fara með það mál.

Ef héraðssaksóknari væri vanhæfur til að fara með mál sem dómari skv. 6. gr. skal hann víkja sæti. Felur ríkissaksóknari þá öðrum löghæfum manni að fara með það mál.

Ef lögreglustjóri væri vanhæfur til að fara með mál sem dómari skv. 6. gr. skal héraðssaksóknari taka sjálfur ákvörðun um saksókn í því eða fela öðrum lögreglustjóra að gera það.

Nú er maður á sama hátt og áður greinir vanhæfur til meðferðar einstaks máls og má hann þá ekki flytja það sem ákærandi. Skal ríkissaksóknari eða eftir atvikum héraðssaksóknari þá sjálfur annast flutning þess eða fela öðrum löghæfum manni að gera það.

Nú hefur ákæra verið gefin út og skal dómari þá, annaðhvort að eigin frumkvæði eða samkvæmt kröfu aðila, vísa máli frá dómi ef hann telur að ákærandi hafi verið vanhæfur til að höfða málið eða lögreglustjóri vanhæfur til að rannsaka það. Ef maður er vanhæfur til að fara með mál fyrir dómi sem ákærandi skal dómari á sama hátt vísa því frá dómi.

IV. KAFLI
Sakborningur og verjandi.

27. gr.

Sakborningur er sá maður sem borinn er sökum eða grunaður um refsiverða háttsemi. Enn fremur sá lögaðili sem er sakaður eða grunaður um að bera ábyrgð á slíkri háttsemi.

Ef sakborningur er ólögráða kemur lögráðamaður fram sem fyrirsvarsmaður hans. Lögráðamaður tekur ákvarðanir fyrir hönd hins ólögráða sem hann er ekki talinn bera skynbragð á eða fær um að taka.

Ef sakborningur er lögaðili koma stjórnendur fram sem fyrirsvarsmenn hans, einir eða fleiri í sameiningu, eftir því sem leiðir af almennum reglum. Verði því við komið skal sá maður ekki fara með fyrirsvar sem sakaður er um sams konar brot og lögaðilinn.

Fyrirsvarsmenn skv. 2. og 3. mgr. hafa sömu réttarstöðu og væru þeir sjálfir bornir sökum eða grunaðir um refsiverða háttsemi.

28. gr.

Sakborningur á rétt á að fá upplýsingar um sakarefni áður en skýrsla er tekin af honum út af því eða við handtöku ef til hennar kemur.

Sakborningur sem handtekinn hefur verið í þágu rannsóknar máls á rétt á að hafa samband við lögmann þegar eftir handtöku, sömuleiðis nánustu vandamenn sína nema sérstök ástæða sé til að ætla að það muni torvelda rannsókn málsins. Í því tilviki skal lögregla, svo fljótt sem kostur er, tilkynna nánustu vandamönnum sakbornings að hann hafi verið handtekinn og hvar hann sé vistaður. Dómsmálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um hvenær synja má handteknum manni um að hafa samband við nánustu vandamenn sína.

29. gr.

Sakborningi er heimilt að halda sjálfur uppi vörnum í máli kjósi hann það og sé hann hæfur til þess að mati dómara eða lögreglu. Í því tilviki skal veita sakborningi, sem er ólöglærður, leiðbeiningar um formhlið máls eftir því sem nauðsyn ber til.

30. gr.

Skylt er lögreglu að verða við ósk sakbornings um að tilnefna honum verjanda ef hann hefur verið handtekinn í þágu rannsóknar máls.

Heimilt er lögreglu endranær eftir ósk sakbornings að tilnefna honum verjanda við rannsókn máls áður en til málshöfðunar kemur ef ástæða er til þess með tilliti til eðlis brots og aðstæðna að öðru leyti. Þá getur lögregla tilnefnt sakborningi verjanda þótt hann hafi ekki óskað þess ef hann er ekki bær til að gæta hagsmuna sinna sem skyldi við rannsókn máls. Bera má þá ákvörðun undir dómara.

Tilnefning verjanda skv. 1. mgr. fellur sjálfkrafa úr gildi þegar sakborningur er látinn laus eða leiddur fyrir dómara skv. 94. gr. Að öðrum kosti fellur tilnefning úr gildi með úrskurði dómara, sbr. 3. málsl. 2. mgr., þegar mál er höfðað ellegar rannsókn er hætt eða mál fellt niður með öðrum hætti.

31. gr.

Skylt er dómara að verða við ósk sakbornings um skipun verjanda ef þess hefur verið krafist að hann sæti gæsluvarðhaldi eða öðrum ráðstöfunum skv. XIV. kafla laga þessara ellegar ef mál hefur verið höfðað gegn honum.

Enn fremur er skylt að skipa ákærða verjanda ef í málinu fer fram aðalmeðferð samkvæmt ákvæðum XXV. kafla nema ákærði hafi sjálfur valið sér verjanda skv. 32. gr. og vilji ekki fá hann skipaðan sem slíkan eða óski eftir að flytja mál sitt sjálfur skv. 29. gr.

Heimilt er dómara að skipa sakborningi verjanda þótt hann hafi ekki óskað þess ef hann er að mati dómara ekki fær um að gæta hagsmuna sinna sem skyldi við meðferð máls fyrir dómi.

Ef lögregla neitar eða lætur hjá líða að tilnefna sakborningi verjanda skv. 30. gr. getur hann leitað atbeina dómara og óskað eftir því að honum verði skipaður verjandi.

Skipun verjanda fellur sjálfkrafa úr gildi þegar héraðsdómur er kveðinn upp ellegar rannsókn er hætt eða mál fellt niður með öðrum hætti.

Nú er héraðsdómi áfrýjað og fer þá um skipun verjanda fyrir Hæstarétti skv. 5. mgr. 201. gr.

32. gr.

Sakborningi er á öllum stigum opinbers máls heimilt að ráða á sinn kostnað lögmann til að gæta hagsmuna sinna.

Lögmaður sem sakborningur hefur ráðið sér án atbeina dómara eða lögreglu hefur sömu réttindi og skyldur og verjandi eftir því sem við á. Meðan á rannsókn máls stendur má þó takmarka rétt hans til að ræða við sakborning, vera viðstaddur skýrslutöku, kynna sér gögn og fylgjast með framvindu rannsóknar ef hætta er á að hún torveldist við það.

33. gr.

Dómara eða lögreglu ber þegar skylt er eða heimilt að skipa eða tilnefna sakborningi verjanda að vekja athygli hans á þeim rétti.

Verjandi skal skipaður eða tilnefndur úr hópi lögmanna.

Áður en verjandi er skipaður eða tilnefndur skal gefa sakborningi kost á að benda á lögmann til að fara með þann starfa. Við skipun eða tilnefningu verjanda skal að jafnaði fara eftir ósk sakbornings, sbr. þó 4. og 5. mgr. Enn fremur getur dómari eða lögregla neitað að skipa eða tilnefna þann verjanda sem óskað er eftir ef uggvænt þykir að hann muni hindra rannsókn málsins á ólögmætan hátt.

Ekki má skipa eða tilnefna þann verjanda sem gegnt hefur starfi matsmanns eða kann að verða kvaddur til að gefa skýrslu sem vitni í máli ellegar er að öðru leyti svo viðriðinn mál eða aðila að hætta sé á að hann geti ekki gætt hagsmuna sakbornings sem skyldi.

Nú eru fleiri en einn maður hafðir fyrir sökum í sama máli og er þá heimilt að skipa eða tilnefna sama mann verjanda beggja eða allra ef telja má að hagsmunir þeirra rekist ekki á.

34. gr.

Nú óskar sakborningur eftir því að skipun eða tilnefning verjanda verði afturkölluð og nýr verjandi skipaður eða tilnefndur og skal þá verða við slíkri ósk nema hætta sé á að málið tefjist af þeim sökum.

Ef ætla má að verjandi muni hindra eða hafi hindrað rannsókn máls með ólögmætum hætti eða hafi brotið gegn starfsskyldum sínum á annan hátt getur ákærandi eða lögregla leitað atbeina dómara og krafist þess að hann verði leystur frá störfum og annar skipaður í hans stað. Verjandinn getur krafist þess að dómari úrskurði um þá kröfu.

35. gr.

Hlutverk verjanda er að draga fram í málinu allt sem verða má skjólstæðingi hans til sýknu eða hagsbóta og gæta réttar hans í hvívetna.

Verjandi skal sjálfur sinna starfsskyldum sínum, þar á meðal annast flutning máls. Honum er þó heimilt að láta fulltrúa sinn eða annan lögmann vera viðstaddan skýrslutöku og rannsóknarathafnir, svo og sækja einstök þinghöld fyrir sína hönd meðan á rannsókn máls eða meðferð stendur.

Þagnarskylda hvílir á verjanda um það sem skjólstæðingur hans kann að hafa trúað honum fyrir um afstöðu sína til brots þess sem um er að tefla, svo og um önnur þau atriði sem hann hefur komist að í starfa sínum og ekki eru almenningi þegar kunn.

36. gr.

Verjanda er heimilt að tala einslega við skjólstæðing sinn um hvað eina sem málið varðar.

Meðan á rannsókn stendur er verjanda ætíð heimilt að vera viðstaddur þegar tekin er skýrsla af skjólstæðingi hans. Verjanda er og heimilt að vera viðstaddur skýrslutöku af öðrum sakborningum og vitnum í máli skjólstæðings síns ef það þykir hættulaust vegna rannsóknar málsins.

Eftir að ákæra hefur verið gefin út á verjandi rétt á því að vera viðstaddur öll þinghöld í máli og ber dómara að tilkynna honum um þau. Verjandi á jafnframt rétt á að vera viðstaddur þinghöld meðan á rannsókn stendur nema hætta sé á að rannsóknin torveldist við það, sbr. 1. mgr. 104. gr.

37. gr.

Verjandi skal jafnskjótt og unnt er fá afrit af öllum skjölum máls sem varða skjólstæðing hans, svo og aðstöðu til að kynna sér önnur gögn í málinu. Lögregla getur þó neitað að veita verjanda aðgang að einstökum skjölum eða öðrum gögnum í allt að þrjár vikur frá því að þau urðu til eða komust í vörslur hennar ef hún telur að það geti skaðað rannsókn málsins. Af sömu ástæðu er lögreglu heimilt að neita verjanda um afrit af einstökum skjölum meðan á rannsókn máls stendur. Bera má synjun undir dómara.

Nú hefur lögregla krafist skýrslutöku fyrir dómi skv. b-lið 1. mgr. 59. gr. og getur þá dómari framlengt frest skv. 1. mgr. í allt að fimm vikur svo að unnt verði að ljúka skýrslutöku innan hans.

Enn fremur getur lögregla synjað verjanda um aðgang að einstökum skjölum og öðrum gögnum meðan á rannsókn máls stendur ef öryggi ríkisins eða almennings er í húfi ellegar brýnir einkahagsmunir annarra en skjólstæðings hans standa því í vegi. Bera má þá synjun undir dómara.

Þegar verjandi hefur fengið aðgang að gögnum máls er honum heimilt að láta skjólstæðingi sínum í té eintak af þeim eða kynna honum þau með öðrum hætti.

Lögregla skal gefa verjanda færi á að fylgjast með framvindu rannsóknar að svo miklu leyti sem kostur er. Skal hún taka til greina ábendingar hans um tilteknar rannsóknaraðgerðir nema hún telji þær óheimilar eða þýðingarlausar.

38. gr.

Þóknun skipaðs verjanda skal ákveðin í dómi eða úrskurði ef máli lýkur þannig nema hann hafi afsalað sér þóknun. Ef máli lýkur ekki með þeim hætti ákveður dómari þóknun með bókun í þingbók eða skriflega á annan hátt.

Dómari ákveður þóknun í einu lagi ef sá sem tilnefndur hefur verið verjandi sakbornings er síðar skipaður til að gegna því starfi. Að öðrum kosti skal lögreglustjóri eða löglærður starfsmaður hans ákveða þóknun tilnefnds verjanda. Heimilt er að greiða verjanda hluta áætlaðrar þóknunar áður en rannsókn máls lýkur.

Þóknun skipaðs eða tilnefnds verjanda greiðist úr ríkissjóði og telst til sakarkostnaðar skv. 216. gr.

V. KAFLI
Brotaþoli og réttargæslumaður.

39. gr.

Brotaþoli er sá maður sem kveðst hafa orðið fyrir misgerð af völdum afbrots. Enn fremur sá maður sem telur sig hafa orðið fyrir fjárhagslegu tjóni af refsiverðri háttsemi, enda hafi hún beinst að honum sjálfum, eða lögaðili sem sagður er hafa beðið slíkt tjón.

Ef brotaþoli er ólögráða kemur lögráðamaður fram sem fyrirsvarsmaður hans. Lögráðamaður tekur ákvarðanir fyrir hönd hins ólögráða sem hann er ekki talinn bera skynbragð á eða vera fær um að taka.

Ef brotaþoli er lögaðili koma stjórnendur fram sem fyrirsvarsmenn hans, einir eða fleiri í sameiningu, eftir því sem leiðir af almennum reglum.

Fyrirsvarsmenn skv. 2. og 3. mgr. hafa sömu réttarstöðu og hefðu þeir sjálfir talið sig hafa beðið tjón af refsiverðri háttsemi.

Brotaþoli er ekki aðili að sakamáli. Ef hann hefur uppi einkaréttarkröfu skv. XXVI. kafla nýtur hann þó, að því er þann þátt málsins varðar, sömu réttarstöðu og aðili að einkamáli, eftir því sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum.

40. gr.

Lögreglu er skylt, eftir því sem við á, að leiðbeina brotaþola um réttindi hans lögum samkvæmt.

Nú liggur fyrir hver brotaþoli er og skal þá tilkynna honum ef rannsókn máls er hætt eða það fellt niður með öðrum hætti án tillits til þess hvort hann hefur kært brotið. Ber að rökstyðja ákvörðunina ef brotaþoli krefst þess. Jafnframt skal lögregla benda brotaþola á að hann geti borið ákvörðun hennar um að hætta rannsókn undir héraðssaksóknara skv. 5. mgr. 52. gr.

Ef ákæra er gefin út skal ákærandi tilkynna brotaþola eða réttargæslumanni hans það þegar hún hefur verið birt nema hann hafi áður fengið vitneskju um ákæruna. Jafnframt ber ákæranda að tilkynna brotaþola um niðurstöðu dóms, ef því er að skipta, eða afdrif máls að öðru leyti, enda hafi hagsmuna hans ekki verið gætt fyrir dómi.

41. gr.

Skylt er lögreglu að tilnefna réttargæslumann ef rannsókn máls beinist að broti á XXII. kafla almennra hegningarlaga og brotaþoli óskar þess. Þó skal ávallt tilnefna réttargæslumann ef brotaþoli hefur ekki náð 18 ára aldri þegar rannsókn hefst.

Skylt er lögreglu endranær eftir ósk brotaþola að tilnefna honum réttargæslumann ef rannsókn beinist að broti á XXIII. eða XXIV. kafla almennra hegningarlaga eða 251.–253. gr. laganna, ætla má að brotaþoli hafi orðið fyrir verulegu tjóni á líkama eða andlegu heilbrigði af völdum brotsins og hann hefur að mati lögreglu þörf fyrir sérstaka aðstoð réttargæslumanns til þess að gæta hagsmuna sinna í málinu.

Heimilt er lögreglu að tilnefna brotaþola réttargæslumann þótt hann hafi ekki óskað þess ef skilyrðum 2. mgr. er fullnægt og hann er ekki fær um að gæta hagsmuna sinna sem skyldi við rannsókn máls.

Þegar skilyrði eru til þess að tilnefna réttargæslumann skv. 1.–3. mgr. skal það gert jafnskjótt og tilefni gefst. Tilnefning fellur sjálfkrafa úr gildi við skipun réttargæslumanns skv. 1. mgr. 42. gr., en ella skal lögregla taka ákvörðun um það hverju sinni.

42. gr.

Þegar mál hefur verið höfðað og skilyrði eru til þess að tilnefna réttargæslumann skv. 1.–3. mgr. 41. gr. skipar dómari brotaþola réttargæslumann.

Ef lögregla neitar eða lætur hjá líða að tilnefna brotaþola réttargæslumann skv. 41. gr. getur hann leitað atbeina dómara og óskað eftir því að sér verði skipaður réttargæslumaður.

43. gr.

Brotaþola er heimilt að ráða á sinn kostnað lögmann til að gæta hagsmuna sinna.

Lögmaður sem brotaþoli hefur ráðið sér án atbeina dómara eða lögreglu hefur sömu réttindi og skyldur og réttargæslumaður eftir því sem við á. Meðan á rannsókn máls stendur má þó takmarka rétt hans til að vera viðstaddur skýrslutöku af brotaþola og kynna sér gögn ef hætta er á að rannsókn torveldist við það.

44. gr.

Ákvæði 33. og 34. gr. gilda um tilnefningu, skipun og hæfi réttargæslumanns, svo og afturköllun á tilnefningu og skipun hans, eftir því sem við á.

45. gr.

Hlutverk réttargæslumanns er að gæta hagsmuna skjólstæðings síns og veita honum aðstoð í málinu, þar á meðal við að setja fram einkaréttarkröfur skv. XXVI. kafla.

Réttargæslumaður skal sjálfur sinna starfsskyldum sínum, þar á meðal tjá sig munnlega fyrir dómi. Honum er þó heimilt að láta fulltrúa sinn eða annan lögmann vera viðstaddan skýrslutöku af skjólstæðingi sínum og sækja einstök þinghöld fyrir sína hönd.

Þagnarskylda hvílir á réttargæslumanni um það sem brotaþoli trúir honum fyrir og um önnur þau atriði sem hann hefur komist að í starfa sínum og ekki eru þegar kunn.

46. gr.

Meðan á rannsókn stendur er réttargæslumanni ætíð heimilt að vera viðstaddur þegar skýrsla er tekin af skjólstæðingi hans.

Eftir að ákæra hefur verið gefin út á réttargæslumaður rétt á því að vera viðstaddur öll þinghöld í máli. Ber dómara að tilkynna honum hvenær þing verður háð.

Réttargæslumaður má ekki beina spurningum til þeirra sem gefa skýrslu hjá lögreglu eða fyrir dómi. Þó getur hann beint þeim tilmælum til lögreglu eða dómara að skjólstæðingur hans verði spurður um tiltekin atriði, svo og ákærði og vitni um afmörkuð atriði sem varða sérstaklega einkaréttarkröfur brotaþola.

Réttargæslumanni er einungis heimilt að tjá sig munnlega fyrir dómi um einkaréttarkröfur skjólstæðings síns, en ekki um kröfur ákæruvalds að öðru leyti. Þó má hann tjá sig um réttarfarsatriði ef þau snúa sérstaklega að skjólstæðingnum.

47. gr.

Meðan á rannsókn stendur á réttargæslumaður einungis rétt á að fá aðgang að þeim gögnum sem varða þátt skjólstæðings hans í málinu og honum eru nauðsynleg til að gæta hagsmuna skjólstæðingsins. Þó er óheimilt að afhenda réttargæslumanni afrit af skjölum eða veita honum aðgang að gögnum ef verjanda hefur verið synjað um það. Við þingfestingu máls á réttargæslumaður rétt á að fá aðgang að öllum gögnum sem varða þátt skjólstæðings hans nema dómari telji að það kunni að torvelda að mál upplýsist. Í því tilviki skal hann þó í síðasta lagi fá aðgang að gögnunum áður en málið er flutt.

Þegar réttargæslumaður hefur fengið aðgang að gögnum máls er honum heimilt að láta skjólstæðingi sínum í té eintak af þeim eða kynna honum þau með öðrum hætti.

Brotaþoli sem ekki nýtur aðstoðar réttargæslumanns á rétt til aðgangs að gögnum máls skv. 1. mgr.

48. gr.

Þóknun skipaðs réttargæslumanns skal ákveðin í dómi eða úrskurði, ef máli lýkur þannig, nema hann hafi afsalað sér þóknun. Ef máli lýkur ekki með dómi ákveður dómari þóknun með bókun í þingbók eða skriflega með öðrum hætti.

Dómari ákveður þóknun í einu lagi ef sá sem tilnefndur hefur verið réttargæslumaður brotaþola er síðar skipaður til að gegna því starfi. Að öðrum kosti skal lögreglustjóri eða löglærður starfsmaður hans ákveða þóknun tilnefnds réttargæslumanns.

Þóknun réttargæslumanns greiðist úr ríkissjóði og telst til sakarkostnaðar skv. 216. gr.

VI. KAFLI
Varnarþing.

49. gr.

Kröfu um rannsóknaraðgerð sem atbeina dómara þarf til skal að öðru jöfnu beint til héraðsdóms í umdæmi þess lögreglustjóra sem stýrir rannsókn brots. Ef ríkislögreglustjóri fer með rannsókn skal kröfu að öðru jöfnu beint til héraðsdóms í Reykjavík.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má beina kröfu um rannsóknaraðgerð til héraðsdóms í öðru umdæmi ef það horfir til flýtis eða hagræðis. Ef taka þarf skýrslu fyrir dómi af sakborningi eða vitni meðan á rannsókn máls stendur má jafnframt gera það í umdæmi þar sem skýrslugjafi á heimili eða er staddur eða þar sem fyrirsjáanlegt er að mál um sakarefnið kunni að verða höfðað.

Þegar ágreiningur skv. 2. mgr. 102. gr. er borinn undir dómara skal það gert fyrir héraðsdómi í umdæmi þess lögreglustjóra sem stýrir rannsókn brots, sbr. 1. mgr.

50. gr.

Mál sem sætir almennri meðferð fyrir dómi skv. XXV. kafla má höfða í þinghá þar sem ákærði á heimilisvarnarþing. Ef fleiri en einn eru sóttir til saka í sama máli má höfða það á heimilisvarnarþingi annars eða einhvers þeirra.

Ef mál varðar eitt brot má höfða málið í þinghá þar sem brotið var framið. Þá má höfða mál um fleiri brot en eitt í þinghá þar sem eitthvert þeirra var framið hafi þau öll verið framin í umdæmi sama héraðsdómstóls.

Höfða má mál fyrir héraðsdómi í Reykjavík ef brot var framið hér á landi þar sem vafi leikur á um mörk dómumdæma ellegar á íslensku skipi eða í loftfari utan umdæma, svo og ef brot var framið erlendis og mál um það sætir lögsögu íslenskra dómstóla.

Ef ákærði eða verjandi hans sækir þing við þingfestingu máls sem höfðað er í annarri þinghá en að framan greinir verður því ekki vísað frá dómi nema hann krefjist þess.

51. gr.

Ef ríkissaksóknari, héraðssaksóknari eða lögreglustjóri ber undir dóm mál sem sætir afbrigðilegri meðferð skv. XXVII. kafla skal það gert fyrir héraðsdómi í því umdæmi þar sem hann hefur starfsstöð eða sá sem málið varðar á heimilisvarnarþing. Sé slíkt mál borið undir dóm af öðrum skal það gert fyrir héraðsdómi þar sem hann á sjálfur heimilisvarnarþing, en sé það ekki fyrir hendi þá fyrir héraðsdómi í Reykjavík.

2. ÞÁTTUR
Rannsókn.
VII. KAFLI
Almennar reglur um rannsókn.

52. gr.

Rannsókn sakamála er í höndum lögreglu nema öðruvísi sé fyrir mælt í lögum.

Lögregla skal hvenær sem þess er þörf hefja rannsókn út af vitneskju eða grun um að refsivert brot hafi verið framið hvort sem henni hefur borist kæra eða ekki. Enn fremur skal lögregla rannsaka mannslát, mannshvörf, eldsvoða, slys og aðrar ófarir, þótt ekki liggi fyrir grunur um refsiverða háttsemi. Ríkissaksóknari eða héraðssaksóknari geta hvor um sig gefið lögreglu fyrirmæli um að hefja rannsókn, sbr. 3. mgr. 21. gr. og 4. mgr. 23. gr. Um verkaskiptingu ríkislögreglustjóra og lögreglu í einstökum umdæmum fer eftir lögum og reglum, settum samkvæmt þeim.

Kæru vegna refsiverðs brots eða beiðni um rannsókn skal beint til lögreglu eða ákæranda. Nú er háttsemi ekki refsiverð nema brotaþoli krefjist þess að sakamál skuli höfðað og skal þá ekki byrja rannsókn nema samkvæmt kröfu hans. Um kröfuna gilda annars ákvæði 144. gr. eftir því sem við á.

Lögregla vísar frá kæru um brot ef ekki þykja efni til að hefja rannsókn út af henni. Sé rannsókn hafin getur lögregla einnig hætt henni ef ekki þykir grundvöllur til að halda henni áfram, svo sem ef í ljós kemur að kæra hefur ekki verið á rökum reist eða brot er smávægilegt og fyrirsjáanlegt er að rannsóknin muni hafa í för með sér óeðlilega mikla fyrirhöfn og kostnað.

Nú er kæru vísað frá eða rannsókn hætt skv. 4. mgr. og er lögreglu þá skylt að tilkynna það kæranda hafi hann hagsmuna að gæta. Skal honum jafnframt bent á að hann geti kært ákvörðunina til héraðssaksóknara skv. 6. mgr.

Sá sem á hagsmuna að gæta getur kært ákvörðun lögreglu skv. 4. mgr. innan eins mánaðar frá því að honum er tilkynnt um hana eða hann fékk vitneskju um hana með öðrum hætti. Ber héraðssaksóknara að taka afstöðu til kærunnar innan eins mánaðar frá því að hún berst honum.

Nú lýtur kæra að broti sem varðað getur að lögum sex ára fangelsi og getur sá sem kært hefur ákvörðun lögreglustjóra til héraðssaksóknara skotið úrskurði hans til ríkissaksóknara. Skal kærufrestur og frestur til að taka afstöðu til kærunnar vera sá sami og skv. 6. mgr.

53. gr.

Markmið rannsóknar er að afla allra nauðsynlegra gagna til þess að ákæranda sé fært að ákveða að henni lokinni hvort sækja skuli mann til sakar, svo og að afla gagna til undirbúnings málsmeðferð fyrir dómi.

Þeir sem rannsaka sakamál skulu vinna að því að hið sanna og rétta komi í ljós og gæta jafnt að þeim atriðum sem horfa til sýknu og sektar. Þeim ber jafnframt að hraða meðferð mála eftir því sem kostur er.

Þeir sem rannsaka sakamál skulu gæta þess að mönnum verði ekki gert meira tjón, óhagræði eða miski en óhjákvæmilegt er eftir því sem á stendur. Ekki mega þeir beita sakborning eða aðra harðræði umfram það sem lög heimila og nauðsynlegt er til að vinna bug á mótþróa þeirra gegn lögmætum aðgerðum né á annan hátt að beita þá ólögmætri þvingun í orði eða verki, svo sem með hótunum.

54. gr.

Rannsaka skal og afla allra tiltækra gagna um verknað þann sem um er að ræða, svo sem stað og stund og öll nánari atvik, sem ætla má að skipt geti máli, leita þess sem grunaður er um brot, finna sjónarvotta og aðra sem ætla má að borið geti vitni, svo og að hafa upp á munum sem hald skal leggja á og öðrum sýnilegum sönnunargögnum. Þá skal rannsaka vettvang ef við á og yfirleitt öll ummerki sem kunna að vera eftir brot.

Rannsaka skal þau atriði sem varða sakborning sjálfan, þar á meðal eftir því sem ástæða er til aldur hans, persónulegar aðstæður, svo sem fjölskyldu- og heimilishagi, menntun, störf og efnahag, hegðun hans og fyrri brot, og þroska hans og heilbrigðisástand, andlegt og líkamlegt.

Rannsaka skal hugarfar sakbornings og hvatir hans til brots, hvort hann hefur framið brot af ásetningi eða eftir atvikum af gáleysi og ef um tilraun er að ræða hvort hann hefur horfið af sjálfsdáðum frá henni. Ef fleiri en einn eru um brot skal eftir föngum rannsaka þátt hvors eða hvers þeirra um sig.

55. gr.

Skylt er mönnum, ef þeir eru kvaddir til þess, að veita lögreglu lið í þágu rannsóknar, að því tilskildu að þeir geti það án hættu fyrir líf og heilsu sína, vandamanna sinna eða annarra sem þeir eiga að annast. Svo er mönnum með sama skilorði skylt að láta í té aðstöðu eða muni sem þeir ráða yfir í þarfir rannsóknar, svo sem hús og flutningatæki. Undanþegnir skyldu samkvæmt þessari málsgrein eru nánustu vandamenn sakbornings sem greindir eru í 117. gr. laga þessara.

Greiða skal fyrir vinnu og annað það sem látið er í té skv. 1. mgr. og fer um það sem annan sakarkostnað.

56. gr.

Lögregla tekur saman skýrslu um rannsókn sína í hverju máli um sig þar sem getið skal einstakra rannsóknaraðgerða og niðurstöðu þeirra. Eftir því sem við á skal þar meðal annars koma fram það sem sakborningur og vitni bera við skýrslutöku, sbr. 64. og 65. gr., athugun lögreglu sjálfrar og niðurstaða skoðunar og rannsóknar sérfróðra manna.

Ef ætla má að lífi, heilbrigði eða frelsi lögreglumanns sem gerir skýrslu eða sinnir rannsóknaraðgerð ellegar náinna vandamanna hans, sbr. 1. eða 2. mgr. 117. gr., yrði stefnt í hættu ef gert væri uppskátt hver hann er getur sá sem rannsókn stýrir ákveðið að gefa lögreglumanninum þar tilbúið heiti eða auðkenni. Skal þá um leið skjalfest hvaða lögreglumaður á hlut að máli, en aðrir skulu ekki hafa aðgang að upplýsingum um það en sá sem rannsókn stýrir og ákærandi, svo og dómari ef upplýsingarnar eru síðar lagðar fyrir dóm.

Ríkissaksóknara er heimilt að setja reglur um skyldu lögreglu til að veita upplýsingar um rannsókn máls, ef eftir þeim er leitað, þar sem meðal annars sé kveðið á um hvaða atriði eigi að upplýsa þegar verið er að rannsaka tilteknar tegundir mála og á hvaða stigi rannsóknar það verði gert.

57. gr.

Nú telur lögregla að rannsókn sé lokið og gögn komin fram sem geti leitt til saksóknar og sendir hún ákæranda þá rannsóknargögnin nema lögreglustjóri megi sjálfur höfða mál skv. 1. og 4. mgr. 24. gr. Með rannsóknargögnum sendir lögregla skýrslu um rannsóknina skv. 1. mgr. 56. gr.

Ákærandi getur mælt fyrir um frekari rannsóknaraðgerðir af hálfu lögreglu ef hann telur þess þörf, sbr. 3. mgr. 21. gr. og 4. mgr. 23. gr.

Nú hefur rannsókn á hendur sakborningi verið hætt vegna þess að sakargögn hafa ekki þótt nægileg til ákæru og á þá ekki að taka rannsókn upp á ný gegn honum nema ný sakargögn séu fram komin eða líklegt sé að þau komi fram. Ef rannsókn gegn sakborningi hefur verið hætt skal lögregla tilkynna honum það og á hann rétt á að fá það staðfest skriflega.

VIII. KAFLI
Skýrslutaka við rannsókn.

58. gr.

Lögregla tekur skýrslu af sakborningi og vitnum meðan mál er til rannsóknar eftir því sem nánar er fyrir mælt í þessum kafla, sbr. þó 59. gr.

Að kröfu lögreglu er hverjum þeim, sem spurður er, skylt að skýra frá nafni sínu, kennitölu og heimili.

59. gr.

Meðan á rannsókn stendur fer skýrslutaka fram fyrir dómi í eftirgreindum tilvikum:

a. af brotaþola ef rannsókn beinist að broti á XXII. kafla almennra hegningarlaga og hann hefur ekki náð 15 ára aldri þegar rannsókn máls hefst,
b. af sakborningi, brotaþola eða öðrum vitnum ef lögregla telur það nauðsynlegt til þess að upplýsa mál áður en verjandi fær aðgang að einstökum skjölum eða öðrum gögnum þess,
c. af brotaþola eða öðrum vitnum ef þau neita að mæta til skýrslutöku hjá lögreglu eða neita að svara spurningum hennar, ætla má að þau komist ekki fyrir dóm við meðferð

málsins eða það er talið æskilegt með tilliti til hagsmuna þeirra, svo sem ef um börn er að ræða.

Um skýrslutöku fyrir dómi skv. 1. mgr. gilda ákvæði XV. kafla.

60. gr.

Ef lögregla kemur á vettvang brots og ræðir þar við sjónarvotta eða önnur vitni getur hún skráð skýrslu um frásögn þeirra án þess að þau staðfesti hana sérstaklega.

Á öðrum stigum rannsóknar getur lögregla með samtali við vitni aflað frásagnar þess um atriði sem tengjast ætluðu broti og gert skýrslu um efni hennar á sama hátt og skv. 1. mgr.

Ákvæði 63.–65. gr. gilda um skýrslutöku skv. 1. og 2. mgr. eftir því sem við á.

61. gr.

Ef sakborningur hefur ekki verið handtekinn skal lögregla kveðja hann til skýrslutöku og er honum skylt að sinna þeirri kvaðningu. Ef taka á skýrslu af sakborningi yngri en 18 ára vegna ætlaðs brots gegn almennum hegningarlögum eða brots gegn öðrum lögum, sem varðað getur þyngri refsingu en tveggja ára fangelsi, skal tilkynna það barnaverndarnefnd sem getur sent fulltrúa sinn til að vera við skýrslutökuna.

Ef lögregla telur þörf á að taka frekari skýrslu af vitni, þar á meðal brotaþola, en kveðið er á um í 60. gr. skal hún boða vitnið til skýrslutöku. Vitni getur skorast undan að verða við þeirri boðun.

Ef verjandi og réttargæslumaður eiga rétt á því að vera viðstaddir skýrslutöku samkvæmt þessari grein skulu þeir jafnframt boðaðir til hennar.

62. gr.

Skýrslutaka af sakborningi og vitnum skv. 61. gr. fer fram fyrir luktum dyrum. Sé þess kostur skal hún fara fram á lögreglustöð eða í öðru sérútbúnu húsnæði.

Skýrslutaka af manni má ekki standa yfir lengur en í samtals tólf klukkustundir á hverjum 24 klukkustundum. Nú hefur skýrslutaka staðið yfir í fjórar klukkustundir, þó með stuttum hléum sé, og er þá skylt að ósk skýrslugjafa að gera lengra hlé á henni í minnst tvær klukkustundir áður en henni er fram haldið. Séð skal til þess að skýrslugjafi fái að öðru leyti nægilega hvíld og næringu.

Spyrja skal hvern mann án nærveru annarra, hvort sem er sakbornings eða vitna, uns ástæða kann að vera til að samprófa þá sem skýrslu gefa. Samprófun fer þannig fram að tekin skal í senn skýrsla af tveimur eða fleiri mönnum og spurningum þar beint til þeirra um tiltekin atriði sem þeim hefur ekki borið saman um.

Auk þess lögreglumanns sem stýrir skýrslutöku skal við hana vera einn greinargóður og trúverðugur vottur, sé þess kostur.

63. gr.

Sá sem gefur skýrslu skv. 61. gr. skal fyrst spurður um nafn, kennitölu og heimili.

Skýrslugjafi á rétt á því að fá vitneskju um það, þegar mál er orðið svo skýrt að þess sé kostur, hvort hann er spurður vegna gruns á hendur honum um refsivert brot eða hvort hann er kvaddur til vitnisburðar.

Spurningar lögreglu skulu vera skýrar og ótvíræðar. Ekki má rugla skýrslugjafa með ósannindum eða á annan hátt eða beita hann neins konar ólögmætri þvingun í orði eða verki.

Ekki má gefa honum fyrirheit um ívilnanir eða fríðindi ef hann ber á ákveðinn hátt, enda séu slík fyrirheit ólögleg eða ekki á valdi lögreglu að veita þau.

Ef verjandi er viðstaddur skýrslutöku getur hann beint þeim tilmælum til þess sem skýrslu tekur að skýrslugjafi verði spurður um tiltekin atriði. Á sama hátt getur réttargæslumaður, sem viðstaddur er skýrslutöku, mælst til þess að skjólstæðingur hans verði spurður um tiltekin atriði. Sé ekki farið að slíkum tilmælum eða sjái verjandi eða réttargæslumaður að öðru leyti ástæðu til getur hann krafist þess að fá bókaða stuttorða athugasemd um framkvæmd skýrslutöku í lok hennar.

Nú kann skýrslugjafi íslensku ekki nægilega vel og skal þá lögregla kalla til löggiltan dómtúlk eða annan hæfan mann til að annast þýðingu þess sem fram fer. Ef skýrslugjafi er ekki fær um að eiga orðaskipti á mæltu máli skal lögregla á sama hátt sjá um að kalla til kunnáttumann til aðstoðar. Lögregla ákveður þóknun til handa túlki eða kunnáttumanni og greiðist hún og annar kostnaður vegna starfa þeirra úr ríkissjóði. Um störf þeirra og hæfi gilda að öðru leyti ákvæði 12. gr. eftir því sem við á.

64. gr.

Ef sakborningur hefur ekki fengið upplýsingar um sakarefni skal honum gerð grein fyrir því við upphaf skýrslutöku, sbr. 1. mgr. 28. gr.

Sakborningi er óskylt að svara spurningum varðandi refsiverða hegðun sem honum er gefin að sök. Ber þeim sem skýrslu tekur að benda sakborningi ótvírætt á þennan rétt hans.

Ef sakborningur kýs að gefa skýrslu um sakarefnið skal brýnt fyrir honum að segja satt og rétt frá og draga ekkert undan sem máli kann að skipta.

Sakborningur má ekki ráðfæra sig við verjanda sinn um hvernig hann eigi að svara einstökum spurningum. Þó er sakborningi heimilt að ráðgast við verjanda um réttarstöðu sína í einrúmi, enda trufli það ekki skýrslutöku að mati þess sem skýrslu tekur. Nú greinir hann og verjanda á og skal skýrslutökunni samt eigi að síður fram haldið en rétt á verjandi á að gera í stuttu máli grein fyrir afstöðu sinni með bókun.

65. gr.

Ef vitni, þar á meðal brotaþoli, gefur skýrslu skv. 61. gr. er því skylt að svara spurningum og skýra satt og rétt frá að viðlagðri refsiábyrgð, sbr. þó 2. mgr. Ber þeim sem skýrslu tekur að brýna fyrir vitninu þessa skyldu þess.

Vitni er heimilt að neita eða eftir atvikum óheimilt að svara einstökum spurningum ef þær ástæður sem greindar eru í 117.–119. gr. eiga við. Skal vekja athygli vitnisins á þessum undanþágum frá skyldu til vitnisburðar ef tilefni er til.

Vitni getur farið fram á að nafn þess, kennitala og heimili sem og aðrar upplýsingar, sem gætu bent til þess hvert það er, komi ekki fram í lögregluskýrslu, ef það telur hættu á að lífi, heilbrigði eða frelsi þess sjálfs ellegar náinna vandamanna þess, sbr. 1. eða 2. mgr. 117. gr., yrði stefnt í hættu ef gert væri uppskátt hvert það er. Í því tilviki skulu upplýsingar þessar varðveittar þannig að tryggt sé að aðrir fái ekki aðgang að þeim en sá sem rannsókn stýrir og ákærandi, svo og dómari ef skýrslan er síðar lögð fyrir dóm. Skal vekja athygli vitnisins á þessum rétti þess ef tilefni er til.

66. gr.

Þegar tekin er skýrsla af sakborningi eða vitni skv. 61.–65. gr. skal skráð á þar til gert eyðublað hvar skýrslutakan fer fram, hver tekur skýrsluna, hver gefur hana og hverjir aðrir

eru viðstaddir. Skal þar jafnframt skráð hvenær skýrslutaka hefst og hvenær henni lýkur, hvernig henni er háttað, sbr. 2. mgr., og hvaða gögn eru lögð fyrir eða sýnd skýrslugjafa. Enn fremur athugasemdir hans, ef einhverjar eru, og athugasemdir verjanda eða réttargæslumanns, sbr. 4. mgr. 63. gr.

Það sem kemur að öðru leyti fram við skýrslutöku skal hljóðritað, tekið upp á myndband eða mynddisk, ef því verður við komið, en annars ritað af þeim sem skýrslu tekur eftir nánari ákvörðun hans. Skal ákvörðunin tilkynnt skýrslugjafa og öðrum sem viðstaddir eru skýrslutöku. Ef framburður er ekki hljóðritaður eða tekinn upp á annan hátt skal leitast við að skrá orðrétt eftir skýrslugjafa. Í lok skýrslutöku skal gefa skýrslugjafa tækifæri til að lesa það sem skráð hefur verið eftir honum. Vilji hann leiðrétta það sem þar kemur fram eða skýra það frekar ber að gefa honum kost á því, eftir atvikum með því að skrá niður athugasemdir hans, sbr. 1. mgr.

Að lokinni skýrslutöku ritar sá sem skýrslu tekur, skýrslugjafi og aðrir sem viðstaddir eru nöfn sín undir eyðublað skv. 1. mgr. Ef framburður skýrslugjafa hefur verið skráður ritar hann jafnframt nafn sitt undir þá skýrslu. Eyðublaðið ásamt framburði skýrslugjafa á að fylgja rannsóknarskýrslu lögreglu skv. 56. gr.

Nú hefur vitni gefið skýrslu hjá lögreglu án þess að nafn þess og önnur persónueinkenni komi þar fram, sbr. 3. mgr. 65. gr., og á þá ekki að greina þær upplýsingar á eyðublaði skv. 1. mgr. og þær eiga ekki heldur að koma fram á gögnum skv. 2. mgr., auk þess sem vitnið þarf ekki að rita nafn sitt skv. 3. mgr.

67. gr.

Dómsmálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um málaskrá lögreglu, um skýrslur sem teknar eru og varðveislu skriflegra skýrslna, hljóðritana, myndbanda og mynddiska með framburði skýrslugjafa.

IX. KAFLI
Hald á munum.

68. gr.

Leggja skal hald á muni, þar á meðal skjöl, ef ætla má að þeir ellegar hlutir eða upplýsingar sem þeir hafa að geyma hafi sönnunargildi í sakamáli, að þeirra hafi verið aflað á refsiverðan hátt eða að þeir kunni að verða gerðir upptækir. Óheimilt er að leggja hald á muni ef þeir hafa að geyma upplýsingar um það sem sakborningi og verjanda hans hefur farið á milli, svo og upplýsingar sem 2. mgr. 119. gr. tekur til.

Nú er þess kostur að tryggja sönnun í því skyni sem í 1. mgr. segir án þess að leggja þurfi hald á mun og skal þá þess í stað beina því til eiganda eða vörsluhafa munarins að veita aðgang að honum eða láta í té upplýsingar, sem hann hefur að geyma, svo sem með því að afhenda afrit af skjali eða annars konar upplýsingum.

69. gr.

Lögreglu er heimilt að leggja hald á muni án dómsúrskurðar, sbr. þó 2. mgr.

Nú eru munir í eigu eða vörslum annars manns en sakbornings og ekki er hætta á að þeir fari forgörðum eða þeim verði skotið undan og skal þá haldlagning ákveðin með úrskurði dómara nema fyrir liggi ótvírætt samþykki eiganda eða vörsluhafa.

Nú vill eigandi eða vörsluhafi munar, sem hald er lagt á, ekki hlíta þeirri ákvörðun og getur hann þá borið ágreiningsefnið undir dómara. Krafa um að aflétta haldi frestar því þó ekki.

70. gr.

Hald má leggja á bréf eða aðrar sendingar, sem eru í vörslum póst- eða flutningafyrirtækis, svo og á símskeyti, símbréf, tölvubréf eða aðrar sendingar, sem eru í vörslum fjarskiptafyrirtækis, enda sé það gert vegna rannsóknar út af broti sem varðað getur fangelsisrefsingu að lögum. Ef sendandi og viðtakandi hafa ekki verið staddir við haldlagningu skal hún tilkynnt þeim svo fljótt sem verða má, þó þannig að það skaði ekki frekari rannsókn málsins. Rannsókn á efni bréfa, skeyta eða sendinga, sem hald er lagt á samkvæmt þessari málsgrein, má einungis fara fram samkvæmt úrskurði dómara.

Hald verður ekki lagt á prentað mál til undirbúnings upptöku samkvæmt ákvæðum laga um prentrétt án undangengins dómsúrskurðar.

71. gr.

Skrá skal þá muni sem hald er lagt á og varðveita þá með tryggum hætti. Eftir kröfu eiganda eða þess sem lætur muni af hendi skal láta honum í té afrit af skránni.

72. gr.

Aflétta skal haldi þegar þess er ekki lengur þörf og í síðasta lagi þegar máli er endanlega lokið nema um sé að ræða:

a. muni sem gerðir hafa verið upptækir með dómi,
b. muni sem aflað hefur verið með refsiverðum hætti og afhentir hafa verið þeim sem tilkall eiga til þeirra,
c. muni sem lagðir hafa verið fram sem sönnunargögn í máli nema sá sem afhendingar krefst þurfi á gagni að halda til að ná rétti sínum eða afstýra réttindamissi.

Þegar haldi verður aflétt skv. 1. mgr. skal lögregla hlutast til um að skila munum til þess sem rétt á til þeirra.

X. KAFLI
Leit og líkamsrannsókn.

73. gr.

Í þágu rannsóknar er heimilt án dómsúrskurðar að loka húsum eða geymslustöðum, einstökum herbergjum eða hirslum, afgirða ákveðna staði eða svæði og varna mönnum för um þá eða þau, gefa út bann við því að farið sé með muni af ákveðnum stöðum eða svæðum og grípa til sambærilegra ráðstafana til þess að ekki verði hróflað við vettvangi brots og öðrum ummerkjum sem komið geta að notum við rannsóknina.

74. gr.

Heimilt er að leita í húsum sakbornings, geymslustöðum, hirslum, skipum, loftförum, bifreiðum eða öðrum farartækjum hans í því skyni að handtaka hann, rannsaka andlag brots og önnur ummerki eða hafa uppi á munum sem hald skal leggja á.

Leita má í húsum, geymslustöðum, hirslum eða farartækjum annars manns en sakbornings þegar brot hefur verið framið þar eða sakborningur handtekinn þar. Einnig ef rökstuddur grunur leikur á að sakborningur haldi sig þar eða þar sé að finna muni sem hald skal leggja á.

Skilyrði fyrir húsleit er að rökstuddur grunur leiki á að framið hafi verið brot sem sætt getur ákæru og að sakborningur hafi verið þar að verki, enda séu augljósir rannsóknarhagsmunir í húfi. Það er enn fremur skilyrði fyrir húsleit skv. 2. mgr. að rannsókn beinist að broti sem varðað getur fangelsisrefsingu að lögum.

75. gr.

Leit skv. 74. gr. skal ákveðin með úrskurði dómara nema fyrir liggi ótvírætt samþykki eiganda eða umráðamanns, sbr. þó 2. og 3. mgr.

Leit er þó heimil án dómsúrskurðar ef brýn hætta er á að bið eftir úrskurði valdi sakarspjöllum. Enn fremur ef leitað er að manni sem handtaka skal og honum er veitt eftirför eða hætta er á að hann komi sér undan ef beðið er úrskurðar.

Leit er heimil án dómsúrskurðar á víðavangi og í húsakynnum eða farartækjum, sem eru opin almenningi eða hver og einn getur átölulaust gengið um, þótt ekki sé fullnægt skilyrðum 74. gr.

Nú vill sá sem hagsmuna á að gæta ekki hlíta ákvörðun lögreglu um húsleit skv. 2. eða 3. mgr. og skal honum þá bent á að hann geti borið ágreiningsefnið undir dómara. Það frestar þó ekki húsleitinni.

76. gr.

Leita má á sakborningi ef nauðsynlegt þykir til að taka af honum muni sem hald skal leggja á, enda leiki rökstuddur grunur á að hann hafi framið brot sem varðað getur fangelsisrefsingu samkvæmt almennum hegningarlögum eða tveggja ára fangelsi samkvæmt öðrum lögum. Enn fremur má með sama skilorði leita á öðrum en sakborningi, enda leiki rökstuddur grunur á að hann hafi á sér muni sem hald skal leggja á.

Nú er talið að sakborningur feli innvortis muni eða efni sem hald skal leggja á og er þá heimilt að framkvæma leit, enda leiki rökstuddur grunur á að hann hafi framið brot sem varðað getur sex ára fangelsi að lögum. Enn fremur verður að liggja fyrir álit læknis um að óhætt sé að grípa til leitar samkvæmt þessari málsgrein með tilliti til heilsu sakborningsins.

Taka má fingraför af sakborningi og ljósmyndir af honum í þágu rannsóknar, svo og taka úr honum öndunarsýni í sama skyni. Samanburðarfingraför má taka af öllum þeim sem vegna umgengni sinnar um vettvang brots gætu átt þar fingraför. Sú heimild gildir jafnt þótt refsingu verði ekki við komið að lögum.

77. gr.

Heimilt er að taka blóð- og þvagsýni og önnur lífsýni úr sakborningi og rannsaka þau, svo og að framkvæma á honum aðra þá líkamsrannsókn í þágu rannsóknar sem gerð verður honum að meinalausu, enda leiki rökstuddur grunur á að hann hafi framið brot sem varðað getur fangelsisrefsingu að lögum. Enn fremur má taka lífsýni úr öðrum en sakborningi og rannsaka þau, enda varði brot að lögum tveggja ára fangelsi og fyrir liggi álit læknis um að óhætt sé að grípa til slíkrar rannsóknar með tilliti til heilsu þess sem í hlut á.

Ef vafi leikur á hvort sakborningur sé sakhæfur eða refsing geti borið árangur vegna andlegs ástands hans er rétt að láta hann sæta sérstakri geðrannsókn til þess að leiða þessi atriði í ljós. Skilyrði fyrir geðrannsókn er að rökstuddur grunur leiki á að sakborningur hafi framið brot sem varðað getur fangelsisrefsingu að lögum.

78. gr.

Líkamsleit skv. 1. eða 2. mgr. 76. gr. skal ákveðin með úrskurði dómara nema fyrir liggi ótvírætt samþykki þess sem í hlut á. Þó er líkamsleit skv. 1. mgr. 76. gr. heimil án dómsúrskurðar ef brýn hætta er á að bið eftir úrskurði valdi sakarspjöllum.

Líkamsrannsókn eða geðrannsókn skv. 77. gr. skal ákveðin með úrskurði dómara nema fyrir liggi ótvírætt samþykki þess sem í hlut á.

79. gr.

Lögregla stýrir húsleit og framkvæmir líkamsleit samkvæmt ákvæðum þessa kafla. Líkamsleit skal gerð af lögreglumanni sem er sama kyns og sá sem leitað er á. Leit skv. 2. mgr. 76. gr. og læknisrannsókn, þar með talin geðrannsókn, skal framkvæmd af lækni eða öðrum sem hefur til þess tilskilda menntun.

Eiganda eða umráðamanni húsakynna eða farartækis, þar sem leit fer fram, skal kynnt heimild til húsleitar og veittur kostur á að vera viðstaddur hana ef unnt er. Sé hann fjarri skulu til kvaddir heimilismenn hans eða starfsmenn sem þar eru staddir. Hverjum þeim sem hindrar eða truflar leitina má víkja brott af leitarstað. Ef enginn er viðstaddur húsleit af hálfu eiganda eða umráðamanns skal lögregla tilkynna honum um leitina án ástæðulauss dráttar.

Við leit og líkamsrannsókn skal gæta þeirrar varfærni og hlífðar sem samræmist markmiði hennar. Ekki skal gera húsleit að næturþeli nema brýnir rannsóknarhagsmunir séu í húfi.

XI. KAFLI
Símahlustun og önnur sambærileg úrræði.

80. gr.

Með þeim skilyrðum sem greind eru í 1. mgr. 83. gr. og 1. mgr. 84. gr. er heimilt í þágu rannsóknar að leggja fyrir fjarskiptafyrirtæki að veita upplýsingar um símtöl eða önnur fjarskipti við tiltekinn síma, tölvu eða annars konar fjarskiptatæki.

81. gr.

Með þeim skilyrðum sem greind eru í 83. gr. og 1. mgr. 84. gr. er heimilt í þágu rannsóknar að leggja fyrir fjarskiptafyrirtæki að leyfa að hlustað sé á eða tekin séu upp símtöl eða önnur fjarskipti við tiltekinn síma, tölvu eða annars konar fjarskiptatæki ellegar við síma, tölvu eða annars konar fjarskiptatæki í eigu eða umráðum tilgreinds manns. Með sömu skilyrðum er heimilt að leyfa lögreglu að fylgjast með eða taka upp fjarskipti með þar til gerðum búnaði.

82. gr.

Með þeim skilyrðum sem greind eru í 83. gr. og 1. mgr. 84. gr. er heimilt í þágu rannsóknar:

a. að taka upp samtöl eða nema annars konar hljóð eða merki með því að nota til þess sérstaka hljóðupptökutækni eða sambærilega tækni án þess að þeir sem í hlut eiga viti af því,
b. að taka myndir af fólki, hvort sem er ljósmyndir eða kvikmyndir án þess að þeir sem í hlut eiga viti af því,
c. að koma fyrir búnaði á eða inni í bifreið eða öðru farartæki, í varningi eða á manni til að veita honum eftirför eða í öðrum lögmætum tilgangi, t.d. í veski, fatnaði eða handtösku hans.

Heimilt er að taka upp hljóð, taka myndir af fólki og fylgjast með því í þágu rannsóknar á almannafæri eða á stöðum sem almenningur á aðgang að án þess að skilyrðum 83. gr. og 1. mgr. 84. gr. sé fullnægt.

83. gr.

Skilyrði fyrir aðgerðum skv. 80.–82. gr. er að ástæða sé til að ætla að upplýsingar, sem skipt geta miklu fyrir rannsókn máls, fáist með þeim hætti.

Auk þess sem segir í 1. mgr. verða þau skilyrði að vera fyrir hendi svo að gripið verði til aðgerða skv. 81. gr. og 1. mgr. 82. gr. að rannsókn beinist að broti sem varðað getur að lögum átta ára fangelsi ellegar að ríkir almannahagsmunir eða einkahagsmunir krefjist þess.

84. gr.

Til þeirra aðgerða sem taldar eru upp í 80.–82. gr. þarf úrskurð dómara. Þó ber að veita upplýsingar skv. 80. gr. án dómsúrskurðar ef fyrir liggur ótvírætt samþykki umráðamanns og eiginlegs notanda síma, tölvu eða annars konar fjarskiptatækis.

Í úrskurði skal m.a. taka fram hvaða síma eða annað fjarskiptatæki er um að ræða eða hver eigandi eða umráðamaður fjarskiptatækis er, sbr. 80. og 81. gr., ellegar hvar og hvaða aðferð skuli viðhöfð til að taka upp hljóð, taka myndir, fylgjast með fólki eða koma fyrir eftirfararbúnaði, sbr. 82. gr.

Í úrskurði skal heimild til aðgerðar markaður ákveðinn tími sem ekki má vera lengri en fjórar vikur hverju sinni.

Starfsmönnum fjarskiptafyrirtækja er skylt að veita lögreglu aðstoð við framkvæmd þeirra aðgerða sem taldar eru upp í 80. og 81. gr. eftir því sem þörf krefur.

85. gr.

Upptökum af símtölum, hljóðupptökum, myndum eða öðrum upplýsingum, sem aflað er á þann hátt er greinir í 80.–82. gr., skal eyða jafnskjótt og þeirra er ekki lengur þörf, enda hafi þær ekki verið lagðar fyrir dóm. Sama gildir um afrit eða endurrit af þessum upplýsingum. Ef framangreind gögn hafa að geyma samtöl eða önnur samskipti sakbornings við verjanda sinn, svo og upplýsingar sem 2. mgr. 119. gr. tekur til, skal eyða þeim þegar í stað.

Þegar aðgerð skv. 80.–82. gr. er lokið skal lögreglustjóri sjá um að þeim sem aðgerð beindist að, svo og eiganda eða umráðamanni fjarskiptatækis, húsnæðis eða farartækis, sé tilkynnt um aðgerðina svo fljótt sem verða má, þó þannig að það skaði ekki frekari rannsókn málsins. Skal héraðssaksóknari fylgjast sérstaklega með því að lögreglustjórar sinni þessari skyldu sinni.

XII. KAFLI
Ýmsar rannsóknaraðgerðir.

86. gr.

Í þágu rannsóknar leitar lögregla til sérfróðra manna þegar þörf er á sérfræðilegri skoðun eða rannsókn til að upplýsa mál, svo sem læknisskoðun, efnafræðilegri rannsókn, rithandarrannsókn eða bókhaldsrannsókn. Ef ástæða er til getur lögregla eða ákærandi farið fram á að dómkvaddur verði matsmaður skv. 128. gr.

Þóknun fyrir rannsókn eða skoðun skv. 1. mgr. skal ákveðin af lögreglustjóra eða löglærðum starfsmanni hans.

87. gr.

Réttarlæknisfræðileg líkskoðun skal fara fram þegar lögregla telur það nauðsynlegt í þágu rannsóknar. Einnig skal framkvæma réttarkrufningu, ef nauðsyn þykir, og skal leita úrskurðar dómara um krufningu nema nánasti venslamaður eða nánustu venslamenn hins látna samþykki að hún fari fram.

88. gr.

Til tryggingar greiðslu sektar, sakarkostnaðar og upptöku ávinnings, sem aflað hefur verið með broti, getur lögregla krafist kyrrsetningar hjá sakborningi ef hætta þykir á að eignum verði ella skotið undan eða þær glatist eða rýrni að mun.

Um framkvæmd og gildi kyrrsetningar samkvæmt þessari grein fer sem um kyrrsetningu fjármuna almennt, með þeim undantekningum að tryggingu þarf ekki að setja, mál þarf ekki að höfða til staðfestingar kyrrsetningu og gjöld skal ekki greiða fyrir ráðstafanirnar.

Kyrrsetning samkvæmt þessari grein fellur niður ef ákærði hefur verið sýknaður með endanlegum dómi af greiðslu sektar og sakarkostnaðar eða upptaka ávinnings hefur ekki verið dæmd. Sama á við ef saksókn hefur verið felld niður eða rannsókn leiðir ekki til saksóknar. Sakborningur á þá heimtingu á að felldar verði úr gildi þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið til tryggingar kyrrsetningunni. Kyrrsetning fellur á sama hátt niður ef sakborningur innir af hendi þær greiðslur sem kyrrsetning á að tryggja.

89. gr.

Ríkissaksóknara er heimilt að setja reglur um sérstakar aðferðir og aðgerðir lögreglu við rannsókn sakamála sem ekki er kveðið á um í lögum þessum. Í reglunum skal m.a. koma fram hvaða skilyrði þurfa að vera fyrir hendi til þess að gripið verði til tiltekinnar aðferðar eða aðgerðar, hverjir séu bærir til að taka ákvörðun um hana og hvernig staðið skuli að framkvæmd hennar.

XIII. KAFLI
Handtaka.

90. gr.

Lögreglu er rétt að handtaka mann ef rökstuddur grunur leikur á að hann hafi framið brot sem sætt getur ákæru, enda sé handtaka nauðsynleg til að koma í veg fyrir áframhaldandi brot, til að tryggja návist hans eða öryggi hans eða annarra ellegar til að koma í veg fyrir að hann spilli sönnunargögnum.

Nú verður uppþot eða fjölmennar óeirðir brjótast út sem hafa haft eða gætu haft í för með sér líkamsmeiðingar eða stórfelld eignaspjöll og ekki verður með vissu bent á hinn seka eða hina seku og er þá lögreglu heimilt að handtaka hvern þann sem nærstaddur er og ástæða er til að gruna um refsiverða háttsemi.

Auk þess sem kveðið er á um í öðrum lögum er lögreglu enn fremur heimilt að handtaka mann:

a. ef hann neitar að segja til nafns og deili á sér að öðru leyti, enda sé það nauðsynlegt í þágu rannsóknar,
b. ef hann hefur verið kvaddur til að gefa skýrslu hjá lögreglu sem sakborningur en ekki sinnt kvaðningu,
c. ef hann hefur ekki að forfallalausu sinnt fyrirkalli eða mætt til að gefa skýrslu í sakamáli,

d. ef hann hefur leyfislaust horfið úr gæsluvarðhaldi eða rofið bann skv. 1. mgr. 100. gr.

91. gr.

Hver sá sem stendur mann að broti sem sætt getur ákæru og varðað getur fangelsi hefur heimild til að handtaka hann. Í því tilviki skal koma hinum handtekna í hendur lögreglu tafarlaust ásamt upplýsingum um ástæðu handtökunnar og hvenær hún fór fram.

92. gr.

Dómari getur fyrirskipað handtöku eftir kröfu héraðssaksóknara eða lögreglu ef skilyrði 1. eða 3. mgr. 90. gr. eru fyrir hendi. Slík handtökuskipun skal vera skrifleg og tilgreina deili á þeim sem handtaka skal og ástæður handtöku.

Handtökuskipun dómara má birta opinberlega og skora á hvern sem er að framkvæma hana ef ókunnugt er um dvalarstað þess sem handtaka skal og brot getur varðað fangelsi.

93. gr.

Við handtöku skal upplýsa þann sem handtekinn er um ástæður hennar.

Við handtöku skal forðast að valda hinum handtekna tjóni eða baka honum meiri óþægindi en nauðsyn ber til. Þess ber jafnframt að gæta eftir föngum að hann geti ekki unnið tjón á sjálfum sér eða öðrum.

Leita má á handteknum manni og taka af honum muni sem hann hefur á sér. Skila skal munum aftur þegar handtöku lýkur nema hald hafi verið lagt á þá skv. 1. mgr. 68. gr.

Dómsmálaráðherra setur í reglugerð ákvæði um vistun á handteknum mönnum, þar á meðal hvaða atriði skuli skrá sem hana varða.

94. gr.

Mann sem handtekinn hefur verið skal leiða fyrir dóm innan 24 klukkustunda frá því að hann var sviptur frelsi, enda sé hann ekki látinn laus ellegar færður aftur í gæslu sem hann á að sæta. Ef veður, ófærð eða aðrar þvílíkar ástæður koma í veg fyrir að handtekinn maður verði leiddur fyrir dóm samkvæmt framansögðu skal það gert jafnskjótt og kostur er. Sama á við ef ekki er unnt að taka skýrslu af handteknum manni fljótlega eftir að hann hefur verið sviptur frelsi vegna þess að hann er undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna. Þó má aldrei draga lengur en í 30 klukkustundir að leiða hann fyrir dómara af þeirri ástæðu.

XIV. KAFLI
Gæsluvarðhald og aðrar sambærilegar ráðstafanir.

95. gr.

Sakborningur verður því aðeins úrskurðaður í gæsluvarðhald að fram sé kominn rökstuddur grunur um að hann hafi gerst sekur um háttsemi sem fangelsisrefsing er lögð við, enda hafi hann náð 15 ára aldri. Auk þess verður að vera fyrir hendi eitthvert eftirtalinna skilyrða:

a. að ætla megi að sakborningur muni torvelda rannsókn málsins, svo sem með því að afmá merki eftir brot, skjóta undan munum ellegar hafa áhrif á samseka eða vitni,
b. að ætla megi að hann muni reyna að komast úr landi eða leynast ellegar koma sér með öðrum hætti undan málsókn eða fullnustu refsingar,

c. að ætla megi að hann muni halda áfram brotum meðan máli hans er ekki lokið eða rökstuddur grunur leiki á að hann hafi rofið í verulegum atriðum skilyrði sem honum hafa verið sett í skilorðsbundnum dómi,
d. að telja megi gæsluvarðhald nauðsynlegt til að verja aðra fyrir árásum sakbornings ellegar hann sjálfan fyrir árásum eða áhrifum annarra manna.

Einnig má úrskurða sakborning í gæsluvarðhald þótt skilyrði a–d-liðar 1. mgr. séu ekki fyrir hendi ef sérstaklega sterkur grunur leikur á að hann hafi framið afbrot sem að lögum getur varðað 10 ára fangelsi, enda sé brotið þess eðlis að ætla megi varðhald nauðsynlegt með tilliti til almannahagsmuna.

Ekki er heimilt að úrskurða sakborning í gæsluvarðhald ef sýnt þykir að brot, sem hann er sakaður um, muni aðeins hafa í för með sér sektir eða skilorðsbundna fangelsisrefsingu miðað við aðstæður. Enn fremur skal eftir föngum gæta þess að sakborningur verði ekki látinn sæta gæsluvarðhaldi lengur en sýnt þykir að fangelsisrefsing verði dæmd.

Ekki er heimilt að úrskurða sakborning til að sæta gæsluvarðhaldi lengur en í tólf vikur nema mál hafi verið höfðað gegn honum eða brýnir rannsóknarhagsmunir krefjist þess, sbr. a-lið 1. mgr.

Ekki má úrskurða sakborning yngri en 18 ára í gæsluvarðhald nema telja megi víst að önnur úrræði sem vísað er til í 1. mgr. 100. gr. eða mælt er fyrir um í barnaverndarlögum geti ekki komið í stað þess.

96. gr.

Alþingismann má ekki úrskurða í gæsluvarðhald meðan Alþingi er að störfum án samþykkis þingsins nema hann sé staðinn að glæp.

97. gr.

Gæsluvarðhald skal ákveðið með úrskurði dómara, þar sem því skal markaður ákveðinn tími sem má ekki vera lengri en fjórar vikur í senn, enda setji ákvæði 4. mgr. 95. gr. því ekki enn þrengri tímamörk. Gæsluvarðhald verður ekki framlengt nema til komi nýr dómsúrskurður.

Gæsluvarðhald skal ekki vara lengur en þörf krefur. Skal sá sem krafist hefur gæsluvarðhalds láta sakborning lausan jafnskjótt og ástæður til gæslu eru ekki lengur fyrir hendi.

Gæsluvarðhaldi lýkur þegar héraðsdómur hefur verið kveðinn upp í málinu. Eftir kröfu ákæranda getur dómari þó úrskurðað að gæsluvarðhald skuli haldast meðan á áfrýjunarfresti skv. 199. gr. stendur, svo og meðan mál er til meðferðar fyrir Hæstarétti uns dómur er þar upp kveðinn.

98. gr.

Dómari skal að jafnaði leggja úrskurð á kröfu um gæsluvarðhald svo fljótt sem verða má. Ávallt er skylt að kveða upp úrskurð innan 24 klukkustunda frá þeim tíma að sakborningur, sem handtekinn hefur verið, kom fyrir dóm, sbr. 94. gr.

Nú er þess krafist að sakborningur skuli sæta einangrun í gæsluvarðhaldi skv. b-lið 1. mgr. 99. gr. og á dómari þá að taka afstöðu til þeirrar kröfu í úrskurði. Ekki má úrskurða sakborning til að sæta einangrun nema hún sé nauðsynleg af þeim ástæðum sem greindar eru í a- eða d-lið 1. mgr. 95. gr. Hún má ekki standa samfleytt lengur en í átta vikur nema sá sem henni sætir sé sakaður um brot sem varðað getur að lögum 10 ára fangelsi. Enn fremur tekur

dómari í úrskurði afstöðu til kröfu um hver tilhögun gæsluvarðhaldsvistar skuli vera að öðru leyti, sbr. 3. mgr. 99. gr.

99. gr.

Gæsluvarðhaldsfangar skulu sæta þeirri meðferð sem nauðsynleg er til þess að gæslan komi að gagni og góð regla haldist í henni en varast skal að beita þá hörku eða harðýðgi. Um gæsluna gilda annars þessar reglur:

a. gæsluföngum er heimilt að útvega sér sjálfir og taka við fæði og öðrum persónulegum nauðsynjum, þar á meðal fatnaði,
b. gæslufangar skulu aðeins látnir vera í einrúmi samkvæmt úrskurði dómara en þó skulu þeir ekki gegn vilja sínum hafðir með öðrum föngum,
c. gæslufangar eiga rétt á heimsóknum. Þó getur sá sem rannsókn stýrir bannað heimsóknir ef nauðsyn ber til í þágu hennar en skylt er að verða við óskum gæslufanga um að hafa samband við verjanda og ræða við hann einslega, sbr. 1. mgr. 36. gr., og rétt að verða við óskum hans um að hafa samband við lækni eða prest, ef þess er kostur,
d. gæslufangar mega nota síma eða önnur fjarskiptatæki og senda og taka við bréfum og öðrum skjölum. Þó getur sá sem rannsókn stýrir bannað notkun síma eða annarra fjarskiptatækja og látið athuga efni bréfa eða annarra skjala og kyrrsett þau ef nauðsyn ber til í þágu hennar en gera skal sendanda viðvart um kyrrsetningu, ef því er að skipta,
e. gæslufangar mega lesa dagblöð og bækur, svo og fylgjast með hljóðvarpi og sjónvarpi. Þó getur sá sem rannsókn stýrir takmarkað aðgang gæslufanga að fjölmiðlum ef nauðsyn ber til í þágu rannsóknar,
f. gæsluföngum er, eftir því sem unnt er, heimilt að útvega sér vinnu meðan á gæsluvarðhaldi stendur.

Þrátt fyrir ákvæði d-liðar 1. mgr. má gæsluvarðhaldsfangi taka við og senda bréf til dómstóla, dómsmálaráðherra, umboðsmanns Alþingis og verjanda síns án þess að efni þeirra sé athugað.

Að kröfu sakbornings, sem sætir gæsluvarðhaldi, má ákveða í dómsúrskurði að óheimilt sé að skerða réttindi þau sem honum eru áskilin sem gæsluvarðhaldsfanga í c–e-liðum 1. mgr.

Dómsmálaráðherra skal setja nánari reglur um tilhögun gæsluvarðhaldsvistar í reglugerð, þar á meðal um nánari framkvæmd þeirra atriða sem í 1. og 2. mgr. getur.

Gæsluvarðhaldsfanga er heimilt að bera atriði sem varða gæsluvarðhaldsvist undir dómara skv. 102. gr.

100. gr.

Nú eru skilyrði gæsluvarðhalds skv. 1. eða 2. mgr. 95. gr. fyrir hendi og getur dómari þá, í stað þess að úrskurða sakborning í gæsluvarðhald, mælt fyrir um vistun hans á sjúkrahúsi eða viðeigandi stofnun, bannað honum brottför af landinu ellegar lagt fyrir hann að halda sig á ákveðnum stað eða innan ákveðins svæðis.

Dómari skal mæla fyrir um ráðstöfun skv. 1. mgr. í úrskurði og skal hún ekki vara lengur en þörf krefur. Ber þeim sem krafist hefur gæsluvarðhalds eða ráðstöfunar að aflétta henni jafnskjótt og hennar er ekki lengur þörf. Ráðstöfun lýkur í síðasta lagi þegar héraðsdómur hefur verið kveðinn upp í málinu. Eftir kröfu ákæranda getur dómari þó úrskurðað að hún skuli haldast meðan á áfrýjunarfresti skv. 199. gr. stendur, svo og meðan mál er til meðferðar fyrir Hæstarétti uns dómur er þar upp kveðinn.

Lögregla getur lagt fyrir sakborning sem sætir farbanni eða annarri ráðstöfun skv. 1. mgr. að tilkynna henni um verustað sinn eða gefa sig fram við hana á ákveðnum tímum. Lögregla getur enn fremur lagt fyrir sakborning sem sætir farbanni að afhenda henni vegabréf sitt til varðveislu.

Sakborningi er heimilt að bera atriði sem varða framkvæmd farbanns og annarra ráðstafana skv. 1. mgr. undir dómara skv. 102. gr.

101. gr.

Nú eru skilyrði gæsluvarðhalds skv. b-lið 1. mgr. 95. gr. fyrir hendi og getur dómari þá ákveðið að sakborningur haldi frelsi sínu gegn því að hann setji tryggingu. Skal trygging vera í formi reiðufjár, verðbréfa eða ábyrgðar, eftir nánari ákvörðun dómara.

Dómari skal mæla fyrir um tryggingu í úrskurði þar sem kveða skal á um fjárhæð hennar. Ákærandi eða lögregla annast vörslur verðmæta, sem sett eru að tryggingu, og gerir nauðsynlegar ráðstafanir til verndar henni.

Tryggingarfé skal vera fyrirgert til ríkissjóðs ef sakborningur rýfur skilyrði þau sem trygging er sett fyrir. Að öðrum kosti fellur tryggingin í síðasta lagi niður þegar máli er endanlega lokið eða, ef ákærði hefur verið sakfelldur og dæmdur í óskilorðsbundið fangelsi, þegar afplánun er hafin. Sama á við ef sakaður maður verður allt að einu settur í gæsluvarðhald.

XV. KAFLI
Meðferð rannsóknarmála fyrir dómi.

102. gr.

Eftir ákvæðum þessa kafla má leggja fyrir héraðsdóm kröfu um aðgerð á rannsóknarstigi sem atbeina dómara þarf til eftir öðrum ákvæðum laga þessara, þar á meðal kröfu um að skýrsla verði tekin af sakborningi, brotaþola eða öðru vitni fyrir dómi skv. 59. gr.

Auk þess sem í 1. mgr. segir má leggja fyrir héraðsdóm ágreining um lögmæti rannsóknaraðgerða lögreglu eða ákæranda. Enn fremur ágreining um réttindi sakbornings, verjanda hans eða lögmanns, þar á meðal kröfu þeirra um tilteknar rannsóknaraðgerðir, ellegar réttindi brotaþola, réttargæslumanns hans eða lögmanns.

103. gr.

Þegar lögreglustjóri eða ákærandi telur þörf á atbeina dómara til aðgerðar skv. 1. mgr. 102. gr. leggur hann skriflega og rökstudda kröfu um hana fyrir héraðsdóm. Eftir því sem við á skal koma þar skýrlega fram hver krafan er, að hverjum hún beinist og á hvaða grunni hún er reist. Kröfunni skulu fylgja þau gögn sem hún styðst við. Þess skal jafnframt getið hvort sá sem hana gerir krefjist þess að hún sæti meðferð fyrir dómi án þess að sakborningur eða annar sá sem hún beinist að verði kvaddur á dómþing, sbr. 1. mgr. 104. gr.

Þegar lögreglustjóri, ákærandi, sakborningur, verjandi eða lögmaður hans ellegar annar sá sem hagsmuna hefur að gæta ber undir héraðsdóm ágreiningsatriði í tengslum við rannsókn máls skv. 2. mgr. 102. gr. skal það gert á sama hátt og áður greinir með skriflegri og rökstuddri kröfu. Geri lögreglustjóri eða ákærandi slíka kröfu eiga gögn um ágreiningsefnið að fylgja henni en ella skal dómari krefja lögreglu eða ákæranda sem hlut á að máli um slík gögn.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. er þeim sem beinir kröfu til héraðsdóms heimilt að breyta henni munnlega á dómþingi, enda hafi tilefni ekki gefist til þess fyrr og fyrirliggjandi gögn

og upplýsingar nægi annars að mati dómara til þess að afstöðu megi taka til kröfunnar í breyttri mynd.

104. gr.

Nú er krafa gerð um rannsóknaraðgerð sem 1. mgr. 102. gr. tekur til og þess er þar beiðst að hún hljóti meðferð fyrir dómi án þess að sakborningur eða annar sá sem hún beinist að verði kvaddur á dómþing og skal þá dómari taka ákvörðun um hvort orðið skuli við þeirri beiðni. Það skal að jafnaði ekki gert nema dómari telji það nægilega rökstutt að vitneskja um aðgerðina fyrir fram hjá sakborningi eða þeim sem hún á að beinast að geti spillt fyrir rannsókn. Fallist dómari á að taka kröfuna fyrir á dómþingi án þess að kveðja þangað sakborning eða þann sem hún beinist að tilkynnir hann þeim sem kröfuna gerir um stað og stund til þinghalds sem háð skal svo fljótt sem verða má.

Verði ekki farið með kröfu skv. 102. gr. á þann hátt sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar ákveður dómari stað og stund til þinghalds og tilkynnir það þeim sem kröfuna gerði, svo og eftir atvikum lögreglustjóra eða ákæranda, sakborningi eða verjanda ellegar þeim öðrum sem kröfu er beint að, nema dómari telji slíka annmarka á kröfunni að vísa beri henni þegar frá dómi með úrskurði. Ef tilkynning um þinghald er skrifleg skal henni að jafnaði fylgja afrit af kröfu sem þar á að taka fyrir. Heimilt er dómara að fela lögreglu eða ákæranda að koma á framfæri tilkynningu um þinghald.

Ef sá sem kröfu gerir mætir ekki í þinghaldi skal fella málið niður en úrskurða má sakborningi eða öðrum sem sótt hefur þinghaldið ómaksbætur úr hendi hans.

105. gr.

Þegar krafa er tekin fyrir á dómþingi gefur dómari þeim sem hana hefur gert kost á að gera fyrst grein fyrir henni munnlega. Ef sakborningur eða sá sem kröfu er beint að hefur verið kvaddur fyrir dóm og sótt er þing af hans hálfu skulu honum kynnt fram komin gögn með þeim takmörkunum sem kunna að leiða af 1. mgr. 37. gr. og síðan gefinn kostur á að tjá sig um kröfuna. Frestur skal að jafnaði ekki veittur í máli til annars þinghalds nema sá sem kröfu gerir samþykki það eða dómari fallist á að það horfi honum ekki til réttarspjalla.

Sé þess krafist í þinghaldi skv. 1. mgr. að kröfu verði vísað frá dómi skal dómari taka afstöðu til þess eftir að hafa hlýtt á röksemdir aðila. Telji hann að ekki séu efni til að vísa kröfunni frá dómi færir hann ákvörðun sína um það í þingbók en ella tekur hann kröfuna til greina með úrskurði.

106. gr.

Nú lýtur krafa sem til meðferðar er fyrir dómi að því að tekin verði skýrsla af sakborningi eða vitni og gætir dómari þá að því hvort fullnægt sé til þess ákvæðum 59. gr. Ef taka á skýrslu af sakborningi skal hann færður fyrir dóm af lögreglu hafi hann verið handtekinn eða sæti hann gæsluvarðhaldi, en ella gilda ákvæði 1. og 2. mgr. 120. gr. um boðun skýrslugjafa og eftir atvikum kvaðningu hans á dómþing, svo og 121. gr. um viðbrögð við því ef hann mætir ekki eða vitni fullnægir annars ekki vitnaskyldu sinni.

Við meðferð kröfu um gæsluvarðhald eða aðrar ráðstafanir skv. XIV. kafla er sakborningi skylt að mæta fyrir dóm og gefa þar skýrslu ef lögregla eða ákærandi telur þess þörf.

Eftir því sem ástæða er til getur aðili annars krafist þess að munnlegar skýrslur verði teknar fyrir dómi við meðferð máls samkvæmt þessum kafla. Dómari tekur afstöðu til slíkrar kröfu að gættu ákvæði 3. mgr. 110. gr.

Um skýrslutöku af sakborningi og vitnum fyrir dómi skal farið eftir ákvæðum XVII. og XVIII. kafla. Eftir því sem kostur er skal skýrsla skv. 1. mgr. tekin upp á myndband eða mynddisk.

107. gr.

Ef krafa skv. 102. gr. lýtur að öðru en því að skýrsla verði tekin munnlega á dómþingi tekur dómari afstöðu til hennar eftir að hafa hlýtt á röksemdir aðila fyrir henni. Skal það gert með úrskurði ef um málefni er að tefla sem lokið skal á þann hátt eftir öðrum ákvæðum laga þessara eða ágreiningur er um atriði sem kæra má úrlausn um til Hæstaréttar. Að öðrum kosti lýkur dómari málinu með ákvörðun eða annarri ráðstöfun sem færð skal í þingbók.

3. ÞÁTTUR
Sönnun og sönnunargögn.

XVI. KAFLI
Almennar reglur um sönnun.

108. gr.

Sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik, sem telja má honum í óhag, hvílir á ákæruvaldinu.

109. gr.

Dómari metur hverju sinni hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefengd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert það atriði sem varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti, þar á meðal hvaða sönnunargildi skýrslur ákærða hafi, vitnisburður, mats- og skoðunargerðir, skjöl og önnur sýnileg sönnunargögn.

Dómari metur það enn fremur ef þörf krefur hvert sönnunargildi þær staðhæfingar hafa sem varða ekki beinlínis það atriði sem sanna skal en ályktanir má leiða af um það.

Ekki þarf að sanna það sem er alkunnugt á þeim stað og tíma sem dómur eða úrskurður gengur.

110. gr.

Ákærandi aflar sönnunargagna en ákærði getur einnig aflað sönnunargagna telji hann ástæðu til þess.

Eftir því sem dómari telur nauðsynlegt til að upplýsa mál eða skýra það er honum rétt að beina því til ákæranda að afla gagna um tiltekin atriði þess.

Ef dómari telur bersýnilegt að atriði, sem aðili vill sanna, skipti ekki máli eða að gagn sé tilgangslaust til sönnunar getur hann meinað aðila um sönnunarfærslu.

111. gr.

Dómur skal reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi.

Dómara er heimilt að taka til greina sem sönnunargögn skýrslur sem ákærði, brotaþoli eða önnur vitni hafa gefið fyrir dómi áður en mál var höfðað skv. 59. og 106. gr. Þó skulu skýrslugjafar koma á ný fyrir dóm við málsmeðferð ef þess er kostur og annar hvor málsaðili krefst eða dómari telur annars ástæðu til. Ef um er að ræða brot á XXII. kafla almennra hegningarlaga og brotaþoli hefur ekki náð 15 ára aldri skal hann þó ekki koma fyrir dóm að nýju nema dómari telji sérstaka ástæðu til.

Nú hefur vitni ekki komið fyrir dóm og þess er ekki kostur við meðferð máls, en skýrsla hefur verið gefin hjá lögreglu eða öðrum stjórnvöldum meðan málið var til rannsóknar, og metur dómari þá hvort slík skýrsla hafi sönnunargildi og hvert það sé.

112. gr.

Öflun sönnunargagna skal að jafnaði fara fram fyrir þeim dómara sem fer með málið og kveður upp dóm í því. Ef þessu verður ekki komið við nema með verulegum kostnaði eða óhagræði getur dómari ákveðið að gagnaöflun megi fara fram fyrir öðrum dómi samkvæmt ákvæðum XXI. kafla, enda leiði það ekki til óþarfra tafa á rekstri máls.

Nú er skýrsla tekin fyrir dómi af sakborningi, brotaþola eða vitni áður en mál er höfðað skv. 1. mgr. 59. gr. og skal það gert, ef því verður við komið, fyrir þeim dómara sem mun síðar fara með málið og kveða upp dóm í því ef til þess kemur, eftir atvikum sem dómsformaður.

XVII. KAFLI
Skýrslugjöf ákærða fyrir dómi.

113. gr.

Ákærða er jafnan rétt og skylt að koma fyrir dóm til skýrslugjafar eftir að mál hefur verið höfðað gegn honum. Sakborningi er enn fremur rétt og skylt að koma fyrir dóm til skýrslugjafar meðan á rannsókn stendur ef tilefni gefst, sbr. b-lið 1. mgr. 59. og 2. mgr. 106. gr.

Ákærða er óskylt að svara spurningum varðandi refsiverða hegðun sem honum er gefin að sök. Hann getur ýmist neitað að gefa skýrslu um sakarefnið eða neitað að svara einstökum spurningum þar að lútandi.

Nú mætir ákærði ekki til skýrslutöku án þess að um lögmæt forföll sé að ræða og getur þá ákærandi lagt fyrir lögreglu að sækja hann eða færa hann síðar fyrir dóm með valdi ef þörf krefur. Lögreglu er skylt að verða við slíkum fyrirmælum ákæranda.

Sem ákærði eftir ákvæðum þessa kafla skoðast fyrirsvarsmaður sem kemur fram fyrir hans hönd.

114. gr.

Þegar ákærði kemur fyrir dóm lætur dómari hann fyrst gera grein fyrir nafni sínu, kennitölu og heimili. Síðan gerir dómari honum grein fyrir því að honum sé óskylt að svara spurningum varðandi refsiverða hegðun sem honum er gefin að sök, sbr. 2. mgr. 113. gr., en kjósi hann að gera það beri honum að skýra satt og rétt frá. Að svo búnu býður dómari ákærða að tjá sig sjálfstætt um málsatvik og gefur síðan ákæranda og svo verjanda kost á að leggja spurningar fyrir ákærða.

Á meðan ákærði gefur skýrslu skulu vitni í sama máli ekki hlýða á framburðinn. Dómari getur enn fremur ákveðið að það sama gildi um aðra ákærðu ef ástæða þykir til.

Þegar ákærði gefur skýrslu fer að öðru leyti um framkvæmd skýrslugjafar eftir ákvæðum 2. og 3. mgr. 122. gr. eftir því sem við getur átt.

115. gr.

Dómari metur sönnunargildi framburðar ákærða, þar á meðal trúverðugleika hans, við úrlausn máls. Í því sambandi skal meðal annars hugað að ástandi og hegðun ákærða við skýrslugjöf og stöðugleika í frásögn hans.

XVIII. KAFLI
Vitni.

116. gr.

Hverjum manni, sem er orðinn 15 ára, lýtur íslenskri lögsögu og er ekki ákærði eða fyrirsvarsmaður hans, er skylt að koma fyrir dóm sem vitni til að svara munnlega spurningum sem er beint til hans um málsatvik. Þeim sem veitt hefur ákæruvaldi eða lögreglu sérfræðilega aðstoð eða ráðgjöf áður en mál er höfðað er enn fremur skylt að koma fyrir dóm sem vitni til að svara munnlega spurningum sem beint er til hans um sérfræðileg atriði.

Dómari metur með hliðsjón af atvikum hverju sinni hvort yngri manni en getur í 1. mgr. verði gert skylt að gefa skýrslu sem vitni. Sama hátt hefur dómari á um menn sem eru andlega vanheilir.

Ef vitni kemst ekki á þingstað vegna veikinda eða svipaðra ástæðna má dómari ákveða að það gefi skýrslu á öðrum stað þar sem þess er kostur.

Nú er vitni statt fjarri þingstað eða það hefði annars sérstakt óhagræði af því að koma fyrir dóm og getur þá dómari ákveðið að skýrsla verði tekin af því á dómþingi gegnum síma eða annað fjarskiptatæki, enda verði skýrslutöku hagað þannig að allir sem eru staddir á dómþingi heyri orðaskipti við vitnið. Þessari heimild verður þó ekki beitt ef ætla má að úrslit máls geti ráðist af framburði vitnisins.

Dómari getur lagt fyrir vitni í kvaðningu skv. 2. mgr. 120. gr. að hafa með sér gögn til sýningar fyrir dómi eða að athuga bækur sínar, skjöl og aðra muni og gera útdrátt úr tilteknum atriðum í þeim til skýringar á málsatvikum. Þetta á þó ekki við ef gögnin eða munirnir hafa að geyma upplýsingar sem 2. mgr. 119. gr. tekur til.

117. gr.

Eftirtaldir geta skorast undan því að gefa vitnaskýrslu að öllu leyti eða einhverju:

a. sá sem er eða hefur verið maki ákærða,
b. skyldmenni ákærða í beinan legg, systkin hans og þeir sem tengjast honum þannig vegna ættleiðingar,
c. stjúpforeldri ákærða og stjúpbarn,
d. tengdaforeldri ákærða og tengdabarn.

Dómari getur leyst aðra sem eru eða hafa verið nákomnir ákærða undan vitnaskyldu ef honum virðist samband þeirra mjög náið, svo sem ef um er að ræða fósturforeldri eða fósturbarn, sambúðarkonu eða sambúðarmann, unnustu eða unnusta.

Verjanda er óheimilt að bera vitni í máli skjólstæðings síns án leyfis hans.

Embættis- og sýslunarmönnum er óskylt að koma fyrir dóm til að vitna um atvik sem hafa gerst í embætti þeirra eða sýslan og má leiða nægilega í ljós með vottorði úr embættisbók eða öðru opinberu skjali.

118. gr.

Vitni er rétt að skorast undan því að svara spurningu ef ætla má að í svari þess geti falist játning eða bending um að það hafi framið refsiverðan verknað eða atriði sem valdi því siðferðislegum hnekki eða tilfinnanlegu fjárhagstjóni. Það sama á við ef ætla má að svar hefði sömu afleiðingar fyrir einhvern þann sem tengist vitni með þeim hætti sem segir í 1. eða 2. mgr. 117. gr.

Dómari getur undanþegið vitni frá því að upplýsa um leyndarmál varðandi viðskipti þess, uppgötvanir eða önnur slík verk ef hann telur hagsmuni vitnis af leyndinni verulega ríkari en hagsmuni af vættinu.

119. gr.

Án leyfis hlutaðeigandi ráðherra er vitni óheimilt að svara spurningum um leynilegar ráðagerðir, ályktanir eða samninga handhafa ríkisvalds um málefni sem varða öryggi, réttindi eða heill ríkisins eða skipta mjög miklu fyrir viðskipti eða fjárhag þjóðarinnar.

Vitni er óheimilt án leyfis þess sem í hlut á að svara spurningum um:

a. hver sé höfundur eða heimildarmaður að riti, grein, frásögn eða tilkynningu sem hefur birst án þess að hann væri nafngreindur, ef vitnið ber ábyrgð að lögum á efni prentaðs rits eða öðru efni sem birtist opinberlega eða það hefur öðlast vitneskju um höfund eða heimildarmann í starfi hjá ábyrgðarmanni,
b. einkahagi manns sem því hefur verið trúað fyrir í starfi sem endurskoðandi, félagsráðgjafi, lögmaður, læknir, prestur, forstöðumaður trúfélags eða sálfræðingur ellegar í öðru starfi sem viðlíka trúnaðarskylda fylgir,
c. atriði sem það hefur komist að í opinberu starfi og á að fara leynt,
d. leyndarmál um viðskipti, uppgötvanir eða önnur slík verk sem það hefur komist að í starfi.

Nú telur dómari að vitnisburður geti ráðið úrslitum um niðurstöðu máls og getur hann þá þrátt fyrir fyrirmæli 1. og 2. mgr. ákveðið að vitni skuli svara spurningum um tiltekin atriði, enda séu ríkari hagsmunir af því að spurningunum verði svarað en trúnaði haldið. Þetta á þó ekki við um það sem ákærði hefur trúað verjanda sínum, presti eða forstöðumanni trúfélags fyrir um málsatvik.

Ef dómari telur óvíst hvort skilyrðum 3. mgr. sé fullnægt getur hann lagt fyrir vitni að tjá sér fyrst í trúnaði hvers efnis svar þess yrði.

120. gr.

Ákærandi annast boðun vitnis á dómþing. Þó getur verjandi boðað vitni á dómþing kjósi hann það. Nú er vitni yngra en 18 ára og skal það þá boðað fyrir milligöngu lögráðamanns.

Ef ástæða er til boðar dómari vitni á dómþing með skriflegri kvaðningu sem hann gefur út að eigin frumkvæði eða ósk annars hvors aðila. Í kvaðningu skal greint nafn og heimili vitnis, tilefni boðunar í aðalatriðum, nafn dómstóls, hvar og hvenær vitnaleiðslan fer fram og hverjar afleiðingar það geti haft að vitni mæti ekki eða sinni ekki skyldu sinni að öðru leyti. Ákærandi skal sjá um að kvaðning sé birt og skal það gert með sama hætti og birtingu ákæru skv. 156. gr.

Ef vitni er statt á dómþingi er því skylt að bera þegar vætti þótt það hafi ekki verið boðað í því skyni.

121. gr.

Nú kemur vitni ekki fyrir dóm samkvæmt löglega birtri kvaðningu án þess að um lögmæt forföll sé að ræða og getur þá ákærandi lagt fyrir lögreglu að sækja vitnið eða færa það síðar fyrir dóm. Lögreglu er skylt að verða við slíkum fyrirmælum ákæranda.

Ef vitni kemur fyrir dóm en fullnægir annars ekki vitnaskyldu sinni, þar á meðal fyrirmælum dómara skv. 5. mgr. 116. gr., getur dómari að kröfu aðila gert því dagsektir með úrskurði.

Þær falla niður ef vitni fullnægir síðan skyldu sinni eða aðili hverfur frá því að krefja það vættis.

Ef vitni kemur fyrir dóm en getur ekki fullnægt vitnaskyldu sinni vegna ástands síns, svo sem vegna ölvunar eða geðshræringar, getur dómari gert nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að það geti leyst skyldu sína af hendi síðar.

122. gr.

Þegar vitni kemur fyrir dóm lætur dómari það fyrst gera grein fyrir nafni sínu, kennitölu og heimili, en prófar svo eftir þörfum hvort því sé rétt eða skylt að bera vætti. Síðan brýnir dómari alvarlega fyrir vitni skyldu þess til að skýra satt og rétt frá og draga ekkert undan, og leiðir athygli þess að þeirri refsi- og siðferðisábyrgð sem er samfara vísvitandi eða gáleysislega röngum framburði, svo og að þess kunni að verða krafist að það staðfesti framburð sinn með eiði eða drengskaparheiti.

Að svo búnu verða spurningar lagðar fyrir vitni. Dómara er rétt að láta ákæranda og verjanda um að spyrja vitnið og skal ákærandi að jafnaði leggja spurningar fyrir það fyrst, en síðan verjandi. Skal jafnframt gefa réttargæslumanni kost á að koma á framfæri við dómara spurningum sem hann óskar eftir að verði lagðar fyrir vitnið, sbr. 3. mgr. 46. gr. Dómara er rétt að umorða, laga og skýra spurningar áður en vitnið svarar og koma í veg fyrir að spurningar séu lagðar fyrir vitnið sem eru óákveðnar, tvíræðar, veiðandi, óþarflega móðgandi eða særandi, lagaðar til að villa um fyrir vitni eða sýnilega tilgangslausar. Dómari getur svipt þann sem brýtur gegn þessu rétti til að leggja spurningar fyrir vitni og tekið skýrslutöku í sínar hendur. Dómara er og rétt að krefja vitnið frekari skýringa á svari þannig að efni þess komi skýrt fram, svo og að leggja spurningar sjálfstætt fyrir vitnið eða að ósk ákærða ef því er að skipta.

Nú hefur vitni áður gefið skýrslu hjá lögreglu, þar á meðal skv. 1. eða 2. mgr. 60. gr., eða fyrir dómi í málinu og kynnir dómari þá slíka skýrslu og önnur sýnileg sönnunargögn ekki fyrir vitninu fyrr en honum þykir þess þörf til skýringar eða leiðréttingar skýrslu þess. Sama á við um skýrslu sem vitnið kann að hafa gefið hjá öðrum stjórnvöldum en lögreglu meðan málið var til rannsóknar.

Hvert vitni skal að jafnaði prófa sér án þess að önnur vitni hlýði á. Að kröfu aðila getur dómari þó ákveðið að vitnið verði samprófað við ákærða eða annað vitni.

Nú er dómþing háð fyrir opnum dyrum og spurningu til vitnis er þannig háttað að svar við henni varðar einkahagi þess eða annarra og getur þá dómari látið vitnið svara skriflega. Skal þá bókað um svarið og aðilum og vitninu gefinn kostur á að ganga úr skugga um að bókun sé rétt án þess að hún sé lesin upp.

Dómari leiðbeinir vitni um atriði sem lúta að skyldu og heimild þess til vitnisburðar. Ef vitnið telur sér óskylt að gefa skýrslu eða svara einstökum spurningum eða heldur fram heimildarskorti ber því að leiða líkur að staðreyndum sem á veltur í þeim efnum. Dómari getur leyft vitninu að leiða aðra fyrir dóm til skýrslugjafar í því skyni.

Við skýrslugjöf vitnis leitar dómari eftir þörfum vitneskju um atriði sem varða mat á trúverðugleika þess. Í þeim efnum skal dómari jafnan leitast við að ganga úr skugga um hvort skýrsla vitnisins sé reist á skynjun þess sjálfs eða sögusögn annarra. Þá skal dómari gera sér far um að leiða í ljós hvort horf vitnisins til máls, ákærða og eftir atvikum brotaþola sé með einhverjum þeim hætti að það geti haft áhrif á sönnunargildi framburðar þess.

Dómari getur samkvæmt kröfu ákæranda, ákærða eða vitnis ákveðið að vitni sem kemur fyrir dóm geri ekki í heyranda hljóði grein fyrir nafni sínu, kennitölu og heimili, sbr. 1. mgr.,

eða segi á sér deili að öðru leyti ef dómari telur að lífi, heilbrigði eða frelsi vitnisins ellegar náinna vandamanna þess, sbr. 1. eða 2. mgr. 117. gr., yrði stefnt í hættu ef það væri gert uppskátt hvert það er. Þó skal dómari ekki fallast á kröfu um nafnleynd vitnis nema brýna nauðsyn beri til og ekki sé ástæða til að telja að hún geti spillt fyrir vörn ákærða svo að máli skipti. Í því tilviki skal dómara greint skriflega og í trúnaði frá nafni vitnis og öðrum atriðum, sem leynt skulu fara, en gögn með þeim upplýsingum skulu síðan varðveitt þannig að tryggt sé að aðrir fái ekki aðgang að þeim. Sé máli skotið til Hæstaréttar skulu þessar upplýsingar á sama hátt fylgja því.

123. gr.

Dómari getur samkvæmt kröfu ákæranda eða vitnis ákveðið að ákærða verði vikið úr þinghaldi meðan það gefur skýrslu ef dómari telur að nærvera ákærða geti orðið vitninu sérstaklega til íþyngingar og haft áhrif á framburð þess.

Nú er skýrsla tekin af vitni yngra en 15 ára og getur þá dómari kvatt til kunnáttumann sér til aðstoðar við skýrslutöku. Ákærandi, ákærði og verjandi hans eiga ekki rétt á að vera viðstaddir í dómsal eða annars staðar þar sem dómþing er háð ef dómari telur að nærvera þeirra geti orðið vitninu sérstaklega til íþyngingar og haft áhrif á framburð þess. Á sama hátt getur dómari ákveðið að ákærði og málflytjendur skuli víkja úr þinghaldi ef skýrsla er tekin af vitni án þess að það þurfi að skýra frá nafni sínu í heyranda hljóði, sbr. 8. mgr. 122. gr.

Ef ákærða er óheimilt að vera viðstaddur skýrslutöku skv. 1. mgr. eða ákærða og málflytjendum skv. 2. mgr. skal dómari sjá til þess að þeir geti fylgst með skýrslutöku um leið og hún fer fram. Jafnframt er honum rétt að leggja fyrir vitnið þær spurningar sem þeir óska. Dómstólaráð setur nánari reglur um tilhögun skýrslutöku samkvæmt þessari grein.

124. gr.

Eftir kröfu aðila skal dómari láta vitni staðfesta framburð sinn með eiði eða drengskaparheiti þegar það hefur lokið skýrslugjöf. Vitni verður þó ekki látið staðfesta framburð sinn ef:

a. það hefur ekki náð 15 ára aldri,
b. það á við svo mikla andlega vanheilsu að stríða að það beri ekki skyn á eða er ófært um að meta helgi eða þýðingu staðfestingar,
c. það er undir ákæru fyrir rangan framburð eða hefur verið sakfellt fyrir slíkt brot,
d. það færist undan staðfestingu og ákvæði 117. gr. og 1. mgr. 118. gr. eiga við,
e. dómari telur það svo tengt aðila eða hafa slíka hagsmuni af málsúrslitum að staðfesting sé óviðeigandi.

Áður en vitni staðfestir framburð sinn brýnir dómari fyrir því helgi og þýðingu staðfestingar, bæði fyrir úrslit máls og vitnið sjálft lagalega og siðferðislega.

Ef vitni lýsir því yfir að gefnu tilefni frá dómara að það samrýmist afstöðu þess í trúarefnum að vinna eið og að það trúi á guð fer staðfesting þannig fram að vitnið lyftir upp hægri hendi og hefur þessi orð eftir dómara: Ég sver það og vitna til guðs míns að ég hef sagt það sem ég veit sannast og réttast og ekkert dregið undan.

Ef ekki eru skilyrði til eiðvinningar skv. 3. mgr. vinnur vitni heit og fer staðfesting þannig fram að vitnið lyftir upp hægri hendi og hefur þessi orð eftir dómara: Ég lýsi því yfir og legg við drengskap minn og heiður að ég hef sagt það sem ég veit sannast og réttast og ekkert dregið undan.

Eiður og heitvinning hafa sömu þýðingu að lögum.

125. gr.

Ef ákærandi boðar vitni á dómþing eða það er kvatt þangað er honum skylt, sé þess óskað, að sjá því fyrir fram fyrir fé til greiðslu kostnaðar af ferð og dvöl á þingstað.

Ef vitni krefst þess að fullnægðum skyldum sínum ákveður dómari því greiðslu vegna útlagðs kostnaðar af rækslu vitnaskyldu og þóknun fyrir atvinnumissi sem má telja skipta það máli miðað við efnahag þess og aðstæður. Ákærandi skal sjá um að vitni sé greiddur kostnaður og þóknun um sinn og skal inna greiðslu af hendi svo fljótt sem verða má.

126. gr.

Dómari metur sönnunargildi vitnisburðar við úrlausn máls. Í því sambandi skal meðal annars hugað að afstöðu vitnis til ákærða og eftir atvikum brotaþola, hagsmunum þess af málsúrslitum, þroska þess, áreiðanleika skynjunar þess á atvikum, minni, ástandi og hegðun þess við skýrslugjöf, öryggi þess og skýrleika í svörum og samræmi í frásögn.

XIX. KAFLI
Matsgerðir.

127. gr.

Skoðunar- og matsgerðir, lýsingar á hlutum og aðrar rannsóknargerðir í því sambandi kallast hér einu nafni matsgerðir eða mat og athafnir sem lúta að þeim að meta.

Dómari leggur sjálfur mat á atriði sem krefjast almennrar þekkingar og menntunar eða lagaþekkingar.

Ef opinber starfsmaður er skipaður í eitt skipti fyrir öll til að meta tiltekin atriði getur aðili snúið sér beint til hans ef honum er skylt að framkvæma matið eða hann er fús til þess án dómkvaðningar, enda sé það í verkahring hans.

128. gr.

Ef ekki verður farið svo að sem segir í 2. eða 3. mgr. 127. gr. kveður dómari einn eða tvo matsmenn, ef honum þykir þörf á, til að framkvæma mat eftir skriflegri beiðni aðila. Í beiðni skal koma skýrlega fram hvað eigi að meta, hvar það er sem meta á og hvað aðili hyggst sanna með mati. Ákærandi eða ákærði geta hvor um sig beiðst mats eftir að mál hefur verið höfðað. Enn fremur getur lögregla eða ákærandi beiðst mats á rannsóknarstigi.

Aðilar skulu kvaddir á dómþing þar sem matsbeiðni er tekin fyrir og skal dómari greina þeim frá því hvern hann hafi í hyggju að kveðja til matsstarfa.

Þann einn má dómkveðja til að framkvæma mat sem er orðinn 20 ára að aldri, er að öllu leyti óaðfinnanlegt vitni um það atriði sem á að meta og hefur nauðsynlega kunnáttu til að leysa starfann af hendi eða annars þá kunnáttu sem bestrar er kostur. Maður getur ekki skorast undan að verða við kvaðningu ef honum væri skylt og heimilt að bera vitni um matsatriði og breytir engu þótt nauðsyn beri til að hann fari í aðra þinghá en þar sem hann á heimili til að rækja starfann. Dómara er þó rétt að taka rökstudda undanfærslu til greina, enda sé þá kostur jafnhæfs manns til starfans.

Dómari getur dómkvatt matsmann sem er búsettur utan lögsagnarumdæmis hans.

Dómkvaðning skal bókuð í þingbók. Í henni skal greina skýrt hvað skuli metið, hvenær mati skuli lokið og hverjum eigi að gefa kost á að gæta hagsmuna sinna við framkvæmd þess. Dómari getur að eigin frumkvæði bætt við atriðum við matsbeiðni og skulu þau jafnframt færð til bókar. Enn fremur skal tekið fram að matsmanni beri að vinna verk sitt af bestu

vitund og semja rökstudda matsgerð sem hann megi vera viðbúinn að þurfa að gefa skýrslu um fyrir dómi, sbr. þó 2. mgr. 130. gr.

Ef matsmaður deyr, forfallast, reynist óhæfur til starfans eða vanrækir það kveður dómari annan í hans stað að kröfu matsbeiðanda.

129. gr.

Matsbeiðandi tilkynnir matsmanni um dómkvaðningu og lætur honum í té endurrit af bókun um hana.

Matsmaður tilkynnir aðilum svo fljótt sem verða má og með sannanlegum hætti hvar og hvenær verði metið. Dómara ber að veita matsmanni leiðbeiningar eftir föngum um matsatriði. Matsmanni er rétt að afla sér gagna til afnota við matið en aðilum, sem eru viðstaddir, skal þá gefinn kostur á að tjá sig um þau eftir þörfum. Ef vitnaleiðsla reynist nauðsynleg til skýringar á matsatriði er dómara rétt að láta hana þegar fara fram.

Þeim sem hefur umráð þess sem matsgerð lýtur að er skylt að veita matsmanni aðgang að því nema hann megi skorast undan vitnaskyldu um matsatriði eða sé óheimilt að bera vitni um það.

Matsmaður framkvæmir starf sitt þótt aðilar mæti ekki þegar metið er nema upplýsingar vanti sem þeir hefðu mátt veita.

130. gr.

Matsmaður skal semja skriflega og rökstudda matsgerð þar sem þau sjónarmið eru greind sem álit hans er reist á, sbr. þó 2. mgr. Matsgerð skal fengin dómara í hendur nema farið hafi verið fram á mat á rannsóknarstigi, en þá skal hún afhent matsbeiðanda. Matsmanni er þó rétt að krefjast áður greiðslu skv. 3. mgr.

Dómari getur ákveðið að matsmaður, sem dómkvaddur er eftir að mál hefur verið höfðað, þurfi ekki að semja skriflega matsgerð skv. 1. mgr. heldur skuli hann mæta fyrir dóm áður en aðalmeðferð fer fram og gefa þar skýrslu um niðurstöðu matsins, sbr. 2. mgr. 132. gr.

Matsmaður á rétt á hæfilegri þóknun fyrir störf sín samkvæmt reikningi og endurgreiðslu útlagðs kostnaðar úr hendi ákæruvaldsins. Ef annar hvor aðili telur að fjárhæð sú sem matsmaður fer fram á sé ósanngjörn getur hann krafist úrskurðar dómara um hana. Matsmanni er rétt að krefjast greiðslu fyrir fram vegna ferðakostnaðar samkvæmt ákvörðun dómara.

131. gr.

Aðili getur krafist yfirmats þar sem tekin verði til endurmats þau atriði sem hafa áður verið metin. Skal dómari verða við þeirri kröfu telji hann ástæðu til. Yfirmatsmenn skulu vera fleiri en matsmenn voru en að öðru leyti gilda ákvæði 128.–130. gr. um yfirmat.

132. gr.

Matsmanni sem skilað hefur skriflegri matsgerð ber að koma fyrir dóm til að gefa skýrslu til skýringar og staðfestingar á matsgerð og um atriði sem tengjast henni ef aðili krefst þess eða dómari telur annars ástæðu til. Ef matsmaður hefur ekki skilað slíkri matsgerð er honum skylt að koma fyrir dóm og skýra frá niðurstöðu mats, svo og að svara spurningum um atriði sem tengjast því.

Ákvæðum XVIII. kafla verður beitt um skýrslugjöf matsmanns eftir því sem þau geta átt við.

133. gr.

Dómari leysir úr ágreiningi sem lýtur að dómkvaðningu og hæfi matsmanns með úrskurði. Dómari getur enn fremur úrskurðað um atriði sem varða framkvæmd matsgerðar, svo sem hvort það hafi verið metið sem skyldi meta samkvæmt dómkvaðningu eða hvort matsgerð sé nægilega rökstudd, ef til álita kemur að endurskoða hana eða framkvæma endurmat.

Dómari leggur mat á önnur atriði varðandi matsgerð, þar á meðal sönnunargildi hennar, þegar leyst er að öðru leyti úr máli.

XX. KAFLI
Skjöl og önnur sýnileg sönnunargögn.

134. gr.

Aðilar leggja fram þau skjöl og önnur sýnileg sönnunargögn sem þeir vilja að tekið verði tillit til við úrlausn máls.

Ákærandi leggur fram þau skjöl og önnur sýnileg sönnunargögn sem aflað hefur verið við rannsókn og sönnunargildi hafa að hans mati, þar á meðal þau sem hafa að geyma framburð ákærða og vitna fyrir dómi og hjá lögreglu. Þó er einungis heimilt að leggja fram skýrslur sem vitni hafa gefið hjá lögreglu eða eftir atvikum öðrum stjórnvöldum ef ætlunin er að leiða þau fyrir dóm eða ekki er kostur á að fá þau fyrir dóm til að gefa skýrslu. Ef ástæða er til skal ákærandi enn fremur leggja fram lista með nöfnum þeirra sem hafa gefið skýrslu hjá lögreglu eða öðrum stjórnvöldum.

Að öðru leyti en því sem greinir í 2. mgr. má ekki leggja fram skjöl eða annars konar gögn ef þau hafa að geyma framburð ákærða eða annarra sem skylt er að koma fyrir dóm sem vitni.

Óheimilt er að leggja fram skjöl eða annars konar gögn ef þau hafa að geyma upplýsingar um það sem sakborningi og verjanda hans hefur farið á milli, svo og upplýsingar sem 2. mgr. 119. gr. tekur til.

135. gr.

Nú er skjal eða annað sýnilegt sönnunargagn í vörslum manns sem ekki er aðili að máli og getur þá ákærandi eða ákærði krafist þess að fá það afhent til framlagningar, enda megi ætla að það hafi sönnunargildi í málinu og vörslumanni sé skylt og heimilt að bera vitni um efni þess. Verði maður ekki við áskorun um að afhenda skjal eða annars konar gagn skal ákærandi leggja hald á það samkvæmt úrskurði dómara.

Vörslumaður getur krafist þess að dómari aflétti haldi skv. 1. mgr. með úrskurði. Að öðrum kosti skal aflétta því þegar þess er ekki lengur þörf og í síðasta lagi þegar máli er endanlega lokið nema þær ástæður eigi við sem greindar eru í a- eða b-lið 1. mgr. 72. gr.

136. gr.

Nú hefur skjal sem hald verður lagt á skv. 1. mgr. 135. gr. að geyma atriði sem hluta-aðeiganda væri óskylt eða óheimilt að bera vitni um og getur þá dómari ákveðið að skjalið verði lagt fyrir hann í trúnaði og gegn þagnarskyldu og annaðhvort að hann taki afrit af því úr skjalinu sem er skylt og heimilt að láta uppi eða geri skýrslu um þau atriði.

Ef eigandi eða vörslumaður skjals sem hald verður lagt á skv. 1. mgr. 135. gr. gerir sennilegt að það baki sér tjón eða óhagræði að það verði gert getur dómari ákveðið að láta við það sitja að skjalið verði afhent fyrir dómi til afritunar. Það sama á við ef skjal er verðmætt fyrir hlutaðeiganda eða sérstök hætta er á því að það glatist eða spillist ef það er látið af hendi.

Frumrit skjala, sem ákvæði 1. og 2. mgr. taka til, skulu afhent hlutaðeiganda um leið og afnotum er lokið.

Ákvæði 1.–3. mgr. gilda um önnur sýnileg sönnunargögn eftir því sem átt getur við.

137. gr.

Dómari metur sönnunargildi skjala og annarra sýnilegra sönnunargagna með hliðsjón af atvikum hverju sinni.

XXI. KAFLI
Öflun sönnunargagna fyrir öðrum dómi.

138. gr.

Nú óskar aðili að leiða vitni, fá matsmann kvaddan ellegar afla skjala eða annarra sýnilegra sönnunargagna fyrir öðrum dómi en þar sem mál er rekið og leggur hann þá skriflega beiðni um það fyrir dómara í málinu. Í beiðni skal greint frá ástæðum fyrir henni, hvar sé óskað að gagnaöflun fari fram, hver gögn þurfi að senda hlutaðeigandi dómi, hverjum eigi að gera aðvart um þinghald þar og um hverja gagnaöflun sé nánar að tefla. Ef óskað er að leiða vitni skal þannig greint frá nafni þess, kennitölu og heimili, svo og þeim atriðum nákvæmlega sem vætti á að varða. Sé óskað dómkvaðningar matsmanns skal beiðni um hana að jafnaði fylgja.

Beiðni skv. 1. mgr. skal tekin fyrir í þinghaldi í málinu. Ef dómari telur skilyrðum 1. mgr. 112. gr. fullnægt til að verða við beiðni bókar hann ákvörðun sína um það í þingbók. Úrskurður skal kveðinn upp ef krafist er.

139. gr.

Ef gagnaöflun á að fara fram fyrir öðrum dómi hér á landi sendir dómari í málinu hlutaðeigandi dómi skriflegt erindi ásamt beiðni aðila, frumritum eða afritum nauðsynlegra gagna og endurritum úr þingbók.

Nú á gagnaöflun að fara fram fyrir dómi í öðru ríki og aflar þá dómari í málinu þýðingar á þeim gögnum sem um ræðir í 1. mgr. Dómari sendir skriflegt erindi sitt og önnur gögn ásamt þýðingum til hlutaðeigandi dóms, eftir atvikum fyrir milligöngu stjórnvalda.

140. gr.

Þegar gagnaöflun eftir fyrirmælum þessa kafla fer fram fyrir dómi hér á landi skal farið eftir ákvæðum II. og XVIII.–XX. kafla eftir því sem átt getur við. Dómari, sem gagnaöflun fer fram fyrir, tekur ákvarðanir og úrskurðar um atriði varðandi framkvæmd hennar.

Ef sérstakt tilefni verður til þess meðan á gagnaöflun stendur fyrir öðrum dómi getur aðili óskað eftir því að frekari gagna verði aflað þar en var beiðst í byrjun. Ákveður hlutaðeigandi dómari hvort orðið verði við slíkri ósk.

141. gr.

Eftir því sem átt getur við skal ákvæðum 140. gr. beitt þegar sönnunargagna er aflað í héraði í tengslum við rekstur máls fyrir Hæstarétti.

Þá skal ákvæðum 140. gr. einnig beitt eftir því sem getur átt við þegar gagna er aflað fyrir héraðsdómi hér á landi í tengslum við rekstur máls erlendis.

4. ÞÁTTUR
Saksókn og meðferð máls fyrir héraðsdómi.
XXII. KAFLI
Almennar reglur um saksókn.

142. gr.

Sérhver refsiverð háttsemi skal sæta ákæru nema annað sé sérstaklega ákveðið í lögum.

143. gr.

Ef maður er saksóttur fyrir fleiri en eitt brot skal það gert í einu máli eftir því sem við verður komið.

Ef fleiri menn en einn eru sóttir til saka fyrir þátttöku í sama verknaði skal það gert í einu máli nema annað þyki hagkvæmara.

144. gr.

Nú er það gert að skilyrði fyrir því að sakamál sé höfðað að krafa sé um það gerð og skal það þá því aðeins gert að brotaþoli eða einhver brotaþola krefjist þess. Sé brotaþoli látinn hafa maki, börn, aðrir niðjar, foreldrar eða systkini hins látna rétt til að krefjast málshöfðunar í hans stað. Ef nánustu vandamenn brotaþola eru samkvæmt framansögðu fleiri en einn og ekki á eitt sáttir um hvort mál skuli höfðað ákveður ákærandi hvort það skuli gert.

Ekki á að taka til greina kröfu um málshöfðun skv. 1. mgr. ef sá sem hana gerir vill undanskilja einhvern af þeim sem sekur kann að vera um hina refsiverðu háttsemi. Kröfu um málshöfðun má afturkalla allt þar til dómur er kveðinn upp í málinu í héraði. Sá sem hefur afturkallað kröfu getur ekki borið hana fram að nýju nema það sé gert innan þeirra tímamarka sem greind eru í 3. mgr. og ákærandi geti á það fallist.

Heimild til þess að bera fram kröfu um málshöfðun skv. 1. mgr. fellur niður sé krafa ekki gerð innan sex mánaða frá því að sá sem heimildina hefur fékk vitneskju um þann sem sekur kann að vera um hina refsiverðu háttsemi. Nú andast brotaþoli áður en fresturinn er liðinn og getur þá sá sem kemur í hans stað ávallt borið fram kröfu innan þriggja mánaða frá andlátinu. Nú kunna fleiri að vera sekir og frestur til þess að krefjast málshöfðunar á hendur einhverjum þeirra er liðinn og skal þá því aðeins taka til greina kröfu um málshöfðun á hendur hinum að ákærandi geti á það fallist.

145. gr.

Þegar ákærandi hefur fengið gögn máls í hendur og gengið úr skugga um að rannsókn sé lokið athugar hann hvort sækja skuli sakborning til sakar eða ekki. Ef hann telur það sem fram er komið ekki nægilegt eða líklegt til sakfellis lætur hann við svo búið standa en ella höfðar hann mál á hendur sakborningi skv. 152. gr., sbr. þó 146. gr.

146. gr.

Málsókn fellur niður ef sakborningur gengst undir eða honum eru ákveðin viðurlög skv. XXIII. kafla, sbr. þó 3. mgr. 148. gr. og 4. mgr. 149.

Falla má frá saksókn með því að fresta ákæru skilorðsbundið samkvæmt almennum hegningarlögum.

Enn fremur má falla frá saksókn þegar svo stendur á sem hér segir:

a. ef brot er smávægilegt eða fyrirsjáanlegt er að umfang málsins verði í verulegu ósamræmi við þá refsingu sem vænta má,

b. ef sakborningur og brotaþoli hafa komist að samkomulagi, að undangenginni sáttamiðlun, og sakborningur hefur efnt það fyrir sitt leyti,
c. ef sakborningur virðist vera ósakhæfur og ekki er nauðsynlegt að gera kröfu um að hann verði beittur öryggisráðstöfunum,
d. ef brot hefur valdið sakborningi sjálfum óvenjulega miklum þjáningum eða aðrar sérstakar ástæður mæla með því að fallið sé frá saksókn, enda verði að telja að almannahagsmunir krefjist ekki málshöfðunar.

Nú kemur til greina að sækja mann til sakar í einu máli út af fleiri brotum og er þá heimilt að falla frá saksókn vegna þeirra brota sem ætla má að skipti engu eða óverulegu máli við ákvörðun viðurlaga. Enn fremur má falla frá saksókn ef maður, sem búið er að dæma fyrir brot, verður uppvís að því að hafa framið annað eða önnur brot áður en hann var dæmdur, enda megi ætla að ekki verði um frekari refsingu að ræða þótt sakfellt yrði fyrir þau brot.

Í málum þar sem lögreglustjóri fer með ákæruvald getur hann fallið frá saksókn. Nú telur hann ástæðu til að falla frá saksókn skv. 2.–4. mgr. en vafa leika á heimild til þess og skal hann þá senda héraðssaksóknara málið til ákvörðunar.

147. gr.

Nú er mál fellt niður skv. 145. gr. eða fallið er frá saksókn skv. 2.–4. mgr. 146. gr. og skal ákærandi sem þá ákvörðun tók tilkynna hana sakborningi og ef því er að skipta brotaþola, enda liggi fyrir hver hann er. Ber að rökstyðja ákvörðunina ef þess er krafist.

Sá sem ekki vill una ákvörðun lögreglustjóra skv. 1. mgr. getur kært hana til héraðssaksóknara innan eins mánaðar frá því að honum var tilkynnt um hana. Skal héraðssaksóknari taka afstöðu til kærunnar innan tveggja mánaða frá því að ákvörðun var tekin.

Nú lýtur ákvörðun héraðssaksóknara skv. 2. mgr. að broti sem varðað getur að lögum sex ára fangelsi og getur sá sem ekki vill una henni kært hana til ríkissaksóknara. Skal kærufrestur og frestur til að taka afstöðu til kærunnar vera sá sami og skv. 2. mgr.

Héraðssaksóknari getur fellt ákvörðun lögreglustjóra skv. 1. mgr. úr gildi að eigin frumkvæði ef hann telur hana andstæða lögum eða fjarstæða að öðru leyti, enda sé það gert innan tveggja mánaða frá því að hún var tekin. Ríkissaksóknari getur með sama skilorði fellt úr gildi þá ákvörðun héraðssaksóknara eða lögreglustjóra að fella mál niður eða falla frá saksókn.

XXIII. KAFLI
Lok máls án ákæru.

148. gr.

Nú stendur lögregla mann að broti sem heyrir undir ákæruvald lögreglustjóra, hann gengst skýlaust við brotinu og lögregla telur að hæfileg viðurlög við því séu einvörðungu sekt sem fari ekki fram úr tiltekinni fjárhæð samkvæmt reglugerð sem dómsmálaráðherra setur skv. 1. mgr. 151. gr. Getur þá lögregla ákveðið viðurlög við broti samkvæmt henni. Lögregla gerir sakborningi ljós þau viðurlög sem við broti liggja og afleiðingar þess að sekt sé ekki greidd með því að afhenda honum skýrslu þar sem fram kemur stutt lýsing á broti, hvar og hvenær það er framið, þau refsiákvæði sem það varðar við, hvaða sekt og vararefsing liggur við broti og að unnt sé að krefjast fjárnáms ef sekt greiðist ekki eða honum kunni að vera gert að afplána vararefsingu. Ef því er að skipta skal jafnframt kynna sakborningi og tiltaka í skýrslunni hversu mörgum punktum brotið varði samkvæmt reglugerð um ökuferilsskrá og punktakerfi vegna umferðarlagabrota. Sakborningur undirritar skýrsluna og fær afhent afrit hennar.

Lögregla getur boðið sakborningi að ljúka þegar máli með greiðslu sektar á vettvangi. Geri sakborningur það ekki skal honum settur tiltekinn frestur í skýrslunni til að greiða hana.

Nú er sekt sem ákveðin er skv. 1. mgr. ekki greidd og má þá í stað saksóknar vegna brotsins fullnægja sektinni með fjárnámi eftir því sem segir í 2. mgr. 151. gr.

Nú telur lögreglustjóri eða héraðssaksóknari að saklaus maður hafi verið látinn gangast undir viðurlög samkvæmt þessari grein eða að málalok hafi verið fjarstæð að öðru leyti og getur hann þá innan mánaðar frá því að honum barst vitneskja um þau fellt gerðina úr gildi, enda sé þá ekki liðið ár frá málalokum.

149. gr.

Nú berst lögreglustjóra kæra um brot sem heyrir undir ákæruvald hans eða lögregla stendur mann að slíku broti og lögreglustjóri telur viðurlög við brotinu ekki fara fram úr sviptingu ökuréttar allt að einu ári, upptöku eigna eða sekt að tiltekinni fjárhæð samkvæmt reglugerð sem dómsmálaráðherra setur skv. 1. mgr. 151. gr. Getur lögreglustjóri þá bréflega, innan mánaðar frá því að honum barst kæran, gefið sakborningi kost á að ljúka málinu með því að gangast undir hæfileg viðurlög ásamt greiðslu sakarkostnaðar. Gangist sakborningur undir ákvörðun viðurlaga hafa þau málalok sama gildi um ítrekunaráhrif og dómur, ef því er að skipta. Hafni sakborningur þessum málalokum eða sinni ekki boði lögreglustjóra skal tekin ákvörðun um saksókn eftir almennum reglum.

Nú hefur sakborningur gengist skriflega undir ákvörðun sektar og sakarkostnaðar skv. 1. mgr. en ekki greitt og má þá í stað saksóknar vegna brotsins fullnægja ákvörðuninni með fjárnámi eftir því sem segir í 2. mgr. 151. gr.

Ríkissaksóknari lætur lögreglustjórum í té skrá yfir brot sem heimild skv. 1. mgr. nær til, ásamt leiðbeiningum um sektarfjárhæð og önnur viðurlög fyrir hverja tegund brots. Ber að láta ríkissaksóknara í té skýrslur um málalok skv. 1. mgr. eftir þeim reglum sem hann ákveður.

Nú telur héraðssaksóknari að saklaus maður hafi verið látinn gangast undir viðurlög samkvæmt þessari grein eða að málalok hafi verið fjarstæð að öðru leyti og getur hann þá innan mánaðar frá því að honum barst vitneskja um þau fellt gerðina úr gildi, enda sé þá ekki liðið ár frá málalokum.

150. gr.

Nú eru skilyrði til að ljúka máli samkvæmt því sem segir í 1. mgr. 149. gr. og lögreglustjóri telur að hæfileg viðurlög við brotinu séu einvörðungu sekt sem fari ekki fram úr að tiltekinni fjárhæð samkvæmt reglugerð sem dómsmálaráðherra setur skv. 1. mgr. 151. gr. Getur þá lögreglustjóri gefið sakborningi kost á að ljúka málinu með greiðslu tiltekinnar sektar, en í sektarboði skal koma fram stutt lýsing á broti, hvar og hvenær það var framið og þau refsiákvæði sem það varðar við. Einnig skal koma fram í sektarboði hverjar geta orðið afleiðingar þess að því er ekki sinnt.

Hafni sakborningur sektarboði skv. 1. mgr. skal tekin ákvörðun um saksókn eftir almennum reglum.

Sinni sakborningur ekki sektarboði skv. 1. mgr. innan 30 daga eftir að það hefur verið birt skv. 156. gr. getur lögreglustjóri sent málið héraðsdómara til ákvörðunar sektar og vararefsingar. Dómari tekur ákvörðun um viðurlög með áritun á sektarboð lögreglustjóra. Slík áritun hefur sömu áhrif og dómur. Ekki er þörf á að kveðja sakborning fyrir dóm áður en máli verður lokið á þennan hátt.

Telji dómari hæfileg viðurlög við broti fara fram úr því sem greinir í 1. mgr. eða fyrirliggjandi gögn ekki nægileg til að sýnt sé fram á sök sakbornings hafnar hann málalokum skv. 3. mgr. með áritun sektarboðs. Er dómari ekki bundinn af slíkri ákvörðun ef til málshöfðunar kemur vegna brotsins.

Nú hefur máli verið lokið með ákvörðun viðurlaga skv. 3. mgr. og getur sakborningur þá krafist þess að málið verði tekið upp á ný, enda færi hann fram varnir sem gætu hafa haft áhrif á úrslit þess. Kröfu um endurupptöku skal beint til þess dómstóls þar sem máli var lokið innan fjögurra vikna frá því að sakborningi varð kunnugt um sektarákvörðun. Dómari ákveður með úrskurði hvort krafa verður tekin til greina. Fallist dómari á kröfuna fellur ákvörðun um viðurlög skv. 3. mgr. úr gildi og sætir málið upp frá því meðferð samkvæmt almennum reglum, þó án þess að ákæra hafi verið gefin út. Eftir því sem við getur átt fer að öðru leyti um kröfu um endurupptöku samkvæmt þessari málsgrein og meðferð máls, sé krafan tekin til greina, eftir ákvæðum XXIX. kafla.

Nú telur héraðssaksóknari að sakborningur hafi verið látinn sæta fjarstæðum málalokum og getur hann þá krafist endurupptöku málsins fyrir hlutaðeigandi dómstóli. Um meðferð þeirrar kröfu og málsins upp frá því fer eftir 5. mgr.

151. gr.

Dómsmálaráðherra ákveður í reglugerð sem hann setur að fenginni tillögu ríkissaksóknara þau viðurlög, þar á meðal hámark sektar, sem lögregla getur ákveðið vegna brota skv. 1. mgr. 148. gr. Enn fremur það hámark sektar sem lögreglustjóri getur ákveðið vegna brota skv. 1. mgr. 149. gr. og það hámark sektar sem miðað skal við í 1. mgr. 150. gr. Ráðherra getur einnig sett nánari reglur um meðferð mála skv. 148.–150. gr.

Lögreglustjóri getur krafist fullnustu sektar sem lögregla hefur ákveðið skv. 1. mgr. 148. gr. og ákvörðunar skv. 1. mgr. 149. gr. með aðför. Um aðförina skulu gilda reglur um aðför eftir sátt sem komist hefur á fyrir yfirvaldi.

XXIV. KAFLI
Ákæra, fyrirkall og birting.

152. gr.

Ákærandi höfðar sakamál með útgáfu ákæru. Í henni skal greina svo glöggt sem verða má:

a. þann dómstól sem málið er höfðað fyrir,
b. nafn ákærða, kennitölu eða fæðingardag og heimili eða dvalarstað,
c. hver sú háttsemi er sem ákært er út af, hvar og hvenær brotið er talið framið, heiti þess að lögum og önnur skilgreining og loks heimfærslu þess til laga og stjórnvaldsfyrirmæla, ef því er að skipta,
d. röksemdir sem málsóknin er byggð á, ef þörf krefur, svo sem ef mál er flókið eða umfangsmikið, en röksemdafærslan skal þá vera gagnorð og svo skýr að ekki fari á milli mála hverjar sakargiftir eru,
e. kröfur um refsingu og önnur viðurlög, svo sem sviptingu réttinda og upptöku eigna, svo og kröfu um greiðslu sakarkostnaðar,
f. einkaréttarkröfur og kröfur allsherjarréttar eðlis skv. XXVI. kafla.

Þegar ákæra hefur verið gefin út á hendur manni nefnist hann ákærði.

153. gr.

Ákærandi getur breytt eða aukið við ákæru með útgáfu framhaldsákæru til að leiðrétta augljósar villur eða ef upplýsingar, sem ekki lágu fyrir þegar ákæra var gefin út, gefa tilefni til. Framhaldsákæru skal gefa út svo fljótt sem verða má eftir að þörfin á henni er kunn, en þó í síðasta lagi tveimur vikum fyrir aðalmeðferð máls skv. 166. gr., nema ákærði samþykki að það sé gert síðar.

Ákærandi getur allt fram til þess að dómur er upp kveðinn afturkallað ákæru sem hann hefur gefið út eða fallið frá einstökum ákæruatriðum.

Nú hefur máli verið vísað frá dómi eða það verið fellt niður og verður þá nýtt mál um sama sakarefni ekki höfðað síðar en þremur mánuðum frá því að málinu var endanlega lokið á þann hátt. Skal fresturinn reiknast frá því að málinu var vísað frá dómi eða það var fellt niður í fyrsta sinn, eftir atvikum fyrir Hæstarétti.

154. gr.

Ákæra skal send héraðsdómi ásamt þeim sýnilegu sönnunargögnum sem ákæruvaldið hyggst leggja fram í málinu. Ákæru á að fylgja skrá yfir gögnin og skulu þau vera í nægilega mörgum eintökum. Jafnframt á að fylgja tilkynning um það hver fari með málið fyrir ákæruvaldið, hvaða vitni það óskar eftir að verði leidd í málinu og hvaða sönnunargagna það telji nauðsynlegt að afla að öðru leyti. Tekið skal fram hvort halda beri upplýsingum um nafn og önnur persónueinkenni einstakra vitna og lögreglumanna leyndum fyrir öðrum en dómara málsins, sbr. 2. mgr. 56. gr. og 3. mgr. 65. gr.

155. gr.

Eftir að héraðsdómi hefur borist ákæra ákveður dómari stað og stund þinghalds þar sem málið verður þingfest. Skal þingfesting fara fram svo fljótt sem verða má. Samhliða gefur dómari út fyrirkall á hendur ákærða sem greini stað og stund þingfestingar ásamt áskorun til hans um að sækja þing. Jafnframt skal greina þann fyrirvara sem birta skal ákæru ásamt fyrirkalli fyrir ákærða áður en mál verður þingfest og má sá fyrirvari ekki vera skemmri en þrír sólarhringar. Telji dómari skilyrði til að mál verði dæmt að ákærða fjarstöddum, sbr. 1. mgr. 161. gr., skal þess skilmerkilega getið í fyrirkalli að fjarvist ákærða kunni að verða metin til jafns við játningu hans og að dómur kunni að ganga um málið þótt hann sæki ekki þing. Ella skal þess getið í fyrirkalli að lögregla megi færa ákærða fyrir dóm, með valdi ef með þarf, sinni hann því ekki.

Ef dómari telur að gallar séu á málatilbúnaði sem varðað geta frávísun skal hann benda ákæranda á þá. Hins vegar má hann ekki synja um útgáfu fyrirkalls af þeim sökum, enda er hann óbundinn af slíku áliti sínu við úrlausn máls.

Þegar dómari hefur gefið út fyrirkall skv. 1. mgr. sendir hann það ásamt ákæru til ákæranda sem hlutast til um birtingu skv. 156. gr.

156. gr.

Ákæra ásamt fyrirkalli, hér eftir nefnd í einu lagi ákæra, skal birt fyrir ákærða sjálfum, sé þess kostur, en annars fyrir lögmanni hans eða öðrum lögráða manni sem fengið hefur skriflegt umboð frá honum til að taka við birtingu ellegar fyrir heimilismanni eða öðrum sem dvelur eða hittist fyrir á skráðu lögheimili hans. Þeim sem birt er fyrir er skylt að segja á sér deili.

Ákæra skal birt af einum lögreglumanni, fangaverði eða öðrum starfsmanni Fangelsismálastofnunar ellegar stefnuvotti nema hún sé birt á dómþingi af dómara. Skal sá sem birtingu annast votta hana með áritun á ákæru eða sérstöku vottorði. Þeim sem ákæra er birt skal afhent afrit af henni. Sé hún birt fyrir öðrum en ákærða sjálfum ber þeim, að viðlagðri sekt, að koma afriti ákæru í hendur hans, en sé þess ekki kostur þá í hendur þess sem telja má líklegastan til að koma afriti til skila í tæka tíð. Skal sá sem birtingu annast benda þeim sem birt er fyrir á þessa skyldu.

Ef óvíst er um dvalarstað ákærða má birta ákæru í Lögbirtingablaði með hæfilegum fyrirvara áður en mál verður þingfest og má sá fyrirvari ekki vera skemmri en einn mánuður.

Við birtingu ákæru skal ákærði spurður hvort hann óski eftir verjanda og þá hverjum ef því er að skipta. Skal afstöðu ákærða getið í vottorði um birtinguna. Ákærði getur þó frestað að taka ákvörðun um verjanda þar til mál er þingfest.

Ákærandi skal endursenda dómara ákæru ásamt birtingarvottorði að birtingu lokinni. Að þremur sólarhringum liðnum frá birtingu ákæru er ákæranda skylt að láta þeim sem þess óskar í té afrit af henni með þeim takmörkunum sem greindar eru í 1. mgr. 16. gr.

157. gr.

Hafi ákærði óskað eftir skipun verjanda við birtingu ákæru skal dómari taka ákvörðun um skipunina. Dómari sendir verjanda jafnskjótt afrit af gögnum máls og tilkynnir honum hvenær það verði þingfest.

XXV. KAFLI
Almenn meðferð máls fyrir dómi.

158. gr.

Mál er þingfest þegar ákæra og önnur málsgögn af hálfu ákæruvaldsins eru lögð fram á dómþingi. Þingfesta má mál þótt fyrirkall hafi ekki verið gefið út ef ákærði sækir þing.

Nú er skylt eða heimilt að skipa ákærða verjanda og það hefur ekki verið gert fyrir þingfestingu máls og skal það þá gert við þingfestingu eða svo fljótt sem verða má. Ef skilyrði eru til þess að skipa brotaþola réttargæslumann skal það gert við þingfestingu eða ef það er ekki unnt, svo sem vegna þess að ekki hefur náðst til brotaþola, svo fljótt sem verða má.

159. gr.

Við þingfestingu athugar dómari hvort gallar séu á máli sem geta varðað frávísun þess án kröfu. Þá þegar eða hvenær sem er eftir það getur dómari vísað máli frá dómi með úrskurði þótt engin krafa hafi komið fram um það ef hann telur svo bersýnilega annmarka á því sem ekki verði bætt úr undir rekstri þess að dómur verði ekki kveðinn upp um efni þess. Ef því er að skipta getur dómari kveðið á um frávísun máls að hluta og leyst úr efni þess að öðru leyti í dómi. Áður en máli verður vísað frá dómi skal ákæranda þó gefinn kostur á að tjá sig um málefnið munnlega, svo og ákærða hafi hann sótt þing í málinu.

Nú kemur fram krafa um frávísun máls að öllu leyti eða hluta við þingfestingu eða síðar undir rekstri þess og skal dómari þá á sama hátt gefa ákæranda og ákærða kost á að tjá sig um kröfuna. Dómari tekur afstöðu til kröfu um frávísun málsins með úrskurði áður en fjallað verður frekar um efni þess.

Nú hrindir dómari frávísunarkröfu og er hann þá ekki bundinn af þeim úrskurði ef nýjar upplýsingar koma fram síðar undir rekstri máls um þau atriði sem úrskurðað var um.

Nú fellir Hæstiréttur úr gildi úrskurð um frávísun máls að einhverju leyti eða öllu og skal þá héraðsdómari taka málið upp á ný eins og það stóð þegar hann tók það til úrskurðar.

160. gr.

Nú sækir ákærandi ekki þing við þingfestingu máls eða á síðari stigum þess og verður þá ekkert aðhafst í því frekar á því stigi. Skal þá dómari ákveða nýtt þinghald og tilkynna ákæranda um það, en verði heldur ekki sótt þing af hans hálfu í það sinn ber að fella málið niður.

161. gr.

Nú kemur ákærði ekki fyrir dóm við þingfestingu máls þótt honum hafi verið löglega birt ákæra og þess getið í fyrirkalli að mál kunni að vera dæmt að honum fjarstöddum, sbr. 1. mgr. 155. gr., og má þá leggja dóm á málið ef ekki er kunnugt um að ákærði hafi lögmæt forföll og svo stendur á:

a. að brot þykir ekki varða þyngri viðurlögum en sekt, upptöku eigna og sviptingu réttinda og dómari telur framlögð gögn nægileg til sakfellingar eða
b. að ákærði hefur komið fyrir dóm við rannsókn máls, játað skýlaust þá háttsemi sem honum er gefin að sök og dómari telur ekki ástæðu til að draga í efa að játningin sé sannleikanum samkvæm, enda verði ekki dæmd þyngri refsing en sex mánaða fangelsi.

Slíkum dómi getur ákærði ekki áfrýjað, en þess í stað getur hann leitað eftir endurupptöku skv. XXIX. kafla.

162. gr.

Nú kemur ákærði ekki fyrir dóm við þingfestingu máls og því verður ekki lokið samkvæmt því sem í 1. mgr. 161. gr. segir og ákveður dómari þá nýtt þinghald. Skal ákærandi leggja fyrir lögreglu að færa ákærða fyrir dóm nema kunnugt sé um að hann hafi haft lögmæt forföll, en í því tilviki skal lögregla boða hann til nýs þinghalds og eftir atvikum færa hann fyrir dóm með valdi, sbr. c-lið 3. mgr. 90. gr.

163. gr.

Við þingfestingu máls skal ákærði spurður hvort hann játi efni ákæru rétt og honum kynnt efni framlagðra skjala ef hann er viðstaddur. Ella skal það gert í þinghaldi þegar ákærði kemur fyrst fyrir dóm eftir þingfestingu.

Nú sækir ákærði þing og játar þá háttsemi sem honum er gefin að sök og má þá ákærandi gefa honum kost á að ljúka máli með því að gangast undir sekt sem greiðist innan tiltekins tíma að viðlagðri vararefsingu, ásamt sakarkostnaði. Fallist ákærði á slík málalok og dómari telur viðurlög hæfileg getur hann lokið máli með ákvörðun sinni um þau viðurlög. Með sama hætti má og leysa úr kröfum á hendur ákærða um sviptingu ökuréttar og upptöku eigna.

Nú telur héraðssaksóknari að saklaus maður hafi fallist á viðurlög skv. 2. mgr. eða að ákærði hafi verið látinn undirgangast fjarstæð málalok að öðru leyti og getur hann þá kært málið til Hæstaréttar til ónýtingar á ákvörðuninni.

164. gr.

Nú verður máli ekki lokið skv. 2. mgr. 163. gr., ákærði játar skýlaust alla þá háttsemi sem honum er gefin að sök og dómari telur ekki ástæðu til að draga í efa að játningin sé sannleik-

anum samkvæm. Tekur dómari þá málið þegar til dóms nema annar hvor aðila krefjist þess að fram fari aðalmeðferð í því skv. 166. gr.

Verði máli lokið skv. 1. mgr. þarf ekki að færa fram önnur sönnunargögn en þegar hafa verið lögð fram. Aðili getur þó óskað eftir að leggja fram sýnileg sönnunargögn. Skal aðilum gefinn kostur á að tjá sig í stuttu máli um lagaatriði máls og ákvörðun viðurlaga.

165. gr.

Ef máli verður ekki lokið samkvæmt því sem að framan segir má gefa ákærða kost á að leggja fram skriflega greinargerð af sinni hálfu innan hæfilegs frests enda sé málið flókið eða umfangsmikið. Í greinargerð skulu greindar kröfur og röksemdir ákærða, svo og þau gögn sem hann leggur fram og þau vitni sem hann óskar eftir að verði leidd í málinu. Leggi ákærði ekki fram greinargerð skal hann láta uppi hvort hann hyggst leggja fram sönnunargögn og leiða vitni í málinu og þá hver þau séu.

Dómari getur frestað máli til að aðilar geti aflað frekari sönnunargagna ef þeir óska eftir því eða hann telur þess þörf.

Dómari ákveður hvort mál verði munnlega flutt eða skriflega. Dómari skal ekki ákveða skriflegan flutning máls nema aðilar óski þess og hann telji hættu á að málið skýrist ekki nægilega með munnlegum málflutningi.

Þegar aðilar hafa lýst því yfir að öflun sýnilegra sönnunargagna sé lokið ákveður dómari þing til aðalmeðferðar máls með hæfilegum fyrirvara. Ef tilefni gefst skal hann jafnframt taka ákvörðun um það hvort aðalmeðferð fari fram fyrir luktum dyrum, hvort vitni skuli gefa skýrslu án þess að það þurfi að skýra frá nafni sínu í heyranda hljóði og hvort ákærði og málflytjendur skuli víkja úr þinghaldi meðan vitni gefur skýrslu. Dómara er rétt að inna aðila eftir því hve langan tíma þeir þurfi fyrir málflutningsræður við aðalmeðferð og ákveður dómari síðan lengd hennar í ljósi þess.

Heimilt er að taka skýrslu af ákærða eða vitnum áður en aðalmeðferð hefst, enda verði sá sem skýrslu á að gefa fyrirsjáanlega fjarverandi vegna lögmætra forfalla.

166. gr.

Við aðalmeðferð máls fara að jafnaði fram í einni lotu skýrslutökur og munnlegur flutningur máls. Ákærði á rétt á að vera við aðalmeðferð máls. Dómari getur þó ákveðið að hann víki af þingi meðan skýrsla er tekin af öðrum sem eru ákærðir í málinu eða meðan vitni gefur skýrslu, sbr. 123. gr.

Aðalmeðferð hefst með því að ákærandi gerir stuttlega grein fyrir ákæru og hvaða gögnum hún sé studd. Þá skal tekin skýrsla af ákærða. Ef ákærði játar að hafa framið það brot sem hann er ákærður fyrir ákveður dómari í samráði við málflytjendur hvort og þá að hve miklu leyti þörf er frekari sönnunarfærslu. Síðan eru teknar skýrslur af vitnum og gengið á vettvang ef því er að skipta.

Að loknum skýrslutökum fer fram munnlegur flutningur máls. Ákærandi talar fyrst, því næst sá sem fer með kröfu skv. XXVI. kafla ef því er að skipta og síðan ákærði. Að því loknu geta þeir í sömu röð fært fram andsvör af sinni hálfu. Flytji verjandi málið fyrir ákærða er honum sjálfum heimilt að taka stuttlega til máls í lok aðalmeðferðar. Dómari stýrir málflutningi og gætir þess að ræðumaður haldi sig við efnið og að málflutningur sé glöggur og fari ekki út fyrir þau mörk sem sæmandi er í þinghaldi. Dómari getur takmarkað málfrelsi eða stöðvað málflutning þess sem lagar sig ekki að áminningum hans eða fer að mun fram úr

þeim tíma sem hefur verið áætlað að málflutningur hans muni taka. Að loknum málflutningi er málið tekið til dóms.

167. gr.

Nú er mál skriflega flutt og skal þá taka skýrslur af ákærða og vitnum áður en málflutningur hefst. Síðan skal gefa ákæranda kost á að skila sókn til viðbótar ákæru. Að því búnu gefst ákærða kostur á að skila vörn til viðbótar greinargerð ef því er að skipta. Skriflegum andsvörum má skila einu sinni af hálfu hvors aðila. Að loknum málflutningi er málið tekið til dóms.

168. gr.

Nú telur dómari eftir dómtöku máls nauðsynlegt að fram komi frekari gögn ellegar að spyrja þurfi ákærða eða vitni nánar. Skal hann þá kveðja aðila fyrir dóm og eftir atvikum leggja spurningar fyrir þá og beina því til ákæranda að afla frekari gagna eða leiða tiltekin vitni fyrir dóm. Fresta má málinu eftir þörfum, en að því búnu gefur dómari aðilum kost á að gera athugasemdir til viðbótar fyrri málflutningi sínum og tekur málið til dóms á ný.

169. gr.

Nú hafa fleiri mál verið höfðuð gegn ákærða fyrir sama dómstóli og getur dómari þá ákveðið, ef hann telur það hagkvæmt, að sameina mál þessi og reka þau og dæma sem eitt mál.

Nú hefur mál verið höfðað í einu lagi gegn fleiri en einum og getur dómari þá eftir ósk aðila eða af sjálfsdáðum ákveðið að skilja málið í sundur og dæma sérstaklega mál eins eða fleiri ákærðu ef það þykir hentugra og horfa til flýtis og sparnaðar.

170. gr.

Mál verður fellt niður ef:

a. ákærði fellur frá meðan á málsmeðferð stendur, nema ákveða megi sekt eða upptöku eigna úr dánarbúi hans,
b. ef ákærandi afturkallar ákæru áður en dómur gengur,
c. ef ákærandi sækir ekki þing eftir því sem fyrir er mælt í 160. gr.,
d. ef saksókn er háð kröfu brotaþola og hann fellur frá henni áður en héraðsdómur er kveðinn upp, nema ákærandi telji rétt að halda málinu áfram vegna almannahagsmuna.

Mál skal fella niður með bókun í þingbók nema ágreiningur rísi um hvort það verði gert, sem dómari tekur þá afstöðu til með úrskurði. Kveðið skal á um sakarkostnað í bókuninni og hefur sú ákvörðun sama gildi og dómur um það efni.

171. gr.

Hraða skal meðferð máls eftir föngum.

Ekki skiptir máli hvenær yfirlýsingar, mótmæli og sönnunargögn koma fram undir rekstri máls.

XXVI. KAFLI
Einkaréttarkröfur o.fl.

172. gr.

Brotaþoli og hver sá annar sem telur sig hafa öðlast kröfu að einkarétti á hendur sakborningi vegna refsiverðrar háttsemi hans getur leitað dóms um hana í sakamáli eftir því sem nánar er ákveðið í þessum kafla.

Ef háttsemi sakbornings er auk refsiábyrgðar talin hafa leitt af sér kröfu allsherjarréttar eðlis getur það stjórnvald sem hlut á að máli leitað dóms um hana á sama hátt og í 1. mgr. greinir.

Sá sem neytir heimildar skv. 1. eða 2. mgr., hér eftir nefndur kröfuhafi, verður ekki aðili að sakamáli nema að því leyti einu sem varðar kröfu hans.

173. gr.

Kröfu skv. 1. eða 2. mgr. 172. gr. skal komið á framfæri við lögreglu meðan á rannsókn máls stendur eða við ákæranda áður en ákæra er gefin út. Heimilt er og að koma kröfu á framfæri við ákæranda eftir útgáfu ákæru ef fullnægt er skilyrðum 1. mgr. 153. gr. til útgáfu framhaldsákæru í máli eða ákærði samþykki, enda sé að öðru leyti fullnægt skilyrðum þess að hafa megi slíka kröfu uppi í málinu.

Kröfuhafi skal láta af hendi við lögreglu eða ákæranda skriflega greinargerð um kröfu sína þar sem getið skal eftirfarandi atriða:

a. nafns kröfuhafa, heimilis og kennitölu, svo og sömu atriða varðandi fyrirsvarsmann hans ef því er að skipta,
b. nafns réttargæslumanns eða annars lögmanns kröfuhafa í málinu ef hann gætir ekki hagsmuna sinna sjálfur eða fyrirsvarsmaður hans,
c. dómkrafna kröfuhafa, sem skulu úr garði gerðar á sama hátt og í stefnu í einkamáli,
d. skýringa á aðild kröfuhafa að kröfunni ef um annan er að ræða en brotaþola,
e. málsástæðna sem krafa er reist á,
f. tilvísunar til helstu lagaákvæða eða réttarreglna sem málatilbúnaður er studdur við.

Með greinargerð skv. 2. mgr. skulu fylgja þau gögn sem varða málatilbúnað kröfuhafa og ekki liggja þegar fyrir í sakamálinu.

Ef kröfu er komið á framfæri við lögreglu áður en rannsókn máls er lokið skal hún kynnt sakborningi og leitað afstöðu hans til hennar sé þess kostur. Berist krafa síðar getur ákærandi falið lögreglu að fara með hana á sama veg.

Þegar ákvörðun hefur verið tekin um saksókn skal ákærandi taka afstöðu til þess hvort skilyrðum 1. eða 2. mgr. 172. gr. sé fullnægt til að hafa fram komna kröfu uppi í sakamáli. Hann skal einnig leggja mat á það hvort krafan sé réttilega úr garði gerð og henni fylgi nauðsynleg gögn, en hann getur veitt kröfuhafa skamman frest til að bæta úr slíkum annmörkum á henni. Telji ákærandi að ekki séu skilyrði til að hafa kröfuna uppi í málinu skal hann tilkynna kröfuhafa það skriflega og er sú ákvörðun endanleg. Ella getur ákærandi kröfunnar í ákæru eða eftir atvikum framhaldsákæru og lætur greinargerð um hana og önnur gögn fylgja ákærunni til héraðsdóms, sbr. 154. gr.

174. gr.

Ef krafa skv. 1. eða 2. mgr. 172. gr. er höfð uppi í sakamáli skal dómari láta afrit af greinargerð um hana fylgja ákæru ásamt fyrirkalli til birtingar fyrir ákærða. Þegar birt hefur verið skal dómari tilkynna kröfuhafa um stað og stund þegar málið verður þingfest.

Við þingfestingu máls skal leggja fram greinargerð um kröfuna ásamt meðfylgjandi gögnum. Nú sækir kröfuhafi ekki þing við þingfestingu eða þegar málið er tekið fyrir á síðari stigum og skal þá krafan felld niður nema hann hafi lögmæt forföll eða ákærandi hafi tekið að sér að mæta fyrir hans hönd í þinghaldinu.

Undir rekstri máls skal dómari gæta að því af sjálfsdáðum á sama hátt og í einkamáli hvort einhverjir þeir annmarkar séu á kröfu sem valdið gætu því að vísa beri henni frá dómi. Telji hann svo vera eða krefjist ákærði þess að kröfunni verði vísað frá dómi skal aðilum málsins gefinn kostur á að tjá sig um það á dómþingi ásamt kröfuhafa. Ef dómari vísar kröfunni frá dómi eða hafnar kröfu ákærða um frávísun skal hann gera það með úrskurði.

Kröfuhafi hefur einn forræði á kröfunni á sama hátt og ef hann hefði hana uppi í einkamáli. Honum er heimilt á öllum stigum máls að falla frá henni en dómari getur þá gert honum eftir kröfu ákærða að greiða ómaksþóknun vegna kostnaðar sem sérstaklega hefur fylgt því að halda uppi vörnum gegn kröfunni. Kröfuhafi og ákærði geta gert dómsátt um kröfuna eftir sömu reglum og gilda um slíka sátt í einkamáli án tillits til þess hvort hún hafi verið höfð uppi á þann hátt sem greinir í 173. gr.

Verði kröfu ekki vísað frá dómi, sé ekki fallið frá henni eða hún felld niður ellegar gerð sátt um hana skal dómari tilkynna kröfuhafa á sannanlegan hátt um þinghöld í málinu.

175. gr.

Nú viðurkennir ákærði ekki kröfu sem gerð er á hendur honum skv. 1. eða 2. mgr. 172. gr. og dómari telur að meðferð hennar geti leitt til teljandi tafa eða óhagræðis við rekstur máls og getur hann þá á öllum stigum þess fram til munnlegs málflutnings kveðið upp úrskurð um að skilja hana frá öðrum þáttum málsins og víkja henni til meðferðar fyrir dómi í sérstöku einkamáli. Áður en slíkur úrskurður verður upp kveðinn skal þó dómari gefa aðilum og kröfuhafa kost á að tjá sig um það atriði.

Kveði dómari upp úrskurð skv. 1. mgr. skal krafan tekin til meðferðar fyrir sama dómstóli eins og einkamál hefði verið þingfest um hana. Hafi ákærði ekki lagt fram greinargerð í sakamálinu skv. 1. mgr. 165. gr. skal hann í fyrsta þinghaldi í einkamálinu fá frest til að taka þar til varna. Að öðru leyti verður málið rekið upp frá því eftir almennum reglum um meðferð einkamála.

176. gr.

Nú er kröfu skv. 1. eða 2. mgr. 172. gr. ekki vísað frá dómi, frá henni fallið, hún felld niður, sátt gerð um hana eða henni vikið til meðferðar í einkamáli og á þá kröfuhafi rétt á að láta málið til sín taka að því er hana varðar, þar á meðal að leggja fram gögn til stuðnings henni. Kröfuhafa er og heimilt að beina því til dómara að tilteknar spurningar verði við munnlega sönnunarfærslu lagðar fyrir ákærða, vitni eða kröfuhafa sjálfan um atriði sem sérstaklega varða kröfuna, svo og að flytja málið munnlega um hana eina.

Nú er sakamál fellt niður, því vísað frá dómi eða ákærði sýknaður með dómi án þess að það hafi verið vegna þess að hann sé talinn ósakhæfur og skal þá dómari vísa kröfu skv. 1. eða 2. mgr. 172. gr. af sjálfsdáðum frá dómi. Skal það gert í dómi eða að öðrum kosti með úrskurði, þar á meðal ef málið er fellt niður.

Ef leyst er úr kröfu að efni til skal afstaða tekin til hennar á sama hátt og gert yrði í einkamáli. Dæma má ákærða til greiðslu málskostnaðar vegna kröfunnar, enda hafi þess verið krafist, nema um sé að ræða kröfu brotaþola sem hefur fengið sér skipaðan réttargæslumann.

XXVII. KAFLI
Afbrigðileg meðferð máls fyrir dómi.

177. gr.

Að því leyti sem mál koma til úrlausnar fyrir héraðsdómi samkvæmt þessum lögum, án þess að handhafi ákæruvalds hafi höfðað mál eftir því sem mælt er fyrir um í 1. gr. eða farið sé með þau eftir XV. kafla, skulu þau rekin samkvæmt ákvæðum þessa kafla, þar á meðal þau mál sem getið er sérstaklega í 1. mgr. 2. gr.

178. gr.

Mál skv. 177. gr. skal lagt fyrir héraðsdóm með skriflegri kröfu, þar sem greina skal frá eftirfarandi:

a. nafni þess sem leggur málið fyrir dóm ásamt heimili, svo og kennitölu ef ekki er um stjórnvald að ræða,
b. hver fari með málið af hálfu hans,
c. hvert málefnið eða erindið sé ásamt nafni, heimilisfangi og eftir atvikum kennitölu þess sem krafan beinist að,
d. hvers sé krafist í málinu,
e. hver atvik séu að baki kröfunni,
f. á hvaða rökum og réttarreglum krafan sé reist.

Kröfunni skulu fylgja nauðsynleg gögn. Henni skal beint til viðeigandi héraðsdóms, sbr. 51. gr.

Þegar dómara hefur borist krafa skal hann kanna hvort lagaheimild standi til að taka hana til meðferðar. Telji hann svo ekki vera skal hann þegar í stað vísa málinu frá dómi með úrskurði, en ella ákveður hann stað og stund til þinghalds til að þingfesta málið. Dómari tilkynnir þessa ákvörðun þeim sem kröfuna gerði og telst hann upp frá því sóknaraðili máls. Skal ákvörðunin jafnframt tilkynnt varnaraðila með sannanlegum hætti sé um hann að ræða nema krafa sé gerð um aðgerð við rannsókn sakamáls og vitneskja varnaraðila um hana gæti spillt fyrir rannsókn, sbr. 1. mgr. 104. gr.

179. gr.

Ef sóknaraðili mætir ekki á dómþingi þegar þingfesta á mál verður það ekki gert. Ella verður málið þingfest með því að gögn þess eru lögð þar fram.

Standi enginn til varnaraðildar í máli, hafi varnaraðili ekki verið kvaddur á dómþing eða hann sækir ekki þing samkvæmt kvaðningu skal gefa sóknaraðila kost á að gera munnlega grein fyrir málinu og leggja fram frekari gögn. Jafnframt má veita honum frest til að afla frekari gagna. Að lokinni gagnaöflun skal krafa sóknaraðila tekin til úrlausnar.

Ef varnaraðili sækir þing við þingfestingu máls skulu honum fengin afrit af skjölum þess. Má veita honum frest til að kynna sér málsgögn og undirbúa málsvörn, en að öðru jöfnu skal síðan fara fram munnleg sókn og vörn í málinu. Að því búnu leysir dómari úr kröfu sóknaraðila með úrskurði.

Meðferð mála samkvæmt þessum kafla fer að öðru leyti eftir ákvæðum laga þessara um almenna meðferð mála eftir því sem við getur átt.

XXVIII. KAFLI
Dómsúrlausnir héraðsdóms.

180. gr.

Hvorki má dæma ákærða fyrir aðra hegðun en þá sem í ákæru greinir né heldur dæma aðrar kröfur á hendur honum. Þó má sakfella ákærða þótt aukaatriði brots, svo sem staður og stund þess, séu ekki skýrt eða rétt greind, enda telji dómari að vörn hafi ekki verið áfátt þess vegna. Dómari getur gefið aðilum færi á að tjá sig um atriði að þessu leyti, ef þurfa þykir. Með sömu skilyrðum er dómara og rétt að dæma eftir öðrum refsiákvæðum en fram koma í ákæru, þó aldrei aðrar kröfur en þar greinir.

Að öðru leyti er dómari óbundinn af kröfum aðila og yfirlýsingum nema þær varði kröfu skv. XXVI. kafla.

181. gr.

Að því leyti sem önnur ákvæði laga þessara mæla ekki á annan veg og ágreiningur er ekki uppi tekur dómari afstöðu til atriða sem varða rekstur máls með ákvörðun sem verður eftir atvikum skráð í þingbók. Slík atriði má einnig leiða til lykta með ákvörðun þótt ágreiningur sé um þau ef ágreiningsefnið sætir ekki kæru til Hæstaréttar.

Dómari leysir úr öðrum atriðum sem ráða þarf til lykta fyrir dómtöku máls með úrskurði. Úrskurð skal kveða upp þegar í stað í þinghaldi ef unnt er en að öðrum kosti svo fljótt sem verða má.

Úrskurður skal vera skriflegur og skráður í þingbók eða dómabók. Dómari skal færa rök fyrir niðurstöðu sinni í úrskurði án þess að greina frekar en þörf er á samhengis vegna frá atvikum máls eða rökstuðningi aðila. Niðurstaðan skal síðan dregin saman í úrskurðarorðum.

Feli úrskurður í sér lokaniðurstöðu máls, sem rekið er eftir ákvæðum XXV. eða XXVII. kafla, skulu forsendur fylgja úrskurðarorðum með sama hætti og ef um dóm væri að ræða. Ef máli er vísað frá dómi án kröfu eða það er fellt niður má dómari þó láta við það sitja að greina í forsendum úrskurðar frá þingfestingardegi máls, ákæru, ákærða, kröfum hans og rökstuðningi fyrir niðurstöðu.

Dómari getur breytt ákvörðun sinni um atriði varðandi rekstur máls, svo og úrskurði sem felur ekki í sér lokaniðurstöðu þess.

182. gr.

Þegar máli lýkur með viðurlagaákvörðun dómara skv. 2. mgr. 163. gr. skal hún færð í þingbók og skýrlega tekið þar fram að með henni sé málinu lokið með því að ákærði sæti nánar tiltekinni refsingu og eftir atvikum öðrum refsikenndum viðurlögum. Skal einnig tekið fram hvernig fari um sakarkostnað.

Viðurlagaákvörðun hefur sömu áhrif og dómur, þar á meðal um ítrekunaráhrif ef því er að skipta.

183. gr.

Nú verður mál ekki fellt niður, því vísað frá dómi eða lokið með viðurlagaákvörðun skv. 182. gr. og skal þá saminn skriflegur dómur þar sem forsendur fylgja dómsorðum.

Í dómi skal greina dómstól og nafn dómara eða nöfn ef fleiri en einn dæma málið, svo og stað og stund dómsuppkvaðningar. Síðan skal greina svo stutt og glöggt sem verða má:

a. nafn, kennitölu eða fæðingardag og heimili ákærða,
b. hver hafi gefið út ákæru og hvenær og hvert meginefni hennar sé,

c. hvers krafist sé í málinu,
d. hver málsatvik séu í aðalatriðum,
e. við hvaða sönnunargögn og rök hvert ákæruatriði sé stutt og hvaða andsvör ákærði færi við þeim ef því er að skipta,
f. röksemdir dómara fyrir því hvað teljist sannað í málinu og með hverjum hætti,
g. röksemdir dómara fyrir niðurstöðu um önnur atriði máls, þar á meðal um viðurlög,
h. sakarkostnað.

Í dómsorðum skulu niðurstöður máls dregnar saman.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. má í máli sem farið er með skv. 164. gr. láta nægja að skírskota í dómi til ákæru í stað þess að lýsa málsatvikum og geta þess jafnframt að málið sé dæmt samkvæmt skýlausri játningu ákærða. Það sama má gera í öðrum tilvikum þar sem ekki er deilt um verknaðarlýsingu í ákæru. Í máli sem farið er með skv. 161. gr. má á sama hátt í dómi skírskota til ákæru og taka fram að ákærði hafi ekki sótt þing þótt þess hafi verið getið í fyrirkalli að málið kynni að verða dæmt að honum fjarstöddum.

Samkvæmt kröfu ákæruvaldsins getur dómari ákveðið í dómi að ákvörðun um missi réttinda komi þegar til framkvæmda og án tillits til áfrýjunar ef það telst nauðsynlegt til verndar lífi, heilsu eða eignum einstakra manna eða almennings, óviðurkvæmilegt má telja að dómfelldi haldi réttindum að gengnum dómi eða lög bjóða að áfrýjun fresti ekki áhrifum réttindamissis. Á sama hátt má ákveða í dómi að áfrýjun fresti ekki dómsákvæðum skv. 62., 63., 65. eða 67. gr. almennra hegningarlaga. Ákæruvaldið getur gert kröfu um dómsákvæði sem þessi allt fram að dómtöku máls.

184. gr.

Dómur skal kveðinn upp svo fljótt sem unnt er. Hafi dómur ekki verið kveðinn upp í máli sem var munnlega flutt innan fjögurra vikna frá því að það var dómtekið skal það flutt að nýju nema dómari og aðilar telji það óþarft.

Ef dómur er fjölskipaður og mál munnlega flutt skulu allir dómendur hafa hlýtt á flutning þess. Geti þeir ekki allir lokið dómi á mál skal nefna dómara í stað þess sem hefur misst við og endurtaka munnlegan flutning máls. Dómendur ræða um niðurstöðu máls fyrir luktum dyrum og ræður afl atkvæða úrslitum um hvert atriði. Nú verður dómari í minni hluta um eitthvert atriði og skal hann þá allt að einu taka þátt í ályktun um önnur atriði, en ágreiningsatriðis skal þá getið í dómi. Formaður dóms stýrir atkvæðagreiðslu og sér um samningu dóms.

185. gr.

Dómari tilkynnir aðilum hvar og hvenær dómur verði kveðinn upp nema farið hafi verið með mál skv. 161. gr. Við uppkvaðningu skal lesa upp dómsorð á dómþingi. Eins skal farið að við uppkvaðningu úrskurðar sem felur í sér lokaniðurstöðu máls.

Endurrit af dómi eða úrskurði skal að öðru jöfnu vera til reiðu við uppkvaðningu hans.

Ef ákærði sækir þing við uppkvaðningu dóms telst dómurinn birtur fyrir honum, enda standi honum þegar til boða endurrit dómsins. Nú verður dómur ekki birtur á þann hátt á dómþingi og ákærða eru þar gerð önnur eða þyngri viðurlög en sekt eða upptaka eigna sem svarar til áfrýjunarfjárhæðar í einkamáli og skal þá ákærandi birta honum dóm. Ella þarf ekki að birta dóm þótt ekki sé sótt þing af hálfu ákærða við uppkvaðningu hans.

Ekki má fullnægja ákvæði í dómi um refsingu og önnur viðurlög fyrr en afráðið er hvort honum verði áfrýjað, sbr. þó 5. mgr. 183. gr. Með sama skilorði frestar áfrýjun fullnustu dóms um refsingu og önnur viðurlög.

186. gr.

Dómur er bindandi um úrslit sakarefnis fyrir ákærða, ákæruvaldið og aðra um þau atriði sem þar eru dæmd að efni til.

Krafa sem dæmd hefur verið að efni til verður ekki borin aftur undir sama eða hliðsettan dómstól framar en í lögum þessum segir. Nýju máli um slíka kröfu skal vísað frá dómi.

Dómur er bindandi fyrir dómara þegar hann hefur verið kveðinn upp. Dómara er þó heimilt að leiðrétta ritvillur, reikningsskekkjur, nafnskekkjur og aðrar bersýnilegar villur í dómi, enda láti hann aðilum sem hafa fengið endurrit af dómi í té nýtt endurrit án tafar.

Dómur hefur fullt sönnunargildi um þau málsatvik sem í honum greinir þar til það gagnstæða er sannað.

5. ÞÁTTUR
Endurupptaka og málskot.
XXIX. KAFLI
Endurupptaka útivistarmáls í héraði.

187. gr.

Nú hefur ákærði ekki sótt þing við þingfestingu máls fyrir héraðsdómi og því hefur verið lokið með dómi samkvæmt því sem segir í 161. gr. Getur hann þá innan fjögurra vikna frá því að dómur var birtur fyrir honum eða dómur var kveðinn upp ef birtingar var ekki þörf skv. 3. mgr. 185. gr. krafist þess að málið verði tekið upp á ný fyrir héraðsdómi, enda berist beiðni hans um endurupptöku innan þess frests.

Ákærði getur ekki beiðst endurupptöku ef dómi hefur þegar verið áfrýjað til Hæstaréttar af ákæruvaldsins hálfu að því er hann varðar.

Þegar frestur skv. 1. mgr. er liðinn verður mál ekki tekið upp á ný nema með ákvörðun Hæstaréttar skv. XXXII. kafla.

188. gr.

Skriflegri beiðni ákærða um endurupptöku skal beint til þess dómstóls þar sem útivistardómur gekk. Í henni skal skýrlega greint frá því hvaða mál hún varðar, hverra breytinga ákærði krefjist á fyrri málsúrslitum og á hvaða sönnunargögnum, rökum og réttarreglum sú krafa sé byggð.

Ef beiðni er ófullnægjandi, hún berst röngum dómstóli eða dómari telur að skilyrðum 187. gr. sé ekki fullnægt synjar hann þegar í stað um endurupptöku, en úrskurður skal kveðinn upp um synjunina ef krafist er. Að öðrum kosti boðar dómari ákæranda og ákærða fyrir dóm til að taka beiðnina fyrir.

Sæki ákærði ekki þing þegar beiðni hans er tekin fyrir telst hún fallin niður.

Haldi ákærandi uppi andmælum gegn beiðni um endurupptöku skal leyst úr þeim með úrskurði áður en lengra er haldið. Að öðrum kosti tekur dómari málið upp á ný með bókun í þingbók.

189. gr.

Nú hefur mál verið endurupptekið og falla þá niður réttaráhrif dóms þar til því er lokið á ný í héraði. Frá þessu getur dómari þó vikið samkvæmt kröfu ákæranda, enda standi svo á sem um ræðir í 5. mgr. 183. gr.

Upphaflegum dómi í málinu verður ekki áfrýjað til Hæstaréttar eftir að það er endurupptekið nema endurupptöku ljúki með því að dómurinn standi óhaggaður skv. 2. mgr. 190. gr. og ákæruvaldið áfrýi.

190. gr.

Þegar endurupptaka er ráðin verður farið með mál eftir almennum reglum laga þessara frá því stigi þegar það var upphaflega þingfest.

Hverfi ákærði frá kröfu um endurupptöku eða falli þingsókn niður af hans hálfu á ný án þess að hann hafi lagt fram greinargerð skv. 1. mgr. 165. gr. lýkur henni með bókun dómara í þingbók um að upphaflegur dómur standi óhaggaður nema ákærandi krefjist þess að málið sæti frekari meðferð.

Mál verður ekki endurupptekið öðru sinni eftir ákvæðum þessa kafla.

191. gr.

Nú hefur mál verið endurupptekið án þess að því hafi verið lokið samkvæmt því sem segir í 2. mgr. 190. gr. eða að það hafi verið fellt niður. Skal þá dómari ákveða ákærða viðurlög skv. 182. gr. eða leggja á það dóm á nýjan leik nema því verði vísað frá dómi með úrskurði. Fellur þá fyrri dómur sjálfkrafa úr gildi.

Þegar máli lýkur samkvæmt því sem segir í 1. mgr. skal dómari kveða í einu lagi á um sakarkostnað vegna málsins í heild.

Áfrýja má dómi til Hæstaréttar eftir endurupptöku máls samkvæmt almennum reglum laga þessara.

XXX. KAFLI
Kæra.

192. gr.

Úrskurðir héraðsdómara um eftirfarandi sæta kæru til Hæstaréttar, sbr. þó 2. mgr.:

a. hvort hann víki sæti í máli,
b. hvort loka eigi þinghaldi eða leggja bann við opinberri frásögn af því sem þar fer fram,
c. synjun um að láta af hendi afrit af gögnum eða veita leyfi til að hlýða á upptöku úr þinghaldi,
d. atriði varðandi réttindi sakbornings, verjanda hans eða lögmanns við rannsókn máls,
e. atriði varðandi réttindi brotaþola eða réttargæslumanns hans við rannsókn máls,
f. atriði varðandi skýrslutöku af sakborningi, brotaþola eða öðrum vitnum við rannsókn máls,
g. heimild til að leggja hald á muni eða hvort því verði aflétt,
h. heimild til leitar og annarra aðgerða skv. X. kafla, svo og framkvæmd þeirra aðgerða,
i. heimild til aðgerða skv. XI. kafla,
j. heimild til réttarkrufningar,
k. kyrrsetningu á eignum,
l. gæsluvarðhald og aðrar ráðstafanir skv. XIV. kafla, þar á meðal tilhögun gæsluvarðhaldsvistar,
m. synjun um að fara með rannsóknarmál án þess sakborningur eða annar sá sem það varðar verði kvaddur fyrir dóm,
n. atriði varðandi skýrslugjöf ákærða eða vitnis fyrir dómi,
o. atriði varðandi matsgerðir,

p. heimild til að leggja fram sönnunargagn, skyldu til að láta það af hendi til framlagningar í máli eða hald til að fylgja þeirri skyldu eftir,
q. synjun um heimild til að afla sönnunargagna fyrir öðrum dómi,
r. synjun um endurupptöku máls sem lokið hefur verið með áritun sektarboðs,
s. að frestur skuli veittur,
t. að máli sé vísað frá dómi,
u. að kröfu skv. XXVI. kafla sé vísað frá dómi eða vikið til meðferðar í einkamáli,
v. hvort mál verði fellt niður,
w. málefni sem sæta meðferð skv. XXVII. kafla,
x. synjun um endurupptöku dæmds máls,
y. réttarfarssekt.

Eftir að aðalmeðferð máls er hafin verður úrskurði héraðsdómara ekki skotið til æðra dóms nema úrskurður sé um:

a. frávísun máls, niðurfellingu þess eða frestun,
b. þvingunarráðstafanir skv. IX., X., XI., XII. og XIV. kafla,
c. hvort vitni eða matsmaður verði leiddur fyrir dóm, spurning verði lögð fyrir hann eða honum gert að svara henni,
d. atriði sem varða annars hagsmuni manns sem ekki á aðild að málinu.

Úrskurður héraðsdómara verður ekki kærður ef athöfn sem þar er kveðið á um hefur þegar farið fram eða ástand sem leitt hefur af úrskurðinum er þegar um garð gengið.

Nú hefur úrskurður verið kærður og svo fer sem í 3. mgr. segir eftir þann tíma en áður en dómur er felldur í kærumálinu og skal þá vísa því frá Hæstarétti.

193. gr.

Héraðsdómari leiðbeinir þeim sem ekki nýtur aðstoðar lögmanns um rétt til að kæra úrskurð og um kærufrest.

Nú vill maður kæra úrskurð og skal hann þá lýsa því yfir innan þriggja sólarhringa frá því að hann fékk vitneskju um úrskurðinn. Sé kæru lýst yfir á dómþingi má kærandi láta við það sitja að bókað verði um hana í þingbók, þar á meðal í hvaða skyni kært er. Að öðrum kosti skal hann afhenda héraðsdómara skriflega kæru þar sem greint skal frá því hvaða úrskurður sé kærður, kröfu um breytingu á honum og ástæður sem kæra er reist á. Skriflegri kæru skulu fylgja ný gögn sem kærandi hyggst bera fyrir sig, enda sé í kæru getið hvað sanna eigi með þeim.

Sé ekki kært innan þess frests sem settur er í 2. mgr. getur sá sem kæra vill leitað eftir leyfi Hæstaréttar til þess, en afhenda skal hann héraðsdómara skriflega kæru áður en það verður gert. Um þá leyfisbeiðni og meðferð hennar fer samkvæmt því sem segir í 200. gr.

Kæra úrskurðar um aðgerðir skv. IX., X., XI., XII. og XIV. kafla frestar ekki framkvæmdum í máli. Þegar öðruvísi stendur á frestar kæra framkvæmdum við rannsókn eða málsmeðferð nema héraðsdómari fallist á kröfu um annað.

194. gr.

Ef héraðsdómari telur annmarka vera á kæru getur hann gefið kæranda skamman frest til að bæta úr henni. Að öðrum kosti sendir héraðsdómari kæruna til Hæstaréttar svo fljótt sem verða má ásamt endurritum úr þingbók og öðrum gögnum málsins sem varða kæruefnið nema hann telji rétt að fella sjálfur úrskurð sinn úr gildi. Gögnin sendir héraðsdómari í fjórriti ásamt athugasemdum sínum ef hann vill.

Nú hefur kæru ekki verið lýst yfir í þinghaldi að viðstöddum gagnaðila kæranda og skal héraðsdómari þá tilkynna gagnaðilanum tafarlaust um hana, enda hafi ekki verið farið með málið án þess að honum væri kunngert um það. Hafi héraðsdómari ekki þegar sent Hæstarétti kærumálið getur hann um leið gefið gagnaðilanum kost á að afhenda sér skriflega greinargerð sem geymi kröfur hans og röksemdir. Heimilt er að láta skrifleg gögn fylgja þeirri greinargerð, enda sé þess getið þar hvað sanna eigi með þeim. Hafi greinargerð ekki verið afhent héraðsdómara áður en hann sendir Hæstarétti málsgögnin skal henni beint til réttarins.

Aðilar kærumáls geta hvor eða hver fyrir sitt leyti sent Hæstarétti greinargerð með því efni sem greinir í 2. mgr. ásamt nýjum gögnum innan sólarhrings eftir að málið hefur borist réttinum. Aðili skal samhliða því senda gagnaðila sínum afrit af greinargerðinni, enda hafi ekki verið farið með málið fyrir héraðsdómi án þess að honum væri kunngert það.

195. gr.

Að liðnum fresti skv. 3. mgr. 194. gr. eða þegar greinargerðir hafa borist Hæstarétti getur hann lagt dóm á kærumál. Tekið skal tillit til greinargerða eða gagna sem berast eftir að fresturinn er liðinn svo framarlega sem málinu er þá ekki lokið.

Hæstiréttur leggur dóm á kærumál á grundvelli skriflegra gagna en getur þó ákveðið að það verði munnlega flutt. Dómur skal kveðinn upp svo fljótt sem kostur er.

Hæstiréttur skal tilkynna héraðsdómara og aðilum kærumáls sem hafa látið það til sín taka fyrir réttinum um úrslit þess.

Að öðru leyti en að framan greinir verður reglum um áfrýjunarmál beitt um kærumál eftir því sem átt getur við.

XXXI. KAFLI
Áfrýjun.

196. gr.

Með þeim takmörkunum sem leiðir af öðrum ákvæðum laga þessara er heimilt að áfrýja héraðsdómi til Hæstaréttar til þess að fá:

a. endurskoðun á ákvörðun viðurlaga,
b. endurskoðun á niðurstöðum sem byggðar eru á skýringu eða beitingu réttarreglna,
c. endurskoðun á niðurstöðum sem byggðar eru á mati á sönnunargildi annarra gagna en munnlegs framburðar fyrir héraðsdómi,
d. ómerkingu á dómi og heimvísun máls,
e. frávísun máls frá héraðsdómi.

Við áfrýjun dóms er jafnframt heimilt að leita endurskoðunar á úrskurðum sem kveðnir hafa verið upp og ákvörðunum sem teknar hafa verið undir rekstri máls í héraði.

Nú er héraðsdómi áfrýjað í einhverjum þeim tilgangi sem um ræðir í 1. mgr. og er þá um leið heimilt að leita endurskoðunar á niðurstöðum hans um kröfu skv. XXVI. kafla, enda hafi verið leyst úr henni að efni til og ákærði eða kröfuhafi hafi krafist endurskoðunar fyrir sitt leyti. Verði héraðsdómi ekki áfrýjað samkvæmt framansögðu er ákærða og kröfuhafa hvorum um sig heimilt að áfrýja sérstaklega úrlausn dómsins um kröfuna að efni til en um það málskot fer eftir reglum um áfrýjun dóms í einkamáli.

197. gr.

Ríkissaksóknari getur áfrýjað héraðsdómi ef hann telur ákærða hafa ranglega verið sýknaðan eða refsingu eða önnur viðurlög ákveðin að mun of væg, sbr. þó 1. mgr. 198. gr. Hann getur einnig áfrýjað dómi ákærða til hagsbóta.

Ákærði sem sakfelldur hefur verið í héraði getur áfrýjað héraðsdómi, sbr. þó 1. mgr. 198. gr. Nú er ákærði látinn og getur þá maki hans, börn, aðrir niðjar, foreldrar eða systkini áfrýjað dómi fyrir hans hönd.

198. gr.

Áfellisdómi verður aðeins áfrýjað ef ákærði hefur verið dæmdur í fangelsi ellegar til að greiða sekt eða sæta upptöku eigna sem nær áfrýjunarfjárhæð í einkamáli. Ríkissaksóknara er ávallt heimilt að áfrýja dómi um sýknu ákærða.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má áfrýja héraðsdómi með leyfi Hæstaréttar sem veita má ef úrslit málsins hafa verulegt almennt gildi eða varða mikilvæga hagsmuni ellegar ekki er útilokað samkvæmt fyrirliggjandi gögnum að dómi kunni að verða breytt svo að einhverju nemi.

199. gr.

Ef ákærði er staddur við uppkvaðningu héraðsdóms skal dómari kynna honum rétt hans til áfrýjunar og frest til að lýsa henni yfir. Þegar annars er þörf á að birta dóm skv. 3. mgr. 185. gr. skal sá sem birtir kynna ákærða þetta. Skal getið að þessa hafi verið gætt með bókun í þingbók eða í birtingarvottorði.

Ákærði skal lýsa yfir áfrýjun héraðsdóms í bréflegri tilkynningu sem berast verður ríkissaksóknara innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins, hafi birtingar verið þörf skv. 3. mgr. 185. gr., en ella innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu hans. Í tilkynningunni skal tekið nákvæmlega fram í hverju skyni áfrýjað sé og hverjar dómkröfur ákærða séu, þar á meðal varðandi kröfur skv. XXVI. kafla ef því er að skipta, svo og hvern hann vill fá skipaðan sem verjanda fyrir Hæstarétti eða hvort hann óskar eftir að flytja mál sitt sjálfur. Ríkissaksóknara er skylt að veita ákærða leiðbeiningar um gerð tilkynningar ef eftir því er leitað en jafnframt ber honum að benda á hvernig bæta megi úr annmörkum á efni hennar ef um þá er að ræða. Þegar tilkynning hefur borist frá ákærða innan framangreinds frests telst héraðsdómi áfrýjað af hans hálfu.

Nú hyggst ríkissaksóknari áfrýja héraðsdómi og skal hann þá gefa út áfrýjunarstefnu innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins.

Hvort sem ákærði eða ríkissaksóknari áfrýjar héraðsdómi getur gagnaðili, þar á meðal kröfuhafi ef krafa skv. XXVI. kafla hefur verið dæmd að efni til, ávallt gert kröfu fyrir Hæstarétti um breytingar á niðurstöðum dómsins án þess að áfrýja fyrir sitt leyti, enda komi sú krafa fram í greinargerð hans skv. 203. gr.

Hafi hvorki ákærði né ríkissaksóknari áfrýjað innan þeirra fresta sem mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr. skal litið svo á að héraðsdómi sé unað af beggja hálfu. Þrátt fyrir það getur Hæstiréttur orðið við umsókn um leyfi til að áfrýja héraðsdómi sem berst næstu þrjá mánuði eftir lok áfrýjunarfrests, enda sé fullnægt skilyrðum 2. mgr. 198. gr. og dráttur á áfrýjun nægilega réttlættur. Beiðni um slíkt áfrýjunarleyfi frestar ekki fullnustu héraðsdóms um refsingu og önnur viðurlög.

200. gr.

Nú vill ákærði leita leyfis Hæstaréttar til að áfrýja héraðsdómi og skal hann þá senda ríkissaksóknara tilkynningu skv. 2. mgr. 199. gr. ásamt skriflegri umsókn um leyfið þar sem rökstutt skal ítarlega hvernig ákærði telur að skilyrðum fyrir áfrýjunarleyfi sé fullnægt. Leiti ákærði áfrýjunarleyfis skv. 2. mgr. 198. gr. verður umsókn hans ásamt tilkynningu um áfrýjun að berast ríkissaksóknara innan áfrýjunarfrests sem þar með telst rofinn.

Leiti ríkissaksóknari áfrýjunarleyfis skal hann beina til Hæstaréttar skriflegri umsókn um það. Skal hún vera sama efnis og um ræðir í 1. mgr. Sé leitað áfrýjunarleyfis skv. 2. mgr. 198. gr. verður umsóknin að berast réttinum innan áfrýjunarfrests sem þar með telst rofinn.

Hæstiréttur gefur öðrum málsaðilum kost á að tjá sig um umsókn um áfrýjunarleyfi. Þegar meðferð umsóknar er lokið tilkynnir rétturinn aðilunum skriflega um niðurstöðuna. Sé leyfið veitt verður ekki krafist rökstuðnings fyrir þeirri ákvörðun en sé umsókn hafnað skal greint frá ástæðum þess í tilkynningu til aðilanna.

201. gr.

Ríkissaksóknari er sóknaraðili máls fyrir Hæstarétti, hvort sem hann hefur sjálfur áfrýjað héraðsdómi eða ákærði.

Þegar áfrýjun er ráðin gefur ríkissaksóknari út áfrýjunarstefnu þar sem skal greina:

a. heiti og númer sem málið bar fyrir héraðsdómi, fyrir hverjum héraðsdómstóli var leyst úr því og hvenær dómur var kveðinn upp,
b. nafn ákærða, kennitölu eða fæðingardag og heimili, svo og hver komi fram fyrir hans hönd við áfrýjun skv. 2. mgr. 197. gr. ef því er að skipta,
c. hver áfrýi héraðsdómi og nákvæmlega í hverju skyni það sé gert,
d. ef því er að skipta hvert sé nafn, kennitala og heimili þess sem haft hefur uppi kröfu skv. XXVI. kafla sem dæmd hefur verið að efni til fyrir héraðsdómi,
e. að málið verði tekið til meðferðar fyrir Hæstarétti í samræmi við tilkynningar sem aðilunum verði á síðari stigum sendar þaðan.

Hafi ríkissaksóknari áfrýjað héraðsdómi skal hann svo fljótt sem verða má fá áfrýjunarstefnu birta fyrir ákærða. Skal ákærða um leið gefinn kostur á að bera fram ósk um verjanda eða greina ella frá ósk sinni um að fá að flytja mál sitt sjálfur.

Hafi krafa skv. XXVI. kafla verið dæmd að efni til í héraði skal ríkissaksóknari láta birta áfrýjunarstefnu fyrir þeim sem með kröfuna fer. Sé um brotaþola að ræða skal honum um leið gefinn kostur á að bera fram ósk um réttargæslumann þá þegar eða með tilkynningu til Hæstaréttar.

Að því búnu sem að framan greinir sendir ríkissaksóknari Hæstarétti áfrýjunarstefnuna með sönnun fyrir birtingu hennar ásamt endurriti af héraðsdómi og tilkynningu ákærða um áfrýjun ef því er að skipta. Hæstiréttur skipar ákærða verjanda nema hann hafi óskað eftir að flytja mál sitt sjálfur, enda sé hann hæfur til þess að mati réttarins. Ef því er að skipta skipar Hæstiréttur enn fremur brotaþola réttargæslumann ef skilyrði eru til þess. Að því búnu tilkynnir Hæstiréttur eftir því sem við á ríkissaksóknara, ákærða, verjanda, brotaþola eða réttargæslumanni að málið hafi borist réttinum og hvaða auðkenni það hefur hlotið, svo og að tilkynnt verði frekar á síðara stigi um fresti hvers um sig til að leggja fram greinargerð í málinu af sinni hálfu.

202. gr.

Þegar áfrýjun er ráðin skal héraðsdómstóllinn, þar sem leyst var úr máli, verða við beiðni ríkissaksóknara um að afhenda honum dómsgerðir.

Þegar ríkissaksóknara hafa borist dómsgerðir skv. 1. mgr. og verjandi hefur verið skipaður skal ríkissaksóknari í samráði við verjanda búa til málsgögn en til þeirra teljast afrit þeirra málskjala og endurrita sem aðilarnir telja þörf á við úrlausn málsins eins og áfrýjun er háttað. Hæstarétti skulu síðan afhent málsgögn í þeim fjölda eintaka sem hann telur þörf á, svo og dómsgerðir.

Hæstiréttur setur nánari reglur um frágang málsgagna og dómsgerða.

203. gr.

Þegar málsgögn hafa verið afhent skal Hæstiréttur veita þeim aðila sem áfrýjað hefur tiltekinn frest til að skila skriflegri greinargerð og gögnum sem hann kann enn að telja vanta og hann hyggst byggja mál sitt á fyrir Hæstarétti. Þegar greinargerð og gögn hafa borist skal gagnaðila veittur frestur til að skila greinargerð og gögnum af sinni hálfu. Ef því er að skipta skal að lokum veita kröfuhafa skv. XXVI. kafla frest til að skila greinargerð og gögnum. Þegar greinargerð er skilað til Hæstaréttar skal sá sem það gerir senda öðrum þeim sem að framan er getið afrit af henni, svo og af gögnum sem fylgja henni.

Í greinargerð málsaðila skal koma fram:

a. hvers krafist sé fyrir Hæstarétti,
b. hvort hann felli sig við lýsingu málsatvika í héraðsdómi og röksemdir fyrir niðurstöðu en ef svo er ekki skal getið á stuttan og gagnorðan hátt í hverjum atriðum hann sé ósammála og hvernig hann rökstyðji í meginatriðum kröfur um breytingar á niðurstöðum héraðsdóms,
c. athugasemdir við málatilbúnað gagnaðila ef þeirra er þörf,
d. hvort hann hyggist enn leggja ný gögn fram fyrir Hæstarétti á síðara stigi og hver þau séu þá í meginatriðum.

Málsaðilum er heimilt að leggja frekari gögn fyrir Hæstarétt en þau skulu þá afhent réttinum og kynnt gagnaðila ekki síðar en einni viku fyrir flutning máls. Frá þessu getur Hæstiréttur vikið ef sérstaklega stendur á, enda séu aðilar á það sáttir að ný gögn komi fram með skemmri fyrirvara. Ríkissaksóknara er þó jafnan heimilt að leggja fram nýtt sakavottorð ákærða við upphaf málflutnings.

204. gr.

Hæstiréttur getur kveðið upp dóm um frávísun máls frá réttinum vegna galla á málatilbúnaði þar fyrir dómi án þess að málflutningur fari áður fram. Á sama hátt getur Hæstiréttur ómerkt héraðsdóm ef verulegir gallar hafa verið á meðferð máls í héraði og vísað því frá héraðsdómi ef undirbúningi undir málshöfðun hefur verið áfátt í meginatriðum.

Nú er málatilbúnaði áfátt, án þess að nauðsynlegt þyki þó að vísa máli frá eða ómerkja héraðsdóm, og getur þá Hæstiréttur beint því til aðila að afla gagna um tiltekin atriði eða grípa til annarra aðgerða til að ráða bót á því sem áfátt er.

Áður en málflutningur fer fram getur Hæstiréttur tekið mál fyrir á dómþingi eftir þörfum til að ráða til lykta atriðum varðandi rekstur þess. Skulu aðilar kvaddir fyrir dóm með hæfilegum fyrirvara í þessu skyni.

205. gr.

Mál skal að jafnaði flutt munnlega fyrir Hæstarétti. Rétturinn getur þó ákveðið að mál verði skriflega flutt ef sérstakar ástæður mæla með því. Hann getur einnig ákveðið að mál verði dómtekið án sérstaks málflutnings ef samhljóða óskir koma fram um það frá aðilum eða dómi er aðeins áfrýjað um ákvörðun viðurlaga.

Nú er ákveðinn munnlegur flutningur í máli og skulu þá aðilar tilkynna Hæstarétti að fram komnum greinargerðum þeirra beggja eða allra hve langan tíma þeir áætli hvor eða hver fyrir sitt leyti að þurfi til að flytja málflutningsræðu. Hæstiréttur ákveður hvenær munnlegur málflutningur fer fram og tilkynnir það aðilum með hæfilegum fyrirvara. Um leið skal aðilum tilkynnt hve langan tíma þeir fái til að flytja málflutningsræður ef ekki er fallist á óskir þeirra í þeim efnum. Hæstiréttur getur við sama tækifæri beint til aðila að þeir afhendi hvor eða hver um sig með tilteknum fyrirvara stutt yfirlit um atvik máls í tímaröð, helstu röksemdir sínar og tilvísanir í fræðirit og dóma sem þeir hyggjast styðjast við í málflutningi.

Hæstiréttur getur ákveðið að munnleg sönnunarfærsla fari þar fram í þeim mæli sem hann telur þörf, enda þyki honum í ljósi atvika ástæða til að ætla að sú sönnunarfærsla geti haft áhrif á úrslit máls.

206. gr.

Áður en munnlegur málflutningur hefst á dómþingi skal gerð grein fyrir dómsorðum héraðsdóms og áfrýjunarstefnu að því leyti sem forseti telur þess þörf til skýringar á málflutningi. Verður svo flutt frumræða af hálfu ákæruvalds, síðan ef því er að skipta af hálfu þess sem gerir kröfu skv. XXVI. kafla og loks af hálfu ákærða nema forseti hafi ákveðið aðra röð og aðilum verið tilkynnt það með hæfilegum fyrirvara fyrir málflutning. Eftir frumræður eiga aðilar kost á að færa fram stutt andsvör í sömu röð. Flytji verjandi málið af hálfu ákærða getur forseti heimilað ákærða sjálfum að koma að stuttum athugasemdum að loknum andsvörum verjanda.

Í málflutningi skal gera grein fyrir þeim atriðum í niðurstöðum héraðsdóms sem leitað er breytinga á, kröfum í þeim efnum og röksemdum fyrir þeim. Skal forðast málalengingar og málflutningi beint að þeim atriðum einum ásamt nauðsynlegri frásögn af öðru sem þarf samhengis vegna.

Forseti stýrir þinghaldi. Hann getur krafist að málflytjendur haldi sér við efnið og láti vera að fjalla um þá þætti máls sem ekki eru til endurskoðunar eða ástæðulaust er af öðrum sökum að gera frekari grein fyrir. Forseti getur stöðvað málflutning ef ræður verða langar úr hófi fram eða sett honum tímatakmörk og við þau bundið enda á málflutning.

Að loknum málflutningi tekur Hæstiréttur málið til dóms.

207. gr.

Að því leyti sem taka þarf afstöðu til atriða varðandi rekstur máls fyrir Hæstarétti ræður hann þeim til lykta með ákvörðun, hvort sem ágreiningur er um þau milli aðila eða ekki, enda leiði ákvörðunin ekki til loka máls fyrir dóminum. Ákvörðun skal ekki rökstudd sérstaklega en um efni hennar skal getið í þingbók eftir þörfum.

Úr öðrum atriðum máls leysir Hæstiréttur með dómi. Ef máli er vísað frá Hæstarétti má láta við það sitja að geta um ástæður þess í dómi, svo og um sakarkostnað. Sama gildir ef héraðsdómurinn er ómerktur og máli vísað heim eða því er vísað frá héraðsdómi.

Sé kveðið á um önnur málalok í dómi en getur í 2. mgr. skal greina þar frá kröfum aðila eftir því sem þörf er á svo að niðurstaða verði skýr. Að því leyti sem greinargerð um máls-

atvik er ábótavant í héraðsdómi skal bætt úr því í dómi Hæstaréttar. Ef og að því leyti sem niðurstöðu héraðsdóms er breytt skal það rökstutt í dómi Hæstaréttar. Fallist Hæstiréttur á niðurstöðu héraðsdóms en ekki á röksemdir fyrir henni greinir hann frá rökum sínum eftir því sem þörf þykir.

Um dóma Hæstaréttar gilda að öðru leyti ákvæði 183. gr. eftir því sem getur átt við.

208. gr.

Refsing og önnur viðurlög á hendur ákærða verða ekki þyngd með dómi Hæstaréttar nema þess hafi verið krafist af hálfu ákæruvalds. Ákvæðum héraðsdóms um kröfu skv. XXVI. kafla verður heldur ekki breytt nema þess hafi verið krafist af þeim sem breyting er til hagsbóta, hvort sem það er ákærði eða kröfuhafi. Að öðru leyti getur Hæstiréttur ávallt breytt dómi til hagsbóta ákærða þótt hann hafi ekki gert kröfu um það.

Hæstiréttur getur ekki endurmetið niðurstöðu héraðsdómara um sönnunargildi munnlegs framburðar nema hlutaðeigandi vitni eða ákærði hafi gefið skýrslu þar fyrir dómi.

Nú telur Hæstiréttur líkur á að niðurstaða héraðsdómara um sönnunargildi munnlegs framburðar fyrir dómi kunni að vera röng svo að einhverju skipti um úrslit máls og vitni eða ákærði sem eiga í hlut hafa ekki gefið munnlega skýrslu fyrir Hæstarétti. Getur þá rétturinn fellt úr gildi héraðsdóm og meðferð málsins í héraði í þeim mæli að munnleg sönnunarfærsla geti farið þar fram eftir þörfum og leyst verði úr máli á ný. Sé héraðsdómur ómerktur samkvæmt þessu skulu þrír dómarar skipa dóm í málinu við nýja meðferð þess í héraði og mega þeir ekki vera hinir sömu og áður fóru með það.

209. gr.

Dóm skal kveða upp svo fljótt sem unnt er eftir að mál er dómtekið og aldrei síðar en þegar fjórar vikur eru liðnar frá því. Verði því ekki komið við og hafi mál verið munnlega flutt skal endurtaka málflutning að því leyti sem Hæstarétti þykir nauðsynlegt.

Strax eftir dómtöku máls skulu dómarar ræða með sér fyrir luktum dyrum röksemdir og niðurstöðu dóms. Fyrir málflutning felur forseti einum dómara að vera frummælandi á þeim fundi en forseti stýrir þar ráðagerðum, ber fram spurningar, stuðlar að því að álit hvers dómara komi þar sem skýrast fram og telur atkvæði þeirra. Afl atkvæða ræður úrslitum. Að lokinni umræðu felur forseti frummælandanum að semja atkvæði að dómi. Greinist dómarar í meiri og minni hluta semur frummælandinn atkvæði fyrir þann hluta sem hann heyrir til en hinir dómararnir ákveða hver semji atkvæði þeirra. Dómari sem greiðir atkvæði með ómerkingu héraðsdóms eða frávísun máls og verður í minni hluta verður einnig að greiða atkvæði um efni máls. Dómarar ganga í sameiningu frá dómi, með eða án sératkvæða.

Við uppkvaðningu dóms skal lesa upp dómsorð í heyranda hljóði á dómþingi eftir því sem þörf þykir. Ef sératkvæði er í dómi skal þess einnig getið.

210. gr.

Eftir því sem átt getur við fer að öðru leyti um meðferð og úrlausn sakamála fyrir Hæstarétti eftir ákvæðum þessara laga um meðferð máls í héraði.

XXXII. KAFLI
Endurupptaka óáfrýjaðs máls.

211. gr.

Nú hefur héraðsdómur gengið í sakamáli sem ekki hefur verið áfrýjað og áfrýjunarfrestur er liðinn og getur þá Hæstiréttur orðið við beiðni manns, sem telur sig ranglega sakfelldan eða sakfelldan fyrir mun meira brot en það sem hann hefur framið, um að málið verði endurupptekið í héraði ef einhverju eftirtalinna skilyrða er fullnægt:

a. fram eru komin ný gögn sem ætla má að hefðu verulega miklu skipt fyrir niðurstöðu málsins ef þau hefðu komið fram áður en dómur gekk,
b. ætla má að lögregla, ákærandi, dómari eða aðrir hafi haft í frammi refsiverða háttsemi í því skyni að fá fram þau málalok sem orðin eru, svo sem ef vitni eða aðrir hafa vísvitandi borið ranglega fyrir dómi eða fölsuð skjöl verið lögð fram og það hefur valdið rangri niðurstöðu málsins,
c. verulegar líkur eru leiddar að því að sönnunargögn sem færð voru fram í máli hafi verið rangt metin svo að áhrif hafi haft á niðurstöðu þess,
d. verulegir gallar hafa verið á meðferð máls þannig að áhrif hafi haft á niðurstöðu þess.

Ef einhver sá sem vinnur að rannsókn eða meðferð sakamála fær vitneskju eða rökstuddan grun um atriði sem í 1. mgr. getur ber honum að veita dómfellda vitneskju um það.

Hæstiréttur getur orðið við beiðni ríkissaksóknara um að mál verði tekið upp á ný í héraði ef dómur hefur gengið þar, honum hefur ekki verið áfrýjað, áfrýjunarfrestur er liðinn og ákæruði hefur verið sýknaður eða sakfelldur fyrir mun minna brot en hann var borinn sökum um ef:

a. ákæruði hefur eftir að dómur gekk játað að hafa framið það brot sem hann var sakaður um eða önnur gögn hafa komið fram sem geta gefið ótvíræðar vísbendingar um sök hans, eða
b. svo stendur á sem um ræðir í b-lið 1. mgr.

Ríkissaksóknari getur beiðst endurupptöku máls til hagsbóta fyrir dómfellda ef hann telur atvik vera með einhverjum þeim hætti sem greinir í 1. mgr.

212. gr.

Beiðni um endurupptöku skal vera skrifleg og henni beint til Hæstaréttar. Í henni skal ítarlega rökstutt hvernig skilyrðum til endurupptöku teljist fullnægt. Gögn því til stuðnings skulu fylgja beiðninni.

Ef dómfelldi leitar endurupptöku og hann er sviptur frelsi er yfirmanni fangelsis skylt að koma beiðni hans á framfæri.

Ef beiðni um endurupptöku er bersýnilega ekki á rökum reist hafnar Hæstiréttur henni þegar í stað.

213. gr.

Verði ekki farið með beiðni um endurupptöku samkvæmt því sem í 3. mgr. 212. gr. segir skulu hún og gögnin, sem henni fylgdu, send til gagnaðila og hann krafinn um skriflega greinargerð um viðhorf sín til hennar innan tiltekins frests. Hafi dómfelldi borið fram beiðnina og staðið sjálfur að henni getur þó Hæstiréttur fyrst skipað honum verjanda og gefið honum kost á að gera beiðni á nýjan leik. Skylt er endranær að skipa dómfellda eða ákærða verjanda vegna beiðni um endurupptöku ef hann óskar eftir því.

Hæstiréttur getur ákveðið að beiðni um endurupptöku fresti réttaráhrifum dóms meðan á meðferð hennar stendur.

Við meðferð beiðni um endurupptöku getur Hæstiréttur beint því til ríkissaksóknara að hann hlutist til um rannsókn á nánar tilgreindum atriðum eða að aflað verði sönnunargagna fyrir héraðsdómi. Dómfelldi eða ákærði getur jafnframt krafist þess að gagna verði aflað fyrir dómi. Um slíka gagnaöflun fer skv. XXI. kafla eftir því sem átt getur við.

Hæstiréttur getur gefið aðilum kost á að tjá sig munnlega um beiðni um endurupptöku á dómþingi.

Ef í ljós er leitt að beiðni um endurupptöku hafi gengið of skammt getur sá sem hana bar fram breytt henni því til samræmis.

214. gr.

Hæstiréttur tekur ákvörðun um hvort mál verði endurupptekið. Sé beiðni tekin til greina skal fyrri dómur í málinu falla úr gildi, annaðhvort að öllu leyti eða að hluta, nema Hæstiréttur ákveði að réttaráhrif hans haldist þar til nýr dómur hefur verið kveðinn upp. Í ákvörðun skal í meginatriðum greint frá ástæðum sem niðurstaða hennar er reist á.

Hafi endurupptaka verið heimiluð skal málið sæta meðferð á ný fyrir héraðsdómi eftir almennum reglum laga þessara í samræmi við ákvörðun Hæstaréttar skv. 1. mgr. Um áfrýjun á nýjum dómi gilda ákvæði XXXI. kafla.

Nú hefur mál verið endurupptekið eftir beiðni dómfellda og má þá hlutur hans aldrei verða lakari en hann var eftir hinum upphaflega dómi.

Kostnaður af beiðni dómfellda um endurupptöku og af nýrri meðferð málsins ef á hana er fallist skal greiddur úr ríkissjóði nema dómfelldi hafi komið henni til leiðar með gögnum sem hann mátti vita að væru ósönn. Að öðru leyti fer um sakarkostnað eftir almennum reglum.

XXXIII. KAFLI
Endurupptaka máls sem hefur verið dæmt í Hæstarétti.

215. gr.

Hæstiréttur getur leyft samkvæmt beiðni að mál, sem þar hefur verið dæmt, verði tekið þar til meðferðar og dómsuppsögu á ný ef fullnægt er þeim skilyrðum sem greinir í 211. gr.

Um beiðni um endurupptöku máls fyrir Hæstarétti og meðferð hennar gilda ákvæði 212. og 213. gr. eftir því sem átt getur við. Hæstiréttur getur ákveðið að varadómarar, einn eða fleiri, verði kvaddir til að taka ákvörðun um hvort mál skuli tekið þar upp á ný þótt ekki sé fullnægt almennum skilyrðum til að kveðja varadómara til starfa.

Hæstiréttur tekur ákvörðun um hvort mál verði endurupptekið. Sé beiðni tekin til greina skal fyrri dómur í málinu falla úr gildi nema Hæstiréttur ákveði að réttaráhrif hans haldist þar til nýr dómur hefur verið kveðinn upp, en að öðru leyti þarf ekki að færa fram ástæður sem ákvörðun um endurupptöku er reist á. Sé beiðni hafnað skal í meginatriðum greint í ákvörðun frá ástæðum sem sú niðurstaða er reist á.

Nú hefur endurupptaka máls verið heimiluð, annaðhvort að öllu leyti eða að hluta, og skal þá upp frá því fara með það að því marki, sem heimildin nær, eftir almennum reglum XXXI. kafla eins og áfrýjunarstefna hefði verið gefin út á þeim tíma þegar endurupptaka var ráðin.

Að því leyti sem endurupptaka máls hefur verið heimiluð skal nýr dómur ganga í því fyrir Hæstarétti án tillits til þess hvort niðurstöðu sé breytt frá fyrra dómi.

Ákvæði 3. og 4. mgr. 214. gr. gilda um mál sem endurupptekið er fyrir Hæstarétti.

6. ÞÁTTUR
Sakarkostnaður og réttarfarssektir.
XXXIV. KAFLI
Sakarkostnaður.

216. gr.

Til sakarkostnaðar teljast óhjákvæmileg útgjöld vegna rannsóknar sakamáls og meðferðar þess, þar á meðal:

a. þóknun verjanda og réttargæslumanns, svo og annar kostnaður vegna varnar sakbornings og réttargæslu fyrir brotaþola,
b. kostnaður og þóknun vitna,
c. kostnaður við sérfræðilegar álitsgerðir, matsgerðir og afnot af aðstöðu eða munum annarra manna,
d. kostnaður af birtingu ákæru, kvaðninga og annarra tilkynninga.

Þóknun dómtúlks, þýðanda eða kunnáttumanns skv. 12. gr. telst ekki til sakarkostnaðar. Af sakamáli greiðast heldur engin dómsmálagjöld.

217. gr.

Í dómi, viðurlagaákvörðun eða úrskurði, ef máli lýkur á þann veg, skal kveða á um hvort ríkissjóður eða ákærði skuli bera sakarkostnað. Sé ákærða gert að greiða sakarkostnað, hvort sem er að öllu leyti eða að hluta, skal tiltaka þá heildarfjárhæð sem honum ber að greiða. Sé ríkissjóði gert að greiða sakarkostnað skal fjárhæðin ekki tilgreind. Í báðum tilvikum skal þóknun verjanda og réttargæslumanns þó ávallt greind sérstaklega með tiltekinni fjárhæð.

Ákærandi skal taka saman yfirlit um þau útgjöld sem hlotist hafa af málinu fram að þingfestingu þess og teljast til sakarkostnaðar. Skal það yfirlit lagt fram í málinu þegar það er þingfest. Ef sakarkostnaður fellur til eftir þingfestingu skal ákærandi leggja fram yfirlit um þau viðbótarútgjöld áður en málinu lýkur, þó í síðasta lagi við upphaf aðalmeðferðar. Ef til álita kemur að vísa máli frá dómi eða ljúka því með öðrum hætti án dóms getur dómari beint því til ákæranda að leggja fram yfirlit um slík viðbótarútgjöld telji hann ástæðu til.

218. gr.

Nú er ákærði sakfelldur fyrir það brot eða þau brot sem honum eru gefin að sök og skal honum þá gert að greiða sakarkostnað. Ef ákærði er sakfelldur fyrir sum brotin en sýknaður af öðrum getur dómari gert honum að greiða ákveðið hlutfall sakarkostnaðar en ákveðið að kostnaðurinn greiðist að öðru leyti úr ríkissjóði. Þó skal aldrei gera ákærða að greiða kostnað sem lögregla, ákæruvald, verjandi eða réttargæslumaður hafa valdið vegna vanrækslu eða skeytingarleysis.

Nú er ákærði sýknaður af kröfu um refsingu og önnur viðurlög eða mál gegn honum fellur niður af hvaða ástæðu sem er og verður honum þá ekki gert að greiða sakarkostnað nema hann hafi orðið valdur að kostnaðinum með vísvitandi og ólögmætu framferði við rannsókn máls eða meðferð þess.

219. gr.

Nú er höfðað mál gegn tveimur eða fleiri mönnum saman og þeir sakfelldir og skal þá hvorum eða hverjum þeirra gert að greiða einum sér þóknun verjanda síns ef hann hefur fengið skipaðan annan verjanda en hinn eða hinir. Þá menn sem saman eru um verjanda skal dæma óskipt til að greiða þóknun hans.

Nú hafa báðir ákærðu eða allir tekið þátt í broti með vitund og vilja hvors eða hvers annars og eru sakfelldir í sama máli. Skal þá venjulega gera þeim óskipt að greiða annan sakarkostnað en þóknun verjanda. Ef sammæli einhverra þeirra eða allra um brot hefur ekki verið slíkt skiptir dómari sakarkostnaði hlutfallslega milli þeirra.

Nú eru tveir eða fleiri menn hafðir fyrir sökum og annar eða sumir þeirra sýknaðir, en hinn eða hinir sakfelldir, og skal þá ríkissjóður bera þann hluta kostnaðar sem telja má að aðeins komi við hinum sýknaða eða sýknuðu nema telja megi hinn sakfellda eða hina sakfelldu beinlínis hafa valdið honum. Ef ekki liggur nákvæmlega fyrir hve háa fjárhæð ríkissjóður skuli bera af þessum sökum metur dómari í hvaða hlutfalli eða hlutföllum hinn sakfelldi eða hinir sakfelldu skuli bera sakarkostnað á móti ríkissjóði.

220. gr.

Nú áfrýjar ákærði héraðsdómi og hann er sýknaður með öllu eða að hluta með dómi Hæstaréttar eða viðurlög eru þar milduð. Skal þá kostnaður af áfrýjun felldur á ríkissjóð eða honum skipt samkvæmt því sem segir í 1. mgr. 218. gr.

Nú áfrýjar ríkissaksóknari héraðsdómi og viðurlög eru ekki þyngd svo að neinu nemi með dómi Hæstaréttar. Skal þá kostnaður af áfrýjun felldur á ríkissjóð.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur fyrir Hæstarétti nema máli sé þá lokið með dómi.

Eftir því sem við á fer að öðru leyti um sakarkostnað fyrir Hæstarétti samkvæmt því sem mælt er fyrir í 216.–219. gr.

221. gr.

Lagt skal út fyrir sakarkostnaði úr ríkissjóði. Sakarkostnaður sem sakfelldum manni er gert að greiða samkvæmt dómi, úrskurði eða viðurlagaákvörðun skal innheimtur hjá honum, eftir atvikum með fjárnámi og nauðungarsölu. Skal hann bera kostnað af þeim aðgerðum, svo og aðgerðum vegna fullnustu refsingar og annarra viðurlaga á hendur honum, til viðbótar sakarkostnaði.

Nú liggur nægilega ljóst fyrir að sakfelldur maður hefur hvorki eignir né tekjur til að standa straum af sakarkostnaði sem honum hefur verið gert að greiða og ber þá að falla frá kröfu á hendur honum um greiðslu kostnaðarins.

XXXV. KAFLI
Réttarfarssektir.

222. gr.

Dómari ákveður sektir samkvæmt reglum þessa kafla af sjálfsdáðum og renna þær í ríkissjóð. Þó má höfða sjálfstætt mál vegna brota sem varða sektum samkvæmt þessum kafla.

Ef refsing liggur að auki eftir öðrum lögum við broti sem ákvæði þessa kafla taka til má hafa kröfu um hana uppi í öðru máli án tillits til ákvörðunar um réttarfarssekt.

223. gr.

Ákveða má sekt á hendur ákæranda, verjanda eða réttargæslumanni fyrir:

a. að valda af ásetningi óþörfum drætti á máli,
b. að brjóta gegn banni skv. 1. eða 2. mgr. 11. gr.,
c. að viðhafa ósæmileg ummæli, skrifleg eða munnleg, fyrir dómi um dómara eða aðra menn,
d. að misbjóða virðingu dóms á annan hátt með framferði sínu í þinghaldi.

Ákærða eða öðrum þeim sem gefur skýrslu fyrir dómi má ákveða sekt fyrir brot gegn b-, c- eða d-lið 1. mgr.

Ákveða má sekt á hendur öðrum en þeim sem ákvæði 1. og 2. mgr. taka til fyrir að brjóta gegn banni skv. 1. eða 2. mgr. 11. gr., að hlýða ekki fyrirskipunum dómara sem miða að því að halda uppi reglu á dómþingi eða að koma þar annars hneykslanlega eða ósæmilega fram.

Nú telur dómari að brotið hafi verið gegn 1.–3. mgr. en brot er smávægilegt að hans dómi. Getur hann þá ákveðið að víta þann brotlega í stað þess að gera honum sekt.

Fyrir Hæstarétti má ákveða sekt á hendur ákæranda eða verjanda ellegar þeim báðum í senn fyrir tilefnislaust málskot. Enn fremur má gera ákæranda, verjanda eða réttargæslumanni sekt fyrir vítaverða vanrækslu eða önnur glöp við meðferð máls í héraði eða við undirbúning eða meðferð máls fyrir Hæstarétti. Ákvæði 1.–4. mgr. taka til meðferðar máls fyrir Hæstarétti eftir því sem við getur átt.

224. gr.

Nú gengur dómur í máli og skal þá sekt á hendur ákæranda, ákærða, verjanda eða réttargæslumanni ákveðin þar. Ef máli lýkur með öðrum hætti skulu sektir á hendur þeim ákveðnar í úrskurði.

Sektir á hendur öðrum en þeim sem greindir eru í 1. mgr. skulu ákveðnar í úrskurði jafnskjótt og brot er framið.

7. ÞÁTTUR
Ýmis ákvæði.
XXXVI. KAFLI
Sakaskrá o.fl.

225. gr.

Ríkissaksóknari skal halda sakaskrá fyrir allt landið þar sem skráð eru úrslit sakamála.

Ríkissaksóknari skal setja nánari reglur um gerð og varðveislu sakaskrár, þar á meðal hvað skuli skráð í henni um mál sem lýkur án saksóknar, svo og um sakavottorð.

226. gr.

Lögreglu er heimilt að skrá og varðveita upplýsingar um brotaferil einstakra manna og atriði sem varða einkahagi þeirra. Skal dómsmálaráðherra setja fyrirmæli í reglugerð um þetta, þar á meðal um að upplýsingum um brotaferil einstakra manna og aðra einkahagi þeirra skuli eytt þegar þeirra er ekki lengur þörf við rannsókn sakamála.

227. gr.

Ákærandi skal leggja sakavottorð ákærða fram í sakamáli við þingfestingu máls nema hann telji óþarft að líta til sakaferils hans við úrlausn málsins.

Hver og einn á rétt á að fá afhent sakavottorð eða upplýsingar um eigin sakaferil úr sakaskrá. Aðrir eiga því aðeins rétt á að fá aðgang að slíkum upplýsingum að sá sem hlut á að máli hafi veitt ótvírætt samþykki sitt til þess.

XXXVII. KAFLI
Bætur vegna sakamáls.

228. gr.

Maður sem borinn hefur verið sökum í sakamáli á rétt til bóta skv. 2. mgr. ef mál hans hefur verið fellt niður eða hann verið sýknaður með endanlegum dómi án þess að það hafi verið gert vegna þess að hann var talinn ósakhæfur.

Dæma skal bætur vegna aðgerða skv. IX., X., XI., XIII. og XIV. kafla laga þessara ef skilyrði 1. mgr. eru fyrir hendi. Þó má fella niður bætur eða lækka þær ef sakborningur hefur valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisir kröfu sína á.

Nú hefur maður ekki verið borinn sökum í sakamáli og á hann þó engu síður rétt til bóta ef hann hefur beðið tjón af þeim aðgerðum sem taldar eru upp í 2. mgr. Þó má fella niður bætur eða lækka þær ef hann hefur valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisir kröfu sína á.

Maður sem hlotið hefur saklaus dóm í sakamáli, þolað refsingu eða refsikennd viðurlög á rétt til bóta. Þó má lækka bætur ef hann hefur átt sök á því að hann var ranglega dæmdur.

Bæta skal fjártjón og miska samkvæmt þessari grein ef því er að skipta.

229. gr.

Sömu reglur gilda um aðilaskipti að bótakröfu skv. 228. gr. og um kröfu um bætur fyrir líkamstjón samkvæmt skaðabótalögum.

230. gr.

Sækja skal bótakröfu skv. 228. gr. í einkamáli á hendur ríkinu en veita skal stefnanda, enda sé um einstakling að ræða, gjafsókn í héraði. Að öðru leyti fer um málsókn eftir almennum reglum.

Nú hefur ríkið verið dæmt til greiðslu bóta og á það þá endurkröfu um þær á hendur löggreglumanni, ákæranda eða öðrum ef telja má þá hafa með ásetningi eða stórkostlegu gáleysi valdið þeim aðgerðum sem krafa var reist á eða framkvæmt þær með sama hætti.

Nú er rannsókn eða meðferð sakamáls tekin upp á ný og það kemur í ljós að manni hafi ranglega verið greiddar bætur skv. 228. gr. Ber honum þá að endurgreiða bæturnar.

231. gr.

Maður sem hefur orðið fyrir þeim aðgerðum sem taldar eru í 228. gr. getur í stað bóta krafist vottorðs ríkissaksóknara um að í ljós hafi komið að hann hafi verið órétti beittur. Telji ríkissaksóknari að maður eigi rétt á slíku vottorði ber að láta honum það í té.

XXXVIII. KAFLI
Gildistaka, brottfall laga o.fl.

232. gr.

Lög þessi taka gildi 1. júlí 2008.

233. gr.

Við gildistöku laga þessara falla brott eftirfarandi lög og ákvæði einstakra laga:

1. Lög um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991, með áorðnum breytingum.
2. Í 1. málsl. 11. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849, sbr. lög nr. 116/1990, orðin „og fer um mál út af þeim samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála“.

3. Í 7. gr. laga um landamerki o.fl., nr. 41 28. nóvember 1919, sbr. lög nr. 116/1990, orðin „og fer um mál vegna þeirra að hætti opinberra mála“.
4. Í 2. gr. laga um heimild handa ríkisstjórninni til að banna flutning til landsins á varningi, sem stjórnin telur stafa sýkingarhættu af, nr. 8 18. maí 1920, sbr. lög nr. 116/1990, orðin „og sæta mál út af því meðferð opinberra mála“.
5. Í 33. gr. laga um skipströnd og vogrek, nr. 42 15. júní 1926, sbr. lög nr. 10/1983, orðin „og fer um mál út af brotunum að hætti opinberra mála“.
6. Í 32. gr. hjúalaga, nr. 22 7. maí 1928, sbr. lög nr. 116/1990, orðin „og fer um mál vegna þess að hætti opinberra mála“.
7. 3. mgr. 6. gr. laga um ráðstafanir til öryggis við siglingar, nr. 56 23. júní 1932, sbr. lög nr. 75/1982.
8. Í 5. gr. laga um ostrurækt, nr. 21 12. júní 1939, sbr. lög nr. 116/1990, orðin „og fer um mál út af þeim samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála“.
9. 2. mgr. 3. gr. laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna að veita upplýsingar um ferðir skipa, nr. 9 12. febrúar 1940, sbr. lög nr. 116/1990.
10. 2. málsl. 40. gr. laga um ófriðartryggingar, nr. 2 21. janúar 1944, sbr. lög nr. 10/1983.
11. Í 4. gr. laga um kirkju- og manntalsbækur (sálnaregistur), nr. 3 12. janúar 1945, orðin „og skulu mál út af brotum sæta meðferð opinberra mála“.
12. Í 9. gr. laga um fyrirhleðslu Héraðsvatna norður af Vindheimabrekkum, nr. 113 31. desember 1945, orðin „og skulu mál út af brotum sæta meðferð opinberra mála“.
13. Í 27. gr. laga um innlenda endurtryggingu, stríðsslysatryggingu skipshafna o.fl., nr. 43 9. maí 1947, sbr. lög nr. 10/1983, orðin „og skal farið með mál út af brotum á lögunum að hætti opinberra mála“.
14. 2. málsl. 17. gr. laga um tilkynningu aðsetursskipta, nr. 73 25. nóvember 1952, sbr. lög nr. 10/1983.
15. Í 37. gr. laga um skógrækt, nr. 3 6. mars 1955, sbr. lög nr. 10/1983, orðin „og fer um mál út af þeim brotum að hætti opinberra mála“.
16. 67. gr. lyfsölulaga, nr. 30 29. apríl 1963.
17. 2. málsl. 43. gr. laga um landgræðslu, nr. 17 24. apríl 1965.
18. 83. gr. orkulaga, nr. 58 29. apríl 1967, sbr. lög nr. 53/1985.
19. 11. gr. laga um getraunir, nr. 59 29. maí 1972.
20. 3. málsl. 3. gr. laga um róðrartíma fiskibáta, nr. 47 25. apríl 1973.
21. 2. mgr. 10. gr. hjúkrunarlaga, nr. 8 13. mars 1974.
22. 3. mgr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni, nr. 65 21. maí 1974.
23. 3. málsl. 4. gr. laga um samræmda vinnslu sjávarafla og veiðar, sem háðar eru sérstökum leyfum, nr. 12. 25. apríl 1975.
24. 2. málsl. 6. gr. laga um sálfræðinga, nr. 40 23. maí 1976, sbr. lög nr. 41/2007.
25. 2. mgr. 11. gr. laga um sjúkraþjálfun, nr. 58 31. maí 1976.
26. 2. mgr. 11. gr. laga um iðjuþjálfun, nr. 75 31. desember 1977.
27. 8. gr. laga um þroskaþjálfa, nr. 18 28. apríl 1978.
28. 4. mgr. 37. gr. laga um stimpilgjald, nr. 36 10. maí 1978.
29. 66. gr. laga um stjórn efnahagsmála o.fl., nr. 13 10. apríl 1979.
30. 6. mgr. 2. gr. laga um framkvæmd samnings um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi, nr. 48 30. maí 1979.
31. 3. mgr. 99. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46 28. maí 1980.

32. 9. gr. laga um lífeindafræðinga, nr. 99 29. desember 1980, sbr. lög nr. 35/2005.
33. 5. gr. laga um rétt manna til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga, nr. 27 25. maí 1981.
34. 6. mgr. 3. gr. laga um aðild Íslands að samningi um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðaustur-Atlantshafi, nr. 68 29. maí 1981.
35. 2. málsl. 6. gr. laga um þjóðsöng Íslendinga, nr. 7 8. mars 1983.
36. 3. mgr. 9. gr. laga um sjóntækjafræðinga, nr. 17 24. apríl 1984, sbr. lög nr. 41/2007.
37. 9. gr. ljósmæðralaga, nr. 67 28. maí 1984.
38. 2. málsl. 4. gr. laga um bókasafnsfræðinga, nr. 97 28. maí 1984.
39. 2. mgr. 22. gr. laga um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, nr. 112 31. desember 1984.
40. 2. mgr. 14. gr. laga um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, nr. 113 31. desember 1984.
41. Í 70. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6 21. mars 1986, orðin „og skal fara með mál út af þeim að hætti opinberra mála“.
42. 2. málsl. 18. gr. laga um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, nr. 24 7. maí 1986, sbr. lög nr. 79/1994.
43. 2. mgr. 18. gr. laga um Rannsóknadeild fisksjúkdóma, nr. 50 6. maí 1986.
44. 18. gr. laga um lögskráningu sjómanna, nr. 43 30. mars 1987.
45. 2. mgr. 3. gr. laga um útflutningsleyfi o.fl., nr. 4 11. janúar 1988.
46. 25. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52 18. maí 1988.
47. 31. gr. læknalaga, nr. 53 19. maí 1988.
48. 2. mgr. 5. gr. laga um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, nr. 52 19. maí 1989.
49. 2. málsl. 1. mgr. 12. gr. laga um Hagþjónustu landbúnaðarins, nr. 63 29. maí 1989.
50. 2. málsl. 1. mgr. 8. gr. laga um flokkun og mat á gærum og ull, nr. 57 16. maí 1990.
51. 9. gr. laga um félagsráðgjöf, nr. 95 28. september 1990.
52. Í 2. málsl. 11. gr. laga um tryggingagjald, nr. 113 28. desember 1990, orðið „opinberrar“.
53. 2. mgr. 14. gr. laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, nr. 34 25. mars 1991, sbr. lög nr. 46/1996.
54. 2. mgr. 7. gr. laga um vinnslu afla um borð í skipum, nr. 54 16. maí 1992, sbr. lög nr. 58/1996 og 154/2002.
55. 7. gr. laga um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi, nr. 61 1. júní 1992.
56. 3. mgr. 4. gr. laga um innflutning, nr. 88 17. nóvember 1992.
57. 2. mgr. 30. gr. laga um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, nr. 25 7. apríl 1993.
58. 22. gr. laga um dýravernd, nr. 15 16. mars 1994.
59. 2. mgr. 9. gr. laga um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, nr. 22 29. mars 1994.
60. 22. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64 19. maí 1994, sbr. lög nr. 94/2004.
61. 2. málsl. 9. gr. laga um merkingar og upplýsingaskyldu varðandi orkunotkun heimilistækja o.fl., nr. 72 11. maí 1994.
62. 2. mgr. 7. gr. laga um lífræna landbúnaðarframleiðslu, nr. 162 31. desember 1994, sbr. lög nr. 150/2001.
63. 3. mgr. 9. gr. laga um vernd Breiðafjarðar, nr. 54 8. mars 1995.
64. 1. mgr. 29. gr. laga um erfðabreyttar lífverur, nr. 18 2. apríl 1996.

65. 25. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar, nr. 57 3. júní 1996.
66. 2. málsl. 17. gr. laga um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, nr. 146 27. desember 1996.
67. 3. mgr. 16. gr. laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, nr. 151 27. desember 1996.
68. 2. mgr. 60. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73 28. maí 1997.
69. 3. mgr. 19. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 79 26. maí 1997.
70. 2. mgr. 21. gr. laga um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, nr. 96 27. maí 1997.
71. 2. mgr. 34. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7 12. mars 1998.
72. 3. mgr. 15. gr. laga um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 22 8. apríl 1998.
73. 33. gr. laga um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, nr. 55 10. júní 1998.
74. 2. málsl. 19. gr. laga um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, nr. 66 15. júní 1998.
75. 2. mgr. 76. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44 22. mars 1999.
76. 2. málsl. 7. gr. laga um orkunýtnikröfur, nr. 51 17. maí 2000.
77. 2. mgr. 2. gr. laga um starfsréttindi tannsmiða, nr. 109 25. maí 2000.
78. 2. mgr. 13. gr. laga um lækningatæki, nr. 16 30. apríl 2001.
79. Í 1. mgr. 16. gr. laga um fólksflutninga og farmflutninga á landi, nr. 73 31. maí 2001, sbr. lög nr. 51/2005, orðin „og skal fara með slík mál að hætti opinberra mála“.
80. Í 1. mgr. 11. gr. laga um leigubifreiðar, nr. 134 21. desember 2001, orðin „og skal farið með mál út af slíkum brotum að hætti opinberra mála“.
81. 2. mgr. 13. gr. girðingarlaga, nr. 135 21. desember 2001.
82. 21. gr. laga um tóbaksvarnir, nr. 6 31. janúar 2002.
83. 2. málsl. 22. gr. laga um geislavarnir, nr. 44 18. apríl 2002.
84. 2. málsl. 8. gr. laga um útflutning hrossa, nr. 55 2. maí 2002.
85. 3. málsl. 18. gr. laga um búfjárhald o.fl., nr. 103 15. maí 2002.
86. 3. mgr. 22. gr. laga um aðild starfsmanna að Evrópufélögum, nr. 27 27. apríl 2004.
87. 2. málsl. 9. gr. laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum, nr. 47 1. júní 2004.
88. 2. málsl. 49. gr. ábúðarlaga, nr. 80 9. júní 2004.
89. 2. málsl. 56. gr. jarðalaga, nr. 81 9. júní 2004.
90. 2. mgr. 9. gr. laga um græðara, nr. 34 11. maí 2005.
91. Í 4. gr. laga um gæðamat á æðardúni, nr. 52 18. maí 2005, orðin „og sæta meðferð opinberra mála“.
92. 2. mgr. 26. gr. laga um skipan ferðamála, nr. 73 24. maí 2005.
93. 1. málsl. 9. gr. laga um uppboðsmarkaði sjávarafla, nr. 79 24. maí 2005.
94. 3. mgr. 13. gr. laga um starfsmannaleigur, nr. 139 20. desember 2005.
95. 2. mgr. 60. gr. laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 54 14. júní 2006.
96. 2. málsl. 2. mgr. 19. gr. laga um vinnumarkaðsaðgerðir, nr. 55. 14. júní 2006.
97. 1. málsl. 6. mgr. 5. gr. laga um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum, nr. 62 13. júní 2006.
98. 27. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116 10. ágúst 2006.
99. 3. mgr. 10. gr. laga um upplýsingar og samráð í fyrirtækjum, nr. 151 15. desember 2006.
100. 2. málsl. 5. mgr. 3. gr. laga um skipan nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn, nr. 26 23. mars 2007.
101. Í 13. gr. laga um íslenska alþjóðlega skipaskrá, nr. 38 27. mars 2007, orðin „og skal farið með þau að hætti opinberra mála“.

102. 3. mgr. 27. gr. laga um aðild starfsmanna að evrópskum samvinnufélögum, nr. 44 27. mars 2007.
103. 3. mgr. 18. gr. laga um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra, nr. 45 27. mars 2007.
104. 2. mgr. 59. gr. vegalaga, nr. 80 29. mars 2007.

234. gr.

Við gildistöku laga þessara breytast eftirfarandi ákvæði laga sem hér segir:

1. Almenn hegningarlög, nr. 19 12. febrúar 1940, með áorðnum breytingum:
   a. 24. gr. fellur brott.
   b. Í 1. mgr. 25. gr. falla brott orðin „opinbera“, „eða það á því aðeins að fylgja málinu fram, að krafa sé um það gerð“ og „eða borið fram kröfuna“.
   c. Í 3. mgr. 25. gr. falla brott orðin „eða bera fram kröfu um opinbera málshöfðun“.
   d. 1. og 3. mgr. 26. gr. falla brott.
   e. 2. mgr. 26. gr. verður svohljóðandi:
      Hafi fleiri en einum manni verið misboðið með sama verknaði getur hver um sig sótt hinn seka til refsingar í einkamáli, enda beri ákæruvaldinu ekki að höfða mál út af brotinu.
   f. 27. gr. fellur brott.
   g. 3. mgr. 28. gr. fellur brott.
   h. 1. mgr. 29. gr. verður svohljóðandi:
      Heimild til þess að höfða einkamál til refsingar fellur niður sé mál ekki höfðað áður en 6 mánuðir eru liðnir frá því að sá, sem heimildina hefur, fékk vitneskju um hinn seka. Nú andast sá, sem misgert var við, áður en frestur er liðinn, og getur þá sá, sem í stað hans kemur, ávallt höfðað einkamál á næstu 3 mánuðum eftir andlátið, þótt frestur væri annars liðinn.
   i. Í 2. málsl. 2. mgr. 29. gr. falla brott orðin „kröfu gera um málssókn eða“.
   j. 2. málsl. 2. mgr. og 2. málsl. 3. mgr. 59. gr. falla brott.
   k. Heiti IV. kafla verður: **Einkarefsimál.**
   l. Við 59. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
      Mál samkvæmt þessari grein sæta meðferð eftir lögum um meðferð sakamála.
   m. 6. málsl. 62. gr. verður svohljóðandi: Mál samkvæmt þessari grein sæta meðferð eftir lögum um meðferð sakamála.
   n. 3. mgr. 66. gr. verður svohljóðandi:
      Mál samkvæmt þessari grein sæta meðferð eftir lögum um meðferð sakamála.
   o. Í stað orðanna „opinberu máli“ í 1. mgr. og 1. málsl. 2. mgr. 68. gr. kemur: sakamáli.
   p. Í stað orðanna „opinbert mál“ í 1. málsl. 6. mgr. 68. gr. kemur: sakamál.
   q. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 1. málsl. 1. mgr. og 1. málsl. 2. mgr. 68. gr. a kemur: sakamála. Í stað orðanna „opinberu máli“ í 1. málsl. 2. mgr. sömu greinar kemur: sakamáli.
   r. 2. málsl. 1. mgr. og 2. málsl. 2. mgr. 68. gr. a falla brott.
   s. Í stað orðanna „opinbers máls“ í 1. málsl. 4. mgr. 82. gr. kemur: sakamáls.
   t. Í stað orðanna „opinbert mál“ í 1. málsl. 5. mgr. 82. gr. kemur: sakamál.
   u. 4. málsl. 5. mgr. 82. gr. fellur brott.
   v. 3. málsl. 2. mgr. 83. gr. b verður svohljóðandi: Mál samkvæmt þessari málsgrein sætir meðferð eftir lögum um meðferð sakamála.

w. Í stað orðanna „opinberri meðferð“ í 97. og 105. gr. kemur: meðferð sakamála.
x. Í stað orðanna „opinberu máli“ í 3. mgr. 162. gr. kemur: sakamáli.
y. 2. mgr. 217. gr. verður svohljóðandi:
Ákæruvaldið höfðar mál út af broti skv. 1. mgr. og skal það ekki gert nema almenningshagsmunir krefjist þess.
z. Í 1. mgr. 232. gr. falla brott orðin „samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála“.
aa. Í stað orðsins „ákæru“ í 1. málsl. 242. gr. kemur: saksókn. Í 1. tölul. og a-, b- og c-lið 2. tölul. sömu greinar fellur brott orðið „opinberri“.

2. Lög um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið, nr. 34 17. júní 1944, sbr. lög nr. 67/1998:
a. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 8. gr. kemur: sakamála.
b. 3. mgr. 14. gr. fellur brott.
3. Lög um prentrétt, nr. 57 10. apríl 1956:
a. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 1. málsl. 1. mgr. 29. gr., sbr. lög 92/1991, kemur: sakamála.
b. 1. mgr. 31. gr. fellur brott.
4. Í stað orðanna „lögum um meðferð opinberra mála“ í 2. mgr. 5. gr. laga um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, nr. 7. 14. mars 1962, með áorðnum breytingum, og sömu orða hvarvetna annars staðar í lögunum kemur í viðeigandi beygingarfalli: lög um meðferð sakamála.
5. Í stað orðanna „opinberu máli“ í 24. gr., 1. málsl. 25. gr. og 1. tölul. 2. mgr. 26. gr. erfðalaga, nr. 8 14. mars 1962, kemur: sakamáli.
6. Lög um landsdóm, nr. 3 19. febrúar 1963, með áorðnum breytingum:
a. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 1. mgr. 23. gr. og 4. málsl. 24. gr. kemur: sakamála.
b. 29. gr. fellur brott.
c. Í stað orðsins „refsimálum“ í 31. gr. kemur: sakamálum.
d. 2. málsl. 4. mgr. 32. gr. fellur brott.
e. Í stað orðsins „einkamála“ í 51. gr. kemur: sakamála.
7. Lög um fullnustu refsidóma, sem kveðnir hafa verið upp í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, o.fl., nr. 69 12. desember 1963:
a. Í 2. mgr. 1. gr. fellur brott orðið „opinberum“.
b. Í stað orðanna „110. gr. laga um meðferð opinberra mála“ í 4. gr. a, sbr. lög nr. 15/2000, kemur: 100. gr. laga um meðferð sakamála.
c. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 1. mgr. 22 gr. kemur: sakamála.
8. 15. gr. laga um verslun með áfengi og tóbak, nr. 63 28. maí 1969, sbr. lög nr. 95/1995, verður svohljóðandi:
Brot gegn lögunum varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.
9. 6. gr. laga um bann við losun hættulegra efna í sjó, nr. 20 21. apríl 1972, verður svohljóðandi:
Brot gegn lögum þessum varða sektum.
10. 59. gr. höfundalaga, nr. 73 29. maí 1972, sbr. lög nr. 78/1984:
a. Í 1. og 3. mgr. fellur brott orðið „opinberri“.
b. Í stað orðanna „opinberrar ákæru“ í 2. mgr. kemur: þess að ákæra verði gefin út.
11. Lög um norræna vitnaskyldu, nr. 82 31. maí 1976:

a. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 2. mgr. 1. gr. og 1. mgr. 5. gr. kemur: sakamála.
b. Í stað orðanna „opinberum málum“ í 1. málsl. 2. mgr. 5. gr. kemur: sakamálum.

12. Í stað orðanna „opinberu máli“ í 1. málsl. 14. gr. laga um lyfjafræðinga, nr. 35 11. maí 1978, sbr. lög nr. 41/2007, kemur: sakamáli.
13. Lög um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum, nr. 13 17. apríl 1984, með áorðnum breytingum:
    a. Í stað orðanna „lögum um meðferð opinberra mála“ í 2. mgr. 8. gr. og sömu orða hvarvetna annars staðar í lögunum kemur í viðeigandi beygingarfalli: lög um meðferð sakamála.
    b. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 3. mgr. 13. gr. kemur: sakamála.
    c. Í stað orðanna „opinbers máls“ í 23. gr. b kemur: sakamáls.
14. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 2. mgr. 226. gr. siglingalaga, nr. 34 19. júní 1985, kemur: sakamála.
15. 74. gr. sjómannalaga, nr. 35 19. júní 1985, sbr. lög 53/1990:
    a. Í stað orðanna „opinberri málssókn“ í 1. mgr. kemur: saksókn.
    b. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 3. mgr. kemur: sakamála.
16. 1. mgr. 13. laga um Verðlagsráð sjávarútvegsins, nr. 43 4. júní 1985, sbr. lög nr. 84/1991, verður svohljóðandi:

    Brot gegn lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

17. Í stað orðanna „opinberum málum“ í 3. mgr. 2. gr. laga um ríkislögmann, nr. 51 24. júní 1985, kemur: sakamálum.
18. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 1. málsl. 1. mgr. 18. gr. laga um skráningu skipa, nr. 115 31. desember 1985, kemur: sakamála.
19. Í stað orðanna „opinberu máli“ í 2. málsl. 16. gr. laga um lögskráningu sjómanna, nr. 43 30. mars 1987, sbr. lög nr. 92/1991, kemur: sakamáli.
20. Lög um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45 30. mars 1987, með áorðnum breytingum:
    a. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 1. málsl. 4. mgr. 25. gr. kemur: sakamála.
    b. Í stað orðanna „opinberrar rannsóknar“ í 2. málsl. 4. mgr. 25. gr. kemur: rannsóknar lögreglu.
    c. Í 1. málsl. 1. mgr. 31. gr. fellur brott orðið „opinberrar“.
    d. Í stað orðanna „opinberrar meðferðar“ í 1. málsl. 2. mgr. 31. gr. kemur: rannsóknar lögreglu.
    e. Í stað orðanna „opinberrar rannsóknar“ í 4. mgr. 31. gr. kemur: rannsóknar lögreglu.
    f. 5. mgr. 31. gr. verður svohljóðandi:

        Greiðslukröfu má hafa uppi og dæma í sakamáli vegna brota á lögunum.

    g. Í fyrirsögn á undan 31. gr. fellur brott orðið „opinber“.
21. Umferðarlög, nr. 50 30. mars 1987, með áorðnum breytingum:
    a. Í stað orðanna „opinberu máli“ í 1. málsl. 2. mgr. 97. gr. og 105. gr. kemur: sakamáli.
    b. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 2. málsl. 1. mgr. 103. gr., 2. málsl. 3. mgr. 106. gr. a og 1. málsl. 2. mgr. 107. gr. kemur: sakamála.
22. Lög um virðisaukaskatt, nr. 50 24. maí 1988, með áorðnum breytingum:
    a. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 1. málsl. 5. mgr. 38. gr. kemur: sakamála.
    b. Í stað orðanna „opinberrar rannsóknar“ í 2. málsl. 5. mgr. 38. gr. og 4. mgr. 41. gr. kemur: rannsóknar lögreglu.

c. Í 1. málsl. 1. mgr. 41. gr. fellur brott orðið „opinberrar“.
d. Í stað orðanna „opinberrar meðferðar“ í 1. málsl. 2. mgr. 41. gr. kemur: rannsóknar lögreglu.
e. 5. mgr. 41. gr. verður svohljóðandi:
Skattakröfu má hafa uppi og dæma í sakamáli vegna brota á lögunum.

23. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 3. málsl. 1. mgr. 29. gr., 5. málsl. 3. mgr. 30. gr. og 3. málsl. 2. mgr. 31. gr. laga um aðför, nr. 90 1. júní 1989, kemur: sakamála.
24. Í stað orðanna „opinbert mál“ í 1. málsl. 1. mgr. 4. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20 23. mars 1991, kemur: sakamál.
25. Lög um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21 26. mars 1991:
a. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 1. málsl. 3. mgr. 83. gr. kemur: sakamála.
b. Í stað orðanna „opinbert mál“ í 1. málsl. 1. mgr. 116. gr. kemur: sakamál.
26. Í stað orðanna „opinberu máli“ í 2. málsl. 82. gr. laga um samvinnufélög, nr. 22 27. mars 1991, sbr. lög nr. 144/1994, kemur: sakamáli.
27. Lög um meðferð einkamála, nr. 91 31. desember 1991:
a. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 2. mgr. 24. gr. kemur: sakamála.
b. Í stað orðanna „opinbert mál“ og „opinbers máls“ í 1. málsl. 3. mgr. 102. gr. kemur: sakamál, og: sakamáls. Í sama málslið fellur brott orðið „opinber“.
28. 1. mgr. 22. gr. laga um yfirskattanefnd, nr. 30 27. maí 1992:
a. Í stað orðanna „opinberrar rannsóknar“ í 1. málsl. kemur: rannsóknar lögreglu.
b. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 2. málsl. kemur: sakamála.
29. Í 2. málsl. 11. gr. laga um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, nr. 37 27. maí 1992, fellur brott orðið „opinber“. Í stað orðanna „opinbers máls“ í sama málslið kemur: sakamáls.
30. Stjórnsýslulög, nr. 37 30. apríl 1993:
a. Við 1. mgr. 2. gr. bætist: eða meðferð ákæruvalds í sakamálum.
b. Í stað orðanna „og saksóknar í opinberu mál“ í 1. málsl. 3. mgr. 15. gr. kemur: sakamáls og saksóknar.
31. Í stað orðanna „opinberu máli“ í 2. mgr. 18. gr. skaðabótalaga, nr. 50 19. maí 1993, kemur: sakamáli.
32. Lög um alþjóðlega samvinnu um fullnustu refsidóma, nr. 56 19. maí 1993, sbr. lög nr. 15/2000:
a. Í stað orðanna „2. mgr. 115. gr. laga um meðferð opinberra mála“ í 1. mgr. 16. gr. kemur: 149. gr. laga um meðferð sakamála.
b. Í stað orðanna „110. gr. laga um meðferð opinberra mála“ í 1. málsl. 3. mgr. og 4. mgr. 17. gr. og 2. málsl. 3. mgr. og 2. málsl. 4. mgr. 25. gr. kemur: 100. gr. laga um meðferð sakamála.
c. Í stað orðanna „X. kafla laga um meðferð opinberra mála“ í 3. málsl. 18. gr. kemur: 88. gr. laga um meðferð sakamála.
d. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 1. mgr. 28. gr. kemur: sakamála.
33. 1. mgr. 82. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99 8. september 1993, sbr. lög nr. 101/2002, verður svohljóðandi:
Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.
34. Í stað orðanna „opinberu máli“ í 1. málsl. 6. mgr. 18. gr. laga um dýravernd, nr. 15 16. mars 1994, kemur: sakamáli.

35. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 1. málsl. 3. mgr. 1. gr. laga um öflun álits EFTA-dómstólsins um skýringu samnings um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 21 21. febrúar 1994, kemur: sakamála.
36. Í stað orðanna „laga um meðferð opinberra mála“ í 2. mgr. 4. gr. laga um réttaraðstoð við alþjóðadómstólinn sem fjallar um stríðsglæpi í fyrrum Júgóslavíu, nr. 49 9. maí 1994, og sömu orða hvarvetna annars staðar í lögunum kemur í viðeigandi beygingarfalli: lög um meðferð sakamála.
37. Lög um vátryggingastarfsemi, nr. 60 11. maí 1994, sbr. lög nr. 69/2001 og 55/2007:
    a. Í stað orðanna „opinberri rannsókn“ í 10. tölul. 2. mgr. og 7. tölul. 4. mgr. 39. gr. kemur: rannsókn lögreglu.
    b. 1. mgr. 99. gr. f verður svohljóðandi:
        Brot gegn lögum þessum sæta aðeins rannsókn lögreglu að undangenginni kæru Fjármálaeftirlitsins.
    c. Í stað orðanna „opinberrar rannsóknar“ í 4. málsl. 2. mgr. 99. gr. f kemur: rannsóknar lögreglu.
38. Lyfjalög, nr. 93 20. maí 1994, með áorðnum breytingum:
    a. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 3. málsl. 2. mgr. 18. gr. kemur: sakamála.
    b. 1. mgr. 48. gr. fellur brott.
39. Í stað orðanna „opinberu máli“ í 2. málsl. 131. gr. laga um einkahlutafélög, nr. 138 28. desember 1994, kemur: sakamáli.
40. 41. gr. laga um bókhald, nr. 145 29. desember 1994, sbr. lög nr. 37/1995 og 48/2005:
    a. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: sakamála.
    b. Í stað orðanna „opinberrar rannsóknar“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: rannsóknarlögreglu.
    c. Í 1. málsl. 2. mgr. fellur brott orðið „opinberrar“.
41. Í stað orðanna „opinberu máli“ í 2. málsl. 157. gr. laga um hlutafélög, nr. 2 30. janúar 1995, kemur: sakamáli.
42. Í stað orðanna „eða saksókn í opinberu máli“ í 1. mgr. 2. gr. upplýsingalaga, nr. 50 24. maí 1996, kemur: sakamáls eða saksókn.
43. Í stað orðanna „að hætti opinberra mála“ í 2. málsl. 1. mgr. 27. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70 11. júní 1996, kemur: lögreglu.
44. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 1. mgr. 8. gr. laga um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla, nr. 72 11. júní 1996, kemur: sakamála.
45. Lögreglulög, nr. 90 13. júní 1996, með áorðnum breytingum:
    a. Í stað orðanna „opinberra mála“ í c-lið 2. mgr. 2. gr. kemur: sakamála.
    b. Við 8. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:
        7. Lögreglustjórar og aðrir þeir sem fara með lögregluvald mega ekki rannsaka brot ef þeir eru vanhæfir til þess samkvæmt stjórnsýslulögum, sbr. þó 5. mgr. 5. gr. Starfsmenn þess lögreglustjóra, sem vanhæfur er, geta þó rannsakað mál undir stjórn annars lögreglustjóra nema þeir séu sjálfir vanhæfir til að fara með málið samkvæmt stjórnsýslulögum.
    c. Við 1. mgr. 16. gr. bætast þrír nýir stafliðir, svohljóðandi:
        c. ef hann á að afplána refsingu,
        d. ef hann hefur leyfislaust vikið úr fangelsi,
        e. ef rökstuddur grunur leikur á að hann hafi rofið í verulegum atriðum skilyrði sem honum hafa verið sett í skilorðsbundnum dóm, reynslulausn eða náðun.

d. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 3. mgr. 17. gr. kemur: sakamála.

46. Lög um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, nr. 94 14. júní 1996, sbr. lög nr. 134/2005:
   a. Í stað orðanna „opinberrar rannsóknar“ í 2. málsl. 4. mgr. 15. gr. og 2. málsl. 4. mgr. 20. gr. kemur: rannsóknar lögreglu.
   b. Í 1. málsl. 1. mgr. 20. gr. fellur brott orðið „opinberrar“.
   c. Í stað orðanna „opinberrar meðferðar“ í 1. málsl. 2. mgr. 20. gr. kemur: rannsóknar lögreglu.
   d. Í stað orðanna „Rannsóknarlögregla ríkisins“ í 1. málsl. 4. mgr. 20. gr. kemur: Ríkislögreglustjóri. Í stað orðanna „opinberra mála“ í sama málslið kemur: sakamála.
   e. 5. mgr. 20. gr. verður svohljóðandi:
      Greiðslukröfu má hafa uppi og dæma í sakamáli vegna brota á lögunum.

47. Sóttvarnalög, nr. 19 17. apríl 1997:
   a. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 3. málsl. 2. mgr. 15. gr. kemur: sakamála.
   b. 1. mgr. 19. gr. fellur brott.

48. Í stað orðanna „opinberu máli“ í 2. málsl. 45. gr. laga um vörumerki, nr. 45 22. maí 1997, kemur: sakamáli.

49. 5. mgr. 8. gr. laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49 23. maí 1997, verður svohljóðandi:
   Nú fer fram rannsókn á ætlaðri refsiverðri háttsemi í tengslum við ofanflóð og er slík rannsókn óháð rannsókn samkvæmt þessari grein.

50. Lögræðislög, nr. 71 28. maí 1997:
   a. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 1. málsl. 3. mgr. 10. gr. og 2. málsl. 1. mgr. 31. gr. kemur: sakamála.
   b. Í stað orðanna „opinberu máli“ í 3. mgr. 78. gr. kemur: sakamáli.

51. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 2. málsl. 5. mgr. 7. gr. laga um umboðsmann Alþingis, nr. 85 27. maí 1997, kemur: sakamála.

52. 34. gr. f laga um rafræna eignarskráningu verðbréfa, nr. 131 23. desember 1997, sbr. lög nr. 55/2007:
   a. 1. mgr. verður svohljóðandi:
      Brot gegn lögum þessum sæta aðeins rannsókn lögreglu að undangenginni kæru Fjármálaeftirlitsins.
   b. Í stað orðanna „opinberrar rannsóknar“ í 4. málsl. 2. mgr. kemur: rannsóknar lögreglu.

53. 4. gr. laga um kjaramál fiskimanna, nr. 10 27. mars 1998, verður svohljóðandi:
   Brot gegn 3. gr. laganna varðar sektum ef ekki liggja við þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum.

54. 29. gr. laga um dómstóla, nr. 15 25. mars 1998:
   a. Í stað orðanna „opinber rannsókn“ og „opinbert mál“ í 3. málsl. 1. mgr. kemur: rannsókn lögreglu, og: sakamál.
   b. Í 3. málsl. 3. mgr. fellur brott orðið „opinberri“. Í stað orðanna „opinberu máli“ í sama málslið kemur: sakamáli.

55. 24. gr. laga um verslunaratvinnu, nr. 28 8. apríl 1998, sbr. lög nr. 94/2002:
   a. 1. mgr. fellur brott.
   b. Í stað orðanna „opinberu máli“ í 2. málsl. 4. mgr. kemur: sakamáli.

56. Lög um loftferðir, nr. 60 10. júní 1998, með áorðnum breytingum:
   a. Í stað orðanna „opinberu máli“ í 3. mgr. 141. gr. kemur: sakamáli.

b. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 3. málsl. 1. mgr. 143. gr. kemur: sakamála.
c. 4. málsl. 1. mgr. 143. gr. fellur brott.

57. Lög um lögmenn, nr. 77 15. júní 1998:
a. Í stað orðanna „opinber mál“ í 2. mgr. 2. gr. og 2. málsl. 3. mgr. 9. gr. kemur: sakamál.
b. Í stað orðanna „opinberu máli“ í 1. mgr. 20. gr. kemur: sakamáli.

58. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 1. og 2. málsl. 4. mgr. 9. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87 16. júní 1998, sbr. lög nr. 67/2006, kemur: sakamála.

59. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 1. mgr. 5. gr. laga um vegabréf, nr. 136 22. desember 1998, kemur: sakamála.

60. Lög um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi, nr. 16 14. apríl 2000:
a. Í stað orðanna „opinberu máli“ í d-lið 1. mgr. 6. gr. og 8. gr. kemur: sakamáli.
b. Í stað orðanna „opinbers máls“ í a-lið 7. gr. kemur: sakamáls.

61. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 1. mgr. 119. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 24 16. maí 2000, kemur: sakamála.

62. Útvarpslög, nr. 53. 17. maí 2000, sbr. lög nr. 57/2007:
a. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 5. málsl. 5. mgr. 6. gr. kemur: sakamála.
b. Í stað orðanna „opinbera málssókn“ í 2. málsl. 2. mgr. 27. gr. kemur: saksókn. Í sama málslið falla brott orðin „opinber“ og „opinberri“.

63. Lög um rannsókn sjóslysa, nr. 68 20. maí 2000:
a. 4. mgr. 1. gr. verður svohljóðandi:
Nú fer fram rannsókn á ætlaðri refsiverðri háttsemi í tengslum við sjóslys og er slík rannsókn óháð rannsókn samkvæmt lögum þessum.
b. Í stað orðanna „opinberum málum“ í 1. málsl. 1. mgr. 12. gr. kemur: sakamálum.

64. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 1. málsl. 1. mgr. 27. gr. laga um brunavarnir, nr. 75 23. maí 2000, kemur: sakamála.

65. 37. gr. laga um skráningu og mat fasteigna, nr. 6 6. febrúar 2001, verður svohljóðandi:
Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

66. Lög um framkvæmd Rómarsamþykktar um Alþjóðlega sakamáladómstólinn, nr. 43 19. maí 2001:
a. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 2. málsl. 2. mgr. 3. gr., 2. málsl. 1. mgr. 4. gr. og 2. mgr. 5. gr. kemur: sakamála.
b. Í stað orðanna „VII. kafla laga um meðferð opinberra mála“ í 2. mgr. 6. gr. kemur: V. kafla laga um meðferð sakamála.

67. 3. mgr. 37. gr. laga um hönnun, nr. 46 19. maí 2001:
a. Í 2. málsl. fellur brott orðið „opinberri“.
b. 3. málsl. fellur brott.

68. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 3. mgr. 16. gr. laga um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, nr. 76 31. maí 2001, kemur: sakamála.

69. Í stað orðanna „opinberu dómsmáli“ í 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. laga um flutning menningarverðmæta úr landi og um skil menningarverðmæta til annarra landa, nr. 105 31. maí 2001, kemur: sakamáli.

70. Barnaverndarlög, nr. 80 10. maí 2002:
a. Í stað orðanna „opinberum málum“ og „opinberra mála“ í 2. mgr. 18. gr. kemur: sakamálum, og: sakamála.

b. Í 3. málsl. 37. gr. falla brott orðin „um meðferð opinberra mála“.

71. Lög um útlendinga, nr. 96 15. maí 2002:
   a. Í stað orðanna „opinbers máls“ í 1. málsl. 27. gr. kemur: sakamáls.
   b. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 3. málsl. 2. mgr., 1. málsl. 3. mgr. og 2. málsl. 7. mgr. 29. gr. og 3. málsl. 4. mgr. og 1. málsl. 5. mgr. 33. gr. kemur: sakamála.
   c. Í stað orðanna „VI. kafla laga um meðferð opinberra mála“ í 3. mgr. 34. gr. kemur: IV. kafla laga um meðferð sakamála.
72. Lög um fjármálafyrirtæki, nr. 161 20. desember 2002, sbr. lög nr. 55/2007:
   a. Í 10. tölul. 1. mgr. 41. gr. og 7. tölul. 1. mgr. 42. gr. fellur brott orðið „opinberri“.
   b. 1. mgr. 112. gr. d verður svohljóðandi:
      Brot gegn lögum þessum sæta aðeins rannsókn lögreglu að undangenginni kæru Fjármálaeftirlitsins.
   c. Í stað orðanna „opinberrar rannsóknar“ í 4. málsl. 2. mgr. 112. gr. d kemur: rannsóknar lögreglu.
73. 70. gr. d laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, nr. 30 20. mars 2003, sbr. lög nr. 55/2007:
   a. 1. mgr. verður svohljóðandi:
      Brot gegn lögum þessum sæta aðeins rannsókn lögreglu að undangenginni kæru Fjármálaeftirlitsins.
   b. Í stað orðanna „opinberrar rannsóknar“ í 4. málsl. 2. mgr. kemur: rannsóknar lögreglu.
74. Lög um eftirlit með skipum, nr. 47 20. mars 2003:
   a. 1. mgr. 26. gr. fellur brott.
   b. Í stað orðanna „höfðar opinbert mál út af brotum“ í 2. mgr. 26. gr. kemur: gefur út ákæru vegna brota.
   c. Í 29. gr. falla niður orðin „og lúta meðferð opinberra mála“.
75. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 2. málsl. 3. mgr. 25. gr. raforkulaga, nr. 65 27. mars 2003, kemur: sakamála.
76. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 2. málsl. 7. mgr. 5. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun, nr. 69 24. mars 2003, kemur: sakamála.
77. Lög um fjarskipti, nr. 81 26. mars 2003, sbr. lög nr. 78/2005 og 74/2006:
   a. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 1. málsl. 3. mgr. 42. gr. og 3. málsl. 7. mgr. 47. gr. kemur: sakamála.
   b. Í stað orðanna „opinbers máls“ í 2. málsl. 7. mgr. 47. gr. kemur: sakamáls.
   c. Í stað orðanna „6. mgr.“ í 11. mgr. 47. gr. kemur: 10. mgr.
   d. Við 47. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
      Í þágu rannsóknar máls er lögreglu heimilt að leggja fyrir fjarskiptafyrirtæki að varðveita þegar í stað tölvugögn, þar með talin gögn um tölvusamskipti. Fyrirmæli lögreglu geta eingöngu tekið til gagna sem þegar eru fyrir hendi. Í fyrirmælunum á að koma fram hvaða gögn eigi að varðveita og hve lengi, en sá tími má þó ekki vera lengri en 90 dagar.
78. Í stað orðanna „opinberrar rannsóknar“ í 3. mgr. 26. gr. laga um Ábyrgðarsjóð launa, nr. 88 26. mars 2003, kemur: rannsóknar lögreglu.
79. Lög um tekjuskatt, nr. 90 7. maí 2003, með áorðnum breytingum:
   a. Í stað orðanna „opinberrar rannsóknar“ í 2. málsl. 4. mgr. 94. gr. og 1. málsl. 4. mgr. 110. gr. kemur: rannsóknar lögreglu.

b. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 7. mgr. 103. gr. kemur: sakamála.
c. Í 1. málsl. 1. mgr. 110. gr. fellur brott orðið „opinberrar“.
d. Í stað orðanna „opinberrar meðferðar“ í 1. málsl. 2. mgr. 110. gr. kemur: rannsóknar lögreglu.
e. 5. mgr. 110. gr. verður svohljóðandi:
Skattakröfu má hafa uppi og dæma í sakamáli vegna brota á lögunum.
f. Í fyrirsögn 110. gr. fellur brott orðið „opinber“.

80. Í stað orðanna „opinberrar rannsóknar“ í 2. málsl. 2. mgr. 12. gr. laga um erfðafjárskatt, nr. 14 26. mars 2004, kemur: rannsóknar lögreglu.
81. Lög um rannsókn flugslysa, nr. 35 7. maí 2004:
a. Í stað orðanna „lögum nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála“ í 2. mgr. 2. gr. kemur: lögum um meðferð sakamála.
b. Í stað orðanna „opinberum málum“ í 1. mgr. 20. gr. kemur: sakamálum.
c. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 1. málsl. 2. mgr. 20. gr. kemur: sakamála.
82. 21. gr. laga um olíugjald og kílómetragjald, nr. 87 9. júní 2004, sbr. lög nr. 169/2006:
a. Í 1. málsl. 1. mgr. fellur brott orðið „opinberrar“.
b. Í stað orðanna „opinberrar rannsóknar“ í 2. mgr. kemur: rannsóknar lögreglu.
c. Í stað orðanna „opinberu máli“ í 5. mgr. kemur: sakamáli.
83. Lög um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa, nr. 99 9. júní 2004:
a. Í stað orðanna „XI. kafla laga um meðferð opinberra mála“ í 3. málsl. 5. mgr. 21. gr. kemur: X. kafla laga um meðferð sakamála.
b. 2. málsl. 28. gr. fellur brott.
84. Lög um rannsóknarnefnd umferðarslysa, nr. 24 21. mars 2005:
a. Í stað orðanna „opinberra mála, nr. 19/1991“ í 2. mgr. 2. gr. kemur: sakamála.
b. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 4. mgr. 9. gr. kemur: sakamála.
c. Í stað orðanna „opinbers máls“ í 1. málsl. 5. mgr. 12. gr. kemur: sakamáls.
d. Í stað orðanna „opinberum málum“ í 14. gr. kemur: sakamálum.
85. 62. gr. f laga um miðlun vátrygginga, nr. 32 11. maí 2005, sbr. lög nr. 55/2007:
a. 1. mgr. verður svohljóðandi:
Brot gegn lögum þessum sæta aðeins rannsókn lögreglu að undangenginni kæru Fjármálaeftirlitsins.
b. Í stað orðanna „opinberrar rannsóknar“ í 4. málsl. 2. mgr. kemur: rannsóknar lögreglu.
86. Samkeppnislög, nr. 44 19. maí 2005, sbr. lög nr. 52/2007:
a. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 2. mgr. 20. gr. kemur: sakamála.
b. 1. mgr. 42. gr. verður svohljóðandi:
Brot gegn lögum þessum sæta aðeins rannsókn lögreglu að undangenginni kæru Samkeppniseftirlitsins.
c. Í 1. málsl. 1. mgr. 42. gr. a fellur brott orðið „opinbera“.
d. Í stað orðanna „opinberu máli“ í 2. mgr. 42. gr. a kemur: sakamáli.
87. Lög um fullnustu refsinga, nr. 49 17. maí 2005:
a. Í stað orðanna „1. mgr. 105. gr. laga um meðferð opinberra mála“ í 2. málsl. 2. mgr. 65. gr. kemur: XV. kafla laga um meðferð sakamála.
b. Í stað orðanna „XVII. kafla laga um meðferð opinberra mála“ í 3. málsl. 2. mgr. 65. gr. kemur: XXX. kafla laga um meðferð sakamála.
c. Í 1. málsl. 2. mgr. 69. gr. fellur brott orðið „opinber“.

d. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 1. málsl. 2. mgr. 77. gr. kemur: sakamála.

88. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 2. mgr. 20. gr. a laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, nr. 57 20. maí 2005, sbr. lög nr. 57/2007, kemur: sakamála.

89. Tollalög, nr. 88 18. maí 2005:
   a. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 4. tölul. 42. gr., 1. mgr. 163. gr., fyrirsögn 163. gr. og 4. mgr. 183. gr. kemur: sakamála.
   b. Í stað orðanna „opinberu máli“ í 161. gr. kemur: sakamáli.
   c. 1. mgr. 185. gr. fellur brott.
   d. Í 1. málsl. 2. mgr. 185. gr. fellur brott orðið „þó“.
   e. Í stað orðanna „19. og 115. gr. laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála“ í 6. mgr. 185. gr. kemur: laga um meðferð sakamála.

90. 126. gr. laga um ársreikninga, nr. 3 17. janúar 2006:
   a. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: sakamála.
   b. Í stað orðanna „opinberrar rannsóknar“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: rannsóknar lögreglu.
   c. Í 1. málsl. 2. mgr. fellur brott orðið „opinberrar“.

91. Í stað orðanna „opinberu máli“ í 3. mgr. 4. gr. laga um upplýsingarétt um umhverfismál, nr. 23 12. apríl 2006, kemur: sakamáli.

92. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 2. mgr. 6. gr. laga um Landhelgisgæslu Íslands, nr. 52 14. júní 2006, kemur: sakamála.

93. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 4. mgr. 11. gr. laga um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa, nr. 30 23. mars 2007, kemur: sakamál.

94. Lög um verðbréfaviðskipti, nr. 108 26. júní 2007:
   a. 3. málsl. 3. mgr. 133. gr. verður svohljóðandi: Um skilyrði slíkrar kröfu fer eftir 1. mgr. 83. gr. laga um meðferð sakamála og um meðferð hennar fer eftir XV. kafla sömu laga.
   b. Í stað orðanna „85. gr. laga um meðferð opinberra mála“ í 2. málsl. 8. mgr. 133. gr. kemur: 88. gr. laga um meðferð sakamála.
   c. 1. mgr. 148. gr. verður svohljóðandi:
      Brot gegn lögum þessum sæta aðeins rannsókn lögreglu að undangenginni kæru Fjármálaeftirlitsins.
   d. Í stað orðanna „opinberrar rannsóknar“ í 4. málsl. 2. mgr. 148. gr. kemur: rannsóknar lögreglu.

95. 39. gr. laga um kauphallir, nr. 110 26. júní 2007:
   a. 1. mgr. verður svohljóðandi:
      Brot gegn lögum þessum sæta aðeins rannsókn lögreglu að undangenginni kæru Fjármálaeftirlitsins.
   b. Í stað orðanna „opinberrar rannsóknar“ í 4. málsl. 2. mgr. kemur: rannsóknar lögreglu.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Mál sem höfðað hefur verið fyrir gildistöku laga þessara á grundvelli heimilda í 1. eða 2. gr. eldri laga, sem ekki eiga sér samsvörun í 1. eða 2. gr. laga þessara, skulu þrátt fyrir það

rekin áfram fyrir dómi en eftir því sem átt getur við skal farið með þau og úr þeim leyst eftir fyrirmælum þessara laga.

Nú hefur fyrir gildistöku laga þessara verið lagt fyrir héraðsdómara mál sem eftir þann tíma ætti að sæta meðferð eftir XXVII. kafla og skal þá farið svo með það eftir því sem átt getur við.

Mál sem réttilega hefur verið höfðað fyrir gildistöku laga þessara skal rekið áfram fyrir sama dómstóli þótt fara ætti með það á öðru varnarþingi eftir reglum VI. kafla.

II.

Önnur mál en þau sem um ræðir í 1. og 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I og höfðuð hafa verið fyrir gildistöku laga þessara skulu eftir því sem átt getur við rekin áfram fyrir dómi eftir reglum þeirra að öðru leyti en því sem hér segir:

a. Héraðssaksóknari skal taka við sókn máls sem höfðað hefur verið af lögreglustjóra, þar með talið ríkislögreglustjóra, fyrir gildistöku laga þessara ef ekki er lengur heimild fyrir ákæruvaldi lögreglustjórans í ákvæðum III. kafla.
b. Hafi mál verið úthlutað einum dómara til meðferðar eftir fyrirmælum eldri laga skal sú skipan standa þrátt fyrir ákvæði 3. gr.
c. Ákærða skal ekki gefinn kostur á að leggja fram greinargerð skv. 165. gr. ef tími til aðalmeðferðar máls hefur þegar verið ákveðinn fyrir gildistöku laga þessara.
d. Leyst skal úr einkaréttarkröfu, sem réttilega hefur verið höfð uppi samkvæmt eldri lögum, þótt hún fullnægi ekki skilyrðum XXVI. kafla.

III.

Hafi verið krafist atbeina dómara til rannsóknaraðgerðar fyrir gildistöku laga þessara en því máli hefur ekki verið lokið skal eftir því sem átt getur við farið með kröfu um hana eftir ákvæðum XV. kafla upp frá því.

IV.

Lögregluransókn sem stendur yfir við gildistöku laga þessara skal upp frá því fara eftir ákvæðum þeirra en ekki haggar það gildi þess sem þegar hefur verið gert.

Eftir gildistöku laga þessara má framkvæma rannsóknaraðgerð eftir reglum 2. þáttar þótt úrskurður dómara eða ákvörðun hans um heimild til hennar hafi verið kveðinn upp eða tekin eftir eldri lögum.

Úrskurður um að maður sæti gæsluvarðhaldi, sem kveðinn var upp fyrir gildistöku laga þessara, skal standa óraskaður svo lengi sem ákveðið var að gæsluvarðhald stæði. Frá því að lög þessi öðlast gildi verður maður þó ekki látinn sæta einangrun í gæsluvarðhaldi nema til þess standi heimild í 98. gr.

V.

Ákvæðum XXIX. kafla verður beitt um endurupptöku máls sem lokið hefur verið á grundvelli 126. gr. eldri laga fyrir gildistöku laga þessara.

Fyrirmæli eldri laga um kæruheimildir til Hæstaréttar gilda um úrskurði og ákvarðanir héraðsdómara sem kveðnir hafa verið upp eða teknar hafa verið fyrir gildistöku laga þessara. Að öðru leyti gilda ákvæði laga þessara um meðferð kærumála.

Nú hefur dómur verið kveðinn upp í héraði fyrir gildistöku laga þessara og skal þá áfrýjunarfrestur fara eftir ákvæðum eldri laga. Verði slíkum dómi síðan áfrýjað eða hafi

héraðsdómi verið áfrýjað fyrir gildistöku laga þessara skal ákvæðum þeirra beitt um meðferð málsins frá þeim tíma eftir því sem átt getur við.

Reglur XXXII. og XXXIII. kafla gilda um endurupptöku máls þótt það hafi verið dæmt fyrir gildistöku laga þessara.

VI.

Ákvæði 16. gr. um aðgang að gögnum taka aðeins til mála sem ólokið er við gildistöku laga þessara. Um gögn mála sem lokið hefur verið fyrir þann tíma skal beitt reglum eldri laga.

Fyrirmæli XXXVII. kafla gilda um skaðabætur vegna atvika sem gerast eftir gildistöku laga þessara. Reglum eldri laga skal beitt um bætur fyrir það sem gerst hefur fyrir þann tíma.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta hefur verið samið á vegum réttarfarsnefndar að tilhlutan dómsmálaráðherra. Við gerð þess hefur verið höfð hliðsjón af tillögum og ábendingum sem fram hafa komið um æskilegar breytingar á núgildandi lögum, nr.19/1991, um meðferð opinberra mála, svo og af umræðum sem átt hafa sér stað um efni laganna hin síðari ár. Að auki hefur verið hugað sérstaklega að breytingum sem gerðar hafa verið nýlega á ákvæðum danskra og norskra laga á þessu réttarsviði.

Á þjóðveldisöld var ekki gerður neinn greinarmunur á þeim málum sem rekin voru fyrir dómstólum hér á landi. Fyrir áhrif frá kaþólsku kirkjunni tóku síðan smátt og smátt að myndast sérstakar reglur um meðferð opinberra mála eða sakamála og má heita að um miðja 18. öld hafi svonefnt rannsóknarréttarfar verið búið að festa sig í sessi við meðferð þeirra mála. Helstu einkenni rannsóknarréttarfars voru þau að skylda hvíldi á dómara að upplýsa mál. Hann hófst þannig handa um rannsókn máls að eigin frumkvæði og stýrði henni, þar á meðal annaðist hann sjálfur gagnasöfnun og yfirheyrði sakborning og vitni. Að því búnu kvað hann upp dóm í málinu. Lítið fór hins vegar fyrir hlutverki sækjanda og verjanda og má með nokkrum sanni segja að sakborningur hafi ekki notið réttarstöðu sem annar aðili máls, heldur hafi hann öllu fremur verið rannsóknarandlag dómarans.

Þegar kom fram á miðja 20. öld voru lög um meðferð opinberra mála öll í molum og sum lagafyrirmælin, sem skyldi fara eftir, höfðu aldrei verið gefin út með löggiltum íslenskum texta. Það var því stórt framfaraspor þegar sett voru heildarlög um þetta efni árið 1951, þ.e. lög nr. 27/1951. Með þeim lögum var jafnframt stigið fyrsta skrefið í átt til þess réttarfars, sem nefnt hefur verið ákæruréttarfar, við meðferð máls fyrir dómi, með áþekkum hætti og um væri að ræða einkamál.

Þær breytingar, sem gerðar hafa verið á lögum um meðferð opinberra mála frá 1951, hafa einkum miðað að því að tryggja réttaröryggi sakbornings frá því sem áður var, auk þess sem stefnt hefur verið að því að gera rannsókn og alla meðferð þessara mála í senn vandaðri og skilvirkari. Samkvæmt lögum nr. 57/1961 var ákæruvaldið fært til sérstaks opinbers ákæranda, saksóknara ríkisins, síðar ríkissaksóknara, sem fara skyldi með það vald, óháður öðrum stjórnvöldum. Á árinu 1976 var stjórn rannsóknarlögreglu í Reykjavík og næsta nágrenni tekin úr höndum dómara og sett á laggirnar rannsóknarlögregla ríkisins sem falin var rannsókn sakamála á því svæði.

Með lögum nr. 92/1989 var síðan lagður grundvöllur að gjörbreyttri dómstólaskipan og réttarfarsreglum með aðskilnaði dómsvalds og umboðsvalds hvarvetna á landinu og kom þessa breytta skipan til framkvæmda 1. júlí 1992. Samtímis tóku gildi ný lög um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, þar sem skilið var til fulls milli ákæruvalds og lögreglu annars

vegar og dómsvalds hins vegar. Samkvæmt lögunum var ákærendum ætlað stærra hlutverk en áður hafði tíðkast og í samræmi við það var lögreglustjórum fengið ákæruvald í tilteknum málum, svo sem gerð verður frekari grein fyrir hér á eftir. Jafnframt var meðferð opinberra mála færð nær meðferð einkamála.

Frumvarpi þessu er ætlað að koma í stað laga nr. 19/1991, en þeim lögum hefur verið breytt alls 18 sinnum. Sumar þær breytingar hafa verið lítilfjörlegar, en aðrar viðameiri. Þannig var ákvæðum laganna um áfrýjun og meðferð mála fyrir Hæstarétti breytt í verulegum atriðum með lögum nr. 37/1994 og nýr kafli tekinn upp í lögin um brotaþola og réttargæslumann með lögum nr. 36/1999, auk þess sem veigamiklar breytingar voru gerðar á öðrum ákvæðum þeirra, einkum til þess að treysta réttarstöðu brotaþola frá því sem áður var. Fyrir vikið eru lögin orðin nokkuð brotakennd. Þá hefur lagaumhverfið einnig breyst hin síðari ár, ekki síst með tilkomu lögreglulaga, nr. 90/1996, en með þeim var m.a. sett á stofn embætti ríkislögreglustjóra og rannsóknarlögregla ríkisins jafnframt lögð niður.

Þótt lög nr. 19/1991 hafi á sínum tíma falið í sér löngu tímabærar lagfæringar á íslensku sakamálaréttarfari þjóna sum ákvæði þeirra ekki lengur kalli tímans vegna þess hve allar aðstæður og viðhorf hafa breyst á þessu réttarsviði síðustu 15 ár. Þó má ekki horfa fram hjá þeim réttarbótum sem gerðar hafa verið á lögunum á undanförnum árum, sér í lagi með lögum nr. 36/1999, enda er gert ráð fyrir að þær haldist í megindráttum óbreyttar, eins og efni frumvarpsins ber með sér.

Helstu efnisatriði frumvarpsins.

I.

Í opinberum málum, sem svo hafa verið nefnd, er skorið úr því hvort menn hafi gerst sekir um refsiverða háttsemi, sem þeim er gefin að sök, og að auki eru þeim sem sekir eru taldir ákvörðuð viðeigandi viðurlög. Þótt heitið „opinber mál“ hafi orðið fyrir valinu þegar lög nr. 27/1951 voru sett er það ekki alls kostar heppilegt vegna þess að í hugum fólks vísar það ekki einungis til þeirra mála sem að framan er lýst, heldur allt eins til þeirra mála annarra sem ríki og sveitarfélög eiga aðild að, enda er „hið opinbera“ oft notað sem heildarheiti á þessum aðilum og stofnunum á þeirra vegum. Þá er svo til orða tekið í 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, að dómsmál skuli almennt sæta opinberri málsmeðferð. Með því er átt við að dómþing skuli háð í heyranda hljóði og á það að meginstefnu við um einkamál jafnt sem opinber mál, sbr. 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar.

Af þessum ástæðum þykir rétt að taka upp annað og betra heiti og koma þar helst til greina „brotamál“, „refsimál“ og „sakamál“ sem öll hafa verið notuð um þau mál sem nefnd hafa verið opinber mál. Af þessum þremur orðum verður að telja „sakamál“ hlutlausast vegna þess að það felur síður í sér áfellisdóm en hin tvö þar sem með því er ekki gefið eins sterklega til kynna og með „brotamálum“ og „refsimálum“ að maður hafi brotið af sér svo að refsingu varði, heldur er allt eins vísað til saka sem hann er borinn um refsiverða háttsemi.

Samkvæmt því er lagt til að heiti laganna verði framvegis „lög um meðferð sakamála“. Það styður jafnframt þessa breytingu að skv. 1., sbr. 2. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að framvegis muni þau dómsmál ein fara eftir lögunum sem handhafar ákæruvalds höfða vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi. Það þýðir að mál, sem höfðuð væru af hálfu hins opinbera af öðru tilefni, sbr. a–c-lið 2. gr. núgildandi laga, mundu sæta meðferð einkamála.

Í frumvarpinu er að mestu stuðst við sömu grundvallarhugtök og koma fyrir í gildandi lögum. Sá sem sökum er borinn er nefndur „sakborningur“ og eftir að mál hefur verið höfðað gegn honum nefnist hann „ákærði“. Heitið „brotaþoli“ er áfram notað um þann sem kveður

sig hafa orðið fyrir misgerð af völdum afbrots. Fram að þessu hafa hugtökin „sakborningur“ og „brotaþoli“ ekki verið skilgreind í lögum. Vegna þess hve rík réttaráhrif tengjast þeim þykir hins vegar rétt að það verði gert, sbr. 27. og 39. gr. frumvarpsins.

Heitið „verjandi“ er áfram notað jöfnum höndum um skipaðan og tilnefndan málsvara sakbornings og „réttargæslumaður“ um málsvara brotaþola. Þá vísar „ákærandi“ til viðeigandi handhafa ákæruvalds, jafnt þegar hann tekur ákvörðun um saksókn og flytur mál af hálfu ákæruvaldsins fyrir dómi. Samheitið „málflytjandi“ er notað um þá sem flytja sakamál, hvort sem um er að ræða ákæranda, verjanda, réttargæslumann eða eftir atvikum lögmann ákærða, brotaþola eða annars þess sem hefur uppi kröfu á hendur ákærða í slíku máli.

Önnur hugtök, sem koma fyrir í frumvarpinu, skýra sig ýmist sjálf eða eru sérstaklega skilgreind í athugasemdum með einstökum greinum þess.

II.

Eins og að framan segir, hefur íslenskt sakamálaréttarfar smátt og smátt verið að breytast úr rannsóknarréttarfari í ákæruréttarfar. Þessi þróun hefur leitt til þess að ekki er eins mikill munur á meðferð einkamála og sakamála og áður var þótt vissulega sé enn ýmislegt ólíkt með þessum tveimur tegundum mála. Þannig gilda sumar þær reglur sem móta einkamálaréttarfar öðru fremur, svo sem útilokunar- eða tómlætisreglan og reglurnar um málsforræði aðila, ýmist alls ekki eða aðeins að takmörkuðu leyti í sakamálaréttarfari. Hlutverk dómara í sakamálum er þar af leiðandi frábrugðið því sem gengur og gerist í venjulegum einkamálum. Við það bætist að sú skylda er lögð á ríkið, þ.e. ákæruvaldið og lögreglu, að rannsaka sakamál og færa sönnur á sekt ákærða ef því er að skipta.

Enda þótt sumt horfi þannig öðru vísi við á þessum tveimur réttarsviðum er annað sem þau eiga sammerkt. Má sem dæmi nefna að meðferð mála fyrir dómi á almennt að vera opinber, munnleg og milliliðalaus, hvort sem um er að ræða einkamál eða sakamál. Enn fremur á að hraða meðferð mála eins og kostur er.

Samkvæmt núverandi dómstólaskipan er ekki leyst úr sakamálum af sérstökum dómstólum og einkamálum af öðrum, eins og tíðkaðist í Reykjavík um árabil, heldur er gert ráð fyrir að dómarar fari jöfnum höndum með þessi tvenns konar mál hvar sem er á landinu. Þetta hefur orðið til þess að áþekku verklagi er beitt við úrlausn þeirra eftir því sem lög leyfa.

Ef núgildandi lög um meðferð opinberra mála eru borin saman við lög nr. 91/1991, um meðferð einkamála, kemur í ljós að uppbygging laganna er ekki aðeins harla ólík, heldur er þar mælt á mismunandi hátt fyrir um reglur sem eiga jöfnum höndum við á báðum réttarsviðum og horfa þar eins við. Því er engin ástæða til þess að orða þær öðru vísi, hvort sem í hlut eiga einkamál eða sakamál. Þá er á nokkrum stöðum í lögunum um meðferð opinberra mála vísað til laganna um meðferð einkamála, t.d. um meðdómsmenn og vanhæfi dómara við meðferð einstakra mála, sbr. 2. mgr. 5. gr. og 6. gr. þeirra. Á öðrum stöðum er vísað um frekari útfærslu tiltekinna reglna til ákvæða einkamálalaga, sbr. t.d. 3. mgr. 65. gr., þar sem fram kemur að um mats- og skoðunargerðir í sakamálum skuli fara í megindráttum eftir fyrirmælum þeirra laga. Um enn önnur atriði segir ekkert í lögunum um meðferð opinberra mála, þar á meðal kemur þar hvergi fram að þingmálið sé íslenska, sbr. hins vegar 1. mgr. 10. gr. einkamálalaga.

Með frumvarpinu er leitast við að bæta úr þessum ágöllum þannig að hér eftir verði mælt fyrir um meðferð sakamála á heildstæðan hátt í lögum um meðferð þeirra mála, enda þarf oft og einatt að líta til sjónarmiða, sem eiga við um þau mál sérstaklega, við setningu reglna um meðferð þeirra. Þrátt fyrir það kemur fyrir að óbeint sé vísað til laganna um meðferð einka-

mála á stöku stað í frumvarpinu, t.d. í 1. mgr. 50. gr., þar sem vísað er heimilisvarnarþings, en of viðurhlutamikið væri að taka upp í lögin ákvæði einkamálalaga um það efni. Einnig þykir óþarft að mæla fyrir um ýmsar almennar reglur réttarfars í lögum um meðferð sakamála. Má sem dæmi nefna almenn ákvæði um sakarefni sem fram koma í 24.–26. gr. laga nr. 91/1991. Samkvæmt þessu ber eftir sem áður að forðast að gagnálykta frá ákvæðum laga um meðferð sakamála á þann veg að ekki skuli undir neinum kringumstæðum beita ákvæðum einkamálalaga um meðferð þeirra mála, á sama hátt og til greina kæmi að beita ákvæðum laga um meðferð sakamála um meðferð einkamála, t.d. einkarefsimála, ef tilefni gæfist.

Með áþekkum hætti og í lögum um meðferð einkamála er ákvæðum frumvarpsins skipt í sjö þætti og greinist hver þeirra síðan í kafla sem eru alls 39 talsins. Í athugasemdum, sem fylgja hér á eftir, er gerð grein fyrir efni hvers þáttar og hvers kafla, auk þess sem lýst er efni hverrar greinar frumvarpsins um sig, eftir því sem ástæða þykir til. Af þeim sökum er óþarft að lýsa efnisskipan þess hér, heldur verður getið helstu nýmæla sem það hefur að geyma.

III.

Ef frá er talið nýtt heiti laganna sem og aðlögun að lögum um meðferð einkamála eru veigamestu breytingarnar, sem ráðgerðar eru samkvæmt frumvarpinu á efni núgildandi laga, eftirfarandi:

1. Í 1. gr., sbr. 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins, er gert ráð fyrir að gildissvið laga um meðferð sakamála verði afmarkað með skýrari hætti en gildissvið laga nr. 19/1991. Þannig sæti meðferð samkvæmt lögunum að meginstefnu þau mál ein sem handhafar ríkisvaldsins höfða til refsingar eða refsikenndra viðurlaga í tilefni af ætlaðri refsiverðri háttsemi. Önnur mál verði framvegis rekin sem einkamál. Að vísu er gengið út frá því í 1. mgr. 2. gr. að mál til úrlausnar kröfu um framsal sakamanns og fullnustu erlends refsidóms hér á landi, svo og meðferð erinda frá erlendum dómstólum og yfirvöldum um aðgerðir hér á landi í tengslum við sakamál, fari eftir lögum um meðferð þeirra mála, eins og verið hefur. Þau mál sæta hins vegar afbrigðilegri meðferð, enda er hér ekki um að ræða venjuleg sakamál skv. 1. gr. frumvarpsins. Því er mælt fyrir um meðferð þeirra í sérstökum kafla, þ.e. XXVII. kafla frumvarpsins, en reglur þess efnis er ekki að finna í gildandi lögum. Á hliðstæðan hátt er kveðið sérstaklega á um meðferð mála fyrir dómi á rannsóknarstigi í XV. kafla frumvarpsins, en fyrrgreind skilgreining sakamáls á ekki við þegar svo stendur á, t.d. er sakborningur þá stundum sóknaraðili og lögregla eða ákæruvald varnaraðili. Ekki eru heildstæðar reglur um meðferð rannsóknarmála fyrir dómi í gildandi lögum.

2. Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. upplýsingalaga, nr. 50/1996, gilda þau lög ekki um rannsókn eða saksókn í opinberu máli. Þar af leiðandi eru ekki fyrir hendi neinar lagareglur um aðgang almennings, þar á meðal fjölmiðla, að gögnum í vörslum stjórnvalda á því sviði sem hér um ræðir. Þótt leitast sé við að bæta úr þeim skorti með þessu frumvarpi er ekki lagt til að leidd verði í lög ákvæði um almennan aðgang að gögnum hjá lögreglu og ákæruvaldi meðan mál er til meðferðar hjá þeim stjórnvöldum. Erfitt er að setja almennar reglur þess efnis á því stigi máls, þ.e. áður en tekin hefur verið ákvörðun um saksókn í málinu, m.a. til þess að rannsókn þess verði ekki stefnt í hættu eða gengið verði gegn viðurkenndum lagasjónarmiðum um persónuvernd. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir því í 5. mgr. 156. gr. frumvarpsins að hver sem er geti fengið aðgang að ákæru þremur sólarhringum eftir að hún hefur verið birt ákærða, nema sérstakir almanna- eða einkahagsmunir standi því í vegi, sbr. 1. mgr. 16. gr. Þó er ekki að unnt að gagnálykta á þann veg að engar upplýsingar skuli veittar um mál áður en ákæra hefur verið birt, heldur er það á valdi lögreglu og ákæruvalds að ákveða það hverju sinni, m.a.

með tilliti til fyrirmæla um þagnarskyldu. Er í 3. mgr. 56. gr. frumvarpsins lagt til að ríkissaksóknara verði veitt heimild til að setja almennar reglur um skyldu lögreglu til að veita upplýsingar um rannsókn máls við þessar aðstæður. Þá er gert ráð fyrir skv. 1. mgr. 16. gr. að dómara sé skylt að láta hverjum sem er í té afrit af ákæru og greinargerð ákærða, nema sérstakir almanna- eða einkahagsmunir aftri því. Ákvæði þessa efnis er ekki að finna í núgildandi lögum, en mikilvægt er að þeir sem vilja fylgjast með þinghöldum í sakamálum, sem eins og áður segir eru almennt háð í heyranda hljóði, geti fengið þessi gögn í hendur svo að þeir geti betur áttað sig á því sem þar fer fram.

3. Með III. kafla frumvarpsins er lagt til að gerð verði sú grundvallarbreyting á skipan ákæruvaldsins að því verði framvegis skipt í þrjú stjórnsýslustig í stað tveggja, eins og tíðkast hefur. Sett verði á stofn embætti héraðssaksóknara sem taki ákvörðun um saksókn á fyrsta stjórnsýslustigi í nánast öllum meiri háttar sakamálum. Hlutverk ríkissaksóknara sem æðsta handhafa ákæruvaldsins verði hér eftir að setja almennar reglur og hafa eftirlit með öðrum ákærendum, auk þess sem gert er ráð fyrir að hann taki áfram ákvarðanir um áfrýjun héraðsdóma í sakamálum. Samkvæmt þessu er gerð tillaga um að ákæruvald í veigameiri sakamálum, svo sem efnahagsbrotamálum, verði flutt frá lögreglustjórum til héraðssaksóknara. Á hinn bóginn verði rannsókn og ákæruvald í minni háttar málum eftir sem áður í höndum lögreglustjóra. Með breytingum þessum, sem byggðar eru á hugmyndum ríkissaksóknara, er stefnt að því að efla ákæruvaldið og styrkja sjálfstæði þess, auk þess sem réttaröryggi borgaranna ætti að vera betur tryggt með þessu móti.

4. Skýrslur lögreglu af sakborningi og vitnum, sem teknar eru á rannsóknarstigi, eiga stóran þátt í því að upplýsa mál og leggja þar með grunn að ákvörðun um saksókn. Skýrslutaka lögreglu er hins vegar vandasöm ef hún á að ná tilgangi sínum án þess að hallað sé um of á sakborning. Þrátt fyrir það hafa núgildandi lög að geyma fremur fá og dreifð ákvæði um það hvernig henni beri að haga. Í VIII. kafla frumvarpsins er kveðið á um skýrslutöku við rannsókn máls á heildstæðan hátt, þar á meðal er þar að finna ýmis nýmæli frá gildandi lögum, t.d. um óformlega skýrslutöku lögreglu af sjónarvottum og öðrum vitnum, sbr. 60. gr.

5. Í IX.–XIV. kafla frumvarpsins er að finna fyrirmæli um svonefndar þvingunarráðstafanir og ýmsar aðrar aðgerðir í þágu rannsóknar sakamáls. Þótt efni þessara kafla dragi í stórum dráttum dám af ákvæðum núgildandi laga hefur þeim verið breytt á ýmsa lund. Má í fyrsta lagi nefna að gert er ráð fyrir að fyrirmælum um símahlerun og aðrar aðgerðir, sem hafa í för með sér hliðstæða skerðingu á friðhelgi einkalífs, verði skipað í sérkafla, þ.e. XI. kafla frumvarpsins. Að auki er lagt til að reglunum um þessar aðgerðir verði breytt í verulegum atriðum, m.a. með hliðsjón af tillögum nefndar sem dómsmálaráðherra skipaði á sínum tíma til að fjalla um sérstakar, óhefðbundnar rannsóknaraðferðir lögreglu. Í annan stað hefur ákvæðum um ýmsar rannsóknaraðgerðir, sem ekki verða með góðu móti felldar undir hald á munum, leit, handtöku eða gæsluvarðhald og aðrar sambærilegar ráðstafanir, verið safnað saman í einn kafla, þ.e. XII. kafla frumvarpsins. Í þriðja lagi hefur fyrirmælum um fyrrgreindar þvingunarráðstafanir verið breytt verulega, ekki síst með það fyrir augum, að fyrirmynd danskra og norskra réttarfarslaga, að gera það skýrara en nú er hvaða skilyrði verði að vera fyrir hendi til þess að til þeirra verði gripið. Má sem dæmi nefna að skilyrði fyrir gæsluvarðhaldi eru hert, sbr. 3. og 4. mgr. 95. gr. frumvarpsins, en með því er leitast við að koma í veg fyrir að maður verði úrskurðaður í gæsluvarðhald fyrir tiltölulega litlar sakir eða það vari lengur en brýn nauðsyn krefur, sbr. og 1. og 2. mgr. 97. gr. Enn fremur er gerð tillaga um að maður verði ekki látinn sæta einangrun í gæsluvarðhaldi gegn vilja sínum nema samkvæmt dómsúrskurði, sbr. b-lið 1. mgr. 99. gr., sbr. 2. mgr. 98. gr.

6. Þótt gert sé ráð fyrir því í 3. þætti frumvarpsins að reglurnar um sönnun og sönnunargögn í sakamálum haldist í grófum dráttum óbreyttar er lagt til að á þeim verði gerðar veigamiklar breytingar frá núgildandi lögum, ekki síst til þess að laga þær, eftir því sem við á, að hliðstæðum reglum í lögum um meðferð einkamála. Má sem dæmi benda á XIX., XX. og XXI. kafla, þar sem er að finna ítarleg ákvæði um matsgerðir, skjöl og önnur sýnileg sönnunargögn og öflun sönnunargagna fyrir öðrum dómi, en ekki er kveðið á um neitt þessara efna í gildandi lögum, ef frá eru talin fátækleg ákvæði um dómkvaðningu matsmanna í 63.–65. gr. þeirra. Þá er gert ráð fyrir að settar verði sérstakar reglur um skýrslugjöf ákærða fyrir dómi, sbr. XVII. kafla frumvarpsins, en ekki er að finna neinar sérreglur um það efni í gildandi lögum, heldur hefur í framkvæmd verið stuðst við reglur, sem miðaðar eru við skýrslugjöf sakbornings hjá lögreglu, og reglur um skýrslugjöf vitna fyrir dómi. Loks skal vakin athygli á því að í XVI. kafla frumvarpsins er að finna nokkur nýmæli frá lögum nr. 19/1991, þar á meðal er í 110. gr. kveðið sérstaklega á um öflun sönnunargagna og jafnframt í 112. gr. að það skuli að jafnaði gerast frammi fyrir þeim dómara sem fer með mál og kveður upp dóm í því.

7. Helsta formbreytingin, sem lagt er til að gerð verði á gildandi reglum um saksókn, er að ákvæði IV. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sem einkum snúa að því hvernig fara skuli að þegar höfðun sakamáls er háð kröfu brotaþola samkvæmt viðeigandi refsiákvæði, verði felld inn í lög um meðferð sakamála, sbr. 144. gr. frumvarpsins. Hins vegar er gert ráð fyrir að áfram verði mælt fyrir um það í hegningarlögum hvernig brotaþoli skuli standa að höfðun einkarefsimáls af sinni hálfu.

8. Þótt efni XXV. kafla frumvarpsins, þar sem fjallað er um almenna meðferð sakamáls fyrir dómi, sé skipað með talsvert öðrum hætti en í samsvarandi kafla núgildandi laga er gengið út frá því að málsmeðferðin verði í meginatriðum lík því sem nú gerist. Veigamesta breytingin, sem ráðgerð er, lýtur að því að ákærða verði gefinn kostur á að skila skriflegri greinargerð af sinni hálfu, á sama hátt og stefnda í einkamáli, sbr. 1. mgr. 165. gr. frumvarpsins. Markmiðið með þessu nýmæli er m.a. að jafna aðstöðu aðila að sakamáli, auk þess sem búast má við því að greinargerð ákærða verði til þess að skýra málatilbúnað hans og auðvelda þar með úrlausn máls, ekki síst í þeim málum þar sem sakarefnið er flókið. Í því sambandi má nefna að það var fyrst með lögum nr. 19/1991 að ákærða var gefinn kostur á að skila skriflegri greinargerð af sinni hálfu fyrir Hæstarétti og er nú gengið út frá því sem almennri reglu þar fyrir dómi, sbr. lög nr. 37/1994. Verður ekki annað ráðið en að sá háttur hafi gefist vel í framkvæmd.

9. XXIX. kafli frumvarpsins hefur að geyma sérstakar reglur um heimild til þess að endurupptaka mál fyrir héraðsdómi í tilvikum þar sem ákærði hefur ekki sótt þing og máli hefur verið lokið af þeim sökum skv. 161. gr. frumvarpsins, en núgildandi ákvæði þess efnis eru fremur fábrotin, sbr. 2. og 3. mgr. 126. gr. gildandi laga. Enn fremur er í frumvarpinu lagt til að greint verði á milli endurupptöku óáfrýjaðs máls fyrir héraðsdómi og endurupptöku máls fyrir Hæstarétti, sbr. XXXII. og XXXIII. kafla þess, meðan kveðið er jöfnum höndum á um endurupptöku dæmdra mála í XXII. kafla gildandi laga.

10. Með XXXV. kafla frumvarpsins er lagt til að kveðið verði heildstætt á um réttarfarssektir í einum kafla á sama hátt og gert er í lögum um meðferð einkamála. Eru ákvæðin mun ítarlegri en samsvarandi reglur núgildandi laga sem er að finna í 11. gr. þeirra.

11. Þess má að lokum geta að ákvæði núgildandi laga um meðferð opinberra mála um nálgunarbann, sem tekin voru upp í þau með lögum nr. 94/2000, sbr. XIII. kafla A, hafa ekki verið tekin upp í frumvarpið. Er þess í stað lagt til að þau verði færð í sérstök lög um nálg-

unarbann, en frumvarp til þeirra laga fylgir þessu frumvarpi. Skýringin á þessu er sú að nálgunarbann er ekki ráðstöfun sem gripið er til í þágu rannsóknar eða meðferðar á sakamáli, heldur er um að ræða fyrirbyggjandi aðgerð sem er ekki síst ætlað að koma í veg fyrir að afbrot verði framið. Af þeirri ástæðu þykir rétt að kveða á um þetta úrræði í sérlögum.

IV.

Auk þess sem talið er upp hér að framan eru lagðar til fjölmargar breytingar á efni núgildandi laga sem gerð verður grein fyrir í athugasemdunum er á eftir fylgja. Þó er rétt að drepa á nokkur atriði sem réttarfarsnefnd tók sérstaklega til skoðunar við samningu frumvarpsins þar sem niðurstaðan hefur orðið sú að aðeins skuli lagðar til lagfæringar á gildandi réttarreglum, án þess að á þeim verði gerðar breytingar í grundvallaratriðum.

Einn helsti vandinn, er glíma hefur þurft við í íslensku sakamálaréttarfari á undanförnum árum, tengist meginreglunni um milliliðalausa sönnunarfærslu sem er þáttur í réttlátri málsmeðferð skv. 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Í reglunni felst m.a. að æðri dómstóll getur ekki sakfellt mann, sem sýknaður hefur verið í undirrétti, á grundvelli framburðar hans sjálfs eða vitna, nema dómendur hafi sjálfir hlýtt á framburðinn og sönnunarfærslan þannig verið milliliðalaus fyrir hinum æðra dómi. Samkvæmt 3. mgr. 157. gr. laga nr. 19/1991 getur Hæstiréttur ákveðið að slík sönnunarfærsla fari fram fyrir réttinum. Hins vegar er erfitt að koma því við í framkvæmd vegna þess mikla álags sem hvílir á réttinum. Þess í stað hefur Hæstiréttur oftast nær gripið til þess ráðs að ómerkja héraðsdóm og vísa máli aftur heim í hérað á grundvelli 5. mgr. 159. gr. laganna ef dómarar hafa talið að mat héraðsdóms á sönnunargildi framburðar ákærða og vitna orki tvímælis. Þessi aðferð er þó ekki alls kostar heppileg, auk þess sem henni verður varla beitt nema einu sinni í hverju máli.

Eina leiðin til að ráða varanlega bót á þessum vanda er líklega sú að dómstigum verði fjölgað hér á landi úr tveimur í þrjú, eins og tíðkast í flestum öðrum Evrópuríkjum. Það mundi hins vegar auka umtalsvert kostnað við dómskerfið og gera það jafnframt flóknara, þannig að hætt yrði við að það tæki mun lengri tíma að afgreiða mál hjá dómstólunum en verið hefur hin síðari ár. Af þessum sökum er ekki lagt til að svo afdrifaríkt skref verði stigið að þessu sinni þótt sjálfsagt sé að kanna kosti og galla slíkrar kerfisbreytingar.

Þá hefur því verið hreyft að til greina komi að setja á stofn sérstaka úrskurðarnefnd sem hafi það hlutverk að ákveða hvort sakamál, sem dæmd hafa verið, verði endurupptekin, því að segja má að það sé ekki alls kostar heppilegt að Hæstiréttur, sem kemur hugsanlega til með að dæma í málinu eftir að það hefur verið endurupptekið, taki ákvörðun um hvort svo skuli gert. Að svo stöddu er ekki gerð tillaga um að sett skuli á stofn slík úrskurðarnefnd þótt sjálfsagt sé að kanna það mál frekar. Því er gert ráð fyrir að Hæstiréttur taki áfram ákvörðun um endurupptöku dæmdra mála, sbr. 211. og 215. gr. frumvarpsins.

Þau ákvæði, sem hvað mest hafa verið rædd og mestur styr staðið um frá því að lög nr. 19/1991 tóku gildi, eru 1. og 2. mgr. 43. gr. laganna, þar sem kveðið er á um aðgang verjanda og um leið sakbornings að gögnum máls á rannsóknarstigi þess. Með lögum nr. 36/1999 var ákvæðunum breytt í þá veru að verjanda er heimilt að kynna skjólstæðingi sínum efni málsgagna jafnskjótt og hann hefur fengið aðgang að þeim. Á móti fékk lögregla heimild til þess að halda gögnum í allt að eina viku frá verjanda, ef ríkir rannsóknarhagsmunir væru í húfi, auk þess sem dómari gat lengt þennan frest í allt að þrjár vikur, að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Þessir frestir hafa nýlega verið lengdir í þrjár og fimm vikur, sbr. lög nr. 86/2004. Réttarfarsnefnd velti fyrir sér þeim kosti að leggja til að ákvæðin yrðu færð aftur í upphaflegt

horf, þannig að verjanda yrði veittur aðgangur að gögnum máls þegar í stað gegn því að hann héldi efni þeirra leyndu fyrir sakborningi teldi lögregla það nauðsynlegt vegna rannsóknarhagsmuna. Frá því var horfið í ljósi þeirrar gagnrýni, sem sú tilhögun sætti á sínum tíma, þar sem það var talið andstætt hlutverki verjanda að halda einhverju leyndu fyrir skjólstæðingi sínum. Fyrrgreind ákvæði eru því áfram lögð til grundvallar í 37. gr. frumvarpsins, þótt lagt sé til í 3. mgr. hennar að lögregla geti synjað verjanda og þar með sakborningi um aðgang að einstökum gögnum meðan á rannsókn stendur ef öryggi ríkisins eða almennings er í húfi ellegar brýnir einkahagsmunir annarra en sakbornings standa því í vegi. Jafnframt er gert ráð fyrir að verjandi geti borið þessa synjun lögreglu sérstaklega undir dómara.

Eins og áður segir var meginmarkmiðið með breytingum þeim, sem gerðar voru á lögum um meðferð opinberra mála með lögum nr. 36/1999, að styrkja réttarstöðu brotaþola, ekki síst barna sem þolenda kynferðisbrota, frá því sem verið hafði. Eitt af því sem stefnt var að var að börn yngri en 18 ára, sem eru ólögráða fyrir æsku sakir, þyrftu ekki að gefa formlega skýrslu í slíkum málum oftar en einu sinni. Með því móti er þeim hlíft við því að rifja upp oftar og í smáatriðum atburði sem valdið hafa þeim miklum andlegum og jafnvel líkamlegum þjáningum. Til þess að unnt væri að undanþiggja börn frá því að þurfa að gefa skýrslu að nýju við aðalmeðferð máls, nema eitthvað sérstakt kæmi til, var mælt fyrir um það að þau skyldu gefa skýrslu fyrir dómara á rannsóknarstigi. Sú tilhögun hefur nýlega verið gagnrýnd og því m.a. haldið fram að hún leiði til þess að sýknað sé í fleiri tilvikum en ella væri ef formleg skýrslutaka færi fram hjá lögreglu. Það hefði hins vegar í för með sér að barnið yrði að jafnaði að gefa skýrslu að nýju fyrir dómi við aðalmeðferð máls vegna þess að sönnunargildi lögregluskýrslu er ekki það sama og skýrslu sem gefin er fyrir sjálfstæðum og óháðum dómara, þar sem varnaraðili málsins, sakborningurinn, er jafnsettur sóknaraðilanum, ákæruvaldinu.

Þótt sakfellt sé í tiltölulega fáum málum, þar sem ákært er fyrir kynferðisbrot gagnvart börnum, vegna skorts á sönnun verður ekki séð að þeirri tilhögun, sem að framan er lýst, sé um að kenna, enda er við sams konar vanda að etja, hvort sem skýrsla er tekin af brotaþolum í þessum málum á rannsóknarstigi hjá lögreglu, eins og í Danmörku og Svíþjóð, eða fyrir dómi, eins og hér á landi og í Noregi. Með sams konar rökum og notuð hafa verið mætti halda því fram að ný tilhögun á aðferð við skýrslutöku, sem rutt hefur sér til rúms á síðari árum, hafi haft þau áhrif að sakfellt sé í hlutfallslega færri málum en áður tíðkaðist. Orsakirnar eru líkast til aðrar og væri sannarlega ástæða til að kanna það mál frekar af óháðum aðilum.

Með vísun til þess sem að framan greinir er ekki gerð tillaga um að horfið verði af þeirri braut sem mörkuð var með lögum nr. 36/1999. Hins vegar eru ráðgerðar breytingar á gildandi lögum, sem eiga að stuðla að því að mál þau er hér um ræðir, upplýsist og hljóti sem réttlátasta meðferð. Sem fyrr segir er lagt til að tekin verði upp í lög um meðferð sakamála ákvæði um óformlega skýrslutöku lögreglu, sbr. einkum 2. mgr. 60. gr. frumvarpsins. Þar með er ekkert því til fyrirstöðu að lögregla ræði óformlega við brotaþola áður en hann gefur formlega skýrslu fyrir dómi skv. a-lið 1. mgr. 59. gr. til þess að undirbúa þá skýrslugjöf. Þá er gert ráð fyrir að mælt verði fyrir um það, m.a. þegar skýrsla er tekin fyrir dómi af brotaþola á rannsóknarstigi, að það verði að jafnaði gert fyrir þeim dómara sem mun síðar fara með málið og kveða upp dóm í því, ef til þess kemur, eftir atvikum sem dómsformaður. Með þessari breytingu er leitast við að búa svo um hnúta að sem minnst frávik verði gerð frá meginreglunni um milliliðalausa sönnunarfærslu. Þetta hvort tveggja ætti að verða til þess að tryggja betur en nú er að hið sanna verði leitt í ljós í þessum vandmeðförnu málum.

Athugasemdir við einstaka þætti, kafla og greinar frumvarpsins.

Um 1. þátt.

Þessi fyrsti þáttur frumvarpsins ber yfirskriftina „almennar reglur um meðferð sakamála“, eins og 1. þáttur laga um meðferð einkamála. Þátturinn hefur að geyma ákvæði í sex köflum sem ætlað er að koma í stað I.–VII. kafla núgildandi laga um meðferð opinberra mála. Í I. kafla er að finna reglur um gildissvið laga um meðferð sakamála og dómendur í héraði og í II. kafla reglur um þinghöld, þingbækur o.fl. Síðan er í III. kafla mælt fyrir um ákæruvaldið og lögreglu, í IV. kafla um sakborning og verjanda, í V. kafla um brotaþola og réttargæslumann og loks í VI. kafla um varnarþing.

Lagt er til að ákvæðin um dómendur í héraði og þinghöld, þingbækur o.fl. verði hliðstæð ákvæðum laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, um sama efni. Að öðru leyti taka reglur þáttarins mið af reglum laga nr. 19/1991 þótt ráðgerðar séu nokkrar breytingar á þeim, eins og gerð verður nánari grein fyrir í athugasemdum með einstökum greinum.

Um I. kafla.

Í þennan kafla er skipað tvenns konar reglum. Annars vegar er í 1. og 2. gr. kveðið á um gildissvið laga um meðferð sakamála, sbr. I. kafla núgildandi laga, og hins vegar í 3.–7. gr. um dómendur í héraði, sbr. II. kafla gildandi laga og 2.–6. gr. laga um meðferð einkamála. Þótt gert sé ráð fyrir að gildissvið laga um meðferð sakamála verði í grófum dráttum óbreytt er gerð tillaga um annars konar afmörkun á því en verið hefur. Verða þessum breytingum, svo og öðrum sem ráðgerðar eru í kaflanum, gerð frekari skil í athugasemdum með einstökum greinum.

Um 1. gr.

Fyrsta málsgrein þessarar greinar er sama efnis og 1. mgr. 1. gr. núgildandi laga þótt gerðar hafi verið nokkrar breytingar á orðalagi hennar. Þannig er lagt til að í stað orðsins „ríkisvaldsins“ komi „ákæruvalds“, en með orðalaginu „handhafar ákæruvalds“ er vísað til þeirra stjórnvalda, sem höfða mál til refsingar, þ.e. fangelsis eða fésekta, lögum samkvæmt. Nánar tiltekið eru þeir handhafar ákæruvaldsins, sem vísað er til, fyrst og fremst ríkissaksóknari, héraðssaksóknari og lögreglustjórar, sbr. 1. mgr. 18. gr. frumvarpsins. Þótt mál skuli því aðeins höfða að dómsmálaráðherra hafi lagt svo fyrir, sbr. t.d. 97. og 105. gr. almennra hegningarlaga, er það ríkissaksóknari sem formlega höfðar slíkt mál, sbr. 2. mgr. 19. og 2. mgr. 21. gr. frumvarpsins. Sama á við þegar það er skilyrði málshöfðunar að sá krefjist þess sem misgert var við, sbr. t.d. 2. og 3. tölul. 242. gr. hegningarlaga. Ef einstaklingur höfðar hins vegar mál til refsingar eða refsikenndra viðurlaga sætir slíkt einkarefsimál ekki meðferð samkvæmt lögum um meðferð sakamála, heldur lögum um meðferð einkamála.

Í niðurlagi 1. mgr. 1. gr. gildandi laga segir að þau mál, sem eiga undir sérdómstóla, skuli ekki heldur fara eftir ákvæðum laga um meðferð opinberra mála. Samkvæmt því sætir mál, sem höfðað kann að vera fyrir landsdómi á hendur ráðherra samkvæmt ákvörðun Alþingis á grundvelli laga nr. 4/1963, um ráðherraábyrgð, ekki meðferð opinberra mála samkvæmt gildandi lögum, enda þótt vísað sé til laga um meðferð opinberra mála og reyndar einnig refsimála á stöku stað í lögum nr. 3/1963, um landsdóm. Þetta er eina dæmi þess að mál, sem handhafar ríkisvalds höfða til refsingar lögum samkvæmt, fari ekki eftir ákvæðum laga um meðferð opinberra mála, sbr. 51. gr. laga nr. 3/1963, þar sem kveðið er á um að beita skuli ákvæðum laga um meðferð einkamála um þau mál, sem höfðuð eru fyrir landsdómi, nema á annan veg sé mælt í lögunum. Með þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að breyting verði gerð

á þessari skipan, sbr. 234. gr. frumvarpsins, þar sem lagt er til að í 51. gr. laga nr. 3/1963 verði framvegis kveðið á um það að beita skuli ákvæðum laga um meðferð sakamála um mál sem höfðuð kunna að verða fyrir landsdómi. Vegna þess hve sérdómstólum hefur fækkað hér á landi síðustu árin má segja að tilvísunin til sérdómstóla sé orðin tímaskekkja. Eðlilegra er að tekið sé fram í niðurlagi 1. mgr. að þau mál, sem handhafar ákæruvalds höfða til refsingar lögum samkvæmt, skuli sæta meðferð eftir ákvæðum laga um meðferð sakamála, nema öðru vísi sé fyrir mælt í lögum, jafnvel þótt enga slíka undantekningu verði þar að finna, fari svo að 51. gr. laga nr. 3/1963 verði breytt í það horf sem að framan greinir.

Þótt 2. mgr. hafi að geyma áþekka reglu og 2. mgr. 1. gr. gildandi laga er orðalagið víðtækara, að því leyti að gert er ráð fyrir að öll þau mál, þar sem krafist er „refsikenndra viðurlaga“, sæti meðferð samkvæmt lögum um meðferð sakamála, enda þótt ekki sé gerð krafa um refsingu í málinu. Það er þó gert að skilyrði að mál sé ávallt höfðað af handhöfum ákæruvalds, eins og um væri að ræða eiginlegt sakamál skv. 1. mgr. Sem dæmi um mál, sem falla undir 2. mgr., má nefna það ef krafist er öryggisgæslu eða annarra öryggisráðstafana skv. 62., 66. eða 67. gr. almennra hegningarlaga, enn fremur ef krafist er upptöku eigna, sviptingar réttinda eða ómerkingar ummæla, ef slíkar kröfur eiga rætur að rekja til ætlaðrar refsiverðrar háttsemi, en ekki þykja efni til að gera jafnframt kröfu um refsingu, t.d. vegna þess að sök er fyrnd, en krafa um eignaupptöku ekki. Af þeim sökum eru mál af þessu tagi fátíð.

Ef stjórnvöld, önnur en handhafar ákæruvalds, höfða mál, t.d. til sviptingar réttinda, sæta þau mál meðferð samkvæmt lögum um meðferð einkamála. Sama á almennt við ef einstaklingar bera sviptingu réttinda eða synjun um endurveitingu þeirra undir dóm. Frá þessu er þó rétt að gera þá undantekningu að ein tegund þeirra mála, nánar tiltekið þau sem falla undir 68. gr. a almennra hegningarlaga, sæti áfram meðferð eftir þessum lögum, nánar tiltekið afbrigðilegri meðferð skv. XXVII. kafla, sbr. 234. gr. frumvarpsins.

Ákvæði þessarar greinar eru miðuð við það að mál sé höfðað fyrir dómi, yfirleitt með útgáfu ákæru, sbr. 142. gr. frumvarpsins. Þótt máli vegna refsiverðrar háttsemi ljúki áður en til þess kemur, sem er mjög algengt, færi slíkt mál engu síður eftir þessum lögum, sbr. t.d. XXIII. kafla frumvarpsins um lok máls án ákæru. Auk þess er gert ráð fyrir að einstaklingar geti borið mál undir dóm á grundvelli laganna, sbr. nánar XV. kafla frumvarpsins.

Um 2. gr.

Í fyrri málslið 1. mgr. er gert ráð fyrir að mál, sem eiga rætur að rekja til kröfu eða beiðni frá erlendum ríkjum, ýmist um framsal sakamanna, fullnustu erlendra refsidóma eða aðgerðir hér á landi í tengslum við sakamál, sæti meðferð samkvæmt þessum lögum, sbr. e- og f-liði 2. gr. núgildandi laga. Í XXVII. kafla frumvarpsins er mælt sérstaklega fyrir um meðferð þessara mála sem er að ýmsu leyti afbrigðileg í samanburði við almenna málsmeðferð. Síðari málsliður málsgreinarinnar er efnislega eins og upphafsákvæði 2. gr. gildandi laga.

Jafnframt er lagt til að þrír fyrstu stafliðir 2. gr. laganna falli brott. Skýringin á því er sú að í 1. og 2. gr. frumvarpsins er gengið út frá því að framvegis muni þau mál ein sæta meðferð sakamála sem handhafar ákæruvalds höfða í tilefni af ætlaðri refsiverðri háttsemi. Það þýðir, svo að dæmi sé tekið, að það fer eftir atvikum hvort mál, sem höfðað er af hálfu ríkisvaldsins til félagsslita skv. 1. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 12. gr. stjórnarskipunarlaga, nr. 97/1995, sætir meðferð eftir þessum lögum, eins og boðið er í a-lið 2. gr. gildandi laga, eða lögum um meðferð einkamála. Ef tilefni málshöfðunarinnar er refsiverð háttsemi á ákæruvaldið sókn sakar og þar með verður málið rekið sem sakamál, sbr. 1. gr. frumvarpsins. Í síðari málslið 2. mgr. þessarar greinar er gert ráð fyrir að kröfu allsherjarréttar eðlis, á borð

við kröfu um félagsslit í þessu tilviki, megi hafa uppi og dæma í því máli. Ef mál er höfðað til félagsslita af öðru tilefni og þar með af öðrum stjórnvöldum en handhöfum ákæruvalds er eðlilegt að það verði rekið eins og hvert annað einkamál.

Í d-lið núgildandi 2. gr. segir að mál til úrlausnar á ýmsum atriðum sem um ræðir í almennum hegningarlögum skuli sæta meðferð samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála. Með lögum nr. 82/1998 var 55. gr. hegningarlaga breytt á þann veg að sýslumaður ákveður tímalengd fangelsisvistar ef dagsektir á að afplána í fangelsi. Heimilt er að bera þá ákvörðun hans undir héraðsdóm samkvæmt reglum aðfararlaga. Samkvæmt 1. mgr. 59. gr. hegningarlaga getur ákærandi krafist þess að dómari taki sakamál fyrir að nýju telji hann að dómfelldi hafi rofið skilorð. Fer sú málsmeðferð eftir þessum lögum, sbr. 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins. Í 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins er sérstaklega mælt fyrir um að mál til þess að koma fram refsikenndum viðurlögum, svo sem öryggisgæslu og öðrum öryggisráðstöfunum, skuli sæta meðferð samkvæmt þessum lögum, sbr. 62., 63., 65., 66. og 67. gr. hegningarlaga. Loks má nefna í þessu sambandi að beinlínis er tekið fram í 1. mgr. 68. gr. a hegningarlaga, sbr. 234. gr. frumvarpsins, að mál, sem höfðað er vegna synjunar stjórnvalds um að veita manni opinbert starf eða opinbert leyfi til þess að stunda starf fyrir þá sök að hann hafi framið refsiverðan verknað, skuli sæta meðferð samkvæmt þessum lögum. Sama á við um mál sem höfðað er til að fella niður réttindasviptingu, sbr. 2. mgr. sömu greinar. Mundu þessi mál sæta meðferð skv. XXVII. kafla frumvarpsins.

Fyrri málsliður 2. mgr. þessarar greinar er samhljóða 3. gr. gildandi laga. Hugtakið „einkaréttarkröfur“ hefur verið skýrt svo rúmt að undir það falli ekki aðeins kröfur, sem stofnast til handa einstaklingum og öðrum einkaaðilum, heldur einnig kröfur hins opinbera, ríkis og sveitarfélaga, t.d. um skatta og önnur opinber gjöld. Með síðari málslið 2. mgr. er tekið af skarið um það að kröfur sem þessar megi hafa uppi og dæma í sakamáli, þá ekki aðeins fjárkröfur, heldur einnig kröfur annars eðlis, svo sem um brottnám ólögmæts ástands og bann við ólögmætri starfsemi. Þar með er ekkert því til fyrirstöðu, eins og áður segir, að mál sé höfðað til refsingar samkvæmt þessum lögum af handhafa ákæruvalds og jafnframt höfð uppi krafa á borð við félagsslit eða staðfestingu lögbanns, sem hvor um sig felur í sér bann við ólögmætri starfsemi, ellegar krafa um brottnám ólögmæts ástands, svo sem að ólögmætt mannvirki skuli fjarlægt, sbr. a-, b- og c-liði 2. gr. gildandi laga. Nánar er kveðið á um þær kröfur sem 2. mgr. vísar til í XXVI. kafla frumvarpsins.

Um 3. gr.

Ákvæði 1. mgr. þessarar greinar er efnislega samhljóða 4. gr. laga um meðferð opinberra mála og 2. mgr. 1. gr. laga um meðferð einkamála. Þá eru ákvæði 2. og 3. mgr. sama efnis og fyrri málsliður 1. og 2. mgr. 5. gr. laga um meðferð opinberra mála og 1. gr. og 2. mgr. 2. gr. laga um meðferð einkamála.

Árið 1994 var nýjum málslið bætt við 1. mgr. 5. gr. laga um meðferð opinberra mála, þar sem kveðið er á um það að neiti ákærði sök og telji dómari sýnt að niðurstaða kunni að verulegu leyti að ráðast af mati á sönnunargildi munnlegs framburðar fyrir dómi, geti dómstjóri ákveðið að þrír héraðsdómarar skipi dóm í málinu. Þau rök voru færð fyrir þessu ákvæði á sínum tíma að þess væri ekki að vænta að Hæstiréttur mundi hrófla við mati héraðsdóms á sönnunargildi munnlegs framburðar ákærða eða vitna fyrir dómi nema í undantekningartilvikum. Því yrði oftar en ekki að styðjast við niðurstöðu héraðsdóms um það atriði. Ef mál væri umfangsmikið eða vandasamt gæti því verið ástæða til að styrkja niðurstöðu

héraðsdóms um mat á munnlegum framburði með því að dómurinn væri fjölskipaður þegar svo stæði á.

Þessar röksemdir eiga ekki síður við nú en árið 1994. Við samningu frumvarpsins kom til athugunar hvort breyta ætti þessari reglu á þann hátt að héraðsdómur yrði fjölskipaður að meginreglu í tilvikum þar sem ákærði neitar sök og sýnt er að niðurstaða um sök eða sakleysi hans kunni að verulegu leyti að ráðast af mati á sönnunargildi framburðar ákærða sjálfs eða vitna. Frá því var horfið einkum með tilliti til þess að vænst er að innan tíðar verði gerð sérstök athugun á því hvort efni séu til að koma á fót millidómstigi í sakamálum. Þótti réttast að hafa óbreyttar reglur þar til sú athugun yrði um garð gengin.

Ákvæði 5. mgr. er sama efnis og 3. mgr. 2. gr. laga um meðferð einkamála. Rétt þykir að dómstjóri hafi þessa almennu heimild til að ákveða að héraðsdómur skuli vera fjölskipaður, enda þótt tiltölulega sjaldan yrði gripið til hennar vegna ákvæðisins í 4. mgr. .

Um 4. gr.

Fyrsta málsgrein er nánast samhljóða 1. mgr. 3. gr. laga um meðferð einkamála.

Önnur málsgrein svarar til 2. mgr. þeirrar greinar þótt henni hafi verið nokkuð breytt. Í fyrsta lagi er tekið af skarið um að málsgreinin taki einungis til skyldu manns til að verða við kvaðningu til starfa sem sérfróður meðdómsmaður, sbr. 3. mgr. og niðurlag 5. mgr. 3. gr. frumvarpsins. Þar með er eðlilegt að héraðsdómarar og aðstoðarmenn þeirra séu undanþegnir þeirri skyldu á sama hátt og hæstaréttardómarar og aðstoðarmenn þeirra sem eru óvefengjanlega starfsmenn Hæstaréttar. Hins vegar þykir of langt gengið að útiloka aðra starfsmenn héraðsdómstóla en héraðsdómara og aðstoðarmenn þeirra frá því að taka sæti í dómi sem sérfróðir meðdómsmenn. Í annan stað er ekki tekið upp samsvarandi ákvæði og er nú að finna í lokamálslið 2. mgr. 3. gr. laga um meðferð einkamála. Telja verður það ákvæði óþarft, enda væri forstöðumaður ríkisstofnunar eða starfsmaður heilbrigðisþjónustu í mörgum tilvikum vanhæfur til að vera meðdómsmaður í máli skv. 6. gr. frumvarpsins ef það varðaði þá stofnun sem hann starfar við.

Um 5. gr.

Greinin er svo til samhljóða 4. gr. laga um meðferð einkamála og þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Greinin hefur að geyma ástæður þess að dómari skuli víkja sæti við meðferð sakamáls vegna vanhæfis og er 1. mgr. hennar að mestu leyti samhljóða 5. gr. laga um meðferð einkamála. Einu frávikin eru þau að sakborningur og brotaþoli koma í stað aðila. Þykir rétt að láta brotaþola njóta að þessu leyti sömu réttarstöðu og aðili, enda þótt hann teljist almennt ekki vera aðili sakamáls að íslenskum lögum. Jafnframt er sleppt í f-lið tilvísun til manns, sem neitar að láta af hendi sönnunargögn, vegna þess að í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir sams konar úrræðum aðila til að afla sýnilegra sönnunargagna í vörslum þriðja manns og kveðið er á um í X. kafla laga um meðferð einkamála. Þess í stað getur ákærandi lagt hald á slík gögn verði sá sem hefur þau undir höndum ekki við kröfu um að afhenda þau, sbr. nánar 135. gr. frumvarpsins. Ef dómari tengdist þeim manni með sama hætti og segir í d-lið kæmi að sjálfsögðu til greina að hann viki sæti á grundvelli almenna ákvæðisins í g-lið.

Í 2. mgr. er að finna sérákvæði um vanhæfi dómara sem á sínum tíma var tekið upp í lög nr. 19/1991. Það á rót að rekja til skýringar Mannréttindadómstóls Evrópu á fyrirmælum 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu um óvilhallan dómstól í máli Hauschildt gegn Dan-

mörku árið 1989. Þótt færa megi fyrir því rök að óþarft hafi verið að bregðast við þessum dómi Mannréttindadómstólsins með sérákvæði af þessu tagi má með nokkrum rétti halda því fram að dómari, sem komist hefur að þeirri niðurstöðu að sterkur grunur leiki á því að ákærði hafi framið brot, svo að notað sé orðalag 2. mgr. 95. gr. frumvarpsins, sé ekki óvilhallur þegar að því kemur að skera þarf úr um sekt hans eða sakleysi. Þess vegna er lagt til að þetta ákvæði standi áfram. Það liggur hins vegar ljóst fyrir, m.a. af úrlausnum eftirlitsstofnananna í Strassborg, að dómari verður ekki vanhæfur til að leysa efnislega úr máli við það eitt að hafa áður úrskurðað ákærða í gæsluvarðhald af öðrum ástæðum en þeirri sem greinir í 2. mgr. 95. gr. Þar með er það hafið yfir allan vafa að dómari telst ekki vanhæfur þótt hann hafi áður fjallað um gæsluvarðhaldskröfu og hrundið henni, jafnvel þótt hún hafi verið reist á 2. mgr. 95. gr.

Um 7. gr.

Fyrsta málsgrein sækir fyrirmynd sína til 1. mgr. 6. gr. laga um meðferð einkamála, en þó er ekki gert ráð fyrir að héraðsdómari gæti sem dómsformaður að hæfi meðdómsmanna nema um sé að ræða sérfróða meðdómsmenn. Í því tilviki er rétt að hann inni hina sérfróðu meðdómsmenn eftir atvikum sem hugsanlega kynnu að valda vanhæfi þeirra til að fara með málið skv. 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins.

Önnur málsgrein svarar til 2. mgr. 6. gr. laga um meðferð einkamála, en þó er lagt til að dómsformaður kveði upp úrskurð um það hvort hann eða meðdómsmenn hans skuli víkja sæti, nema þrír héraðsdómarar sitji í dómi skv. 4. eða 5. mgr. 3. gr. frumvarpsins. Í því tilviki skulu þeir allir kveða upp slíkan úrskurð, þar sem meiri hlutinn ræður niðurstöðunni ef ágreiningur verður þeirra á milli.

Þriðja málsgrein er samhljóða 3. mgr. 6. gr. laga um meðferð einkamála og þarfnast ekki skýringa.

Um II. kafla.

Kaflinn hefur að geyma reglur um þinghöld og það sem þar fer fram, sbr. 8.–12. gr., þing- og dómabækur, sbr. 13. og 14. gr., skjöl sem lögð eru fram í dómi og aðgang að þeim og öðrum gögnum, sbr. 15. og 16. gr., og loks málaskrá, sbr. 1. mgr. 17. gr. Er lagt til að þessar reglur verði að mestu leyti sniðnar eftir reglum II. kafla laga um meðferð einkamála þótt einnig hafi verið höfð hliðsjón af ákvæðum III. kafla núgildandi laga við samningu kaflans. Nokkur nýmæli er að finna í honum, t.d. er ráðgert í 9. gr. að taka megi skýrslu af barni, yngra en 15 ára, í sérútbúnu húsnæði annars staðar en á föstum þingstöðum, ef það þykir æskilegra með tilliti til hagsmuna barnsins. Þá er lagt til að settar verði ítarlegar reglur um aðgang þeirra sem hagsmuna hafa að gæta, svo og almennings að skjölum, sem lögð hafa verið fram í dómsmáli, og dómsúrlausnum, sbr. 1. og 2. mgr. 16. gr. Þess má að lokum geta að gerð er tillaga um að ákvæðið, sem nú er í 20. gr. gildandi laga, þar sem almennt er kveðið á um birtingu ákæru, fyrirkalls, kvaðninga, dóma, úrskurða og annarra tilkynninga í opinberum málum, verði fellt brott í núverandi mynd. Í staðinn verði mælt ítarlega fyrir um birtingu ákæru og fyrirkalls í XXIV. kafla, sbr. 1. og 2. mgr. 156. gr. frumvarpsins, og síðan vísað til þessara ákvæða, að því er varðar birtingu dómsúrlausna, kvaðninga og annarra tilkynninga, á viðeigandi stöðum í lögunum, eftir því sem átt getur við.

Um 8. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 7. gr. laga um meðferð einkamála og 9. og 12. gr. núgildandi laga. Eina frávikið er það að lagt er til að dómari skuli vara þann við, sem tekið hefur

til máls með leyfi dómarans að honum beri að halda sig við efni máls, áður en orðið er tekið af honum. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 9. gr.

Þótt fram komi í 21. gr. laga nr. 15/1998, um dómstóla, að héraðsdómstólar skuli hver um sig hafa fasta þingstaði og dómþing skuli að jafnaði háð á þeim stöðum þykir engu síður rétt að árétta þá meginreglu í þessum lögum, enda er kveðið á um hana í 7. gr. laga um meðferð opinberra mála. Ef þinghöld eru háð í heyranda hljóði leiðir af eðli máls að þau skulu haldin í dómsölum svo að almenningi gefist kostur á að fylgjast með því sem þar fer fram, sbr. 10. gr. Ef þing er haldið fyrir luktum dyrum er hins vegar ekkert því til fyrirstöðu að það fari fram í sérútbúnu húsnæði dómstóls ef það þykir æskilegra, t.d. ef taka þarf skýrslu af barni skv. 2. mgr. 123. gr. frumvarpsins. Af þeim sökum er lagt til að niðurlag 1. málsl. 1. mgr. 7. gr. núgildandi laga verði fellt brott.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. laga um dómstóla getur héraðsdómari háð dómþing utan fasts þingstaðar ef það þykir heppilegra fyrir rekstur máls, hvort sem er innan eða utan umdæmis síns. Þótt þessi regla taki jafnt til sakamála sem annarra dómsmála er rétt að taka af skarið um það að taka megi fyrir slík mál á stofnun, þar á meðal í fangelsi eða á sjúkrahúsi ef heppilegra þykir, t.d. af tillitsemi við sakborning eða brotaþola.

Þá er mælt sérstaklega fyrir um það að dómari geti ákveðið að skýrsla skuli tekin af barni, sem ekki hefur náð 15 ára aldri, í sérútbúnu húsnæði á öðrum stað en í dómhúsi ef það þykir æskilegra, að hans mati, með tilliti til hagsmuna barnsins, sbr. meginreglu þá sem fram kemur í 1. mgr. 4. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002, og 3. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Hér er átt við aðstöðu eins og þá sem er fyrir hendi í svonefndu barnahúsi. Eðlilegt er að dómari leiti eftir afstöðu barnsins eða eftir atvikum þeirra, sem fara með forsjá þess, áður en ákvörðun er tekin um það hvar skýrslutaka skuli fara fram, sbr. til hliðsjónar 2. mgr. 4. gr. og 2. mgr. 46. gr. barnaverndarlaga. Sakhæfisaldur er 15 ár hér á landi skv. 14. gr. almennra hegningarlaga og þykir rétt að miða þessa sérstöku heimild við það aldursmark. Ákvæðinu yrði væntanlega fyrst og fremst beitt þegar taka þarf skýrslu af brotaþola, t.d. í kynferðisbrotamáli. Það er þó ekki einskorðað við það, þar á meðal er ekkert því til fyrirstöðu að tekin yrði vitnaskýrsla af barni í sérútbúnu húsnæði af þessu tagi ef dómari teldi það þjóna hagsmunum þess.

Um 10. gr.

Á sama hátt og í 8. gr. laga um meðferð einkamála og 8. gr. laga um meðferð opinberra mála er kveðið á um það í upphafi greinarinnar að dómþing skuli háð í heyranda hljóði. Mælt er fyrir um þessa meginreglu íslensk réttarfars í 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 8. gr. stjórnarskipunarlaga, nr. 97/1995.

Þessi regla er hins vegar ekki fortakslaus því að samkvæmt tilvitnuðu ákvæði stjórnarskrárinnar er dómara heimilt „lögum samkvæmt“ að takmarka aðgang að dómþingi „til að gæta velsæmis, allsherjarreglu, öryggis ríkisins eða hagsmuna málsaðila“. Þær ástæður, sem geta réttlætt það að dómþing fari fram fyrir luktum dyrum, eru tæmandi taldar í 1. mgr. greinarinnar sem er svo til sama efnis og 1. mgr. 8. gr. laga um meðferð opinberra mála þótt framsetning málsgreinarinnar og orðalag dragi dám af 1. mgr. 8. gr. laga um meðferð einkamála. Jafnframt er gerð tillaga um að heimilt sé að loka þinghaldi meðan skýrsla er tekin af vitni, sem ekki þarf að skýra frá nafni sínu í heyranda hljóði, sbr. 8. mgr. 122. gr. frumvarpsins,

enda er hætt við að nafnleyndin næði ekki tilgangi sínum ef skýrslan væri gefin í opnu þinghaldi.

Leggja ber áherslu á að hér er um að ræða undantekningar frá fyrrgreindri meginreglu um opinbera málsmeðferð og því leiðir ekki sjálfkrafa af tilgreindum aðstæðum, t.d. því að þing sé háð utan reglulegs þingstaðar eða mál sé enn á rannsóknarstigi, að loka skuli þinghaldi. Þvert á móti ber dómara að vega og meta aðstæður í hverju slíku tilviki og vera reiðubúinn að rökstyðja það sérstaklega ef hann telur ástæðu til að halda þing fyrir luktum dyrum. Í samræmi við það er ráðgert í upphafi 1. mgr. að ekki þurfi að loka þinghaldi alveg, heldur megi halda það að hluta fyrir luktum og að hluta fyrir opnum dyrum, sbr. t.d. nýmælið í g-lið 1. mgr.

Í upphafi 2. mgr. er að finna nýmæli þar sem dómara er veitt heimild til að ákveða í eitt skipti fyrir öll, t.d. við þingfestingu máls, sbr. 158. gr. frumvarpsins, að öll þinghöld málinu skuli vera lokuð. Þetta er gert í hagræðingarskyni vegna þess að sum sakamál eru þess eðlis að þinghöld í þeim eru að jafnaði háð fyrir luktum dyrum, svo sem ef um er að ræða kynferðisbrotamál þar sem börn eru brotaþolar. Það er sett sem skilyrði að slík ákvörðun sé færð til bókar þar sem greint skal frá því af hvaða ástæðu þetta er gert.

Með lögum nr. 36/1999 voru gerðar nokkrar breytingar á 8. gr. laga um meðferð opinberra mála, m.a. til þess að styrkja réttarstöðu brotaþola. Ein af þeim var sú að sá, sem sættir sig ekki við þá ákvörðun dómara að þinghald skuli eftir atvikum vera opið eða lokað, geti krafist þess að hann kveði upp úrskurð um það hvort þinghald skuli háð fyrir luktum dyrum. Unnt er að kæra slíkan úrskurð til Hæstaréttar, skv. 142. gr. laganna, sbr. b-lið 1. mgr. 192. gr. frumvarpsins. Þessi möguleiki hefur ekki aðeins nýst brotaþola, heldur einnig öðrum, t.d. þeim sem andmæla því að þinghald sé háð fyrir luktum dyrum, svo sem fréttamönnum, sbr. H 2000, 3697. Gert er ráð fyrir að þetta ákvæði haldist efnislega óbreytt, sbr. lokamálslið 2. mgr. greinarinnar.

Að öðru leyti eru ákvæði 2.–4. mgr. efnislega samhljóða 2. og 3. mgr. 8. gr. og 3. mgr. 9. gr. laga um meðferð einkamála, sbr. 2.–4. mgr. 8. gr. og 9. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Í 5. mgr. er að finna nýmæli er styðst við regluna um meðalhóf sem segja má að sé ein af meginreglum íslensks sakamálaréttarfars. Fyrirmynd þessa ákvæðis er að finna í 4. mgr. 29. gr. dönsku réttarfarslaganna.

Um 11. gr.

Fyrsta málsgrein er samhljóða 1. mgr. 10. gr. laga um meðferð opinberra mála og 1. mgr. 9. gr. laga um meðferð einkamála, að öðru leyti en því að lagt er til að lagt verði sérstakt bann við því að birta hljóðupptökur eða myndir sem kunna að hafa verið teknar í þinghaldi án samþykkis dómara, sbr. 3. málsl. málsgreinarinnar. Með vísun til sagnorðsins „að birta“ er átt við hvers kyns flutning eða sýningu opinberlega á þessu efni, þar á meðal í fjölmiðlum, svo og sölu og annars konar dreifingu á því til almennings, sbr. 3. mgr., sbr. 2. mgr. 2. gr. höfundalaga, nr. 73/1972.

Önnur málsgrein er að stórum hluta sama efnis og 2. mgr. 10. gr. laga um meðferð opinberra mála. Samkvæmt umræddu ákvæði liggur bann við að skýra frá því sem gerst hefur í þinghaldi, en þó er það ekki einskorðað við opinbera frásögn, heldur felur það jafnt í sér bann við að skýra óviðkomandi frá því sem þar hefur gerst þótt um einkasamtal sé að ræða. Þá er gert ráð fyrir að dómari geti lagt bann við frásögn af því sem fram fer í opnu þinghaldi, ef ætla má að af því leiði hættu á sakarspjöllum. Það ætti t.d. við ef mál væri umfangsmikið og

skýrslutaka af ákærðu og vitnum tæki langan tíma. Þegar svo stæði á væri hætt við að ítarlegar frásagnir af framburði ákærðu eða vitna, áður en skýrslutöku væri að fullu lokið, gætu komið í veg fyrir að málið upplýstist. Í slíkum tilvikum væri hins vegar ekkert því til fyrirstöðu að greint yrði frá framburðinum síðar. Ekki síst af þeim sökum er lagt til í 3. málsl. 2. mgr. að bann við frásögn geti verið tímabundið.

Í 3. mgr., sem er nýmæli, er að finna tvenns konar viðurlög við því ef brotið er gegn banni skv. 1. eða 2. mgr. Þótt yfirvofandi sektir skv. 1. mgr. 223. gr. frumvarpsins geti komið í veg fyrir að brotið sé gegn slíku banni er jafnvel líklegra að sá kostur að dómarar geti framvegis meinað þeim brotlegu aðgang að þinghöldum í sakamálum aftri mönnum frá því að brjóta gegn því.

Um 12. gr.

Fyrstu fjórar málsgreinarnar eru sniðnar eftir 10. gr. laga um meðferð einkamála. Einu umtalsverðu frávikin stafa af því að sakamál eru um sumt frábrugðin einkamálum, t.d. leiðir af eðli máls að ákæruvaldið, sem ber sönnunarbyrði fyrir sekt sakbornings, hafi frumkvæði að því að kveðja til dómtúlk skv. 2. mgr. eða kunnáttumann skv. 4. mgr. Vegna þeirrar áherslu, sem á það er lögð í sakamálum að leiða hið sanna í ljós, er enn fremur gert ráð fyrir því í 3. mgr. að þýðing skjals skuli að jafnaði gerð af löggiltum skjalaþýðanda eða öðrum hæfum manni, en aðilar máls geti ekki komið sér saman um rétta þýðingu skjals eins og í einkamálum.

Í núgildandi lögum eru ekki gerðar kröfur um að dómtúlkur, þýðandi og kunnáttumaður skuli vera óvilhallir. Vegna þess hversu þýðingarmiklu hlutverki dómtúlkur og kunnáttumaður gegna við skýrslutöku fyrir dómi er lagt til að sömu reglur gildi um sérstakt hæfi þeirra og gilda um sérstakt hæfi dómara skv. 6. gr. frumvarpsins, sbr. 6. mgr. 149. gr. dönsku réttarfarslaganna. Ekki er ástæða til að gera svo strangar kröfur til þýðanda, enda er eðli þess starfa annað. Hins vegar er gert ráð fyrir að þessir sérhæfðu aðstoðarmenn hafi allir náð 20 ára aldri, en sú krafa er gerð til dómkvaddra matsmanna, sbr. 3. mgr. 128. gr. frumvarpsins. Í 5. mgr. er jafnframt kveðið á um það, í samræmi við fyrirmæli e-liðar 3. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, að kostnaður vegna starfa dómtúlks og þýðanda skuli ávallt greiddur úr ríkissjóði. Eðlilegt er að sama regla gildi um kostnað vegna starfa kunnáttumanns. Eins og í 4. mgr. 13. gr. laga um meðferð opinberra mála er gengið út frá því að dómari ákvarði þóknun þessara sérhæfðu aðstoðarmanna.

Um 13. gr.

Greinin er svo til samhljóða 11. gr. laga um meðferð einkamála. Þótt ekki gildi að öllu leyti sömu meginreglur um meðferð einkamála eða sakamála er engin ástæða til að gera mun á þeim ákvæðum sem gilda um þingbækur, svo og heimild til að hljóðrita eða taka upp á myndband það sem fram fer í þinghöldum, hvort sem um er að ræða einkamál eða sakamál. Í niðurlagi 2. mgr. er að finna ákvæði sem vísar til þess þegar vitni gefur skýrslu fyrir dómi án þess að það þurfi að skýra frá nafni sínu í heyranda hljóði, sbr. 8. mgr. 122. gr. frumvarpsins. Greinin skýrir sig að öðru leyti sjálf.

Um 14. gr.

Greinin er samhljóða 1. mgr. 12. gr. laga um meðferð einkamála, sbr. og 17. gr. laga um meðferð opinberra mála. Þarfnast hún ekki skýringa.

Um 15. gr.

Greinin er sama efnis og 13. gr. laga um meðferð einkamála, en á sér ekki samsvörun í lögum um meðferð opinberra mála, ef frá er talin 3. mgr. 15. gr. sem kveður á um að hljóðritanir skuli varðveita í minnst þrjú ár frá lokum dómsmáls. Þótt orðalag sé á stöku stað á annan veg en í fyrrgreindu ákvæði í einkamálalögum þarfnast greinin ekki sérstakra skýringa.

Um 16. gr.

Í upphafi 1. mgr. er orðuð sú meginregla að ákærði og brotaþoli eigi rétt á að fá afrit af skjölum máls án endurgjalds við þingfestingu þess skv. 158. gr. frumvarpsins. Frá þeirri reglu er þó gerð sú undantekning í 1. mgr. 47. gr. frumvarpsins að réttur brotaþola til að fá aðgang og þar með afrit af málskjölum er einskorðaður við þau skjöl sem varða þátt hans í málinu, auk þess sem dómara er veitt heimild til að synja brotaþola um aðgang að skjölunum allt þar til komið er að flutningi málsins telji hann að það kunni að torvelda að málið upplýsist. Ber að skýra ákvæði þessarar greinar með hliðsjón af þessu.

Samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála er ekki gert ráð fyrir því að aðrir en aðilar máls og brotaþoli geti fengið afhent afrit af einstökum skjölum sakamáls. Hins vegar hefur verið litið svo á að þeim einum megi láta í té endurrit úr þingbók eða dómabók sem hefur „lögvarinna hagsmuna að gæta“. Í 1. mgr. 14. gr. laga um meðferð einkamála er þetta gert að skilyrði fyrir afhendingu afrita af skjölum einkamáls, svo og endurrita úr þingbók eða dómabók. Þótt málflutningur sé oftast nær munnlegur í dómsmálum hefur á síðari árum færst í vöxt að málflytjendur vísi til skjala sem lögð hafa verið fram í máli án þess að efni þeirra sé lesið upp. Þar af leiðandi er erfitt fyrir þá sem eru viðstaddir þinghöld að átta sig á því sem þar fer fram nema þeir hafi skjöl málsins undir höndum. Af þeim sökum samrýmist það ekki fyllilega meginreglunni um opinbera málsmeðferð að synja fjölmiðlum og öllum almenningi um aðgang að málskjölum. Á hinn bóginn getur það verið mjög íþyngjandi við meðferð máls og jafnvel aftrað því að það upplýsist ef aðrir en þeir sem málið varðar sérstaklega geta krafist þess að fá afhent afrit af öllum þeim skjölum sem lögð hafa verið fram í málinu. Jafnframt hafa skjöl í sakamálum iðulega að geyma upplýsingar sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari með tilliti til almanna- eða einkahagsmuna.

Með skírskotun til þessara andstæðu sjónarmiða er lagt til að eftir að mál hefur verið þingfest geti hver sem er fengið afhent gegn gjaldi afrit af þeim málskjölum sem málatilbúnaður aðila er reistur á, þ.e. ákæru og greinargerð ákærða. Þó er óhjákvæmilegt að gera undantekningar frá þessari reglu að því er varðar þá hluta þessara skjala er hafa að geyma upplýsingar, sem halda ber leyndum fyrir almenningi með tilliti til almanna- eða einkahagsmuna, sbr. til hliðsjónar 5. og 6. gr. upplýsingalaga, nr. 50/1996.

Í 2. mgr. er kveðið á um þann sjálfsagða rétt aðila máls, þ.e. ákæranda og ákærða, svo og brotaþola, að fá endurrit úr dómabók og þingbók endurgjaldslaust. Jafnframt er í 3. mgr. gert ráð fyrir að aðrir geti gegn gjaldi fengið endurrit af dómum, úrskurðum og ákvörðunum dómara, enda er eðlilegt að hver sem er, þar á meðal fjölmiðlar, hafi aðgang að þeim úrlausnum. Hins vegar er engin þörf á að aðrir en aðilar máls og brotaþoli eigi aðgang að öðru því, sem fram kemur í þingbók, því að þeir, sem þess óska, eiga kost á að fylgjast með því, sem fram fer í þinghaldi, þar á meðal að hlýða á skýrslutöku af ákærða og vitnum fyrir dómi, að sjálfsögðu að því tilskildu að þinghaldið sé opið, eins og oftast er raunin. Ef sérstök ástæða er til skal afmá úr endurritum af dómum og öðrum dómsúrlausnum atriði sem eðlilegt er að leynt fari með tilliti til almanna- eða einkahagsmuna, sbr. 3. mgr. 10. gr. laga um meðferð opinberra mála og 2. mgr. 14. gr. laga um meðferð einkamála. Sérstaklega er tekið fram að afmá

skuli atriði úr úrskurðum og ákvörðunum dómara ef það hefði í för með sér hættu á sakarspjöllum að þau kæmust til vitundar almennings. Þetta ætti einkum við þá úrskurði sem kveðnir eru upp á rannsóknarstigi. Má sem dæmi nefna úrskurð um gæsluvarðhald vegna rannsóknarhagsmuna skv. a-lið 1. mgr. 95. gr. frumvarpsins, en til að forðast hættu á sakarspjöllum þyrfti í mörgum tilvikum að afmá öll efnisatriði úr slíkum úrskurði nema sjálft úrskurðarorðið.

Ákvæði 4.–6. mgr. eru efnislega eins og 2.–4. mgr. 14. gr. laga um meðferð einkamála. Þó er gert ráð fyrir að aðilar máls geti fengið eftirgerð af hljóð- eða myndupptökum til afnota endurgjaldslaust, auk þess sem brotaþola er veittur sami réttur og aðilum einkamáls til að fá eftirgerð af upptökum gegn greiðslu gjalds eða til að hlýða á þær ef honum er þörf á því til að gæta hagsmuna sinna. Dæmi um það er ef brotaþoli hefði í hyggju að bera úrlausn héraðsdóms um einkaréttarkröfu sérstaklega undir Hæstarétt, sbr. 3. mgr. 196. gr. frumvarpsins.

Um 17. gr.

Fyrri málsgreinin samsvarar 2. mgr. 12. gr. laga um meðferð einkamála og er eðlilegt að kveða á um skrá yfir sakamál, þ.e. málaskrá, á þessum stað.

Síðari málsgreinin er nánast samhljóða 15. gr. laga um meðferð einkamála, að öðru leyti en því að gert er ráð fyrir að settar verði nánari reglur um ýmis þau atriði sem fjallað er um í 16. gr. Eðlilegra er að dómstólaráð setji reglur af þessu tagi í stað þess að dómsmálaráðherra geri það með reglugerð, eins og mælt er fyrir um í núgildandi lögum.

Um III. kafla.

Í kaflanum er mælt fyrir um ákæruvaldið, sem er sóknaraðili sakamáls, á áþekkan hátt og gert er í V. kafla núgildandi laga.

Veigamesta breytingin, sem lögð er til með þessum kafla, er sú að ákæruvaldinu verði framvegis skipt í þrjú stjórnsýslustig í stað tveggja, eins og mælt er fyrir um í gildandi lögum. Samkvæmt því er lagt til að sett verði á stofn embætti héraðssaksóknara sem taki ákvörðun um saksókn á fyrsta stjórnsýslustigi í svo að segja öllum meiri háttar sakamálum og hafi að auki eftirlit með lögreglustjórum sem ákærendum. Eftir þessa breytingu verði hlutverk ríkissaksóknara sem æðsta handhafa ákæruvaldsins fyrst og fremst þríþætt. Í fyrsta lagi að setja almennar reglur um ákærendur og meðferð ákæruvalds og lögreglu á sakamálum, svo og að gefa ákærendum og lögreglu fyrirmæli um rannsókn og meðferð einstakra mála ef ástæða þykir til. Í öðru lagi að hafa eftirlit með meðferð ákæruvalds, m.a. með því að leysa úr stjórnsýslukærum, einkum þegar um er að ræða ákvarðanir héraðssaksóknara á fyrsta stjórnsýslustigi. Í þriðja lagi að taka ákvarðanir um áfrýjun héraðsdóma í sakamálum og annast flutning þeirra mála fyrir Hæstarétti. Enginn vafi leikur á því að þessi breyting á skipan ákæruvalds mun efla ákæruvaldið og styrkja sjálfstæði þess, auk þess sem réttaröryggi borgaranna verður betur tryggt en verið hefur.

Eins og áður segir er jafnframt lagt til að ákæruvald í meiri háttar sakamálum verði flutt frá lögreglustjórum, þar á meðal ríkislögreglustjóra, til æðra stigs ákæruvalds, þ.e. til héraðssaksóknara. Lögregla hefði að sjálfsögðu áfram með höndum rannsókn, en hún yrði framkvæmd eftir atvikum undir eftirliti og samkvæmt fyrirmælum héraðssaksóknara sem tekur ákvörðun um saksókn á grundvelli þeirrar rannsóknar. Slíkt fyrirkomulag tryggir bæði að ekki verði haldið áfram með rannsókn nema meiri líkur en minni þyki á sakfellingu og að rannsókn sé markaður skýr farvegur. Hér eins og annars staðar á Norðurlöndum yrði til dæmis við rannsókn efnahagsbrota náið samráð milli lögreglu og héraðssaksóknara til að tryggja

markvissan framgang mála. Þegar þung viðurlög liggja við afbrotum er mikið í húfi, jafnt með tilliti til hagsmuna sakbornings sem almennings, að vandað sé til verka þegar ákveðið er hvort mál skuli höfðað eða það látið niður falla.

Samkvæmt framansögðu er ráðgert að héraðssaksóknari taki ákvörðun um saksókn í nánast öllum meiri háttar sakamálum og fari með þau mál fyrir dómi, meðan hlutverk lögreglu er að rannsaka málin, sbr. 2. mgr. 18. gr. og c-lið 2. mgr. 1. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996, svo og að vera ákæranda til aðstoðar við áframhaldandi meðferð þess. Auk þess höfða lögreglustjórar önnur mál en þau, sem ríkissaksóknari og héraðssaksóknari höfða, og flytja þau mál fyrir héraðsdómi, sbr. 1. mgr. 28. gr. og 2. mgr. 29. gr. gildandi laga, sbr. 1. mgr. 24. gr. og 3. mgr. 25. gr. frumvarpsins.

Um frekari skýringar á hinni breyttu skipan ákæruvalds, sem og öðrum breytingum sem ráðgerðar eru í kaflanum, vísast til athugasemda með einstökum greinum.

Um 18. gr.

Í 1. og 2. mgr. er að finna almenn ákvæði um það hverjir fara með ákæruvald og rannsókn sakamála, sbr. nú 1. mgr. 25. gr. og 1. málsl. 1. mgr. 66. gr. laga um meðferð opinberra mála. Eins og tekið er fram í almennum athugasemdum hér að framan, er gengið út frá þeirri nýskipan ákæruvalds og lögreglu að héraðssaksóknari fari með ákæruvald, auk ríkissaksóknara og lögreglustjóra, þó að undanskildum ríkislögreglustjóra.

Í 2. mgr. er jafnframt kveðið á um hlutverk ákærenda, þ.e. þeirra sem fara með ákæruvald, með sama hætti og gert er í 1. mgr. 27. gr. gildandi laga. Er eðlilegt að þetta hlutverk sé ekki einskorðað við ríkissaksóknara, eins og nú er gert. Í 20.–24. gr. er kveðið nánar á um meðferð ákæruvalds og þau verkefni sem falin eru ríkissaksóknara, héraðssaksóknara og lögreglustjórum sem handhöfum þess.

Á síðari árum hefur verið lögð aukin áhersla á sjálfstæði ákærenda í starfi, ekki síst gagnvart handhöfum framkvæmdarvalds. Þótt sú skipan hafi verið í gildi og jafnframt í heiðri höfð hér á landi frá því að embætti saksóknara ríkisins var sett á stofn með lögum nr. 82/1961 er sjálfsagt að árétta þetta sjálfstæði þeirra sem fara með ákæruvald, sbr. 3. málsl. 1. mgr. Samkvæmt því eiga ákærendur ekki að taka við fyrirmælum frá öðrum stjórnvöldum um meðferð ákæruvalds en æðri handhöfum þess valds, eins og sérstaklega er tekið fram í 2. mgr. 19. gr., 3. mgr. 21. gr., 3.–5. mgr. 23. gr. og 3. og 4. mgr. 24. gr. Hins vegar hafa forstöðumenn embætta, þ.e. ríkissaksóknari, héraðssaksóknari og lögreglustjórar, endanlegt ákvörðunarvald um þau mál, sem undir embætti þeirra heyra, og bera einir ábyrgð á þeim. Til þess að taka af allan vafa í því efni er tekið fram í 1. mgr. 20. gr. og 2. mgr. 22. gr. að ríkissaksóknari og héraðssaksóknari beri ábyrgð á ákvörðunum þeirra sem við embætti þeirra starfa.

Í 1. málsl. 3. mgr. er tekin upp sú regla, sem er að finna í 31. gr. gildandi laga, að þeir sem fara með ákæruvald og rannsaka sakamál skuli leitast við að leiða hið sanna í ljós og sýna hlutlægni í störfum sínum, sbr. og 2. mgr. 13. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996. Enn fremur þykir rétt að mæla sérstaklega fyrir um þagnarskyldu þeirra sem fara með ákæruvald og rannsaka sakamál á sama hátt og gert er í 22. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996. Er ákvæði 4. mgr. nánast samhljóða þeirri grein.

Um 19. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 1. mgr. 26. gr. laga um meðferð opinberra mála þótt framsetningu og orðalagi hafi lítillega verið breytt. Um langt árabil hefur ekki reynt á þau sérákvæði sem vísað er til í 2. mgr. og er m.a. að finna í 97. og 105. gr. almennra hegningar-

laga. Þó þykir ekki ástæða til að fella þau úr gildi vegna náinna tengsla þeirra brota, sem þau taka til, við innra og ytra öryggi ríkisins. Eins og fram kemur í 2. mgr. 21. gr., er gert ráð fyrir að ríkissaksóknari höfði mál vegna þessara brota samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðherra.

Ákvæði 2. mgr. 26. gr. gildandi laga, sem var lögtekið með lögum nr. 19/1991, þess efnis að dómsmálaráðherra geti fellt úr gildi þá ákvörðun ríkissaksóknara að fella niður mál, á ekki lengur rétt á sér eftir þá breytingu sem ráðgerð er á skipun ákæruvalds. Samkvæmt 3. mgr. 21. gr. og 4. mgr. 147. gr. frumvarpsins gæti ríkissaksóknari gripið til þessa úrræðis, sem æðsti handhafi ákæruvalds, ef hann teldi að ákvörðun annarra ákærenda um að fella niður mál væri andstæð lögum eða fjarstæð að öðru leyti. Af þessum sökum er lagt til að umrætt ákvæði verði fellt brott úr lögum um meðferð sakamála.

Um 20. gr.

Greinin er efnislega eins og 2. og 3. mgr. 25. gr. núgildandi laga.

Um 21. gr.

Í greininni er kveðið á um hver skuli vera helstu verkefni ríkissaksóknara eftir þá breytingu á skipan ákæruvalds sem ráðgerð er samkvæmt þessu frumvarpi.

Fyrsta málsgrein er efnislega eins og 2. mgr. 27. gr. núgildandi laga þótt orðlagi hennar hafi verið lítillega breytt.

Í 2. mgr. er kveðið á um það að ríkissaksóknari höfði þau sakamál þar sem dómsmálaráðherra tekur ákvörðun um saksókn, sbr. 2. mgr. 19. gr. Þar er enn fremur tekið fram að feli sú háttsemi, sem um er að ræða, í sér annað eða önnur brot skuli ríkissaksóknari fara með ákæruvald vegna þeirra brota. Að öðru leyti er ekki gert ráð fyrir að hann taki ákvörðun um saksókn á fyrsta stjórnsýslustigi, heldur er það hlutverk héraðssaksóknara skv. 1. og 2. mgr. 23. gr. og lögreglustjóra skv. 1. mgr. 24. gr.

Ákvæði 3. mgr. er samhljóða 5. mgr. 27. gr. gildandi laga. Eðlilegt er að ríkissaksóknari geti eftir sem áður, sem æðsti handhafi ákæruvalds, gefið öðrum ákærendum fyrirmæli um einstök mál að eigin frumkvæði, t.d. ef hann telur að ákvörðun þeirra um að fella niður mál sé andstæð lögum eða fjarstæð að öðru leyti. Enn fremur er rétt að ríkissaksóknari geti haft afskipti af rannsókn einstakra mála. Þó er ekki gert ráð fyrir því, frekar en í gildandi lögum, að ríkissaksóknari geti tekið rannsókn máls í sínar hendur þótt hann geti fyrirskipað lögreglu að rannsókn skuli hafin, mælt í grófum dráttum fyrir um hvernig henni skuli háttað og fylgst með henni.

Eins og í 6. mgr. 27. gr. gildandi laga, er kveðið á um það í 4. mgr. að ríkissaksóknari skuli taka ákvörðun um áfrýjun héraðsdóms til Hæstaréttar. Tekur það til allra mála, óháð því hvort héraðssaksóknari hafi höfðað málið í héraði eða hvort lögreglustjóri hafi gert það. Í samræmi við 6. mgr. 23. gr. og 5. mgr. 24. gr. er enn fremur tekið fram að ríkissaksóknari skuli taka ákvörðun um kæru til Hæstaréttar, þó aðeins í þeim undantekningartilvikum að hann hafi sjálfur höfðað málið. Að öðrum kosti tekur héraðssaksóknari eða sá lögreglustjóri, sem höfðað hefur mál, ákvörðun um kæru á þeim úrlausnum sem kærðar verða.

Um 22. gr.

Í 1. mgr. greinarinnar er gert ráð fyrir að héraðssaksóknarar skuli skipaðir af dómsmálaráðherra ótímabundið og fullnægja skilyrðum til skipunar í embætti héraðsdómara. Vegna þess að gengið er út frá að starfssvæði héraðssaksóknara sé landið allt er lagt til að þeir hafi

skrifstofu í Reykjavík, en heimilt verði að skipta embættinu í deildir, m.a. eftir landsvæðum, sbr. 2. mgr.

Í 2. mgr. er kveðið á um forstöðumann embættis héraðssaksóknara. Þar er að finna þá sjálfsögðu reglu að hann skipti verkum með héraðssaksóknurum og úthluti þeim málum. Einnig að hann geti skipt þeim í deildir eftir málaflokkum eða umdæmum eða jafnvel hvoru tveggja. Það að máli sé úthlutað til saksóknara þýðir hins vegar ekki að þeir starfi sjálfstætt að þeim málum á hliðstæðan hátt og héraðsdómarar, heldur er skýrt tekið fram í upphafi 2. mgr. að forstöðumaðurinn beri ábyrgð á ákvörðunum þeirra sem við embætti hans starfa, jafnt héraðssaksóknara sem annarra starfsmanna.

Í 3. mgr. er lögð til heimild handa ráðherra til að ákveða að fenginni umsögn ríkissaksóknara að setja á stofn sérstakt embætti héraðssaksóknara, eftir atvikum fleiri en eitt, til að fara með ákæruvald á þessu saksóknarstigi í ákveðnum flokkum sakamála. Er ráðgert að þetta yrði gert með reglugerð, þar sem meðal annars yrði kveðið á um verkaskiptingu milli slíks héraðssaksóknara og þess sem almennt færi með mál á þessu saksóknarstigi. Með þessu er haft í huga að haganlegra gæti þótt að fela sérstöku embætti héraðssaksóknara að fara með ákæruvald í málum á borð við efnahagsbrot, en ekki þykir ástæða til að binda slíka skipan í lög. Að öðru leyti er miðað við að sömu reglur gildi um skipan hans og stöðu og gilda um hina almennu héraðssaksóknara, sbr. 1. og 2. mgr. Eftir því sem við getur átt mundu önnur ákvæði frumvarpsins um héraðssaksóknara eiga við um slíkan sérstakan saksóknara.

Um 23. gr.

Í greininni er kveðið á um helstu verkefni héraðssaksóknara sem eftir ráðgerða breytingu á skipan ákæruvalds eru að sumu leyti þau sömu og þau verkefni sem ríkissaksóknari hefur með höndum samkvæmt núgildandi lögum. Þannig eru 1., 3. og 4. mgr. í stórum dráttum samhljóða 3.–5. mgr. 27. gr. gildandi laga, að öðru leyti en því að í samræmi við hina breyttu skipan ákæruvalds, sem lögð er til, er gert ráð fyrir í a-lið 1. mgr. að héraðssaksóknari fari með ákæruvald ef um er að ræða brot gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum þess skv. XI. kafla almennra hegningarlaga, öðrum en ákvæðum 99. og 101. gr. laganna, sbr. 2. mgr. 21. gr., enn fremur að hann fari með ákæruvald ef um er að ræða auðgunarbrot skv. XXVI. kafla hegningarlaga, að frátöldum þjófnaði skv. 244. gr., gripdeild skv. 245. gr. og ólögmætri meðferð fundins fjár skv. 246. gr. laganna, sbr. g-lið 1. mgr.

Samkvæmt 2. mgr. er gerð tillaga um að héraðssaksóknari skuli fara með ákæruvald ef um er að tefla meiri háttar brot á lögum um skatta, svo sem lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, og tollalögum, nr. 88/2005, svo og meiri háttar brot á samkeppnislögum, nr. 44/2005, og öðrum sérrefsilögum, eftir því sem nánar er kveðið á um í reglum sem ríkissaksóknari setur. Með hliðsjón af stöðu ríkissaksóknara sem æðsta handhafa ákæruvalds skv. 1. mgr. 20. gr., sbr. 2. mgr. 25. gr. gildandi laga, er eðlilegt að honum verði veitt visst svigrúm til þess að ákveða hvaða brot á sérrefsilögum teljist meiri háttar í skilningi þessa ákvæðis.

Þá hefur síðari málsliður 1. mgr. 28. gr. gildandi laga verið færður í 3. mgr. og orðalagi hans breytt lítillega. Þykir skýrara að kveða á um almenna heimild héraðssaksóknara til að taka í sínar hendur saksókn úr höndum lögreglustjóra á þessum stað. Á hinn bóginn er ekki gert ráð fyrir því, frekar en í gildandi lögum, að héraðssaksóknari geti tekið rannsókn máls í sínar hendur þótt hann geti fyrirskipað lögreglu að rannsókn skuli hafin, mælt í grófum dráttum fyrir um hvernig henni skuli háttað og fylgst með henni, sbr. 4. mgr. Í þessu efni sem

öðrum verður hann þó að sjálfsögðu að virða fyrirmæli ríkissaksóknara sem æðsta handhafa ákæruvalds, sbr. 3. mgr. 21. gr.

Fimmta málsgrein er sniðin eftir 3. mgr. 28. gr. gildandi laga. Á sama hátt og lögreglustjóra ber að tilkynna héraðssaksóknara hverju sinni þá ákvörðun sína að falla frá saksókn skv. 2.–4. mgr. 146. gr. frumvarpsins, sbr. 3. mgr. 24. gr., er gert ráð fyrir að héraðssaksóknari tilkynni ríkissaksóknara sams konar ákvörðun af sinni hálfu. Með því móti getur ríkissaksóknari fylgst með því hvernig ákvæðunum um niðurfellingu saksóknar er beitt í framkvæmd þegar meiri háttar sakamál eru annars vegar og gripið í taumana telji hann nauðsyn bera til, sbr. og 4. mgr. 147. gr. frumvarpsins.

Eins og áður er komið fram er lagt til að ríkissaksóknari taki ákvörðun um áfrýjun héraðsdóms til Hæstaréttar þótt málið hafi verið höfðað af héraðssaksóknara, sbr. 4. mgr. 21. gr. Hins vegar er eðlilegt að héraðssaksóknari tekur ákvörðun um kæru til Hæstaréttar í slíkum málum, eins og tekið er fram í 6. mgr. þessarar greinar.

Um 24. gr.

Efni 1.–4. mgr. er nánast það sama og 1.–4. mgr. 28. gr. núgildandi laga, að teknu tilliti til breyttrar skipunar ákæruvalds sem gerð er grein fyrir í almennum athugasemdum með þessum kafla.

Samkvæmt 4. mgr. er gert ráð fyrir að héraðssaksóknari geti ákveðið hvaða lögreglustjóri skuli höfða mál ef vafi leikur á því hver skuli gera það. Hins vegar hefur héraðssaksóknari ekki vald til að ákveða með sama hætti hvaða lögreglustjóri skuli annast rannsókn máls, heldur er kveðið á um það í 2. og 3. mgr. 8. gr., sbr. a- og b-lið 2. mgr. 5. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996, sbr. lög nr. 46/2006, svo og í reglugerðum sem settar hafa verið á grundvelli þeirra laga. Af þeim sökum, svo og vegna þeirrar breytingar á starfssviði ríkislögreglustjóra sem áður er gerð grein fyrir, er brostin forsenda fyrir ákvæði 5. mgr. 28. gr. gildandi laga þar sem ráðherra er veitt heimild til að kveða nánar með reglugerð á um verkaskiptingu milli ríkislögreglustjóra og annarra lögreglustjóra.

Eins og ráða má af 141. gr. gildandi laga er ráðgert í 5. mgr. að lögreglustjórar taki ákvörðun um kæru á úrlausnum héraðsdómara til Hæstaréttar, án atbeina annarra ákærenda. Á það annars vegar við um úrskurði dómara á rannsóknarstigi, sem á annað borð verða kærðir til Hæstaréttar, og er ákvörðunarvaldið þá í höndum þess lögreglustjóra sem fer með rannsókn málsins. Þegar hins vegar er um að ræða ákvörðun um kæru á dómsúrlausnum við meðferð máls fyrir dómi er gert ráð fyrir að ákvörðunarvaldið verði í höndum þess handhafa ákæruvalds, sem höfðað hefur málið, þ.e. ýmist ríkissaksóknara, sbr. niðurlag 4. mgr. 21. gr., héraðssaksóknara, sbr. 6. mgr. 23. gr., eða lögreglustjóra, sbr. niðurlag þessarar málsgreinar. Ef lögreglustjóri telur vafa leika á því hvort dómsúrlausn skuli kærð getur hann þó ávallt borið það álitaefni undir héraðssaksóknara skv. 2. mgr., sbr. orðalagið „málsmeðferð að öðru leyti“.

Um 25. gr.

Greinin eru í stórum dráttum eins og 29. gr. núgildandi laga.

Í 1. mgr. er tekið fram að ríkissaksóknari flytji sjálfur þau fáu mál sem hann kynni að höfða. Ákvæði 2.–4. mgr. eru nánast sama efnis og 29. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að héraðssaksóknari kemur í stað ríkissaksóknara. Rétt er að taka fram að hugtakið „saksóknari“ í 3. mgr. tekur ekki einungis til saksóknara við embætti ríkissaksóknara, heldur einnig saksóknara við embætti héraðssaksóknara. Eðlilegt er að ríkissaksóknari leiti samþykkis

héraðssaksóknara ef hann óskar eftir að fela saksóknara við embætti hans að flytja mál fyrir Hæstarétti.

Ákvæðið í 5. mgr. tengist 6. mgr. 23. gr. og 5. mgr. 24. gr., sbr. athugasemdir við þær greinar. Þarfnast það ekki frekari skýringa.

Um 26. gr.

Í samræmi við það sjónarmið að ríkissaksóknari, héraðssaksóknari og aðrir handhafar ákæruvalds skuli vera sjálfstæðir og óvilhallir í störfum sínum er eðlilegt að gerðar séu sömu kröfur um sérstakt hæfi þeirra og gerðar eru til dómara skv. 6. gr. frumvarpsins. Einnig er lagt til að gerðar séu jafnríkar kröfur til þeirra sem flytja mál af hálfu ákæruvaldsins fyrir dómi á grundvelli 25. gr.

Efni greinarinnar er annars sótt til 30. gr. núgildandi laga. Orðalaginu í lokamálsgreininni hefur verið breytt í þá veru að dómari skuli vísa máli frá dómi, hvort sem er að eigin frumkvæði eða eftir kröfu aðila, ef hann telur að ákærandi hafi verið vanhæfur til að höfða málið eða lögreglustjóri vanhæfur til að rannsaka það. Á sama hátt á dómari að vísa máli frá dómi ef maður, sem flytur mál sem ákærandi, er vanhæfur til þess samkvæmt framansögðu.

Þar sem kveðið er á um það í lögreglulögum, nr. 90/1996, hvernig rannsókn sakamála skuli fyrir komið er lagt til að tekið verði upp í þau lög ákvæði um vanhæfi lögreglustjóra og annarra sem fara með lögregluvald til að fást við slíka rannsókn, sbr. 234. gr. frumvarpsins.

Um IV. kafla.

Kaflanum er ætlað að koma í stað VI. kafla núgildandi laga sem fjallar um sakborning og verjanda. Þeim kafla var breytt í veigamiklum atriðum með lögum nr. 36/1999 og reyndar var 1. og 2. mgr. 43. gr. enn breytt með lögum nr. 86/2004. Af þeim sökum eru ekki lagðar til neinar verulegar breytingar á efni hans að þessu sinni. Þó er gert ráð fyrir að hugtakið „sakborningur“ verði skilgreint í lögum um meðferð sakamála og jafnframt kveðið á um réttarstöðu lögráðamanns sakbornings og fyrirsvarsmanna þeirra lögaðila, sem sökum eru bornir, við meðferð þeirra mála, sbr. 27. gr. Enn fremur er bryddað upp á nokkrum breytingum til viðbótar, þar á meðal er lagt til að lögregla geti synjað verjanda og þar með sakborningi um aðgang að einstökum málsgögnum meðan á rannsókn máls stendur, ef öryggi ríkisins eða almennings er í húfi ellegar brýnir einkahagsmunir annarra en sakbornings standa því í vegi, sbr. 3. mgr. 37. gr. Um skýringar á því ákvæði og öðrum vísast að öðru leyti til athugasemda með einstökum greinum.

Um 27. gr.

Rétt þykir að skilgreina hugtakið „sakborningur“, sem er eitt af grundvallarhugtökum laga um meðferð sakamála, í lögunum sjálfum. Samkvæmt íslenskum rétti hefur ekki verið gerður greinarmunur á grunuðum manni annars vegar og sökuðum manni hins vegar, eins og t.d. hefur verið gert í danskri lagaframkvæmd. Í 1. mgr. er gert ráð fyrir að þessi skipan haldist óbreytt hér á landi. Þar af leiðandi verður maður ekki sakborningur við neina formlega athöfn, þótt það liggi ljóst fyrir, svo að dæmi sé tekið, að um leið og maður er handtekinn í þágu rannsóknar skoðast hann sakborningur í skilningi laganna. Þótt miðað sé við að maður sé borinn sökum eða grunaður um refsiverða háttsemi nægja mjög óljósar grunsemdir í hans garð ekki til þess að hann teljist sakborningur. Á hinn bóginn er ekki gengið svo langt í þessu efni að gerð sé krafa um rökstuddan grun, sbr. hins vegar 90. og 95. gr. frumvarpsins. Þetta þýðir að jafnskjótt og viss grunur vaknar um að maður sé viðriðinn brot, með þeim hætti að

refsivert geti talist, skal litið á hann sem sakborning. Við það öðlast hann réttarstöðu sakaðs manns eftir því sem nánar er kveðið á um í lögunum.

Yfirleitt beinast sakamál að einstaklingum. Sé mælt fyrir um hlutlæga refsiábyrgð lögaðila í lögum, eins og færst hefur í vöxt á síðari árum, getur sakamál og rannsókn slíks máls beinst að þeim. Í síðari málslið 1. mgr. er tekið af skarið um það að í slíkum tilvikum skuli lögaðilar teljast sakborningar með sama hætti og einstaklingar sem sakaðir eru eða grunaðir um refsiverða háttsemi. Samkvæmt 4. mgr. öðlast þá stjórnendur þessara lögaðila sömu réttarstöðu og væru þeir sjálfir sakborningar.

Lagt er til í 2. mgr. að lögráðamaður einstaklings, sem er sakaður eða grunaður um refsiverða háttsemi, skuli ávallt talinn fyrirsvarsmaður hans í merkingu laganna og því hafa sömu réttarstöðu og hinn ólögráða maður skv. 4. mgr. Það ræðst hins vegar af eðli máls og fer eftir atvikum hvort lögráðamaður tekur ákvarðanir fyrir hönd hins ólögráða. Í lögræðislögum, nr. 71/1997, er kveðið á um það hver eða hverjir teljast lögráðamenn ólögráða manns. Ef sá sem er fastur lögráðamaður er sjálfur sakborningur eða hefur að öðru leyti eigin hagsmuna að gæta er rétt að skipaður verði sérstakur lögráðamaður skv. 53. gr. lögræðislaga til þess að koma fram fyrir hönd ólögráða manns í sakamáli.

Á sama hátt og í 4. mgr. 17. gr. laga um meðferð einkamála er í 3. mgr. gert ráð fyrir að stjórnendur lögaðila komi fram í sakamáli og taki ákvarðanir fyrir hans hönd. Eftir atvikum ræðst það af lagafyrirmælum, venjum og ákvæðum í samþykktum hvaða stjórnandi eða stjórnendur teljast vera í fyrirsvari fyrir lögaðila í dómsmáli. Ef stjórnandi, sem að öðru jöfnu væri í fyrirsvari, væri sjálfur sakaður um sams konar brot og lögaðilinn væri óeðlilegt að hann kæmi fram fyrir hönd lögaðilans í málinu. Því er gert ráð fyrir í síðari málslið 3. mgr. að maður skuli ekki fara með fyrir fyrirsvar ef þannig stendur á og verði því á annað borð við komið að annar komi í hans stað. Stundum væri það hins vegar ekki gerlegt, t.d. ef um væri að ræða einkahlutafélag í eigu hins sakaða manns og hann sæti einn í stjórn þess.

Um 28. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 1. mgr. 32. gr. núgildandi laga. Orðalagi 1. mgr. er breytt þannig að kveðið er á um rétt sakbornings til að fá upplýsingar um sakarefni áður en skýrsla er tekin af honum út af því eða við handtöku ef til hennar kemur. Eðlilegra er að vísa til „sakarefnis“ í þessu sambandi en „kæruefnis“, eins og nú er gert, vegna þess að lögregla byrjar stundum rannsókn máls að eigin frumkvæði án þess að mál sé kært, sbr. 52. gr. frumvarpsins.

Rétt er að vekja athygli á því að ákvæði þau, sem er að finna í 2.–4. mgr. 32. gr. núgildandi laga, hafa verið flutt í VIII. kafla frumvarpsins, þar sem þau tengjast fyrst og fremst skýrslutöku af sakborningi á rannsóknarstigi, þótt sum þeirra eigi einnig við skýrslutöku af honum fyrir dómi, sbr. XVII. kafla frumvarpsins.

Um 29. gr.

Í c-lið 3. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, er svo fyrir mælt að sá sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi skuli fá að halda uppi vörnum sjálfur eða með aðstoð verjanda að eigin vali. Ekki er kveðið beint á um rétt sakbornings til að annast vörn í máli sínu sjálfur í núgildandi lögum um meðferð opinberra mála, en gert er ráð fyrir því í niðurlagi 2. mgr. 34. gr. þeirra að sá réttur sé til staðar. Eðlilegt er að sami háttur sé hafður á og gert er í fyrrgreindu ákvæði mannréttindasáttmálans að mæla sérstaklega fyrir um

þennan rétt sakaðs manns. Orðalag fyrri málsliðar greinarinnar er að öðru leyti sama efnis og niðurlag 2. mgr. 34. gr. gildandi laga.

Eins og gildandi lög eru úr garði gerð er óvíst hvort dómara beri að veita sakborningi, sem kýs að halda sjálfur uppi vörnum í máli sínu, leiðbeiningar undir rekstri þess. Samkvæmt 4. mgr. 101. gr. laga um meðferð einkamála er dómara einkamáls hins vegar skylt að leiðbeina aðila, sem er ólöglærður og flytur mál sitt sjálfur, um formhlið þess eftir því sem dómara virðist nauðsyn bera til. Eðlilegt er að hliðstæð regla gildi um sakamál og hefur hún því verið tekin upp í síðari málslið þessarar greinar. Reglan er þó víðtækari að því leyti að gert er ráð fyrir að lögregla og handhafar ákæruvalds veiti sakborningi, sem er ólöglærður og kýs að verja sig sjálfur, sams konar leiðbeiningar um formhlið máls, eftir því sem nauðsyn ber til, sbr. hina almennu reglu um leiðbeiningarskyldu stjórnvalds í 1. mgr. 7. gr. stjórnsýslulaga.

Um 30. gr.

Ákvæði 1. mgr. er samhljóða fyrri málslið 36. gr. núgildandi laga.

Í 2. mgr. er hins vegar að finna nýmæli þar sem gert er ráð fyrir að lögregla geti tilnefnt sakborningi verjanda meðan á rannsókn máls stendur í fleiri tilvikum en þegar hann er handtekinn. Samkvæmt 35. gr. núgildandi laga er dómara heimilt að skipa sakborningi verjanda, ýmist samkvæmt ósk hans sjálfs eða þótt hann hafi ekki óskað þess. Ákvæði 2. mgr. er sniðið eftir þessari grein, þótt orðalagi sé breytt lítillega. Í flestum tilvikum er einfaldara í sniðum að lögregla taki ákvörðun um þetta atriði í stað dómara meðan mál er enn til rannsóknar, t.d. ef sakborningur mætir til skýrslutöku sjálfviljugur eða gripið er til þvingunarráðstafana gagnvart honum á borð við haldlagningu eða húsleit án þess að hann sé handtekinn. Ef lögregla neitar eða lætur hjá líða að tilnefna sakborningi verjanda við þessar aðstæður gæti hann eða lögráðamaður hans leitað atbeina dómara og óskað eftir því að honum verði skipaður verjandi skv. 4. mgr. 31. gr. frumvarpsins. Gildissvið 2. mgr. er takmarkað af 1. mgr. 31. gr., þar sem svo er fyrir mælt að dómara sé skylt að verða við ósk sakbornings um að skipa honum verjanda ef þess hefur verið krafist að hann verði settur í gæsluvarðhald, enda skal jafnan í því tilviki leiða hann fyrir dómara sem tekur afstöðu til slíkrar kröfu, sbr. 97. gr. Í samræmi við meginregluna í 29. gr. er tekið fram í niðurlagi 2. mgr. að sakborningur, sem ósáttur er við að honum sé tilnefndur verjandi af lögreglu, geti borið þá ákvörðun undir dómara. Með vísun til 60. gr. stjórnarskrárinnar stæði tilnefningin í því tilviki uns dómari hefði fellt hana úr gildi.

Fyrri málsliður 3. mgr. er samhljóða síðari málslið 36. gr. gildandi laga. Í síðari málslið er kveðið á um það hvenær tilnefning skv. 2. mgr. fellur úr gildi og þarfnast ákvæðið ekki skýringa. Þó er rétt að benda á að sakborningur getur ætíð borið ágreining, sem varðar tilnefningu verjanda, undir dómara skv. 2. mgr. 102. gr. frumvarpsins.

Um 31. gr.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eru efnislega samhljóða 1. og 2. mgr. 34. gr. núgildandi laga að öðru leyti en því að þvingunarráðstafanir á borð við farbann og vistun á sjúkrahúsi eða stofnun, sem komið geta í stað gæsluvarðhalds skv. 100. gr. frumvarpsins, eru lagðar að jöfnu við gæsluvarðhald í 1. mgr. Það þýðir t.d. að sé einvörðungu gerð krafa um að sakborningur skuli sæta farbanni er dómara skylt að verða við ósk hans um að honum skuli skipaður verjandi.

Samkvæmt 3. mgr. er gert ráð fyrir að dómara sé heimilt að skipa sakborningi verjanda við meðferð máls fyrir dómi þótt hann hafi ekki óskað þess ef dómari telur hann ekki færan um að gæta hagsmuna sinna sem skyldi. Þetta ákvæði kemur í stað 2. mgr. 35. gr. núgildandi

laga, en orðalag þess er almennara þar sem ekki eru greindar þær ástæður sem kunna að valda því að maður sé talinn ófær um að gæta hagsmuna sinna sjálfur. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 30. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að dómari taki afstöðu til þess hvort sakborningi skuli skipaður verjandi ef mál kemur fyrir dóm á rannsóknarstigi, t.d. við skýrslutöku fyrir dómi skv. 59. gr. frumvarpsins. Ef sakborningi hefur áður verið tilnefndur verjandi er eðlilegt að dómari skipi þann hinn sama til að gegna því starfi nema hann telji sérstaka annmarka á því, sbr. 4. mgr. 33. gr.

Í samræmi við þá reglu að sakborningur geti borið lögmæti rannsóknarathafna undir dómara skv. 102. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því í 4. mgr. að hann geti leitað atbeina dómara og farið fram á að honum verði skipaður verjandi ef lögregla hefur ekki fallist á ósk skv. 2. mgr. 30. gr. eða látið hjá líða að tilnefna verjanda skv. 1. mgr. þeirrar greinar, þrátt fyrir að henni sé það skylt. Lögráðamaður sakbornings getur á sama hátt farið fram á að honum verði skipaður verjandi á grundvelli þessa ákvæðis, sbr. 2. mgr. 27. gr. frumvarpsins.

Á sama hátt og mælt er fyrir um það í 3. mgr. 30. gr. hvenær tilnefningu verjanda lýkur er eðlilegt að kveðið sé á um það hvenær skipun verjanda fellur úr gildi, sbr. 5. mgr. Ef héraðsdómi er áfrýjað þykir rétt, samhengisins vegna, að vísa til 5. mgr. 201. gr. frumvarpsins, þar sem kveðið er á um skipun verjanda fyrir Hæstarétti, sbr. 6. mgr.

Um 32. gr.

Greinin er samhljóða 37. gr. núgildandi laga, að öðru leyti en því að lagt er til að heitið „talsmaður“, sem þar kemur fyrir, verði fellt brott. Það þýðir að ekkert sérstakt heiti er notað um lögmann sem sakborningur hefur ráðið til að annast vörn sína án atbeina dómara eða lögreglu.

Um 33. gr.

Þessi grein er samsvarandi 38. og 39. gr. núgildandi laga sem báðar fjalla um það hvernig staðið skuli að skipun eða tilnefningu verjanda.

Ákvæði 1. og 3. mgr. eru svo til samhljóða 1. og 2. mgr. 38. gr. gildandi laga. Þó skal bent á að ekki er berum orðum gert ráð fyrir að lögráðamanni ósjálfráða manns, sem borinn er sökum, skuli gefinn kostur á að benda á lögmann til að gerast verjandi hans. Það skal því aðeins gert að hinn ólögráða sé ekki talinn bera skynbragð á eða vera fær um að gera það, sbr. 2. mgr. 27. gr. frumvarpsins.

Ákvæði 2. og 4. mgr. svara til 39. gr. gildandi laga. Eina efnisbreytingin, sem lögð er til, er að verjendur skuli framvegis skipaðir eða tilnefndir úr hópi lögmanna einna, því að hagsmunum sakbornings er að jafnaði betur borgið ef hann nýtur aðstoðar starfandi lögmanns við vörn sína en annars löghæfs manns, eins og nú er gert ráð fyrir, reyndar í undantekningartilvikum. Það mælir jafnframt með þessari breytingu að skv. c-lið 3. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu skal sakborningur eiga rétt á aðstoð löglærðs manns til að annast vörn sína. Lögmönnum hefur fjölgað mjög á síðustu árum og eru nú starfandi um land allt. Samfara bættum fjarskiptum og samgöngum á því að vera tryggt að kostur sé á lögmönnum til að taka að sér starf verjenda hvar sem er á landinu.

Lokamálsgreinin er samhljóða 3. mgr. 38. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Um 34. gr.

Greinin er nánast samhljóða 40. gr. núgildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Um 35. gr.

Greinin er nánast samhljóða 41. gr. núgildandi laga að öðru leyti en því að lagt er til að orðið „skjólstæðingur“ komi í stað sakbornings í 1. og 3. mgr. til þess að taka af allan vafa um það að átt er við þann sakborning, sem verjandi annast vörn fyrir, en ekki aðra þá sem bornir kunna að vera sökum í sama máli. Gert er ráð fyrir sams konar breytingu á þeim greinum sem á eftir fylgja.

Þess skal getið að skv. 3. mgr. hvílir þagnarskylda á verjanda ekki aðeins um þau atriði, sem skjólstæðingur hans hefur trúað honum fyrir, heldur einnig um önnur atriði, sem verjandi hefur komist að í starfa sínum, þar á meðal vegna aðgangs að gögnum máls, enda séu þau atriði ekki á almanna vitorði. Til þess að þetta fari ekki á milli mála er lagt til að síðari hluti málsgreinarinnar verði tengdur fyrri hluta hennar með samtengingunni „svo og“.

Um 36. gr.

Fyrsta málsgrein er sama efnis og 1. mgr. 42. gr. núgildandi laga.

Önnur málsgrein er efnislega eins og 1. og 2. málsl. 2. mgr. 42. gr. þótt orðalagi hafi lítillega verið breytt. Hins vegar þykir rétt að kveða á um réttarstöðu verjanda við skýrslutöku, hvort sem er af skjólstæðingi hans eða öðrum, í VIII. kafla, sbr. 4. mgr. 63. gr. frumvarpsins.

Þriðja málsgrein svarar til 3. mgr. 42. gr. gildandi laga. Þykir rétt að taka fram að verjandi eigi ekki fortakslausan rétt á að vera viðstaddur þinghald á rannsóknarstigi ef hætta er á að rannsóknin torveldist við það, t.d. ef taka á skýrslu af öðrum en skjólstæðingi hans fyrir dómi og það kynni að valda réttarspjöllum að hann yrði við hana staddur, sbr. 2. mgr. Sama á við þegar leitað er atbeina dómara, t.d. til að kveða upp úrskurð um símahlerun eða aðra sambærilega rannsóknaraðgerð skv. XI. kafla frumvarpsins, því að slík aðgerð yrði gagnslaus ef sá sem hún beinist að vissi af henni. Um þetta eru nánari ákvæði í 2. mgr. 104. gr. frumvarpsins. Að lokum skal vakin athygli á því að lagt er til að tekið verði fram til að taka af öll tvímæli að dómara beri að tilkynna verjanda hvenær þing verður háð svo að hann viti af þinghaldinu fyrir fram og geti verið viðstaddur það.

Um 37. gr.

Fyrsta málsgrein er svo til samhljóða 1. mgr. 43. gr. núgildandi laga, eins og henni hefur nýlega verið breytt með lögum nr. 86/2004. Með því að vísa til skjala, sem varða skjólstæðing verjanda, er tekið af skarið um það að verjandi eigi aðeins rétt á að fá afrit af skjölum og kynna sér önnur gögn í máli sem snúa að skjólstæðingi hans en ekki að öðrum sakborningum.

Lagt er til að heimild dómara til þess að framlengja frest skv. 1. mgr. úr þremur vikum í fimm, sem nú er að finna í b-lið 1. mgr. 74. gr. a laga um meðferð opinberra mála, verði færð í 2. mgr. þessarar greinar. Eftir sem áður er það skilyrði fyrir því að dómari geti framlengt umræddan frest að lögregla hafi krafist skýrslutöku fyrir dómi af sakborningi eða vitnum á grundvelli b-liðar 1. mgr. 59. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt 2. mgr. 43. gr. núgildandi laga, sbr. 4. mgr. þessarar greinar, er verjanda heimilt að láta skjólstæðingi sínum í té eintak af gögnum eða kynna honum þau með öðrum hætti jafnskjótt og hann hefur fengið aðgang að þeim. Í undantekningartilvikum getur því verið óhjákvæmilegt að synja verjanda um aðgang að einstökum skjölum og öðrum gögnum ef brýnir einka- eða almannahagsmunir eru í húfi. Í samræmi við það er í 3. mgr. lagt til að brýnir einkahagsmunir annarra en skjólstæðings geti staðið í vegi fyrir því að verjandi fái afhent afrit eða kynni sér gögn sem hann ætti annars rétt á að fá aðgang að. Sams konar reglu, þar sem heimilt er að synja sakborningi og verjanda hans um aðgang að gögnum vegna hags-

muna þriðja manns, er að finna í 1. mgr. 242. gr. norsku réttarfarslaganna. Hefur þessari reglu verið beitt í íslenskri dómaframkvæmd, sbr. H 1999, 3944, og þykir rétt að lögfesta hana. Jafnframt er rétt að benda á að í 3. mgr. 65. gr. og 8. mgr. 122. gr. frumvarpsins er að finna heimild til þess að meina verjanda og þar með sakborningi um aðgang að upplýsingum um nafn og persónuauðkenni vitna, vegna brýnna hagsmuna þeirra sjálfra eða náinna vandamanna þeirra. Áþekk heimild er í 2. mgr. 56. gr. frumvarpsins þar sem vísað er til hagsmuna einstakra lögreglumanna og náinna vandamanna þeirra.

Enn fremur er lagt til að lögreglu verði veitt heimild til að synja verjanda um aðgang að gögnum ef öryggi ríkisins eða almennings er í húfi. Ekki þarf að fara mörgum orðum um það að hryðjuverk og önnur skipulögð brotastarfsemi, sem ógnar öryggi almennings, hefur færst í aukana að undanförnu. Í baráttunni gegn þessum afbrotum er rétt að láta hagsmuni verjanda og sakbornings af því að fá aðgang að einstökum skjölum og öðrum gögnum á rannsóknarstigi víkja fyrir þeim mikilsverðu almannahagsmunum sem hér eru í húfi. Vegna þess að um undantekningarákvæði er að ræða ber að skýra það þröngt. Samkvæmt því er einungis heimilt að grípa til þess ef rannsókn beinist að afbrotum á borð við landráð eða brotum gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum þess, sbr. X. og XI. kafla almennra hegningarlaga, ellegar alvarleg brot sem hafa í för með sér almannahættu, sbr. XVIII. kafla þeirra laga. Tekið skal fram að tillitið til samskipta íslenska ríkisins við önnur ríki getur, eitt og sér, ekki réttlætt það að verjanda og sakborningi sé synjað um aðgang á grundvelli þessa ákvæðis. Í niðurlagi 3. mgr. er kveðið á um það, eins og í niðurlagi 1. mgr., að bera megi synjun dómara samkvæmt málsgreininni sérstaklega undir dómara.

Lokamálsgreinin er samhljóða 3. mgr. 43. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Um 38. gr.

Greinin er að mestu leyti samhljóða 44. gr. núgildandi laga og þarfnast ekki skýringa. Þó hefur lokamálsliður 1. mgr. 44. gr. verið felldur niður, enda ekki þörf á þeirri sérreglu, sem þar er að finna í ljósi ákvæðis 2. málsl. málsgreinarinnar.

Um V. kafla.

Með lögum nr. 36/1999 var tekinn upp nýr kafli í lög um meðferð opinberra mála, VII. kafli, sem ber yfirskriftina: „Brotaþoli og réttargæslumaður“. Efni þessa kafla er í grófum dráttum eins, að því frátöldu að á sama hátt og í IV. kafla frumvarpsins er gert ráð fyrir að hugtakið „brotaþoli“ verði skilgreint í lögum um meðferð sakamála, auk þess sem kveðið verði á um réttarstöðu lögráðamanns brotaþola og fyrirsvarsmanna lögaðila, sem brot hefur beinst gegn, við meðferð þeirra mála, sbr. 39. gr. Gerð er grein fyrir þessu nýmæli og öðrum minni háttar breytingum í athugasemdum með einstökum greinum.

Um 39. gr.

Á sama hátt og hugtakið „sakborningur“ er skilgreint í 1. mgr. 27. gr. frumvarpsins þykir rétt að skilgreina hugtakið „brotaþoli“ strax í upphafi þessa kafla. Þetta hugtak er þó ekki alls kostar heppilegt vegna þess að stundum leikur vafi á því hvort sá einstaklingur, sem í hlut á, hafi þolað misgerð af völdum afbrots, t.d. verið beittur kynferðislegri misnotkun. Engu að síður hefur þetta heiti verið notað um þolanda afbrots, án tillits til þess hvort einhver merki séu um brot eða hvort einhver hafi játað verknaðinn á sig. Er lagt til að heitið „brotaþoli“ verði notað áfram, en það er hins vegar skilgreint með þeim hætti í 1. mgr. að það er ekki gert að skilyrði fyrir því að maður teljist brotaþoli í skilningi laga um meðferð sakamála að ljóst

sé að hann hafi þolað misgerð af völdum afbrots. Þá er sá maður brotaþoli í merkingu laganna sem telur sig einungis hafa beðið fjárhagslegt tjón af refsiverðri háttsemi, enda hafi hún beinst að honum sjálfum. Sama á við um lögaðila ef því er haldið fram að hann hafi orðið fyrir slíku tjóni. Hins vegar má gagnálykta frá 1. mgr. á þann veg að aðrir en þeir, sem afbrot hefur beinlínis beinst að verði ekki taldir brotaþolar í skilningi laganna, svo sem nánustu aðstandendur þess sem brot hefur beinst gegn.

Ákvæði 2.–4. mgr. samsvara 2.–4. mgr. 27. gr. frumvarpsins og vísast til athugasemda með þeirri grein um skýringu á þessum ákvæðum. Það skal einungis áréttað að ef sá, sem er fastur lögráðamaður brotaþola er sjálfur sakborningur í sakamáli eða er að öðru leyti ekki talinn fær um að gæta hagsmuna brotaþola sem skyldi í því skal skipaður sérstakur lögráðamaður skv. 53. gr. lögræðislaga til þess að koma fram fyrir hönd hans í málinu.

Í 5. mgr. er að finna þá meginreglu, sem gengið hefur verið út frá í íslensku sakamálaréttarfari og reyndar í réttarfari nágrannalandanna, að brotaþoli teljist ekki aðili að sakamáli með sama hætti og sakborningur. Eina undantekningin frá þeirri reglu er sú að sé einkaréttarkrafa höfð uppi í máli hefur sá sem hana gerir, þ.e. brotaþoli, sömu réttarstöðu og aðili að einkamáli, eftir því sem nánar er fyrir mælt í lögunum, sbr. XXVI. kafla frumvarpsins.

Um 40. gr.

Greinin er að mestu leyti samhljóða 44. gr. a núgildandi laga. Veigamesta efnisbreytingin er sú að 4. mgr. 44. gr. a hefur verið felld brott þar eð ekki er þörf á að sett séu í reglugerð nánari ákvæði um leiðbeiningar- og tilkynningarskyldu lögreglu samkvæmt greininni. Þarfnast hún ekki frekari skýringa.

Um 41. gr.

Greinin er efnislega eins og 44. gr. b núgildandi laga. Þess má geta að orðalagi 3. mgr. hefur verið breytt til samræmis við samsvarandi ákvæði um heimild lögreglu til að tilnefna sakborningi verjanda, sbr. 2. málsl. 2. mgr. 30. gr. frumvarpsins.

Um 42. gr.

Greinin er sama efnis og 44. gr. c núgildandi laga. Vegna þess að í 2. mgr. 39. gr. frumvarpsins er almennt kveðið á um fyrirsvar lögráðamanns fyrir brotaþola, sem er ólögráða, er óþarft að geta lögráðamanns sérstaklega í 2. mgr., eins og gert er í 2. mgr. 44. gr. c, en að sjálfsögðu getur hann leitað atbeina dómara og óskað eftir því að brotaþola verði skipaður réttargæslumaður ef skilyrði eru til þess.

Um 43. gr.

Greinin er samhljóða 44. gr. d núgildandi laga, að öðru leyti en því að heitið „talsmaður“, sem þar kemur fyrir, hefur verið fellt brott á sama hátt og gert hefur verið í 32. gr. frumvarpsins.

Um 44. gr.

Greinin er samhljóða 44. gr. e núgildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Um 45. gr.

Greinin er nánast samhljóða 44. gr. f núgildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Um 46. gr.

Greinin svarar í stórum dráttum til 44. gr. g núgildandi laga.

Ákvæði 1. og 2. mgr. svara til 1. málsl. 1. mgr. og 2. mgr. 44. gr. g, en orðalagi þeirra hefur verið breytt til samræmis við 2. og 3. mgr. 36. gr. frumvarpsins. Hins vegar hafa ákvæði 2. og 3. málsl. 1. mgr. 44. gr. g, þar sem kveðið er á um réttarstöðu réttargæslumanns við skýrslutöku af skjólstæðingi hans hjá lögreglu, verið færð í VIII. kafla, sbr. 4. mgr. 63. gr. frumvarpsins.

Eins og skýrt var tekið fram í athugasemdum með frumvarpi til laga nr. 36/1999 verður að gæta þess að tilvist réttargæslumanns sem málsvara brotaþola í sakamáli verði ekki til þess að skerða frekar en brýna nauðsyn ber til það jafnræði við meðferð máls fyrir dómi sem ákærða er tryggt í 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Af þessum sökum þykir rétt að kveða skýrt á um það í 3. mgr. að réttargæslumaður megi ekki spyrja þann beint, sem gefur skýrslu fyrir dómi, hvort sem er skjólstæðing sinn eða aðra, heldur verði það að gerast fyrir milligöngu ákæranda eða dómara. Til þess að gæta hagsmuna brotaþola fyrir dómi er réttargæslumanni áskilinn réttur til að beina þeim tilmælum til dómara að skjólstæðingur hans verði spurður um einstök atriði, svo og ákærði og önnur vitni um afmörkuð atriði sem varða sérstaklega einkaréttarkröfur skjólstæðingsins. Ef dómari telur að spurningar um þessi atriði eigi rétt á sér ræður hann því eftir atvikum hvort hann spyr þeirra sjálfur eða beinir því til ákæranda að gera það.

Athygli skal vakin á því að niðurlag 4. mgr. 44. gr. g hefur verið fellt hér niður, þar sem kveðið er á um rétt réttargæslumanns til að fá bókaða stutta athugasemd í þingbók í 2. mgr. 13. gr. frumvarpsins.

Um 47. gr.

Fyrsta málsgrein er að verulegu leyti sama efnis og 1. mgr. 44. gr. h núgildandi laga. Frávikin eru fyrst og fremst tvenns konar. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því að með sama skilorði og samkvæmt gildandi lögum eigi réttargæslumaður einungis rétt á að fá aðgang að gögnum sem varða þátt skjólstæðings hans í málinu. Það þýðir að hann á ekki rétt á að fá aðgang að gögnum, sem varða aðra hluta málsins, svo sem önnur brot en þau sem beinst hafa að skjólstæðingi hans, eða aðra brotaþola sérstaklega, ef því er að skipta. Í annan stað er kveðið á um það að óheimilt sé að afhenda réttargæslumanni afrit af skjölum eða veita honum aðgang að gögnum ef verjanda hefur verið synjað um það. Með lögum nr. 86/2004 og enn frekar með 3. mgr. 37. gr. frumvarpsins hefur aðgangur verjanda að gögnum máls verið skertur nokkuð frá því sem kveðið var á um með lögum nr. 36/1999. Það liggur í augum uppi að gengið væri með óeðlilegum hætti á rétt verjanda og sakbornings ef réttargæslumaður og þar með brotaþoli, sbr. 3. mgr., gæti fengið í hendur afrit af skjölum eða aðgang að gögnum ef verjanda og þar með sakborningi væri neitað um það skv. 1. eða 3. mgr., sbr. 4. mgr. 37. gr. frumvarpsins. Af þeim sökum þykir rétt að mæla fyrir um það að slíkt sé ávallt óheimilt, hvernig sem á stendur.

Ákvæði 2. og 3. mgr. eru nánast samhljóða 2. og 3. mgr. 44. gr. h.

Um 48. gr.

Greinin er samhljóða 44. gr. i núgildandi laga, að því frátöldu að lokamálsliður 1. mgr. hefur verið felldur brott, sbr. athugasemdir með 38. gr. frumvarpsins. Þarfnast hún ekki frekari skýringa.

Um VI. kafla.

Kaflinn samsvarar IV. kafla núgildandi laga og hefur að geyma reglur um varnarþing í sakamálum, hvort sem er á rannsóknarstigi, sbr. 49. gr. eða fyrir dómi, hvort heldur mál sætir almennri meðferð skv. XXV. kafla, sbr. 50. gr., eða afbrigðilegri meðferð skv. XXVII. kafla frumvarpsins, sbr. 51. gr. Athygli skal vakin á því að ákvæði, sem heimila dómara að sameina fleiri mál í eitt eða skilja eitt mál sundur í fleiri og er að finna í 3. mgr. 23. gr. og 24. gr. gildandi laga, hafa verið færð í XXV. kafla frumvarpsins nánar tiltekið 169. gr. þess. Þá eru reglur, sem svara til 1. og 2. mgr. 23. gr. laganna, í 143. gr. frumvarpsins.

Um 49. gr.

Lögð er áhersla á að reglur um varnarþing í sakamálum verði eins sveigjanlegar og kostur er, þannig að öll meðferð þeirra taki sem skemmstan tíma og sé eins einföld og kostur er, án þess að gengið sé gegn hagsmunum sakbornings. Í samræmi við þetta er lagt til í 1. mgr. að kröfu um rannsóknaraðgerð, sem atbeina dómara þarf til, verði almennt beint til héraðsdóms í umdæmi þess lögreglustjóra sem stýrir rannsókn brots. Þetta ætti oftast að vera hagkvæmara fyrir lögreglu í stað þess að þurfa að leita til héraðsdómara í því umdæmi, þar sem aðgerð á að fara fram, eins og kveðið er á um í 1. mgr. 22. gr. gildandi laga.

Í 2. mgr. er þó tekið fram að þrátt fyrir ákvæðið í 1. mgr. megi beina kröfu um aðgerð til héraðsdóms í öðru umdæmi ef það horfir til flýtis eða hagræðis. Enn fremur má lögregla fara fram á að skýrsla verði tekin af sakborningi eða vitni á rannsóknarstigi þar sem skýrslugjafi á heimili eða er staddur eða þar sem fyrirsjáanlegt er að mál um sakarefnið kunni að verða höfðað, sbr. 50. gr.

Þá er gert ráð fyrir því í 3. mgr. að ágreining um lögmæti rannsóknarathafna og réttindi sakbornings, verjanda hans eða lögmanns, þar á meðal kröfu þeirra um tilteknar rannsóknaraðgerðir, réttindi brotaþola, réttargæslumanns eða lögmanns hans, sem vísað er til í 2. mgr. 102. gr. frumvarpsins, megi bera undir héraðsdóm í samræmi við meginregluna í 1. mgr., þ.e. í umdæmi þess lögreglustjóra, sem stýrir rannsókn brots, eða fari ríkislögreglustjóri með rannsókn þess, þá undir héraðsdóm í Reykjavík.

Um 50. gr.

Samkvæmt 1. mgr. 21. gr. núgildandi laga er meginreglan sú að mál á að höfða í þeirri þinghá þar sem brot var framið. Með 1. mgr. er gerð tillaga um að mál skuli almennt höfða í þeirri þinghá þar sem ákærði á heimilisvarnarþing, sbr. hins vegar 2. mgr. 21. gr. gildandi laga, þar sem fram kemur að sú regla sé undantekning frá meginreglunni. Það ræðst af reglum 32. og eftir atvikum 33. gr. laga um meðferð einkamála hvar heimilisvarnarþing ákærða er, en ekki þykir þörf á að skilgreina það hugtak sérstaklega hér. Ef fleiri en einn eru sóttir til saka í sama máli er gert ráð fyrir að höfða megi það á heimilisvarnarþingi annars eða einhvers þeirra, sbr. síðari málslið 1. mgr.

Önnur málsgrein hefur að geyma heimild til að höfða mál á brotavarnarþingi, sbr. 1. mgr. 21. gr. gildandi laga. Þá er lagt til að höfða megi mál fyrir héraðsdómi í Reykjavík ef svo stendur á sem í 3. mgr. segir, sbr. til hliðsjónar 3. mgr. 21. gr. gildandi laga. Loks kemur fram í 4. mgr. sama regla og í 4. mgr. 21. gr. um að máli verið ekki vísað frá dómi, ef ákærði sækir þing við þingfestingu máls, nema hann krefjist þess. Gert er ráð fyrir að sama regla gildi um það ef verjandi ákærða sækir þing, fyrir hans hönd, þegar mál er þingfest.

Um 51. gr.

Greinin mælir fyrir um varnarþing þegar mál sætir afbrigðilegri meðferð skv. XXVII. kafla frumvarpsins. Vegna þess að ekki er mælt fyrir um þess konar málsmeðferð samkvæmt núgildandi lögum er hér um að ræða nýmæli sem skýrir sig að öðru leyti sjálft.

Um 2. þátt.

Í þessum þætti frumvarpsins er mælt fyrir um rannsókn sakamála, en það er oftast nær lögregla, sem annast þá rannsókn, þótt hún lúti yfirstjórn ríkissaksóknara og eftir atvikum héraðssaksóknara skv. 3. mgr. 21. og 4. mgr. 23. gr. frumvarpsins. Þá þarf lögregla stundum að leita atbeina dómara þegar um er að ræða einstakar aðgerðir eða athafnir í þágu rannsóknar. Þátturinn skiptist í níu kafla. Í tveimur þeim fyrstu, VII. og VIII. kafla, er að finna almennar reglur um rannsókn og skýrslutöku á rannsóknarstigi, sbr. IX. kafla núgildandi laga. Í IX.–XIV. kafla er mælt fyrir um þvingunarráðstafanir og ýmsar aðrar aðgerðir í þágu rannsóknar, sbr. X.–XIII. kafla gildandi laga, og í XV. kafla um meðferð mála fyrir dómi meðan á rannsókn stendur. Ákvæði síðastgreinda kaflans eru mestmegnis nýmæli sem eiga sér ekki hliðstæðu í gildandi lögum.

Við samningu reglna um rannsókn sakamála hefur að sjálfsögðu verið höfð hliðsjón af núgildandi reglum, svo langt sem þær ná. Enn fremur hefur verið leitast við að kveða nánar á um málsmeðferð á rannsóknarstigi og sér í lagi um skilyrði fyrir einstökum þvingunarráðstöfunum sem hafa í för með sér skerðingu á mannréttindum þeirra er þær beinast gegn. Markmiðið er fyrst og fremst að gera heimildir lögreglu til að grípa til slíkra aðgerða skýrari og binda þær um leið frekari skilyrðum að lögum, svo að réttindi sakborninga og annarra verði ekki skert umfram það sem nauðsyn ber til í viðleitni lögreglu til að upplýsa brot. Jafnframt hefur verið reynt að búa svo um hnúta að lögregla geti beitt þeim aðferðum, sem vænlegastar geta talist til þess að hún geti rækt það mikilvæga hlutverk sitt að berjast gegn afbrotum með því að upplýsa þau, þannig að þeir sem brotið hafa af sér verði beittir lögmæltum viðurlögum.

Um VII. kafla.

Kaflinn hefur að geyma almennar reglur um rannsókn sakamála sem ætlað er að koma í stað ýmissa ákvæða í IX. kafla núgildandi laga. Um skýringar á einstökum greinum vísast til athugasemda með þeim.

Um 52. gr.

Í þessari grein er kveðið á um upphaf rannsóknar vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi. Þar eð sama regla gildir um kæruheimild þess sem á hagsmuna að gæta, hvort sem lögregla telur að ekki sé ástæða til að hefja rannsókn eða ákveður að hætta henni eftir að hún er byrjuð, er til einföldunar fjallað um bæði þessi tilvik í 3. mgr. Greinin svarar annars í stórum dráttum til 2. málsl. 1. mgr. og 2. og 3. mgr. 66. gr. núgildandi laga, svo og til 1. og 2. mgr. 76. gr. þeirra. Ekki þykir ástæða til að taka hér upp þá heimild sem nú er að finna í 4. mgr. 66. gr. laganna.

Vegna þess að 1. mgr. 26. gr. almennra hegningarlaga tengist upphafi rannsóknar hefur efni hennar verið tekið upp hér, sbr. 2. málsl. 3. mgr. Um kröfu brotaþola um að rannsókn skuli hafin í því tilviki, sem þar um ræðir, er að öðru leyti vísað til 144. gr. frumvarpsins, þar sem er að finna reglur um það hverjir séu bærir til að krefjast málsóknar ef brotaþoli er látinn, hvernig eigi að bregðast við ef brotaþolar eða nánustu vandamenn þeirra eru ekki á eitt sáttir

um hvort mál skuli höfðað og fleiri slík atriði. Þetta þýðir að leysa ber úr þessum álitamálum með sama hætti og þar er gert, að teknu tilliti til þess að hér er um að ræða upphaf rannsóknar, en ekki höfðun sakamáls. Þannig væri eðlilegt að lögreglustjóri tæki þær ákvarðanir sem ákæranda er ætlað að taka skv. 144. gr.

Í 6. mgr. er þeim sem hagsmuna hefur að gæta veitt heimild til að kæra til héraðssaksóknara þá ákvörðun lögreglu að neita að hefja rannsókn eða hætta henni, jafnvel þótt sá hinn sami hafi ekki borið fram kæru eða beiðni um rannsókn. Það er þó gert að skilyrði að ákvörðunin sé kærð innan eins mánaðar frá því að sá sem í hlut á fékk vitneskju um hana. Um kæruna gilda að öðru leyti ákvæði VII. kafla stjórnsýslulaga. Ekki er gert ráð fyrir að úrskurður héraðssaksóknara skv. 6. mgr. verði kærður til ríkissaksóknara, nema kæra lúti að broti sem varðað getur að lögum sex ára fangelsi eða þyngri refsingu, sbr. 7. mgr. Skýrir efni hennar sig að öðru leyti sjálft.

Athygli skal að lokum vakin á því að gert er ráð fyrir að síðari málsliður 3. mgr. 66. gr. núgildandi laga falli brott, þar sem segir að sérreglur annarra laga um opinbera rannsókn skuli haldast. Óþarft er að kveða sérstaklega á um það, auk þess sem hugtakið „opinber rannsókn“ mun heyra sögunni til verði þetta frumvarp samþykkt sem lög.

Um 53. gr.

Hér er í 1. mgr. kveðið á um markmið rannsóknar á sama hátt og gert er í 67. gr. núgildandi laga. Einnig er áréttuð sérstaklega skylda þeirra sem fara með rannsókn sakamála að gæta hlutlægni í hvívetna. Rétt þykir að taka þetta beinlínis fram þótt þessi regla hafi gilt til þessa.

Þá er lagt til að lögfest verði almenn meðalhófsregla um rannsókn sakamála, sbr. 3. mgr. þessarar greinar. Ákvæðið er sniðið eftir 2. mgr. 13. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996. Síðari hluti þess er þó víðtækari að því leyti að gert er ráð fyrir að bann við að beita ólögmætu harðræði og þvingun nái ekki einungis til sakbornings, heldur og til annarra manna sem hafa þarf afskipti af í þágu rannsóknar.

Um 54. gr.

Í þessari grein er í stórum dráttum kveðið á um það að hverju rannsókn sakamáls skuli beinast. Er 1. mgr. nánast samhljóða 68. gr. núgildandi laga.

Ákvæði 2. mgr. svarar til 1. mgr. 71. gr. gildandi laga. Þær breytingar, sem gerðar hafa verið, er að felldar hafa verið á brott tilvísanir til einstakra sönnunargagna, svo sem fæðingarvottorðs og sakavottorðs. Með því móti eru lögreglu gefnar frjálsar hendur um það hvernig hún færir sönnur á þau atriði sem talin eru upp í málsgreininni. Þá hefur ákvæðið um sérstaka geðrannsókn á sakborningi, sem er nú að finna í d-lið 1. mgr. 71. gr., verið fært í X. kafla frumvarpsins, nánar tiltekið 77. gr.

Loks er 3. mgr. sama efnis og 2. mgr. 71. gr. gildandi laga þótt orðalagi hafi verið vikið við á stöku stað.

Um 55. gr.

Þessi grein hefur að geyma ákvæði um heimild lögreglu til að leita utanaðkomandi aðstoðar við rannsókn sakamála, þó ekki sérfræðilegrar rannsóknar, sbr. 73. gr. núgildandi laga. Skilyrði þess að mönnum sé skylt að veita lögreglu lið í þágu rannsóknar eru þau sömu og í 1. mgr. 73. gr., að öðru leyti en því að lagt er til að fyrirvari um að aðstoð við lögreglu leiði ekki til „tilfinnanlegs atvinnutjóns“ verði felldur á brott. Þar sem skýrt er kveðið á um það

í 2. mgr. að greitt skuli fyrir vinnu og annað það sem látið er í té skv. 1. mgr. verður að telja þennan fyrirvara óþarfan, enda getur verið erfitt að skýra orðalag eins og þetta. Þá getur svo staðið á að ekki sé möguleiki að leita aðstoðar manna í þágu rannsóknar nema það hafi umtalsverð áhrif á atvinnu þeirra. Samkvæmt 2. mgr. 53. gr. frumvarpsins skal lögregla ætíð gæta þess að þeim sem veita henni aðstoð við rannsókn máls verði ekki gert meira tjón, óhagræði eða miski en óhjákvæmilegt er.

Um 56. gr.

Fyrsta málsgrein er í megindráttum sama efnis og 1. mgr. 72. gr. núgildandi laga. Hefur hún einungis verið löguð að þeim breytingum sem lagt er til að gerðar verði á gildandi ákvæðum um rannsókn lögreglu samkvæmt frumvarpinu.

Í 2. mgr. hefur verið tekið sams konar ákvæði og er að finna í 3. mgr. 72. gr. gildandi laga, sbr. lög nr. 86/2004, en orðalagi þess hefur verið breytt til samræmis við 3. mgr. 65. gr. og 8. mgr. 122. gr. frumvarpsins. Ef lögreglumaður sá, sem í hlut á, kæmi síðar fyrir dóm sem vitni yrði hann að greina frá nafni sínu og öðrum persónueinkennum, nema skilyrðin, sem sett eru í síðastgreindu ákvæði, ættu við, þar sem ekki er gerð tillaga um að sett verði sérstakt ákvæði um nafnleynd lögreglumanna þegar þeir bera vitni fyrir dómi.

Eins og gerð er grein fyrir í almennum athugasemdum með frumvarpinu, er lagt til í 3. mgr. að ríkissaksóknara verði veitt heimild til þess að setja almennar reglur um skyldu lögreglu til að veita upplýsingar um rannsókn máls. Eðlilegt er að ríkissaksóknari setji slíkar reglur vegna þess að hann getur skv. 3. mgr. 20. gr. frumvarpsins kveðið á um rannsókn lögreglu, mælt fyrir um framkvæmd rannsóknar og fylgst með henni.

Rétt er að geta þess að lokum að sérákvæði, sem nú er að finna í 95. gr. gildandi laga, þar sem kveðið er á um gerð skýrslu um leit, hvort sem er húsleit eða líkamsleit, hefur verið fellt á brott, enda tekur hið almenna ákvæði 1. mgr. til þeirra rannsóknaraðgerða jafnt og annarra.

Um 57. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um lok rannsóknar í því tilviki að lögregla telji gögn fram komin sem geti leitt til saksóknar, sbr. 1. mgr. 77. gr. núgildandi laga.

Ef rannsókn lýkur af öðrum ástæðum er annars vegar kveðið á um þau málalok í 3. mgr. 52. gr. frumvarpsins, eins og gerð er grein fyrir í athugasemdum með þeirri grein, og hins vegar í 3. mgr. þessarar greinar sem er að mestu sama efnis og 3. og 4. mgr. 76. gr. gildandi laga.

Þá er í 2. mgr. að finna ákvæði um heimild ákæranda til að fyrirskipa framhaldsrannsókn af hálfu lögreglu telji hann þess þörf, sbr. 2. mgr. 77. gr. gildandi laga.

Um VIII. kafla.

Í 69. og 72. gr., svo og í 32. og 33. gr. núgildandi laga er að finna dreifð ákvæði um skýrslutöku lögreglu af sakborningi og vitnum. Með þessum kafla er lagt til að þessi ákvæði verði færð á einn stað, auk þess sem kveðið er á um ýmis atriði sem ekki eru gerð skil í gildandi lögum, þar á meðal um óformlega skýrslutöku af sjónarvottum og öðrum vitnum, sbr. 60. gr. Þá er mælt fyrir um það í 1. mgr. 59. gr. hvenær skýrslutaka skuli fara fram fyrir dómi á rannsóknarstigi, sbr. 1. mgr. 74. gr. a gildandi laga. Gerð er frekari grein fyrir einstökum ákvæðum kaflans í athugasemdum með einstökum greinum.

Um 58. gr.

Hér er í 1. mgr. mælt fyrir um þá meginreglu að lögregla taki skýrslu af sakborningi og vitnum meðan mál er til rannsóknar, sbr. 1. mgr. 69. gr. núgildandi laga. Í undantekningartilvikum er þó gert ráð fyrir að tekin sé skýrsla fyrir dómi af þeim sem við mál eru riðnir, sbr. 59. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt 2. mgr. er hverjum þeim sem lögregla spyr, hvort sem það gerist í upphafi formlegrar skýrslutöku skv. 1. mgr. 63. gr. eða við önnur tækifæri, t.d. á vettvangi brots, skylt að gefa upp nafn sitt, kennitölu og heimili, þótt honum sé annars óskylt að svara spurningum um önnur atriði, þar á meðal málsatvik. Fyrirmynd að þessu ákvæði er að finna í niðurlagi 750. gr. dönsku réttarfarslaganna, en nauðsynlegt er að lögregla fái að vita deili á þeim, sem gefur skýrslu eða kynni að geta borið um málsatvik svo að unnt sé að hafa upp á honum síðar til þess að bera vitni í málinu. Neiti maður að segja til nafns eða deili á sér að öðru leyti er lagt til að lögreglu verði heimilt að handtaka hann í þágu rannsóknar, sbr. a-lið 3. mgr. 90. gr. frumvarpsins.

Um 59. gr.

Ákvæði 1. mgr. er hliðstætt 1. mgr. 74. gr. a núgildandi laga, sbr. lög nr. 36/1999 og 86/2004. Þó er lagt til að aldursmarkið í a-lið 1. mgr. 74. gr. a, sem nú er 18 ár, verði fært niður í 15 ár og verði þar með það sama og sakhæfisaldur, sbr. 14. gr. almennra hegningarlaga, sbr. og nýmælið í 9. gr. frumvarpsins. Þykir rétt að gera þetta í ljósi þess að hér er um að ræða frávik frá einni af meginreglum sakamálaréttarfars, þ.e. reglunni um milliliðalausa sönnunarfærslu, sem gert er ráð fyrir í 2. mgr. 111. gr. frumvarpsins, sbr. 2. mgr. 48. gr. gildandi laga. Enn fremur hefur síðari málsliður b-liðar 1. mgr. 74. gr. a verið færður í 2. mgr. 37. gr. frumvarpsins, eins og gerð er grein fyrir í athugasemdum við þá grein.

Þegar 74. gr. a var tekin upp í lög um meðferð opinberra mála með lögum nr. 36/1999 voru ákvæðin í norsku lögunum um meðferð sakamála um skýrslutöku fyrir dómi höfð að nokkru leyti sem fyrirmynd. Hafi brotaþoli ekki gefið skýrslu fyrir dómi, heldur aðeins hjá lögreglu, við rannsókn máls er erfitt að réttlæta það frávik frá meginreglunni um milliliðalausa sönnunarfærslu að hann skuli að jafnaði ekki koma fyrir dóm við aðalmeðferð máls. Ástæðan er sú að skýrsla fyrir dómi hefur að öðru jöfnu ríkara sönnunargildi en skýrsla sem tekin er af lögreglu. Einnig er nauðsynlegt að verjandi sé viðstaddur skýrslutöku, ef kostur er, vegna þess að annars hefur skýrslan takmarkað sönnunargildi, eins og m.a. verður ráðið af úrlausnum Mannréttindadómstóls Evrópu. Þótt það ákvæði, sem hér um ræðir, hafi verið umdeilt í upphafi verður ekki annað séð en að markmiðið með setningu þess hafi gengið eftir og framkvæmdin sé nú komin í nokkuð fastar skorður. Því er ekki gerð tillaga um að efni þess né annarra ákvæða 1. mgr. 74. gr. a verði breytt ef frá er talin sú lækkun aldursmarksins sem gerð er grein fyrir hér að framan. Orðalagi c-liðar hefur einungis verið breytt til þess að ekki fari á milli mála að fara megi fram á skýrslutöku af vitnum fyrir dómi á rannsóknarstigi ef þau neita að mæta til skýrslutöku hjá lögreglu.

Í XV. kafla frumvarpsins er m.a. kveðið á um það hvernig skýrslutaka fyrir dómi á rannsóknarstigi skuli fara fram. Er vísað til þeirra ákvæða í 2. mgr. þar sem ákvæði þessa kafla um skýrslutöku hjá lögreglu eiga ekki við.

Um 60. gr.

Það hefur lengi tíðkast að lögregla spyrji sjónarvotta og aðra þá sem hún telur að geti gefið upplýsingar um brot og atriði sem þeim tengjast og skrái svör þeirra niður. Í sumum

tilvikum hafa þeir verið kvaddir síðar til formlegrar skýrslutöku hjá lögreglu, sem sakborningar eða vitni. Í 1. og 2. mgr. er gert ráð fyrir að þessi óformlegi háttur á skýrslutöku af hálfu lögreglu verði lögfestur. Með því er m.a. stefnt að því að lögregla láti slíka óformlega skýrslutöku nægja þannig að hún komi í fleiri tilvikum í stað formlegrar skýrslutöku en reyndin hefur verið. Oft og tíðum hefur óþarflega rík áhersla verið lögð á það að vitni mæti til slíkrar skýrslutöku þrátt fyrir mikla fyrirhöfn og hættu á að rannsókn dragist á langinn af þeim sökum. Ekki er síst ástæða til að endurskoða þessa framkvæmd vegna þess að skýrslur vitna hjá lögreglu hafa í fæstum tilvikum sönnunargildi við meðferð máls fyrir dómi, sbr. 111. gr. frumvarpsins. Til þess að gera óformlega skýrslu skv. 1. eða 2. mgr. jafngilda formlegri skýrslu að þessu leyti er skv. 122. gr. gert ráð fyrir að kynna megi slíka skýrslu fyrir vitni ef þess þykir þörf til skýringar eða leiðréttingar skýrslu þess fyrir dómi.

Við óformlega skýrslutöku eins og þá sem vísað er til í 1. og 2. mgr., getur reynt á ákvæði sem fyrst og fremst eiga við um formlega skýrslutöku af sakborningi eða vitnum og mælt er fyrir um í 63.–65. gr. frumvarpsins. Má sem dæmi nefna að spurningar lögreglu eiga ávallt að vera skýrar og ótvíræðar, sbr. 3. mgr. 63. gr. Þá á sá sem spurður er rétt á því að vita hvort hann er spurður sem sakborningur eða vitni ef mál er farið að skýrast, sbr. 2.. mgr. sömu greinar. Þótt gengið sé út frá því að formleg skýrsla sé að jafnaði tekin af sakborningi getur komið til þess að hann sé spurður óformlega, t.d. á vettvangi brots, ef ekki þykir næg ástæða til að handtaka hann, enda þótt hann verði síðar kvaddur til formlegrar skýrslutöku. Í því tilviki þarf lögregla að gæta ákvæða 1. og 2. mgr. 64. gr. frumvarpsins. Af þessum sökum er kveðið skýrt á um það í 3. mgr. að ákvæði 63.–65. gr. gildi um skýrslutöku skv. 1. og 2. mgr. eftir því sem við á.

Um 61. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um kvaðningu sakbornings til skýrslutöku hjá lögreglu og í 2. mgr. um boðun vitna, þar á meðal brotaþola, til slíkrar skýrslutöku. Ekki er það gert að skilyrði að um sé að ræða formlega kvaðningu eða boðun til skýrslutöku.

Á sama hátt og í núgildandi lögum er gerður sá greinarmunur á réttarstöðu sakbornings og vitna að sökuðum manni er skylt að sinna kvaðningu og má handtaka hann og færa til skýrslutöku til þess að fullnægja þeirri skyldu, sbr. b-lið 3. mgr. 90. gr. frumvarpsins. Á hinn bóginn er vitnum óskylt að mæta til skýrslutöku hjá lögreglu, þannig að leita verður atbeina dómara skv. c-lið 1. mgr. 59. gr. ef vitni neitar að mæta til skýrslutöku, en lögregla telur óhjákvæmilegt að taka formlega skýrslu af vitninu á rannsóknarstigi.

Síðari málsliður 1. mgr. svarar til 4. mgr. 69. gr. núgildandi laga. Samkvæmt því ákvæði ber að tilkynna barnaverndarnefnd ef taka á skýrslu af sakborningi, yngri en 16 ára, án tillits til eðlis þess brots sem honum er gefið að sök. Lagt er til að þessi tilkynningarskylda lögreglu verði framvegis miðuð við að um sé að ræða meiri háttar brot, þ.e. annaðhvort brot gegn almennum hegningarlögum eða brot gegn öðrum lögum, ef það getur varðað þyngri refsingu en tveggja ára fangelsi. Þá hefur það aldursmark, sem vísað er til í 4. mgr. 69. gr., þ.e. 16 ár, verið hækkað í 18 ár til samræmis við það að sjálfræðisaldur er nú miðaður við þann aldur í stað 16 ára aldurs áður, sbr. 1. mgr. 1. gr. lögræðislaga, nr. 71/1997, sbr. og 1. mgr. 3. gr. og 2. mgr. 18. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002, þar sem um skýrslutöku af börnum sem sakborningum er vísað til ákvæða laga um meðferð opinberra mála, sbr. 234. gr. frumvarpsins.

Loks er í 3. mgr. kveðið á um skyldu til þess að boða verjanda og réttargæslumann til skýrslutöku, ef þeir eiga á annað borð rétt á vera viðstaddir hana, sbr. 2. mgr. 36. gr. og 1. mgr. 46. gr. frumvarpsins.

Um 62. gr.

Í greininni er mælt fyrir um umgjörð formlegrar skýrslutöku hjá lögreglu af sakborningi og vitnum.

Í núgildandi lögum er gengið út frá því, þótt það sé ekki tekið fram berum orðum, að skýrslutaka hjá lögreglu fari fram fyrir luktum dyrum, enda er slíkt nauðsynlegt vegna augljósra rannsóknarhagsmuna. Rétt þykir að kveða skýrt á um þetta í 1. mgr., auk þess sem skýrslutaka skuli fara fram á lögreglustöð eða í öðru sérútbúnu húsnæði, t.d. í fangelsi, sé þess kostur.

Samkvæmt 1. málsl. 2. mgr. 69. gr. núgildandi laga má ekki prófa mann lengur en sex klukkustundir í einu, enda fái hann að öðru leyti nægilegan svefn eða hvíld. Vegna þess hve þetta ákvæði er almennt orðað þykir óhjákvæmilegt að breyta því þannig að tryggt sé að lengd skýrslutöku af sakborningi og einstökum vitnum, sem kann að standa sólarhringum saman, verði settar þær skorður að hún gangi ekki of nærri andlegri og líkamlegri heilsu þeirra. Í því skyni er lagt til í 1. málsl. 2. mgr. að svo sé fyrir mælt að skýrslutaka geti aldrei staðið lengur en í samtals tólf klukkustundir á hverjum 24 stundum, þ.e. innan sólarhrings frá því að skýrslutaka hefst. Einnig verði skylt skv. 2. málsl. að gera minnst tveggja stunda hlé á skýrslutöku ef hún hefur staðið svo til samfellt í fjórar klukkustundir. Í 3. málsl. er tekið fram að jafnframt skuli séð til þess að skýrslugjafi fái nægilega hvíld og næringu meðan á skýrslutöku stendur. Þetta merkir það t.d. að forðast ber að taka skýrslu að næturlagi nema það sé óhjákvæmilegt í þágu rannsóknar. Enn fremur skal koma því svo fyrir að skýrslugjafi geti hvílst af og til um lengri tíma og neytt matar og drykkjar reglulega.

Ákvæði 3. mgr. svarar til 3. mgr. 69. gr. núgildandi laga og ákvæði 4. mgr. til 2. mgr. 72. gr. þeirra. Síðari málsliður 3. mgr. er nýmæli, þar sem mælt er fyrir um það hvernig samprófun tveggja eða fleiri skýrslugjafa skuli fara fram.

Um 63. gr.

Greinin hefur að geyma almenn fyrirmæli um framkvæmd skýrslutöku hjá lögreglu, hvort sem skýrsla er tekin af sakborningi eða vitni. Sum þeirra eru tekin upp lítið breytt úr 32. og 33. gr. núgildandi laga, þar sem þau eru reyndar einskorðuð við sakborning. Hér er hins vegar lagt til að þau gildi jöfnum höndum um skýrslutöku af sakborningi og vitnum.

Ákvæði 1. mgr. svarar til 1. málsl. 1. mgr. 33. gr. gildandi laga, ákvæði 2. mgr. til 2. mgr. 32. gr. þeirra og ákvæði 3. mgr. til 2. mgr. 33. gr. þeirra. Vegna þess sem segir í 1. mgr. er rétt að vekja athygli á að skv. 3. mgr. 65. gr. frumvarpsins getur vitni farið fram á, að tilteknum skilyrðum uppfylltum, að nafn þess, kennitala og heimili komi ekki fram í lögregluskýrslu, heldur verði þær upplýsingar varðveittar þannig að tryggt sé að aðrir fái ekki aðgang að þeim.

Samkvæmt 3. málsl. 2. mgr. 42. gr. gildandi laga getur verjandi, sem viðstaddur er skýrslutöku beint því til þess sem tekur skýrslu, að spyrja skýrslugjafa um tiltekin atriði. Sömuleiðis getur réttargæslumaður, sem viðstaddur er skýrslutöku af skjólstæðingi sínum, beint því til lögreglu að spyrja hann um tiltekin atriði. Með því að kveða á um það í 4. mgr. að verjandi geti beint tilmælum til þess lögreglumanns, sem skýrslu tekur, að skýrslugjafi, hvort sem það er skjólstæðingur hans eða einhver annar, verði spurður um tiltekin atriði eru tekin af öll tvímæli um það að verjandinn á ekki kröfu á því að þetta verði gert. Það sama á við um réttargæslumann. Hins vegar geta þeir, hvor um sig, krafist þess að það verði fært til bókar ef ekki er orðið við þessum tilmælum þeirra.

Ákvæði 5. mgr. svarar til 5. mgr. 69. gr. núgildandi laga, en hefur verið rýmkað og lagað að ákvæðum 12. gr. frumvarpsins. Til frekari skýringa á ákvæðinu vísast til athugasemda með þeirri grein.

Um 64. gr.

Í þessa grein hafa verið teknar reglur um framkvæmd skýrslutöku hjá lögreglu sem einungis eiga við þegar skýrsla er tekin af sakborningi.

Þannig er í upphafi 1. mgr. vísað til þeirrar almennu reglu sem fram kemur í 1. mgr. 28. gr. Styðst hún við fyrirmæli 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og sér í lagi a-liðar 3. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Ákvæði 2. mgr. er sama efnis og 3. mgr. 32. gr. núgildandi laga, en þessi réttur sakbornings til að neita að svara spurningum um refsiverða háttsemi, sem honum er gefin að sök, styðst við fyrirmæli 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu um réttláta málsmeðferð. Þá er 3. mgr. eins úr garði gerð og 2. málsl. 1. mgr. 33. gr. núgildandi laga.

Það leiðir af þeirri skyldu, sem mælt er fyrir um í 3. mgr., að sakborningur á sjálfur að svara spurningum lögreglu. Vegna þess að honum ber að segja satt og rétt frá og draga ekkert undan, sem máli kann að skipta, er engin ástæða til þess að hann ráðfæri sig við verjanda sinn um hvernig hann eigi að svara einstökum spurningum kjósi hann það á annað borð. Til þess að taka af öll tvímæli er þetta tekið fram berum orðum í 1. málsl. 4. mgr., en samsvarandi ákvæði er að finna í 5. mgr. 752. gr. dönsku réttarfarslaganna. Eftir sem áður er sakborningi heimilt að ráðgast við verjanda sinn um réttarstöðu sína og með hliðsjón af ákvæðinu í 1. mgr. 36. gr. á hann rétt á að það gerist í einrúmi, án þess að aðrir heyri til, enda trufli það ekki skýrslutöku að mati þess sem skýrslu tekur. Þannig ætti sakborningi ávallt að vera heimilt að inna verjanda sinn eftir því hvort honum sé skylt að svara tiltekinni spurningu því að skv. 2. mgr. ber sökuðum manni ekki skylda til þess, ef spurningin varðar þá refsiverðu háttsemi sem honum er gefin að sök. Í samræmi við þetta hefur efni 3. mgr. 33. gr. núgildandi laga verið tekið svo til óbreytt upp í 2. og 3. málsl. 4. mgr.

Um 65. gr.

Ef vitni kýs að mæta til skýrslutöku hjá lögreglu hefur verið talið að því sé skylt að svara spurningum hennar og skýra jafnframt satt og rétt frá, að viðlagðri refsiábyrgð skv. 1. mgr. 146. gr. almennra hegningarlaga. Eins og tekið er fram í 2. mgr. 146. gr. varðar það sakborning hins vegar ekki refsingu þótt hann skýri rangt frá við skýrslutöku hjá lögreglu, sbr. 1. mgr. 143. gr. laganna. Í 1. mgr. þessarar greinar er fyrrgreind skylda vitnis, þar á meðal brotaþola, áréttuð. Jafnframt ber þeim, sem skýrslu tekur, að brýna fyrir vitninu þessa skyldu þess.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að sömu undanþágur verði gerðar frá skyldu vitnis til að svara einstökum spurningum við skýrslutöku hjá lögreglu og gerðar eru þegar tekin er skýrsla af vitni fyrir dómi, enn fremur að sá lögreglumaður, sem skýrslu tekur, skuli vekja athygli vitnisins á þessum undanþágum ef tilefni er til. Um skýringu á þessu ákvæði vísast að öðru leyti til athugasemda með 117.–119. gr. frumvarpsins.

Þriðja málsgrein hefur að geyma nýmæli sem er nátengt ákvæðinu í 8. mgr. 122. gr. frumvarpsins. Eðlilegt er að vitni, sem kýs að gefa skýrslu hjá lögreglu, geti farið fram á að nafni þess og öðrum persónuauðkennum sé haldið leyndum telji það hættu á að lífi, heilbrigði eða frelsi þess sjálfs ellegar náinna vandamanna þess, sbr. 1. eða 2. mgr. 117. gr., yrði stefnt í hættu ef það kæmist til vitundar sakbornings eða annarra hvert það er. Aðgangur verjanda og þar með sakbornings að þessum hluta rannsóknargagna lögreglu yrði þar með takmarkaður

vegna hinna sérstöku hagsmuna vitnisins eða náinna vandamanna þess, sbr. 3. mgr. 37. gr. frumvarpsins. Ef lögregluskýrslan er síðar lögð fyrir dóm eiga persónuauðkenni vitnisins að fylgja henni sem trúnaðarupplýsingar, sbr. 154. gr. frumvarpsins. Það myndi svo ráðast af atvikum hvort vitninu yrði heimilt að varðveita nafnleynd sína ef til þess kæmi að það gæfi skýrslu fyrir dómi, en skv. 8. mgr. 122. gr. er eðli máls samkvæmt lagt til að sett verði mun strangari skilyrði fyrir nafnleynd þegar svo stendur á en hér er ráðgert.

Um 66. gr.

Þessi grein er að nokkru leyti nýmæli. Í 1. mgr. er kveðið á um að tiltekin atriði varðandi formlega skýrslutöku af sakborningi eða vitni skuli skráð á þar til gert eyðublað, hvort sem skýrslutakan er hljóðrituð, tekin upp á myndband eða mynddisk ellegar rituð af þeim sem skýrslu tekur. Ákvæðið í 2. mgr. er að hluta byggt á 1. mgr. 72. gr. núgildandi laga, sbr. lög nr. 86/2004, og á 2. og 3. mgr. 13. gr. frumvarpsins. Þá á 3. málsl. sér fyrirmynd í 1. mgr. 751. gr. dönsku réttarfarslaganna. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 67. gr.

Þessi grein frumvarpsins gerir ráð fyrir að dómsmálaráðherra setji í reglugerð nánari ákvæði um málaskrá lögreglu, um skýrslur samkvæmt þessum kafla og varðveislu þeirra.

Um IX. kafla.

Í kaflanum er mælt fyrir um það úrræði í þágu rannsóknar sakamáls að leggja hald á muni í eigu eða vörslum sakbornings eða annarra manna, sbr. 78.–82. gr. núgildandi laga. Þótt gert sé ráð fyrir því í 1. mgr. 68. gr. að skilyrði þess að hald verði lagt á muni verði áþekk þeim sem nú er kveðið á um í lögum eru lagðar til ýmsar breytingar á þeim ákvæðum sem hér er um að ræða. Má t.d. nefna meðalhófsreglu þá sem er að finna í 2. mgr. 68. gr. og áskilnað um dómsúrskurð þegar svo stendur á sem í 2. og 4. mgr. 69. gr. og lokamálslið 1. mgr. 70. gr. segir.

Um 68. gr.

Í 1. mgr. eru greind skilyrði þess að hald verði lagt á muni og er málsgreinin efnislega samhljóða 1. mgr. 78. gr. gildandi laga, að öðru leyti en því að tekið er fram að hald verði lagt á mun þótt hann hafi ekki sem slíkur sönnunargildi í sakamáli, heldur hlutir ellegar upplýsingar sem hann hefur að geyma. Með því fyrrnefnda er t.d. vísað til þeirrar aðstöðu að grunur leiki á að í munum á borð við skip, loftför eða bifreiðar, sem hald verður lagt á, sé að finna hlut eða hluti sem hafi sönnunargildi í sakamáli eða hafi eftir atvikum verið aflað á refsiverðan hátt eða kunni að verða gerðir upptækir. Með tilvísun til upplýsinga, sem munur hefur að geyma, er t.d. átt við tölvu. Sjálf hefur tölvan sjaldnast sönnunargildi, heldur á það við þær rafrænu upplýsingar sem þar er að finna.

Ákvæðið í 2. mgr. er nýmæli. Í samræmi við meðalhófsreglu þá, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 53. gr. frumvarpsins, er stundum mögulegt að ná því meginmarkmiði, sem að er stefnt með því að leggja hald á mun, þ.e. að tryggja sönnun í sakamáli, með öðru og vægara móti. Á þann hátt er unnt að komast hjá því tjóni og óhagræði sem af því leiðir að hald sé lagt á mun. Sé þess á annað borð kostur er til þess ætlast samkvæmt ákvæðinu að í stað þess að leggja hald á mun beini lögregla því til eiganda eða vörslumanns munar að veita aðgang að honum, þannig að skoða megi hann og taka af honum myndir í þágu rannsóknar. Einnig að láta í té upplýsingar, sem hlutur hefur að geyma, t.d. með því að afhenda ljósrit eða annars

konar endurrit af skjali ellegar endurrit af rafrænum upplýsingum úr tölvu. Þessu vægara úrræði kæmi m.a. til greina að beita við leit í starfsstöðvum fyrirtækja í stað þess að leggja hald á og þar með fjarlægja frumskjöl og tölvur sem þar er að finna.

Til þess að koma í veg fyrir misskilning er rétt að taka fram að með ákvæðinu í 2. mgr. er leitast við að komast hjá því að hald verði lagt á muni í þágu rannsóknar, þannig að hann verði tekinn úr vörslum eiganda eða vörslumanns um lengri eða skemmri tíma. Ef einhverju þeirra markmiða, sem greind eru í 1. mgr., verður ekki náð nema með því að hald verði lagt á mun ber að sjálfsögðu skv. 2. mgr. 53. gr. frumvarpsins að framkvæma þá þvingunarráðstöfun eins og aðrar með eins vægu móti og mögulegt er, þar á meðal með því að skora á þann sem hefur mun í vörslum sínum að afhenda hann af frjálsum og fúsum vilja svo að ekki þurfi að taka muninn af honum með valdi.

Um 69. gr.

Í 1. mgr. er berum orðum tekið fram að almennt sé heimilt að leggja hald á muni án dómsúrskurðar, hvar sem þá er að finna. Það þjónar engum tilgangi að kveða nánar á um það, eins og nú er gert í 2. mgr. 78. gr. gildandi laga, við hvaða aðstæður það verði gert, enda geta tildrög þess verið margbreytileg.

Samkvæmt dönskum og norskum lögum er heimilt að skylda aðra menn en þá sem sakaðir eru um brot til að afhenda muni ef þeir geta haft sönnunargildi í sakamáli eða ef líklegt er að þeir verði gerðir upptækir. Ákvæðið í 2. mgr., sem er nýmæli, tekur mið af þessum reglum. Samkvæmt því er heimilt að leggja hald á muni, sem eru í eigu eða vörslum annarra en sakaðs manns, á grundvelli dómsúrskurðar. Þó þarf ekki að leita slíks úrskurðar ef eigandi eða vörslumaður samþykkir að láta hlut af hendi, t.d. vegna beiðni lögreglu. Enn fremur er tekið fram að ákvæðið, sem hefur að geyma undantekningu frá meginreglu 1. mgr., eigi því aðeins við að ekki sé hætta á að munirnir fari forgörðum eða verði skotið undan. Þetta þýðir að ekki þarf að leita dómsúrskurðar til þess að leggja hald á mun ef hann finnst t.d. á vettvangi brots eða á víðavangi, þar sem hætta er á að hann fari forgörðum, eða talin er hætta á að honum verði skotið undan, t.d. ef grunur leikur á því að eigandi eða vörslumaður sé í vitorði með sakborningi. Jafnframt liggur ljóst fyrir að skv. 1. mgr. verður hald lagt á muni án dómsúrskurðar ef þeir eru í eigu eða vörslum sakbornings eða ef ekki liggur fyrir hver er eigandi eða vörslumaður þeirra.

Regla 79. gr. gildandi laga hefur verið tekin upp í 3. mgr. Gerð hefur verið á henni orðalagsbreyting þar sem sagt er að eigandi eða vörsluhafi munar geti borið ágreining um haldlagningu undir dómara. Óþarft er að kveða á um það, eins og nú er gert, að benda skuli eiganda eða vörsluhafa á þennan rétt, enda er lögreglu skylt að gera það á grundvelli almennrar leiðbeiningarskyldu hennar skv. 1. mgr. 7. gr. stjórnsýslulaga.

Um 70. gr.

Greinin svarar í stórum dráttum til 80. gr. núgildandi laga. Þó hefur orðalagi 1. mgr. verið breytt til samræmis við breytt eignarhald og rekstrarform póst- og fjarskiptafyrirtækja. Um leið er ástæða til að greina á milli póst- og flutningafyrirtækja annars vegar og fjarskiptafyrirtækja hins vegar, svo sem gert er í fyrsta málslið.

Um 71. gr.

Greinin er svo til samhljóða 81. gr. núgildandi laga og þarfnast hún ekki skýringa. Athygli skal vakin á því að ekki er gert ráð fyrir því að eiganda eða umráðamanni verði sérstaklega tilkynnt um að hald hafi verið lagt á mun, enda getur það verið vandkvæðum bundið.

Um 72. gr.

Fyrri málsgrein greinarinnar er samhljóða 82. gr. núgildandi laga. Síðari málsgreinin á sér á hinn bóginn ekki hliðstæðu þar, en með henni er ráðgert að lögregla hlutist að eigin frumkvæði til um að koma munum, sem haldi hefur verið létt af, í hendur þess sem á tilkall til þeirra. Verður ekki séð að ákvæði þessarar greinar þarfnist frekari skýringa.

Um X. kafla.

Kaflinn geymir fyrirmæli um leit og líkamsrannsókn, sem framkvæmd er í þágu rannsóknar sakamáls, en samsvarandi ákvæði er að finna í XI. kafla núgildandi laga. Þá er lagt til að það ákvæði, sem nú er að finna í 83. gr. laganna, verði fært í þennan kafla. Nokkrar breytingar eru ráðgerðar á efni umræddra ákvæði og lúta þær einkum að þeim efnisskilyrðum, sem verða að vera fyrir hendi, til þess að heimilt sé að grípa til þeirra aðgerða sem hér er um að ræða, sbr. 3. mgr. 74. gr., 1. og 2. mgr. 76. gr. og 77. gr. Í 96. gr. gildandi laga er svo fyrir mælt að haldast skuli í lögum sérákvæði um húsleit og líkamsleit, svo og um líkamsrannsóknir. Þar sem líta verður svo á að sérákvæði í settum lögum standi áfram óhögguð, þrátt fyrir tilkomu almennra lagareglna á borð við þær sem er að finna í þessum kafla þykir þetta ákvæði óþarft og er því lagt til að það verði fellt brott.

Um 73. gr.

Greinin er sama efnis og 83. gr. núgildandi laga. Eðlilegra er að skipa henni í kaflann um leit, fremur en kaflann um hald á munum, vegna þess að hér er veitt heimild til að grípa til ýmissa ráðstafana í þágu rannsóknar, sem tengjast yfirleitt leit, fyrst og fremst húsleit, annaðhvort áður en hún fer fram, t.d. meðan beðið er dómsúrskurðar eða samþykkis fyrir henni, eða samhliða því að leitað er, t.d. meðan hlé er gert á leit.

Markmiðið með þeim ráðstöfunum, sem taldar eru upp í greininni, er að viðhalda óbreyttu ástandi á vettvangi brots eða annars staðar þar sem þess er talin þörf. Hins vegar er ekki um að ræða tæmandi upptalningu á ráðstöfunum, sem grípa má til í þeim tilgangi, án dómsúrskurðar. Ber að skýra tilvísunina til „sambærilegra ráðstafana“ á þann veg að átt sé við ráðstafanir til að tryggja óbreytt ástand, eftir því sem kostur er, eins og skýrt kemur fram í niðurlagi greinarinnar.

Um 74. gr.

Á sama hátt og gert er í 89. gr. núgildandi laga er í 1. og 2. mgr. gerður greinarmunur á leit hjá sakborningi annars vegar og öðrum mönnum hins vegar. Eins og í gildandi lögum er gert ráð fyrir að heimild til leitar í húsakynnum og farartækjum í eigu eða vörslum sakbornings sé rýmri en þegar um er að ræða leit í húsakynnum eða farartækjum annarra. Ákvæði 1. og 2. mgr. eru efnislega eins og 1. og 2. mgr. 89. gr. gildandi laga þótt orðalagi hafi lítillega verið breytt.

Þau efnislegu skilyrði, sem sett eru fyrir húsleit samkvæmt gildandi lögum, eru fremur fátækleg í samanburði við sambærileg skilyrði danskra og norskra laga. Með hliðsjón af 794. og 795. gr. dönsku réttarfarslaganna er lagt til að það verði gert að almennum skilyrðum fyrir

húsleit, hvort sem hún er gerð hjá sakborningi eða öðrum mönnum, að rökstuddur grunur leiki á því að framið hafi verið brot sem sætt getur ákæru og að augljósir rannsóknarhagsmunir séu í húfi. Ef leit fer fram skv. 1. mgr. verður jafnframt að liggja fyrir rökstuddur grunur um að sakborningur hafi verið þar að verki. Sama á við ef leit fer fram á grundvelli 2. mgr. á þeirri forsendu að sakborningur haldi sig í húsakynnum eða farartæki annarra manna. Þá nægir ekki að rökstuddur grunur leiki á að sakaður maður haldi sig þar, heldur verður einnig að vera fyrir hendi rökstuddur grunur um að hann hafi framið það brot sem til rannsóknar er. Í niðurlagi 3. mgr. er það loks sett sem skilyrði fyrir húsleit hjá öðrum en sakborningi að rannsókn beinist að broti sem varðað getur fangelsisrefsingu að lögum. Þótt þessi skilyrði geti ekki talist ströng er með þeim leitast við að koma í veg fyrir að gripið sé til jafníþyngjandi aðgerðar og húsleit er, nema brýna þörf krefji, m.a. með tilliti til eðlis brots.

Um 75. gr.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eru efnislega eins og 90. gr. núgildandi laga og þarfnast ekki skýringa. Þó er rétt að nefna að eftir meðalhófsreglunni, sem er að finna í 2. mgr. 53. gr. frumvarpsins, á að framkvæma húsleit á grundvelli dómsúrskurðar skv. 1. mgr. eins fljótt og kostur er og á hún ekki að taka lengri tíma en þörf krefur. Þannig er ljóst að ekki er unnt að grípa til húsleitar samkvæmt sama úrskurði ef nokkur tími er liðinn frá því að hann var kveðinn upp, heldur yrði lögregla í því tilviki að leita úrskurðar að nýju ef hún teldi nauðsynlegt að leita á stöðum, sem greindir eru í 74. gr., án tillits til þess hvort leit hefði áður farið þar fram.

Ákvæðið í 3. mgr. kemur í stað 91. gr. gildandi laga. Í upphafi er sérstaklega kveðið á um það, sem ekki hefur áður verið gert berum orðum í lögum, að heimilt sé að leita án dómsúrskurðar á víðavangi, en með því er fyrst og fremst átt við svæði í byggð og óbyggðum sem ekki eru sérstaklega afgirt. Enn fremur geta tún og önnur svæði undir berum himni fallið undir þetta ákvæði, þótt afgirt séu, enda séu þau í nokkurri fjarlægð frá íbúðarhúsum. Hins vegar verður leit ekki gerð í görðum umhverfis íbúðarhús án samþykkis eiganda eða umráðamanns þess nema samkvæmt dómsúrskurði, sbr. þó 2. mgr.

Samkvæmt gildandi lögum má leit fara fram án úrskurðar í húsakynnum sem opin eru almenningi og í húsum þar sem lausungarlýður og brotamenn venja komur sínar. Þótt orðalaginu hafi verið breytt til nútímalegra horfs, m.a. með því að tilgreina farartæki auk húsakynna, er ekki um að ræða neina efnisbreytingu frá gildandi lögum að þessu leyti. Þess skal getið að með farartækjum er m.a. átt við skip, loftför og bifreiðar.

Þá er rétt að vekja athygli á þeirri sjálfsögðu verklagsreglu, sem byggist á sjónarmiðum um meðalhóf, sbr. 2. mgr. 53. gr. frumvarpsins, að leiki vafi á því hvort heimild skv. 3. mgr. og reyndar einnig 2. mgr. sé fyrir hendi er varlegra fyrir lögreglu að leita úrskurðar dómara til að firra sig ábyrgð af því að hafa gripið til ólögmætrar leitar í þágu rannsóknar. Þegar svo stendur á væri í sumum tilvikum unnt að tryggja rannsóknarhagsmuni með því að grípa til ráðstafana skv. 73. gr. til að varna því að hróflað verði við vettvangi brots eða ummerkjum að öðru leyti.

Í 4. mgr. er að finna nýmæli þar sem gert er ráð fyrir að vilji sá sem á hagsmuna að gæta, t.d. eigandi eða umráðamaður húsnæðis, ekki hlíta ákvörðun lögreglu um að framkvæma húsleit án dómsúrskurðar skuli honum bent á að hann geti borið ágreiningsefnið undir dómara skv. 102. gr. Það frestar henni þó ekki að það sé gert, sbr. 60. gr. stjórnarskrárinnar. Með öðrum orðum er mælt fyrir um leiðbeiningarskyldu lögreglu ef svo stendur á sem hér um ræðir, og gildir einu hvort leit er yfirvofandi eða hún stendur yfir. Rétt er að vekja athygli á

því að ekki er lagt til að lögreglu verði gert skylt að tilkynna eiganda eða umráðamanni sérstaklega um húsleit, enda getur það verið erfiðleikum bundið, sbr. og 2. mgr. 79. gr. Ekki er heldur gerð tillaga um að lögreglu verði gert skylt að bera lögmæti húsleitar, sem framkvæmd hefur verið án úrskurðar, sjálfkrafa undir dómara innan tiltekins tíma.

Um 76. gr.

Í greininni er kveðið á um hvenær grípa megi til líkamsleitar í þágu rannsóknar. Ákvæði fyrri málsliðar 1. mgr. svarar til 1. málsl. 92. gr. núgildandi laga, en það er gert að skilyrði fyrir líkamsleit á sakborningi, með hliðsjón af ákvæðum danskra laga, að rökstuddur grunur leiki á að sakborningur hafi framið brot sem varðað getur fangelsisrefsingu samkvæmt almennum hegningarlögum eða tveggja ára fangelsi samkvæmt öðrum lögum. Það þýðir að ekki má grípa til þessa úrræðis við rannsókn á smávægilegum brotum sem aðeins geta varðað sektum. Í síðari málslið 1. mgr. er að finna nýmæli þar sem veitt er heimild til að leita á öðrum en sökuðum manni. Skilyrði fyrir því eru þau sömu og þegar sakborningur á hlut að máli, auk þess sem rökstuddur grunur þarf að leika á því að sá sem ætlunin er að leita á hafi á sér muni sem hald skal leggja á.

Í 2. mgr. hefur verið tekið upp sams konar ákvæði og er að finna í 2. málsl. 1. mgr. 92. gr. gildandi laga, þar sem heimiluð er leit að munum eða efni sem grunur leikur á að sakborningur feli innvortis. Áskilið er að fyrir liggi álit læknis, en að öðru leyti eru ekki sett frekari skilyrði fyrir leit sem þessari þótt hún geti vissulega gengið nærri heilsu sakaðs manns. Lagt er til að skilyrðin verði hert með því að áskilja að rökstuddur grunur verði að leika á því að sakborningur hafi gerst sekur um brot sem varðað getur minnst sex ára fangelsisrefsingu að lögum. Það þýðir að þessu úrræði mætti eftir sem áður beita við rannsókn fíkniefnabrota, hvort sem um væri að ræða meiri eða minni háttar brot, sbr. 173. gr. a almennra hegningarlaga og 5. gr. laga nr. 65/1974, um ávana- og fíkniefni. Hins vegar væri ekki unnt að grípa til þess við rannsókn ýmissa annarra brota þar sem refsiramminn er lægri.

Ekki eru settar neinar skorður við því, frekar en í niðurlagi 1. mgr. 92. gr. gildandi laga, að tekin séu fingraför af sakborningi og ljósmyndir af honum í þágu rannsóknar, sbr. 3. mgr. Enn fremur er lagt til að sama regla gildi um og töku öndunarsýnis úr sakborningi, sbr. til hliðsjónar 47. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987. Er hér ekki um að ræða eiginlega líkamsrannsókn í skilningi 77. gr. frumvarpsins. Að öðru leyti má vekja athygli á nýmælum í síðari málslið 3. mgr. um töku fingrafara af öðrum en sakborningi til samanburðar.

Um 77. gr.

Þessi grein hefur að geyma reglur um tvenns konar rannsóknarúrræði.

Í 1. mgr. er að finna heimild til að taka í þágu rannsóknar blóð- og þvagsýni, svo og önnur lífsýni úr sakborningi, og rannsaka þau sýni. Í samræmi við skilgreiningu á hugtakinu „lífsýni“ í 1. tölul. 3. gr. laga nr. 110/2000, um lífsýnasöfn, er með því átt við „lífrænt efni úr mönnum sem veitt getur um þá líffræðilegar upplýsingar“. Enn fremur er skv. 1. mgr. heimilt að framkvæma annars konar rannsókn á líkama sakbornings en að taka úr honum lífsýni, enda verði slík rannsókn gerð honum að meinalausu. Það þýðir t.d. að óheimilt er að láta sakaðan mann gangast undir aðgerð í þeim tilgangi einum að upplýsa brot ef hún felur í sér umtalsverða áhættu fyrir líf hans og heilsu. Ákvæði þessa efnis er að finna í þriðja málslið 1. mgr. 92. gr. núgildandi laga.

Í síðari hluta d-liðar 1. mgr. 71. gr. gildandi laga er að finna ákvæði um geðrannsókn á sakborningi í þágu rannsóknar. Rétt þykir að skipa þessu ákvæði í 2. mgr. þessarar greinar,

þar sem um er að ræða læknisrannsókn á sakborningi þótt allsérstæð sé. Ekki hafa verið gerðar neinar efnisbreytingar á því, að því undanskildu að áskilið er að sakborningur verði því aðeins látinn sæta geðrannsókn að rökstuddur grunur leiki á að hann hafi framið brot sem varðað getur minnst fangelsisrefsingu að lögum.

Um 78. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 93. gr. núgildandi laga, að öðru leyti en því að gert er ráð fyrir að ótvírætt samþykki þess sem í hlut á verði að liggja fyrir til þess að leit eða líkamsrannsókn verði framkvæmd án dómsúrskurðar. Með því er t.d. komið í veg fyrir að unnt sé að skoða þögn sem samþykki í merkingu greinarinnar. Þarfnast hún ekki frekari skýringa.

Um 79. gr.

Greinin er í meginatriðum sama efnis og 94. gr. núgildandi laga.

Í 1. mgr. er kveðið á um hver eða hverjir skuli framkvæma leit og líkamsrannsókn í þágu rannsóknar samkvæmt lögum um meðferð sakamála, sbr. 1. og 4. mgr. 94. gr. gildandi laga. Áskilið er að líkamsleit skuli ávallt gerð af lögreglumanni sem er sama kyns og sá sem leitað er á. Þá er mælt svo fyrir um að læknisrannsókn, þar á meðal geðrannsókn, skuli framkvæmd af lækni eða öðrum sem hefur til þess tilskilda menntun, t.d. hjúkrunarfræðingi þar sem það á við, svo sem ef um er að töku blóð- og þvagsýna.

Önnur málsgrein svarar til 2. mgr. 94. gr. gildandi laga. Auk breytinga, sem gerðar hafa verið á orðalagi málsgreinarinnar, hefur nýju ákvæði verið bætt við þar sem mælt er fyrir um að lögregla skuli tilkynna eiganda eða umráðamanni húsakynna eða farartækis um leit ef hún hefur farið fram án þess að hann eða einhver á hans vegum hafi verið viðstaddur hana. Skal það gert svo fljótt sem við verður komið.

Þriðja málsgrein er nánast samhljóða fyrri tveimur málsliðum 3. mgr. 94. gr. gildandi laga. Þótt í 2. mgr. 53. gr. sé almennt mælt fyrir um skyldu þeirra, sem annast rannsókn, til að gæta meðalhófs í störfum sínum þykir rétt að mæla sérstaklega fyrir um það í 3. mgr. að við leit og líkamsrannsókn skuli gæta varfærni og hlífðar, enda oft um að ræða viðkvæmar aðgerðir. Í gildandi lögum er lagt bann við því að húsleit sé gerð að næturþeli nema mjög brýn nauðsyn sé á og sakarefni stórfellt. Niðurlagi þessa ákvæðis hefur verið breytt til að leggja áherslu á að húsleit skuli því aðeins gerð á þessum tíma sólarhrings að brýnir rannsóknarhagsmunir séu í húfi sem sjaldnast ætti við.

Um XI. kafla.

Fyrirmæli um þær þvingunarráðstafanir, sem mælt er fyrir um í þessum kafla, er að finna í 86.–88. gr. núgildandi laga. Ef frá eru talin þau rannsóknarúrræði, sem lýst er í 80. gr., eiga þessar ráðstafanir það sammerkt að til þess að þær nái tilgangi sínum er óhjákvæmilegt að grípa til þeirra án þess að þeir sem þær beinast að viti af þeim. Það þýðir að aðgerðirnar valda enn tilfinnanlegri skerðingu á friðhelgi þeirra sem hlut eiga að máli en ella væri. Þess vegna er nauðsynlegt að setja þeim þröngar skorður.

Brugðið hefur verið á það að ráð að skipta þvingunarráðstöfunum, sem undir kaflann falla, í tvo flokka, sbr. 80.–82. gr., þar sem sett eru mismunandi ströng skilyrði fyrir ráðstöfunum sem tilheyra hvorum flokki um sig. Með því er horfið frá þeirri skipan, sem nú gildir, að fella þessar aðgerðir, sem eru harla ólíkar innbyrðis, undir sama hatt.

Við gerð kaflans hefur verið höfð hliðsjón af tillögum nefndar, sem dómsmálaráðherra skipaði á sínum tíma til að fjalla um sérstakar, óhefðbundnar rannsóknaraðferðir lögreglu, en

tillögurnar er að finna í skýrslu nefndarinnar sem kom út í aprílmánuði 1999. Þótt lagt sé til að farið verði að nokkrum af tillögum nefndarinnar, eins og gerð er nánari grein fyrir í athugasemdum við einstakar greinar, hefur svo ekki verið gert í öllum tilvikum. Má þar einkum nefna tvö atriði.

Í fyrsta lagi lagði nefndin til að heimild til þess að grípa til umræddra aðgerða yrði bundin því skilyrði að rannsókn beindist að brotum á tilteknum ákvæðum almennra hegningarlaga. Með því hefði verið horfið frá stefnu, sem fylgt hefur verið fram að þessu, að binda aðgerðirnar almennum skilyrðum. Enda þótt því megi halda fram að fyrrgreinda leiðin bindi fremur hendur lögreglu og tryggi þar með betur réttaröryggi manna en sú síðarnefnda eru á henni augljósir gallar. Þannig verða lagaákvæðin bæði flóknari og vandmeðfarnari, lagatæknilega séð, þar á meðal vegna þess að huga þarf að breytingum á þeim í hvert sinn sem hlutaðeigandi ákvæðum hegningarlaga kann að verða breytt. Það sem skiptir þó meira máli í þessu sambandi er að vafasamt er að einskorða heimild lögreglu til að grípa til þessara aðgerða í þágu rannsóknar við það að hún beinist að fyrir fram ákveðnum brotum. Slíkt getur orðið til þess að koma í veg fyrir að alvarleg brot, sem falla utan gildissviðs ákvæðanna, verði upplýst. Einnig má túlka tilvísun til tiltekinna refsiákvæða á þann veg að með því hafi löggjafinn markað þá stefnu að veita beri lögreglu að öðru jöfnu heimild til þess að grípa til símahlerunar og þvílíkra aðgerða ef rannsókn beinist að þeim brotum sem þannig er sérstaklega vísað til í lögum. Því sé meiri hætta á því en ella að lögregla fái sjálfkrafa heimild til að beita aðgerðunum í þessum tilvikum, að öðrum formskilyrðum uppfylltum. Af þessum sökum er gert ráð fyrir í 83. gr. að skilyrði fyrir aðgerðum þeim, sem hér er fjallað um, verði áfram almenns eðlis, þannig að dómara sé ætlað að meta það í hvert sinn, með tilliti til eðlis brots og annarra atriða, hvort ástæða sé til að verða við beiðni lögreglu um heimild til að grípa til þessara aðgerða.

Í annan stað gerði nefndin það að tillögu sinni, samkvæmt danskri og norskri fyrirmynd, að í hvert skipti sem slík beiðni kæmi fram af hálfu lögreglu yrði skipaður lögmaður til að gæta hagsmuna þess sem aðgerð ætti að beinast gegn. Rökin fyrir þessari skipan eru fyrst og fremst þau að með þessu móti sé réttaröryggi þeirra sem hlut eiga að máli betur tryggt en ella væri. Á henni eru hins vegar þeir ágallar að skjólstæðingur lögmannsins hefði þá ekki hugmynd um að honum hefði verið skipaður maður til að gæta hagsmuna sinna og jafnframt ætti lögmaðurinn ekki kost á því að ræða við skjólstæðing sinn og ráðgast við hann um málið. Vegna þessa má halda því fram að hér sé um að ræða falskt öryggi sem bæti litlu sem engu við aðkomu sjálfstæðs og óvilhalls dómara að málinu. Nær sé að beita öðrum ráðum til að veita lögreglu og dómurum aðhald í þessu efni, t.d. með því að tilkynna þeim sem aðgerð beinist að um hana eftir á, sbr. 2. mgr. 85. gr. Með vísun til þessa er ekki lagt til að þessi skipan verði tekin upp hér á landi.

Um 80. gr.

Samkvæmt b-lið 86. gr. núgildandi laga er lögreglu heimilt í þágu rannsóknar, að tilteknum skilyrðum uppfylltum, „að fá upplýsingar hjá síma- eða fjarskiptafyrirtækjum um símtöl eða önnur fjarskipti við tiltekinn síma eða fjarskiptatæki“. Í 1. mgr. 87. gr. er tekið fram að til þessa úrræðis þurfi úrskurð dómara, en þó beri að veita lögreglu umræddar upplýsingar ef fyrir liggur samþykki umráðamanns og eiginlegs notanda síma eða fjarskiptatækis.

Þessi grein er sama efnis og b-liður 86. gr. gildandi laga þótt orðalagi hafi lítillega verið breytt og jafnframt hafi verið gerðar breytingar á öðrum ákvæðum sem henni tengjast. Fyrst er rétt að nefna að með orðinu „fjarskipti“ er átt við hvers konar sendingu og móttöku tákna,

merkja, skriftar, mynda og hljóða eða hvers konar boðmiðlun eftir leiðslum, með þráðlausri útbreiðslu eða öðrum rafsegulkerfum, sbr. skilgreiningu á þessu hugtaki í 15. tölul. 3. gr. laga nr. 81/2003, um fjarskipti. Þótt símtöl falli undir þetta víðtæka hugtak þykir engu síður rétt að geta þeirra áfram sérstaklega, enda eru þau enn sem komið er það form fjarskipta sem oftast er óskað eftir að fá upplýsingar um við rannsókn sakamála þótt upplýsingar um önnur fjarskipti, svo sem tölvubréfaskipti, skipti orðið æ meira máli í því sambandi. Af þeirri ástæðu þykir rétt að tilgreina tölvur sérstaklega, auk síma, þegar vísað er til fjarskiptatækja. Þar eð talsímaþjónusta fellur undir fjarskiptaþjónustu samkvæmt fjarskiptalögum er hins vegar eðlilegt að nota einungis orðið fjarskiptafyrirtæki um þau fyrirtæki, jafnvel þótt þau reki talsímaþjónustu eingöngu.

Telja verður að það rannsóknarúrræði, sem hér er kveðið á um, þ.e. að fá aðeins upplýsingar um símtöl og önnur fjarskipti, sem átt hafa sér stað, án þess að aðgangur sé veittur að efni þeirra, sbr. 81. gr., sé tiltölulega væg skerðing á friðhelgi einkalífs þeirra sem hlut eiga að máli í samanburði við þær aðgerðir sem fjallað er um í 81. og 82. gr. Af þeim sökum er lagt til að skilyrði fyrir þessu úrræði verði framvegis mun vægari en skilyrði fyrir öðrum aðgerðum samkvæmt þessum kafla, sbr. 83. og 84. gr., þótt áfram þurfi til að koma dómsúrskurður, nema fyrir liggi ótvírætt samþykki umráðamanns og eiginlegs notanda síma, tölvu eða annars konar fjarskiptatækis, sbr. 1. mgr. 84. gr. Þess má geta að með lögum nr. 78/2005 hefur 42. gr. fjarskiptalaga verið breytt á þann veg að fjarskiptafyrirtækjum er nú skylt að varðveita lágmarksskráningu gagna um fjarskiptaumferð notenda í sex mánuði, sbr. nánar 3. mgr. þeirrar greinar. Þessi breyting mun eflaust gera það úrræði, sem hér um ræðir, virkara við rannsókn sakamála en verið hefur.

Um 81. gr.

Greinin er efnislega samhljóða a-lið 86. gr. núgildandi laga, eins og því ákvæði var breytt með lögum nr. 86/2004. Að uppfylltum þeim skilyrðum, sem fram koma í 83. gr. og 1. mgr. 84. gr. og síðar verður gerð grein fyrir, er leyfilegt í þágu rannsóknar að hlustað sé á og tekin upp símtöl eða önnur fjarskipti, annaðhvort við tiltekinn síma, tölvu eða annars konar fjarskiptatæki eða við ótiltekinn síma, tölvu eða annars konar fjarskiptatæki í eigu eða umráðum tilgreinds manns. Í þessu sambandi er rétt að nefna að skv. 3. mgr. 47. gr. fjarskiptalaga, eins og henni hefur verið breytt með lögum nr. 78/2005, er fjarskiptafyrirtæki rétt og skylt að veita lögreglu í þágu rannsóknar upplýsingar um hver sé skráður eigandi ákveðins símanúmers og/eða eigandi eða notandi vistfangs (IP-tölu).

Um 82. gr.

Ákvæði a- og b-liðar 1. mgr. eru sama efnis og c- og d-liðir 86. gr. núgildandi laga þótt lítils háttar breytingar hafi verið gerðar á orðalagi, m.a. með hliðsjón af tillögum nefndar þeirrar sem áður er getið. Ákvæðið í c-lið er aftur á móti nýmæli sem nefndin gerði á sínum tíma tillögu um. Mæla rök með því að fyrirmæli um þetta rannsóknarúrræði, þ.e. notkun svonefnds eftirfararbúnaðar, séu tekin upp í lög um meðferð sakamála og úrræðið lagt að jöfnu við þær aðgerðir sem lýst er í hinum tveimur stafliðunum.

Þær rannsóknaraðgerðir, sem hér um ræðir, fela í sér óvenju mikla skerðingu á friðhelgi einkalífs þeirra sem þær beinast að. Það stafar ekki síst af því að með þessu móti er unnt að afla upplýsinga um daglegar athafnir fólks, á heimilum þess sem annars staðar, án vitundar þess. Segja má að hér sé gengið enn lengra í þá átt að skerða friðhelgi einkalífs manna en þegar símtöl og önnur fjarskipti þeirra eru hleruð og þau tekin upp vegna þess að þær

upplýsingar, sem þannig fást, eru einskorðaðar við það sem mönnum fer á milli með þessum hætti, t.d. í símtölum eða tölvubréfaskiptum. Á hinn bóginn er mikilvægt, ekki síst þegar um er að ræða skipulega brotastarfsemi á borð við hryðjuverk eða meiri háttar fíkniefnabrot, að lögregla geti aflað upplýsinga með þessum hætti. Er því lagt til að eftir sem áður verði heimilt að grípa til þessara aðgerða í þágu rannsóknar, að uppfylltum nánar greindum skilyrðum.

Ákvæði 2. mgr. svarar til 3. mgr. 87. gr. gildandi laga.

Um 83. gr.

Samkvæmt 2. mgr. 87. gr. núgildandi laga eru sett sömu efnisskilyrði fyrir þeim rannsóknaraðgerðum, sem taldar eru upp í 86. gr. laganna, þ.e. annars vegar að ástæða sé til að ætla að upplýsingar, sem skipt geta miklu fyrir rannsókn máls, fáist með þessum hætti og hins vegar að rannsókn beinist að broti, sem varðað getur að lögum átta ára fangelsi, eða ríkir almannahagsmunir eða einkahagsmunir krefjist þess. Í 1. mgr. þessarar greinar er gert ráð fyrir að fyrrnefnda skilyrðið gildi eftir sem áður um allar þær aðgerðir sem taldar eru upp í 80.–82. gr. Á hinn bóginn er lagt til að ekki verði sett frekari skilyrði fyrir því rannsóknarúrræði sem fjallað er um í 80. gr. Um rök fyrir þeirri breytingu vísast til athugasemda með þeirri grein.

Eins og fram kemur í 2. mgr. er gert ráð fyrir að efnisskilyrði fyrir símahlerun og skyldum aðgerðum, sem taldar eru upp í 81. gr., verði óbreytt frá gildandi lögum. Að sjálfsögðu hefði komið til greina að herða þessi skilyrði, með því t.d. að einskorða heimild til að grípa til þessara aðgerða við það að rannsókn beinist að broti sem varðað geti tiltekinni refsingu að lögum. Á því er hins vegar sá galli að erfitt er að upplýsa sum brot, sem tiltölulega væg refsing liggur við, nema með þessum hætti. Má sem dæmi nefna röskun á friði manna, sbr. 232. gr. almennra hegningarlaga, og ýmiss konar brot á fjarskiptalögum, sbr. 74. gr. þeirra laga. Í slíkum tilvikum kæmi til greina að beita þessu úrræði ef ríkir almanna- eða einkahagsmunir krefjast þess.

Um 84. gr.

Á sama hátt og í 1. mgr. 87. gr. núgildandi laga er í 1. mgr. svo fyrir mælt að til þeirra rannsóknaraðgerða, sem taldar eru upp í 80.–82. gr., þurfi dómsúrskurð. Eina undantekningin er sem fyrr segir sú að veita ber upplýsingar þær, sem greindar eru í 80. gr., án slíks úrskurðar ef fyrir liggur ótvírætt samþykki umráðamanns og eiginlegs notanda síma, tölvu eða annars fjarskiptatækis.

Ákvæði 2. mgr. er sama efnis og 3. málsl. 1. mgr. 87. gr. gildandi laga. Þó hefur orðalag þess verið gert skýrara svo að ekki fari milli mála hvað koma skuli fram í úrskurði, sem kveðinn er upp á grundvelli 1. mgr., til viðbótar þeim atriðum sem almennt á að greina í úrskurði, sbr. 3. mgr. 181. gr. frumvarpsins.

Eins og í lokamálslið 1. mgr. 87. gr. gildandi laga er kveðið á um það í 3. mgr. að heimild til aðgerðar skuli markaður ákveðinn tími. Það er hins vegar nýmæli og í samræmi við tillögur nefndar þeirrar, sem áður er getið, að þessi tími megi ekki vera lengri en fjórar vikur hverju sinni, sbr. og 2. mgr. 783. gr. dönsku réttarfarslaganna og 216. gr. f norsku laganna um meðferð sakamála. Ekkert er því til fyrirstöðu að heimildin verði framlengd, að þeim tíma liðnum, en til þess þyrfti þó nýjan dómsúrskurð.

Með lögum nr. 78/2005 var svofellt ákvæði tekið upp í 6. mgr. 6. gr. fjarskiptalaga: „Fjarskiptafyrirtæki skulu án endurgjalds tryggja þar til bærum yfirvöldum aðgang að búnaði til hlerunar símtala og annarrar löglegrar gagnaöflunar í fjarskiptanetum sínum og fjarskipta-

þjónustu.“ Enda þótt draga megi þá ályktun af þessu ákvæði og 1. mgr. 55. gr. frumvarpsins að starfsmönnum fjarskiptafyrirtækja sé skylt að veita lögreglu aðstoð við framkvæmd þeirra aðgerða, sem taldar eru upp í 80.–82. gr. þykir engu síður rétt, með tilliti til þess að hér er um að ræða starfsmenn einkafyrirtækja, að taka þetta fram berum orðum til þess að taka af öll tvímæli í þessu efni, eins og gert er í 4. mgr.

Um 85. gr.

Fyrstu tveir málsliðir 1. mgr. eru sama efnis og 1. mgr. 88. gr. núgildandi laga. Í 2. málsl. er þó tekið fram, svo að ekki fari á milli mála, að hafi afrit eða endurrit verið gerð af upptökum, myndum eða öðrum upplýsingum, sem aflað hefur verið á þann hátt er greinir í 80.–82. gr., skuli eyða þeim á sama hátt og frumgerðunum eða -upplýsingunum. Í lok málsgreinarinnar er lögð til sérregla um upptökur samtala sakbornings við verjanda, en samkvæmt henni skal slíkum upplýsingum fargað þegar í stað.

Í 2. mgr. 88. gr. er svo fyrir mælt að þegar rannsóknaraðgerð, sem hér er fjallað um, sé lokið skuli þeim sem hún beinist að birtur úrskurður um hana eða tilkynnt hún. Skuli það gert svo fljótt sem verða má, þó þannig að það skaði ekki frekari rannsókn málsins. Ekki er að finna fyrirmæli um það hver skuli sjá um að birta úrskurð eða tilkynna um aðgerð og virðist verulegur misbrestur vera á því að það sé gert. Til þess að ráða bót á því lagði nefnd dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til að héraðsdómur, þar sem úrskurður væri kveðinn upp, skyldi framvegis sjá um að tilkynna um aðgerð eftir að henni væri lokið.

Samkvæmt 2. mgr. er lagt til að þessi skylda verði lögð á herðar lögreglustjóra, enda yrði það óneitanlega erfiðleikum bundið fyrir dómstjóra eða einstaka dómara að fylgjast með því hvenær aðgerð væri lokið og óhætt væri að tilkynna um hana svo að það skaðaði ekki frekari rannsókn málsins. Í niðurlagi 2. mgr. er mælt svo fyrir að héraðssaksóknari skuli fylgjast sérstaklega með því að lögreglustjórar sinni þessari skyldu sinni. Er þetta gert til þess að tryggja að tilkynningarskyldan verði virt í framtíðinni, en eitt af því sem ætlað er að treysta réttaröryggi manna og koma í veg fyrir að gripið sé til þessara úrræða nema brýna nauðsyn beri til er að þeir sem aðgerð beinist að fái vitneskju um það eftir á að fylgst hafi verið með þeim með þessum hætti. Auk ótvíræðra varnaðaráhrifa, sem tilkynningarskylda hefur í för með sér, er nauðsynlegt að sá sem hlut á að máli fái að vita um aðgerðina svo að hann eigi þess kost að krefjast skaðabóta á grundvelli skv. 228. gr. frumvarpsins.

Ekki er mælt fyrir um það í 2. mgr. á hvern hátt skuli tilkynna um aðgerð eftir að hún er afstaðin. Það má t.d. gera með því að birta úrskurð eða sérstaka tilkynningu um aðgerðina fyrir þeim sem hlut á að máli. Aðalatriðið er að þetta sé gert á tryggilegan hátt, sbr. til hliðsjónar fyrirmæli um birtingu ákæru í 156. gr. frumvarpsins. Að sjálfsögðu er ekki þörf á að tilkynna um aðgerð ef sá sem hún beinist að fær að vita um hana með öðru móti, t.d. ef um er að ræða ákærða og upptökur, myndir eða aðrar upplýsingar eru lagðar fyrir dóm við þingfestingu máls eða kynntar honum við skýrslutöku hjá lögreglu. Lögreglustjóri má fresta því að tilkynna um aðgerð telji hann að hún geti skaðað frekari rannsókn þess máls sem um er að tefla. Það þýðir að tilkynningin má ekki dragast lengur en þar til ákæra er gefin út og málið þingfest eða málinu lýkur með því að það er fellt niður eða fallið er frá saksókn. Frekari frestun tilkynningar er hins vegar óheimil, þar á meðal verður hún ekki réttlætt með því að það kynni að skaða rannsókn annarra mála ef maður fengi vitneskju um aðgerð sem beinst hefði gegn honum.

Um XII. kafla.

Í fyrstu þrjár greinar kaflans hafa verið tekin ákvæði um ýmsar rannsóknaraðgerðir sem gripið verður til í þágu rannsóknar sakamála og ekki verða með góðu móti felldar undir aðra kafla þessa þáttar. Með 89. gr. er samkvæmt ábendingu nefndar þeirrar, sem á sínum tíma var skipuð til að fjalla um sérstakar, óhefðbundnar rannsóknaraðferðir lögreglu, lagt til að ríkissaksóknara verði veitt heimild til að setja reglur um sérstakar rannsóknaraðferðir og -aðgerðir lögreglu sem ekki er kveðið sérstaklega á um í lögum um meðferð sakamála.

Athygli er vakin á því að í 84. gr. núgildandi laga er að finna ákvæði þar sem lögreglu er veitt vald til að varna mönnum til bráðabirgða að rækja starfa ef þeir hafa brotið öryggisreglur um starfsemina. Þetta ákvæði var upphaflega sett í lög um meðferð opinberra mála árið 1951 í kafla sem fjallaði almennt um lögreglumenn og lögregluannsókn. Í þennan kafla voru jafnframt tekin upp ýmis önnur ákvæði um starfsemi lögreglu sem tengdust ekki beint rannsókn sakamála, eflaust vegna þess að þá var ekki til að dreifa neinum almennum lögreglulögum. Flest þessara ákvæða voru felld brott úr lögum um meðferð opinberra mála við setningu laga nr. 19/1991. Þó hélst umrætt ákvæði áfram í lögunum, en var fært í kaflann um hald, þar sem talið var að það ætti betur heima. Eftir að lögreglulög, nr. 90/1996, tóku gildi, þar sem almennt er kveðið á um hlutverk lögreglu og valdheimildir hennar, er eðlilegt að ákvæðið sé fellt brott úr lögum um meðferð sakamála. Jafnframt skiptir máli að sett hafa verið ákvæði í sérlög um sum þau tilvika sem talin voru falla undir ákvæðið í upphafi, svo sem um bráðabirgðasviptingu ökuréttar í 103. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987. Í ljósi lögmætisreglu stjórnsýsluréttar verður og að telja eðlilegt að slík ákvæði séu tekin upp í lög, þar sem þörf er talin á heimild til að svipta menn réttindum til bráðabirgða. Á það ekki síst við atvinnuréttindi þar sem svo er fyrir mælt í 1. mgr. 75. gr. stjórnarskrárinnar að aðeins megi setja atvinnufrelsi manna skorður með lögum. Þrátt fyrir það væri lögreglu eflaust, í ólögmæltum tilvikum, heimilt að aftra mönnum frá að rækja starfa til bráðabirgða ef af því háttalagi kynni að stafa hætta, sbr. 1.–3. mgr. 15. gr. lögreglulaga.

Um 86. gr.

Fyrri málsliður 1. mgr. er sama efnis og 1. mgr. 70. gr. núgildandi laga. Hins vegar hefur orðalagi verið breytt, þar á meðal er vísað til „sérfróðra manna“ í stað „kunnáttumanna“. Með „sérfróðum mönnum“ er jöfnum höndum átt við þá sem aflað hafa sér sérmenntunar, hvort sem er bóklegrar eða verklegrar, eða búa yfir sérfræðilegri kunnáttu á einhverju sviði. Þá eru sem fyrr nefnd dæmi um helstu tegundir sérfræðilegra skoðana og rannsókna sem gripið er til í því skyni að upplýsa sakamál, en alls ekki má líta á það sem tæmandi upptalningu.

Í 2. málsl. 1. mgr. er að finna nýmæli, þar sem gert er ráð fyrir að lögregla eða ákærandi geti farið fram á, sé talin ástæða til, að sérfræðingar, sem kvaddir eru til aðstoðar við rannsókn máls, verði dómkvaddir sem matsmenn skv. 1. mgr. 128. gr. frumvarpsins í stað þess að þeir séu fengnir til aðstoðar með óformlegri hætti, án atbeina dómara, eins og tíðkast hefur. Þar eð dómari hefur sjálfstæðari stöðu gagnvart sökuðum manni en lögregla og ákæruvald og vegna þess að veita ber sakborningi, ef hann er á annað borð til staðar á þessu stigi máls, tækifæri til að tjá sig um dómkvaðninguna og síðar á matsfundi hefur matsgerð slíkra matsmanna að öðru jöfnu ríkara sönnunargildi en skýrsla eða álitsgerð sérfræðinga sem ekki eru dómkvaddir. Af þeim sökum getur verið æskilegt, þar á meðal til að freista þess að atvik verði upplýst með óyggjandi hætti áður en mál er höfðað, að unnt sé að fara fram á dómkvaðningu matsmanna á rannsóknarstigi, sbr. til hliðsjónar 1. mgr. 77. gr. laga um meðferð einkamála. Þessi aðferð getur einnig dregið úr fjárútlátum hins opinbera þegar upp er staðið

því að stundum getur reynst óhjákvæmilegt að dómkveðja einn eða fleiri matsmenn eftir að mál kemur fyrir dóm, t.d. ef lögregla hefur leitað álits sérfróðra manna, sem sjálfir eru viðriðnir mál eða tengjast einhverjum er hlut á að máli, í þeim tilgangi að upplýsa málið. Þegar svo háttar til er hins vegar vafasamt að unnt sé að líta á slíkt álit sem fullgilt sönnunargagn fyrir dómi, sbr. H 19. maí 2004 í máli nr. 325/2003.

Þeim sérfróðu mönnum, er veita lögreglu aðstoð á þann hátt sem kveðið er á um í 1. mgr., ber að jafnaði þóknun fyrir störf sín. Á sama hátt og lögreglustjóri eða löglærður starfsmaður hans ákveður þóknun tilnefnds verjanda eða réttargæslumanns, sbr. 2. mgr. 38. gr. og 2. mgr. 48. gr. frumvarpsins, er eðlilegt að sama regla gildi um það hver skuli taka ákvörðun um þóknun sérfróðra manna fyrir störf þeirra skv. 1. mgr. Til að fyrirbyggja misskilning skal tekið fram að sé maður dómkvaddur sem matsmaður á rannsóknarstigi, að beiðni lögreglu eða ákæranda, ber að ákveða þóknun hans skv. 3. mgr. 130. gr. frumvarpsins, á sama hátt og þóknun þeirra sem dómkvaddir eru til matsstarfa eftir að mál hefur verið höfðað.

Um 87. gr.

Þessi grein er efnislega samhljóða 2. mgr. 70. gr. núgildandi laga sem tekin var upp í þau með lögum nr. 61/1998, um dánarvottorð, krufningar o.fl., þar sem er að finna ítarleg ákvæði um líkskoðun og krufningu. Þarfnast greinin ekki frekari skýringa.

Um 88. gr.

Þótt því úrræði, sem kveðið er á um í 85. gr. núgildandi laga, þ.e. kyrrsetningu til tryggingar greiðslu sekta og annarra fjárkrafna í tengslum við sakamál, sé sjaldan beitt í framkvæmd vegna þess að oftast nær nægir að leggja hald á muni til að ná því markmiði, sem að er stefnt, þykir engu síður rétt að láta það haldast áfram í lögum. Þótt gerðar hafi verið nokkrar breytingar á orðalagi 85. gr. í þessari grein hafa aðeins verið gerðar tvær breytingar á efni hennar.

Sú fyrri lýtur að því að ekki er lengur gert ráð fyrir að unnt sé að krefjast kyrrsetningar hjá sakborningi til tryggingar greiðslu skaðabóta. Vegna þess að bótakrafa, sem á rætur að rekja til refsiverðrar háttsemi, er í eðli sínu ekki frábrugðin öðrum bótakröfum og verður t.d. höfð uppi í sérstöku einkamáli, er eðlilegt að kyrrsetning til tryggingar henni, eins og öðrum bótakröfum, verði gerð á grundvelli II. kafla laga nr. 31/1990, um kyrrsetningu, lögbann o.fl., og jafnframt fari um framkvæmd og gildi hennar eftir þeim lögum.

Síðari breytingin er fólgin í því að ákvæðið, sem nú er að finna í niðurlagi 2. mgr. 85. gr., þess efnis að um ábyrgð á kyrrsetningu samkvæmt greininni fari eftir almennum skaðabótareglum, hefur verið fellt brott. Er engin ástæða til annars en að um ábyrgð á kyrrsetningu til tryggingar greiðslu sekta, sakarkostnaðar og upptöku ávinnings, sem aflað hefur verið með broti, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga, fari eftir sömu reglum og um ábyrgð á kyrrsetningu almennt. Þær reglur er nú að finna í 42. gr. laga nr. 31/1990 og er bótaskylda nokkru ríkari samkvæmt þeim en almennum skaðabótareglum.

Um 89. gr.

Nefndin sem skipuð var á sínum tíma til að fjalla um sérstakar, óhefðbundnar rannsóknaraðferðir lögreglu lagði til að ekki yrðu tekin upp í lög ákvæði um tálbeitur, uppljóstrara, afhendingu undir eftirliti, skyggingu og notkun flugumanna eða aðrar þvílíkar aðferðir. Helstu rökin fyrir þeirri afstöðu eru að erfitt sé að setja tæmandi reglur um þessar rannsóknaraðferðir í lög, auk þess sem reynslan af slíkum ákvæðum, þar sem þau hafa verið lögtekin á annað

borð, sé misjöfn. Nefndin taldi árangursríkara að settar verði reglur um þessar aðferðir af ríkissaksóknara, auk þess sem þýðingarmikið sé að dómstólar veiti aðhald á þessu sviði, sbr. t.d. H 1993, 1081, þar sem Hæstiréttur fjallaði um lögmæti þess að lögregla hafði notað tálbeitu við rannsókn sakamáls. Enn fremur hefur reynt á lögmæti þessa rannsóknarúrræðis fyrir Mannréttindadómstóli Evrópu á grundvelli fyrirmælanna um réttláta málsmeðferð fyrir dómi í 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar.

Þessi grein tekur mið af þessari tillögu nefndarinnar. Lagt er til að ríkissaksóknara verði veitt heimild til að setja reglur um þær aðferðir og aðgerðir lögreglu við rannsókn sakamála, sem ekki er kveðið sérstaklega á um í lögum, sbr. regluna í 3. mgr. 21. gr., þar sem segir að hann geti mælt fyrir um framkvæmd rannsóknar og fylgst með henni. Óþarft er að telja upp í greininni þær aðferðir og aðgerðir sem hér um ræðir. Þó má nefna að auk þeirra aðferða, sem einkum er fjallað um í skýrslu nefndarinnar og áður er getið, kemur til greina að setja reglur á grundvelli greinarinnar um aðgerðir á borð við sakbendingu og birtingu mynda og annarra persónueinkenna af manni, t.d. þegar lögregla ákveður að auglýsa opinberlega eftir sakborningi eða brotaþola með því að birta mynd af honum og lýsa honum að öðru leyti.

Um XIII. kafla.

Kaflinn svarar í stórum dráttum til XII. kafla núgildandi laga. Þó hefur ákvæðið í 100. gr. laganna, þar sem lagt er bann við handtöku alþingismanns í þágu rannsóknar sakamáls, meðan Alþingi stendur, nema hann sé staðinn að glæp, verið fellt brott. Samsvarandi ákvæði var fyrst tekið upp í lög nr. 27/1951, um meðferð opinberra mála, meðan mælt var svo fyrir í 1. mgr. 49. gr. stjórnarskrárinnar að ekki mætti taka neinn alþingismann fastan fyrir skuldir meðan Alþingi stæði yfir án samþykkis þeirrar deildar sem hann sæti í. Það ákvæði var hins vegar fellt brott úr stjórnarskránni með stjórnarskipunarlögum, nr. 56/1991, en áfram er þar mælt svo fyrir að ekki megi setja neinn alþingismann í gæsluvarðhald meðan Alþingi er að störfum, án samþykkis þingsins, nema hann sé staðinn að glæp. Vegna þessarar breytingar á 1. mgr. 49. gr. stjórnarskrárinnar þykir rétt að fella ákvæðið, sem lýtur að banni við handtöku alþingismanna, úr lögum um meðferð sakamála.

Um 90. gr.

Þessi grein hefur að geyma heimild til handa lögreglu til að handtaka menn, fyrst og fremst í þágu rannsóknar, sbr. 1. og 2. mgr. og a-, b- og d-liði 3. mgr., en einnig í tengslum við meðferð sakamáls fyrir dómi, sbr. c-lið 3. mgr. Þar sem nú er einnig kveðið á um handtökuheimildir lögreglu í 1. mgr. 16. gr. lögreglulaga þykir rétt að orða upphaf greinarinnar með þeim hætti að ljóst sé að þar er ekki um að ræða tæmandi upptalningu á þeim heimildum lögreglu.

Ákvæði 1. mgr. er nánast samhljóða 1. mgr. 97. gr. núgildandi laga, að öðru leyti en því að tekið er fram að lögreglu sé rétt að handtaka mann til að tryggja ekki aðeins öryggi hans sjálfs, heldur til að tryggja öryggi annarra manna, ef því er að skipta, sbr. til hliðsjónar d-lið 1. mgr. 95. gr. frumvarpsins.

Önnur málsgrein er sama efnis og 3. mgr. 97. gr. þótt gerðar hafi verið nokkrar breytingar á orðalagi hennar, til einföldunar.

Ákvæði 3. mgr. svarar að nokkru til 98. gr. gildandi laga, en þar er einnig að finna nýmæli. Þannig á ákvæðið í a-lið sér ekki hliðstæðu í gildandi lögum, en samkvæmt því er lögreglu heimilt að handtaka mann, þótt ekki leiki rökstuddur grunur á að hann hafi framið brot, ef hann neitar að segja til nafns og deili á sér að öðru leyti, sbr. 2. mgr. 58. gr. Eins og

fram kemur í 4. mgr. 15. gr. lögreglulaga, er lögreglu heimilt að krefjast þess að maður segi til nafns síns, kennitölu og heimilisfangs og sýni skilríki því til sönnunar. Neiti hann að verða við þeirri sjálfsögðu kröfu kann það að torvelda rannsókn máls ef lögregla á þess ekki kost við þær aðstæður að handtaka hann til þess m.a. að ganga úr skugga um hver hann er. Skilyrði fyrir því að maður sé handtekinn samkvæmt þessu ákvæði er að það sé nauðsynlegt í þágu rannsóknar, t.d. ef álitið er að hann sé viðriðinn brot, án þess að rökstuddur grunur sé fyrir hendi um aðild hans að því, eða hann sé talinn geta gefið mikilsverðar upplýsingar um brotið sem vitni.

Ákvæðið í b-lið er sett til að taka af allan vafa um það að lögreglu sé heimilt að handtaka sakborning og færa hann til skýrslutöku, að því tilskildu að hann hafi áður verið kvaddur til að gefa skýrslu hjá lögreglu skv. 1. mgr. 61. gr. frumvarpsins og ekki sinnt þeirri kvaðningu.

Ákvæði c-liðar er nánast sama efnis og d-liður 98. gr. gildandi laga, að öðru leyti en því að heimild lögreglu til að handtaka mann, sem ekki sinnir kvaðningu vegna kröfu um nálgunarbann, hefur verið felld brott, enda er gert ráð fyrir að ákvæði um þetta úrræði, sem tekin voru upp í lög um meðferð opinberra mála með lögum nr. 94/2000, verði færð í sérstök lög, eins og gerð er grein fyrir í almennum athugasemdum með þessu frumvarpi. Þá er efni d-liðar að hluta það sama og b-liðar 98. gr., en lagt er til að heimildir lögreglu til að handtaka mann, sem annaðhvort hefur leyfislaust vikið úr fangelsi eða talið er að hafi rofið skilyrði, er honum hafa verið sett með reynslulausn eða náðun, verði fluttar í lögreglulög, eins og gerð er grein fyrir hér á eftir.

Segja má að þau ákvæði, sem nú er að finna í a- til c-liðum 98. gr. gildandi laga, tengist flest framkvæmd refsinga, fremur en rannsókn eða meðferð sakamála. Á sama hátt og ýmis ákvæði um handtökuheimildir lögreglu, sem ekki tengjast slíkri rannsókn eða málsmeðferð, hafa áður verið flutt í lögreglulög, sbr. nú 1. mgr. 16. gr. þeirra laga, er lagt til að umrædd ákvæði verði færð þangað, sbr. 234. gr. frumvarpsins.

Um 91. gr.

Hér er kveðið á um heimild annarra en lögreglu til handtöku í þágu rannsóknar, svonefnda borgaralega handtöku. Greinin er efnislega samhljóða 2. mgr. 97. gr. gildandi laga og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 92. gr.

Þessi grein, þar sem gert er ráð fyrir að leita megi atbeina dómara til að gefa út handtökuskipun, er sama efnis og 99. gr. gildandi laga. Gert er ráð fyrir að skilyrði 1. mgr. eða 3. mgr. 90. gr. frumvarpsins verði að vera fyrir hendi til þess að dómari megi gefa út slíka handtökuskipun. Þarfnast greinin ekki frekari skýringa.

Um 93. gr.

Greinin lýtur að framkvæmd handtöku og eru 2.–4. mgr. í stórum dráttum eins og 101. gr. núgildandi laga. Sú breyting hefur verið gerð á efnisskipan að ákvæðið í 3. mgr. 101. gr. hefur verið fært í 2. mgr. þar sem það þykir fremur eiga heima.

Ákvæðið í 1. mgr. er hins vegar nýmæli, sem á sér að vísu hliðstæðu í niðurlagi 1. mgr. 28. gr. frumvarpsins, sbr. niðurlag 1. málsl. 1. mgr. 32. gr. gildandi laga. Vegna þess að það ákvæði er takmarkað við handtöku sakbornings og nær því ekki til þess þegar vitni er tekið höndum skv. c-lið 3. mgr. 90. gr. frumvarpsins er mælt almennt fyrir um það hér að sá sem

handtekinn er skuli jafnan upplýstur um ástæður handtöku, enda er engin ástæða til þess að önnur regla gildi um vitni en sakborninga að þessu leyti.

Eðli máls samkvæmt er handtaka fólgin í líkamlegri valdbeitingu eða hótun um að slíku valdi verði beitt. Þrátt fyrir hina almennu meðalhófsreglu, sem m.a. er kveðið á um í 2. mgr. 53. gr. frumvarpsins, þykir af þeirri ástæðu rétt að halda sérákvæðinu í fyrri málslið 2. mgr. þar sem svo er mælt fyrir að við handtöku skuli þess gætt að baka hinum handtekna ekki meiri óþægindi en nauðsyn ber til. Til viðbótar er tekið fram að forðast skuli að valda honum tjóni.

Rétt er að taka fram að í greininni er ekki að finna tæmandi upptalningu á þeim atriðum sem gæta þarf að við handtöku manns og vistun hans uns honum er sleppt eða hann leiddur fyrir dómara skv. 94. gr. frumvarpsins. Þannig á sakborningur, sem handtekinn hefur verið, rétt á að hafa samband við lögmann og eftir atvikum við nánustu vandamenn sína skv. 2. mgr. 28. gr. frumvarpsins. Einnig er lögreglu skylt að verða við ósk hans um að tilnefna honum verjanda skv. 1. mgr. 30. gr. frumvarpsins. Loks má minna á ákvæði VIII. kafla frumvarpsins um skýrslutöku við rannsókn, en þau gilda eftir atvikum þegar skýrsla er tekin af sakborningi sem tekinn hefur verið höndum.

Um 94. gr.

Greinin svarar að nokkru leyti til 102. gr. núgildandi laga þar sem segir að leiða skuli handtekinn mann fyrir dóm „án undandráttar“. Það er sama orðalag og í 3. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. stjórnarskipunarlög, nr. 97/1995. Sú venja hefur hins vegar skapast að maður, sem handtekinn hefur verið í þágu rannsóknar, sé leiddur fyrir dóm innan sólarhrings frá því að hann er sviptur frelsi. Þykir rétt að lögfesta þessa venjuhelguðu reglu, enda gefst lögreglu með þessu móti hæfilegur tími til að ganga úr skugga um hvort ástæða sé til að krefjast gæsluvarðhalds yfir hinum handtekna og ganga frá kröfugerð þar að lútandi. Þó er hugsanlegt að veður, ófærð og aðrar þvílíkar óviðráðanlegar ástæður, svo sem náttúruhamfarir, geti komið í veg fyrir að unnt sé að leiða handtekinn mann fyrir dóm innan sólarhrings. Á það einkum við á landsbyggðinni þar sem sums staðar þarf að fara langan veg á fund dómara. Af þessum sökum er kveðið á um í greininni að við þessar aðstæður skuli sá handtekni leiddur fyrir dómara jafnskjótt og kostur er. Að öðru leyti skýrir þetta ákvæði sig sjálft.

Um XIV. kafla.

Í kaflanum er að finna fyrirmæli um gæsluvarðhald og aðrar sambærilegar ráðstafanir, svo sem vistun á sjúkrahúsi eða viðeigandi stofnun og farbann, sbr. 100. gr., og tryggingu, sbr. 101. gr. Er honum ætlað að koma í stað XIII. kafla núgildandi laga. Gert er ráð fyrir að tekið verði fram berum orðum, svo að það fari ekki á milli mála, að skilyrði gæsluvarðhalds verði að vera fyrir hendi til þess að mæla megi fyrir um vistun eða farbann, sbr. 1. mgr. 100. gr. Ýmsar fleiri breytingar eru ráðgerðar á gildandi lögum, þar á meðal að skilyrði fyrir gæsluvarðhaldi verði hert, sbr. nýmælin í 3. og 4. mgr. 95. gr. Enn fremur að ákvæðum um form gæsluvarðhaldsúrskurðar verði breytt á þann veg að ríkari áhersla sé lögð á það að gæsluvarðhald standi ekki lengur en þörf krefur, sbr. 1. og 2. mgr. 97. gr. Að lokum má nefna að gerð er tillaga um það í b-lið 1. mgr. 99. að þeir, sem sitja í gæsluvarðhaldi, verði aðeins látnir sæta einangrun samkvæmt úrskurði dómara, nema þeir kjósi það sjálfir, sbr. og 2. mgr. 98. gr. Um frekari skýringar á ákvæðum kaflans vísast til athugasemda með einstökum greinum.

Um 95. gr.

Í greininni eru talin upp þau skilyrði sem verða að vera fyrir hendi til þess að maður verði úrskurðaður í gæsluvarðhald. Ákvæði 1. og 2. mgr. eru að mestu leyti samhljóða 103. gr. núgildandi laga þótt orðalagi hafi verið breytt á stöku stað. Ekki verður annað séð en að þessi efnislegu skilyrði fyrir gæsluvarðhaldi hafi í meginatriðum reynst vel, m.a. með hliðsjón af 3. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar og c-lið 1. mgr. 5. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, eins og þau fyrirmæli hafa verið skýrð af dómstólum.

Þriðja málsgrein hefur að geyma ákvæði, sem eru nýmæli í íslenskum lögum, en sækja fyrirmynd sína til 3. mgr. 762. gr. dönsku réttarfarslaganna. Í eðli sínu er gæsluvarðhald fólgið í því að sakaður maður er sviptur frelsi í þágu rannsóknar eða meðferðar sakamáls. Þótt gæsluvarðhaldi verði ekki jafnað til fangelsisrefsingar fyrir brot, sem maður hefur verið sakfelldur fyrir af dómstóli, hefur það engu að síður verið viðhorf löggjafans að gæsluvarðhaldsvist skuli dregin frá fangelsisvist að einhverju eða öllu leyti þegar dómur er upp kveðinn, nema hegðun sakbornings sé um að kenna, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga. Má draga þá ályktun af þessu að forðast beri að svipta mann frelsi til langframa í kjölfar brots, sem hann er talinn hafa framið, nema líklegt sé að hann verði dæmdur til fangelsisrefsingar, þ.e. frelsissviptingar, verði hann á annað borð sakfelldur, vegna þess að annars hefði hann í raun og veru tekið út þyngri refsingu fyrir brotið en lög og lagaframkvæmd segja fyrir um. Samkvæmt meðalhófsreglunni á gæsluvarðhald heldur ekki að standa lengur en þörf krefur.

Til þess að koma í veg fyrir að sakborningur verði sviptur frelsi í þágu rannsóknar eða málsmeðferðar þegar ljóst er að refsing við því broti, sem hann er sakaður um, muni ekki leiða til frelsisskerðingar í formi óskilorðsbundins fangelsis er kveðið á um það í fyrri málslið 3. mgr. að ekki sé heimilt að úrskurða sakborning í gæsluvarðhald ef sýnt þykir að brot muni aðeins varða sektum eða skilorðsbundinni fangelsisrefsingu miðað við allar aðstæður. Þetta ákvæði ber að skilja svo að maður verði ekki látinn sæta gæsluvarðhaldi, þótt rökstuddur grunur leiki á að hann hafi framið brot sem varðar getur fangelsisrefsingu samkvæmt viðeigandi refsiákvæði, ef ljóst er af dómaframkvæmd að refsing sú sem hann kann að hafa unnið til muni ekki fara fram úr sektum eða skilorðsbundnu fangelsi, sé miðað við eðli brotsins, aldur sakbornings og önnur atriði sem áhrif hafa á refsihæðina. Með orðalaginu „ef sýnt þykir“ er átt við að verulegar líkur séu á því þegar úrskurður er upp kveðinn að sakborningur verði ekki dæmdur í óskilorðsbundið fangelsi. Sé svo ekki, t.d. ef rannsókn er nýhafin og málsatvik eru óljós, ber dómara hins vegar að taka afstöðu til kröfu um gæsluvarðhald, óháð þessu ákvæði.

Í samræmi við þau sjónarmið, sem reifuð eru hér að framan, er tekið fram í síðari málslið 3. mgr. að gæta skuli þess eftir föngum að sakborningur verði ekki látinn sæta gæsluvarðhaldi lengur en sýnt þykir að fangelsisrefsing verði dæmd, að teknu tilliti til eðlis brotsins og annarra atriða sem áhrif hafa á refsihæðina. Við mat á því ber m.a. að líta til þess hver verði líkleg fangelsisrefsing miðað við dómaframkvæmd. Um skýringu á ákvæðinu vísast að öðru leyti til þess sem að framan greinir.

Eins og áður segir, á gæsluvarðhald, sem fólgið er í frelsissviptingu, ekki að standa lengur en þörf krefur. Eitt af því sem dregið getur gæsluvarðhald óhóflega á langinn er að rannsókn brots sé ekki fram haldið sem skyldi. Sama á við ef það dregst úr hömlu að taka ákvörðun um saksókn. Í því skyni að setja lögreglu og ákæruvaldi vissar skorður í þessu efni er kveðið á um það í 4. mgr. að ekki verði almennt heimilt að úrskurða sakborning til að sæta gæsluvarðhaldi lengur en í tólf vikur, jafnvel þótt öll skilyrði 1.–3. mgr. séu uppfyllt, ef mál hefur ekki verið höfðað á hendur honum með útgáfu ákæru. Eina undantekningin frá þessari megin-

reglu er að brýnir rannsóknarhagsmunir krefjist þess að sakborningur sitji áfram í gæsluvarðhaldi. Er í því sambandi vísað til a-liðar 1. mgr. Það þýðir að ekki er heimilt að úrskurða mann til að sæta áframhaldandi gæsluvarðhaldi eftir að tólf vikna markinu er náð á grundvelli annarra skilyrða b–d-liða 1. mgr. eða 2. mgr., nema mál hafi verið höfðað gegn sakborningi.

Fimmta málsgrein hefur að geyma nýmæli, en þar er lagt til að ekki megi úrskurða sakborning á aldrinum 15–18 ára í gæsluvarðhald, nema telja megi víst að önnur úrræði, sem vísað er til í 1. mgr. 100. gr. eða mælt er fyrir um í barnaverndarlögum, geti ekki komið í stað þess. Þau úrræði, sem helst kæmu til álita í þessu sambandi fyrir utan farbann eða fyrirmæli um að sakborningur haldi sig á ákveðnum stað, eru vistun á viðeigandi heimili eða stofnun skv. XIII. eða XIV. kafla barnaverndarlaga, nr. 80/2002, eða jafnvel ráðstöfun í fóstur skv. XII. kafla þeirra laga. Markmið þessa ákvæðis er að leitað verði allra tiltækra ráða til að koma í veg fyrir að ungmenni yngri en 18 ára, sem eru ólögráða fyrir æsku sakir, þurfi að sæta gæsluvarðhaldi, enda þótt ekki verði hjá því komist í vissum tilvikum, einkum í þágu rannsóknarhagsmuna skv. a-lið 1. mgr. þessarar greinar.

Um 96. gr.

Greinin er sama efnis og 104. gr. núgildandi laga. Orðalagi hennar hefur hins vegar verið breytt til samræmis við 1. mgr. 49. gr. stjórnarskrárinnar, eins og henni var breytt með stjórnarskipunarlögum, nr. 56/1991.

Um 97. gr.

Í samræmi við fyrirmæli 3. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar segir berum orðum í 1. mgr. að gæsluvarðhald skuli ákveðið með úrskurði dómara, en í 3. mgr. 181. gr. frumvarpsins kemur fram að úrskurður skuli jafnan vera rökstuddur. Eins og í 2. mgr. 105. gr. núgildandi laga, er enn fremur svo fyrir mælt að gæsluvarðhaldi skuli markaður ákveðinn tími í úrskurði dómara og að það verði ekki framlengt nema til komi nýr dómsúrskurður. Þótt það leiði af hinni almennu meðalhófsreglu að sakborningur skuli ekki úrskurðaður í lengra gæsluvarðhald en þörf krefur hverju sinni, miðað við allar aðstæður, er sú regla ekki orðuð í gildandi lögum. Þar eru heldur ekki reistar neinar skorður við því hve langur gæsluvarðhaldstími megi vera samkvæmt úrskurði dómara. Með hliðsjón af 767. gr. dönsku réttarfarslaganna og 185. gr. norsku laganna um meðferð sakamála er lagt til að kveðið verði á um það að þessi tími skuli ávallt vera sem stystur og hann megi ekki vera lengri en fjórar vikur í senn, þannig að framlengja verði gæsluvarðhald með nýjum dómsúrskurði á minnst fjögurra vikna fresti. Með þeim hætti er dregið úr hættu á því að sakaðir menn sæti gæsluvarðhaldi lengur en þörf krefur. Í samræmi við ákvæðið í 4. mgr. 95. gr. frumvarpsins, þar sem segir að almennt verði sakborningur ekki látinn sæta gæsluvarðhaldi í lengri tíma en tólf vikur, nema mál hafi verið höfðað gegn honum, er tekið fram að þetta ákvæði kunni að setja gæsluvarðhaldi enn þrengri tímamörk en fjórar vikur. Ef sakborningur hefur t.d. þegar sætt gæslu í sex vikur kemur ákvæðið þannig almennt í veg fyrir að hann verði úrskurðaður í gæsluvarðhald í lengri tíma en tvær vikur. Í þessu tilviki væri óheimilt að úrskurða sakborning til að sæta gæsluvarðhaldi í fjórar vikur, með því skilyrði að mál gegn honum yrði höfðað innan tveggja vikna. Þess í stað yrði að fara fram á framlengingu gæsluvarðhaldsins með nýjum úrskurði eftir að ákæra hefði verið gefin út og mál þar með höfðað.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um það að gæsluvarðhald skuli ekki vara lengur en þörf krefur, jafnvel þótt sá tími, sem sakborningur hefur verið úrskurðaður til að sæta gæslu, sé ekki liðinn. Þar segir jafnframt, eins og í 2. mgr. 105. gr. gildandi laga, að sá sem krafist hefur

gæsluvarðhalds, þ.e. ákærandi eða lögregla, skuli láta sakborning lausan jafnskjótt og ástæður til gæslu eru ekki lengur fyrir hendi.

Ákvæði 3. mgr. er sama efnis og 106. gr. gildandi laga þótt orðalagi hafi verið breytt til að gera ákvæðið enn skýrara. Ekki ber að skilja ákvæði 2. málsl. 3. mgr. svo að víkja megi frá fyrirmælum 1. mgr. um gæsluvarðhaldstíma í dómsúrskurði þannig að hann má ekki vera lengri en fjórar vikur í senn þótt héraðsdómur hafi gengið í málinu. Verður gæsluvarðhald heldur ekki framlengt meðan á áfrýjunarfresti stendur og meðan mál er til meðferðar fyrir Hæstarétti, nema til komi nýr dómsúrskurður. Gæsluvarðhaldi lýkur hins vegar í síðasta lagi þegar dómur gengur í málinu í Hæstarétti.

Um 98. gr.

Samkvæmt 3. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar skal dómari, áður en sólarhringur er liðinn frá því að sakborningur var leiddur fyrir hann, ákveða með rökstuddum úrskurði hvort hann skuli sæta gæsluvarðhaldi. Fyrsta málsgrein þessarar greinar tekur mið af þessum fyrirmælum stjórnarskrárinnar og leysir af hólmi 3. málsl. 1. mgr. 105. gr. núgildandi laga. Ekki er kveðið frekar á um meðferð gæsluvarðhaldskröfu hér, heldur er það gert í XV. kafla frumvarpsins.

Í Danmörku og Noregi eru það dómendur sem taka afstöðu til kröfu lögreglu og eftir atvikum ákæruvalds um að sakborningur skuli sæta einangrun í gæsluvarðhaldi, auk þess sem frekari skilyrði eru sett fyrir slíkri vistun, sem felur í sér enn meiri skerðingu á frelsi þeirra er henni sæta en gæsluvarðhaldsvist. Einnig liggur fyrir að langvarandi einangrun getur haft alvarlegar og varanlegar afleiðingar á andlega jafnt sem líkamlega heilsu þeirra og mælir það með að settar séu skorður við því hve lengi hún má standa. Á hinn bóginn getur verið nauðsynlegt að halda sakborningum í einangrun í langan tíma í því skyni að upplýsa atvik ef mál er mjög umfangsmikið og rannsókn þess tímafrek.

Með skírskotun til þessa er gert ráð fyrir því í 2. mgr. að dómari taki framvegis afstöðu til kröfu um að sakborningur, sem úrskurðaður er í gæsluvarðhald, skuli jafnframt sæta einangrun og þá hversu lengi hún skuli standa. Dómari skal taka afstöðu til slíkrar kröfu með rökstuddum úrskurði og má að sjálfsögðu gera það um leið og sakborningur er úrskurðaður í gæsluvarðhald. Ella yrði það gert með sérstökum úrskurði. Ef gerð er krafa um það af hálfu sakbornings að réttindi hans skv. c–e-liðum 1. mgr. 99. gr. frumvarpsins skuli haldast óskert, þrátt fyrir gæsluvarðhald og jafnvel einangrun, skal dómari einnig taka afstöðu til þvílíkrar kröfu með rökstuddum úrskurði, sbr. 3. mgr. sömu greinar.

Samkvæmt 2. málsl. 2. mgr. er það sett sem skilyrði fyrir einangrun að hún sé nauðsynleg af tilteknum ástæðum, annaðhvort þeim sem greindar eru í a-lið 1. mgr. 95. gr., þ.e. að ætla megi að sakborningur muni torvelda rannsókn málsins á þann hátt sem þar segir ef hann hefur samskipti við aðra, eða þeim sem fram koma í d-lið sömu málsgreinar, þ.e. að telja megi einangrun nauðsynlega til að verja aðra fyrir árásum sakbornings ellegar hann sjálfan fyrir árásum eða áhrifum annarra. Þá er tekið fram í 3. málsl. að einangrun megi ekki standa samfleytt lengur en í átta vikur nema sá sem henni sætir sé sakaður um brot sem varðað getur að lögum minnst tíu ára fangelsi.

Um 99. gr.

Í 108. gr. núgildandi laga er kveðið á um tilhögun gæsluvarðhalds og er þessi grein efnislega eins og sú grein, með þeim frávikum sem hér greinir.

Í fyrsta lagi hefur b-lið 1. mgr. verið breytt til samræmis við 2. mgr. 98. gr., þar sem segir að dómari skuli ákveða með úrskurði hvort gæsluvarðhaldsfangar skuli sæta einangrun.

Athygli er vakin á því að sú regla, sem er í gildandi lögum, að gæslufangar skuli ekki gegn vilja sínum hafðir með öðrum föngum, helst óbreytt.

Í annan stað hefur síðari málsliður 2. mgr. 108. gr. verið felldur brott þar sem sú heimild, sem ráðherra er þar veitt, þykir of óljós og reyndar óþörf í ljósi fyrri málsliðar málsgreinarinnar.

Í þriðja lagi hefur nýrri málsgrein, 3. mgr., verið skotið inn í greinina og eru þar á ferðinni nýmæli. Ekki er ástæða til að þau réttindi, sem gæsluföngum eru áskilin í c–e-liðum 1. mgr., þ.e. að eiga rétt á heimsóknum, mega senda og taka við bréfum og öðrum skjölum, lesa dagblöð og bækur og fylgjast með hljóðvarpi og sjónvarpi, séu skert, nema nauðsyn beri til í þágu rannsóknar. Treystir það réttaröryggi þeirra sem sæta gæsluvarðhaldi og veitir þeim um leið aðhald sem stýrir rannsókn að unnt sé að fá úrskurð dómara um að óheimilt sé að skerða þessi réttindi, hvort sem er þau öll eða sum þeirra.

Þess skal að lokum getið að skv. 1. mgr. 77. gr. laga nr. 49/2005, um fullnustu refsinga, gilda ákvæði V. kafla laganna um leit, líkamsleit og líkamsrannsókn og VI. kafla þeirra um agabrot og viðurlög við þeim um gæslufanga. Því er óþarft að kveða sérstaklega á um þau atriði í þessari grein.

Um 100. gr.

Í þessari grein er kveðið á um heimild dómara til þess að mæla fyrir um farbann eða vistun sakbornings á sjúkrahúsi eða viðeigandi stofnun í stað þess að úrskurða hann í gæsluvarðhald, sbr. 110. gr. núgildandi laga. Að baki þessu úrræði býr það sjónarmið um meðalhóf að ekki skuli grípa til ráðstöfunar á borð við gæsluvarðhald, sem felur í sér tilfinnanlega skerðingu á persónufrelsi þess er því sætir, ef unnt er að ná sama markmiði með öðru og vægara móti.

Samkvæmt gildandi lögum eru ekki sett nein skilyrði fyrir því að til slíkrar ráðstöfunar sé gripið, sem hér um ræðir, auk þess sem dómarar hafa iðulega mælt fyrir um hana með einfaldri ákvörðun, án rökstuðnings, þrátt fyrir að hún hafi ætíð í för með sér meiri eða minni skerðingu á ferðafrelsi þess er henni sætir. Í 1. mgr. er gert ráð fyrir að sömu skilyrði verði að vera fyrir hendi til þess að ráðstöfun af þessu tagi verði beitt og sett eru fyrir gæsluvarðhaldi í 1. eða 2. mgr. 95. gr. frumvarpsins. Þá er í upphafi 2. mgr. kveðið á um að dómari skuli ávallt mæla fyrir um ráðstöfun á borð við farbann í rökstuddum úrskurði, sbr. 3. mgr. 181. gr. Ekki þarf að marka ráðstöfun ákveðinn tíma, eins og ef um gæsluvarðhald væri að ræða, sbr. 1. mgr. 97. gr. frumvarpsins, en ekkert er því hins vegar til fyrirstöðu að það sé gert. Í 2. mgr. er tekið fram að ráðstöfun skuli ekki vara lengur en þörf krefur og beri þeim, sem krafist hefur hennar eða gæsluvarðhalds yfir sakborningi, ef mælt hefur verið fyrir um ráðstöfun í þess stað, að aflétta henni jafnskjótt og hennar er ekki lengur þörf. Í síðustu tveimur málsliðum 2. mgr. er að finna sams konar reglur um lok ráðstöfunar og gilda um lok gæsluvarðhalds skv. 3. mgr. 97. gr. frumvarpsins.

Í 3. og 4. mgr. er finna nýmæli sem tengjast framkvæmd farbanns og annarra ráðstafana sem þessi grein tekur til. Ekki verður séð að þessi ákvæði þafnist skýringa.

Um 101. gr.

Í 109. gr. núgildandi laga er að finna heimild til handa dómara að ákveða að sakborningur, sem úrskurðaður verður í gæsluvarðhald á grundvelli ákvæðis er svarar til b-liðar 1. mgr. 95. gr. frumvarpsins, haldi frelsi sínu gegn því að hann setji tiltekna fjártryggingu. Þótt þessu úrræði hafi sjaldan, ef nokkurn tíma, verið beitt þykir samt sem áður ekki ástæða til að fella

það brott úr lögum. Greinin er sama efnis og 109. gr. þótt orðalag hennar hafi verið fært til nútímans og um leið gert einfaldara. Þarfnast hún ekki frekari skýringa.

Um XV. kafla.

Í þessum kafla er að finna margvísleg nýmæli, en í núgildandi lögum eru ekki heildstæðar reglur um meðferð þeirra mála sem lúta gagngert að rannsóknaraðgerðum lögreglu eða ákæruvalds. Í 74. gr., 74. gr. a, 75. gr. og 105. gr. laganna er þó að finna stakar reglur um atriði af þessum meiði. Þegar rætt er um rannsóknarmál í skilningi þessa kafla er fyrst og fremst átt við dómsmál sem koma til út af kröfum lögreglu eða ákæranda um heimild til nánar tiltekinna rannsóknaraðgerða eftir ákvæðum 2. þáttar frumvarpsins, en einnig þegar lögð eru fyrir dómara ágreiningsatriði, m.a. ágreiningur um lögmæti rannsóknarathafna, eins og gerð verður frekari grein fyrir í athugasemdum með 102. gr. Um skýringu á efni annarra greina vísast til athugasemda með þeim.

Um 102. gr.

Samkvæmt 1. mgr. er gert ráð fyrir að leggja megi fyrir héraðsdóm kröfu um rannsóknaraðgerð sem atbeina dómara þarf til eftir ákvæðum laga um meðferð sakamála. Slík ákvæði er m.a. að finna í 69. gr. frumvarpsins, þar sem kveðið er á um þörf á úrskurði dómara til að leggja hald á muni, 70. gr. til að skoða efni bréfs, skeytis eða sendingar, 75. gr. til húsleitar, 78. gr. til líkamsleitar og líkamsrannsóknar, 84. gr. til að krefja fjarskiptafyrirtæki um upplýsingar, hlera síma o.fl., 87. gr. til réttarkrufningar og loks 97.–101. gr. þar sem mælt er fyrir um þörf á úrskurði dómara varðandi margvísleg atriði í tengslum við gæsluvarðhald. Með orðalaginu „aðgerð á rannsóknarstigi“ er vísað til þess að hér undir geti, eftir atvikum, fallið aðrar aðgerðir eða athafnir en rannsóknaraðgerðir í þrengri merkingu þess orðs. Sem dæmi má nefna það að lögregla vilji neyta heimildar í 1. mgr. 86. gr., sbr. 128. gr. frumvarpsins til að fá dómkvaddan matsmann á rannsóknarstigi máls. Auk þess er lagt til í síðari málslið 1. mgr. að farið verði með kröfu um skýrslutöku fyrir dómi á rannsóknarstigi skv. 59. gr. frumvarpsins eftir reglum þessa kafla.

Í 2. mgr. er samsvarandi regla og kemur fram í 75. gr. núgildandi laga, en þau ágreiningsatriði, sem þar um ræðir, koma einnig til úrlausnar fyrir héraðsdómi eftir reglum þessa kafla. Um sum atriði, sem eiga undir þessa reglu, eru sérákvæði annars staðar í frumvarpinu, þar á meðal í 69. gr. og 75. gr. um heimild þess sem hald beinist að eða húsleit er gerð hjá til að bera álitaefni varðandi hana undir dóm, svo og í 4. mgr. 31. gr. og 1. mgr. 37. gr. um hluti varðandi sakborning og verjanda hans. Að öðru leyti er í 2. mgr. að finna almenna heimild til að bera undir dóm þau ágreiningsatriði, sem ekki eru sérstök fyrirmæli um annars staðar í frumvarpinu, t.d. varðandi ýmis réttindi sakbornings, verjanda eða lögmanns hans, sem um ræðir í IV. kafla frumvarpsins, ellegar réttindi brotaþola, réttargæslumanns eða lögmanns hans, sbr. V. kafla þess. Í ljósi þess að ákvæði 2. mgr. eiga samsvörun í gildandi lögum er ekki þörf á frekari skýringum á því hvers konar ágreiningsefni geta átt hér undir.

Um 103. gr.

Greinin geymir reglur um það hvað skuli koma fram í kröfu til héraðsdóms um aðgerðir samkvæmt ákvæðum þessa kafla og hvaða gögn þurfi að fylgja henni. Þegar krafa berst dómara markar það upphaf afskipta hans af málinu. Í 74. gr. núgildandi laga eru að nokkru fyrirmæli um hliðstætt efni, en ekki svo nákvæm sem hér er lagt til. Greinin tekur á hinn bóginn að vissu leyti mið af framkvæmd eftir gildandi lögum.

Þó er ástæða til að geta tveggja atriða sem lagt er til að hagað verði á annan veg en gert hefur verið. Annars vegar skal bent á að í niðurlagi 1. mgr. er ráðgert að sá sem beinir kröfu til héraðsdóms verði að geta þess sérstaklega ef hann krefst þess að hún hljóti þar meðferð án þess að sá sem henni er beint gegn verði kvaddur fyrir dóm. Standa þessi fyrirmæli í sambandi við ákvæði 1. mgr. 104. gr. sem vikið verður nánar að hér síðar.

Hins vegar er þess að geta að í 74. gr. gildandi laga er jöfnum höndum heimilað að krafa sé borin fram skriflega eða munnlega á dómþingi. Lagt er til að meginreglan verði sú að krafa sé skrifleg, en í undantekningartilvikum, sem 3. mgr. tekur til, verði heimilt að gera breytingar á henni munnlega fyrir dómi. Er þá haft í huga að á dómþingi gæti risið tilefni til að gera slíkar breytingar vegna upplýsinga, sem þar koma fram, svo sem að krafist yrði farbanns í stað gæsluvarðhalds sem skrifleg krafa hefði verið gerð um. Heimildin í 3. mgr. yrði þó ekki bundin við breytingar, sem horfðu til ívilnunar fyrir þann sem krafa beinist að, heldur yrði hún háð því að tilefni hefði gefist til breytinga á kröfu eftir að henni var komið á framfæri og fyrirliggjandi gögn og rökstuðningur nægðu til að fjalla um hana með áorðnum breytingum. Ef þessum skilyrðum væri ekki fullnægt felst í ákvæðinu ráðagerð um að hefjast yrði handa á nýjan leik með nýrri skriflegri kröfu skv. 1. eða 2. mgr.

Um 104. gr.

Í greininni er að finna fyrirmæli um fyrstu aðgerðir dómara eftir að borist hefur krafa sem sætir meðferð eftir þessum kafla frumvarpsins. Ráðgert er í 1. mgr. að dómari þurfi þegar í byrjun að taka afstöðu til kröfu, sem kann að vera gerð um að farið verði með málið án þess að sakborningi eða þeim, sem rannsóknaraðgerð er ætlað að beinast að, verði gefinn kostur á að mæta fyrir dómi. Krafa sem þessi gæti til dæmis átt rétt á sér þegar krafist væri að dómari gæfi út handtökuskipun, sbr. 92. gr. frumvarpsins, ellegar kvæði upp úrskurð um heimild til húsleitar, sbr. 75. gr., eða símahlerunar, sbr. 84. gr. Í 1. mgr. 104. gr. er miðað við að sú regla gildi að dómari taki afstöðu til kröfu sem þessarar með tilliti til þess hvort sá sem hana gerir hafi fært fram nægileg rök fyrir því að vitneskja sakbornings eða þess sem rannsóknaraðgerð á að beinst að um að hún standi fyrir dyrum geti spillt fyrir rannsókn. Eftir orðalagi ákvæðisins er ætlast til að slík málsmeðferð sé undantekning, en ekki aðalreglan, þótt vissulega sé ljóst að við margs konar rannsóknaraðgerðir hljóti að vera sjálfgefið að fara verði með kröfu á þennan hátt. Slíkt mundi þó eðli máls samkvæmt aldrei geta átt við ef krafa lýtur að því að sakborningur sæti gæsluvarðhaldi eða hann gefi skýrslu fyrir dómi. Ef dómari fellst á að taka kröfu til meðferðar, án þess að sakborningur eða annar hlutaðeigandi verði kvaddur fyrir dóm, ber honum skv. 1. mgr. að kveðja þann sem gerir kröfu um rannsóknaraðgerð til þinghalds svo fljótt sem verða má.

Í 2. mgr. eru fyrirmæli um meðferð kröfu í öðrum tilvikum en 1. mgr. tekur til, þ.e. þegar kveðja ber fleiri fyrir dóm en þann sem hana gerir. Samkvæmt 102. gr. geta kröfur, sem þannig yrði farið með, hvort heldur stafað frá lögreglu eða ákæranda ellegar frá sakborningi eða verjanda, brotaþola eða réttargæslumanni eða öðrum sem hagsmuna eiga að gæta. Eftir orðalagi ákvæðisins yrði dómari að boða gagnaðila þess sem kröfuna gerir til þinghalds, t.d. sakborning eða verjanda hans, ef krafist er gæsluvarðhalds, ellegar lögreglustjóra eða ákæranda ef fram er komin krafa af hálfu sakbornings sem 2. mgr. 102. gr. tekur til. Áður en þetta yrði gert þyrfti dómari þó að gæta að því hvort augljósir annmarkar væri á kröfunni sem valdið gætu frávísun hennar frá dómi, t.d. ef sýnt þætti að ágreiningsatriði gæti ekki sætt meðferð eftir reglum XV. kafla. Ef svo væri yrði dómari að vísa kröfunni þegar í stað frá dómi með úrskurði, án þess að taka hana fyrir á dómþingi. Ljúki máli ekki á þennan hátt mundi

dómari boða til þinghalds, en ekki er gert ráð fyrir að honum yrði skylt að gera það skriflega. Kjósi hann á hinn bóginn að fara þá leið bæri honum að meginreglu að láta afrit af kröfu fylgja boðuninni.

Að öðru leyti verður ekki séð að ákvæði greinarinnar þarfnist sérstakra skýringa.

Um 105. gr.

Hér er kveðið á um fyrstu stigin við meðferð kröfu á dómþingi. Er miðað við að málsmeðferðin verði í meginatriðum munnleg, þannig að röksemdir fyrir kröfu og eftir atvikum gegn henni verði ekki færðar fram skriflega umfram það sem fram kemur í henni sjálfri. Þessu til samræmis er ráðgert að frestir verði almennt ekki veittir við meðferð máls af þessum toga og henni ljúki þannig í einu og sama þinghaldi.

Samkvæmt 2. mgr. ber dómara að taka strax til meðferðar kröfu sem kynni að koma fram um að máli yrði vísað frá dómi. Er ætlast til þess að hann hlýði á munnlega röksemdafærslu aðila um þetta efni, en taki síðan þegar í stað afstöðu til frávísunarkröfunnar, ýmist með því að hafna henni eða taka hana til greina með úrskurði.

Um 106. gr.

Greinin hefur að geyma fyrirmæli um munnlega skýrslugjöf fyrir dómi við meðferð mála samkvæmt þessum kafla frumvarpsins, bæði í tilvikum, þar sem málið lýtur að því einu að taka slíka skýrslu og í tilvikum þar sem skýrslugjafar er annars þörf. Í meginatriðum er ekki ráðgert að skýrslur verði teknar í málum sem þessum nema þegar mál kemur fyrir dóm eftir reglum 59. gr. um skýrslugjöf fyrir dómi á rannsóknarstigi máls, auk mála, þar sem krafist er gæsluvarðhalds og annarra ráðstafana eftir XIII. kafla frumvarpsins, sbr. 1. og 2. mgr. Þó er lagt til að heimilt verði að taka munnlegar skýrslur fyrir dómi þegar öðru vísi stendur á, sbr. 3. mgr., en reikna má með að slíkt heyri til undantekninga.

Í 1. mgr. kemur enn fremur fram að sé tekin skýrsla af sakborningi á rannsóknarstigi skuli hann færður til skýrslutöku af lögreglu hafi hann verið handtekinn eða sæti hann gæsluvarðhaldi. Ella gildi ákvæði 1. og 2. mgr. 120. gr. frumvarpsins um boðun og eftir atvikum kvaðningu sakbornings og vitna til skýrslutöku, svo og ákvæði 121. gr. þess um viðbrögð við því ef sá sem skýrslu á að gefa mætir ekki eða vitni fullnægir annars ekki vitnaskyldu sinni. Um skýringu á þeim ákvæðum vísast til skýringa við þær greinar. Þá er í 2. mgr. ráðgert að sé krafist gæsluvarðhalds eða annarra ráðstafana eftir XIV. kafla frumvarpsins sé sakborningi skylt að mæta fyrir dóm og gefa þar skýrslu, ef lögregla eða ákærandi telur þess þörf. Nauðsynlegt væri að sakborningur kæmi fyrir dóm og gæfi þar skýrslu þegar krafist væri gæsluvarðhalds yfir honum í fyrsta sinn. Hins vegar væri ekki víst að lögregla eða ákærandi teldi þörf á að hann mætti til skýrslutöku ef krafist væri framlengingar á gæsluvarðhaldi, heldur væri nægilegt að verjandi mætti fyrir hans hönd við það tækifæri. Rétt er að taka fram að hér er einungis fjallað um skyldu sakbornings til að mæta og gefa skýrslu fyrir dómi, en hann ætti ávallt rétt til að mæta í þinghald ásamt verjanda sínum, þar sem tekin væri fyrir krafa um gæsluvarðhald og þvílíkar ráðstafanir, og gefa þar skýrslu, sbr. 1. mgr. 113. gr. frumvarpsins.

Að öðru leyti er gert ráð fyrir því í 4. mgr. að um skýrslutöku af sakborningi og vitnum fari eftir almennum reglum XVII. og XVIII. kafla frumvarpsins. Í niðurlagi þess ákvæðis er tekið fram að þær skýrslur, sem eiga undir 1. mgr., skuli teknar upp á myndband eða myndisk, sbr. 3. mgr. 13. gr. frumvarpsins, sé þess kostur. Er þá haft í huga að skýrslur sem þessar yrðu að jafnaði teknar til að tryggja sönnur í eftirfarandi dómsmáli, sem ekki er víst að sami dómari og annaðist skýrslutökuna færi með.

Um 107. gr.

Hér er mælt fyrir um það hvernig dómari skuli ljúka máli sem sætir meðferð eftir þessum kafla frumvarpsins. Snúist málið um það eitt að taka skýrslu á dómþingi eftir ákvæðum 59. gr. lýkur málinu þegar skýrslan hefur verið tekin skv. 1. mgr. 106. gr. Í öðrum tilvikum mundi máli yfirleitt ljúka annaðhvort með úrskurði eða ákvörðun dómara. Er í þeim efnum lagt til að dómari ljúki máli með úrskurði í tvenns konar tilvikum. Annars vegar verði það gert ef önnur ákvæði mæla svo fyrir að úrskurð skuli kveða upp um það atriði sem til úrlausnar er, sbr. m.a. 69., 70., 75., 78., 84., 87. og 97. gr. frumvarpsins. Gildir þá einu hvort ágreiningur hafi staðið um kröfuna. Þetta á við um flestar rannsóknaraðgerðir, sem atbeina dómara þarf til, en frá því eru þó undantekningar, sbr. t.d. 92. gr. frumvarpsins. Hins vegar yrði þörf á úrskurði ef ágreiningur væri uppi varðandi atriði sem heimilt væri að kæra úrlausn um til Hæstaréttar skv. 192. gr. frumvarpsins. Öðrum ágreiningsatriðum gæti dómari á hinn bóginn lokið með ákvörðun sem færð yrði í þingbók. Í niðurlagi þessa ákvæðis er að auki ráðgert að dómari gæti lokið máli með annarri ráðstöfun en úrskurði eða ákvörðun. Með þessu orðalagi er tekið tillit til þess að mál eftir þessum kafla gæti m.a. snúið að því að fá dómkvaddan matsmann og væri þá dómkvaðningin önnur ráðstöfun í þessum skilningi.

Um 3. þátt.

Þessi þáttur frumvarpsins hefur að geyma reglur um sönnun og sönnunargögn á sama hátt og 2. þáttur laga um meðferð einkamála. Leitast hefur verið við að sníða þessi ákvæði eftir samsvarandi ákvæðum í þeim lögum, eftir því sem tök hafa verið á. Frávikin eru samt sem áður nokkur og stafa þau einkum af því að sönnunarreglur eru ekki að öllu leyti þær sömu í sakamálaréttarfari og einkamálaréttarfari. Skiptir þar tvennt mestu máli. Í fyrsta lagi er lögð á það ríkari áhersla í sakamálum en í einkamálum að upplýsa málsatvik til þess að leggja megi eins traustan grundvöll að niðurstöðunni og kostur er. Þannig hvílir sú skylda á dómara að sjá til þess að mál verði upplýst, eftir því sem unnt er, og hann er því hvorki bundinn af samkomulagi eða sammæli aðila um sönnunarfærslu né af staðhæfingum þeirra um málsatvik, á sama hátt og í venjulegum einkamálum. Í öðru lagi gildir sú meginregla í sakamálum að ákæruvaldið ber sönnunarbyrði um sekt ákærða. Þótt reglan um jafnræði aðila fyrir dómi gildi jafnt í sakamálum sem einkamálum verður heldur ekki fram hjá því litið að staða ákærða er frábrugðin þeirri stöðu sem ákæruvaldið hefur. Það stafar ekki aðeins af því að sönnunarbyrðin hvílir á ákæruvaldinu, heldur nýtur ákærði ýmiss réttarfarshagræðis í samanburði við aðila einkamáls og kann jafnframt að þurfa að þola meiri skerðingu á réttindum sínum meðan á málsmeðferð stendur, ekki síst ef hann þarf að sæta gæsluvarðhaldi á þeim tíma.

Reglum um sönnun og sönnunargögn er skipað í einn viðamikinn kafla samkvæmt núgildandi lögum sem telur alls 21 lagagrein. Þótt þessi ákvæði fjalli öll um skyld efni þykir hentugra að skipa þeim í fleiri kafla, ekki síst vegna þess að gert er ráð fyrir að reglur um ýmis efnisatriði verði mun ítarlegri en nú er, þar á meðal reglur um skýrslugjöf ákærða fyrir dómi, matsgerðir og skjöl og önnur sýnileg sönnunargögn. Af þeim sökum er lagt til að efnisskipan þessa þáttar verði með áþekkum hætti og í lögum um meðferð einkamála. Þannig hefur almennum reglum um sönnun verið skipað í XVI. kafla, og síðan er sérstaklega mælt fyrir um skýrslugjöf ákærða fyrir dómi í XVII. kafla, vitni í XVIII. kafla, matsgerðir í XIX. kafla, skjöl og önnur sýnileg sönnunargögn í XX. kafla og loks öflun sönnunargagna fyrir öðrum dómi í XXI. kafla.

Um XVI. kafla.

Eins og heiti kaflans ber með sér hefur hann að geyma almennar reglur um sönnun. Nánar tiltekið er þar mælt fyrir um að sönnunarbyrði í sakamálum hvíli á ákæruvaldinu, sbr. 108. gr., að dómari leggi mat á sönnun, sbr. 109. gr., að aðilar, einkum ákæruvaldið, afli sönnunargagna, sbr. 110. gr., og loks að sönnunarfærsla skuli að meginstefnu vera milliliðalaus, sbr. 111. og 112. gr.

Fyrirmæli 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu um réttláta málsmeðferð hafa verið skýrð á þann veg að sönnunarfærsla í sakamálum skuli að jafnaði vera milliliðalaus. Má segja að milliliðalaus sönnunarfærsla sé tvíþætt. Annars vegar skal dómur reistur á sönnunargögnum, sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi, sbr. 1. mgr. 111. gr., og hins vegar er gert ráð fyrir að sönnunargagna sé aflað og þau lögð fyrir þann dómara sem fer með málið og leggur að lokum dóm á það, sbr. fyrri málslið 1. mgr. 112. gr. Sérstaklega er lögð áhersla á að sá dómari, sem hlýtt hefur á framburð ákærða, brotaþola og annarra vitna og jafnframt átt þess kost að leggja fyrir þau spurningar, kveði upp efnisdóm í málinu þar sem m.a. er tekin afstaða til sönnunargildis framburðarins. Er leitast við að tryggja þetta, eftir því sem kostur er, með ákvæðunum í fyrri málslið 1. mgr. og 2. mgr. 112. gr., en sambærileg ákvæði eru ekki til staðar í núgildandi lögum um meðferð opinberra mála.

Um 108. gr.

Sú meginregla að ákæruvaldið beri sönnunarbyrðina í sakamálum er fólgin í fyrirmælum 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar um að hver sá sem er borinn sökum um refsiverða háttsemi, skuli talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð, sbr. og 2. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Greinin er samhljóða 45. gr. núgildandi laga, að öðru leyti en því að lagt er til að orðið „ákærði“ komi í stað „sakbornings“ vegna þess að verið er að vísa til sönnunarfærslu fyrir dómi, eftir að ákæra hefur verið gefin út. Þarfnast hún ekki frekari skýringa.

Um 109. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um sönnunarmat dómara og er hún samhljóða 46. gr. núgildandi laga. Dómari hefur óbundnar hendur þegar hann leggur mat á sönnun og er óþarft að hafa hér fyrirvara, eins og gert er í 1. mgr. 44. gr. laga um meðferð einkamála, um að þetta sé háð því að fyrirmæli laga bindi hann ekki sérstaklega í þeim efnum.

Óbein sönnun er fólgin í því að ályktað sé frá sönnunargögnum, sem varða ekki beint það atriði er sanna skal, um það hvað gerst hafi. Sem dæmi má nefna skýrslu vitnis sem ekki hefur skynjað verknað af eigin raun. Þótt slík sönnunargögn hafi að öðru jöfnu ekki eins ríkt sönnunargildi og þau sem varða beinlínis það atriði er sanna skal hefur verið talið leyfilegt að líta til þeirra, jafnt í sakamálum sem einkamálum, sér í lagi ef öðrum sönnunargögnum er ekki til að dreifa eða þau eru talin ófullnægjandi. Í 2. mgr. er lagt til að tekið sé af skarið um þetta, að því er sakamál varðar, eins og gert er í 47. gr. gildandi laga.

Þriðja málsgrein er samhljóða 3. mgr. 44. gr. laga um meðferð einkamála. Þessi regla hefur verið talin gilda í sakamálum þótt hana hafi hingað til ekki verið að finna í lögum um meðferð opinberra mála. Með þessu er lagt til að bætt verði úr því. Í 2. mgr. 44. gr. einkamálalaga segir að sá sem ber fyrir sig venju eða erlenda réttarreglu verði að leiða tilvist og efni hennar í ljós. Þótt sú regla sé sjálfsögð í einkamálum, þar sem aðilar fara almennt með óskorað forræði á sakarefninu og sönnunarfærslu, gildir ekki það sama um sakamál. Vegna meginreglunnar, sem fram kemur í 108. gr. frumvarpsins, um að sönnunarbyrðin hvíli á

ákæruvaldinu og með hliðsjón af þeirri hlutlægnisskyldu, sem á því hvílir, sbr. 3. mgr. 18. gr. frumvarpsins, er það yfirleitt hlutverk ákæranda að leiða í ljós tilvist og efni erlendra réttarreglna jafnt sem réttarvenja. Í undantekningartilvikum getur þó verið eðlilegra að ákærði eða verjandi hans afli gagna um tilvist og efni slíkra réttarreglna ef þeim er ætlað að leiða í ljós atvik sem eru ákærða sérstaklega í hag. Einnig skiptir máli í þessu sambandi að í sakamálum hvílir sú skylda á dómara að leiða hið sanna í ljós og verður hann því að sannreyna efni umræddra réttarreglna sem málsúrslit kunna að velta á.

Um 110. gr.

Það tíðkast ekki lengur í sakamálum að dómarar afli sönnunargagna, heldur er það fyrst og fremst hlutverk ákæranda, sem handhafa ákæruvaldsins, að gera það, sbr. meginreglu 108. gr. frumvarpsins um að sönnunarbyrðin hvíli á ákæruvaldinu. Er gerð tillaga um að þessi meginregla verði fest í lög, sbr. upphaf 1. mgr. þessarar greinar. Enn fremur hefur ákærði eða verjandi, fyrir hans hönd, ótvíræðan rétt til að afla sönnunargagna á eigin spýtur. Sá réttur er m.a. leiddur af fyrirmælum 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. og d-lið 3. mgr. þeirrar greinar. Er kveðið á um þennan rétt í niðurlagi 1. mgr. Þó skal tekið fram að dómari getur ekki beint því til ákærða að afla sönnunargagna um tiltekin atriði, þar sem á honum hvílir engin skylda til að aðstoða við að upplýsa málið.

Ákvæði 2. og 3. mgr. eru í meginatriðum sama efnis og 2. og 3. mgr. 46. gr. laga um meðferð einkamála, sbr. og 3. og 4. mgr. 128. gr. laga um meðferð opinberra mála. Þó er sá munur á orðalaginu í 2. mgr. að hér er gert ráð fyrir að dómari geti ekki einungis beint því til ákæranda að afla gagna „til skýringar á máli“, eins og segir í lögum um meðferð einkamála, heldur einnig „til að upplýsa mál“. Með þessu er lögð áhersla á þá skyldu dómara í sakamáli að leitast við upplýsa málið, þ.e. leiða hið sanna í ljós, eftir því sem kostur er. Í flestum tilvikum væri eðlilegt að ákærandi færi að tilmælum dómara um að afla frekari gagna, ekki síst ef um væri að ræða mikilsverð gögn sem gætu leitt sakleysi ákærða í ljós, sbr. 3. mgr. 18. gr. frumvarpsins. Ella kynni sök ákærða að reynast ósönnuð sem mundi leiða til sýknu, sbr. 108. gr. frumvarpsins.

Um 111. gr.

Í samræmi við meginregluna um milliliðalausa sönnunarfærslu, sem áður er minnst á, er í greininni, sem er nánast samhljóða 48. gr. núgildandi laga, kveðið á um það í 1. mgr. að dómur skuli reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi. Í 2. og 3. mgr. þessarar greinar er síðan að finna undantekningar frá þeirri meginreglu sem fram kemur í 1. mgr.

Ákvæðið í 3. mgr. var skýrt svo í athugasemdum með frumvarpi til laga nr. 19/1991 að það ætti við ef vitni, sem gefið hefði skýrslu hjá lögreglu eða öðrum rannsóknaraðila, væri látið eða þess væri annars enginn kostur að ná til þess. Hæstiréttur hefur litið svo á að orðalagið „þess er ekki kostur“ geti tekið til þess þegar vitni er svo alvarlega veikt að það gæti stofnað heilsu þess í hættu að koma fyrir dóm til skýrslugjafar, sbr. H 1999, 2147. Einnig gæti orðalagið átt við það ef vitni væri horfið og ekki væri vitað hvar það væri niður komið eða það neitaði að gefa skýrslu fyrir dómi skv. 117. gr. frumvarpsins. Framburður vitnis, sem hefur gefið skýrslu hjá lögreglu eða öðrum stjórnvöldum, án þess að það hafi komið síðar fyrir dóm, hefur þó sjaldnast jafnríkt sönnunargildi og ella væri. Í því efni skiptir m.a. máli hvort skýrsla vitnis hafi verið tekin á myndband eða mynddisk, svo og hvort verjandi hafi verið viðstaddur skýrslutöku.

Um 112. gr.

Eins og áður segir, er í 1. mgr. lagt til að mælt verði fyrir um það, með áþekkum hætti og í 1. mgr. 47. gr. laga um meðferð einkamála, að öflun sönnunargagna skuli að jafnaði fara fram fyrir þeim dómara sem fer með málið og kveður upp dóm í því.

Í 2. mgr., sem er nýmæli, er ráðgert að sérstaklega verði kveðið á um það að leitast skuli við að fylgja meginreglunni í 1. mgr. þegar skýrsla er tekin á rannsóknarstigi af sakborningi, brotaþola eða vitni skv. 1. mgr. 59. gr. frumvarpsins. Með því er gert ráð fyrir að séð verði til þess af hálfu dómstjóra við hlutaðeigandi héraðsdómstól að sá dómari, sem stýrir þinghaldi þar sem skýrslutaka fer fram samkvæmt umræddu ákvæði, fari eftirleiðis með málið, eftir atvikum sem dómsformaður. Þetta ætti m.a. að tryggja að í flestum tilvikum hefði dómsformaður í fjölskipuðum dómi í kynferðisbrotamáli, þar sem brotaþoli er yngri en 18 ára, hlýtt á framburð brotaþolans og átt þess kost að leggja fyrir hann spurningar þótt brotaþolinn komi ekki fyrir dóm við aðalmeðferð málsins, sbr. lokamálslið 2. mgr. 111. gr. frumvarpsins. Rétt er að vekja athygli á að ákvæði 2. mgr. tekur ekki til þess þegar skýrsla er tekin af sakborningi í öðrum tilvikum en þeim sem b-liður 1. mgr. 59. gr. tekur til, t.d. þegar þess er krafist að hann verði úrskurðaður í gæsluvarðhald, sbr. 2. mgr. 106. gr. frumvarpsins.

Með fyrri málslið 1. mgr. og 2. mgr. þessarar greinar er stefnt að því að sönnunarfærsla verði milliliðalaus í fleiri tilvikum en verið hefur, ýmist að öllu leyti eða að hluta. Slíkt stuðlar ekki aðeins að vandaðri málsmeðferð, heldur eykur það líkur á að niðurstaða um sekt eða sýknu ákærða verði efnislega rétt. Jafnframt er með nýmælinu í 2. mgr. reynt að búa svo um hnúta að brotaþolar, sem ungir eru að árum, þurfi í sem fæstum tilvikum að mæta til skýrslugjafar við meðferð máls fyrir dómi, heldur nægi að þeir gefi skýrslu fyrir dómi á rannsóknarstigi skv. 1. mgr. 59. gr., eins og gert er ráð fyrir í lokamálslið 2. mgr. 111. gr. frumvarpsins.

Um XVII. kafla.

Í núgildandi lögum um meðferð opinberra mála er ekki að finna sérreglur um skýrslugjöf ákærða fyrir dómi, heldur hefur í framkvæmd verið stuðst við reglur, sem miðaðar eru við skýrslugjöf sakbornings hjá lögreglu, sbr. t.d. 3. mgr. 32. gr. og 1. mgr. 33. gr. laganna, svo og við reglur um skýrslugjöf vitna fyrir dómi, sbr. 59. gr. þeirra. Þar eð því verður ekki að öllu leyti jafnað saman, þegar sakborningur gefur skýrslu hjá lögreglu annars vegar og fyrir dómi hins vegar, hefur verið tekinn sá kostur við gerð þessa frumvarps að kveða sérstaklega á um skýrslugjöf sakbornings hjá lögreglu, sbr. einkum 63. og 64. gr. frumvarpsins, og skýrslugjöf hans fyrir dómi, svo sem gert er í þessum kafla.

Fyrstu tvær greinarnar, 113. og 114. gr., hafa einkum að geyma ákvæði sem eiga sérstaklega við um skýrslugjöf ákærða og eru frábrugðin þeim reglum er gilda um skýrslugjöf vitna fyrir dómi. Í 3. mgr. 114. gr. er síðan gert ráð fyrir að um framkvæmd skýrslugjafar ákærða fari að öðru leyti eftir ákvæðum 2. og 3. mgr. 122. gr. frumvarpsins um skýrslugjöf vitna, eftir því sem við getur átt.

Þessi kafli er miðaður við það þegar ákærði gefur skýrslu fyrir dómi, eftir að ákæra hefur verið gefin út, hvort sem er við þingfestingu máls eða þegar hann kemur fyrst fyrir dóm eftir þingfestingu, sbr. 1. mgr. 163. gr. frumvarpsins, ellegar síðar, þar á meðal við aðalmeðferð málsins, sbr. 5. mgr. 165. gr. og 2. mgr. 166. gr. frumvarpsins. Af þeim sökum er hér notað heitið ákærði um hinn sakaða mann. Hins vegar gilda sömu reglur um skýrslugjöf sakbornings fyrir dómi á rannsóknarstigi og hér er kveðið á um, eins og tekið er fram í 4. mgr. 106. gr. frumvarpsins.

Um 113. gr.

Ákærði hefur ótvíræðan rétt til að mæta fyrir dóm og gefa þar skýrslu. Sá réttur byggist m.a. á jafnræði aðila fyrir dómi, sem er þáttur í réttlátri málsmeðferð skv. 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. og b-lið 3. mgr. þeirrar greinar. Er lagt til að þetta verði áréttað í 1. mgr. þar sem segir að ákærða sé rétt að gefa skýrslu fyrir dómi eftir að mál hefur verið höfðað gegn honum og meðan á rannsókn þess stendur ef tilefni gefst.

Í samræmi við 4. mgr. 32. gr. og 127. gr. núgildandi laga er jafnframt ráðgert að kveðið verði á um það í 1. mgr. að ákærða sé skylt að koma fyrir dóm til að gefa skýrslu eftir að mál hefur verið höfðað. Ef þess er krafist að sakborningur verði úrskurðaður í gæsluvarðhald eða beittur öðrum ráðstöfunum skv. XIV. kafla frumvarpsins er honum eftir 2. mgr. 106. gr. skylt að mæta fyrir dóm í sama skyni, ef lögreglustjóri eða ákærandi telur þess þörf. Þá er sakborningi sömuleiðis skylt samkvæmt kröfu lögreglu að koma fyrir dóm til að gefa skýrslu á rannsóknarstigi ef svo stendur á sem í b-lið 1. mgr. 59. gr. og 2. mgr. 106. gr. segir.

Önnur málsgrein hefur að geyma sömu reglu og er að finna í 3. mgr. 32. gr. gildandi laga, sbr. og 2. mgr. 64. gr. frumvarpsins. Í síðari málslið hennar er lagt til að tekið sé fram, til þess að taka af öll tvímæli, að ákærði geti notfært sér rétt sinn til að neita að svara spurningum um sakargiftir með því annaðhvort að neita alveg að gefa skýrslu um sakarefnið eða neita að svara einstökum spurningum sem fyrir hann eru lagðar og varða refsiverða hegðun sem honum er gefin að sök.

Í 3. mgr. er ráðgert, með áþekkum hætti og nú er gert í 127. gr. gildandi laga, að mæti ákærði ekki til skýrslutöku, án þess að um lögmæt forföll sé að ræða af hans hálfu, geti ákærandi lagt fyrir lögreglu að sækja hann eða færa hann síðar fyrir dóm ef ákveðið hefur verið að hann gefi skýrslu í nýju þinghaldi. Er lögreglu skylt að verða við þessum tilmælum með því eftir atvikum að handtaka ákærða skv. c-lið 90. gr. frumvarpsins og færa hann til skýrslutöku með valdi, sbr. og 162. gr.

Á sama hátt og í 4. mgr. 48. gr. laga um meðferð einkamála er kveðið á um það í 4. mgr. að sömu reglur skuli gilda um skýrslugjöf fyrirsvarsmanns ákærða fyrir dómi og hann sjálfan. Á þetta jöfnum höndum við lögráðamann ákærða og fyrirsvarsmann lögaðila sem ákærður hefur verið í sakamáli.

Um 114. gr.

Fyrsta málsgrein er efnislega eins og síðari málsliður 3. mgr. 32. gr. og 1. mgr. 33. gr. núgildandi laga. Þó er ekki gert ráð fyrir að ákærði sé spurður um stöðu, sem hann gegnir, sbr. og 1. mgr. 63. gr. frumvarpsins. Í niðurlagi málsgreinarinnar er lagt til að svo verði fyrir mælt að dómari skuli bjóða ákærða að tjá sig sjálfstætt um málsatvik og gefa síðan málflytjendum kost á að leggja spurningar fyrir hann. Eftir sem áður er gengið út frá því að dómari stýri skýrslutöku af ákærða á sama hátt og skýrslutöku af vitni, þar á meðal getur hann sjálfur lagt spurningar fyrir ákærða, sbr. 2. mgr. 122. gr. frumvarpsins, sbr. 3. mgr. þessarar greinar.

Af 2. mgr. leiðir að ekki er gert ráð fyrir að vitni hlýði á skýrslugjöf ákærða. Séu fleiri en einn ákærðir í sama máli er ráðgert að hömlur verði almennt ekki lagðar við því að þeir hlusti hver á framburð annars, en dómari gæti þó ákveðið að víkja frá því ef ástæða þætti til. Í 2. mgr. er gengið út frá því að ákærði eða ákærðu geti hlýtt á framburð vitna í málinu, sbr. fyrirmæli d-liðar 3. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu um að sakaður maður skuli fá að spyrja eða láta spyrja vitni sem leidd eru gegn honum. Því aðeins er heimilt að víkja frá þeirri reglu að svo standi á sem í 123. gr. frumvarpsins segir.

Að öðru leyti en fram kemur í 1. og 2. mgr. er lagt til í 3. mgr. að farið sé eftir ákvæðum 2. og 3. mgr. 122. gr. frumvarpsins við skýrslugjöf ákærða fyrir dómi, eftir því sem við getur átt. Af því leiðir m.a. að hafi ákærði áður gefið skýrslu í málinu hjá lögreglu kynnir dómari honum ekki þá skýrslu fyrr en dómaranum þykir þess þörf til skýringar eða leiðréttingar skýrslu ákærða fyrir dómi, sbr. 3. mgr. 122. gr.

Um 115. gr.

Vegna þess hve framburður ákærða er mikilvægt sönnunargagn í sakamálum þykir rétt að kveða sérstaklega á um mat dómara á sönnunargildi þess framburðar á sama hátt og mat dómara á sönnunargildi vitnisburðar, sbr. 126. gr. frumvarpsins, en að þessu er óbeint vikið í 46. gr. núgildandi laga. Við samningu þessarar greinar var m.a. stuðst við 59. gr. laga um meðferð einkamála.

Eitt af því sem kann að draga úr trúverðugleika framburðar ákærða er hegðun hans við skýrslugjöf, þar á meðal viðbrögð hans við spurningum, sem til hans er beint, t.d. ef hann neitar að tjá sig um málsatvik, án þess að eðlileg skýring búi þar að baki, önnur en sú að hann vilji halda leyndri vitneskju sinni um þau. Undir þessum kringumstæðum væri dómara eftir atvikum rétt að vekja athygli ákærða á því, við skýrslutöku, að þögn hans kunni að verða skýrð honum í óhag. Þá getur það gert framburð ákærða ótrúverðugan ef hann reynist óstöðugur í framburðinum, t.d. ef hann ber allt annað fyrir dómi en hann hefur áður gert hjá lögreglu, án þess að viðhlítandi skýring komi fram á því.

Um XVIII. kafla.

Í þessum kafla er að finna reglur um vitni og skýrslugjöf þeirra fyrir dómi. Í samræmi við það, sem áður er komið fram er gerð tillaga um að ákvæðin taki mið af sambærilegum kafla í lögum um meðferð einkamála, sbr. VIII. kafla þeirra. Vegna þess að sakamálum verður ekki að öllu leyti jafnað til einkamála er hins vegar óhjákvæmilegt að efni sumra af þessum ákvæðum sé skipað á annan veg. Á það t.d. við um hið almenna ákvæði um vitnaskyldu skv. 1. mgr. 116. gr., heimild vitnis til að svara spurningum fyrir dómi, sbr. einkum 2. og 3. mgr. 119. gr., það hvernig vitni er boðað á dómþing og eftir atvikum kvatt fyrir dóm með formlegum hætti, sbr. 120. gr. og 1. mgr. 121. gr., og ýmis atriði er varða skýrslugjöf vitnis fyrir dómi, sbr. 122. gr. Þá á 123. gr. sér ekki hliðstæðu í lögum um meðferð einkamála, en þar er dómara í undantekningartilvikum veitt heimild til að ákveða að ákærða, og jafnvel einnig ákæranda og verjanda, sbr. 2. mgr. 123. gr., skuli vikið úr þinghaldi meðan skýrsla er tekin af vitni, sbr. hins vegar 6. og 7. mgr. 59. gr. laga um meðferð opinberra mála. Verður gerð frekari grein fyrir þessum ákvæðum, svo og öðrum, í athugasemdum með einstökum greinum.

Rétt er að vekja athygli á að skv. 1. og 2. mgr. 181. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því sem meginreglu að dómari taki afstöðu til atriða, sem varða rekstur sakamáls, með einfaldri ákvörðun, nema ágreiningur sé uppi um atriði sem kæra má til Hæstaréttar eða skylt sé að ráða þeim til lykta með úrskurði samkvæmt sérstökum fyrirmælum í frumvarpinu. Af þessum sökum er óþarft að mæla fyrir um það, eins og nú er gert í 2. mgr. 55. gr. og 2. mgr. 61. gr. gildandi laga, að tilteknar ákvarðanir, sem varða vitni, skuli vera í formi úrskurðar vegna þess að það ræðst, eins og áður segir, fyrst og fremst af því hvort ágreiningur er uppi um það atriði, t.d. milli vitnis og annars hvors málsaðila. Þó þykir óhjákvæmilegt að kveða á um það að sinni vitni, sem kemur fyrir dóm, ekki vitnaskyldu sinni og telji dómari ástæðu til að knýja það til þess með dagsektum skuli það gert með úrskurði, sbr. 2. mgr. 121. gr.

Um 116. gr.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um hina almennu skyldu manns til að koma fyrir dóm sem vitni og svara spurningum sem er beint til hans um málsatvik. Er lagt til að fyrri málsliður verði eins orðaður og 1. mgr. 51. gr. laga um meðferð einkamála, að öðru leyti en því að ákærði komi í stað aðila máls. Þótt 1. mgr. 49. gr. laga um meðferð opinberra mála sé öðru vísi orðuð en tilvitnað ákvæði í lögum um meðferð einkamála hefur Hæstiréttur skýrt 1. mgr. 49. gr. á þann veg að sama regla eigi við í þeim málum og í einkamálum um að maður verði því aðeins kvaddur fyrir dóm sem vitni að hann geti borið um málsatvik sem hann hafi skynjað af eigin raun. Af því leiðir að maður verður ekki leiddur sem vitni í sakamáli til að svara spurningum um sérfræðileg atriði, nema hann hafi verið dómkvaddur sem matsmaður í málinu.

Í samræmi við dómaframkvæmd er lagt til að frá þessari meginreglu verði gerð undantekning þegar um er að ræða þann sem veitt hafa ákæruvaldi eða lögreglu sérfræðilega aðstoð eða ráðgjöf, annaðhvort við rannsókn máls eða ákvörðun um saksókn áður en mál er höfðað. Þannig er gert ráð fyrir því í síðari málslið 1. mgr. að sérfræðingi, sem veitt hefur slíka aðstoð eða ráðgjöf, verði skylt að koma fyrir dóm sem vitni til að svara munnlega spurningum sem beint kann að verða til hans um sérfræðileg atriði. Ef ákærandi teldi nauðsynlegt að kveðja sérfræðing til vitnisburðar eftir að mál er komið fyrir dóm til að upplýsa það enn frekar, yrði hann, eins og ákærði, að fara fram á að sá maður yrði dómkvaddur sem matsmaður skv. 128. gr. frumvarpsins. Samkvæmt 132. gr. frumvarpsins ber matsmanni að koma fyrir dóm til að gefa skýrslu til skýringar og staðfestingar á mati og um atriði sem tengjast því.

Ákvæði 2.–4. mgr. eru nánast eins og 2.–4. mgr. 51. gr. laga um meðferð einkamála. Í síðari málslið 2. mgr. er þó lagt til að orðalagi verði hagað þannig að dómari skuli meta það með hliðsjón af atvikum hverju sinni, hvort mönnum „sem eru andlega vanheilir“ verði gert skylt að gefa skýrslu fyrir dómi sem vitni, í stað þess að vísa til geðveikra manna og þroskaheftra í þessu sambandi. Rétt er að taka fram að 2. mgr. nær til brotaþola, eftir því sem við getur átt, enda er litið á hann sem vitni, sbr. 5. mgr. 39. gr. frumvarpsins. Í samræmi við dómaframkvæmd er enn fremur gerð tillaga um að tekið verði fram í niðurlagi 4. mgr., sem er sama efnis og 3. mgr. 49. gr. gildandi laga um meðferð opinberra mála, að þeirri heimild, sem þar er að finna, verði ekki beitt ef ætla má að úrslit máls geti ráðist af framburði þess vitnis sem skýrslu gefur. Þar sem hér er um að ræða frávik frá meginreglunni um milliliðalausa sönnunarfærslu ber að skýra það þröngt, eins og gert hefur verið í dómaframkvæmd.

Ákvæði 5. mgr. er í flestum atriðum sama efnis og 4. mgr. 49. gr. gildandi laga. Samkvæmt því getur dómari lagt fyrir vitni að hafa með sér gögn til sýningar fyrir dómi eða að gera útdrátt úr tilteknum atriðum í bókum sínum, skjölum og öðrum munum til skýringar á málsatvikum. Eins og í 4. mgr. 49. gr. er gert ráð fyrir að dómari geti gert þetta, hvort sem er að eigin frumkvæði eða eftir kröfu aðila, enda hvílir ríkari skylda á dómara í sakamáli en í einkamáli að sjá til þess að mál verði upplýst. Á hinn bóginn er lagt til, á sama hátt og í 5. mgr. 51. gr. laga um meðferð einkamála, að dómari geti einungis lagt þessa skyldu á vitnið, svo að þýðingu hafi að lögum, í formlegri kvaðningu til þess skv. 2. mgr. 120. gr. frumvarpsins. Ef vitnið sinnir ekki þessari skyldu, þrátt fyrir kvaðningu, getur dómari gert því dagsektir að kröfu aðila skv. 2. mgr. 121. gr. Orðalag þessarar málsgreinar hefur annars verið fært til sama horfs og í 5. mgr. 51. gr. laga um meðferð einkamála.

Um 117. gr.

Í 1. og 2. mgr. er kveðið á um heimild nánustu vandamanna ákærða og þeirra sem eru honum sérstaklega nákomnir til að skorast undan vitnaskyldu. Lagt er til að ákvæðin verði

eins orðuð og 1. og 2. mgr. 52. gr. laga um meðferð einkamála, að öðru leyti en því að ákærði kemur í stað aðila máls. Samsvarandi ákvæði er að finna í 50. gr. laga um meðferð opinberra mála og þykir rétt að nefna í dæmaskyni, eins og gert er í 2. mgr. þeirrar greinar, þá sem geta talist nákomnir ákærða í skilningi málsgreinarinnar, svo sem „fósturforeldri eða fósturbarn, sambúðarkonu eða sambúðarmann, unnustu eða unnusta“. Eins og orðalagið ber með sér er þessi upptalning hins vegar ekki tæmandi þar sem til greina gæti komið að fella aðra undir það, t.d. fóstur- eða stjúpsystkini ef samband þeirra og ákærða virðist vera mjög náið.

Í 1. og 2. mgr. er mælt fyrir um heimild manna til að skorast undan því að gefa vitnaskýrslu að öllu leyti eða einhverju, en ekki aðeins að svara spurningum um einstök atriði, sbr. hins vegar 118. og 119. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt a-lið 1. mgr. 55. gr. gildandi laga er verjanda óheimilt að svara spurningum, án leyfis ákærða, um það sem hann hefur trúað verjandanum fyrir um málsatvik eftir að hann hefur tekið að sér vörn hans. Vegna hinnar ríku trúnaðar- og þagnarskyldu, sem hvílir á verjanda gagnvart skjólstæðingi sínum skv. 1. og 3. mgr. 41. gr. gildandi laga og 35. gr. frumvarpsins, og einnig sökum stöðu hans sem málflytjanda er lagt til að honum verði með öllu óheimilt að bera vitni í máli skjólstæðings síns, nema með leyfi ákærða, t.d. í því tilviki að hann telji að sá vitnisburður geti orðið sér til hagsbóta í málinu. Þar af leiðandi þykir rétt að taka þetta ákvæði í 3. mgr. þessarar greinar vegna þess að hér er ekki einungis lagt bann við því að verjandi svari spurningum um tiltekin atriði, heldur að hann beri vitni í máli skjólstæðings síns án leyfis hans.

Af sömu ástæðu er gerð tillaga um að í 4. mgr. verði skipað ákvæði sem nú er að finna í 52. gr. laga um meðferð opinberra mála og 5. mgr. 52. gr. laga um meðferð einkamála. Samkvæmt því er embættis- og sýslunarmönnum ekki skylt að koma fyrir dóm til að vitna um atvik, sem hafa gerst í embætti þeirra eða sýslan ef þau má leiða nægilega í ljós með vottorði úr embættisbók eða öðru opinberu skjali. Það hugtak er skilgreint svo í 1. mgr. 71. gr. laga um meðferð einkamála að opinber séu „þau skjöl sem embættis- eða sýslunarmenn gefa út í embættisnafni um það sem gerist í embætti þeirra eða sýslan“.

Um 118. gr.

Samkvæmt 1. mgr. er gert ráð fyrir að vitni geti skorast undan því að svara spurningu ef ætla má að í svari þess geti falist játning eða bending um að það eða aðrir þeir, sem vísað er til í 1. og 2. mgr. 117. gr., hafi framið refsiverðan verknað, sömuleiðis ef ætla má að í svari vitnisins geti falist atriði sem valdi því eða öðrum nánum vandamönnum þess eða nákomnum siðferðislegum hnekki eða tilfinnanlegu fjárhagstjóni. Áþekka reglu er nú að finna í 51. gr. laga um meðferð opinberra mála, en lagt er til að orðalagið verði fært til sama horfs og í 3. mgr. 52. gr. laga um meðferð einkamála. Með því móti er ákvæðið rýmkað frá því sem nú er, þar sem ráðgert er að vitni í sakamáli geti skorast undan því að svara spurningu ef ætla má að í svari þess geti falist atriði sem valdi því eða öðrum nánum vandamönnum þess eða nákomnum tilfinnanlegu fjártjóni, t.d. bakað þeim skaðabótaskyldu, án þess að um sé að ræða refsiverðan verknað.

Önnur málsgrein hefur að geyma ákvæði sem nú er að finna í 4. mgr. 52. gr. laga um meðferð einkamála, en hliðstætt ákvæði er í 2. mgr. 53. gr. laga um meðferð opinberra mála. Lagt er til að dómari geti undanþegið vitni frá því að upplýsa um viðskiptaleyndarmál eða önnur þau leyndarmál, sem þar er vísað til, ef hann telur hagsmuni vitnisins af leyndinni verulega ríkari en þá hagsmuni sem tengjast vitnisburði þess. Það hagsmunamat dómara mundi ráðast af atvikum, m.a. af því hversu alvarlegt brot ákærða væri gefið að sök.

Um 119. gr.

Hér er kveðið á um það að vitni sé óheimilt við þær aðstæður, sem nánar er lýst í 1. og 2. mgr., að svara spurningum um tiltekin atriði vegna þagnarskyldu sem á því hvílir. Þar af leiðandi getur sá sem er í fyrirsvari fyrir opinbera hagsmuni eða þagnarskyldu er ætlað að vernda, þegar um er að ræða einkahagsmuni, leyst vitnið undan þeirri skyldu og leyft til að svara slíkum spurningum.

Leitast hefur verið við að samræma reglur um það hvenær vitni er óheimilt að svara spurningum af fyrrgreindum ástæðum samsvarandi ákvæðum í lögum um meðferð einkamála. Þó verður ávallt við útfærslu reglna af þessu tagi, sem gilda um sakamál, að gæta að þeirri meginreglu sakamálaréttarfars að leiða beri hið sanna í ljós, eftir því sem kostur er. Samkvæmt því hljóta öll frávik frá vitnaskyldu að vera þrengri þegar um er að ræða sakamál en einkamál.

Fyrsta málsgrein er samhljóða 1. mgr. 53. gr. laga um meðferð einkamála og á sér einnig samsvörun í 1. mgr. 54. gr. laga um meðferð opinberra mála. Hins vegar er lagt til að ákvæði 2. mgr. 54. gr. gildandi laga, þar sem mælt er fyrir um frekari undanþágur frá vitnaskyldu vegna þagnarskyldu opinberra starfsmanna, verði fellt brott í núverandi mynd, en í stað þess tekið upp almennt ákvæði um að vitni sé óheimilt án leyfis þess sem í hlut á að svara spurningum um „atriði sem það hefur komist að í opinberu starfi og á að fara leynt“, sbr. c-lið 2. mgr. sem er samhljóða c-lið 2. mgr. 53. gr. laga um meðferð einkamála.

Fyrirmynd 2. mgr. er þannig sótt til 2. mgr. 53. gr. laga nr. 91/1991, en hliðstæðar reglur er að finna í 1. mgr. 53. gr. og 1. mgr. 55. gr. laga um meðferð opinberra mála. Að tvennu leyti er þó vikið frá fyrirmyndinni í b-lið 2. mgr. 53. gr. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að vitni geti því aðeins skorast undan að svara spurningum um einkahagi manns, hvort sem er ákærða, brotaþola eða einhvers annars, skv. b-lið 2. mgr. að vitninu hafi verið trúað fyrir þeim einkamálefnum sem um ræðir, en ekki ef það hefur fengið vitneskju um slík málefni með öðrum hætti. Með þessu móti er lagt til að þessi undantekning frá hinni almennu vitnaskyldu verði þrengd frá því sem er í lögum um meðferð einkamála. Í annan stað hefur forstöðumanni trúfélags verið bætt við upptalninguna í stafliðnum, meðan gert er ráð fyrir að ákvæðið nái ekki sjálfkrafa til lyfsala né lögfræðinga, nema þeir gegni eða hafi gegnt störfum lögmanna. Þó er hugsanlegt að lyfsalar eða lögfræðingar geti fallið undir ákvæðið á grundvelli hinnar almennu tilvísunar í niðurlagi ákvæðisins, á sama hátt og aðrir sem gegna störfum er rík trúnaðarskylda fylgir. Enn fremur skal þess getið að ekki þykir rétt að láta umrætt ákvæði ná til aðstoðarmanna þeirra sem þar eru taldir.

Samkvæmt 3. mgr., sem á sér að nokkru fyrirmynd í 3. mgr. 53. gr. laga um meðferð einkamála og ákvæðum danskra og norskra réttarfarslaga, getur dómari, þrátt fyrir fyrirmæli 1. og 2. mgr., ákveðið, telji hann að vitnisburður geti ráðið úrslitum um niðurstöðu máls, að vitni skuli svara spurningum um tiltekin atriði, enda séu ríkari hagsmunir af því að spurningunum verði svarað en trúnaði haldið. Í b-lið 1. mgr. 55. gr. laga um meðferð opinberra mála er gengið út frá því að þeir sem gegna störfum er rík trúnaðarskylda fylgir geti ekki skorast undan að svara spurningum sem vitni ef ákærði er sakaður um brot sem varðar minnst tveggja ára fangelsi. Í stað svo fortakslausrar reglu er gerð tillaga um að lögfest verði regla, þar sem dómara er veitt heimild til þess að víkja frá fyrirmælum 1. og 2. mgr., óháð vilja þess sem hlut á að máli, ef hagsmunir af því að vitni svari tilteknum spurningum vegur að hans mati þyngra en þeir hagsmunir að trúnaði sé haldið. Hér yrði dómari að leggja annars vegar mat á trúnaðarsambandið og eðli þess og hins vegar á alvarleika málsins. Því alvarlegri sem

sakargiftir eru, þeim mun líklegra væri að trúnaði yrði aflétt og því ríkari sem trúnaður er, því líklegra væri að hann héldi.

Eins og tekið er fram í síðari málslið 3. mgr. er lagt til að gerð sé sérstök undantekning frá reglunni í fyrri málslið hennar þegar um er að ræða það sem ákærði hefur trúað verjanda sínum, presti eða forstöðumanni trúfélags fyrir um málsatvik. Af því leiðir að ekki má undir neinum kringumstæðum skylda þá sem að framan greinir til að rjúfa slíkan trúnað nema ákærði veiti leyfi sitt til þess. Að baki þessu ákvæði býr það sjónarmið að hér sé trúnaðarskyldan svo rík að það mætti nánast leggja að jöfnu við að ákærða yrði sjálfum gert skylt að tjá sig fyrir dómi um atvik máls ef dómari tæki ákvörðun um að trúnaði skyldi aflétt þegar svona stæði á. Vegna þess að verjanda er skv. 3. mgr. 117. gr. frumvarpsins óheimilt að bera vitni í máli skjólstæðings síns án leyfis hans hefur ákvæðið einungis þýðingu þegar í hlut á sá sem áður hefur verið verjandi ákærða í málinu ellegar er eða hefur verið verjandi hans í öðru máli. Rétt er og að vekja athygli á því að ákvæðið á eingöngu við um trúnaðarsamband ákærða við þá sem taldir eru upp að framan, en tekur ekki til þess sem aðrir, t.d. brotaþoli, hafa sagt í trúnaði við prest, forstöðumann trúfélags eða réttargæslumann. Í þeim tilvikum þyrfti því að fara fram hagsmunamat á grundvelli fyrri málsliðar 3. mgr. sem áður er gerð grein fyrir.

Í 4. mgr. hefur verið tekið upp sams konar ákvæði og nú er að finna í niðurlagi 3. mgr. 53. gr. laga um meðferð einkamála. Þarfnast það ekki sérstakra skýringa.

Um 120. gr.

Samkvæmt 1. mgr. 58. gr. núgildandi laga gefur dómari út kvaðningu til vitnis eftir því sem aðilar krefjast. Í lögunum er aftur á móti ekki minnst á það hvernig staðið skuli að boðun vitnis á dómþing í öðrum tilvikum, öfugt við lög um meðferð einkamála, þar sem segir í 1. mgr. 54. gr. að aðili, sem óskar eftir að leiða vitni, annist boðun þess.

Í 1. mgr. er kveðið á um það hvernig staðið skuli að boðun vitnis á dómþing sé það gert á annan hátt en með því að boða vitnið með skriflegri kvaðningu, sbr. 2. mgr. Í samræmi við hlutverk og stöðu ákæranda í sakamálum er lagt til að hann skuli að jafnaði sjá um það, án tillits til þess hvort hann hyggst leiða vitnið sjálfur. Samkvæmt því yrði aðalreglan sú að ákærandi annist boðun vitna, þar á meðal þeirra vitna sem ákærði eða verjandi hans óska eftir að verði leidd fyrir dóm. Þó er gert ráð fyrir að verjandi geti boðað vitni, sem hann vill leiða í þágu ákærða, kjósi hann það. Eins og ákvæðið er orðað, getur ákærði hins vegar ekki boðað vitni, jafnvel þótt hann annist vörn sína sjálfur. Í því tilviki yrði hann að koma ósk um að vitnið yrði boðað á framfæri við ákæranda sem ætti þá að öðru jöfnu að sjá um að boða það til skýrslutöku á dómþingi.

Ef ástæða er til, t.d. vegna þess að vitni hafi ekki mætt til skýrslutöku þrátt fyrir boðun eða ástæða sé til að óttast að það muni ekki gera það, er gert ráð fyrir því í 2. mgr. að dómari boði vitnið á dómþing með skriflegri kvaðningu. Lagt er til að dómari gefi ávallt sjálfur út kvaðningu og geti gert það að eigin frumkvæði, enda þótt líklegt verði að telja að frumkvæðið komi oftast nær frá öðrum hvorum málsaðila. Dæmi um að dómari tæki ákvörðun um skriflega kvaðningu af sjálfsdáðum væri að hann áliti nauðsynlegt að vitnið hefði með sér gögn til sýningar fyrir dómi eða athugaði bækur sínar, skjöl og aðra muni, áður en það gæfi skýrslu, en skv. 5. mgr. 116. gr. er gengið út frá að mælt verði fyrir um slíkt í skriflegri kvaðningu. Í 2. mgr. er einnig mælt fyrir um efni kvaðningar og birtingu hennar fyrir vitni með hliðstæðum hætti og í 2. mgr. 54. gr. laga um meðferð einkamála. Þó er lagt til að þess verði ekki aðeins getið í kvaðningu hverjar afleiðingar það geti haft að vitni mæti ekki, heldur jafnframt

að það sinni ekki skyldu sinni, þar á meðal að fara eftir fyrirmælum dómara skv. 5. mgr. 116. gr. sem áður er minnst á.

Rétt er að taka fram, til þess að fyrirbyggja misskilning, að sé vitni kvatt til að mæta fyrir dóm er því skylt að gera það, jafnvel þótt það geti skorast undan að gefa vitnaskýrslu skv. 117. gr. frumvarpsins. Getur þetta verið gert í því skyni að fá ótvíræða yfirlýsingu vitnisins um að það kjósi að notfæra sér þennan rétt sinn.

Ákvæði 3. mgr. er samhljóða 3. mgr. 54. gr. laga um meðferð einkamála og þarfnast efni þess ekki skýringa.

Um 121. gr.

Fyrsta málsgrein er sama efnis og fyrri málsliður 2. mgr. 58. gr. núgildandi laga og 1. mgr. 55. gr. laga um meðferð einkamála. Eini munurinn er sá að gert er ráð fyrir að ákærandi, en ekki dómari, geti lagt fyrir lögreglu að sækja vitnið og færa það þannig fyrir dóm með valdi, gerist þess þörf. Ber lögreglu skilyrðislaust að verða við slíkum fyrirmælum ákæranda, sbr. c-lið 3. mgr. 90. gr. frumvarpsins. Ekki er lagt til að unnt sé að gera vitni dagsektir eða refsingu ef það sinnir ekki kvaðningu án gildra forfalla, eins og nú er unnt að gera á grundvelli síðari málsliðar 2. mgr. 58. gr. gildandi laga.

Hins vegar er kveðið á um það í 2. mgr., eins og í 3. mgr. 58. gr. gildandi laga og 2. mgr. 55. gr. laga um meðferð einkamála, að gera megi vitni sekt ef það kemur fyrir dóm, en fullnægir ekki vitnaskyldu sinni. Það getur einkum átt sér stað ef vitnið neitar að svara spurningum, sem til þess er beint, án þess að einhver af undantekningunum í 117.–119. gr. frá þeirri skyldu sé fyrir hendi, þó að því tilskildu að spurningarnar séu ekki haldnar þeim annmörkum sem í 2. mgr. 122. gr. greinir. Lagt er til að sektin sé í formi dagsekta, eins og reyndar virðist gengið út frá í 2. mgr. 55. gr. laga um meðferð einkamála, þar sem þær falla niður ef vitnið fullnægir skyldu sinni eða aðili hverfur frá því að krefja það vættis. Er sérstaklega tekið fram í 2. mgr. að gera megi vitni dagsektir ef það hefur ekki farið að fyrirmælum dómara skv. 5. mgr. 116. gr. og haft með sér gögn til skýrslutöku eða gert annað það sem fyrir vitnið hefur verið lagt eftir því ákvæði. Ekki er hins vegar gert ráð fyrir að gera megi vitni dagsektir skv. 2. mgr., nema annar hvor málsaðila krefjist þess. Dagsektum verður fullnægt með fjárnámi skv. 10. kafla laga nr. 90/1989, um aðför.

Þriðja málsgrein er samhljóða 3. mgr. 55. gr. laga um meðferð einkamála, en þetta ákvæði á sér ekki hliðstæðu í gildandi lögum um meðferð opinberra mála. Þarfnast það ekki frekari skýringa.

Um 122. gr.

Í þessari grein er kveðið á um það hvernig haga beri skýrslugjöf vitnis fyrir dómi og önnur atriði þar að lútandi. Í 123. gr. er síðan mælt fyrir um heimild dómara til að víkja ákærða úr þinghaldi meðan skýrsla vitnis er tekin og jafnvel ákæranda og verjanda að auki.

Ákvæði 1. og 2. mgr. sem og 4.–7. mgr. eru sniðnar eftir samsvarandi reglum í 56. gr. og 1. mgr. 57. gr. laga um meðferð einkamála, þótt þau dragi einnig dám af 1. og 2. mgr., svo og 4. og 5. mgr. 59. gr. og 1. mgr. 61. gr. laga um meðferð opinberra mála. Fyrirmyndin að 3. mgr. er sótt til fyrri málsliðar 3. mgr. 59. gr., eins og nánar verður vikið að hér á eftir.

Efni 1. mgr. skýrir sig sjálft. Í 2. mgr. er gengið út frá þeirri meginreglu, sem tíðkast hefur hin síðari ár, jafnt í einkamálum sem sakamálum, að dómari láti málflytjendum eftir að leggja spurningar fyrir vitni. Yfirleitt skal ákæranda gefinn kostur á að spyrja fyrst og síðan verjanda, en eins og 2. mgr. er orðuð getur dómari ákveðið að hafa annan hátt á, t.d. þegar

skýrsla er tekin af vitni sem leitt er af verjanda. Þótt ákærði annist vörn sína sjálfur á hann hins vegar ekki rétt á að spyrja vitni beint, heldur getur hann farið þess á leit, með vísun til d-liðar 3. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, að dómari leggi tilteknar spurningar fyrir vitnið, sbr. niðurlag 2. mgr., þar sem segir að hann geti lagt spurningar fyrir vitnið sjálfstætt eða að ósk ákærða, ef því er að skipta. Samkvæmt 3. mgr. 46. gr. frumvarpsins má réttargæslumaður brotaþola heldur ekki beina spurningum til vitna, en getur beint þeim tilmælum til dómara að skjólstæðingur hans verði spurður um tiltekin atriði, svo og önnur vitni, þó aðeins um afmörkuð atriði sem varða sérstaklega einkaréttarkröfur brotaþola. Gert er ráð fyrir að dómari gefi réttargæslumanni kost á að koma á framfæri við sig þeim spurningum sem hann óskar að verði lagðar fyrir vitnið áður en skýrslutöku lýkur.

Í samræmi við meginregluna um milliliðalausa sönnunarfærslu skv. 1. mgr. 48. gr. gildandi laga og 1. mgr. 111. gr. frumvarpsins er gengið út frá því í 3. mgr. að vitni skuli gefa sjálfstæða skýrslu á dómþingi, áður en því er kynnt efni skýrslna, sem það kann áður að hafa gefið hjá lögreglu, þar á meðal óformlegra skýrslna skv. 1. eða 2. mgr. 60. gr. frumvarpsins, eða þá fyrir dómi í málinu. Er heldur ekki gert ráð fyrir að það sé gert, nema dómara þyki þess þörf til skýringar eða fyllingar því sem vitnið hefur borið. Þessa reglu er nú að finna í fyrri málslið 3. mgr. 59. gr. gildandi laga, en lagt er til að sama regla gildi um efni skýrslna sem vitnið kann að hafa gefið hjá öðrum stjórnvöldum en lögreglu, sbr. til hliðsjónar 3. mgr. 48. gr. gildandi laga og 3. mgr. 111. gr. frumvarpsins. Rétt er að taka fram að staðfesti vitni fyrir dómi eitthvað af því sem fram kemur í lögregluskýrslu hefur sá framburður sönnunargildi í málinu.

Í síðari málslið fyrrgreindrar 3. mgr. 59. gr. segir að dómari megi ekki veita viðtöku utanréttarvottorðum þess, sem skylt er að koma fyrir sem vitni, nema sérstaklega standi á, svo sem þegar ekki er kostur að fá vitni fyrir dóm til að gefa skýrslu. Lagt er til að þetta ákvæði verði öðru vísi orðað og það fært í XX. kafla frumvarpsins, nánar tiltekið 3. mgr. 134. gr., eins og gerð verður frekari grein fyrir í athugasemdum með þeirri grein.

Ákvæði 4.–6. mgr. þarf ekki að skýra, enda hafa þau ekki að geyma nein nýmæli frá gildandi réttarfarslögum. Í 7. mgr. er að finna sömu reglu og fram kemur í 1. mgr. 57. gr. laga um meðferð einkamála, en jafnítarlegt ákvæði um þetta efni er ekki að finna í gildandi lögum um meðferð sakamála. Með þessu er lögð sú skylda á herðar dómara í sakamáli að leitast við að kanna hvort framburður vitnis sé trúverðugur, m.a. með því að spyrja vitnið frekar, ef hann telur þörf á, til þess að ganga úr skugga um hvort það sé að skýra satt og rétt frá.

Á sama hátt og í 8. mgr. 59. gr. laga um meðferð opinberra mála, sem tekin var upp í þau með lögum nr. 86/2004, er í 8. mgr. kveðið á um það að dómari geti samkvæmt kröfu ákveðið að vitni, sem kemur fyrir dóm, geri ekki í heyranda hljóði grein fyrir nafni sínu eða segi að öðru leyti deili á sér. Brýnir hagsmunir geta kallað á að því sé haldið leyndu með þessu móti hvert vitni sé. Á hinn bóginn verður ekki fram hjá því litið að samhliða er gengið gegn rétti ákærða til þess að halda uppi vörnum af sinni hálfu, sbr. einkum d-lið 3. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu þar sem sökuðum manni er m.a. áskilinn réttur til „að spyrja eða láta spyrja vitni sem leidd eru gegn honum“. Af þeim sökum er nauðsynlegt að setja því ströng skilyrði að nafni vitnis verði haldið leyndu fyrir ákærða. Búast má við að það yrði oftast nær ákærandi eða vitnið sjálft sem gerði kröfu um nafnleynd, en þó er ekki loku fyrir það skotið að ákærði færi fram á að nafni vitnis yrði haldið leyndu af ótta við að því yrði annars gert mein ef það bæri t.d. honum í hag með því að bendla aðra við það brot sem honum er gefið að sök.

Samkvæmt fyrirmynd í 130. gr. a norsku laganna um meðferð sakamála, svo og með hliðsjón af 848. gr. dönsku réttarfarslaganna og dómsúrlausnum Mannréttindadómstóls Evrópu, er lagt til að dómari geti því aðeins ákveðið að vitni, sem kemur fyrir dóm, geri ekki í heyranda hljóði grein fyrir nafni sínu, kennitölu og heimili, sbr. 1. mgr. þessarar greinar, að hann telji að lífi, heilbrigði eða frelsi vitnisins ellegar náinna vandamanna þess, sbr. 1. eða 2. mgr. 117. gr., yrði stefnt í hættu ef það væri gert uppskátt hvert vitnið er. Það er þó ekki nóg, heldur er gert ráð fyrir að raunveruleg ógn verði að steðja að þeim sem ákvæðinu er ætlað að vernda þar sem brýn nauðsyn verði að vera fyrir hendi til að nafni vitnisins sé haldið leyndu. Auk þess megi ekki vera ástæða til að telja að nafnleyndin geti spillt fyrir vörn ákærða svo að máli skipti, en þetta síðastnefnda skilyrði er nú að finna í 8. mgr. 59. gr. gildandi laga. Þá væri til lítils að halda leyndu nafni vitnis, kennitölu og heimili, ef unnt yrði að beina slíkum spurningum til þess að svör við þeim leiddu í ljós hvert það væri. Við þær aðstæður væri dómara rétt að koma í veg fyrir að svör við þvílíkum spurningum yrðu gerð opinber þar sem með því væri vitnið að segja „á sér deili að öðru leyti“. Þess í stað ætti dómari að láta það svara skriflega og í trúnaði, eins og segir í 3. málsl. umræddrar málsgreinar. Niðurlag hennar er annars sama efnis og lok 8. mgr. 59. gr. gildandi laga og þarfnast þar af leiðandi ekki frekari skýringa.

Um 123. gr.

Greinin er að stórum hluta sama efnis og 7. og 8. mgr. 59. gr. núgildandi laga þar sem dómara er veitt heimild til þess annars vegar að víkja ákærða úr þinghaldi og hins vegar að víkja ákæranda og verjanda úr þinghaldi, auk ákærða, að uppfylltum þeim skilyrðum sem þar eru greind. Þessi ákvæði fela bæði í sér frávik frá þeirri meginreglu að ákærði eigi rétt á að vera viðstaddur öll þinghöld í máli sínu eftir að það hefur verið höfðað, en í síðarnefnda ákvæðinu, sem tekið var upp með lögum nr. 36/1999, er gengið öllu lengra þar sem ákæranda og verjanda er gert skylt að víkja af dómþingi. Hins vegar á réttargæslumaður brotaþola ávallt rétt á að vera viðstaddur skýrslutöku af skjólstæðingi sínum skv. 1. og 2. mgr. 44. gr. g. gildandi laga, sbr. 1. og 2. mgr. 46. gr. frumvarpsins.

Lagt er til að gerðar verði nokkrar breytingar á umræddum ákvæðum. Í fyrsta lagi er tekið fram í 1. mgr., til þess að taka af allan vafa, að aðeins ákærandi eða það vitni, er skýrslu á að gefa, geti krafist þess að ákærða verði vikið úr þinghaldi meðan skýrslan er tekin. Í annan stað er gert ráð fyrir að þau skilyrði, sem vísað er til í 1. mgr., þ.e. að nærvera ákærða geti orðið vitninu sérstaklega til íþyngingar og haft áhrif á framburð þess, þurfi bæði að vera til staðar til þess að ákærða verði vikið úr þinghaldi, en samkvæmt núverandi orðalagi þarf aðeins annað þeirra að vera fyrir hendi til þess að það verði gert. Sams konar breyting er lögð til í 2. mgr. Í þriðja lagi hefur gildissvið þess ákvæðis verið rýmkað þannig að það taki ekki einungis til brotaþola yngri en 15 ára, heldur og til annarra vitna sem ekki hafa náð þeim aldri. Þörf fyrir að taka skýrslu af börnum, án nærveru ákæranda, ákærða og verjanda, til þess að þau geti tjáð sig óhindrað um atvik máls, getur verið brýn þótt ekki sé talið að börnin hafi orðið sjálf fyrir broti, t.d. ef álitið er að þau hafi orðið vitni að því að aðrir hafi verið beittir ofbeldi eða kynferðislegri misnotkun. Loks er gert ráð fyrir að sams konar ákvæði og nú er að finna í síðari málslið 6. mgr. 59. gr. gildandi laga, sbr. lög nr. 86/2004, verði tekið upp í lokamálslið 2. mgr. Jafnframt er gildissvið ákvæðisins rýmkað, þar sem það nær til málflytjenda, auk ákærða, vegna þess að oftast nær mundi ekki nægja að vísa ákærða úr þinghaldi til þess að koma í veg fyrir að hann kæmist að því hvert vitni raunverulega væri, heldur yrði verjandi hans að víkja að auki, þar sem ekki hvílir á honum þagnarskylda gagnvart skjól-

stæðingi hans, sbr. 1. mgr. 36. gr., sbr. 3. mgr. 35. gr. frumvarpsins. Til þess að gætt verði jafnræðis milli aðila væri eðlilegt að ákærandi viki samhliða úr þinghaldi, en ráðgert að málflytjendur sem og ákærði geti fylgst með skýrslutöku af vitninu um leið og hún fer fram, sbr. 3. mgr.

Fimmta breytingin, sem kemur fram í þeirri málsgrein, lýtur að því að vega upp á móti þeirri skerðingu á réttindum ákærða, sem felst í því að honum sé vikið úr þinghaldi skv. 1. mgr., með því að áskilja að dómari skuli sjá til þess að hann geti engu síður fylgst með skýrslutöku af vitninu meðan hún fer fram. Jafnframt sé dómara rétt að leggja fyrir vitnið þær spurningar, sem ákærði óskar, en það ætti fyrst og fremst við ef ákærði nyti ekki aðstoðar verjanda í málinu. Hliðstæða reglu er nú að finna í 3. málsl. 7. mgr. 59. gr. gildandi laga, en með þessari breytingu er lagt til að hún nái einnig til þess þegar ákærða er einum gert að yfirgefa þinghald skv. 1. mgr., sbr. 6. mgr. 59. gr. gildandi laga. Loks er gert ráð fyrir að dómstólaráð setji nánari reglur um þessi efni í stað dómsmálaráðherra, sbr. lokamálslið 3. mgr.

Um 124. gr.

Samkvæmt 60. gr. núgildandi laga og 2.–6. mgr. 57. gr. laga um meðferð einkamála getur dómari látið vitni staðfesta framburð sinn með eiði eða drengskaparheiti. Þótt sárasjaldan sé gripið til þessa úrræðis í framkvæmd þykir ekki rétt að afnema það úr lögum um meðferð sakamála að svo stöddu því að það kann að hafa þau áhrif á framburð vitnis að það segi frekar satt frá ef það veit af því að til þess gæti komið að það yrði látið staðfesta vitnisburðinn með svo formlegum hætti. Orðalag greinarinnar er nánast það sama og fyrrgreindra ákvæða í lögum um meðferð einkamála og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 125. gr.

Í 62. gr. núgildandi laga er svo fyrir mælt að greiða skuli vitni útlagðan kostnað fyrir að rækja vitnaskyldu og þóknun fyrir atvinnumissi. Þar segir hins vegar ekkert um það hver eigi að sjá um að greiða vitninu þennan kostnað og þóknun, ef um slíkt er að ræða, né hvenær það skuli gert.

Lagt er til að úr þessu verði bætt með því að taka hér upp sambærileg ákvæði og í 58. gr. laga um meðferð einkamála. Þess skal getið að ákvæði 1. mgr. á einungis við um það þegar ákærandi sér um að boða vitni á dómþing, sem er aðalreglan skv. 1. mgr. 120. gr. frumvarpsins, eða vitni er boðað til dómþings með skriflegri kvaðningu skv. 2. mgr. þeirrar greinar. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir að ekki hvíli sú skylda á verjanda til að sjá vitni, sem hann boðar, fyrir fram fyrir fé til greiðslu ferða- og dvalarkostnaðar. Þetta mun eflaust hafa það í för með sér að ákæruvaldið annist að jafnaði boðun þeirra vitna sem þurfa að sækja dómþing um langan veg.

Í niðurlagi 2. mgr. er tekið fram að ákærandi skuli sjá um að greiða vitni svo fljótt sem unnt er þann kostnað og þóknun sem dómari hefur ákveðið því til handa samkvæmt málsgreininni. Kostnaður og þóknun vitnis telst annars til sakarkostnaðar skv. b-lið 1. mgr. 216. gr. þannig að ákærði á að standa straum af þessum útgjöldum, þegar upp er staðið, verði honum gert að greiða sakarkostnað í málinu. Að öðrum kosti ber ríkissjóður þau.

Um 126. gr.

Hér er gerð tillaga um að tekin verði upp í lög um meðferð sakamála sams konar leiðbeiningarregla um mat á sönnunargildi vitnisburðar og er að finna í 59. gr. laga um meðferð einkamála. Þarfnast ákvæði þetta ekki frekari skýringa.

Um XIX. kafla.

Í núgildandi lögum um meðferð opinberra mála er í 63.–65. gr. fjallað um dómkvaðningu kunnáttumanna til að framkvæma mats- eða skoðunargerðir í þeim málum. Í þessum þremur greinum er aðeins kveðið á um það hvernig standa skuli að dómkvaðningunni sem slíkri, en ekkert vikið að störfum matsmanna, matsgerð eða skyldu þeirra til að koma fyrir dóm og gefa þar skýrslu, heldur er í þeim efnum vísað til laga um meðferð einkamála, eftir því sem við getur átt, sbr. 3. mgr. 65. gr. laganna.

Þessi ákvæði verða því að teljast fábrotin og ófullkomin í samanburði við þau sem gilda um matsgerðir í einkamálum. Það verður að teljast galli, m.a. vegna þess, sem áður er nefnt, að ekki gilda að öllu leyti sömu reglur um sönnun í sakamálaréttarfari og einkamálaréttarfari. Einnig hefur þýðing matsgerða farið vaxandi í sakamálum, þar sem það er almennt ekki talið samræmast hlutverki vitna í dómsmálum að þau tjái sig um sérfræðileg atriði, eins og gerð er grein fyrir í athugasemdum með 116. gr. frumvarpsins. Telji aðilar máls þörf á að afla sönnunar um slík atriði verða þeir því að fara fram á að dómkvaddir verði matsmenn til að leiða þau í ljós, þó með þeirri undantekningu, sem áður er getið, að lögregla og ákæruvald geta leitað aðstoðar sérfræðinga við rannsókn máls og undirbúning málshöfðunar skv. 86. gr. frumvarpsins, án þess að þeir séu kvaddir til þess með formlegum hætti. Eins og lýst er í athugasemdum með þeirri grein getur hins vegar verið æskilegra að fá þá dómkvadda til starfans, enda er tekið fram í 1. mgr. hennar að lögregla eða ákærandi geti farið fram á þeir verði dómkvaddir sem matsmenn skv. 128. gr.

Með vísun til þessa er lagt til að sett verði ítarleg ákvæði um matsgerðir í sakamálum í líkingu við þau sem er að finna í IX. kafla laga um meðferð einkamála. Þótt þeirri fyrirmynd sé fylgt í meginatriðum er gert ráð fyrir að breytt verði frá henni á nokkrum stöðum. Það sem skiptir þar mestu máli er að skv. 3. mgr. 130. gr. er lagt til að vikið verði frá þeirri reglu, sem almennt gildir í einkamálum, að sá aðili, er beiðist mats, skuli greiða þóknun matsmanns eða matsmanna og útlagðan kostnað við störf þeirra, enda þótt hann eigi rétt á að fá þau útgjöld endurgreidd úr hendi gagnaðila, vinni hann málið í öllu verulegu. Ef sama regla ætti að gilda í sakamálum hefði hún í för með sér að ákærði gæti því aðeins aflað sér sérfræðilegs álits undir rekstri máls að hann hefði efni á að greiða fyrir það. Af þeim sökum er gerð tillaga um það í 3. mgr. 130. gr. að ákæruvaldið standi straum af þessum útgjöldum fyrst um sinn. Þau teljast hins vegar til sakarkostnaðar skv. c-lið 1. mgr. 216. gr. frumvarpsins og því ber ákærði þau að lokum, verði hann sakfelldur, skv. 1. mgr. 218. gr. frumvarpsins.

Ekki síst af þeirri ástæðu að gert er ráð fyrir að ákærði geti farið fram á dómkvaðningu matsmanns, án þess að þurfa að greiða fyrir starfa þeirra meðan á málsmeðferð stendur, er í 1. mgr. 128. gr. leitast við að sporna við því að þessa úrræðis leitað, nema þess sé augljós þörf. Sama gildir um yfirmat skv. 131. gr. Í þeim tilgangi að draga úr kostnaði við mat er enn fremur bryddað upp á því nýmæli í 2. mgr. 130. gr. að dómari geti ákveðið að matsmaður þurfi ekki að semja skriflega matsgerð, heldur geti hann þess í stað mætt fyrir dóm og gefið munnlega skýrslu um niðurstöðu matsins. Verður gerð frekari grein fyrir þessu ákvæði, svo og öðrum ákvæðum kaflans, í athugasemdum með einstökum greinum.

Um 127. gr.

Þessi grein er svo til samhljóða 60. gr. laga um meðferð einkamála. Þá er 3. mgr. sama efnis og 2. mgr. 63. gr. laga um meðferð opinberra mála. Sýnist ekki þörf á að skýra greinina frekar.

Um 128. gr.

Hér er kveðið á um dómkvaðningu matsmanna, eins eða fleiri, þar á meðal að hvers frumkvæði það verði gert, hvers efnis beiðni um dómkvaðningu skuli vera og hverja megi dómkveðja sem matsmenn. Greinin er í megindráttum sniðin eftir 61. gr. laga um meðferð einkamála, en um sum þeirra atriða, sem hún tekur til, er mælt fyrir í 1. mgr. 63. gr., 64. gr. og 1. og 2. mgr. 65. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Samkvæmt 1. mgr. 63. gr. þeirra laga er dómara heimilt að dómkveðja matsmenn að eigin frumkvæði. Á sama hátt og í einkamálum er lagt til í 1. mgr. að dómari geti einvörðungu dómkvatt matsmenn á grundvelli skriflegrar beiðni frá öðrum hvorum málsaðila, ákæranda eða ákærða. Þá getur lögregla, eins og áður segir, farið fram á slíkt mat á rannsóknarstigi, sbr. 1. mgr. 86. gr. frumvarpsins. Vegna þeirrar skyldu, sem hvílir á dómara í sakamáli, að freista þess að upplýsa mál gæti hann, þrátt fyrir þessa breytingu, beint þeim tilmælum til ákæranda að fara fram á dómkvaðningu matsmanns, sbr. 2. mgr. 110. gr. frumvarpsins. Bæri ákæranda almennt að fara eftir þeim tilmælum.

Vegna þess að aðilar sakamáls hafa ekki forræði á sönnunarfærslu með sama hætti og aðilar að einkamáli er gengið út frá því í 2. mgr. að dómari greini málsaðilum frá því hvern hann hafi í hyggju að kveðja til matsstarfa. Þótt aðilar kæmu sér saman um hæfan mann til að taka að sér starfann yrði dómari ekki bundinn af slíku sammæli, þótt ekkert mæli á móti því að hann taki tillit til þess eða sjónarmiða aðila að öðru leyti við val á matsmanni. Þrátt fyrir þetta er aðilum að sjálfsögðu heimilt að mótmæla fyrirætlan dómara um að dómkveðja tiltekinn mann til matsstarfa og yrði dómari, ef til þess kæmi, að leysa úr þvílíkum ágreiningi með úrskurði skv. 1. mgr. 133. gr. frumvarpsins.

Í 3. mgr. 110. gr. frumvarpsins er tekið fram að dómari geti meinað aðilum um sönnunarfærslu ef hann telur bersýnilegt að atriði, sem aðili vill sanna, skipti ekki máli eða að gagn sé tilgangslaust til sönnunar. Sem fyrr segir er í 1. mgr. þessarar greinar hert á þessari reglu, þegar um er að ræða matsgerðir, þar sem fram kemur að dómari skal ekki verða við beiðni um dómkvaðningu nema hann telji þörf á að afla slíks mats til þess að dómur verði lagður á málið. Fyrir utan þann kostnað, sem fylgir matsgerð, er líklegt að mál muni fremur dragast á langinn ef mats er leitað. Því ber ekki að gera það nema þörf sé á og ekki sé unnt að leiða það atriði, sem sanna á, í ljós á einfaldari hátt.

Með skírskotun til þess að hlutverk dómara er ekki alveg það sama í sakamálum og í einkamálum, þar sem aðilar hafa ekki fullt forræði á sönnunarfærslu í þeim fyrrnefndu, er lagt til í 5. mgr. að dómari geti að eigin frumkvæði bætt við atriðum, sem matsmanni er ætlað að leggja mat á, frá því sem fram kemur í matsbeiðni aðila. Þessi grein þarfnast að öðru leyti ekki frekari skýringa.

Um 129. gr.

Greinin er nánast samhljóða 62. gr. laga um meðferð einkamála og þarfnast ekki skýringa, að séð verði. Þó skal áréttað að gert er ráð fyrir að verjandi annist, eins og endranær, hagsmunagæslu fyrir ákærða þegar fram fer mat samkvæmt þessum kafla. Ef ákærði, sem annaðist

vörn sína sjálfur, sæti í gæsluvarðhaldi og gæti þar af leiðandi ekki sótt matsfund skv. 2. mgr. væri rétt að gefa honum kost á að láta annan mæta á fundinn til að gæta hagsmuna sinna þar.

Um 130. gr.

Fyrsta málsgrein líkist 1. mgr. 63. gr. laga um meðferð einkamála. Vegna ákvæðisins í 2. mgr. er lagt til að tekið verði fram að matsgerð skv. 1. mgr. skuli vera skrifleg og rökstudd. Enn fremur er ráðgert að matsmaður skuli afhenda dómara matsgerðina, nema farið hafi verið fram á mat á rannsóknarstigi, en þá skal hann fá hana í hendur matsbeiðanda, hvort sem er lögreglu eða ákæranda.

Áður eru greind rökin fyrir nýmæli því, sem lagt er til að tekið verði upp og er að finna í 2. mgr., þar sem dómara er veitt heimild til að ákveða að matsmaður þurfi ekki að semja skriflega matsgerð, heldur skuli hann mæta fyrir dóm skv. 2. mgr. 132. gr. og gefa þar munnlega skýrslu um niðurstöðu matsins. Ekki er gerð tillaga um að sett verði nein efnisleg skilyrði fyrir því að þessi leið yrði farin þannig að það væri háð mati dómara hverju sinni. Þó má ljóst vera að hún væri því aðeins fær að atriðin, sem meta ætti, væru tiltölulega afmörkuð og skýr, auk þess sem taka bæri tillit til eðlis brotsins, sem ákært er fyrir, svo og til viðhorfs aðila, þótt það geti ekki, eitt og sér, ráðið úrslitum. Við skýringu á ákvæðinu ber hins vegar að gæta að þrennu. Í fyrsta lagi er með orðlaginu „sem dómkvaddur er“ miðað við að tekin skuli ákvörðun um það, að matsmaður þurfi ekki að skila skriflegri matsgerð, um leið og hann er dómkvaddur, sbr. niðurlag 5. mgr. 128. gr. frumvarpsins. Í öðru lagi er lagt til að þessa aðferð megi aðeins viðhafa þegar dómkvaðning fer fram eftir að mál hefur verið höfðað, en ekki ef leitað er eftir mati á rannsóknarstigi skv. 1. mgr. 86. gr. frumvarpsins. Loks er í þriðja lagi gert ráð fyrir að sé matsmanni gert að skila munnlegri skýrslu í stað skriflegrar skuli sú skýrsla gefin áður en aðalmeðferð fer fram í málinu, svo að aðilum gefist hæfilegur tími til að bregðast við niðurstöðu mats, sem kemur fyrst fram við þá skýrslugjöf, áður en mál er flutt og það dómtekið.

Eins og áður hefur verið gerð grein fyrir er lagt til í 3. mgr. að matsmaður eigi rétt á hæfilegri þóknun fyrir störf sín samkvæmt reikningi og endurgreiðslu útlagðs kostnaðar úr hendi ákæruvaldsins. Sérstaklega er þar tekið fram að hvor aðili um sig, ákærandi eða ákærði, geti krafist úrskurðar dómara um fjárhæð þá, sem matmaður fer þannig fram á að fá fyrir störf sín, telji hann upphæðina ósanngjarna. Þótt ákæruvaldinu sé skylt að greiða þóknun matsmanns og útlagðan kostnað hans til að byrja með getur sem fyrr segir komið til þess að ákærði verði á endanum að bera þau útgjöld. Þess vegna þykir rétt að gefa honum kost á, til jafns við ákæranda, að krefjast úrskurðar dómara um það hver þau skuli vera.

Um 131. gr.

Greinin er efnislega eins og 64. gr. laga um meðferð einkamála, að öðru leyti en því að nýjum málslið hefur verið skotið inn á eftir 1. málsl. Með því að taka sérstaklega fram, að dómari skuli verða við kröfu aðila um yfirmat telji hann ástæðu til, er lagt til að dómari skuli hafna þeirri kröfu, nema sýnt hafi verið fram á að einhver sá vafi leiki á niðurstöðu þess mats, sem fyrir liggur, að máli geti skipt. Eins og áður segir, er þetta gert til að koma í veg fyrir óþarfa útgjöld og forða því jafnframt að meðferð máls dragist óhæfilega á langinn.

Um 132. gr.

Hér er mælt fyrir um skyldu matsmanns til að koma fyrir dóm og gera þar grein fyrir því mati sem hann hefur gert. Ákvæði fyrri málsliðar 1. mgr. og 2. mgr. eru áþekk 65. gr. laga

um meðferð einkamála. Þó er gert ráð fyrir að dómari geti kvatt matsmann fyrir dóm, telji hann ástæðu til að fá frekari skýringar hans á matsgerð, jafnvel þótt hvorugur málsaðila álíti þess þörf. Í samræmi við 2. mgr. 130. gr. frumvarpsins er lagt til að matsmaður, sem ekki hefur skilað skriflegri og rökstuddri matsgerð, skuli ávallt koma fyrir dóm þar sem hann skýri frá niðurstöðu matsins og rökstyðji hana eftir þörfum. Að því loknu er ráðgert að hann svari spurningum aðila og dómara um atriði, sem tengjast matinu, á sama hátt og matsmaður sem skilað hefur skriflegri matsgerð.

Samkvæmt 2. mgr. ber að beita ákvæðum XVIII. kafla um skýrslugjöf matsmanns, eftir því sem við getur átt. Með því er einkum vísað til 122. gr., en eftir atvikum geta önnur ákvæði kaflans átt við þegar matsmaður kemur fyrir dóm og gefur þar skýrslu. Sem dæmi má benda á 5. mgr. 116. gr., sem veitir dómara m.a. heimild til þess að leggja fyrir vitni og þá um leið matsmann að hafa með sér gögn til sýningar fyrir dómi. Þessu úrræði mætti t.d. beita ef matsmaður hefði ekki skilað skriflegri og rökstuddri matsgerð, sbr. 2. mgr. 130. gr. og síðari málslið 1. mgr. þessarar greinar.

Um 133. gr.

Greinin er svo til samhljóða 66. gr. laga um meðferð einkamála og þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um XX. kafla.

Engin ákvæði er að finna í núgildandi lögum um meðferð opinberra mála um skjöl og önnur sýnileg sönnunargögn, sbr. hins vegar X. kafla laga um meðferð einkamála. Þótt hliðsjón hafi verið höfð af þeim reglum, sem gilda um einkamál, við gerð þessa kafla eru ákvæði hans frábrugðin í veigamiklum atriðum.

Má þar fyrst nefna 134. gr., þar sem lagt er til að settar verði reglur um framlagningu skjala og annarra sýnilegra sönnunargagna, einkum af hálfu ákæruvaldsins, sbr. 2. mgr. 134. gr., eins og nánar verður gerð grein fyrir í athugasemdum með greininni. Þá er ráðgert í 135. gr. að ákærandi skuli leggja hald á skjal eða annað gagn í vörslum þriðja manns samkvæmt úrskurði dómara ef ætla má að það hafi sönnunargildi í sakamáli og þriðji maður verði ekki við áskorun um að afhenda það. Á hinn bóginn þykir óþarft að skilgreina opinber skjöl og einkaskjöl og gera sama greinarmun á sönnunargildi þessara tveggja tegunda skjala og gert er í 71. og 72. gr. laga um meðferð einkamála, heldur er látið við það sitja að leggja til, sbr. 137. gr., að dómari skuli leggja mat á sönnunargildi skjala og annarra sýnilegra sönnunargagna.

Um 134. gr.

Fyrsta málsgrein hefur að geyma þá sjálfsögðu reglu að aðilum beri að leggja fram í sakamáli þau skjöl og önnur sýnileg sönnunargögn sem þeir vilja að tekið verði tillit til við úrlausn málsins. Í samræmi við þá meginreglu að aðilar fara með forræði á sönnunarfærslu í einkamálum er gengið út frá því í 1. mgr. 67. gr. laga um meðferð þeirra mála að aðili geti fallist á staðhæfingu gagnaðila um efni skjals, án þess að það sé lagt fram. Hér er hins vegar gert ráð fyrir að aðilar leggi undantekningarlaust fram þau skjöl og önnur gögn sem þeir byggja málatilbúnað sinn á. Þetta á að sjálfsögðu fyrst og fremst við um ákæruvaldið vegna þess að það ber sönnunarbyrði fyrir sekt ákærða skv. 108. gr. frumvarpsins, auk þess sem á því hvílir almennt sú skylda að upplýsa mál og gæta jafnt að þeim atriðum sem horfa til sýknu og sektar hans, sbr. 3. mgr. 18. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. er lagt til að kveðið verði á um það að ákærandi leggi fram þau skjöl og önnur gögn sem aflað hefur verið við rannsókn máls, en þó aðeins þau er hafa sönnunargildi að hans mati. Sérstaklega er tekið fram að leggja megi fram skjöl eða önnur gögn, t.d. myndband eða mynddisk, sem hafa að geyma framburð ákærða og vitna fyrir dómi og hjá lögreglu. Samkvæmt meginreglunni um milliliðalausa sönnunarfærslu, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 48. gr. núgildandi laga og 1. mgr. 111. gr. frumvarpsins, hafa skýrslur, sem gefnar hafa verið hjá lögreglu, að jafnaði ekki sjálfstætt sönnunargildi í sakamálum. Því þjónar það yfirleitt engum tilgangi að leggja þær fram sem sönnunargögn, nema stefnt sé að því að skýrslugjafar komi fyrir dóm til að bera sjálfstætt um málsatvik og þá með það fyrir augum að bera skýrslurnar undir þá við lok skýrslutöku skv. 3. mgr. 122. gr., sbr. 3. mgr. 114. gr. frumvarpsins. Sama á við um skýrslur sem gefnar hafa verið hjá öðrum stjórnvöldum en lögreglu. Þar af leiðandi er tekið fram í 2. málsl. 2. mgr. að einungis sé heimilt af hálfu ákæruvaldsins að leggja fram í máli þær skýrslur, sem vitni hafa gefið hjá lögreglu eða eftir atvikum öðrum stjórnvöldum, ef ætlunin er að leiða vitnin fyrir dóm í málinu. Þar sem ákærða er almennt skylt að koma fyrir dóm eftir að mál hefur verið höfðað gegn honum og gefa þar skýrslu, sbr. 1. mgr. 113. gr. frumvarpsins, er oftast nær sjálfgefið að skýrslur hans hjá lögreglu og öðrum stjórnvöldum, sem unnið hafa að rannsókn málsins, séu lagðar fram í málinu.

Þegar mál er þingfest er oft ekki ljóst hvort vitni, sem er nákomið ákærða og hefur gefið skýrslu hjá lögreglu, hyggst notfæra sér rétt sinn til að skorast undan því að gefa skýrslu fyrir dómi skv. 1. mgr. 117. gr. frumvarpsins, auk þess sem dómari getur leyst önnur vitni undan vitnaskyldu skv. 2. mgr. þeirrar greinar. Af þeim sökum er ekkert því til fyrirstöðu að skýrslur, sem þessi vitni hafa gefið hjá lögreglu, séu lagðar fram, enda sé ætlun ákæranda að leiða þau fyrir dóm. Ef það liggur hins vegar ljóst fyrir, þegar mál er höfðað, að vitni ætli að notfæra sér rétt sinn og neita að gefa skýrslu fyrir dómi á við undantekningarákvæðið í niðurlagi 2. mgr., þar sem gert er ráð fyrir að ákærandi geti lagt fram skýrslu, sem vitni hefur gefið hjá lögreglu, án þess að ætlunin sé að leiða það fyrir dóm ef ekki er kostur á að fá það fyrir dóm til að gefa skýrslu. Þetta ákvæði ætti einnig við ef vitnið væri látið, horfið eða alvarlega veikt, sbr. 3. mgr. 111. gr. frumvarpsins.

Í síðari málslið 3. mgr. 59. gr. gildandi laga segir að dómari megi ekki veita viðtöku utanréttarvottorðum þess, sem skylt er að koma fyrir dóm sem vitni í máli, nema sérstaklega standi á, svo sem þegar þess sé ekki kostur að fá vitni fyrir dóm til að gefa skýrslu. Í 3. mgr. þessarar greinar er þessi regla áréttuð, en óþarft er að greina undantekningu frá henni, eins og nú er gert, vegna ákvæðisins í 2. mgr. sem áður er gerð grein fyrir. Samkvæmt því er með öllu óheimilt að leggja fram í máli skjöl eða önnur gögn, sem hafa að geyma framburð ákærða eða vitna, t.d. ef um er að ræða frásögn af málsatvikum utan réttar, án þess að um sé að ræða skýrslu sem gefin hefur verið fyrir dómi ellegar hjá lögreglu eða eftir atvikum öðrum stjórnvöldum sem komið hafa að rannsókn málsins.

Ákvæði 4. mgr. þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 135. gr.

Með áþekkum hætti og gert er í 3. mgr. 67. gr. laga um meðferð einkamála er í 1. mgr. kveðið á um skyldu manns, sem ekki er aðili að sakamáli, til þess að afhenda öðrum hvorum málsaðila, ákæranda eða ákærða, skjal eða annað sýnilegt sönnunargagn til þess að leggja það fram í málinu, enda megi ætla að það hafi sönnunargildi í því. Þótt vísað sé til „manns“ getur ákvæðið, eðli máls samkvæmt, tekið til lögpersóna, svo sem félaga og stofnana. Í því tilviki kæmi fyrirsvarmaður fram fyrir hönd félagsins eða stofnunarinnar. Gert er ráð fyrir að maður

geti neitað að láta skjal af hendi sé honum óskylt skv. 117. eða 118. gr. ellegar óheimilt skv. 119. gr. frumvarpsins að bera vitni um efni þess.

Í síðari málslið 1. mgr. er lagt til að verði þriðji maður ekki við áskorun aðila um að afhenda honum skjal samkvæmt framansögðu skuli dómari leysa úr þeim ágreiningi með úrskurði. Ef niðurstaða hans er sú að manni beri að afhenda skjalið sé ákæranda skylt að leggja hald á það á grundvelli úrskurðarins, jafnvel þótt ákærði hafi beint kröfu þess efnis að vörslumanni þess. Rökin fyrir því að þessi aðferð skuli viðhöfð eru einkum þau að vegna þeirrar ríku áherslu, sem lögð er á að upplýsa sakamál, geti skipt miklu að skjal sé tekið sem fyrst úr vörslum manns til að koma í veg fyrir að því verði eytt eða skotið undan, auk þess sem ekki þykir hlýða að maður þráist við að afhenda það gegn greiðslu dagsekta, sbr. 2. mgr. 68. gr. laga um meðferð einkamála. Það liggur því beint við að skylda ákæruvaldið til að leggja hald á skjalið við þessar aðstæður á sama hátt og þegar hald er lagt á muni við rannsókn máls skv. IX. kafla frumvarpsins, án tillits til þess hvort skjalið muni koma ákærða til góða, enda hvílir sú skylda á ákæruvaldinu skv. 3. mgr. 18. gr. frumvarpsins að gæta jafnt að atriðum sem horfa til sýknu eða sektar ákærða. Það sem hér hefur verið sagt um skjöl á að sjálfsögðu einnig við um önnur sýnileg sönnunargögn.

Vegna þess að hald hefur í för með sér skerðingu á rétti þriðja manns á það, með skírskotun til sjónarmiða um meðalhóf, ekki að standa lengur en þörf krefur, t.d. er stundum mögulegt að afrita eða endurrita skjal eða annað gagn og aflétta haldinu við svo búið, sbr. til hliðsjónar 2. mgr. 136. gr. Samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar er ráðgert að vörslumaður skjals eða annars gagns, sem hald hefur verið lagt á skv. 1. mgr., geti krafist þess að dómari aflétti haldi með úrskurði. Að öðrum kosti er lagt til að haldinu skuli aflétt þegar þess er ekki lengur þörf og síðasta lagi þegar máli er endanlega lokið, t.d. með dómi Hæstaréttar ef héraðsdómi er áfrýjað. Þó er tekið fram að haldi skuli ekki aflétt ef þær ástæður eigi við sem greindar eru í a- eða b-lið 72. gr. frumvarpsins, þ.e. að gagn hafi verið gert upptækt með dómi eða þess hafi verið aflað með refsiverðum hætti og það afhent þeim sem tilkall á til þess. Telja verður ólíklegt að til þessa kæmi þegar um er að ræða skjal eða annað gagn sem verið hefur í vörslum þriðja manns þótt það sé ekki útilokað. Hins vegar er gengið út frá því að almennt verði sönnunargagn afhent þriðja manni þegar máli er endanlega lokið og því á ákvæði c-liðar 72. gr. ekki við þegar hald hefur verið lagt á skjal skv. 1. mgr. þessarar greinar.

Um 136. gr.

Greinin er efnislega eins og 69. gr. laga um meðferð einkamála, að öðru leyti en því að lagt er til í 4. mgr., eins og gert er í 70. gr. þeirra laga, að ákvæði 1.–3. mgr. skuli gilda um önnur sýnileg sönnunargögn en skjöl, svo sem tölvugögn, myndbönd og mynddiska, eftir því sem átt getur við. Þarfnast greinin ekki frekari skýringa.

Um 137. gr.

Í greininni er mælt fyrir að dómari skuli meta sönnunargildi skjala og annarra sýnilegra sönnunargagna með hliðsjón af atvikum hverju sinni. Þetta er sama regla og fram kemur í 3. mgr. 72. gr. laga um meðferð einkamála þótt það ákvæði sé einskorðað við einkaskjöl.

Sú regla hefur verið talin gilda hér á landi og reyndar almennt í öðrum Evrópuríkjum að ákæruvaldinu sé heimilt að leggja fram í sakamálum skjöl og annars konar gögn, jafnvel þótt þeirra hafi verið aflað á ólögmætan hátt, t.d. við leit sem ekki hefur reynst eiga sér fullnægjandi lagastoð. Þetta viðhorf hefur helgast af því að sá varnaður, sem óneitanlega er fólginn í því að litið skuli fram hjá gögnum er aflað hefur verið með þessum hætti, eigi að víkja fyrir

þeirri brýnu samfélagsþörf að brot, einkum alvarleg brot, verði upplýst þannig að þeir sem þau hafa framið hljóti lögmælta refsingu. Í stað þess að leggja bann við því að byggt verði á slíkum gögnum sem sönnunargögnum sé eðlilegra að þeir sem beri ábyrgð á því að gripið hefur verið til ólögmætra aðgerða við rannsókn máls verði beittir viðeigandi viðurlögum. Engu að síður er viðurkennt að það geti brotið gegn fyrirmælum 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu að sakfelling sé reist á gögnum sem aflað hefur verið ólöglega, sér í lagi ef beitt hefur verið ámælisverðum aðferðum, svo sem nauðung, hótunum eða blekkingum.

Eitt af því, sem rætt hefur verið um í þessu sambandi, er hvernig fara skuli með gögn sem finnast af tilviljun við rannsóknaraðgerð á borð við húsleit og geta fært sönnur á annars konar brot en var tilefni leitarinnar. Ekki er heldur loku fyrir það skotið að það sé ekki hrein tilviljun að gögn finnist, t.d. í því tilviki að lögregla eða önnur stjórnvöld hafi grun um refsiverða háttsemi einstaklings eða fyrirtækis. án þess að vita gjörla í hverju hún sé fólgin. Í því skyni að sporna við þessari aðferð við rannsókn sakamála, sem vissulega getur falið í sér mjög tilfinnanlega skerðingu á mannréttindum þeirra er hlut eiga að máli, er svo fyrir mælt í 800. gr. dönsku réttarfarslaganna að gögn, sem fundist hafa „af tilviljun“ við húsleit, verði ekki lögð fram sem sönnunargögn í sakamáli, þótt lögregla megi líta til þeirra við rannsókn á því broti sem þau kynnu að hafa leitt í ljós. Samkvæmt greininni getur dómari þó heimilað að gögnin verði lögð fram, t.d. ef ekki er unnt að beita öðrum aðferðum til að hafa upp á sönnunargögnum í málinu eða brot getur varðað sex ára fangelsi eða þyngri refsingu. Ekki er gerð tillaga um að sams konar regla og er að finna í 800. gr. dönsku réttarfarslaganna verði tekin upp í íslensk lög, enda er mjög erfitt að setja slíka reglu, svo að eitthvert hald sé í, eins og umrædd lagagrein ber með sér. Hins vegar ber að leggja áherslu á að dómarar meti sönnunargildi þeirra sönnunargagna, sem aflað hefur verið með framangreindum hætti, með varúð og líti jafnvel algjörlega fram hjá þeim ef beitt hefur verið sérlega ámælisverðum aðferðum við að útvega þau.

Um XXI. kafla.

Í þessum kafla koma fram reglur um það hvernig standa skuli að því að afla sönnunargagna fyrir öðrum dómstóli en þar sem sakamál er rekið. Ekki er reglur sem þessar að finna í núgildandi lögum um meðferð opinberra mála, en ákvæði kaflans eru í megindráttum eins og samsvarandi kafla, þ.e. XI. kafla, í lögum um meðferð einkamála.

Um 138. gr.

Þessi grein er svo til eins og 73. gr. laga um meðferð einkamála og þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 139. gr.

Greinin er samhljóða 74. gr. laga um meðferð einkamála, að öðru leyti en því að lagt er til að vísað verði til stjórnvalda almennt í niðurlagi 2. mgr. í stað Stjórnarráðsins, vegna þess að ekki er víst að hagkvæmast sé að ráðuneyti annist milligöngu við afla sönnunargagna fyrir erlendum dómstóli í sakamáli, heldur getur verið æskilegra að einhver önnur stjórnvöld geri það. Þarfnast greinin ekki frekari skýringa.

Um 140. gr.

Greinin er nánast eins og 1. og 2. mgr. 75. gr. laga um meðferð einkamála og þarf ekki að skýra hana sérstaklega. Þó skal þess getið að ekki er lagt til að sams konar ákvæði og koma fram í 3. og 4. mgr. 75. gr. verði tekin upp í lög um meðferð sakamála, enda eiga þau eingöngu við um einkamál þar sem aðilar fara með forræði á sönnunarfærslu.

Um 141. gr.

Fyrsta málsgrein, þar sem kveðið er á um að ákvæðum 140. gr. skuli eftir atvikum beitt þegar sönnunargagna er aflað í héraði meðan sakamál er rekið fyrir Hæstarétti, er efnislega eins og 76. gr. laga um meðferð einkamála. Enn fremur er gert ráð fyrir því í 2. mgr. að þeim ákvæðum skuli beitt, eftir því sem átt getur við, þegar gagna er aflað fyrir héraðsdómi í tengslum við rekstur slíks máls erlendis, hvort sem er fyrir dómstóli í öðru ríki ellegar fjölþjóðlegum eða alþjóðlegum dómstóli.

Um 4. þátt.

Þessi þáttur frumvarpsins hefur að geyma reglur um það, hvernig farið skuli með sakamál, frá því að rannsókn þess er lokið og þar til því lýkur, eftir atvikum með dómi í héraði. Að hætti laga um meðferð einkamála er síðan fjallað um endurupptöku máls og málskot til Hæstaréttar í sérstökum þætti, 5. þætti frumvarpsins.

Þau efnisatriði, sem þessi þáttur tekur til, mynda ekki eina heild í núgildandi lögum, heldur er þau einkum að finna í XIV., XV., XVI. og XX. kafla þeirra. Þá eru sum ákvæði þáttarins sótt til annarra laga, auk þess sem þar er gert ráð fyrir hreinum nýmælum, eins og reglum XXVII. kafla um afbrigðilega meðferð máls fyrir dómi. Þátturinn skiptist annars í sjö kafla. Í XXII. kafla er að finna almennar reglur um saksókn og er þeim að hluta ætlað að koma í stað IV. kafla almennra hegningarlaga. Næstu tveir kaflar, þ.e. XXIII. og XXIV. kafli, geyma annars vegar reglur um lok máls án ákæru og hins vegar um höfðun sakamáls með útgáfu ákæru og birtingu hennar. Í XXV. kafla er kveðið á um almenna meðferð máls fyrir dómi, í XXVI. kafla um einkaréttarkröfur, sem hafa má uppi í sakamáli, í XXVII. kafla um afbrigðilega meðferð máls fyrir dómi, þ.e. þegar um er að ræða önnur mál en venjuleg sakamál, og loks í XXVIII. kafla um dómsúrlausnir héraðsdóms.

Um XXII. kafla.

Í þennan kafla hafa verið felld ákvæði, sem lúta almennt að saksókn, sbr. 142.–144. gr. Sömuleiðis að ákvörðun um það hvort sækja skuli sakborning til sakar á grundvelli rannsóknar eða fella mál hans niður, sbr. 145. gr., ellegar hvort falla beri frá saksókn á hendur honum, jafnvel þótt hann sé álitinn sekur, sbr. 146. gr., sbr. og 147. gr. sem tekur jafnt til niðurfellingar máls og saksóknar. Ekki eru ráðgerðar verulegar breytingar á efni þessara ákvæða frá því sem nú er, nema þá helst á heimild ákæruvalds til að falla frá saksókn, sbr. einkum 3. og 4. mgr. 146. gr. Vísast um skýringar á þeim, svo og á öðrum nýmælum, sem ráðgerðar eru á almennum reglum um saksókn, til athugasemdanna hér á eftir.

Um 142. gr.

Í greininni er mælt fyrir um ákærureglu svonefndu, þ.e. að sérhver refsiverð háttsemi skuli sæta ákæru. Þessa meginreglu er að finna í 111. gr. núgildandi laga, auk 24. gr. almennra hegningarlaga. Með frumvarpinu er gerð sú tillaga að efni IV. kafla þeirra laga, sem ber yfirskriftina ákærureglur og hefur m.a. að geyma umrædda reglu, verði fært í lög um með-

ferð sakamála, að undanteknum þeim sérstöku ákærureglum er eiga einvörðungu við um höfðun einkarefsimáls á borð við meiðyrðamál, sbr. 234. gr. frumvarpsins.

Í gildandi lögum segir að sérhver refsiverður „verknaður“ skuli sæta ákæru. Í stað þess að vísa til verknaðar í þessu sambandi er lagt til að notað verði orðið „háttsemi“ sem hefur enn víðtækari skírskotun. Eins og nú er gert er tekið fram í síðari hluta greinarinnar að unnt sé að víkja frá ákærureglunni sé það sérstaklega ákveðið í lögum. Sem dæmi um slíka undantekningu frá reglunni má nefna heimild ákæruvalds til að falla frá saksókn skv. 2.–4. mgr. 146. gr., jafnvel þótt það telji sannað að sakborningur hafi gerst sekur um refsiverða háttsemi, og enn fremur lok sakamáls án ákæru skv. XXIII. kafla frumvarpsins.

Um 143. gr.

Greinin er nánast samhljóða 1. og 2. mgr. 23. gr. núgildandi laga og þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 144. gr.

Hér hefur verið safnað saman í eina lagagrein reglum um það hvernig fara skuli að við ákvörðun saksóknar þegar höfðun sakamáls er háð kröfu brotaþola samkvæmt viðeigandi refsiákvæði, en samsvarandi reglur er nú að finna í 25.–29. gr. almennra hegningarlaga. Með því að steypa reglunum þannig saman í eina grein er stefnt að því að einfalda þær, eins og kostur er, án þess að breyta efni þeirra að neinu ráði. Það gerir framsetninguna jafnframt þjálli að hugtakið „brotaþoli“, sem skilgreint er í 1. mgr. 39. gr. frumvarpsins, kemur í stað orðalagsins „sá sem misgert var við“. Að auki er kveðið á um það í 2. mgr. 39. gr. að sé brotaþoli ólögráða komi lögráðamaður fram sem fyrirsvarsmaður hans og taki þær ákvarðanir fyrir hans hönd sem hann er ekki talinn bera skynbragð á eða vera fær um að taka. Því er óþarfi að taka fram sérstaklega að lögráðamaður komi fram fyrir brotaþola við þær aðstæður sem hér er lýst, heldur bæri í því efni að fara eftir þessu almenna ákvæði, sbr. hins vegar 2. mgr. 25. gr. hegningarlaga. Eins og áður segir ber enn fremur að hafa í huga að ekki er gert ráð fyrir að reglur þær, sem hér er gerð grein fyrir, eigi við um það hvernig brotaþoli skuli standa að höfðun einkarefsimáls af sinni hálfu, heldur verði áfram mælt fyrir um það í IV. kafla hegningarlaga.

Fyrsta málsgrein er í megindráttum sama efnis og 1. og 3. mgr. 25. gr. og 2. og 3. mgr. 26. gr. almennra hegningarlaga. Rétt er að benda á að með því að nota samtenginguna „eða“ í upptalningunni í 2. málsl. á nánustu vandamönnum brotaþola, sem fallið hefur frá, ber að skilja ákvæðið á þann veg að hafi brotaþolinn skilið eftir sig maka skuli hann einn hafa rétt til að krefjast málshöfðunar. Sé eftirlifandi maka ekki til að dreifa fellur rétturinn til barna brotaþolans, síðan til annarra niðja, þá til foreldra og loks til systkina hans. Séu nánustu vandamenn í hverjum þessara flokka fleiri en einn og ekki á eitt sáttir um hvort mál skuli höfðað er lagt til að ákærandi ákveði hvort það skuli gert, sbr. 3. málsl. Er það sama regla og nú kemur fram í 3. mgr. 26. gr. hegningarlaga. Á sama hátt og í 2. mgr. 26. gr. er hins vegar gert ráð fyrir því í 1. málsl. að hafi sama brot beinst að fleiri en einum brotaþola og séu þeir ekki á einu máli um, hvort mál skuli höfðað, nægi að krafa þess efnis komi frá einum þeirra, sbr. orðin „eða einhver brotaþola“.

Í 1. málsl. 2. mgr. er að finna áþekka reglu og fram kemur í 27. gr. almennra hegningarlaga. Þó er tekið fram að brotaþoli geti ekki krafist þess að sakamál verði höfðað, ef hann vill undanskilja einhvern af þeim sem sekur kann að vera um hina refsiverðu háttsemi, heldur er gert ráð fyrir að hendur ákæruvaldsins verði óbundnar að því leyti frá hendi brotaþolans, eins

og endranær þegar ákvörðun er tekin um saksókn af þess hálfu. Ella mætti leiða að því rök að um væri að ræða ólögmæta mismunun í garð þess eða þeirra sem ekki væru undanskildir saksókn samkvæmt ákvörðun brotaþola. Með 2. málsl. er gerð tillaga um að brotaþoli geti afturkallað kröfu um málshöfðun allt þar til héraðsdómur er kveðinn upp í málinu. Samkvæmt d-lið 1. mgr. 170. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að mál verði þar með sjálfkrafa fellt niður, nema ákærandi telji rétt að halda því áfram vegna almannahagsmuna. Í 3. málsl. er síðan tekið fram að sá sem afturkallað hefur kröfu geti ekki borið hana fram að nýju, nema ákærandi fallist á það fyrir sitt leyti, enda verði hin nýja krafa að vera borin fram innan þeirra tímamarka sem mælt er fyrir um í 3. mgr. Hliðstæðar reglur þeim sem fram koma í 2. og 3. málsl. er að finna í 28. gr. hegningarlaga.

Á sama hátt og í 29. gr. hegningarlaga er gengið út frá því í 3. mgr. að brotaþoli eða sá, sem kemur í hans stað verði að bera fram kröfu um málshöfðun innan ákveðinna tímamarka. Að öðrum kosti falli niður heimild hans til að krefjast málshöfðunar. Þau mörk, sem greind eru í 3. mgr., eru þau sömu og í 29. gr. almennra hegningarlaga.

Um 145. gr.

Greinin er sama efnis og 112. gr. núgildandi laga og þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 146. gr.

Í greininni er mælt fyrir um niðurfellingu saksóknar, þ.e. þegar fallið er frá höfðun sakamáls í öðrum tilvikum en þeim sem 145. gr. tekur til. Þótt greinin taki vissulega mið af 113. gr. núgildandi laga er, eins og áður greinir, lagt til að gerðar verði nokkrar breytingar á þeim ákvæðum hennar sem lúta að heimild ákæranda til að falla frá saksókn. Einnig er ráðgert að breyta núverandi efnisskipan 113. gr.

Þannig er kveðið á um það í 1. mgr. að málsókn falli sjálfkrafa niður ef sakborningur gengst undir viðurlög skv. 1. mgr. 148. eða 1. mgr. 149. gr. ellegar ef dómari ákvarðar honum viðurlög skv. 3. mgr. 150. gr. Undantekningar frá þeirri reglu er að finna í 3. mgr. 148. gr. og 4. mgr. 149. gr. þar sem lögreglustjóra eða héraðssaksóknara er, með vissum skilyrðum, veitt heimild til að fella sektargerðir samkvæmt þessum greinum úr gildi og mætti eftir það höfða mál með því að gefa út ákæru eða falla frá saksókn skv. 2.–4. mgr. þessarar greinar.

Í 2.–4. mgr. er mælt fyrir um heimild ákæranda til að falla frá saksókn. Í fyrsta lagi er honum heimilt að gera það, eins og tekið er fram í 2. mgr., með því að fresta ákæru skilorðsbundið skv. 56. gr. almennra hegningarlaga, sbr. fyrri málslið 1. mgr. 113. gr. gildandi laga.

Í annan stað er lagt til að ákærandi geti fallið frá saksókn á hendur sakborningi í þeim sérstöku tilvikum sem vísað er til í 3. og 4. mgr. Segja má að þær ástæður, sem þar eru greindar, eigi það allar sammerkt að almannahagsmunir krefjist ekki málshöfðunar, t.d. vegna þess að brot er mjög smávægilegt, sbr. fyrri hluta a-liðar 3. mgr., sem er samhljóða a-lið 2. mgr. 113. gr. gildandi laga. Einnig ef málshöfðun þjónar litlum sem engum tilgangi, svo sem þegar svo stendur á sem í c-lið 3. mgr. eða 4. mgr. segir, sbr. b- og d-liði 2. mgr. 113. gr.

Ákvæði b-liðar 3. mgr. er nýmæli. Samkvæmt því er lagt til að heimilt verði að falla frá saksókn ef sakborningur og brotaþoli hafa komist að samkomulagi við sáttamiðlun og sakborningur efnt það fyrir sitt leyti. Með því að nefna þetta úrræði sérstaklega er gengið út frá að til þess megi grípa með þeim réttaráhrifum, ef vel tekst til, að fallið verði frá saksókn gegn sakborningi. Hins vegar þykir ekki þörf á að setja frekari lagareglur um sáttamiðlun að svo stöddu.

Samkvæmt c-lið 2. mgr. 113. gr. gildandi laga er heimilt að falla frá saksókn ef brot hefur valdið sakborningi sjálfum óvenjulegum þjáningum og málsókn þykir ekki brýn af almennum refsivörsluástæðum. Í d-lið 3. mgr. er gerð tillaga um breytt orðalag frá umræddu ákvæði í þá veru að hert verði á skilyrðinu um að brot hafi valdið sakborningi þjáningum með því að þær verði að hafa verið „óvenjulega miklar“. Jafnframt er lagt til að litið verði til „almannahagsmuna“ þegar tekin er ákvörðun um það hvort fallið skuli frá saksókn eða höfðað mál í tilvikum sem þessum. Þessu til viðbótar er gert ráð fyrir því að aðrar sérstakar ástæður en óvenjulega miklar þjáningar sakbornings geti réttlætt það að fallið verði frá saksókn í undantekningartilvikum. Sem dæmi um slíkt tilvik mætti nefna þá háttsemi sem lýst er í e-lið 2. mgr. 113. gr. gildandi laga. Samkvæmt því ákvæði er heimilt að falla frá saksókn gagnvart sakborningi ef hann hefur beitt annan mann nauðung eða fjárkúgun með því að hóta ella að kæra hann fyrir refsivert athæfi, þó að því tilskildu að þetta brot sakborningsins sé ekki því stórfelldara. Í staðinn fyrir að taka háttsemi sem þessa eina út úr, eins og gert er í gildandi lögum, er lagt til að vísað verði almennt í d-lið 3. mgr. til sérstakra ástæðna, sem eftir atvikum gætu réttlætt niðurfellingu saksóknar, á borð við þær að hafa gripið í örvæntingu til annars konar ólögmæts atferlis en nauðungar eða fjárkúgunar við svipaðar aðstæður og lýst er í e-lið 2. mgr. 113. gr.

Í 4. mgr. þessarar greinar hafa verið tekin svo til óbreytt þau ákvæði, sem nú er að finna í d-lið 2. mgr. 113. gr., þar sem ákæranda er veitt heimild til að falla frá saksókn út af brotum, sem ætla má að skipti engu eða óverulegu máli við ákvörðun viðurlaga, vegna refsingar fyrir önnur brot sem sakborningur hefur ýmist þegar verið dæmdur fyrir, sbr. 78. gr. hegningarlaga, eða er grunaður um að hafa framið. Rökin að baki þessari heimild eru öðrum þræði þau að óþarft sé og óeðlilegt að eyða tíma og fyrirhöfn og þar með fjármunum hins opinbera í að rannsaka til fullnustu minni háttar brot sem hefðu hvort sem er lítil eða engin áhrif á þau viðurlög er sakborningi yrðu ákveðin. Af sama meiði sprottið er ákvæði 3. tölul. 1. mgr. 721. gr. dönsku réttarfarslaganna. Samkvæmt því er heimilt að falla frá saksókn í þeim tilvikum þar sem meðferð máls mundi fyrirsjáanlega hafa í för með sér svo mikla erfiðleika eða útgjöld ellegar verða svo tímafrek að það væri engan veginn í samræmi við þýðingu málsins og þá refsingu sem vænta mætti að yrði dæmd.

Með hliðsjón af þessu síðastnefnda ákvæði er gert ráð fyrir í síðari hluta a-liðar 3. mgr. að ákærandi geti fallið frá saksókn ef fyrirsjáanlegt er að umfang málsins og þar með útgjöld vegna þess verði í verulegu ósamræmi við þá refsingu sem vænta má að dæmd yrði ef mál væri höfðað. Ekkert er því til fyrirstöðu að í framkvæmd yrði þessu ákvæði beitt samhliða fyrri málslið 4. mgr. við meðferð máls, t.d. vegna ætlaðra efnahagsbrota, þar sem fyrir lægi að rannsókn yrði mjög umfangsmikil sem og annar undirbúningur málshöfðunar. Í stað þess að rannsaka til hlítar öll þau brot, sem sakborningi væru gefin að sök, væri með vísun til umræddra tveggja ákvæða mögulegt að miða rannsókn og frekari meðferð málsins við alvarlegustu sakarefnin eða eftir atvikum við þau sem auðveldast væri að upplýsa með sem minnstri fyrirhöfn og kostnaði. Þetta sjónarmið, að meðferð sakamáls verði einfölduð eins og kostur er til þess að leggja megi dóm á efni málsins innan hæfilegs tíma, tekur bæði mið af því hlutverki ákærenda skv. 1. mgr. 18. gr. frumvarpsins að sjá til þess að þeir sem afbrot fremja verði beittir lögmæltum viðurlögum, og þeirri meginreglu að hraða beri máli eftir föngum, sbr. 171. gr. frumvarpsins.

Fimmta málsgrein þessarar greinar er sama efnis og 4. mgr. 113. gr. gildandi laga. Hins vegar er lagt til að fellt verði brott ákvæðið í 3. mgr. 113. gr. þar sem segir að ríkissaksóknari geti við sérstakar aðstæður óskað eftir að dómsmálaráðherra geri tillögu til forseta Íslands um

niðurfellingu saksóknar skv. 29. gr. stjórnarskrárinnar. Þessu ákvæði, sem var á sínum tíma tekið upp í lög nr. 19/1991, mun ekki hafa verið beitt, enda verður að telja það varhugavert að ætla æðsta handhafa ákæruvalds, sem ekki á að taka við fyrirmælum frá öðrum stjórnvöldum um meðferð þess valds, að vísa með þessum hætti ákvörðun um saksókn til endanlegrar úrlausnar ráðherra með atbeina forseta Íslands.

Um 147. gr.

Efni 1. og 2. mgr. er það sama og 114. gr. núgildandi laga og þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Síðari málsgreinarnar tvær hafa að geyma nýmæli sem tengjast breyttri skipan ákæruvalds, sbr. III. kafla frumvarpsins. Samkvæmt 3. mgr. verður sú ákvörðun héraðssaksóknara að fella niður mál skv. 145. gr. eða falla frá saksókn skv. 2.–4. mgr. 146. gr. kærð til ríkissaksóknara, enda lúti ákvörðunin að broti sem varðað getur að lögum sex ára fangelsi eða þyngri refsingu. Í 4. mgr. er ráðgert að æðri handhafi ákæruvalds geti, að eigin frumkvæði, fellt úr gildi sams konar ákvörðun lægra setts ákæranda, enda telji hann ákvörðunina andstæða lögum eða fjarstæða að öðru leyti. Orðalagið er sótt til 2. mgr. 26. gr. gildandi laga sem reyndar er lagt til að felld verði brott úr lögum, sbr. athugasemdir við 19. gr. frumvarpsins. Hér er hins vegar um sömu aðstöðu að ræða og þar er fjallað um, þ.e. að æðra stjórnvald telji óhjákvæmilegt að breyta ákvörðun lægra setts stjórnvalds um að fella niður mál eða falla frá saksókn. Vegna þess að slík ákvörðun er íþyngjandi fyrir sakborning er lagt til að henni verði sett sömu tímamörk og afgreiðslu á kæru skv. 2. og 3. mgr.

Um XXIII. kafla.

Í kaflanum er mælt fyrir um það hvernig ljúka megi sakamáli með ákvörðun viðurlaga án þess að gefin sé út ákæra á hendur sakborningi. Ákvæði þessa efnis er að finna í 115. gr., 115. gr. a og 115. gr. b núgildandi laga.

Þessar greinar eru allar nýlegar. Sú elsta þeirra er 115. gr., sem að vísu var tekin upp í lög nr. 19/1991 samkvæmt fyrirmynd í eldri lögum, en í þó nokkuð breyttri mynd. Síðan hafa verið gerðar verulegar breytingar á henni, síðast með lögum nr. 57/1997. Ári síðar var 115. gr. a lögtekin með lögum nr. 31/1998 og árið 2005 115. gr. b með lögum nr. 81/2005.

Af þessum sökum eru ekki ráðgerðar neinar teljandi breytingar á þessum ákvæðum. Þó þykir rétt að skipa heimild lögreglu til þess að ákveða tiltölulega lága sekt fyrir brot, sem játað er, sbr. 115. gr. b gildandi laga, fremst í kaflann, sbr. 148. gr. Næst komi heimild lögreglustjóra til að ákveða sekt og önnur viðurlög, með samþykki sakbornings, sbr. nú 115. gr. og 149. gr., og síðust heimild lögreglustjóra til að bjóða sakborningi að ljúka máli með greiðslu sektar og heimild dómara til að ákvarða honum sekt og vararefsingu, sinni hann ekki slíku sektarboði, sbr. nú 115. gr. a og 150. gr. Lagðar eru til smávægilegar breytingar á núgildandi reglum vegna þessarar breyttu röðunar, þar á meðal þykir eðlilegt að þau ákvæði, sem eru sameiginleg greinunum þremur, verði felld í sérgrein, sbr. 151. gr.

Um 148. gr.

Eins og áður er komið fram er greinin nánast samhljóða 115. gr. b núgildandi laga sem tekin var upp í þau með lögum nr. 81/2005. Bent er á að sams konar heimild og er að finna í 4. mgr. 149. gr., sbr. nú 5. mgr. 115. gr. gildandi laga, hefur verið tekin upp í 3. mgr. Þarfnast greinin ekki frekari skýringa.

Um 149. gr.

Greinin er sama efnis og 115. gr. núgildandi laga, að öðru leyti en því að tvö atriði, sem lúta að heimild dómsmálaráðherra til setningar reglugerðar og fjárnám til fullnustu ákvörðunar um viðurlög, hafa verið færð úr 1. og 2. mgr. í 1. og 2. mgr. 151. gr. Enn fremur er lagt til að 4. mgr., þar sem ráðherra er veitt heimild til að setja reglur um bókhald og meðferð mála samkvæmt greininni, verði felld brott, en í staðinn tekin upp almenn heimild fyrir ráðherra til að setja reglur um meðferð mála hjá lögreglu, þ.m.t. lögreglustjórum, skv. 148.–150. gr., sbr. lokamálslið 1. mgr. 151. gr.

Um 150. gr.

Greinin kemur í stað 115. gr. a núgildandi laga og er í meginatriðum sama efnis, að því undanskildu að gert er ráð fyrir að dómsmálaráðherra ákveði með reglugerð það hámark sektar, sem miðað skal við í 1. mgr., sbr. 1. mgr. 151. gr., í stað þess að hámarkið sé lögbundið, eins og nú er. Þykir rétt að sama aðferð sé viðhöfð við ákvörðun sektarhámarks hér og í 1. mgr. 149. gr., sbr. 1. mgr. 115. gr. gildandi laga. Þá er lagt til að eftir því sem við getur átt gildi þær reglur, sem er að finna í XXIX. kafla frumvarpsins og eiga við um endurupptöku útivistarmáls í héraði, sbr. 161. gr. frumvarpsins, einnig um endurupptöku máls skv. 5. mgr. þegar því ákvæði sleppir. Svipuð sjónarmið eiga við í báðum tilvikum, enda þótt endurupptöku beri hér öðru vísi að, fyrst og fremst vegna þess að ekki hefur gefin út ákæra í málinu.

Um 151. gr.

Eins og tekið er fram í almennum athugasemdum með XXIII. kafla er lagt til að felld verði í eina lagagrein þau ákvæði sem eru sameiginleg öðrum greinum kaflans. Um skýringu á greininni vísast að öðru leyti til athugasemda með 149. og 150. gr. hér að framan.

Um XXIV. kafla.

Hér er mælt fyrir um útgáfu ákæru og efni hennar, sbr. 152. gr., framhaldsákæru og afturköllun ákæru, sbr. 153. gr., sendingu ákæru og meðfylgjandi gagna til héraðsdóms, sbr. 154. gr., frumathugun dómara á formhlið máls og útgáfu fyrirkalls, sbr. 155. gr., birtingu ákæru ásamt fyrirkalli, sbr. 156. gr., og loks skipun verjanda ef ákærði hefur óskað eftir verjanda við birtingu ákæru, sbr. 157. gr. Ákvæði þessa efnis er að finna í 116. og 118.–121. gr. núgildandi laga. Er lagt til að þau standi að verulegu leyti óbreytt þótt sums staðar séu ráðgerðar lagfæringar á efni og orðalagi þeirra og jafnframt bryddað upp á nokkrum nýmælum í kaflanum, eins og nánar er gerð grein fyrir í athugasemdum með einstökum greinum hans.

Um 152. gr.

Fyrsta málsgrein svarar til 116. gr. núgildandi laga, en lagt er til að ákvæðum hennar verði breytt nokkuð frá því sem nú er. Í fyrsta lagi segir í inngangínum í 1. mgr. á undan upptalningu á þeim atriðum, sem eiga að koma fram í ákæru, að þau skuli greina svo glöggt sem verða má, sbr. 1. mgr. 80. gr. laga um meðferð einkamála.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir því í d-lið 1. mgr. að auk þeirra atriða, sem talin eru upp í c-lið, sbr. c-lið 1. mgr. 116. gr. gildandi laga, skuli greina í ákæru, ef þörf krefur, þær röksemdir sem ákæruvaldið byggir málsókn sína á, svo að ekki fari á milli mála hverjar sakargiftir eru, sbr. til hliðsjónar e-lið 1. mgr. 80. gr. laga um meðferð einkamála. Ef sakarefnið er einfalt er óþarft að rökstyðja málsóknina frekar en að greina þá háttsemi, sem ákært er út af, og heim-

færa ætlað brot ákærða til viðeigandi refsiákvæðis, sbr. c-lið 1. mgr. Stundum er það hins vegar ekki nægilegt til þess að ákærða megi vera ljóst hverjar þær sakir eru sem á hann eru bornar, heldur getur þurft að gera frekari grein fyrir þeim, t.d. með því að skýra það ákvæði, sem háttsemi ákærða er heimfærð til, og sýna fram á, með vísun til málsatvika, hvers vegna háttsemin er talin falla undir það ákvæði. Er þessa ekki síst þörf ef vísað er til fleiri ákvæða í ákæru, svo sem ef ákært er aðallega fyrir brot á einu ákvæði, en til vara fyrir brot á öðru. Með tilliti til meginreglunnar um jafnræði aðila fyrir dómi er jafnframt eðlilegt að ákæruvaldinu gefist kostur á að greina röksemdir fyrir málsókninni í ákæru vegna þess að gert er ráð fyrir að ákærði geti í vissum tilvikum lagt fram skriflega greinargerð af sinni hálfu við meðferð máls fyrir dómi, sbr. 1. mgr. 165. gr. frumvarpsins. Hins vegar er tekið fram í d-lið 1. mgr. að röksemdafærsla í ákæru eigi að vera gagnorð, því að eftir sem áður er gengið út frá því að það bíði munnlegs málflutnings, eftir að ákærði og vitni hafa gefið skýrslu fyrir dómi, að gera ítarlega grein fyrir atvikum málsins og röksemdum af hálfu ákæruvaldsins jafnt sem ákærða.

Þriðja breytingin, sem vert er að vekja athygli á, kemur fram í e-lið 1. mgr. þar sem lagt er til að krafa um greiðslu sakarkostnaðar úr hendi ákærða sé greind í ákæru. Fyrir liggur að verði ákærði sakfelldur skuli honum að jafnaði gert að greiða sakarkostnað, sbr. 1. mgr. 218. gr. frumvarpsins og 1. mgr. 165. gr. gildandi laga. Þess vegna er eðlilegt að tekið sé fram í ákæru að jafnframt því sem krafist sé refsingar og annarra viðurlaga sé gerð krafa um greiðslu sakarkostnaðar, svo að ákærði geti gert sér grein fyrir því strax við birtingu ákæru að til þess kynni að koma að hann yrði dæmdur til að greiða þann kostnað.

Önnur málsgrein er samhljóða fyrri hluta 1. mgr. 119. gr. gildandi laga. Hins vegar þykir óþarft að mæla fyrir um það í lögum að sakamál skuli nefna á þann hátt, sem gert er í síðari hluta þess ákvæðis, þ.e. að notað skuli heitið: Ákæruvaldið gegn N.N. Er eðlilegt að það ráðist af venju, hvernig dómsmál, jafnt sakamál sem einkamál, eru auðkennd.

Um 153. gr.

Fyrstu tvær málsgreinarnar fjalla um framhaldsákæru og afturköllun ákæru, sbr. 118. gr. núgildandi laga. Gerð er tillaga um tvær breytingar á efni þessara ákvæða.

Sú fyrri er að þriggja vikna fresturinn, sem settur er til útgáfu framhaldsákæru í síðari málslið 1. mgr. 118. gr., verði afnuminn. Þess í stað skuli framhaldsákæra gefin út svo fljótt sem verða má, eftir að þörfin á henni er kunn, en í sumum tilvikum ætti það ekki að taka langan tíma, t.d. ef leiðrétta þarf augljósar villur í upphaflegri ákæru. Þó er sleginn sá varnagli að framhaldsákæra skuli aldrei gefin út síðar en tveimur vikum fyrir aðalmeðferð máls skv. 166. gr. frumvarpsins. Þetta er gert til þess að ákærða eða verjanda hans gefist ráðrúm til þess að bregðast við nýjum og íþyngjandi ákæruatriðum sem kunna að koma fram í framhaldsákæru. Ef játning ákærða lægi fyrir, þannig að ljúka mætti máli skv. 164. gr. frumvarpsins, yrði að sjálfsögðu að bera nýja ákæruliði undir hann, áður en unnt væri að ljúka málinu á þann veg. Að auki er gert ráð fyrir því í 1. mgr. 164. gr. að annar hvor málsaðili geti óskað eftir að fram fari aðalmeðferð í málinu og gæti hún samkvæmt framansögðu ekki farið fram fyrr en liðnar væru minnst tvær vikur frá útgáfu framhaldsákærunnar. Ef aðalmeðferð hefði verið ákveðin í máli og framhaldsákæra væri gefin út skömmu áður en hún ætti að hefjast yrði á sama hátt að fresta henni, þannig að tveggja vikna fresturinn yrði virtur. Vegna þess að breyting á ákæru með framhaldsákæru gæti verið einföld og eftir atvikum ákærða í hag er ráðgert að hann eða verjandi fyrir hans hönd geti fallist á að það verði gert rétt fyrir aðalmeðferð eða jafnvel í upphafi hennar til þess að málið dragist ekki að óþörfu af þeim sökum.

Síðari breytingin lýtur að því að ákærandi geti ekki aðeins afturkallað ákæru í heild allt þar til dómur er kveðinn upp með þeim afleiðingum að fella beri mál niður, sbr. b-lið 170. gr. frumvarpsins, heldur geti hann á sama hátt fallið frá einstökum ákæruatriðum. Yrði dómari bundinn af þeirri ákvörðun ákæranda, sbr. 1. mgr. 180. gr.

Í núgildandi lögum eru ekki reistar neinar skorður við því að mál sé höfðað að nýju með útgáfu nýrrar ákæru þótt því hafi áður verið vísað frá dómi eða það fellt niður, t.d. með afturköllun ákæru. Ef sök er að því komin að fyrnast segir að vísu í 5. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga að ef máli er vísað frá héraðsdómi og ekki er hafist handa við að bæta úr ágöllum á málatilbúnaði innan sex mánaða frá þeim degi, er málinu var vísað frá, rjúfi undangengin rannsókn ekki fyrningarfrest. Það er hins vegar mjög mikilvægt fyrir ákærða að sem fyrst verði hafist handa við að bæta úr málatilbúnaði ákæruvaldsins í kjölfar frávísunar eða niðurfellingar máls fyrir dómi, alveg án tillits til þess hvort fyrning sakar er yfirvofandi, þannig að hann fái vitneskju um það svo fljótt sem auðið er hvort mál verði höfðað að nýju á hendur honum vegna sama sakarefnis. Í því skyni að knýja ákæruvaldið til skjótra viðbragða, þegar svo stendur á, er lagt til í 3. mgr. að mál verði að höfða nýju með útgáfu nýrrar ákæru innan þriggja mánaða frá því að máli var vísað frá eða það var fellt niður. Vegna þess að mál á að vera fullrannsakað þegar ákæra er upphaflega gefin út verður að telja að þessi frestur sé í öllum tilvikum ríflegur fyrir ákæruvaldið til þess að ráða bót á þeim ágöllum á málatilbúnaði sem leitt hafa til fyrrgreindra málalykta. Í síðari málslið 3. mgr. er áréttað að upphaf frestsins skuli miðað við það þegar máli er í fyrsta skipti vísað frá dómi eða það er í fyrsta sinn fellt niður. Þannig mundi nýr frestur ekki byrja að líða ef máli væri t.d. vísað frá öðru sinni eða það ætti sér stað eftir að mál hefði áður verið fellt niður. Að öðrum kosti mætti auðveldlega fara kringum þetta ákvæði. Þótt telja verði það óæskilegt gæti ákæruvaldið hins vegar gefið út nýja ákæru í þriðja sinn, t.d. eftir ítrekaða frávísun máls frá dómi, ef það væri gert innan þriggja mánaða frá því að málinu var fyrst vísað frá. Eins og fram kemur í niðurlagi 3. mgr., ber að miða frestinn við það þegar máli er vísað endanlega frá dómi eða það er fellt niður, hvort sem það gerist meðan málið er til meðferðar í héraði eða fyrir Hæstarétti. Samhliða þeirri breytingu, sem ráðgerð er í 3. mgr., er lagt til að ákvæðum 4. og 5. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga um rof fyrningarfrests verði breytt til samræmis, sbr. 234. gr. frumvarpsins.

Um 154. gr.

Í greininni er kveðið á um það, með áþekkum hætti og í 2. mgr. 119. gr. núgildandi laga, að ákæra skuli send héraðsdómi, ásamt þeim sýnilegu sönnunargögnum sem ákæruvaldið hyggst leggja fram í málinu. Gert er ráð fyrir að ákæru fylgi ávallt skrá yfir gögnin og hvaða vitni óskað er eftir að verði leidd í málinu af hálfu ákæruvaldsins, en það verði ekki aðeins gert í þeim tilvikum þegar ljóst er að fram fari aðalmeðferð í málinu, eins og nú er tekið fram í 2. mgr. 119. gr. Enn fremur er gengið út frá því að ákæruvaldið upplýsi dómara um það þegar á þessu stigi hvaða annarra sönnunargagna það telji nauðsynlegt að afla, svo sem hvort það álíti þörf á að dómkveðja matsmann til að láta í ljós álit á sérfræðilegum álitaefnum.

Í niðurlagi greinarinnar er gert ráð fyrir að tekið skuli sérstaklega fram hvort halda beri upplýsingum um nafn og önnur persónueinkenni einstakra vitna leyndum fyrir öðrum en dómara málsins, þ.e. í því tilviki að vitni hafi gefið skýrslu hjá lögreglu án þess að nafn þess og önnur persónueinkenni komi þar fram, sbr. 3. mgr. 65. gr. frumvarpsins. Sama á við ef nafni og upplýsingum um einstaka lögreglumenn er haldið leyndum á grundvelli 2. mgr. 56. gr. Gengið er út frá því í umræddum ákvæðum að þessar upplýsingar skuli jafnan lagðar fyrir

dómara ef gögnin, sem þau eiga við, eru á annað borð lögð fram í málinu af hálfu ákæruvaldsins.

Um 155. gr.

Fyrsta málsgrein er sniðin eftir 1. mgr. 120. gr. núgildandi laga, 2. mgr. er samhljóða 3. mgr. 119. gr. laganna og 3. mgr. svarar til upphafs 2. mgr. 120. gr. þeirra.

Í 1. mgr. 120. gr. gildandi laga er dómara gefinn þriggja vikna frestur til að gefa út fyrirkall á hendur ákærða sem greini stað og stund þingfestingar ásamt áskorun til hans um að sækja þing. Þar sem þessi frestur þykir óþarflega rúmur er lagt til að horfið verði frá því að setja dómara einhver tímamörk í þessu sambandi, auk þess sem það hefur lítil áhrif á hraða málsmeðferðar, hvort fyrirkall er gefið út fyrr eða síðar, heldur skiptir þar meginmáli að málið verði þingfest svo fljótt sem kostur er, sbr. 2. málsl. 1. mgr.

Í niðurlagi 2. mgr. 120. gr. gildandi laga er gert ráð fyrir að dómari greini í fyrirkalli þann fyrirvara sem birta skal ákæru ásamt fyrirkalli fyrir ákærða áður en mál verður þingfest. Lagt er til að þetta verði tekið fram berum orðum í 1. mgr. þessarar greinar og jafnframt að fyrirvarinn megi aldrei vera skemmri en þrír sólarhringar, sbr. 3. málsl. hennar. Er þá tekið mið af því, að stefnufrestur í einkamáli getur skemmstur verið þrír sólarhringar, sbr. 1. mgr. 91. gr. laga um meðferð einkamála. Ekkert er því hins vegar til fyrirstöðu að dómari greini lengri fyrirvara í fyrirkalli og mætti í því efni hafa til hliðsjónar ákvæðin um stefnufresti í einkamálum.

Loks er í 3. mgr. lögð til sú breyting að ákærandi hlutist til um birtingu ákæru, ásamt fyrirkalli, í stað lögreglustjóra, sbr. 2. mgr. 120. gr. gildandi laga.

Um 156. gr.

Hér er mælt fyrir um það hvernig staðið skuli að birtingu ákæru, ásamt fyrirkalli, hér eftir nefnd í einu lagi ákæra, eins og segir í upphafi 1. mgr. Almennt ákvæði um birtingu er að finna í 20. gr. núgildandi laga, ekki aðeins birtingu ákæru, heldur einnig annars konar kvaðninga og tilkynninga samkvæmt lögunum. Með frumvarpinu er gerð tillaga um að þessu verði breytt á þann veg að í þessari grein verði kveðið á um það hvernig birta skuli ákæru, en síðan verði vísað til hennar, að því er varðar birtingu annarra kvaðninga og tilkynninga, þar sem við á, sbr. t.d. 2. mgr. 120. og 3. mgr. 150. gr. frumvarpsins.

Reglur um það, hverjum birta skuli fyrir, sbr. 1. mgr., og hverjir annist birtingu og hvernig að henni skuli standa, sbr. 2. mgr., eru í megindráttum þær sömu og fram koma í 1. mgr. 20. gr. gildandi laga, eins og henni hefur verið breytt með lögum nr. 81/2005. Þó eru ráðgerðar tvær breytingar á gildandi reglum.

Í annan stað að birta megi fyrir öðrum en ákærða sjálfum, lögmanni hans og manni, sem hann hefur veitt umboð til að taka við birtingu, fyrir sína hönd, sbr. 2. málsl. 1. gr. 20. gr. Eins og fram kemur í 1. málsl. 1. mgr. er hér um að ræða þá, sem búa á skráðu lögheimili ákærða, dveljast þar eða hittast þar fyrir, sbr. til hliðsjónar a- og b-liði 3. mgr. 85. gr. laga um meðferð einkamála. Þótt birting ákæru sé gerð auðveldari með þessum hætti og ekki sé eins öruggt að ákærði fái vitneskju um hana, áður en mál er þingfest, verður að hafa í huga að ekki er unnt að ljúka sakamáli vegna útivistar af hálfu ákærða nema í minni háttar málum, sbr. 1. mgr. 161. gr. frumvarpsins. Enn fremur á hann kost á að fá málið endurupptekið innan fjögurra vikna frá birtingu eða uppkvaðningu dóms í slíku útivistarmáli, sbr. 1. mgr. 187. gr. frumvarpsins.

Síðari breytingin á gildandi reglum um birtingu ákæru, sem gert er ráð fyrir í 2. mgr., er að sleppa öðrum starfsmönnum lögreglustjóra en lögreglumönnum úr upptalningu þeirra sem annast birtingu, enda verður ekki séð að það þjóni neinum tilgangi að hafa þá í þessum hópi þar sem hvarvetna á að vera völ á lögreglumönnum eða stefnuvottum til að sinna þeim starfa. Hins vegar getur það haft raunhæfa þýðingu að heimila öðrum starfsmönnum Fangelsismálastofnunar en fangavörðum að birta ákæru, t.d. ef ákærði sætir eftirliti stofnunarinnar vegna skilorðs, auk þess sem handhægt getur verið fyrir dómara að birta ákæru fyrir ákærða, sem kemur fyrir dóm af öðru tilefni, í stað þess að senda hana ákæranda til birtingar skv. 3. mgr. 155. gr.

Samhliða þessu er lagt til að settar verði nokkru fyllri reglur um skyldur þeirra, sem ákæra er birt fyrir, svo og þeirra sem annast birtingu, sbr. 2. málsl. 1. mgr. og 4. málsl. 2. mgr. Er þetta gert samkvæmt fyrirmynd í 1. og 3. mgr. 86. gr. laga um meðferð einkamála.

Þriðja málsgrein hefur að geyma sams konar reglu og 2. mgr. 120. gr. gildandi laga. Þó er lagt til að sé ákæra birt í Lögbirtingablaði skuli það gert með minnst eins mánaðar fyrirvara, sbr. til hliðsjónar 3. mgr. 91. gr. laga um meðferð einkamála.

Ákvæði 4. mgr. og fyrri málsliðar 5. mgr. eru sama efnis og 3. og 4. mgr. 120. gr. gildandi laga. Í síðari málslið 5. mgr. er að finna nýmæli, þar sem gert er ráð fyrir að þremur sólarhringum eftir að ákæra hefur verið birt geti hver sem er óskað eftir að fá í hendur afrit af henni, nema sérstakir einka- eða almannahagsmunir standi í vegi fyrir því, sbr. 1. mgr. 16. gr. frumvarpsins. Ástæða þess að rétt þykir að kveða með þessum hætti á um almennan aðgang að ákæru er sú að eðlilegt er að almenningur eigi þess kost að fá vitneskju um það fyrr en síðar að ákæra hafi verið gefin út og hvert sé efni hennar. Með tilliti til ákærða og nánustu vandamanna hans skiptir hins vegar miklu máli að það sé ekki gert fyrr en ákæran hefur verið kunngerð honum og hann þar með átt þess kost að kynna sér efni hennar svo að hann frétti ekki af því eftir öðrum leiðum. Aðgangur almennings næði samkvæmt þessu ákvæði einungis til ákæru, ásamt fyrirkalli, en ekki til annarra málsgagna.

Um 157. gr.

Greinin er efnislega eins og 121. gr. núgildandi laga og þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um XXV. kafla.

Þessi kafli hefur að geyma reglur um meðferð sakamáls fyrir héraðsdómi þegar mál hefur verið höfðað á venjulegan hátt með útgáfu ákæru. Ekki eru ráðgerðar neinar grundvallarbreytingar á málsmeðferð fyrir dómi, eins og mælt er fyrir um hana í XV. kafla núgildandi laga, ef frá er talið það nýmæli, sem fram kemur í 1. mgr. 165. gr., þar sem gert er ráð fyrir að ákærða gefist kostur á að skila skriflegri greinargerð af sinni hálfu, á sama hátt og stefnda í einkamáli. Þótt málsmeðferðarreglurnar haldist í megindráttum óbreyttar er efninu skipað með nokkuð öðrum hætti en í gildandi lögum, auk þess sem ítarlegar er kveðið á um sum atriði en þar er gert. Verður gerð frekari grein fyrir þessu í athugasemdum með einstökum greinum.

Um 158. gr.

Greinin er sama efnis og 1. og 3. mgr. 122. gr. núgildandi laga, að öðru leyti en því að sérstaklega er tekið fram í fyrri málslið 2. mgr. að hafi ákærða ekki verið skipaður verjandi áður en mál er þingfest skv. 157. gr. frumvarpsins skuli það gert við þingfestingu, séu skilyrði til

þess á annað borð fyrir hendi. Annars skuli gera það svo fljótt sem verða má eftir þingfestingu.

Um 159. gr.

Mælt er fyrir um það í 1. mgr. að dómari skuli gæta að því að eigin frumkvæði, þegar við þingfestingu máls, hvort þeir gallar séu á málatilbúnaði af hálfu ákæruvaldsins að varðað geti frávísun málsins án kröfu, sbr. til hliðsjónar 1. mgr. 100. gr. laga um meðferð einkamála, þar sem miðað er við að þetta gerist fyrst eftir að stefndi hefur lagt fram greinargerð sína. Þykir eðlilegra, þegar um sakamál er að ræða, að dómari gæti að því hvort vísa beri máli frá vegna ágalla á málatilbúnaði strax við þingfestingu þess. Þá þegar eða hvenær sem er eftir það er gert ráð fyrir að dómari geti vísað máli frá dómi án kröfu ef hann telur svo bersýnilega annmarka á því sem ekki verði bætt úr undir rekstri þess að dómur verði ekki kveðinn upp um efni þess, sbr. 4. mgr. 122. gr. núgildandi laga. Kemur þar enn fremur fram að máli skuli ávallt vísað frá með úrskurði. Í 3. málsl. 1. mgr. er lagt til að kveðið verði á um það, svo að ekki fari á milli mála, að dómari geti, ef því er að skipta, vísað máli frá að hluta og leyst úr efni þess að öðru leyti í dómi, sbr. 4. mgr. 100. gr. laga um meðferð einkamála. Getur þetta ýmist gerst með því að einstökum ákæruliðum eða kröfum á hendur ákærða sé vísað frá dómi eða, ef fleiri en einn eru ákærðir í sama máli, að því sé eftir atvikum vísað frá að því er varðar suma þeirra, en ekki aðra. Eins og í 4. mgr. 122. gr., er tekið fram í 4. málsl. 1. mgr. að áður en máli verði vísað frá dómi skuli gefa ákæranda kost á að tjá sig um málefnið, svo og ákærða hafi hann sótt þing í málinu. Að fyrirmynd 1. mgr. 100. gr. laga um meðferð einkamála er lagt til að aðilar skuli tjá sig munnlega um það hvort vísa beri máli frá dómi.

Í 2. mgr. er kveðið á um það hvernig dómari skuli bregðast við ef fram kemur krafa um frávísun máls, að öllu leyti eða hluta, hvort sem er við þingfestingu eða síðar undir rekstri þess. Er lagt til að hafður verði sama háttur á og lýst er í 1. mgr. 128. gr. gildandi laga, sbr. og 2. mgr. 100. gr. laga um meðferð einkamála.

Ákvæði 3. og 4. mgr. eru nánast samhljóða 3. og 5. mgr. 100. gr. laga um meðferð einkamála og þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 160. gr.

Hér er kveðið á um afleiðingar þess ef útivist verður af hálfu ákæranda við þingfestingu eða á síðari stigum málsmeðferðar fyrir dómi. Í fyrri málslið greinarinnar er gert ráð fyrir því, eins og í 1. mgr. 123. gr. núgildandi laga, að ekkert verði aðhafst frekar í málinu á því stigi. Þar segir jafnframt að dómari skuli ákveða nýtt þinghald við þær aðstæður. Í 2. mgr. 123. gr. er að finna undantekningu frá fyrrgreindri meginreglu þar sem dómara er heimilað að ljúka máli þótt ákærandi sæki ekki þing ef ákæruði kemur fyrir dóm og skilyrði eru til að ljúka því skv. 1. mgr. 124. gr. eða 125. gr. gildandi laga, sbr. 2. mgr. 163. gr. og 1. mgr. 164. gr. frumvarpsins, enda hafi ákærandi mætt við þingfestingu og ekki mótmælt því að málinu yrði lokið með þessum hætti. Lagt er til að þessi undantekning verði felld brott og í staðinn skuli dómari tilkynna ákæranda um það hvenær nýtt þinghald verði háð. Ef ekki verður heldur sótt þing af hálfu ákæranda í því þinghaldi beri að fella málið niður, sbr. c-lið 170. gr.

Um 161. gr.

Fyrsta málsgrein hefur að geyma heimild til handa dómara að leggja efnisdóm á mál, ef um útivist er að ræða af hálfu ákærða við þingfestingu, að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Er hún sama efnis og 1. mgr. 126. gr. núgildandi laga þótt orðalagi hafi verið hnikað til.

Í 2. mgr. segir að ákærði geti ekki áfrýjað slíkum dómi í útivistarmáli, heldur geti hann leitað eftir endurupptöku málsins. Er þetta út af fyrir sig sama regla og fram kemur í 2., sbr. 3. mgr. 126. gr. gildandi laga. Hins vegar er lagt til að í stað þess að mæla fyrir um skilyrði endurupptöku og önnur atriði, sem hana varða á þessum stað, verði það gert í sérstökum kafla, sbr. XXIX. kafla frumvarpsins.

Um 162. gr.

Greinin er efnislega eins og 127. gr. núgildandi laga. Samkvæmt c-lið 3. mgr. 90. gr. er lögreglu skylt að verða við fyrirmælum ákæranda um að færa ákærða fyrir dóm ef hann sinnir ekki fyrirkalli án þess að um lögmæt forföll sé að ræða. Skýrir greinin sig að öðru leyti sjálf.

Um 163. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um það, eins og í 2. mgr. 122. gr. núgildandi laga, að ákærði skuli spurður hvort hann játi efni ákæru rétt þegar hann kemur fyrst fyrir dóm, eftir að mál hefur verið höfðað, hvort sem það er við þingfestingu eða síðar, enn fremur að honum skuli kynnt efni framlagðra skjala.

Önnur málsgrein felur, á sama hátt og 1. mgr. 124. gr. gildandi laga, í sér heimild til að ljúka máli með viðurlagaákvörðun dómara, á svipaðan hátt og máli er lokið með sektargerð lögreglustjóra skv. 1. mgr. 115. gr. þeirra, sbr. 1. mgr. 149. gr. frumvarpsins. Ákvæði 3. mgr. er sama efnis og 2. mgr. 124. gr. gildandi laga og þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 164. gr.

Greinin svarar til 125. gr. núgildandi laga, þar sem er að finna heimild til að leggja dóm á mál með einföldum hætti án aðalmeðferðar, ef ákærði hefur játað skýlaust alla þá háttsemi sem honum er gefin að sök og dómari telur játninguna trúverðuga, enda séu ekki skilyrði til að ljúka málinu með ákvörðun viðurlaga skv. 2. mgr. 163. gr. Lagt er til að gerðar verði þrjár breytingar frá gildandi lögum.

Í fyrsta lagi hefur verið numinn brott sá varnagli, sem nú er sleginn í 125. gr., að málum, þar sem ákærði er saksóttur fyrir brot sem varðað geta að lögum þyngri refsingu en átta ára fangelsi, verði ekki lokið á þann veg sem að framan greinir. Samkvæmt því er lagt til að öllum málum, jafnvel þeim þar sem sakargiftir eru mjög alvarlegar, verði lokið með þessum einfalda hætti. Hitt er annað mál að sé sakarefni óvenju flókið er óvíst að dómari geti fallist á að fyrir liggi skýlaus játning ákærða á allri þeirri háttsemi sem honum er gefin að sök, en það er eitt af skilyrðum þess að máli verði lokið samkvæmt þessari grein.

Í öðru lagi er nú tekið fram í 125. gr. að ákærandi geti mótmælt því að mál verði afgreitt með þeim hætti, sem að framan greinir, væntanlega með þeim afleiðingum að fram skuli fara aðalmeðferð í því. Gert er ráð fyrir í niðurlagi 1. mgr. að annar hvor aðila, ákærandi eða ákærði, geti krafist þess að fram fari aðalmeðferð í máli skv. 166. gr. frumvarpsins, þrátt fyrir að skilyrði séu til þess að ljúka málinu á þann veg sem hér er kveðið á um. Gæti t.d. komið til þess ef sakargiftir væru mjög alvarlegar og ákærandi teldi nauðsynlegt með tilliti til almannahagsmuna að aðalmeðferð færi fram.

Í þriðja lagi er í 2. mgr. gerð tillaga um að annar hvor málsaðili geti lagt fram skjöl og önnur sýnileg sönnunargögn, umfram þau sem þegar hafa verið lögð fram í málinu, væntanlega af hálfu ákæruvaldsins, jafnvel þótt ljúka eigi máli með þeim hætti sem hér er kveðið á um. Slíkt ætti hvorki að verða til þess að draga málið á langinn né að gera úrlausn þess flóknari, svo að einhverju skipti. Ef ljúka á máli samkvæmt þessari grein gæti aðili hins vegar ekki

krafist þess að fá að leiða vitni fyrir dóm, heldur yrði hann að gera kröfu um að fram færi aðalmeðferð í því til þess að fá því til leiðar komið. Á sama hátt og í 125. gr. gildandi laga er gert ráð fyrir að dómari skuli gefa aðilum máls kost á að tjá sig í stuttu máli um lagaatriði máls og ákvörðun viðurlaga áður en málið er tekið til dóms.

Um 165. gr.

Í samræmi við það sem tíðkast í einkamálum, sbr. 2. mgr. 99. gr. laga um meðferð þeirra mála, er með 1. mgr. lagt til að ákærða skuli gefinn kostur á að leggja fram skriflega greinargerð þar sem m.a. séu greindar kröfur hans og röksemdir fyrir þeim. Samkvæmt þessu er gert ráð fyrir að um verði að ræða heimild til handa ákærða í þeim tilvikum að máli verður ekki lokið skv. 2. mgr. 163. gr. eða 1. mgr. 164. gr., þannig að fram skuli fara aðalmeðferð í því skv. 166. gr. Það skilyrði er þó sett fyrir þessu í ákvæðinu að mál sé flókið eða umfangsmikið.

Markmiðið með þessu nýmæli er öðrum þræði að jafna aðstöðu aðila að sakamáli vegna þess að ákærða eða verjanda, fyrir hans hönd, er hér veitt tækifæri til þess að setja fram kröfur og röksemdir af sinni hálfu á skipulegan hátt með hliðstæðum hætti og ákæruvaldið hefur þegar gert í ákæru. Má búast við því að sé lögð fram skrifleg greinargerð af hendi ákærða verði það til þess að skýra málatilbúnað hans og auðvelda þar með úrlausn máls þar sem sakarefnið er flókið. Er rétt að nefna í því sambandi að með lögum nr. 19/1991 var ákærða gefinn kostur á að leggja fram skriflega greinargerð af sinni hálfu fyrir Hæstarétti, en ákvæði þess efnis hafði ekki verið í eldri lögum um meðferð opinberra mála. Með lögum nr. 37/1994, sem breyttu m.a. reglum um meðferð þeirra mála fyrir Hæstarétti, var stigið skrefi lengra, þar sem gengið er út frá því að ákærði skuli jafnan skila greinargerð þar fyrir dómi, á sama hátt og ríkissaksóknari, sbr. 155. gr. núgildandi laga og 203. gr. frumvarpsins. Ekki verður annað ráðið en að sá háttur, að ákærði leggi fram skriflega greinargerð við meðferð máls fyrir Hæstarétti, hafi gefist vel í framkvæmd.

Í 1. mgr. er tekið svo til orða að gefa megi ákærða hæfilegan frest til að leggja fram skriflega greinargerð af sinni hálfu. Vegna þess sem fyrr segir, að ákærða er ekki skylt að leggja fram slíka greinargerð, ætti hann að jafnaði ekki að fá frekari frest til þess en ákveðinn er í upphafi. Að öðrum kosti gæti hann dregið málmeðferð á langinn að ástæðulausu. Ef ákærði leggur ekki fram greinargerð á tilsettum tíma eða lýsi hann því yfir strax í upphafi að hann sjái ekki ástæðu til þess á hann engu síður að láta uppi hvort hann hyggst leggja fram önnur sönnunargögn í málinu en þegar hafa verið lögð fram, svo og hvort hann vill leiða vitni í því og þá hver þau séu, sbr. lokamálslið 1. mgr.

Sömu reglu og fram kemur í 2. mgr. er að finna í 2. og 3. mgr. 128. gr. gildandi laga. Hún hefur hér verið umorðuð til samræmis við 1. og 2. mgr. 110. gr. frumvarpsins.

Ákvæði 3. mgr. er sama efnis og 5. mgr. 128. gr. gildandi laga. Þeim ákvæðum, sem lúta að ákvörðunum um aðalmeðferð máls og hvort hún skuli fara fram fyrir luktum dyrum, en þau er nú að finna í 2. mgr. 128. gr. og 1. mgr. 129. gr. laganna, hefur verið steypt saman í eina málsgrein, 4. mgr. Jafnframt er lagt til, samkvæmt fyrirmynd í 841. gr. dönsku réttarfarslaganna, að á þessu stigi málsmeðferðar skuli, auk ákvörðunar um hvort aðalmeðferð skuli háð fyrir luktum dyrum, taka ákvörðun um það, sé tilefni á annað borð fyrir hendi, hvort vitni skuli gefa skýrslu án þess að það þurfi að skýra frá nafni sínu í heyranda hljóði, sbr. 8. mgr. 122. gr., og hvort ákærði og málflytjendur skuli víkja úr þinghaldi meðan vitni gefur skýrslu, sbr. 1 og 2. mgr. 123. gr. frumvarpsins. Æskilegt getur verið að leysa úr þessum álitaefnum strax á þessu stigi svo að þeir, sem sætta sig ekki við úrskurð dómara geti kært hann til

Hæstaréttar í tæka tíð og það verði ekki til þess að draga meðferð málsins á langinn, eins og ella yrði raunin. Ákvæðið kæmi þó ekki í veg fyrir að ákvarðanir þær, sem hér er vísað til, yrðu teknar síðar, t.d. eftir að aðalmeðferð væri hafin, ef þess gerðist þörf.

Að lokum er rétt að benda á að 5. mgr. er svo til eins og 2. mgr. 129. gr. gildandi laga. Verður ekki séð að það ákvæði þarfnist frekari skýringa.

Um 166. gr.

Í greininni er mælt fyrir um aðalmeðferð máls þar sem fram skulu fara í einni lotu skýrslutaka af ákærða og vitnum og munnlegur málflutningur. Samsvarandi ákvæði eru í 1., 3. og 4. mgr. 129. gr. núgildandi laga og er gert ráð fyrir að efni þeirra standi áfram að mestu leyti óbreytt.

Samkvæmt 1. mgr. á ákærði rétt á að vera við aðalmeðferð máls með þeim undantekningum sem þar eru greindar, sbr. 1. og 2. mgr. 123. gr. frumvarpsins. Í 2. mgr. er kveðið á um upphaf aðalmeðferðar og skýrslutöku af ákærða og vitnum ef því er að skipta. Að skýrslutökum loknum skal gengið á vettvang brots, ef þess þykir þörf, sbr. til hliðsjónar 2. mgr. 103. gr. laga um meðferð einkamála.

Í 3. mgr. er því lýst að munnlegur málflutningur skuli fara fram undir lok aðalmeðferðar og hvaða reglur gildi um hann. Er lagt til að bætt verði við gildandi ákvæði 3. mgr. 129. gr. um það efni ákvæðum, sem er að finna í 3. mgr. 103. gr. laga um meðferð einkamála og lúta að stjórn dómara á málflutningi, sbr. 5. og 6. málsl. 3. mgr. Skýrir greinin sig að öðru leyti sjálf.

Um 167. gr.

Greinin er efnislega eins og 130. gr. núgildandi laga og þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 168. gr.

Í greininni er kveðið á um frekari gagnaöflun eftir dómtöku máls, eins og gert er í 131. gr. núgildandi laga. Hefur orðalag 2. og 3. málsl. verið samræmt orðalagi 104. gr. laga um meðferð einkamála, að teknu tilliti til þess að í sakamálum hvílir sú skylda á ákæranda að afla sönnunargagna, eftir atvikum að tilmælum dómara.

Um 169. gr.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um heimild til að sameina fleiri sakamál eftir þingfestingu þeirra í eitt mál og í 2. mgr. að greina eitt mál sundur í fleiri. Samsvarandi ákvæði eru í 3. mgr. 23. gr. og 24. gr. núgildandi laga og er lagt til að þau standi nánast óbreytt áfram. Þar af leiðandi er óþarft að skýra þau sérstaklega.

Um 170. gr.

Á sama hátt og í 132. gr. núgildandi laga er í 1. mgr. kveðið á um það hvenær mál, sem höfðað hefur verið með útgáfu ákæru, skuli fellt niður. Ákvæði a-, b- og d-liða eru sama efnis og a-, b- og c-liðir 132. gr. Eins og tekið er fram í athugasemdum við 160. gr. er enn fremur gert ráð fyrir að mál verði fellt niður ef ákærandi sækir ekki þing, eftir að útivist hefur orðið af hans hálfu og dómari boðað hann til þinghalds í framhaldi af því.

Eftir fyrirmynd í 3. mgr. 105. gr. laga um meðferð einkamála er tekið fram í 2. mgr. að mál skuli almennt fella niður með bókun í þingbók. Rísi ágreiningur um hvort það verði gert

tekur dómari hins vegar afstöðu til þess ágreinings í úrskurði, sbr. 2. og 3. mgr. 181. gr. frumvarpsins.

Um 171. gr.

Mælt er fyrir um meginregluna um hraða málsmeðferð í 1. mgr., en það er gert á sama hátt í 1. mgr. 133. gr. núgildandi laga, sbr. og 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.

Samkvæmt 2. mgr. skiptir ekki máli hvenær yfirlýsingar, mótmæli eða sönnunargögn af hálfu aðila koma fram undir rekstri máls, heldur skal tekið tillit til þeirra þrátt fyrir það. Með þessu er kveðið á um það, eins og í síðari málslið 2. mgr. 117. gr. gildandi laga, að svonefnd tómlætis- eða útilokunarregla skuli ekki gilda þegar um sakamál er að ræða, öfugt við venjuleg einkamál.

Um XXVI. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um kröfur um annað en refsingu eða refsikennd viðurlög sem ráðgert er að leita megi dóms um í sakamáli samhliða refsikröfu ákæruvaldsins, svo sem um ræðir í 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins. Ákvæðum kaflans er ætlað að koma í stað XX. kafla núgildandi laga sem fjallar um einkaréttarkröfur. Gildissvið reglnanna í frumvarpinu er nokkuð víðtækara því að lagt er til að þær snúi ekki aðeins að einkaréttarkröfum, heldur taki einnig til krafna allsherjarréttar eðlis sem beinast að öðru en refsingu eða refsikenndum viðurlögum og eiga rætur að rekja til þeirrar ætluðu háttsemi sakbornings er leiðir til saksóknar. Stafar heiti kaflans af þessari breytingu á gildissviði ákvæða hans. Eins og getið er í 2. gr. frumvarpsins og athugasemdum við það ákvæði geta þær kröfur allsherjarréttar eðlis, sem ráðgert er að leita megi dóms um í sakamáli eftir þessum heimildum, m.a. verið um greiðslu skatta, brottnám ólögmæts ástands eða bann við ólögmætri háttsemi. Er þá haft í huga að kröfur sem þessar gætu komið til álita í sakamáli, t.d. á þann hátt að krafa um skatta væri höfð uppi í máli á hendur gjaldanda til refsingar fyrir skattsvik eða krafa um brottnám mannvirkis væri höfð uppi í máli á hendur þeim, sem það hefur reist í leyfisleysi, fyrir refsivert brot á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997. Þótt kröfur sem þessar séu ekki sama eðlis og einkaréttarkröfur, sem eftir núgildandi lögum er heimilt að hafa uppi í sakamáli, þá tengjast þær refsikröfu á hliðstæðan hátt með því að forsendur fyrir því að fallast á þær mundu að öðru jöfnu fara saman við forsendur fyrir sakfellingu. Að öðru leyti er þess almennt að geta um þennan kafla að lagt er til að ýmsar breytingar verði gerðar frá XX. kafla núgildandi laga á því hvernig kröfurnar, sem hér um ræðir, verði sóttar í sakamáli samhliða kröfu ákæruvaldsins um refsingu. Að þeim breytingum verður vikið nánar hér á eftir í athugasemdum við einstakar greinar.

Um 172. gr.

Í 1. og 2. mgr. er að finna afmörkun á því hvers konar kröfur megi sækja eftir reglum þessa kafla frumvarpsins samhliða refsikröfu ákæruvaldsins. Í 1. mgr. eru fyrirmæli um einkaréttarkröfur, en í 2. mgr. um kröfur allsherjarréttar eðlis. Varðandi fyrrnefndu málsgreinina er ástæða til að vekja athygli á því að hún tekur almennt til einkaréttarkrafna meðan í 1. mgr. 170. gr. núgildandi laga er vísað til bótakröfu þess sem beðið hefur tjón af háttsemi sem sakborningur er borinn. Með þessu er þó ekki ráðgerð nein breyting frá gildandi lögum vegna þess að skv. 174. gr. þeirra eru aðrar einkaréttarkröfur lagðar að jöfnu við bótakröfu. veittur réttur til að hafa uppi kröfu um skaðabætur í sakamáli. Ákvæði 2. mgr. er sem fyrr

greinir nýmæli og hefur að framan verið sérstaklega vikið að því hvers konar kröfur falla undir það. Rétt er að benda á að skv. 2. mgr. yrði forræði á kröfu allsherjarréttar eðlis í höndum þess sem eftir almennum reglum fer með þá hagsmuni er henni tengjast. Þannig yrði krafa um greiðslu skatta sett fram af innheimtumanni þeirra og krafa um brottnám mannvirkis, sem reist hefði verið í leyfisleysi, af viðeigandi byggingaryfirvöldum.

Ákvæði 3. mgr. er sett til áréttingar á því, sem annars verður leitt af öðrum reglum frumvarpsins, að sá sem gerir einkaréttarkröfu eða kröfu allsherjarréttar eðlis í sakamáli verður ekki aðili að málinu nema að því takmarkaða leyti sem varðar þá kröfu. Um réttarstöðu hans og heimildir hans að þessu leyti er að finna ýmsar nánari reglur í þeim ákvæðum þessa kafla sem á eftir fara.

Um 173. gr.

Í þessari grein eru lagðar til reglur um það hvenær koma þurfi á framfæri kröfu skv. 1. eða 2. mgr. 172. gr., við hvern það skuli gert, hvernig gera eigi kröfu úr garði og hvernig afstaða verði tekin til þess hvort hún verði höfð uppi í ákæru. Ákvæðin um þetta eiga sér ekki nema að takmörkuðu leyti hliðstæðu í núgildandi lögum.

Í 1. mgr. eru fyrirmæli um hvert beina eigi kröfu og innan hvers tíma það þurfi að gerast. Er þar ráðgert að kröfu verði að meginreglu annaðhvort komið á framfæri við lögreglu meðan á rannsókn stendur eða við ákæranda áður en ákæra verður gefin út, en í 4. mgr. eru fyrirmæli um hvernig krafan verði þá kynnt fyrir sakborningi og afstöðu hans til hennar leitað. Í 1. mgr. er þó lögð til sú undantekningarheimild að kröfu megi koma á framfæri við ákæranda eftir útgáfu ákæru ef skilyrði væru að öðru leyti fyrir hendi til að gefa út framhaldsákæru í málinu skv. 1. mgr. 153. gr., eftir atvikum gagngert vegna kröfunnar.

Með 2. mgr. er lagt til að kröfu skuli setja fram í ákveðnum búningi og með 3. mgr. að henni þurfi eftir atvikum að fylgja gögn. Um þetta skortir fyrirmæli í gildandi lögum sem þörf þykir á að bæta úr. Samkvæmt 2. mgr. á að gera kröfuna í skriflegri greinargerð, sem hafi efnislega að geyma nánar tilgreindar upplýsingar, en í meginatriðum svarar upptalningin í a–f-lið til reglna í 1. mgr. 80. gr. laga um meðferð einkamála um efni stefnu.

Í 5. mgr. er ráðgert að teknar verði upp beinar reglur um það hvernig ákærandi á að taka afstöðu til þess hvort skilyrði séu til að hafa uppi kröfu í ákæru og koma henni þannig að við rekstur sakamáls. Er nánar tiltekið lagt til að ákærandi leggi mat á það, eftir að ákvörðun hefur verið tekin um saksókn, hvort krafa sé þess efnis sem áskilið er í 1. eða 2. mgr. 172. gr. og hvort hún sé réttilega fram sett skv. 2. og 3. mgr. þessarar greinar. Telji ákærandi kröfuna haldna ágalla að formi til samkvæmt síðastnefndum ákvæðum gæti hann gefið þeim sem hana gerir kost á að lagfæra hana, en ekki er ráðgert að slíkt væri skylt. Komist ákærandi að þeirri niðurstöðu að annaðhvort 1. eða 2. mgr. 172. gr. eða 2. eða 3. mgr. 173. gr. standi því í vegi að krafa verði sett fram í sakamálinu er mælt fyrir um að honum beri að beina um það skriflegri tilkynningu til þess sem kröfuna gerir. Tekið er fram í 5. mgr. að slík ákvörðun sé endanleg, en það leiðir til þess að ákvörðun þessa efnis, sem héraðssaksóknari eða lögreglustjóri tæki sem ákærandi, yrði ekki skotið til æðra stjórnvalds. Telja verður þessa reglu eðlilega í ljósi þess að kröfuhafi ætti þess alltaf kost að sækja kröfuna í einkamáli, auk þess sem óviðunandi væri að ágreiningur um atriði sem þetta yrði til þess að tefja fyrir að meginatriði sakamáls komi til úrlausnar fyrir dómstólum. Ef ákærandi telur skilyrðum fullnægt til að koma kröfunni að við rekstur málsins fyrir dómi ber honum að greina frá henni í ákæru, sbr. f-lið 1. mgr. 152. gr. Er mælt fyrir um það í niðurlagi 5. mgr. að krafan verði þá látin fylgja ákærunni til héraðsdóms, ásamt þeim gögnum sem kunna að hafa fylgt henni skv. 3. mgr.

Um 174. gr.

Í þessari grein er lagt til að teknar verði upp sérreglur um meðferð kröfu skv. 1. eða 2. mgr. 172. gr. fyrir dómi, en þær eiga sér að óverulegu leyti hliðstæðu í núgildandi lögum. Í 1. mgr. eru fyrirmæli um það hvernig ákærða verði kynnt krafan við birtingu ákæru og fyrirkalls skv. 156. gr. frumvarpsins, svo og hvernig þeim, sem hana gerir, verði tilkynnt um fyrirhugaða þingfestingu máls með samsvarandi hætti og ákæranda, sbr. 5. mgr. Hér er ráðgert að vandað verði til slíkrar tilkynningar, enda hefur útivist þess sem kröfuna gerir frá þinghaldi þau áhrif að krafan geti verið felld niður við frekari meðferð málsins, sbr. 2. mgr. Er ætlast til að um kröfuna gildi að þessu leyti sömu reglur og um meðferð einkamála fyrir dómi, sbr. 2. mgr. 94. gr. laga um það efni. Frá þessu er þó gerð sú undantekning í 2. mgr. þessarar greinar að ákærandi geti orðið við beiðni kröfuhafa um að mæta fyrir hans hönd í þinghaldi og kæmi þá útivist hans ekki að sök að þessu leyti.

Með 3. mgr. er lagt til að hugað verði að hugsanlegum annmörkum á kröfu á sama hátt og við rekstur einkamáls fyrir dómi, sbr. 100. gr. laga um meðferð einkamála, þannig að dómari verði bæði að gæta að því af sjálfsdáðum hvort gallar séu á kröfunni, sem varðað gætu frávísun hennar frá dómi, og að taka afstöðu til kröfu sem ákærði kynni að hafa uppi um frávísun. Í 4. mgr. er áréttað að sá sem gerir kröfu hafi einn forræði á henni á sama hátt og ef hann hefði kosið að reka um hana einkamál fyrir dómi í stað þess að fá henni komið að í sakamáli. Ákærandi gæti því ekki ráðstafað hagsmunum hans á nokkurn hátt. Tekið er sérstaklega fram í 4. mgr. að sá sem gerir kröfuna geti á öllum stigum máls fellt hana niður, en að þessu leyti væri hann eins settur og við rekstur einkamáls um kröfuna, sbr. c-lið 1. mgr. 105. gr. laga um meðferð einkamála. Á sama hátt og í einkamáli gæti hann þó þurft að bæta gagnaðila sínum, þ.e. ákærða, þann kostnað af málsvörn gagnvart kröfunni sem væri sérstaklega umfram það er leitt hefði af vörnum gegn refsikröfu ákæruvaldsins. Verður að telja þessa reglu eðlilega í ljósi þess að heimildir XXVI. kafla eru settar til hagræðis þeim, sem kröfu gerir, en því fylgir ekki að hann geti bakað ákærða kostnað af málsvörn umfram það sem leitt hefði af rekstri einkamáls eftir almennum reglum. Þá er einnig tekið fram í 4. mgr. að gera megi dómsátt í sakamálinu um kröfu sem þessa, en um gerð hennar og réttaráhrif færi þá eftir reglum XV. kafla laga um meðferð einkamála. Loks er í 5. mgr. að finna ákvæði um skyldu dómara til að tilkynna þeim, sem gerir kröfu, um þinghöld í málinu, enda hafi kröfunni hvorki verið vísað frá dómi né frá henni fallið. Er hér miðað við að beitt verði sömu reglum um slíkar tilkynningar og fram koma í 92. gr. laga um meðferð einkamála.

Um 175. gr.

Samkvæmt 1. mgr. 172. gr. núgildandi laga er dómara í sakamáli heimilt að synja um að taka einkaréttarkröfu þar til meðferðar ef hann telur að það mundi valda verulegri töf eða óhagræði í máli. Er sú regla reist á því að meginatriði sakamáls er að fá leyst úr sakargiftum á hendur ákærða og eftir atvikum að ákveða honum refsingu eða önnur viðurlög, en heimild til að koma þar að einkaréttarkröfu er sett kröfuhafanum til hagræðis með því skilyrði að hún raski ekki rekstri sakamálsins svo að einhverju nemi. Í þessari grein er ráðgert að taka upp sambærilega heimild handa dómara, en þó með þeirri veigamiklu breytingu að kröfunni yrði þá ekki vísað frá dómi, heldur hliðrað til meðferðar í sjálfstæðu máli sem lyti upp frá því reglum laga um meðferð einkamála. Er þetta lagt til með tilliti til þess að gerð kröfunnar fyrir dómi hefði eftir reglum frumvarpsins í för með sér nokkra vinnu og eftir atvikum kostnað sem ástæðulaust er að fari forgörðum þótt sýnt sé að frekari meðferð kröfunnar muni bitna á rekstri sakamálsins að öðru leyti. Þá er jafnframt horft til þess að með ákvæðum 173. gr. er

lagt til að krafa verði sett fram á samsvarandi hátt og ef einkamál væri höfðað um hana eftir almennum reglum, þannig að frekari meðferð hennar fyrir dómi gæti allt eins fylgt þeim reglum í stað þess að fara eftir þessum kafla.

Í 1. mgr. er lagt til að dómari kveði upp úrskurð ef hann telur efni til að víkja kröfu til meðferðar í einkamáli og skilja hana þannig frá frekari meðferð sakamálsins. Áður beri þó að gefa aðilum, þar á meðal kröfuhafa, kost á að tjá sig um það atriði. Kveði dómari upp slíkan úrskurð miða ákvæði 2. mgr. að því að krafan komi sjálfkrafa til meðferðar fyrir sama dómstóli eins og einkamál hefði verið þingfest um hana. Um framhaldið á rekstri málsins færi upp frá því eftir almennum ákvæðum laga um meðferð einkamála, eftir atvikum með því að ákærði, sem þá væri orðinn stefndi í einkamáli, fengi frest til að leggja þar fram greinargerð og taka þannig til varna gegn kröfunni.

Um 176. gr.

Í þessari grein eru reglur um aðkomu kröfuhafa að meðferð máls á síðari stigum þess, enda sé krafan ekki horfin úr málinu af einhverri þeirri ástæðu sem getið er í 1. mgr. Kröfuhafi nýtur ekki stöðu aðila að sakamáli nema að því takmarkaða leyti sem kröfuna varðar, sbr. 3. mgr. 172. gr. Því til samræmis er ráðgert í 1. mgr. að hann geti lagt fram gögn og flutt málið munnlega, en þó eingöngu um atriði sem snúa gagngert að kröfunni. Þá er og gert ráð fyrir að hann geti beint því til dómara að tilteknar spurningar varðandi þau atriði verði lögð fyrir ákærða og aðra sem gefa skýrslu við aðalmeðferð máls, þar á meðal hann sjálfan ef því er að skipta. Í þessum efnum er hann eins settur og réttargæslumaður brotaþola sem nýtur ekki heimildar til að leggja sjálfur spurningar fyrir skýrslugjafa, sbr. 3. mgr. 46. gr.

Samkvæmt 2. mgr. verður ekki leyst að efni til úr kröfu ef sakamál er fellt niður, því er vísað frá dómi eða ákærði er sýknaður með dómi nema í því tilviki að hann hafi verið talinn ósakhæfur. Er hér í meginatriðum um að ræða sömu reglur og nú gilda, sbr. 3. mgr. 172. gr. gildandi laga.

Í 3. mgr. er loks mælt fyrir um efnislega úrlausn um kröfu sem kæmi til dóms eftir reglum kaflans. Er þar við það miðað að afstaða verði tekin til hennar að efni til á sama hátt og ef hún væri höfð uppi í einkamáli, enda helgast heimildir til að fjalla um kröfur sem þessar í sakamáli af því að kröfuhöfum sé veitt hagræði til að fá leyst úr þeim samhliða refsikröfu í stað þess að höfða um þær sérstakt einkamál. Í niðurlagi 3. mgr. eru fyrirmæli um málskostnað, en gengið er út frá því að dæma megi ákærða til að greiða kröfuhafa málskostnað, eins og um einkamál væri að ræða. Til þess að svo geti farið verður þó kröfuhafinn að hafa gert kröfu um málskostnað í greinargerð sinni skv. 2. mgr. 173. gr. Að auki er þess getið í ákvæðinu að þetta tilkall til málskostnaðar geti ekki átt við í því tilviki, þar sem brotaþoli sem hefur fengið sér skipaðan réttargæslumann skv. V. kafla frumvarpsins hefur uppi einkaréttarkröfu eftir þessum reglum, enda ber skv. 48. gr. að ákveða réttargæslumanni þóknun úr ríkissjóði, sem telst til sakarkostnaðar, en eftir lyktum málsins yrði ákærði dæmdur til að bera þann kostnað að endingu.

Um XXVII. kafla.

Með 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins er mörkuð sú aðalregla að öll mál, sem handhafar ákæruvalds höfða til refsingar lögum samkvæmt, skuli sæta meðferð eftir ákvæðum laga um meðferð sakamála. Í 2. mgr. sömu greinar er því bætt við að það sama eigi við um mál til að koma fram refsikenndum viðurlögum, svo sem öryggisgæslu og öðrum öryggisráðstöfunum, upptöku eigna, sviptingu réttinda og ómerkingu ummæla, ef ákæruvaldið á sókn sakar, þótt

ekki sé krafist refsingar í málinu. Þau dómsmál, sem skilgreind eru á þennan hátt í 1. gr., sæta almennri meðferð fyrir dómi skv. XXV. kafla frumvarpsins. Í 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins er síðan getið annars konar mála, sem fara á með eftir ákvæðum laga um meðferð sakamála, og í 2. mgr. þeirrar greinar er vísað til einkaréttarkrafna og krafna allsherjarréttar eðlis, en um afbrigði frá almennum reglum við meðferð þeirra eru fyrirmæli í XXVI. kafla frumvarpsins.

Í 1. mgr. 2. gr. er nánar tiltekið kveðið á um að mál til úrlausnar kröfu um framsal sakamanns og fullnustu erlends refsidóms hér á landi, svo og erindi frá erlendum dómstólum og yfirvöldum um aðgerðir hér á landi í tengslum við sakamál, skuli sæta meðferð eftir lögum um meðferð þeirra mála. Þar að auki þau mál, sem sæta skulu meðferð sakamála, sé það ákveðið í öðrum lögum. Viðfangsefni þessa kafla er að marka málum, sem um ræðir eða vísað er til í 1. mgr. 2. gr., ákveðinn farveg við meðferð þeirra fyrir dómi, enda falli þau ekki undir skilgreiningu 1. gr. sem að framan greinir. Þótt ráðgert sé í 2. gr. laga um meðferð opinberra mála að með mál af áþekkum toga skuli fara eftir ákvæðum þeirra laga hefur þar ekki, fremur en í eldri lögum um sama efni, verið að finna sérstakar reglur um það hvernig meðferðinni skuli hagað. Er með kaflanum leitast við að bæta úr skorti á slíkum reglum.

Um 177. gr.

Í athugasemdum við 2. gr. frumvarpsins er skýrt nánar hvers konar mál geti átt undir 1. mgr. þeirrar greinar. Skal hér látið nægja að vísa til þeirrar umfjöllunar. Þó er ástæða til að árétta að fágætt er að önnur lög kveði á um að mál skuli sæta meðferð samkvæmt ákvæðum laga um meðferð sakamála nema um sé að ræða mál sem hvort sem er mundu fara eftir þeim lögum, sbr. 1. gr. Í 234. gr. frumvarpsins er ráðgert að nokkrar tegundir mála, sem fjallað er um í almennum hegningarlögum, skuli sæta meðferð eftir ákvæðum laga um meðferð sakamála enda þótt þau falli ekki undir skilgreininguna í 1. gr. Samkvæmt þessari grein ættu þau mál að sæta afbrigðilegri meðferð sakamála eftir því sem nánar er fyrir mælt í 178. og 179. gr., auk þeirra mála sem sérstaklega er getið í fyrri málslið 1. mgr. 2. gr.

Um 178. gr.

Í þessari grein eru lagðar til reglur um það hvernig mál, sem sæta meðferð samkvæmt þessum kafla, verði lögð fyrir dóm. Er í 1. mgr. boðið að það skuli gert með skriflegri kröfu sem hafi að geyma nánar tiltekið efni. Kröfunni skulu einnig fylgja nauðsynleg gögn, sbr. 2. mgr., og á að beina henni til héraðsdómstóls á varnarþingi, sem fari eftir ákvæðum 51. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt 3. mgr. á dómari að taka þegar í stað til skoðunar hvort fullnægt sé skilyrðum laga til að taka kröfuna til meðferðar, en slík könnun yrði m.a. að beinast að því hvort málið sé þess eðlis að áðurnefnd fyrirmæli 1. mgr. 2. gr. taki til þess. Komist dómari að raun um að skilyrðum sé ekki fullnægt til að fjalla frekar um málið er ráðgert að hann vísi því strax frá dómi, án þess að taka það fyrir á dómþingi eða leita á annan hátt afstöðu aðila til þess. Séu skilyrði á hinn bóginn uppfyllt til að taka málið til meðferðar er gert ráð fyrir að dómari byrji á því að ákveða þinghald til að þingfesta það og tilkynni þá ákvörðun þeim sem kröfuna gerir, en sá telst sóknaraðili máls. Slíkri tilkynningu yrði jafnframt að beina til varnaraðila ef um hann væri á annað borð að ræða, en það mundi ráðast nánar af eðli kröfunnar. Í niðurlagi ákvæðisins er þó ráðgerð undantekning frá því að varnaraðila sé tilkynnt um þinghald í tilvikum þar sem krafa lyti að aðgerð við rannsókn sakamáls, t.d. ef erlend lögregluyfirvöld leituðu eftir slíku hér á landi, enda mætti ætla að vitneskja varnaraðilans um fyrirhugaða aðgerð gæti spillt fyrir rannsókninni, sbr. 1. mgr. 104. gr. frumvarpsins.

Um 179. gr.

Í greininni eru fyrirmæli um meðferð máls eftir að dómari hefur látið frá sér fara tilkynningu um þinghald til að þingfesta það. Er við það miðað að meðferðin verði einföld í sniðum, en ekki er gert ráð fyrir að settar verði ítarlegar reglur um hana, enda má ætla að haga yrði henni á talsvert misjafnan veg eftir því um hvers konar málefni væri að ræða hverju sinni. Ekki verður séð að einstök atriði í þessari grein þarfnist sérstakra skýringa.

Um XXVIII. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um dómsúrlausnir héraðsdóms sem ætlað er að koma í stað XVI. kafla núgildandi laga. Breytingar frá gildandi reglum um þetta efni, sem hér koma fram, stafa einkum af því að leitast er við að samræma fyrirmæli um dómsúrlausnir í sakamálum reglum XVI. kafla laga um meðferð einkamála um dómsúrlausnir í þeim málum, þar sem það getur átt við. Að þessu frátöldu eru ekki lagðar til teljandi breytingar hér, en að þeim er vikið eftir þörfum í skýringum við einstakar greinar.

Um 180. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru efnislega eins og núgildandi ákvæði í 117. gr. laga um meðferð opinberra mála. Er því ekki þörf á að skýra hana sérstaklega.

Um 181. gr.

Þessi grein, sem fjallar einkum um ákvarðanir og úrskurði dómara um atriði varðandi rekstur máls, er að verulegu leyti sniðin eftir reglum um ákvarðanir og úrskurði dómara í einkamálum í 112. gr. laga um meðferð einkamála, en þær eru öllu ítarlegri en núgildandi fyrirmæli um þetta í 134. gr. og 1. mgr. 137. gr. laga um meðferð opinberra mála. Ekki eru efni til að færa fram sérstakar skýringar um einstök atriði í þessari grein. Þó er ástæða til að árétta að ætlast er til að reglum 3. mgr. verði m.a. beitt um úrskurði, sem ganga í rannsóknarmálum eftir ákvæðum XV. kafla frumvarpsins, en reglum 4. mgr. m.a. um úrskurði í málum sem sæta afbrigðilegri meðferð fyrir dómi skv. XXVII. kafla.

Um 182. gr.

Í 1. mgr. er að finna fyrirmæli um form og efni viðurlagaákvörðunar sem beitt verður til að ljúka máli samkvæmt heimild í 163. gr. frumvarpsins. Samsvarandi ákvæði er ekki að finna í XVI. kafla núgildandi laga, en þetta ákvæði tekur mið af framkvæmd í þessum efnum. Önnur málsgrein svarar til reglu, sem nú kemur fram í 2. málsl. 1. mgr. 124. gr. laganna, og þarfnast hún ekki frekari skýringa.

Um 183. gr.

Í greininni er að finna reglur um dóma í sakamálum. Í 1. mgr. er tiltekið hvenær máli verði lokið með dómi. Samsvarandi ákvæði er ekki í lögum um meðferð opinberra mála, en tillaga er hér gerð um að taka upp beina reglu um þetta með fyrirmynd í upphafsmálslið 1. mgr. 114. gr. laga um meðferð einkamála. Í 2. og 3. mgr. eru fyrirmæli um hvað koma eigi fram í dómi. Efnislega svara þessi fyrirmæli að mestu til 1. mgr. 135. gr. gildandi laga, þótt uppsetning þeirra sé hér höfð með nokkrum öðrum hætti. Ákvæði 4. og 5. mgr. svara í öllum meginatriðum til 2. mgr. 135. gr. og 2. og 3. mgr. 139. gr. laganna og þarfnast þau ekki sérstakra skýringa.

Um 184. gr.

Ákvæði þessarar greinar svara til reglna í 2. mgr. 133. gr. og 136. gr. núgildandi laga. Þó er lagt til að þeim verði lítillega breytt til samræmis við reglur um sama efni í 1. og 2. mgr. 115. gr. laga um meðferð einkamála.

Um 185. gr.

Í 1. mgr. er að finna reglur um uppkvaðningu dóma og úrskurða sem sækja sér að nokkru fyrirmynd í 3. mgr. 115. gr. laga um meðferð einkamála. Ákvæðin í 2.–4. mgr. svara á hinn bóginn að mestu til 3. og 4. mgr. 133. gr. og 1. mgr. 139. gr. laga um meðferð opinberra mála, eins og þeim hefur m.a. verið breytt með lögum nr. 81/2005. Verður ekki séð að einstök atriði greinarinnar þarfnist frekari skýringa.

Um 186. gr.

Ákvæði greinarinnar svara til reglna í 2. og 3. mgr. 137. gr. og 138. gr. núgildandi laga. Röð þeirra og orðalagi er þó lítillega breytt til samræmis við reglur um sama efni varðandi einkamál í 116. gr. laga um meðferð þeirra mála.

Um 5. þátt.

Í þessum þætti frumvarpsins er að finna reglur um endurupptöku og málskot, sem ætlað er að leysa af hólmi ákvæði XVII., XVIII. og XXII. kafla núgildandi laga, auk sérreglna í 2. og 3. mgr. 126. gr. þeirra um endurupptöku mála sem ljúka má með útivistardómi þegar ákærði hefur ekki sótt þing fyrir héraðsdómi. Þær reglur, sem hér er að finna, skiptast í fimm kafla, þar sem sá fyrsti, XXIX. kafli, lýtur að endurupptöku útivistarmála í héraði, annar kaflinn, XXX. kafli, snýr að kæru til Hæstaréttar, sá þriðji, XXXI. kafli, að áfrýjun til sama dómstóls, sá fjórði, XXXII. kafli, að endurupptöku óáfrýjaðs máls fyrir héraðsdómi og loks sá fimmti, XXXIII. kafli, að endurupptöku máls fyrir Hæstarétti. Efnisskipanin sem hér um ræðir er viðhöfð til samræmis við reglur um sama efni í lögum um meðferð einkamála. Ákvæði XXIX. og XXXII. kafla frumvarpsins eru talsvert ítarlegri en fyrirmælin um sama efni í lögum um meðferð opinberra mála, en að öðru leyti eru reglurnar í þessum þætti þess hliðstæðar ákvæðum þeirra laga þótt ýmsar breytingar séu lagðar til. Eru þær skýrðar frekar hér á eftir í athugasemdum við einstakar greinar.

Um XXIX. kafla.

Með þessum kafla er lagt til að settar verði tiltölulega ítarlegar reglur um endurupptöku mála fyrir héraðsdómi í tilvikum þar sem ákærði hefur ekki sótt þing og máli verið lokið af þeim sökum skv. 161. gr. frumvarpsins. Eins og fram kemur í því ákvæði er ráðgert að ákærði geti ekki leitað endurskoðunar héraðsdóms í þeim tilvikum með áfrýjun til Hæstaréttar, enda hefur þá ekki verið tekin afstaða til varna hans í héraði. Þess í stað er miðað við að mál sem þessi verði tekin upp á ný fyrir héraðsdómi og sæti þar meðferð á nýjan leik eftir almennum reglum um meðferð mála, þar sem ákærði heldur uppi vörnum. Þetta felur í sér breytingar frá núgildandi lögum því að þar er annars vegar heimilað í 2. mgr. 126. gr. að mál verði tekið upp á ný fyrir héraðsdómi, að fullnægðum nánar tilteknum skilyrðum til þess að vörnum megi halda þar uppi, og hins vegar er í 1. mgr. 150. gr. mælt fyrir um heimild ákærða til að áfrýja útivistardómi, að fengnu áfrýjunarleyfi Hæstaréttar til endurskoðunar á niðurstöðum um lagaatriði eða viðurlög. Með öðrum orðum er hér lagt til að í öllum tilvikum verði leitað endurupptöku máls fyrir héraðsdómi sem engin efnisleg skilyrði eru sett fyrir. Þar með yrði

afnumin fyrrnefnd heimild í 1. mgr. 150. gr. gildandi laga. Með þessu er tekið tillit til þess að nánast hefur verið óþekkt að farið hafi verið fram á leyfi Hæstaréttar til áfrýjunar eftir síðastgreindu lagaákvæði í gildistíð núgildandi reglna, auk þess sem eðlilegra þykir að mál fái að fullu meðferð fyrir héraðsdómi, að teknu tilliti til sjónarmiða ákærða, áður en það geti komið til kasta æðri dóms.

Að öðru leyti er ástæða til að geta þess sérstaklega um þennan kafla að honum er ætlað að koma í stað ákvæða sem koma nú fram í 2. og 3. mgr. 126. gr. gildandi laga um skilyrði fyrir endurupptöku og ákvörðun um hana. Á hinn bóginn er þar nánast ekki að finna nein fyrirmæli um meðferð máls eftir endurupptöku. Lagt er til að kveðið verði á um slíka málsmeðferð með áþekkum hætti og í lögum um meðferð einkamála.

Um 187. gr.

Í þessari grein er kveðið á um heimild ákærða til að leita endurupptöku útivistarmáls fyrir héraðsdómi. Svo sem áður er komið fram er lagt til í 2. mgr. 161. gr. að dómi í slíku máli verði ekki áfrýjað til Hæstaréttar af hendi ákærða.

Í 1. mgr. eru ekki sett skilyrði fyrir því að ákærði leiti endurupptöku, að öðru leyti en því að gefinn er tiltekinn frestur til þess sem er fjórar vikur frá birtingu dóms eða eftir atvikum frá uppkvaðningu dómsins ef ekki þarf að birta hann fyrir ákærða vegna fyrirmæla 3. mgr. 185. gr. frumvarpsins. Verður þá beiðni ákærða að hafa borist þeim héraðsdómstóli, sem málið á undir skv. 1. mgr. 188. gr., innan frestsins, svo sem tekið er fram í niðurlagi 1. mgr. þessarar greinar.

Með 1. mgr. er sem fyrr segir ekki gert ráð fyrir að efnisleg skilyrði verði sett fyrir heimild ákærða til að leita endurupptöku. Felst í þessu tillaga um allnokkra breytingu frá heimildinni í 2. mgr. 126. gr. núgildandi laga, enda er þar mælt fyrir um að endurupptaka samkvæmt beiðni ákærða sé háð því að hann sanni að annaðhvort hafi útivist hans í héraði stafað af lögmætum forföllum eða að ákæra ásamt fyrirkalli hafi ekki verið birt honum í tæka tíð til þess að hann gæti sótt þing. Sú rýmkun, sem hér er lögð til, helgast einkum, eins og áður er getið, af því að hér er ekki gert ráð fyrir tvenns konar leiðum fyrir ákærða til að leita endurskoðunar dóms í útivistarmáli, svo sem nú er, heldur verði það eingöngu gert með endurupptöku máls fyrir héraðsdómi. Forsenda fyrir þessari breytingu, sem horfir til réttaröryggis fyrir ákærða, er að heimild til endurupptöku verði ekki háð skilyrðum á borð við þau sem að framan greinir.

Í 2. mgr. er að finna reglu sem svarar til ákvæðis í 4. mgr. 137. gr. laga um meðferð einkamála. Reglan er þó bundin við það að réttur ákærða til endurupptöku falli eingöngu brott í tilvikum, þar sem ákæruvaldið hefur áfrýjað héraðsdómi að því er hann varðar, gagnstætt ákvæðinu í einkamálalögum sem gildir án tillits til þess hvort áfrýjað er gagnvart þeim, er endurupptöku vill leita eða öðrum málsaðila. Munurinn að þessu leyti stafar af því að áfrýjun af hálfu ákæruvaldsins getur einvörðungu beinst að öðrum, sem ákærður er í sama máli, en í slíku tilviki er eðlilegt að endurupptaka verði heimil í héraði varðandi þann sem áfrýjunin beinist ekki að. Hafi ákæruvaldið á hinn bóginn áfrýjað héraðsdómi að því er sama ákærða varðar verður mál að sjálfsögðu ekki rekið á tveimur dómstigum í senn og tekur þetta ákvæði frumvarpsins til þeirrar aðstöðu.

Í 3. mgr. er loks kveðið á um að endurskoðunar verði ekki leitað á útivistardómi eftir þessum kafla að liðnum fresti skv. 1. mgr., en ákærði nyti þá kosts á að fara fram á endurupptöku með ákvörðun Hæstaréttar eftir fyrirmælum XXXII. kafla. Þessi regla á sér hliðstæðu í 5. mgr. 137. gr. laga um meðferð einkamála.

Um 188. gr.

Í 1. mgr. er að finna reglur um form og efni beiðni ákærða um endurupptöku og hvert henni skuli beint. Í 2. mgr. eru fyrirmæli um athugun dómara á formlegum og efnislegum skilyrðum varðandi beiðnina, sem leitt gæti til synjunar um endurupptöku þegar í stað, en að öðrum kosti yrði boðað til þinghalds til að taka hana fyrir. Í 3. mgr. eru ákvæði um afleiðingar þess að útivist verði á ný af hálfu ákærða og í 4. mgr. um heimild ákæruvalds til að andmæla beiðni hans sem afstaða yrði þá tekin til með úrskurði. Í lok þeirrar málsgreinar er síðan mælt fyrir um ákvörðun dómara um endurupptöku sem tekin yrði með bókun í þingbók. Öll þessi atriði eiga sér að meira eða minna leyti hliðstæðu í 138. gr. laga um meðferð einkamála og er reglum um þau ætlað að koma í stað þess sem kemur fram í 3. mgr. 126. gr. laga um meðferð opinberra mála. Verður ekki séð að einstök atriði hér þarfnist frekari skýringa.

Um 189. gr.

Í þessari grein eru reglur um áhrif ákvörðunar eða úrskurðar dómara skv. 4. mgr. 188. gr. um að verða við beiðni ákærða um endurupptöku máls. Er lagt til í 1. mgr. að sú ráðstöfun hafi að meginreglu í för með sér að réttaráhrif upphaflegs dóms í málinu falli niður um stundarsakir á meðan það er rekið á ný fyrir héraðsdómi, nema dómari verði við kröfu ákæranda um að láta áhrif dómsins haldast þrátt fyrir endurupptöku vegna þeirra ástæðna sem getið er í 5. mgr. 183. gr. Sú leið, sem hér er lögð til, er önnur en mælt er fyrir um í 1. mgr. 139. gr. laga um meðferð einkamála, enda gildir sú regla að endurupptaka slíks máls samkvæmt heimildum í XXIII. kafla þeirra laga leiði ekki til þess að réttaráhrif fyrri úrlausnar falli niður, nema dómari fallist á kröfu um það. Með þessu er tekið tillit til þess að skv. 4. mgr. 185. gr. frumvarpsins eru réttaráhrif dóms í sakamáli að vissu marki önnur en í einkamáli meðan á áfrýjunarfresti stendur eða eftir áfrýjun dóms og þykir eðlilegt að sama regla gildi að þessu leyti um sakamál ef af endurupptöku þeirra verður. Ákvæði 2. mgr. þessarar greinar eiga sér hliðstæðu í 3. mgr. 139. gr. laga um meðferð einkamála og þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 190. gr.

Í greininni er að finna reglur um meðferð máls eftir að það hefur verið endurupptekið. Samkvæmt 1. mgr. verður farið með það eftir almennum reglum laganna frá því stigi þar sem það stóð upphaflega við þingfestingu, enda leiðir af reglum þessa kafla, svo og 161. gr., að lyktir máls fari eftir ákvæðum síðastnefndrar greinar frumvarpsins vegna útivistar ákærða við þingfestingu.

Í 2. mgr. er ráðgert að endurupptekna máli geti lokið með bókun dómara í þingbók um að upphaflegur dómur standi óhaggaður, annaðhvort ef ákærði fellur frá ósk um endurupptöku eftir að rekstur máls er hafinn á nýjan leik eða útivist verður aftur af hans hálfu, án þess að hann hafi lagt fram greinargerð um varnir sínar í málinu. sbr. 1. mgr. 165. gr. Slík málalok eru þó háð því að ákærandi geri ekki kröfu til þess að málið sæti frekari meðferð eftir almennum reglum XXV. kafla frumvarpsins.

Með 3. mgr. er lagt til að girt verði fyrir að mál sæti öðru sinni endurupptöku eftir beiðni ákærða. Kæmi aðeins til kasta þessarar reglu ef beiðni um endurupptöku teldist fallin niður vegna ákvæðis 3. mgr. 188. gr. eða meðferð endurupptekins máls lyki skv. 2. mgr. þessarar greinar. Þrátt fyrir það nyti ákærði heimildar til að leita endurupptöku á nýjan leik eftir ákvæðum XXXII. kafla frumvarpsins. Reglurnar sem hér eru lagðar til eiga sér hliðstæðu í

140. og 142. gr. laga um meðferð einkamála, svo og að nokkru leyti í 3. mgr. 126. gr. núgildandi laga.

Um 191. gr.

Hér eru lagðar til reglur um hvernig máli verður lokið öðru sinni eftir endurupptöku, svo og um heimildir til að áfrýja dómi sem gengið hefur á nýjan leik í máli. Þessi fyrirmæli eiga sér í flestum atriðum hliðstæðu í reglum um málalok í endurupptekni einkamáli í 141. og 142. gr. laga um meðferð slíkra mála. Þarfnast þau ekki sérstakra skýringa hér.

Um XXX. kafla.

Í þessum kafla eru gerðar tillögur um reglur varðandi kæru til Hæstaréttar og er honum þar með ætlað að koma í stað ákvæða XVII. kafla núgildandi laga. Í stórum dráttum er ekki lagt að gerðar verði viðamiklar breytingar frá gildandi reglum þótt almennt sé leitast við að samræma ákvæðin samsvarandi ákvæðum um kæru í einkamálum skv. XXIV. kafla laga um meðferð þeirra mála. Sérstaklega ber þó að geta hér þeirrar breytingar, sem ráðgerð er í 192. gr., en þar er lagt til að aðeins verði kærðir úrskurðir héraðsdóms, auk þess sem talið er á tæmandi hátt um hvaða málefni úrskurðir verði að fjalla til þess að þá megi kæra til Hæstaréttar. Er hér á tvo vegu um breytingar að ræða frá ákvæðum 142. gr. gildandi laga því að annars vegar er almenna reglan þar sú að kæra megi ákvarðanir héraðsdómara um atriði í sambandi við rekstur máls, til jafns við úrskurði um sama efni, og hins vegar er í 1. mgr. greinarinnar gengið út frá því að kæra megi allar ákvarðanir og úrskurði, nema þeir varði nánar tiltekin efni sem talin eru upp í tíu stafliðum. Um ástæðurnar fyrir þessum breytingartillögum er nánar rætt í athugasemdum við 192. gr. Í tengslum við þetta er þó rétt að benda á að kæruheimildir eru ekki með öllu tæmandi taldar í 192. gr. frumvarpsins, því að sérstakar kæruheimildir geta einnig verið fyrir hendi annars staðar í frumvarpinu, sbr. 3. mgr. 163. gr., eða í öðrum lögum. Ekki er ætlast til að samþykkt frumvarpsins raski slíkum sérákvæðum í öðrum lögum nema sérstaklega sé kveðið á um brottfall þeirra.

Um 192. gr.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum við þennan kafla eru í þessari grein talin upp þau tilvik þar sem heimilað er að kæra úrskurði héraðsdóms til Hæstaréttar. Þar var og minnst á það að lagt væri til að gerðar yrðu með greininni tvær meginbreytingar frá reglum 142. gr. núgildandi laga. Hér er annars vegar við það miðað að aðeins megi kæra úrskurði héraðsdóms, en ekki ákvarðanir um atriði varðandi rekstur máls. Frá því er þó að finna sérstakar undantekningar í öðrum ákvæðum frumvarpsins, svo sem áður er getið. Ástæðan fyrir þessari breytingu og um leið fyrir ákvæðum 1. og 2. mgr. 181. gr., þar sem ráðgert er að dómari verði alltaf að taka afstöðu til ágreiningsefnis með úrskurði ef það getur sætt kæru til Hæstaréttar, er sú að nauðsynlegt er við úrlausn máls fyrir æðra dómi að fyrir liggi rökstuðningur héraðsdómara fyrir niðurstöðu um atriði, sem sætir kæru, en ekki er um slíkan rökstuðning að ræða ef nægilegt er að leysa úr atriði með einfaldri ákvörðun sem bókuð er í þingbók. Til þess að fært verði að fara þessa leið er samhliða þessu nauðsynlegt að taka af skarið um hvaða úrlausnaratriði geti sætt kæru og gera þar með greinarmun á þeim úrlausnarefnum, sem héraðsdómari getur lokið með ákvörðun sinni, og þeim efnum þegar úrskurðar er þörf.

Í 1. mgr. eru talin upp í 25 stafliðum þau efnisatriði sem miðað er við að dómari verði að taka afstöðu til með úrskurði og sætt geti kæru fram að þeim tíma að mál komi til aðal-

meðferðar. Er þess vænst að þessi upptalning, sem er hliðstæð ákvæðum 1. mgr. 143. gr. laga um meðferð einkamála að því leyti sem reglur um slík mál geta átt samleið með reglum um meðferð sakamála, skýri sig nægilega sjálf. Í 2. mgr. er á hinn bóginn að finna reglur um verulega þrengingu kæruheimildar frá þeim tíma þegar aðalmeðferð skv. 166. gr. er byrjuð í máli, en frá þeim tíma yrði aðeins unnt að kæra úrskurði um atriði sem talin eru upp í fjórum stafliðum þessa ákvæðis. Reglurnar í 2. mgr. eru efnislega samhljóða 2. mgr. 142. gr. gildandi laga, sbr. og 2. mgr. 143. gr. laga um meðferð einkamála. Þetta ákvæði þarfnast því ekki frekari skýringa.

Ákvæði 3. og 4. mgr. svara til 3. og 4. mgr. 142. gr. gildandi laga og þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 193. gr.

Ákvæðin í 1., 2. og 4. mgr. þessarar greinar svara að verulegu leyti til ákvæða 143. og 144. gr. núgildandi laga. Þó er gert ráð fyrir nokkrum minni háttar breytingum sem taka að mestu mið af reglum um kæru í einkamálum í 144. og 145. gr. laga um meðferð þeirra mála.

Í 3. mgr. er á hinn bóginn að finna nýmæli um heimild til að kæra úrskurð héraðsdómara eftir að frestur til þess er út runninn að fengnu leyfi Hæstaréttar, en um meðferð slíkrar beiðni er í ákvæðinu vísað til reglna um beiðni um áfrýjunarleyfi í 200. gr. frumvarpsins. Þetta er lagt til í því skyni að tryggja að réttmætir hagsmunir fari ekki forgörðum þótt kærufrestur líði án þess að kært sé, enda er sá frestur aðeins þrír sólarhringar. Þess er að geta í tengslum við þetta að í dómaframkvæmd Hæstaréttar hefur verið litið svo á að heimila megi, á sama hátt og hér er ráðgert, kæru við aðstæður sem þessar, en heimild til slíks hefur þá verið sótt í lögjöfnun frá reglum um áfrýjunarleyfi. Þykir eðlilegra að beinlínis sé mælt fyrir um þetta í lögum, svo sem hér er lagt til.

Um 194. gr.

Í þessari grein eru reglur, sem einkum varða sendingu kærumáls til Hæstaréttar, tilkynningu um kæru til gagnaðila kæranda, greinargerðir aðilanna til réttarins og fresti til að koma greinargerð þar á framfæri. Í meginatriðum svara ákvæði greinarinnar til 145. gr. núgildandi laga, svo og til 2. mgr. 146. gr., 147. og 148. gr. laga um meðferð einkamála.

Vekja verður þó athygli á því að í 2. mgr. er ráðgert að héraðsdómari tilkynni gagnaðila kæranda um kæru ef hún er ekki borin fram í þinghaldi að gagnaðilanum viðstöddum. Felst í þessu tillaga um breytingu frá 2. mgr. 145. gr. gildandi laga þar sem mælt er fyrir um að lögregla eða ákærandi komi slíkri tilkynningu á framfæri ef kært er af þeirra hálfu. Þykir eðlilegra að dómari tilkynni ávallt um kæru, svo sem gert er í einkamálum, en þó er tekið fram að ekki verði um þetta tilkynnt ef farið hefur verið með mál fyrir héraðsdómi án þess að gagnaðila kærandans hafi verið gert kunnugt um það.

Þá er jafnframt ástæða til að benda á nýmæli í síðari málslið 3. mgr., þar sem boðið er að aðili sendi gagnaðila sínum afrit af greinargerð, að því tilskildu að gagnaðilanum hafi verið gert kunnugt um meðferð málsins í héraði. Ástæða þykir til að setja reglu um þetta til að tryggja að aðilum geti verið ljóst á hverju aðrir aðilar byggi málatilbúnað sinn.

Um 195. gr.

Þessi grein hefur að geyma reglur um meðferð kærumáls fyrir Hæstarétti þegar sá tími er liðinn sem aðilunum er ætlaður til að afhenda greinargerðir í því og eftir atvikum ný gögn. Á sama hátt og nú gildir skv. 1. mgr. 146. gr. laga um meðferð opinberra mála er hér miðað við að Hæstiréttur geti lagt dóm á kærumál strax að liðnum þessum fresti eða fyrr ef greinargerðir aðilanna er þegar komnar fram. Því er þó bætt við í 1. mgr. að tekið skuli tillit til greinargerða eða gagna sem síðar berast ef máli er þá ekki þegar lokið, en ákvæði þessa efnis er ekki að finna í núgildandi lögum. Er þetta lagt til með hliðsjón af samsvarandi ákvæði í 1. mgr. 149. gr. laga um meðferð einkamála.

Miðað er við að kærumál verði að meginreglu skriflega flutt fyrir Hæstarétti, svo sem verið hefur eftir lögum um meðferð opinberra mála, sbr. 2. mgr. Tekið er fram í þeirri málsgrein að rétturinn geti ákveðið að kærumál skuli munnlega flutt, en um þetta eru ekki bein ákvæði í gildandi lögum, þótt gengið hafi verið út frá því í framkvæmd að heimilt sé að fara með mál á þennan hátt, svo sem gera má við meðferð einkamála, sbr. 3. mgr. 149. gr. laga um það efni. Enn fremur skal bent á að látið er við það sitja að tiltaka að kærumálum skuli lokið fyrir Hæstarétti svo fljótt sem kostur er, en í 1. mgr. 146. gr. gildandi laga eru settir sérstakir frestir í þessu sambandi sem ástæðulaust þykir að hafa áfram í lögum.

Með 3. mgr. er ráðgert að Hæstiréttur skuli tilkynna héraðsdómara og aðilum máls, sem hafa látið það til sín taka fyrir réttinum, um úrslit þess. Felst í þessu tillaga um breytingu frá 3. mgr. 146. gr. gildandi laga, þar sem mælt er svo fyrir að Hæstiréttur sendi héraðsdómara endurrit af dómi í kæruráli og hann tilkynni síðan aðilunum um úrslit málsins. Er hér tekið mið af því að framkvæmd hefur þróast í það horf sem lagt er til að verði fest í lög með þessu ákvæði.

Í 4. mgr. er að finna tilvísun til XXXI. kafla frumvarpsins um önnur atriði varðandi meðferð kærumála en mælt er fyrir um í þessum kafla, að því leyti sem reglur um áfrýjunarmál geta þá átt við. Gengið hefur verið út frá því í framkvæmd að þetta eigi við þótt ekki séu bein fyrirmæli um það í gildandi lögum, en 4. mgr. á sér hliðstæðu í 4. mgr. 150. gr. laga um meðferð einkamála.

Um XXXI. kafla.

Í þessum kafla er að finna ákvæði um áfrýjun héraðsdóma til Hæstaréttar. Fyrirmælin um þetta efni í núgildandi lögum voru afrakstur heildarendurskoðunar á reglum um málskot til Hæstaréttar sem gerð var 1994 varðandi bæði einkamál og sakamál. Meðal þess, sem kom til með þeirri endurskoðun, voru reglur, sem takmarka færi á því að endurskoða fyrir Hæstarétti niðurstöður héraðsdóms um sönnun í sakamálum, sem að einhverju eða öllu leyti eru reistar á mati á sönnunargildi munnlegs framburðar fyrir dómi. Reglur þessar voru á sínum tíma settar til að tryggja að Hæstiréttur legði ekki slíkt mat á sönnunaratriði ef ákærði eða vitni gæfu ekki munnlega skýrslu þar fyrir dómi, en þetta þótti nauðsynlegt til að koma í veg fyrir að dregið yrði í efa að ákærði fengi þá réttlátu málsmeðferð, sem honum er áskilin í 1. og 3. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, svo og í 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. stjórnarskipunarlög, nr. 97/1995. Eins og reiknað var með við umrædda endurskoðun, hafa heimildir í XVIII. kafla gildandi laga til að taka munnlegar skýrslur fyrir Hæstarétti við meðferð sakamála undir áfrýjun lítt verið notaðar, en til mótvægis hefur rétturinn átt kost á að ómerkja héraðsdóm ef niðurstöður hans um sönnunaratriði kunna að vera rangar, sbr. 5. mgr. 159. gr. laganna. Svigrúm til að koma við annars konar skipan er verulega takmarkað vegna þess að dómstig hér á landi eru aðeins tvö og hafa ekki verið uppi ráðagerðir um að

breyta því. Við gerð þessa frumvarps hefur verið rætt um aðrar hugsanlegar leiðir til að koma við endurskoðun á niðurstöðum héraðsdóms um sönnunaratriði í sakamálum, en ekki tókst að ljúka þeirri umfjöllun þannig að tillögur séu gerðar hér um að breyta núverandi skipan. Á hinn bóginn má vænta að þessi atriði verði áfram til skoðunar og eftir atvikum kunna að koma fram tillögur um breytingar á síðari stigum.

Í meginatriðum eru ákvæðin í þessum kafla efnislega eins og reglur um áfrýjun í XVIII. kafla núgildandi laga, en að tillögum um breytingar verður vikið nánar í athugasemdum við einstakar greinar eftir því sem ástæða er til.

Um 196. gr.

Í þessari upphafsgrein áfrýjunarkaflans er mælt fyrir um það hverju megi áfrýja og í hvaða tilgangi. Í 1. mgr. kemur fram að það séu dómar héraðsdóms, sem áfrýja megi, en settur er þó fyrirvari í upphafsorðum ákvæðisins um að heimildum til að áfrýja dómum geti verið settar skorður með öðrum reglum frumvarpsins. Tekur þessi fyrirvari einkum til sérreglu 2. mgr. 161. gr., þar sem girt er fyrir að ákærði geti áfrýjað dómi í útivistarmáli, svo og til ákvæða 1. mgr. 198. gr., þar sem mælt er fyrir um almenn áfrýjunarskilyrði. Í einstökum stafliðum 1. mgr. er síðan mælt fyrir um það í hvaða tilgangi áfrýja megi héraðsdómi, en sú upptalning er efnislega á sama veg og gert er í 147. gr. núgildandi laga.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um heimild til að leita endurskoðunar á úrskurðum og ákvörðunum, sem gengið hafa eða teknar hafa verið undir rekstri máls í héraði. Sams konar regla kemur ekki berum orðum fram í gildandi lögum, en í framkvæmd hefur allt að einu verið gengið út frá því að heimild sem þessi sé fyrir hendi. Er lagt hér til að taka þetta beinlínis fram, svo sem gert er varðandi áfrýjun í einkamálum í 1. mgr. 151. gr. laga um meðferð þeirra mála.

Í 3. mgr. eru fyrirmæli um heimildir til að leita endurskoðunar á niðurstöðu héraðsdóms um einkaréttarkröfu eða aðra kröfu sem ráðgert er að hafa megi uppi í sakamáli skv. XXVI. kafla frumvarpsins. Fyrirmælin um þetta eru í flestum atriðum sama efnis og ákvæði 173. gr. gildandi laga, en þó er leitast við að árétta sérstaklega að heimildin til að leita endurskoðunar sé aðeins í höndum ákærða og þess sem gert hefur kröfuna. Þá verður einnig að vekja athygli á því að eftir ákvæðum frumvarpsins yrði niðurstöðu um kröfu skv. XXVI. kafla aldrei áfrýjað sérstaklega, heldur yrði dómi áfrýjað, annaðhvort af ákærða eða af hálfu ákæruvaldsins, og væri þá unnt að leita endurskoðunar á henni, hvort heldur af hendi ákærða eða kröfuhafans, sbr. 4. mgr. 199. gr.

Um 197. gr.

Í þessari grein eru fyrirmæli um aðild að áfrýjun sakamáls sem annaðhvort væri í höndum ríkissaksóknara af ákæruvaldsins hálfu eða hjá ákærða eða einhverjum þeim er í hans stað gæti komið eftir 2. málsl. 2. mgr. Þessi ákvæði eru efnislega eins og reglur 148. og 149. gr. núgildandi laga og þarfnast ekki frekari skýringa. Þess skal þó getið að ætlast er til að 2. málsl. 2. mgr. verði skýrður á sama hátt og 1. mgr. 144. gr. frumvarpsins að því er varðar það hvernig aðstandendur látins manns skuli taka ákvörðun um áfrýjun. Vísast um þá skýringu til athugasemda við þá grein.

Um 198. gr.

Greinin hefur að geyma reglur um almenn skilyrði áfrýjunar. Hér er á sama hátt og í 2. mgr. 150. gr. núgildandi laga ráðgert að réttur til áfrýjunar á héraðsdómi, þar sem ákærði hefur verið sakfelldur, stofnist í fyrsta lagi ef hann hefur verið dæmdur til frelsissviptingar,

sem eftir breytingu á 1. mgr. 31. gr. almennra hegningarlaga með lögum nr. 82/1998 getur einungis verið í formi fangelsis, án tillits til þess hvort um sé að ræða skilorðsbundið fangelsi að einhverju leyti eða öllu. Í öðru lagi er, eins og í 2. mgr. 150. gr. gildandi laga, gert ráð fyrir að ákærði geti áfrýjað héraðsdómi ef hann hefur verið dæmdur til að greiða sekt eða sæta upptöku eigna, þannig að upphæð sektar eða verðmæti eignaupptöku svari til áfrýjunarfjárhæðar í einkamáli, sbr. 1. og 2. mgr. 152. gr. laga um meðferð þeirra mála. Í 1. mgr. er jafnframt tekið fram að ríkissaksóknari geti af hálfu ákæruvaldsins áfrýjað héraðsdómi, þar sem ákærði hefur verið sýknaður. Þessa er ekki sérstaklega getið í gildandi lögum, en regla sama efnis hefur verið leidd af orðalagi 2. mgr. 150. gr. þeirra.

Í 2. mgr. er ráðgert að víkja megi frá áfrýjunarskilyrðum 1. mgr. með leyfi Hæstaréttar á sama hátt og í 3. mgr. 150. gr. gildandi laga. Þar er þess eins getið sem skilyrðis fyrir áfrýjunarleyfi að það verði ekki veitt nema sérstakar ástæður mæli með því. Hér er hins vegar lagt til að skilyrði fyrir áfrýjunarleyfi verði afmörkuð mun nánar, en orðalagið á sér fyrirmynd í reglum um skilyrði fyrir veitingu áfrýjunarleyfis skv. 4. mgr. 152. gr. laga um meðferð einkamála.

Um 199. gr.

Í þessari grein eru fyrirmæli, sem snúa einkum að því hvernig héraðsdómi verður áfrýjað til Hæstaréttar, hverjir frestir séu til áfrýjunar, hverjar séu heimildir aðila til kröfugerðar fyrir æðra dómi, án þess að hann hafi áfrýjað fyrir sitt leyti, og hvaða áhrif það hafi að ekki sé áfrýjað innan áfrýjunarfrests, þar á meðal um heimild til að leita þá áfrýjunarleyfis Hæstaréttar.

Ákvæði 1. mgr. lúta að skyldu til að leiðbeina ákærða um heimild til áfrýjunar. Fyrirmælin um þetta eru sama efnis og reglur 1. mgr. 151. gr. núgildandi laga, eins og þeim hefur verið breytt með lögum nr. 81/2005.

Í flestum atriðum er 2. mgr. efnislega eins og ákvæði 2. mgr. 151. gr. gildandi laga, sbr. lög nr. 81/2005. Tillaga er þó gerð um þrjár breytingar sem ástæða er til að fjalla um nánar. Í fyrsta lagi er tekið fram í fyrirmælum 2. málsl. um efni tilkynningar ákærða um áfrýjun að þess skuli þar getið hvern hann óski eftir að fá skipaðan sem verjanda fyrir sig við meðferð málsins fyrir Hæstarétti eða eftir atvikum hvort hann vilji flytja mál sitt sjálfur. Með þessu er tekið tillit til þess að ekki er ráðgert í 201. gr. að áfrýjunarstefna verði birt fyrir ákærða ef hann áfrýjar héraðsdómi, gagnstætt því sem nú gildir skv. 3. mgr. 153. gr. laga um meðferð opinberra mála, en eftir því ákvæði verður ákærði inntur eftir þeim atriðum, sem hér er getið, við birtingu áfrýjunarstefnunnar. Í öðru lagi er ráðgert að það komi aðeins í hlut ríkissaksóknara að veita ákærða leiðbeiningar um gerð tilkynningar um áfrýjun, en skv. 2. mgr. 151. gr. gildandi laga hvílir slík skylda jafnframt á öðrum ákærendum, án tillits til þess hvort þeir hafi nokkuð haft með málið að gera á fyrri stigum. Þykir eðlilegra að þessi skylda sé aðeins lögð á herðar ríkissaksóknara, sem jafnframt er viðtakandi tilkynningar sem þessarar, en í framkvæmd virðist mjög lítið hafa reynt á þessa leiðbeiningarskyldu á undanförnum árum. Í tengslum við þetta er einnig ástæða til að nefna að lagt er til að undir leiðbeiningarskyldu ríkissaksóknara falli ábendingar til ákærða um úrbætur á annmörkum, sem kunna að vera á efni tilkynningar hans um áfrýjun. Er ætlast til að þetta sé gert án tillits til þess hvort ákærði hafi notið aðstoðar annarra við gerð tilkynningarinnar. Samsvarandi reglu er ekki að finna í gildandi lögum, en af henni ber að álykta að ríkissaksóknari geti ekki neitað að hefjast handa um frekari aðgerðir varðandi áfrýjun þótt gallar kunni að vera á tilkynningu ákærða. Í þriðja lagi er tekið fram í niðurlagi 2. mgr. að héraðsdómi teljist áfrýjað af ákærða þegar tilkynning

hans hefur borist ríkissaksóknara innan áfrýjunarfrests. Þessa er ekki getið í ákvæðum gildandi laga, en ljóst má vera að sama regla felist á óbeinan hátt í þeim.

Í 3. mgr. eru fyrirmæli um áfrýjunarfrest ákæruvaldsins sem lagt er til að verði fjórar vikur frá uppkvaðningu héraðsdóms. Samkvæmt 152. gr. gildandi laga hefur ríkissaksóknari frest í átta vikur til að áfrýja dómi frá uppkvaðningu hans sem hér er því lagt til að verði styttur um helming. Með þessu er tekið tillit til gagnrýni, sem oft hefur komið fram á núgildandi reglu, þar sem með henni hefur ríkissaksóknari annan og stundum lengri áfrýjunarfrest en ákærði sem hefur fjórar vikur til að áfrýja frá birtingu dóms, þegar birtingar er á annað borð þörf. Verður ekki séð að ákæruvaldið þurfi að á lengri áfrýjunarfresti að halda en ákærði, en til mótvægis við þetta eru lögð til nýmæli í 4. mgr. sem ætlað er að taki jafnt til ríkissaksóknara sem annarra málsaðila við áfrýjun.

Með 4. mgr. er gerð tillaga um verulega breytingu til einföldunar við málskot, en samkvæmt henni á ekki að vera þörf fyrir gagnaðila þess sem áfrýjar að áfrýja fyrir sitt leyti til að koma að kröfum fyrir Hæstarétti um breytingu á niðurstöðum héraðsdóms sem eru honum í óhag. Þessi tillaga á jöfnum höndum að ná til ákærða, ríkissaksóknara og þess sem gert hefur kröfu skv. XXVI. kafla frumvarpsins er dæmd hefur verið að efni til í héraði. Þessi breyting styðst einkum við þau rök að aðila eigi að vera óþarft að standa að sérstökum aðgerðum til áfrýjunar ef gagnaðili hans hefur á annað borð skotið máli til Hæstaréttar, en jafnframt að sá sem gæti hugsað sér að una héraðsdómi ef gagnaðili hreyfir ekki frekar við málinu verði ekki knúinn til að áfrýja til að gæta ýtrustu hagsmuna sinna ef gagnaðili kynni að áfrýja fyrir sitt leyti á síðustu stigum áfrýjunarfrests.

Fyrri málsliður 5. mgr. hefur að geyma samsvarandi reglu og nú kemur fram í 3. mgr. 151. gr. gildandi laga. Að öðru leyti eru hér lögð til nýmæli um að ákærði eða ríkissaksóknari megi leita eftir leyfi Hæstaréttar til að áfrýja dómi eftir að almennum áfrýjunarfresti skv. 2. og 3. mgr. er lokið, þó þannig að það sé gert innan þriggja mánaða frá þeim tíma. Hliðstæð regla er ekki í gildandi lögum, en henni hefur þó verið beitt í framkvæmd með lögjöfnun frá 2. mgr. 153. gr. laga um meðferð einkamála.

Um 200. gr.

Í greininni er kveðið á um beiðni til Hæstaréttar um að veita áfrýjunarleyfi og meðferð slíkrar beiðni á þeim vettvangi. Er miðað við að þessar reglur gildi bæði þegar leitað yrði áfrýjunarleyfis til undanþágu frá almennum skilyrðum áfrýjunar skv. 198. gr. og þegar slíks leyfis væri þörf vegna þess að áfrýjunarfrestur væri liðinn, sbr. 5. mgr. 199. gr. Reglurnar í greininni eru nokkuð fyllri en ákvæði 3. mgr. 150. gr. núgildandi laga, en fyrirmyndir eru að því leyti sóttar að mestu í 154. gr. laga um meðferð einkamála. Ekki verður séð að einstök atriði í þessari grein þarfnist annars sérstakra skýringa.

Um 201. gr.

Í þessari grein eru m.a. fyrirmæli um áfrýjunarstefnu, birtingu hennar, skipun verjanda fyrir ákærða og réttargæslumann fyrir brotaþola, svo og hvernig mál berst Hæstarétti á fyrstu stigum.

Samkvæmt 1. mgr. er ríkissaksóknara ávallt ætlað að vera sóknaraðili máls fyrir Hæstarétti. Þessi regla er á sama veg í 1. mgr. 153. gr. núgildandi laga.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um áfrýjunarstefnu sem ríkissaksóknari gefur út í öllum tilvikum. Lýsingin á efni stefnunnar er um margt hliðstæð ákvæðum 2. mgr. 153. gr. gildandi laga. Ástæða er þó til að vekja athygli á nýmælum í d-lið, þar sem ráðgert er að tiltekið verði í

áfrýjunarstefnu, ef því er að skipta, hver hafi haft uppi kröfu skv. XXVI. kafla frumvarpsins, enda hafi hún verið dæmd að efni til í héraði. Þetta er gert með hliðsjón af því að ætlast er til í 4. mgr. að áfrýjunarstefna verði birt fyrir þeim sem með kröfuna hefur farið og verði honum kunngert á þann hátt að málið sé að koma fyrir Hæstarétt þar sem hann geti þá þurft að láta það til sín taka. Þá má einnig vekja athygli á því að orðalag e-liðar er með nokkuð öðru móti en í d-lið 2. mgr. 153. gr. gildandi laga. Er sú breyting lögð til með hliðsjón af því að ekki væri alltaf þörf á að birta áfrýjunarstefnu fyrir ákærða, svo sem nánar greinir hér á eftir í tengslum við 3. mgr., og væri því ekki við hæfi að viðhafa orð í áfrýjunarstefnu um að ákærða sé stefnt fyrir Hæstarétt, eins og gert er í núgildandi reglum.

Í 3. mgr. er kveðið á um birtingu áfrýjunarstefnu fyrir ákærða. Eins og áður hefur verið vikið að er hér miðað við að stefnan verði ekki birt fyrir ákærða í tilvikum þar sem hann hefur sjálfur áfrýjað héraðsdómi, enda með öllu óþarft að hafa fyrir því þegar þannig er ástatt. Er því lagt til að birting stefnunnar fyrir ákærða fari aðeins fram í tilvikum þar sem ákæruvaldið áfrýjar héraðsdómi. Þegar þannig stæði á hefði ákærði ekki áður komið því á framfæri hvern hann vilji fá skipaðan verjanda fyrir sig eða eftir atvikum hvort hann vilji verjast sjálfur fyrir Hæstarétti. Yrði því leitað afstöðu hans til þessa við birtingu stefnunnar á sama hátt og gert er skv. 3. mgr. 153. gr. gildandi laga.

Samkvæmt 4. mgr. yrði áfrýjunarstefna sem fyrr segir ávallt birt fyrir þeim sem gert hefði kröfu fyrir héraðsdómi skv. XXVI. kafla frumvarpsins, enda hafi hún verið dæmd að efni til og gæti þannig komið til kasta Hæstaréttar, sbr. 3. mgr. 196. gr. Með þessu væri kröfuhafanum gert kunnugt um málskotið og hann væri þannig viðbúinn því að þurfa að gæta hagsmuna sinna fyrir Hæstarétti ef ákærði vildi leita endurskoðunar á niðurstöðu héraðsdóms um kröfuna eða kröfuhafinn vildi gera það sjálfur. Einnig felst í þessari málsgrein að teljist kröfuhafinn brotaþoli í skilningi V. kafla frumvarpsins yrði að gefa honum kost á að óska eftir skipun réttargæslumanns við birtingu stefnunnar eða, eftir atvikum, með tilkynningu til Hæstaréttar í framhaldi af því. Er í þessu sambandi rétt að benda á að í frumvarpinu er ekki ráðgert að brotaþoli fái skipaðan réttargæslumann fyrir Hæstarétti í öðrum tilvikum en þeim þegar hann hefur gert einkaréttarkröfu skv. XXVI. kafla sem komið gæti til meðferðar þar fyrir dómi. Er heldur ekki gert ráð fyrir að áfrýjunarstefna verði birt fyrir brotaþola í öðrum tilvikum en þessum. Að þessu leyti er ákvæðið sama efnis og 4. mgr. 153. gr. gildandi laga.

Ákvæði 5. mgr. eru að mestu leyti efnislega á sama veg og fyrirmæli um sömu atriði í 3. og 4. mgr. 153. gr. gildandi laga. Í niðurlagi 5. mgr. eru þó nýmæli um tilkynningar Hæstaréttar til þeirra sem að máli koma um að málið hafi borist réttinum, hvaða auðkenni það hafi fengið og að síðar verði tilkynnt um fresti hvers og eins til að leggja fram greinargerð af sinni hálfu.

Um 202. gr.

Þessi grein er í öllum atriðum eins og 154. gr. núgildandi laga. Þarfnast hún því ekki sérstakra skýringa.

Um 203. gr.

Efni þessarar greinar er í öllum atriðum eins og 155. gr. núgildandi laga ef frá er talið að í 1. mgr. er bætt við fyrirmælum um greinargerð til Hæstaréttar af hálfu þess sem fer með kröfu skv. XXVI. kafla frumvarpsins hafi slík krafa verið höfð uppi í málinu og dæmd að efni til í héraði. Verður ekki séð að einstök atriði greinarinnar þarfnist frekari skýringa.

Um 204. gr.

Ákvæði þessarar greinar, sem snýr að meðferð Hæstaréttar á formgöllum á máli undir áfrýjun, eru efnislega eins og reglur í 156. gr. núgildandi laga. Þarfnast greinin því ekki sérstakra skýringa.

Um 205. gr.

Í greininni er að finna reglur um það hvaða háttur skuli hafður á málflutningi fyrir Hæstarétti og hvernig staðið skuli að undirbúningi munnlegs málflutnings, auk þess sem kveðið er á um heimild til munnlegrar sönnunarfærslu þar fyrir dómi. Í 2. mgr. er orðalagi hagað á þann veg að það geti átt við hvort sem aðilar að máli fyrir Hæstarétti eru tveir eða fleiri, en að því frátöldu er greinin efnislega samhljóða 157. gr. núgildandi laga.

Um 206. gr.

Í greininni eru fyrirmæli um munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti. Efnislega er þessi grein eins og 158. gr. núgildandi laga, að öðru leyti en því að í 1. mgr. hefur verið bætt við ákvæði um málflutning af hálfu þess sem fer með kröfu skv. XXVI. kafla frumvarpsins, ef slík krafa er til meðferðar í Hæstarétti. Verður ekki séð að einstök atriði hér þarfnist frekari skýringa.

Um 207. gr.

Í lögum um meðferð opinberra mála eru ekki sérstök fyrirmæli um ákvarðanir og dóma Hæstaréttar í þeim málum, heldur er í 163. gr. þeirra að finna almenna tilvísun til laga um meðferð einkamála, þar á meðal um úrlausn mála. Af þeim sökum hafa reglur í 164. gr. þeirra laga einnig gilt um úrlausnir Hæstaréttar í opinberum málum. Til þess að gefa löggjöf um meðferð sakamála heillegri mynd þykir eðlilegt að leggja hér til að ákvæði samsvarandi 164. gr. einkamálalaga verði tekið upp með þeim orðalagsbreytingum sem þörf er á til að laga þau að sakamálum. Er það gert í þessari grein og verður ekki séð að hún þarfnist frekari skýringa.

Um 208. gr.

Í þessari grein er einkum að finna reglur um það hvaða takmarkanir séu á því hverju Hæstiréttur geti breytt af niðurstöðum héraðsdóms. Í 1. mgr. eru meginreglur um að viðurlög ákærða verði ekki þyngd með dómi réttarins nema ákæruvaldið hafi krafist þess, en á hinn bóginn megi alltaf breyta dómi ákærða í hag, án tillits til kröfugerðar hans. Þessi fyrirmæli eru efnislega á sama veg og ákvæði 1. og 2. mgr. 159. gr. núgildandi laga. Hér er að auki bætt við fyrirmælum þess efnis að niðurstöðu héraðsdóms um kröfu skv. XXVI. kafla frumvarpsins verði ekki breytt nema að kröfu þess sem slík breyting yrði til hagsbóta fyrir, hvort sem er ákærða eða kröfuhafa. Með þessu er áréttað að það sé ekki ákæruvaldsins að leita eftir breytingum á niðurstöðum um kröfur sem þessar. Hliðstætt ákvæði er ekki í gildandi lögum, en eðlilegt er að taka það upp, enda tengist það einkaréttarlegu eðli krafna af þessum toga.

Ekki er gert ráð fyrir að taka upp reglu þá sem nú er að finna í 3. mgr. 159. gr. gildandi laga, en samkvæmt henni breytir Hæstiréttur ekki niðurstöðu héraðsdóms um viðurlög, nema þau séu utan marka viðkomandi refsiákvæða eða í verulegu ósamræmi við brot ákærða. Er þetta gert í ljósi þess að takmörkun af þessum toga á endurskoðun niðurstöðu um refsingu getur bitnað á ákærða, auk þess sem fordæmisgildi dóma Hæstaréttar um refsiákvörðun getur orðið óljóst af þessum sökum.

Reglurnar í 2. og 3. mgr. svara að mestu til 4. og 5. mgr. 159. gr. gildandi laga. Um 3. mgr. er þess þó að geta að í niðurlagi ákvæðisins er lagt til að bætt verði við fyrirmælum sem komi í veg fyrir að sömu dómarar, einn eða fleiri, fari með mál öðru sinni í héraði ef Hæstiréttur hefur ómerkt upphaflegan dóm sökum þess að líkur þyki fyrir að mat á sönnunargildi munnlegs framburðar kunni að vera rangt, svo að einhverju skipti um úrslit máls. Er jafnframt lagt til að sú regla gildi að héraðsdómur verði ávallt skipaður þremur dómurum við nýja meðferð máls ef því hefur lokið á þennan hátt fyrir Hæstarétti, en með þessu er hins vegar ekki útilokað að einn þeirra eða tveir séu sérfróðir meðdómsmenn skv. 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins. Þótt þessar reglur kunni að verða til þess að endurtaka þurfi munnlega sönnunarfærslu að því leyti, sem hún þykir skipta máli, til að tryggja milliliðalausa málsmeðferð, þá verður að líta svo á að nauðsynlegt sé, með tilliti til aðstöðu aðilanna, að stuðla að því að aðrir dómendur komi að máli í héraði þegar svona stendur á.

Um 209. gr.

Í núgildandi lögum eru ekki ákvæði um samningu og uppkvaðningu dóma Hæstaréttar í opinberum málum, en á sama hátt og áður var getið í athugasemdum við 207. gr. hefur leitt af almennri tilvísun í 163. laganna að 165. gr. laga um meðferð einkamála hefur gilt jöfnum höndum um einkamál og opinber mál að því er þessi atriði varðar. Heppilegra þykir að færa reglur um þetta inn í löggjöf um meðferð sakamála, svo sem lagt er til með þessari grein.

Um 210. gr.

Í þessari lokagrein XXXI. kafla, sem ætlað er að koma í stað 163. gr. núgildandi laga, er að finna tilvísun til XXV.–XXVIII. kafla varðandi önnur atriði í sambandi við meðferð máls fyrir Hæstarétti en þau sem sérstaklega er mælt hér fyrir um. Gagnstætt því, sem fram kemur í nefndu ákvæði núgildandi laga, hefur þessi grein ekki að geyma tilvísun til laga um meðferð einkamála. Stafar þetta af því, sem getið var að nokkru í athugasemdum við 207. og 209. gr., að leitast hefur verið við að setja fram í frumvarpinu heildstæðar reglur um meðferð áfrýjaðra sakamála fyrir Hæstarétti, þannig að ekki sé þörf á að vísa til annarra laga um það efni.

Um XXXII. kafla.

Í XXII. kafla núgildandi laga, sem ber heitið endurupptaka dæmdra mála, er mælt fyrir í einu lagi um endurupptöku mála, sem dæmd hafa verið í héraði og ekki hafa sætt áfrýjun til æðra dóms, og mála sem dæmd hafa verið efnislega af Hæstarétti. Þessi efnisskipan þykir ekki alls kostar heppileg, því að reglur um endurupptöku í þessum tvenns konar tilvikum eru ekki alls kostar eins. Þess vegna er lagt til að greina þetta efni að og fjalla um það í tveimur köflum, en það á sér hliðstæðu í reglum um endurupptöku dæmdra mála í XXVI. og XXVII. kafla laga um meðferð einkamála. Í þessum kafla er þannig að finna ákvæði um endurupptöku óáfrýjaðra mála.

Um 211. gr.

Í þessari grein eru fyrirmæli um skilyrði fyrir endurupptöku máls, sem dæmt hefur verið í héraði, en héraðsdómi hefur ekki verið áfrýjað og frestur til þess er liðinn. Um þetta eru ákvæði í 184. og 185. gr. núgildandi laga, en lagt er hér til að reglur um þetta verði sameinaðar í eina grein. Á sama hátt og í gildandi reglum er greint á milli skilyrða fyrir endurupptöku, annars vegar eftir beiðni dómfellds manns, sem leitar hennar sér til hagsbóta, og hins vegar eftir beiðni ríkissaksóknara sem ýmist gæti óskað eftir endurupptöku til íþyngingar

fyrir ákærða eða honum til hagsbóta. Efnislega eru skilyrðin fyrir endurupptöku samkvæmt greininni í nær öllum atriðum þau sömu og nú gilda. Þótt gerðar hafi verið ýmsar breytingar á orðalagi er ekki ætlast til að merking ákvæðanna verði önnur en hún er nú. Að einu leyti eru þó ráðgerð nýmæli með því að í d-lið 1. mgr. er ákvæði um heimild dómfellds manns til að leita endurupptöku ef sýnt er fram á að verulegir gallar hafi verið á meðferð máls og þeir haft áhrif á niðurstöðu þess. Um þessa aðstöðu eru engin fyrirmæli í gildandi lögum, en undir þetta gæti meðal annars átt tilvik, þar sem leiddir væru í ljós annmarkar á hæfi dómarans, sem með málið fór, og ekki hafi áður verið um þá kunnugt. Þykir eðlilegt að taka upp reglu af þessum toga til að tryggja rétta meðferð máls.

Samkvæmt 3. mgr. er ríkissaksóknara, eins og í 1. mgr. 185. gr. gildandi laga, veitt heimild til að krefjast þess að sakamál verði tekið upp að nýju ef ákærði hefur verið sýknaður eða sakfelldur fyrir mun minna brot en hann var borinn sökum um og skilyrði a- eða b-liðar er fyrir hendi. Hér er um að ræða frávik frá þeirri meginreglu, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 4. gr. 4. samningsviðauka við mannréttindasáttmála Evrópu, að enginn skuli sæta lögsókn né refsingu að nýju í sakamáli fyrir brot sem hann hefur þegar verið sýknaður af eða sakfelldur um með lokadómi. Af 2. mgr. þeirrar greinar leiðir að heimilt er að kveða svo á um í lögum aðildarríkja sáttmálans að endurupptaka megi mál ef fyrir hendi eru nýjar eða nýupplýstar staðreyndir ellegar megingalli hefur verið á fyrri málsmeðferð sem gæti haft áhrif á niðurstöðu málsins. Verður að telja að ákvæði 3. mgr. rúmist fyllilega innan þessar heimildar, enda yrði jafnan að gæta varúðar við að endurupptaka mál þegar svo stæði á sem þar greinir.

Um 212. gr.

Í 1. mgr. eru reglur um form og efni endurupptökubeiðni, hvert henni skuli beint og hvað þurfi að fylgja henni. Lagt er til að beiðni verði alltaf send til Hæstaréttar, sem er breyting frá núgildandi reglum, enda er mælt svo fyrir í 1. mgr. 186. gr. laga um meðferð opinberra mála að dómfelldi skuli stíla beiðni sína til Hæstaréttar, en senda hana ríkissaksóknara. Þykja auðsæ rök standa til þessarar breytingar. Ákvæðin í 1. og 2. mgr. eru að öðru leyti efnislega eins og reglur 186. gr. núgildandi laga þótt orðalagi hafi verið breytt í ýmsum atriðum, m.a. til samræmingar við 1. mgr. 168. gr. laga um meðferð einkamála, þar sem kveðið er á um beiðni um endurupptöku í óáfrýjuðum einkamálum.

Í 3. mgr. er gerð tillaga um ákvæði til að heimila skjóta meðferð ef beiðni um endurupptöku þykir bersýnilega ekki á rökum reist. Þetta ákvæði á sér hliðstæðu í 2. mgr. 168. gr. laga um meðferð einkamála og þykir eðlilegt að taka það upp hér, enda er ástæðulaust undir kringumstæðum sem þessum að frekar verði aðhafst af hálfu Hæstaréttar en ráðgert er í ákvæðinu.

Um 213. gr.

Í greininni er að finna reglur um meðferð beiðni um endurupptöku sem ekki hefur þegar verið hafnað á grundvelli 3. mgr. 212. gr. Í 1. mgr. er ráðgert að Hæstiréttur leiti strax afstöðu gagnaðila þess sem um endurupptöku biður, en þó með þeirri undantekningu að áður megi skipa dómfellda, sem sjálfur ber fram beiðni, verjanda sem eftir atvikum gæti þá endurbætt beiðnina. Er jafnframt tekið fram að ávallt beri að skipa dómfellda eða ákærða verjanda í tengslum við beiðni um endurupptöku ef hann óskar eftir því, en þetta mundi gilda án tillits til þess hvort hann hafi sjálfur beðið um endurupptöku eða ríkissaksóknari. Þessi ákvæði svara að nokkru til 1. mgr. 187. gr. núgildandi laga, en taka að flestu öðru leyti mið af verk-

lagi sem beitt hefur verið í framkvæmd. Þá svara ákvæði 2. mgr. efnislega til 1. mgr. 192. gr. gildandi laga.

Þriðja málsgrein hefur að geyma reglur um öflun gagna í tengslum við beiðni um endurupptöku. Ákvæðið svarar að nokkru til 3. mgr. 187. gr. gildandi laga, en er þó öllu ítarlegar úr garði gert.

Í 4. mgr. er gerð tillaga um þau nýmæli að Hæstiréttur geti ákveðið að gefa ríkissaksóknara og verjanda dómfellda eða ákærða kost á að skýra nánar atriði í sambandi við beiðni um endurupptöku munnlega á dómþingi. Ekki er gert ráð fyrir að um eiginlegan málflutning yrði að ræða, heldur fremur að þessarar heimildar yrði neytt til að fá fram frekari skýringar eða röksemdir eftir því sem efni stæðu til.

Lokamálsgreinin svarar til 4. mgr. 187. gr. gildandi laga og þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 214. gr.

Í greininni er að finna fyrirmæli um niðurstöðu um beiðni um endurupptöku máls og nýja meðferð þess ef á beiðnina er fallist. Í 1. mgr. er á sama hátt og í upphafsorðum 1. mgr. 188. gr. núgildandi laga ráðgert að Hæstiréttur taki afstöðu til beiðninnar með ákvörðun sem sé skrifleg og rökstudd samkvæmt því sem í niðurlagi þessa ákvæðis segir. Þá er þess jafnframt getið að fyrri dómur í málinu falli úr gildi, nema Hæstiréttur ákveði að réttaráhrif hans haldist þar til nýr dómur gengur í málinu. Þessi fyrirmæli eru öllu ítarlegri en reglur 1. mgr. 192. gr. gildandi laga.

Í 2. mgr. felst ráðagerð um talsverða breytingu frá gildandi lögum. Samkvæmt 1. mgr. 188. gr. þeirra verður ákvörðun Hæstaréttar um að heimila endurupptöku óáfrýjaðs máls til þess að því verður áfrýjað til hans eftir almennum reglum. Í þessu ákvæði frumvarpsins er á hinn bóginn ráðgert að slík ákvörðun leiði til þess að málið sæti meðferð fyrir héraðsdómi á nýjan leik, að því leyti sem ákveðið hefur verið að það sé endurupptekið. Þessi leið þykir eðlilegri en sú, sem gildandi lög fela í sér, enda væri með endurupptöku að meira eða minna leyti kollvarpað þeim grunni sem upphafleg niðurstaða málsins var reist á. Er þá nærtækast að málið sæti meðferð á nýjum grundvelli fyrir héraðsdómi, fremur en að það komi til úrlausnar fyrir Hæstarétti nánast eins og á fyrsta dómstigi væri.

Ástæða er til að árétta að í orðalagi 1. og 2. mgr. felst að mál gæti verið endurupptekið að takmörkuðu leyti, t.d. um eitt af mörgum atriðum ákæru, þannig að ekki væri sjálfgefið að upphaflegi dómurinn félli í heild úr gildi vegna ákvörðunar um endurupptöku. Því til samræmis er um það rætt í 1. mgr., sem áður er getið, að Hæstiréttur geti ákveðið að réttaráhrif fyrri dóms í málinu haldist þar til nýr dómur gengi og í 2. mgr. að málið komi á ný til meðferðar í héraði að því marki, sem endurupptaka hefur verið heimiluð. Þá skal og vakin athygli á því að í niðurlagi 2. mgr. er tekið fram að nýr dómur sæti áfrýjun til Hæstaréttar eftir almennum reglum XXXI. kafla frumvarpsins, en þetta er tekið fram til að taka af öll tvímæli um að endurupptekin mál sæti ekki að þessu leyti öðrum reglum en endranær, svo og að það sé aðeins nýi dómurinn, sem unnt sé að áfrýja, en ekki jafnframt eldri dómurinn, að því leyti sem hann hefur verið látinn standa óhaggaður við endurupptöku málsins að hluta.

Ákvæði 3. og 4. mgr. svara efnislega til reglna 190. og 191. gr. gildandi laga og þarfnast því ekki sérstakra skýringa.

Um XXXIII. kafla.

Eins og lýst var í almennum athugasemdum við XXXII. kafla er farin sú leið að greina ákvæði XXII. kafla núgildandi laga í tvo kafla þar sem annars vegar verði fjallað um endurupptöku mála, sem ekki hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar, og hins vegar um endurupptöku mála sem þar hafa þegar verið dæmd. Tekur þessi kafli til síðarnefndu tilvikanna.

Um 215. gr.

Þessi grein, sem er eina greinin í þessum kafla, fjallar um endurupptöku máls sem áður hefur verið dæmt í Hæstarétti. Í öllum meginatriðum er í greininni vísað til einstakra ákvæða í XXXII. kafla og í raun aðeins fjallað um það sem ætlast er til að fari á annan veg þegar um endurupptöku fyrir Hæstarétti er að ræða. Þessi háttur á efnisskipan á sér hliðstæðu að því er varðar endurupptöku einkamála skv. 169. gr. laga um meðferð þeirra mála.

Í 1. og 2. mgr. er um skilyrði fyrir endurupptöku máls fyrir Hæstarétti, beiðni um hana og meðferð hennar vísað til ákvæða 211.–213. gr. með þeirri viðbót einni að tekið er fram í 2. mgr. að kveðja megi til varadómara í Hæstarétti til að taka afstöðu til beiðni þótt almennum skilyrðum sé ekki fullnægt til þess skv. 8. gr. laga nr. 15/1998, um dómstóla. Regla sama efnis er nú í 2. mgr. 187. gr. gildandi laga.

Í 3. mgr. eru lagðar til reglur varðandi ákvörðun Hæstaréttar um hvort af endurupptöku verði. Er ráðgert að ákvörðun, þar sem fallist er á beiðni, geymi almennt ekki röksemdir fyrir þeirri niðurstöðu, en gagnstæð regla gildi á hinn bóginn sé beiðni hafnað. Með þessu er tekið mið af því að Hæstiréttur mundi síðar í dómi taka rökstudda afstöðu til atriða sem til skoðunar væru ef endurupptaka yrði heimiluð. Af þeim sökum væri ástæðulaust að rökstyðja sérstaklega ákvörðun um að heimila hana. Þegar beiðni væri hafnað mundi ákvörðunin á hinn bóginn geyma endanlega afgreiðslu Hæstaréttar og þykir því eðlilegt að hún skuli rökstudd eftir þörfum.

Ákvæði 4.–6. mgr. þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 6. þátt.

Þessi þáttur hefur að geyma ákvæði um sakarkostnað og réttarfarssektir. Um þau atriði eru ekki fyrirmæli á sama stað í núgildandi lögum, þar sem annars vegar er að finna heildstæð ákvæði um sakarkostnað í XIX. kafla laganna, en hins vegar dreifð ákvæði um réttarfarssektir í III., XVII. og XVIII. kafla þeirra. Í lögum um meðferð einkamála er hins vegar kveðið á um bæði þessi atriði, þ.e. málskostnað og réttarfarssektir, í 5. þætti þeirra laga. Er lagt til að sama efnisskipan verði viðhöfð í lögum um meðferð sakamála.

Um XXXIV. kafla.

Í þessum kafla er kveðið á um sakarkostnað á sama hátt og í XIX. kafla núgildandi laga. Gert er ráð fyrir að reglur um það hvað teljist til sakarkostnaðar í sakamálum, sbr. 216. gr., og hvernig sá kostnaður verði ákveðinn, þar á meðal hvort hann skuli greiddur af ákærða eða ríkissjóði, sbr. 217.–220. gr., verði í megindráttum óbreyttar frá gildandi lögum. Þær breytingar, sem gerðar hafa verið, lúta flestar að orðalagi einu saman, eins og gerð verður frekari grein fyrir í athugasemdum við einstakar greinar kaflans.

Ástæða er þó að geta nýmælis sem er að finna í 2. mgr. 221. gr. Í 1. mgr. þeirrar greinar er m.a. mælt fyrir um þá sjálfsögðu reglu að sakarkostnaður, sem sakfelldum manni er gert að greiða samkvæmt ákvörðun dómara, skuli innheimtur hjá honum, eftir atvikum með fullnustugerðum, og eigi hann að bera kostnað af þeim aðgerðum. Síðan segir í 2. mgr. að falla

beri frá kröfu á hendur hinum sakfellda ef nægilega ljóst liggi fyrir að hann hafi hvorki eignir né tekjur til að standa straum af sakarkostnaði sem honum hefur verið gert að greiða. Þetta ákvæði á rætur að rekja til fyrirmæla c-liðar 3. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, þar sem sökuðum manni er m.a. tryggður réttur til ókeypis lögfræðiaðstoðar til að halda uppi vörnum í sakamáli ef það er nauðsynlegt vegna réttvísinnar. Verður gerð frekari grein fyrir umræddu ákvæði í athugasemdum með greininni.

Um 216. gr.

Þessi grein svarar til 164. gr. núgildandi laga. Fyrir utan orðalagsbreytingar á stöku stað hefur ákvæðið í d-lið 1. mgr. 164. gr. verið fellt á brott hér, þar sem órökrétt er að fella kostnað af fullnustu refsingar og annarra viðurlaga með aðför og eftir atvikum nauðungarsölu, sem fellur til eftir að sakamáli er lokið, undir sakarkostnað í slíku máli, sbr. hins vegar niðurlag 1. mgr. 221. gr., þar sem þetta ákvæði er að finna. Þá hefur ákvæðinu um að þóknun vitna skuli teljast til sakarkostnaðar verið skipað til glöggvunar í sérstakan staflið, þ.e. b-lið 1. mgr.

Í samræmi við fyrirmæli e-liðar 3. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu er lagt til að skýrt verið kveðið á um í 2. mgr. að þóknun dómtúlks eða þýðanda teljist ekki til sakarkostnaðar, en með því er komið í veg fyrir að ákærði verði látinn bera þann kostnað þótt hann verði sakfelldur. Þegar lög nr. 19/1991 voru sett var fellt á brott ákvæði þess efnis að þóknun fyrir skjalaþýðingar og dómtúlkun félli undir sakarkostnað. Vegna þess að í upphafi 1. mgr. er tekið svo til orða að til sakarkostnaðar teljist óhjákvæmileg útgjöld vegna rannsóknar máls og meðferðar þess, án nokkurs fyrirvara, þykir rétt að taka sérstaklega fram að þóknun dómtúlks eða þýðanda teljist ekki til slíks kostnaðar. Jafnframt er lagt til að sama regla gildi um þóknun kunnáttumanns skv. 4. mgr. 12. gr. frumvarpsins.

Um 217. gr.

Í greininni er í 1. mgr. kveðið á um form ákvörðunar dómara um sakarkostnað og í 2. mgr. um skyldu ákæranda til að taka saman yfirlit um þau útgjöld sem hlotist hafa af málinu og teljast til sakarkostnaðar, sbr. 2. mgr. Ákvæði þessa efnis er að finna í 168. gr. núgildandi laga, eins og henni var breytt með lögum nr. 81/2005, en lagt er til að þau verði gerð ítarlegri.

Eins og 1. mgr. 168. gr. er nú úr garði gerð er þar aðeins vísað til dóms og úrskurðar, en ekki vikið sérstaklega að því þegar máli lýkur með viðurlagaákvörðun dómara skv. 3. mgr. 115. gr. a gildandi laga, sbr. 3. mgr. 150. gr. frumvarpsins, eða 1. mgr. 124. gr. laganna, sbr. 2. mgr. 163. gr. frumvarpsins. Lagt er til að það verði gert og jafnframt er í þeim ákvæðum, sem á eftir koma, notað orðalagið að gera ákærða eða ríkissjóði að greiða sakarkostnað þar sem það getur gerst án þess að dómur sé lagður á mál.

Samkvæmt 2. mgr. skal ákærandi taka saman og leggja fram við þingfestingu máls yfirlit um áfallinn sakarkostnað. Falli til frekari kostnaður meðan málið er til meðferðar fyrir dómi er gert ráð fyrir að ákærandi taki saman yfirlit um þau viðbótarútgjöld og leggi fram í málinu áður en því lýkur, eftir atvikum að tilmælum dómara. Markmiðið með þessu ákvæði er að það liggi ávallt fyrir hver sakarkostnaður er og hvernig hann sundurliðast, áður en dómari tekur ákvörðun um kostnaðinn, sbr. 1. mgr., svo og 218. og 219. gr.

Um 218. gr.

Að baki þessari grein býr það sjónarmið að ákærði eigi að öðru jöfnu að bera kostnað af sakamáli sé hann sakfelldur af því broti eða þeim brotum sem honum eru gefin að sök. Að öðrum kosti skuli kostnaðurinn felldur á ríkissjóð.

Fyrsta málsgrein er nánast sama efnis og 1. mgr. 165. gr. og 167. gr. núgildandi laga. Einu umtalsverðu breytingarnar eru þær að í stað ákæranda í 167. gr. er lagt til að komi „ákæruvald“ í lokamálslið 1. mgr. því að hugsanlegt er að kostnaður geti hlotist af vanrækslu eða skeytingarleysi annars handhafa ákæruvalds en ákærandans í málinu. Einnig hafa orðin „í starfi sínu“, sem nú er að finna í lok 167. gr., verið felld brott, enda verður ekki séð að þeirra sé þörf.

Efni 2. mgr. er hið sama og 1. mgr. 166. gr. gildandi laga. Til þess að taka af allan vafa hafa orðin „af hvaða ástæðu sem er“ verið færð til þannig að þau eiga jafnt við það þegar ákærði er sýknaður eða mál gegn honum er fellt niður. Það þýðir að ákærða verður ekki gert að greiða sakarkostnað, nema í þeim tilvikum sem greind eru í lok málsgreinarinnar. Skiptir annars ekki máli hvers vegna hann er sýknaður eða mál hans fellur niður, en undir síðastgreint orðalag getur m.a. fallið það þegar máli lýkur með frávísun þess frá dómi.

Um 219. gr.

Greinin fjallar um það hver eða hverjir skuli bera sakarkostnað, ef tveir eða fleiri menn eru ákærðir í sama máli. Hún er nánast samhljóða 2. mgr. og 3. mgr. 165. gr. og 2. mgr. 166. gr. núgildandi laga og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 220. gr.

Í greininni er kveðið á um það hvernig staðið skuli að ákvörðun sakarkostnaðar fyrir Hæstarétti. Þar sem greinin er svo til samhljóða 169. gr. núgildandi laga er ekki ástæða til að skýra hana frekar.

Um 221. gr.

Samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989, um aðför, eru dómar og úrskurðir hérlendra dómstóla aðfararhæfir. Hefur viðurlagaákvörðun dómara sömu áhrif og dómur og er þar með aðfararhæf. Lagt er til að tekið verði fram í lögum um meðferð sakamála að sakarkostnaður, sem sakfelldum manni hefur verið gert að greiða, skuli innheimtur hjá honum, eftir atvikum með fjárnámi og nauðungarsölu, sbr. fyrri málslið 1. mgr. þessarar greinar. Síðari málsliðurinn hefur að geyma þá reglu, sem nú er að finna í d-lið 1. mgr. 164. gr. núgildandi laga og áður er minnst á, þ.e. að sakfelldur maður skuli bera kostnað af aðgerðum vegna fullnustu sakarkostnaðar, refsingar og annarra viðurlaga, sem honum hefur verið gert að þola, til viðbótar sakarkostnaði í máli hans.

Í nýlegum hæstaréttardómi, H 21. september 2005 í máli nr. 248/2005, komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu með vísun til úrlausna Mannréttindadómstóls Evrópu að skýra beri íslensk lög svo að þeim sem sakfelldur hefur verið í sakamáli og gert að greiða sakarkostnað verði að vera unnt að sanna vanhæfni sína til greiðslu málsvarnarlauna verjanda síns við innheimtu slíks kostnaðar. Af þeim sökum er lagt til í 2. mgr. að tekið verði berum orðum fram í lögum um meðferð sakamála að liggi ljóst fyrir að sakfelldur maður hafi hvorki eignir né tekjur til að standa straum af sakarkostnaði, sem honum hefur verið gert að greiða, beri að falla frá kröfu á hendur honum um greiðslu þess kostnaðar. Eins og orðalag þessa ákvæðis er úr garði gert er það ekki einskorðað við þóknun verjanda, heldur tekur það til annars sakarkostnaðar. Hins vegar nær það ekki til greiðslu sektar eða annars konar viðurlaga. Ekki er áskilið í ákvæðinu að leitað sé fjárnáms hjá sakfelldum manni til fullnustu sakarkostnaðar til að staðreyna hvort falla megi frá kröfu um hann, heldur kann að liggja ljóst fyrir, áður en til þess kemur, að hinn sakfelldi hafi ekki bolmagn til þess að greiða þann kostnað. Samkvæmt

því sem að framan segir bæri í því tilviki að falla frá kröfu á hendur honum um greiðslu kostnaðarins án þess að til frekari innheimtuaðgerða kæmi.

Um XXXV. kafla.

Í þessum kafla er kveðið heildstætt á um réttarfarssektir á sama hátt og í XXII. kafla laga um meðferð einkamála. Efnisskipan kaflans er í aðalatriðum sú sama þótt einstök ákvæði séu frábrugðin vegna þess að ekki er unnt að leggja sakamál að jöfnu við einkamál. Þess má t.d. geta að ákærði hefur jafnframt sérstöðu í samanburði við aðila einkamáls, þar sem á honum hvílir t.d. ekki skylda til þess að upplýsa mál eða stuðla að því að meðferð þess sé hraðað. Því er eðlilegt að gerður sé greinarmunur á honum og verjanda hans þegar lýst er þeirri háttsemi sem varðað getur réttarfarssektum, sbr. 223. gr., eins og skýrt verður nánar í athugasemdum við þá grein.

Um 222. gr.

Þessi grein er nánast samhljóða 134. gr. laga um meðferð einkamála, en efnislega á hún sér hliðstæðu í 1. mgr. er í 3. mgr. 11. gr. núgildandi laga. Verður ekki séð að greinin þarfnist frekari skýringa.

Um 223. gr.

Í greininni er mælt fyrir um það hvaða háttsemi geti orðið tilefni til þess að manni er ákveðin réttarfarssekt eða hann eftir atvikum víttur, sbr. 4. mgr., enn fremur hverjum verði gerð slík sekt.

Ákvæði 1.–3. mgr. eiga sér fyrirmynd í 1.–4. mgr. 135. gr. laga um meðferð einkamála. Vegna þess að sakamál eru á margan hátt ólík einkamálum, eins og áður er minnst á, eru ákvæðin þó langt frá því að vera eins, heldur draga þau einnig dám af ákvæðum laga um meðferð opinberra mála um þetta efni, fyrst og fremst 1. og 2. mgr. 11. gr. laganna. Sem fyrr segir er réttarstaða ákærða ekki sú sama og verjanda, jafnvel þótt hann annist vörn sína sjálfur. Þar af leiðandi er 1. mgr. einskorðuð við málflytjendur sakamáls, þ.e. ákæranda, verjanda og réttargæslumann brotaþola. Í b-lið 1. mgr. er tekið fram, á hliðstæðan hátt og í 2. mgr. 11. gr. gildandi laga, að sé brotið gegn banni við að hljóðrita eða taka myndir í þinghaldi, sbr. 1. mgr. 11. gr. frumvarpsins, ellegar banni við að skýra frá því, sem gerst hefur í þinghöldum og leynt á að fara, sbr. 2. mgr. þeirrar greinar, varði það að jafnaði réttarfarssekt, sbr. fyrri málslið 3. mgr. umræddrar greinar.

Samkvæmt 2. og 3. mgr. má ákveða ákærða eða öðrum réttarfarssekt gerist þeir sekir um þá háttsemi sem þar er tilgreind. Ákvæðin líkjast 3. og 4. mgr. 135. gr. laga um meðferð einkamála og þarfnast ekki frekari skýringa.

Fyrirmynd 4. mgr. er sótt til 162. gr. núgildandi laga, þar sem segir að telji Hæstiréttur galla vera á verki héraðsdómara, sækjanda, verjanda eða annarra, en ekki slíka sem sektum eigi að varða, geti rétturinn vítt þá. Hér er lagt til að þessi regla, sem byggist á meðalhófssjónarmiðum, gildi jafnt um meðferð máls í héraði sem og fyrir Hæstarétti, sbr. lokamálslið 5. mgr. Þó er því aðeins gert ráð fyrir að víta megi þann, sem um er að ræða, að brot hans sé smávægilegt að mati dómara.

Fyrsti málsliður 5. mgr. er sama efnis og 5. mgr. 135. gr. laga um meðferð einkamála. Tekur hann þar af leiðandi til kæru jafnt sem áfrýjunar, meðan gildandi lög hafa aðeins að geyma heimild til að ákveða réttarfarssekt vegna tilefnislausrar kæru, sbr. 2. mgr. 146. gr. þeirra. Það ákvæði á hins vegar jafnt við um ákærða sem verjanda hans, en hér er ekki gert

ráð fyrir að ákærða verði gerð sekt vegna tilefnislausrar kæru af hans hálfu. Eðli máls samkvæmt yrði jafnframt að fara varlega við að ákveða ákæranda eða verjanda sekt, hvort sem er fyrir kæru eða áfrýjun, þótt í ljós komi að málskotið hafi verið að ófyrirsynju. Það er einungis í þeim tilvikum að slíkt blasi við frá upphafi að gera mætti þeim sekt. Samkvæmt 2. málsl. 5. mgr. er Hæstarétti veitt heimild til þess að gera málflytjendum sekt fyrir vítaverða vanrækslu eða önnur glöp við meðferð máls í héraði eða við undirbúning eða meðferð máls fyrir réttinum, sbr. 161. gr. gildandi laga. Í lokamálslið 5. mgr. er tekið fram að ákvæði 1.–4. mgr. þessarar greinar taki til meðferðar máls fyrir Hæstarétti eftir því sem við getur átt.

Um 224. gr.

Greinin er sama efnis og 136. gr. laga um meðferð einkamála, sbr. og 3. mgr. 11. gr. núgildandi laga. Einungis hafa verið gerðar breytingar á orðalagi sem þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 7. þátt.

Í þennan lokaþátt frumvarpsins hafa verið tekin ýmis ákvæði, sem ekki er með góðu móti unnt að fella undir aðra þætti þess, þ.e. um sakaskrá o.fl. og bætur vegna sakamáls, sbr. XXXVI. og XXXVII. kafla, svo og ákvæði um gildistöku laganna og brottfall annarra laga, sbr. XXXVIII. kafla.

Um XXXVI. kafla.

Fyrstu tvær greinar þessa kafla koma í stað 19. gr. núgildandi laga þar sem er að finna fyrirmæli um sakaskrá, svo og skráningu og varðveislu ýmissa upplýsinga hjá lögreglu í þágu rannsóknar sakamála. Í samræmi við þá stefnu löggjafans að kveða á um aðgang að gögnum í vörslum stjórnvalda í lögum, sbr. upplýsingalög, nr. 50/1996, og lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, er lagt til að tekin verði upp í lög um meðferð sakamála ákvæði um aðgang að upplýsingum sem varðveittar eru í sakaskrá og hjá lögreglu, sbr. 2. mgr. 227. gr. Með þessu móti yrði kveðið á um þetta atriði í lögum í stað þess að gera það í reglugerð eins og nú er gert ráð fyrir í 2. mgr. 19. gr. gildandi laga að því er sakaskrá varðar.

Um 225. gr.

Eins og í 1. mgr. 19. gr. núgildandi laga er mælt fyrir um það í 1. mgr. þessarar greinar að ríkissaksóknari skuli halda sakaskrá fyrir allt landið um niðurstöðu mála samkvæmt lögum um meðferð sakamála.

Samkvæmt 2. mgr. er ráðgert að ríkissaksóknari setji nánari reglur um gerð og varðveislu sakaskrár, svo og um sakavottorð, en skv. 2. mgr. 19. gr. gildandi laga er gert ráð fyrir að dómsmálaráðherra setji slíkar reglur með reglugerð. Með þessu móti er lögð áhersla á sjálfstæði ríkissaksóknara gagnvart öðrum framkvæmdarvaldshöfum, auk þess sem dregið hefur verið úr svigrúmi við gerð reglnanna með ákvæðum 2. mgr. 227. gr. um aðgang að upplýsingum sem varðveittar eru í sakaskrá.

Um 226. gr.

Greinin er sama efnis og 3. mgr. 19. gr. núgildandi laga, að öðru leyti en því að í 2. málsl. hennar er lagt til að dómsmálaráðherra setji sérstök fyrirmæli um eyðingu þeirra upplýsinga í vörslum lögreglu sem 1. málsl. tekur til. Þótt ákvæði laga nr. 77/2000 eigi almennt við um

meðferð þessara persónuupplýsinga, þar á meðal 26. gr. þeirra, þar sem mælt er fyrir um eyðingu upplýsinga af þessu tagi við tilteknar aðstæður, er engu síður gert ráð fyrir að settar verði reglur um það efni í reglugerð um skráningu og varðveislu upplýsinga hjá lögreglu. Með því er átt við almennar reglur um eyðingu gagna, t.d. eftir að ákveðinn tími er liðinn frá því að brot hefur verið framið.

Um 227. gr.

Í 1. mgr. þessarar greinar er lagt til að ákæranda verði gert skylt að leggja sakavottorð ákærða fram þegar við þingfestingu máls, nema hann telji óþarft að líta til sakaferils ákærða við úrlausn málsins. Hér er um að ræða nýmæli sem ætlað er að tryggja það að ákærða gefist færi á og það í tæka tíð að andmæla upplýsingum sem þar koma fram og jafnframt að mótmæla því að tillit verði tekið til þeirra, t.d. við ákvörðun refsingar. Ef í ljós kæmi eftir þingfestingu að ákærði hefði gerst sekur um fleiri brot en greind eru í sakavottorði, sem lagt hefur verið fram, gæti ákærandi að sjálfsögðu upplýst það, þá í síðasta lagi við upphaf aðalmeðferðar, en yrði umrædd regla lögfest ætti slíkt framvegis að heyra til undantekninga.

Á sama hátt og lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga eiga við um meðferð upplýsinga, sem lögregla hefur aflað og vísað er til í 1. mgr. 226. gr., taka lögin til þeirra upplýsinga, sem varðveittar eru í sakaskrá, sbr. 1. mgr. 19. gr. núgildandi laga og 1. mgr. 225. gr. frumvarpsins. Vegna þess að upplýsingalög taka ekki til þessara upplýsinga þykir hins vegar rétt að taka af skarið um það í lögum um meðferð sakamála, sbr. fyrri málslið 2. mgr. þessarar greinar, að hver og einn eigi rétt á að fá afhent sakavottorð eða annars konar upplýsingar úr sakaskrá um eigin sakaferil, en hins vegar ekki sakaferil annarra manna. Í síðari málslið 2. mgr. er gert ráð fyrir að aðrir en sá sem hlut á að máli, t.d. stjórnvöld eða vinnuveitendur, geti aftur á móti ekki fengið aðgang að þessum upplýsingum, nema fyrir liggi ótvírætt samþykki hans sjálfs.

Um XXXVII. kafla.

Í lögum um meðferð opinberra mála hefur verið mælt fyrir um hlutlæga skaðabótaábyrgð vegna háttsemi, sem menn hafa orðið fyrir af völdum yfirvalda, þ.e. lögreglu, ákæruvalds eða dómara, í tengslum við rannsókn sakamáls eða meðferð þess ellegar vegna dóms í slíku máli, sem menn hafa þurft að þola saklausir, sbr. XXI. kafla núgildandi laga, en slíkar bætur skulu sóttar í venjulegu einkamáli samkvæmt lögum um meðferð þeirra mála, sbr. 178. gr. gildandi laga. Með frumvarpinu er lagt til að sami háttur verði á hafður og því er kveðið á um bætur vegna sakamáls í þessum kafla með áþekkum hætti og í XXI. kafla gildandi laga, þar á meðal að krafa um þær skuli höfð uppi í einkamáli, sbr. 1. mgr. 230. gr. Þótt efnisskipan sé nokkuð frábrugðin frá því sem nú er eru ekki ráðgerðar veigamiklar breytingar frá gildandi lögum ef frá eru talin ákvæði 228. gr. sem lúta að skilyrðum fyrir bótum af þessum toga. Gerð er tillaga um að þau skilyrði verði nokkuð rýmkuð frá gildandi lögum, þar á meðal að aðrir en sakborningar geti krafist bóta séu skilyrði bótaábyrgðar á annað borð fyrir hendi, sbr. 3. mgr. 228. gr. Verður gerð frekari grein fyrir umræddum breytingum í athugasemdum með þeirri grein. Þá er þess einnig að geta að skv. 181. gr. núgildandi laga fyrnist bótakrafa á sex mánuðum og er meginreglan sú að sá fyrningartími hefjist þegar maður á þess fyrst kost að hafa hana uppi. Ekki verður séð að sérstök rök mæli með því að halda þessari sérreglu. Er því lagt til að hún verði felld brott og mundu því almennar reglur um fyrningu skaðabótakröfu gilda um þessar kröfur.

Um 228. gr.

Í þessari grein er kveðið á um skilyrði fyrir bótum vegna sakamáls. Eins og áður er nefnt er lagt til að skilyrði þessi verði rýmkuð frá því sem nú er, sbr. 175.–177. gr. núgildandi laga. Er þá m.a. litið til samsvarandi ákvæða í dönskum réttarfarslögum sem er að finna í 1018 gr. a–1018 gr. d þeirra laga.

Ákvæði 1. mgr. kemur í stað 1. mgr. 175. gr. gildandi laga, eins og henni var breytt með lögum nr. 36/1999. Gert er ráð fyrir að maður, sem borinn hefur verið sökum í sakamáli, eigi rétt til bóta ef mál hans hefur verið fellt niður skv. 145. gr. frumvarpsins eða hann verið sýknaður með endanlegum dómi, eftir atvikum af Hæstarétti. Samkvæmt 1. mgr. er lagt til, í samræmi við 1. mgr. 1018. gr. a dönsku réttarfarslaganna, að frá þessu verði gerð undantekning ef mál hefur verið fellt niður eða maður verið sýknaður vegna þess að hann hefur verið talinn ósakhæfur skv. 15. gr. almennra hegningarlaga. Þetta mundi t.d. hafa það í för með sér að hafi mál manns verið fellt niður, eða hann verið sýknaður vegna þess að sök hans hafi verið talin fyrnd, gæti hann átt rétt til bóta ef önnur skilyrði greinarinnar væru uppfyllt. Í upphafi 2. mgr. er komist svo að orði að dæma skuli bætur vegna tiltekinna aðgerða í þágu rannsóknar ef skilyrði 1. mgr. eru fyrir hendi. Þetta er m.a. gert til þess að taka af allan vafa um það að aðrir sakborningar en þeir sem 1. mgr. tekur til eigi ekki rétt til bóta samkvæmt reglum þessa kafla þótt þeir geti öðlast skaðabótakröfu á grundvelli sakarreglunnar ef þeir hafa beðið tjón vegna ásetnings eða gáleysis þeirra sem því hafa valdið. Á sama hátt og í 176. gr. gildandi laga er kveðið er á um það hvaða aðgerðir í tengslum við rannsókn eða meðferð sakamáls geti bakað ríkinu bótaskyldu. Lagt til að sú breyting verði gerð frá gildandi lögum að allar þvingunarráðstafanir, sem gripið er til í þágu rannsóknar eða meðferðar máls, geti leitt til bótaskyldu, en eins og 176. gr. er nú orðuð er bótaskylda einskorðuð við vissar aðgerðir sem þar eru upp taldar. Þetta mundi t.d. hafa það í för með sér að símahlerun, sem framkvæmd væri án dómsúrskurðar og teldist þar með ólögmæt, sbr. 81. gr. og 1. mgr. 84. gr. frumvarpsins, gæti leitt til bótaskyldu, að öðrum bótaskilyrðum uppfylltum. Eina undantekningin, sem lagt er til að gerð verði, lýtur að aðgerðum skv. XII. kafla frumvarpsins. Í því sambandi er rétt að nefna að sá sem kyrrsetning skv. 88. gr. beinist að getur krafist bóta vegna þeirrar gerðar á grundvelli VII. kafla laga nr. 31/1990, um kyrrsetningu, lögbann o.fl., en aðrar aðgerðir, sem ákvæði XII. kafla taka til, mundu ekki geta leitt til skaðabótaskyldu samkvæmt reglum þessa kafla. Gert er ráð fyrir að þau skilyrði fyrir bótarétti, sem kveðið er á um í a- og b-liðum 176. gr., verði felld brott, enda er þau ekki að finna í dönsku réttarfarslögunum. Ekki verður heldur séð að þau þjóni neinum sjálfstæðum tilgangi með tilliti til þess að í framkvæmd hefur bótarétturinn ráðist af því sem fram er komið þegar unnt er orðið að meta öll atvik máls. Í niðurlagi 2. mgr. er hins vegar tekið fram, eins og í 1. mgr. 175. gr. gildandi laga, að fella megi niður bætur eða lækka þær ef maður hefur valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum, sem hann reisir kröfu sína á, meðan hann var borinn sökum í sakamálinu.

Eins og áður er komið fram er gert ráð fyrir því í 3. mgr. þessarar greinar að maður, sem ekki hefur verið borinn sökum í sakamáli, geti krafist bóta skv. 2. mgr. hennar, t.d. ef hann hefur orðið fyrir fjárhagslegu tjóni af völdum þeirra aðgerða sem þar er vísað til. Eðli máls samkvæmt er það ekki sett sem skilyrði fyrir bótaábyrgð að úrslit sakamáls hafi verið með tilteknum hætti, eins og gert er í 1. mgr. þegar í hlut á maður sem sökum hefur verið borinn í málinu. Að öðru leyti er lagt til að sömu reglur gildi um bótarétt þeirra sem aðgerðir skv. 2. mgr. hafa beinst að.

Ákvæði 4. mgr. er efnislega eins og 177. gr. gildandi laga, að öðru leyti en því að lagt er til að maður, sem þolað hefur refsikennd viðurlög samkvæmt dómi eða viðurlagaákvörðun

dómara, þótt saklaus hafi verið, eigi rétt á bótum á sama hátt og sá sem gert hefur verið að sæta refsingu ranglega. Hér er átt við viðurlög á borð við öryggisgæslu og aðrar öryggisráðstafanir og sviptingu réttinda, auk upptöku eigna, en sú tegund viðurlaga er sú eina sem lögð er að jöfnu við refsingu í 177. gr.

Gert er ráð fyrir að dæma megi manni bætur fyrir miska jafnt sem fjártjón samkvæmt þessari grein, sbr. 5. mgr., en þar er tekið fram, eins og í 2. mgr. 175. gr. gildandi laga, að bæta skuli fjártjón og miska, ef því er að skipta.

Um 229. gr.

Greinin er efnislega eins og 180. gr. núgildandi laga og þarfnast því ekki sérstakra skýringa.

Um 230. gr.

Í meginatriðum er greinin efnislega eins og 178. gr. núgildandi laga, sbr. 1. mgr. hennar, og 179. gr. laganna, sbr. 2. og 3. mgr. Er óþarft að skýra hana frekar.

Um 231. gr.

Greinin hefur að geyma sams konar ákvæði og nú er að finna í 182. gr. núgildandi laga og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um XXXVIII. kafla.

Í þessum kafla frumvarpsins eru fyrirmæli um gildistöku þess, verði það samþykkt sem lög, auk fyrirmæla um brottfall laga og breyting á öðrum lögum. Ekki verður séð að tilefni sé til að skýra einstök ákvæði kaflans.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Hér er að finna ákvæði til að leysa úr ýmsum álitaefnum varðandi tengsl eldri laga og yngri. Ekki er ástæða til að gera sérstaka grein fyrir hverju ákvæði fyrir sig, enda gengið út frá því að þau skýri sig nægilega sjálf.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um meðferð sakamála.

Frumvarpið er afrakstur heildarendurskoðunar á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, og er ætlað að koma í stað þeirra en það var unnið á vegum réttarfarsnefndar. Sú endurskoðun felur í sér margs konar samræmingu og réttarfarsleg nýmæli þótt byggt sé á núverandi lagagrundvelli eins og nánar er rakið í athugasemdum við frumvarpið. Af þáttum sem varða útgjöld ríkisins hafa mesta þýðingu ákvæði um að ákæruvaldinu verði skipt í þrjú stjórnsýslustig í stað tveggja eins og nú er. Lagt er til að á næsta ári verði komið á fót nýju embætti héraðssaksóknara sem fari með ákæruvald á fyrsta stjórnsýslustigi í nánast öllum meiri háttar sakamálum og hafi eftirlit með lögreglustjórum sem ákærendum. Ákæruvald í veigamiklum sakamálum á borð við efnahagsbrotamál færist þannig frá lögreglustjórum til

héraðssaksóknara. Saksókn í minni háttar málum á borð við umferðarlagabrot verði eins og hingað til í höndum lögreglustjóra. Embætti ríkissaksóknara verði starfrækt eftir sem áður en með þessum breytingum verði hlutverk þess einkum að setja almennar reglur um meðferð sakamála, hafa eftirlit með öðrum ákærendum og að taka ákvarðanir um áfrýjun héraðsdóma í sakamálum og annast flutning þeirra mála fyrir Hæstarétti.

Áætlun dómsmálaráðuneytisins um rekstur á embætti héraðssaksóknara gerir ráð fyrir að starfsmenn þess verði 14 talsins. Fimm þeirra verði saksóknarar og einn af þeim gegni stöðu forstöðumanns. Við embættið starfi einnig fimm löglærðir fulltrúar og fjórir ritarar og annað aðstoðarfólk. Ráðuneytið miðar við að um helmingur starfsmannanna komi frá embættum ríkislögreglustjóra og ríkissaksóknara en að öðru leyti verði um að ræða fjölgun starfa í málaflokknum. Þegar stofnunin verður komin í fullan rekstur er áætlað að árlegur launakostnaður hennar verði um 95 m.kr. Því til viðbótar verði húsaleiga um 6,3 m.kr., aðkeypt sérfræðiþjónusta 7 m.kr. og önnur rekstrargjöld um 6,5 m.kr. Rekstrarkostnaður stofnunarinnar verður samkvæmt þessu nálægt 115 m.kr. á ári. Hins vegar er reiknað með að um 53 m.kr. fjárheimild verði flutt til stofnunarinnar frá ríkislögreglustjóra og ríkissaksóknara vegna launa og annars kostnaðar í tengslum við þá starfsmenn sem færast til hennar. Verði embætti héraðssaksóknara komið á fót með lögfestingu frumvarpsins leiðir það því til um 62 m.kr. hækkunar rekstrarkostnaðar á þessu sviði dómsmálaráðuneytisins. Einnig er gert ráð fyrir að við stofnun embættisins falli til tímabundinn stofnkostnaður sem nemi um 10 m.kr. vegna kaupa á húsgögnum og tækjum. Að öðru leyti er ekki ástæða til að ætla að ákvæði frumvarpsins hafi teljandi áhrif á útgjöld ríkissjóðs til hækkunar eða lækkunar. Þannig eru ákvæði um opinberan málskostnað sem ríkissjóður ber lítið breytt frá núgildandi lögum en sá kostnaður hefur aukist mikið á undanförnum árum. Þessi áætlun miðast við að fjöldi og umfang sakamála verði svipað og verið hefur undanfarin ár.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2008 er ekki gert ráð fyrir auknum fjárveitingum til að standa straum af rekstrarkostnaði sem hlýst af þessu frumvarpi.

Vakin er athygli á því að samþykkt ríkisstjórnarinnar um meðferð mála við 2. umræðu fjárlagafrumvarps gerir ráð fyrir að með frumvörpum sem leiða til aukinna útgjalda skuli fylgja tillögur um hvernig dregið verði úr öðrum útgjöldum á móti til að útgjaldarammi raskist ekki. Tillögur um slíkar mótvægisráðstafanir vegna þessa frumvarps liggja ekki fyrir af hálfu dómsmálaráðuneytisins.

253. Frumvarp til laga [234. mál]

um breyting á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. 2. tölul. fellur brott.
b. 3. tölul. verður svohljóðandi: Leyfisbréf fyrir viðskiptabanka og sparisjóði, sbr. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 161/2002 . . . . . 110.000 kr.

c. 4. tölul. verður svohljóðandi: Leyfisbréf fyrir lánafyrirtæki, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 161/2002 . . . . . 110.000 kr.
d. 5. tölul. verður svohljóðandi: Leyfisbréf fyrir rafeyrisfyrirtæki, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 161/2002 . . . . . 110.000 kr.
e. 6. tölul. verður svohljóðandi: Leyfisbréf fyrir verðbréfafyrirtæki, sbr. 5. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 161/2002 . . . . . 110.000 kr.
f. 7. tölul. verður svohljóðandi: Leyfisbréf fyrir verðbréfamiðlun, sbr. 6. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 161/2002 . . . . . 55.000 kr.
g. 8. tölul. fellur brott.
h. 9. tölul. verður svohljóðandi: Leyfisbréf fyrir rekstrarfélög verðbréfasjóða, sbr. 7. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 161/2002 . . . . . 55.000 kr.
i. 15. tölul. fellur brott.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 14. gr. laganna:
a. 4. tölul. fellur brott.
b. Í stað fjárhæðarinnar „3.000 kr.“ í 5.–13. tölul. kemur: 5.200 kr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi að undanskildum a-lið 1. gr. og a-lið 2. gr. sem öðlast gildi 1. janúar 2008.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um aukatekjur ríkissjóðs.

Að tillögu Fjármálaeftirlitsins er hér í fyrsta lagi lagt til að ákvæði 11. gr. í V. kafla um leyfi fyrir atvinnustarfssemi verði breytt til samræmis við lagabreytingar sem átt hafa sér stað á undanförnum árum. Lög nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, og lög nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, hafa verið felld úr gildi með lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Lög nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, hafa verið felld úr gildi með lögum nr. 33/2003, um verðbréfaviðskipti. Einnig munu lög nr. 31/1999, um alþjóðleg viðskiptafélög, falla úr gildi 1. janúar 2008.

Í annan stað eru lagðar til breytingar á 14. gr. í VIII. kafla laganna að tillögu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Fyrst og fremst er það gert vegna ákvörðunar Evrópuráðsins frá 1. júní 2006 um gjöld sem greiða skal fyrir vegabréfsáritanir vegna kostnaðar sem fellur til við útgáfu þeirra Auk þess er lagt til að 4. tölul. 1. mgr. 14. gr. um gjald fyrir aðgang að varnarstöðinni á Keflavíkurflugvelli verði felldur niður og sömuleiðis fyrir starfsleyfi alþjóðlegra viðskiptafélaga.

Ekki verður séð að frumvarpið hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs verði það óbreytt að lögum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þar sem lög nr. 31/1999, um alþjóðleg viðskiptafélög, koma til með að falla endanlega úr gildi 1. janúar 2008, auk þess sem að öll starfsleyfi alþjóðlegra viðskiptafélaga falla úr gildi sama dag, er með greininni lagt til að 2. tölul. 11. gr. laganna verði felldur brott frá og með 1. janúar 2008.

Með greininni er lagt til að 8. tölul. 11. gr. verði felldur brott þar sem að samkvæmt lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, er ljóst að fjármálafyrirtæki sem fær undanþágu ráðherra frá búsetuskilyrði þarf samt sem áður að uppfylla önnur skilyrði íslenskra laga. Um slík fjármálafyrirtæki gilda því almennar reglur laga nr. 161/2002 sem vísað er til í frumvarpi þessu, þ.m.t. um gjaldtöku vegna starfsleyfis.

Þá er lagt til að 15. tölul. 11. gr. verði felldur brott sökum þess að í núgildandi lögum um vátryggingamiðlun er ekki gert ráð fyrir því að gefin séu út bráðabirgðaleyfi til vátryggingamiðlunar.

Aðrar breytingar sem lagðar eru til með greininni koma til vegna breytinga á öðrum lögum, sbr. almennar athugasemdir við lagafrumvarpið.

Um 2. gr.

Í 4. tölul. 1. mgr. 14. gr. laganna er vísað til reglugerðar nr. 293/2002 sem utanríkisráðuneytið mun fella úr gildi fljótlega og ný kemur til með að taka við. Í stað gjaldtökuheimildar í lögum um aukatekjur ríkissjóðs verður notast við gjaldtökuheimildir laga nr. 60/1998, um loftferðir. Er því með greininni lagt til að 4. tölul. 1. mgr. 14. gr. verði felldur brott frá og með 1. janúar 2008 þar sem hann kemur til með að verða óþarfur eftir þann tíma.

Með greininni eru jafnframt lagðar til breytingar á 5.–13. tölul. 1. mgr. 14. gr. laganna vegna ákvörðunar Evrópuráðsins frá 1. júní 2006 um gjöld sem greiða skal fyrir vegabréfsáritanir vegna kostnaðar sem fellur til við útgáfu þeirra (*Council Decision amending Annex 12 of the Common Consular Instructions and Annex 14a of the Common Manual on fees to be charged corresponding to the administrative costs of processing visa applications*). Í ákvörðun Evrópuráðsins er kveðið á um að hækka þurfi gjald sem tekið er fyrir útgáfu vegabréfsáritana úr 35 evrum í 60 evrur þar sem að 30 evrur duga ekki lengur fyrir kostnaði við útgáfu vegabréfsáritana. Gjaldið er í dag 3.000 kr. og er því lagt til að gjaldið verði hækkað í 5.200 kr.

Um 3. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki frekari skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um aukatekjur ríkissjóðs. Í fyrsta lagi eru gerðar breytingar á nokkrum ákvæðum sem leiðir af breytingum á öðrum lögum eða vegna laga sem falla úr gildi. Ekki er ástæða til að ætla að það hafi teljandi áhrif á gjaldtöku. Í annan stað er gert ráð fyrir að gjald fyrir vegabréfsáritanir verði hækkað úr 3.000 kr. í 5.200 kr. í samræmi við ákvörðun Evrópuráðsins frá 1. júní 2006 um hækkun á gjaldinu vegna aukins kostnaðar við útgáfuna, m.a. vegna notkun lífkenna. Þar sem Ísland er aðili að Schengensamstarfinu þurfa fæstir sem hingað ferðast vega-bréfsáritanir til að dveljast hér sem ferðamenn. Fjöldi vegabréfaáritana er í kringum 250 á ári þannig að hækkun gjaldsins hefur óveru-

leg áhrif á tekjur ríkissjóðs. Ekki verður séð að frumvarpið hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs verði það óbreytt að lögum.

254. Svar [154. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Guðjóns A. Kristjánssonar um tilraunaveiðar Örfiriseyjar RE 4 í Ísafjarðardjúpi.

Leitað var til Hafrannsóknastofnunarinnar og fylgir hér svar hennar.

1. *Hverjir óskuðu eftir því að Örfirisey RE 4 fengi að stunda botnvörpuveiðar í Ísafjarðardjúpi og á hvaða forsendum?*

Enginn óskaði sérstaklega eftir því að Örfirisey RE 4 fengi að „stunda botnvörpuveiðar í Ísafjarðardjúpi“ enda stóð það ekki til og var ekki gert í þessum rannsóknarleiðangri. Hins vegar voru tekin 16 höl í Ísafjarðardjúpi í upphafi leiðangurs þar sem það hentaði með tilliti til veðurs og aflasamsetningar. Sjávarútvegsráðuneytið gefur út sérstakt leyfisbréf áður en rannsóknir fara fram á öðrum skipum en skipum Hafrannsóknastofnunarinnar, og svo var einnig í þessu tilviki. Heimildin tók til veiðitilrauna með lagskiptri vörpu með þeim veiðarfærum og rannsóknatækjum sem stofnunin kaus að nota innan fiskveiðilögsögu Íslands, án tillits til almennra reglna um útbúnað veiðarfæra og svæðatakmarkana. Slík leyfi eru nokkuð hefðbundin og nauðsynleg forsenda þess að framkvæma veiðarfærarannsóknir. Um borð í skipinu voru tveir starfsmenn Fiskistofu og einn frá Hafrannsóknastofnuninni sem sáu um mælingar og gagnasöfnun. Tekið skal fram að um áratugaskeið hafa fjölmargar veiðarfæratilraunir farið fram í Ísafjarðardjúpi og á öðrum svæðum innfjarða á skipum Hafrannsóknastofnunarinnar og á öðrum skipum af öllum stærðum.

2. *Hverjir samþykktu að 1.000 tonna togari fengi að stunda botnvörpuveiðar í Ísafjarðardjúpi og á hvaða forsendum og hve lengi?*

Ekki lá sérstakt samþykki fyrir því að 1000 tonna togari fengi að „stunda botnvörpuveiðar í Ísafjarðardjúpi“ enda ætlunin aðeins að framkvæma veiðitilraunir þar sem það hentaði og þegar það hentaði innan tilskilinna tímatakmarkana sem voru í þessu tilviki tímabilið 11.–20. október 2007. Hafrannsóknastofnunin óskaði því eftir hefðbundnu rannsóknaleyfi til veiðarfæratilrauna og fékk umbeðna heimild. HB Grandi bauðst til að leggja til Örfirisey RE 4 í þessar tilraunaveiðar sem standa skyldu eina veiðiferð. Það var því nánast tilviljun að umrætt skip valdist til notkunar og einnig tilviljun að fyrstu 16 hölin voru tekin í Ísafjarðardjúpi. Þau hefðu allt eins getað verið tekin annarsstaðar við landið eftir því sem veður og veiðiaðstæður hefðu gefið tilefni til.

3. *Hvers vegna var ekki haft samband við hagsmunaaðila, t.d. smábátafélagið Eldingu, og leitað umsagnar um þessa tilraun á veiðisvæði smábáta í Ísafjarðardjúpi?*

Starfsmenn Hafrannsóknastofnunarinnar sáu ekki ástæðu til að leita sérstaklega umsagnar hagsmunaaðila, svo sem smábátafélagsins Eldingar, um þessa tilraun á veiðisvæði smábáta í Ísafjarðardjúpi. Við framkvæmd veiðarfæratilrauna er venja að virða almennar samskiptareglur milli veiðimanna á hafinu og gæta þess að trufla hvorki veiðar annarra né valda þeim

skaða. Þetta er gert með því að hafa samband við þá sem eru á sama sjó á sama tíma og koma menn sér þá saman um verklag sem allir geta unað við. Ekki er alltaf vitað fyrir fram hvar eða hvenær er kastað og hvar ekki, og hver eða hverjir eru þar að veiðum. Slík atriði eru því ekki rædd á fundum með hagsmunafélögum heldur úti á miðunum þar sem þau koma upp.

Ekki er annað vitað en skipstjórinn á Örfirisey RE 4 hafi viðhaft þessar vinnureglur og að ekki hafi komið til árekstra við önnur veiðiskip í Ísafjarðardjúpi meðan skipið var þar að veiðum.

4. *Eru þessar tilraunir eitthvað í líkingu við rannsóknirnar sem Gunnbjörn ÍS gerði fyrir utan 12 mílur sl. vor og ef svo er, hvers vegna þurfti að endurtaka sömu rannsóknir inni í Ísafjarðardjúpi?*

Tilraunirnar á Örfirisey RE 4 eru sambærilegar við þær sem gerðar voru á Gunnbirni ÍS 307 að því leyti að báðar ganga út á að aðskilja tegundir með láréttu milliþili í vörpunni. Tilraunirnar á Gunnbirni ÍS 307 voru forverkefni en tilraunin á Örfirisey var næsta skref og er því ekki um endurtekningu að ræða. Eins og fram hefur komið í svörum við fyrri spurningum þurfti ekki sérstaklega „að endurtaka sömu tilraun inni í Ísafjarðardjúpi“. Það skapaðist af aðstæðum að framhaldstilraunir (16 höl af 40) fóru þar fram, og þær hefðu allt eins getað farið fram annars staðar við landið ef aðstæður hefðu verið þannig.

5. *Hvað heitir botnvarpan og af hvaða stærð er hún?*
6. *Hvað er rokkhopper-lengjan löng og þung undir trollinu?*
7. *Hvað eru langir grandarar? Eru sumir þeirra tvöfaldir, eða eru þeir einfaldir? Er keðja í gröndurunum?*
8. *Hvaða hlerar voru notaðir og hvað eru þeir þungir?*


Ekki var haldið utan um upplýsingar um þyngd fótreipis né aðrar upplýsingar sem ekki varða gildi rannsóknarinnar. Verið var að gera tilraun með milliþil í vörpu á hefðbundnum togara með hefðbundin veiðarfæri. Upplýsingar um útbúnað einstakra skipa við botnvörpuveiðar má jafnan fá hjá viðkomandi skipstjórum enda þeir einu sem yfirleitt hafa þær í smáatriðum. Þar sem umbeðnar upplýsingar liggja þó fyrir eru þær gefnar hér:

Botnvarpan heitir Bacalao 586. Ummál fremsta heila hrings í vörpunni er summa 272 upptaka með 200 mm möskvastærð og 380 upptaka með 165 mm möskvastærð m.v. heilmöskva. Höfuðlínulengdin er 61,4 m og fiskilínulengd er 35,8 m. Heildarlengd vörpunnar frá fremri toppvængstotu að kolllínumöskvum var 95,7 m.

Steinastiklufótreipið er jafnlangt fiskilínu, 35,8 m. Í fótreipinu eru 60 cm gúmmískífur á 19 mm keðju. Það samanstendur af eftirfarandi:

			Landþungi	Sæþungi
Vængir 1:	2 stk.	4,35 m	740 kg/stk.	151 kg/stk.
Vængir 2:	2 stk.	4,35 m	740 kg/stk.	151 kg/stk.
Vængir 3:	2 stk.	5,20 m	740 kg/stk.	135 kg/stk.
Miðja:	1 stk.	4,00 m	679 kg	148 kg
Heildarlandþungi er um 5000 kg og heildarsæþungi um 1022 kg				

Grandarar eru 18,2 m tvöfaldir og 73,2 m einfaldir, allir úr vír, engin keðja notuð. Þeir voru óbreyttir alla veiðiferðina.



Hlerar eru af Injector-gerð, smíðaðir í Færeyjum og vega hvor um sig 4,5 tonn á landi og 4,2 tonn í sjó. Flatarmál er 9,5 m^2.

9. *Hvaða möskvastærð var í poka og í trollinu?*

Í pokum var innanmál möskva 110 mm . Í vörpunni voru notaðar 80, 130, 145, 157, 165, 200 og 370 mm möskvastærðir miðað við heilmöskva.

10. *Hvaða skilyrði var í leyfinu varðandi veiðarfæri?*

Engin skilyrði voru í leyfinu um hvað heimilt var að prófa og hvað ekki, frekar en almennt gildir við aðrar veiðarfærarannsóknir Hafrannsóknastofnunarinnar.

11. *Hver var aflinn og hvernig var aflasamsetningin í hverju togi og alls? Hvernig var aflasamsetning í aðskildum trollpokum vörpunnar? Var aflinn tekinn utan kvótakerfisins? Hver lagði til aflamarkið ef aflinn var innan kvótakerfisins?*

Tuttugu fisktegundir voru skráðar í stykkjatali úr 40 hölum, listi yfir tegundirnar er hér í stafrófsröð:

Blágóma, blálanga, grásleppa, háfur, hlýri, karfi, keila, langa, lúða, lýsa, marhnútur, rauðspretta, síld, skrápflúra, skötuselur, sólkoli, steinbítur, ufsi, ýsa, þorskur.

Taldir voru 163.666 fiskar og auk þess voru 24,5 körfur af skrápflúru og 1,5 karfa af sólkola en fiskarnir í þeim voru ekki taldir. Þá var u.þ.b. tveggja tonna karfaafli úr tveimur hölum ekki talinn. Í Ísafjarðardjúpi voru veiddir 87.713 fiskar auk skrápflúru sem ekki var talin, mestur hlutinn var ýsa eða 74.359 fiskar, einnig voru veiddir þar 10.328 þorskar. Ítarleg samantekt eftir hölum og skipting í efri og neðri poka er í fylgiskjali. Aflinn var tekinn innan kvótakerfis og HB Grandi lagði til veiðiheimildir.


12. *Voru notaðar neðansjávarmyndavélar? Sé svo, hvað voru notaðar margar vélar og eru neðansjávarmyndir af veiðunum til sýnis?*

Ekki voru teknar neðansjávarmyndir og það stóð ekki til.

13. Hvar var togað?

Tekin voru 40 gild höl í leiðangrinum, þar af 16 í Ísafjarðardjúpi. Meðfylgjandi er kort sem sýnir beina línu dregna milli upphafs og endi hvers togs. Staðsetning í lengd og breidd er í töflunni.

Kort af togstöðvum í leiðangri Örfirseyjar RE í október 2007.



Upplýsingar um staðsetningu toga.

Dagsetning	Stöð nr.	Breidd kastað	Lengd kastað	Breidd híft	Lengd híft	Dýpi kastað	Dýpi híft	Togtími mínútur
Tog tekin í Ísafjarðardjúpi:								
12-OKT-07	1	660800	230100	660500	224500	119	117	120
12-OKT-07	2	660500	224500	660500	224100	117	112	195
12-OKT-07	3	660400	224400	660400	223800	101	102	228
13-OKT-07	4	660400	224200	660500	224700	117	126	200
13-OKT-07	5	660500	224700	660600	225400	117	92	265
13-OKT-07	6	660000	223000	655930	222900	86	77	180
13-OKT-07	7	655900	223000	660840	230240	75	115	265
13-OKT-07	8	661000	230200	660500	223000	139	110	360
14-OKT-07	9	660600	225100	660800	225600	126	110	355
14-OKT-07	10	660700	225400	660440	224390		127	295
14-OKT-07	11	660200	223200	660200	223200	88	92	290
14-OKT-07	12	660100	223200	661100	231000	108	113	305
15-OKT-07	13	660900	230400	660700	225400		121	250
15-OKT-07	14	660600	225300	660500	224300	124	110	290
15-OKT-07	15	660400	224400	660420	223480	113	93	285

Dagsetning	Stöð nr.	Breidd kastað	Lengd kastað	Breidd híft	Lengd híft	Dýpi kastað	Dýpi híft	Togtími mínútur
15-OKT-07	16	660100	223100	660380	224100	110	117	185
Tog tekin annars staðar:								
16-OKT-07	17	662800	213000	663700	211800	92	165	200
16-OKT-07	18	663900	211200	663800	213300	165	106	180
16-OKT-07	19	663700	212900	663050	211050	115	139	140
16-OKT-07	20	662700	212400	662360	211970	128	128	180
16-OKT-07	21	662500	212100	663530	212360	137	135	260
16-OKT-07	22	663600	212300	664700	210900	128	104	215
17-OKT-07	23	670600	210400	670700	205000	238	220	95
17-OKT-07	24	670000	204500	665400	205100	212	201	105
17-OKT-07	25	665100	210000	663900	211700	165	130	200
17-OKT-07	26	663700	212000	662400	211800	150	130	230
17-OKT-07	27	662400	211800	662100	211800		113	260
18-OKT-07	28	664300	213400	664200	213000	112	106	250
18-OKT-07	29	664600	214000	663800	211900	106		175
18-OKT-07	30	663900	212400	664100	213200	128	112	295
18-OKT-07	31	664200	213500	663500	212800	113	128	273
19-OKT-07	32	663500	212700	663800	212000	128	137	300
19-OKT-07	33	664000	212100	664600	213800	123		140
19-OKT-07	34	664600	213800	663500	212800	99	128	240
19-OKT-07	35	663500	212900	664516	213800	132	88	180
20-OKT-07	37	670500	233700	670300	234900	238	247	100
20-OKT-07	38	670200	235200	665900	235800	238	238	90
20-OKT-07	39	665800	240000	665400	240300	232	251	120
20-OKT-07	40	665300	241500	665200	243100	254	220	130
20-OKT-07	42	664300	244600	664900	244000	311	220	100
20-OKT-07	43	665000	244000	663900	245000	238	302	215

Fylgiskjal.

Afli tegunda (í kílóum eftir togum nema þar sem k kemur á eftir tölu, þar er körfufjöldi).

Tog 1–18

Hal nr	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	17	18
Blágóma																		
Efri	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Neðri	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Samtals	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Blálanga																		
Efri	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

Neðri	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Samtals	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Grásleppa																		
Efri	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	2	2
Neðri	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	8	1
Samtals	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	10	3
Háfur																		
Efri	0	0	0	0	0	2	0	1	0	0	1	0	0	0	0	0	0	0
Neðri	0	0	0	0	0	0	0	0	0	10	0	0	0	0	0	1	1	1
Samtals	0	0	0	0	0	2	0	1	0	10	1	0	0	0	0	1	1	1
Hlýri																		
Efri	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	2	0
Neðri	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	4	4
Samtals	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	6	4
Karfi																		
Efri	3	0	0	0	0	0	14	22	0	2	0	10	9	2	1	0	9	7
Neðri	2	0	0	0	0	0	9	230	4	0	0	2	16	5	1	1	23	185
Samtals	5	0	0	0	0	0	23	252	4	2	0	12	25	7	2	1	32	192
Keila																		
Efri	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Neðri	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Samtals	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Langa																		
Efri	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Neðri	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Samtals	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Lúða																		
Efri	0	0	0	0	1	1	0	0	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0
Neðri	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Samtals	0	0	0	0	1	1	0	0	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0
Lýsa																		
Efri	0	0	0	0	0	2	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	0	0
Neðri	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	3	4
Samtals	0	0	0	0	0	2	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	3	4
Marhnútur																		
Efri	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Neðri	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	0
Samtals	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	0
Rauðspretta																		
Efri	8	46	66	39	36	28	52	79	76	31	87	119	48	106	58	106	0	0
Neðri	21	120	156	57	80	103	91	93	117	125	84	50	23	114	176	204	0	13
Samtals	29	166	222	96	116	131	143	172	193	156	171	169	71	220	234	310	0	13
Síld																		
Efri	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	2	2
Neðri	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	8	5
Samtals	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	10	7

Skötuselur																		
Efri	0	0	0	0	0	0	2	2	0	2	2	5	3	5	1	3	0	0
Neðri	0	0	0	0	0	0	0	1	4	6	6	3	0	4	6	1	0	0
Samtals	0	0	0	0	0	0	2	3	4	8	8	8	3	9	7	4	0	0
Skrápflúra																		
Efri	3 k	0	1 k	2 k	1,5 k	2 k	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Neðri	0	0	3 k	4 k	4 k	7 k	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Samtals	0	0	4 k	6 k	5,5 k	9 k	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Sólkoli																		
Efri	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Neðri	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Samtals	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Steinbítur																		
Efri	0	0	0	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	2	1
Neðri	0	0	0	0	0	0	0	3	0	0	0	1	0	0	1	0	3	10
Samtals	0	0	0	0	1	0	0	3	0	0	0	0	0	0	1	0	5	11
Ufsi																		
Efri	0	0	0	0	0	0	6	1	0	0	0	0	0	0	0	0	3	30
Neðri	1	0	0	0	0	0	0	3	0	0	0	0	0	0	0	0	4	45
Samtals	1	0	0	0	0	0	6	4	0	0	0	0	0	0	0	0	7	75
Ýsa																		
Efri	1500	2423	1838	2587	3883	7821	4658	5132	3225	4775	4512	1852	3564	1974	6272	2969	1863	2211
Neðri	933	989	592	684	1235	1569	1166	884	1046	1805	475	182	104	240	2593	877	397	746
Samtals	2433	3412	2430	3271	5118	9390	5824	6016	4271	6580	4987	2034	3668	2214	8865	3846	2260	2957
Þorskur																		
Efri	238	405	303	242	468	536	560	639	301	461	578	184	307	492	359	149	33	22
Neðri	198	275	190	156	336	305	731	264	283	353	193	78	104	153	298	189	142	121
Samtals	436	680	493	398	804	841	1291	903	584	814	771	262	411	645	657	338	175	143

Frh., tog 19-43

Hal nr	19	20	21	22	23	24	25	26	27	28	29	30	31	32	33	34	35	37	38	39	40	42	43
Blágóma																							
Efri	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Neðri	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	0	0	0	0
Samtals	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	0	0	0	0
Blálanga																							
Efri	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	9
Neðri	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	12
Samtals	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	21
Grásleppa																							
Efri	3	2	2	1	3	0	0	0	0	0	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Neðri	0	0	0	0	2	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Samtals	3	2	2	1	5	0	0	0	0	0	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Háfur																							
Efri	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

Neðri	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Samtals	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Hlýri																						
Efri	0	0	0	1	0	1	1	1	0	1	0	0	1	5	0	0	0	43	8	9	6	29	46
Neðri	0	4	0	3	0	0	1	2	4	0	0	0	0	0	0	0	0	9	1	3	3	7	19
Samtals	0	4	0	4	0	1	2	3	4	1	0	0	1	5	0	0	0	52	9	12	9	36	65
Karfi																						
Efri	11	81	24	4	2	0	8	17	56	19	300	55	59	0	51	250	55	27	38	164	298	1500	700
Neðri	96	750	348	100	20	12	300	145	259	7	60	25	15	22	58	120	18	8	8	45	130	500	300
Samtals	107	831	372	104	22	12	308	162	315	26	360	80	74	22	109	370	73	35	46	209	428		
Keila																						
Efri	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	0
Neðri	0	0	0	0	0	0	2	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	1	0
Samtals	0	0	0	0	0	0	2	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	1	1	0
Langa																						
Efri	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Neðri	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0
Samtals	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0
Lúða																						
Efri	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Neðri	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Samtals	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	2	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Lýsa																						
Efri	7	8	7	0	0	0	0	0	0	2	2	3	6	4	0	2	0	0	0	0	0	0	0
Neðri	1	7	18	1	0	0	0	3	13	0	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Samtals	8	15	25	1	0	0	0	3	13	2	2	4	6	4	0	2	0	0	0	0	0	0	0
Marhnútur																						
Efri	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Neðri	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Samtals	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Rauðspretta																						
Efri	0	0	0	1	0	0	0	0	0	9	20	7	53	51	12	9	6	0	0	0	0	0	0
Neðri	3	0	15	17	0	0	13	2	17	20	48	13	25	1	29	17	13	0	0	0	0	0	0
Samtals	3	0	15	18	0	0	13	2	17	29	68	20	78	52	41	26	19	0	0	0	0	0	0
Síld																						
Efri	0	0	3	0	0	1	0	0	4	21	7	26	68	7	0	2	0	0	0	17	45	1	18
Neðri	0	0	37	16	14	7	0	0	21	2	0	2	2	4	0	0	1	0	0	1	6	0	3
Samtals	0	0	40	16	14	8	0	0	25	23	7	28	70	11	0	2	1	0	0	18	51	1	21
Skötuselur																						
Efri	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	1	0	1	0	0	0	0	0	0	0
Neðri	0	0	0	1	0	0	0	3	0	0	0	0	0	2	0	1	0	0	0	0	0	0	0
Samtals	0	0	0	1	0	0	0	3	0	0	0	0	1	3	0	2	0	0	0	0	0	0	0
Skrápflúra																						
Efri	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Neðri	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Samtals	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

Sólkoli																						
Efri	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1,5 k	12	0	0	0	0	0	0	0	0
Neðri	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Samtals	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	12	0	0	0	0	0	0	0	0	
Steinbítur																						
Efri	2	3	17	5	0	0	1	11	3	51	7	14	91	85	5	6	11	27	5	4	3	2	1
Neðri	19	13	99	44	1	0	5	0	25	20	2	9	25	38	6	2	0	11	0	3	5	2	0
Samtals	21	16	116	49	1	0	6	11	28	71	9	23	116	123	11	8	11	38	5	7	8	4	1
Ufsi																						
Efri	12	67	24	25	3	1	34	14	14	20	172	82	80	7	49	190	16	1	0	341	1147	480	346
Neðri	9	142	47	124	11	0	124	24	31	3	7	8	10	1	6	9	3	0	58	58	206	122	89
Samtals	21	209	71	149	14	1	158	38	45	23	179	90	90	8	55	199	19	1	58	399	1353	602	435
Ýsa																						
Efri	3382	4336	3779	2671	493	95	2320	2421	2257	1630	2591	3315	3389	1725	1071	2829	1977	0	1	105	435	140	27
Neðri	524	694	1095	1223	215	16	1261	730	828	173	21	159	240	124	62	21	14	0	3	3	11	0	1
Samtals	3906	5030	4874	3894	708	111	3581	3151	3085	1803	2612	3474	3629	1849	1133	2850	1991	0	4	108	446	140	28
Þorskur																						
Efri	36	25	55	51	12	8	14	29	9	136	102	95	182	197	40	83	10	609	696	673	1321	180	2487
Neðri	366	182	354	274	55	49	254	311	101	66	94	69	85	119	49	51	5	182	209	161	480	162	838
Samtals	402	207	409	325	67	57	268	340	110	202	196	164	267	316	89	134	15	791	905	834	1801	342	3325

255. Fyrirspurn [235. mál]

til dómsmálaráðherra um aðgerðir lögreglu gegn þeim sem nota netið í glæpsamlegum tilgangi.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hvernig regluverk og umbúnað telur ráðherra heppilegastan fyrir lögreglustarfsemi tengda netinu?
2. Hefur dómsmálaráðuneytið tekið til skoðunar að heimila lögreglunni beitingu forvirkra aðferða í baráttu gegn barnaníðingum og eftir atvikum öðrum sem nota netið í glæpsamlegum tilgangi?

256. Tillaga til þingsályktunar [236. mál]

um skipafriðunarsjóð.

Flm.: Magnús Stefánsson, Atli Gíslason, Guðbjartur Hannesson,
Guðjón A. Kristjánsson, Kristján Þór Júlíusson, Birkir J. Jónsson.

Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra og menntamálaráðherra að vinna að stofnun skipafriðunarsjóðs. Markmið sjóðsins verði verndun gamalla fiskiskipa.

Greinargerð.

Íslenskt samfélag hefur öldum saman byggst að miklu leyti á útgerð og sjósókn. Saga sjávarútvegsins er um margt merkileg og því afar mikilvægt að vernda sem best það sem honum tengist. Á umliðnum árum hefur nokkurt átak verið gert í þeim efnum og byggð hafa verið upp söfn víða á landinu þar sem mikið er lagt upp úr því að varðveita gömul fiskiskip og annað sem tengist sjósókn og sjávarútvegi. Þá hafa einstaklingar og félagasamtök lagt sig fram um það sama. Ríkissjóður hefur ekki stutt markvisst við þessa uppbyggingu þótt gerðir hafi verið nokkrir samningar við söfn um slík mál. Sem dæmi má nefna endurbyggingu Kútter Sigurfara á Akranesi og Síldarminjasafnið á Siglufirði. Alþingi hefur samþykkt fjárheimildir til endursmíði gamalla fiskiskipa í nokkrum mæli undanfarin ár, einkum vegna frumkvæðis einstakra aðila sem hafa lagt mikið undir við að varðveita gömul fiskiskip. Slíkt er kostnaðarsamt þar sem m.a. þarf að endursmíða gömul og illa farin skip, byggja yfir þau húsnæði til varðveislu o.s.frv.

Það hlýtur nánast að vera skylduverkefni núlifandi kynslóða að beita sér fyrir varðveislu þessa mikilvæga menningararfs. Nú þegar hefur margt glatast af þessum arfi, mörg fiskiskip hafa þegar orðið tímans tönn að bráð. Hins vegar er mögulegt að bjarga ýmsu og til þess þarf að vinna markvisst að verkefninu.

Húsafriðunarsjóður hefur unnið að varðveislu gamalla húsa, sem er mikilvægt og virðingarvert, en það er ekki síður mikilvægt að huga að varðveislu fiskiskipa. Til dæmis væri mikilvægt að Þjóðminjasafnið kæmi að því verkefni að varðveita fiskiskip, en þess þarf að gæta að skipin verði varðveitt á þeim stöðum víða um landið þar sem þau hafa verið notuð til sjósóknar.

Þetta mál þolir ekki mikla bið og mikilvægt er að ríkisvaldið komi myndarlega að verkefninu með markvissum hætti.

257. Frumvarp til laga [237. mál]

um breyting á lögum um kjararáð, nr. 47/2006, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Verkefni kjararáðs er að ákveða laun og starfskjör þjóðkjörinna manna, dómara, ráðherra, ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra í Stjórnarráði Íslands, forstöðumanna ríkisstofnana og annarra ríkisstarfsmanna sem svo er háttað um að þau geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 1. júlí 2006 tóku gildi ný lög um skipan launa og starfskjara æðstu handhafa ríkisvalds og þeirra ríkisstarfsmanna sem svo háttar til um að launakjör þeirra geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfa þeirra eða samningsstöðu. Þau lög tóku við af lögum nr. 120/1992, um Kjaradóm og kjaranefnd. Ein helsta breytingin með nýju lögunum var að kjararáði varð heimilt að ákveða nánar hvaða aðilar féllu undir úrskurði ráðsins.

Á því rúmlega eina ári sem liðið er síðan lögin tóku gildi hefur kjararáð kveðið upp allnokkra úrskurði um hvaða aðilar falli undir ákvörðun kjararáðs. Af þessum úrskurðum eru níu þar sem kjararáð hefur ákveðið að aðilar falli ekki undir úrskurðarvald þess. Af þeim sem féllu áður undir kjaranefnd og kjararáð hefur úrskurðað að falli ekki undir úrskurðarvald þess eru prófessorar, yfirdýralæknir, skrifstofustjórar í Stjórnarráði Íslands að frátöldum skrifstofustjóra starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins, sendifulltrúar í utanríkisþjónustunni, forstöðumenn fangelsa og skrifstofustjóri á skrifstofu forseta Íslands. Hvað varðar ný störf hefur kjararáð úrskurðað að aðstoðarlögreglustjórar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og aðstoðarríkislögreglustjórar falli ekki undir úrskurðarvald þess. Auk þess hefur kjararáð úrskurðað að framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins heyri ekki undir það þar sem stjórn sjóðsins ráði framkvæmdastjóra og í því felist einnig vald til að ráða launakjörum hans.

Í 1. gr. laga nr. 47/2006, um kjararáð, er sem fyrr segir mælt fyrir um að meginverkefni kjararáðs sé m.a. að ákveða laun og starfskjör þeirra starfsmanna sem sem svo háttar til um að þau geti ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfa þeirra og samningsstöðu. Í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 47/2006 segir að við mat á því hverjir falli undir ákvörðunarvald kjararáðs sé eðlilegt að horfa til þess annars vegar hverjir gegni störfum sem ekki megi falla niður í verkföllum og hins vegar hverjir gegni störfum sem feli í sér fyrirsvar fyrir ríkið í samskiptum við starfsmenn í kjaramálum. Leiðir reynslan í ljós að skilgreiningar laganna á því hvaða laun og starfskjör ríkisstarfsmanna kjararáð á að ákvarða eru ófullnægjandi og hefur það haft í för með sér að kjararáð hefur úrskurðað að hópar á borð við skrifstofustjóra í Stjórnaráði Íslands falli ekki undir úrskurðarvald þess en slíkt var ekki fyrirséð við setningu laganna. Nauðsynlegt er því að tilgreina frekar til hverra ákvæðið skuli ná með nánari upptalningu þeirra starfa sem falla eiga undir úrskurðarvald kjararáðs. Er frumvarpi þessu ætlað að skýra betur kjör hverra kjararáð skuli ákvarða og

eru með því lagðar til breytingar þar að lútandi. Varða þær fyrst og fremst frekari útfærslu á því hverjir falli undir úrskurðarvald kjararáðs og er í því skyni bætt við upptalningu 1. gr. laganna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að bætt sé inn í upptalningu þeirra starfa sem falla undir úrskurðarvald kjararáðs starfsheitunum ráðuneytisstjórar, skrifstofustjórar í Stjórnarráði Íslands og forstöðumenn ríkisstofnana.

Í ljósi smæðar íslenskrar stjórnsýslu er mikilvægt að þeir embættismenn sem teljast til yfirstjórnar ráðuneyta og gegna þar margvíslegum stjórnunar- og trúnaðarstörfum, bæði inn á við og gagnvart stofnunum sem og hagsmunasamtökum, standi ekki jafnframt í kjarasamningsgerð og kjaradeilum við ríkið og ráðuneytin. Það fær illa samrýmst störfum þeirra og veikir yfirstjórn ráðuneytanna. Var það ein af ástæðum þess að þessi störf voru á sínum tíma annars vegar felld undir ákvörðunarvald kjaranefndar og hins vegar undanþegin verkfalli. Til að árétta þessa sérstöðu er því lagt til að ráðuneytisstjórar og skrifstofustjórar í Stjórnarráði Íslands, sem skipaðir eru samkvæmt 13. gr. laga nr. 73/1969, falli undir úrskurðarvald kjararáðs.

Hvað forstöðumenn varðar liggur nokkuð ljóst fyrir að þeir falla undir þau skilyrði að vera í forsvari stofnunarinnar gagnvart starfsmönnum og að vera undanþegnir verkfalli. Það er því til einföldunar að þeirra er getið í lagaákvæðinu svo kjararáð þurfi ekki að taka sjálfstæða afstöðu til þessara atriða gagnvart hverjum og einum þeirra. Því er gert ráð fyrir að kjararáð fjalli um starfskjör allra forstöðumanna sem falla undir ákvæði 22. gr. laga nr. 70/1996 og eru ekki undanþegnir ákvörðunarvaldi kjararáðs samkvæmt sérlögum.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 47/2006, um kjararáð, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á 1. gr. laga um kjararáð þar sem kveðið er á um hvaða starfsmenn ríkisins falla undir úrskurðarvald ráðsins. Breytingarnar miða að því að tilgreina sérstaklega í ákvæðinu nokkra hópa embættismanna sem nauðsynlegt þykir að kjararáð úrskurði laun vegna stöðu þeirrar innan stjórnsýslunnar. Starfshóparnir sem lagt er til að verði tilgreindir í ákvæðinu til viðbótar við þá sem þar eru þegar nefndir eru ráðuneytisstjórar, skrifstofustjórar ráðuneyta og forstöðumenn ríkisstofnana. Kjararáð úrskurðaði 7. júní sl. að ekki heyrði lengur undir ráðið að ákveða laun og starfskjör skrifstofustjóra í Stjórnarráðinu. Ekki er ástæða til að ætla að þessi breyting verði til þess að launaþróun skrifstofustjóra ráðuneyta eða annarra þeirra sem lagt er til að tekin verði af öll tvímæli um að falli

undir úrskurðarvald kjararáðs víki mikið frá því sem ella hefði orðið, enda ber kjararáði samkvæmt lögunum að gæta samræmis við laun þeirra sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Lögfesting frumvarpsins ætti því ekki að hafa teljandi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

258. Fyrirspurn [238. mál]

til félagsmálaráðherra um stöðu kjarasamninga sjómanna á smábátum.

Frá Grétari Mar Jónssyni.

1. Hvað finnst ráðherra um þá staðreynd að kjarasamningar skuli ekki hafa verið í gildi fyrir sjómenn á bátum undir 12 brúttósmálestum?
2. Finnst ráðherra rétt að láta kanna réttarstöðu sjómanna á smábátum sem eru án kjarasamninga?

259. Fyrirspurn [239. mál]

til heilbrigðisráðherra um tæknifrjóvganir.

Frá Steinunni Valdísi Óskarsdóttur.

1. Hversu mörg pör hafa farið í tæknifrjóvgunarmeðferð hjá ART Medica frá og með árinu 1991, flokkað eftir meðferðarúrræðum?
2. Hver hefur árangurinn verið?
3. Hver er meðalaldur kvenna sem hafa farið í meðferð?
4. Hve langir eru biðlistar og hve langur er biðtími eftir meðferð?
5. Hver hefur verið kostnaður við meðferðir ART Medica frá og með árinu 2004, sundurliðað eftir árum og meðferðarúrræðum?
6. Ef kostnaður hefur aukist, hverjar eru helstu ástæður?
7. Hver eru framlög ríkisins?

260. Fyrirspurn [240. mál]

til menntamálaráðherra um kristilegt siðgæði í starfsháttum grunnskóla.

Frá Auði Lilju Erlingsdóttur.

1. Hvað er átt við með orðunum kristilegt siðgæði í 2. gr. laga um grunnskóla, þar sem segir: „Starfshættir skólans skulu því mótast af umburðarlyndi, kristilegu siðgæði og lýðræðislegu samstarfi“?
2. Er kristið siðgæði að mati ráðherra eitthvað frábrugðið almennu siðgæði, eins og því sem trúlausir, hindúar, múslimar, ásatrúarmenn og fólk annarra trúarbragða aðhyllist?
3. Hver er ástæða þess að talið er nauðsyn að tiltaka ein trúarbrögð og siðgæði þeim tengt umfram önnur trúarbrögð eða trúleysi í lögum um grunnskóla?
4. Telur ráðherra að það fari saman að leggja áherslu á kristilegt siðgæði í starfsháttum grunnskóla og að námsefni í grunnskólum sé borið fram á hlutlausan, gagnrýninn og fjölmenningarlegan máta?

261. Fyrirspurn [241. mál]

til umhverfisráðherra um starf forstöðumanns veiðistjórnunarsviðs Umhverfisstofnunar.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hverju sætir að starf forstöðumanns veiðistjórnunarsviðs Umhverfisstofnunar á Akureyri, áður embætti veiðistjóra, verður flutt til Reykjavíkur um áramót?
2. Er það hluti af viðleitni ríkisstjórnarinnar til að dreifa opinberri þjónustu um landið og skipuleggja stjórnsýsluna og auglýsa störf óháð staðsetningu, samanber kafla stjórnarsáttmálans um að landið verði eitt búsetu- og atvinnusvæði?

262. Frumvarp til laga [242. mál]

um breytingu á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

Í stað orðanna „1. janúar 2008“ í fyrri málslið 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I við lögin kemur: 1. janúar 2010.

2. gr.

Í stað „25,00 kr./kg“ í viðauka I kemur: 3,00 kr./kg.

3. gr.

Í stað „20,00 kr./kg“ í viðauka VIII kemur hvarvetna: 25,00 kr./kg.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á viðauka XII við lögin:

a. Í stað „51,00 kr./kg“ kemur: 72,00 kr./kg.
b. Í stað „85,00 kr./kg“ kemur: 120,00 kr./kg.
c. Í stað „170,00 kr./kg“ kemur: 240,00 kr./kg.
d. Í stað „204,00 kr./kg“ kemur: 288,00 kr./kg.
e. Í stað „272,00 kr./kg“ kemur: 384,00 kr./kg.
f. Í stað „408,00 kr./kg“ kemur: 576,00 kr./kg.

5. gr.

Í stað tollskrárnúmers „8429.5200 – – Vélbúnaður með yfirbyggingu sem snúist getur 360° 9.000 kr./stk.“ í viðauka XVI kemur: 8429.5201 – – Gröfur sem koma á hjólbörðum 9.000 kr./stk.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2008.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu er lagt til að fresta ákvæði um að leggja úrvinnslugjald á einnota drykkjarvöruumbúðir, í stað núverandi skilagjalds og umsýsluþóknunar á einnota drykkjarvöruumbúðir úr áli, stáli, gleri og plastefnum, til 1. janúar 2010, þannig að starfsemi Endurvinnslunnar hf., sbr. lög nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, verði óbreytt til ársins 2010. Einnig eru lagðar til breytingar er varða fjárhæð úrvinnslugjalds á heyrúlluplast, málningu og litarefni og vörur í ljósmyndaiðnaði. Lögð er til hækkun úrvinnslugjalds hvað varðar málningu, litarefni og vörur í ljósmyndaiðnaði. Er þessi breyting til komin af því að leiðrétta þarf álagningarstofn úrvinnslugjalds á þessa vöruflokka vegna þess að tekjur viðkomandi sjóða hafa ekki staðið undir rekstri þeirra. Þessar hækkanir eru lagðar til í samráði við aðila á markaði, er málið varðar. Þá þykir rétt að samræma úrvinnslugjald á heyrúlluplast við úrvinnslugjald á plastumbúðum. Í dag er innsöfnun á heyrúlluplasti góð. Eftir að farið var að sækja heyrúlluplast til bænda eða á söfnunarstöðvar er meðhöndlun á innsöfnuðu heyrúlluplasti sams konar og meðhöndlun annars umbúðaplasts. Við það að sameina heyrúlluplast og umbúðaplast í einn flokk, eins og lagt er til í frumvarpinu, nýtist árangur við endurnýtingu á heyrúlluplasti til að ná markmiðum Íslands gagnvart tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins samkvæmt tilskipun 94/62/EB, um umbúðir og umbúðaúrgang, um endurnýtingu og endurvinnslu umbúða er falla til á hverju ári. Loks er lagt til að skipt verði upp tollnúmeri á litlar gröfur í tvö tollnúmer. Frumvarpið, einkum 3. og 4. gr., byggist á tillögum stjórnar Úrvinnslusjóðs í samræmi við 3. mgr. 4. gr. laganna. Frumvarp þetta er unnið í samráði við fjármálaráðuneytið með vísan til 3. mgr. 4. gr. laganna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er lagt til að fresta ákvæði til bráðabirgða I um álagningu úrvinnslugjalds á einnota drykkjarvöruumbúðir úr áli, stáli, plasti og gleri um tvö ár og komi það til framkvæmda 1. janúar 2010, í stað 1. janúar 2008. Þannig er lagt til að starfsemi Endurvinnslunnar hf., sbr. lög nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, verði óbreytt til þess tíma. Ákvæðið var sett með það að markmiði að Endurvinnslan hf. hætti starfsemi í núverandi mynd og hluti af starfsemi Endurvinnslunnar hf. færðist til Úrvinnslusjóðs. Miklar breytingar hafa orðið á allri tilhögun um úrvinnslu úrgangs frá því að lögin voru sett árið 2002 og er m.a. nú lögð aukin áhersla á ábyrgð framleiðenda vegna meðhöndlunar úrgangs. Vilji er fyrir því að setja einnota drykkjarvöruumbúðir í kerfi sem framleiðendur bera ábyrgð á og gefa þarf rýmri tíma til að vinna að því verkefni og er því lagt til að gildistöku þessa ákvæðis verði frestað um tvö ár.

Um 2. gr.

Bændasamtök Íslands hafa óskað eftir því að heyrúlluplast verði talið með öðrum plastumbúðum sem bera úrvinnslugjald. Fallist hefur verið á þessa skoðun. Rétt þykir að álagning úrvinnslugjalds á heyrúlluplast verði samræmt álagningu á annað umbúðaplast, enda mun árangur af innsöfnun og endurnýtingu á heyrúlluplasti vera talinn með öðru umbúðaplasti. Því er lagt til að lagðar verði 3 kr./kg á heyrúlluplast eins og aðrar umbúðir gerðar úr plasti og við það lækkar úrvinnslugjald á heyrúlluplast. Ekki er lagt til að ákvæði um úrvinnslugjald á heyrúlluplast verði sett inn í 7. gr. a laganna, sem fjallar um úrvinnslugjald á aðrar umbúðir, heldur verði haldið áfram að ákvarða gjaldtöku á tollnúmeri í viðauka I. Þetta er gert þar sem talið er mikilvægt að fylgjast með þróun og sjá hvert stefnir með þetta gjald fyrst í stað til að hægt sé að meta árangur af þessari breytingu og ef þörf krefur að endurskoða hana er fram líða stundir.

Um 3. gr.

Í greininni er gerð tillaga um að úrvinnslugjald á vörur í málningariðnaði, þ.e. málningu og litarefni, í viðauka VIII við lögin hækki um 25% eða úr 20 kr./kg í 25 kr./kg. Þetta er lagt til þar sem tekjur af þessum vöruflokki hafa ekki staðið undir árlegum rekstri sjóðsins en hlutfall skila á málningarafgöngum hafa verið meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Gera má ráð fyrir að með þessari hækkun snúist halli sjóðsins vegna þessa vöruflokks við og innan 3–5 ára verði komið á jafnvægi.

Um 4. gr.

Í greininni er gerð tillaga um að úrvinnslugjald á vörur í ljósmyndaiðnaði í viðauka XII við lögin hækki um 41%. Tillaga þessi er gerð vegna þess að tekjur af þessum vöruflokki hafa minnkað með tilkomu stafrænnar tækni við prentun en tilkostnaður og magn úrgangs hefur ekki minnkað að sama skapi. Í ljósi þess að notkun framköllunarvökva fer minnkandi ár frá ári, verður að bregðast við með þessum hætti svo að jafnvægi náist í sjóðnum á 3–5 árum vegna þessa vöruflokks.

Um 5. gr.

Lagt er til að í stað tollnúmers 8429.5200 í viðauka XVI sem er fyrir litlar gröfur komi í tollskrá tvö tollnúmer. Hér er um að ræða leiðréttingu sem kemur í veg fyrir að úrvinnslugjald

á hjólbarða sé lagt á beltagröfur. Með þessari breytingu er gert ráð fyrir því að einungis tollnúmer sem er fyrir gröfur á hjólum beri úrvinnslugjald en ekki gröfur á beltum.

Um 6. gr.

Lagt er til að lögin taki gildi 1. janúar 2008.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, með síðari breytingum.

Breytingar frumvarpsins eru af tvennum toga. Í 1. gr. er lögð til frestun á upptöku úrvinnslugjalds í stað núverandi skilagjalds og umsýsluþóknunar á einnota drykkjarvöruumbúðir úr áli, stáli, gleri og plastefnum. Í öðrum greinum frumvarpsins eru lagðar til breytingar á fjárhæð úrvinnslugjalds á nokkra vöruflokka. Í 2. gr. er lögð til lækkun úrvinnslugjalds á heyrúlluplast. Lækkun gjaldsins er til samræmis við úrvinnslugjald á annað umbúðaplast enda er meðhöndlun á innsöfnuðu heyrúlluplasti sams konar og meðhöndlun annars umbúðaplasts, auk þess sem sameining heyrúlluplasts og umbúðaplasts í einn flokk mun nýtast til að ná markmiðum Íslands um endurnýtingu og endurvinnslu umbúða gagnvart tilskipun 94/62/EB. Áætluð lækkun tekna af úrvinnslugjaldi af þessum sökum eru 31,4 m.kr. á heilu ári. Í 3. og 4. gr. er lögð til hækkun úrvinnslugjalds á málningu og litarefni og vörur í ljósmyndaiðnaði. Hækkun gjalds á þessa vöruflokka er vegna hallareksturs viðkomandi sjóða. Áætluð hækkun tekna á heilu ári er 8,6 m.kr. af málningu og 4 m.kr. af framköllunarvökvum. Í 5. gr. er leiðrétting sem kemur í veg fyrir að úrvinnslugjald á hjólbarða sé lagt á beltagröfur. Breyting tekna af úrvinnslugjaldi af þessum sökum er óveruleg.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum má því ætla að tekjur af úrvinnslugjaldi lækki um 18,8 m.kr. á heilu ári. Tekjur af úrvinnslugjaldi renna óskiptar til Úrvinnslusjóðs að undanþegnu 0,5% umsýslugjaldi sem rennur til ríkissjóðs.

263. Frumvarp til laga [243. mál]

um breyting á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49/1997, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Skal það hættumat ná til þéttbýlis.
b. Á eftir 3. mgr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:
   Ráðherra getur ákveðið að gerð verði úttekt á hættu á ofanflóðum í dreifbýli þar sem ofanflóð hafa fallið á byggð eða nærri henni eða hætta er talin á slíku. Með byggð í þessari málsgrein er ekki átt við frístundabyggð. Veðurstofa Íslands annast úttektina og skal gerður um það samningur, sbr. 3. mgr.
c. Við 4. mgr. bætist nýr málsliður sem orðast svo: Sama á við um úttekt skv. 4. mgr.

2. gr.

1. tölul. 1. mgr. 13. gr. orðast svo: Greiða skal allan kostnað við gerð hættumats skv. 4. gr., þ.m.t. kostnað við starfsemi hættumatsnefnda, svo og kostnað við gerð úttektar skv. 4. gr. og við gerð uppdrátta skv. 6. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, að undantekinni 2. gr. sem öðlast gildi 1. janúar 2009.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu er lagt til að gerðar verði tvær meginbreytingar á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49/1997.

Fyrri breytingin lýtur að því að ráðherra fái heimild til þess að ákveða að gerð verði úttekt á hættu á ofanflóðum, þ.e. snjóflóðum og skriðuföllum, í dreifbýli á þeim stöðum, þar sem ofanflóð hafa fallið á byggð eða nærri henni. Enn fremur ef hætta er talin á slíku. Hér er gert ráð fyrir sömu skilyrðum og sett eru fyrir hættumati í þéttbýli skv. 1. mgr. 4. gr. gildandi laga.

Eins og lögin eru úr garði gerð, er ekki fyrir hendi bein heimild til að láta meta hættu á ofanflóðum í dreifbýli, enda þótt Veðurstofa Íslands telji að slík hætta sé fyrir hendi á nokkrum stöðum á landinu, þar sem menn hafa fasta búsetu. Af þeim sökum er lagt til að ráðherra geti ákveðið að fela Veðurstofunni, sem annast gerð hættumats skv. 3. mgr. 4. gr. gildandi laga, að gera úttekt á þessari hættu á umræddum stöðum. Gengið er út frá því að slík úttekt verði einfaldari í sniðum en hættumat, enda eru hér ekki eins miklir hagsmunir í húfi og í þéttbýli. Er hér fyrst og fremst um að ræða mikilvæga upplýsingaöflun fyrir viðkomandi sveitarfélög vegna almannahættu sem skapast getur við óvenjuleg veðurskilyrði.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Gerð hefur verið grein fyrir meginefni greinarinnar í almennum athugasemdum hér að framan. Rétt þykir að heimild ráðherra til að láta gera úttekt á hættu á ofanflóðum í dreifbýli taki einungis til staða þar sem menn hafa fasta búsetu. Þar með nái heimildin ekki til frí-

stundabyggða, enda eru aðstæður þar ekki þær sömu, auk þess sem úttekt á slíkum stöðum hefði óhjákvæmilega í för með sér mikinn kostnað. Þá er gengið út frá því að tekið verði tillit til úttektar við alla skipulagsgerð með sama hætti og nú á sér stað þegar um hættumat er að ræða.

Um 2. gr.

Með greininni er lagt til að ofanflóðasjóður greiði kostnað við gerð úttektar á hættu á ofanflóðum í dreifbýli á sama hátt og kostnað við gerð hættumats í þéttbýli.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49/1997, með síðari breytingum.

Markmið frumvarpsins er að ráðherra verði heimilt að ákveða að gerð verði úttekt á hættu á ofanflóðum í dreifbýli þar sem ofanflóð hafa fallið á byggð eða nærri henni eða hætta er talin á slíku. Hér er um að ræða sömu skilyrði og sett eru fyrir hættumati í þéttbýli skv. 1. mgr. 4. gr. gildandi laga.

Veðurstofa Íslands, sem samkvæmt lögunum annast gerð hættumats, hefur áætlað að í dreifbýli séu um 400 staðir sem ástæða kunni að vera til að gera úttekt á varðandi ofanflóðahættu. Gengið er út frá að slíkar úttektir verði einfaldari í sniðum en hættumat í þéttbýli og er áætlaður heildarkostnaður við þær 100 m.kr. Kostnaður við úttektir í dreifbýli verður greiddur af ofanflóðasjóði á sama hátt og kostnaður við hættumat í þéttbýli samkvæmt nánari ákvörðun fjárlaga hverju sinni. Gert er ráð fyrir að sá kostnaður rúmist innan núverandi fjárheimilda sjóðsins.

264. Nefndarálit [103. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2007.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar og í því skyni leitað skýringa hjá fjármálaráðuneyti og fagráðuneytum varðandi beiðnir um auknar fjárheimildir. Enn fremur var óskað eftir áliti frá Ríkisendurskoðun.

Meiri hluti nefndarinnar gerir 54 breytingartillögur við frumvarpið sem samtals nema 4.931 m.kr. til hækkunar. Einstakar tillögur eru skýrðar í álitinu auk þess sem fjallað verður nánar um þær í framsögu.

Þá gerir meiri hlutinn breytingartillögur við sundurliðun 1, tekjur A-hluta, en endurskoðuð tekjuáætlun gerir ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs aukist um 8.202 m.kr. frá áætlun í frumvarpinu.

Jafnframt gerir meiri hlutinn tvær breytingartillögur við 4. gr. frumvarpsins, eða 6. gr. fjárlaga 2007.

Það er álit nefndarinnar að á milli 2. og 3. umræðu þurfi að skoða sérstaklega framhaldsskóla almennt, rekstrarkostnað sýslumannsembætta, heilbrigðisstofnanir og hjúkrunarheimili og gera tillögu um skiptingu fjárheimildar á einstakar stofnanir. Enn fremur mun nefndin skoða á milli umræðna málefni er varða eignir á fyrrum varnarsvæði við Keflavíkurflugvöll.

SKÝRINGAR VIÐ EINSTAKAR BREYTINGARTILLÖGUR

01 Forsætisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild forsætisráðuneytis verði aukin um 65 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

1.22 Ráðgjöf vegna breytinga í heilbrigðis- og tryggingamálum. Gerð er tillaga um 25 m.kr. fjárveitingu vegna kostnaðar við aðkeypta ráðgjöf við að undirbúa breytingar í heilbrigðis- og tryggingamálum. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir umtalsverðum breytingum á skipulagi heilbrigðis- og tryggingamála sem m.a. fela í sér tilflutning verkefna frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti til félagsmálaráðuneytis. Um er að ræða ráðgjöf innlendra og erlendra sérfræðinga til verkefnisstjórnar sem hefur yfirumsjón með framvindu verksins. Verkefni ráðgjafanna snýr m.a. að greiningu á starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins, tillögugerð um skipulagningu og framkvæmd nauðsynlegra breytinga vegna uppskiptingar stofnunarinnar og endurskoðun á skipulagi og fjármögnun heilbrigðiskerfisins. Vinna við verkefnið hófst í sumar og gert er ráð fyrir að það standi yfir fram á næsta ár.

203 Fasteignir Stjórnarráðsins.

6.21 Fasteignir. Gerð er tillaga um 40 m.kr. framlag til að mæta kostnaði við breytingar á húsnæði ráðuneyta vegna sameiningar ráðuneyta og tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands. Um er að ræða kostnað sem áætlað er að falli til vegna breytinga á 5. og 6. hæð í Sjávarútvegshúsi í tengslum við sameiningu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis og flutning landbúnaðarráðuneytis af Sölvhólsgötu í Sjávarútvegshús, auk flutnings viðskiptaráðuneytis úr Arnarhvoli á Sölvhólsgötu 7. Ráðast þarf í gagngerar endurbætur á 5. hæð Sjávarútvegshússins, enda er mjög langt síðan það húsnæði var endur-

nýjað og skipulag húsnæðisins var á sínum tíma sniðið að þörfum Hafrannsóknastofnunarinnar sem þar hefur verið til húsa. Breytingar á öðru húsnæði eru minni í sniðum. Framkvæmdasýsla ríkisins hefur umsjón og eftirlit með framkvæmdunum og gerir áætlun ráð fyrir að heildarkostnaður verði 235 m.kr., sem skiptist þannig að 40 m.kr. falla til árið 2007 og 195 m.kr. árið 2008.

02 Menntamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild menntamálaráðuneytis verði aukin um 362,4 m.kr.

201 Háskóli Íslands.

1.01 Háskóli Íslands. Lagt er til að 5 m.kr. fjárheimild verði millifærð af viðfangsefninu 02-201-1.01 Háskóli Íslands yfir á 02-451-1.22 Fræðslumiðstöð Vestfjarða til leiðréttingar á staðsetningu fjárveitingar í frumvarpinu sem er hluti af mótvægisaðgerðum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í þorskveiðum.

269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður.

5.21 Viðhald. Gerð er tillaga um 25 m.kr. framlag til brýnna viðhaldsverkefna á húsi Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands að Dunhaga 3, Reykjavík.

6.02 Tilraunastöð Háskólans að Keldum. Gerð er tillaga um 62 m.kr. viðbótarfjárveitingu til að ljúka framkvæmdum við byggingu svonefndrar P3 aðstöðu að Keldum. Fjárheimild að upphæð 87 m.kr. til framkvæmda var samþykkt í fjáraukalögum fyrir árið 2006. Í ljós hefur komið að kostnaður við byggingu aðstöðu til krufningar fuglshræja var verulega vanáætlaður. Er það einkum sérfræði- og umsýslu- og eftirlitskostnaður sem hefur farið fram úr áætlunum auk þess sem þensla var mikil á byggingamarkaði þegar verkið var boðið út. Skiptist fjárhæðin þannig að 42 m.kr. eru til að ljúka nauðsynlegustu framkvæmdum og til kaupa á tækjabúnaði. Auk þess eru 20 m.kr. vegna hreinsibúnaðar til að vernda starfsfólk og umhverfi.

319 Framhaldsskólar, almennt.

1.13 Forfallakennsla. Gerð er tillaga um 60 m.kr. viðbótarfjárveitingu til að mæta auknum kostnaði við veikindaorlof framhaldsskólakennara. Skiptist fjárhæðin þannig að 35 m.kr. eru vegna halla frá fyrri árum og 25 m.kr. vegna áætlaðra útgjalda umfram fjárheimildir á árinu 2007. Með hækkandi meðalaldri kennara á framhaldsskólastigi hafa langtímaveikindi aukist til muna sem skýrir auknar greiðslur vegna veikindaorlofs og halla á liðnum.

1.90 Framhaldsskólar, óskipt. Lagt er til að fjárveiting á þessum lið hækki um 150 m.kr. og nemi þannig alls 317 m.kr. Í frumvarpinu var gerð tillaga um 167 m.kr. framlag á þennan lið og þar af áttu 150 m.kr. að renna til reksturs sérdeilda framhaldsskólanna. Þessi hækkun um 150 m.kr. við 2. umræðu er hugsuð til stuðnings rekstri framhaldsskólanna og þá sérstaklega til styrktar verknámi þó svo að til greina komi að hún geti einnig nýst til þess að vinna á uppsöfnuðum halla einstakra bóknámsskóla. Skipting milli framhaldsskólanna vegna reksturs sérdeilda þeirra að fjárhæð 150 m.kr. sem tilgreind er í frumvarpinu ásamt þessari 150 m.kr. hækkun verður sýnd í breytingartillögu meiri hlutans við 3. umræðu um frumvarpið.

451 Símenntun og fjarkennsla.

1.22 Fræðslumiðstöð Vestfjarða. Lagt er til að 5 m.kr. fjárheimild verði millifærð af viðfangsefninu 02-201-1.01 Háskóli Íslands yfir á 02-451-1.22 Fræðslumiðstöð Vestfjarða til leiðréttingar á staðsetningu fjárveitingar í frumvarpinu sem er hluti af mótvægis-

aðgerðum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í þorskveiðum.

1.31 Fræða- og þekkingarsetur. Gerð er tillaga um 2 m.kr. framlag til Háskólaseturs Snæfellinga til leiðréttingar á mistökum við fjárlagagerð fyrir árið 2007.

1.41 Íslenskukennsla fyrir útlendinga. Lagt er til að veitt verði 100 m.kr. viðbótarframlag til íslenskukennslu fyrir útlendinga. Styrkir til íslenskukennslu útlendinga á fyrri hluta árs voru auglýstir í janúar 2007 með umsóknarfrest til 2. febrúar. Um 70 fræðsluaðilar og fyrirtæki sóttu um ríflega 140 m.kr. framlög til íslenskukennslunnar. Fjöldi umsókna fór fram úr væntingum og ljóst var að ekki yrði unnt að mæta óskum umsækjenda.

564 Listdansskólinn.

1.01 Kennsla. Gerð er tillaga um 7,8 m.kr. framlag vegna uppgjörs Listdansskólans. Upphæðin skýrist af biðlaunum sem greidd voru árið 2007 en skólinn var lagður niður árið 2006.

804 Kvikmyndaskoðun.

1.01 Kvikmyndaskoðun. Lagt er til að veitt verði 2,5 m.kr. aukafjárveiting til Kvikmyndaskoðunar vegna kostnaðar á árinu 2007 en stofnunin var lögð niður um mitt ár 2006. Um er að ræða kostnað vegna greiðslu biðlauna og frágangs á skjölum til Þjóðskjalasafns Íslands.

872 Lánasjóður íslenskra námsmanna.

1.01 Lánasjóður íslenskra námsmanna. Lagt er til að fjárheimild verði lækkuð um 440 m.kr. í ljósi endurskoðaðrar áætlunar LÍN. Helstu skýringar lækkunarinnar eru að gengi krónunnar hefur haldist hærra á árinu en spáð var auk þess sem atvinnutekjur lánþega hafa hækkað meira á milli ára en gert var ráð fyrir.

901 Fornleifavernd ríkisins.

1.01 Fornleifavernd ríkisins. Gerð er tillaga um 8 m.kr. aukafjárveitingu til Fornleifaverndar ríkisins. Þar af eru 6 m.kr. til leiðréttingar á launakostnaði og 2 m.kr. vegna umsýslukostnaðar við fornleifarannsóknir.

969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður.

6.23 Tónlistarhús og ráðstefnumiðstöð í Reykjavík. Gerð er tillaga um 75 m.kr. framlag vegna eftirlits með hönnun og framkvæmdum í tengslum við byggingu tónlistarhúss og ráðstefnumiðstöðvar í samræmi við samkomulag milli ríkisins og Reykjavíkurborgar dags. 21. desember 2004. Áætlað er að kostnaður verði 75 m.kr. á árinu 2007.

Jafnframt er gerð tillaga um 39,1 m.kr. framlag vegna kostnaðar við undirbúning að byggingu tónlistarhúss og ráðustefnumiðstöðvar í Reykjavík sem féll til á árinu 2006. Í fjáraukalögum fyrir árið 2006 var veitt 150 m.kr. framlag til að standa undir hlutdeild ríkissjóðs í áföllnum kostnaði vegna undirbúningsins. Útgjöld vegna verkefnisins reyndust hins vegar hærri en áætlað hafði verið.

971 Ríkisútvarpið.

1.10 Ríkisútvarpið, afnotagjöld. Gerð er tillaga um að fjárheimild Ríkisútvarpsins vegna afnotagjalda verði hækkuð um 142 m.kr. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir jafnmikilli lækkun á fjárheimildinni þar sem talið var að innifalið í henni væri virðisaukaskattur sem lækkaði sl. vor. Við nánari skoðun á reikningshaldinu hefur komið í ljós að virðisaukaskattur er ekki innifalinn í fjárheimildinni og að lækkun á skattinum hefur því ekki áhrif á hana.

Þá er lagt til að fjárheimild vegna afnotagjalda til Ríkisútvarpsins verði hækkuð um 10 m.kr. þar sem áformað er að hækka afnotagjöldin um 4% frá og með 1. desember nk. Reiknað er með að hækkunin auki tekjur hlutafélagsins um 109 m.kr. á ársgrundvelli.

Loks er gerð tillaga um 65 m.kr. fjárheimild þar sem áformað er að létta skuldum sem því nemur af Ríkisútvarpinu en afskriftirnar verða færðar til gjalda á þennan lið. Með lánaafléttingunni og öðrum aðgerðum verður eiginfjárhlutfall í hlutafélaginu um 15% eins og til stóð við stofnun þess. Stofnun félagsins seinkaði um þrjá mánuði og varð rekstrarafkoma á því tímabili nokkru lakari en ráð var fyrir gert í upphaflegri áætlun, einkum vegna aukinna biðlauna og hærri launakostnaðar.

974 Sinfóníuhljómsveit Íslands.

1.01 Sinfóníuhljómsveit Íslands. Gerð er tillaga um 15 m.kr. framlag til reksturs Sinfóníuhljómsveitar Íslands, annars vegar til að mæta kostnaði við tvö ný stöðugildi og hins vegar vegna hækkunar húsaleigu.

979 Húsafriðunarnefnd.

6.10 Húsafriðunarsjóður. Gerð er tillaga um 4 m.kr. framlag til að styrkja verkefnið Pompei norðursins en kostnaður við það varð meiri á árinu en áætlað hafði verið.

988 Æskulýðsmál.

1.12 Ungmennafélag Íslands. Gerð er tillaga um 20 m.kr. framlag til Ungmennafélags Íslands í tilefni af 100 ára afmæli samtakanna á þessu ári og til að styrkja Landsmót UMFÍ sem haldið var í Kópavogi í júlí sl.

999 Ýmislegt.

6.90 Ýmis stofnkostnaðarframlög. Gerð er tillaga um 15 m.kr. framlag til Sveitarfélagsins Hornafjarðar til stuðnings við uppbyggingu íþróttavallar í tengslum við unglingalandsmót UMFÍ sem haldið var á Höfn sl. sumar.

03 Utanríkisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild utanríkisráðuneytis verði aukin um 4,3 m.kr.

101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa. Gerð er tillaga um 4,3 m.kr. framlag vegna aðkeyptrar vinnu við gerð skýrslu um flugverndarmál. Lagt er til að framlagið fari á fjárlagalið aðalskrifstofu en ekki hjá Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli þar sem athugunin beinist að framkvæmd og fyrirkomulagi mála hjá flugmálastjórninni.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild landbúnaðarráðuneytis verði aukin um 113,4 m.kr.

271 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal.

1.01 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal. Gerð er tillaga um 70 m.kr. framlag til Hólaskóla – Háskólans á Hólum vegna aukins rekstrarkostnaðar og uppsafnaðs halla síðustu ára.

311 Landgræðsla ríkisins.

5.01 Viðhald fasteigna. Lagt er til að millifærð verði 10 m.kr. fjárveiting til Landgræðslunnar af lið Fasteigna ríkissjóðs í samræmi við samkomulag frá 20. ágúst 2007 um að fjármálaráðuneytið feli Landgræðslunni að fara með umsýslu og afnot þeirra fasteigna og landsvæða sem áður tilheyrðu starfsemi Götusmiðjunnar í Gunnarsholti. Húseignir þar eru margar hverjar í slæmu ástandi þar sem viðhald á þeim hefur verið lítið á undanförnum árum. Sum húsin þarf að rífa en önnur þurfa verulegt viðhald svo að þau verði

nothæf. Um er að ræða kostnað vegna viðhalds þriggja íbúðarhúsa og niðurrifs og förgun þeirra húsa sem þarf að farga.

321 Skógrækt ríkisins.

6.20 Fasteignir. Gerð er tillaga um 5 m.kr. framlag til Skógræktar ríkisins til að taka inn hitaveitu í húseignir stofnunarinnar á Vöglum í Fnjóskadal.

334 Vesturlandsskógar.

1.01 Vesturlandsskógar. Gerð er tillaga um 9 m.kr. aukafjárveitingu til Vesturlandsskóga til að greiða niður halla undanfarinna ára.

811 Bændasamtök Íslands.

1.11 Ráðgjafarþjónusta og búfjárrækt. Lögð er til 19,4 m.kr. hækkun á framlagi til Bændasamtaka Íslands í samræmi við niðurstöður reiknilíkans með endurmetnum verðlagsforsendum búnaðarlagasamnings fyrir árið 2007.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild sjávarútvegsráðuneytis verði aukin um 14,7 m.kr.

206 Matvælarannsóknir.

1.01 Matvælarannsóknir. Gerð er tillaga um 14,7 m.kr. fjárveitingu vegna flutnings hluta starfsemi Matís af Skúlagötu 4 í Borgarún 21. Felst kostnaðurinn m.a. í húsgögnum, búnaði, símkerfi og tölvulögnum.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild dóms- og kirkjumálaráðuneytis verði aukin um 590,9 m.kr.

104 Tölvumiðstöð dóms- og kirkjumálaráðuneytis.

1.01 Tölvumiðstöð dóms- og kirkjumálaráðuneytis. Gert er ráð fyrir að velta tölvumiðstöðvarinnar lækki um 108,9 m.kr. með því að bæði útgjöld og sértekjur hennar lækki um sömu fjárhæð þar sem starfsemi hennar var hætt á árinu. Verkefni miðstöðvarinnar voru að mestu seld út til Þjóðskrár og embættis ríkislögreglustjóra en þau hafa nú verið flutt til þessara stofnana.

190 Ýmis verkefni.

1.47 Íslensk ættleiðing. Lagt er til að Íslenskri ættleiðingu verði veitt 3 m.kr. framlag. Mikil fjölgun hefur orðið á umsóknum um ættleiðingu og kallar það á aukin umsvif hjá félaginu.

1.93 Dómsmál, ýmis kostnaður. Nú liggur fyrir mat á útgjöldum vegna sérstaks saksóknara sem fyrst féllu til í fyrra. Gjöldin eru nú áætluð 37 m.kr. en ekki var gert ráð fyrir þeim í fjárlögum ársins. Í fyrra voru sambærileg útgjöld fjármögnuð með framlagi í fjáraukalögum. Gjöld þessi eru launagjöld vegna saksóknara og löglærðs aðstoðarmanns hans, auk aðkeyptrar lögfræðiþjónustu. Áætlað er að verkefninu ljúki nk. vor.

395 Landhelgisgæsla Íslands.

1.90 Landhelgisgæsla Íslands. Gerð er tillaga um 59,9 m.kr. fjárveitingu vegna þyrluleigu sem reyndist óhjákvæmileg í kjölfar þess að þyrla gæslunnar, TF-SIF, nauðlenti í sjónum út af Straumsvík og eyðilagðist. Kostnaður við leigu á Super Puma þyrlu frá norska fyrirtækinu Airlift nemur um 17 m.kr. á mánuði og gert er ráð fyrir að hún verði í leigu fram til maíloka 2009. Við það bætist ýmis annar kostnaður, svo sem þjálfun o.fl. Ríkisstjórnin samþykkti að ganga til samninga um leiguna á fundi sínum þann 7. september sl.

Þá er gert ráð fyrir að fjárheimild lækki um 19 m.kr. Annars vegar nemur ýmis afleiddur kostnaður vegna nauðlendingar þyrlunnar TF-SIF um 10 m.kr., svo sem vegna fjölgunar flugtíma á stærri þyrlum, köfunar- og annars björgunarkostnaðar, auk þess sem óhjákvæmilegar breytingar á einni leiguvélinni, TF-GNÁ, kostuðu 21 m.kr. Á móti kemur 50 m.kr. krafa á tryggingarfélag vegna vélarinnar sem eyðilagðist. Greiðslan, sem miðast við 1 millj. bandaríkjadala að frádeginni 10% sjálfsábyrgð, er háð því að rannsóknarnefnd flugslysa skili skýrslu um málið. Ef allt gengur að óskum munu þær tekjur skila sér í desembermánuði.

5.41 Viðhald skipa og flugfarkosta. Gerð er tillaga um 360 m.kr. hækkun á fjárheimild vegna halla á lið fyrir viðhald og endurbætur á farkostum Landhelgisgæslunnur. Nýlega var lokið við umfangsmiklar endurbætur á varðskipunum Týr og Ægi. Upphaflega miðaði stofnunin við að fjárveitingar næstu ára kæmu á móti hallanum sem myndaðist við endurbæturnar. Með eflingu þyrlusveitar stofnunarinnar og breytingum sem af því leiðir mun það hins vegar ekki geta gengið eftir. Dómsmálaráðuneytið mun fylgja því eftir framvegis að gjöld og fjárheimildir viðhaldsliðarins verði því sem næst í jafnvægi á hverju ári fyrir sig.

490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta.

1.10 Ýmis sameiginlegur kostnaður. Lagt er til að liðurinn hækki um 150 m.kr. Í frumvarpinu voru lagðar til fjárveitingar til lagfæringar á starfsemi nokkurra sýslumannsembætta og enn fremur var gert ráð fyrir flutningi nýrra verkefna ásamt fjárheimildum til annarra sýslumannsembætta. Hér er lagt til að liðurinn hækki um 150 m.kr. sem renni til styrktar öðrum sýslumannsembættum en þeim sem að framan greinir þar sem umfang starfseminnar hefur vaxið í samræmi við fjölgun íbúa og aukin verkefni en fjárveitingar ekki vaxið að sama skapi. Sundurliðun fjárveitingarinnar á einstök sýslumannsembætti verður sýnd í breytingartillögu meiri hlutans við 3. umræðu um frumvarpið.

07 Félagsmálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild félagsmálaráðuneytis verði aukin um 710,5 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

1.90 Ýmislegt. Gerð er tillaga um 4,5 m.kr. framlag til að mæta kostnaði við störf nefnda sem unnið hafa að yfirfærslu á þjónustu við aldraða og fatlaða til sveitarfélaga. Ráðinn var sérstakur verkefnisstjóri til þess verkefnis. Að auki fellur til kostnaður vegna aðkeyptrar sérfræðiþjónustu. Gert er ráð fyrir að heildarkostnaður verkefnisins verði um 9 m.kr. og að Samband íslenskra sveitarfélaga greiði helming kostnaðarins.

700 Málefni fatlaðra.

1.90 Ýmis verkefni. Lögð er til 12 m.kr. fjárheimild til að greiða kostnað vegna samninga félagsmálaráðuneytisins við sveitarfélög sem annast þjónustu við fatlaða, en kostnaðurinn hefur til þessa verið greiddur úr Framkvæmdasjóði fatlaðra. Stjórnarnefnd málefna fatlaðra hefur með vísan til álits Ríkisendurskoðunar á greiðslu þessa kostnaðar úr sjóðnum farið þess á leit við ráðuneytið að honum verði létt af sjóðnum.

701 Málefni fatlaðra, Reykjavík.

1.01 Almennur rekstur. Lögð er til 50 m.kr. fjárveiting vegna halla á starfsemi svæðisskrifstofunnar sem skýrist fyrst og fremst af því að fólk hefur ekki fengist til starfa hjá stofnuninni og hefur hún því þurft að leysa þann vanda með greiðslu yfirvinnu.

702 Málefni fatlaðra, Reykjanesi.
1.01 Almennur rekstur. Lögð er til 50 m.kr. fjárveiting vegna halla á starfsemi svæðisskrifstofunnar sem skýrist fyrst og fremst af því að fólk hefur ekki fengist til starfa hjá stofnuninni og hefur hún því þurft að leysa þann vanda með greiðslu yfirvinnu.

795 Framkvæmdasjóður fatlaðra.
6.01 Framkvæmdasjóður fatlaðra. Lögð er til 150 m.kr. aukafjárveiting til Framkvæmdasjóðs fatlaðra þar sem fjárheimild sjóðsins dugir ekki fyrir fyrirliggjandi verkefnum.

989 Fæðingarorlof.
1.11 Fæðingarorlofssjóður. Lagt er til að veitt verði 440 m.kr. fjárveiting til Fæðingarorlofssjóðs í ljósi endurskoðaðrar áætlunar um útgjöld sjóðsins á árinu. Hækkunin skýrist af þremur tilefnum. Í fyrsta lagi láðist að taka tillit til hækkunar á mótframlagi í lífeyrissjóði úr 7% í 8% um sl. áramót. Í öðru lagi hafa fleiri farið í fæðingarorlof en áætlað var og í þriðja lagi var reglum um greiðslur úr sjóðnum breytt á árinu í kjölfar álits umboðsmanns Alþingis sem hafði í för með sér meiri útgjöld en gert var ráð fyrir.

999 Félagsmál, ýmis starfsemi.
1.90 Ýmis framlög. Gerð er tillaga um 4 m.kr. framlag til Foreldra- og styrktarfélags Öskjuhlíðarskóla vegna reksturs sumardvalar fyrir nemendur skólans.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis verði aukin um 2.986,3 m.kr.

201 Tryggingastofnun ríkisins.
1.01 Tryggingastofnun ríkisins. Gerð er tillaga um 10 m.kr. fjárveitingu til að mæta ýmsum umsýslukostnaði í tengslum við breytingar á almannatryggingalöggjöfinni á árinu 2007 sem gerðar voru í kjölfar samkomulags ríkisstjórnarinnar og Landssamband eldri borgara frá júlí 2006. Á árinu voru einnig afnumin áhrif atvinnutekna á bætur til einstaklinga 70 ára og eldri frá og með 1. júlí sl. Þá þurfti að aðlaga útreikninga á kostnaðarþátttöku íbúa hjúkrunarheimila að breyttum tekjuviðmiðunum. Kostnaður við framangreindar breytingar er áætlaður um 10 m.kr. Þar af eru 7,2 m.kr. vegna kaupa á sérfræðiþjónustu við aðlögun tölvukerfa og 2,8 m.kr. vegna breytinga á eyðublöðum, kynningar og aukinnar upplýsingagjafar til þeirra sem breytingarnar snerta.

358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri.
1.01 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri. Gerð er tillaga um 206 m.kr. fjárveitingu til að draga úr áætluðum greiðsluvanda sjúkrahússins í árslok 2007. Halli sjúkarhússins er nokkuð meiri, en gert er ráð fyrir að sjúkrahúsið geti borið með sér ógreidda reikninga um stuttan tíma. Halli yfirstandandi árs er fyrst og fremst rakinn til aukins launakostnaðar sem stafar m.a. af mikilli manneklu.

373 Landspítali – háskólasjúkrahús.
1.01 Landspítali – háskólasjúkrahús. Gerð er tillaga um 1.800 m.kr. fjárveitingu til greiðslu áætlaðs uppsafnaðs rekstrarhalla Landspítala til ársloka 2007 en þar af skal greiddur uppsafnaður halli fyrir árslok 2006. Áætlaður greiðsluvandi sjúkrahússins er talinn verða 1.800 m.kr. í árslok 2007. Launakostnaður hefur aukist verulega umfram áætlanir og má það fyrst og fremst rekja til ýmissa ráðstafana til að bregðast við takmörkuðu framboði mannafla meðal heilbrigðisstarfsmanna, svo sem með yfirvinnugreiðslum, aukavöktum og verktöku.

379 Sjúkrahús, óskipt.

1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa. Gerð er tillaga um 6,3 m.kr. fjárveitingu til að mæta kostnaði vegna meðferðar einstaklinga sem vistaðir voru í Breiðavík og fram fer utan Landspítala. Samkvæmt áætlun Breiðavíkurteymisins var gert ráð fyrir að boðið yrði upp á meðferð hjá sjálfstætt starfandi sálfræðingi eftir viðtal á göngudeild geðsviðs við Hringbraut.

700 Heilbrigðisstofnanir.

1.01 Almennur rekstur. Lögð er til 250 m.kr. fjárveiting á þessum lið. Í tillögum ríkisstjórnarinnar til nefndarinnar fyrir 2. umræðu um frumvarpið er óskað fjárveitinga til nokkurra sjúkrahúsa til þess að styrkja rekstrarstöðu þeirra. Fjárveitingunum er ætlað að greiða upp áætlaðan uppsafnaðan rekstrarhalla sjúkrahúsanna svo sem hann er álitinn verða í árslok 2007. Sú viðbótarfjárveiting sem hér er lögð til við 2. umræðu um frumvarpið er hugsuð með sama hætti til annarra sjúkrastofnana sem ekki eru tilteknar í tillögu ríkisstjórnarinnar og mun skipting milli þeirra sýnd í breytingartillögu meiri hlutans við 3. umræðu um frumvarpið.

711 Heilbrigðisstofnunin Akranesi.

1.11 Sjúkrasvið. Lagt er til að veitt verði 116 m.kr. fjárveiting til að draga úr áætluðum greiðsluvanda sjúkrahússins í árslok 2007. Halli yfirstandandi árs er fyrst og fremst rakinn til aukins launakostnaðar sem stafar af mikilli manneklu.

787 Heilbrigðisstofnun Suðurlands.

1.11 Sjúkrasvið. Lagt er til að veitt verði 208 m.kr. fjárveiting til greiðslu áætlaðs uppsafnaðs rekstrarhalla sjúkrahússins sem er áætlaður greiðsluvandi þess í árslok 2007. Halli yfirstandandi árs er fyrst og fremst rakinn til aukins launakostnaðar sem stafar af mikilli manneklu.

791 Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.

1.11 Sjúkrasvið. Lagt er til að veitt verði 84 m.kr. fjárveiting til greiðslu áætlaðs uppsafnaðs rekstrarhalla sjúkrahússins sem er áætlaður greiðsluvandi þess í árslok 2007. Halli yfirstandandi árs er fyrst og fremst rakinn til aukins launakostnaðar sem stafar af mikilli manneklu.

795 St. Jósefsspítali, Sólvangur.

1.11 St. Jósefsspítali, Sólvangur. Lögð er til 306 m.kr. fjárveiting til að greiða niður áætlaðan greiðsluvanda sjúkrahússins í árslok 2007. Rekstrarvandi sjúkrahússins á yfirstandandi ári er fyrst og fremst rakinn til aukins launakostnaðar sem stafar af mikilli manneklu meðal heilbrigðisstétta.

09 Fjármálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild fjármálaráðuneytis verði aukin um 15,5 m.kr.

101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa. Lagt er til að millifærðar verði 6,5 m.kr. af aðalskrifstofu fjármálaráðuneytisins á sérstakan safnlið vegna sérfræðikostnaðar í tengslum við kröfugerð ríkisins í þjóðlendumálum. Í ljósi verkefnisins er eðlilegt að haldið sé sérstaklega utan um slíkan kostnað. Auk þess er um að ræða mjög breytilegan kostnað milli ára sem skekkir áætlanagerð og rekstrarstöðu fjármálaráðuneytisins ef hann er gjaldfærður á ráðuneytið.

984 Fasteignir ríkissjóðs.

5.21 Viðhald fasteigna. Lagt er til að millifærð verði 10 m.kr. fjárveiting til Landgræðslunnar af lið Fasteigna ríkissjóðs í samræmi við samkomulag frá 20. ágúst 2007 um að fjármálaráðuneytið feli Landgræðslunni að fara með umsýslu og afnot þeirra fasteigna og landsvæða sem áður tilheyrðu starfsemi Götusmiðjunnar í Gunnarsholti. Húseignir þar eru margar hverjar í slæmu ástandi þar sem viðhald á þeim hefur verið lítið á undanförnum árum. Sum húsin þarf að rífa en önnur þurfa verulegt viðhald svo að þau verði nothæf. Um er að ræða kostnað vegna viðhalds þriggja íbúðarhúsa og niðurrifs og förgun þeirra húsa sem þarf að farga.

999 Ýmislegt.

1.67 Þjóðlendumál. Lagt er til að veitt verði 10 m.kr. fjárveiting til að standa straum af kostnaði fjármálaráðuneytisins við undirbúning kröfugerðar ríkisins í þjóðlendumálum. Um er að ræða upplýsingaöflun úr Þjóðskjalasafni sem nýtist við kröfugerðina. Áætlaður heildarkostnaður nemur 30 m.kr. á árinu. Óbyggðanefnd greiðir hins vegar ⅔ af kostnaðinum þar sem umræddar upplýsingar nýtast í allri málsmeðferðinni.

Þá er lagt til að millifærðar verði 6,5 m.kr. af aðalskrifstofu fjármálaráðuneytisins á sérstakan safnlið vegna sérfræðikostnaðar í tengslum við kröfugerð ríkisins í þjóðlendumálum. Í ljósi verkefnisins er eðlilegt að haldið sé sérstaklega utan um slíkan kostnað. Auk þess er um að ræða mjög breytilegan kostnað milli ára sem skekkir áætlanagerð og rekstrarstöðu fjármálaráðuneytisins ef hann er gjaldfærður á ráðuneytið.

Loks er lagt til að veitt verði 5,5 m.kr. fjárveiting til að standa straum af sérfræðikostnaði fjármálaráðuneytisins við kröfugerðir ríkisins í þjóðlendumálum. Veittar voru 6 m.kr. til verkefnisins á fjárlögum ársins 2000. Hins vegar hefur kostnaðurinn aukist undanfarin ár. Hann var t.d. rúmar 16 m.kr. árið 2006 og stefnir í 12 m.kr. fyrir árið 2007.

1.90 Ýmis verkefni. Lögð er til 10 m.kr. fjárveiting vegna kostnaðar sem lagt er út í við öflun fjár til ýmissa góðgerðarmála.

10 Samgönguráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild samgönguráðuneytis verði aukin um 19 m.kr.

211 Rekstur Vegagerðarinnar.

1.11 Styrkir til ferja og sérleyfishafa. Lagt er til að 487 m.kr. verði millifærðar af viðfangsefninu 10-212-6.10 Framkvæmdir. Í bókhaldi Vegagerðarinnar hefur kostnaður vegna byggingar á nýrri Grímseyjarferju verið gjaldfærður á þetta viðfangsefni en þar hefur verið um að ræða ráðstöfun er byggist á ónýttum fjárheimildum framkvæmdaliðarins. Er framangreint í samræmi við sameiginlega yfirlýsingu fjármálaráðherra og ríkisendurskoðanda.

212 Framkvæmdir Vegagerðarinnar.

6.10 Framkvæmdir. Lagt er til að 487 m.kr. verði millifærðar á viðfangsefnið 10-211-1.11 Styrkir til ferja og sérleyfishafa. Í bókhaldi Vegagerðarinnar hefur kostnaður vegna byggingar á nýrri Grímseyjarferju verið gjaldfærður á það viðfangsefni en þar hefur verið um að ræða ráðstöfun er byggist á ónýttum fjárheimildum framkvæmdaliðarins. Er framangreint í samræmi við sameiginlega yfirlýsingu fjármálaráðherra og ríkisendurskoðanda.

335 Siglingastofnun Íslands.

1.11 Vaktstöð siglinga. Lagt er til að veitt verði 16,6 m.kr. framlag til viðfangsefnisins. Um er að ræða samning Siglingastofnunar Íslands við Neyðarlínuna hf. um rekstur Vaktstöðvar siglinga en sá samningur hefur að geyma ákvæði um verðbætur sem byggjast á launa- og byggingarvísitölu og hefur allt frá árinu 2005 hækkað umfram almennar verðlagshækkanir fjárlaga. Því hefur myndast á viðfangsefninu uppsafnaður halli sem hefur farið vaxandi og stefnir í að vera orðinn 16,6 m.kr. í lok þessa árs.

481 Rannsóknarnefnd flugslysa.

1.01 Rannsóknarnefnd flugslysa. Gerð er tillaga um 2,4 m.kr. framlag til viðfangsefnisins vegna aukins kostnaðar við rannsókn flugslysa frá því sem gert er ráð fyrir í forsendum gildandi fjárlaga. Rannsókn á nauðlendingu þyrlu Landhelgisgæslunnar TF-SIF mun fyrirsjáanlega kosta nálægt 2 m.kr. og sá kostnaður auk rannsóknarkostnaðar vegna brotlendingar TF-OND og nokkurra minni óhappa hefur leitt til þess að fyrirséð er að nefndin mun ekki geta haldið rekstri sínum innan ramma gildandi fjárlaga.

11 Iðnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild iðnaðarráðuneytis verði aukin um 5 m.kr.

299 Iðja og iðnaður, framlög

1.90 Ýmis verkefni. Gerð er tillaga um 5 m.kr. framlag til Fjórðungssambands Vestfirðinga til rannsókna við staðarvalsathuganir fyrir stóriðnað á Vestfjörðum.

13 Hagstofa Íslands

Lagt er til að fjárheimild Hagstofu Íslands verði aukin um 30 m.kr.

101 Hagstofa Íslands.

1.01 Hagstofa Íslands. Farið er fram á 30 m.kr. fjárveitingu til Hagstofunnar. Þar af eru 23 m.kr. vegna breytinga á húsnæði og kostnaðar við innréttingar og búnað vegna fjölgunar starfsfólks og 7 m.kr. eru vegna kostnaðar við innleiðingu, þýðingu og útgáfu nýrrar atvinnugreinaflokkunar, ÍSAT 2008, sem ráðast þurfti í vegna upptöku nýrrar atvinnugreinaflokkunar ESB.

14 Umhverfisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild umhverfisráðuneytis verði aukin um 14 m.kr.

101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa. Gerð er tillaga um 6 m.kr. fjárveitingu vegna undirbúningsvinnu við að sameina vatnamælingasvið Orkustofnunar og Veðurstofu Íslands í eina stofnun í kjölfar skipulagsbreytinga í Stjórnarráðinu og flutnings verkefna milli ráðuneyta í samræmi við samkomulag ríkisstjórnarinnar. Nauðsynlegt er talið að vinna þarfagreiningu á verkefnum beggja stofnananna og setja upp starfsskipulag nýrrar stofnunar áður en hún verður sett á fót.

190 Ýmis verkefni.

1.61 Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál. Gerð er tillaga um 8 m.kr. fjárveitingu til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála til að mæta uppsöfnuðum vanda í úrskurðarmálum en málum hefur fjölgað mjög mikið á þessu ári.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum þeim sem skýrðar hafa verið og gerð er tillaga um í sérstökum þingskjölum. Bjarni Harðarson skrifar undir álit þetta með fyrirvara.

Alþingi, 17. nóv. 2007.

Gunnar Svavarsson, form., frsm.	Kristján Þór Júlíusson.	Ásta Möller.
Steinunn Valdís Óskarsdóttir.	Ármann Kr. Ólafsson.	Björk Guðjónsdóttir.

Bjarni Harðarson,
með fyrirvara.

265. Breytingartillögur [103. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2007.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (GSv, KÞJ, ÁMöl, BjH, SVÓ, ÁKÓ, BjörkG).

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **01-190 Ýmis verkefni**			
1.22 Ráðgjöf vegna breytinga í heilbrigðis- og tryggingamálum	0,0	25,0	25,0
2. Við **01-203 Fasteignir Stjórnarráðsins**			
6.21 Fasteignir	0,0	40,0	40,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*40,0*	*40,0*
3. Við **02-201 Háskóli Íslands**			
1.01 Háskóli Íslands	149,0	-5,0	144,0
Greitt úr ríkissjóði	*197,6*	*-5,0*	*192,6*
4. Við **02-269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður**			
a. 5.21 Viðhald	0,0	25,0	25,0
b. 6.02 Tilraunastöð Háskólans að Keldum	0,0	62,0	62,0
5. Við **02-319 Framhaldsskólar, almennt**			
a. 1.13 Forfallakennsla	0,0	60,0	60,0
b. 1.90 Framhaldsskólar, óskipt	167,0	150,0	317,0
6. Við **02-451 Símenntun og fjarkennsla**			
a. 1.22 Fræðslumiðstöð Vestfjarða	0,0	5,0	5,0
b. 1.31 Fræða- og þekkingarsetur	0,0	2,0	2,0
c. 1.41 Íslenskukennsla fyrir útlendinga	15,0	100,0	115,0

7. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
02-564 Listdansskólinn			
1.01 Kennsla	0,0	7,8	7,8
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*7,8*	*7,8*
8. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
02-804 Kvikmyndaskoðun			
1.01 Kvikmyndaskoðun	0,0	2,5	2,5
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*2,5*	*2,5*
9. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
02-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna			
1.01 Lánasjóður íslenskra námsmanna	0,0	-440,0	-440,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*-440,0*	*-440,0*
10. Við **02-901 Fornleifavernd ríkisins**			
1.01 Fornleifavernd ríkisins	8,5	8,0	16,5
11. Við **02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður**			
6.23 Tónlistarhús og ráðstefnumiðstöð í Reykjavík	0,0	114,1	114,1
12. Við **02-971 Ríkisútvarpið**			
a. 1.10 Ríkisútvarpið, afnotagjöld	-142,0	217,0	75,0
b. *Innheimt af ríkistekjum*	*-142,0*	*152,0*	*10,0*
c. *Viðskiptahreyfingar*	*0,0*	*65,0*	*65,0*
13. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
02-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands			
1.01 Sinfóníuhljómsveit Íslands	0,0	15,0	15,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*15,0*	*15,0*
14. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
02-979 Húsafriðunarnefnd			
6.10 Húsafriðunarsjóður	0,0	4,0	4,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*4,0*	*4,0*
15. Við **02-988 Æskulýðsmál**			
1.12 Ungmennafélag Íslands	0,0	20,0	20,0
16. Við **02-999 Ýmislegt**			
6.90 Ýmis stofnkostnaðarframlög	5,0	15,0	20,0
17. Við **03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa**			
1.01 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	75,0	4,3	79,3
18. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
04-271 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal			
1.01 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal	0,0	70,0	70,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*70,0*	*70,0*
19. Við **04-311 Landgræðsla ríkisins**			
5.01 Viðhald fasteigna	0,0	10,0	10,0
20. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
04-321 Skógrækt ríkisins			
6.20 Fasteignir	0,0	5,0	5,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*5,0*	*5,0*

21. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
04-334 Vesturlandsskógar			
1.01 Vesturlandsskógar	0,0	9,0	9,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*9,0*	*9,0*
22. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
04-811 Bændasamtök Íslands			
1.11 Ráðgjafarþjónusta og búfjárrækt	0,0	19,4	19,4
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*19,4*	*19,4*
23. Við **05-206 Matvælarannsóknir**			
1.01 Matvælarannsóknir	150,0	14,7	164,7
24. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
06-104 Tölvumiðstöð dóms- og kirkjumálaráðuneytis			
a. 1.01 Tölvumiðstöð dóms- og kirkjumálaráðuneytis	0,0	-108,9	-108,9
b. Sértekjur	0,0	108,9	108,9
25. Við **06-190 Ýmis verkefni**			
a. 1.47 Íslensk ættleiðing	0,0	3,0	3,0
b. 1.93 Dómsmál, ýmis kostnaður	0,0	37,0	37,0
26. Við **06-395 Landhelgisgæsla Íslands**			
a. 1.90 Landhelgisgæsla Íslands	17,0	90,9	107,9
b. 5.41 Viðhald skipa og flugfarkosta	0,0	360,0	360,0
c. Sértekjur	0,0	-50,0	-50,0
27. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
06-490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta			
1.10 Ýmis sameiginlegur kostnaður	0,0	150,0	150,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*150,0*	*150,0*
28. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
07-190 Ýmis verkefni			
1.90 Ýmislegt	0,0	4,5	4,5
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*4,5*	*4,5*
29. Við **07-700 Málefni fatlaðra**			
1.90 Ýmis verkefni	38,0	12,0	50,0
30. Við **07-701 Málefni fatlaðra, Reykjavík**			
1.01 Almennur rekstur	98,0	50,0	148,0
31. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
07-702 Málefni fatlaðra, Reykjanesi			
1.01 Almennur rekstur	0,0	50,0	50,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*50,0*	*50,0*
32. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
07-795 Framkvæmdasjóður fatlaðra			
6.01 Framkvæmdasjóður fatlaðra	0,0	150,0	150,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*150,0*	*150,0*
33. Við **07-989 Fæðingarorlof**			
1.11 Fæðingarorlofssjóður	0,0	440,0	440,0
Innheimt af ríkistekjum	*40,0*	*440,0*	*480,0*

34.	Við **07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi**			
	1.90 Ýmis framlög	0,0	4,0	4,0
35.	Við bætist nýr fjárlagaliður:			
	08-201 Tryggingastofnun ríkisins			
	1.01 Tryggingastofnun ríkisins	0,0	10,0	10,0
	Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*10,0*	*10,0*
36.	Við bætist nýr fjárlagaliður:			
	08-358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri			
	1.01 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	0,0	206,0	206,0
	Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*206,0*	*206,0*
37.	Við **08-373 Landspítali – háskólasjúkrahús**			
	1.01 Landspítali – háskólasjúkrahús	-63,4	1.800,0	1.736,6
38.	Við **08-379 Sjúkrahús, óskipt**			
	1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa	-5,0	6,3	1,3
39.	Við bætist nýr fjárlagaliður:			
	08-700 Heilbrigðisstofnanir			
	1.01 Almennur rekstur	0,0	250,0	250,0
	Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*250,0*	*250,0*
40.	Við bætist nýr fjárlagaliður:			
	08-711 Heilbrigðisstofnunin Akranesi			
	1.11 Sjúkrasvið	0,0	116,0	116,0
	Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*116,0*	*116,0*
41.	Við bætist nýr fjárlagaliður:			
	08-787 Heilbrigðisstofnun Suðurlands			
	1.11 Sjúkrasvið	0,0	208,0	208,0
	Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*208,0*	*208,0*
42.	Við **08-791 Heilbrigðisstofnun Suðurnesja**			
	1.11 Sjúkrasvið	0,0	84,0	84,0
43.	Við bætist nýr fjárlagaliður:			
	08-795 St. Jósefsspítali, Sólvangur			
	1.11 St. Jósefsspítali, Sólvangur	0,0	306,0	306,0
	Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*306,0*	*306,0*
44.	Við bætist nýr fjárlagaliður:			
	09-101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa			
	1.01 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa	0,0	-6,5	-6,5
	Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*-6,5*	*-6,5*
45.	Við **09-984 Fasteignir ríkissjóðs**			
	5.21 Viðhald fasteigna	10,0	-10,0	0,0
46.	Við **09-999 Ýmislegt**			
	a. 1.67 Þjóðlendumál	0,0	22,0	22,0
	b. 1.90 Ýmis verkefni	113,0	10,0	123,0
47.	Við **10-211 Rekstur Vegagerðarinnar**			
	1.11 Styrkir til ferja og sérleyfishafa	343,5	487,0	830,5
	Viðskiptahreyfingar	*0,0*	*487,0*	*487,0*

48. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
10-212 Framkvæmdir Vegagerðarinnar			
6.10 Framkvæmdir	0,0	-487,0	-487,0
Viðskiptahreyfingar	*0,0*	*-487,0*	*-487,0*
49. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
10-335 Siglingastofnun Íslands			
1.11 Vaktstöð siglinga	0,0	16,6	16,6
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*16,6*	*16,6*
50. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
10-481 Rannsóknarnefnd flugslysa			
1.01 Rannsóknarnefnd flugslysa	0,0	2,4	2,4
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*2,4*	*2,4*
51. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
11-299 Iðja og iðnaður, framlög			
1.48 Átak til atvinnusköpunar	0,0	5,0	5,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*5,0*	*5,0*
52. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
13-101 Hagstofa Íslands			
1.01 Hagstofa Íslands	0,0	30,0	30,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*30,0*	*30,0*
53. Við **14-101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa**			
1.01 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa	5,4	6,0	11,4
54. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
14-190 Ýmis verkefni			
1.61 Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál	0,0	8,0	8,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*8,0*	*8,0*

266. Breytingartillaga [103. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2007.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (GSv, KÞJ, ÁMöl, BjH, SVÓ, ÁKÓ, BjörkG).

Sundurliðun 1, (**Tekjur A-hluta**), orðist svo:

Sundurliðun 1

Tekjur A-hluta

		Rekstrar-grunnur m.kr.	Greiðslu-grunnur m.kr.
I	**Skatttekjur**		
1	**Skattar á tekjur og hagnað**		
1.1.1.1	Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla	14.000,0	13.424,0
1.1.5.1	Skattur á fjármagnstekjur einstaklinga	11.900,0	5.850,0
	Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga	**25.900,0**	**19.274,0**
1.5.1.1	Tekjuskattur, lögaðilar	2.000,0	1.690,0
1.10.2	Fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði	1.095,0	965,0
1.10.5	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	56,3	55,1
	Skattar á tekjur og hagnað, ót. annars staðar	**1.151,3**	**1.020,1**
	Skattar á tekjur og hagnað	**29.051,3**	**21.984,1**
2	**Tryggingagjöld**		
2.2.1.1	Tryggingagjald, almennt	3.348,9	2.848,0
2.2.1.5	Atvinnutryggingargjald	622,9	538,1
	Tryggingagjöld, lögaðilar	**3.971,8**	**3.386,1**
	Tryggingagjöld	**3.971,8**	**3.386,1**
3	**Skattar á launagreiðslur og vinnuafl**		
3.2	Ábyrgðargjald vegna launa	95,8	81,6
3.5	Gjald til jöfnunar og lækkunar á örorkubyrði lífeyrissjóða	1.000,0	1.000,0
	Skattar á launagreiðslur og vinnuafl	**1.095,8**	**1.081,6**

		Rekstrar-grunnur m.kr.	Greiðslu-grunnur m.kr.
4	**Eignarskattar**		
4.3	Erfðafjárskattar, skattar á gjafafé	900,0	800,0
4.4.1	Stimpilgjöld	2.510,0	2.510,0
4.5.2.1	Sértækir eignarskattar á fasteignir	80,0	80,0
	Eignarskattar	**3.490,0**	**3.390,0**
5	**Skattar á vörur og þjónustu**		
5.1.1.1	Virðisaukaskattur	27.000,0	25.000,0
5.1.2.1.1	Vörugjald, almennt, af innfluttum vörum	920,0	733,0
5.1.2.1.5	Vörugjald, almennt, af innlendri framleiðslu	-215,0	-245,0
5.1.2.1.15	Vörugjald af innfluttum ökutækjum	3.200,0	3.090,0
5.1.2.1.25	Vörugjald af bensíni	224,0	224,0
5.1.2.1.30	Sérstakt vörugjald af bensíni	759,6	759,6
5.1.2.1.33	Olíugjald	1.430,5	1.430,5
5.1.2.1.50	Áfengisgjald	-3.718,5	-3.616,1
5.1.2.1.52	Tóbaksgjald	-130,0	-130,0
5.1.2.1.55	Ýmis vörugjöld	-160,0	-160,0
5.1.2.10	Tollar og aðflutningsgjöld	2.010,0	1.750,0
5.1.2.20	Sértækir þjónustuskattar	0,0	0,0
	Skattar á viðskipti með vörur og þjónustu	**31.320,6**	**28.836,0**
5.2.1.1.1	Bifreiðagjöld	490,0	460,0
5.2.1.5.5	Þungaskattur	206,4	206,4
5.2.2.10	Ýmis leyfi fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi	11,6	11,6
5.2.2.25	Ýmis leyfis- og skráningargjöld	-223,0	-223,0
5.2.2.25.1.2	Veiðigjald fyrir veiðiheimildir	188,0	108,0
5.2.2.25.5.9	Ýmis skráningargjöld	40,0	40,0
	Neyslu- og leyfisgjöld	**713,0**	**603,0**
	Skattar á vörur og þjónustu	**32.033,6**	**29.439,0**
6	**Aðrir skattar**		
6.1.15	Markaðsgjald	47,9	40,8
6.1.20	Framleiðslugjald af áli	-95,0	-95,0
	Aðrir skattar á atvinnurekstur	**-47,1**	**-54,2**
6.2.1	Sektir á skatttekjur	-4,0	1,0
	Aðrir skattar	**-51,1**	**-53,2**
	Skatttekjur, samtals	**69.591,4**	**59.227,6**

		Rekstrar-grunnur m.kr.	Greiðslu-grunnur m.kr.
II	**Aðrar rekstrartekjur**		
8	**Arðgreiðslur og leigutekjur**		
8.2.2	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum stofnunum	44,0	44,0
8.3.1	Vaxtatekjur af skatttekjum	1.280,0	330,0
8.3.6	Vaxtatekjur af endurlánum ríkissjóðs	3.694,0	3.540,0
8.3.7	Aðrar vaxtatekjur	-379,0	-379,0
	Aðrar eignatekjur	**4.595,0**	**3.491,0**
	Arðgreiðslur og leigutekjur	**4.639,0**	**3.535,0**
9	**Ýmsar tekjur**		
9.1.1	Dómsmálagjöld o.fl.	50,0	50,0
9.1.2	Áhættugjöld fyrir ríkisábyrgðir	30,0	30,0
9.1.3.1	Afnotagjöld RÚV	10,0	10,0
9.1.3.25	Gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl.	0,0	0,0
9.1.3.40	Útgáfa skírteina og þinglýsingar	-70,0	-70,0
9.1.4	Önnur neyslu- og leyfisgjöld	4,4	4,4
	Neyslu- og leyfisgjöld fyrir þjónustu	**24,4**	**24,4**
	Ýmsar tekjur	**24,4**	**24,4**
10	**Sektir**		
10.1	Lögreglumannasektir og lögreglustjórasektir	280,0	250,0
10.2	Dómsektir og viðurlagaákvarðanir	50,0	125,0
	Sektir	**330,0**	**375,0**
12	**Aðrar eigna- og aukatekjur**		
12.1	Aðrar eigna- og aukatekjur	-315,0	-315,0
	Aðrar rekstrartekjur, samtals	**4.678,4**	**3.619,4**

		Rekstrar-grunnur m.kr.	Greiðslu-grunnur m.kr.
III	**Sala eigna**		
13	**Sala varanlegra rekstrarfjármuna**		
13.1	Sala fasteigna	-400,0	-370,0
13.2	Söluhagnaður hlutabréfa	6.138,2	6.138,2
	Sala varanlegra rekstrarfjármuna	**5.738,2**	**5.768,2**
	Sala eigna, samtals	**5.738,2**	**5.768,2**
V	**Fjárframlög**		
18	**Fjárframlög frá opinberum aðilum**		
18.1.1	Hluti sveitarfélaga í innheimtukostnaði	75,0	75,0
18.2.1	Framlag Happdrættis HÍ til Háskóla Íslands	0,0	0,0
18.2.5	Viðbótarframlag sveitarfélaga vegna lífeyrisskuldbindinga grunnskólakennara	-20,0	-20,0
	Fjárframlög frá opinberum aðilum	**55,0**	**55,0**
	Fjárframlög, samtals	**55,0**	**55,0**
	Heildartekjur samtals	**80.063,0**	**68.670,2**

267. Breytingartillaga [103. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2007.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (GSv, KÞJ, ÁMöl, BjH, SVÓ, ÁKÓ, BjörkG).

Við 4. gr. Nýir liðir:
6.28 Að leigja hentugt húsnæði fyrir Náttúrufræðistofnun Íslands.
7.19 Að ganga til endanlegra samninga við Landsvirkjun um vatnsréttindi ríkisins við Kárahnjúka á grundvelli úrskurðar matsnefndar um ákvörðun bóta vegna réttindanna.

268. Svar [126. mál]

ráðherra Hagstofu Íslands við fyrirspurn Björns Vals Gíslasonar um ársverk í fiskvinnslu og álverum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:
1. *Hve mörg ársverk hafa verið bundin fiskvinnslu hér á landi á árabilinu 1990–2006?*
2. *Hve mörg ársverk hafa verið bundin álverum hér á landi á árabilinu 1990–2006?*

Upplýsingar um ársverk eftir atvinnugreinum eru ekki fyrirliggjandi fyrir síðustu ár. Vísbendingar um atvinnuþróun eftir atvinnugreinum yfir það tímabil sem fyrirspurnin tekur til koma hins vegar fram í niðurstöðum um fjölda starfandi fólks úr vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar. Sú rannsókn er úrtaksathugun sem gerð var tvisvar á ári tímabilið 1991–2002 en frá árinu 2003 er rannsóknin samfelld og skilar niðurstöðum fyrir hvern ársfjórðung. Fjöldi í úrtaki var um 4.400 hvert sinn árin 1991–2002 en er nú 4.050 miðað við ársfjórðung. Þótt úrtakið sé stórt mælt á hlutfallslegan kvarða er það of lítið til þess að rannsóknin fangi breytingar í fámennum atvinnugreinum á nákvæman hátt. Þá veldur það vandkvæðum að erlent vinnuafl ratar illa í úrtakið og er atvinnuþátttaka þess því vanmetin í vinnumarkaðsrannsókninni. Þetta varðar einkum tímabilið frá 2003, en þá fór erlendu fólki í vinnu hér landi mjög fjölgandi, og kemur helst fram í vanmati á fjölda starfandi fólks í fiskvinnslu. Hafa verður þessa þætti í huga við athugun á þeim tölum sem hér fylgja.

Meðfylgjandi tafla sýnir áætlaðan fjölda starfandi fólks 16–74 ára við fiskvinnslu og álframleiðslu á árunum 1991–2006 samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar.

Starfandi fólk 16–74 ára við fiskvinnslu og álframleiðslu 1991–2006.

Áætlaður fjöldi	Alls starfandi	Fiskvinnsla	Álframleiðsla
1991	136.900	8.000	700*
1992	136.900	7.600	700*
1993	136.600	9.200	600*
1994	137.700	9.600	700*
1995	141.800	9.000	400*
1996	142.000	8.400	500*
1997	142.000	7.900	700*
1998	147.900	7.400	600*
1999	153.300	6.100	700*
2000	156.400	6.700	900*
2001	159.000	6.800	700*
2002	156.700	6.400	700*
2003	156.900	5.500	800*
2004	156.100	5.400	900*
2005	161.300	4.700	900*
2006	169.600	3.800	1.000

Skýringar: * frávikshlutfall yfir 20%, breytingar frá einu ári til annars eru því ekki vel marktækar. Gera má ráð fyrir einhverju vanmati á fjölda starfandi við fiskvinnslu eftir 2003 vegna erfiðleika við að afla upplýsinga um erlent vinnuafl.
Heimild: Vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands

269. Fyrirspurn [244. mál]

til iðnaðarráðherra um netþjónabú.

Frá Birki J. Jónssyni.

1. Er flutningsgeta raforku nægjanleg í þeim sveitarfélögum þar sem hugsanlegt er að uppbygging netþjónabúa geti hafist, ef svo er ekki, á hvaða svæðum hamlar ónóg flutningsgeta slíkri uppbyggingu?
2. Við hvaða sveitarfélög á ráðuneytið samstarf um hugsanlega uppbyggingu netþjónabúa?

270. Fyrirspurn [245. mál]

til utanríkisráðherra um mannvirki á Straumnesfjalli og Darra.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

Hefur verið tekin ákvörðun um hvort vegur og mannvirki á Straumnesfjalli og byggingar á Darra verði varðveittar eða rifnar?

271. Fyrirspurn [246. mál]

til samgönguráðherra um framkvæmdir á Vestfjarðavegi.

Frá Herdísi Þórðardóttur.

Hvenær verða boðnar út eftirfarandi framkvæmdir á Vestfjarðavegi og hvenær er áætlað að þeim ljúki:

a. frá Þorskafirði í Kollafjörð og
b. milli Vattarfjarðar og Vatnsfjarðar?

272. Frumvarp til laga [247. mál]

um breytingu á lögum sem varða útlendinga og réttarstöðu þeirra.

Flm.: Paul Nikolov, Kolbrún Halldórsdóttir, Atli Gíslason, Katrín Jakobsdóttir, Kristinn H. Gunnarsson, Bjarni Harðarson.

I. KAFLI

Breyting á lögum um útlendinga, nr. 96/2002.

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 11. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Þegar niðji útlendings sem dvalið hefur í landinu á grundvelli 13. gr. nær 18 ára aldri má veita honum dvalarleyfi, þótt skilyrðum a-liðar 1. mgr. sé annars ekki fullnægt, gegn framvísun yfirlýsingar foreldra eða framfæranda um að framfærsla hans, sjúkratrygging og húsnæði sé tryggt.

Þegar sérstaklega stendur á má veita útlendingi dvalarleyfi, þótt skilyrðum a-liðar 1. mgr. sé annars ekki fullnægt, ef framfærsla, sjúkratrygging og húsnæði er tryggt með félagslegri aðstoð ríkis eða sveitarfélags eða með öðrum fullnægjandi hætti.

2. gr.

Orðin „eldri en 24 ára“ í 2. mgr. 13. gr. falla brott.

3. gr.

Á eftir 1. mgr. 15. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Niðja útlendings, sem flust hefur til landsins yngri en 18 ára að aldri og dvalið í landinu á grundvelli 13. gr., má veita búsetuleyfi þegar hann hefur náð 18 ára aldri hafi foreldri eða framfæranda verið veitt búsetuleyfi.

Veita má maka, sambúðarmaka og samvistarmaka, sem dvalið hefur í landinu á grundvelli 13. gr., búsetuleyfi við skilnað að borði og sæng, lögskilnað, slit sambúðar eða samvistar. Þarf hjúskapur, staðfest samvist eða skráð sambúð að hafa varað í a.m.k. tvö ár. Víkja má frá skilyrði um tveggja ára hjúskap, staðfesta samvist eða skráða sambúð hér á landi ef rekja má skilnað, slit sambúðar eða samvistar til ofbeldis hins makans.

II. KAFLI

Breyting á lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002.

4. gr.

1. og 2. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

1. *Atvinnuleyfi:* Leyfi sem félagsmálaráðherra veitir útlendingi til starfa hér á landi.
2. *Tímabundið atvinnuleyfi:* Tímabundið leyfi veitt útlendingi til að ráða sig til starfa hér á landi í tiltekinni starfsgrein.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Tímabundið atvinnuleyfi er veitt útlendingi til að ráða sig til starfa í tiltekinni starfsgrein.
b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
   Heimilt er útlendingi að ráða sig til nýs atvinnurekanda innan þriggja mánaða frá starfslokum að uppfylltum skilyrðum skv. 1. mgr. en óháð tiltekinni starfsgrein ef sérstaklega stendur á.

6. gr.

2. mgr. 11. gr. orðast svo:

Víkja má frá skilyrðum 1. mgr. ef erlendur maki, sem dvalið hefur á landinu á grundvelli 13. gr., fær skilnað að borði og sæng, lögskilnað, eða slítur sambúð eða samvist. Þarf hjúskapur, staðfest samvist eða skráð sambúð að hafa varað í a.m.k. tvö ár og erlendi makinn þarf að hafa átt lögheimili hér á landi samfellt í a.m.k. sama tíma. Heimilt er að víkja frá skilyrðum um tímalengd hjúskapar, samvistar eða sambúðar og lögheimilis ef rekja má skilnað að borði og sæng, lögskilnað, slit samvistar eða sambúðar til ofbeldis gagnvart erlenda makanum. Enn fremur er heimilt að víkja frá skilyrðum 1. mgr. vegna erlends maka ef um andlát maka er að ræða eða í hlut á maki útlendings sem hefur óbundið atvinnuleyfi eða börn hans 18 ára og eldri.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er byggt á tveimur frumvörpum sem lögð hafa verið fram á fyrri þingum og varða breytingar á lögum um útlendinga, nr. 96/2002, og lögum um atvinnuréttindi

útlendinga, nr. 97/2002. Má um þetta m.a. vísa til þskj. 48 á 131. löggjafarþingi og þskj. 62 á 132. löggjafarþingi. Frumvörpunum var ætlað að taka á ágöllum sem alvarlegastir eru í núgildandi lögum um útlendinga og réttindi þeirra.

Um I. kafla.

Í þessum kafla frumvarpsins er mælt fyrir um breytingar á lögum um útlendinga. Eitt meginskilyrði fyrir veitingu dvalarleyfis er að útlendingur hafi trygga framfærslu, sjúkratryggingu og húsnæði. Lögin gera síðan ráð fyrir að tilgreindir nánir aðstandendur útlendingsins geti fengið útgefið dvalarleyfi. Aðstandendur í þessum skilningi eru m.a. niðjar útlendings sem eru yngri en átján ára og á framfæri hans. Eftir að átján ára aldri er náð þurfa þeir hins vegar sjálfir að uppfylla skilyrði dvalarleyfis um trygga framfærslu, sjúkratryggingu og húsnæði. Þessi áskilnaður laganna er mjög íþyngjandi fyrir erlend ungmenni. Til að mynda getur hann orðið þess valdandi að ungmennin gefi skólagöngu upp á bátinn en ráði sig þess í stað í vinnu til að geta tryggt framfærslu sína eða flytjist jafnvel af landi brott. Í frumvarpinu er lagt til að úr þessu verði bætt og að erlendum ungmennum verði gefinn kostur á dvalarleyfi þegar þau verða átján ára, gegn framvísun yfirlýsingar foreldris eða framfæranda um að þessu meginskilyrði dvalarleyfis sé fullnægt. Það sama á að gilda um búsetuleyfi að breyttum breytanda.

Flutningsmenn vilja einnig opna á þá leið að skilyrði laganna um trygga framfærslu, sjúkratryggingu og húsnæði geti verið uppfyllt þó svo að hlutaðeigandi útlendingur njóti félagslegrar aðstoðar. Dæmi eru um að útlendingar veigri sér við að leita slíkrar aðstoðar þótt þörfin sé brýn, af ótta við að vera sendir úr landi. Þetta er blettur á löggjöfinni sem getur komið óverðskuldað niður á útlendingum sem almennt má ætla að leggi mikið af mörkum til íslensks samfélags.

Í frumvarpinu er jafnramt lagt til að hin svokallaða 24 ára regla verði afnumin, en reglan felur í sér að maki, samvistarmaki eða sambúðarmaki á aldrinum 18–24 ára getur ekki fengið dvalarleyfi. Benda má á að í 3. mgr. 13. gr. er þegar kveðið á um að ef rökstuddur grunur er um að stofnað sé til málamyndunarhjúskapar til að afla dvalarleyfis þá veiti hann ekki rétt til dvalarleyfis. Reglan er því óþörf gagnvart þeim sem rökstyðja má að muni fara framhjá lögunum, en óréttlát gagnvart öðrum.

Um II. kafla.

Þessi kafli varðar lög um atvinnuréttindi útlendinga. Er megintilgangurinn að styrkja réttarstöðu útlendinga gagnvart atvinnurekendum sem þeir starfa hjá á grundvelli tímabundins atvinnuleyfis. Í þessu skyni eru lagðar til þrjár breytingar. Í fyrsta lagi að leyfið sé veitt útlendingi en ekki atvinnurekanda. Í annan stað að leyfið eigi við um ráðningar innan tiltekinnar starfsgreinar en sé ekki bundið við tiltekið starf. Í þriðja lagi að útlendingur sem starfar á grundvelli tímabundins atvinnuleyfis eigi þess kost við sérstakar aðstæður að skipta um starf óháð starfsgrein en þó innan vissra tímamarka frá starfslokum. Miða breytingar þessar að því að losa um það ofurvald sem atvinnurekendur hafa á grundvelli gildandi laga yfir erlendum starfskröftum sínum í skjóli hins tímabundna atvinnuleyfis.

Annar tilgangur þessa kafla frumvarpsins er að auðvelda útlendingum, fyrst og fremst erlendum konum, sem sætt hafa heimilisofbeldi af hálfu maka að öðlast óbundið atvinnuleyfi. Eru þess mörg dæmi að konur sem sætt hafa slíku ofbeldi hafi ekki þorað að slíta sambúð sinni af ótta við að missa rétt til dvalar í landinu. Þar sem dvalarleyfi og atvinnuleyfi eru samtvinnuð fyrirbæri miðar breytingin að því að hjálpa þessum hópi kvenna að stíga fram

án þess að eiga yfir höfði sér brottrekstur úr landi. Þessu til viðbótar er breytingin til þess fallin að uppræta það óþolandi mein sem í heimilisofbeldi felst, til hagsbóta fyrir innlenda sem erlenda. Svipaðar röksemdir búa að baki breytingunni í 2. efnismálsgr. 3. gr. frumvarpsins.

273. Nefndarálit [103. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2007.

Frá minni hluta fjárlaganefndar.

Í lögum um fjárreiður ríkisins er lögð áhersla á að ekkert gjald megi greiða úr ríkissjóði án heimildar Alþingis. Þó er til undantekning á því, sú eina undantekning sem er í 33. gr. fjárreiðulaganna, en þar segir m.a. „Valdi ófyrirséð atvik því að greiða þarf úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum er fjármálaráðherra að höfðu samráði við hlutaðeigandi ráðherra heimilt að inna greiðsluna af hendi enda þoli hún ekki bið. Fjármálaráðherra er skylt að gera fjárlaganefnd Alþingis grein fyrir slíkum ófyrirséðum greiðslum strax og ákvörðun hefur verið tekin um þær og leita heimilda til þeirra með frumvarpi til fjáraukalaga.“

Þetta er mjög skýrt og ætti í sjálfu sér ekki að þurfa að velkjast í vafa um framkvæmd þessa. Um fjáraukalögin stendur hins vegar í V. kafla, í 43. gr. fjárreiðulaganna: „Ef þörf krefur skal í frumvarpi til fjáraukalaga leitað eftir heimildum til frekari fjárráðstafana en fjárlög ársins gera ráð fyrir.“ Í 44. gr. er fjallað um fjáraukalög og þar segir: „Valdi ófyrirséð atvik, kjarasamningar eða ný löggjöf því að grípa þarf til sérstakra fjárráðstafana sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum ársins skal leitað heimilda fyrir þeim í frumvarpi til fjáraukalaga. Heimilda fyrir fjárráðstöfunum af þessu tagi, sem grípa þarf til eftir samþykkt fjáraukalaga, skal leitað í lokafjárlögum.

Hér er alveg skýrt kveðið á um vinnulag og hvernig þetta skuli gert. En það hefur einnig verið mikið vandamál með framkvæmdarvaldið að það hefur í raun tekið sér fjárveitingavald. Þegar frumvarp til fjáraukalaga kemur fram er búið að ákveða eða samþykkja að inna af hendi þær greiðslur sem verið er að leita heimilda eftir. Það er ekki samkvæmt lögunum og á þetta hefur mjög ítrekað verið bent en ráðherra ekki farið eftir því. Nauðsynlegt er að það sé skerpt á þessum ákvæðum í fjárreiðulögunum og ekki aðeins hvað varðar fjárheimildirnar sjálfar heldur líka hvað varðar annan lið í þessu fjárlagadæmi sem heitir heimildargreinar, þar sem leitað er eftir heimildum, tiltölulega opnum heimildum, til að selja, kaupa eða ráðstafa fjármunum ríkisins án þess að bera það að öðru leyti undir Alþingi.

Í frumvarpinu til fjáraukalaga nú eru fjölmargir liðir sem alls ekki falla undir þessa grein fjárreiðulaganna og ættu betur heima í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2008 sem nú liggur fyrir Alþingi. Sem dæmi má nefna ný viðfangsefni stofnana og ráðuneyta sem eiga með réttu eiga að koma á fjárlög. Í öðrum tilfellum er verið að bæta uppsafnaðan rekstrarvanda hjá stofnunum ríkisins sem með réttu ættu að koma inn á fjárlög næsta árs ef rétt væri að málum staðið. Er það afar tilviljanakennt hvaða stofnanir fá slíkar leiðréttingar á fjáraukalögum á hverjum tíma. Þetta vinnulag verður að laga svo að það sama gildi fyrir allar stofnanir ríkisins og einnig svo að hægt sé að taka heildstætt á málum stofnana sem búa við viðvarandi rekstrarvanda.

Lausung í umgengni við lög um fjárreiður ríkisins.

Í fjáraukalagafrumvarpi fyrir árið 2007 birtist enn og aftur sú lausung sem fyrri ríkisstjórnin hafði tamið sér í umgengni við lög um fjárreiður ríkisins. Fjármálaráðherra virðist ætla að halda sig við fyrri siði í nýrri ríkisstjórn. Lögð eru til útgjöld sem ekki eiga heima í fjáraukalögum samkvæmt fjárreiðulögum.

Minni hlutinn hefur gagnrýnt þessi vinnubrögð og lagt þunga áherslu á að samkvæmt lögum er það Alþingi sem hefur og ber ábyrgð á fjárveitingavaldinu, fer með það vald og þá ábyrgð, ekki framkvæmdarvaldið. Framkvæmdarvaldinu er aðeins ætlað að vinna úr þeim verkefnum sem Alþingi fær því. Minni hlutinn hefur því lagt áherslu á að lögum um fjárreiður ríkisins yrði breytt með þeim hætti að fjárlagafrumvarp kæmi fram með líkum hætti og nú er að unnið en það verði skylda að leggja fram fjáraukalög að vori í þinglok sem tækju á þeim meginbreytingum sem orðið hafa á starfstíma þingsins. Þegar samþykkt hafa verið ný lög sem taka eiga gildi á árinu og ef breytingar verða á hinum ýmsu forsendum einstakra fjárlagaliða sem kalli á aukin fjárútlát þá sé hægt að bregðast við og Alþingi taki afstöðu til þeirra.

Meiri hluti fjárlaganefndar leggur nú til við 2. umræðu um fjáraukalagafrumvarpið fyrir árið 2007 að útgjöld ríkissjóðs verði aukin um 4,9 ma.kr. Á móti vegur að nú er gert ráð fyrir að tekjur aukist um 8,2 ma.kr. umfram það sem gert var ráð fyrir í frumvarpinu. Nú er gert ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs á árinu 2007 nemi 388,0 ma.kr., sem er 20,8 ma.kr. aukning frá fjárlögum, og að tekjur verði 456,5 ma.kr. sem er 21,3% aukning frá fjárlögum. Tekjuafgangur ríkissjóðs er nú áætlaður 68,5 ma.kr. en í fjárlögum var gert ráð fyrir að hann næmi 9,2 ma.kr. Þessar tölur endurspegla gríðarlega aukningu umsvifa í þjóðfélaginu þrátt fyrir áætlanir um hið gagnstæða.

Vanáætlanir í hagstjórn.

Lítið er að marka fjárlög ársins 2007 eins og oft áður. Ný ríkisstjórn tekur kosningaloforð síðasta vors í arf og fjáraukalög eiga að bæta upp vanrækslusyndir fyrri ríkisstjórnar. Bæði gjöld og tekjur fara langt fram úr því sem fjárlögin gerðu ráð fyrir. Í frumvarpinu er lagt til að útgjöld ríkissjóðs verði aukin um rúmlega 15,2 ma.kr. Að auki er við 2. umræðu lögð til um 5,5 ma.kr. aukning útgjalda. Með samþykkt fyrirliggjandi frumvarps og breytingartillagna við það aukast fjárheimildir ársins um tæpan 21 ma.kr. á árinu 2007 eða um 6% af fjárlögum. Þetta hlutfall hefur verið lítið breytt í áraraðir þrátt fyrir yfirlýsingar um betri fjármálastjórnun og áætlanagerð fjármálaráðuneytis.

Tekjur ríkissjóðs eru vanáætlaðar og verða meiri en gert var ráð fyrir. Þannig er gert ráð fyrir tæplega 72 ma.kr. í auknar tekjur í frumvarpinu miðað við fjárlög 2007. Ástæðan er auknar skattatekjur en í stað 1,8% samdráttar í einkaneyslu, sem spáð var, er allt útlit fyrir að einkaneyslan á árinu aukist um 2,1%. Þessar auknu tekjur stafa af hömlulítilli þenslu vegna óstjórnar í hagkerfinu.

Þetta er síður en svo í fyrsta skipti sem málum er þannig háttað og vekur upp spurningar um þær forsendur sem tekjuhlið fjárlaga er byggð á. Eins og fyrri daginn eru talsverð frávik á milli þeirra forsendna sem lagt var af stað með og þess sem raunin verður.

Helstu þjóðhagsstærðir, magnbreytingar, %	Fjárlög 2004	Raun-tölur	Fjárlög 2005	Raun-tölur*	Fjárlög 2006	Raun-tölur*	Fjárlög 2007	Áætlun haust 2007**
Einkaneysla	3,5	6,9	5,0	13,0	4,3	4,4	–1,8	2,1
Samneysla	1,0	2,2	2,0	3,5	2,2	3,9	2,1	2,8
Fjárfesting	8,5	28,5	18,0	33,9	0,8	19,8	–21,6	–22,2
Þjóðarútgjöld alls	4,0	9,9	7,5	15,4	2,9	9,2	–6,4	–5,2
Útflutningur vöru og þjónustu	4,5	8,4	4,0	7,2	6,2	–5,1	1,0	8,7
Innflutningur vöru og þjónustu	5,75	14,4	10,5	29,4	2,0	10,1	–9,4	–9,8
Verg landsframleiðsla	3,5	7,7	5,0	7,1	4,6	4,2	1,0	0,7
Viðskiptajöfnuður, % af landsframleiðslu	–3,25	–9,8	–11,0	–16,2	–12,2	–25,7	–15,2	–15,2

* Bráðabirgðatölur
** Þjóðhagsspá 2007

Þótt það liggi í hlutarins eðli að afla þarf tekna til að standa undir meiri útgjöldum skiptir máli hvernig skattbyrðin leggst á almenning og fyrirtæki. Skattbyrði almennings hefur aukist verulega og þá ekki síst þeirra sem lægstar hafa tekjurnar, m.a. með lækkun vaxtabóta, rýrnun skattleysismarka og hækkun þjónustugjalda.

Mikil frávik.

Þegar farið er yfir stöðu einstakra stofnana á vegum ríkisins koma í ljós mikil frávik frá fjárlögum. Er farið vel yfir þetta í skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga árið 2006 sem kom út í sumar. Þar segir m.a.: „Eins og mörg undanfarin ár fóru útgjöld A-hluta ríkisins á árinu 2006 verulega fram úr fjárlögum. Í sumum tilvikum voru veittar viðbótarfjárheimildir en einnig fóru margir fjárlagaliðir fram úr heimildum. Fjárlög mæltu fyrir um 315,1 ma.kr. útgjöld á árinu en endanleg fjárheimild hækkaði um nálægt 12% og var 352 m.kr. Mismunurinn felst bæði í fjáraukalögum og yfirfærðum heimildum frá árinu 2005. Þessi aukning þýðir að veittar voru heimildir til að stofna til 14,1% hærri útgjalda á árinu 2006 en árið þar á undan. Í lok árs 2006 stóðu 75 fjárlagaliðir í halla umfram 4% vikmörk reglugerðar um framkvæmd fjárlaga. Þetta er um það bil sjöundi hver fjárlagaliður en engu að síður heldur skárri niðurstaða en árið áður þegar 96 liðir stóðu í halla umfram 4% í árslok. Dekkri mynd blasir við þegar litið er á samanlagða stöðu hallaliða sem var neikvæð um 13,7 ma.kr. í árslok 2006 samanborið við um 8 ma.kr. árið á undan. Liðlega helmingur allra fjárlagaliða stóð með afgang umfram 4% í árslok 2006. Á heildina litið stóðu því tveir af hverjum þremur fjárlagaliðum annaðhvort með ofnýttar eða vannýttar heimildir umfram 4% vikmörk reglugerðar. Löggjafinn ákvarðar umfang opinberrar þjónustu með fjárlögum hvers árs. Þrátt fyrir þetta hafa einstakir forstöðumenn ríkisstofnana tekið sér vald til að auka umfang almannaþjónustu umfram það sem löggjafinn hefur mælt fyrir um og ákvarðað er með fjárveitingum til stofnananna. Forstöðumönnum ríkisstofnana ber skilyrðislaust að reka stofnanir sínar innan fjárheimilda og leitast við að tryggja að svo sé. Brot á þeim starfsskyldum þýða lögum samkvæmt áminningu eða lausn frá störfum. Það heyrir samt til algjörra undantekninga að ráðuneyti beiti slíkum viðurlögum og verður að telja það brotalöm á verklagi við framkvæmd fjárlaga. Þegar öllu er á botninn hvolft felst vandamálið í agaleysi allra aðila, bæði forstöðumanna sem hlut eiga að máli og stjórnenda þeirra ráðuneyta sem forstöðumennirnir heyra undir. Brýnt er að stofnanir og ráðuneyti sem hlut eiga að máli bregðist við þessum vanda og ráði sem fyrst bót á honum. Þá er ekki síður mikilvægt að fjárlaganefnd Alþingis hafi frumkvæði að því að koma þessum málum í rétt horf.“ Hér er Ríkisendurskoðun enn og aftur

að kalla eftir ábyrgri afstöðu fjárlaganefndar og minni hlutinn telur mikilvægt að tekið sé á þessum málum í eitt skipti fyrir öll.

Verið er að vanáætla verulega á stofnanir ár eftir ár sem sýnir hve ríkisstjórnin og Alþingi leggja lítinn metnað í fjárlagavinnuna. Síðan er skotið inn í fjáraukalög handahófskenndum leiðréttingum á stöðu einstakra stofnana. Árið í ár er engin undantekning. Það er ekki hægt að velta ábyrgðinni yfir á forstöðumenn ríkisstofnana, eins og gert er í skýrslu Ríkisendurskoðunar, sem fá ekki nægilegt fjármagn á fjárlögum til að halda úti lögboðinni þjónustu, greiða reikninga og borga fólki laun, eins og lög kveða á um.

Minni hlutinn hefur lagt á það áherslu að tekin væru upp ný vinnubrögð og þrátt fyrir fögur fyrirheit hefur meiri hluti fjárlaganefndar ekki náð að breyta vinnulagi, a.m.k. enn sem komið er. Nauðsynlegt er að taka upp nýjar verklagsreglur sem auki sjálfstæði Alþingis og gagnsæi við fjárlagagerðina og mun minni hlutinn að sjálfsögðu vinna með meiri hlutanum að slíkum breytingum. Fjárheimildir og uppsafnaður vandi er látinn flæða á milli ára þannig að alla yfirsýn vantar og þetta hefur leitt til að fjárlög ríkisins eru ekki sá skýri rammi um rekstur ríkisins eins og þau eiga að vera. Vegna þessa eru fjárlögin ekki það verkfæri við stjórn efnahagsmála sem þau gætu verið. Ríkisstjórnin hefur með kæruleysislegri umgengni sinni um fjárlögin sýnt að ekki á að nota ríkisfjármálin sem eitt af stýritækjunum í efnahagslífinu.

Fyrirséð útgjöld.

Í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2007 er gert ráð fyr tæplega 1,5 ma.kr. fjárheimildum til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og þar vekur athygli að fjárframlag til Landspítala er lækkað um 63,4 m.kr. Í tillögum meiri hlutans fyrir 2. umræðu er hins vegar gert ráð fyrir 1,8 ma.kr. til Landspítalans og veitir víst ekki af. En dugir það? Ætla má að um helmingur af þessum 1,8 ma.kr. fari í að greiða dráttarvexti og annan vanskilakostnað. Þá kemur ekki fram að sambærilega fjárhæð komi inn í fjárlög 2008 þannig að ekki á að breyta rekstrarforsendum spítalans. Verður ekki sama vandamál á ferðinni á næsta ári?

Það eru athyglisverðar skýringar sem gefnar eru á umframkeyrslu Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, Landspítalans og heilbrigðisstofnana á Akranesi, Suðurlandi, Suðurnesjum og Sólvangi. „Halli yfirstandandi árs er fyrst og fremst rakinn til aukins launakostnaðar sem stafar m.a. af mikilli manneklu“, eins og segir í nefndaráliti meiri hlutans. Hér kemur berlega í ljós hvernig láglaunastefnan kemur mönnum í koll og smánarkjör heilbrigðisstarfsmanna verða til þessi að starfsemin verður dýrari.

Mörg sjúkrahús, hjúkrunarheimili og öldrunarstofnanir eiga við verulegan rekstrarvanda að etja og glíma við uppsafnaðan vanda vegna þess að þær hafa ekki fengið nægilegt fjármagn á fjárlögum. Í frumvarpi til fjáraukalaga er ekki tekið á þessum vanda.

Meiri hlutinn tekur í tillögum sínum við 2. umræðu á uppsöfnuðum halla nokkurra heilbrigðisstofnana, m.a. Landspítalans og Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. Er það vel en hvort tveggja var fyrirsjáanlegt við fjárlagagerðina fyrir um ári síðan. Hins vegar er ljóst að rétta þarf af halla fleiri heilbrigðisstofnana og er þess krafist að farið verði yfir stöðu heilbrigðisstofnana heildstætt fyrir 3. umræðu. Sama á einnig við um hjúkrunar- og öldrunarheimili vítt og breitt um landið en uppsafnaður rekstrarhalli og fjárskortur hamlar starfsemi þeirra.

Minni hlutinn flytur sérstaka tillögu um að verja beint fjármagni til Grímseyjarferju og hætta þeim skollaleik að fara á svig við fjárreiðulög með millifærslum og yfirdrætti til að fjármagna endursmíði ferjunnar. Þá leggur minni hlutinn til að komið verði til móts við upp-

safnaðan halla einstakra framhaldskóla og raunveruleg rekstrarþörf, einkum verkmennta- og heimavistarskólanna á landsbyggðinni, verði viðurkennd á fjárlögum.

Minni hlutinn leggur einnig áherslu á að skoða sérstaklega fjárhagsstöðu þeirra stofnana sem ráðgert er að flytja á milli ráðuneyta og reyna að koma í veg fyrir að þær fari með uppsafnaðan halla á bakinu til nýrra húsbænda.

Örðugt er að átta sig hvernig hinar svokölluðu mótvægisaðgerðir vegna niðurskurðar á þorskkvóta skila sér á hina einstöku fjárlagaliði. Þá eru lagðar til fjárveitingar á fjáraukalögum vegna fyrirhugðara breytinga á skipan Stjórnarráðsins og verkefnaflutnings milli ráðuneyta sem ekki eiga að koma til framkvæmda fyrr en á næsta ári ef að Alþingi þá samþykkir áformin um breytingarnar.

Það sama má raunar segja um flest þau verkefni sem óskað er eftir fjármagni í. Útgjöldin eru fyrirséð áður en fjárlagafrumvarp ársins er lagt fram og ættu þess vegna heima í fjárlögum. Hækkun ýmissa kostnaðarliða er yfirleitt fyrirséð og undrast minni hluti þessi vinnubrögð og þessar skipulegu og síendurteknu vanáætlanir fjármálaráðuneytis. Ástæða er til að vekja sérstaka athygli á vanáætlunum varðandi sameiningu stofnana og hlutafélagavæðingu á undanförnum árum, t.d. Landbúnaðarstofnunar og Matís. Í greinargerðum með frumvörpum um breytingar og stofnun þessara stofnana og fyrirtækja hefur kostnaðarmat fjármálaráðuneytis aldrei staðist. Fjárframlög hafa aukist á fjárlögum og þurft hefur aukafjárveitingar á fjáraukalögum. Á þetta er bent vegna þess að nú standa yfir miklar tilfæringar í Stjórnarráðinu og flutningur verkefna milli ráðuneyta. Minni hlutinn telur líklegt að þar hafi ekki öll kurl komið til grafar og kostnaðinum verði velt yfir á næstu fjáraukalög. Nauðsynlegt er að vanda til verka og tryggja nægilegt fjármagn til þeirra breytinga sem ráðist er í.

Lokaorð.

Ýmislegt fleira í þessu frumvarpi væri ástæða til að gera athugasemdir við. Þær athugasemdir bíða þó 3. umræðu þegar allar breytingartillögur ríkisstjórnar og meiri hluta fjárlaganefndar liggja fyrir og heildarmynd er komin á frumvarpið. Minni hluti vill leggja sérstaka áherslu á vandaðan undirbúning fjárlaga þannig að fjáraukalög verði einungis þegar „grípa þarf til sérstakra fjárráðstafana“ eins og segir í 44. gr. fjárreiðulaganna. Viðvarandi hallarekstur ríkisstofnana vegna þess að þær fá of lítið fjármagn á fjárlögum gengur ekki til frambúðar. Það er í hæsta máta óeðlilegt að nota fjáraukalög til að rétta af hallarekstur og greiða upp vanrækslusyndir undanfarinna ára. Tryggja verður eðlilegan rekstrargrunn stofnana og ábyrga áætlanagerð og fjármálastjórn. Nauðsynlegt er að nota nú tækifærið og greiða upp halla hjá stofnunum ríkisins og koma þeim á réttan fjárhagslegan grundvöll. Minni hlutinn hefur lýst sig reiðubúinn til að standa að tillögum þar um og tryggja eðlilegar fjárveitingar í fjárlögum fyrir árið 2008 svo ekki þurfi að hefja sama leikinn með fjáraukalögum næsta árs.

Alþingi, 20. nóv. 2007.

Jón Bjarnason, frsm.

Guðjón A. Kristjánsson.

274. Breytingartillaga [103. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2007.

Frá minni hluta fjárlaganefndar (JBjarn, GAK).

Við 4. gr. Nýr liður:
Liður 5.1 fellur brott.

Greinargerð.

Hér er gerð tillaga um að fella úr gildi heimild til að selja hlut ríkisins í Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar. Á fjárlögum ársins 2007 eru heimildir til að selja hlut ríkissjóðs í Hitaveitu Suðurnesja (HS) og í Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar (HAB) (liður 5.1 og liður 5.2). Í maí sl. nýtti ríkisstjórnin sér heimildina til sölu á hlut sínum í Hitaveitu Suðurnesja. Markmið þáverandi ríkisstjórnar Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks með sölunni virðist fyrst og fremst hafa verið að setja í gang ferli til að koma orkuveitum og orkulindum úr eigu opinberra aðila í hendur einkaaðila á frjálsum markaði. Söluferli HS var ekki stöðvað á vordögum þótt Samfylkingin tæki sæti Framsóknarflokks í ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins þrátt fyrir háværar kröfur þar um. Salan á hlut ríkisins í HS til einkafyrirtækis hleypti af stað atburðarás í einkavæðingu og sölu orkuveitna úr samfélagseigu sem ekki sér fyrir endann á. Nægir þar að nefna framvindu mála hjá Orkuveitu Reykjavíkur, einkavæðingu og afhendingu samfélagseigna til útvalinna einkaaðila. Er nú af hálfu nýs meiri hluta í Reykjavík markvisst reynt að stöðva og vinda ofan af þeirri óheillaþróun og stöðva þar með áform um frekari einkavæðingu og sölu orkuveitna og orkulinda landsmanna.

Orkuveita Reykjavíkur og ríkissjóður eiga og reka saman Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar og á ríkissjóður liðlega 20% hlut í hitaveitunni. Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar á jafnframt jarðhitaréttindi á jörðinni Deildartungu í Reykholtsdal, þar á meðal Deildartunguhver, einhvern vatnsmesta hver jarðar. Úr honum koma 180 lítrar af 98 gráðu heitu vatni á sekúndu upp á yfirborðið.

Með vísan til þess hvernig ríkisstjórnarflokkarnir nýttu heimild á fjárlögum til sölu Hitaveitu Suðurnesja er mjög brýnt að afnema nú þegar heimild á fjárlögum til sölu á hlut ríkisins í Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar ásamt Deildartunguhver.

275. Breytingartillögur [103. mál]

við brtt. á þskj. 265 [Fjáraukalög 2007].

Frá Jóni Bjarnasyni, Guðjóni A. Kristjánssyni og Bjarna Harðarsyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
1. Liður 47 orðist svo:			
Við **10-211 Rekstur Vegagerðarinnar**			
1.11 Styrkir til ferja og sérleyfishafa	343,5	487,0	830,5
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*487,0*	*487,0*
2. Liður 48 falli brott.			

Greinargerð.

Á fjárlögum ársins 2007, 6. gr., undir liðnum 7.9 er heimild til „að selja Grímseyjarferjuna m/s Sæfara og ráðstafa andvirðinu til kaupa eða leigu á annarri hentugri ferju“. Sérstök útgjöld vegna nýrrar Grímseyjarferju hafa hvergi komið inn á fjárlög umfram þessa heimildargrein. Skýrt er kveðið á um í fjárreiðulögum að af hálfu ríkissjóðs má ekkert gjald inna af hendi nema að fyrir liggi samþykki á fjárlögum.

Ríkisstjórn Íslands veitti á fundi sínum 12. apríl 2005 heimild til að kaupa írsku ferjuna Oileain Áranna sem koma átti í stað Grímseyjarferjunnar Sæfara. Áætlað kaupverð og kostnaður við endurbætur var þá áætlað 150 m.kr. 25. nóvember 2005 undirrita fjármálaráðuneytið og samgönguráðuneytið yfirlýsingu þar sem segir: „ ... ákveðið er að fjármögnun nýrrar Grímseyjarferju verði af ónotuðum heimildum Vegagerðarinnar fram til 2007 og 2008. Hafi Vegagerðin ekki svigrúm til þess að nýta ónotaðar fjárheimildir mun fjármálaráðuneytið heimila yfirdrátt sem þessari vöntun nemur.“

Þessi vinnubrögð gagnrýnir Ríkisendurskoðun harðlega í sérstakri greinargerð frá í ágúst sl. um kaup og endurnýjun á Grímseyjarferju. Þar segir að nú þegar hafi verið greiddar tæplega 400 m.kr. úr ríkissjóði til verksins, allt án fjárlagaheimildar. „Að mati Ríkisendurskoðunar stenst þessi aðferð á engan hátt ákvæði fjárreiðulaga og getur ekki talist til góðrar stjórnsýslu.“

Flutningsmenn taka undir þessa gagnrýni ríkisendurskoðanda.

Meiri hluti fjárlaganefndar leggur til að millifærðar verði af framkvæmdalið Vegagerðarinnar 487 m.kr. vegna endursmíði Grímseyjarferju inn á liðinn Styrkir til ferja og sérleyfishafa. Með þessari millifærslu er í raun verið að taka lán frá öðrum framkvæmdum Vegagerðarinnar til endursmíði ferjunnar, sem verður fyrr eða síðar að greiðast til baka úr ríkissjóði. Þetta vinnulag hefur Ríkisendurskoðun einmitt gangrýnt.

Flutningsmenn leggja til að þessum skollaleik með fjárreiðulögin verði hætt og veitt verði nú þegar fjárveiting á fjáraukalögum upp á 487 m.kr. vegna þessa verkefnis og söluandvirði núverandi ferju, þegar þar að kemur, gangi beint til ríkissjóðs.

276. Svar [102. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Katrínar Jakobsdóttur um menntun leikskólastarfsmanna og starfsmannamál leikskóla.

1. *Er fyrirhugað að veita Kennaraháskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri viðbótarframlag til að þeir geti innritað fleiri nemendur í leikskólakennara- og þroskaþjálfanám í ljósi þess að uppeldismenntaðir starfsmenn á leikskólum eru enn minni hluti starfsmanna?*

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2008 er lagt til að ársnemum við Kennaraháskóla Íslands verði fjölgað um 50 frá fjárlögum yfirstandandi árs eða úr 1.560 í 1.610. Ekki fylgja fjölguninni kvaðir um hvernig skólinn ráðstafar þessum viðbótarársnemum. Ársnemum við Kennaraháskóla Íslands hefur að jafnaði fjölgað um 4% undanfarin ár. Í samningum milli skólans og ráðuneytisins er ekki fjallað um þróun einstakra námsbrauta innan skólans heldur er skólanum ætlað að stýra námsframboði sínu. Ljóst er að skólinn hefur lagt áherslu á leikskólakennaranám en milli áranna 2001 og 2007 fjölgaði þeim sem boðin var skólavist í leikskólakennaranámi í Kennaraháskólanum um 170%, úr 63 í 171.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2008 er lagt til að ársnemum við Háskólann á Akureyri verði fjölgað um 80 frá fjárlögum yfirstandandi árs. Þrátt fyrir þessa aukningu á heildarfjölda ársnema milli ára er gert ráð fyrir að ársnemum í kennslufræðum fækki úr 400 í 360. Í nemendaspám Háskólans á Akureyri kemur fram að ársnemum í kennaranámi hefur farið fækkandi undanfarin tvö ár og gert er ráð fyrir að 330 ársnemar stundi nám í kennslufræðum árið 2008. Þar sem fjárveiting til skólans gerir ráð fyrir 360 ársnemum í þessum greinum er ekkert því til fyrirstöðu að Háskólinn á Akureyri fjölgi ársnemum í leikskólakennaranámi sé eftirspurn eftir því. Umsóknum um leikskólakennaranám við skólann hefur hins vegar fækkað um 10% milli áranna 2000 og 2007.

Þessar tölur benda til að vandinn liggi ekki í því að háskólum sé óheimilt að innrita fleiri nemendur eða að þeir hafi ekki fjárveitingar til slíks heldur að umsækjendur um leikskólakennarafræði sem uppfylla inntökuskilyrði skólanna eru ekki nægilega margir.

2. *Stendur til að styrkja framhaldsskóla sérstaklega til að efla leikskólaliðanám?*

Framhaldsskólum er ætlað að þróa námsframboð sitt m.a. með hliðsjón af því sem gerist í samfélaginu á hverjum tíma, sinna fyrirliggjandi þörfum þess og marka áherslur í starfsemi sinni út frá þeim.

Árið 2004 gaf ráðuneytið út námskrá fyrir aðstoðarfólk í leik- og grunnskólum. Tilgangurinn var að koma á fót stuttri starfsnámsbraut til að mæta þörfum leik- og grunnskóla fyrir aðstoðarfólk. Meðalnámstími er fjórar annir í skóla (71 eining) að meðtöldu námi á skólaliðabraut og níu vikna starfsþjálfun í leikskóla. Með náminu er lögð áhersla á fjölþætta fagþekkingu á sviði uppeldis og kennslu og samþættingu fræðilegs náms og hagnýtrar starfsþjálfunar á vinnustað. Tekið er mið af þeim miklu breytingum sem átt hafa sér stað í leikskólum undanfarin ár og birtast m.a. í að börn eru yngri þegar þau koma í leikskóla og hafa lengri viðveru hvern dag, jafnframt því sem samsetning barnahópsins hefur breyst mikið.

Á síðasta ári var lögð áhersla á að kynna námskrána fyrir framhaldsskólum. Þeir framhaldsskólar sem nú bjóða upp á þetta nám eru Borgarholtsskóli, Verkmenntaskóli Austurlands, Fjölbrautaskólinn í Garðabæ og Verkmenntaskólinn á Akureyri. Þá hefur Fjölbrautaskóli Suðurlands verið að kanna grundvöll fyrir námsbrautinni. Á árinu 2004 voru nemendur

í þessu námi 36, þeim fjölgaði í 44 á árinu 2005 og voru 162 á síðasta ári. Gert er ráð fyrir að skólum verði skapað svigrúm til þess að koma til móts við þessa nemendafjölgun innan gildandi fjárlagaramma framhaldsskóla.

3. *Stendur til að mat á óformlegu námi verði skipulagt þannig að ófaglærðum starfsmönnum leikskóla gefist tækifæri til að láta meta raunfærni sína og starfsreynslu til eininga í leikskólaliða- og leikskólakennaranámi?*

Samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla geta skólameistarar metið fyrra nám nemenda hvort sem um formlegt eða óformlegt nám er að ræða. Með óformlegu námi er vísað til þekkingar eða færni sem aflað hefur verið á annan hátt en með formlegri skólagöngu.

Raunfærnimat, í þeim skilningi orðsins að hópur er metinn inn í leikskólaliðanám á grundvelli starfsreynslu, fer nú þegar fram. Í kjölfar útgáfu námskrár fyrir aðstoðarfólk í leik- og grunnskólum var mótuð svokölluð Brúarleið, þ.e. viðmiðanir um mat á óformlegu námi fólks með starfsreynslu á viðkomandi sviði. Námið er fyrir einstaklinga sem náð hafa 22 ára aldri og hafa að baki a.m.k. þriggja ára starfsreynslu og starfa enn við umönnun, uppeldi og menntun barna í leik- eða grunnskóla og hafa að auki lokið starfstengdum námskeiðum á vegum sveitarfélaga eða stéttarfélaga. Nemendur eiga þess kost að fá fyrra nám metið ef það er sambærilegt við áfanga aðalnámskrár aðstoðarfólks í leik- og grunnskólum.

Háskólar á Íslandi bera fulla ábyrgð á inntöku nemenda. Í 19. gr. laga um háskóla, nr. 63/2006, segir að nemendur sem hefja nám í háskóla skuli hafa lokið stúdentsprófi eða jafngildu prófi. Í ákvæðinu er einnig veitt heimild háskóla til að innrita nemendur sem búa yfir jafngildum þroska og þekkingu að mati viðkomandi skóla. Kennaraháskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri hafa um langt skeið metið starfsreynslu, sérstaklega í leikskólakennaranámi, við inntöku þeirra nemenda sem ekki hafa lokið fullgildu stúdentsprófi. Raunfærnimat, í þessum skilningi orðsins, hefur því lengi verið viðmið í framangreindum háskólum. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar *Háskólamenntun; framboð og nemendafjöldi* frá 2004 kemur fram að á árunum 2002 og 2003 voru um 36% nemenda í Háskólanum á Akureyri og 26% nemenda í Kennaraháskóla Íslands metin inn á grundvelli þroska og þekkingar – stór hluti þeirra í leikskólakennaranám. Þetta hlutfall hefur reyndar farið lækkandi með árunum, en ljóst er að skólarnir hafa svarað að stórum hluta eftirspurn einstaklinga sem starfa í leikskólum eftir háskólamenntun og munu vafalaust halda því áfram.

4. *Hvernig hyggst ráðherra beita sér til að koma til móts við sveitarfélögin hvað varðar manneklu og starfsmannaveltu á leikskólum?*

Frá því í febrúar á síðasta ári hefur á grundvelli samkomulags milli ráðherra og Kennarasambands Íslands farið fram mikil vinna við umbætur á skólastarfi og breytta námsskipan. Á næstunni verða lögð fram frumvörp til laga um leik-, grunn- og framhaldsskóla, auk frumvarps til laga um menntun og ráðningu kennara. Í frumvörpum um leikskóla og menntun kennara munu koma fram mörg atriði sem eru til þess fallin að bæta starfsskilyrði leikskólakennara. Ber þar hæst lögverndun á starfsheiti leikskólakennara og kröfu um að þeir skuli hafa lokið meistaraprófi en einnig má nefna eflingu þróunarstarfs í leikskólum með sérstökum sjóði og aukna áherslu á gæðamál. Er þetta m.a. í samræmi við tillögur í nýlegri greinargerð samráðsnefndar leikskóla þar sem sitja fulltrúar frá menntamálaráðuneyti, Félagi leikskólakennara, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Eflingu – stéttarfélagi.

Sem yfirmaður menntamála fer menntamálaráðherra með yfirstjórn leikskólamála eins og lög um leikskóla segja fyrir um. Innan þess ramma getur ráðherra mótað ýmis skilyrði leik-

skólastarfs en hafa ber í huga að rekstur leikskóla og framkvæmd leikskólalaga hvílir að mestu á sveitarfélögum. Starfsmannavelta er mikil í leikskólum og meiri en meðal starfsfólks á öðrum skólastigum. Brottfall starfsfólks leikskóla er mun meira meðal leiðbeinenda en leikskólakennara. Því er mikilvægt að fjölga leikskólakennurum í leikskólum. Þá er ekki síður mikilvægt að fjölga valkostum í námi fyrir hinn stóra hóp starfsfólks leikskóla sem býr yfir langri starfsreynslu og skoða hvaða leiðir eru fyrir hendi til að raunfærnimat verði tekið upp í auknum mæli við inntöku í kennaramenntunarstofnanir. Það þarf einnig að huga að frekari þróun námsframboðs fyrir þann hóp sem ekki hefur hug á að leggja fyrir sig kennaranám en vill samt sem áður starfa innan leikskóla.

Eins og fram kemur hér að ofan hefur ráðuneytið undanfarin ár aukið framlög til leikskólakennaramenntunar til samræmis við eftirspurn eftir því námi. Einnig hefur verið komið á fót námi á framhaldsskólastigi fyrir starfsfólk á leikskólum og fé verið veitt til þess. Þessar aðgerðir eru á valdi menntamálaráðherra en mikilvægt er að fylgja þeim eftir á vettvangi sveitarfélaga þannig að störf í leikskólum verði eftirsóknarverð og að leikskólarnir verði samkeppnishæfari um starfsfólk.

277. Svar [210. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Herdísar Þórðardóttur um löndun á óslægðum afla.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu miklum þorsk- og ýsuafla hefur verið landað óslægðum frá fiskveiðiárinu 1999/2000 til og með fiskveiðiárinu 2006/2007, skipt eftir verstöðvum, og hversu hátt hlutfall hefur þetta verið af löndunum þorsk- og ýsuafla þessi ár?

Leitað var til Fiskistofu um svar við fyrirspurninni og fylgir hér svar hennar.

Landanir óslægðrar ýsu eftir löndunarhöfnum fiskveiðiárin 1999/2000–2006/2007.

Magn í tonnum upp úr sjó (óslægt), samvæmt upplýsingum frá löndunarhöfnum – Fiskistofa 19. nóvember 2007.

		Ýsa – magn í tonnum							
Nr.	**Löndunarhöfn**	**99/00**	**00/01**	**01/02**	**02/03**	**03/04**	**04/05**	**05/06**	**06/07**
1	Vestmannaeyjar	4	7	80	29	3	1	21	93
11	Þorlákshöfn	287	476	212	287	333	488	736	1.247
13	Grindavík	402	779	504	638	1.010	1.194	1.865	1.644
17	Sandgerði	1.168	1.198	664	981	1.394	1.754	2.703	3.026
21	Keflavík	81	49	6	4	27	82	253	287
27	Hafnarfjörður	136	172	96	107	177	301	580	639
31	Kópavogur		1	0	6	41	132	46	140
33	Reykjavík	1.062	613	213	207	302	359	636	650
35	Akranes	284	230	211	282	410	370	546	843
38	Arnarstapi	11	109	13	70	240	156	296	475
42	Rif	375	368	272	803	960	1.163	2.207	1.794
43	Ólafsvík	635	866	742	1.561	2.663	3.118	3.592	2.832
45	Grundarfjörður	160	101	76	159	115	174	72	60
47	Stykkishólmur	29	14	2	41	39	67	170	172
55	Brjánslækur		0		0			0	0
57	Patreksfjörður	29	85	133	424	312	474	389	559

59	Tálknafjörður	159	377	270	402	404	308	246	178
61	Bíldudalur	9	15	4	119	39	226	90	199
63	Þingeyri	120	217	77	91	50	102	43	15
65	Flateyri	420	429	225	468	684	798	736	551
67	Suðureyri	1.209	1.297	845	1.108	1.393	1.214	1.490	1.677
69	Bolungarvík	1.789	1.808	1.099	1.507	1.511	1.471	2.047	2.009
73	Ísafjörður	191	394	317	450	461	399	314	217
75	Súðavík			2	2	12	32	122	132
77	Norðurfjörður				0	1	34	4	0
79	Drangsnes	19	278	207	393	575	783	681	779
81	Hólmavík	146	90	77	144	228	206	389	431
83	Hvammstangi	11	41	55	187	525	314	321	292
85	Blönduós								55
87	Skagaströnd	0	40	12	172	229	1.381	2.455	2.539
89	Sauðárkrókur	0	0	3	40	219	229	372	394
91	Hofsós				34	35	67	907	519
92	Haganesvík		0						
93	Siglufjörður	2	6	9	165	460	1.053	1.501	1.196
95	Ólafsfjörður				1	15	43	35	87
97	Grímsey					1	58	252	163
99	Hrísey	0	32	20	66	133	174	232	326
101	Dalvík		0	0	43	171	355	1.066	1.052
103	Árskógssandur	0	1	3	40	47	221	573	512
104	Hauganes			0	9	17	9	36	8
105	Hjalteyri	0	1	0	0	2	3	2	
107	Akureyri		1	7	0	23	3	33	18
111	Grenivík	8	15	23	7	60	86	33	9
115	Húsavík	97	154	119	147	183	455	866	594
117	Kópasker			0		3	58	202	531
119	Raufarhöfn	0	1	0	7	22	81	253	459
121	Þórshöfn	1	4	0	3	19	31	102	36
123	Bakkafjörður	0	0	6	36	38	194	370	304
125	Vopnafjörður	0	0	0	14	9	15	31	42
129	Borgarfjörður eystri	65	40	36	72	104	102	171	176
131	Seyðisfjörður	29	10	4	17	19	42	39	75
133	Mjóifjörður		0	0	0	1	0		
135	Neskaupstaður	47	47	32	80	77	90	110	179
137	Eskifjörður	0	1	1	37	37	80	120	158
139	Reyðarfjörður	0	0			0			20
141	Fáskrúðsfjörður	0	15	20	41	15	3	0	5
143	Stöðvarfjörður	5	79	84	86	124	154	439	442
145	Breiðdalsvík	7	60	48	38	24	61	128	58
147	Djúpivogur	1	0	3	0	0	253	555	608
149	Hornafjörður	153	436	103	171	220	350	714	833
	Samtals	**9.153**	**10.953**	**6.937**	**11.797**	**16.217**	**21.367**	**32.193**	**32.339**
	Heildarafli – Íslandmið	*41.270*	*40.145*	*41.722*	*55.705*	*78.511*	*97.481*	*100.408*	*100.333*

Landanir óslægðrar ýsu eftir löndunarhöfnum fiskveiðiárin 1999/2000–2006/2007.

Hlutfall af heildarafla ýsu, samkvæmt upplýsingum frá löndunarhöfnum – Fiskistofa 19. nóvember 2007.

		Ýsa – hlutfall							
Nr.	**Löndunarhöfn**	**99/00**	**00/01**	**01/02**	**02/03**	**03/04**	**04/05**	**05/06**	**06/07**
1	Vestmannaeyjar	0,0%	0,0%	0,2%	0,1%	0,0%	0,0%	0,0%	0,1%
11	Þorlákshöfn	0,7%	1,2%	0,5%	0,5%	0,4%	0,5%	0,7%	1,2%
13	Grindavík	1,0%	1,9%	1,2%	1,1%	1,3%	1,2%	1,9%	1,6%
17	Sandgerði	2,8%	3,0%	1,6%	1,8%	1,8%	1,8%	2,7%	3,0%
21	Keflavík	0,2%	0,1%	0,0%	0,0%	0,0%	0,1%	0,3%	0,3%
27	Hafnarfjörður	0,3%	0,4%	0,2%	0,2%	0,2%	0,3%	0,6%	0,6%
31	Kópavogur		0,0%	0,0%	0,0%	0,1%	0,1%	0,0%	0,1%
33	Reykjavík	2,6%	1,5%	0,5%	0,4%	0,4%	0,4%	0,6%	0,6%
35	Akranes	0,7%	0,6%	0,5%	0,5%	0,5%	0,4%	0,5%	0,8%
38	Arnarstapi	0,0%	0,3%	0,0%	0,1%	0,3%	0,2%	0,3%	0,5%
42	Rif	0,9%	0,9%	0,7%	1,4%	1,2%	1,2%	2,2%	1,8%
43	Ólafsvík	1,5%	2,2%	1,8%	2,8%	3,4%	3,2%	3,6%	2,8%
45	Grundarfjörður	0,4%	0,3%	0,2%	0,3%	0,1%	0,2%	0,1%	0,1%
47	Stykkishólmur	0,1%	0,0%	0,0%	0,1%	0,0%	0,1%	0,2%	0,2%
55	Brjánslækur		0,0%		0,0%			0,0%	0,0%
57	Patreksfjörður	0,1%	0,2%	0,3%	0,8%	0,4%	0,5%	0,4%	0,6%
59	Tálknafjörður	0,4%	0,9%	0,6%	0,7%	0,5%	0,3%	0,2%	0,2%
61	Bíldudalur	0,0%	0,0%	0,0%	0,2%	0,0%	0,2%	0,1%	0,2%
63	Þingeyri	0,3%	0,5%	0,2%	0,2%	0,1%	0,1%	0,0%	0,0%
65	Flateyri	1,0%	1,1%	0,5%	0,8%	0,9%	0,8%	0,7%	0,5%
67	Suðureyri	2,9%	3,2%	2,0%	2,0%	1,8%	1,2%	1,5%	1,7%
69	Bolungarvík	4,3%	4,5%	2,6%	2,7%	1,9%	1,5%	2,0%	2,0%
73	Ísafjörður	0,5%	1,0%	0,8%	0,8%	0,6%	0,4%	0,3%	0,2%
75	Súðavík			0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,1%	0,1%
77	Norðurfjörður				0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
79	Drangsnes	0,0%	0,7%	0,5%	0,7%	0,7%	0,8%	0,7%	0,8%
81	Hólmavík	0,4%	0,2%	0,2%	0,3%	0,3%	0,2%	0,4%	0,4%
83	Hvammstangi	0,0%	0,1%	0,1%	0,3%	0,7%	0,3%	0,3%	0,3%
85	Blönduós								0,1%
87	Skagaströnd	0,0%	0,1%	0,0%	0,3%	0,3%	1,4%	2,4%	2,5%
89	Sauðárkrókur	0,0%	0,0%	0,0%	0,1%	0,3%	0,2%	0,4%	0,4%
91	Hofsós	0,0%	0,0%	0,0%	0,1%	0,0%	0,1%	0,9%	0,5%
92	Haganesvík		0,0%						
93	Siglufjörður	0,0%	0,0%	0,0%	0,3%	0,6%	1,1%	1,5%	1,2%
95	Ólafsfjörður	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,1%
97	Grímsey					0,0%	0,1%	0,3%	0,2%
99	Hrísey	0,0%	0,1%	0,0%	0,1%	0,2%	0,2%	0,2%	0,3%
101	Dalvík	0,0%	0,0%	0,0%	0,1%	0,2%	0,4%	1,1%	1,0%
103	Árskógssandur	0,0%	0,0%	0,0%	0,1%	0,1%	0,2%	0,6%	0,5%
104	Hauganes			0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
105	Hjalteyri	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
107	Akureyri		0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
111	Grenivík	0,0%	0,0%	0,1%	0,0%	0,1%	0,1%	0,0%	0,0%
115	Húsavík	0,2%	0,4%	0,3%	0,3%	0,2%	0,5%	0,9%	0,6%
117	Kópasker			0,0%		0,0%	0,1%	0,2%	0,5%
119	Raufarhöfn	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,1%	0,3%	0,5%
121	Þórshöfn	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,1%	0,0%
123	Bakkafjörður	0,0%	0,0%	0,0%	0,1%	0,0%	0,2%	0,4%	0,3%
125	Vopnafjörður	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
129	Borgarfjörður eystri	0,2%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,2%	0,2%

131	Seyðisfjörður	0,1%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,1%
133	Mjóifjörður		0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%		
135	Neskaupstaður	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,2%
137	Eskifjörður	0,0%	0,0%	0,0%	0,1%	0,0%	0,1%	0,1%	0,2%
139	Reyðarfjörður	0,0%	0,0%			0,0%			0,0%
141	Fáskrúðsfjörður	0,0%	0,0%	0,0%	0,1%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
143	Stöðvarfjörður	0,0%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,4%	0,4%
145	Breiðdalsvík	0,0%	0,2%	0,1%	0,1%	0,0%	0,1%	0,1%	0,1%
147	Djúpivogur	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,3%	0,6%	0,6%
149	Hornafjörður	0,4%	1,1%	0,2%	0,3%	0,3%	0,4%	0,7%	0,8%
	Samtals	22,2%	27,3%	16,6%	21,2%	20,7%	21,9%	32,1%	32,2%

Landanir óslægðs þorsks eftir löndunarhöfnum fiskveiðiárin 1999/2000–2006/2007.

Magn í tonnum upp úr sjó (óslægt), samkvæmt upplýsingum frá löndunarhöfnum – Fiskistofa 19. nóvember 2007.

		Þorskur – magn í tonnum							
Nr.	**Löndunarhöfn**	**99/00**	**00/01**	**01/02**	**02/03**	**03/04**	**04/05**	**05/06**	**06/07**
1	Vestmannaeyjar	37	199	131	81	19	2	1	72
11	Þorlákshöfn	1.592	1.335	248	614	729	828	704	1.048
13	Grindavík	1.879	2.583	1.420	1.959	2.261	3.968	2.527	3.061
17	Sandgerði	4.471	3.900	2.213	2.682	4.109	3.258	2.974	4.149
21	Keflavík	843	411	151	183	226	626	520	1.284
25	Vogar				0	3			
27	Hafnarfjörður	731	466	624	552	796	498	490	599
31	Kópavogur	0	1	11	13	87	154	102	128
33	Reykjavík	966	443	213	240	289	315	487	396
35	Akranes	1.053	657	354	239	430	278	352	680
38	Arnarstapi	1.018	1.293	812	773	1.098	758	840	1.217
42	Rif	3.902	2.673	3.139	2.777	2.285	2.571	2.729	2.743
43	Ólafsvík	8.442	5.478	6.067	4.591	5.429	5.016	4.846	3.708
45	Grundarfjörður	1.118	989	914	721	633	581	207	130
47	Stykkishólmur	1.010	1.063	1.002	723	598	481	692	604
55	Brjánslækur	84	236	232	143	70	24	51	29
56	Haukabergsvaðall	48	76	87	5	15	1	4	
57	Patreksfjörður	2.224	1.710	2.518	1.891	1.521	1.583	1.250	994
59	Tálknafjörður	2.919	2.109	2.410	1.699	1.431	979	663	582
61	Bíldudalur	351	284	203	266	253	108	84	188
63	Þingeyri	1.202	1.035	636	278	572	213	109	57
65	Flateyri	2.304	2.140	2.494	2.300	1.889	2.010	1.748	1.267
67	Suðureyri	3.459	3.209	2.878	2.285	1.610	1.647	1.554	1.303
69	Bolungarvík	5.670	4.610	4.355	4.729	4.933	3.683	3.669	3.086
73	Ísafjörður	512	1.257	1.033	794	869	779	555	322
75	Súðavík		3	2	3	7	91	344	218
77	Norðurfjörður		48	560	623	613	122	151	97
79	Drangsnes	616	785	648	752	914	842	585	387
81	Hólmavík	530	633	501	486	458	481	644	500
83	Hvammstangi	97	134	81	267	363	117	100	50
85	Blönduós								100
87	Skagaströnd	843	1.019	1.544	1.841	1.786	2.163	2.744	2.248
89	Sauðárkrókur	131	178	274	329	398	399	230	126
91	Hofsós	53	41	132	158	247	104	752	359
92	Haganesvík	2	33	10	2	1	0	0	0

93	Siglufjörður	440	552	430	613	853	2.788	3.590	2.560
95	Ólafsfjörður	263	146	221	164	325	186	238	229
97	Grímsey	933	868	959	801	693	1.632	1.942	1.492
99	Hrísey	77	252	293	393	485	515	497	359
101	Dalvík	145	173	231	725	927	652	1.298	875
103	Árskógssandur	471	505	486	505	253	629	1.103	963
104	Hauganes	62	87	40	100	136	107	63	47
105	Hjalteyri	192	230	79	74	99	20	18	
107	Akureyri	9	1	58	45	37	11	46	24
111	Grenivík	229	207	181	107	127	119	151	84
115	Húsavík	873	928	829	911	1.299	2.102	2.104	1.171
117	Kópasker			594	547	363	498	827	730
119	Raufarhöfn	373	302	220	447	866	757	826	1.134
121	Þórshöfn	1.351	772	656	811	1.160	1.067	995	893
123	Bakkafjörður	1.018	832	767	622	592	578	881	653
125	Vopnafjörður	155	89	113	89	78	62	19	70
129	Borgarfjörður eystri	627	647	581	528	672	623	700	401
131	Seyðisfjörður	370	351	258	275	198	234	129	382
133	Mjóifjörður		2	35	38	46	52	39	28
135	Neskaupstaður	672	741	571	563	789	378	370	691
137	Eskifjörður	39	115	129	103	168	219	184	189
139	Reyðarfjörður					2			1
141	Fáskrúðsfjörður	1	153	160	155	79	46	1	23
143	Stöðvarfjörður	180	302	524	626	441	704	739	718
145	Breiðdalsvík	112	236	124	42	88	210	149	44
147	Djúpivogur	509	515	621	720	688	1.062	1.313	1.099
149	Hornafjörður	5.177	4.173	3.850	4.784	4.853	3.830	3.403	3.325
150	Ýmsir staðir				0	0			
	Samtals	**62.387**	**54.211**	**50.907**	**49.791**	**53.256**	**53.763**	**54.332**	**49.922**
	Heildarafli – Íslandmið	*255.698*	*221.740*	*216.866*	*196.652*	*219.389*	*209.333*	*201.839*	*186.747*

Landanir óslægðs þorsks eftir löndunarhöfnum fiskveiðiárin 1999/2000–2006/2007.

Hlutfall af heildarafla þorsks samkvæmt upplýsingum frá löndunarhöfnum – Fiskistofa 19. nóvember 2007.

		Þorskur – hlutfall							
Nr.	**Löndunarhöfn**	**99/00**	**00/01**	**01/02**	**02/03**	**03/04**	**04/05**	**05/06**	**06/07**
1	Vestmannaeyjar	0,0%	0,1%	0,1%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
11	Þorlákshöfn	0,6%	0,6%	0,1%	0,3%	0,3%	0,4%	0,3%	0,6%
13	Grindavík	0,7%	1,2%	0,7%	1,0%	1,0%	1,9%	1,3%	1,6%
17	Sandgerði	1,7%	1,8%	1,0%	1,4%	1,9%	1,6%	1,5%	2,2%
21	Keflavík	0,3%	0,2%	0,1%	0,1%	0,1%	0,3%	0,3%	0,7%
25	Vogar				0,0%	0,0%			
27	Hafnarfjörður	0,3%	0,2%	0,3%	0,3%	0,4%	0,2%	0,2%	0,3%
31	Kópavogur	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,1%	0,1%	0,1%
33	Reykjavík	0,4%	0,2%	0,1%	0,1%	0,1%	0,2%	0,2%	0,2%
35	Akranes	0,4%	0,3%	0,2%	0,1%	0,2%	0,1%	0,2%	0,4%
38	Arnarstapi	0,4%	0,6%	0,4%	0,4%	0,5%	0,4%	0,4%	0,7%
42	Rif	1,5%	1,2%	1,4%	1,4%	1,0%	1,2%	1,4%	1,5%
43	Ólafsvík	3,3%	2,5%	2,8%	2,3%	2,5%	2,4%	2,4%	2,0%
45	Grundarfjörður	0,4%	0,4%	0,4%	0,4%	0,3%	0,3%	0,1%	0,1%
47	Stykkishólmur	0,4%	0,5%	0,5%	0,4%	0,3%	0,2%	0,3%	0,3%
55	Brjánslækur	0,0%	0,1%	0,1%	0,1%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%

56	Haukabergsvaðall	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	
57	Patreksfjörður	0,9%	0,8%	1,2%	1,0%	0,7%	0,8%	0,6%	0,5%
59	Tálknafjörður	1,1%	1,0%	1,1%	0,9%	0,7%	0,5%	0,3%	0,3%
61	Bíldudalur	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,0%	0,1%
63	Þingeyri	0,5%	0,5%	0,3%	0,1%	0,3%	0,1%	0,1%	0,0%
65	Flateyri	0,9%	1,0%	1,2%	1,2%	0,9%	1,0%	0,9%	0,7%
67	Suðureyri	1,4%	1,4%	1,3%	1,2%	0,7%	0,8%	0,8%	0,7%
69	Bolungarvík	2,2%	2,1%	2,0%	2,4%	2,2%	1,8%	1,8%	1,7%
73	Ísafjörður	0,2%	0,6%	0,5%	0,4%	0,4%	0,4%	0,3%	0,2%
75	Súðavík	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,2%	0,1%
77	Norðurfjörður	0,0%	0,0%	0,3%	0,3%	0,3%	0,1%	0,1%	0,1%
79	Drangsnes	0,2%	0,4%	0,3%	0,4%	0,4%	0,4%	0,3%	0,2%
81	Hólmavík	0,2%	0,3%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,3%	0,3%
83	Hvammstangi	0,0%	0,1%	0,0%	0,1%	0,2%	0,1%	0,0%	0,0%
85	Blönduós								0,1%
87	Skagaströnd	0,3%	0,5%	0,7%	0,9%	0,8%	1,0%	1,4%	1,2%
89	Sauðárkrókur	0,1%	0,1%	0,1%	0,2%	0,2%	0,2%	0,1%	0,1%
91	Hofsós	0,0%	0,0%	0,1%	0,1%	0,1%	0,0%	0,4%	0,2%
92	Haganesvík	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
93	Siglufjörður	0,2%	0,2%	0,2%	0,3%	0,4%	1,3%	1,8%	1,4%
95	Ólafsfjörður	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%
97	Grímsey	0,4%	0,4%	0,4%	0,4%	0,3%	0,8%	1,0%	0,8%
99	Hrísey	0,0%	0,1%	0,1%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%
101	Dalvík	0,1%	0,1%	0,1%	0,4%	0,4%	0,3%	0,6%	0,5%
103	Árskógssandur	0,2%	0,2%	0,2%	0,3%	0,1%	0,3%	0,5%	0,5%
104	Hauganes	0,0%	0,0%	0,0%	0,1%	0,1%	0,1%	0,0%	0,0%
105	Hjalteyri	0,1%	0,1%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	
107	Akureyri	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
111	Grenivík	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,0%
115	Húsavík	0,3%	0,4%	0,4%	0,5%	0,6%	1,0%	1,0%	0,6%
117	Kópasker			0,3%	0,3%	0,2%	0,2%	0,4%	0,4%
119	Raufarhöfn	0,1%	0,1%	0,1%	0,2%	0,4%	0,4%	0,4%	0,6%
121	Þórshöfn	0,5%	0,3%	0,3%	0,4%	0,5%	0,5%	0,5%	0,5%
123	Bakkafjörður	0,4%	0,4%	0,4%	0,3%	0,3%	0,3%	0,4%	0,3%
125	Vopnafjörður	0,1%	0,0%	0,1%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
129	Borgarfjörður eystri	0,2%	0,3%	0,3%	0,3%	0,3%	0,3%	0,3%	0,2%
131	Seyðisfjörður	0,1%	0,2%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,2%
133	Mjóifjörður		0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
135	Neskaupstaður	0,3%	0,3%	0,3%	0,3%	0,4%	0,2%	0,2%	0,4%
137	Eskifjörður	0,0%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%
139	Reyðarfjörður				0,0%				0,0%
141	Fáskrúðsfjörður	0,0%	0,1%	0,1%	0,1%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
143	Stöðvarfjörður	0,1%	0,1%	0,2%	0,3%	0,2%	0,3%	0,4%	0,4%
145	Breiðdalsvík	0,0%	0,1%	0,1%	0,0%	0,0%	0,1%	0,1%	0,0%
147	Djúpivogur	0,2%	0,2%	0,3%	0,4%	0,3%	0,5%	0,7%	0,6%
149	Hornafjörður	2,0%	1,9%	1,8%	2,4%	2,2%	1,8%	1,7%	1,8%
150	Ýmsir staðir				0,0%	0,0%			
	Samtals	**24,4%**	**24,4%**	**23,5%**	**25,3%**	**24,3%**	**25,7%**	**26,9%**	**27%**

278. Tillaga til þingsályktunar [248. mál]

um nýtt starfsheiti fyrir ráðherra.

Flm.: Steinunn Valdís Óskarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa breytingar á stjórnarskrá og lögum til að taka megi upp nýtt starfsheiti ráðherra sem bæði kynin geta borið. Nauðsynleg lagafrumvörp verði lögð fram hið fyrsta.

Greinargerð.

Mál þetta var lagt fram á 123. löggjafarþingi 1998–99 en hlaut ekki afgreiðslu og er nú lagt fram að nýju.

Sú þróun hefur átt sér stað í hefðbundnum kvennastéttum þegar karlar hafa haslað sér þar völl að starfsheitum hefur verið breytt til þess að bæði kynin geti borið þau. Þannig urðu hjúkrunarkonur að hjúkrunarfræðingum, fóstrur urðu leikskólakennarar og Fóstruskóla Íslands var breytt í Fósturskóla Íslands, m.a. af tillitssemi við karla því að ekki þótti boðlegt fyrir karlmenn að vera kvenkenndir. Um eðlilega og sjálfsagða leiðréttingu var að ræða. Í seinni tíð er það orðið æ algengara að konur kalli sig framkvæmdastýrur og konur sem gegnt hafa aðstoðarmannsstörfum m.a. ráðherra og borgarstjóra hafa tekið upp titilinn aðstoðarkona. Ef orðin ráðherra og sendiherra væru t.d. „ráðfrú“ og „sendifrú“ hefði eflaust einnig þótt sjálfsagt að breyta starfsheitinu um leið og fyrsti karlmaðurinn tók að sér slíkt embætti. Það er því í fyllsta samræmi við þessa þróun að breyta einnig starfsheitum í hefðbundnum karlastéttum, þannig að konur geti borið þau. Ráðherraembætti eiga ekki að vera eyrnamerkt körlum.

Orðið ráðherra ber þess merki að æðsta stjórn landsins er í höndum karla, enda var það svo að frá stofnun lýðveldisins og fram til ársins 1970 gegndi engin kona embættinu. Á lýðveldistímanum hafa 111 karlar gegnt ráðherraembætti en aðeins ellefu konur. Það særir ekki málkennd manna þótt konur séu forsetar, kennarar eða forstjórar en öðru máli gegnir um orðið „herra“. Það stríðir ekki einungis gegn málvitund okkar að kona sé herra, heldur er það merkingarlega útilokað að kona sé herra á sama hátt og karl getur ekki verið frú. Orðið herra merkir tvennt samkvæmt íslenskri orðabók, annars vegar titil karlmanns og hins vegar húsbónda eða yfirmann og ljóst er að síðarnefnda merkingin er frá þeim tíma þegar aðeins karlar gegndu slíkum stöðum. Það er því mikið réttlætismál að þessum starfsheitum verði breytt. Sömu rök eiga við um stöðuheitin sendiherra og skipherra sem væntanlega eru einnig formlega opin fyrir konur.

Í nágrannalöndum okkar eru mun kynhlutlausari orð notuð yfir þá sem sæti eiga í ríkisstjórn, samanber „secretary“ í Bandaríkjunum og Englandi og „minister“ á Norðurlöndum, Þýskalandi og Frakklandi. Þrátt fyrir það hafa ráðakonur gert athugasemdir við slíka titla og er þess skemmst að minnast að franskir kvenráðherrar notuðu starfstitla sína í kvenkyni. Þær kalla sig „madame la ministre“ í stað hins hefðbundna „le ministre“. Því var mótmælt af frönsku akademíunni og bent á að slíkt væri málfræðivilla. Eðlileg lausn hefði getað verið sú að skipta um heiti á embættinu eða að öðrum kosti að heimila þá notkun sem konunum fannst sér samboðin. Því er ekki haldið fram að um mannréttindabrot sé að ræða, en það er óvirðing að karlkenna konu á sama hátt og það er óvirðing að kvenkenna karl.

Þá hefur verið bent á að orðin „minister“ og „secretary“ hafi ekki eins valdbjóðandi og kynbundið yfirbragð og ráðherra. Erlendu orðin hafa lýðræðislegra yfirbragð og gefa skýrar til kynna að viðkomandi séu þjónar fólksins fremur en herrar.

Í stjórnarskránni er talað um ráðherra í 13.–19. gr. og í 54.–56. gr. Þar sem um brýnt mál er að ræða þarf að athuga hvort hægt sé að breyta starfsheitinu strax á þessu þingi með nauðsynlegum lagabreytingum þó að breytingarnar á stjórnarskránni taki gildi síðar.

Í tillögu þessari er ekki stungið upp á nýju orði í stað ráðherra. Aðalatriðið er að nota orð sem hentar báðum kynjum. Á Íslandi finnast ótal dæmi um snilldarlega nýsmíði orða. Leita mætti eftir tillögum t.d. hjá Íslenskri málnefnd og heimspekideild Háskóla Íslands. Vel kæmi einnig til greina að fram færi vel auglýst samkeppni um verðugt orð yfir þessi mikilvægu embætti þjóðarinnar sem konur hljóta að gegna í æ ríkari mæli á komandi árum.

279. Fyrirspurn [249. mál]

til menntamálaráðherra um Háskólann á Akureyri.

Frá Birki J. Jónssyni.

Hvernig hyggst ráðherra treysta stöðu Háskólans á Akureyri sem grundvöll háskólamenntunar á landsbyggðinni, sbr. byggðaáætlun 2006–2009?

280. Fyrirspurn [250. mál]

til heilbrigðisráðherra um fósturskimun og fóstureyðingar.

Frá Kristni H. Gunnarssyni og Guðfríði Lilju Grétarsdóttur.

1. Hvaða tölulegar upplýsingar á árunum 2000–2007 liggja fyrir hér á landi um fóstureyðingar þegar fóstur greinist með Downs-heilkenni við fósturgreiningu? Hversu hátt hlutfall endar með fóstureyðingu í þeim tilfellum þegar fóstur greinist með Downs-heilkenni við fósturgreiningu?
2. Er Ísland frábrugðið öðrum Norðurlöndum hvað varðar tíðni fóstureyðinga þegar fóstur greinist með Downs-heilkenni? Ef svo er, hverjar eru líklegar ástæður þess?
3. Hver er heildarkostnaður við snemmómskoðun og fósturgreiningar hérlendis á ári hverju?

Skriflegt svar óskast.

281. Fyrirspurn [251. mál]

til forsætisráðherra um störf hjá ráðuneytinu.

Frá Birki J. Jónssyni.

1. Hversu mikið hefur störfum hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess fjölgað eða fækkað það sem af er þessu ári á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og utan þess hins vegar?
2. Hversu mikið er áætlað að störfum hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess fjölgi utan höfuðborgarsvæðisins á næsta ári?

Skriflegt svar óskast.

282. Fyrirspurn [252. mál]

til fjármálaráðherra um störf hjá ráðuneytinu.

Frá Birki J. Jónssyni.

1. Hversu mikið hefur störfum hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess fjölgað eða fækkað það sem af er þessu ári á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og utan þess hins vegar?
2. Hversu mikið er áætlað að störfum hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess fjölgi utan höfuðborgarsvæðisins á næsta ári?

Skriflegt svar óskast.

283. Fyrirspurn [253. mál]

til dómsmálaráðherra um störf hjá ráðuneytinu.

Frá Birki J. Jónssyni.

1. Hversu mikið hefur störfum hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess fjölgað eða fækkað það sem af er þessu ári á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og utan þess hins vegar?

2. Hversu mikið er áætlað að störfum hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess fjölgi utan höfuðborgarsvæðisins á næsta ári?

Skriflegt svar óskast.

284. Fyrirspurn [254. mál]

til menntamálaráðherra um störf hjá ráðuneytinu.

Frá Birki J. Jónssyni.

1. Hversu mikið hefur störfum hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess fjölgað eða fækkað það sem af er þessu ári á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og utan þess hins vegar?
2. Hversu mikið er áætlað að störfum hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess fjölgi utan höfuðborgarsvæðisins á næsta ári?

Skriflegt svar óskast.

285. Fyrirspurn [255. mál]

til heilbrigðisráðherra um störf hjá ráðuneytinu.

Frá Birki J. Jónssyni.

1. Hversu mikið hefur störfum hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess fjölgað eða fækkað það sem af er þessu ári á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og utan þess hins vegar?
2. Hversu mikið er áætlað að störfum hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess fjölgi utan höfuðborgarsvæðisins á næsta ári?

Skriflegt svar óskast.

286. Fyrirspurn [256. mál]

til sjávarútvegsráðherra um störf hjá ráðuneytinu.

Frá Birki J. Jónssyni.

1. Hversu mikið hefur störfum hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess fjölgað eða fækkað það sem af er þessu ári á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og utan þess hins vegar?
2. Hversu mikið er áætlað að störfum hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess fjölgi utan höfuðborgarsvæðisins á næsta ári?

Skriflegt svar óskast.

287. Fyrirspurn [257. mál]

til landbúnaðarráðherra um störf hjá ráðuneytinu.

Frá Birki J. Jónssyni.

1. Hversu mikið hefur störfum hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess fjölgað eða fækkað það sem af er þessu ári á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og utan þess hins vegar?
2. Hversu mikið er áætlað að störfum hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess fjölgi utan höfuðborgarsvæðisins á næsta ári?

Skriflegt svar óskast.

288. Fyrirspurn [258. mál]

til utanríkisráðherra um störf hjá ráðuneytinu.

Frá Birki J. Jónssyni.

1. Hversu mikið hefur störfum hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess fjölgað eða fækkað það sem af er þessu ári á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og utan þess hins vegar?

2. Hversu mikið er áætlað að störfum hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess fjölgi utan höfuðborgarsvæðisins á næsta ári?

Skriflegt svar óskast.

289. Fyrirspurn [259. mál]

til iðnaðarráðherra um störf hjá ráðuneytinu.

Frá Birki J. Jónssyni.

1. Hversu mikið hefur störfum hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess fjölgað eða fækkað það sem af er þessu ári á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og utan þess hins vegar?
2. Hversu mikið er áætlað að störfum hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess fjölgi utan höfuðborgarsvæðisins á næsta ári?

Skriflegt svar óskast.

290. Fyrirspurn [260. mál]

til félagsmálaráðherra um störf hjá ráðuneytinu.

Frá Birki J. Jónssyni.

1. Hversu mikið hefur störfum hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess fjölgað eða fækkað það sem af er þessu ári á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og utan þess hins vegar?
2. Hversu mikið er áætlað að störfum hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess fjölgi utan höfuðborgarsvæðisins á næsta ári?

Skriflegt svar óskast.

291. Fyrirspurn [261. mál]

til umhverfisráðherra um störf hjá ráðuneytinu.

Frá Birki J. Jónssyni.

1. Hversu mikið hefur störfum hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess fjölgað eða fækkað það sem af er þessu ári á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og utan þess hins vegar?
2. Hversu mikið er áætlað að störfum hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess fjölgi utan höfuðborgarsvæðisins á næsta ári?

Skriflegt svar óskast.

292. Fyrirspurn [262. mál]

til samgönguráðherra um störf hjá ráðuneytinu.

Frá Birki J. Jónssyni.

1. Hversu mikið hefur störfum hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess fjölgað eða fækkað það sem af er þessu ári á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og utan þess hins vegar?
2. Hversu mikið er áætlað að störfum hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess fjölgi utan höfuðborgarsvæðisins á næsta ári?

Skriflegt svar óskast.

293. Fyrirspurn [263. mál]

til viðskiptaráðherra um störf hjá ráðuneytinu.

Frá Birki J. Jónssyni.

1. Hversu mikið hefur störfum hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess fjölgað eða fækkað það sem af er þessu ári á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og utan þess hins vegar?
2. Hversu mikið er áætlað að störfum hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess fjölgi utan höfuðborgarsvæðisins á næsta ári?

Skriflegt svar óskast.

294. Fyrirspurn [264. mál]

til forsætisráðherra um Breiðavík.

Frá Helga Hjörvar.

1. Hvað líður störfum nefndar er kanna átti starfsemi í Breiðavík og hvenær má vænta niðurstöðu hennar?
2. Hve margir hafa leitað eftir þjónustu sérfræðingateymis og hvað má ætla að það sé stór hluti þeirra sem vistaðir voru í Breiðavík?
3. Hvernig hefur til tekist með þjónustu sérfræðingateymisins og hvernig hefur tekist að virkja aðra þætti velferðarkerfisins en heilbrigðisþjónustu í stuðningi við fórnarlömbin?
4. Hvernig má almennt lýsa núverandi félagslegri stöðu fórnarlambanna?
5. Hve miklum fjármunum hefur verið varið í stuðningsaðgerðir?
6. Verða formleg lok á verkefninu eða einhvers konar skilagrein gerð um hvernig til hefur tekist?

295. Fyrirspurn [265. mál]

til heilbrigðisráðherra um fósturgreiningu og fræðslu um Downs-heilkenni.

Frá Guðfríði Lilju Grétarsdóttur og Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hvernig er upplýsingum og ráðgjöf til verðandi foreldra háttað um snemmómskoðun, hverjir sjá um slíka fræðslu og með hvaða hætti hafa hagsmunasamtök fatlaðra komið að mótun slíks fræðslustarfs?
2. Hvers konar aðstoð er í boði til verðandi foreldra eftir að í ljós kemur að fóstur greinist með Downs-heilkenni, hvernig er þeim hjálpað að taka ákvörðun um framhaldið og hvernig hefur sú aðstoð verið byggð upp?
3. Telur ráðherra koma til greina að láta gera könnun á félagslegum aðstæðum einstaklinga með Downs-heilkenni og lífsgæðum fjölskyldna þeirra, m.a. í þeim tilgangi að veita verðandi foreldrum nánari og betri upplýsingar í tengslum við snemmómskoðun?
4. Hvernig hyggst ráðherra beita sér gegn fordómum í garð barna og fullorðinna með Downs-heilkenni og í samstarfi við hvaða aðila telur ráðherra það best gert?

Skriflegt svar óskast.

296. Fyrirspurn [266. mál]

til menntamálaráðherra um verkefnið „Framtíð í nýju landi“ o.fl.

Frá Ragnheiði Ríkharðsdóttur.

1. Hvert er mat ráðherra á verkefninu „Framtíð í nýju landi“ og hverjar eru helstu niðurstöður úr verkefninu?
2. Hvaða nýmælum hyggst ráðuneytið beita sér fyrir vegna nemenda með annað móðurmál en íslensku?

297. Fyrirspurn [267. mál]

til samgönguráðherra um neyðarsenda.

Frá Ragnheiði Ríkharðsdóttur.

1. Hyggst ráðherra tryggja að reglur Evrópusambandsins, sem ekki gera kröfur um neyðarsenda í gúmbjörgunarbátum, eins og hér hefur verið skylda, verði ekki teknar upp hér á landi?
2. Hefur ráðherra hugleitt að skipa starfshóp sem skoði hvernig endurnýjun neyðarsenda er háttað og að gera breytingar á reglum til að tryggja enn frekar öryggi sæfarenda?
3. Hyggst ráðherra beita sér fyrir aðgangi Íslendinga að alþjóðlegum öryggis- og fjarskiptakerfum sem byggjast á þjónustu gervihnatta við leit og björgun mannslífa á sjó og landi?

298. Tillaga til þingsályktunar [268. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 125/2007, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 125/2007 frá 28. september 2007, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB frá 23. október 2000 um aðgerðaramma Bandalagsins um stefnu í vatnsmálum.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 125/2007 frá 28. september 2007, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB frá 23. október 2000 um aðgerðaramma Bandalagsins um stefnu í vatnsmálum.

Ákvörðun þessi kallar á lagabreytingar hér á landi og var tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu. Í tillögu þessari er gerð nánari grein fyrir því hvað felst í slíkum fyrirvara, sbr. 103. gr. EES-samningsins. Jafnframt er gerð grein fyrir efni þeirrar gerðar sem hér um ræðir. Gerð þessi felur ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir er prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðinni sjálfri.

2. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB frá 23. október 2000 um aðgerðaramma Bandalagsins um stefnu í vatnsmálum.

Meginmarkmið tilskipunarinnar er að setja ramma um vernd yfirborðsvatns, grunnvatns, árósavatns og strandsjávar, sem og að hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vistkerfa og, að svo miklu leyti sem vatn hefur áhrif á önnur vistkerfi, tekur tilskipunin einnig til gæða þeirra. Þá er ætlunin að tryggja sjálfbæra vatnsnotkun með verndun nytjavatns, auka verndun og bæta vatnakerfi, t.d. með aðgerðum til að draga úr eða stöðva losun hættulegra efna, og stuðla að aðgerðum gegn flóðum til þess að bæta ástand vatns og sjávar.

Tilskipunin er eingöngu EES-tæk að hluta. Þannig voru þeir þættir sem lúta að náttúruvernd, t.d. lífríki við strendur, ár og vötn, ekki teknir upp í EES-samninginn, heldur aðeins atriði er varða mengun, vöktun með henni og eftirlit. Ákvæði er varða auðlindastjórnun og gjaldtöku voru sömuleiðis ekki tekin upp í samninginn.

Samningaviðræður stóðu lengi við framkvæmdastjórnina um hvernig væri rétt að taka tilskipunina upp í EES-samninginn. Eftir heimsókn fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar til Íslands, þar sem aðstæður hér á landi voru kynntar, náðist niðurstaða um að í almennri yfirlýsingu með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar væri áréttað að ólíkar landfræðilegar aðstæður kölluðu á mismunandi aðgerðir til að ná fram markmiðum tilskipunarinnar og að stjórnvöld gætu því metið á hverjum stað hvaða aðgerða þurfi að grípa til. Þá flutti fulltrúi

Íslands einnig yfirlýsingu á fundi sameiginlegu EES-nefndarinnar, þegar tilskipunin var tekin upp í EES-samninginn, þar sem sérstaða Íslands var ítrekuð.

Frá árinu 2001 hefur vinnuhópur á vegum umhverfisráðuneytis og iðnaðarráðuneytis starfað til að fara yfir lögleiðingu tilskipunarinnar. Lauk starfshópurinn störfum í mars 2007. Lagði hópurinn m.a. til að Umhverfisstofnun hæfist þegar handa við gagnaöflun og að starfshópur yrði skipaður til að gera tillögur að frumvarpi til laga um stjórnskipulag á sviði vatnamála í samræmi við tilskipunina. Til að innleiða tilskipunina hér á landi þarf að setja lög um stjórnun vatnsmála sem heyra undir umhverfisráðuneytið og að hluta til undir iðnaðarráðuneytið. Einnig þarf hugsanlega að breyta lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, auk þess sem breyta þarf reglugerðum sem heyra undir umhverfisráðuneytið.

EES/EFTA-ríkin þurfa ekki að innleiða tilskipunina fyrr en tveimur árum eftir að hún var tekin upp í EES-samninginn. Þá munu allir frestir í tilskipuninni taka mið af því hvenær gerðin kemur inn í EES-samninginn í stað ársins 2000, þegar tilskipunin var samþykkt hjá ESB.

Ljóst er að verulegur kostnaður mun koma til í tengslum við lögleiðingu tilskipunarinnar hér á landi og vegna úttekta, vöktunar og skýrslugerða þegar tilskipunin verður að fullu komin til framkvæmda. Kostnaðurinn mun aðallega falla á ríkið, en einnig á sveitarfélög vegna framkvæmdar vatnsverndar. Starfshópurinn mat kostnað ríkisins vegna undirbúningsframkvæmda 194,2 milljónir króna, sem mun dreifast á næstu ár, hugsanlega allt til ársins 2013. Í skýrslu starfshópsins til þáverandi umhverfisráðherra frá 12. mars 2007 er gerð nánari grein fyrir sundurliðun framangreinds kostnaðar. Hluti þessa kostnaðar hefur þegar fallið til og verið greiddur hlutaðeigandi stofnunum. Kostnaður heilbrigðiseftirlits, sem rekið er af sveitarfélögunum, mun ekki falla til fyrr en síðar og er ekki ljóst hversu mikill hann verður. Samráð hefur verið haft við sveitarfélögin um upptöku tilskipunarinnar frá því byrjað var að ræða upptöku tilskipunarinnar í EES-samninginn. Lögum samkvæmt verður þó öll vöktun á hendi ríkisins, þ.e. Umhverfisstofnunar.

3. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

EES-samningurinn er reglulega uppfærður með breytingum á viðaukum og bókunum við samninginn. Ákvarðanir um þessar breytingar eru teknar í sameiginlegu EES-nefndinni og með þær hefur ávallt verið farið sem hverja aðra þjóðréttarsamninga. Samkvæmt EES-samningnum skuldbinda þær aðildarríkin að þjóðarétti um leið og þær hafa verið teknar, nema eitthvert þeirra beiti heimild í 103. gr. EES-samningsins til að setja fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Viðkomandi aðildarríki hefur þá sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum. Að því er Ísland varðar hefur slíkur fyrirvari almennt einungis verið settur þegar innleiðing ákvörðunar kallar á lagabreytingar hér landi, en í því tilviki leiðir af 21. gr. stjórnarskrárinnar að leita ber eftir samþykki Alþingis áður en ákvörðun er staðfest. Slíkt samþykki getur Alþingi alltaf veitt með viðeigandi lagabreytingu, en einnig hefur tíðkast að heimila stjórnvöldum að skuldbinda sig að þjóðarétti með þingsályktun áður en landsréttinum er með lögum breytt til samræmis við viðkomandi ákvörðun. Í seinni tíð hefur það verið viðtekinn háttur við staðfestingu þeirra ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar, sem krefst lagabreytinga að innleiða, enda kemur hvortveggja til, að frestur til að aflétta hinum stjórnskipulega fyrirvara er tiltölulega skammur, auk þess sem ekki er alltaf tímabært að innleiða ákvörðun um leið og hún er tekin.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 125/2007

frá 28. september 2007

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 36/2007 frá 27. apríl 2007 ([1]).

2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB frá 23. október 2000 um aðgerðaramma Bandalagsins um stefnu í vatnsmálum ([2]).

3) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2000/60/EB falla úr gildi, hinn 22. desember 2007, tilskipun 75/440/EBE ([3]), með áorðnum breytingum, og tilskipun 79/869/EBE ([4]), með áorðnum breytingum, en þær gerðir hafa verið felldar inn í samninginn og ber því að fella þær brott þannig að brottfellingin komi til framkvæmdar hinn 22. desember 2007.

4) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2000/60/EB falla úr gildi, hinn 22. desember 2013, tilskipun 80/68/EBE ([5]), með áorðnum breytingum, og tilskipun 76/464/EBE ([6]), með áorðnum breytingum, en þær gerðir hafa verið felldar inn í samninginn og ber því að fella þær brott þannig að brottfellingin komi til framkvæmdar 22. desember 2013.

5) Ákvæði tilskipunar 2000/60/EB ber að túlka að teknu sérstöku tilliti til þess að markmið með aðgerðum samningsaðila á sviði umhverfismála eru skilgreind í 73. gr. samningsins, en önnur stefnumótun í EB-sáttmálanum fellur utan gildissviðs samningsins.

([1]) Stjtíð. ESB L 209, 9.8.2007, bls. 65, og EES-viðbætir nr. 38, 9.8.2007, bls. 41.
([2]) Stjtíð. EB L 327, 22.12.2000, bls. 1.
([3]) Stjtíð. EB L 194, 25.7.1975, bls. 26.
([4]) Stjtíð. EB L 271, 29.10.1979, bls. 44.
([5]) Stjtíð. EB L 20, 26.1.1980, bls. 43.
([6]) Stjtíð. EB L 129, 18.5.1976, bls. 23.

6) Í tilskipun 2000/60/EB, sem varðar þróun bandalagsaðgerða á sviði stefnu í vatnsmálum, er vísað bæði til gerða sem hafa verið felldar inn í samninginn og gerða sem hafa ekki verið felldar inn í samninginn.

7) Hafa ber hliðsjón af sameiginlegri yfirlýsingu sem fylgir ákvörðun þessari.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

XX. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 13c (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/446/EBE):

„13ca. **32000 L 0060**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB frá 23. október 2000 um aðgerðaramma Bandalagsins um stefnu í vatnsmálum (Stjtíð. EB L 327, 22.12.2000, bls. 1).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Með fyrirvara um síðari umfjöllun sameiginlegu EES-nefndarinnar ber að hafa í huga að eftirtaldar bandalagsgerðir hafa ekki verið felldar inn í EES-samninginn:

i) Tilskipun ráðsins 76/160/EBE frá 8. desember 1975 um gæði vatna til baða (baðvatnatilskipunin).

ii) Tilskipun ráðsins 79/409/EBE frá 2. apríl 1979 um verndun villtra fugla (fuglatilskipunin).

iii) Tilskipun ráðsins 92/43/EBE frá 21. maí 1992 um vernd náttúrlegra búsvæða og villtra plantna og dýra (búsvæðatilskipunin),

iv) Tilskipun ráðsins 79/923/EBE frá 30. október 1979 um tilskilin gæði vatns fyrir skeldýr.

v) Tilskipun ráðsins 78/659/EBE frá 18. júlí 1978 um gæði fersks vatns sem þarf að vernda eða bæta til að fiskur geti þrifist þar.

vi) Ákvörðun ráðsins 77/795/EBE frá 12. desember 1977 um að taka upp sameiginlega aðferð við skipti á upplýsingum um gæði fersks yfirborðsvatns í Bandalaginu.

b) Frestir, sem settir eru í ii. og iii. lið a-liðar 1. mgr. 4. gr., ii. lið b-liðar 1. mgr. 4. gr., c-lið 1. mgr. 4. gr., 1. og 2. mgr. 5. gr., 1. mgr. 6. gr., 2. mgr. 8. gr., 2. mgr. 10. gr., 7. og 8. mgr. 11. gr., 6. og 7. mgr. 13. gr. og 4. mgr. 17. gr. tilskipunarinnar og taldir eru frá gildistökudegi tilskipunarinnar, skulu lesnir þannig að þeir séu taldir frá gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 125/2007 frá 28. september 2007 sem hefur að geyma ákvæði um að fella tilskipun þessa inn í samninginn.

Í samræmi við 11. mgr. bókunar 1 um altæka aðlögun skulu allar tilvísanir til dagsins, sem um getur í 24. gr., lesnar sem tilvísanir til gildistökudags ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 125/2007 frá 28. september 2007 sem hefur að geyma ákvæði um að fella tilskipun þessa inn í samninginn.“

2. Texti 3. liðar (tilskipun ráðsins 75/440/EBE) og 5. liðar (tilskipun ráðsins 79/869/EBE) falli brott hinn 22. desember 2007.

3. Texti 6. liðar (tilskipun ráðsins 80/68/EBE) falli brott hinn 22. desember 2013.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2000/60/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins,* telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 29. september 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 28. september 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

Stefán Haukur Jóhannesson

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

Bergdís Ellertsdóttir *Matthias Brinkmann*

Sameiginleg yfirlýsing vegna ákvörðunar nr. 125/2007 sem felur í sér ákvæði um að fella tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB inn í samninginn

„Samningsaðilum er ljóst að vötn um alla Evrópu verða fyrir fjölbreytilegu álagi og áhrifum af mannavöldum. Því getur verið mismunandi frá einu svæði til annars hvaða ráðstafana og aðgerða er þörf til að ná umhverfismarkmiðum tilskipunarinnar. Í rammatilskipuninni um vatn er tekið tillit til þessara fjölbreytilegu aðstæðna. Í henni er yfirvöldum, sem hafa framkvæmd tilskipunarinnar með höndum, látið eftir að ákveða hvaða ráðstafanir og aðgerðir henta best til að mæta ríkjandi álagi og áhrifum þannig að umhverfismarkmiðin náist.“

Fylgiskjal II.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2000/60/EB

frá 23. október 2000

um aðgerðaramma Bandalagsins um stefnu í vatnsmálum

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 175. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([2]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar ([3]),

í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([4]), og á grundvelli sameiginlegs texta sáttanefndarinnar frá 18. júlí 2000,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Vatn er ekki eins og hver önnur verslunarvara heldur arfleifð sem ber að vernda, standa vörð um og fara með sem slíka.

2) Í ályktunum ráðherraþings um stefnu Bandalagsins í vatnsmálum, sem haldið var í Frankfurt 1988, var lögð áhersla á nauðsyn þess að setja löggjöf fyrir Bandalagið um vistfræðileg gæði. Í ályktun sinni frá 28. júní 1988 ([5]) fór ráðið þess á leit við framkvæmdastjórnina að hún legði fram tillögur um leiðir til að bæta vistfræðileg gæði yfirborðsvatns í Bandalaginu.

3) Í yfirlýsingu ráðherraþingsins um grunnvatn, sem haldið var í Haag 1991, var viðurkennt að þörf væri á aðgerðum til að koma í veg fyrir að ferskvatn versni til langtíma, bæði að því er varðar gæði og magn, og farið fram á að aðgerðaáætlun, sem hefði að markmiði sjálfbæra stjórnun og vernd ferskvatnsauðlinda, yrði hrundið í framkvæmd eigi síðar en árið 2000. Í ályktunum sínum frá 25. febrúar 1992 ([6]) og 20. febrúar 1995 ([7]) óskaði ráðið eftir aðgerðaáætlun um grunnvatn og endurskoðun á tilskipun ráðsins 80/68/EBE frá 17. desember 1979 um verndun grunnvatns gegn mengun af völdum tiltekinna hættulegra efna ([8]), sem yrði liður í heildarstefnu um vernd ferskvatns.

4) Æ meiri þrýstingur skapast varðandi vatn í Bandalaginu vegna stöðugt vaxandi eftirspurnar eftir nægu magni af gæðavatni til allra nota. Þann 10. nóvember 1995 lagði Umhverfisstofnun Evrópu fram skýrslu sína „Umhverfismál í Evrópusambandinu – 1995“, uppfærða skýrslu um umhverfismál sem staðfesti nauðsyn þess að grípa til aðgerða til að vernda vatn í Bandalaginu, bæði að því er varðar gæði og magn.

5) Þann 18. desember 1995 samþykkti ráðið ályktanir þar sem þess var meðal annars krafist að samin yrði ný rammatilskipun um grundvallarreglur sjálfbærrar stefnu í vatnsmálum í Evrópusambandinu og var framkvæmdastjórnin hvött til að leggja fram tillögu þar að lútandi.

6) Þann 21. febrúar 1996 samþykkti framkvæmdastjórnin orðsendingu til Evrópuþingsins og ráðsins um stefnu Evrópubandalagsins í vatnsmálum þar sem settar voru fram grundvallarreglur varðandi stefnu Bandalagsins í vatnsmálum.

7) Þann 9. september 1996 lagði framkvæmdastjórnin fram tillögu að ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins um aðgerðaáætlun um samþætta

([1]) Stjtíð. EB C 184, 17.6.1997,bls. 20, Stjtíð. EB C 16, 20.1.1998, bls.14 og Stjtíð. EB C 108, 7.4.1998, bls.94.
([2]) Stjtíð. EB C 355, 21.11.1997, bls.83.
([3]) Stjtíð. EB C 180, 11.6.1998,bls. 38.
([4]) Álit Evrópuþingsins frá 11. febrúar 1999 (Stjtíð. EB C 150, 28.5.1999, bls. 419), staðfest 16. september 1999, og sameiginleg afstaða ráðsins frá 22.október 1999 (Stjtíð. EB C 343, 30.11.1999, bls. 1). Ákvörðun Evrópuþingsins frá 7. september 2000 og ákvörðun ráðsins frá 14. september 2000.
([5]) Stjtíð. EB C 209, 9.8.1988, bls.3.
([6]) Stjtíð. EB C 59, 6.3.1992, bls. 2.
([7]) Stjtíð. EB C 49, 28.2.1995, bls.1.
([8]) Stjtíð. EB L 20, 26.1.1980, bls. 43. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 91/692/EBE (Stjtíð. EB L 377, 31.12.1991, bls.48).

vernd og stjórnun grunnvatns ([1]). Í þeirri tillögu benti framkvæmdastjórnin á nauðsyn þess að koma á málsmeðferð um stjórnun ferskvatnstöku og vöktun á gæðum og magni ferskvatns.

8) Þann 29. maí 1995 samþykkti framkvæmdastjórnin orðsendingu til Evrópuþingsins og ráðsins um skynsamlega nýtingu og vernd votlendis þar sem mikilvægi þess fyrir vernd vatnsauðlinda var viðurkennt.

9) Nauðsynlegt er að þróa samþætta stefnu Bandalagsins í vatnsmálum.

10) Ráðið fór þess á leit við framkvæmdastjórnina þann 25. júní 1996, svæðanefndin 19. september 1996, efnahags- og félagsmálanefndin 26. september 1996 og Evrópuþingið 23. október 1996 að hún legði fram tillögu að tilskipun ráðsins þar sem settur væri rammi um stefnu í vatnsmálum í Evrópu.

11) Eins og fram kemur í 174. gr. í sáttmálanum felst umhverfisstefna Bandalagsins í því að stuðla að því að ná þeim markmiðum að varðveita, vernda og bæta gæði umhverfisins með því að nýta náttúruauðlindir af varúð og skynsemi og byggist hún á varúðarreglunni og þeim meginreglum að girt skuli fyrir umhverfisspjöll, áhersla er lögð á úrbætur þar sem tjón á upptök sín og bótaskylda er lögð á þann sem veldur mengun.

12) Samkvæmt 174. gr. í sáttmálanum skal Bandalagið, við mótun umhverfisstefnu sinnar, taka tillit til fyrirliggjandi, vísindalegra og tæknilegra upplýsinga, umhverfisskilyrða á hinum ýmsu svæðum Bandalagsins og efnahagslegrar og félagslegrar þróunar í Bandalaginu í heild og jafnvægis í þróun á svæðum þess, sem og til mögulegs ávinnings og kostnaðar af aðgerðum eða aðgerðaleysi.

13) Innan Bandalagsins eru margvíslegar aðstæður og þarfir sem krefjast sérstakra úrlausna. Taka ber tillit til þessa margbreytileika við skipulagningu og framkvæmd ráðstafana til að tryggja vernd og sjálfbæra notkun vatns innan hvers vatnasviðs. Ákvarðanir skulu teknar á þeim vettvangi sem næstur er stöðunum þar sem vatn hefur orðið fyrir áhrifum eða notað. Veita skal forgang þeim aðgerðum sem aðildarríkin bera ábyrgð á með því að gera áætlanir um ráðstafanir sem eru lagaðar að svæðisbundnum eða staðbundnum aðstæðum.

14) Hvernig til tekst með þessa tilskipun byggist á nánu samstarfi og samfellu aðgerða á vettvangi Bandalagsins og aðildarríkjanna og á hverjum stað, og einnig upplýsingamiðlun, samráði og þátttöku almennings, m.a. notenda.

15) Vatnsveita telst til þjónustu sem er almennt hagsmunamál, eins og skilgreint er í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um þjónustu sem er almennt hagsmunamál í Evrópu ([2]).

16) Nauðsynlegt er að fella vernd og sjálfbæra stjórnun vatns enn frekar inn í stefnu Bandalagsins á öðrum sviðum, svo sem á sviði orkumála, flutninga, landbúnaðar, fiskveiða, byggðastefnu og ferðaþjónustu. Þessi tilskipun skal vera grundvöllur áframhaldandi skoðanaskipta og þróunar skipulags er miðar að frekari samþættingu stefnu á einstökum sviðum. Þessi tilskipun getur einnig verið mikilvægt framlag á öðrum sviðum samvinnu milli aðildarríkjanna, s.s. að því er varðar Evrópska svæðisþróunarþáttinn (European Spatial Development Perspective).

17) Við mótun skilvirkrar og samfelldrar stefnu í vatnsmálum verður að taka tillit til þess hve vatnavistkerfi, sem eru nálægt ströndum og ármynnum eða í flóum eða á tiltölulega afloknuðum hafsvæðum, eru viðkvæm þar sem jafnvægi þeirra veltur mjög á gæðum þess landvatns sem rennur í þau. Vernd á ástandi vatns innan vatnasviða gefur efnahagslegan ávinning með því að stuðla að vernd fiskistofna, m.a. strandsjávarstofna.

18) Þörf er á gagnsæjum, skilvirkum og samfelldum lagaramma um stefnu Bandalagsins í vatnsmálum. Bandalagið skal setja sameiginlegar grundvallarreglur og heildarramma fyrir áætlunina. Í tilskipun þessari skal kveðið á um slíkan ramma auk þess að samræma og samþætta og, til lengri tíma litið, þróa áfram hinar almennu grundvallarreglur og skipulag fyrir vernd og sjálfbæra notkun vatns í Bandalaginu, í samræmi við dreifræðisregluna.

19) Þessi tilskipun miðar að því að viðhalda og bæta ástand vatns í Bandalaginu. Þetta markmið snertir fyrst og fremst gæði vatnsins er um ræðir. Vatnsmagn er enn fremur einn þeirra þátta sem þarf að líta eftir með tilliti til vatnsgæða og því ber einnig að gera ráðstafanir varðandi magn til að ná megi því markmiði að tryggja mikil gæði.

([1]) Stjtíð. EB C 355, 25.11.1996, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB C 281, 26.9.1996, bls. 3.

20) Magnstaða grunnvatns getur haft áhrif á vistfræðileg gæði yfirborðsvatns og landvistkerfa sem tengjast því grunnvatnshloti.

21) Bandalagið og aðildarríkin eru aðilar að ýmsum alþjóðasamningum sem fela í sér mikilvægar skuldbindingar um vernd sjávar gegn mengun, einkum samningnum um vernd Eystrasalts, sem var undirritaður í Helsinki 9. apríl 1992 og samþykktur með ákvörðun ráðsins 94/157/EB ([1]), samningnum um vernd Norðaustur-Atlantshafsins, sem var undirritaður í París 22. september 1992 og samþykktur með ákvörðun ráðsins 98/249/EB ([2]), og samningnum um vernd Miðjarðarhafsins gegn mengun, sem var undirritaður í Barcelona 16. febrúar 1976 og samþykktur með ákvörðun ráðsins 77/585/EBE ([3]), og bókun við hann um vernd Miðjarðarhafsins gegn mengun frá mengunarvöldum í landi, sem var undirrituð í Aþenu 17. maí 1980 og samþykkt með ákvörðun ráðsins 83/101/EBE ([4]). Þessi tilskipun á að stuðla að því að gera Bandalaginu og aðildarríkjunum kleift að standa við þessar skuldbindingar.

22) Þessi tilskipun á að stuðla að því að losun hættulegra efna í vatn verði minnkuð jafnt og þétt.

23) Þörf er á sameiginlegum grundvallarreglum til að samræma aðgerðir aðildarríkjanna til að auka vernd vatns í Bandalaginu að því er varðar gæði og magn, stuðla að sjálfbærri vatnsnotkun, stuðla að því að ná tökum á vandamálum í tengslum við vatn sem rennur yfir landamæri, vernda vatnavistkerfi og landvistkerfi og votlendi sem eru beint háð þeim og standa vörð um nýja möguleika varðandi nýtingu vatns í Bandalaginu og þróa þá.

24) Mikil gæði vatns stuðla að því að sjá megi íbúunum fyrir nægu drykkjarvatni.

25) Ákveða skal sameiginlegar skilgreiningar á ástandi vatns að því er varðar gæði og, þar sem við á vegna umhverfisverndar, að því er varðar magn. Setja skal umhverfismarkmið sem miða að því að tryggja gott ástand yfirborðsvatns og grunnvatns í gervöllu Bandalaginu og að komið sé í veg fyrir að ástand vatns á vettvangi Bandalagsins versni.

26) Aðildarríki skulu stefna að því að ná a.m.k. fram markmiðinu um gott ástand vatns með því að skilgreina og framkvæma nauðsynlegar ráðstafanir innan samþættra áætlana um ráðstafanir, að teknu tilliti til gildandi krafna Bandalagsins. Þar sem ástand vatns er gott fyrir ber að viðhalda því. Gerðar eru kröfur um gott ástand grunnvatns en auk þess skal greina ef umtalsverð og viðvarandi, stígandi leitni kemur fram í styrk mengunarvalda í því og snúa þeirri leitni við.

27) Endanlegt markmið þessarar tilskipunar er að hættulegum forgangsefnum verði útrýmt og að stuðla að því að styrkleiki í sjó verði nálægt bakgrunnsgildum efna sem koma fyrir í náttúrunni.

28) Yfirborðsvatn og grunnvatn eru í eðli sínu endurnýjanlegar auðlindir. Ef tryggja á gott ástand grunnvatns verður að grípa snemma inn í og skipuleggja vandaða áætlun um verndaraðgerðir til langs tíma, einkum vegna þess hve myndun þess og endurnýjun er hæg frá náttúrunnar hendi. Taka skal tillit til þess tíma, sem það tekur að ná fram umbótum, í tímaáætlunum fyrir ráðstafanir til að ná fram góðu ástandi grunnvatns og snúa við hvers konar umtalsverðri og viðvarandi, stígandi leitni í styrk mengunarvalda í grunnvatni.

29) Til að ná markmiðunum, sem sett eru fram í þessari tilskipun og við gerð áætlunar um ráðstafanir í því skyni er aðildarríkjunum heimilt að skipta framkvæmd áætlunarinnar niður í áfanga til að dreifa kostnaði við að hrinda henni í framkvæmd.

30) Til að tryggja að þessi tilskipun verði framkvæmd til fulls og á samræmdan hátt skulu hvers konar frestir, sem gefnir eru, veittir á grundvelli viðeigandi, augljósra og gagnsærra viðmiðana og aðildarríkin skulu færa rök fyrir þeim í stjórnunaráætlunum fyrir vatnasviðaumdæmi.

31) Ef vatnshlot hefur orðið fyrir svo miklum áhrifum af mannavöldum eða náttúrulegt ástand þess er þannig að ógerlegt eða óhóflega dýrt yrði að koma ástandi þess í gott horf má setja vægari umhverfismarkmið, á grundvelli viðeigandi, augljósra og gagnsærra viðmiðana, og gera skal allar tiltækar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að ástand vatnsins versni enn frekar.

32) Við sérstakar aðstæður má veita undanþágur frá kröfunni um að koma í veg fyrir að ástandið versni eða koma ástandinu í gott horf ef skaðinn er afleiðing ófyrirsjáanlegra eða sérstakra aðstæðna, einkum flóða og þurrka, eða nýorð-

---

([1]) Stjtíð. EB L 73, 16.3.1994, bls. 19.
([2]) Stjtíð. EB L 104, 3.4.1998, bls. 1.
([3]) Stjtíð. EB L 240, 19.9.1977, bls. 1.
([4]) Stjtíð. EB L 67, 12.3.1983, bls. 1.

inna breytinga á eiginleikum yfirborðsvatnshlots eða breytinga á grunnvatnshloti vegna þess að hagsmunir almennings krefjist þess, að því tilskildu að allar tiltækar ráðstafanir séu gerðar til að draga úr skaðlegum áhrifum á ástand vatnshlotsins.

33) Leitast skal við að ástand vatns á hverju vatnasviði fyrir sig verði gott til að unnt sé að samræma ráðstafanir varðandi yfirborðsvatn og grunnvatn sem tilheyrir sama vistfræði-, vatnafræði- og vatnajarðfræðilega kerfinu.

34) Að því er varðar umhverfisvernd er nauðsynlegt að samþætta enn frekar eigind- og megindlega þætti, bæði að því er varðar yfirborðsvatn og grunnvatn, þar sem tillit er tekið til náttúrulegra flæðiskilyrða í hringrás vatnsins.

35) Á stöðum þar sem vatnsnotkun á tilteknu vatnasviði getur haft áhrif yfir landamæri skal samræma kröfur sem miða að því að umhverfismarkmiðin, sem sett eru samkvæmt þessari tilskipun, nái fram að ganga, einkum hvers kyns áætlanir um ráðstafanir, fyrir vatnasviðaumdæmið í heild sinni. Þar sem vatnasvið ná út fyrir landamæri Bandalagsins skulu aðildarríkin kappkosta að tryggja viðeigandi samræmingu við viðkomandi lönd utan Bandalagsins. Þessari tilskipun er ætlað að stuðla að því að staðið verði við skuldbindingar Bandalagsins samkvæmt alþjóðasamningum um vatnsvernd og -stjórnun, einkum samnings Sameinuðu þjóðanna um vernd og nýtingu vatnsfalla sem renna yfir landamæri og alþjóðlegra stöðuvatna, sem samþykktur var með ákvörðun ráðsins 95/308/EB ([1]) og öllum síðari samningum um beitingu hans.

36) Nauðsynlegt er að fram fari greining á eiginleikum vatnasviða og áhrifum á þau vegna athafna mannsins, auk efnahagslegrar greiningar á vatnsnotkun. Aðildarríkin skulu vakta þróun í ástandi vatns á kerfisbundinn og sambærilegan hátt í gervöllu Bandalaginu. Þessar upplýsingar eru nauðsynlegar til að skapa traustan grunn fyrir aðildarríkin við gerð áætlana um ráðstafanir sem miða að því að markmiðin, sem sett eru samkvæmt þessari tilskipun, nái fram að ganga.

37) Aðildarríkin skulu tilgreina vatnslindir þar sem taka drykkjarvatns fer fram og tryggja að farið sé að ákvæðum tilskipunar ráðsins 80/778/EBE frá 15. júlí 1980 um gæði neysluvatns ([2]).

38) Beiting aðildarríkjanna á efnahagslegum stjórntækjum kann að vera viðeigandi sem hluti af áætlun um ráðstafanir. Taka ber tillit til meginreglunnar um endurheimt kostnaðar vegna vatnsþjónustu, að meðtöldum umhverfis- eða auðlindatengdum kostnaði vegna tjóns eða skaðlegra áhrifa á vatn, einkum mengunarbótareglunnar. Efnahagsleg greining á vatnsþjónustu, sem byggist á langtímaspám um framboð og eftirspurn eftir vatni á vatnasviðaumdæminu, er nauðsynleg í þessu skyni.

39) Nauðsynlegt er að koma í veg fyrir eða draga úr áhrifum mengunarslysa. Í áætlun um ráðstafanir skulu vera ráðstafanir sem miða að því.

40) Að því er varðar fyrirbyggjandi aðgerðir gegn mengun og mengunarvarnir skal stefna Bandalagsins í vatnsmálum grundvallast á samræmdri aðferð þar sem gripið er til varna gegn mengun við upptökin með því að setja viðmiðunargildi fyrir losun og umhverfisgæðakröfur.

41) Að því er varðar vatnsmagn skal setja grundvallarreglur um eftirlit með vatnstöku og vatnsmiðlun til að tryggja að snortin vatnshlot séu sjálfbær frá umhverfissjónarmiði.

42) Setja skal tilteknar lágmarkskröfur í löggjöf Bandalagsins um almennar umhverfisgæðakröfur og viðmiðunargildi fyrir losun, sem gilda um tiltekna flokka eða hópa mengunarvalda. Tryggja skal að ákvæði um slíkar kröfur séu samþykkt á vettvangi Bandalagsins.

43) Binda skal endi á mengun með sleppingu, losun eða leka hættulegra forgangsefna eða stöðva hana í áföngum. Evrópuþingið og ráðið skulu, að fenginni tillögu frá framkvæmdastjórninni, komast að samkomulagi um það hvaða efni skuli hafa forgang og til hvaða sérstöku ráðstafana skuli gripið gegn mengun vatns af völdum þeirra efna, um leið og tekið er tillit til allra mikilvægra upptaka þeirra og umfang og samsetning eftirlitsráðstafana, sem eru hagkvæmar og í réttu hlutfalli við þær niðurstöður sem óskað er, er ákvarðað.

44) Við greiningu hættulegra forgangsefna skal taka tillit til varúðarreglunnar, þá einkum greiningar á hvers kyns hugsanlegum, skaðlegum áhrifum viðkomandi efnis, og vísindalegs áhættumats.

([1]) Stjtíð. EB L 186, 5.8.1995, bls. 42.

([2]) Stjtíð. EB L 229, 30.8.1980, bls. 11. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 98/83/EB (Stjtíð. EB L330, 5.12.1998, bls. 32).

45) Aðildarríkin skulu samþykkja ráðstafanir til að uppræta mengun yfirborðsvatns af völdum forgangsefna og draga jafnt og þétt úr mengun af völdum annarra efna sem annars myndu hindra aðildarríkin í að ná markmiðum sínum að því er varðar yfirborðsvatnshlot.

46) Til að tryggja þátttöku almennings, þar á meðal vatnsnotenda, í að koma á og uppfæra stjórnunaráætlanir fyrir vatnasviðaumdæmi er nauðsynlegt að látnar séu í té viðeigandi upplýsingar um fyrirhugaðar ráðstafanir og skýrsla gefin um framvindu framkvæmdarinnar með það fyrir augum að almenningur komi að henni áður en lokaákvarðanir um nauðsynlegar ráðstafanir eru teknar.

47) Þessi tilskipun skal vera tæki til að taka á þeim hindrunum sem eru í vegi fyrir því að bæta ástand vatns, sem ekki er fjallað um í löggjöf Bandalagsins um vatn, með það í huga að þróa viðeigandi áætlanir á vettvangi Bandalagsins til að yfirstíga þær.

48) Framkvæmdastjórnin skal árlega leggja fram uppfærða áætlun um framtaksverkefni sem hún hefur í hyggju að gera tillögu um varðandi vatn.

49) Setja skal tækniforskriftir til að tryggja að beiting einsleitra aðferða í Bandalaginu verði liður í þessari tilskipun. Viðmiðanir fyrir mat á ástandi vatns eru mikilvægt skref í rétta átt. Aðlögun tiltekinna, tæknilegra þátta þessarar tilskipunar að tækniþróun og stöðlun aðferða við vöktun, sýnatöku og greiningu skal fara fram með nefndarmeðferð. Til að auka skilning og samræmda beitingu á viðmiðunum um lýsingu á eiginleikum vatnasviðaumdæma og mat á ástandi vatns getur framkvæmdastjórnin samþykkt viðmiðunarreglur um beitingu þessara viðmiðana.

50) Samþykkja skal nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar á þessari tilskipun í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um málsmeðferð um beitingu framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([1]).

51) Með framkvæmd þessarar tilskipunar er stefnt að því að vatnsvernd verði a.m.k. jafnmikil og kveðið er á um í tilteknum, fyrri gerðum, sem þar af leiðandi ber að fella úr gildi um leið og viðeigandi ákvæði þessarar tilskipunar hafa verið framkvæmd til fulls.

52) Ákvæði þessarar tilskipunar koma í stað rammaákvæða um varnir gegn mengun af völdum hættulegra efna, sem sett voru með tilskipun 76/464/EBE ([2]). Þá tilskipun ber því að fella úr gildi um leið og viðeigandi ákvæði þessarar tilskipunar hafa verið framkvæmd til fulls.

53) Tryggja ber að framkvæmd og fullnusta gildandi umhverfislöggjafar um vatnsvernd nái fram að ganga. Nauðsynlegt er að tryggja, með viðeigandi viðurlögum í löggjöf aðildarríkjanna, að ákvæðum um framkvæmd þessarar tilskipunar sé beitt á viðeigandi hátt í gjörvöllu Bandalaginu. Viðurlögin skulu vera árangursrík, í réttu hlutfalli við brot og letjandi.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilgangur

Tilgangurinn með þessari tilskipun er að setja ramma um vernd yfirborðsvatns á landi, árósavatns, strandsjávar og grunnvatns sem:

a) kemur í veg fyrir frekari afturför og verndar og bætir ástand vatnavistkerfa og, að því er varðar vatnsþörf þeirra, vistkerfa á landi og í votlendi sem eru beint háð vistkerfum í vatni,

b) stuðlar að sjálfbærri notkun vatns sem byggir á langtímavernd vatnslinda sem eru fyrir hendi,

c) miðar að aukinni vernd og umbótum á vatnsumhverfi, m.a. með sérstökum ráðstöfunum til að draga jafnt og þétt úr sleppingu, losun og leka forgangsefna og til að binda endi á eða stöðva í áföngum sleppingu, losun og leka hættulegra forgangsefna,

d) tryggir að dregið sé jafnt og þétt úr mengun grunnvatns og kemur í veg fyrir frekari mengun þess og

e) stuðlar að því að milda áhrif af völdum flóða og þurrka

([1]) Stjtíð. EB C 184, 17.7.1999, bls. 23.

([2]) Stjtíð. EB L 129, 18.5.1976, bls. 23. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 91/692/EBE (Stjtíð.EB L 377,31.12.1991, bls.48).

og stuðlar þar með að því:

– að til sé nóg af góðu yfirborðsvatni og grunnvatni til sjálfbærrar, jafnvægrar og réttlátrar vatnsnotkunar,

– að draga umtalsvert úr mengun grunnvatns,

– að vernda hafið innan og utan landhelgi og

– að markmið viðeigandi alþjóðasamninga náist, þ.m.t. þau sem miða að því að koma í veg fyrir og uppræta mengun sjávar, með aðgerð Bandalagsins skv. 3 mgr. 16. gr. í því skyni að binda endi á eða hætta í áföngum sleppingu, losun og leka hættulegra forgangsefna þar sem meginmarkmiðið er að styrkleiki í sjó verði nálægt bakgrunnsgildum fyrir efni, sem koma fyrir í náttúrunni, og verði nálægt núlli að því er varðar manngerð, tilbúin efni.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „Yfirborðsvatn“: landvatn, að undanskildu grunnvatni; árósavatn og strandsjór, en það tekur þó einnig til sjávar innan landhelgi að því er varðar efnafræðilegt ástand.

2. „Grunnvatn“: allt vatn undir yfirborði jarðar í gegnmettaða laginu og í beinni snertingu við landið eða jarðvegsgrunninn.

3. „Landvatn“: allt kyrrstætt eða rennandi vatn á yfirborði jarðar og allt grunnvatn sem er landmegin við þá grunnlínu sem breidd landhelgi miðast við.

4. „Á“: landvatnshlot sem rennur að mestu á yfirborði jarðar en getur runnið neðanjarðar í hluta farvegarins.

5. „Stöðuvatn“: kyrrstætt yfirborðsvatnshlot á landi.

6. „Árósavatn“: yfirborðsvatnshlot í nágrenni ármynna sem er að hluta til salt vegna nálægðar sinnar við strandsjó en verður fyrir verulegum áhrifum af aðstreymi ferskvatns.

7. „Strandsjór“: yfirborðsvatn sem er landmegin við línu sem dregin er sjávarmegin einni sjómílu frá næsta punkti grunnlínu þeirrar sem landhelgi miðast við og teygir sig, þar sem við á, að ytri mörkum árósavatns.

8. „Manngert vatnshlot“: vatnshlot sem hefur orðið til vegna athafna mannsins.

9. „Mikið breytt vatnshlot“: yfirborðsvatnshlot sem hefur verulega breytta eðliseiginleika vegna breytinga af mannavöldum, eins og tiltekið er af aðildarríkinu í samræmi við ákvæði II. viðauka.

10. „Yfirborðsvatnshlot“: afmörkuð heild yfirborðsvatns af umtalsverðri stærð, s.s. stöðuvatn, miðlunarlón, vatnsfall, á eða síki, hluti af vatnsfalli, á eða síki, árósavatn eða strandsjávarkafli.

11. „Veitir“: berglag eða -lög undir yfirborði jarðar eða önnur jarðlög sem eru svo gropin eða gegndræp að umtalsvert grunnvatn getur runnið um þau eða þar getur farið fram grunnvatnstaka í talsverðum mæli.

12. „Grunnvatnshlot“: afmarkað rúmmál grunnvatns innan veitis eða veita.

13. „Vatnasvið“: það landsvæði sem allt afrennsli af yfirborði rennur af í vatnsföllum, ám og jafnvel stöðuvötnum til sjávar við eitt ármynni eða óseyri.

14. „Undirvatnasvið“: það landsvæði sem allt afrennsli af yfirborði rennur af í vatnsföllum, ám og jafnvel stöðuvötnum til tiltekins staðar í farveginum (yfirleitt stöðuvatns eða ármóta).

15. „Vatnasviðaumdaæmi“: svæði á landi og sjó sem samanstendur af einu eða fleiri vatnasviðum ásamt grunnvatni og strandsjó sem tengjast þeim, og sem tilgreint er í 1. mgr. 3. gr. sem meginstjórnsýslueining vatnasviða.

16. „Lögbært yfirvald“: yfirvald eða yfirvöld sem tilgreind eru skv. 2. eða 3. mgr. 3. gr.

17. „Ástand yfirborðsvatns“: almennt hugtak um ástand yfirborðsvatnshlots sem ákvarðast af vistfræðilegu eða efnafræðilegu ástandi þess, eftir því hvort er lakara.

18. „Gott ástand yfirborðsvatns“: ástand yfirborðsvatnshlots þegar bæði vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand þess er a.m.k. „gott“.

19. „Ástand grunnvatns“: almennt hugtak um ástand grunnvatnshlots sem ákvarðast af magnstöðu eða efnafræðilegu ástandi þess, eftir því hvort er lakara.

20. „Gott ástand grunnvatns“: ástand grunnvatnshlots þegar bæði magnstaða og efnafræðilegt ástand þess er a.m.k. „góð/gott“.

21. „Vistfræðilegt ástand“: hugtak sem á við um gæði gerðar og starfsemi vatnavistkerfa sem tengjast yfirborðsvatni, sem flokkast í samræmi við V. viðauka.

22. „Gott vistfræðilegt ástand“: ástand yfirborðsvatnshlots, sem flokkast þannig í samræmi við V. viðauka.

23. „Gott vistmegin“ (good ecological potential): ástand mikið breytts eða manngerðs vatnshlots, sem flokkast þannig í samræmi við viðeigandi ákvæði V. viðauka.

24. „Gott, efnafræðilegt ástand yfirborðsvatns“: það efnafræðilega ástand sem krafist er til að ná megi umhverfismarkmiðunum fyrir yfirborðsvatn, sem sett eru í a-lið 1. mgr. 4. gr., þ.e.a.s. efnafræðilegt ástand yfirborðsvatnshlots þar sem styrkur mengunarvalda er ekki meiri en leyfilegt er samkvæmt umhverfisgæðakröfunum, sem komið er á með IX. viðauka og settar eru í 7. mgr. 16. gr. og annarri viðeigandi löggjöf Bandalagsins þar sem settar eru umhverfisgæðakröfur á vettvangi Bandalagsins.

25. „Gott, efnafræðilegt ástand grunnvatns“: efnafræðilegt ástand grunnvatnshlots sem uppfyllir öll skilyrði töflu 2.3.2 í V. viðauka.

26. „Magnstaða“: hugtak sem er mælikvarði á það hversu mikil áhrif bein eða óbein vatnstaka hefur haft á grunnvatnshlot.

27. „Tiltæk grunnvatnsauðlind“: ársmeðaltal heildarendurnýjunar grunnvatnshlots til langs tíma, að frádregnu ármeðaltali rennslis til langs tíma, sem nauðsynlegt er til að ná megi markmiðum um vistfræðileg gæði fyrir tengt yfirborðsvatn, sem tilgreint er skv. 4. gr., til þess að forðast að vistfræðilegu ástandi slíks vatns hraki umtalsvert og til að forðast hvers kyns verulegt tjón á tengdum landvistkerfum.

28. „Góð magnstaða“: sú staða sem skilgreind er í töflu 2.1.2 í V. viðauka.

29. „Hættuleg efni“: efni eða flokkar efna sem eru eitruð, þrávirk og geta safnast fyrir í lífverum, svo og önnur efni eða flokkar efna sem eru tilefni til jafnmikilla áhyggna.

30. „Forgangsefni“: efni sem tilgreind eru skv. 2. mgr. 16. gr. og talin upp í X. viðauka. Meðal þessara efna eru „hættuleg forgangsefni“, þ.e. efni sem tilgreind eru í samræmi við 3. og 6. mgr. 16. gr., og vegna þeirra verður að gera ráðstafanir í samræmi við 1. og 8. mgr. 16. gr.

31. „Mengunarvaldur“: sérhvert efni sem getur valdið mengun, einkum eitthvert þeirra sem talin eru upp í VIII. viðauka.

32. „Bein slepping í grunnvatn“: það þegar mengunarvöldum er sleppt í grunnvatn án þess að það hripi gegnum jarðveg eða jarðvegsgrunn.

33. „Mengun“: bein eða óbein losun af mannavöldum efna eða varma út í andrúmsloft, vatn eða jarðveg þannig að heilbrigði fólks eða vatnavistkerfum eða landvistkerfum, sem eru beint háð vatnavistkerfum, stafi hætta af, eignatjón verði eða réttmæt not af umhverfinu til tómstundaiðkana eða annarra nota séu hindruð eða trufluð.

34. „Umhverfismarkmið“: markmiðin sem sett eru fram í 4. gr.

35. „Umhverfisgæðakrafa“: ákvæði um að ekki megi fara yfir hámarksstyrk tiltekins mengunarvalds eða hóps mengunarvalda í vatni, setlögum eða lífríkinu, sett til að vernda heilbrigði manna og umhverfið.

36. „Samræmd aðferð“: eftirlit með sleppingu og losun í yfirborðsvatn samkvæmt aðferðinni sem sett er fram í 10. gr.

37. „Neysluvatn“: hugtak með sömu merkingu og í tilskipun 80/778/EBE, eins og henni var breytt með tilskipun 98/83/EB.

38. „Vatnsþjónusta“: öll þjónusta fyrir heimili, opinberar stofnanir og hvers konar atvinnustarfsemi sem fólgin er í:

    a. vatnstöku, miðlun, geymslu, hreinsun eða dreifingu yfirborðsvatns eða grunnvatns,

    b. söfnun skólps og hreinsun þess í stöðvum sem veita vatninu aftur út í yfirborðsvatn.

39. „Vatnsnotkun“: vatnsþjónusta ásamt allri annarri starfsemi sem, skv. 5. gr. og II. viðauka, hefur umtalsverð áhrif á ástand vatns.

    Þetta hugtak gildir að því er varðar 1. gr. og efnahagslegu greininguna sem framkvæmd er skv. 5. gr. og b-lið í III. viðauka.

40. „Losunarmörk“: gildi fyrir massa sem er gefinn upp sem tilteknar færibreytur, styrkleiki og/eða umfang losunar, sem óheimilt er að fara yfir á einu eða fleiri tímabilum. Einnig má mæla fyrir um losunarmörk fyrir tiltekna hópa eða flokka efna, einkum efni sem eru tilgreind í 16. gr.

    Losunarmörk fyrir efni gilda að jafnaði á losunarstað efnanna við stöðina og skal ekki taka tillit til þynningar þegar þessi mörk eru ákvörðuð. Þegar losað er óbeint í vatn er heimilt að taka tillit til áhrifa skólphreinsunarstöðva þegar losunarmörk eru ákvörðuð fyrir viðkomandi búnað, að því tilskildu að sambærileg vernd sé tryggð fyrir umhverfið í heild og að þetta leiði ekki til aukinnar mengunar í umhverfinu.

41. „Stjórnun á losun“: stjórnun sem byggist á sérstökum takmörkunum á losun, til dæmis losunarmörkum, eða þar sem tilgreindar eru á annan hátt takmarkanir á eða skilyrði fyrir áhrifum, eðli eða öðrum eiginleikum losunar eða rekstrarskilyrðum sem hafa áhrif á losun. Ekki skal litið svo á að með notkun orðanna „stjórnun á losun“ í þessari tilskipun, sé verið að endurtúlka ákvæði annarra tilskipana á nokkurn hátt.

3. gr.

Samræming stjórnsýslufyrirkomulags innan vatnasviðaumdæma

1. Aðildarríkin skulu tilgreina öll vatnasvið á yfirráðasvæði sínu og skipa þeim niður, að því er varðar þessa tilskipun, í sérstök vatnasviðaumdæmi. Lítil vatnasvið má sameina stærri vatnasviðum eða sameina þau aðliggjandi, litlum vatnasviðum og mynda þannig sérstök vatnasviðaumdæmi þar sem við á. Ef grunnvatn fylgir ekki að öllu leyti tilteknu vatnasviði skal tilgreina mörk þess og skipa því niður með næsta vatnasviðaumdæmi eða því sem liggur beinast við að það tengist. Afmarka skal strandsjó og skipa honum niður á næsta eða næstu vatnasviðaumdæmi eða það eða þau sem beinast liggur við að það tengist.

2. Aðildarríkin skulu tryggja viðeigandi stjórnsýslufyrirkomulag, þar á meðal tilgreina viðeigandi lögbært yfirvald sem beitir ákvæðum þessarar tilskipunar innan hvers vatnasviðaumdæmis á yfirráðasvæði þeirra.

3. Aðildarríkin skulu tryggja að vatnasviði, sem liggur á yfirráðasvæði fleiri en eins aðildarríkis, sé skipað niður á alþjóðlegt vatnasviðaumdæmi. Að beiðni viðkomandi aðildarríkja skal framkvæmdastjórnin gera sitt til að auðvelda það að skipa megi vatnasviðum á þennan hátt niður í alþjóðleg vatnasviðaumdæmi.

Aðildarríkin skulu tryggja viðeigandi stjórnsýslufyrirkomulag, þ.m.t. að tilgreina viðeigandi, lögbært yfirvald sem beitir ákvæðum þessarar tilskipunar innan sérhvers alþjóðlegs vatnasviðaumdæmis sem er að hluta til á yfirráðasvæði þeirra.

4. Aðildarríkin skulu tryggja að kröfur þessarar tilskipunar um að umhverfismarkmiðin, sem sett eru í 4. gr., nái fram að ganga og séu samræmdar fyrir vatnasviðaumdæmið í heild sinni, einkum allar áætlanir um ráðstafanir. Að því er varðar alþjóðleg vatnasviðaumdæmi skulu viðkomandi aðildarríki tryggja þessa samræmingu í sameiningu og geta, í því skyni, stuðst við gildandi skipulag sem byggir á alþjóðasamningum. Að beiðni viðkomandi aðildarríkja skal framkvæmdastjórnin gera sitt til að auðvelda það að koma í kring áætlunum um ráðstafanir.

5. Ef vatnasviðaumdæmi nær út fyrir yfirráðasvæði Bandalagsins skal aðildarríkið eða -ríkin, sem í hlut eiga, kappkosta að koma á viðeigandi samræmingu við viðkomandi lönd utan Bandalagsins til þess að markmið þessarar tilskipunar geti náð fram að ganga á gervöllu vatnasviðaumdæminu. Aðildarríkin skulu tryggja að reglum þessarar tilskipunar verði beitt innan yfirráðasvæðis þeirra.

6. Aðildarríkin mega tilgreina innlenda stofnun eða alþjóðastofnun, sem fyrir er, sem lögbært yfirvald að því er varðar þessa tilskipun.

7. Aðildarríkin skulu tilgreina lögbært yfirvald eigi síðar en þann dag sem getið er í 24. gr.

8. Aðildarríkin skulu láta framkvæmdastjórninni í té skrá yfir lögbær yfirvöld sín og lögbær yfirvöld allra alþjóðastofnana sem þau eru aðilar að, eigi síðar en sex mánuðum eftir daginn sem getið er í 24. gr. Upplýsingarnar, sem settar eru fram í I. viðauka, skulu látnar í té varðandi sérhvert lögbært yfirvald.

9. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um allar breytingar á upplýsingunum, sem látnar hafa verið í té í samræmi við 8. mgr., innan þriggja mánaða frá því að breytingin tekur gildi.

4. gr.

Umhverfismarkmið

1. Við framkvæmd áætlana um ráðstafanir, sem tilgreindar eru í stjórnunaráætlunum fyrir vatnasvið-aumdæmi, gildir eftirfarandi:

a) þegar um er að ræða yfirborðsvatn,

   i) aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að ástand yfirborðsvatnshlota versni, samanber þó beitingu 6. og 7. mgr. og með fyrirvara um 8. mgr.,

   ii) aðildarríkin skulu vernda, styrkja og endurheimta öll yfirborðsvatnshlot, með fyrirvara um beitingu iiiundirgreinar, þegar um er að ræða manngerð og mikið breytt vatnshlot, í því skyni að ástand yfirborðsvatns verði orðið gott eigi síðar en 15 árum eftir gildistökudag þessarar tilskipunar, í samræmi við ákvæðin sem mælt er fyrir um í V. viðauka, með fyrirvara um framlengingu frests skv. 4. mgr. og um beitingu 5., 6. og 7. mgr., samanber þó 8. mgr.,

   iii) aðildarríkin skulu vernda og styrkja öll manngerð og mikið breytt vatnshlot í því skyni að vistmegin þeirra verði gott og efnafræðilegt ástand yfirborðsvatns verði gott eigi síðar en 15 árum eftir gildistökudag þessarar tilskipunar, í samræmi við ákvæðin sem mælt er fyrir um í V. viðauka, með fyrirvara um framlengingu frests skv. 4. mgr. og um beitingu 5., 6. og 7. mgr., samanber þó 8. mgr.,

   iv) aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir í samræmi við 1. og 8. mgr. 16. gr. með það fyrir augum að draga jafnt og þétt úr mengun af völdum forgangsefna og binda enda á eða stöðva í áföngum sleppingu, veitu og leka hættulegra forgangsefna,

   með fyrirvara um viðkomandi alþjóðasamninga, sem um getur í 1. gr., sem viðkomandi aðilar hafa gert,

b) þegar um er að ræða grunnvatn,

   i) aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða takmarka losun mengunarvalda í grunnvatn og koma í veg fyrir að ástand nokkurs grunnvatnshlots versni, samanber þó beitingu 6. og 7. mgr. og 8. mgr. þessarar greinar, og með fyrirvara um beitingu j-liðar 3. mgr. 11. gr.,

   ii) aðildarríkin skulu vernda, styrkja og endurheimta öll grunnvatnshlot, tryggja jafnvægi milli vatnstöku og endurnýjunar grunnvatns í því skyni að ástand grunnvatns verði orðið gott eigi síðar en 15 árum eftir gildistökudag þessarar tilskipunar, í samræmi við ákvæðin sem mælt er fyrir um í V. viðauka, með fyrirvara um framlengingu frests skv. 4. mgr. og um beitingu 5., 6. og 7. mgr., samanber þó 8. mgr. þessarar greinar og beitingu j-liðar 3. mgr. 11. gr.,

   iii) aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að snúa við umtalsverðri og viðvarandi, stígandi leitni í styrk hvers kyns mengunarvalda, sem rekja má til starfsemi manna, í því skyni að draga jafnt og þétt úr mengun grunnvatns.

   Ráðstafanir til að snúa við slíkri leitni skulu gerðar í samræmi við 2., 4. og 5. mgr. 17. gr., að teknu tilliti til gildandi staðla, sem settir eru fram í viðkomandi löggjöf Bandalagsins, með fyrirvara um beitingu 6. og 7. mgr., samanber þó 8. mgr.,

c) þegar um er að ræða vernduð svæði,

   aðildarríkin skulu hafa uppfyllt allar kröfur og náð öllum markmiðum eigi síðar en 15 árum eftir gildistökudag þessarar tilskipunar, nema kveðið sé á um annað í löggjöf Bandalagsins um vernd einstakra svæða.

2. Ef fleiri en eitt markmiðanna í 1. mgr. tengist tilteknu vatnshloti skal það gilda sem strangast er.

3. Aðildarríkin geta tilnefnt yfirborðsvatnshlot sem manngert eða mikið breytt ef:

a) breytingar á vatnsformfræðilegum (hydromorphological) eiginleikum, sem væru nauðsynlegar til að vistfræðilegt ástand yrði gott, hefðu umtalsverð, skaðleg áhrif á:

   i) umhverfið í heild,

   ii) siglingar, m.a. hafnaraðstöðu, eða afþreyingu,

   iii) starfsemi sem felur í sér geymslu á vatni, svo sem þar sem séð er fyrir drykkjarvatni, orkuframleiðslu eða áveitu,

   iv) vatnsstjórnun, flóðavarnir, framræslu lands eða

   v) aðra jafnmikilvæg, sjálfbær umsvif manna,

b) markmiðin um ávinning af manngerðum eða breyttum eiginleikum vatnshlotsins geta ekki, vegna þess að þau eru e.t.v. ekki gerleg eða geta ekki vegna óhóflegs kostnaðar, náðst á sanngjarnan hátt með annarri aðferð sem yrði umtalsvert betri kostur með tilliti til umhverfissjónarmiða.

Geta ber sérstaklega slíkrar tilnefningar og færa rök fyrir henni í stjórnunaráætlunum fyrir vatnasviðaumdæmi, sem krafist er skv. 13. gr. og endurskoðuð er á 6 ára fresti.

4. Lengja má frestina, sem fram koma í 1. mgr., þegar um er að ræða að ná markmiðum varðandi vatnshlot í áföngum, að því tilskildu að ástand raskaða vatnshlotsins versni ekki frekar að öllum eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

a) aðildarríkin komast að þeirri niðurstöðu að ekki sé sanngjarnt að ætlast til þess að unnt verði að gera allar nauðsynlegar umbætur á ástandi vatnshlota innan þeirra tímamarka sem sett eru fram í málsgreininni af a.m.k. einni af eftirfarandi ástæðum:

i) af tæknilegum ástæðum er aðeins hægt að sinna þeim umbótum, sem krafist er, í áföngum sem fara yfir tímamörk, vegna umfangs þeirra,

ii) óhóflega dýrt yrði að ljúka við umbæturnar innan tímamarka,

iii) náttúruleg skilyrði leyfa ekki að umbætur á ástandi vatnshlotsins verði gerðar í tæka tíð.

b) Framlenging frestsins og ástæðurnar fyrir henni eru sérstaklega settar fram og útskýrðar í stjórnunaráætluninni fyrir vatnasviðaumdæmið, sem krafist er skv. 13. gr.

c) Framlengingarnar takmarkast við tvær frekari uppfærslur á stjórnunaráætluninni fyrir vatnasviðaumdæmið hið mesta, nema þar sem náttúruleg skilyrði eru þannig að ekki er unnt að ná markmiðunum innan þessa tímabils.

d) Í stjórnunaráætluninni fyrir vatnasviðaumdæmið er samantekt ráðstafana, sem krafist er skv. 11. gr., sem taldar eru nauðsynlegar til að færa vatnshlotin smám saman nær því ástandi sem krafist er innan framlengda frestsins, auk ástæðna fyrir sérhverri umtalsverðri töf við framkvæmd þessara ráðstafana og tímaáætlunar fyrir framkvæmdina. Í uppfærslum stjórnunaráætlunar fyrir vatnasviðaumdæmið skal vera endurskoðun á framkvæmd þessara ráðstafana og samantekt á öllum viðbótarráðstöfunum.

5. Aðildarríkin geta stefnt að því að ná umhverfismarkmiðum sem ganga skemur en þau, sem krafist er í 1. mgr., að því er varðar tiltekin vatnshlot, þegar þau hafa orðið fyrir svo miklum áhrifum af starfsemi manna, eins og ákvarðað er í samræmi við 1. mgr. 5. gr., eða náttúruleg skilyrði þeirra eru þannig að það yrði ógerlegt eða óhóflega dýrt að ná þeim markmiðum, að öllum eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

a) ekki er hægt að fullnægja þeim umhverfislegu og félagshagfræðilegu þörfum, sem slík starfsemi manna þjónar, með öðrum hætti sem yrði umtalsvert betri kostur með tilliti til umhverfissjónarmiða og hefði ekki í för með sér óhóflega mikinn kostnað,

b) aðildarríkin tryggja,

– að besta, hugsanlega, vistfræðilega og efnafræðilega ástand náist að því er varðar yfirborðsvatn, að teknu tilliti til áhrifa sem ekki er hægt að komast hjá með góðu móti sökum eðlis starfsemi manna eða mengunar,

– að minnstu, hugsanlegu breytingar verði á góðu ástandi grunnvatns, að teknu tilliti til áhrifa sem ekki er hægt að komast hjá með góðu móti sökum eðlis starfsemi manna eða mengunar,

c) ástand raskaða vatnshlotsins versnar ekki frekar;

d) sérstaklega er getið um setningu vægari umhverfismarkmiða og röksemdanna fyrir þeim í stjórnunaráætluninni fyrir vatnasviðaumdæmi, sem krafist er skv. 13. gr. og þessi markmið eru endurskoðuð á 6 ára fresti.

6. Þótt ástand vatnshlota versni tímabundið telst það ekki brjóta í bága við kröfur þessarar tilskipunar ef það verður af náttúrulegum orsökum eða óviðráðanlegum aðstæðum sem eru óvenjulegar og ekki hefði verið hægt að sjá fyrir með góðu móti, s.s. vegna stórflóða og langvarandi þurrka, eða ef það orsakast af slysum sem ekki hefði verið hægt að sjá fyrir með góðu móti, og að öllum eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

a) allar tiltækar ráðstafanir eru gerðar til að koma í veg fyrir að ástandið versni frekar og til að láta þessar aðstæður ekki stefna í hættu því sem áunnist hefur við að ná markmiðum þessarar tilskipunar að því er varðar önnur vatnshlot,

b) í stjórnunaráætluninni fyrir vatnasviðaumdæmið eru sett fram skilyrði fyrir því að bera megi fyrir sig aðstæður sem eru óvenjulegar eða sem ekki

hefði verið hægt að sjá fyrir með góðu móti, þ.m.t. samþykkt viðeigandi vísbenda,

c) ráðstafanirnar, sem grípa skal til við óvenjulegar aðstæður af þessu tagi, er að finna í áætlun um ráðstafanir og koma ekki í veg fyrir að endurheimta megi gæði vatnshlots þegar aðstæðurnar breytast,

d) farið er yfir áhrif vegna aðstæðna, sem eru óvenjulegar eða sem ekki hefði verið hægt að sjá fyrir með góðu móti, árlega og, með fyrirvara um ráðstafanirnar sem mælt er fyrir um í a-lið 4. mgr., eru allar tiltækar ráðstafanir gerðar til þess að endurheimta ástand vatnshlotsins eins og það var áður en aðstæðurnar sköpuðust, svo fljótt sem unnt er og

e) samantekt um áhrif vegna aðstæðnanna og ráðstafanirnar, sem gerðar voru eða sem munu verða gerðar í samræmi við a- og d-lið, eru í næstu uppfærslu af stjórnunaráætluninni fyrir vatnasviðaumdæmið.

7. Aðildarríkin teljast ekki brjóta í bága við þessa tilskipun ef:

– ástæðuna fyrir því ekki tókst að ná fram góðu ástandi vatns, góðu vistfræðilegu ástandi eða, þar sem við á, góðu vistmegni eða koma í veg fyrir að ástand yfirborðsvatnshlots eða grunnvatnshlots versnaði má rekja til nýorðinna breytinga á eðlisrænum eiginleikum yfirborðsvatnshlotsins eða breytinga á hæð grunnvatnshlota eða

– ástæðuna fyrir því að ekki tókst að koma í veg fyrir að ástand yfirborðsvatnshlots breyttist úr mjög góðu ástandi í gott ástand má rekja til nýrrar sjálfbærra umsvifa manna,

og að öllum eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

a) allar tiltækar ráðstafanir eru gerðar til að draga úr skaðlegum áhrifum á ástand vatnshlotsins,

b) ástæðurnar fyrir þessum breytingum eru sérstaklega tilgreindar og útskýrðar í stjórnunaráætluninni fyrir vatnasviðaumdæmið, sem krafist er skv. 13. gr. og markmiðin eru endurskoðuð á sex ára fresti,

c) ástæðurnar fyrir þessum lagfæringum eða breytingum eru þyngri á metunum vegna almannaheilla og/eða ávinningurinn af nýju breytingunum fyrir heilsu og öryggi manna eða sjálfbæra þróun vega þyngra en ávinningur umhverfisins og þjóðfélagsins af því að markmiðin í 1. mgr. náist og

d) markmiðin um ávinning af þessum breytingum á vatnshlotinu geta ekki, vegna þess að þau eru e.t.v. ekki gerleg eða geta ekki vegna óhóflegs kostnaðar, náðst á sanngjarnan hátt með annarri aðferð sem yrði umtalsvert betri kostur með tilliti til umhverfissjónarmiða.

8. Við beitingu 3., 4., 5., 6. og 7. mgr. skal aðildarríki tryggja að beitingin útiloki hvorki né stefni í hættu markmiðum þessarar tilskipunar að því er varðar önnur vatnshlot á sama vatnasviðaumdæmi og að hún samrýmist framkvæmd annarrar umhverfislöggjafar Bandalagsins.

9. Gera verður ráðstafanir til að tryggja að beiting nýrra ákvæða, þ.m.t. beiting 3., 4., 5., 6. og 7. mgr., tryggi a.m.k. sömu vernd og gildandi löggjöf Bandalagsins.

5. gr.

Eiginleikar vatnasviðaumdæmisins, endurskoðun á umhverfisáhrifum af mannavöldum og efnahagsleg greining á vatnsnotkun

1. Sérhvert aðildarríki skal tryggja að fyrir hvert vatnasviðaumdæmi eða hluta af alþjóðlegu vatnasviðaumdæmi, sem heyrir undir yfirráðasvæði þess, fari fram:

– greining á eiginleikum þess,

– mat á áhrifum af starfsemi manna á ástand yfirborðsvatns og grunnvatns og

– efnahagsleg greining á vatnsnotkun,

í samræmi við tækniforskriftirnar, sem settar eru fram í II. og III. viðauka, og að þeim sé lokið eigi síðar en fjórum árum eftir gildistökudag þessarar tilskipunar.

2. Fara skal yfir greiningarnar og matið, sem um er rætt í 1. mgr., og uppfæra þau, ef nauðsyn krefur, eigi síðar en 13 árum eftir gildistökudag þessarar tilskipunar og á sex ára fresti eftir það.

6. gr.

Skrá yfir vernduð svæði

1. Aðildarríkin skulu tryggja að komið verði upp skrá, eða skrám, yfir öll svæði innan hvers vatnasviðaumdæmis, sem tilgreind hafa verið vegna þess að þau þurfi sérstakrar verndar við samkvæmt sérstakri löggjöf Bandalagsins til verndar yfirborðsvatni og grunnvatni þeirra eða til verndar búsvæða og tegunda sem eru beint háð vatni. Þau skulu tryggja að skráin sé fullgerð eigi síðar en fjórum árum eftir gildistökudag þessarar tilskipunar.

2. Skráin eða skrárnar skulu taka til allra vatnshlota, sem tilgreind eru skv. 1. mgr. 7. gr., og allra verndaðra svæða sem heyra undir IV. viðauka.

3. Endurskoða ber og uppfæra skrána eða skrárnar yfir vernduð svæði fyrir sérhvert vatnasviðaumdæmi.

7. gr.

Vatn sem er notað til töku drykkjarvatns

1. Aðildarríkin skulu tilgreina, innan hvers vatnasviðaumdæmis

– öll vatnshlot sem eru notuð til neysluvatnstöku sem nemur meira en 10 m^3 af vatni á dag að meðaltali eða sem sjá fleiri en fimmtíu manns fyrir vatni og

– vatnshlot þar sem slík notkun er fyrirhuguð í framtíðinni.

Aðildarríkin skulu, í samræmi við V. viðauka, vakta þau vatnshlot sem, í samræmi við ákvæði V. viðauka, gefa af sér meira en 100 m^3 af vatni á dag að meðaltali.

2. Auk þess að ná markmiðum 4. gr., í samræmi við kröfur þessarar tilskipunar, að því er varðar yfirborðsvatnshlot, þ.m.t. gæðakröfurnar sem komið var á vettvangi Bandalagsins skv. 16. gr., skulu aðildarríkin tryggja að vatn frá sérhverju vatnshloti, sem tilgreint er skv. 1. mgr., uppfylli kröfur tilskipunar 80/778/EBE eins og henni var breytt með tilskipun 98/83/EB, samkvæmt gildandi fyrirkomulagi um vatnshreinsun og í samræmi við löggjöf Bandalagsins.

3. Aðildarríki skulu tryggja nauðsynlega vernd vatnshlotanna, sem tilgreind eru, í því skyni að varna því að gæði þeirra minnki og draga þannig úr þeirri hreinsun sem þörf er á við framleiðslu drykkjarvatns. Aðildarríkin geta komið á verndarsvæðum umhverfis slík vatnshlot.

8. gr.

Vöktun á ástandi yfirborðsvatns og grunnvatns og vöktun verndaðra svæða

1. Aðildarríkin skulu tryggja að komið verði á áætlunum um vöktun á ástandi vatns til að skapa samfellda heildaryfirsýn yfir ástand vatns innan hvers vatnasviðaumdæmis:

– að því er varðar yfirborðsvatn skulu slíkar áætlanir taka til:

i) magns og hæðar vatnsborðs eða hraða rennslisins að því marki sem nauðsynlegt er með tilliti til vist- og efnafræðilegs ástands og vistmegins og

ii) vist- og efnafræðilegs ástands og vistmegins,

– að því er varðar grunnvatn skulu slíkar áætlanir taka til vöktunar á efnafræðilegu ástandi og magnstöðu,

– að því er varðar vernduð svæði skulu forskriftirnar, sem er að finna í löggjöf Bandalagsins og sem verndarsvæðin falla undir, koma til viðbótar við framangreindar áætlanir.

2. Þessar áætlanir skulu koma til framkvæmdar eigi síðar en sex árum eftir gildistökudag þessarar tilskipunar, nema kveðið sé á um annað í viðkomandi löggjöf. Slík vöktun skal vera í samræmi við kröfur V. viðauka.

3. Mælt skal fyrir um tækniforskriftir og staðlaðar aðferðir við greiningu á og vöktun á ástandi vatns í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 21. gr.

9. gr.

Endurheimt kostnaðar vegna vatnsþjónustu

1. Aðildarríkin skulu taka tillit til meginreglunnar um endurheimt kostnaðar vegna vatnsþjónustu, þ.m.t. umhverfiseða auðlindatengdur kostnaður, með hliðsjón af efnahagslegu greiningunni sem gerð er í samræmi við III. viðauka, einkum í samræmi við mengunarbótaregluna.

Eigi síðar en 2010 skulu aðildarríkin sjá til þess:

– að stefna í verðlagningu vatns verði notendum nægileg hvöt til þess að nýta vatnsauðlindir á hagkvæman hátt og styðji þannig við umhverfismarkmið þessarar tilskipunar,

– að frá hinum ýmsu sviðum vatnsnotkunar, sem verði sundurliðuð í a.m.k. atvinnulíf, heimili og landbúnað, komi framlag fyrir kostnaði vegna vatnsþjónustu, á grundvelli efnahagslegu greiningarinnar sem gerð var skv. III. viðauka og með tilliti til mengunarbótareglunnar.

Aðildarríkin geta, í þessu samhengi, tekið tillit til félagslegra áhrifa, umhverfisáhrifa og efnahagslegra áhrifa við endurheimt þessa kostnaðar, auk landfræðilegra skilyrða og loftslagsskilyrða svæðisins eða svæðanna sem verða fyrir áhrifum.

2. Í stjórnunaráætlunum fyrir vatnasviðaumdæmi skulu aðildarríkin gefa upplýsingar um fyrirhugaðar ráðstafanir til framkvæmdar á 1. mgr., sem munu stuðla að því að umhverfismarkmið þessarar tilskipunar náist, sem og hve mikið framlag kemur frá hinum ýmsu sviðum vatnsnotkunar til að mæta kostnaði vegna vatnsþjónustu.

3. Ekkert í þessari grein kemur í veg fyrir að fjármagnaðar séu tilteknar forvarnaráðstafanir eða ráðstafanir til úrbóta er miða að því að markmið tilskipunarinnar náist.

4. Aðildarríkin teljast ekki brjóta í bága við þessa tilskipun ef þau ákveða, í samræmi við venjur, að beita ekki ákvæðum annars málsliðar 1. mgr., og í því skyni viðeigandi ákvæðum 2. mgr., við tiltekna starfsemi er krefst vatnsnotkunar ef það stefnir ekki tilgangi og markmiðum tilskipunarinnar í hættu. Ef aðildarríkin beita ekki öðrum málslið 1. mgr. að fullu í stjórnunaráætlunum fyrir vatnasviðaumdæmi skulu þau gera grein fyrir ástæðunum fyrir því.

10. gr.

Samræmd aðferð fyrir punktupptök og dreifð upptök mengunar

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að stjórnun sé höfð á allri sleppingu, sem um getur í 2. mgr., í yfirborðsvatn í samræmi við samræmdu aðferðina sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að komið sé á og/eða beitt:

a) stjórnun á losun sem byggir á fullkomnustu tækni sem völ er á eða

b) viðeigandi losunarmörkum eða

c) stjórnun, ef um er að ræða dreifð áhrif, sem felur í sér, eftir því sem við á, bestu starfsvenjur í umhverfismálum,

sem mælt er fyrir um í:

– tilskipun ráðsins 96/61/EB frá 24. september 1996 um samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun ([1]),

– tilskipun ráðsins 91/271/EBE frá 21. maí 1991 um hreinsun skólps frá þéttbýli ([2]),

– tilskipun ráðsins 91/676/EBE frá 12. desember 1991 um verndun vatns gegn mengun af völdum nítrata úr landbúnaði ([3]),

– tilskipununum sem samþykktar eru skv. 16. gr. þessarar tilskipunar,

– tilskipununum sem eru taldar upp í IX. viðauka,

– allri annarri viðeigandi löggjöf Bandalagsins,

eigi síðar en tólf árum eftir gildistökudag þessarar tilskipunar, nema kveðið sé á um annað í viðkomandi löggjöf.

3. Ef krafist er strangari skilyrða en þeirra sem beiting 2. mgr. hefði í för með sér, samkvæmt gæðamarkmiði eða gæðakröfu, hvort sem þeim er komið á samkvæmt þessari tilskipun eða tilskipununum sem eru taldar upp í IX. viðauka eða samkvæmt einhverri annarri löggjöf Bandalagsins, skal komið á strangari stjórnun á losun í samræmi við það.

11. gr.

Áætlun um ráðstafanir

1. Sérhvert aðildarríki skal sjá til þess að fyrir hvert vatnasviðaumdæmi, eða hluta af alþjóðlegu vatnasviðaumdæmi á yfirráðasvæði þess, sé komið á áætlun um ráðstafanir þar sem tekið er tillit til niðurstaðna úr greiningunum, sem krafist er skv. 5. gr., til að markmiðin, sem sett eru í 4. gr. náist. Slíkar áætlanir um ráðstafanir geta vísað til ráðstafana í kjölfar löggjafar, sem samþykkt hefur verið ávettvangi tiltekins aðildarríkis og nær til alls yfirráðasvæðis þess.

([1]) Stjtíð. EB L 257, 10.10.1996, bls.26.

([2]) Stjtíð. EB L 135, 30.5.1991, bls. 40. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 98/15/EB (Stjtíð. EB L 67, 7.3.1998, bls. 29).

([3]) Stjtíð. EB L 375, 31.12.1991, bls.1.

Þar sem við á getur aðildarríki samþykkt ráðstafanir sem gilda um öll vatnasviðaumdæmi og/eða hluta alþjóðlegra vatnasviðaumdæma á yfirráðasvæði þess.

2. Sérhver áætlun um ráðstafanir skal taka til „grunnráðstafananna“, sem tilgreindar eru í 3. mgr., auk „viðbótarráðstafana“, þar sem nauðsyn ber til.

3. „Grunnráðstafanir“ eru eftirfarandi lágmarkskröfur sem uppfylla þarf:

a) ráðstafanir, sem krafist er til framkvæmdar á löggjöf Bandalagsins um vernd vatns, þ.m.t. ráðstafanir sem krafist er samkvæmt löggjöfinni sem tilgreind er í 10. gr. og í Ahluta VI. viðauka,

b) ráðstafanir sem teljast viðeigandi vegna 9. gr.,

c) ráðstafanir til að stuðla að hagkvæmri og sjálfbærri vatnsnotkun til að markmiðunum, sem tilgreind eru í 4. gr., sé ekki stefnt í hættu,

d) ráðstafanir til að uppfylla kröfur 7. gr., þ.m.t ráðstafanir til að standa vörð um gæði vatns til að draga úr þeirri hreinsun sem þörf er á við framleiðslu drykkjarvatns,

e) kvaðir varðandi töku fersks yfirborðsvatns og grunnvatns og miðlun fersks yfirborðsvatns, þ.m.t. skrá eða skrár yfir vatnstöku og krafa um að leyfi fyrir vatnstöku og -miðlun sé fengið fyrir fram. Þessar kvaðir skal endurskoða reglulega og uppfæra ef nauðsyn ber til. Aðildarríkin geta veitt undanþágu frá þessari stjórnun vegna vatnstöku eða -miðlunar sem ekki hefur umtalsverð áhrif á ástand vatns,

f) kvaðir, þ.m.t. krafa um að leyfi fyrir endurnýjun eða stækkun grunnvatnshlota af mannavöldum sé fengið fyrir fram. Vatnið, sem notað er, má vera tekið úr hvaða yfirborðsvatni eða grunnvatni sem er að því tilskildu að notkun uppsprettunnar stefni ekki í hættu umhverfismarkmiðunum sem sett voru fyrir hana eða endurnýjaða eða stækkaða grunnvatnshlotið. Þessar kvaðir skal endurskoða reglulega og uppfæra ef nauðsyn ber til,

g) krafa um að reglusetning, að því er varðar sleppingu frá punktupptökum, sem valdið getur mengun, sé sett fyrir fram, s.s. bann við losun mengunarvalda í vatn, eða um fyrirframleyfi eða skráningu sem byggir á almennum, bindandi reglum þar sem mælt er fyrir um stjórn á losun viðkomandi mengunarvalda, þ.m.t. stjórnun í samræmi við 10. og 16. gr. Þessa stjórnun skal endurskoða reglulega og uppfæra ef nauðsyn ber til,

h) ráðstafanir, að því er varðar dreifð upptök sem geta valdið mengun, til að koma í veg fyrir eða stjórna aðflutningi mengunarvalda. Kvaðirnar geta verið fólgnar í kröfu um að reglur séu settar fyrir fram, s.s. banni við losun mengunarvalda í vatn, fyrirframleyfi eða skráningu sem byggir á almennum, bindandi reglum, ef ekki er kveðið annars staðar á um slíka kröfu í löggjöf Bandalagsins. Þessar kvaðir skal endurskoða reglulega og uppfæra ef nauðsyn ber til,

i) einkum ráðstafanir, að því er varðar önnur umtalsverð, skaðleg áhrif á ástand vatns sem tilgreind eru skv. 5. gr. og II. viðauka, til að sjá til þess að vatnsformfræðileg skilyrði vatnshlotanna séu í samræmi við vistfræðilegt ástand sem krafist er eða gott vistmegin fyrir vatnshlot sem tilgreind eru sem manngerð eða mikið breytt. Slíkar kvaðir geta verið fólgnar í kröfu um fyrirframleyfi eða skráningu sem byggir á almennum, bindandi reglum, ef ekki er kveðið annars staðar á um slíka kröfu í löggjöf Bandalagsins. Þessar kvaðir skal endurskoða reglulega og uppfæra ef nauðsyn ber til,

j) bann við beinni sleppingu mengunarvalda í grunnvatn með fyrirvara um eftirfarandi ákvæði:

aðildarríkin geta leyft að vatn, sem er notað í tengslum við jarðhita, sé dælt aftur inn í sama veiti og það var tekið úr.

Þau geta einnig leyft, að uppfylltum tilgreindum skilyrðum:

– ídælingu vatns sem inniheldur efni frá vetniskolefnaleit og -töku eða námuvinnslu og ídælingu vatns af tæknilegum ástæðum í jarðmyndanir, sem vetniskolefni eða önnur efni hafa verið unnin úr, eða í jarðmyndanir sem af náttúrulegum ástæðum koma ekki til með að henta til annarra nota. Í slíku ídælingarvatni skulu ekki vera önnur efni en þau sem koma frá framangreindri starfsemi,

– endurídælingu grunnvatns, sem dælt er frá grjótnámum eða öðrum námum, eða vatns sem tengist smíði eða viðhaldi mannvirkja;

– ídælingu jarðgass eða fljótandi jarðolíugass til geymslu í jarðmyndunum sem af náttúrulegum ástæðum koma ekki til með að henta til annarra nota,

– ídælingu jarðgass eða fljótandi jarðolíugass til geymslu í öðrum jarðmyndunum þar sem brýn þörf er á öruggum gasbirgðum og þar sem ídælingin er þannig að komið er í veg fyrir hættu á að dragi úr gæðum þess grunnvatns sem þar kann að vera, nú eða í framtíðinni,

– byggingu og smíði mannvirkja og annarra hluta og svipaða starfsemi á eða í jörðu sem kemst í snertingu við grunnvatn. Í því skyni geta aðildarríkin ákveðið að líta beri á slíka starfsemi eins og veitt hafi verið leyfi fyrir henni fyrir fram, að því tilskildu að hún fari fram í samræmi við almennar, bindandi reglur sem aðildarríkin þróa í sambandi við slíka starfsemi,

– sleppingu lítils magns efna í vísindaskyni til að lýsa eiginleikum, vernda eða bæta vatnshlot, er takmarkist við það magn sem er algjörlega nauðsynlegt í viðkomandi tilgangi,

að því tilskildu að slík slepping stefni ekki umhverfismarkmiðunum, sem sett voru fyrir viðkomandi vatnshlot, í hættu.

k) ráðstafanir, í samræmi við aðgerðina sem fram fór skv. 16. gr., til að uppræta mengun yfirborðsvatns af völdum efnanna, sem tilgreind eru á skrá yfir forgangsefni sem samþykkt er skv. 2. mgr. 16. gr. og að draga jafnt og þétt úr mengun af völdum annarra efna sem annars myndu hindra aðildarríkin í að ná markmiðum sínum að því er varðar yfirborðsvatnshlot, eins og mælt er fyrir um í 4. gr.,

l) allar ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að koma í veg fyrir umtalsverðan leka mengunarvalda frá tæknibúnaði og koma í veg fyrir og/eða draga úr áhrifum mengunarslysa, t.d. í kjölfar flóða, þ.m.t. með kerfi til að nema eða vara við slíkum atburðum, m.a. þegar um er að ræða ófyrirsjáanleg slys, allar nauðsynlegar ráðstafanir til að draga úr hættu fyrir vatnavistkerfi.

4. „Viðbótarráðstafanir“ eru ráðstafanir sem skipulagðar eru og framkvæmdar, til viðbótar við grunnráðstafanirnar, til að markmiðunum, sem sett voru skv. 4. gr., verði náð. Í B-hluta VI. viðauka er skrá, sem er ekki tæmandi, yfir slíkar ráðstafanir.

Aðildarríkin geta einnig samþykkt frekari viðbótarráðstafanir til að vernda enn frekar eða bæta vatn, sem fellur undir þessa tilskipun, þ.m.t með framkvæmd viðeigandi alþjóðasamninga sem um getur í 1. gr.

5. Ef vöktunargögn eða önnur gögn gefa til kynna að ólíklegt sé að markmiðin, sem sett voru í 4. gr. fyrir vatnshlot, náist skal aðildarríkið sjá til þess:

– að hugsanlegar orsakir þess að markmiðin náist ekki séu rannsakaðar,

– að viðeigandi heimildir og leyfi séu rannsökuð og endurskoðuð eftir því sem við á,

– að vöktunaráætlanir séu endurskoðaðar og aðlagaðar eftir því sem við á og

– að komið sé á viðbótarráðstöfunum, sem kunna að vera nauðsynlegar til að þessi markmið náist, þ.m.t. setning strangari umhverfisgæðakrafna, eftir því sem við á, samkvæmt málsmeðferð sem mælt er fyrir um í V. viðauka.

Ef um er að ræða náttúrulegar orsakir eða óviðráðanlegar aðstæður, sem eru óvenjulegar og ekki hefði verið hægt að sjá fyrir með góðu móti, s.s. stórflóð og langvarandi þurrka, geta aðildarríkin ákveðið að viðbótarráðstafanir séu ekki framkvæmanlegar, með fyrirvara um 6. mgr. 4. gr.

6. Við framkvæmd ráðstafana skv. 3. mgr. skulu aðildarríki gera allar viðeigandi ráðstafanir til að varna því að mengun í sjó aukist. Með fyrirvara um gildandi löggjöf má beiting ráðstafana, sem gerðar eru skv. 3. mgr., aldrei leiða til aukinnar mengunar yfirborðsvatns, hvorki beint né óbeint. Þessi krafa gildir ekki ef hún leiðir til aukinnar mengunar umhverfisins í heild.

7. Gera skal áætlanir um ráðstafanir eigi síðar en níu árum eftir gildistökudag þessarar tilskipunar og allar ráðstafanirnar skulu framkvæmdar eigi síðar en tólf árum eftir þann dag.

8. Áætlanir um ráðstafanir skulu endurskoðaðar og, ef nauðsyn ber til, uppfærðar eigi síðar en 15 árum eftir gildistökudag þessarar tilskipunar og á sex ára fresti eftir það. Allar nýjar eða endurskoðaðar ráðstafanir, sem ákveðnar eru samkvæmt uppfærðri áætlun, skulu framkvæmdar innan þriggja ára eftir að þær voru ákveðnar.

12. gr.

Álitaefni sem ekki er unnt að ráða fram úr á vettvangi aðildarríkja

1. Ef upp kemur álitaefni hjá aðildarríki, sem hefur áhrif á stjórnun vatnsmála þess en ríkið getur ekki ráðið fram úr, getur það tilkynnt um málið til framkvæmdastjórnarinnar og þeirra aðildarríkja, sem málið kann að varða, og lagt fram tillögur að lausn þess.

2. Framkvæmdastjórnin skal bregðast við öllum skýrslum eða tillögum frá aðildarríkjum innan sex mánaða.

13. gr.

Stjórnunaráætlanir fyrir vatnasviðaumdæmi

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að gerð sé stjórnunaráætlun fyrir hvert vatnasviðaumdæmi sem liggur að öllu leyti innan yfirráðasvæðis þess.

2. Ef um er að ræða alþjóðlegt vatnasviðaumdæmi sem liggur að öllu leyti innan Bandalagsins skulu aðildarríki tryggja samræmi með það fyrir augum að gera eina alþjóðlega stjórnunaráætlun fyrir vatnasviðaumdæmið. Ef ekki er gerð slík alþjóðleg stjórnunaráætlun fyrir vatnasviðaumdæmi skulu aðildarríkin gera stjórnunaráætlun fyrir vatnasviðaumdæmið sem nær a.m.k. til þeirra hluta alþjóðlega vatnasviðaumdæmisins sem liggja innan yfirráðasvæðis þeirra til að uppfylla markmið þessarar tilskipunar.

3. Ef um er að ræða alþjóðlegt vatnasviðaumdæmi, sem nær út fyrir landamæri Bandalagsins, skulu aðildarríkin kappkosta að gera eina stjórnunaráætlun fyrir vatnasviðaumdæmið en, ef það er ekki gerlegt, skal áætlunin a.m.k. taka til þess hluta alþjóðlega vatnasviðaumdæmisins sem liggur innan yfirráðasvæðis viðkomandi aðildarríkis.

4. Í stjórnunaráætluninni fyrir vatnasviðaumdæmi skulu vera upplýsingarnar sem tilgreindar eru í VII. viðauka.

5. Til viðbótar við stjórnunaráætlun fyrir vatnasviðaumdæmi geta komið ítarlegri áætlanir og umsýsluáætlanir fyrir undirvatnasvið, geira, málefni, eða gerð vatns sem fjalla um einstaka þætti vatnsstjórnunar. Framkvæmd þessara ráðstafana skal ekki leysa aðildarríkin undan neinum af skuldbindingum sínum samkvæmt öðrum ákvæðum þessarar tilskipunar.

6. Stjórnunaráætlanir fyrir vatnasviðaumdæmi skulu birtar eigi síðar en níu árum eftir gildistökudag þessarar tilskipunar.

7. Stjórnunaráætlanir fyrir vatnasviðaumdæmi skulu endurskoðaðar og uppfærðar eigi síðar en 15 árum eftir gildistökudag þessarar tilskipunar og á sex ára fresti eftir það.

14. gr.

Opinber upplýsingagjöf og samráð við almenning

1. Aðildarríkin skulu hvetja alla hagsmunaaðila til virkrar þátttöku við framkvæmd þessarar tilskipunar, einkum við að semja, endurskoða og uppfæra stjórnunaráætlanir fyrir vatnasviðaumdæmi. Aðildarríkin skulu tryggja að fyrir hvert vatnasviðaumdæmi sé eftirfarandi birt og almenningi, þ.m.t. notendur, gert kleift að koma á framfæri athugasemdum við það:

a) tíma- og vinnuáætlun fyrir gerð áætlunarinnar, þ.m.t. yfirlýsing um þær ráðstafanir um samráð sem gera á, a.m.k. þremur árum áður en tímabilið, sem áætlunin vísar til, hefst;

b) bráðabirgðayfirlit yfir mikilvæg mál í sambandi við vatnsstjórnun, sem upp koma varðandi vatnasviðið, eigi síðar en tveimur árum áður en tímabilið, sem áætlunin vísar til, hefst;

c) afrit að uppkasti stjórnunaráætlunar fyrir vatnasviðaumdæmi eigi síðar en einu ári áður en tímabilið, sem áætlunin vísar til, hefst.

Ef um það er beðið skal veita aðgang að þeim skjölum og upplýsingum sem notuð eru við samningu á uppkasti stjórnunaráætlunar fyrir vatnasviðaumdæmið.

2. Aðildarríkin skulu gefa a.m.k. sex mánaða frest til að koma á framfæri skriflegum athugasemdum um þessi skjöl til að virk þátttaka og samráð séu möguleg.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda einnig um uppfærðar stjórnunaráætlanir fyrir vatnasviðaumdæmi.

15. gr.

Skýrslugjöf

1. Aðildarríkin skulu senda afrit af stjórnunaráætlunum fyrir vatnasviðaumdæmi og öllum uppfærslum þeirra til framkvæmdastjórnarinnar og þeirra aðildarríkja, sem málið kann að varða, innan þriggja mánaða frá birtingu þeirra sem hér segir:

a) að því er varðar vatnasviðaumdæmi sem liggja að öllu leyti innan yfirráðsvæðis aðildarríkis: allar stjórnunaráætlanir fyrir vatnasviðaumdæmi sem taka til þess yfirráðasvæðis og eru birtar skv. 13. gr.,

b) að því er varðar alþjóðleg vatnasviðaumdæmi: a.m.k. þann hluta stjórnunaráætlana fyrir vatnasviðaumdæmi sem tekur til yfirráðasvæðis þess aðildarríkis.

2. Aðildarríkin skulu leggja fram yfirlitsskýrslur um:

– greiningarnar, sem krafist er í 5. gr. og

– vöktunaráætlanirnar sem lýst er í 8. gr.,

sem framkvæmdar eru með hliðsjón af fyrstu stjórnunaráætluninni fyrir vatnasviðaumdæmi innan þriggja mánaða frá því að þær eru fullgerðar.

3. Aðildarríkin skulu, innan þriggja ára frá birtingu hverrar stjórnunaráætlunar fyrir vatnasviðaumdæmi eða uppfærslu hennar skv. 13. gr., leggja fram bráðabirgðaskýrslu um það hvernig framkvæmd fyrirhuguðu áætlunarinnar um ráðstafanir vindur fram.

16. gr.

Áætlanir gegn vatnsmengun

1. Evrópuþingið og ráðið skulu samþykkja sérstakar ráðstafanir gegn vatnsmengun af völdum stakra mengunarvalda eða flokka mengunarvalda sem skapa umtalsverða hættu fyrir vatnsumhverfi eða út frá því, þ.m.t. gegn slíkri hættu fyrir vatn þar sem drykkjarvatn er tekið. Að því er varðar þessa mengunarvalda skulu ráðstafanir beinast að því að draga jafnt og þétt úr þeim og, að því er varðar hættuleg forgangsefni, eins og þau eru skilgreind í 30. mgr. 2. gr., að því að binda enda á eða stöðva í áföngum sleppingu, losun og leka þeirra. Slíkar ráðstafanir skulu samþykktar samkvæmt tillögum sem framkvæmdastjórnin leggur fram í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í sáttmálanum.

2. Framkvæmdastjórnin skal leggja fram tillögu, þar sem sett er fram skrá yfir forgangsefni sem eru valin úr þeim sem skapa umtalsverða hættu fyrir vatnsumhverfi eða út frá því. Efnum skal raðað í forgangsröð, að því er varðar aðgerðir, á grundvelli þess hve mikla hættu þau skapa fyrir vatnsumhverfi eða út frá því, sem greind er með:

a) áhættumati, sem unnið er samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 ([1]), tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([2]), og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB ([3]) eða

b) markvissu mati byggðu á áhættu (þar sem fylgt er aðferðum reglugerðar (EBE) nr. 793/93) þar sem athyglinni er eingöngu beint að visteiturhrifum í vatni og að eiturhrifum á menn frá vatnsumhverfi.

Ef nauðsyn krefur skal raða efnum í forgangsröð að því er varðar aðgerðir, í því skyni að geta staðist tímaáætlunina sem mælt er fyrir um í 4. mgr., á grundvelli þess hve mikla hættu þau skapa fyrir vatnsumhverfi eða út frá því, sem greind er með einfaldri matsaðferð byggðri á áhættu sem grundvallast á vísindalegum meginreglum þar sem einkum er tekið tillit til:

– vísbendinga um eðlislæga hættu af viðkomandi efnum, einkum að því er varðar visteiturhrif þeirra í vatni og eiturhrif á menn í gegnum vatn og

– vísbendinga sem fengnar eru með vöktun á útbreiddri umhverfismengun og

– annarra staðfestra þátta sem gefa til kynna að um útbreidda umhverfismengun geti verið að ræða, s.s. magns viðkomandi efna, sem framleitt er eða notað, og notkunarmynsturs þess.

3. Í tillögu framkvæmdastjórnarinnar skulu hættuleg forgangsefni einnig tilgreind. Í því sambandi skal framkvæmdastjórnin taka tillit til valsins á viðkomandi efnum sem fram fór í viðeigandi löggjöf Bandalagsins um hættuleg efni eða viðkomandi alþjóðasamninga.

4. Framkvæmdastjórnin skal endurskoða samþykkta skrá yfir forgangsefni eigi síðar en fjórum árum eftir gildistökudag þessarar tilskipunar og a.m.k. á fjögurra ára fresti eftir það og leggja fram tillögur eins og við á.

([1]) Stjtíð. EB L 84, 5.4.1993, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1. Tilskipunin eins og henni var breytt með tilskipun 98/47/EB (Stjtíð. EB L 191, 7.7.1998, bls. 50).

([3]) Stjtíð. EB L 123, 24.4.1998,bls. 1.

5. Við undirbúning tillögu sinnar skal framkvæmdastjórnin taka tillit til tilmæla frá vísindanefndinni um eiturhrif, visteiturhrif og umhverfi, frá aðildarríkjunum, Evrópuþinginu, Umhverfisstofnun Evrópu, aðstandendum rannsóknarverkefna Bandalagsins, alþjóðastofnunum, sem Bandalagið er aðili að, evrópskum viðskiptastofnunum, þ.m.t þær sem eru í forsvari fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, evrópskum umhverfissamtökum, svo og til annarra upplýsinga sem henni eru veittar og skipta máli.

6. Að því er varðar forgangsefni skal framkvæmdastjórnin leggja fram tillögur um eftirlit með:

– því að dregið sé jafnt og þétt úr sleppingu, losun og leka viðkomandi efna og einkum
– með því að bundinn sé endi á eða dregið verði í áföngum úr sleppingu, losun og leka efnanna, eins og tilgreint er skv. 3. mgr., ásamt viðeigandi tímaáætlun fyrir það. Tímaáætlunin skal ekki vera til lengri tíma en til tuttugu ára frá samþykkt Evrópuþingsins og ráðsins á þessum tillögum í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

Framkvæmdastjórnin ákveður í því sambandi samsetningu eftirlits, sem skal vera viðeigandi, kostnaðarhagkvæmt og sanngjarnt, með framleiðslu- og vinnsluferli, bæði fyrir stök og dreifð upptök með tilliti til samræmdra losunarmarka í gervöllu Bandalaginu að því er varðar eftirlitið með ferlinu. Þar sem við á, má hefja aðgerðir á vettvangi Bandalagsins, að því er varðar eftirlit með ferlinu, innan hvers sviðs fyrir sig. Ef endurskoðun á viðkomandi leyfum, sem gefin eru út samkvæmt tilskipun 91/414/EBE og tilskipun 98/8/EB, er innifalin í framleiðslueftirliti skal slík endurskoðun fara fram í samræmi við ákvæði þeirra tilskipana. Í sérhverri tillögu um eftirlit skal tilgreina tilhögun við endurskoðun þess, uppfærslu og mat á skilvirkni þess.

7. Framkvæmdastjórnin skal leggja fram tillögur um gæðakröfur sem gilda um styrk forgangsefna í yfirborðsvatni, setlögum eða lífríkinu.

8. Framkvæmdastjórnin skal í samræmi við 6. og 7. gr. leggja fram tillögur innan tveggja ára frá því að viðkomandi efni var sett á skrá yfir forgangsefni, a.m.k. varðandi stjórn losunar frá punktupptökum og umhverfisgæðakröfur. Ef ekki er til samningur á vettvangi Bandalagins sex árum eftir gildistökudag þessarar tilskipunar skulu aðildarríkin setja umhverfisgæðakröfur fyrir efnin á fyrstu forgangsskránni fyrir allt yfirborðsvatn sem spillt hefur verið með sleppingu þessara efna og koma á stjórn á helstu upptökum slíkrar sleppingar, sem byggist m.a. á því að vega og meta alla tæknilega kosti til að draga úr henni. Ef ekki er til samningur á vettvangi Bandalagsins skulu aðildarríkin grípa til aðgerða að því er varðar efnin, sem í kjölfar þessa eru sett á skrá yfir forgangsefni, fimm árum eftir að þau voru sett á skrána.

9. Framkvæmdastjórnin getur undirbúið áætlun gegn vatnsmengun af völdum annarra mengunarvalda eða flokka mengunarvalda, þ.m.t. vegna mengunarslysa.

10. Við undirbúning tillagna sinna skv. 6. og 7. mgr. skal framkvæmdastjórnin einnig endurskoða allar tilskipanir sem eru tilgreindar í IX. viðauka. Hún skal leggja til, áður en fresturinn skv. 8. mgr. rennur út, endurskoðun á stjórnuninni sem um getur í IX. viðauka að því er varðar öll efni á skrá yfir forgangsefni og koma með tillögu um viðeigandi ráðstafanir, þ.m.t. þann kost að fella niður stjórnun skv. IX. viðauka að því er varðar öll önnur efni.

Öll ákvæði um stjórnun, sem um getur í IX. viðauka og lagt hefur verið til að verði endurskoðuð, falla úr gildi á gildistökudegi þessara endurskoðana.

11. Skráin yfir forgangsefni, sem framkvæmdastjórnin gerði tillögu um og um getur í 2. og 3. mgr., skal verða X. viðauki við þessa tilskipun þegar Evrópuþingið og ráðið hafa samþykkt hann. Með endurskoðun hennar, sem um getur í 4. mgr., skal fara á sama hátt.

17. gr.

Áætlanir til að koma í veg fyrir og hafa eftirlit með mengun grunnvatns

1. Evrópuþingið og ráðið skulu samþykkja sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir mengun grunnvatns og hafa eftirlit með henni. Slíkar ráðstafanir skulu miða að því að efnafræðilegt ástand grunnvatns verði gott í samræmi við b-lið 1. mgr. 4. gr. og skulu samþykktar samkvæmt tillögu sem framkvæmdastjórnin leggur fram innan tveggja ára eftir gildistöku þessarar tilskipunar í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í sáttmálanum.

2. Þegar framkvæmdastjórnin gerir tillögur um ráðstafanir skal hún hafa hliðsjón af greiningunni sem fram fer skv. 5. gr. og II. viðauka. Ef gögn liggja fyrir skulu tillögurnar lagðar fram fyrr og í þeim skulu koma fram:

a) viðmiðanir til að meta gott, efnafræðilegt ástand grunnvatns, í samræmi við lið 2.2 í II. viðauka og liði 2.3.2 og 2.4.5 í V. viðauka.
b) viðmiðanir til að greina umtalsverða og viðvarandi, stígandi leitni í styrk og til að skilgreina upphafspunkta til að snúa við slíkri leitni, sem nota ber í samræmi við lið 2.4.4 í V. viðauka.

3. Ráðstafanir, sem tengjast beitingu 1. mgr., skulu innifaldar í áætlunum um ráðstafanir, sem krafist er skv. 11. gr.

4. Ef viðmiðanir, samþykktar skv. 2. mgr., hafa ekki verið samþykktar á vettvangi Bandalagsins skulu aðildarríkin setja viðeigandi viðmiðanir eigi síðar en fimm árum eftir gildistökudag þessarar tilskipunar.

5. Ef viðmiðanir, samþykktar skv. 4. mgr., hafa ekki verið samþykktar á innlendum vettvangi skal upphafspunkturinn til að snúa við aukningu í styrk vera að hámarki 75% af gæðakröfunum sem mælt er fyrir um í gildandi löggjöf Bandalagsins um grunnvatn.

18. gr.

Skýrsla framkvæmdastjórnarinnar

1. Framkvæmdastjórnin skal birta skýrslu um framkvæmd þessarar tilskipunar eigi síðar en 12 árum eftir gildistökudag hennar og á sex ára fresti eftir það og leggja hana fyrir Evrópuþingið og ráðið.

2. Í skýrslunni skal eftirfarandi koma fram:

a) úttekt á því hvernig framkvæmd tilskipunarinnar miðar,

b) úttekt á ástandi yfirborðsvatns og grunnvatns í Bandalaginu, sem framkvæmd er í samráði við Umhverfisstofnun Evrópu,

c) könnun á stjórnunaráætlunum fyrir vatnasviðaumdæmi, sem lagðar eru fram í samræmi við 15. gr., þ.m.t. uppástungur um að bæta áætlanir í framtíðinni,

d) samantekt á viðbrögðum við hverri og einni skýrslu eða tilmælum til framkvæmdastjórnarinnar frá aðildarríkjum skv. 12. gr.,

e) samantekt á öllum tillögum, stjórnunarráðstöfunum og -áætlunum sem gerðar hafa verið skv. 16. gr.,

f) samantekt á viðbrögðum við athugasemdum frá Evrópuþinginu og ráðinu um fyrri skýrslur um framkvæmd.

3. Framkvæmdastjórnin skal einnig birta skýrslu um framvindu framkvæmdarinnar byggða á yfirlitsskýrslum, sem aðildarríki leggja fram skv. 2. mgr. 15. gr., og leggja hana fyrir Evrópuþingið og aðildarríkin eigi síðar en tveimur árum eftir dagsetningarnar sem um getur í 5. og 8. gr.

4. Framkvæmdastjórnin skal, innan þriggja ára frá birtingu hverrar skýrslu skv. 1. mgr., birta bráðabirgðaskýrslu um framvindu framkvæmdarinnar, byggða á bráðabirgðaskýrslum aðildarríkjanna, eins og um getur í 3. mgr. 15. gr. Hún skal lögð fyrir Evrópuþingið og ráðið.

5. Framkvæmdastjórnin skal boða, þegar við á í tengslum við skýrslugjafarferlið, hagsmunaaðila frá hverju aðildarríki til ráðstefnu um stefnu Bandalagsins í vatnsmálum, svo að þeir geti komið með athugasemdir um framkvæmdarskýrslur framkvæmdastjórnarinnar og miðlað reynslu sinni.

Meðal þátttakenda skulu vera fulltrúar frá lögbærum yfirvöldum, Evrópuþinginu, frjálsum félagasamtökum, aðilum vinnumarkaðarins og úr efnahagslífinu, fulltrúar neytendasamtaka, háskólamenn og aðrir sérfræðingar.

19. gr.

Áætlanir um framtíðarráðstafanir Bandalagsins

1. Einu sinni á ári skal framkvæmdastjórnin í upplýsingaskyni leggja fyrir nefndina, sem um getur í 21. gr., leiðbeinandi áætlun um ráðstafanir, sem hafa áhrif á löggjöf um vatn, sem hún hefur í hyggju að gera í náinni framtíð, þ.m.t. hvers kyns ráðstafanir sem gerðar eru í kjölfar tillagna, takmörkunarráðstafana og áætlana sem samdar voru skv. 16. gr. Framkvæmdastjórnin skal leggja fram slíka áætlun í fyrsta sinn eigi síðar en tveimur árum eftir gildistökudag þessarar tilskipunar.

2. Framkvæmdastjórnin mun endurskoða þessa tilskipun eigi síðar en 19 árum eftir gildistökudag hennar og gera tillögur um nauðsynlegar breytingar á henni.

20. gr.

Tæknileg aðlögun tilskipunarinnar

1. Laga má I. og III. viðauka og lið 1.3.6 í V. viðauka að framförum á sviði vísinda og tækni í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 21. gr. þar sem tillit er tekið til frestanna til að endurskoða og uppfæra stjórnunaráætlanir fyrir vatnasviðaumdæmi eins og um getur í 13. gr. Ef nauðsyn ber til getur framkvæmdastjórnin samþykkt viðmiðunarreglur um framkvæmd II. og V. viðauka í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 21. gr.

2. Þegar um er að ræða gagnasendingar og -vinnslu, þ.m.t. tölfræðileg gögn og kortagerðargögn, má samþykkja tæknisnið, að því er varðar 1. gr., í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 21. gr.

21. gr.

Stjórnsýslunefnd

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar (hér á eftir kölluð „nefndin“).

2. Þegar vísað er til þessarar greinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. tilskipunar 1999/468/EB, skal vera þrír mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

22. gr.

Niðurfelling og bráðabirgðaákvæði

1. Eftirfarandi tilskipanir og ákvarðanir falli úr gildi 7 árum eftir gildistökudag þessarar tilskipunar:

– tilskipun 75/440/EBE frá 16. júní 1975 um kröfur varðandi gæði yfirborðsvatns í aðildarríkjunum sem nýtt er til drykkjar ([1]),

– ákvörðun ráðsins 77/795/EBE frá 12. desember 1977 um að taka upp sameiginlega aðferð við skipti á upplýsingum um gæði ósalts yfirborðsvatns í Bandalaginu ([2]),

– tilskipun ráðsins 79/869/EBE frá 9. október 1979 um mæliaðferðir og tíðni sýnatöku og greiningar á yfirborðsvatni sem nýtt er til drykkjar í aðildarríkjunum ([3]),

2. Eftirfarandi tilskipanir falli úr gildi 13 árum eftir gildistökudag þessarar tilskipunar:

– tilskipun ráðsins 78/659/EBE frá 18. júlí 1978 um gæði fersks vatns sem þarf að vernda eða bæta til að fiskur geti þrifist þar ([4]),

– tilskipun ráðsins 79/923/EBE frá 30. október 1979 um tilskilin gæði vatns fyrir skeldýr ([5]),

– tilskipun ráðsins 80/68/EBE frá 17. desember 1979 um verndun grunnvatns gegn mengun af völdum tiltekinna, hættulegra efna,

– tilskipun 76/464/EBE, að undanskilinni 6. gr. er falli úr gildi með gildistöku þessarar tilskipunar.

3. Eftirtalin bráðabirgðaákvæði gilda um tilskipun 76/464/EBE:

a) skráin yfir forgangsefni, sem samþykkt er skv. 16. gr. þessarar tilskipunar, komi í stað skrárinnar yfir forgangsefni í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar til ráðsins 22. júní 1982,

b) að því er varðar 7. gr. tilskipunar 76/464/EBE geta aðildarríkin beitt meginreglunum um greiningu á mengunarvanda og efnunum, sem valda honum, setningu gæðakrafna og samþykkt ráðstafana sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

4. Líta ber á umhverfismarkmiðin í 4. gr. og umhverfisgæðakröfurnar, sem eru sett í IX. viðauka og skv. 7. mgr. 16. gr. og sem aðildarríkin setja skv. V. viðauka að því er varðar efni sem eru ekki á skrá yfir forgangsefni og skv. 8. mgr. 16. gr. að því er varðar forgangsefni sem Bandalagið hefur ekki enn sett kröfur um, sem umhverfisgæðakröfur að því er varðar 7. mgr. 2. gr. og 10. gr. tilskipunar 96/61/EB.

5. Ef efni á forgangsskránni, sem samþykkt var skv. 16. gr., er ekki tilgreint í VIII. viðauka við þessa tilskipun eða í III. viðauka við tilskipun 96/61/EB skal bæta því við þar.

6. Að því er varðar yfirborðsvatnshlot skulu umhverfismarkmiðin, sem voru sett í fyrstu stjórnunaráætluninni fyrir vatnasviðaumdæmi sem krafist er samkvæmt þessari tilskipun, fela í sér gæðakröfur sem eru a.m.k. jafn strangar og þær sem krafist er við framkvæmd tilskipunar 76/464/EBE.

23. gr.

Viðurlög

Aðildarríkin skulu ákveða viðurlög sem gilda um brot á innlendum ákvæðum sem samþykkt eru samkvæmt þessari tilskipun. Þessi viðurlög skulu vera árangursrík, í réttu hlutfalli við brot og letjandi.

([1]) Stjtíð. EB L 194, 25.7.1975, bls. 26. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 91/692/EBE.
([2]) Stjtíð. EB L 334, 24.12.1977, bls. 29. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.
([3]) Stjtíð. EB L 271, 29.10.1979, bls. 44. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.
([4]) Stjtíð. EB L 222, 14.8.1978, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.
([5]) Stjtíð. EB L 281, 10.11.1979, bls. 47. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 91/692/EBE.

24. gr.

Framkvæmd

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 22. desember 2003. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna það hinum aðildarríkjunum.

25. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

26. gr.

Viðtakendur

Þessari tilskipun er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 23. október 2000.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
N. FONTAINE	J. GLAVANY
forseti.	*forseti.*

I. VIÐAUKI

UPPLÝSINGAR SEM SKULU KOMA FRAM Í SKRÁNNI YFIR LÖGBÆR YFIRVÖLD

Eins og krafist er í 8. mgr. 3. gr. skulu aðildarríkin láta í té eftirfarandi upplýsingar um öll lögbær yfirvöld á sérhverju vatnasviðaumdæma sinna, sem og á sérhverjum þeim hluta alþjóðlegs vatnasviðaumdæmis sem liggur innan yfirráðasvæðis þeirra.

i) Heiti og póstfang lögbæra yfirvaldsins – opinbert heiti og póstfang yfirvaldsins sem tilgreint er skv. 2. mgr. gr.

ii) Landfræðilegt umfang vatnasviðaumdæmisins – nöfn helstu áa innan vatnasviðaumdæmisins auk nákvæmrar lýsingar á mörkum vatnasviðaumdæmisins. Þessar upplýsingar ættu að svo miklu leyti sem unnt er að vera tiltækar til skráningar í landupplýsingakerfi (GIS) og/eða landupplýsingakerfi framkvæmdastjórnarinnar (GISCO).

iii) Réttarstaða lögbæra yfirvaldsins – lýsing á réttarstöðu lögbæra yfirvaldsins og, þar sem við á, samantekt á eða afrit af stofnsamþykkt þess, stofnsáttmála eða jafngildum lagagerningi.

iv) Ábyrgð – lýsing á lagalegri ábyrgð og stjórnsýsluábyrgð sérhvers lögbærs yfirvalds og hlutverki þess á hverju vatnasviðaumdæmi fyrir sig.

v) Aðild – ef lögbæra yfirvaldið er samræmingaraðili fyrir önnur lögbær yfirvöld er krafist skrár yfir þau yfirvöld ásamt samantekt á stofnanatengslum sem komið er á til að tryggja samræmingu.

vi) Alþjóðatengsl – ef vatnasviðaumdæmi er á yfirráðasvæði fleiri en eins aðildarríkis eða yfir á yfirráðasvæði lands, sem er ekki aðildarríki, er krafist samantektar á stofnanatengslum sem komið er á til að tryggja samræmingu.

II. VIÐAUKI

1. YFIRBORÐSVATN

1.1. **Lýsing á eiginleikum gerða yfirborðsvatnshlota**

Aðildarríki skulu tilgreina staðsetningu og mörk yfirborðsvatnshlota og láta útbúa fyrstu lýsingu á eiginleikum allra slíkra hlota í samræmi við eftirfarandi aðferð. Aðildarríki geta flokkað nokkur yfirborðsvatnshlot saman þegar fyrstu lýsingar af þessu tagi eru gerðar.

i) Yfirborðsvatnshlotin á vatnasviðaumdæminu skulu flokkuð í einn af eftirtöldum flokkum yfirborðsvatns – ár, stöðuvötn, árósavatn eða strandsjó – eða sem manngerð yfirborðsvatnshlot eða mikið breytt yfirborðsvatnshlot.

ii) Í hverjum flokki yfirborðsvatns eru viðkomandi yfirborðsvatnshlot á vatnasviðaumdæminu aðgreind eftir gerðum. Þessar gerðir eru skilgreindar með því að nota annaðhvort „kerfi A“ eða „kerfi B“ sem tilgreind eru í lið 1.2.

iii) Ef farið er eftir kerfi A eru yfirborðsvatnshlotin á vatnasviðaumdæminu fyrst aðgreind eftir viðkomandi vistsvæðum í samræmi við landfræðilegu svæðin sem tilgreind eru í lið 1.2 og sýnd á viðkomandi korti í XI. viðauka. Vatnshlotin á hverju vistsvæði fyrir sig skulu því næst aðgreind eftir gerðum yfirborðsvatnshlota samkvæmt þeim lýsum (descriptors) sem eru tilgreindir í töflunum fyrir kerfi A.

iv) Ef farið er eftir kerfi B verða aðildarríkin að ná a.m.k. sömu aðgreiningu og hefði náðst ef kerfi A hefði verið notað. Af þessum sökum skulu yfirborðsvatnshlotin á vatnasviðaumdæminu aðgreind í gerðir eftir gildum fyrir skyldubundna lýsa og þá valfrjálsu lýsa, eða fyrir samsetningar lýsa, sem krafist er til að tryggja að af þeim megi leiða líffræðileg viðmiðunarskilyrði sem eru sértæk fyrir hverja gerð.

v) Að því er varðar manngerð yfirborðsvatnshlot og mikið breytt yfirborðsvatnshlot skal aðgreiningin gerð í samræmi við lýsa sem eiga við um hvern þann flokk yfirborðsvatns sem mest líkist mikið breytta eða manngerða vatnshlotinu sem um ræðir.

vi) Aðildarríkin skulu leggja fyrir framkvæmdastjórnina eitt eða fleiri kort (með GIS-sniði) yfir landfræðilega staðsetningu þeirra gerða sem samræmast þeirri aðgreiningu sem krafist er samkvæmt kerfi A.

1.2. Vistsvæði og gerðir yfirborðsvatnshlota.

1.2.1. Ár

Kerfi A

Föst gerðaflokkun	Lýsar
Vistsvæði	Vistsvæði sem sýnd eru á korti A í XI. viðauka
Gerð	Hæðarflokkun hálendi: > 800 m miðlungshæð: 200 til 800 m láglendi: < 200 m Stærðarflokkun byggð á aðrennslissvæði lítið: 10 til 100 km^2 meðalstórt: 100 til 1 000 km^2 stórt: 1 000 til 10 000 km^2 mjög stórt: > 10 000 km^2 Jarðfræði kalkkennd kísilkennd lífræn

Kerfi B

Annars konar lýsing á eiginleikum	Eðlis- og efnafræðilegir þættir sem ákvarða eiginleika ár eða hluta ár og þar af leiðandi gerð og samsetningu lífstofna hennar
Skyldubundnir þættir	hæð yfir sjávarmáli breiddargráða lengdargráða jarðfræði flatarmál
Valfrjálsir þættir	fjarlægð frá upptökum árinnar straumþungi (fall af straumi og halla) meðalbreidd árinnar meðaldýpt árinnar meðalhalli árinnar gerð og lögun aðalárfarvegarins rennsliseiginleikaflokkun áa lögun árdals flutningur fastra efna hæfni til að hlutleysa sýru meðalsamsetning undirlags klóríð lofthitasvið meðallofthiti úrkoma

1.2.2. Stöðuvötn

Kerfi A

Föst gerðaflokkun	Lýsar
Vistsvæði	Vistsvæði sem sýnd eru á korti A í XI. viðauka
Gerð	Hæðarflokkun hálendi > 800 m miðlungshæð: 200 til 800 m láglendi < 200 m Dýptarflokkun byggð á meðaldýpt < 3 m 3 til 15 m > 15 m Stærðarflokkun byggð á flatarmáli yfirborðs 0,5 til 1 km^2 1 til 10 km^2 10 til 100 km^2 > 100 km^2 Jarðfræði kalkkennd kísilkennd lífræn

Kerfi B

Annars konar lýsing á eiginleikum	Eðlis- og efnafræðilegir þættir sem ákvarða eiginleika stöðuvatns og þar af leiðandi gerð og samsetningu lífstofna þess
Skyldubundnir þættir	hæð yfir sjávarmáli, breiddargráða lengdargráða dýpt jarðfræði flatarmál
Valfrjálsir þættir	meðaldýpt vatnsins lögun stöðuvatnsins viðstöðutími meðallofthiti lofthitasvið blöndunareiginleikar (t.d. einblöndun, tvíblöndun, margblöndun) hæfni til að hlutleysa sýru bakgrunnsástand næringarefna meðalsamsetning undirlags sveiflur í hæð vatnsborðs

1.2.3. Ísalt árósavatn

Kerfi A

Föst gerðaflokkun	Lýsar
Vistsvæði	Eftirfarandi svæði, eins og þau eru tilgreind á korti B í XI. viðauka: Eystrasalt Barentshaf Noregshaf Norðursjór Norður-Atlantshaf Miðjarðarhaf
Gerð	Byggt á ársmeðalseltu < 0,5‰ ferskvatn 0,5 til < 5‰ ísalt vatn 5 til < 18‰ miðlungssaltur sjór 18 til < 30‰ saltur sjór 30 til < 40‰ fullsaltur sjór Byggt á meðalmun á flóði og fjöru < 2 m: lítil sjávarföll 2 til 4 m: meðalsjávarföll > 4 m: mikil sjávarföll

Kerfi B

Annars konar lýsing á eiginleikum	Eðlis- og efnafræðilegir þættir sem ákvarða eiginleika árósavatns og þar af leiðandi gerð og samsetningu lífstofna þeirra
Skyldubundnir þættir	breiddargráða lengdargráða munur á flóði og fjöru selta
Valfrjálsir þættir	dýpt straumhraði ölduhrif (wave exposure) viðstöðutími meðalhiti vatns blöndunareiginleikar grugg meðalsamsetning undirlags lögun vatnshitasvið

1.2.4. Strandsjór

Kerfi A

Föst gerðaflokkun	Lýsar
Vistsvæði	Eftirfarandi svæði, eins og þau eru tilgreind á korti B í XI. viðauka: Eystrasalt Barentshaf Noregshaf Norðursjór Norður-Atlantshaf Miðjarðarhaf
Gerð	Byggt á ársmeðalseltu < 0,5‰ ferskvatn 0,5 til < 5‰ ísalt vatn 5 til < 18‰ miðlungssaltur sjór 18 til < 30‰ saltur sjór 30 til < 40‰ fullsaltur sjór Byggt á meðaldýpt grunnsævi > 30 m millidýpi: 30 til 200 m djúpsævi > 200 m

Kerfi B

Annars konar lýsing á eiginleikum	Eðlis- og efnafræðilegir þættir sem ákvarða eiginleika strandsjávar og þar af leiðandi gerð og samsetningu lífríkis hans
Skyldubundnir þættir	breiddargráða lengdargráða munur á flóði og fjöru selta
Valfrjálsir þættir	straumhraði ölduhrif meðalhiti vatns blöndunareiginleikar grugg endurnýjunartími (lokaðra flóa) meðalsamsetning undirlags vatnshitasvið

1.3. Setning gerðarsértækra viðmiðunarskilyrða fyrir gerðir yfirborðsvatnshlota

i) Fyrir hverja gerð yfirborðsvatnshlota, sem lýst er með tilliti til eiginleika í samræmi við lið 1.1, skal fastsetja gerðarsértæk, vatnsformfræðileg og eðlisefnafræðileg skilyrði er svara til gilda vatnsformfræðilegu og eðlisefnafræðilegu gæðaþáttanna sem tilgreindir eru í lið 1.1 í V. viðauka fyrir þá gerð yfirborðsvatnshlots þegar vistfræðilegt ástand þess er mjög gott samkvæmt skilgreiningu í viðkomandi töflu í lið 1.2 í V. viðauka. Setja skal gerðarsértæk, líffræðileg viðmiðunarskilyrði er svara til gilda líffræðilegu gæðaþáttanna sem tilgreindir eru í lið 1.1 í V. viðauka fyrir þá gerð yfirborðsvatnshlots þegar vistfræðilegt ástand er mjög gott samkvæmt skilgreiningu í viðkomandi töflu í lið 1.2 í V. viðauka.

ii) Þegar aðferðunum, sem mælt er fyrir um í þessum þætti, er beitt við mikið breytt eða manngerð yfirborðsvatnshlot skal litið á tilvísanir til mjög góðs vistfræðilegs ástands sem tilvísanir til besta vistmegins, eins og það er skilgreint í töflu 1.2.5 í V. viðauka. Gildin fyrir besta vistmegin vatnshlots skulu endurskoðuð á 6 ára fresti.

iii) Gerðarsértæk skilyrði að því er varðar i- og ii-lið og gerðarsértæk, líffræðileg viðmiðunarskilyrði geta annaðhvort byggst á rýmisgreiningu eða líkönum eða þau má finna með samtvinnun þessara aðferða. Ef ekki er mögulegt að beita þessum aðferðum geta aðildarríkin stuðst við álit sérfræðinga við setningu slíkra skilyrða. Þegar mjög gott vistfræðilegt ástand er skilgreint með hliðsjón af styrk sérstakra, tilbúinna mengunarvalda eru greiningarmörkin þau sem hægt er að ná með þeirri tækni sem til er á þeim tíma þegar gerðarsértæk skilyrði verða sett.

iv) Að því er varðar gerðarsértæk, líffræðileg viðmiðunarskilyrði, sem byggjast á svæðisgreiningu (spatially based), skulu aðildarríkin þróa viðmiðunarnet fyrir hverja gerð yfirborðsvatnshlota. Innan netsins skal vera nægilegur fjöldi staða þar sem ástand er mjög gott til að tryggja viðunandi áreiðanleika gildanna fyrir viðmiðunarskilyrðin, að teknu tilliti til breytileika gilda þeirra gæðaþátta sem svara til mjög góðs vistfræðilegs ástands fyrir það yfirborðsvatnshlot og reiknilíkanaaðferðanna sem beita á skv. v-lið.

v) Leiða má af spálíkönum eða með afturvirkum aðferðum gerðarsértæk, líffræðileg viðmiðunarskilyrði sem byggjast á líkönum. Aðferðirnar skulu styðjast við söguleg og fornminjafræðileg gögn og önnur fyrirliggjandi gögn og þær skulu tryggja viðunandi áreiðanleika gildanna fyrir viðmiðunarskilyrðin svo að skilyrðin, sem þannig eru ákvörðuð, séu samræmd innbyrðis og gildi fyrir hverja gerð yfirborðsvatnshlota.

vi) Ef ekki er unnt að ákvarða áreiðanleg, gerðarsértæk viðmiðunarskilyrði fyrir gæðaþátt í gerð yfirborðsvatnshlots vegna þess hve breytilegur sá þáttur er frá náttúrunnar hendi, ekki aðeins eftir árstíðum, má útiloka þann þátt frá mati á vistfræðilegu ástandi fyrir þá gerð yfirborðsvatns. Við slíkar aðstæður skulu aðildarríkin gefa upp ástæðurnar fyrir því að hann er ekki tekinn með í stjórnunaráætluninni fyrir vatnasviðaumdæmi.

1.4. **Álagsgreining**

Aðildarríkin skulu safna og geyma upplýsingar um gerð og umfang þess umtalsverða álags af mannavöldum sem yfirborðsvatnshlot á hverju vatnasviðaumdæmi geta verið undir, einkum um eftirfarandi:

Mat og greiningu á umtalsverðri mengun frá punktupptökum mengunar, einkum af völdum efnanna sem eru tilgreind í VIII. viðauka, frá búnaði og starfsemi í þéttbýli, í iðnaði og landbúnaði, sem byggist m.a. á upplýsingum sem safnað er samkvæmt:

i) 15. og 17. gr. tilskipunar 91/271/EBE,

ii) 9. og 15. gr. tilskipunar 96/61/EB ([1]),

og, að því er varðar fyrstu stjórnunaráætlunina fyrir vatnasviðaumdæmi:

iii) 11. gr. tilskipunar 76/464/EBE og

iv) tilskipunum 75/440/EB, 76/160/EBE ([2]), 78/659/EBE og 79/923/EBE ([3]).

Mat og greiningu á umtalsverðri mengun frá dreifðum mengunarupptökum, einkum af völdum efnanna sem eru tilgreind í VIII. viðauka, frá búnaði og starfsemi í þéttbýli, í iðnaði og landbúnaði, sem byggist m.a. á upplýsingum sem safnað er samkvæmt:

i) 3., 5. og 6. gr. tilskipunar 91/676/EBE ([4]),

ii) 7. og 17. gr. tilskipunar 91/414/EBE,

iii) tilskipun 98/8/EB,

og, að því er varðar fyrstu stjórnunaráætlunina fyrir vatnasviðaumdæmi:

iv) tilskipunum 75/440/EBE, 76/160/EBE, 76/464/EBE, 78/659/EBE og 79/923/EBE.

Mat og greiningu á umtalsverðri vatnstöku til notkunar í þéttbýli, iðnaði og landbúnaði og til annarra nota, þ.m.t. árstíðamunur og heildareftirspurn á ári, og á vatnstapi úr dreifingarkerfum.

Mat og greiningu á áhrifum umtalsverðrar stýringar vatnsflæðis, þ.m.t. vatnsflutningur og veiting vatns í nýjan farveg, á heildarrennsliseiginleika og vatnsjöfnuð.

Greiningu á umtalsverðum, formfræðilegum breytingum á vatnshlotum.

Mat og greiningu á öðrum umtalsverðum áhrifum af mannavöldum á ástand yfirborðsvatns.

Mat á landnýtingarmynstri, þ.m.t. tilgreining helstu þéttbýlissvæða, iðnaðar- og landbúnaðarsvæða og, þar sem við á, fiskveiðisvæða og skóga.

1.5. **Mat á áhrifum**

Aðildarríkin skulu láta fara fram mat á því hversu næmt ástand yfirborðsvatnshlota er fyrir framangreindu álagi.

([1]) Stjtíð. EB L 135, 30.5.1991, bls. 40. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 98/15/EB (Stjtíð. EB L 67, 7.3.1998, bls. 29).
([2]) Stjtíð. EB L 31, 5.2.1976, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.
([3]) Stjtíð. EB L 281, 10.11.1979, bls. 47. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 91/692/EBE (Stjtíð. EB L 377, 31.12.1991, bls. 48).
([4]) Stjtíð. EB L 375, 31.12.1991, bls. 1.

Aðildarríkin skulu nota framangreindar upplýsingar, sem safnað er, og aðrar viðkomandi upplýsingar, þ.m.t. fyrirliggjandi umhverfisvöktunargögn, til að meta líkurnar á því að yfirborðsvatnshlot innan vatnasviðaumdæmis sé ekki í samræmi við umhverfisgæðamarkmiðin sem sett eru fyrir hlotin í 4. gr. Aðildarríkin geta stuðst við reiknilíkön við slíkt mat.

Láta skal útbúa, fyrir þau vatnshlot þar sem talin er hætta á að umhverfisgæðamarkmiðin náist ekki, eftir því sem við á, frekari lýsingu á eiginleikum til að bæta, eins og hægt er, tilhögun bæði vöktunaráætlananna, sem krafist er skv. 8. gr., og áætlananna um ráðstafanir sem krafist er skv. 11. gr.

2. GRUNNVATN

2.1. **Fyrsta lýsing á eiginleikum**

Aðildarríkin skulu láta útbúa fyrstu lýsingu á öllum grunnvatnshlotum til að meta notkun þeirra og hversu mikil hætta er á að markmiðin í 4. gr. náist ekki fyrir hvert grunnvatnshlot. Aðildarríkin geta flokkað nokkur grunnvatnshlot saman þegar fyrstu lýsingar af þessu tagi eru gerðar. Við þessa greiningu má nota fyrirliggjandi, vatnafræðileg, jarðfræðileg og jarðvegsfræðileg gögn, gögn um landnýtingu, sleppingu, vatnstöku og annað, og í þeim skal koma fram:

- staðsetning og mörk grunnvatnshlotsins eða -hlotanna,
- álagið sem grunnvatnshlotið eða -hlotin geta verið undir, þ.m.t.:
  - dreifð upptök mengunar
  - punktupptök mengunar
  - vatnstöku
  - endurnýjun grunnvatns af mannavöldum
- almennir eiginleikar lagsins sem liggur yfir aðrennslissvæðinu sem grunnvatnshlotið endurnýjast frá,
- grunnvatnshlot þar sem vistkerfi yfirborðsvatns eða landvistkerfi eru háð þeim beint.

2.2. **Frekari lýsing á eiginleikum**

Í kjölfar þessarar fyrstu lýsingar á eiginleikum skulu aðildarríkin láta útbúa frekari lýsingu á eiginleikum þeirra grunnvatnshlota eða hópa grunnvatnshlota, sem talið er að séu í hættu, til að unnt sé að meta á nákvæmari hátt mikilvægi slíkrar hættu og tilgreina hvers kyns ráðstafanir sem krafist er í 11. gr. Af þessum sökum skal þessi lýsing á eiginleikum innihalda upplýsingar, sem málið varða, um áhrif af starfsemi manna og, þar sem við á, upplýsingar um:

- jarðfræðilega eiginleika grunnvatnshlotsins, þ.m.t. umfang og gerðir jarðfræðilegra eininga þess,
- vatnajarðfræðilega eiginleika grunnvatnshlotsins, þ.m.t. vatnsleiðni, grop og þrýstiaðstæður,
- eiginleika yfirborðssets og jarðvegs á aðrennslissvæðinu sem grunnvatnshlotið endurnýjast frá, þ.m.t. þykkt, grop, vatnsleiðni og gleypni sets og jarðvegs,
- einkenni lagskiptingar grunnvatnsins innan grunnvatnshlotsins,
- skrá yfir tengd yfirborðskerfi, þ.m.t. landvistkerfi og yfirborðsvatnshlot sem grunnvatnshlotið tengist á hreyfifræðilegan hátt,

– mat á stefnu og umfangi vatnsskipta milli grunnvatnshlotsins og tengdra yfirborðskerfa og

– gögn sem nægja til að reikna út árlegt meðaltal heildarendurnýjunar grunnvatns til langs tíma,

– lýsing á eiginleikum efnasamsetningar grunnvatnsins, þar sem það er tilgreint nákvæmlega sem rekja má til starfsemi manna. Aðildarríkin geta stuðst við formgerðarflokkun til að lýsa eiginleikum grunnvatns þegar náttúruleg bakgrunnsgildi eru ákvörðuð fyrir þessi grunnvatnshlot.

2.3. **Yfirlit yfir áhrif sem starfsemi manna hefur á grunnvatn**

Að því er varðar þau grunnvatnshlot, sem ná yfir landamæri tveggja eða fleiri aðildarríkja eða sem, í samræmi við fyrstu lýsingu á eiginleikum sem fram fór skv. lið 2.1, talið er að nái ekki markmiðunum sem sett eru fyrir hvert hlot skv. 4. gr., skal upplýsingum um eftirfarandi safnað, eftir því sem við á, og þær geymdar fyrir hvert grunnvatnshlot:

a) staðsetning þeirra staða í grunnvatnshlotinu þar sem vatnstaka fer fram, að undanskildum:

– stöðum þar sem fram fer vatnstaka sem nemur minna en 10 m3 á dag að meðaltali eða

– stöðum þar sem fram fer neysluvatnstaka sem nemur minna en 10 m3 á dag að meðaltali eða sem sér færri en 50 manns fyrir vatni,

b) árleg meðalvatnstaka á slíkum stöðum,

c) efnasamsetning vatns sem tekið er úr grunnvatnshlotinu,

d) staðsetning staða í grunnvatnshlotinu þar sem vatni er veitt beint í grunnvatnið,

e) umfang veitunnar á slíkum stöðum,

f) efnasamsetning vatnsins sem veitt er í grunnvatnshlotið og

g) landnýting á aðrennslissvæðinu eða -svæðunum, sem grunnvatnshlotið endurnýjast frá, þ.m.t. mengun og breytingar af mannavöldum á endurnýjun grunnvatnsins, s.s. með veitingu regnvatns og frárennslis í nýjan farveg með fyrirhleðslu, endurnýjun grunnvatns af mannavöldum, stíflugerð eða framræslu.

2.4. **Yfirlit yfir áhrif af breytingum á hæð grunnvatnsborðs**

Aðildarríkin skulu einnig tilgreina þau grunnvatnshlot sem eru þess eðlis að fyrir þau skal, skv. 4. gr., setja vægari markmið, m.a. eftir að tillit hefur verið tekið til þeirra áhrifa sem ástand hlotsins hefur á:

i) yfirborðsvatn og tengd landvistkerfi

ii) vatnsstjórnun, flóðavarnir og framræslu lands

iii) þróun lífskjara.

2.5. **Yfirlit yfir áhrif mengunar á gæði grunnvatns**

Aðildarríkin skulu tilgreina þau grunnvatnshlot sem eru þess eðlis að fyrir þau eru sett, skv. 5. mgr. 4. gr., vægari markmið ef grunnvatnshlotið er, vegna áhrifa af starfsemi manna, eins og ákvarðað er í samræmi við 1. mgr. 5. gr., svo mengað að það yrði óhagkvæmt eða óhóflega dýrt að ná fram góðu efnafræðilegu ástandi grunnvatns.

III. VIÐAUKI

EFNAHAGSLEG GREINING

Í efnahagslegu greiningunni skulu vera nægar upplýsingar og nægilega nákvæmar (með tilliti til kostnaðarins af öflun viðkomandi upplýsinga) til þess að:

a) gera viðkomandi útreikninga, sem eru nauðsynlegir með tilliti til meginreglunnar um endurheimt kostnaðar vegna vatnsþjónustu, skv. 9. gr., með tilliti til langtímaspár um framboð og eftirspurn eftir vatni á vatnasviðaumdæminu og, ef nauðsyn krefur:

   – mat á umfangi, verði og kostnaði í tengslum við vatnsþjónustu og

   – mat á tilheyrandi fjárfestingum, þ.m.t. spár um slíkar fjárfestingar,

b) meta, út frá mati á hugsanlegum kostnaði vegna slíkra ráðstafana, hagkvæmustu samsetningu ráðstafana, að því er varðar vatnsnotkun, sem taka má inn í áætlun um ráðstafanir skv. 11. gr.

IV. VIÐAUKI

VERNDUÐ SVÆÐI

1. Skráin yfir vernduð svæði, sem krafist er skv. 6. gr., skal taka til eftirtalinna gerða verndaðra svæða:

   i) svæða þar sem neysluvatnstaka fer fram skv. 7. gr.,

   ii) svæða sem vernduð eru vegna efnahagslega mikilvægra tegunda vatnalífvera,

   iii) vatnshlota sem eru tilnefnd sem afþreyingarvötn, þ.m.t. svæði sem eru tilnefnd sem vötn til baða samkvæmt tilskipun 76/160/EBE,

   iv) svæða, sem eru næm fyrir næringarefnum, þ.m.t. svæði sem eru tilnefnd sem svæði í hættu, samkvæmt tilskipun 91/676/EBE, og svæði, sem eru tilnefnd sem viðkvæm svæði, samkvæmt tilskipun 91/271/EBE og

   v) svæði sem eru tilnefnd í því skyni að friða búsvæði eða tegundir, þar sem viðhald eða umbætur á ástandi vatnsins er mikilvægur þáttur í verndinni, þ.m.t. staðir viðkomandi Natura 2000 sem eru tilnefndir samkvæmt tilskipun 92/43/EBE ([1]) og tilskipun 79/409/EBE ([2]).

2. Í samantekt skrárinnar, sem krafist er að sé hluti af stjórnunaráætlun fyrir vatnasviðaumdæmi, skulu vera kort sem sýna staðsetningu sérhvers verndaðs svæðis og lýsing á löggjöfinni, þar sem svæðin eru tilnefnd, á vettvangi Bandalagsins eða á vettvangi hvers ríkis eða á staðbundnum vettvangi.

([1]) Stjtíð. EB L 206, 22.7.1992, bls. 7. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 97/62/EB (Stjtíð. EB L 305, 8.11.1997, bls. 42).
([2]) Stjtíð. EB L 103, 25.4.1979, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 97/49/EB (Stjtíð. EB L 223, 13.8.1997, bls. 9).

V. VIÐAUKI

1. ÁSTAND YFIRBORÐSVATNS

1.1. **Gæðaþættir til flokkunar á vistfræðilegu ástandi**
1.1.1. Ár
1.1.2. Stöðuvötn
1.1.3. Árósavatn
1.1.4. Strandsjór
1.1.5. Manngerð og mikið breytt yfirborðsvatnshlot

1.2. **Staðlaðar skilgreiningar á flokkun á vistfræðilegu ástandi**
1.2.1. Skilgreiningar á mjög góðu, góðu og sæmilegu vistfræðilegu ástandi áa
1.2.2. Skilgreiningar á mjög góðu, góðu og sæmilegu vistfræðilegu ástandi stöðuvatna
1.2.3. Skilgreiningar á mjög góðu, góðu og sæmilegu vistfræðilegu ástandi árósavatns
1.2.4. Skilgreiningar á mjög góðu, góðu og sæmilegu vistfræðilegu ástandi strandsjávar
1.2.5. Skilgreiningar á besta, góðu og sæmilegu vistmegni mikið breyttra eða manngerðra vatnshlota
1.2.6. Málsmeðferð aðildarríkja við setningu efnafræðilegra gæðakrafna

1.3. **Vöktun á vistfræðilegu og efnafræðilegu ástandi yfirborðsvatns**
1.3.1. Tilhögun yfirlitsvöktunar
1.3.2. Tilhögun aðgerðavöktunar
1.3.3. Tilhögun rannsóknarvöktunar
1.3.4. Tíðni vöktunar
1.3.5. Viðbótarkröfur vegna vöktunar á vernduðum svæðum
1.3.6. Staðlar fyrir vöktun á gæðaþáttum

1.4. **Flokkun og framsetning vistfræðilegs ástands**
1.4.1. Samanburðarhæfi niðurstaðna líffræðilegrar vöktunar
1.4.2. Framsetning á niðurstöðum vöktunar og flokkun vistfræðilegs ástands og vistmegins
1.4.3. Framsetning á niðurstöðum vöktunar og flokkun efnafræðilegs ástands

2. GRUNNVATN
2.1. **Magnstaða grunnvatns**
2.1.1. Færibreyta fyrir flokkun á magnstöðu
2.1.2. Skilgreining á magnstöðu
2.2. Vöktun á magnstöðu grunnvatns
2.2.1. Vöktunarnet fyrir hæð grunnvatnsborðs
2.2.2. Þéttleiki vöktunarstaða
2.2.3. Tíðni vöktunar
2.2.4. Túlkun og framsetning á magnstöðu grunnvatns

2.3. Efnafræðilegt ástand grunnvatns

2.3.1. Færibreytur til að ákvarða efnafræðilegt ástand grunnvatns

2.3.2. Skilgreining á góðu efnafræðilegu ástandi grunnvatns

2.4. **Vöktun á efnafræðilegu ástandi grunnvatns**

2.4.1. Vöktunarnet fyrir grunnvatn

2.4.2. Yfirlitsvöktun

2.4.3. Aðgerðavöktun

2.4.4. Greining á leitni (trend) með tilliti til styrks mengunarvalda

2.4.5. Túlkun og framsetning á efnafræðilegu ástandi grunnvatns

2.5. **Framsetning á ástandi grunnvatns**

1. ÁSTAND YFIRBORÐSVATNS

1.1. **Gæðaþættir til flokkunar á vistfræðilegu ástandi**

1.1.1. Ár

Líffræðilegir þættir

Samsetning og þéttleiki vatnaplantna

Samsetning og þéttleiki botnhryggleysingja

Samsetning, þéttleiki og aldursdreifing fiska

Vatnsformfræðilegir þættir sem styðja líffræðilegu þættina

Vatnsbúskapur

vatnsmagn og straumþungi

tengsl við grunnvatnshlot

Samfella ár

Formfræðileg skilyrði

breytileiki í dýpt og breidd árinnar

gerð og undirlag árfarvegarins

gerð bakkasvæðisins

Efnafræðilegir og eðlisefnafræðilegir þættir sem styðja líffræðilegu þættina

Almennt

Hitaskilyrði

Súrefnisskilyrði

Selta

Súrnunarástand

Næringarskilyrði

Sérstakir mengunarvaldar

Mengun af völdum allra forgangsefna em sýnt hefur verið fram á að hafi verið sleppt í vatnshlotið

Mengun af völdum annarra efna sem sýnt hefur verið fram á að hafi verið sleppt í umtalsverðu magni í vatnshlotið

1.1.2. Stöðuvötn

Líffræðilegir þættir

Samsetning, fjöldi og lífmassi þörunga í plöntusvifinu

Samsetning og þéttleiki vatnaplanta

Samsetning og þéttleiki botnhryggleysingja

Samsetning, þéttleiki og aldursdreifing fiska

Vatnsformfræðilegir þættir sem styðja líffræðilegu þættina

Vatnsbúskapur

vatnsmagn og straumþungi

viðstöðutími

tengsl við grunnvatnshlot

Formfræðileg skilyrði

breytileiki í dýpt stöðuvatns

stærð, gerð og undirlag vatnsbotnsins

gerð vatnsbakkans

Efnafræðilegir og eðlisefnafræðilegir þættir sem styðja líffræðilegu þættina

Almennt

Gagnsæi

Hitaskilyrði

Súrefnisskilyrði

Selta

Súrnunarástand

Næringarskilyrði

Sérstakir mengunarvaldar

Mengun af völdum allra forgangsefna sem sýnt hefur verið fram á að hafi verið sleppt í vatnshlotið

Mengun af völdum annarra efna sem sýnt hefur verið fram á að hafi verið sleppt í umtalsverðu magni í vatnshlotið

1.1.3. *Árósavatn*

Líffræðilegir þættir

Samsetning, fjöldi og lífmassi þörunga í plöntusvifinu

Samsetning og þéttleiki vatnaplanta

Samsetning og þéttleiki botnhryggleysingja

Samsetning og þéttleiki fiska

Vatnsformfræðilegir þættir sem styðja líffræðilegu þættina

Formfræðileg skilyrði

breytileiki í dýpt

stærð, gerð og undirlag botnsins

gerð svæðisins milli há- og lágflæðimarka

Sjávarföll

ferskvatnsflæði

ölduhrif

Efnafræðilegir og eðlisefnafræðilegir þættir sem styðja líffræðilegu þættina

Almennt

Gagnsæi

Hitaskilyrði

Súrefnisskilyrði

Selta

Næringarskilyrði

Sérstakir mengunarvaldar

Mengun af völdum allra forgangsefna sem sýnt hefur verið fram á að hafi verið sleppt í vatnshlotið

Mengun af völdum annarra efna sem sýnt hefur verið fram á að hafi verið sleppt í umtalsverðu magni í vatnshlotið

1.1.4. Strandsjór

Líffræðilegir þættir

Samsetning, fjöldi og lífmassi þörunga í plöntusvifinu

Samsetning og þéttleiki vatnaplantna

Samsetning og þéttleiki botnhryggleysingja

Vatnsformfræðilegir þættir sem styðja líffræðilegu þættina

Formfræðileg skilyrði

breytileiki í dýpt

gerð og undirlag sjávarbotnsins

gerð svæðisins milli há- og lágflæðimarka

Sjávarföll

stefna ríkjandi strauma

ölduhrif

Efnafræðilegir og eðlisefnafræðilegir þættir sem styðja líffræðilegu þættina

Almennt

Gagnsæi

Hitaskilyrði

Súrefnisskilyrði

Selta

Næringarskilyrði

Sérstakir mengunarvaldar

Mengun af völdum allra forgangsefna sem sýnt hefur verið fram á að hafi verið sleppt í vatnshlotið

Mengun af völdum annarra efna sem sýnt hefur verið fram á að hafi verið sleppt í umtalsverðu magni í vatnshlotið.

1.1.5. Manngerð og mikið breytt yfirborðsvatnshlot

Gæðaþættir, sem eiga við um manngerð og mikið breytt yfirborðsvatnshlot, skulu vera þeir sem eiga við um sérhvern þeirra fjögurra framangreindra flokka náttúrulegs yfirborðsvatns sem líkist helst mikið breytta eða manngerða vatnshlotinu sem um ræðir.

1.2. Staðlaðar skilgreiningar á flokkun vistfræðilegs ástands

Tafla 1.2. Almenn skilgreining fyrir ár, stöðuvötn, árósavatn og strandsjó

Í eftirfarandi texta er að finna almenna skilgreiningu á vistfræðilegum gæðum. Að því er varðar flokkun eru gildi gæðaþátta vistfræðilegs ástands fyrir hvern flokk yfirborðsvatns gefin í töflum 1.2.1 til 1.2.4 hér á eftir.

Þáttur	Mjög gott ástand	Gott ástand	Sæmilegt ástand
Almennt	Engar eða mjög óverulegar breytingar af mannavöldum hafa orðið á gildum eðlisefnafræðilegra og vatnsformfræðilegra gæðaþátta viðkomandi gerðar yfirborðsvatnshlots miðað við það sem vænta mætti við óröskuð skilyrði. Gildi fyrir líffræðilega gæðaþætti yfirborðs vatnshlotsins endurspegla það sem alla jafna mætti vænta við óröskuð skilyrði og engar eða mjög óverulegar vísbendingar um röskun koma fram. Þetta eru gerðarsértæk skilyrði og líffélög.	Gildi fyrir líffræðilega gæðaþætti viðkomandi gerðar yfirborðsvatnshlotsins sýna litla röskun af mannavöldum en aðeins smávægileg frávik frá því sem alla jafna mætti búast við ef þessi gerð yfirborðsvatnshlots væri óröskuð.	Gildi fyrir líffræðilega gæðaþætti viðkomandi gerðar yfirborðsvatnshlotsins sýna nokkur frávik frá því sem alla jafna mætti búast við ef þessi gerð vatnshlotsins væri óröskuð. Gildin sýna nokkra röskun af mannavöldum og umtalsvert meiri en þar sem ástand er gott.

Ástand vatns, sem er lakara en sæmilegt, skal flokkað sem slakt eða lélegt.

Ástand vatns, þar sem vísbendingar eru um stórvægilegar breytingar á gildum fyrir líffræðilega gæðaþætti viðkomandi gerðar yfirborðsvatnshlots og þar sem viðkomandi líffélög sýna veruleg frávik frá því sem alla jafna mætti vænta við óröskuð skilyrði, skal flokkað sem slakt.

Ástand vatns, þar sem vísbendingar eru um alvarlegar breytingar á gildum fyrir líffræðilega gæðaþætti viðkomandi gerðar yfirborðsvatnshlots og þar sem stórir hlutar viðkomandi líffélaga, sem alla jafna mætti vænta við óröskuð skilyrði, eru ekki til staðar, skal flokkað sem lélegt.

1.2.1. Skilgreiningar á mjög góðu, góðu og sæmilegu vistfræðilegu ástandi áa

Líffræðilegir gæðaþættir

Þáttur	Mjög gott ástand	Gott ástand	Sæmilegt ástand
Plöntusvif	Tegundasamsetning plöntusvifs er algjörlega eða nánast eins og vænta mætti við óröskuð skilyrði. Meðalþéttleiki plöntusvifs er fyllilega í samræmi við gerðarsértæku, eðlisefnafræðilegu skilyrðin og er ekki þannig að breyti umtalsvert gagnsæi miðað við gerðarsértæk skilyrði. Tíðni og umfang plöntusvifsblóma er í samræmi við gerðarsértæku, eðlisefnafræðilegu skilyrðin.	Smávægilegar breytingar eru á tegundasamsetningu og þéttleika sviflægra lífvera miðað við gerðarsértæk líffélög. Slíkar breytingar benda ekki til hraðari þörungavaxtar sem leiðir til óæskilegra truflana á jafnvægi lífvera í vatnshlotinu eða á eðlisefnafræðilegum gæðum vatnsins eða setsins. Smávægileg aukning á tíðni og umfangi gerðarsértæka plöntusvifsblómans kann að eiga sér stað.	Tegundasamsetning sviflægra lífvera er nokkuð frábrugðin því sem gerist í gerðarsértækum líffélögum. Nokkur röskun er á þéttleika og kann að vera svo mikil að umtalsverð, óæskileg truflun verði á gildum annarra líffræðilegra og eðlisefnafræðilegra gæðaþátta. Nokkur aukning á tíðni og umfangi gerðarsértæka plöntusvifsblómans getur komið fram. Yfir sumarmánuðina getur blómi verið viðvarandi.
Fjölfrumuplöntur og botngróður	Tegundasamsetning er algjörlega eða nánast eins og vænta mætti við óröskuð skilyrði. Engar greinanlegar breytingar hafa orðið á meðalþéttleika fjölfrumuplantna og botngróðurs.	Smávægilegar breytingar eru á tegundasamsetningu og meðalþéttleika fjölfrumuplantna og botngróðurs miðað við gerðarsértæk líffélög. Slíkar breytingar benda ekki til hraðari vaxtar botngróðurs eða æðri plantna sem leiða til óæskilegra truflana á jafnvægi lífvera í vatnshlotinu eða á eðlisefnafræðilegum gæðum vatnsins eða setsins. Líffélög botngróðurs hafa ekki orðið fyrir skaðlegum áhrifum af bakteríubrúskum og -skánum sem eru til komin vegna starfsemi manna.	Tegundasamsetning fjölfrumuplantna og botngróðurs er nokkuð frábrugðin því sem gerist í gerðarsértækum líffélögum og sýnir umtalsvert meiri röskun en þar sem ástand er gott. Nokkrar breytingar eru sýnilegar á meðalþéttleika fjölfrumuplantna og botngróðurs. Bakteríubrúskar og -skánir, sem eru til komin vegna starfsemi manna, kunna að hafa haft áhrif á líffélög botngróðurs og á sumum stöðum komið í stað þeirra.
Botnlægir hryggleysingjar	Flokkunarfræðileg samsetning og þéttleiki er algjörlega eða nánast eins og vænta mætti við óröskuð skilyrði. Engin merki breytinga er að sjá á hlutfalli lífvera sem eru viðkvæmar fyrir truflun og lífvera sem eru það ekki miðað við það sem vænta mætti við óröskuð skilyrði. Fjölbreytileiki hryggleysingja sýnir engin merki breytinga frá því sem vænta mætti við óröskuð skilyrði.	Smávægilegar breytingar eru á tegundasamsetningu og þéttleika hryggleysingja miðað við gerðarsértæk líffélög. Smávægilegar breytingar eru á hlutfalli lífvera, sem eru viðkvæmar fyrir truflun, og lífvera, sem eru það ekki, miðað við gerðarsértækt stig. Smávægilegar breytingar eru á fjölbreytileika hryggleysingja miðað við gerðarsértæku gildin.	Tegundasamsetning hryggleysingja er nokkuð frábrugðin því sem gerist í gerðarsértækum líffélögum. Mikilvæga hópa tegunda gerðarsértæka líffélagsins vantar. Fjölbreytileikinn og hlutfall lífvera, sem eru viðkvæmar fyrir truflun, og lífvera, sem eru það ekki, eru verulega miklu minni en gerðarsértæku gildin segja til um og umtalsvert minni en þar sem ástand er gott.

Þáttur	Mjög gott ástand	Gott ástand	Sæmilegt ástand
Fiskar	Tegundasamsetning og þéttleiki er algjörlega eða nánast eins og vænta mætti við óröskuð skilyrði. Allar gerðarsértækar tegundir, sem eru viðkvæmar fyrir truflunum, eru til staðar. Aldursdreifing í líffélögum fiska sýnir lítil merki truflunar af mannavöldum og bendir ekki til þess að viðkomubrestur hafi orðið eða að viðgangi neinnar tiltekinnar tegundar sé ábótavant.	Smávægilegar breytingar eru á tegundasamsetningu og þéttleika miðað við gerðarsértæku líffélögin vegna áhrifa af mannavöldum á eðlisefnafræðilegu og vatnsformfræðilegu gæðaþættina. Aldursdreifing í líffélögum fiska sýnir merki truflunar eðlisefnafræðilegra eða vatnsformfræðilegra gæðaþátta af mannavöldum og bendir í nokkrum tilvikum til þess að viðkomubrestur hafi orðið eða að viðgangi tiltekinnar tegundar sé ábótavant að því marki að suma aldurshópa kann að vanta.	Nokkrar breytingar eru á samsetningu og þéttleika fisktegunda miðað við gerðarsértæku líffélögin vegna áhrifa af mannavöldum á eðlisefnafræðilegu og vatnsformfræðilegu gæðaþættina. Aldursdreifing í líffélögum fiska sýnir merki stórvægilegrar truflunar af mannavöldum að því marki að nokkurn hluta gerðarsértæku tegundanna vantar eða þéttleiki þeirra er mjög lítill.

Vatnsformfræðilegir gæðaþættir

Þáttur	Mjög gott ástand	Gott ástand	Sæmilegt ástand
Vatnabúskapur	Vatnsmagn og straumþungi og tengsl sem af því hljótast við grunnvatn endurspegla algjörlega eða nánast það sem vænta mætti við óröskuð skilyrði.	Skilyrði eru í samræmi við áðurgreind gildi fyrir líffræðilega gæðaþætti.	Skilyrði eru í samræmi við áðurgreind gildi fyrir líffræðilega gæðaþætti.
Samfella ár	Samfella árinnar raskast ekki af starfsemi manna og far vatnalífvera og flutningur sets eru eðlileg.	Skilyrði eru í samræmi við áðurgreind gildi fyrir líffræðilega gæðaþætti.	Skilyrði eru í samræmi við áðurgreind gildi fyrir líffræðilega gæðaþætti.
Formfræðileg skilyrði	Árfarvegsmynstur, breytileg dýpt og breidd, straumhraði, skilyrði að því er varðar undirlag og bæði gerð og ástand árbakkasvæða eru algjörlega eða nánast eins og vænta mætti við óröskuð skilyrði.	Skilyrði eru í samræmi við áðurgreind gildi fyrir líffræðilega gæðaþætti.	Skilyrði eru í samræmi við áðurgreind gildi fyrir líffræðilega gæðaþætti.

Eðlisefnafræðilegir gæðaþættir ([1])

Þáttur	Mjög gott ástand	Gott ástand	Sæmilegt ástand
Almenn skilyrði	Gildi eðlisefnafræðilegu þáttanna eru algjörlega eða nánast eins og vænta mætti við óröskuð skilyrði. Styrkur næringarefna helst innan þeirra marka sem alla jafna mætti vænta við óröskuð skilyrði. Selta, sýrustig súrefnisjafnvægi, sýruhlutleysingargeta og hitastig sýna engin merki truflunar af mannavöldum og haldast innan þeirra marka sem alla jafna mætti vænta við óröskuð skilyrði.	Hiti, súrefnisjafnvægi, sýrustig, sýruhlutleysingargeta og selta eru ekki utan þeirra marka sem fastsett hafa verið til að tryggja að gerðarsértæka vistkerfið starfi eðlilega og áðurgreind gildi fyrir líffræðilega gæðaþætti náist. Styrkur næringarefna er ekki utan þeirra marka sem fastsett hafa verið til að tryggja að vistkerfið starfi eðlilega og áðurgreind gildi fyrir líffræðilega gæðaþætti náist.	Skilyrði eru í samræmi við áðurgreind gildi fyrir líffræðilega gæðaþætti.
Sérstakir, tilbúnir mengunarvaldar	Styrkur er nálægt núlli eða a.m.k. undir greiningarmörkum fullkomnustu greiningaraðferða sem eru almennt notaðar.	Styrkur er ekki meiri en kröfurnar leyfa sem settar eru í samræmi við málsmeðferðina sem lýst er í lið 1.2.6, samanber þó tilskipun 91/414/EB og tilskipun 98/8/EB.	Skilyrði eru í samræmi við áðurgreind gildi fyrir líffræðilega gæðaþætti.
Aðrir sérstakir mengunarvaldar	Styrkur helst innan þeirra marka sem alla jafna mætti vænta við óröskuð skilyrði (bakgrunnsgildi ([1]))	Styrkur er ekki meiri en kröfurnar leyfa sem settar eru í samræmi við málsmeðferðina sem lýst er í lið 1.2.6 ([2]), samanber þó tilskipun 91/414/EB og tilskipun 98/8/EB (< umhverfisgæðakröfur).	Skilyrði eru í samræmi við áðurgreind gildi fyrir líffræðilega gæðaþætti.

([1]) Skammstafanir eiga ekki við í íslenska textanum.

([2]) Við beitingu krafnanna, sem eru settar samkvæmt þessari bókun, skal þess ekki krafist að dregið sé úr styrk mengunarvalda þannig að hann verði undir bakgrunnsgildum (umhverfisgæðakröfur > bakgrunnsgildi).

1.2.2. Skilgreiningar á mjög góðu, góðu og sæmilegu, vistfræðilegu ástandi stöðuvatna

Líffræðilegir gæðaþættir

Þáttur	Mjög gott ástand	Gott ástand	Sæmilegt ástand
Plöntusvif	Tegundasamsetning og þéttleiki plöntusvifs er algjörlega eða nánast eins og vænta mætti við óröskuð skilyrði. Meðallífmassi plöntusvifs er í samræmi við gerðarsértæku, eðlisefnafræðilegu skilyrðin og er ekki þannig að það breyti umtalsvert gagnsæi miðað við gerðarsértæk skilyrði. Plöntusvifsblómi kemur fram í sömu tíðni og í sama umfangi og við gerðarsértæku, eðlisefnafræðilegu skilyrðin.	Smávægilegar breytingar eru á tegundasamsetningu og þéttleika sviflægra lífvera miðað við gerðarsértæk líffélög. Slíkar breytingar benda ekki til hraðari þörunga vaxtar sem leiðir til óæskilegrar truflunar á jafnvægi lífvera í vatnshlotinu eða á eðlisefnafræðilegum gæðum vatnsins eða setsins. Smávægileg aukning á tíðni og umfangi plöntusvifsblómans getur komið fram miðað við gerðarsértæk skilyrði.	Tegundasamsetning og þéttleiki sviflægra lífvera eru nokkuð frábrugðin því sem gerist í gerðarsértækum líffélögum. Nokkur röskun er á lífmassa og kann að vera svo mikil að umtalsverð, óæskileg truflun verði á öðrum líffræðilegum gæðaþáttum og eðlisefnafræðilegum gæðum vatnsins eða setsins. Nokkur aukning á tíðni og umfangi plöntusvifsblómans getur komið fram. Yfir sumarmánuðina getur blómi verið viðvarandi.
Fjölfrumuplöntur og botngróður	Tegundasamsetningin er algjörlega eða nánast eins og vænta mætti við óröskuð skilyrði. Engar greinanlegar breytingar hafa orðið á meðalþéttleika fjölfrumuplantna og botngróðurs.	Smávægilegar breytingar eru á tegundasamsetningu og þéttleika fjölfrumuplantna og botngróðurs miðað við gerðarsértæk líffélög. Slíkar breytingar benda ekki til hraðari vaxtar botngróðurs eða æðri plantna sem leiða til óæskilegrar truflunar á jafnvægi lífvera í vatnshlotinu eða á eðlisefnafræðilegum gæðum vatnsins. Líffélög botngróðurs hafa ekki orðið fyrir skaðlegum áhrifum af bakteríubrúskum og -skánum sem eru til komin vegna starfsemi manna.	Tegundasamsetning fjölfrumuplantna og botngróðurs er nokkuð frábrugðin því sem gerist í gerðarsértækum líffélögum og sýnir umtalsvert meiri röskun en þar sem ástand er gott. Nokkrar breytingar á meðalþéttleika fjölfrumuplantna og botngróðurs eru augljósar. Bakteríubrúskar og -skánir, sem eru til komin vegna starfsemi manna, kunna að hafa haft áhrif á líffélög botngróðurs og á sumum stöðum komið í stað þeirra.
Botnlægir hryggleysingjar	Tegundasamsetning og þéttleiki er algjörlega eða nánast eins og vænta mætti við óröskuð skilyrði. Engin merki breytinga er að sjá á hlutfalli lífvera, sem eru viðkvæmar fyrir truflun, og lífvera, sem eru það ekki, miðað við það sem vænta mætti við óröskuð skilyrði. Fjölbreytileiki hryggleysingja sýnir engin merki breytinga frá því sem vænta mætti við óröskuð skilyrði.	Smávægilegar breytingar eru á tegundasamsetningu og þéttleika hryggleysingja miðað við gerðarsértæk líffélög. Smávægilegar breytingar eru á hlutfalli lífvera, sem eru viðkvæmar fyrir truflun, og lífvera, sem eru það ekki, miðað við gerðarsértæk líffélög. Smávægilegar breytingar eru á fjölbreytileika hryggleysingja miðað við gerðarsértæk skilyrði.	Tegundasamsetning og þéttleiki hryggleysingja eru nokkuð frábrugðin því sem gerist við gerðarsértæk skilyrði. Mikilvæga hópa tegunda gerðarsértæka líffélagsins vantar. Fjölbreytileikinn og hlutfall lífvera, sem eru viðkvæmar fyrir truflun, og lífvera, sem eru það ekki, er umtalsvert miklu minni en gerðarsértæku gildin segja til um og mun minni en þar sem ástand er gott.

Þáttur	Mjög gott ástand	Gott ástand	Sæmilegt ástand
Fiskar	Tegundasamsetning og þéttleiki er algjörlega eða nánast eins og vænta mætti við óröskuð skilyrði. Allar viðkvæmar, gerðarsértækar tegundir eru til staðar. Aldursdreifing í líffélögum fiska sýnir lítil merki um truflun af mannavöldum og benda ekki til að viðkomubrestur hafi orðið eða að viðgangi tiltekinnar tegundar sé ábótavant.	Smávægilegar breytingar eru á samsetningu og þéttleika tegunda miðað við gerðarsértæku líffélögin vegna áhrifa af mannavöldum á eðlisefnafræðilegu og vatnsformfræðilegu gæðaþættina. Aldursdreifing í líffélögum fiska sýnir merki truflunar af mannavöldum á eðlisefnafræðilegum eða vatnsform fræðilegum gæðaþáttum og bendir í nokkrum tilvikum til viðkomubrests eða að viðgangi tiltekinnar tegundar sé ábótavant að því marki að suma aldurshópa kann að vanta.	Nokkrar breytingar eru á samsetningu og þéttleika fisktegunda miðað við gerðarsértæku líffélögin vegna áhrifa af mannavöldum á eðlisefnafræðilegu og vatnsformfræðilegu gæðaþættina. Aldursdreifing í líffélögum fiska sýnir merki stórvægilegrar truflunar sem rekja má til áhrifa af mannavöldum á eðlisefnafræðilegu og vatnsformfræðilegu gæðaþættina, að því marki að nokkurn hluta gerðarsértæku tegundanna vantar eða þéttleiki þeirra er mjög lítill.

Vatnsformfræðilegir gæðaþættir

Þáttur	Mjög gott ástand	Gott ástand	Sæmilegt ástand
Vatnasvið	Vatnsmagn og straumþungi, vatnshæð, viðstöðutími og tengsl við grunnvatn, sem af því hljótast, endurspegla algjörlega eða nánast það sem vænta mætti við óröskuð skilyrði.	Skilyrði eru í samræmi við áðurgreind gildi fyrir líffræðilega gæðaþætti.	Skilyrði eru í samræmi við áðurgreind gildi fyrir líffræðilega gæðaþætti.
Formfræðileg skilyrði	Breytileiki í dýpt stöðuvatns, magn og gerð undirlagsins og bæði gerð og ástand árbakkasvæða eru algjörlega eða nánast eins og vænta mætti við óröskuð skilyrði.	Skilyrði eru í samræmi við áðurgreind gildi fyrir líffræðilega gæðaþætti.	Skilyrði eru í samræmi við áðurgreind gildi fyrir líffræðilega gæðaþætti.

Eðlisefnafræðilegir gæðaþættir ([1])

Þáttur	Mjög gott ástand	Gott ástand	Sæmilegt ástand
Almenn skilyrði	Gildi eðlisefnafræðilegu þátt-anna eru algjörlega eða nánast eins og vænta mætti við óröskuð skilyrði. Styrkur næringarefna helst inn-an þeirra marka sem alla jafna mætti vænta við óröskuð skil-yrði. Selta, sýrustig, súrefnisjafn-vægi, sýruhlutleysingargeta, gagnsæi og hitastig sýna engin merki truflunar af mannavöld-um og haldast innan þeirra marka sem alla jafna mætti vænta við óröskuð skilyrði.	Hiti, súrefnisjafnvægi, sýrustig, sýruhlutleysingargeta, gagnsæi og selta eru ekki utan þeirra marka sem fastsett hafa verið til að tryggja að vistkerfið starfi eðlilega og áðurgreind gildi fyrir líffræðilega gæðaþætti náist. Styrkur næringarefna er ekki utan þeirra marka sem fastsett hafa verið til að tryggja að vist-kerfið starfi eðlilega og áður-greind gildi fyrir líffræðilega gæðaþætti náist.	Skilyrði eru í samræmi við áðurgreind gildi fyrir líffræði-lega gæðaþætti.
Sérstakir, tilbúnir mengunarvaldar	Styrkur er nálægt núlli eða a.m.k. undir greiningarmörkum fullkomnustu greiningaraðferða sem eru almennt notaðar.	Styrkur er ekki meiri en kröf-urnar leyfa sem settar eru í sam-ræmi við málsmeðferðina sem lýst er í lið 1.2.6, samanber þó tilskipun 91/414/EB og tilskipun 98/8/EB (< um-hverfisgæðakröfur).	Skilyrði eru í samræmi við áðurgreind gildi fyrir líffræði-lega gæðaþætti.
Aðrir sérstakir mengunarvaldar	Styrkur helst innan þeirra marka sem alla jafna mætti vænta við óröskuð skilyrði (bakgrunnsgildi ([1])).	Styrkur er ekki meiri en kröf-urnar leyfa sem settar eru í sam-ræmi við málsmeðferðina sem lýst er í lið 1.2.6 ([2]), samanber þó tilskipun 91/414/EB og tilskipun 98/8/EB (< um-hverfisgæðakröfur).	Skilyrði eru í samræmi við áðurgreind gildi fyrir líffræði-lega gæðaþætti.

([1]) Skammstafanir eiga ekki við í íslenska textanum.

([2]) Við beitingu krafnanna, sem eru settar samkvæmt þessari bókun, skal þess ekki krafist að dregið sé úr styrk mengunarvalda þannig að hann verði undir bakgrunnsgildum (umhverfisgæðakröfur > bakgrunnsgildi)

1.2.3. Skilgreiningar á mjög góðu, góðu og sæmilegu vistfræðilegu ástandi árósavatns

Líffræðilegir gæðaþættir

Þáttur	Mjög gott ástand	Gott ástand	Sæmilegt ástand
Plöntusvif	Tegundasamsetning og þéttleiki plöntusvifs er í samræmi við það sem vænta mætti við óröskuð skilyrði. Meðallífmassi plöntusvifs er í samræmi við gerðarsértæku, eðlisefnafræðilegu skilyrðin og er ekki þannig að það breyti umtalsvert gagnsæi miðað við gerðarsértæk skilyrði. Tíðni og umfang plöntusvifsblóma er í samræmi við gerðarsértæku, eðlisefnafræðilegu skilyrðin.	Smávægilegar breytingar eru á tegundasamsetningu og þéttleika plöntusvifs. Smávægilegar breytingar eru á lífmassa miðað við gerðarsértæk skilyrði. Slíkar breytingar benda ekki til hraðari þörungavaxtar sem leiðir til óæskilegrar truflunar á jafnvægi lífvera í vatnshlotinu eða á eðlisefnafræðilegum gæðum vatnsins. Smávægileg aukning á tíðni og umfangi gerðarsértæka plöntusvifsblómans getur komið fram.	Tegundasamsetning og þéttleiki plöntusvifs eru nokkuð frábrugðin því sem gerist við gerðarsértæk skilyrði. Nokkur röskun er á lífmassa og kann að vera svo mikil að umtalsverð, óæskileg truflun verði á öðrum líffræðilegum gæðaþáttum. Nokkur aukning á tíðni og umfangi plöntusvifsblómans getur komið fram. Yfir sumarmánuðina getur blómi verið viðvarandi.
Stórþörungar	Tegundasamsetning stórþörunga er í samræmi við það sem vænta mætti við óröskuð skilyrði. Engar greinanlegar breytingar eru á þekju stórþörunga af völdum starfsemi manna.	Smávægilegar breytingar eru á tegundasamsetningu og þéttleika stórþörunga miðað við gerðarsértæk líffélög. Slíkar breytingar benda ekki til hraðari vaxtar botngróðurs eða æðri plantna sem leiða til óæskilegrar truflunar á jafnvægi lífvera í vatnshlotinu eða á eðlisefnafræðilegum gæðum vatnsins.	Tegundasamsetning stórþörunga er nokkuð frábrugðin því sem gerist við gerðarsértæk skilyrði og sýnir umtalsvert meiri röskun en þar sem ástand er gott. Nokkrar breytingar eru augljósar á meðalþéttleika stórþörunga og kann að vera svo mikil að veruleg, óæskileg truflun verði á jafnvægi lífvera í vatnshlotinu.
Dulfrævingar	Tegundasamsetningin svarar algjörlega eða nánast til þess sem vænta mætti við óröskuð skilyrði. Engar greinanlegar breytingar eru á þéttleika dulfrævinga af völdum starfsemi manna.	Smávægilegar breytingar eru á tegundasamsetningu dulfrævinga miðað við gerðarsértæk líffélög. Þéttleiki dulfrævinga sýnir smávægileg merki truflunar.	Tegundasamsetning dulfrævinga er nokkuð frábrugðin því sem gerist í gerðarsértækum líffélögum og sýnir umtalsvert meiri röskun en þar sem ástand er gott. Nokkur röskun er á þéttleika dulfrævinga.

Þáttur	Mjög gott ástand	Gott ástand	Sæmilegt ástand
Botnlægir hryggleysingjar	Fjölbreytileiki og þéttleiki hryggleysingja er innan þeirra marka sem alla jafna mætti vænta við óröskuð skilyrði. Allar gerðarsértækar lífverur, sem eru viðkvæmar fyrir truflun og vænta mætti við óröskuð skilyrði, eru til staðar.	Fjölbreytileiki og þéttleiki hryggleysingja er lítillega utan þeirra marka sem alla jafna eru tengd gerðarsértækum skilyrðum. Flestar viðkvæmar lífverur gerðarsértæku líffélaganna eru til staðar.	Fjölbreytileiki og þéttleiki hryggleysingja er nokkuð utan þeirra marka sem alla jafna eru tengd gerðarsértækum skilyrðum. Lífverur, sem benda til mengunar, eru til staðar. Margar viðkvæmar lífverur gerðarsértæku líffélaganna eru til staðar.
Fiskar	Tegundasamsetning og þéttleiki er í samræmi við það sem vænta mætti við óröskuð skilyrði.	Þéttleiki tegunda, sem eru viðkvæmar fyrir truflun, sýnir smávægileg merki röskunar miðað við gerðarsértæku líffélögin vegna áhrifa af mannavöldum á eðlisefnafræðilegu og vatnsformfræðilegu gæðaþættina.	Nokkurn hluta gerðarsértæku tegundanna, sem eru viðkvæmar fyrir truflun, vantar sem má rekja til áhrifa af mannavöldum á eðlisefnafræðilegu eða vatnsformfræðilegu gæðaþáttina.

Vatnsformfræðilegir gæðaþættir

Þáttur	Mjög gott ástand	Gott ástand	Sæmilegt ástand
Sjávarföll	Ferskvatnsflæðið er algjörlega eða nánast eins og vænta mætti við óröskuð skilyrði.	Skilyrði eru í samræmi við áðurgreind gildi fyrir líffræðilega gæðaþætti.	Skilyrði eru í samræmi við áðurgreind gildi fyrir líffræðilega gæðaþætti.
Formfræðileg skilyrði	Breytileiki í dýpt, skilyrði að því er varðar undirlag og bæði gerð og ástand svæðisins milli há- og lágflæðimarka eru algjörlega eða nánast eins og vænta mætti við óröskuð skilyrði.	Skilyrði eru í samræmi við áðurgreind gildi fyrir líffræðilega gæðaþætti.	Skilyrði eru í samræmi við áðurgreind gildi fyrir líffræðilega gæðaþætti.

Eðlisefnafræðilegir gæðaþættir ([1])

Þáttur	Mjög gott ástand	Gott ástand	Sæmilegt ástand
Almenn skilyrði	Eðlisefnafræðilegu þættirnir eru algjörlega eða nánast eins og vænta mætti við óröskuð skilyrði. Styrkur næringarefna helst innan þeirra marka sem alla jafna mætti vænta við óröskuð skilyrði. Hitastig, súrefnisjafnvægi og gagnsæi sýna engin merki truflunar af mannavöldum og haldast innan þeirra marka sem alla jafna mætti vænta við óröskuð skilyrði.	Hiti, súrefnisjafnvægi og gagnsæi eru ekki utan þeirra marka sem fastsett hafa verið til að tryggja að vistkerfið starfi eðlilega og áðurgreind gildi fyrir líffræðilega gæðaþætti náist. Styrkur næringarefna er ekki utan þeirra marka sem fastsett hafa verið til að tryggja að vistkerfið starfi eðlilega og áðurgreind gildi fyrir líffræðilega gæðaþætti náist.	Skilyrði eru í samræmi við áðurgreind gildi fyrir líffræðilega gæðaþætti.
Sérstakir, tilbúnir mengunarvaldar	Styrkur er nálægt núlli eða a.m.k. undir greiningarmörkum fullkomnustu greiningaraðferða sem eru almennt notaðar.	Styrkur er ekki meiri en kröfurnar leyfa sem settar eru í samræmi við málsmeðferðina sem lýst er í lið 1.2.6, samanber þó tilskipun 91/414/EB og tilskipun 98/8/EB (< umhverfisgæðakröfur).	Skilyrði eru í samræmi við áðurgreind gildi fyrir líffræðilega gæðaþætti.
Aðrir sérstakir mengunarvaldar	Styrkur helst innan þeirra marka sem alla jafna mætti vænta við óröskuð skilyrði (bakgrunnsgildi ([1]))	Styrkur er ekki meiri en kröfurnar leyfa sem settar eru í samræmi við málsmeðferðina sem lýst er í lið 1.2.6, samanber þó tilskipun 91/414/EB og tilskipun 98/8/EB (< umhverfisgæðakröfur).	Skilyrði eru í samræmi við áðurgreind gildi fyrir líffræðilega gæðaþætti.

([1]) Skammstafanir eiga ekki við í íslenska textanum.
([2]) Við beitingu krafnanna, sem eru settar samkvæmt þessari bókun, skal þess ekki krafist að dregið sé úr styrk mengunarvalda þannig að hann verði undir bakgrunnsgildum (umhverfisgæðakröfur > bakgrunnsgildi)

1.2.4. Skilgreiningar á mjög góðu, góðu og sæmilegu vistfræðilegu ástandi strandsjávar

Líffræðilegir gæðaþættir

Þáttur	Mjög gott ástand	Gott ástand	Sæmilegt ástand
Plöntusvif	Tegundasamsetning og fjöldi þörunga í plöntusvifinu er í samræmi við það sem vænta mætti við óröskuð skilyrði. Meðallífmassi plöntusvifs er í samræmi við gerðarsértæku, eðlisefnafræðilegu skilyrðin og er ekki þannig að það breyti umtalsvert gagnsæi miðað við gerðarsértæk skilyrði. Tíðni og umfang plöntusvifsblóma er í samræmi við gerðarsértæku, eðlisefnafræðilegu skilyrðin.	Tegundasamsetning og fjöldi þörunga í plöntusvifinu sýna smávægileg merki truflunar. Smávægilegar breytingar eru á lífmassa miðað við gerðarsértæk skilyrði. Slíkar breytingar benda ekki til hraðari þörungavaxtar sem leiðir til óæskilegrar truflunar á jafnvægi lífvera í vatnshlotinu eða á gæðum vatnsins. Smávægileg aukning á tíðni og umfangi gerðarsértæka plöntusvifsblómans getur komið fram.	Tegundasamsetning og þéttleiki sviflægra lífvera sýna nokkur merki truflunar. Lífmassi þörunga er verulega langt utan þeirra marka sem alla jafna eru tengd gerðarsértækum skilyrðum og er þannig að það hefur áhrif á aðra líffræðilega gæðaþætti. Nokkur aukning á tíðni og umfangi plöntusvifs blómans kann að eiga sér stað. Yfir sumarmánuðina getur blómi verið viðvarandi.
Stórþörungar og dulfrævingar	Flestir stórþörungar og dulfrævingar, sem eru viðkvæmir fyrir truflun og vænta mætti við óröskuð skilyrði, eru til staðar. Þekja stórþörunga og dulfrævinga er í samræmi við það sem vænta mætti við óröskuð skilyrði.	Flestir stórþörungar og dulfrævingar, sem eru viðkvæmir fyrir truflun og vænta mætti við óröskuð skilyrði, eru til staðar. Þekja stórþörunga og þéttleiki dulfrævinga sýna smávægileg merki truflunar.	Nokkur hluti stórþörunga og dulfrævinga, sem eru viðkvæmir fyrir truflun og búast mætti við í ósnortnu vatnshloti, er ekki til staðar. Nokkur röskun er á þekju stórþörunga og þéttleika dulfrævinga og kann að vera svo mikil að óæskileg truflun verði á jafnvægi lífvera í vatnshlotinu.
Botnlægir hryggleysingjar	Fjölbreytileiki og þéttleiki hryggleysingja er innan þeirra marka sem alla jafna mætti vænta við óröskuð skilyrði. Allar lífverur, sem eru viðkvæmar fyrir truflun og vænta mætti við óröskuð skilyrði, eru til staðar.	Fjölbreytileiki og þéttleiki hryggleysingja er lítillega utan þeirra marka sem alla jafna eru tengd gerðarsértækum skilyrðum. Flestar viðkvæmar lífverur gerðarsértæku líffélaganna eru til staðar.	Fjölbreytileiki og þéttleiki hryggleysingja er nokkuð utan þeirra marka sem alla jafna eru tengd gerðarsértækum skilyrðum. Lífverur, sem benda til mengunar, eru til staðar. Margar viðkvæmar lífverur gerðarsértæku líffélaganna vantar.

Vatnsformfræðilegir gæðaþættir

Þáttur	Mjög gott ástand	Gott ástand	Sæmilegt ástand
Sjávarföll	Ferskvatnsflæði og stefna og hraði ráðandi strauma eru algjörlega eða nánast eins og vænta mætti við óröskuð skilyrði.	Skilyrði eru í samræmi við áðurgreind gildi fyrir líffræðilega gæðaþætti.	Skilyrði eru í samræmi við áðurgreind gildi fyrir líffræðilega gæðaþætti.
Formfræðileg skilyrði	Breytileiki í dýpt, gerð og undirlag sjávarbotnsins og bæði gerð og ástand svæðisins milli há- og lágflæðimarka eru algjörlega eða nánast eins og vænta mætti við óröskuð skilyrði.	Skilyrði eru í samræmi við áðurgreind gildi fyrir líffræðilega gæðaþætti.	Skilyrði eru í samræmi við áðurgreind gildi fyrir líffræðilega gæðaþætti.

Eðlisefnafræðilegir gæðaþættir ([1])

Þáttur	Mjög gott ástand	Gott ástand	Sæmilegt ástand
Almenn skilyrði	Eðlisefnafræðilegu þættirnir eru algjörlega eða nánast eins og vænta mætti við óröskuð skilyrði. Styrkur næringarefna helst innan þeirra marka sem alla jafna mætti vænta við óröskuð skilyrði. Hiti, súrefnisjafnvægi og gagnsæi sýna engin merki truflunar af mannavöldum og haldast innan þeirra marka sem alla jafna mætti vænta við óröskuð skilyrði.	Hitastig, súrefnisjafnvægi og gagnsæi eru ekki utan þeirra marka sem ákvörðuð hafa verið til að tryggja að vistkerfið starfi eðlilega og til að áðurgreind gildi fyrir líffræðilega gæðaþætti náist. Styrkur næringarefna er ekki utan þeirra marka sem fastsett hafa verið til að tryggja að vistkerfið starfi eðlilega og áðurgreind gildi fyrir líffræðilega gæðaþætti náist.	Skilyrði eru í samræmi við áðurgreind gildi fyrir líffræðilega gæðaþætti.
Sérstakir, tilbúnir mengunarvaldar	Styrkur er nálægt núlli eða a.m.k. undir greiningarmörkum fullkomnustu greiningaraðferða sem eru almennt notaðar.	Styrkur er ekki meiri en kröfurnar leyfa sem settar eru í samræmi við málsmeðferðina sem lýst er í lið 1.2.6, samanber þó tilskipun 91/414/EB og tilskipun 98/8/EB (< umhverfisgæðakröfur).	Skilyrði eru í samræmi við áðurgreind gildi fyrir líffræðilega gæðaþætti.
Aðrir sérstakir mengunarvaldar	Styrkur helst innan þeirra marka sem alla jafna mætti vænta við óröskuð skilyrði (bakgrunnsgildi ([1])).	Styrkur er ekki meiri en kröfurnar leyfa sem settar eru í samræmi við málsmeðferðina sem lýst er í lið 1.2.6 samanber þó tilskipun 91/414/EB og tilskipun 98/8/EB (< umhverfisgæðakröfur).	Skilyrði eru í samræmi við áðurgreind gildi fyrir líffræðilega gæðaþætti.

([1]) Skammstafanir eiga ekki við í íslenska textanum.
([2]) Við beitingu krafnanna, sem eru settar samkvæmt þessari bókun, skal þess ekki krafist að dregið sé úr styrk mengunarvalda þannig að hann verði undir bakgrunnsgildum (umhverfisgæðakröfur > bakgrunnsgildi)

1.2.5. Skilgreiningar á besta, góðu og sæmilegu vistmegni mikið breyttra eða manngerðra vatnshlota

Þáttur	Besta vistmegin	Gott vistmegin	Sæmilegt vistmegin
Líffræðilegir gæðaþættir	Gildi líffræðilegu gæðaþáttanna endurspegla, eins og kostur er, þau gildi sem tengd eru sambærilegustu gerð yfirborðsvatnshlota, að teknu tilliti til skilyrðanna sem stafa af manngerðum eða mikið breyttum eiginleikum vatnshlotsins.	Smávægilegar breytingar eru á gildum viðkomandi fyrir líffræðilega gæðaþætti miðað við gildin sem finnast við besta vistmegin.	Nokkrar breytingar eru á gildum viðkomandi fyrir líffræðilega gæðaþætti miðað við gildin sem finnast við besta vistmegin. Þessi gildi sýna umtalsvert meiri röskun en þar sem ástand er gott.
Vatnsformfræðilegir þættir	Vatnsformfræðilegu skilyrðin eru í samræmi við það að einu áhrifin á yfirborðsvatnshlotið séu þau sem stafa af manngerðum eða mikið breyttum eiginleikum vatnshlotsins þegar allar mildandi ráðstafanir hafa verið gerðar til að tryggja bestu aðferðina við að ná vistfræðilegri samfellu, einkum að því er varðar far dýra og hrygningar- og uppeldisstöðvar.	Skilyrði eru í samræmi við áðurgreind gildi fyrir líffræðilega gæðaþætti.	Skilyrði eru í samræmi við áðurgreind gildi fyrir líffræðilega gæðaþætti.
Eðlisefnafræðilegir þættir			
Almenn skilyrði	Eðlisefnafræðilegu þættirnir eru algjörlega eða nánast eins og búast mætti við í þeirri gerð yfirborðsvatnshlots sem helst er sambærilegt við mikið breytta eða manngerða vatnshlotið sem um ræðir, ef hún væri óröskuð. Styrkur næringarefna helst innan þeirra marka sem alla jafna mætti vænta við óröskuð skilyrði. Hiti, súrefnisjafnvægi og sýrustig eru í samræmi við það sem búast mætti við í þeirri gerð yfirborðsvatnshlota sem líkust er við óröskuð skilyrði.	Gildin fyrir eðlisefnafræðilegu þættina eru innan þeirra marka sem ákvörðuð hafa verið til að tryggja að vistkerfið starfi eðlilega og til að áðurgreind gildi fyrir líffræðilega gæðaþætti náist. Hita- og sýrustig eru ekki utan þeirra marka sem ákvörðuð hafa verið til að tryggja að vistkerfið starfi eðlilega og til að áðurgreind gildi fyrir líffræðilega gæðaþætti náist. Styrkur næringarefna er ekki utan þeirra marka sem fastsett hafa verið til að tryggja að vistkerfið starfi eðlilega og áðurgreind gildi fyrir líffræðilega gæðaþætti náist.	Skilyrði eru í samræmi við áðurgreind gildi fyrir líffræðilega gæðaþætti.

Þáttur	Besta vistmegin	Gott vistmegin	Sæmilegt vistmegin
Sérstakir, tilbúnir mengunarvaldar	Styrkur er nálægt núlli eða a.m.k. undir greiningarmörkum fullkomnustu greiningaraðferða sem eru almennt notaðar.	Styrkur er ekki meiri en kröfurnar leyfa sem settar eru í samræmi við málsmeðferðina sem lýst er í lið 1.2.6, samanber þó tilskipun 91/414/EB og tilskipun 98/8/EB (< umhverfisgæðakröfur).	Skilyrði eru í samræmi við áðurgreind gildi fyrir líffræðilega gæðaþætti.
Aðrir sérstakir mengunarvaldar	Styrkur helst innan þeirra marka sem alla jafna mætti vænta í þeirri gerð yfirborðsvatnshlota, sem mest líkist mikið breytta eða manngerða vatnshlotinu sem um ræðir, ef hún væri óröskuð (bakgrunnsgildi).	Styrkur er ekki meiri en kröfurnar leyfa sem settar eru í samræmi við málsmeðferðina sem lýst er í lið 1.2.6 ([1]), samanber þó tilskipun 91/414/EB og tilskipun 98/8/EB (< umhverfisgæðakröfur).	Skilyrði eru í samræmi við áðurgreind gildi fyrir líffræðilega gæðaþætti.

([1]) Við beitingu krafnanna, sem eru settar samkvæmt þessari bókun, skal þess ekki krafist að dregið sé úr styrk mengunarvalda þannig að hann verði undir bakgrunnsgildum.

1.2.6. Málsmeðferð aðildarríkja við setningu efnafræðilegra gæðakrafna

Við ákvörðun umhverfisgæðakrafna fyrir mengunarvaldana, sem tilgreindir eru í 1. til 9. lið VIII. viðauka, í því skyni að vernda lífríki í vatni skulu aðildarríkin starfa í samræmi við eftirfarandi ákvæði. Setja má kröfur fyrir vatn, set eða lífríki.

Þar sem unnt er skal afla bæði gagna um bráð og langvarandi eiturhrif á lífveruhópana, sem hér fara á eftir, sem eiga við um viðkomandi gerð vatnshlots, sem og aðrar vatnalífverur sem gögn eru til um. „Grunnhópar“ lífvera eru:

– þörungar og/eða fjölfrumuplöntur,

– halaflær eða lífverur sem eru dæmigerðar fyrir salt vatn,

– fiskar.

Setning umhverfisgæðakrafna

Eftirfarandi málsmeðferð gildir um setningu gilda fyrir hámarksmeðalstyrk á ári:

i) Aðildarríkin skulu setja viðeigandi öryggisþætti í hverju tilviki í samræmi við eðli og gæði gagna, sem fyrir hendi eru, og leiðbeiningarnar í lið 3.3.1 í II. hluta „Tæknilegra leiðbeininga til stuðnings tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 93/67/EBE um mat á áhættu af völdum nýrra, tilkynntra efna og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94 um mat á áhættu af völdum skráðra efna“ og í samræmi við öryggisþættina sem fram koma í töflunni hér á eftir:

	Öryggisþáttur
A.m.k. eitt tilvik um bráð eiturhrif við miðgildisbanastyrk (L(E)C50) á hverju af þremur fæðuþrepum grunnhópanna.™	1 000
Eitt tilvik um styrk sem hefur engin merkjanleg áhrif (NOEC) (annaðhvort í fiski eða halafló eða dæmigerðri lífveru í söltu vatni).	100
Tvö tilvik um styrk sem hefur engin merkjanleg áhrif í tegundum á tveimur fæðuþrepum (fiski og/eða halafló eða dæmigerðri lífveru í söltu vatni og/eða þörungum).	50
Tilvik um styrk sem hefur engin merkjanleg áhrif í a.m.k. þremur tegundum (yfirleitt fiski, halafló eða dæmigerðri lífveru í söltu vatni og þörungum) á þremur fæðuþrepum.	10
Önnur tilvik, þar með talin vettvangsgögn eða vistkerfalíkön, sem gera kleift að reikna út og styðjast við nákvæmari öryggisþætti.	Metið í hverju tilviki,

ii) ef gögn eru fyrir hendi um þrávirkni og uppsöfnun í lífverum skal taka tillit til þeirra þegar endanleg gildi fyrir umhverfisgæðakröfur eru ákveðin,

iii) kröfurnar, sem þannig eru ákveðnar, skulu bornar saman við fyrirliggjandi niðurstöður úr vettvangsrannsóknum. Ef frávik koma í ljós skal endurskoða ákvörðunina til að reikna megi út nákvæmari öryggisþátt.

iv) kröfurnar, sem ákveðnar eru, skulu lagðar fram til jafningjarýni og samráð haft um þær við almenning til að reikna megi út nákvæmari öryggisþátt.

1.3. **Vöktun á vistfræðilegu og efnafræðilegu ástandi yfirborðsvatns**

Koma skal á vöktunarneti fyrir yfirborðsvatn í samræmi við kröfur 8. gr. Tilhögun vöktunarnetsins skal vera þannig að það gefi samfellda heildarsýn yfir vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand innan hvers vatnasviðs og geri kleift að flokka vatnshlotin í fimm flokka í samræmi við stöðluðu skilgreiningarnar í lið 1.2. Aðildarríkin skulu leggja fram með stjórnunaráætluninni fyrir vatnasviðaumdæmi eitt eða fleiri kort sem sýna vöktunarnet fyrir yfirborðsvatn.

Á grundvelli lýsingar á eiginleikum og mats á áhrifum, sem fram fer í samræmi við 5. gr. og II. viðauka, skulu aðildarríkin koma á yfirlitsvöktunaráætlun og aðgerðavöktunaráætlun fyrir hvert tímabil sem stjórnunaráætlun fyrir vatnasviðaumdæmi gildir. Aðildarríkin geta einnig í sumum tilvikum þurft að koma á áætlunum um rannsóknarvöktun.

Aðildarríkin skulu fylgjast með færibreytum sem gefa vísbendingar um ástand hvers gæðaþáttar sem máli skiptir. Þegar valdar eru færibreytur fyrir líffræðilega gæðaþætti skulu aðildarríkin tilgreina tegundasamsetningu af viðeigandi nákvæmni svo að flokkun gæðaþáttanna verði nægilega áreiðanleg og nákvæm. Í áætluninni skal koma fram mat á áreiðanleika og nákvæmni niðurstaðna vöktunaráætlananna.

1.3.1. Tilhögun yfirlitsvöktunar

Markmið

Aðildarríkin skulu koma á yfirlitsvöktunaráætlunum til að afla upplýsinga:

– til að bæta við og fullgilda aðferðina við mat á áhrifum sem lýst er í II. viðauka,

– fyrir skilvirka og árangursríka tilhögun vöktunaráætlana í framtíðinni,

– fyrir mat á langtímabreytingum á náttúrulegum skilyrðum og

– fyrir mat á langtímabreytingum sem stafa af umfangsmikilli starfsemi manna.

Niðurstöður slíkrar vöktunar skulu yfirfarnar og notaðar ásamt aðferðinni við mat á áhrifum, sem lýst er í II. viðauka, til að ákvarða kröfur um vöktunaráætlanir í núverandi stjórnunaráætlunum fyrir vatnasviðaumdæmi og öðrum sem fylgja í kjölfarið.

Val á vöktunarstöðum

Fram skal fara yfirlitsvöktun á nægilega mörgum yfirborðsvatnshlotum til að unnt sé að meta heildarástand yfirborðsvatns innan hvers aðrennslis- eða undiraðrennslissvæðis innan vatnasviðaumdæmisins. Við val á þessum vatnshlotum skulu aðildarríkin tryggja að vöktun fari fram, eftir því sem við á, á stöðum þar sem:

– vatnsrennsli er umtalsvert innan vatnasviðaumdæmisins í heild, þ.m.t. staðir við stórar ár þar sem aðrennslissvæði er stærra en 2 500 km^2,

– vatnsmagn er umtalsvert innan vatnasviðaumdæmisins, þ.m.t stór stöðuvötn og miðlunarlón,

– talsvert stór vatnshlot ná yfir landamæri aðildarríkis,

– staðirnir eru tilgreindir samkvæmt ákvörðun 77/795/EBE um skipti á upplýsingum og

á öðrum stöðum sem þörf er á til að meta álag mengunar sem berst yfir landamæri aðildarríkis og út í umhverfi sjávar.

Val á gæðaþáttum

Yfirlitsvöktun skal fara fram í eitt ár á hverjum vöktunarstað, þann tíma sem stjórnunaráætlunin fyrir vatnasviðaumdæmi gildir fyrir, og beinast að:

– færibreytum sem gefa vísbendingar um alla líffræðilega gæðaþætti,

– færibreytum sem gefa vísbendingar um alla vatnsformfræðilega gæðaþætti,

– færibreytum sem gefa vísbendingar um alla almenna, eðlisefnafræðilega gæðaþætti,

– mengunarvöldum á forgangsskrá sem er sleppt út í vatna- eða undirvatnasviðið og

– öðrum mengunarvöldum sem er sleppt í umtalsverðu magni út í vatna- eða undirvatnasviðið,

nema fyrri yfirlitsvöktun hafi leitt í ljós að viðkomandi vatnshlot hafi náð góðu ástandi og að ekkert í mati á áhrifum af mannavöldum, skv. II. viðauka, bendi til þess að breyting hafi orðið á áhrifum á vatnshlotið. Í slíkum tilvikum skal yfirlitsvöktun fara fram samhliða þriðju hverri stjórnunaráætlun fyrir vatnasviðaumdæmi.

1.3.2. Tilhögun aðgerðavöktunar

Aðgerðavöktun skal fara fram til þess að:

– ganga úr skugga um ástand þeirra vatnshlota sem talið er að nái ekki umhverfismarkmiðum og

– meta hvers kyns breytingar á ástandi slíkra hlota sem stafa af áætlunum um ráðstafanir.

Áætluninni má breyta á tímabili stjórnunaráætlunar fyrir vatnasviðaumdæmi á grundvelli upplýsinga sem fást í tengslum við kröfurnar í II. viðauka eða þessum viðauka, einkum í því skyni að draga úr tíðni ef í ljós kemur að áhrif eru óveruleg eða viðkomandi álagi hefur verið aflétt.

Val á vöktunarstöðum

Aðgerðavöktun skal fara fram á öllum þeim vatnshlotum sem, á grundvelli mats á áhrifum skv. II. viðauka eða á grundvelli yfirlitsvöktunar, er talið að nái ekki umhverfismarkmiðum í 4. gr. og þeim vatnshlotum sem efnum á forgangsskrá er sleppt í. Vöktunarstaðir fyrir efni á forgangsskrá skulu valdir eins og tilgreint er í löggjöfinni þar sem mælt er fyrir um viðkomandi umhverfisgæðakröfur. Í öllum öðrum tilvikum, þar á meðal fyrir efni á forgangsskrá þar sem ekki eru gefnar sérstakar leiðbeiningar í slíkri löggjöf, skal velja vöktunarstaði á eftirfarandi hátt:

– fyrir vatnshlot, sem eru í hættu vegna álags frá verulegum punktupptökum, skal velja nægilega marga vöktunarstaði innan hvers vatnshlots til að unnt sé að meta umfang og áhrif punktupptakanna. Ef vatnshlot er undir álagi frá mörgum punktupptökum má velja vöktunarstaði þannig að unnt sé að meta umfang og áhrif þessa álags í heild.

– fyrir vatnshlot, sem eru í hættu vegna álags frá verulegum, dreifðum upptökum, skal velja nægilega marga vöktunarstaði innan valinna vatnshlota til að unnt sé að meta umfang og áhrif dreifðu upptakanna. Vatnshlotin skulu valin þannig að þau séu dæmigerð fyrir viðkomandi áhættu vegna álags frá dreifðum upptökum og hlutfallslega hættu á að gott ástand yfirborðsvatns náist ekki.

– fyrir vatnshlot, sem eru í hættu vegna umtalsverðs, vatnsformfræðilegs álags, skal velja nægilega marga vöktunarstaði innan valinna vatnshlota til að unnt sé að meta umfang og áhrif vatnsformfræðilega álagsins. Valið á vatnshlotunum skal gefa vísbendingu um heildaráhrif vatnsformfræðilegs álags sem öll vatnshlotin eru undir.

Val á gæðaþáttum

Til að meta umfang álags á yfirborðsvatnshlot skulu aðildarríkin fylgjast með þeim gæðaþáttum sem gefa vísbendingu um álagið sem hlotið eða hlotin eru undir. Til að meta áhrif þessa álags skulu aðildarríkin vakta eftirfarandi:

– færibreytur sem gefa vísbendingar um líffræðilega gæðaþáttinn eða -þættina sem eru viðkvæmastir fyrir því álagi sem vatnshlotin eru undir,

– öll efni á forgangsskrá og aðra mengunarvalda sem sleppt er í umtalsverðu magni,

– færibreytur sem gefa vísbendingar um vatnsformfræðilega gæðaþáttinn sem viðkvæmastur er fyrir tilgreindu álagi.

1.3.3. Tilhögun rannsóknarvöktunar

Markmið

Rannsóknarvöktun skal fara fram:

– ef ástæðan fyrir því að farið er yfir viðmiðunarmörk er óþekkt;

– ef yfirlitsvöktun bendir til þess að ólíklegt sé að markmiðin, sem sett eru skv. 4. gr., fyrir vatnshlot náist og ekki hefur verið komið á aðgerðavöktun, í því skyni að komast að raun um ástæður þess að eitt eða fleiri vatnshlot nær ekki umhverfismarkmiðunum eða

– til að ganga úr skugga um umfang og áhrif mengunarslysa,

og vera grundvöllur að gerð áætlunar um ráðstafanir til að ná umhverfismarkmiðunum ásamt sértækum ráðstöfunum sem eru nauðsynlegar til að draga úr áhrifum mengunarslysa.

1.3.4. Tíðni vöktunar

Á yfirlitsvöktunartímabilinu skal tíðni vöktunar á færibreytum, sem gefa vísbendingar um eðlisefnafræðilegu gæðaþættina, vera sú sem hér fer á eftir nema færa megi rök fyrir því á grundvelli tækniþekkingar og álits sérfræðinga að vöktunin geti verið strjálli. Að því er varðar líffræðilega gæðaþætti eða vatnsformfræðilega gæðaþætti skal vöktun fara fram a.m.k. einu sinni á yfirlitsvöktunartímanum.

Að því er varðar aðgerðavöktun skal tíðni vöktunar fyrir hverja færibreytu ákveðin af aðildarríkjunum þannig að afla megi nægilegra gagna til að meta af áreiðanleika stöðu viðkomandi gæðaþáttar. Til viðmiðunar skal haft að vöktun sé ekki strjálli en fram kemur í töflunni hér á eftir nema færa megi rök fyrir því á grundvelli tækniþekkingar og álits sérfræðinga að vöktunin geti verið strjálli.

Tíðnin skal ákveðin þannig að áreiðanleiki og nákvæmni verði viðunandi. Í stjórnunaráætlun fyrir vatnasvið-umdæmi skal koma fram mat á áreiðanleika og nákvæmni vöktunarkerfisins.

Ákveða skal hversu oft vöktun fer fram með hliðsjón af breytileika færibreytna sem rekja má bæði til náttúrulegra skilyrða og skilyrða sem eru af mannavöldum. Velja skal vöktunartímana þannig að áhrif árstíðabreytinga á niðurstöðurnar séu í lágmarki og tryggja þannig að niðurstöðurnar endurspegli breytingar á vatnshlotinu sem stafa af breytingum vegna álags af mannavöldum.

Viðbótarvöktun skal fara fram á ólíkum tímum sama árs til að ná þessu markmiði.

Gæðaþættir	Ár	Stöðuvötn	Árósavatn	Strandsjór
Líffræðilegir				
Plöntusvif	6 mánuðir	6 mánuðir	6 mánuðir	6 mánuðir
Vatnaplöntur	3 ár	3 ár	3 ár	3 ár
Stórsæir hryggleysingjar	3 ár	3 ár	3 ár	3 ár
Fiskar	3 ár	3 ár	3 ár	
Vatnsformfræðilegir				
Samfella	6 ár			
Vatnafræði	stöðugt	1 mánuður		
Formfræði	6 ár	6 ár	6 ár	6 ár
Eðlisefnafræðilegir				
Hitaskilyrði	3 mánuðir	3 mánuðir	3 mánuðir	3 mánuðir
Súrefnismettun	3 mánuðir	3 mánuðir	3 mánuðir	3 mánuðir
Selta	3 mánuðir	3 mánuðir	3 mánuðir	
Næringarefnaástand	3 mánuðir	3 mánuðir	3 mánuðir	3 mánuðir
Súrnunarástand	3 mánuðir	3 mánuðir		
Aðrir mengunarvaldar	3 mánuðir	3 mánuðir	3 mánuðir	3 mánuðir
Forgangsefni	1 mánuður	1 mánuður	1 mánuður	1 mánuður

1.3.5. Viðbótarkröfur vegna vöktunar á vernduðum svæðum

Til viðbótar við vöktunaráætlanirnar, sem krafist er hér á undan, skal uppfylla eftirfarandi kröfur:

Staðir þar sem taka drykkjarvatns fer fram

Yfirborðsvatnshlot, sem eru tilgreind skv. 7. gr. og gefa af sér meira en 100 m^3 á dag að meðaltali, skulu valin sem vöktunarstaðir og þau skulu vera undir þeirri viðbótarvöktun sem nauðsynleg er til að uppfylla kröfur þeirrar greinar. Vöktun slíkra vatnshlota skal beinast að öllum forgangsefnum sem sleppt er og öllum öðrum efnum sem sleppt er í umtalsverðum mæli út í vatnshlotið og kunna að hafa áhrif á það og sem heyra undir ákvæði tilskipunarinnar um drykkjarvatn. Vöktunin skal fara fram svo oft sem hér segir:

Fjöldi vatnsnotenda	Tíðni
< 10 000	4 sinnum á ári
10 000 til 30 000	8 sinnum á ári
> 30 000	12 sinnum á ári

Svæði þar sem búsvæði og tegundir njóta verndar

Vatnshlot, sem mynda þessi svæði, heyra undir áðurnefnda aðgerðavöktunaráætlun ef talið er, á grundvelli mats á áhrifum og yfirlitsvöktunar, að þau nái ekki umhverfismarkmiðum skv. 4. gr. Vöktun skal fara fram til að meta umfang og áhrif alls umtalsverðs álags af þessu tagi á þessi vatnshlot og, ef nauðsyn krefur, til að meta breytingar á ástandi slíkra vatnshlota sem stafa af áætlunum um ráðstafanir. Vöktun skal haldið áfram uns svæðin uppfylla kröfur, sem tengjast vatnsverndarlöggjöf sem þau falla undir, og þar til markmiðin skv. 4. gr. hafa náðst.

1.3.6. Staðlar fyrir vöktun á gæðaþáttum

Þær aðferðir sem eru notaðar við vöktun á gerðarfæribreytum skulu vera í samræmi við alþjóðlegu staðlana sem hér fara á eftir eða aðra innlenda eða alþjóðlega staðla sem tryggja að jafngild gögn, að því er varðar vísindaleg gæði og samanburðarhæfi, fáist.

Taka sýna af stórsæjum hryggleysingjum

ISO 5667-3: 1995	Water quality — Sampling — Part 3: Guidance on the preservation and handling of samples
EN 27828: 1994	Water quality — Methods for biological sampling — Guidance on hand net sampling of benthic macroinvertebrates
EN 28265: 1994	Water quality — Methods of biological sampling — Guidance on the design and use of quantitative samplers for benthic macroinvertebrates on stony substrata in shallow waters
EN ISO 9391: 1995	Water quality — Sampling in deep waters for macroinvertebrates — Guidance on the use of colonisation, qualitative and quantitative samplers
EN ISO 8689 - 1:1999	Biological classification of Rivers PART I: Guidance on the Interpretation of Biological Quality Data from Surveys of Benthic Macroinvertebrates in Running Waters
EN ISO 8689 - 2:1999	Biological classification of Rivers PART II: Guidance on the Presentation of Biological Quality Data from Surveys of Benthic Macroinvertebrates in Running Waters

Taka sýna af fjölfrumuplöntum

Viðkomandi CEN-/ISO-staðlar þegar þeir verða settir

Taka sýna af fiskum

Viðkomandi CEN-/ISO-staðlar þegar þeir verða settir

Taka sýna af kísilþörungum

Viðkomandi CEN-/ISO-staðlar þegar þeir verða settir

Staðlar fyrir eðlisefnafræðilegar færibreytur

Allir CEN-/ISO-staðlar sem við kunna að eiga

Staðlar fyrir vatnsformfræðilegar færibreytur

Allir CEN-/ISO-staðlar sem við kunna að eiga

1.4. **Flokkun og framsetning vistfræðilegs ástands**

1.4.1. Samanburðarhæfi niðurstaðna úr líffræðilegri vöktun

i) Aðildarríkin skulu koma upp vöktunarkerfum til að meta gildi líffræðilegu gæðaþáttanna sem tilgreindir eru fyrir hvern flokk yfirborðsvatns eða fyrir mikið breytt og manngerð yfirborðsvatnshlot. Við beitingu aðferðarinnar, sem tilgreind er hér á eftir, að því er varðar mikið breytt eða manngerð vatnshlot skal litið á tilvísanir til vistfræðilegs ástands sem tilvísanir til vistmegins. Slík kerfi henta fyrir tiltekna tegund eða hópa tegunda sem eru dæmigerðar fyrir gæðaþáttinn í heild.

ii) Til að tryggja samanburðarhæfi slíkra vöktunarkerfa skulu niðurstöður úr kerfunum, sem hvert aðildarríki notar, settar fram sem hlutföll vistfræðilegra gæða til flokkunar vistfræðilegs ástands. Þessi hlutföll tákna sambandið milli gilda líffræðilegu færibreytnanna, sem fást fyrir tiltekið yfirborðsvatnshlot, og gilda þessara færibreytna við viðmiðunarskilyrðin sem gilda fyrir hlotið. Hlutfallið skal sett fram sem tölugildi á bilinu núll til einn þar sem mjög gott, vistfræðilegt ástand er sett fram sem gildi nálægt einum og lélegt, vistfræðilegt ástand sem gildi nálægt núlli.

iii) Fyrir hvern flokk yfirborðsvatns skal sérhvert aðildarríki skipta kvarðanum fyrir vistfræðilegt gæðahlutfall í vöktunarkerfi sínu í fimm flokka sem ná frá mjög góðu til lélegs, vistfræðilegs ástands, eins og það er skilgreint í lið 1.2, þannig að hver skil milli flokka fái tiltekið tölugildi. Ákveða skal gildi skilanna milli mjög góðs ástands og góðs ástand og gildi skilanna milli góðs og sæmilegs ástands með millikvörðuninni (inter-calibration), sem lýst er hér á eftir.

iv) Framkvæmdastjórnin skal auðvelda þessa millikvörðun til að tryggja að flokkaskilin séu sett í samræmi við stöðluðu skilgreiningarnar í lið 1.2 og að þau séu sambærileg hjá öllum aðildarríkjunum.

v) Í tengslum við þessa millikvörðun skal framkvæmdastjórnin auðvelda skipti á upplýsingum milli aðildarríkja er leiði til þess að tilgreina megi tiltekna staði á hverju vistsvæði í Bandalaginu sem mynda net millikvörðunar. Netið skal samanstanda af stöðum sem valdir eru úr röð gerða yfirborðsvatnshlota sem eru til staðar á hverju vistsvæði. Fyrir hverja gerð yfirborðsvatnshlots, sem valin er, skulu vera í netinu a.m.k. tveir staðir sem svara til skilanna milli stöðluðu skilgreininganna á mjög góðu og góðu ástandi og a.m.k. tveir staðir sem svara til skilanna milli stöðluðu skilgreininganna á góðu og sæmilegu ástandi. Staðirnir skulu valdir á grundvelli álits sérfræðinga sem byggist á sameiginlegum athugunum og öllum öðrum upplýsingum sem fyrir hendi eru.

vi) Vöktunarkerfi sérhvers aðildarríkis skal notað fyrir þá staði í neti millikvörðunar sem eru bæði á vistsvæðinu og af þeirri gerð yfirborðsvatnshlota sem kerfið verður notað fyrir samkvæmt kröfum þessarar tilskipunar. Niðurstöður þessarar beitingar skulu notaðar til að setja tölugildin fyrir viðeigandi flokkaskil í vöktunarkerfi sérhvers aðildarríkis.

vii) Innan þriggja ára frá gildistökudegi tilskipunarinnar skal framkvæmdastjórnin gera drög að skrá yfir staðina sem mynda net millikvörðunarinnar sem aðlaga má í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 21. gr. Endanleg skrá yfir staðina skal samin eigi síðar en fjórum árum eftir gildistökudag þessarar tilskipunar og skal framkvæmdastjórnin birta hana.

viii) Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu ljúka við millikvörðunina innan 18 mánaða frá þeim degi þegar fullgerða skráin er birt.

ix) Framkvæmdastjórnin skal birta niðurstöður millikvörðunarinnar og gildin, sem fastsett eru fyrir flokkun vöktunarkerfis aðildarríkisins, innan sex mánaða frá því að millikvörðun lýkur.

1.4.2. Framsetning á niðurstöðum vöktunar og flokkun vistfræðilegs ástands og vistmegins

i) Að því er varðar flokka yfirborðsvatns skal flokkun vatnshlota eftir vistfræðilegu ástandi gefin upp með því gildi sem lægst er af niðurstöðunum úr líffræðilegri og eðlisefnafræðilegri vöktun fyrir viðkomandi gæðaþætti sem flokkaðir eru í samræmi við fyrsta dálk töflunnar hér á eftir. Aðildarríkin skulu leggja fram kort fyrir hvert vatnasviðaumdæmi þar sem fram kemur flokkun hvers vatnshlots eftir vistfræðilegu ástandi þess, merkt með litakóða, í samræmi við annan dálk töflunnar hér á eftir, sem endurspeglar flokkun vatnshlotsins eftir vistfræðilegu ástandi.

Flokkun eftir vistfræðilegu ástandi	Litakóði
Mjög gott	Blátt
Gott	Grænt
Sæmilegt	Gult
Slakt	Appelsínugult
Lélegt	Rautt

ii) Að því er varðar mikið breytt og manngerð vatnshlot skal flokkun vatnshlotsins eftir vistmegni gefin upp með því gildi sem lægst er af niðurstöðunum úr líffræðilegri og eðlisefnafræðilegri vöktun fyrir viðkomandi gæðaþætti sem flokkaðir eru í samræmi við fyrsta dálk töflunnar hér á eftir. Aðildarríkin skulu leggja fram kort fyrir hvert vatnasviðaumdæmi þar sem fram kemur flokkun hvers vatnshlots eftir vistmegni þess, merkt með litakóða, að því er varðar manngerð vatnshlot, í samræmi við annan dálk töflunnar hér á eftir, og að því er varðar mikið breytt vatnshlot, í samræmi við þriðja dálk sömu töflu.

Flokkun eftir vistmegni	Litakóði	
	Manngerð vatnshlot	Mikið breytt
Gott og þar fyrir ofan	Grænar og ljósgráar rendur, jafnbreiðar	Grænar og dökkgráar rendur, jafnbreiðar
Sæmilegt	Gular og ljósgráar rendur, jafnbreiðar	Gular og dökkgráar rendur, jafnbreiðar
Slakt	Appelsínugular og ljósgráar rendur, jafnbreiðar	Appelsínugular og dökkgráar rendur, jafnbreiðar
Lélegt	Rauðar og ljósgráar rendur, jafnbreiðar	Rauðar og dökkgráar rendur, jafnbreiðar

iii) Aðildarríkin skulu einnig sýna, með svörtum díl á kortinu, þau vatnshlot þar sem ekki hefur náðst gott ástand eða gott vistmegin vegna þess að þau uppfylla ekki eina eða fleiri umhverfisgæðakrafnanna sem settar hafa verið fyrir vatnshlotið að því er varðar sérstaka tilbúna mengunarvalda og aðra sérstaka mengunarvalda (í samræmi við eigin reglur aðildarríkisins).

1.4.3. Framsetning á niðurstöðum úr vöktun og flokkun efnafræðilegs ástands

Ef vatnshlot er í samræmi við allar umhverfisgæðakröfur, sem settar eru í 16. gr. IX. viðauka og samkvæmt annarri viðeigandi löggjöf Bandalagsins þar sem umhverfisgæðakröfur eru settar, skal skráð að það uppfylli kröfur um gott, efnafræðilegt ástand. Ef svo er ekki skal skráð að hlotið fullnægi ekki kröfum um gott, efnafræðilegt ástand.

Aðildarríkin skulu leggja fram kort fyrir hvert vatnasviðaumdæmi þar sem fram kemur efnafræðilegt ástand hvers vatnshlots, merkt með litakóða, í samræmi við annan dálk töflunnar hér á eftir, sem endurspeglar flokkun vatnshlotsins eftir efnafræðilegu ástandi.

Efnafræðilegt ástand grunnvatns	Litakóði
Gott	Blátt
Nær ekki góðu, efnafræðilegu ástandi	Rautt

2. GRUNNVATN

2.1. **Magnstaða grunnvatns**

2.1.1. Færibreyta fyrir flokkun á magnstöðu

Breytingar á hæð grunnvatnsborðs

2.1.2. Skilgreining á magnstöðu

Þættir	Gott ástand
Hæð grunnvatnsborðs	Hæð vatnsborðs í grunnvatnshlotinu er þannig að meðalvatnstaka á ári til langs tíma er ekki meiri en grunnvatnsauðlindin sem er tiltæk. Hæð grunnvatnsborðsins verður þar af leiðandi ekki fyrir breytingum af mannavöldum sem gætu haft í för með sér: — að ekki tekst að ná umhverfismarkmiðunum, sem tilgreind eru í 4. gr. fyrir yfirborðsvatn sem tengjast henni, — að ástandi slíks vatns hrakar umtalsvert, — umtalsvert tjón á landvistkerfum sem eru háð grunnvatnshlotinu beint, og breytingar á straumstefnu, sem stafa af vatnsborðsbreytingum, geta átt sér stað tímabundið, eða stöðugt á afmörkuðu svæði, en slíkar breytingar hafa ekki í för með sér innstreymi salts vatns eða annars og benda ekki til viðvarandi og greinilegrar breytingar á straumstefnu af mannavöldum sem líklegt er að leiði til slíks innstreymis.

2.2. **Vöktun á magnstöðu grunnvatns**

2.2.1. Vöktunarnet fyrir hæð grunnvatnsborðs

Koma skal á vöktunarneti fyrir grunnvatn í samræmi við kröfur í 7. og 8. gr. Tilhögun vöktunarnetsins skal vera þannig að með því fáist áreiðanlegt mat á magnstöðu allra grunnvatnshlota eða hópa grunnvatnshlota, þ.m.t tiltæku grunnvatnsauðlindarinnar. Aðildarríkin skulu leggja fram með stjórnunaráætlun fyrir vatnasviðaumdæmi eitt eða fleiri kort sem sýna vöktunarnet fyrir grunnvatn.

2.2.2. Þéttleiki vöktunarstaða

Í netinu skulu vera nægilega margir, dæmigerðir vöktunarstaðir til að unnt sé að meta hæð grunnvatnsborðs í hverju grunnvatnshloti eða hópi grunnvatnshlota, að teknu tilliti til skammtíma- og langtímabreytinga á endurnýjun grunnvatns og einkum:

– tryggja, að því er varðar grunnvatnshlot sem talið er að uppfylli ekki umhverfismarkmiðin í 4. gr., að þéttleiki vöktunarstaða sé nægur til að meta megi áhrif vatnstöku og veitu á hæð grunnvatnsborðs.

– tryggja, að því er varðar grunnvatnshlot þar sem grunnvatn streymir yfir landamæri aðildarríkis, að nægilega margir vöktunarstaðir séu fyrir hendi til að meta stefnu og rennslishraða grunnvatnsins yfir landamæri aðildarríkisins.

2.2.3. Tíðni vöktunar

Athuganir skulu gerðar nægilega oft til að unnt sé að meta magnstöðu hvers grunnvatnshlots eða hóps grunnvatnshlota, að teknu tilliti til skammtíma- og langtímabreytinga á endurnýjun grunnvatns. Tíðni athugananna skal einkum tryggja:

– að því er varðar grunnvatnshlot, sem talið er að uppfylli ekki umhverfismarkmiðin í 4. gr., að mælingar fari fram nægilega oft til að meta megi áhrif vatnstöku og veitu á hæð grunnvatnsborðs.

– að því er varðar grunnvatnshlot, þar sem grunnvatn streymir yfir landamæri aðildarríkis, að mælingar fari fram nægilega oft til að meta megi stefnu og rennslishraða grunnvatnsins yfir landamæri aðildarríkisins.

2.2.4. Túlkun og framsetning á magnstöðu grunnvatns

Niðurstöður vöktunarnetsins varðandi grunnvatnshlot eða hópa grunnvatnshlota skulu notaðar til að meta magnstöðu þess hlots eða þeirra hlota. Með fyrirvara um lið 2.5 skulu aðildarríkin leggja fram kort sem sýnir þetta mat á magnstöðu grunnvatns, merkt með eftirfarandi litakóða:

Gott grænt

Slakt rautt

2.3. **Efnafræðilegt ástand grunnvatns**

2.3.1. Færibreytur til að ákvarða efnafræðilegt ástand grunnvatns

Leiðni

Styrkur mengunarvalda

2.3.2. Skilgreining á góðu, efnafræðilegu ástandi grunnvatns

Þættir	Gott ástand
Almennt	Efnafræðileg samsetning grunnvatnshlotsins er þannig að styrkur mengunarvalda: — eins og hann er tilgreindur hér á eftir, sýnir ekki áhrif vegna innstreymis salts vatns eða annars — er ekki yfir gildandi gæðakröfum samkvæmt annarri viðkomandi löggjöf Bandalagsins í samræmi við 17. gr. — er ekki þannig að það geti leitt til þess að umhverfismarkmiðin, sem tilgreind eru í 4. gr. fyrir tengt yfirborðsvatn, náist ekki né til þess að vistfræðilegum eða efnafræðilegum gæðum slíkra vatnshlota hrakaði umtalsvert eða umtalsvert tjón yrði á landvistkerfum sem eru háð grunnvatnshlotinu beint.
Leiðni	Breytingar á leiðni benda ekki til innstreymis salts vatns eða annars inn í grunnvatnshlotið

2.4. **Vöktun á efnafræðilegu ástandi grunnvatns**

2.4.1. Vöktunarnet fyrir grunnvatn

Koma skal upp vöktunarneti fyrir grunnvatn í samræmi við kröfur 7. og 8. gr. Tilhögun vöktunarnetsins skal vera þannig að það gefi samfellda heildaryfirsýn yfir efnafræðilegt ástand innan hvers vatnasviðs og geri kleift að greina hvort leitni í styrk mengunarvalda af mannavöldum sé stígandi á löngum tíma.

Á grundvelli lýsingar á eiginleikum og mats á áhrifum, sem fram fer í samræmi við 5. gr. og II. viðauka, skulu aðildarríkin koma á yfirlitsvöktunaráætlun fyrir hvert tímabil sem stjórnunaráætlun fyrir vatnasviðaumdæmi gildir. Niðurstöður þessarar áætlunar skulu notaðar til að koma á föt áætlun um aðgerðavöktun sem gilda skal til loka áætlunartímabilsins.

Í áætluninni skal koma fram mat á áreiðanleika og nákvæmni niðurstaðna vöktunaráætlananna.

2.4.2. Yfirlitsvöktun

Markmið

Yfirlitsvöktun skal fara fram til þess að:

– bæta við og fullgilda aðferðina við mat á áhrifum,

– afla upplýsinga til að nota við mat á leitni til langs tíma sem stafar bæði af breytingum á náttúrulegum skilyrðum og af starfsemi manna.

Val á vöktunarstöðum

Nægilega margir vöktunarstaðir skulu valdir fyrir hvorn flokk sem hér fer á eftir:

– fyrir vatnshlot sem eru í hættu samkvæmt lýsingu á eiginleikum sem gerð var í samræmi við II. viðauka,

– fyrir vatnshlot sem ná yfir landamæri aðildarríkis.

Val á færibreytum

Í öllum völdum grunnvatnshlotum skal fylgst með eftirtöldum grunnfæribreytum:

– súrefnisinnihaldi

– gildi sýrustigs

– leiðni

– nítrati

– ammoníum

Í hlotum, sem talið er í samræmi við II. viðauka að umtalsverð hætta sé á að nái ekki góðu ástandi, skal einnig fylgjast með þeim breytum sem benda til álags af þessu tagi.

Í vatnshlotum, sem eru á landamærum, skal einnig fylgjast með þeim breytum sem eiga við um vernd með tilliti til allrar notkunar grunnvatnsrennslisins.

2.4.3. Aðgerðavöktun

Markmið

Aðgerðavöktun skal fara fram á þeim tíma sem líður milli yfirlitsvöktunaráætlana til þess að:

– ákvarða efnafræðilegt ástand allra grunnvatnshlota eða hópa grunnvatnshlota sem úrskurðað hefur verið að séu í hættu,

– ákvarða hvort leitni í styrk mengunarvalda af mannavöldum sé stígandi á löngum tíma.

Val á vöktunarstöðum

Aðgerðavöktun skal fara fram fyrir öll þau grunnvatnshlot eða hópa -hlota sem, á grundvelli bæði mats á áhrifum sem unnið er skv. II. viðauka og yfirlitsvöktunar, er talið að nái ekki markmiðunum í 4. gr. Val á vöktunarstöðum skal einnig endurspegla mat á því hversu dæmigerð vöktunargögn frá þeim stað eru fyrir gæði viðkomandi grunnvatnshlots eða -hlota.

Tíðni vöktunar

Aðgerðavöktun skal fara fram á tímanum milli yfirlitsvöktunaráætlana, þ.e. nægilega oft til að greina áhrif viðkomandi álags en þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

2.4.4. Greining á leitni í styrk mengunarvalda

Aðildarríkin skulu styðjast við gögn bæði frá yfirlits- og aðgerðarvöktuninni við greiningu á því hvort leitni í styrk mengunarvalda af mannavöldum sé stígandi á löngum tíma og hvernig snúa megi slíkri leitni við. Koma skal fram frá hvaða grunnári eða -tímabili leitnin er reiknuð. Útreikningur á leitninni skal fara fram fyrir eitt grunnvatnshlot eða fleiri, eftir því sem við á. Sýna skal fram á það með tölfræðilegum upplýsingum að leitninni hafi verið snúið við og skal áreiðanleikastig greiningarinnar koma fram.

2.4.5. Túlkun og framsetning á efnafræðilegu ástandi grunnvatns

Við mat á ástandinu skulu niðurstöður frá sérhverjum vöktunarstað innan grunnvatnshlotsins lagðar saman fyrir hlotið sem heild. Til að unnt sé að ná fram góðu ástandi grunnvatnshlots, að því er varðar þær efnafræðilegu breytur sem settar hafa verið umhverfisgæðakröfur fyrir í löggjöf Bandalagsins, skal, með fyrirvara um viðkomandi tilskipanir:

– reikna út meðaltalsgildi niðurstaðna úr vöktun á hverjum stað í grunnvatnshloti eða hópi grunnvatnshlota og

– í samræmi við 17. gr. skal stuðst við þessi meðaltalsgildi til að sýna fram á gott, efnafræðilegt ástand grunnvatnsins.

Með fyrirvara um lið 2.5 skulu aðildarríkin leggja fram kort, sem sýnir efnafræðilegt ástand grunnvatnsins, merkt með eftirfarandi litakóða:

Gott grænt

Slakt rautt

Aðildarríkin skulu einnig gefa til kynna, með svörtum díl á kortinu, í hvaða grunnvatnshlotum er umtalsverð og viðvarandi, stígandi leitni í styrk mengunarvalds sem stafar af áhrifum af starfsemi manna. Þar sem leitninni hefur verið snúið við er blár díll á kortinu.

Þessi kort skulu vera hluti af stjórnunaráætluninni fyrir vatnasviðaumdæmið.

2.5. **Framsetning á ástandi grunnvatns**

Aðildarríkin skulu leggja fram með stjórnunaráætlun fyrir vatnasviðaumdæmi kort sem sýnir magnstöðu og efnafræðilegt ástand sérhvers grunnvatnshlots eða hóps grunnvatnshlota, merkt með litakóða í samræmi við liði 2.2.4 og 2.4.5. Aðildarríkin geta ákveðið að leggja ekki fram sérstök kort samkvæmt liðum 2.2.4 og 2.4.5 en skulu í því tilviki tilgreina, í samræmi við kröfur í lið 2.4.5, á kortinu sem krafist er samkvæmt þessum þætti, þau vatnshlot þar sem greinst hefur umtalsverð og viðvarandi, stígandi leitni í styrk mengunarvalds eða þar sem slíkri leitni hefur verið snúið við.

VI. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR RÁÐSTAFANIR SEM TAKA SKAL MEÐ Í ÁÆTLUNUM UM RÁÐSTAFANIR

A-HLUTI

Ráðstafanir sem krafist er samkvæmt eftirfarandi tilskipunum:

i) tilskipun um vötn til baða (76/160/EBE),

ii) tilskipun um fugla (79/409/EBE) ([1]),

iii) tilskipun um neysluvatn (80/778/EBE), eins og henni var breytt með tilskipun 98/83/EB,

iv) tilskipun um stórslys (Seveso-tilskipuninni) (96/82/EB) ([2]),

v) tilskipun um mat á áhrifum á umhverfið (85/337/EBE) ([3]),

vi) tilskipun um seyru (86/278/EBE) ([4]),

vii) tilskipun um hreinsun skólps frá þéttbýli (91/271/EBE),

viii) tilskipun um plöntuvarnarefni (91/414/EBE),

ix) tilskipun um nítröt (91/676/EBE),

x) tilskipun um búsvæði (92/43/EBE) ([5]),

xi) tilskipun um samþættar mengunarvarnir (96/61/EB).

B-HLUTI

Hér á eftir fer skrá, sem er ekki tæmandi, yfir viðbótarráðstafanir sem aðildarríki innan hvers vatnasviðaumdæmis geta valið að hrinda í framkvæmd og yrðu liður í áætluninni um ráðstafanir, sem krafist er í 4. mgr. 11. gr.

i) lagagerningar

ii) stjórnsýslugerningar

iii) efnahagslegar aðgerðir eða skattalegar aðgerðir

iv) gerðir samningar í umhverfismálum

v) mengunarvarnir

vi) reglur um góðar starfsvenjur

vii) endursköpun og endurheimt votlendissvæða

viii) eftirlit með vatnstöku

ix) ráðstafanir til að stjórna eftirspurn, m.a. með því að hvetja til aðlögunar landbúnaðarframleiðslu, s.s. með því að taka upp ræktun nytjaplantna, sem krefjast lítils vatns, á þurrkasvæðum

x) nýtni- og endurnotkunarráðstafanir, m.a. með því að hvetja til notkunar tækni sem miðar að bættri vatnsnýtingu í iðnaði og vatnssparnaði við áveitu

---

([1]) Stjtíð. EB L 103, 25.4.1979, bls. 1.
([2]) Stjtíð. EB L 10, 14.1.1997, bls. 13.
([3]) Stjtíð. EB L 175, 5.7.1985, bls. 40. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 97/11/EC (Stjtíð. EB L 73, 14.3.1997, bls. 5).
([4]) Stjtíð. EB L 181, 8.7.1986, bls. 6.
([5]) Stjtíð. EB L 206, 22.7.1992, bls. 7.

xi) byggingarframkvæmdir

xii) afsöltunarstöðvar

xiii) endurreisnarverkefni

xiv) manngerð endurnýjun vatns í veitum

xv) fræðsluverkefni

xvi) rannsókna-, þróunar- og tilraunaverkefni

xvii) aðrar viðeigandi ráðstafanir.

VII. VIÐAUKI

STJÓRNUNARÁÆTLANIR FYRIR VATNASVIÐAUMDÆMI

A. Í stjórnunaráætlunum fyrir vatnasviðaumdæmi skulu vera eftirtaldir þættir:

1. almenn lýsing á eiginleikum vatnasviðaumdæmisins sem krafist er í 5. gr. og II. viðauka. Þar skal eftirfarandi koma fram:

1.1 þegar um er að ræða yfirborðsvatn:

— kort sem sýnir staðsetningu og mörk vatnshlotanna,

— kort sem sýnir vistsvæði og gerðir yfirborðsvatnshlota innan vatnasviðsins,

— tilgreining viðmiðunarskilyrða fyrir gerðir yfirborðsvatnshlota,

1.2. þegar um er að ræða grunnvatn:

— kort sem sýnir staðsetningu og mörk grunnvatnshlotanna,

2. samantekt á umtalsverðu álagi og áhrifum af starfsemi manna á ástand yfirborðsvatns og grunnvatns, þ.m.t.:

— mat á mengun frá punktupptökum,

— mat á mengun frá dreifðum upptökum, þ.m.t. samantekt á landnýtingu,

— mat á álagi á magnstöðu vatns, þ.m.t. vatnstaka,

— greining á öðrum áhrifum af starfsemi manna á ástand vatns,

3. tilgreining verndaðra svæða og kort yfir þau eins og krafist er í 6. gr. og IV. viðauka,

4. kort yfir vöktunarnetin, sem komið var á skv. 8. gr. og V. viðauka, ásamt korti sem sýnir niðurstöður vöktunaráætlananna, sem framkvæmdar voru samkvæmt þessum ákvæðum, til þess að sýna ástand:

4.1. yfirborðsvatns (vistfræðilegt og efnafræðilegt),

4.2. grunnvatns (efnafræðilegt ástand og magnstöðu),

4.3. verndaðra svæða,

5. skrá yfir umhverfismarkmiðin sem komið er á skv. 4. gr. fyrir yfirborðsvatn, grunnvatn og vernduð svæði, þ.m.t. einkum tilgreining á tilvikum, þar sem ákvæðum 4., 5., 6., og 7. mgr. 4. gr. hefur verið beitt, og tengdar upplýsingar sem krafist er samkvæmt þeirri grein,

6. samantekt á efnahagslegu greiningunni á vatnsnotkun sem krafist er í 5. gr. og IV. viðauka,

7. samantekt á áætlun eða áætlunum um ráðstafanir, sem samþykktar eru skv. 11. gr., þ.m.t. leiðirnar sem fara skal til að ná markmiðunum í 4. gr.,

7.1. samantekt á nauðsynlegum ráðstöfunum til framkvæmdar á löggjöf Bandalagsins um vernd vatns,

7.2. skýrsla um hagnýtar ráðstafanir sem gerðar eru til að beita meginreglunni um endurheimt kostnaðar vegna vatnsnotkunar, í samræmi við 9. gr.,

7.3. samantekt á ráðstöfununum sem gerðar eru til að fullnægja kröfum 7. gr.,

7.4. samantekt á eftirliti með vatnstöku og vatnsmiðlun, þ.m.t. tilvísun til skráa og tilgreining undantekningartilvika skv. e-lið 3. mgr. 11. gr.,

7.5. samantekt á stjórnun, sem komið er á vegna sleppingar frá punktupptökum mengunar og annarri starfsemi sem hefur áhrif á ástand vatns í samræmi við ákvæði g- og i-liðar 3. mgr. 11. gr.,

7.6. tilgreining tilvika þar sem bein slepping í grunnvatn hefur verið leyfð í samræmi við ákvæði j-liðar 3. mgr. 11. gr.,

7.7 samantekt á ráðstöfununum sem gerðar eru til að fullnægja kröfum 16. gr. um forgangsefni,

7.8. samantekt á ráðstöfununum sem gerðar eru til að koma í veg fyrir mengunarslys eða draga úr áhrifum þeirra,

7.9. samantekt á ráðstöfununum sem gerðar eru skv. 5. mgr. 11. gr. að því er varðar vatnshlot þar sem talið er ólíklegt að markmiðin, sem sett eru í 4. gr., náist,

7.10. upplýsingar um viðbótarráðstafanirnar sem taldar eru nauðsynlegar til að settum umhverfismarkmiðum verði náð,

7.11. upplýsingar um ráðstafanir sem gerðar eru til að varna því að mengun sjávar aukist, í samræmi við 6. mgr. 11. gr.,

8. skrá yfir hvers konar ítarlegri áætlanir og stjórnunaráætlanir fyrir vatnasviðaumdæmið sem eiga við um tiltekin undirvatnasvið, geira, málefni eða gerðir vatns, auk samantektar á inntaki þeirra,

9. samantekt á ráðstöfunum, sem gerðar eru varðandi upplýsingar og samráð við almenning, árangurinn af þeim og breytingar sem gerðar eru á áætluninni í kjölfarið,

10. skrá yfir lögbær yfirvöld í samræmi við I. viðauka,

11. tengiliðir og aðferðir til að afla skjalanna og upplýsinganna, sem um getur í 1. mgr. 14. gr., einkum upplýsinga um eftirlitsráðstafanir, sem samþykktar eru í samræmi við g- og i-lið 3. mgr. 11. gr., og raunveruleg vöktunargögn, sem aflað er í samræmi við 8. gr. og V. viðauka.

B. Í fyrstu uppfærslu á stjórnunaráætluninni fyrir vatnasviðaumdæmi og í öllum uppfærslum sem á eftir fara skal einnig vera:

1. samantekt á hvers konar breytingum eða uppfærslum frá birtingu fyrri útgáfu stjórnunaráætlunar fyrir vatnasviðaumdæmið, þ.m.t. samantekt á endurskoðunum sem fara skulu fram skv. 4., 5., 6. og 7. mgr. 4. gr.,

2. mat á því hvernig miðar að ná umhverfismarkmiðunum, þ.m.t. framlagning niðurstaðna úr vöktun á fyrra áætlunartímabili í formi korts, auk skýringar á því af hverju einstök umhverfismarkmið hafa ekki náðst,

3. samantekt og skýring á öllum fyrirhuguðum ráðstöfunum í fyrri útgáfu stjórnunaráætlunar fyrir vatnasviðaumdæmið sem hefur ekki verið hrint í framkvæmd,

4. samantekt á hvers konar viðbótarráðstöfunum til bráðabirgða, sem samþykktar eru skv. 5. mgr. 11. gr. eftir birtingu fyrri útgáfu stjórnunaráætlunarinnar fyrir vatnasviðaumdæmið.

VIII. VIÐAUKI

LEIÐBEINANDI SKRÁ YFIR HELSTU MENGUNARVALDA

1. Lífræn halógensambönd og efni sem geta myndað slík sambönd í snertingu við vatn.

2. Lífræn fosfórsambönd.

3. Lífræn tinsambönd.

4. Efni og efnablöndur, eða niðurbrotsefni þeirra, sem sýnt hefur verið fram á að hafi krabbameinsvaldandi eða stökkbreytandi eiginleika, eða eiginleika sem gætu í vatnsumhverfi eða út frá því haft áhrif á myndun stera, starfsemi skjaldkirtils, æxlun eða aðra innkirtlatengda starfsemi.

5. Þrávirk vetniskolefni og þrávirk, lífræn eiturefni sem safnast fyrir í lífverum.

6. Sýaníð.

7. Málmar og sambönd þeirra.

8. Arsen og sambönd þeirra.

9. Sæfiefni og plöntuvarnarefni.

10. Efni í sviflausn.

11. Efni (einkum nítröt og fosföt) sem stuðla að ofauðgun.

12. Efni sem hafa óheppileg áhrif á súrefnisjafnvægi (og unnt er að mæla með hjálp færibreytna á borð við lífræna súrefnisþörf (BOD) og efnafræðilega súrefnisþörf (COD)).

IX. VIÐAUKI

VIÐMIÐUNARMÖRK FYRIR LOSUN OG UMHVERFISGÆÐAKRÖFUR

Litið skal á „viðmiðunarmörk“ og „gæðamarkmið“, sem sett voru samkvæmt dótturtilskipunum tilskipunar 76/464/EBE, sem viðmiðunarmörk fyrir losun og umhverfisgæðakröfur að því er varðar þessa tilskipun. Þau eru sett í eftirfarandi tilskipunum:

i) tilskipun um losun á kvikasilfri (82/176/EBE) ([1]),

ii) tilskipun um losun á kadmíum (83/513/EBE) ([2]),

iii) tilskipun um losun á kvikasilfri (84/156/EBE) ([3]),

iv) tilskipun um losun á hexaklórsýklóhexani (84/491/EBE) ([4]), og

v) tilskipun um losun hættulegra efna (86/280/EBE) ([5]).

X. VIÐAUKI

FORGANGSEFNI

([1]) Stjtíð. EB L 81, 27.3.1982, bls. 29.
([2]) Stjtíð. EB L 291, 24.10.1983, bls. 1.
([3]) Stjtíð. EB L 74, 17.3.1984, bls. 49.
([4]) Stjtíð. EB L 274, 17.10.1984, bls. 11.
([5]) Stjtíð. EB L 181, 4.7.1986, bls. 16.

VIÐAUKI

KORT A


Kerfi A: Vistsvæði fyrir ár og stöðuvötn

1. Íberíu-Makrónesíusvæðið
2. Pýreneafjöllin
3. Ítalía, Korsíka og Malta
4. Alparnir
5. Dínarískí hluti Vestur-Balkanskaga
6. Hellenski hluti Vestur-Balkanskaga
7. Austur-Balkanskagi
8. Vesturhálendið
9. Miðhálendið
10. Karpatafjöll
11. Ungverska láglendið
12. Pontíska svæðið
13. Vesturslétturnar
14. Miðslétturnar
15. Eystrasaltssvæðið
16. Austurslétturnar
17. Írland og Norður-Írland
18. Stóra-Bretland
19. Ísland
20. Norðurhálendið
21. Túndra
22. Finnsk-skandinavíski skjöldurinn
23. Barrskógabelti
24. Kákasusfjöll
25. Kaspíadældin



KORT B

Kerfi A: Vistsvæði fyrir árósavatn og strandsjó



1. Atlantshaf
2. Noregshaf
3. Barentshaf
4. Norðursjór
5. Eystrasalt
6. Miðjarðarhaf

299. Tillaga til þingsályktunar [269. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2007, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2007 frá 26. október 2007, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn eftirtaldar gerðir:

1. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB.
2. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/101/EB frá 27. október 2004 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins að því er varðar verkefniskerfi Kýótóbókunarinnar.
3. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2216/2004 frá 21. desember 2004 um staðlað og varið skráningarkerfi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 280/2004/EB.
4. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/156/EB frá 29. janúar 2004 um að setja viðmiðunarreglur fyrir vöktun á losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslugjöf um losunina samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB.
5. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/780/EB frá 13. nóvember 2006 um að komast hjá því að tvíreikna skerðingu á losun gróðurhúsalofttegunda í kerfi Bandalagsins um viðskipti með heimildir til losunar, að því er varðar verkefnistengdar aðgerðir samkvæmt Kýótóbókuninni, í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2007 frá 26. október 2007, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn eftirtaldar gerðir:

1. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB.
2. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/101/EB frá 27. október 2004 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins að því er varðar verkefniskerfi Kýótóbókunarinnar.
3. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2216/2004 frá 21. desember 2004 um staðlað og varið skráningarkerfi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 280/2004/EB.

4. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/156/EB frá 29. janúar 2004 um að setja viðmiðunarreglur fyrir vöktun á losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslugjöf um losunina samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB.
5. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/780/EB frá 13. nóvember 2006 um að komast hjá því að tvíreikna skerðingu á losun gróðurhúsalofttegunda í kerfi Bandalagsins um viðskipti með heimildir til losunar, að því er varðar verkefnistengdar aðgerðir samkvæmt Kýótóbókuninni, í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB.

Ákvörðun þessi kallar á lagabreytingar hér á landi þar sem ekki er lagastoð í íslenskum lögum fyrir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/101/EB frá 27. október 2004. Þar sem hinar gerðirnar sem fylgja þessum tveimur tilskipunum kalla í sjálfu sér ekki á lagabreytingar fylgir eingöngu íslensk þýðing á umræddum tilskipunum í fylgiskjali með þessari þingsályktunartillögu. Þar sem lagastoð var ekki fyrir hendi fyrir umræddar tilskipanir var ákvörðun nr. 146/2007 tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu. Í tillögu þessari er gerð nánari grein fyrir því hvað felst í slíkum fyrirvara, sbr. 103. gr. EES-samningsins. Jafnframt er gerð grein fyrir efni þeirra gerða sem hér um ræðir. Gerðir þessar fela ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir er prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðunum sjálfum.

2. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB kemur á fót kerfi fyrir viðskipti með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda innan Evrópusambandsins. Samið var um sérstaka aðlögun fyrir Ísland vegna þeirrar atvinnustarfsemi hér á landi sem fellur undir gildissvið tilskipunarinnar þar sem losun koldíoxíðs frá umræddum fyrirtækjum er hverfandi hluti af heildarlosun hér á landi.

Markmið tilskipunarinnar er að skapa efnahagslega hvata fyrir fyrirtæki til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, en tilskipunin er liður í aðgerðum Evrópusambandsins til að mæta skuldbindingum sínum samkvæmt Kýótóbókuninni. Viðskiptakerfið gerir fyrirtækjum kleift að selja losunarheimildir sem þau fá úthlutað af stjórnvöldum í því ríki þar sem þau starfa, takist þeim að finna leiðir til að draga úr losun. Þá geta fyrirtæki einnig keypt heimildir þurfi þau fleiri heimildir en þeim var úthlutað.

Núverandi gildissvið tilskipunarinnar tekur annars vegar til losunar frá starfsemi sem talin er upp í I. viðauka við tilskipunina, t.d. orkuframleiðslu, járn-, jarðefna- og pappírsiðnaðar, og hins vegar til ákveðinna gróðurhúsalofttegunda sem taldar eru upp í II. viðauka. Af I. viðauka leiðir að á fyrsta gildistímabili tilskipunarinnar nær hún aðeins til koldíoxíðs (CO_2).

Vegna þessa þrönga gildissviðs fellur afar lítið af losun á Íslandi undir tilskipunina, eða eingöngu vararafstöðvar Alcan í Straumsvík og Orkuveitu Reykjavíkur, sem og tíu fiskimjölsverksmiðjur, en af þeim eru tvær ekki starfræktar lengur þótt þær hafi gilt starfsleyfi. Miðar íslenska aðlögunin, sem samið var um við framkvæmdastjórnina, við það að svo lengi sem losun á CO_2 frá framangreindri einstakri starfsemi fari ekki yfir 25.000 tonn á ári, lúti engin starfsemi á Íslandi ákvæðum tilskipunarinnar. Hefur þessi aðlögun þannig í för með sér að tilskipunin mun taka gildi hér á landi ef ný starfsemi hefst hér á landi sem fellur undir

gildissvið tilskipunarinnar og fer yfir 25.000 tonna markið. Þá er einnig ljóst að verði gildissvið tilskipunarinnar útvíkkað til fleiri geira og lofttegunda mun tilskipunin gilda hér á landi. Einnig gætu íslensk stjórnvöld ákveðið að fella atvinnustarfsemi utan gildissviðsins undir tilskipunina, í samræmi við heimildarákvæði þar um eins og vikið verður að síðar.

Skýring hins þrönga gildissviðs tilskipunarinnar er að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og aðildarríkin vildu tryggja að tilskipunin væri einföld í framkvæmd til að byrja með og að betri tími gæfist til að þróa lausnir um hvernig fleiri gróðurhúsalofttegundir verði teknar inn í viðskiptakerfið. Samkvæmt tilskipuninni mega aðildarríki, frá árinu 2008, fella aðra starfsemi og gróðurhúsalofttegundir undir gildissviðið, háð samþykki framkvæmdastjórnarinnar. Stefnir framkvæmdastjórnin einnig að því að víkka gildissviðið út til annarra geira og lofttegunda og hafa flugsamgöngur einkum verið nefndar í því samhengi. Nefna má að gert er ráð fyrir að flugfélög verði að standa skil á losunarheimildum fyrir allt flug innan og til Evrópusambandslanda, hvort sem þau eru skráð í ESB-ríki eður ei.

Tilskipunin mælir fyrir um að fyrir hvert fimm ára viðskiptatímabil setji sérhvert ríki sér áætlun, landsbundna úthlutunaráætlun, um hvernig staðið verði að úthlutun losunarheimilda á grundvelli Kýótóbókunarinnar. Þannig eru ríkin í raun að úthluta til fyrirtækja hluta af þeim losunarheimildum sem viðkomandi ríki hafa samkvæmt Kýótóbókuninni. Á grundvelli landsbundnu úthlutunaráætlunarinnar úthlutar viðkomandi ríki síðan losunarheimildum til fyrirtækja sem stunda þá starfsemi sem fellur undir gildissvið tilskipunarinnar. Kemur fram í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar að meðan ekkert fyrirtæki á Íslandi falli undir gildissvið tilskipunarinnar sé Ísland undanþegið skuldbindingum sem kveðið er á um í tilskipuninni, þ.m.t. að leggja fram landsbundna úthlutunaráætlun.

Fyrirtæki geta stundað viðskipti með losunarheimildir sem þau fá úthlutað á innri markaðnum. Á þennan hátt eru skapaðir efnahagslegir hvatar fyrir fyrirtæki til að draga úr losun þar sem þau geta selt heimildir sem þau nýta ekki. Viðskiptin geta átt sér stað yfir landamæri þannig að losunin eigi sér stað í öðru landi en heimildin var upprunalega gefin út í. Losunin er þó alltaf talin á reikning þess lands sem gaf heimildina upprunalega út.

Gert er ráð fyrir að fyrirtæki geti einnig nýtt sér sveigjanleikaákvæði (sveigjanleikakerfi) Kýótóbókunarinnar og munu fyrirtæki því jafnframt geta aflað sér eininga í viðskiptakerfinu með þátttöku í verkefnum sem draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í þróunarríkjunum, eða með því að ráðast í verkefni til að draga úr losun í iðnvæddum ríkjum.

Losi fyrirtæki meira en heimildir þeirra segja til um skulu þau greiða sekt sem nemur 100 evrum fyrir hvert tonn af koldíoxíði umfram losunarheimildir. Greiðsla sektar losar aðila ekki undan því að skila inn losunarheimildum. Í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar kemur fram að EES/EFTA-ríkin muni beita sömu refsingum og ESB fyrir losun umfram heimildir.

Gerir tilskipunin ráð fyrir að hægt sé að semja við þriðju ríki um að þau tengist viðskiptakerfi Evrópusambandsins og taki þar fullan þátt. Ríki sem taka þátt í viðskiptakerfinu skulu stofna og reka skrá til að tryggja rétt bókhald varðandi útgáfu, handhöfn, framsal og afturköllun losunarheimilda. Ríkjum er heimilt að halda slíka skrá með einu eða fleiri aðildarríkjum. Þá skulu aðildarríki einnig tryggja að losun sé vöktuð og að aðilar í viðskiptakerfinu tilkynni losun í lok hvers árs, í samræmi við leiðbeiningar framkvæmdastjórnarinnar. Þá skulu ríki gefa árlega út skýrslu um framkvæmd tilskipunarinnar þar sem sérstaklega er fjallað um úthlutun, skráningu, vöktun o.fl.

Í samræmi við tveggja stoða kerfi EES-samningsins kveður ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar á um að Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) fari með þau verkefni sem eru á könnu framkvæmdastjórnarinnar hvað varðar aðildarríki Evrópusambandsins. Þar sem ESA hefur

ekkert hlutverk hvað varðar alþjóðlegar skuldbindingar sem EES/EFTA-ríkin undirgengust í Kýótóbókuninni, mun stofnunin ekki fjalla sérstaklega um umræddar skuldbindingar þó að ESA beri að taka mið af þeim til að tryggja að samræmis verði gætt á innri markaðinum.

3. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/101/EB frá 27. október 2004 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins að því er varðar verkefniskerfi Kýótóbókunarinnar.

Tilskipunin er útvíkkun á kerfi Evrópusambandsins til viðskipta með heimildir fyrir losun gróðurhúsalofttegunda. Tilskipunin heimilar þátttöku í verkefnum innan Evrópusambandsins sem byggjast á sveigjanleikaákvæðum Kýótóbókunarinnar um:

1. Kerfi sameiginlegrar framkvæmdar þar sem ríkjum eða fyrirtækjum í viðauka B við Kýótóbókunina er heimilt að fjárfesta í verkefnum í öðrum ríkjum í viðauka B þar sem verkefnin fela í sér minni losun eða aukna bindingu kolefnis. Fyrirtæki sem fjárfestir vinnur sér inn losunarskerðingareiningar (Emission Reduction Units) sem það getur nýtt til að uppfylla skuldbindingar sínar í viðskiptakerfi Evrópusambandsins.
2. Kerfi hreinleikaþróunar sem heimilar ríkjum í viðauka B við Kýótóbókunina eða fyrirtækjum að taka þátt í verkefnum til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í þróunarríkjum gegn útgáfu á losunarheimildum, einingum vottaðrar losunarskerðingar (Certified Emission Reduction Units), sem fyrirtækjunum er síðan heimilt að nota til að uppfylla skuldbindingar sínar í viðskiptakerfi Evrópusambandsins.

Aðildarríkin ákveða í landsbundinni úthlutunaráætlun sinni að hve miklu leyti þau heimila þátttöku í þessum sameiginlegu verkefnum. Hugmyndin með þessu er að skapa hvata fyrir fyrirtæki sem falla undir tilskipunina til að taka þátt í verkefnum af þessu tagi og þar með auka alþjóðlega eftirspurn eftir slíkum verkefnum.

4. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2216/2004 frá 21. desember 2004 um staðlað og varið skráningarkerfi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 280/2004/EB.

Reglugerðin fjallar um staðlað og varið skráningarkerfi fyrir losun gróðurhúsalofttegunda. Í henni er að finna almenn ákvæði og einnig er fjallað nánar um ýmis tæknileg útfærsluatriði, annars vegar varðandi staðlaðan rafrænan gagnagrunn hvers aðildarríkis og hins vegar óháðan gagnagrunn Evrópusambandsins. Einnig er tekið á samskiptakerfi milli gagnagrunns sambandsins og gagnagrunns loftslagssamningsins. Sett eru skilyrði varðandi búnað og hugbúnað, innihald skráa aðildarríkjanna, upplýsingar um hvern aðila sem er með losunarreikning (bæði fyrirtæki og einstaklinga), einkenniskóða, prófun á skránum, ræsingu og öryggisþætti. Reglugerðin er mjög umfangsmikil og tæknileg.

Reglugerðin fylgir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/101/EB, en kallar í sjálfu sér ekki á lagabreytingar hér á landi.

5. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/156/EB frá 29. janúar 2004 um að setja viðmiðunarreglur fyrir vöktun á losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslugjöf um losunina samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB.

Ákvörðunin skilgreinir leiðbeiningar fyrir vöktun og skráningu á losun gróðurhúsalofttegunda sem byggist á IV. viðauka við tilskipun 2003/87/EB. Leiðbeiningarnar eru settar fram í einum almennum viðauka og 10 sértækum viðaukum sem taka á þeirri starfsemi sem til-

greind er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB, þ.e. einn viðauki fyrir hverja tegund af starfsemi. Fyrir hverja tegund af starfsemi eru settar fram ítarlegar kröfur um hvað á að skrá, með hvaða aðferðum og hversu nákvæmlega, en það er breytilegt eftir umfangi starfseminnar. Því umfangsmeiri sem starfsemin er, þeim mun nákvæmari þurfa upplýsingarnar að vera.

Ákvörðunin fylgir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/101/EB, en kallar í sjálfu sér ekki á lagabreytingar hér á landi.

6. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/780/EB frá 13. nóvember 2006 um að komast hjá því að tvíreikna skerðingu á losun gróðurhúsalofttegunda í kerfi Bandalagsins um viðskipti með heimildir til losunar, að því er varðar verkefnistengdar aðgerðir samkvæmt Kýótóbókuninni, í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB.

Ákvörðunin formfestir leið til þess að koma í veg fyrir tvítalningu með þeim hætti að samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda samkvæmt verkefnistengdum aðgerðum er skráður og samþykktur af yfirvöldum aðildarríkis sem fyrst samþykkja verkefnistengdar aðgerðir með viljayfirlýsingu (letter of endorsement) sem síðan getur leitt til samþykkis (letter of approval).

Skilgreina skal alla mögulega skerðingu á losun sem getur átt sér stað í verkefninu og er það magn sett til hliðar sem möguleg skerðing (set aside table). Þessar upplýsingar eiga að vera aðgengilegar almenningi í gegnum opinbera skráningarkerfið. Ekki má bókfæra skerðinguna fyrr en staðfesting yfirvalda liggur fyrir, þá er um vottaða losunarskerðingu að ræða (Certified Emission Reduction). Heimilt er að versla með það sem er sett til hliðar á þennan hátt og staðfest hefur verið af yfirvöldum aðildarríkis í viðskiptakerfi bandalagsins. Þá eru gefnar út samsvarandi losunarskerðingareiningar (Emission Reduction Units) í samræmi við kerfi bandalagsins.

Ákvörðunin fylgir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/101/EB, en kallar í sjálfu sér ekki á lagabreytingar hér á landi.

7. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

EES-samningurinn er reglulega uppfærður með breytingum á viðaukum og bókunum við samninginn. Ákvarðanir um þessar breytingar eru teknar í sameiginlegu EES-nefndinni og með þær hefur ávallt verið farið sem hverja aðra þjóðréttarsamninga. Samkvæmt EES-samningnum skuldbinda þær aðildarríkin að þjóðarétti um leið og þær hafa verið teknar, nema eitthvert þeirra beiti heimild í 103. gr. EES-samningsins til að setja fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Viðkomandi aðildarríki hefur þá sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum. Að því er Ísland varðar hefur slíkur fyrirvari almennt einungis verið settur þegar innleiðing ákvörðunar kallar á lagabreytingar hér landi, en í því tilviki leiðir af 21. gr. stjórnarskrárinnar að leita ber eftir samþykki Alþingis áður en ákvörðun er staðfest. Slíkt samþykki getur Alþingi alltaf veitt með viðeigandi lagabreytingu, en einnig hefur tíðkast að heimila stjórnvöldum að skuldbinda sig að þjóðarétti með þingsályktun áður en landsréttinum er með lögum breytt til samræmis við viðkomandi ákvörðun. Í seinni tíð hefur það verið viðtekinn háttur við staðfestingu þeirra ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar, sem krefst lagabreytinga að innleiða, enda kemur hvorttveggja til, að frestur til að aflétta hinum stjórnskipulega fyrirvara er tiltölulega skammur, auk þess sem ekki er alltaf tímabært að innleiða ákvörðun um leið og hún er tekin.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 146/2007

frá 26. október 2007

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 127/2007 frá 28. september 2007 ([1]).

2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB ([2]).

3) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/101/EB frá 27. október 2004 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins að því er varðar verkefniskerfi Kýótóbókunarinnar ([3]).

4) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2216/2004 frá 21. desember 2004 um staðlað og varið skráningarkerfi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 280/2004/EB ([4]).

5) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/156/EB frá 29. janúar 2004 um að setja viðmiðunarreglur fyrir vöktun á losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslugjöf um losunina samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB ([5]).

([1]) Hefur ekki enn verið birt.
([2]) Stjtíð. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32.
([3]) Stjtíð. ESB L 338, 13.11.2004, bls. 18.
([4]) Stjtíð. ESB L 386, 29.12.2004, bls. 1.
([5]) Stjtíð. ESB L 59, 26.2.2004, bls. 1.

6) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/780/EB frá 13. nóvember 2006 um að komast hjá því að tvíreikna skerðingu á losun gróðurhúsalofttegunda í kerfi Bandalagsins um viðskipti með heimildir til losunar, að því er varðar verkefnistengdar aðgerðir samkvæmt Kýótóbókuninni, í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB ([6]).

7) Ákvörðun ráðsins 2002/358/EB frá 25. apríl 2002 um samþykki Kýótóbókunarinnar við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, fyrir hönd Evrópubandalagsins, og sameiginlega uppfyllingu á skuldbindingum samkvæmt henni hefur ekki verið felld inn í samninginn.

8) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 280/2004/EB frá 11. febrúar 2004 um aðferð til að vakta losun gróðurhúsalofttegunda í Bandalaginu og um framkvæmd Kýótóbókunarinnar ([7]) hefur ekki verið felld inn í samninginn og sérstök ákvæði 3. gr. ákvörðunarinnar um skýrslugjöf, sem ítrekuð eru í 3. mgr. 30. gr. tilskipunar 2003/87/EB, gilda því ekki gagnvart EFTA-ríkjunum.

9) Í Noregi var kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda frá 1. janúar 2005 komið á með lögum nr. 99 frá 17. desember 2004 og tilheyrandi reglugerðum frá 23. desember 2004, með áorðnum breytingum frá 15. mars 2005. Breytingar á þessum lögum að því er varðar árin 2008–2012 öðluðust gildi hinn 1. júlí 2007 og síðari breytingar á tilheyrandi reglugerðum voru gerðar hinn 14. september 2007. Samkvæmt norska kerfinu verður ekki úthlutað heimildum fyrir tímabilið sem hefst árið 2008 að því er varðar heimildir sem eru umfram losun á upphaflega þriggja ára tímabilinu sem hófst árið 2005. Stjórnvöld í Noregi hafa tilkynnt að með fyrirvara um gildandi málsmeðferð vegna viðurkenningar muni þau ekki gefa út heimildir á fimm ára tímabilinu sem hefst árið 2008 umfram 15 milljónir tonna, og að hámarkshlutfall vottaðrar losunarskerðingar og losunarskerðingareininga, sem rekstraraðilum er heimilt að nota, verði ekki hærra en 20 % af heildarlosunarheimildum. Á Íslandi og í Liechtenstein hefur kerfi af þessu tagi ekki verið komið á enn sem komið er. Á Íslandi eru fyrirhugaðar ráðstafanir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá stöðvum sem ættu að falla undir gildissvið tilskipunar 2003/87/EB, meðal annars stöðvunum sem taldar eru upp í viðauka við ákvörðun þessa, sem réttlæta að þær verði undanþegnar gildissviði tilskipunarinnar meðan þær ráðstafanir eru í gildi.

10) Hafa verður í huga að EFTA-ríkin búa við mismunandi aðstæður. Einkum þarf að taka tillit til skuldbindinga Íslendinga samkvæmt Kýótóbókuninni, þar eð stjórnvöld á Íslandi hafa tilkynnt að þau muni nýta sér ákvæði ákvörðunar þings aðildarríkja Kýótóbókunarinnar 14/CP.7 um áhrif einstakra verkefna á losun á skuldbindingartímabilinu.

11) Í EFTA-ríkjunum kunna að vera stöðvar sem búa yfir búnaði til að binda og geyma kolefni árin 2008–2012, og verða þær felldar einhliða inn í kerfi ESB fyrir viðskipti með losunarheimildir á þann hátt að kolefni, sem er bundið og komið til varanlegrar geymslu,

---

([6]) Stjtíð. ESB L 316, 16.11.2006, bls. 12.
([7]) Stjtíð. ESB L 49, 19.2.2004, bls. 1.

dregst frá mældri losun frá viðkomandi stöð. Ákvörðun þessi gildir með fyrirvara um úthlutun losunarheimilda til slíkra stöðva.

12) Ákvörðun þessi skerðir ekki sjálfræði samningsaðila að því er varðar milliríkjaviðræður um loftslagsbreytingar, einkum í tengslum við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og Kýótóbókunina, nema að því er varðar lagagerninga sem eru felldir inn í EES-samninginn samkvæmt ákvörðun þessari. EFTA-ríkin skulu þó taka fullt tillit til þeirra skuldbindinga sem þau hafa gengist undir með EES-samningnum.

13) Sérhvert EFTA-ríki ber ábyrgð á því að koma í framkvæmd stefnumiðum og aðgerðum til efnda á alþjóðaskuldbindingum samkvæmt rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og Kýótóbókuninni.

14) EFTA-ríkjunum skal áfram gefinn kostur á þátttöku í starfi nefndar um loftslagsbreytingar, sem er framkvæmdastjórninni til aðstoðar samkvæmt 23. gr. tilskipunar 2003/87/EB, og að leggja landsbundnar úthlutunaráætlanir fyrir nefndina til umræðu.

15) Í krafti aðildar sinnar að Kýótóbókuninni geta EFTA-ríkin tekið þátt í milliríkjaviðskiptum með losunarheimildir við hvern þann samningsaðila sem getið er í viðauka B með bókuninni.

16) Viðskipti EFTA-ríkjanna skulu skráð í hina óháðu viðskiptadagbók Bandalagsins. Yfirstjórnandi óháðu viðskiptadagbókarinnar skal sinna hlutverki sínu gagnvart EFTA-ríkjunum og Eftirlitsstofnun EFTA skal vera lögbært yfirvald þegar að því kemur að gefa yfirstjórnandanum nauðsynleg fyrirmæli að því er varðar ákvæði um beitingu reglugerðar (EB) nr. 2216/2004 gagnvart EFTA-ríkjunum.

17) Þegar gerður er samningur á grundvelli 25. gr. tilskipunar 2003/87/EB skal þess gætt að mismuna ekki EFTA-ríkjunum og rekstraraðilum í þeim ríkjum í samanburði við aðildarríki EB og rekstraraðila þar.

18) Eftirlitsstofnun EFTA skal gæta náins samráðs við framkvæmdastjórnina þegar leitað er til hennar um verkefni sem varða EFTA-ríkin og eru á ábyrgð framkvæmdastjórnarinnar að því er varðar aðildarríki EB samkvæmt tilskipun 2003/87/EB, reglugerð (EB) nr. 2216/2004, ákvörðun 2004/156/EB og ákvörðun 2006/780/EB. Þessi verkefni taka meðal annars til mats á landsbundinni úthlutunaráætlun samkvæmt 3. mgr. 9. gr. fyrir hvert tímabil sem getið er í 2. mgr. 11. gr. og öllum umsóknum um að taka einhliða með aðra starfsemi og lofttegundir samkvæmt 24. gr. tilskipunar 2003/87/EB.

19) Fastanefnd EFTA-ríkjanna mun taka ákvörðun um að setja á fót ráðgjafarnefnd á vegum EFTA sem verði Eftirlitsstofnun EFTA til aðstoðar við að inna þessi verkefni af hendi. Áheyrnarfulltrúi framkvæmdastjórnarinnar skal sitja fundi nefndarinnar. Við mat á því hvort EFTA-ríkin hafi fullnægt ákvæðum tilskipunarinnar, einkum að því er varðar heildarlosunarheimildir, skal fjallað um þau atriði stefnumiða og aðgerða á sviði loftslagsbreytinga sem varða samning þennan. Eftirlitsstofnun EFTA skal þó ekki fjalla um hvort einstök EFTA-ríki hafi sjálf fullnægt alþjóðaskuldbindingum sínum um að draga

úr losun gróðurhúsalofttegunda. Ákvörðun um landsbundna úthlutunaráætlun skal vera í samræmi við viðmiðin sem sett eru í III. viðauka við tilskipun 2003/87/EB, einkum viðkomandi ákvæði aðferðakerfis samkvæmt skjölum framkvæmdastjórnarinnar COM(2003) 830 lokag., COM(2005) 703 lokag. og COM(2006) 725 lokag. sem hafa að geyma leiðsögn um mat á landsbundinni úthlutunaráætlun samkvæmt 3. mgr. 9. gr. tilskipunar 2003/87/EB og ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar um landsbundnar úthlutunaráætlanir.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

XX. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 1f (tilskipun ráðsins 96/61/EB):

„– **32003 L 0087**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 (Stjtíð. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32).“

2. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 21ak (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/107/EB):

„21al. **32003 L 0087**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB (Stjtíð. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32), eins og henni var breytt með:

– **32004 L 0101**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/101/EB frá 27. október 2004 (Stjtíð. ESB L 338, 13.11.2004, bls. 18).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Með fyrirvara um síðar umfjöllun sameiginlegu EES-nefndarinnar skal tekið fram að eftirtaldar bandalagsgerðir hafa ekki verið felldar inn í EES-samninginn:

i) Ákvörðun ráðsins 2002/358/EB frá 25. apríl 2002 um samþykki Kýótóbókunarinnar við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, fyrir hönd Evrópubandalagsins, og sameiginlega uppfyllingu á skuldbindingum samkvæmt henni.

ii) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 280/2004/EB frá 11. febrúar 2004 um aðferð til að vakta losun gróðurhúsalofttegunda í Bandalaginu og um framkvæmd Kýótóbókunarinnar.

b) EFTA-ríkin skulu undanþegin ákvæðum tilskipunarinnar að því er varðar þriggja ára tímabilið sem hófst 1. janúar 2005 og um getur í 1. mgr. 11. gr.

c) Eftirfarandi bætist við í annarri undirmálsgrein 1. mgr. 9. gr.:

„Að því er varðar fimm ára tímabilið sem hefst 1. janúar 2008 skal birta og tilkynna áætlun EFTA-ríkis eigi síðar en beint í kjölfar gildistöku ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar um að fella tilskipunina inn í samninginn.“

d) Orðin „innan þriggja mánaða“ í 3. mgr. 9. gr. lesist sem „innan tveggja mánaða eða svo skjótt sem unnt er eftir það“ að því er varðar fimm ára tímabilið sem hefst 1. janúar 2008.

e) Að því er varðar tímabilin, sem um getur í 2. mgr. 11. gr., og heildarlosunarheimildir fyrir hvert tímabil samkvæmt 2. mgr. 11. gr., er hverju EFTA-ríki heimilt að úthluta stærra hlutfalli losunarheimilda sinna gegn greiðslu en sem nemur hámarki samkvæmt 10. gr.

f) Eftirfarandi bætist við í 2. mgr. 11. gr.:

„Að því er varðar fimm ára tímabilið sem hefst 1. janúar 2008 og að því leyti sem EFTA-ríki á í hlut skal þessi ákvörðun tekin eigi síðar en 2 mánuðum áður en það tímabil hefst eða jafnskjótt og unnt er eftir það.“

g) Orðin „sáttmálans, einkum 87. og 88. gr.“ í 3. mgr. 11. gr. lesist „samningsins, einkum 61. og 62. gr.“

h) Í stað fyrsta málsliðar 1. mgr. 11. gr. a komi eftirfarandi:

„Með fyrirvara um ákvæði 3. mgr. skal EFTA-ríkjunum heimilt á hverju tímabili, sem um getur í 2. mgr. 11. gr., að leyfa rekstraraðilum að nýta sér vottaða losunarskerðingu og losunarskerðingareiningar, sem til verða í verkefnistengdum aðgerðum innan kerfis Bandalagsins, sem hundraðshluta af heildarlosunarheimildum.“

i) Í stað annars málsliðar 3. mgr. 16 gr. komi eftirfarandi:

„EFTA-ríkin skulu kveða á um sektir fyrir umframlosun sem jafngilda þeim sem gilda í aðildarríkjum EB.“

j) Eftirfarandi bætist við í 1. mgr. 19. gr.:

„Skrá fyrir Liechtenstein má halda á vegum Svisslendinga.“

k) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 20. gr.:

„4. Skrá skal í óháðu viðskiptadagbókina, sem um getur í 1. mgr., útgáfu, framsal og afturköllun losunarheimilda sem varða EFTA-ríkin og rekstraraðila þeirra.

Yfirstjórnandinn skal vera til þess bær að sinna verkefnunum sem um getur í 1.–3. mgr. að því er varðar EFTA-ríkin og rekstraraðila í þeim ríkjum.“

l) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 25. gr.:

„3. Til losunarheimilda í kerfi Bandalagsins teljast losunarheimildir sem EFTA-ríkin úthluta eða rekstraraðilar í þeim ríkjum selja innan kerfis Bandalagsins. Eftir að Bandalagið hefur gert samning af því tagi sem um getur í 1. mgr. skal enginn munur gerður á slíkum losunarheimildum.

Framkvæmdastjórnin skal senda EFTA-ríkjunum tímanlega upplýsingar um samningaviðræður og gerð samninga í samræmi við þessa grein.“

m) EFTA-ríki, sem taka þátt í kerfi ESB fyrir viðskipti með losunarheimildir, munu leggja fram upplýsingar samkvæmt viðeigandi ákvæðum í fyrstu undirmálsgrein 3. mgr. 30. gr., en ákvæði um skýrslugjöf samkvæmt annarri undirmálsgrein taka ekki til þeirra.

n) Eftirfarandi bætist við efst í 1. lið III. viðauka:

„Alþjóðaskuldbindingar EFTA-ríkjanna utan þessa samnings skulu ekki koma til umfjöllunar hjá Eftirlitsstofnun EFTA.“

o) Í stað orðanna „mat á raunverulegum og áætluðum árangri aðildarríkjanna við“ í 2. lið III. viðauka komi orðin „staðfest gögn um losun sem stöðvar hafa lagt fram samkvæmt tilskipuninni, landsskrár ríkja og orðsendingar ríkja sem sendar hafa verið skrifstofu rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar í því skyni“ að því er varðar EFTA-ríkin.

p) Í stað orðanna „lagagerninga og stefnumótandi gerninga Bandalagsins“ í 4. lið III. viðauka komi orðin „lagagerninga sem felldir hafa verið inn í samninginn“.

q) Í stað orðanna „sáttmálans, einkum 87. og 88. gr.“ í 5. lið III. viðauka komi orðin „samningsins, einkum 61. og 62. gr.“

r) Í stað textans í 12. lið III. viðauka komi eftirfarandi:

„Í áætluninni skal hámark vottaðrar losunarskerðingar og losunarskerðingareininga, sem rekstraraðilum er heimilt að nota í kerfi fyrir viðskipti með losunarheimildir, tilgreint sem hundraðshluti af heildarlosunarheimildum.“

s) EFTA-ríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 2007.

t) Brennslustöðvar á Íslandi, sem hafa skráð nafnvarmaafl umfram 20 MW (að undanskildum brennslustöðvum fyrir hættulegan úrgang eða sorp) en hafa losað á hverju ári minna en 25 000 tonn af koltvísýringsígildi (að undanskilinni losun úr lífmassa) samkvæmt skýrslu til lögbærs yfirvalds næstu þrjú ár á undan deginum sem landsbundin úthlutunaráætlun fyrir tiltekið tímabil er lögð fram, skulu undanþegnar gildissviði tilskipunar þessarar á því tímabili sem sú áætlun ætti að gilda, að því tilskildu að hlutaðeigandi lögbært yfirvald færir Eftirlitsstofnun EFTA viðhlítandi sönnur á að það framfylgi öðrum stefnumiðum og aðgerðum sem skila sama árangri og tilskipun 2003/87/EB. Af þessu leiðir að meðan þannig stendur á að engin stöð eða starfsemi samkvæmt I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB ætti að falla undir landsbundna úthlutunaráætlun gildir ekki krafan í 1. mgr. 9. gr. um framlagningu áætlunar.

u) Eftirlitsstofnun EFTA skal beita viðkomandi ákvæðum aðferðakerfisins samkvæmt skjölum framkvæmdastjórnarinnar COM(2003) 830 lokag., COM(2005) 703 lokag. og COM(2006) 725 lokag. sem hafa að geyma leiðsögn um mat á landsbundinni úthlutunaráætlun samkvæmt 3. mgr. 9. gr. tilskipunar 2003/87/EB eins og það hefur verið framkvæmt í ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar um landsbundnar úthlutunaráætlanir.

21am. **32004 D 0156**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/156/EB frá 29. janúar 2004 um að setja viðmiðunarreglur fyrir vöktun á losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslugjöf um losunina samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (Stjtíð. ESB L 59, 26.2.2004, bls. 1).

21an. **32004 R 2216**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2216/2004 frá 21. desember 2004 um staðlað og varið skráningarkerfi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 280/2004/EB (Stjtíð. ESB L 386, 29.12.2004, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Ákvæði aðlögunarliðar k) við tilskipun 2003/87/EB skulu gilda um reglugerðina að breyttu breytanda.

b) Eftirfarandi undirmálsgrein bætist við í 3. mgr. 6. gr.:

„Yfirstjórnandinn skal fara eftir fyrirmælum Eftirlitsstofnunar EFTA að því er varðar skrár í EFTA-ríkjunum koma við sögu.“

c) Í stað orðanna „Framkvæmdastjórnin skal“ í 4. mgr. 8. gr. komi orðin „Framkvæmdastjórnin og Eftirlitsstofnun EFTA skulu“.

d) Orðin „1. janúar 2007“ í 1. mgr. 44. gr. lesist „15. desember 2007“.

e) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 44. gr.:

„4. Yfirstjórnandinn skal fara eftir fyrirmælum Eftirlitsstofnunar EFTA að því er varðar töflur landsbundinna úthlutunaráætlana EFTA-ríkjanna.“

21ao. **32006 D 0780**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/780/EB frá 13. nóvember 2006 um að komast hjá því að tvíreikna skerðingu á losun gróðurhúsalofttegunda í kerfi Bandalagsins um viðskipti með heimildir til losunar, að því er varðar verkefnistengdar aðgerðir samkvæmt Kýótóbókuninni, í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (Stjtíð. ESB L 316, 16.11.2006, bls. 12).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2003/87/EB og 2004/101/EB, reglugerðar (EB) nr. 2216/2004 og ákvarðana 2004/156/EB og 2006/780/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 27. október 2007 eða daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni, hvort sem síðar verður (*).

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. október 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

Stefán Haukur Jóhannesson

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

Bergdís Ellertsdóttir *Matthias Brinkmann*

VIÐAUKI
við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2007

Brennslustöðvar á Íslandi sem hafa skráð nafnvarmaafl umfram 20 MW:

Fiskimjöls- og lýsisverksmiðja Síldarvinnslunnar á Siglufirði;
Fiskimjöls- og lýsisverksmiðja Síldarvinnslunnar á Seyðisfirði;
Fiskimjöls- og lýsisverksmiðja Eskju á Eskifirði;
Fiskimjöls- og lýsisverksmiðja Síldarvinnslunnar í Neskaupstað;
Fiskimjöls- og lýsisverksmiðja HB Granda á Akranesi;
Fiskimjöls- og lýsisverksmiðja Ísfélags Vestmannaeyja;
Fiskimjöls- og lýsisverksmiðja Skeggeyjar Höfn;
Fiskimjöls- og lýsisverksmiðja Síldarvinnslunnar í Helguvík;
Fiskimjöls- og lýsisverksmiðja Loðnuvinnslunnar á Fáskrúðsfirði;
Fiskimjöls- og lýsisverksmiðja Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum;
Neyðarvaraaflstöð fyrir álbræðslu Alcan;
Neyðarvaraaflstöð Orkuveitu Reykjavíkur.

Fylgiskjal II.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2003/87/EB

frá 13. október 2003

um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB

(Texti sem varðar EES)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 175. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([2]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar ([3]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([4]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Grænbókin um viðskipti innan Evrópusambandsins með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda varð kveikjan að umræðu í allri Evrópu um hvort rétt og framkvæmanlegt sé að koma á viðskiptum innan Evrópusambandsins með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda. Í Evrópuáætluninni um loftslagsbreytingar hefur verið fjallað um stefnumál og ráðstafanir Bandalagsins með þátttöku allra hagsmunaaðila, þ.m.t. kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins (kerfi Bandalagsins) sem byggist á grænbókinni. Í ályktun sinni frá 8. mars 2001 viðurkenndi ráðið sérstakt mikilvægi Evrópuáætlunar um loftslagsbreytingar og vinnu sem byggist á grænbókinni og undirstrikaði brýna þörf fyrir markvissar aðgerðir á vettvangi Bandalagsins.

2) Í sjöttu aðgerðaráætlun Bandalagsins á sviði umhverfismála, sem komið var á fót með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1600/2002/EB ([5]), er bent á að loftslagsbreytingar séu forgangsverkefni hvað aðgerðir varðar og kveðið á um að komið verði á kerfi fyrir viðskipti með losunarheimildir alls staðar í Bandalaginu fyrir árslok 2005. Í áætluninni kemur fram að Bandalagið skuldbindur sig til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 8% á árunum 2008 til 2012 miðað við gildi ársins 1990 og að til lengri tíma litið þurfi losun gróðurhúsalofttegunda í heiminum að minnka um u.þ.b. 70% miðað við gildi ársins 1990.

3) Lokamarkmið rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, sem samþykkt var með ákvörðun ráðsins 94/69/EB frá 15. desember 1993 um niðurstöður rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar ([6]), er að halda styrk gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu stöðugum undir tilteknum gildum þannig að komið verði í veg fyrir hættulegar veðurfarsbreytingar af mannavöldum.

4) Kýótóbókunin, sem samþykkt var með ákvörðun ráðsins 2002/358/EB frá 25. apríl 2002 um samþykki Kýótóbókunarinnar við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, fyrir hönd Evrópubandalagsins, og sameiginlega uppfyllingu á skuldbindingum samkvæmt þeim ([7]), mun við gildistöku skuldbinda Bandalagið og aðildarríki þess til að draga úr heildarlosun þeirra gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum, sem tilgreindar eru í viðauka A

([1]) Stjtíð. EB C 75 E, 26.3.2002, bls. 33.
([2]) Stjtíð. EB C 221, 17.9.2002, bls. 27.
([3]) Stjtíð. EB C 192, 12.8.2002, bls. 59.
([4]) Álit Evrópuþingsins frá 10. október 2002 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB), sameiginleg afstaða ráðsins frá 18. mars 2003 (Stjtíð. ESB C 125 E, 27.5.2003, bls. 72), ákvörðun Evrópuþingsins frá 2. júlí 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 22. júlí 2003.

([5]) Stjtíð. EB L 242, 10.9.2002, bls. 1.
([6]) Stjtíð. EB L 33, 7.2.1994, bls. 11.
([7]) Stjtíð. EB L 130, 15.5.2002, bls. 1.

við bókunina, um 8% á árunum 2008 til 2012 miðað við gildi ársins 1990.

5) Bandalagið og aðildarríki þess hafa samþykkt að uppfylla í sameiningu skuldbindingar sínar um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum samkvæmt Kýótóbókuninni, í samræmi við ákvörðun 2002/358/EB. Markmið þessarar tilskipunar er að uppfylla skuldbindingar Evrópubandalagsins og aðildarríkja þess betur með skilvirkum, evrópskum markaði með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda og með eins litlum, neikvæðum áhrifum á efnahagsþróun og atvinnuástand og framast er kostur.

6) Með ákvörðun ráðsins 93/389/EBE frá 24. júní 1993 um kerfi til að vakta losun koltvísýrings og annarra gróðurhúsalofttegunda ([8]) var komið á fót kerfi til að vakta losun gróðurhúsalofttegunda og meta hversu miðar að uppfylla skuldbindingar sem varða losunina. Þetta kerfi mun verða aðildarríkjunum notadrjúgt tæki til að ákvarða heildarfjölda losunarheimilda til úthlutunar.

7) Nauðsynlegt er að Bandalagið setji ákvæði um úthlutun losunarheimilda á vegum aðildarríkjanna til að stuðla að því að varðveita heilleika innri markaðarins og komast hjá því að samkeppni raskist.

8) Við úthlutun losunarheimilda skulu aðildarríki taka tillit til þess hvort unnt sé að minnka losun frá iðnaðarstarfsemi.

9) Aðildarríkin geta ákveðið að þau gefi eingöngu út losunarheimildir, sem gilda fyrir fimm ára tímabilið sem hefst árið 2008, til aðila í tengslum við losunarheimildir sem hafa verið afturkallaðar og sem svara til losunarskerðingar sem þessir aðilar hafa náð fram á yfirráðasvæði sínu á þriggja ára tímabili sem hefst árið 2005.

10) Frá og með þessu fimm ára tímabili felur framsal losunarheimilda til annars aðildarríkis í sér samsvarandi leiðréttingu á einingum úthlutaðs magns (AAU) samkvæmt Kýótóbókuninni.

11) Aðildarríkin skulu tryggja að rekstraraðilar í tilteknum, tilgreindum atvinnugreinum hafi leyfi til losunar gróðurhúsalofttegunda og vakti og gefi skýrslu um losun gróðurhúsalofttegunda á þeirra vegum sem tilgreind er í tengslum við starfsemina.

12) Aðildarríkin skulu mæla fyrir um reglur um viðurlög við brotum á þessari tilskipun og tryggja að þeim sé framfylgt. Viðurlögin skulu vera árangursrík, í réttu hlutfalli við brot og letjandi.

13) Til að tryggja gagnsæi skulu upplýsingar um úthlutun losunarheimilda og niðurstöður vöktunar á losun vera aðgengilegar almenningi, einungis með fyrirvara um þær takmarkanir sem kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/4/EB frá 28. janúar 2003 um almennan aðgang að upplýsingum um umhverfismál ([9]).

14) Aðildarríkin skulu leggja fram skýrslu um framkvæmd þessarar tilskipunar og skal skýrslan vera samin á grundvelli tilskipunar ráðsins 91/692/EBE frá 23. desember 1991 um að staðla og einfalda skýrslur um framkvæmd vissra tilskipana um umhverfismál ([10]).

15) Upptaka viðbótarstöðva í kerfi Bandalagsins skal vera í samræmi við ákvæðin sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun og því er heimilt að rýmka gildissvið kerfis Bandalagsins þannig að það taki til losunar annarra gróðurhúsalofttegunda en koltvísýrings, m.a. frá ál- og efnaiðnaði.

16) Þessi tilskipun skal ekki koma í veg fyrir að aðildarríki haldi við eða komi á fót eigin viðskiptakerfum til að stjórna losun gróðurhúsalofttegunda frá annarri starfsemi en þeirri sem tilgreind er í I. viðauka eða í kerfi Bandalagsins eða frá stöðvum sem eru um tíma undanþegin kerfi Bandalagsins.

17) Þar eð aðildarríkin eru aðilar að Kýótóbókuninni er þeim heimilt að eiga alþjóðaviðskipti með heimildir til losunar við aðra samningsaðila sem tilgreindir eru í viðauka B.

18) Tenging kerfis Bandalagsins við kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda í þriðju löndum mun auka kostnaðarhagkvæmni við að ná markmiðum Bandalagsins um að draga úr losun eins og mælt er fyrir um í ákvörðun 2002/358/EB um sameiginlega uppfyllingu á skuldbindingum.

([8]) Stjtíð. EBE L 167, 9.7.1993, bls. 31. Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun 1999/ 296/EB (Stjtíð. EB L 117, 5.5.1999, bls. 35).

([9]) Stjtíð. ESB L 41, 14.2.2003, bls. 26.

([10])Stjtíð. EBE L 377, 31.12.1991, bls. 48.

19) Verkefnismiðuð kerfi, þ.m.t. kerfi sameiginlegrar framkvæmdar (JI) og kerfi hreinleikaþróunar (CDM), eru mikilvæg til að ná bæði því markmiði að dregið verði úr losun gróðurhúsalofttegunda í heiminum og því að kerfi Bandalagsins verði kostnaðarhagkvæmara. Í samræmi við viðeigandi ákvæði Kýótóbókunarinnar og Marakess-samninganna skal notkun verkefnismiðuðu kerfanna koma til viðbótar aðgerðum heima fyrir, sem þar með verða umtalsverður þáttur átaksins.

20) Með þessari tilskipun er hvatt til notkunar tækni sem nýtir orku betur en áður, m.a. samþættrar varma- og raforkutækni, sem hefur í för með sér minni losun á hverja frálagseiningu, enda mun væntanleg tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um samvinnslu raf- og varmaorku, sem byggist á spurn eftir notvarma á innri orkumarkaði, stuðla sérstaklega að notkun samþættrar varma- og raforkutækni.

21) Með tilskipun ráðsins 96/61/EB frá 24. september 1996 um samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun ([11]) eru settar almennar reglur um mengunarvarnir og eftirlit með mengun, en við þær má styðjast þegar gefnar eru út heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda. Breyta skal tilskipun 96/61/EB til að tryggja að viðmiðunarmörk fyrir losun séu ekki fastsett fyrir beina losun gróðurhúsalofttegunda frá stöð sem fellur undir þessa tilskipun og að aðildarríkjum sé heimilt að gera ekki kröfur um orkunýtni hvað varðar brennslueiningar eða aðrar einingar sem losa koltvísýring á staðnum, með fyrirvara um aðrar kröfur samkvæmt tilskipun 96/61/EB.

22) Þessi tilskipun samrýmist rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og Kýótóbókuninni. Hún skal endurskoðuð í ljósi þróunar í því samhengi og skal þá tekið tillit til fenginnar reynslu við framkvæmd hennar og framfara á sviði vöktunar á losun gróðurhúsalofttegunda.

23) Viðskipti með losunarheimildir skulu vera hluti af heildstæðum og samfelldum stefnumiðum og ráðstöfunum sem hrundið er í framkvæmd innan einstakra aðildarríkja og á vettvangi Bandalagsins. Með fyrirvara um beitingu 87. og 88. gr. sáttmálans er aðildarríkjum heimilt, falli starfsemin undir kerfi Bandalagsins, að vega og meta áhrif ýmissa stefnumiða, t.d. á sviði reglusetningar eða skattamála, þar sem stefnt er að sömu markmiðum. Við endurskoðun tilskipunarinnar skal taka tillit til þess að hve miklu leyti þessi markmið hafa náðst.

24) Aðildarríkjum er heimilt að beita skattlagningu heima fyrir til að takmarka losun frá stöðvum sem fá tímabundna undanþágu.

25) Stefnu og ráðstöfunum skal hrundið í framkvæmd innan einstakra aðildarríkja og á vettvangi Bandalagsins í öllum geirum hagkerfis Evrópusambandsins, og ekki aðeins í geirum iðnaðar og orkumála, til að draga megi verulega úr losun. Framkvæmdastjórnin skal einkum vega og meta stefnu og ráðstafanir á vettvangi Bandalagsins þannig að flutningageirinn leggi sitt af mörkum til þess að Bandalagið og aðildarríki þess uppfylli skuldbindingar sínar að því er varðar loftslagsbreytingar samkvæmt Kýótóbókuninni.

26) Þrátt fyrir margþætta möguleika markaðsmiðaðra kerfa skal áætlun Evrópusambandsins um að draga úr loftslagsbreytingum byggjast á jafnvægi milli kerfis Bandalagsins og annarra aðgerða sem gerðar eru á vettvangi Bandalagsins, innan einstakra ríkja og á alþjóðagrundvelli.

27) Í þessari tilskipun eru þau grundvallarréttindi virt og þeim meginreglum fylgt sem sérstaklega eru viðurkennd í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi.

28) Samþykkja skal nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari tilskipun í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([12]).

29) Þar eð ekki er hægt að breyta 1., 5. og 7. viðmiðun í III. viðauka með málsmeðferð í nefndum skal ákvörðun um breytingar, sem eiga við um tímabil eftir árið 2012, einungis tekin sameiginlega.

30) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð því markmiði hvert fyrir sig sem fyrirhugaðar aðgerðir fela í sér, þ.e. að koma á fót kerfi á vegum Bandalagsins, og þar sem auðveldara er að ná markmiðunum á vettvangi Bandalagsins vegna þess hve aðgerðirnar eru umfangsmiklar og hafa víðtæk áhrif er Bandalaginu heimilt að

([11]) Stjtíð. EB L 257, 10.10.1996, bls. 26.

([12]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og fram kemur í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná megi því markmiði.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Markmið

Með þessari tilskipun er komið á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins (hér á eftir nefnt „kerfi Bandalagsins“) til að stuðla að því að dregið verði úr losun gróðurhúsalofttegunda á kostnaðarhagkvæman og efnahagslega skilvirkan hátt.

2. gr.

Gildissvið

1. Þessi tilskipun gildir um losun af völdum starfseminnar sem er tilgreind í I. viðauka og um gróðurhúsalofttegundirnar sem eru tilgreindar í II. viðauka.

2. Tilskipunin gildir með fyrirvara um kröfur samkvæmt tilskipun 96/61/EB.

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „losunarheimild“: heimild til að losa ígildi eins tonns af koltvísýringi á tilgreindu tímabili sem hefur einungis gildi við að uppfylla kröfur þessarar tilskipunar og er framseljanleg í samræmi við ákvæði hennar,

b) „losun“: losun gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið frá upptökum í stöð,

c) „gróðurhúsalofttegundir“: lofttegundirnar sem eru tilgreindar í II. viðauka,

d) „leyfi til losunar gróðurhúsalofttegunda“: leyfi sem gefið er út í samræmi við 5. og 6. gr.,

e) „stöð“: staðbundin tæknieining þar sem fram fer ein eða fleiri tegundir starfsemi sem er getið í I. viðauka og öll önnur starfsemi sem gæti haft áhrif á losun og mengun og tengist með beinum og tæknilegum hætti þeirri starfsemi sem fer fram á staðnum,

f) „rekstraraðili“: aðili sem rekur eða stýrir stöð eða, þar sem kveðið er á um slíkt í landslögum, hefur fengið í hendur fjárhagslegt úrskurðarvald yfir tæknilegri starfsemi stöðvarinnar,

g) „aðili“: einstaklingur eða lögaðili,

h) „nýr þátttakandi“: stöð þar sem fram fer ein eða fleiri tegundir þeirrar starfsemi sem er tilgreind í I. viðauka og sem hefur fengið leyfi til losunar gróðurhúsalofttegunda eða uppfæra slíkt leyfi vegna breytinga á eðli eða starfsemi stöðvarinnar eða í kjölfar stækkunar hennar eftir að landsbundin úthlutunaráætlun hefur verið send framkvæmdastjórninni,

i) „almenningur“: einn eða fleiri aðilar og, í samræmi við landslög eða venjur, samtök þeirra, félög eða hópar aðila,

j) „tonn af koltvísýringsígildi“: eitt tonn af koltvísýringi (CO_2) eða það magn annarra gróðurhúsalofttegunda sem eru tilgreindar í II. viðauka og hafa jafngildan hnatthlýnunarmátt.

4. gr.

Leyfi til losunar gróðurhúsalofttegunda

Aðildarríki skulu tryggja að frá og með 1. janúar 2005 fari ekki fram í nokkurri stöð starfsemi sem tilgreind er í I. viðauka og hefur í för með sér losun sem tilgreind er varðandi starfsemina, nema rekstraraðili hennar hafi fengið leyfi sem gefið er út af lögbæru yfirvaldi í samræmi við 5. og 6. gr. eða stöðin falli tímabundið ekki undir kerfi Bandalagsins skv. 27. gr.

5. gr.

Umsóknir um leyfi til losunar gróðurhúsalofttegunda

Umsókn til lögbærs yfirvalds um leyfi til losunar gróðurhúsalofttegunda skal innihalda lýsingu á:

a) stöðinni og starfsemi hennar, þ.m.t. tæknin sem notuð er,

b) þeim hráefnum og hjálparefnum sem líklegt er að stuðli að losun lofttegunda sem tilgreindar eru í I. viðauka,

c) losunarupptökum stöðvarinnar á lofttegundum sem tilgreindar eru í I. viðauka og

d) ráðstöfunum sem ráðgerðar eru til að vakta losun og gefa skýrslu um hana í samræmi við viðmiðunarreglurnar sem samþykktar eru skv. 14. gr.

Í umsókninni skal einnig vera samantekt, sem er ekki á tæknimáli, um þau atriði sem getið er í fyrstu undirgreininni.

6. gr.

Inntak leyfis til losunar gróðurhúsalofttegunda og skilyrði fyrir veitingu þess

1. Lögbært yfirvald skal gefa út leyfi til losunar gróðurhúsalofttegunda, sem heimilar slíka losun úr allri stöðinni eða hluta hennar, telji það fullvíst að rekstraraðilinn geti vaktað losunina og gefið um hana skýrslu.

Leyfi til losunar gróðurhúsalofttegunda getur gilt fyrir eina stöð eða fleiri sem eru á sama stað og reknar af sama aðila.

2. Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram í leyfi til losunar gróðurhúsalofttegunda:

a) nafn og heimilisfang rekstraraðila,

b) lýsing á starfsemi og losun stöðvarinnar,

c) vöktunarkröfur þar sem tilgreindar eru vöktunaraðferðir og -tíðni,

d) kröfur um skýrslugjöf og

e) skuldbinding um að skila inn losunarheimildum, sem jafngilda heildarlosun stöðvarinnar á hverju almanaksári, staðfest í samræmi við 15. gr., innan fjögurra mánaða frá lokum þess árs.

7. gr.

Breytingar á stöðvum

Rekstraraðilinn skal veita lögbæra yfirvaldinu upplýsingar um allar fyrirhugaðar breytingar á eðli eða starfsemi stöðvarinnar, eða stækkun hennar, sem kunna að leiða til þess að uppfæra þurfi leyfið til losunar gróðurhúsalofttegunda. Lögbæra yfirvaldið skal uppfæra leyfið eftir því sem við á. Taki nýr rekstraraðili við stöðinni skal lögbært yfirvald uppfæra leyfið þannig að nafn hans og heimilisfang komi fram í leyfinu.

8. gr.

Samræming við tilskipun 96/61/EB

Ef starfsemi stöðva fellur undir I. viðauka tilskipunar 96/61/EB skulu aðildarríki gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að skilyrði fyrir útgáfu leyfis til losunar gróðurhúsalofttegunda, og verklagsreglurnar sem þá er stuðst við, séu í samræmi við leyfið sem kveðið er á um í tilskipuninni. Heimilt er að fella kröfur skv. 5., 6. og 7. gr. þessarar tilskipunar inn í verklagsreglurnar sem kveðið er á um í tilskipun 96/61/EB.

9. gr.

Landsbundin úthlutunaráætlun

1. Hvert aðildarríki skal gera eigin áætlun um hvert tímabilanna sem um getur í 1. og 2. mgr. 11. gr. þar sem fram kemur heildarfjöldi þeirra losunarheimilda sem það hyggst úthluta fyrir viðkomandi tímabil og hvernig það hefur í hyggju að úthluta þeim. Áætlunin skal byggjast á hlutlægum og gagnsæjum viðmiðunum, m.a. þeim sem skráðar eru í III. viðauka, að teknu tilhlýðilegu tilliti til athugasemda almennings. Með fyrirvara um sáttmálann skal framkvæmdastjórnin, eigi síðar en 31. desember 2003, semja leiðbeiningar um framkvæmd viðmiðananna í III. viðauka.

Áætlun um tímabilið, sem um getur í 1. mgr. 11. gr., skal birt og framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum skal tilkynnt um hana eigi síðar en 31. mars 2004. Fyrir tímabilin þar á eftir skal birta áætlunina og tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um hana a.m.k. 18 mánuðum áður en viðkomandi tímabil hefst.

2. Nefndin, sem um getur í 1. mgr. 23. gr., skal fara yfir landsbundnar úthlutunaráætlanir.

3. Eftir að aðildarríki tilkynnir um landsbundna úthlutunaráætlun skv. 1. gr. er framkvæmdastjórninni heimilt, innan þriggja mánaða, að hafna áætluninni eða einstökum liðum hennar á þeim forsendum að hún sé í ósamræmi við 10. gr. eða viðmiðanirnar sem tilgreindar eru í III. viðauka. Aðildarríkið skal því aðeins taka ákvörðun skv. 1. eða 2. mgr. 11. gr. að framkvæmdastjórnin samþykki fyrirhugaðar breytingar. Framkvæmdastjórnin skal rökstyðja allar ákvarðanir um synjun.

10. gr.

Úthlutunaraðferð

Fyrir þriggja ára tímabilið, sem hefst 1. janúar 2005, skulu aðildarríki úthluta a.m.k. 95% af losunarheimildum sínum án endurgjalds. Fyrir fimm ára tímabilið, sem hefst 1. janúar 2008, skulu aðildarríki úthluta a.m.k. 90% af losunarheimildum sínum án endurgjalds.

11. gr.

Úthlutun og útgáfa losunarheimilda

1. Hvert aðildarríki skal taka ákvörðun um heildarfjölda losunarheimilda sem úthlutað verður á þess vegum á þriggja ára tímabilinu sem hefst 1. janúar 2005 og hvernig þeim verður úthlutað til rekstraraðila hverrar stöðvar. Þessi ákvörðun skal tekin a.m.k. þremur mánuðum áður en tímabilið hefst og

skal hún byggjast á landsbundinni úthlutunaráætlun, sem gerð er skv. 9. gr. og í samræmi við 10. gr., að teknu tilhlýðilegu tilliti til athugasemda almennings.

2. Hvert aðildarríki skal taka ákvörðun um heildarfjölda losunarheimildanna sem úthlutað verður á þess vegum á fimm ára tímabilinu sem hefst 1. janúar 2008 og hefja ferli fyrir úthlutun þessara losunarheimilda til rekstraraðila hverrar stöðvar. Þessi ákvörðun skal tekin a.m.k. 12 mánuðum áður en viðkomandi tímabil hefst og skal hún byggjast á landsbundinni úthlutunaráætlun aðildarríkisins, sem gerð er skv. 9. gr. og í samræmi við 10. gr., að teknu tilhlýðilegu tilliti til athugasemda almennings.

3. Ákvarðanir, sem teknar eru skv. 1. og 2. mgr., skulu vera í samræmi við kröfur sáttmálans, einkum 87. og 88. gr. hans. Þegar aðildarríki taka ákvörðun um úthlutun skulu þau hafa í huga nauðsyn þess að nýir þátttakendur hafi aðgang að losunarheimildum.

4. Eigi síðar en 28. febrúar ár hvert skal lögbært yfirvald gefa út hluta af heildarfjölda losunarheimilda fyrir tímabilið sem um getur í 1. eða 2. mgr.

12. gr.

Framsal, innskil og afturköllun losunarheimilda

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að framselja megi losunarheimildir milli:

a) aðila í Bandalaginu,

b) aðila í Bandalaginu og í þriðju löndum, þar sem slíkar losunarheimildir eru viðurkenndar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 25. gr., án takmarkana, annarra en þeirra sem fram koma í þessari tilskipun eða eru samþykktar samkvæmt henni.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að losunarheimildir, sem lögbært yfirvald í öðru aðildarríki gefur út, séu viðurkenndar þannig að rekstraraðilar geti uppfyllt skuldbindingar sínar skv. 3. mgr.

3. Aðildarríki skulu sjá til þess að rekstraraðili hverrar stöðvar skili inn, eigi síðar en 30. apríl ár hvert, fjölda losunarheimilda sem samsvarar losun stöðvarinnar á fyrra almanaksári, eins og sannprófað er í samræmi við 15. gr., og að losunarheimildirnar séu síðan afturkallaðar.

4. Aðildarríki skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að losunarheimildir séu afturkallaðar hvenær sem handhafi þeirra óskar þess.

13. gr.

Gildi losunarheimilda

1. Losunarheimildir skulu gilda fyrir losun á tímabilinu sem um getur í 1. eða 2. mgr. 11. gr., enda hafi þær verið gefnar út fyrir það tímabil.

2. Fjórum mánuðum eftir upphaf fyrsta fimm ára tímabilsins, sem um getur í 2. mgr. 11. gr., skal lögbært yfirvald afturkalla losunarheimildir sem ekki eru lengur í gildi og hefur ekki verið skilað inn og afturkallaðar í samræmi við 3. mgr. 12. gr.

Aðildarríkjunum er heimilt að gefa út losunarheimildir til aðila fyrir yfirstandandi tímabil sem komi í stað losunarheimilda sem þeir höfðu en hafa verið afturkallaðar í samræmi við fyrstu undirgrein.

3. Fjórum mánuðum eftir upphaf hvers síðara fimm ára tímabils, sem um getur í 2. mgr. 11. gr., skal lögbært yfirvald afturkalla losunarheimildir sem ekki eru lengur í gildi og hefur ekki verið skilað inn og afturkallaðar í samræmi við 3. mgr. 12. gr.

Aðildarríkin skulu gefa út losunarheimildir til aðila fyrir yfirstandandi tímabil sem komi í stað losunarheimilda í handhöfn þeirra sem hafa verið afturkallaðar í samræmi við fyrstu undirgrein.

14. gr.

Viðmiðunarreglur um vöktun losunar og skýrslugjöf

1. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja, eigi síðar en 30. september 2003, viðmiðunarreglur um vöktun á losun gróðurhúsalofttegunda, sem taldar eru upp í tengslum við starfsemi sem tilgreind er í I. viðauka, og skýrslugjöf um hana í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 23. gr. Viðmiðunarreglurnar skulu byggjast á meginreglunum í IV. viðauka um vöktun og skýrslugjöf.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að losun sé vöktuð í samræmi við viðmiðunarreglurnar.

3. Aðildarríkin skulu sjá til þess að hver rekstraraðili stöðvar gefi lögbæru yfirvaldi skýrslu um losun stöðvarinnar á almanaksárinu, eftir lok þess, í samræmi við viðmiðunarreglurnar.

15. gr.

Sannprófun

Aðildarríkin skulu sjá til þess að skýrslur, sem rekstraraðilar leggja fram skv. 3. mgr. 14. gr., séu sannprófaðar í samræmi við viðmiðanirnar í V. viðauka og að lögbæru yfirvaldi sé gerð grein fyrir því.

Hafi skýrsla rekstraraðila ekki verið sannprófuð og talin fullnægjandi í samræmi við viðmiðanirnar í V. viðauka fyrir 31. mars ár hvert skulu aðildarríkin sjá til þess að rekstraraðilanum verði ekki heimilt frekara framsal losunarheimilda fyrr en skýrsla frá honum hefur verið sannprófuð og talin fullnægjandi.

16. gr.

Viðurlög

1. Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum gegn landsbundnum ákvæðum, sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun, og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlögin skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa letjandi áhrif. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessi ákvæði, eigi síðar en 31. desember 2003, og skulu tilkynna án tafar um síðari breytingar sem hafa áhrif á þau.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að birt séu nöfn þeirra rekstraraðila sem gera sig seka um brot á kröfum um innskil á nægilega mörgum losunarheimildum skv. 3. mgr. 12. gr.

3. Aðildarríkin skulu sjá til þess að hver sá rekstraraðili sem ekki skilar, í síðasta lagi 30. apríl ár hvert, inn nægum losunarheimildum sem svara til losunar á hans vegum á fyrra ári, greiði sekt fyrir umframlosun. Sekt fyrir umframlosun skal vera 100 evrur fyrir hvert tonn af koltvísýringsígildi sem losað er á vegum stöðvarinnar og rekstraraðilinn hefur ekki skilað inn losunarheimildum fyrir. Greiðsla sektar fyrir umframlosun skal ekki leysa rekstraraðila undan þeirri skyldu sinni að skila inn losunarheimildum sem jafngilda umframlosuninni þegar hann skilar inn losunarheimildum í tengslum við næsta almanaksár.

4. Á þriggja ára tímabili, sem hefst 1. janúar 2005, skulu aðildarríkin innheimta lægri sekt fyrir umframlosun, 40 evrur fyrir hvert tonn af koltvísýringsígildi, sem losað er á vegum stöðvarinnar og sem rekstraraðilinn hefur ekki skilað inn losunarheimildum fyrir. Greiðsla sektar fyrir umframlosun skal ekki leysa rekstraraðila undan þeirri skyldu sinni að skila inn losunarheimildum sem jafngilda umframlosuninni þegar hann skilar inn losunarheimildum í tengslum við næsta almanaksár.

17. gr.

Aðgangur að upplýsingum

Ákvarðanir í tengslum við úthlutun losunarheimilda og skýrslur um losun, sem krafist er í leyfi til losunar gróðurhúsalofttegunda og lögbært yfirvald ræður yfir, skulu gerðar aðgengilegar almenningi með fyrirvara um þær takmarkanir sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 3. gr. og í 4. gr. tilskipunar 2003/4/EB.

18. gr.

Lögbært yfirvald

Aðildarríkin skulu tryggja viðeigandi stjórnsýslufyrirkomulag, m.a. með því að tilgreina viðeigandi, lögbært yfirvald eða yfirvöld, til að hrinda ákvæðum þessarar tilskipunar í framkvæmd. Sé fleiri en eitt lögbært yfirvald tilgreint skal samhæfa verkefni þeirra samkvæmt þessari tilskipun.

19. gr.

Skrár

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að skrá sé komið upp og henni viðhaldið til að tryggja nákvæmt bókhald um útgáfu, handhöfn, framsal og afturköllun losunarheimilda. Aðildarríkjunum er heimilt að halda skrár sínar í samstæðukerfi með öðru aðildarríki eða öðrum aðildarríkjum.

2. Hvaða aðili sem er getur verið handhafi losunarheimilda. Skráin skal vera aðgengileg almenningi og halda skal sérstakt bókhald til að skrá losunarheimildirnar sem hver aðili, sem fær úthlutað eða lætur frá sér slíkar heimildir eða fær þær framseldar eða framselur, ræður yfir.

3. Til að hrinda þessari tilskipun í framkvæmd skal framkvæmdastjórnin samþykkja, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 23. gr., reglugerð um staðlað og tryggt skráningarkerfi í formi staðlaðs, rafræns gagnagrunns sem geymir almenn gagnastök til að rekja útgáfu, handhöfn, framsal og afturköllun losunarheimilda til að aðgangur almennings sé greiður og þagnarskylda virt eins og við á og til að tryggt sé að framsal brjóti aldrei í bága við skuldbindingar samkvæmt Kýótóbókuninni.

20. gr.

Yfirstjórnandi

1. Framkvæmdastjórnin skal tilnefna yfirstjórnanda sem heldur óháða viðskiptadagbók þar sem skráð er útgáfa, framsal og afturköllun losunarheimilda.

2. Með hjálp óháðu viðskiptadagbókarinnar skal yfirstjórnandi hafa sjálfvirkt eftirlit með sérhverri færslu í skránum til að tryggja að ekki sé vikið frá reglum um útgáfu, framsal og afturköllun losunarheimilda.

3. Komi frávik í ljós við sjálfvirkt eftirlit skal yfirstjórnandi tilkynna það viðkomandi aðildarríki eða aðildarríkjum og skulu þau ekki skrá viðkomandi

viðskipti eða önnur viðskipti, sem tengjast þeim losunarheimildum sem um ræðir, fyrr en skýring á frávikunum er fundin.

21. gr.

Skýrslugjöf aðildarríkja

1. Árlega skulu aðildarríkin gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um beitingu þessarar tilskipunar. Í skýrslunni skal sérstakur gaumur gefinn að skipulagi við úthlutun losunarheimilda, skráahaldi, beitingu viðmiðunarreglna um vöktun og skýrslugjöf, sannprófun og að málum sem varða það hvort farið er að ákvæðum tilskipunarinnar og skattalega meðferð losunarheimilda, sé um slíkt að ræða. Fyrsta skýrslan skal send framkvæmdastjórninni eigi síðar en 30. júní 2005. Skýrslan skal samin á grundvelli spurningalista eða eyðublaðs sem framkvæmdastjórnin útbýr í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 6. gr. tilskipunar 91/692/EBE. Senda skal aðildarríkjunum spurningalistann eða eyðublaðið a.m.k. sex mánuðum áður en fresturinn til að skila fyrstu skýrslunni rennur út.

2. Á grundvelli skýrslnanna, sem um getur í 1. mgr., skal framkvæmdastjórnin birta skýrslu um beitingu þessarar tilskipunar innan þriggja mánaða frá því að hún fær skýrslurnar frá aðildarríkjunum.

3. Framkvæmdastjórnin skal skipuleggja miðlun upplýsinga milli lögbærra yfirvalda í aðildarríkjunum um þróun mála sem varða úthlutun losunarheimilda, skráahald, vöktun, skýrslugjöf og sannprófun og hvort farið er að ákvæðum.

22. gr.

Breytingar á III. viðauka

Í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 2. mgr. 23. gr., er framkvæmdastjórninni heimilt að breyta III. viðauka, að frátöldum 1., 5. og 7. viðmiðun, fyrir tímabilið 2008 til 2012 í ljósi skýrslnanna sem mælt er fyrir um í 21. gr. og reynslunnar af beitingu þessarar tilskipunar.

23. gr.

Nefnd

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar sem komið var á fót með 8. gr. ákvörðunar 93/389/EBE.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar skulu ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB gilda, með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar. Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrír mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

24. gr.

Málsmeðferð við að taka einhliða með aðra starfsemi og lofttegundir

1. Frá árinu 2008 er aðildarríkjum heimilt, í samræmi við þessa tilskipun, að láta viðskipti með heimildir til losunar ná til starfsemi, stöðva og gróðurhúsalofttegunda sem ekki eru tilgreindar í I. viðauka, að því tilskildu að framkvæmdastjórnin samþykki að taka með viðkomandi starfsemi, stöðvar og gróðurhúsalofttegundir í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 23. gr. og skal taka tillit til allra viðkomandi viðmiðana, einkum áhrifa á innri markaðinn, hugsanlega röskun á samkeppni, heilleika kerfisins í umhverfislegu tilliti og áreiðanleika fyrirhugaðs vöktunar- og skýrslugjafarkerfis.

Frá árinu 2005 er aðildarríkjunum heimilt, samkvæmt sömu skilyrðum, að láta viðskipti með heimildir til losunar ná til stöðva þar sem fram fer starfsemi sem er tilgreind í I. viðauka en er undir þeim mörkum um afkastagetu sem um getur í viðaukanum.

2. Tilgreina skal úthlutun til stöðva, þar sem slík starfsemi fer fram, í landsbundnu úthlutunaráætluninni sem um getur í 9. gr.

3. Framkvæmdastjórnin getur, að eigin frumkvæði, eða skal, að beiðni aðildarríkis, samþykkja viðmiðunarreglur um vöktun og skýrslugjöf vegna losunar frá starfsemi, stöðva og gróðurhúsalofttegunda, sem ekki eru tilgreindar í I. viðauka í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 23. gr., ef unnt er að vakta losunina og gefa skýrslu um hana með nægilegri nákvæmni.

4. Séu slíkar ráðstafanir gerðar skal við endurskoðun, sem fram fer skv. 30. gr., einnig hafa í huga hvort breyta skuli I. viðauka þannig að í honum verði losun frá þessari starfsemi tekin með á samræmdan hátt í öllu Bandalaginu.

25. gr.

Tengsl við önnur kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda

1. Gera skal samninga við þriðju lönd, sem skráð eru í viðauka B við Kýótóbókunina og hafa fullgilt bókunina, um að koma á gagnkvæmri viðurkenningu á losunarheimildum í kerfi Bandalagsins og öðrum kerfum fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda í samræmi við reglurnar sem settar eru fram í 300. gr. sáttmálans.

2. Þegar samningurinn, sem um getur í 1. mgr., hefur verið gerður skal framkvæmdastjórnin semja nauðsynleg ákvæði, sem varða gagnkvæma viðurkenningu á losunarheimildum samkvæmt þeim samningi, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 23. gr.

26. gr.

Breyting á tilskipun 96/61/EB

Eftirfarandi undirgrein bætist við 3. mgr. 9. gr. tilskipunar 96/61/EB:

„Sé losun gróðurhúsalofttegundar frá stöð tilgreind í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB (*) í tengslum við starfsemi sem fram fer í stöðinni skal leyfið ekki fela í sér viðmiðunarmark fyrir losun að því er varðar beina losun á þeirri lofttegund, nema nauðsynlegt sé að tryggja að engin veruleg, staðbundin mengun eigi sér stað.

Þegar um er að ræða starfsemi, sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB, er það undir aðildarríkjunum komið hvort þau setja kröfur um orkunýtni brennslueininga eða annarra eininga sem losa koltvísýring á staðnum.

Ef nauðsyn krefur skulu lögbær yfirvöld gera breytingar á leyfinu eftir því sem við á.

Undirgreinarnar þrjár hér að framan gilda ekki um stöðvar sem falla tímabundið ekki undir kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins í samræmi við 27. gr. tilskipunar 2003/87/EB.

(*) Stjtíð. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32.“

27. gr.

Tímabundin útilokun tiltekinna stöðva

1. Aðildarríkin geta sótt um það til framkvæmdastjórnarinnar að stöðvar séu útilokaðar um tíma, til 31. desember 2007, frá kerfi Bandalagsins. Tilgreina skal allar slíkar stöðvar í umsóknunum sem skulu birtar.

2. Ákveði framkvæmdastjórnin, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 23. gr. og eftir að hafa tekið til athugunar allar athugasemdir almennings um umsóknina, að stöðvarnar skuli:

a) takmarka losun sína, samkvæmt landsbundinni stefnu, jafnmikið og þær hefðu gert ef þær féllu undir ákvæði þessarar tilskipunar,

b) lúta kröfum um vöktun, skýrslugjöf og sannprófun sem eru jafngildar þeim sem kveðið er á um í 14. og 15. gr. og

c) sæta viðurlögum, a.m.k. jafngildum þeim sem um getur í 1. og 4. mgr. 16. gr., séu landsbundnar kröfur ekki uppfylltar,

skal hún kveða á um útilokun þessara stöðva um tíma frá kerfi Bandalagsins.

Tryggja verður að engin röskun verði á innri markaðnum.

28. gr.

Myndun hóps

1. Aðildarríkin geta heimilað rekstraraðilum stöðva, þar sem fram fer starfsemi sem tilgreind er í I. viðauka, að mynda hóp um stöðvar sem reka sams konar starfsemi á tímabilinu sem um getur í 1. mgr. 11. gr. og/eða á fyrsta fimm ára tímabilinu sem um getur í 2. mgr. 11. gr. í samræmi við ákvæði 2.–6. mgr. þessarar greinar.

2. Rekstraraðilar, sem hafa með höndum starfsemi sem tilgreind er í I. viðauka og óska eftir að mynda hóp, skulu sækja um það til lögbærs yfirvalds, tilgreina stöðvarnar og tímabilið sem óskað er eftir að hópurinn taki til og leggja fram sönnun þess að fulltrúi hópsins geti uppfyllt skuldbindingarnar sem um getur í 3. og 4. mgr.

3. Rekstraraðilar, sem óska eftir því að stofna til hóps, skulu tilnefna fulltrúa hópsins sem:

a) fær útgefið á sig allar þær heimildir sem reiknaðar hafa verið á hverja stöð rekstraraðilanna, þrátt fyrir ákvæði 11. gr.

b) ber ábyrgð á innskilum losunarheimilda sem jafngilda heildarlosun stöðvanna í hópnum, þrátt fyrir ákvæði e-liðar 2. mgr. 6. gr. og 3. mgr. 12. gr. og

c) hefur ekki rétt til að annast frekara framsal ef skýrsla rekstraraðila hefur ekki verið sannprófuð og talin fullnægjandi í samræmi við aðra málsgrein 15. gr.

4. Fulltrúi hópsins skal sæta viðeigandi viðurlögum brjóti hann í bága við kröfur um innskil nægilegra margra losunarheimilda sem svara til heildarlosunar stöðvanna í hópnum, þrátt fyrir ákvæði 2., 3. og 4. mgr. 16. gr.

5. Aðildarríki, sem óskar þess að heimila myndun eins eða fleiri hópa, skal leggja umsóknina, sem um getur í 2. mgr., fyrir framkvæmdastjórnina. Innan þriggja mánaða frá móttöku umsóknar getur framkvæmdastjórnin, með fyrirvara um ákvæði sáttmálans, hafnað umsókn sem uppfyllir ekki kröfur þessarar tilskipunar. Rök skulu færð fyrir slíkri ákvörðun. Þegar um synjun er að ræða getur aðildarríkið því aðeins heimilað myndun hópsins að framkvæmdastjórnin samþykki fyrirhugaðar breytingar.

6. Hlíti fulltrúi hópsins ekki viðurlögunum, sem um getur í 4. mgr., skulu einstakir rekstraraðilar stöðvanna í hópnum bera ábyrgð á losun frá stöðvum sínum skv. 3. mgr. 12. gr. og 16. gr.

29. gr.

Óviðráðanleg atvik

1. Á tímabilinu, sem um getur í 1. mgr. 11. gr., geta aðildarríkin sótt um það til framkvæmdastjórnarinnar að gefnar verði út viðbótarlosunarheimildir til handa tilgreindum stöðvum ef um er að ræða óviðráðanleg atvik. Framkvæmdastjórnin skal ákvarða hvort sýnt hafi verið fram á að um óviðráðanlegt atvik sé að ræða og reynist svo vera skal hún leyfa úthlutun óframseljanlegra viðbótarlosunarheimilda á vegum aðildarríkisins til rekstraraðila stöðvanna.

2. Með fyrirvara um sáttmálann skal framkvæmdastjórnin, eigi síðar en 31. desember 2003, semja leiðbeiningar um þær kringumstæður sem teljast vera óviðráðanleg atvik.

30. gr.

Endurskoðun og frekari þróun

1. Á grundvelli árangurs sem náðst hefur í vöktun á losun gróðurhúsalofttegunda er framkvæmdastjórninni heimilt að leggja tillögu fyrir Evrópuþingið og ráðið eigi síðar en 31. desember 2004 um breytingar á I. viðauka þannig að hann taki til annarrar starfsemi og losunar á öðrum gróðurhúsalofttegundum sem tilgreindar eru í II. viðauka.

2. Á grundvelli reynslunnar af beitingu þessarar tilskipunar og þeirra framfara sem orðið hafa við vöktun á gróðurhúsalofttegundum og í ljósi þróunar í alþjóðlegu samhengi skal framkvæmdastjórnin semja skýrslu um beitingu tilskipunarinnar, þar sem fram komi eftirfarandi:

a) hvort og hvernig breyta skuli I. viðauka þannig að hann nái yfir aðra geira sem máli skipta, m.a. efna- og áliðnað og flutningageirann, aðra starfsemi og losun annarra gróðurhúsalofttegunda sem tilgreindar eru í II. viðauka, með það í huga að auka enn frekar efnahagslega skilvirkni kerfisins,

b) tengsl kerfis Bandalagsins fyrir viðskipti með losunarheimildir við alþjóðaviðskipti með losunarheimildir sem hefjast á árinu 2008,

c) frekari samhæfing úthlutunaraðferða (þ.m.t. uppboð fyrir tímabilið eftir 2012) og viðmiðana fyrir landsbundnu úthlutunaráætlanirnar sem um getur í III. viðauka,

d) nýting inneigna sem tengjast verkefniskerfunum (project mechanisms),

e) tengsl viðskipta með losunarheimildir við önnur stefnumið og aðrar ráðstafanir sem gerðar eru á vettvangi aðildarríkjanna og Bandalagsins, þ.m.t. skattlagning, þar sem stefnt er að sömu markmiðum,

f) hvort heppilegt sé að halda eina skrá fyrir allt Bandalagið,

g) upphæð sekta fyrir umframlosun, þar sem m.a. er tekið tillit til verðbólgu,

h) starfsemi markaðarins með losunarheimildir, einkum að því er varðar hugsanlega markaðsröskun,

i) hvernig laga skal kerfi Bandalagsins að Evrópusambandinu eftir stækkun þess,

j) myndun hóps,

k) hagkvæmni þess að setja viðmiðanir fyrir allt Bandalagið, sem séu grundvöllur úthlutana, þar sem tillit er tekið til fullkomnustu tækni, sem völ er á, og kostnaðar- og ábatagreiningar. Framkvæmdastjórnin skal leggja þessa skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið eigi síðar en 30. júní 2006, ásamt tillögum eftir því sem við á.

3. Tenging verkefnismiðuðu kerfanna (project-based mechanisms), þ.m.t. kerfi sameiginlegrar framkvæmdar (JI) og kerfi hreinleikaþróunar (CDM), við kerfi Bandalagsins er æskileg og mikilvæg til að ná bæði þeim markmiðum að dregið verði úr losun gróðurhúsalofttegunda í heiminum og að kerfi Bandalagsins verði kostnaðarhagkvæmara en áður. Því verður inneign losunarheimilda, sem tengist verkefnismiðuðu kerfunum, viðurkennd til notkunar í þessu kerfi, með fyrirvara um ákvæði sem Evrópuþingið og ráðið hafa samþykktu að tillögu framkvæmdastjórnarinnar sem verða í gildi samhliða kerfi Bandalagsins árið 2005. Notkun kerfanna skal koma til viðbótar aðgerðum heima fyrir í samræmi við viðeigandi ákvæði Kýótóbókunarinnar og Marakess-samninganna.

31. gr.

Framkvæmd

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 2003. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna hinum aðildarríkjunum um þessi lög og stjórnsýslufyrirmæli.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna það hinum aðildarríkjunum.

32. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

33. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 13. október 2003.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
P. COX	G. ALEMANNO
forseti.	*forseti.*

I. VIÐAUKI

FLOKKAR STARFSEMI SEM UM GETUR Í 2. GR. (1. MGR.), 3. GR., 4. GR., 14. GR. (1. MGR.), 28. GR. OG 30. GR.

1. Stöðvar, eða hlutar þeirra, þar sem stundaðar eru rannsóknir, þróun og prófun á nýjum vörum og aðferðum falla ekki undir þessa tilskipun.

2. Markgildin hér á eftir eiga almennt við um framleiðslugetu eða -afköst. Ef sami aðili rekur margs konar starfsemi, sem fellur undir sama lið, í sömu stöð eða á sama stað er afkastagetan í þessari starfsemi lögð saman.

Starfsemi	Gróðurhúsalofttegundir
Orkustarfsemi	
Brennslustöðvar með nafnvarmaafli yfir 20 MW (að frátöldum stöðvum þar sem hættulegum úrgangi eða sorpi er brennt)	Koltvísýringur
Hreinsistöðvar jarðolíu	Koltvísýringur
Koksofnar	Koltvísýringur
Framleiðsla og vinnsla járns	
Stöðvar þar sem málmgrýti (þ.m.t. brennisteinsgrýti) er hreinsað með bruna eða glæðingu	Koltvísýringur
Stöðvar þar sem hrájárn eða stál er framleitt (fyrsta eða önnur bræðsla), með tilheyrandi samfelldri málmsteypu, og sem hafa meiri afkastagetu en 2,5 tonn á klukkustund	Koltvísýringur
Jarðefnaiðnaður	
Stöðvar þar sem sementsgjall er framleitt í hverfiofnum sem geta afkastað meira en 500 tonnum á dag eða kalk er framleitt í hverfiofnum sem geta afkastað meira en 50 tonnum á dag eða í öðrum ofnum sem geta afkastað meira en 50 tonnum á dag	Koltvísýringur
Stöðvar þar sem framleiðsla glers, einnig glertrefja, fer fram og sem geta brætt meira en 20 tonn á dag	Koltvísýringur
Stöðvar þar sem framleiðsla leirvara fer fram með brennslu, einkum þakflísa, múrsteina, eldfastra múrsteina, flísa, leirmuna eða postulíns, og sem geta framleitt meira en 75 tonn á dag og/eða rúmtak ofns er meira en 4 m³ og setþéttleiki hans er meiri en 300 kg/m³	Koltvísýringur
Önnur starfsemi	
Iðjuver sem framleiða	Koltvísýringur
a) deig úr viði eða önnur trefjaefni	
b) pappír og pappa og geta framleitt meira en 20 tonn á dag	Koltvísýringur

II. VIÐAUKI

GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDIR SEM UM GETUR Í 3. OG 30. GR.

Koltvísýringur (CO_2)

Metan (CH_4)

Nituroxíð (N_2O)

Vetnisflúorkolefni (HFC)

Perflúorkolefni (PFC)

Brennisteinshexaflúoríð (SF_6)

III. VIÐAUKI

VIÐMIÐANIR FYRIR LANDSBUNDNAR ÚTHLUTUNARÁÆTLANIR SEM UM GETUR Í 9., 22. OG 30. GR.

1. Heildarfjöldi losunarheimilda til úthlutunar á því tímabili sem um ræðir skal vera í samræmi við skuldbindingu aðildarríkisins um að takmarka losun sína samkvæmt ákvörðun 2002/358/EB og Kýótóbókuninni, og skal annars vegar taka tillit til þess hlutfalls heildarlosunar sem þessar losunarheimildir svara til í samanburði við losun frá orkugjöfum sem ekki falla undir þessa tilskipun og hins vegar til landsbundinnar orkustefnu, og skal vera í samræmi við landsbundna áætlun um loftslagsbreytingar. Heildarfjöldi losunarheimilda til úthlutunar skal ekki vera meiri en líklegt er að hann þurfi að vera til að viðmiðunum þessa viðauka sé fylgt af ítrustu nákvæmni. Fyrir tímabilið fram til ársins 2008 skal fjöldinn miðast við þá viðleitni að ná eða fara fram úr því markmiði sem hvert aðildarríki hefur sett sér samkvæmt ákvörðun 2002/358/EB og Kýótóbókuninni.

2. Heildarfjöldi losunarheimilda til úthlutunar skal vera í samræmi við mat á raunverulegum og áætluðum árangri aðildarríkjanna við að uppfylla skuldbindingarnar sem Bandalagið tókst á hendur samkvæmt ákvörðun 93/389/EB.

3. Fjöldi losunarheimilda til úthlutunar skal vera í samræmi við getu starfseminnar, m.a. tæknilega getu, sem fellur undir þetta kerfi, til að draga úr losun. Aðildarríkjum er heimilt að byggja dreifingu losunarheimilda á meðallosun gróðurhúsalofttegunda fyrir hverja framleiðsluvöru í hverri starfsemi og þann árangur sem unnt er að ná í hverri starfsemi.

4. Áætlunin skal vera í samræmi við aðra lagagerninga og stefnumótandi gerninga Bandalagsins. Taka skal tillit til óhjákvæmilegrar aukningar á losun í kjölfar nýrra, lagalegra krafna.

5. Í samræmi við kröfur sáttmálans, einkum 87. og 88. gr., skal í áætluninni hvorki mismuna fyrirtækjum né geirum þannig að tilteknum fyrirtækjum eða tegundum starfsemi sé ívilnað á óréttmætan hátt.

6. Í áætluninni skulu koma fram upplýsingar um það hvernig nýir þátttakendur geta gerst aðilar að kerfi Bandalagsins í viðkomandi aðildarríki.

7. Í áætluninni er heimilt að taka tillit til fyrri aðgerða og í henni skulu koma fram upplýsingar um hvernig það er gert. Við gerð landsbundinnar úthlutunaráætlunar er aðildarríkjunum heimilt að nota viðmiðanir úr tilvísunarskjölum um fullkomnustu tækni sem völ er á og þær viðmiðanir geta falið í sér þætti úr fyrri aðgerðum sem tillit er tekið til.

8. Í áætluninni skulu koma fram upplýsingar um hvernig skuli tekið tillit til hreinnar tækni, m.a. orkunýtinnar tækni.

9. Í áætluninni skulu vera ákvæði um það hvernig almenningur getur komið athugasemdum á framfæri og upplýsingar um það hvernig viðeigandi tillit verður tekið til þeirra áður en ákvörðun um úthlutun losunarheimilda er tekin.

10. Í áætluninni skal vera skrá yfir stöðvar sem falla undir þessa tilskipun ásamt fjölda losunarheimilda sem ætlunin er að úthluta hverri þeirra.

11. Í áætluninni geta komið fram upplýsingar um hvernig skuli tekið tillit til samkeppni frá löndum eða aðilum utan Sambandsins.

IV. VIÐAUKI

MEGINREGLUR UM VÖKTUN OG SKÝRSLUGJÖF SEM UM GETUR Í 1. MGR. 14. GR.

Vöktun á losun koltvísýrings

Vakta skal losun, annaðhvort með útreikningum eða á grundvelli mælinga.

Útreikningar

Losunin skal reiknuð út með eftirfarandi formúlu:

Gögn um starfsemi × losunarstuðull × oxunarstuðull

Gögn um starfsemi (notað eldsneyti, framleiðsluafköst o.s.frv.) skulu vöktuð á grundvelli gagna um aðföng eða mælinga.

Nota skal viðurkennda losunarstuðla. Fyrir allt eldsneyti má nota losunarstuðla sem eru sértækir fyrir tiltekna starfsemi. Nota má sjálfgefna stuðla fyrir allt eldsneyti nema það sem ekki er notað í atvinnuskyni (úrgangseldsneyti á borð við hjólbarða og gas frá iðnframleiðslu). Útfæra skal nánar lagbundna stuðla fyrir kol og ESB-sértæka stuðla eða sértæka stuðla framleiðslulands fyrir jarðgas. Fyrir afurðir frá hreinsunarstöðvum má nota sjálfgefna stuðla milliríkjanefndarinnar um loftslagsbreytingar (IPCC). Losunarstuðull fyrir lífmassa skal vera núll.

Ef ekki er tekið tillit til þess í losunarstuðlinum að hluti kolefnisins oxast ekki skal einnig nota oxunarstuðul. Hafi losunarstuðlar, sem eru sértækir fyrir tiltekna starfsemi, verið reiknaðir út og tillit hefur verið tekið til oxunar þarf ekki að nota oxunarstuðul.

Nota skal sjálfgefna oxunarstuðla samkvæmt tilskipun 96/61/EB nema rekstraraðilinn geti sýnt fram á að stuðlar, sem eru sértækir fyrir tiltekna starfsemi, séu nákvæmari.

Sérstakir útreikningar skulu gerðir fyrir hverja starfsemi, hverja stöð og hverja tegund eldsneytis.

Mæling

Við mælingar á losun skal nota staðlaðar eða viðurkenndar aðferðir og skulu mælingarnar studdar útreikningum á losun.

Vöktun á losun annarra gróðurhúsalofttegunda

Nota skal staðlaðar eða viðurkenndar aðferðir sem þróaðar hafa verið af framkvæmdastjórninni í samstarfi við alla viðkomandi hagsmunaaðila og samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 23. gr.

Skýrslugjöf um losun

Hver rekstraraðili skal láta eftirfarandi upplýsingar koma fram í skýrslu um stöð:

A. auðkennisgögn um stöðina, þ.m.t.:

— heiti stöðvarinnar,

— heimilisfang hennar, þ.m.t. póstnúmer og land,

— tegund og númer starfsemi í I. viðauka sem fram fer í stöðinni,

— heimilisfang, símanúmer, bréfasímanúmer og netfang tengiliðar og

— heiti eiganda stöðvarinnar og móðurfélags, ef við á,

B. fyrir hverja starfsemi, sem tilgreind er í I. viðauka, sem fram fer á staðnum og þar sem losun er reiknuð út:

— gögn um starfsemi,

— losunarstuðlar,

— oxunarstuðlar,

— heildarlosun og

— óvissa,

C. fyrir hverja starfsemi, sem tilgreind er í I. viðauka, sem fram fer á staðnum og þar sem losun er mæld:

— heildarlosun,

— upplýsingar um áreiðanleika mæliaðferðanna og

— óvissa,

D. að því er varðar losun frá brennslu skal oxunarstuðullinn einnig koma fram í skýrslunni nema þegar hafi verið tekið tillit til oxunar þegar sértæki losunarstuðullinn fyrir tiltekna starfsemi var ákvarðaður.

Aðildarríkin skulu gera ráðstafanir til að samræma kröfur um skýrslugjöf öllum öðrum gildandi kröfum er varða skýrslugjöf í því skyni að halda skýrslugjafarbyrði fyrirtækja í lágmarki.

V. VIÐAUKI

VIÐMIÐANIR FYRIR SANNPRÓFUN SEM UM GETUR Í 15. GR.

Almennar meginreglur

1. Sannprófa skal losun frá allri starfsemi sem skráð er í I. viðauka.

2. Í sannprófunarferlinu skal taka tillit til skýrslunnar sem samin var skv. 3. mgr. 14. gr. og til vöktunar á fyrra ári. Það skal byggjast á áreiðanleika, trúverðugleika og nákvæmni vöktunarkerfanna og þeim gögnum og upplýsingum sem lögð hafa verið fram um losun, einkum:

   a) gögnum, sem gefin eru upp um viðkomandi starfsemi, og tilheyrandi mælingum og útreikningum,

   b) vali og notkun losunarstuðla,

   c) útreikningum til ákvörðunar á heildarlosun og

   d) hversu viðeigandi valið sé og notkun mæliaðferða, ef mæling er notuð.

3. Einungis má fullgilda uppgefna losun ef unnt er að ákvarða hana með mjög mikilli vissu út frá áreiðanlegum og trúverðugum gögnum og upplýsingum. Mjög mikil vissa felur í sér að rekstraraðilinn þarf að sýna fram á:

a) að ekkert ósamræmi sé í uppgefnum gögnum,

b) að gagna hafi verið aflað í samræmi við viðeigandi vísindalegar kröfur og

c) að viðeigandi skrár um stöðina séu innbyrðis samkvæmar og ekkert vanti í þær.

4. Sannprófandinn skal hafa aðgang að öllum stöðum og upplýsingum sem varða viðfangsefni sannprófunarinnar.

5. Sannprófandinn skal taka tillit til þess hvort stöðin er skráð samkvæmt umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS).

Aðferðafræði

Skipuleg greining

6. Sannprófunin skal byggjast á skipulegri greiningu á allri starfsemi sem fram fer í stöðinni. Sannprófandinn verður þar af leiðandi að hafa sýn yfir alla starfsemi og mikilvægi hennar í tengslum við losun.

Greining á vinnsluferli

7. Sannprófun á upplýsingunum, sem lagðar eru fram, skal fara fram á staðnum þar sem stöðin er, eftir því sem við á. Sannprófandinn skal beita skyndikönnunum til að ákvarða áreiðanleika uppgefinna gagna og upplýsinga.

Áhættugreining

8. Sannprófandinn skal meta upptök allrar losunar í stöðinni til að meta áreiðanleika gagnanna um hlutdeild hverra upptaka í heildarlosun stöðvarinnar.

9. Á grundvelli þessarar greiningar skal sannprófandinn tilgreina á skýran hátt þau upptök þar sem hætta á skekkju er mikil og aðra þætti vöktunar- og skýrslugjafarferlisins sem geta stuðlað að skekkju við ákvörðun á heildarlosuninni. Þetta á sérstaklega við um val á losunarstuðlum og nauðsynlega útreikninga til að ákvarða losun frá hverjum upptakastað. Sérstakri athygli skal beint að upptökum þar sem hætta á skekkju er mikil og að fyrrnefndum þáttum vöktunarferlisins.

10. Sannprófandinn skal taka tillit til hvers kyns skilvirkra áhættustjórnunaraðferða sem rekstraraðilinn hefur beitt í því skyni að draga úr óvissu eins og framast er kostur.

Skýrsla

11. Sannprófandinn skal skrifa skýrslu um fullgildingarferlið þar sem fram kemur hvort skýrslan skv. 3. mgr. 14. gr. er fullnægjandi. Í skýrslunni skal tilgreina öll atriði sem varða það starf sem unnið er. Heimilt er gefa yfirlýsingu þess efnis að skýrslan skv. 3. mgr. 14. gr. sé fullnægjandi ef sannprófandinn telur að ekki sé um að ræða rangfærslur að því er varðar heildarlosunina.

Lágmarkskröfur um hæfni sannprófanda

12. Sannprófandinn skal vera óháður rekstraraðilanum, sinna starfi sínu á traustan og fagmannlegan hátt og kunna skil á eftirfarandi:

a) ákvæðum þessarar tilskipunar, svo og tilheyrandi stöðlum og leiðbeiningum sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt skv. 1. mgr. 14. gr.,

b) lagalegum kröfum, kröfum samkvæmt reglum og stjórnsýslukröfum sem varða þá starfsemi sem sannprófuð er og

c) öflun allra upplýsinga sem tengjast einstökum upptökum losunar í stöðinni, einkum um söfnun, mælingu og útreikninga gagna og skýrslugjöf um þau.

Fylgiskjal III.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2004/101/EB

frá 27. október 2004

um breytingu á tilskipun 2003/87/EB um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins að því er varðar verkefniskerfi Kýótóbókunarinnar

(Texti sem varðar EES)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 175. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([13]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([14]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með tilskipun 2003/87/EB ([15]) er komið á fót kerfi til að eiga viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins (kerfi Bandalagsins) til að stuðla að því að dregið verði úr losun þeirra á kostnaðarhagkvæman og efnahagslega skilvirkan hátt og þar er viðurkennt að þegar til lengri tíma er litið þurfi að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í heiminum um u.þ.b. 70% miðað við gildi ársins 1990. Markmiðið með tilskipuninni er að stuðla að því að uppfylla skuldbindingar Bandalagsins og aðildarríkja þess um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum samkvæmt Kýótóbókuninni sem var samþykkt með ákvörðun ráðsins 2002/358/EB frá 25. apríl 2002 um samþykki Kýótóbókunarinnar við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, fyrir hönd Evrópubandalagsins, og sameiginlega uppfyllingu á skuldbindingum samkvæmt þeim ([16]).

2) Í tilskipun 2003/87/EB er því lýst yfir að viðurkenning á inneignum frá verkefnismiðuðum kerfum (project-based mechanisms) til að uppfylla skuldbindingar frá og með árinu 2005 muni auka kostnaðarhagkvæmni þess að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í heiminum og að setja skuli reglur um að tengja saman verkefnismiðuð kerfi Kýótóbókunarinnar, þ.m.t. kerfi sameiginlegrar framkvæmdar (JI) og kerfi hreinleikaþróunar (CDM), við kerfi Bandalagsins.

3) Með því að tengja verkefnismiðuð kerfi Kýótóbókunarinnar við kerfi Bandalagsins, og vernda jafnframt heilleika síðarnefnda kerfisins í umhverfislegu tilliti, gefst tækifæri til að nýta inneignir losunarheimilda, sem til urðu skv. 6. og 12. gr. Kýótóbókunarinnar, í því skyni að uppfylla skuldbindingar aðildarríkjanna í samræmi við 3. mgr. 12. gr. tilskipunar 2003/87/EB. Þannig fjölgar kostunum í kerfi Bandalagsins um að uppfylla skuldbindingar án mikils kostnaðar og þar með minnkar heildarkostnaðurinn við að fara að Kýótóbókuninni en jafnframt batnar aðgengi að heimildum til losunar gróðurhúsalofttegunda á markaði Bandalagsins. Með því að auka spurn eftir inneignum vegna kerfis sameiginlegrar framkvæmdar munu fyrirtæki í Bandalaginu fjárfesta í þróun og miðlun háþróaðrar og umhverfisvænnar tækni og verkkunnáttu. Spurn eftir inneign í kerfi hreinleikaþróunar kemur einnig til með að aukast og stuðlar þannig að því að þróunarlönd, þar sem verkefni á því sviði eru unnin, nái markmiðum sínum um sjálfbæra þróun.

4) Verkefnismiðuð kerfi Kýótóbókunarinnar, sem

([13]) Stjtíð. ESB C 80, 30.3.2004, bls. 61.
([14]) Álit Evrópuþingsins frá 20. apríl 2004 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 13. september 2004 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB).
([15]) Stjtíð. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32.
([16]) Stjtíð. EB L 130, 15.5.2002, bls. 1.

Bandalagið og aðildarríki þess nota, auk fyrirtækja og einstaklinga utan kerfis Bandalagsins, skulu tengjast kerfi Bandalagsins þannig að tryggt sé að kerfin séu í samræmi við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (UNFCCC) og Kýótóbókunina og síðari ákvarðanir sem hafa verið samþykktar samkvæmt þeim, og þau skulu auk þess samræmast markmiðum og uppbyggingu kerfis Bandalagsins og ákvæðum sem mælt er fyrir um í tilskipun 2003/87/EB.

5) Aðildarríkin geta heimilað rekstraraðilum að nota einingar vottaðrar losunarskerðingar (CER) frá 2005 og losunarskerðingareiningar (ERU) frá 2008 innan kerfis Bandalagsins. Rekstraraðilum er heimilt að nýta einingar vottaðrar losunarskerðingar og losunarskerðingareiningar frá 2008 að tilteknum hundraðshluta af úthlutun hverrar stöðvar og skal hvert aðildarríki tilgreina þann hluta í landsbundinni úthlutunaráætlun sinni. Notkunin á sér stað við útgáfu og tafarlaus innskil einnar losunarheimildar í skiptum fyrir eina einingu vottaðrar losunarskerðingar eða eina losunarskerðingareiningu. Losunarheimild, sem gefin er út í skiptum fyrir eina einingu vottaðrar losunarskerðingar eða losunarskerðingareiningu, svarar til þeirrar einu einingu vottaðrar losunarskerðingar eða losunarskerðingareiningarinnar.

6) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar um staðlað og tryggt skráningarkerfi, sem samþykkja skal skv. 3. mgr. 19. gr. tilskipunar 2003/87/EB og 1. mgr. 6. gr. ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 280/2004/EB frá 11. febrúar 2004 um kerfi til að vakta losun gróðurhúsalofttegunda í Bandalaginu og um framkvæmd Kýótóbókunarinnar ([17]), verður kveðið á um viðeigandi starfshætti og vinnu- og verklagsreglur í skráningarkerfinu að því er varðar notkun eininga vottaðrar losunarskerðingar á tímabilinu 2005 til 2007 og tímabilunum þar á eftir og notkun losunarskerðingareininga á tímabilinu 2008 til 2012 og tímabilunum þar á eftir.

7) Hvert aðildarríki ákvarðar takmörk fyrir notkun eininga vottaðrar losunarskerðingar og losunarskerðingareininga frá starfsemi sem er rekin á grundvelli verkefnistengdu aðgerðanna (project activities), að teknu tilhlýðilegu tilliti til viðeigandi ákvæða Kýótóbókunarinnar og Marakess-samninganna, til að fullnægja kröfum um að notkun kerfanna (mechanisms) komi til viðbótar aðgerðum heima fyrir. Aðgerðir heima fyrir verða þar með umtalsverður þáttur átaksins sem hrundið verður í framkvæmd.

8) Í samræmi við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og Kýótóbókunina og síðari ákvarðanir, sem hafa verið samþykktar samkvæmt þeim, skulu aðildarríkin ekki nota einingar vottaðrar losunarskerðingar eða losunarskerðingareiningar frá kjarnorkustöðvum til að uppfylla skuldbindingar sínar skv. 1. mgr. 3. gr. Kýótóbókunarinnar og samkvæmt ákvörðun 2002/258/EB.

9) Í ákvörðunum 15/CP.7 og 19/CP.7, sem samþykktar voru samkvæmt rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftlagsbreytingar og Kýótóbókuninni, er áhersla lögð á að heilleika verði náð í umhverfislegu tilliti, m.a. með traustu fyrirkomulagi, reglum og leiðbeiningum um kerfin, og með traustum og ströngum meginreglum og reglum um landnotkun, breytta notkun lands og skógræktarstarfsemi og að taka skuli tillit til vandamála í tengslum við óstöðugleika, viðbótargildi (additionality), lekafar (leakage) og óvissu og félagshagfræðileg og umhverfisleg áhrif, þ.m.t. áhrif á líffræðilega fjölbreytni og náttúruleg vistkerfi, sem tengjast verkefnismiðuðum aðgerðum á sviði nýskógræktar og endurræktunar skóga. Við endurskoðun tilskipunar 2003/87/EB skal framkvæmdastjórnin hafa í huga tækniákvæði um að inneignir skuli vera til bráðabirgða og um 1% mörk aðgangs að verkefnismiðuðum aðgerðum á sviði landnotkunar, breyttrar notkunar lands og skógræktar sem fastsett voru í ákvörðun 17/CP.7, auk ákvæða um niðurstöðu mats á hugsanlegri áhættu sem tengist notkun erfðabreyttra lífvera og framandi tegunda lífvera sem gætu verið ágengar í verkefnismiðuðum aðgerðum í nýskógrækt og endurræktun skóga, til að gera rekstraraðilum kleift að nýta einingar vottaðrar losunarskerðingar og losunarskerðingareiningar frá verkefnismiðuðum aðgerðum á sviði landnotkunar, breyttrar notkunar lands og skógræktar í kerfi Bandalagsins frá 2008 í samræmi við ákvarðanir sem samþykktar eru samkvæmt rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar eða Kýótóbókuninni.

10) Til þess að komast hjá því að tvíreikna skal ekki gefa út einingar vottaðrar losunarskerðingar eða losunarskerðingareiningar frá verkefnis-

([17]) Stjtíð. ESB L 49, 19.2.2004, bls. 1.

miðuðum aðgerðum innan Bandalagsins sem einnig verða til þess að draga úr eða takmarka losun frá stöðvum, sem falla undir tilskipun 2003/87/EB, nema jafnmargar losunarheimildir séu afturkallaðar af skrá aðildarríkisins þar sem einingar vottaðrar losunarskerðingar og losunarskerðingareiningarnar eru upprunnar.

11) Í samræmi við viðeigandi aðildarsáttmála skal tekið tillit til réttarreglna Bandalagsins þegar fastsettar eru grundvallarviðmiðanir fyrir verkefnismiðaðar aðgerðir sem fram fara í löndum sem gerast aðilar að Sambandinu.

12) Aðildarríki, sem heimilar einkaaðila eða opinberum aðila að taka þátt í verkefnismiðuðum aðgerðum, ber ábyrgð á því að skuldbindingar þess samkvæmt rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og Kýótóbókuninni séu uppfylltar og skal því sjá til þess að slík þátttaka sé í samræmi við tilheyrandi viðmiðunarreglur, fyrirkomulag og verklagsreglur sem samþykktar hafa verið samkvæmt rammasamningnum eða Kýótóbókuninni.

13) Í samræmi við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, Kýótóbókunina og síðari ákvarðanir, sem hafa verið samþykktar til framkvæmdar þeim, skulu framkvæmdastjórnin og aðildarríkin styðja aðgerðir til uppbyggingar færni í þróunarlöndum og löndum með umbreytingarhagkerfi í því skyni að aðstoða þau við að nýta sér kerfi sameiginlegrar framkvæmdar og kerfi hreinleikaþróunar til fulls á þann hátt sem hæfir áætlunum þeirra um sjálfbæra þróun. Framkvæmdastjórnin skal endurskoða hvers kyns frumkvæði sem gert er í þessu skyni og leggja fram skýrslu um það.

14) Í skýrslu sinni „Dams and Development A New Framework for Decision-Making“ frá því í nóvember 2000 hefur heimsnefndin um stíflur (World Commission on Dams), ásamt Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD) og Alþjóðabankanum, sett viðmiðanir og viðmiðunarreglur sem skipta máli við mat á því hvort verkefni á sviði vatnsorkuframleiðslu hafi neikvæð umhverfisáhrif eða félagsleg áhrif.

15) Þar eð þátttaka í kerfi sameiginlegrar framkvæmdar og kerfi hreinleikaþróunar er frjáls skal auka umhverfis- og félagslega ábyrgð og skyldur fyrirtækja í samræmi við 17. mgr. áætlunarinnar um framkvæmd leiðtogafundarins um sjálfbæra þróun. Í þessu samhengi skulu fyrirtæki hvött til að bæta árangur, með tilliti til umhverfis og félagslegra þátta, af verkefnunum í kerfi sameiginlegrar framkvæmdar og kerfi hreinleikaþróunar sem þau taka þátt í.

16) Upplýsingar um verkefnismiðaðar aðgerðir, sem aðildarríki tekur þátt í eða heimilar einkaaðilum eða opinberum aðilum að taka þátt í, skulu gerðar aðgengilegar almenningi í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/4/EB frá 28. janúar 2003 um aðgang almennings að upplýsingum um umhverfismál ([18]).

17) Framkvæmdastjórninni er heimilt að nefna áhrif á rafmagnsmarkaðinn í skýrslum sínum um viðskipti með heimildir til losunar og notkun inneigna úr verkefnismiðuðum aðgerðum.

18) Eftir gildistöku Kýótóbókunarinnar skal framkvæmdastjórnin kanna hvort unnt sé að gera samning við lönd, sem tilgreind eru í viðauka B við Kýótóbókunina og hafa enn ekki fullgilt bókunina, um gagnkvæma viðurkenningu á því að koma megi á viðskiptum með losunarheimildir milli kerfis Bandalagsins og bindandi kerfa um viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda sem takmarka heildarlosunina sem hefur verið fastsett fyrir þessi lönd.

19) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð því markmiði hvert fyrir sig sem fyrirhugaðar aðgerðir fela í sér, þ.e. að koma á fót tengingu milli verkefnismiðaðra kerfa Kýótóbókunarinnar og kerfis Bandalagsins, og þar eð auðveldara er að ná markmiðunum á vettvangi Bandalagsins vegna þess hve aðgerðirnar eru umfangsmiklar og hafa víðtæk áhrif er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og fram kemur í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, sem sett er fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná megi því markmiði.

20) Breyta ber tilskipun 2003/87/EB til samræmis við þetta,

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á tilskipun 2003/87/EB

Tilskipun 2003/87/EB er breytt sem hér segir:

([18])Stjtíð. ESB L 41, 14.2.2003, bls. 26.

1. Eftirfarandi liðir bætast við 3. gr.:

„k) „aðili að I. viðauka“: aðili sem er tilgreindur í I. viðauka við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (UNFCCC) og hefur fullgilt Kýótóbókunina eins og tilgreint er í 7. mgr. 1. gr. Kýótóbókunarinnar,

l) „verkefnistengd aðgerð“: aðgerð í tengslum við verkefni sem einn eða fleiri aðilar, sem eru tilgreindir í I. viðauka í samræmi við 6. eða 12. gr. Kýótóbókunarinnar, hafa samþykkt og ákvarðanirnar sem samþykktar eru samkvæmt rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar eða Kýótóbókuninni,

m) „losunarskerðingareining (emission reduction unit, ERU)“: eining sem gefin er út skv. 6. gr. Kýótóbókunarinnar og ákvörðununum sem samþykkar eru samkvæmt rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar eða Kýótóbókuninni,

n) „eining vottaðrar losunarskerðingar (certified emission reduction, CER)“: eining sem gefin er út skv. 12. gr. Kýótóbókunarinnar og ákvörðununum sem samþykktar eru samkvæmt rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar eða Kýótóbókuninni.“

2. Eftirfarandi greinar bætist við á eftir 11. gr.:

„11. gr. a

Notkun eininga vottaðrar losunarskerðingar og losunarskerðingareininga frá verkefnisaðgerðum í kerfi Bandalagsins

1. Á hverju þeirra tímabila, sem um getur í 2. mgr. 11. gr., geta aðildarríkin, með fyrirvara um 3. mgr., heimilað rekstraraðilum að nota einingar vottaðrar losunarskerðingar og losunarskerðingareiningar frá verkefnisaðgerðum í kerfi Bandalagsins sem nemur tilteknum hundraðshluta af þeim losunarheimildum sem hverri stöð er úthlutað og skal hvert aðildarríki tilgreina þann hluta í landsbundinni úthlutunaráætlun sinni fyrir það tímabil. Þetta skal gert með útgáfu og tafarlausum innskilum einnar losunarheimildar aðildarríkisins í skiptum fyrir eina einingu vottaðrar losunarskerðingar eða losunarskerðingareiningu sem rekstraraðilinn er skráður fyrir í landsskrá aðildarríkisins.

2. Á tímabilinu, sem um getur í 1. mgr. 11. gr., geta aðildarríkin, með fyrirvara um 3. mgr., heimilað rekstraraðilum að nota einingar vottaðrar losunarskerðingar frá verkefnisaðgerðum í kerfi Bandalagsins. Þetta skal gert með útgáfu og tafarlausum innskilum einnar losunarheimildar aðildarríkisins í skiptum fyrir eina einingu vottaðrar losunarskerðingar. Aðildarríkin skulu afturkalla einingar vottaðrar losunarskerðingar sem aðrir rekstraraðilar hafa notað á tímabilinu sem um getur í 1. mgr. 11. gr.

3. Í kerfi Bandalagsins er heimilt að nota allar einingar vottaðrar losunarskerðingar og losunarskerðingareiningar sem gefnar eru út og heimilt er að nota í samræmi við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og Kýótóbókunina og síðari ákvarðanir sem hafa verið samþykktar samkvæmt þeim:

a) þó þannig að rekstraraðilar skulu láta vera að nota einingar vottaðrar losunarskerðingar og losunarskerðingareiningar frá kjarnorkustöðvum í kerfi Bandalagsins á tímabilinu sem um getur í 1. mgr. 11. gr. og fyrsta fimm ára tímabilinu sem um getur í 2. mgr. 11. gr. í ljósi þess að aðildarríkin skulu, í samræmi við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og Kýótóbókunina og síðari ákvarðanir sem hafa verið samþykktar samkvæmt þeim, láta vera að nota einingar vottaðrar losunarskerðingar og losunarskerðingareiningar frá slíkum stöðvum til að uppfylla skuldbindingar sínar skv. 1. mgr. 3. gr. Kýótóbókunarinnar og í samræmi við ákvörðun 2002/358/EB

og

b) þó að frátöldum einingum vottaðrar losunarskerðingar og losunarskerðingareiningum frá aðgerðum í tengslum við landnotkun, breytingum á notkun lands og skógrækt.

11. gr. b

Verkefnistengdar aðgerðir

1. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að grundvallarviðmiðanir fyrir verkefnistengdar aðgerðir, eins og þær eru skilgreindar í síðari ákvörðunum sem hafa verið samþykktar samkvæmt rammasamningi Sameinuðu þjóðanna eða Kýótóbókuninni, sem fara fram í löndum sem hafa undirritað aðildarsáttmála við Evrópusambandið, séu fullkomlega í samræmi við réttarreglur Bandalagsins, þ.m.t. tímabundnu undanþágurnar sem mælt er fyrir um í aðildarsáttmálanum.

2. Ef ekki er kveðið á um annað í 3. og 4. mgr. skulu aðildarríki, þar sem verkefnistengdar að-

gerðir fara fram, sjá til þess að hvorki séu gefnar út losunarskerðingareiningar né einingar vottaðrar losunarskerðingar fyrir skerðingu eða takmörkun á losun gróðurhúsalofttegunda frá stöðvum sem falla undir gildissvið þessarar tilskipunar.

3. Til 31. desember 2012 er því aðeins heimilt að gefa út losunarskerðingareiningar og einingar vottaðrar losunarskerðingar fyrir verkefnistengdar aðgerðir í kerfi sameiginlegrar framkvæmdar og kerfi hreinleikaþróunar, sem skerða eða takmarka með beinum hætti losun stöðvar sem fellur undir gildissvið þessarar tilskipunar, að rekstraraðili stöðvarinnar afturkalli jafnmargar losunarheimildir.

4. Til 31. desember 2012 er því aðeins heimilt að gefa út losunarskerðingareiningar fyrir verkefnistengdar aðgerðir í kerfi sameiginlegrar framkvæmdar og kerfi hreinleikaþróunar, sem skerða eða takmarka með beinum hætti losun stöðvar sem fellur undir gildissvið þessarar tilskipunar, að afturkallaðar séu jafnmargar losunarheimildir af landsskrá aðildarríkisins þar sem losunarskerðingareiningarnar eða einingar vottaðrar losunarskerðingar eru upprunnar.

5. Aðildarríki, sem heimilar einkaaðila eða opinberum aðila að taka þátt í verkefnistengdum aðgerðum, skal bera ábyrgð á því að skuldbindingar þess samkvæmt rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og Kýótóbókuninni séu uppfylltar og tryggja að slík þátttaka sé í samræmi við tilheyrandi viðmiðunarreglur, fyrirkomulag og verklagsreglur sem samþykktar hafa verið samkvæmt rammasamningnum eða Kýótóbókuninni.

6. Við samþykkt verkefnistengdra aðgerða á sviði raforkuframleiðslu með vatnsafli, þar sem framleiðslugetan er meiri en 20 MW, skulu aðildarríkin sjá til þess að tilheyrandi, alþjóðlegar viðmiðanir og viðmiðunarreglur, þ.m.t. þær sem er að finna í skýrslu heimsnefndarinnar um stíflur frá því í nóvember 2000, „Dams and Development – A New Framework for Decision-Making“, verði virtar á meðan þróun slíkra verkefnistengdra aðgerða stendur yfir.

7. Ákvæði um framkvæmd 3. og 4. mgr., einkum að því er varðar að komast hjá því að tvíreikna, og öll ákvæði sem nauðsynleg eru til að framkvæma 5. mgr., skulu samþykktar í samræmi við 2. mgr. 23. gr. í þeim tilvikum þegar heimaaðili uppfyllir allar hæfiskröfur um verkefnisaðgerðir í kerfi sameiginlegrar framkvæmdar.“

3. Í stað 17. gr. komi eftirfarandi:

„17. gr.

Aðgangur að upplýsingum

Ákvarðanir um úthlutun losunarheimilda, upplýsingar um verkefnistengdar aðgerðir, sem aðildarríki tekur þátt í eða heimilar einkaaðilum eða opinberum aðilum að taka þátt í, og skýrslur um losun, sem krafist er samkvæmt leyfi til losunar gróðurhúsalofttegunda og eru í umsjá lögbærs yfirvalds, skulu vera aðgengilegar almenningi í samræmi við tilskipun 2003/4/EB.“

4. Í 18.gr. bætist eftirfarandi undirgrein við:

„Aðildarríkin skulu einkum tryggja samræmingu milli miðstöðvarinnar, sem tilnefnd er til að samþykkja verkefnistengdar aðgerðir skv. a-lið 1. mgr. 6. gr. Kýótóbókunarinnar, og tilnefndra, landsbundinna yfirvalda sem hafa umsjón með framkvæmd 12. gr. Kýótóbókunarinnar en tilnefningarnar eru í samræmi við síðari ákvarðanir sem samþykktar hafa verið samkvæmt rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar eða Kýótóbókuninni.“

5. Eftirfarandi málsliður bætist við 3. mgr. 19. gr.:

„Í reglugerðinni skulu einnig vera ákvæði um notkun og greiningu eininga vottaðrar losunarskerðingar og losunarskerðingareininga í kerfi Bandalagsins og um vöktun á notkuninni.“

6. Ákvæðum 21. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað annars málsliðar 1. mgr. komi eftirfarandi:

„Í skýrslunni skal sérstakur gaumur gefinn tilhögun við úthlutun losunarheimilda, notkun losunarskerðingareininga og eininga vottaðrar losunarskerðingar í kerfi Bandalagsins, skráahaldi, framkvæmd viðmiðunarreglna um vöktun og skýrslugjöf, sannprófun og málum sem varða það hvort farið er að ákvæðum tilskipunarinnar og skattalega meðferð losunarheimilda, sé um slíkt að ræða.“

b) eftirfarandi komi í stað 3. mgr.:

„3.Framkvæmdastjórnin skal skipuleggja skipti á upplýsingum milli lögbærra yfirvalda í aðildarríkjunum um þróun mála sem varða úthlutun, notkun losunarskerðingareininga og eininga vottaðrar losunarskerðingar í kerfi Bandalagsins, skráahald, skýrslugjöf, sann-

prófun og eftirlit með því að farið sé að ákvæðum þessarar tilskipunar.“

7. Eftirfarandi grein bætist við á eftir 21. gr.:

„21. gr. a

Stuðningur við aðgerðir í tengslum við uppbyggingu færni

Í samræmi við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, Kýótóbókunina og allar síðari ákvarðanir, sem samþykktar hafa verið vegna framkvæmdar á þeim, skulu framkvæmdastjórnin og aðildarríkin kappkosta að styðja aðgerðir í tengslum við uppbyggingu færni í þróunarlöndum og löndum með umbreytingarhagkerfi til að auðvelda þeim að notfæra sér til fulls kerfi sameiginlegrar framkvæmdar og kerfi hreinleikaþróunar á þann hátt sem styður við áætlanir þeirra um sjálfbæra þróun og stuðla að þátttöku aðila í þróun og framkvæmd aðgerða í kerfi sameiginlegrar framkvæmdar og kerfi hreinleikaþróunar.“

8. Ákvæðum 30. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað d-liðar 2. mgr. komi eftirfarandi:

„d) nýting inneigna úr verkefnistengdum aðgerðum, þ.m.t. nauðsyn þess að samræma heimilaða notkun losunarskerðingareininga og eininga vottaðrar losunarskerðingar í kerfi Bandalagsins,“

b) eftirfarandi liðir bætist við 2. mgr.:

„l) áhrif verkefniskerfa á gistilönd, einkum þróunartengd markmið þeirra, hvort verkefnistengdar aðgerðir hafi verið samþykktar í tengslum við kerfi sameiginlegrar framkvæmdar og kerfi hreinleikaþróunar að því er varðar raforkuframleiðslu með vatnsafli, þar sem framleiðslugetan er meiri en 500 MW, og neikvæð umhverfistengd eða félagsleg áhrif og framtíðarnotkun eininga vottaðrar losunarskerðingar eða losunarskerðingareininga frá einhverjum slíkum verkefnistengdum aðgerðum í kerfi Bandalagsins á sviði raforkuframleiðslu með vatnsafli,

m) stuðningur við átak í tengslum við uppbyggingu færni í þróunarlöndum og löndum með umbreytingarhagkerfi,

n) fyrirkomulag og verklagsreglur um samþykki aðildarríkjanna fyrir verkefnistengdum aðgerðum innanlands og um útgáfu losunarheimilda að því er varðar skerðingu eða takmarkanir á losun í kjölfar slíkra aðgerða frá og með árinu 2008,

o) tækniákvæði um að inneignir skuli vera til bráðabirgða og um 1% mörk aðgangs að verkefnisaðgerðum á sviði landnotkunar, breytinga á notkun lands og skógræktar, sem fastsett voru í ákvörðun 17/CP.7, auk ákvæða um niðurstöðu mats á hugsanlegri áhættu sem tengist notkun erfðabreyttra lífvera og framandi tegunda lífvera sem gætu verið ágengar í verkefnismiðuðum aðgerðum í nýskógrækt og endurræktun skóga, til að gera rekstraraðilum kleift að nýta einingar vottaðrar losunarskerðingar og losunarskerðingareiningar frá verkefnismiðuðum aðgerðum á sviði landnotkunar, breyttrar notkunar lands og skógræktar í kerfi Bandalagsins frá 2008, í samræmi við ákvarðanir sem samþykktar eru samkvæmt rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar eða Kýótóbókuninni.“

c) eftirfarandi komi í stað 3. mgr.:

„3. Áður en hvert þeirra tímabila, sem um getur í 2. mgr. 11. gr., hefst skal aðildarríki tilgreina í landsbundinni úthlutunaráætlun sinni fyrirhugaða notkun á losunarskerðingareiningum og einingum vottaðrar losunarskerðingar ásamt því hversu mikið rekstraraðilar geta fengið að nota að hámarki af losunarskerðingareiningum og einingum vottaðrar losunarskerðingar í kerfi Bandalagsins á tímabilinu miðað við hundraðshluta úthlutunar til hverrar stöðvar. Heildarnotkun losunarskerðingareininga og eininga vottaðrar losunarskerðingar skal vera í samræmi við tilheyrandi viðbótarskuldbindingar samkvæmt Kýótóbókuninni og rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og allar ákvarðanir sem samþykktar hafa verið samkvæmt þeim.

Í samræmi við 3. gr. ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 280/2004/EB frá 11. febrúar 2004 um aðferð til að vakta losun gróðurhúsalofttegunda í Bandalaginu og um framkvæmd Kýótóbókunarinnar (*) skulu aðildarríkin gefa framkvæmdastjórninni skýrslu annað hvert ár um hversu umtalsverður þáttur landsbundnar aðgerðir séu í raun í þeirri viðleitni sem fram fer á landsvísu, að hve miklu leyti verkefniskerfin komi í raun til viðbótar landsbundnum aðgerðum og um hlutfallið á milli þeirra, í samræmi við viðeigandi ákvæði

Kýótóbókunarinnar og ákvarðanir sem samþykktar hafa verið samkvæmt henni. Framkvæmdastjórnin skal gefa skýrslu um þetta í samræmi við 5. gr. fyrrgreindrar ákvörðunar. Í ljósi skýrslunnar skal framkvæmdastjórnin, eftir því sem við á, leggja fram lagafrumvörp eða aðrar tillögur til fyllingar ákvæðum sem samþykkt hafa verið af aðildarríkjunum til að tryggja að beiting aðferðanna komi til viðbótar landsbundnum aðgerðum í Bandalaginu.

(*) Stjtíð. ESB L 49, 19.2.2004, bls. 1.“

9. Eftirfarandi liður bætist við III. viðauka:

„12. Í áætluninni skal tilgreina hámarksfjölda eininga vottaðrar losunarskerðingar og losunarskerðingareininga sem rekstraraðilum í kerfi Bandalagsins er heimilt að nota sem miðast við hundraðshluta úthlutaðra losunarheimilda til hverrar stöðvar. Hundraðshlutinn skal vera í samræmi við viðbótarskuldbindingar aðildarríkisins samkvæmt

Kýótóbókuninni og ákvörðunum sem samþykktar hafa verið samkvæmt rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og Kýótóbókuninni.“

2. gr.

Framkvæmd

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 13. nóvember 2005. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna það hinum aðildarríkjunum.

3. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

4. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 27. október 2004.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
J. BORRELL FONTELLES	A. NICOLAI
forseti.	*forseti.*

300. Nefndarálit [87. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og skattanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þórhall Arason og Bergþóru Bergsdóttur frá fjármálaráðuneytinu. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá Seðlabanka Íslands, Samtökum fjármálafyrirtækja, Samtökum fjárfesta, Samtökum iðnaðarins og Hagstofu Íslands. Að auki hafa borist tilkynningar frá Lánasýslu ríkisins, ríkisskattstjóra, Ríkisendurskoðun, Íbúðalánasjóði, Kauphöllinni, Viðskiptaráði, Félagi löggiltra endurskoðenda og Lögmannafélagi Íslands.

Í frumvarpinu er fylgt eftir breytingum sem þegar hafa verið gerðar með stoð í 1. og 9. gr. laga um Lánasýslu ríkisins, nr. 43/1990, á fyrirkomulagi lánastýringar og lánaumsýslu ríkissjóðs. Á grundvelli umræddrar lagagreinar hefur starfsemi Lánasýslu ríkisins verið hætt og verkefni hennar hafa verið flutt til Seðlabanka Íslands.

Á fundum nefndarinnar var rætt hversu vel hin nýja tilhögun félli að þeirri meginstarfsemi Seðlabankans sem snýr að stjórn peningamála. Í því efni var bent á að fjármálaráðuneytið hefði með höndum stefnumörkun og ábyrgð á stjórn lánamála ríkissjóðs en að bankinn annaðist framkvæmd lánamála á grundvelli verksamnings. Af ákvæðum hans leiðir að ráðuneytið hefur forræði á verðbréfaútgáfu ríkissjóðs og öðrum helstu aðgerðum í lánamálum.

Þá ræddi nefndin lánsfjárþörf ríkissjóðs og það að verðbréfaútgáfa væri nú á dögum einkum hugsuð með það að leiðarljósi að anna þörfum innlends fjármálamarkaðar. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að með hliðsjón af þeirri þróun sé álitið hagkvæmt að færa heildarumsjón lánamála ríkissjóðs á einn stað auk þess sem reikna megi með að af því hljótist talsverður sparnaður.

Við umfjöllun nefndarinnar upplýsti fjármálaráðuneytið að fimm af ellefu starfsmönnum Lánasýslu ríkisins hefðu verið ráðnir til Seðlabankans. Þá kom fram að ráðuneytið teldi ekki ástæðu til að ætla að hinni nýju tilhögun á lánamálum ríkissjóðs yrði illa tekið á vettvangi OECD.

Nefndin styður frumvarpið en undirstrikar þann skilning að ákvörðunarvald í lánamálum ríkissjóðs sé hjá fjármálaráðherra en ekki Seðlabanka Íslands, sbr. 1. og 9. gr. laga nr. 43/1990. Nefndin leggur til smávægilega breytingu á 4. gr. frumvarpsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

4. gr. orðist svo:

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Lánasýsla ríkisins“ í 1. mgr. kemur: Fjármálaráðherra.
b. Orðin „samkvæmt ákvörðun fjármálaráðherra“ í 1. mgr. falla brott.
c. Í stað orðsins „Lánasýslu ríkisins“ í 2. mgr. kemur: Fjármálaráðherra.

Ellert B. Schram, Gunnar Svavarsson og Katrín Jakobsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. nóv. 2007.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Bjarni Benediktsson.	Magnús Stefánsson.
Ragnheiður E. Árnadóttir.	Helgi Hjörvar.	Guðfríður Lilja Grétarsdóttir.

301. Svar [165. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Sivjar Friðleifsdóttur um nýtt sjúkrahús í Vatnsmýrinni.

1. Hvað líður áformum um nýtt háskólasjúkrahús í Vatnsmýrinni?

Í janúar árið 2002 var heilbrigðisráðherra kynnt sú ákvörðun að byggt yrði nýtt háskólasjúkrahús á Landspítalalóðinni við Hringbraut. Þessi ákvörðun var m.a. tekin á grundvelli niðurstöðu nefndar sem skipuð var vorið 2001 en verkefni hennar var að fara yfir fyrirliggjandi gögn og hugmyndir um framtíðaruppbyggingu Landspítala – háskólasjúkrahúss (hátæknisjúkrahúss) á Stór-Reykjavíkursvæðinu.

Vorið 2004 undirrituðu heilbrigðisráðherra og borgarstjóri samkomulag m.a. um skipulag lóðar LSH við Hringbraut. Undirbúningur samkomulagsins var hluti af vinnu nefndar sem samkvæmt erindisbréfi var falið að ljúka frumathugun og greinargerð um hana, vinna að nauðsynlegum samningum um lóðir, sinna deiliskipulagsvinnu með borginni, gera áætlun um forgangsröðun, vinna að tíma- og fjárhagsáætlun fyrir fyrirhugaðar framkvæmdir og skoða fjármögnunarleiðir, m.a. samstarf við einkaaðila.

Þann 18. janúar 2005 var samþykkt í ríkisstjórninni að veita heimild til að halda áfram undirbúningi verkefnisins í samræmi við fyrirliggjandi áætlanir sem voru byggðar á ofangreindum nefndarstörfum.

Samkeppni um skipulag lóðar Landspítala og Háskóla Íslands við Hringbraut lauk haustið 2005. Tillaga hóps innlendra og erlendra hönnuða undir forustu C.F. Möller arkitekta frá Danmörku þótti vænlegust og var samið við þá um framhald vinnunnar.

Í desember 2005 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 133, um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf. Í 3. gr. laganna segir: „Verja skal samtals 18.000 millj. kr. til uppbyggingar Landspítala – háskólasjúkrahúss á lóð stofnunarinnar við Hringbraut í Reykjavík. Framlagi þessu skal verja til að ljúka skipulagsvinnu og undirbúningi svæðisins, byggja slysa- og bráðaþjónustu og reisa hús fyrir rannsóknir.“ Þessi lagasetning tryggði fjármuni til þeirrar undirbúningsvinnu sem nú fer fram.

Á árinu 2006 var unnið að ítarlegri þarfagreiningu nýs háskólasjúkrahúss og heilbrigðisvísindadeilda Háskóla Íslands. Að því verki komu um 300 starfsmenn Landspítala og Háskóla Íslands. Á árinu 2007 hefur verið unnið að gerð frumáætlunar á grunni þessarar þarfagreiningar í samræmi við lög um opinberar framkvæmdir.

Í frumáætluninni felst að unnar eru fyrstu teikningar sem sýna skipulag á lóðinni og innra fyrirkomulag spítalans og heilbrigðisvísindadeilda. Frumáætlunin er unnin í nánu samráði við starfsmenn Landspítala og Háskóla Íslands sem og skipulagsyfirvöld í Reykjavík. Samkvæmt samningi við vinningshafana úr skipulagssamkeppninni á frumáætlun að vera lokið í febrúar á næsta ári.

Þegar áætlunin liggur fyrir mun verkefnið verða lagt fyrir samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir og óskað heimilda til þess að hefja endanlega hönnunarvinnu.

2. Hefur orðið stefnubreyting hvað uppbyggingu þess varðar?

Ný nefnd um fasteignir, nýbyggingar og aðstöðu heilbrigðisstofnana var skipuð í haust og hefur þegar hafið störf. Nefndin hefur m.a. með höndum yfirumsjón með undirbúningi, hönnun og byggingu nýrrar sjúkrahúsbyggingar fyrir Landspítala.

Eitt af verkefnum nefndarinnar er að gera þegar í stað úttekt á núverandi stöðu verkefnisins og þeirri undirbúningsvinnu sem unnin hefur verið. Rétt þykir, áður en hafist er handa

við framkvæmdir af þeirri stærð sem hér um ræðir og sem kosta jafnmikið og gert er ráð fyrir, að fara heildstætt yfir alla þætti málsins. Meðal annars er ætlunin að skoða hvort unnt sé að reisa sjúkrahúsið með hagkvæmari hætti en núverandi áætlanir miðast við.

Engar ákvarðanir hafa því verið teknar um stefnubreytingu hvað uppbyggingu háskólasjúkrahúss varðar, en ráðherra mun að fenginni ofangreindri úttekt kynna hvort ástæða sé til að breyta þeim ákvörðunum sem teknar voru á sínum tíma.

302. Fyrirspurn [270. mál]

til menntamálaráðherra um listgreinakennslu í framhaldsskólum.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Til hvaða ráðstafana hefur ráðuneytið gripið í framhaldi af áliti umboðsmanns Alþingis frá 2. apríl sl., þess efnis að það leiðrétti hlut framhaldsskólanema sem hafa þurft að bera sjálfir kostnað vegna náms við tónlistarskóla sem tekið hefur verið gilt til stúdentsprófs?
2. Hvaða listaskólar hafa heimild til að kenna listgreinar sem teknar eru gildar til stúdentsprófs eða annars lokaprófs úr framhaldsskólum?
3. Hver er stefna ráðuneytisins varðandi listgreinakennslu á framhaldsskólastigi og hvaða breytinga er að vænta í þeim efnum á næstunni?

303. Frumvarp til fjáraukalaga [103. mál]

fyrir árið 2007.

(Eftir 2. umr., 21. nóv.)

A-hluti
Rekstraryfirlit ríkissjóðs

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 1. gr. fjárlaga fyrir árið 2007, sbr. sundurliðun 1 og 2:

m.kr.	Rekstrar-grunnur	Sjóðs-hreyfingar
Skatttekjur	**69.591,4**	**59.227,6**
Skattar á tekjur og hagnað	29.051,3	21.984,1
Tryggingagjöld	3.971,8	3.386,1
Eignarskattar	3.490,0	3.390,0
Skattar á vörur og þjónustu	32.033,6	29.439,0
Aðrir skattar	1.044,7	1.028,4
Aðrar rekstrartekjur	4.678,4	3.619,4
Sala eigna	5.738,2	5.768,2
Fjárframlög	55,0	55,0
Tekjur alls	**80.063,0**	**68.670,2**
Æðsta stjórn ríkisins	48,8	48,8
Forsætisráðuneyti	97,7	97,7
Menntamálaráðuneyti	1.701,5	1.636,5
Utanríkisráðuneyti	1.026,2	1.026,2
Landbúnaðarráðuneyti	434,5	434,5
Sjávarútvegsráðuneyti	455,7	455,7
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	1.284,2	1.284,2
Félagsmálaráðuneyti	2.476,3	1.436,3
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	4.426,1	4.426,1
Fjármálaráðuneyti	6.746,5	2.746,5
Samgönguráðuneyti	341,2	341,2
Iðnaðarráðuneyti	397,2	397,2
Viðskiptaráðuneyti	48,6	48,6
Hagstofa Íslands	30,0	30,0
Umhverfisráðuneyti	64,0	64,0
Vaxtagjöld ríkissjóðs	1.178,5	52,5
Samtals	**20.757,0**	**14.526,0**
Tekjujöfnuður	**59.306,0**	

A-hluti
Sjóðstreymi ríkissjóðs

2. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 2. gr. fjárlaga fyrir árið 2007:

m.kr.	
Rekstrarhreyfingar	
Tekjujöfnuður	59.306,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-6.116,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:	
Viðskiptakröfur, (breyting)	-6.288,8
Viðskiptaskuldir, (breyting)	1.105,0
Handbært fé frá rekstri	**48.006,2**
Fjármunahreyfingar	
Veitt stutt lán	0,0
Veitt löng lán	525,0
Afborganir veittra lána	-200,0
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	-76.000,0
Sala hlutabréfa og eignarhluta	7.200,0
Fjármunahreyfingar samtals	**-68.475,0**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**-20.468,8**
Fjármögnun	
Tekin stutt lán	0,0
Tekin löng lán	30.900,0
Afborganir lána	-1.800,0
Fjármögnun samtals	**29.100,0**
Framlag til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins	0,0
Breyting á handbæru fé	**8.631,2**

Ýmis ákvæði

Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir

3. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 5. gr. fjárlaga fyrir árið 2007:

1. Í stað orðanna „allt að 30.000 m.kr.“ í 1. tölulið kemur: allt að 60.900 m.kr.

2. Á 2. tölulið verða eftirfarandi breytingar:
   a. Í stað orðanna „allt að 7.725 m.kr.“ í inngangsmálslið kemur: allt að 7.200 m.kr.
   b. Í stað orðanna „allt að 350 m.kr.“ í lið 2.3 kemur: allt að 100 m.kr.
   c. Liður 2.2 fellur brott.

3. Á 3. tölulið verða eftirfarandi breytingar:
   a. Í stað orðanna „allt að 20.000 m.kr.“ í lið 3.1 kemur: allt að 26.000 m.kr.
   b. Í stað orðanna „allt að 43.267 m.kr.“ í lið 3.2 kemur: allt að 58.942 m.kr.
   c. Í stað orðanna „allt að 13.942 m.kr.“ í lið 3.3 kemur: allt að 20.035 m.kr.

Ýmis ákvæði

Heimildir

4. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 6. gr. fjárlaga fyrir árið 2007:

Breyting á heimildum:

Liður 2.31 orðast svo: Að selja stóðhestastöðina í Gunnarsholti ásamt landspildum við stöðina og ráðstafa andvirðinu til Hekluskóga og til uppbyggingar á landsmótssvæðinu að Gaddstaðaflötum.

Nýir liðir:

2.32 Að selja bústað varamanns sendiherra í Stokkhólmi.

3.29 Að selja eignarhlut ríkisins í svonefndu Læknishúsi í Flatey, Reykhólahreppi.

4.60 Að selja fasteignir og landsvæði fyrrum olíustöðvar NATO í Hvalfirði.

6.25 Að kaupa landspildu við Gljúfrastein, Mosfellsbæ, vegna safnsins.
6.26 Að kaupa bústað fyrir aðalræðisskrifstofu Íslands í Þórshöfn.
6.27 Að heimila Happdrætti Háskóla Íslands að kaupa viðbótarhúsnæði fyrir starfsemi sína.
6.28 Að leigja hentugt húsnæði fyrir Náttúrufræðistofnun Íslands.

7.15 Að kaupa hlut í VistOrku hf.
7.16 Að taka þátt í hlutafjáraukningu í e-Farice ehf. sem nemi allt að 400 m.kr.
7.17 Að efla eiginfjárstöðu Byggðastofnunar sem nemi allt að 1.200 m.kr.
7.18 Að leggja hlutafélaginu Matís ohf. til allt að 150 m.kr. stofnfé.
7.19 Að ganga til endanlegra samninga við Landsvirkjun um vatnsréttindi ríkisins við Kárahnjúka á grundvelli úrskurðar matsnefndar um ákvörðun bóta vegna réttindanna.

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur

Sundurliðun 1

Tekjur A-hluta

I Skatttekjur

1 Skattar á tekjur og hagnað

1.1.1.1	Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla	14.000,0	13.424,0
1.1.5.1	Skattur á fjármagnstekjur einstaklinga	11.900,0	5.850,0
	Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga	**25.900,0**	**19.274,0**
1.5.1.1	Tekjuskattur, lögaðilar	2.000,0	1.690,0
1.10.2	Fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði	1.095,0	965,0
1.10.5	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	56,3	55,1
	Skattar á tekjur og hagnað, ót. annars staðar	**1.151,3**	**1.020,1**
	Skattar á tekjur og hagnað	**29.051,3**	**21.984,1**

2 Tryggingagjöld

2.2.1.1	Tryggingagjald, almennt	3.348,9	2.848,0
2.2.1.5	Atvinnutryggingargjald	622,9	538,1
	Tryggingagjöld, lögaðilar	**3.971,8**	**3.386,1**
	Tryggingagjöld	**3.971,8**	**3.386,1**

3 Skattar á launagreiðslur og vinnuafl

3.2	Ábyrgðargjald vegna launa	95,8	81,6
3.5	Gjald til jöfnunar og lækkunar á örorkubyrði lífeyrissjóða	1.000,0	1.000,0
	Skattar á launagreiðslur og vinnuafl	**1.095,8**	**1.081,6**

4 Eignarskattar

4.3	Erfðafjárskattar, skattar á gjafafé	900,0	800,0
4.4.1	Stimpilgjöld	2.510,0	2.510,0

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
4.5.2.1	Sértækir eignarskattar á fasteignir	80,0	80,0
	Eignarskattar	**3.490,0**	**3.390,0**
5	**Skattar á vörur og þjónustu**		
5.1.1.1	Virðisaukaskattur	27.000,0	25.000,0
5.1.2.1.1	Vörugjald, almennt, af innfluttum vörum	920,0	733,0
5.1.2.1.5	Vörugjald, almennt, af innlendri framleiðslu	-215,0	-245,0
5.1.2.1.15	Vörugjald af innfluttum ökutækjum	3.200,0	3.090,0
5.1.2.1.25	Vörugjald af bensíni	224,0	224,0
5.1.2.1.30	Sérstakt vörugjald af bensíni	759,6	759,6
5.1.2.1.33	Olíugjald	1.430,5	1.430,5
5.1.2.1.50	Áfengisgjald	-3.718,5	-3.616,1
5.1.2.1.52	Tóbaksgjald	-130,0	-130,0
5.1.2.1.55	Ýmis vörugjöld	-160,0	-160,0
5.1.2.10	Tollar og aðflutningsgjöld	2.010,0	1.750,0
5.1.2.20	Sértækir þjónustuskattar	0,0	0,0
	Skattar á viðskipti með vörur og þjónustu	**31.320,6**	**28.836,0**
5.2.1.1.1	Bifreiðagjöld	490,0	460,0
5.2.1.5.5	Þungaskattur	206,4	206,4
5.2.2.10	Ýmis leyfi fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi	11,6	11,6
5.2.2.25	Ýmis leyfis- og skráningargjöld	-223,0	-223,0
5.2.2.25.1.25	Veiðigjald fyrir veiðiheimildir	188,0	108,0
5.2.2.25.5.95	Ýmis skráningargjöld	40,0	40,0
	Neyslu- og leyfisgjöld	**713,0**	**603,0**
	Skattar á vörur og þjónustu	**32.033,6**	**29.439,0**
6	**Aðrir skattar**		
6.1.15	Markaðsgjald	47,9	40,8
6.1.20	Framleiðslugjald af áli	-95,0	-95,0
	Aðrir skattar á atvinnurekstur	**-47,1**	**-54,2**
6.2.1	Sektir á skatttekjur	-4,0	1,0
	Aðrir skattar	**-51,1**	**-53,2**
	Skatttekjur, samtals	**69.591,4**	**59.227,6**

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
II	**Aðrar rekstrartekjur**		
8	**Arðgreiðslur og leigutekjur**		
8.2.2	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum stofnunum	44,0	44,0
8.3.1	Vaxtatekjur af skatttekjum	1.280,0	330,0
8.3.6	Vaxtatekjur af endurlánum ríkissjóðs	3.694,0	3.540,0
8.3.7	Aðrar vaxtatekjur	-379,0	-379,0
	Aðrar eignatekjur	**4.595,0**	**3.491,0**
	Arðgreiðslur og leigutekjur	**4.639,0**	**3.535,0**
9	**Ýmsar tekjur**		
9.1.1	Dómsmálagjöld o.fl.	50,0	50,0
9.1.2	Áhættugjöld fyrir ríkisábyrgðir	30,0	30,0
9.1.3.1	Afnotagjöld RÚV	10,0	10,0
9.1.3.25	Gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl.	0,0	0,0
9.1.3.40	Útgáfa skírteina og þinglýsingar	-70,0	-70,0
9.1.4	Önnur neyslu- og leyfisgjöld	4,4	4,4
	Neyslu- og leyfisgjöld fyrir þjónustu	**24,4**	**24,4**
	Ýmsar tekjur	**24,4**	**24,4**
10	**Sektir**		
10.1	Lögreglumannasektir og lögreglustjórasektir	280,0	250,0
10.2	Dómsektir og viðurlagaákvarðanir	50,0	125,0
	Sektir	**330,0**	**375,0**
12	**Aðrar eigna- og aukatekjur**		
12.1	Aðrar eigna- og aukatekjur	-315,0	-315,0
	Aðrar rekstrartekjur, samtals	**4.678,4**	**3.619,4**

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
III	**Sala eigna**		
13	**Sala varanlegra rekstrarfjármuna**		
13.1	Sala fasteigna	-400,0	-370,0
13.2	Söluhagnaður hlutabréfa	6.138,2	6.138,2
	Sala varanlegra rekstrarfjármuna	**5.738,2**	**5.768,2**
	Sala eigna, samtals	**5.738,2**	**5.768,2**
V	**Fjárframlög**		
18	**Fjárframlög frá opinberum aðilum**		
18.1.1	Hluti sveitarfélaga í innheimtukostnaði	75,0	75,0
18.2.1	Framlag Happdrættis HÍ til Háskóla Íslands	0,0	0,0
18.2.5	Viðbótarframlag sveitarfélaga vegna lífeyrisskuldbindinga grunnskólakennara	-20,0	-20,0
	Fjárframlög frá opinberum aðilum	**55,0**	**55,0**
	Fjárframlög, samtals	**55,0**	**55,0**
	Heildartekjur samtals	**80.063,0**	**68.670,2**

m.kr.

Sundurliðun 2

Fjármál ríkisaðila í A-hluta

00 Æðsta stjórn ríkisins

00-101 Embætti forseta Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 4,0

Stofnkostnaður:
6.11 Bifreiðar 9,8

Gjöld samtals **13,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 13,8

00-201 Alþingi

Almennur rekstur:
1.01 Alþingiskostnaður 35,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 35,0

00 Æðsta stjórn ríkisins, gjöld umfram tekjur **48,8**
Greitt úr ríkissjóði **48,8**
Innheimt af ríkistekjum **0,0**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

01 Forsætisráðuneyti

01-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.22 Ráðgjöf vegna breytinga í heilbrigðis- og tryggingamálum	25,0
1.90 Ýmis verkefni	30,0
Almennur rekstur samtals	55,0
Gjöld samtals	**55,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	55,0

01-201 Fasteignir forsætisráðuneytis

Almennur rekstur:	
1.01 Fasteignir forsætisráðuneytis	17,4
Viðhaldsverkefni:	
5.29 Fasteignir forsætisráðuneytis	-10,6
Gjöld samtals	**6,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-6,8
Gjöld umfram tekjur	**0,0**

01-203 Fasteignir Stjórnarráðsins

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	6,0
Stofnkostnaður:	
6.21 Fasteignir	40,0
6.25 Nýbygging á Stjórnarráðsreit	-6,0
Stofnkostnaður samtals	34,0
Gjöld samtals	**40,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	40,0

m.kr.

01-255 Minningarsafn um Halldór Laxness á Gljúfrasteini

Stofnkostnaður:

Sértekjur:
Sértekjur 2,7

Gjöld umfram tekjur **2,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2,7

01 Forsætisráðuneyti, gjöld umfram tekjur **97,7**
Greitt úr ríkissjóði **97,7**
Innheimt af ríkistekjum **0,0**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

02 Menntamálaráðuneyti

02-201 Háskóli Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Háskóli Íslands	144,0
1.13 Háskólasjóður	48,6
Almennur rekstur samtals	192,6
Stofnkostnaður:	
6.50 Byggingarframkvæmdir og tækjakaup	282,0
Gjöld samtals	**474,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	192,6
Innheimt af ríkistekjum	282,0

02-202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum

Almennur rekstur:	
1.01 Tilraunastöð Háskólans að Keldum	19,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	19,4

02-215 Kennaraháskóli Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Kennaraháskóli Íslands	16,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	16,0

02-234 Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora

Almennur rekstur:	
1.12 Launatengd gjöld	26,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	26,4

m.kr.

02-269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður

Viðhaldsverkefni:
5.21 Viðhald 25,0

Stofnkostnaður:
6.02 Tilraunastöð Háskólans að Keldum 62,0
6.10 Háskólinn á Akureyri 100,0
Stofnkostnaður samtals 162,0

Gjöld samtals **187,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 187,0

02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi

Almennur rekstur:
1.91 Háskólar, óskipt 100,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 100,0

02-319 Framhaldsskólar, almennt

Almennur rekstur:
1.13 Forfallakennsla 60,0
1.14 Sérkennsla 8,5
1.90 Framhaldsskólar, óskipt 317,0
Almennur rekstur samtals 385,5

Gjöld samtals **385,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 385,5

02-355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Almennur rekstur:
1.01 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum 5,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,0

m.kr.

02-356 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra

Almennur rekstur:
1.01 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra 5,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,0

02-361 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu

Almennur rekstur:
1.01 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu 2,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2,0

02-441 Fullorðinsfræðsla fatlaðra

Almennur rekstur:
1.01 Fullorðinsfræðsla fatlaðra 6,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 6,0

02-451 Símenntun og fjarkennsla

Almennur rekstur:
1.19 Námsframboð og starfsþjálfun í framhaldsskólum og símenntunarstöðvum 100,0
1.22 Fræðslumiðstöð Vestfjarða 5,0
1.31 Fræða- og þekkingasetur 2,0
1.41 Íslenskukennsla fyrir útlendinga 115,0
Almennur rekstur samtals 222,0

Gjöld samtals **222,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 222,0

02-564 Listdansskólinn

Almennur rekstur:
1.01 Kennsla 7,8

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 7,8

02-804 Kvikmyndaskoðun

Almennur rekstur:
1.01 Kvikmyndaskoðun 2,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2,5

02-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna

Almennur rekstur:
1.01 Lánasjóður íslenskra námsmanna ..... -440,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -440,0

02-901 Fornleifavernd ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Fornleifavernd ríkisins 16,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 16,5

02-903 Þjóðskjalasafn Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Þjóðskjalasafn Íslands 50,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 50,0

02-919 Söfn, ýmis framlög

Almennur rekstur:
1.98 Söfn, ýmis framlög menntamálaráðuneytis 14,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 14,0

m.kr.

02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður

Stofnkostnaður:	
6.21 Endurbætur menningarstofnana	25,0
6.23 Tónlistarhús og ráðstefnumiðstöð í Reykjavík	114,1
6.73 Þjóðleikhúsið	130,0
6.95 Menningarhús	85,0
Stofnkostnaður samtals	354,1
Gjöld samtals	**354,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	354,1

02-971 Ríkisútvarpið

Almennur rekstur:	
1.10 Ríkisútvarpið, afnotagjöld	75,0
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	10,0
Viðskiptahreyfingar	65,0

02-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Sinfóníuhljómsveit Íslands	15,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	15,0

02-979 Húsafriðunarnefnd

Stofnkostnaður:	
6.10 Húsafriðunarsjóður	4,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4,0

02-982 Listir, framlög

Almennur rekstur:	
1.57 Þátttaka í bókakaupstefnu í Frankfurt árið 2011	50,0

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 50,0

02-988 Æskulýðsmál

Almennur rekstur:
1.12 Ungmennafélag Íslands 20,0
1.90 Æskulýðsmál 7,0
Almennur rekstur samtals 27,0

Gjöld samtals **27,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 27,0

02-989 Ýmis íþróttamál

Almennur rekstur:
1.11 Ferðasjóður Íþróttasambands Íslands 30,0
1.22 Launasjóður stórmeistara í skák 3,0
Almennur rekstur samtals 33,0

Gjöld samtals **33,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 33,0

02-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:
1.90 Ýmis framlög 8,0
1.98 Ýmis framlög menntamálaráðuneytis 15,7
Almennur rekstur samtals 23,7

Stofnkostnaður:
6.90 Ýmis stofnkostnaðarframlög 20,0

Gjöld samtals **43,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 43,7

	m.kr.
02 Menntamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**1.701,5**
Greitt úr ríkissjóði	**1.344,5**
Innheimt af ríkistekjum	**292,0**
Viðskiptahreyfingar	**65,0**

m.kr.

03 Utanríkisráðuneyti

03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa 79,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 79,3

03-215 Rekstur fyrrum varnarsvæða við Keflavíkurflugvöll

Almennur rekstur:
1.01 Rekstur fyrrum varnarsvæða við Keflavíkurflugvöll ..... -128,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -128,0

03-217 Ratsjárstofnun

Almennur rekstur:
1.01 Ratstjárstofnun 280,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 280,0

03-300 Sendiráð Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands 65,0

Viðhaldsverkefni:
5.21 Viðhald fasteigna 23,0

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 47,0
6.25 Sendiherrabústaður í Berlín 19,0
6.27 Sendiherrabústaður í Kaupmannahöfn 242,2
6.28 Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn 30,0
6.29 Bústaður aðalræðismanns í Þórhöfn, Færeyjum 87,9
Stofnkostnaður samtals 426,1

Gjöld samtals **514,1**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	514,1

03-401 Alþjóðastofnanir

Almennur rekstur:	
1.10 Sameinuðu þjóðirnar, UN	40,0
1.87 Íslensk friðargæsla	200,0
Almennur rekstur samtals	240,0
Gjöld samtals	**240,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	240,0

03-611 Útflutningsráð Íslands

Almennur rekstur:	
1.10 Útflutningsráð Íslands	40,8
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	40,8

03 Utanríkisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**1.026,2**
Greitt úr ríkissjóði	**985,4**
Innheimt af ríkistekjum	**40,8**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

04 Landbúnaðarráðuneyti

04-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.51 Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO 1,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1,6

04-262 Landbúnaðarháskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Landbúnaðarháskóli Íslands 64,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 64,0

04-271 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal

Almennur rekstur:
1.01 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal 70,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 70,0

04-311 Landgræðsla ríkisins

Almennur rekstur:
1.90 Fyrirhleðslur 23,0

Viðhaldsverkefni:
5.01 Viðhald fasteigna 10,0

Gjöld samtals **33,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 33,0

04-321 Skógrækt ríkisins

Stofnkostnaður:
6.20 Fasteignir 5,0

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5,0

04-325 Hekluskógar

Almennur rekstur:	
1.01 Hekluskógar	14,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	14,0

04-334 Vesturlandsskógar

Almennur rekstur:	
1.01 Vesturlandsskógar	9,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	9,0

04-801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu

Almennur rekstur:	
1.01 Beinar greiðslur til bænda	50,4
1.02 Lífeyrissjóður bænda	1,8
1.05 Kynbóta- og þróunarstarfsemi	1,9
1.06 Gripagreiðslur	30,6
Almennur rekstur samtals	84,7
Gjöld samtals	**84,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	84,7

04-805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu

Almennur rekstur:	
1.01 Beinar greiðslur til bænda	83,3
1.02 Lífeyrissjóður bænda	4,8
1.03 Jöfnunargreiðslur	1,0
1.04 Álagsgreiðslur vegna gæðastýringar	30,9
1.05 Niðurgreiðslur á ull	7,0

	m.kr.
1.10 Þjónustu- og þróunarkostnaður	6,8
Almennur rekstur samtals	133,8
Gjöld samtals	**133,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	133,8

04-811 Bændasamtök Íslands

Almennur rekstur:	
1.11 Ráðgjafaþjónusta og búfjárrækt	19,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	19,4

04 Landbúnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**434,5**
Greitt úr ríkissjóði	**434,5**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

05-101 Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa ..... -2,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -2,0

05-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.98 Ýmis framlög sjávarútvegsráðuneytisins 72,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 72,0

05-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra 2,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2,0

05-202 Hafrannsóknastofnunin

Almennur rekstur:
1.01 Hafrannsóknastofnunin 219,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 219,0

05-206 Matvælarannsóknir

Almennur rekstur:
1.01 Matvælarannsóknir 164,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 164,7

	m.kr.
05 Sjávarútvegsráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**455,7**
Greitt úr ríkissjóði	**455,7**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

06-101 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa 13,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 13,5

06-102 Stjórnartíðindi

Almennur rekstur:
1.01 Stjórnartíðindi 15,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 15,6

06-104 Tölvumiðstöð dóms- og kirkjumálaráðuneytis

Almennur rekstur:
1.01 Tölvumiðstöð dóms- og kirkjumálaráðuneytis ..... -108,9

Sértekjur:
Sértekjur 108,9

Gjöld umfram tekjur **0,0**

06-106 Þjóðskrá

Almennur rekstur:
1.01 Þjóðskrá 48,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 48,1

06-111 Kosningar

Almennur rekstur:
1.10 Kosningar 130,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 130,0

m.kr.

06-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.27 Slysavarnafélagið Landsbjörg	12,5
1.47 Íslensk ættleiðing	3,0
1.48 Hollvinasamtök varðskipsins Óðins	5,0
1.93 Dómsmál, ýmis kostnaður	37,0
Almennur rekstur samtals	57,5
Gjöld samtals	**57,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	57,5

06-201 Hæstiréttur

Almennur rekstur:	
1.01 Hæstiréttur	8,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	8,8

06-303 Ríkislögreglustjóri

Almennur rekstur:	
1.01 Ríkislögreglustjóri	79,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	82,6
Innheimt af ríkistekjum	-2,8

06-310 Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

Almennur rekstur:	
1.01 Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu	94,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	101,6
Innheimt af ríkistekjum	-7,6

m.kr.

06-312 Lögreglustjórinn á Suðurnesjum og sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli

Almennur rekstur:
1.20 Löggæsla 106,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 106,4

06-325 Neyðarsímsvörun

Almennur rekstur:
1.10 Neyðarsímsvörun 22,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 22,5

06-395 Landhelgisgæsla Íslands

Almennur rekstur:
1.90 Landhelgisgæsla Íslands 107,9

Viðhaldsverkefni:
5.41 Viðhald skipa og flugfarkosta 360,0

Gjöld samtals **467,9**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -50,0

Gjöld umfram tekjur **417,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 417,9

06-398 Útlendingastofnun

Almennur rekstur:
1.01 Útlendingastofnun 57,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 57,0

m.kr.

06-430 Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal

Almennur rekstur:
1.05 Lögbirtingablað 4,4

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 4,4

06-434 Sýslumaðurinn í Reykjanesbæ

Almennur rekstur:
1.01 Sýslumaðurinn í Reykjanesbæ ..... -28,5

Sértekjur:
Sértekjur 28,5

Gjöld umfram tekjur **0,0**

06-490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta

Almennur rekstur:
1.10 Ýmis sameiginlegur kostnaður 150,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 150,0

06-501 Fangelsismálastofnun ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Fangelsismálastofnun ríkisins 63,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 63,9

06-705 Kirkjumálasjóður

Almennur rekstur:
1.10 Kirkjumálasjóður 0,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 0,3

m.kr.

06-735 Sóknargjöld

Almennur rekstur:	
1.10 Sóknargjöld til þjóðkirkjunnar	1,9
1.20 Sóknargjöld til annarra trúfélaga	12,2
Almennur rekstur samtals	14,1
Gjöld samtals	**14,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	14,1

06-736 Jöfnunarsjóður sókna

Almennur rekstur:	
1.10 Jöfnunarsjóður sókna	0,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	0,4

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**1.284,2**
Greitt úr ríkissjóði	**1.290,2**
Innheimt af ríkistekjum	**-6,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

07 Félagsmálaráðuneyti

07-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.90 Ýmislegt 4,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 4,5

07-205 Leiguíbúðir

Stofnkostnaður:
6.21 Leiguíbúðir 1.100,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 60,0
Viðskiptahreyfingar 1.040,0

07-400 Barnaverndarstofa

Almennur rekstur:
1.20 Heimili fyrir börn og unglinga 9,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 9,0

07-700 Málefni fatlaðra

Almennur rekstur:
1.90 Ýmis verkefni 50,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 50,0

07-701 Málefni fatlaðra, Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 148,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 148,0

m.kr.

07-702 Málefni fatlaðra, Reykjanesi

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 50,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 50,0

07-722 Sólheimar í Grímsnesi

Almennur rekstur:
1.70 Sólheimar í Grímsnesi 5,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,0

07-750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins 41,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 41,3

07-795 Framkvæmdasjóður fatlaðra

Stofnkostnaður:
6.01 Framkvæmdasjóður fatlaðra 150,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 150,0

07-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Almennur rekstur:
1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, lögbundin framlög 1.144,0
1.11 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, sérstök viðbótarframlög 700,0
Almennur rekstur samtals 1.844,0

Gjöld samtals **1.844,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.844,0

m.kr.

07-980 Vinnumálastofnun

Almennur rekstur:
1.01 Vinnumálastofnun 55,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -40,0

Gjöld umfram tekjur **15,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 15,0

07-982 Ábyrgðasjóður launa

Almennur rekstur:
1.01 Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota 40,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 40,0

07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður

Almennur rekstur:
1.11 Atvinnuleysisbætur ..... -1.313,0
1.25 Styrkir til fiskvinnslustöðva 77,0
1.41 Framlög og styrkir 15,0
1.81 Vaxtatekjur 140,0
Almennur rekstur samtals ..... -1.081,0

Gjöld samtals ..... **-1.081,0**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -640,0

Gjöld umfram tekjur ..... **-1.721,0**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... -1.721,0

07-987 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga

Almennur rekstur:
1.10 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga ..... -7,0

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	7,0
Gjöld umfram tekjur	**0,0**

07-989 Fæðingarorlof

Almennur rekstur:	
1.01 Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar	40,0
1.11 Fæðingarorlofssjóður	440,0
Almennur rekstur samtals	480,0
Gjöld samtals	**480,0**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	480,0

07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:	
1.48 Nýbúamiðstöð á Vestfjörðum	6,5
1.59 Til sveitarfélaga sem verða fyrir aflasamdrætti	250,0
1.90 Ýmis framlög	4,0
Almennur rekstur samtals	260,5
Gjöld samtals	**260,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	260,5

07 Félagsmálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**2.476,3**
Greitt úr ríkissjóði	**2.637,3**
Innheimt af ríkistekjum	**-1.201,0**
Viðskiptahreyfingar	**1.040,0**

m.kr.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

08-101 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	10,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	10,0

08-201 Tryggingastofnun ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Tryggingastofnun ríkisins	10,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	10,0

08-203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð

Almennur rekstur:	
1.15 Umönnunargreiðslur	70,0
1.21 Makabætur og umönnunarbætur	40,0
1.41 Heimilisuppbót	-110,0
Almennur rekstur samtals	0,0
Gjöld samtals	**0,0**

08-204 Lífeyristryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Ellilífeyrir	70,0
1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega	408,0
1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega	75,0
Almennur rekstur samtals	553,0
Gjöld samtals	**553,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-380,5
Innheimt af ríkistekjum	933,5

m.kr.

08-206 Sjúkratryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Lækniskostnaður	334,0
1.15 Lyf	500,0
Almennur rekstur samtals	834,0
Gjöld samtals	**834,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	834,0

08-305 Lýðheilsustöð

Almennur rekstur:	
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	34,7
Innheimt af ríkistekjum	-34,7

08-326 Sjónstöð Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Sjónstöð Íslands	11,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	11,5

08-358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri

Almennur rekstur:	
1.01 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	206,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	206,0

08-373 Landspítali - háskólasjúkrahús

Almennur rekstur:	
1.01 Landspítali - háskólasjúkrahús	1.736,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.736,6

m.kr.

08-379 Sjúkrahús, óskipt

Almennur rekstur:
1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa 1,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1,3

08-386 Vistun ósakhæfra afbrotamanna

Almennur rekstur:
1.10 Vistun ósakhæfra afbrotamanna 20,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 20,0

08-388 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið

Almennur rekstur:
1.10 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið 30,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 30,0

08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:
1.31 Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit 1,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1,7

08-500 Heilsugæslustöðvar, almennt

Almennur rekstur:
1.10 Heilsugæslustöðvar, almennt 9,0

Stofnkostnaður:
6.21 Bygging heilsugæslustöðva 20,0

Gjöld samtals **29,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 29,0

m.kr.

08-506 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu 10,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 10,0

08-700 Heilbrigðisstofnanir

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 250,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 250,0

08-711 Heilbrigðisstofnunin Akranesi

Almennur rekstur:
1.11 Sjúkrasvið 116,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 116,0

08-721 Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 2,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2,0

08-725 Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 4,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 4,0

m.kr.

08-777 Heilbrigðisstofnun Austurlands

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 1,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1,5

08-787 Heilbrigðisstofnun Suðurlands

Almennur rekstur:
1.11 Sjúkrasvið 208,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 208,0

08-791 Heilbrigðisstofnun Suðurnesja

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 1,5
1.11 Sjúkrasvið 84,0
Almennur rekstur samtals 85,5

Gjöld samtals **85,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 85,5

08-795 St. Jósefsspítali, Sólvangur

Almennur rekstur:
1.11 St. Jósefsspítali, Sólvangur 306,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 306,0

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur **4.426,1**
Greitt úr ríkissjóði **3.527,3**
Innheimt af ríkistekjum **898,8**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

09 Fjármálaráðuneyti

09-101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa ..... -6,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -6,5

09-391 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða

Almennur rekstur:

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -1.000,0
Innheimt af ríkistekjum 1.000,0

09-405 Fasteignagjöld af húsnæði ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Fasteignagjöld af húsnæði ríkisins 400,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 400,0

09-711 Afskriftir skattkrafna

Almennur rekstur:
1.11 Afskriftir skattkrafna 4.000,0

Fjármögnun:
Viðskiptahreyfingar 4.000,0

09-721 Fjármagnstekjuskattur

Almennur rekstur:
1.11 Fjármagnstekjuskattur 1.095,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.095,0

m.kr.

09-981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs

Viðhaldsverkefni:
5.25 Viðhald fasteigna á svæðum sem verða fyrir aflasamdrætti 333,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 333,0

09-985 Rekstur fyrrum varnarsvæða við Keflavíkurflugvöll

Almennur rekstur:
1.01 Rekstur fyrrum varnarsvæða við Keflavíkurflugvöll 280,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 280,0

09-989 Launa- og verðlagsmál

Almennur rekstur:
1.90 Launa- og verðlagsmál 518,4

Sértekjur:
Sértekjur ..... -18,4

Gjöld umfram tekjur **500,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 500,0

09-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:
1.67 Þjóðlendumál 22,0
1.90 Ýmis verkefni 123,0
Almennur rekstur samtals 145,0

Gjöld samtals **145,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 145,0

09 Fjármálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur **6.746,5**
Greitt úr ríkissjóði **1.746,5**
Innheimt af ríkistekjum **1.000,0**
Viðskiptahreyfingar **4.000,0**

m.kr.

10 Samgönguráðuneyti

10-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.19 Útgáfa ökuskírteina	-15,9
1.44 Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu	40,0
1.98 Ýmis framlög samgönguráðuneytis	28,0
Almennur rekstur samtals	52,1
Gjöld samtals	**52,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	52,1

10-211 Rekstur Vegagerðarinnar

Almennur rekstur:	
1.11 Styrkir til ferja og sérleyfishafa	830,5
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	343,5
Viðskiptahreyfingar	487,0

10-212 Framkvæmdir Vegagerðarinnar

Stofnkostnaður:	
6.10 Framkvæmdir	-487,0
Fjármögnun:	
Viðskiptahreyfingar	-487,0

10-335 Siglingastofnun Íslands

Almennur rekstur:	
1.11 Vaktstöð siglinga	16,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	16,6

m.kr.

10-471 Flugmálastjórn Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Flugmálastjórn Íslands 125,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 125,7

10-475 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta

Almennur rekstur:
1.01 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta . . . . . -19,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -19,1

10-481 Rannsóknanefnd flugslysa

Almennur rekstur:
1.01 Rannsóknanefnd flugslysa 2,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2,4

10-521 Fjarskiptasjóður

Almennur rekstur:

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -140,0

Gjöld umfram tekjur . . . . . **-140,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -140,0

10-651 Ferðamálastofa

Almennur rekstur:
1.05 Landkynningarskrifstofur erlendis . . . . . -31,0
1.15 Samstarfssamningar við Grænland og Færeyjar . . . . . -9,0
Almennur rekstur samtals . . . . . -40,0

Gjöld samtals . . . . . **-40,0**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-40,0
10 Samgönguráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**341,2**
Greitt úr ríkissjóði	**-2,3**
Innheimt af ríkistekjum	**343,5**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

11 Iðnaðarráðuneyti

11-101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa ..... -2,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -2,2

11-102 Einkaleyfastofan

Almennur rekstur:
1.01 Einkaleyfastofan 2,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 7,9
Innheimt af ríkistekjum ..... -5,7

11-201 Iðntæknistofnun Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Iðntæknistofnun Íslands ..... -213,7

Sértekjur:
Sértekjur 125,5

Gjöld umfram tekjur ..... **-88,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -88,2

11-203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins

Almennur rekstur:
1.01 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins ..... -130,0

Sértekjur:
Sértekjur 87,8

Gjöld umfram tekjur ..... **-42,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -42,2

m.kr.

11-205 Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Nýsköpunarmiðstöð Íslands 436,9

Sértekjur:
Sértekjur ..... -213,3

Gjöld umfram tekjur **223,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 223,6

11-299 Iðja og iðnaður, framlög

Almennur rekstur:
1.48 Átak til atvinnusköpunar 5,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,0

11-301 Orkustofnun

Almennur rekstur:
1.01 Orkustofnun 66,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 66,0

11-375 Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku

Almennur rekstur:
1.11 Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku 15,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 15,0

11-399 Ýmis orkumál

Almennur rekstur:
1.12 Jarðhitaleit 50,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 50,0

m.kr.

11-401 Byggðaáætlun

Almennur rekstur:
1.10 Byggðaáætlun 60,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 60,0

11-411 Byggðastofnun

Almennur rekstur:
1.11 Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni 108,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 108,0

11 Iðnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur **397,2**
Greitt úr ríkissjóði **402,9**
Innheimt af ríkistekjum ..... **-5,7**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

12 Viðskiptaráðuneyti

12-101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa 38,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 38,6

12-411 Samkeppniseftirlitið

Almennur rekstur:
1.01 Samkeppniseftirlitið 10,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 10,0

12 Viðskiptaráðuneyti, gjöld umfram tekjur 48,6
Greitt úr ríkissjóði 48,6
Innheimt af ríkistekjum 0,0
Viðskiptahreyfingar 0,0

m.kr.

13 Hagstofa Íslands

13-101 Hagstofa Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Hagstofa Íslands 30,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 30,0

13 Hagstofa Íslands, gjöld umfram tekjur **30,0**
Greitt úr ríkissjóði **30,0**
Innheimt af ríkistekjum **0,0**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

14 Umhverfisráðuneyti

14-101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa 11,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 11,4

14-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.61 Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál 8,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 8,0

14-211 Umhverfisstofnun

Almennur rekstur:
1.01 Umhverfisstofnun 123,6

Viðhaldsverkefni:
5.41 Þjóðgarðar og friðlýst svæði ..... -70,6

Gjöld samtals **53,0**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -25,4

Gjöld umfram tekjur **27,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 27,6

14-287 Úrvinnslusjóður

Almennur rekstur:
1.10 Úrvinnslusjóður ..... -110,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -50,0

Gjöld umfram tekjur ..... **-160,0**

m.kr.

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... -160,0

14-381 Ofanflóðasjóður

Stofnkostnaður:
6.60 Ofanflóðasjóður 260,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -100,0

Gjöld umfram tekjur **160,0**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 160,0

14-401 Náttúrufræðistofnun Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Náttúrufræðistofnun Íslands 6,0

Stofnkostnaður:
6.11 Bifreiðar 3,0

Gjöld samtals **9,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 9,0

14-410 Veðurstofa Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Almenn starfsemi 5,0

Stofnkostnaður:
6.11 Bifreiðar 3,0

Gjöld samtals **8,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 8,0

14 Umhverfisráðuneyti, gjöld umfram tekjur **64,0**
Greitt úr ríkissjóði **64,0**
Innheimt af ríkistekjum **0,0**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

19-801 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Almennur rekstur:	
1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs	1.178,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	52,5
Viðskiptahreyfingar	1.126,0
19 Vaxtagjöld ríkissjóðs, gjöld umfram tekjur	**1.178,5**
Greitt úr ríkissjóði	**52,5**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**1.126,0**

304. Frumvarp til laga [271. mál]

um upprunaábyrgð á raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum o.fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

I. KAFLI

1. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að stuðla að nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa og skapa skilyrði fyrir viðskipti með upprunaábyrgðir á raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum.

2. gr.

Skilgreiningar.

1. *Endurnýjanlegir orkugjafar:* Endurnýjanlegir orkugjafar sem eru ekki jarðefnaeldsneyti (vindorka, sólarorka, jarðvarmaorka, öldu- og sjávarfallaorka, vatnsorka og orka úr lífmassa, hauggasi, gasi frá skólphreinsunarstöðvum og lífgasi).
2. *Lífmassi:* Lífbrjótanlegur hluti afurða, úrgangs og efnaleifa frá landbúnaði (þ.m.t. efni úr bæði jurta- og dýraríkinu), skógrækt og tengdum atvinnugreinum, auk lífbrjótanlegs hluta iðnaðarúrgangs og húsasorps.
3. *Raforka sem er framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum:* Raforka frá orkuverum sem eingöngu nota endurnýjanlega orkugjafa, auk raforku sem er framleidd með endur-

nýjanlegum orkugjöfum í verum með blandaðri tækni þar sem notaðir eru hefðbundnir orkugjafar auk endurnýjanlegra orkugjafa.

4. *Upprunaábyrgð á raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum:* Staðfesting á að raforka sé framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum, þ.m.t. vindorku, sólarorku, jarðvarmaorku, öldu- og sjávarfallaorku, vatnsorku og orku úr lífmassa, hauggasi, gasi frá skólphreinsunarstöðvum og lífgasi, en ekki orkugjöfum úr jarðefnaeldsneyti.

II. KAFLI

3. gr.

Upprunaábyrgð á raforku sem er framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum.

Iðnaðarráðherra er heimilt að fela Landsneti hf. að hafa eftirlit með útgáfu upprunaábyrgða á raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum.

Landsnet hf. hefur eftirlit með því að raforka, sem það gefur út upprunaábyrgð fyrir, sé í raun framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum í skilningi laga þessara í samræmi við viðmiðanir sem eru hlutlægar, gagnsæjar og án mismununar og hafa hlotið staðfestingu Orkustofnunar.

Upprunaábyrgð, staðfest og gefin út á Evrópska efnahagssvæðinu, í samræmi við 1. mgr., skal viðurkennd gagnkvæmt sem sönnun á þeim þáttum eingöngu sem um getur í 2. mgr. Synjun þess að viðurkenna upprunaábyrgð sem slíka sönnun, einkum af ástæðum sem tengjast því að koma í veg fyrir svik, verður að byggjast á viðmiðunum sem eru hlutlægar, gagnsæjar og án mismununar.

Landsneti hf. er heimilt með samþykki iðnaðarráðherra að framselja hlutverk sitt til útgáfu upprunaábyrgða samkvæmt lögum þessum.

4. gr.

Útgáfa upprunaábyrgða.

Landsnet hf. gefur út upprunaábyrgð á raforku sem er framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum samkvæmt beiðni framleiðanda raforku frá endurnýjanlegum orkugjöfum. Upprunaábyrgð er heimilt að gefa út skriflega og/eða á rafrænu formi. Staðlaðar upprunaábyrgðir skulu áður hafa hlotið staðfestingu Orkustofnunar um að slíkar upprunaábyrgðir séu í samræmi við ákvæði laga þessara og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 77/2001/EB frá 27. september 2001 um að auka framleiðslu rafmagns með endurnýjanlegum orkugjöfum til notkunar á innri raforkumarkaði.

Upprunaábyrgð skal tilgreina með hvaða orkugjafa raforka var framleidd, hvenær og hvar hún var framleidd og, ef um raforkuver er að ræða, vinnslugetu raforkuvers.

Upprunaábyrgð er eingöngu heimilt að veita vegna liðinna almanaksmánaða. Upprunaábyrgð getur, samkvæmt vali framleiðanda rafmagns frá endurnýjanlegum orkugjöfum, verið gefin út vegna nýliðins almanaksmánaðar eða vegna síðustu 3, 6 eða 12 almanaksmánaða.

Gefa skal út eitt ábyrgðarskírteini fyrir hverja MWst sem framleidd er.

5. gr.
Umsókn.

Umsækjandi skal senda Landsneti hf. skriflega beiðni um útgáfu upprunaábyrgðar á raforku sem er framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum í síðasta lagi 30 dögum frá lokum síðasta mánaðar þess tímabils sem upprunaábyrgð skal ná yfir.

Umsækjandi skal veita Landsneti hf. allar upplýsingar sem Landsnet hf. telur nauðsynlegar viðvíkjandi útgáfu upprunaábyrgðar. Landsnet hf. skal gæta jafnræðis við starfrækslu sína og trúnaðar um upplýsingar er varða viðskiptahagsmuni og aðrar upplýsingar sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari.

Landsneti hf. er heimilt að krefja umsækjanda um greiðslu vegna útgáfu upprunaábyrgðar. Fyrirtækið skal setja gjaldskrá um framangreinda þjónustu.

Framleiðanda raforku frá endurnýjanlegum orkugjöfum er heimilt að veita þriðja aðila skriflegt umboð bæði til þess að óska eftir útgáfu upprunaábyrgðar á raforku sem er framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum og til að taka á móti slíkri upprunaábyrgð.

6. gr.
Efni upprunaábyrgðar.

Í upprunaábyrgð skal m.a. tilgreina:

1. Upplýsingar um viðkomandi orkuver.
2. Með hvaða orkugjafa raforka var framleidd.
3. Hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa af heildarframleiðslu raforku í viðkomandi orkuveri í samræmi við það tímabil sem kveðið er á um í 3. mgr. 4. gr.
4. Vinnslugetu orkuversins ef um er að ræða raforku framleidda í orkuveri.
5. Upplýsingar um útgefanda upprunaábyrgðarinnar, útgáfudag og útgáfustað.
6. Upplýsingar um hvað felist í upprunaábyrgð sem og tilvísun til tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 77/2001/EB frá 27. september 2001 um að auka framleiðslu rafmagns með endurnýjanlegum orkugjöfum til notkunar á innri raforkumarkaði.

III. KAFLI
7. gr.
Erlendar upprunaábyrgðir.

Upprunaábyrgðir á raforku sem er framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum, sem gefnar eru út í öðru ríki Evrópska efnahagssvæðisins í samræmi við ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 77/2001/EB frá 27. september 2001 um að auka framleiðslu raforku með endurnýjanlegum orkugjöfum til notkunar á innri raforkumarkaði, skulu viðurkenndar hér á landi. Ber Landsneti hf. að leita staðfestingar á útgáfu upprunaábyrgðar í því landi þar sem ábyrgðin er gefin út, telji fyrirtækið þess þörf.

Landsnet hf. skal veita til þess bærum erlendum útgefendum upprunaábyrgða á raforku sem er framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum upplýsingar varðandi þær ábyrgðir sem fyrirtækið hefur gefið út hér á landi.

Landsnet hf. skal veita Orkustofnun upplýsingar um staðfestingar þær sem um er getið í 1. og 2. mgr.

IV. KAFLI

8. gr.

Stjórnsýsla og eftirlit.

Landsnet hf. skal halda skrá um útgefnar upprunaábyrgðir á raforku sem er framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum. Landsnet hf. skal árlega afhenda Orkustofnun upplýsingar um útgefnar upprunaábyrgðir á því formi sem stofnunin ákveður.

Landsnet hf. skal í samráði við framleiðendur raforku frá endurnýjanlegum orkugjöfum setja reglur um skráningu upplýsinga um útgefnar upprunaábyrgðir á raforku sem er framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum, sbr. 1. mgr., sem Orkustofnun staðfestir.

Landsneti hf. er skylt að veita stjórnvöldum, viðskiptavinum og almenningi upplýsingar sem nauðsynlegar eru við mat á því hvort fyrirtækið fullnægi skyldum sínum samkvæmt lögum þessum. Landsneti hf. er þó heimilt að halda eftir viðskiptaupplýsingum er varða viðskiptahagsmuni og öðrum upplýsingum sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari nema viðskiptavinir veiti skriflegt samþykki.

9. gr.

Viðurlög.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Nú er brot framið í starfsemi lögaðila og má þá gera lögaðilanum fésekt skv. II. kafla A almennra hegningarlaga.

V. KAFLI

10. gr.

Innleiðing á tilskipun.

Lög þessi fela í sér innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 77/2001/EB frá 27. september 2001 um að auka framleiðslu rafmagns með endurnýjanlegum orkugjöfum til notkunar á innri raforkumarkaði.

11. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

12. gr.

Breytingar á öðrum lögum.

Við gildistöku laganna verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. *Raforkulög, nr. 65/2003, með síðari breytingum:* 1. málsl. 5. mgr. 8. gr. laganna orðast svo: Flutningsfyrirtækið má ekki stunda aðra starfsemi en þá sem því er nauðsynleg til að geta rækt skyldur sínar samkvæmt lögum þessum eða samkvæmt öðrum lögum.
2. *Lög um stofnun Landsnets hf., nr. 75/2004:* 1. málsl. 2. gr. laganna orðast svo: Hlutverk Landsnets hf. er að annast flutning raforku og kerfisstjórnun samkvæmt ákvæðum III. kafla raforkulaga, nr. 65/2003, og er því óheimilt að stunda aðra starfsemi en þá sem því er nauðsynleg til að geta rækt skyldur sínar samkvæmt raforkulögum eða öðrum lögum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Tilgangur frumvarps þessa er, eins og fram kemur í 1. gr., að stuðla að nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa og skapa skilyrði fyrir viðskipti með upprunaábyrgðir á raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum. Einnig er með frumvarpi þessu verið að gangast undir þjóðréttarlegar skuldbindingar íslenska ríkisins samkvæmt EES-samningnum þar sem teknar eru upp í innlendan rétt viðeigandi ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 77/2001/EB frá 27. september 2001 um að auka framleiðslu rafmagns með endurnýjanlegum orkugjöfum til notkunar á innri raforkumarkaði.

Við samningu frumvarps þessa var höfð til hliðsjónar norræn löggjöf á vettvangi þessum og þá sérstaklega dönsk löggjöf. Við undirbúning lagafrumvarps þessa var leitað umsagnar Orkustofnunar, Samorku og Landsnets hf.

II. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/77/EB frá 27. september 2001 um að auka framleiðslu rafmagns með endurnýjanlegum orkugjöfum til notkunar á innri raforkumarkaði.

Evrópusambandið hefur allt frá því á áttunda áratug síðustu aldar staðið fyrir ýmsum aðgerðum til að auka orkusparnað og orkunýtni. Að auki hefur sambandið á undanförnum árum lagt aukna áherslu á að draga úr neikvæðum áhrifum hefðbundinna orkugjafa á umhverfið. Að mati sambandsins er aukin notkun raforku, sem er framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum, mikilvægur hluti þeirra ráðstafana sem eru nauðsynlegar til að fara að ákvæðum Kýótó-bókunar við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og öðrum stefnumiðuðum ráðstöfunum til að standa við frekari skuldbindingar. Hins vegar er í aðildarríkjum Evrópusambandsins að óbreyttu yfirleitt mun dýrara að framleiða svokallað grænt rafmagn, þ.e. raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum, heldur en raforku sem framleidd er með hefðbundnu jarðefnaeldsneyti, þ.e. kolum, gasi eða olíu.

Til að ýta undir raforkuframleiðslu með endurnýjanlegum orkugjöfum var tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/77/EB frá 27. september 2001 um að auka framleiðslu rafmagns með endurnýjanlegum orkugjöfum til notkunar á innri raforkumarkaði samþykkt þar sem hvatt er til aukinnar framleiðslu, sem og notkunar, á raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum. Markmið gerðarinnar er m.a. að freista þess að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum raforkuframleiðslu þeirrar sem ekki byggist á endurnýjanlegum orkugjöfum. Einnig er stefnt að því að koma á fjárhagslegum hvata til handa framleiðendum umhverfisvænnar raforku með því að opna leiðir til að stunda viðskipti með upprunaábyrgðir. Gert er ráð fyrir að hvert ríki setji sér markmið um að auka raforkuframleiðslu sem byggist á endurnýjanlegum orkugjöfum. Viðmiðunarár er árið 1997 og skulu ríkin setja sér markmið fyrir árið 2010. Markmið þau sem aðildarríki setja sér samkvæmt tilskipuninni eru ekki bindandi fyrir ríkin og hefur það því engar afleiðingar í för með sér þó að markmiðin náist ekki. Hins vegar hefur Evrópusambandið einsett sér til lengri tíma séð að setja lagalega bindandi mörk á hlutfall græns rafmagns í heildarorkunotkun en ekki hefur enn náðst sátt um slíkar kvaðir innan sambandsins.

Sökum þess að framleiðsla á raforku með endurnýjanlegum orkugjöfum er yfirleitt kostnaðarsamari en framleiðsla raforku með hefðbundnu jarðefnaeldsneyti í aðildarríkjum Evrópusambandsins hefur verið gripið til ýmissa ráða til að létta á kostnaði framleiðenda umhverfisvænna orkugjafa. Þannig hefur t.a.m. ýmiss konar styrkjum verið komið á laggirnar til að örva framleiðslu á grænni raforku, m.a. með útgáfu grænna vottorða. Græn vottorð, sam-

kvæmt frumvarpi þessu, eru upprunaábyrgðir á raforku sem er framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum og gera raforkuframleiðendum þeim sem hafa hátt hlutfall af endurnýjanlegum orkugjöfum á hinum innri raforkumarkaði færi á að selja slík vottorð vegna raforkuframleiðslu sinnar. Það skilyrði er þó fyrir hendi að orkuver þarf að hafa hlotið svokallaða græna vottun, þ.e. staðfestingu á því að orkuverið uppfylli þær kröfur sem settar eru fram um að orkuverið framleiði í raun raforku með endurnýjanlegum orkugjöfum. Eigendum grænna vottorða er svo heimilt að selja þeim sem eftir því leita vottorð þessi og eru viðskipti með græn vottorð nú þegar möguleg í einstaka ríkjum Evrópusambandsins. Kaupendur eru aðrir framleiðendur á hinum sameiginlega raforkumarkaði sem með kaupunum auka hlutdeild sína í framleiðslu umhverfisvænnar orku sem og aðrir kaupendur sem sjá hag sinn í því að styrkja stoðir framleiðslu grænnar raforku.

Framleiðsla á raforku sem er framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum skiptist annars vegar í vöruna sjálfa, þ.e. raforkuna, og hins vegar í græna hluta þess, þ.e. grænu vottorðin. Báðir þessir þættir raforkuframleiðslunnar eru söluvara og þjóna grænu vottorðin þeim tilgangi að staðfest er að uppruni raforkunnar er frá endurnýjanlegum orkugjöfum. Hafa því opnast nýjar gáttir fyrir framleiðendur raforku frá endurnýjanlegum orkugjöfum til að markaðssetja afurð sína, þ.e. annars vegar vöruna sjálfa og hins vegar grænu vottorðin.

Samkvæmt tilskipuninni er aðildarríkjum í sjálfsvald sett að ákveða með hvaða hætti raforkuframleiðendur eru hvattir til að auka framleiðslu sína á endurnýjanlegum orkugjöfum og er sala grænna vottorða háð skilyrðum sem sett eru í hverju aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins fyrir sig. Skilyrðin geta því verið mismunandi eftir því hvaða ríki á í hlut. Í megindráttum felur tilskipunin í sér þrjár tegundir grænna vottorða. Í fyrsta lagi vottorð sem seld eru til að fullnægja lagaskyldu um hlutfall framleiðslu á grænni orku en enn sem komið er hefur slíkri lagaskyldu ekki verið komið á. Í annan stað vottorð sem seld eru til að fullnægja landsmarkmiðum samkvæmt tilskipuninni. Loks í þriðja lagi vottorð sem seld eru til að auka sýnileika grænnar framleiðslu á reikningum raforkuframleiðanda.

Eins og að framan var getið hefur enn sem komið er ekki náðst samstaða innan Evrópusambandsins varðandi lagalega bindandi hlutföll raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum, þ.e. grænnar raforku, af heildarorkunotkun en ljóst er að slík lagaskylda mun opna nýjar gáttir fyrir innlenda raforkuframleiðendur til að markaðssetja upprunaábyrgðir samkvæmt frumvarpi þessu. Að óbreyttu eru, eins að framan var getið, slíkar ábyrgðir eingöngu seldar á frjálsum markaði til að auka sýnileika grænnar framleiðslu á reikningum raforkuframleiðanda. Slíkur markaður er háður því að kaupendur hafi áhuga á að fjárfesta í slíkum ábyrgðum án þess að lagaskylda eða önnur skylda standi að baki slíkum kaupum.

III. Efni frumvarpsins.

Í samræmi við skuldbindingar Íslands á grundvelli EES-samningsins ber stjórnvöldum að innleiða ákvæði framangreindrar tilskipunar í íslenskan rétt. Með aðild Íslands að hinum sameiginlega innri raforkumarkaði í Evrópu opnuðust ný tækifæri fyrir íslenska raforkuframleiðendur en með frumvarpi þessu er verið að setja á fót kerfi til að tryggja og sannreyna vottanir upprunaábyrgða á raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum. Með frumvarpi þessu er lagt til að flutningsfyrirtækinu samkvæmt raforkulögum, þ.e. Landsneti hf., verði falið hlutverk vottunaraðila hér á landi í samræmi við ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/77/EB frá 27. september 2001 um að auka framleiðslu rafmagns með endurnýjanlegum orkugjöfum til notkunar á innri raforkumarkaði.

Í fyrsta kafla frumvarpsins er að finna markmiðsákvæði frumvarpsins sem er að stuðla að nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa og skapa skilyrði fyrir viðskipti með upprunaábyrgðir á raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum. Einnig er í kaflanum að finna skilgreiningar á þeim hugtökum sem máli skipta varðandi frumvarpið.

Í öðrum kafla frumvarpsins er að finna ákvæði er varða upprunaábyrgð á raforku sem er framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum. Í kaflanum er kveðið á um að Landsnet hf. skuli annast eftirlit með útgáfu upprunaábyrgða og skal fyrirtækið einnig ganga úr skugga um áreiðanleika erlendra upprunaábyrgða sem gefin eru út á Evrópska efnahagssvæðinu. Einnig er í kaflanum kveðið á um umsóknir og útgáfu upprunaábyrgða og hvað skal tilgreint í slíkum ábyrgðum.

Í þriðja kafla frumvarpsins er kveðið á um að upprunaábyrgðir á raforku sem er framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum, í samræmi við ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 77/2001/EB, skuli viðurkenndar hér á landi. Sú skylda er lögð á Landsnet hf. að leita staðfestingar á útgáfu upprunaábyrgðar í því landi sem ábyrgðin var gefin út. Að sama skapi er Landsneti hf. skylt að veita erlendum vottunaraðilum upplýsingar um þær upprunaábyrgðir sem gefnar eru út hér á landi.

Í fjórða kafla frumvarpsins er kveðið á um stjórnsýslu og eftirlit vegna útgáfu upprunaábyrgða á rafmagni sem framleitt er með endurnýjanlegum orkugjöfum. Að auki er í kaflanum viðurlagaákvæði vegna brota gegn ákvæðum frumvarpsins.

Loks er í fimmta kafla frumvarpsins innleiðingargrein og gildistökuákvæði auk þess sem lagðar eru til breytingar á raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum, og lögum um stofnun Landsnets hf., nr. 75/2004, þar sem Landsneti hf. verði heimilað að annast útgáfu upprunaábyrgða á raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum. Að óbreyttu hefur Landsnet hf. ekki heimild í framangreindum lögum til að annast hlutverk samkvæmt frumvarpi þessu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er kveðið á um markmið laganna sem er að stuðla að nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa og skapa skilyrði fyrir viðskipti með upprunaábyrgðir á raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum.

Um 2. gr.

Í greininni er kveðið á um skilgreiningar hugtaka samkvæmt frumvarpinu. Skilgreiningar þessar eru til samræmis við skilgreiningar þær sem fram koma í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 77/2001/EB.

Um 3. gr.

Í greininni er almennt kveðið á um upprunaábyrgðir á raforku sem er framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum. Í 1. mgr. er kveðið á um að Landsneti hf. verði falið það hlutverk að hafa eftirlit með útgáfu upprunaábyrgða á rafmagni sem er framleitt með endurnýjanlegum orkugjöfum. Er Landsneti hf., sem flutningsfyrirtækis samkvæmt raforkulögum, falið sambærilegt hlutverk og kerfisstjórar hinna Norðurlandanna í þessu tilliti.

Í 2. mgr. er kveðið á um skyldu Landsnets hf. að sjá til þess að raforka frá endurnýjanlegum orkugjöfum sé í raun framleidd með slíkum orkugjöfum í skilningi frumvarpsins. Skal þess gætt að þær viðmiðanir sem stuðst er við séu hlutlægar, gagnsæjar og án allrar mismun-

unar. Skulu þær viðmiðanir hafa áður hlotið staðfestingu Orkustofnunar á að vera í samræmi við frumvarp þetta sem og ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 77/2001/EB. Skal þess gætt að umsækjendum um upprunaábyrgðir sé ekki mismunað, bæði hvað varðar mismunun innan lands sem og á innri raforkumarkaði Evrópska efnahagssvæðisins.

Í 3. mgr. er kveðið á um að upprunaábyrgð, sem staðfest er og gefin út á Evrópska efnahagssvæðinu, skuli fela í sér gagnkvæma staðfestingu á þeim skilyrðum sem fram koma í 2. mgr., þ.e. að raforka sem sannarlega er framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum, sbr. skilgreiningu skv. 2. gr. frumvarpsins og a-lið 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 77/2001/EB. Einnig er í málsgreininni kveðið á um að synjun á viðurkenningu upprunaábyrgðar skuli byggjast á viðmiðunum sem eru hlutlægar, gagnsæjar og án mismununar og fer þá um þau sjónarmið líkt og með skilyrði þau sem getið er í 2. mgr. Með slíkum skilyrðum er verið að sporna gegn því að aðilum innri raforkumarkaðar Evrópska efnahagssvæðisins sé ekki mismunað og synjun á gagnkvæmri viðurkenningu sé byggð á málefnalegum sjónarmiðum, t.d. að komið sé í veg fyrir svik eða villandi upplýsingar.

Loks er í 4. mgr. kveðið á um heimild Landsnets hf. til þess að framselja hlutverk sitt til útgáfu upprunaábyrgða samkvæmt frumvarpi þessu. Hins vegar er slíkt framsal háð samþykki iðnaðarráðherra. Heimild þessari er ætlað að tryggja það að íslenskum stjórnvöldum sé unnt að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 77/2001/EB sé Landsneti hf. einhverra hluta vegna ekki fært að annast útgáfu upprunaábyrgða og einnig ef Landsnet hf. telur sig einhverra hluta vegna ekki fært að annast slíka útgáfu.

Um 4. gr.

Í greininni er kveðið á um útgáfu upprunaábyrgðar á raforku sem er framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum. Í 1. mgr. segir að Landsnet hf. skuli gefa út upprunaábyrgð samkvæmt beiðni framleiðanda raforku frá endurnýjanlegum orkugjöfum um slíkt. Er Landsneti hf. heimilt að gefa út umbeðna upprunaábyrgð á stöðluðu skriflegu og/eða rafrænu formi. Hins vegar skulu slíkar staðlaðar upprunaábyrgðir áður hafa hlotið samþykki Orkustofnunar um að ábyrgðirnar séu í samræmi við ákvæði laga þessara og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 77/2001/EB.

Í 2. mgr. er kveðið á um hvað skal tilgreint í upprunaábyrgð á raforku sem er framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum. Nánar er kveðið á um efni og innihald upprunaábyrgðar í 6. gr. frumvarpsins.

Í 3. mgr. er kveðið á um fyrir hvaða tímabil Landsneti hf. er heimilt að gefa út upprunaábyrgð fyrir. Kemur fram í málsgreininni að upprunaábyrgð skuli gefin út samkvæmt vali framleiðanda rafmagns frá endurnýjanlegum orkugjöfum vegna nýliðins almanaksmánaðar eða vegna síðustu 3, 6 eða 12 almanaksmánaða. Landsneti hf. er samkvæmt þessu óheimilt að gefa út upprunaábyrgð vegna tímabils sem nær út fyrir þennan tímaramma, þ.e. lengur en vegna síðustu 12 almanaksmánaða. Með þessum valmöguleikum á tímabilum sem upprunaábyrgðir taka til er verið að samræma ábyrgðirnar þeim tímabilum sem kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 77/2001/EB og þeirri framkvæmd innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Loks er í 4. mgr. kveðið á um að gefa skuli út eitt ábyrgðarskírteini fyrir hverja þá MWst sem framleidd er og er hver ábyrgð einnota, þ.e. ekki er heimilt að gefa út fleiri en eina ábyrgð fyrir hverja MWst sem framleidd hefur verið og upprunaábyrgð gefin út fyrir.

Um 5. gr.

Í greininni er að finna ákvæði um umsóknarferli vegna útgáfu upprunaábyrgðar á raforku sem er framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum. Skv. 1. mgr. ber að senda Landsneti hf. skriflega beiðni um útgáfu upprunaábyrgðar í síðasta lagi 30 dögum frá lokum síðasta mánaðar þess tímabils sem upprunaábyrgð skal ná yfir. Hvað varðar tímabil sem upprunaábyrgð nær yfir vísast til 3. mgr. 4. gr. frumvarpsins. Landsneti hf. er því óheimilt að taka tillit til umsókna sem berst eftir að 30 dagar eru liðnir frá lokum síðasta mánaðar þess tímabils sem upprunaábyrgð skal ná yfir.

Í 2. mgr. er kveðið á um skyldu umsækjanda til að veita Landsneti hf. allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru að mati Landsnets hf. viðvíkjandi útgáfu upprunaábyrgðar. Einnig er áréttað að Landsnet hf. skuli gæta jafnræðis við starfrækslu sína og trúnaðar um upplýsingar sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari.

Í 3. mgr. er kveðið á um heimild til handa Landsneti hf. að krefjast greiðslu fyrir útgáfu upprunaábyrgðar og er þeirri greiðslu ætlað að standa straum af kostnaði sem Landsnet hf. leggur í vegna útgáfu upprunaábyrgðar. Gjaldskrá um framangreinda gjaldtöku skal taka mið af því að fjárhæð gjaldtöku fyrir viðkomandi þjónustu verði ekki hærri en sem nemur kostnaði við að veita hana. Ekki er um að ræða almenna tekjuheimild til handa Landsneti hf. heldur eingöngu um að ræða greiðslu á sannarlegum kostnaði Landsnets hf. vegna útgáfunnar og/eða staðfestingar á útgefinni upprunaábyrgð.

Loks er í 4. mgr. kveðið á um heimild umsækjanda til að fela, með skriflegu umboði, þriðja aðila að annast umsókn um og/eða móttöku upprunaábyrgðar fyrir sína hönd.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 7. gr.

Í greininni er kveðið á um viðurkenningu á upprunaábyrgðum sem gefnar eru út í öðru ríki Evrópska efnahagssvæðisins í samræmi við ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 77/2001/EB. Í 1. mgr. er Landsneti hf. veitt heimild til að leita staðfestingar á útgáfu upprunaábyrgðar í því landi þar sem ábyrgðin er gefin út. Að sama skapi er Landsneti hf. skv. 2. mgr. skylt að veita erlendum vottunaraðilum sambærilegar upplýsingar um þær upprunaábyrgðir sem útgefnar eru hér á landi. Að lokum er í 3. mgr. kveðið á um skyldu Landsnets hf. um að veita Orkustofnun upplýsingar um þær staðfestingar sem um er getið í 1. og 2. mgr.

Um 8. gr.

Í greininni er kveðið á um stjórnsýslu laganna og eftirlit. Samkvæmt greininni er Landsneti hf. skylt að halda skrá um útgefnar upprunaábyrgðir og skal fyrirtækið árlega afhenda Orkustofnun upplýsingar um útgefnar upprunaábyrgðir á því formi sem stofnunin ákveður.

Í 2. mgr. er kveðið á um skyldu Landsnets hf., í samráði við framleiðendur raforku frá endurnýjanlegum orkugjöfum, að setja reglur um skráningu upplýsinga sem um er getið í 1. mgr. Reglur þessar eru háðar staðfestingu Orkustofnunar.

Að lokum er í 3. mgr. ákvæði til að tryggja aðhald með Landsneti hf. þar sem kveðið er á um skyldu fyrirtækisins til þess að veita stjórnvöldum, viðskiptavinum og almenningi upplýsingar sem nauðsynlegar eru við mat á því hvort fyrirtækið fullnægi skyldum sínum samkvæmt lögum þessum. Hins vegar skal fyrirtækið einnig gæta hagsmuna viðskiptavina sinna og því segir í ákvæðinu að fyrirtækinu sé heimilt að halda eftir viðskiptaupplýsingum er varða

viðskiptahagsmuni og öðrum upplýsingum sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari nema viðskiptavinir veiti skriflegt samþykki fyrir afhendingu þeirra.

Um 9.–11. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringar.

Um 12. gr.

Samkvæmt ákvæðum raforkulaga, nr. 65/2003, með síðari breytingum, er skýrt kveðið á um réttindi og skyldur flutningsfyrirtækis, þ.e. Landsnets hf. Þar segir m.a. að Landsneti hf. er óheimilt að stunda aðra starfsemi en þá sem því er nauðsynleg til að geta rækt skyldur sínar samkvæmt raforkulögum. Til að tryggja að Landsnet hf. geti sinnt lögboðnu hlutverki sínu samkvæmt frumvarpi þessu er nauðsynlegt að gera þær breytingar á 1. málsl. 5. mgr. 8. gr. raforkulaga að fyrirtækinu sé heimilt að starfrækja skyldur sínar samkvæmt raforkulögum sem og öðrum lögum. Samhliða breytingum á raforkulögum kallar frumvarp þetta á sambærilegar breytingar á 1. málsl. 2. gr. laga um stofnun Landsnets hf., nr. 75/2004.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um upprunaábyrgð á raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum o.fl.

Tilgangur frumvarpsins er annars vegar að stuðla að nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa og hins vegar að gangast undir þjóðréttarlegar skuldbindingar íslenska ríkisins, samkvæmt EES-samningnum, um að auka framleiðslu rafmagns með endurnýjanlegum orkugjöfum. Samkvæmt frumvarpinu verður iðnaðarráðherra heimilt að fela Landsneti hf. að hafa eftirlit með útgáfu upprunaábyrgða á raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum. Þá skal Landsnet hf. árlega afhenda Orkustofnun upplýsingar um útgefnar upprunaábyrgðir. Í 5. gr. frumvarpsins er kveðið á um að Landsneti hf. verði heimilt að krefjast greiðslu fyrir útgáfu upprunaábyrgðar og er þeirri greiðslu ætlað að standa undir þeim kostnaði sem Landsnet hf. leggur í vegna útgáfunnar. Ekki er um að ræða almenna tekjuheimild til handa Landsneti hf. heldur eingöngu heimild til að innheimta greiðslu til að standa undir þeim kostnaði sem hlýst af við útgáfuna.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

305. Frumvarp til laga [272. mál]

um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

Við 4. gr. laganna bætist svohljóðandi málsgrein:

Það teljast veiðar í atvinnuskyni ef eigandi eða útgerð báts tekur gjald af þeim sem nýta bátinn til veiða. Um veiðar og afla fer samkvæmt gildandi reglum um veiðar í atvinnuskyni. Ráðherra getur þó með reglugerð sett sérstakar reglur um veiðar og afla, m.a. hvað varðar skyldur skipstjóra, tilkynningar og skýrsluskil.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 2008.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið að tilhlutan sjávarútvegsráðherra en með því er lagt til að gerð verði breyting á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, er lýtur að því að kveða með skýrum hætti á um að í skilningi laga á sviði fiskveiðistjórnunar teljist það vera veiðar í atvinnuskyni þegar eigandi eða útgerð báts tekur gjald af þeim sem veiðarnar stunda. Bátar sem nýttir eru með þessum hætti þurfa samkvæmt því að hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni og nægilegar aflaheimildir í þeim kvótabundnu tegundum sem þeir veiða og selja eða fénýta á annan hátt.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, er heimilt án sérstaks leyfis að stunda í tómstundum fiskveiðar með handfærum án sjálfvirknibúnaðar. Afla, sem fæst við slíkar veiðar, er einungis heimilt að hafa til eigin neyslu og er óheimilt að selja hann eða fénýta á annan hátt. Tilgangur þessa lagaákvæðis er augljóslega að heimila að þeir sem hafa yfir tómstundabátum að ráða geti rennt fyrir fisk sér til gamans, enda verði aflinn ekki meiri en svo að þeir geti sjálfir neytt hans.

Nokkuð er um að fyrirtæki og einstaklingar, sem eiga eða gera út báta, hafi af því atvinnu að bjóða þeim sem þess óska og gjald greiða að fara í sjóferðir á bátunum, ýmist undir fararstjórn af hálfu útgerðar eða án þess að fulltrúi útgerðar sé um borð. Stundum er eini eða aðaltilgangur slíkra ferða að stunda fiskveiðar en í öðrum tilvikum eru veiðarnar einn liðurinn í þeirri afþreyingu sem boðið er upp á. Hvað sem því líður er ljóst að umræddir bátar eru nýttir í atvinnuskyni og eru fiskveiðar þáttur í þeirri nýtingu. Afli, sem fæst við þessar veiðar, er að sjálfsögðu mismikill en þar sem það eru yfirleitt ferðamenn, erlendir og innlendir, sem veiðarnar stunda eru þeir sjaldnast í góðri aðstöðu til að taka aflann með sér og neyta hans sjálfir. Því getur verið heppilegt og hagkvæmt fyrir þá en þó ekki síður útgerðir hlutaðeigandi báta að geta selt aflann eða fénýtt hann á annan hátt. Verulegur og vaxandi áhugi virðist vera á umræddum veiðum, einkum meðal erlendra áhugamanna um veiðar með sjóstöng og koma margir þeirra hingað til lands í þeim tilgangi fyrst og fremst að stunda slíkar veiðar. Ástæða sýnist því til að ætla að atvinnustarfsemi af þessum toga kunni að aukast umtalsvert á næstu árum og þar með sá afli sem fæst með þessum hætti.

Með frumvarpi þessu er lagt til að skýrlega verði kveðið á um að það teljist veiðar í atvinnuskyni en ekki tómstundaveiðar þegar eigandi eða útgerð báts tekur gjald af þeim sem nýta bátinn til veiða. Bátar, sem þannig eru nýttir, þurfa samkvæmt því að hafa leyfi til veiða

í atvinnuskyni og nægilegar aflaheimildir í kvótabundnum tegundum sem þeir stunda veiðar á. Hvaða veiðarfæri heimilt er að nota við veiðarnar ræðst af því hvort hlutaðeigandi bátur hefur veiðileyfi í almennu aflamarkskerfi eða krókaaflamarkskerfi og af öðrum reglum sem eiga við um notkun veiðarfæra en þó má gera ráð fyrir að hér eftir sem hingað til verði sjóstöng algengasta veiðarfærið. Afla, sem fæst við þessar veiðar, er heimilt að selja eða fénýta á annan hátt og dregst aflinn frá aflaheimildum hlutaðeigandi báta samkvæmt reglum sem um það gilda.

Gert er ráð fyrir að almennar reglur sem gilda um veiðar í atvinnuskyni eigi við um umrædda báta, veiðar þeirra og afla. Þær aðferðir sem hagkvæmastar eru og almennt eru hafðar við útgerð þessara báta eru hins vegar nokkuð frábrugðnar því sem tíðkast við rekstur annarra atvinnubáta. Í því sambandi má t.d. nefna að nokkuð mun um að þessir bátar fari til veiða án þess að um borð sé skipstjóri sem starfar í þágu hlutaðeigandi útgerðar. Því þykir nauðsynlegt að leggja til að sjávarútvegsráðherra verði heimilt að setja sérstakar reglur um umrædda báta, m.a. hvað varðar skyldur skipstjóra og tilkynningar og skýrsluskil til stjórnvalda varðandi veiðar og afla.

Þá er gert ráð fyrir að frumvarpið taki gildi 1. september 2008 og er það gert til að veita aðilum í ferðaþjónustu nægjanlegt ráðrúm bæði til skipulags starfsemi sinnar sem og til sölu þjónustunnar sem oft er frágengin með margra mánaða fyrirvara.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er skilgreint að það teljist veiðar í atvinnuskyni ef eigandi eða útgerð báts tekur gjald af þeim sem nýta bátinn til veiða. Bátar sem nýttir eru með þeim hætti þurfa samkvæmt því að hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni og nægilegar aflaheimildir í kvótabundnum tegundum sem þeir veiða og selja eða fénýta á annan hátt.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóðs.

306. Tillaga til þingsályktunar [273. mál]

um heimkvaðningu friðargæsluliða frá Afganistan og endurskipulagningu íslensku friðargæslunnar.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Kolbrún Halldórsdóttir,
Árni Þór Sigurðsson, Guðfríður Lilja Grétarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela utanríkisráðherra að kalla heim íslenska friðargæsluliða í Afganistan, sem þar starfa sem hluti liðsafla NATO. Jafnframt verði þátttaka Íslands í friðargæslu

og verkefnaval endurskipulagt í samræmi við markmið nýrra laga um íslensku friðargæsluna. Skal utanríkisráðherra vinna að þeirri endurskipulagningu í nánu samráði við utanríkismálanefnd Alþingis.

Greinargerð.

5. apríl 2007 tóku gildi lög um „íslensku friðargæsluna og þátttöku hennar í alþjóðlegri friðargæslu“. Samkomulag tókst meðal allra þingflokka um afgreiðslu málsins eftir að tekið hafði verið tillit til athugasemda minni hluta utanríkismálanefndar við upphaflegt frumvarp. Þótti einkum þörf á að taka af öll tvímæli um að störf friðargæslunnar skyldu alfarið vera borgaralegs eðlis. Orðalag í upphaflegri markmiðsgrein frumvarpsins, 1. gr., sem vísað gat til þess að alvopnaðar sveitir tækju sér stöðu milli stríðandi aðila á átakasvæðum, var fellt út en tilvísun til fyrirbyggjandi aðgerða og friðaruppbyggingarstarfs kom í staðinn. Í 1. gr. upphaflegs frumvarps var aðeins rætt um borgaralega sérfræðinga í því tiltekna samhengi að þeir skyldu hafa með höndum „verkefni … sem stuðla að uppbyggingu stjórnmála- og efnahagslífs í þeim tilgangi að koma á varanlegum friði“; að öðru leyti var rætt um „fólk“ sem utanríkisráðuneytinu væri heimilt að senda „til starfa við friðargæsluverkefni í því skyni … að taka þátt í alþjóðlegri friðargæslu“. Í lögunum, eins og þau voru samþykkt, er enginn slíkur greinarmunur lengur gerður á borgaralegum sérfræðingum og öðrum friðargæsluliðum enda hefjast þau á svohljóðandi málsgrein: „Utanríkisráðuneytinu er heimilt að taka þátt í alþjóðlegri friðargæslu og senda borgaralega sérfræðinga til starfa við friðargæsluverkefni í því skyni.“ Ekki er rætt um annars konar sérfræðinga í þessu sambandi og því ljóst að verkefni friðargæslunnar skulu alfarið vera borgaralegs eðlis en ekki hernaðarleg.

Á meðal annarra athugasemda minni hluta utanríkismálanefndar við frumvarpið má nefna að honum þótti rík ástæða til þess að bæta ákvæði við 1. gr. frumvarpsins um að „verkefni íslensku friðargæslunnar meg[i] aldrei brjóta í bága við ákvæði mannúðar- og mannréttindasamninga“. Á þessa viðbót féllst meiri hluti nefndarmanna og er í framhaldsnefndaráliti gerð grein fyrir því hver þessi ákvæði eru: „Helstu samningar sem hér um ræðir eru Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna frá 1948, samningar Evrópuráðsins um mannréttindi og má þar helst nefna samning um verndun mannréttinda og mannfrelsis frá 1950 (mannréttindasáttmála Evrópu), með breytingum og viðaukum, Evrópusamning um varnir gegn pyndingum og annarri ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu, ásamt bókunum, Genfarsamningana frá 1949 auk ýmissa samninga Sameinuðu þjóðanna um mannréttindi.“

Með tillögunni er ekki ætlunin að fella neina dóma um þau störf sem íslenskir friðargæsluliðar hafa innt af hendi í Afganistan undanfarin ár en nú starfa þar um 15 manns. Tillagan er hins vegar byggð á þeirri skoðun að forsendur fyrir dvöl íslensku friðargæslunnar í Afganistan verði að teljast lagalega afar hæpnar með tilliti til anda og markmiða nýrra laga um íslensku friðargæsluna. Íslensku friðargæsluliðarnir starfa þar að verkefnum sem stjórnað er af Atlanshafsbandalaginu og bera a.m.k. sumir hverjir starfstitla í samræmi við hernaðarskipulag NATO, svo sem Deputy Commander, Assistant Commander eða J1 Officer. Átök fara nú harðnandi í Afganistan milli hersveita NATO og skæruliða talíbana sem hafa sótt í sig veðrið jafnt og þétt. Fjöldi óbreyttra borgara sem fallið hafa í þeim átökum, einkum í loftárásum NATO, skiptir þúsundum og eykst eftir því sem líður á stríðið. Loftárásirnar virðast hins vegar, þrátt fyrir hinar gífurlegu mannfórnir, koma að litlu gagni og ekki ná að binda endi á ófriðinn í landinu. Hefur þjóðþing Afganistan ályktað að þeim skuli hætt vegna þess mannfalls sem þær valda meðal óbreyttra borgara. Í ræðu sinni á þingi þingmannasambands NATO í Reykjavík 9. sl. kvaðst framkvæmdastjóri NATO, Jan de Hoop Scheffer, ekki sjá

fram á skjótfenginn árangur í Afganistan og lagði þunga áherslu á að þingmenn þyrftu að taka á sig það óvinsæla verk að hvetja þjóðþing sín til þess að leggja meira af mörkum þar um ókomin ár. Hvað sem brýningum NATO-stjórans líður sæta aðgerðirnar í Afganistan vaxandi gagnrýni víða og í sumum nálægum löndum, t.d. Noregi og Danmörku, gerist æ háværari umræðan um að þarlendar liðssveitir skuli kallaðar heim.

Atlantshafsbandalagið er komið út í mikla ófæru í Afganistan, í verkefninu sem Bandaríkjamönnum hentaði að henda í NATO, sem eins konar upphreinsunardeild, tveimur árum eftir að þeir létu sprengjum rigna yfir landið með hjálp Breta, haustið 2001. Betra en ekki væri að draga íslensku friðargæsluliðana strax út úr samstarfinu við NATO og færa liðsaflann t.d. undir stjórn Sameinuðu þjóðanna í landinu. Langheppilegast er þó að kalla einfaldlega liðsaflann heim, eins og tillagan gerir ráð fyrir, og endurskipuleggja í framhaldinu alla okkar framgöngu og verkefnaval á þessu sviði. Skuldbinding friðargæslunnar til þess að virða „mannúðar- og mannréttindasamninga“ er þó ein og sér næg ástæða til þess að binda enda á samstarfið við NATO þar eð Genfarsamningurinn um vernd almennra borgara á stríðstímum frá 12. ágúst 1949 bannar afdráttarlaust aðgerðir af því tagi sem óbreyttir afganskir borgarar verða nú fyrir barðinu á í stríði NATO gegn hryðjuverkum. Með þátttöku íslensku friðargæslunnar í aðgerðum NATO í Afganistan gerist Ísland því samábyrgt með öðrum NATO-ríkjum fyrir aðgerðum þar sem lífi óbreyttra borgara er ekki þyrmt og því sekt um að brjóta téðan samning.

Síðast en ekki síst er augljóst að Íslendingar geta komið að miklu meira gagni annars staðar þar sem vandi steðjar að og við annars konar verkefni sem henta okkur betur en þau sem NATO fæst nú við í Afganistan, að því er virðist í óþökk a.m.k. drjúgs hluta heimamanna. Um víða veröld eru samskipti milli hópa, þjóðarbrota og þjóða hlaðin spennu. Skortur á vatni og brýnustu lífsnauðsynjum, misskipting og kúgun, barátta um völd, náttúruauðlindir eða önnur auðævi, allt getur þetta átt sinn þátt í að átök brjótist út. Þar væri mikilvægt að þróa friðargæslu í átt til fyrirbyggjandi aðgerða og friðaruppbyggingar í stað þess eins að reyna að slökkva eldana þegar búið er að kveikja þá, rétt eins og kveðið er á um í d-lið 1. gr. laganna um friðargæsluna. Það dugar skammt að ógna með vopnum heldur þarf hin borgaralega friðargæsla að fást í meira mæli við að byggja upp efnahagslíf og bæta samgöngur í þeim löndum sem hún starfar, sem og auka þekkingu heimamanna á mannréttindum eða æskilegum leikreglum stjórnmála. Í raun og veru hlýtur fyrirbyggjandi friðargæsla einnig að felast í mannúðar- og neyðaraðstoð, uppbyggingu heilsugæslu og stóraukinni áherslu á menntun og fræðslu. Þar verða mörk hefðbundinnar þróunarsamvinnu og friðargæslu í skilningi fyrirbyggjandi aðgerða og friðaruppbyggingar óljós og verkefnin renna saman. Íslensku friðargæsluna má því ekki byggja upp á kostnað slíkrar aðstoðar heldur ætti ríki þjóð eins og Ísland að efla hina síðarnefndu enn frekar. Af þeim sökum er í þessari ályktun einnig lagt til að utanríkisráðherra, í samvinnu við utanríkismálanefnd, endurskipuleggi verkefnaval íslensku friðargæslunnar með því fyrir augum að það val samræmist betur nýjum lögum um hana.

Með tillögunni var fylgiskjal. Nató-fenið í Afganistan. Steingrímur J. Sigfússon. (Fréttablaðið, 7. ágúst 2007.)

307. Svar [72. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Þuríðar Backman um vottaðar lífrænar landbúnaðarvörur.

1. *Mun ráðherra beita sér fyrir aukinni framleiðslu á vottuðum lífrænum landbúnaðarvörum og ef svo er, hvaða áform eru uppi um markmið og leiðir?*

Með setningu reglugerða sem eru þær sömu og gilda á Evrópska efnahagssvæðinu hefur verið skapaður formlegur rammi um vottun landbúnaðarafurða í samræmi við reglur IFOAM, sem eru alþjóðleg samtök framleiðenda lífrænna landbúnaðarafurða. Ekki liggur fyrir sérstök áætlun í landbúnaðarráðuneytinu eða á vegum þess sem beinist að því að hlutur lífrænt vottaðrar landbúnaðarframleiðslu verði aukinn.

2. *Hvað telur ráðherra valda því að ræktun og framleiðsla lífrænt vottaðra landbúnaðarvara hérlendis er ekki í takt við markaðshlutdeild slíkrar framleiðslu annars staðar á Norðurlöndum?*

Sennilegar skýringar á því að hlutur lífrænt vottaðrar framleiðslu í íslenskum landbúnaði er minni en víða í nágrannalöndunum eru einkum þrjár. Í fyrsta lagi eru það kröfur til þessarar framleiðslu sem takmarka uppskeru, svo sem að ekki megi nota tilbúinn áburð. Víða erlendis má t.d. rækta niturbindandi belgjurtir til fóðurs. Slík ræktun getur í mörgum tilfellum komið í stað grastegunda og notkun tilbúins áburðar og gefið varanlega og góða uppskeru. Hér á landi er það erfitt vegna skorts á heppilegum yrkjum, t.d. af smára sem bindur nitur í sambýli við gerla. Önnur skýring gæti verið að gæði hefðbundinnar íslenskrar framleiðslu eru mjög mikil bæði hvað varðar bragð og hreinleika og íslenskir neytendur kunna vel að meta þau gæði og bera mikið traust til íslenskra búvara. Í þriðja lagi er samkeppnisstaða vottaðrar lífrænnar framleiddrar búvöru erfið þar sem þessi framleiðsla er mun dýrari en hefðbundin framleiðsla sem endurspeglast í hærra verði til neytenda.

3. *Telur ráðherra að náðst hafi markmið þingsályktunar um framleiðslu íslenskra matvæla á forsendum sjálfbærrar þróunar sem samþykkt var á Alþingi 10. mars 1999 (100. mál á 123. löggjafarþingi)?*

Alltaf má gera betur en miklar framfarir hafa orðið til að mæta þeim markmiðum sem þar koma fram. Sennilega munar þar mest um vottaða gæðastýrða sauðfjárframleiðslu sem tekur mið af ástandi bithaga og gerir kröfur um aðgerðir til úrbóta þar sem þeirra er talin þörf.

4. *Mun ráðherra beita sér fyrir opinberum stuðningi til aðlögunar lífræns landbúnaðar, sambærilegum þeim sem bændur annars staðar á Norðurlöndum hafa fengið um árabil?*

Landbúnaðarráðuneyti býr ekki yfir nákvæmri þekkingu á umfangi stuðnings á Norðurlöndunum við yfirfærslu framleiðslu úr hefðbundinni framleiðslu í lífræna framleiðslu en vitað er að hann er nokkur. Kunnugt er að víða um lönd hefur miklum fjármunum verið varið til margvíslegra rannsókna á lífrænni framleiddri búvöru í samanburði við hefðbundnar afurðir og einnig til að þróa slíka framleiðslu. Landbúnaðarháskóli Íslands sinnir verkefnum á þessu sviði hér á landi en umfang þeirra er ekki mikið. Rétt er að nefna sérstaklega verkefni sem lýtur að kynbótum hvítsmára. Ekki er á þessu stigi talin ástæða til sérstaks átaks til að koma til móts við þann kostnað sem hlýst af umbreytingu úr hefðbundinni framleiðslu í lífrænt vottaða framleiðslu. Kemur þar hvort tveggja til að samkeppni frá innfluttum landbúnaðarafurðum fer vaxandi svo og að íslensk búvara er í hæsta gæðaflokki hvað varðar hreinleika og bragðgæði og neytendur bera til hennar mikið traust.

5. *Telur ráðherra koma til greina að fara að dæmi Norðmanna og gera sérstakt átak til eflingar lífrænni framleiðslu í samvinnu við sveitarfélög, m.a. til þess að skapa ný störf og efla byggðirnar?*

Um svar við þessari spurningu vísast að nokkru til svars við fjórðu spurningu. Samkeppnisstaða íslensks landbúnaðar byggist á miklum gæðum afurðanna ásamt menningar- og byggðasjónarmiðum. Stuðningskerfi landbúnaðar byggir einkum á búvörusamningum til mjólkur- og sauðfjárframleiðslu auk samnings um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða. Kostnaður af lífrænt vottaðri framleiðslu er meiri og afurðir og framleiðni minni en í hefðbundinni framleiðslu. Einnig er tekist á um það hvort þessi ræktunaraðferð skili betri uppskeru og hollari eða fari betur með landgæði en slíkt hefur ekki verið staðfest í umfangsmiklum rannsóknum víða um heim. Því er erfitt að réttlæta aukinn stuðning við þessa framleiðslu umfram það að greiða fyrir regluumgjörð sem hún þarf til að geta þrifist á markaðsforsendum.

308. Tillaga til þingsályktunar [274. mál]

um aukna samvinnu og samráð um öryggis- og björgunarmál milli Vestur-Norðurlandanna og við önnur ríki við Norður-Atlantshaf.

Flm.: Karl V. Matthíasson, Árni Johnsen, Guðbjartur Hannesson,
Guðjón A. Kristjánsson, Guðni Ágústsson, Jón Gunnarsson.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að gera samkomulag við landsstjórnir Færeyja og Grænlands um að auka samvinnu og samráð um öryggis- og björgunarmál milli Vestur-Norðurlandanna og við önnur ríki við Norður-Atlantshaf. Lagt er til að komið verði á sameiginlegum björgunaræfingum til að samræma viðbúnað og samhæfa viðbrögð við alvarlegum slysum á Norður-Atlantshafi.

Greinargerð.

Tillaga þessi er sett fram á grundvelli ályktunar Vestnorræna ráðsins nr. 3/2007 sem samþykkt var á ársfundi ráðsins 23. ágúst 2007 í Nuuk á Grænlandi. Ályktun ráðsins hljóðar svo í íslenskri þýðingu:

„Vestnorræna ráðið skorar á ríkisstjórn Íslands og landsstjórnir Færeyja og Grænlands að gera með sér samkomulag um að stuðla að aukinni samvinnu, samráði og samhæfingu um öryggis- og björgunarmál á Norður-Atlantshafi, bæði við Norðurlönd og önnur lönd við Norður-Atlantshaf. Lagt er til að unnið sé að því að koma á sameiginlegum björgunaræfingum til að samræma viðbúnað og samhæfa viðbrögð við stórslysum í Norður-Atlantshafi.

Rökstuðningur.

Til að hægt sé að tryggja öryggi í og við Norður-Atlantshaf er mikilvægt að varanlegur og viðeigandi öryggis- og björgunarviðbúnaður sé fyrir hendi. Það er hagsmunamál allra við Norður-Atlantshafið, ekki síst Vestur-Norðurlandanna sem eru umkringd sjó.

Ákvörðun bandarískra stjórnvalda um að flytja herafla sinn frá Íslandi, þ.m.t. björgunarþyrlur og eldsneytisvélar, auk samdráttar í viðbúnaði bandaríska hersins á Grænlandi og í

Færeyjum, hefur gert það að verkum að ekki er lengur til staðar nægilegur búnaður til að bregðast við slysum á afskekktum stöðum eða langt frá landi. Á sama tíma fer atvinnustarfsemi eins og olíuvinnsla og skipaumferð um Norður-Atlantshaf sívaxandi og þar með slysahætta.

Ljóst er að bæði atvinnustarfsemi og skipaumferð eiga eftir að aukast til muna í norðurhöfum samfara aukinni bráðnun hafíss, sem opnar möguleikann á nýjum siglingaleiðum, auk þess sem ný tækni auðveldar auðlindanýtingu á norðurslóðum. Aukinn áhugi á svæðinu er þegar kominn í ljós bæði í atvinnulífinu og meðal ferðamanna. Það sést á aukinni umferð vöruflutningaskipa og farþegaskipa í norðurhöfum sem eru fjarri mannabyggðum og þar sem hætta stafar af ís en reynsla og menntun skipstjóra tekur ekki endilega mið af aðstæðum á norðurslóðum.

Þetta getur haft í för með sér aukna hættu á umhverfisslysum og/eða mannskaða, sem krefst varanlegs og viðeigandi viðlegu- og björgunarbúnaðar á sjó og landi auk samvinnu, samráðs og samhæfingar á sviði björgunarmála við Norður-Atlantshaf.

Vestnorræna ráðið telur mikilvægt að löndin á svæðinu auki samvinnu og samráð sín á milli til að geta brugðist við vá með fullnægjandi hætti og skorar á stjórnvöld að stuðla að slíku til viðbótar við tvíhliða samkomulög sem fyrir eru. Slík samkomulög eru af hinu góða en meira þarf til að hægt sé að bregðast við alvarlegum slysum sem kunna að verða á Norður-Atlantshafssvæðinu. Vestnorræna ráðið mælir því með að komið verði á sameiginlegri björgunaræfingu allra landa sem liggja að Norður-Atlantshafi.“

309. Tillaga til þingsályktunar [275. mál]

um stofnun norrænna lýðháskóla.

Flm.: Karl V. Matthíasson, Árni Johnsen, Guðbjartur Hannesson,
Guðjón A. Kristjánsson, Guðni Ágústsson, Jón Gunnarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera samkomulag við landsstjórnir Færeyja og Grænlands um fjárhagslegan stuðning við vinnuhóp á vegum Vestnorræna ráðsins sem í samvinnu við forsætisnefnd og skrifstofu Vestnorræna ráðsins útfæri tillögu að stofnun norrænna lýðháskóla á Íslandi, Grænlandi og í Færeyjum.

Greinargerð.

Tillaga þessi er sett fram á grundvelli ályktunar Vestnorræna ráðsins nr. 8/2007 sem samþykkt var á ársfundi ráðsins 23. ágúst 2007 í Nuuk á Grænlandi. Ályktun ráðsins hljóðar svo í íslenskri þýðingu:

„Vestnorræna ráðið skorar á ríkisstjórn Íslands og landsstjórnir Færeyja og Grænlands að gera með sér samkomulag um fjárhagslegan stuðning við vinnuhóp á vegum Vestnorræna ráðsins sem í samvinnu við forsætisnefnd og skrifstofu Vestnorræna ráðsins útfæri tillögu að stofnun norrænna lýðháskóla á Íslandi, Grænlandi og í Færeyjum.

Rökstuðningur.

Vestnorræna ráðið fagnar tíu ára afmæli sínu í ár. Það gefur tilefni til þess að ráðast í verkefni sem vitnar um markmið ráðsins: að efla samvinnu milli Vestur-Norðurlandanna og styrkja stöðu þeirra innan norræns samstarfs.

Vestnorræna ráðið hefur ályktað um fjölda mála sem varða menntun og aukin samskipti milli ungmenna á Vestur-Norðurlöndum og á Norðurlöndunum í heild og aukið samstarf milli mennta- og rannsóknastofnana á Vestur-Norðurlöndum og annars staðar á Norðurlöndunum.

Á ársfundi Vestnorræna ráðsins árið 2006 var til dæmis samþykkt ályktun þar sem skorað var á stjórnvöld í öllum þremur löndunum að auka kennslu í sögu, menningu og tungumálum Vestur-Norðurlanda.

Það að skapa ramma um miðlun þekkingar, kennslu og beinna samskipta milli vestnorrænu landanna og annarra Norðurlanda er án efa árangursríkasta leiðin til þess að efla Vestur-Norðurlöndin.

Hópur áhugamanna í Færeyjum, ásamt tengiliðum á Íslandi og Grænlandi sem styðja hugmyndina, hefur unnið tillögur sem lúta að stofnun lýðháskóla á Vestur-Norðurlöndum.

Tillögurnar kveða m.a. á um eftirfarandi:

- Stofnun norrænna lýðháskóla sem einkum miða að þörfum Færeyja, Grænlands og Íslands. Hugmyndin er að stofna 6 og/eða 12 mánaða námsbrautir í heimavistarskólum á Vestur-Norðurlöndum. Markhópurinn er lögráða einstaklingar frá Vestur-Norðurlöndum og öðrum Norðurlöndum og grannsvæðum.
- Markmiðið er að efla tengsl og samvinnu milli vestnorrænu landanna og annarra Norðurlanda, sem og að auka áhuga nágrannalanda á tungumálum, sögu, menningu, umhverfi og náttúruauðlindum í vestnorrænu löndunum. Höfuðmarkmið með stofnun lýðháskóla á Vestur-Norðurlöndum yrði að efla tengsl, þekkingu og vitneskju sem er liður í því að veita norðlægum svæðum aukið vægi í alþjóðlegu og svæðisbundnu samstarfi.
- Kennsluáfangar tækju mið af þessum áherslum, þ.e. tungumáli, menningu, sögu, lýðfræði, samfélags- og hagfræði, umhverfi, auðlindum og auðlindanýtingu, Vestur-Norðurlöndum og Evrópu.
- Lýðháskólarnir ættu einnig að hafa yfir að ráða aðstöðu fyrir rannsóknarnema og einstaklinga sem vinna að sérstökum rannsóknarverkefnum sem lúta að Vestur-Norðurlöndum og staðsetningarlandi viðkomandi skóla.
- Gert er ráð fyrir því að lýðháskólarnir séu reknir á Vestur-Norðurlöndum með framlagi frá hverju landi fyrir sig auk annars norræns stuðnings en undir sameiginlegri stjórn og á grundvelli sameiginlegrar námskrár, kennslumats og slíkra þátta.

Tillögur hópsins eru aðgengilegar á dönsku á vef Vestnorræna ráðsins.

Til að hugmyndin geti orðið að veruleika er nauðsynlegt að Vestnorræna ráðið taki hana upp á sína arma og fylgi henni eftir. Eftirfarandi er því lagt til:

- Að forsætisnefnd Vestnorræna ráðsins útnefni fimm manna vinnuhóp frá Vestur-Norðurlöndum og öðrum Norðurlöndum sem vinni að því að útfæra tillögu um stofnun, skipulag og fjármögnun norrænna lýðháskóla á Vestur-Norðurlöndum.
- Að vinnuhópurinn geri forsætisnefnd Vestnorræna ráðsins grein fyrir niðurstöðum sínum og skili skýrslu til ársfundar Vestnorræna ráðsins árið 2008.
- Að skrifstofa Vestnorræna ráðsins haldi utan um skipulag og fjárhagslegan stuðning við verkefni vinnuhópsins.
- Að sótt verði um fjárhagslegan stuðning til verksins til norrænu ráðherranefndarinnar.“

310. Tillaga til þingsályktunar [276. mál]

um gerð skyldunámsefnis fyrir unglinga um ólík kjör og hlutskipti kvenna á norðurslóðum og mannréttindi.

Flm.: Karl V. Matthíasson, Árni Johnsen, Guðbjartur Hannesson,
Guðjón A. Kristjánsson, Guðni Ágústsson, Jón Gunnarsson.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að gera samkomulag við landsstjórnir Færeyja og Grænlands um gerð skyldunámsefnis fyrir unglinga um ólík kjör og hlutskipti kvenna á norðurslóðum og mannréttindi.

Greinargerð.

Tillaga þessi er sett fram á grundvelli ályktunar Vestnorræna ráðsins nr. 6/2007 sem samþykkt var á ársfundi ráðsins 23. ágúst 2007 í Nuuk á Grænlandi. Ályktun ráðsins hljóðar svo í íslenskri þýðingu:

„Vestnorræna ráðið skorar á ríkisstjórn Íslands og landsstjórnir Færeyja og Grænlands að gera með sér samkomulag um gerð skyldunámsefnis fyrir unglinga um ólík kjör og hlutskipti kvenna á norðurslóðum og mannréttindi. Markmið þess yrði að auka umræðu um jafnréttismál og skilning á því að kvenréttindi eru mannréttindi óháð menningu, sem og að auka þekkingu á ólíkum kjörum og hlutskipti kvenna á norðurslóðum.

Rökstuðningur.

Víða um veröld er hagur kvenna mjög bágborinn, einkum í fátækari löndum. Hægt er að nefna mörg hryggileg dæmi um misrétti og ofbeldi gagnvart konum því til stuðnings. Kynbundin mannréttindabrot og ofbeldi endurspegla hefðbundin viðhorf til kvenna í þá veru að konur eigi ekki að njóta sama réttar, sömu sæmdar og sömu virðingar og karlmenn.

Staða kvenna fer þó ekki endilega saman með lífskjörum, heldur ráða viðhorf meira þar um. Undanfarið hefur orðið mikil umræða um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum og konum sem er eitt alvarlegasta brot gegn mannhelgi. Við þessu ber að sporna. Lög um jafnrétti kynjanna eru mikilvæg sem og aðrar sértækar aðgerðir til að bæta stöðu kvenna. Jafnrétti í reynd kallar hins vegar á viðhorfsbreytingu.

Viðhorfum er viðhaldið eða breytt samfara félagsmótun barna og ungmenna sem einkum fer fram innan fjölskyldunnar og menntakerfisins. Gerð skyldunámsefnis um mannréttindi og misjöfn kjör kvenna á norðurslóðum og á Vestur-Norðurlöndum gæti verið lóð á vogarskálar viðhorfsbreytinga í þá veru að líta konur og karla sömu augum sem manneskjur sem njóti sömu mannréttinda og hafi sama rétt til mannhelgi.

Kerfisbundin söfnun upplýsinga um kjör kvenna á norðurslóðum er ekki fyrir hendi að Norðurlöndunum undanskildum. Það sama gildir um rannsóknir. Hins vegar liggja fyrir niðurstöður einnar viðamestu rannsóknar sem unnin hefur verið um lífskjör á norðurslóðum. Niðurstöðurnar voru birtar í lok mars 2007 og var um að ræða lokaskýrslu alþjóðlega rannsóknarverkefnisins SLiCA (e. Survey of Living Conditions in the Arctic) sem hófst árið 1997 og unnin var með tilstyrk ýmissa stofnana. Rannsóknin náði til norðurslóðasamfélaga Bandaríkjanna og Kanada, á Norðurlöndunum, þ.m.t. Vestur-Norðurlandanna að Færeyjum undanskildum, og samfélaga frumbyggja í Rússlandi.

Rannsóknina er hægt að nýta sem upplýsingaefni við gerð þess skyldunámsefnis sem mælt er með. Það sama gildir um bók um velferð á Vestur-Norðurlöndum, sem nýverið kom út og felur í sér samantekt á niðurstöðum rannsókna sem unnar voru fyrir tilstyrk Norrænu ráð-

herranefndarinnar. Annað efni og rannsóknir er vissulega ekki undanskilið en í báðum rannsóknarverkefnunum, sem nefnd hafa verið, er m.a. að finna upplýsingar um ólík kjör og hlutskipti kvenna á norðurslóðum, þ.m.t. jákvætt samfélagslegt hlutverk kvenna sem sterkra fyrirmynda og einstaklinga í samfélagi við karlmenn. Í samræmi við markmiðið með gerð námsefnisins yrði síðan að samþætta upplýsingar um mannréttindi og kvenréttindi eins og mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna og samninginn um afnám allrar mismununar gagnvart konum auk annars tengds efnis inn í námsefnið með það að markmiði að gera sambandinu á milli mannréttinda, menningar og stöðu kvenna skil.“

311. Tillaga til þingsályktunar [277. mál]

um samstarf milli slysavarnafélaga og björgunarsveita á sjó og landi í vestnorrænu löndunum.

Flm.: Karl V. Matthíasson, Árni Johnsen, Guðbjartur Hannesson,
Guðjón A. Kristjánsson, Guðni Ágústsson, Jón Gunnarsson.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að gera samkomulag við landsstjórnir Færeyja og Grænlands um að stuðla að og styrkja samstarf slysavarnafélaga og björgunarsveita á sjó og landi í löndunum þremur.

Greinargerð.

Tillaga þessi er sett fram á grundvelli ályktunar Vestnorræna ráðsins nr. 4/2007 sem samþykkt var á ársfundi ráðsins 23. ágúst 2007 í Nuuk á Grænlandi. Ályktun ráðsins hljóðar svo í íslenskri þýðingu:

„Vestnorræna ráðið skorar á ríkisstjórn Íslands og landsstjórnir Færeyja og Grænlands að gera með sér samkomulag um að stuðla að og styrkja samstarf slysavarnafélaga og björgunarsveita á sjó og landi í löndunum þremur.

Rökstuðningur.

Vestnorrænu löndin eiga margt sameiginlegt þegar kemur að veðurfari, landfræðilegum aðstæðum og búsetu. Veður geta verið válynd og löndin eru harð- og strjálbýl með fjölda afskekktra og fámennra byggðarlaga þar sem samgöngur eru erfiðar auk víðáttumikils hálendis. Auk þess er mikil sjósókn í öllum löndunum.

Löndin eiga því við sambærilegar aðstæður að glíma þegar kemur að viðbúnaði og viðbrögðum við slysum og náttúruhamförum. Til dæmis eru leitarsvæði stundum afar stór, hvort sem er á sjó eða landi, aftakaveður getur gert björgunaraðgerðir erfiðar og fleira mætti telja. Fátt er því þýðingarmeira en að björgunarsveitir séu ætíð í viðbragðsstöðu og hljóti eins góða þjálfun og kostur er.

Sambærilegar aðstæður í löndunum kalla á sams konar sérhæfingu á sviði land- og sjóbjörgunar. Þekking, reynsla og geta í slysa- og björgunarmálum er hins vegar mislangt á veg komin í vestnorrænu löndunum. Slysavarnafélög og björgunarsveitir eru starfræktar á Íslandi og Færeyjum. Á Íslandi eru björgunar- og slysavarnasveitir byggðar upp á sjálfboðaliðum, sem hefur gefið mjög góða raun, og í áranna rás hefur byggst upp mikil þekking, reynsla og geta. Undanfarin ár hefur verið unnið markvisst að því að auka þekkingu og getu á sviði slysavarna og björgunar bæði í Færeyjum og á Grænlandi.

Gagnkvæm kynning og innbyrðis samstarf milli aðila á sviði slysavarna og björgunar í vestnorrænu löndunum er hafið upp að vissu marki. Það er allra hagur að slíkt samstarf sé aukið enn frekar í ljósi þess hversu mikið löndin geta lært hvert af öðru. Aukin samvinna milli slysavarnafélaga og björgunarsveita í vestnorrænu löndunum væri því allra hagur. Markmið slíks samstarfs yrði einkum að miðla þekkingu og reynslu á sviði slysavarna og björgunarmála, koma á samvinnu um uppbyggingu slysavarnafélaga og björgunarsveita, auk þjálfunar og útgáfu fræðsluefnis.

Stjórnvöld landanna eru því hvött til að veita björgunarsveitum og slysavarnafélögum í löndunum stuðning til frekari samvinnu, ekki síst á sviði uppbyggingar björgunarsveita þar sem þeirra er þörf.“

312. Tillaga til þingsályktunar [278. mál]

um aukna samvinnu milli vestnorrænu landanna um rannsóknir á helstu nytjastofnum sjávar innan lögsögu þeirra.

Flm.: Karl V. Matthíasson, Árni Johnsen, Guðbjartur Hannesson, Guðjón A. Kristjánsson, Guðni Ágústsson, Jón Gunnarsson.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að gera samkomulag við landsstjórnir Færeyja og Grænlands um að koma á reglubundinni samvinnu milli landanna um stofnstærðarrannsóknir á helstu nytjastofnum sjávar innan lögsögu þeirra, frekari samræmingu rannsóknaraðferða og skilvirkari upplýsingagjöf um útbreiðslu fiskstofna og sjávarspendýra.

Greinargerð.

Tillaga þessi er sett fram á grundvelli ályktunar Vestnorræna ráðsins nr. 5/2007 sem samþykkt var á ársfundi ráðsins 23. ágúst 2007 í Nuuk á Grænlandi. Ályktun ráðsins hljóðar svo í íslenskri þýðingu:

„Vestnorræna ráðið skorar á landsstjórnir Færeyja og Grænlands og ríkisstjórn Íslands að koma á reglubundinni samvinnu um stofnstærðarrannsóknir helstu nytjastofna sjávar innan lögsögu landanna, einkum þeirra sem eru sameiginlegir, og frekari samræmingu rannsóknaraðferða til að auðvelda raunhæfan samanburð milli landanna. Jafnframt er skorað á stjórnvöld landanna að láta rannsaka betur orsakasambandið milli stofnstærða annars vegar og umhverfisþátta, afráns og veiða hins vegar og að koma á skilvirkari upplýsingagjöf milli landanna um útbreiðslu fiskstofna og sjávarspendýra.

Rökstuðningur.

Vestnorrænu löndin eiga afkomu sína mikið undir sjávarútvegi. Löndin skortir nægilega samræmd gögn til að ákvarða ástand og þar með nýtingu fiskstofna, sérstaklega hvað varðar sameiginlega stofna. Því ber að vinna að frekara samræmi í aðferðunum sem Færeyjar, Grænland og Ísland beita við rannsóknir á nytjastofnum sínum til að auðvelda samanburð og fá heildarmynd af ástandi fiskistofna, ekki síst flökkustofna, sem fara úr einni lögsögu yfir í aðra.

Á sama hátt og sjálfbærar veiðar er hagsmunamál allra landanna er mikilvægt að ákvarðanir um árlegan heildarkvóta fyrir veiðar á einstökum fisktegundum séu byggðar á vísindalegu mati um stofnstærð. Það á ekki síst við um þrjá af helstu nytjastofnum landanna, þ.e.

þorsk, grálúðu og karfa, sem jafnframt eru sameiginlegir stofnar. Nýverið hafa niðurstöður mælinga hafrannsóknastofnana landanna gefið til kynna að ástand þorskstofnsins innan lögsögu hvers lands fyrir sig sé misjafnt. Mat á stærð þorskstofnsins innan lögsögu Íslands og Færeyja sýnir að hann fer minnkandi á meðan þorskstofninn undan austurströnd Grænlands fer stækkandi. Í þeim tilvikum hins vegar þar sem veiðarfæri hafa eingöngu verið notuð til þorskveiða en ekki til veiða á öðrum fisktegundum hefur það sýnt sig að afli á sóknareiningu hefur verið mikill andstætt niðurstöðum framangreindra mælinga hérlendis.

Ósamræmi þetta sýnir fram á mikilvægi rannsóknaraðferða við mat á stofnstærð og vekur upp spurningar um t.d. hversu marktækur munurinn á stærð þorskstofnsins milli landanna sé. Formleg samvinna á sviði stofnstærðarmælinga og frekari samræming á rannsóknaraðferðum mundi gera það auðveldara að fá heildarmynd af raunverulegu ástandi fiskstofna, sem aftur á móti er mikilvægt skref í þá veru að stuðla að sjálfbærum veiðum. Samtímis er mikilvægt að kanna samspilið á milli stofnstærða annars vegar og umhverfisþátta eins og hitastigs sjávar, stefnu og/eða breytinga á flæði hafstrauma, þ.m.t. djúpsjávarstrauma, auk fæðuframboðs, afráns og veiða hins vegar til að rannsaka hvað ræður mestu um breytingar á hreyfingum og stærð nytjastofna.*

Samvinna um stofnstærðarrannsóknir á helstu nytjastofnum hefur verið takmörkuð. Í þeim tilvikum, sem samvinna hefur átt sér stað, hefur hún ekki verið regluleg heldur háð frumkvæði einstaklinga sem sækja um styrk til einstakra samstarfsverkefna. Sem dæmi má nefna samstarf Íslendinga og Grænlendinga haustið 2006 um rannsóknir á grálúðu og karfa. Sú samvinna fól m.a. í sér stöðlun veiðarfæra til að geta reiknað út veiðihlutfall mismunandi veiðarfæra, sem er ein meginforsenda raunhæfs samanburðar á rannsóknarniðurstöðum.

Í ljósi þess sem að framan er greint og vísbendinga um breytingar á stærð helstu nytjastofna er skorað á stjórnvöld Vestur-Norðurlanda að koma á þeirri samvinnu, sem mælt er með, með formlegum hætti og á grundvelli fastra fjárframlaga svo að hægt sé að stuðla að sem sjálfbærustum veiðum til framtíðar.“

* Aukin samvinna á þessu sviði mundi vera gott framhald á Vestnorræna sjávar- og loftslagsrannsóknarverkefninu (Vestnordisk Oceanklima Forskningsprogram). Það var samstarfsverkefni Náttúrufræðistofnunar Grænlands (Naturinstituttet í Grønland), Hafrannsóknastofnunar Íslands, Fiskirannsóknarstofu Færeyja, Nansen-miðstöðvarinnar í Noregi og Veðurfræðistofnunar Danmerkur (Meteorologisk Institut í Danmark) þar sem sambandið milli loftslagsbreytinga og breytinga í Norðurhöfum annars vegar og fiskstofna hins vegar var rannsakað. Verkefnið var styrkt af norrænu ráðherranefndinni og stóð frá árinu 2000 til loka árs 2006.

313. Fyrirspurn [279. mál]

til heilbrigðisráðherra um fé til forvarna.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hve miklu fé hefur verið varið til forvarna í heilbrigðisráðuneytinu árlega sl. 5 ár?
2. Hvaða þætti skilgreinir ráðuneytið sem forvarnir og hversu há upphæð fór árlega til hvers þeirra sl. 5 ár?

Skriflegt svar óskast.

314. Fyrirspurn [280. mál]

til menntamálaráðherra um fé til forvarna.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hve miklu fé hefur verið varið til forvarna í menntamálaráðuneytinu árlega sl. 5 ár?
2. Hvaða þætti skilgreinir ráðuneytið sem forvarnir og hversu há upphæð fór árlega til hvers þeirra sl. 5 ár?

Skriflegt svar óskast.

315. Fyrirspurn [281. mál]

til félagsmálaráðherra um fé til forvarna.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hve miklu fé hefur verið varið til forvarna í félagsmálaráðuneytinu árlega sl. 5 ár?
2. Hvaða þætti skilgreinir ráðuneytið sem forvarnir og hversu há upphæð fór árlega til hvers þeirra sl. 5 ár?

Skriflegt svar óskast.

316. Fyrirspurn [282. mál]

til fjármálaráðherra um heildarfjölda ársverka í opinberum stofnunum.

Frá Ármanni Kr. Ólafssyni.

Hver hefur verið þróun heildarfjölda ársverka í dagvinnu í opinberum stofnunum sl. 10 ár? Svar óskast sundurliðað eftir árum og ráðuneytum sem stofnanirnar heyra undir.

Skriflegt svar óskast.

317. Fyrirspurn [283. mál]

til landbúnaðarráðherra um innflutning og eftirlit með innfluttu kjöti.

Frá Þuríði Backman.

1. Hversu mikið kjöt, flokkað eftir kjöttegundum, var flutt inn árið 2006 frá
   a. löndum innan ESB,
   b. löndum utan ESB?
2. Hvernig er heilbrigðiseftirliti með þeim innflutningi háttað og hvert er umfang þess?
3. Hvernig er sýnataka úr innfluttu kjöti skipulögð? Eru sýni tekin annars vegar úr kjöti sem fer beint í verslanir og hins vegar því sem fer til kjötvinnslustöðva? Hvaða þættir eru skoðaðir í slíkum sýnum (salmonella, lyf, gerlar o.s.frv.)?
4. Hversu mörg sýni voru tekin úr innfluttu kjöti á árinu 2006 annars vegar frá ESB-löndum og hins vegar frá löndum utan ESB?
5. Hefur sýnataka leitt til förgunar á innfluttu kjöti?
6. Hvaða tryggingu hafa neytendur fyrir því að kjöt sem kemur fryst til landsins hafi verið geymt við tilskildar aðstæður þar til það kemur í verslanir, svo sem að hitastig og umbúnaður í geymslu og flutningi standist íslenskar kröfur?
7. Skarast eftirlit Umhverfisstofnunar og Landbúnaðarstofnunar með innflutningi á kjöti eða skortir samhæfingu á milli stofnananna?
8. Hefur verið tekin ákvörðun um skipulag matvælaeftirlits á innfluttu kjöti í fyrirhuguðu landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneyti, og ef svo er, hvernig verður því háttað?

Skriflegt svar óskast.

318. Fyrirspurn [284. mál]

til heilbrigðisráðherra um aðgreiningu kynjanna við fæðingu.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hvernig hefur sú hefð mótast á fæðingardeildum opinberra sjúkrastofnana að nýfædd stúlkubörn eru klædd í bleikt en drengir í blátt og þeir auðkenndir með bláum armböndum og stúlkur með bleikum?
2. Telur ráðherra koma til greina að þeirri hefð verði breytt á þann veg að nýfædd börn verði ekki aðgreind eftir kyni með bleikum og bláum armböndum og að þau verði framvegis klædd í hvítt eða aðra kynhlutlausari liti?

319. Frumvarp til laga [285. mál]

um grunnskóla

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

I. KAFLI
Gildissvið, hlutverk grunnskóla og skólaskylda.

1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi taka til grunnskóla á vegum sveitarfélaga, til sjálfstætt rekinna grunnskóla sem hlotið hafa viðurkenningu samkvæmt lögum þessum og til viðurkennds náms á grunnskólastigi. Skólar sem bjóða nám á grunnskólastigi nefnast grunnskólar.

2. gr.
Markmið.

Hlutverk grunnskóla, í samvinnu við heimilin, er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Starfshættir grunnskóla skulu mótast af umburðarlyndi, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi. Þá skal grunnskóli leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við stöðu og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins.

Grunnskóli skal stuðla að víðsýni hjá nemendum og efla skilning þeirra á íslensku samfélagi, sögu þess og sérkennum, högum fólks og á skyldum einstaklingsins við samfélagið, umhverfið og umheiminn. Nemendum skal veitt tækifæri til að nýta sköpunarkraft sinn og að afla sér þekkingar og leikni í stöðugri viðleitni til menntunar og þroska. Skólastarfið skal leggja grundvöll að frumkvæði og sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfa hæfni þeirra til samstarfs við aðra.

Grunnskóli skal stuðla að góðu samstarfi heimilis og skóla með það að markmiði að tryggja farsælt skólastarf, almenna velferð og öryggi nemenda.

3. gr.
Skólaskylda.

Skólaskylda á grunnskólastigi er að jafnaði í tíu ár, en getur verið skemmri, sbr. 32. gr. Öllum börnum, að jafnaði á aldrinum 6–16 ára, er skylt að sækja grunnskóla.

Foreldrar gæta hagsmuna barna sinna á skólaskyldualdri. Foreldri samkvæmt lögum þessum teljast þeir sem fara með forsjá barns í skilningi barnalaga.

II. KAFLI
Stjórnskipan grunnskóla.

4. gr.
Yfirstjórn.

Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn þeirra málefna sem lög þessi taka til, setur grunnskólum aðalnámskrá, leggur grunnskólum til námsgögn, hefur eftirlit með gæðum skólastarfs, annast öflun, greiningu og miðlun upplýsinga, styður þróunarstarf í skólum og hefur úrskurðarvald í ágreiningsmálum eftir því sem lög þessi kveða á um. Menntamálaráðuneyti

hefur eftirlit með því að sveitarfélög uppfylli þær skyldur sem lög þessi, reglugerðir og reglur settar samkvæmt þeim og aðalnámskrá grunnskóla kveða á um. Ráðherra skal á þriggja ára fresti leggja fram á Alþingi skýrslu um framkvæmd skólastarfs í grunnskólum landsins sem byggist m.a. á skýrslum sveitarfélaga um skólahald skv. 37. gr.

5. gr.

Sveitarfélög.

Rekstur almennra grunnskóla er á ábyrgð og kostnað sveitarfélaga. Sveitarfélög bera ábyrgð á heildarskipan skólahalds í grunnskólum sveitarfélagsins, þróun einstakra skóla, húsnæði og búnaði grunnskóla, sérúrræðum grunnskóla, sérfræðiþjónustu, mati og eftirliti, öflun og miðlun upplýsinga og á framkvæmd grunnskólastarfs í sveitarfélaginu. Sveitarfélög setja almenna stefnu um grunnskólahald í sveitarfélaginu og kynna fyrir íbúum þess.

Sveitarfélög bera ábyrgð á samstarfi skóla við aðila utan hans.

Sveitarfélögum er skylt að sjá til þess að skólaskyld börn skv. 3. gr. sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu njóti skólavistar eftir því sem nánar segir í lögum þessum. Jafnframt hvíla sömu skyldur á sveitarfélögum ef sá er fer með forsjá barns á lögheimili í sveitarfélaginu, enda semji sveitarfélög sín á milli um skólavist barna, sbr. 5. mgr.

Liggi ekki fyrir ákvörðun stjórnvalds um lögheimili barns kveður sveitarstjórn á um skólaskyldu þess, enda búi barnið í sveitarfélaginu og leitað hafi verið eftir innritun þess í skóla, sbr. 19. gr. Synjun sveitarstjórnar er kæranleg eftir fyrirmælum 47. gr. Í úrskurði getur menntamálaráðuneyti lagt fyrir sveitarfélag að tryggja barni skólavist innan sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn í sveitarfélagi þar sem barn á lögheimili getur samið við annað sveitarfélag um að veita barninu skólavist þannig að viðtökusveitarfélag hafi sömu skyldur gagnvart skólavist þess og ætti það lögheimili þar.

6. gr.

Skólanefnd.

Í hverju sveitarfélagi skal í umboði sveitarstjórnar vera skólanefnd sem fer með málefni grunnskóla eftir því sem lög og reglugerðir ákveða og sveitarstjórn eða sveitarstjórnir kunna að fela henni.

Meginhlutverk skólanefndar er sem hér segir:

a. að sjá til þess að öll skólaskyld börn í sveitarfélaginu njóti lögboðinnar fræðslu,
b. að staðfesta starfsáætlun skóla ár hvert,
c. að fylgjast með framkvæmd náms og kennslu í sveitarfélaginu og gerð skólanámskrár og gera tillögur til skólastjóra og/eða sveitarstjórnar um umbætur í skólastarfi,
d. að fylgjast með og stuðla að því að nemendum og skólum sé tryggður aðgangur að sérfræðiþjónustu,
e. að jafnan sé fyrir hendi viðeigandi húsnæði fyrir kennslu og annar aðbúnaður, þ.m.t. útivistar- og leiksvæði nemenda,
f. að hafa eftirlit með að ákvæði laga og reglugerða séu uppfyllt og gera tillögur til sveitarstjórnar um úrbætur,
g. að stuðla að tengslum og samstarfi leikskóla og grunnskóla annars vegar og grunnskóla og framhaldsskóla hins vegar.

Skólanefnd skal kosin af hlutaðeigandi sveitarstjórn í upphafi hvers kjörtímabils. Um kosningu í skólanefnd og starfshætti fer samkvæmt sveitarstjórnarlögum og samþykktum við-

komandi sveitarfélags. Varamenn í skólanefndum skulu vera jafnmargir aðalmönnum og kosnir á sama hátt.

Skólastjórar, grunnskólakennarar og foreldrar í sveitarfélagi kjósa hver úr sínum hópi aðal- og varamann til setu á skólanefndarfundum með málfrelsi og tillögurétt.

Þegar skólanefnd fær til meðferðar kærumál samkvæmt ákvæðum laga þessara gilda um meðferð kærumálsins reglur stjórnsýslulaga. Um sérstakt hæfi nefndarmanna og annarra fulltrúa sem rétt hafa til að sitja fundi nefndarinnar gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga.

7. gr.

Skólastjóri.

Við grunnskóla skal vera skólastjóri sem er forstöðumaður grunnskóla, stjórnar honum, veitir faglega forustu og ber ábyrgð á starfi skólans gagnvart sveitarstjórn. Skólastjóri stuðlar að samstarfi allra aðila skólasamfélagsins. Skólastjóri boðar til kennara- og starfsmannafunda svo oft sem þurfa þykir.

Skólastjóri gerir tillögur til sveitarstjórnar um fyrirkomulag stjórnunar í grunnskóla með tilliti til þarfa viðkomandi skóla. Skólastjóri ákveður verksvið annarra stjórnenda skólans og skal einn þeirra vera staðgengill skólastjóra.

Hafi grunnskóli færri en 60 nemendur, og ef ekki er annar stjórnandi, ákveður skólastjóri í upphafi skólaárs hver af föstum kennurum skólans skuli annast skólastjórn í forföllum hans.

8. gr.

Skólaráð.

Við grunnskóla skal starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Skólanefnd, sbr. 6. gr., getur með samþykki sveitarstjórnar falið skólaráðum einstakra skóla ákveðin verkefni þessu til viðbótar.

Skólaráð skal skipað sjö einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks í viðkomandi skóla og tveimur fulltrúum foreldra, auk skólastjóra sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Skólaráð velur að auki einn fulltrúa grenndarsamfélags til að sitja í ráðinu eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra. Fulltrúar nemenda skulu eiga kost á að taka þátt í umræðum skólaráðs þegar fjallað er um velferðar- og hagsmunamál nemenda eftir nánari ákvörðun ráðsins. Auk þess skal skólastjóri boða til sameiginlegs fundar skólaráðs og stjórnar nemendafélags að lágmarki einu sinni á ári.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um starfsemi skólaráða í samráði við samtök sveitarfélaga, kennara og foreldra.

9. gr.

Foreldrafélag.

Við grunnskóla skal starfa foreldrafélag. Skólastjóri er ábyrgur fyrir stofnun þess og sér til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Hlutverk foreldrafélags er að styðja skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla.

Foreldrafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð.

10. gr.
Nemendafélag.

Við grunnskóla skal starfa nemendafélag og er skólastjóri ábyrgur fyrir stofnun þess. Nemendafélag vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda og skal skólastjóri sjá til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum.

Nemendafélag skal fá árlega starfsáætlun skóla til umsagnar og aðrar áætlanir er varða skólahaldið. Jafnframt skal nemendafélag fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin.

Nemendafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa þess til þátttöku í umræðum skólaráðs skv. 2. mgr. 8. gr.

III. KAFLI
Starfslið grunnskóla.

11. gr.
Starfslið.

Um ráðningu skólastjóra og starfsliðs grunnskóla fer eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaga og nánari fyrirmælum í samþykkt um stjórn sveitarfélags eftir því sem við á.

Um skilyrði þess að hljóta ráðningu sem skólastjóri, stjórnandi eða kennari í grunnskóla fer samkvæmt gildandi lögum þar um.

Óheimilt er að ráða einstakling til starfa við grunnskóla sem hlotið hefur refsidóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Við ráðningu skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild skólastjóra til að afla upplýsinga úr sakaskrá.

12. gr.
Símenntun.

Að frumkvæði skólastjóra mótar hver skóli áætlun til ákveðins tíma um hvernig símenntun kennara og annars starfsfólks hans skuli hagað svo að hún sé í sem bestu samræmi við áherslur skólans, sveitarfélagsins og aðalnámskrár.

Kennarar og skólastjórar grunnskóla skulu eiga kost á reglulegri símenntun í þeim tilgangi að efla starfshæfni sína. Þeir skulu einnig eiga kost á námsleyfum.

Sveitarfélög skulu greiða upphæð er svarar til 1,3% af dagvinnulaunum kennara og skólastjóra í sveitarfélaginu í sérstakan sjóð er Samband íslenskra sveitarfélaga annast rekstur á og varðveitir. Úr sjóði þessum skulu greidd laun kennara og skólastjóra við grunnskóla vegna námsleyfa allt að einu ári. Sjóðurinn ráðstafar einnig þeim fjármunum sem ríkið veitir til símenntunar kennara og skólastjóra. Samband íslenskra sveitarfélaga skipar fimm menn í stjórn sjóðsins, tvo tilnefnda af Kennarasambandi Íslands og þrjá af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Stjórn sjóðsins setur sér starfsreglur og birtir þær.

IV. KAFLI
Nemendur.

13. gr.
Réttur nemenda.

Grunnskóli er vinnustaður nemenda. Allir nemendur grunnskóla eiga rétt á kennslu við sitt hæfi í hvetjandi námsumhverfi í viðeigandi húsnæði sem tekur mið af þörfum þeirra og almennri vellíðan. Grunnskóli skal í hvívetna haga störfum sínum þannig að nemendur finni til öryggis og njóti hæfileika sinna. Nemendur eiga rétt á því að njóta bernsku sinnar í öllu starfi á vegum skólans. Þess skal gætt að vinnuálag í skóla sé hæfilegt þannig að nemendur fái nægjanlega hvíld frá skipulögðu starfi innan hvers skóladags og skólaárs, svo sem með samfelldu jóla- og páskaleyfi. Nemendur eiga rétt á því að koma sjónarmiðum sínum á framfæri varðandi námsumhverfi, námstilhögun og fyrirkomulag skólastarfs.

Hver nemandi skal hafa umsjónarkennara. Umsjónarkennari fylgist náið með námi nemenda sinna og þroska, líðan og almennri velferð, leiðbeinir þeim í námi og starfi, aðstoðar og ráðleggur þeim um persónuleg mál og stuðlar að því að efla samstarf skóla og heimila.

Nemendur eiga rétt á að njóta námsráðgjafar í grunnskóla og ráðgjafar um náms- og starfsval.

14. gr.
Ábyrgð nemenda.

Nemendur bera ábyrgð á eigin námi og á framkomu sinni og samskiptum með hliðsjón af aldri.

Nemendum ber að hlíta fyrirmælum kennara og starfsfólks grunnskóla í öllu því sem skólann varðar, fara eftir skólareglum og fylgja almennum umgengnisreglum í samskiptum við starfsfólk og skólasystkin.

Ef hegðun nemanda reynist verulega áfátt ber kennara hans að leita orsaka þess og reyna að ráða á því bót, m.a. með viðtölum við nemandann sjálfan og foreldra hans. Verði samt ekki breyting á til batnaðar skal kennari leita aðstoðar skólastjóra og sérfróðra ráðgjafa skólans sem leita leiða til úrbóta, eftir atvikum að teknu tilliti til hlutverks barnaverndaryfirvalda.

Meðan mál skv. 3. mgr. er óútkljáð getur skólastjóri vísað nemanda úr skóla um stundarsakir eða ótímabundið, enda tilkynni hann foreldrum nemanda og skólanefnd tafarlaust þá ákvörðun. Um slíka ákvörðun gilda ákvæði stjórnsýslulaga. Skólanefnd er skylt innan hæfilegs tíma að tryggja nemanda, sem vikið hefur verið úr skóla, viðeigandi kennsluúrræði.

Ákvörðun skv. 4. mgr. er kæranleg eftir fyrirmælum 47. gr. Hafi sveitarfélag ekki séð nemanda fyrir kennslu getur ráðuneytið í úrskurði sínum lagt fyrir sveitarfélag að tryggja nemanda nánar tiltekin kennsluúrræði innan tilskilins tíma.

Ráðherra mælir nánar fyrir um framkvæmd þessarar greinar í reglugerð.

15. gr.
Skólaskylda.

Nemendum er skylt að sækja grunnskóla, sbr. 3. gr. Skólaskyldu er unnt að fullnægja í grunnskólum á vegum sveitarfélaga, í sjálfstætt reknum grunnskólum eða með öðrum viðurkenndum hætti samkvæmt lögum þessum.

Skólaskylda barns hefst að jafnaði við upphaf skólaárs á því almanaksári sem barnið verður sex ára. Foreldrar barns geta sótt um eða samþykkt að það hefji skólagöngu fyrr eða síðar. Skólastjóri getur veitt slíka heimild að fenginni umsögn sérfræðiþjónustu.

Skólastjóra er heimilt að veita nemanda undanþágu frá skyldunámi í tiltekinni námsgrein ef gild rök mæla með því. Enn fremur er skólastjóra heimilt að viðurkenna nám utan grunnskóla sem jafngildi grunnskólanáms.

Sæki foreldrar skólaskylds barns um tímabundna undanþágu þess frá skólasókn í einstökum námsgreinum eða að öllu leyti er skólastjóra heimilt að veita slíka undanþágu telji hann til þess gildar ástæður. Foreldrar skulu þá sjá til þess að nemandinn vinni upp það sem hann kann að missa úr námi meðan á undanþágu stendur.

Um ákvörðun um veitingu undanþágu eða synjun hennar, sbr. 3. og 4. mgr., gilda ákvæði stjórnsýslulaga. Slík ákvörðun er kæranleg eftir fyrirmælum 47. gr. Í úrskurði getur ráðherra mælt fyrir um að undanþága verði veitt í heild eða að hluta, jafnvel þó að af hálfu sveitarfélags hafi ekki verið fallist á slíka beiðni.

Setja skal viðmiðanir um undanþágur samkvæmt þessari grein í aðalnámskrá grunnskóla.

16. gr.

Móttökuáætlun og nemendur með annað móðurmál en íslensku.

Grunnskólar taka á móti nemendum sem eru að hefja skólagöngu, eru að skipta um skóla eða hefja nám sitt hér á landi, samkvæmt móttökuáætlun skóla eða sveitarfélags. Foreldrum skulu á þeim tímamótum veittar upplýsingar um skólagöngu barnsins og skólastarfið almennt og foreldrum með annað móðurmál en íslensku og heyrnarlausum foreldrum greint frá möguleikum á túlkaþjónustu.

Móttökuáætlun vegna nemenda með annað móðurmál en íslensku skal taka mið af bakgrunni þeirra, tungumálafærni og færni á öðrum námssviðum. Tryggja skal að þessir nemendur og foreldrar þeirra fái ráðgjöf og aðgang að upplýsingum um grunnskólastarf.

Nemendur með annað móðurmál en íslensku eiga rétt á kennslu í íslensku sem öðru tungumáli. Með kennslunni er stefnt að virku tvítyngi þessara nemenda og að þeir geti stundað nám í grunnskólum og tekið virkan þátt í íslensku samfélagi. Grunnskólum er heimilt að viðurkenna kunnáttu í móðurmáli nemenda með annað móðurmál en íslensku sem hluta af skyldunámi er komi í stað skyldunáms í erlendu tungumáli.

17. gr.

Nemendur með sérþarfir.

Nemendur eiga rétt á að komið sé til móts við námsþarfir þeirra í almennum grunnskóla án aðgreiningar, án tillits til líkamlegs eða andlegs atgervis.

Nemendur sem eiga erfitt með nám sökum sértækra námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra örðugleika og/eða fötlunar, sbr. 2. gr. laga um málefni fatlaðra, nemendur með leshömlun, langveikir nemendur og aðrir nemendur með heilsutengdar sérþarfir eiga rétt á sérstökum stuðningi í námi í samræmi við metnar sérþarfir.

Nemendur sem að mati læknis geta ekki sótt skóla vegna slyss eða langvarandi veikinda eiga rétt til sjúkrakennslu annaðhvort á heimili sínu eða á sjúkrastofnun. Sjúkrakennsla er á ábyrgð viðkomandi sveitarfélags.

Telji foreldrar barns, skólastjórar, kennarar eða aðrir sérfræðingar að það fái ekki notið kennslu við sitt hæfi í almennum grunnskóla geta foreldrar sótt um skólavist fyrir barnið í sérúrræði innan grunnskóla eða í sérskóla.

Ef ekki næst samkomulag milli foreldra og grunnskóla um fyrirkomulag skólavistunar nemanda samkvæmt þessari grein skal skólastjóri taka ákvörðun í málinu. Gilda um þá ákvörðun ákvæði stjórnsýslulaga. Ákvörðun er kæranleg eftir fyrirmælum 47. gr. laganna.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar og málsmeðferð. Þegar ráðuneytið kveður upp úrskurð í málum sem því berast á grundvelli þessarar greinar er því heimilt að mæla nánar fyrir um fyrirkomulag skólavistunar nemanda og skyldur sveitarfélags í því efni.

V. KAFLI
Foreldrar.

18. gr.
Foreldrar og meðferð upplýsinga.

Foreldrar skulu gæta hagsmuna barna sinna á skólaskyldualdri. Foreldrar eiga rétt á að velja grunnskóla innan sveitarfélags fyrir börn sín, samkvæmt reglum sveitarfélagsins. Jafnframt skulu þeir eiga rétt á upplýsingum um skólastarfið og skólagöngu barna sinna.

Foreldrum er skylt að veita grunnskóla upplýsingar um barn sitt sem kunna að skipta máli fyrir skólastarfið og velferð þess. Um persónuupplýsingar sem þannig er aflað eða fylgt hafa barni úr leikskóla er krafist fullrar þagnarskyldu og málsmeðferðar í samræmi við gildandi lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Foreldrum skal gerð grein fyrir þessum upplýsingum. Meðferð upplýsinga skal vera á hendi skólastjóra eða annarra sérfræðinga á vegum sveitarfélagsins samkvæmt nánari ákvörðun þess. Ráðherra setur reglugerð um meðferð upplýsinga og um rétt foreldra til aðgangs að upplýsingum um börn sín.

Foreldrar skulu hafa samráð við skólann um skólagöngu barna sinna, fylgjast með og styðja við skólagöngu þeirra og námsframvindu og stuðla að því að börnin mæti úthvíld í skólann og fylgi skólareglum. Þeir skulu fá tækifæri til að taka þátt í námi barnsins, svo og í skólastarfinu almennt.

Eigi í hlut foreldrar sem ekki tala íslensku eða nota táknmál skal skóli leitast við að tryggja túlkun á upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna samskipta foreldra og skóla samkvæmt þessari grein.

19. gr.
Ábyrgð foreldra.

Foreldrar skólaskylds barns bera ábyrgð á að það innritist í skóla þegar það kemst á skólaskyldualdur og sæki skóla. Verði misbrestur á skólasókn skólaskylds barns, án þess að veikindi eða aðrar gildar ástæður hamli, skal skólastjóri leita lausna og taka ákvörðun um úrbætur. Jafnframt skal hann tilkynna barnaverndaryfirvöldum um málið. Skólastjóri skal fara að ákvæðum stjórnsýslulaga við meðferð málsins. Ákvörðun er kæranleg eftir fyrirmælum 47. gr.

Í úrskurði getur menntamálaráðuneyti lagt fyrir sveitarfélag að tryggja nemanda tiltekin kennsluúrræði, þ.m.t. að veita honum aðgang að tilteknum skóla innan sveitarfélagsins.

VI. KAFLI
Skólahúsnæði og aðstaða í grunnskólum.

20. gr.
Skólamannvirki.

Gerð skólamannvirkja er undirbúin af sveitarstjórn í samráði við skólanefnd og skólaráð. Stofnkostnaður grunnskóla á vegum sveitarfélaga greiðist af viðkomandi sveitarfélagi. Sveitarfélög annast einnig og kosta viðhald skólahúsnæðis og endurnýjun og viðhald búnaðar þess.

Grunnskólahúsnæði og skólalóðir skulu uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í lögum þessum, lögum um vinnuvernd og aðalnámskrá grunnskóla. Húsnæði og allur aðbúnaður skal taka mið af því að tryggja öryggi og vellíðan nemenda, svo sem hvað varðar hentugan húsbúnað, hljóðvist, lýsingu og loftræstingu.

Við hönnun, byggingu og endurnýjun skólahúsnæðis skulu sveitarfélög hafa samráð við hagsmunaaðila skólasamfélagsins og aðila í grenndarsamfélagi við hönnun grunnskólahúsnæðis.

Ráðherra setur reglugerð um húsnæði og búnað grunnskóla í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga þar sem nánar skal kveðið á um aðstöðu, búnað, slysavarnir og öryggismál í grunnskólahúsnæði og á skólalóðum.

21. gr.

Umsjón skólamannvirkja.

Skólastjóri skal sjá um daglega umsjón skólamannvirkja samkvæmt nánari ákvörðun sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn getur í samráði við skólastjóra ráðstafað skólahúsnæði öllu eða hluta þess til annarrar starfsemi svo fremi sem það raskar ekki lögbundinni notkun húsnæðisins.

22. gr.

Skólaakstur.

Sveitarfélög bera ábyrgð á skipulagi skólaaksturs þar sem hann á við og standa straum af kostnaðinum. Ráðherra setur nánari reglur um tilhögun skólaaksturs í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Skólaakstur skal vera nemendum að kostnaðarlausu.

23. gr.

Skólamálsverðir.

Í grunnskóla skulu nemendur eiga kost á málsverði á skólatíma í samræmi við opinber manneldismarkmið. Sveitarfélögum er heimilt að taka gjald fyrir skólamáltíðir samkvæmt sérstakri gjaldskrá sem þau setja.

Gjaldskrárákvarðanir samkvæmt þessari grein eru kæranlegar eftir fyrirmælum 47. gr.

VII. KAFLI
Inntak náms, námsskipan, námsframboð, námsmat og starfstími.

24. gr.

Aðalnámskrá.

Ráðherra setur grunnskólum aðalnámskrá sem er endurskoðuð reglulega. Í henni er m.a. kveðið nánar á um uppeldishlutverk grunnskólans og meginstefnu í kennslu og kennsluskipan í samræmi við hlutverk grunnskólans, sbr. 2. gr. Í aðalnámskrá skal m.a. leggja áherslu á:

a. sjálfsvitund, siðgæðisvitund, félagsvitund og vitund nemenda um borgaralega ábyrgð og skyldur,
b. líkamlega og andlega velferð, heilbrigða lífshætti og ábyrga umgengni við líf og umhverfi,
c. þjálfun í íslensku í öllu námi,
d. leikræna og listræna tjáningu,
e. hæfni nemenda til að skilja orsakasamhengi og draga rökréttar ályktanir,
f. skilning og frjótt og skapandi starf, nýsköpun og frumkvöðlanám,

g. jafnvægi milli bóklegs og verklegs náms,
h. leik barna sem náms- og þroskaleið,
i. nám sem nýtist nemendum í daglegu lífi og við frekara nám og starf,
j. undirbúning beggja kynja jafnt undir virka þátttöku í samfélaginu, fjölskyldulífi og atvinnulífi,
k. margvíslegar leiðir við öflun þekkingar með notkun tæknimiðla, upplýsingatækni og safna- og heimildavinnu,
l. náms- og starfsfræðslu og kynningu á atvinnulífi og námsleiðum til undirbúnings náms- og starfsvali.

Í aðalnámskrá og við skipulagningu náms og kennslu og við gerð og val námsgagna skal þess sérstaklega gætt að allir nemendur fái jöfn tækifæri til náms og eigi þess kost að velja sér viðfangsefni og nálgun í eigin námi.

Markmið náms og kennslu og starfshættir grunnskóla skulu vera þannig að komið sé í veg fyrir mismunun vegna uppruna, kyns, kynhneigðar, búsetu, stéttar, trúarbragða, heilsufars, fötlunar eða stöðu að öðru leyti.

Í öllu skólastarfi skal stuðla að heilbrigðum lífsháttum og taka mið af persónugerð, þroska, hæfileikum, getu og áhugasviðum hvers og eins.

25. gr.

Markmið náms.

Í aðalnámskrá skal kveðið á um meginmarkmið náms og kennslu, uppbyggingu og skipan náms, svo og hlutfallslega skiptingu tíma milli námssviða og námsgreina í grunnskóla. Þess skal gætt að námið verði sem heildstæðast, en hver grunnskóli ákveði hvort námsgreinar og námssvið eru kennd aðgreind eða samþætt. Í aðalnámskrá skal skilgreina þekkingar- og hæfniþætti á hverju námssviði. Nemendur skulu eiga þess kost að uppfylla námsmarkmið einstakra námsgreina og námssviða með mismunandi hætti. Í aðalnámskrá skal setja árangursviðmið um það hvenær nemandi telst hafa lokið einstökum námsgreinum eða námssviðum. Einnig skal setja viðmið vegna nemenda sem ljúka grunnskólanámi á skemmri tíma en tíu árum. Í aðalnámskrá skal gera grein fyrir samstarfi grunnskóla við leikskóla og framhaldsskóla og hvernig skuli staðið að aðlögun og flutningi milli skólastiga.

Í aðalnámskrá skal setja ákvæði um inntak og skipulag náms í íslensku, íslensku sem öðru tungumáli eða íslensku táknmáli, stærðfræði, ensku, dönsku eða öðru Norðurlandamáli, list- og verkgreinum, náttúrugreinum, skólaíþróttum, samfélagsgreinum, lífsleikni og upplýsinga- og tæknimennt.

26. gr.

Val í námi.

Frá upphafi grunnskóla skulu nemendur eiga val í námi sínu, svo sem um viðfangsefni, námsaðferðir og námsgreinar, í samræmi við viðmið í aðalnámskrá grunnskóla og skipulag skóla. Markmiðið með því er að gera nemendur ábyrga fyrir eigin námi og skapa sveigjanleika í skólastarfi. Hluti náms getur einnig verið fjarnám og netnám.

Í 8., 9. og 10. bekk eiga nemendur kost á vali um námsgreinar og námssvið í um þriðjungi námstímans.

Heimilt er að meta skipulagt nám sem stundað er utan grunnskóla, t.d. við tónlistarskóla, sem hluta af grunnskólanámi, samkvæmt nánari úrfærslu í aðalnámskrá grunnskóla. Stundi nemandi slíkt nám er viðkomandi sveitarstjórn ekki skylt að standa straum af kostnaði sem

af því leiðir þótt námið njóti viðurkenningar í stað skyldunáms. Jafnframt er heimilt að meta tímabundna þátttöku í atvinnulífi, félagslífi, íþróttum eða skipulögðu sjálfboðastarfi sem nám, enda falli það að markmiðum skólastarfs.

Grunnskólanemendur eiga rétt á að stunda nám í einstökum námsgreinum á framhaldsskólastigi meðan þeir eru í grunnskóla enda hafi þeir sýnt fullnægjandi færni. Skólastjóri í grunnskóla veitir nemanda heimild til slíks náms utan skólans samkvæmt viðmiðum sem sett skulu í aðalnámskrá. Ákvörðun skólastjóra samkvæmt þessari málsgrein lýtur ákvæðum stjórnsýslulaga.

Heimilt er að kæra synjun um mat á námi eða beitingu heimildar samkvæmt þessari grein eftir fyrirmælum 47. gr. Í úrskurði getur menntamálaráðuneyti lagt fyrir skólastjóra grunnskóla að veita nemanda heimild til náms á framhaldsskólastigi skv. 4. mgr.

27. gr.

Námsmat.

Mat á árangri og framförum nemenda er reglubundinn þáttur í skólastarfi. Tilgangur þess er að fylgjast með því hvernig nemendum tekst að mæta markmiðum aðalnámskrár og ná námsmarkmiðum sínum, örva nemendur til framfara og meta hverjir þurfa á sérstakri aðstoð að halda. Nánari ákvæði um námsmat skulu sett í aðalnámskrá grunnskóla.

Óheimilt er að veita upplýsingar um vitnisburði einstakra nemenda öðrum en þeim sjálfum og foreldrum þeirra. Þó er heimilt að veita þessar upplýsingar vegna flutnings nemenda milli skóla og innritunar í framhaldsskóla, enda sé krafist fullrar þagnarskyldu og málsmeðferðar í samræmi við gildandi lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Nemendur og foreldrar þeirra eiga rétt á að skoða metnar prófúrlausnir. Þeir eiga jafnframt rétt á munnlegum skýringum á námsmati og að niðurstaða námsmats sæti endurskoðun innan grunnskólans. Slík endurskoðun telst ekki ígildi stjórnsýslukæru í skilningi stjórnsýslulaga.

Ráðherra setur nánari ákvæði í reglugerð um meðferð niðurstöðu námsmats í grunnskólum og miðlun upplýsinga um námsmat vegna flutnings nemenda milli skóla og innritunar í framhaldsskóla og um rétt foreldra til þess að fá vitneskju um slíkar upplýsingar.

28. gr.

Starfstími.

Starfstími nemenda í grunnskóla skal á hverju skólaári vera að lágmarki níu mánuðir. Skóladagar nemenda skulu eigi vera færri en 180. Skipting milli kennsludaga og annarra skóladaga nemenda er á ábyrgð skólastjóra að höfðu samráði við skólaráð og að fenginni staðfestingu skólanefndar.

Vikulegur kennslutími hvers nemanda í grunnskóla skal að lágmarki vera:

a. 1.200 mínútur í 1.–4. bekk,
b. 1.400 mínútur í 5.–7. bekk,
c. 1.480 mínútur í 8.–10. bekk.

Skólastjóri ákveður nánari útfærslu vikulegs kennslutíma í samráði við skólaráð. Við ákvörðun daglegs og vikulegs starfstíma nemenda í grunnskóla skal þess gætt að hann sé samfelldur með eðlilegum hléum og fari ekki fram yfir hæfilegt vinnuálag miðað við aldur nemenda og þroska.

Heimilt er að víkja frá vikulegum lágmarkskennslutíma skv. 1. mgr. tímabundið, en nemendum skal þá tryggð viðbótarkennsla sem nemur frávikinu innan sama skólaárs.

29. gr.

Skólanámskrá og starfsáætlun.

Í hverjum grunnskóla skal gefa út skólanámskrá og starfsáætlun og er skólastjóri ábyrgur fyrir gerð þeirra. Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla um markmið, inntak náms og námsmat, starfshætti og mat á árangri og gæðum skólastarfs. Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu grunnskóla og aðstæðum og skal endurskoða reglulega.

Í árlegri starfsáætlun er m.a. gerð grein fyrir skóladagatali, þ.m.t. lengd jólaleyfis, páskaleyfis og annarra vetrarleyfa, starfsáætlun nemenda, skólareglum, stoðþjónustu, félagslífi og öðru því sem varðar starfsemi skólans ár hvert. Starfsáætlun skóla skal árlega lögð fyrir nemendafélag til umsagnar og fyrir skólanefnd til staðfestingar sem staðfestir gildistöku hennar þegar ljóst er að hún hafi verið unnin í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá, kjarasamninga og ákvarðanir sveitarstjórnar um fyrirkomulag skólahalds.

Skólastjóri er ábyrgur fyrir útfærslu þessara ákvæða og einnig fyrir umfjöllun í skólanum og í skólaráði og að gera skólanefnd grein fyrir því með hvaða hætti áætlanir hafi staðist. Starfsáætlun og skólanámskrá skulu vera aðgengilegar öllum aðilum skólasamfélagsins.

30. gr.

Skólareglur.

Í hverjum grunnskóla skal setja skólareglur. Í skólareglum skal m.a. kveðið á um almenna umgengni, samskipti, stundvísi, ástundun náms og heilbrigðar lífsvenjur. Í reglunum skal koma fram hvernig skólinn hyggst bregðast við brotum á þeim.

Skólastjóri er ábyrgur fyrir gerð skólareglna og kynningu þeirra og skulu þær unnar í samráði við skólaráð og fulltrúa nemenda í skólaráði.

31. gr.

Kostnaður í skyldunámi.

Kennsla í skyldunámi í opinberum grunnskólum skal veitt nemendum að kostnaðarlausu og er óheimilt að krefja nemendur eða foreldra þeirra um greiðslu fyrir kennslu, þjónustu, námsgögn eða annað efni sem nemendum er gert skylt að nota í námi sínu og samrýmist ákvæðum laga þessara og aðalnámskrá. Sama á við um nám grunnskólanemenda í framhaldsskólaáföngum, enda sé námið skilgreint sem hluti náms í grunnskóla. Þó er opinberum aðilum ekki skylt að leggja nemendum til gögn til persónulegra nota, svo sem ritföng og pappír.

Nú stundar grunnskólanemandi nám í framhaldsskóla sem skilgreint er sem hluti náms í grunnskóla, og fer þá um kostnað vegna kennslu á framhaldsskólastigi eftir ákvæðum laga um framhaldsskóla. Sveitarfélög greiða þá kostnað vegna námsgagna og innritunar og eftir atvikum efnisgjald. Um nánari framkvæmd og fyrirkomulag skal samið milli hlutaðeigandi grunn- og framhaldsskóla.

Menntamálaráðuneyti er skylt að leggja grunnskólum til námsgögn í samræmi við meginmarkmið náms og kennslu á grunnskólastigi samkvæmt aðalnámskrá.

Óheimilt er að taka gjald af nemendum vegna ferðalaga sem flokkast undir vettvangsnám eða eru að öðru leyti hluti af skyldunámi nemenda. Þó er heimilt að taka gjald fyrir uppihald í námsferðum nemenda, að höfðu samráði við foreldra.

Gjaldskrárákvarðanir samkvæmt þessari grein eru kæranlegar samkvæmt fyrirmælum 47. gr.

32. gr.

Lok grunnskóla.

Er grunnskólanámi lýkur skal nemandi fá skírteini er votti að hann hafi lokið námi samkvæmt lögum þessum. Í skírteini skal skrá vitnisburð nemanda á lokaári í grunnskóla í því námi er hann lagði stund á.

Skólastjóri metur hvort nemandi hafi lokið grunnskólanámi og ber ábyrgð á útskrift hans úr grunnskóla. Heimilt er að útskrifa nemanda úr grunnskóla áður en tíu ára skyldunámi er lokið, enda uppfylli nemandi námskröfur grunnskóla í samræmi við lokamarkmið aðalnámskrár. Í aðalnámskrá grunnskóla skal nánar kveðið á um útfærslu þessarar greinar. Ákvörðun skólastjóra í þessu efni lýtur ákvæðum stjórnsýslulaga. Foreldri getur kært synjun um útskrift úr grunnskóla samkvæmt þessari grein eftir fyrirmælum 47. gr.

33. gr.

Tómstundastarf og lengd viðvera.

Í öllum grunnskólum skal nemendum gefinn kostur á að taka þátt í tómstunda- og félagsstarfi. Tómstunda- og félagsstarf getur bæði verið liður í daglegu starfi og utan venjulegs skólatíma. Sveitarstjórn getur enn fremur boðið grunnskólanemendum lengda viðveru utan daglegs kennslutíma.

Sveitarfélögum er heimilt að taka gjald fyrir lengda viðveru utan daglegs kennslutíma og tómstundastarf samkvæmt sérstakri gjaldskrá sem þau setja. Gjaldskrárákvarðanir samkvæmt þessari grein eru kæranlegar samkvæmt fyrirmælum 47. gr.

34. gr.

Sprotasjóður skóla.

Sprotasjóður skal styðja við þróun og nýjungar í skólastarfi í samræmi við stefnu stjórnvalda og aðalnámskrá. Til sjóðsins renna fjármunir sem veittir eru á fjárlögum hverju sinni. Menntamálaráðuneyti hefur umsjón með sjóðnum og setur reglugerð um styrkveitingar. Sjóðurinn er sameiginlegur fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Í reglugerð er heimilt fela stofnun á vegum ráðuneytisins eða öðrum þar til bærum aðila umsjón með sjóðnum og annast úthlutanir úr honum.

VIII. KAFLI
Mat og eftirlit með gæðum grunnskólastarfs.

35. gr.

Markmið.

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum er að:

a. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsliðs skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,
b. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla,
c. auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
d. tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

36. gr.

Innra mat.

Hver grunnskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.

Grunnskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

37. gr.

Ytra mat sveitarfélaga.

Sveitarfélög sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs, sbr. 5. og 6. gr., og láta árlega ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur.

Sveitarfélög skulu leitast við að fylgja eftir innra og ytra mati þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi.

38. gr.

Ytra mat menntamálaráðuneytis.

Menntamálaráðuneyti annast greiningu og miðlun upplýsinga um skólahald í grunnskólum á grundvelli upplýsinga frá sveitarfélögum skv. 37. gr. og með sjálfstæðri gagnaöflun.

Menntamálaráðuneyti gerir áætlun til þriggja ára um kannanir og úttektir sem miða að því að veita upplýsingar um framkvæmd laga þessara og aðalnámskrár grunnskóla og aðra þætti skólastarfs. Menntamálaráðuneyti skipuleggur einnig þátttöku í alþjóðlegum mennta- og samanburðarrannsóknum.

Ráðherra setur reglugerð um innra og ytra mat og upplýsingaskyldu sveitarfélaga að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

39. gr.

Samræmt námsmat.

Menntamálaráðuneyti stendur fyrir samræmdu námsmati í grunnskólum, leggur grunnskólum í því skyni til samræmd könnunarpróf og annast framkvæmd samræmds námsmats.

Samræmd könnunarpróf í íslensku og stærðfræði skulu lögð fyrir alla nemendur í 4. og 7. bekk grunnskóla. Nemendur í fyrri hluta 10. bekkjar skulu þreyta samræmd könnunarpróf í íslensku, stærðfræði og ensku. Önnur próf skal halda samkvæmt ákvörðun ráðherra.

Skólastjóra er heimilt ef gildar ástæður mæla með því og samþykki foreldra liggur fyrir að veita nemendum undanþágu frá því að þreyta könnunarpróf í einstökum prófgreinum 4., 7. og 10. bekkjar.

Námsmatsstofnun eða annar til þess bær aðili, sem ráðherra ákveður, hefur umsjón með gerð og framkvæmd samræmds námsmats og prófa samkvæmt grein þessari. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um fyrirkomulag og framkvæmd samræmds námsmats, prófa og rannsókna í grunnskólum og undanþágur nemenda frá samræmdu námsmati, samkvæmt þessari grein.

IX. KAFLI
Sérfræðiþjónusta og stoðkerfi grunnskóla.

40. gr.
Skipulag og framkvæmd sérfræðiþjónustu.

Sveitarfélög skulu tryggja að sérfræðiþjónusta sé veitt í grunnskólum, ákveða fyrirkomulag hennar og stuðla að því að hún fari fram innan grunnskóla. Í sérfræðiþjónustu felst annars vegar stuðningur við nemendur og fjölskyldur þeirra og hins vegar stuðningur við starfsemi grunnskóla og starfsfólk þeirra.

Í grunnskólum skal frá upphafi skólagöngu nemenda unnið að forvarnastarfi með skimunum og athugunum á nemendum til að tryggja þeim kennslu og námsaðstoð við hæfi. Auk þess skal fara fram greining á nemendum sem eiga í sálrænum eða félagslegum erfiðleikum sem hafa áhrif á nám þeirra. Allar athuganir á vegum skóla sem varða einstaka nemendur skulu gerðar í samráði við og með samþykki foreldra og óheimilt er að taka gjald fyrir slíkar athuganir. Greina skal foreldrum frá niðurstöðum slíkra athugana.

Foreldrar nemenda geta óskað eftir greiningu samkvæmt þessari grein, auk þess sem skólastjóri, kennarar eða starfsmenn heilsugæslu geta lagt fram ósk um greiningu í samráði við og með samþykki þeirra. Sérfræðiþjónusta sér um að greining fari fram, skilar tillögu til skólastjóra um hvernig við skuli bregðast, fylgist með úrbótum og metur árangur.

Skólastjóri skal samræma innan hvers skóla störf þeirra sem sjá um málefni einstakra nemenda er lúta að sérfræðiþjónustu, námsráðgjöf og skólaheilsugæslu með stofnun nemendaverndarráðs. Jafnframt skal stuðla að samráði við félagsþjónustu sveitarfélags vegna málefna einstakra nemenda eftir því sem þurfa þykir.

Sveitarfélög sem reka grunnskóla skulu hafa frumkvæði að samstarfi sérfræðiþjónustu, félagsþjónustu og heilbrigðisþjónustu innan sveitarfélagsins vegna nemenda með sérþarfir og langvinn veikindi. Sveitarfélög skulu einnig hafa frumkvæði að samstarfi sérfræðiþjónustu við aðila sem annast sérhæfð greiningar- og meðferðarúrræði á vegum ríkisins vegna einstakra nemenda.

Við framkvæmd sérfræðiþjónustu skulu sveitarfélög leggja áherslu á góð tengsl leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla með samfellu í skólastarfi að leiðarljósi.

Ráðherra setur reglugerð um sérfræðiþjónustu og starfsemi nemendaverndarráða í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Sé foreldri synjað um beiðni um greiningu skv. 3. mgr. verður sú ákvörðun kærð samkvæmt fyrirmælum 47. gr. Ráðuneytið getur í úrskurði mælt fyrir um að tilteknum nemanda skuli veitt greining í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

41. gr.
Skólaheilsugæsla.

Um skólaheilsugæslu í grunnskólum fer eftir gildandi lögum um heilbrigðisþjónustu. Um skipulag og fyrirkomulag skólaheilsugæslu í grunnskóla skal haft samráð við skólanefnd og skólastjóra.

Skólastjóra ber að fylgjast með því að nemendur njóti skólaheilsugæslu í skólanum í samræmi við þá tilhögun sem ákveðin hefur verið skv. 1. mgr.

Sveitarfélög greiða stofnkostnað húsnæðis í skólum sem ætlað er fyrir skólaheilsugæslu og annast rekstur þess. Laun starfsmanna við skólaheilsugæslu og sérgreindur kostnaður við þessa starfsemi greiðist sem annar kostnaður við rekstur almennrar heilsugæslu á heilsugæslustöð og fer um ráðningu starfsmanna með sama hætti.

42. gr.
Sérúrræði.

Sveitarfélög geta beitt sér fyrir sérúrræðum innan grunnskóla eða stofnað til reksturs sérskóla þegar almennt nám og kennsluhættir hæfa ekki þörfum eða hag nemenda. Slíkum úrræðum er ætlað að veita nemendum sérhæft umhverfi til náms í lengri eða skemmri tíma þar sem jafnframt skal lögð áhersla á að veita starfsfólki almennra grunnskóla stuðning og kennslufræðilega ráðgjöf.

X. KAFLI
Viðurkenning grunnskóla, samrekstur og heimakennsla.

43. gr.
Viðurkenning grunnskóla sem reknir er af öðrum en sveitarfélögum.

Ráðherra er heimilt að viðurkenna grunnskóla eða hluta grunnskóla, sbr. 1. gr., sem reknir eru af öðrum en sveitarfélögum í formi sjálfseignarstofnunar eða hlutafélags eða samkvæmt öðru viðurkenndu rekstrarformi, enda liggi fyrir samþykki sveitarfélags um stofnun skólans. Heimilt er að binda samþykki sveitarfélags við ákveðinn hámarksfjölda nemenda. Um slíka grunnskóla gilda sömu lög og reglur og um grunnskóla skv. 1. gr., eftir því sem við á. Þar á meðal skal af hálfu viðkomandi skóla fylgt ákvæðum stjórnsýslulaga við töku ákvarðana sem kæranlegar eru skv. 47. gr. Það á þó ekki við um ákvarðanir um gjaldtöku.

Grunnskólar sem hljóta viðurkenningu skv. 1. mgr. eiga rétt á framlagi úr sveitarsjóði til starfsemi sinnar vegna nemenda sem hafa lögheimili í því sveitarfélagi sem skólinn starfar í. Skal framlagið nema að lágmarki 75% af vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda samkvæmt árlegum útreikningi Hagstofu Íslands. Gildir þetta hlutfall fyrir skóla með allt að 200 nemendur, en framlagið skal vera að lágmarki 70% fyrir hvern nemanda umfram þann fjölda. Útreikningur Hagstofu Íslands á kostnaði samkvæmt þessari málsgrein skal taka mið af verðlagsbreytingum.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um framkvæmd þessarar greinar í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og Hagstofu Íslands. Í reglugerð skal m.a. kveðið nánar á um skilyrði fyrir viðurkenningu, hvernig staðið verði að veitingu hennar, upplýsingagjöf til sveitarfélaga og ráðuneytis, eftirlit með starfsemi og afturköllun viðurkenningar.

44. gr.
Þróunarskólar.

Ráðherra getur veitt sveitarfélögum og sjálfstætt reknum grunnskólum heimild til að reka þróunarskóla eða gera tilraunir með ákveðna þætti skólastarfs með undanþágu frá ákvæðum laga þessara, reglugerða settra á grundvelli þeirra og aðalnámskrár grunnskóla. Slíkum tilraunum skulu ávallt sett eðlileg tímamörk og kveðið á um úttekt að tilraun lokinni.

Heimilt er að styrkja þróunarskóla og sérstakar nýjungar eftir því sem fjárlög heimila hverju sinni.

45. gr.
Samrekstur.

Sveitarfélögum, tveimur eða fleiri, er heimilt að hafa með sér samvinnu um rekstur grunnskóla, sbr. VIII. kafli sveitarstjórnarlaga. Í samningi sveitarfélaga skal kveðið á um hvernig fari með hlutverk skólanefndar skv. 6. gr. Velji sveitarfélög að reka saman grunnskóla í formi

byggðasamlags, sbr. 82. gr. sveitarstjórnarlaga, fer stjórn byggðasamlags með verkefni skólanefndar nema stofnuð sé sérstök nefnd til að fara með það hlutverk á vegum byggðasamlagsins. Ákvæði um slíkt fyrirkomulag skulu sett í samning um stofnun byggðasamlagsins.

Hafi sveitarfélög með sér samstarf um skólahald á grunnskólastigi með þeim hætti að börn úr tilteknu sveitarfélagi sæki skóla sem rekinn er af öðru sveitarfélagi fer um samninga milli sveitarfélaga eftir 5. gr. Sæki umtalsverður hluti barna úr sveitarfélagi skóla í öðru sveitarfélagi á þeim grundvelli er viðkomandi sveitarfélögum heimilt að kveða svo á í samþykktum um stjórn sveitarfélaganna að í skólanefnd viðtökusveitarfélags eigi sæti, með málfrelsi og tillögurétt, fulltrúi sem kjörinn er af sveitarstjórn þess sveitarfélags sem umrædd börn eiga lögheimili í.

Sveitarfélögum er heimilt að reka saman grunnskóla, leikskóla og tónlistarskóla undir stjórn eins skólastjóra að fenginni umsögn skólanefnda. Skal stjórnandi slíkrar stofnunar hafa leyfisbréf til kennslu á leik- og/eða grunnskólastigi. Ákvæði þetta gildir einnig um skóla sem reknir eru á grundvelli 1. mgr. Hinn samrekni skóli starfar að öðru leyti samkvæmt lögum um viðkomandi skólastig.

46. gr.

Undanþágur.

Ráðherra er heimilt að viðurkenna grunnskóla eða námsbraut innan almenns grunnskóla sem starfar samkvæmt viðurkenndri erlendri eða alþjóðlegri námskrá og námsskipan.

Foreldrar, sem óska eftir undanþágu frá 3. gr. til að geta kennt börnum sínum heima, að hluta eða öllu leyti, skulu sækja um slíka heimild til síns sveitarfélags. Skólastjóri getur veitt undanþágu að höfðu samráði við skólanefnd og sérfræðiþjónustu. Börn sem hljóta heimakennslu eru undanþegin skólaskyldu skv. 3. gr., en skulu lúta eftirliti og reglulegu mati og þreyta könnunarpróf samkvæmt lögum þessum.

Ákvörðun sveitarstjórnar skv. 2. mgr. er kæranleg eftir fyrirmælum 47. gr. Menntamálaráðuneytið getur í úrskurði sínum lagt fyrir sveitarfélag að veita foreldrum barns heimild skv. 2. mgr.

Ráðherra setur reglugerð um skilyrði til heimakennslu á grunnskólastigi. Sveitarfélög skulu tilkynna ráðuneytinu um veitingu heimildar samkvæmt þessari grein.

XI. KAFLI

Meðferð ágreiningsmála.

47. gr.

Kæruheimild.

Ákvarðanir um rétt og skyldu einstakra nemenda sem teknar eru í grunnskólum á grundvelli 4. mgr. 5. gr., 4. mgr. 14. gr., 3. og 4. mgr. 15. gr., 4. mgr. 17. gr., 1. mgr. 19. gr., 1. mgr. 23. gr., 4. mgr. 26. gr., 4. mgr. 31. gr., 2. mgr. 32. gr., 2. mgr. 33. gr., 3. mgr. 40. gr. og 2. mgr. 46. gr. eru kæranlegar til ráðherra. Um meðferð kærumála fer að ákvæðum stjórnsýslulaga.

Sveitarstjórn getur ákveðið í samþykkt um stjórn og stjórnsýslu sveitarfélagsins að áður en hægt er að kæra ákvörðun skv. 1. mgr. skuli fyrst beina kæru til skólanefndar eða annars tiltekins aðila innan stjórnsýslu sveitarfélagsins. Sé heimild þessari beitt skal sveitarstjórn ákveða hvort þessi kæruréttur eigi við um hluta ákvarðana skv. 1. mgr. eða um þær allar, og þá skal jafnframt tekin afstaða til þess í samþykkt hvort slíkar ákvarðanir sem teknar eru af

hálfu sjálfstætt rekinna grunnskóla í sveitarfélagi, sbr. 43. gr., skuli kæranlegar með sama hætti. Um málsmeðferð á kærustigi innan sveitarfélags fer að ákvæðum stjórnsýslulaga.

XII. KAFLI

Gildistaka.

48. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2008. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 66/1995, um grunnskóla.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Grunnskólar sem þegar eru starfandi á grundvelli 56. gr. laga nr. 66/1995, um grunnskóla, sbr. 22. gr. laga nr. 98/2006, eiga rétt á framlagi úr sveitarsjóði samkvæmt lögum þessum án sérstakrar viðurkenningar ráðherra. Sveitarfélagi er þó heimilt að takmarka framlag úr sveitarsjóði við hámarksfjölda nemenda.

Eignarhlutur ríkisins í skólahúsnæði grunnskóla, sem var í eigu ríkisins í heild eða hluta, skal afskrifaður í 15 jöfnum áföngum á árunum 1996–2010 og eignfærður hjá þeim sveitarfélögum sem bera ábyrgð á rekstri skóla og annast viðhald skólahúsnæðis. Sé húsnæði, sem áður var nýtt í tengslum við skólastarf, ekki lengur nýtt í slíku skyni skal eignarhlutur ríkisins vera óskertur.

II.

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 12. gr. er heimilt að ákveða að framlög vegna námsleyfa kennara og skólastjórnenda renni í sérstakan sjóð sem sveitarfélög og viðsemjendur þeirra hafa samið um í kjarasamningum. Jafnframt má ákveða að fjármunir sem ákveðnir eru í fjárlögum til símenntunar kennara og skólastjóra verði ráðstafað með sama hætti.

Nú hafa sveitarfélög og viðsemjendur þeirra komið á fót sjóði, sbr. 1. mgr., og skal ráðherra þá birta auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda um að hann komi í stað sjóðs skv. 3. mgr. 12. gr. laga þessara.

III.

Reglugerðir, auglýsingar og önnur fyrirmæli sett samkvæmt lögum nr. 66/1995, með síðari breytingum, skulu halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þau stangast ekki á við lög þessi þar til nýjar reglugerðir, auglýsingar eða önnur fyrirmæli hafa öðlast gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Frumvarp til laga um grunnskóla, sem nú er lagt fram á Alþingi á 135. löggjafarþingi, er grundvallað á því meginsjónarmiði að börnum á skólaskyldualdri séu búnar kjöraðstæður til náms og þroska. Grunnskólar komi til móts við ólíkar þarfir barna og ábyrgð allra er að grunnskólastarfi koma sé skýr. Sköpuð séu skilyrði til að mæta kröfum um þekkingu og færni nemenda svo að menntun þeirra standist alþjóðlegan samanburð. Í frumvarpinu er lögð áhersla á velferð barna og virkari þátttöku þeirra og foreldra í skólastarfi. Horft er til reynslunnar af flutningi grunnskóla til sveitarfélaga árið 1996 og leitast er við að styrkja enn frekar forræði og ábyrgð sveitarfélaga á rekstri skóla jafnframt því sem sjálfstæði grunnskóla er undirstrikað.

Samhliða frumvarpi þessu eru lögð fram á Alþingi frumvörp til laga um leik- og framhaldsskóla. Við gerð þessara frumvarpa hefur verið leitast við að horfa til þessara þriggja skólastiga sem heildar, auka samræmi og skapa svigrúm jafnt innan sem milli skólastiganna til þess að mæta breytilegum þörfum skólabarna. Er það í samræmi við samkomulag menntamálaráðherra og Kennarasambands Íslands um skólastarf og skólaumbætur sem gert var í byrjun árs 2006. Stefnumið samkomulags þessa var betri menntun og betri námsárangri íslenskra skólabarna.

Frumvarpið byggist á vinnu nefndar sem skipuð var af menntamálaráðherra 13. mars 2006 til þess að gera tillögu að heildarendurskoðun laga um grunnskóla, nr. 66/1995, með síðari breytingum. Við endurskoðun grunnskólalaga var nefndinni ætlað samkvæmt skipunarbréfi að hafa m.a. hliðsjón af eftirfarandi:

– breytingum sem gerðar hafa verið á lögum nr. 66/1995, um grunnskóla,
– reynslu af flutningi grunnskólans til sveitarfélaga árið 1996,
– áformum um breytta námsskipan á framhaldsskólastigi,
– að auka samfellu og sveigjanleika í skólastarfi.

Þá var í skipunarbréfinu einnig lögð áhersla á að nefndin hefði víðtækt samstarf við ýmsa hagsmunaaðila við endurskoðun laganna.

Í nefndinni sátu Guðrún Ebba Ólafsdóttir, formaður, og Gunnar Einarsson, bæði skipuð án tilnefningar, Gerður G. Óskarsdóttir og Jón Kr. Sólnes, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Unnar Þór Böðvarsson og Þórður Árni Hjaltested, tilnefndir af Kennarasambandi Íslands, og María Kristín Gylfadóttir, tilnefnd af Heimili og skóla. Með nefndinni unnu starfsmenn menntamálaráðuneytis, þau Guðni Olgeirsson sérfræðingur, sem var starfsmaður nefndarinnar, og Helga Þórisdóttir lögfræðingur.

Nefndin skilaði menntamálaráðherra áfangaskýrslu í október 2006. Skýrslan var birt á heimasíðu ráðuneytisins ásamt ýmsum gögnum er tengdust störfum nefndarinnar, m.a. erindum og umræður þátttakenda á málþingi sem nefndin stóð fyrir 25. nóvember 2006 og skýrslu frá kynnisferð nefndarinnar til Danmerkur, Noregs og Írlands í október 2006. Með hliðsjón af skipunarbréfi sínu efndi nefndin til mjög víðtæks samráðs við hagsmunaaðila og fjölmargir voru boðaðir á fund nefndarinnar þar sem þeim gafst kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Nefndin hélt fundi um land allt með hagsmunaaðilum og auglýsti einnig eftir athugasemdum frá almenningi. Bárust margar ábendingar sem allar voru teknar voru til skoðunar. Sjá nánar um starf nefndarinnar í fylgiskjali I.

Meginatriði frumvarpsins.

Árin sem barn stundar nám í grunnskóla eru mikilvæg mótunarskeið þess sem einstaklings og þjóðfélagsþegns. Í grunnskóla er lögð undirstaða að þátttöku einstaklinga í lýðræðisþjóðfélagi og þau manngildi ræktuð sem styðja eiga þroska hans. Skólanum er ætlað að gefa nemendum tækifæri til að virkja sköpunarkraft sinn og tileinka sér þekkingu og færni sem undirbýr þá fyrir nám á efri skólastigum og ævilangt. Þáttur foreldra í að skapa barninu hagfelldar aðstæður til náms og þroska er afar mikilvægur og lögð er áhersla á að styrkja hann með tengslum foreldra við grunnskóla.

Frá því að rekstur grunnskóla var færður til sveitarfélaga árið 1996 hefur starfstími grunnskóla verið lengdur umtalsvert. Samhliða hafa með nýrri aðalnámskrá verið sköpuð skilyrði til að gera auknar kröfur í tilteknum námsgreinum í grunnskóla. Með breytingum á lögum um grunnskóla í janúar 2007 og með nýrri aðalnámskrá sem tók gildi í ágúst sama ár er grunnskólum gefið aukið svigrúm til þess að koma til móts við þessar kröfur. Í frumvarpi þessu

felast ekki grundvallarbreytingar á skipan grunnskóla en leitast er við að treysta undirstöður skólastarfsins með árangur, velferð og þarfir nemenda að leiðarljósi.

Frumvarpið miðar að eftirfarandi:

- að skapa skilyrði þess að menntun íslenskra barna verði til fyrirmyndar á alþjóðavísu,
- að tryggja velferð allra grunnskólabarna og jöfn tækifæri til náms,
- að stuðla að því að nemendur og foreldrar þeirra eigi fjölbreytta valkosti um val á grunnskólum og tilhögun náms,
- að nám sé lagað að ólíkum þörfum nemenda og að þeir taki virkan þátt í skólastarfi,
- að auka svigrúm og samfellu á milli skólastiga og innan grunnskólastigsins,
- að grunnskólabörn fái viðeigandi stuðning í námi og sérfræðiþjónusta sé samhæfð með þarfir barnsins að leiðarljósi,
- að skýra ábyrgð, réttindi og skyldur barna og foreldra,
- að auka þátttöku foreldra í skólastarfi og tryggja nánari tengsl þeirra við stjórn skóla og skólasamfélagið almennt,
- að auka forræði sveitarfélaga á skólarekstri og styrkja sjálfstæði skóla,
- að skýra verkefnaskiptingu ríkis, sveitarfélaga og stjórnenda grunnskóla,
- að staðfesta þá meginreglu að menntun barna í grunnskólum sé gjaldfrjáls,
- að styrkja mat og eftirlit með skólastarfi til þess að stuðla að framförum og umbótum í starfi grunnskóla.

Markmið grunnskólastarfs voru skilgreind í lögum nr. 63/1974 og hafa að grunni til haldist nánast óbreytt síðan. Á þessum rúmu 30 árum hefur íslenskt þjóðfélag tekið miklum breytingum sem endurspeglast í almennum samfélags- og atvinnuháttum, fjölskylduhögum, fjölda íbúa sem eiga sér annað móðurmál en íslensku, breyttri heimsmynd og breyttu mati einstaklinga á stöðu sinni og tækifærum.

Markmiðsgrein frumvarpsins er ætlað að taka mið af fjölbreytileika nemendahópsins, en einnig er þar lögð áhersla á sköpun og frumkvæði. Í gildandi lögum, þar sem fjallað er um markmið skólastarfs, segir að starfshættir skólans skuli mótast af kristilegu siðgæði. Í frumvarpi þessu er á hinn bóginn vísað til jafnréttis, ábyrgðar, umhyggju, sáttfýsi og virðingar fyrir manngildi. Eru þessar breytingar gerðar í að höfðu samráði við Kennaraháskóla Íslands, Háskóla Íslands, umboðsmann barna, þjóðkirkjuna og Alþjóðahús. Framangreind hugtök endurspegla inntak kristilegs siðgæðis og þau grunngildi sem íslenskt þjóðfélag byggist á. Skyldur einstaklingsins við umheiminn og náungann eru ítrekaðar. Um leið er undirstrikað mikilvægi þess að börn fái tækifæri til að nýta og þroska sköpunarkraft sinn og að skólastarfið leggi grundvöll að sjálfstæðri hugsun nemenda og frumkvæði. Þá er í greininni lögð áhersla á að grunnskólar skuli stuðla að góðu samstarfi við heimilin með það að markmiði að tryggja farsælt skólastarf, almenna velferð og öryggi barna.

Efling menntunar í grunnskólum.

Samkvæmt alþjóðlegum mælikvörðum er aðstaða í íslenskum grunnskólum með því besta sem tíðkast hvað varðar húsnæði og fjármagn til reksturs. Í samanburði Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD, kemur fram að fjárframlög og fjöldi kennara miðað við fjölda nemenda er með því hæsta í aðildarríkjum stofnunarinnar. Í samanburði á þekkingu og færni 15 ára nemenda í lestri, stærðfræði og náttúrufræði samkvæmt PISA-könnun, sem sama stofnun stendur fyrir, er árangur íslenskra nemenda hins vegar aðeins í meðallagi.

Ljóst er að sveitarfélög hafa sýnt mikinn metnað í rekstri grunnskóla og búið nemendum fyrirmyndaraðstöðu og eflt stuðning við þá í námi. Ísland er í fararbroddi meðal þjóða í að

skapa skóla án aðgreiningar með því að laga starf grunnskóla að þörfum barna með sérþarfir. Á undanförnum árum hefur grunnskólum, með breytingum á aðalnámskrá, verið falin aukin ábyrgð á menntun nemenda á efri námsstigum. Með frumvarpi þessu er sveitarfélögum og skólum veitt aukið sjálfstæði og svigrúm til að takast á við þetta veigameira hlutverk. Áhersla er lögð á að sveitarfélög axli aukna faglega ábyrgð á starfi grunnskóla meðfram rekstrarlegri ábyrgð. Samhliða er menntamálaráðuneyti sett aukin skylda til að veita sveitarfélögum og grunnskólum aðhald með virku mati og eftirliti.

Það er hlutverk grunnskóla að veita nemendum góða, alhliða menntun jafnframt því að stuðla að almennri velferð barna. Líkt og í fyrri lögum um grunnskóla er í frumvarpinu gert ráð fyrir að menntamálaráðuneyti setji grunnskólum aðalnámskrá þar sem kveðið skal á um meginmarkmið náms og kennslu, sett viðmið um þekkingu og færni nemenda á ólíkum námssviðum og uppbyggingu og skipan náms. Í vaxandi mæli taka viðmið um þekkingu og færni mið af alþjóðlegum skilgreiningum sem m.a. eru þróaðar í samstarfi Evrópuríkja. Á grundvelli slíkra viðmiða er unnt að skilgreina hvenær nemandi telst hafa lokið einstökum námsgreinum eða námssviðum og meta hvort heimila megi honum að ljúka grunnskólanámi á skemmri tíma en tíu árum.

Í frumvarpinu segir að endurskoða skuli aðalnámskrá reglulega. Í henni skal auk námsmarkmiða kveðið nánar á um uppeldishlutverk grunnskólans og meginstefnu í samræmi við hlutverk grunnskólans, sbr. 2. gr. Vísað er til einstaklingsmiðaðs skólastarfs og kveðið á um að nemendur skuli eiga þess kost að uppfylla námsmarkmið einstakra námsgreina og námssviða með mismunandi hætti. Þar með er skólum gefið aukið svigrúm til að móta sérkenni sín og auka fjölbreytni í skólastarfi.

Í gildandi lögum er að finna ákvæði um skólanámskrár sem jafngildi jafnframt starfsáætlun skóla. Í frumvarpinu er kveðið á um að í hverjum skóla skuli gefa út skólanámskrá og starfsáætlun skóla. Skólanámskrá er ætlað að vera nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla um markmið, inntak náms og námsmat, starfshætti og mat á árangri og gæðum skólastarfs. Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu grunnskóla og aðstæðum og skal endurskoðuð reglulega. Í árlegri starfsáætlun skal m.a. gerð grein fyrir skóladagatali, starfsáætlun nemenda, skólareglum, stoðþjónustu, félagslífi og öðru því sem varðar starfsemi skólans ár hvert. Nýjum skólaráðum er ætlað að fjalla um skólanámskrá og allar áætlanir skólans. Skólastjóri er eftir sem áður ábyrgur fyrir gerð skólanámskrár og starfsáætlunar. Hann er jafnframt ábyrgur fyrir umfjöllun í skólaráði og að gera skólanefnd grein fyrir því með hvaða hætti áætlanir hafi staðist. Starfsáætlun skal vera aðgengileg öllum aðilum skólasamfélagsins og árlega lögð til umsagnar nemendafélags og lögð fyrir skólanefnd til staðfestingar.

Mat og eftirlit – aukin gæði skólastarfs.

Með auknu sjálfstæði sveitarfélaga og skóla, auknu svigrúmi þeirra til að móta skólahald og meira valfrelsi nemenda og foreldra er nauðsynlegt að stöðugt sé unnið að því að tryggja gæði menntunar með virku mati og eftirliti. Bent hefur verið á að ábyrgð sveitarfélaga varðandi mat og eftirlit með gæðum grunnskólastarfs hafi ekki verið nægjanlega skýr. Styrkja þurfi og þróa leiðir við bæði innra og ytra mat á skólastarfi. Loks ætti eftirlitshlutverk menntamálaráðuneytis að ná til fleiri þátta en það hefur gert til þessa, svo sem velferðar og líðanar nemenda, forvarna, starfshátta skóla og gæða menntunar.

Í frumvarpinu er reynt að koma til móts við þessi sjónarmið og er hlutverk bæði ráðuneytis og sveitarfélaga afmarkað og betur skilgreint en í gildandi lögum. Skilgreind eru markmið mats og eftirlits með gæðum skólastarfs í grunnskólum sem eru að veita upplýsingar um

skólastarf, árangur þess og þróun til viðeigandi aðila, tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla, skólastefnu sveitarfélaga og skólanámskrá og að auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum.

Sérhverjum grunnskóla ber að meta með reglubundnum hætti árangur og gæði skólastarfsins eða einstaka þætti þess. Gert er ráð fyrir að starfsmenn, nemendur og foreldrar taki þátt í innra mati grunnskóla eftir því sem við á. Upplýsingar um niðurstöður innra mats grunnskóla og umbótaáætlanir skulu birtar opinberlega. Lögð er áhersla á að skólar fái ráðgjöf og stuðning til að móta umbótaáætlanir og fylgja þeim eftir.

Nýtt ákvæði er um hlutverk sveitarfélaga en samkvæmt frumvarpinu er þeim ætlað að afla kerfisbundið upplýsinga um starfsemi og innra mat skóla er innan sveitarfélaganna starfa sem varpað geta ljósi á gæði menntunar. Upplýsingaskylda og miðlun upplýsinga á vegum sveitarfélaga verður skilgreind af menntamálaráðuneyti í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Ætlast er til að á vettvangi sveitarfélaga verði fjallað um gæði menntunar í grunnskólum, m.a. í ljósi skólastefnu sveitarfélaga, og að saman fari fagleg og rekstrarleg ábyrgð á skólahaldi í grunnskólum.

Samkvæmt frumvarpinu hefur menntamálaráðuneyti yfirumsjón með mati og eftirliti með skólahaldi á grunnskólastigi. Það annast öflun, greiningu og miðlun upplýsinga um starf í grunnskólum, eftir atvikum hvað varðar einstaka skóla eða tiltekna þætti skólastarfs. Menntamálaráðuneyti beitir sér fyrir könnunum og úttektum sem miða að því að afla þekkingar og vitneskju um framkvæmd laga þessara og skólastarfið almennt. Í stað núverandi ákvæða um úttektir á sjálfsmatsaðferðum grunnskóla á fimm ára fresti er miðað við að menntamálaráðuneyti geri áætlun til þriggja ára um kannanir og úttektir er veita upplýsingar og skapi grundvöll fyrir greiningu á framkvæmd og stöðu skólahalds m.a. í ljósi markmiða aðalnámskrár. Með því að menntamálaráðuneyti aflar kerfisbundið samanburðarhæfra upplýsinga frá grunnskólum og sveitarfélögum og birtir þær opinberlega ásamt greiningu á stöðu skóla og sveitarfélaga er stuðlað að virku aðhaldi og eftirliti með gæðum skólastarfs. Einnig mun menntamálaráðuneyti með áætlunum til þriggja ára um úttektir og kannanir sinna mati og eftirliti með gæðum menntunar í grunnskólum almennt og einnig skólahaldi í einstökum skólum eða sveitarfélögum.

Hlutverk ráðuneytisins er jafnframt að skipuleggja samræmt námsmat í grunnskólum og þátttöku í alþjóðlegum mennta- og samanburðarrannsóknum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að menntamálaráðuneyti setji reglugerð um innra og ytra mat og upplýsingaskyldu sveitarfélaga um skólahald að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Könnunarpróf.

Mikilvægt er að námsmat taki mið af meiri sveigjanleika í starfsháttum grunnskóla og aukinni áherslu á einstaklingsmiðað nám. Námsmat má ekki vera of stýrandi varðandi kennsluhætti í skólum og skapa þarf svigrúm fyrir mat á aðra þætti en þekkingu í einstökum greinum, svo sem vinnubrögð nemenda, samskipti, tjáningu, lífsleikni og list- og verkgreinar. Samræmd próf við lok grunnskóla hafa verið gagnrýnd fyrir hversu marghátttuðu hlutverki þau gegna. Erfitt sé að ná öllum markmiðum með einu og sama prófinu. Á hinn bóginn telja margir að samræmt mat sé nauðsynlegt til að nemandi fái upplýsingar um námsstöðu sína og að fram komi mat á stöðu einstakra skóla gagnvart því að uppfylla markmið aðalnámskrár. Setja þurfi skýr viðmið um árangur og meta þekkingu og færni nemenda á grundvelli þeirra.

Með auknu sjálfstæði grunnskóla er eðlilegt að þeim sé treyst fyrir útskrift nemenda og að framhaldsskólar taki meira tillit til lokamats grunnskóla við innritun nemenda.

Í frumvarpinu eru felld brott ákvæði um samræmd lokapróf sem áður var m.a. ætlað hlutverk við innritun í framhaldsskóla. Í staðinn er í frumvarpinu lagt til að nemendur í 10. bekk taki könnunarpróf sambærileg þeim sem lögð eru fyrir nemendur í 4. og 7. bekk. Þau skuli lögð fyrir nemendur í fyrri hluta 10. bekkjar þannig að þau nýtist bæði nemendunum og skólum í starfi þeirra svo að nemendur uppfylli viðmið aðalnámskrár við útskrift úr grunnskóla.

Að undanförnu hefur á vegum Námsmatsstofnunar verið unnið að þróun rafrænna einstaklingsmiðaðra prófa. Til þess að skapa svigrúm til þess að slík próf verði tekin upp í grunnskólum er nú lagt til að lögð verði könnunarpróf í íslensku og stærðfræði fyrir alla nemendur í 4. og 7. bekk grunnskóla en ekki „samræmd próf samtímis“. Jafnframt er kveðið á um skyldu nemenda í 10. bekk til að þreyta könnunarpróf í íslensku, stærðfræði og ensku. Próf í öðrum greinum skuli halda samkvæmt ákvörðun menntamálaráðherra. Megintilgangur samræmdra prófa verður að afla upplýsinga um námsstöðu einstaklinga sem nýtast þeim við áframhaldandi nám en einnig er möguleiki að nýta niðurstöður prófanna til að meta árangur skólastarfs almennt.

Sveigjanlegra námsfyrirkomulag og svigrúm í skilum milli skólastiga.

Áhersla á að grunnskólinn komi betur til móts við ólíkar þarfir barna kallar á að svigrúm í skipulagi náms sé aukið, þ.m.t. námslengd og skil milli skólastiga. Áfram er kveðið á um skyldu nemenda til að sækja grunnskóla og miðað er við tíu ára skólaskyldu. Skólaskyldu er samkvæmt frumvarpinu unnt að fullnægja í grunnskólum á vegum sveitarfélaga, í sjálfstætt reknum grunnskólum eða með öðrum viðurkenndum hætti, svo sem heimakennslu. Börn geta með heimild skólastjóra hafið nám fyrir 6 ára aldur og lokið því á skemmri tíma en tíu árum uppfylli þau skilyrði og námskröfur.

Á undanförnum árum hefur orðið hröð þróun í þá átt að nemendur á grunnskólaaldri stunda samtímis nám á grunn- og framhaldsskólastigi og hafa ýmsar tilraunir verið gerðar í þeim efnum. Skólaárið 2006–2007 stunduðu um 1.300 grunnskólanemendur eitthvert nám á framhaldsskólastigi. Frumvarpið kveður skýrar á um framkvæmdina. Í því er kveðið á um rétt nemenda til að stunda nám í einstökum námsgreinum á framhaldsskólastigi að loknu grunnskólanámi í viðkomandi greinum. Til að tryggja samfellu og til að stuðla að velferð barna er í frumvarpinu lagt til að sveitarfélög leggi áherslu á virk tengsl og miðlun upplýsinga milli leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, m.a. í tengslum við sérfræðiþjónustu.

Í gildandi lögum er kveðið á um að kennsludagar nemenda skuli ekki vera færri en 170 og hefur því ekki verið breytt þrátt fyrir að samið hafi verið um 180 skóladaga nemenda í kjarasamningi Kennarasambands Íslands og launanefndar sveitarfélaga árið 2001. Í frumvarpinu er lagt til að kveðið verði á um 180 skóladaga nemenda en skipting milli kennsludaga og annarra starfsdaga nemenda verði á ábyrgð skólastjóra að höfðu samráði við skólaráð og að fenginni staðfestingu skólanefndar. Þá er lagt til að felld verði á brott heimild menntamálaráðherra til að veita tímabundna undanþágu frá lögbundnum starfstíma skóla.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sveitarfélög bjóði nemendum upp á lengda viðveru utan daglegs kennslutíma.

Velferð barna í fyrirrúmi.

Velferð barna er í frumvarpinu skilgreind sem grundvallaratriði í starfi grunnskóla. Grunnskólar eiga að gæta að andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan þeirra barna er hann sækja. Skólinn á að vera griðastaður barna þar sem þau finna til öryggis, fá tækifæri til að þroska og nýta hæfileika sína og njóta bernsku sinnar. Í frumvarpinu er réttur barna til skólagöngu settur skýrt fram og skyldur sveitarfélaga í þeim efnum áréttaðar.

Í frumvarpinu er kveðið á um réttindi nemenda til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri varðandi námsumhverfi, námstilhögun og fyrirkomulag skólastarfs en jafnframt er kveðið á um skyldur þeirra til að hlíta reglum, fara að fyrirmælum og sýna ábyrgð í eigin námi. Lögð er áhersla á að skólinn komi til móts við einstaklingsbundnar þarfir nemenda með því að þeir eigi val í námi sínu um viðfangsefni, námsaðferðir og námsgreinar. Lagt er til að lögfest verði sú meginstefna að skóli sé án aðgreiningar og veiti öllum börnum þjónustu óháð uppruna, tungumáli, heilsu eða fötlun. Er það í samræmi við Salamanca-yfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og stefnu sem verið hefur ríkjandi hér á landi undanfarin ár. Aukin krafa er þar með gerð til grunnskóla um að koma til móts við þarfir þeirra sem ekki hafa íslensku að móðurmáli eða nota táknmál, eiga við lestrarerfiðleika að etja eða eru veikir eða fatlaðir. Þó svo að meginreglan sé að öll börn eigi að geta stundað nám í grunnskóla með öðrum börnum geta foreldrar eða forráðamenn þó áfram óskað eftir að barnið njóti sérúrræða innan grunnskóla eða í sérskóla. Skýrar er kveðið á um réttindi fósturbarna til skólagöngu en áður.

Velferð barna í grunnskólum byggist ekki síst á því að foreldrar og forráðamenn gæti hagsmuna barna sinna, eigi samstarf við skóla og styðji börn á skólagöngu þeirra og sinni námi þeirra. Í frumvarpinu er kveðið á um réttindi og skyldur foreldra hvað þetta varðar og þar segir að foreldrar eigi rétt á að taka þátt í námi barna sinna og geti átt val um grunnskóla fyrir börn sín innan sveitarfélags.

Sérþjónusta verði löguð að hagsmunum barna.

Séð frá sjónarhorni barna og aðstandenda er það fyrir mestu að sú þjónusta sem barnið þarf á að halda til að geta stundað nám sitt sé fyrir hendi og sé greiðlega veitt. Skiptir þá ekki máli hvort þjónustan falli formlega undir skóla eða félags- eða heilbrigðisþjónustu. Það er einnig aukin krafa af hálfu foreldra að þjónustan sé veitt innan grunnskólans ef þess er nokkur kostur. Þannig sé þjónustan löguð að þörfum barnsins þar og ekki þurfi að aka börnum víða um bæ til þess að sækja þjónustuna. Innan grunnskóla er nú veitt ýmisleg sérfræðiþjónusta, svo sem námsráðgjöf, sálfræðiþjónusta og sérkennsla, auk þess sem þar starfa hjúkrunarfræðingar á vegum heilsugæslunnar. Mikilvægt er að koma á samhæfingu sérfræðiþjónustu innan skóla og sveitarfélaga, félagsþjónustu og heilbrigðisþjónustu, milli ráðuneyta og milli ríkis og sveitarfélaga.

Komið er til móts við þessi sjónarmið í frumvarpinu og er sveitarstjórnum og skólastjórum grunnskóla falið aukið hlutverk í samræmingu sérfræðiþjónustu. Mælt er fyrir um að sveitarfélög beri ábyrgð á samstarfi skóla við aðila utan skólans. Þau hafi forgöngu um samstarf sérfræðiþjónustu, félagsþjónustu og heilbrigðisþjónustu innan sveitarfélagsins vegna nemenda með sérþarfir, sjaldgæfar fatlanir og langvinn veikindi. Sveitarfélög skuli einnig hafa forgöngu um samstarf sérfræðiþjónustu við aðila sem annast sérhæfð greiningar- og meðferðarúrræði á vegum ríkisins vegna einstakra nemenda. Þá er skólastjóra ætlað að samræma störf þeirra sem sjá um málefni einstakra nemenda innan skólans, sérfræðiþjónustu, námsráðgjöf og skólaheilsugæslu með stofnun nemendaverndarráðs eða með öðrum hætti. Þá er lagt til að sveitarfélög stuðli að samstarfi grunnskóla við aðila utan skóla sem veita

börnum á grunnskólaaldri þjónustu, svo sem félags- og tómstundastarf, æskulýðsstarf, íþróttastarfsemi og tónlistarfræðslu.

Samkvæmt frumvarpinu er grunnskólum skylt að vinna frá upphafi skólagöngu nemenda að forvarnastarfi með skimunum og athugunum til að tryggja öllum kennslu og námsaðstoð við hæfi og viðeigandi íhlutun. Auk þess fari fram greining á nemendum sem eiga í sálrænum eða félagslegum erfiðleikum sem hafa áhrif á nám þeirra. Allar athuganir sem varða einstaka nemendur skulu gerðar í samráði við og með samþykki forráðamanna og er óheimilt að taka gjald fyrir slíkar athuganir. Foreldrar eða forráðamenn nemanda geta óskað eftir greiningu samkvæmt frumvarpinu, auk þess sem skólastjóri, kennarar eða starfsmenn heilsugæslu geta lagt fram ósk um greiningu í samráði við og með samþykki forráðamanna nemanda. Sérfræðiþjónusta á að sjá um að greining fari fram, skila tillögu til skólastjóra um hvernig við skuli bregðast og fylgjast með úrbótum og meta árangur. Þess skal gætt að starfsmenn sérfræðiþjónustu hafi nauðsynlega sérfræðimenntun og þekkingu. Er menntamálaráðherra ætlað að setja reglugerð um sérfræðiþjónustu og starfsemi nemendaverndarráða.

Skýrari verkefnaskipting milli sveitarfélaga og ríkis og stjórnun grunnskóla.

Í frumvarpinu er hlutverk stjórnvalda og stjórnenda skýrar afmarkað en áður. Á það jafnt við um ríkisvaldið, sveitarfélög, skólanefndir, skólaráð og skólastjórnendur. Reynslan af flutningi grunnskóla til sveitarfélaga hefur sýnt að nauðsynlegt er að afmarka og skýra frekar hlutverk framangreindra aðila þannig að ljóst sé gagnvart nemendum og foreldrum þeirra hvar forræði, skyldur og ábyrgð liggur: Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn þeirra málefna sem lög þessi taka til og hefur með hendi sértækt stjórnsýslueftirlit á grundvelli tilgreindra heimilda í frumvarpinu en sveitarfélög bera sem sjálfstætt stjórnvald ábyrgð á skipan og framkvæmd skólahalds í grunnskólum innan sinna vébanda. Í frumvarpinu er skilgreint hvaða ákvarðanir er varða réttindi og skyldur nemenda eru kæranlegar til menntamálaráðuneytis og hvað ber að leysa á vettvangi skóla eða sveitarfélags. Sveitarstjórnum er falin meiri ábyrgð á faglegu starfi í grunnskólum. Þeim ber að móta sér almenna stefnu um skólahald og einnig að fylgja því eftir að grunnskólar vinni markvisst að umbótum í skólastarfi og mæti þeim kröfum sem til þeirra eru gerðar.

Grunnskólar starfa við mismunandi aðstæður, þeir eru misfjölmennir, fyrirkomulag starfsemi þeirra er misjafnt og þeir geta verið ólíkir um margt. Æskilegt er að skapa stjórnendum svigrúm til að móta starf skóla eftir mismunandi áherslum og aðstæðum, en jafnframt er æskilegt að þeir fái eðlilegt aðhald og njóti ráðgjafar frá skólasamfélaginu. Skólastjórum er með frumvarpi þessu falið skýrara stjórnunarhlutverk og þeim er veitt meira svigrúm en áður til að skipa málefnum skóla og stjórnun með þeim hætti sem fellur að þörfum hverju sinni. Þá er búinn til nýr samráðsvettvangur um skólahaldið með skólaráðum sem í sitja fulltrúar kennara og annars starfsfólks, foreldra og grenndarsamfélags og nemenda eftir því sem við á. Með þessum hætti er leitast við að efla lýðræðislega virkni þeirra sem tengjast starfi grunnskólans og áhrif þeirra á stefnumótun og starfsemi skóla og almenna umgjörð skólastarfs.

Í frumvarpinu er lagt til að sveitarfélögum verði heimilt að reka saman grunnskóla, leikskóla og tónlistarskóla að fenginni umsögn skólanefndar og er það nýmæli. Víða í fámennum sveitarfélögum hefur verið áhugi á slíkum samrekstri og hafa verið stigin skref í þessa átt, til dæmis með samnýtingu húsnæðis og starfsfólks, en óheimilt hefur verið að ráða einn stjórnanda yfir slíka stofnun. Stærri sveitarfélög hafa einnig sýnt því áhuga að fá svigrúm til að færa saman rekstur grunn- og leikskóla eftir því sem hentar og fært fyrir því fagleg rök. Rétt þykir að hefta ekki slíka þróun og veita almenna heimild til samrekstrar leik- og grunnskóla

fyrir öll sveitarfélög óháð stærð þeirra eða gerð. Það verður því hlutverk sveitarfélaga að tryggja að faglega verði að slíkum samrekstri staðið með hagsmuni nemenda að leiðarljósi.

Gjaldfrjálst grunnskólanám – afmarkaðar heimildir til gjaldtöku.

Frumvarpið miðar að því að kennsla og námsgögn í skyldunámi skuli áfram veitt nemendum þeim að kostnaðarlausu. Nýmæli er hins vegar að kveðið er á um að hið sama eigi við um nám grunnskólanemenda í framhaldsskólum ef námið er hluti af grunnskólanámi. Ef svo er ekki, þ.e. ef námið er ekki tengt námi í grunnskóla, gilda ákvæði framhaldsskólalaga sem þýðir að nemendur greiða innritunargjald og, í þeim tilvikum sem það á við, efnisgjald en kostnaður vegna kennslu fellur á viðkomandi framhaldsskóla og þar með ríkissjóð. Ef nám er metið sem hluti af bæði grunn- og framhaldsskólanámi segir að viðkomandi skólar skuli gera samkomulag um kostnaðarskiptinguna.

Í frumvarpinu er að finna ákvæði um að sveitarfélögum sé heimilt að taka gjald fyrir skólamáltíðir og lengda viðveru utan daglegs kennslutíma samkvæmt sérstakri gjaldskrá sem þau setja. Á hinn bóginn er ekki heimilt samkvæmt frumvarpinu að taka gjald af nemendum vegna ferðalaga sem flokkast undir vettvangsnám eða eru að öðru leyti hluti af skyldunámi nemenda en þó er heimilt að innheimta gjald fyrir uppihald í námsferðum nemenda. Meginmarkmiðið er að takmarka gjaldtökuheimild skóla og skýra þær.

Meðferð ágreiningsmála.

Af 78. gr. stjórnarskrárinnar leiðir að sveitarfélög teljast hafa sjálfstæða stöðu gagnvart öðrum stjórnvöldum. Heimildir ráðherra til að viðhafa eftirlit með sveitarfélögum eða gefa þeim fyrirmæli eru því ekki fyrir hendi nema um það sé sérstaklega fjallað í lögum. Hin almenna kæruheimild sem lögfest er í 26. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, á samkvæmt þessu ekki við um stjórnvaldsákvarðanir sveitarfélaga. Hefðbundið er að greina á milli þess sem nefnt er almennt stjórnsýslueftirlit og sértækt stjórnsýslueftirlit. Með sértæku eftirliti er átt við það eftirlit sem fram fer á afmörkuðum sviðum, vegna afmarkaðra verkefna sveitarfélaganna. Dæmi um slíkt er 9. gr. laga um grunnskóla þar sem fjallað er um eftirlit menntamálaráðherra með starfsemi grunnskóla. Um almennt stjórnsýslueftirlit með starfsemi sveitarfélaga er á hinn bóginn fjallað í 102. gr. sveitarstjórnarlaga. Þar hefur félagsmálaráðuneytið eftirlit með því að sveitarstjórnir gegni skyldum samkvæmt lögunum og öðrum löglegum fyrirmælum. Vanræki sveitarstjórn skyldur sínar er í ákvæðinu kveðið á um heimildir ráðuneytisins til þess beita þvingunarúrræðum og viðurlögum. Á sama hátt má greina heimildir aðila máls, eða annarra sem kærurétt hafa, til að kæra ákvarðanir sveitarfélaga í almennar kæruheimildir og sérstakar. Almenn kæruheimild vegna ákvarðana sem teknar eru á sveitarstjórnarstigi er í 103. gr. sveitarstjórnarlaga, en dæmi um sérstakar kæruleiðir er samkvæmt gildandi lögum til að mynda að finna í 6. gr. grunnskólalaga, vegna ágreinings um skólasókn barns, og 41. gr. sömu laga, m.a. vegna brottvísunar nemenda úr skóla. Almenn lögskýringarsjónarmið leiða til þess að þegar sérstakar eftirlits- eða kæruheimildir eru fyrir hendi ganga þær framar almennum heimildum samkvæmt sveitarstjórnarlögum.

Í 47. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að unnt verði að kæra ákvarðanir sem teknar hafa verið af hálfu grunnskólans um rétt og skyldu einstakra nemenda, þ.e. ákvarðanir sem falla undir gildissvið stjórnsýslulaga. Sé ekki kveðið sérstaklega á um slíkar valdheimildir viðkomandi úrskurðaraðila má almennt gera ráð fyrir að hann geti fellt ákvörðun sem tekin er á vegum sveitarfélagsins úr gildi, í heild eða að hluta, og þá eftir atvikum gefið fyrirmæli um að mál skuli tekið fyrir að nýju hjá sveitarfélaginu, eða staðfest ákvörðunina. Þegar um

stjórnsýslukæru er að ræða er í stjórnsýslurétti við það miðað að úrskurðaraðili hafi heimild til að taka nýja ákvörðun í viðkomandi máli eða til að leggja fyrir lægra sett stjórnvald að taka málið til endurákvörðunar og komast þá að tiltekinni niðurstöðu í því. Vegna sjálfstæðrar stöðu sveitarfélaganna verður þó að gera þann fyrirvara um þetta síðastnefnda að takmörk kunna að vera á heimildum úrskurðaraðila til að gefa sveitarfélagi, eða aðila á þess vegum, slík fyrirmæli um efnislega niðurstöðu máls eða til að taka nýja ákvörðun í máli fyrir þess hönd nema til þess standi skýr lagaheimild.

Í 47. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir þeirri almennu reglu að ákvarðanir sem þar eru tilgreindar verði kærðar til menntamálaráðuneytisins. Jafnframt er gert ráð fyrir því að einstakar sveitarstjórnir geti með setningu almennrar samþykktar ákveðið að koma á kæruleið innan stjórnsýslu sveitarfélagsins. Sætir þá mál fyrst kæru til skólanefndar eða annars tilgreinds aðila innan stjórnsýslu sveitarfélagsins. Leggja verður áherslu á að með þessu er ekki verið að víkja til hliðar öðrum úrræðum til þess að endurskoða ákvarðanir sveitarstjórnar, svo sem með endurupptöku máls. Í þeim greinum frumvarpsins er heimila kæru til ráðuneytisins er enn fremur, eins og nánar er lýst í athugsemdum við 4. gr., mælt sérstaklega fyrir um íhlutunarrétt ráðuneytisins í einstökum málum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er gildissvið laganna skilgreint og er það skýrara en í gildandi grunnskólalögum. Tekið er fram að lögin nái einnig til sjálfstætt rekinna grunnskóla og til viðurkennds náms á grunnskólastigi. Þar er einkum átt við mögulega heimakennslu, fjarkennslu eða dreifnám samkvæmt nýjum ákvæðum í þessu frumvarpi.

Um 2. gr.

Þó nokkrar breytingar eru gerðar á markmiðsgrein grunnskólalaga en greinin hefur verið nær óbreytt frá grunnskólalögunum 1974. Í fyrsta lagi eru gerðar breytingar á ákvæðum um starfshætti grunnskóla á þann veg að bætt er við ákvæði um að starfshættir skuli mótast af jafnrétti og ábyrgð. Einnig er kveðið á um að starfshættir skuli mótast af umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi í stað kristilegs siðgæðis í gildandi lögum, en þessi hugtök eru kjarninn í túlkun á kristilegu siðgæði í aðalnámskrá grunnskóla. Þykir rétt að tilgreina ekki beint kristilegt siðgæði í ljósi breytinga á samfélaginu á undanförnum árum. Þessi breyting er í samræmi við ábendingar frá ýmsum aðilum. Í öðru lagi eru nokkrar breytingar á lagagreininni. T.d. er bætt við ákvæði um að grunnskólinn skuli efla skyldur nemenda við umheiminn, að skólastarfið skuli leggja grundvöll að frumkvæði nemenda og að nemendur fái að nýta sköpunarkraft sinn. Loks er viðbótarákvæði við gildandi grein um að grunnskóli skuli stuðla að samstarfi heimila og skóla með það að markmiði að tryggja farsælt skólastarf, almenna velferð og öryggi nemenda. Í frumvarpinu er víða vikið að hlutverki grunnskólans gagnvart velferð nemenda og tengslum við foreldra.

Um 3. gr.

Í þessari grein er skólaskyldan skilgreind. Breyting frá gildandi lögum er að settur er ákveðinn sveigjanleiki í skólaskylduna sem skal að jafnaði vera tíu ár með ákvæði um að hún geti verið skemmri. Er það gert til að auka sveigjanleika í menntakerfinu með það að markmiði að auka möguleika nemenda að fara á misjöfnum hraða í gegnum grunnskólann. Nemendur geti því útskrifast úr grunnskóla eftir níu ára nám eða jafnvel níu og hálft ár í stað tíu

ára, en það er grunnskólans að meta hvenær nemandi telst hafa lokið skyldunámi. Ekki er gert ráð fyrir að nemendur geti verið lengur í grunnskóla en tíu ár þar sem allir nemendur eiga rétt á námi við hæfi í framhaldsskóla að loknu tíu ára skyldunámi.

Í greininni er, líkt og í frumvarpi til leikskóla sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu, að finna skilgreiningu á hugtakinu foreldri sem í frumvarpi þessu vísar til þeirra sem fara með forsjá barns í skilningi barnalaga. Er þetta nauðsynlegt vegna fjölgunar tilvika þar sem foreldrar fara sameiginlega með forsjá og til afmörkunar á því við hverja er átt við með hugtakinu.

Um 4. gr.

Í þessari grein er hlutverk menntamálaráðuneytis skilgreint skýrar en í gildandi lögum en áfram er gengið út frá því að yfirstjórn málefna sem þessi lög taka til sé í höndum menntamálaráðherra sem er ábyrgur gagnvart Alþingi fyrir framkvæmd grunnskólalaga. Menntamálaráðuneyti er einnig ábyrgt fyrir upplýsingaöflun um skólahald í grunnskólum, greiningu gagna og upplýsingagjöf til Alþingis. Fram kemur að við þá skýrslugerð skal m.a. styðjast við skýrslur sveitarfélaga en í 37. gr. er nýtt ákvæði þess efnis að sveitarfélög skili reglulega skýrslu um skólahald til ráðuneytisins. Eftirlitshlutverk ráðuneytisins er nánar skilgreint í VIII. kafla frumvarpsins um mat og eftirlit með gæðum grunnskólastarfs.

Rétt þykir að taka fram um úrskurðarvald menntamálaráðherra í ágreiningsmálum samkvæmt þessari grein að í samræmi við þá framkvæmd sem í gildi er, og ekki síst með vísan til stjórnarskrárvarins sjálfsstjórnarréttar sveitarfélaga, er á því byggt að lögin sjálf kveði á um það í hvaða málum unnt er að skjóta ákvörðunum skólastjóra, sem eftir atvikum og samkvæmt lagafyrirmælum hafa hlotið efnislega meðferð og úrlausn á vettvangi sveitarfélagsins, til endanlegrar úrlausnar menntamálaráðherra. Sjónarmið um réttaröryggi borgaranna og hagsmunir þeirra af því að geta fengið úrlausn mála sinna innan stjórnsýslunnar í stað þess að þurfa að leita með ákvarðanir stjórnvalda til dómstóla, telji þeir að niðurstaðan á sveitarstjórnarstiginu sé óviðunandi, leiða til þess að gerð er tillaga um slíkan kærurétt í ákveðnum tilvikum. Samkvæmt þessu ber að túlka lög þessi á þann veg að kæruréttur sé almennt ekki fyrir hendi til menntamálaráðuneytis nema á grundvelli heimildar í einstökum greinum og því er almennum kærurétti ekki til að dreifa skv. 26. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

Nánar er gerð grein fyrir því í hverju ákvæði fyrir sig hversu ríkur íhlutunarréttur er fenginn ráðuneytinu til að framfylgja úrskurðum sínum. Byggist frumvarpið á þeirri meginhugsun að sá íhlutunarréttur skuli ekki vera ríkari en nauðsyn ber til, en þó það ríkur að lögvarin réttindi einstakra nemenda séu tryggð. Er gert ráð fyrir að stjórnsýsluframkvæmd ráðuneytisins muni jafnframt taka mið af þessu sjónarmiði.

Frumvarp þetta byggist á þeirri meginskipan að sérstakar ákvarðanir sem teknar eru um rétt eða skyldu einstakra nemenda vegna skólavistar þeirra og telja má að falli undir gildissvið stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, séu kæranlegar til menntamálaráðuneytis. Sú mikilvæga regla kemur síðan fram í 2. mgr. 47. gr. frumvarps þessa að sveitarstjórn geti ákveðið í samþykkt um stjórn og stjórnsýslu, sem sett er á grundvelli ákvæða sveitarstjórnarlaga, að áður en hægt er að kæra ákvörðun til menntamálaráðuneytis skuli fyrst beina kæru til tilgreinds aðila innan stjórnsýslu sveitarfélagsins sjálfs. Telja verður að þetta svigrúm sé mikilvægt fyrir sveitarfélög landsins, þannig að tryggt sé samræmi í skólahaldi innan sveitarfélags og að sveitarfélagið sjálft fái möguleika til slíkrar samræmingar, áður en málum er vísað til meðferðar á æðra stjórnsýslustigi í formi stjórnsýslukæru. Nánar er um þetta fjallað í athugasemdum við 47. gr. frumvarpsins.

Rétt er að taka fram að eftirlit menntamálaráðuneytis á grundvelli stjórnsýslukæru felur samkvæmt frumvarpinu í sér eftirlit með lögmæti ákvarðana viðkomandi sveitarfélags. Frumvarpið felur ekki í sér heimildir fyrir menntamálaráðuneytið til að fjalla á grundvelli stjórnsýslukæru um önnur atriði en þau hvort ákvörðun sem tekin hefur verið á vegum sveitarfélags fullnægi skilyrðum laga um form og efni. Mat sem framkvæmt er innan þess ramma sem grunnskólalögin veita sveitarfélögum verður ekki endurskoðað af hálfu menntamálaráðherra. Hafi sveitarfélag á hinn bóginn í mati sínu farið út fyrir lögbundinn starfsramma hefur ráðuneytið heimild til að ógilda viðkomandi ákvörðun í heild eða að hluta og jafnframt er gert ráð fyrir því í sérstökum tilvikum, þar sem hagsmunir aðila máls eru nægilega ríkir, að ráðuneytið geti tekið efnislega ákvörðun í máli sem þá er bindandi fyrir viðkomandi sveitarfélag.

Frumvarp þetta lýtur ekki að stjórnsýslukærum vegna annarra ákvarðana sem teknar eru á vegum sveitarfélaga vegna grunnskólans, svo sem almennra ákvarðana um stjórnskipulag sveitarfélagsins eða einstakra ákvarðana um starfsmannamál, t.d. við ráðningu eða uppsögn starfsmanna í grunnskóla. Um eftirlit með slíkum ákvörðunum gilda eftir sem áður almennar reglur sveitarstjórnarlaga, og eftir atvikum ákvæði annarra laga.

Um 5. gr.

Ábyrgð sveitarfélaga á rekstri grunnskóla er tilgreind í þessari grein og eru ákvæðin mun skýrari en í gildandi lögum. Helstu verkefni sveitarfélaga eru tíunduð og einnig er nýtt ákvæði þess efnis að sveitarfélög setji sér almenna stefnu um grunnskólahald í sveitarfélaginu og kynni fyrir íbúum þess. Mörg sveitarfélög hafa á undanförnum árum sett almenna skólastefnu og er hér verið að lögbinda skyldur allra sveitarfélaga á þessu sviði með það að markmiði að sveitarfélög marki skýra sýn í þessum málaflokki. Felld eru út ákvæði þess efnis að Samband íslenskra sveitarfélaga hafi frumkvæði að lausn málefna grunnskólans er varða fleiri en eitt sveitarfélög ef ekki er kveðið á um með hvaða hætti með skuli farið. Ekki þykir ástæða til þess að lögbinda hlutverk Sambandsins á þessu sviði en á nokkrum stöðum í frumvarpinu er gert ráð fyrir samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga um setningu reglugerða eða viðmiðunarreglna. Stjórnvöld líta á Samband íslenskra sveitarfélaga sem sameiginlegan málsvara allra sveitarfélaga, sbr. 87. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, og leita þangað t.d. eftir fulltrúum sveitarfélaga í nefndir og ráð og samráði vegna kostnaðarmats.

Nýtt ákvæði er að sveitarfélög stuðli að samstarfi grunnskóla við aðila utan skóla. Útfærslan á samstarfinu í hverjum skóla er í höndum skólastjóra og skólaráðs. Markmið með slíku samstarfi er að samhæfa starfsemi grunnskóla og ýmissa annarra aðila sem veita börnum á grunnskólaaldri þjónustu, svo sem hvað varðar félags- og tómstundastarf, æskulýðsstarf, íþróttastarfsemi og ýmsa fræðslustarfsemi, t.d. tónlistarskóla og kirkjustarf, en jafnframt vísar greinin til margvíslegs samstarfs við aðila í grenndarsamfélaginu, svo sem vegna kynningar á starfsemi í grunnskólum.

Í gildandi lögum um grunnskóla er á því byggt að skylda sveitarfélaga til að halda skóla fyrir börn og unglinga á aldrinum 6–16 ára taki til barna sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu. Er það í samræmi við 3. mgr. 1. gr. sveitarstjórnarlaga þess efnis að hver maður teljist íbúi þess sveitarfélags þar sem hann á lögheimili.

Ákvæði barnalaga, nr. 76/2003, gera ráð fyrir því að við skilnað fari foreldrar með sameiginlega forsjá barns. Samkvæmt 31. gr. barnalaga, sbr. 1. gr. laga nr. 69/2006, skulu foreldrar ákveða hjá hvoru þeirra barn skuli eiga lögheimili og þar með að jafnaði fasta búsetu. Skal sýslumaður tilkynna þjóðskrá hjá hvoru foreldrinu barn eigi lögheimili. Þá er gert ráð fyrir því að sýslumaður leiðbeini foreldrum um inntak sameiginlegrar forsjár og um þau réttaráhrif

sem skráning lögheimilis barns hefur í för með sér, en af henni ræðst m.a. skólaskylda þess. Hafi foreldrar gert samning um forsjá barns, sbr. 32. gr. barnalaga, skal með sama hætti ákveða hjá hvoru foreldrinu barn skuli eiga lögheimili og þar með að jafnaði hafa fasta búsetu. Samkvæmt þessu er gert ráð fyrir því að barn hafi lögheimili á einum stað og taka ákvæði frumvarpsins mið af þeirri skipan. Skilyrði um lögheimili barns byggist m.a. á því meginsjónarmiði að ákveðin festa og stöðugleiki verði í skólasókn nemenda og félagslegum tengslum. Komi til þess að foreldrar, sem ekki búa í sama sveitarfélagi, ákveði að breyta dvalarstað barns eða fela öðrum forsjá þess, verður það ekki gert nema tekin verði ný ákvörðun eða gerður nýr samningur um forsjá barnsins og þá um leið kveðið á um lögheimili þess. Þegar forsjá barns er breytt samkvæmt framansögðu breytist jafnframt fyrri ákvörðun um meðlagsgreiðslur, sbr. 54. gr. barnalaga.

Í 3. og 4. mgr. er gert ráð fyrir því að hægt sé að uppfylla skyldur sveitarfélags til þess að tryggja skólavist við aðrar aðstæður. Annars vegar geti barnið notið skólavistar þó svo að það eigi lögheimili í öðru sveitarfélagi þegar sá sem hefur forsjá barns á lögheimili í sveitarfélaginu. Ákvæðinu er ætlað að tryggja samfellda skólagöngu barna sem eru í fóstri á heimili utan lögheimilissveitarfélags. Ákvæði 68. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002, gera ráð fyrir því að í fóstursamningi sé kveðið á um lögheimili barns. Sé lögheimili ákveðið það sama og fósturforeldra fer um stöðu þess eins og annarra barna sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu. Í framkvæmd hafa komið upp tilvik þar sem fósturbarni, sem hefur annað lögheimili en fósturforeldrar þess, hefur verið synjað um skólavist þar sem ekki hafi verið samið við viðtökusveitarfélag um skólagönguna. Slík niðurstaða er ekki viðunandi og getur bitnað harkalega á réttindum barns til skólagöngu. Það verður almennt að telja eðlilegt verklag við undirbúning vistunar barns í fóstur að hlutaðeigandi sveitarfélög og barnaverndaryfirvöld eigi með sér eðlilegt samráð og að gengið hafi verið frá samningi um skólagönguna áður en tímabundið fósturúrræði er ákveðið til þess að viðkomandi grunnskóli geti eftir því sem við á undirbúið móttöku nemandans. Eðlilegt er að ætla að Barnaverndarstofa veiti hér ákveðna aðstoð og leiðbeiningar. Með ákvæðinu er undirstrikað að sveitarfélögum ber að tryggja börnum í fóstri skólavist og haga undirbúningi vistunarúrræða með þeim hætti að hagsmunir barnsins séu hafðir að leiðarljósi og samstarf sé milli barnaverndaryfirvalda og skóla um skólagönguna. Æskilegt er að til verði viðmiðunarreglur um skólavistun fósturbarna sem unnar verði sameiginlega af hagsmunaaðilum, þar á meðal sveitarfélögum og yfirvöldum barnaverndarmála. Hins vegar er á því byggt í 19. gr. frumvarpsins að foreldri skólaskylds barns beri ábyrgð á að það innritist í skóla þegar það kemst á skólaskyldualdur og sæki skóla. Það er því almennt við það miðað að barn skuli sækja skóla þar sem það dvelst og á lögheimili. Séu aðstæður hins vegar með þeim hætti að barn dveljist í sveitarfélagi og það hefur hafið skólagöngu eða verið innritað í skóla, án þess að hafa skráð lögheimili, ber sveitarstjórn að mæla fyrir um skólaskyldu þess. Með þessu er reynt að tryggja að þau börn sem sannanlega dveljast og búa hér á landi og lögboðin skólaskylda nær til geti óhindrað gengið í skóla í samræmi við landslög og alþjóðlegar skuldbindingar íslenska ríkisins. Tilvik af þeim toga sem hér er vísað til hafa komið upp, sbr. umfjöllun umboðsmanns Alþingis í máli nr. 4838/2006 og bréf menntamálaráðuneytis, dags. 16. janúar 2007, um skólaskyldu barna sem hingað höfðu komið til lands með erlendum foreldrum vegna vinnu þeirra eða leit þeirra að vinnu. Synji sveitarstjórn barni um skólavist á þeirri forsendu að það hafi ekki lögheimili hér á landi verður slíkri ákvörðun skotið til menntamálaráðherra, sbr. 47. gr. frumvarpsins.

Loks er nýtt ákvæði um að lögheimilissveitarfélag geti samið við annað sveitarfélag um að veita barni skólavist, en til eru viðmiðunarreglur hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um

slíkt fyrirkomulag sem hafa reynst vel. Hafi slíkur samningur verið gerður hefur viðtökusveitarfélagið sömu skyldur gagnvart barni og lögheimilissveitarfélag hefði ella, þar á meðal að sjá til þess að misbrestur verði ekki á skólasókn skv. 19. gr.

Um 6. gr.

Í núgildandi lögum er fjallað um skólanefndir í tveimur lagagreinum. Auk þess er í sérstakri lagagrein fjallað um skólahverfi. Í þessu frumvarpi er meginhlutverk skólanefnda skilgreint með svipuðum hætti og í gildandi lögum, en ákvæði um kosningu í skólanefndir eru einfölduð. Nýtt ákvæði er að skólanefnd skuli staðfesta starfsáætlun skóla ár hvert en í gildandi lögum er einungis um staðfestingu á starfstíma skóla ár hvert að ræða. Ekki er lengur gert ráð fyrir að skólastjórar eigi rétt til setu á skólanefndarfundum þegar fjallað er sérstaklega um málefni viðkomandi skóla, heldur er gert ráð fyrir að skólastjórar kjósi úr sínum hópi aðal- og varamann til setu á skólanefndarfundum. Það er því alfarið í höndum skólastjóra í viðkomandi sveitarfélagi að velja fulltrúa sína til setu í skólanefndum. Auk þess geta skólanefndir boðað skólastjóra einstakra skóla á sinn fund eftir þörfum hverju sinni. Gert er ráð fyrir einum aðalfulltrúa frá skólastjórum, einum frá grunnskólakennurum og einum frá foreldrum en í gildandi lögum eru tveir grunnskólakennarar þegar 15 eða fleiri stöðugildi eru í skólahverfinu. Sveitarfélög geta þó ákveðið að fjölga áheyrnarfulltrúum skólastjóra, grunnskólakennara og foreldra ef ástæða þykir til. Ekki er lengur skilgreint í lögum hvað er skólahverfi og hvergi í frumvarpinu er fjallað um það hugtak enda ekki talið nauðsynlegt að lögbinda skipan þeirra mála í einstökum sveitarfélögum. Í stað þess eru skýr ákvæði um að í hverju sveitarfélagi skuli vera skólanefnd í umboði sveitarstjórnar.

Í lok greinarinnar er vikið að hlutverki skólanefndar við úrlausn kærumála sem gert er ráð fyrir að henni geti borist samkvæmt ákvæðum frumvarpsins, taki sveitarfélag sérstaka ákvörðun þar um, sbr. 2. mgr. 47. gr. frumvarps þessa. Sérstaklega skal vakin athygli á að ákvæði sveitarstjórnarlaga um sérstakt hæfi munu eðli máls samkvæmt gilda um störf nefndarinnar við meðferð og afgreiðslu slíkra mála, sbr. hér einnig 2. mgr. 2. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Þrátt fyrir að í ákvæðum sveitarstjórnarlaga sé ekki sérstaklega vikið að kærusambandsvanhæfi, sbr. til hliðsjónar 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. stjórnsýslulaga, verður þó að telja að sú regla gildi á sveitarstjórnarstiginu einnig, þannig að hafi starfsmaður sveitarfélags eða nefndarmaður tekið þátt í meðferð eða afgreiðslu máls þegar hin kærða ákvörðun var tekin af hálfu grunnskóla teljist hann vanhæfur til að koma að meðferð eða afgreiðslu málsins þegar það kemur til meðferðar nefndarinnar.

Um 7. gr.

Í frumvarpinu eru skýrari ákvæði um stöðu skólastjóra en í gildandi lögum og er ákvæðum 14. og 23. gr. gildandi laga skeytt saman í eina grein, þ.e. um stjórnun skólans. Í gildandi lögum er einungis kveðið á um skólastjóra og aðstoðarskólastjóra en ekki um annað fyrirkomulag stjórnunar í skólum. Tekið er skýrt fram í frumvarpinu að sveitarfélög ráða skólastjóra við hvern grunnskóla, en ekki sérstaklega kveðið á um að hann skuli ráðinn af sveitarstjórn að fenginni umsögn skólanefndar. Sveitarfélögum er í sjálfsvald sett með hvaða hætti staðið er að ráðningu skólastjóra í samræmi við lögverndunarlög og lög nr. 72/1996, um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla. Ekki er sérstaklega kveðið á um einstök verkefni skólastjóra í þessari grein en víða í frumvarpinu er vikið að hlutverki hans og ábyrgð gagnvart einstökum þáttum í skólastarfinu. Í frumvarpinu er kveðið á um að skólastjóri geri tillögu til sveitarstjórnar um stjórnunarmagn og fyrirkomulag stjórnunar í grunnskólum með

tilliti til þarfa viðkomandi skóla. Ákvæði um aðstoðarskólastjóra eru jafnframt felld úr lögum og viðmiðun í gildandi lögum um hvenær skuli ráða aðstoðarskólastjóra. Í stað þess er sett viðmið um að í grunnskólum með færri en 60 nemendur þar sem ekki er annar stjórnandi ákveði skólastjóri hver af föstum kennurum skólans skuli annast skólastjórn í forföllum hans. Þar með er gefið í skyn að í skólum með fleiri en 60 nemendur séu starfandi aðrir stjórnendur. Ekki þykir rétt að lögbinda stjórnskipulag grunnskóla að öðru leyti en hvað varðar skólastjóra eða forstöðumann stofnunar þar sem eðlilegt sé að sveitarfélög og einstakir skólar geti ráðið sjálfir með hvaða hætti stjórnun að öðru leyti er fyrir komið. Ekki er gert ráð fyrir að varið verði minni fjármunum til stjórnunar innan grunnskólans en svigrúm verði aukið í því skyni innan sveitarfélaga og einstakra skóla. Sumir geta kosið að hafa áfram aðstoðarskólastjóra, aðrir gætu ákveðið að hafa nokkra deildarstjóra eða stigsstjóra eftir því sem þörf krefur í hverjum skóla og í samræmi við breytta stjórnunarhætti í stofnunum. Sum sveitarfélög gætu einnig ákveðið að hafa tvo eða þrjá skólastjóra við sama grunnskólann, en menntamálaráðuneyti hefur heimilað nokkrum sveitarfélögum slíkt fyrirkomulag á undanförnum árum í tilraunaskyni. Í þeim tilvikum verður að vera ljóst hver ber höfuðábyrgð á starfsemi skólans gagnvart sveitarstjórn og ráðuneyti. Eðlilegt er að sveitarfélög komi sér upp viðmiðunum í samráði við Skólastjórafélag Íslands um með hvaða hætti lágmarksstjórnunarkvóti verði í grunnskólum, t.d. miðað við stærð skóla, en ekki þykir ástæða til að lögbinda slíkt.

Jafnframt er ekki lögbundið að sérstakt kennararáð verði starfandi í skólum, sjá nánar skýringar við 8. gr., nýtt ákvæði um skólaráð, þar sem talið er fullnægjandi að hafa skólaráð sem samráðsvettvang í skólum. Skólastjóri skal hins vegar boða til kennarafundar og starfsmannafunda svo oft sem þurfa þykir, t.d. þegar starfsmenn skólans æskja þess en ekki þykir rétt að binda fjölda kennarafunda með sama hætti og í gildandi lögum. Skólaráð sæki kennarar og aðrir sérfræðingar sem koma að skólastarfi. Loks er sett á skólastjóra sú skylda að stuðla að samstarfi allra aðila skólasamfélagsins, þ.e. milli alls starfsfólks skólans, nemenda og foreldra og annarra er tengjast skólanum.

Um 8. gr.

Í þessari nýju grein er kveðið á um stofnun skólaráðs við hvern grunnskóla sem verði samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélagsins um skólahaldið og skal skólastjóri sitja í ráðinu og stýra því. Gert er ráð fyrir sjö manna skólaráði við hvern skóla með tveimur fulltrúum kennara, einum fulltrúa annars starfsfólks, tveimur fulltrúum foreldra, einum fulltrúa grenndarsamfélags sem skólaráðið skal sjálft velja úr hópi íbúa í grenndarsamfélaginu og viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra. Fulltrúi grenndarsamfélags gæti t.d. komið úr hópi foreldra, fyrrverandi nemenda skólans, fyrrverandi kennara eða stjórnenda, frá aðilum sem eiga samstarf við skólann, t.d. úr félags- og tómstundageiranum, eða úr atvinnulífinu eða verið einhver sem skólaráðið vill kalla til starfa. Samhliða stofnun skólaráðs við hvern skóla er ekki lengur kveðið á um foreldraráð og kennararáð við hvern skóla, en verkefni þessara ráða flytjast að verulegu leyti til skólaráðs og meira til. Áfram getur starfað kennararáð í skólum ef ástæða þykir til í samræmi við stjórnskipulag skólanna. Ekki er gert ráð fyrir að nemendur eigi fastafulltrúa í skólaráði þar sem ekki er talið henta nemendum að taka þátt í umræðum um allar áætlanir skólans. Hins vegar skulu fulltrúar nemenda vera kallaðir til starfa með skólaráði þegar fjallað er um velferðar- og hagsmunamál nemenda. Ekkert er því til fyrirstöðu að einstök skólaráð ákveði að fulltrúar nemenda starfi alltaf með skólaráðinu en ekki þykir skynsamlegt að lögbinda það að þessu sinni. Skólaráð skal samkvæmt frumvarpi þessu hafa víðtækt hlutverk sem samráðsvettvangur um hvaðeina sem lýtur að skólahaldinu og breytingar

á því og geta einstök sveitarfélög einnig ákveðið að fela skólaráðum einstakra skóla ákveðin verkefni umfram það, t.d. ákvörðunarvald í einstökum málum og þátttöku í vali á nýjum skólastjóra. Loks er ákvæði um heimild menntamálaráðherra til að setja reglugerð um starfsemi skólaráða í samráði við þá aðila sem málið varðar. Rétt þykir að sett verði í reglugerð nánari ákvæði til að tryggja ákveðið samræmi í starfsemi og þróun skólaráða. Við gerð reglugerðar er mikilvægt að samráð sé haft við þá aðila sem málið varðar. Með samtökum sveitarfélaga, kennara og foreldra er átt við félög skólastjóra og grunnskólakennara innan KÍ, Samtökin Heimili og skóla og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Um 9. gr.

Í þessari grein er stofnun og starfsemi foreldrafélaga lögbundin, en í gildandi lögum er heimildarákvæði um stofnun samtaka foreldra við grunnskóla. Rétt þykir að lögbinda foreldrafélög við alla grunnskóla, m.a. til þess að vera bakhjarl fulltrúa foreldra í skólaráði og einnig til að leggja áherslu á mikilvægi samstarfs heimilis og skóla og að foreldrar styðji við skólastarfið. Gert er ráð fyrir að skólastjóri sé ábyrgur fyrir stofnun foreldrafélags og að félagið fái nægan stuðning til starfsemi sinnar frá skólanum. Foreldrafélög eru starfandi við langflesta grunnskóla og víða eru starfandi sérstakir bekkjarfulltrúar foreldra sem hafa það hlutverk að leiða samstarfið í hverjum árgangi, bekkjardeild eða námshópi. Saman mynda bekkjarfulltrúar foreldra víða fulltrúaráð í skólum og slíkt fyrirkomulag er æskilegt m.a. til að samræma starfið og gera það skilvirkara og einnig kjörið til að tryggja að fulltrúar foreldra í skólaráði hafi traust bakland.

Um 10. gr.

Í gildandi lögum eru nemendaráð lögbundin við hvern skóla. Hér er í stað nemendaráða lagt til að nemendafélag sé starfandi í öllum grunnskólum og er skólastjóri ábyrgur fyrir stofnun þess. Í stjórnum nemendaráða við grunnskóla hafa oftast eingöngu setið nemendur af unglingastigi. Undanfarið hefur færst í vöxt að yngri nemendur taki þátt í félagsstörfum af þessu tagi en í gildandi lögum er miðað við nemendur úr 6.–10. bekk í stjórn nemendaráðs. Eðlilegt er að hver skóli þrói skipan mála eftir því sem hentar í skólanum með nemendalýðræði og þátttökulýðræði að leiðarljósi. Ekki er sérstaklega bundið í lögum að stjórn skuli skipuð fulltrúum úr öllum árgöngum skólans en eðlilegt er að fulltrúar allra árganga geti tekið þátt í starfi félagsins eftir því sem þroski nemenda leyfir. Hlutverk nemendafélags er skilgreint nokkuð vítt í frumvarpinu, en gert er ráð fyrir að nemendur vinni í fyrsta lagi að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda og taki einnig þátt í að veita umsagnir um starfsáætlun skólans og aðrar áætlanir og í starfi skólaráðs eftir því sem rétt er talið í hverjum skóla.

Um 11. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um starfslið skóla, að því leyti sem talið er skynsamlegt að kveða á um í grunnskólalögum. Orðalag ákvæðisins tekur mið af 1. mgr. 56. gr. sveitarstjórnarlaga en í mörgum sveitarfélögum eru skólastjórar meðal æðstu stjórnenda. Í 7. gr. er lagt til að við hvern grunnskóla skuli vera skólastjóri, sem er forstöðumaður hans, veitir honum faglega forustu og ber ábyrgð á starfi skólans gagnvart sveitarstjórn. Af þessu leiðir að gert er ráð fyrir því að skólastjóri hafi með höndum ráðningu kennara og annars starfsliðs og að um það sé fjallað í samþykktum sveitarstjórnar, sbr. 2. mgr. 56. gr. sveitarstjórnarlaga. Hér er eingöngu bundið að ráða skuli aðra stjórnendur, grunnskólakennara og annað ótilgreint

starfsfólk innan ramma þess sem sveitarstjórn ákveður. Gert er ráð fyrir því að sveitarfélög geti haft svigrúm til að ráða annað starfsfólk en grunnskólakennara til starfa. Þar getur t.d. verið átt við stuðningsfulltrúa, skólaliða, náms- og starfsráðgjafa, félagsráðgjafa, þroskaþjálfa og iðjuþjálfa. Orðalagið að um skilyrði þess að hljóta ráðningu sem skólastjóri, stjórnandi eða kennari í grunnskóla fari eftir þeim lögum sem þar um gilda vísar til ákvæða laga um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra og laga um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla. Verði frumvarp til þeirra laga, sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu, að lögum munu ákvæði þeirra eiga hér við.

Eitt af meginmarkmiðum grunnskólastarfs og skyldna hins fullorðna er að tryggja eins og kostur er nemendum örugg náms- og leikskilyrði. Í lokamálslið 2. mgr. er nýtt ákvæði til þess að tryggja framangreint eins og kostur er. Samkvæmt greininni er óheimilt að ráða einstakling sem á að baki refsidóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Er áréttuð hér heimild skólastjóra til öflunar upplýsinga úr sakaskrá hvað þetta varðar. Mikilvægt er að áður en gengið er frá ráðningarsamningi liggi fyrir sakavottorð eða heimild leikskólastjóra, með samþykki umsækjanda, til að afla upplýsinga úr sakaskrá. Heimildin tekur til ráðningar í öll störf hjá viðkomandi grunnskóla og er ekki eingöngu bundin við brot gegn einstaklingi sem ekki hefur náð 18 ára aldri.

Í greininni er ekki fjallað sérstaklega um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda eða annað starfslið. Af 1. mgr. 57. gr. sveitarstjórnarlaga leiðir að um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna sveitarfélaga fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga eins og þar greinir. Mikilvægt ákvæði er í 2. mgr. ákvæðisins þar sem fjallað er um þagnarskyldu starfsliðs sveitarfélaga. Samhljóða ákvæði er enn fremur að finna í 32. gr. laga nr. 72/1996, um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla. Rétt er að undirstrika að þagnarskylda samkvæmt tilvitnuðum ákvæðum nær ekki til tilvika sem starfsfólki grunnskóla ber að tilkynna um lögum samkvæmt, sérstaklega á grundvelli barnaverndarlaga og enn fremur skv. 19. gr. frumvarpsins.

Um 12. gr.

Í þessari grein eru sambærileg ákvæði og í gildandi lögum þar sem kveðið er á um að kennarar og skólastjórar grunnskóla skulu eiga kost á námsleyfum. Áfram er gert ráð fyrir sama hlutfalli af dagvinnulaunum kennara og skólastjóra sem renni í sérstakan sjóð er Samband íslenskra sveitarfélaga annist rekstur á og varðveiti. Engar breytingar eru gerðar á sjóðnum en ekki þykir ástæða til að hafa lagaákvæðin um sjóðinn eins nákvæm og í gildandi lögum. Einnig er gert ráð fyrir að þessi sjóður ráðstafi fjármunum til endurmenntunar kennara og skólastjóra sem samkvæmt gildandi lögum hefur verið í umsjón menntamálaráðuneytis.

Á undanförnum árum hefur oft verið rætt um að eðlilegt sé að í skólum gildi það sama og annars staðar í atvinnulífinu, þ.e. að vinnuveitendur annist símenntun eigin starfsmanna og að Endurmenntunarsjóður menntamálaráðuneytis sé í raun arfur frá gamalli tíð áður en grunnskólinn fluttist til sveitarfélaga. Eðlilegt sé að ráðstöfun fjármagns til símenntunar færist til sveitarfélaga og til þess að fjármagnið nýtist sem best þykir rétt að halda áfram utan um úthlutun til einstakra verkefna hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Sjóðurinn hefur haft um 20 milljónir kr. árlega til ráðstöfunar til endurmenntunar. Sveitarfélög hafa á undanförnum árum stóraukið framlög til endurmenntunar kennara og mikil gróska hefur verið á þessu sviði.

Um 13. gr.

Eitt meginmarkmiðið með endurskoðun á grunnskólalögum nú var að skilgreina betur rétt nemenda á ýmsum sviðum, bæði hvað varðar hvetjandi námsumhverfi og andlega, líkamlega og félagslega vellíðan nemenda. Í þessari grein eru skilgreind ýmis réttindi nemenda á þessum sviðum en slík ákvæði eru ekki í gildandi lögum. Í fyrsta lagi er skilgreint í frumvarpinu að grunnskólinn sé vinnustaður nemenda og gengið út frá því að nám í grunnskóla sé full vinna fyrir nemendur. Því er óbeint gert ráð fyrir því að nemendur stundi ekki aðra vinnu á grunnskólaaldri og lögð áhersla á að nemendur finni til öryggis og njóti hæfileika sinna í grunnskóla. Nemendur eigi rétt á því að njóta bernsku sinnar í öllu starfi sínu á vegum skólans og að fá nægjanlega hvíld innan hvers skóladags, hverrar skólaviku og hvers skólaárs. Í þessu sambandi er mikilvægt að skólar sinni tilkynningarskyldu til barnaverndaryfirvalda ef grunur er um misbrest á uppeldisaðstæðum nemenda á einhvern hátt, sbr. ákvæði í barnaverndarlögum. Í aðalnámskrá eru einnig ákvæði er varða með sama hætti réttindi nemenda og aðbúnað þeirra. Þannig er gert ráð fyrir því að í aðalnámskrá komi fram að hverjum skóla beri að huga að menningu skólans og andrúmslofti í skólastarfinu með áherslu á velferð og jákvæða andlega og félagslega líðan nemenda og enn fremur að grunnskólar skuli setja sér forvarna- og viðbragðsáætlun.

Þá er réttur nemenda til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri skilgreindur og er það í samræmi við ákvæði í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Loks þykir rétt að kveða á um rétt nemenda til þess hafa umsjónarkennara, en í núgildandi lögum er talað um umsjónarkennara fyrir hvern bekk. Ákvæðið tekur mið af því að víða er ekki talað um bekki í skólum. Ákvæðin um hlutverk umsjónarkennara eru svipuð og í gildandi lögum.

Einnig er réttur nemenda til námsráðgjafar skilgreindur, en ekki umfang náms- og starfsráðgjafar eða með hvaða hætti slíkri ráðgjöf er fyrir komið. Í gildandi lögum er sérstakt ákvæði um námsráðgjöf í lagagrein um sérfræðiþjónustu og ákvæði eru um námsráðgjöf í aðalnámskrá grunnskóla. Í stað þess að fjalla um námsráðgjöf sem hluta af sérfræðiþjónustu er skilgreindur réttur nemenda til námsráðgjafar og fræðslu um náms- og starfsval. Þessi breyting er í samræmi við ýmis önnur ákvæði þar sem með lögunum er ætlunin að tryggja rétt nemenda til þjónustu án þess að tilgreina sérstaklega með hvaða hætti þjónustan skuli veitt eða umfang hennar.

Um 14. gr.

Orðalag þessarar greinar er að grunni til byggt á 41. gr. gildandi laga um hegðun nemenda og með hvaða hætti skuli brugðist ef hegðun nemanda reynist verulega áfátt, eins og ákvæðinu var breytt með lögum nr. 98/2006. Breytingar hafa þó verið gerðar á orðalagi og með því leitast við að gera ákvæðið enn skýrara en áður. Þannig er áréttað að um málsmeðferð í þeim tilvikum að nemanda er vikið úr skóla skuli farið að ákvæðum stjórnsýslulaga, enda varðar slík ákvörðun veigamikil réttindi og skyldur nemandans með tilliti til lögbundinnar skólaskyldu og réttar til skólagöngu. Þá er gerð sú breyting á ákvæðinu að tekið er fram að um sé að ræða ákvörðun skólastjóra um brottvikningu nemanda úr skóla um stundarsakir eða ótímabundið, en samkvæmt gildandi ákvæði er einungis kveðið á um brottvikningu um stundarsakir. Raunin er sú að í framkvæmd hefur ákvæðinu einkum verið beitt við töku ákvarðana um ótímabundna brottvikningu nemanda úr skóla.

Hafi nemanda verið vísað úr skóla, tímabundið eða ótímabundið, leggur ákvæðið þær skyldur á skólanefnd að tryggja viðkomandi nemanda annað kennsluúrræði innan hæfilegs tíma. Ekki þykir rétt að kveða með afdráttarlausum hætti á um nákvæman frest í þessu sam-

bandi, en áhersla er lögð á að skólanefnd útvegi nýtt skólaúrræði án ástæðulauss dráttar og eins fljótt og nokkur kostur er. Gert er ráð fyrir því að menntamálaráðherra setji í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd greinarinnar eins og er í núgildandi lögum, og í gildandi reglugerð er veittur þriggja vikna frestur til að útvega nemanda annað kennsluúrræði. Umboðsmaður Alþingis hefur í áliti sínu, sem er að finna í skýrslu hans fyrir árið 1994, bls. 295, tekið fram að almennt falli kennsla ekki undir stjórnsýslulög, en hins vegar geti ákvarðanir um agaviðurlög og skyld úrræði fallið undir lögin. Segir í álitinu að með hliðsjón af ummælum í greinargerð með stjórnsýslulögum verði að líta svo á að hin vægari úrræði sem beitt sé til að halda uppi aga og almennum umgengnisvenjum teljist almennt ekki stjórnvaldsákvarðanir. Hins vegar kemur skýrt fram í álitinu að ákvörðun um að víkja nemanda úr skóla í fleiri en einn skóladag teljist ákvörðun um réttindi og skyldur sem falli undir 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga og því beri að fara með slík mál í samræmi við ákvæði þeirra laga. Eins og áður segir kemur fram í greininni að menntamálaráðuneyti setji reglugerð um framkvæmd þessarar greinar þar sem m.a. er kveðið á um skólareglur og málsmeðferð þegar um brot á skólareglum er að ræða.

Þá er í greininni einnig fjallað um ábyrgð nemenda á eigin námi með hliðsjón af aldri, t.d. með því að setja sér markmið um framgang námsins og vinnu að því að ná þeim og með hvaða hætti árangur sé metinn í samvinnu við kennara og foreldra.

Um 15. gr.

Í þessari grein er skólaskyldan skilgreind nánar, sbr. almenna skilgreiningu í 3. gr. Fram kemur að hægt sé að fullnægja skólaskyldunni í grunnskólum, í sjálfstætt reknum grunnskólum eða með öðrum hætti samkvæmt lögum þessum. Þar er einkum átt við möguleika á heimakennslu eða fjarkennslu og netnámi sem nánar er kveðið á um í 46. gr. frumvarpsins. Einnig getur verið um að ræða tilraunaskóla á vegum sveitarfélaga.

Ákvæði um skólaskyldu eru sambærileg og eru í 35. gr. gildandi laga, en gert er ráð fyrir ákveðnum sveigjanleika við upphaf grunnskóla. Þótt kveðið sé á um að skólaskyldan hefjist að jafnaði við upphaf skólaárs á því almanaksári sem barnið verður sex ára er einnig mögulegt að byrja skólagönguna við áramót á því ári sem barnið verður sex ára og miða við að barnið geti þá t.d. lokið skyldunámi um áramót tíu árum síðar eða jafnvel fyrr, en mikilvægt er að skapa ákveðinn sveigjanleika í þessum efnum innan grunnskóla. Hér er gert ráð fyrir að viðmiðanir um nám utan grunnskóla sem jafngildi grunnskólanáms verði settar í aðalnámskrá grunnskóla og er það nýmæli. Þá er vikið að því að barn geti hafið skólagöngu ári fyrr eða síðar eftir því sem samkomulag næst milli foreldra og skóla. Mat á slíku byggist vitaskuld á mati sérfræðinga, kennara og stjórnenda skóla.

Í þessari grein er einnig sambærilegt ákvæði og er í gildandi lögum um tímabundna undanþágu nemenda frá skólasókn en skólastjóra er heimilt að veita slíkar undanþágur telji hann til þess gildar ástæður. Ekki eru settar í lögum eða reglugerðum frekari leiðbeiningar um hvað teljist gildar ástæður, en í öllum tilvikum er ábyrgðin sett á foreldrana að sjá til þess að nemandinn vinni upp það sem hann kann að missa úr námi meðan á undanþágu stendur. Gildar ástæður geta t.d. tengst þátttöku í landsliðsverkefnum á sviði íþrótta, við æskulýðsstarf, ferðalög fjölskyldu og sjálfboðastarf. Ef ekki næst samkomulag milli forráðamanna og skólastjóra um slíka undanþágu geta foreldrar kært synjun skólastjóra samkvæmt fyrirmælum 47. gr. Um meðferð kærumála vísast nánar til athugasemda við þá grein frumvarpsins. Rétt þykir að veita menntamálaráðuneytinu heimild til að mæla svo fyrir í úrskurði að undanþága skuli veitt í heild eða að hluta, jafnvel þó að sveitarfélag hafi ekki fallist á slíka beiðni.

Ástæðan þess að talið er rétt að fela ráðuneytinu valdheimild þessa er fyrst og fremst sú að þrátt fyrir sjálfstæði sveitarfélaga um rekstur grunnskóla verður að telja eðlilegt að hægt sé að tryggja a.m.k. að nokkru marki samræmi í því í hvaða tilvikum einstakir nemendur eigi að lögum rétt á undanþágu frá skólasókn. Hér getur verið um mikilvæg réttindi einstakra nemenda að ræða og þá er gert ráð fyrir að almenn viðmið um heimildir til að veita undanþágur verði settar í aðalnámskrá.

Numin eru brott ákvæði úr gildandi lögum um að nemandi geti horfið frá námi í eitt ár að loknum 9. bekk vegna þátttöku í atvinnulífi þar sem ekki er talið rétt að gera ráð fyrir að nemandi á skyldunámsaldri stundi launaða vinnu. Því er réttara að skólinn leiti annarra leiða en að heimila nemanda að hverfa alfarið frá námi enda segir reynslan að nemendur sem fengið hafa slíkt leyfi koma ekki aftur í grunnskóla og oft er ekki vitað um afdrif þeirra. Hins vegar er ekkert því til fyrirstöðu að skólinn bjóði upp á fjölbreytt kennsluúrræði fyrir slíka nemendur, t.d. blöndu af skólaúrræðum og vinnustaðanámi, að hluta undir eftirliti skólans eða vinnuskóla.

Um 16. gr.

Nýmæli er í þessari grein að grunnskólar taki á móti nemendum sem eru að hefja skólagöngu eða skipta um skóla eða hefja nám hér á landi, samkvæmt móttökuáætlun skóla eða sveitarfélags. Foreldrum verði þá veittar upplýsingar um skólagönguna og foreldrum sem hafa annað móðurmál en íslensku og heyrnarlausum foreldrum verði greint frá mögulegri túlkaþjónustu. Þó svo að ákvæðið taki einkum mið af því þegar nemendur hefja hér nám á landi getur það einnig átt við nemendur sem t.d. hafa hafið nám í grunnskóla hér á landi en dvalist um nokkurt skeið erlendis og hefja að nýju nám í grunnskóla.

Á undanförnum árum hefur nemendum með annað móðurmál en íslensku fjölgað umtalsvert í grunnskólum en fyrstu ákvæðin um kennslu slíkra nemenda voru sett með grunnskólalögum 1995. Aðalnámskrá í íslensku sem öðru máli var fyrst sett árið 1999 og endurskoðuð 2007. Á undanförnum árum hefur verið unnið fjölbreytt þróunarstarf í skólum til að byggja upp kennslu við hæfi fyrir nemendur með annað móðurmál. Alþjóðahús hefur stutt túlkaþjónustu eftir mætti og kennsluráðgjafar hafa haldið utan um þennan málaflokk, m.a. með stuðningi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Ríkisstjórnin hefur nýlega sett stefnu í málefnum innflytjenda, þar á meðal í menntamálum, og er sú stefna höfð til hliðsjónar við samningu þessa frumvarps. Auk þessa hafa einstök sveitarfélög, þar á meðal Reykjavíkurborg, unnið að stefnumótun um málefni barna af erlendum uppruna, um íslensku- og móðurmálskennslu slíkra barna og um móttöku og innritun í skóla. Til þess að auðvelda innflytjendum enn frekar að laga sig að íslensku samfélagi og að koma til móts við þá hefur félagsmálaráðuneyti komið á fót Þróunarsjóði innflytjendamála, en lögð er áhersla á að þau verkefni sem sjóðurinn styrkir séu í samræmi við og í anda stefnu ríkisstjórnarinnar í innflytjendamálum.

Í greininni er gert ráð fyrir að grunnskólar vinni sérstaka móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku í samræmi við aðalnámskrá. Slík áætlun ætti að miðast við móttöku þessara nemenda almennt í skólanum og jafnframt móttöku hvers nemanda. Sett eru ákvæði í frumvarpið um ráðgjöf og aðgang nemenda og forráðamanna að upplýsingum um grunnskólastarf. Kennsla í íslensku sem öðru tungumáli er lögbundin og skal stefnt að virku tvítyngi nemenda í samstarfi við foreldra. Í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar og barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er stefnt að því að þessir nemendur fái tækifæri til að viðhalda móðurmáli sínu samkvæmt nánari ákvörðun sveitarstjórnar. Sérstök móðurmálskennsla er hins vegar ekki lögbundin fyrir alla nemendur, enda er talið óframkvæmanlegt að koma slíku

við á öllum tungumálum. Hins vegar er æskilegt að nemendur fái tækifæri til að rækta móðurmál sitt, t.d. sem valgrein eða í fjarnámi, og fái það metið í grunnskólum óski nemendur eða foreldrar þeirra þess. Því er gert ráð fyrir að grunnskólum verði heimilt að viðurkenna kunnáttu eða nám nemenda með annað móðurmál en íslensku í eigin móðurmáli sem hluta af skyldunámi er komi í stað skyldunáms á erlendu tungumáli eða verði metið sem valgrein.

Fellt er brott ákvæði um undanþágu nemenda með annað móðurmál frá því að þreyta samræmd próf samkvæmt lögum þessum. Í stað þess verði sérstök ákvæði sett um undanþágur og frávik í reglugerð um fyrirkomulag og framkvæmd könnunarprófa í grunnskóla.

Um 17. gr.

Í þessari grein eru sambærileg ákvæði um rétt fatlaðra nemenda til sérstaks stuðnings í námi og í 37. gr. gildandi grunnskólalaga. Bætt er við að börn með leshömlun, langveik börn og önnur börn með heilsutengdar sérþarfir eigi rétt á sérstökum stuðningi. Einnig eru ný ákvæði í frumvarpinu um rétt þeirra nemenda til sjúkrakennslu sem að mati læknis verða frá skólagöngu vegna slyss eða langvarandi veikinda en slík ákvæði hafa hingað til einungis verið í reglugerð frá menntamálaráðuneyti. Í frumvarpinu er talað um sérúrræði grunnskóla en ekki sérdeildir en áfram er talað um möguleika á vistun í sérskóla. Ekki er talin þörf á að taka fram með hvaða hætti kennslan geti verið, aðalatriðið er fjölbreytileiki, sveigjanleiki og valfrelsi. Meginstefnan er að kennsla fari fram í grunnskóla án aðgreiningar og er það nýmæli í grunnskólalögum, en sú stefna hefur í raun verið hér á landi í þó nokkur ár, m.a. í samræmi við Salamanca-yfirlýsinguna, er geymir rammaáætlun um aðgerðir vegna nemenda með sérþarfir sem staðfest var af UNESCO 1994, og almenna þróun í skólamálum hér á landi og erlendis. Meginatriðið í stefnunni um skóla án aðgreiningar er að skóli sé með þjónustu fyrir alla nemendur sína, bæði fatlaða og ófatlaða. Gert er ráð fyrir að hver skóli sé fær um að sinna öllum nemendum sínum, svo sem kostur er, og taka á sérkennsluþörfum og erfiðleikum sem upp kunna að koma í skólanum með viðeigandi stuðningi. Um sérfræðiþjónustu og stoðkerfi grunnskóla er fjallað í IX. kafla. Hér er einnig gert ráð fyrir að foreldrar geti áfram sótt um skólavist í sérúrræði innan grunnskóla eða í sérskóla. Í frumvarpinu er nýtt ákvæði um málsmeðferð ef ekki næst samkomulag milli foreldra og skóla um fyrirkomulag skólavistunar barns samkvæmt þessari grein, sbr. 47. gr. Þótt meginsjónarmiðið sé að foreldrar geti ákveðið skólavistun í almennum skóla eða sérúrræði geta komið upp þau tilvik að skoða þurfi málið með heildarhagsmuni barnsins að leiðarljósi og því eru sett ákvæði um framangreinda málsmeðferð. Samkvæmt ákvæðinu setur menntamálaráðuneyti reglur þar sem m.a. er kveðið á um meðferð kæra sem því berast samkvæmt grein þessari. Við úrskurð getur ráðuneytið kvatt til sérfræðinga á þeim sviðum sem varða tilefni ágreinings.

Um 18. gr.

Ákveðnar skyldur eru settar á foreldra í þessari grein sem er nýmæli. Í gildandi grunnskólalögum eru ekki settar skyldur á foreldra en rétt þykir að lögbinda ákveðnar skyldur og réttindi foreldra sem skipta miklu máli vegna skólagöngu og velferðar nemenda. Lagt er til að foreldrar geti valið grunnskóla innan sama sveitarfélags fyrir börn sín samkvæmt reglum viðkomandi sveitarfélags. Ekki er hægt að binda skilyrðislaust rétt foreldra um val á skóla en æskilegt þykir að sveitarfélög stuðli að slíku vali eftir fremsta megni. Þetta ákvæði á ekki við í fámennum sveitarfélögum þar sem einungis er rekinn einn grunnskóli. Nýmæli er í grunnskólalögum að skylda foreldra til að veita grunnskóla upplýsingar um barnið sem kunna að skipta máli fyrir skólastarfið og velferð barnsins. Til þess að skólaganga barns geti gengið

sem eðlilegast fyrir sig verða stjórnendur grunnskóla að hafa réttar og sem bestar upplýsingar um barn og líðan þess. Ljóst er í því sambandi að upplýsingar sem teljast nauðsynlegar við ákvörðun um rétt eða skyldu nemenda geta fallið hér undir og enn fremur upplýsingar sem teljast nauðsynlegar fyrir skólastjórnendur til þess að rækja skyldur sínar samkvæmt frumvarpinu. Í 16. gr. frumvarps til laga um leikskóla er gert ráð fyrir því að upplýsingar sem skipt geta máli fyrir skólagöngu barns skuli fylgja því í grunnskóla. Jafnframt er í frumvarpsgreininni fjallað um hvernig skuli farið með slíkar upplýsingar. Þykir rétt að um meðferð persónuupplýsinga, sem foreldrar láta af hendi samkvæmt greininni eða hafa fylgt barni, fari eftir sömu sjónarmiðum og þar greinir. Einnig eru foreldrar skyldaðir til að styðja við skólagöngu barna sinna og námsframvindu og stuðla að því að börnin fái nægjanlega hvíld og mæti úthvíld í skólann og fylgi skólareglum. Með þessu eru settar þær skyldur á foreldra að börnin sinni t.d. því heimanámi sem skólinn ákveður og að frístundastarf og annað starf utan skóla komi ekki niður á námi barnanna. Bætt er við ákvæði um að foreldrar eigi rétt á að taka þátt í námi barnsins, þ.e. hvað varðar markmiðssetningu þess og mat á námi og framförum, svo og skólastarfinu almennt, samkvæmt skipulagi skólans. Þetta er í samræmi við þróun undanfarinna ára hér á landi og erlendis þar sem gert er ráð fyrir virku samstarfi heimila og skóla um menntun barna.

Til að foreldrar geti gætt hagsmuna barna sinna vegna skólastarfsins og að upplýsingagjöf foreldra til skóla og frá skóla til foreldra sé greið er nauðsynlegt að foreldrum sem ekki tala íslensku eða foreldrum sem nota táknmál sé tryggð túlkun á upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna samskipta foreldra og skóla. Er þá bæði átt við upplýsingar sem tengjast hagsmunagæslu foreldra fyrir börn sín vegna skólastarfsins sem og túlkun vegna upplýsingaskyldu foreldra og skóla. Vitaskuld getur oft reynst erfitt að tryggja túlkun fyrir útlendinga sem koma frá fjarlægum löndum og einnig kann í sumum tilvikum að duga að túlkað sé á tungumál sem foreldrar skilja þótt ekki sé um túlkun á móðurmáli þeirra að ræða. Ekki þykir viðeigandi að börn af erlendum uppruna séu fengin til að túlka upplýsingar fyrir foreldra sína sem ekki skilja íslensku. Er því tekið fram í 3. mgr. að leitast skuli við að tryggja túlkun á upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna samskipta foreldra og skóla samkvæmt greininni. Umfang túlkunar er því háð mati hverju sinni. Gera verður ráð fyrir því að sveitarfélög geti einnig gripið til annarra úrræða til að koma á framfæri upplýsingum um skólastarf án beinnar túlkunar, svo sem með skriflegum upplýsingum á viðkomandi tungumálum, eins og vikið er að í athugasemdum við 18. gr. Ljóst er á hinn bóginn að í þeim tilfellum þar sem teknar eru ákvarðanir um rétt eða skyldu nemenda, sbr. 47. gr., verður slíkt tæpast gert án aðstoðar túlks, þar sem það á við. Ábyrgð á túlkun upplýsinga í þessu sambandi hvílir á viðkomandi skóla.

Um 19. gr.

Eins og ákvæðið er úr garði gert verður að gera ráð fyrir að stjórnsýslukæra til menntamálaráðuneytis, og eftir atvikum til aðila innan stjórnkerfis sveitarfélagsins, sé lögð fram af aðila málsins sem almennt mundi vera forráðamaður barns. Sinni foreldri eða forráðamaður á hinn bóginn ekki þeirri skyldu sinni að sjá til þess að barn sæki skóla fer um slík mál að ákvæðum barnaverndarlaga. Samkvæmt þessu verður annars vegar að hafa í huga tengsl barnaverndarlaga, sem taka á brotum foreldranna, og hins vegar grunnskólalaga, en ákvæðið tekur til þeirra tilvika þegar sveitarfélag bregst og þvinga þarf það til athafna.

Um 20. gr.

Ákvæði um skólahúsnæði grunnskóla eru gerð almennari en í gildandi lögum og sett í eina grein í stað fjögurra nú, þ.e. 20., 21. og 22. gr. gildandi laga er skeytt saman og 54. gr. um skólabókasöfn er felld brott. Nýmæli er að sveitarfélög hafi víðtækt samráð við hagsmunaaðila skólasamfélagsins og aðila í grenndarsamfélagi um hugmyndafræði við hönnun húsnæðis. Mörg sveitarfélög hafa viðhaft þetta verklag við byggingu nýrra grunnskóla á síðustu árum og þykir það hafa gefið góða raun. Þá er aðeins tekið fram að grunnskólahúsnæði og skólalóðir skuli uppfylla þær kröfur sem almennt eru gerðar í frumvarpi þessu, lögum um vinnuvernd og aðalnámskrá grunnskóla. Ekki er upptalning lengur í lögum um hvað skuli vera í skólahúsnæði en ýmis slík ákvæði gætu í stað þess komið fram í reglugerð um lágmarksaðstöðu og búnað, slysavarnir og öryggismál eða í aðalnámskrá grunnskóla. Nýtt ákvæði er um að húsnæði og allur aðbúnaður skuli taka mið af því að tryggja öryggi og velliðan nemenda, svo sem hvað varðar hentugan húsbúnað, hljóðvist, lýsingu og loftræstingu. Fellt er út ákvæði í 54. gr. gildandi laga að sveitarstjórn sé heimilt að sameina almenningsbókasafn og skólasafn ef það, að mati skólanefndar og skólastjóra, rýrir ekki gildi safnsins fyrir skólann. Eftir sem áður hefur sveitarstjórn slíka heimild, en ekki þykir ástæða til að tilgreina það sérstaklega í lögum.

Um 21. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 23. gr. gildandi grunnskólalaga en er þó almennari um umsjón skólamannvirkja og ráðstöfun þeirra til annarrar starfsemi. Tekið er fram að sveitarfélög skuli hafa samráð við skólastjóra um ráðstöfun skólahúsnæðis til starfsemi utan lögbundins skyldunáms en það er sveitarstjórn sem tekur ákvörðun um ráðstöfun húsnæðis svo fremi sem slíkt raskar ekki lögbundinni notkun húsnæðisins. Þegar um slík afnot húsnæðisins er að ræða er mikilvægt að kennarar og annað starfsfólk skóla geti óáreitt gengið að húsnæði, búnaði og gögnum. Ekki er ástæða til að setja í grunnskólalög ákvæði um ráðstöfun grunnskólahúsnæðis utan lögbundins starfstíma grunnskóla, en sjálfsagt er að sveitarstjórnir taki slíkar ákvarðanir. Þegar skólahúsnæði er nýtt til annarrar starfsemi utan lögbundins skyldunáms má það í engu raska skólahaldi og kennarar eiga að geta gengið að vinnuaðstöðu sinni eins og þeir skildu við hana.

Um 22. gr.

Greinin byggir á 4. gr. gildandi grunnskólalaga en ekki þykir rétt að binda skólaakstur við dreifbýli, og ákvæði um gjaldfrjálsan skólaakstur eru í 33. gr. gildandi laga.

Um 23. gr.

Ákvæði um að nemendur skuli eiga kost á málsverði á skólatíma eru í gildandi grunnskólalögum. Bætt er við gjaldtökuheimild vegna skólamáltíða, samkvæmt sérstakri gjaldskrá sem sveitarfélög setja, en almennt viðmið er að nemendur greiði hráefniskostnað vegna skólamáltíða.

Tekið er fram að gjaldskrárákvarðanir samkvæmt grein þessari sé hægt að kæra eftir fyrirmælum 47. gr. frumvarps þessa. Sambærilega kæruheimild er einnig að finna í 31. og 33. gr. frumvarps þessa sem fjalla um kostnað í skyldunámi og tómstundastarf. Hér er vísað til þeirra einstöku ákvarðana í skilningi stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, sem teknar eru á vegum sveitarfélags um gjaldheimtu.

Um 24. gr.

Greinin byggist á mestu á 29. gr. gildandi laga þar sem fjallað er um meginatriði í starfsháttum grunnskóla. Lagt er til að bætt verði við staflið um nýsköpun og frumkvöðlanám. Sett er ákvæði þess efnis að nemendur eigi þess kost að velja sér viðfangsefni og nálgun í eigin námi og er það í samræmi við áherslu á einstaklingsmiðun í námi. Einnig er í 3. mgr. því bætt við upptalninguna að markmið náms og kennslu og starfshættir grunnskóla skuli miða að því að koma í veg fyrir mismunun vegna heilsufars.

Um 25. gr.

Merking greinarinnar en nánast óbreytt frá gildandi lögum en uppsetning er almennari. Nýtt ákvæði er um að skólar skuli gæta þess að námið verði sem heildstæðast en það er skólanna sjálfra að ákveða hvort einstakar námsgreinar eða námssvið séu kennd aðgreind eða samþætt, enda er eðlilegt að fagfólk í skólum skipuleggi slíkt í skólanámskrá og starfsáætlunum skólanna í ljósi 2. gr. laganna um hlutverk og markmið og 24. gr. um starfshætti.

Ákvæði er um að skilgreina skuli þekkingar- og hæfniþætti á hverju námssviði sem miðað er við að allir nemendur tileinki sér. Þar eru sett viðmið um hæfni og þekkingu sem nemendur þurfa að búa yfir til að geta haldið áfram námi og til að taka virkan þátt í samfélaginu. Dæmi um ramma fyrir slík hæfniviðmið er European Qualification Framework sem þróað hefur verið á vegum Evrópusambandsins.

Námsgreinar og námssvið eru ekki lengur talin upp í stafliðum og reynt er að hafa upptalninguna almennari en í 30. gr. gildandi laga. Hvað íslenskuna varðar er gert ráð fyrir að nemendur geti lært íslensku sem annað tungumál, þ.e. þeir nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku, og geti einnig lært táknmál í stað íslensku, þ.e. heyrnarlausir og heyrnarskertir nemendur. Í stað náttúrufræði og umhverfismenntar er ákvæði um náttúrugreinar, þ.m.t. umhverfismennt. Lagt er til að námsgreinin íþróttir og líkams- og heilsurækt heiti skólaíþróttir, en innan skólaíþrótta verði líkams- og heilsurækt skilgreind. Ekki er sérstakur stafliður fyrir heimilisfræði en í stað þess er gert ráð fyrir að heimilisfræði verði hluti af list- og verkgreinum. Loks er tillaga um að kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði flokkist undir samfélagsgreinar en teljist ekki sérstakur liður í lögum. Áfram verði áhersla á þessa þætti innan samfélagsgreina, en í gildandi viðmiðunarstundaskrá í aðalnámskrá eru þessir þættir með sameiginlega tíma til ráðstöfunar. Einnig geti ákveðnir þættir heimilisfræði, siðfræði og trúarbragðafræða tengst lífsleikni. Með þessu móti eru lagaákvæði um námsgreinar og námssvið gerð almennari og meira svigrúm gefið innan aðalnámskrár til að skilgreina áherslur í samræmi við þróun samfélagsins.

Um 26. gr.

Greinin er nokkuð samhljóða 32. gr. gildandi laga þar sem fjallað er um valgreinar. Meginbreytingin er sú að hér er gengið út frá margvíslegu vali í námi frá upphafi grunnskóla, svo sem um viðfangsefni, námsaðferðir og námsgreinar í samræmi við viðmið í aðalnámskrá grunnskóla. Í aðalnámskrá er val skilgreint allt frá upphafi grunnskóla, en í 1.–7. bekk hefur almennt verið litið svo á að einstakir skólar geti nýtt svigrúm til að leggja sérstakar áherslur í námi, t.d. bætt tímum við einstakar námsgreinar. Ekki er með þessari breytingu verið að leggja til að slíkt svigrúm skóla minnki, en lögð áhersla á að slíkt val geti einnig náð til nemenda sem liður í sveigjanleika og til að undirstrika ábyrgð nemenda á eigin námi. Skapast ætti svigrúm í grunnskóla til að nemendur geti valið námsgreinar eða námssvið frá upphafi grunnskóla, t.d. gæti slíkt nýst við móðurmálskennslu nemenda af erlendum uppruna og mat á námi

utan grunnskóla. Áfram er sérstök áhersla lögð á val nemenda á unglingastigi og að verja megi allt að þriðjungi námstímans á þann hátt.

Einnig er nýtt ákvæði um að hluti skyldunáms geti verið í fjarkennslu eða netnámi. Nokkur reynsla er af fjarkennslu á grunnskólastigi og hafa verið gerðar nokkrar tilraunir í þeim efnum. Hér gæti verið um að ræða nám í einstökum námsgreinum grunnskólans sem nemendur stunda að hluta heima eða jafnvel erlendis, ef þeir dvelja þar tímabundið. Ýmsir möguleikar eru fyrir hendi og þróun á þessu sviði er hröð.

Á undanförnum árum hefur færst í vöxt að nemendur stundi nám samhliða í grunnskóla og framhaldsskóla og hefur ríkt nokkur óvissa um framkvæmdina, t.d. hvernig eigi að skipta kostnaði vegna slíkrar tilhögunar. Hér er gengið út frá því að skólastjóri grunnskóla geti heimilað slíkt, enda sé það gert á forsendum grunnskólans sem ber ábyrgð á nemandanum á meðan hann er á skyldunámsaldri, nema viðkomandi nemandi fari í framhaldsskóla að loknum 9. bekk. Gert er ráð fyrir að samkomulag liggi fyrir milli viðkomandi grunnskóla og framhaldsskóla um framkvæmdina. Gera þarf samning milli ríkis og sveitarfélaga um framkvæmdina þegar nemendur stunda samtímis nám í grunn- og framhaldsskóla. Í samningnum þarf m.a. að koma fram að nemandinn sé á ábyrgð grunnskólans og að samræming á námi nemandans sé á ábyrgð grunnskólans. Jafnframt þarf að skýra ákvæði um kostnaðarskiptingu, t.d. kennslukostnað, innritunarkostnað, bókakaup og gjaldtökuheimildir, og að það sé á ábyrgð grunnskólans að útskrifa nemandann og meta hvort hann hafi lokið grunnskólanámi. Heimild skólastjóra til þess að veita nemanda leyfi til þess að stunda nám utan skóla verður að byggjast á þeim sjónarmiðum að nemandi hafi lokið námi í viðkomandi grein þar sem það á við eða sýnt fullnægjandi færni. Gert er ráð fyrir því að í aðalnámskrá verði að finna viðmið sem lögð verði til grundvallar ákvörðun skólastjóra. Réttur nemanda til þess að stunda nám samkvæmt greininni tekur einvörðungu til náms sem talist getur hluti af grunnskólanámi hans. Um skiptingu kostnaðar milli grunnskóla og framhaldsskóla sem af því hlýst fer samkvæmt fyrirmælum 31. gr.

Loks er nýtt ákvæði um að forráðamaður geti kært synjun um mat á námi eða beitingu heimildar samkvæmt þessari grein eftir fyrirmælum 47. gr. frumvarpsins. Rétt þykir að ítreka að úrskurður menntamálaráðuneytis og valdheimildir yrðu eðli máls samkvæmt takmörkuð við umfjöllun um lögmæti ákvarðana viðkomandi sveitarfélags sem um ræðir. Aðalnámskrá grunnskóla gerir ekki ráð fyrir að það byggist að öllu leyti á frjálsu mati viðkomandi kennara eða skólastjórnenda hvort nemandi hafi lokið grunnskólanámi í tiltekinni grein eða sýnt fram á fullnægjandi færni. Því er sérstaklega gert ráð fyrir að ráðuneytið geti tekið afstöðu til þess hvort þessi atriði hafi verið metin með réttmætum hætti af hálfu sveitarfélags og þá eftir atvikum lagt fyrir viðkomandi skólastjóra að taka nýja ákvörðun í því efni með tilteknu efnisinnihaldi.

Um 27. gr.

Merking greinarinnar en nánast óbreytt frá 44. og 45. gr. gildandi laga um námsmat en mun almennari ákvæði eru sett um námsmat og vísað í að nánari útfærsla skuli sett í aðalnámskrá grunnskóla. Megintilgangur námsmats er skilgreindur nákvæmar en í gildandi lögum, þ.e. upplýsingaöflun um námsgengi nemenda og stuðningur við þá til að ná framförum í námi. Bætt er við ákvæði um heimild til að veita framhaldsskólum upplýsingar um vitnisburð einstakra nemenda vegna innritunar í framhaldsskóla, en nú þegar hefur rafræn innritun í framhaldsskóla fest sig í sessi hér á landi, þ.e. upplýsingar fara beint til framhaldsskóla frá grunnskólum og Námsmatsstofnun um vitnisburð einstakra nemenda. Gert er ráð fyrir því að

menntamálaráðherra setji m.a. í reglugerð nánari fyrirmæli um miðlun upplýsinga um námsmat milli skóla og vegna innritunar í framhaldsskóla. Miðlun upplýsinga sem hér um ræðir byggist m.a. á almennum sjónarmiðum um að upplýsingar um námsframvindu og stöðu nemenda séu nauðsynlegar vegna skipulagningar og undirbúnings náms. Um möguleika til þess að nýta upplýsingar af þeim toga sem hér um ræðir til fræðilegra rannsókna fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, og reglum settum samkvæmt þeim.

Bætt er við ákvæði um að nemandi og forráðamaður eigi rétt á að fá að skoða metnar prófúrlausnir nemenda og munnlegan rökstuðning fyrir námsmati og að niðurstaða námsmats skólans sæti endurskoðun innan grunnskólans æski nemandi og forráðamaður þess. Rétt er að taka fram að skv. 1. mgr. 21. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, getur aðili máls krafist þess að stjórnvald rökstyðji ákvörðun sína skriflega hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Samkvæmt 2. tölul. 2. mgr. sama ákvæðis gildir þetta þó ekki ef um er að ræða einkunnir sem veittar eru fyrir frammistöðu á prófum. Almennt eiga nemendur því ekki rétt á rökstuðningi einkunnagjafar í skólum hér á landi. Þrátt fyrir þetta þykir rétt að kveða hér á um tiltekin réttindi nemenda um skýringar á niðurstöðum mats á prófúrlausnum og rétt til endurskoðunar þess mats innan grunnskólans. Slík endurskoðun felur samkvæmt ákvæðinu ekki í sér stjórnsýslukæru innan grunnskólans. Þannig verður til að mynda ekki um það að ræða að niðurstaða endurskoðunar feli í sér úrskurð í skilningi stjórnsýslulaga, t.d. með þeim áhrifum að niðurstöðuna beri að rökstyðja skriflega. Á skóla hvílir sú skylda að tryggja að endurskoðunarferli sé trúverðugt og hlutlaust. Ekki er gert ráð fyrir að niðurstöður grunnskóla um einkunnagjöf séu kæranlegar til annarra aðila í stjórnsýslunni utan viðkomandi skóla. Ráðherra setur nánari ákvæði í reglugerð um meðferð niðurstaðna námsmats í grunnskólum. Í reglugerðinni skal einnig mælt fyrir um rétt foreldra til að fá vitneskju um hvaða upplýsingar um námsmat fylgi barni þeirra milli skólastiga, en með þeim hætti gefst færi á koma að leiðréttingum og eftir atvikum athugasemdum. Um málsmeðferð fer að öðru leyti eftir ákvæðum laga nr. 77/2000, um persónuvernd og miðlun persónuupplýsinga, eftir því sem við á.

Um 28. gr.

26. og 27. gr. gildandi laga eru sameinaðar í eina grein, þ.e. í grein um árlegan og vikulegan kennslutíma. Þær breytingar sem gerðar eru á 26. gr. gildandi laga eru einkum til að sníða lagarammann að þróun undanfarinna ára og breytingum á starfstíma grunnskóla sem tilkomnar eru m.a. vegna kjarasamninga Kennarasambands Íslands og launanefndar sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir því að skóladagar skuli ekki vera færri en 180 en í gildandi lögum er kveðið á um 170 kennsludaga nemenda að lágmarki á ári. Áfram er gert ráð fyrir sveigjanleika í skipulagi skólastarfs milli fullra kennsludaga nemenda annars vegar og annarra skóladaga nemenda hins vegar. Þar er m.a. átt við skólasetningar- og skólaslitadaga, foreldraviðtalsdaga, jólaskemmtanir, íþrótta- og útivistardaga og annað sem skólastjóri ákveður í hverjum skóla. Skipting milli kennsludaga og annarra skóladaga nemenda er á ábyrgð skólastjóra að höfðu samráði við skólaráð og að fenginni staðfestingu skólanefndar, enda samræmist skiptingin ákvæðum kjarasamninga á hverjum tíma. Breytingin er því einkum fólgin í að sníða lögin að almennri þróun en ekki er gert ráð fyrir að kennsludagar nemenda verði færri en í gildandi lögum, þ.e. 170. Einnig er fellt út ákvæði þess efnis að menntamálaráðherra geti veitt tímabundna undanþágu frá árlegum starfstíma skóla með hliðsjón af atvinnu-

háttum og aðstæðum í einstökum sveitarfélögum, en slíkar undanþágubeiðnir heyra orðið til algerra undantekninga.

Áfram er miðað við sama vikulegan kennslutíma hvers nemanda að lágmarki í mínútum talið þannig að ekki er lagt til að skóladagur nemenda skv. 27. gr. gildandi laga lengist með tilkomu nýrra laga. Ekki er lengur kveðið á um í lögum að kennsludagur skuli hefjast að morgni, í einsetnum skólum er það regla sem ekki þarf að lögbinda. Felld eru einnig brott nákvæm ákvæði um lengd stundahléa og matarhléa þar sem eðlilegt er að skólar hafi svigrúm til að skipuleggja skóladaginn með það að leiðarljósi að hann sé samfelldur með eðlilegum hléum og fari ekki fram yfir hæfilegt vinnuálag miðað við aldur nemenda og þroska. Nýtt ákvæði er þess efnis að heimilt sé að víkja tímabundið frá lágmarks vikulegum kennslutíma en tryggja nemendum viðbótarkennslu sem nemur frávikinu innan sama skólaárs. Þetta er hugsað til að auka möguleika á sveigjanlegu skólastarfi miðað við aðstæður á hverjum stað. Einstakir skólar gætu t.d. tekið þá ákvörðun að hafa styttri vikulegan skólatíma í svartasta skammdeginu en lengja skóladaginn á móti að hausti og vori. Vikulegur kennslutími getur því orðið breytilegur náist um það samkomulag innan skólans, skólaráðs og skólanefndar.

Um 29. gr.

Áherslubreyting er gerð frá 31. gr. gildandi laga um skólanámskrár. Í hverjum grunnskóla skal gefa út skólanámskrá og starfsáætlun. Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla og skal endurskoða hana reglulega. Í henni skal vera útfærsla á markmiðum og inntaki náms og námsmati annars vegar og starfsháttum og mati á árangri og gæðum skólastarfs hins vegar, sbr. 36. gr. frumvarpsins.

Í nýrri aðalnámskrá grunnskóla frá 2007 eru þrepamarkmið fyrir einstaka árganga í viðauka í námskrám fyrir einstakar námsgreinar þar sem birt eru dæmi um útfærslu þrepamarkmiða sem skólar geta haft til viðmiðunar kjósi þeir það. Í skólanámskrá birtist stefna skólans og þau gildi sem hún grundvallast á og hvernig skólinn útfærir ýmis almenn og fagbundin markmið aðalnámskrár, skipulag kennslu og kennsluhætti og fjallað er um sérstöðu skólans og aðstæður. Einnig skal fjalla þar um sjálfsmatsáætlun, tilhögun námsmats og ýmsar umbótaáætlanir. Skólanámskrá er nokkurs konar leiðarljós fyrir skólastarfið sem skal vera aðgengileg öllum aðilum í skólasamfélaginu.

Í starfsáætlun skóla er gerð grein fyrir skóladagatali, kennsluskipan, skólareglum og öðru því sem varðar starfsemi skólans ár hvert. Þar skal birta upplýsingar um starfslið skólans, stjórnkerfi, mögulegan stuðning fyrir nemendur af ýmsu tagi og almennar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers skólaárs og starfsáætlanir nemenda. Fjalla skal um starfsáætlun skóla í skólaráði og auk þess skal hún árlega lögð fyrir skólanefnd til staðfestingar og send nemendafélagi til umsagnar. Nýtt ákvæði er um að skólastjóri sé ábyrgur fyrir því að gera skólanefnd grein fyrir því með hvaða hætti áætlanir hafi staðist. Bæði skólanámskráin og árlegar starfsáætlanir hvers skóla skulu ræddar í skólaráði eftir þörfum, samkvæmt ákvæðum í 8. gr. frumvarpsins. Skólanefnd staðfestir gildistöku starfsáætlunar þegar ljóst er að hún hafi verið unnin í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá, kjarasamninga og ákvarðanir sveitarstjórnar um fyrirkomulag skólahalds.

Um 30. gr.

Greinin er ný og þar er kveðið á um skyldu til að setja skólareglur í hverjum grunnskóla. Til er reglugerð um skólareglur í grunnskóla sem byggist á 41. gr. gildandi laga, en rétt þykir að lögbinda þá skyldu að grunnskólar setji sér skólareglur, hvað eigi að vera í slíkum reglum,

að skýr ákvæði séu um viðurlög við brotum á reglunum og með hvaða hætti reglurnar skulu unnar. Lagt er til að sambærileg ákvæði verði lögbundin um setningu skólareglna og eru í gildandi reglugerð en þar sem skólabragur og reglur um umgengni eru veigamikill þáttur í umgjörð skólastarfs þykir rétt að lögbinda lágmarkskröfur á þessu sviði. Skólaráð skal koma að samningu skólareglna og skulu fulltrúar nemenda einnig taka þátt í gerð þeirra. Skólastjóri er ábyrgur fyrir gerð skólareglna og hann hefur síðasta orðið um orðalag skólareglna ef ágreiningur er fyrir hendi. Mikilvægt er að allir aðilar skólasamfélagsins kosti kapps um að starfsandi sé sem bestur í skólum og vinnufriður til að tími nemenda nýtist sem best til náms og stuðlað sé að almennri velferð nemenda í öllu starfi á vegum skólans og öryggi.

Um 31. gr.

Greinin er að mestu efnislega samhljóða 33. gr. gildandi laga þar sem meginsjónarmiðið er að kennsla í skyldunámi í opinberum grunnskólum skuli vera nemendum að kostnaðarlausu, svo og námsgögn, þjónusta og annað efni sem nemendum er gert skylt að nota í námi sínu. Sama á við um nám grunnskólanemenda í framhaldsskólaáföngum, enda sé námið hluti af námi í grunnskóla. Í orðsendingu menntamálaráðuneytisins til sveitarfélaga og hagsmunaaðila 21. september 2007 er eru þessi meginsjónarmið áréttuð. Er þá m.a. horft til ákvæða stjórnarskrár um jafnræði og rétt til almennrar menntunar. Eðli málsins samkvæmt er tekið fram að um kostnað vegna náms grunnskólanemanda í framhaldsskóla fari samkvæmt ákvæðum laga um framhaldsskóla hvort sem það fer fram á vegum grunn- eða framhaldsskóla en ríki og sveitarfélög semji um kostnaðarskiptinguna.

Nám grunnskólanemenda í framhaldsskólaáföngum getur í eðli sínu verið þrenns konar. Í fyrsta lagi getur verið um að ræða nám sem skipulagt er af grunnskólum samkvæmt samkomulagi við framhaldsskóla. Þá greiðir ríkið kennslukostnað vegna áfanga sem nemandinn tekur og fær metna síðar sem hluta af framhaldsskólanámi. Sveitarfélögin greiða kostnað vegna námsgagna og innritunarkostnað nemenda í framhaldsskóla, enda er námið einnig metið sem hluti af skyldunámi, t.d. sem valgrein, og skal því vera nemendum að kostnaðarlausu, sbr. 3. og 4. mgr. 26. gr. Þegar um þetta er að ræða skulu sveitarfélag og framhaldsskóli gera með sér samkomulag. Í öðru lagi geta nemendur tekið einstaka námsáfanga í framhaldsskóla sem viðbót við grunnskólanám. Þá greiðir ríkið fyrir kennslukostnað og nemandinn greiðir fyrir námsgögn og innritunarkostnað, enda er námið ekki metið sem hluti af grunnskólanámi, en með þessum hætti getur nemandi flýtt fyrir sér í námi og fengið viðfangsefni við hæfi í einstökum greinum þótt hann að öðru leyti stundi nám í grunnskóla. Loks er möguleiki að nemandi óski eftir því að fá nám í einstökum framhaldsskólaáföngum metið sem valgrein, en að öðru leyti er námið ekki skipulagt í samstarfi grunnskóla og framhaldsskóla. Þá er sveitarfélögum ekki skylt að greiða kostnað sem af náminu hlýst, sbr. ákvæði 26. gr. frumvarpsins.

Þá er lagt til að áfram verði óheimilt að taka gjald af nemendum vegna ferðalaga sem flokkast undir vettvangsnám eða eru að öðru leyti hluti af skyldunámi nemenda. Þó er lagt til að heimilt verði að taka gjald fyrir uppihald í námsferðum nemenda að höfðu samráði við foreldra. Víða í aðalnámskrá eru ákvæði um æskilegt vettvangsnám, t.d. í tengslum við náttúrufræði og samfélagsgreinar, svo sem ferðir á söfn og út í náttúruna. Nýtt ákvæði er þess efnis að heimilt er að taka gjald fyrir námsferðir nemenda vegna kostnaðar við uppihald enda er almenn gjaldtökuheimild vegna skólamáltíða. Sveitarfélög geta því tekið gjald af nemendum við uppihald t.d. vegna skólabúða og lengri námsferða innan lands og utan. Gert er ráð fyrir að ekki sé ráðist í námsferðir þar sem fyrirhuguð er gjaldtaka af nemendum án samráðs

við foreldra. Huga þarf að breytingu á lögum um tekju- og verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna þessarar greinar.

Tekið er fram að einstakar ákvarðanir um gjaldtöku samkvæmt grein þessari sé hægt að kæra eftir fyrirmælum 47. gr. frumvarpsins.

Um 32. gr.

Ýmsar breytingar eru gerðar á 47. gr. gildandi grunnskólalaga. Fyrsta málsgreinin er efnislega samhljóða gildandi ákvæðum, en í stað þess að tala um vitnisburð í 10. bekk er kveðið á um vitnisburð á lokaári í grunnskóla í því námi sem hann lagði stund á. Því gæti hér verið átt við nemendur sem útskrifast úr grunnskóla eftir 9. bekk, þ.e. á skemmri tíma en tíu árum.

Tekin eru af öll tvímæli um að skólastjóri grunnskóla metur hvort nemandi hafi lokið grunnskólanámi og ber ábyrgð á útskrift hans úr grunnskóla. Bætt er við heimild um útskrift nemenda úr grunnskóla áður en tíu ára skyldunámi er lokið hafi nemandi lokið öllu námi í grunnskóla með tilskildum árangri. Nokkuð hefur borið á því að talið hefur verið nægjanlegt að nemendur ljúki samræmdum lokaprófum í grunnskóla í tilteknum námsgreinum og þá megi útskrifa nemendur úr grunnskóla. Samkvæmt þessari grein ber nemendum að ljúka öllu skyldunámi samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla áður en þeir útskrifast úr grunnskóla. Nemendur sem ekki hafa lokið grunnskólaprófi geta þá eingöngu hafið nám í framhaldsskóla á þeim grunni að um það sé samkomulag við viðkomandi grunnskóla, í samráði við viðkomandi sveitarfélag, þar sem ljóst sé með hvaða hætti nemendur verði formlega útskrifaðir úr grunnskóla.

Kveðið er á um að í aðalnámskrá grunnskóla skuli nánar kveðið á um útfærslu þessarar greinar og að forráðamaður geti kært synjun um útskrift úr grunnskóla samkvæmt þessari grein eftir fyrirmælum 47. gr. frumvarpsins. Ekki er þörf á að kveða á um sérstök úrræði menntamálaráðuneytis önnur en þau sem telja verður að leiði af hinni lögbundnu heimild til stjórnsýslukæru vegna ákvörðunar sveitarfélags, þ.e. heimild til að fella ákvörðun úr gildi í heild eða að hluta, eftir atvikum með fyrirmælum um endurupptöku málsins á sveitarstjórnarstigi, eða staðfesta hana. Rétt þykir hins vegar að kveða hér á um kæruheimild, enda ljóst að mat þess hvort nemandi hafi lokið öllu námi í grunnskóla með tilskildum árangri er ekki ákvörðun sem háð er frjálsu mati viðkomandi skóla eða skólanefndar að öllu leyti heldur veltur niðurstaðan að þessu leyti ekki síst á réttri lagalegri túlkun fyrirmæla í aðalnámskrá.

Um 33. gr.

Ákvæði um tómstunda- og félagsstarf nemenda er efnislega óbreytt frá gildandi grunnskólalögum, sbr. 34. gr. Ákvæði um lengda viðveru eru einnig sett í þessa grein og eru þau óbreytt frá gildandi lögum, sbr. 4. mgr. 27. gr. Þróun undanfarinna ára hefur verið með þeim hætti að víðast er boðið upp á þessa þjónustu fyrir nemendur í fyrstu árgöngum grunnskóla og foreldrar greiða fyrir þjónustuna. Sveitarfélög setja sjálf viðmiðanir um umgjörð þessarar þjónustu, mönnun, aðbúnað og starfshætti. Rétt þykir að skólaráð fjalli um slíkt. Heimildin á ekki síður við um eldri nemendur. Þannig væri t.d. unnt að bjóða eldri nemendum upp á þjónustu utan daglegs kennslutíma. Slík þjónusta gæti m.a. verið stuðningur við heimanám og þjónusta vegna fatlaðra nemenda. Skilyrði fyrir slíkri þjónustu innan grunnskóla er að gert verði sérstakt samkomulag milli félagsmálaráðherra og sveitarfélaga. Nýlega gerði félagsmálaráðuneytið samkomulag til bráðabirgða við sveitarfélögin um kostnað vegna lengdrar viðveru fatlaðra nemenda í grunnskólum.

Tekið er fram að einstakar ákvarðanir um gjaldtöku samkvæmt grein þessari sé hægt að kæra eftir fyrirmælum 47. gr. frumvarpsins.

Um 34. gr.

Eitt meginmarkmið frumvarpsins er að tengja þá þætti sem eru sameiginlegir milli skólastiganna. Í greininni er gert ráð fyrir því að þeim fjármunum sem á fjárlögum hefur verið ráðstafað til þróunarsjóða grunnskóla, leikskóla og framhaldsskóla renni í einn sjóð, Sprotasjóð skóla, sem verði sameiginlegur fyrir öll skólastigin. Um sjóðinn er fjallað með sama hætti í frumvarpi til laga um leikskóla og frumvarpi til framhaldsskóla. Gert er ráð fyrir því að sjóðurinn fái víðtækara hlutverk en samkvæmt núverandi lögum, þ.e. að styðja við þróunarstarf og nýjungar í skólastarfi í samræmi við stefnu stjórnvalda. Auk þess geti sjóðurinn fengið það hlutverk að styðja námskeiðahald vegna nýjunga í skólastarfi í tengslum við stefnu stjórnvalda og nýrra ákvæða í aðalnámskrá.

Um 35. gr.

Lögð er til ný grein um markmið mats og eftirlits með gæðum skólastarfs. Í skýrslu sem vinnuhópur um gæðamál í skólastarfi skilaði til menntamálaráðherra árið 2005 er fjallað um hugtakið gæði í skólastarfi og tekið fram að það sé órjúfanlega tengt settum markmiðum í lögum, reglugerðum og námskrám sem setja ramma um starfsemina hverju sinni. Gæði eru skilgreind með hliðsjón af væntingum og þörfum helstu hagsmunaaðila, nemenda, foreldra, stjórnvalda, atvinnulífs og samfélags. Í mati og eftirliti felst síðan skoðun á því hversu vel skólar ná viðkomandi markmiðum og einnig er horft til framkvæmdar skólahalds. Greint er á milli innra mats/eftirlits sem fer fram innan skólanna sjálfra og ytra mats/eftirlits sem yfirvöld eða aðrir aðilar utan skólans standa fyrir. Markmið mats og eftirlits taka annars vegar til ábyrgðarskyldu skóla og fræðsluyfirvalda gagnvart þeim sem njóta þjónustu skóla og hagsmuni hafa af starfi hans og hins vegar er því ætlað að stuðla að umbótum í starfi skóla og í skólakerfinu í heild.

Um 36. gr.

Í gildandi lögum um grunnskóla er hverjum grunnskóla gert að meta skólastarfið með sjálfsmati. Á fimm ára fresti skal menntamálaráðuneyti standa fyrir úttekt á sjálfsmatsaðferðum grunnskóla. Voru slíkar úttektir fyrst gerðar árin 2001–2003 og nú stendur yfir önnur umferð úttekta ráðuneytisins á sjálfsmatsaðferðum grunnskóla. Verður að líta svo á að nú sé kominn grundvöllur fyrir kerfisbundnu mati skóla á starfi sínu sem hér er nefnt innra mat. Með virku innra mati skóla skapast forsendur fyrir markvissri skoðun á árangri og leiðum til umbóta og upplýsingagjöf um starfsemina.

Kveðið er á um að tryggja þurfi virka þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra í gæðastarfi grunnskóla. Ekki er tilgreint sérstaklega í frumvarpinu með hvaða hætti innra mat skuli fara fram eða til hvaða þátta það skuli ná. Viðmið um innra mat er nú að finna í aðalnámskrá grunnskóla en gert er ráð fyrir að þau viðmið verði endurskoðuð og sett almenn ákvæði um innra mat í reglugerð, sbr. 38. gr. Lögð er áhersla á að grunnskólar geri áætlanir um úrbætur á grundvelli niðurstaðna innra mats hverju sinni, þær verði birtar opinberlega og fjallað um þær á vettvangi skólanefndar og sveitarfélags. Mikilvægt er einnig að skólar fái ráðgjöf og stuðning til að þróa innra mat, móta umbótaáætlanir og fylgja þeim eftir. Fellt er út ákvæði þess efnis að á fimm ára fresti skuli að frumkvæði menntamálaráðuneytis gera úttekt á sjálfsmatsaðferðum skóla. Þess í stað er gert ráð fyrir markvissri upplýsingamiðlun af hálfu skóla,

sveitarfélaga og menntamálaráðuneytis til þeirra sem hagsmuni hafa af starfi grunnskólans. Geta úttektir á sjálfsmatsaðferðum áfram verið liður í ytra mati á grunnskólum skv. 37. og 38. gr. frumvarpsins eftir því sem ástæða þykir til.

Um 37. gr.

Greinin er ný og fjallar um mat og eftirlit af hálfu sveitarfélaga með gæðum skólastarfs. Leitast er við að skýra hlutverk sveitarfélaga í mati og eftirliti og er lögð áhersla á að saman fari ábyrgð á rekstri skóla og faglegu starfi. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að sveitarfélög afli upplýsinga frá skólum um innra mat þeirra, aðferðir, framkvæmd og niðurstöður. Í öðru lagi eiga sveitarfélög að afla og miðla kerfisbundið skilgreindum upplýsingum um skólahald. Einnig er vísað til nýrra ákvæða í 5. gr. frumvarpsins um skólastefnu sveitarfélaga en gengið er út frá því að þar komi fram stefna sveitarfélagsins varðandi gæði skólastarfs.

Ekki er gert ráð fyrir að upplýsingaskylda verði meiri en nú er kveðið á um í núgildandi reglugerð um upplýsingaskyldu sveitarfélaga um skólahald í grunnskólum.

Menntamálaráðuneyti mun í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga skilgreina með ítarlegri hætti en gert hefur verið skil upplýsinga um skólastarf og hvernig þeim verður miðlað með sem skilvirkustum hætti. Mun þar verða lögð áhersla á að nýta þau upplýsingakerfi sem nú þegar eru til staðar hjá skólum, sveitarfélögum, Hagstofu Íslands og menntamálaráðuneyti.

Um 38. gr.

Menntamálaráðuneyti mun samkvæmt frumvarpinu hafa eftirlit með að skólar og sveitarfélög uppfylli ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla. Eftirlitið fer fram með kerfisbundinni greiningu og miðlun upplýsinga frá sveitarfélögum og skólum og með sjálfstæðri gagnaöflun, úttektum og rannsóknum sem sannreyna þær upplýsingar og afla gagna um stöðu skólakerfisins í heild.

Í stað núverandi ákvæða um úttektir á sjálfsmatsaðferðum grunnskóla á fimm ára fresti er miðað við að menntamálaráðuneyti geri áætlun til þriggja ára um kannanir og úttektir er veita upplýsingar og skapi grundvöll fyrir greiningu á framkvæmd og stöðu skólahalds. Slíkar úttektir geta náð til aðferða við innra mat eða annarra skilgreindra þátta í skólastarfi, kennslu á ákveðnum sviðum samkvæmt aðalnámskrá og til einstakra skóla, margra skóla í senn, skólahalds í tilteknum sveitarfélögum eða til grunnskólakerfisins í heild. Einnig er kveðið á um að menntamálaráðuneyti beri ábyrgð á þátttöku í alþjóðlegum rannsóknum, svo sem PISA sem er alþjóðleg rannsókn á kunnáttu 15 ára nemenda í lestri, stærðfræði og náttúrufræði. Þessi ákvæði eru m.a. sett til að auka yfirsýn menntamálayfirvalda yfir framkvæmd skólahalds og stefnu stjórnvalda hverju sinni og er hægt að nýta við mat á menntakerfinu og endurskoðunar stefnu og aðalnámskrár.

Sett verður í reglugerð nánari útfærsla á mati á gæðum skólastarfs og um upplýsingaskyldu sveitarfélaga í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Um 39. gr.

Gerðar eru allmiklar breytingar á 46. gr. gildandi laga um samræmd próf í grunnskólum. Kveðið er á um að menntamálaráðherra standi fyrir samræmdu námsmati í grunnskólum. Áfram er lögbundið að nemendur í 4. og 7. bekk grunnskóla skuli gangast undir könnunarpróf í íslensku og stærðfræði, en ekki er kveðið á um að þau skuli fara fram samtímis. Þetta gefur svigrúm til að þróa tölvustudd rafræn próf sem nemendur geta tekið í þessum árgöngum, en þegar hafa komið fram hugmyndir um tilraunir í þá átt. Rétt þykir að lögbinda próf í þessum greinum áfram í 4. og 7. bekk til að hægt sé að fylgjast með framförum nemenda og nýta niðurstöður prófanna til að bæta þjónustu við nemendur og bregðast við niðurstöðunum.

Nýmæli er að skólastjóra er heimilt ef gild rök mæla með því og samþykki forráðamanna liggur fyrir að veita nemenda undanþágu frá því að þreyta könnunarpróf í einstökum prófgreinum 4. og 7. bekkjar. Hingað til hefur menntamálaráðuneytið afgreitt allar slíkar undanþágubeiðnir og þykir rétt að færa stjórnsýsluna í þeim efnum nær vettvangi. Slíkar undanþágur eru nú veittar á grundvelli 36. og 48. gr. gildandi laga og reglugerðar nr. 709/1996 um námsmat nemenda sem víkja svo frá almennum þroska að þeim henta ekki samræmd próf. Samkvæmt 36. gr. er heimilt að veita nemendum sem hafa annað móðurmál en íslensku undanþágu frá samræmdum prófum í íslensku í 4. og 7. bekk. Jafnframt er heimilt að veita nemendum með annað móðurmál en íslensku undanþágu frá því að þreyta samræmt próf í stærðfræði í 4. og 7. bekk hafi þeir dvalið skemur á landinu en eitt ár. Í áðurnefndri reglugerð sem sett er á grundvelli 48. gr. gildandi laga er undanþága veitt ef viðkomandi nemendur sem eru taldir af viðurkenndum greiningaraðila víkja svo frá almennum þroska að þeim henti ekki samræmd próf. Einnig hefur undanþága verið veitt frá samræmdu prófi ef nemandi hefur orðið fyrir alvarlegu áfalli, svo sem við dauðsfall í fjölskyldu, sem gerir honum tímabundið ókleift að þreyta samræmt próf. Gert er ráð fyrir að sömu gildu ástæðurnar ráði við undanþágur frá samræmdu könnunarprófi í 10. bekk.

Í gildandi lögum eru valfrjáls samræmd próf í sex greinum í 10. bekk, þ.e. íslensku, stærðfræði, ensku, dönsku, náttúrufræði og samfélagsgreinum. Mjög mikil gagnrýni hefur komið fram á framkvæmd samræmdu lokaprófanna í grunnskóla og er hún m.a. komin til vegna þess hversu mörg ólík hlutverk prófin hafa haft, þ.e. þau eru bæði lokapróf í ákveðnum greinum sem hafa áhrif á innritun í framhaldsskóla og veita upplýsingar almennt um hversu vel markmiðum aðalnámskrám hefur verið náð og einstakir skólar hafa verið metnir út frá einkunnum skólans á samræmdum prófum. Prófin hafa einnig verið gagnrýnd fyrir að stýra um of skólastarfi, að aðeins sé prófað í bóklegum greinum og þeim atriðum sem auðvelt er að meta o.s.frv. Erfitt hefur verið að uppfylla öll þessi markmið með prófunum. Hins vegar er samstaða um að einhvers konar samræmt námsmat sé æskilegt í grunnskólum, þ.e. að nemandinn eigi rétt á því að fá kunnáttu sína metna. Þótt samræmdu lokaprófin hafi verið valfrjáls í grunnskóla hafa langflestir nemendur tekið próf í íslensku, stærðfræði og ensku. Því þykir rétt að lögbinda könnunarpróf í þessum greinum í fyrri hluta 10. bekkjar, ekki síst til að unnt sé að fylgjast með framförum nemenda allt frá 4. bekk. Hér er miðað við að prófin séu haldin svo tímanlega í 10. bekk að nemendur, kennarar og skólar hafi tíma til þess að bæta það sem ekki er ásættanlegt áður en grunnskólanáminu lýkur. Þetta hefur þær afleiðingar að lokaprófshlutverk 10. bekkjar prófanna hverfur og þyrfti sú áhersla að endurspeglast í reglugerð.

Framkvæmd prófanna gæti breyst með tilkomu tölvustuddra einstaklingsmiðaðra prófa og lagt er til að unnið verði að þróun slíks prófakerfis eins og þegar er í uppbyggingu í Danmörku og víðar. Ekki þykir ástæða til að lögbinda könnunarpróf árlega í fleiri greinum en menntamálaráðherra hefur heimild til að ákveða próf með reglugerð og getur framkvæmdin

og fyrirkomulagið verið breytilegt eftir árum. Hér er hugsunin sú að aðrar greinar, svo sem náttúrufræði, samfélagsfræði, danska og aðrar greinar, verði prófaðar með ákveðnu árabili, t.d. á tveggja til þriggja ára fresti, og að inn í þau próf verði byggður hluti sem metur breytingar frá einum tíma til annars. Alltaf verði lögð fyrir könnunarpróf í íslensku, stærðfræði og ensku í fyrri hluta 10. bekkjar. Ákvarðanir um þetta taki menntamálaráðherra með þriggja til fjögurra ára fyrirvara. Með þessu móti má koma til móts við það að prófa úr fleiri greinum en nú er gert, en ekki eins oft. Einnig getur menntamálaráðherra ákveðið að þróuð verði önnur próf til notkunar í grunnskólum, svo sem vegna skimunar á lestrarerfiðleikum.

Lögbundið er að menntamálaráðuneyti greiði kostnað af þessu prófahaldi.

Loks eru ákvæði 48. gr. gildandi laga um námsmat þeirra nemenda sem henta ekki könnunarpróf sett í þessa lagagrein til einföldunar.

Um 40. gr.

Allmiklar breytingar eru gerðar á 42. og 43. gr. gildandi laga um sérfræðiþjónustu. Lagt er til að ákvæði um sérfræðiþjónustu séu í einni lagagrein og í sömu grein eru sett ákvæði um nemendaverndarráð sem áður voru í 39. gr. Meginbreytingin er sú að opnari viðmið eru um hlutverk sérfræðiþjónustu en í gildandi lögum og að sveitarfélög ákveði fyrirkomulag sérfræðiþjónustu. Lagt er til að í sérfræðiþjónustunni felist annars vegar stuðningur við nemendur og fjölskyldur þeirra og hins vegar stuðningur við starfsemi grunnskóla og starfsfólk. Sérstaklega er tilgreint að sveitarfélög skuli stuðla að því að sérfræðiþjónustan fari sem mest fram innan grunnskóla. Hér er ekki síst átt við að nemendur fái stuðning, ráðgjöf og þjálfun innan grunnskóla en þurfi ekki að sækja slíkt út fyrir veggi skólans, nema nauðsyn beri til. Hér er einnig átt við að sveitarfélög skuli stuðla að því að ýmis þjálfun fari fram innan grunnskóla hjá sérfræðingum sem ekki eru starfsmenn sveitarfélaga en hér er m.a. átt við iðjuþjálfun, talþjálfun og sjúkraþjálfun sem ýmsir nemendur þurfa reglulega. Æskilegt er að slík þjálfun geti að mestu farið fram innan grunnskóla þótt greiðslur fyrir þjónustuna komi frá öðrum aðilum en sveitarfélögum. Sérstök nefnd skipuð af menntamálaráðherra er starfandi sem hefur það verkefni að fara yfir þessi mál til að skýra ákvæði um kostnaðarskiptingu.

Mikilvæg breyting á ákvæðum um sérfræðiþjónustu felast í því að sveitarfélög sem reka grunnskóla skulu hafa forgöngu um samstarf sérfræðiþjónustu, félagsþjónustu og heilbrigðisþjónustu innan sveitarfélagsins vegna nemenda með sérþarfir en mikilvægt er að samhæfa sem best þjónustu við nemendur til að hún verði markviss. Þar sem sérfræðiþjónusta á vegum sveitarfélaga telst einkum til fyrsta og annars stigs sérfræðiþjónustu er brýnt að sveitarfélögin hafi forgöngu um samstarf sérfræðiþjónustu við aðila sem annast sérhæfð greiningar- og meðferðarúrræði á vegum ríkisins vegna einstakra nemenda. Þar er m.a. átt við Greiningar- og ráðgjafarmiðstöð ríkisins, BUGL, Sjónstöð og Heyrnar- og talmeinastöð og sambærileg úrræði. Í gildandi lögum eru ákvæði um að sérfræðiþjónusta vinni að forvarnarstarfi og athugunum og greiningu á nemendum sem eiga í sálrænum og félagslegum erfiðleikum hafi þessir erfiðleikar áhrif á nám nemenda og geri tillögur til úrbóta. Hér er lagt til að auk þessa hlutverks skuli sérfræðiþjónustan tryggja að viðkomandi nemendur fái kennslu og námsaðstoð við hæfi og viðeigandi íhlutun, þ.e. ekki einungis gera tillögur til úrbóta heldur fylgja þeim eftir. Einnig eigi sérfræðiþjónustan að meta árangurinn af íhlutun.

Lagt er til að skólastjóri skuli samræma störf þeirra sem sjá innan hvers skóla um málefni einstakra nemenda samkvæmt þessari grein með stofnun nemendaverndarráðs. Í 39. gr. gildandi laga er heimildarákvæði um nemendaverndarráð og hefur starf ráðanna þótt gefa góða raun og ástæða þykir til að lögbinda slíka samræmingu, hvort sem það er formlega gert með

sérstöku nemendaverndarráði eða með öðrum hætti. Einnig er kveðið á um að stuðla skuli að samráði við félagsþjónustu sveitarfélaga vegna málefna einstakra nemenda. Æskilegt er að fulltrúi félagsþjónustu sitji í nemendaverndarráði skóla, en mörg mál sem koma inn á borð nemendaverndarráða eru þess eðlis.

Fellt er brott ákvæði um að sveitarfélög geri menntamálaráðuneyti grein fyrir skipulagi sérfræðiþjónustu, en ráðuneytið getur fylgst með starfi sérfræðiþjónustu eftir því sem ástæða þykir til.

Loks leiðir það af 2. málsl. 1. mgr. að sveitarfélög skulu veita starfsmönnum aðgang að sérfræðiþjónustu, svo sem kennsluráðgjöf, handleiðslu eða öðru því sem lýtur að andlegri og líkamlegri velferð starfsmanna.

Heimild til kæru lýtur að synjun skóla/sveitarfélags á beiðni um greiningu samkvæmt greininni. Hún lýtur ekki að ákvörðunum sem teknar eru af hálfu sveitarfélags í framhaldi af því að niðurstöður greiningar eru fengnar. Er gert ráð fyrir að slíkar ákvarðanir verði ekki kærðar.

Um 41. gr.

Greinin er óbreytt frá 55. gr. gildandi laga um heilsugæslu í grunnskólum. Eina breytingin er að talað er um skólaheilsugæslu í grunnskólum til samræmis við orðanotkun sem víðast er nú viðhöfð. Greinin um skólaheilsugæslu er sett í kafla um sérfræðiþjónustu. Æskilegt er að skólahjúkrunarfræðingur sé ávallt til staðar á starfstíma nemenda.

Um 42. gr.

Efnislega er greinin nánast óbreytt frá 38. gr. gildandi laga. Áfram er gert ráð fyrir að sveitarfélög annist rekstur sérúrræða innan grunnskóla og sérskóla fyrir nemendur sem ekki geta notið kennslu við hæfi í almennu skólaúrræði í grunnskóla. Ekki er lengur talað um sérdeildir heldur sérúrræði sem er víðara hugtak. Hlutverk slíkra sérúrræða er það sama og í gildandi lögum. Ekki er gert ráð fyrir staðfestingu menntamálaráðuneytis á starfsreglum en sveitarfélög ákvarða fyrirkomulagið. Ekki eru lengur ákvæði um húsnæðismál sérskóla þar sem gengið hefur verið frá samningum milli ríkis og sveitarfélaga um eignarhald á þeim sérskólum sem voru starfandi við flutning grunnskólans til sveitarfélaga 1996. Áfram eru ákvæði um að hlutverk þeirra sé að veita starfsfólki almennra grunnskóla stuðning og kennslufræðilega ráðgjöf. Í því sambandi mætti huga að þátttöku Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í þróun slíkrar ráðgjafar á landsvísu en dæmi eru um að Jöfnunarsjóður hafi tekið þátt í kostnaði vegna slíkrar ráðgjafar, t.d. fyrir blinda og sjónskerta nemendur.

Um 43. gr.

Greinin er óbreytt frá 56. gr. gildandi grunnskólalaga en breyting varð á þeirri grein með lögum sem tóku gildi 1. janúar 2007. Í ákvæðinu er gert ráð fyrir því að ákvæði grunnskólalaga taki til skóla sem hlotið hafa viðurkenningu menntamálaráðherra eftir því sem við á. Í því ljósi að sveitarfélög bera samkvæmt frumvarpinu ábyrgð á að börn sinni skólaskyldu og eigi þess kost að ganga í grunnskóla þykir rétt að taka fram að af hálfu skóla sem hlotið hefur viðurkenningu skuli fylgt ákvæðum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, við töku ákvarðana sem eru kæranlegar skv. 47. gr. Það á þó ekki við um gjaldtöku. Eðli málsins samkvæmt er ekki unnt að gera ráð fyrir því að einstök ákvæði frumvarpsins geti að öllu leyti átt við um skóla sem hlotið hafa viðurkenningu menntamálaráðherra. Verður þá m.a. að horfa til þess hvernig til skólagöngu barns er stofnað í viðurkenndum skólum og gefa verður slíkum skólum ákveðið

svigrúm, en að sjálfsögðu í samræmi við markmið og tilgang grunnskólalaga. Er í þessu ljósi gert ráð fyrir því að menntamálaráðherra verið falið að kveða nánar á um viðurkenningu skóla og starfrækslu þeirra í reglugerð.

Um 44. gr.

Lagðar eru til nokkrar breytingar á 53. gr. gildandi laga um tilraunaskóla en á undanförnum árum hefur færst í vöxt að sveitarfélög eða einkaaðilar hafi nýtt sér heimildarákvæði um tilraunaskóla eða undanþágu frá lögum og aðalnámskrá. Orðalag greinarinnar er gert skýrara og talað um þróunarskóla í stað tilraunaskóla og tilraunir með ákveðna þætti skólastarfs. Einnig er menntamálaráðherra áfram heimilað að styrkja þróunarskóla eftir því sem fjárlög heimila hverju sinni en hingað til hefur lítið reynt á þetta ákvæði, fyrr en með tilraunaverkefni með rekstur Gaulverjabæjarskóla í Flóa, en til þess viðfangsefnis hefur verið ráðstafað fé á fjárlögum.

Um 45. gr.

Í 1. og 2. mgr. ákvæðisins er fjallað um samvinnu fleiri sveitarfélaga um skólahald. Slík ákvæði eru þegar í lögum, sbr. 11. gr. gildandi grunnskólalaga, þótt hér sé gerð tillaga um allbreytt orðalag þeirrar heimildar. Í 3. mgr. er á hinn bóginn tekið upp það nýmæli að sveitarfélögum sé heimilt að reka saman grunnskóla, leikskóla og tónlistarskóla, annaðhvort alla þrjá saman eða tvo, t.d. leikskóla og grunnskóla eða grunnskóla og tónlistarskóla. Víða í fámennum sveitarfélögum hefur verið áhugi á slíkum samrekstri og hafa verið stigin skref í þessa átt, t.d. með samnýtingu húsnæðis og starfsfólks, en óheimilt hefur verið að ráða einn stjórnanda yfir slíkri stofnun. Gerir ákvæðið ráð fyrir að slíkur samrekstur mismunandi skóla geti farið fram innan sveitarfélags, en einnig að sveitarfélög geti átt samvinnu um slíkan rekstur, sbr. 1. og 2. mgr. ákvæðisins.

Á undanförnum árum hefur verið þrýstingur frá fámennum sveitarfélögum um að samrekstur mismunandi skóla verði heimilaður, ekki síst þar sem erfitt er að fá fagmenntaða starfsmenn og stjórnendur, og einnig hafa sveitarfélög séð hagræðingarmöguleika með því að hafa einn sameiginlegan stjórnanda yfir skólum sveitarfélagsins. Hér er opnuð almenn heimild til samrekstrar þessara skólastiga fyrir öll sveitarfélög óháð stærð þeirra eða gerð.

Vegna þeirra tillagna sem í ákvæðinu eru gerðar um samrekstur fleiri sveitarfélaga um skólahald er rétt að árétta að rekstur almennra grunnskóla er á ábyrgð og kostnað hvers sveitarfélags um sig. Á þeirra vegum eru almennt teknar ákvarðanir um skólahald og starfsmannahald grunnskóla og þau bera almennt ábyrgð á, ásamt foreldrum, að nemendur sem búa í sveitarfélagi sinni skólaskyldu. Skólanefndir, sem gegna mikilvægu hlutverki samkvæmt frumvarpinu, eru jafnframt nefndir sem starfa á vegum einstakra sveitarfélaga og hlutverk þeirra er bundið við skóla viðkomandi sveitarfélags. Til að sveitarfélagi sé heimilt að fela öðrum aðila rækslu þessa verkefnis og þær skyldur sem því fylgja þarf því eðlilega að vera skýrlega mælt fyrir um slíka heimild í lögum. Tilgangur 1. og 2. mgr. ákvæðisins er fyrst og fremst að tryggja að slíkar heimildir séu fyrir hendi.

Samvinna sveitarfélaga um grunnskólahald hefur tíðkast lengi, ekki síst í fámennum sveitarfélögum. Ákvarðanir sveitarfélaga um slíka samvinnu kalla á að svarað sé álitaefnum um ákvarðanatöku hins samrekna skóla og um ábyrgð á skólahaldinu. Ekki er eðlilegt að ákvarðanataka um rekstur einnar tiltekinnar skólastofnunar sé á margra hendi. Í meginatriðum er því um tvo kosti að ræða. Annars vegar er sá möguleiki að eitt sveitarfélag taki að sér að reka viðkomandi skólastofnun en börn annarra sveitarfélaga fái þá inngöngu í hann. Almennt

verður að telja að ákvæði 5. gr. frumvarpsins myndi nægilega skýran ramma um slíka samvinnu. Sé um það að ræða að umtalsverður fjöldi nemenda úr tilteknu sveitarfélagi, svo sem heilir árgangar eða jafnvel öll börn sveitarfélagsins, sæki skóla í öðru sveitarfélagi á slíkum grundvelli kann þó að vera eðlilegt að það sveitarfélag sem sér um rekstur skólastofnunarinnar heimili sveitarstjórnum annarra sveitarfélaga að tilnefna áheyrnarfulltrúa í skólanefnd, með málfrelsi og tillögurétt. Er gerð tillaga um lögfestingu slíkrar heimildar í 2. mgr. ákvæðisins. Ekki þykir í þessu sambandi rétt að gera tillögu um að slíkur fulltrúi fái full réttindi í nefndastarfinu, svo sem rétt til að taka þátt í atkvæðagreiðslu um mál, enda væri með slíku ákvæði vikið í veigamiklum atriðum frá þeirri reglu samkvæmt sveitarstjórnarlögum að kjörgengir í nefndir sveitarfélaga séu aðeins þeir sem kosningarrétt hafa í viðkomandi sveitarfélagi. Áréttað skal í þessu sambandi að skv. 5. mgr. 5. gr. frumvarpsins mun viðtökusveitarfélag bera ábyrgð á skólagöngu viðkomandi barns líkt og það ætti þar lögheimili.

Í öðru lagi er sá möguleiki að fleiri sveitarfélög stofni í sameiningu til samstarfsverkefnis um rekstur skólastofnunar. Mikilvægt verður að telja að slíku samstarfsverkefni sé markaður ákveðinn formbundinn grundvöllur og stjórn, þannig að m.a. sé tryggt að aðeins einn aðili (stjórn) fari með vald til töku ákvarðana, svo sem um ráðningu skólastjóra og það hlutverk sem samkvæmt frumvarpinu er falið skólanefnd, svo dæmi séu tekin. Jafnframt er eðlilegt að í samningi um slíkt samstarfsverkefni sé tekin afstaða til þess hvernig stjórn verkefnisins skuli valin og hvenær hún þyrfti staðfestingu viðkomandi sveitarstjórna á ákvörðunum. Þar sem slíkt fyrirkomulag felur jafnframt í sér visst framsal á valdi frá viðkomandi sveitarfélögum til umrædds samstarfsverkefnis verður löggjöf um heimild til samstarfs af þessu tagi að vera skýr. Eftir gildandi lögum er nærtækast að slíkt samstarfsverkefni sé rekið í formi byggðasamlags, en reglur um stofnun og ákvarðanatöku á vegum byggðasamlaga er að finna í sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998. Byggist 1. mgr. ákvæðisins því á að samrekstur sveitarfélaga á skólum geti farið fram í því formi eða með þeim hætti sem nánar er tilgreint í VIII. kafla sveitarstjórnarlaga. Allnokkur reynsla er komin á byggðasamlagsformið. Sé byggðasamlag stofnað um rekstur skóla er gert ráð fyrir því að þá fari stjórn byggðasamlagsins með verkefni skólanefndar nema stofnuð sé sérstök nefnd til að fara með það hlutverk á vegum byggðasamlagsins. Ákvæði um slíka undirnefnd stjórnar byggðasamlags skulu þá sett í samning um stofnun byggðasamlagsins.

Mikilvægt er að við ákvörðun um samrekstur, hvort sem er tveggja eða fleiri leikskóla eða leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla, ráði staðbundnar aðstæður og fagleg sem rekstrarleg sjónarmið enda er þessi breyting einkum hugsuð fyrir þau sveitarfélög sem m.a. vegna fámennis gætu betur hagað sínu skólahaldi, rekstrarlega og faglega, með samrekstrarformi. Með ákvæðinu er einnig verið að opna fyrir fjölbreytni, sveigjanleika og þróun í skólastarfi í þágu barna en ekki til samreksturs stórra fjölmennra skóla né heldur sameiningar marga skóla undir einum skólastjóra.

Gert er ráð fyrir að leik- og/eða grunn- og/eða tónlistarskóladeild samrekins skóla starfi að öllu öðru leyti eftir lögum um viðkomandi skólastig. Samkvæmt lögum þarf skólastjóri grunnskóla að hafa leyfisbréf sem grunnskólakennari og samkvæmt lögum um leikskóla þarf skólastjóri leikskóla að hafa leikskólakennaramenntun. Lagt er til að stjórnandi samrekinnar stofnunar hafi leyfisbréf til kennslu á leik- og/eða grunnskólastigi. Verði frumvarp um menntun og ráðningu leikskólakennara, grunnskólakennara og framhaldsskólakennara, sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu, að lögum munu fjölmargir leikskólakennarar fá leyfisbréf á grunnskólastigi og grunnskólakennarar á leikskólastigi á grundvelli framhaldsnáms í skilgreindum greinum. Því koma margir til með að uppfylla skilyrði til að stjórna slíkum

skólum. Um leikskólahlutann skulu gilda sömu ákvæði og um leikskóla almennt, þ.e. að 2/3 hlutar starfa séu stöðugildi leikskólakennara.

Um 46. gr.

Greinin er ný og fjallar um heimakennslu á grunnskólastigi, viðurkenningu grunnskóla sem starfa eftir viðurkenndri erlendri eða alþjóðlegri námskrá og námsskipan og undanþágu frá skólaskyldu skv. 3. gr. Markmiðið með þessari grein er að skapa svigrúm fyrir aukinn sveigjanleika fyrir annars konar nám en í grunnskólum á vegum sveitarfélaga eða í sjálfstætt reknum skólum til að geta komið betur til móts við sérstakar aðstæður eða óskir foreldra. Á undanförnum árum hefur nokkuð vaxið áhugi á heimakennslu sem er þekkt víða um heim sem valkostur við hefðbundna skólagöngu. Hér á landi hefur undanfarin ár verið rekið tilraunaverkefni um heimakennslu samkvæmt viðmiðunarreglum sem menntamálaráðuneyti hefur sett um slíkar tilraunir. Fram hefur farið úttekt á heimakennslunni og í kjölfar úttektar hefur tilraunaleyfið verið framlengt með ákveðnum skilyrðum og eftirliti. Rétt þykir að veita almenna heimild í lögum til heimakennslu að hluta eða öllu leyti í stað þess að tengja það tilraunaverkefni í öllum tilvikum. Menntamálaráðuneyti skal setja reglugerð um skilyrði til heimakennslu og ætti reglugerðin að byggjast á gildandi viðmiðunarreglum og taka mið af reynslu undanfarinna ára.

Einnig er menntamálaráðherra veitt heimild til að viðurkenna grunnskóla sem starfa eftir viðurkenndri erlendri eða alþjóðlegri námskrá og námsskipan. Tveir skólar hafa að undanförnu fengið slíka heimild, annars vegar alþjóðlegi skólinn í Sjálandsskóla í Garðabæ og hins vegar Fljótsdalshérað vegna skólastarfs við Kárahnjúka samkvæmt ítalskri námskrá. Búast má við að á næstu árum geti slíkum beiðnum fjölgað í ljósi breyttra samfélagshátta.

Um 47. gr.

Í greininni er kveðið á um að ákvarðanir um rétt og skyldu einstakra nemenda sem teknar eru í grunnskólum á grundvelli 4. mgr. 5. gr., 4. mgr. 14. gr., 3. og 4. mgr. 15. gr., 4. mgr. 17. gr., 1. mgr. 19. gr., 1. mgr. 23. gr., 4. mgr. 26. gr., 4. mgr. 31. gr., 2. mgr. 32. gr., 2. mgr. 33. gr., 3. mgr. 40. gr. og 1. mgr. 46. gr. séu kæranlegar til menntamálaráðuneytisins. Þá er kveðið á um að um meðferð kærumála fari að ákvæðum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Samkvæmt frumvarpsgreininni er þetta hin almenna regla samkvæmt frumvarpinu, þ.e. að þær einstöku ákvarðanir sem í greininni eru tilgreindar verði kærðar til menntamálaráðuneytis. Um rök fyrir þessu vísast til athugasemda við 6. gr. frumvarpsins. Rétt er að árétta að hér er um sértæka kæruheimild að ræða vegna áðurnefndra ákvarðana. Að því er varðar aðrar ákvarðanir innan grunnskólans lúta þær almennu eftirliti félagsmálaráðuneytisins og eftir atvikum kæru til þess skv. 103. gr. sveitarstjórnarlaga.

Í 2. mgr. greinarinnar kemur fram sú mikilvæga regla að sveitarstjórn geti ákveðið í samþykkt um stjórn og stjórnsýslu sveitarfélagsins, sem sveitarstjórn skal setja eftir 10. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, að áður en hægt er að kæra ákvörðun skv. 1. mgr. til menntamálaráðuneytis skuli fyrst beina kæru til skólanefndar eða annars tiltekins aðila innan stjórnsýslu sveitarfélagsins. Um málsmeðferð á kærustigi innan sveitarfélagsins fer að ákvæðum stjórnsýslulaga. Sveitarstjórn getur í þessu sambandi ákveðið hvaða ákvarðanir skv. 1. mgr. 47. gr. það eru sem slíkur kæruréttur skal gilda um. Þá geta þær jafnframt ákveðið í slíkri samþykkt hvort slíkar stjórnvaldsákvarðanir sem teknar eru af hálfu sjálfstætt rekinna grunnskóla skv. 43. gr. frumvarpsins skuli kærðar með þessum hætti til sveitarfélagsins. Rök standa til þess að slíkri kæruleið vegna sjálfstætt rekinna skóla verði komið á, enda skulu skóla-

nefndir sveitarfélaga hafa eftirlit með starfsemi þeirra eins og annarra grunnskóla í sveitarfélaginu, sbr. 43. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. þessarar greinar felst í meginatriðum að sveitarstjórn getur með setningu almennrar samþykktar ákveðið að koma á kæruleið innan stjórnsýslu sveitarfélagsins. Ákveði sveitarfélag að fara þessa leið felst í því ákvörðun um að kærumál samkvæmt lögum þessum sæti því sérstaka ferli að ákvarðanir sem kæranlegar eru til menntamálaráðuneytisins skuli fyrst kærðar til skólanefndar sveitarfélagsins, þeirrar nefndar í stjórnskipulagi sveitarfélags sem hefur hlutverk skólanefndar með höndum samkvæmt samþykkt um stjórn og stjórnsýslu sveitarfélagsins, eða annars þess aðila innan stjórnkerfis viðkomandi sveitarfélags sem sveitarstjórn ákveður. Viðkomandi aðili innan stjórnkerfis sveitarfélags tekur þá viðkomandi kæru til meðferðar sem sérstakt stjórnsýslumál og kveður upp úrskurð í málinu að gættum ákvæðum stjórnsýslulaga. Þetta fyrirkomulag er sérstakt að tvennu leyti. Í fyrsta lagi er það fyrirkomulag almennt ekki viðhaft að gert sé ráð fyrir stjórnsýslukæru innan stjórnkerfis sveitarfélaga. Sveitarfélög starfa á einu stjórnsýslustigi og því almennt ekki um kæruleiðir að ræða innan þeirra. Í öðru lagi er það heldur ekki algengt að innan stjórnsýslunnar sé gert ráð fyrir tvíþættu kæruferli áður en endanlegur stjórnvaldsúrskurður fæst, þótt ekki sé það óþekkt. Hér liggja þó að baki ákveðin rök, eins og nánar verður vikið að.

Í sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998, sbr. 44. gr. þeirra laga, er kveðið á um að sveitarstjórn geti, í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð, ákveðið í samþykkt sveitarfélags, sbr. 10. gr. sömu laga, að fela nefnd, ráði eða stjórn sveitarfélagsins fullnaðarafgreiðslu mála sem ekki varða verulega fjárhag sveitarfélagsins nema lög eða eðli máls mæli sérstaklega gegn því. Fari sveitarstjórn þessa leið skal hún jafnframt, sbr. 5. mgr. 44. gr. laganna, kveða á um það í samþykktinni hvernig fara skuli með endurupptöku mála sem hljóta afgreiðslu á þessum grundvelli. Felst í þeim fyrirmælum fyrst og fremst að sveitarstjórn skuli þá ákveða hvaða aðili innan stjórnsýslu sveitarfélagsins skuli taka mögulegar beiðnir um endurupptöku fyrir. Um endurupptöku máls að öðru leyti virðist gert ráð fyrir að fari eftir 24. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, eða eftir atvikum ólögfestum reglum um endurupptöku. Fjöldi sveitarfélaga hefur nýtt sér heimild til framsals fullnaðarákvörðunarvalds innan eigin stjórnkerfis í einstökum málaflokkum. Reynslan sýnir að þá er gjarnan jafnframt farin sú leið að fela meðferð endurupptökubeiðninnar öðrum aðila innan stjórnkerfis sveitarfélagsins en þeim sem fékk fullnaðarákvörðunarvaldið framselt. Með því móti er eins konar endurskoðunarkerfi ákvarðana komið á innan stjórnkerfis sveitarfélagsins, þótt ekki sé um stjórnsýslukæru að ræða.

Í þessu frumvarpi er ekki lögð til samsvarandi leið og mælt er fyrir um í 44. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, heldur er mælt fyrir um að sveitarfélag geti í samþykkt um stjórn og stjórnsýslu komið á sérstakri kæruleið innan eigin stjórnkerfis vegna þeirra ákvarðana sem upp eru taldar í 1. mgr. 47. gr. frumvarpsins. Fyrirmæli 44. gr. sveitarstjórnarlaga byggjast á því að um sé að ræða ákvörðunarvald sem framselt er af hálfu sveitarstjórnar til tiltekinna aðila innan stjórnkerfisins. Í þessu frumvarpi er á hinn bóginn gert ráð fyrir því að lögbundið verði að þær ákvarðanir sem fjallað er um í 1. mgr. 47. gr., a.m.k. að stærstum hluta fyrsta kastið, verði teknar af hálfu forsvarsmanna grunnskóla. Frávik frá því mundu hugsanlega helst koma fram í tengslum við gjaldtöku af nemendum eftir ákvæðum frumvarpsins. Grunnskólar eru flestir hluti af stjórnsýslu sveitarfélaga. Þrátt fyrir það eru einstakar ákvarðanir sem teknar eru innan skólanna, svo sem um beitingu agaviðurlaga gagnvart nemendum, teknar af hálfu skólastjóra eða annars til þess bærs aðila innan stjórnkerfis skólans. Um þessar ákvarðanir er skólinn í raun nokkuð sjálfstæður. Þá er almennt gengið út frá því samkvæmt

ákvæðum stjórnsýslulaga að aðili máls hafi heimild til að óska endurupptöku stjórnsýslumáls, að ákveðnum skilyrðum fullnægðum. Sé kæruheimild til staðar felur réttur til að óska endurupptöku ekki í sér að þess réttar sé ávallt neytt áður en kæra verður lögð fram. Heimild til að óska endurupptöku hefur því almennt engin áhrif á kærurétt. Með því að lögbinda heimild sveitarfélaga til að kveða á um kærurétt, sem þá verður að tæma áður en viðkomandi ákvörðun verður kærð til menntamálaráðuneytis, er komið á meiri festu í stjórnsýsluframkvæmd að þessu leyti. Þessi leið felur í sér svigrúm fyrir sveitarfélög landsins til að tryggja visst samræmi í skólahaldi innan sveitarfélagsins og að sveitarfélagið sjálft fái möguleika til slíkrar samræmingar áður en málum er vísað til meðferðar á æðra stjórnsýslustigi í formi stjórnsýslukæru. Væri kveðið á um endurupptökuleið í þessu samhengi væri engin trygging fengin fyrir því að viðkomandi mál fengi endurskoðun innan stjórnkerfis sveitarfélagsins áður en því væri vísað til menntamálaráðuneytis. Með vísan til þessarar röksemdar, sem og þess sjálfstæðis sem grunnskólinn hefur í raun innan stjórnsýslu sveitarfélaga, þótt jafnframt verði að leggja áherslu á að um leið telst hann hluti af sveitarfélaginu og heyrir þannig undir stjórn sveitarstjórnarinnar, er hér talið rétt að leggja til að sveitarfélög geti komið á kærurétti innan sveitarstjórnarstigsins vegna þeirra sérstöku ákvarðana sem tilgreindar eru í 1. mgr. greinarinnar.

Rétt er að taka fram að með frumvarpinu er ekki lagt til að kveðið sé á um að aðila skuli skylt að krefjast endurupptöku mála innan sveitarfélags áður en hann leitar til menntamálaráðuneytis með stjórnsýslukæru. Að hluta til mundi slík leið ná sambærilegum tilgangi og stjórnsýslukæra að því leyti að þá væri tryggt að sveitarfélagið sjálft ætti kost á að endurskoða ákvörðun sem tekin hefði verið af hálfu grunnskóla áður en mál kæmi til kasta úrskurðaraðila utan stjórnkerfis sveitarfélagsins. Á hinn bóginn fæli slíkt í sér ákveðið frávik frá hefðbundnum skilningi að lögum á hugtakinu „endurupptaka“ og mögulegum rétti aðila máls til endurupptöku. Þykir því ekki rétt að leggja til að slík málsmeðferð verði fest í lög.

Sú tillaga sem hér er lögð til tekur jafnframt mið af því að skipulag og uppbygging stjórnsýslu sveitarfélaga getur verið með ólíkum hætti þegar horft er til mismunandi stærðar þeirra og starfsemi. Í minnstu sveitarfélögunum þar sem starfslið við stjórnsýslu sveitarfélagsins er fámennt geta komið upp vandamál varðandi hæfi starfsmanna sem haft hafa afskipti af undirbúningi eða veitt skólastjóra aðstoð í einstökum málum, sbr. 4. tölul. 3. gr. stjórnsýslulaga. Í stærri sveitarfélögum þar sem starfræktir eru t.d. fleiri en einn skóli og stjórnsýsla sveitarfélags er fjölmennari er minni hætta á slíkum aðstæðum. Í því ljósi og með hliðsjón af sjálfstjórn sveitarfélaga þykir rétt að einstök sveitarfélög hafi svigrúm til þess að ákveða hvort ákvarðanir í þeim málum sem hér um ræðir sæti kæru innan sveitarfélagsins eða endurupptöku.

Að lokum er rétt að árétta að í þeim ákvæðum frumvarpsins sem upp eru talin í 1. mgr. 47. gr. er víða sérstaklega vikið að íhlutunarrétti menntamálaráðuneytis gagnvart þeim sveitarfélögum sem stjórnsýslukæra beinist að. Mikilvægi þess að fjalla þannig sérstaklega um íhlutunarrétt ráðuneytisins í hverju tilviki hefur áður verið nefnt, sbr. athugasemdir við 4. gr. frumvarps þessa. Í þessum ákvæðum frumvarpsins er á hinn bóginn ekki vikið sérstaklega að íhlutunarrétti viðkomandi skólanefndar, eða annars aðila innan stjórnkerfis sveitarfélagsins, gagnvart viðkomandi grunnskóla. Ástæðan er sú að stjórnsýslusamband þeirra aðila gagnvart grunnskólum er annars eðlis en stjórnsýslusamband ráðuneytis og sveitarfélags. Kærusamband milli grunnskóla og skólanefndar, eða annars aðila á vegum sveitarfélags, og endurskoðunarheimildir í því sambandi takmarkast ekki af sjónarmiðum um sjálfstjórn sveitarfélaga, líkt og við á þegar ákvarðanir skólanefndar eru kærðar til menntamálaráðu-

neytis, enda skólinn og skólanefndin hluti af stjórnsýslu viðkomandi sveitarfélags. Valdheimildir menntamálaráðuneytis eru á hinn bóginn takmarkaðar við endurskoðun á lögmæti þeirra ákvarðana sem um ræðir, sbr. athugasemdir við 4. gr. frumvarpsins.

Um 48. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Í ákvæðinu er annars vegar mælt fyrir um það að þeir grunnskólar sem reknir eru á grundvelli 43. gr. og starfandi eru við gildistöku laganna eigi rétt á framlagi úr sveitarsjóði samkvæmt ákvæðum laganna án þess að fyrir liggi viðurkenning menntamálaráðherra. Hins vegar er mælt fyrir um afskriftir á eignarhlut ríkisins í skólahúsnæði grunnskóla.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Með ákvæðinu er lagt til að sveitarfélög og viðsemjendur þeirra geti í kjarasamningum komið á fót sjóði er annist starfs- og símenntun kennara og skólastjórnenda. Verður að telja slíkt fyrirkomulag eðlilegra en að slíkt sé ákveðið með lögum. Semji aðilar um stofnun sjóðs er taki við framlagi sveitarfélaga og þeim fjármunum sem ríkið kann að ráðstafa á fjárlögum til endurmenntunar kennara og skólastjóra í grunnskólum leiðir það til þess að sá sjóður sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 12. gr. hættir að starfa á þeim grundvelli og heyrir þá ekki lengur undir stjórnsýslu menntamálaráðuneytis. Þykir því eðlilegt að slíkur sjóður komi í stað þess sjóðs sem kveðið er á um í 3. mgr. 12. gr.

Fylgiskjal I.

Viðauki við greinargerð með frumvarpi til laga um grunnskóla um starf og starfshætti nefndar um heildarendurskoðun laganna.

Nefnd um heildarendurskoðun á grunnskólalögum hélt alls 43 fundi, sá fyrsti var haldinn 20. mars 2006 og lokafundur nefndarinnar var haldinn 18. apríl 2007. Flestir fundir voru haldnir í menntamálaráðuneytinu en einnig voru fjölmargir fundir haldnir í vettvangsheimsóknum auk þess sem vinnufundur var haldinn á bæjarskrifstofu Garðabæjar í byrjun janúar 2007. Guðni Olgeirsson skráði fundargerðir. Formaður sótti ráðstefnur um skólamál í tengslum við endurskoðunina, m.a. á Akureyri og Ósló þar sem fjallað var um niðurstöður PISA-rannsóknarinnar.

Nefndin skilaði menntamálaráðherra áfangaskýrslu í október 2006 sem aðgengileg er á heimasíðu ráðuneytisins. Þar var auk þess sett fjölmargt sem tengdist nefndarstarfinu, svo sem bréf til hagsmunaaðila, listi yfir aðila sem komu á fund nefndarinnar ásamt ýmsum gögnum og ábendingum frá hagsmunaaðilum, erindi og umræður þátttakenda á málþinginu sem haldið var 25. nóvember 2006, auglýsing eftir athugasemdum ásamt ábendingum almennings og skýrsla frá kynnisferð nefndarinnar til Danmerkur, Noregs og Írlands í október 2006.

Samkomulag um skólastarf og skólaumbætur, 10 skref til sóknar.

Menntamálaráðherra og Kennarasamband Íslands undirrituðu í febrúar 2006 samkomulag um skólastarf og skólaumbætur, 10 skref til sóknar, með það að markmiði að vinna samhent að betra skólakerfi með heildarendurskoðun á lögum, aðalnámskrám og breyttri námsskipan skólastiganna. Fyrsta skrefið í samkomulaginu var að endurskoða lög um leik-, grunn- og framhaldsskóla þar sem meginmarkmiðin væru að auka samfellu milli skólastiganna, sveigjanleika milli og innan skólastiga og að mæta breytilegum þörfum ólíkra nemenda. Lokamarkmiðið var betri menntun og betri námsárangur nemenda. Menntamálaráðherra óskaði eftir því að nefndin hefði auk skipunarbréfs síns jafnframt hliðsjón af framangreindu samkomulagi við Kennarasambandið. Einn þeirra starfshópa sem skipaðir voru á grundvelli samkomulagsins var starfshópur um fjölbreytileika og sveigjanleika í skipulagi náms og námsframboðs í grunn- og framhaldsskóla. Starfshópurinn skilaði skýrslu í mars 2007 þar sem m.a. var lagt til að réttur grunnskólanemenda til að stunda framhaldsskólanám samhliða námi í grunnskóla yrði lögfestur, árangursviðmið skilgreind og kostnaðarákvæði skýrð. Einnig lagði starfshópurinn til að samræmd próf í núverandi mynd við lok 10. bekkjar yrðu felld niður, kannaðir yrðu kostir þess og gallar að taka upp einstaklingsmiðuð og tölvuvædd könnunarpróf í grunnskólum og framhaldsskólum og að endurskoðuð yrði 15. gr. framhaldsskólalaga um inntöku nýnema í framhaldsskóla. Nefnd um endurskoðun grunnskólalaga tók mið af tillögum starfshópsins við samningu frumvarpsins.

Undirbúningur, samstarf við aðrar nefndir og væntingar nefndarmanna.

Við upphaf nefndarstarfsins var m.a. farið stuttlega yfir söguna um löggjöf í málefnum grunnskólans, rifjuð upp vinnan við lagasetninguna árið 1995, ýmsar skýrslur lagðar fram og rætt um reynsluna af yfirtöku sveitarfélaganna á öllum rekstri grunnskólans árið 1996. Þá kynnti nefndin sér lög nr. 98/2006, um grunnskóla, sem samþykkt voru vorið 2006 og tóku gildi 1. janúar 2007, ásamt athugasemdum sem borist höfðu í tengslum við frumvarpsvinnuna. Menntamálaráðherra kom á fund nefndarinnar og nefndin átti samstarf við nefndir um endurskoðun leikskólalaga og framhaldsskólalaga sem skipaðar voru um svipað leyti. Þá hafði nefndin samráð við verkefnisstjórn vegna samkomulags menntamálaráðherra og Kennarasambands Íslands um skólastarf og skólaumbætur, 10 skref til sóknar, auk annarra starfshópa. Nefndarmenn viðruðu væntingar sínar til endurskoðunarinnar í upphafi nefndarstarfsins. Kom þá m.a. fram að mikill áhugi væri á því að ráðast í heildarendurskoðun á lögunum með það fyrir augum að laga ýmsa vankanta og breyta ákvæðum í ljósi reynslunnar og einnig í tengslum við aukna samfellu í námi og kröfu um meiri sveigjanleika, valfrelsi og sjálfstæði skóla. Þá ræddu nefndarmenn jafnframt hugmyndir um minni miðstýringu, aukið sjálfsforræði sveitarfélaga á skólarekstri, aukið sjálfstæði skóla og einstaklingsmiðaðra nám. Áhersla var lögð á aukin áhrif foreldra, aukinn rétt nemenda og velferð, nemendalýðræði, aukna náms- og starfsráðgjöf, skýrari ákvæði um tilraunaskóla og þróunarstarf. Fram kom hjá nefndarmönnum að miklir möguleikar væru hér á landi til að þróa enn betri grunnskóla með það að markmiði að halda okkar hlut meðal þeirra þjóða sem fremstar standa á sviði skyldunámsskóla.

Umfangsmikið samráð við hagsmunaaðila.

Með hliðsjón af skipunarbréfi sínu efndi nefndin til mjög víðtæks samráðs við hagsmunaaðila. Fjölmargir hagsmunaaðilar voru boðaðir á fund nefndarinnar, alls 85 aðilar, þar sem þeim gafst kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Til þess að fundirnir yrðu sem

skilvirkastir var óskað eftir því að aðilar kynntu viðhorf sín og legðu fram skriflega umsögn á fundinum um eftirfarandi atriði:

– Hvaða meginsjónarmið ætti að hafa að leiðarljósi við endurskoðun grunnskólalaga?
– Hver er framtíðarsýn ykkar í málefnum grunnskólans?

Þá var aðilum einnig boðið að leggja fram skýrslur og greinargerðir sem talið var að gætu gagnast við endurskoðun grunnskólalaga. Langflestir hagsmunaaðilar þáðu boð um að mæta á fund nefndarinnar og lögðu fram, bæði skriflega og munnlega, tillögur um umbætur á grunnskólastiginu. Á annað hundrað aðilar komu á fund nefndarinnar, sjá meðfylgjandi lista. Nefndin taldi auk þess mikilvægt að hitta aðila á vettvangi og undirbjuggu þrír nefndarmenn heimsóknir. Unnar Þór Böðvarsson skipulagði heimsókn á Suðurland, Jón Kr. Sólnes sá um heimsókn á Akureyri og nágrenni og Gerður G. Óskarsdóttir fylgdi úr hlaði heimsókn í Reykjavík. Einnig var farið í Reykjanesbæ og til Egilsstaða og nágrennis, auk þess sem formaður og starfsmaður tóku þátt í heimsókn menntamálaráðherra til Vesturbyggðar. Í þessum vettvangsheimsóknum var rætt við fulltrúa sveitarstjórna og skólanefnda auk þess sem rætt var við fulltrúa sérfræðiþjónustu, skólastjórnenda, kennara, foreldra og nemenda. Nefndin hélt samtals 24 fundi á vettvangi um land allt.

Þá voru haldnir kynningar- og umræðufundir með deildum menntamálaráðuneytis, formaður fjallaði um endurskoðunin á fundi Skólastjórafélags Íslands og á fundi með Grunni, samtökum forstöðumanna sérfræðiþjónustu skóla.

Auglýst eftir athugasemdum frá „almenningi“.

Nefndin ákvað að gefa „hinum almenna borgara“ kost á að senda athugasemdir til að fá víðtæka umræðu í samfélaginu um málefni grunnskólans. Fréttatilkynning var send frá menntamálaráðuneyti til allra fjölmiðla þar sem var greint frá starfi nefndarinnar og vakin athygli á því að unnt væri að koma ábendingum á framfæri. Auglýsing þar að lútandi var einnig birt í vefriti menntamálaráðuneytis og í Morgunblaðinu. Allmargar athugasemdir bárust nefndinni í kjölfar þessarar auglýsingar og er þær að finna á heimasíðu menntamálaráðuneytisins.

Kynnisferð til þriggja landa.

Hluti nefndar, þ.e. fjórir nefndarmenn auk starfsmanns, fór í kynnisferð til þriggja landa 23.–27. október 2006 vegna vinnu sinnar við endurskoðun grunnskólalaga, þ.e. til Danmerkur, Noregs og Írlands. Nefndin var sammála um að mjög gagnlegt hefði verið að fara um landið og heyra sjónarmið sveitarstjórnarmanna, fagfólks skóla og foreldra. Á sama hátt var gagnlegt fyrir nefndina að kynna sér með beinum hætti sjónarmið sambærilegra hópa í nágrannalöndunum. Þá var jafnframt nauðsynlegt að funda með starfsfólki ráðuneyta til að fjalla um helstu álitamálin í grunnskólum og áætlanir um breytingar á grunnskólalöggjöf, ef slík áform eru fyrir hendi. Einnig var gagnlegt fyrir nefndina að kynna sér sérstaklega vel heppnað þróunarstarf á þeim sviðum þar sem mest er talin þörf á aðgerðum og breytingum hér á landi. Ákveðið var að fara til Danmerkur og Noregs þar sem miklar hræringar eru í skólamálum þessara landa um þessar mundir. Einnig var ákveðið að fara til Írlands til að kynnast lagaumgjörð nágrannalands í hraðri þróun sem er með ólíkt skólakerfi og lítil tengsl við Ísland. Nefndin skilaði menntamálaráðherra skýrslu að lokinni kynnisferð sem aðgengileg er á heimasíðu ráðuneytisins.

Málþing 25. nóvember 2006.

Nefndin stóð að sérstöku grunnskólalagamálþingi í tengslum við vinnu nefndarinnar, laugardaginn 25. nóvember 2006 á Hótel Nordica. Yfirskrift þingsins var „Framtíðarsýn í málefnum grunnskólans – NÝ GRUNNSKÓLALÖG“. Vakin var athygli á þinginu í fjölmiðlum en einnig var öllum hagsmunaaðilum sem hitt höfðu nefndina send dagskrá og þeir hvattir til að taka þátt í málþinginu. Á málþinginu var farið yfir stöðu vinnu við endurskoðun laganna og fjallað um helstu álitamálin í þeirri vinnu. Á þinginu fór fram gagnvirk umræða um nokkur helstu álitamálin þar sem þátttakendum gafst kostur á að ræða þau í minni hópum og koma á framfæri sjónarmiðum. Meginmarkmiðið með málþinginu var að ná sátt um meginlínur í endurskoðuninni. Þingið sóttu um 250 manns og samantekt umræðunnar má finna á heimasíðu menntamálaráðuneytis. Þingið var jafnframt síðasti liðurinn í víðtæku samráðsferli við endurskoðunina. Ýmis gögn frá málþinginu voru sett á heimasíðu menntamálaráðuneytisins.

Vinnuferli við samningu frumvarpsins.

Vinna við samningu frumvarpsins hófst að loknu samráðsferlinu. Samkvæmt erindisbréfi var nefndinni í vinnu sinni m.a. ætlað að hafa til hliðsjónar nýjustu breytingar á grunnskólalögum sem tóku gildi í ársbyrjun 2007, reynsluna af flutningi grunnskólans til sveitarfélaga, áform um breytta námsskipan til stúdentsprófs og aukna samfellu og sveigjanleika í skólastarfi auk þess að hafa hliðsjón af samkomulagi menntamálaráðherra og Kennarasambands Íslands um skólastarf og skólaumbætur, 10 skref til sóknar. Þá var jafnframt höfð hliðsjón af fundum nefndarinnar með fjölmörgum hagsmunaaðilum sem mættu á fund nefndarinnar og þeim gögnum sem nefndinni höfðu borist. Meðal þess sem nefndin þurfti að taka afstöðu til var hvaða atriði ættu að vera í lögum um grunnskóla og hvaða atriði ættu frekar heima í reglugerð eða aðalnámskrá grunnskóla, eða hugsanlega á hendi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands eða vera hluti af sjálfstæði sveitarfélaga að skipuleggja svo og sjálfstæði einstakra skóla. Enn fremur ræddi nefndin hvaða atriði þyrfti hugsanlega að taka upp sem varða samspil kerfa, svo sem ráðuneyta, ríkis og sveitarfélaga. Nefndin vann frumvarpið í samvinnu við lögfræðisvið menntamálaráðuneytisins en hafði auk þess samráð við önnur svið ráðuneytisins vegna einstakra kafla frumvarpsins, þ.e. námskrárdeild, skóladeild og mats- og greiningarsvið.

Listi yfir aðila sem mættu á fund nefndar um endurskoðun grunnskólalaga og yfirlit yfir fundi á vettvangi hér á landi.

Listi yfir aðila sem komið hafa á fund nefndar um endurskoðun grunnskólalaga 2006.

Menntamálaráðherra
Fulltrúi verkefnisstjórnar um 10 skrefa samkomulag mmr. og KÍ
Sviðsstjóri lögfræðisviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga
Skólamálafulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga
Tengiliður við Félag leikskólakennara
Tengiliður við Félag framhaldsskólakennara
Félagsmálaráðuneytið
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið
Barnaverndarstofa
Námsgagnastofnun

Miðstöð heilsuverndar barna
Sérfræðiþjónusta skóla, Grunnur
Umboðsmaður Alþingis
Umboðsmaður barna
Lýðheilsustöð
Námsmatsstofnun
Stjórn Félags leikskólakennara
Stjórn Félags framhaldsskólakennara
Stjórn Skólastjórafélags Íslands
Stjórn Heimilis og skóla
Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga
Stjórn Félags grunnskólakennara
Félag íslenskra framhaldsskóla
Vinstri grænir
Framsóknarflokkur
Sjálfstæðisflokkur
Samfylkingin
Frjálslyndi flokkurinn
Háskóli Íslands
Háskólinn í Reykjavík
Kennaraháskóli Íslands
Listaháskólinn
Rannsóknastofnun KHÍ
Samtök sjálfstæðra skóla
Samtök fámennra skóla
Félag um menntarannsóknir
Samtök áhugafólks um skólaþróun
Samtök atvinnulífsins
Félag náms- og starfsráðgjafa
Félag íslenskra sérkennara
ADHD-samtökin
Barnaheill
Olweusarverkefnið gegn einelti
Samtökin '78
Félag íslenskra skóla- og félagsráðgjafa
Þroskahjálp
Öryrkjabandalagið
Impregilio-Kárahnjúkaskóli, Þórarinn V. Þórarinsson
Umhyggja
Sjónarhóll
Innflytjendaráð
Mannréttindaskrifstofan
Þjóðkirkjan, Biskupsstofa
Siðmennt
Alþjóðahús
Sálfræðingafélag Íslands

Jafnréttisstofa
Landssamband æskulýðsfélaga
Æskulýðsráð ríkisins
Rauði kross Íslands
Neytendasamtökin
ÍSÍ
Blátt áfram – verkefni gegn kynferðisofbeldi
Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins
BUGL, Barna- og unglingageðdeild
Fulltrúar grunnskólanemenda og umboðsmaður barna
Kynning á starfi starfsnámsnefndar, Jón B. Stefánsson
Tilraunaverkefni um heimakennslu. Foreldrar barna í Ölfusi
Félag fagfólks í frítímanum
Vímulaus æska
Fræðslumiðstöð í fíknivörnum
Jón Torfi Jónasson, Háskóla Íslands
Menntamálaráðuneyti, skrifstofa menntamála
Menntamálaráðuneyti, skrifstofa menningarmála
Menntamálaráðuneyti, mats- og greiningarsvið
Menntamálaráðuneyti, vísindaskrifstofa
Ólafur Guðmundsson, fyrrverandi skólastjóri Kópavogsskóla
Kynning á úttekt OECD um menntamál
Bandalag íslenskra listamanna
Starfshópur safnaráðs um menntunarhlutverk safna
Skólasafnskennarar
Lögreglan í Reykjavík
Flest faggreinafélög kennara
Félag fósturforeldra í sveitum
Samtök áhugafólks um atferlisgreiningu (SATÍS)
Samtals 85 aðilar

Heimsóknir nefndar eða hluta nefndar og fundir á vettvangi.
Hvolsskóli (kynning á Grunnskóla Mýrdalshrepps)
Skólaskrifstofa Suðurlands, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga
Sveitarstjórnar- og skólanefndarmenn, skólastjórar og foreldrar Rangárþingi
Vesturbyggð með menntamálaráðherra, hluti nefndar
Sveitarstjórnarfólk, skólafólk og foreldrar, Eyjafirði
Hrafnagilsskóli Eyjafirði
Hlíðaskóli og Skjöldur, Akureyri
Stórutjarnaskóli – samrekstur skóla
Háskólinn á Akureyri
Skólaþjónusta Akureyrar
Kristján Már Magnússon, sálfræðingur, Akureyri – geðraskanir
Ingunnarskóli í Reykjavík, kynning á skólanum og hugmyndafræðinni að baki
Fulltrúar skólastjóra, kennara og foreldra, Samfok, Reykjavík
Kynning á þjónustumiðstöð Breiðholts. Ragnar Þorsteinsson

Kynning á sálfræðiþjónustu, atferlisverkefnum.
Fellaskóli, umræður um nemendur með annað móðurmál en íslensku
Skólaskrifstofa Reykjanesbæjar, kynning á starfseminni
Reykjanesbær, fulltrúar sveitarstjórnar, skólastjóra, kennara og foreldra, FFGÍR
Heiðarskóli, Reykjanesbæ
Akurskóli, Reykjanesbæ
Íþróttaakademían í Reykjanesbæ
Fljótsdalshérað, skólafulltrúi og skólanefnd
Austurland, fulltrúar sveitarstjórna, skólastjóra, kennara og foreldra
Skólaskrifstofa Austurlands
Samtals 24 fundir á vettvangi

Fylgiskjal II.

Menntamálaráðuneyti:

Umsögn um frumvarp til laga um grunnskóla.

Menntamálaráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga hafa sameiginlega metið forsendur kostnaðaráhrifa vegna frumvarps menntamálaráðherra um grunnskóla.

Aðilar eru sammála um að ný ákvæði í frumvarpi til laga um grunnskóla er varði skyldur sveitarfélaga til að veita fósturbörnum og börnum án kennitölu skólavist, sbr. 5. gr., túlkun vegna samskipta foreldra og skóla, sbr. 16. og 18. gr., sérstakan stuðning við langveika nemendur og nemendur með leshömlun, sbr. 17. gr., um mat og eftirlit sveitarfélaga með gæðum skólastarfs, sbr. 37. gr., og um framkvæmd sérfræðiþjónustu, sbr. 40. gr., geti haft útgjaldaaukningu í för með sér fyrir sveitarfélög. Bein kostnaðaráhrif eru þó óljós. Einnig eru aðilar sammála um að ákvæði frumvarpsins um að heimilt sé að meta nám sem stundað er utan grunnskóla sem hluta af skyldunámi án þess að sveitarstjórn sé skylt að standa straum af kostnaði við námið, sbr. 26. og 31. gr., og ákvæði um samrekstur skóla, sbr. 45. gr., geti haft áhrif til hagræðingar í rekstri fyrir sveitarfélög.

Áhrif framangreindra greina fyrir útgjöld sveitarfélaga eru að verulegu leyti háð aðstæðum og því hvernig til tekst að útfæra mismunandi ákvæði á hverjum stað. Bein kostnaðaráhrif eru því óljós og er ekki unnt á þessu stigi að leggja raunhæft mat á heildarkostnaðaráhrif þessara þátta fyrir sveitarfélögin.

Menntamálaráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga munu sameiginlega vinna að því að safna upplýsingum og þróa mælikvarða til að meta kostnaðaráhrif þeirra lagabreytinga sem frumvarpið hefur í för með sér, verði það samþykkt á Alþingi. Það samstarf getur verið liður í að þróa samstarf ráðuneytisins og sveitarfélaga varðandi mat og eftirlit með gæðum grunnskólastarfs, sbr. 35.–38. gr. frumvarpsins. Niðurstöðu þeirrar greiningar verði eftir því sem tilefni gefst til vísað til úrlausnar á grundvelli samstarfssáttmála ríkis og sveitarfélaga. Reiknað er með að menntamálaráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga komi á fót fjögurra manna starfshópi til að vinna að öflun og greiningu upplýsinga

Fylgiskjal III.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um grunnskóla.

Markmiðið með frumvarpinu er að setja ný heildarlög um grunnskóla í ljósi reynslu af flutningi grunnskóla til sveitarfélaga árið 1996 og skerpa um leið línur og verkefni grunnskóla. Meginmarkmið er m.a. að tryggja réttarstöðu nemenda, öryggi þeirra og velferð, að skýra ábyrgð, réttindi og skyldu, að auka gæði og eftirlit með skólastarfi, að auka sveigjanleika og samfellu á milli skóla. Jafnframt felst í frumvarpinu aukið sjálfstæði sveitarfélaga og einstakra skóla og aukið lýðræði meðal annars með stofnun sérstakra skólaráða við hvern grunnskóla.

Nokkur efnisatriði í frumvarpinu gætu haft áhrif á útgjöld sveitarfélaganna. Hér er um að ræða atriði eins og sérþjónustu vegna túlkunarþjónusta og sérfræðiþjónustu. Einnig eru atriði sem gætu leitt til lægri útgjalda sveitarfélagana, svo sem ákvæði um meiri sveigjanleika með samrekstri leik-, grunn- og tónlistarskóla. Þá geta grunnskólanemendur átt rétt á að fá ýmist nám sem stundað er utan grunnskólanna metið sem valfög í grunnskólanámi, er átt bæði við framhaldsskólaáfanga og t.d. tónlistarnám. Það er þó mat menntamálaráðuneytisins að í heild hafi frumvarpið í ekki för með sér augljós aukin útgjöld fyrir sveitarfélögin, en bendir þó á að ákveðin atriði íþyngi minni sveitarfélögunum meira en þeim stærri. Menntamálaráðuneytið gerir þann fyrirvara að mjög erfitt sé að meta hugsanlegan kostnað og ábata á þessu stigi og að rétt sé að endurskoða áhrif laganna að einhverjum tíma liðnum. Eru það einkum atriði eins og túlkunarþjónusta sem erfitt er að sjá fyrir hvernig þróist í framtíðinni en sá kostnaður er m.a. háður fjölgun nemenda af erlendum uppruna. Fjármálaráðuneytið hefur ekki aðrar forsendur til að meta áhrif frumvarpsins á útgjöld sveitarfélaganna.

Þau efnisatriði í frumvarpinu sem snerta útgjöld ríkissjóðs eru símenntun, þróun í gegnum sprotasjóð, námsgögn og eftirlit.

Ekki verður séð að í frumvarpinu felist kvaðir á ríkissjóð um að auka útgjöld í símenntunarsjóð né sprotasjóð. Þá er ákvæði um að menntamálaráðuneytinu sé skylt að leggja grunnskólum til námsgögn, sem er með sama hætti og í núgildandi lögum og veldur því ekki auknum útgjöldum. Eftirlitshlutverk menntamálaráðuneytisins eykst og má gera ráð fyrir að einhverju leyti auknum umsvifum m.a. vegna tíðari úttekta á grunnskólum. En á móti fellur niður skylda ráðuneytisins til að veita undanþágur frá þátttöku í samræmdum prófum. Gert er ráð fyrir því að menntamálaráðuneytið geti annast eftirlitshlutverk sitt samkvæmt frumvarpinu með fjárheimildum sínum í frumvarpi til fjárlaga 2008.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

320. Frumvarp til laga [286. mál]

um framhaldsskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

I. KAFLI
Gildissvið, hlutverk og yfirstjórn.

1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi taka til skólastarfs á framhaldsskólastigi. Nám á framhaldsskólastigi er skipulagt sem framhald af námi á grunnskólastigi. Það miðar að lokaprófi, svo sem framhaldsskólaprófi, starfsréttindaprófi, stúdentsprófi eða öðrum skilgreindum námslokum, sem geta miðast við tiltekin störf og veitt sérstök réttindi þeim tengd.

Lög þessi taka til opinberra framhaldsskóla, sbr. II. kafla, og annarra skóla á framhaldsskólastigi sem hlotið hafa viðurkenningu ráðherra, sbr. III. kafla.

2. gr.
Hlutverk.

Hlutverk framhaldsskóla er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi með því að bjóða hverjum nemanda nám við hæfi.

Framhaldsskólar búa nemendur undir þátttöku í atvinnulífinu og frekara nám. Þeir skulu leitast við að efla siðferðisvitund, ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi nemenda, þjálfa þá í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum og gagnrýninni hugsun, kenna þeim að njóta menningarlegra verðmæta og hvetja til þekkingarleitar. Framhaldsskólar sinna miðlun þekkingar og þjálfun nemenda þannig að þeir öðlist færni til að gegna sérhæfðum störfum og hafi forsendur til að sækja sér frekari menntun.

3. gr.
Yfirstjórn.

Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn þeirra mála er lög þessi taka til og ber ábyrgð á eftirfarandi:

a. almennri stefnumótun í málefnum framhaldsskóla,
b. aðalnámskrá og staðfestingu á námskrám og námsbrautarlýsingum skóla,
c. eftirliti með stjórnsýslu og skólastarfi,
d. stuðningi við þróunarstarf í framhaldsskólum og þróun námsefnis,
e. söfnun, úrvinnslu og miðlun upplýsinga um skólastarf.

II. KAFLI
Opinberir framhaldsskólar.

4. gr.
Stofnun framhaldsskóla.

Opinber framhaldsskóli er ríkisstofnun og heyrir undir menntamálaráðherra.

Ráðherra, eftir atvikum í samstarfi við sveitarfélög, eitt eða fleiri, getur haft frumkvæði að stofnun opinbers framhaldsskóla. Opinber framhaldsskóli er stofnaður með því að Alþingi leggur skólanum til rekstrarfé í fjárlögum.

Opinberir framhaldsskólar þarfnast ekki sérstakrar viðurkenningar, en þeir skulu uppfylla öll almenn skilyrði fyrir viðurkenningu framhaldsskóla, sbr. 12. gr.

5. gr.
Skólanefndir.

Ráðherra skipar skólanefnd við framhaldsskóla til fjögurra ára í senn. Í skólanefnd skulu sitja fimm einstaklingar. Tveir eru skipaðir samkvæmt tilnefningum sveitarstjórna og þrír án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Nefndin kýs sér formann til eins árs í senn. Áheyrnarfulltrúar eru þrír með málfrelsi og tillögurétt, einn tilnefndur af skólafundi, einn af nemendafélagi skólans og einn af foreldraráði, til eins árs í senn. Skólameistari situr fundi skólanefndar með málfrelsi og tillögurétt. Hann er framkvæmdastjóri nefndarinnar.

Hlutverk skólanefndar er að:

a. marka áherslur í starfi skólans og stuðla að sem bestri þjónustu við íbúa á starfssvæði skólans og tengslum hans við atvinnu-, félags- og menningarlíf,
b. vera skólameistara til samráðs um námsframboð skóla,
c. staðfesta skólanámskrá að fenginni umsögn almenns skólafundar og fylgjast með framkvæmd hennar,
d. veita skólameistara umsögn um árlega starfs- og fjárhagsáætlun í samræmi við niðurstöður fjárlaga og fylgjast með framkvæmd hennar,
e. vera skólameistara til samráðs um fjárhæð þeirra gjalda sem skólameistari ákveður skv. 45. gr.,
f. vera skólameistara til samráðs um samninga sem viðkomandi skóli gerir,
g. vera skólameistara til samráðs um starfsmannamál,
h. veita ráðherra umsögn um umsækjendur um stöðu skólameistara.

6. gr.
Skólameistari.

Ráðherra skipar skólameistara í framhaldsskólum til fimm ára í senn. Skólanefnd veitir umsögn um umsækjendur um starf skólameistara. Kennari, sem skipaður er skólameistari, skal fá leyfi frá kennarastarfi sínu þann tíma sem hann gegnir embætti skólameistara.

Skólameistari veitir framhaldsskóla forstöðu. Hann stjórnar daglegum rekstri og starfi framhaldsskóla og gætir þess að skólastarfið sé í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá og önnur gildandi fyrirmæli á hverjum tíma. Hann ber ábyrgð á gerð fjárhagsáætlunar og að henni sé fylgt og hefur frumkvæði að gerð skólanámskrár og umbótastarfi innan skólans.

7. gr.
Skólaráð.

Skólaráð skal vera skólameistara til samráðs og aðstoðar. Skólameistari er oddviti skólaráðs sem auk hans skal skipað staðgengli hans og fulltrúum kennara og nemenda. Heimilt er að setja í reglugerð nánari ákvæði um skipan skólaráðs, verksvið þess og starfshætti.

8. gr.
Starfslið framhaldsskóla.

Skólameistari ræður stjórnendur, kennara og aðra starfsmenn skólans að höfðu samráði við skólanefnd.

Skólameistari ræður staðgengil sinn til allt að fimm ára í senn. Kennari, sem ráðinn er staðgengill skólameistara, skal eftir atvikum fá leyfi frá kennarastarfi sínu þann tíma sem hann gegnir staðgöngu.

Um skilyrði þess að vera ráðinn skólameistari eða kennari við framhaldsskóla fer eftir ákvæðum gildandi laga um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum framhaldsskólakennara.

Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um menntun og starfssvið náms- og starfsráðgjafa, starfsfólks skólasafna og annars starfsliðs framhaldsskóla, eftir því sem við á. Sama gildir um starfssvið skólameistara og kennara.

9. gr.

Skólafundir.

Í framhaldsskólum skal halda skólafund a.m.k. einu sinni á skólaári. Rétt til setu á skólafundi eiga allir starfsmenn skóla ásamt fulltrúum nemenda samkvæmt nánari ákvörðun skólameistara. Á skólafundi er rætt um málefni viðkomandi skóla og kosnir áheyrnarfulltrúar í skólanefnd. Skólameistari boðar til fundar, leggur fram dagskrá og stýrir fundi, eða felur öðrum stjórn hans. Fundargerð skólafundar skal kynnt skólanefnd.

Skylt er skólameistara að halda skólafund ef þriðjungur fastra starfsmanna skóla krefst þess.

10. gr.

Kennarafundir.

Í framhaldsskólum skal halda kennarafund a.m.k. tvisvar sinnum á skólaári. Skólameistari boðar til fundar, leggur fram dagskrá og stýrir fundi, eða felur öðrum stjórn hans. Fundargerð kennarafundar skal kynnt skólanefnd. Almennir kennarafundir í framhaldsskólum skulu fjalla um stefnumörkun í starfi skóla, m.a. námsskipan, kennsluhætti, gerð skólanámskrár, tilhögun prófa og námsmat.

Skólanefnd, skólameistari og skólaráð geta leitað til kennarafundar um önnur mál.

Kennarafundur kýs við upphaf haustannar fulltrúa í skólaráð.

Allir kennarar sem starfa við skóla eiga rétt til setu á kennarafundi. Skólameistari undirbýr mál er fyrir kennarafund koma, en öllum sem þar eiga seturétt er heimilt að bera þar fram mál.

11. gr.

Námsorlof.

Kennari sem starfað hefur í a.m.k. fimm ár getur óskað eftir að fá sérstakt námsorlof til að efla þekkingu sína og kennarahæfni. Skal hann senda menntamálaráðuneyti beiðni um námsorlof. Ráðuneytið getur, að fenginni umsögn skólameistara, veitt námsorlof allt að einu ári á föstum launum. Kennari er nýtur námsorlofs getur jafnframt sótt um styrk til að standa straum af kostnaði við ferðalög og námsdvöl í sambandi við námsorlofið. Sá sem fær orlof skilar skýrslu til ráðuneytisins um hvernig því var varið.

Ákvæði þessarar greinar taka einnig til skólameistara og annarra faglegra stjórnenda.

Ráðherra setur reglugerð um námsorlof samkvæmt grein þessari.

III. KAFLI
Aðrir skólar á framhaldsskólastigi.

12. gr.
Viðurkenning.

Ráðherra getur veitt skólum, öðrum en þeim sem falla undir II. kafla, viðurkenningu til kennslu á framhaldsskólastigi. Slíka skóla má starfrækja sem sjálfseignarstofnun, hlutafélag eða með öðru viðurkenndu rekstrarformi. Skilyrði fyrir viðurkenningu lúta að eftirtöldum þáttum:

a. hlutverki og markmiðum skóla,
b. stjórnskipan skóla og skipulagi hans,
c. skólanámskrám og námsbrautarlýsingum,
d. fyrirkomulagi náms og kennslu,
e. hæfisskilyrðum starfsmanna,
f. inntökuskilyrðum nemenda,
g. réttindum og skyldum nemenda,
h. starfsaðstöðu og aðbúnaði kennara og nemenda og þjónustu við þá,
i. innra gæðakerfi,
j. fjárhagsmálefnum og tryggingum.

Í viðurkenningu skóla felst staðfesting á því að starfsemi viðkomandi skóla uppfylli, á þeim tíma sem viðurkenning er veitt, almenn skilyrði laga þessara og reglna sem settar eru með stoð í þeim. Skóli sem hlotið hefur viðurkenningu hefur sjálfdæmi um starfsemi sína að öðru leyti en því sem kveðið er á um í lögum þessum, reglum eða öðrum stjórnvaldsfyrirmælum sem sett eru á grundvelli laganna.

Í viðurkenningu felst ekki skuldbinding um fjárframlög úr ríkissjóði til viðkomandi skóla og eigi heldur ábyrgð á skuldbindingum hans.

Skóli sem hlotið hefur viðurkenningu skal leitast við að leysa úr málum er varða réttindi og skyldur nemenda í samræmi við lög og góða stjórnsýsluhætti.

Uppfylli skóli, sem fengið hefur viðurkenningu, ekki skilyrði laga þessara og reglur og skilyrði sem sett eru á grundvelli þeirra getur ráðherra afturkallað viðurkenninguna.

Í reglugerð skal kveðið nánar á um skilyrði fyrir viðurkenningu og hvernig staðið er að veitingu viðurkenningar, eftirlit með starfsemi skóla, sbr. VIII. kafla, og afturköllun viðurkenningar.

13. gr.
Skólameistari, kennarar.

Stjórn skóla, sem hlýtur viðurkenningu ráðherra á grundvelli 12. gr., ræður skólameistara til að stýra daglegri starfsemi skólans. Hann ber ábyrgð á starfsemi skólans í umboði stjórnar eða ábyrgðaraðila í samræmi við samþykktir, stofnskrá eða önnur stofnskjöl viðkomandi skóla.

Um skilyrði þess að vera ráðinn skólameistari eða kennari fer eftir ákvæðum laga um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum framhaldsskólakennara.

Heimilt er ráðherra að víkja frá menntunarkröfum kennara í skólum sem hljóta viðurkenningu skv. 12. gr., enda sé þá ekki um að ræða nám sem byggist á aðalnámskrá framhaldsskóla heldur sérhæft starfsmiðað nám.

14. gr.
Skóla- og kennarafundir.

Um skóla- og kennarafundi fer samkvæmt ákvæðum 9. og 10. gr.

IV. KAFLI
Skipulag náms, námslok.

15. gr.
Námseiningar.

Öll vinna nemenda í framhaldsskóla skal metin í stöðluðum námseiningum og skal að baki hverri einingu liggja því sem næst jafnt vinnuframlag nemanda. Eitt námsár, sem mælir alla ársvinnu nemanda með fullnaðarárangri, veitir 60 einingar. Er þá miðað við að árlegur fjöldi vinnudaga nemenda sé að lágmarki 180 dagar.

Ráðherra setur í aðalnámskrá nánari reglur um mat á námi til eininga og vinnu nemenda í framhaldsskólum.

16. gr.
Framhaldsskólapróf.

Til að útskrifast með framhaldsskólapróf skal nemandi hafa lagt stund á nám sem svarar til 90–120 eininga samkvæmt námskrá og námsbrautarlýsingu sem hlotið hefur staðfestingu ráðherra skv. 23. gr.

17. gr.
Próf til starfsréttinda.

Til að útskrifast með starfsréttindapróf frá framhaldsskóla skal nemandi hafa lokið námi með fullnaðarárangri samkvæmt námskrá og námsbrautarlýsingu sem hlotið hefur staðfestingu ráðherra, sbr. einnig 23. gr.

18. gr.
Stúdentspróf.

Til að útskrifast með stúdentspróf frá framhaldsskóla skal nemandi hafa lokið námi með fullnaðarárangri samkvæmt námskrá og námsbrautarlýsingu sem hlotið hefur staðfestingu ráðherra, sbr. 23. gr. Námsbraut til stúdentsprófs skal innihalda að lágmarki 45 námseiningar er skiptast milli náms í kjarnagreinum framhaldsskóla, þ.e. íslensku, stærðfræði og ensku, samkvæmt nánari ákvæðum í aðalnámskrá.

Stúdentspróf miðar m.a. að því markmiði að undirbúa nemendur undir nám á háskólastigi. Við mat á námsbrautarlýsingu til stúdentsprófs og staðfestingu ráðherra á henni skal það vera tryggt að prófið uppfylli almennar kröfur háskóla um undirbúning fyrir nám á háskólastigi.

19. gr.
Önnur lokapróf.

Framhaldsskólar geta boðið nám til annarra skilgreindra námsloka en getið er um í 16., 17. og 18. gr. á námsbrautum sem hlotið hafa staðfestingu ráðherra, sbr. nánar ákvæði V. kafla.

20. gr.
Viðbótarnám við framhaldsskóla.

Heimilt er framhaldsskólum að hafa í boði nám í framhaldi af skilgreindum námslokum á framhaldsskólastigi, sbr. 17., 18. og 19. gr. Skal ráðherra staðfesta námsbrautarlýsingar fyrir slíkt nám, sbr. nánar ákvæði V. kafla, sem og heiti viðkomandi prófgráða.

Nám sem stundað er samkvæmt grein þessari skal metið í einingum, sbr. 15. gr., og þegar við á í námseiningum háskóla, sbr. 6. gr. laga nr. 63/2006.

Nám sem í boði er samkvæmt grein þessari getur veitt sérstök eða aukin réttindi.

V. KAFLI
Námskrár og námsbrautir.

21. gr.
Aðalnámskrá.

Aðalnámskrá framhaldsskóla, er ráðherra setur, kveður á um markmið og fyrirkomulag skólastarfs á framhaldsskólastigi. Aðalnámskrá framhaldsskóla skiptist í tvo hluta, almennan hluta samkvæmt grein þessari og námsbrautarlýsingu skv. 23. gr. Tilkynning um gildistöku aðalnámskrár eða hluta hennar skal birt í Stjórnartíðindum.

Í almennum hluta aðalnámskrár eru útfærðir starfshættir og markmið framhaldsskóla. Almennur hluti aðalnámskrár skal m.a. innihalda eftirfarandi:

a. ákvæði um uppbyggingu námsbrautarlýsinga og um vægi kjarnagreina framhaldsskóla,
b. skilyrði um hvernig markmið einstakra áfanga og námsbrauta og lokamarkmið náms skulu skilgreind,
c. viðmið um námskröfur og námsframvindu,
d. reglur um námsmat og vitnisburð,
e. skilgreining á vinnustaðanámi og reglur um fyrirkomulag vinnustaðanáms,
f. reglur um mat á starfsnámi og skilgreiningu færnimarkmiða,
g. reglur um raunfærnimat, jafngildingu náms og mat á námi þegar nemendur flytjast milli skóla eða námsbrauta,
h. almennar reglur um skólanámskrár,
i. ákvæði um mat á skólastarfi,
j. almennar reglur um réttindi og skyldur nemenda og meðferð ágreiningsmála.

22. gr.
Skólanámskrá.

Sérhver framhaldsskóli skal gefa út skólanámskrá. Skólanámskrá skiptist í tvo hluta, almennan hluta og námsbrautarlýsingar.

Í almennum hluta skólanámskrár skal gerð grein fyrir starfsemi skólans, helstu áherslum og stefnumörkun, stjórnskipan, námsframboði og skipulagi náms, kennsluháttum, námsmati, stuðningi, ráðgjöf og þjónustu við nemendur, réttindum og skyldum nemenda, foreldrasamstarfi og samstarfi við utanaðkomandi aðila, sjálfsmati og gæðamálum og öðru sem skóli kýs að kveða á um í skólanámskrá. Jafnframt skal skóli gera grein fyrir því hvernig hann uppfyllir skilyrði samkvæmt almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla og markmið laga þessara og reglna sem settar eru með stoð í þeim.

Um setningu námsbrautarlýsinga í skólanámskrá skal farið að ákvæðum 23. gr.

Skólanámskrá skal staðfest af skólanefnd að fenginni umsögn skólafundar, sbr. 5. gr. Skólanefnd fylgist með framkvæmd skólanámskrár.

23. gr.

Námsbrautarlýsingar.

Framhaldsskólar setja sér námsbrautarlýsingar og leggja þær fyrir ráðherra til staðfestingar. Námsbrautarlýsingar framhaldsskóla sem hlotið hafa staðfestingu ráðherra eru þar með hluti af aðalnámskrá framhaldsskóla. Heimilt er að tveir eða fleiri framhaldsskólar standi sameiginlega að gerð námsbrautarlýsingar og leiti staðfestingar á henni. Tilkynning um staðfestingu ráðherra á námsbrautarlýsingu skal birt í Stjórnartíðindum. Brottfelling námsbrautarlýsingar skal auglýst með sama hætti.

Námsbrautarlýsingar skulu byggðar upp í samræmi við ákvæði almenns hluta aðalnámskrár framhaldsskóla og skólanámskrár viðkomandi skóla. Í námsbrautarlýsingu skal kveðið á um innihald og vægi áfanga í einstökum greinum, samhengi í námi, vægi námsþátta og lokamarkmið náms. Þar er ákveðinn lágmarksfjöldi áfanga og eininga í einstökum námsgreinum og inntak náms í megindráttum. Nám á einstökum námsbrautum getur skipst í kjarnaáfanga og valáfanga. Hlutfall milli þessara þátta getur verið mismunandi eftir brautum. Kjarnaáfangar eru skyldunám brautar.

Heimilt er ráðherra að setja sérstakar reglur um flokkun og þrepaskiptingu náms í samræmi við færni- og lokamarkmið námsins.

Staðfesting ráðherra á námsbrautarlýsingu er háð því að skilyrðum aðalnámskrár skv. 21. gr. sé fullnægt.

Ráðherra er heimilt að gefa út námsbrautarlýsingar sem einstakir framhaldsskólar geta haft til viðmiðunar í starfi sínu. Slíkar viðmiðunarnámskrár eru þá hluti aðalnámskrár framhaldsskóla og geta náð til eftirfarandi námsbrauta:

a. námsbrauta sem leiða til starfsréttindaprófs, þar á meðal þeirra sem leiða til sveinsprófs,
b. námsbrauta sem leiða til stúdentsprófs,
c. annarra námsbrauta sem leiða til prófa og skilgreindra námsloka samkvæmt ákvörðun ráðherra.

24. gr.

Starfsgreinaráð, skipan.

Ráðherra skipar til fjögurra ára í senn starfsgreinaráð fyrir starfsgreinaflokka eða starfsgreinar. Í starfsgreinaráði skulu eiga sæti fimm fulltrúar, þar af tveir tilnefndir af samtökum atvinnurekenda, tveir af samtökum launþega í viðkomandi starfsgreinum og einn fulltrúi tilnefndur sameiginlega af Félagi íslenskra framhaldsskóla og Kennarasambandi Íslands. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Starfsgreinaráð kýs formann og varaformann úr hópi aðalmanna til tveggja ára í senn.

Tilnefningaraðilar greiða kostnað af störfum fulltrúa sinna í starfsgreinaráði. Menntamálaráðuneytið greiðir kostnað af sérfræðilegri vinnu við námskrárgerð.

25. gr.

Hlutverk starfsgreinaráða.

Starfsgreinaráð eru, hvert á sínu sviði, ráðherra til ráðgjafar um starfsnám á framhaldsskólastigi.

Starfsgreinaráð skilgreina almenn markmið náms og þarfir fyrir kunnáttu og hæfni sem námsbrautarlýsingar fyrir viðkomandi starfsgrein skulu byggjast á. Þau setja viðmið fyrir skiptingu náms í skóla- og vinnustaðanám og gera tillögur um uppbyggingu og inntak prófa í einstökum starfsgreinum. Þau gera tillögu til ráðherra um brautarlýsingu fyrir einstakar

námsbrautir, sem framhaldsskólar geta haft til viðmiðunar, sbr. 23. gr. Jafnframt skulu þau veita ráðherra umsögn um námsbrautarlýsingar starfsnáms sem einstakir skólar leita eftir staðfestingu á af hálfu ráðherra, sbr. 23. gr.

Ráðherra getur leitað álits starfsgreinaráðs við mat á beiðni skóla um viðurkenningu, sbr. 12. gr.

Ráðherra setur reglugerð um skipan og störf starfsgreinaráða.

26. gr.

Fagráð.

Starfsgreinaráð geta stofnað fagráð fyrir hverja starfsgrein sem eru skipuð fulltrúum einstakra starfsgreina og fagkennurum skóla og/eða öðrum sérfræðingum. Fagráð veitir ráðgjöf um nýjungar og þróun starfsgreina á viðkomandi sviði og gerir tillögur um sérstök tilrauna- og þróunarverkefni. Starfsgreinaráð móta að öðru leyti reglur um verksvið fagráða.

27. gr.

Starfsgreinanefnd, skipun og hlutverk.

Formenn starfsgreinaráða skipa sérstaka starfsgreinanefnd, ásamt formanni og varaformanni sem eru skipaðir án tilnefningar.

Hlutverk starfsgreinanefndar er að vera ráðherra til ráðgjafar um stefnumótun í starfsnámi og framkvæmd starfsnáms, að vera vettvangur samráðs og samræmingar milli starfsgreinaráða, og að veita álit á skiptingu og flokkun starfsgreina milli starfsgreinaráða.

Starfsgreinaráð greiða kostnað af störfum fulltrúa sinna í nefndinni. Menntamálaráðuneytið greiðir kostnað af fulltrúum sem skipaðir eru án tilnefningar.

28. gr.

Vinnustaðanám.

Verknám og starfsþjálfun á vinnustað byggist á almennum ákvæðum aðalnámskrár um nám á vinnustað.

Skóli ber ábyrgð á gerð sérstaks starfsþjálfunarsamnings um vinnustaðanám við vinnustað, samtök eða aðila sem er hæfur til að veita nemanda tilskilda þjálfun og menntun. Starfsþjálfunarsamningar skulu kveða á um rétt og skyldur vinnuveitenda, skóla og nemanda, markmið vinnustaðanáms og gæðakröfur, gildistíma, meðferð ágreinings og samningsslit.

Sé þörf á því að gera sérstakan ráðningarsamning milli nema og vinnuveitanda skal skóli staðfesta hann. Skulu slíkir samningar vera í samræmi við gildandi kjarasamninga um nema í viðkomandi starfsnámi.

Starfsgreinaráð skulu halda skrá yfir fyrirtæki og vinnustaði sem uppfylla skilyrði til vinnustaðanáms.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um vinnustaðanám og starfsþjálfun á vinnustað og skal þá áður leitað umsagnar aðila vinnumarkaðar og samtaka nemenda um efni þeirra.

29. gr.

Kjarnaskólar.

Ráðherra getur gert framhaldsskóla að kjarnaskóla á tilteknu sviði um lengri eða skemmri tíma. Kjarnaskóli hefur forgöngu um að þróa námsefni, námsskipan og kennsluaðferðir og aðstoðar aðra skóla og fyrirtæki við umbætur í kennslu og þjálfun á viðkomandi sviði.

Í samningi, er ráðherra gerir við skóla er tekur að sér hlutverk kjarnaskóla, skal verkefnið skilgreint, stjórnun þess, lengd samningstíma og hvernig úttekt þess skuli háttað. Hagsmunaaðilar á vinnumarkaði og starfsgreinaráð geta átt aðild að slíkum samningi.

Menntamálaráðuneytið leggur kjarnaskólum til sérstakar fjárveitingar vegna samningsbundinna verkefna.

30. gr.

Námsmat.

Almennt námsmat í framhaldsskóla er í höndum kennara, undir umsjón skólameistara. Matið byggist á markmiðum skólastarfs sem kveðið er á um í aðalnámskrá og skólanámskrá.

Nemandi á rétt til að fá útskýringar á mati er liggur að baki lokaeinkunn í námsáfanga innan fimm virkra daga frá birtingu einkunnar. Vilji nemandi, sem ekki hefur náð lágmarkseinkunn, þá eigi una mati kennarans getur hann snúið sér til skólameistara og óskað eftir mati sérstaks prófdómara. Þá skal kveðja til óvilhallan prófdómara sem metur prófúrlausnir. Úrskurður hans er endanlegur og verður ekki skotið til æðra stjórnvalds.

Þeir nemendur sem hyggjast ljúka stúdentsprófi skulu hafa lokið öllum námsáföngum samkvæmt námskrá með fullnægjandi árangri samkvæmt mati viðkomandi skóla. Í kjarnagreinum framhaldsskóla, sbr. 18. gr., skal námsmat í lokaáföngum til stúdentsprófs taka mið af viðmiðunarprófum sem ráðherra lætur í té eða viðurkennir. Jafnframt getur ráðherra ákveðið að leggja fyrir könnunarpróf í einstökum greinum.

Námi í löggiltum iðngreinum lýkur með sveinsprófi. Ráðherra setur reglugerð um uppbyggingu og framkvæmd sveinsprófa. Heimilt er ráðherra að skipa sérstakar sveinsprófsnefndir í löggiltum iðngreinum til að annast samræmingu, framkvæmd og mat í tengslum við prófhald. Heimilt er ráðherra jafnframt að fela sveinsprófsnefnd mat á annarri iðnmenntun þegar við á.

Ráðherra setur reglugerð þar sem nánar er kveðið á um fyrirkomulag og framkvæmd færni- og könnunarprófa sem lögð eru fyrir nemendur í framhaldsskólum.

31. gr.

Viðurkenning á námi og raunfærni.

Nemandi sem flyst á milli skóla sem starfa samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla á rétt á því að fá nám sem hann hefur lokið metið til eininga í viðtökuskóla, enda falli námið að námskrá og námsbrautarlýsingum viðkomandi skóla. Viðurkennda námsþætti sem falla utan brautarkjarna ber að meta sem valgreinar.

Nemandi sem innritast í framhaldsskóla á rétt á því að raunfærni hans sé metin til náms og námseininga, enda falli metin raunfærni að námskrá og námsbrautarlýsingum viðkomandi skóla. Viðurkennda raunfærni sem fellur utan brautarkjarna ber að meta sem valgreinar.

Ráðherra setur í aðalnámskrá reglur um viðurkenningu náms og raunfærnimat og tilhögun þess.

VI. KAFLI
Nemendur.

32. gr.

Innritun, réttur til náms.

Þeir sem lokið hafa grunnskólanámi, hafa hlotið jafngilda undirstöðumenntun eða hafa náð 16 ára aldri eiga rétt á að hefja nám í framhaldsskóla. Þeir sem rétt eiga á að hefja nám

í framhaldsskóla samkvæmt málsgrein þessari eiga jafnframt rétt á því að stunda nám í framhaldsskóla til 18 ára aldurs, sbr. ákvæði 2. gr. og 33. gr.

Hver framhaldsskóli ber ábyrgð á innritun nemenda, en í samningi skóla og menntamálaráðuneytis skv. 44. gr. skal kveðið sérstaklega á um skyldur einstakra framhaldsskóla við innritun nemenda og þær forsendur sem skóli leggur til grundvallar innritun nemenda. Heimilt er framhaldsskóla að gera sérstakar kröfur um undirbúning og námsárangur vegna innritunar á einstakar námsbrautir framhaldsskóla.

Heimilt er ráðherra að setja í reglugerð nánari fyrirmæli og ákvæði um innritun nemenda.

33. gr.

Skólareglur og meðferð mála.

Í skólanámskrá hvers skóla skulu vera reglur þar sem gerð er grein fyrir réttindum og skyldum nemenda. Skólareglur skulu geyma ákvæði um eftirfarandi þætti:

a. skólasókn,
b. hegðun og umgengni,
c. námsmat, námsframvindu og prófareglur,
d. viðurlög vegna brota á skólareglum,
e. reglur um meðferð ágreiningsmála og um beitingu viðurlaga.

Við meðferð ágreiningsmála og beitingu viðurlaga vegna brota á skólareglum skal fara að ákvæðum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Liggi fyrir endanleg ákvörðun innan framhaldsskóla um rétt eða skyldu nemanda er heimilt að kæra slíka ákvörðun til menntamálaráðuneytisins. Um málskot gilda ákvæði VII. kafla stjórnsýslulaga.

34. gr.

Nemendur með sérþarfir.

Á framhaldsskólastigi skal veita nemendum með fötlun, sbr. skilgreining á hugtakinu fatlaður í 2. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, kennslu og sérstakan stuðning í námi. Látin skal í té sérfræðileg aðstoð og viðeigandi aðbúnaður eftir því sem þörf krefur að mati menntamálaráðuneytisins. Nemendur með fötlun skulu stunda nám við hlið annarra nemenda eftir því sem kostur er.

Ráðherra getur í samningi við framhaldsskóla heimilað rekstur sérstakra námsbrauta við framhaldsskóla fyrir nemendur með fötlun.

Nemendur með leshömlun skulu eiga aðgang að sérsniðnum námsgögnum eftir því sem við verður komið. Framhaldsskóli gerir grein fyrir því í skólanámskrá hvernig staðið er að skimun og greiningu leshömlunar, ásamt eftirfylgni og stuðningi við nemendur sem greindir eru með leshömlun.

Framhaldsskólar skulu leitast við að veita þeim nemendum sérstakan stuðning sem eiga við sértæka námsörðugleika að stríða eða veikindi.

Ráðherra getur sett reglugerð með nánari ákvæðum um réttindi, kennslu og nám í framhaldsskólum. Einnig skal í reglugerð kveðið á um rétt heyrnarskertra eða heyrnarlausra nemenda til sérstakrar kennslu í íslensku táknmáli.

35. gr.

Tungumál, nemendur með annað móðurmál en íslensku.

Kennsla í framhaldsskólum skal fara fram á íslensku.

Heimilt er að nám fari fram á öðrum tungumálum en íslensku þegar

a. það leiðir af eðli náms eða námskrár og
b. þegar um er að ræða námsbrautir sem sérstaklega eru ætlaðar nemendum sem ekki hafa vald á íslensku eða verða að stunda eða hafa stundað hluta af námi sínu erlendis.

Nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku eiga rétt á kennslu í íslensku sem öðru tungumáli. Sama gildir um nemendur sem dvalist hafa langdvölum erlendis og hafa litla kunnáttu í íslensku. Miða skal við að nemendur með annað móðurmál en íslensku fái tækifæri til að viðhalda móðurmáli sínu sem valgrein, í fjarnámi eða með öðrum hætti.

Í reglugerð skal kveðið nánar á um rétt nemenda til kennslu í íslensku, svo og um tilhögun og mat á náminu.

36. gr.

Heilsuvernd, hollustuhættir, forvarnir.

Skólameistari framhaldsskóla skal hafa samráð við heilsugæslustöð í nágrenni skólans um heilsuvernd og hollustuhætti. Framhaldsskóli og viðkomandi heilsugæslustöð geri samkomulag um fyrirkomulag heilbrigðisþjónustu sem veitt er nemendum.

Framhaldsskólar skulu tryggja að í boði sé innan veggja hvers skóla heilnæmt fæði í samræmi við opinber manneldismarkmið.

Framhaldsskólar skulu hvetja til heilbrigðs lífernis og heilsuræktar nemenda. Sérhver framhaldsskóli skal setja sér stefnu um forvarnir og skal sú stefna birt opinberlega. Skólinn skal gera grein fyrir því með reglubundnum hætti hvernig forvarnastarfi er háttað.

37. gr.

Náms- og starfsráðgjöf.

Nemendum í framhaldsskóla skal standa til boða ráðgjöf og leiðsögn um náms- og starfsval og um persónuleg mál er snerta nám þeirra og skólavist. Þeir sem þjónustuna veita skulu að jafnaði hafa menntun á sviði slíkrar ráðgjafar og leiðsagnar.

Í skólanámskrá framhaldsskóla skal markmiðum og stefnu skóla varðandi ráðgjöf lýst og þar skal einnig koma fram hvernig skóli rækir skyldur sínar og hlutverk á þessu sviði.

38. gr.

Námsferilsskrá.

Framhaldsskóla ber skylda til að varðveita upplýsingar um nám nemenda og veita nemendum aðgang að þeim. Um aðgang annarra en nemenda að upplýsingum um námsferil fer eftir nánari reglum 55. gr. og reglugerð settri samkvæmt þeirri grein.

39. gr.

Nemendafélög í framhaldsskólum.

Í hverjum framhaldsskóla skal starfa nemendafélag. Nemendafélagið setur sér reglur um skipan, starfssvið og starfshætti nemendafélags, sem skólameistari staðfestir. Nemendafélög starfa á ábyrgð skóla. Framhaldsskólum er heimilt að styrkja starfsemi nemendafélaga fjárhagslega og skal bókhald þeirra háð sömu endurskoðun og aðrar fjárreiður framhaldsskóla. Nemendafélögum skal búin aðstaða til starfsemi sinnar.

VII. KAFLI
Mat og eftirlit með gæðum.

40. gr.
Markmið.

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í framhaldsskólum er að:

a. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsliðs framhaldsskóla, viðtökuskóla, atvinnulífs, foreldra og nemenda,
b. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár framhaldsskóla,
c. auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
d. tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

41. gr.
Innra mat.

Hver framhaldsskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 40. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.

Framhaldsskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

42. gr.
Ytra mat.

Menntamálaráðuneyti annast öflun, greiningu og miðlun upplýsinga um skólahald í framhaldsskólum og er það liður í reglubundnu ytra mati á gæðum skólastarfs ásamt úttektum, könnunum og rannsóknum.

Ytra mat getur náð til framhaldsskóla í heild, aðferða við innra mat eða annarra skilgreindra þátta í starfsemi framhaldsskóla. Jafnframt getur ytra mat náð til nokkurra framhaldsskóla í senn. Framhaldsskólar skulu leggja fram þá aðstoð og þau gögn sem matið útheimtir þ.m.t. niðurstöður innra mats. Matsskýrslur sem unnar eru samkvæmt lögum þessum skulu birtar opinberlega. Að loknu ytra mati skal framhaldsskóli gera grein fyrir því hvernig brugðist verður við niðurstöðum þess. Menntamálaráðuneyti skal leitast við að fylgja innra og ytra mati eftir með stuðningi, fræðslu og ráðgjöf til viðkomandi skóla þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi.

Menntamálaráðuneyti gerir áætlun til þriggja ára um kannanir og úttektir sem miða að því að veita upplýsingar um framkvæmd laga þessara, aðalnámskrár framhaldsskóla og annarra þátta skólastarfs. Jafnframt getur ráðherra ákveðið að láta fara fram sérstakt ytra mat á framhaldsskóla eða einstökum þáttum skólastarfs ef ástæða þykir til. Úttekt á framhaldsskóla skal fara fram eigi sjaldnar en á fimm ára fresti og unnin af óháðum aðilum.

Ytra mat nær eingöngu til framhaldsskóla sem hljóta fjárveitingar í fjárlögum og gerður hefur verið samningur við, sbr. 44. gr.

Ráðherra setur reglugerð um innra og ytra mat.

VIII. KAFLI
Rekstrar- og fjárhagsmálefni.

43. gr.
Rekstrarframlög.

Ríkissjóður greiðir samkvæmt lögum þessum rekstrarframlög til þeirra framhaldsskóla sem njóta framlaga í fjárlögum. Skólar sem njóta framlaga í fjárlögum eru opinberir framhaldsskólar og aðrir framhaldsskólar sem ráðherra gerir þjónustusamninga við um kennslu á framhaldsskólastigi, enda hafi þeir hlotið viðurkenningu, sbr. 12. gr.

Hver skóli hefur sérstaka fjárveitingu í fjárlögum. Ráðherra gerir tillögur um fjárveitingar í fjárlögum til hvers skóla, til kennslu og eftir atvikum annarra verkefna. Tillögurnar eru unnar á grundvelli reiknireglna, sem ráðherra setur með reglugerð. Reiknireglurnar skulu m.a. styðjast við áætlun um fjölda nemenda, áætlaðan fjölda kennslustunda, námsframboð, kostnað sem leiðir af kjarasamningum kennara og annars starfsliðs, húsnæði og annað, sem ráðherra metur að máli skipti.

Rekstrarframlagi skv. 1. mgr. er ekki ætlað að standa straum af námskeiðs-, skráningar- eða skólagjöldum sem innheimt kunna að vera af öðrum skólum, þ.m.t. tónlistarskólum, vegna náms sem metið verður til eininga í framhaldsskóla. Ráðherra getur í samningum við framhaldsskóla, sbr. 44. gr., heimilað framhaldsskóla að ganga til samninga um greiðslur vegna slíks náms.

44. gr.
Samningar við framhaldsskóla.

Umfang starfsemi framhaldsskóla, að svo miklu leyti sem hún er fjármögnuð með framlögum úr ríkissjóði, er ákveðið í fjárlögum.

Í samningum milli ráðherra og einstakra framhaldsskóla, sem gerðir eru til 3–5 ára í senn, skulu koma fram helstu áherslur í starfsemi skólans, námskrár, námsframboð, kennslufyrirkomulag, mat og eftirlit með gæðum og annað, sem æskilegt er talið af hálfu samningsaðila. Farið skal yfir framkvæmd þessara samninga árlega og gildandi samningar endurskoðaðir ef samningsaðilar telja ástæðu til.

Þjónustusamningar sem gerðir eru við aðra en opinbera framhaldsskóla skulu, auk þeirra atriða sem talin eru í 2. mgr., kveða á um réttarstöðu nemenda, nemendafjölda, gjaldtöku af nemendum og greiðslur fyrir aðra þjónustu sem veitt er á grundvelli samningsins.

45. gr.
Gjaldtökuheimildir opinberra framhaldsskóla.

Skólameistari ákveður upphæð innritunargjalds og efnisgjalds sem nemendum er gert að greiða við upphaf námsannar eða skólaárs:

a. Upphæð innritunargjalds skal taka mið af kostnaði við nemendaskráningu. Heimilt er að taka 25% hærra gjald af þeim sem fá leyfi til innritunar utan auglýsts innritunartíma og er heimilt að láta gjaldið renna í skólasjóð, enda sé tekjum hans samkvæmt skipulagsskrá ráðstafað í þágu nemenda.
b. Ekki er heimilt að innheimta gjald fyrir efni sem nemendum er látið í té samkvæmt einhliða ákvörðun skóla. Heimilt er að innheimta efnisgjald af nemendum fyrir efni sem skóli lætur nemendum í té ef nemandi hefur af því ávinning eða sérstök not. Skal það taka mið af raunverulegum efniskostnaði og framlögum til skóla í fjárlögum til að mæta

efniskostnaði. Halda skal bókhald um fjárreiður þessar. Um endurskoðun gilda sömu reglur og um annan rekstur.

Ráðherra ákveður hámark innritunargjalds og efnisgjalds í reglugerð.

Framhaldsskólum er heimilt að bjóða nám utan reglubundins starfstíma framhaldsskóla að sumri til og er þá heimilt að taka gjald af nemendum til að mæta þeim sérgreinda launakostnaði sem til fellur vegna kennslunnar.

Framhaldsskólum er heimilt að bjóða nám utan reglubundins daglegs starfstíma framhaldsskóla og í fjarnámi og er þá heimilt að taka gjald af nemendum sem svarar til allt að 10% af meðalkennsluframlagi á nemanda á framhaldsskólastigi samkvæmt fjárlögum.

Heimilt er framhaldsskólum að innheimta gjald af nemendum fyrir valkvæða starfsemi sem í boði er, svo sem námsferðir, safnferðir eða leikhúsferðir.

Heimilt er framhaldsskólum að innheimta gjald fyrir aðra þjónustu sem í boði er og telst ekki vera hluti af eða leiða af lögbundnu hlutverki skóla, svo sem vegna útgáfu skírteina, skápaleigu, o.þ.h.

Ráðherra setur nánar í reglugerð ákvæði um gjaldtöku samkvæmt þessari grein.

46. gr.

Heimavistir í opinberum framhaldsskólum.

Í samningum milli ráðuneytis og framhaldsskóla, sbr. 44. gr., er heimilt að kveða á um rekstur heimavistar við framhaldsskóla. Ráðherra leitar heimilda í fjárlögum til þess að mæta kostnaði við umsjón og almennan rekstur. Nemendur bera sjálfir hluta sérgreinds kostnaðar í heimavistum, sem skilgreindur er í reglugerð sem ráðherra setur. Skólameistari ber ábyrgð á starfsemi heimavistar, en getur með samningi falið öðrum að annast daglega umsýslu og rekstur.

47. gr.

Stofnkostnaður opinberra framhaldsskóla.

Þegar stofnað er til framhaldsskóla skal gera samning um stofnkostnað og skiptingu hans milli þeirra sem standa að stofnun skólans. Með stofnkostnaði er átt við kostnað vegna húsnæðis og almenns búnaðar, sem samningsaðilar ákveða að leggja til skólans. Lóðir undir framhaldsskóla skulu sveitarfélög leggja til án endurgjalds. Ráðherra setur viðmið um stofnkostnað framhaldsskóla að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Þegar ráðherra og sveitarfélög ákveða í sameiningu að stofna framhaldsskóla skal gerður samningur um undirbúning og umsjón með stofnframkvæmdum. Stofnframkvæmdir geta verið á forræði og ábyrgð ríkis, sveitarfélaga eða ríkis og sveitarfélaga í sameiningu, eftir því sem um semst:

a. Þegar sveitarfélög annast undirbúning og verkframkvæmdir, sbr. 2. mgr., greiðir ríkissjóður 60% kostnaðar við stofnframkvæmdir, aðrar framkvæmdir á lóð, stofnbúnað og eftir atvikum heimavist við þá, samkvæmt sérstökum viðmiðum um stofnkostnað.
b. Þegar ráðuneyti annast undirbúning og verkframkvæmdir, sbr. 2. mgr., greiða sveitarfélög 40% kostnaðar við stofnframkvæmdir, aðrar framkvæmdir á lóð, stofnbúnað og eftir atvikum heimavist við þá, samkvæmt sérstökum viðmiðum um stofnkostnað.
c. Ef um sameiginlega framkvæmd er að ræða greiðir ríkissjóður 60% og sveitarfélag 40%.

Ef ríki og sveitarfélag, eitt eða fleiri, ákveða að leggja skóla sem þau standa að í sameiningu til húsnæði og búnað í eigu þriðja aðila skal samið sérstaklega um skiptingu kostn-

aðar sem af því hlýst. Skal þá miðað við að kostnaðarskipting ríkis og sveitarfélaga verði með hliðstæðum hætti og þegar um framkvæmd á þeirra vegum er að ræða, sbr. 2. mgr.

Ákveði Alþingi að stofna skóla án aðildar sveitarfélags greiðist stofnkostnaður úr ríkissjóði.

Um notkun heimavistarhúsnæðis utan skólatíma skal samið sérstaklega. Halda skal fjárreiðum vegna slíkrar notkunar aðskildum í reikningshaldi framhaldsskóla. Tekjur vegna slíkrar þjónustu skulu renna til viðhalds heimavistarhúsnæðis.

48. gr.

Viðhaldskostnaður, eignarhald, breytt nýting á opinberu skólahúsnæði.

Ráðherra er heimilt að fela ríkisstofnun eða öðrum til þess bærum aðila umsýslu vegna húsnæðis framhaldsskóla gegn gjaldi. Meiri háttar viðhald framhaldsskóla í eigu ríkissjóðs og sveitarfélaga, sem ekki hefur verið ráðstafað með framangreindum hætti, skal greitt af sérstakri fjárveitingu sem ákveðin er í fjárlögum.

Eignarhlutfall skólamannvirkja í eign ríkis og sveitarfélaga skal vera í sömu hlutföllum og stofnkostnaður er greiddur, eða hefur verið greiddur sé um eldra húsnæði að ræða. Verði húsnæði framhaldsskóla ráðstafað til annarra nota en framhaldsskólahalds skulu eignaraðilar gera með sér samkomulag þar um. Verði eign seld öðrum hvorum eignaraðila skal hún metin af dómkvöddum mönnum.

Heimilt er að nýta skólahúsnæði til félagsstarfsemi utan reglulegs skólatíma. Tekjur vegna slíkrar þjónustu skulu nýttar til að mæta sérgreindum kostnaði sem af slíkri nýtingu hlýst.

49. gr.

Styrktarsjóðir.

Heimilt er skólameistara, að fenginni umsögn skólanefndar og samþykki menntamálaráðuneytis, að stofna sérstaka styrktarsjóði við opinbera framhaldsskóla. Skal um slíka sjóði sett skipulagsskrá, leitað staðfestingar á henni og hún birt í Stjórnartíðindum.

IX. KAFLI
Ýmis ákvæði.

50. gr.

Foreldraráð.

Við hvern framhaldsskóla skal starfa foreldraráð. Skólameistari boðar til stofnfundar þess. Hlutverk foreldraráðs er að styðja við skólastarfið, huga að hagsmunamálum nemenda og í samstarfi við skólann efla samstarf foreldra og forráðamanna ólögráða nemenda við skólann. Félagsmenn geta verið foreldrar nemenda við skólann.

Kjósa skal í stjórn ráðsins á aðalfundi þess. Foreldraráð tilnefnir einn áheyrnarfulltrúa í skólanefnd. Foreldraráð setur sér starfsreglur.

51. gr.

Námsgögn.

Í fjárlögum ár hvert skal tilgreind sú fjárhæð sem veitt er til að mæta kostnaði nemenda vegna námsgagna. Ráðherra setur reglur um skiptingu fjárins og fyrirkomulag þessa stuðnings.

52. gr.

Nýbreytni í skólastarfi.

Ráðherra getur heimilað framhaldsskóla að innleiða nýbreytni í skólastarfi og gera tilraunir með ákveðna þætti þess með undanþágu frá ákvæðum laga þessara og reglugerða er settar kunna að verða samkvæmt þeim. Slíkum tilraunum skulu ávallt sett eðlileg tímamörk og í leyfi kveðið á um úttekt að tilraun lokinni.

53. gr.

Sprotasjóður.

Sprotasjóður styður við þróun og nýjungar í skólastarfi í samræmi við stefnu stjórnvalda og aðalnámskrá. Sjóðurinn er sameiginlegur fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Til sjóðsins renna fjármunir samkvæmt fjárlögum hverju sinni. Menntamálaráðuneyti hefur umsjón með sjóðnum og setur reglugerð um styrkveitingar. Í reglugerð er heimilt að fela stofnun á vegum ráðuneytisins eða öðrum þar til bærum aðilum umsjón með sjóðnum og að annast úthlutanir úr honum.

54. gr.

Þátttaka opinberra framhaldsskóla í símenntun.

Framhaldsskóla er heimilt, að fengnu samþykki ráðherra, í samvinnu við sveitarfélög, faggreinafélög, stéttarfélög, atvinnurekendur eða aðra hagsmuna- og áhugahópa, að eiga aðild að rekstri símenntunarmiðstöðvar. Samstarfsaðilar skulu gera með sér samning um starfsemina.

Framhaldsskóla er heimilt, að fengnu samþykki ráðherra, í samvinnu við faggreinafélög, stéttarfélög, atvinnurekendur eða aðra hagsmuna- eða áhugahópa, að standa fyrir námskeiðahaldi og fræðslu fyrir fullorðna. Halda skal kostnaði vegna þessara námskeiða aðgreindum frá öðrum rekstri skólans og skal hann greiddur að fullu af þeim aðilum er að námskeiðum standa með skólanum eða með þátttökugjöldum.

Heimilt er ráðherra að setja nánari reglur um starfsemi samkvæmt grein þessari.

55. gr.

Upplýsingagjöf.

Menntamálaráðuneytið annast söfnun og miðlun upplýsinga um skólahald og skólastarf á framhaldsskólastigi sem varða mats- og eftirlitshlutverk þess. Skulu framhaldsskólar gera ráðuneytinu árlega eða oftar, sé þess óskað, grein fyrir framkvæmd skólahalds.

Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um upplýsingaskyldu framhaldsskóla um skólahald og enn fremur aðra kerfisbundna skráningu skóla og meðferð persónuupplýsinga, þar á meðal um námsferil nemenda.

56. gr.

Skýrslur til Alþingis.

Ráðherra gerir Alþingi grein fyrir framkvæmd skólastarfs í framhaldsskólum landsins á þriggja ára fresti.

X. KAFLI
Gildistaka o.fl.
57. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 2008. Um leið falla úr gildi lög um framhaldsskóla, nr. 80/1996.

Ákvæði til bráðabirgða.
I.

Þrátt fyrir ákvæði 57. gr. skulu framhaldsskólar, sem starfandi eru við gildistöku laga þessara, uppfylla ákvæði IV. og V. kafla eigi síðar en 1. ágúst 2011.

II.

Framhaldsskólar sem falla undir III. kafla skulu hafa aflað sér viðurkenningar ráðherra eigi síðar en 1. ágúst 2011, sbr. 12. gr.

III.

Reglugerðir, auglýsingar og önnur fyrirmæli sett samkvæmt lögum nr. 80/1996, með síðari breytingum, skulu halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þau stangast ekki á við lög þessi þar til nýjar reglugerðir, auglýsingar eða önnur fyrirmæli hafa öðlast gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Frumvarp til laga um framhaldsskóla, sem nú er lagt fram á Alþingi á 135. löggjafarþingi, felur í sér veigamiklar breytingar á skipulagi náms á framhaldsskólastigi. Frumvarpið er afrakstur af vinnu sem unnin hefur verið á undanförnum árum og lýtur að því að endurskoða lögbundna skipan framhaldsskólastigsins og leggja drög að breytingum á henni, þar sem náið tillit er tekið til endurskoðunar laga sem varða önnur skólastig. Samhliða frumvarpi þessu eru lögð fyrir Alþingi frumvarp um leikskóla og frumvarp um grunnskóla, en ný lög um háskóla tóku gildi í júní 2006. Þá mun Alþingi jafnframt hafa til meðferðar samhliða þeim frumvörpum, sem hér eru nefnd og varða einstök skólastig, frumvarp til laga um lögverndun á starfsheiti kennara.

Menntamálaráðherra skipaði hinn 6. júní 2006 nefnd til að annast heildarendurskoðun laga um framhaldsskóla, nr. 80/1996, með síðari breytingum. Starfið byggðist á ýmsum skýrslum og nefndarálitum sem meðal annars voru unnin samkvæmt svokölluðu 10 skrefa samkomulagi sem menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, og Kennarasamband Íslands (KÍ) gerðu með sér 2. febrúar 2006 um sókn í skólastarfi og skólaumbætur.

Í erindisbréfi nefndarinnar segir að nefndin skuli m.a. vinna að útfærslu á eftirfarandi markmiðum:

- að auka samfellu í skólastarfi og stuðla að bættum námsárangri,
- að sem flestir ljúki skólagöngu með skilgreindum námslokum úr framhaldsskóla,
- að allir nemendur eigi kost á námi við hæfi,
- að góð tengsl séu við aðliggjandi skólastig,
- og að marka skýrar leiðir fyrir nemendur til að stunda nám við hæfi og skapa skilyrði fyrir aukinn sveigjanleika í námi.

Eiginleg vinna nefndarinnar að endurskoðun laga um framhaldsskóla hófst seint á árinu 2006. Sú tímasetning helgast m.a. af því, að samkvæmt því samkomulagi ráðherra og KÍ sem vitnað er til að framan var ráð fyrir því gert að starfshópar og nefndir mundu fjalla um afmarkaða þætti sem lúta að skipulagi og skólahaldi í framhaldsskólum. Þar á meðal má nefna starfshópa um starfsnám, fjar- og dreifnám, almenna námsbraut, og sveigjanleika og fjölbreytileika í skipulagi náms og námsframboðs. Við gerð frumvarpsins var leitast við að taka ríkt tillit til þeirrar umfjöllunar sem fram fór í einstökum starfshópum og nefndum, niðurstaðna þeirra og tillagna.

Í nefnd um endurskoðun laga um framhaldsskóla áttu sæti Guðmundur Árnason, formaður, án tilnefningar, Jón B. Stefánsson og Lárus H. Bjarnason, skólameistarar, tilnefndir af Félagi íslenskra framhaldsskóla, Anna María Gunnarsdóttir og Ingibergur Elíasson, framhaldsskólakennarar, tilnefndir af Félagi framhaldsskólakennara, Aðalheiður Steingrímsdóttir, formaður Félags framhaldsskólakennara, sem tók þátt í störfum nefndarinnar sem varamaður Ingibergs, og Elín Thorarensen, tilnefnd af Heimili og skóla – landssamtökum foreldra. Áheyrnarfulltrúar voru Sigurður Haukur Gíslason, tilnefndur af Félagi grunnskólakennara, Svandís Ingimundardóttir, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, og Lárus Thorlacius, tilnefndur af háskólastiginu. Starfsmenn menntamálaráðuneytisins sem störfuðu með nefndinni voru Karl Kristjánsson, Sigurður Sigursveinsson og Magnús Þorkelsson.

Meginatriði frumvarpsins.

Almennt markmið frumvarpsins er að styrkja framhaldsskólastigið í íslensku menntakerfi og tryggja að gott samræmi sé í uppbyggingu þess og tengslum við önnur skólastig. Sérstaða og hlutverk framhaldsskólastigsins eru undirstrikuð, en þau felast m.a. í því að markmið náms á framhaldsskólastigi eru í senn almenn og sértæk. Framhaldsskólanám er sá lokaundirbúningur sem menntakerfið býr mörgum áður en þeir hefja atvinnuþátttöku. Það styður við og gefur tækifæri til frekari menntunar fyrir marga sem hafa verið á vinnumarkaði til lengri eða skemmri tíma og framhaldsskólanám er undirbúningur og í mörgum tilvikum forsenda frekara náms. Samtímis er lögð áhersla á samfélagslegt hlutverk framhaldsskóla og rétt og skyldur þeirra einstaklinga sem skólunum er ætlað að þjóna.

Greina má meginatriði og markmið frumvarpsins í nokkra þætti, svo sem gert er hér að aftan, en áhersla er lögð á að frumvarpið felur í sér heildstæðar breytingar á framhaldsskólakerfinu. Markmið þess og meginbreytingar, og þær leiðir sem lagt er til að farnar verði til að ná þeim, ber því að skoða í samhengi. Frumvarpið miðar að því:

- að réttur nemenda til skólavistar og náms verði styrktur m.a. með fræðsluskyldu stjórnvalda til 18 ára aldurs,
- að gildi stúdentsprófs sem undirbúnings fyrir háskólanám verði óskorað, en framhaldsskólum gefinn kostur á að byggja upp sveigjanlegt námsframboð hvað inntak og skipulag náms varðar,
- að skipulag skólastarfs miðist við kröfur og væntingar nemenda, þar sem sveigjanleiki námsskipulags verði stóraukinn, námsleiðum fjölgað og skilyrði sköpuð fyrir fleiri til að ljúka skilgreindu námi og þar með draga úr brottfalli,
- að efla ráðgjöf og stuðning við nemendur og taka upp framhaldsskólapróf sem byggt verði á sérstökum námsbrautum,
- að veita framhaldsskólum frelsi til að þróa sérstakar námsbrautir sem byggjast á sérstöðu þeirra og styrkleika og spurn eftir sérhæfðum námsleiðum og úrræðum,
- að draga stórlega úr miðstýringu á námsframboði og í námskrárgerð,

- að auka svigrúm og sveigjanleika við gerð námsbrautarlýsinga með því m.a. að taka upp nýtt einingamatskerfi,
- að mat á vinnu nemenda í öllu námi á framhaldsskólastigi, þ.m.t. í iðn- og verknámi, verði gagnsætt og sambærilegt og stúdentspróf á bóknáms- og verknámsbrautum jafngilt,
- að fela menntastofnunum aukna ábyrgð á að þróa námsframboð á mörkum skólastiga til að auka sveigjanleika og möguleika nemenda við flutning þeirra milli skólastiga,
- að tryggja hag og stöðu nemenda í iðn- og verknámi, og starfsnámi almennt, m.a. með því að framhaldsskólar beri ábyrgð á vinnustaðanámi,
- að gæði náms verði tryggð með því að efla innra og ytra mat á skólastarfi og með stuðningi við umbætur í skólastarfi.

Æ fleiri þeirra sem ljúka námi á grunnskólastigi innritast til náms í framhaldsskóla, en umtalsverður fjöldi hverfur frá námi án þess að ljúka skilgreindum áföngum eða lokaprófi. Almennari sókn í framhaldsskóla kallar á að námsframboð og fyrirkomulag náms sé í takt við mismunandi markmið og námsforsendur nemenda. Minni stýring á námsskipan og inntaki náms af hálfu menntamálayfirvalda þýðir að skólum er falið aukið ábyrgðarhlutverk við að leggja mat á þörf fyrir námsframboð. Þetta kallar jafnframt á æskilega nýsköpun enda liggur þekkingin á ástandi mála hjá skólunum og þeir því í stakk búnir að bregðast við aðstæðum sem geta verið býsna ólíkar milli staða á landinu.

Meginmarkmið frumvarpsins er að efla og bæta íslenskt menntakerfi.

Gerð námsbrautarlýsinga til skólanna.

Samkvæmt frumvarpinu færist gerð námsbrautarlýsinga frá ráðuneyti til framhaldsskólanna. Það þýðir að skólunum er falin eiginleg tillögugerð um fyrirkomulag, samhengi og inntak náms. Menntamálaráðuneytið mun eftirleiðis eingöngu gefa út almennan hluta aðalnámskrár, en framhaldsskólar bera ábyrgð á gerð skólanámskrár og þeir semja námsbrautarlýsingar á grunni skólanámskrár og leggja fyrir menntamálaráðherra til staðfestingar. Þetta fyrirkomulag gildir um allt nám á framhaldsskólastigi, sérhæfðar námsbrautir, og iðn- og verknám jafnt sem bóknám.

Í almennum hluta aðalnámskrár verður kveðið á um fjölmörg atriði sem varða almenna menntastefnu og skólahald í framhaldsskólum. Þar verður jafnframt kveðið á um þau atriði sem framhaldsskólum ber skylda til að virða við gerð skólanámskrár og þar verður jafnframt kveðið nánar á um það, hvernig skólar geta og hvernig þeim ber að haga gerð námsbrautarlýsinga. Menntamálaráðuneytið mun einvörðungu gefa út almennan hluta aðalnámskrár framhaldsskóla. Ráðuneytinu er heimilt að gefa út viðmiðunarnámskrár fyrir einstakar námsbrautir, en sú heimild helgast af því að það kann að taka skóla einhvern tíma að byggja upp eigin námskrár. Einstakir framhaldsskólar munu á grundvelli almenns hluta aðalnámskrár semja sínar eigin skólanámskrár og aftur á grundvelli eigin skólanámskrár semja eigin námsbrautarlýsingar. Mælt er fyrir um að skólar geti sameinast um þá vinnu og leitað sameiginlega staðfestingar ráðherra á námskrá sem þá gildi fyrir fleiri en einn skóla. Starfsgreinaráð verða til umsagnar um einstakar tillögur að námsbrautarlýsingum hvert á sínu sviði. Við það að ráðherra staðfesti námsbrautarlýsingu og auglýsi verður viðkomandi námsbrautarlýsing hluti af aðalnámskrá framhaldsskóla.

Gild rök eru fyrir þeirri breytingu sem hér er mælt fyrir um. Óumdeilt er að almennar samfélagslegar breytingar sem átt hafa sér stað hér á landi leiði af sér þörf á fjölbreytilegra námi en áður hefur staðið til boða. Einstakir framhaldsskólar hafa hver sína sérstöðu í marg-

víslegu tilliti. Þeir hafa sérhæft sig og byggt upp þekkingu, færni og getu á mismunandi sviðum og þeir hafa lagt sig fram um að þjóna mismunandi hópum nemenda. Í framhaldsskólum er að finna góða þekkingu á þörfum þeirra sem skólarnir þjóna, bæði nemenda, atvinnulífs, menntastofnana og annarra, og það er æskilegt að nýta þá þekkingu um leið og sköpuð eru skilyrði fyrir því að þessum þörfum sé betur mætt. Framhaldsskólarnir munu að fengnu þessu hlutverki geta markað sér sérstöðu, fetað eigin leiðir og byggt upp getu sína og færni í því markmiði að ná að þjóna betur skilgreindum markmiðum. Þannig mótaðist núverandi framhaldsskólakerfi og hefur gert það innan þess ramma sem settur var með lögum 1996. Nú þykir tímabært að opna á nýjan leik fyrir hugmyndaauðgi þess mannauðs sem í skólunum býr. Námsbrautir verða þó háðar samþykki ráðherra sem setur viðmið og ramma utan um þau lokapróf sem rétt er að gera kröfur um að miðað sé við. Gerð námsbrauta flyst þannig til skólanna en staðfestingarvaldið verður hjá ráðherra sem þannig metur inntak náms, forkröfur og lokakröfur, námsgreinaskipan og námsmat.

Nýtt einingakerfi.

Frumvarpið kveður á um að horfið verði frá því einingakerfi sem við lýði er í framhaldsskólum, en samkvæmt því og þeim námskrám sem í gildi eru á bóknámsbrautum þarf nemandi að ljúka 140 einingum til að ljúka stúdentsprófi. Algengt er að einstakir áfangar svari til 2 til 3 eininga. Í því kerfi sem lagt er til að tekið verði upp er útreikningur eininga miðaður við vinnuframlag nemenda. Það kerfi sem við lýði er byggðist á kennslustundafjölda í einstökum áföngum. Samkvæmt frumvarpinu mundi ársvinna nemenda svara til 60 eininga samkvæmt nýju einingakerfi. Styðja má tillögu um breytt kerfi eftirfarandi rökum helstum:

1. Æskilegt er að einingamat í námi á framhaldsskólastigi sé samræmt og taki til alls náms. Beinast liggur við að nota einingar sem mælikvarða á vinnuframlag nemenda, en ekki starf kennara. Við upptöku á nýju einingakerfi gefst kostur á að meta allt nám og vinnu nemenda með einum gagnsæjum mælikvarða, þ.m.t. vinnustaðanám og annað nám sem ekki hefur verið fellt undir hefðbundið einingamat.
2. Það einingakerfi sem lagt er til að tekið verði upp svarar til einingakerfis sem tekið var upp á háskólastigi með gildistöku laga nr. 63/2006, um háskóla. Það einingakerfi er almennt notað fyrir mat á vinnu nemenda í háskólum í þeim ríkjum sem taka þátt í svokölluðu Bologna-ferli og það færist í vöxt að sami eða sambærilegur mælikvarði sé lagður til grundvallar við mat á námi á framhaldsskólastigi. Einingarnar eru því þekkt stærð í alþjóðlegu tilliti og ljóst er að það er í þágu nemenda sem færa sig milli landa í námi sínu eða vilja fá nám sitt metið milli skólastiga eða á milli landa að í íslenskum framhaldsskólum sé byggt á einingakerfi sem er samþýðanlegt og auðskilið.
3. Skil á milli skólastiga háskóla og framhaldsskóla eru oft og tíðum þannig að nám getur reiknast til eininga á fleiri skólastigum en einu. Þetta hefur færst í vöxt og mun enn gera, eftir því sem það gerist algengara að skólar bjóði upp á nám sem skilgreint er sem viðbótarnám á framhaldsskólastigi (e. post-secondary education) eða fornám á framhaldsskólastigi fyrir nám í háskóla. Samræmanlegt einingamat í háskólum og framhaldsskólum miðar að því að auðveldara verði fyrir nemendur að fá nám metið milli skólastiga og einstakra skóla á framhalds- og háskólastigum. Að sama skapi er auðvelt að útbúa einingakerfi á mörkum framhaldsskóla og grunnskóla sem enn frekar eykur sveigjanleika í skólastarfi.
4. Sveigjanleg skil milli skólastiga eru mikilvægt markmið og gildir það einnig um skil grunnskóla og framhaldsskóla. Nýtt og samræmt einingakerfi sem nær til alls náms er

til þess fallið að auðvelda grunnskólanemendum að fá nám á framhaldsskólastigi sem þeir leggja stund á samhliða námi í grunnskóla metið óháð því í hvaða framhaldsskóla þeir innritast. Áhersla hefur verið lögð á að haldið sé til haga sjónarmiðum sem fram koma m.a. í skýrslu starfshóps um sveigjanleika og fjölbreytni í skipulagi náms og námsframboðs en hann var hluti þeirrar vinnu sem unnin var í tengslum við fyrrgreint 10 punkta samkomulag.

5. Loks mætti nefna að sú meginbreyting sem frumvarpið mælir fyrir um, að námsbrautarlýsingar færist á ábyrgðarsvið framhaldsskóla, kallar á endurskoðun umfangs náms og skilgreiningar einstakra áfanga sem nú eru kenndir í framhaldsskólum. Endurskoðun áfangasafnsins og aðlögun áfanga að lengingu árlegs starfstíma framhaldsskóla, svo sem frumvarpið kveður á um, og aðlögun að nýjum áherslum í nýjum námsbrautarlýsingum, er vandasamt verk og mjög mikilvægt að því verði sinnt af kostgæfni. Gera verður ráð fyrir að slík aðlögun geti tekið 2 til 3 ár, og nauðsynlegt er að skapa framhaldsskólum svigrúm og stöðu til að sinna þessu verkefni.

Rök fyrir því að viðhalda núverandi einingakerfi eru vandfundin, önnur en þau að skipti í nýtt kerfi krefjast nokkurrar fyrirhafnar. Eins og bent hefur verið á kallar sitthvað, svo sem lengri árlegur starfstími framhaldsskóla, breyttir starfshættir og möguleikar til náms og kennslu, óhjákvæmilega á endurmat á inntaki og einingavægi einstakra námsáfanga. Slíkt endurmat kann á hinn bóginn að vera tímabært í mörgum tilvikum.

Ljóst er að aðlögun að nýju einingamatskerfi er vandasamt verkefni þar sem tryggja þarf samræmi í vægi eininga og þeirri vinnu sem að baki liggur. Til að leysa þetta verkefni farsællega er mikilvægt að efna til samráðs og samstarfs ráðuneytis, skólameistara og kennara. Miðað er við að komið verði á samstarfi þessara aðila um verkefnið.

Mismunandi námstími til námsloka í framhaldsskólum.

Í frumvarpi þessu er að finna greinar sem kveða á um lokapróf í framhaldsskóla, sem geta verið afar ólík. Þróun námsframboðs á framhaldsskólastigi hefur verið með þeim hætti að til hafa orðið nýjar námsbrautir þar sem námstími er mislangur, allt frá einni önn (dæmi: vélaverðir) til tíu anna (dæmi: vélstjórn). Menntamálaráðuneytið, að tillögu starfsgreinaráða, hefur sett námskrár fyrir þessar nýju námsleiðir. Það er engum vafa undirorpið að þessi þróun hefur orðið til þess að framhaldsskólar hafa getað mætt menntunarþörf heilla starfsgreina og fjölda einstaklinga. Sú nýsköpun sem átt hefur sér stað í starfsmenntamálum hefur almennt styrkt menntakerfi og atvinnulíf, og stuðlað að menntunarþátttöku margra á jákvæðan hátt.

Frumvarpið gerir ráð fyrir aukinni sveigju í uppbyggingu námsbrauta og við skilgreiningu á lokaprófum framhaldsskóla á öllum sviðum. Lokapróf falla í eftirtalda meginflokka:

1. Framhaldsskólapróf.
2. Starfsréttindapróf.
3. Stúdentspróf.
4. Önnur lokapróf.
5. Viðbótarnám á framhaldsskólastigi.

Framhaldsskólapróf.

Lagt er til að nýtt próf, framhaldsskólapróf, verði tekið upp og að það svari til 90–120 eininga náms á framhaldsskólastigi. Miðað er við að framhaldsskólar semji sérstakar námsbrautarlýsingar fyrir sérstakar námsbrautir þar sem reynt er að koma til móts við þarfir

nemenda sem ekki hyggja á önnur próflok. Slíkt nám mundi koma í stað náms sem skipulagt hefur verið og í boði er undir formerkjum almennra brauta framhaldsskóla. Vonir standa til að tilkoma þessa prófs geti verið mikilvægur liður í að draga úr brottfalli nemenda, en það er undir einstökum skólum komið, með atbeina og stuðningi menntamálaráðuneytis, hvort þessi leið muni skila árangri. Ótvírætt er að þar sem skipulag almennra námsbrauta hefur verið tekið föstum tökum hafa þær skilað ágætu námsfólki upp framhaldsskólann, til fagnáms, til stúdentsprófs, til æðri mennta. Leiða má líkur að því að þeir einstaklingar sem farið hafa þessar leiðir hefðu fyrir fáum áratugum hrakist frá námi án þjálfunar og réttinda, og án þess að hafa náð skilgreindum námslokum. Mikilvægt er að nýta fengna reynslu af rekstri almennra námsbrauta þegar kemur að því að skipuleggja námsbrautir til framhaldsskólaprófs. Skipulag almennra námsbrauta og reynsla af þeim hefur verið til athugunar og er ljóst að samhliða því sem tekið er upp nýtt framhaldsskólapróf munu gefast færi á að koma á ýmsum öðrum úrbótum í slíku námi.

Starfsréttindapróf.

Starfsréttindapróf er samheiti yfir öll lokapróf sem veita tiltekin starfsréttindi. Hér er um að ræða sveinspróf og próf í löggiltum iðngreinum. Miðað er við að starfsgreinaráð séu ráðgefandi um megininntak starfsréttindaprófa, en að skólar fái svigrúm til að þróa eigin námsleiðir og námsbrautarlýsingar í þessum greinum. Líkt og í öðru námi munu einstakir framhaldsskólar setja fram tillögur að námsbrautarlýsingum í starfsréttindanámi sem í öðru námi og miðstýring í námskrárgerð verður þar með afnumin. Ekki er um meiri háttar breytingar að ræða hvað varðar skipan prófa til starfsréttinda, en hins vegar eru ráðgerðar umtalsverðar breytingar á skipulagi námsins; á hlutverki og ábyrgð skóla, annars vegar, og réttindum nemenda hins vegar, svo sem greinir hér að aftan. Þær breytingar munu vafalítið verða starfsréttindanámi til framdráttar.

Stúdentspróf.

Styrkur hins íslenska stúdentsprófs, og um leið sérstaða þess, hefur legið í því að námið er almennt og víðfeðmt og veitir að jafnaði góðan almennan undirbúning fyrir líf og starf. Námsleiðir til stúdentsprófs eru nú fjórar lögum samkvæmt, en margir framhaldsskólar hafa boðið nemendum að velja ólík kjörsvið við einstakar brautir. Námskrárgerð og gerð námsbrautarlýsinga til stúdentsprófs hefur alfarið verið í höndum menntamálaráðuneytis, en skólar hafa haft takmarkað svigrúm til að mismunandi útfærslna á námsbrautarlýsingum.

Eins og gilda mun um allt annað nám á framhaldsskólastigi munu framhaldsskólar gera tillögur til menntamálaráðherra að námsbrautarlýsingum sem leiða til stúdentsprófs. Þó er tilskilið að 45 einingar á hverri námsbraut til stúdentsprófs skuli vera í þeim greinum sem nefndar eru kjarnagreinar framhaldsskólans, þ.e. í stærðfræði, íslensku og ensku. Samkvæmt þessu verður það á ábyrgð einstakra skóla að skilgreina inntak námsins og þar með stúdentsprófsins. Þess er að vænta að framhaldsskólar, við gerð námsbrautarlýsinga til stúdentsprófs, muni kappkosta að tryggja að meginkostum stúdentsprófsins sé við haldið, jafnframt því sem þeir leitast við að marka sér sérstöðu og byggja á þeim sérstöku gæðum sem þeir ráða yfir. Nemendum er aftur gefinn kostur á að taka um það ákvörðun í hvaða framhaldsskóla þeir sækja um námsvist og þær ákvarðanir munu vafalítið byggjast á einstaklingsbundnum sjónarmiðum um námsinnihald og áherslur. Við skipulag náms munu skólar vafalaust kappkosta að nýta námstíma svo vel sem kostur er. Í því felst að framhaldsskólarnir

þurfa að skilgreina gaumgæfilega markmið námsins og þær leiðir sem þeir feta til að ná þeim markmiðum.

Í anda þess aukna almenna sveigjanleika sem frumvarpið miðar að er gert ráð fyrir því að skólar muni vinna að því að undirbúa breytingar á skipulagi og tilhögun náms. Það leiðir m.a. af því að frumvarpið felur í sér lengingu skólaársins, en ekki síður af því að tilfærsla áfanga til grunnskóla, sem þegar er orðin, gefur færi á breyttu námsskipulagi. Þegar hafa verið gerðar breytingar á námskrá grunnskóla sem fela í sér að hluti þess náms sem nú er kenndur í framhaldsskólum færist til grunnskóla. Ekki er miðað við það í frumvarpinu að námstími eða tilskilinn einingafjöldi til stúdentsprófs sé skilgreindur í lögum. Leitast er við að skapa framhaldsskólum svigrúm til að gera tillögu um uppbyggingu, skipulag og inntak náms til stúdentsprófs, sem lögð er fyrir ráðherra til staðfestingar. Gert er ráð fyrir að einstakir skólar nýti þetta svigrúm til að útfæra mismunandi námsbrautir til stúdentsprófs, ekki síst í iðn- og verknámsgreinum, þannig að það nám sem stendur framhaldsskólanemum til boða sé sem fjölbreytilegast, geti verið mismunandi að inntaki og umfangi, og mæti þannig mismunandi þörfum og áherslum einstaklinga. Markvisst er stefnt að því að aukinn sveigjanleiki og fjölbreyttara námsframboð á námsbrautum til stúdentsprófs muni leiða til þess að fleiri ljúki námi til stúdentsprófs á skemmri tíma en nú er, en að námstími geti verið hinn sami eða jafnvel lengri. Almenn samstaða er um það markmið að fleiri en verið hefur nái skilgreindum námslokum á framhaldsskólastigi.

Svo sem fram kemur í frumvarpstextanum er mörkuð sú stefna að íslenskt stúdentspróf skuli eftir sem áður að lágmarki svara til þeirra krafna sem að jafnaði eru gerðar til undirbúnings háskólanáms á Norðurlöndum, þ.e. í þeim ríkjum sem Íslendingar eiga mest samskipti við á sviði menntamála. Með öðrum orðum er með þessu lágmarki verið að tryggja að íslenskt stúdentspróf verði hið minnsta jafngilt stúdentsprófi eða aðgangsprófi að háskólum í helstu nágrannaríkjum. Þannig er tryggt að íslenskt stúdentspróf veiti áfram aðgang að háskólum á Norðurlöndunum og jafnframt góðan undirbúning fyrir nám á háskólastigi hvarvetna. Hins vegar er einnig ljóst að með auknum sveigjanleika og frelsi framhaldsskólanna til að móta námsleiðir og námsframboð mun fjölbreytni stúdentsprófs aukast, bæði hvað innihald og námstíma varðar.

Miðað er við að ráðherra setji í almennum hluta aðalnámskrár almenn viðmið um uppbyggingu alls náms á framhaldsskólastigi og er gert ráð fyrir að þar komi fram þær almennu kröfur sem gerðar eru um uppbyggingu, skipulag og inntak náms, vægi kjarnagreina, í heild og innbyrðis. Brýnt er að skilyrði aðalnámskrár liggi fyrir sem fyrst til að einstakir skólar, í samvinnu við ráðuneytið, geti hafist handa við aðlögun að þeirri skipan sem mælt er fyrir um í frumvarpi þessu. Litið er til þess að nám til stúdentsprófs hefur aukist umtalsvert á síðustu árum vegna lengingar skólaársins. Við bætist að nám á grunnskólastigi hefur aukist af sömu ástæðum, þ.e. vegna fjölgunar skóladaga og vegna aukins námstíma.

Innan hins nýja kerfis verður til fjöldi nýrra námsleiða sem henta á breiðum hópi fólks með mismunandi áherslur og þarfir. Kjarni málsins hlýtur að vera sá að nemendur eigi þess kost að ljúka stúdentsprófi á eigin forsendum, miðað við að þeir fari að reglum skólans um ástundun og annað er að námi lýtur. Framhaldsskólar eiga að þjóna þeim hópi og til að svo megi verða þarf hann tækin til þess. Gildir þar einu hvort um verður að ræða staðbundið nám, fjar- eða dreifnám. Framhaldsskólar munu miða námsframboð sitt við almenn markmið laga þessara, en ljóst er að þörf er á stöðugri samræðu milli framhaldsskóla og háskóla um það, hvernig undirbúningi nemenda fyrir nám á háskólastigi verði best háttað. Af hálfu háskóla hefur sú afstaða komið fram, að undirbúningur fyrir háskólanám eigi að felast í góðu al-

mennu námi. Því til viðbótar þurfi staðgóða þekkingu á þeim sviðum og í greinum sem tengdar eru þeim námsgreinum sem nemendur innrita sig í. Þau sjónarmið þarf að leggja til grundvallar framhaldsskólanámi. Sömuleiðis munu framhaldsskólar þurfa að fylgjast með almennum og sérstökum þörfum og menntunarkröfum sem varða atvinnumarkaðinn. Þetta hafa skólarnir vitanlega gert, en aukið sjálfstæði, aukin fjölbreytni í námsframboði og aukin sérhæfni og samkeppni framhaldsskóla um nemendur gera að verkum að skólarnir þurfa að fylgjast vel með samfélagslegum breytingum og menntaþörf.

Önnur skilgreind námslok.

Rétt þykir að kveða sérstaklega á um það í frumvarpinu að framhaldsskólar geti, að fenginni staðfestingu menntamálaráðherra, skilgreint önnur námslok og lokapróf en framhaldsskólapróf, starfsréttindapróf og stúdentspróf. Ef litið er til þróunar á framhaldsskólastigi undanfarin missiri má greina að mikill og mestur vöxtur hefur verið í aðsókn að ýmsum styttri og sérhæfðari námsbrautum sem falla undir skilgreininguna annað starfsnám í viðtekinni flokkun framhaldsskólanáms (aðrir flokkar eru iðn- og verknám, sem að mestu fellur undir skilgreiningu á starfsréttindanámi að framan, og bóknámsbrautir til stúdentsprófs). Dæmi um námsbrautir sem falla hér undir eru félagsliðabraut, skrifstofubraut, verslunarbraut og upplýsinga- og fjölmiðlabraut. Ástæða er til að veita framhaldsskólum svigrúm til að setja á legg slíkar námsbrautir en í nágrannaríkjum, svo sem í Danmörku, er ríkt hefð fyrir slíkum brautum. Frumkvæði að stofnun slíkra námsbrauta getur eftir atvikum komið frá launþegasamtökum og fagfélögum, atvinnurekendum, starfsgreinaráðum eða öðrum skólum og öðrum fræðsluaðilum.

Viðbótarnám á framhaldsskólastigi.

Loks er í frumvarpinu sérstaklega vikið að námi sem skilgreint er sem viðbótarnám á framhaldsskólastigi. Hér er um að ræða lengra nám að loknum öðrum lokaprófum. Dæmi um slíkt nám er að finna í framhaldsskólum í gildandi fyrirkomulagi, en þar er m.a. um að ræða nám til iðnmeistaraprófs í löggiltum iðngreinum, og viðbúið er að nám sem að óbreyttu telst vera umfram nám til stúdentsprófs mun falla að þessari skilgreiningu, en í því tilliti mætti t.a.m. nefna vélstjórnarnám, skipstjórnarnám og nám FTÍ í rekstri og stjórnun í atvinnulífinu. Gera má ráð fyrir að fram komi óskir um að hluti þess náms sem fellur undir þessa skilgreiningu verði jafnframt metinn til eininga á háskólastigi, en lög um háskóla fela í sér heimild til handa háskólum til að meta nám til þess.

Til að tryggja heildstæða og gagnsæja uppbyggingu náms í framhaldsskólum gerir frumvarpið ráð fyrir að menntamálaráðherra birti sérstök viðmið sem yrðu kerfisbundin lýsing á uppbyggingu náms og prófa á framhaldsskólastigi sem taka sérstaklega til þekkingar, hæfni og getu nemenda við námslok. Samkvæmt þeim er nám í framhaldsskólum flokkað í þrep. Með hliðsjón af viðmiðunum skulu framhaldsskólar lýsa inntaki og útkomu einstakra námsleiða og jafnframt útfæra viðmiðin nánar með hliðsjón af sérkennum viðkomandi skóla. Þetta gerir nemendum kleift að sjá hvaða hæfni og getu þeir geti vænst að búa yfir við námslok. Einnig verður auðveldara fyrir nemendur að fá nám sitt viðurkennt og metið bæði hér á landi og erlendis. Auk gagnsemi viðmiðanna fyrir nemendur, skóla, atvinnuveitendur og aðra hagsmunaaðila eru þau mikilvægur þáttur í ytra eftirliti með gæðum skólastarfs.

Jafnstaða iðn- og verknáms við annað nám.

Í skýrslu starfsnámsnefndar, sem skilað var í júní 2006, koma fram miklar áhyggjur af aðgreiningu skólastarfs í bóknám og verknám, sem og af því hversu ólíkar forsendur skipulags þessara tveggja námskerfa eru m.a. hvað varðar kennslu, þjálfun og námsmat. Þar er lagt til að þessi aðgreining verði sem allra minnst og henni verði helst alveg útrýmt.

Mikilvægt er að efla verknám og gera því jafnhátt undir höfði og bóknámi. Það sýna tölur um skiptingu nemendahópsins á gerðir náms. Í þessu sambandi eru eftirtalin atriði lögð til grundvallar:

1. Að skólar taki ábyrgð á námi nemenda í starfsnámi m.a. með því að tryggja þeim samninga við aðila sem standast kröfur sem skólar setja um vinnustaðanám og starfsþjálfun. Í dag er slíkt undir hælinn lagt, þ.e. hvort nemandinn komist í starfsþjálfun annars vegar og hins vegar hvort hún komi að því gagni sem þarf. Hér er um mjög mikla breytingu að ræða frá núverandi kerfi þar sem það er á ábyrgð nemandans að komast í starfsþjálfun að loknu námi á viðkomandi braut í skóla. Með þessari breytingu eru bundnar vonir við að samstarf skóla og atvinnulífs eflist nemendum til hagsbóta. Með þessu skapast einnig sterkari tengsl skóla og vinnustaða.
2. Að afnumin verði mörk kennslutíma og próftíma sem leiðir til þess að haga má skipulagi kennslu í iðn- og verknámi með öðrum hætti en t.d. í bóknámi. Með þessari breytingu má gera ráð fyrir að tími í verklegum áföngum nýtist mun betur en nú er. Í núverandi kerfi fer mikill tími í próf og þá fellur kennsla yfirleitt niður einnig í verklegum áföngum þar sem um símat er að ræða í flestum tilfellum. Þetta mun leiða til þess að verknámsaðstaða skólanna mun nýtast betur og nemendur fá meiri kennslu í verklegum greinum en nú er.
3. Að auðveldara verði að meta starfsreynslu eða starfsþjálfun sem hluta af námi en áður hefur verið. Frumvarpið kveður á um að í almennum hluta aðalnámskrár verði settar reglur um mat á starfsnámi og skilgreiningu færnimarkmiða. Þar verði einnig reglur um raunfærnimat, jafngildingu náms og mat á námi þegar nemendur flytjast á milli skóla eða námsbrauta.
4. Að auðveldara verði að tengja framhald náms eftir að iðn- eða verknámi er lokið yfir í bóknám og með því að viðmið hafa verið sett um hverju nemendur þurfa að ljúka þá einfaldast slíkur flutningur enn frekar. Frumvarpið miðar að því að skapa sveigjanleika til þess að ýmiss konar starfsmiðuðu námi megi ljúka með stúdentsprófi.
5. Vel hefur komið í ljós á þeim uppgangstímum sem verið hafa undanfarin ár hversu mikil eftirspurn er eftir fólki í iðngreinum og þjónustu. Frumvarpið opnar leið fyrir skóla til að efla þessar námsgreinar og endurspegla hlut þeirra í starfi sínu.
6. Með nýju einingakerfi opnast einnig dyr til að meta mun markvissar en áður starfsreynslu fólks, starfstíma utan skólans og efla til muna samstarf við símenntunarstofnanir sem vinna mikilvægt starf utan skólastofnana.

Í tengslum við þetta má benda á að í skilabréfi nefndar um frumvarp til laga um framhaldsskóla er vikið að kostnaði við vinnustaðanám. Þar segir: „Nefndin gerir tillögur um grundvallarbreytingar á skipulagi verknáms í þá veru að skólar axli aukna ábyrgð á því, þ.m.t. vinnustaðanámi. Nefndin telur að setja eigi á fót sjálfstæðan sjóð sem hafi það hlutverk að greiða fyrir nám á vinnustað, enda verði námið skipulagt í samvinnu vinnuveitenda og framhaldsskóla, eftir atvikum með fulltingi viðkomandi starfsgreinaráðs. Er lagt til við menntamálaráðherra og ríkisstjórn að undirbúningur að löggjöf um slíkan sjóð hefjist sem fyrst.“ Vakin er athygli á þessu.

Réttur til náms á framhaldsskólastigi; fræðsluskylda til 18 ára aldurs.

Í frumvarpinu er í fyrsta sinn skilgreindur sérstakur réttur nemenda til náms í framhaldsskóla. Þar segir að allir þeir, sem (a) lokið hafa grunnskóla, (b) hafa jafngilda undirstöðumenntun eða (c) hafa náð 16 ára aldri skuli eiga rétt til innritunar í framhaldsskóla og til að stunda þar nám að 18 ára aldri. Samhliða því að réttur nemenda er skilgreindur með þessum hætti er þeim jafnframt ætlað að virða þær skyldur sem fylgja námsvist í framhaldsskóla, en þær lúta að skólasókn, hegðun og umgengni, námsmati, framvindu og prófreglum, að skólareglur séu virtar o.s.frv.

Það nýmæli sem í þessu felst er að nemendum er tryggð námsvist hafi þeir lokið grunnskólanámi eða jafngildu námi annars staðar, en jafnframt er nemendum sem einhverra hluta vegna hafa ekki lokið grunnskólanámi eða jafngildu námi veittur réttur til innritunar í framhaldsskóla, hafi þeir náð 16 ára aldri. Gert er ráð fyrir að menntamálaráðuneyti, í samningum sem frumvarpið mælir fyrir um að gerðir verði við einstaka framhaldsskóla, tryggi að fyrir hendi verði svigrúm til að tryggja öllum sem eftir leita og rétt eiga námsvist í framhaldsskóla.

Almenn sókn í nám á framhaldsskólastigi hefur aukist hratt undanfarin ár og nú er svo komið að um 95% þeirra sem ljúka grunnskólanámi innritast í framhaldsskóla. Athygli vekur að námsárangur þeirra 5% sem ekki æskja innritunar er almennt ágætur. Í sumum löndum hefur skólaskylda verið lengd og lenging skólaskyldu hefur verið til umræðu m.a. á Norðurlöndum, svo sem í Finnlandi. Annars staðar eru nemendum sett skilyrði um að þeir ljúki áföngum á framhaldsskólastigi, svo sem í Hollandi. Þau sjónarmið búa að baki að þar sem atvinnuhættir og almennir samfélagshættir hafa breyst, svo sem í þróuðum iðnríkjum sé æskilegt að undirbúningur fyrir hvort heldur sem er, atvinnuþátttöku eða frekara nám, stöðvist ekki við aldursmörk grunnskóla.

Með þeirri hugsun sem í frumvarpinu felst er verið að innleiða fræðsluskyldu sem leggst á stjórnvöld. Þar með er verið að tryggja að nemandi sem hugsanlega er ekki tilbúinn í langt bóknám eða starfstengt nám fái engu að síður þjálfun og mannrækt sem skilar sér í betri undirbúningi fyrir atvinnu og borgaralegar skyldur.

Reynslan hefur sýnt að skipulegt starf með þessa óráðnu unglinga, reglufesta og markviss vinnubrögð skila sér oft í öflugum námsmönnum þó að síðar verði. Það hefur mikið forvarnagildi, ýmiss konar vandamál skilgreinast og úrlausnir eru fundnar. Í öllu falli hefur reynsla síðustu ára sýnt að með skipulegum og markvissum vinnubrögðum hefur skólum tekist afar vel með marga þessara nemenda.

Úrræðin byggjast á ótrúlegri útsjónarsemi kennara, stuðningi stjórnenda, fjölbreyttum lausnum og oft og tíðum úrræðum sem nálgast sérkennslu. Með þessu fækkar þeim sem hætta í skóla, hrekjast út eða falla ekki að lausnum sem miða við stóra hópa. Fleiri ljúka skilgreindum markmiðum og þar með fara þeir út í lífið betur undirbúnir og jákvæðari í garð þess að hafa verið í skóla. Nokkur hópur þess fólks sem aðrir hafa afskrifað fer alla leið til stúdentsprófs og í háskóla með ríflega þokkalegum árangri.

Nefnd sem fjallaði um almenna námsbraut í framhaldsskólum benti á fjölmargar lausnir en betur þykir fara á því að setja fræðsluskyldu á stjórnvöld. Ekki þykja því vera knýjandi rök fyrir því að setja á skólaskyldu umfram nám á grunnskólastigi.

Meginmarkmiðið verður samkvæmt frumvarpinu að byggja upp skólakerfi sem þjónar þeim breiða hópi sem til þess leitar, búa til sveigjanleika svo skólarnir geti mætt þessum hópi, efla nám til starfsréttinda, til háskólanáms og gefa nemendum í íslenskum framhaldsskólum færi á að sækja sér áfram gagnlegt nám á sínum forsendum og hraða.

Náms- og starfsráðgjöf.

Mikilvægi náms- og starfsráðgjafar hefur aukist á umliðnum árum. Þegar verið er að byggja upp kerfi sem býður enn frekar en áður marga valkosti þá er slíkt óhjákvæmilegt. Góð ráðgjöf á þessu sviði getur styrkt nemendur í vel ígrunduðu námsvali, unnið gegn brottfalli og aðstoðað nemendur sem áður hafa horfið frá námi svo þeir finni sér betri farveg. Er því brýnt að náms- og starfsráðgjöf í skólakerfinu verði efld enn frekar. Mikilvægt er að þeir sem sinna náms- og starfsráðgjöf hafi menntun á því sviði.

Gæði – umbætur í skólastarfi.

Samhliða auknu sjálfstæði framhaldsskóla og minni miðstýringu á námsframboði og námskrárgerð er mikilvægt að tryggja gæði starfs þeirra. Mat og eftirlit með gæðum skólastarfs í frumvarpi þessu tekur mið af tveimur meginsjónarmiðum. Annars vegar að unnið sé markvisst að eflingu gæða innan skólanna með innra mati. Hins vegar að skólarnir sýni ábyrgðarskyldu út á við gagnvart þeim sem að skólunum standa, þjónustu þeirra njóta og hagsmuni hafa af starfi skólanna. Í því felst að skólar fari í starfi sínu eftir gildandi lögum og reglum um starf framhaldsskóla og veiti nemendum viðeigandi þjónustu.

Frá því að síðustu lög um framhaldsskóla tóku gildi árið 1996 hafa skólar á þessu skólastigi búið við þá skyldu að meta starf sitt með innra mati (sjálfsmati). Hefur menntamálaráðuneytið tvisvar staðið fyrir úttektum á sjálfsmatsaðferðum þeirra, árin 2002 og 2007. Ráðuneytið hefur á undanförnum árum veitt umtalsvert fjármagn til endurmenntunar stjórnenda og kennara í mati á skólastarfi og veitt styrki til skóla til að leita sér ráðgjafar. Einnig hefur í tengslum við kjarasamninga verið veitt sérstakt fjármagn til þess að greiða kennurum laun vegna vinnu við sjálfsmat. Síðasta úttekt á sjálfsmatsaðferðum framhaldsskóla sýnir öflugt starf þeirra en jafnframt að enn megi bæta innra mat þeirra. Þar sem skapast hefur góður grunnur að slíku starfi í skólum er mikilvægt að þróa það áfram.

Frumvarpið felur í sér að framhaldsskólum er ætlað skilgreina inntak þess náms sem þeir hafa í boði. Framhaldsskólarnir munu samkvæmt þessu skilgreina markmið einstakra námsáfanga og námsbrauta. Menntamálaráðuneytið mun, svo sem lýst hefur verið að framan, fara yfir tillögur skóla að námsbrautarlýsingum og þær verða hluti af aðalnámskrá framhaldsskóla að fenginni staðfestingu ráðherra. Markmið þessara breytinga er að skapa skilyrði fyrir auknu og fjölbreytilegra námsframboði. Gangi þær væntingar eftir er afar mikilvægt að allt það nám sem í boði er uppfylli kröfur sem settar eru.

Menntamálaráðuneytið ber ábyrgð á reglubundnu ytra mati á skólastarfi, könnunum, prófum og rannsóknum samkvæmt frumvarpi þessu. Ráðherra ákveður hvenær ytra mat fer fram og gerir áætlanir um slíkt mat til þriggja ára, sem er nýmæli. Ekki er kveðið á um hver skuli annast hið eiginlega mat, enda er æskilegt að svigrúm sé fyrir hendi til að beita ólíkum aðferðum og leiðum við framkvæmd matsins. Ein slík leið er að fela það sjálfstætt starfandi sérfræðingum eða stofnunum sem sinna menntun kennara og menntarannsóknum. Önnur leið verður að efna til samstarfs við stjórnvöld og matsstofnanir í öðru ríkjum um ytra mat, sem eftir atvikum gæti beinst að einstökum framhaldsskólum eða t.a.m. tekið til einstakra sviða, greina eða námsbrauta. Slíku samstarfi hefur að frumkvæði menntamálaráðuneytisins verið komið á við erlendar matsstofnanir í tengslum við viðurkenningu háskóla og í undirbúningi er frekari útfærsla á því samstarfi vegna ytri úttekta. Aukinn hreyfanleiki nemenda milli landa og sveigja í námsskipulagi mæla með því að þessi leið verði farin ásamt öðrum, auk þess sem margvíslegan ávinning annan er að hafa af alþjóðlegu samstarfi á þessu sviði. Auk reglubundins ytra mats getur menntamálaráðherra ákveðið að láta fara fram sérstakt mat á

framhaldsskóla eða einstökum þáttum skólastarfs ef ástæða þykir til. Hér er einkum átt við tilvik þar sem efasemdir eru um að kennsla eða skólastarf mæti ekki þeim lágmarkskröfum sem til skóla eru gerðar.

Ekki er í frumvarpi þessu að finna ákvæði um samræmt námsmat á framhaldsskólastigi. Á hinn bóginn segir að menntamálaráðuneyti skuli hafa með höndum ytra mat, kannanir, próf og rannsóknir.

Ljóst er að auknum kröfum til skóla um innra mat, aukin virkni ráðuneytis við ytra mat og eftirlit, próf, kannanir og rannsóknir, líkt og kveðið er á um í frumvarpinu, mun fylgja kostnaður. Þá er ekki síður mikilvægt að þegar teknar eru ákvarðanir um fjárveitingar verði skapað svigrúm til að fylgja eftir niðurstöðum innra og ytra mats, þannig að tryggt megi vera að það skili sér í raunverulegum umbótum í skólastarfi.

Með virku innra mati skóla skapast grundvöllur fyrir markvissri skoðun á árangri og leiðum til úrbóta og upplýsingagjöf um starfsemina. Í ytra mati á starfi framhaldsskóla mun menntamálaráðuneyti skilgreina upplýsingar sem skólar þurfa að standa skil á og ráðuneytið sannreynir. Í staðfestingu menntamálaráðuneytis á námsleiðum í framhaldsskólum felst viðurkenning á því að viðkomandi skóli uppfylli þær kröfur sem ráðuneytið skilgreinir í aðalnámskrá og þarf að mæta til að bjóða fram tiltekið nám. Ráðuneytið mun síðan fylgja því eftir að námsframboð framhaldsskóla sé í samræmi við skilyrði staðfestingar með öflun skilgreindra upplýsinga og úttektum sem miða að því að meta námsferlið, hvort markmiðum þess sé náð og að þau áhrif sem stefnt er að skili sér til lengri og skemmri tíma. Þar munu árangurssamningar milli ráðuneytis og skóla gegna mikilvægu hlutverki. Ekki er nóg að mæla tölfræði skólastarfs. Það þarf einnig að vinna með inntak þess og gæði.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin er mikið breytt frá gildandi lögum um framhaldsskóla, nr. 80/1996. Skýrar er hér tekið fram um gildissvið framhaldsskólans með hliðsjón af þeim prófum sem unnt er að ljúka þar. Greinin nær bæði til opinberra framhaldsskóla og annarra skóla sem hljóta viðurkenningu til starfa samkvæmt frumvarpi þessu.

Um 2. gr.

Greinin er að stofni til óbreytt frá gildandi lögum en skýrar er kveðið á um hlutverk skólans við að miðla þekkingu og þjálfa nemendur til að gegna sérhæfðum störfum og styrkja forsendur þeirra til að sækja sér frekari menntun. Þá er kveðið á um það hlutverk að bjóða hverjum nemanda nám við hæfi.

Um 3. gr.

Kemur í stað 4. gr. í gildandi lögum en kveður skýrar á um hlutverk menntamálaráðherra í yfirstjórn framhaldsskólans. Samkvæmt greininni verður eftirlit með framhaldsskólum eitt veigamesta hlutverk ráðuneytis ásamt almennri stefnumótun. Þá skal ráðherra staðfesta námskrár og námsbrautarlýsingar skólanna. Þannig undirstrikar greinin í heild aukið faglegt sjálfstæði framhaldsskóla. Felld er niður málsgrein um að ráðherra geri tillögur um fjárveitingar til framhaldsskóla og flutt í 43. gr. í VII. kafla. Þá er felld niður málsgrein um eftirlit með því að framhaldsskólar hafi fullnægjandi búnað en með því er ekki gert ráð fyrir stefnubreytingu frá gildandi fyrirkomulagi.

Um 4. gr.

Ný grein sem byggist að hluta til á 37. gr. gildandi laga en fjallar eingöngu um stofnun opinberra framhaldsskóla. Tekið er fram að opinber framhaldsskóli verði stofnaður með því að Alþingi leggi honum til fé í fjárlögum. Á sama hátt er gert ráð fyrir að opinber framhaldsskóli verði því aðeins lagður niður að í fjárlögum sé gert ráð fyrir að starfsemi hans leggist af, sbr. lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997.

Um 5. gr.

Kemur í stað 6. og 7. gr. í gildandi lögum. Lagt er til það nýmæli að fulltrúi foreldrafélags verði áheyrnarfulltrúi í skólanefnd (um foreldrastarf er nánar fjallað í 50. gr. þessa frumvarps). Felld er út heimild ráðherra um að tveir eða fleiri skólar geti sameinast um eina skólanefnd. Talið er óþarft að tiltaka slíkt sérstaklega í lögum. Að öðru leyti er skipan skólanefnda óbreytt. Sveitarfélög tilnefna áfram tvo fulltrúa af fimm. Skilyrði um að allir fulltrúar séu búsettir í sveitarfélagi skóla er hins vegar fellt niður enda talið óþarft að festa það í lögum.

Síðari málsgrein fjallar um hlutverk skólanefndar. Kveðið er skýrar á um aðkomu skólanefnda að faglegri stefnumörkun og námsframboði framhaldsskóla. Mikilvægi þeirra við að móta áherslur í skólastarfinu og þjónustu skólanna er eflt en dregið úr ábyrgð þeirra á rekstri og gerð fjárhagsáætlana. Það er í samræmi við þá reynslu sem fengist hefur af starfi nefndanna frá setningu gildandi laga. Hlutverkið er fært til samræmis við þá reynslu. Ákvæði um að skólanefndir veiti ráðherra umsögn um umsækjendur um stöðu skólameistara er fellt inn í þessa grein en var í lögunum frá 1996 í 11. gr. sem fjallar um ráðningu starfsmanna framhaldsskóla.

Um 6. gr.

Þessi grein er hliðstæð 8. gr. gildandi laga og kveður á um starfsskyldur skólameistara. Efnislega er hún lítið breytt, en forræði og ábyrgð skólameistara sem forstöðumanns ríkisstofnunar og almennt stjórnunarumboð hans er skýrt og telst áþekkt því sem almennt gerist um forstöðumenn ríkisstofnana.

Um 7. gr.

Þessi grein er sambærileg seinni hluta 8. gr. núverandi laga og fjallar um hlutverk skólaráðs. Samsetningu skólaráðs er breytt þannig að ekki er lengur bundið að áfangastjóri eigi sæti í skólaráði, starfi hann við skólann. Það á að tryggja betra jafnvægi milli fulltrúa stjórnenda, kennara og nemenda í skólaráði og að skólameistari sé ekki bundinn við tiltekin starfsheiti stjórnenda. Þá er fjöldi fulltrúa ekki bundinn en við flesta skóla eru þegar grónar hefðir sem ekki er vert að breyta. Orðalagi um hlutverk skólaráðs er breytt þannig að það skuli vera skólameistara til samráðs og aðstoðar en í gildandi lögum segir að skólaráð skuli vera skólameistara til aðstoðar við stjórn skólans.

Um 8. gr.

Þessi grein kemur í stað 11. gr. í gildandi lögum. Efni greinarinnar er aðlagað auknu sjálfstæði skóla um fyrirkomulag starfsmannamála. Tekið er út ákvæði um að fjöldi starfsmanna fari eftir stærð og gerð skóla og fjárveitingum hverju sinni. Þá er ekki lengur getið sérstaklega um ráðningar aðstoðarskólameistara og áfangastjóra en í staðinn gert ráð fyrir að staðgengill skólameistara verði ráðinn til fimm ára í senn. Er miðað við að einstakir skólar

ákveði sjálfir skipulag sitt og hvaða starfsheiti þeir veita stjórnendum skóla. Fellt er niður ákvæði gildandi laga um að ráðherra setji skólameisturum og kennurum erindisbréf.

Um 9. gr.

Þessi grein er ný og fjallar um samstarfsvettvang allra starfsmanna skóla. Skólafundir eru þá til þess að fjalla um málefni viðkomandi skóla. Gert er ráð fyrir að skólafundur verði haldinn a.m.k. einu sinni á ári. Þessi breyting er til að tryggja aðkomu allra starfsmanna að upplýsingum og umræðum um skólastarfið og þar með undirstrikað að framhaldsskólar eru lýðræðislegir vinnustaðir. Lagt er til að skólafundur kjósi áheyrnarfulltrúa í skólanefnd.

Um 10. gr.

Þessi grein er efnislega samhljóða núgildandi lögum en hlutverk kennarafundar eykst þó enn frekar við námskrárgerð og stefnumótun skólans. Ákvæði um kosningu kennarafundar á fulltrúa í skólaráð er óbreytt.

Um 11. gr.

Þessi grein er sambærileg 12. gr. í gildandi lögum og er efnislega óbreytt. Ákvæðið um orlof nær til allra þeirra sem ráðnir eru á grundvelli lögverndunarlaga, skólameistara, staðgengils hans, annarra faglegra stjórnenda, svo sem áfangastjóra, námsráðgjafa og þeirra er gegna sambærilegra starfa.

Um 12. gr.

Greinin felur í sér nýmæli. Samkvæmt henni getur ráðherra veitt öðrum skólum en opinberum framhaldsskólum heimild til að starfa samkvæmt lögum um framhaldsskóla með sérstakri viðurkenningu. Greinin greiðir götu fyrir mismunandi rekstrarformum framhaldsskóla.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um þau skilyrði sem skólar þurfa að uppfylla til að ráðherra geti viðurkennt þá sem framhaldsskóla er starfa samkvæmt lögum um framhaldsskóla.

Í umsókn um viðurkenningu ráðherra skal gerð grein fyrir:

a. Hlutverki og markmiðum skóla, sem endurspeglast í námsframboði og skólastefnu.
b. Stjórnskipan og skipulagi skóla, en með því er átt við fyrirkomulag og verkaskiptingu innan stjórnkerfis skólans, sem verður að taka mið af II. kafla frumvarpsins.
c. Skólanámskrá og námsbrautarlýsingum, en þetta felur í sér að framhaldsskóli setur sér skólanámskrá og byggir upp námsbrautir með hliðsjón af aðalnámskrá og sem menntamálaráðherra staðfestir ef skilyrði eru uppfyllt.
d. Fyrirkomulagi náms og kennslu, en með því er átt við tilhögun kennslu og skólasóknar.
e. Hæfisskilyrðum starfsmanna skólans, en það á við þá menntun og starfsréttindi sem krafist er af hálfu skólans og lögum samkvæmt.
f. Inntökuskilyrðum nemenda, en um þau er fjallað í VI. kafla auk þess sem um þau verður fjallað í námskrá.
g. Réttindum og skyldum nemenda, en gert er ráð fyrir því að þau séu sem sambærilegust því sem gildir um nemendur opinberra framhaldsskóla.
h. Starfsaðstöðu og aðbúnaði kennara og nemenda og þjónustu við þá, en aðstaða nemenda og kennara skal vera með þeim hætti að framhaldsskóla sé kleift að uppfylla hlutverk sitt og markmið. Þjónusta við kennara og nemendur er háð sama skilyrði.
i. Innra gæðakerfi skóla, en með því er átt við mat á skólastarfi eins og því er lýst í 41. gr. frumvarps þessa.

j. Fjárhagsmálefnum skóla og tryggingum. Varðandi fjárhagsmálefni og tryggingar er gert ráð fyrir að sýnt sé fram á að fjárhagsgrundvöllur skólans sé viðunandi og að tryggingar séu settar fyrir því að hann geti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart innrituðum nemendum. Um form trygginga er algengast að yfirlýsing fjármálastofnunar sé lögð til grundvallar.

Í 2. mgr. gerð grein fyrir réttaráhrifum viðurkenningar sem er bundin við starfsemi skóla á þeim tíma sem hún var veitt.

Í 3. mgr. er áréttað að viðurkenningu fylgi engin skuldbinding um framlög úr ríkissjóði til viðkomandi skóla eða ábyrgð á skuldbindingum hans.

Í 4. mgr. er kveðið á um að skóli sem hlotið hefur viðurkenningu skuli leitast við að leysa úr málum er varða réttindi og skyldur nemenda í samræmi við lög og góða stjórnsýsluhætti. Með þessu ákvæði er leitast við að tryggja nemendum við skóla skv. III. kafla laganna sambærileg réttindi og gildir um nemendur opinberra framhaldsskóla.

Í 5. mgr. er ákvæði um að ráðherra geti afturkallað viðurkenningu uppfylli skóli ekki lengur skilyrði laganna, að uppfylltum málsmeðferðarreglum stjórnsýslulaga.

Í 6. mgr. er mælt fyrir um að nánar skuli kveðið á um veitingu og afturköllun viðurkenningar og eftirlit með starfsemi skóla í reglugerð sem ráðherra setur.

Um 13. gr.

Greinin fjallar um ráðningu skólameistara og ábyrgð hans á skólastarfinu. Þá staðfestir hún að einkareknir framhaldsskólar skulu uppfylla sömu kröfur er varða menntun skólameistara og kennara og gerðar er í lögum um lögverndun á starfsheiti kennara og skólastjórnenda. Í greininni er jafnframt heimild fyrir ráðherra til að víkja frá ákvæðum lögverndunarlaga í tilviki skóla sem starfrækja nám sem ekki byggist á aðalnámskrá framhaldsskóla og starfrækja sérhæfða starfsmiðaða menntun.

Um 14. gr.

Greinin skýrir sig sjálf.

Um 15. gr.

Hér er mælt fyrir um það nýmæli að námseiningar nemenda skuli skilgreindar út frá vinnuframlagi þeirra en ekki kennslustundafjölda eingöngu. Að baki hverri einingu skal vera sem næst jafnt vinnuframlag nemenda. Þannig getur mismunandi fjöldi kennslustunda legið að baki einingum í ólíkum námsgreinum. Gert er ráð fyrir að fullt námsár sé 60 námseiningar. Reiknað er með að vinnudögum fjölgi um 5 á skólaári frá gildandi lögum og verði 180 í stað 175 eins og kveðið er á um í reglugerð um starfstíma. Í gildandi lögum er kveðið á um 9 mánaða starfstíma framhaldsskóla og 145 kennsludaga að lágmarki. Í þessari grein er farin sú leið að tiltaka ekki skiptingu vinnudaga í kennslu- og prófadaga heldur gert ráð fyrir að 180 vinnudagar nemenda ráðist af skipulagi og kennsluháttum hvers skóla og inntaki námsbrauta. Þegar talað er um vinnudaga nemenda þá er vitaskuld ekki verið að tala um vinnudaga kennara við undirbúning og aðra vinnu utan nemendadaga en um slíkt þarf vitaskuld að semja í kjarasamningi.

Um 16. gr.

Framhaldsskólapróf er nýmæli í þessu frumvarpi og er ný gerð lokaprófs úr framhaldsskóla. Prófið er hugsað í samhengi við þá áherslu sem lögð er í frumvarpinu á að nemendur

njóti fræðsluskyldu til 18 ára aldurs og að framhaldsskólarnir bjóði upp á menntun sem henti þörfum hvers og eins. Nemendur geta brautskráðst með framhaldsskólapróf að loknu 90–120 eininga námi sem sniðið er að einstaklingsbundnum þörfum þeirra. Hér kemur fram sú áhersla að sem allra flestir eigi að geta lokið námi úr framhaldsskólum sem í senn styrkir stöðu þeirra sem einstaklinga í nútímasamfélagi og nýtist jafnframt sem undirstaða til frekari menntunar.

Um 17. gr.

Starfsréttindapróf er í frumvarpi þessu samheiti yfir öll próf sem leiða til starfsréttinda.

Um 18. gr.

Þessi grein kemur í stað ákvæða um bóknámsbrautir í 16. gr. gildandi laga og ákvæða um viðbótarnám til stúdentsprófs af starfsnámsbrautum, en þær brautir veita nemendum undirbúning til náms á háskólastigi. Miðað er við að 45 einingar að lágmarki skuli vera í kjarnagreinum framhaldsskólans, íslensku, stærðfræði og ensku. Ekki eru sett skilyrði um innbyrðis vægi þessara námsgreina í kjarna, en menntamálaráðherra getur kveðið á um lágmarksnám í kjarnagreinum í aðalnámskrá framhaldsskóla, sbr. 21. gr. Með þessu fyrirkomulagi er tekið tillit til þeirrar áherslu á sveigjanleika og fjölbreytileika sem liggur að baki frumvarpi þessu, sem og sjálfstæðis framhaldsskóla við mótun námsframboðs. Fellt er brott það fyrirkomulag í lögum að skipta bóknámsbrautum í kjarna, kjörsvið og val, en mælt verður fyrir um skipulag náms á einstökum námsbrautum til stúdentsprófs í skólanámskrá hvers framhaldsskóla sem ráðuneytið samþykkir eins og kveðið er á um í 22. gr. í frumvarpi þessu.

Í ljósi þess að framhaldsskólar axla nú aukna ábyrgð á samsetningu stúdentsprófs er talið rétt að taka fram í frumvarpinu að stúdentsprófið skuli áfram að miðast m.a. við það að undirbúa nemendur undir háskólanám, sbr. 19. gr. laga nr. 63/2006, um háskóla.

Um 19. gr.

Hér er opnuð sú leið að skólar geti skilgreint önnur námslok en tilgreind eru í 16., 17. og 18. gr. í frumvarpinu til samræmis við þann sveigjanleika í námsframboði og skólastarfi sem gengið er út frá í frumvarpi þessu.

Um 20. gr.

Hér er um nýmæli að ræða. Mikil umræða hefur átt sér stað á undanförnum missirum um að þörf sé fyrir nám sem skilgreint sé í framhaldi af námi á framhaldsskólastigi en falli þó ekki að öllu að skipulagi náms á háskólastigi. Sérhæft nám í framhaldi af starfsnámi er oft nefnt í þessu sambandi. Til að bregðast við því er gert ráð fyrir að framhaldsskólar geti haft í boði nám í framhaldi af skilgreindum námslokum á framhaldsskólastigi samkvæmt námsbrautarlýsingum sem menntamálaráðherra samþykkir. Hér er lagt til að slíkt nám verði skilgreint í stöðluðum námseiningum og geti veitt sérstök réttindi. Hugsanlegt er að slíkt nám fáist metið af háskólum sem hluti af námi á háskólastigi. Mögulegt er að framhaldsskólar og háskólar hafi samstarf um framboð á námi af þessari gerð.

Um 21. gr.

Í þessari grein sem svarar til 21. gr. í gildandi lögum er kveðið skýrar á um hlutverk og uppbyggingu aðalnámskrár. Lögð er áhersla á að skerpa þau atriði sem eiga að vera í almennum hluta aðalnámskrár með það að markmiði að tryggja sem vandaðasta starfshætti

skóla með hagsmuni nemenda að leiðarljósi. Þá er að finna í greininni ákvæði um að nám skuli vera flokkað og þrepaskipt í samræmi við lokamarkmið námsins, og eru þau ákvæði í samræmi við flokkunarkerfi námsmarkmiða sem unnið er að á vettvangi Evrópuríkja (e. EQF: European Qualification Framework) og sér t.d. þegar stað á háskólastiginu í auglýsingu um útgáfu viðmiða um æðri menntun og prófgráður, nr. 80/2007, sbr. 5. gr. laga um háskóla, nr. 63/2006.

Um 22. gr.

Hér er um að ræða sambærilegt ákvæði og er í 22. gr. gildandi laga með þeirri breytingu að ákvæði um skiptingu skólanámskrár í tvo hluta, almennan hluta og námsbrautarlýsingar, eru skýrð frekar.

Um 23. gr.

Hér er um algera nýjung að ræða. Í stað þess að ráðuneytið gefi út námsbrautarlýsingar eins og kveðið er á um í 16. og 17. gr. gildandi laga er lagt til að ráðherra verði veitt heimild að gefa út námsbrautarlýsingar sem skólar geta haft til viðmiðunar. Þannig er gert ráð fyrir því að skólar semji sjálfir sínar eigin námsbrautarlýsingar og fái þær staðfestar af menntamálaráðherra. Í greininni eru almenn fyrirmæli um uppbyggingu námsbrauta. Hér er fylgt eftir því markmiði laganna að skólar sýni frumkvæði og sjálfstæði við mótun náms og framkvæmd kennslu.

Um 24. gr.

Þessi grein kemur í stað 28. gr. gildandi laga en gerð er sú breyting að lagt er til að fjöldi aðila í starfsgreinaráðum verði lögbundinn og fulltrúum fækkað úr 7 til 9, samkvæmt gildandi reglugerð, í 5 í hverju ráði. Breytingin er gerð með það í huga að gera starfsemi starfsgreinaráðanna sveigjanlegri og skilvirkari. Þá er sú breyting lögð til að í stað fulltrúa menntamálaráðherra í starfsgreinaráði komi sameiginlegur fulltrúi kennara og skóla.

Um 25. gr.

Ákvæðið samsvarar 29. gr. í gildandi lögum. Hér er lögð megináhersla á það hlutverk starfsgreinaráðanna að skilgreina þarfir fyrir kunnáttu og hæfni sem starfsnámið á að taka mið af. Dregið er úr öðrum verkefnum ráðanna í samræmi við breytt fyrirkomulag við gerð námsbrautarlýsinga og skipulag náms svo sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir.

Um 26. gr.

Í þessari grein er starfsgreinaráðum gefin heimild til þess að stofna fagráð fyrir hverja starfsgrein enda nær hvert starfsgreinaráð yfir mörg fög. Greinin er nýmæli.

Um 27. gr.

Starfsgreinanefndin kemur í staðinn fyrir samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi sem kveðið er á um í 26. gr. í gildandi lögum. Hér er um mikla breytingu að ræða þar sem gert er ráð fyrir að formenn starfsgreinaráðanna skipi starfsgreinanefndina sem hafi það hlutverk að vera ráðherra til ráðgjafar um stefnumörkun og framboð starfsnáms. Þetta er gert til að tengja saman störf starfsgreinaráðanna með betri yfirsýn yfir stöðu og þróun starfsnáms í huga. Vonast er til að með þessu fyrirkomulagi verði til mun virkari stýrihópur

fyrir starfsnám en reyndin hefur verið með þá samstarfsnefnd um starfsnám sem starfar samkvæmt gildandi lögum.

Um 28. gr.

Grein þessi kemur í stað 32. gr. gildandi laga. Meginbreytingin er fólgin í því að samkvæmt greininni er skólum falin ábyrgð á því að gerðir séu samningar fyrir nemendur um þá starfsþjálfun sem þeir þurfa til að geta lokið námi sínu. Þetta á að tryggja að nemendur, sem teknir eru til náms í tiltekinni starfsgrein, fái viðeigandi starfsþjálfun í stað þess að þeir beri sjálfir ábyrgð á þeim þætti námsins eins og nú er. Að öðru leyti er ákvæðið í samræmi við áðurnefnda 32. gr. gildandi laga.

Nefnd um endurskoðun laga um framhaldsskóla hefur beint því til ráðherra að stofnaður verði vinnustaðanámssjóður með sérstökum lögum til að tryggja vinnustaðanámi framgang og gerði grein fyrir því í skilabréfi sínu til ráðherra.

Um 29. gr.

Greinin samsvarar 31. gr. gildandi laga og er samhljóða að öðru leyti en því að ekki er lengur gert ráð fyrir því að ráðherra þurfi umsögn starfsgreinaráðs til að gera framhaldsskóla að kjarnaskóla, en það er hins vegar í samræmi við þá almennu breytingu sem gerð er á hlutverki ráðanna að ráðherra leiti álits ráðanna áður en til slíkra ákvarðana kemur. Þá gerir lagagreinin ráð fyrir því að kjarnaskólar fái sérstakar fjárveitingar eftir því sem um semst.

Um 30. gr.

Samsvarar 24. gr. gildandi laga. Nýtt er að skólameistari hafi umsjón með námsmati sem ekki er í gildandi lögum. Ákvæði um rétt nemenda til að áfrýja niðurstöðum námsmats eru tekin úr almennum hluta aðalnámskrár og færð inn í frumvarpið og þar með lagt til að sá réttur nemenda verði lögfestur. Ekki er gert ráð fyrir samræmdum prófum en lagt til að útbúin verði viðmiðunarpróf í lokaáföngum auk þess sem heimild er til þess að leggja fyrir könnunarpróf, m.a. í rannsóknarskyni.

Um 31. gr.

Hér er um mikilvægt nýmæli í lögum að ræða sem er ætlað að tryggja rétt nemenda til að fá nám metið milli skóla. Miðað er við að framhaldsskólar geti jafnframt fært sér í nyt svokallað raunfærnimat sem unnið er af viðurkenndum fræðsluaðilum. Raunfærnimat felur í sér að þekking og færni sem einstaklingar hafa aflað sér án þess að hafa lagt stund á nám samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla er metið til eininga á framhaldsskólastigi. Um mat á óformlegu námi er nú fjallað í aðalnámskrá framhaldsskóla.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir því að þeir sem stunda nám við framhaldsskóla geti fengið færni sína metna til jafns við nám eða til námseininga og þar með til styttingar námsins. Slíkt mat er á ábyrgð skólameistara og byggist á viðmiðunum sem settar verða í skólanámskrá og áfanga- og námsbrautarlýsingu framhaldsskóla. Menntamálaráðherra setur í aðalnámskrá nánari fyrirmæli um raunfærnimat.

Um 32. gr.

Þessi grein kemur í stað 15. gr. í gildandi lögum og eru hér lagðar til veigamiklar breytingar. Samkvæmt ákvæðinu skulu allir sem náð hafa 16 ára aldri eiga rétt á að hefja nám í framhaldsskóla. Þeir skulu jafnframt eiga rétt á því að stunda nám í framhaldsskóla til 18 ára

aldurs, þó að því gefnu að þeir hlýði almennum skólareglum. Hér er í reynd tryggð fræðsluskylda fyrir alla ólögráða nemendur sem felur í sér nýmæli.

Um 33. gr.

Þessi grein felur í sér nýmæli. Ákvæði um skólareglur og málsmeðferð hafa fram að þessu verið í almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla. Lagt er til að þessar reglur verði útfærðar í skólanámskrá og með því undirstrikað mikilvægi þess að skýr ákvæði gildi um réttindi og skyldur nemenda.

Um 34. gr.

Hér er fjallað um rétt fatlaðra til náms í framhaldsskólum, hliðstætt 19. gr. í gildandi lögum um framhaldsskóla. Ráðherra getur með samningi við skóla heimilað rekstur sérstakra námsbrauta fyrir nemendur með fatlanir en útfærsla þeirra yrði skv. 23. gr. um námsbrautir. Frá því að lög um framhaldsskóla, nr. 80/1996, tóku gildi, en þar var menntamálaráðherra heimilað að stofna sérstakar deildir við framhaldsskóla fyrir fatlaða nemendur, hefur þróun orðið sú að meiri hluti framhaldsskóla á Íslandi býður nú upp á sérstakar námsbrautir fyrir fatlaða nemendur. Svo til allir nemendur með skilgreindar fatlanir nýta sér lögbundinn rétt sinn til fjögurra ára náms í framhaldsskólum. Framhaldsskóli sem er fyrir alla, þarf einnig að taka aukið tillit til sérþarfa annarra nemenda, svo sem þeirra sem eiga erfitt með nám sökum sértækra námsörðugleika eða veikinda. Þörfum þessa nemendahóps má mæta á ýmsa vegu, t.d. í minni námshópum, eins og margir skólar hafa gert, sbr. skýrslu starfshóps um almenna námsbraut.

Að auki er vísað til úrlausna vegna nemenda með leshamlanir og þá er einnig nýmæli að mælt er fyrir um að í reglugerð sem menntamálaráðherra setur skuli kveðið á um rétt heyrnarlausra og heyrnarskertra nemenda til sérstakrar kennslu í íslensku táknmáli. Í gildandi lögum er heyrnarlausum nemendum einungis tryggður réttur til sérstakrar íslenskukennslu.

Um 35. gr.

Grein þessari er ætlað að koma í stað 20. gr. gildandi laga. Nýmæli er að hér er kveðið á um að kennsla í framhaldsskólum skuli fara fram á íslensku en slíkt ákvæði hefur ekki verið að finna í lögum eða reglugerðum um framhaldsskóla fyrr. Fjallað er um rétt þeirra sem eru með annað móðurmál en íslensku sem og þá sem hafa íslensku sem móðurmál en hafa verið búsettir erlendis árum saman. Þá er sama viðhorf hér og í frumvarpi til laga um grunnskóla að nemandi með annað móðurmál en íslensku geti fengið það metið, samkvæmt ákvörðun skólameistara. Í þessu ákvæði felst heimild til að kenna tilteknar greinar á erlendu tungumáli, enda leiði það af eðli náms, en þar er átt við m.a. tungumálanám og nám þar sem námskrá og námsbrautarlýsing miðar við sérstakar kvaðir. Á síðarnefnda ákvæðið t.d. við um flugnám. Þá er skólum heimilað að taka upp námsbraut á erlendu tungumáli fyrir þá nemendur sem falla undir ákvæðið, en slíkt er þá háð öðrum almennum skilyrðum sem lögin kveða á um í tengslum við framboð náms, svo sem staðfestingu ráðherra á námskrá og samningum milli viðkomandi framhaldsskóla og ráðuneytis.

Um 36. gr.

Þessi grein kemur í stað 13. gr. gildandi laga en gengur lengra í að skylda skólameistara til að koma á skipulegri heilsuvernd í samstarfi við hlutaðeigandi heilsugæslustöð. Þá er nýmæli að framhaldsskólar skulu tryggja að nemendum standi til boða heilnæmt fæði innan

veggja skólans. Einnig er nýtt það ákvæði að skólar skulu hvetja nemendur til heilbrigðs lífernis og heilsuræktar.

Mikilvægt er að ráðuneyti þau er fara með menntamál og heilbrigðismál komi sér saman um útfærslu þessa ákvæðis enda þörf á að þessari þjónustu sé sinnt bæði vegna aukinnar áherslu á forvarnir sem og þess að aukist hefur eftirspurn eftir ýmiss konar þjónustu með flóknari samsetningu nemendahópsins í skólunum.

Um 37. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 14. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa. Heldur fastar er þó kveðið að þeirri skyldu að hafa sérmenntað fólk starfandi við ráðgjöf.

Um 38. gr.

Þetta er nýmæli og tryggir að upplýsingar um nám nemenda séu varðveittar án tilgreindra tímamarka. Jafnframt er hér kveðið á um að nemendur hafi aðgang að upplýsingum um eigið nám og er það í samræmi við meginreglu laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000. Hvers kyns afhending upplýsinga til annarra en nemandans sjálfs telst vera tilkynningarskyld upplýsingavinnsla og þarf að styðjast við heimild og löglegan tilgang skv. II. kafla laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Því er lagt til að um slíka upplýsingagjöf fari eftir reglugerð settri skv. 55. gr. frumvarpsins og reglum settum samkvæmt þeirri grein.

Um 39. gr.

Ákvæðið er sambærilegt við 10. gr. gildandi laga en talsvert breytt. Meginbreyting er að hér er lagt til að nemendafélög starfi á ábyrgð skóla. Gagnrýnt hefur verið að ábyrgð skóla á starfi nemendafélaga hefur verið á reiki, einkum eftir að sjálfræðisaldur var hækkaður úr 16 árum í 18 ár. Þá er gert ráð fyrir að skólar geti styrkt nemendafélög fjárhagslega.

Um 40. gr.

Í grein þessari eru sett fram skýr markmið um mat og eftirlit með gæðum skólastarfs í framhaldsskólum. Markvisst mat og eftirlit er mikilvægur þáttur í frumvarpi þessu sem kveður á um aukið faglegt og stjórnunarlegt sjálfstæði framhaldsskóla miðað við gildandi lög.

Um 41. gr.

Ákvæði þessarar greinar koma í stað 23. gr. gildandi laga. Skólum ber að tryggja þátttöku starfsmanna og nemenda í innra gæðastarfi og birta upplýsingar um innra matið, framkvæmd þess, árangur og áætlanir um umbætur.

Um 42. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir mun ítarlegra eftirliti ráðuneytisins með starfi framhaldsskóla en í gildandi lögum. Ekki er eingöngu gert ráð fyrir því að sjálfsmatsaðferðir skólanna sæti úttekt (sbr. 23. gr. gildandi laga) heldur er gert ráð fyrir því að matið geti náð til skólastarfsins í heild eða skilgreindra þátta í starfsemi þeirra. Þá er gert ráð fyrir því að viss framkvæmdaratriði matsins verði í lögum, svo sem um að niðurstöður mats skuli birta opinberlega svo og viðbrögð skóla við niðurstöðunum. Rétt er að ítreka þá augljósu skyldu ráðuneytisins til að fylgja eftir niðurstöðum ytra mats og styðja skóla í umbótastarfi í sam-

ræmi við niðurstöðurnar, þó að hún sé ekki lögbundin. Með því að binda þessi ákvæði í lög er undirstrikað mikilvægi mats og eftirlits með gæðum í skólastarfi. Loks er kveðið á um að ytra mat nái einvörðungu til skóla sem hljóta fjárveitingar á fjárlögum og eru undir samningi við menntamálaráðuneytið.

Um 43. gr.

Í þessari grein er fjallað um skyldur ríkissjóðs til greiðslu rekstrarkostnaðar framhaldsskóla og kveðið á um að framlög til rekstrar ráðist af reiknireglu sem ráðherra setur með reglugerð. Ákvæðið er hliðstætt ákvæði sama efnis í 39. gr. gildandi laga. Í 3. mgr. er að finna nýmæli sem tekur til kostnaðar nemenda sem stunda einingafært nám utan framhaldsskóla. Í ákvæðinu felst sú meginregla að slíkt nám er á kostnað nemanda nema það sé metið sem hluti af skipulagðri námsbraut sem menntamálaráðherra hafi viðurkennt. Gert er ráð fyrir að kostnaðarþátttaka framhaldsskóla verði á grundvelli samkomulags við hlutaðeigandi skóla, t.d. tónlistarskóla, og að fjallað sé um slíkt nám í samningi milli ráðuneytis og hlutaðeigandi skóla, sbr. 44. gr.

Um 44. gr.

Ákvæðið felur í sér nýmæli en ákvæði um rekstrarsamninga ráðuneytisins við framhaldsskóla er að finna í 39. gr. gildandi laga. Greinin geymir mun ítarlegri ákvæði um inntak samninga en er að finna í gildandi lögum. Þannig er nýmæli að samið skuli um helstu áherslur í starfsemi skólans, námskrár, námsframboð, kennslufyrirkomulag og mat og eftirlit með gæðum. Þá er nýmæli í lögum að farið skuli yfir framkvæmd samninga árlega og gildandi samningar endurskoðaðir, ef samningsaðilar telja ástæðu til. Talið er mikilvægt fyrir stöðu nemenda að í samningi komi fram ákvæði um réttarstöðu nemenda, nemendafjölda, gjaldtöku af nemendum og greiðslur fyrir aðra þjónustu sem veitt er á grundvelli samningsins. Þessi nýja umgjörð skólasamninga er liður í að skapa umgjörð fyrir samræðu ráðuneytis og skóla og gera eftirlit ráðuneytisins skilvirkara og samstarf við skóla um þau mál betra.

Um 45. gr.

Grein þessi kemur í stað hluta 7. gr. í gildandi lögum og mælir fyrir um þau gjöld sem nemendum framhaldsskóla er gert að greiða. Sú breyting er lögð til að upphæð gjalda skuli birt í reglugerð sem ráðherra gefur út. Ekki þarf þá lagabreytingu til að endurskoða upphæð nemendagjalda eins og nú er.

Undirstrikað er að megintilgangur þessarar greinar er að skýra gjaldtökuheimildir framhaldsskóla og breyta fyrirkomulagi varðandi það hvernig farið skuli með ákvarðanir um gjaldtöku, jafnframt því sem greinin gefur færi á því að ráðherra afmarki nánar í reglugerð heimildir til gjaldtöku.

Um 46. gr.

Þessi grein er að mestu samhljóða 40. gr. gildandi laga en hefur að geyma það nýmæli að skilgreina skuli sérgreindan kostnað í reglugerð og að skólameistara sé heimilað að fela öðrum að annast daglega umsýslu og rekstur heimavistar.

Um 47. gr.

Efni þessarar greinar er sambærilegt 37. gr. gildandi laga. Nýmæli er að gert er ráð fyrir að ríkið geti gert samning um stofnkostnað við aðra aðila en sveitarfélög.

Um 48. gr.

Fyrsta málsgrein er ný og veitir menntamálaráðherra heimild til að fela aðilum að sjá um viðhald skólahúsnæðis. Ef slíkur samningur liggur ekki fyrir eru fjárheimildir til slíks settar í fjárlög.

2. mgr. er efnislega óbreytt 38. gr. nema heldur skýrar er að orði kveðið um framgang mála.

3. mgr. er óbreytt 37. gr. núverandi laga.

Um 49. gr.

Hér er um að ræða ákvæði sem er efnislega samhljóða 4. mgr. 7. gr. gildandi laga. Um er að ræða staðfestingu á skipulagsskrá samkvæmt lögum nr. 19/1988, um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Um 50. gr.

Þetta er nýmæli í lögum. Foreldraráð eru talin mikilvægur tengill milli skólans og forráðamanna ólögráða nemenda. Sem dæmi um markmið slíks ráðs eru:

- Að vera samráðs- og samstarfsvettvangur foreldra/forráðamanna.
- Að stuðla að aukinni vitund foreldra/forráðamanna um forsjárskyldur sínar og þekkingu þeirra á réttindum og skyldum sínum og barna þeirra.
- Að vera bakhjarl skólans og auka áhrif foreldra/forráðamanna sem hagsmunahóps um bættan hag og stöðu skólans.
- Að hvetja til aukins stuðnings, aðhalds og hvatningar foreldra/forráðamanna við börn sín og nám þeirra. Að koma á og tryggja öflugt og gott samstarf foreldra/forráðamanna, nemenda og starfsfólks skólans.

Í öllu falli er ljóst að með þeim breytingum sem orðnar eru á þjónustu og starfsumhverfi framhaldsskóla þá eru sterk rök til þess að slík ráð séu stofnuð. Margnefnd breyting á sjálfræðisaldri er hér augljós hluti umræðunnar. Þrýstingur hefur verið á slíkt en hér með er slíkt ráð lögbundið og því ekki einungis lagt í hendur áhugasamra forráðamanna.

Um 51. gr.

Þessi grein er nýmæli og er í samræmi við lög um námsgögn, nr. 71/2007. Verklagsreglur og fjárhæðir er eftir að útfæra. Þetta er í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 23. maí 2007.

Um 52. gr.

Þessi grein er óbreytt 44. gr. núverandi laga, nema felld var út setning um að fjárframlög til tilraunastarfs af þessu tagi fari samkvæmt ákvörðun Alþingis. Þar með getur menntamálaráðherra veitt slíkt leyfi. Rétt þykir að gera ráð fyrir að skólar geti borið fram óskir um að gera tilraunir með nýjungar í skólastarfi sem verði að víkja frá ákvæðum laga og reglugerða. Með ákvæðum greinar þessarar er menntamálaráðherra veitt heimild til að veita slíkar undanþágur en jafnframt sett takmörk varðandi tímalengd og kveðið á um að ávallt skuli fara fram úttekt á slíkum tilraunum að þeim loknum.

Um 53. gr.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir því að Þróunarsjóður framhaldsskóla verði áfram í fjárlögum en undir nýju nafni Sprotasjóðs sem verði einn sjóður fyrir öll þrjú skólastigin, leik-, grunn- og framhaldsskóla, og verði í umsjón menntamálaráðuneytis. Gert er ráð fyrir að sjóðurinn fái víðtækara hlutverk en samkvæmt núverandi lögum, þ.e. að styðja við innleiðingu nýjunga í skólastarfi í samræmi við stefnu stjórnvalda og stuðla að markvissum tengslum leik,- grunn- og framhaldsskóla. Auk þess fái sjóðurinn það hlutverk að styðja námskeiðahald vegna nýjunga í skólastarfi í tengslum við stefnu stjórnvalda og nýrra ákvæða í aðalnámskrá. Með því móti getur menntamálaráðuneyti veitt stuðning við innleiðingu nýrrar stefnu með markvissari hætti en verið hefur.

Samhljóða ákvæði um skólaþróunarsjóði er einnig í frumvarpi til laga um leikskóla og grunnskóla. Æskilegt er að auka tengsl milli þróunarsjóða fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla til að ná því markmiði sjóðsins að stuðla að aukinni samfellu og tengslum skólastiga. Til þess að einfalda framkvæmd og gera ráðstöfun þeirra fjármuna sem ráðstafað er í fjárlögum markvissari er lagt til að menntamálaráðuneytið geti í reglugerð ákveðið að sjóðurinn verði sameinaður skólaþróunarsjóðum á öðrum skólastigum og verði vistaður hjá stofnun á vegum ráðuneytisins eftir því sem henta þykir og með hliðsjón af markmiðum og tilgangi sjóðsins.

Um 54. gr.

Þessi grein er nýmæli en framhaldsskólar hafa engu að síður verið í samstarfi svipuðu því sem hér er fjallað um. Mikilvægt er að setja ramma utan um þennan mikilvæga þátt náms og kennslu enda fer nokkurt fjármagn í þennan málaflokk þegar. Með þessari grein er jafnframt hægt að fara að setja reglur um símenntun og yfirfærslugildi endurmenntunar utan skólanna yfir á nám innan skólanna.

Um 55. gr.

Þessi grein er nýmæli en framhaldsskólar hafa skilað upplýsingum á grundvelli samninga sem við þá eru gerðir. Þess verður að gæta í lagasetningunni að ráðuneytið eigi greiðan aðgang að þeim upplýsingum sem það þarf um leið og sjónarmiða stjórnsýslulaga og laga um persónuvernd sé að fullu gætt. Annars vegar er gerður greinarmunur á upplýsingum sem menntamálaráðuneytið aflar, varðveitir og ber ábyrgð á og því eru nauðsynlegar til að rækja mats- og eftirlitshlutverk sitt og hins vegar persónuupplýsingum sem skólar safna um einstaka nemendur, en meðferð slíkra upplýsinga er á ábyrgð stjórnenda hlutaðeigandi skóla, sbr. 38. gr. Ekki er lagt til að ráðuneytið varðveiti eða miðli slíkum upplýsingum.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir fjöldavinnslu upplýsinga um nemendur. Slík vinnsla er ávallt tilkynningarskyld til Persónuverndar í samræmi við II. kafla laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að menntamálaráðherra setji annars vegar í reglugerð nánari fyrirmæli um upplýsingaskyldu framhaldsskóla um skólahald og aðra kerfisbundna skráningu skóla og hins vegar meðferð upplýsinga um námsferil nemenda eða aðrar persónuupplýsingar. Ástæða þykir að mæla fyrir um þetta efni í reglugerð svo tryggt verði að öll vinnsla persónuupplýsinga varðandi nemendur, námsferil þeirra og einkahagi standist meginreglur II. kafla laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Um 56. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa. Þessi grein er 46. gr. núverandi laga og er efnislega óbreytt.

Um 57. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í ljósi þess hversu umfangsmiklar breytingar eru fram undan þykir mikilvægt að skólar fái aðlögunartíma. Þrjú ár eru talin hæfileg enda hefjist menn handa þegar lögin hafa verið sett. Skólar sem kunna að vera fyrri til geta þá tekið til starfa samkvæmt nýjum lögum fyrr.

Þeir skólar sem nú starfa og eru í samstarfi við menntamálaráðuneytið og/eða njóta fjármagns þaðan munu þurfa að sækja um viðurkenningu.

Ákvæði III þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um framhaldsskóla.

Markmiðið með frumvarpinu er að styrkja framhaldsskólastigið og auka samræmi í uppbyggingu þess og tengsl við önnur skólastig, en samhliða frumvarpi þessu eru lögð fyrir Alþingi frumvarp um leikskóla og frumvarp um grunnskóla. Í frumvarpinu er meðal annars kveðið á um að fræðsluskylda verði til 18 ára aldurs, aukinn sveigjanleiki í námsframboði, námsleiðum fjölgað, námsframboð aukið, dregið verði úr miðstýringu á námsframboði og í námskrárgerð, starfsþjálfun í tengslum við verknám og aukinn sveigjanleiki til að klára stúdentspróf á skemmri tíma en nú er gert ráð fyrir.

Ýmis atriði í frumvarpinu kunna að hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð. Taka skal fram að í ýmsum atriðum frumvarpsins er mjög erfitt að sjá nákvæmlega fyrir um hugsanlegan kostnað. Eftirfarandi kostnaðartölur byggjast á mati og forsendum frá menntamálaráðuneytinu. Allar tölur eiga við um heilt námsár. Í fyrsta lagi ber að nefna aukið námsframboð í formi almennrar brautar til að draga úr brottfalli og mæta kröfu um fræðsluskyldu til 18 ára aldurs. Aukinn rekstrarkostnaður við slíka braut er talinn vera allt að 500 m.kr. Þar að auki er áætlað að kostnaður vegna stoðþjónustu við almenna braut muni auka útgjöld um allt að 120 m.kr. Stór hluti þessara auknu útgjalda mun felast í aukinni náms- og starfsráðgjöf við nemendur, en aukið námsframboð og markmið um minna brottfall knýr á um aukna þjónustu á þessu sviði. Í öðru lagi mun kostnaður við nemendafjölgun vegna fræðsluskyldu til 18 ára aldurs nema allt að 500 m.kr. En þar er miðað við að líta megi á framhaldsskólapróf sem lengingu almennrar brautar úr tveimur önnum í fjórar sem tvöfaldar fjölda nemenda á almennri braut, miðað við forsendur fjárlagafrumvarps 2008. Í þriðja lagi er reiknað með að fjölgun vinnudaga í skólaári um 5 daga muni kosta allt að 350 m.kr. En skólaárið fer þá úr 175 dögum í 180 daga. Í fjórða lagi er reiknað með að umsýslukostnaður skólanna vegna starfsþjálfunar nemenda í verknámi geti numið allt að 200 m.kr. En í forsendum fyrirliggjandi fjárlagafrumvarps er reiknað með að ársnemendur í verklegum áföngum verði 1.845

talsins. Í fimmta lagi reiknar menntamálaráðuneytið með því að breytingar yfir í nýtt námseiningakerfi og færsla við gerð námsbrautalýsinga úr menntamálaráðuneytinu yfir í framhaldsskólana geti kostað allt að 80 m.kr. að frádregnum fjárheimildum í frumvarpi 2008. Þar að baki liggur áætlun um 10–15 stöðugildi í framhaldsskólunum. Áætlað er að útgjöld við nýtt námseiningakerfi og yfirfærslu á gerð námsbrautalýsinga verði tímabundin til ársins 2011. Taka skal fram að kostnaðarmatið miðar við að framhaldsskólarnir velji að gera umtalsverðar breytingar á námsbrautalýsingum sínum. Í sjötta lagi er áætlað að aukið eftirlit og úttektir muni kosta allt að 21 m.kr., 10–14 m.kr. vegna ytri úttekta og eitt nýtt stöðugildi hjá menntamálaráðuneytinu. Í sjöunda og síðasta lagi er áætlað að kostnaður vegna vinnu innan menntamálaráðuneytisins við staðfestingar á námsbrautum sem framhaldsskólarnir setji sér nemi allt að 7 m.kr. og er þar reiknað með einu nýju stöðugildi.

Samantekið reiknar menntamálaráðuneytið með því að aukinn árlegur kostnaður vegna frumvarpsins verði á bilinu 1.310 til 1.780 m.kr. og þar af eru 1.270 til 1.700 m.kr. varanleg útgjaldaaukning. Þar sem áætlað er að lögin taki gildi 1. ágúst 2008 er reiknað með að um 50 m.kr. falli til á næsta ári. Á móti er ekki búið að reikna með sparnaði við það að nemendur kynnu að nýta sér möguleika við að ljúka stúdentsprófi á skemmri tíma miðað við það sem algengt er í dag. Fjármálaráðuneytið hefur ekki forsendur til meta þann sparnað. Eins og fyrr sagði eru margir óvissuþættir í kostnaðarmatinu og í sumum tilvikum er það talsvert matsatriði hvort þættir eins og t.d. færsla námsbrautalýsinga þurfi að leiða af sér umtalsverða útgjaldaaukningu.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2008 er ekki gert ráð fyrir auknum fjárveitingum til að standa straum af kostnaði sem hlýst af þessu frumvarpi.

Vakin er athygli á því að samþykkt ríkisstjórnarinnar um meðferð mála við 2. umræðu fjárlagafrumvarps gerir ráð fyrir að með frumvörpum, sem leiða til aukinna útgjalda, skuli fylgja tillögur um hvernig dregið verði úr öðrum útgjöldum á móti til að útgjaldarammi raskist ekki. Tillögur um slíkar mótvægisráðstafanir vegna þessa frumvarps liggja ekki fyrir af hálfu menntamálaráðuneytisins.

321. Frumvarp til laga [287. mál]

um leikskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

I. KAFLI
Gildissvið og markmið.

1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi taka til starfsemi leikskóla. Leikskólinn er fyrsta skólastigið í skólakerfinu og er fyrir börn undir skólaskyldualdri. Leikskóli annast að ósk foreldra uppeldi og menntun barna á leikskólaaldri í samræmi við lög þessi.

Foreldrar samkvæmt lögum þessum teljast þeir sem fara með forsjá barns í skilningi barnalaga.

2. gr.
Markmið.

Í leikskólum skal velferð og hagur barna hafður að leiðarljósi í öllu starfi. Veita skal börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Stuðla skal að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta.

Meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskóla skulu vera:

a. að fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra,
b. að hlúa að börnum andlega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar,
c. að stuðla að umburðarlyndi og víðsýni barna og efla siðferðisvitund þeirra,
d. að leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun,
e. að rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta.

II. KAFLI
Stjórnskipan leikskóla.

3. gr.
Yfirstjórn.

Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi taka til, að öðru leyti en varðar byggingu og rekstur leikskóla, sbr. IX. kafla. Ráðherra gætir þess að farið sé eftir ákvæðum sem lög þessi og reglugerð með þeim mæla fyrir um, sbr. V. kafla.

Ráðherra gerir Alþingi grein fyrir framkvæmd skólastarfs í leikskólum landsins á þriggja ára fresti.

4. gr.
Sveitarfélög.

Sveitarfélög bera ábyrgð á starfsemi leikskóla. Sveitarfélög hafa forustu um að tryggja börnum leikskóladvöl og bera ábyrgð á heildarskipan skólahalds í leikskólum sveitarfélags, þróun einstakra leikskóla, húsnæði og búnaði leikskóla, sérúrræðum leikskóla, sérfræðiþjónustu, mati og eftirliti, öflun og miðlun upplýsinga og á framkvæmd leikskólastarfs í sveitarfélagi. Sveitarfélög setja almenna stefnu um leikskólahald í sveitarfélagi og kynna fyrir íbúum þess.

Nefnd, kjörin af sveitarstjórn, fer með málefni leikskóla í umboði sveitarstjórnar. Leikskólastjórar, leikskólakennarar og foreldrar í sveitarfélagi kjósa hver úr sínum hópi aðal- og varamann til setu á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt.

5. gr.
Leikskólastjóri.

Við leikskóla skal vera leikskólastjóri sem stjórnar starfi hans í umboði rekstraraðila. Leikskólastjóri stjórnar daglegum rekstri og starfi leikskóla og gætir þess að leikskólastarf sé í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá leikskóla, skólanámskrá og önnur gildandi fyrirmæli.

Leikskólastjóri gerir rekstraraðila og sveitarstjórn grein fyrir starfsemi leikskóla í ársskýrslu.

III. KAFLI
Starfslið leikskóla.

6. gr.
Starfslið.

Um ráðningu leikskólastjóra og starfsliðs leikskóla fer eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaga og nánari fyrirmælum í samþykkt um stjórn sveitarfélags eftir því sem við á.

Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og leikskólakennari skulu hafa menntun leikskólakennara, sbr. lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Kveða má á um leiðbeiningar- og stjórnunarhlutverk leikskólakennara gagnvart öðru starfsliði leikskóla í reglugerð.

Óheimilt er að ráða til starfa við leikskóla einstakling sem hlotið hefur refsidóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Við ráðningu skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild leikskólastjóra til að afla upplýsinga úr sakaskrá.

7. gr.
Þagnarskylda.

Starfslið leikskóla skal gæta fyllstu þagmælsku um hagi barna og foreldra þeirra, sem það fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna og eðli máls. Þagnarskylda helst þótt viðkomandi láti af störfum.

Þagnarskylda starfsliðs leikskóla nær ekki til atvika sem ber að tilkynna um lögum samkvæmt. Skal leikskólastjóri brýna skyldur þessar fyrir starfsliði og sérstaklega tilkynningarskyldu þess samkvæmt barnaverndarlögum.

8. gr.
Símenntun.

Að frumkvæði leikskólastjóra skal móta áætlun um hvernig símenntun starfsliðs skuli hagað svo að hún sé í sem bestu samræmi við áherslur leikskóla, sveitarfélags og skólanámskrár.

Leikskólastjórar og leikskólakennarar skulu samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar og eftir því sem kann að vera mælt fyrir um í kjarasamningum eiga kost á símenntun í þeim tilgangi að efla starfshæfni sína, kynnast nýjungum í leikskóla- og uppeldismálum og njóta stuðnings við nýbreytni- og þróunarstörf.

IV. KAFLI
Foreldrar og foreldraráð.

9. gr.
Foreldrar.

Foreldrar leikskólabarna skulu gæta hagsmuna barna sinna. Þeir skulu hafa náið samráð við starfslið leikskóla og fylgjast með skólagöngu barna sinna. Þeim er skylt að veita þær upplýsingar sem kunna að skipta máli fyrir skólastarfið og velferð barna. Foreldrar skulu jafnframt eiga rétt á upplýsingum um skólastarfið og stöðu barna sinna.

Eigi í hlut foreldrar sem tala ekki íslensku eða nota táknmál skal skóli leitast við að tryggja þeim túlkun á upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna samskipta foreldra og skóla samkvæmt þessari grein.

10. gr.

Samstarf foreldra og starfsliðs.

Leikskólastjóri skal stuðla að samstarfi milli foreldra og starfsliðs leikskóla með velferð barna að markmiði. Sé óskað eftir stofnun foreldrafélags skal leikskólastjóri aðstoða við stofnun þess.

11. gr.

Foreldraráð.

Kjósa skal foreldraráð við leikskóla og skal leikskólastjóri hafa frumkvæði að kosningu í ráðið. Í foreldraráði sitja að lágmarki þrír foreldrar. Skal kosning til foreldraráðs fara fram í september á ári hverju og skal kosið til eins árs í senn. Foreldraráð setur sér starfsreglur. Leikskólastjóra ber að starfa með foreldraráði. Leikskólastjóri getur sótt um undanþágu til sveitarfélags um stofnun foreldraráðs ef gildar ástæður eru fyrir hendi, svo sem vegna fámennis í leikskóla.

Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

V. KAFLI
Skólahúsnæði og aðstaða í leikskólum.

12. gr.

Húsnæði og fjöldi barna í leikskóla.

Gerð leikskólahúsnæðis skal taka mið af þörfum barna og þeirri starfsemi sem fram fer í leikskóla. Leggja skal áherslu á öruggt og rúmgott náms- og starfsumhverfi. Húsnæði og allur aðbúnaður skal taka mið af því að tryggja öryggi og vellíðan barna, svo sem hvað varðar húsbúnað, hljóðvist, lýsingu og loftræstingu. Gert skal sérstaklega ráð fyrir rými fyrir sérfræðiþjónustu vegna barna með sérþarfir og vinnuaðstöðu starfsfólks.

Við ákvörðun fjölda barna í leikskóla skal m.a. tekið tillit til aldursdreifingar barna og sérþarfa, lengdar dvalartíma þeirra, stærðar leik- og kennslurýmis og samsetningar starfsmannahóps.

Ráðherra setur reglugerð um starfsumhverfi leikskóla í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Í reglugerðinni skal m.a. kveðið á um öryggi barna og slysavarnir, um lágmarkskröfur til húsnæðis og aðbúnaðar barna og starfsliðs, um lengd daglegs dvalartíma barna og um aðstöðu vegna þjónustu við börn með sérþarfir.

VI. KAFLI
Námskrár og samstarf skólastiga.

13. gr.

Aðalnámskrá.

Ráðherra setur leikskólum aðalnámskrá sem er endurskoðuð reglulega. Í henni koma fram helstu markmið leikskólastarfs og uppeldis- og menntunarhlutverk leikskóla, sbr. 2. gr. Í aðalnámskrá skal m.a. leggja áherslu á gildi leiks í öllu leikskólastarfi. Einnig skal fjallað um markmið fyrir námssvið leikskólans, foreldrasamstarf, þróunarstarf, mat á leikskólastarfi og tengsl leikskóla og grunnskóla. Í aðalnámskrá skal skilgreina hæfniþætti á námssviði leikskólans í samræmi við aldur og þroska barna.

Auglýsing um gildistöku aðalnámskrár leikskóla skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.

14. gr.
Skólanámskrá og starfsáætlun.

Í hverjum leikskóla skal gefa út skólanámskrá og er leikskólastjóri ábyrgur fyrir gerð hennar. Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá leikskóla og felur í sér uppeldis- og námsáætlun leikskóla þar sem markmið eru sett og skilgreindar leiðir að þeim markmiðum. Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu skóla og skólastefnu viðkomandi sveitarfélags. Skólanámskrá skal endurskoða reglulega.

Leikskólastjóra er heimilt að gefa út sérstaka starfsáætlun árlega. Í starfsáætlun er gerð grein fyrir árlegri starfsemi leikskóla, svo sem skóladagatali og öðru því sem varðar starfsemi leikskólans.

Skólanámskrá og starfsáætlun skulu staðfestar af nefnd skv. 2. mgr. 4. gr., að fenginni umsögn foreldraráðs, og skulu þær kynntar foreldrum.

15. gr.
Sprotasjóður skóla.

Sprotasjóður styður við þróun og nýjungar í skólastarfi í samræmi við stefnu stjórnvalda og aðalnámskrá leikskóla. Til sjóðsins renna fjármunir sem veittir eru í fjárlögum hverju sinni. Menntamálaráðuneyti hefur umsjón með sjóðnum og setur reglugerð um styrkveitingar. Sjóðurinn er sameiginlegur fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Í reglugerð er heimilt að fela stofnun á vegum ráðuneytisins eða öðrum þar til bærum aðila umsjón með sjóðnum og að annast úthlutanir úr honum.

16. gr.
Tengsl leikskóla og grunnskóla.

Sveitarstjórn skal leitast við að koma á gagnvirku samstarfi leikskóla og grunnskóla. Í skólanámskrá skal gera grein fyrir samstarfi milli leikskóla og grunnskóla og hvernig skuli standa að færslu og aðlögun barna milli skólastiga.

Persónuupplýsingar, sem fyrir liggja um hvert einstakt barn í leikskóla og að gagni geta komið fyrir velferð og aðlögun þess í grunnskóla, skulu fylgja barninu, enda sé krafist fullrar þagnarskyldu og málsmeðferðar í samræmi við gildandi lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Foreldrum skal gerð grein fyrir þessari upplýsingamiðlun. Meðferð upplýsinga skal vera á hendi leikskólastjóra eða annarra sérfræðinga á vegum sveitarfélagsins samkvæmt nánari ákvörðun þess.

Ráðherra setur reglugerð um skil og miðlun upplýsinga milli leik- og grunnskóla þar sem m.a. skal kveðið á um hvaða upplýsingar falla undir grein þessa, um meðferð þeirra og um stöðu og rétt foreldra til aðgangs að upplýsingum sem varða börn þeirra.

VII. KAFLI
Mat og eftirlit með gæðum leikskólastarfs.

17. gr.
Markmið.

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum er að:

a. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsliðs leikskóla, viðtökuskóla og foreldra,

b. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla,
c. auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum,
d. tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

18. gr.

Innra mat.

Hver leikskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 17. gr. með virkri þátttöku starfsmanna og foreldra eftir því sem við á.

Leikskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

19. gr.

Ytra mat sveitarfélaga.

Sveitarfélög sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs og láta árlega ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur.

Sveitarfélög skulu leitast við að fylgja eftir innra og ytra mati þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi.

20. gr.

Ytra mat menntamálaráðuneytis.

Menntamálaráðuneyti annast greiningu og miðlun upplýsinga um starf leikskóla á grundvelli upplýsinga frá sveitarfélögum skv. 19. gr. og með sjálfstæðri gagnaöflun.

Menntamálaráðuneyti gerir áætlun til þriggja ára um kannanir og úttektir sem miða að því að veita upplýsingar um framkvæmd laga þessara, aðalnámskrár leikskóla og aðra þætti skólastarfs.

Ráðherra setur reglugerð um innra og ytra mat og upplýsingaskyldu sveitarfélaga að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

VIII. KAFLI
Sérfræðiþjónusta og stoðkerfi leikskóla.

21. gr.

Skipulag sérfræðiþjónustu.

Á vegum sveitarfélaga skal rekin sérfræðiþjónusta fyrir leikskóla. Í sérfræðiþjónustu felst annars vegar stuðningur við leikskólabörn og fjölskyldur þeirra og hins vegar stuðningur við starfsemi leikskóla og starfslið þeirra. Sveitarfélög ákveða fyrirkomulag sérfræðiþjónustu en skulu stuðla að því að hún geti farið fram innan leikskóla.

Sérfræðiþjónusta fyrir leikskóla getur verið rekin sameiginlega með sérfræðiþjónustu grunnskóla. Þá geta sveitarfélög sameinast um slíkan rekstur eða gert þjónustusamninga við önnur sveitarfélög, stofnanir eða aðila sem veita þá þjónustu sem þörf er fyrir hverju sinni.

Ráðherra setur reglugerð um sérfræðiþjónustu leikskóla í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

22. gr.

Framkvæmd sérfræðiþjónustu.

Börn sem þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun, að mati viðurkenndra greiningaraðila, eiga rétt á slíkri þjónustu. Þjónusta þessi skal fara fram undir handleiðslu sérfræðinga.

Leikskólastjóri skal samræma störf þeirra sem sjá um málefni einstakra barna skv. 21. gr. og eiga samráð við foreldra og félagsþjónustu sveitarfélags eftir því sem þurfa þykir.

Við framkvæmd sérfræðiþjónustu skulu sveitarfélög leggja áherslu á góð tengsl leikskóla og grunnskóla með samfellu í skólastarfi að leiðarljósi.

23. gr.

Sérfræðingar í skólamálum.

Á vegum sveitarfélaga skulu starfa sérfræðingar í skólamálum er veita leikskólum ráðgjöf og stuðning við nýbreytni og skólaþróun. Þeir sinna einnig eftirliti með starfsemi leikskóla og stuðla að samstarfi þeirra innbyrðis og milli skólastiga.

IX. KAFLI

Stofnun og rekstur leikskóla.

24. gr.

Tilkynningar.

Sveitarstjórn skal tilkynna menntamálaráðuneytinu þegar það stofnar nýjan leikskóla og rekstri leikskóla er hætt.

25. gr.

Leyfi til reksturs leikskóla.

Sveitarstjórn getur leyft öðrum aðilum að byggja og reka leikskóla í formi sjálfseignarstofnunar, hlutafélags eða samkvæmt öðru viðurkenndu rekstrarformi. Heimilt er að binda leyfi sveitarfélags við ákveðinn hámarksfjölda barna. Um slíka leikskóla gilda sömu lög og reglur og um aðra leikskóla samkvæmt lögum þessum eftir því sem við á. Þar á meðal skal af hálfu viðkomandi skóla fylgt ákvæðum stjórnsýslulaga við töku ákvarðana sem kæranlegar eru skv. 29. gr. laga þessara. Það á þó ekki við um ákvarðanir um gjaldtöku. Sveitarfélög skulu setja sér reglur um veitingu rekstrarleyfa. Skulu þær birtar opinberlega og vera aðgengilegar íbúum sveitarfélags.

Í rekstrarleyfi skal skýrt kveðið á um réttindi og skyldur rekstraraðila samkvæmt lögum þessum. Í rekstrarleyfi skal sérstaklega fjallað um þagnarskyldu starfsliðs, sbr. 7. gr., um húsnæði og fjölda barna, sbr. 12. gr., og um gerð skólanámskrár, sbr. 14. gr., um skyldur rekstraraðila til þess meta með reglubundnum hætti árangur og gæði skólastarfsins, sbr. 18. gr., láta sveitarstjórn í té gögn og upplýsingar vegna eftirlits, sbr. 19. gr., og um skipulag og framkvæmd sérfræðiþjónustu, sbr. 21. og 22. gr.

Sveitarstjórn skal tilkynna menntamálaráðuneytinu um veitingu rekstrarleyfis sem og ef rekstrarleyfi fellur úr gildi.

26. gr.

Leikskóladvöl.

Sveitarstjórn er heimilt að setja reglur um innritun í leikskóla í sveitarfélaginu, enda njóti viðkomandi leikskóli framlags úr sveitarsjóði. Þessar reglur eru annars vegar settar með tilliti

til aðstæðna barna og foreldra og hins vegar með tilliti til aðstæðna í leikskólum sveitarfélagsins.

Reglur sveitarstjórnar samkvæmt þessari grein skulu birtar opinberlega og vera aðgengilegar íbúum sveitarfélagsins.

27. gr.

Gjaldtaka.

Sveitarstjórnum er heimilt að ákveða gjaldtöku fyrir barn í leikskóla. Gjaldtaka fyrir hvert barn má þó ekki nema hærri fjárhæð en nemur meðalraunkostnaði við dvöl hvers leikskólabarns í leikskólum á vegum sveitarfélagsins.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til leikskóla sem fengið hafa rekstrarleyfi skv. 25. gr.

28. gr.

Samrekstur skóla.

Sveitarfélögum, tveimur eða fleiri, er heimilt að hafa með sér samvinnu um rekstur leikskóla, sbr. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga. Í samningi sveitarfélaga skal kveðið á um hvernig fari með hlutverk nefndar skv. 2. mgr. 4. gr. Velji sveitarfélög að reka saman leikskóla í formi byggðasamlags, sbr. 82. gr. sveitarstjórnarlaga, fer stjórn byggðasamlags með verkefni nefndar skv. 2. mgr. 4. gr. nema stofnuð sé sérstök nefnd til að fara með það hlutverk á vegum byggðasamlagsins. Ákvæði um slíkt fyrirkomulag skulu sett í samning um stofnun byggðasamlags.

Hafi sveitarfélög með sér samstarf um skólahald á leikskólastigi með þeim hætti að börn úr tilteknu sveitarfélagi sæki leikskóla sem rekinn er af öðru sveitarfélagi fer um samninga milli sveitarfélaga eftir 5. gr. grunnskólalaga. Sæki hluti barna úr sveitarfélagi leikskóla í öðru sveitarfélagi á þeim grundvelli er viðkomandi sveitarfélögum heimilt að kveða svo á í samþykktum um stjórn sveitarfélaganna að í nefnd skv. 2. mgr. 4. gr. viðtökusveitarfélags eigi sæti, með málfrelsi og tillögurétt, fulltrúi sem kjörinn er af sveitarstjórn þess sveitarfélags þar sem umrædd börn eiga lögheimili.

Sveitarfélögum er heimilt að reka saman leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla undir stjórn eins skólastjóra að fenginni umsögn nefndar skv. 2. mgr. 4. gr. Skal stjórnandi slíkrar stofnunar hafa leyfisbréf til kennslu á leik- og/eða grunnskólastigi. Ákvæði þetta gildir einnig um skóla sem reknir eru á grundvelli 1. mgr.

Hinn samrekni skóli starfar að öðru leyti samkvæmt lögum um viðkomandi skólastig.

29. gr.

Þróunarleikskólar.

Ráðherra getur veitt sveitarfélögum og sjálfstætt reknum leikskólum heimild til að reka þróunarleikskóla eða gera tilraunir með ákveðna þætti skólastarfs með undanþágu frá ákvæðum laga þessara, reglugerða settra á grundvelli þeirra og aðalnámskrár leikskóla. Slíkum tilraunum skulu ávallt sett eðlileg tímamörk og kveðið á um úttekt að tilraun lokinni.

Heimilt er að styrkja þróunarleikskóla og sérstakar nýjungar eftir því sem fjárlög heimila hverju sinni.

X. KAFLI
Meðferð ágreiningsmála.
30. gr.
Málskotsréttur.

Ákvarðanir um rétt og skyldu einstakra barna, sem teknar eru á grundvelli 22. gr. um rétt til sérstakrar aðstoðar og þjálfunar, um aðgang að skóla, sbr. 4. og 26. gr., og um gjaldtöku fyrir vist í leikskóla, sbr. 27. gr., eru kæranlegar til ráðherra. Um meðferð kærumála fer að ákvæðum stjórnsýslulaga.

Sveitarstjórn getur ákveðið í samþykkt um stjórn og stjórnsýslu sveitarfélags að áður en hægt er að kæra ákvörðun skv. 1. mgr. til ráðherra skuli fyrst beina kæru til nefndar skv. 2. mgr. 4. gr. eða annars tiltekins aðila innan stjórnsýslu sveitarfélags. Sé heimild þessari beitt skal sveitarstjórn ákveða hvort þessi kæruréttur eigi við um hluta ákvarðana skv. 1. mgr. eða um þær allar. Um málsmeðferð á kærustigi innan sveitarfélags fer að ákvæðum stjórnsýslulaga.

Verði ákvörðun sem tekin er af hálfu sveitarfélags skv. 22. gr. laganna um rétt til sérstakrar aðstoðar og þjálfunar, eða um aðgang að skóla, sbr. 4. og 26. gr., ekki talin í samræmi við lög getur ráðherra, í úrskurði í tilefni af stjórnsýslukæru, kveðið á um að viðkomandi sveitarfélag skuli sjá barni fyrir slíkri þjálfun eða aðstoð eða aðgangi að leikskóla.

XI. KAFLI
Gildistaka o.fl.
31. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2008. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 78/1994, um leikskóla.

Ákvæði til bráðabirgða.

Reglugerðir, auglýsingar og önnur fyrirmæli sett samkvæmt lögum nr. 78/1994, með síðari breytingum, skulu halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þau stangast ekki á við lög þessi þar til nýjar reglugerðir, auglýsingar eða önnur fyrirmæli hafa öðlast gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Í frumvarpi til laga um leikskóla, sem nú er lagt fram á Alþingi á 135. löggjafarþingi, er barnið, réttindi þess og velferð í fyrirrúmi. Frumvarpinu er ætlað að skapa stutta og hnitmiðaða rammalöggjöf með samhljóm við löggjöf um önnur skólastig sem skapi skilyrði til að styrkja starf í leikskólum. Tekið er mið af breytingum á fjölskylduhögum, auknum fjölda íbúa sem eiga sér annað móðurmál en íslensku og menningarlegum fjölbreytileika.

Samhliða frumvarpi þessu eru lögð fram á Alþingi frumvörp til laga um leik-, grunn- og framhaldsskóla auk frumvarps til laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Við gerð þessara frumvarpa um þrjú fyrstu skólastigin hefur verið leitast við að horfa til þeirra sem samfellu, auka samræmi og skapa svigrúm jafnt innan sem milli skólastiganna til þess að mæta breytilegum þörfum skólabarna. Er það í samræmi við samkomulag menntamálaráðherra og Kennarasambands Íslands um skólastarf og skólaumbætur, sem gert var í byrjun árs 2006.

Frumvarpið byggist á vinnu nefndar sem skipuð var af menntamálaráðherra í maí 2006 og ætlað var að gera tillögu að nýrri rammalöggjöf um starfsemi leikskóla. Var nefndinni ætlað að byggja á reynslunni af framkvæmd laga um leikskóla frá 1994 og hafa til hliðsjónar

markmið um aukna samfellu og sveigjanleika. Lögð var áhersla á það í erindisbréfinu að nefndin hefði víðtækt samráð við samningu frumvarps, sem fæli í sér heildarendurskoðun laga um málefni leikskóla. Nefndin skilaði tillögum sínum í formi lagafrumvarps. Á grundvelli þess var í menntamálaráðuneytinu unnið frumvarp það sem hér er lagt fram. Hefur þar meðal annars verið tekið mið af efni og skipulagi áðurnefndra fjögurra frumvarpa.

Í nefndinni áttu sæti Valborg Þ. Snævarr hrl., formaður, skipuð án tilnefningar, Björg Bjarnadóttir og Marta D. Sigurðardóttir, tilnefndar af Kennarasambandi Íslands, Sjöfn Þórðardóttir, tilnefnd af Heimili og skóla, og Ingibjörg Einarsdóttir og Svandís Ingimundardóttir, tilnefndar af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Þá sat Valgerður Eiríksdóttir sem áheyrnarfulltrúi í nefndinni, tilnefnd af Félagi grunnskólakennara. Starfsmaður nefndarinnar var Sigríður Lára Ásbergsdóttir, sérfræðingur í menntamálaráðuneyti.

Meginatriði frumvarpsins.

Ísland er eitt fárra landa þar sem leikskólastigið hefur verið skilgreint sem sjálfstætt skólastig. Með breyttum þjóðfélags- og atvinnuháttum og fjölskylduhögum hafa leikskólar fengið aukið vægi sem uppeldis- og menntunarstofnanir en nú sækja 96% þriggja til fjögurra ára barna leikskóla. Í frumvarpi þessu er leitast við að tryggja leikskólabörnum sem best náms-, uppeldis- og leikskilyrði sem taki mið af mismunandi þörfum barna og örvi alhliða þroska þeirra.

- Áhersla er lögð á velferð barna og að hagsmunir þeirra séu í fyrirrúmi.
- Kerfisbundið er unnið að því að tryggja að skyldur og réttindi foreldra og barna séu eins sambærileg og hægt er milli grunnskóla og leikskóla að því virtu að leikskóli er val en grunnskólanám skylda.
- Frumvarpið endurspeglar breytta atvinnu- og samfélagshætti, aukna samfélagslega fjölbreytni og það, að flestir foreldrar eru nú útivinnandi.
- Skilgreindur er réttur barna til sérfræðiþjónustu og upplýsingaskylda við foreldra. Leikskólinn er fyrir öll börn án aðgreiningar og því er mikilvægt að tryggja að börn sem þess þurfa fái viðeigandi sérfræðiþjónustu.
- Í frumvarpinu er kveðið á um aukna möguleika foreldra til að taka virkari þátt í starfsemi leikskóla, og er það í samræmi við frumvörp um framhalds- og grunnskóla.
- Mat á skólastarfi og upplýsingagjöf stórefld.
- Forræði sveitarfélaga á starfsemi leikskóla er styrkt, og um leið er ábyrgð þeirra gerð afdráttarlausari. Sett eru greinarbetri viðmið um mat og eftirlit með gæðum leikskólastarfs og upplýsingamiðlun.
- Stuðningur við þróunar- og nýbreytnistarf í leikskólum stórefldur. Með ákvæði um Sprotasjóð, sem verður sameiginlegur þróunarsjóður fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla og með heimildarákvæði til að reka þróunarleikskóla eða gera tilraunir með ákveðna þætti leikskólastarfs er þróunar- og nýbreytnistarfi í leikskólum gert mun hærra undir höfði en er í gildandi reglugerð.

Helstu nýmæli og áhersluatriði.

Frumvarpið felur í sér að áfram er byggt á þeirri grundvallarskipan sem gildandi lög mæla fyrir um. Lög um leikskóla verða áfram stutt og hnitmiðuð rammalöggjöf. Þó er að finna í frumvarpi þessu ýmsar breytingar á uppbyggingu efniskafla og efnisskipan frá því sem er í gildandi lögum. Heitum hefur verið breytt, einstök ákvæði gildandi laga verið felld út, nýjum köflum verið bætt við og aukin og ný áhersla verið lögð á ýmsa þætti leikskólastarfs frá því

sem er í gildandi lögum. Hér á eftir er gerð nánari grein fyrir þessu með skírskotun til einstakra kafla frumvarpsins.

Gildissvið og markmið.

Í I. kafla frumvarpsins er gildissvið frumvarpsins og hlutverk þess skilgreint. Þar gætir ákveðinnar grundvallarbreytingar frá gildandi lögum, þ.e.a.s. að ekki er lengur gert ráð fyrir að lok leikskólanáms miðist við 1. september það ár sem börn verða 6 ára. Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að félagsþroski og námsframvinda barna ráði því hvenær þau ljúka leikskólanámi og hefji nám í grunnskóla. Þessi breyting er liður í því að gera skólakerfið sveigjanlegra með tilliti til þarfa hvers og eins nemanda þannig að þau geti farið hraðar eða hægar í gegnum skólakerfið.

Þá hefur í 2. gr. kaflans verið tekið tillit til þeirra fjölmörgu ábendinga sem laganefndinni bárust um að mikilvægt væri að ný löggjöf um leikskólann endurspeglaði það fjölmenningarlega samfélag sem við búum við í dag. Breytingin felst í orðalagsbreytingu á markmiðsákvæði gildandi laga um að leikskólanum beri að efla kristilegt siðgæði yfir í að efla siðferðisvitund barna. Hér er ekki um efnislega breytingu að ræða heldur breytingu sem felur í sér viðurkenningu á því að leikskólar eru fjölmenningarlegar mennta- og uppeldisstofnanir sem virða fjölbreytileikann.

Markmiðskaflanum er einnig breytt lítillega með hliðsjón af þróun leikskólans undanfarin ár og breyttri hugtakanotkun. Breytingarnar eru til að undirstrika þátt kennslu og náms í leikskólastarfi til jafns við umönnun og uppeldi.

Í frumvarpinu er að finna skilgreiningu á hugtakinu foreldrar sem vísar til þeirra sem fara með forsjá barns í skilningi barnalaga. Þetta er talið nauðsynlegt vegna fjölgunar tilvika þar sem foreldrar fara sameiginlega með forsjá og til afmörkunar á því við hverja er átt við með hugtakinu.

Stjórnskipan leikskóla.

Í II. kafla frumvarpsins er fjallað um stjórnskipan leikskóla. Hér er um skýrari framsetningu að ræða en í gildandi lögum þar sem fjallað var um hlutverk ríkis og sveitarfélaga í tveimur köflum ásamt skilgreiningu á ábyrgð og skyldum gagnvart einstökum þáttum leikskólastarfs. Skyldur leikskólastjóra sem yfirmanns og faglegs leiðtoga eru einnig skýrðar og bundið er í lög að þeir eigi áheyrnarfulltrúa í nefnd sem fer með málaflokkinn. Í kaflanum er nýmæli þar sem kveðið er á um að menntamálaráðherra skuli gera Alþingi grein fyrir skólastarfi í leikskólum þriðja hvert ár.

Ákvæði um Sprotasjóð sem hefur víðtækara hlutverki að gegna en Þróunarsjóður í gildandi lögum og heimild til setningar reglugerðar um starfsemi leikskóla sem er að finna í kafla um yfirstjórn í gildandi lögum hafa verið sett undir aðra kafla í þessu frumvarpi.

Starfslið leikskóla.

III. kafli frumvarpsins fjallar um starfslið leikskóla, menntun þess, skyldur og réttindi. Kaflinn felur í sér nokkur nýmæli frá gildandi lögum. Fyrst ber þar að nefna tilvísun í ákvæði nýrra menntunarlaga þess efnis að minnst tveir þriðju hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna skulu teljast til stöðugilda leikskólakennara. Þetta er grundvallarbreyting frá því sem er í gildandi löggjöf þar sem gert er ráð fyrir að allir sem starfi við kennslu og uppeldi hafi leikskólakennaramenntun, en heimild gefin til að ráða aðra ef fáist ekki leikskólakennarar til starfa.

Í kaflanum er jafnframt að finna nýmæli er taka til þagmælsku starfsfólks og til þess að við ráðningu í leikskóla liggi fyrir sakavottorð eða heimild leikskólastjóra til að afla upplýsinga úr sakaskrá. Ákvæðið er sett í frumvarp þetta til að tryggja eftir föngum börnum öruggt náms- og uppeldisumhverfi sem er eitt af markmiðum leikskólastarfs.

Annað nýmæli í kaflanum eru ákvæði um símenntun fyrir leikskólakennara og leikskólastjóra. Fram til þessa hafa leikskólakennarar og leikskólastjórar, ólíkt því sem er í grunn- og framhaldsskólum, ekki haft aðgang að endurmenntunarsjóði til að stuðla að símenntun og starfsþróun í sínu fagi. Gert er ráð fyrir að leikskólastjórar og leikskólakennarar skuli samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar eða eftir því sem kann að vera mælt fyrir um í kjarasamningum eiga kost á símenntun.

Foreldrar og foreldraráð.

Fjallað er um aðkomu foreldra að leikskólastarfi í IV. kafla frumvarpsins. Talið var rétt að í frumvarpi þessu væri fjallað sérstaklega og í auknum mæli um foreldra, réttindi þeirra og skyldur, í ljósi fjölda ábendinga hagsmunaaðila um mikilvægi þess að aðkoma foreldra að leikskólastarfi væri aukin. Ábyrgð á uppeldi barna hvílir fyrst og fremst á herðum foreldra en öflugt og náið samstarf þeirra og starfsliðs leikskóla er lykill að vellíðan og þroska barna. Stofnun foreldraráða við leikskóla er ein leið til að styrkja aðkomu foreldra að málefnum leikskóla þar sem þeim er gefinn kostur á að hafa meiri áhrif á faglegt starf leikskóla og því er í frumvarpi þessu gert ráð fyrir því að slíkum vettvangi verði komið á í leikskólum.

Þá er að finna í frumvarpinu ákvæði um að leikskólar leitist við að tryggja foreldrum sem ekki tala íslensku eða nota táknmál þjónustu með túlkun upplýsinga, munnlega og/eða skriflega, sem er mikilvægt nýmæli og réttindabót.

Skólahúsnæði og aðstaða í leikskólum.

Í V. kafla þessa frumvarps er að finna skýr ákvæði um starfsumhverfi leikskóla og tilteknir ákveðnir þættir sem grundvallaratriði er að horft sé til við gerð og hönnun leikskólahúsnæðis. Víða er að finna leikskóla sem ekki henta því hlutverki sem þeim ber lögum samkvæmt að sinna. Tekur það m.a. til stærðar vinnuaðstöðu barna og starfsfólks og rýmis fyrir sérkennslu. Þetta atriði er sérstaklega mikilvægt í ljósi þeirrar þróunar sem orðið hefur á síðustu árum á lengd dvalartíma leikskólabarna en árið 2005 voru yfir 70% barna sem dvöldu 8 klukkustundir eða lengur á dag í leikskóla. Árið 1998 var þetta hlutfall um 40% og 2002 rúm 60%.

Það er grundvallarbreyting frá gildandi löggjöf að frumvarpið gerir ráð fyrir að viðmið vegna barngilda og rýmis verði tekin úr reglugerð og þess í stað ráði aðstæður á hverjum stað barnafjölda að teknu tilliti til lágmarkskrafna um húsnæði og aðbúnað barna og starfsfólks sem gert er ráð fyrir að kveðið verði nánar á um í reglugerð.

Námskrár og samstarf skólastiga.

Kveðið er sérstaklega á um skyldu hvers leikskóla til að móta skólanámskrá í VI. kafla um námskrár og samstarf skólastiga. Sú skylda hefur hvílt á leikskólum að móta skólanámskrá en ekki á um hana kveðið nema í aðalnámskrá leikskóla. Þá hefur sú breyting verið gerð að skólanámskrá skal fá umsögn foreldraráðs og vera staðfest af nefnd sem fer með málefni leikskóla í umboði sveitarstjórnar, en það hefur ekki verið gert áður.

Í þessum kafla er einnig það nýmæli að sveitarstjórnum er skylt að koma á nánu og skilvirku samstarfi leik- og grunnskóla. Mikilvægt er að vandað sé vel til verka við framkvæmd

þessa samstarfs og að skólastigin bæði, nemendur og starfslið skóla taki virkan þátt í því. Þá er ekki síður mikilvægt að miðlun á kennsluefni og kennsluaðferðum eigi sér stað milli skólastiga.

Í ljósi samfellu skólastiga er að finna í frumvarpinu ákvæði um miðlun upplýsinga um hvert barn milli skólastiga. Þetta er ekki síst mikilvægt í ljósi þess að grunnskólanám sé eðlilegt framhald af leikskólanáminu.

Sprotasjóður sem áður var Þróunarsjóður er hér í annarri útfærslu en í gildandi lögum. Er sjóðurinn sameiginlegur með öðrum skólastigum og hefur um leið víðtækara hlutverki að gegna.

Mat og eftirlit með gæðum leikskólastarfs.

Aukin áhersla á mikilvægi eftirlits og mats á gæðum leikskólastarfs endurspeglast í VII. kafla frumvarpsins. Í gildandi löggjöf er nánast ekkert að finna um þetta en kveðið nánar á um gæðaeftirlit með leikskólastarfsemi í reglugerð. Þá gerir frumvarpið einnig ráð fyrir nýmæli hvað varðar aðkomu sveitarfélaga að ytra mati leikskólastarfs. Með greinum kaflans er jafnframt leitast við að skapa grundvöll fyrir umbóta- og þróunarstarf í leikskólum, að tryggja þátttöku leikskólakennara, barna og foreldra í mati á leikskólastarfi.

Með frumvarpinu er sveitarfélögum tryggð aðkoma að ytra mati á þeirri starfsemi sem fram fer í leikskólum þar sem ákvæði um mat og eftirlit með gæðum leikskólastarfs miða að því að sveitarfélögum sé gert kleift að fylgja eftir skólastefnu sinni og áherslum í leikskólastarfi sem fram koma í skólanámskrám.

Í kaflanum er jafnframt kveðið á um mats- og eftirlitshlutverk menntamálaráðuneytis gagnvart leikskólastarfi. Sú ábyrgð felst m.a. í öflun, greiningu og miðlun upplýsinga um starf í leikskólum og mati á einstökum leikskólum eða afmörkuðum þáttum skólastarfs.

Sérfræðiþjónusta og stoðkerfi leikskóla.

VIII. kafli frumvarpsins fjallar um sérfræðiþjónustu og stoðkerfi leikskóla. Þar er ákveðnar breytingar að finna, m.a. sem taka til þess að gert ráð fyrir því að sveitarfélög skuli stuðla að því öll sú þjónusta sem þörf er fyrir hverju sinni fari fram innan leikskólans. Frumvarpið gerir ráð fyrir skýlausum rétti barna til þeirrar þjónustu sem að mati viðurkenndra greiningaraðila og annarra sérfræðinga er þörf á. Meginmáli skiptir að þjónustan er veitt og ákjósanlegast er að hún sé veitt innan leikskólanna. Þessi útfærsla á sérfræðiþjónustu er til þess fallin að tryggja enn betur rétt leikskólabarna til sérstakrar aðstoðar og þjálfunar en nú er. Þá er nýmæli að leikskólastjóra ber að samræma störf þeirra sem fara með málefni einstakra barna er lýtur að sérfræðiþjónustu sem og hafa samráð við félagsþjónustu sveitarfélaga eftir því sem þurfa þykir.

Í kaflanum er einnig um það nýmæli að ræða, að í stað þess að gert sé ráð fyrir að jafnaði stöðugildi leikskólafulltrúa er gert ráð fyrir að öll sveitarfélög hafi á að skipa sérfræðingum í skólamálum.

Stofnun og rekstur leikskóla.

Sérstakur kafli frumvarpsins fjallar um stofnun og rekstur leikskóla. Þar eru nokkur nýmæli.

Í fyrsta lagi er sveitarfélögum skylt að setja sér reglur um veitingu rekstrarleyfa hvað varðar rekstur leikskóla á vegum annarra en sveitarfélaga. Sjálfstætt reknum leikskólum hefur fjölgað undanfarin ár og því þótti þörf á að skýrar verði kveðið á um ábyrgð, réttindi

og skyldur slíks rekstrar. Í rekstrarleyfum skal m.a. kveða á um þagnarskyldu starfsliðs, húsnæði og fjölda barna, um gerð skólanámskrár, um skyldur rekstraraðila til að meta skólastarf og til þess að meta og hafa eftirlit með skólastarfi.

Í öðru lagi er í kafla þessum að finna tvö heimildarákvæði fyrir sveitarstjórnir til að nýta sér við rekstur leikskóla. Annars vegar heimild til forgangsröðunar og hins vegar til að ákveða gjaldtöku fyrir leikskólanám.

Í þriðja lagi er heimildarákvæði fyrir samrekstri leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla. Forsendur fyrir slíku fyrirkomulagi eru fagleg og rekstrarleg sjónarmið. Markmiðið með heimildarákvæðinu er að auðvelda og koma sérstaklega til móts við fámenn sveitarfélög um að reka viðkomandi skólastig.

Í fjórða lagi er bætt við nýju ákvæði um þróunarskóla, er veitir heimildir til að taka upp nýbreytni í leikskólastarfi með því að víkja frá einstökum ákvæðum laganna og aðalnámskrá. Er hér byggt á sambærilegri heimild og hefur verið í lögum um grunnskóla um tilraunaskóla.

Í fimmta og síðasta lagi er að finna ákvæði um málsmeðferðarreglu ákveðinna mála sem talin er þörf á að setja í lög um leikskóla, m.a. til að tryggja rétt leikskólabarna til ákveðinna þjónustuþátta í leikskólastarfi. Hér er um að ræða mál er varða ákveðin réttindi barna sem kæranleg eru til menntamálaráðuneytis, eins og nánar er lýst í athugasemdum við 30. gr.

Um nefndarstarfið.

Nefnd um endurskoðun leikskólalaga hóf starf sitt á því að senda bréf með tilteknum spurningum til um 90 hagsmunaaðila leikskólamála. Í kjölfarið kallaði nefndin á sinn fund fulltrúa frá 15 félögum og samtökum sem nefndin taldi þörf á að ræða nánar við. Endurskoðunarnefnd leikskólalaga tók allar athugasemdir og ábendingar sem henni bárust til skoðunar og hefur verið tekið tillit til fjölmargra þeirra við samningu þessa frumvarps.

Óhætt er þó að segja að almenn ánægja ríkir með gildandi löggjöf um leikskóla og um leikskóla sem mennta- og uppeldisstofnanir. Um margt voru flestir umsagnaraðilar sammála en um annað voru sjónarmið mismunandi. Margar ábendingar komu fram um að ný lög um leikskóla verði að endurspegla það fjölmenningarlega samfélag sem nú er við lýði. Fram kom að taka þurfi betur á málefnum sjálfstætt rekinna skóla. Margir gerðu ákveðnar athugasemdir við kafla núgildandi laga um rétt leikskólabarna til sérstakrar aðstoðar og þjálfunar, að skilgreina þurfi betur rétt barna á stuðningi í námi, hvar þjónustan eigi að fara fram, hver eigi að veita hana og hver skuli bera kostnaðinn. Mikilvægt var talið að skýra betur verkaskiptingu ríkis- og sveitarfélaga og skerpa á skyldum og ábyrgð allra aðila er að menntun og uppeldi barnanna koma. Þá voru ábendingar um að auka þurfi áherslu á kennslu í leikskóla og á leik í grunnskólum, auka samræmingu milli leik- og grunnskóla og mikilvægi þess að upplýsingar um nemendur þurfi að berast milli skólastiga. Ábendingar komu fram um að gera síðasta ár leikskólans að skyldu en einnig nefnt að setja á fræðsluskyldu fyrir 3–5 ára börn. Áhersla var lögð á að auka aðkomu foreldra að leikskólastarfi og að auka þurfi eftirlit og gæðamat með leikskólastarfi af hálfu ríkis og sveitarfélaga.

Við vinnu sína hafði nefndin m.a. til hliðsjónar vinnu nefndar um endurskoðun grunnskólalaga, vinnu nefndar um endurskoðun framhaldsskólalaga, samkomulag menntamálaráðherra og Kennarasambands Íslands um 10 skref til sóknar í skólastarfi og skólaumbótum, nýja löggjöf um háskólastigið, stefnu ríkisstjórnarinnar um málefni langveikra barna, stefnu ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda, drög að frumvarpi til laga um lögverndun á starfsheitum og starfsréttindum kennara og skólastjórnenda leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, vinnu starfshóps sem skipaður var af menntamálaráðuneyti til að skoða tilhögun

og fjármögnun á þjónustu við fötluð börn á leikskóla- og grunnskólastigi, niðurstöður málþings um stöðu leikskólans, sem haldið var á árinu 2006, skýrslu menntamálaráðuneytis um starfsemi leikskóla: starfsmannahald, námskrá og mat frá árinu 2006 og greinargerð nefndar um leikskólabyggingar sem var skipuð af Félagi leikskólakennara frá árinu 2006. Nefndin skoðaði einnig norræna löggjöf um leikskólastigið. Auk þess hafði formaður endurskoðunarnefndarinnar samráð við Pál Hreinsson, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, og Hrefnu Friðriksdóttur, lögfræðing hjá Barnaverndarstofu, varðandi einstök atriði frumvarpsins.

Að lokum ber að geta þess að nefndarmenn heimsóttu Barnaskóla Hjallastefnunnar í Garðabæ og Víkurskóla í Grafarvogi til að kynna sér fyrirkomulag kennslu 5 til 8 ára barna og samstarf Víkurskóla og leikskólans Hamra. Þá sátu nokkrir nefndarmenn einnig málþingið „Það er leikur að læra – Samræða allra skólastiga“ sem haldið var á Akureyri í september 2006 og málþing um framtíðarsýn í málefnum grunnskólans í nóvember 2006.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin tekur til gildissviðs frumvarpsins. Sú breyting er gerð frá eldri lögum að tekin er út viðmiðunin að nemendur hefji grunnskólanám 1. september það ár sem þeir verða 6 ára. Talsverð umræða hefur verið undanfarin missiri um það hvort rétt væri að setja skólaskyldu á elsta árgang leikskólans, annaðhvort í leikskóla eða í grunnskóla. Endurskoðunarnefndin skoðaði þetta atriði vel út frá ýmsum sjónarmiðum. Niðurstaðan varð að ekki er talið rétt að setja skólaskyldu á að svo stöddu heldur halda í þá meginreglu að leikskólinn sé fyrir börn að 6 ára aldri. Hins vegar leggur nefndin áherslu á sveigjanleika og telur að frumvarpið hindri það ekki að nemendur geti hafið grunnskólanám fyrr eða síðar séu fyrir því gild rök. Grundvallaratriði er að við ákvörðun um slíkt sé vandað mjög vel til verka og horft bæði til félagsþroska og námsframvindu. Að þeirri ákvörðun þurfa að koma starfsfólk leikskóla og grunnskóla, foreldrar og þeir fagaðilar sem þurfa þykir.

Tilgangur þessarar breytingar er að lögin veiti þann nauðsynlega sveigjanleika sem þarf til að skólastigin myndi eina samfellu þannig að nemendur geti hafið nám og lokið námi á misjöfnum aldri og á þeim hraða sem best hæfir einstaklingsbundnum þörfum og getu hvers og eins. Þó er lögð áhersla á að miðað verði við að börn séu að öllu jöfnu í leikskóla upp að skólaskyldualdri og horft sé í auknum mæli til þess að samræma og tengja kennsluaðferðir á mótum skólastiga.

Í greininni er jafnframt að finna skilgreiningu á hugtakinu foreldrar sem í frumvarpi þessu vísar til þeirra sem fara með forsjá barns í skilningi barnalaga. Er þetta nauðsynlegt vegna fjölgunar tilvika þar sem foreldrar fara sameiginlega með forsjá og til afmörkunar á því við hverja er átt við með hugtakinu.

Um 2. gr.

Gerðar eru nokkrar breytingar á þessari grein sem fjallar um markmið leikskólastarfs. Fyrst ber að nefna að lögð er mikil áhersla á að öllum leikskólum beri að vinna að því að tryggja velferð og hagsmuni barna í öllu starfi. Leikskólum ber að horfa til snemmtækrar íhlutunar og þeirrar aðferðafræði sem hún byggist á en með því er hægt að hindra eða draga úr áhrifum ýmissa þroskafrávika. Aðalnámskrá leikskóla kveður nánar á um snemmtæka íhlutun og mikilvægi hennar. Mikilvægt er að starfsfólk leikskóla fylgist með og efli alhliða þroska barna og grípi strax til viðeigandi aðgerða ef þörf krefur þannig að öll börn fái sem best notið sín miðað við þroska og þarfir hvers og eins.

Meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskóla er að tryggja leikskólabörnum sem best náms-, uppeldis- og leikskilyrði sem komi til móts við einstaklingsþarfir hvers og eins og örvi alhliða þroska hvers nemanda. Markmiðin eru nánar útfærð og skilgreind í aðalnámskrá leikskóla.

Nokkrar orðalagsbreytingar hafa verið gerðar í meginmarkmiðum frumvarpsins miðað við gildandi lög, m.a. með hliðsjón af þróun leikskólans undanfarin ár, breyttri notkun hugtaka innan leikskólans og til að undirstrika þátt kennslu og náms í leikskólum. Með því er ekki verið að draga úr mikilvægi umönnunar og daglegra athafna/lífsleikni. Þvert á móti er í markmiðunum lögð aukin áhersla á leik og skapandi starf sem námsleið sem vera á í fyrirrúmi í starfsháttum leikskóla hér eftir sem hingað til. Helstu breytingar eru þær að í upptalningu í a-lið greinarinnar er lagt til að bætt verði við orðunum menntun, hvetjandi og námsskilyrði. Í b-lið hefur verið bætt við orðunum nám og skapandi starf, ásamt því að undirstrika leikinn sem námsleið. Þá er lagt til í e-lið að í stað orðalagsins kristilegt siðgæði verði notað orðið siðferðisvitund. Þessi breyting er m.a. gerð í ljósi þess að ör fjölgun hefur orðið á leikskólabörnum sem koma erlendis frá, með ólíkan bakgrunn, hefðir og trúarbrögð. Samkvæmt Hagstofu Íslands voru leikskólabörn sem höfðu erlent móðurmál árið 1998 alls 572. Árið 2005 eru þessi börn orðin 1.250. Á árabilinu 1999–2005 hefur fjölgunin milli ára verið milli 11 og 17% ef frá er talið árið 2005 en þá var fjölgunin heldur minni eða 8,7%. Þá er og vísað til þess að þónokkur fjölgun er meðal þeirra Íslendinga sem eru utan þjóðkirkju og stunda jafnvel önnur trúarbrögð. Við þessa breytingu er mikilvægt að hafa í huga hvað hugtakið kristilegt siðgæði felur í sér. Að mati nefndarinnar er gildi hugtaksins kristilegt siðgæði það að gera öðrum vel, sem m.a. felur í sér ábyrgð og umburðarlyndi. Siðferðisvitund felur hið sama í sér, að mati nefndarinnar. Áhersla er lögð á að með þessari breytingu er ekki verið að draga úr mikilvægi kristinnar trúar og kristilegu gildismati, menningu og hefðum. Þess í stað er verið að bregðast við breyttum samfélagslegum aðstæðum, viðurkenna og sýna umburðarlyndi gagnvart fjölbreytileikanum og því sem hann stendur fyrir.

Eins og áður hefur komið fram hafði endurskoðunarnefnd leikskóla m.a. til hliðsjónar við vinnu sína stefnu ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda. Í stefnunni kemur m.a. fram að börn í leikskóla með annað móðurmál en íslensku eigi að njóta réttar síns til náms í íslensku sem öðru tungumáli. Þá er einnig gert ráð fyrir að leikskólabörn með annað móðurmál en íslensku fái eftir því sem kostur er tækifæri til að viðhalda móðurmáli sínu og að foreldrum þeirra verði auðvelduð þátttaka í starfi sem tengist börnum þeirra. Það var mat endurskoðunarnefndarinnar að ekki væri rétt að ákvæði um réttindi ákveðinna hópa umfram aðra væru sett inn í rammalöggjöf fyrir leikskóla, heldur ætti að kveða á um slík réttindi í þar til gerðum sérlögum. Slík lög ættu við um tilgreinda hópa almennt, óháð skólastigi, aldri, búsetu eða öðrum takmörkunum. Sama ætti að mati nefndarinnar við um langveik börn og börn sem nota táknmál.

Innan leikskólans fá nú þegar öll börn kennslu í íslensku á forsendum þess skólastigs og á grundvelli einstaklingsmiðaðs náms.

Um 3. gr.

Greinin er efnislega óbreytt 3. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að bætt hefur verið við ákvæði um að menntamálaráðuneytið geri Alþingi grein fyrir starfsemi leikskóla. Yfirstjórn málefna leikskóla er á ábyrgð menntamálaráðuneytis að því marki sem frumvarp þetta tekur til, að öðru leyti en varðar stofnun, fjármögnun og rekstur leikskóla, sbr. IX. kafla

frumvarps þessa og fylgist ráðuneytið með því að farið sé eftir ákvæðum þessa frumvarps og reglugerðar með því.

Samkvæmt frumvarpinu ber menntamálaráðherra að gera Alþingi grein fyrir framkvæmd leikskólastarfs á landsvísu á þriggja ára fresti. Þetta er nýmæli í löggjöf um leikskólastigið en hefur verið í löggjöf um grunnskóla- og framhaldsskólastigið í meira en 10 ár. Leikskólinn er samkvæmt gildandi lögum fyrsta skólastigið og mikilvægur hlekkur í samfellu náms frá leikskólastigi að háskólastigi. Því þykir um margt eðlilegt að menntamálaráðherra, sem fer með yfirstjórn leikskólamála eins og gildandi lög taka til, greini Alþingi frá starfsemi þessa skólastigs líkt og annarra.

Um 4. gr.

Greinin kveður á um ábyrgð sveitarfélaga á starfsemi leikskóla og þann vettvang sem fer með málefni leikskólans í umboði sveitarstjórnar. Var áður hluti af 7. og 9. gr. gildandi laga. Nýmæli er að gert er ráð fyrir því að sveitarfélag móti almenna stefnu um leikskólahald í sveitarfélaginu. Undanfarin ár hefur færst í vöxt að sveitarfélög móti sér stefnu í ákveðnum málum og marki leiðir að þeim markmiðum sem sett eru. Við slíka stefnumótun ber sveitarfélagi að taka mið af löggjöf um leikskólahald. Jafnframt er kveðið á um skyldu sveitarstjórna til að hafa forustu um að tryggja börnum dvöl í leikskóla.

Heitið „leikskólanefnd“ er fellt út og lagt til að notað verði orðið „nefnd“. Ástæða þess er m.a. sú að undanfarin ár hefur sú þróun orðið að mörg sveitarfélög hafa kosið að fela einni nefnd að fara með málefni fleiri en eins málaflokks, þ.m.t. málefni leikskóla, og því óeðlilegt að lögbinda að nefndin skuli heita leikskólanefnd. Það er mjög algengt að sveitarfélög hafi eina nefnd sem fjallar um málefni allra skólastiga sem undir þau heyra og er það gert m.a. til að undirstrika mikilvægi samfellu og samstarfs á milli skólastiga.

Sú breyting hefur einnig verið gerð að frumvarpið tilgreinir að fulltrúar leikskólastjóra og kennara eigi einnig rétt ásamt fulltrúa foreldra til setu á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti. Í gildandi lögum er einungis tilgreint að fulltrúar starfsfólks og foreldra hafi þennan rétt. Þessi breyting er gerð til að tryggja rétt þessara aðila til setu á umræddum fundum þar sem fjallað er um málefni leikskólans.

Um 5. gr.

Greinin, sem áður var hluti af 12. gr. gildandi laga, mælir fyrir um að forstöðumaður leikskóla skuli vera leikskólastjóri sem stjórni starfi hans í umboði rekstraraðila. Mælt er m.a. fyrir um að leikskólastjóri stjórni daglegum rekstri og starfi leikskóla og gæti þess að leikskólastarfið sé í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá leikskóla, stefnu sveitarfélags, skólanámskrá og önnur gildandi fyrirmæli. Í stjórnendahlutverki leikskólastjóra felst að hann boðar til funda með starfsliði eins og ástæða er til. Vegna langrar viðveru barna í leikskólum er erfitt að koma því við að slíkir fundir séu haldnir á hefðbundnum dagvinnutíma á meðan daglegt skólastarf fer fram. Þá er kveðið á um árlega upplýsingagjöf skólastjóra um starfsemi leikskólans til rekstraraðila og sveitarstjórnar.

Um 6. gr.

Í 12. gr. gildandi laga er tilgreint að leikskólastjóri og það starfslið sem annast uppeldi og menntun leikskólabarna skuli hafa leikskólakennaramenntun.

Til þess að geta starfað sem leikskólastjóri eða aðstoðarleikskólastjóri verður hlutaðeigandi að hafa menntun leikskólakennara samkvæmt lögum um menntun og ráðningu kenn-

ara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, en frumvarp þess efnis er lagt fram samhliða frumvarpi þessu. Í því frumvarpi er lagt til að ⅔ hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla skuli að lágmarki vera stöðugildi leikskólakennara. Með þessu er gert ráð fyrir því að sveitarfélög geti fastráðið í ⅓ hluta stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla starfslið með aðra menntun en leikskólakennaramenntun.

Tekið er fram að við ráðningu starfsliðs leikskóla skuli liggja fyrir sakavottorð eða heimild leikskólastjóra til að afla upplýsinga úr sakaskrá. Hér er átt við fullt sakavottorð. Heimildin tekur til allra starfsmanna leikskóla. Heimildin á sér fyrirmynd í æskulýðslögum, nr. 70/2007, þar sem kveðið er á um að óheimilt sé að ráða til starfa hjá þeim er sinna börnum og ungmennum undir 18 ára í æskulýðsstarfi, einstaklinga sem hlotið refsidóm samkvæmt ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga eða samkvæmt lögum um ávana- og fíkniefni eins og þar greinir. Komi fram upplýsingar um refsiverða háttsemi einstaklings verður leikskólastjóri að meta með málefnalegum hætti að hve miklu leyti þau brot sem um er að ræða séu líkleg til þess að valda því að umsækjandi telst ekki verðugur til þess að gegna starfinu. Við það mat verður að líta til þess hvenær brot var framið, eðlis þess og alvarleika.

Þá er lagt til að kveða megi á um leiðbeiningar- og stjórnunarhlutverk leikskólakennara í reglugerð.

Um 7. gr.

Greinin, sem er nýmæli, fjallar um skyldu starfsliðs leikskóla til að gæta þagmælsku um hagi barna og foreldra þeirra, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna og eðli máls. Þagmælska þessi nær þó ekki til tilvika sem starfslið leikskóla ber að tilkynna um lögum samkvæmt, sérstaklega á grundvelli barnaverndarlaga. Gert er ráð fyrir að þagnarskyldan haldist eftir að viðkomandi lætur af störfum enda sú regla eðlileg.

Vorið 2006 var skipaður starfshópur með þátttöku Barnaverndarstofu, menntamálaráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Barnaverndar Reykjavíkur með það að markmiði að semja verklagsreglur um tilkynningarskyldu starfsfólks leik-, grunn- og framhaldsskóla til barnaverndarnefnda. Tilgangur reglnanna er að reyna að auðvelda mat á því hvenær beri að tilkynna og veita barnaverndarnefnd upplýsingar og hvernig tilkynningar fari fram. Með vísun til barnaverndarlaga er lögð rík skylda bæði á almenning og sérstaklega þá sem hafa með börn að gera í starfi sínu að tilkynna til barnaverndarnefnda þegar grunur vaknar um að barn búi við vanrækslu eða ofbeldi eða stefni heilsu sinni og þroska í hættu.

Skólafólk sinnir þessari skyldu sinni að nokkru leyti eins og sést á því að árið 2005 bárust barnaverndarnefndum landsins 564 tilkynningar frá grunnskólum og fræðsluyfirvöldum en það er um 10% af heildarfjölda tilkynninga. Á sama tíma bárust 86 tilkynningar frá leikskólum og dagforeldrum. Það er einnig vitað að margir starfsmenn skóla eru óöruggir um hvernig og hvenær eigi að tilkynna til barnaverndarnefnda og þekkja lítið til tilkynningarskyldunnar.

Mikilvægt er að þessi skylda og verklagsreglur séu vel kynntar starfsfólki þegar það hefur störf í leikskóla.

Um 8. gr.

Lagt er til að leikskólastjóri skuli móta áætlun um hvernig símenntun starfsfólks skuli hagað svo að hún sé í sem bestu samræmi við áherslur leikskólans, sveitarfélagsins og skóla-

námskrár. Tekið er fram að leikskólakennarar og leikskólastjóri skuli samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar og eftir því sem kann að vera mælt fyrir um í kjarasamningum eiga kost á símenntun í þeim tilgangi að efla starfshæfni sína, kynnast nýjungum í leikskóla- og uppeldismálum og njóta stuðnings við nýbreytni- og þróunarstörf.

Um 9. gr.

Ábyrgð á velferð og öryggi barna hvílir fyrst og fremst á foreldrum þeirra. Því þykir rétt að skerpa á ábyrgð foreldra á leikskólagöngu barna sinna og að þeir leitist við, m.a. með góðu samstarfi við starfslið leikskóla, að fylgjast með skólagöngu barna sinna og styðja þau og hvetja á allan hátt. Frumvarp þetta gerir því ráð fyrir aukinni aðkomu foreldra að leikskólastarfi enda er það mat margra hagsmunaaðila að mikilvægt sé að aðkoma foreldra að málefnum leikskólans verði styrkt og að ábyrgð foreldra á leikskólastarfi sé skýrð. Foreldrar, starfslið leikskóla og börn eru samstarfsaðilar sem þurfa að mynda sterkan samvinnuvettvang þar sem velferð barna er höfð að leiðarljósi. Sérstaklega þykir þetta brýnt þegar um börn með sérþarfir er að ræða.

Til að foreldrar geti gætt hagsmuna barna sinna vegna skólastarfsins og að upplýsingagjöf foreldra til skóla og frá skóla til foreldra sé greið, er nauðsynlegt að foreldrum sem ekki tala íslensku eða foreldrum sem nota táknmál, sé tryggð túlkun á upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna samskipta foreldra og skóla. Er þá bæði átt við upplýsingar sem tengjast hagsmunagæslu foreldra fyrir börn sín vegna skólastarfsins, sem og túlkun vegna upplýsingaskyldu foreldra og skóla. Vitaskuld getur oft reynst erfitt að tryggja túlkun fyrir útlendinga sem koma frá fjarlægum löndum og einnig kann í sumum tilvikum að duga að túlkað sé á tungumál sem foreldrar skilja, þótt ekki sé um túlkun á móðurmáli þeirra að ræða. Er því lagt til að leitast skuli við að tryggja túlkun á upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna samskipta foreldra og skóla samkvæmt greininni. Umfang túlkunar er því háð mati hverju sinni, en ábyrgð á henni hvílir á viðkomandi skóla. Gera verður ráð fyrir því að sveitarfélög geti einnig gripið til annarra úrræða til að koma á framfæri upplýsingum um skólastarf án beinnar túlkunar, svo sem með skriflegum upplýsingum á viðkomandi tungumálum.

Um 10. gr.

Í gildandi lögum er ákvæði þess efnis að óski foreldrar eftir því að stofnað sé foreldrafélag skuli leikskólastjóri aðstoða við stofnun þess. Hér er því ekki um breytingu frá því ákvæði að ræða. Kjósi foreldrar að stofna foreldrafélag eða halda áfram með áður stofnuð foreldrafélög er þeim slíkt heimilt. Foreldrar ákveða eins og hingað til fyrirkomulag og starfssvið slíks félags.

Um 11. gr.

Með markmið 10. gr. í huga um að koma á góðu og nánu samstarfi milli foreldra og starfsliðs leikskóla er lögfest sú skylda að við hvern leikskóla skuli starfa foreldraráð og ber leikskólastjóra að stuðla að þessu samstarfi m.a. með því að hafa frumkvæði að stofnun slíks vettvangs. Með því að lögfesta stofnun foreldraráða er ekki verið að koma í veg fyrir að foreldrafélög starfi áfram við leikskóla. Frumvarpið gerir þvert á móti ráð fyrir því að það sé í höndum foreldra að taka ákvörðun um hvort starfandi sé foreldrafélag samhliða foreldraráði eða ekki.

Í foreldraráði skulu sitja foreldrar barna sem í leikskóla eru á hverjum tíma, að lágmarki þrír, og skulu þeir kosnir í september ár hvert til eins árs í senn. Leikskólastjóra ber að starfa með foreldraráði sem mótar sér starfsreglur.

Hlutverk foreldraráðs er að fjalla um og gefa umsögn til leikskólans og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar þær áætlanir sem varða starfsemi leikskóla, fylgjast með að áætlanir séu kynntar foreldrum og hvernig þær eru framkvæmdar. Þá er einnig gert ráð fyrir að við ákvörðun um allar meiri háttar breytingar á skólastarfi sé haft samráð við foreldraráð.

Með hliðsjón af mismunandi stærð sveitarfélaga er gert ráð fyrir að leikskólastjóri geti sótt um undanþágu frá ákvæði þessarar greinar til sveitarstjórnar á grundvelli gildra ástæðna, svo sem vegna fámennis í sveitarfélagi eða fámennis í leikskóla.

Um 12. gr.

Um er að ræða grein sem var efnislega að hluta til í 17. gr. gildandi laga og í reglugerð. Hér er lögð meiri áhersla á en áður að við byggingu leikskólahúsnæðis skuli taka mið af þörfum allra barna, starfsliðs og þeirrar starfsemi sem fram fer í leikskóla. Þá skal einnig leggja áherslu á öruggt náms- og starfsumhverfi og að gott rými til þeirra athafna sem fara fram í leikskólastarfi sé fyrir hendi. Þessi áhersla á gerð og hönnun leikskólahúsnæðis endurspeglar anda laganna, að leikskólahald, ytri umgjörð sem innri, miði að því að gera hag leikskólabarna sem mestan og bestan á grundvelli einstaklingsmiðaðs náms.

Í skýrslu sem starfshópur skipaður af Félagi leikskólakennara vann og skilaði í byrjun árs 2007 kemur fram að undanfarin ár hafi átt sér stað umræða meðal fagfólks í leikskólaumhverfinu um leikskólabyggingar og hvaða áhrif hönnun þeirra og bygging hefur á leikskólastarf. Í skýrslunni er m.a. bent á að hönnun og bygging leikskóla hefur ekki fylgt nægjanlega þeirri þróun sem orðið hefur á leikskólastiginu síðustu 10–15 árin. Enn sé horft til mannvirkja sem eru með opnum fjölnotarýmum, svo sem sal fyrir hreyfingu og íþróttir og listaskála þar sem hávaði er oft mjög mikill, breiðum göngum og sameiginlegri fataaðstöðu fyrir fleiri en tvær deildir, takmarkaðri sérkennsluaðstöðu, takmarkaðri hvíldaraðstöðu fyrir börn og starfsfólk sem og takmarkaðri vinnuaðstöðu barna og starfsfólks. Þetta skipulag leikskólahúsnæðis er, að mati fagaðila, ekki viðunandi í ljósi þróunar leikskólans, sérstaklega t.d. hvað varðar lengdan dvalartíma barna, aukna sérkennslu, fjölmenningu og yngri leikskólabörn.

Í ljósi þessa er mikilvægt að horft sé til ákvæða þessarar greinar við byggingu nýrra leikskóla og við skipulag og endurbætur eldri leikskóla, þar sem því verður við komið. Sú hraða þróun sem orðið hefur á leikskólanum síðustu árin hefur gert það að verkum að við skipulagningu og hönnun á starfsumhverfi leikskóla verður að horfa í auknum mæli til samsetningar barnahópsins, aldurs barna, lengdar dvalartíma þeirra, hljóðvistar, lýsingar, loftræstingar, húsbúnaðar, mikilvægis sérkennsluaðstöðu, starfs- og hvíldaraðstöðu fyrir starfslið og tækjabúnaðar svo dæmi séu tekin.

Greinin gerir ráð fyrir því að rýmis- og barngildaviðmiðanir þær sem eru í gildandi reglugerð um starfsemi leikskóla verði felldar brott en í stað þess settar lágmarkskröfur um húsnæði og aðbúnað leikskóla. Sérstök áhersla er lögð á að tilgangur þeirrar breytingar er ekki að fjölga börnum í leikskólum. Þvert á móti er lögð mikil áhersla á að við ákvörðun barnafjölda í leikskóla sé tekið tillit til aldursdreifingar barna, sérþarfa þeirra og lengdar dvalartíma og skipulags húsnæðis með tilliti til hlutfalls á milli fjölnota rýma og rýma á deildum og samsetningar starfsmannahópsins hvað varðar t.d. fjölda, menntunarstig og starfshlutfall.

Þá er sérstök áhersla lögð á rými fyrir sérfræðiþjónustu vegna barna með sérþarfir og að ráð sé gert fyrir vinnuaðstöðu fyrir starfslið.

Að lokum er gert ráð fyrir að menntamálaráðherra setji reglugerð um starfsumhverfi leikskóla, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Ákvæðið er að mestu samhljóða gildandi lögum. Þó er sérstaklega tekið fram að í reglugerðinni verði m.a. kveðið á um öryggis- og slysavarnamál leikskólabarna. Undanfarin ár hefur ítrekað verið bent á þörf á að hafa samræmdar reglur er kveði á um öryggis- og slysavarnamál í leik- og grunnskólum. Verið er að koma til móts við þær kröfur með hagsmuni leikskólabarna að leiðarljósi. Gera má ráð fyrir að reglugerðin geti ásamt fylgigögnum verið handbók fyrir starfsfólk leikskóla með leiðbeinandi reglum um öryggi barna og slysavarnir í leikskólum og að þær verði grundvallaðar á gildandi lögum og reglugerðum um öryggis-, skipulags-, og byggingarmál, og samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir leikskóla, sbr. lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum.

Um 13. gr.

Greinin, sem er að hluta til í 4. gr. gildandi laga, fjallar um aðalnámskrá leikskóla og ábyrgð og hlutverk menntamálaráðuneytis við gerð hennar. Áfram er gert ráð fyrir að ráðuneytið marki heildarstefnu í uppeldis- og menntunarmálum leikskóla sem grundvallast á þeim markmiðum sem fram koma í 2. gr. frumvarps þessa. Uppeldis- og menntastefna menntamálaráðuneytis endurspeglast í inntaki aðalnámskrárinnar, þar sem m.a. er kveðið á um námssvið leikskóla og hvaða leiðir séu vænlegar til árangurs í leikskólastarfi.

Ákvæði er um að skilgreina hæfniþætti á námssviði leikskólans sem taka mið af aldri og þroska barna og miða við að gera aðlögun leikskólabarna að grunnskólanámi auðveldari. Um samþstarf leikskóla og grunnskóla er fjallað nánar í 16. gr. Ákvæðið er í samræmi við það sem fram kemur í nýju frumvarpi til grunnskólalaga um hæfniþætti í markmiðssetningu í aðalnámskrá.

Sérstök áhersla er lögð á leikinn og skapandi starf sem meginnámsleið. Lögð er áhersla á að aðalnámskráin sé sveigjanlegur rammi um leikskólanám en síðan geti sérhvert sveitarfélag mótað eigin skólastefnu út frá því. Menntamálaráðuneytið endurskoðar aðalnámskrá leikskóla reglulega og er mikilvægt að horft sé í þeim efnum til framfara og þróunar á sviði leikskólans.

Um 14. gr.

Greinin mælir fyrir um skólanámskrá og að leikskólastjóri sé ábyrgur fyrir gerð hennar. Þannig er lagt til að í hverjum leikskóla sé skylt að móta skólanámskrá á grunni aðalnámskrár leikskóla og á skólastefnu viðkomandi sveitarfélags með hliðsjón af gildandi löggjöf um leikskóla. Mikilvægt er að allt starfsfólk leikskóla taki þátt í gerð skólanámskrár, m.a. á grundvelli starfsreynslu og faglegrar þekkingar. Í skólanámskrá birtist stefna skólans og þau gildi sem hún grundvallast á og hvernig skólinn útfærir ýmis almenn og fagbundin markmið aðalnámskrár og fjallað um sérstöðu skólans og aðstæður. Skólanámskrá er nokkurs konar leiðarljós fyrir skólastarfið og skal vera aðgengileg öllum aðilum í skólasamfélaginu.

Í greininni eru tilgreind þau atriði sem m.a. skuli gera grein fyrir í skólanámskrá. Greinin gerir ráð fyrir að einnig sé heimilt að gefa árlega út sérstaka starfsáætlun þar sem fjallað verði nánar um starfsemi skólans, svo sem skóladagatal, foreldrasamstarf, sjálfsmati og umbótaáætlanir, tengsl leikskóla og grunnskóla, stoðþjónustu, fyrirkomulag öryggis- og slysavarnamála, móttökuáætlun fyrir leikskólabörn sem hafa annað móðurmál en íslensku, fé-

lagslíf og ýmsar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Gert er ráð fyrir að nefnd, sbr. 2. mgr. 4. gr., staðfesti skólanámskrá og starfsáætlun að fenginni umsögn foreldraráðs. Er foreldrum þannig tryggð aðkoma að mótun leikskólastarfsins auk þess sem gert er ráð fyrir að skólanámskrá og starfsáætlun þar sem hún er gefin út sérstaklega séu vel kynntar foreldrum leikskólabarna.

Sérstök áhersla er lögð á mikilvægi þess að hver leikskóli móti sína eigin skólanámskrá því hún er leiðarvísir þar sem skilgreindar eru leiðir að markmiðum skólastarfs og hvernig skólinn hyggst ná þeim markmiðum, hverjir koma þar að máli o.s.frv. Ákvæðið útilokar þó ekki möguleikann á því að leikskólar innan sama sveitarfélags eða sjálfstætt reknir leikskólar sem starfa á sama grunni, geti að einhverju leyti sameinast um gerð skólanámskrár, þrátt fyrir mikilvægi þess að skólanámskrá endurspegli sérstöðu og séreinkenni hvers leikskóla.

Um 15. gr.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir nýjum sjóði, Sprotasjóði, sem verði einn sjóður fyrir öll þrjú skólastigin, þ.e. fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla, og verði í umsjón menntamálaráðuneytis. Gert er ráð fyrir að sjóðurinn fái víðtækara hlutverk en samkvæmt núgildandi lögum um skólastigin, þ.e. að styðja við þróun og nýjungar í skólastarfi í samræmi við stefnu stjórnvalda og aðalnámskrá og stuðla að markvissum tengslum leik,- grunn- og framhaldsskóla. Á grundvelli þessa er gert ráð fyrir að sjóðurinn geti stutt námskeiðahald vegna nýjunga í skólastarfi í tengslum við stefnu stjórnvalda og nýrra ákvæða í aðalnámskrám. Með því móti getur menntamálaráðuneyti veitt stuðning við innleiðingu nýrrar stefnu með markvissari hætti en verið hefur.

Samhljóða ákvæði um Sprotasjóð er einnig í frumvarpi til laga um grunn- og framhaldsskóla. Gert er ráð fyrir að í reglugerð verði heimilt að fela stofnun á vegum ráðuneytisins eða öðrum þar til bærum aðilum umsjón með sjóðnum og að annast úthlutanir úr honum.

Um 16. gr.

Nýmæli er að finna í þessari grein, sem er mun ítarlegri en 10. gr. núgildandi laga sem kveður á um samstarf skólastiga. Skylda er lögð á sveitarstjórn að koma á gagnvirku samstarfi á milli leik- og grunnskólastigsins. Til að unnt sé að koma á samstarfi sem þessu þurfa sveitarstjórnir að skapa viðeigandi aðstæður og setja fram framkvæmda- og starfsáætlun um tengsl leik- og grunnskóla þar sem m.a. er sett fram hvernig skuli stuðla að færslu og aðlögun nemenda milli skólastiga. Mikilvægt er að þessi áætlun komi fram í skólanámskrá. Nauðsynlegt er að tryggja að samstarf og gagnkvæmt flæði sé milli leik- og grunnskóla sem tekur til nemenda, kennara og ekki síst kennsluaðferða. Tilgangur þessarar breytingar er að tryggja samstarf og samvinnu milli leik- og grunnskóla til að aðlögun og undirbúningur leikskólabarna að grunnskólanámi verði sem best. Einnig er mikilvægt að grunnskólanám byggist m.a. á þeirri reynslu og menntun sem leikskólabörn hafa öðlast innan leikskólastigsins.

Þá er enn fremur gert ráð fyrir því að upplýsingar fari á milli skólastiga um hvert einstakt barn. Er hér átt við upplýsingar og greiningar ýmiss konar sem koma að gagni og skipta máli með hagsmuni barna að leiðarljósi. Undirstrika verður að hér er eingöngu átt við upplýsingar sem teljast nauðsynlegar fyrir skólagöngu barns í grunnskóla og stuðlað geta að því að grunnskóli geti mætt þörfum þess. Grundvallaratriði er að gott og náið samstarf sé milli skólastiganna hvað þetta varðar og að þagnarskylda sé í heiðri höfð. Þá er grundvallaratriði að málsmeðferð sé í samræmi við gildandi lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og áhersla lögð á þagnarskyldu. Markmiðið er að tryggja að byggt sé á fyrra námi og

reynslu leikskólabarna þegar þau koma í grunnskólann og að aðlögun þeirra verði eins og best verður á kosið. Eðlilegt þykir að mat upplýsinga, frumkvæði og ábyrgð á slíkri upplýsingagjöf sé á hendi leikskólastjóra og/eða annarra sérfræðinga á vegum sveitarfélagsins og að foreldrar séu upplýstir um málið. Almennt verður að gera ráð fyrir því að við lok dvalar í leikskóla liggi fyrir þær upplýsingar sem fylgi barni í grunnskóla. Mikilvægt er að foreldrar fái vitneskju um þær upplýsingar sem fylgja munu barni, en með þeim hætti geta þeir komið að leiðréttingum og eftir atvikum athugasemdum.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að menntamálaráðuneyti setji reglugerð um skil og miðlun upplýsinga milli leik- og grunnskóla. Þannig skal kveðið á um það hvaða upplýsingar falla hér undir, um meðferð þeirra og um stöðu og rétt foreldra til aðgangs að upplýsingum sem varða börn þeirra.

Um 17. gr.

Lögð er til ný grein um markmið mats og eftirlits með gæðum skólastarfs. Í skýrslu sem vinnuhópur um gæðamál í skólastarfi skilaði til menntamálaráðherra árið 2005 er fjallað um hugtakið gæði í skólastarfi og tekið fram að það sé órjúfanlega tengt settum markmiðum í lögum, reglugerðum og námskrám, sem setja ramma um starfsemina hverju sinni. Gæði eru skilgreind með hliðsjón af væntingum og þörfum helstu hagsmunaaðila, nemenda, foreldra, stjórnvalda, atvinnulífs og samfélags. Í mati og eftirliti felst síðan skoðun á því hversu vel skólar ná viðkomandi markmiðum og einnig er horft til framkvæmdar skólahalds. Greint er á milli innra mats/eftirlits sem fer fram innan skólanna sjálfra og ytra mats/eftirlits sem yfirvöld eða aðrir aðilar utan skólans standa fyrir. Markmið mats og eftirlits taka bæði til ábyrgðarskyldu skóla og fræðsluyfirvalda gagnvart þeim sem njóta þjónustu skóla og hagsmuni hafa af starfi hans og hins vegar er því ætlað að stuðla að umbótum í starfi skóla og í skólakerfinu í heild.

Um 18. gr.

Í gildandi lögum um leikskóla eru ekki bein ákvæði um innra mat eða sjálfsmat skóla líkt og gerð er tillaga um í frumvarpi þessu. Í reglugerð og aðalnámskrá leikskóla er fjallað ítarlega um innra mat (sjálfsmat) í skólastarfi. Rík hefð er fyrir slíku mati í leikskólum.

Gert er ráð fyrir að upplýsingar um innra mat leikskóla, framkvæmd þess, niðurstöður og áætlun um umbætur séu sendar nefnd, sbr. 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins, og þær birtar opinberlega í skólanámskrám eða með öðrum hætti gerðar sýnilegar sveitarstjórnum, öðrum rekstraraðilum, fræðsluyfirvöldum og notendum þjónustunnar.

Um 19. gr.

Ný grein um mat og eftirlit af hálfu sveitarfélaga með gæðum skólastarfs. Leitast er við að skýra hlutverk sveitarfélaga í mati og eftirliti og er lögð áhersla á að saman fari ábyrgð á rekstri leikskóla og faglegu starfi. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að sveitarfélög afli upplýsinga frá leikskólum um innra mat þeirra, aðferðir, framkvæmd og niðurstöður. Í öðru lagi eiga sveitarfélög að afla og miðla kerfisbundið skilgreindum upplýsingum um leikskólahald.

Í úttekt sem menntamálaráðuneyti gerði á starfsemi leikskóla árið 2006 kemur fram að 92% þeirra leikskólastjóra sem höfðu reynslu af ytra mati telja að það hafi jákvæð áhrif á skólastarfið, veiti mikilvægt aðhald og væri gott stýritæki við mótun starfseminnar.

Um 20. gr.

Hér er kveðið á um ábyrgð menntamálaráðuneytis á eftirliti með leikskólastarfi með öðrum hætti en áður. Gert er ráð fyrir að ráðuneytið annist greiningu og miðlun upplýsinga um starf leikskóla á grundvelli upplýsinga frá sveitarfélögum skv. 19. gr. og með sjálfstæðri gagnaöflun. Þá er gert ráð fyrir að menntamálaráðuneyti geri áætlun til þriggja ára um kannanir og úttektir sem miða að því að veita upplýsingar um framkvæmd laga þessara, hvort og hvernig markmiðum aðalnámskrár er náð, og afla þekkingar um skólastefnu sveitarfélaga og leikskólastarfsemina í heild sinni eða á einstökum þáttum hennar.

Gert er ráð fyrir að menntamálaráðuneyti í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga setji reglugerð um mat á gæðum skólastarfs og upplýsingaskyldu sveitarfélaga um skólahald.

Um 21. gr.

Í þessari grein er sveitarfélögum gert skylt að tryggja að sérfræðiþjónusta sé veitt fyrir leikskóla, ákveða fyrirkomulag hennar og stuðla að því að hún geti farið fram innan leikskóla. Gert er ráð fyrir að í sérfræðiþjónustu felist annars vegar stuðningur við leikskólabörn og fjölskyldur þeirra og hins vegar stuðningur við starfsemi leikskóla og starfslið þeirra, sbr. ákvæði reglugerðar um sérfræðiþjónustu leikskóla sem menntamálaráðherra setur í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Lagt er til að sérfræðiþjónusta fyrir leikskóla geti verið rekin sameiginlega með sérfræðiþjónustu grunnskóla. Þá er lagt til að sveitarfélög geti sameinast um slíkan rekstur eða gert þjónustusamninga við önnur sveitarfélög, stofnanir eða aðila sem veita þá þjónustu sem þörf er fyrir hverju sinni. Í 16. gr. gildandi laga er ákvæði um ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu og er þessi grein skýrari að því leyti að skylda er sett á sveitarfélögin að tryggja að sérfræðiþjónusta sé veitt fyrir leikskóla. Hvað orðanotkun varðar þykir sérfræðiþjónusta víðara hugtak og ná betur yfir alla þá þætti sem um ræðir. Mikilvægt er að innan sérfræðiþjónustu starfi m.a. sérfræðingar í málefnum leikskóla, en þar er m.a. átt við starfslið með leikskólakennaramenntun.

Um 22. gr.

Ákvæðið byggist á 15. gr. gildandi laga og kveður á um að börn sem þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun, að mati viðurkenndra greiningaraðila, eigi rétt á slíkri þjónustu. Gert er ráð fyrir að þjónustan fari fram undir handleiðslu sérfræðinga. Hvílir sú skylda á leikskólastjóra og sérfræðiþjónustu sveitarfélaga, sbr. 21. gr., að afla nauðsynlegrar þjónustu fyrir barnið, í samráði við foreldra, hvort sem hún fer fram innan leikskólans eða ekki. Gert er ráð fyrir að þjónustan byggist á þeim einstaklingsþörfum sem liggja fyrir hverju sinni. Þessi aðstoð og þjálfun getur því verið af ýmsu tagi og fer eftir því um hvaða sérþarfir er að ræða í hverju tilfelli. Þar af leiðir að ýmsir sérfræðingar aðrir en leikskólakennarar geta átt í hlut varðandi aðstoð og þjálfun við þessa nemendur. Réttur barna til sérstakrar aðstoðar og þjálfunar felur ekki í sér annað viðhorf en gert hefur verið ráð fyrir áður, samkvæmt lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, og lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993.

Undanfarin missiri hefur krafa um nærþjónustu verið að aukast, þ.e. að öll sú þjónusta sem leikskólabarn kann að þarfnast fari fram innan leikskólans. Ákveðnar hindranir geta verið í vegi fyrir því að slíkt sé unnt í dag. Ber þar sérstaklega að nefna að aðstaða innan margra leikskóla er ekki fyrir hendi og leikskólar því oft ekki færir um að sinna slíku hlutverki.

Um 23. gr.

Í 11. gr. gildandi laga er gert ráð fyrir að í sveitarfélögum skuli að jafnaði starfa leikskólafulltrúar sem hafi menntun leikskólakennara. Þetta ákvæði er fellt brott en í stað þess er lagt til að á vegum sveitarfélaga skuli starfa sérfræðingar í skólamálum er veiti ráðgjöf og stuðning við nýbreytni og skólaþróun. Lagt er til að þeir sinni einnig eftirliti með starfsemi leikskóla og stuðli að samstarfi þeirra innbyrðis og milli skólastiga. Lögð er áhersla á að allir leikskólar njóti slíkrar þjónustu.

Þetta ákvæði þarf ekki að fela það í sér að starf leikskólafulltrúa sé lagt niður í þeirri mynd sem það er í dag. Hér er um breytingu á orðalagi og hugtökum að ræða, ekki starfssviði. Töluverðar breytingar í stjórnskipulagi sveitarfélaga hafa átt sér stað frá því að þetta ákvæði kom inn og einnig er skipulagið mjög misjafnt milli sveitarfélaga. Breytingarnar felast m.a. í því að eftir að sveitarfélög yfirtóku grunnskólann frá ríkinu er málefnum leik- og grunnskóla gjarnan skipað saman í skipuriti innan einnar skólaskrifstofu. Skipurit og starfsheiti geta verið misjöfn milli sveitarfélaga og því óeðlilegt að skilgreina í lögum ákveðið starfsheiti í þessu tilliti. Gera verði ráð fyrir því að sérfræðikunnátta í málefnum leikskólans sé engu að síður til staðar.

Um 24. gr.

Ákvæðið, sem áður var hluti af 7. gr. og er efnislega óbreytt, kveður á um að sveitarstjórn skuli tilkynna menntamálaráðuneyti þegar það stofnar nýjan leikskóla. Lagt er til það nýmæli að sveitarstjórn skuli jafnframt tilkynna ráðuneytinu ef rekstri leikskóla er hætt. Áður hefur komið fram að bygging og rekstur leikskóla er á kostnað og ábyrgð sveitarfélaga.

Um 25. gr.

Greinin kveður á um heimild til byggingar og reksturs leikskóla á vegum sjálfstætt starfandi aðila að fengnu samþykki viðkomandi sveitarstjórnar. Ákvæði þess efnis er í 7. gr. gildandi laga. Greinin gerir ráð fyrir að heimilt verði að binda leyfi sveitarfélags við ákveðinn fjölda barna.

Samkvæmt ákvæðinu er það hlutaðeigandi sveitarstjórn sem veitir leyfi til reksturs leikskóla. Ákvörðun um veitingu slíks leyfis telst stjórnvaldsákvörðun og ber því að haga undirbúningi og málsmeðferð í samræmi við ákvæði stjórnsýslulaga. Tekið er fram að um rekstur sjálfstætt starfandi leikskóla gildi ákvæði frumvarpsins eftir því sem við á. Af þessu leiðir að mikilvægt er að skýrt sé kveðið á um það í rekstrarleyfi hver séu réttindi og skyldur rekstraraðila. Eðli málsins samkvæmt verða skilyrði sem sett kunna að vera í slíkt leyfi að teljast málefnaleg og vera í samræmi við markmið frumvarpsins. Er í því sambandi sérstaklega gert ráð fyrir því að í rekstrarleyfi sé fjallað um atriði sem tilgreind eru í ákvæðinu. Almennt verður við túlkun og framkvæmd ákvæðisins að gera ráð fyrir því að ákvæði frumvarpsins eigi fremur við um rekstur sjálfstætt starfandi leikskóla en ella. Sveitarstjórnum ber að tilkynna menntamálaráðuneyti um veitingu rekstrarleyfa sem og ef rekstrarleyfi er fellt úr gildi. Upplýsingaskylda um niðurfellingu rekstrarleyfis er nýmæli.

Á það hefur verið bent að nauðsynlegt þyki að skerpa á ábyrgð, skyldum og réttindum rekstraraðila sjálfstætt rekinna leikskóla. Sjálfstætt reknum leikskólum hefur fjölgað talsvert undanfarin ár og eru í dag um 10% af leikskólum landsins. Í ljósi þessa er gert ráð fyrir að sveitarfélög setji sér reglur um veitingu rekstrarleyfa sem taki til þeirra lágmarkskrafna sem þarf að setja í þessum efnum, þ.m.t. um skil á ársskýrslum til sveitarstjórnar. Slík skilyrði

þurfa m.a. að kveða skýrt á um réttindi og skyldur rekstraraðila gagnvart einstökum börnum, gagnvart sveitarstjórn sem og samkvæmt lögum þessum.

Um 26. gr.

Með ákvæðinu er lagt til að sveitarstjórnum verði heimilt að setja reglur um innritun í leikskóla í sveitarfélaginu, enda njóti viðkomandi leikskóli framlags úr sveitarsjóði. Reglur þessar eru annars vegar settar með tilliti til aðstæðna barna og foreldra og hins vegar með tilliti til aðstæðna í leikskólum sveitarfélagsins. Með þessu er ekki verið að draga úr skyldum sveitarfélaga til að bjóða börnum á leikskólaaldri leikskólanám, sbr. 4. gr., óski foreldrar þess. Einungis er verið að heimila sveitarfélögum ákveðið svigrúm á þessu sviði ef nauðsynlegt reynist að forgangsraða umsóknum.

Gert er ráð fyrir að reglur sveitarstjórnar samkvæmt greininni skuli birtar opinberlega og vera aðgengilegar íbúum sveitarfélagsins.

Um 27. gr.

Hér er gert ráð fyrir að sveitarstjórnir geti ákvarðað upphæð leikskólagjalds að ákveðnu hámarki og við það miðað að gjaldið verði ekki hærra en nemur meðalraunkostnaði við dvöl hvers leikskólabarns í leikskólum á vegum sveitarfélagsins. Undirstrika verður að með ákvæðinu er sveitarstjórnum veitt heimild til gjaldtöku og að með því er ekki girt fyrir að sveitarfélag bjóði upp á gjaldfrjálsa leikskóla. Tekið er fram að ákvæði greinarinnar taki ekki til leikskóla sem fengið hafa rekstrarleyfi skv. 25. gr.

Um 28. gr.

Í 1. og 2. mgr. ákvæðisins er fjallað um samvinnu fleiri sveitarfélaga um skólahald. Slík ákvæði eru í 11. gr. gildandi grunnskólalaga. Til samræmis við ákvæði í frumvarpi til grunnskóla um samrekstur skóla, sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu, er í 3. og 4. mgr. tekið upp það nýmæli að sveitarfélögum sé heimilt að reka saman grunnskóla, leikskóla og tónlistarskóla, annaðhvort alla þrjá saman eða tvo, t.d. leikskóla og grunnskóla eða grunnskóla og tónlistarskóla. Víða í fámennum sveitarfélögum hefur verið áhugi á slíkum samrekstri og víða hafa verið stigin skref í þessa átt, t.d. með samnýtingu húsnæðis og starfsliðs en óheimilt hefur verið að ráða einn stjórnanda yfir slíkri stofnun. Gerir ákvæðið ráð fyrir að slíkur samrekstur mismunandi skóla geti farið fram innan sveitarfélags, en einnig að sveitarfélög geti átt samvinnu um slíkan rekstur, sbr. 1. og 2. mgr. ákvæðisins.

Á undanförnum árum hefur verið þrýstingur frá fámennum sveitarfélögum að samrekstur mismunandi skóla verði heimilaður, ekki síst þar sem erfitt er að fá fagmenntaða starfsmenn og stjórnendur og einnig hafa sveitarfélög séð hagræðingarmöguleika með því að hafa einn sameiginlegan stjórnanda yfir skólum sveitarfélagsins. Hér er opnuð almenn heimild til samrekstrar þessara skólastiga fyrir öll sveitarfélög óháð stærð þeirra eða gerð. Vegna þeirra tillagna sem í ákvæðinu eru gerðar um samrekstur fleiri sveitarfélaga um skólahald er rétt að árétta að rekstur leikskóla er á ábyrgð og kostnað hvers sveitarfélags um sig. Til að sveitarfélagi sé heimilt að fela rækslu þessa verkefnis og þær skyldur sem því fylgja í hendur annars aðila þarf því eðlilega að vera skýrlega mælt fyrir um slíka heimild í lögum. Tilgangur 1. og 2. mgr. ákvæðisins er fyrst og fremst sá að tryggja að slíkar heimildir séu fyrir hendi.

Samvinna sveitarfélaga um grunnskólahald hefur tíðkast lengi, ekki síst í fámennari sveitarfélögum. Ákvarðanir sveitarfélaga um slíka samvinnu kalla á að svarað sé álitaefnum um ákvarðanatöku hins samrekna skóla og um ábyrgð á skólahaldinu. Gildir það sama um samrekstur leikskóla. Ekki er eðlilegt að ákvarðanataka um rekstur einnar tiltekinnar skóla-

stofnunar sé á margra hendi. Í meginatriðum er því um tvo kosti að ræða. Annars vegar er sá möguleiki að eitt sveitarfélag taki að sér að reka viðkomandi skólastofnun en börn annarra sveitarfélaga fái þá inngöngu í hana. Sé um það að ræða að hluti fjöldi barna úr tilteknu sveitarfélagi sæki leikskóla í öðru sveitarfélagi á slíkum grundvelli kann þó að vera eðlilegt að það sveitarfélag sem sér um rekstur skólastofnunarinnar heimili sveitarstjórnum annarra sveitarfélaga að tilnefna áheyrnarfulltrúa í þeirri nefnd sveitarfélagsins sem fjallar um málefni leikskóla, með málfrelsi og tillögurétt. Er gerð tillaga um lögfestingu slíkrar heimildar í 2. mgr. ákvæðisins. Ekki þykir í þessu sambandi rétt að gera tillögu um að slíkur fulltrúi fái full réttindi í nefndarstarfinu, svo sem rétt til að taka þátt í atkvæðagreiðslu um mál, enda væri með slíku ákvæði vikið í veigamiklum atriðum frá þeirri reglu samkvæmt sveitarstjórnarlögum að kjörgengir í nefndir sveitarfélaga séu aðeins þeir sem kosningarrétt hafa í viðkomandi sveitarfélagi.

Í öðru lagi er sá möguleiki að fleiri sveitarfélög stofni í sameiningu til samstarfsverkefnis um reksturs skólastofnunar. Mikilvægt verður að telja að slíku samstarfsverkefni sé markaður ákveðinn formbundinn grundvöllur og stjórn, þannig að meðal annars sé tryggt að aðeins einn aðili (stjórn) fari með vald til töku ákvörðunar, svo sem um ráðningu skólastjóra og það hlutverk sem samkvæmt frumvarpinu er falið nefnd þeirri sem fjallar um málefni leikskóla, sbr. 2. mgr. 4. gr. Jafnframt er eðlilegt að í samningi um slíkt samstarfsverkefni sé tekin afstaða til þess hvernig stjórn verkefnisins skuli valin og hvenær hún þyrfti staðfestingu viðkomandi sveitarstjórna á ákvörðunum. Þar sem slíkt fyrirkomulag felur jafnframt í sér visst framsal á valdi frá viðkomandi sveitarfélögum til umrædds samstarfsverkefnis verður löggjöf um heimild til samstarfs af þessu tagi að vera skýr. Eftir gildandi lögum er nærtækast að slíkt samstarfsverkefni sé rekið í formi byggðasamlags, en reglur um stofnun og ákvörðunartöku á vegum byggðasamlaga er að finna í sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998. Byggist 1. mgr. ákvæðisins því á að samrekstur sveitarfélaga á skólum geti farið fram í því formi eða með þeim hætti sem nánar er tilgreint í VIII. kafla sveitarstjórnarlaga. Allnokkur reynsla er komin á byggðasamlagsformið. Sé byggðasamlag stofnað um rekstur skóla er gert ráð fyrir því að þá fari stjórn byggðasamlagsins með verkefni nefndar sem fer með málefni leikskóla, sbr. 2. mgr. 4. gr., nema stofnuð sé sérstök nefnd til að fara með það hlutverk á vegum byggðasamlagsins. Ákvæði um slíka undirnefnd stjórnar byggðasamlags skulu þá sett í samning um stofnun byggðasamlagsins.

Mikilvægt er að við ákvörðun um samrekstur, hvort sem er tveggja eða fleiri leikskóla eða leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla ráði staðbundnar aðstæður og fagleg sem rekstrarleg sjónarmið enda er þessi breyting einkum hugsuð fyrir þau sveitarfélög sem m.a. vegna fámennis gætu betur hagað sínu skólahaldi, rekstrarlega og faglega, með samrekstrarformi. Með ákvæðinu er einnig verið að opna fyrir fjölbreytni, sveigjanleika og þróun í skólastarfi í þágu barna en ekki til samreksturs stórra fjölmennra skóla né heldur sameiningar marga skóla undir einum skólastjóra.

Gert er ráð fyrir að leik- og/eða grunn- og/eða tónlistarskóladeild samrekins skóla starfi að öllu öðru leyti eftir lögum um viðkomandi skólastig. Samkvæmt lögum þarf skólastjóri grunnskóla að hafa leyfisbréf sem grunnskólakennari og samkvæmt lögum um leikskóla þarf skólastjóri leikskóla að hafa leikskólakennaramenntun. Lagt er til að stjórnandi samrekinnar stofnunar hafi leyfisbréf til kennslu á leik- og/eða grunnskólastigi. Verði frumvarp um menntun og ráðningu leikskólakennara, grunnskólakennara og framhaldsskólakennara, sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu, að lögum munu fjölmargir leikskólakennarar fá leyfisbréf á grunnskólastigi og grunnskólakennarar á leikskólastigi á grundvelli framhaldsnáms í skilgreindum greinum. Því koma margir til með að uppfylla skilyrði til að stjórna

slíkum skólum. Um leikskólahlutann skulu gilda sömu ákvæði og um leikskóla almennt, þ.e. að ⅔ hlutar starfa séu stöðugildi leikskólakennara.

Um 29. gr.

Lagt er til að tekið verði upp sambærilegt ákvæði og nú er að finna í 53. gr. gildandi laga um tilraunaskóla í lögum um grunnskóla en á undanförnum árum hefur færst í vöxt að sveitarfélög eða einkaaðilar hafi nýtt sér heimildarákvæði um tilraunaskóla eða undanþágu frá lögum og aðalnámskrá. Í stað tilraunaskóla er talað um þróunarleikskóla og tilraunir með ákveðna þætti leikskólastarfs. Gert er ráð fyrir að menntamálaráðherra verði líkt og með skóla á grunnskólastigi áfram heimilað að styrkja þróunarleikskóla eftir því sem fjárlög heimila hverju sinni.

Um 30. gr.

Hingað til hafa einstakar ákvarðanir sem teknar eru af hálfu sveitarfélaga, eða á þeirra vegum, um rétt eða skyldu barna á leikskóla eða foreldra fyrir hönd barna sinna sem óska aðgangs að leikskóla hjá sveitarfélagi ekki verið kæranlegar til menntamálaráðherra. Eftir atvikum kunna slíkar ákvarðanir hins vegar að hafa verið kæranlegar til ráðuneytis sveitarstjórnarmála á grundvelli almennrar kæruheimildar í 103. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998. Í ákvæðinu er lagt til að lögfest verði sértæk kæruleið til menntamálaráðherra vegna þriggja tilgreindra ákvarðana sem teknar eru um rétt eða skyldu barna á leikskóla eða vegna óskar um aðgang að slíkum skóla. Sjónarmið um réttaröryggi borgaranna og hagsmunir þeirra af því að geta fengið úrlausn sinna mála innan stjórnsýslunnar í stað þess að þurfa að leita beint til dómstóla leiða til þess að gerð er tillaga um slíkan kærurétt í þessum sérstöku tilvikum. Í samræmi við sjálfstæða stöðu sveitarfélaga í stjórnsýslukerfinu og orðalag þessarar frumvarpsgreinar ber að öðru leyti að túlka lögin þannig að kæruréttur til ráðherra vegna einstakra ákvarðana um rétt eða skyldu barna í leikskóla sé ekki fyrir hendi í öðrum tilvikum. Rétt er að árétta að hér er um sértæka kæruheimild að ræða vegna áðurnefndra þriggja ákvarðana. Að því er varðar aðrar ákvarðanir innan leikskólans lúta þær almennu eftirliti félagsmálaráðuneytisins og eftir atvikum kæru til þess skv. 103. gr. sveitarstjórnarlaga.

Í greininni er gert ráð fyrir þeirri skipan mála að þær ákvarðanir sem tilteknar eru og lúta að rétti eða skyldu einstakra aðila vegna skólavistar þeirra, og telja má að falli undir gildissvið stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, séu kæranlegar, fyrst til nefndar skv. 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins og þaðan til menntamálaráðuneytisins. Kæruleið til nefndar skv. 2. mgr. 4. gr. er þó aðeins fyrir hendi hafi umrædd ákvörðun verið tekin af hálfu viðkomandi leikskóla sjálfs. Hafi ákvörðun verið tekin annars staðar í stjórnsýslu sveitarfélags verður hún kærð beint til menntamálaráðherra.

Í samræmi við sjónarmið um stjórnarskrárvarinn sjálfstjórnarrétt sveitarfélaga felur eftirlit menntamálaráðuneytis á grundvelli stjórnsýslukæru samkvæmt frumvarpinu í sér eftirlit með lögmæti ákvarðana viðkomandi sveitarfélags. Frumvarpið felur ekki í sér heimildir fyrir ráðuneytið til að fjalla á grundvelli stjórnsýslukæru um önnur atriði en þau hvort ákvörðun sem tekin hefur verið á vegum sveitarfélags fullnægi skilyrðum laga um form og efni. Mat sem framkvæmt er innan þess ramma sem lögin veita sveitarfélögum verður ekki endurskoðað af hálfu menntamálaráðherra. Hafi sveitarfélag á hinn bóginn í mati sínu farið út fyrir lögbundinn starfsramma hefur ráðuneytið heimild til að ógilda viðkomandi ákvörðun í heild eða að hluta og jafnframt er gert ráð fyrir því þegar um er að ræða ákvörðun um rétt til sérstakrar aðstoðar og þjálfunar eða um aðgang að leikskóla að ráðuneytið geti í úrskurði sínum beinlínis lagt fyrir sveitarfélag að leysa úr viðkomandi máli með ákveðnum hætti. Að öðru

leyti er á því byggt að ráðuneytið hafi aðeins heimild til að fella ákvörðun úr gildi í heild eða að hluta, og leggja þá eftir atvikum fyrir sveitarfélag að taka mál til meðferðar að nýju, eða staðfesta ákvörðun. Sambærilegar takmarkanir gilda eðli máls samkvæmt ekki á möguleikum nefndar skv. 2. mgr. 4. gr. til endurskoðunar á ákvörðunum sem teknar hafa verið af hálfu leikskóla.

Sérstaklega skal vakin athygli á að ákvæði sveitarstjórnarlaga um sérstakt hæfi munu eðli máls samkvæmt gilda um störf nefndar skv. 2. mgr. 4. gr. við meðferð og afgreiðslu kærumála, sbr. hér einnig 2. mgr. 2. gr. stjórnsýslulaga. Þrátt fyrir að í ákvæðum sveitarstjórnarlaga sé ekki sérstaklega vikið að kærusambandsvanhæfi, sbr. til hliðsjónar 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. stjórnsýslulaga, verður þó að telja að sú regla gildi á sveitarstjórnarstiginu einnig, þannig að hafi starfsmaður sveitarfélags eða nefndarmaður komið að eða tekið þátt í meðferð eða afgreiðslu máls þegar hin kærða ákvörðun var tekin af hálfu leikskóla þá teljist hann vanhæfur til að koma að meðferð eða afgreiðslu málsins þegar það kemur til meðferðar nefndarinnar.

Að lokum skal tekið fram að frumvarp þetta lýtur ekki að stjórnsýslukærum vegna annarra ákvarðana sem teknar eru á vegum sveitarfélaga vegna leikskólastigsins, svo sem almennra ákvarðana um stjórnskipulag sveitarfélagsins eða einstakra ákvarðana um starfsmannamál, svo sem við ráðningu eða uppsögn starfsmanna í leikskóla. Um eftirlit með slíkum ákvörðunum gilda eftir sem áður almennar reglur sveitarstjórnarlaga, og eftir atvikum ákvæði annarra laga.

Um 31. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Fyrirsjáanlegt er að töluverða vinnu þarf að leggja í að endurskoða þær reglugerðir og önnur fyrirmæli sem sett hafa verið með stoð í gildandi lögum. Því er gert ráð fyrir að reglugerðir og önnur stjórnvaldsfyrirmæli haldi gildi sínu að svo miklu leyti sem þau stangast ekki á við lögin. Hér er einkum um að ræða reglugerð nr. 225/1195, ásamt síðari breytingum, auglýsingu nr. 315/1999 og reglur nr. 163/2001. Telur nefndin mikilvægt, verði frumvarpið að lögum, að vinna við nýjar reglugerðir hefjist þegar í stað.

Fylgiskjal I.

Menntamálaráðuneyti:

Umsögn um frumvarp til laga um leikskóla.

Menntamálaráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga hafa sameiginlega metið forsendur kostnaðaráhrifa vegna frumvarps menntamálaráðherra um leikskóla.

Aðilar eru sammála um að ný ákvæði í frumvarpi til laga um leikskóla um túlkun vegna samskipta foreldra og skóla, sbr. 9. gr., um húsnæði og fjölda barna í leiksskóla, sbr. 12. gr., um mat og eftirlit sveitarfélaga með gæðum skólastarfs, sbr. 19. gr., og um framkvæmd sérfræðiþjónustu, sbr. 22. gr., geti haft útgjaldaaukningu í för með sér fyrir sveitarfélög. Einnig eru aðilar sammála um að ákvæði frumvarpsins um skipulag sérfræðiþjónustu, sbr. 21. gr., og um samrekstur skóla, sbr. 28. gr., geti haft áhrif til hagræðingar í rekstri fyrir sveitarfélög.

Áhrif framangreindra greina fyrir útgjöld sveitarfélaga eru að verulegu leyti háð aðstæðum og því hvernig til tekst að útfæra mismunandi ákvæði á hverjum stað. Bein kostnaðaráhrif eru því óljós og er ekki unnt á þessu stigi að leggja raunhæft mat á heildarkostnaðaráhrif þessara þátta fyrir sveitarfélögin.

Menntamálaráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga munu sameiginlega vinna að því að safna upplýsingum og þróa mælikvarða til að meta kostnaðaráhrif þeirra lagabreytinga sem frumvarpið hefur í för með sér, verði það samþykkt á Alþingi. Það samstarf getur verið liður í að þróa samstarf ráðuneytisins og sveitarfélaga varðandi mat og eftirlit með gæðum leiksskólastarfs, sbr. 17.–20. gr. frumvarpsins. Niðurstöðu þeirrar greiningar verði eftir því sem tilefni gefst til vísað til úrlausnar á grundvelli samstarfssáttmála ríkis og sveitarfélaga. Reiknað er með að menntamálaráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga komi á fót fjögurra manna starfshópi til að vinna að öflun og greiningu upplýsinga.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um leikskóla.

Markmiðið með frumvarpinu er að styrkja það starf sem fram fer í leikskólum. Frumvarpið er hugsað sem rammalöggjöf með samhljóm við lög annarra skólastiga. Í frumvarpinu er tekið á málum er varðar leikskóla í einkarekstri og á rétti leikskólabarna til sérstakrar aðstoðar og þjálfunar. Þá er fjallað um að skýra betur verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og skerpa á skyldum og ábyrgð allra aðila er að menntun og uppeldi barnanna koma. Með frumvarpinu er lagt til að auka samræmingu á milli leik- og grunnskóla og að áhersla verði lögð á að upplýsingar um nemendur berist á milli skólastiga. Einnig felst í frumvarpinu áhersla á að auka aðkomu foreldra að innra starfi leikskóla. Auk þess er lagt til að auka eftirlit og gæðamat með leikskólastarfi af hálfu ríkis og sveitarfélaga og færa mat og eftirlit nær rekstrarábyrgðaraðila.

Að mati menntamálaráðuneytisins mun frumvarpið ekki leiða af sér augljós aukin útgjöld fyrir sveitarfélögin, en þó með þeim fyrirvara að mjög erfitt sé að meta kostnaðinn á þessu stigi og að rétt sé að endurskoða áhrif laganna að einhverjum tíma liðnum. Eru það einkum atriði eins og túlkunarþjónusta sem erfitt er að sjá fyrir hvernig þróist í framtíðinni en sá kostnaður er háður fjölgun nemenda af erlendum uppruna.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

322. Frumvarp til laga [288. mál]

um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

I. KAFLI
Gildissvið.

1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi taka til menntunar og ráðningar kennara og skólastjórnenda við leik-, grunn- og framhaldsskóla og lögverndunar starfsheita og starfsréttinda þeirra.

2. gr.
Markmið.

Markmið laganna er að tryggja að þeir sem leggja stund á kennslu- og uppeldisstörf í leik-, grunn- og framhaldsskólum hafi menntun í samræmi við störf þeirra og ábyrgð.

II. KAFLI
Menntun kennara, starfsheiti, leyfisbréf.

3. gr.
Starfsheitið leikskólakennari.

Rétt til að nota starfsheitið leikskólakennari og starfa við leikskóla á vegum opinberra aðila eða aðra hliðstæða skóla hefur sá einn sem til þess hefur leyfi menntamálaráðherra.

Leyfi til þess að nota starfsheitið leikskólakennari má aðeins veita þeim sem lokið hefur:

1. meistaraprófi frá háskóla sem hlotið hefur viðurkenningu ráðherra á grundvelli laga um háskóla, nr. 63/2006, á fræðasviði sem ráðherra viðurkennir til kennslu á leikskólastigi; eða
2. öðru námi sem jafngildir meistaraprófi skv. 1. tölul. og ráðherra viðurkennir til kennslu á leikskólastigi.

4. gr.
Starfsheitið grunnskólakennari.

Rétt til að nota starfsheitið grunnskólakennari og starfa við grunnskóla á vegum opinberra aðila eða aðra hliðstæða skóla hefur sá einn sem til þess hefur leyfi menntamálaráðherra.

Leyfi til þess að nota starfsheitið grunnskólakennari má aðeins veita þeim sem lokið hefur:

1. meistaraprófi frá háskóla sem hlotið hefur viðurkenningu ráðherra á grundvelli laga um háskóla, nr. 63/2006, á fræðasviði sem ráðherra viðurkennir til kennslu á grunnskólastigi; eða
2. öðru námi sem jafngildir meistaraprófi skv. 1. tölul. og ráðherra viðurkennir til kennslu á grunnskólastigi; eða
3. meistararéttindum í iðngrein sem nýtist til kennslu á grunnskólastigi í skilgreindri námsgrein eða á skilgreindu námssviði, enda komi slík sérhæfing fram í leyfisbréfi, auk 60 eininga náms í kennslu- og uppeldisfræði; eða

4. fullgildu lokaprófi í listgrein, tæknigrein eða verkgrein sem nýtist til kennslu á grunnskólastigi í skilgreindri námsgrein eða á skilgreindu námssviði enda komi slík sérhæfing fram í leyfisbréfi. Skal menntun a.m.k. vera 270–300 námseiningar, þar af að lágmarki 60 námseiningar í kennslu- og uppeldisfræði.

5. gr.

Starfsheitið framhaldsskólakennari.

Rétt til að nota starfsheitið framhaldsskólakennari og starfa við framhaldsskóla hefur sá einn sem til þess hefur leyfi menntamálaráðherra. Í leyfisbréfi skal tilgreina kennslugrein/ar eða sérsvið viðkomandi framhaldsskólakennara samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Leyfi til þess að nota starfsheitið framhaldsskólakennari má aðeins veita þeim sem lokið hefur:

1. meistaraprófi frá háskóla sem hlotið hefur viðurkenningu ráðherra á grundvelli laga nr. 63/2006, á fræðasviði sem ráðherra viðurkennir til kennslu á framhaldsskólastigi; eða
2. öðru námi sem jafngildir meistaraprófi skv. 1. tölul. og ráðherra viðurkennir til kennslu á framhaldsskólastigi; eða
3. meistararéttindum í iðngrein sem nýtist til kennslu á framhaldsskólastigi í skilgreindri námsgrein eða á skilgreindu námssviði, auk 60 eininga náms í kennslu- og uppeldisfræði; eða
4. fullgildu lokaprófi í listgrein, tæknigrein eða verkgrein sem nýtist til kennslu á framhaldsskólastigi í skilgreindri námsgrein eða á skilgreindu námssviði, enda komi slík sérhæfing fram í leyfisbréfi. Skal menntun a.m.k. vera 270–300 námseiningar, þar af að lágmarki 60 námseiningar í kennslu- og uppeldisfræði.

6. gr.

Réttindi sem aflað er í ríki innan EES eða í aðildarríki EFTA.

Menntamálaráðherra skal staðfesta leyfi til að nota starfsheitið leikskólakennari, grunnskólakennari eða framhaldsskólakennari samkvæmt umsókn ríkisborgara frá ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins ef viðkomandi leggur fram vottorð um viðurkennd kennsluréttindi í ríki innan svæðisins í samræmi við skilyrði tilskipunar 89/48/EBE, sbr. lög um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum, nr. 83/1983.

Samkvæmt umsókn frá ríkisborgara aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu skal ráðherra staðfesta leyfi til að nota starfsheitið leikskólakennari, grunnskólakennari eða framhaldsskólakennari með sömu skilyrðum og tilgreind eru í 1. mgr. enda leggi viðkomandi fram vottorð um viðurkennd kennsluréttindi í aðildarríki samtakanna.

7. gr.

Matsnefnd.

Leiki vafi á hvort umsækjandi um leyfi til þess að nota starfsheitið leikskólakennari, grunnskólakennari eða framhaldsskólakennari fullnægi þeim skilyrðum sem kveðið er á um í lögum þessum skal leita umsagnar matsnefndar sem menntamálaráðherra skipar til fjögurra ára í senn.

Matsnefnd skal skipuð fimm fulltrúum, einum fulltrúa tilnefndum af samstarfsnefnd um háskólastigið, tveimur fulltrúum tilnefndum af heildarsamtökum kennara, einum fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga og einum fulltrúa án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Jafnmarga varamenn skal skipa á sama hátt.

Nánar skal kveðið á um starfshætti nefndarinnar í reglugerð.

8. gr.

Um inntak menntunar leik-, grunn- og framhaldsskólakennara.

Menntamálaráðherra setur reglugerð þar sem inntak menntunar leik-, grunn- og framhaldsskólakennara er nánar skilgreint með tilliti til lágmarkskrafna um vægi kennslu- og uppeldisfræða og vægi faggreina.

III. KAFLI
Starfsréttindi og ráðningar í leikskólum.

9. gr.

Leikskólakennarar og ráðning þeirra.

Að lágmarki ⅔ hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla skulu teljast til stöðugilda leikskólakennara. Til þess að verða ráðinn leikskólakennari skal umsækjandi hafa öðlast leyfi til þess að nota starfsheitið leikskólakennari, sbr. 3. og 24. gr.

Sveitarstjórn, eða sá sem sveitarstjórn felur umboð sitt, eða aðrir rekstraraðilar, ráða leikskólakennara og skólastjórnendur við leikskóla í samræmi við lög þessi, fyrirmæli leikskólalaga og ákvæði sveitarstjórnarlaga.

10. gr.

Ráðning stjórnenda í leikskólum.

Til þess að verða ráðinn leikskólastjóri eða aðstoðarleikskólastjóri við leikskóla skal umsækjandi hafa starfsheitið leikskólakennari og viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynslu á leikskólastigi.

11. gr.

Auglýsingar og ráðningar.

Auglýsa skal öll laus störf kennara og stjórnunarstörf í leikskóla. Ekki er skylt að auglýsa störf við afleysingar, svo sem vegna orlofs, veikinda, fæðingarorlofs eða námsleyfis, enda sé afleysingu ekki ætlað að standa lengur en 12 mánuði samfellt.

Ekki er skylt að auglýsa störf sem eiga að standa í tvo mánuði eða skemur eða tímabundin störf í minna en ⅓ hluta starfs.

Ráða skal til starfa samkvæmt 1. og 2. mgr. með ráðningarsamningi með þriggja mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti sem er þó einn mánuður á fyrstu þremur mánuðum í starfi enda sé ráðningu ætlað að standa í a.m.k. þrjá mánuði.

IV. KAFLI
Starfsréttindi og ráðningar í grunnskólum.

12. gr.

Ráðning grunnskólakennara og sérfræðinga.

Til þess að verða ráðinn kennari við grunnskóla skal umsækjandi hafa öðlast leyfi til þess að nota starfsheitið grunnskólakennari skv. 4. og 24. gr.

Sveitarstjórn, eða sá sem sveitarstjórn felur umboð sitt, eða aðrir rekstraraðilar, ráða grunnskólakennara og skólastjórnendur við grunnskóla í samræmi við ákvæði laga þessara, fyrirmæli grunnskólalaga og ákvæði sveitarstjórnarlaga.

Skólastjórar ráða grunnskólakennara til tímabundinnar forfallakennslu eða afleysinga og aðra sérfræðinga, sbr. 4. mgr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að ráða sérfræðing tímabundið að hámarki eitt skólaár í senn til að kenna sérgrein sína enda sé aðeins um að ræða kennslu sem nemur 240 mínútum eða minna á viku.

13. gr.

Ráðning skólastjórnenda grunnskóla.

Til þess að verða ráðinn skólastjóri eða aðstoðarskólastjóri við grunnskóla skal umsækjandi hafa starfsheitið grunnskólakennari, viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynslu á grunnskólastigi.

14. gr.

Auglýsingar og ráðningar.

Auglýsa skal öll laus kennslu- og stjórnunarstörf. Í auglýsingu skal m.a. tilgreina sérsvið, þ.e. aðalkennslugrein eða -greinar og/eða aldursstig nemenda. Ekki er skylt að auglýsa þau störf sem getið er um í 15. gr. Ráðningum skal lokið fyrir 31. maí eftir því sem við verður komið.

15. gr.

Sérstök tilvik.

Kennsla skal falin grunnskólakennurum sem þegar hafa ráðningu eftir því sem við verður komið. Heimilt er þó að ráða grunnskólakennara og aðra sérfræðinga, sbr. 4. mgr. 12. gr., án auglýsingar til tímabundinnar forfallakennslu eða afleysinga, svo sem vegna orlofs, veikinda, fæðingarorlofs eða námsleyfis enda sé afleysingu ekki ætlað að standa lengur en 12 mánuði.

Heimilt að ráða án auglýsingar grunnskólakennara til kennslustarfa sem eiga að standa tvo mánuði eða skemur sem og til tímabundinna starfa í minna en ⅓ hluta starfs.

Ráða skal til starfa skv. 1. og 2. mgr. með ráðningarsamningi með þriggja mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti sem er þó einn mánuður fyrstu þrjá mánuði í starfi, enda sé ráðningu ætlað að standa í a.m.k. þrjá mánuði.

V. KAFLI
Starfsréttindi og ráðningar í framhaldsskólum.

16. gr.

Starfslið framhaldsskóla og ráðning þess.

Til þess að verða ráðinn til kennslu í framhaldsskóla skal umsækjandi hafa öðlast leyfi til þess að nota starfsheitið framhaldsskólakennari skv. 5. og 22. gr. Miða skal við að framhaldsskólakennari kenni þær greinar eða á því sviði sem menntun hans nær til.

Skólameistari framhaldsskóla ræður starfslið framhaldsskóla í samræmi við ákvæði laga um framhaldsskóla og lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er skólameistara heimilt að ráða sérfræðing tímabundið að hámarki eitt skólaár í senn til að kenna sérgrein sína enda sé aðeins um að ræða kennslu sem nemur 240 mínútum eða minna á viku.

17. gr.

Skólastjórnendur framhaldsskóla.

Við ráðningu í stjórnunarstörf við framhaldsskóla skal umsækjandi hafa starfsheitið framhaldsskólakennari.

18. gr.

Auglýsingar og ráðningar.

Auglýsa skal öll laus kennslu- og stjórnunarstörf í framhaldsskóla í samræmi við reglur fjármálaráðherra um auglýsingar á lausum störfum. Í auglýsingu skal m.a. tilgreina kennslugrein/ar eða sérsvið. Ekki er skylt að auglýsa þau störf sem getið er um í 19. gr. Ráðningum skal lokið fyrir 31. maí eftir því sem við verður komið.

19. gr.

Sérstök tilvik.

Kennsla skal falin framhaldskólakennurum sem þegar hafa ráðningu eftir því sem við verður komið. Heimilt er þó að ráða framhaldsskólakennara og aðra sérfræðinga sbr. 3. mgr. 16. gr. án auglýsingar til tímabundinnar forfallakennslu eða afleysinga, svo sem vegna orlofs, veikinda, fæðingarorlofs eða námsleyfis enda sé afleysingu ekki ætlað að standa lengur en 12 mánuði samfellt.

Þá er heimilt að ráða framhaldsskólakennara til kennslustarfa sem eiga að standa tvo mánuði eða skemur sem og til tímabundinna starfa í minna en ¼ hluta starfs.

Ráða skal til starfa samkvæmt 1. og 2. mgr. með ráðningarsamningi með þriggja mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti sem er þó einn mánuður fyrstu þrjá mánuði í starfi, enda sé ráðningu ætlað að standa í a.m.k. þrjá mánuði.

VI. KAFLI
Undanþágur.

20. gr.

Undanþáguheimild fyrir leikskóla.

Sæki enginn leikskólakennari um auglýst leikskólakennarastarf, leikskólastjórastarf eða aðstoðarleikskólastjórastarf þrátt fyrir endurtekna auglýsingu er heimilt að lausráða í starfið til bráðabirgða, að hámarki til eins árs í senn, einstakling sem ekki er leikskólakennari. Hið sama gildir ef umsækjandi uppfyllir ekki þau almennu skilyrði sem nauðsynleg teljast til þess að fá ráðningu í starf. Starfsmaður sem ráðinn er vegna framangreindra aðstæðna má ekki bera starfsheitið leikskólakennari og ekki má endurráða hann án undangenginnar auglýsingar.

21. gr.

Undanþágunefnd grunnskóla.

Menntamálaráðherra skipar undanþágunefnd grunnskóla til fjögurra ára í senn. Nefndin skal skipuð fjórum fulltrúum, einum fulltrúa tilnefndum af heildarsamtökum kennara, einum fulltrúa tilnefndum af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einum fulltrúa tilnefndum af samstarfsnefnd um háskólastigið og einum fulltrúa án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Jafnmarga varamenn skal skipa á sama hátt.

Óheimilt er að ráða aðra en þá sem uppfylla ákvæði laga þessara til kennslu við grunnskóla á vegum opinberra aðila eða hliðstæða skóla, sbr. lög um grunnskóla.

Nú sækir enginn grunnskólakennari um auglýst kennslustarf þrátt fyrir endurtekna auglýsingu og getur skólastjóri þá sótt um heimild til undanþágunefndar grunnskóla um að lausráða tiltekinn starfsmann til kennslustarfa til bráðabirgða, þó aldrei lengur en til eins árs í senn. Undanþágunefnd er heimilt að víkja frá kröfu um endurtekna auglýsingu þegar sótt er um undanþágu til að endurráða einstakling sem er í námi til kennsluréttinda. Slíkri umsókn skal fylgja staðfesting á að viðkomandi sé í námi og áætlun um námsframvindu. Skólastjóra er

ekki skylt að leita til undanþágunefndar sé um að ræða kennslu sem nemur 240 mínútum á viku eða minna, sbr. 4. mgr. 12. gr.

Málsaðili getur skotið ákvörðun undanþágunefndar til ráðherra. Málskot frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar undanþágunefndar.

Ef hvorki skólastjóri né að minnsta kosti tveir skólanefndarmenn mæla með ráðningu grunnskólakennara í kennslustarf getur skólastjóri þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. leitað til undanþágunefndar og óskað eftir heimild nefndarinnar til að lausráða annan einstakling.

Nú fæst heimild frá undanþágunefnd til að lausráða einstakling skv. 3. eða 5. mgr. og skal hann þá ráðinn með sérstökum ráðningarsamningi til ákveðins tíma með þriggja mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti sem er þó einn mánuður á fyrstu þremur mánuðum í starfi. Slíkur starfsmaður má ekki bera starfsheitið grunnskólakennari og ekki má endurráða hann án undangenginnar auglýsingar.

Starfsreglur undanþágunefndar skal ákveða nánar í reglugerð.

22. gr.

Undanþágunefnd framhaldsskóla.

Menntamálaráðherra skipar undanþágunefnd framhaldsskóla til fjögurra ára í senn. Nefndin skal skipuð þremur fulltrúum, einum fulltrúa tilnefndum af heildarsamtökum kennara, einum fulltrúa tilnefndum af Félagi íslenskra framhaldsskóla og einum fulltrúa án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Jafnmarga varamenn skal skipa á sama hátt.

Óheimilt er að ráða aðra en þá sem uppfylla ákvæði laga þessara til kennslu við framhaldsskóla, sbr. lög um framhaldsskóla.

Nú sækir enginn sem fullnægir ákvæðum þessara laga um auglýst kennslustarf þrátt fyrir endurtekna auglýsingu og getur skólameistari þá sótt um heimild til undanþágunefndar framhaldsskóla um að lausráða tiltekinn starfsmann til kennslustarfa til bráðabirgða, þó aldrei lengur en til eins árs. Undanþágunefnd er heimilt að víkja frá kröfu um endurtekna auglýsingu þegar sótt er um undanþágu til að endurráða einstakling sem er í námi til kennsluréttinda. Slíkri umsókn skal fylgja staðfesting á að viðkomandi sé í námi og áætlun um námsframvindu. Skólameistara er ekki skylt að leita til undanþágunefndar sé um að ræða kennslu sem nemur 240 mínútum á viku eða minna, sbr. 3. mgr. 16. gr.

Málsaðili getur skotið ákvörðun undanþágunefndar til ráðherra. Málskot frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar undanþágunefndar.

Ef hvorki skólameistari né að minnsta kosti tveir skólanefndarmenn mæla með ráðningu framhaldsskólakennara í kennslustarf getur skólameistari þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. leitað til undanþágunefndar og óskað eftir heimild nefndarinnar til að lausráða annan einstakling sem hefur sérmenntun í auglýstri kennslugrein.

Nú fæst heimild frá undanþágunefnd til að lausráða einstakling skv. 3. eða 5. mgr. og skal hann þá ráðinn með sérstökum ráðningarsamningi með þriggja mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti sem er þó einn mánuður á fyrstu þremur mánuðum í starfi. Slíkur starfsmaður má ekki bera starfsheitið framhaldsskólakennari og ekki má endurráða hann án undangenginnar auglýsingar.

Starfsreglur undanþágunefndar skal ákveða nánar í reglugerð.

VII. KAFLI
Almenn ákvæði.

23. gr.
Mat á umsóknum og forgangur til starfs.

Við ráðningu skólastjórnenda í leik-, grunn- og framhaldsskólum skal tekið tillit til menntunar, starfsferils, stjórnunarreynslu eða viðbótarmenntunar í stjórnun og umsagna um starfshæfni umsækjanda. Sæki fleiri en einn um sama starf og uppfylli tveir eða fleiri þær kröfur sem gerðar eru skal m.a. tekið tillit til menntunar, starfsreynslu og umsagna um starfshæfni umsækjenda þegar ákvörðun er tekin um ráðningu í starfið.

Grunnskólakennari sem hefur sérhæft sig til kennslu í tiltekinni námsgrein, á tilteknu námssviði eða aldursstigi, skal við ráðningu hafa forgang til kennslu miðað við það.

Einstaklingar sem hafa lokið bakkalárprófi á sviði uppeldis- og kennslufræða, og aðrir þeir sem hafa sambærilega menntun sem nýtist til starfa í leikskólum, skulu njóta forgangs umfram aðra við ráðningu í störf í leikskólum samkvæmt þessari grein.

Einstaklingar sem hafa lokið bakkalárprófi á sviði uppeldis- og kennslufræða, og aðrir þeir sem hafa sambærilega menntun sem nýtist til starfa í grunnskólum, skulu njóta forgangs umfram aðra við ráðningu í störf í grunnskólum.

Einstaklingar með starfsréttindapróf eða háskólapróf og a.m.k. 120 staðlaðar námseiningar í auglýstri kennslugrein skulu njóta forgangs umfram aðra við ráðningu í störf í framhaldsskólum.

24. gr.
Um gildissvið leyfisbréfa og útgáfu þeirra.

Menntamálaráðherra veitir kennurum leyfisbréf til notkunar á starfsheitum kennara skv. 3.–5. gr. Um gildissvið leyfisbréfa fer að öðru leyti eftir því sem hér segir:

1. Leyfisbréf grunnskólakennara sem sérhæft hefur sig í kennslu yngri barna veitir honum heimild til kennslu elstu aldursflokka í leikskólum.
2. Leyfisbréf leikskólakennara sem sérhæft hefur sig í kennslu eldri barna veitir honum heimild til kennslu í 1.–3. bekkjum grunnskóla.
3. Leyfisbréf framhaldsskólakennara veitir honum heimild til kennslu á sérsviði sínu í 8.–10. bekkjum grunnskóla.
4. Leyfisbréf grunnskólakennara sem lokið hefur a.m.k. 120 eininga sérmenntun í kennslugrein veitir honum heimild kennslu á sérsviði sínu í byrjunaráföngum framhaldsskóla.

Leikskólakennari sem lokið hefur a.m.k. 60 eininga viðbótarmenntun í stjórnun eða sérkennslu á rétt á leyfisbréfi sem grunnskólakennari og starfa sem slíkur.

Grunnskólakennari sem lokið hefur a.m.k. 60 eininga viðbótarmenntun í stjórnun eða sérkennslu á rétt á leyfisbréfi sem leikskólakennari og starfa sem slíkur.

Ráðherra er heimilt að fela háskólum, sem hlotið hafa viðurkenningu á grundvelli laga um háskóla og sinna menntun kennara eftir samningi við ráðuneytið, að annast útgáfu leyfisbréfa samkvæmt lögum þessum. Skal þá ráðherra veita hlutaðeigandi stofnunum sérstök fyrirmæli um hvernig útgáfu slíkra leyfisbréfa skuli nánar háttað.

Ráðherra er heimilt að setja nánari fyrirmæli um útgáfu leyfisbréfa í reglugerð.

25. gr.
Eldri réttindi.

Leikskólakennarar með bakkalárpróf á sviði uppeldis- og kennslufræða frá viðurkenndri kennaramenntunarstofnun, eða annað jafngilt nám sem lokið var með prófum sem tryggðu kennsluréttindi fyrir gildistöku laga þessara, skulu halda réttindum sínum.

Grunn- og framhaldsskólakennarar með leyfisbréf við gildistöku laga þessara halda fullum réttindum til jafns við þá sem öðlast starfsréttindi grunn- og framhaldsskólakennara samkvæmt lögum þessum.

26. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2008. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 86/1998, um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra.

Ákvæði 3., 4. og 5. gr. taka til þeirra sem hefja nám eftir gildistöku laga þessara.

Fram til 1. júlí 2011 skulu þeir sem fá leyfisbréf til kennslu í leik-, grunn- og framhaldsskólum hafa lokið bakkalárprófi og tilskildu námi í uppeldis- og kennslufræðum.

27. gr.
Breytingar á öðrum lögum.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á 5. gr. laga um réttindi og skyldur kennara og skólastjónenda grunnskóla, nr. 72/1996:

a. Í stað 1. málsl. 1. mgr. koma tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Auglýsa skal öll laus kennslu- og stjórnunarstörf í grunnskóla. Ekki er skylt að auglýsa þau störf sem getið er um í 15. gr. laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.
b. 2. mgr. fellur brott.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara skulu gefin út leyfisbréf til handa leik-, grunn- og framhaldsskólakennurum sem til þess eiga tilkall og ekki hafa þegar fengið slík bréf, enda óski þeir eftir því.

Lög um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla skulu endurskoðuð innan tveggja ára frá gildistöku laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um leikskóla, frumvarpi til laga um grunnskóla og frumvarpi til laga um framhaldsskóla. Frumvarpið er byggt á vinnu starfshóps sem menntamálaráðherra skipaði í apríl 2005, til þess að endurskoða ákvæði laga nr. 86/1998, um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra. Frumvörpin fela í sér heildareindarskoðun á löggjöf um skólamál hér á landi. Í megindráttum felur frumvarpið í sér að ríkari kröfur verða gerðar til kennaramenntunar. Með því er lögð áhersla á að börn og ungmenni búi við sem best uppeldis- og námsskilyrði. Í því felst jafnframt að skólastigin, leikskólinn, grunnskólinn og framhaldsskólin, verði færð nær hvert öðru og stuðlað verði að því strax í leikskóla hefjist undirbúningur að samfellu í skólastarfi þar sem eitt skólastig tekur við af öðru. Stærsta breytingin felst í þeim kröfum sem gerðar verða til kennaramenntunar. Til þess að geta fengið leyfisbréf sem leik-

skólakennari, grunnskólakennari og framhaldsskólakennari verður sá sem þess óskar að hafa lokið meistaraprófi frá háskóla sem hlotið hefur viðurkenningu ráðherra á fræðasviði til kennslu á viðkomandi skólastigi. Sérstaklega mun þetta, og sú stefnumörkum sem fram kemur í frumvarpinu að minnst ⅔ hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla skuli teljast til stöðugilda leikskólakennara, hafa þýðingu fyrir störf leikskólakennara. Í því felst jafnframt mikilsverð viðurkenning á störfum leikskólakennara og því þýðingarmikla hlutverki þeirra að mennta börn í leiskólum sem er fyrsta skólastigð.

1.

Gildandi lög um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra, nr. 86/1998, hafa staðið nær óbreytt frá gildistöku fyrir utan nokkur ákvæði sem bættust við 2003 vegna viðauka við tilskipun vegna ESS samningsins, 89/48/EBE. Lögunum hefur ekki verið breytt í kjölfar breytinga á starfsumhverfi skólanna undanfarin ár. Á sama tíma hafa átt sér stað miklar breytingar á háskólastiginu hérlendis, þar með talið í starfsmenntun kennara.

Með lögum um leikskóla 1994 og útgáfu aðalnámskrár leikskóla voru tekin af tvímæli um að leikskólinn er fyrsta stig skólakerfisins. Lögin kveða einnig á um að leikskólakennarapróf skuli veita forgang til kennslustarfa í leikskólum. Starfsheiti leikskólakennara er hins vegar ekki lögvarið á sama hátt og starfsheiti grunnskólakennara og framhaldsskólakennara. Á undanförnum árum hefur fæst í vöxt að fólk með erlend leikskólakennarapróf sæki í störf hérlendis. Þar sem starfsheiti leikskólakennara er ekki lögvarið og menntunarkröfur sem gerðar eru í lögum eru óskýrar hefur reynst erfitt að meta starfsréttindi leikskólakennara með erlend próf.

Eftir útkomu aðalnámskráa grunn- og framhaldsskóla 1999 reyndi í auknum mæli á túlkun lögverndunarlaga hvað varðar menntunarskilyrði, ekki síst á grunnskólastigi. Ýmsir háskólamenntaðir einstaklingar með próf í uppeldis- og kennslufræði hafa sótt fast að fá starfsleyfi sem grunnskólakennarar eða framhaldsskólakennarar. Einnig hafa iðnmeistarar úr ýmsum iðngreinum sótt um leyfisbréf grunnskólakennara og sömuleiðis fólk með menntun á sviði listgreina, tæknigreina og verkgreina. Á undanförnum árum hefur þróunin orðið sú að matsnefnd grunnskóla eða menntamálaráðherra hafa veitt kennsluréttindi nýjum hópum háskólamenntaðs fólks og einnig iðnmeisturum og fólki með listmenntun og tæknimenntun. Sífellt erfiðara hefur reynst fyrir matsnefndina að ákvarða menntunarkröfur í þessu sambandi, með skírskotun í kennslugrein, ekki síst með tilkomu nýrra námskráa í lífsleikni og upplýsinga- og tæknimennt í grunnskólum. Ýmsir einstaklingar sem fengið hafa synjun matsnefndar um að hljóta starfsleyfi sem grunn- eða framhaldsskólakennarar hafa kært þá ákvörðun til ráðherra og kvartað til umboðsmanns Alþingis. Nú er svo komið að erfitt er, einkum fyrir matsnefnd grunnskóla, að vinna eftir lögunum þar sem búið er að reyna á þanþol þeirra með túlkun undanfarinna ára.

2.

Menntamálaráðherra skipaði í febrúar árið 2005 starfshóp sem var falið að endurskoða stöðu laga nr. 86/1998, um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra, með tilliti til breytts skólaumhverfis. Í hópnum voru frá menntamálaráðuneytinu Karl Kristjánsson, deildarstjóri skóla- og símenntunardeildar ráðuneytisins, formaður, frá Kennarasambandi Íslands Eiríkur Jónsson, formaður Kennarasambands Íslands, og frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga Sigurður Óli Kolbeinsson, lög-

fræðingur og sviðsstjóri lögfræðisviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga. Þá var Guðni Olgeirsson sérfræðingur í skóladeild menntamálaráðuneytisins starfsmaður hópsins.

Í vinnu starfshópsins voru einnig skoðaðar hugmyndir um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum leikskólakennara. Í ljósi yfirlýsingar menntamálaráðherra og Kennarasambands Íslands um 10 skref til sóknar í skólastarfi, dags. 2. febrúar 2006, og stefnu menntamálaráðuneytisins um aukna samfellu í námi, aukin tengsl milli skólastiga, breytta námsskipan til stúdentsprófs og endurskoðun á skipan kennaramenntunar er hér lagt til að ákvæði frumvarpsins nái einnig til leikskólakennara. Gert er ráð fyrir sambærilegum ákvæðum um starfsheiti og starfsréttindi leikskólakennara og fyrir grunn- og framhaldsskólakennara en ekki er gert ráð fyrir undanþágunefnd leikskóla.

Í mars 2005 skipaði menntamálaráðherra starfshóp sem falið var að endurmeta skipulag kennaramenntunar og setja fram tillögur um framtíðarskipan menntunar leikskólakennara, grunnskólakennara og framhaldsskólakennara. Hópnum var jafnframt falið að kanna sýn hagsmunaaðila á gæðamál og kröfur til námsins. Í hópnum sátu Sigurjón Mýrdal, deildarstjóri í námskrárdeild menntamálaráðuneytis, formaður, Kristrún Lind Birgisdóttir, verkefnisstjóri í menntamálaráðuneyti, Ólafur Proppé, rektor Kennaraháskóla Íslands, Elna Katrín Jónsdóttir, varaformaður Kennarasambandi Íslands, Hafdís Ingvarsdóttir, dósent í Háskóla Íslands, og Ársæll Guðmundsson, sveitarstjóri, fyrir Samband íslenskra sveitarfélaga.

Starfshóparnir tveir höfðu samráð sín í milli og héldu sameiginlegan fund. Skýrsla starfshópsins um framtíðarskipan kennaramenntunar og niðurstöður voru afhentar menntamálaráðherra í mars 2006.

Í vinnu sinni leit starfshópurinn um lögverndunarlögin til allra þátta núgildandi laga og kom sér saman um drög að frumvarpi til nýrra laga um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum leikskólakennara, grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjórnenda á þessum skólastigum. Aflað var upplýsinga um sambærilega lögverndun á Norðurlöndum. Farið var yfir skýrslur undanþágunefnda grunn- og framhaldsskóla og ýmis gögn skoðuð frá matsnefndum grunn- og framhaldsskóla. Rætt var við formenn matsnefnda og undanþágunefnda og farið yfir ýmis álitamál sem upp hafa komið við túlkun laganna á undanförnum árum. Er nefndin hafði skilað tillögum sínum að lagafrumvarpi fór menntamálaráðuneytið yfir öll fjögur frumvörpin með tilliti til samræmingar og einföldunar og hafði í því sambandi samráð við fulltrúa hagsmunaaðila í starfshópnum.

3.

Tillögurnar sem hér liggja fyrir fela í sér allnokkrar breytingar frá gildandi lögverndunarlögum. Meginbreytingartillögur eru eftirfarandi:

- Menntunarskilyrði til að öðlast starfsheiti og starfsréttindi grunnskólakennara og framhaldsskólakennara eru aukin í samræmi til tillögur starfshóps um framtíðarskipan kennaramenntunar, auknar kröfur til kennarastéttarinnar og þróun kennaramenntunar í þeim löndum sem við berum okkur saman við.
- Frumvarpið kveður í fyrsta skipti á um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum leikskólakennara og stjórnenda leikskóla. Hér er höfð hliðsjón af því að leikskólinn er fyrsta stig íslenska skólakerfisins.
- Menntunarskilyrði til að öðlast starfsheiti og starfsréttindi leikskólakennara eru í samræmi við tillögur starfshóps um framtíðaskipan kennaramenntunar, auknar kröfur til kennarastéttarinnar og þróun kennaramenntunar í þeim löndum sem við berum okkur saman við. Gerðar eru sambærilegar kröfur um menntun leikskólakennara og gerðar eru til grunnskóla- og framhaldsskólakennara.

– Menntunarskilyrði á grunnskólastigi eru gerð almennari, þ.e. ekki eru tilgreindar ákveðnar kennaramenntunarstofnanir, en menntunarkröfurnar eru skýrari.
– Gert er ráð fyrir sérhæfingu í leyfisbréfi á grunnskólastigi fyrir fólk sem hefur fagmenntun á ákveðnu sviði, ásamt kennslu- og uppeldisfræði.
– Kveðið er á um að kennari sem hefur sérhæft sig í tiltekinni námsgrein, á tilteknu námssviði eða aldursstigi grunnskóla hafi forgang til kennslu í grunnskóla miðað við það. Um er að ræða útvíkkun á núgildandi forgangi sem miðast einungis við kennslugreinar á unglingastigi.
– Skólastjóra grunnskóla verði heimilt að ráða sérfræðing tímabundið að hámarki eitt skólaár í senn til að kenna sérgrein sína enda sé aðeins um að ræða kennslu sem nemur 240 mínútum eða minna á viku. Sambærileg heimild er fyrir skólameistara framhaldsskóla skv. IV. kafla gildandi lögverndunarlaga.
– Gildissvið leyfisbréfa leik-, grunn- og framhaldsskólakennara er útvíkkað til aðliggjandi skólastiga þannig að viðkomandi kennari hefi einnig heimild til að kenna ákveðnum aldursflokkum eða á sérsviði sínu, samkvæmt takmörkunum í 23. gr. og er þetta gert til að stuðla að ákveðnum sveigjanleika milli skólastiga.
– Í leikskólum skulu að lágmarki ⅔ hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla teljast til stöðugilda leikskólakennara. Ekki er gert ráð fyrir því að þetta ákvæði leiði til þess að skylt verði að segja núverandi starfsmönnum leikskóla upp störfum.
– Gert er ráð fyrir að einstaklingar án kennsluréttinda en með B.Ed. gráðu og aðrir sem hafa sambærilega menntun sem nýtist til starfa á tilteknu skólastigi, skulu njóta forgangs við ráðningu í störf á því skólastigi. Hér er m.a. litið til tillagna um háskólapróf í svonefndu Bologna-ferli.
– Matsnefnd grunnskóla og matsnefnd framhaldsskóla eru sameinaðar í eina matsnefnd og hlutverk nefndarinnar verður einnig að fara yfir umsóknir um leyfisbréf fyrir leikskólakennara.
– Ein reglugerð verður um lögverndun á starfsheiti leikskólakennara, grunnskólakennara og framhaldsskólakennara í stað tveggja áður, þ.e. um hvort skólastig sérstaklega.
– Ekki er í þessu frumvarpi fjallað sérstaklega um stundakennara en þess í stað rætt um störf sem eiga að standa tvo mánuði eða skemur, tímabundna ráðningu í minna en ⅓ hluta starfs í leik-, og grunnskóla eða í framhaldsskólum í minna en ¼ hluta starfs og störf við afleysingar, svo sem vegna orlofs, veikinda, fæðingarorlofs og námsleyfis.
– Menntamálaráðherra getur falið háskólum sem hlotið hafa viðurkenningu ráðuneytisins og sinna menntun kennara samkvæmt samningi við ráðuneytið að annast útgáfu leyfisbréfa.
– Ýmsar lagfæringar eru gerðar á orðalagi einstakra greina núgildandi laga og þau ákvæði felld brott úr lögunum sem ekki er talin þörf á að hafa þar inni.

Frumvarpið skiptist í sjö kafla. Í I. kafla er fjallað um gildissvið og markmið frumvarpsins. Í II. kafla eru meginákvæði um lögverndun á starfsheitunum leikskólakennari, grunnskólakennari og framhaldsskólakennari. Kveðið er á um þau skilyrði sem umsækjandi þarf að uppfylla til að geta fengið slíkt leyfi. Þar á meðal eru ákvæði um að leyfisbréf menntamálaráðherra þurfi fyrir notkun á umræddum starfsheitum. Sérstök ákvæði eru í III., IV. og V. kafla um starfsréttindi og ráðningarreglur á hverju skólastigi fyrir sig. Þar er m.a. að finna ákvæði um skilyrði fyrir ráðningum, um ráðningarvald, auglýsingar og ráðningar í laus störf. Ákvæði þessi eru að mestu leyti sambærileg gildandi lögum. Mismunurinn skýrist einkum af mismunandi lagaumgjörð og starfsumhverfi skólastiganna. Rekstur fyrstu tveggja skóla-

stiga er hjá sveitarfélögum en ríkið fer með rekstur þess þriðja, þ.e. framhaldskóla. Leikskóla- og grunnskólakennarar, sem og stjórnendur þessara skóla, eru því almennt hluti af starfsliði sveitarfélaga en um það gilda ákvæði V. kafla sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998. Þá gilda sérstök lög um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla, nr. 72/1996. Kennarar og skólastjórnendur framhaldsskóla heyra aftur á móti almennt undir gildissvið laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, enda eru langflestir framhaldsskólarnir ríkisstofnanir. Í VI. kafla frumvarpsins eru ákvæði um undanþágur. Þar eru ákvæði um undanþágur til að lausráða til bráðabirgða, þó aldrei lengur en til eins árs í senn, einstaklinga sem ekki hafa það starfsheiti sem um ræðir. Afla þarf heimildar fyrir slíkum ráðningum á grunn- og framhaldsskólastigi hjá hlutaðeigandi undanþágunefnd. Í VII. kafla eru tekin saman ákvæði sem eru sameiginleg fyrir öll skólastigin, en með því er reynt að einfalda uppsetningu laganna. Gert er ráð fyrir því eins og nánar er lýst í 24. gr. að réttindi samkvæmt leyfisbréfi á tilgreindu skólastigi geti að ákveðnu marki einnig tekið til annarra skólastiga. Þar er einnig að finna önnur ákvæði, þar á meðal um setningu reglugerðar um útgáfu leyfisbréfa og breytingar á öðrum lögum. Þá er þar tryggður réttur þeirra sem þegar hafa aflað sér starfsréttinda til kennslu í leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum og þeirra sem þegar hafa leyfisbréf til að nota starfsheiti grunnskólakennara og framhaldsskólakennara.

4.

Ljóst er að beint samhengi er á milli gæða og skilvirkni menntakerfis annars vegar og menntunarstigs, lífsgæða og efnahagsþróunar samfélagsins hins vegar. Þetta er löngu viðurkennt í þeim löndum sem við Íslendingar berum okkur saman við. Við stefnumörkun í skólamálum á vegum alþjóðastofnana og einstakra ríkja hafa menn jafnframt í vaxandi mæli gert sér grein fyrir miðlægri stöðu kennarans í breytingaferlinu og þeirri kjölfestu sem kennaramenntun er í menntakerfinu. Af þessum sökum hefur starfsmenntun kennara verið tekin til endurskoðunar víða um heim. Austanhafs og vestan hafa menn reynt að greina fjölbreytileika kennarastarfsins og alls staðar komist að þeirri niðurstöðu að efla þurfi kennaramenntun fyrir öll skólastig og tryggja stöðu hennar á háskólastigi. Við samningu frumvarps þessa hefur verið litið til þessara stefnumörkunar.

Á undanförnum árum hefur kennaramenntun verið færð á háskólastig í flestum vestrænum ríkjum og bæði fræðilegur og verklegur hluti hennar aukinn. Hlutverk kennarastéttarinnar í samrunaferli Evrópusambandsins hefur verið viðurkennt og þar er litið á kennaramenntun sem lykilþátt í mótun nýrrar menntastefnu fyrir árið 2010. Þar er einnig unnið að aðlögun kennaramenntunar að annarri starfsmenntun í samræmi við Bologna-yfirlýsinguna frá 1999 um samevrópskt háskólasvæði. Megintilgangur Boglogna-ferlisins er að fyrir árið 2010 verði til samevrópskt háskólasvæði þar sem hreyfanleiki nemenda og háskólafólks er auðveldaður. Af þeim markmiðum sem menntamálaráðherrar þátttökulandanna að Bologna-ferlinu komu sér saman um að stefna að er áhersla á að nám á háskólastigi sé skipulagt í grunnnám og framhaldsnám, þar sem grunnnám er að lágmarki þrjú ár, meistaranám tvö ár og síðan doktorsnám. Löndin sem taka þátt í Bologna-ferlinu eru nú (2007) 46 talsins.

Í skýrslu frá Efnahags- og framfarastofnuninni, OECD, um kennara (Teachers Matter, 2005) kemur fram að starfsmenntun kennara er skipulögð á mjög mismunandi hátt í aðildarlöndunum og spannar frá þremur árum (t.d. á Írlandi, Spáni og Íslandi) til sjö ára menntunar fyrir framhaldsskólakennara (t.d. í Þýskalandi, Slóvakíu og á Ítalíu). Kennaramenntun á Íslandi er nú skipulögð sem 3–4 ára háskólanám (180–240 einingar). Það er með því stysta sem þekkist í löndum á Evrópska efnahagssvæðinu og í OECD-ríkjunum. Meðallengd kennaramenntunar í OECD-löndunum er nú 3,9 ár fyrir barnakennara, 4,4 ár fyrir unglingaskóla-

kennara og 4,9 ár fyrir framhaldsskólakennara. Hér er um meðaltöl að ræða sem þýðir að í mörgum löndum spannar kennaramenntunin lengri tíma, t.d. í Finnlandi, Frakklandi, á Ítalíu, í Slóvakíu og Þýskalandi. Hér við bætist að í mörgum löndum er gert ráð fyrir starfsþjálfun eftir kennaranám, sk. kandídatsárum, áður en menn öðlast formleg kennsluréttindi (oft eftir sérstakt kennarapróf). Dæmi um slík kandídatsár má finna á Írlandi, í Englandi, Portúgal, Skotlandi, á Spáni og víðar. Dæmi um sérstök kennarapróf að loknu starfsnámi má finna í Frakklandi, Þýskalandi, Grikklandi, á Ítalíu og víðar. Sé skyggnst út fyrir Evrópu má finna áhugaverð dæmi um lengri kennaramenntun, kandídatsár og kennarapróf víða í fylkjum Ástralíu, Kanada og Bandaríkjanna.

Menntun leikskólakennara hefur nokkra sérstöðu í alþjóðlegu samhengi þar sem leikskólinn er ekki alls staðar talinn hluti hins almenna skólakerfis. Íslendingar voru í framvarðarsveit ríkja til að skilgreina leikskólann sem fyrsta stig skólakerfisins árið 1994. Við höfum verið í forystu varðandi þetta og jafnframt lagt áhersla á að fagleg starfsmenntun leikskólakennara sé þeim mun mikilvægari sem nemendur eru yngri. Menntun leikskólakennara hérlendis er nú þriggja ára háskólanám. Annars staðar á Norðurlöndunum er menntun leikskólakennara nú 3–3 ½ ára háskólanám og hún hefur víða verið færð á háskólastig, t.d. í Bretlandi, Þýskalandi, á Spáni og í Luxemborg. Eðlilegt er að fagleg og fræðileg viðfangsefni í starfsmenntun kennara hérlendis verði dýpkuð í samræmi við auknar kröfur til kennarastarfsins, m.a. vegna breyttra þjóðfélagsaðstæðna og nýrrar þekkingu á tengslum menntunar og samfélagsþróunar. Á tímum hraðra samfélagsbreytinga þarf að gera auknar kröfur til fagstéttar kennara á öllum skólastigum.

Starfshópur menntamálaráðherra um framtíðarskipan kennaramenntunar skilaði ráðherra skýrslu í mars 2006. Þar var lagt til að menntun leikskóla-, grunnskóla- og framhaldsskólakennara verði lengd þannig að hún verði sambærileg við það sem tíðkast hjá nágrannaþjóðunum. Jafnframt verði form hennar lagað að Bologna-ferlinu um skipan háskólanáms í Evrópu. Það þýðir að kennaranám verði skipulagt sem þriggja ára grunnnám og tveggja ára framhaldsnám til meistaraprófs (M.Ed.-, MA- eða MS-gráðu) en auk þess þarf að gefa kost á símenntun og framhaldsnámi allt til doktorsnáms. Hliðstæðar áherslubreytingar þarf að gera á menntun verk- og starfsmenntakennara í samræmi við Kaupmannahafnaryfirlýsingu Evrópusambandsins frá 2003. Þar var lögð áhersla á að tryggja gæði starfsmenntunar, m.a. með bættri menntun kennara sem sinna starfsmenntun. Ofan á tilskilda menntun í kennslugrein þarf að bætast tveggja ára kennaramenntun, sniðin að þörfum verk- og starfsmennta.

Í frumvarpinu er námsvinna nemenda skilgreind á grundvelli svokallaðra ECTS-eininga (*e.* European Credit Transfer System) og eru skilgreindar sem staðlaðar námseiningar á grundvelli laga nr. 63/2006, um háskóla. Við einingarmat er miðað við fasta grunntölu um fullt nám, 60 námseiningar ár hvert. Einingin endurspeglar alla námsvinnu nemandans og þátttöku í hvers kyns kennslustundum, sem og viðveru í fyrirlestrum, umræðutímum, æfingum, verklegum tímum og prófum, fjölda og umfang verkefna og lesefni. Nám getur verið skipulagt með ýmsum hætti en óháð fyrirkomulagi kennslunnar og námsins er samanlagður einingafjöldi allra námskeiða og verkefna eins árs að jafnaði 60 staðlaðar námseiningar. Ekki skiptir máli í því sambandi hversu margar kennsluvikur eru á ári.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er fjallað um gildissvið frumvarpsins. Í samræmi við heiti frumvarpsins er gildissvið þess afmarkað við menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leik-, grunn- og framhaldsskóla. Ekki er lengur vísað í heiti laganna til lögverndunar starfsheita

kennara á hlutaeigandi skólastigum. Í því felst ekki efnisbreyting. Þykir heitið sem hér er lagt til lýsa betur efni frumvarpsins.

Um 2. gr.

Greinin fjallar um markmið frumvarpsins. Áhersla er lögð á að með viðurkenningu starfsheita kennara sé verið að tryggja að þeir sem leggja stund á kennslu- og uppeldisstörf í leik-, grunn-, og framhaldsskólum hafi menntun í samræmi við störf þeirra og ábyrgð.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. er skilgreindur réttur til að nota starfsheitið leikskólakennari og til að starfa sem slíkur við leikskóla á vegum opinberra aðila eða við aðra hliðstæða skóla, sbr. lög um leikskóla. Hér er lagt til sambærilegt skilyrði á leikskólastigi og verið hafa á grunn- og framhaldsskólastigi, þ.e. leyfi menntamálaráðherra til notkunar á umræddu starfsheiti.

Í 2. mgr. eru skilgreindar menntunarkröfur vegna leyfis til þess að nota starfsheitið leikskólakennari. Miðað er við að meistaranám í leikskólakennarafræðum sé skilyrði leikskólakennararéttinda. Krafist er meistaraprófs í leikskólafræðum frá viðurkenndri kennaramenntunarstofnun á Íslandi. Einnig er mögulegt að fá metið annað jafngilt nám sem hefur það að markmiði að veita undirbúning til kennslu á leikskólastigi miðað við aðalnámskrá leikskóla. Hér er t.d. átt við leikskólakennara með próf í leikskólakennarafræðum frá erlendum menntastofnunum sem talin eru jafngild viðurkenndum prófum, einnig grunnskólakennara sem hafa bætt við sig skilgreindu námi í leikskólakennarafræðum sem menntamálaráðuneytið viðurkennir fullnægjandi. Einnig er átt við að fagmenntaðir kennarar eða aðrir menntunarfræðingar fái leyfisbréf sem leikskólakennarar þegar þeir hafa lokið viðbótarmenntun í leikskólakennarafræðum.

Í 8. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að menntamálaráðherra setji reglugerð um inntak menntunar leik-, grunn- og framhaldsskólakennara.

Um 4. gr.

Fyrsta málsgrein ákvæðisins er samhljóða 1. mgr. 1. gr. gildandi laga um rétt til þess að nota starfsheitið grunnskólakennari.

Í 2. mgr. eru skilgreindar auknar menntunarkröfur miðað við 2. gr. gildandi laga vegna leyfis til þess að nota starfsheitið grunnskólakennari. Lagt er til að meginviðmið verði sett við meistarapróf í grunnskólakennarafræðum. Undir þennan lið falla einnig þeir sem hafa aðra jafngilda menntun, t.d. frá erlendum kennaramenntunarstofnunum. Þá eru skilgreindar lágmarkskröfur fyrir þá kennara, t.d. í verkgreinum, tæknigreinum og listgreinum, sem ekki hafa lokið meistaraprófi frá háskóla.

Skv. 1. tölul. 2. mgr. eru almenn starfsleyfisskilyrði grunnskólakennara meistarapróf í grunnskólafræðum frá viðurkenndri kennaramenntunarstofnun hér á landi. Vegna eðlis kennarastarfs á grunnskólastigi er talið æskilegt að miða við minnst 60 eininga nám í uppeldis- og kennslufræði til kennsluréttinda.

Skv. 2. tölul. 2. mgr. er mögulegt að fá metið annað jafngilt nám, sbr. 1. tölul., sem hefur það að markmiði að veita undirbúning til kennslu á grunnskólastigi miðað við aðalnámskrá grunnskóla. Hér er einkum átt við kennaramenntun frá erlendum kennaramenntunarstofnunum, en einnig t.d viðbótarnám leikskólakennara og framhaldsskólakennara sem sérhæft hafa sig til kennslu í grunnskólum.

Í 3. tölul. 2. mgr. eru, eins og í núgildandi lögum, ákvæði um sérhæfingu í leyfisbréfi iðnmeistara í sérgrein í grunnskólum, enda hafi viðkomandi leyfisbréf iðnmeistara í sérgreininni

og a.m.k. 60 eininga námi í uppeldis- og kennslufræðum til kennsluréttinda. Í samræmi við tillögur starfshóps menntamálaráðherra um framtíðarskipan kennaramenntunar (mars 2006) er hér lagt til að menntun starfsmenntakennara verði lengd og metin jafngild öðru kennaranámi. Kennslufræðihluti þess náms fari fram í kennaramenntunarstofnunum á háskólastigi.

Í 4. tölul. 2. mgr. er fjallað um annars konar lokapróf sem má meta til að veita starfsheitið grunnskólakennari, t.d. á sviði verkgreina, tæknigreina eða listgreina, enda hafi viðkomandi lokið 270–300 eininga námi á sérsvið sínu og a.m.k. 60 eininga námi á háskólastigi í uppeldis- og kennslufræðum til kennsluréttinda. Hér er gert ráð fyrir því að veitt sé takmarkað starfsleyfi fyrir þá sem falla undir þennan tölulið. Þeir fái ekki starfsleyfið grunnskólakennari almennt, heldur í tiltekinni námsgrein, námssviði eða aldursstigi.

Í 8. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að menntamálaráðherra setji reglugerð um inntak menntunar leik-, grunn- og framhaldsskólakennara.

Um 5. gr.

1. mgr. er samhljóða 11. gr. gildandi laga um rétt til þess að nota starfsheitið framhaldsskólakennari.

Í 2. mgr. ákvæðisins eru skilgreindar auknar menntunarkröfur vegna leyfis til þess að nota starfsheitið framhaldsskólakennari. Lagðar eru til nokkrar breytingar frá 11. og 12. gr. gildandi laga og lágmarksviðmið sett við meistarapróf á fræðasviði sem viðurkennt er til kennslu í framhaldsskólum.

Í 1. tölul. 2. mgr. eru almenn starfsleyfisskilyrði framhaldsskólakennara miðuð við meistarapróf frá viðurkenndri háskólastofnun hér á landi. Eðlilegt er að meistaraprófið sé á starfssviði sem menntamálaráðuneyti viðurkennir til kennslu í framhaldsskólum samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla.

Skv. 2. tölul. 2. mgr. er mögulegt að fá metið annað jafngilt nám, sbr. 1. tölul., sem hefur það að markmiði að veita undirbúning til kennslu á framhaldsskólastigi miðað við aðalnámskrá framhaldsskóla. Hér er einkum átt við sérmenntun eða kennslufræðimenntun frá erlendum kennaramenntunarstofnunum.

Í 3. tölul. 2. mgr. eru, eins og í núgildandi lögum, ákvæði um kennsluréttindi iðnmeistara í sérgrein, enda hafi viðkomandi leyfisbréf iðnmeistara í sérgreininni og a.m.k. 60 eininga námi í uppeldis- og kennslufræðum til kennsluréttinda. Í samræmi við tillögur starfshóps menntamálaráðherra um framtíðarskipan kennaramenntunar (mars 2006) er hér lagt til að menntun starfsmenntakennara verði lengd og metin jafngild öðru kennaranámi. Kennslufræðihluti þess náms fari fram í kennaramenntunarstofnunum á háskólastigi.

Í 4. tölul. 2. mgr. er fjallað um annars konar lokapróf sem má meta nægjanlegt til að fá starfsheitið framhaldsskólakennari, t.d. á sviði verkgreina, tæknigreina eða listgreina, enda hafi viðkomandi lokið 270–300 eininga námi á sérsvið sínu og a.m.k. 60 eininga námi á háskólastigi í uppeldis- og kennslufræðum til kennsluréttinda.

Í 8. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að menntamálaráðherra setji reglugerð um inntak menntunar leik-, grunn- og framhaldsskólakennara.

Um 6. gr.

Grein þessi kveður á um staðfestingu menntamálráðherra á leyfi til að nota starfsheiti leikskólakennara, grunnskólakennara og framhaldsskólakennara samkvæmt umsókn tiltekinna erlendra ríkisborgara leggi viðkomandi fram tilskilin vottorð. Hún er samhljóða sambærilegu ákvæði 3. og 13. gr. gildandi laga um staðfestingu á leyfi til að nota starfsheiti grunnskólakennara og framhaldsskólakennara samkvæmt umsókn ríkisborgara innan Evrópska efna-

hagssvæðisins eða ríkisborgara aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu. Menntamálaráðuneyti staðfestir slíkt leyfi að höfðu samráði við matsnefnd.

Ráðuneytið getur notað sama farveg til að staðfesta leyfi samkvæmt umsóknum annarra ríkisborgara eftir því sem þörf krefur.

Um 7. gr.

Í þessari grein segir að leita skuli umsagnar matsnefndar ef vafi leikur á hvort umsækjandi fullnægir skilyrðum 3.–6. gr. til þess að fá leyfi til að nota starfsheitið leikskólakennari, grunnskólakennari eða framhaldsskólakennari. Sambærileg ákvæði eru um matsnefndir fyrir starfsheitin grunnskólakennari og framhaldsskólakennari í ákvæðum 4. og 14. gr. gildandi laga.

Lagt er til að ein matsnefnd verði starfrækt fyrir öll starfsheitin en samkvæmt gildandi lögum eru nú starfræktar tvær matsnefndir, annars vegar fyrir starfsheiti grunnskólakennara og hins vegar fyrir starfsheiti framhaldsskólakennara, þannig að fjallað sé á einum stað um umsóknir sem vafi er um. Með þeim hætti ætti að tryggja sem skilvirkasta stjórnsýslu í tengslum við veitingu leyfisbréfa og mat á námi til undirbúnings kennslu á þessum skólastigum. Um ákveðna hagræðingu er einnig að ræða en oft sækja einstaklingar um starfsleyfi sem grunn- og framhaldsskólakennari og með einni nefnd ætti öll vinnsla mála að verða skilvirkari. Einnig er líklegt að margir kennarar óski eftir leyfisbréfum bæði í leikskóla og grunnskóla. Lagt er til að Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefni einn fulltrúa í matsnefndina til viðbótar við núverandi tilhögun.

Um 8. gr.

Í ákvæðinu er menntamálaráðherra gert að skilgreina nánar í reglugerð inntak menntunar leik-, grunn- og framhaldsskólakennara. Gert er ráð fyrir því að í slíkri reglugerð komi fram þau meginviðmið og vinnureglur sem byggt verði á við mat á kennaramenntun. Í skýrslu starfshóps um framtíðarskipan kennaramenntunar var lögð áhersla á að boðnar yrðu fjölbreytilegar námsleiðir til kennsluréttinda og í auknum mæli horft fram hjá skilum milli skólastiga við veitingu kennsluréttinda. Í reglugerð þarf því að skilgreina ólíka samsetningu náms í sérgreinum og kennslufræðum til kennsluréttinda á mismunandi skólastigum. Má þar taka mið af aðalnámskrám skólastiganna. Vegna eðlis starfsins verður að krefjast 60 staðlaðra námseininga í kennslufræðum hið minnsta eða sem nemur heilsársnámi.

Um 9. gr.

Í 1. mgr. er að finna nýmæli um mönnun í leikskólum. Gert er ráð fyrir því að ⅔ hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla séu stöðugildi leikskólakennara. Þessu til viðbótar koma störf leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra, störf vegna sérkennslu, afleysinga og ræstinga og störf í eldhúsi samkvæmt mati rekstraraðila miðað við stærð leikskóla. Þetta felur jafnframt í sér að sveitarfélög eða aðrir rekstraraðilar leikskóla geta fastráðið starfsfólk með annan bakgrunn en leikskólakennaramenntun í allt að ⅓ hluta stöðugilda sem sjá um kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla. Ekkert er því þó til fyrirstöðu að ákveðið verði að ráða leikskólakennara í þessi stöðugildi. Það verður í valdi hvers rekstraraðila að ákveða það þjónustustig og þau gæði sem hann vill bjóða íbúum sínum upp á í leikskólamálum. Í því felst jafnframt skylda sveitarstjórnarmanna til að taka afstöðu til málsins.

Í 2. mgr. er greint frá því hver fer með valdið til að ráða leikskólakennara og skólastjórnendur leikskóla til starfa og er í því efni m.a. vísað til 56. gr. sveitarstjórnarlaga með

síðari breytingum. Fram kemur að ráðningarvaldið er hjá sveitarstjórn, þeim sem hún felur umboð sitt, eða hjá hlutaðeigandi rekstraraðila þegar um sjálfstætt rekna leikskóla er að ræða. Þetta er í samræmi við nefnda 56. gr. en þar segir að sveitarstjórn ráði starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélagi og stofnunum þess og veiti þeim lausn frá starfi. Um ráðningu annarra starfsmanna fari eftir ákvæðum í samþykkt um stjórn sveitarfélags. Séu þar eigi sérstök ákvæði þess efnis gefi sveitarstjórn almenn fyrirmæli um hvernig staðið skuli að ráðningu starfsmanna.

Um 10. gr.

Í þessu ákvæði er kveðið á um skilyrði fyrir ráðningu leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra. Gerð er krafa um kennsluréttindi, þ.e. leyfi menntamálaráðherra til að nota starfsheitið leikskólakennari, og viðbótarnámi í stjórnun eða kennslureynslu á leikskólastigi. Skilyrði þessi eru sambærileg þeim sem lögð eru til um skólastjóra og aðstoðarskólastjóra grunnskóla.

Um 11. gr.

Ákvæðið geymir nýmæli þar sem kveðið er á um skyldu til að auglýsa laus til umsóknar kennslu- og stjórnunarstörf við leikskóla. Ekki er tekið sérstaklega fram hvar skuli auglýst. Ljóst er að átt er við að auglýst sé opinberlega, t.d. með auglýsingu í dagblaði sem gefið er út á landsvísu eða auglýsingu á sérstöku vefsvæði sem ætlað er fyrir laus störf hjá sveitarfélögum, þ.e. verði slíkur vefur settur á laggirnar. Þá er að finna undantekningar frá auglýsingaskyldunni, en þá er annars vegar um að ræða tilvik þegar um er að ræða afleysingu í allt að 12 mánuði og hins vegar tímabundin störf sem ætlað er að standa í tvo mánuði eða skemur eða tímabundin störf í minna en ⅓ hluta starfs.

Tímabundin ráðning vegna afleysinga getur að hámarki staðið í 12 mánuði. Ef ráðningu er ætlað að standa lengur en þrjá mánuði er gert ráð fyrir því að í ráðningarsamningi sé kveðið á um þriggja mánaða uppsagnarfrest og að á fyrstu þremur mánuðum í starfi verði uppsagnarfresturinn einn mánuður. Með þessu er litið á fyrstu þrjá mánuðina sem reynslutíma.

Um 12. gr.

Í þessu ákvæði er kveðið á um skilyrði fyrir ráðningu grunnskólakennara og hver fari með valdið til að ráða grunnskólakennara og skólastjórnendur grunnskóla til starfa. Fram kemur í 2. mgr. að valdið til að ráða í umrædd störf er hjá sveitarstjórn, eða þeim sem hún felur umboð sitt, eða hlutaðeigandi rekstraraðila þegar um sjálfstætt rekna grunnskóla er að ræða. Þetta er í samræmi við frumvarp til grunnskólalaga, sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu. Um ráðningu kennara og annarra starfsmanna fer því eftir ákvæðum í samþykkt um stjórn sveitarfélags. Séu þar eigi sérstök ákvæði þessa efnis gefi sveitarstjórn eða byggðaráð fyrirmæli til skóla um hvernig staðið skuli að ráðningu starfsmanna. Þá er lagt til að felld verði brott ákvæði 2. og 3. mgr. 6. gr. gildandi laga um heimild til að fastráða kennara eftir eitt ár og rétt til fastráðningar og uppsagnarfrest og heimild til ótímabundinnar ráðningar grunnskólakennara með uppsagnarfresti. Ráðning kennara, aðstoðarskólastjóra og skólastjóra skal vera í samræmi við ákvæði gildandi grunnskólalaga og laga um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla. Horfið er frá notkun á hugtakinu stundakennari, en í stað þess er fjallað um grunnskólakennara til tímabundinnar forfallakennslu eða afleysinga og aðra sérfræðinga, en það lýsir betur við hvað er átt. Í 3. mgr. er tekið fram að skólastjóri ráði grunnskólakennara til tímabundinnar forfallakennslu eða afleysingu eða aðra sérfræðinga.

Við þessa grein er einnig bætt sambærilegu ákvæði og í kaflanum um framhaldsskólakennara þess efnis að skólastjóra sé heimilt að ráða sérfræðing tímabundið til að kenna sína sérgrein enda sé aðeins um að ræða kennslu sem nemur 240 mínútum eða minna á viku. Hér er einkum átt við þegar um kennslustörf er að ræða sem menntun og sérhæfing fastra kennara dugir ekki til, svo sem vegna mjög sérhæfðrar eða óvenjulegrar kennslu miðað við viðkomandi skólastig, t.d. kennslu í ákveðnum valgreinum á unglingastigi, kennslu í afmörkuðum þáttum lífsleikni og ýmis tilfallandi verkefni. Skólastjórar þurfa ekki að óska eftir heimild undanþágunefndar til að lausráða slíkan sérfræðing til að hámarki árs í senn.

Um 13. gr.

Hér er fjallað um skilyrði fyrir ráðningu skólastjóra og aðstoðarskólastjóra við grunnskóla. Um smávægilegar breytingar að ræða frá gildandi lögum. Lagt er til að felld verði niður ákvæði í lögunum sem heimila skipun skólastjórnanda sem starfað hefur í a.m.k. tvö ár við grunnskóla, þar af eitt ár sem skólastjórnandi. Ekki er ástæða til þess að tilgreina slíkt í frumvarpinu, ráðningarmál skólastjóra eiga að vera í höndum hlutaðeigandi skólanefndar og sveitarstjórnar. Nægjanlegt er í lögum að tilgreina að skólastjórar og aðstoðarskólastjórar eigi að hafa leyfisbréf grunnskólakennara, viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynslu á grunnskólastigi.

Um 14. gr.

Í greininni er fjallað um auglýsingaskyldu og undantekningar frá henni, þ.e. tilvísun til þeirra sérstöku tilvika sem kveðið er á um í 15. gr. frumvarpsins. Varðandi auglýsingaskylduna er ákvæðið óbreytt frá 2. mgr. 8. gr. gildandi laga og í samræmi við 5. gr. laga um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla, nr. 72/1996. Lokamálsliður greinarinnar byggist á niðurlagi 2. mgr. 8. gr. gildandi laga en þó þannig að í frumvarpinu er lagt til að viðmiðunardagsetning fyrir lok ráðninga verði 31. maí í stað 1. maí. Eftir sem áður er ljóst að það er hagsmunamál fyrir alla aðila að gengið sé frá ráðningum í lausar stöður kennara sem fyrst að vori.

Um 15. gr.

Í 1. mgr. er ákvæði sambærilegt við 1. mgr. 9. gr. gildandi laga en orðalagi er breytt. Ákvæðið felur að öðru leyti í sér nokkra breytingu frá nefndri 9. gr. um stundakennara. Í frumvarpi þessu er horfið frá því að fjalla sérstaklega um stundakennara. Þess í stað er annars vegar rætt um störf sem eiga að standa tvo mánuði eða skemur og tímabundna ráðningu í minna en ⅓ hluta starfs og hins vegar störf við afleysingar í allt að 12 mánuði, svo sem vegna orlofs, veikinda, fæðingarorlofs og námsleyfis. Rökin fyrir því að fella út stundakennarahugtakið eru fyrst og fremst þau að það hefur ekki lengur raunverulega merkingu, hvað varðar kennara með mánaðarlaunaráðningu, heldur eingöngu um stundakennara á tímakaupi. Helstu breytingar frá gildandi lögum eru að nú er gert ráð fyrir minna en ⅓ stöðu í stað hálfrar stöðu. Horfið er frá ákvæði 3. tölul. nefndrar 9. gr. um þann sem gegnir öðru launuðu aðalstarfi. Gert er ráð fyrir að störf samkvæmt ákvæði þessu verði undanþegin auglýsingaskyldu eins og tekið er fram í 11. gr.

Í 3. mgr. er tekið fram hvert ráðningarformið skuli vera á störfum sem ekki er skylt að auglýsa laus til umsóknar skv. 1. og 2. mgr. Tímabundin ráðning vegna afleysinga getur að hámarki staðið í 12 mánuði. Ef ráðningu er ætlað að standa lengur en þrjá mánuði er gert ráð fyrir því að í ráðningarsamningi sé kveðið á um þriggja mánaða uppsagnarfrest og að á fyrstu

þremur mánuðum í starfi verði uppsagnarfresturinn einn mánuður. Með þessu er litið á fyrstu þrjá mánuðina sem reynslutíma.

Fellt er úr lögum að Samband íslenskra sveitarfélaga skuli setja reglur um umsóknareyðublað. Meginrökin fyrir því eru þau að sambandið hefur ekki sett slíkar reglur og takmörkuð eftirspurn hefur verið eftir þeim.

Um 16. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um skilyrði fyrir ráðningu framhaldsskólakennara sem eru hin sömu og samkvæmt 15. gr. gildandi laga, þ.e. að viðkomandi hafi leyfi menntamálaráðherra til að nota starfsheitið framhaldsskólakennari.

Í 2. mgr. er greint frá því hver fer með valdið til að ráða skólastjórnendur, kennara og annað starfslið framahaldsskóla. Er það í samræmi við 11. gr. gildnandi framhaldsskólalaga og 5. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Í þessu sambandi segir í 11. gr. framhaldsskólalaga að menntamálaráðherra skipi skólameistara til fimm ára í senn að fenginni tillögu hlutaðeigandi skólanefndar og að skólameistari ráði aðstoðarskólaskólameistara til allt að fimm ára í senn, áfangastjóra til allt að fjögurra ára og aðra stjórnendur að höfðu samráði við skólanefnd. Þá segir að skólameistari ráði einnig kennara, námsráðgjafa, starfsfólk skólasafns og aðra starfsmenn skólans að höfðu samráði við skólanefnd. Þá er lagt til að efni 16. gr. núgildandi laga um ráðningarform, þ.e. ráðningartíma og þess háttar, verði fellt út enda óþarft þar sem kveðið er á um þessi atriði í 41. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996.

Í 3. málsgrein er kveðið á um ráðningu sérfræðinga með sama hætti og í 2. mgr. 15. gr. gildandi laga en þó þannig að ekki er fjallað um kennslustundafjölda á viku eins og í gildandi lögum. Í stað þess er fjallað um hámarksmínútufjölda á viku í kennslu.

Horfið er frá reglugerðarheimild fyrir framkvæmd ákvæðisins.

Um 17. gr.

Í þessu ákvæði er kveðið á um skilyrði fyrir ráðningu í stjórnunarstörf við framhaldsskóla. Ákvæðið er samhljóða 17. gr. gildandi laga.

Um 18. gr.

Fyrstu tveir málsliðir greinarinnar fjalla um auglýsingaskyldu og undantekningar á henni, þ.e. tilvísun til þeirra sérstöku tilvika sem kveðið er á um í 19. gr. frumvarpsins. Varðandi auglýsingaskylduna er ákvæðið óbreytt frá 2. mgr. 18. gr. gildandi laga. Um skyldu til þess að auglýsa laus störf í framhaldsskólum fer að öðru leyti eftir 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og reglum fjármálaráðherra settum samkvæmt þeim nr. 464/1996, um auglýsingar á lausum störfum.

Lokamálsliður greinarinnar byggist á 3. mgr. 18. gr. gildandi laga en þó þannig að í frumvarpinu er lagt til að viðmiðunardagsetning fyrir lok ráðninga verði breytt í 31. maí í stað 1. maí. Eftir sem áður er ljóst að það er hagsmunamál fyrir alla aðila að gengið sé frá ráðningum í lausar stöður kennara sem fyrst að vori.

Um 19. gr.

Í 1. og 2. mgr. er að finna ákvæði sambærilegt 1. mgr. 19. gr. gildandi laga en orðalaginu er breytt. Horfið er frá því að fjalla sérstaklega um stundakennara. Þess í stað er annars vegar rætt um störf sem eiga að standa tvo mánuði eða skemur og tímabundna ráðningu í minna en ¼ hluta starfs og hins vegar störf við afleysingar í allt að tólf mánuði, svo sem vegna orlofs,

veikinda, fæðingarorlofs og námsleyfis. Rökin fyrir því að fella út stundakennarahugtakið er að það hefur enga raunverulega merkingu lengur hvað varðar kennara með mánaðarlaunaráðningu heldur aðeins varðandi svokallaða stundakennara á tímataxta. Helstu breytingar frá gildandi lögum eru að nú er horfið frá ákvæði 2. tölul. nefndrar 19. gr. um tímabundna forfallakennslu og afleysingar að hámarki í eina önn. Þá er horfið frá ákvæði 3. tölul. í sama ákvæði um þann sem gegnir öðru launuðu aðalstarfi.

Í 3. málsgrein er tekið fram hvert ráðningarformið skuli vera á störfum, sem ekki er skylt að auglýsa laus til umsóknar skv. 1. og 2. mgr. Tímabundin ráðning vegna afleysinga getur að hámarki staðið í 12 mánuði. Ef ráðningu er ætlað að standa lengur en þrjá mánuði er gert ráð fyrir því að í ráðningarsamningi sé kveðið á um þriggja mánaða uppsagnarfrest og að á fyrstu þremur mánuðum í starfi verði uppsagnarfresturinn einn mánuður. Með þessu er litið á fyrstu þrjá mánuðina sem reynslutíma.

Um 20. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um ráðningar starfsmanna við kennslu, umönnun og uppeldi barna í leikskólum þegar enginn leikskólakennari sækir um þrátt fyrir auglýsingar. Í slíkum tilvikum er heimilt að lausráða starfsmann til tiltekins tíma en þó aldrei lengur en til eins árs í senn. Sama gildir um ráðningu í stöður leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra.

Einnig þykir rétt að undirstrika að auk þess að hafa leyfisbréf verður umsækjandi einnig að uppfylla almenn skilyrði til þess að verða ráðinn í stafið. Í lögum hafa ekki verið tilgreind almenn skilyrði fyrir leikskólakennara eða aðra sem starfa í leikskólum við uppeldi og kennslu barna. Ljóst er engu að síður að til þess að geta sinnt tilteknu starfi verða umsækjendur að uppfylla þau almennu skilyrði sem telja verður nauðsynleg til þess að geta gegnt starfinu. Er þá bæði litið til skilyrða sem beinlínis kann að leiða af lögum um leikskóla og þeirra faglegu krafna sem gerðar eru til leikskólakennarastarfsins. Um slík skilyrði kann að verða fjallað í lögum, samþykktum sveitarfélags eða eftir atvikum í kjarasamningum. Hvað sem því líður verður að telja rétt að til almennra skilyrða sé vísað í auglýsingu um starfið og enn fremur til annarra krafna sem gerðar eru. Meðal þess sem hér geta fallið undir eru áskilnaður um heilbrigði, líkamlegt og andlegt, reglusemi og að umsækjandi hafi ekki gerst uppvís að háttsemi sem væri þess eðlis að hann teldist ekki verðugur til þess að gegna starfinu.Við mat á umsóknum, sbr. 23. gr. verður að ganga úr skugga um að þau atriði sem ætlunin er að byggja hafi verið rannsökuð. Á það m.a. við um það hvort umsækjandi hafi gerst brotlegur við ákvæði XXII. kafla almennra hegningarlaga, sbr. ákvæði 3. mgr. 6. gr. frumvarps til laga um leikskóla, sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu. Komi í ljós að umsækjandi uppfyllir ekki þau almennu skilyrði eða þær málefnalegu kröfur sem gerðar eru til starfsins, þrátt fyrir að hafa leyfisbréf, kemur hann ekki til greina í starfið. Telji umsækjandi um starf í leikskóla sveitarfélags rétt á sér brotinn getur hann krafist rökstuðnings og auk þess skotið málinu til félagsmálaráðuneytis með stjórnsýslukæru, sbr. 103. gr. sveitarstjórnarlaga. Í þeim tilvikum sem hér um ræðir er heimilt að lausráða starfsmann til kennslustarfa til eins árs. Starfsmaður verður ekki endurráðinn í þann hluta stöðugilda sem ætlaður er leiksskólakennurum nema að undangenginni auglýsingu. Ekki er gert ráð fyrir undanþágunefnd fyrir leikskólastigið með sama hætti og fyrir grunn- og framhaldsskóla.

Um 21. gr.

Í ákvæði þessu er lagðar til allnokkrar breytingar frá 10. gr. gildandi laga. Áfram er gert ráð fyrir sérstakri undanþágunefnd fyrir grunnskóla en í nefndina bætist fulltrúi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga en undanfarin ár hefur sambandið átt áheyrnarfulltrúa í nefndinni.

Einnig er gert ráð fyrir að samstarfsnefnd um háskólastigið tilnefni í nefndina í stað sameignlegrar tilnefningar Kennaraháskóla Íslands og Háskólans á Akureyri.

Veigamikil breyting felst í heimild til að lausráða starfsmann til kennslustarfa án endurtekinna auglýsinga þegar um er að ræða endurráðningu leiðbeinanda sem er í kennsluréttindanámi. Gert er ráð fyrir að unnt sé að endurráða slíka starfsmenn strax að vori, þ.e. eftir að lögboðinni auglýsingaskyldu hefur verið fullnægt. Hér er einnig bætt við því ákvæði að ekki þurfi að leita til undanþágunefndar þegar um 240 mínútur eða færri á viku er að ræða fyrir sérfræðing, sbr. nýtt ákvæði í 4. mgr. 12. gr., og er það til samræmis við framhaldsskólastigið.

Ákvæði um ráðningarformið er breytt til samræmis við ákvæði um ráðningar í sérstökum tilvikum.

Um 22. gr.

Lagt er til að áfram verði sérstök undanþágunefnd starfandi fyrir framhaldsskóla. Gert er ráð fyrir að nefndin verði skipuð einum fulltrúa Félags íslenskra framhaldsskólakennara, einum fulltrúa tilnefndum af heildarsamtökum kennara og einn án tilnefningar.

Orðalagi 2. mgr. er breytt frá gildandi lögum til samræmis við orðalagið í ákvæðinu um undanþágunefnd grunnskóla.

Undanþágubeiðnum á framhaldsskólastigi hefur fækkað á undanförnum árum. Á undanförnum árum hefur verið rætt um að leggja undanþágunefndirnar niður og færa ábyrgð á lausráðningum til einstakra framhaldsskóla. Eftir vandlega skoðun á því máli er lagt til að undanþágunefnd framhaldsskóla starfi áfram.

Veigamikil breyting felst í heimild til að lausráða starfsmann til kennslustarfa án endurtekinna auglýsinga þegar um er að ræða endurráðningu leiðbeinanda sem eru í kennsluréttindanámi. Gert er ráð fyrir að unnt sé að endurráða slíka starfsmenn strax að vori, þ.e. eftir að lögboðinni auglýsingaskyldu hefur verið fullnægt.

Gert er ráð fyrir að einstaklingar án kennsluréttinda en með háskólapróf og a.m.k 120 eininga nám í auglýstri kennslugrein, skulu njóta forgangs við lausráðningu í störf í framhaldsskólum. Hér er einkum átt við einstaklinga sem lokið hafa sveinsprófi, öðru fagnámi eða háskólaprófi sem nýtist til kennslu í framhaldsskólum.

Ákvæði um ráðningarformið er breytt til samræmis við ákvæði um ráðningar í sérstökum tilvikum.

Um 23. gr.

Í 1. mgr. er fjallað með almennum hætti um þau sjónarmið sem leggja skal til grundvallar við ráðningu skólastjórnenda í leik-. grunn- og framhaldsskólum, sem hlotið hafa leyfisbréf. Uppfylli umsækjendur þau almennu hæfisskilyrði sem nauðsynleg teljast að örðu leyti til þess að geta fengið kennarastarf verður sá sem ræður í starfið að byggja ákvörðun sína á málefnalegum sjónarmiðum. Betur þykir fara á því að tilgreina slík sjónarmið sem almennt eiga við um ráðningu í opinbert starf hvort sem er hjá ríki eða sveitarfélögum í einu ákvæði. Ákvæðið er í samræmi við þá óskráðu reglu að við veitingu starfa hjá opinberum aðilum skuli ráða hæfasta umsækjandann og að slík matskennd ákvörðun verði að byggjast á málefnalegum sjónarmiðum. Hvernig þau sjónarmið skulu nánar valin fer eftir almennum reglum og ákvörðun stjórnenda. Þó svo ákvæðið geymi nokkuð ítarlega talningu á þeim sjónarmiðum sem komið geta til greina er hún ekki tæmandi. Þannig verður t.d. að taka tillit þess að sjónarmið um jafnrétti kvenna og karla geta fengið aukið vægi og ákvæði um forgang fatlaðra, sbr. 32. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra.

Í 2.–5. mgr. eru talin upp þau sjónarmið sem geta haft aukið vægi við ráðningu í kennarastörf samkvæmt frumvarpinu. Gerður er greinarmunur annars vegar í 2. mgr. þar sem um er að ræða grunnskólakennara sem fengið hafa leyfisbréf og hins vegar í 3.–5. mgr. þegar enginn með fullgild kennsluréttindi hefur sótt um laust starf kennara í leik-, grunn- eða framhaldsskóla. Sæki enginn um laust starf kennara í grunnskóla eða framhaldsskóla sem uppfyllir skilyrði laganna skal skólastjóri eða skólameistari, að undangengnu mati, sbr. 1. mgr., sækja um undanþágu, sbr. 21. og 22. gr. Um undanþágur vegna leiksskólakennara fer skv. 20. gr.

Í 2. mgr. er lagt til að í stað þess að grunnskólakennari, sem hefur sérhæft sig til kennslu í tiltekinni grein, skuli hafa forgang við ráðningu til kennslu í sinni grein/greinum í 8.–10. bekk, þá hafi grunnskólakennari forgang í tiltekinni grein, á tilteknu námssviði eða aldursstigi. Grunnskólakennarar geta því eins notið forgangs til kennslu yngri barna og tiltekinna verk- og listgreina sem kenndar eru á öllum stigum grunnskóla. Gert er ráð fyrir að mat á slíkum forgangi sé í höndum skólastjórnenda og sveitarstjórna.

Tekið er fram í 3. mgr. að einstaklingar með bakkalárgráðu eða aðrir sem hlotið hafa sambærilega menntun sem nýtist til starfa í leikskólum, njóti forgangs umfram aðra leiðbeinendur við lausráðningu í störf í leikskólum samkvæmt þessari grein. Hér er einkum átt við einstaklinga sem lokið hafa fyrstu háskólagráðu til starfsréttinda í leikskólum.

Gert er ráð fyrir því í 4. mgr. að einstaklingar án kennsluréttinda en með bakkalárgráðu á sviði uppeldis- og kennslufræða eða aðrir sem hlotið hafa sambærilega menntun sem nýtist til starfa í grunnskólum, njóti forgangs umfram aðra leiðbeinendur við lausráðningu í störf í grunnskólum.

Loks er í 5. mgr. gert ráð fyrir því að einstaklingar án kennsluréttinda en með háskólapróf og a.m.k 120 eininga nám í auglýstri kennslugrein, skulu njóta forgangs við lausráðningu í störf í framhaldsskólum. Hér er einkum átt við einstaklinga sem lokið hafa sveinsprófi, öðru fagnámi eða háskólaprófi sem nýtist til kennslu í framhaldsskólum.

Um 24. gr.

Hér er fjallað um gildissvið leyfisbréfa. Í samræmi við ákvæði 3.–5. gr. er áréttað að menntamálaráðherra veiti kennurum leyfisbréfi. Gert er ráð fyrir að ráðherra gefi út leyfisbréf fyrir leikskólakennara og að umsýslan verði með sama hætti og fyrir kennara á grunn- og framhaldsskólastigi.

Í greininni er því nánar lýst hvert geti verið gildissvið leyfisbréfs á tilteknu skólastigi. Í fyrsta lagi er vísað til þess að leyfisbréf grunnskólakennara sem sérhæft hefur sig í kennslu yngri barna veiti honum heimild til kennslu elstu aldursflokka í leikskólum. Í öðru lagi að leyfisbréf leikskólakennara sem sérhæft hefur sig í kennslu eldri barna veiti honum heimild til kennslu í 1.–3. bekkjum grunnskóla. Í þriðja lagi að leyfisbréf framhaldsskólakennara veiti honum heimild til kennslu á sérsviði sínu í 8.–10. bekkjum grunnskóla og í fjórða lagi að leyfisbréf grunnskólakennara sem lokið hefur a.m.k 120 eininga sérmenntun í kennslugrein veiti honum heimild til kennslu á sérsviði sínu í byrjunaráföngum framhaldsskóla. Með þessu fyrirkomulagi er stuðlað að ákveðnum sveigjanleika milli skólastiga. Til þess að gildissvið leyfisbréfs fái rýmra gildissvið verður hlutaðeigandi kennari að framvísa skriflegum gögnum um að hann hafi þá sérhæfingu og menntun sem vísað er til í ákvæðinu.

Í 2. og 3. mgr. er lagt til að leikskólakennari með a.m.k. 60 eininga viðbótarmenntun í stjórnun eða sérkennslu eigi rétt á leyfisbréfi sem grunnskólakennari og starfa sem slíkur og með sama hætti að grunnskólakennari sem lokið hefur a. m.k. 60 eininga viðbótarmenntun í stjórnun eða sérkennslu eigi rétt á leyfisbréfi sem leikskólakennari og starfa sem slíkur.

Byggist heimild þessi á þeirri framkvæmd matsnefndar grunnskóla að leikskólakennarar með viðbótarmenntun fá nú leyfisbréf sem grunnskólakennarar en eðlilegt er að slíkt gildi einnig um leikskólastigið, enda er lögð áhersla á aukna samfellu milli þessara skólastiga.

Þá er kveðið á um heimild menntamálaráðherra til þess að fela háskólum, sem hlotið hafa viðurkenningu á grundvelli laga um háskóla og sinna menntun kennara samkvæmt samningi við menntamálaráðuneytið, að annast útgáfu leyfisbréfa samkvæmt ákvæðum frumvarpsins. Með því skapast svigrúm til þess að auka hagkvæmni og einfalda framkvæmd. Gert er ráð fyrir því að menntamálaráðherra veiti hlutaðeigandi sérstök fyrirmæli um hvernig skuli staðið að útgáfu leyfisbréfa.

Um 25. gr.

Að því er varðar réttindi sem kennarar hafa áunnið sér við gildistöku frumvarpsins er byggt á því að leikskólakennarar með bakkalápróf á sviði leikskólakennarafræða frá viðurkenndri kennaramenntunarstofnun, eða annað jafngilt nám haldi réttindum sínum. Ekki þykir ástæða til þess að setja sérstök tímamörk. Í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða er gert ráð fyrir því að þeir leikskólakennarar sem ákvæðið tekur til geti fengið útgefið leyfisbréf óski þeir eftir því.

Í 2. mgr. er kveðið á um að það að grunnskólakennarar og framhaldskólakennarar er hafa leyfisbréf við gildistöku frumvarpsins haldi réttindum sínum með sama hætti og þeir sem öðlast réttindi sín samkvæmt frumvarpinu, sbr. 26. gr.

Um 26. gr.

Í 1. mgr. er tekið fram að ákvæði frumvarpsins öðlist gildi við birtingu þeirra. Við það er miðað að ákvæði 3.–5. gr. um rétt til leyfisbréfs að loknu meistaranámi taki til þeirra sem hefja nám sitt eftir gildistöku laganna. Samkvæmt því er almennt við það miðað að ákvæði 3.–5. gr. frumvarpsins verði komin að fullu til framkvæmda á árinu 2013. Að því er varðar þá sem nú eru í námi eða hafa hafið nám er veitir þeim réttindi til þess að starfa sem leik-, grunn- eða framhaldsskólakennarar samkvæmt núgildandi lögum er gert ráð fyrir því að þeir hafi lokið námi sínu fyrir 1. júlí 2011. Með þeim hætti gefst hæfilegt svigrúm fyrir þá sem eru í námi eða hafa hafið nám við gildistölu laga þessara að ljúka því og fá útgefið viðeigandi leyfisbréf.

Um 27. gr.

Lagt er til að ákvæði 5. gr. laga um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla, nr. 72/1996, verði breytt á þann hátt að ekki sé gerð krafa um birtingu auglýsinga um kennslu- og stjórnunarstörf í grunnskólum í Lögbirtingarblaðinu. Lagt er til að ákvæðið hljóði þannig að umrædd störf skuli auglýst. Um er að ræða sama orðalag og notað er um auglýsingar á öðrum skólastigum. Með því er átt við að auglýst sé opinberlega, t.d. með auglýsingu í dagblaði sem gefið er út á landsvísu eða auglýsingu á sérstöku vefsvæði sem ætlað er fyrir laus störf hjá sveitarfélögum.

Þá er lagt til að 2. mgr. nefndrar 5. gr. verði felld brott, enda er óþarfi að hafa sérstakt ákvæði þess efnis að veita skuli umsækjendum og stéttarfélögum kennara og skólastjórnenda grunnskóla kost á að fá vitneskju um það hverjir hafi sótt um auglýst starf. Almenna heimild er að finna um slíkt að því er varðar umsóknir um störf hjá ríki og sveitarfélögum í 4. tölul. 4. gr. upplýsingalaga, nr. 50/1996.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæðið er tvíþætt. Annars vegar er tekið fram að leik-, grunn- og framhaldsskólakennarar sem eiga tilkall til leyfisbréfs á tilteknu skólastigi geti leyst þau til sín þegar þeir óska eftir því. Hins vegar er mælt fyrir um að innan tveggja ára frá gildistöku laga þessara skuli endurskoða ákvæði laga nr. 72/1996, um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla. Ákvæði þeirra laga eru að stórum hluta byggð á ákvæðum laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sem felld voru úr gildi 1. júlí 1996 er ákvæði laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, leystu þau af hólmi. Af efni laga nr. 72/1996 er ljóst að þau eiga ekki við lengur nema að litlu leyti. Það er því tímabært að taka þau til gagngerrar endurskoðunar.

Fylgiskjal I.

Menntamálaráðuneyti:

Umsögn um frumvarp til laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Menntamálaráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga hafa sameiginlega metið forsendur kostnaðaráhrifa vegna frumvarps menntamálaráðherra og eru sammála um eftirfarandi:

Sé miðað við gildandi ákvæði í kjarasamningum Launanefndar sveitarfélaga við Félag leikskólakennara annars vegar og KÍ fyrir grunnskóla hins vegar um launaauka til þeirra sem lokið hafa meistaranámi má gera ráð fyrir að árlegur launakostnaðarauki verði 65 m.kr. vegna leikskólakennara og 90 m.kr. vegna grunnskólakennara eða samtals 155 m.kr. m.v. launagreiðslu ársins 2007. Er þá miðað við að um 150 leikskólakennarar og um 400 grunnskólakennarar með meistaragráðu séu ráðnir til skólanna á ári hverju. Hér er um árlegan viðbótarkostnað að ræða sem þýðir að við lok 5. skólaársins eftir gildistökuna árið 2013 og 10 árum eftir gildistöku laganna árið 2018 verður árlegur viðbótarkostnaður vegna leikskólakennara með meistaranám 390 m.kr. og vegna grunnskólakennara með meistaranám 540 m.kr. eða samtals um 930 m.kr. Framangreindir útreikningar eru á verðlagi 2007 og taka mið af fyrirliggjandi forsendum um fjölda nýráðinna kennara ár hvert en taka ekki tillit til hugsanlegra kjarabreytinga á komandi árum.

Menntamálaráðuneytið telur að miðað við sambærilegar reikniforsendur megi áætla að útgjöld ríkissjóðs vegna launa framhaldsskólakennara geti numið allt að 50 m.kr. í formi árlegs kostnaðarauka frá og með árinu 2013 og verði allt að 300 m.kr. árið 2018. Er þá miðað við að um 200 framhaldsskólakennarar með meistaragráðu séu ráðnir til skólanna á ári hverju.

Aðilar telja að frumvarpið muni hvorki hafa áhrif á útgjöld ríkissjóðs né sveitarfélaga á komandi fjárlagaári.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Með frumvarpinu eru skilgreindar auknar menntunarkröfur vegna leyfa til að nota starfsheitið leik-, grunn- og framhaldsskólakennari, en í frumvarpinu er lagt til að krafist verði meistaraprófs á öllum skólastigum. Önnur nýmæli í frumvarpinu eru þau að nú er skilgreindur rétturinn til að nota heitið leikskólakennari og til að starfa sem slíkur við leikskóla á vegum opinberra aðila eða við aðra hliðstæða skóla. Leikskólakennarar sem eru með bakkalárpróf á sviði uppeldis- og kennslufræða eða annað fagilt nám sem tryggði kennsluréttindi fyrir gildistöku þessara laga skulu þó halda réttindum sínum. Einnig munu grunn- og framhaldsskólakennarar með leyfisbréf við gildistöku laga þessara halda fullum réttindum. Menntamálaráðuneytið setur eina reglugerð um útgáfu leyfisbréfa til notkunar á starfsheitum leikskóla-, grunnskóla- og framhaldsskólakennara, í stað tveggja. Einstaklingar greiða fyrir útgáfu leyfisbréfa fyrir grunn- og framhaldsskólastigin 5.500 kr., skv. lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs. Gera má ráð fyrir að sama muni gilda um útgáfu leyfisbréfa fyrir leikskólakennara. Áætlað er að tekjur ríkissjóðs vegna leyfisbréfa leikskólakennara muni fyrst um sinn nema 10 m.kr. Í heild er áætlað að árlegar tekjur af leyfisveitingum hækki um 20% og verði um 4,5 m.kr.

Það helsta í frumvarpinu sem leiðir af sér aukin útgjöld er að menntunarskilyrði til að öðlast starfsheiti og starfsréttindi leik-, grunn- og framhaldsskólakennara eru aukin þar sem gerð er krafa um meistarapróf. Því mun nám leikskólakennara og grunnskólakennara lengjast úr þremur árum í fimm, en nám framhaldsskólakennara lengist úr fjórum árum í fimm. Menntamálaráðuneytið áætlar að krafan um meistarapróf fyrir kennararéttindi muni kosta allt að 80 m.kr. í aukinn árlegan kostnað fyrir ríkissjóð. Þess skal getið að nú þegar fer talsverður fjöldi þeirra sem klára grunnskólakennaranám í meistaranám.

Auk þess ber að nefna að auknar kröfur um menntun kennara gæti leitt af sér auknar launakröfur viðkomandi stétta. Mjög erfitt er að áætla hvort, hvenær eða hvernig slíkar kröfur yrðu lagðar fram. Fjármálaráðuneytið hefur ekki forsendur til að meta hugsanlegan aukin launakostnað framhaldskóla-, grunnskóla- og leikskólakennara.

Gert er ráð fyrir því að lögin taki gildi 1. júlí 2008. Ekki er reiknað með neinum auknum útgjöldum fyrr en árið 2011 þegar nemendur í kennaranámi halda áfram í lengra nám en nú er gerð krafa um. Því munu fyrstu kennarar með leyfisbréf samkvæmt þessu frumvarpi útskrifast árið 2013. Óljóst er hvort lengri námstími muni hafa áhrif á ásókn í kennaranám. Þá er talsverð óvissa um hugsanlegar auknar launakröfur kennara.

323. Nefndarálit [143. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðrúnu W. Jensdóttur, Áslaugu Einarsdóttur og Vilborgu Hauksdóttur frá heilbrigðisráðuneyti.

Með frumvarpinu er lagt til að gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra verði hækkað um 789 kr. eða um 12,5% og nemi 7.103 kr. á hvern gjaldanda í stað 6.314 kr. samkvæmt gildandi lögum. Í athugasemdum sem fylgja frumvarpinu kemur fram að hækkunin sé í samræmi við verðlagsbreytingar á tímabilinu desember 2005 til desember 2006.

Nefndin fagnar því að sjóðurinn verði nú eingöngu notaður til uppbyggingar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt**.

Árni Páll Árnason var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Pétur H. Blöndal skrifar undir álit þetta með fyrirvara.

Alþingi, 27. nóv. 2007.

Ásta Möller, form., frsm.	Ágúst Ólafur Ágústsson.	Þuríður Backman.
Pétur H. Blöndal, með fyrirvara.	Valgerður Sverrisdóttir.	Ragnheiður Ríkharðsdóttir.
Ellert B. Schram.		Auður Lilja Erlingsdóttir.

324. Nefndarálit [182. mál]

um frv. til l. um brottfall laga nr. 39/1964, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.

Frá heilbrigðisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðrúnu W. Jensdóttur, Áslaugu Einarsdóttur og Vilborgu Hauksdóttur frá heilbrigðisráðuneyti. Þá hefur nefndinni borist umsögn frá landlæknisembættinu.

Í frumvarpinu er lagt til að lög um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, nr. 39/1964, verði felld úr gildi þar sem þau séu tákn síns tíma. Ýmis lagaákvæði taka nú til þeirra einstaklinga sem framangreind lög gilda jafnframt um.

Má hér nefna lög um Lýðheilsustöð, nr. 18/2003, en samkvæmt lögunum er starfandi áfengis- og vímuvarnaráð sem hefur það hlutverk að efla og styrkja áfengis- og vímuvarnir og sinna eftirliti með því að ákvæðum laga og reglugerða um áfengis- og vímuvarnir sé framfylgt. Samkvæmt lögunum er einnig starfandi svokallaður Forvarnasjóður en það kemur í

hlut Lýðheilsustöðvar að ráðstafa fé úr sjóðnum til verkefna á sviði áfengis- og vímuvarna í samráði við ráðherra að fengnum tillögum áfengis- og vímuvarnaráðs. Einnig má nefna lög um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, en samkvæmt lögunum kemur það í hlut þeirra að veita aðstoð við áfengissjúka og annast vímuefnavarnir. Þá má nefna lög um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007, lög um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997, og lögræðislög, nr. 71/1997. Samkvæmt síðastnefndu lögunum er heimilt að svipta mann lögræði með úrskurði dómara ef þörf krefur ef hann sökum ofdrykkju eða ofnotkunar ávana- og fíkniefna er ekki fær um að ráða persónulegum högum sínum eða fé. Í slíkum tilvikum er sjúklingur vistaður tímabundið á geðdeildum sjúkrahúsa.

Nefndin telur að ákvæði laga um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, nr. 39/1964, séu úrelt og leggur til að frumvarp þetta verði **samþykkt óbreytt.**

Árni Páll Árnason var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 27. nóv. 2007.

Ásta Möller, form., frsm.	Ágúst Ólafur Ágústsson.	Þuríður Backman.
Pétur H. Blöndal.	Valgerður Sverrisdóttir.	Ragnheiður Ríkharðsdóttir.
Ellert B. Schram.	Auður Lilja Erlingsdóttir.	

325. Frumvarp til laga [289. mál]

um breyting á lögum nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

24. gr. laganna orðast svo:

Eftirgreindir aðilar skulu greiða Fasteignamati ríkisins gjald fyrir afnot af mati stofnunarinnar:

a. Sveitarfélög skulu greiða fasteignamatsgjald fyrir afnot af fasteignamati og kerfi til álagningar fasteignaskatta og fasteignagjalda. Skal gjald þetta nema 0,007% af heildarfasteignamati í sveitarfélaginu 31. desember ár hvert.
b. Húseigendur skulu greiða brunabótamatsgjald vegna notkunar brunabótamats til vátrygginga og annarra trygginga hagsmuna húseigenda. Skal gjald þetta nema 0,0037% af brunabótamati hverrar húseignar. Skal vátryggingafélag innheimta gjaldið samhliða innheimtu brunatryggingariðgjalda og skila því til Fasteignamats ríkisins eigi síðar en 45 dögum eftir gjalddaga.

Fasteignamati ríkisins er heimilt að vinna úr og láta í té upplýsingar úr Landskrá fasteigna gegn gjaldi sem rennur til stofnunarinnar samkvæmt gjaldskrá sem fjármálaráðherra staðfestir.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2008.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Efni frumvarps þessa er byggt á niðurstöðum starfshóps sem fjármálaráðuneytið skipaði samkvæmt tilnefningu ráðuneyta, sveitarfélaga og hagsmunaaðila 26. október 2006. Starfshópnum var ætlað að fara heildstætt yfir núverandi tilhögun við fasteignaskráningu og fasteignamat á vegum hins opinbera og leggja mat á það hvort ástæða væri til að breyta núverandi skipan þessara mála. Í niðurstöðum starfshópsins er að finna tillögur sem snúa að bættri aðferðafræði við skráningu og mat fasteigna auk tillagna að fjármögnun þessa kerfis. Þegar er hafin vinna innan ráðuneytisins og Fasteignamats ríkisins við útfærslur á tillögum nefndarinnar er snúa að bættri framkvæmd við skráningu og mat fasteigna og má búast við að á vorþingi verði lagt fram frumvarp til laga vegna þeirra breytinga.

Þar sem umsýslugjald það sem lagt var á húseigendur til að halda og þróa Landskrá fasteigna fellur niður um næstu áramót er hins vegar nauðsynlegt að marka stofnuninni nýja gjaldstofna fyrir þann tíma. Við þær breytingar sem lagðar eru til með frumvarpi þessu er gengið út frá þremur meginforsendum.

Í fyrsta lagi sé því verkefni nú lokið að koma á fót sérstakri skrá, Landskrá fasteigna. Verkefnið fólst í því að Fasteignamat ríkisins héldi eina fasteignaskrá fyrir allt landið þar sem hlutverkaskipting skráningaraðila væri skýr og stuðlað yrði að einskráningu upplýsinga með hagkvæmni heildarinnar að leiðarljósi. Stór þáttur þessa verkefnis var að samræma skráningu fasteigna í þinglýsingabókum sýslumanna og fasteignamatsskrá, leiðrétta misræmi á milli þessara tveggja skráa og halda síðan utan um báðar skrárnar í sama kerfinu. Var Landskrá fasteigna lögleidd í ársbyrjun 2001 og hefur skráin verið í uppbyggingu og notkun síðan með ágætum árangri. Við tekur almenn þróun skrárinnar með tilliti til breyttra þarfa í þjóðfélaginu auk almenns reksturs kerfisins. Í öðru lagi er gengið út frá því í frumvarpinu að draga megi talsvert úr heildarkostnaði við rekstur Fasteignamats ríkisins þar sem fyrrnefndu verkefni er nú lokið. Í þriðja lagi verði gengið út frá því sjónarmiði starfshópsins að reynt yrði að skipta kostnaði við rekstur Landskrárinnar niður á þá aðila sem hagsmuni hafa af notkun og vinnslu upplýsinganna.

Megintekjustofnar Fasteignamats ríkisins til þessa hafa verið gjöld sem sveitarfélög hafa greitt fyrir afnot af fasteignamati stofnunarinnar, sérstakt umsýslugjald sem lagt var á húseigendur til að halda og þróa Landskrá fasteigna auk þeirra tekna sem stofnunin hefur aflað með sölu upplýsinga. Það sem upp á hefur vantað í rekstri stofnunarinnar hefur verið fjármagnað í fjárlögum.

Áætlað er að álagðir fasteignaskattar og fasteignagjöld sveitarfélaga fyrir árið 2007 nemi rúmum 31 milljarði kr. Eignarskattar hafa verið felldir niður og áformað er að sá hluti stimpilgjalds sem byggist á fasteignamati og nemur um 1,4 milljörðum kr. verði felldur niður á kjörtímabilinu. Um árabil hafa sveitarfélög greitt Fasteignamati ríkisins gjald fyrir fasteignamatsskrá samkvæmt gjaldskrá sem nemur 0,0056% af heildarfasteignamati í sveitarfélagi 31. desember ár hvert. Sú breyting var gerð á lögum um tekjustofna sveitarfélaga í lok árs 2005 að álagning fasteignaskatta og fasteignagjalda færðist í Landskrá fasteigna frá og með árinu 2007 og sveitarfélögin gátu þar með hætt að halda sérstakar álagningarskrár til þessara nota. Gjald sveitarfélaga til Fasteignamats ríkisins breyttist þó ekki í tengslum við þessar breytingar þrátt fyrir aukinn tilkostnað stofnunarinnar og það mikla hagræði sem sveitarfélögin hafa af þessu fyrirkomulagi.

Þegar brunatryggingar voru gefnar frjálsar 1994 og Fasteignamati ríkisins var falið að halda brunabótamatsskrá og annast framkvæmd brunabótamats að hluta, var sérstakt umsýslugjald tekið upp til að standa straum af því. Gjaldið, sem nam 0,0025% af brunabótamati hverrar húseignar, var greitt af eiganda hennar og rann til stofnunarinnar. Í frumvörpum sem mörkuðu stofnun Landskrár fasteigna og lögð voru fyrir 125. löggjafarþing 1999–2000 var lagt til að umsýslugjald yrði hækkað ótímabundið í 0,01% til að standa straum af Landskránni. Í meðförum Alþingis var gjaldið hækkað tímabundið að tillögu meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar í fjögur ár, 2001–2004, til þess að standa straum af kostnaði Fasteignamats ríkisins við að uppfæra og halda Landskrá fasteigna. Við það var miðað af hálfu nefndarinnar að uppbygging og gerð skrárinnar yrði tímabundið verkefni og í hlut eigenda fasteigna kæmi að greiða fyrir gerð hennar en eftir það yrði henni markaður annar tekjustofn. Þar sem ljóst þótti að framangreindu tímatakmarki yrði ekki náð innan fjögurra ára var gjald þetta framlengt í tvö ár á 131. löggjafarþingi 2004–2005 og um eitt ár á 133. löggjafarþingi 2006–2007. Sú skoðun kom fram bæði í meðförum efnahags- og viðskiptanefndar og í umræðum á Alþingi að þrátt fyrir að umsýslugjaldið stæði undir þörfu og mikilvægu verkefni væri ósanngjarnt að húseigendur bæru einir kostnaðinn af því. Eðlilegt væri að hagsmunaaðilar bæru kostnað af þessari starfsemi, svo sem þeir sem notuðu upplýsingar úr skránni í atvinnustarfsemi sinni, matsfjárhæðir til skattlagningar og viðskipta eða hefðu hagsmuni af skráningu í fasteignaskrá.

Miðað við fjárhagsáætlun Fasteignamats ríkisins fyrir árið 2007 nema heildarútgjöld stofnunarinnar um 715 millj. kr. Þar sem uppbyggingu Landskrár fasteigna telst nú vera formlega lokið og við tekur almennur rekstur skrárinnar er talið unnt að lækka heildarútgjöld stofnunarinnar nokkuð á næstu árum. Við yfirferð fjármálaráðuneytisins á áætlunum stofnunarinnar liggur fyrir að ráðuneytið telur að ná megi rekstrargjöldum hennar niður um 75 millj. kr. eða í u.þ.b. 640 millj. kr. frá og með árinu 2008, einkum vegna verkloka við uppbyggingu og samhæfingu Landskrár fasteigna. Samkvæmt áætlun Fasteignamatsins á kostnaði við einstaka meginþætti í starfseminni sem er skráning fasteigna, fasteignamat og brunabótamat, auk hlutfallslegrar skiptingar sameiginlegs kostnaðar, er hlutur fasteignamats í heildarútgjöldum stofnunarinnar u.þ.b. 35%, hlutur brunabótamats um 25%, og hlutur skráningar og þinglýsingarþáttar fasteigna um 40%.

Í samræmi við skýrslu starfshóps og þann vilja sem komið hefur fram á Alþingi er lagt til að umsýslugjaldið, sem nú er u.þ.b. 350 millj. kr., verði ekki endurnýjað í núverandi mynd og tekjustofnar Fasteignamats ríkisins endurskoðaðir á þá leið að þeir sem hafi hagsmuni af skráningu í fasteignaskrá og af notkun upplýsinga úr skránni beri kostnað við hana.

Í samræmi við framangreint eru lagðir til eftirfarandi tekjustofnar til að standa straum af rekstri og þróun Landskrár fasteigna.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að hvert sveitarfélag greiði stofnuninni árlegt gjald fyrir afnot af fasteignamati og nemi gjaldið 0,007% af heildarfasteignamati í sveitarfélaginu ár hvert í stað 0,0056% eins og nú er. Ljóst er að mikilvægi fasteignamats sem gjaldstofns fyrir sveitarfélög hefur aukist mjög á síðustu árum en minnkað að sama skapi sem gjaldstofn fyrir ríkið við niðurfellingu eignarskatta og fyrirhugaða niðurfellingu stimpilgjalds. Áætlaðar tekjur af þessu gjaldi nema um 259 millj. kr. Vega verður þessa hækkun á gjaldinu á móti þeim sparnaði sem sveitarfélögin hafa af því að geta hætt rekstri sérstakra álagningarskráa fasteignaskatta og fasteignagjalda og nýtt Landskrá fasteigna þess í stað. Að teknu tilliti til þess auk þeirra breytinga sem sveitarfélög hafa kallað eftir á skráningu og mati fasteigna og verið er að útfæra um þessar mundir er ólíklegt að um raunverulega útgjaldaaukningu verði að ræða hjá sveitarfélögum.

Í öðru lagi er lagt til að vátryggingafélögin innheimti sérstakt brunabótamatsgjald af húseigendum. Markmið brunatryggingarskyldu húseigna hér á landi er fyrst og fremst að gæta hagsmuna húseiganda. Jafnan hefur verið við það miðað að húseigandi bæri ábyrgð á því að eign hans væri virt til brunabótamats og hann greiddi fyrir slíkt mat. Brunabótamatið er ekki einungis grundvöllur brunatryggingar húseigna heldur einnig grundvöllur viðlagatryggingariðgjalds og gjalds til ofanflóðasjóðs sem hvort tveggja er til hagsbóta húseigendum. Með hliðsjón af skiptingu kostnaðar Fasteignamats ríkisins sem lögð er til grundvallar í frumvarpi þessu er lagt til að gjald þetta verði 0,0037% af brunabótamati fasteigna. Á móti fellur þá alfarið niður 0,01% umsýslugjald af sama gjaldstofni sem húseigendur hafa einir þurft að bera á undanförnum árum og gjald húseigenda lækkar þar með um 63% frá því sem nú er. Áætlaðar tekjur af brunabótamatsgjaldi nema um 141 millj. kr.

Í þriðja lagi er lagt til að til Fasteignamats ríkisins renni tekjur sem stofnunin hefur af vinnslu og sölu upplýsinga úr Landskrá fasteigna samkvæmt gjaldskrá, m.a. vegna uppflettingar upplýsinga úr skránni eins og verið hefur. Áætlað er að tekjur af þessum liðum nemi um 80 millj. kr.

Varðandi fjármögnun Fasteignamats ríkisins að öðru leyti er gert ráð fyrir að það sem eftir stendur verði fjármagnað með hefðbundnum hætti í formi framlaga í fjárlögum.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ákvæðum er lúta að fjármögnun á starfsemi Fasteignamats ríkisins. Umsýslugjald það sem lagt var á húseigendur til að halda og þróa Landskrá fasteigna fellur niður um næstu áramót og þess vegna er nauðsynlegt að marka stofnuninni nýja gjaldstofna fyrir þann tíma. Við þær breytingar sem lagðar eru til með frumvarpi þessu er gengið út frá þremur meginforsendum.

Í fyrsta lagi sé því verkefni nú lokið að koma á fót sérstakri skrá, Landskrá fasteigna. Verkefnið fólst í að Fasteignamat ríkisins héldi eina fasteignaskrá fyrir allt landið þar sem hlutverkaskipting skráningaraðila væri skýr og stuðlað yrði að einskráningu upplýsinga með hagkvæmni heildarinnar að leiðarljósi. Var Landskrá fasteigna lögleidd í ársbyrjun 2001 og hefur skráin verið í notkun síðan með ágætum árangri. Við tekur almenn þróun skrárinnar með tilliti til breyttra þarfa í þjóðfélaginu auk almenns reksturs kerfisins. Í öðru lagi er gengið út frá því í frumvarpinu að draga megi talsvert úr heildarkostnaði vegna reksturs Fasteignamats ríkisins þar sem fyrrnefndu verkefni er nú lokið. Í þriðja lagi verði gengið út frá því sjónarmiði að reynt yrði að skipta kostnaði vegna reksturs Landskrárinnar niður á þá aðila sem hagsmuni hafa af notkun og vinnslu upplýsinganna.

Í samræmi við framangreint eru með frumvarpinu lagðir til eftirfarandi tekjustofnar til að standa straum af rekstri og þróun Landskrár fasteigna.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að hvert sveitarfélag greiði stofnuninni árlegt gjald fyrir afnot af fasteignamati og nemi gjaldið 0,007% af heildarfasteignamati í sveitarfélaginu ár hvert í stað 0,0056% eins og nú er. Ljóst er að mikilvægi fasteignamats sem gjaldstofns fyrir sveitar-

félög hefur aukist mjög á síðustu árum en minnkað að sama skapi sem gjaldstofn fyrir ríkið við niðurfellingu eignarskatta og fyrirhugaða niðurfellingu stimpilgjalds. Áætlaðar tekjur af þessu gjaldi nema um 259 m.kr. Vega verður þessa hækkun á gjaldinu á móti þeim sparnaði sem sveitarfélögin hafa af því að geta hætt rekstri álagningarskráa fasteignaskatta og fasteignagjalda og nýtt Landskrá fasteigna í stað þess. Að teknu tilliti til þess auk þeirra breytinga sem sveitarfélög hafa kallað eftir á skráningu og mati fasteigna og verið er að útfæra um þessar mundir er hæpið að um raunverulega útgjaldaaukningu verði að ræða hjá sveitarfélögum.

Í öðru lagi er lagt til að vátryggingarfélögin innheimti sérstakt brunabótamatsgjald af fasteignaeigendum. Markmið brunatryggingarskyldu fasteigna hér á landi er fyrst og fremst að gæta hagsmuna húseigandans. Í lögum hefur jafnan verið við það miðað að húseigandinn bæri ábyrgð á því að eign hans væri virt til brunabótamats og hann greiddi fyrir slíkt mat. Lagt er til að gjald þetta verði 0,0037% af brunabótamati húseigna. Áætlaðar tekjur af þessu gjaldi nema um 141 m.kr. Á móti fellur þá alfarið niður 0,01% umsýslugjald af sama gjaldstofni sem húseigendur hafa einir þurft að bera á undanförnum árum.

Í þriðja lagi er lagt til að til Fasteignamats ríkisins renni tekjur sem stofnunin hefur af vinnslu og sölu upplýsinga úr Landskrá fasteigna samkvæmt gjaldskrá m.a. vegna uppflettingar upplýsinga úr skránni eins og verið hefur.

Miðað við fjárhagsáætlun Fasteignamats ríkisins fyrir árið 2007 nema heildarútgjöld stofnunarinnar um 715 m.kr. Þar sem uppbyggingu Landskrár fasteigna telst nú vera formlega lokið og við tekur almennur rekstur skrárinnar er talið unnt að lækka heildarútgjöld stofnunarinnar nokkuð á næstu árum. Við yfirferð fjármálaráðuneytisins á áætlunum stofnunarinnar liggur fyrir að ráðuneytið telur að ná megi rekstrargjöldum hennar niður um 75 m.kr. eða í u.þ.b. 640 m.kr. frá og með árinu 2008, einkum vegna verkloka við uppbyggingu og samhæfingu Landskrár fasteigna. Samkvæmt áætlun Fasteignamatsins á kostnaði við einstaka meginþætti í starfseminni sem er skráning fasteigna, fasteignamat og brunabótamat, auk hlutfallslegrar skiptingar sameiginlegs kostnaðar, er hlutur fasteignamats í heildarútgjöldum stofnunarinnar u.þ.b. 35%, hlutur brunabótamats um 25%, og hlutur skráningar og þinglýsingarþáttar fasteigna um 40%.

326. Frumvarp til laga [290. mál]

um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

Við 2. mgr. 2. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Ríkisskattstjóri hefur úrskurðarvald um hvaða lögaðilar skuli teljast heimilisfastir hér á landi samkvæmt þessari grein. Úrskurði ríkisskattstjóra má skjóta til dómstóla að stefndum ríkisskattstjóra vegna fjármálaráðherra.

2. gr.

Við 6. tölul. 4. gr. laganna bætist: samkvæmt lögum nr. 78/2007, um starfstengda eftirlaunasjóði.

3. gr.

Í stað orðsins „Arðgreiðslur“ í 4. málsl. 2. mgr. 30. gr. laganna kemur: Tekjur.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 31. gr. laganna:

a. Orðin „og 4.“ í 1. málsl. 9. tölul. falla brott.
b. Á eftir orðunum „er greinir í 1. tölul. 1. mgr. 2. gr.“ í 1. málsl. 9. tölul. kemur: sbr. XII. kafla laga nr. 2/1995, um hlutafélög, og laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög.
c. 3. málsl. 9. tölul. orðast svo: Ákvæði 1. málsl. skal einnig taka til arðs frá hlutafélögum sem skráð eru erlendis ef það félag sem arðinn fær sýnir fram á að hagnaður hins erlenda félags hafi verið skattlagður með sambærilegum hætti og gert er hér á landi.

5. gr.

1. mgr. 59. gr. laganna orðast svo:

Tekjuskatt skal miða við tekjur næsta almanaksárs á undan skattákvörðun. Ef lögaðili skv. 2. gr. hefur samkvæmt samþykktum sínum annað reikningsár en almanaksárið skal miða við tekjur reikningsársins á undan skattákvörðun. Ef lögaðili breytir reikningsári er heimilt að miða tekjuskatt við allt að 15 mánaða reikningstímabil eða styttra en 12 mánuði ef það er nauðsynlegt til að samræma reikningsárið við upphaf á nýju reikningsári.

6. gr.

Í stað orðsins „arðgreiðslur“ í 3. málsl. 3. mgr. 66. gr. laganna kemur: tekjur.

7. gr.

Í stað „834“ í 1. málsl. 4. mgr. B-liðar 67. gr. laganna kemur: 874.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 68. gr. laganna:

a. Í stað „56.096“ í 3. mgr. A-liðar kemur: 57.891.
b. Í stað „139.647“, „166.226“, „232.591“, „238.592“, „2.231.195“ og „1.115.598“ í 4. mgr. A-liðar kemur: 144.116, 171.545, 240.034, 246.227, 2.415.492 og 1.207.746.
c. 1. málsl. 7. mgr. A-liðar orðast svo: Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessa stafliðar má ákvarða barnabætur með börnum sem ekki eru heimilisföst hér á landi en eru á framfæri ríkisborgara hins Evrópska efnahagssvæðis, aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum, enda sé framfærandi skattskyldur hér á landi skv. 1. gr. þessara laga eða tryggður á grundvelli 12., 13. eða 14. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar.
d. Við 7. mgr. A-liðar bætist nýr málsliður sem orðast svo: Sá sem rétt kann að eiga til barnabóta með börnum sem ekki hafa heimilisfesti á Íslandi skal sækja um bætur til skattstjóra og leggja fram upplýsingar um tekjur framfærenda ásamt upplýsingum um barnabætur eða hliðstæðar greiðslur vegna sömu barna sem greiddar hafa verið erlendis, sbr. 1. mgr.
e. Í stað „4.931.043“ og „8.174.053“ í 4. mgr. B-liðar kemur: 5.273.425 og 8.437.481.

9. gr.

Á eftir tölunni „3.“ í 3. mgr. 71. gr. laganna kemur: 4.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 73. gr. laganna:

a. 1. mgr. 3. tölul. orðast svo:

Varanlegir rekstrarfjármunir, þar með talin skip og loftför, sem nýtast takmarkaðan tíma vegna aldurs, úreldingar eða af hliðstæðum ástæðum, teljast til eignar á stofnverði, sbr. 2. mgr. 12. gr., að frádregnum heimiluðum og notuðum fyrningum.

b. 5. tölul. orðast svo: Hlutabréf skal telja til eignar á nafnverði nema sannað sé að raunvirði eigna félags að frádregnum skuldum sé lægra en hlutafé þess. Sama gildir um stofnsjóðsinneignir hjá samvinnufélögum, stofnfjárbréf í sparisjóðum og stofnfjáreignir í sameignarfélögum. Hlutabréf skráð í erlendum gjaldmiðli skal færa til eignar á nafnverði, umreiknað með kaupverði miðað við daggengi við kaup, en ef nafnverð er ekki þekkt skulu bréfin færð til eignar á kaupverði. Áhættufjármuni og langtímakröfur, þ.m.t. hvers konar fjármálagerninga, sbr. 3. mgr. 36. gr. laga um ársreikninga, sem ekki eru skráð á skipulegum verðbréfamarkaði, skal telja til eignar á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum og verðbótum á höfuðstól sem miðast við vísitölu í janúar á næsta ári eftir lok reikningsárs. Ef þessar eignir eru skráðar á skipulegum verðbréfamarkaði skal telja þær til eignar á skráðu markaðsverði á virkum markaði í lok reikningsárs. Óefnislegar eignir, sbr. 4. og 5. tölul. 33. gr. og 48. gr., teljast til eignar á stofnverði, að frádregnum heimiluðum og notuðum fyrningum skv. 7. og 8. tölul. 37. gr. Skammtímakröfur skal telja til eignar á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum og verðbótum á höfuðstól sem miðast við vísitölu í janúar á næsta ári eftir lok reikningsárs, nema sannað sé að þær séu minna virði. Frá þannig töldu verði útistandandi viðskiptakrafna og lánveitinga er þó heimilt að draga allt að 5% og mynda með því mótreikning fyrir kröfum sem kunna að tapast. Útistandandi viðskiptakröfur og lánveitingar í þessu sambandi teljast kröfur sem stofnast vegna sölu á vörum og þjónustu og aðrar lánveitingar sem beint tengjast atvinnurekstrinum. Útistandandi skuldir á hendur viðurkenndum sjálfseignarstofnunum, sem samhliða veita kröfuhafa íbúðarrétt, má telja til eignar samkvæmt fasteignamati viðkomandi íbúðar.

11. gr.

78. gr. laganna orðast svo:

Framtalsskyldar eignir og skuldir skal miða við eignir og skuldir skattaðila í lok reikningsárs.

12. gr.

Við 2. mgr. 84. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Fjármálaráðherra er einnig heimilt að flytja einstök verkefni á milli skattumdæma.

13. gr.

Fyrirsögn VIII. kafla laganna verður: **Skattumdæmi, skattstjórar, ríkisskattstjóri, skattrannsóknarstjóri o.fl.**

14. gr.

Ákvæði 1.–6. gr., c- og d-liðar 8. gr. og 9.–13. gr. öðlast þegar gildi.

Ákvæði 7. gr. öðlast gildi 1. janúar 2008 og kemur til framkvæmda við staðgreiðslu á árinu 2008 og við álagningu tekjuskatts á árinu 2009.

Ákvæði a-, b- og e-liðar 8. gr. öðlast gildi 1. janúar 2008 og koma til framkvæmda við álagningu og greiðslu barnabóta og vaxtabóta á árinu 2008 vegna tekna og eigna á árinu 2007.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til ýmsar breytingar á lögum um tekjuskatt, flestar þeirra minni háttar. Tvær þeirra er þó vert að nefna sérstaklega.

Í fyrsta lagi er lagt til að viðmiðunarfjárhæðir laganna, þ.e. fjárhæðir vegna sjómannaafsláttar, barnabóta og vaxtabóta, hækki í samræmi við forsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 2008. Í því sambandi er rétt að nefna að samkvæmt gildandi lögum um tekjuskatt hækkar persónuafsláttur árlega í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs næstliðna tólf mánuði, þ.e. frá desember til desember ár hvert. Samkvæmt verðlagsforsendum fjárlagafrumvarps fyrir árið 2008 er áætlað að hækkun vísitölunnar á umræddu tímabili nemi 4,8%. Persónuafslátturinn mun því að óbreyttu hækka í takt við þá forsendu í upphafi næsta árs án sérstakrar lagabreytingar.

Í öðru lagi eru í frumvarpi þessu lagðar til breytingar á reglum um greiðslu barnabóta með börnum sem eru heimilisföst í einhverju ríkja hins Evrópska efnahagssvæðis, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum. Þeim breytingum er ætlað að tryggja betur að íslenskar reglur um rétt til barnabóta samrýmist reglugerð (EBE) nr. 1408/71 og reglugerð (EBE) nr. 574/72, um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum og fjölskyldum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja með tilliti til greiðslu barnabóta, en ákveðin óvissa hefur ríkt þar um. Með aðild sinni að EES ber Íslandi að framfylgja þessum reglugerðum.

Í frumvarpinu eru einnig lagðar til ýmsar breytingar á hugtakanotkun og orðalagi, m.a. til samræmis við sambærileg hugtök í lögum um ársreikninga, auk nokkurra leiðréttinga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 2. mgr. 1. gr. laga um tekjuskatt er kveðið á um að ríkisskattstjóri hafi úrskurðarvald, þegar skera þarf úr um það á hvaða forsendum einstaklingar teljist heimilisfastir hér á landi. Slíkri heimild er ekki til að dreifa varðandi heimilisfesti lögaðila, sbr. 2. gr. laganna, en vaxandi alþjóðavæðing íslenskra fyrirtækja á undanförnum árum hefur leitt til þess að þetta álitamál kemur ekki síður upp í tilviki lögaðila. Í frumvarpinu er því lagt til að ríkisskattstjóri fái sambærilegt úrskurðarvald um það á hvaða forsendum lögaðilar teljist heimilisfastir hérlendis eins og gildir um einstaklinga.

Um 2. gr.

Í 4. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, er að finna upptalningu á þeim aðilum sem undanþegnir eru skattskyldu. Meðal þeirra eru lífeyrissjóðir sem starfa skv. III. kafla laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Sama gildir um starfstengda eftirlaunasjóði sem settir voru á stofn með lögum nr. 78/2007 á grundvelli tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/41/EB. Með tillögu frumvarpsins er eingöngu verið að hnykkja á skattundanþágu starfstengdra eftirlaunasjóða með því að vísa í lög nr. 78/2007, til frekari aðgreiningar frá þeim aðilum sem bjóða upp á frjálsan lífeyrissparnað, en þeir síðarnefndu falla undir ákvæði laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Um 3. gr.

Með lögum nr. 76/2007 sem samþykkt voru sl. vor var nýjum málslið bætt við 2. mgr. 30. gr. gildandi laga um tekjuskatt, en sú grein tekur til frádráttar frá tekjum. Þessum nýja málslið er ætlað að taka til tekna sem greiddar eru frá veiðifélagi til einstaklings sem stundar búrekstur eða annan rekstur á jörð, en hefur jafnframt tekjur af veiðiréttindum. Þessar tekjur skulu ekki teljast til atvinnurekstrartekna í hendi einstaklingsins heldur til fjármagnstekna og heimilast enginn frádráttur frá slíkum tekjum. Í gildandi lögum er notað hugtakið arðgreiðslur um þessar tekjur. Með því hugtaki er almennt átt við greiðslur hlutafélags til hluthafa, en því félagaformi er sjaldnast til að dreifa í þessu samhengi. Því er lögð til orðalagsbreyting á ákvæðinu þannig að í stað orðsins arðgreiðslur komi tekjur úr veiðifélagi. Afleidda breytingu sama efnis er að finna í 6. gr. frumvarpsins.

Um 4. gr.

Í a-lið er lagt til að frádráttarheimild á mótteknum arði hjá samlögum og samtökum, sem skattskyld eru skv. 4. tölul. 1. mgr. 2. gr., verði felld niður, með sama hætti og gildir um sameignarfélög, enda er úttekt á höfuðstól þessara aðila skattfrjáls í hendi eigenda. Jafnframt er til samræmis lögð til afleidd breyting í 9. gr. frumvarpsins á 3. mgr. 71. gr. gildandi laga.

Tillögunni í b-lið er einungis ætlað að hnykkja á því að frádráttarheimild 9. tölul. 31. gr. sé einvörðungu bundin við löglega úthlutaðan arð, skv. XII. kafla laga nr. 2/1995, um hlutafélög og laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög, en taki ekki til dulinnar arðsúttektar.

Í c-lið er um að ræða leiðréttingu á augljósri villu sem slæddist inn í ákvæðið með breytingartillögu efnahags- og viðskiptanefndar sl. vor á lögum nr. 76/2007. Jafnframt þykir rétt að færa orðalag ákvæðisins til fyrra horfs þar sem það er talið falla betur að efni 31. gr. sem er samkvæmt fyrirsögn greinarinnar frádráttur frá tekjum af atvinnurekstri.

Um 5. gr.

Hér er lagt til að fella úr lögunum kröfu um að lögaðilar skuli leita til skattstjóra um heimild til að nota reikningsárið sem skattár ef þeir ákveða í samræmi við lög um ársreikninga að hafa reikningsárið annað en almanaksárið. Samkvæmt lögum um ársreikninga, nr. 144/1994, og endurútgáfu þeirra sem lög nr. 3/2006 er reikningsárið skilgreint tólf mánuðir og miðast við mánaðamót. Það er réttur stjórna lögaðila og hluthafafunda að ákvarða reikningsárið við stofnun félags svo og að breyta því síðar ef sérstakar aðstæður gefa tilefni til þess, t.d. vegna samræmis við reikningsár samstæðu sem það er að ganga inn í eða út úr. Ákvörðun reikningsárs er tilkynningarskyld til viðkomandi félagaskrár (t.d. hlutafélög til hlutafélagaskrár). Nú eru um eða yfir 100 lögaðilar með annað reikningsár en almanaksárið og fer þeim fjölgandi. Þessi breytingartillaga kemur í framhaldi af fyrri breytingum á ákvæðum skattalaga varðandi félög með annað reikningsár en almanaksárið.

Um 6. gr.

Sjá umfjöllun um 3. gr. frumvarpsins varðandi breytingartillögu þessarar greinar.

Um 7. gr.

Í B-lið 67. gr. laganna er mælt fyrir um fjárhæð sjómannaafsláttar. Hér er lagt til að grunnfjárhæð sjómannaafsláttar verði hækkuð um 4,8% frá 1. janúar 2008 sem komi til framkvæmda við staðgreiðslu á árinu 2008. Þessi hækkun er í samræmi við forsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 2008 um áætlaða tólf mánaða hækkun vísitölu neysluverðs m.v. mælingu hennar í desember 2007.

Um 8. gr.

Í a- og b-lið eru lagðar til hækkanir á viðmiðunarfjárhæðum barnabóta um 3,2% í samræmi við áætlaða meðalhækkun á vísitölu neysluverðs og skerðingarmarka um liðlega 8% í samræmi við meðalhækkun launavísitölu miðað við forsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 2008.

Í c-lið er lagt til að tilvísun til laga um almannatryggingar verði uppfærð, en einnig er lögð til breyting á skilyrðum fyrir greiðslu barnabóta vegna barna sem ekki eru heimilisföst hér á landi. Með breytingunum er gert ráð fyrir að heimild 7. mgr. A-liðar 68. gr. til að greiða barnabætur verði gerði rýmri þannig að hún samræmist betur skuldbindingum Íslands samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, um réttindi ríkisborgara í aðildarríkjunum til greiðslu barnabóta vegna barna búsettra í öðru EES-ríki sem þeir hafa á framfæri sínu. Samkvæmt núgildandi ákvæði 1. málsl. 7. mgr. A-liðar 68. gr. er heimilt að ákvarða barnabætur með börnum sem ekki eru heimilisföst hér á landi, enda séu bæði framfærandi og barnið tryggð á grundvelli 9. gr. b eða 9. gr. c laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, sbr. núgildandi 13. og 14. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar. Lagt er til að bætt sé við ákvæðið þannig að ákvarða megi barnabætur með börnum til framfæranda sem skattskyldur er á Íslandi skv. 1. gr., óháð því hvort barnið sé búsett á Íslandi. Auk þess er gildissvið ákvæðisins aukið að því leyti að það tekur einnig til þeirra sem tryggðir eru á grundvelli 12. gr. laga um almannatryggingar (áður 9. gr. a). Markmiðið með þessari breytingu er að ákvæðið taki til þeirra sem ekki eru skattskyldir skv. 1. gr., en eru þó partur af íslenska almannatryggingakerfinu. Þannig mun ákvæðið t.a.m. taka til allra þeirra sem bera takmarkaða skattskyldu skv. 3. gr. tekjuskattslaga, ef þeir eru ekki undanþegnir því að borga tryggingagjald. Að lokum er lögð til sú breyting að einungis framfærandi þurfi að vera tryggður á grundvelli laga um almannatryggingar, en ekki framfærandi og barn eins og krafa er um samkvæmt núgildandi ákvæði.

Í d-lið er mælt fyrir um það að þeir sem telja sig eiga rétt á barnabótum með börnum sem ekki hafa heimilisfesti á Íslandi, sæki um það til skattstjóra. Með umsókn þurfa að fylgja nauðsynlegar upplýsingar um fjölskylduhagi, t.a.m. upplýsingar um tekjur framfærenda ásamt upplýsingum um barnabætur sem kunna að vera greiddar með barni í því landi þar sem það hefur heimilisfesti.

Í e-lið er lögð til hækkun á eignarviðmiðunarfjárhæðum vaxtabóta í samræmi við forsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 2008.

Um 9. gr.

Eins og fram kemur í athugasemdum við a-lið í 4. gr. frumvarpsins er eigendum samlaga og samtaka sem skattskyld eru skv. 4. tölul. 1. mgr. 2. gr. heimil skattfrjáls úttekt af höfuðstól með sambærilegum hætti og gildir um sameignarfélög. Vísað er til umfjöllunar um 4. gr. varðandi nánari athugasemdir með þessari grein.

Um 10. gr.

Í a-lið er lögð til sú orðalagsbreyting í 3. tölul. að tekið verði upp hugtakið „varanlegir rekstrarfjármunir“ í stað „lausafé“ sem er í samræmi við IV. kafla laga um ársreikninga, sbr. einnig ákvæði 33. gr. laga um tekjuskatt.

Í b-lið greinarinnar er gerð tillaga um orðalagsbreytingar í 5. tölul., sem einnig er í samræmi við orðalag í lögum um ársreikninga. Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 5. tölul. um að hlutabréf skuli teljast til eignar á nafnverði er óbreytt og skiptir ekki máli hvort hlutabréfin eru á skráðum markaði eða ekki og þess vegna án tillits til þess hvernig þau eru metin í

reikningsskilum fyrirtækja. Hér er um að ræða eignarhluta í félögum sem teljast til fastafjármuna. Verðbreytingar þeirra á markaði hafa því ekki áhrif á tekjuskattsstofn þeirra. Lagt er til að lokaákvæðið í málsgreininni um mat á erlendum hlutabréfum verði 2. málsl. greinarinnar og nái einnig til hlutabréfa í íslenskum hlutafélögum og einkahlutafélögum sem skráð eru í erlendum gjaldmiðlum. Skv. 34. gr. laga um ársreikninga skuli peningalegar eignir og skuldir efnahagsreiknings umreiknaðar miðað við lokagengi reikningsársins, sbr. og 6. tölul. greinarinnar, en aðrir liðir efnahagsreiknings, þ.m.t. eignarhlutar í félögum, skulu metnir á lokagengi viðskiptadagsins. Slíkir eignarhlutar taka því ekki gengisbreytingum heldur eru færðir til eignar með óbreyttri krónufjárhæð milli ára.

Orðalagsbreytingin í 3. málsl. 1. mgr. 5. tölul. að taka upp orðalagið „Áhættufjármuni og langtímakröfur, þ.m.t. hvers konar fjármálagerninga“ í stað „Skuldabréf og önnur slík verðbréf“ er í samræmi við IV. kafla laga um ársreikninga, þar sem þessar eignir eru felldar undir fastafjármuni ef þær eru ætlaðar í eigu fyrirtækisins í meira en eitt ár. Enn fremur er þá komið inn í lög um tekjuskatt ákvæði um mat hvers konar fjármálagerninga eins og þeir eru skilgreindir í 3. mgr. 36. gr. laga um ársreikninga. Bein ákvæði hafa ekki verið í skattalögunum en fjármálagerningar hafa verið taldir falla undir „önnur slík verðbréf“. Almenna reglan er að þessar eignir séu metnar á kostnaðarverði að viðbættum áföllnum vöxtum, verðbótum og gengisbreytingum og hækkunin jafnframt færist til skattskyldra tekna. Ef framangreindar eignir sem flokkast undir fastafjármuni eru skráðar á skipulegum verðbréfamarkaði skulu þær teljast til eignar á markaðsverði í lok reikningsárs og breyting milli ára færist til tekna. Ef framangreindar eignir teljast til veltufjármuna sem skammtímakröfur verða þær ekki taldar fram til eignar á markaðsverði þótt skráðar séu á skipulegum verðbréfamarkaði, sbr. 4. mgr. um skammtímakröfur, og verðhækkun þeirra skattlögð fyrst við sölu þeirra. Er það í samræmi við mat þessara eigna samkvæmt lögum um ársreikninga. Er þetta breyting því að í lögum um tekjuskatt er ekki gerður greinarmunur á mati skráðra skuldabréfa eftir því hvort eignirnar flokkist í reikningsskilum undir fastafjármuni eða veltufjármuni.

Gerð er tillaga um að ákvæði um mat óefnislegra eigna verði fært inn í greinina en bein ákvæði hafa ekki verið í lögum um tekjuskatt.

Í 2. mgr. 5. tölul. er orðalagsbreytingin „Skammtímakröfur“ í stað „Útistandandi kröfur“ í samræmi við IV. kafla laga um ársreikninga. Að öðru leyti er ákvæðið óbreytt.

Um 11. gr.

Þessi breyting er til samræmingar við breytingu á 59. gr. laganna, sbr. 5. gr. frumvarpsins.

Um 12. gr.

Markmiðið með þessari breytingu sem hér er lögð til er að auka svigrúm fjármálaráðherra til að flytja einstök verkefna milli skattumdæma, m.a. í því skyni að nýta mannafla skattkerfisins með sem virkustum hætti á hverjum tíma.

Um 13. gr.

Í heiti VIII. kafla gildandi laga um tekjuskatt er gefið til kynna að kaflinn fjalli að einhverju leyti um yfirskattanefnd. Kaflinn fjallar hins vegar ekki að neinu leyti um yfirskattanefnd og því er lögð til breyting á kaflaheitinu.

Um 14. gr.

Greinin fjallar um gildistöku. Miðað er við að ákvæði 1., 2., 3., 4., 5., 8., 9. og 10. gr. öðlist þegar gildi og komi til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 2008. Þó skulu

ákvæði 6. og 7. gr. öðlast gildi 1. janúar 2008 og koma til framkvæmda við staðgreiðslu á árinu 2008 og við álagningu tekjuskatts á árinu 2009 vegna tekna og eigna á árinu 2008.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu eru lagðar til ýmsar breytingar á lögum um tekjuskatt. Flestar þeirra eru minni háttar og snúa að samræmingu á orðalagi og hugtakanotkun við önnur lög, auk nokkurra leiðréttinga. Tvær breytingar er þó vert að nefna sérstaklega. Í fyrsta lagi er lagt til að ýmsar viðmiðunarfjárhæðir tekjuskattslaganna, þ.e. fjárhæðir vegna sjómannaafsláttar, barnabóta og vaxtabóta, hækki í samræmi við verðlagsforsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 2008 og hefur þegar verið tekið tillit til tekju- og útgjaldaáhrifa þeirra breytinga í frumvarpinu. Í öðru lagi eru lagðar til breytingar á reglum um greiðslur barnabóta með börnum sem eru heimilisföst í einhverju EES-ríki, í aðildarríki EFTA eða í Færeyjum í því skyni að tryggja betur að íslenskar reglur um rétt til barnabóta samrýmist þeim reglugerðum ESB sem EES-ríkin, þ.m.t. Ísland, þurfa að framfylgja. Áhrif þessa á útgjöld ríkissjóðs vegna barnabóta eru talin óveruleg. Ekki er ástæða til þess að ætla að aðrar tillögur frumvarpsins leiði til teljandi útgjalda við framkvæmd þeirra í skattkerfinu verði þær að lögum.

327. Nefndarálit [88. mál]

um frv. til l. um breyt. á siglingalögum, nr. 34 19. júní 1985, með síðari breytingum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Svanhvíti Axelsdóttur og Jóhann Guðmundsson frá samgönguráðuneyti, Örn Pálsson frá Landssambandi smábátaeigenda, Guðjón Rúnarsson frá Samtökum fjármálafyrirtækja, Valgeir Pálsson frá Tryggingamiðstöðinni og Sigurð Óla Kolbeinsson frá Verði. Einnig bárust umsagnir um málið frá Sjómannasambandi Íslands, Félagi vélstjóra og málmtæknimanna, Hafnasambandi Íslands, Landssambandi smábátaeigenda, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Siglingastofnun og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.

Í frumvarpinu er lagt til að takmörkunarfjárhæðir skv. IX. kafla siglingalaga um ábyrgð útgerðarmanns og takmörkun ábyrgðar verði uppfærðar í samræmi við bókun frá 1996 við alþjóðasamþykkt um takmörkun ábyrgðar frá 19. nóvember 1976.

Við meðferð málsins fyrir nefndinni kom fram að æskilegt væri að sá tími sem ætlaður er til að laga ný vátryggingaákvæði að breyttum aðstæðum væri lengdur, en samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að lögin taki gildi 1. janúar 2008. Fram kom að áhrifin kynnu að verða nokkur hvað varðar vátryggingar fyrir skip sem stunda farþegaflutninga á sjó vegna

mikillar hækkunar á farþegaábyrgð. Í ljósi þess að breytingarnar geta haft ákveðin áhrif á endurtryggingarsamninga, og þar með iðgjöld, auk þess sem tryggingafélög eru með útistandandi tryggingar fram á næsta ár, telur nefndin eðlilegt að fresta gildistöku laganna um eitt ár, þ.e. til 1. janúar 2009.

Auk þess leggur nefndin til tæknilega lagfæringu á 2. gr. frumvarpsins þar sem sömu breytingarnar eru í raun tvíteknar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með ofangreindum breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Herdís Þórðardóttir, Árni Johnsen og Ármann Kr. Ólafsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 22. nóv. 2007.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, form., frsm.	Ólöf Nordal.	Karl V. Matthíasson.
Paul Nikolov.	Guðni Ágústsson.	Guðjón A. Kristjánsson.

328. Breytingartillögur [88. mál]

við frv. til l. um breyt. á siglingalögum, nr. 34 19. júní 1985, með síðari breytingum.

Frá samgöngunefnd.

1. Við 2. gr. B-liður falli brott.
2. Við 5. gr. Í stað dagsetningarinnar „1. janúar 2008“ komi: 1. janúar 2009.

329. Nefndarálit [92. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 73/2005, um skipan ferðamála.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jóhann Guðmundsson og Svanhvíti Axelsdóttur frá samgönguráðuneyti. Umsagnir bárust um málið frá Ferðamálasamtökum Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum ferðaþjónustunnar og Sýslumannafélagi Íslands.

Í frumvarpinu eru lagðar til smávægilegar breytingar á lögum um skipan ferðamála sem einkum er ætlað að lagfæra úrræði vegna brota gegn lögunum. Nefndin leggur til málfarsbreytingu á einu ákvæði frumvarpsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svohljóðandi

BREYTINGU:

Efnismálsliður a-liðar 1. gr. orðist svo: Skipulagningu ferða hópa og einstaklinga, innan lands og erlendis.

Herdís Þórðardóttir, Árni Johnsen og Ármann Kr. Ólafsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 22. nóv. 2007.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, form., frsm.	Ólöf Nordal.	Karl V. Matthíasson.
Paul Nikolov.	Guðni Ágústsson.	Guðjón A. Kristjánsson.

330. Nefndarálit [93. mál]

um frv. til l. um breyt. á hafnalögum, nr. 61/2003.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jóhann Guðmundsson og Svanhvíti Axelsdóttur frá samgönguráðuneyti, Gísla Gíslason frá Hafnasambandi Íslands og Gunnlaug Júlíusson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Umsagnir bárust um málið frá Siglingastofnun, Hafnasambandi Íslands og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Þá barst nefndinni jafnframt skýrsla Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um áhrif aflasamdráttar í þorski á fjárhag sveitarfélaga.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á hafnalögum til að tryggja að gjald fyrir geymslu vöru og gáma á hafnasvæði megi leggja á hvort sem geymslan fer fram utan húss eða innan. Þá er lagt til að sá tími sem ríkissjóði og Hafnabótasjóði er heimilt að styrkja framkvæmdir í höfnum verði framlengdur um tvö ár í tengslum við aðgerðir ríkisstjórnarinnar vegna hugsanlegs tekjusamdráttar sveitarfélaga vegna skertrar þorskveiði.

Nefndin vekur athygli á bréfi Siglingastofnunar til samgönguráðherra, dags. 28. júní 2007, sem fylgdi umsögn stofnunarinnar, og tekur undir þau sjónarmið sem þar koma fram. Nefndin telur brýnt að sú endurskoðun sem fara skal fram á 24. gr. hafnalaga hefjist eins fljótt og verða má.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**
Herdís Þórðardóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 22. nóv. 2007.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, form., frsm.	Ólöf Nordal.	Karl V. Matthíasson.
Paul Nikolov.	Árni Johnsen.	Guðni Ágústsson.
Ármann Kr. Ólafsson.	Guðjón A. Kristjánsson.	

331. Frumvarp til laga [291. mál]

um breyting á lögum nr. 38/2007, um íslenska alþjóðlega skipaskrá.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

Í stað „1. janúar 2008“ í 15. gr. laganna kemur: 1. janúar 2009.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að gildistöku laga verði frestað um eitt ár eða til 1. janúar 2009. Um er að ræða lög um íslenska alþjóðlega skipaskrá, nr. 38/2007, sem voru samþykkt frá Alþingi þann 17. mars 2007 en lögin skyldu taka gildi 1. janúar 2008.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum með frumvarpi til laga nr. 38/2007 er mikilvægt að skráningin sé sveigjanleg, einföld og fljótvirk og að þjónustustigið sé hátt. Þá þurfi að huga vel að því sem kann að vera fylgifiskur slíkrar alþjóðlegrar skrár, svo sem uppbygging tengdrar atvinnustarfsemi og ekki síður áhrif á menntun farmanna.

Þá kemur þar fram að til að tryggja að vel takist til við stofnun íslenskrar alþjóðlegrar skipaskrár er nauðsynlegt að búa til aðgengilegt lagaumhverfi sem er samkeppnishæft við það sem best gerist erlendis enda mikilvægt að kaupskipaútgerðir, íslenskar sem erlendar, kjósi að skrá skip sín hér á landi og beri traust til starfsumhverfisins alls.

Nú þegar líður að gildistöku laganna er ljóst að nauðsynlegri undirbúningsvinnu er ekki lokið og er ekki fyrirsjáanlegt að það verði um áramótin þegar lögin taka gildi. Því er lagt til að gildistöku laganna verði frestað um eitt ár og á þeim tíma unnið af fullum krafti í samstarfi við útgerðir, samtök sjómanna og aðra þá sem hagsmuna eiga að gæta um að vel takist til að viðskiptahugmyndinni: „Stofnun íslenskrar alþjóðlegrar skipaskrár: Hvernig förum við að því að laða hingað kaupskipaútgerðir?“

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 38/2007, um íslenska alþjóðlega skipaskrá.

Megintilgangur með þessu frumvarpi er að leggja til að gildistöku laga um íslenska alþjóðlega skipaskrá verði frestað um eitt ár eða til 1. janúar 2009 en ljóst þykir að allri nauðsynlegri undirbúningsvinnu fyrir gildistöku laganna verður ekki lokið í tæka tíð.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

332. Frumvarp til laga [292. mál]

um samgönguáætlun.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að samræma áætlanagerð við framkvæmdir og rekstur í samgöngumálum. Það skal gert með samgönguáætlun til tólf ára skv. 2. gr. og fjögurra ára áætlun skv. 3. gr. sem er hluti af og innan ramma samgönguáætlunar.

2. gr.
Samgönguáætlun.

Samgönguráðherra leggur á fjögurra ára fresti fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun þar sem mörkuð skal stefna og markmið fyrir allar greinar samgangna næstu tólf árin. Jafnframt skal m.a. meta og taka tillit til þarfa ferðaþjónustunnar fyrir bættar samgöngur.

Samgönguáætlun tekur til fjáröflunar og útgjalda til allra greina samgangna, þ.e. flugmála, vegamála og siglingamála, þ.m.t. hafnamála, sjóvarna og öryggismála samgöngugreina. Þar skal skilgreina það grunnkerfi sem ætlað er að bera meginþunga samgangna og gera skal grein fyrir ástandi og horfum í samgöngum í landinu. Við gerð samgönguáætlunar skal m.a. byggja á þeim meginmarkmiðum að samgöngur séu greiðar, hagkvæmar, öruggar og umhverfislega sjálfbærar auk þess sem þær stuðli að jákvæðri byggðaþróun.

Við gerð samgönguáætlunar skal jafnframt taka mið af eftirfarandi markmiðum:

a. að ná fram samræmdri forgangsröð og stefnumótun,
b. að ná fram hagkvæmri notkun fjármagns og mannafla,
c. að ná fram samræmdu skipulagi samgöngugreina og samstarfi stofnana samgönguráðuneytisins og fyrirtækja á þess vegum.

Einnig skal taka mið af því að fjármunir ríkissjóðs nýtist sem best og skal forgangsröðun byggjast á mati á þörf fyrir samgönguframkvæmdir í landinu í heild og í einstökum landshlutum.

Áætlun um fjáröflun og útgjöld skal skipt á þrjú fjögurra ára tímabil og skulu útgjöld sundurliðuð þar eftir helstu útgjaldaflokkum. Jafnframt er útgjöldum vegna nýrra framkvæmda á grunnkerfinu skipt eftir einstökum stórum verkefnum á hvert hinna þriggja tímabila.

Áður en áætlun samkvæmt ákvæði þessu er unnin leggur samgönguráðherra fram stefnu sína í helstu málaflokkum, auk fjárhags- og tímaramma, til samgönguráðs, sbr. 4. gr. Tillögur byggðar á þeirri stefnu skulu unnar í stofnunum og fyrirtækjum samgöngumála fyrir ráðið. Samgönguráð undirbýr og semur tillögu að samgönguáætlun og leggur fyrir samgönguráðherra til endanlegrar afgreiðslu og ákvörðunar.

Samgönguáætlun skal endurskoða á fjögurra ára fresti eða oftar ef þörf þykir.

3. gr.

Fjögurra ára áætlun samgönguáætlunar.

Gera skal áætlun fyrir fyrsta fjögurra ára tímabil samgönguáætlunar skv. 2. gr. og leggur samgönguráðherra fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um slíka áætlun.

Fjögurra ára áætlun samgönguáætlunar skal endurskoðuð á tveggja ára fresti og þá unnin ný áætlun fyrir næstu fjögur ár og lögð fram á Alþingi ný þingsályktunartillaga um hana, þannig að ávallt sé í gildi samþykkt áætlun fyrir a.m.k. tvö ár í senn.

Í fjögurra ára áætlun samkvæmt ákvæði þessu skal vera áætlun fyrir hvert ár tímabilsins, fyrir hverja stofnun og fyrirtæki samgöngumála sem eiga undir samgönguráðuneytið.

Sundurliðun fjögurra ára áætlunar skal hagað þannig að ábyrgð og fjárheimildir hverrar stofnunar og fyrirtækis komi skýrt fram. Gerð skal grein fyrir fjáröflun og útgjöld skulu sundurliðuð eftir einstökum framkvæmdum, rekstri, þjónustu og viðhaldi eftir því sem við á. Í fjögurra ára áætlun skal m.a. vera sundurliðun í samræmi við uppsetningu fjárlaga. Tekjur og gjöld fjögurra ára áætlunar skulu rúmast innan ramma samgönguáætlunar.

Áður en áætlun samkvæmt ákvæði þessu er unnin leggur samgönguráðherra fram fjárhagsramma til samgönguráðs sem undirbýr og semur tillögu að áætlun og leggur fyrir samgönguráðherra til endanlegrar afgreiðslu.

4. gr.

Samgönguráð.

Samgönguráðherra skipar samgönguráð sem hefur yfirumsjón með gerð tillagna að samgönguáætlun. Í samgönguráði sitja forstöðumenn þeirra samgöngustofnana sem heyra undir samgönguráðuneytið. Auk þess situr þar fulltrúi samgönguráðherra sem jafnframt er formaður og er skipunartími hans fjögur ár en skal þó takmarkaður við embættistíma þess ráðherra sem skipar. Jafnframt skal fulltrúi fyrirtækis samgöngumála sem undir samgönguráðuneytið heyrir leggja fram áætlanir til samgönguráðs og sitja fundi ráðsins þegar fjallað er um málefni sem eiga undir viðkomandi fyrirtæki.

Samgönguráð skal minnst einu sinni við gerð nýrrar samgönguáætlunar standa fyrir samgönguþingi sem ætlað er að veita ráðgjöf og leiðbeiningar við gerð samgönguáætlunar. Til samgönguþings skal öllum helstu hagsmunaaðilum samgöngumála boðið. Á samgönguþingi skal gera grein fyrir fyrirhuguðum forsendum og markmiðum áætlunarinnar. Samgönguráð skal hafa samráð við hagsmunaaðila og kynna fyrir almenningi áætlanir eins og ástæða þykir til hverju sinni.

5. gr.

Skýrsla um framkvæmd samgönguáætlunar.

Ráðherra skal árlega leggja fram á Alþingi skýrslu um framkvæmd samgönguáætlunar næstliðið ár.

6. gr.

Gildistaka samgönguáætlunar og fjögurra ára áætlunar samgönguáætlunar.

Samgönguáætlun og fjögurra ára áætlun hennar taka gildi þegar Alþingi hefur samþykkt þær sem þingsályktunartillögur. Óheimilt er að samþykkja fjögurra ára áætlun samgönguáætlunar án þess að tólf ára samgönguáætlun hafi verið samþykkt þegar báðar áætlanir eru lagðar fram samtímis.

7. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 71/2002.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lög um samgönguáætlun voru samþykkt á Alþingi 29. apríl 2002 og tóku gildi 8. maí sama ár. Var með þeim lögum lögð áhersla á samræmingu áætlana og vinnu við gerð samgönguáætlunar sem tekur til allra þátta samgangna.

Á þeim tíma sem lögin hafa gilt hefur samgönguáætlun verið unnin eins og lögin kveða á um og hefur vel tekist til. Þó hafa óneitanlega við framkvæmd laganna komið upp einstaka atriði sem betur mega fara og er tilgangur frumvarps þessa að sníða af þá vankanta og laga ýmis atriði í lagaumhverfinu betur að aðstæðum í dag.

Þar sem lögin eru stutt þykir hagkvæmara að leggja fram frumvarp til nýrra laga um samgönguáætlun frekar en frumvarp til breytinga á gildandi lögum. Helgast það einnig af því að í frumvarpinu eru lagðar til tilfærslur ákvæða og er því skýrara fyrir lesendur laganna að ný lög séu sett.

Ekki er með lagafrumvarpi þessu ætlunin að breyta þeim markmiðum og tilgangi sem lágu að baki setningu gildandi laga og mun samgönguáætlun áfram taka til framkvæmda, öryggismála, umhverfismála, almenningssamgangna og fjármögnunar samgöngukerfisins. Tekur hún því áfram til allra þátta samgöngukerfisins og innbyrðis samspils þeirra og samspils við aðra mikilvæga þætti þjóðfélagsins.

Ekki eru heldur lagðar til neinar breytingar á því að samgönguáætlun er ætlað að lýsa vilja Alþingis í þessum málum með því að lagðar eru fram þingsályktunartillögur, bæði um samgönguáætlun og einnig fjögurra ára áætlun samgönguáætlunar.

Þá er ekki gert ráð fyrir breytingum á því fyrirkomulagi sem er samkvæmt gildandi lögum á vinnu við samgönguáætlun og áætlun hennar eða endurskoðun beggja áætlana.

Breytingar eru fyrst og fremst vegna breytinga sem hafa orðið á umhverfi samgöngumála, t.d. með stofnun opinbers hlutafélags um flugvallarekstur, meiri áherslu á öryggismál og fyrirhugaðri færslu Keflavíkurflugvallar til samgönguráðuneytisins. Einnig þykir nauðsynlegt að gera ráð fyrir áframhaldandi þróun í þessum málum og að samgönguáætlun geti tekið breytingum til samræmis, án þess til þess þurfi lagabreytingar.

Helstu efnislegar breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu frá gildandi lögum eru eftirfarandi:

– að gera skýrara að samgönguáætlun er í raun ein áætlun til tólf ára og fjögurra ára áætlun er óaðskiljanlegur hluti og nánari sundurliðun á 1. tímabili samgönguáætlunar;

– að við upphaf vinnu samgönguráðs hafi ráðherra sett fram stefnumið sín og fjárhagsramma;
– að heimila endurskoðun samgönguáætlunar oftar en á fjögurra ára fresti;
– að skapa skýrari ramma um samgönguáætlun og þau markmið sem unnið er að með henni;
– að opna fyrir möguleika á annars konar framsetningu fjögurra ára áætlunar samgönguáætlunar en þeirri kaflaskiptingu sem nú er viðhöfð;
– að tryggja að forstöðumenn allra samgöngustofnana sem heyra undir samgönguráðuneytið eigi sæti í samgönguráði ef breytingar verða á því hvaða stofnanir það eru.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæði þetta sem er samhljóða 1. gr. gildandi laga. Það tiltekur markmið laganna og er það óbreytt frá gildandi lögum, þ.e. að samræma áætlanagerð fyrir uppbyggingu og rekstur samgangna í landinu.

Lögð er til ein áherslubreyting en tekið er fram að fjögurra ára áætlunin er hluti af og innan samgönguáætlunarinnar.

Um 2. gr.

Í ákvæði þessu er fjallað um samgönguáætlun og eru 1.–4. mgr. ákvæðisins að verulegu leyti samhljóða 2. gr. gildandi laga. Samgönguáætlunin inniheldur stefnumótun og markmið auk yfirlits um tekjur og gjöld þar sem framkvæmdir á grunnkerfinu eru sundurliðaðar. Áfram er gert ráð fyrir að með því að samþykkja samgönguáætlun sé kominn rammi um tekjur og útgjöld til samgöngumála næstu tólf árin, en einnig að með tilvísun til grunnkerfis sé átt við helstu áætlunarflugvelli, millilandaflugvelli, hafnir og stofnvegakerfið ásamt mikilvægum tengivegum og ferðamannavegum.

Öryggismálum er þó gert hærra undir höfði með því að þau eru talin meðal greina samgangna sem samgönguáætlun skal taka til. Öryggismál hvers konar hafa fengið aukið vægi á undanförnum árum og þykir því rétt að þeirra sé getið og um þau fjallað sérstaklega.

Lagt er til það nýmæli að telja upp þau helstu meginmarkmið sem taka skal mið af við gerð samgönguáætlunar en hér er alls ekki um tæmandi talningu að ræða enda verður að gera ráð fyrir að meginmarkmið geti breyst í samræmi við breyttar áherslur og þróun í samgöngumálum.

Þá er áfram gert ráð fyrir að samgönguáætlun verði endurskoðuð á fjögurra ára fresti og þá lögð fram ný áætlun til tólf ára.

Sjötta málsgrein er nýmæli og er þar kveðið á um með hvaða hætti vinna við samgönguáætlun fer fram. Er þar kveðið á um það verklag sem nú er viðhaft við þá vinnu og þykir eðlilegt að það sé lögfest. Þar er fyrst að nefna að samgönguráðherra leggur, eðli málsins samkvæmt, fram þá stefnu og þau markmið sem samgönguáætlun endurspeglar og skal unnin eftir. Tillögur ráðherra eru lagðar fyrir samgönguráð sem sér um áframhaldandi vinnu, m.a. með stofnunum og fyrirtækjum samgöngumála. Með þeim breytingum sem orðið hafa með því að flugvallarekstur og flugleiðsöguþjónusta er nú komin í hendur opinbers hlutafélags í eigu ríkisins er nauðsynlegt að kveða á um aðkomu slíks fyrirtækis að samgönguáætlun. Gildir það sama um fyrirtæki sem hugsanlega kunna að verða stofnuð um aðra þætti samgangna í framtíðinni.

Þá er lagt til að heimilt verði að endurskoða samgönguáætlun oftar en á fjögurra ára fresti.

Um 3. gr.

Hér er fjallað um fjögurra ára áætlun samgönguáætlunar og er ákvæðið að miklu leyti samhljóða 4. gr. gildandi laga. Þessi áætlun inniheldur nánari sundurliðun málaflokka samgöngumála og rekstur stofnana, setta fram með samræmdum hætti.

Í samræmi við það markmið samgönguáætlunar að til sé samræmd áætlun um allar greinar samgangna er lagt til að ekki sé lengur skylt að kaflaskipta áætluninni með þeim hætti sem gildandi lög gera ráð fyrir. Skapast með því möguleiki á annars konar framsetningu áætlunarinnar, svo sem meiri blöndun milli einstakra greina samgangna. Má sem dæmi nefna að hagkvæmt kann að vera að um samgöngumál einstakra landshluta sé fjallað í heild og um öryggismál allra samgöngugreina í sama kafla, en einnig einstakar framkvæmdir og er gott dæmi um það framkvæmdirnar við Bakkafjöru sem falla undir fleiri greinar samgangna, þ.e. uppbyggingu hafna, vegagerð og flugvallagerð.

Þetta breytir því þó ekki að áfram er hægt að gera áætlanir fyrir hverja grein samgangna eins og nú er gert, þ.e. flugmálaáætlun, siglingamálaáætlun og vegamálaáætlun sem þá væntanlega innihéldi áætlun vegna Umferðarstofu sem er nú meðal stofnana samgönguráðuneytisins en var það ekki þegar gildandi lög voru samin.

Lögð er áhersla á að áætlun þessi er hluti af samgönguáætlun og verður að rúmast innan ramma hennar. Þá er lögfest sú framkvæmd að áður en vinna við áætlunina getur hafist leggi samgönguráðherra fram þann fjárhagsramma sem er grundvöllur hennar. Áfram er gert ráð fyrir að þessi áætlun sé endurskoðuð á tveggja ára fresti og þá lögð fram ný til næstu fjögurra ára.

Um 4. gr.

Ákvæði þetta fjallar um samgönguráð og er að hluta til samhljóða 3. gr. gildandi laga. Hlutverk samgönguráðs er óbreytt, að hafa faglega yfirumsjón með gerð samgönguáætlunar og fjögurra ára áætlunar hennar. Ekki eru lagðar til breytingar á því hvernig samgönguráð skuli vera mannað heldur er áfram gert ráð fyrir að forstöðumenn stofnana sem heyra undir samgönguráðuneytið sitji í ráðinu auk formanns sem skipaður er af ráðherra.

Sú breyting er hins vegar lögð til að í stað þess að telja upp hvaða stofnanir það eru verði orðalagið almennara um að í ráðinu skuli sitja forstöðumenn samgöngustofnana sem heyra undir samgönguráðuneytið. Er með því ekki nákvæmlega afmarkað hvaða stofnanir það eru enda getur það verið breytingum háð eins og best sést á því að frá því gildandi lög voru samin hefur Umferðarstofa verið færð undir samgönguráðuneytið. Forstöðumaður stofnunarinnar á ekki sæti í samgönguráði samkvæmt gildandi lögum. Þátttaka hans í gerð samgönguáætlunar er hins vegar nauðsynleg, m.a. vegna umferðaröryggisáætlunar. Samkvæmt frumvarpinu mundu það því vera flugmálastjóri, siglingamálastjóri, forstjóri Umferðarstofu og vegamálastjóri sem nú ættu sæti í samgönguráði auk fulltrúa samgönguráðherra.

Eins og fram kemur í skýringum við 2. gr. hefur orðið sú breyting að tiltekinn hluti samgöngumálefna, þ.e. rekstur flugvalla og flugleiðsögukerfis, er nú kominn í hendur opinbers hlutafélags, Flugstoða ohf. Þátttaka þess félags í gerð samgönguáætlunar er því nauðsynleg. Er því lagt til að félagið leggi fram áætlanir um þau málefni sem eiga undir félagið og teljast til samgöngumála. Einnig er gert ráð fyrir að fulltrúi félagsins sitji fundi ráðsins þegar um þau málefni er fjallað en ekki þykir ástæða til að félagið eigi fastan fulltrúa í ráðinu eða sitji fundi þess að öðru leyti.

Eins og er á þetta einungis við um Flugstoðir ohf. en komi til þess að önnur félög verði stofnuð í því skyni að taka yfir einhverja þætti samgöngumála mun hið sama eiga við um

þau. Þá skal samgönguráð, við gerð tillagna um samgönguáætlun, hafa það samráð sem kann að vera kveðið á um í lögum.

Áfram er gert ráð fyrir að samgönguráð skipuleggi samgönguþing eins og gildandi lög kveða á um og er tilgangur þess hinn sami. Einnig er áfram gert ráð fyrir samráði við hagsmunaaðila og kynningu fyrir almenning eins og verið hefur og má gera ráð fyrir að það fari einkum fram með umhverfismati áætlana.

Um 5. gr.

Hér er fjallað um skýrslu ráðherra sem lögð skal fram á vorþingi þar sem m.a. er fjallað um framkvæmdir liðins árs og árangur með tilliti til settra markmiða samgönguáætlunar. Ákvæði þetta er samhljóða 5. gr. gildandi laga.

Um 6. gr.

Í ákvæði þessu er fjallað um gildistöku samgönguáætlunar og fjögurra ára áætlunar hennar og í báðum tilvikum gert ráð fyrir að áætlanirnar taka gildi þegar Alþingi hefur samþykkt þær sem þingsályktunartillögur.

Nýmæli er að kveðið er á um að óheimilt sé að samþykkja fjögurra ára áætlunina án þess að samgönguáætlun hafi fyrst verið samþykkt þegar báðar eru lagðar fram saman. Leiðir það af eðli máls þar sem sú styttri er hluti af og innan hinnar lengri. Fjögurra ára áætlunin er í raun nánari útfærsla á fyrsta tímabili samgönguáætlunar og því óeðlilegt að sú staða komi upp að hún sé samþykkt án þess að grunnurinn sé samþykktur fyrst.

Þegar hins vegar fjögurra ára áætlunin er lögð fram ein og sér, á tveggja ára fresti, liggur fyrir samþykkt samgönguáætlun sem er grundvöllur hennar.

Um 7. gr.

Lagt er til að lögin öðlist þegar gildi og frá sama tíma falli úr gildi lög nr. 71/2002.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um samgönguáætlun.

Tilgangur frumvarpsins er að sníða af ýmsa vankanta sem komið hafa upp við framkvæmd frá því að núgildandi lög um samgönguáætlun, nr. 71/2002, tóku gildi. Helstu efnislegu breytingarnar sem frumvarpinu er ætlað að bæta úr frá gildandi lögum eru eftirfarandi: Í fyrsta lagi er ætlunin að gera skýrara að samgönguáætlun er í raun ein áætlun til tólf ára og fjögurra ára áætlun er óaðskiljanlegur hluti og nánari sundurliðun á 1. tímabili samgönguáætlunar. Í öðru lagi er lagt til að við upphaf vinnu samgönguráðs hafi ráðherra sett fram stefnumið sín og fjárhagsramma. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að heimilað verði að endurskoða samgönguáætlun oftar en á fjögurra ára fresti. Í fjórða lagi er leitast við að skapa skýrari ramma um samgönguáætlun og þau markmið sem unnið er að með henni. Í fimmta lagi er opnað fyrir möguleikann á annars konar framsetningu samgönguáætlunar en þeirri kaflaskiptingu sem nú er. Í sjötta lagi verði tryggt að forstöðumenn allra samgöngustofnana sem

heyra undir samgönguráðuneytið eigi sæti í samgönguráði ef breytingar verða á því hvaða stofnanir það eru.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi aukin útgjöld í för með sér fyrir ríkissjóð.

333. Frumvarp til laga [293. mál]

um breytingu á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, sbr. lög nr. 74/1992, 102/1993, 68/2007 og 102/2007.

Flm.: Sturla Böðvarsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Lúðvík Bergvinsson,
Siv Friðleifsdóttir, Kristinn H. Gunnarsson.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þingflokki, sem ekki á fulltrúa í forsætisnefnd, er heimilt, með samþykki nefndarinnar, að tilnefna áheyrnarfulltrúa til setu á fundum hennar.

b. Í stað 2. mgr. koma fjórar nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Forsætisnefnd skipuleggur þinghaldið og gerir starfsáætlun fyrir hvert þing. Í starfsáætlun skal að jafnaði skipta starfstíma þingsins í fjórar annir:

1. Haustþing, frá þingsetningu 1. október fram að jólahléi.
2. Vetrarþing, að loknu jólahléi fram að dymbilviku.
3. Vorþing, að lokinni páskaviku til loka maímánaðar.
4. Þing- og nefndafundir í september.

Sumarhlé þingsins er frá 1. júlí til 10. ágúst og skal ekki boða til nefndafunda á þeim tíma nema brýn nauðsyn krefji.

Í starfsáætlun skal tilgreina hvaða daga ætla má að þingfundir verði, hvaða daga einvörðungu fundir í nefndum og hvaða dagar ætlaðir eru sérstaklega til starfa þingmanna í kjördæmum. Reglulegir þingfundir samkvæmt starfsáætlun skulu ekki standa lengur en til kl. 8 síðdegis. Frá því má þó víkja ef þingflokkar ná samkomulagi þar um eða ef þingið samþykkir, sbr. 67. gr. Tillögu um lengri fundartíma getur forseti borið upp án nokkurs fyrirvara. Þá getur forseti ákveðið að þingfundur standi til miðnættis á þriðjudagskvöldum.

Forsætisnefnd fjallar um fjárhagsáætlanir þingsins og stofnana sem undir Alþingi heyra og hefur umsjón með alþjóðasamstarfi sem Alþingi á aðild að. Nefndin setur almennar reglur um rekstur þingsins og stjórnsýslu. Auk þess fjallar forsætisnefnd um þau mál sem forseti leggur fyrir hana eða varaforsetar óska að ræða. Verði ágreiningur í nefndinni sker forseti úr.

2. gr.

Við 2. mgr. 15. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þá getur þriðjungur nefndarmanna óskað eftir því að ráðherra komi á fundi þingnefndar í þinghléum.

3. gr.

Við 18. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ráðherrar skulu að jafnaði á fyrstu vikum þings koma á fund þingnefnda er fjalla um málaflokka þeirra, sbr. 1. mgr. 23. gr., og gera grein fyrir þeim þingmálum sem þeir hyggjast leggja fram á löggjafarþinginu, sbr. 3. mgr. 73. gr.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:

a. Orðin „nema með samþykki þingsins“ í 4. málsl. 1. mgr. falla brott.
b. 2. mgr. orðast svo:

Lagafrumvörp, sem útbýtt er eftir lok nóvembermánaðar, verða ekki tekin á dagskrá fyrir jólahlé nema með samþykki þingsins, sbr. 67. gr. Þá verða lagafrumvörp, sem útbýtt er eftir 1. apríl, ekki tekin á dagskrá fyrir sumarhlé nema með samþykki þingsins, sbr. 67. gr.

5. gr.

2. mgr. 39. gr. laganna orðast svo:

Breytist frumvarp við 2. umræðu skal nefnd fjalla um frumvarpið að nýju áður en 3. umræða hefst ef þingmaður eða ráðherra óskar þess.

6. gr.

2. málsl. 2. mgr. 40. gr. laganna orðast svo: Við framhald umræðunnar gilda að nýju ákvæði 80. gr. um 3. umræðu um lagafrumvörp ef breytingartillögur hafa komið fram.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 44. gr. laganna:

a. 1., 4. og 5. málsl. 3. mgr. falla brott.
b. Lokamálsliður 4. mgr. fellur brott.
c. 5. mgr. fellur brott.
d. 6. mgr. orðast svo:

Þingsályktunartillögur, sem útbýtt er eftir lok nóvembermánaðar, verða ekki teknar á dagskrá fyrir jólahlé nema með samþykki þingsins, sbr. 67. gr. Þá verða þingsályktunartillögur, sem útbýtt er síðar en 1. apríl, ekki teknar á dagskrá fyrir sumarhlé nema með samþykki þingsins, sbr. 67. gr.

8. gr.

Orðin „sbr. 48. gr.“ í niðurlagi 45. gr. laganna falla brott.

9. gr.

1. mgr. 48. gr. laganna orðast svo:

Við umræður um skýrslur skv. 26., 31. og 45.–47. gr. geta þingflokkar sammælst um að hafa talsmenn, sbr. 5. mgr. 55. gr., og fer þá um ræðutíma þeirra skv. 80. gr.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 49. gr. laganna:

a. 3. málsl. 5. mgr. fellur brott.

b. 4. málsl. 5. mgr. orðast svo: Öðrum þingmönnum er heimilt að gera einu sinni stutta athugasemd áður er fyrirspyrjandi og ráðherra tala öðru sinni.
c. 7. mgr. orðast svo:

Í allt að hálftíma á fyrir fram ákveðnum þingfundum, að jafnaði tvisvar í hverri heilli starfsviku, sbr. 2. mgr. 10. gr., getur forseti heimilað þingmönnum að bera fram munnlegar fyrirspurnir til ráðherra án nokkurs fyrirvara. Forsætisráðherra skal fyrir kl. 12 á hádegi undanfarandi föstudag tilkynna forseta hvaða ráðherrar, að jafnaði fimm á hverjum fundi, verði til svara á þingfundum í næstu viku. Forseti tilkynnir þingmönnum um ákvörðun forsætisráðherra. Verði forföll eða óski forsætisráðherra eftir að breyta fyrri ákvörðun eða bæta við nýjum ráðherra til að svara fyrirspurnum skal það tilkynnt eins fljótt og unnt er.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 50. gr. laganna:

a. 4. málsl. 1. mgr., sem verður 2. mgr., fellur brott.
b. Í stað orðanna „1. mgr.“ í 1. málsl. 2. mgr., sem verður 3. mgr., kemur: 2. mgr.
c. 2. og 3. málsl. 2. mgr., sem verður 3. mgr., falla brott.
d. Í stað orðanna „fyrri málsgreinar“ í 4. málsl. 2. mgr., sem verður 3. mgr., kemur: 2. mgr.
e. 3. mgr., er verður 1. mgr., orðast svo:

Í allt að hálftíma á fyrir fram ákveðnum þingfundum, að jafnaði tvisvar í hverri heilli starfsviku, sbr. 2. mgr. 10. gr., geta þingmenn kvatt sér hljóðs um störf þingsins, gefið yfirlýsingu eða beint spurningum til formanna nefnda, formanna þingflokka eða annarra þingmanna.

12. gr.

55. gr. laganna orðast svo:

Um ræðutíma um lagafrumvörp, þingsályktunartillögur, svo og önnur þingmál, umræður utan dagskrár og aðrar umræður samkvæmt þingsköpum gilda þær reglur sem tilgreindar eru í 80. gr., yfirliti með reglum um ræðutíma.

Forseta er þó heimilað að rýmka ræðutíma um þingmál við hverja umræðu sem er ef það er svo umfangsmikið eða mikilvægt að ekki sé hægt að ræða það á fullnægjandi hátt innan þeirra reglna sem annars gilda, sbr. 72. gr. Einnig er forseta heimilt að rýmka ræðutíma þingmanns ef sérstaklega stendur á og nauðsyn krefur. Ákvörðun forseta samkvæmt þessari málsgrein skal liggja fyrir áður en umræða hefst.

Ef fyrir liggur rökstudd beiðni þingflokks skal við 2. umræðu um lagafrumvörp gilda tvöfaldur sá ræðutími sem tilgreindur er í 80. gr. Hver þingflokkur hefur rétt til að bera slíka beiðni fram við forseta tvisvar á hverju þingi. Beiðnin skal borin fram áður en umræða hefst.

Framsögumaður telst sá sem svo er tilgreindur á skjali. Hafi hann forföll við umræðuna má fela öðrum að hafa framsögu með sömu réttindum meðan svo stendur. Ef tveir eða fleiri eru flutningsmenn máls skal sá er fyrstur stendur á skjalinu teljast framsögumaður nema annar sé tilnefndur.

Talsmaður flokks eða þingflokks telst sá sem fyrstur talar af hálfu flokksins nema formaður þingflokksins tilkynni forseta um annað.

Jafnan er heimilt að gera stutta athugasemd um atkvæðagreiðslu, um fundarstjórn forseta og til þess að bera af sér sakir.

13. gr.

4. og 6. málsl. 2. mgr. 56. gr. laganna falla brott.

14. gr.

Síðari málsliður 6. mgr. 66. gr. laganna fellur brott.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 72. gr. laganna:

a. Í stað 2. málsl. 2. mgr. koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Forseti getur þá, með samþykki allra þingflokka, ákveðið áður en umræða hefst að ræðutími skuli vera annar en þingsköp ákveða, svo og hve lengi umræðan má standa. Þegar þannig er samið milli þingflokka um umræðutíma skal skipta honum sem næst því að hálfu jafnt milli þingflokka og að hálfu skal hafa hliðsjón af því hve margir þingmenn eiga aðild að hverjum þingflokki, en forseti ákveður þá ræðutíma þingmanna utan flokka.
b. 4. mgr. fellur brott.

16. gr.

Við lögin bætist ný grein, 80. gr., svohljóðandi:

Réttur þingmanna og ráðherra til að taka þátt í umræðum skal vera allt að þeim tíma sem tilgreindur er í eftirfarandi yfirliti með reglum um ræðutíma, sbr. þó 55. gr., um rýmkaðan rétt til umræðna, 56. gr., um styttingu andsvara, 57. gr., um takmörkun umræðna, 72. gr., um umsaminn ræðutíma, og 73.–75. gr., um stefnuræðu, almennar stjórnmálaumræður og útvarp umræðu:

REGLUR UM RÆÐUTÍMA

	1. sinn	2. sinn	Oftar
LAGAFRUMVÖRP			
1. umræða:			
Flutningsmaður (ráðherra eða þingmaður)	30 mín.	15 mín.	5 mín.
Ráðherra	15 mín.	10 mín.	5 mín.
Aðrir þingmenn	15 mín.	5 mín.	
2. umræða:			
Framsögumaður nefndarálits	30 mín.	15 mín.	5 mín.
Ráðherra og flutningsmaður máls	30 mín.	15 mín.	5 mín.
Aðrir þingmenn	15 mín.	5 mín.	5 mín.
3. umræða:			
Sama og við 1. umræðu nema hvað framsögumaður nefndarálits kemur í stað flutningsmanns			
ÞINGSÁLYKTUNARTILLÖGUR			
Fyrri umræða:			
Flutningsmaður (ráðherra eða þingmaður)	15 mín.	10 mín.	5 mín.
Ráðherra	10 mín.	5 mín.	5 mín.
Aðrir þingmenn	10 mín.	5 mín.	

	1. sinn	2. sinn	Oftar
Síðari umræða:			
Sama og við 2. umræðu lagafrumvarpa			
Ein umræða:			
Sama og við 2. umræðu lagafrumvarpa			
FYRIRSPURNIR			
Fyrirspyrjandi	3 mín.	2 mín.	
Ráðherra	5 mín.	2 mín.	
Aðrir þingmenn og ráðherrar (stutt athugasemd)	1 mín.		
ÓUNDIRBÚINN FYRIRSPURNATÍMI			
Fyrirspyrjandi og ráðherra	2 mín.	1 mín.	
SKÝRSLUR			
Framsögumaður (ráðherra eða þingmaður)	20 mín.	10 mín.	5 mín.
Ráðherra	10 mín.	5 mín.	5 mín.
Talsmaður þingflokks	15 mín.	5 mín.	
Aðrir þingmenn	10 mín.	5 mín.	
STÖRF ÞINGSINS			
Þingmenn og ráðherrar	2 mín.	2 mín.	
UMRÆÐUR UTAN DAGSKRÁR (HÁLFTÍMI)			
Málshefjandi	5 mín.	2 mín.	
Ráðherra (sem er til andsvara)	5 mín.	2 mín.	
Aðrir þingmenn og ráðherrar	2 mín.	2 mín.	
UMRÆÐUR UTAN DAGSKRÁR (HINAR LENGRI)			
Sama og við skýrslur			
ANDSVÖR (ALLT AÐ 15 MÍN.)			
Þingmenn og ráðherrar	2 mín.	2 mín.	
Ræðumaður	2 mín.	2 mín.	
ATHUGASEMDIR			
Að gera grein fyrir atkvæði sínu	1 mín.		
Fundarstjórn forseta, bera af sér sakir, athugasemd um atkvæðagreiðslu	1 mín.	1 mín.	

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2008.

Ákvæði til bráðabirgða.

Lög þessi skulu endurskoðuð innan þriggja ára frá gildistöku þeirra.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er afrakstur starfs sem hefur farið fram að undanförnu á vegum forseta, forsætisnefndar og formanna þingflokka. Þessi hópur þingmanna hefur unnið að því að móta ný vinnubrögð þingsins þannig að þau séu meira í samræmi við tíðaranda og tæknibreytingar síðustu ára. Ýmsar hugmyndir hafa verið ræddar og reifaðar í forsætisnefnd og á fundum formanna þingflokka með forseta og stefnt er að því að halda því starfi áfram. Líta ber á þetta frumvarp sem áfanga á þeirri leið.

Meginmarkmið frumvarpsins eru þessi:

1. *Að lengja reglulegan starfstíma Alþingis.*
   Meginbreytingin felst í því að Alþingi hefji störf að hausti í byrjun septembermánaðar og að reglulegum þingstörfum ljúki ekki fyrr en í maílok (eða byrjun júní) að vori. Þingfundadögum verði ekki fjölgað, en þeir hafa að jafnaði verið um 100 á vetri, heldur verði gerð hlé á þingstörfum með reglubundnum hætti þannig að ýmist fái nefndir aukinn starfstíma eða þingmenn betri tíma til að sinna skyldum sínum í kjördæmi (nefndadögum og kjördæmadögum verði fjölgað). Samkomudagur Alþingis að lögum verður óbreyttur, 1. október, og störf Alþingis í september verða því framhald þess þings sem sat veturinn áður, en formleg setning nýs þings fer fram 1. október eins og áður.
2. *Að efla eftirlitshlutverk þingsins.*
   Tækifæri þingmanna til að hafa eftirlit með störfum framkvæmdarvalds, þ.e. ráðherranna, er aukið margvíslega með frumvarpinu. Lengri starfstími Alþingis skiptir þar mestu máli. Enn fremur felst í frumvarpinu að minni hluti þingnefndar (þrír nefndarmenn) getur óskað eftir því í þinghléum að ráðherra komi til fundar við nefndina. „Óundirbúnum fyrirspurnatímum“, sem hafa verið á dagskrá þingsins tvisvar sinnum í mánuði, verði fjölgað og verða þeir samkvæmt frumvarpinu tvisvar í viku hverri, en aðra fundadaga verður heimilt að kveðja sér hljóðs um „störf þingsins“. Þannig eiga þingmenn kost á því alla þingdaga að koma gagnrýni sinni á framfæri á vettvangi þingsins.
3. *Að draga úr kvöld- og næturfundum.*
   Með frumvarpinu er stefnt að því að fækka kvöld- og næturfundum þannig að þeir heyri til undantekninga. Ef ekki eru sammæli milli þingflokka um að fundir standi fram á kvöld (eða nótt) til að ljúka ákveðnum málum þarf sérstakt samþykki þingsins til þess að svo verði.
4. *Að ráðherrar komi oftar á fundi þingnefnda.*
   Stefnt er að því með frumvarpinu að tengsl nefnda Alþingis og ráðherranna aukist, svo sem er víða í öðrum þingum. Þannig er t.d. ákveði um að ráðherrar kynni að hausti nefndum sem eru á málefnasviði þeirra þau mál sem þeir hyggjast leggja fram á því þingi sem þá er að hefjast.
5. *Að gera umræður markvissari og styttri en verið hefur með nýjum reglum um ræðutíma.*
   Meginbreytingin er sú að í stað þess að tala eins lengi og þingmenn kjósa mega þeir samkvæmt frumvarpinu tala eins oft og þeir vilja í afmarkaðan tíma hverju sinni. Flestar umræður á Alþingi eru með tímamörkum. Ýmist gilda þau um lengd hverrar ræðu eða um umræðuna í heild, svo og hve oft þingmenn mega tala. Svo hefur þó ekki verið um 2. og 3. umræðu um lagafrumvörp eða síðari umræðu um þingsályktunartillögur. Stefnt er að því að þessar mikilvægu umræður færist nú í form sem er áþekkt þeim umræðum

sem fara fram við 1. umræðu um lagafrumvörp, en tímamörk voru sett um þá umræðu fyrir nokkrum árum. Hefur ekki borið á óánægju með það umræðuform, og möguleiki þingflokka til að fá hana lengda, eins og heimilt er samkvæmt gildandi þingsköpum, er æ sjaldnar nýttur. Samkvæmt frumvarpinu hefur forseti síðan rúmar heimildir til að lengja ræðutíma ef mál eru óvenjuleg að umfangi eða sanngirnisrök mæla með því. Enn fremur er hverjum þingflokki veitt heimild til þess, allt að tvívegis á hverju þingi, að fá ræðutíma við 2. umræðu um lagafrumvörp tvöfaldaðan ef mál er svo mikilvægt að hans mati að rýmri tíma þurfi til að ræða það.

Til hagræðis er reglum þingskapanna um ræðutíma skipað í eina grein (töflu) í stað þess að hafa þær á víð og dreif í lögunum.

Tillögurnar um fyrirkomulag umræðna á Alþingi byggjast á frumvarpi sem Ólafur G. Einarsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Guðni Ágústsson, Ragnar Arnalds og Sturla Böðvarsson, þá í forsætisnefnd Alþingis, fluttu á Alþingi 1999. Það frumvarp náði ekki afgreiðslu, enda stutt til þingloka þá. Vonir stóðu til þess að sátt næðist um breytingar á nýju þingi, en úr því varð ekki.

Samhliða frumvarpi þessu er samkomulag milli þingflokka, sem að því standa, um að bæta starfsaðstöðu þingmanna, ekki síst stjórnarandstöðuþingmanna, með ýmsum ráðum. Þeim fylgja allnokkur fjárútlát og verður breytingartillaga lögð fram við 2. umræðu um fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2008 til að mæta þeim.

Ráðstafanir í þessu skyni eru:

1. *Að aðstoða minni hluta í nefndum og efla eftirlitshlutverk nefnda.*

   Ráðnir verði þrír nýir nefndarritarar á nefndasvið skrifstofu Alþingis. Tveimur þeirra verður einkum ætlað að aðstoða minni hluta annarra nefnda en fjárlaganefndar en hinum þriðja að aðstoða sérstaklega fjárlaganefnd, einkum minni hluta hennar, meðan fjárlagaafgreiðsla stendur yfir á haustin, en síðan nefndina við eftirlitshlutverk hennar við framkvæmd fjárlaga á vetrar- og vorþingum.

2. *Að formenn stjórnarandstöðuflokka fái aðstoðarmenn.*

   Ráðnir verði aðstoðarmenn fyrir formenn stjórnarandstöðuflokka sem jafnframt eru alþingismenn. Þeir yrðu nú þrír. Aðstoðarmennirnir verði starfsmenn skrifstofu Alþingis, en ráðnir eftir tillögu formanna flokkanna.

3. *Að auka alþjóðasamstarf þingmanna.*

   Þingmenn fái aukin tækifæri til að fylgjast með framvindu Evrópumála og heimsækja í því skyni stofnanir ESB og EFTA, nefndir Evrópuþingsins og systurflokka í Evrópuþinginu. Enn fremur fái þingmenn úr stjórnarandstöðu aukið svigrúm til þátttöku í alþjóðlegu samstarfi á vegum alþjóðanefnda Alþingis.

4. *Að bæta aðstöðu þingflokka.*

   Stefnt verði að því að færa ritaraþjónustu þingmanna, sem nú er á vegum skrifstofu þingsins, á forræði þingflokkanna þannig að þeir geti betur lagt þær áherslur í starfi sínu sem þeir kjósa. Stöðugildi eru nú átta. Alþingi greiddi áfram laun ritara og léti þeim í té starfsaðstöðu (eins og nú er) en ráðning þeirra væri eftir tillögu þingflokkanna.

5. *Að þingmenn Norðvestur-, Norðaustur- og Suðurkjördæma fái aukna aðstoð (aðstoðarmenn).*

   Í tengslum við kjördæmabreytinguna 1999 var rætt um að þingmenn Norðvestur-, Norðaustur- og Suðurkjördæma fengju sérstaka aðstoðarmenn (eða stöðuhlutfall aðstoðarmanns) með hliðsjón af því hve stór þessi kjördæmi eru að flatarmáli og erfið yfirferðar af þeim sökum. Niðurstaðan varð hins vegar sú að fá stjórnmálaflokkunum fé til ráðstöfunar í þessu skyni, en ljóst er að það fé fer að mestu í almennan rekstur flokkanna. Því er nú lögð áhersla á að aðstoð við þingmenn þessara kjördæma verði bein (ekki í gegnum flokkana) og að sú aðstoð tengist hverjum og einum þingmanni sérstak-

lega en síðan sé það á valdi hvers þingmannahóps hvort hann sameinist um starfsmann. Þingmenn Norðvestur-, Norðaustur- og Suðurkjördæma eru nú 29. Þar af eru fjórir ráðherrar sem hafa aðstoðarmenn og skv. 2. tölul. hér að framan er lagt til að formenn stjórnmálaflokka í stjórnarandstöðu fái aðstoðarmenn, en sem stendur eru þeir allir úr þessum kjördæmum, þ.e. þrír þingmenn. Málið snýst því nú um aðstoð við 22 þingmenn. Væri miðað við að hver þessara þingmanna (22) ætti rétt á sem svaraði ⅓ stöðugildis væru þetta samtals 7,3 stöðugildi, en væri miðað við ½ stöðugildi á þingmann væru þeir 11. Það verður hins vegar lagt í hendur fjárlaganefnd og síðar Alþingi að ákveða hversu miklir fjármunir renna til þessa verkefnis. Þegar sú ákvörðun liggur fyrir mun forseti beita sér fyrir því að settar verði nánari reglur um þessa framkvæmd, svo og fyrir breytingu á lögunum um þingfararkaup og þingfararkostnað til að hafa traustan lagagrundvöll undir þessu fyrirkomulagi, enda er breytingin á starfsaðstöðu þingmanna að þessu leyti veigamikil.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í fyrsta lagi eru lagðar til breytingar á 1. mgr. 10. gr. um að þingflokki, sem ekki á fulltrúa í forsætisnefnd, sé heimilt með samþykki nefndarinnar að tilnefna áheyrnarfulltúa til setu á fundum hennar. Er hér um sams konar heimild að ræða og finna má í 1. mgr. 14. gr. laganna um heimild þingflokka, sem ekki eiga fulltrúa í fastanefndum þingsins skv. 13. gr., til að tilnefna áheyrnarfulltrúa til setu á fundum þeirra. Sömu reglur gilda því hér og um réttindi og skyldur áheyrnarfulltrúa í fastanefndum eftir því sem við getur átt.

Þá er lagt til að kveðið sé á um með skýrum hætti að forsætisnefnd Alþingis skuli gera starfsáætlun fyrir hvert þing og að í áætluninni skuli að jafnaði skipta starfstíma þingsins í fjórar annir, þ.e. haustþing, frá þingsetningu 1. október fram að jólahléi, vetrarþing, að loknu jólahléi fram að dymbilviku, vorþing, að lokinni páskaviku til loka maímánaðar og þing- og nefndafundi í september. Septemberfundir þingsins eru nýmæli. Stefnt er að því að þingnefndir hefji störf í byrjun september, síðan verði þingfundir í u.þ.b. 10 daga og loks yrði fundarhlé fram að setningu nýs þings. Þingnefndir mundu þá ljúka afgreiðslu mála sem stefnt var að að ljúka á löggjafarþinginu og umræður um þau gætu þá farið fram á þingfundum um miðjan september. Enn fremur væri þess að vænta að fram færi almenn pólitísk umræða þegar þing kæmi saman eftir sumarhlé. Með hliðsjón af þessu yrði þá ákveðið við þingfrestun að vori hvenær í september þingið kæmi saman til þingfunda og þá yrði tekið tillit til þess hverju væri áformað að ljúka af málum sem ekki vannst tími til að afgreiða að vori. Þá er einnig kveðið á um að sumarhlé þingsins verði frá 1. júlí til 10. ágúst og skuli á þeim tíma ekki boða til nefndafunda nema brýn nauðsyn krefji. Er það nýjung.

Í starfsáætlun skal tilgreina hvaða daga ætla má að þingfundir verði, hvaða daga verði einvörðungu nefndafundir og hvaða dagar ætlaðir eru sérstaklega til starfa þingmanna í kjördæmum. Þá er lagt til tekið verði upp í þingsköp ákvæði um hversu lengi reglulegir þingfundir geti staðið og möguleg frávik frá því. Gert er ráð fyrir að þingfundir standi fram að kvöldmat en svigrúm er til þess að ljúka ræðu, andsvörum eða hugsanlega umræðu eftir kl. 7 og fram til kl. 8 ef nauðsyn ber til. Tillögu um slík frávik getur forseti lagt fram en hún hlýtur þó aðeins samþykki að þingfundur sé ályktunarbær og meiri hluti atkvæða sé fyrir henni.

Með því að festa í þingsköp skýrari ákvæði um starfsáætlun þingsins er stefnt að því að skipuleggja þingstörfin betur en áður. Með þeim breytingum sem felast hér í breyttum starfstíma Alþingis er ekki stefnt að lengra þingfundahaldi heldur því að þingstörf dreifist betur yfir árið. Þannig yrðu þingfundadagar um 100 eins og verið hefur (nema á kosningaárum),

en nefndadögum yrði fjölgað sem og dögum sem þingmenn gætu ætlað til fundahalda í kjördæmum, þ.e. svokölluðum „kjördæmadögum“.

Lokamálsgrein 1. gr. á efnislega stoð í núgildandi 2. mgr. 10. gr. og er hér einungis breytt uppsetning með hliðsjón af öðrum breytingum.

Um 2. gr.

Lagt er til það nýmæli í 2. mgr. 15. gr. laganna að þriðjungur nefndarmanna geti óskað eftir því að ráðherra komi á fundi nefnda í þinghléum, þ.e. í jólahléum, páskahléum og sumarhléum, þó ekki frá 1. júlí til 10. ágúst, sbr. 1. gr. frumvarpsins. Hér er komið til móts við þær óskir að ráðherra komi meira á fundi nefnda þegar viðamikil og umdeild mál komast ekki á dagskrá og til umræðu á Alþingi vegna þinghléa. Slíkt hefur sjaldan tíðkast ef undan er skilið að utanríkisráðherra kemur að jafnaði á fundi utanríkismálanefndar bæði á þingfundatíma og í þinghléum. Með þessu móti er þingmönnum, og þá sérstaklega stjórnarandstöðunni, gert kleift að sinna eftirlitshlutverki sínu betur. Breytinguna bera að skoða í tengslum við breytingu á 18. gr. laganna, sbr. 3. gr. frumvarpsins, þar sem gert er ráð fyrir að ráðherrar skuli að jafnaði á fyrstu vikum þings gera þingnefndum grein fyrir þeim þingmálum sem þeir áætla að leggja fram á löggjafarþinginu. Þannig er stefnt að því að tengja betur störf ráðherra og þingnefnda.

Um 3. gr.

Með breytingu á 18. gr. laganna er lagt til að fagráðherrar skuli að jafnaði, á fyrstu vikum þings, koma á fund þingnefnda og gera grein fyrir þeim þingmálum sem þeir áætla að leggja fram á löggjafarþinginu, sbr. þann lista um stjórnarfrumvörp sem fylgir stefnuræðu forsætisráðherra skv. 3. mgr. 73. gr. laganna. Slíkt hefur tíðkast í einhverjum mæli en ekki hefur verið á því festa eða það gilt um alla málaflokka. Með þessu er ætlunin að fá yfirlit yfir þau mál sem nefndir fá til umfjöllunar og afgreiðslu á löggjafarþinginu þannig að þær geti skipulagt vinnu sína betur og unnið markvissar. Með þessu verður staða nefndanna styrkt og tengslin við ráðherra viðkomandi málaflokks efld, sbr. og athugasemdir við 2. gr. frumvarpsins um breytingu á 2. mgr. 15. gr. laganna.

Um 4. gr.

Í a-lið greinarinnar er lagt til að felld verði brott orðin „nema með samþykki þingsins“ þannig að ljóst sé að um frávik frá þeirri málsmeðferð, þ.e. að líða skuli tvær nætur frá framlagningu máls þar til það er tekið á dagskrá, gildi ákvæði 79. gr. um afbrigði frá þingsköpum. Er þessi breyting í samræmi við þá túlkun og framkvæmd sem fylgt hefur verið þótt um hafi verið deilt.

Í b-lið greinarinnar er lagt til það nýmæli að með afdráttarlausari og skýrari hætti verði kveðið á um hvenær útbýta þurfi lagafrumvörpum til þess þau verði tekin á dagskrá fyrir annars vegar jólahlé og hins vegar sumarhlé. Miðað er við að útbýta þurfi málum fyrir lok nóvembermánaðar ef þau eiga að fá afgreiðslu fyrir jól en haldið er því ákvæði þingskapa að mál sem eiga að fá afgreiðslu fyrir sumarhlé séu komin fram í síðasta lagi fyrir 1. apríl. Frá þessum tímasetningum er þó unnt að víkja með einföldu samþykki þingsins, sbr. 67. gr., þ.e. það teldist ekki afbrigði í skilningi 79. gr. laganna. Þá er jafnframt litið svo á, sem fyrr, að ef þingið veitir slíkt samþykki gildir það einnig um 2. og 3. umræðu.

Um 5. gr.

Með breytingu á 2. mgr. 39. gr. sem fjallar um 2. umræðu lagafrumvarpa er lagt til að framvegis fari frumvörp aftur til nefnda að lokinni 2. umræðu ef samþykktar hafa verið breytingartillögur við frumvarpið. Þetta er þó háð því að þingmaður eða ráðherra óski þess

þegar mál er afgreitt milli umræðna á þingfundi því að sumar breytingar geta verið svo smávægilegar að slíkt teljist óþarft. Með þessu gefst nefnd færi á að fara yfir frumvarpið að nýju þegar samþykktar breytingartillögur hafa verið felldar inn í frumvarpstextann og má gera ráð fyrir að þetta muni fyrst og fremst verða vinnutilhögunin í stærri málum og málum þar sem nefnd hefur klofnað í afstöðu sinni. Enn fremur gæti nefnd kallað að nýju til frumvarpshöfunda eða umsagnaraðila til að fjalla sérstaklega um þær breytingar sem orðið hafa á frumvarpinu. Ætla má að áður en þingnefndin tekur málið fyrir liggi fyrir nýtt skjal með innfelldum breytingum sem samþykktar hafa verið við 2. umræðu. Auk þessa má geta þess að þingið getur ávallt vísað málum til nefnda að nýju á hverju stigi sem er, sbr. 1. mgr. 23. gr.

Um 6. gr.

Breytingin er ekki efnisleg heldur leiðir hana af breytingum á ræðutíma.

Um 7. gr.

Með breytingum á 6. mgr. 44. gr. laganna um þingsályktunartillögur er lögð til hliðstæð breyting og á 2. mgr. 36. gr. laganna, sbr. athugasemdir við b-lið 4. gr. frumvarpsins, eins og við getur átt. Aðrar breytingar leiðir af breytingum á ræðutíma.

Um 8. gr.

Breytingar á 45. gr. laganna leiðir einungis af breytingum á ræðutíma.

Um 9. gr.

Felld eru brott úr greininni ákvæði um ræðutíma, en þau eru flutt í nýja 80. gr. Jafnframt er gert ráð fyrir að lengja megi ræðutíma talsmanna þingflokka án tillits til þess um hvað skýrsla fjallar, en það er nú bundið við utanríkismál og önnur viðamikil mál.

Um 10. og 11. gr.

Í 10. og 11. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir breytingum á umræðum sem kallast hafa „um störf þingsins“ og hafa getað farið fram í upphafi hvers þingfundar og óundirbúnum fyrirspurnatíma sem hefur verið að jafnaði aðra hverja viku. Er stefnt að því með nýju fyrirkomulagi að óundirbúinn fyrirspurnatími sem standi í hálftíma verði á þingfundi tvisvar í viku á þeim tíma sem forseti ákveður**,** t.d. á mánudögum og á fimmtudögum, en heimild til þess að kveðja sér hljóðs um störf þingsins verði aðeins tvisvar í viku, t.d. á þriðjudögum og miðvikudögum, en umræðutími verði lengdur úr 20 mínútum í 30 mínútur. Gert er ráð fyrir að í þeim umræðum verði formenn nefnda og formenn þingflokka að jafnaði til andsvara en ekki ráðherrar. Umræður um störf þings verða samkvæmt þessu dagskrárliður sem að jafnaði stendur fremstur á dagskránni þann daginn en svigrúm verður til þess að víkja frá því ef sérstaklega stendur á.

Um 10. gr.

Breytingin á 7. mgr. 49. gr. laganna felur í sér að óundirbúinn fyrirspurnatími sem hefur undanfarin ár verið á dagskrá í upphafi annarrar hverrar viku verði framvegis tvisvar sinnum í viku á þeim tíma sem forseti ákveður. Enn fremur verði tekinn upp sá háttur sem tíðkast víða annars staðar á Norðurlöndum að forsætisráðherra ákveði hvaða ráðherrar verði til andsvara en ekki ríkisstjórnin öll eins og verið hefur síðan ákvæðið var fyrst tekið upp í þingsköp. Er miðað við að þeir séu að jafnaði fimm. Er þetta gert m.a. með hliðsjón af því að fyrirspurnir verða að jafnaði ekki fleiri en fimm hverju sinni í hálftíma fyrirspurnatíma, en gert er ráð fyrir að ræður fyrirspyrjenda og ráðherra verði aðeins tvær en ekki þrjár eins og nú er, sbr. 16. gr. frumvarpsins, og þannig tæki hver fyrirspurnalota 6 mínútur samtals.

Þessi dagskrárliður er ætlaður til þess að ræða þau málefni sem hæst ber hverju sinni í þjóðmálaumræðu og þess vegna er mikilvægt að þeir ráðherrar séu valdir til að svara fyrirspurnum sem fara með þá málaflokka. Oft getur orðið snögg breyting á því hvaða mál eru mest í brennidepli og því er gert ráð fyrir að forsætisráðherra geti gert breytingar á tilnefningu sinni um hvaða ráðherra verða viðstaddir ef honum sýnist svo eða hann fær óskir um annað.

Að öðru leyti leiðir breytingar á greininni af breyttri framsetningu reglna um ræðutíma.

Um 11. gr.

Með breytingu á 50. gr. laganna er lagt til umræður um störf þingsins verði aðeins tvisvar í viku, t.d. á þriðjudögum og miðvikudögum, en þær umræður geti staðið í allt að hálftíma í stað 20 mínútna eins og nú er. Breytingu þessa ber að skoða með hliðsjón af breytingum á 49. gr. laganna, sjá athugasemdir um 10. og 11. gr. frumvarpsins hér að framan. Hér verða fyrst og fremst formenn nefnda og formenn þingflokka til svara um störf þingsins og önnur þau pólítísku málefni sem á dagskrá eru.

Að öðru leyti eru í greininni felld brott ákvæði um ræðutíma, sem nú eru þar, en þau eru tekin upp í nýrri 80. gr.

Um 12. gr.

Með breytingum á greininni eru felld brott nánari ákvæði um ræðutíma, svo og hve oft þingmenn og ráðherrar mega taka til máls, en þær reglur eru fluttar í nýja 80. gr. og vísast til athugasemda við þá grein. Í stað nánari ákvæða um ræðutíma og ræðufjölda í 55. gr. kemur almennt ákvæði þar sem vísað er til yfirlitsins í 80. gr.

Samkvæmt greininni er forseta veitt heimild til þess að rýmka ræðutíma um mál sem eru svo umfangsmikil eða mikilvæg að óeðlilegt væri að ræða þau samkvæmt almennum reglum þingskapa. Það er forseta að meta í hverju tilfelli hvort beita skuli þessu ákvæði en ætlast er til þess að hann ráðgist um það við formenn þingflokka, sbr. 72. gr., og að þeir komi jafnframt óskum sínum í þessu efni til forseta. Eru höfð í huga allra stærstu mál sem koma til kasta Alþingis eða mál sem almenn samstaða er um að þurfi mjög rúman umræðutíma. Eins er forseta heimilt samkvæmt greininni að veita þingmanni eða ráðherra, sem sérstaklega stendur á fyrir, rýmri ræðutíma en þingsköp leyfa. Þess eru til að mynda dæmi að ráðherra, sem borinn hefur verið þungum sökum af þingmanni, hefur haft helmingi styttri tíma en þingmaðurinn. Í slíkum tilfellum er eðlilegt að forseti geti rýmkað ræðutíma þannig að fyllstu sanngirni og réttsýni sé gætt.

Reiknað er með því að ef ákveðinn er rýmri ræðutími fyrir umræðuna í heild sé jafnframt ákveðið hve lengi umræðan skuli standa eða hvenær henni skuli ljúka, sbr. 72. gr.

Í greininni er áskilið að forseti ákveði rýmkun á ræðutíma áður en umræða hefst þannig að ekki sé heimilt að lengja ræðutíma þingmanns eða ráðherra í miðri umræðu þó að hún þróist þannig að slíkt geti sýnst sanngjarnt enda verður að ríkja ákveðin festa um skipulag umræðunnar.

Þá er lögð til sérstök undanþága um ræðutíma við 2. umræðu um lagafrumvörp og við það miðað að við þá umræðu skuli tvöfalda ræðutíma ef fyrir liggur rökstudd beiðni þingflokks þar að lútandi áður en umræða hefst. Þetta er háð því að hver þingflokkur hafi einungis rétt til að bera slíka beiðni fram við forseta tvisvar á hverju þingi. Er þetta lagt til með hliðsjón af því að í frumvarpinu eru lagðar til umfangsmiklar breytingar á ræðutíma og því talið rétt að unnt sé að krefjast lengri ræðutíma í umræðu um stærri mál og umdeild, með takmörkunum þó.

Þá eru sett nokkru ítarlegri ákvæði um framsögumenn en fyrir eru í greininni í samræmi við þær venjur sem skapast hafa.

Felld eru brott sérákvæði um ræðutíma við 1. umræðu um lagafrumvörp. Er gert ráð fyrir að um það gildi ákvæði 2. mgr., þ.e. hin almenna heimild forseta til að rýmka um ræðutíma.

Um 13. og 14. gr.

Felld eru brott ákvæði um ræðutíma en þau eru tekin upp í nýja 80. gr.

Um 15. gr.

Grein þessi fjallar m.a. um samstarf forseta og þingflokka við skipulag þingstarfa. Hefur lengi tíðkast að milli þingflokka, þ.e. fulltrúa þeirra, og forseta sé gert samkomulag um ræðutíma og hefur þótt gefast vel. Í greininni eins og hún er nú er þó undanskilið að slíkt samkomulag geti tekið til lagafrumvarpa þótt sú hafi ekki verið raunin. Breytingin er því til að staðfesta venju í þessu efni. Almennt er gert ráð fyrir að um slík frávik frá umræðureglum (sem jafnan eru til styttingar á umræðu) sé fullt samkomulag enda verður samþykki allra þingflokka að liggja fyrir eins og nánar er tilgreint í greininni. Þá er skotið inn í greinina að samkomulag um umræðu liggi fyrir áður en hún hefst, en það sé að jafnaði ekki gert eftir að hún er hafin eða eftir að gert hefur verið hlé á henni. Slíkt er þó ekki útilokað ef full samstaða er um það.

Í síðari efnismálslið a-liðar er um nýmæli að ræða. Jafnan er það svo að þingflokkar hafa jafnan ræðutíma (eða því sem næst) þegar umræðutími er takmarkaður, hvort sem það er eftir ákvæðum þingskapa eða sérstaklega hefur verið um það samið. Þetta þykir ekki að öllu leyti sanngjörn skipting því að þingflokkar geta verið mjög misstórir eins og dæmin sýna. Þetta hefur enn fremur leitt til þess að þingmenn í stórum flokkum hafa síður átt færi á því en þingmenn minni flokka að taka þátt í umræðum. Jafnframt hafa minnstu þingflokkar átt erfitt með að nýta allan sinn tíma eða þeir hafa getað komið öllum þingmönnum flokksins að við umræðu þótt tímamörk séu á henni.

Áhersla skal lögð á að þessari reglu sé einvörðungu beitt þegar umræðutímanum er skipt milli flokka samkvæmt heimild í þessari grein en ekki þegar samið er um hvenær umræðu skuli lokið.

Enn fremur skal áréttað það sjónarmið að með þessari nýbreytni er verið að auka möguleika þingmanna stórra flokka til að komast að í umræðu en ekki að lengja ræðutíma helstu talsmanna úr stórum flokkum.

Í b-lið er felld brott 4. mgr. greinarinnar. Bæði er að tilvísanir í málsgreininni eiga ekki að öllu leyti við lengur og að hún þykir hafa lítið sjálfstætt gildi, sbr. 1. og 2. mgr. þessarar greinar.

Um 16. gr.

Í þessari grein eru tekin saman í yfirlit öll ákvæði, sem verið hafa á víð og dreif í einstökum greinum, um ræðutíma og ræðufjölda. Þessi framsetning á ræðutímaákvæðum þykir heppilegri og gleggri.

Í greininni eru gerðar allmiklar breytingar á ræðutíma þingmanna og ráðherra og er meginmarkmið þeirra að gera umræður markvissari og fjörugri en nú en draga úr löngum ræðum og jafnframt stytta umræðutímann frá því sem verið hefur. Markmiðið er ekki að setja takmarkanir á málfrelsi þingmanna né hindra það að hver og einn þingmaður geti á eðlilegan hátt gert grein fyrir sjónarmiðum sínum við meðferð þingmála. Þannig verður meginreglan sú við 2. umræðu um lagafrumvörp að þingmenn og ráðherrar mega tala eins oft og þeim þykir þurfa – í stað þess sem nú er, að tala eins lengi og þeim þykir hæfa, tvisvar sinnum. Umræður á Alþingi eiga æ greiðari leið til landsmanna allra. Nú er öllum umræðum m.a. sjónvarpað og þær sendar út á netinu. Þykir ekki óeðlilegt að Alþingi bregðist við breyttum

tímum með því að laga umræðuformið að slíkum miðlum að nokkru leyti, einkum þó til þess að fá betur fram mismunandi sjónarmið þingflokka og þingmanna til mála.

Vonir standa til að þessar breytingar geti stytt fundatíma Alþingis eitthvað, einkum þó til þess að draga úr löngum fundum, svokölluðum kvöld- og næturfundum. Umræðutíminn á Alþingi hefur á seinni árum verið á bilinu 500–700 klst. á hverju reglulegu löggjafarþingi og hefur það verið talsvert meira en tíðkast í nágrannalöndum sem þó hafa öll miklu fjölmennari þing.

Nú á tímum eru gerðar miklar kröfur til alþingismanna og ráðherra um margvíslega þátttöku í stjórnmálastarfi utan við vettvang þingsins. Einnig eru gerðar ríkar kröfur til þess að þingmenn sinni kjördæmi sínu og málefnum kjósenda sinna sem svo kallar á ferðalög og fjarvistir frá þingstaðnum. Er þá ekki minnst á vaxandi alþjóðlegt samstarf þingmanna og fjarvistir sem því tengjast. Allt þetta kallar á betri skipulagningu þingstarfanna þannig að hver og einn þingmaður geti á grundvelli starfsáætlunar þingsins og vikuáætlana þess skipulagt önnur störf sín – og ekki síður frítíma. Mikilvægur þáttur í slíkri skipulagningu er að umræðurnar á þinginu séu innan skynsamlegra og hæfilegra marka og að áætla megi fyrir fram hve langan tíma þær geti staðið.

Fram hafa komið efasemdir um að ákvæði þingskapa um ræðutíma ráðherra fái að öllu staðist 51. gr. stjórnarskrár, en þar er kveðið á um að ráðherrar eigi samkvæmt embættisstöðu sinni sæti á Alþingi. Þeir eigi rétt á að taka þátt í umræðunum eins oft og þeir vilja, en þeir verða að gæta þingskapa. Um túlkun á 51. gr. hafa þó verið skiptar skoðanir. Hins vegar hefur það oft valdið vandkvæðum við fundarstjórn ef ráðherra hefur „talað sig dauðan“ sem svo er kallað, þ.e. ekki mátt taka til máls á nýjan leik, þótt til hans hafi verið beint fyrirspurnum eða honum þótt ástæða til að koma að athugasemdum eða leiðréttingum. Í þessum tillögum er því lagt til að fylgt sé þeirri meginreglu að ráðherra (ráðherrar) megi tala svo oft sem þurfa þykir ef umræðutíminn er ekki takmarkaður (og í útvarpsumræðum) en ræðutími þeirra í þriðja sinn eða oftar sé mjög stuttur, enda er hann þá oftast ætlaður til að svara einstökum atriðum. Hugmyndin á bak við þessa sérreglu um ráðherra byggist á sérstöðu þeirra í umræðunum þar sem þeir eru að jafnaði annaðhvort flutningsmenn máls eða til andsvara um mál. Með hliðsjón af þessu þykir því rétt að láta líka hina sérstöku reglu gilda um flutningsmenn þingmáls (frumvarps eða þingsályktunartillögu) þannig að þeir hafi sama rétt og ráðherrar að þessu leyti.

Um einstakar breytingar:

Við 1. umræðu um lagafrumvörp er lagt til að sá réttur, sem þingmenn hafa almennt nú, styttist lítillega úr 20 mínútum í fyrra sinn í 15 mínútur og í síðara sinn í 5 mínútur í stað 10 mínútna.

Við 2. umræðu um lagafrumvörp verði sú meginbreyting að í stað ótakmarkaðs ræðutíma, tvisvar eða þrisvar sinnum við umræðuna, verði sett tímamörk á hverja ræðu en felld verði niður þau mörk sem nú eru á því hve oft hver þingmaður má tala. Er það talið í þágu líflegri skoðanaskipta um þau mál sem fyrir liggja. Þess er þó að geta að skv. 3. mgr. 55. gr., sbr. 12. gr. frumvarpsins, er að finna heimild fyrir þingflokk til að óska eftir því, allt að tvisvar sinnum á hverju þingi, að ræðutími við 2. umræðu verði tvöfaldaður.

Við 3. umræðu um lagafrumvörp gildi sama regla og við 1. umræðu um lagafrumvörp, en fram að þessu hafa engin tímamörk verið eins og í 2. umræðu.

Við fyrri umræðu um þingsályktunartillögur er síðari ræða flutningsmanns stytt (úr 15 mínútum í 10 mínútur) en flutningsmaður má svo tala oftar, 5 mínútur í senn. Fyrri ræða annarra þingmanna er lengd lítillega (úr 8 mínútum í 10 mínútur) en síðari ræða stytt (úr 8 mínútum í 5 mínútur).

Um síðari umræðu um þingsályktunartillögur gildi eins og áður sama regla og við 2. umræðu um lagafrumvörp. Sama er um eina umræðu um ályktunartillögur.

Reglur um umræður í fyrirspurnum eru óbreyttar, en skv. 10. gr. frumvarpsins er lagt til að lögfest verði sú framkvæmd sem verið hefur að stuttar athugasemdir, sem svo eru kallaðar, verði að koma áður en fyrirspyrjandi og ráðherra tala í síðara sinn. Í óundirbúnum fyrirspurnum hafa fyrirspyrjandi og ráðherra mátt taka þrisvar til máls, en lagt er til að það verði framvegis tvisvar með hliðsjón af því hve stuttur tími er ætlaður til þessa fyrirspurnaforms þannig að fleiri fyrirspurnir komist að.

Reglur um skýrslur eru lítið breyttar, en þó er lagt til að flestar ræður verði styttar. Framsögumaður og ráðherra mega tala oftar (í 5 mínútur) og sett eru sérákvæði um talsmenn flokka (15 + 5 mínútur).

Í yfirlitinu er ekki að finna reglur um umræðutíma, þ.e. hve lengi umræða má standa, en þær eru nokkrar, svo sem utandagskrárumræður skv. 2. mgr. 50. gr. (30 mínútur), óundirbúinn fyrirspurnatími skv. 7. mgr. 49. gr. (30 mínútur), störf þingsins skv. 1. mgr. 50. gr. (30 mínútur) og andsvör skv. 2. mgr. 56. gr. (15 mínútur).

Um 17. gr.

Ráðgert er að breytingar á þingsköpum samkvæmt frumvarpi þessu taki gildi 1. janúar 2008 svo þær megi koma til framkvæmda þegar á vorþingi 2008.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Lagt er til að breytingar þær sem gerðar eru á þingsköpum Alþingis með lögum þessum sæti endurskoðun innan þriggja ára frá gildistöku þeirra. Er það gert með hliðsjón af því að hér er um að ræða grundvallarbreytingar á ræðutíma þingsins og skipulagi, auk þess sem í frumvarpinu er að finna ýmis nýmæli sem fela í sér talsverðar efnisbreytingar. Rétt er því talið að endurskoða ákvæðin innan þriggja ára frá gildistöku laganna með hliðsjón af því hvernig til hefur tekist.

334. Frumvarp til laga [294. mál]

um nálgunarbann.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

Heimilt er leggja bann við því að maður komi á tiltekinn stað eða svæði, veiti eftirför, heimsæki eða setji sig með öðru móti í samband við annan mann ef rökstudd ástæða er til að ætla að hann muni fremja afbrot eða raska á annan hátt friði þess manns sem í hlut á.

2. gr.

Lögregla gerir kröfu um nálgunarbann. Heimilt er þeim sem telur fullnægt skilyrðum 1. gr. fyrir nálgunarbanni sér til verndar að beina rökstuddri beiðni til lögreglu um að þess verði krafist. Lögreglu ber að taka afstöðu til slíkrar beiðni svo fljótt sem verða má og ekki síðar en innan tveggja vikna frá því að hún berst. Hafni lögregla að krefjast nálgunarbanns skal þeim sem þess hefur beiðst tilkynnt um það og getur hann kært þá ákvörðun eftir sömu reglum og gilda um kæru ákvörðunar lögreglu um að fella niður rannsókn sakamáls.

Eftir að dómara hefur borist krafa um nálgunarbann ákveður hann þinghald til að taka kröfuna fyrir og gefur út kvaðningu á hendur þeim sem krafan beinist að. Í kvaðningu skal greina stað og stund þinghalds ásamt áskorun til viðtakanda um að sækja þing.

Heimilt er að handtaka þann sem krafan beinist að ef hann sækir ekki þing að forfallalausu. Skal tekið fram í kvaðningu til viðtakanda að lögregla megi færa hann fyrir dóm með valdi ef með þarf.

Skylt er dómara að verða við ósk manns um að skipa honum verjanda ef þess er krafist að hann sæti nálgunarbanni.

3. gr.

Þegar krafa um nálgunarbann er tekin fyrir kynnir dómari hana þeim sem hún beinist að. Skal honum gefinn kostur á að tjá sig um kröfuna. Heimilt er í því skyni að veita frest sem ekki skal vera lengri en tveir sólarhringar. Að svo búnu leggur dómari úrskurð á kröfuna.

Nálgunarbanni skal markaður ákveðinn tími, þó ekki lengur en eitt ár. Nálgunarbann verður ekki framlengt nema til komi nýr dómsúrskurður.

Dómari ákveður sakarkostnað í úrskurði sínum.

Kæra má til æðri dóms úrskurð um kröfu um nálgunarbann. Um þá kæru gilda sömu reglur og um kæru úrskurðar héraðsdómara samkvæmt lögum um meðferð sakamála.

4. gr.

Nú er sá sem sætir nálgunarbanni ekki viðstaddur þegar úrskurður er kveðinn upp og skal þá úrskurður birtur honum á sama hátt og dómur í sakamáli.

Þegar ástæður þær sem lágu til grundvallar nálgunarbanni eru ekki lengur fyrir hendi getur lögregla fellt bannið úr gildi. Ákvörðun lögreglu um að fella úr gildi bann verður ekki borin undir dómara, en heimilt er að kæra hana á sama hátt og mælt er fyrir um í 1. mgr. 2. gr.

Lögregla skal tilkynna þeim sem njóta á verndar með nálgunarbanni um að krafa verði lögð fyrir dóm, um lyktir máls og lok nálgunarbanns.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2008.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt samhliða frumvarpi til laga um meðferð sakamála en það frumvarp er afrakstur heildarendurskoðunar laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála.

Reglur um nálgunarbann urðu fyrst til með lögum nr. 94/2000, um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála og almennum hegningarlögum, en þar var reglum um þetta úrræði bætt við lög um meðferð opinberra mála. Að baki því bjuggu þær röksemdir að nálgunarbann ætti sér nokkra samsvörun með þvingunarúrræðum þeirra laga. Hjá því verður hins vegar ekki litið að nálgunarbann hefur ekki það sameiginlega einkenni þvingunarúrræða samkvæmt þeim lögum að tengjast rannsókn eða meðferð sakamáls í tilefni af tilteknu broti. Er því eðlilegra að reglum um þetta úrræði verði komið fyrir í sérstökum lögum, svo sem lagt er til með þessu frumvarpi. Ákvæði þess eru í flestum atriðum samhljóða gildandi reglum um nálgunarbann, en veigamestu breytingarnar, sem hér eru lagðar til, koma fram í reglum 1. mgr. 2. gr. um aðdraganda kröfu lögreglu um slíkt bann og heimildir þess, sem leitar til hennar í þessu skyni, til stjórnsýslukæru ef lögreglu þykja ekki efni til að bera kröfuna fram.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæði þetta er samhljóða 110. gr. a laga um meðferð opinberra mála og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 2. gr.

Á sama hátt og í 1. mgr. 110. gr. b laga um meðferð opinberra mála er tekið fram í 1. málsl. 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins að lögregla geri kröfu um nálgunarbann. Í gildandi reglum um þetta úrræði er ekki lýst frekar hvaða aðdraganda slík krafa geti átt, en af augljósum ástæðum er hún að jafnaði sett fram að undangenginni beiðni þess sem sætt hefur ógn eða ónæði af hendi annars manns, þótt lögregla geti einnig borið fram kröfu að eigin frumkvæði. Rétt þykir að gera reglur um nálgunarbann mun ítarlegri að því er þetta varðar með því að taka upp ákvæði um stöðu þess sem leitar til lögreglu með beiðni um að þess verði krafist, svo sem lagt er til með nýmælum í 2., 3. og 4. málsl. 1. mgr. 2. gr. Nánar tiltekið er þar ráðgert að mælt verði beinlínis fyrir um heimild manns til að leita til lögreglu með rökstuddri beiðni um að krafist verði nálgunarbanns og beri lögreglu að taka afstöðu til beiðninnar svo fljótt sem verða megi, en þó aldrei síðar en innan tveggja vikna eftir að hún berst. Í lokamálslið 1. mgr. eru síðan gerðar tillögur um málsmeðferð í tilvikum þar sem lögregla teldi ekki efni til að setja fram kröfu, en þetta er gert til að tryggja betur réttarstöðu þess sem óskar eftir vernd með nálgunarbanni. Er þar miðað við að lögreglu beri að tilkynna þeim sem beðið hefur um kröfu um nálgunarbann um niðurstöðu sína ef ekki þykja efni til að gera kröfuna og njóti hann þá heimildar til að kæra ákvörðun um þetta eftir sömu reglum og gilda um kæru ákvörðunar lögreglu um að fella niður rannsókn sakamáls. Með fyrirmælum um þessa kæruheimild er vísað á þennan hátt til ákvæða í 6. og 7. mgr. 52. gr. frumvarps til laga um meðferð sakamála. Í sambandi við þessar reglur er að öðru leyti rétt að taka fram að í tilvikum þar sem lögregla yrði við beiðni um að krefjast nálgunarbanns yrði þeim sem setti beiðnina fram tilkynnt um framvindu máls eftir ákvæðum 3. mgr. 4. gr. frumvarpsins.

Ákvæði 2. og 3. mgr. 2. gr. eru tekin efnislega óbreytt úr 2. mgr. 110. gr. b laga um meðferð opinberra mála. Í 4. mgr. 2. gr. er ráðgert að dómari skipi þeim manni verjanda, sem krafa um nálgunarbann beinist að, ef hann óskar eftir því. Samsvarandi regla er nú í 3. mgr. 34. gr. fyrrnefndra laga.

Um 3. gr.

Ákvæði 1.–3. mgr. eru samhljóða 110. gr. c laga um meðferð opinberra mála. Í 4. mgr. er tekin upp regla um heimild til að kæra úrskurð héraðsdómara um kröfu um nálgunarbann til æðra dóms og er þar ráðgert að sömu reglur gildi um slíka kæru, þar á meðal um fresti, form hennar, efni og meðferð, og kæru úrskurðar héraðsdómara samkvæmt lögum um meðferð sakamála. Með þessu er vísað um þessi atriði til ákvæða XXX. kafla frumvarps til laga um meðferð sakamála. Þess skal getið að í 1. mgr. 142. gr. laga um meðferð opinberra mála felst nú samsvarandi kæruheimild vegna úrskurða um þetta efni.

Um 4. gr.

Þessi grein er sama efnis og 110. gr. d laga um meðferð opinberra mála að öðru leyti en því að í 2. mgr. er lagt til að þeim sem nálgunarbann hefur verið sett til hagsbóta fyrir verði heimilað að kæra ákvörðun lögreglu um að fella bannið niður áður en liðinn er sá tími sem því hefur verið markaður með dómsúrskurði. Er þetta gert til samræmis við þá kæruheimild sem lögð er til í áðurnefndum reglum 1. mgr. 2. gr.

Um 5. gr.

Í þessari grein er miðað við að lög um nálgunarbann taki gildi á sama tíma og lög um meðferð sakamála, verði frumvarp til þeirra laga samþykkt. Rétt er að benda á að hér er ekki kveðið á um afdrif gildandi reglna um þetta efni í XIII. kafla A og 3. mgr. 34. gr. laga um meðferð opinberra mála, enda er mælt fyrir um brottfall þeirra laga í heild í frumvarpi til laga

um meðferð sakamála. Með þessu hefur verið gengið út frá því að þetta frumvarp verði ekki að lögum nema á sama veg fari um frumvarp til laga um meðferð sakamála.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um nálgunarbann.

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að ákvæði um nálgunarbann verði færð yfir í sérstakan lagabálk en þau ákvæði eru nú í lögum nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála. Í frumvarpinu eru ekki gerðar neinar efnisbreytingar á reglum um nálgunarbann.

Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs verði það að lögum.

335. Fyrirspurn [295. mál]

til heilbrigðisráðherra um notkun lyfsins Tysabri.

Frá Jóni Birni Hákonarsyni.

Stendur til að hefja hér á landi notkun á lyfinu Tysabri sem gagnast MS-sjúklingum og ef svo er, hvenær?

Skriflegt svar óskast.

336. Nefndarálit [130. mál]

um frv. til l. um breyt. á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Stefán Aðalsteinsson frá Bandalagi háskólamanna, Harald Benediktsson frá Bændasamtökum Íslands, Sif Traustadóttur frá Dýralæknafélagi Íslands, Svanhildi Konráðsdóttur frá Ferðamálaráði, Pétur Rafnsson frá Ferðamálasamtökum Íslands, Þórð Ásgeirsson frá Fiskistofu, Nökkva Bragason og Ólaf Hjálmarsson frá fjármálaráðuneyti, Pál Þórhallsson frá forsætisráðuneyti, Skúla Skúlason frá Háskólanum á Hólum, Ólöfu Sigurbjartsdóttur frá Héraðs- og Austurlandsskógum, Ágúst Sigurðsson frá Landbúnaðarháskóla Íslands, Jón Gíslason frá Landbúnaðarstofnun, Svein Runólfsson frá Landgræðslu Íslands, Borgþór S. Kærnested, Grétar Snæ Hjartarson og Margréti Margeirsdóttur frá Landssambandi eldri borgara, Valgerði Jónsdóttur frá Norðurlandsskógum,

Ragnheiði Ingu Þórarinsdóttur frá Orkustofnun, Guðjón Bragason og Þórð Skúlason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Jón Karl Ólafsson frá Samtökum ferðaþjónustunnar, Hallgrím Indriðason frá Skógfræðingafélagi Íslands, Brynjólf Jónsson og Magnús Gunnarsson frá Skógræktarfélagi Íslands, Aðalstein Sigurgeirsson og Jón Loftsson frá Skógrækt ríkisins, Kristínu Lindu Árnadóttur frá Umhverfisstofnun, Magnús Jónsson frá Veðurstofunni og Sigurð Guðjónsson frá Veiðimálastofnun. Nefndinni bárust einnig á fimmta tug umsagna um frumvarpið.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ýmsum lögum í þeim tilgangi að færa til verkefni innan Stjórnarráðs Íslands. Er frumvarpið liður í áformum ríkisstjórnarinnar um að endurskipuleggja Stjórnarráðið og ráðuneytin innan þess til að þau geti betur sinnt verkefnum sínum. Þegar hafa verið gerðar lagabreytingar í samræmi við þessa endurskipulagningu, sbr. lög nr. 102/2007, um breytingu á lögum um þingsköp Alþingis, og lög nr. 109/2007, um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands.

Á þessu þingi hefur nefndin einnig haft til umfjöllunar frumvarp til laga um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð (128. mál). Með framangreindum lögum um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands var meðal annars ákveðið að leggja stofnunina niður sem sérstakt ráðuneyti.

Með frumvarpinu eru lagðar til nauðsynlegar lagabreytingar til samræmis við tilfærslu málaflokka milli ráðuneyta og skiptist frumvarpið í ellefu þætti. Í fyrsta þætti eru lagðar til breytingar vegna flutnings sveitarstjórnarmála frá félagsmálaráðuneyti til samgönguráðuneytis. Í öðrum þætti eru lagðar til breytingar vegna flutnings ferðamála frá samgönguráðuneyti til iðnaðarráðuneytis og í þriðja þætti eru lagðar til breytingar vegna flutnings alferða frá samgönguráðuneyti til viðskiptaráðuneytis. Þá eru í fjórða þætti lagðar til breytingar vegna fyrirhugaðs flutnings menntastofnana landbúnaðarins frá landbúnaðarráðuneyti til menntamálaráðuneytis. Jafnframt eru í frumvarpinu ákvæði um viðurkenningu, námsframboð og prófgráður þessara stofnana færð til samræmis við rammalög um háskóla, nr. 63/2006. Munu búfræðslulög þó gilda áfram sem sérlög um skólana. Í fimmta þætti eru lagðar til breytingar í þeim tilgangi að færa stjórnsýslulegt forræði og ábyrgð á Skógrækt ríkisins og Landgræðslu ríkisins frá landbúnaðarráðuneyti til umhverfisráðuneytis. Jafnframt eru lagðar til breytingar til að einfalda framkvæmd dýraverndar með búfé og til að tryggja betur sjónarmið umhverfisverndar við innflutning á dýrum. Í sjötta þætti er að finna tillögur um breytingar vegna fyrirhugaðs flutnings vatnamælinga frá iðnaðarráðuneyti til umhverfisráðuneytis. Vatnamælingar eru nú hluti af Orkustofnun og munu flytjast í nýja stofnun ásamt núverandi starfsemi Veðurstofunnar. Í sjöunda þætti er lagt til að stjórnsýslulegt forræði og ábyrgð matvælamála flytjist á forræði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis en þessi málaflokkur heyrir nú undir umhverfisráðuneyti. Samkvæmt þessu verður aukið við hlutverk Landbúnaðarstofnunar sem fær heitið Matvælaeftirlitið og mun sú starfsemi Umhverfisstofnunar sem tengist lögum um matvæli flytjast til Matvælaeftirlitsins ásamt því matvælaeftirliti sem er nú hjá Fiskistofu. Í áttunda þætti er lagt til að málefni Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins flytjist frá viðskiptaráðherra til iðnaðarráðherra. Í níunda þætti eru lagðar til breytingar sem lúta að því að Einkaleyfastofan og hugverkaréttindi á sviði iðnaðar heyri undir viðskiptaráðuneytið. Í tíunda þætti eru lagðar til breytingar vegna flutnings málefna varðandi fasteignir frá dómsmálaráðuneyti til viðskiptaráðuneytis. Í lokaþætti frumvarpsins er lögð til breyting á lögum um Stjórnarráð Íslands þess efnis að meðferð ólokinna mála skuli ljúka í því ráðuneyti sem tekur við málefni.

Fram hefur komið að óljóst þykir hvað átt sé við með ummælum í athugasemdum frumvarpsins um að vatnamælingar heyri undir umhverfisráðuneyti frá 1. janúar 2008 en að starf-

semi þeirra verði vistuð hjá Orkustofnun uns sameiningu þeirra og Veðurstofu Íslands er lokið. Því er til að svara að gert er ráð fyrir því að starfsemi vatnamælinga verði óbreytt vistuð hjá Orkustofnun, undir forræði umhverfisráðherra, þar til sú starfsemi hefur verið sameinuð starfsemi Veðurstofu Íslands í nýja stofnun. Starfsemi vatnamælinga verður því óbreytt þar til ný lög, sem umhverfisráðherra mun undirbúa á árinu 2008, taka gildi.

Meiri hlutinn leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu: Lagt er til að við frumvarpið bætist nýr kafli um breytingu á lögum um varnir gegn landbroti en tilgangur þeirra er að draga úr eða koma í veg fyrir landbrot og annað tjón á landi, landkostum eða mannvirkjum með fyrirhleðslum gegn ágangi vatna. Skv. 3. gr. laganna fer Landgræðsla ríkisins fyrir hönd landbúnaðarráðherra með yfirstjórn þeirra mála sem lögin fjalla um. Meiri hlutinn leggur til að umhverfisráðherra fari með yfirstjórn þessara mála í stað landbúnaðarráðherra. Í 1. mgr. 6. gr. laga um varnir gegn landbroti er gert ráð fyrir tilkynningarskyldu til Landbúnaðarstofnunar. Meiri hlutinn leggur til að heiti stofnunarinnar breytist.

Þá eru lagðar til breytingar á 23., 26. og 66. gr. frumvarpsins til að bæta við breytingu á lögum vegna heitis ráðherra og ráðuneyta. Jafnframt er lagt til að tilvísun í 13. gr. laga um landgræðslu í 23. gr. frumvarpsins falli brott. Það verði því áfram landbúnaðarráðherra (sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra frá 1. janúar 2008) sem samþykki sölu á landi sem Landgræðslan hefur eignast skv. 2. tölul. 7. gr. laga um landgræðslu.

Lögð er til breyting á 29. gr. frumvarpsins í þeim tilgangi að 1. málsl. 2. mgr. 14. gr. laga um dýravernd standi óhaggaður en þar er kveðið á um að dýr skuli ávallt svipt meðvitund áður en blóðtæming fer fram.

Þá leggur meiri hlutinn til viðbót við a-lið 35. gr. frumvarpsins þannig að við upptalningu bætist orðið frumframleiðsla. Í frumvarpinu og athugasemdum með því kemur fram að ekki sé ætlunin að breyta verksviði heilbrigðisnefnda sveitarfélaganna gagnvart Matvælaeftirlitinu. Verkaskipting milli þessara aðila á því að vera óbreytt frá því sem nú er. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. laga um matvæli falli brott þar sem kveðið er á um að landbúnaðarráðherra fari með yfirstjórn mála er varða eftirlitsstörf dýralækna enda er talið eðlilegt að flokka eftirlitsþætti með samræmdri aðferð. Þykir því rétt að kveða á um með skýrum hætti hvernig háttað er verkaskiptingu vegna frumframleiðslu á landbúnaðarafurðum og þá sérstaklega hvað varðar eftirlit með mjólkurframleiðslu á bæjum. Með frumframleiðslu er átt við framleiðslu, eldi eða ræktun undirstöðuafurða, ásamt uppskeru, mjöltum og framleiðslu eldisdýra fram að slátrun samkvæmt reglugerð EB nr. 178/2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla. Er því talið rétt að fram komi með skýrum hætti í 35. gr. frumvarpsins, þar sem verkefni Matvælaeftirlitsins eru tilgreind, að stofnunin fari með eftirlit með frumframleiðslu landbúnaðarafurða. Af þessum sökum er lagt til að a-liður 6. gr. laganna taki einnig til frumframleiðslu.

Gerð er tillaga um breytt orðalag 48. gr. frumvarpsins til að aðlaga það betur verksviði Matvælaeftirlitsins. Þá er lagt til að 52. gr. frumvarpsins falli brott en sambærilegt ákvæði er í 59. gr. þess þar sem gert er ráð fyrir að við lög um Landbúnaðarstofnun bætist ákvæði sem verði 5. gr. a um að ráðherra geti falið Matvælaeftirlitinu að gera samkomulag við aðrar ríkisstofnanir um að annast tiltekna þætti í starfsemi stofnunarinnar. Ekki er því talin þörf á að taka það sérstaklega upp í önnur lög sem falla undir verksvið stofnunarinnar.

Lögð er til breyting á 55. gr. frumvarpsins en í henni er lagt til að orðið „matvæli“ falli brott úr 2. mgr. 3. gr. og ákvæði til bráðabirgða í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Vegna þessarar breytingar á lögunum er rökrétt að það sama eigi við um orðin „m.a. með tilliti til manneldismála“ í framangreindu ákvæði. Í lögum um matvæli er tekið á öllum þáttum

sem varða matvæli og matvælaeftirlit, og þá einnig fræðslumálum, sbr. ákvæði 19. gr. þeirra. Meiri hlutinn leggur því til að orðin „m.a. með tilliti til manneldismála“ falli einnig brott úr lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Lagt er til að gerð verði breyting á 60. gr. frumvarpsins í þá veru að tilvísun í i-lið falli brott. Umræddur liður vísar til verkefna sem matvælasvið Umhverfisstofnunar hefur haft með höndum og gert er ráð fyrir að færist til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis 1. janúar 2008. A-liður í bráðabirgðaákvæðinu mun þá eingöngu taka til verkefna sem eru hjá Fiskistofu en þar er gert ráð fyrir svigrúmi fyrir ráðherra til að ákveða tímasetningu tilfærslu.

Meiri hlutinn leggur einnig til að við frumvarpið bætist tveir nýir kaflar þar sem verði gerðar breytingar á annars vegar lögum um Rannsóknardeild fiskisjúkdóma og hins vegar vatnalögum. Breytingarnar eru lagðar til vegna ákvæða umræddra laga þar sem vísað er til Landbúnaðarstofnunar enda lagt til í frumvarpinu að nafni stofnunarinnar verði breytt.

Þá leggur meiri hlutinn til að tvö þeirra ákvæða sem vísað er til í 75. gr. falli brott enda þegar lögð til breyting á þessum ákvæðum í 28. og 29. gr. frumvarpsins. Meiri hlutinn leggur einnig til að Landbúnaðarstofnun fái annað heiti en gert er ráð fyrir í frumvarpinu og kallist Matvælastofnun. Af þessum sökum eru lagðar til breytingar á ýmsum ákvæðum frumvarpsins.

Þá leggur meiri hlutinn til að við frumvarpið bætist nýr kafli þar sem gerð verði breyting á lögum um stofnun hlutafélags um Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Þessi viðbót við frumvarpið er lögð til vegna fyrirhugaðrar tilfærslu málefna Keflavíkurflugvallar til samgönguráðuneytisins. Áformað er að flytja sérstakt frumvarp síðar á þessu þingi um sameiningu Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar í eitt opinbert hlutafélag í eigu íslenska ríkisins þar sem samgönguráðherra fari með hlutabréf íslenska ríkisins í félaginu og önnur atriði varðandi framtíðarskipan mála á Keflavíkurflugvelli. Það frumvarp er enn í undirbúningi en eigi að síður er lagt til að flytja yfirstjórn málefnisins til samgönguráðuneytis nú um áramót.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Karl V. Matthíasson og Jón Magnússon voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 28. nóv. 2007.

Birgir Ármannsson, form., frsm.	Ágúst Ólafur Ágústsson.	Sigurður Kári Kristjánsson.
Ellert B. Schram.		Ólöf Nordal.

337. Breytingartillögur [130. mál]

við frv. til l. um breyt. á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar (BÁ, ÁÓÁ, SKK, EBS, ÓN).

1. Við 23. gr.
   a. Í stað „13. gr.“ komi: 4. mgr. 8. gr.
   b. Við greinina bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Í stað orðsins „landbúnaðarráðuneytinu“ í 2. mgr. 7. gr. laganna kemur: umhverfisráðuneytinu.
2. Við 26. gr.
   a. Á undan orðunum „4. málsl.“ í a-lið komi: 4. málsl. 3. mgr. 27. gr.
   b. B-liður orðist svo: Í stað orðanna „landbúnaðarráðuneytinu“ í b-lið 2. mgr. 25. gr., „landbúnaðarráðuneytisins“ í 2. málsl. 3. mgr. 27. gr. og „landbúnaðarráðuneytið“ í 31. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið.
3. Við 28. gr. Í stað orðsins „Matvælaeftirlitið“ og sama orðs hvarvetna annars staðar í frumvarpinu komi, í viðeigandi beygingarfalli: Matvælastofnun.
4. Við 29. gr. Inngangsmálsliður orðist svo: 2. málsl. 2. mgr. 14. gr. laganna orðast svo.
5. Á eftir 31. gr. bætist við nýr kafli, **Breyting á lögum um varnir gegn landbroti, nr. 91/2002, með síðari breytingum,** með einni grein, svohljóðandi:
   a. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 3. gr., 2. mgr. 8. gr., 10. gr. og 11. gr. laganna kemur: umhverfisráðherra.
   b. Í stað orðsins „Landbúnaðarstofnun“ í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: Matvælastofnun.
6. Við 35. gr. Í stað orðsins „innflutningi“ í a-lið komi: frumframleiðslu, innflutningi.
7. Við 48. gr. Efnismálsgrein orðist svo:
   Matvælastofnun getur gripið til þvingunarúrræða og viðurlaga vegna brota gegn lögum þessum.
8. Við 51. gr. B-liður falli brott.
9. Við 52. gr. Greinin falli brott.
10. Við 54. gr. C-liður falli brott.
11. Við 55. gr. Við greinina bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Orðin „m.a. með tilliti til manneldismála“ í 2. mgr. 3. gr. laganna falla brott.
12. Á eftir 55. gr. bætist við ný grein, svohljóðandi:
   Orðið „matarsýkingar“ í 2. mgr. 29. gr. laganna fellur brott.
13. Við 60. gr. Í stað orðanna: „h-, i- og j-lið 2. gr.“ í a-lið komi: h- og j-lið 2. gr.
14. Við 66. gr. Á undan orðunum „1. mgr.“ í a-lið komi: b-lið 2. mgr. 14. gr., 25. gr.
15. Á eftir 74. gr. bætist við nýr kafli, **Breyting á vatnalögum, nr. 20/2006,** með einni grein, svohljóðandi:
   Í stað orðsins „Landbúnaðarstofnun“ tvívegis í 2. mgr. 35. gr. laganna kemur: Matvælastofnun.
16. Við 75. gr. Orðin „2. mgr. 11. gr.“ og „og 2. mgr. 14. gr.“ falli brott.
17. Á eftir 80. gr. bætist við nýr kafli, **Breyting á lögum um Rannsóknadeild fisksjúkdóma, nr. 50/1986, með síðari breytingum,** með einni grein, svohljóðandi:
   Í stað orðsins „Landbúnaðarstofnunar“ í 5. tölul. 5. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Matvælastofnun.

18. Á eftir 88. gr. bætist við nýr þáttur, **Breytingar vegna tilfærslu málefna Keflavíkurflugvallar frá utanríkisráðherra til samgönguráðherra,** með einum kafla, **Breyting á lögum um stofnun hlutafélags um Flugstöð Leifs Eiríkssonar, nr. 76/2000,** með einni grein, svohljóðandi:
    a. Í stað orðsins „og“ í 2. gr. laganna kemur: en samgönguráðherra.
    b. Í stað orðsins „Utanríkisráðherra“ í 3. málsl. 14. gr. laganna kemur: Samgönguráðherra.
    c. Í stað orðsins „utanríkisráðherra“ í 2. mgr. 15. gr. laganna kemur: samgönguráðherra.

338. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2008.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Störf nefndarinnar við afgreiðslu frumvarpsins hafa verið með hefðbundnum hætti. Nefndin hóf störf 12. september sl. og átti viðtöl við fulltrúa sveitarfélaga sem gerðu henni grein fyrir erindum sínum. Þá hefur nefndin kallað fyrir fulltrúa ráðuneyta og einstakra stofnana.

Frá því að nefndin hóf störf við afgreiðslu frumvarpsins hefur hún haldið 31 fund og átt viðtöl við fjölmarga aðila. Fulltrúar frá fjármálaráðuneyti komu á fund nefndarinnar til viðræðna um tekjuhlið frumvarpsins.

Samkvæmt 2. mgr. 25. gr. þingskapa getur fjárlaganefnd vísað til annarra fastanefnda þeim þáttum fjárlagafrumvarpsins sem fjalla um málefnasvið þeirra. Með bréfi dags. 10. október sl. óskaði nefndin eftir álitum fastanefnda þingsins um þá þætti frumvarpsins sem varða málefnasvið hverrar um sig. Nefndirnar hafa skilað álitum og eru þau birt sem fylgiskjöl með nefndarálitinu eins og fyrir er mælt í þingsköpum.

Nefndin hefur lokið afgreiðslu flestra þeirra erinda sem henni bárust. Breytingartillögur þær sem eru til umfjöllunar við 2. umræðu nema samtals 1.267,9 m.kr. til hækkunar á sundurliðun 2.

Hér verður fyrst gerð grein fyrir meginbreytingum sem varða tekjuhlið frumvarpsins. Þá er gerð grein fyrir þeim breytingum sem lagðar eru til á sundurliðunum.

Í endurskoðaðri tekjuáætlun efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytis er gert ráð fyrir að tekjur verði 469.326,8 m.kr. sem er 8.158,4 m.kr. hækkun frá frumvarpinu. Tekjujöfnuður verður 37.704 m.kr. sem er hækkun um 6.890,5 m.kr.

Að lokum er gerð grein fyrir breytingu sem lögð er til á 5. gr. frumvarpsins um lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir.

Við myndun ríkisstjórnar sl. vor voru sett áform um endurskipulagningu á verkaskiptingu ráðuneyta. Ákveðið var að sameina tvö ráðuneyti í eitt, þ.e. ráðuneyti sjávarútvegs og landbúnaðar, og breyta Hagstofu Íslands úr ráðuneyti í sjálfstæða ríkisstofnun. Breytingartillögur meiri hlutans og skýringar í nefndaráliti eru á sama fjárlaganúmeragrunni og frumvarpið. Þá hefur verið flutt sérstakt frumvarp um breytta verkaskiptingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og félagsmálaráðuneytis. Í breytingartillögu á sérstöku þingskjali eru fjárlagaliðir færðir til í samræmi við þau lagafrumvörp.

Meiri hlutinn þakkar fulltrúum stjórnarandstöðunnar í nefndinni fyrir mjög gott samstarf, svo og starfsfólki nefndasviðs Alþingis sem lagt hefur á sig ómælda vinnu. Þá hefur nefndin

notið aðstoðar Ríkisendurskoðunar og fjármálaráðuneytis. Einnig hafa einstök ráðuneyti veitt nefndinni upplýsingar og aðstoð.

SKÝRINGAR VIÐ EINSTAKAR BREYTINGARTILLÖGUR

00 Æðsta stjórn ríkisins

Lagt er til að fjárheimild æðstu stjórnar ríkisins verði aukin um 469,9 m.kr.

201 Alþingi.

1.06 Almennur rekstur. Lögð er til 32 m.kr. hækkun á liðnum. Er það annars vegar 27 m.kr. hækkun til lagfæringar á launagrunni á skrifstofu Alþingis og hins vegar 5 m.kr. hækkun til sérstaks átaks í skjalastjórnun með ráðningu starfsmanns í verkefnið.

1.07 Sérverkefni. Lögð er til 11,1 m.kr. hækkun á liðnum til þriggja verkefna. Í fyrsta lagi er gerð tillaga um 6 m.kr. hækkun til reksturs fjarvinnslu á Ólafsfirði. Í öðru lagi er tillaga um 4 m.kr. tímabundið framlag til ritunar sögu þingræðis. Loks er gerð tillaga um 1,1 m.kr. tímabundið framlag til reksturs Hins íslenska þjóðvinafélags.

1.09 Breytingar á þingsköpum og bætt starfsaðstaða þingmanna. Gerð er tillaga um 98,8 m.kr. hækkun á framlagi til Alþingis til að bæta starfsaðstöðu þingmanna. Gert er ráð fyrir að ráða þrjá nýja nefndarritara og aðstoðarmenn fyrir formenn stjórnarandstöðuflokkanna, auk þess sem gert er ráð fyrir sérstöku framlagi til aðstoðar fyrir þingmenn í Norðvestur-, Norðaustur- og Suðurkjördæmum. Þá er gert ráð fyrir meiri þátttöku stjórnarandstöðu í alþjóðastarfi og auknum ferðakostnaði því samfara.

1.10 Rekstur fasteigna. Gerð er tillaga um 17 m.kr. framlag vegna hækkunar á kostnaði við rekstur húsnæðis Alþingis. Taka þurfti á leigu meira skrifstofuhúsnæði og geymsluhúsnæði vorið 2007 auk þess sem rekstrarkostnaður húsa Alþingis hefur hækkað umfram almennar verðlagshækkanir undanfarin tvö ár.

6.21 Fasteignir. Lagt er til að veitt verði tímabundið framlag að fjárhæð 250 m.kr. til viðgerða og endurbóta á húsinu Skjaldbreið.

610 Umboðsmaður Alþingis.

1.01 Umboðsmaður Alþingis. Gerð er tillaga um 16 m.kr. hækkun til leiðréttingar á launagrunni hjá umboðsmanni Alþingis.

Jafnframt er gerð tillaga um 5 m.kr. tímabundna fjárveitingu sem er annars vegar vegna kostnaðar sem fellur til við flutning embættisins í annað húsnæði árið 2008 og hins vegar til sérstakrar afmælisútgáfu í tilefni 20 ára afmælis embættisins.

620 Ríkisendurskoðun.

1.01 Ríkisendurskoðun. Gerð er tillaga um 19 m.kr. hækkun framlaga til stofnunarinnar til að sinna nýjum verkefnum á sviði fjárhagsendurskoðunar. Á undanförnum missirum hafa stofnuninni verið falin ný eftirlitsverkefni, svo sem eftirlit með fjármálum stjórnmálaflokka og vottun á vegum ESA um aðgreiningu kostnaðar Ríkisútvarpsins ohf. milli almannaþjónustu og annarrar starfsemi. Þá hafa verið tekin í notkun skráningarkerfi hjá stofnunum mennta- og heilbrigðismála vegna upplýsinga sem notaðar eru til að ákvarða framlög til þeirra.

Þá er gerð tillaga um 9,5 m.kr. hækkun framlaga til að auka vinnuframlag vegna stjórnsýsluendurskoðunar um eitt stöðugildi.

6.21 Fasteignir. Gerð er tillaga um 11,5 m.kr. tímabundið framlag vegna framkvæmda við húsnæði Ríkisendurskoðunar að Skúlagötu 57 sem er í eigu Fasteigna ríkisins. Unnið hefur verið að því að innrétta húsnæðið og hafa framkvæmdirnar á þessu ári verið fjármagnaðar með ónýttum fjárheimildum liðinna ára.

01 Forsætisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild forsætisráðuneytis verði aukin um 241,2 m.kr.

101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa. Gerð er tillaga um 3,8 m.kr. tímabundna lækkun á liðnum vegna hagræðingarkröfu.

190 Ýmis verkefni.

1.22 Ráðgjöf vegna breytinga í heilbrigðis- og tryggingamálum. Gerð er tillaga um 30 m.kr. tímabundið framlag vegna ráðgjafarkostnaðar við undirbúning breytinga í heilbrigðis- og tryggingamálum. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir umtalsverðum breytingum á skipulagi heilbrigðis- og tryggingamála, sem m.a. fela í sér flutning verkefna frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti til félagsmálaráðuneytis. Um er að ræða ráðgjöf innlendra og erlendra sérfræðinga til verkefnisstjórnar sem hefur yfirumsjón með framvindu verksins. Verkefni ráðgjafanna snýr m.a. að greiningu á starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins, tillögugerð að skipulagningu og framkvæmd nauðsynlegra breytinga vegna uppskiptingar stofnunarinnar og endurskoðun á skipulagi og fjármögnun heilbrigðiskerfisins. Vinna við verkefnið hófst sl. sumar og því er einnig gert ráð fyrir framlagi til þess í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2007.

1.90 Ýmis verkefni. Lagt er til 5 m.kr. framlag til fræðslustarfsemi í Sesseljuhúsi, umhverfisseturs Sólheima. Um er að ræða tímabundið framlag árið 2008 þar til nýr samningur um starfsemi umhverfissetursins verður gerður.

203 Fasteignir Stjórnarráðsins.

6.25 Endurbætur bygginga Stjórnarráðsins. Lagt er til að veitt verði 195 m.kr. tímabundið framlag til að mæta kostnaði við breytingar á húsnæði ráðuneyta vegna sameiningar ráðuneyta og tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands. Um er að ræða breytingar á 5. og 6. hæð í Sjávarútvegshúsi vegna sameiningar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis og flutning landbúnaðarráðuneytis af Sölvhólsgötu í Sjávarútvegshús auk flutnings viðskiptaráðuneytis úr Arnarhvoli í Sölvhólsgötu 7. Ráðast þarf í gagngerar endurbætur á 5. hæð Sjávarútvegshússins, enda er mjög langt síðan það húsnæði var endurnýjað og skipulag húsnæðisins á sínum tíma sniðið að þörfum Hafrannsóknastofnunarinnar sem þar hefur verið til húsa. Breytingar á öðru húsnæði eru minni í sniðum. Framkvæmdasýsla ríkisins hefur umsjón og eftirlit með framkvæmdunum og gerir áætlun ráð fyrir að heildarkostnaður verði 235 m.kr., sem skiptist með þeim hætti að 195 m.kr. falli til árið 2008 og 40 m.kr. árið 2007.

Jafnframt er farið fram á 15 m.kr. tímabundið framlag til að hefja undirbúning að nýbyggingu á lóð forsætisráðuneytisins á Stjórnarráðsreit.

02 Menntamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild menntamálaráðuneytis verði aukin um 1.552,5 m.kr.

101 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa. Gerð er tillaga um 9,1 m.kr. tímabundna lækkun á liðnum vegna hagræðingarkröfu.

201 Háskóli Íslands.

1.01 Háskóli Íslands. Gerð er tillaga um alls 35,4 m.kr. hækkun á liðnum vegna þriggja verkefna. Er það í fyrsta lagi 20 m.kr. tímabundið framlag til Háskólasetursins í Vestmannaeyjum vegna hafrannsókna. Tillagan er hluti af mótvægisaðgerðum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í þorskveiðum.

Í öðru lagi er lagt er til að veitt verði 14 m.kr. tímabundið framlag í tvö ár til að styrkja háskóla- og frumkvöðlasetrið á Hornafirði. Gert er ráð fyrir ráðningu tveggja nýrra starfsmanna til setursins, m.a. með áherslu á styrkingu starfsemi Vatnajökulsþjóðgarðs. Í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2007 er jafnframt gert ráð fyrir 4 m.kr. framlagi til verkefnisins. Tillagan er hluti af mótvægisaðgerðum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í þorskveiðum.

Loks er lagt til að veita Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála við Háskóla Íslands 1,4 m.kr. tímabundið framlag til fjarkennslu í meistaranámi í opinberri stjórnsýslu.

210 Háskólinn á Akureyri.

1.01 Háskólinn á Akureyri. Gerð er tillaga um 75 m.kr. framlag til styrktar núverandi stöðu og til styrkingar á rekstrargrunni Háskólans á Akureyri.

299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi.

1.73 Reykjavíkurakademían. Gerð er tillaga um 3 m.kr. tímabundið framlag til evrópsks samstarfsverkefnis í handritafræðum, „Scribal Culture“. Auk þess er lagt til að 0,3 m.kr. fjárheimild verði millifærð af viðfangsefninu 02-299-1.91 Háskólar, óskipt, til akademíunnar vegna hagræðingarkröfu í frumvarpinu sem rétt þykir að gangi til baka. Hækkar liðurinn því alls um 3,3 m.kr.

1.91 Háskólar, óskipt. Lagt er til að veitt verði óskipt fjárheimild að fjárhæð 90 m.kr. á þessum lið. Fjárheimildin er ætluð til að mæta hugsanlegum frávikum í forsendum áætlana um fjölda nemendaígilda í reiknuðum framlögum til háskóla ef þörf reynist fyrir það og verður þá úthlutað af henni þegar nánari upplýsingar liggja fyrir um fjölda námsmanna.

Lagt er til að 0,3 m.kr. fjárheimild verði millifærð héðan yfir á viðfangsefnið 02-299-1.73 Reykjavíkurakademían vegna hagræðingarkröfu í frumvarpinu sem rétt þykir að gangi til baka.

318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður.

6.90 Byggingarframkvæmdir, óskipt. Gerð er tillaga um 5 m.kr. tímabundið framlag til Iðnskólans í Hafnarfirði til hönnunarkostnaðar vegna stækkunar skólans.

6.95 Tæki og búnaður, óskipt. Gerð er tillaga um 5 m.kr. tímabundið framlag til tækjabúnaðar fyrir framhaldsskóladeildina á Patreksfirði.

319 Framhaldsskólar, almennt.

1.33 Myndlistarskólinn Akureyri. Gerð er tillaga um 5 m.kr. hækkun framlaga til Myndlistarskólans á Akureyri.

1.34 Myndlistarskólinn í Reykjavík. Gerð er tillaga um 5 m.kr. hækkun framlaga til Myndlistarskólans í Reykjavík.

1.90 Framhaldsskólar, óskipt. Gerð er tillaga um alls 215 m.kr. hækkun á þessum lið. Í fyrsta lagi er lagt til að veitt verði 140 m.kr. tímabundið framlag í tvö ár til frumgreinadeilda á Suðurnesjum og Vestfjörðum vegna nemendaígilda. Gert er ráð fyrir að framlagið hækki um 10 m.kr. árið 2009 og verði 150 m.kr. Gert er ráð fyrir að alls verði 302 m.kr. varið í þessu skyni á árunum 2007–2009 og í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2007 er gert ráð fyrir 12 m.kr. framlagi. Tillagan er hluti af mótvægisaðgerðum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í þorskveiðum.

Í öðru lagi er lögð til 60 m.kr. fjárheimild til að standa straum af útgjöldum sem leiðir af lögfestingu á frumvörpum um þróun og uppbyggingu í starfi framhaldsskólanna. Þar á meðal eru áform um aukið námsframboð í formi almennrar brautar til að

draga úr brottfalli, að fræðsluskylda verði lengd til 18 ára aldurs og nýtt einingakerfi og færslu námsbrautarlýsinga. Um er að ræða útgjöld fyrsta árið eftir að lögin taka gildi. Þegar allar breytingar samkvæmt lögunum hafa komið að fullu til framkvæmda má reikna með því að útgjaldaaukningin verði orðin um 1.500 m.kr.

Í þriðja lagi er lagt til að veitt verði 15 m.kr. tímabundið framlag til að flýta uppbyggingu nýs framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð. Í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2007 er jafnframt gert ráð fyrir 5 m.kr. framlagi í þessu skyni. Tillagan er hluti af mótvægisaðgerðum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í þorskveiðum.

355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum.

1.01 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum. Lagt er til að veitt verði 10 m.kr. tímabundið framlag til Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum vegna íþróttabrautar. Í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2007 er jafnframt gert ráð fyrir 5 m.kr. framlagi. Tillagan er hluti af mótvægisaðgerðum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í þorskveiðum.

356 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra.

1.01 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra. Lagt er til að veitt verði 15 m.kr. tímabundið framlag til Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra til eflingar námsframboðs. Í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2007 er jafnframt gert ráð fyrir 5 m.kr. framlagi. Tillagan er hluti af mótvægisaðgerðum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í þorskveiðum.

361 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu.

1.01 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu. Lagt er til að veitt verði 5 m.kr. tímabundið framlag til skólans vegna fjarnáms. Í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2007 er jafnframt gert ráð fyrir 2 m.kr. framlagi. Tillagan er hluti af mótvægisaðgerðum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í þorskveiðum.

451 Símenntun og fjarkennsla.

1.19 Námsframboð og starfsþjálfun í framhaldsskólum og símenntunarstöðvum. Óskað er eftir 100 m.kr. tímabundnu framlagi í þróunarsjóð sem ætlaður er til að efla námsframboð og náms- og starfsþjálfun í framhaldsskólum og símenntunarstöðvum á landsbyggðinni. Sjóðnum verður jafnframt ætlað að styrkja náms- og starfsráðgjöf, m.a. í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Áformað er að verja samtals 200 m.kr. til verkefnisins og er gert ráð fyrir jafnháu framlagi í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2007. Tillagan er hluti af mótvægisaðgerðum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í þorskveiðum.

Lagt er til að framlag til símenntunarstöðva á landsbyggðinni verði hækkað og hækka því eftirfarandi níu liðir um 3,7 m.kr. hver:

1.21 Símenntunarstöð á Vesturlandi.
1.22 Fræðslumiðstöð Vestfjarða.
1.23 Farskóli Norðurlands vestra.
1.24 Símenntunarstöð Eyjafjarðar.
1.25 Fræðslumiðstöð Þingeyinga.
1.26 Fræðslunet Austurlands.
1.27 Fræðslunet Suðurlands.
1.28 Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum.
1.29 Fræðslu- og símenntunarstöð Vestmannaeyja.

1.22 Fræðslumiðstöð Vestfjarða. Til viðbótar við framangreinda 3,7 m.kr. hækkun er lagt til að veitt verði 5 m.kr. tímabundið framlag í tvö ár til Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða vegna Suðurfjarða. Í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2007 er jafnframt gert ráð fyrir 5 m.kr. framlagi. Tillagan er hluti af mótvægisaðgerðum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í þorskveiðum.

1.31 Fræða- og þekkingarsetur. Gerð er tillaga um framlag til fjögurra verkefna, alls að fjárhæð 14 m.kr.

Í fyrsta lagi er gerð tillaga um 1 m.kr. framlag til að stofna Rannsóknarsetur Háskóla Íslands í landnýtingu.

Í öðru lagi er gerð tillaga um 6 m.kr. framlag til reksturs Fornleifaskóla Vestfjarða í Reykjanesi við Ísafjarðardjúp.

Í þriðja lagi er gerð tillaga um 5 m.kr. framlag til rannsókna- og fræðasetursins á Austurlandi. Meginviðfangsefni þess verður samfélagsþróun í alþjóðlegu og staðbundnu samhengi og verður það fyrsta setur Háskóla Íslands á sviði félagsvísinda á landsbyggðinni.

Í fjórða lagi er gerð er tillaga um 2 m.kr. tímabundið framlag til Þekkingarsetursins á Egilsstöðum til að undirbúa stofnun nýsköpunarseturs.

1.33 Námsflokkar Hafnarfjarðar, miðstöð símenntunar. Gerð er tillaga um 8 m.kr. framlag til Námsflokka Hafnarfjarðar, miðstöðvar símenntunar, vegna kennslu í leikskólafræðum í samstarfi við Háskólann á Akureyri.

551 Hússtjórnarskólinn Hallormsstað.

1.01 Hússtjórnarskólinn Hallormsstað. Gerð er tillaga um 2 m.kr. tímabundið framlag til reksturs skólans.

872 Lánasjóður íslenskra námsmanna.

1.01 Lánasjóður íslenskra námsmanna. Gerð er tillaga um 50 m.kr. lækkun á liðnum vegna endurskoðunar á forsendum um gengi og útlán.

901 Fornleifavernd ríkisins.

1.01 Fornleifavernd ríkisins. Gerðar eru fjórar tillögur til hækkunar á liðnum sem nema alls 11,5 m.kr.

Í fyrsta lagi er gerð tillaga um 6 m.kr. hækkun framlaga vegna minjavarða.

Í öðru lagi er gerð tillaga um 3 m.kr. tímabundið framlag til endurreisnar Þorlaksbúðar í Skálholti.

Í þriðja lagi er gerð tillaga um 2 m.kr. tímabundið framlag til að endurhlaða hluta af Skagagarðinum.

Í fjórða lagi er gerð tillaga um 0,5 m.kr. tímabundið framlag til endurbyggingar á þurrkhjalli við Reyki á Reykjaströnd.

902 Þjóðminjasafn Íslands.

1.01 Þjóðminjasafn Íslands. Gerð er tillaga um 12 m.kr. tímabundið framlag vegna fjarvinnslu, annars vegar 6 m.kr. til Landvistar á Húsavík og hins vegar 6 m.kr. til Forsvars á Hvammstanga.

1.10 Byggða- og minjasöfn. Gerð er tillaga um 52 m.kr. tímabundna hækkun á liðnum vegna eftirfarandi verkefna:

- 10 m.kr. tímabundið framlag til Hins þingeyska fornleifafélags til fornleifarannsókna í Suður-Þingeyjarsýslu,
- 7 m.kr. tímabundið framlag til frágangs fornminja í Skálholti. Á árunum 2002–2006 vann hópur fornleifafræðinga að umfangsmiklum rannsóknum á biskupshúsi og skóla

sunnan Skálholtsdómkirkju en ganga þarf frá svæðinu sem rannsakað hefur verið svo að það verði aðgengilegt ferðamönnum og öðrum gestum.
- 5 m.kr. tímabundið framlag til fornleifarannsókna og nýsköpunar í menningartengdri ferðaþjónustu í Dölum og Barðastrandasýslu,
- 5 m.kr. tímabundið framlag til Fornleifastofnunar Íslands til úrvinnslu fornleifarannsókna sem gerðar voru í Skálholti árin 2002–2007,
- 5 m.kr. tímabundið framlag til Hólarannsóknarinnar til áframhaldandi fornleifarannsókna á Hólum í Hjaltadal,
- 4 m.kr. tímabundið framlag til endurbyggingar Kolkuóss í Skagafirði,
- 4 m.kr. tímabundið framlag til Fornleifafræðistofunnar til að halda áfram uppgreftri eyðibýlisins Bæjar við Salthöfða í Öræfasveit,
- 3 m.kr. tímabundið framlag til Menningarsetursins að Útskálum til fornleifarannsókna við gamla prestssetrið að Útskálum,
- 3 m.kr. tímabundið framlag til Arnfirðingafélagsins til rannsókna á menningarsögulegum minjum í Hringsdal og nágrenni,
- 3 m.kr. tímabundið framlag til Hólarannsóknarinnar í Háskólanum á Hólum til að halda áfram fornleifauppgreftri á tanganum við Kolkuós (Kolbeinsárós),
- 2 m.kr. tímabundið framlag til Byggðasafns Skagfirðinga til fornleifarannsókna í Skagafirði,
- 1 m.kr. tímabundið framlag til Minjasafnsins á Burstarfelli til verkefnisins Álfkonan og fleiri þjóðsögur.

903 Þjóðskjalasafn Íslands.

1.01 Þjóðskjalasafn Íslands. Gerð er tillaga um 100 m.kr. tímabundið framlag í tvö ár til grunnskráningar og endurskráningar á lítt skráðum eða óskráðum skjalasöfnum og til að vinna að stafrænni gerð manntala. Með verkefninu er ætlunin að bæta aðgengi almennings, fræðimanna og opinberra stofnana að mikilvægum réttar- og menningarsögulegum heimildum með hjálp upplýsingatækni. Er gert ráð fyrir að 20 störf á ári skapist vegna verkefnisins sem unnin verða m.a. í samstarfi við héraðsskjalasöfnin á Ísafirði, Sauðárkróki og Húsavík. Í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2007 er jafnframt sótt um 40 m.kr. framlag til verkefnisins. Tillagan er hluti af mótvægisaðgerðum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í þorskveiðum.

919 Söfn, ýmis framlög.

1.10 Listasafn ASÍ. Gerð er tillaga um að hækka framlög til Listasafns ASÍ um 1 m.kr.
1.11 Nýlistasafn. Gerð er tillaga um 2 m.kr. tímabundið framlag til Nýlistasafnsins í tilefni 30 ára afmælis safnsins árið 2008.
1.12 Listasafn Sigurjóns Ólafssonar. Gerð er tillaga um 2,5 m.kr. hækkun á framlögum til safnsins en þar af er 1 m.kr. tímabundið framlag til viðgerða á byggingum safnsins.
1.90 Söfn, ýmis framlög. Gerð er tillaga um 15,6 m.kr. tímabundna hækkun liðarins og er sundurliðun hans sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans.
6.90 Söfn, ýmis stofnkostnaður. Gerð er tillaga um 33 m.kr. tímabundna hækkun liðarins og er sundurliðun hans sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans.

969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður.

6.23 Tónlistarhús og ráðstefnumiðstöð í Reykjavík. Gerð er tillaga um 75 m.kr. tímabundið framlag vegna eftirlits með hönnun og framkvæmdum í tengslum við byggingu tónlistarhúss og ráðstefnumiðstöðvar. Er tillagan í samræmi við samkomulag milli ríkisins og Reykjavíkurborgar dags. 21. desember 2004. Áætlað er að kostnaður verði 75

m.kr. á árinu 2008 og er jafnframt gert ráð fyrir 75 m.kr. framlagi til verkefnisins í fjáraukalögum fyrir árið 2007.

6.95 Menningarhús. Gerð er tillaga um 10 m.kr. tímabundið framlag til endurbóta á Tjarnarborg sem ætlunin er að gera að sameiginlegu menningarhúsi byggðarlaganna Ólafsfjarðar og Siglufjarðar.

971 Ríkisútvarpið.

1.10 Ríkisútvarpið, afnotagjöld. Lagt er til að fjárheimild vegna afnotagjalda sem renna til Ríkisútvarpsins verði hækkuð um 171 m.kr. sem er leiðrétting á frumvarpinu. Í frumvarpinu var fjárheimildin lækkuð um sömu fjárhæð þar sem talið var að innifalið í henni væri virðisaukaskattur sem átti að lækka. Við nánari skoðun á bókhaldi hefur komið í ljós að svo er ekki og átti fjárheimildin því ekki að lækka.

Þá er lagt til að framlag úr mörkuðum tekjustofni félagsins hækki um 110 m.kr. vegna hækkunar á afnotagjöldum. Miðað er við að afnotagjöldin hækki um 4% frá 1. desember 2007.

974 Sinfóníuhljómsveit Íslands.

1.01 Sinfóníuhljómsveit Íslands. Lagt er til að framlög til Sinfóníuhljómsveitar Íslands hækki um 15 m.kr. til að mæta auknum kostnaði, bæði vegna tveggja nýrra stöðugilda og hækkunar húsaleigu.

979 Húsafriðunarnefnd.

6.10 Húsafriðunarsjóður. Gerð er tillaga um 155 m.kr. tímabundna hækkun á liðnum til eftirfarandi verkefna:

Aldamótabærinn Seyðisfjörður	1 m.kr.
Árnes á Skagaströnd	1 m.kr.
Bíldudalskirkja	3 m.kr.
Bryggjuhús á Wathnestorfunni á Seyðisfirði	4 m.kr.
Dagsbrún, gamla félagsheimilið í Skarðshlíð undir Eyjafjöllum	2 m.kr.
Einarshús í Bolungarvík	3 m.kr.
Eyrardalsbærinn í Súðavíkurhreppi	3 m.kr.
Faktorshúsið á Djúpavogi	8 m.kr.
Faktorshúsið í Neðstakaupstað, Ísafirði	1 m.kr.
Friðbjarnarhús á Akureyri	5 m.kr.
Gamla kaupfélagshúsið á Breiðdalsvík	6 m.kr.
Gamla kjötfrystihúsið í Norðurfirði á Ströndum	1 m.kr.
Gamla prestssetrið að Útskálum	1 m.kr.
Gamla verslunarhúsið í Króksfjarðarnesi	2 m.kr.
Gamla verslunarhúsið í Skarðsstöð	1 m.kr.
Garðahús á Akranesi	1 m.kr.
Geirsstaðir á Akranesi	1 m.kr.
Gudmanns Minde, Gamli spítali, á Akureyri	5 m.kr.
Héðinshöfðahúsið á Tjörnesi	3 m.kr.
Hlaðan Skjaldbreið, Vogum	1 m.kr.
Hlíðarhús á Siglufirði	1 m.kr.
Hólskirkja í Bolungarvík	5 m.kr.
Hótel Framtíð á Djúpavogi	3 m.kr.
Hraunsrétt í Aðaldal	2 m.kr.
Jakútískt menningarhús	2 m.kr.
Kaupfélagshúsið, elsta íbúðarhúsið á Höfn í Hornafirði	1 m.kr.

Kaupvangur í Vopnafirði ..... 2 m.kr.
Kálfatjarnarkirkja ..... 2 m.kr.
Keldnakirkja ..... 2 m.kr.
Ketukirkja á Skaga ..... 2 m.kr.
Krambúðin í Neðstakaupstað, Ísafirði ..... 1 m.kr.
Kvennaskólahúsið á Blönduósi ..... 5 m.kr.
Menningar- og listamiðstöð Reykjanesbæjar, Duus-hús ..... 5 m.kr.
Miðstræti 3, elsta húsið á Bolungarvík ..... 1 m.kr.
Mikligarður, verbúð á Höfn í Hornafirði ..... 1 m.kr.
Mjallargata 5 á Ísafirði ..... 1 m.kr.
Norræna húsið ..... 1 m.kr.
Ólafsdalsfélagið, menningarverðmæti í Ólafsdal ..... 2 m.kr.
Pakkhús sem hýsir mótorbátinn Skaftfelling ..... 1 m.kr.
Pakkhúsið á Flateyri ..... 2 m.kr.
Pakkhúsið á Vatneyri ..... 2 m.kr.
Pompei norðursins ..... 2 m.kr.
Prestssetrið á Brjánslæk ..... 2 m.kr.
Salthúsið á Þingeyri ..... 6 m.kr.
Sandahús á Akranesi ..... 1 m.kr.
Síldarverksmiðjan í Djúpuvík á Ströndum ..... 2 m.kr.
Skaftholtsréttir ..... 2 m.kr.
Skarðsrétt í Kaldrananeshreppi ..... 2 m.kr.
Skemma á Reyðarhlein á Dröngum á Ströndum norður ..... 1 m.kr.
Skjaldborgarhúsið á Patreksfirði ..... 2 m.kr.
Skólahúsið í Þingborg ..... 1 m.kr.
Skólahúsið Norðurkot, Vogum ..... 2 m.kr.
Smiðjan á Bíldudal ..... 1 m.kr.
Staður í Reykhólasveit ..... 1 m.kr.
Stóra-Laugardalskirkja í Tálknafirði ..... 4 m.kr.
Sýslumannshúsið að Kornsá í Vatnsdal ..... 1 m.kr.
Tjöruhúsið í Neðstakaupstað, Ísafirði ..... 1 m.kr.
Torfbærinn að Austur-Meðalholtum í Gaulverjabæjarhreppi í Flóa ... 1 m.kr.
Tónlistarskóli Ísafjarðar við Austurveg 11, Ísafirði ..... 1 m.kr.
Turnhúsið í Neðstakaupstað, Ísafirði ..... 1 m.kr.
Uppsalir í Selárdal, hús Gísla í Uppsölum ..... 2 m.kr.
Vatneyrarbúð á Patreksfirði ..... 1 m.kr.
Verslunarhúsið í Hæstakaupstað á Ísafirði ..... 5 m.kr.
Verslunarhúsin í Englendingavík í Borgarnesi ..... 5 m.kr.
Vesturgata 32, Hafnarfirði ..... 2 m.kr.
Vélsmiðjan á Þingeyri ..... 3 m.kr.
Vjelasmiðja Jóhanns Hanssonar, Seyðisfirði ..... 2 m.kr.
Wathnehúsið á Akureyri ..... 2 m.kr.
Þiljuvellir 11 í Neskaupstað ..... 1 m.kr.
Þórshamar Seyðisfirði ..... 1 m.kr.

982 Listir, framlög.

1.22 Starfsemi áhugaleikfélaga. Gerð er tillaga um 3 m.kr. tímabundið framlag til Draumasmiðjunnar til að byggja upp leikhús heyrnarlausra, „döff-leikhús“, og undirbúa alþjóðlegu döff-leiklistarhátíðina „Draumar 2009“.

Þá er gerð tillaga um 3 m.kr. hækkun á framlagi til starfsemi áhugaleikfélaga.

1.23 Bandalag íslenskra leikfélaga. Gerð er tillaga um 3 m.kr. hækkun á framlagi til Bandalags íslenskra leikfélaga.

1.24 Starfsemi atvinnuleikhópa. Gerð er tillaga um 6 m.kr. hækkun á framlagi til starfsemi atvinnuleikhópa, en þar af eru 3 m.kr. rekstrarframlag til skrifstofu Sjálfstæðu leikhúsanna.

1.29 Íslenska tónverkamiðstöðin. Lagt er til að veitt verði 1,5 m.kr. tímabundið framlag til þriggja verkefna á vegum tónverkamiðstöðvarinnar: 0,5 m.kr. til rannsókna vegna endurskoðaðrar útgáfu bókarinnar New Music in Iceland eftir Göran Bergendal, 0,5 m.kr. vegna kostnaðar við að tölvusetja Eddu II eftir Jón Leifs og koma verkinu þar með í flutningshæft form og 0,5 m.kr. til að vinna nýja gerð af Sögusinfóníu op. 26 eftir Jón Leifs.

1.90 Listir. Gerð er tillaga um 12,3 m.kr. tímabundna lækkun liðarins vegna millifærslu á aðra menningarliði og er sundurliðun liðarins sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans.

983 Ýmis fræðistörf.

1.11 Styrkir til útgáfumála. Gerð er tillaga um 18,8 m.kr. tímabundna hækkun liðarins og er sundurliðun hans sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans.

1.17 Launasjóður höfunda fræðirita. Gerð er tillaga um 7 m.kr. tímabundna hækkun á framlagi til launasjóðs höfunda fræðirita.

1.52 Skriðuklaustur. Gerð er tillaga um 7 m.kr. tímabundið framlag til fornleifarannsókna á klaustrinu sem starfrækt var á Skriðu í Fljótsdal 1493–1554 en rannsókn þar hefur staðið yfir síðan 2002.

984 Norræn samvinna.

1.90 Norræn samvinna. Gerð er tillaga um 1,5 m.kr. tímabundna hækkun liðarins og er sundurliðun hans sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans.

988 Æskulýðsmál.

1.12 Ungmennafélag Íslands. Gerð er tillaga um 25 m.kr. tímabundið framlag til félagsins til reksturs ungmenna- og tómstundabúða að Laugum í Sælingsdal sem reknar eru í samvinnu við Dalabyggð og Saurbæjarhrepp.

1.13 Bandalag íslenskra skáta. Lagt er til að framlög til skáta hækki alls um 12 m.kr. Í fyrsta lagi er gerð tillaga um 7 m.kr. framlag til að gera bandalaginu kleift að hafa þjónustumiðstöðvar á landsbyggðinni en hugmyndin er að hafa stöð á Suðurlandi, Austurlandi, Norðurlandi, Vestfjörðum, Vesturlandi og Reykjanesi.

Í öðru lagi er gerð tillaga um 3 m.kr. tímabundið framlag vegna landsmóts skáta árið 2008 sem verður haldið að Hömrum við Akureyri.

Loks er gerð tillaga um 2 m.kr. hækkun á rekstrarstyrk til Bandalags íslenskra skáta.

1.17 Landssamband KFUM og KFUK. Gerð er tillaga um 8 m.kr. hækkun á styrk til KFUM og KFUK á Íslandi.

1.90 Æskulýðsmál. Gerð er tillaga um 0,3 m.kr. tímabundna lækkun liðarins vegna millifærslu á aðra mennta- og menningarliði og er sundurliðun hans sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans.

989 Ýmis íþróttamál.

1.10 Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands. Gerð er tillaga um 5 m.kr. framlag vegna þjónustumiðstöðva ÍSÍ og jafnframt er gerð tillaga um 3 m.kr. hækkun á rekstrarstyrk Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands. Liðurinn hækkar þannig um 8 m.kr.

1.14 Íþróttasamband fatlaðra. Gerð er tillaga um 1 m.kr. hækkun á framlagi til Íþróttasambands fatlaðra vegna aukins umfangs starfseminnar.

1.21 Skáksamband Íslands. Lagt er til að framlag til Skáksambands Íslands hækki um 2 m.kr.

1.30 Bridgesamband Íslands. Gerð er tillaga um 0,2 m.kr. hækkun á framlagi til Bridgesambands Íslands.

1.90 Ýmis íþróttamál. Gerð er tillaga um 18,6 m.kr. tímabundna lækkun liðarins vegna millifærslu á aðra mennta- og menningarliði og er sundurliðun hans sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans.

6.52 Skíðasvæðið í Tungudal við Skutulsfjörð. Gerð er tillaga um 10 m.kr. tímabundið framlag til uppbyggingar skíðasvæðisins í Tungudal við Skutulsfjörð með hliðsjón af samningum sem gerðir verða um heildarfjármögnun verkefnisins.

999 Ýmislegt.

1.90 Ýmis framlög. Gerð er tillaga um 22,6 m.kr. tímabundna hækkun liðarins og er sundurliðun hans sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans.

6.90 Ýmis stofnkostnaðarframlög. Gerð er tillaga um 106,9 m.kr. tímabundna hækkun liðarins og er sundurliðun hans sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans.

03 Utanríkisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild utanríkisráðuneytis verði lækkuð um 35,6 m.kr.

101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa. Gerð er tillaga um 15 m.kr. framlag til styrkingar á alþjóða- og öryggissviði utanríkisráðuneytisins. Nú stendur yfir kosningabarátta vegna framboðs Íslands til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna og er því talið mikilvægt að mæta auknu álagi með styrkingu starfseminnar.

Einnig er gerð tillaga um 13,6 m.kr. tímabundna lækkun á liðnum vegna hagræðingarkröfu. Liðurinn hækkar þannig alls um 1,4 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

1.26 Nám í heimskautarétti. Lagt er til að veitt verði 5,0 m.kr. tímabundið framlag til tveggja ára vegna kennslu í heimskautarétti við Háskólann á Akureyri.

401 Alþjóðastofnanir.

1.73 Þróunarsjóður EFTA. Gerð er tillaga um 50 m.kr. lækkun á liðnum og að sjóðurinn gangi á inneignir sem nema um 1.500 m.kr.

1.85 Alþjóðleg friðargæsla. Lagt er til að veitt verði 58 m.kr. framlag til alþjóðlegrar friðargæslu. Um er að ræða skuldbindingu Íslands vegna friðargæsluverkefna á vegum Sameinuðu þjóðanna. Mikil aukning hefur orðið á fjölda og umfangi verkefna og því hafa gildandi fjárheimildir ekki dugað til að standa straum af þeim kostnaði sem fallið hefur á Ísland. Stærstur hluti útgjaldanna er vegna friðargæslu í Darfur-héraði í Súdan en búist er við því að það verði eitt stærsta friðargæsluverkefni samtakanna og að árlegur kostnaður Íslands verði um 52 m.kr.

1.87 Íslensk friðargæsla. Gerð er tillaga um 50 m.kr. tímabundna lækkun á liðnum og að gengið verði á inneignir.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild landbúnaðarráðuneytis verði aukin um 141,2 m.kr.

101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa. Lögð er til 24 m.kr. lækkun fjárveitingar til aðalskrifstofu ráðuneytisins vegna breytinga á Stjórnarráðinu og sameiningar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyta í eitt ráðuneyti. Áætlað er að hagræðing vegna sameiningarinnar verði 24 m.kr. á næsta ári.

Jafnframt er gerð tillaga um 6,6 m.kr. tímabundna lækkun á liðnum vegna hagræðingarkröfu.

190 Ýmis verkefni.

1.21 Landþurrkun. Gerð er tillaga um að 0,5 m.kr. til landþurrkunar á lið 04-190-1.98 færist á þennan lið og að til viðbótar komi auk þess 4 m.kr. Framlagið er ætlað til verkefna við Skjálfandafljót, 3 m.kr., og Jökulsá á Fjöllum, 1 m.kr., en óskipt framlag verður 0,5 m.kr.

1.31 Skógræktarfélag Íslands. Gerð er tillaga um 3 m.kr. tímabundið framlag til Skógræktarfélags Íslands til að opna ný skógræktarsvæði við þjóðleiðir landsins.

1.49 Úrskurðarnefndir. Lögð er til 20 m.kr. fjárheimild vegna matsnefndar sem skipuð er skv. 44. gr. laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði. Störf nefndarinnar eru tilgreind í lögunum, en nefndin annast m.a. gerð arðskráa á grundvelli laganna. Samkvæmt lögunum greiðast laun og annar kostnaður af starfsemi matsnefndar með fjárveitingum af fjárlögum. Í lögunum segir einnig að í úrskurði matsnefndar skuli kveðið á um kostnað af meðferð máls og skiptingu hans á aðila og að hann renni í ríkissjóð. Er því gert ráð fyrir að sértekjur af meðferð mála fyrir nefndinni verði jafnháar og útgjöldin.

1.90 Ýmis verkefni. Gerð er tillaga um 2,8 m.kr. tímabundna hækkun liðarins og er sundurliðun hans sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans.

1.98 Ýmis framlög landbúnaðarráðuneytis. Gerð er tillaga um að færa 0,5 m.kr. óskipt framlag til landþurrkunar af þessum lið á nýjan lið, 04-190-1.21 Landþurrkun. Sundurliðun liðarins er sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans.

271 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal.

1.01 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal. Gerð er tillaga um 5 m.kr. framlag til að starfrækja áfram vettvangsskóla í fornleifafræði á Hólum í Hjaltadal. Vettvangsskólinn hefur verið starfræktur á vegum Hólarannsóknarinnar síðan 2003.

311 Landgræðsla ríkisins.

1.01 Landgræðsla ríkisins. Gerð er tillaga um 5 m.kr. tímabundið framlag til að minnast aldarafmælis landgræðslustarfs á Íslandi.

1.90 Fyrirhleðslur. Lögð er til 12 m.kr. hækkun á liðnum og er sundurliðun hans sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans.

321 Skógrækt ríkisins.

1.01 Skógrækt ríkisins. Gerð er tillaga um 30 m.kr. hækkun á framlagi til reksturs og styrkingar á rekstrargrunni Skógræktar ríkisins.

1.10 Rannsóknastöðin Mógilsá. Gerð er tillaga um 10 m.kr. tímabundið framlag vegna rannsókna á kolefnisbindingu.

801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu.

1.02 Lífeyrissjóður bænda. Lögð er til 18 m.kr. hækkun á framlagi í Lífeyrissjóð bænda. Veitt hefur verið fé í fjárlögum hvers árs sem nægt hefur fyrir mótframlögum allra bænda í sjóðinn en núverandi framlög duga ekki lengur eftir að lögbundin mótframlög voru hækkuð úr 6% í 8%.

805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu.

1.02 Lífeyrissjóður bænda. Lögð er til 12 m.kr. hækkun á framlagi í Lífeyrissjóð bænda. Veitt hefur verið fé í fjárlögum hvers árs sem nægt hefur fyrir mótframlögum allra bænda í sjóðinn en núverandi framlög duga ekki lengur eftir að lögbundin mótframlög voru hækkuð úr 6% í 8%.

831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins.

6.20 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins. Gerð er tillaga um 100 m.kr. lækkun á liðnum og að gengið verði á inneignir.

840 Stuðningur við fiskeldi.

1.01 Stuðningur við fiskeldi. Gerð er tillaga um 170 m.kr. tímabundið framlag á árinu 2008 til að efla rannsóknir og markaðsstarf í fiskeldi. Á árunum 1992–1993 veitti landbúnaðarráðuneytið sérstök rekstrarlán til fiskeldisfyrirtækja að fjárhæð 300 m.kr. Myndast hefur sjóður í tengslum við endurgreiðslur þessara lána sem nú nemur um 170 m.kr. og er lagt til að honum verði öllum varið til rannsókna og þróunar í fiskeldi. Gert er ráð fyrir að fiskeldishópur AVS, rannsóknarsjóðs í sjávarútvegi, ákvarði árleg framlög.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild sjávarútvegsráðuneytis verði aukin um 190,2 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

1.21 Fiskifélag Íslands, sjóvinnukennsla. Gerð er tillaga um 6 m.kr. tímabundið framlag til að halda úti skólaskipinu Dröfn.

1.90 Ýmislegt. Gerð er tillaga um 3 m.kr. tímabundna hækkun liðarins og er sundurliðun hans sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans.

1.98 Ýmis framlög sjávarútvegsráðuneytisins. Lagt er til 80 m.kr. tímabundið framlag til fjögurra verkefna og er tillagan hluti af mótvægisaðgerðum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í þorskveiðum. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir 20 m.kr. til rannsókna á eldi sjávardýra á Patreksfirði, í öðru lagi 20 m.kr. til sjávarlíftækniseturs á Skagaströnd, í þriðja lagi 20 m.kr. til sjávarrannsóknarseturs í Ólafsvík, og loks í fjórða lagi 20 m.kr. til samvinnuverkefnis Versins á Sauðárkróki, Matís ohf. og Háskólans á Hólum um frekari uppbyggingu á líftækni- og fiskeldisaðstöðu á Sauðárkróki. Tillagan er hluti af mótvægisaðgerðum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í þorskveiðum. Sundurliðun liðarins er sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans

202 Hafrannsóknastofnunin.

1.01 Hafrannsóknastofnunin. Alls er lögð til 102,2 m.kr. hækkun á þessum lið. Í fyrsta lagi er lögð til 51,2 m.kr. tímabundin fjárveiting til athugana á umhverfi og lífríki fyrirhugaðs olíuleitarsvæðis á Drekasvæði við Jan Mayen-hrygg. Í tengslum við undirbúning á útboði sérleyfa til leitar, rannsókna og vinnslu á olíu og gasi á svæðinu er lögð áhersla á að samtímis verði gerðar athuganir á lífríkinu. Svæðið er tiltölulega lítið rannsakað og eru rannsóknir á umhverfisáhrifum því grundvöllur þess að unnt sé að meta ávinning og áhættu við fyrirhugaða olíu- og gasleit. Fyrirhugað er að gera m.a. nákvæmt kort af botngerð og lögun svæðisins með fjölgeislamælingum en slíkt kort auðveldar mat á straumum, skilyrðum lífvera á og við botninn og útbreiðslu þeirra. Þá er gert ráð fyrir að búsvæði og lífverusamfélög verði kortlögð á þeim svæðum sem líklegast er að verði fyrir röskun vegna rannsókna og vinnslu á olíu og gasi. Stefnt er að því að rannsóknir þessar fari fram á árunum 2008 og 2009 og mun kostnaður við þær skiptast þannig að

á árinu 2008 verði 51,2 m.kr. veitt til verkefnisins og 32,4 m.kr. árið 2009. Tillagan er hluti af sameiginlegu verkefni iðnaðarráðuneytis, sjávarútvegsráðuneytis og umhverfisráðuneytis um leit, rannsóknir og vinnslu á olíu og gasi á Drekasvæði árin 2008 til og með 2011. Heildarkostnaður vegna verkefnisins verður 175,6 m.kr. árið 2008, 108,6 m.kr. árið 2009, 66,6 m.kr. árið 2010 og 73,6 m.kr. árið 2011.

Þá er lagt til að veita 50 m.kr. tímabundið framlag í tvö ár til svonefnds togararalls sem gegnir mikilvægu hlutverki við mat á ástandi þorskstofnsins og styrkleika uppvaxandi árganga. Ljóst þykir að stækkun svæða, bæði á grunnslóð og djúpslóð, vegna breytinga sem nú virðast eiga sér stað á ástandi sjávar og útbreiðslu fisktegunda við Ísland er óhjákvæmileg. Í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2007 er jafnframt gert ráð fyrir 50 m.kr. framlagi til verkefnisins. Tillagan er hluti af mótvægisaðgerðum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í þorskveiðum.

Loks er gerð tillaga um 1 m.kr. hækkun á framlagi vegna aukins húsaleigukostnaðar við að Hafrannsóknastofnunin verður flutt á milli hæða á Skúlagötunni.

6.21 Húsnæði. Lagt er til að veita 22 m.kr. tímabundið framlag í eitt ár vegna breytinga á húsnæði í tengslum við flutning Hafrannsóknastofnunarinnar á milli hæða að Skúlagötu 4.

204 Fiskistofa.

1.01 Fiskistofa. Gerð er tillaga um tímabundna 30 m.kr. lækkun á liðnum og að gengið verði á höfuðstól.

206 Matvælarannsóknir.

1.01 Matvælarannsóknir. Gerð er tillaga um 7 m.kr. framlag til að mæta hærri húsnæðiskostnaði vegna flutnings hluta starfseminnar af Skúlagötu 4 í Borgartún 21.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild dóms- og kirkjumálaráðuneytis verði aukin um 56,4 m.kr.

101 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa. Gerð er tillaga um 5,2 m.kr. tímabundna lækkun á liðnum vegna hagræðingarkröfu.

111 Kosningar.

1.10 Kosningar. Lögð er til 3,8 m.kr. fjárveiting til að standa undir kostnaði við sérfræðivinnu á vegum landskjörstjórnar við útreikninga og gerð kynningarefnis.

190 Ýmis verkefni.

1.45 Mannréttindamál. Gerð er tillaga um 10 m.kr. framlag til Mannréttindaskrifstofu Íslands.

1.47 Íslensk ættleiðing. Gerð er tillaga um 3 m.kr. tímabundið framlag til Íslenskrar ættleiðingar.

303 Ríkislögreglustjóri.

1.01 Ríkislögreglustjóri. Lagt er til að 6 m.kr. af fjárheimildum ríkislögreglustjóra verði færðar til lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Skýrist það af því að leyfisveitingar vegna framleiðslu, innflutnings og heildsölu áfengis flytjast á milli embættanna. Breyting þessi er vegna endurskoðunar sem gerð var á verkefnum lögreglu og sýslumanna í kjölfar setningar laga nr. 46/2006. Með breytingunni færist einn starfsmaður milli embættanna með verkefninu.

310 Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu.

1.01 Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu. Lagt er til að 6 m.kr. af fjárheimildum ríkislögreglustjóra verði færðar til lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Skýrist það af því að leyfisveitingar vegna framleiðslu, innflutnings og heildsölu áfengis flytjast á milli embættanna. Breyting þessi er vegna endurskoðunar sem gerð var á verkefnum lögreglu og sýslumanna í kjölfar setningar laga nr. 46/2006. Með breytingunni færist einn starfsmaður milli embættanna með verkefninu.

395 Landhelgisgæsla Íslands.

1.90 Landhelgisgæsla Íslands. Lagt er til að fjárheimild stofnunarinnar hækki um 94,3 m.kr. Þann 7. september sl. samþykkti ríkisstjórnin að heimila dómsmálaráðuneytinu að leigja aftur þyrluna TF-OBX frá norska fyrirtækinu Airlift í kjölfar þess að þyrla Landhelgisgæslunnar, TF-SIF, nauðlenti við Straumsvík í ágústmánuði. Falla þá til útgjöld við leigu, tryggingar, eldsneyti, varahluti o.fl. umfram útgjöldin sem stofnunin hafði af því að halda úti TF-SIF, sem var bæði eldri og minni þyrla. Auk þess hefur áætlun um umsvif þyrlusveitar stofnunarinnar verið endurskoðuð með hliðsjón af forsendum sem breyst hafa frá því sem reiknað var með í fjárlögum fyrir árið 2007. Áætlunin byggist á heildstæðri úttekt dómsmálaráðuneytis og Landhelgisgæslunnar á flestum kostnaðarþáttum í þyrlurekstri stofnunarinnar.

Gert er ráð fyrir að tímabundin framlög að fjárhæð 54 m.kr. sem veitt voru í fjárlögum 2007 í tengslum við uppbyggingu þyrlusveitar stofnunarinnar falli niður. Aðallega er um að ræða framlög til kaupa á ýmsum búnaði fyrir áhafnir og í þyrlurnar og til uppbyggingar á varahlutalager.

431 Sýslumaðurinn á Hvolsvelli.

1.20 Löggæsla. Gerð er tillaga um 1,5 m.kr. framlag til uppbyggingar varðstöðvar lögreglu í Vík í Mýrdal.

701 Þjóðkirkjan.

6.28 Þingeyraklausturskirkja. Gerð er tillaga um 3 m.kr. tímabundið framlag til byggingar þjónustuhúss við Þingeyraklausturskirkju.

07 Félagsmálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild félagsmálaráðuneytis verði aukin um 1.069 m.kr.

101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa. Gerð er tillaga um 4,5 m.kr. tímabundna lækkun á liðnum vegna hagræðingarkröfu.

190 Ýmis verkefni.

1.10 Fastanefndir. Lagt er til að fjárveiting hækki um 4 m.kr. vegna aukinna útgjalda hjá kærunefnd jafnréttismála. Í frumvarpi til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla sem bíður afgreiðslu Alþingis eru ýmis nýmæli er varða málsmeðferð fyrir kærunefndinni sem leitt geta til kostnaðarauka.

313 Jafnréttisstofa.

1.01 Jafnréttisstofa. Lagt er til að fjárveiting Jafnréttisstofu hækki um 20 m.kr. með vísan til frumvarps til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla sem bíður afgreiðslu Alþingis. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að starfsemi Jafnréttisstofu verði efld.

701 Málefni fatlaðra, Reykjavík.

1.01 Almennur rekstur. Gerð er tillaga um 5 m.kr. tímabundið framlag til foreldra sem annast alvarlega veik börn sín.

707 Málefni fatlaðra, Austurlandi.

1.30 Verndaðir vinnustaðir. Gerð er tillaga um 3 m.kr. tímabundið framlag til vinnustaðar aldraðra, öryrkja og fatlaðra á Vopnafirði, Jónsvers.

795 Framkvæmdasjóður fatlaðra.

6.01 Framkvæmdasjóður fatlaðra. Gerð er tillaga um 75 m.kr. framlag til að mæta verkefnastöðu í stofnframkvæmdum.

980 Vinnumálastofnun.

1.01 Vinnumálastofnun. Gerð er tillaga um 45 m.kr. tímabundið framlag til að efla vinnumarkaðsúrræði. Samdráttur í sjávarútvegi og spár um tæplega 4% atvinnuleysi á næsta ári munu auka þörf fyrir stuðningsaðgerðir og vinnumarkaðsúrræði á vegum Vinnumálastofnunar. Auk þessarar tillögu er gert ráð fyrir 15 m.kr. framlagi í frumvarpi til fjáraukalaga 2007 þannig að alls er áformað að verja 60 m.kr. til þessa verkefnis. Tillagan er hluti af mótvægisaðgerðum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti þorskveiðum.

984 Atvinnuleysistryggingasjóður.

1.25 Styrkir til fiskvinnslustöðva. Gerð er tillaga um 140 m.kr. tímabundið framlag til að auka svigrúm fiskvinnslufyrirtækja til að halda starfsfólki á launaskrá þrátt fyrir minnkandi þorskveiðar. Í samráði við Samtök fiskvinnslustöðva hefur verið ákveðið að leggja til við Alþingi að breyta lögum um hámark greiðsludaga til fyrra horfs þannig að þeir verði 60 í stað 45 og að lengsta samfellda lota geti orðið 30 dagar í stað 20. Samtals er gert ráð fyrir 217 m.kr. fjárveitingu á fjáraukalögum 2007 og fjárlögum 2008 vegna þessa. Tillagan er hluti af mótvægisaðgerðum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í þorskveiðum.

1.41 Framlög og styrkir. Lagt er til að veitt verði 25 m.kr. tímabundið framlag í sérstakt átak til að styrkja atvinnumál kvenna. Ljóst er að samdráttur í sjávarútvegi mun valda auknu atvinnuleysi meðal kvenna í sjávarbyggðum. Mæta þarf vanda þeirra kvenna sem kunna að missa störf í kjölfar minnkandi þorskveiða. Styrkveitingar til atvinnumála kvenna hafa í mörgum tilvikum gert konum kleift að skapa nýja atvinnustarfsemi og um leið draga úr atvinnuleysi meðal þeirra. Gert er ráð fyrir að veitt verði aukið fjármagn til verkefnisins í gegnum Vinnumálastofnun bæði á fjáraukalögum 2007 og á fjárlögum 2008, samtals að fjárhæð 40 m.kr. Er vonast til að fjárveitingin leiði til þess að um 100–150 konur finni sér nýjan starfsvettvang. Tillagan er hluti af mótvægisaðgerðum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í þorskveiðum.

989 Fæðingarorlof.

1.11 Fæðingarorlofssjóður. Gerð er tillaga um 440 m.kr. hækkun á framlagi til Fæðingarorlofssjóðs. Áætluð útgjöld ársins 2008 hafa verið enduskoðuð í ljósi þróunar útgjalda það sem af er þessu ári.

999 Félagsmál, ýmis starfsemi.

1.34 Geysir, vinnumiðlun fyrir geðfatlaða. Gerð er tillaga um 4 m.kr. hækkun á framlagi til klúbbsins Geysis sem aðstoðar fólk sem á eða hefur átt við geðraskanir að stríða við að verða aftur virkt í þjóðfélaginu.

1.36 *Félagið Geðhjálp.* Gerð er tillaga um 2 m.kr. framlag til rekstrar mötuneytis. Þar borða að jafnaði 30 manns daglega en samhliða því að sjá fólki sem ekki á í önnur hús að venda fyrir staðgóðum og næringarríkum mat er fólkið þjálfað í matreiðslu og öðrum störfum þar að lútandi.

1.37 Strókur, vinnumiðlun fyrir geðfatlaða. Gerð er tillaga um 2 m.kr. hækkun á framlagi til klúbbsins Stróks sem er félagsskapur fyrir fólk sem á eða hefur átt við geðræn vandamál að stríða.
1.40 Kvennaathvarf í Reykjavík. Gerð er tillaga um 6 m.kr. hækkun á framlagi til Samtaka um kvennaathvarf.
1.45 Þjónusta við blinda og sjónskerta. Gerð er tillaga um 16 m.kr. framlag til þjónustu við blinda og sjónskerta. Samtals er gert ráð fyrir 72 m.kr. til bráðaaðgerða til að bæta þjónustu við blinda og sjónskertra. Þar af eru 20 m.kr. í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2007. Fjárhæðirnar skiptast á félagsmálaráðuneyti, menntamálaráðuneyti og heilbrigðisráðuneyti. Áætlað er fyrir þremur nýjum stöðum vegna þjálfunar hjá Sjónstöð Íslands. Einnig er gert ráð fyrir að ráðið verði í þrjár stöður blindrakennara og kennsluráðgjafa sem munu starfa á öllum skólastigum um allt land. Með þessari tillögu er ætlað að hefja starfsemi nýrrar þjónustumiðstöðvar fyrir blinda og sjónskerta. Áformað er að starfsemi Sjónstöðvar Íslands og fleiri verkefni á þessu sviði færist til þjónustumiðstöðvarinnar.
1.48 Fjölmenningarsetur á Ísafirði. Gerð er tillaga um 26 m.kr. tímabundið framlag í tvö ár til Fjölmenningarseturs á Vestfjörðum. Í því felst m.a. að ráðið verður í stöður upplýsingafulltrúa, túlka og þróunarfulltrúa. Er verkefninu einkum ætlað að koma til móts við einstaklinga af erlendum uppruna sem kunna að missa störf vegna aflasamdráttar. Gert er ráð fyrir 6,5 m.kr. framlagi á fjáraukalögum 2007 þannig að alls er áformað að verja 58,5 m.kr. til verkefnisins. Tillagan er hluti af mótvægisaðgerðum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í þorskveiðum.
1.59 Til sveitarfélaga sem verða fyrir aflasamdrætti. Gerð er tillaga um 250 m.kr. tímabundið framlag í tvö ár til að koma til móts við þau sveitarfélög sem verða fyrir tekjumissi vegna tímabundins samdráttar í þorskveiðum. Ljóst er að aflasamdráttur mun leiða til tekjuminnkunar hafna víða um land auk þess sem aukið atvinnuleysi veldur lækkandi skatttekjum bæði hjá ríki og sveitarfélögum. Gert er ráð fyrir jafnháu framlagi í fjáraukalagafrumvarpi 2007 þannig að fyrirhugað er að alls verði veittar 750 m.kr. til þess að koma til móts við lækkandi tekjur sveitarfélaga af þessum sökum. Ráðstöfun þessa fjár verður ákveðin í samráði við félagsmálaráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga. Tillagan er hluti af mótvægisaðgerðum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í þorskveiðum.
1.90 Ýmis framlög. Gerð er tillaga um 10,5 m.kr. tímabundna hækkun liðarins og er sundurliðun hans sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis verði aukin um 369 m.kr.

101 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa. Gerð er tillaga um 7,5 m.kr. tímabundna lækkun á liðnum vegna hagræðingarkröfu.

206 Sjúkratryggingar.

1.45 Brýn meðferð erlendis. Lagt er til að 4 m.kr. verði færðar af liðnum til Landspítala til að efla meðferð hér á landi við gáttatifi en þær aðgerðir hafa verið gerðar í útlöndum til þessa. Á undanförnum árum hefur Tryggingastofnun ár hvert greitt að meðaltali fyrir

fjórar aðgerðir en gera má ráð fyrir að 30–40 einstaklingar gætu þurft slíka meðferð árlega.

301 Landlæknir.

1.01 Landlæknir. Lögð er til 31,1 m.kr. lækkun á gjöldum og sértekjum landlæknisembættisins en í frumvarpinu var lögð til breyting á rekstrarumfangi embættisins til samræmis við ríkisreikning. Aukið rekstrarumfang síðastliðin ár er vegna þátttöku í tímabundnum verkefnum sem er lokið. Lagt er til að tillagan gangi til baka en það hefur ekki áhrif á framlag úr ríkissjóði.

326 Sjónstöð Íslands.

1.01 Sjónstöð Íslands. Gerð er tillaga um 6 m.kr. fjárveitingu til viðbótar við 16 m.kr. framlag sem lagt var til í frumvarpinu til að bæta þjónustu við blinda og sjónskerta í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar. Áformað er að ráða í þrjár stöður umferlis- og ADL-þjálfa en tillaga frumvarpsins miðaðist aðeins við tvo þjálfa ásamt starfstengdum kostnaði.

327 Geislavarnir ríkisins.

1.01 Geislavarnir ríkisins. Lögð er til 10,9 m.kr. lækkun á gjöldum og sértekjum stofnunarinnar en í frumvarpinu var lögð til breyting á rekstrarumfangi til samræmis við ríkisreikning. Við nánari athugun kom í ljós að aukið rekstrarumfang stofnunarinnar var vegna þátttöku í tímabundnu norrænu samstarfi sem lýkur um áramótin. Lagt er til að tillagan gangi til baka en það hefur ekki áhrif á framlag úr ríkissjóði.

358 Sjúkrahúsið á Akureyri.

1.01 Sjúkrahúsið á Akureyri. Gerð er tillaga um 50 m.kr. fjárveitingu til að styrkja núverandi starfsemi Sjúkrahússins á Akureyri og gera því kleift að taka við auknum verkefnum. Fjárveitingin kemur til viðbótar 82 m.kr. hækkun rekstrargrunns í frumvarpinu og tillögu um 206 m.kr. fjárveitingu í fjáraukalagafrumvarpi 2007. Með fjárveitingunni á greiðslustaða sjúkrahússins að vera í jafnvægi og gerir það stjórnendum þess kleift að reka stofnunina innan fjárheimilda.

373 Landspítali.

1.01 Landspítali. Gerð er tillaga um 200 m.kr. fjárveitingu til að styrkja núverandi rekstur sjúkrahússins. Framlagið kemur til viðbótar 820 m.kr. hækkun rekstrargrunns í frumvarpinu og tillögu um 1.800 m.kr. fjárveitingu í fjáraukalagafrumvarpi 2007. Með þessari fjárveitingu á greiðslustaða sjúkrahússins að vera í jafnvægi og gerir það stjórnendum þess kleift að reka stofnunina innan fjárheimilda.

Lagt er til að 4 m.kr. verði færðar til Landspítala af lið sjúkratrygginga til meðferðar á gáttatifi en þær aðgerðir hafa farið fram í útlöndum til þessa. Á undanförnum árum hefur Tryggingastofnun ár hvert greitt að meðaltali fyrir fjórar aðgerðir en gera má ráð fyrir að 30–40 einstaklingar gætu þurft á slíkri meðferð að halda árlega.

376 Bygging hátæknisjúkrahúss á lóð Landspítalans.

6.21 Bygging hátæknisjúkrahúss á lóð Landspítalans. Lögð er til 700 m.kr. tímabundin lækkun á framlagi til byggingar sjúkrahúss á lóð Landspítalans þannig að það verði 800 m.kr. á árinu 2008. Er ljóst að framkvæmdir munu ekki fara eins hratt af stað og áformað var í fyrri áætlun.

379 Sjúkrahús, óskipt.

1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa. Gerð er tillaga um 9,8 m.kr. tímabundna fjárveitingu til aðgerðaráætlunar vegna ofbeldis á heimilum og vegna kynferðisofbeldis. Samkvæmt áætluninni er gert ráð fyrir að á tímabilinu 2007– 2011 falli samtals 36 m.kr. kostnaður á heilbrigðisráðuneytið sem að stærstum hluta er vegna sérfræðings á neyðar-

móttöku Landspítala og vegna foreldrafræðslu innan heilsugæslunnar. Á árinu 2007 er gert ráð fyrir 2,2 m.kr. kostnaði, 9,8 m.kr. kostnaði árið 2008 og 8 m.kr. kostnaði árlega árin 2009–2011.

397 Lyfjastofnun.

1.01 Lyfjastofnun. Lögð er til 20,7 m.kr. lækkun á gjöldum og sértekjum stofnunarinnar en í frumvarpinu var lögð til breyting á rekstrarumfangi hennar til samræmis við ríkisreikning. Samkvæmt nánari greiningu er talið að sértekjur á næsta ári verði minni og er því lagt til að tillagan gangi til baka en hún hefur ekki áhrif á framlag úr ríkissjóði.

399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi.

1.33 Samband íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga. Gerð er tillaga um 5 m.kr. hækkun á framlagi til SÍBS.

1.34 Hjartaheill. Gerð er tillaga um 2 m.kr. hækkun á framlagi til Hjartaheilla, landssamtaka hjartasjúklinga.

1.58 Krýsuvíkurskóli, vist- og meðferðarheimili. Gerð er tillaga um 10 m.kr. hækkun á framlagi til Krýsuvíkursamtakanna vegna meðferðarheimilisins í Krýsuvík.

1.90 Ýmis framlög. Gerð er tillaga um 31,1 m.kr. tímabundna hækkun liðarins og er sundurliðun hans sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans.

474 Dagvist og endurhæfingarstöð MS-sjúklinga.

6.21 Húsnæði. Gerð er tillaga um 15 m.kr. tímabundið framlag til viðbyggingar við húsnæði MS-félags Íslands.

506 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu.

1.01 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu. Farið er fram á 10 m.kr. fjárveitingu svo að unnt verði að ráða tímabundið í 1,5 stöðugildi sálfræðings. Áformað er að veita sálfræðiþjónustu hópi heyrnarlausra nemenda sem urðu fyrir ofbeldi í heimavist Heyrnleysingjaskóla Íslands. Er þjónustan hliðstæð þeirri sem ríkisstjórn Íslands ákvað að veita þeim einstaklingum sem urðu fyrir ofbeldi á opinberum meðferðar- og dvalarheimilum.

700 Heilbrigðisstofnanir.

6.87 Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Lögð er til 160 m.kr. tímabundin fjárveiting til að flýta framkvæmdum við 1. hæð viðbyggingar við Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Með því er áformað að flýta fyrir flutningi heilsugæsluþjónustu úr sjúkrahúsbyggingunni og skapa þar aðstöðu fyrir aðra starfsemi. Gert er ráð fyrir 160 m.kr. til framkvæmdanna á árinu 2009 sem er lokaframlag.

Gerð er tillaga um 20 m.kr. tímabundna hækkun á framlagi til að flýta gerð viðbygginga Heilbrigðisstofnunar Suðurlands. Áformað er að þar verði 40 rúma hjúkrunardeild á 2. og 3. hæð. Er áformað að rekstur hefjist í byrjun apríl á næsta ári en jafnframt þarf að gera aðstöðu fyrir sjúkraþjálfun sem flyst frá Ljósheimum.

711 Heilbrigðisstofnunin Akranesi.

1.11 Sjúkrasvið. Gerð er tillaga um 59 m.kr. fjárveitingu til að styrkja núverandi rekstur sjúkrahússins og gera því kleift að taka við auknum verkefnum. Við 2. umræðu um frumvarp til fjáraukalaga 2007 var gerð tillaga um 116 m.kr. fjárveitingu til að greiðslustaða sjúkrahússins verði í jafnvægi í árslok. Með þessum fjárveitingum er stjórnendum sjúkrahússins gert kleift að reka stofnunina innan fjárheimilda.

745 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi.

1.11 Sjúkrasvið. Gerð er tillaga um 20 m.kr. lækkun á gjöldum og sértekjum stofnunarinnar en í frumvarpinu var lögð til breyting á rekstrarumfangi hennar til samræmis við ríkisreikning. Stofnunin hefur haft tekjur vegna dvalardeildar frá Tryggingastofnun en

fyrir liggur að dvalardeildin verður lögð niður á næsta ári. Lagt er til að tillagan gangi til baka en hún hefur ekki áhrif á framlag úr ríkissjóði.

777 Heilbrigðisstofnun Austurlands.

1.01 Heilsugæslusvið. Lögð er til 15 m.kr. lækkun á gjöldum og sértekjum stofnunarinnar en í frumvarpinu var lögð til breyting á rekstrarumfangi hennar til samræmis við ríkisreikning. Stofnunin hefur haft tímabundnar tekjur vegna framkvæmda á Kárahnjúkum en fyrirséð er að þær muni lækka á næsta ári og væntanlega falla niður ári síðar. Lagt er til að tillagan gangi til baka en hún hefur ekki áhrif á framlag úr ríkissjóði.

781 Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum.

1.01 Heilsugæslusvið. Lögð er til samtals 10 m.kr. lækkun sértekna hjá Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja, en þar af eru 2 m.kr. á heilsugæslusviði. Er breytingin í samræmi við sértekjur í ríkisreikningi síðasta árs.

1.11 Sjúkrasvið. Lögð er til samtals 10 m.kr. lækkun sértekna hjá Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja, en þar af eru 2 m.kr. á sjúkrasviði. Er breytingin í samræmi við sértekjur í ríkisreikningi síðasta árs.

1.21 Hjúkrunarrými. Lögð er til samtals 10 m.kr. lækkun sértekna hjá Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja, en þar af eru 6 m.kr. á hjúkrunarsviði. Er breytingin í samræmi við sértekjur í ríkisreikningi síðasta árs.

787 Heilbrigðisstofnun Suðurlands.

1.11 Sjúkrasvið. Gerð er tillaga um 132 m.kr. fjárveitingu til að styrkja núverandi rekstur sjúkrahússins og gera því kleift að taka við auknum verkefnum. Við 2. umræðu um frumvarp til fjáraukalaga 2007 var gerð tillaga um 208 m.kr. fjárveitingu til að greiðslustaða sjúkrahússins verði í jafnvægi í árslok. Með þessum fjárveitingum er stjórnendum sjúkrahússins gert kleift að reka stofnunina innan fjárheimilda.

1.21 Hjúkrunarrými. Gerð er tillaga um 71,6 m.kr. fjárveitingu til að taka í notkun 14 ný hjúkrunarrými í viðbyggingu Heilbrigðisstofnunar Suðurlands frá byrjun apríl 2008. Í annarri tillögu er lagt til að framkvæmdum við bygginguna verði flýtt og þangað flytjist 26 hjúkrunarrými úr Ljósheimum ásamt aðstöðu til sjúkraþjálfunar.

791 Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.

1.11 Sjúkrasvið. Gerð er tillaga um 60 m.kr. fjárveitingu til að styrkja núverandi rekstur sjúkrahússins og gera því kleift að taka við auknum verkefnum. Við 2. umræðu um frumvarp til fjáraukalaga 2007 var gerð tillaga um 84 m.kr. fjárveitingu til að greiðslustaða sjúkrahússins verði í jafnvægi í árslok. Með þessum fjárveitingum er stjórnendum sjúkrahússins gert kleift að reka stofnunina innan fjárheimilda.

Þá er gerð tillaga um 46 m.kr. fjárveitingu til sjúkrahússins til að styrkja klíníska starfsemi þess þannig að betri nýting fáist með þeim mannafla sem fyrir er og það geti jafnframt sinnt fleiri verkefnum.

795 St. Jósefsspítali, Sólvangur.

1.11 St. Jósefsspítali, Sólvangur. Gerð er tillaga um 179 m.kr. fjárveitingu til að styrkja núverandi rekstur sjúkrahússins og gera því kleift að taka við auknum verkefnum. Við 2. umræðu um frumvarp til fjáraukalaga 2007 var gerð tillaga um 306 m.kr. fjárveitingu til að greiðslustaða sjúkrahússins verði í jafnvægi í árslok. Með þessum fjárveitingum er stjórnendum sjúkrahússins gert kleift að reka stofnunina innan fjárheimilda.

09 Fjármálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild fjármálaráðuneytis verði lækkuð um 1.556,9 m.kr.

101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa. Lagt er til að millifærðar verði 6,5 m.kr. af aðalskrifstofu fjármálaráðuneytisins á sérstakt viðfangsefni vegna sérfræðikostnaðar í tengslum við kröfugerð ríkisins í þjóðlendumálum. Í ljósi verkefnisins er eðlilegt að haldið sé sérstaklega utan um kostnaðinn. Auk þess er um að ræða mjög breytileg útgjöld milli ára sem skekkja áætlanagerð og rekstrarstöðu fjármálaráðuneytisins ef þau eru gjaldfærð á aðalskrifstofuna.

Þá er gerð tillaga um 9,5 m.kr. tímabundna lækkun á liðnum vegna hagræðingarkröfu.

103 Fjársýsla ríkisins.

1.01 Almennur rekstur. Lagt er til að millifærðar verði 30 m.kr. af viðfangsefni fjárhags- og mannauðshluta stofnunarinnar á viðfangsefni fyrir almennan rekstur hennar. Heildarfjárveiting til stofnunarinnar verður hins vegar óbreytt. Um er að ræða aukna vinnu starfsfólks stofnunarinnar við rekstur fjárhags- og mannauðskerfa. Þar að auki er þróun kerfanna í auknum mæli á ábyrgð stofnunarinnar.

1.47 Fjárhags- og starfsmannakerfi ríkisins. Lagt er til að millifærðar verði 30 m.kr. af viðfangsefni fjárhags- og mannauðshluta stofnunarinnar á viðfangsefni fyrir almennan rekstur hennar. Heildarfjárveiting til stofnunarinnar verður hins vegar óbreytt. Um er að ræða aukna vinnu starfsfólks stofnunarinnar við rekstur fjárhags- og mannauðskerfanna. Þar að auki er þróun kerfanna í auknum mæli á ábyrgð stofnunarinnar.

391 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða.

1.13 Sérstök framlög. Gerð er tillaga um 100 m.kr. tímabundna fjárveitingu í eitt ár á þessum lið vegna örorkulífeyrisþega.

402 Fasteignamat ríkisins.

1.01 Fasteignamat ríkisins. Lögð er til 223 m.kr. útgjaldaheimild til viðbótar við þá heimild sem er að finna í fjárlögum ársins 2007. Auk þess er lagt til að sértekjur hækki um 77,9 m.kr. Um er að ræða breytt fyrirkomulag á útgjöldum, tekjuöflun og fjármögnun stofnunarinnar í samræmi við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna. Er það í samræmi við tillögur starfshóps sem fjármálaráðherra skipaði á árinu um málefni stofnunarinnar. Samkvæmt tillögunum er lagt til að mörkuðum tekjum verði breytt þannig að umsýslugjald, að fjárhæð 325 m.kr. á fjárlögum þessa árs, og aðrar rekstrartekjur af fasteignamatsskrá, að fjárhæð 171,6 m.kr., falli niður. Þá gera tillögurnar ráð fyrir að almennur rekstur nemi 640 m.kr. Á hinn bóginn er lagt til að 100 m.kr. stofnkostnaður, sem tengist umsýslugjaldi, falli niður. Gert er ráð fyrir að fjármögnun útgjalda verði með þeim hætti að sértekjur stofnunarinnar verði 80 m.kr. og beint framlag greitt úr ríkissjóði verði 167 m.kr. Lagt verði á fasteignamatsgjald að fjárhæð 259 m.kr. og brunabótamatsgjald að fjárhæð 134 m.kr. Nánar er fjallað um tekjur stofnunarinnar í greinargerð með framangreindu lagafrumvarpi.

Einnig er gert ráð fyrir að beint framlag úr ríkissjóði hækki um 148,7 m.kr. og verði alls 167 m.kr. Samkvæmt frumvarpi til breytinga á lögum um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001, er gert ráð fyrir að tekjur stofnunarinnar af mörkuðum tekjum taki breytingum. Um er að ræða breytt fyrirkomulag á útgjöldum, tekjuöflun og fjármögnun stofnunarinnar í samræmi við tillögur starfshóps um málefni Fasteignamats ríkisins sem fjármálaráðherra skipaði á árinu.

6.02 Landskrá fasteigna. Í samræmi við tillögur starfshóp um málefni Fasteignamats ríkisins er gert ráð fyrir að stofnkostnaður að fjárhæð 100 m.kr. falli niður. Gert er ráð fyrir að fjárheimildin færist þess í stað undir hefðbundinn rekstur stofnunarinnar.

973 Tapaðar kröfur og tjónabætur.

6.11 Tapaðar kröfur. Gerð er tillaga um 110 m.kr. tímabundna lækkun á liðnum en hann hefur ekki verið nýttur undanfarin ár.

981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs.

5.25 Viðhald fasteigna á svæðum sem verða fyrir aflasamdrætti. Lagt er til að veitt verði 333 m.kr. tímabundið framlag í tvö ár til framkvæmda við endurbætur og viðhald fasteigna og mannvirkja í eigu ríkisins, bæði á vegum Fasteigna ríkissjóðs og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins. Nánari ákvörðun um tilhögun verkefnisins verður tekin af fjármálaráðherra á tímabilinu og verður sérstaklega litið til þeirra sveitarfélaga og svæða þar sem í ljós kemur að aflasamdráttur leiði til fækkunar starfa. Fyrirhugað er að fjárheimildir verði færðar af þessum lið til Fasteigna ríkissjóð og viðkomandi fjárlagaliða heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins eftir því hvaða framkvæmdir verða ákveðnar. Gert er ráð fyrir jafnháu framlagi í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2007 þannig að áformað er að verja allt að 1.000 m.kr. til þessara framkvæmda. Tillagan er hluti af mótvægisaðgerðum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í þorskveiðum.

989 Launa- og verðlagsmál.

1.90 Launa- og verðlagsmál. Gerð er tillaga um 200 m.kr. tímabundna lækkun á liðnum. Varasjóður á móti óskiptum liðum falli niður.

993 Ráðstafanir vegna samdráttar í heimiluðum þorskafla.

1.01 Ráðstafanir vegna samdráttar í heimiluðum þorskafla og *6.51 Ráðstafanir vegna samdráttar í heimiluðum þorskafla.* Á þessum lið er gert ráð fyrir samtals 1.775 m.kr. fjárheimild til að standa straum af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin hefur ákveðið til eflingar á atvinnulífi svæða sem verða fyrir samdrætti í heimiluðum þorskafla á næsta fiskveiðiári. Þar af eru 1.102 m.kr. vegna framlaga sem teljast til rekstrargjalda og tilfærsluframlaga og 673 m.kr. vegna framlaga sem teljast til stofnkostnaðar og er lagt til að fjárheimildin falli niður þar sem gert hefur verið ráð fyrir fjárveitingum til einstakra verkefna í þessu skyni hjá viðkomandi ráðuneytum eins og fram kemur í öðrum breytingartillögum við frumvarpið.

994 Virðisaukaskattur ríkisstofnana af tölvuvinnslu.

1.01 Virðisaukaskattur ríkisstofnana af tölvuvinnslu. Gerð er tillaga um 71,2 m.kr. fjárheimild á þessum nýja fjárlagalið. Nú er endurgreiddur virðisaukaskattur af tiltekinni hugbúnaðargerð og tölvuþjónustu sem unnin er af háskólamenntuðum sérfræðingum. Nær það almennt til þess sem kalla má forritun og hugbúnaðargerð en ekki til vinnslu, skráningar og daglegs reksturs tölvukerfa. Nú hefur verið ákveðið að endurgreiða ríkisstofnunum einnig virðisaukaskatt af slíkum verkefnum sem keypt eru af einkafyrirtækjum. Tilgangurinn með því er að vinna að framgangi útvistunarstefnu ríkisins og gera einkafyrirtæki jafnsett rekstri á vegum hins opinbera þegar ríkisstofnanir taka ákvarðanir um hvort tölvuvinnsla fer fram á þeirra eigin vegum eða er aðkeypt. Þar sem ekki er ætlunin að þessar viðbótarendurgreiðslur nái til annarra óskattskyldra aðila, svo sem sveitarfélaga eða bankastofnana, er ekki farin sú leið að gera þetta með breytingu á lögum um virðisaukaskatt eða í reglugerð. Í staðinn verður bókhaldi ríkisins hagað þannig að þessi virðisaukaskattur gjaldfærist á þennan sameiginlega lið en ekki á fjárlagaliði einstakra stofnana. Miðað við aðkeypta tölvuþjónustu síðustu tveggja ára er

áætlað að virðisaukaskatturinn geti numið rúmlega 70 m.kr. Þar sem gjaldfærð útgjöld stofnana lækka sem þessu nemur er samhliða þessu lagt til að fjárheimildir þeirra verði lækkaðar í sama mæli. Að samanlögðu verða fjárveitingar ríkisins í heild því óbreyttar eftir að þetta fyrirkomulag hefur verið tekið upp. Lagt er til að fjárheimildir stofnana lækki með hliðsjón af virðisaukaskatti af aðkeyptri tölvuþjónustu þeirra undanfarin tvö ár eins og fram kemur í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans.

1.02 Fjárheimildir ríkisstofnana fyrir virðisaukaskatt af tölvuvinnslu. Gert er ráð fyrir að fjárheimildir ýmissa stofnana lækki samtals um 71,2 m.kr. en skiptingin kemur fram í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans. Áformað er að endurgreiða stofnunum virðisaukaskatt af aðkeyptri tölvuvinnslu eins og fram kemur í annarri tillögu. Miðað við aðkeypta tölvuþjónustu síðustu tveggja ára er áætlað að virðisaukaskatturinn geti numið rúmlega 70 m.kr. Þar sem gjaldfærð útgjöld stofnana lækka sem þessu nemur er samhliða þessu lagt til að fjárheimildir þeirra verði lækkaðar í sama mæli. Að samanlögðu verða fjárveitingar ríkisins í heild því óbreyttar eftir að þetta fyrirkomulag hefur verið tekið upp.

999 Ýmislegt.

1.23 Jafnréttisfulltrúar ráðuneyta. Lagt er til að veittar verði 32 m.kr. til að standa undir heildarkostnaði við fjögur stöðugildi jafnréttisfulltrúa við Stjórnarráðið.

1.67 Þjóðlendumál. Gerð er tillaga um alls 24 m.kr. hækkun á þessum lið. Í fyrsta lagi er lagt til að veitt verði 12 m.kr. framlag til þess að standa straum af kostnaði fjármálaráðuneytisins við undirbúning kröfugerðar ríkisins í þjóðlendumálum. Um er að ræða upplýsingaöflun úr Þjóðskjalasafni sem nýtist við kröfugerðina. Áætlaður heildarkostnaður á næsta ári nemur 36 m.kr. Óbyggðanefnd greiðir hins vegar ⅔ af kostnaðinum þar sem umræddar upplýsingar nýtast í allri málsmeðferðinni.

Þá er lagt til að millifærðar verði 6,5 m.kr. af aðalskrifstofu fjármálaráðuneytisins á sérstakt viðfangsefni vegna sérfræðikostnaðar í tengslum við kröfugerð ríkisins í þjóðlendumálum. Í ljósi verkefnisins er eðilegt að haldið sé sérstaklega utan um kostnaðinn. Auk þess er um að ræða mjög breytileg útgjöld milli ára sem skekkja áætlanagerð og rekstrarstöðu fjármálaráðuneytisins ef þau eru gjaldfærð á aðalskrifstofu.

Loks er lagt til að veitt verði 5,5 m.kr. framlag til að standa straum af sérfræðikostnaði fjármálaráðuneytisins við kröfugerð ríkisins í þjóðlendumálum. Veittar voru 6 m.kr. til verkefnisins á fjárlögum ársins 2000. Hins vegar hefur kostnaðurinn aukist undanfarin ár. Hann var t.d. rúmar 16 m.kr. árið 2006 og stefnir í 12 m.kr. fyrir árið 2007.

1.90 Ýmis verkefni. Lögð er til 10 m.kr. fjárveiting vegna kostnaðar sem lagt er út í við öflun fjár til ýmissa góðgerðarmála.

10 Samgönguráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild samgönguráðuneytis verði lækkuð um 1.792,7 m.kr.

101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa. Liðurinn lækkar um 2,8 m.kr. og skýrist það af tvennu. Annars vegar er lagt til 2 m.kr. framlag vegna aukins húsnæðiskostnaðar samgönguráðuneytisins, en vegna flutninga á verkefnum úr öðrum ráðuneytum yfir í samgönguráðuneytið er þörf fyrir stærra húsnæði. Hins vegar er gerð tillaga um 4,8 m.kr. tímabundna lækkun á liðnum vegna hagræðingarkröfu.

190 Ýmis verkefni.

1.42 Gestastofur, söfn og markaðsstarf. Gerð er tillaga um 4,2 m.kr. tímabundna lækkun liðarins vegna millifærslu á aðra samgönguliði og er sundurliðun hans sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans.

1.53 Ferðaþjónusta á svæðum sem verða fyrir aflasamdrætti. Lagt er til að veita 80 m.kr. tímabundið framlag í tvö ár til að styrkja ferðaþjónustu á þeim svæðum sem verst verða úti við niðurskurð þorskkvóta. Tillagan er hluti af mótvægisaðgerðum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í þorskveiðum.

1.90 Ýmislegt. Gerð er tillaga um 9,2 m.kr. tímabundna hækkun liðarins og er sundurliðun hans sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans.

211 Rekstur Vegagerðarinnar.

1.07 Þjónusta. Lagt er til að 3.349,9 m.kr. fjárheimild verði flutt af þessu viðfangsefni yfir á viðfangsefnið 10-212-1.07 sem hefur sama heiti. Fjármögnun útgjaldanna með mörkuðum tekjum færist þá á sama hátt. Um er að ræða breytingu á framsetningu fjárveitinga til Vegagerðarinnar. Fjárveitingunum hefur verið skipt á milli tveggja fjárlagaliða og er nú ætlunin að greina almennan rekstur yfirstjórnar og umdæmismiðstöðva stofnunarinnar betur frá eiginlegum samgönguverkefnum.

1.11 Styrkir til ferja og sérleyfishafa. Lagt er til að 905,9 m.kr. fjárheimild verði flutt af þessu viðfangsefni yfir á viðfangsefnið 10-212-1.11 sem hefur sama heiti. Fjármögnun útgjaldanna með mörkuðum tekjum færist þá á sama hátt. Um er að ræða breytingu á framsetningu fjárveitinga til Vegagerðarinnar. Fjárveitingunum hefur verið skipt á milli tveggja fjárlagaliða og er nú ætlunin að greina almennan rekstur yfirstjórnar og umdæmismiðstöðva stofnunarinnar betur frá eiginlegum samgönguverkefnum.

1.13 Styrkir til innanlandsflugs. Lagt er til að 263,4 m.kr. fjárheimild verði flutt af þessu viðfangsefni yfir á viðfangsefnið 10-212-1.13 sem hefur sama heiti. Fjármögnun útgjaldanna með beinum greiðslum úr ríkissjóði færist þá á sama hátt. Um er að ræða breytingu á framsetningu fjárveitinga til Vegagerðarinnar. Fjárveitingunum hefur verið skipt á milli tveggja fjárlagaliða og er nú ætlunin að greina almennan rekstur yfirstjórnar og umdæmismiðstöðva stofnunarinnar betur frá eiginlegum samgönguverkefnum.

1.21 Rannsóknir. Lagt er til að 123,5 m.kr. fjárheimild verði flutt af þessu viðfangsefni yfir á viðfangsefnið 10-212-1.21 sem hefur sama heiti. Fjármögnun útgjaldanna með mörkuðum tekjum færist þá á sama hátt. Um er að ræða breytingu á framsetningu fjárveitinga til Vegagerðarinnar. Fjárveitingunum hefur verið skipt á milli tveggja fjárlagaliða og er nú ætlunin að greina almennan rekstur yfirstjórnar og umdæmismiðstöðva stofnunarinnar betur frá eiginlegum samgönguverkefnum.

212 Samgönguverkefni.

1.07 Þjónusta. Lagt er til að 3.349,9 m.kr. fjárheimild verði flutt af viðfangsefninu 10-211-1.07 Þjónusta yfir á þetta viðfangsefni með sama heiti. Fjármögnun útgjaldanna með mörkuðum tekjum færist þá á sama hátt. Um er að ræða breytingu á framsetningu fjárveitinga til Vegagerðarinnar. Fjárveitingunum hefur verið skipt á milli tveggja fjárlagaliða og er nú ætlunin að greina almennan rekstur yfirstjórnar og umdæmismiðstöðva stofnunarinnar betur frá eiginlegum samgönguverkefnum.

1.11 Styrkir til ferja og sérleyfishafa. Lagt er til að 905,9 m.kr. fjárheimild verði flutt af viðfangsefninu 10-211-1.11 Styrkir til ferja og sérleyfishafa yfir á þetta viðfangsefni með sama heiti. Fjármögnun útgjaldanna með mörkuðum tekjum færist þá á sama hátt. Um er að ræða breytingu á framsetningu fjárveitinga til Vegagerðarinnar. Fjárveitingun-

um hefur verið skipt á milli tveggja fjárlagaliða og er nú ætlunin að greina almennan rekstur yfirstjórnar og umdæmismiðstöðva stofnunarinnar betur frá eiginlegum samgönguverkefnum.

1.13 Styrkir til innanlandsflugs. Lagt er til að 263,4 m.kr. fjárheimild verði flutt af viðfangsefninu 10-211-1.13 Styrkir til innanlandsflugs yfir á þetta viðfangsefni með sama heiti. Fjármögnun útgjaldanna með beinum greiðslum úr ríkissjóði færist þá á sama hátt. Um er að ræða breytingu á framsetningu fjárveitinga til Vegagerðarinnar. Fjárveitingunum hefur verið skipt á milli tveggja fjárlagaliða og er nú ætlunin að greina almennan rekstur yfirstjórnar og umdæmismiðstöðva stofnunarinnar betur frá eiginlegum samgönguverkefnum.

Gerð er tillaga um 18 m.kr. tímabundið framlag í tvö ár vegna fjölgunar flugferða til Vestmannaeyja yfir mesta ferðamannatímann. Tillagan er hluti af mótvægisaðgerðum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í þorskveiðum.

1.21 Rannsóknir. Lagt er til að 123,5 m.kr. fjárheimild verði flutt af viðfangsefninu 10-211-1.21 Rannsóknir yfir á þetta viðfangsefni með sama heiti. Fjármögnun útgjaldanna með mörkuðum tekjum færist þá á sama hátt. Um er að ræða breytingu á framsetningu fjárveitinga til Vegagerðarinnar. Fjárveitingunum hefur verið skipt á milli tveggja fjárlagaliða og er nú ætlunin að greina almennan rekstur yfirstjórnar og umdæmismiðstöðva stofnunarinnar betur frá eiginlegum samgönguverkefnum.

6.10 Framkvæmdir. Gerð er tillaga um 400 m.kr. framlag vegna framkvæmda við gerð Bakkafjöruvegar. Í áætlun um nýja ferjuhöfn í Bakkfjöru er gert ráð fyrir að tengja höfnina við hringveginn með nýjum vegi frá hafnarstæðinu upp með Markarfljóti að vestanverðu. Talið er mikilvægt að vegurinn verði lagður á næsta ári vegna efnisflutninga að höfninni.

Jafnframt er gerð tillaga um 2.500 m.kr. tímabundna lækkun á framkvæmdum Vegagerðarinnar. Gert er ráð fyrir því á næsta ári að jafnvirði 3.200 m.kr. af framkvæmdum Vegagerðarinnar muni ekki verða að veruleika þar sem undirbúningur er of skammt á veg kominn. Á móti verður framlag vegna tengivega aukið um 700 m.kr. umfram samgönguáætlun. Nettólækkun á viðfanginu er því 2.500 m.kr. og verður gerð tillaga um breytingu á samgönguáætlun í samræmi við það.

251 Umferðarstofa.

1.01 Umferðarstofa. Lagt er til að heimilað verði að breyta samsetningu fjárheimilda stofnunarinnar.

Jafnframt er gerð tillaga um 25 m.kr. tímabundna lækkun á liðnum þar sem gerð er krafa um hagræðingu í starfsemi og að gengið verði á inneignir.

335 Siglingastofnun Íslands.

1.01 Almennur rekstur. Lögð er til 30 m.kr. hækkun á framlagi, en í kjölfar breytinga á atvinnuháttum á landsbyggðinni hefur fjölgað verulega beiðnum frá hafnarstjórnum þar sem óskað er eftir því að Siglingastofnun rannsaki hafnaraðstöðu fyrir nýja atvinnustarfsemi.

Þá er lögð til endurskoðuð áætlun um ríkistekjur. Fyrri áætlun gerði ráð fyrir að tekjur af vitagjaldi hækkuðu um 19 m.kr. Í ljós hefur komið að þær forsendur standast ekki og allar líkur eru á að tekjustofninn verði óbreyttur milli ára. Framlag úr ríkissjóði hækkar samsvarandi.

1.11 Vaktstöð siglinga. Lögð er til 27 m.kr. hækkun á framlagi til Vaktstöðvar siglinga. Tvær ástæður eru fyrir þessari hækkun, annars vegar verðlagsbreytingar en samningur

um rekstur stofnunarinnar er vísitölubundinn og hafa greiðslur hækkað umfram fjárveitingar. Hins vegar var útboð vegna endurnýjunar búnaðar og uppsetningar á nýjum stöðum mun dýrara en ráð var gert fyrir. Viðauki þjónustusamnings vegna Vaktstöðvar siglinga gerði ráð fyrir 18,7 m.kr. hækkun framlags og var sú fjárhæð færð inn í fjárlagafrumvarpið. Hér er því um að ræða 27 m.kr. viðbót við þá fjárhæð.

336 Hafnarframkvæmdir.

6.70 Hafnabótasjóður. Lagt er til að 835 m.kr. fjárheimild til Bakkafjöruhafnar verði millifærð á nýtt viðfangsefni af viðfangsefni fyrir almennar hafnarframkvæmdir sem fjármagnaðar eru úr Hafnabótasjóði til aðgreiningar frá slíkum framkvæmdum.

6.72 Bakkafjöruhöfn. Lagt er til að 835 m.kr. fjárheimild til Bakkafjöruhafnar verði millifærð á þetta nýja viðfangsefni af viðfangsefni fyrir almennar hafnarframkvæmdir sem fjármagnaðar eru úr Hafnabótasjóði til aðgreiningar frá slíkum framkvæmdum.

6.73 Tollaðstaða á Seyðisfirði. Gerð er tillaga um 20 m.kr. tímabundið framlag til Seyðisfjarðarkaupstaðar vegna framkvæmda við bílastæði við nýju ferjuhöfnina á Seyðisfirði.

Jafnframt er gert ráð fyrir að fjárveiting þessa viðfangsefnis hækki um 2,3 m.kr. þar sem í frumvarpinu fórst fyrir að verðlagsreikna framlag á nýju viðfangsefni fyrir tollaðstöðu á Seyðisfirði og er lagt til að það verði leiðrétt.

6.81 Vestmannaeyjaferja. Lagt er til að fjárveiting þessa viðfangsefnis hækki um 3,8 m.kr. Í frumvarpinu fórst fyrir að verðlagsreikna framlag á nýju viðfangsefni fyrir Vestmannaeyjaferju og er lagt til að það verði leiðrétt.

475 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta.

6.41 Framkvæmdir. Gert er ráð fyrir 149 m.kr. hækkun á þessum lið. Í fyrsta lagi er lagt til að framlag til viðfangsefnisins verði hækkað tímabundið um 456,7 m.kr. vegna flughlaðs fyrir flugvélar við fyrirhugaða samgöngumiðstöð á Reykjavíkurflugvelli. Gert er ráð fyrir að fjármögnun verkefnisins verði þannig að greiddar verði fyrir fram 346,7 m.kr. af mörkuðum tekjum. Mismunurinn, eða 110 m.kr., greiðist af viðbótartekjum af flugmálaáætlun.

Í öðru lagi er lagt til að framlag til viðfangsefnisins verði hækkað tímabundið um 62,3 m.kr. vegna viðbótaraðstöðu fyrir innanlandsflug á Reykjavíkurflugvelli. Gert er ráð fyrir að greitt verði fyrirfram af mörkuðum tekjum til framkvæmdanna og að það verði endurgreitt af flugmálaáætlun á árinu 2010.

Í þriðja lagi er lagt til að framlag til viðfangsefnisins verði lækkað um 370 m.kr. en við tillögugerð vegna undirbúnings frumvarpsins var sú fjárhæð oftalin.

11 Iðnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild iðnaðarráðuneytis verði aukin um 274,5 m.kr.

101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa. Lögð er til 6,9 m.kr. hækkun á liðnum og skýrist hún af þrennu. Í fyrsta lagi er gerð tillaga um 5 m.kr. framlag vegna aukins húsnæðiskostnaðar iðnaðarráðuneytisins. Í kjölfar aðskilnaðar iðnaðar- og viðskiptaráðuneyta eykst húsnæðiskostnaður aðalskrifstofu ráðuneytisins.

Þá er gerð tillaga um 5 m.kr. hækkun á fjárheimild og er fjárveitingin ætluð til að mæta útgjöldum sem stafa af auknum umsvifum ráðuneytisins vegna vaxandi áhuga á alþjóðavettvangi á nýtingu endurnýjanlegrar orku og margþættu samstarfi á því sviði.

Loks er gerð tillaga um 3,1 m.kr. tímabundna lækkun á liðnum vegna hagræðingarkröfu.

205 Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

1.01 Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Alls er lögð til 44 m.kr. hækkun framlaga á liðnum. Gerð er tillaga um 20 m.kr. tímabundið framlag til Brautargengis Impru sem eru námskeið fyrir athafnakonur sem vilja hrinda af stað viðskiptahugmyndum. Tillagan er hluti af mótvægisaðgerðum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í þorskveiðum.

Þá er lagt til 12 m.kr. tímabundið framlag í tvö ár til eflingar Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands í Vestmannaeyjum. Jafnframt er lagt til 4 m.kr. framlag í frumvarpi til fjáraukalaga 2007 þannig að gert er ráð fyrir alls 28 m.kr. til verkefnisins. Tillagan er hluti af mótvægisaðgerðum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í þorskveiðum.

Loks er lagt til 12 m.kr. tímabundið framlag í tvö ár til eflingar Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands á Höfn. Jafnframt er lagt til 4 m.kr. framlag í frumvarpi til fjáraukalaga 2007 þannig að gert er ráð fyrir alls 28 m.kr. til verkefnisins. Tillagan er hluti af mótvægisaðgerðum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í þorskveiðum.

242 Tækniþróunarsjóður.

1.10 Tækniþróunarsjóður. Lögð er til 20 m.kr. hækkun á framlagi þannig að fjárframlög til sjóðsins verði samtals 600 m.kr. árið 2008. Tillagan er í samræmi við tillögur stjórnvalda um fjárveitingar til eflingar samkeppnissjóða á sviði vísinda- og tækni fyrir árin 2008–2011.

299 Iðja og iðnaður, framlög.

1.21 Kostnaður vegna samnings við ÍSAL. Lagt er til að fjárveiting að fjárhæð 7,8 m.kr. falli niður. Með lögum sem sett voru sl. sumar staðfestist samningur milli ríkisstjórnar Íslands og Alcan Holdings Switzerland Ltd. um álbræðslu í Straumsvík við Hafnarfjörð. Í samningnum er samið um þá meginbreytingu að Alcan lúti frá og með 1. janúar 2005 íslenskum skattalögum í einu og öllu eins og aðrir lögaðilar. Með samningnum eru allar sérreglur og undanþágur um skatta og opinber gjöld, sem gilda um starfsemi álversins í Straumsvík, felldar niður. Þar á meðal eru afnumdar reglur um framleiðslugjald sem ÍSAL hefur greitt í stað tekjuskatts, eignarskatts, fasteignaskatts og fleiri skatta og gjalda. Við þessar breytingar fellur niður kostnaður sem iðnaðarráðuneytið hefur haft af samningnum við félagið, einkum í tengslum við endurskoðun á útreikningi framleiðslugjaldsins.

301 Orkustofnun.

1.01 Orkustofnun. Lagt er til að veitt verði 101,4 m.kr. tímabundið framlag til að hefja undirbúning að útgáfu sérleyfa til rannsókna og vinnslu á olíu og gasi á Drekasvæði við Jan Mayen-hrygg. Ríkisstjórnin samþykkti á árinu 2005 að hefja undirbúning olíuleitar á Drekasvæðinu við Jan Mayen-hrygg. Hljóðvarpsendurmælingar og aðrar jarðeðlisfræðilegar mælingar sem gerðar hafa verið á svæðinu gefa fyrirheit um að olíu og gas kunni að vera að finna þar. Því er lagt til að haldið verði áfram undirbúningi og útgáfu leyfa til rannsókna og vinnslu olíu á svæðinu og við það miðað að hægt verði að bjóða út rannsóknarleyfi haustið 2008. Byggja þarf upp sérfræðiþekkingu á Orkustofnun og ráða starfsmenn á næstu árum til að sinna verkefnum á þessu sviði auk þess sem áætlað er að kaupa þurfi ráðgjöf og búnað vegna undirbúnings leyfisveitinga, setja upp heimasíðu og undirbúa kynningu á leyfisútboðinu. Gert er ráð fyrir að frá árinu 2009 þurfi fjárhagsrammi stofnunarinnar að hækka varanlega um 55 m.kr. vegna stjórnsýslu og kaupa á ráðgjöf vegna verkefnisins.

399 Ýmis orkumál.

1.12 Jarðhitaleit. Gerð er tillaga um 50 m.kr. tímabundið framlag í tvö ár til jarðhitaleitar víðs vegar um landið, m.a. á Vestfjörðum, Vesturlandi, Suðurlandi og Austfjörðum. Í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2007 er jafnframt gert ráð fyrir 50 m.kr. framlagi til verkefnisins. Tillagan er hluti af mótvægisaðgerðum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í þorskafla.

401 Byggðaáætlun.

1.10 Byggðaáætlun. Gerð er tillaga um 30 m.kr. tímabundið framlag í tvö ár til vaxtarsamninga á Norðurlandi vestra. Gert er ráð fyrir að alls 90 m.kr. verði varið til þessara samninga á árunum 2007–2009 og er því einnig gert ráð fyrir 30 m.kr. framlagi til þeirra í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2007. Jafnframt er gerð tillaga um 30 m.kr. tímabundið framlag í tvö ár til vaxtarsamninga á Norðurlandi eystra. Gert er ráð fyrir að alls 90 m.kr. verði varið til þessara samninga á árunum 2007–2009 og er því einnig gert ráð fyrir 30 m.kr. framlag til þeirra í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2007. Báðar tillögurnar eru hluti af mótvægisaðgerðum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í þorskveiðum.

12 Viðskiptaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild viðskiptaráðuneytis verði aukin um 325 m.kr.

101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa. Gerð er tillaga um 2,5 m.kr. framlag vegna aukins húsnæðiskostnaðar viðskiptaráðuneytisins. Í kjölfar aðskilnaðar iðnaðar- og viðskiptaráðuneyta eykst húsnæðiskostnaður viðskiptaráðuneytisins.

Jafnframt er gerð tillaga um 2,5 m.kr. tímabundna lækkun á liðnum vegna hagræðingarkröfu.

411 Samkeppniseftirlitið.

1.01 Samkeppniseftirlitið. Lagt er til að veitt verði 25 m.kr. fjárheimild til að efla starfsemi stofnunarinnar. Samkeppniseftirlitið hefur ráðist í fleiri og flóknari rannsóknir en gert hefur verið ráð fyrir í forsendum fjárlaga. Nauðsynlegt hefur reynst að beita húsleitum í ríkari mæli en upphaflega var gert ráð fyrir. Fjölgun starfsfólks er forsenda þess að hægt verði að afgreiða mál með eðlilegum málshraða og jafnframt sinna öðrum lögbundnum verkefnum. Komið hefur í ljós að Samkeppniseftirlitið þarf, ef vel á að vera, að verja meiri tíma í rannsóknir á matvörumarkaði og eftirlit á lyfjamarkaði en ráð var fyrir gert. Stofnunin hefur einnig hug á því að leita í ríkara mæli utanaðkomandi ráðgjafar við vinnslu verkefna sinna.

811 Flutningssjóður olíuvara.

1.10 Flutningssjóður olíuvara. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að framlag til flutningssjóðs olíuvara falli niður en nú er lagt til að áfram verði gert ráð fyrir 300 m.kr. fjárheimild vegna sjóðsins tímabundið á árinu 2008. Ákveðið hefur verið að leggja sjóðinn niður frá og með 1. september á næsta ári í stað 1. janúar eins og gert var ráð fyrir í frumvarpinu. Sjóðurinn er fjármagnaður með flutningsjöfnunargjaldi sem lagt er á allar olíuvörur sem fluttar eru til landsins. Þessi frestun hefur því engin áhrif á afkomu ríkissjóðs þótt bæði útgjöld og tekjur verði hærri. Fyrirhugað er að vinna áfram að athugun á ýmsum þáttum sem snúa að jöfnun kostnaðar í völuflutningum.

831 Jöfnun kostnaðar við vöruflutninga til Vestfjarða.

1.10 Jöfnun kostnaðar við vöruflutninga til Vestfjarða. Lagt er til breytt heiti liðar og viðfangs: Jöfnun kostnaðar við vöruflutninga.

13 Hagstofa Íslands

Lagt er til að fjárheimild Hagstofu Íslands verði aukin um 35 m.kr.

101 Hagstofa Íslands.

1.01 Hagstofa Íslands. Lögð er til 35 m.kr. hækkun á fjárveitingu Hagstofu Íslands og er hækkunin af fernum toga. Í fyrsta lagi eru 13 m.kr. vegna lækkunar sértekna í kjölfar niðurfellingar á framlögum frá EUROSTAT. Í öðru lagi eru 4 m.kr. vegna aukins kostnaðar við söfnun verðupplýsinga fyrir vísitölu neysluverðs í kjölfar breytinga á tímaviðmiðun vísitölunnar samkvæmt lögum nr. 27/2007. Í þriðja lagi eru 10 m.kr. til styrkingar á úrvinnslu lífskjara- og vinnumarkaðskannana og í fjórða lagi 8 m.kr. til að styrkja núverandi rekstur Hagstofunnar.

14 Umhverfisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild umhverfisráðuneytis verði lækkuð um 70,8 m.kr.

101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa. Gerð er tillaga um 4,3 m.kr. tímabundna lækkun á liðnum vegna hagræðingarkröfu.

190 Ýmis verkefni.

1.90 Ýmis verkefni. Gerð er tillaga um 6,5 m.kr. tímabundna hækkun liðarins og er sundurliðun hans sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans.

211 Umhverfisstofnun.

1.01 Umhverfisstofnun. Gerð er tillaga um 5 m.kr. tímabundið framlag til að undirbúa stjórnsýslu stofnunarinnar og starf í vinnuhópum OSPAR-samningsins um verndun Norðaustur-Atlantshafsins vegna undirbúnings olíuleitar á Drekasvæðinu við Jan Mayen.

Þá er lögð til leiðrétting í samræmi við rauntölur á tegundaskiptingu 45 m.kr. fjárveitingar sem flutt er frá Umhverfisstofnun til Vatnajökulsþjóðgarðs í frumvarpinu.

5.41 Þjóðgarðar og friðlýst svæði. Lagt er til 50 m.kr. tímabundið framlag í fjögur ár til að byggja gestastofu í þjóðgarðinum á Snæfellsnesi. Fyrir liggur hönnun á gestastofu þjóðgarðsins á Hellissandi og er áætlaður kostnaður við byggingu hennar um 200 m.kr. Stefnt hefur verið að því að opna gestastofunna á 10 ára afmæli þjóðgarðsins í maí árið 2011. Tillagan er hluti af mótvægisaðgerðum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í þorskveiðum.

212 Vatnajökulsþjóðgarður.

1.01 Vatnajökulsþjóðgarður. Lögð er til leiðrétting í samræmi við rauntölur á tegundaskiptingu 45 m.kr. fjárveitingar sem flutt er frá Umhverfisstofnun til Vatnajökulsþjóðgarðs í frumvarpinu.

381 Ofanflóðasjóður.

6.60 Ofanflóðasjóður. Gerð er tillaga um 100 m.kr. tímabundna lækkun á liðnum.

401 Náttúrufræðistofnun Íslands.

1.01 Náttúrufræðistofnun Íslands. Þar sem nú er augljóst að nýtt húsnæði fyrir Náttúrufræðistofnun Íslands verður ekki tilbúið fyrr en á árinu 2009 er lagt til að niður falli tillaga um 30 m.kr. tímabundið framlag vegna húsbúnaðarkaupa og kostnaðar við flutning í húsnæðið og 50 m.kr. fjárveiting til leigu á húsnæðinu.

403 Náttúrustofur.

Gerð er tillaga um að sérhver af eftirfarandi náttúrustofum fái 8 m.kr. tímabundið framlag til rannsóknarverkefna:

1.10 Náttúrustofa Neskaupstað.
1.11 Náttúrustofa Vestmannaeyjum.
1.13 Náttúrustofa Stykkishólmi.
1.14 Náttúrustofa Sauðárkróki.
1.15 Náttúrustofa Sandgerði.
1.16 Náttúrustofa Húsavík.

407 Stofnun Vilhjálms Stefánssonar.

1.01 Stofnun Vilhjálms Stefánssonar. Gerð er tillaga um 4 m.kr. tímabundið framlag til að mæta auknu rekstrarumfangi hjá stofnuninni.

SKÝRINGAR VIÐ BREYTINGARTILLÖGU VIÐ SUNDURLIÐUN 4 (C-HLUTA) OG VIÐ 5. GR.

Gerð er tillaga um 1.000 m.kr. hækkun á lántökuheimild Byggðastofnunar með það fyrir augum að stofnunin nái að nýta sem best aukið svigrúm til nýrra lánveitinga í kjölfar nýlegrar styrkingar á eiginfjárstöðu hennar. Breytast fjárreiður stofnunarinnar í C-hluta og 4. gr. til samræmis við þetta.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum þeim sem skýrðar hafa verið og gerðar eru tillögur um í sérstökum þingskjölum.

Alþingi, 26. nóv. 2007.

Gunnar Svavarsson, form., frsm.	Kristján Þór Júlíusson.	Guðbjartur Hannesson.
Illugi Gunnarsson.	Ásta Möller.	Steinunn Valdís Óskarsdóttir.
Ármann Kr. Ólafsson.		Björk Guðjónsdóttir.

Fylgiskjal I.

Álit

um 1. gr. frv. til fjárlaga fyrir árið 2008, sbr. sundurliðun 1, og áhrif skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs.

Frá 1. minni hluta efnahags- og skattanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þorstein Þorgeirsson, Gunnar Gunnarsson og Elínu Guðjónsdóttur frá fjármálaráðuneyti, Arnór Sighvatsson og Markús Möller frá Seðlabanka Íslands, Hannes G. Sigurðsson frá Samtökum atvinnulífsins, Björn Rúnar Guðmundsson og Kristrúnu T. Gunnarsdóttur frá Landsbanka, Ásdísi Kristjánsdóttur frá Kaupþingi og Jón Bjarka Bentsson frá Glitni.

Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs verði um 461 ma.kr. og þar af muni skatttekjur nema um 422 ma.kr. Heildartekjurnar verða samkvæmt þessu um 13 ma.kr. meiri en í endurskoðaðri tekjuáætlun ríkissjóðs fyrir árið í ár og 85 ma.kr. meiri sé miðað við fjárlög 2007. Í athugasemdum með frumvarpinu segir að viðvarandi þróttur efnahagslífsins sé meginskýring enduráætlunar tekna ríkissjóðs til hækkunar en gagnstætt því sem reiknað hafi verið með við áætlun fjárlaga hafi einkaneysla aukist og atvinnuleysi minnkað á árinu.

Á fundum nefndarinnar var farið yfir tekjuáætlun fjárlagafrumvarpsins og þjóðhagsspá fjármálaráðuneytis sem liggur henni til grundvallar. Fram kom að undanfarin ár hefði reynst erfitt að áætla tekjur ríkissjóðs og að nokkuð skiptar skoðanir væru um þær forsendur sem lægju til grundvallar spá ráðuneytisins. Var það álit sumra gestanna að hagtölur það sem af er ári bentu til þess að hagvöxtur yrði meiri á næsta ári en ráðuneytið áætlaði.

Fjármálaráðuneytið reiknar með að hagvöxtur á árinu 2008 aukist og verði 1,2%. Búist er við að samdráttur verði í þjóðarútgjöldum en að viðsnúningur verði í utanríkisviðskiptum sem bera muni uppi hagvöxt. Viðskiptahalli dragist saman og verði um 8,8% af landsframleiðslu. Þá er gert ráð fyrir að atvinnuleysi aukist og verði 2,9% af vinnuafli og að verðbólga lækki og verði um 3,3%. Óvissu gætir einkum vegna áforma um frekari stóriðjuframkvæmdir, ástands á alþjóðamörkuðum, gengis krónu og komandi kjarasamninga.

Fyrsti minni hluti telur að ýmis teikn séu á lofti sem kunna að renna stoðum undir þá spá fjármálaráðuneytis að hér dragi úr einkaneyslu á árinu 2008. Má í því sambandi benda á nýleg tíðindi um hækkun stýrivaxta Seðlabanka Íslands og lækkun hlutabréfa á mörkuðum. Ætla má að hluti einkaneyslu og fjárfestinga undanfarin ár sé tilkominn vegna mikilla hækkana á eignaverði, þ.m.t. á fasteignum og hlutabréfum.

Bjarni Benediktsson, Gunnar Svavarsson og Guðfríður Lilja Grétarsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 13. nóv. 2007.

Pétur H. Blöndal, form.,
Ellert B. Schram,
Ragnheiður E. Árnadóttir,
Lúðvík Bergvinsson.

Fylgiskjal II.

Álit

um 1. gr. frv. til fjárlaga fyrir árið 2008, sbr. sundurliðun 1, og áhrif skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs.

Frá 2. minni hluta efnahags- og skattanefndar.

Fjárlaganefnd vísaði til umfjöllunar efnahags- og skattanefndar þeim hluta fjárlagafrumvarpsins sem er á málasviði nefndarinnar, í samræmi við ákvæði þingskapalaga.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þorstein Þorgeirsson, Gunnar Gunnarsson og Elínu Guðjónsdóttur frá fjármálaráðuneyti, Arnór Sighvatsson og Markús Möller frá Seðlabanka Íslands, Hannes G. Sigurðsson frá Samtökum atvinnulífsins, Björn Rúnar Guðmundsson og Kristrúnu T. Gunnarsdóttur frá Landsbanka, Ásdísi Kristjánsdóttur frá Kaupþingi og Jón Bjarka Bentsson frá Glitni.

Eins og fram kemur í áliti frá 1. minni hluta nefndarinnar er í fjárlagafrumvarpinu gert ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs verði um 461 ma.kr. og þar af muni skatttekjur nema um 422 ma.kr. Heildartekjur verða samkvæmt þessu um 13 ma.kr. meiri en í endurskoðaðri tekjuáætlun ríkissjóðs fyrir árið í ár og 85 ma.kr. meiri sé miðað við fjárlög 2007. Fram kom á fundum nefndarinnar um tekjuáætlun frumvarpsins að undanfarin ár hefði reynst erfitt að áætla tekjur ríkissjóðs og að nokkuð skiptar skoðanir væru um þær forsendur sem lægju til grundvallar spá ráðuneytisins. 2. minni hluti tekur undir þau sjónarmið að skoða þurfi þessar forsendur til að spáin verði sem nákvæmust.

Annar minni hluti áskilur sér allan rétt varðandi hugsanlegar breytingartillögur við fjárlagafrumvarpið.

Að öðru leyti vísar 2. minni hluti til nefndarálits sem minni hluti fjárlaganefndar mun leggja fram við afgreiðslu málsins úr þeirri nefnd.

Alþingi, 13. nóv. 2007.

Katrín Jakobsdóttir,
Guðfríður Lilja Grétarsdóttir.

Fylgiskjal III.

Álit

um 1. gr. frv. til fjárlaga fyrir árið 2008, sbr. sundurliðun 1, og áhrif skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs.

Frá 3. minni hluta efnahags- og skattanefndar.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs verði um 461 ma.kr., þar af nemi skatttekjur um 422 ma.kr. Samkvæmt því er gert ráð fyrir að tekjur verði 85 ma.kr. meiri en í fjárlögum fyrir árið 2007, en um 13 ma.kr. meiri ef miðað er við endurskoðaða tekjuáætlun 2007. Fulltrúar fjármálaráðuneytisins gerðu nefndinni grein fyrir forsendum tekjuáætlunarinnar og kynntu þjóðhagsspá ráðuneytisins. Hjá fulltrúum ráðuneytisins kom m.a. fram að mikið hefur verið lagt upp úr því að bæta áætlanagerð undanfarin ár, enda mikilvægt að sá þáttur fjárlagagerðarinnar sé eins markviss og frekast er kostur. Engu að síður er mjög athyglisvert að veruleg frávik eru í endurskoðaðri tekjuáætlun ársins 2007 frá fjárlögum ársins. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun eru heildartekjur ríkissjóðs áætlaðar tæplega 72 ma.kr. meiri en fjárlögin gera ráð fyrir og eru það rúmlega 19% frávik. Um er að ræða það mikla skekkju að efast má um að finna megi neitt fordæmi um svipað í öðrum löndum Vestur-Evrópu. Þótt ekki sé eingöngu við ráðuneytið að sakast varðandi þessi miklu frávik er ljóst að þau gefa tilefni til að gagnrýna áætlanagerðina og kalla fram ýmsar spurningar um hana. Helstu skýringar sem gefnar hafa verið á frávikunum eru að um hafi verið að ræða verulegt vanmat í hagspá og á hagrænum þáttum. Mikill og viðvarandi þróttur efnahagslífsins sé meginskýring á meiri tekjum en fjárlög 2007 gera ráð fyrir, einkaneysla hafi verið mun meiri en gert var ráð fyrir og atvinnuleysi hafi minnkað á þessu ári.

Helstu forsendur frumvarpsins eru að hagvöxtur ársins 2008 verði um 1,2%, samdráttur í þjóðarútgjöldum verði rúmlega 4%, en viðsnúningur verði í utanríkisviðskiptum sem beri uppi hagvöxtinn. Gert er ráð fyrir að verulega dragi úr viðskiptahalla og hann verði tæplega 9% af landsframleiðslu og atvinnuleysi aukist og verði um 2,9% af vinnuafli. Loks er gert ráð fyrir að verðbólga minnki niður í um 3,3% á árinu 2008 og að það dragi úr einkaneyslu. Helstu óvissuþættir frumvarpsins eru áform um frekari stóriðjuframkvæmdir, ástand á alþjóðamörkuðum, gengi íslensku krónunnar og komandi kjarasamningar. Hér er ekki um að ræða neina smávægilega óvissuþætti og þeir veikja verulega tiltrú á að tekjuáætlunin sé raunhæf og trúverðug. Í raun á það við um fjárlagafrumvarpið í heild.

Nefndin fékk til fundar við sig nokkra aðila til að gefa álit sitt á helstu forsendum frumvarpsins. Álit þeirra voru nokkuð misvísandi varðandi einstaka liði og heildarmyndina en ljóst er að gagnrýna má ýmsar forsendur frumvarpsins. Gera má ráð fyrir að áfram verði mikill þróttur í efnahagslífinu og miðað við nýjustu tíðindi er vart hægt að gera ráð fyrir því að úr þeim þrótti dragi eins fljótt og frumvarpið gerir ráð fyrir. Mikil þensla er á vinnumarkaði og engin merki um að úr henni dragi í bráð, þvert á móti er vinnumarkaðurinn í vexti og hálaunastörfum er að fjölga. Framleiðniaukning á sér stað, hvergi eru nein merki um samdrátt í framleiðni og kaupmáttur er almennt að aukast mikið. Forsendur frumvarpsins um 1,2% hagvöxt eru ekki í takti við það sem flestir álitsgjafar nefndarinnar gera ráð fyrir, þeir spá því að hagvöxtur verði allt frá því að vera vel innan við 1% og upp undir 4%. Að áliti ýmissa aðila má gera ráð fyrir áframhaldandi miklum umsvifum í byggingariðnaði þar sem aukin

fólksfjölgun og mikill kaupmáttur muni áfram halda uppi eftirspurn eftir húsnæði. Þá sé óvissa í fjárfestingum frekar hve miklar þær verði en ekki hve mikið dragi úr þeim. Fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir mun meiri samdrætti þjóðarútgjalda, þ.e. einkaneyslu, samneyslu og fjármunamyndun, en þeir aðilar sem gáfu nefndinni álit varðandi forsendur frumvarpsins. Því má gera ráð fyrir að t.d. einkaneyslan verði meiri en forsendur frumvarpsins gera ráð fyrir.

Tekjuskattur lögaðila hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár og miðað við nýlegar upplýsingar úr álagningarskrá er tekjuskattur lögaðila verulega vanáætlaður í tekjuáætlun frumvarpsins. Á sama hátt eru áætlaðar tekjur af tryggingagjaldi vanáætlaðar í frumvarpinu. Ef gengið er út frá því að umsvif efnahagslífsins verði meiri en forsendur frumvarpsins gera ráð fyrir, líkt og ýmsir álitsgjafar telja, þá liggur fyrir að tekjur af virðisaukaskatti eru vanáætlaðar í frumvarpinu. Fjármagnstekjuskattur hefur aukist mjög mikið á undanförnum árum og í frumvarpinu er gert ráð fyrir að tekjur af honum aukist á næsta ári. Fjármagnstekjuskattur er mjög kvikur tekjustofn sem endurspeglar m.a. þróun hlutabréfamarkaðar. Álit sumra álitsgjafa er að fjármagnstekjuskattur sé vanáætlaður í frumvarpinu.

Atvinnuleysi hefur verið um eða undir 1% mestan hluta árs 2007. Rök fyrir því að atvinnuleysi muni aukast hratt á næsta ári og verða 2,9% á ársgrundvelli eru ekki haldbær. Allt útlit er fyrir að umsvif í atvinnulífinu verði áfram mikil á næsta ári, enda engin sérstök merki um samdrátt á vinnumarkaði. Í því sambandi er m.a. vísað til þess sem kom fram á fundi nefndarinnar af hálfu atvinnulífsins.

Forsendur frumvarpsins um að verðbólga minnki í 3,3% árið 2008 eru ekki trúverðugar, m.a. miðað við álit ýmissa greiningaraðila og útlit varðandi ýmsa áhrifaþætti hagkerfisins. Miðað við síðustu ákvarðanir Seðlabanka um hækkun stýrivaxta verður að telja forsendur frumvarpsins lýsa bjartsýni, 12 mánaða verðbólga mælist nú yfir 5%. Við ákvörðun um stýrivexti leitast Seðlabanki við að spá um ástand efnahagsmála meira en ár fram í tímann og við nýjustu ákvörðun um hækkun stýrivaxta hlýtur Seðlabanki að gera ráð fyrir að verðbólguþrýstingur sé meiri en áður var gert ráð fyrir. Það er að mörgu leyti rökrétt að gera ráð fyrir meiri verðbólgu árið 2008 en gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Draga má þá ályktun að við ákvörðun um hækkun stýrivaxta nú geri Seðlabanki ráð fyrir meiri einkaneyslu og fjárfestingum en forsendur frumvarpsins miðast við. Háir stýrivextir Seðlabanka hafa þau áhrif að gengi krónunnar helst hátt áfram, það heldur m.a. uppi eftirspurn eftir erlendu lánsfé með lægri vöxtum en bjóðast á innlendum fjármagnsmarkaði og heldur uppi eftirspurn eftir innfluttri vöru. Þannig hefur hávaxtastefna Seðlabanka minni áhrif en til er stofnað til þess að slá á þenslu og eftirspurn í hagkerfinu.

Þriðji minni hluti efnahags- og skattanefndar telur að tekjuáætlun fjárlagafrumvarpsins byggist ekki á traustum forsendum. Fyrir liggur að óvissuþættir eru það veigamiklir að gera má ráð fyrir miklum frávikum frá áætluninni og að heildartekjur ríkissjóðs verði mun meiri en frumvarpið gerir ráð fyrir. Ráðaleysi ríkisstjórnarinnar í stjórn efnahagsmála gefur heldur ekki tilefni til að ætla að draga muni úr þenslu í hagkerfinu eins og þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins gerir ráð fyrir. Því eru öll teikn á lofti um að því miður sé um að ræða verulegt vanmat í hagspá og á hagrænum þáttum í forsendum tekjuáætlunar frumvarpsins. Niðurstaða 3. minni hluta er sú að tekjur séu verulega vanáætlaðar í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2008.

Alþingi, 13. nóv. 2007.

Magnús Stefánsson.

Fylgiskjal IV.

Álit

um frv. til fjárlaga 2008 (01 Forsætisráðuneyti og 06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti).

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um þá hluta frumvarps til fjárlaga sem eru á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 10. október 2007.

Á fund nefndarinnar komu Halldór Árnason og Óðinn Helgi Jónsson frá forsætisráðuneyti og Jón Magnússon og Ragna Árnadóttir frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

Heildargjöld forsætisráðuneytis árið 2008 eru áætluð 1.350 m.kr. á rekstrargrunni en frá dragast sértekjur að fjárhæð 40 m.kr. Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 819 m.kr. og hækka um 79 m.kr. frá fjárlögum ársins 2007.

Heildargjöld dómsmálaráðuneytis árið 2008 eru áætluð 25.443 m.kr. á rekstrargrunni en frá dragast sértekjur að fjárhæð 2.011 m.kr. Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 17.029 m.kr. og hækka um 1.064 m.kr. frá fjárlögum ársins 2007.

Meiri hlutinn fagnar auknum fjárveitingum til löggæslu og öryggismála. Heildarfjárveiting til málaflokksins hækkar um 1.788 m.kr. og skýrist hækkunin að mestu af 1.500 m.kr. hækkun framlaga í Landhelgissjóð vegna kaupa á varðskipi og flugvél fyrir Landhelgisgæsluna. Er það í samræmi við þá stefnumörkun að Íslendingar taki við fleiri og fjölbreyttari verkefnum á þessu sviði í ljósi breyttra aðstæðna í öryggis- og varnarmálum. Einnig má nefna að í frumvarpinu er lagt til að fjárveiting til embættis ríkislögreglustjóra hækki um 93,6 m.kr. að raungildi. Þar er m.a. um tvær millifærslur fjárheimilda af öðrum liðum að ræða. Annars vegar er flutt 51,9 m.kr. fjárheimild frá lögreglustjóranum á Suðurnesjum vegna sérsveitarmanna í samræmi við þá skipan að uppbygging og stjórn sérsveitarinnar sé alfarið hjá ríkislögreglustjóra. Hins vegar er lögð til millifærsla af safnlið samgönguráðuneytis, 10-190-1.19, Útgáfa ökuskírteina, að fjárhæð 15,9 m.kr. Af öðrum framlögum má nefna 12 m.kr. tímabundið framlag í tvö ár vegna kostnaðar við starf tengslafulltrúa embættis ríkislögreglustjóra hjá Europol og 7 m.kr. framlag í fimm ár til tilraunaverkefnis um áfallahjálp fyrir lögreglumenn. Þá er lögð til 10 m.kr. hækkun fjárheimildar vegna fíkniefnaleitarhunda.

Þá er lagt til að fjárheimild Útlendingastofnunar hækki um tæpar 40 m.kr. Tvennt skýrir þessa hækkun, annars vegar er lagt til hækkað framlag vegna samnings við Reykjanesbæ um umönnun og vistun hælisleitenda og hins vegar er gerð tillaga um hækkun á rekstrarramma stofnunarinnar. Umfang verkefna Útlendingastofnunar hefur aukist mjög á undanförnum árum og má nefna að fjöldi umsókna um dvalarleyfi hefur aukist úr 5.266 árið 2003 í 16.796 árið 2006. Í þessu samhengi má jafnframt nefna að í frumvarpinu er gert ráð fyrir 2 m.kr. fjárveitingu til stöðuprófa í íslensku í samræmi við fyrirhugaðar breytingar á lögum um íslenskan ríkisborgararétt.

Síðastliðin tvö ár hefur allsherjarnefnd lagt áherslu á fjárveitingar til fangelsismála. Í fjárlagafrumvarpinu er nú lögð til 51,1 m.kr. hækkun framlaga til Fangelsismálastofnunar, að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum sem nema alls um 100 m.kr. Hér er m.a. um að ræða hækkun á rekstrarframlagi vegna ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um breytingar og stækkun

fangelsis á Kvíabryggju. Fangelsið var formlega tekið í notkun 3. október 2007 eftir breytingar og lýkur þar með fyrsta áfanga áætlunar dómsmálaráðuneytis og Fangelsismálastofnunar um endurnýjun og nýbyggingar fangelsa í landinu. Í framhaldinu þarf að fjölga fangavörðum á Kvíabryggju um þrjá og annar kostnaður hækkar einnig. Þrennt má nefna til viðbótar sem rúmast innan þessarar hækkunar til Fangelsismálastofnunar. Í fyrsta lagi er gerð tillaga um hækkun framlags vegna breytinga og stækkunar fangelsisins á Akureyri, samtals 12,6 m.kr. Í öðru lagi 12 m.kr. hækkun vegna kostnaðar við breytta starfsmannasamsetningu og í þriðja lagi eru ætlaðar 9,2, m.kr. til að standa undir kostnaði við endurskoðun samningsins við félagasamtökin Vernd.

Í frumvarpinu er lagt til að framlög til fangelsisbygginga lækki um 170,5 m.kr. Munar þar mest um niðurfellingu á 159,6 m.kr. fjárheimild vegna byggingar fangelsis og lögreglustöðvar á Akureyri og 23,5 m.kr. tímabundið framlag vegna stækkunar fangelsis á Kvíabryggju. Í frumvarpinu kemur fram að enn sé unnið að undirbúningi framkvæmda við Litla-Hraun og til skoðunar hefur verið að fjármagna fyrstu framkvæmdir þar með sölu lands, sbr. heimildarákvæði í 6. gr. frumvarpsins. Meiri hlutinn leggur áherslu á að áfram verði haldið frekari uppbyggingu á sviði fangelsismála svo sem með frekari endurbótum á Litla-Hrauni og uppbyggingu nýs fangelsis á höfuðborgarsvæðinu.

Athygli allsherjarnefndar hefur verið vakin á því að svigrúm umboðsmanns Alþingis til að taka mál til athugunar að eigin frumkvæði er mjög lítið og telur meiri hlutinn að eðlilegt sé að það svigrúm verði aukið með það að markmiði að efla þennan þátt í starfsemi embættisins.

Alþingi, 14. nóv. 2007.

Birgir Ármannsson, form.,
Ágúst Ólafur Ágústsson,
Sigurður Kári Kristjánsson,
Ellert B. Schram,
Ragnheiður Ríkharðsdóttir,
Karl V. Matthíasson.

Fylgiskjal V.

Álit

um frv. til fjárlaga 2008 (01 Forsætisráðuneyti og 06 Dómsmálaráðuneyti).

Frá 1. minni hluta allsherjarnefndar.

Fyrsti minni hluti telur að auka þurfi fjárveitingu til umboðsmanns Alþingis til að efla frumkvæðisathuganir verulega.

Fyrsti minni hluti telur til bóta að aukin áhersla er lögð á málefni löggæslu og öryggismála, t.d. með aukningu framlaga til embættis ríkislögreglustjóra og hækkun framlaga í Landhelgissjóð vegna kaupa á varðskipi og flugvél fyrir Landhelgisgæsluna.

Fyrsti minni hluti telur áform um fangelsisbyggingar ófullnægjandi og lýsir vonbrigðum með þær tillögur um fjárveitingar til þeirra sem gerðar eru í frumvarpinu. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 8 m.kr. til fangelsisbygginga og að fjárveitingin lækki um 170,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Allur undirbúningur fyrir nýjar viðbótarframkvæmdir á Litla-Hrauni er búinn þannig að hægt væri að hefja framkvæmdir strax. Ljóst er að það fjármagn sem búist er við fyrir sölu á landi sem tilheyrir Litla-Hrauni dugar ekki fyrir framkvæmdum þar sem talið er að framkvæmdir á Litla-Hrauni muni kosta um 500 m.kr. Einnig þarf að byggja nýtt fangelsi, m.a. vegna þess að Hegningarhúsið á Skólavörðustíg uppfyllir ekki kröfur um heilbrigðiseftirlit og jafnframt er talið að staðsetning kvennafangelsisins í Kópavogi sé óheppileg. Rætt hefur verið um að nýtt fangelsi rísi á Hólmsheiði. Þetta brýna mál hefur ekki náð í höfn enda lét dómsmálaráðherra þau orð falla á Alþingi nýlega að eins og mál hefðu þróast væri augljóst að árið 2009 yrðu fangelsismál á höfuðborgarsvæðinu ekki komin í fullnægjandi horf.

Fyrsti minni hluti veltir því upp hvort dómsmálaráðherra hafi ekki forgangsraðað byggingarmálum fangelsa í fjárlagagerðinni eða ekki fengið hljómgrunn fyrir fjárveitingum í viðbyggingar á Litla-Hrauni, né fyrir Hólmsheiðarfangelsi í ríkisstjórninni. Hvað sem því lítur vill 1. minni hluti benda á að hefja þarf framkvæmdir hið fyrsta við uppbyggingu fangelsa sem og bæta sálfræðiþjónustu og efla meðferðarúrræði.

Alþingi, 14. nóv. 2007.

Siv Friðleifsdóttir.

Fylgiskjal VI.

Álit

um frv. til fjárlaga 2008 (01 Forsætisráðuneyti og 06 Dómsmálaráðuneyti).

Frá 2. minni hluta allsherjarnefndar.

Annar minni hluti telur eðlilegt að auknum fjármunum sé varið til löggæslu og öryggismála svo sem mælt er fyrir í frumvarpi til fjárlaga. Ef frá eru skilin sérstök útgjöld vegna kaupa á varðskipi og flugvél fyrir Landhelgisgæsluna, fjárfestingar sem koma til vegna þess að Landhelgisgæslan er að taka við fjölbreyttari verkefnum, þá kemur í ljós að önnur hækkun til löggæslu og öryggismála nemur 288 m.kr. Vafasamt er að sú hækkun sé nægjanleg miðað við aukin verkefni lögreglunnar við að tryggja öryggi borgaranna, m.a. vegna þess að alþjóðleg glæpastarfsemi virðist í auknum mæli teygja anga sína til landsins, og nauðsyn er á víðtækara eftirliti og aðgerðum lögreglu. Þá hefur ferðamönnum fjölgað mikið og á síðasta ári komu um 15.000 útlendingar til landsins til lengri dvalar. Sú mikla fjölgun útlendinga sem hér dveljast að jafnaði við störf veldur því að lögreglan þarf að sinna auknum verkefnum og stundum flóknari en áður. Ekki er nægjanlega tekið á þeim málum eða fjármunir tryggðir til að lögreglan geti brugðist eðlilega við í þessu efni.

Annar minni hluti telur áform um fangelsisbyggingar vera í ólestri og lýsir vonbrigðum sínum með þær tillögur um fjárveitingar til fangelsisbygginga sem gerðar eru í frumvarpinu.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 8 m.kr. fjárveitingu til fangelsisbygginga og að fjárveitingin lækki um 170,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Byggja verður nýtt fangelsi á höfuðborgarsvæðinu, m.a. vegna þess að Hegningarhúsið á Skólavörðustíg uppfyllir ekki nútímakröfur. Rætt hefur verið um að nýtt fangelsi rísi á Hólmsheiði. Eins og nú háttar til verður ekki sagt að fangelsisaðstaða á höfuðborgarsvæðinu sé viðunandi.

Annar minni hluti bendir á að mikill aukakostnaður felst í því að á höfuðborgarsvæðinu skuli ekki vera aðstaða til að vista gæsluvarðhaldsfanga. Flestir gæsluvarðhaldsfangar eru af höfuðborgarsvæðinu og sömuleiðis rannsóknarar og verjendur. Mikill tími og kostnaður fer í flutning gæsluvarðhaldsfanga og ferðir löggæslumanna og verjenda sem greiðist af ríkinu. Það mundi því leiða til verulegs sparnaðar og aukinnar skilvirkni ef gæsluvarðhaldsfangelsi yrði reist sem fyrst á höfuðborgarsvæðinu.

Alþingi, 14. nóv. 2007.

Jón Magnússon.

Fylgiskjal VII.

Álit

um frv. til fjárlaga 2008 (01 Forsætisráðuneyti og 06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti).

Frá 3. minni hluta allsherjarnefndar.

Fjárlög hvers árs eru órækur vitnisburður um stefnu ríkisstjórna á hverjum tíma. Fjárlög fyrir árið 2008 endurspegla þannig með skýrum hætti stefnu ríkisstjórnar Samfylkingarinnar og Sjálfstæðisflokksins. Sjálfstæðisflokkurinn hefur setið í ríkisstjórn síðastliðin fjögur kjörtímabil og lengst af við stjórnvölinn. Það er skoðun 3. minni hluta að þessi ár hafi verið feit ár auðmanna og hátekjufólks en að sama skapi mögur ár lág- og meðaltekjufólks, aldraðra og öryrkja og fleiri hópa í þjóðfélaginu. Að mati 3. minni hluta hefur þjóðfélagsgerð okkar breyst til verri vegar síðustu 16 ár. Misskipting, fátækt og hvers kyns mismunun hefur aukist verulega. Aðgangur að heilbrigðisþjónustu hefur verið takmarkaður með gjaldtöku. Landsbyggðarfólk situr engan veginn við sama borð og íbúar höfuðborgarsvæðisins og sveitarfélög á landsbyggðinni búa við fjársvelti og geta illa veitt íbúum sínum þá þjónustu sem þeir eiga rétt á. Fákeppni og allt að því einokun er ríkjandi á stærstu sviðum viðskipta- og atvinnulífs og heilbrigð samkeppni og einstaklingsframtak eiga mjög undir högg að sækja. Kynbundið ofbeldi og kynbundinn launamunur er viðvarandi. Skattar á lág- og meðaltekjufólk hafa hlutfallslega verið hækkaðir með skertum persónuafslætti, skertum barnabótum, skertum vaxtabótum og stórauknum sjúklinga- og lyfjasköttum á meðan skattar hafa ýmist verið lækkaðir og/eða felldir niður hjá auð- og hátekjumönnum. Kjör öryrkja og aldraðra hafa hlutfallslega versnað. Brýnum umhverfismálum hefur ekki verið sinnt og unnin hafa verið stórfelld óafturkræf spjöll á náttúru Íslands í nafni blindrar stóriðjustefnu. Ungu fólki hefur verið gert illmögulegt að kaupa sína fyrstu íbúð og vaxtaokur er almenn staðreynd. Frumkvöðlastarfsemi og nýsköpun hefur verið drepin niður og einsleit álbræðsluhyggja hefur verið allsráðandi með tilheyrandi ruðningsáhrifum. Nauðsynlegum hafrannsóknum og sjálf-

bærum veiðum hefur verið gefinn of lítill gaumur. Hernaðarhyggja hefur farið vaxandi og Ísland gert að þátttakanda í Íraksstríðinu. Borgaraleg réttindi hafa verið skert samfara miðstýrðri ráðstjórn ríkislögreglustjóra með greiningardeildum, sérsveitum o.fl., en á sama tíma hefur verið dregið verulega úr löggæsluþjónustu á landsbyggðinni. Félagshyggja og almannahagsmunir eru á undanhaldi fyrir sérhagsmunum gróða- og markaðshyggju. Auðlindir þjóðarinnar sæta ásælni alþjóðlegra stórfyrirtækja og ofurauðmanna og þannig mætti lengi telja.

Það er staðföst skoðun 3. minni hluta að í öllum meginatriðum feli frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2008 í sér óbreytta ríkisstjórnarstefnu Sjálfstæðisflokksins síðustu fjögur kjörtímabil. Stefna Samfylkingarinnar, svo ekki sé talað um kosningaloforð hennar fyrir síðustu alþingiskosningar, sé lítt merkjanleg í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2008.

Þegar litið er yfir þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á málefnasviði allsherjarnefndar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 10. október 2007, staðfesta þeir að mati minni hlutans það sem að framan greinir.

Þriðji minni hluti telur alvarlegustu annmarka frumvarpsins lúta að fjárveitingum til löggæslu- og fangelsismála. Embætti ríkisslögreglustjóra hefur vaxið gríðarlega undanfarin ár og útgjöld að sama skapi. Sífellt fleiri verkefni eru færð til miðstýrðrar ráðstjórnar embættisins auk nýrra verkefna. Þar ber mest á verkefnum, svonefndum öryggismálum, sem lúta að meintri en alls óskilgreindri hryðjuverkaógn hér á landi í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum 11. september 2001. Enn fjölgar í sérsveit lögreglunnar. Árið 2003 voru 18 manns í sérsveitinni en nú starfa þar á sjötta tug lögreglumanna án þess að nokkur fagleg þarfagreining hafi farið fram. Þá fer miðstýrð leyniþjónustustarfsemi hraðvaxandi. Á sama tíma eru fjárveitingar til sýslumanna vegna löggæslu á landsbyggðinni skornar niður. Er svo komið að grenndargæsla í stórum byggðarlögum á landsbyggðinni og í heilu sýslunum er að verða í skötulíki. Í dæmaskyni má nefna Grindavík þar sem lögregla hefur sáralitla viðveru og Árnessýslu þar sem embættinu tekst almennt aðeins að manna einn lögreglubíl á hverri vakt í þessu víðfeðma umdæmi. Umkvartanir íbúa á landsbyggðinni hafa verið virtar að vettugi. Tímabært er að allsherjarúttekt fari fram á embætti ríkislögreglustjóra, sérsveit, greiningardeild og öðrum sérdeildum embættisins og einnig á löggæsluþörf á landsbyggðinni. Fjárframlög til lögreglunnar í Reykjavík eru einnig skorin niður þrátt fyrir aukin verkefni, svo sem við nauðsynlega og árangursríka miðborgargæslu um helgar og verkefni sem lögregla höfuðborgarsvæðisins hefur með höndum fyrir allt landið. 3. minni hluti gagnrýnir harðlega forgangsröðun löggæsluverkefna samkvæmt frumvarpi til fjárlaga og sér í lagi að ekki skuli varið verulegum fjármunum í baráttuna gegn viðvarandi og vaxandi kynbundnu ofbeldi. Má tala um hryðjuverk gagnvart konum í því samhengi. Sama gildir um fíkniefnamál og forvarnir. Þar skiptir þó ef til vill mestu að auka fjárveitingar til aðstoðar við börn með geðraskanir og börn sem búa við ömurlegar heimilisaðstæður. Í áliti meiri hluta allsherjarnefndar er auknum fjárveitingum til löggæslu og öryggismála fagnað. Hér er að langmestu leyti um að ræða hækkun framlaga í Landhelgissjóð vegna kaupa á varðskipi og flugvél. Að öðru leyti skýrist hækkunin að mestu leyti af auknum fjárveitingum til embættis ríkislögreglustjóra og til Útlendingastofu vegna aukins umfangs verkefna hennar. Aðrar fjárveitingar standa almennt í stað eða eru lækkaðar og boða óbreytta ríkisstjórnarstefnu fyrri ára. Við þennan þátt verður ekki skilið án þess að nefna að sífellt fleiri lögreglumenn kjósa að leita á önnur mið um störf vegna bágra kjara og álags. Embætti eru víða undirmönnuð. Ekki er tekið á þessum vanda í fjárlagafrumvarpinu.

Í tengslum við fjárveitingar til svonefndra öryggismála verður ekki hjá því komist að setja þau í samhengi við fjárveitingar til hernaðar- og hernaðartengdra mála. Í fjárlagafrumvarpinu

er gert ráð fyrir rúmum 1,5 ma.kr. til Ratsjárstofnunar, aðildar að NATO og fastanefndar NATO og í frumvarpi til fjáraukalaga um 830 m.kr. til Ratsjárstofnunar, Norðurvíkingsheræfinganna, öryggissvæðis við Keflavíkurflugvöll, loftflutninga fyrir NATO og ársþings þingmannanefndar NATO eða samtals rúmum 2,3 ma.kr. Þessi staðreynd er vægast sagt alvarlegt umhugsunarefni í ljósi þess sem segir í inngangi þessa álits. Um þessa hernaðarhyggju er fjallað með faglegum hætti í grein eftir Kolbrúnu Halldórsdóttur í Dagfara, tímariti Samtaka hernaðarandstæðinga, 3. tbl. 33. árg. 2007.

Enn sitja fangelsismál á hakanum, þrátt fyrir úrbætur á Akureyri og Kvíabryggju. Fjárveiting til fangelsisbygginga nemur aðeins 8 m.kr. þrátt fyrir að gæsluvarðhaldsmál séu enn í miklum ólestri, uppbygging á Litla-Hrauni þoli enga bið, aðstaða kvenkyns fanga sé óviðunandi og þar fram eftir götunum. Fjárframlög til Fangelsismálastofnunar halda í við verðlagsbreytingar. Ekki er gert ráð fyrir fjármagni til að auka meðferðarúrræði fanga og meta þörf þeirra fyrir meðferð, til málefna fanga sem eiga við geðræn vandamál að stríða og til fleiri brýnni fyrirliggjandi verkefna sem kalla þegar í stað á úrlausn og fjármagn. Margar ánægjulegar breytingar hafa þó átt sér stað í fangelsismálum en þær má fyrst og síðast þakka frumkvæði fangelsismálastjóra og annarra starfsmanna Fangelsismálastofnunar.

Þriðji minni hluti leggur til að fjárveiting til Mannréttindaskrifstofu Íslands verði aftur tekin upp sem fastur liður á fjárlögum og sjálfstæði skrifstofunnar þannig tryggt, enda hefur reynslan sýnt að full þörf er á starfsemi skrifstofunnar þó svo að fagleg álit hennar kunni að pirra stjórnvöld. Jafnframt leggur 3. minni hluti til að fjárveitingar til gjafsóknar og bætur til brotaþola verði stórauknar. Það er með öllu óviðunandi að gjafsókn sé ekki veitt vegna fordæmismála og mála sem skipta verulegu máli fyrir lífsafkomu einstaklinga og fleira. 3. minni hluti harmar lagabreytingu sem gerð var árið 2004 þar sem réttur til gjafsóknar í málum sem hafa almenna þýðingu var skertur, enda um mannréttindi að ræða. Hámarksfjárhæðir bóta til þolenda afbrota hafa engum breytingum tekið frá því að lög nr. 69/1995, um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, voru sett sem þýðir einfaldlega að þær hafa í raun verið skertar um tugi prósenta. Er illt til þess að vita að framhald verði á þeim skerðingum á næsta ári. Þar fyrir utan hafa fjárveitingar til gjafsóknar og bóta til brotaþola verið vanmetnar mörg undanfarin ár og einu viðbrögð dómsmálayfirvalda felast í því að skerða þessi mikilsverðu réttindi. Það er enn fremur álit 3. minni hluta að auka verði fjárframlög til umboðsmanns Alþingis, m.a. til að gera embættinu kleift að taka í ríkari mæli upp mál að eigin frumkvæði. Þar kemur m.a. til skoðunar athugun á réttarstöðu öryrkja, aldraðra og fleiri hópa í þjóðfélaginu sem standa höllum fæti.

Um frekari rökstuðning er vísað til álits minni hluta allsherjarnefndar um frv. til fjárlaga fyrir árið 2006, dags. 14. nóv. 2005 sem undirritað er af Ágústi Ólafi Ágústssyni, Guðrúnu Ögmundsdóttur, Björgvini G. Sigurðssyni og Sigurjóni Þórðarsyni (sjá þskj. 395 á 132. löggjafarþingi). Kolbrún Halldórsdóttir var sem áheyrnarfulltrúi í allsherjarnefnd samþykk álitinu. Gagnrýni og ábendingar sem koma fram í álitinu eigan fullan rétt á sér varðandi fjárlagafrumvarp fyrir árið 2008.

Alþingi, 19. nóv. 2007.

Atli Gíslason.

Fylgiskjal VIII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2008 (02 Menntamálaráðuneyti).

Frá meiri hluta menntamálanefndar.

Menntamálanefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar fjallað um þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði nefndarinnar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, og bréf fjárlaganefndar til menntamálanefndar, dags. 10. október 2007.

Á fund nefndarinnar komu Gísli Þór Magnússon, Auður Björg Árnadóttir og Jenný Bára Jensdóttir frá menntamálaráðuneyti, Kristín Ingólfsdóttir og Jón Atli Benediktsson frá Háskóla Íslands og Baldur Gíslason, Bryndís Sigurjónsdóttir og Kristinn Þorsteinsson frá Félagi íslenskra framhaldsskóla.

Heildargjöld menntamálaráðuneytisins árið 2008 eru áætluð um 55.450 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 4.492 m.kr. en þær nema 8,1% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 50.985 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 47.150 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 3.808 m.kr. innheimtar af ríkistekjum. Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 32.768 kr. m.kr. og hækka um 3.338 m.kr. í fjárlögum þessa árs.

Meiri hluti nefndarinnar leggur áherslu á að hækka þurfi fjárveitingu til Listasafns Íslands svo að safnið geti fjölgað starfsfólki, eflt rannsóknarstarf og fundið viðunandi lausn á húsnæðis- og geymslumálum safnsins. Listasafn Íslands er þjóðlistasafn og eitt af höfuðsöfnum landsins og telur meiri hlutinn mikilvægt að safnið fái aukna fjárveitingu svo það geti gegnt þeim skyldum sem lagðar eru á það í safnalögum og lögum um Listasafn Íslands.

Á fundi nefndarinnar með fulltrúum frá Háskóla Íslands kom fram að fjárframlög til skólans væru hlutfallslega lægri en til annarra háskóla, að frádregnu 640 m.kr. fjárframlagi til skólans vegna samnings milli hans og menntamálaráðuneytisins. Þá kom fram á fundi nefndarinnar með fulltrúum frá Félagi framhaldsskóla að fjárlagafrumvarpið 2008 fæli í raun í sér niðurskurð á fjárveitingum til framhaldsskólanna. Meiri hluti nefndarinnar telur mikilvægt að reiknilíkan framhaldsskólanna endurspegli raunverulega fjárþörf þeirra. Meiri hlutinn vekur athygli fjárlaganefndar á starfi starfshóps sem settur var á laggirnar í því skyni að endurskoða reiknilíkan framhaldsskólanna en niðurstaða starfshópsins mun taka mið af nýjum lögum um framhaldsskóla. Hyggst menntamálaráðherra leggja fram frumvarp þess efnis á þessu haustþingi. Meiri hlutinn beinir því til fjárlaganefndar að taka málefni háskólanna og framhaldsskólanna til sérstakrar skoðunar.

Meiri hlutinn telur nauðsynlegt að fyrirkomulag við úthlutun fjárveitinga af safnliðum verði tekið til gagngerrar endurskoðunar. Meiri hlutinn hefur þegar komið þeirri skoðun sinni á framfæri við fjárlaganefnd og leggur áherslu á að farið verði í slíka endurskoðun fyrir fjárlagagerðina 2009. Meiri hlutinn áréttar, eins og fram hefur komið í fyrri álitum hans til fjárlaganefndar, að úthlutun fjárveitinga til einstakra verkefna á sviði lista og menningar sem og á sviði íþrótta- og æskulýðsmála eigi að vera í höndum sjóða sem komið hefur verið á í þeim tilgangi. Meiri hlutinn telur að þegar svo háttar til verði úthlutun fjármuna byggð á faglegri forsendum en með núverandi fyrirkomulagi. Þá vekur meiri hlutinn athygli á menn-

ingarsamningum sem gerðir hafa verið við sveitarfélög en margar þær umsóknir sem nefndinni hafa borist ættu að mati meiri hlutans að falla undir slíka samninga.

Nefndinni hafa borist 136 umsóknir um fjárveitingar af safnliðum og komu 49 umsækjendur á fund nefndarinnar. Meiri hlutinn leggur til að 98 umsækjendur fái styrk. Hvað varðar safnlið 02-999-190, Ýmis framlög, þá vísar meiri hlutinn umsókn SPES, alþjóðlegrar barnahjálpar aftur til fjárlaganefndar enda telur meiri hlutinn að efni hennar falli ekki undir málefnasvið nefndarinnar og heyri fremur undir utanríkisráðuneytið. Einnig vísar meiri hlutinn umsókn Hvítasunnukirkjunnar í Reykjavík aftur til fjárlaganefndar þar sem um fjárfrekt verkefni er að ræða. Þá vísar meiri hlutinn umsóknum Heimilis og skóla aftur til fjárlaganefndar. Í tengslum við safnlið 02-983-1.11, Styrkir til útgáfumála, vísar meiri hlutinn umsókn ORG-ættfræðiþjónustu ehf. aftur til fjárlaganefndar enda um kostnaðarsamt verkefni að ræða.

Í tengslum við umsókn Þórbergsseturs beinir meiri hlutinn því til menntamálaráðherra að gerður verði samstarfssamningur við setrið með sama hætti og menntamálaráðherra hefur gert við Gunnarsstofnun. Að sama skapi telur meiri hlutinn í tengslum við umsókn Leikminjasafns Íslands að mikilvægt sé að gerður verði samningur við stjórn safnsins um framtíðaruppbyggingu þess.

Meiri hlutinn leggur til að 1,5 m.kr. verði fluttar af safnlið 02-982-1.90, Listir, yfir á safnlið 02-984-1.90, Norræn samvinna, og að 11,5 m.kr. verði fluttar af safnlið 02-982-1.90, Listir, yfir á safnlið 02-919-1.90, Söfn, ýmis framlög. Meiri hlutinn leggur einnig til að 13,8 m.kr. verði fluttar af safnlið 02-989-1.90, Ýmis íþróttamál, yfir á safnlið 02-983-1.11, Styrkir til útgáfumála, og að 4,2 m.kr. verði færðar af safnlið 02-989-1.90, Ýmis íþróttamál, yfir á safnlið 02-999-1.90, Ýmis framlög. Tillögur meiri hlutans um skiptingu safnliða koma fram í sérstöku fylgiskjali.

Guðbjartur Hannesson skrifar undir álitið með fyrirvara vegna setu í fjárlaganefnd.

Minni hluti nefndarinnar tekur undir umsögn meiri hlutans um einstök atriði en hefur fyrirvara við heildarafgreiðslu málsins sem fram kemur í minnihlutaáliti.

Illugi Gunnarsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. nóv. 2007.

Sigurður Kári Kristjánsson, form.,
Einar Már Sigurðarson,
Guðbjartur Hannesson, með fyrirvara,
Katrín Júlíusdóttir,
Ragnheiður Ríkharðsdóttir.

Fylgiskjal IX.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2008 (02 Menntamálaráðuneyti).

Frá minni hluta menntamálanefndar.

Að aflokinni umfjöllun menntamálanefndar um fjárlagafrumvarpið liggur fyrir að minni hlutinn tekur undir öll atriðin sem fjallað er um í áliti meiri hlutans og stendur að tillögunni um skiptingu safnliða en telur eigi að síður mikilvægt að gera nokkra grein fyrir afstöðu sinni til þeirrar heildarstefnu sem birtist í frumvarpinu.

Tími nefndarinnar fór að mestu í umfjöllun um skiptingu safnliðanna svo að naumur tími var aflögu til að fjalla um frumvarpið að öðru leyti. Rík ástæða hefði verið til að fjalla sérstaklega um þætti er varða fjárveitingar til símenntunar og fullorðinsfræðslu, til fatlaðra nemenda á efri skólastigum, listnám á framhaldsskólastigi og þeirra framhaldsskólanema sem hafa greiningu upp úr grunnskóla af einhverjum ástæðum. Þá hefði þurft að ræða stefnumörkun Vísinda- og tækniráðs betur, sem og stefnumörkun og fjárheimildir varðandi íslenskukennslu fyrir útlendinga. Þá má nefna að eina menningarstofnunin sem fékk athygli nefndarinnar var Listasafn Íslands. Minni hlutinn styður heils hugar tillögur meiri hlutans um aukið fjármagn til ákveðinna þátta safnsins og vonar að fjárlaganefnd sinni þeim óskum. Það hefði hins vegar verið fullt tilefni til þess að fleiri sambærilegar stofnanir fengju viðlíka athygli.

Ástæða hefði verið til að fylgja eftir starfi nefndarinnar frá síðasta ári varðandi Þjóðleikhúsið, en ekki hefur unnist tími til að fara yfir þarfagreiningu sem nefndinni er kunnugt um að hefur legið fyrir um skeið varðandi áætlanir um áframhaldandi endurbætur og mögulegar viðbyggingar við húsið. Þá gerir minni hlutinn athugasemd við lækkun framlaga til nokkurra mikilvægra safna eins og Listasafns ASÍ, Nýlistasafnsins og Listasafns Sigurjóns Ólafssonar.

Sá siður færist í vöxt að stjórnvöld geri samninga við ýmsa aðila um aðskiljanlegustu verkefni, jafnvel þau sem bundin eru í lög og reglugerðir. Umboðsmaður Alþingis bendir á þessa staðreynd í nýútkominni skýrslu sinni fyrir árið 2006 og telur að í þessum efnum ráði för vilji fólks til að fylgja aðferðum viðskiptalífsins og einkamarkaðarins. Slík breytni kunni að orka tvímælis í ákveðnum tilfellum, sérstaklega ef það gleymist að verkefni hins opinbera hvíla almennt á öðrum réttargrundvelli en einkarekstur. Fjöldi samninga af þessu tagi hefur verið gerður af menntamálaráðuneytinu á síðustu missirum, jafnt um skólamál sem menningarmál. Það hefði verið full þörf fyrir menntamálanefnd að fjalla sérstaklega um þá samningagerð alla.

Í fjárlagafrumvarpinu kemur fram rík tilhneiging til að gera betur við einkarekna skóla en þá sem reknir eru að öllu leyti af hinu opinbera. Sem dæmi um þetta má nefna að Háskóli Íslands fær einungis 3% hækkun vegna fjölgunar ársnema og Kennaraháskóli Íslands 3,2% miðað við síðasta ár, þegar Háskólinn í Reykjavík fær 5,8% hækkun vegna fjölgunar ársnema og Háskólinn á Bifröst 6,3% hækkun. Sömu tilhneigingu má sjá í kaflanum um framhaldsskóla. Stjórnvöld beina með öðrum orðum nemendum í auknum mæli í skóla sem innheimta skólagjöld. Þetta samrýmist ekki stefnu minni hlutans um jafnrétti til náms. Minni hlutinn er sammála um að stefna beri að því að framhaldsskólinn verði án gjaldtöku, þ.m.t. náms-

gögn framhaldsskólanema, en slíka stefnu er ekki að finna í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar.

Þó að ákveðnar úrbætur hafi verið gerðar á fjárframlögum til Háskóla Íslands á árinu með nýjum samningi við skólann, þá nægir það hvergi nærri til að gera honum kleift að rækja hlutverk sitt af þeirri reisn sem hann gæti, ef stefnumörkun stjórnvalda varðandi fjárframlög til skólans væri með eðlilegum hætti. Háskóli Íslands þarf fyrirsjáanlega að takmarka fjölda nemenda við skólann umtalsvert á næstu árum ef nemendafjölgun verður ekki bætt með auknum framlögum og óvíst er á hvaða forsendum slíkar takmarkanir verða byggðar. Hingað til hefur Háskóli Íslands skilgreint sig sem þjóðskóla þar sem allir með tilskilin próf hafa átt aðgang að honum en á næsta ári gerir Háskóli Íslands ráð fyrir að framlög vanti fyrir 435 nemendaígildi. Slíkt er óásættanlegt að mati minni hlutans.

Telja verður jákvætt að Háskólinn á Akureyri skuli fá 6,3% hækkun vegna fjölgunar ársnema. Minni hlutinn hvetur til þess að fyrir endanlega afgreiðslu fjárlaga 2008 verði lokið gerð samnings við skólann um kennslu og rannsóknir til næstu fjögurra ára, og jafnframt að skuldastaða skólans verði leiðrétt. Menntamálayfirvöld verða að klára þá vinnu sem hafin var á síðasta ári, þ.e. að tryggja fjárhagslegan grunn Menntaskólans á Akureyri. Slíkt verður aðeins gert með því að aflétta þeim 360 m.kr. skuldum sem enn hanga yfir skólanum.

Framhaldsskólarnir þurfa að þola raunlækkun milli ára verði ekki breyting á fjárveitingum í meðförum fjárlaganefndar. Þetta gengur gegn öllum fyrirheitum stjórnvalda um úrbætur og um öflugan framhaldsskóla fyrir alla. Í mörg ár hefur framhaldsskólastigið verið rekið með halla þegar á heildina er litið. Það var ekki fyrr en árið 2006 sem skólunum var gert kleift að ná jákvæðri heildarútkomu. Með fyrirliggjandi fjárlagafrumvarpi er þeim árangri stefnt í voða. Enn er ástæða til að hvetja til þess að reiknilíkani framhaldsskólanna verði breytt á þann veg að það reikni út kostnað við rekstur skólanna, en sé ekki einungis tæki til að deila út of litlum fjármunum. Miklu skiptir að skólum verði gert fjárhagslega kleift að bjóða upp á fjölbreytta menntun og sinna ólíkum nemendum með ólíkar þarfir.

Það er mat minni hlutans að menntakerfið sé ein mikilvægasta stoðin undir velferð samfélagsins og að menntun fyrir alla eigi að vera ófrávíkjanleg krafa í stjórnmálum 21. aldarinnar. Til að sú verði raunin þarf að endurskoða fjárframlög til einstakra málaflokka og það er mat minni hlutans að mennta- og menningarmálin eigi að vera ofar í forgangsröðinni en nú er.

Alþingi, 20. nóv. 2007.

Kolbrún Halldórsdóttir,
Katrín Jakobsdóttir,
Höskuldur Þórhallsson.

Fylgiskjal X.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2008 (03 Utanríkisráðuneyti).

Frá meiri hluta utanríkismálanefndar.

Utanríkismálanefnd hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. þingskapa og bréf fjárlaganefndar frá 10. október sl.

Nefndin fékk á sinn fund Grétar Má Sigurðsson og Pétur Ásgeirsson frá utanríkisráðuneyti.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fjárlagarammi utanríkisráðuneytisins stækki um tæplega 1.053 m.kr sem jafngildir 23% miðað við fjárlög fyrir árið 2007.

Nú er í fyrsta skipti gert ráð fyrir sérstökum fjárlagalið vegna varnarmála. Gert er ráð fyrir að rekstargjöld á honum nemi tæplega 534 m.kr. og renni að mestu til verkefna í tengslum við yfirtöku Íslendinga á starfsemi á Keflavíkurflugvelli eftir brotthvarf Bandaríkjahers. Einnig er gert ráð fyrir sérstökum fjárlagalið vegna Ratsjárstofnunar vegna yfirtöku Íslands á rekstri stofnunarinnar.

Heildarfjárveiting til þróunarmála og alþjóðastofnana samkvæmt fjárlagaliðum 03-390, 03-391 og 03-401 nemur rúmlega 4.187 m.kr. sem jafngildir meira en 13% hækkun að raungildi frá fjárlögum ársins 2007. Undanfarin ár hafa framlög Íslendinga til þróunarmála og alþjóðlegrar hjálparstarfsemi markvisst verið hækkuð með hliðsjón af því markmiði ríkisstjórnarinnar að auka framlög til þróunarmála þannig að þau verði 0,35% af vergri landsframleiðslu árið 2009. Meiri hlutinn er sammála því markmiði að auka útgjöld til þróunarmála. Meiri hlutinn telur einnig mikilvægt að gert verði ráð fyrir auknum fjárveitingum til Alþingis þannig að utanríkismálanefnd geti sinnt eftirlitshlutverki sínu með friðargæslu, þróunarmálum og hjálparstarfsemi á erlendri grundu sem skyldi. Jafnframt þarf að huga að alþjóðlegum samskiptum fastanefnda þingsins í tengslum við framkvæmd EES-samningsins.

Kristinn H. Gunnarsson skrifar undir álit þetta með fyrirvara.

Alþingi, 12. nóv. 2007.

Bjarni Benediktsson, form.,
Árni Páll Árnason,
Ragnheiður E. Árnadóttir,
Ásta R. Jóhannesdóttir,
Siv Friðleifsdóttir,
Guðfinna S. Bjarnadóttir,
Lúðvík Bergvinsson,
Kristinn H. Gunnarsson, með fyrirvara.

Fylgiskjal XI.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2008 (03 Utanríkisráðuneyti).

Frá minni hluta utanríkismálanefndar.

Undirritaður, fulltrúi þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í utanríkismálanefnd, tekur undir það sem fram kemur í áliti meiri hluta utanríkismálanefndar að aukning framlaga til þróunarsamvinnu er fagnaðarefni og sömuleiðis að mikil þörf er á að styrkja stöðu utanríkismálanefndar til að sinna og fylgja eftir auknum umsvifum og auknum fjármunum sem ráðstafað er undir utanríkisráðuneytinu, einkum og sér í lagi til þróunarsamvinnu, til aukinna verkefna á sviði friðargæslu og nú vegna nýtilkominnna og stóraukinna útgjalda til hernaðartengdra verkefna. Full ástæða er til að utanríkismálanefnd geti, bæði að eigin frumkvæði og í samstarfi við utanríkisráðuneytið og undirstofnanir þess, sinnt eftirlits- og aðhaldshlutverki sínu, tekið þátt í stefnumótun og fylgt málum eftir af hálfu Alþingis.

Hvað varðar einstaka útgjaldaliði ráðuneytisins gagnrýnir undirritaður harðlega þau nýtilkomnu og stórfelldu útgjöld til hernaðartengdra verkefna sem í fjárlagatillögunum felast og í raun bæði í fjáraukalagafrumvarpi fyrir yfirstandandi ár og í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2008. Undirritaður telur þessi útgjöld illa ígrunduð, alla stefnumótun af hálfu stjórnvalda vera handahófskennda og enn eru ítrekuð loforð um að búa til þverpólitískan samráðsvettvang stjórnmálaflokka um öryggismál vanefnd.

Ef litið er til stærstu útgjaldaliðanna sem til falla á málasviði utanríkisráðuneytisins stingur í augu nýr kostnaður, til svokallaðra varnarmála upp á 522,3 m.kr. Er þar fyrst og fremst á ferðinni kostnaður af því að helda hér uppi erlendum herjum og herflugvélasveitum við æfingar og/eða eftirlit. Einnig fellur undir þetta rekstur ratsjárstofnunar upp á 830 m.kr. eða þar um bil. Að auki mun rekstur fastanefndar Nató í Brussel kosta 100 m.kr. og árgjöld til Nató 65 m.kr. Er þá fjarri því að allt sé talið því til viðbótar koma miklar fjárhæðir sem ráðstafað hefur verið til hergagna- eða loftflutninga á vegum Nató, auk þess sem ljóst er að ýmis kostnaður fellur til hjá stofnunum sem heyra undir önnur ráðuneyti, svo sem Landhelgisgæslu, ríkislögreglustjóra, lögreglu og sýslumannsembætti, einkum sýslumannsembættið á Suðurnesjum.

Samtals munu því, samkvæmt fjáraukalagafrumvarpi fyrir yfirstandandi ár og fjárlagafrumvarpi fyrir næsta ár, renna fjármunir af stærðargráðunni allt að tveir og hálfur milljarður króna til nýrra hernaðartengdra verkefna úr ríkissjóði. Þessum fjármunum telur undirritaður að væri betur varið til að efla innlendar borgaralegar stofnanir, efla björgunarstarfsemi Landhelgisgæslunnar, búa betur að björgunarsveitum, styrkja almannavarnir, efla almenna löggæslu og þar fram eftir götunum. Engin haldbær rök hafa verið færð fyrir því að þessi miklu útgjöld, sem ærin ástæða er til að ætla að muni vefja upp á sig og aukast á komandi missirum, séu brýnustu verkefni dagsins til að efla öryggi íslenskra borgara. Er sönnu nær að auknir fjármunir til að bregðast við atburðum innan lands, eins og náttúruhamförum, eldgosum og jarðskjálftum, eða vá af öðrum toga, væri nærtækari. Ein röksemdin sem færð er fram er vaxandi umferð í norðurhöfum, einkum umferð olíuflutningaskipa, en augljóst er að fráleitt það brýnasta í þeim efnum er að halda uppi erlendum herjum og orrustuflugsveitum við æfingar hér á landi. Nær væri að efla raunverulegan viðbúnað, afla tækja, kaupa búnað og þjálfa

mannskap til að takast á við möguleg mengunarslys, efla björgunarviðbúnað og siglingaeftirlit og annað af því tagi í samstarfi við aðrar þjóðir sem eiga land hér á norðurslóðum. Það að nota mögulega hættu af siglingum olíuskipa sem yfirskin til að réttlæta stórfelld ný hernaðarútgjöld er ekkert nema blekkingaleikur.

Undirritaður og flokkur hans gagnrýna harðlega þessa hervæðingu eða hernaðarútgjaldavæðingu íslensku fjárlaganna og munu greiða atkvæði gegn hinum nýju útgjaldaliðum á þessu sviði sem órökstutt og án undangenginnar stefnumótunar og þarfagreiningar á nú að fara að reiða af hendi.

Hvað varðar útgjöld til friðargæslu, þá er undirritaður því að sjálfsögðu fylgjandi að við Íslendingar leggjum okkar af mörkum á því sviði, enda sé það gert á þeim forsendum sem okkur henta og samrýmast friðar- og vopnleysisarfleifð okkar annars vegar og anda og markmiðum nýrra laga um friðargæsluna hins vegar. Það verður hins vegar ekki sagt um öll verkefni friðargæslunnar í dag og alls ekki hið kostnaðarsama úthald í Afganistan. Krafa minni hlutans er að liðsaflinn verði kallaður heim frá Afganistan og þátttaka Íslands í friðargæsluverkefnum verði endurskipulögð.

Þótt veruleg útgjaldaaukning utanríkisráðuneytisins undanfarin ár stafi vissulega einkum af auknum verkefnum eins og áður er vísað til er einnig um umtalsverða aukningu rekstrar- og launakostnaðar að ræða vegna fastastarfsemi utanríkisþjónustunnar eins og Ríkisendurskoðun hefur m.a. bent á. Full þörf væri á að fara betur ofan í saumana á rekstrar- og launakostnaðarliðum og þar á meðal kanna hvort um óeðlilega mikið launaskrið er að ræða í ákveðnum tilvikum.

Síðast en ekki síst þykir undirrituðum ástæða til að gagnrýna að enn hafa utanríkismálanefnd ekki borist neinar upplýsingar um hvaða áhrif fyrirhugaðar breytingar á stjórnarráðinu muni hafa á utanríkisráðuneytið, t.d. starfsemi á vegum þess í Keflavík.

Alþingi, 12. nóv. 2007.

Steingrímur J. Sigfússon.

Fylgiskjal XII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2008 (04 Landbúnaðarráðuneyti og 05 Sjávarútvegsráðuneyti).

Frá meiri hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar fjallað um þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 10. október sl. Nefndinni barst erindi frá Félagi skógarbænda á Norðurlandi, dags. 20. október 2007.

Nefndin fékk á sinn fund Arndísi Stefánsdóttur frá sjávarútvegsráðuneyti, Ingimar Jóhannsson og Baldur Erlingsson frá landbúnaðarráðuneyti, Jóhann Sigurjónsson frá Hafrann-

sóknastofnuninni og Þórð Ásgeirsson frá Fiskistofu auk þess sem nokkur fjöldi gesta kom til fundar við nefndina vegna umsókna um fjárveitingu af safnliðum.

Heildarútgjöld landbúnaðarráðuneytis árið 2008 eru áætluð 14.981 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 875 m.kr. en þær nema 5,9% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 14.016 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 12.915 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 1.174 m.kr. inheimtar af ríkistekjum. Mismunurinn, 79 m.kr., færist til lækkunar á ríkistekjum.

Heildarútgjöld sjávarútvegsráðuneytis árið 2008 eru áætluð um 4.176 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 782 m.kr. en þær nema 18,7% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 3.395 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 3.302 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 93 m.kr. inheimtar af ríkistekjum.

Heildarhækkun á fjárveitingum til landbúnaðarráðuneytis er óveruleg frá gildandi fjárlögum en nemur um 13% hvað sjávarútvegsráðuneyti varðar.

Samkvæmt lögum nr. 109/2007, um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, verða landbúnaðarráðuneyti og sjávarútvegsráðuneyti sameinuð í eitt ráðuneyti, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti frá og með 1. janúar 2008. Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2008 tekur ekki mið af þeirri breytingu og því þarf að flytja breytingartillögu við 2. umr. fjárlaga til að sameina framangreinda fjárlagaliði.

Í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins sem fylgir frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands (130. mál) er gert ráð fyrir að tilflutningar verkefnanna auki ekki heildarkostnað ríkissjóðs. Nefndin leggur áherslu á að allra leiða verði leitað til að tryggja að kostnaðarauki hljótist ekki af breytingunum og að niðurstaðan verði skilvirkari og hagkvæmari stjórnsýsla fyrir almenning og ríkissjóð. Þá telur nefndin að auka þurfi fjármagn til hafrannsókna, þ.m.t. til svokallaðra samkeppnissjóða, og að huga þurfi sérstaklega að rekstri hafrannsóknarskipa. Samkvæmt upplýsingum frá Hafrannsóknastofnun eru umhverfisskilyrði á hafsvæðum umhverfis Ísland að breytast og það kallar á frekari rannsóknir á áhrifum þess á fiskstofna.

Þá tók nefndin fyrir skiptingu safnliðanna 04-190-1.90, Ýmis verkefni, og 05-190-1.90, Ýmislegt, samkvæmt beiðni fjárlaganefndar. Tillögur meiri hlutans eru í meðfylgjandi fylgiskjali.

Meiri hlutinn leggur til að safnlið 04-190-1.90, Ýmis verkefni, verði skipt samkvæmt sundurliðuninni en gerir ekki tillögu um ráðstöfun 2,2 m.kr. af fjárveitingunni. Meiri hlutinn tekur ekki afstöðu til umsókna frá Hólaskóla heldur vísar því til fjárlaganefndar að taka afstöðu til fjárveitinga til stofnunarinnar heildstætt, m.a. í tengslum við yfirfærslu stofnunarinnar til menntamálaráðuneytis. Þá tekur meiri hlutinn ekki afstöðu til umsókna Norðurlandsdeildar Veiðimálastofnunar heldur beinir því til fjárlaganefndar að taka afstöðu til fjárveitinga til stofnunarinnar heildstætt. Þá vekur meiri hlutinn athygli fjárlaganefndar á umsókn Landgræðslu ríkisins um fjárveitingu vegna landþurrkunar og felur fjárlaganefnd að taka hana til athugunar í samhengi við fjárveitingar til stofnunarinnar. Loks vekur meiri hlutinn athygli fjárlaganefndar á umsókn Sorpstöðvar Suðurlands um styrk til kaupa á sorpbrennslugámi og telur að verkefnið hljóti að verða að skoða í víðara samhengi.

Meiri hlutinn leggur til að safnlið 05-190-1.90, Ýmislegt, verði skipt samkvæmt sundurliðun í fylgiskjali en gerir ekki tillögu um ráðstöfun 1,5 m.kr. af fjárveitingunni. Meiri hlutinn vísar umsókn BioPol-sjávarlíftækniseturs á Skagaströnd til fjárlaganefndar þar sem um er að ræða umfangsmikið verkefni og styrkbeiðnin nemur margfaldri þeirri fjárhæð sem til ráðstöfunar er.

Loks telur meiri hlutinn ástæðu til að beina því til fjárlaganefndar að hún skerpi reglur um umsóknarferlið og tryggi að öll nauðsynleg fylgigögn liggi fyrir, þ.m.t. ársreikningar, áður en erindi eru tekin til meðferðar.

Reykjavík, 13. nóv. 2007.

Arnbjörg Sveinsdóttir, form.,
Kjartan Ólafsson,
Helgi Hjörvar,
Jón Gunnarsson,
Karl V. Matthíasson,
Grétar Mar Jónsson.

Fylgiskjal XIII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2008 (04 Landbúnaðarráðuneyti og 05 Sjávarútvegsráðuneyti).

Frá 1. minni hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar.

Fyrsti minni hluti vísar til umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands hvað varðar álit á sameiningu ráðuneytanna og uppskiptingu stofnana sem undir þau heyra.

Fyrsti minni hluti stendur að skiptingu safnliðanna 04-190-1.90, Ýmis verkefni, og 05-190-1.90, Ýmislegt, samkvæmt beiðni fjárlaganefndar. Tillögur þær koma fram í fylgiskjali með meirihlutaálitinu.

Samkvæmt mótvægisaðgerðum ríkisstjórnarinnar vegna samdráttar í þorskafla, sem tilkynnt var um 12. september sl., er ekki að sjá aukningu til hafrannsókna sem nokkru nemur. Þar eru vissulega 20 m.kr. framlög til hafrannsókna í Vestmannaeyjum og Ólafsvík og aðrar 20 m.kr. til sjávarrannsóknarseturs í Ólafsvík sem 1. minni hluti styður.

Hins vegar er skoðun 1. minni hluta að verulega þurfi að auka fjárframlög til hafrannsókna og tengist það þeirri ákvörðun ríkisstjórnarinnar að draga úr þorskveiðum um yfir 60 þús. tonn.

Þingflokkur framsóknarmanna birti 3. júlí sl. tillögur um mótvægisaðgerðir sem fólu í sér að gengið yrði skemur í átt til skerðingar þorskkvóta en ríkisstjórnin ákvað. Tillögurnar voru m.a. byggðar á þeirri staðreynd að ágreiningur hefur verið uppi um þær aðferðir sem verið hafa grundvöllur að veiðiráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar og ýmsar vísbendingar uppi um að ástand þorskstofna sé þannig að ekki hefði þurft að ganga jafnlangt og raunin varð.

Í tillögum þingflokksins var af þeim sökum lagt til að 400 m.kr. yrðu árlega veittar á kjörtímabilinu til aukinna rannsókna í því skyni að auka þekkingu okkar á vistkerfi sjávar. Einnig þarf að kanna sérstaklega áhrif veiðiaðferða, veiðarfæra, veiðitímabila og hvalastofna, auk innbyrðis samspils hinna ýmsu stofna.

Alþingi, 15. nóv. 2007.

Valgerður Sverrisdóttir.

Fylgiskjal XIV.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2008 (04 Landbúnaðarráðuneyti og 05 Sjávarútvegsráðuneyti).

Frá 2. minni hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar.

Fjárlög hvers árs eru órækur vitnisburður um stefnu ríkisstjórna á hverjum tíma. Fjárlög fyrir árið 2008 endurspegla þannig með skýrum hætti stefnu ríkisstjórnar Samfylkingarinnar og Sjálfstæðisflokksins. Sjálfstæðisflokkurinn hefur setið í ríkisstjórn síðustu fjögur kjörtímabil og lengst af við stjórnvölinn. Það er skoðun 2. minni hluta að þessi ár hafi verið feit ár auðmanna og hátekjufólks en að sama skapi mögur ár lág- og meðaltekjufólks, aldraðra og öryrkja og fleiri hópa í þjóðfélaginu. Að mati 2. minni hluta hefur þjóðfélagsgerð okkar breyst til verri vegar síðustu 16 ár. Misskipting, fátækt og hvers kyns mismunun hefur aukist verulega. Aðgangur að heilbrigðisþjónustu hefur verið takmarkaður með gjaldtöku. Landsbyggðarfólk situr engan veginn við sama borð og íbúar höfuðborgarsvæðisins og sveitarfélög á landsbyggðinni búa við fjársvelti og geta illa veitt íbúum sínum þá þjónustu sem þeir eiga rétt á. Fákeppni og allt að því einokun er ríkjandi á stærstu sviðum viðskipta- og atvinnulífs og heilbrigð samkeppni og einstaklingsframtak á mjög undir högg að sækja. Kynbundið ofbeldi og kynbundinn launamunur er viðvarandi. Skattar á lág- og meðaltekjufólk hafa hlutfallslega verið hækkaðir með skertum persónuafslætti, skertum barnabótum, skertum vaxtabótum og stórauknum sjúklinga- og lyfjasköttum á meðan skattar auð- og hátekjumanna hafa ýmist verið lækkaðir eða felldir niður. Kjör öryrkja og aldraðra hafa hlutfallslega versnað. Brýnum umhverfismálum hefur ekki verið sinnt og unnin hafa verið stórfelld óafturkræf spjöll á náttúru Íslands í nafni blindrar stóriðjustefnu. Ungu fólki hefur verið gert illmögulegt að kaupa sína fyrstu íbúð og vaxtaokur er almenn staðreynd. Frumkvöðlastarfsemi og nýsköpun hefur verið drepin í dróma og einsleit álbræðsluhyggja hefur verið allsráðandi með tilheyrandi ruðningsáhrifum. Nauðsynlegum hafrannsóknum og sjálfbærum veiðum hefur of lítill gaumur verið gefinn. Hernaðarhyggja hefur farið vaxandi og Ísland verið gert að þátttakanda í Íraksstríðinu. Borgaraleg réttindi hafa verið skert samfara miðstýrðri ráðstjórn ríkislögreglustjóra með greiningardeildum, sérsveitum o.fl. en á sama tíma hefur verið dregið verulega úr löggæsluþjónustu á landsbyggðinni. Félagshyggja og almannahagsmunir eru á undanhaldi fyrir sérhagsmunum gróða- og markaðshyggju. Auðlindir þjóðarinnar sæta ásælni alþjóðlegra stórfyrirtækja og ofurauðmanna og þannig mætti lengi telja.

Það er staðföst skoðun 2. minni hluta að í öllum meginatriðum feli frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2008 í sér óbreytta ríkisstjórnarstefnu Sjálfstæðisflokksins síðustu fjögur kjörtímabil. Stefna Samfylkingarinnar, svo ekki sé talað um kosningaloforð hennar fyrir síðustu alþingiskosningar, sé lítt merkjanleg í fjárlögum fyrir árið 2008.

Þegar litið er yfir þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á málefnasviði sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 10. október 2007, staðfesta þeir að mati 2. minni hluta það sem að framan greinir.

Annar minni hluti telur alvarlegustu annmarka frumvarpsins lúta að fjárveitingum til alhliða hafrannsókna. Markmið fiskveiðistjórnarlaga hafa frá upphafi verið þau sömu, að vernda fiskstofna, stuðla að hagkvæmri nýtingu þeirra, treysta atvinnu og efla byggð í land-

inu. Þessi markmið hafa aldrei náðst og reyndar eru markmiðin fjarlægari en nokkru sinni fyrr. Þvert á markmið laganna standa helstu nytjastofnar sjávar höllum fæti og lögin hafa í reynd stuðlað að óhagkvæmri nýtingu sjávarauðlinda með tilheyrandi skuldasöfnun og erfiðleikum í fiskveiðum og fiskvinnslu. Þvert á markmið laganna hefur störfum í sjávarútvegi fækkað og starfsöryggi þeirra sem byggja afkomu sína á greininni sjaldan verið verri og jafnt og þétt hefur dregið úr mætti sjávarbyggða um land allt með tilheyrandi byggðaröskun og fólksflótta. Í fjárlögum er hvorki brugðist við þessum stórfellda vanda né heildarstefna mörkuð til framtíðar. Fyrir liggur að Hafrannsóknastofnun getur ekki gert út rannsóknarskip sín nema um og innan við 200 daga á ári vegna fjárskorts. Stofnunin getur heldur ekki sinnt rannsóknum á seiðagöngum, rannsóknum tengdum breyttu hitastigi, lífmassa og fæðukerfi sjávar, loðnugöngum og áhrifum loðnuveiða á vöxt og viðgang þorskstofnsins, hafsbotninum eða fleiri aðkallandi rannsóknarverkefnum. Ekki verður undan því vikist að stórauka fjárveitingar til Hafrannsóknastofnunar og rannsókna á vegum sjómanna, útgerðar- og fiskvinnslustöðva og til háskóla og annarra fræða- og þekkingarsetra til vísindalegrar úrvinnslu úr rannsóknargögnum. Að öðrum kosti blasir við að sjávarútvegi, þessari undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar, sé mikil hætta búin. Um nánari rökstuðning vísar 2. minni hluti til frumvarps til laga um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða, sem Björn Valur Gíslason o.fl. hafa lagt fram á þinginu (147. mál).

Að mati 2. minni hluta er einnig nauðsynlegt að stórauka matvælarannsóknir og fjárveitingar til þeirra, einkum í ljósi fyrirhugaðra breytinga á matvælaeftirliti og matvælalöggjöf og þess að fyrir dyrum stendur að opna fyrir innflutning erlendra matvara. Þá kallar frumvarp um tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands (130. mál) á sérstakar fjárveitingar. Um þann þátt málsins og gagnrýni Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er vísað til meðfylgjandi umsagnar minni hluta í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd til allsherjarnefndar um það frumvarp. Jafnframt leggur 2. minni hluti til að horfið verði frá hlutafélagavæðingu Matís, sem samkvæmt fjáraukalögum hefur þegar kostað skattgreiðendur allt að 150 m.kr. umfram það sem áætlað var og búast má við enn frekari viðbótarkostnaði í núverandi ohf.-fyrirkomulagi. Þar má ná fram umtalsverðum sparnaði en efla um leið matvælarannsóknir.

Annar minni hluti telur að sömu sjónarmið gildi um fjárlagaliði sem snúa að landbúnaðarráðuneytinu. Landbúnaðarskólarnir, Skógrækt ríkisins, Landgræðsla ríkisins og fleiri stofnanir eru í uppnámi vegna fyrirhugaðra tilfærslna verkefna. Í fjárlagafrumvarpinu er lagt til að fjárveitingar til Veiðimálastofnunar verði lækkaðar verulega og umtalsvert til Landbúnaðarháskóla Íslands, Hólaskóla, Landgræðslu ríkisins og Skógræktar ríkisins og til fleiri stofnana og sjóða. Öll rök hníga hins vegar til þess að efla beri þessar stofnanir og auka fjárveitingar til þeirra, eins og þær hafa farið fram á með rökum. Til að mynda er með öllu ótækt að ekki sé að finna ríflegar fjárveitingar til endurreisnar Garðyrkjuskólans að Reykjum, sem hefur drabbast niður undanfarin ár. Þá er ámælisvert að myndarleg fjárframlög skuli ekki veitt til rannsókna og eflingar á lífrænni framleiðslu landbúnaðarvara. Á því sviði á landbúnaður á Íslandi mesta framtíð og sóknarmöguleika.

Annar minni hluti telur skiptingu safnliðarins 04-190-1.90, Ýmis verkefni, ómarkvissa og tilviljunarkennda. Nauðsyn ber til að Alþingi móti gegnsæjar og markvissar reglur með fyrir fram gefnum forsendum um umsóknir, úthlutanir og eftirlit með ráðstöfun fjárins, sbr. einnig nýlega gagnrýni umboðsmanns Alþingis á úthlutun ráðstöfunarfjár ráðherra.

Alþingi, 18. nóv. 2007.

Atli Gíslason.

Fylgiskjal XV.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2008 (07 Félagsmálaráðuneyti).

Frá meiri hluta félags- og tryggingamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 10. október sl.

Á fund nefndarinnar komu Sturlaugur Tómasson frá félagsmálaráðuneyti, Elín Pálsdóttir frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og Páll Þórhallsson frá forsætisráðuneyti.

Í frumvarpinu kemur fram að heildargjöld félagsmálaráðuneytis árið 2008 eru áætluð um 42.500 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð tæplega 2.000 m.kr. en þær nema 5,4% af heildargjöldum ráðuneytisins.

Samkvæmt lögum nr. 109/2007, um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, verður hluti almannatrygginga fluttur frá heilbrigðisráðuneyti til félagsmálaráðuneytis 1. janúar 2008. Við 2. umræðu um fjárlagafrumvarpið verða fluttar breytingartillögur við frumvarpið miðað við breytt verkaskipti innan Stjórnarráðsins. Frumvarp um nýja verkaskiptingu er ekki komið til umfjöllunar félags- og tryggingamálanefndar og er því í þessari umsögn fyrst og fremst miðað við óbreytta verkaskiptingu.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð rúmar 9 m.kr. og hækka um 626,4 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um 661,5 m.kr. til málefna fatlaðra og 71,4 m.kr. til málefna barna. Á móti koma 500 m.kr. sem eru áætlaðar hreinar vaxtatekjur Atvinnuleysistryggingasjóðs af inneign hjá ríkissjóði vegna óráðstafaðra tekna af atvinnutryggingagjaldi. Einnig hafa rekstrarfjárveitingar ýmissa stofnana sem heyra undir ráðuneytið verið lækkaðar, alls um 17 m.kr. vegna áforma um hagræðingu í rekstrarkostnaði. Rekstrarumfang ráðuneytisins hefur verið nokkru meira en gert hefur verið ráð fyrir í fjárlögum undanfarinna ára. Um er að ræða útgjöld sem fjármögnuð hafa verið með sértekjum og er gerð leiðrétting á því í frumvarpinu með því að hækka hvort tveggja um samtals 285 m.kr. Rekstrargjöld umfram tekjur og bein framlög úr ríkissjóði verða því óbreytt eftir sem áður.

Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um tæpar 6 m.kr. og verða tæpar 30 m.kr. en eru tæpar 23 m.kr. í fjárlögum ársins 2007. Þyngst vegur 2,5 m.kr. framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs í samræmi við spá um aukið atvinnuleysi á árinu 2008.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður tæpar 2 m.kr. og er það rúmlega 1 m.kr. hækkun milli ára. Þar munar mest um 1.100 m.kr. skuldbindingu ríkissjóðs vegna niðurgreiðslu lána til leiguíbúða. Auk þess er gert ráð fyrir um 111 m.kr. til uppbyggingar búsetuúrræða fyrir geðfatlaða í samræmi við ákvæði 7. gr. laga nr. 133/2005, um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf.

Greiðslur ráðuneytisins samkvæmt samningi við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um rekstrarverkefni eru samtals áætlaðar rúmlega 3,1 m.kr. árið 2008. Það svarar til 24,7% af rekstargjöldum ráðuneytisins á árinu 2008.

07-400 Barnaverndarstofa.

Heildarfjárveiting til málaflokksins hækkar um 71,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Þar af eru 50 m.kr.verkefni til að hrinda í framkvæmd nýjungum í meðferð fyrir börn og ungmenni með hegðunar- ogvímuefnavanda, sem veitt skal utan stofnana og á vettvangi fjölskyldunnar og daglegs umhverfis, 10 m.kr. til eflingar neyðarvistunar á Stuðlum og 1,4 m.kr. til húsnæðiskostnaðar á meðferðarheimilum.

07-190 Ýmis verkefni.

Undir liðnum Ýmis verkefni er gert ráð fyrir 9,5 m.kr. framlagi til að fylgja eftir aðgerðaáætlun vegna ofbeldis á heimilum.

Meiri hlutinn fagnar þingsályktunartillögu með aðgerðaáætlun til fjögurra ára til að styrkja stöðu barna og ungmenna, sem samþykkt var á sumarþingi, og telur brýnt að henni verði fylgt eftir með nægjanlegu fjármagni hjá hverju ráðuneyti fyrir sig en verkefni aðgerðaáætlunarinnar heyra undir mörg ráðuneyti.

07-700 Málefni fatlaðra.

Heildarfjárveiting til málaflokksins hækkar um 734,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum og skýrist sú hækkun meðal annars af auknum rekstrarkostnaði sem stafar af fjölgun búsetuúrræða fyrir geðfatlaða (175 m.kr.), tilraunaverkefni í þjónustu sjúklinga í öndunarvél í heimahúsum (82 m.kr.) og endurnýjun þjónustusamninga við sveitarfélög, félagasamtök og einkaaðila um þjónustu við fatlaða (40 m.kr.).

Meiri hlutinn fagnar átaki um fjölgun búsetuúrræða fyrir geðfatlaða, en bendir á að framlag samkvæmt skiptingu á söluandvirði Landssíma Íslands hf. hefur ekki verið verðbætt né heldur viðbótarframlag úr Framkvæmdasjóði fatlaðra, sbr. athugasemd við þann lið hér á eftir.

Meiri hlutinn telur brýnt að bæta búsetuþjónustu við fatlaðra með þroskahömlun og gera þarf ráð fyrir hækkun á framlögum til rekstrar til að sinna því verkefni og styrkja Framkvæmdasjóð fatlaðra.

07-750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

Gert er ráð fyrir hækkun sem nemur 91,5 m.kr. að raungildi, þar af 70,5 m.kr. til að stytta biðtíma eftir þjónustu stöðvarinnar og 21 m.kr. til að efla þjónustu við börn með einhverfu og þroskaraskanir, en hvort tveggja er í samræmi við aðgerðaáætlun í málefnum barna og fagnar nefndin þessum fjárveitingum.

07-795 Framkvæmdasjóður fatlaðra.

Meiri hlutinn fagnar átaki í búsetumálum geðfatlaðra en bendir á að framlög sjóðsins til annarrar búsetuþjónustu megi ekki skerðast. Efla þarf sjóðinn til að hann geti sinnt betur hlutverki sínu og tryggja þarf úthlutun til búsetuþjónustu þroskahamlaðra.

07-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.

Gert er ráð fyrir sérstöku tímabundnu 700 m.kr. framlagi í viðfangsefnið 1.11, Sérstök viðbótarframlög, til viðbótar 700 m.kr. fólksfækkunarframlagi sjóðsins. Framlagið er tímabundið til loka árs 2008 og er ætlað að koma til móts við þau sveitarfélög sem verst standa fjárhagslega vegna ytri aðstæðna.

Vinnumál.

Atvinnuleysistryggingasjóður hækkar að raungildi milli ára um 1.965,2 m.kr., sem skýrist að mestu af áætlun um 2,9% atvinnuleysi í stað 1,9% atvinnuleysi samkvæmt fjárlögum 2007. Þá eru styrkir til fiskvinnslustöðva hækkaðir nokkuð. Framlag til Vinnumálastofnunar er hækkað um 10 m.kr. til að mæta kostnaði við framkvæmd laga um starfsmannaleigur.

Gera þarf ráð fyrir hækkun framlaga vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 51/1995, um greiðslu Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks (62. mál), en samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir 140 m.kr. framlagi á árinu 2008. Tillaga þess efnis mun koma fram á milli 2. og 3. umræðu um fjárlagafrumvarp. Tillagan er hluti af mótvægisaðgerðum ríkisstjórnarinnar.

Þá er framlag til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna hækkað um 50 m.kr., sbr. lög nr. 22/2006. Meiri hlutinn styður þann vilja ríkisstjórnarinnar að bæta hag langveikra barna og fjölskyldna þeirra. Meiri hlutinn vill þó benda á að nauðsynlegt sé að gera ráð fyrir almennum kostnaði í tengslum við málaflokkinn.

07-313 Jafnréttisstofa.

Meiri hlutinn fagnar framkomnu frumvarpi um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla (142. mál). Nefndin vill þó benda á nauðsyn þess að gera ráð fyrir fjármagni til að standa straum af kostnaði við þær breytingar sem kunna að verða samþykktar.

07-205 Leiguíbúðir.

Gert er ráð fyrir 1.100 m.kr. tímabundinni fjárlagaheimild vegna skuldbindinga ríkissjóðs til niðurgreiðslu vaxta af lánum sem veitt verða á árinu 2008 til byggingar 400 leiguíbúða.

Meiri hlutinn telur mikilvægt að fylgja þessu átaki vel eftir. Bent skal á að nefnd um úrræði í húsnæðismálum er að störfum og skilar áliti á næstu vikum, en gera má ráð fyrir tillögum frá henni sem gætu haft áhrif á fjárlög 2008 til hækkunar.

07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi.

Fagna ber 33 m.kr. hækkun á viðfangsefni 1.55, Átak í vímuvarnamálum, en það er þriðjungur af 100 m.kr. framlagi sem skiptist á þrjú ráðuneyti.

Við afgreiðslu fjárlaga þarf að athuga sérstaklega hvort gera þarf ráð fyrir frekari framlögum til að efla þjónustu við innflytjendur, m.a. einstaklinga sem missa atvinnuna vegna aflasamdráttar. Gera þyrfti ráð fyrir auknu framlagi til Fjölmenningarsetursins á Vestfjörðum í þessu skyni.

07-999-1.90, Ýmis framlög, safnliður.

Fjárbeiðnir, sem sendar voru til umsagnar félags- og tryggingamálanefndar vegna safnliðarins 07-999-1.90, voru samtals 35 og komu 26 aðilar á fund nefndarinnar.

Rétt er að vekja athygli á að í fjárlagafrumvarpi eru tilgreind nokkur félög eða samtök sem fá styrk (07-999, liðir 1.34 Geysir, vinnumiðlun fyrir fatlaða 28,7 m.kr., 1.35 Félag heyrnarlausra 9,2 m.kr., 1.36 Félagið Geðhjálp 21 m.kr., 1.37 Strókur, vinnumiðlun fyrir geðfatlaða 10 m.kr., 1.40 Kvennathvarf í Reykjavík 33,5 m.kr., 1.41 Stígamót 32,4 m.kr., 1.43 Krossgötur, endurhæfingarheimili 24 m.kr., 1.44 Athvarf fyrir heimilislausa 30,5 m.kr., 1.47 Félagsþjónusta við nýbúa 3,3 m.kr., 1.48 Nýbúamiðstöð á Vestfjörðum 17,3 m.kr.) Þá er í frumvarpinu listi yfir félög og stofnanir sem hafa skuldbindandi samninga við félagsmála- og fjármálaráðuneyti. Nokkrir þessara aðila sækja jafnframt til fjárlaganefndar, og erindin voru send félags- og tryggingamálanefnd til umsagnar.

Athygli vekur að samningur um rekstur Foreldrahúss við Vímulausa æsku fellur niður 2008, en félagið sækir um rekstrarstyrk að upphæð 10 m.kr. fyrir húsnæði, foreldrasíma og námskeiðahaldi og eftirmeðferð fyrir ungt fólk. Taka þarf afstöðu til hvar slíkur styrkur verði færður, en mælt er með gerð nýs samnings að upphæð 10 m.kr. fyrir húsnæði og rekstur.

Barnaheill fá einnig 1,1 m.kr. styrk samkvæmt samningi en Barnaheill sækja jafnframt um fé til nefndarinnar og er mælst til að þetta verði sameinað í 3,5 m.kr. Múlalundur er með 18,6 m.kr. samkvæmt samningi en sækir jafnframt um fé til nefndarinnar. Mælt er með hækkun á framlagi í samningi.

Þá eru nokkur samtök sem fá styrki samkvæmt liðnum 07-999-1.98, Ýmis framlög félagsmálaráðuneytis, og eru þau eftirfarandi: Sjónarhóll fengi samkvæmt frumvarpinu 15,5 m.kr. en sækir jafnframt til fjárlaganefndar. Litið er svo á að ráðuneytið hafi orðið við erindinu. Samtökin ’78 fá sömuleiðis 1,5 m.kr. frá ráðuneytinu, en sækja einnig til nefndarinnar um 6,5 m.kr. Mælt er með hækkun á þessum lið ráðuneytisins. Nefndin telur að beiðni Ekron starfsþjálfunar sé of umfangsmikill og vísar því henni til fjárlaganefndar.

Meiri hlutinn skoðaði sérstaklega lið 07-999-1.90, Ýmis framlög, 77,6 m.kr. og gerir tillögu um skiptingu á milli umsækjenda, að teknu tilliti til þess sem að framan sagði. Skjal fylgir áliti hvað varðar skiptingu safnliða. Við skiptinguna var sérstaklega horft til félaga og samtaka sem leggja áherslu á jafnréttismál, baráttu gegn kynbundnu ofbeldi og vímuvarnir.

Pétur H. Blöndal skrifar undir álit þetta með fyrirvara og leggur áherslu á nauðsyn þess að þjónustusamningar verði gerðir á milli opinberra aðila og þeirra félaga /stofnana sem óska eftir fjárframlögum úr ríkissjóði ár eftir ár. Slíkir samningar mundu annars vegar skilgreina það verkefni sem fjármagna á úr opinberum sjóðum og hins vegar taka á eftirliti og eftirfylgni með verkefninu. Þá hefur nefndarmaðurinn efasemdir um hæfni þingmanna og tíma til að setja sig með viðhlítandi hætti inn í fjölbreyttan rekstur þeirra fjölda félaga/stofnana sem fá fjárveitingar á safnliðum til þess að meta þörf þeirra fyrir fjárveitingar. Veigamesta athugasemdin varðar þó eftirlitskyldu löggjafarsamkundunnar með framkvæmdarvaldinu. Þær framkvæmdir, sem Alþingi ákveður sjálft fjárveitingar til, getur það ekki gagnrýnt. Það er því enginn sem hefur eftirlit með þeim útgjöldum ríkissjóðs.

Kristinn H. Gunnarsson skrifar undir álit þetta með fyrirvara og telur nauðsynlegt að Alþingi setji nánari reglur í löggjöf um ráðstöfun sérstakra framlaga úr Jöfnunarsjóði.

Alþingi, 13. nóv. 2007

Guðbjartur Hannesson, form.,
Ármann Kr. Ólafsson, varaform.,
Árni Johnsen,
Ásta R. Jóhannesdóttir,
Jón Gunnarsson,
Pétur H. Blöndal, með fyrirvara,
Kristinn H. Gunnarsson, með fyrirvara.

Fylgiskjal XVI.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2008 (07 Félagsmálaráðuneyti).

Frá minni hluta félags- og tryggingamálanefndar.

Fjárlaganefnd vísaði til umfjöllunar félags- og tryggingamálanefndar þeim hluta fjárlagafrumvarpsins sem er á málasviði nefndarinnar, í samræmi við ákvæði þingskapalaga.

Í stuttu máli má segja að í fjárlagafrumvarpinu endurspeglist ámælisverð vinnubrögð ríkisstjórnarinnar. Þannig eru í frumvarpinu ýmsir óhnýttir endar vegna illa undirbúinna og vanhugsaðra breytinga innan stjórnsýslunnar. Við næstu áramót verða ýmsir málaflokkar fluttir á milli ráðuneyta án þess að frá því hafi verið gengið hvernig það skuli gert. Þá skal bent á að enn eru að störfum nefndir sem ætlað er að koma með breytingartillögur við fjárlagafrumvarpið á síðustu dögum þingsins.

Þegar félags- og tryggingamálanefnd er beðin um álit á þeim hluta fjárlagafrumvarpsins sem lýtur að verksviði nefndarinnar ber því að hafa í huga að í ýmsum veigamestu málaflokkum sem koma til með að heyra undir ráðuneytið á komandi fjárlagaári liggja ekki enn fyrir tillögur undir þessum lið. Þannig segir í þeim kafla fjárlagafrumvarpsins sem fjallar um málefni félagsmálaráðuneytisins:

„Samkvæmt lögum nr. 109/2007 um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, verður hluti almannatrygginga fluttur frá heilbrigðisráðuneyti til félagsmálaráðuneytis frá og með 1. janúar 2008. Við aðra umræðu fjárlaga verða fluttar breytingartillögur við fjárlagafrumvarpið miðað við breytt verkaskipti innan Stjórnarráðsins.“

Sá hluti almannatrygginga sem hér um ræðir snýr að einhverjum sverustu fyrirheitum sem stjórnarflokkarnir gáfu í aðdraganda alþingiskosninganna sl. vor um stórbætt kjör aldraða og öryrkja. Hvergi í fjárlagafrumvarpinu bólar á að þau fyrirheit verði efnd með þeim hætti sem heitið var.

Annar málaflokkur sem heyrir undir félagsmálaráðuneytið og er ófrágenginn eru húsnæðismál. Á því sviði blasir við neyðarástand en engan veginn er útséð um að boðið verði upp á raunhæfar lausnir. Enn er að störfum nefnd sem ætlað er að finna lausnir sem duga. Benda má á að bæði húsaleigubætur og vaxtabætur hafa verið skertar og ekki fylgt vísitölu húsnæðiskostnaðar, en þeim var ætlað að koma til móts við tekjulágt fólk og jafna húsnæðiskostnaðinn. Tiltekinni upphæð verður samkvæmt fumvarpinu varið til að niðurgreiða lán til félagslegra aðila, en þó þannig að þeir þurfi að greiða vísitölubundin lán sem að auki bera 3,5% vexti til að fjármagna framkvæmdir. Reynslan hefur sýnt að vaxtagreiðslur af þessari stærðargráðu eru þessum félagslegu aðilum ofviða eigi þeir á annað borð að geta séð skjólstæðingum sínum fyrir húsnæði á viðráðanlegri leigu. Ekki er ýkja langt síðan félagsleg lán báru aðeins 1% raunvexti.

Þá er rétt að vekja athygli á því að engin tilraun er gerð til að rétta hlut Fæðingarorlofssjóðs. Kjör foreldra í fæðingarorlofi voru nýlega skert verulega með því að lengja viðmiðunartímabil greiðslna úr sjóðnum og voru ýmsir þeirra sem nú verma stóla stjórnarmeirihlutans gagnrýnir á þær skerðingar. Spurningar vakna nú þegar í ljós kemur að á þessu verður ekki gerð bragarbót.

Málefni fatlaðra heyra undir félagsmálaráðuneytið svo og öryrkja og aldraða á komandi fjárlagaári. Rétt er að vekja athygli á því að stofnanir sem sinna málefnum þessara hópa eru og hafa um langt skeið verið fjársveltar með þeim afleiðingum að þeim hefur ekki haldist á starfsfólki og ekki reynst unnt að sinna víðtækri þjónustu sem skyldi. Í fjárlagafrumvarpinu er ekki að sjá merki þess að hér verði bætt úr á viðunandi hátt.

Þá vekur furðu að ekki skuli með innihaldsríkum hætti vera gert ráð fyrir fjárhagslegum grundvelli stórra yfirlýsinga ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum. Ekki er t.d. gert ráð fyrir neinni teljanlegri hækkun til Jafnréttisstofu þótt henni sé nú ætlað meira og víðtækara hlutverk en áður við upprætingu kynjamisréttis í samfélaginu.

Það er og nauðsynlegt að ríkisstjórnin sé meðvituð um hversu áríðandi það er að bæta þjónustu við ört vaxandi hóp innflytjenda og erlends starfsfólks sem hingað kemur í síauknum mæli. Taka verður myndarlega á í þeim efnum en hingað til hefur mjög skort á samhæfðar aðgerðir stjórnvalda og fjármagn svo að vel megi vera.

Samhliða því sem að ofan er talið er ljóst að ekki er tekið á fjársvelti og ójöfnuði sveitarfélaga í millum með jafn myndarlegum hætti og á þarf að halda. Lítil og meðalstór sveitarfélög á landsbyggðinni standa svo veikt fjárhagslega að grípa verður nú þegar til sérstakra aðgerða til að styrkja tekjustofna þeirra. Í þessu samhengi er brýnt að endurskoða tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga í heild sinni.

Undir félagsmálaráðuneyti heyra fjölmargir málaflokkar er varða kjör og réttindi ýmissa hópa í samfélaginu sem eiga undir högg að sækja. Undirrituð hefði viljað sjá mun metnaðarfyllra átak í fjárlagafrumvarpinu til að rétta kjör þessara aðila.

Alþingi, 13. nóv. 2007.

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir.

Fylgiskjal XVII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2008 (07 Félagsmálaráðuneyti).

Frá 2. minni hluta félags- og tryggingamálanefndar.

Nú standa yfir breytingar á verkaskiptingu innan stjórnarráðsins. Reyndar er margt óljóst vegna þeirra breytinga sem framundan eru og snerta verksvið félagsmálaráðuneytisins. Mikilvægt er að slíkar breytingar séu vel ígrundaðar og að hæfilegur tími sé til innleiðingar breytinganna. Því miður er það svo að lítill tími er til stefnu en 2. minni hluti vonast til að breytingarnar verði farsælar fyrir þá aðila sem þær snerta helst.

Það er áhyggjuefni að ekkert er áætlað að gera til að minnka biðlista fyrir fatlaða á höfuðborgarsvæðinu, aðra en geðfatlaðra, á næsta ári. Biðlistar eru eftir búsetuúrræðum og er þessi stefnumörkun í engu samræmi við fyrirheit félagsmálaráðherra um stóraukin fjárframlög til að bæta aðstæður og kjör fatlaðra.

Staðan á húsnæðismarkaðnum í dag er grafalvarleg, hvort sem litið er til leigu- eða eignarhúsnæðis. Margir þjóðfélagshópar, einkum ungt fólk, hafa mjög takmarkaða möguleika á að

eignast þak yfir höfuðið í dag. Ljóst er að gríðarleg verðhækkun á lóðum, aukið aðgengi að lánsfjármagni frá árinu 2004 ásamt mikilli kaupmáttaraukningu á umliðnum árum hafa leitt til þessarar þróunar. Aðgerðir til að auðvelda fólki að eignast þak yfir höfuðið eru mikilvægt samstarfsverkefni sem ríki og sveitarfélög þurfa að ráðast í. Ekkert er um það getið í fjárlagafrumvarpinu að ráðast eigi í marktækar aðgerðir á þessu sviði, en það þolir enga bið að stjórnvöld taki á þessum málum.

Það er staðreynd að mörg sveitarfélög í landinu búa við kröpp kjör. Sum eru það illa sett að þau eiga í miklum erfiðleikum með að standa undir lögbundinni þjónustu gagnvart íbúunum. Um leið skerðist samkeppnishæfni viðkomandi sveitarfélaga sem getur leitt til þess að fólk kjósi að búa annars staðar þar sem þjónustan er betri. Það verður ekki unað við þessar staðreyndir, þessu þarf að breyta. Sveitarstjórnarmenn hafa kallað eftir hlutdeild sveitarfélaganna í fjármagnstekjuskatti. Því miður er stefna ríkisstjórnarinnar óljós í þeim efnum. Félagsmálaráðherra og forystumenn í fjárlaganefnd Alþingis hafa að vissu leyti tekið undir með sveitarstjórnarmönnum í þeim efnum á meðan fjármálaráðherra lýsir yfir algjörri andstöðu við þær breytingar. Að sama skapi er ekkert að finna í fjárlagafrumvarpinu í þá átt að sveitarfélögin fái hlutdeild í fjármagnstekjuskattinum. Það þarf að rétta af fjárhag sveitarfélaganna í landinu en því miður bendir fátt til að raunverulegar úrbætur séu í nánd í þeim málaflokki.

Alþingi, 19. nóv. 2006.

Birkir J. Jónsson.

Fylgiskjal XVIII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2008 (08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti).

Frá meiri hluta heilbrigðisnefndar.

Nefndin hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 10. október sl.

Á fund nefndarinnar komu frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti Berglind Ásgeirsdóttir ráðuneytisstjóri, Svanhvít Jakobsdóttir skrifstofustjóri og Hrönn Ottósdóttir viðskiptafræðingur. Frá Landspítala komu Magnús Pétursson forstjóri, Björn Zoëga, framkvæmdastjóri lækninga, Anna Lilja Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri fjárreiðna og upplýsinga, og Anna Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar. Frá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins mættu Guðmundur Einarsson forstjóri, Jónas Guðmundsson fjármálastjóri, Þórunn Ólafsdóttir hjúkrunarforstjóri, Grétar Guðmundsson, framkvæmdastjóri starfsmannasviðs, og Lúðvík Ólafsson lækningaforstjóri. Jafnframt mættu Jóhann Árnason, framkvæmdastjóri Sunnuhlíðar og Kristján Sigurðsson, forstöðumaður stjórnunarsviðs fyrir hönd samtaka fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu og Halldór Jónsson frá Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri á fund nefndarinnar.

Í frumvarpinu kemur fram að heildarútgjöld ráðuneytisins verði 161.724 m.kr. og að gjöld umfram sértekjur verði 156.603 m.kr. Framlög til heilbrigðis- og tryggingamála hækka um

11.953,8 m.kr. milli áranna 2007 og 2008. Launa- og verðlagsbætur nema 5.039,1 m.kr. og kerfislæg hækkun 767 m.kr. í almannatryggingum. Samningsbundnar greiðslur til lífeyrismála og til uppbyggingar öldrunarþjónustu nema um 2.455 m.kr. á árinu 2008 í samræmi við samkomulag sem gert var við Landssamband eldri borgara á síðasta sumri. Þá nemur framlag til byggingar nýs sjúkrahúss á lóð Landspítala um 1.300 m.kr.

Landspítali.

Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld Landspítala, að frádregnum sértekjum, nemi um 33.009 m.kr. sem jafngildir um 883,3 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs Ástæða hækkunarinnar er m.a. 820 m.kr. framlag til styrktar núverandi starfsemi Landspítala þar sem meðal annars er verið að mæta auknum útgjöldum vegna lyfja og aukinnar starfsemi. Þar að auki skýrist hækkunin af framlagi til að stytta bið eftir greiningu og meðferð á barna- og unglingageðdeild ásamt eflingu ráðgjafarhlutverks deildarinnar og er það hluti af aðgerðaáætlun heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra sem miðar að því að stórauka þjónustu við börn og ungmenni með hegðunar- og geðraskanir. Enn fremur verður hækkun vegna tilfærslu útgjalda af öðrum liðum.

Gjöld umfram fjárheimildir nema nú samkvæmt bráðabirgðauppgjöri fyrir fyrstu átta mánuði ársins um tæpan milljarð. Ýmsar ástæður eru fyrir þeim halla, m.a. mannekla og aukinn kostnaður vegna yfirvinnu starfsfólk, en jafnframt hefur þensla á vinnumarkaði haft sín áhrif. Meiri hlutinn vill sérstaklega vekja athygli á auknum lyfjakostnaði vegna S-merktra lyfja og skuldum annarra heilbrigðisstofnana við Landspítalann. Á fundi nefndarinnar með stjórnendum Landspítalans fengust þær upplýsingar að lyfjakostnaður hafi aukist um 14% frá 2006 til 2007. Skýring á þeirri hækkun sé m.a. aukning á S-merktum lyfjum, t.d. hafi um 300 gigtarsjúklingar fengið ný og betri gigtarlyf en kostnaður sjúkrahússins vegna þessarra lyfja er um 500 m.kr. á yfirstandandi ári. Þar að auki hafi nú í ár, eftir að fjárlög síðasta árs voru samþykkt, komið á markaðinn ný lyf, m.a. krabbameinslyf, sem kosta tugi milljóna króna. Þá fékk nefndin einnig þær upplýsingar að skuld annarra heilbrigðisstofnana við Landspítalann sé nú 300–400 m.kr. Fjárhagsstaða spítalans hefur leitt til þess að hann er í nokkur hundruð milljóna króna skuld við birgja. Nefndin leggur áherslu á mikilvægi Landspítalans í íslensku heilbrigðiskerfi. Nefndin telur mikilvægt að tekið verði á fjárhagsvanda sjúkrahússins á yfirstandandi fjárhagsári, en brýnir jafnframt stjórnendur að gæta hagkvæmni í meðferð opinberra fjármuna og fara að þeim fjárhagsramma sem fjárlög setja þeim.

Bið eftir þjónustu á sjúkrahúsinu er stutt í flestum greinum. Þó hefur aukin eftirspurn og nýjar meðferðir leitt til þess að biðlistar eftir hjartaþræðingum og augasteinsaðgerðum hafa lengst og hefur spítalinn brugðist við því. Þá er verið að gera átak í að stytta biðlista eftir þjónustu á BUGL, eins og að framan er greint.

Milli 80 og 90 aldraðir einstaklingar sem lokið hafa meðferð liggja nú á spítalanum og bíða eftir varanlegri vistun á hjúkrunarheimilum. Þessi staða eykur vanda sjúkrahússins. Meiri hlutinn leggur áherslu á að sjúkrahúsið hafi greiðan aðgang að plássum á hjúkrunarheimilum vegna þessara skjólstæðinga sinna. Þá er jafnframt lögð áhersla á hraða uppbyggingu hjúkrunarheimila, að fjölga einbýlum á hjúkrunarstofnunum og efla heimahjúkrun í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

Uppbygging hjúkrunarrýma.

Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu eru um 2 ma.kr. áætlaðir til stofnkostnaðar og endurbóta hjúkrunarheimila á næsta fjárlagaaári. Þannig verða 962 m.kr. veittar til uppbyggingar hjúkrunarheimila, auk rúmlega milljarðs króna, sem Framkvæmdasjóður aldraðra hefur til umráða

fyrir árið 2008. Þetta mun bæta úr brýnni þörf fyrir hjúkrunarrými, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu.

Heilsugæsla.

Framlög til heilsugæslunnar hækka samtals um tæpar 520 m.kr. milli ára. Þar munar mest um aukinn stuðning við aldraða til að búa heima. Meiri hlutinn fagnar sérstaklega auknu fjármagni til styrkingar heimahjúkrunar sem er þáttur í því að breyta áherslum í heilbrigðisþjónustu til aukins stuðnings við aldraða einstaklinga til sjálfstæðrar búsetu. Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir aukningu í 300 m.kr. á árinu 2008 og er það í samræmi við tillögur nefndar sem var skipuð fulltrúum frá forsætisráðuneyti og Landssambandi eldri borgara. Áætlað er að á næstu þremur árum verði grunnur til heimahjúkrunar þrefaldaður frá árinu 2006, en þá var hann um 500 m.kr., en verður 1,4 ma.kr. á árinu 2009. Alls er þetta hækkun um 900 m.kr. á fjórum árum. Þá vill meiri hlutinn fagna aukinni áherslu á geðheilbrigðismál í heilsugæslu, en í fjárlagafrumvarpinu er lagt til 35 m.kr. framlag til að ráða klíníska sálfræðinga til heilsugæslunnar.

Fjárhagsstaða heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu er ekki góð og nemur fyrirséður halli á árinu 2007 um 120 m.kr., en halli frá fyrri árum nemur um 280 m.kr. Skuldir við birgja eru háar, þar af um 150 m.kr. við Landspítala Nefndin leggur áherslu á mikilvægi heilsugæslunnar sem grunnþjónustu í heilbrigðiskerfinu. Jafnframt leggur nefndin til að tekið verði á fjárhagsvanda stofnunarinnar um leið og því er beint til stjórnenda heilsugæslunnar að gæta aðhalds í rekstri og halda sig innan fjárlagaramma.

Hækkun komugjalda.

Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir hækkun komugjalda og er miðað við að þær verði í samræmi við verðlagshækkanir frá síðustu breytingum.

Rafræn sjúkraskrá og kostnaðargreining heilbrigðisþjónustunnar.

Í áliti nefndarinnar til fjárlaganefndar um frumvarp til fjárlaga undanfarin ár hefur verið lögð áhersla á uppbyggingu rafrænnar sjúkraskrár og að heilbrigðisþjónustan verði kostnaðargreind. Nú hefur heilbrigðisráðherra tilkynnt að þessi tvö verkefni hafi verið sett í forgang. Hins vegar má ljóst vera að stofnkostnaður vegna beggja verkefna er mikill og að taka verði tillit til þess í fjárlögum. Nefndin ítrekar það álit sitt að hér er um afar mikilvæg verkefni að ræða sem munu leiða til betri yfirsýnar yfir heilbrigðisþjónustuna, hvað varðar m.a. öryggi sjúklinga, innihald þjónustunnar, samhæfingu þjónustuþátta, skilvirkni og hagkvæmni þegar verkefnunum hefur verið hrint í framkvæmd.

Alþingi, 12. nóv. 2007.

Ásta Möller, form.,
Árni Páll Árnason,
Ellert B. Schram,
Helgi Hjörvar,
Pétur H. Blöndal,
Ragnheiður Ríkharðsdóttir,
Valgerður Sverrisdóttir, með fyrirvara.

Fylgiskjal XIX.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2008 (08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti).

Frá minni hluta heilbrigðisnefndar.

Annar veigamesti málaflokkur heilbrigðisnefndar kemur til með að heyra undir félagsmálaráðuneytið á komandi fjárlagaári og telur minni hluti nefndarinnar ámælisvert að skipting liggi ekki enn fyrir í tillögum undir þessum lið. Skiptingin er því enn óljós og vinna við fjárlagagerðina ómarkviss. Í þeim kafla fjárlagafrumvarpsins sem fjallar um málefni félagsmálaráðuneytisins segir:

„Samkvæmt lögum nr. 109/2007 um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, verður hluti almannatrygginga fluttur frá heilbrigðisráðuneyti til félagsmálaráðuneytis frá og með 1. janúar 2008. Við aðra umræðu fjárlaga verða fluttar breytingatillögur við fjárlagafrumvarpið miðað við breytt verkaskipti innan Stjórnarráðsins.“

Sá hluti almannatrygginga sem hér um ræðir snýr að einhverjum sverustu fyrirheitum sem stjórnarflokkarnir gáfu í aðdraganda Alþingiskosninganna sl. vor um stórbætt kjör aldraða og öryrkja. Hvergi í fjárlagafrumvarpinu bólar á að þau fyrirheit verði efnd með þeim hætti sem heitið var.

Heilsugæslan.

Að mati minni hlutans þarf að byggja upp og styrkja þjónustu innan heilsugæslustöðva landsins. Sérstaklega er þörfin brýn á höfuðborgarsvæðinu þar sem nokkur þúsund manns eru án heimilis- eða heilsugæslulæknis. Það er þjóðhagslega hagkvæmt og eykur bæði öryggi og samfellu í þjónustu að gera heilsugæsluna að fyrsta viðkomustað í heilbrigðisþjónustu landsmanna. Þetta yfirlýsta markmið á enn langt í land á höfuðborgarsvæðinu þar sem uppbygging heilsugæsluþjónustu hefur hvorki fylgt íbúaþróun né brýnni þörf. Afleiðingin er meðal annars að þeir sem þurfa að leita sér aðstoðar leita beint til sérfræðings, læknavaktar eða slysavarðstofu í stað þess að eiga þess kost að fara á heilsugæslustöð síns hverfis. Slíkt fyrirkomulag er bæði dýrt og veldur óþarfa álagi á starfsfólk í sérhæfðri heilbrigðisþjónustu. Því er mikilvægt að fólk sem þarf að leita sér læknisaðstoðar eða annarrar heilbrigðisþjónustu eigi þess kost að fá þjónustu á skilgreindri heilsugæslustöð. Sem fyrr segir eru margir án heimilislæknis og er sú staðreynd óásættanleg. Minni hlutinn vill því benda á þörfina á að byggja upp heilsugæsluna, einkum á Stór-Reykjavíkursvæðinu, og veita með því íbúum þá þjónustu sem þeir eiga rétt á.

Í fjárlagafrumvarpinu eru aukin framlög til ákveðinna verkefna innan heilsugæslunnar, svo sem heimahjúkrunar og geðheilbrigðisþjónustu. Þetta eru brýn verkefni sem mikilvægt er að standa vel að í framtíðinni og efla með tilliti til hækkandi aldurs þjóðarinnar og breyttra viðhorfa til geðheilbrigðisþjónustu. Þverfagleg þjónusta eykur gæði og styrk heilsugæslunnar en vegna fjárskorts hefur ekki verið hægt að efla þessa samþættingu með því að fjölga starfsstéttum, en brýnt er að ráða t.d. fleiri iðjuþjálfa, félagsráðgjafa og geðhjúkrunarfræðinga auk fleiri sálfræðinga.

Sjúkrahús og heilbrigðisstofnanir.

Fjárhagsleg staða minni sjúkrahúsa og heilbrigðisstofnana er almennt afar slæm og minni hlutinn vill hvetja eindregið til bóta á því sviði. Í dag eru þessar stofnanir almennt reknar með viðvarandi halla (um 5%) og hafa slíkar hömlur áhrif á þjónustu, framþróun, nýbreytni og þróunarstarf. Fjármagnsskortur leiðir til þess að stofnanirnar geta einungis haldið úti óbreyttri starfsemi eða lágmarksþjónustu. Þróunarstarf, nýbreytni og aðrir mikilvægir þættir þurfa að mæta afgangi vegna fjárskorts. Minni hlutinn hvetur til að þessir þættir verði athugaðir vandlega og gerðar verði ráðstafanir til að mæta þessum mikla fjárskorti sjúkrahúsa og heilbrigðisstofnana svo að þau geti haldið úti góðri heilbrigðisþjónustu, tekið þátt í kröftugu þróunarstarfi og síðast en ekki síst boðið starfsfólki upp á mannsæmandi laun og góða starfsaðstöðu. Eins og alkunna er hefur verið erfitt að manna stöður á sjúkrahúsunum, sérstaklega í umönnunarstörfum. Mikið álag er í starfi, yfirvinna umfram óskir og getu og þessu til viðbótar hefur launaþróun innan heilbrigðisþjónustunnar verið kvennastéttum óhagstæð og því hafa heilbrigðisstofnanir ekki getað keppt við betur launuð störf á yfirspenntum vinnumarkaði. Á fjárlögum 2008 verður að taka sérstakt tillit til þessara aðstæðna innan heilbrigðisþjónustunnar, að öðrum kosti horfir til verulegs niðurskurðar á þjónustu, ófaglegri vinnubragða eða að farið verði í enn frekari mæli að ráða erlenda starfsmenn og þá sérstaklega í umönnunarstörf. Verði sjúkrahúsunum gert kleift að bæta launakjör og starfsaðstöðu starfsmanna aukast líkur á því að störf innan heilbrigðisgeirans verði eftirsóknarverð.

Háskóla- og kennslusjúkrahús.

Það er stefna heilbrigðisyfirvalda og Landspítalans að fækka legudögum og efla göngudeildarþjónustu. Minni hlutinn vill minna á að fyrir sjúklinginn getur þessi breyting valdið auknu álagi og kostnaði þar sem göngudeildargjald er greitt fyrir hverja vitjun vegna eftirmeðferðar eða eftirlits. Minni hlutinn telur að sparnaður í breyttu rekstrarformi á Landspítalanum komi fram í aukinni göngudeildarþjónustu í stað innlagnar og á móti eigi að draga úr kröfum um sértekjur í formi göngudeildargjalda sjúklinga. Minni hlutinn telur að rekstrarleg hagræðing af sameiningu Landspítala og Borgarspítala sé þegar komin fram og frekari hagræðingarkröfur muni eingöngu koma niður á þjónustunni.

Sjúkrahúsið á Akureyri er rekið innan mjög þröngs fjárlagaramma og hefur sú staða háð þróun og eflingu sjúkrahússins. Sjúkrahúsið á Akureyri gegnir veigamiklu hlutverki í sérfræðiþjónustu við íbúa á norðausturhluta landsins og hefur mikla möguleika á að veita öfluga endurhæfingu á landsvísu ef fjármagn fæst til uppbyggingar og reksturs. Sjúkrahúsið gegnir auk þess veigamiklu hlutverki í menntun heilbrigðisstétta og hefur ásamt Háskólanum á Akureyri verið burðarás í menntun fólks í heilbrigðisstarfsstéttum á landsbyggðinni. Þessa starfsemi þarf að efla og veita til þess fjármagn á næsta fjárlagaári.

Dvalar- og hjúkrunarheimili.

Með auknum lífsgæðum hækkar meðalaldur þjóðarinnar. Ákveðinn hluti aldraða dvelur á dvalar- og hjúkrunarheimilum en aðrir kjósa að búa á eigin heimilum en þurfa gjarnan stoðþjónustu. Þar er átt við heimaþjónustu, heimahjúkrun, dagvistun og aðstöðu til hvíldarinnlagna.

Minni hlutinn vill lýsa yfir ánægju sinni með aukið framlag til heimahjúkrunar og styður það heils hugar. Minni hlutinn vill jafnframt hvetja til þess að fjármagnið verði vel nýtt svo að það skili sér til þeirra sem þurfa á þjónustunni að halda. Einnig vill minni hlutinn benda á nauðsyn þess að bæta starfsumhverfi og kjör starfsmanna í öldrunarþjónustu svo að starfsvettvangurinn verði talinn ákjósanlegur í framtíðinni.

Hvað varðar daggjöld fyrir dvalar- og hjúkrunarheimili tekur minni hlutinn undir kröfu forstöðumanna þessara stofnana um nauðsyn þess að hækka þau í samræmi við auknar kröfur um bætta þjónustu og fagleg vinnubrögð. Um nokkurra ára skeið hefur verið bent á nauðsyn þess að endurskoða daggjaldagrunninn og viðurkenna rekstrarerfiðleika þessara stofnana. Jafnframt vill minni hlutinn lýsa yfir vonbrigðum með að ekki sé gert ráð fyrir hækkun þeirra í fjárlögum fyrir árið 2008. Að auki telur minni hlutinn mikilvægt að benda á nauðsyn þess að dvalarheimili fái viðurkennda fjölgun hjúkrunarrýma ef þau eiga að hafa möguleika á að sinna hjúkrunarsjúklingum í dvalarheimilisplássum. Að mati minni hlutans er brýn nauðsyn að vekja athygli á þessari staðreynd og dvalar- og hjúkrunarheimilin þurfa að fá aukið fjármagn vegna þessa. Hækkun meðalaldurs fólks í landinu kallar á öflugri öldrunarþjónustu á öllum sviðum og umtalsvert fleiri starfsmenn til lengri tíma litið. Einnig þykir minni hlutanum mikilvægt að benda á að hækkandi meðalaldur landans leiðir til þess að á komandi árum mun öldruðum fjölga sem þurfa á umönnun að halda. Fjölgun rýma og aukin hjúkrunarþjónusta eru kostnaðarsamir þættir sem nauðsynlegt er að taka tillit til við úthlutun fjármagns. Því telur minni hlutinn brýnt að tekið sé á þessum málum strax og málaflokknum verði veitt sú athygli sem hann verðskuldar.

Heilbrigðisþjónusta Austurlands.

Heilbrigðisstofnun Austurlands var fyrsta heilbrigðisstofnun sinnar tegundar hér á landi. Stofnunin hefur unnið mikið brautryðjendastarf sem kostað hefur bæði fjármagn og mikla vinnu. Minni hlutinn telur sérstaka ástæðu til að benda fjárlaganefnd á erfiða fjárhagsstöðu stofnunarinnar eftir mikinn þenslutíma á þjónustusvæði hennar og þann veruleika að draga verður verulega úr allri þjónustu á næsta ári verði ekki brugðist við með auknu fjármagni til reksturs og uppbyggingar.

Vegna stóriðjuframkvæmda á Austurlandi hefur sú þjónusta sem Heilbrigðisstofnun Austurlands innir af hendi aukist til muna frá árinu 2003. Ástæðan er fólksfjölgun vegna framangreindra stóriðjuframkvæmda á svæðinu. Stórauknu álagi var ekki mætt með samsvarandi aukningu á fjárlögum hvers árs og vegna rekstrarstöðu stofnunarinnar hefur verulega þrengt að almennri þjónustu við íbúa svæðisins, svo ekki sé talað um langvarandi álag á alla starfsmenn. Stofnunin á enn í miklum rekstrarerfiðleikum og stefnir í um 200 m.kr. halla á þessu ári ef ekkert verður að gert. Það er mikið áhyggjuefni að mati minni hlutans að í frumvarpi til fjárlaga fyrir 2008 sé gert ráð fyrir 300 m.kr. lægri framlögum en rekstur þessa árs bendir til.

Stofnunin hefur haft auknar sértekjur vegna fjölda starfsmanna við stóriðjuframkvæmdir á Austurlandi. Sértekjurnar hafa reynst meiri en ráð var fyrir gert á fjárlögum fram til þessa og hafa í raun fleytt stofnuninni áfram frá árinu 2003 þar sem fjármagn til reksturs og viðhalds hefur ekki fylgt auknu álagi. Rekstrarstaðan er mjög erfið þrátt fyrir 140 m.kr. framlag í fjáraukalögum fyrir árið 2006. Brýnt er að taka fram að álag vegna stóriðjuframkvæmda hefur bitnað á þjónustu við heimamenn. Biðtími eftir læknisþjónustu hefur lengst og dregið hefur úr sérfræðiþjónustu. Þær kröfur sem gerðar eru til stofnunarinnar eru hins vegar þær sömu, ef ekki meiri, og þær voru fyrir árið 2003.

Árið 2007 eru sértekjur stofnunarinnar áætlaðar um 80 m.kr. og árið 2008 eru þær áætlaðar um 130 m.kr. Til að svo verði þarf áframhaldandi fólksfjölgun farandverkamanna að haldast á svæðinu en eins og kunnugt er fer framkvæmdum þar að ljúka og mikil fólksfækkun er yfirvofandi. Heilbrigðisráðherra er kunnugt um þessa stöðu en stofnunin fékk engu að

síður þau fyrirmæli að halda óbreyttri þjónustu þrátt fyrir fjárhagsskortinn. Minni hlutinn vill benda á alvarleika þessa máls og hvetur til úrbóta.

Húsnæði heilsugæslustöðvar og sjúkrahúss á Egilsstöðum er mjög þröngt og hentar illa þeirri starfsemi sem fram fer nú en það stendur í vegi fyrir aukinni og betri þjónustu. Mikilvægt er að þess sjáist merki í fjárlögum að undirbúningur að framkvæmdum við byggingu nýs hjúkrunarheimilis geti hafist þegar á næsta ári.

Komugjöld og greiðsluþátttaka sjúklinga í heilbrigðisþjónustu.

Nú eru komugjöld til sérfræðinga 2.700 m.kr. en þau munu hækka í 3.000 m.kr. samkvæmt fjárlögum. Minni hlutinn varar við þeirri þróun að varpa kostnaði við heilbrigðisþjónustu í landinu í auknum mæli yfir á neytendur. Aukin kostnaður á neytendur þjónustunnar kemur niður á þeim sem síst skyldi, langveikum, öldruðum og tekjulitlu fólki.

Tæknifrjóvgun.

Læknastöðin ArtMedica er sú eina sinnar tegundar á landinu. Minni hlutinn vill minna á að í fjárlagafrumvarpinu er ekki mælt fyrir um endurnýjun á samningi við hana sem rennur út á næsta fjárlagaári. Kostnaður fólks sem þarf á tæknifrjóvgun að halda er umtalsverður og því er brýnt að samningar um greiðsluþátttöku séu í gildi.

Tannlækningar.

Í fjárlagafrumvarpinu er hækkun á þessum lið um 70 m.kr. til að fylgja eftir fjölgun íbúa. Hins vegar vill minni hlutinn benda á að í fjárlögum er ekki gert ráð fyrir forvarnastarfi hjá börnum í tengslum við átak til að bæta tannheilsu og tannvernd. Í greinargerð með frumvarpi til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, sem nú liggur fyrir þinginu (60. mál), kemur meðal annars fram að mikilvægt sé að hafa í huga hinn mikla fjárhagslega ávinning sem hlýst af því að bæta tannheilsu þjóðarinnar. Bætt tannheilsa og betri vitund ungs fólks um mikilvægi þess að vernda tennurnar muni stórlega draga úr kostnaði þjóðarinnar við tannlækningar þegar fram líða stundir. Minni hlutinn bendir einnig á stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem og þingsályktun um aðgerðaáætlun til fjögurra ára til að styrkja stöðu barna og ungmenna sem var samþykkt í júní á síðasta ári. Þar kemur meðal annars fram að tannvernd barna muni verða bætt með gjaldfrjálsu eftirliti, forvörnum og auknum niðurgreiðslum á tannviðgerðum barna. Minni hlutinn gagnrýnir að ekki sé áætlað að setja meira fjármagn inn á þennan lið frumvarpsins. Á þessu sviði þarf að gera stórátak til að bæta upp vanrækslu liðinna ára.

Tækjabúnaður.

Heilbrigðisstofnanir væru illa búnar tækjum ef ekki kæmi til velvilji og stórhugur félaga, einstaklinga og fyrirtækja sem gefa tæki sem stofnanirnar geta ekki fjármagnað af eigin fé. Minni hlutinn vill minna á þennan mikilvæga en vanreiknaða þátt í frumvarpinu og hvetur til að gerð verði úttekt á tækjum sem heilbrigðisstofnunum hafa verið gefin svo reikna megi betur inn þennan kostnaðarlið.

Viðhald bygginga og skyldir þættir.

Viðhaldi á húsnæði er mjög víða ábótavant og það er sá þáttur sem situr á hakanum þegar „endar ná ekki saman“ í rekstri. Vanræksla í viðhaldi getur leitt til kostnaðarsamari aðgerða þegar til lengri tíma er litið og er engum til sóma. Minni hlutinn bendir á nauðsyn þess að

gera ráð fyrir eðlilegu viðhaldi í rekstrargrunni hverrar stofnunar sem og fjármagni til endurnýjunar á nauðsynlegum tækjabúnaði.

Alþingi, 13. nóv. 2007.

Þuríður Backman,
Auður Lilja Erlingsdóttir.

Fskj. I.

Samþykktir frá aðalfundi Félags eldri borgara 2005.

Áskorun til borgarstjórnar.

Að fjölga verulega þjónustuíbúðum, dagvistarplássum og efla þjónustu við íbúa í fjölbýlishúsum sem byggð hafa verið fyrir aldraða.

Að efla og bæta ferðaþjónustu aldraðra sem allra mest, því einangrun margra er mikil en þörfin brýn fyrir öruggar ferðir, svo sem vegna sjúkraþjálfunar, læknisþjónustu og tómstundaiðkunar. Einnig er gerð krafa um að fólk á hjúkrunarheimilum njóti ferðaþjónustunnar.

Að tekjuviðmiðun vegna afsláttar eldri borgara á fasteignagjöldum verði hækkuð til samræmis við hækkun fasteignamats í ársbyrjun 2005.

Að lækkað verði prósentustig af fasteignamati til útreikninga á fasteignagjöldum á eigið húsnæði þeirra sem eru 67 ára og eldri.

Að endurskoða síðustu hækkun á þjónustugjöldum í öldrunarþjónustu.

Að beita sér fyrir lækkun fargjalda aldraðra með strætisvögnum til jafns við fargjöld öryrkja.

Áskorun til ríkisstjórnar.

Að nú þegar verði skipaður starfshópur til þess að endurskoða frá grunni lög nr. 125/1999, um málefni aldraðra. Hlutverk hans verði m.a.:

1. Að kanna hvort ekki sé rétt að flytja yfirstjórn málefna aldraðra til félagsmálaráðuneytisins þar sem þau eru fyrst og fremst félagsmál.
2. Að marka heildarstefnu í málum aldraðra sem byggir á hugmyndafræði um jafnrétti og mannréttindi.
3. Að stjórnsýsla málaflokksins verði skýr og afdráttarlaus varðandi skyldur og ábyrgð opinberra aðila.
4. Að samræma ákvæði sem er að finna í hinum ýmsu lagabálkum og snerta málefni aldraðra.
5. Að marka nýja stefnu í búsetumálum aldraðra þar sem ýmsir valkostir væru til staðar í samræmi við óskir og þarfir eldri borgara, svo sem sambýli, þjónustuíbúðir, leiguíbúðir o.fl. Mikilvægt er að tryggja öryggi og sjálfræði aldraðra í sjálfstæðri búsetu.
6. Að setja skýr ákvæði um heimaþjónustu, dagdvöl (dagvistun), hjúkrunarrýmis og skammtímavistun (hvíldarinnlagnir).
7. Að sett verði ákvæði í lögin um réttindagæslu aldraðra. Vitað er að réttindi þeirra eru oft fyrir borð borin, bæði utan stofnana sem og innan þeirra.
8. Að breyta fyrirkomulagi greiðslna íbúa á dvalar- og hjúkrunarheimilum þannig að þeir haldi fjárræði sínu.

Félag eldri borgara óskar eftir að vinna með stjórnvöldum að endurskoðun laganna, framtíðarstefnumótun og nauðsynlegum breytingum í málefnum aldraðra.

Ályktun.

Aðalfundur Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni haldinn í Ásgarði í Glæsibæ 19. febrúar 2005 beinir þeim eindregnu tilmælum til stjórna hjúkrunarheimila:

1. Að ráðnir verði félagsráðgjafar, sálfræðingar og annað fagfólk við stofnanir sem sinni félagslegum og geðrænum vandamálum.
2. Að hvetja ófaglært starfsfólk til að sækja þau námskeið sem eru í boði á vegum stéttarfélaga fyrir fólk sem starfar við umönnun aldraðra. Einnig að þeim útlendingum sem ráðnir eru til starfa verði gert kleift að læra íslensku að frumkvæði og með stuðningi vinnuveitenda.

Aðalfundur FEB 2005 krefst þess að hækkaður verði grunnlífeyrir almannatrygginga þannig að greiðslur nái aftur sama hlutfalli af viðmiðunarlaunum og var 1995.

Greinargerð.

Við umræður á Alþingi 1998 um breytingar á lögum nr. 117/1992, vegna tenginga ellilífeyris við vísitölu neysluverðs og launaþróunar, mælti þáverandi forsætisráðherra: „Lásinn er tvöfaldur. Miðað er við að neysluvísitalan sé í lágmarki og síðan er viðmiðunin kaupið að auki. ... Hjá lífeyrissjóðunum þar sem verkalýðshreyfingin ræður mestu er ekki miðað við launin. Þar er miðað við verðlagsvísitöluna. Við höfum þetta rýmra með þessari tengingu. Það á ekki að láta nægja að miða við neysluvísitöluna. Það á jafnframt að gæta þess að huga sérstaklega að og hafa viðmiðun á launaþróuninni og þá auðvitað er bara hægt að gera það...“

Ályktun.

Aðalfundur Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni haldinn í Ásgarði í Glæsibæ 19. febrúar 2005 lýsir yfir megnri óánægju með að samráðsnefndin sem sett var á fót 17. febrúar 1999 af ríkisstjórn hefur ekki verið kölluð saman frá árinu 2002. Í skipunarbréfinu segir að nefndin skuli halda þrjá fundi á ári.

Fundurinn telur að ríkisstjórnin sýni samtökum eldri borgara lítilsvirðingu með þessu.

Áskorun til ríkisstjórnar.

Aðalfundur Félags eldri borgara í Reykjavík haldinn í Glæsibæ 19. febrúar 2005 mótmælir þeim breytingum á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, sem gerðar voru á haustþingi 2002. Samkvæmt þeim breytingum er lífeyrisþegum núna, árið 2005, gert að endurgreiða hluta þess lífeyris sem þeir tóku á móti frá TR í góðri trú árið 2003 sem venjulegum launagreiðslum.

Greinargerð.

Það er augljós lítilsvirðing sem öldruðum er sýnd með því að setja þá í þá stöðu að verða gert tveim árum síðar að endurgreiða tekjur frá TR á árinu 2003. Þessi ákvörðun Alþingis sýnir það vel að alþingismenn telja sig geta boðið öldruðum hvað sem er. Aldraðir eru hvort sem er varnarlausir.

Ég fullyrði að öll stéttarfélög landsins mundu vernda sína launþega gagnvart slíkum lögum, þar sem hægt er að krefjast endurgreiðslu á grundvelli þess að launþegi hafi fengið of há laun árið 2003.

Áskorun til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Aðalfundur Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni haldinn í Ásgarði í Glæsibæ 19. febrúar 2005 skorar á heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að beita sér fyrir eftirfarandi:

1. Að fjölga hjúkrunarrýmum svo biðtími eftir plássi verði í samræmi við samkomulagið við ríkisstjórnina, sem undirritað var 19. nóv. 2002, og heilbrigðisáætlun til 2010. Gerð er krafa um að hver einstaklingur hafi sitt einkarými.
2. Að láta fara fram könnun á fæðuframboði fyrir aldraða, m.a. á þjónustumiðstöðvum, dvalar- og hjúkrunarheimilum með tilliti til næringargildis fæðunnar, fjölbreytni og valmöguleika.
3. Að kanna möguleika á sjálfvirkri endurgreiðslu á læknisþjónustu hjá Tryggingastofnun ríkisins með því móti að stofnunin sendi afsláttarkort til viðkomandi þegar þeir eiga rétt á því.
4. Að ráðstöfunarfé (vasapeningar) fólks á öldrunarstofnunum hækki úr 21.993 kr. í að minnsta kosti 30.000 kr. á mánuði.
5. Að gerður verði tafarlaust bindandi samningur við Tannlæknafélag Íslands um gjaldskrá fyrir tannlækningar.

Greinargerð.

Með 2. lið: Samkvæmt vísindalegri könnun sem fór fram á Landspítala á innlögðum öldruðum sjúklingum var næringarástandi þeirra ábótavant. Því er mikilvægt að kanna næringargildi, fjölbreytni og valmöguleika máltíða sem eru á boðstólum á fyrrgreindum stöðum án þess að kasta rýrð á það sem vel er gert. Nauðsynlegt er að leita álits þeirra sem stjórna matreiðslunni og þeirra sem fæðunnar njóta.

Með 3. lið: Kvittanir fyrir læknisþjónustu vilja oft týnast og óþarfi er að beina fólki á einn stað til að sækja afsláttarkort. Með allri þeirri upplýsingatækni sem fyrir hendi er í dag ætti að vera auðvelt að koma þessu í framkvæmd.

Með 5. lið: Hætta er á að tannheilsa eldri borgara fari versnandi vegna þess að tannlækningar eru orðnar svo dýrar að margir lífeyrisþegar hafa ekki efni á að leita sér lækninga.

Fskj. II.

Steinunn Ásmundsdóttir:

HSA bónleitt til búðar í heilbrigðisráðuneyti.

(Morgunblaðið, 26. okt. 2007.)

Umræður Borgarafundur um málefni Heilbrigðisstofnunar Austurlands í Egilsstaðalæknishéraði var haldinn á Egilsstöðum í vikunni og mættu um 80 manns. Almenningi þykir sem margt megi bæta í þjónustunni á svæðinu.

„Í kjölfar þess að tekin var ákvörðun um Kárahnjúkavirkjun og álversbyggingu mótuðum við stefnu til að styrkja heilbrigðisþjónustuna á svæðinu,“ sagði Halla Eiríksdóttir hjúkrunarstjóri Heilbrigðisstofnunar Austurlands í Egilsstaðalæknishéraði, á opnum fundi um málefni heilbrigðisþjónustunnar á Egilsstöðum á miðvikudagskvöld. Ljóst er að heilsugæslan glímir við stórfelld vandræði í mönnun og aðstöðuleysi og álag hefur margfaldast með þensluástandinu í fjórðungnum, þó mesti kúfurinn fari senn af.

„Sem lið í að styrkja heilsugæsluna komum við með tillögu um að það þyrfti að byggja nýtt sjúkrahús á Egilsstöðum og endurnýja eða byggja heilsugæslustöð. Þessar tillögur lögðum við fyrir okkar yfirstjórn, sem gerði þær að sinni og fórum að undirbúa þessi áform. Sveitarstjórn kom að þessu og við unnum skýrslu sem var lögð fyrir heilbrigðisráðuneytið. Þetta var í stjórnartíð Jóns Kristjánssonar heilbrigðisráðherra. Í stuttu máli sagt hefur ekkert gerst frá þessum tíma.“ Hún rifjaði upp þegar íbúar á Héraði afhentu Siv Friðleifsdóttur þáv. heilbrigðisráðherra áskorun um að bæta aðbúnað aldraða á svæðinu. Málefni HSA á Egilsstöðum séu hins vegar öll enn í lokaðri skúffu í heilbrigðisráðuneytinu. „Eins og staðan er nú höfum við sjúkradeild sem uppfyllir ekki þær húsnæðiskröfur sem til hennar eru gerðar, enda var hún ekki hönnuð sem slík í upphafi. Deildin er með 26 rúm og þar eru einstaklingar með mjög mismunandi þjónustuþarfir. Aldraðir langlegusjúklingar eiga 18 rými og 8 rými eru ætluð annarri þjónustu, svo sem bráðveikum, slösuðum, endurhæfingu og hvíldarinnlögnum.“

Þarfir aldraðra í forgangi.

Halla segir HSA á Egilsstöðum sl. 3 ár hafa valið að setja þarfir aldraðra í forgang. Vegna aðstöðuleysis hafi jafnframt þjónusta við bráðveika, slasaða og þá sem þurfi að leggjast inn í styttri tíma orðið takmarkaðri. Því hafi þurft að senda fleiri annað en ella. Loka hefur þurft fyrir innlagnir sl. þrjú ár yfir sumartímann, þar sem starfsfólk hefur ekki fengist til starfa. Halla segir heilbrigðisþjónustu fyrst og fremst byggjast á starfsfólki og það fáist ekki. „Okkar stóri vandi á landsbyggðinni er að fá fólk til starfa. Það er mesta ógnunin við heilbrigðisþjónustuna.“

HSA hefur ásamt sveitarfélaginu unnið sameiginlega stefnumótum í öldrunarþjónustu fyrir svæðið. Þarfir aldraðra verða settar sem forgangsmál í byggingarmálum. „Kröfur okkar ganga út á að byggt verði húsnæði fyrir um það bil 50 einstaklinga þar sem hugsað er til að þeir geti notið einkalífs og fengið breytilega þjónustu frá einum tíma til annars. Við gætum með þessu tæmt núverandi sjúkradeild, breytt henni án mikils tilkostnaðar og farið að byggja upp þjónustu á sjúkrahússsviði. Það er sameiginlegt álit okkar langflestra í HSA að á Egilsstöðum þurfi að vera sjúkrahús. Frá faglegu sjónarmiði viljum við setja byggingu fyrir aldraða í forgang í okkar málarekstri.“

Halla segir í það minnsta fjögur ár líða frá ákvörðun til þess að hafist sé handa um byggingarframkvæmdir. Skv. því má í fyrsta lagi búast við einhverjum breytingum á aðstöðu heilbrigðisþjónustu á Egilsstöðum árið 2012.

Fylgiskjal XX.

Álit

um frv. til fjárlaga 2008 (10 Samgönguráðuneyti).

Frá meiri hluta samgöngunefndar.

Samgöngunefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar fjallað um þann hluta fjárlaga-frumvarpsins sem er á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar, dags. 10. október 2007.

Nefndin fékk á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur, Unni Gunnarsdóttur og Odd Einarsson frá samgönguráðuneyti til að gera grein fyrir þeim liðum fjárlagafrumvarpsins sem snerta ráðuneytið. Þá komu á fund nefndarinnar Þorgeir Pálsson frá Flugstoðum og Halla Sigrún Sigurðardóttir frá Flugmálastjórn til að ræða þann hluta frumvarpsins sem snýr að flugmálum, Hermann Guðjónsson og Sigurður Áss Grétarsson frá Siglingastofnun til að ræða þann hluta frumvarpsins sem snýr að verksviði Siglingastofnunar og Jón Rögnvaldsson og Kristín H. Sigurbjörnsdóttir frá Vegagerðinni til að ræða þann hluta frumvarpsins sem snýr að vegamálum.

Meiri hlutinn vekur athygli á því að samkvæmt frumvarpinu er ráðgert að Fjarskiptasjóður hafi 60 m.kr. vaxtatekjur af inneign hjá ríkissjóði og að beint framlag ríkissjóðs til verkefna og reksturs sjóðsins lækki sem því nemur. Meiri hlutinn leggur áherslu á að þessi fjárhæð komi til útgreiðslu til sjóðsins síðar, en telur mikilvægt að verklagið verði endurskoðað þannig að heppilegri háttur verði hafður á framvegis.

Meiri hlutinn bendir á að samkvæmt samgönguáætlun sem samþykkt var á síðasta þingi er gert ráð fyrir hærri fjárveitingu en í fjárlagafrumvarpinu til hafnarmannvirkja. Þarna vantar 200 m.kr. upp á að hægt verði að standa við framkvæmdahraða eins og samgönguáætlun gerir ráð fyrir. Meiri hlutinn beinir því til fjárlaganefndar að taka þetta til athugunar.

Loks bendir meiri hlutinn á að liðurinn 10-211, Rekstur Vegagerðarinnar, er lægri en samgönguáætlun gerir ráð fyrir. Samkvæmt upplýsingum frá vegamálastjóra horfir til mikilla vandræða ef liðurinn verður óbreyttur við afgreiðslu fjárlaga. Þá vekur meiri hlutinn athygli á því að ákveðið hefur verið að auka vetrarþjónustu án þess að gert sé ráð fyrir sérstakri fjárveitingu til hennar. Mikilvægt er að bætt verði úr þessu.

Meiri hlutinn leggur til skiptingu á safnliðunum 10-190-1.42, Gestastofur, söfn og markaðsstarf, og 10-190-1.90, Ýmislegt, á sérstöku skjali. Öðrum erindum en tilgreind eru á skjalinu vísar nefndin aftur til fjárlaganefndar. Auk þess leggur meiri hlutinn til að 4,2 m.kr. verði fluttar af safnliðnum 10-190-1.42, Gestastofur, söfn og markaðsstarf, yfir á safnliðinn 10-190-1.90, Ýmislegt, til ráðstöfunar þar samkvæmt tillögu meiri hlutans.

Alþingi, 8. nóv. 2007.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, form.,
Ólöf Nordal,
Herdís Þórðardóttir,
Karl V. Matthíasson,
Árni Johnsen,
Ármann Kr. Ólafsson.

Fylgiskjal XXI.

Álit

um frv. til fjárlaga 2008 (10 Samgönguráðuneyti).

Frá minni hluta samgöngunefndar.

Fjárlaganefnd vísaði til umfjöllunar samgöngunefndar þeim hluta fjárlagafrumvarpsins sem er á málasviði nefndarinnar, í samræmi við ákvæði þingskapalaga.

Á fundum nefndarinnar með fulltrúum ráðuneytis og forstöðumönnum einstakra stofnana hefur komið fram að lagfæra þarf fjárframlög til Fjarskiptasjóðs, til hafnarmannvirkja og til reksturs Vegagerðarinnar, sbr. álit meiri hluta samgöngunefndar. Minni hlutinn tekur undir þau sjónarmið.

Minni hlutinn fagnar þeirri aukningu sem fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir til samgöngumála almennt, en minnir jafnframt á að talsvert skortir á að þar sé mætt þeim niðurskurði sem áður hefur verið ákveðinn af ríkisstjórninni til samgönguframkvæmda. Þá vill minni hlutinn sérstaklega vekja athygli á að stórátak þarf að gera í uppbyggingu í grunnstoðum ferðaþjónustunnar um allt land.

Þá áskilur minni hlutinn sér allan rétt varðandi hugsanlegar breytingartillögur við fjárlagafrumvarpið og sömu sögu er að segja um einstök verkefni innan samgönguáætlunar þegar hún kemur til endurskoðunar og meðferðar í samgöngunefnd.

Að öðru leyti vísar minni hlutinn til nefndarálits sem minni hluti fjárlaganefndar mun leggja fram við afgreiðslu málsins úr þeirri nefnd.

Alþingi, 8. nóv. 2007.

Árni Þór Sigurðsson.

Fylgiskjal XXII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2008 (11 Iðnaðarráðuneyti).

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar.

Iðnaðarnefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar farið yfir þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 10. október 2007.

Nefndin fékk á sinn fund Kristján Skarphéðinsson og Ingu Ósk Jónsdóttur frá iðnaðarráðuneytinu.

Heildargjöld iðnaðarráðuneytis árið 2008 eru áætluð um 5.853 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 1.156 m.kr. en þær nema 19,8% af heildargjöldum ráðuneytisins.

Rekstrargjöld ráðuneytisins hækka um 214 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um nýjan fjárlagalið Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands sem tók til starfa 1. ágúst 2007 við samruna Iðntæknistofnunar og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins. Aðrar helstu breytingar varða meðal annars hækkun á fjárveitingu til Orkustofnunar vegna undirbúnings rammaáætlunar og verkefna sem tengjast flóðum og flóðahættu. Þá hækkar framlag til stuðnings raforkunotendum utan samveitna en rafmagn á þeim svæðum er framleitt með dísilrafstöðvum og umframkostnaður borinn af þeim fyrirtækjum sem framleiða rafmagn á þessum svæðum. Framlag til niðurgreiðslu á kostnaði við dreifingu raforku í dreifbýli hækkar sem rekja má til hækkunar á gjaldskrá. Loks er gert ráð fyrir að fjárveiting hækki til reksturs almennrar skrifstofu iðnaðarráðuneytisins sem er tilkomin vegna breytinga á Stjórnarráðinu.

Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 210 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um 105 m.kr. fjárveitingu í samræmi við tillögur stjórnvalda um fjárveitingar til eflingar samkeppnissjóða á sviði vísinda og tækni.

Tækniþróunarsjóður er annar tveggja þessara samkeppnissjóða og nemur hækkun til hans 80 m.kr. á næsta ári. Hækkun framlaga til sjóðsins er hluti af hækkun sem boðuð hefur verið af hálfu ríkisstjórnar, en fulltrúar hennar hafa lýst því yfir að sjóðurinn verði tvöfaldaður á þessu kjörtímabili eða hækki úr 500 m.kr. í 1 ma.kr. auk þess sem efling hans er sérstaklega tekin fyrir í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Meiri hlutinn vill vekja athygli á þessu þar sem sú stefnumörkun kemur ekki fram í skýringum með frumvarpinu. Uppbygging tækniþróunarsjóðs er undirstaða þróunar í hátækniiðnaði um land allt auk þess sem sjóðurinn er einn af fáum samkeppnissjóðum á þessu sviði á Íslandi. Meiri hlutinn vonast því til að auka megi fjármagn í sjóðinn á milli umræðna svo markmiðin um tvöföldun hans náist fyrr en ella.

Á fundum nefndarinnar kom meðal annars fram að í frumvarpinu eru framlög til starfsstöðvar Impru á Ísafirði og til eflingar þróunarsetra á Hólmavík og á Patreksfirði í samræmi við tillögur nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum. Tillögurnar eru hluti af mótvægisaðgerðum ríkisstjórnarinnar vegna tímabundins samdráttar í aflaheimildum á þorski.

Meiri hlutinn telur mikilvægt að dregið verði eins og kostur er úr þeim neikvæðu áhrifum sem umræddur samdráttur í veiðum á þorski mun hafa á einstakar byggðir landsins og fagnar öllum aðgerðum ríkisvaldsins í þessum efnum.

Meiri hlutinn telur brýnt að allir íbúar landsins eigi tryggan og jafnan aðgang að heitu vatni og jöfn tækifæri til menntunar. Leggur meiri hlutinn því annars vegar til að meira fjármagn verði veitt til að mæta óskum um stofnstyrki vegna nýrra hitaveitna, sbr. 11. gr. laga nr. 78/2002, en samkvæmt upplýsingum frá iðnaðarráðuneyti skortir mikið á að fjárveiting ársins 2007 standi undir þeim umsóknum sem borist hafa. Meiri hlutinn hvetur til þess að þetta bil verði brúað og sveitarfélögum greitt það sem ber í milli enda um tímabundinn vanda að ræða. Hins vegar hvetur meiri hlutinn til þess að fjárveitingavaldið hækki framlög sem ætluð eru til þess að jafna fjárhagslegan aðstöðumun nemenda í framhaldsskólum, sbr. lög nr. 79/2003. Jöfnunarstyrkir þessir til námsmanna úr dreifbýli hafa sannað gildi sitt og eru gríðarlega þýðingarmiklir fyrir landsbyggðina.

Meiri hlutinn telur brýnt að ljúka gerð rammaáætlunar um verndun og nýtingu náttúrusvæða á árinu 2009 í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Því fagnar meiri hlutinn 60 m.kr. framlagi til þessa verkefnis sem unnið er að undir forystu iðnaðarráðherra og umhverfisráðherra. Fjármunir eru nú í fyrsta sinn veittir til að kortleggja og vakta flóð á nokkrum svæðum á landinu. Meiri hlutinn vill vekja sérstaka athygli á þessu verkefni því mikilvægt er að upplýsingar um flóð og flóðahættu liggi fyrir þegar teknar eru ákvarðanir um landnotkun. Einnig er mikilvægt að hægt sé að vara við flóðum og fylgjast með framgangi þeirra með vöktunarmælum. Að lokum fagnar meiri hlutinn framlagi til djúpborunarverkefnisins en niðurstöður þess geta haft mikil áhrif á framtíðarnýtingarmöguleika á jarðhita.

Nefndinni bárust sex erindi í tengslum við safnlið 11-299-1.50, Nýsköpun og markaðsmál. Í síðasta frumvarpi til fjárlaga var liðurinn aðeins 4 m.kr. og ákvað nefndin þá að vísa öllum erindum til fjárlaganefndar. Í fjárlagafrumvarpi þessa árs er liðurinn 25 m.kr. Tillögur koma fram á sérstöku fylgiskjali. Er þar meðal annars lagt til að Árneshreppur fái úthlutað 3 m.kr. en lögð er áhersla á að umsókn hreppsins verði tekin til sérstakrar skoðunar í fjárlaganefnd og þá með hliðsjón af ákvæðum fjárlagafrumvarpsins og tillögum Vestfjarðanefndar.

Guðni Ágústsson, Kristján Þór Júlíusson, Björk Guðjónsdóttir og Ármann Kr. Ólafsson skrifa undir álitið með fyrirvara, hin þrjú síðastnefndu vegna setu í fjárlaganefnd.

Ragnheiður Elín Árnadóttir og Grétar Mar Jónsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. nóv. 2007.

Katrín Júlíusdóttir, form.,
Kristján Þór Júlíusson, með fyrirvara,
Einar Már Sigurðarson,
Guðni Ágústsson, með fyrirvara,
Björk Guðjónsdóttir, með fyrirvara,
Ármann Kr. Ólafsson, með fyrirvara.

Fylgiskjal XXIII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2008 (11 Iðnaðarráðuneyti).

Frá minni hluta iðnaðarnefndar.

Fjárlaganefnd vísaði til umfjöllunar iðnaðarnefndar þeim hluta fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði nefndarinnar, í samræmi við 2. mgr. 25. gr. þingskapalaga, nr. 55/1991.

Nefndin fékk á fund sinn Kristján Skarphéðinsson og Ingu Ósk Jónsdóttur frá iðnaðarráðuneytinu.

Minni hlutinn tekur undir þær megináherslur sem koma fram í áliti meiri hluta iðnaðarnefndar en minnir jafnframt á að eftir er að færa stóra málaflokka til ráðuneytisins og að mikil óvissa ríkir enn um fjárhagsleg áhrif af þeim flutningi.

Minni hlutinn telur mikilvægt að aðgreina með skýrum hætti annars vegar almennar aðgerðir til atvinnuuppbyggingar á landsbyggðinni og hins vegar þær sértæku aðgerðir sem boðaðar hafa verið í tilefni af niðurskurði þorskveiða. Aðeins með því móti er hægt að greina hvort verið er að beina stuðningnum til þeirra byggða sem verst verða úti vegna niðurskurðarins. Um er að ræða gífurlega mikilvægt mál og forsendu byggðar víða um land.

Minni hlutinn saknar þess einnig að ekki er í frumvarpinu tekið með skýrum hætti á stóriðjustefnunni og þykir ekki nægilega skýrt hvort stefnt sé að áframhaldandi uppbyggingu stóriðju, fleiri álverum og stórvirkjunum vegna þeirra. Minni hlutinn telur nauðsynlegt að stöðva öll áform um frekari uppbyggingu stóriðju og telur brýnt að leggja fremur áherslu á fjölbreytta og meðalstóra iðnaðarkosti af viðráðanlegri stærð, bæði fyrir hagkerfið og viðkomandi byggðarlög.

Þá áskilur minni hlutinn sér allan rétt varðandi hugsanlegar breytingartillögur við fjárlagafrumvarpið.

Alþingi, 12. nóv. 2008

Auður Lilja Erlingsdóttir.

Fylgiskjal XXIV.

Álit

um frv. til fjárlaga 2007 (12 Viðskiptaráðuneyti).

Frá meiri hluta viðskiptanefndar.

Viðskiptanefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar farið yfir þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 16. október 2007.

Á fund nefndarinnar komu Jónína S. Lárusdóttir og Inga Ósk Jónsdóttir frá viðskiptaráðuneyti og gerðu grein fyrir þeim hluta fjárlagafrumvarpsins sem falla undir málefnasvið ráðuneytisins.

Heildargjöld viðskiptaráðuneytis árið 2008 eru áætluð 1.887 m.kr. á rekstrargrunni en frá dragast sértekjur, 27 m.kr. Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum hækka um 413,6 m.kr. og eru áætluð 1.637 m.kr. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um hækkun á fjárheimild til Fjármálaeftirlitsins.

Meðal breytinga má nefna að vegna breytinga á Stjórnarráðinu er gert ráð fyrir auknu fjárframlagi til yfirstjórnar og einnig er lagt til að veitt verði tímabundið fjárframlag í eitt ár til verkefna á sviði viðskipta- og bankamála.

Nefndinni bárust umsagnir frá undirstofnunum viðskiptaráðuneytisins, Fjármálaeftirlitinu, Neytendastofu, Samkeppniseftirlitinu og talsmanni neytenda.

Fjárheimild Fjármálaeftirlitsins hækkar samkvæmt frumvarpinu um 338,6 m.kr. eftir sértekjur eða um 52% og er sú tillaga í samræmi við frumvarp til laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi (þskj. 95, 95. mál). Útgjöldin eru fjármögnuð með hækkun á eftirlitsgjaldi sem færist á tekjuhlið ríkissjóðs og hefur ekki áhrif á afkomu hans. Það er ljóst að verkefni Fjármálaeftirlitsins hafa aukist mikið undanfarin ár. Þessi aukning stafar annars vegar af breyttu regluverki, sbr. svonefnda MiFID-tilskipun sem hefur verið tekin upp í íslenskan rétt, og hins vegar af aukinni útrás íslenskra fjármálafyrirtækja en Fjármálaeftirlitið hefur m.a. eftirlit með útibúum íslenskra fjármálafyrirtækja erlendis. Meiri hluti nefndarinnar fagnar því stórauknum fjárheimildum Fjármálaeftirlitsins.

Meiri hlutinn fagnar sömuleiðis því að í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2008 er gert ráð fyrir 48,4% hækkun fjárframlaga eða 82,4 m.kr. til Samkeppniseftirlitsins frá ríkisreikningi árið 2006, en hækkunin á milli fjárlaga fyrir árið 2007 og frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2008 er 18,7%.

Fram kemur í umsögn Neytendastofu að beiðnir stofnunarinnar hafi ekki náð fram að ganga við gerð fjárlagafrumvarpsins. Stofnunin óskaði eftir auknum fjárheimildum til að sinna lögbundnum verkefnum, annars vegar framkvæmd á markaðseftirliti og hins vegar rekstri mælifræðisviðs Neytendastofu. Í umsögn Samkeppniseftirlitsins kemur fram að stofnunin hafi ekki fengið fjárveitingu vegna kostnaðar við flutning í nýtt húsnæði. Þá leggur stofnunin ríka áherslu á að hún fái auknar fjárveitingar til þess m.a. að geta boðið starfsmönnum sínum gott starfsumhverfi og ekki síst samkeppnishæf laun.

Framangreindar stofnanir sinna mikilvægu eftirliti með málaflokkum sem snerta bæði neytendur og viðskiptalífið. Meiri hlutinn telur mikilvægt að þessar stofnanir fái fullnægjandi fjárheimildir til að sinna lögbundnum verkefnum á eðlilegum málshraða og geti jafnframt

sinnt öðrum verkefnum sem upp koma. Leggur meiri hlutinn sérstaka áherslu á að fjárhagslegt svigrúm sé nýtt í auknar fjárveitingar til Samkeppniseftirlitsins enda sinnir sú stofnun grundvallareftirlitshlutverki.

Kjartan Ólafsson sat fundinn fyrir Björk Guðjónsdóttur.

Alþingi, 13. nóv. 2007.

Ágúst Ólafur Ágústsson, form.,
Guðfinna S. Bjarnadóttir,
Birgir Ármannsson,
Árni Páll Árnason,
Jón Gunnarsson,
Kjartan Ólafsson.

Fylgiskjal XXV.

Álit

um frv. til fjárlaga 2008 (12 Viðskiptaráðuneyti).

Frá 1. minni hluta viðskiptanefndar.

Fjárlög hvers árs eru órækur vitnisburður um stefnu ríkisstjórna á hverjum tíma. Fjárlög fyrir árið 2008 endurspegla þannig með skýrum hætti stefnu ríkisstjórnar Samfylkingar og Sjálfstæðisflokksins. Sjálfstæðisflokkurinn hefur setið í ríkisstjórn síðastliðin fjögur kjörtímabil og lengst af við stjórnvölinn. Það er skoðun minni hlutans að þessi ár hafi verið feit ár auðmanna og hátekjufólks en að sama skapi mögur ár lág- og meðaltekjufólks, aldraðra og öryrkja og fleiri hópa í þjóðfélaginu. Að mati minni hlutans hefur þjóðfélagsgerð okkar breyst til verri vegar síðustu 16 ár. Misskipting, fátækt og hvers kyns mismunun hefur aukist verulega. Aðgangur að heilbrigðisþjónustu hefur verið takmarkaður með gjaldtöku. Landsbyggðarfólk situr engan veginn við sama borð og íbúar höfuðborgarsvæðisins og sveitarfélög á landsbyggðinni búa við fjársvelti og geta illa veitt íbúum sínum þá þjónustu sem þeir eiga rétt á. Fákeppni og allt að því einokun er ríkjandi á stærstu sviðum viðskipta- og atvinnulífs og heilbrigð samkeppni og einstaklingsframtak á mjög undir högg að sækja. Kynbundið ofbeldi og kynbundinn launamunur er viðvarandi. Skattar á lág- og meðaltekjufólk hafa hlutfallslega verið hækkaðir með skertum persónuafslætti, skertum barnabótum, skertum vaxtabótum og stórauknum sjúklinga- og lyfjasköttum á meðan skattar hafa ýmist verið lækkaðir og/eða felldir niður á auð- og hátekjumönnum. Kjör öryrkja og aldraðra hafa hlutfallslega versnað. Brýnum umhverfismálum hefur ekki verið sinnt og unnin hafa verið stórfelld óafturkræf spjöll á náttúru Íslands í nafni blindrar stóriðjustefnu. Ungu fólki hefur verið gert illmögulegt að kaupa sína fyrstu íbúð og vaxtaokur er almenn staðreynd. Frumkvöðlastarfsemi og nýsköpun hefur verið drepin í dróma og einsleit „álbræðsluhyggja“ hefur verið allsráðandi með tilheyrandi ruðningsáhrifum. Hafrannsóknum og sjálfbærum veiðum hefur verið gefinn of lítill gaumur. Hernaðarhyggja hefur farið vaxandi og Ísland verið gert að þátttakanda í Íraksstríðinu. Borgaraleg réttindi hafa verið skert samfara miðstýrðri ráðstjórn ríkislögreglu-

stjóra með greiningardeildum, sérsveitum o.fl. en á sama tíma hefur verið dregið verulega úr löggæsluþjónustu á landsbyggðinni. Félagshyggja og almannahagsmunir eru á undanhaldi fyrir sérhagsmunum gróða- og markaðshyggju. Auðlindir þjóðarinnar sæta ásælni alþjóðlegra stórfyrirtækja og ofurauðmanna og þannig mætti lengi telja.

Það er staðföst skoðun 1. minni hluta að í öllum meginatriðum feli frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2008 í sér óbreytta ríkisstjórnarstefnu Sjálfstæðisflokksins síðustu fjögur kjörtímabil. Stefna Samfylkingarinnar, svo ekki sé talað um kosningaloforð hennar fyrir síðustu alþingiskosningar, sé lítt merkjanleg í fjárlögum fyrir árið 2008.

Þegar litið er yfir þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á málefnasviði viðskiptanefndar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 16. október 2007 staðfesta þeir að mati 1. minni hluta það sem að framan greinir. Það kemur best fram við samanburð á því umhverfi og fjárhagslegum starfsskilyrðum o.fl. sem Fjármálaeftirlitið býr við annars vegar og hins vegar Samkeppniseftirlitið. Hjá Fjármálaeftirlitinu starfar 41 starfsmaður og með sérstökum tekjustofnum eru eftirlitinu tryggðar 935,7 m.kr. til reksturs árið 2008 og lagt er til að fjárheimild stofnunarinnar verði hækkuð um 338,6 m.kr. Hjá Samkeppniseftirlitinu starfa 20 starfsmenn og gert er ráð fyrir 252,5 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar. 1. minni hluti telur að þessar eftirlitsstofnanir sinni einkar mikilvægum verkefnum, en að Samkeppniseftirlitið gegni ef eitthvað er veigameira hlutverki í þágu hagsmuna almennings en Fjármálaeftirlitið.

Fjármálaeftirlitið hefur staðið sig vel í viðleitni sinni til að auka trúverðugleika íslenskra fjármálafyrirtækja og reyndist traustur bandamaður þeirra þegar þau sættu alvarlegri gagnrýni erlendis frá fyrir útrásarstarfsemi sína og grundvöll hennar. Ýmsir erlendir fjármálasérfræðingar hafa talið að íslenskar fjármálastofnanir hafi farið offari í svonefndri útrás. Vaxtaokrið á Íslandi hefur hins vegar haldið sínu striki og íslenskir bankar og aðrar fjármálastofnanir hafa átölulítið stefnt fasteignamarkaði og íbúðalánakerfi okkar í mikið óefni, eins og öllum má ljóst vera af fréttum síðustu daga, með markvissum aðgerðum frá miðju ári 2004. Bankarnir buðu fram íbúðalán á hagstæðum kjörum haustið 2004 og hafa með gylliboðum og auglýsingum náð undir sig stórum hluta íbúðalánamarkaðarins. Nú hefur það gerst sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð og fleiri vöruðu við, bankarnir hafa stórhækkað vexti af íbúðalánum í krafti markaðsstöðu sinnar. Mikil fákeppni einkennir fjármálageirann og auður safnast á örfárra manna hendur. Og nú síðast er sótt að sparisjóðunum í landinu og samfélagslegum eignum þeirra af hópi auðmanna á kostnað hinna dreifðu byggða og almennings. Nauðsynlegt er að búa vel að Fjármálaeftirlitinu til að það geti sinnt þessum verkefnum og fleiri ónefndum.

Að mati 1. minni hluta hefur Samkeppniseftirlitið sýnt það og sannað að starfsemi þess getur skilað verulegum árangri í þágu almennings. Nægir þar að nefna olíusamráðsmálið. Það breytir ekki þeirri staðreynd að stofnunin hefur ekki getað sinnt brýnum verkefnum sem hún hefur á sinni könnu. Það á sérstaklega við um almennar rannsóknir og athuganir, svo sem þar sem fákeppni ríkir. Nýleg dæmi um verðsamráð matvöruverslana staðfesta það. Samkeppniseftirlitið hefur lengi haft áhuga á að skoða fákeppi í viðskiptum heildstætt en ekki haft fjárhagslega burði til þess. Meginorka og fjárveitingar til stofnunarinnar hafa farið í sértækar athuganir og eftirlit. Upplýst er að skilvirkni stofnunarinnar og málshraði eru ekki í samræmi við væntingar stofnunarinnar. Einnig hefur verið bent á að úrbóta sé þörf á samkeppnislögunum. Samkeppniseftirlitið á að minnsta kosti að sitja við sama borð og Fjármálaeftirlitið hvað fjárveitingar varðar en gerir það alls ekki. Fjárveiting hefur verið aukin milli áranna 2007 til 2008 um 18,7%. Aukningin hrekkur engan veginn til þess að mæta kostnaði við þau verkefni sem stofnuninni eru falin lögum samkvæmt, auk þess sem forsendur í rekstri stofn-

unarinnar hafa breyst, verkefnum hefur fjölgað og stofnunin hefur þurft að kosta miklu til vegna flutninga í nýja starfsstöð. Hlutfall fjárveitinga til Samkeppniseftirlitsins og Fjármálaeftirlitsins er 1 á móti 3,7 Fjármálaeftirlitinu í hag sem er langtum hærra en þekkist annars staðar á Norðurlöndum. Því er við að bæta að innheimtar sektir í kjölfar eftirlits Samkeppniseftirlitsins hafa skilað ríkissjóði tekjum umfram fjárveitingar til stofnunarinnar. 1. minni hluti telur afar brýnt í þágu almennings og almannahagsmuna að margfalda fjárveitingar til Samkeppniseftirlitsins og gera því jafnhátt undir höfði og Fjármálaeftirlitinu. Fleiri stofnanir á málefnasviði viðskiptanefndar sem þjóna hagsmunum almennings búa við viðvarandi fjársvelti. Má þar nefna Neytendastofu og talsmann neytenda. Fjárveitingar til þessara mikilvægu stofnana eru beinlínis lækkaðar milli ára þvert á rökstuddar beiðnir um umtalsverðar hækkanir. Það staðfestir að mati 1. minni hluta einbeitta og óbreytta ríkisstjórnarstefnu Sjálfstæðisflokksins sem Samfylkingin hefur tekið upp á sína arma.

Að mati 1. minni hluta fær landsbyggðarfólk kaldar kveðjur frá ríkisstjórninni í fjárlagafrumvarpinu. Gert er ráð fyrir að framlag til flutningasjóðs olíuvara upp á 401 m.kr. verði fellt niður. 1. minni hluti leggst alfarið gegn þeim fyrirætlunum. Á sama tíma er fjárveiting til ráðuneytis viðskiptamála í Reykjavík hækkuð um 23,6%.

Alþingi, 19. nóv. 2007.

Atli Gíslason.

Fylgiskjal XXVI.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2008 (12 Viðskiptaráðuneyti).

Frá 2. minni hluta viðskiptanefndar.

Annar minni hluti viðskiptanefndar leggst alfarið gegn því að fjölga ráðuneytum með þeim hætti sem gert er ráð fyrir með því að tveir ráðherrar verði yfir iðnaðar- og viðskiptamálum í stað eins áður. Þessi breyting mun valda auknum ríkisútgjöldum þar sem fjölga þarf starfsfólki og nýtt húsnæði þarf undir viðskiptaráðuneytið. Þessi stefnumörkun er þvert á gefin fyrirheit um fækkun ráðuneyta og hagræðingu í opinberri stjórnsýslu. Nær hefði verið að fækka ráðuneytum frekar en að fjölga ráðherraembættum eins og gert er ráð fyrir með þessum breytingum.

Það skýtur skökku við að framlög til Samkeppnisstofnunar skuli ekki vera meiri en raun ber vitni í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2008. Stofnunin gegnir lykilhlutverki í að halda úti heilbrigðum markaðsaðstæðum í samkeppnisrekstri. Til þess að stofnunin geti rækt hlutverk sitt, sem verður æ viðameira ár frá ári, þarf að skapa henni það starfsumhverfi að hún geti gegnt hlutverki sínu með sóma. Í raun er um nær enga viðbót að ræða til stofnunarinnar frá því sem fyrri ríkisstjórn ákvarðaði. Miklar yfirlýsingar viðskiptaráðherra um neytendavernd eru ekki í takti við framlög til þeirrar mikilvægu stofnunar sem Samkeppnisstofnun er.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að flutningsjöfnunarsjóður olíuvara verði lagður niður. Viðskiptaráðherra hefur hins vegar gert grein fyrir því að þeim áformum verði a.m.k. frestað

og málið skoðað nánar. Þessu ber að fagna, enda hefði eldsneytiskostnaður á mörgum stöðum á landsbyggðinni hækkað samfara niðurlagningu flutningsjöfnunarsjóðs.

Gert er ráð fyrir 150 m.kr. framlagi til þess að lækka flutningskostnað á Vestfjörðum. Þessu ber að fagna. Hins vegar er það svo að mörg önnur landssvæði búa við sams konar skilyrði og Vestfirðir og jafnvel við hærri flutningskostnað, líkt og Norðausturland, en ekki er gert ráð fyrir framlögum til að lækka flutningskostnað íbúa á þeim svæðum. Það stenst ekki jafnræði að landssvæði sem búa við íbúafækkun og tekjusamdrátt skuli sum hljóta styrki til lækkunar flutningskostnaðar en önnur ekki. Hér er um grófa mismunun að ræða og algjört skilningsleysi af hálfu ríkisstjórnarflokkanna á aðstæðum þessara byggðarlaga.

Alþingi, 19. nóv. 2006.

Birkir J. Jónsson.

Fylgiskjal XXVII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2008 (14 Umhverfisráðuneyti).

Frá umhverfisnefnd.

Umhverfisnefnd hefur fjallað um þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði nefndarinnar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, og bréf fjárlaganefndar til umhverfisnefndar, dags. 10. október 2007.

Á fund nefndarinnar kom Magnús Jóhannesson ráðuneytisstjóri í umhverfisráðuneyti. Sá hluti fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði nefndarinnar var sendur til umsagnar og bárust umsagnir frá Náttúrustofu Austurlands, Landmælingum Íslands, Úrvinnslusjóði, Stofnun Vilhjálms Stefánssonar, Skipulagsstofnun, Náttúrustofu Vesturlands, Umhverfisstofnun, Veðurstofu Íslands, Náttúrurannsóknastöð við Mývatn, Brunamálastofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands.

Heildarútgjöld umhverfisráðuneytis árið 2008 eru áætluð 6.659 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 1.203 m.kr., en þær nema 18% af heildargjöldum ráðuneytisins. Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 3.258 m.kr. og lækka um 9 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Munar þar mest um 180 m.kr. lækkun á fjárveitingu til Úrvinnslusjóðs vegna lækkunar á gjaldskrá sjóðsins ásamt því að niður falla nokkur framlög sem veitt voru til tímabundinna verkefna sem nema alls 130 m.kr. Meðal helstu breytinga í frumvarpinu er 233,4 m.kr. fjárveiting til Vatnajökulsþjóðgarðs sem jafngildir 112,5 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum yfirstandandi árs til þess verkefnis. Ef frá er talin framangreind fjárveiting til Vatnajökulsþjóðgarðs, þá eru óverulegar breytingar á þeim fjárlagalið ráðuneytisins sem fjármagnaður er af ríkissjóði.

Nefndin vekur athygli á umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands en þar kemur fram að stofnunin eigi við fjárhagsvanda að stríða, uppsafnaður fjárhagshalli hafi verið um 22 m.kr. um síðustu áramót og muni aukast á yfirstandandi ári fáist ekki leiðrétting í fjáraukalögum nú líkt og fengist hefur sl. þrjú ár. Þá kemur fram að fjárframlag ríkisins til stofnunarinnar

fyrir árið 2007 hafi lækkað að raungildi frá árinu áður og að á sama tíma hafi óraunhæf tekjuáætlun stofnunarinnar verið hækkuð verulega í fjárlögum fyrir árið 2007. Nefndin telur brýnt að leita leiða til að styrkja fjárhagslegan grunn stofnunarinnar í fjárlögum fyrir árið 2008 til frambúðar.

Nefndin vísar jafnframt til umsagnar Umhverfisstofnunar en þar kemur fram að stofnunin hafi óskað eftir auknu fjármagni hjá umhverfisráðuneytinu til að styrkja rekstur og framkvæmdir á friðlýstum svæðum. Nefndin tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í umsögninni og telur mikilvægt að aukið fjármagn verði veitt til framkvæmda og viðhalds á þessum svæðum.

Þá bendir nefndin á þær athugasemdir sem fram koma í umsögn Skipulagsstofnunar en þar er bent á að stofnunin þurfi aukna fjárveitingu til að veita almenningi aðgang að skipulagsvefsjá þar sem finna má upplýsingar um skipulagsmál í öllum sveitarfélögum landsins. Auk þess kemur fram í umsögninni að Skipulagsstofnun þurfi tímabundna fjárveitingu til eins árs til að halda málþing, gefa út sögu skipulags á Íslandi, halda ársfund norrænna skipulagsyfirvalda o.s.frv. í tengslum við afmælishald en á á árinu 2008 verða liðin 70 ár frá því að stofnað var til forvera Skipulagsstofnunar og 10 ár frá gildistöku skipulags- og byggingarlaga. Nefndin telur ástæðu til að koma til móts við umræddar óskir Skipulagsstofnunar. Nefndin leggur áherslu á að framangreindar stofnanir fái fullnægjandi fjárheimildir til að sinna lögbundnum verkefnum sínum. Skorar nefndin á fjárlaganefnd að taka athugasemdir í umsóknum þeirra til sérstakrar skoðunar.

Nefndin telur að efla þurfi náttúrustofur um allt land enda eru þær mikilvæg viðbót í atvinnu- og menningarflóru landsbyggðarinnar. Nefndin telur mikilvægt að auka framlag til þeirra svo stofurnar geti sinnt rannsóknarskyldum og öðrum lögbundnum verkefnum sínum samkvæmt lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur. Nefndin biður fjárlaganefnd um að taka framangreint til sérstakrar athugunar.

Nefndinni hafa borist 15 umsóknir um fjárveitingu af safnlið 14-190-1.90, Ýmis verkefni og gerir nefndin að tillögu sinni að sjö umsækjendur fái styrk. Nefndin vísar hins vegar umsókn Fjórðungssambands Vestfirðinga aftur til fjárlaganefndar enda telur nefndin að fremur hafi átt að vísa umsókn sambandsins til iðnaðarnefndar. Í tengslum við umsókn Náttúrufræðistofu Kópavogs beinir nefndin því til umhverfisráðherra að taka til jákvæðrar athugunar hvort ekki sé ástæða til að stofan heyri undir lög um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur. Þá telur nefndin að umsóknir sem varða minkaveiðar eigi að heyra undir Umhverfisstofnun enda fellur sá málaflokkur undir starfssvið stofnunarinnar. Óráðstafað er af framangreindum safnlið 6,5 m.kr. og leggur nefndin áherslu á að sú fjárhæð verði látin mæta þeim kostnaði að hluta sem leiðir af þeim verkefnum sem vísað er til í áliti þessu. Tillögur nefndarinnar um skiptingu safnliðarins koma fram á sérstöku fylgiskjali.

Illugi Gunnarsson og Katrín Júlíusdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Kristinn H. Gunnarsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 14. nóv. 2007.

Helgi Hjörvar, form.,
Kjartan Ólafsson,
Kolbrún Halldórsdóttir,
Höskuldur Þórhallsson,
Guðfinna S. Bjarnadóttir,
Ólöf Nordal,
Paul Nikolov.

339. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2008.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (GSv, KÞJ, GuðbH, IllG, ÁMöl, SVÓ, ÁKÓ, BjörkG).

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **00-201 Alþingi**			
a. 1.06 Almennur rekstur	783,2	32,0	815,2
b. 1.07 Sérverkefni	33,1	11,1	44,2
c. 1.09 Breytingar á þingsköpum og bætt starfsaðstaða þingmanna	0,0	98,8	98,8
d. 1.10 Rekstur fasteigna	175,7	17,0	192,7
e. 6.21 Fasteignir	0,0	250,0	250,0
2. Við **00-610 Umboðsmaður Alþingis**			
1.01 Umboðsmaður Alþingis	101,2	21,0	122,2
3. Við **00-620 Ríkisendurskoðun**			
a. 1.01 Ríkisendurskoðun	456,7	28,5	485,2
b. 6.21 Fasteignir	0,0	11,5	11,5
4. Við **01-101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa**			
1.01 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	257,0	-3,8	253,2
5. Við **01-190 Ýmis verkefni**			
a. 1.22 Ráðgjöf vegna breytinga í heilbrigðis- og tryggingamálum	0,0	30,0	30,0
b. 1.90 Ýmis verkefni	35,9	5,0	40,9
6. Við **01-203 Fasteignir Stjórnarráðsins**			
6.25 Endurbætur bygginga Stjórnarráðsins	19,0	210,0	229,0
7. Við **02-101 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa**			
1.01 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	608,3	-9,1	599,2

8.	Við **02-201 Háskóli Íslands**			
	1.01 Háskóli Íslands	8.548,0	35,4	8.583,4
	Greitt úr ríkissjóði	*6.544,3*	*35,4*	*6.579,7*
9.	Við **02-210 Háskólinn á Akureyri**			
	1.01 Háskólinn á Akureyri	1.507,5	75,0	1.582,5
	Greitt úr ríkissjóði	*1.163,8*	*75,0*	*1.238,8*
10.	Við **02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi**			
	a. 1.73 Reykjavíkurakademían	17,7	3,3	21,0
	b. 1.91 Háskólar, óskipt	21,2	89,7	110,9
11.	Við **02-318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður**			
	a. 6.90 Byggingarframkvæmdir, óskipt	30,0	5,0	35,0
	b. 6.95 Tæki og búnaður, óskipt	34,0	5,0	39,0
12.	Við **02-319 Framhaldsskólar, almennt**			
	a. 1.33 Myndlistarskólinn Akureyri	14,1	5,0	19,1
	b. 1.34 Myndlistarskólinn í Reykjavík	19,1	5,0	24,1
	c. 1.90 Framhaldsskólar, óskipt	84,5	215,0	299,5
13.	Við **02-355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum**			
	1.01 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	170,3	10,0	180,3
	Greitt úr ríkissjóði	*164,2*	*10,0*	*174,2*
14.	Við **02-356 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra**			
	1.01 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	325,7	15,0	340,7
	Greitt úr ríkissjóði	*298,6*	*15,0*	*313,6*
15.	Við **02-361 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu**			
	1.01 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	129,9	5,0	134,9
	Greitt úr ríkissjóði	*118,7*	*5,0*	*123,7*
16.	Við **02-451 Símenntun og fjarkennsla**			
	a. 1.19 Námsframboð og starfsþjálfun í framhaldsskólum og símenntunarstöðvum	0,0	100,0	100,0
	b. 1.21 Símenntunarstöð á Vesturlandi	11,3	3,7	15,0
	c. 1.22 Fræðslumiðstöð Vestfjarða	11,3	8,7	20,0
	d. 1.23 Farskóli Norðurlands vestra	11,3	3,7	15,0
	e. 1.24 Símenntunarstöð Eyjafjarðar	11,3	3,7	15,0
	f. 1.25 Fræðslumiðstöð Þingeyinga	11,3	3,7	15,0
	g. 1.26 Fræðslunet Austurlands	11,3	3,7	15,0
	h. 1.27 Fræðslunet Suðurlands	11,3	3,7	15,0
	i. 1.28 Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	11,3	3,7	15,0
	j. 1.29 Fræðslu- og símenntunarstöð Vestmannaeyja	11,3	3,7	15,0
	k. 1.31 Fræða- og þekkingarsetur	112,8	14,0	126,8
	l. 1.33 Námsflokkar Hafnarfjarðar, miðstöð símenntunar	0,0	8,0	8,0
17.	Við **02-551 Húsavíkurskólinn Hallormsstað**			
	1.01 Húsavíkurskólinn Hallormsstað	21,5	2,0	23,5
18.	Við **02-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna**			
	1.01 Lánasjóður íslenskra námsmanna	5.988,0	-50,0	5.938,0
19.	Við **02-901 Fornleifavernd ríkisins**			
	1.01 Fornleifavernd ríkisins	72,3	11,5	83,8

20.	Við **02-902 Þjóðminjasafn Íslands**			
	a. 1.01 Þjóðminjasafn Íslands	375,8	12,0	387,8
	b. 1.10 Byggða- og minjasöfn	21,7	52,0	73,7
21.	Við **02-903 Þjóðskjalasafn Íslands**			
	1.01 Þjóðskjalasafn Íslands	191,4	100,0	291,4
22.	Við **02-919 Söfn, ýmis framlög**			
	a. 1.10 Listasafn ASÍ	5,4	1,0	6,4
	b. 1.11 Nýlistasafn	7,9	2,0	9,9
	c. 1.12 Listasafn Sigurjóns Ólafssonar	7,9	2,5	10,4
	d. 1.90 Söfn, ýmis framlög	24,5	15,6	40,1
	e. 6.90 Söfn, ýmis stofnkostnaður	100,0	33,0	133,0
23.	Við **02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður**			
	a. 6.23 Tónlistarhús og ráðstefnumiðstöð í Reykjavík	0,0	75,0	75,0
	b. 6.95 Menningarhús	30,0	10,0	40,0
24.	Við **02-971 Ríkisútvarpið**			
	1.10 Ríkisútvarpið, afnotagjöld	2.635,0	281,0	2.916,0
	Innheimt af ríkistekjum	*2.635,0*	*281,0*	*2.916,0*
25.	Við **02-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands**			
	1.01 Sinfóníuhljómsveit Íslands	637,6	15,0	652,6
	Greitt úr ríkissjóði	*456,4*	*15,0*	*471,4*
26.	Við **02-979 Húsafriðunarnefnd**			
	6.10 Húsafriðunarsjóður	93,3	155,0	248,3
27.	Við **02-982 Listir, framlög**			
	a. 1.22 Starfsemi áhugaleikfélaga	22,4	6,0	28,4
	b. 1.23 Bandalag íslenskra leikfélaga	5,3	3,0	8,3
	c. 1.24 Starfsemi atvinnuleikhópa	60,1	6,0	66,1
	d. 1.29 Íslenska tónverkamiðstöðin	12,6	1,5	14,1
	e. 1.90 Listir	61,1	-12,3	48,8
28.	Við **02-983 Ýmis fræðistörf**			
	a. 1.11 Styrkir til útgáfumála	34,8	18,8	53,6
	b. 1.17 Launasjóður höfunda fræðirita	12,2	7,0	19,2
	c. 1.52 Skriðuklaustur	14,7	7,0	21,7
29.	Við **02-984 Norræn samvinna**			
	1.90 Norræn samvinna	7,5	1,5	9,0
30.	Við **02-988 Æskulýðsmál**			
	a. 1.12 Ungmennafélag Íslands	98,4	25,0	123,4
	b. 1.13 Bandalag íslenskra skáta	24,6	12,0	36,6
	c. 1.17 Landssamband KFUM og KFUK	24,6	8,0	32,6
	d. 1.90 Æskulýðsmál	22,5	-0,3	22,2
31.	Við **02-989 Ýmis íþróttamál**			
	a. 1.10 Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands	154,9	8,0	162,9
	b. 1.14 Íþróttasamband fatlaðra	21,6	1,0	22,6
	c. 1.21 Skáksamband Íslands	16,7	2,0	18,7
	d. 1.30 Bridgesamband Íslands	14,8	0,2	15,0
	e. 1.90 Ýmis íþróttamál	25,6	-18,6	7,0
	f. 6.52 Skíðasvæðið í Tungudal við Skutulsfjörð	0,0	10,0	10,0

32.	Við **02-999 Ýmislegt**			
	a. 1.90 Ýmis framlög	106,0	22,6	128,6
	b. 6.90 Ýmis stofnkostnaðarframlög	221,2	106,9	328,1
33.	Við **03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa**			
	1.01 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	947,8	1,4	949,2
34.	Við **03-190 Ýmis verkefni**			
	1.26 Nám í heimskautarétti	0,0	5,0	5,0
35.	Við **03-401 Alþjóðastofnanir**			
	a. 1.73 Þróunarsjóður EFTA	138,7	-50,0	88,7
	b. 1.85 Alþjóðleg friðargæsla	112,1	58,0	170,1
	c. 1.87 Íslensk friðargæsla	515,7	-50,0	465,7
36.	Við **04-101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa**			
	1.01 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	246,7	-30,6	216,1
37.	Við **04-190 Ýmis verkefni**			
	a. 1.21 Landþurrkun	0,0	4,5	4,5
	b. 1.31 Skógræktarfélag Íslands	28,6	3,0	31,6
	c. 1.49 Úrskurðarnefndir	0,0	20,0	20,0
	d. 1.90 Ýmis verkefni	46,4	2,8	49,2
	e. 1.98 Ýmis framlög landbúnaðarráðuneytis.	23,1	-0,5	22,6
	f. Sértekjur	0,0	-20,0	-20,0
38.	Við **04-271 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal**			
	1.01 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal	354,4	5,0	359,4
	Greitt úr ríkissjóði	*219,2*	*5,0*	*224,2*
39.	Við **04-311 Landgræðsla ríkisins**			
	a. 1.01 Landgræðsla ríkisins	509,5	5,0	514,5
	b. 1.90 Fyrirhleðslur	59,4	12,0	71,4
	c. *Greitt úr ríkissjóði*	*512,1*	*17,0*	*529,1*
40.	Við **04-321 Skógrækt ríkisins**			
	a. 1.01 Skógrækt ríkisins	265,3	30,0	295,3
	b. 1.10 Rannsóknastöðin Mógilsá	95,4	10,0	105,4
	c. *Greitt úr ríkissjóði*	*242,3*	*40,0*	*282,3*
41.	Við **04-801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu**			
	1.02 Lífeyrissjóður bænda	180,0	18,0	198,0
42.	Við **04-805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu**			
	1.02 Lífeyrissjóður bænda	98,0	12,0	110,0
43.	Við **04-831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins**			
	6.20 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins	176,3	-100,0	76,3
	Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*-100,0*	*-100,0*
44.	Við bætist nýr fjárlagaliður:			
	04-840 Stuðningur við fiskeldi			
	1.01 Stuðningur við fiskeldi	0,0	170,0	170,0
	Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*170,0*	*170,0*
45.	Við **05-190 Ýmis verkefni**			
	a. 1.21 Fiskifélag Íslands, sjóvinnukennsla	11,0	6,0	17,0
	b. 1.90 Ýmislegt	8,3	3,0	11,3
	c. 1.98 Ýmis framlög sjávarútvegsráðuneytisins	24,6	80,0	104,6

46.	Við **05-202 Hafrannsóknastofnunin**			
	a. 1.01 Hafrannsóknastofnunin	1.828,0	102,2	1.930,2
	b. 6.21 Húsnæði	0,0	22,0	22,0
47.	Við **05-204 Fiskistofa**			
	1.01 Fiskistofa	836,7	-30,0	806,7
	Greitt úr ríkissjóði	*770,4*	*-30,0*	*740,4*
48.	Við **05-206 Matvælarannsóknir**			
	1.01 Matvælarannsóknir	388,3	7,0	395,3
49.	Við **06-101 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa**			
	1.01 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa	351,6	-5,2	346,4
50.	Við **06-111 Kosningar**			
	1.10 Kosningar	168,4	3,8	172,2
51.	Við **06-190 Ýmis verkefni**			
	a. 1.45 Mannréttindamál	8,0	10,0	18,0
	b. 1.47 Íslensk ættleiðing	6,5	3,0	9,5
	c. *Greitt úr ríkissjóði*	*189,9*	*13,0*	*202,9*
52.	Við **06-303 Ríkislögreglustjóri**			
	1.01 Ríkislögreglustjóri	1.336,2	-6,0	1.330,2
	Greitt úr ríkissjóði	*1.201,3*	*-6,0*	*1.195,3*
53.	Við **06-310 Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu**			
	1.01 Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu	2.964,0	6,0	2.970,0
	Greitt úr ríkissjóði	*2.906,1*	*6,0*	*2.912,1*
54.	Við **06-395 Landhelgisgæsla Íslands**			
	1.90 Landhelgisgæsla Íslands	2.197,0	40,3	2.237,3
55.	Við **06-431 Sýslumaðurinn á Hvolsvelli**			
	1.20 Löggæsla	101,0	1,5	102,5
	Greitt úr ríkissjóði	*158,5*	*1,5*	*160,0*
56.	Við **06-701 Þjóðkirkjan**			
	6.28 Þingeyraklausturskirkja	0,0	3,0	3,0
57.	Við **07-101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa**			
	1.01 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa	335,3	-4,5	330,8
58.	Við **07-190 Ýmis verkefni**			
	1.10 Fastanefndir	27,3	4,0	31,3
59.	Við **07-313 Jafnréttisstofa**			
	1.01 Jafnréttisstofa	57,5	20,0	77,5
60.	Við **07-701 Málefni fatlaðra, Reykjavík**			
	1.01 Almennur rekstur	2.402,5	5,0	2.407,5
61.	Við **07-707 Málefni fatlaðra, Austurlandi**			
	1.30 Verndaðir vinnustaðir	0,0	3,0	3,0
62.	Við **07-795 Framkvæmdasjóður fatlaðra**			
	6.01 Framkvæmdasjóður fatlaðra	524,4	75,0	599,4
63.	Við **07-980 Vinnumálastofnun**			
	1.01 Vinnumálastofnun	586,8	45,0	631,8
64.	Við **07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður**			
	a. 1.25 Styrkir til fiskvinnslustöðva	155,0	140,0	295,0

	b. 1.41 Framlög og styrkir	150,0	25,0	175,0
	c. *Innheimt af ríkistekjum*	*5.830,0*	*165,0*	*5.995,0*
65.	Við **07-989 Fæðingarorlof**			
	1.11 Fæðingarorlofssjóður	7.747,0	440,0	8.187,0
	Innheimt af ríkistekjum	*7.840,0*	*440,0*	*8.280,0*
66.	Við **07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi**			
	a. 1.34 Geysir, vinnumiðlun fyrir geðfatlaða	28,7	4,0	32,7
	b. 1.36 Félagið Geðhjálp	21,0	2,0	23,0
	c. 1.37 Strókur, vinnumiðlun fyrir geðfatlaða	10,0	2,0	12,0
	d. 1.40 Kvennaathvarf í Reykjavík	33,5	6,0	39,5
	e. 1.45 Þjónusta við blinda og sjónskerta	0,0	16,0	16,0
	f. Við 1.48 Nýbúamiðstöð á Vestfjörðum. Liðurinn orðist svo: 1.48 Fjölmenningarsetur á Ísafirði	17,3	26,0	43,3
	g. 1.59 Til sveitarfélaga sem verða fyrir aflasamdrætti	0,0	250,0	250,0
	h. 1.90 Ýmis framlög	77,6	10,5	88,1
67.	Við **08-101 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa**			
	1.01 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	552,7	-7,5	545,2
68.	Við **08-206 Sjúkratryggingar**			
	1.45 Brýn meðferð erlendis	751,0	-4,0	747,0
69.	Við **08-301 Landlæknir**			
	a. 1.01 Landlæknir	311,1	-31,1	280,0
	b. Sértekjur	-31,1	31,1	0,0
70.	Við **08-326 Sjónstöð Íslands**			
	1.01 Sjónstöð Íslands	170,1	6,0	176,1
71.	Við **08-327 Geislavarnir ríkisins**			
	a. 1.01 Geislavarnir ríkisins	98,8	-10,9	87,9
	b. Sértekjur	-26,4	10,9	-15,5
72.	Við **08-358 Sjúkrahúsið á Akureyri**			
	1.01 Sjúkrahúsið á Akureyri	4.067,0	50,0	4.117,0
73.	Við **08-373 Landspítali**			
	1.01 Landspítali	34.821,0	204,0	35.025,0
	Greitt úr ríkissjóði	*32.909,0*	*204,0*	*33.113,0*
74.	Við **08-376 Bygging hátæknisjúkrahúss á lóð Landspítalans**			
	6.21 Bygging hátæknisjúkrahúss á lóð Landspítalans	1.500,0	-700,0	800,0
75.	Við **08-379 Sjúkrahús, óskipt**			
	1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa	154,1	9,8	163,9
76.	Við **08-397 Lyfjastofnun**			
	a. 1.01 Lyfjastofnun	211,0	-20,7	190,3
	b. Sértekjur	-44,5	20,7	-23,8
77.	Við **08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi**			
	a. 1.33 Samband íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga	7,0	5,0	12,0
	b. 1.34 Hjartaheill	4,0	2,0	6,0

c. 1.58 Krýsuvíkurskóli, vist- og meðferðarheimili	52,5	10,0	62,5
d. 1.90 Ýmis framlög	41,9	31,1	73,0
78. Við **08-474 Dagvist og endurhæfingarstöð MS-sjúklinga**			
6.21 Húsnæði	0,0	15,0	15,0
79. Við **08-506 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu**			
1.01 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu	4.645,0	10,0	4.655,0
80. Við **08-700 Heilbrigðisstofnanir**			
6.87 Heilbrigðisstofnun Suðurlands	98,0	180,0	278,0
81. Við **08-711 Heilbrigðisstofnunin Akranesi**			
1.11 Sjúkrasvið	1.078,9	59,0	1.137,9
82. Við **08-745 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi**			
a. 1.11 Sjúkrasvið	110,8	-20,0	90,8
b. Sértekjur	-23,6	20,0	-3,6
83. Við **08-777 Heilbrigðisstofnun Austurlands**			
a. 1.01 Heilsugæslusvið	729,5	-15,0	714,5
b. Sértekjur	-83,2	15,0	-68,2
84. Við **08-781 Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum**			
a. Sértekjur	-31,8	10,0	-21,8
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*608,5*	*10,0*	*618,5*
85. Við **08-787 Heilbrigðisstofnun Suðurlands**			
a. 1.11 Sjúkrasvið	680,6	132,0	812,6
b. 1.21 Hjúkrunarrými	183,6	71,6	255,2
86. Við **08-791 Heilbrigðisstofnun Suðurnesja**			
1.11 Sjúkrasvið	823,5	106,0	929,5
87. Við **08-795 St. Jósefsspítali, Sólvangur**			
1.11 St. Jósefsspítali, Sólvangur	766,8	179,0	945,8
88. Við **09-101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa**			
1.01 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa	641,0	-16,0	625,0
89. Við **09-103 Fjársýsla ríkisins**			
a. 1.01 Almennur rekstur	478,7	30,0	508,7
b. 1.47 Fjárhags- og starfsmannakerfi ríkisins	437,3	-30,0	407,3
90. Við **09-391 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða**			
1.13 Sérstök framlög	0,0	100,0	100,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*100,0*	*100,0*
91. Við **09-402 Fasteignamat ríkisins**			
a. 1.01 Fasteignamat ríkisins	417,0	223,0	640,0
b. 6.02 Landskrá fasteigna	100,0	-100,0	0,0
c. Sértekjur	-2,1	-77,9	-80,0
d. *Greitt úr ríkissjóði*	*18,3*	*148,7*	*167,0*
e. *Innheimt af ríkistekjum*	*496,6*	*-103,6*	*393,0*
92. Við **09-973 Tapaðar kröfur og tjónabætur**			
6.11 Tapaðar kröfur	190,0	-110,0	80,0
Greitt úr ríkissjóði	*20,0*	*-110,0*	*-90,0*

93.	Við **09-981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs**			
	5.25 Viðhald fasteigna á svæðum sem verða fyrir aflasamdrætti	0,0	333,0	333,0
94.	Við **09-989 Launa- og verðlagsmál**			
	1.90 Launa- og verðlagsmál	4.590,0	-200,0	4.390,0
95.	Við **09-993 Ráðstafanir vegna samdráttar í heimiluðum þorskafla**			
	a. 1.01 Ráðstafanir vegna samdráttar í heimiluðum þorskafla	1.102,0	-1.102,0	0,0
	b. 6.51 Ráðstafanir vegna samdráttar í heimiluðum þorskafla	673,0	-673,0	0,0
96.	Við bætist nýr fjárlagaliður: **09-994 Virðisaukaskattur ríkisstofnana af tölvuvinnslu**			
	a. 1.01 Virðisaukaskattur ríkisstofnana af tölvuvinnslu	0,0	71,2	71,2
	b. 1.02 Fjárheimildir ríkisstofnana fyrir virðisaukaskatt af tölvuvinnslu	0,0	-71,2	-71,2
97.	Við **09-999 Ýmislegt**			
	a. 1.23 Jafnréttisfulltrúar ráðuneyta	0,0	32,0	32,0
	b. 1.67 Þjóðlendumál	0,0	24,0	24,0
	c. 1.90 Ýmis verkefni	134,3	10,0	144,3
98.	Við **10-101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa**			
	1.01 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa	305,3	-2,8	302,5
99.	Við **10-190 Ýmis verkefni**			
	a. 1.42 Gestastofur, söfn og markaðsstarf	13,2	-4,2	9,0
	b. 1.53 Ferðaþjónusta á svæðum sem verða fyrir aflasamdrætti	0,0	80,0	80,0
	c. 1.90 Ýmislegt	40,0	9,2	49,2
100.	Við **10-211 Rekstur Vegagerðarinnar**			
	a. 1.07 Þjónusta	3.349,9	-3.349,9	0,0
	b. 1.11 Styrkir til ferja og sérleyfishafa	905,9	-905,9	0,0
	c. 1.13 Styrkir til innanlandsflugs	263,4	-263,4	0,0
	d. 1.21 Rannsóknir	123,5	-123,5	0,0
	e. *Greitt úr ríkissjóði*	*263,4*	*-263,4*	*0,0*
	f. *Innheimt af ríkistekjum*	*4.972,8*	*-4.379,3*	*593,5*
101.	Við **10-212 Framkvæmdir Vegagerðarinnar** Liðurinn orðist svo: **10-212 Samgönguverkefni**			
	a. 1.07 Þjónusta	0,0	3.349,9	3.349,9
	b. 1.11 Styrkir til ferja og sérleyfishafa	0,0	905,9	905,9
	c. 1.13 Styrkir til innanlandsflugs	0,0	281,4	281,4
	d. 1.21 Rannsóknir	0,0	123,5	123,5
	e. 6.10 Framkvæmdir	24.637,4	-2.100,0	22.537,4
	f. *Greitt úr ríkissjóði*	*10.544,4*	*281,4*	*10.825,8*
	g. *Innheimt af ríkistekjum*	*17.442,6*	*2.279,3*	*19.721,9*
102.	Við **10-251 Umferðarstofa**			
	1.01 Umferðarstofa	700,4	-25,0	675,4
	Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*-25,0*	*-25,0*

103.	Við **10-335 Siglingastofnun Íslands**			
	a. 1.01 Almennur rekstur	644,7	30,0	674,7
	b. 1.11 Vaktstöð siglinga	240,0	27,0	267,0
	c. *Greitt úr ríkissjóði*	*704,2*	*76,0*	*780,2*
	d. *Innheimt af ríkistekjum*	*154,6*	*-19,0*	*135,6*
104.	**Við 10-336 Hafnarbótasjóður** Liðurinn orðist svo: **10-336 Hafnarframkvæmdir**			
	a. Við 6.70 Hafnamannvirki. Liðurinn orðist svo:			
	6.70 Hafnabótasjóður	1.894,8	-835,0	1.059,8
	b. 6.72 Bakkafjöruhöfn	0,0	835,0	835,0
	c. 6.73 Tollaðstaða á Seyðisfirði	60,0	22,3	82,3
	d. 6.81 Vestmannaeyjaferja	100,0	3,8	103,8
	e. *Greitt úr ríkissjóði*	*2.071,5*	*26,1*	*2.097,6*
105.	Við **10-475 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta**			
	a. 6.41 Framkvæmdir	1.823,8	149,0	1.972,8
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*997,8*	*346,7*	*1.344,5*
	c. *Innheimt af ríkistekjum*	*2.425,8*	*-197,7*	*2.228,1*
106.	Við **11-101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa**			
	1.01 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	183,4	6,9	190,3
107.	Við **11-205 Nýsköpunarmiðstöð Íslands**			
	1.01 Nýsköpunarmiðstöð Íslands	893,9	44,0	937,9
108.	Við **11-242 Tækniþróunarsjóður**			
	1.10 Tækniþróunarsjóður	580,0	20,0	600,0
109.	Við **11-299 Iðja og iðnaður, framlög**			
	1.21 Kostnaður vegna samnings við ÍSAL	7,8	-7,8	0,0
	Greitt úr ríkissjóði	*186,9*	*-7,8*	*179,1*
110.	Við **11-301 Orkustofnun**			
	1.01 Orkustofnun	1.114,3	101,4	1.215,7
111.	Við **11-399 Ýmis orkumál**			
	1.12 Jarðhitaleit	0,0	50,0	50,0
112.	Við **11-401 Byggðaáætlun**			
	1.10 Byggðaáætlun	379,9	60,0	439,9
113.	Við **12-411 Samkeppniseftirlitið**			
	1.01 Samkeppniseftirlitið	252,5	25,0	277,5
114.	Við bætist nýr fjárlagaliður: **12-811 Flutningssjóður olíuvara**			
	1.10 Flutningssjóður olíuvara	0,0	300,0	300,0
	Innheimt af ríkistekjum	*0,0*	*300,0*	*300,0*
115.	Við **12-831 Jöfnun kostnaðar við vöruflutninga til Vestfjarða** Liðurinn orðist svo: **12-831 Jöfnun kostnaðar við vöruflutninga**			
116.	Við **13-101 Hagstofa Íslands**			
	a. 1.01 Hagstofa Íslands	706,1	22,0	728,1
	b. Sértekjur	-77,2	13,0	-64,2
117.	Við **14-101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa**			
	1.01 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa	305,6	-4,3	301,3

118.	Við **14-190 Ýmis verkefni**			
	1.90 Ýmis verkefni	19,7	6,5	26,2
119.	Við **14-211 Umhverfisstofnun**			
	a. 1.01 Umhverfisstofnun	796,9	-42,0	754,9
	b. 5.41 Þjóðgarðar og friðlýst svæði	14,0	50,0	64,0
	c. Sértekjur	-182,9	47,0	-135,9
	d. *Greitt úr ríkissjóði*	*608,4*	*55,0*	*663,4*
120.	Við **14-212 Vatnajökulsþjóðgarður**			
	a. 1.01 Vatnajökulsþjóðgarður	72,9	47,0	119,9
	b. Sértekjur	0,0	-47,0	-47,0
121.	Við **14-381 Ofanflóðasjóður**			
	a. 6.60 Ofanflóðasjóður	761,0	-100,0	661,0
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*-100,0*	*-100,0*
122.	Við **14-401 Náttúrufræðistofnun Íslands**			
	1.01 Náttúrufræðistofnun Íslands	484,7	-80,0	404,7
123.	Við **14-403 Náttúrustofur**			
	a. 1.10 Náttúrustofa Neskaupstað	9,2	8,0	17,2
	b. 1.11 Náttúrustofa Vestmannaeyjum	9,2	8,0	17,2
	c. 1.13 Náttúrustofa Stykkishólmi	9,2	8,0	17,2
	d. 1.14 Náttúrustofa Sauðárkróki	9,2	8,0	17,2
	e. 1.15 Náttúrustofa Sandgerði	9,2	8,0	17,2
	f. 1.16 Náttúrustofa Húsavík	9,2	8,0	17,2
124.	Við **14-407 Stofnun Vilhjálms Stefánssonar**			
	1.01 Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	34,6	4,0	38,6

SÉRSTÖK YFIRLIT I

1. Söfn, ýmis framlög (02-919-1.90).	Þús. kr.
1. Eyrbyggja, sögumiðstöð í Grundarfirði	3.000
2. Harmonikufélag Vestfjarða, harmonikusafn	300
3. Hið íslenska reðursafn	800
4. Iðnaðarsafnið á Akureyri, útisýning og ljósmyndun	2.000
5. Kaupvangur, þróunar-, mennta- og menningarsetur á Vopnafirði	2.000
6. Kvennasögusafn Íslands	2.000
7. Leikminjasafn Íslands	9.000
8. Listasafn Árnesinga	1.000
9. Menningarfélagið Hraun, Jónasarsetur	1.500
10. Minjasafn Egils Ólafssonar að Hnjóti, rekstur	2.500
11. Minjasafn Egils Ólafssonar að Hnjóti, tölvuskráning	1.000
12. Minjasafnið í Gröf	1.000
13. Myndlistarsafn Tryggva Ólafssonar, Neskaupstað	2.000
14. Safnasafnið, rekstur	2.000
15. Selasetur Íslands	5.000
16. Strandmenningarverkefnið NORCE	5.000
Samtals	**40.100**

2. Söfn, ýmis framlög menntamálaráðuneytis (02-919-1.98).	Þús. kr.
1. Samningur, Byggðasafnið í Görðum vegna Kútters Sigurfara	12.000
2. Samningur, Hvalamiðstöðin á Húsavík	10.000
3. Samningur, Víkin – Sjóminjasafnið í Reykjavík	10.000
4. Samningur, Dalabyggð, Safnahús í Búðardal	10.000
5. Samningur, Mosfellsbær, fornleifarannsóknir við Hrísbrú	8.000
6. Samningur, Heklusetur Leirubakka	6.000
7. Samningur, Galdrasýning á Ströndum	6.000
8. Styrkur til rannsóknarstofnunar og fræðaseturs, Þjóðtrúarstofu	10.000
9. Verkefni tengd heimsminjasamningi UNESCO	6.000
10. Styrkir á grundvelli umsókna til safna sem falla ekki undir verksvið Safnasjóðs	4.900
11. Óskipt	3.200
Samtals	**86.100**

3. Söfn, ýmis stofnkostnaður (02-919-6.90).	Þús. kr.
1. Bátasafn Breiðafjarðar á Reykhólum	3.000
2. Búvéla- og búnaðarsögusafnið að Saurbæ í Eyjafjarðarsveit	1.000
3. Byggðasafnið að Görðum, útisýningarsvæði	2.000
4. Félag um bátaflota Gríms Karlssonar	1.000
5. Flug- og sögusetur á Reykjanesi	1.000
6. Flugsafn Íslands, innréttingar og uppsetning sýningar	5.000
7. Fræðasetur vegna náttúruhamfara í Mýrdals- og Eyjafjallajökli	2.000
8. Galdrasýning á Ströndum, Kistan í Trékyllisvík	6.000
9. Grettisból á Laugarbakka	5.000
10. Íslenska stríðsárasafnið á Reyðarfirði	1.000
11. Íþróttasafn Íslands	2.000
12. Landbúnaðarsafn Íslands	2.000
13. Listasafn Samúels í Selárdal, bygging aðstöðuhúss	2.000
14. Melrakkasetur Íslands	3.000
15. Menningarfélagið Hraun, Jónasarsetur	3.000
16. Minjasafn Egils Ólafssonar að Hnjóti, frágangur lóðar	1.000
17. Náttúrugripasafnið í Neskaupstað	1.000
18. Safn Leifs Eiríkssonar í Dalabyggð	3.000
19. Safn Ríkarðs Jónssonar á Djúpavogi	8.000
20. Safnasafnið, byggingarframkvæmdir	8.000
21. Safnhús í Neðstakaupstað á Ísafirði	5.000
22. Sagnamiðstöð Íslands	1.000
23. Saltfisksetur Íslands	5.000
24. Samgönguminjasafnið í Stóragerði	5.000
25. Samgönguminjasafnið í Ystafelli	3.000

26.	Samgöngusafnið í Skógum, geymsluhús	4.000
27.	Sauðfjársetur á Ströndum, endurbætur og kaup á húsnæði	3.000
28.	Setur Jóns Múla og Jónasar Árnasona	3.000
29.	Síldarminjasafnið á Siglufirði, viðgerð á skipum	5.000
30.	Sjávarsafn í Ólafsvík	1.000
31.	Sjóminja- og smiðjumunasafn Jósafats Hinrikssonar	1.000
32.	Sjóminjasafnið á Hellissandi	6.000
33.	Sjóminjasafnið Ósvör	6.000
34.	Skrímslasetur á Bíldudal	4.000
35.	Steinaríki Íslands	1.000
36.	Sögusafnið í Perlunni	2.000
37.	Sögusetrið á Hvolsvelli	3.000
38.	Tækniminjasafn Austurlands, munageymsla	3.000
39.	Tækniminjasafn Austurlands, uppbygging	5.000
40.	Tæknisafn Íslands	1.000
41.	Vatnasafn í Stykkishólmi	3.000
42.	Veiðisafnið á Stokkseyri	2.000
43.	Víkin, sjóminjasafnið í Reykjavík	1.000
	Samtals	**133.000**

4. Listir (02-982-1.90).		Þús. kr.
1.	Berjadagar, tónlistarhátíð á Tröllaskaga	1.000
2.	Ferðaleikhúsið	1.200
3.	Kammertónleikar á Kirkjubæjarklaustri	500
4.	Karlakór Reykjavíkur, tónleikaferð til Færeyja	1.000
5.	Kómedíuleikhúsið	1.500
6.	Leikfélag Reykjavíkur	20.000
7.	Listaskóli Rögnvaldar Ólafssonar, listdanskennsla	2.500
8.	Listvinafélag Vestmannaeyja	500
9.	Lókal, alþjóðleg leiklistarhátíð	2.000
10.	Menningarhátíðin Regnboginn í Mýrdalshreppi	300
11.	Menningarmiðstöð Hornafjarðar – skráning verka Svavars Guðnasonar	800
12.	Músík í Mývatnssveit	1.000
13.	Reykholtshátíð, tónlistarhátíð	3.000
14.	Samband íslenskra myndlistarmanna	6.000
15.	Skjaldborg '08, hátíð íslenskra heimildarmynda á Patreksfirði	1.000
16.	Sumartónleikar í Skálholtskirkju	3.000
17.	Tónlistarfélag Ísafjarðar	1.000
18.	Tónlistarhúsið Laugarborg í Eyjafirði	1.500
19.	Þjóðlagahátíðin á Siglufirði	1.000
	Samtals	**48.800**

5. Styrkir til útgáfumála (02-983-1.11).	Þús. kr.
1. Alfræði íslenskra bókmennta og bókmenntafræða	2.500
2. Bókaútgáfan Hólar, vísnaverkefni	5.000
3. Byggðasaga Skagafjarðar	3.000
4. Eldflugan, verkefnið Blábyrgi	500
5. Eyrbyggjar, útgáfa á sögulegum fróðleik	600
6. Flateyri 1995, heimildarit	2.000
7. Færeysk orðabók	8.000
8. Héraðssambandið Skarphéðinn, ritun og útgáfa 100 ára sögu sambandsins	500
9. IBBY á Íslandi	1.000
10. Kennslubók í nótnalestri	1.500
11. Kennsluefni um Vestur-Norðurlönd: Ísland, Grænland og Færeyjar	1.000
12. ORG ættfræðiþjónusta	2.000
13. Reykholtsverkefnið	2.000
14. Rit um fornleifarannsókn á miðaldakaupstaðnum á Gásum 2001–2006	4.500
15. Saga forlag, Íslendingasögur á dönsku, norsku og sænsku	12.000
16. Sigrún Helgadóttir, bók um þjóðgarðinn í Jökulsárgljúfrum	2.000
17. Snorrasambandið, ævisaga Snorra Sturlusonar	1.500
18. Strandir, byggðasaga	1.500
19. Sverrir Gíslason, ljósmyndabækur	500
20. Sögufélag Barðstrendinga, Sögufélag Ísfirðinga og Búnaðarsamband Vestfjarða, rit um Vestur-Barðastrandarsýslu	2.000
Samtals	**53.600**

6. Norræn samvinna (02-984-1.90).	Þús. kr.
1. Norrræna félagið á Íslandi	9.000
Samtals	**9.000**

7. Æskulýðsmál (02-988-1.90).	Þús. kr.
1. AFS á Íslandi	2.000
2. Brasilíuverkefnið	500
3. Hvítasunnukirkjan á Íslandi, uppbygging í Kirkjulækjarkoti	2.000
4. Kiðagil, skólabúðir	4.000
5. Krossinn, unglingastarf	2.000
6. Landssamband æskulýðsfélaga	5.000
7. Skólabúðir í Reykjaskóla	2.000
8. Snorraverkefnið	3.500
9. Æskulýðssamband Þjóðkirkjunnar	1.200
Samtals	**22.200**

8. Ýmis íþróttamál (02-989-1.90).	Þús. kr.
1. Ferðasjóður vegna íþróttastarfs barna og unglinga á sambandssvæði Héraðssambands Þingeyinga	1.000
2. Félag áhugafólks um íþróttir aldraðra	500
3. Sumarbúðirnar Ástjörn, skrifstofuhúsnæði	4.000
4. Svifflugfélag Akureyrar, kaup á nýrri kennslusvifflugu	1.500
Samtals	**7.000**

9. Ýmis framlög (02-999-1.90).	Þús. kr.
1. Akureyrarakademían	2.500
2. AUS – Alþjóðleg ungmennaskipti, fjölmenningarnám	1.500
3. Bókasafn Dagsbrúnar, skráning á eldri bókum, blöðum og tímaritum	2.800
4. Dansk-íslenska félagið, menningarmál	1.000
5. Eyfirskir fornbílar á Akureyri	1.000
6. Fornleifastofnun Íslands	3.000
7. Gríman – íslensku leiklistarverðlaunin	2.000
8. Handverk og hönnun ses.	15.000
9. Heiðar Marteinsson, kvikmyndasafn	1.000
10. Heimili og skóli	4.000
11. Holt í Önundarfirði – friðarsetur, viðgerð á húsnæði	1.000
12. Hús og fólk, Flateyri	2.000
13. Hvítasunnukirkjan í Reykjavík, félags- og forvarnastarf	2.000
14. KALAK, vinafélag Íslands og Grænlands, sund- og skákkennsla grænlenskra barna	1.500
15. Kirkjubæjarstofa	5.000
16. Klúbbur matreiðslumeistara	3.000
17. Kvenfélagasamband Íslands, rekstur	5.500
18. Kvenréttindafélag Íslands	3.400
19. Leiðbeiningarstöð heimilanna	3.500
20. Mataræði og mannlíf í Reykjavík í 100 ár	2.000
21. Mats Wibe Lund sf., heimildamyndasafn	2.000
22. Miðstöð munnlegrar sögu	2.000
23. Músík og saga, munnleg geymd	3.000
24. Norræna upplýsingaskrifstofan á Akureyri	1.500
25. ÓB-ráðgjöf, verkefnið „hugsað um barn“	5.000
26. Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum, gagnabankinn Kvennaslóðir	2.000
27. Rannsóknir og greining, félagsvísindarannsóknir	4.000
28. Rannsóknir og greining, rannsókn meðal foreldra barna í 9. bekk	2.400
29. Rekstrarfélag Sarps sf.	5.000
30. Spes – alþjóðleg barnahjálp, barnaþorp í Tógó	2.000

31.	Starfsendurhæfing Austurlands	2.000
32.	Starfsendurhæfing Skagafjarðar	2.000
33.	Sturlustofa í Dölum	800
34.	Surtseyjarfélagið	500
35.	Sögufélag	3.000
36.	Torfusamtökin	3.500
37.	Tölvumiðstöð fatlaðra, tölvur og námskeið	700
38.	Útgáfa bókar um íslenska faldbúninginn	4.000
39.	Vefsetrið Stærðfræðin hrífur og KappAbel stærðfræðikeppnin	1.200
40.	Vestfirðir á miðöldum	5.000
41.	Víkingahátíðin í Hafnarfirði	1.000
42.	Zontaklúbbur Akureyrar, Nonnahús	1.800
43.	Þingeyskur sögugrunnur	1.000
44.	Þjóðlagasetur sr. Bjarna Þorsteinssonar, rekstur	1.000
45.	Þórbergssetur á Hala í Suðursveit, rekstrarstyrkur	8.000
46.	Önfirðingafélagið í Reykjavík, Sólbakkamenning	1.500
	Samtals	**128.600**

10. Ýmis framlög menntamálaráðuneytis (02-999-1.98).		Þús. kr.
1.	Átaksverkefni vegna lesblindu í skólum landsins	10.000
2.	Samningur við Íþróttaakademíuna á Reykjanesi	12.000
3.	Samningur til styrktar uppbyggingu Þórbergsseturs	7.500
4.	Framlag til Gaulverjaskóla vegna tilraunaverkefnis um meðferðarstarfsemi	8.700
5.	Alþjóðasamningar er varða menningarmál, aðildargjöld og stjórnvaldskostnaður	16.500
6.	Ýmis menningarverkefni í upplýsingatækni	15.000
7.	Framlag til undirbúnings ráðherrafundar Evrópuráðsins um fjölmiðla árið 2009	5.000
8.	Framlag vegna Dags íslenskrar tungu	2.000
9.	Ýmsir samningar og styrkir varðandi menningarmál	78.300
	Samtals	**155.000**

11. Ýmislegt, ýmis stofnkostnaðarframlög (02-999-6.90).		Þús. kr.
1.	Áttæringurinn Vigur-Breiður, viðgerð	1.000
2.	Baðklefar við útisundlaug við Hagavaðal á Barðaströnd	1.000
3.	Báturinn Jóhanna, endursmíði og varðveisla	1.000
4.	Björgunarskútan María Júlía, endursmíði og varðveisla	1.000
5.	Byggðasafnið að Görðum, viðhald á bátasafni	1.000
6.	Bygging landnámsbæjar í Herjólfsdal	5.000

7.	Eikarbáturinn Húni II, viðhald	5.000
8.	Eikarbáturinn Sædís, endurmíði og varðveisla	1.000
9.	Eikarskipið Guðbjörg ÍS, endursmíð	1.000
10.	Fjölnota menningarhús í Grímsey	5.000
11.	Fuglasafn Sigurgeirs í Mývatnssveit	4.000
12.	Garðarshólmi, upplifunar- og þekkingarmiðstöð	5.000
13.	Gásir í Eyjafirði, lifandi miðaldakaupstaður	10.000
14.	Gömul trébryggja á Hjalteyri við Eyjafjörð, endurbygging	3.000
15.	Hafnarfjarðarbær, endurbygging Reykdalsvirkjunar	3.000
16.	Hálendismiðstöð á Hveravöllum	4.000
17.	Hátæknisetur Íslands	5.000
18.	Heimskautsgerði á Raufarhöfn	20.000
19.	Hreindýrasetur í Skjöldólfsstaðaskóla á Jökuldal	1.000
20.	Hvolpafossvirkjun í Gunnólfsá á Kleifum í Ólafsfirði, endurbygging	5.000
21.	Íslenski bærinn, kennslu- og fræðamiðstöð	2.000
22.	Íþróttahús Íþróttafélags fatlaðra, viðbygging	20.000
23.	Íþróttamiðstöðin á Hóli, Siglufirði	2.000
24.	Jarðfræðisetur Walkers á Breiðdalsvík	10.000
25.	Jarðskjálftasetur á Kópaskeri	6.000
26.	Kirkjumiðstöðin við Vestmannsvatn, viðhald	1.000
27.	Kjarvalsstofa, undirbúningur að byggingu þjónustuhúss	3.000
28.	Landnámssetur Íslands	10.000
29.	Landsmót UMFÍ á Akureyri 2009	15.000
30.	Landsmót UMFÍ í Kópavogi 2007	15.000
31.	Landssamband íslenskra akstursfélaga, rafrænt myndasafn	2.000
32.	Látrabjarg, fræðslu- og þjónustusetur	2.000
33.	Lista- og menningarverstöðin á Stokkseyri, brunavarnir	2.000
34.	Mannvirkjasjóður Knattspyrnusambands Íslands	15.000
35.	Menningarsetur að Útskálum	3.000
36.	Minjareitur á Kálfatjörn	400
37.	Mótorbáturinn Lóa, endurbygging	1.000
38.	Niðurrif frystihúss í Flatey	10.000
39.	Orgel Landakotskirkju, viðhald	200
40.	Selasetur Íslands, aukið rannsóknastarf	10.000
41.	Selaskoðunarstaður á Illugastöðum á Vatnsnesi	5.000
42.	Sigurgeir ljósmyndari ehf, flokkun og skráning ljósmyndasafns	4.000
43.	Sjóræningjahúsið á Patreksfirði	5.000
44.	Skaftfell, miðstöð myndlistar á Austurlandi, breytingar á húsnæði	500
45.	Skíðasvæði í Tindastól, uppbygging	5.000
46.	Skíðasvæðið á Dalvík, snjóframleiðsla	3.000
47.	Skíðasvæðið í Stafdal, uppbygging	5.000
48.	Skólabúðir á Tálknafirði	3.000

49.	Spákonuhof á Skagaströnd	5.000
50.	Svartárkot, menning – náttúra	10.000
51.	Sýning um ævi og ferðir Önnu frá Moldnúpi	1.000
52.	Textílsetur Íslands, fjöltækniskóli og gagnagrunnur	2.000
53.	Textílsetur Íslands, norrænt textílþing og sýning	2.000
54.	Trébáturinn Fengsæll ÍS 83	1.000
55.	Tyrkjaránssetur í Vestmannaeyjum	3.000
56.	Töfragarðurinn á Stokkseyri	2.000
57.	Unglingalandsmót UMFÍ í Grundarfirði 2009, uppbygging íþróttamannvirkja	15.000
58.	Unglingalandsmót UMFÍ í Þorlákshöfn 2008	15.000
59.	Ungmenna- og tómstundabúðir að Laugum í Sælingsdal	10.000
60.	Vestmannaeyjabær, „handritin heim“	5.000
61.	Vestnorræna menningarhúsið í Hafnarfirði	1.000
62.	Vesturfaramiðstöð Austurlands	1.000
63.	Vélbáturinn Blátindur VE 21, endurbygging	2.000
64.	Vélbáturinn Tóti, endursmíði og varðveisla	1.000
65.	Vélbáturinn Ölver frá Bolungarvík, endurbygging	1.000
66.	Þjóðfræðimiðstöð á Stokkseyri	3.000
67.	Þjóðlagasetur sr. Bjarna Þorsteinssonar, húsnæði og sýning	6.000
	Samtals	**328.100**

12. Ýmis verkefni (04-190-1.90).		Þús. kr.
1.	Austurlamb ehf., söluverkefni	1.000
2.	Ár kartöflunnar 2008	1.500
3.	Búnaðarsaga Íslands	1.500
4.	Eyðing kerfils og vörn gegn útbreiðslu hans, tilraunaverkefni í Eyjafjarðarsveit	2.000
5.	Gróður fyrir fólk í Fjarðabyggð	3.000
6.	Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs	5.000
7.	Göngubrú yfir Selá í Vopnafirði	1.500
8.	Jöklarannsóknir í Austur-Skaftafellssýslu	3.000
9.	Landssamtök skógareigenda	6.000
10.	Landvernd	5.700
11.	Rannsóknir á glerál	1.500
12.	Skrúður í Dýrafirði, bætt aðkoma og aðgengi	5.000
13.	Sorpstöð Suðurlands, kaup á færanlegum brennslugámi	1.000
14.	Sögusetur íslenska hestsins	6.000
15.	Tún – vottunarstofa	5.000
16.	Æðarræktarfélag Íslands	500
	Samtals	**49.200**

13. Ýmis framlög landbúnaðarráðuneytis (04-190-1.98).	Þús. kr.
1. Kynbætur í fiskeldi	10.300
2. Rannsóknarstarfsemi í landbúnaði	10.300
3. Tilraunastöðin Stóra-Ármóti	2.000
Samtals	**22.600**

14. Fyrirhleðslur (04-311-1.90).	Þús. kr.
1. Vesturland og Vestfirðir	6.000
2. Norðurland	15.000
3. Austurland	7.000
4. Suðurland	29.000
5. Jökulsá á Fjöllum	6.000
6. Hornafjarðarfljót	6.000
7. Heildarúttekt	2.400
Samtals	**71.400**

15. Ýmislegt (05-190-1.90).	Þús. kr.
1. Fiskrannsóknir í Sandgerði	1.000
2. Grásleppurannsóknir í Húnaflóa og Skagafirði	1.000
3. Laxfiskar, atferlisvistfræði laxa í sjó	2.300
4. Rannsóknir á grunnsævi við Ísland	1.500
5. Rannsóknir á ósalúru og nýtingarmöguleikum hennar	3.000
6. Saga hvalveiða við Ísland	500
7. Skelrækt, félagasamtök	2.000
Samtals	**11.300**

16. Ýmis framlög sjávarútvegsráðuneytis (05-190-1.98).	Þús. kr.
1. Rannsóknir á ræktunarsvæði kræklings og veiðisvæði kúfisks	3.000
2. Til að gæta íslenskra hagsmuna á alþjóðavettvangi, m.a. vegna milliríkjasamninga	6.200
3. Hafréttarstofnun	4.000
4. Vör, sjávarrannsóknasetur í Ólafsvík	25.000
5. Gagnaveita um haf og sjávarútveg	5.000
6. Rannsóknir vegna eldis sjávardýra á Patreksfirði	20.000
7. Sjávarlíftæknisetur á Skagaströnd	20.000
8. Samvinnuverkefni Versins á Sauðárkróki, Matís ohf. og Háskólans á Hólum	20.000
9. Óskipt	1.400
Samtals	**104.600**

17. Ýmis framlög (07-999-1.90).	Þús. kr.
1. ADHD-samtökin	2.500
2. Aflið, systursamtök Stígamóta á Norðurlandi	2.000
3. Alþjóðahúsið	4.100
4. Barnaheill	3.500
5. Blátt áfram, forvarnaverkefni	3.500
6. Blindrafélagið	10.000
7. Daufblindrafélag Íslands	1.200
8. Ekron, starfsþjálfun	4.000
9. Ellimálanefnd Þjóðkirkjunnar, sumarorlof eldri borgara	1.000
10. Félag ábyrgra feðra	1.500
11. Félag áhugafólks um Downs-heilkenni	500
12. Félag einstæðra foreldra	2.000
13. Félag heyrnarlausra	3.000
14. Hjálparstarf kirkjunnar	2.000
15. Hlutverk – Samtök um vinnu og verkþjálfun	600
16. Höndin, mannúð og mannrækt	2.000
17. Kvennaráðgjöfin	800
18. Landsbyggðin lifi	1.000
19. Landssamband eldri borgara	5.000
20. Landssamtökin Þroskahjálp, fræðsla fyrir fatlaða og aðstandendur	800
21. Landssamtökin Þroskahjálp, rekstur	9.000
22. Múlalundur, vinnustofa öryrkja	2.000
23. Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur	5.000
24. Saman-hópurinn, „Veistu hvað barnið þitt hefst að?“	1.000
25. Samhygð, samtök um sorg og sorgarviðbrögð	200
26. Samtök áhugafólks um spilafíkn	800
27. Samtökin 78	1.500
28. Sjálfsbjörg	4.500
29. Sjónarhóll – ráðgjafarmiðstöð	1.500
30. Systkinasmiðjan	600
31. Umsjónarfélag einhverfra	1.500
32. Vernd – fangahjálp	2.000
33. Vímulaus æska	7.500
Samtals	**88.100**

18. Ýmis framlög félagsmálaráðuneytis (07-999-1.98).	Þús. kr.
1. Nýjungar í meðferðarstarfi fyrir börn og unglinga	10.000
2. Rannsóknarsetur í vinnu- og jafnréttismálum	6.000
3. Sjónarhóll	15.500
4. Verkefnið Karlar til ábyrgðar	6.500

5.	Samtökin 78	1.500
6.	Styrkir til verðandi kjörforeldra ættleiddra barna erlendis frá	20.000
7.	Óráðstafað	10.700
	Samtals	**70.200**

19. Ýmis framlög (08-399-1.90).		Þús. kr.
1.	AE-starfsendurhæfing, hlutverkasetur	4.000
2.	Alnæmissamtökin á Íslandi	1.700
3.	Astma- og ofnæmisfélagið	1.000
4.	Beinvernd	700
5.	Bergmál, líknar- og vinafélag	700
6.	Blóðgjafafélag Íslands	800
7.	Endurhæfingarklúbbur fyrir öryrkja á Akranesi	1.500
8.	Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, ímyndarverkefni	1.500
9.	Fræðslusamtök um kynlíf og barneignir	1.200
10.	Gigtarfélag Íslands	2.500
11.	Heilaheill	1.200
12.	Heilsubærinn Bolungarvík	1.000
13.	Hjartaheill, blóðfitumælingar	1.200
14.	Hjartaheill, útgáfustarfsemi	1.500
15.	Húsnæðisfélag SEM	2.000
16.	LAUF, Landssamtök áhugafólks um flogaveiki	1.200
17.	Ljósið, endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir krabbameinsgreinda og aðstandendur	3.000
18.	MS-félag Íslands, íbúð fyrir sjúklinga utan af landi	1.000
19.	Mænuskaðastofnun Íslands	10.000
20.	Parkinssonsamtökin á Íslandi, afmælisráðstefna	300
21.	Parkinssonsamtökin á Íslandi, jafningjastuðningur	400
22.	Parkinssonsamtökin á Íslandi, rekstur skrifstofu	800
23.	PKU-félagið á Íslandi	1.000
24.	Samtök kvenna með endómetríósu	800
25.	Samtök lungnasjúklinga	1.000
26.	Samtök psoriasis- og exemsjúklinga	2.500
27.	Samtök sykursjúkra	1.400
28.	Samtökin Lífsvog	500
29.	SÍBS, fræðslumynd	1.500
30.	Skjöldur, skóli fyrir geðfötluð börn	15.000
31.	Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna	2.000
32.	Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra, sumardvöl í Reykjadal	5.000
33.	Sverir samherjar, þverfagleg meðferð við offitu barna	2.000
34.	Tourette-samtökin, þýðingar- og fræðsluverkefni	600

35.	Vífill, félag einstaklinga með svefnháðar öndunartruflanir / kæfisvefn	500
	Samtals	**73.000**

20. Ýmis framlög heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis (08-399-1.98).		Þús. kr.
1.	Gæðastyrkir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis	2.500
2.	Athvarf fyrir geðsjúka á Akureyri	2.000
3.	Missoc-þátttökugjald	2.500
4.	Þátttaka í alþjóðlegu starfi	2.500
5.	Samkomulag um kaup og þjálfun fimm blindrahunda	5.000
6.	Óskipt	6.900
	Samtals	**21.400**

21. Gestastofur, söfn og markaðsstarf (10-190-1.42).		Þús. kr.
1.	Ferðaþjónustan Grunnavík, endurbygging gamallar bryggju	2.000
2.	Ferðaþjónustan Grunnavík, menningartengd ferðaþjónusta	2.000
3.	Hákarlasýning og gestastofa í Bjarnarhöfn	2.000
4.	Minja- og handverkshúsið Kört	3.000
	Samtals	**9.000**

22. Ýmislegt (10-190-1.90).		Þús. kr.
1.	Á slóð Vatnsdælasögu	3.000
2.	Dimmuborgarstofa	5.000
3.	Drangeyjarfélagið, hafnargerð	1.500
4.	Ferðafélag Íslands, skálar norðan og austan Vatnajökuls	10.000
5.	Félag um Snjáfjallasetur	3.000
6.	Grettislaug á Reykjaströnd í Skagafirði	1.700
7.	Hlein í Reykjarfirði, dýpkun	1.000
8.	Hveravallafélagið, mannahald á Hveravöllum á veturna	2.000
9.	Markaðsskrifstofa ferðamála á Norðurlandi	5.000
10.	Markaðsstofa Austurlands, markaðsátak í ferðamálum	3.000
11.	Reykhólahreppur, samgöngustyrkur út í Skáleyjar og Flatey á Breiðafirði	1.500
12.	Samtök um sögutengda ferðaþjónustu	2.000
13.	Slysavarnafélagið Landsbjörg, minjasafn	1.000
14.	Söguslóðir Hrafnkelssögu	1.000
15.	Upplýsingamiðstöðin á Kirkjubæjarklaustri	2.700
16.	Vestmannaeyjabær, ferðamál	300
17.	Víkingar á Vestfjörðum, menningartengd ferðaþjónusta	5.000
18.	Örnefnafélagið Snókur, Siglufirði	500
	Samtals	**49.200**

23. Ýmis framlög samgönguráðuneytis (10-190-1.98).	Þús. kr.
1. Til markaðsstarfs og gestastofa	7.400
2. Menningartengd ferðaþjónusta	10.000
3. Samstarf ríkis og sveitarfélaga um menningarmál	58.000
4. Óskipt	8.500
Samtals	**83.900**

24. Lendingabætur (10-336-6.74).	Þús. kr.
1. Búðir og Hellnar, Snæfellsbæ	200
2. Flatey, Breiðafirði, flotbryggja	2.100
3. Króksfjarðarnes, endurbætur bryggju	1.500
4. Bryggjan Reykjanesi, Súðavíkurhreppi, öryggisljós	500
5. Selsvör við Bæ í Steingrímsfirði	1.000
6. Við athafnasvæði Rifóss í Kelduhverfi	1.000
7. Skálanes, Seyðisfirði	1.000
Samtals	**7.300**

25. Nýsköpun og markaðsmál (11-299-1.50).	Þús. kr.
1. Árneshreppur, átak til atvinnusköpunar	3.000
2. Basalttrefjaframleiðsla á Sauðárkróki	6.000
3. Fjallabyggð er frumkvöðull	4.500
4. Rannsókn á vatni í Héðinsfjarðargöngum	1.500
5. Rannsóknastofa í hagnýtri örverufræði	7.500
6. Sprotaþing Íslands, stuðningur við nýsköpunarfyrirtæki	2.500
Samtals	**25.000**

26. Nýsköpun og markaðsmál, ýmis framlög iðnaðarráðuneytis (11-299-1.98).	Þús. kr.
1. Íslandskynning í Brussel	7.000
2. Verkefni á sviði atvinnuþróunarmála	13.500
3. Verkefni á sviði nýsköpunarmála	23.000
4. Kynningarmál	2.200
5. Jafnréttismál	3.000
Samtals	**48.700**

27. Ýmis verkefni iðnaðarráðuneytis (11-399-1.98).	Þús. kr.
1. Úrskurðar- og samráðsnefnd um framkvæmd raforkulaga	3.500
2. Kynningar- og útgáfukostnaður	1.000
3. Loftslagsmál	3.000

4.	Hitaveitulög	2.000
5.	Aðkeypt sérfræðiþjónusta	3.000
6.	Olíumál	5.800
7.	Erlendir orkusamningar	7.000
8.	Norræn verkefni	2.000
	Samtals	**27.300**

28. Ýmis verkefni (14-190-1.90).		Þús. kr.
1.	Arnarsetur Íslands	1.500
2.	Félag umhverfisfræðinga á Íslandi	1.000
3.	Fuglaathugunarstöð Suðausturlands	3.000
4.	Hreinlætisaðstaða á hálendi Skaftárhrepps	3.000
5.	Náttúran er ehf., vefur með umhverfisvitund	1.500
6.	Náttúrufræðistofa Kópavogs	5.000
7.	Skotveiðifélag Íslands, eyðing minks og refs og gæsarannsóknir	2.000
8.	Svifryksmælir á Akureyri	8.000
9.	Umhverfissamtökin Blái herinn	1.200
	Samtals	**26.200**

29. Ýmis framlög umhverfisráðuneytis (14-190-1.98).		Þús. kr.
1.	Skráningar- og viðskiptakerfi yfir útstreymisheimildir	15.000
2.	Frjáls félagasamtök	10.000
3.	Prófessorsstaða við líffræðiskor Háskóla Íslands	9.000
4.	Staðardagskrá 21	5.000
5.	Umhverfisfræðsluráð	1.500
6.	Byggingastaðlar	700
7.	Samstarf við Kína á sviði umhverfismála og jarðskjálftavöktunar	4.000
8.	Vistvæn innkaup	3.000
9.	Ýmis umhverfisverkefni	6.800
10.	Óskipt	11.500
	Samtals	**66.500**

SÉRSTÖK YFIRLIT II

Lækkun fjárheimilda stofnana vegna endurgreiðslna á virðisaukaskatti af tölvuvinnslu.

Lækkun fjárheimildar sem samtals nemur 71,2 m.kr. á viðfangsefninu 09-994-1.02 Fjárheimildir ríkisstofnana fyrir virðisaukaskatt af tölvuvinnslu skiptist á viðfangsefni samkvæmt eftirfarandi sundurliðun:

Viðf.	Heiti viðfangs	M.kr.
00-620-1.01	Ríkisendurskoðun	-0,2
01-902-1.01	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	-0,2
02-201-1.01	Háskóli Íslands	-0,4
02-202-1.01	Tilraunastöð Háskólans að Keldum	-0,2
02-209-1.01	Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum	-0,2
02-302-1.01	Menntaskólinn á Akureyri	-0,2
02-304-1.01	Menntaskólinn við Hamrahlíð	-0,3
02-308-1.01	Menntaskólinn í Kópavogi	-0,2
02-319-1.90	Framhaldsskólar, óskipt	-2,0
02-351-1.01	Fjölbrautaskólinn Ármúla	-0,5
02-352-1.01	Flensborgarskóli	-0,2
02-359-1.01	Verkmenntaskólinn á Akureyri	-0,7
02-516-1.01	Iðnskólinn í Hafnarfirði	-0,2
02-902-1.01	Þjóðminjasafn Íslands	-4,2
02-903-1.01	Þjóðskjalasafn Íslands	-0,2
02-905-1.01	Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn	-1,0
02-907-1.01	Listasafn Íslands	-0,3
03-101-1.01	Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	-0,3
04-234-1.01	Landbúnaðarstofnun	-0,6
04-262-1.01	Landbúnaðarháskóli Íslands	-0,3
04-311-1.01	Landgræðsla ríkisins	-0,4
04-331-1.01	Héraðs- og Austurlandsskógar	-0,2
06-101-1.01	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa	-0,4
06-106-1.01	Þjóðskrá	-1,3
06-111-1.10	Kosningar	-0,9
06-210-1.01	Héraðsdómstólar	-0,9
06-251-1.01	Persónuvernd	-0,2
06-301-1.05	Ríkissaksóknari	-0,2
06-303-1.01	Ríkislögreglustjóri	-0,5
06-312-1.01	Yfirstjórn	-0,2
06-390-1.10	Ýmis löggæslukostnaður	-0,6
06-395-1.90	Landhelgisgæsla Íslands	-0,7
06-397-1.01	Schengen-samstarf	-0,4
06-411-1.01	Sýslumaðurinn í Reykjavík	-0,3
06-430-1.01	Yfirstjórn	-0,6
07-101-1.01	Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa	-0,2
07-313-1.01	Jafnréttisstofa	-0,2

Viðf.	Heiti viðfangs	M.kr.
07-331-1.01	Vinnueftirlit ríkisins	-0,3
07-400-1.01	Almennur rekstur	-0,2
07-701-1.01	Almennur rekstur	-2,2
07-702-1.01	Almennur rekstur	-1,3
07-980-1.01	Vinnumálastofnun	-0,2
08-101-1.01	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	-0,6
08-301-1.01	Landlæknir	-0,4
08-305-1.01	Lýðheilsustöð	-0,7
08-324-1.01	Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	-0,4
08-327-1.01	Geislavarnir ríkisins	-0,2
08-373-1.01	Landspítali	-3,5
08-397-1.01	Lyfjastofnun	-0,7
08-506-1.01	Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu	-2,7
08-711-1.11	Sjúkrasvið	-0,3
08-725-1.11	Sjúkrasvið	-0,4
08-755-1.11	Sjúkrasvið	-0,5
08-777-1.11	Sjúkrasvið	-0,2
08-787-1.11	Sjúkrasvið	-0,8
08-791-1.11	Sjúkrasvið	-0,2
08-795-1.11	St. Jósefsspítali, Sólvangur	-0,5
09-101-1.01	Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa	-0,2
09-103-1.01	Almennur rekstur	-11,1
09-201-1.01	Almennur rekstur	-6,9
09-262-1.01	Tollstjórinn í Reykjavík	-5,6
09-402-1.01	Fasteignamat ríkisins	-2,0
09-980-1.05	Rekstur tölvukerfis	-1,7
09-999-1.90	Ýmis verkefni	-0,8
10-211-1.01	Almennur rekstur	-1,3
10-512-1.01	Póst- og fjarskiptastofnunin	-0,3
10-651-1.01	Ferðamálastofa	-0,8
11-102-1.01	Einkaleyfastofan	-0,3
12-411-1.01	Samkeppniseftirlitið	-0,5
12-421-1.01	Neytendastofa	-0,3
14-211-1.01	Umhverfisstofnun	-1,0
14-301-1.01	Skipulagsstofnun	-0,7
14-401-1.01	Náttúrufræðistofnun Íslands	-0,8
	Samtals	**-71,2**

340. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2008.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (GSv, KÞJ, GuðbH, IllG, ÁMöl, SVÓ, ÁKÓ, BjörkG).

Sundurliðun 1, (**Tekjur A-hluta**) orðist svo:

Sundurliðun 1

Tekjur A-hluta

		Rekstrar-grunnur m.kr.	Greiðslu-grunnur m.kr.
I	**Skatttekjur**		
1	**Skattar á tekjur og hagnað**		
1.1.1.1	Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla	93.500,0	89.800,0
1.1.5.1	Skattur á fjármagnstekjur einstaklinga	35.000,0	28.000,0
	Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga	**128.500,0**	**117.800,0**
1.5.1.1	Tekjuskattur, lögaðilar	45.500,0	43.400,0
1.10.2	Fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði	2.665,0	2.555,0
1.10.5	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	1.303,9	1.276,4
	Skattar á tekjur og hagnað, ót. annars staðar	**3.968,9**	**3.831,4**
	Skattar á tekjur og hagnað	**177.968,9**	**165.031,4**
2	**Tryggingagjöld**		
2.2	Tryggingagjöld, lögaðilar	125,0	125,0
2.2.1.1	Tryggingagjald, almennt	35.808,3	34.630,7
2.2.1.5	Atvinnutryggingargjald	5.345,7	5.207,6
	Tryggingagjöld, lögaðilar	**41.279,0**	**39.963,3**
	Tryggingagjöld	**41.279,0**	**39.963,3**
3	**Skattar á launagreiðslur og vinnuafl**		
3.2	Ábyrgðargjald vegna launa	822,2	822,2
3.5	Gjald til jöfnunar og lækkunar á örorkubyrði lífeyrissjóða	1.528,0	1.478,0
	Skattar á launagreiðslur og vinnuafl	**2.350,2**	**2.300,2**

		Rekstrar-grunnur m.kr.	Greiðslu-grunnur m.kr.
4	**Eignarskattar**		
4.3	Erfðafjárskattar, skattar á gjafafé	2.000,0	1.900,0
4.4.1	Stimpilgjöld	9.100,0	9.100,0
4.5.2.1	Sértækir eignarskattar á fasteignir	623,0	623,0
	Eignarskattar	**11.723,0**	**11.623,0**
5	**Skattar á vörur og þjónustu**		
5.1.1.1	Virðisaukaskattur	138.000,0	135.000,0
5.1.2.1.1	Vörugjald, almennt, af innfluttum vörum	3.870,0	3.680,0
5.1.2.1.5	Vörugjald, almennt, af innlendri framleiðslu	590,0	560,0
5.1.2.1.15	Vörugjald af innfluttum ökutækjum	8.150,0	8.050,0
5.1.2.1.25	Vörugjald af bensíni	2.100,0	2.100,0
5.1.2.1.30	Sérstakt vörugjald af bensíni	7.420,0	7.420,0
5.1.2.1.33	Olíugjald	6.030,0	6.030,0
5.1.2.1.35	Gjald af eftirlitsskyldum rafföngum	72,7	72,7
5.1.2.1.40	Flutningsjöfnunargjöld	300,0	300,0
5.1.2.1.50	Áfengisgjald	8.150,0	8.136,8
5.1.2.1.52	Tóbaksgjald	3.770,0	3.770,0
5.1.2.1.55	Ýmis vörugjöld	2.165,0	2.165,0
5.1.2.10	Tollar og aðflutningsgjöld	4.931,0	4.631,0
5.1.2.20	Sértækir þjónustuskattar	2.338,1	2.338,1
5.1.2.30	Aðrir sértækir skattar á vörur og þjónustu	2,7	2,7
	Skattar á viðskipti með vörur og þjónustu	**187.889,5**	**184.256,3**
5.2.1.1.1	Bifreiðagjöld	4.610,0	4.580,0
5.2.1.5.5	Þungaskattur	1.280,0	1.280,0
5.2.2.1	Neysluskattar og leyfisgjöld af skipum	133,0	133,0
5.2.2.10	Ýmis leyfi fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi	58,3	58,3
5.2.2.15	Gjöld fyrir veitingu atvinnuréttinda og tengdra leyfa	10,2	10,2
5.2.2.25	Ýmis leyfis- og skráningargjöld	615,4	615,4
5.2.2.25.1.2	Veiðigjald fyrir veiðiheimildir	738,0	707,0
5.2.2.25.5.9	Ýmis skráningargjöld	290,0	290,0
5.2.2.30	Ýmis eftirlitsgjöld	470,3	470,3
5.2.2.35	Ýmislegt	23,5	23,5
	Neyslu- og leyfisgjöld	**8.228,7**	**8.167,7**
	Skattar á vörur og þjónustu	**196.118,2**	**192.424,0**

		Rekstrar-grunnur m.kr.	Greiðslu-grunnur m.kr.
6	**Aðrir skattar**		
6.1.10	Iðnaðarmálagjald	259,3	259,3
6.1.15	Markaðsgjald	411,2	403,5
	Aðrir skattar á atvinnurekstur	**670,5**	**662,8**
6.2.1	Sektir á skatttekjur	205,0	80,0
	Aðrir skattar	**875,5**	**742,8**
	Skatttekjur, samtals	**430.314,8**	**412.084,7**
II	**Aðrar rekstrartekjur**		
8	**Arðgreiðslur og leigutekjur**		
8.2.1	Arðgreiðslur frá fjármálastofnunum	50,0	50,0
8.2.2	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum stofnunum	1.507,0	1.507,0
	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum aðilum	**1.557,0**	**1.557,0**
8.3.1	Vaxtatekjur af skatttekjum	5.600,0	4.100,0
8.3.6	Vaxtatekjur af endurlánum ríkissjóðs	8.470,0	8.820,0
8.3.7	Aðrar vaxtatekjur	11.254,0	11.254,0
8.3.8.1	Leiga á lóðum og landréttindum	57,7	57,7
	Aðrar eignatekjur	**25.381,7**	**24.231,7**
	Arðgreiðslur og leigutekjur	**26.938,7**	**25.788,7**
9	**Ýmsar tekjur**		
9.1.1	Dómsmálagjöld o.fl.	535,0	535,0
9.1.2	Áhættugjöld fyrir ríkisábyrgðir	260,0	260,0
9.1.3.1	Afnotagjöld RÚV	2.916,0	2.916,0
9.1.3.5	Skólagjöld	682,5	682,5
9.1.3.10	Gjöld fyrir læknishjálp o.fl.	100,0	100,0
9.1.3.15	Lendingargjöld o.fl.	682,0	682,0
9.1.3.20	Prófgjöld	21,5	21,5
9.1.3.25	Gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl.	140,0	140,0
9.1.3.30	Skoðunar-, mælinga- og eftirlitsgjöld	2.225,0	2.225,0
9.1.3.35	Ýmislegt	304,1	304,1
9.1.3.40	Útgáfa skírteina og þinglýsingar	415,5	415,5

		Rekstrar-grunnur m.kr.	Greiðslu-grunnur m.kr.
9.1.4	Önnur neyslu- og leyfisgjöld	48,0	48,0
	Neyslu- og leyfisgjöld fyrir þjónustu	**8.329,6**	**8.329,6**
	Ýmsar tekjur	**8.329,6**	**8.329,6**
10	**Sektir**		
10.1	Lögreglumannasektir og lögreglustjórasektir	690,0	650,0
10.2	Dómsektir og viðurlagaákvarðanir	290,0	290,0
10.3	Ýmsar sektir	35,0	35,0
	Sektir	**1.015,0**	**975,0**
12	**Aðrar eigna- og aukatekjur**		
12.1	Aðrar eigna- og aukatekjur	15,0	15,0
12.5.1	Innborganir í Ábyrgðarsjóð launa úr gjaldþrotabúum	70,5	70,5
	Aðrar eigna- og aukatekjur	**85,5**	**85,5**
	Aðrar rekstrartekjur, samtals	**36.368,8**	**35.178,8**
III	**Sala eigna**		
13	**Sala varanlegra rekstrarfjármuna**		
13.1	Sala fasteigna	500,0	500,0
13.2	Söluhagnaður hlutabréfa	500,0	500,0
	Sala varanlegra rekstrarfjármuna	**1.000,0**	**1.000,0**
15	**Sala á landi og réttindum**		
15.1	Sala á landi og jarðeignum	200,0	200,0
	Sala eigna, samtals	**1.200,0**	**1.200,0**

		Rekstrar-grunnur m.kr.	Greiðslu-grunnur m.kr.
V	**Fjárframlög**		
18	**Fjárframlög frá opinberum aðilum**		
18.1	Rekstrarframlög	175,2	175,2
18.1.1	Hluti sveitarfélaga í innheimtukostnaði	470,0	470,0
	Rekstrarframlög	**645,2**	**645,2**
18.2.1	Framlag Happdrættis HÍ til Háskóla Íslands	318,0	318,0
18.2.5	Viðbótarframlag sveitarfélaga vegna lífeyrisskuldbindinga grunnskólakennara	480,0	480,0
	Fjárframlög frá opinberum aðilum	**1.443,2**	**1.443,2**
	Fjárframlög, samtals	**1.443,2**	**1.443,2**
	Heildartekjur samtals	**469.326,8**	**449.906,7**

341. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2008.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (GSv, KÞJ, GuðbH, IllG, ÁMöl, SVÓ, ÁKÓ, BjörkG).

Eftirfarandi breyting verður á sundurliðun 4 (**Fjármál lánastofnana í C-hluta**):
Liður **51-411 Byggðastofnun** orðist svo:

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	1.400,0
Fjármagnsgjöld	1.000,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	400,0
Hreinar fjármunatekjur	**0,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	386,3
Aðrar rekstrartekjur	20,0
Önnur rekstrargjöld	436,3
Hagnaður (-tap)	**-30,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-30,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	400,0
Handbært fé frá rekstri	**370,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	3.000,0
Afborganir af veittum löngum lánum	900,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-2.100,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	3.000,0
Afborganir af teknum löngum lánum	700,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**2.300,0**
Breyting á handbæru fé	**570,0**
Handbært fé í ársbyrjun	285,0
Handbært fé í árslok	855,0

342. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2008.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (GSv, KÞJ, GuðbH, IllG, ÁMöl, SVÓ, ÁKÓ, BjörkG).

Við 3. tölul. 5. gr. Í stað „allt að 2.000 m.kr.“ í lið 3.4 komi: allt að 3.000 m.kr.

343. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2008.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (GSv, KÞJ, GuðbH, IllG, ÁMöl, SVÓ, ÁKÓ, BjörkG).

1. Við 6. gr. Liðir 2.1–2.2 og 2.4–2.7 falli brott.
2. Við 6. gr. Nýir liðir:
   2.28 Að selja húsnæði Náttúrufræðistofnunar Íslands við Hlemm.
   2.29 Að selja sendiráðsbústað Íslands í Washington og kaupa eða leigja annað hentugra húsnæði.
   2.30 Að selja eða leigja gamla skólahúsnæðið í Ólafsdal í Gilsfirði, Dalabyggð.
   2.31 Að selja loðdýrahús á jörðinni Björnskoti, Skeiða- og Gnúpverjahreppi.
3. Við 6. gr. Liðir 3.1, 3.4–3.11, 3.16 og 3.18 falli brott.
4. Við 6. gr. Nýr liður:
   3.22 Að selja eignarhlut ríkisins í Laugarnesvegi 80, Reykjavík, og ráðstafa andvirðinu í styrktarsjóð Barnaspítala Hringsins.
5. Við 6. gr. Liðir 4.5, 4.9, 4.12, 4.15, 4.20 og 4.30 falli brott.
6. Við 6. gr. Liður 4.35 orðist svo: Að selja jörðina Syðri-Bakka, Arnarneshreppi.
7. Við 6. gr. Nýir liðir:
   4.39 Að selja landspildur ríkisins við Flekkuvík.
   4.40 Að selja landspildu úr Geitasandi, Rangárþingi ytra.
   4.41 Að selja jörðina Hofsstaði í Gufudalssveit, Reykhólahreppi.
   4.42 Að selja jörðina Ytri-Lynga II í Meðallandi, Skaftárhreppi.
   4.43 Að selja jörðina Gröf í Rangárþingi ytra.
8. Við 6. gr. Liðir 6.1, 6.4–6.6 og 6.18 falli brott.
9. Við 6. gr. Nýir liðir:
   6.24 Að kaupa viðbótarhúsnæði fyrir starfsemi Listasafns Íslands.
   6.25 Að kaupa eða leigja hentugt húsnæði fyrir nýja stofnun sjúkratrygginga og innkaupa á heilbrigðissviði.
   6.26 Að kaupa eða leigja hentugt húsnæði fyrir Persónuvernd.
   6.27 Að kaupa landspildu við Dimmuborgir, Skútustaðahreppi.
10. Við 6. gr. Liður 7.6 falli brott.
11. Við 6. gr. Nýr liður:
   7.12 Að semja um leigu og rekstur á nýrri Vestmannaeyjaferju.

344. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2008.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (GSv, KÞJ, GuðbH, IllG, ÁMöl, SVÓ, ÁKÓ, BjörkG).

I. Eftirfarandi breytingar verði á númerum og heitum fjárlagaliða í sundurliðun 2 (í samræmi við breytingar á verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins):

1. Við 03-211-1.10 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli.
   Liðurinn orðist svo: 10-475-1.11 Keflavíkurflugvöllur.
2. Við **04 Landbúnaðarráðuneyti.**
   Heiti kaflans verði: **04 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti.**
3. Við 04-101-1.01 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa.
   Liðurinn orðist svo: 04-101-1.01 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa.
4. Við 04-190-1.31 Skógræktarfélag Íslands.
   Liðurinn orðist svo: 14-190-1.44 Skógræktarfélag Íslands.
5. Við 04-190-1.98 Ýmis framlög landbúnaðarráðuneytis.
   Liðurinn orðist svo: 04-190-1.98 Ýmis framlög sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis.
6. Við 04-221-1.01 Veiðimálastofnun.
   Liðurinn orðist svo: 04-405-1.01 Veiðimálastofnun.
7. Við 04-262-1.01 Landbúnaðarháskóli Íslands.
   Liðurinn orðist svo: 02-216-1.01 Landbúnaðarháskóli Íslands.
8. Við 04-234-1.01 Landbúnaðarstofnun.
   Liðurinn orðist svo: 04-234-1.01 Matvælastofnun.
9. Við 04-271-1.01 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal.
   Liðurinn orðist svo: 02-217-1.01 Hólaskóli – Háskólinn á Hólum.
10. Við 04-271-5.01 Viðhald fasteigna.
    Liðurinn orðist svo: 02-217-5.01 Viðhald fasteigna.
11. Við 04-271-6.20 Fasteignir og lóðir.
    Liðurinn orðist svo: 02-217-6.20 Fasteignir og lóðir.
12. Við 04-293-1.01 Hagþjónusta landbúnaðarins.
    Liðurinn orðist svo: 04-487-1.01 Hagþjónusta landbúnaðarins.
13. Við 04-311-101 Landgræðsla ríkisins.
    Liðurinn orðist svo: 14-231-1.01 Landgræðsla ríkisins.
14. Við 04-311-1.90 Fyrirhleðslur.
    Liðurinn orðist svo: 14-231-1.90 Fyrirhleðslur.
15. Við 04-311-5.01 Viðhald fasteigna.
    Liðurinn orðist svo: 14-231-5.01 Viðhald fasteigna.
16. Við 04-311-6.01 Tæki og búnaður.
    Liðurinn orðist svo: 14-231-6.01 Tæki og búnaður.
17. Við 04-321-1.01 Skógrækt ríkisins.
    Liðurinn orðist svo: 14-241-1.01 Skógrækt ríkisins.
18. Við 04-321-1.10 Rannsóknastöðin Mógilsá.
    Liðurinn orðist svo: 14-241-1.01 Skógrækt ríkisins.
19. Við 04-321-5.01 Viðhald fasteigna.
    Liðurinn orðist svo: 14-241-5.01 Viðhald fasteigna.

20. Við 04-321-6.20 Fasteignir.
    Liðurinn orðist svo: 14-241-6.20 Fasteignir.
21. Við 04-325-1.01 Hekluskógar.
    Liðurinn orðist svo: 14-243-1.01 Hekluskógar.
22. Við 05-101-1.01 Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa.
    Liðurinn færist á: 04-101-1.01 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa.
23. Við 05-190-1.20 Eldi sjávardýra.
    Liðurinn orðist svo: 04-190-1.34 Eldi sjávardýra.
24. Við 05-190-1.21 Fiskifélag Íslands, sjóvinnukennsla.
    Liðurinn orðist svo: 04-190-1.35 Fiskifélag Íslands, sjóvinnukennsla.
25. Við 05-190-1.23 Matvælasetur.
    Liðurinn orðist svo: 04-190-1.36 Matvælasetur.
26. Við 05-190-1.32 Starfsmenntun, markaðsöflun, kynning og tilraunir.
    Liðurinn orðist svo: 04-190-1.32 Starfsmenntun, markaðsöflun, kynning og tilraunir.
27. Við 05-190-1.33 Kynning erlendis á nýtingu á auðlindum hafsins.
    Liðurinn orðist svo: 04-190-1.33 Kynning erlendis á nýtingu á auðlindum hafsins.
28. Við 05-190-1.49 Úrskurðarnefndir.
    Liðurinn orðist svo: 04-190-1.49 Úrskurðarnefndir.
29. Við 05-190-1.51 Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðið, NAMMCO.
    Liðurinn orðist svo: 04-190-1.52 Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðið, NAMMCO.
30. Við 05-190-1.52 Alþjóðahafrannsóknir (ICES, NAFO, NEAFC, ICCAT).
    Liðurinn orðist svo: 04-190-1.53 Alþjóðahafrannsóknir (ICES, NAFO, NEAFC, ICCAT).
31. Við 05-190-154 Alþjóðahvalveiðiráðið, IWC.
    Liðurinn orðist svo: 04-190-1.54 Alþjóðahvalveiðiráðið, IWC.
32. Við 05-190-1.90 Ýmislegt.
    Liðurinn færist á: 04-190-1.90 Ýmis verkefni.
33. Við 05-190-1.98 Ýmis framlög sjávarútvegsráðuneytisins.
    Liðurinn færist á: 04-190-1.98 Ýmis framlög sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis.
34. Við 05-199-1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra.
    Liðurinn færist á: 04-199-1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra.
35. Við 05-202-1.01 Hafrannsóknastofnunin.
    Liðurinn orðist svo: 04-401-1.01 Hafrannsóknastofnunin.
36. Við 05-204-1.01 Fiskistofa.
    Liðurinn orðist svo: 04-215-1.01 Fiskistofa.
37. Við 05-206-1.01 Matvælarannsóknir.
    Liðurinn orðist svo: 04-411-1.01 Matvælarannsóknir.
38. Við 05-207-1.10 Verkefnasjóður sjávarútvegsins.
    Liðurinn orðist svo: 04-413-1.10 Verkefnasjóður sjávarútvegsins.
39. Við 05-210-1.10 Sjóður til síldarrannsókna.
    Liðurinn orðist svo: 04-415-1.10 Sjóður til síldarrannsókna.
40. Við 05-213-1.01 Verðlagsstofa skiptaverðs.
    Liðurinn orðist svo: 04-217-1.01 Verðlagsstofa skiptaverðs.
41. Við 05-272-1.01 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins.
    Liðurinn orðist svo: 04-421-1.01 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins.
42. Við 05-272-6.10 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins.
    Liðurinn orðist svo: 04-421-6.10 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins.

43. Við 05-801-1.10 Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs.
    Liðurinn orðist svo: 04-417-1.10 Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs.
44. Við 05-901-1.01 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna.
    Liðurinn orðist svo: 04-423-1.01 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna.
45. Við 06-190-1.24 Eftirlitsnefnd félags fasteignasala.
    Liðurinn orðist svo: 12-190-1.23 Eftirlitsnefnd félags fasteignasala.
46. Við **07 Félagsmálaráðuneyti.**
    Heiti kaflans verði: **07 Félags- og tryggingamálaráðuneyti.**
47. Við 07-101-101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa.
    Liðurinn orðist svo: 07-101-1.01 Félags- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa.
48. Við 07-801-1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, lögbundin framlög.
    Liðurinn orðist svo: 10-801-1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, lögbundin framlög.
49. Við 07-801-1.11 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, sérstök viðbótarframlög.
    Liðurinn orðist svo: 10-801-1.11 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, sérstök viðbótarframlög.
50. Við 07-972-1.10 Bjargráðasjóður.
    Liðurinn orðist svo: 10-811-1.10 Bjargráðasjóður.
51. Við 07-999-198 Ýmis framlög félagsmálaráðuneytis.
    Liðurinn orðist svo: 07-999-1.98 Ýmis framlög félags- og tryggingamálaráðuneytis.
52. Við **08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.**
    Heiti kaflans verði: **08 Heilbrigðisráðuneyti.**
53. Við 08-101-1.01. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa.
    Liðurinn orðist svo: Heilbrigðisráðuneyti, aðalskrifstofa.
54. Við 08-201-1.01 Tryggingastofnun ríkisins.
    Liðurinn orðist svo: 07-821-1.01 Tryggingastofnun ríkisins.
55. Við 08-201-6.01 Tæki og búnaður.
    Liðurinn orðist svo: 07-821-6.01 Tæki og búnaður.
56. Við 08-203-1.11 Mæðra- og feðralaun.
    Liðurinn orðist svo: 07-825-1.11 Mæðra- og feðralaun.
57. Við 08-203-1.15 Umönnunargreiðslur.
    Liðurinn orðist svo: 07-825-1.15 Umönnunargreiðslur.
58. Við 08-203-1.21 Makabætur og umönnunarbætur.
    Liðurinn orðist svo: 07-825-1.21 Makabætur og umönnunarbætur.
59. Við 08-203-1.25 Dánarbætur.
    Liðurinn orðist svo: 07-825-1.25 Dánarbætur.
60. Við 08-203-1.31 Endurhæfingarlífeyrir.
    Liðurinn orðist svo: 07-825-1.31 Endurhæfingarlífeyrir.
61. Við 08-203-1.35 Barnalífeyrir vegna menntunar.
    Liðurinn orðist svo: 07-825-1.35 Barnalífeyrir vegna menntunar.
62. Við 08-203-1.41 Heimilisuppbót.
    Liðurinn orðist svo: 07-825-1.41 Heimilisuppbót.
63. Við 08-203-1.51 Frekari uppbætur.
    Liðurinn orðist svo: 07-825-1.51 Frekari uppbætur.
64. Við 08-203-1.55 Uppbætur vegna bifreiðakaupa.
    Liðurinn orðist svo: 07-825-1.55 Uppbætur vegna bifreiðakaupa.
65. Við 08-204 Lífeyristryggingar.
    Liðurinn orðist svo: 07-827 Lífeyristryggingar.

66. Við 08-204-1.11 Ellilífeyrir.
    Liðurinn orðist svo: 07-827-1.11 Ellilífeyrir.
67. Við 08-204-1.15 Örorkulífeyrir.
    Liðurinn orðist svo: 07-827-1.15 Örorkulífeyrir.
68. Við 08-204-1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega.
    Liðurinn orðist svo: 07-827-1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega.
69. Við 08-204-1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega.
    Liðurinn orðist svo: 07-827-1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega.
70. Við 08-204-1.28 Vasapeningar ellilífeyrisþega.
    Liðurinn orðist svo: 07-827-1.28 Vasapeningar ellilífeyrisþega.
71. Við 08-204-1.29 Vasapeningar örorkulífeyrisþega.
    Liðurinn orðist svo: 07-827-1.29 Vasapeningar örorkulífeyrisþega.
72. Við 08-204-1.31 Örorkustyrkur.
    Liðurinn orðist svo: 07-827-131 Örorkustyrkur.
73. Við 08-204-1.35 Barnalífeyrir.
    Liðurinn orðist svo: 07-827-1.35 Barnalífeyrir.
74. Við 08-204-1.91 Annað.
    Liðurinn orðist svo: 07-827-1.91 Annað.
75. Við 08-214-1.10 Eftirlaunasjóður aldraðra.
    Liðurinn orðist svo: 07-831-1.10 Eftirlaunasjóður aldraðra.
76. Við 08-399-1.13 Úrskurðarnefnd almannatrygginga.
    Liðurinn færist á: 07-190-1.10 Fastanefndir.
77. Við 08-399-1.21 Eftirlit með greiðslum almannatrygginga.
    Liðurinn orðist svo: 07-190-1.12 Eftirlit með greiðslum almannatrygginga.
78. Við 08-399-1.98 Ýmis framlög heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis.
    Liðurinn orðist svo: 08-399-1.98 Ýmis framlög heilbrigðisráðuneytis.
79. Við 08-402-5.21 Viðhald fasteigna öldrunarstofnana.
    Liðurinn orðist svo: 07-515-5.21 Viðhald fasteigna öldrunarstofnana.
80. Við 08-402-6.21 Stofnkostnaður og endurbætur.
    Liðurinn orðist svo: 07-515-6.21 Stofnkostnaður og endurbætur.
81. Við 10-190-1.44 Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu.
    Liðurinn orðist svo: 11-599-1.44 Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu.
82. Við 10-190-1.47 Markaðssetning Íslands í Norður-Ameríku.
    Liðurinn orðist svo: 11-599-1.47 Markaðssetning Íslands í Norður-Ameríku.
83. Við 10-190-1.53 Ferðaþjónusta á svæðum sem verða fyrir aflasamdrætti.
    Liðurinn orðist svo: 11-599-1.53 Ferðaþjónusta á svæðum sem verða fyrir aflasamdrætti.
84. Við 10-651-1.01 Ferðamálastofa.
    Liðurinn orðist svo: 11-501-1.01 Ferðamálastofa.
85. Við 10-651-1.05 Landkynningarskrifstofur erlendis.
    Liðurinn orðist svo: 11-501-1.05 Landkynningarskrifstofur erlendis.
86. Við 10-651-1.11 Ferðamálasamtök landshluta.
    Liðurinn orðist svo: 11-501-1.11 Ferðamálasamtök landshluta.
87. Við 10-651-1.15 Samstarfssamningar við Grænland og Færeyjar.
    Liðurinn orðist svo: 11-501-1.15 Samstarfssamningar við Grænland og Færeyjar.
88. Við 10-651-1.21 Fjölsóttir ferðamannastaðir.
    Liðurinn orðist svo: 11-501-1.21 Fjölsóttir ferðamannastaðir.

89. Við 11-102-1.01 Einkaleyfastofan.
Liðurinn orðist svo: 12-431-1.01 Einkaleyfastofan.
90. Við 12-999-1.10 Fjárfestingarstofan, almennt svið.
Liðurinn orðist svo: 11-299-1.15 Fjárfestingarstofan.
91. Við 13-101-1.01 Hagstofa Íslands.
Liðurinn orðist svo: 01-401-1.01 Hagstofa Íslands.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
II. Eftirfarandi breytingar verði á fjárheimildum í sundurliðun 2 (í samræmi við breytingar á verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins):			
92. Við **03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa**			
1.01 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	947,8	-11,5	936,3
93. Við **04-234-1.01 Landbúnaðarstofnun** er verði:			
04-234 Matvælastofnun			
a. 1.01 Matvælastofnun	712,7	178,4	891,1
b. Sértekjur	-24,7	-5,3	-30,0
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*533,4*	*163,8*	*697,2*
d. *Innheimt af ríkistekjum*	*158,6*	*9,3*	*167,9*
94. Við **04-262 Landbúnaðarháskóli Íslands** er verði:			
02-216 Landbúnaðarháskóli Íslands			
Sértekjur	-279,1	-160,0	-439,1
Greitt úr ríkissjóði	*622,0*	*-160,0*	*462,0*
95. Við **04-311 Landgræðsla ríkisins** er verði:			
14-231 Landgræðsla ríkisins			
Sértekjur	-101,2	-100,8	-202,0
Greitt úr ríkissjóði	*512,1*	*-100,8*	*411,3*
96. Við **04-321 Skógrækt ríkisins** er verði:			
14-241 Skógrækt ríkisins			
Sértekjur	-128,7	-25,0	-153,7
Greitt úr ríkissjóði	*242,3*	*-25,0*	*217,3*
97. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
04-481 Rannsóknir háskóla í þágu landbúnaðar			
1.01 Rannsóknir háskóla í þágu landbúnaðar	0,0	160,0	160,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*160,0*	*160,0*
98. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
04-483 Landgræðsla og skógrækt í þágu landbúnaðar			
a. 1.11 Bændur græða landið	0,0	45,0	45,0
b. 1.13 Fyrirhleðslur	0,0	55,8	55,8
c. 1.15 Rannsóknir í skógrækt í þágu landbúnaðar	0,0	25,0	25,0
d. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*125,8*	*125,8*
99. Við **05-204 Fiskistofa** er verði:			
04-215 Fiskistofa			
a. 1.01 Fiskistofa	836,7	-100,0	736,7
b. Sértekjur	-8,6	3,0	-5,6
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*770,4*	*-87,7*	*682,7*

	d. *Innheimt af ríkistekjum*	*57,7*	*-9,3*	*48,4*
100.	Við **06-190 Ýmis verkefni**			
	1.10 Fastanefndir	61,0	-2,0	59,0
	Innheimt af ríkistekjum	*22,5*	*-2,0*	*20,5*
101.	Við **07-101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa** er verði:			
	07-101 Félags- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa.			
	a. 1.01 Félags- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	335,3	-6,2	329,1
	b. Sértekjur	-55,4	28,6	-26,8
102.	Við **07-190 Ýmis verkefni**			
	1.10 Fastanefndir	27,3	-2,5	24,8
103.	Við **08-101 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa** er verði:			
	08-101 Heilbrigðisráðuneyti			
	1.01 Heilbrigðisráðuneyti, aðalskrifstofa	552,7	-48,9	503,8
104.	Við **08-201 Tryggingastofnun ríkisins** er verði:			
	07-821 Tryggingastofnun ríkisins			
	Sértekjur	-272,9	-374,9	-647,8
105.	Við bætist nýr fjárlagaliður:			
	08-202 Umsýsla sjúkratrygginga			
	1.01 Umsýsla sjúkratrygginga	0,0	636,0	636,0
	Sértekjur	0,0	-261,1	-261,1
	Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*374,9*	*374,9*
106.	Við **10-101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa**			
	a. 1.01 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa	305,3	45,6	350,9
	b. Sértekjur	0,0	-28,6	-28,6
107.	Við **10-190 Ýmis verkefni**			
	1.11 Fastanefndir	7,1	2,5	9,6
108.	Við **11-101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa**			
	1.01 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	183,4	21,0	204,4
109.	Við **11-301 Orkustofnun**			
	a. 1.01 Orkustofnun	1.114,3	-308,9	805,4
	b. Sértekjur	-600,4	273,5	-326,9
110.	Við **12-190 Ýmis verkefni**			
	a. 1.15 Fastanefndir	12,3	2,0	14,3
	b. *Innheimt af ríkistekjum*	*8,0*	*2,0*	*10,0*
111.	Við **14-211 Umhverfisstofnun**			
	a. 1.01 Umhverfisstofnun	796,9	-78,4	718,5
	b. Sértekjur	-182,9	2,3	-180,6
	c. *Greitt úr ríkissjóði*	*608,4*	*-76,1*	*532,3*
112.	Við bætist nýr fjárlagaliður:			
	14-411 Vatnamælingar			
	a. 1.01 Vatnamælingar	0,0	446,6	446,6
	b. Sértekjur	0,0	-411,2	-411,2
	c. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*35,4*	*35,4*

III. Eftirfarandi breytingar verði á C-hluta, Fjármál lánastofnana, (í samræmi við breytingar á verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins):

113. Við 52-101 Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins (viðskiptaráðuneyti).
Liðurinn orðist svo: 51-101 Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins (iðnaðarráðuneyti).

345. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2008.

Frá 1. minni hluta fjárlaganefndar.

Inngangur.

Óvenju mikið umrót og óvissa í efnahagsmálum og aðsteðjandi vandamál í hagstjórn marka allt efnahagsumhverfið við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2008. Ljóst er að orsakir þess vanda sem nú er við að glíma er annars vegar að leita í mistökum í fortíðinni, í tíð fyrri ríkisstjórnar, sem skellti skollaeyrum við varnaðarorðum og stuðlaði að gríðarlegum stóriðjuframkvæmdum sem öllum var ljóst að mundu reyna mjög á hagstjórnartæki og þanþol efnahagslífsins. Nægir í því sambandi að vitna í varnaðarorð Seðlabankans og erlendra ráðgjafarstofnana á sviði efnahagsmála. Áform voru samt keyrð áfram með pólitískum ákvörðunum og þrýstingi þáverandi stjórnarflokka, Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, og öll andstaða og varnaðarorð höfð að engu. Gilti þá einu hvort menn lögðust gegn framkvæmdunum vegna umhverfisspjalla sem þeim fylgdu eða vöruðu við efnahagsáhrifunum eða því að ruðningsáhrifin yrðu æði dýrkeypt fyrir annað atvinnulíf og skuldsettan almenning og reyna mjög á hagstjórn.

En fyrri ríkisstjórn lét ekki þar við sitja heldur lækkaði hún tekjuskatta mitt í þenslunni, einkum þó á hátekjufólk, sem hafði aukin áhrif til þenslu eins og áformin um stóriðjuna. Og ofan í kaupið var svo fyrri ríkisstjórn bundin af kosningaloforði Framsóknarflokksins um að hækka lánshlutfall íbúðalána sem, ásamt með innkomu bankanna á húsnæðislánamarkaðinn, blés upp þá bólu sem orðið hefur á íslenska fasteignamarkaðinum. Þessu til viðbótar var það, og er, staðreynd að fyrri ríkisstjórn og Seðlabankinn gengu aldrei í takt í hagstjórn, sbr. lækkun á bindiskyldu bankanna sem tók gildi í ársbyrjun 2004. Ríkisstjórnin lagði oftar en ekki steina í götu viðleitni Seðlabankans til að halda aftur af verðbólgu og kæla niður hagkerfið. Afleiðingarnar eru alkunnar: gríðarlegur viðskiptahalli og verðbólga, ítrekaðar vaxtahækkanir Seðlabankans til að reyna að halda aftur af þenslu og verðbólgu sem hafa nú undir árslok skilað því að stýrivextir eru einhverjir þeir hæstu sem fyrirfinnast á byggðu bóli eða 13,75%.

Að hinu leytinu er ástandið í dag afleiðing þess að ný ríkisstjórn sem tók við völdum í maímánuði sl. hefur ekkert aðhafst í hagstjórn. Tækifærið sem ríkisstjórnin fékk til þess að senda efnahagslífinu og þjóðarbúskapnum öllum sterk skilaboð um að nú yrði stigið á bremsur, var ekki nýtt. Ríkisstjórnin hefur verið með afbrigðum daufleg, gert lítið úr vandanum og drepið umræðum um hagstjórn á dreif. Og ef eitthvað er, hefur sú gjá breikkað síðustu mánuði sem myndaðist í tíð fyrri ríkisstjórnar á milli Seðlabankans og fjármálalífsins annars vegar og ríkisstjórnarinnar hins vegar. Formaður Samfylkingarinnar og Sjálfstæðisflokksins hafa dregið í efa gagnsemi vaxtahækkana Seðlabankans og virkni peningamálastefnunnar. Tæpast flokkast það sem jákvætt framlag eða mikill stuðningur við viðleitni Seðlabankans, hvað sem um hana má segja að öðru leyti.

Ástandið er með öllu óviðunandi. Vaxtakostnaður er óheyrilega hár og verðbólga of mikil. Greiðslubyrði af lánum heimilanna er gríðarleg og ljóst að fjölskyldur eru þúsundum saman í miklum erfiðleikum með að ná endum saman og standa skil á afborgunum lána. Hið háa vaxtastig og vaxtamunurinn milli Íslands og annarra landa hefur styrkt gengi krónunnar með innstreymi erlends fjármagns sem aftur þýðir að rekstrarskilyrði útflutnings- og samkeppnisgreina eru afar bágborin og mega þær þó síst við því nú, sérstaklega sjávarútvegurinn vegna ákvarðana um niðurskurð þorskafla. Hinn gríðarlegi uppsafnaði viðskiptahalli er ávísun á vaxandi skuldabyrði þjóðarbúsins og gæti haft alvarlegar afleiðingar til langs tíma litið.

Jafnvægisleysið í hagkerfinu og hagstjórnarvandamálin sem við blasa verða hættulegri með hverjum mánuðinum sem líður. Og loks bætist nú við sá mikli óróleiki sem er á verðbréfamarkaði og óvissa með þróun alþjóðaefnahagsmála á komandi mánuðum. En ljóst er að einnig er við mikið jafnvægisleysi að glíma og misgengi hér innan lands. Einkum er staðan ólík á þenslusvæðinu við Faxaflóa, á suðvesturhorni landsins, og landsbyggðinni hins vegar. Þetta jafnvægisleysi er á sinn hátt hluti hagstjórnarvandans og tengist einnig afkomu útflutnings- og samkeppnisgreina, atvinnugreina eins og sjávarútvegs og ferðaþjónustu sem enn vega þungt í efnahagslífi landsmanna en eru þó sýnu meira afgerandi fyrir afkomu fólks og stöðu á landsbyggðinni en í miðstöð þjónustu og fjármálaumsvifa á höfuðborgarsvæðinu.

Lykiltölur hagstærða 2001–2007.
Magnbreyting frá fyrra ári (%).

	2001	2002	2003	2004	Áætlað 2005	Áætlað 2006	Spá 2007
Einkaneysla	–2,9	–1,5	6,2	6,9	13,0	4,4	2,1
Samneysla	4,6	5,3	1,8	2,2	3,5	3,9	2,8
Fjármunamyndun	–4,3	–14,0	11,1	28,5	33,9	19,8	–22,2
Þjóðarútgjöld	–2,1	–2,3	5,8	9,9	15,4	9,2	–5,2
Útflutningur	7,4	3,8	1,6	8,4	7,2	–5,1	8,7
Innflutningur	–9,1	–2,5	10,8	14,4	29,4	10,1	–9,8
Viðskiptajöfnuður	–4,3	1,5	–4,8	–9,8	–16,2	–25,7	–15,2
Hagvöxtur	3,9	0,1	2,4	7,7	7,1	4,2	0,7
Verðbólga	6,7	4,8	2,1	3,2	4,0	6,8	4,5
Atvinnuleysi	2,3	3,3	3,4	3,1	2,6	2,9	1,1
Gengisvísitala	135,4	131,4	123,5	121,0	108,6	121,3	118,2

Hagspár og efnahagsforsendur frumvarpsins.

Í frumvarpi til fjárlaga 2008 er gert ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs verði um 461 ma.kr., þar af nemi skatttekjur um 422 ma.kr. Samkvæmt því er gert ráð fyrir að tekjur verði 85 ma.kr. meiri en er í fjárlögum 2007. Þegar betur er að gáð kemur í ljós að tekjur ríkisins árið 2007 verða líklega um 456 ma.kr., sbr. endurskoðaða tekjuáætlun við 2. umræðu fjáraukalaga, eða um 80 ma.kr. meiri en gert var ráð fyrir í fjárlögunum. Tekjur ársins 2008 eru því áætlaðar um 5 ma.kr. hærri ef miðað er við endurskoðaða tekjuáætlun 2007. Ný tekjuáætlun fjármálaráðuneytis gerir ráð fyrir því að tekjur ríkisins hækki um 8 ma.kr. og verði 469,4 ma.kr. Munar þar mest um hækkun á virðisaukaskatti um 5 ma.kr. en einnig er gert ráð fyrir að tekjuskattur hækki um 1,5 ma.kr. og stimpilgjöld um milljarð.

Gjöldin eru áætluð um 430 ma.kr. og tekjujöfnuður verði tæplega 31 ma.kr. Gert er ráð fyrir að útgjöldin aukist um 63 ma.kr. milli ára, sé miðað við fjárlög 2007 en um 42 ma.kr. sé miðað við áætluð útgjöld árið 2007. Miðað við fyrri fjárlög þar sem útgjöldin hækkuðu um tæpan 21 ma.kr., eða um rúm 5% af upphaflegri áætlun, má gera ráð fyrir að útgjaldahækkunin á árinu 2008 verði um 24 ma.kr., eða um 17%. Nú þegar hefur ríkisstjórnin sett

fram óskalista um hækkun útgjalda upp á 3,7 ma.kr. en þar af fara 2,7 ma.kr. í ýmis útgjöld sem tengjast Keflavíkurflugvelli. Sá milljarður sem þá er eftir dreifist víða en athygli vekur að um 200 m.kr. fara í breytingar á húsnæði. Þá er gert fyrir lækkun útgjalda frá fyrri tillögum og munar þar mest um 2,5 ma.kr. lækkun á framlögum til vegamála. Í heild er gert ráð fyrir að tekjujöfnuður ríkisins aukist um tæpa 9 ma.kr.

Fjárlagafrumvörp, fjárlög, fjáraukalög og tillögur 2007–2008.

	Tekjur samtals	Gjöld samtals	Tekjujöfnuður
Fjárlög 2007	376.413,7	367.260,0	9.153,7
Frumvarp til fjáraukalaga fyrir 2007	71.861,0	15.826,0	56.035,0
Frumvarp til fjáraukalaga eftir 2. umr.)	8.202,0	4.931	3.271,0
Samtals:	**456.476,7**	**388.017**	**68.459,7**
Frumvarp 2008	461.168,4	430.354,9	30.813,5
Áætlun fyrir 2. umræðu	469.400,0	434.157,4	39.242,0

Helstu forsendur frumvarpsins eru að hagvöxtur ársins 2008 verði um 1,2%, samdráttur í þjóðarútgjöldum verði tæplega 5%, en viðsnúningur verði í utanríkisviðskiptum sem beri uppi hagvöxtinn. Gert er ráð fyrir að verulega dragi úr viðskiptahalla, hann verði tæplega 9% af landsframleiðslu, atvinnuleysi aukist og verði um 2,9% af vinnuafli. Loks er gert ráð fyrir að verðbólga minnki niður í um 3,3% á árinu 2008 og það dragi úr einkaneyslu. Helstu óvissuþættir frumvarpsins eru áform um frekari stóriðjuframkvæmdir, ástand á alþjóðamörkuðum, gengi íslensku krónunnar og komandi kjarasamningar. Hér er ekki um að ræða neina smávægilega óvissuþætti og þeir veikja verulega tiltrú á að tekjuáætlunin sé raunhæf og að hún sé trúverðug. Í raun á það við um fjárlagafrumvarpið í heild.

Hagspá fjármálaráðuneytis fyrir árið 2008.

Magnbreytingar, %, milli ára	
Einkaneysla	–0,9
Samneysla	2
Fjármunamyndun	–19,8
Þjóðarútgjöld	–4,8
Útflutningur	9,2
Innflutningur	–7
Viðskiptajöfnuður	–8,8
Hagvöxtur	1,2
Verðbólga	3,3
Atvinnuleysi	2,9
Gengisvísitala	119,3

Fulltrúar fjármálaráðuneytisins sem kynntu þjóðhagsspá ráðuneytisins og gerðu grein fyrir forsendum tekjuáætlunarinnar lögðu áherslu á að mikið hafi verið lagt upp úr því að bæta áætlanagerð undanfarin ár. Mikilvægt er að sá þáttur fjárlagagerðarinnar sé eins markviss og frekast er kostur. Engu að síður er mjög athyglisvert að veruleg frávik eru í endurskoðaðri tekjuáætlun ársins 2007 frá fjárlögum ársins. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun eru heildartekjur ríkissjóðs áætlaðar um 80 ma.kr. meiri en fjárlögin gerðu ráð fyrir og er það rúmlega 21% frávik. Um er að ræða það mikla skekkju að efast má um að finna megi fordæmi um svipað í öðrum löndum sem við berum okkur gjarnan saman við. Helstu skýringar sem gefnar

hafa verið á frávikunum eru að um hafi verið að ræða verulegt vanmat í hagspá og á hagrænum þáttum. Mikill og viðvarandi þróttur efnahagslífsins er meginskýring á meiri tekjum en fjárlög 2007 gerðu ráð fyrir, einkaneysla hafi verið mun meiri en gert var ráð fyrir og atvinnuleysi hafi minnkað á árinu.

Ljóst er að gagnrýna má ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga 2008. Gera má ráð fyrir að áfram verði mikill þróttur í efnahagslífinu og miðað við nýjustu tíðindi er vart hægt að gera ráð fyrir því að úr þeim þrótti dragi eins fljótt og frumvarpið gerir ráð fyrir. Mikil þensla er á vinnumarkaði og engin merki um að úr henni dragi í bráð, þvert á móti er vinnumarkaðurinn í vexti og hálaunastörfum er að fjölga. Hvergi eru nein merki um samdrátt í framleiðni stóriðju og ýmissa þjónustufyrirtækja á Faxaflóasvæðinu og almennt eykst kaupmáttur mikið en lægstu launin sitja eftir. Telja má að dragi úr fjárfestingum en sá krepputónn sem er í spám fjármálaráðuneytis og Seðlabanka um 15–20% samdrátt er mjög ósannfærandi. Gera má ráð fyrir að samneyslan verði meiri en gert er ráð fyrir í frumvarpinu enda er verið að leggja til aukin útgjöld í ýmsum málaflokkum. Hver einkaneyslan verður er erfitt að spá um en spár undanfarinna ára um minnkandi einkaneyslu hafa ekki gengið eftir. Minnkandi þenslan suðvestanlands er ekki í sjónmáli enda verið að efna til verkefna í 101 Reykjavík fyrir marga tugi milljarða á næsta ár. Fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir mun meiri samdrætti þjóðarútgjalda, þ.e. einkaneyslu, samneyslu og fjármunamyndunar, og sama má segja um aðrar helstu hagstærðir. Hér spila margir þættir inn í, t.d. vaxtaákvarðanir Seðlabanka Íslands og gengi krónunnar. Þróunin á húsnæðismarkaði skiptir einnig miklu máli en hækkun fasteignaverðs hefur verið einn helsti verðbólguvaldurinn á undanförnum árum. Gert var ráð fyrir áframhaldandi miklum umsvifum í byggingariðnaði þar sem aukin fólksfjölgun og mikill kaupmáttur mundi áfram halda uppi eftirspurn eftir húsnæði. Eftir miklar vaxtahækkanir á húsnæðislánum í kjölfar stýrivaxtahækkunar Seðlabanka Íslands og yfirlýsingar forsætisráðherra um að fólk ætti að halda að sér höndum í fasteignakaupum er fasteignamarkaðurinn í uppnámi. Forsendur frumvarpsins um 1,2% hagvöxt eru ekki í takti við það sem greiningardeildir bankanna spá. Hagspár eru á bilinu 2,0–3,8% en í nýjustu spá Seðlabankans (Peningamál 2007:3) er gert ráð fyrir 0,4% hagvexti. Svartsýni Seðlabanka Íslands um framvindu íslenskra efnahagsmála er áfellisdómur yfir hagstjórninni.

Hagspár 2008.

	ASÍ	Fjármálaráðun.	Glitnir	Kaupþing	Landsbankinn	Seðlabankinn
Einkaneysla	–0,6	–0,9	–1	–1,7	2,5	–1,7
Samneysla	2,7	2	2,8	3,6	3,1	3,4
Fjármunamyndun	–4,4	–19,8	–13	–4,7	1,6	–15,3
Þjóðarútgjöld	–0,8	–4,8	–3,2	–1,3	2,5	–3,7
Útflutningur	6,5	9,2	13,7	9,8	4,9	14,1
Innflutningur	–2,9	–7	–2,3	–3,8	1,2	–0,1
Viðskiptajöfnuður	–9,1	–8,8	–10,3	–10,7	–15,5	–14,4
Hagvöxtur	2,3	1,2	2	3,8	3,7	0,4
Verðbólga	4,7	3,3	4,5	3,9	2,2	4,1
Atvinnuleysi	1,5	2,9	1,8	3,3	1,3	2,7
Gengisvísitala*		119,3	121,6	122	121,1	118,8

* ASÍ gerir ráð fyrir að gengisvísitalan verði 118–123 á árunum 2007–2009.

Tekjuskattur lögaðila hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár og hann hefur verið verulega vanáætlaður í tekjuáætlun frumvarpsins. Á sama hátt eru áætlaðar tekjur af tryggingagjaldi

vanáætlaðar í frumvarpinu. Ef gengið er út frá því að umsvif efnahagslífsins verði meiri en forsendur frumvarpsins gera ráð fyrir þá liggur fyrir að tekjur af virðisaukaskatti eru vanáætlaðar í frumvarpinu. Fjármagnstekjuskattur hefur aukist mjög mikið á undanförnum árum og í frumvarpinu er gert ráð fyrir að tekjur af honum aukist á næsta ári. Fjármagnstekjuskattur er mjög kvikur tekjustofn sem endurspeglar m.a. þróun hlutabréfamarkaðar og óvarlegt er að treysta um of á hann til tekjuöflunar.

Atvinnuleysi hefur verið um eða undir 1% mestan hluta árs 2007. Rök fyrir því að atvinnuleysi muni aukast hratt á næsta ári og verða 2,9% á ársgrundvelli eru varla haldbær enda bendir margt til þess að suðvestanlands verði eftirspurn eftir vinnuafli áfram mikil. Allt útlit er fyrir að umsvif í atvinnulífinu verði áfram mikil á næsta ári. Sérstök merki um samdrátt á vinnumarkaði verða hins vegar á landsbyggðinni, einkum í sjávarbyggðum sem háðar eru þorskveiðum. Þar getur fólki enn fækkað enda flýr það atvinnuleysi og sækir á þenslusvæðið þar sem atvinna er næg. Við þessu misgengi í afkomu fólks þarf að vinna með markvissum aðgerðum sem jafna lífskjör í landinu. Það eru fólgin í því mikil verðmæti fyrir framtíð Íslands að landið verði sem víðast í byggð og afkoma landsmanna verði tryggð hvar sem þeir búa.

Forsendur frumvarpsins um að verðbólga minnki í 3,3% árið 2008 eru ekki trúverðugar, m.a. miðað við álit ýmissa greiningaraðila og útlit varðandi ýmsa áhrifaþætti hagkerfisins. Miðað við síðustu ákvarðanir Seðlabanka um hækkun stýrivaxta verður að telja að forsendur frumvarpsins lýsi bjartsýni, 12 mánaða verðbólga mælist nú yfir 5%. Við ákvörðun um stýrivexti leitast Seðlabanki við að spá um ástand efnahagsmála meira en ár fram í tímann og við nýjustu ákvörðun um hækkun stýrivaxta hlýtur Seðlabanki að gera ráð fyrir að verðbólguþrýstingur sé meiri en áður var gert ráð fyrir. Það er að mörgu leyti rökrétt að gera ráð fyrir meiri verðbólgu árið 2008 en gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Það liggur fyrir að óvissuþættir eru það veigamiklir að gera má ráð fyrir miklum frávikum frá áætluninni og að heildartekjur ríkissjóðs verði mun meiri en frumvarpið gerir ráð fyrir. Ráðaleysi ríkisstjórnarinnar í stjórn efnahagsmála gefur heldur ekki tilefni til að ætla að draga muni úr þenslu í hagkerfinu eins og þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins gerir ráð fyrir. Því eru öll teikn á lofti um að því miður sé um að ræða verulegt vanmat í hagspá og á hagrænum þáttum í forsendum tekjuáætlunar sem og útgjaldaáætlunar frumvarpsins. Á undanförnum árum hefur komið í ljós að hagspár fjármálaráðuneytis eru fjarri öllum raunveruleika og eru gagnslaust plagg við gerð fjárlaga.

Helstu þjóðhagsstærðir.
(Magnbreytingar, %.)

	Fjárlög 2004	Raun-tölur	Fjárlög 2005	Raun-tölur*	Fjárlög 2006	Raun-tölur*	Fjárlög 2007	Áætlun haust 2007**
Einkaneysla	3,5	6,9	5,0	13,0	4,3	4,4	–1,8	2,1
Samneysla	1,0	2,2	2,0	3,5	2,2	3,9	2,1	2,8
Fjárfesting	8,5	28,5	18,0	33,9	0,8	19,8	–21,6	–22,2
Þjóðarútgjöld	4,0	9,9	7,5	15,4	2,9	9,2	–6,4	–5,2
Útflutningur vöru og þjónustu	4,5	8,4	4,0	7,2	6,2	–5,1	1,0	8,7
Innflutningur vöru og þjónustu	5,75	14,4	10,5	29,4	2,0	10,1	–9,4	–9,8
Verg landsframleiðsla	3,5	7,7	5,0	7,1	4,6	4,2	1,0	0,7
Viðskiptajöfnuður, % af landsfram.	–3,25	–9,8	–11,0	–16,2	–12,2	–25,7	–15,2	–15,2

* Bráðabirgðatölur
** Þjóðhagsspá 2007

Á undanförnum árum hafa tekjur ríkissjóðs ávallt verið mun hærri en fjárlög viðkomandi árs hafa gert ráð fyrir en það er m.a. vegna þess að þenslan í þjóðfélaginu hefur verið meiri en áætlanir hafa talið. Nokkur óvissa ríkir um þróun efnahagsmála á næsta ári og því erfitt að spá fyrir um hverjar tekjur ríkissjóðs verða. Af þeim sökum ríkir áfram sama óvissan um hvernig tekjuáætlun frumvarpsins muni standast. Verði um verulegan samdrátt að ræða stefnir í óefni því ekki verður séð af reynslu undanfarinna ára að ríkisstjórnin hafi þrek eða þor til að bregðast við breyttum aðstæðum. Helsta áhyggjuefnið er þó stefnuleysi og handahófskenndar ákvarðanir um útgjöld ríkissjóðs til einstakra stofnana og verkefna sem einkennt hefur um of fjárlagagerð ríkisstjórnarflokkanna. Tekjugrunnur ríkissjóðs hefur veikst og byggist nú æ meir á þensluáhrifum í hagkerfinu þar sem ríkisstjórnin hefur hellt olíu á eldinn. Þetta er þeim mun alvarlegra í ljósi þeirra staðreynda að uppsveiflan í hagkerfinu á undanförnum árum hefur ekki verið notuð til að undirbúa slíkar breytingar og treysta grunn velferðarkerfisins.

Hagstjórnin.

Hagstjórn hefur verið gagnrýnd af greiningardeildum innlendra banka, fjölmörgum hagsmunasamtökum atvinnurekenda og launþega sem og erlendum matsfyrirtækjum. Nýlega (20. nóvember 2007) breytti matsfyrirtækið Standard & Poor's horfum á lánshæfismati ríkissjóðs úr stöðugum í neikvæðar.

Í fréttatilkynningu Seðlabanka Íslands sagði m.a.: „Endurskoðun á horfunum endurspeglar vaxandi og þrálátt ójafnvægi í íslenska hagkerfinu, auk skorts á aðhaldi í ríkisfjármálum. Þótt skammtímaraunvextir Seðlabankans hafi farið yfir 8% er virkni miðlunar peningastefnunnar takmörkuð af snarpri aukningu í erlendum lántökum heimila og lítilli svörun vaxta á íbúðalánum við auknu aðhaldi peningastefnunnar. Endurnýjaður vöxtur í neyslu og seinkun á aukningu útflutnings leiða til þess að viðskiptahallinn mun ekki lagast eins hratt og búist var við. Áframhald á mikilli lántöku til húsnæðiskaupa kyndir undir verðhækkunum á húsnæði sem aftur dregur úr hjöðnun verðbólgu. Þetta er undirrót þess að Seðlabankinn hækkaði stýrivexti í 13,75% í nóvember 2007. Hagvöxtur hefur verið mikill í síðustu uppsveiflum í fjárfestingu og útlánum og á húsnæðismarkaði. En hægja mun óhjákvæmilega á honum þegar hagkerfið kólnar. … Neikvæðar horfur endurspegla vaxandi hættu á harðri lendingu íslenska hagkerfisins."

Eins og fram kemur í áliti Standard & Poor's er ástæða lækkunar lánshæfismatsins vaxandi og þrálátt ójafnvægi í hagkerfinu og skortur á aðhaldi í ríkisfjármálum. Aukin hætta er á harðri lendingu hagkerfisins. Hröð aukning opinberra útgjalda viðheldur efnahagslegu ójafnvægi og við það ástand bætast háir og hækkandi innlendir og alþjóðlegir vextir. Lítið hefur dregið úr viðskiptahalla vegna aukinnar neyslu og seinkunar á útflutningsaukningu. Með þessu áliti Standard & Poor's hefur íslenskum stjórnvöldum verið gefið gula spjaldið með þeim skilaboðum að nauðsynlegt sé að ná betri tökum á ríkisfjármálum, vilji stjórnvöld forðast lækkun á lánshæfiseinkunnum ríkissjóðs.

Þótt matsfyrirtækið Standard & Poor's hafi ekki breytt lánshæfismati íslenska ríkisins, heldur eingöngu breytt horfum úr stöðugum í neikvæðar, eru það slæm tíðindi fyrir ríkissjóð. Þegar mati á horfum hefur verið breytt eru miklar líkur á að innan nokkurra mánaða verði lánshæfismatinu breytt í takt við þær breytingar sem voru gerðar á horfunum. Fari svo að lánshæfismatið verði lækkað yrðu afleiðingarnar þær að íslenska ríkið fengi verri lánskjör á erlendum og innlendum lánamarkaði. Að vísu er ríkið ekki stór lántakandi vegna sterkrar stöðu ríkissjóðs en lánshæfismatið hefur áhrif á lánshæfismat íslenskra ríkisfyrirtækja, svo

sem Landsvirkjunar og Íbúðalánasjóðs, en hvort um sig er stór lántakandi, og líklega einnig á lánshæfismat fjármálafyrirtækja.

Greining og álit Standard og Poor's er fyrst og fremst áfellisdómur yfir íslenskri hagstjórn. Í öllum meginatriðum er það samhljóða greiningu og áliti Seðlabanka Íslands eins og það birtist í Peningamálum 2007:3. Bæði forsætisráðherra og fjármálaráðherra hafa gagnrýnt Standard & Poor's fyrir álit þess. Forsætisráðherra sagði m.a. í viðtali við Morgunblaðið 21. nóvember: „Auðvitað er það óheppilegt að þeir skuli breyta horfunum en ég tel að rökstuðningnum fyrir því sé nokkuð ábótavant." Fjármálaráðherra tekur öllu dýpra í árinni enda virðist hann ekki átta sig ástandinu. Í viðtali við Morgunblaðið 21. nóvember sagði hann m.a.: „Stundum áttar maður sig hreint ekki á álitum sem koma frá þessum aðilum. Það er sífellt talað um sömu hlutina, alveg sama hverjar aðstæðurnar eru. Það er sama hvort við erum búin að skera framkvæmdir ríkissjóðs niður í 1% af landsframleiðslu eða hvort þær eru 2% af landsframleiðslu. Það eru sömu athugasemdirnar sem koma frá þeim við aðstæður sem eru allt aðrar. Það hlýtur að segja manni að þeir eru ekkert að skoða aðstæðurnar hérna hjá okkur."

Þessar yfirlýsingar eru sérkennilegar í ljósi þess að erlend matsfyrirtæki hafa mikil og náin samskipti við Seðlabanka Ísland sem útvegar allar nauðsynlegar upplýsingar. Þeim er haldið upplýstum um allt sem Seðlabankinn gerir og Seðlabankinn sér til þess að matsfyrirtækin fá ávallt nýjustu upplýsingar sem til eru um íslensk efnahagsmál. Ef ríkisstjórnin er ósátt við þær upplýsingar sem matsfyrirtækin fá hjá Seðlabankanum ættu þau að beina gagnrýninni að honum.

Lánshæfismat er forsenda þess að ríkissjóður geti gefið út skuldabréf á alþjóðamarkaði og lánshæfismatið hefur einnig áhrif á lánshæfismat íslenskra fyrirtækja. Með því að gera lítið úr lánshæfismatinu er verið að gera lítið úr þeim vinnureglum sem viðhafðar eru á alþjóðlegum fjármálamörkuðum og vissulega er það athyglisvert að forsætisráðherra og fjármálaráðherra Íslands láti til sín taka á þeim markaði. Fjárhagsleg staða ríkissjóðs er afar sterk og hefur sjaldan verið sterkari og þess vegna túlka greiningardeildir á fjármálamarkaði breytingu á horfum að verulegu leyti sem áfellisdóm yfir stjórn efnahags- og ríkisfjármála. Einkum er bent á að þrátt fyrir metháa stýrivexti hafi einkaneyslan á ný farið á fullan skrið og erfiðlega gengur að hemja verðbólguna. Undirliggjandi vandi er að þegar þensla var sem mest jókst samneyslan og erfiðlega virðist ætla að vinda ofan af henni. Það er í raun ríkisvaldið sem er helsti þensluvaldur og verðbólguhvati í hagkerfinu en síðan er almenningi kennt um.

Aðalatriðið er að greining og álit Standard & Poor's er í öllum aðalatriðum samhljóða áliti Seðlabanka Íslands, sbr. Peningamál 2007:3, og þegar forsætisráðherra og fjármálaráðherra eru að gagnrýna Standard & Poor's eru þeir í raun að gagnrýna fyrrum leiðtoga sinn, Davíð Oddsson, sem nú stýrir Seðlabankanum. Það er algjör nauðsyn að Seðlabankinn og ríkisstjórnin gangi í takt og séu sammála um stefnuna ef einhver árangur á að nást í stjórn efnahagsmála.

Engin stefnubreyting.

Það vekur sérstaka athygli, þegar rýnt er í fjárlagafrumvarpið og breytingartillögur meiri hlutans nú við 2. umræðu fjárlaga, að engrar stefnubreytingar verður vart í fjárlagaáherslum frá því sem var í tíð fyrri ríkisstjórnar. Þess sér hvergi stað að núverandi ríkisstjórn hyggist efna umfangsmikil kosningaloforð, sérstaklega Samfylkingarinnar, á sviði velferðarmála, aukna áherslu á umhverfismál eða annað í þeim dúr. Þvert á móti eru málefni aldraða, öryrkja og barnafjölskyldna síst betur meðhöndluð í þessu frumvarpi en var í tíð fyrri ríkis-

stjórnar og það litla sem er gert er að framfylgja ákvörðunum og samningum sem þegar hafði verið gengið frá fyrir stjórnarskipti. Þess sér heldur hvergi stað að heitstrengingar Samfylkingarinnar um stóraukin fjárframlög til menntamála, til rannsókna- og þróunarmála og þar fram eftir götunum líti dagsins ljós. Ekki er um að ræða hækkun á skattleysismörkum eða hækkun á frítekjumarki áður en til skerðingar kemur á greiðslum úr almannatryggingakerfinu og þannig mætti áfram telja. Ekki er tekið á málefnum sveitarfélaganna og ekki lagt fé til að jafna flutningskostnað, jafna námskostnað, draga úr efniskostnaði framhaldsskólanema og þar fram eftir götunum.

Að einu leyti verður þó að segjast að fjárlagafrumvarpið felur í sér hreina og klára stefnubreytingu og eru það hin stórauknu útgjöld til hernaðartengdra verkefna sem samtals hlaupa á milljörðum króna. Má ætla að kostnaður vegna nýtilkominna og stórfelldra útgjalda sem tengjast áherslum ríkisstjórnarinnar á að viðhalda hér hernaðarumsvifum, heræfingum og öðru hernaðarbrölti, þrátt fyrir brottför Bandaríkjahers, nemi samtals a.m.k. 2,5 ma.kr., ef lagðar eru saman tölur fjáraukalagafrumvarps fyrir yfirstandandi ár og tillögur að fjárveitingum til slíkra verkefna í fjárlagafrumvarpi til ársins 2008.

Einstakir málaflokkar og verkefni.

Velferðarmál.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sagði m.a. að flokkarnir hefðu einsett sér að „mynda frjálslynda umbótastjórn um kraftmikið efnahagslíf, öfluga velferðarþjónustu, bættan hag heimilanna og … málefni yngstu og elstu kynslóðanna eru forgangsmál ríkisstjórnarinnar og hún mun leggja áherslu á að auka jöfnuð með því að bæta kjör þeirra hópa sem standa höllum fæti.“ Jafnframt sagði: „Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir markvissum aðgerðum í þágu barna og barnafjölskyldna á Íslandi. Í því skyni verði mótuð heildstæð aðgerðaáætlun í málefnum barna og ungmenna.“

Fyrri ríkisstjórn fór þá leið að fella niður hátekjuskatt og að lækka skattprósentu á almenn laun og fyrirtæki. Ætla mætti, með hliðsjón af stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að nú væri röðin komin að lágtekjufólki, öryrkjum og öldruðum að njóta skattalækkana. Þess sjást þó ekki merki í fjárlagafrumvarpinu og sem dæmi má nefna að barnabætur hækka einungis um 300 m.kr., eða 3,5%, og ná ekki að fylgja eftir þróun verðlags. Komugjöld hækka, viðmiðunarmörk fyrir afsláttarkort í heilbrigðisþjónustunni hækka, svo dæmi séu tekin, og þjónusta sem ætti að vera gjaldfrjáls gegnir nú sífellt viðameira hlutverki í tekjuöflun ríkisins. Sértekjur í heilbrigðisgeiranum eru hækkaðar með þessu frumvarpi úr 3,8 ma.kr. í 5,1. Þetta er 30% hækkun en nú nema sértekjur 2,6% af heildarútgjöldum ráðuneytisins en á næsta ári er gert ráð fyrir að sértekjur verði 3,3% af útgjöldum ráðuneytisins. Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu á að hækka komugjöldin almennt um 160 m.kr. Komugjöld fyrir heimsóknir til sérgreinalækna á að hækka um 100 m.kr. og það á að hækka greiðslur frá vistmönnum á öldrunarheimilum um 90 m.kr. Þessar ráðstafanir koma mjög á óvart í ljósi þess að á síðasta þingi stóð þáverandi stjórnarandstaða saman og barðist gegn þessum hækkunum, sem þá voru kallaðir sjúklingaskattar. Núna er þessu einfaldlega rennt inn í frumvarpið og Samfylkingin kokgleypir tillögur Sjálfstæðisflokksins. Fyrir Alþingiskosningar var talað um að stórefla velferðarþjónustuna og það er kapítuli út af fyrir sig að þess skuli ekki sjá stað í þessu frumvarpi um fjárlög og útgjöld ríkisins á komandi ári. Þetta er ekki gert þó að hverju mannsbarni sé ljóst að víða í velferðarþjónustunni horfir til mikilla vandræða ef ekki beinlínis neyðarástands. Eitt stærsta málið frá síðasta vetri þar sem stjórnarandstaðan, Samfylkingin, Vinstri hreyfingin – grænt framboð og Frjálslyndi flokkurinn, stóð saman var um nýskipan lífeyris-

mála. Þess sér ekki stað í þessu frumvarpi að það eigi að breyta til í þeim málum frekar en öðrum.

Hækkun skattleysismarka er einfaldasta, besta og réttlátasta leiðin til að bæta kjör hinna lægst launuðu. Þingmenn Frjálslynda flokksins hafa lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, þskj. 15, 15. mál, sem gerir ráð fyrir að tekin verði upp hærri persónuafsláttur.

Í greinargerð frumvarpsins segir: „Með frumvarpi þessu er lagt til að bæta verulega hag lágtekjufólks með því að taka upp sérstakan persónuafslátt sem kemur til viðbótar núverandi persónuafslætti. Tekjur manns að 150 þús. kr. á mánuði verða skattfrjálsar, en skattleysismörk eru nú rétt tæplega 90 þús. kr. á mánuði. Nái frumvarpið fram að ganga munu skattar lækka um 21.400 kr. á hverjum mánuði hjá þeim sem hefur 150 þús. kr. á mánuði. Á heilu ári nemur kjarabótin fyrir lágtekjufólk allt að 257 þús. kr. Skattar munu einnig lækka hjá þeim sem hafa tekjur frá 150 þús. kr. til 250 þús. kr. á mánuði, en við þau tekjumörk fellur sérstaki persónuafslátturinn niður. Gert er ráð fyrir að sérstaka persónuafslættinum verði eins og persónuafslættinum ráðstafað til greiðslu tekjuskatts, útsvars og fjármagnstekjuskatts og falli niður það sem þá er enn óráðstafað. Hins vegar verður sérstaki persónuafslátturinn ekki millifæranlegur til maka. Ráðherra er falið að setja í reglugerð ákvæði um ráðstöfun sérstaka persónuafsláttarins á móti staðgreiðslu á tekjuári samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda þannig að hann nýtist þá strax eins og kostur er, en eðli málsins samkvæmt verður sérstaki persónuafslátturinn ákvarðaður endanlega við álagningu skatta þegar skattframtal liggur fyrir. Verði frumvarpið að lögum mun það bæta kjör elli- og örorkulífeyrisþega sérstaklega en þeir eru fjölmennir í tekjulægstu hópunum í þjóðfélaginu. Þannig er t.d. talið að nærri þriðjungur aldraðra hafi tekjur lægri en 120 þús. kr. á mánuði. Samkvæmt upplýsingum frá Landssambandi eldri borgara hefur þróun kaupmáttar ráðstöfunartekna 1988–2007 hjá ellilífeyrisþega sem ekki býr einn verið fjarri því að halda í við kaupmáttaraukninguna hjá almenningi á sama tíma. Hefur hækkunin hjá ellilífeyrisþeganum verið aðeins tæplega 20% en 60% hjá almenningi. Afdrifaríkast fyrir lágtekjufólk hefur verið lækkun skattleysismarka á þessum tíma. Skattleysismörkin eru aðeins rétt tæplega 90 þús. kr. á mánuði en væru um 120 þús. kr. ef þau hefðu fylgt verðlagi og nærri 150 þús. kr. nú ef þau hefðu fylgt launavísitölu. Vegna þessarar þróunar hefur skattlagning á tekjur lægri en 150 þús. kr. á mánuði farið vaxandi. Fyrir ellilífeyrisþega sem greiddi ekki skatt af tekjum sínum við upphaf staðgreiðsluskattskerfisins þýðir lækkun skattleysismarkanna síðan þá minnkandi ráðstöfunartekjur eftir skatta og nú er svo komið að af sambærilegum tekjum og voru 1988 fara ein mánaðarlaun í skatta til ríkisins og lífeyrisþeginn er verr staddur sem því nemur. Þessi þróun kemur skýrt fram þegar skoðuð er skattbyrði einstakra tekjuhópa og framteljendum skipt í tíu jafnstóra hópa. Í lægstu tíund eru 10% tekjulægstu framteljendurnir og þannig koll af kolli. Borin er saman skattbyrði árin 1994 og 2004 og þá kemur í ljós að skattbyrðin hefur vaxið í öllum tíundarhópunum nema þeim hæsta þar sem hún hefur lækkað. Skattbyrðin hefur hins vegar þyngst mest í lægstu tekjuhópunum, um 14% í lægstu tíundinni og 15,3% í næstlægstu. Meðaltalshækkun skattbyrðarinnar hjá öllum tekjuhópunum er um 4,5% samkvæmt gögnum sem Stefán Ólafsson prófessor hefur látið taka saman. Í heildina hafa heildarskatttekjur hins opinbera aukist um 10% af landsframleiðslu frá 1995 til 2004, meðal annars með því að skatttekjur af lágum tekjum hafa aukist á tímabilinu. Fer ekki á milli mála að lækkun skattleysismarka á verulega sök á þessari þróun þar sem saman hefur farið raunlækkun persónuafsláttarins og lækkun tekjuskattsprósentunnar sem léttir sköttum mun meira af háum tekjum en lágum. Afleiðingin verður vaxandi ójöfnuður milli þjóðfélagshópanna sem sést best á þróun svonefnds Gini-stuðuls. Tilgangur frumvarpsins er að rétta hlut þeirra sem

lágar tekjur hafa og gera hann svipaðan og var við upphaf staðgreiðsluskattkerfisins með því að færa skattleysismörkin upp í 150 þús. kr. á mánuði fyrir þá sem hafa þær tekjur og lægri. Á tekjubilinu frá 150 þús. kr. upp í 250 þús. kr. verða einnig hærri skattleysismörk vegna sérstaka persónuafsláttarins og verða þau frá 150 þús. kr. og að 90 þús. kr. á mánuði eins og þau eru nú og fara lækkandi með vaxandi tekjum. Sem dæmi mundi sá sem hefur 2.400.000 kr. í árstekjur eða 200 þús. kr. á mánuði vera með 120 þús. kr. í skattleysismörk í stað 90 þús. kr. nú. Frumvarpið mun bæta kjör tuga þúsunda framteljenda ef það nær fram að ganga.“

Í umræðum á Alþingi sagði Atli Gíslason, þingmaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, m.a.: „Við eigum ekki að skattleggja fólk sem er með tekjur undir framfærslumörkum, það er þjóðarskömm en það hefur verið raunin í mörg, mörg ár. Það hefur verið raunin að öryrkjar með lágmarkslífeyri eru skattlagðir og það er ótrúlegt að fólk með 100 þús. kr. framfærslueyri á mánuði þurfi að borga 37% af síðasta tíu þúsund kallinum. Þannig hefur ríkisstjórnarstefnan verið og þannig birtist hún enn í fjárlagafrumvarpinu. Þrátt fyrir fögur fyrirheit heldur persónuafsláttur sem ákveðinn er í fjárlagafrumvarpinu vart við verðlagsþróun, það eru veruleg áhöld um það hvort persónuafsláttur sem ákvarðaður hefur verið í fjárlögum standist verðlagsþróun. Ríkisstjórnin heggur enn í sama knérunn, enn á að hygla stóreigna- og hátekjumönnum og láta öryrkja, aldraða, láglaunafólk og millitekjufólk borga brúsann. Það gengur ekki.“

Með breytingu á lögum um almannatryggingar sem tóku gildi um síðustu áramót bættist við 300.000 kr. frítekjumark sem veitir öryrkjum rétt til að vinna sér inn 25.000 kr. á mánuði án þess að lífeyrir þeirra skerðist. Í ljós hefur komið að margir öryrkjar hafa nýtt sér þetta frítekjumark þótt lágt sé. Með því að hækka frítekjumarkið verulega mundi skapast raunverulegur hvati til atvinnuþátttöku og samfélagslegrar virkni. Þingmenn Frjálslynda flokksins hafa lagt fram frumvarp um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um málefni aldraðra, (þskj. 10, 10. mál), til að afnema með öllu þau lagaákvæði sem skerða bætur elli- og örorkulífeyrisþega vegna atvinnutekna bótaþega eða maka hans.

Ef ríkisstjórnin meinar eitthvað með sínum fögru fyrirheitum mun hún styðja þessi frumvörp og gera viðeigandi breytingar á fjárlagafrumvarpinu til samræmis.

Húsnæðismál.

Íslendingar hafa lengi litið á það sem sjálfsagðan hluta samfélagsgerðar sinnar að fólk eigi möguleika á því að koma sér þaki yfir höfuðið. Hér hefur ríkt ákveðin þverpólitísk sátt um það markmið að allir eigi rétt á heimili og það skipti máli að fólk geti með reisn komið sér upp heimili hvort sem það er í eigin eigu eða öruggri leigu. Íbúðalánamarkaður hefur tekið stórstígum breytingum hérlendis á undanförnum árum og við búum nú við umhverfi sem stjórnast af innreið bankanna á íbúðalánamarkaðinn og hækkun lánshlutfalls hjá Íbúðalánasjóði sumarið 2004. Öfugt við það sem sumir reiknuðu með þegar viðskiptabankarnir héldu innreið sína á húsnæðislánamarkaðinn hefur orðið erfiðara fyrir ungt fólk að koma sér upp þaki yfir höfuðið. Eftir þessar breytingar varð ákveðin uppstokkun á markaði, margir endurfjármögnuðu lán sín en aðrir, t.d. þeir sem voru að kaupa sína fyrstu íbúð, tóku jafnvel 100% lán. Á undanförnum árum hefur kostnaður við eigið húsnæði vaxið gríðarlega og á síðustu fimm árum hefur húsnæðisliðurinn í vísitölu neysluverðs hækkað um tæp 90%.

Nú eru hins vegar blikur á lofti. Fyrir þremur árum voru vextirnir um 4% en síðan hafa þeir hækkað og eru nú dæmi um meira en 7% vexti til íbúðalána. Þessir háu vextir gera fólki erfiðara um vik við íbúðarkaup, ekki síst því sem er að kaupa sína fyrstu íbúð. Við þetta bætist að núna í sumar var lánshlutfall Íbúðalánasjóðs lækkað úr 90% í 80% og má að hámarki vera 18 m.kr. Lánið þarf að vera innan við 100% af brunabótamati og lóðarmati sem

oftast er langt undir markaðsvirði. Afleiðingarnar af hærri vöxtum og meiri greiðslubyrði eru þær að fólk á erfiðara með að standast greiðslumat. Fólk sem fékk greiðslumat fyrir 18 m.kr. fyrir tveimur árum fær kannski núna mat upp á 13–14 m.kr., þ.e. að á sama tíma sem fasteignaverð hækkar lækkar lánveiting Íbúðalánasjóðs. Það þýðir einfaldlega að fólk þarf að fá viðbótarlán með enn hærri vöxtum eða fá með í eignum ættingja eða vina. Hvernig er staðan fyrir ungt fólk sem er að kaupa sína fyrstu eign og hvað verður um þá sem ekki eiga ættingja sem geta stutt þá? Fjölmennir hópar fólks hafa verið hraktir af almennum íbúðamarkaði. Meðaltekjur fólks duga ekki til að eignast meðalíbúð og til að bæta gráu ofan á svart er leigumarkaðurinn jafnvel enn óaðgengilegri en húsnæðismarkaðurinn. Leiga fyrir meðalíbúð er svo há að venjulegt fólk hefur ekkert aflögu til að leggja fyrir til væntanlegra húsnæðiskaupa. Þær byrðar sem íslenskir húsnæðiskaupendur bera eiga sér ekki hliðstæðu í Evrópu. Hér eru hærri vextir en þekkjast á byggðu bóli, lánin eru verðtryggð til hagsbóta fyrir fjármagnseigendur og síðan þarf að borga stimpilgjöld af öllu saman.

Vaxtagjöld vegna íbúðalána hafa farið hækkandi sem hlutfall af ráðstöfunartekjum heimilanna og hafa farið úr 5,5% árið 1994 í 7,2% árið 2005. Á sama tíma hafa vaxtabætur sem hlutfall vaxtagreiðslna lækkað úr 26% í tæp 15% sem sýnir minnkandi stuðning vaxtabótakerfisins. Nettóvaxtagjöld vegna íbúðalána að frádregnum vaxtabótum til heimilanna hafa jafnframt hækkað töluvert eða úr 4% af ráðstöfunartekjum heimilanna árið 1994 upp í 6,1% árið 2005. Þegar tekin eru öll vaxtagjöld vegna allra lána hafa þau hækkað úr 6,7% upp í 9,8% af ráðstöfunartekjum heimilanna á sama tíma. Það er ljóst að hækkun vaxta og vaxtabóta hefur því ekki farið saman og þó að vaxtabótakerfið sé að stærstum hluta að þjóna því fólki sem á erfitt með húsnæðiskaup þá er stuðningurinn of lítill. Vaxtabætur hafa ekki fylgt þróuninni á markaði og þó gert sé ráð fyrir 6,3% hækkun vaxtabóta í fjárlagafrumvarpinu þá dugar það ekki til. Þetta kemur fram í skýrslu sem unnin var um aðstæður fólks á húsnæðismarkaði fyrir félagsmálaráðuneytið. Í skýrslunni kemur einnig fram „að langir biðlistar eru eftir félagslegu leiguhúsnæði hjá sveitarfélögum og Öryrkjabandalagi Íslands, eða um 1.650 manns. Um 70% þeirra eru með heildartekjur undir 150.000 krónum á mánuði og flestir eru einhleypir og barnlausir en einstæðir foreldrar eru um 30%. Yfir 700 börn eru á framfæri þeirra sem eru á biðlistunum. Útlendingar eru 5% þeirra sem bíða eftir félagslegu húsnæði. Þar að auki eru 1.100 námsmenn á biðlistum hjá húsnæðisfélögum námsmanna. Í könnunni kemur fram að mikill húsnæðiskostnaður er nátengdur almennum greiðsluerfiðleikum fólks og sterkar vísbendingar eru um að erfitt sé fyrir ungar barnafjölskyldur að koma inn á fasteignamarkaðinn og fólk með tekjur undir meðaltekjum. Því lægri sem tekjurnar eru þeim mun erfiðara er það. Einstæðir foreldrar eru í sérstaklega erfiðri stöðu á húsnæðismarkaði.“ Þrátt fyrir kannanir og yfirlýsingar hefur ekkert gerst og nefnd sem félagsmálaráðherra skipaði í sumar um eflingu húsnæðislánakerfisins, sérstaklega um félagslega þáttinn og leigumarkaðinn og átti að skila áliti fyrir 1. nóvember, hefur ekki skilað af sér.

Úrbóta er þörf. Það þarf að ríkja sátt um að hér starfi Íbúðalánasjóður fyrir alla landsmenn, endurskoða þarf lánshlutfall hans og skoða möguleika á félagslegum íbúðalánum sem engin hafa verið síðan Byggingasjóður verkamanna var lagður niður. Þegar málið var rætt á Alþingi í haust viðurkenndi félagsmálaráðherra að húsnæðisstefnan sé í kalda koli og hér ríkti neyðarástand. Ríkið þyrfti að viðurkenna að húsnæðismál væru velferðarmál, sagði félagsmálaráðherra, en hefur hins vegar enga lausn á takteinum.

Heilbrigðismál.

Á undanförnum árum hefur gjaldtaka fyrir hvers konar heilbrigðisþjónustu aukist. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar kemur fram sú stefna að á Íslandi verði veitt heilbrigðis-

þjónusta á heimsmælikvarða, stórauka eigi forvarnir, lækka lyfjaverð og einfalda greiðsluþátttöku hins opinbera. Þessum markmiðum verður ekki náð nema að aðgengi allra að heilbrigðisþjónustunni sé tryggt, óháð efnahag. Það verður einungis gert með því að leggja af alla gjaldtöku fyrir opinbera heilbrigðisþjónustu. Einnig er nauðsynlegt að í næstu kjarasamningum verði kjör starfsfólks innan almannaþjónustunnar stórbætt. Ef menn opna ekki augu sín fyrir þeim mikla vanda sem blasir við innan velferðarþjónustunnar þá stefnir þar í mikið óefni. Erfitt er orðið að manna margar stofnanir og horfir beinlínis til landauðnar. Kjaramunur fer vaxandi í samfélaginu og þegar litið er til almannaþjónustunnar sérstaklega þá er ljóst að hún er að dragast aftur úr því sem gerist á almennum vinnumarkaði og ef takast á að manna stofnanir velferðarsamfélagsins verður að bjóða þar upp á kjör og réttindi eins og best gerist á íslenskum vinnumarkaði og því fer afar fjarri að svo sé núna.

Rúnar Vilhjálmsson, prófessor í heilsufélagsfræði, hefur staðið að tveimur heilbrigðiskönnunum á landsvísu meðal 18–75 ára einstaklinga, árin 1998 og 2006. Niðurstöður þeirra segir hann benda til brotalama hvað varðar kostnaðarbyrðar fólks vegna heilbrigðisþjónustu. Rúnar sagði m.a. í viðtali við Morgunblaðið 18. nóvember: „Þótt við séum með félagslegt heilbrigðiskerfi og stjórntæki til að jafna út kostnaðinn við heilbrigðisþjónustuna, hefur okkur ekki tekist nægilega vel að jafna kostnaðarbyrðarnar milli þjóðfélagshópa. Það er meiri munur milli þjóðfélagshópa en ég átti von á. Þannig hallar á hópa sem síst skyldi, eins og til dæmis aldraða og öryrkja og þá sem lægstar tekjur hafa. Það samrýmist illa réttlætiskennd þjóðarinnar og vinnur gegn lögum um heilbrigðisþjónustu og um réttindi sjúklinga, sem boða að landsmenn skuli eiga rétt á góðri heilbrigðisþjónustu og að óheimilt sé að mismuna sjúklingum. Þá má minna á að eitt af markmiðum íslenskrar heilbrigðisáætlunar til 2010 er að aðgengi að heilbrigðisþjónustunni sé auðvelt og sem jafnast fyrir alla landsmenn. Þegar við lítum á niðurstöður um hlutfall heildarútgjalda vegna heilbrigðisþjónustu af heimilistekjum, þá sýna þær, að hlutfallið er í hærri kantinum meðal kvenna, yngra og eldra fólks, ekkjufólks, barnafjölskyldna, einbýlinga, námsmanna, þeirra sem ekki hafa vinnu og eru atvinnulausir, þeirra sem hafa lægsta menntun, lágtekjufólks, þeirra sem glíma við króníska sjúkdóma og öryrkja. Meðal þessara hópa er kostnaðarbyrðin mest hjá lágtekjufólki, fólki sem hefur misst maka sinn, atvinnulausum og öryrkjum. Þessi munur kemur fram þrátt fyrir að í okkar félagslega heilbrigðiskerfi sé beitt stjórntækjum sem eiga að verja þessa hópa; ég nefni breytileg komugjöld eftir aldri og örorku, afsláttarkort og tekjutengda endurgreiðslu heildarkostnaðar vegna heilbrigðisþjónustu. Það er nauðsynlegt að við setjumst yfir þetta mál og reynum að ná fram meiri jöfnuði milli þjóðfélagshópa. Tekjutenging þjónustugjalda er vandmeðfarið og raunar vafasamt úrræði, m.a. vegna þess að ráðstöfunartekjur og greiðslustaða fólks ræður meiru um getu til að greiða fyrir þjónustu en framtaldar heildartekjur.“

Rúnar nefndi að rúmlega 20% frestar eða hættir við að leita til heilbrigðisþjónustunnar þótt tilefni væri til að leita eftir þjónustu. Ástæður þess að fólk leitar ekki eftir þjónustu voru meðal annars tímaskortur, aðstæður á vinnumarkaði en einnig vekur athygli að um 30% nefna fjárhagslegar ástæður og um 20% nefna að ekki var vitað hvert átti að leita (hægt var að nefna fleiri en eina ástæðu). Rúnar bendir á að það þurfi að lágmarka þann hóp, sem frestar því að leita læknis eða hættir við það. Aðgengið er ekki nægilega gott af mörgum ástæðum. „Þjónustugjöldin hafa sitt að segja og það eru stjórnvöld sem ráða þeim. Upplýsingaskortur og tengslaleysi eru einnig ástæður og aðgengisvandinn, þá þekkingarvandi og tengslavandi. Það er áberandi að fólk sem hefur heimilislækni og getur nafngreint hann, eða á samskipti við hjúkrunarfræðing á heilsugæslustöð, frestar því síður að leita sér frekari heilbrigðisþjónustu. Endurskoða þarf sjúkratrygginga- og þjónustugjöld, og heilbrigðiskerfið getur líka stuðlað að betri kynningu á þeirri heilbrigðisþjónustu sem fólki stendur til boða.“

Þá kom einnig fram í rannsókn Rúnars að landafræðin hefur líka sín áhrif á aðgengið. Fjarlægðir skipta máli og þá ekki síst tíminn sem það tekur að komast á þjónustustað. „Heilsugæslustöðvarnar sem nú eru víða komnar um landið veita fólkinu í nágrenni sínu fjölbreytta þjónustu. En dreifingin á sérfræðiþjónustu, sálfræðiþjónustu og sjúkraþjálfun utan sjúkrahúsa er afar skökk að því leytinu til að hún þjappast nær öll saman á suðvesturhorninu. Fólk utan af landi þarf því að gera sér borgarferð með tilheyrandi ferða- og jafnvel gistikostnaði meðan íbúar höfuðborgarsvæðisins geta skroppið í sérhæfðu þjónustuna. Þarna er mikill aðstöðumunur og fjarlægðin og fyrirhöfnin, að ekki sé talað um kostnaðinn, leiða til verra aðgengis landsbyggðarfólks að þessari heilbrigðisþjónustu.“

Rúnar leggur áherslu á að undið sé ofan af þeirri raunaukningu sem orðin er í útgjöldum einstaklinga vegna heilbrigðisþjónustunnar. Þessi útgjöld námu 1% af vergri landsframleiðslu árið 1987, en voru komin í 1,7% árið 2004. Meginástæða þess að þessi raunaukning hefur ekki dregið niður aðgengi fólks að heilbrigðiskerfinu almennt er að fólk hefur notið kaupmáttaraukningar á síðustu árum, sem hefur vegið upp á móti raunaukningu heilbrigðisútgjalda. En hækkunin hefur komið illa við þá sem ekki hafa notið kaupmáttaraukningarinnar til fulls, þ.e. aldrað fólk, atvinnulausa, öryrkja, langveika og láglaunafólk. Rúnar segir að niðurstöður rannsóknanna samrýmist illa réttlætiskennd þjóðarinnar og lögum um heilbrigðisþjónustu og réttindi sjúklinga, sem segja að óheimilt sé að mismuna sjúklingum.

Nauðsynlegt er að tryggja nægilegt fjármagn til heilbrigðisþjónustunnar en ef fram heldur sem horfir munu ónóg fjárframlög til opinberu heilbrigðisþjónustunnar óhjákvæmilega leiða til þess að fleiri þættir hennar flytjist út fyrir almannatrygginguna og einkarekin starfsemi eflist, sem og að einkasjúkratryggingar verði á boðstólum. Þessi þróun mun leiða til þess að allur almenningur verður skilinn út undan. Framlög til Landspítala, svo dæmi sé tekið, hafa ekki aukist að raungildi undanfarin sjö eða átta ár. Ríkisendurskoðun hefur af þessu tilefni fagnað mikilli framleiðniaukningu á sjúkrahúsinu. Það þýðir að hagrætt hafi verið en í sumum tilvikum hefur það verið á kostnað starfsfólksins. Krafa stjórnvalda um enn meiri „framleiðniaukningu“ er tilræði við velferðarkerfið. Heilbrigðiskerfið þarf meira fjármagn til þess að búa betur að starfsfólki, sjúklingum og síðast en ekki síst þarf að auka forvarnir til að auka heilbrigði þegar til langs tíma er litið.

Ætla mætti, með hliðsjón af stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, að nú ætti að taka á vanda heilbrigðiskerfisins. Talað var um að stórefla velferðarþjónustuna og það er kapítuli út af fyrir sig að þess skuli ekki sjá stað í fjárlagafrumvarpinu og útgjöld ríkisins á komandi ári. Þetta er ekki gert þó að hverju mannsbarni sé ljóst að víða í heilbrigðisþjónustunni horfi til mikilla vandræða ef ekki beinlínis neyðarástands. Komugjöld hækka, viðmiðunarmörk fyrir afsláttarkort í heilbrigðisþjónustunni hækka, svo dæmi séu tekin, og þjónusta sem ætti að vera gjaldfrjáls gegnir nú sífellt viðameira hlutverki í tekjuöflun ríkisins. Sértekjur í heilbrigðisgeiranum eru hækkaðar með þessu frumvarpi úr 3,8 ma.kr. í 5,1 ma.kr. Þetta er 30% hækkun en nú nema sértekjur 2,6% af heildarútgjöldum ráðuneytisins en á næsta ári er gert ráð fyrir að sértekjur verði 3,3% af útgjöldum ráðuneytisins. Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu á að hækka komugjöldin almennt um 160 m.kr. og það á að hækka greiðslur frá vistmönnum á öldrunarheimilum um 90 m.kr.

Fjárveitingar til heilbrigðismála duga ekki til að standa undir þeirri þjónustu sem nauðsynlegt er. Ætlar ríkisstjórnin að axla ábyrgð? Eða er hún staðráðin í því að brjóta niður velferðarþjónustuna til að byggja hana upp að nýju, einkarekna og rándýra? Afgreiðsla komandi fjárlaga er prófsteinn á stefnumörkun ríkisstjórnarinnar.

Byggðamál.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir m.a.: „Stefna skal að því að allir landsmenn eigi greiðan aðgang að menntun, atvinnu og þjónustu óháð búsetu og fái notið sambærilegra lífskjara. Skilgreind verði þau störf á vegum ríkisins sem hægt er að vinna án tillits til staðsetningar og þannig stuðlað að fjölgun starfa á landsbyggðinni. Í rammafjárlögum fyrir næstu fjögur ár verði lögð mikil áhersla á eflingu innviða samfélagsins á sviði samgangna og fjarskipta. Úrbætur í samgöngum eru lykilatriði til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins og lækka flutningskostnað. Styttri vegalengdir milli byggðakjarna og öruggari vegir skapa möguleika á stærri og lífvænlegri atvinnu- og búsetusvæðum. Ráðist verði í stórátak í samgöngumálum og aukin áhersla lögð á umferðaröryggi og almenningssamgöngur. Ríkisstjórnin mun beita sér sérstaklega fyrir úrbótum á samgöngukerfi höfuðborgarsvæðisins. Tryggja ber að landsmenn hafi allir færi til að nýta sér þá byltingu sem orðin er í gagnaflutningum. Ríkisstjórnin vill tryggja öryggi í gagnaflutningum til og frá landinu með nýjum sæstreng og sömuleiðis að flutningshraði gagna aukist í takt við þá þróun sem á sér stað. Góð gagnasamskipti auka mjög aðgengi að menntun og þjónustu, óháð landfræðilegri staðsetningu, og fela auk þess í sér tækifæri til nýsköpunar.“ Undir þessa ágætu yfirlýsingu gætu líklega flestir skrifað en eins og við var að búast meinti ríkisstjórnin ekkert með þessu.

Það er alltaf ánægjulegt að fá auknar tekjur ef þær eru vel fengnar en það er líka gott að vita af því tímanlega og best er ef hægt er að ráðstafa þeim að vild. Til dæmis væri æskilegt að setja aukið fjármagn til sveitarfélaganna, ekki aðeins vegna mótvægisaðgerða og þess að mörg sveitarfélög hafa verið svelt á undanförnum árum heldur líka til að setja þar nýtt og sérmerkt fjármagn inn til þess að styrkja sveitarstjórnarstigið. Sérstök ástæða er til að fjalla um fjármál og stöðu sveitarfélaganna enda eru þau mikilvægur og ört vaxandi hluti í þjóðarbúskapnum. Á undanförnum árum hafa sveitarfélögin í landinu verið að taka við auknum verkefnum. Í sumu tilvikum hefur verið um samkomulag að ræða á milli ríkis og sveitarfélaga og samið um tilflutning tekjustofna í leiðinni. Í öðrum tilvikum hefur ríkið einhliða sett verkefni til sveitarfélaga sem hafa kostað þau umtalsverðar upphæðir án þess að fá aukna tekjustofna til að sinna þeim. Þá hafa breytingar í skattumhverfi sömuleiðis skert stöðu sveitarfélaganna. Má þar nefna að fjölmargir launþegar hafa kosið að stofna einkahlutafélög og fært þannig skattbyrði sína til og lækkað hana. Á því hafa þeir hagnast og ríkið hefur hagnast á því sömuleiðis en sveitarfélögunum hefur blætt. Þau hafa orðið af útsvarstekjum en ríkið fengið í staðinn aukinn fjármagnstekjuskatt og tekjuskatt frá lögaðilum. Þess vegna hafa sveitarfélögin reist kröfuna um hlutdeild í fjármagnstekjuskatti sem er réttlætismál því að þeir sem einungis greiða fjármagnstekjuskatt eiga að leggja sitt af mörkum til þeirrar þjónustu sem sveitarfélögin sinna. Af hverju skyldu þeir ekki greiða sína hlutdeild í leikskóla og grunnskóla fyrir börnin sín eins og allur almenningur gerir?

Frá 1993 og til ársins 2009 er uppsafnaður halli á rekstri sveitarfélaganna samkvæmt þjóðhagsspá um 50 ma.kr. Aðeins fjögur ár af þessum sautján árum hafa sveitarfélögin skilað tekjuafgangi sem segir ekki alla sögu því að afkomu sveitarfélaganna er afar misskipt. Það er grafalvarleg staða sem blasir við sveitarfélögum sem er að sjálfsögðu hluti af vanda hins opinbera og ríkið verður að hætta að velta verkefnum og vanda yfir á sveitarfélögin og berja sér svo á brjóst yfir því hve vel gengur hjá ríkissjóði. Meðal þess sem sveitarfélögin hafa tekið við en ekki fengið bætt með tekjustofnum eru alls konar tilskipanir í gegnum EES-samninginn en talið er að sveitarfélögin beri meginhluta kostnaðar við innleiðingu EES-tilskipana, jafnvel allt að 75%. Má þar nefna að kostnaður sveitarfélaga við að innleiða svonefnda fráveitutilskipun Evrópusambandsins er talinn nema um 20 ma.kr. og engir nýir

tekjustofnar hafa komið þar á móti og er hér aðeins nefnd ein tilskipun af mörg hundruð sem hafa komið frá Brussel.

Þess sést hvergi stað í fjárlagafrumvarpinu að fjárhagur sveitarfélaganna verði bættur til frambúðar með það að markmiði að efla sveitarstjórnarstigið. Sveltistefna Sjálfstæðisflokksins gagnvart sveitarfélögunum heldur áfram og það kemur einnig fram í svokölluðum mótvægisaðgerðum vegna aflasamdráttar. Sveitarsjóðir og hafnarsjóðir eiga að fá 250 m.kr. á ári í þrjú ár vegna tekjusamdráttar. Svo vill til að hafnarsjóðirnir einir verða af u.þ.b. 150 m.kr. tekjum á ári og líkur benda til að sveitarsjóðir geti orðið af tekjum á bilinu 200–300 m.kr. á ári og er það líklega varlega áætlað. Þetta bætist ofan á hjá sveitarfélögum sem mörg hver eru afar illa stödd fyrir en þurfa að sjálfsögðu að halda uppi fullri þjónustu eftir sem áður. Því miður hefur ríkisvaldið hingað til ekki verið reiðubúið að tryggja tekjugrundvöll sveitarfélaganna til frambúðar og það eru engin teikn á lofti í þessu fjárlagafrumvarpi um að þar verði breyting á. Mikilvægt er að styrkja og breikka tekjustofna sveitarfélaga þannig að þau geti veitt íbúunum viðunandi þjónustu.

Það skiptir máli hvernig tekið er á hinum einstöku málum sem snúa að landsbyggðinni sérstaklega. Nánast allar sveitarstjórnir vítt og breitt um landið, sérstaklega í sjávarbyggðunum, hafa sent erindi um það sem þær telja að til þurfi að koma til að styðja við þróun byggðar og atvinnumöguleika þar á komandi árum með tilliti til þess sem ríkisstjórnin hefur ákveðið. Hagkerfið í landinu virðist vera þannig að mikil þensla er á suðvesturhorninu en niðursveifla sums staðar annars staðar, neikvæður hagvöxtur og fólksfækkun. Ef eitthvað er mun frekar herða að hinum dreifðu byggðum við þann niðurskurð sem boðaður hefur verið varðandi þorskaflann. Bankarnir hafa ekki verið mjög viljugir að lána út á land og reyndar bara alls ekki lánað á suma staði og einkafyrirtækin flýja landsbyggðina vegna aðstöðuleysis. Fjármálaráðherra hefur sagt að ríkisstjórnin og þingið ráði ekki markaðnum. Það er rétt. Alþingi ræður ekki yfir peningastefnu bankanna en Alþingi ræður stefnunni í fjármálum ríkisins. Stefna virðist vera sú að stefna í eina átt, að viðhalda þenslunni á suðvesturhorninu en takast ekki á við þann vanda sem er í tvöföldu hagkerfi okkar með niðursveiflu á landsbyggðinni. Þetta kemur m.a. fram í áætlunum um breytingar á skipan Stjórnarráðsins en þar er enn verið að auka útþensluna í Reykjavík í stað þess að nota tækifærið og flytja einstaka stofnanir út á land.

Fyrsti minni hluti hefur stutt það sem kalla má varanlegar samgöngubætur, varanlega vegagerð, jarðgöng, jarðgangagerð og styttingu akstursleiða milli landsvæða. Um það hafa verið flutt mörg mál undanfarin ár og reyndar var þingsályktun um aukna áherslu á jarðgangagerð samþykkt og henni vísað til ríkisstjórnarinnar í vor. Nauðsynlegt er að áframhaldandi kraftur verði í því að koma okkur inn í nútímann að því er varðar vegakerfi landsins. Það eru mjög arðbærar framkvæmdir og á að setja þær fram yfir margt annað í verklegum framkvæmdum eða framkvæmdum sem ríkið vill ýta undir. Hvers vegna var fyrir tæpum tveimur árum nokkrum samgönguframkvæmdum að sumarlagi frestað um heilt ár fyrir smámuni? Það getur ekki gengið að koma fram með svona misvísandi skilaboð eftir því hvort framkvæmdin er á landsbyggðinni, því þar var vegaframkvæmdum frestað sumarið 2006, eða á hafnarbakkanum í Reykjavík þar sem framkvæmdunum er ekki frestað þrátt fyrir að fjárhæðirnar séu margfalt hærri.

Mótvægisaðgerðirnar eru 10 ma.kr. og ef við drögum frá þær framkvæmdir sem átti að gera hvort sem er og búið var að ákveða þá eru þetta ekki nema um 4 ma.kr. á þremur árum. Það er rúmlega 1 ma.kr. á ári að meðaltali í framkvæmdaumhverfi hins opinbera og almenna markaðarins sem er upp á nærri 400 ma.kr. Mótvægisaðgerðirnar eru um fjórðungur úr prósenti. Halda menn að fjórðungur úr prósenti sé eitthvert mótvægi við allt hitt, alla hina

uppbygginguna sem er fyrst og fremst samanþjöppuð hér á litlu svæði? Það er ekkert mótvægi. Það er svo ójafnt að jafnvel þó að mótvægisaðgerðirnar hafi einhver áhrif, séu af hinu góða og til hins betra, og vonandi að það verði sem mestur árangur af þeim, er hann samt sáralítill í hlutfalli við allt hitt sem verið er að gera með hinni hendinni. Í umræðunni um fjárlagafrumvarpið, flýtiframkvæmdir og mótvægisaðgerðir er mikið talað um stórfellda aukningu á fjármagni til samgöngumála. Vonandi fæst það staðist skoðun. En er það samt ekki svo að hér er fyrst og fremst um að ræða að koma sér af stað í verkefni sem þegar var búið að fresta undanfarin fjögur ár eða svo vegna þenslunnar að sagt var?

Þær miklu framkvæmdir sem ráðgerðar eru í samgöngumálum eru þó í algerri óvissu og bæði formaður og varaformaður fjárlaganefndar lýstu yfir miklum efasemdum um að þær kæmu til framkvæmda á næsta ári eins og gert er ráð fyrir. Hvers vegna er verið að lofa einhverju sem á ekki að standa við? Landsbyggðin lifir ekki á loforðum?

Ný raforkulög hafa leitt til hækkunar á húshitunarkostnaði á köldum svæðum þrátt fyrir fyrirheit um annað. Þegar raforkulögunum var breytt fyrir tæpum tveimur árum var tekinn upp einn taxti í stað tveggja áður. Rafmagn til húshitunar var á mun lægra verði en rafmagn til almennra nota en í dag greiða allir sama verð. Niðurstaðan er lækkun til þeirra sem nota rafmagn aðeins til lýsingar og fyrir ýmiss konar rafmagnstæki en hækkun til þeirra sem þurfa að kynda með rafmagni. Rafmagn hefur hækkað um tæp 25% til þeirra sem nota rafmagn til húshitunnar og það er ekki eins og menn töluðu um og óeðlilegt að fólk þurfi að borga þetta hátt verð fyrir að nota rafmagn til húshitunnar. Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum vilja hækka niðurgreiðslur til að rétta hlut þeirra sem ekki eiga kost á hitaveitu. Kristinn Jónasson, formaður samtakanna, sagði m.a. í samtali við Ríkisútvarpið (16. nóvember): „Íslendingar [framleiða] það mikið af orku bæði raforku og jarðvarma og okkur finnst það ekki eiga að skipta máli hvaða orkugjafa þú notar til að kynda húsin þín þannig að menn hafa nú verið sammála fram að þessu að það eigi að reyna að jafna orkukostnað allra landsmanna og hafa þess vegna verið með svokallaða niðurgreiðslu á raforku og við viljum að stjórnvöld auki þessar niðurgreiðslur til þess að jafna orkukostnað þeirra sem nota rafmagn til húshitunnar.“ Þær upphæðir sem ætlaðar eru í frumvarpinu til þessa málaflokks duga engan veginn til að vega upp þann mikla mun sem það kostar að hita hús á köldum svæðum.

Það er ekki einungis að húshitunarkostnaður sé hærri á landsbyggðinni þar sem engin er hitaveitan heldur er raforkuverð til fiskvinnslufyrirtækja, sem í mörgum tilfellum eru stóriðjur hinna smærri byggða, óeðlilega hátt. Það er kunnara en frá þurfi að segja að fyrir um þremur árum gengu í gildi lög byggð á Evrópusambandsreglum um framleiðslu, flutning og sölu á raforku. Í kjölfarið urðu talsverðar hækkanir á raforkuverði víðast hvar, einkum þó á landsbyggðinni. Ýmsum aðilum og þar á meðal fiskvinnslu í landinu finnst raforkuverðið tilfinnanlega hátt og bera sig eðlilega saman við stórnotendur, enda eru fiskvinnslufyrirtækin í mörgum tilvikum stórir kaupendur að orku, t.d. fiskimjölsverksmiðjur eða fyrirtæki sem reka aflmiklar frystingarstöðvar í landi. Á fundi Samtaka fiskvinnslustöðva í haust voru leiddar að því líkur að raforkuverð til fiskvinnslunnar væri að meðaltali um 6,30 kr. á kílóvattstund. Talið var að raforkuverð til stóriðju gæti verið nálægt 2 kr. á kílóvattstund, sem er nú líklega ansi ríflega áætlað. Væri ekki heppilegt að ríkisstjórnin sem verið hefur í miklum vandræðum með handabakalegar mótvægisaðgerðir sínar að grípa til myndarlegra mótvægisráðstafana og aðgerða gagnvart fiskvinnslunni sem væru fólgnar í því að tryggja henni hagstæðara orkuverð?

Það væri út af fyrir sig fróðlegt að fá frekari upplýsingar um uppbyggingu í fjarskiptamálum vítt og breitt um landið í samræmi við fyrirheit í fjarskiptaáætlun því að fjárlagafrumvarpið veitir engin sérstök svör í því efni. Þegar Síminn var seldur á sínum tíma var talað um

að peningarnir yrðu meðal annars notaðir til að koma upp háhraðaneti í dreifðari byggðum landsins. Fram hefur komið í fréttum (Ríkisútvarpið 12. nóvember) að það kostar íbúa í Svarfaðardal 250 þús. kr. að tengjast nýjum ljósleiðara í dalnum og þegar upp er staðið þá borga þeir 60–70 þús. kr. meira á ári en almennir notendur í Reykjavík borga fyrir sambærilega tengingu. Samkvæmt þeim áætlunum sem Fjarskiptasjóður vinnur eftir átti að vera búið að leggja ljósleiðara í Svarfaðardal á árinu 2007. Kannski gengur það eftir, eða var framkvæmdum frestað til að draga úr þenslu? Vonandi gefst tækifæri til þess að afla nánari upplýsinga fyrir þriðju umræðu um frumvarpið.

Mennt er máttur.

Menntun er forsenda framfara og nýsköpunar. Framtíð Íslendinga í sátt við umhverfið byggir á þekkingarauði þjóðarinnar. Þann auð ber að ávaxta með öflugu menntakerfi fyrir alla á öllum skólastigum. Mikilvægt er að tryggja jafnan aðgang að menntun, óháð efnahag, búsetu og öðrum þáttum. Nú liggja fyrir fjögur ný frumvörp frá menntamálaráðherra þar sem boðuð er ný menntastefna og aukin áhersla á menntamál en því miður sér þess ekki stað í fjárlagafrumvarpinu.

Framhaldsskólar landsins þurfa að þola raunlækkun milli ára verði ekki breyting á fjárveitingum í meðförum fjárlaganefndar. Þetta gengur gegn öllum fyrirheitum stjórnvalda um úrbætur og um öflugan framhaldsskóla fyrir alla. Enn eru kostnaðarútreikningar miðaðir við gallað reiknilíkan sem hefur einna helst virkað sem tæki til að deila út of litlum fjármunum. Styrkja þarf framhaldsskólana til að þeir geti boðið upp á fjölbreytt nám, hvort sem er bóknám, iðnnám eða listnám, og tryggja þarf að fleiri haldi áfram námi að loknum grunnskóla.

Þá fær Háskóli Íslands einungis 3% hækkun vegna fjölgunar ársnema og Kennaraháskóli Íslands 3,2% miðað við síðasta ár. Á móti er þeim gert að taka á sig 105,3 m.kr. hagræðingarkröfu og einnig er sértekjukrafan hækkuð um 318 m.kr. og þeim gert að greiða 70,6 m.kr. fasteignaskatt. Hliðstæðar kröfur eru gerðar til Kennaraháskóla Íslands. Til samanburðar fá Háskólinn á Akureyri, Háskólinn í Reykjavík og Háskólinn á Bifröst nálægt 6% hækkun. Miklu skiptir að tryggja jafnan aðgang nemenda að háskólanámi og nemendafjölgun sé ekki fyrst og fremst beint til skóla sem innheimta veruleg skólagjöld. Fyrirsjáanlega þarf Háskóli Íslands að takmarka fjölda nemenda við skólann umtalsvert á næstu árum, ef nemendafjölgun verður ekki bætt með auknum framlögum en á næsta ári gerir skólinn ráð fyrir að framlög vanti fyrir 435 nemendaígildi. Þá er Háskólanum á Akureyri haldið í úlfakreppu vegna skuldastöðu sinnar en miklu skiptir að hún verði leiðrétt, líkt og gert hefur verið við sumar opinberar stofnanir í fjáraukalögum og fjárhagsgrunnur hans fylgi eftir vexti hans. Þrátt fyrir hástemmd loforð þingmanna stjórnarflokkanna bólar ekki enn á stofnun Háskóla Vestfjarða á Ísafirði.

Áfram er staða tónlistarnáms og þátttaka ríkisins í þeim kostnaði í uppnámi. Hefur það bitnað hart t.d. á nemendum á landsbyggðinni sem sækja þurfa nám lengra að. Jafnrétti til náms og öflugir skólar um land allt eru lykilatriði fyrir þróun samfélagsins. Þetta þarf að tryggja, ekki aðeins með stefnumótun heldur líka í fjárlögum.

Utanríkismál.

Útgjöld utanríkisráðuneytisins hækka um 2 ma.kr. frá fjárlögum 2007 og ríkisstjórnin stærir sig af auknu framlagi til eflingar þróunarmála. Það er vel að við veitum meira fé í þróunaraðstoð til þeirra sem vissulega þurfa þess. 1. minni hluti fagnar þeim breyttu áherslum sem utanríkisráðherra kynnti fyrr í sumar. Þegar að er gáð kemur í ljós að útgjaldaliður-

inn Þróunarmál og alþjóðastofnanir hækkar um tæpar 500 m.kr. en útgjaldaliðurinn Varnarmál og Keflavíkurflugvöllur um tæpan 1,5 ma.kr. Þessu til viðbótar er gert ráð fyrir um milljarði til sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli og ef embætti ríkislögreglustjórans er tekið með þá er það um 1,5 ma.kr. til viðbótar. Á sama tíma standa fjárveitingar til sýslumanna úti á landi í stað og eru að minnka að raungildi. Út úr þessu má lesa að þjónustan við fólkið er að dragast saman á sama tíma sem dómsmálaráðherra er gjörsamlega búinn að tapa sér í hernaðarhyggju sem hann réttlætir með ímyndaðri hryðjuverkaógn. Nú er svo komið að um 44% af útgjöldum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins er vegna löggæslu- og öryggismála en einungis 17,5% fara til sýslumanna. Ef útgjöld til kirkjumála eru undanskilin, en dómsmálaráðherra hefur viðrað þá skoðun sína að þau eigi ekki lengur erindi í sérstakt ráðuneyti, þá eru um 60% af útgjöldum ráðuneytisins til þessara svokölluðu öryggismála. Þetta er þróun sem verður að sporna gegn.

Breytingar á stjórnarráðinu.

Á sumarþingi var samþykkt að breyta lögum um Stjórnarráð Íslands, lögum nr. 109 / 2007. Þá skorti alla nánari útfærslu á þeim tilfæringum sem til stóðu en í sumar og haust hafa stjórnarflokkarnir togast á um verkefni. Hér verður ekki fjallað nánar um þessar breytingar en einungis vakin athygli á að í umsögn fjármálaráðuneytisins um þessar breytingar sagði m.a.: „Markmið þessara aðgerða er að laga stjórnsýsluna og verkefni ráðuneyta betur að þörfum nútímans og að ráðuneyti verði öflugar og skilvirkar einingar þar sem skyldum málaflokkum er skipað saman undir eina stjórn. Fjármálaráðuneytið gerir ráð fyrir að áhrif frumvarpsins á kostnað ríkissjóðs verði einkum í formi tilflutnings á kostnaði milli ráðuneyta og stofnana og auki þannig ekki heildarkostnað ríkissjóðs. … Í einhverjum tilvikum kann þó að koma til breytinga á kostnaði, svo sem vegna breytinga á starfsmannafjölda eða húsnæði, en komi til slíkra óvæntra útgjalda eða biðlauna verður að fjalla um það sérstaklega. Markmið ríkisstjórnarinnar í því sambandi er að þeim kostnaði verði haldið í lágmarki þannig að hann rúmist innan ramma viðkomandi ráðuneyta og stofnana.“

Þetta kostnaðarmat fjármálaráðuneytisins stenst engan veginn og nú þegar liggja á borðinu beiðnir á fjáraukalögum fyrir árið 2007 og fjárlögum næsta árs upp á hundruð milljóna króna vegna þessara áformuðu breytinga. 1. minni hluti telur að nái áform ríkisstjórnarinnar fram að ganga um uppstokkun á ráðuneytum og verkefnum þeirra muni þær breytingar einar sér kalla á aukin ríkisútgjöld á næstu árum sem gætu numið milljörðum króna. Þessi aukning kemur öll í 101 Reykjavík.

Þá eru gerðar alvarlegar athugasemdir við þau áform meiri hlutans að keyra inn breytingartillögur við fjárlagafrumvarpið nú við 2. umræðu sem byggja á fjárlagaliðum og lögum sem ekki eru fyrir hendi. Það er að mati 1. minni hluta ólöglegt og óþingræðislegt. Fjárlagafrumvarpið og fjárlög eiga að byggja á gildandi lögum. Ef ný lög kalla á breytingar á fjárlögum eru flutt um þær fjáraukalög sem má bera fram eins oft og þarf innan ársins. Með þessum vinnubrögðum meiri hlutans er í raun verið að valta yfir Alþingi og virða að engu lög og þingræðislegar hefðir. Virðist ríkisstjórn Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks ætla að halda áfram þeim yfirgangi og valdbeitingu sem lýsti sér best á sumarþinginu þegar keyrð voru í gegn breytingar á þingsköpum og Stjórnarráði í fullkomnu ósætti innan Alþingis. Þau ráð sem meiri hlutinn hefur sótt í þessu máli eru mjög sérstæð.

Lokaorð.

Ástæða væri til að gera athugasemdir við ýmislegt fleira í þessu frumvarpi. Þær athugasemdir bíða þó 3. umræðu þegar allar breytingartillögur ríkisstjórnar og meiri hluta fjárlaga-

nefndar liggja fyrir og heildarmynd er komin á frumvarpið. 1. minni hluti vill leggja sérstaka áherslu á vandaðan undirbúning fjárlaga. Viðvarandi hallarekstur ríkisstofnana vegna þess að þær fá of lítið fjármagn á fjárlögum gengur ekki til frambúðar. Tryggja verður eðlilegan rekstrargrunn stofnana og ábyrga áætlanagerð og fjármálastjórn. Nauðsynlegt er að nota nú tækifærið og greiða upp halla á stofnunum ríkisins og koma þeim á réttan fjárhagslegan grundvöll. 1. minni hluti hefur lýst sig reiðubúinn til að standa að tillögum þar um og tryggja eðlilegar fjárveitingar í fjárlögum fyrir árið 2008 svo ekki þurfi að hefja sama leikinn með fjáraukalögum næsta árs.

1. minni hluti hefur lagt á það áherslu að tekin væru upp ný vinnubrögð og þrátt fyrir fögur fyrirheit hefur meiri hluti fjárlaganefndar ekki náð að breyta vinnulagi, a.m.k. enn sem komið er. Nauðsynlegt er að taka upp nýjar verklagsreglur sem auki sjálfstæði fjárlaganefndar og gagnsæi við fjárlagagerð og mun 1. minni hluti að sjálfsögðu vinna með meiri hlutanum að slíkum breytingum. Fjárheimildir og uppsafnaður vandi er látinn flæða á milli ára þannig að alla yfirsýn vantar og þetta hefur leitt til að fjárlög ríkisins eru ekki sá skýri rammi um rekstur ríkisins eins og þau eiga að vera. Vegna þessa eru fjárlögin ekki það verkfæri við stjórn efnahagsmála eins og þau gætu verið. Ríkisstjórnin hefur með kæruleysislegri umgengni sinni um fjárlögin sýnt að ekki á að nota ríkisfjármálin sem eitt af stýritækjunum í efnahagslífinu.

Alþingi, 27. nóv. 2007.

Jón Bjarnason, frsm. Guðjón A. Kristjánsson.

346. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2008.

Frá 2. minni hluta fjárlaganefndar.

Inngangur.

Fjárlagafrumvarp það sem hér liggur frammi er frumraun núverandi ríkisstjórnar og lagt fram í upphafi kjörtímabils. Við lok síðasta kjörtímabils jukust ríkisútgjöld meira en áður hafði sést í tíð fráfarandi ríkisstjórnar enda var þá einnig mjög góð afkoma á ríkissjóði og tekjuafgangur verulegur þrátt fyrir útgjaldaauka. Í ljósi þeirra váboða sem síðan hafa komið fram í íslensku efnahagslífi, skal viðurkennt að vel hefði mátt fara hægar í aukningu ríkisútgjalda undir lok tímabilsins. Að sjálfsögðu horfa mörg mál sem fram koma í fjárlagafrumvarpinu til framfara. Sérstaklega ber að fagna því að ríkisstjórnin ætlar að standa við það samkomulag sem síðasta ríkisstjórn gerði um að bæta kjör aldraðra og öryrkja.

Núverandi ríkisstjórn tók við afar góðu búi en um leið vandasömum aðstæðum í þjóðarbúinu vegna viðvarandi uppgangs og góðæris í efnahagslífinu sem margt bendir til að nú sjái fyrir endann á. 2. minni hluti er sammála meiri hlutanum um það mat á aðstæðum að vel geti komið til þess að dragi úr þenslu á næstu missirum, en um það ríkir óvissa sem taka þarf tillit til. En raunalegt er að sjá hversu fjárlagafrumvarp það sem hér er til umræðu er í litlu samræmi við þessar aðstæður og ber í raun öll með sér þau lausatök efnahagsmála sem hafa verið

einkenni núverandi stjórnarsamstarfs. Í fyrstu umræðu um fjárlagafrumvarpið sagði Árni Mathiesen fjármálaráðherra m.a.: „Í ljósi þessara markmiða kann ýmsum að þykja vöxtur útgjalda heldur mikill. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs aukist tímabundið sem hlutfall af vergri landsframleiðslu árin 2007–2009, en fari síðan lækkandi þegar ráðstöfun á söluandvirði Landssímans er lokið og dregur úr mótvægisaðgerðum. Rúmlega 86% af hækkun útgjalda af landsframleiðslu frá árinu 2007 til 2008 má rekja til framkvæmda og mótvægisaðgerða og afganginn að mestu til aukinna tilfærsluútgjalda, meðal annars vegna spár um aukið atvinnuleysi svo og vegna samnings um bætt kjör eldri borgara og öryrkja.“

2. minni hluti telur rangt og beinlínis háskalegt að bregðast þannig við sólarmerkjum um minnkandi þenslu í samfélaginu með hátt stemmdum fjárlögum, enda geti það orðið til að ýta undir brotlendingu skuldsettra heimila og fyrirtækja vegna vaxtahækkana.

Mikilvægt er að efnahagsstjórn, þar sem fjárlögin eru eitt mikilvægasta stjórntækið, sé ávallt viðbúin að takast á við þær sveiflur sem verða á hverjum tíma. Eins og málum er háttað er mikil óvissa um hagsveiflu næstu missira. Ríkið þarf að vera viðbúið og hafa svigrúm til að bregðast við. Ef þenslan verður áfram mikil, þarf að fara í aðgerðir til að draga úr peningamagni í umferð með sparnaðarhvetjandi aðgerðum en verði samdráttur ráðandi þarf ríkið að koma inn með hvetjandi hætti, t.d. með skattalækkunum.

Með hátt stemmdu fjárlagafrumvarpi, eins og hér er lagt fram, er þetta svigrúm ríkissjóðs afar lítið ef nokkuð og hagstjórnarmöguleikar eftir því litlir.

Mikil útgjaldaaukning.

Nú stefnir í að ríkisútgjöld muni aukast um 60 ma.kr. milli áranna 2007 og 2008, þ.e. um rúma 40 ma.kr. samkvæmt fjárlagafrumvarpinu og að hefðbundin framúrkeyrsla verði í kringum 20 ma.kr. Þetta er um þriðjungi meiri aukning en varð milli áranna 2006 og 2007 og sambærileg aukning og sjá mátti á tveggja til þriggja ára tímabili að meðaltali í stjórnartíð fyrri ríkisstjórnar. Það er eðlilegt að einhver aukning verði á ríkisútgjöldum á kosningaári en aðstæður í efnahagslífinu nú kalla þvert á móti á að gætt sé aðhalds og að minnsta kosti ekki siglt hraðar en verið hefur í aukningu ríkisútgjalda.

Tekjur og gjöld ríkissjóðs 2002–2008.
(Milljarðar kr. á verðlagi hvers árs.)

	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Tekjur	251,6	267,4	306,6	362,6	412,3	438,8	455,8
Gjöld	262,0	282,6	297,4	317,0	350,5	397,6	438,3
Aukning tekna		15,7	39,2	56,0	49,7	26,5	17,0 *
Aukning gjalda		20,6	14,7	19,7	33,5	47,1	40,7

*Gera má ráð fyrir að þessi tala verði um 60 ma.kr. miðað við hefðbundnar framúrkeyrslur.

Engum vafa er undirorpið að hið hátt stemmda fjárlagafrumvarp sem hér liggur frammi eru ein af ástæðunum fyrir síendurtekinni hækkun stýrivaxta hjá Seðlabanka sem svo aftur skilar sér beint í kjararýrnum skuldsettra heimila í landinu. Önnur afleiðing slælegrar efnahagsstjórnar um hálfs árs skeið skilar sér þegar í horfum á lakara lánshæfismati íslenska ríkisins sem hefur keðjuverkandi áhrif á peningamarkaðinn í heild.

Þá er áhyggjuefni hversu lítil fylgni er milli aðgerða Seðlabanka Íslands og ríkisvaldsins. Komi til erfiðleika á íslenskum hlutafjármarkaði og í bankarekstri er enn brýnna en ella að þessir aðilar séu samstíga í aðgerðum sínum.

Nauðsynlegt er að ríkisstjórnin taki fast á efnahagsmálum með aðhaldssömum fjárlögum og undirbúningi skattalækkana sem grípa má til með skömmum fyrirvara ef og þegar til þess kemur að samdráttur verður í einkaneyslu og atvinnulífi. Sterk staða ríkissjóðs samfara mikilli skuldasöfnun almennings og atvinnulífs kallast á um aðgerðir í þá veru út frá almennum reglum um sanngirni og þjóðarsátt. Með því mætti færa hluta af góðri afkomu ríkissjóðs til lækkunar skulda í samfélaginu. Þegar í stað mætti grípa til skattaívilnana vegna hlutafjárkaupa sem verkað getur til að gera lendingu efnahagslífsins mýkri með bindingu sparifjár jafnframt því sem rennt væri sterkari stoðum undir atvinnulíf á viðkvæmum tímum. Sömuleiðis getur ríkið ýtt undir frekari sparnað með endurupptöku sérstaks viðbótarframlags í séreignarlífeyrissjóði og upptöku mótframlags við húsnæðissparnað til kaupa á fyrstu íbúð.

Framundan er erfiður tími kjarasamninga þar sem takast á miklar væntingar í kjölfar góðæris og horfur á minnkandi þenslu á mörgum sviðum atvinnulífsins. Ríkisvaldið hefur oft þurft að koma inn í gerð kjarasamninga með ýmsum hætti og þarf að vera í stakk búið til að geta einnig gert það á komandi kjarasamningum.

Forsendur frumvarpsins.

Í frumvarpi til fjárlaga 2008 er gert ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs verði um 461 ma.kr., þar af nemi skatttekjur um 422 ma.kr. Samkvæmt því er gert ráð fyrir að tekjur verði 85 ma.kr. meiri en er í fjárlögum 2007. Þegar betur er að gáð kemur í ljós að tekjur ríkisins árið 2007 verða líklega um 456 ma.kr., sbr. endurskoðaða tekjuáætlun við 2. umræðu um frumvarp til fjáraukalaga, eða um 80 ma.kr. meiri en gert var ráð fyrir í fjárlögunum. Tekjur ársins 2008 eru því áætlaðar um 5 ma.kr. hærri ef miðað er við endurskoðaða tekjuáætlun 2007. Ný tekjuáætlun fjármálaráðuneytis gerir ráð fyrir því að tekjur ríkisins hækki um 8 ma.kr. og verði 469,4 ma.kr. Munar þar mest um hækkun á virðisaukaskatti um 5 ma.kr. en einnig er gert ráð fyrir að tekjuskattur hækki um 1,5 ma.kr. og stimpilgjöld um 1 ma.kr.

Gjöldin eru áætluð um 430 ma.kr. og að tekjujöfnuður verði tæplega 31 ma.kr. Gert er ráð fyrir að útgjöldin aukist um 63 ma.kr. milli ára, sé miðað við fjárlög 2007 en um 42 ma.kr. sé miðað við áætluð útgjöld árið 2007. Miðað við fyrri fjárlög þar sem útgjöldin hækkuðu um tæpan 21 ma.kr., eða um rúm 5% af upphaflegri áætlun, má gera ráð fyrir að útgjaldahækkunin á árinu 2008 verði um 24 ma.kr., eða um 17%. Nú þegar hefur ríkisstjórnin sett fram óskalista um hækkun útgjalda upp á 3,7 ma.kr. en þar af fara 2,7 ma.kr. í ýmis útgjöld sem tengjast Keflavíkurflugvelli. Sá milljarður sem þá er eftir dreifist víða en athygli vekur að um 200 m.kr. eru áætlaðar til breytinga á húsnæði vegna breytinga á verkskiptingu ráðuneyta. Þá er gert fyrir lækkun útgjald frá fyrri tillögum og munar þar mest um 2,5 ma.kr. lækkun á framlögum til vegamála. Í heild er gert ráð fyrir að tekjujöfnuður ríkissjóðs aukist um tæpa 9 ma.kr.

Fjárlagafrumvörp, fjárlög og fjárauki 2007–2008.

	Tekjur alls	Gjöld samtals	Tekjujöfnuður
Fjárlög 2007	376.413,7	367.260,0	9.153,7
Frumvarp til fjáraukalaga fyrir 2007	71.861,0	15.826,0	56.035,0
Frumvarp til fjáraukalaga eftir 2. umr.	8.202,0	4.931	3.271,0
Samtals:	**456.476,7**	**388.017**	**68.459,7**
Frumvarp til fjárlaga fyrir 2008	461.168,4	430.354,9	30.813,5
Áætlun fyrir 2. umræðu	469.400,0	434.157,4	39.242,0

Helstu forsendur frumvarpsins eru að hagvöxtur ársins 2008 verði um 1,2%, samdráttur í þjóðarútgjöldum verði tæplega 5%, en viðsnúningur verði í utanríkisviðskiptum sem beri uppi hagvöxtinn. Gert er ráð fyrir að verulega dragi úr viðskiptahalla, hann verði tæplega 9% af landsframleiðslu, og að atvinnuleysi aukist og verði um 2,9% af vinnuafli. Loks er gert ráð fyrir að verðbólga minnki niður í um 3,3% á árinu 2008 og að það dragi úr einkaneyslu. Helstu óvissuþættir frumvarpsins eru áform um frekari stóriðjuframkvæmdir, ástand á alþjóðamörkuðum, gengi íslensku krónunnar og komandi kjarasamningar. Hér er ekki um að ræða neina smávægilega óvissuþætti og þeir veikja verulega tiltrú á að tekjuáætlunin sé raunhæf og að hún sé trúverðug. Í raun á það við um fjárlagafrumvarpið í heild.

Hagspá fjármálaráðuneytis fyrir árið 2008.

Magnbreytingar, %, milli ára	
Einkaneysla	–0,9
Samneysla	2
Fjármunamyndun	–19,8
Þjóðarútgjöld	–4,8
Útflutningur	9,2
Innflutningur	–7
Viðskiptajöfnuður	–8,8
Hagvöxtur	1,2
Verðbólga	3,3
Atvinnuleysi	2,9
Gengisvísitala	119,3

Fulltrúar fjármálaráðuneytisins sem kynntu þjóðhagsspá ráðuneytisins og gerðu grein fyrir forsendum tekjuáætlunarinnar lögðu áherslu á að mikið hafi verið lagt upp úr því að bæta áætlanagerð undanfarin ár. Mikilvægt er að sá þáttur fjárlagagerðarinnar sé eins markviss og frekast er kostur. Engu að síður er mjög athyglisvert að veruleg frávik eru í endurskoðaðri tekjuáætlun ársins 2007 frá fjárlögum ársins. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun eru heildartekjur ríkissjóðs áætlaðar um 80 ma.kr. meiri en fjárlögin gerðu ráð fyrir og er það rúmlega 21% frávik. Um er að ræða það mikla skekkju að efast má um að finna megi neitt fordæmi um svipað í öðrum löndum sem við berum okkur gjarnan saman við. Þótt ekki sé eingöngu við ráðuneytið að sakast varðandi þessi miklu frávik er ljóst að þau gefa tilefni til að gagnrýna áætlanagerðina og kalla fram ýmsar spurningar um hana. Helstu skýringar sem gefnar hafa verið á frávikunum eru að um hafi verið að ræða verulegt vanmat í hagspá og á hagrænum þáttum. Mikill og viðvarandi þróttur efnahagslífsins er meginskýring á meiri tekjum en fjárlög 2007 gera ráð fyrir, einkaneysla hafi verið mun meiri en gert var ráð fyrir og atvinnuleysi hafi minnkað á þessu ári.

Ljóst er að gagnrýna má ýmsar forsendur frumvarpsins. Gera má ráð fyrir að áfram verði mikill þróttur í efnahagslífinu og miðað við nýjustu tíðindi er vart hægt að gera ráð fyrir því að úr þeim þrótti dragi eins fljótt og frumvarpið gerir ráð fyrir. Mikil þensla er á vinnumarkaði og engin merki um að úr henni dragi í bráð, þvert á móti er vinnumarkaðurinn í vexti og hálaunastörfum er að fjölga. Framleiðniaukning á sér stað, hvergi eru nein merki um samdrátt í framleiðni og almennt vex kaupmáttur mikið. Líklegt má telja að dragi úr fjárfestingum en sá krepputónn sem er í spám fjármálaráðuneytis og Seðlabanka um 15–20% samdrátt er mjög ósannfærandi. Gera má ráð fyrir að samneyslan verði meiri en gert er ráð fyrir í frumvarpinu

enda er verið að leggja til aukin útgjöld í ýmsa málaflokka og reynslan hefur sýnt að frekar er vanáætlað en of þegar nýjungar í velferðarmálum eru innleiddar, en þær eru sem kunnugt er þónokkrar. Hver einkaneyslan verður er erfitt að spá um en spár undanfarinna ára um minnkandi einkaneyslu hafa ekki gengið eftir. Fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir mun meiri samdrætti þjóðarútgjalda, þ.e. einkaneyslu, samneyslu og fjármunamyndun, og sama má segja um aðrar helstu hagstærðir. Hér spila margir þættir inn í, t.d. vaxtaákvarðanir Seðlabanka Íslands og gengi krónunnar. Þróunin á húsnæðismarkaði skiptir einnig miklu máli en hækkun fasteignaverðs hefur verið einn helsti verðbólguvaldurinn á undanförnum árum. Gert var ráð fyrir áframhaldandi miklum umsvifum í byggingariðnaði þar sem aukin fólksfjölgun og mikill kaupmáttur mundi áfram halda uppi eftirspurn eftir húsnæði. Eftir miklar vaxtahækkanir á húsnæðislánum í kjölfar stýrivaxtahækkunar Seðlabanka Íslands og yfirlýsingar forsætisráðherra um að fólk ætti að halda að sér höndum í fasteignakaupum er fasteignamarkaðurinn í uppnámi. Forsendur frumvarpsins um 1,2% hagvöxt eru ekki í takti við það sem greiningardeildir bankanna spá. Hagspár eru á bilinu 2,0–3,8% en í nýjustu spá Seðlabankans (Peningamál 2007:3) er gert ráð fyrir 0,4% hagvexti. Svartsýni Seðlabanka Íslands um framvindu íslenskra efnahagsmála er áfellisdómur yfir hagstjórninni.

Hagspár 2008.

	ASÍ	Fjármálaráðun.	Glitnir	Kaupþing	Landsbankinn	Seðlabankinn
Einkaneysla	–0,6	–0,9	–1	–1,7	2,5	–1,7
Samneysla	2,7	2	2,8	3,6	3,1	3,4
Fjármunamyndun	–4,4	–19,8	–13	–4,7	1,6	–15,3
Þjóðarútgjöld	–0,8	–4,8	–3,2	–1,3	2,5	–3,7
Útflutningur	6,5	9,2	13,7	9,8	4,9	14,1
Innflutningur	–2,9	–7	–2,3	–3,8	1,2	–0,1
Viðskiptajöfnuður	–9,1	–8,8	–10,3	–10,7	–15,5	–14,4
Hagvöxtur	2,3	1,2	2	3,8	3,7	0,4
Verðbólga	4,7	3,3	4,5	3,9	2,2	4,1
Atvinnuleysi	1,5	2,9	1,8	3,3	1,3	2,7
Gengisvísitala*		119,3	121,6	122	121,1	118,8

* ASÍ gerir ráð fyrir að gengisvísitalan verði 118–123 á árunum 2007–2009.

Tekjuskattur lögaðila hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár og tekjuskattur lögaðila hefur verið verulega vanáætlaður í tekjuáætlun frumvarpsins. Á sama hátt eru áætlaðar tekjur af tryggingagjaldi vanáætlaðar í frumvarpinu. Ef gengið er út frá því að umsvif efnahagslífsins verði meiri en forsendur frumvarpsins gera ráð fyrir þá liggur fyrir að tekjur af virðisaukaskatti eru vanáætlaðar í frumvarpinu. Fjármagnstekjuskattur hefur aukist mjög mikið á undanförnum árum og í frumvarpinu er gert ráð fyrir að tekjur af honum aukist á næsta ári. Fjármagnstekjuskattur er mjög kvikur tekjustofn sem endurspeglar m.a. þróun hlutabréfamarkaðar og óvarlegt er að treysta um of á hann til tekjuöflunar, sérstaklega í ljósi núverandi aðstæðna.

Atvinnuleysi hefur verið um eða undir 1% mestan hluta árs 2007. Rök fyrir því að atvinnuleysi muni aukast hratt á næsta ári og verða 2,9% á ársgrundvelli eru ekki haldbær. Allt útlit er fyrir að umsvif í atvinnulífinu verði áfram mikil á næsta ári, enda engin sérstök merki um samdrátt á vinnumarkaði.

Forsendur frumvarpsins um að verðbólga minnki í 3,3% árið 2008 eru ekki trúverðugar, m.a. miðað við álit ýmissa greiningaraðila og útlit varðandi ýmsa áhrifaþætti hagkerfisins. Miðað við síðustu ákvarðanir Seðlabanka um hækkun stýrivaxta verður að telja forsendur frumvarpsins lýsa bjartsýni, 12 mánaða verðbólga mælist nú yfir 5%. Við ákvörðun um stýrivexti leitast Seðlabanki við að spá um ástand efnahagsmála meira en ár fram í tímann og við nýjustu ákvörðun um hækkun stýrivaxta hlýtur Seðlabanki að gera ráð fyrir að verðbólguþrýstingur sé meiri en áður var gert ráð fyrir. Það er að mörgu leyti rökrétt að gera ráð fyrir meiri verðbólgu árið 2008 en gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Það liggur fyrir að óvissuþættir eru það veigamiklir að gera má ráð fyrir miklum frávikum frá áætluninni og að heildartekjur ríkissjóðs verði mun meiri en frumvarpið gerir ráð fyrir. Ráðaleysi ríkisstjórnarinnar í stjórn efnahagsmála gefur heldur ekki tilefni til að ætla að draga muni úr þenslu í hagkerfinu eins og þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins gerir ráð fyrir. Því eru öll teikn á lofti um að því miður sé um að ræða verulegt vanmat í hagspá og á hagrænum þáttum í forsendum tekjuáætlunar frumvarpsins.

Hagstjórnin.

Hagstjórn hefur verið gagnrýnd af greiningardeildum innlendra banka, fjölmörgum hagsmunasamtökum atvinnurekenda og launþega, sem og erlendum matsfyrirtækjum. Nýlega breytti matsfyrirtækið Standard & Poor's horfum á lánshæfismati ríkissjóðs úr stöðugum í neikvæðar.

Í fréttatilkynningu Seðlabanka Íslands sagði m.a.: „Matsfyrirtækið Standard & Poor's greindi frá því í dag (20. nóvember 2007) að það hefði breytt horfum á lánshæfismati ríkissjóðs Íslands í neikvæðar úr stöðugum. Matsfyrirtækið staðfesti einnig óbreyttar lánshæfiseinkunnir ríkissjóðs Íslands í erlendri mynt A+ (les: A plús) fyrir langtímaskuldbindingar og A-1 (les: A1) fyrir skammtímaskuldbindingar. Í íslenskum krónum eru einkunnirnar AA (les: AA) fyrir langtímaskuldbindingar og A-1+ (les: A1 plús) fyrir skammtímaskuldbindingar. Endurskoðun á horfunum endurspeglar vaxandi og þrálátt ójafnvægi í íslenska hagkerfinu, auk skorts á aðhaldi í ríkisfjármálum. Þótt skammtímaraunvextir Seðlabankans hafi farið yfir 8% er virkni miðlunar peningastefnunnar takmörkuð af snarpri aukningu í erlendum lántökum heimila og lítilli svörun vaxta á íbúðalánum við auknu aðhaldi peningastefnunnar. Endurnýjaður vöxtur í neyslu og seinkun á aukningu útflutnings leiða til þess að viðskiptahallinn mun ekki lagast eins hratt og búist var við. Áframhald á mikilli lántöku til húsnæðiskaupa kyndir undir verðhækkunum á húsnæði sem aftur dregur úr hjöðnun verðbólgu. Þetta er undirrót þess að Seðlabankinn hækkaði stýrivexti í 13,75% í nóvember 2007. Hagvöxtur hefur verið mikill í síðustu uppsveiflum í fjárfestingu og útlánum og á húsnæðismarkaði. En hægja mun óhjákvæmilega á honum þegar hagkerfið kólnar. Veruleg hætta er á að hagvöxtur dragist saman vegna áhrifa frá leiðréttingu á gengi, fasteignamarkaði eða lánamarkaði. Fjármál hins opinbera bötnuðu verulega í efnahagsuppsveiflunni. Afgangur af rekstri ríkis og sveitarfélaga var að meðaltali 5,6% af VLF árin 2005–2007. Ásamt myndarlegum tekjum frá einkavæðingu mun þetta hjálpa til við að færa skuldir hins opinbera undir 10% af VLF árið 2007 úr 38% árið 2003. Hins vegar hafa óbeinar ábyrgðir vegna fjármálageirans vaxið mikið vegna hraðrar útlánaaukningar innanlands. Neikvæðar horfur endurspegla vaxandi hættu á harðri lendingu íslenska hagkerfisins. Sá efnahagssamdráttur sem nú er hafinn mun hjálpa til við að vinda ofan af efnahagslegu ójafnvægi en sú þróun mun líklega tefjast vegna áætlana um hraða aukningu á útgjöldum hins opinbera sem og því að stöðugt hefur mistekist að endurskipuleggja Íbúðalánasjóð. Í tengslum við háa og hækkandi innlenda og alþjóðlega vexti munu þessir þættir auka áhættuna á harðri lendingu íslenska hagkerfisins. Lánshæfis-

matið gæti lækkað ef jafnvægi fæst aðeins með harkalegri aðlögun, sem hefði áhrif á stöðu opinberra fjármála þegar halli á ríkissjóði vex og gengið verður á óbeinar ábyrgðir. Ef hins vegar verður undið ofan af ójafnvæginu án verulegra vankvæða og áhættu því samfara er hamin ættu horfur aftur að verða stöðugar á ný.“

Eins og fram kemur í áliti Standard & Poor’s er ástæða lækkunar lánshæfismatsins vaxandi og þrálátt ójafnvægi í hagkerfinu og skortur á aðhaldi í ríkisfjármálum. Aukin hætta er á harðri lendingu hagkerfisins. Hröð aukning opinberra útgjalda viðheldur efnahagslegu ójafnvægi og við það ástand bætast háir og hækkandi innlendir og alþjóðlegir vextir. Lítið hefur dregið úr viðskiptahalla vegna aukinnar neyslu og seinkunar á útflutningsaukningu. Með þessu áliti Standard & Poor’s hefur íslenskum stjórnvöldum verið gefið gula spjaldið með þeim skilaboðum að nauðsynlegt sé að ná betri tökum á ríkisfjármálum, vilji stjórnvöld forðast lækkun á lánshæfiseinkunum ríkissjóðs. Enn um sinn haldast lánshæfiseinkunnir óbreyttar en Standard & Poor’s segir að gangi lending hagkerfisins ekki mjúklega fyrir sig gæti orðið breyting þar á. Að sama skapi verður horfunum breytt í stöðugar á ný ef vel tekst til að binda enda á það ójafnvægi sem einkennt hefur íslenska hagkerfið undanfarin missiri.

Þótt matsfyrirtækið Standard & Poor’s hafi ekki breytt lánshæfismati íslenska ríkisins, heldur eingöngu breytt horfum úr stöðugum í neikvæðar, eru þetta slæm tíðindi fyrir ríkissjóð. Þegar mati á horfum hefur verið breytt eru miklar líkur á að innan nokkurra mánaða verði lánshæfismatinu breytt í takt við þær breytingar sem voru gerðar á horfunum. Fari svo að lánshæfismatið verði lækkað verða afleiðingarnar þær að íslenska ríkið fær verri lánskjör á erlendum og innlendum lánamarkaði. Að vísu er ríkið ekki stór lántakandi vegna sterkrar stöðu ríkissjóðs en lánshæfismatið hefur áhrif á lánshæfismat íslenskra ríkisfyrirtækja, svo sem Landsvirkjunar og Íbúðalánasjóðs, en hvort um sig er stór lántakandi, og hefur líklega einnig áhrif á lánshæfismat fjármálafyrirtækja.

Greining og álit Standard og Poor’s er fyrst og fremst áfellisdómur yfir íslenskri hagstjórn frá því að núverandi ríkisstjórn tók við. Í öllum meginatriðum er það samhljóða greiningu og áliti Seðlabanka Íslands eins og það birtist í Peningamálum 2007:3. Bæði forsætisráðherra og fjármálaráðherra hafa gagnrýnt Standard & Poor’s fyrir álit þess. Forsætisráðherra sagði m.a. í viðtali við Morgunblaðið 21. nóvember: „Auðvitað er það óheppilegt að þeir skuli breyta horfunum en ég tel að rökstuðningnum fyrir því sé nokkuð ábótavant.“ Hann sagði einnig að „ákvörðun Standard & Poor’s komi á óvart og ýmsar forsendur sem matsfyrirtækið gefi sér séu heldur vafasamar“ að hans mati og „ekki í samræmi við raunveruleikann hér á landi“. Hann benti á að flestir þeirra sem verið hefðu að spá um efnahagsmál á Íslandi gerðu ráð fyrir því að viðskiptahallinn minnkaði hratt og hagvöxtur yrði minni en verið hefði og þannig mundi draga úr þenslu. Þá væri mjög myndarlegur afgangur af ríkisbúskapnum og skuldir hins opinbera hefðu minnkað mikið. Nýjustu breytingar á fjáraukalagafrumvarpinu sýndu einnig að tekjuafgangur ríkissjóðs væri að aukast þrátt fyrir að óhjákvæmilegt væri að bæta við útgjöld í nokkrum greinum „og það er ekki ólíklegt að þannig verði það líka með fjárlagafrumvarpið sjálft fyrir næsta ár“. Hér er forsætisráðherra að segja að ekki sé gert ráð fyrir að fara að ábendingum Standard & Poor’s varðandi hagstjórnina. Fjármálaráðherra tekur öllu dýpra í árinni enda virðist hann ekki átta sig ástandinu. Í viðtali við Morgunblaðið 21. nóvember sagði hann m.a. „Stundum áttar maður sig hreint ekki á álitum sem koma frá þessum aðilum. Það er sífellt talað um sömu hlutina, alveg sama hverjar aðstæðurnar eru. Það er sama hvort við erum búin að skera framkvæmdir ríkissjóðs niður í 1% af landsframleiðslu eða hvort þær eru 2% af landsframleiðslu. Það eru sömu athugasemdirnar sem koma frá þeim við aðstæður sem eru allt aðrar. Það hlýtur að segja manni að þeir eru ekkert að skoða aðstæðurnar hérna hjá okkur.“

Þessar yfirlýsingar eru sérkennilegar í ljósi þess að erlend matsfyrirtæki hafa mikil og náin samskipti við Seðlabanka Ísland sem útvegar allar nauðsynlegar upplýsingar. Þau fá m.a. allar upplýsingar um þjóðhagsreikninga, verðvísitölur og milliríkjaviðskipti. Þeim er haldið upplýstum um allt sem Seðlabankinn gerir og bankinn sér til þess að matsfyrirtækin fá ávallt nýjustu upplýsingar sem til eru um íslensk efnahagsmál. Matsfyrirtækin láta sér þetta ekki nægja og fulltrúar fyrirtækjanna koma til landsins öðru hverju til að gera sínar eigin úttektir. Í slíkum heimsóknum ræða þeir við starfsmenn Seðlabankans, fara í viðskiptabankana, opinberar stofnanir, ráðuneyti, fyrirtæki og í háskóla og ræða m.a. við hagfræðinga og stjórnmálafræðinga. Starfsmenn Seðlabankans hitta þar að auki matsmenn fyrirtækjanna reglulega á fundum erlendis og einnig eru haldnir símafundir, komi eitthvað sérstakt upp á. Kostnaðurinn við þessa vinnu fyrirtækjanna er greiddur af ríkissjóði samkvæmt samningum við þau.

Lánshæfismat er forsenda þess að ríkissjóður geti gefið út skuldabréf á alþjóðamarkaði og lánshæfismatið hefur einnig áhrif á lánshæfismat íslenskra fyrirtækja. Með því að gera lítið úr lánshæfimatinu er verið að gera lítið úr þeim vinnureglum sem viðhafðar eru á alþjóðlegum fjármálamörkuðum og vissulega er það athyglisvert að forsætisráðherra og fjármálaráðherra Íslands láti til sín taka á þeim markaði. Fjárhagsleg staða ríkissjóðs er afar sterk og hefur aldrei verið betri og þess vegna túlka greiningardeildir á fjármálamarkaði breytingu á horfum að verulegu leyti sem áfellisdóm yfir stjórn efnahags- og ríkisfjármála. Einkum er bent á að þrátt fyrir metháa stýrivexti hafi einkaneyslan á ný farið á fullan skrið og erfiðlega gangi að hemja verðbólguna. Það er í raun ríkisvaldið sem er helsti þensluvaldur og verðbólguhvati í hagkerfinu en almenningi er kennt um.

Aðalatriðið er að greining og álit Standard & Poor's er í öllum aðalatriðum samhljóða áliti Seðlabanka Íslands, sbr. Peningamál 2007:3, og þegar forsætisráðherra og fjármálaráðherra eru að gagnrýna Standard & Poor's eru þeir í raun að gagnrýna fyrrverandi leiðtoga sinn, Davíð Oddsson, sem nú stýrir Seðlabankanum.

Útgjöld.

Sem fyrr segir er staða ríkissjóðs sterk en aðstæður til að nýta sér þann mikla afgang sem er hafa sjaldan verið verri vegna óvissu í hagkerfinu.

Skipting útgjalda eftir málaflokkum.[1]

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2005	Reikningur 2006	Fjárlög 2007	Áætlun 2007	Frumvarp 2008
Almenn opinber þjónusta	16.859	18.217	20.542	22.270	21.640
Löggæsla og öryggismál	13.490	15.234	15.761	16.398	19.687
Fræðslumál	30.205	34.004	36.988	38.060	40.975
Heilbrigðismál	79.302	88.489	93.636	95.902	102.695
Almannatryggingar og velferðarmál	67.837	71.553	86.615	85.548	94.311
Húsnæðis-, skipulags- og hreinsunarmál	3.261	3.622	3.980	5.080	4.980
Menningar- og kirkjumál	11.836	13.979	14.043	14.249	14.824
Eldsneytis- og orkumál	2.327	2.314	2.245	2.361	2.076
Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál	17.024	16.307	15.990	16.529	16.546
Iðnaðarmál	1.484	1.560	1.536	1.536	1.704
Samgöngumál	18.541	21.941	25.401	24.551	44.650
Önnur útgjöld vegna atvinnuvega	5.430	4.847	5.389	5.806	6.286
Önnur útgjöld ríkissjóðs	40.798	48.103	45.135	53.938	59.983
Samtals	308.393	340.170	367.260	382.228	430.355

[1] Samkvæmt COFOG-staðli, sem er alþjóðlegur staðall Sameinuðu þjóðanna (Classification of the Functions of Government).
[2] Fjárlög að viðbættum fjáraukalögum ársins.

Þegar litið er á hagræna skiptingu útgjalda í fjárlagafrumvarpinu sést að hækkun einstakra liða er afar mismunandi og langmestu munar um nærri tvöföldun útgjalda til samgöngumála. Í breytingartillögum meiri hlutans fyrir aðra umræðu hefur upphæð til samgöngumála verið lækkuð um hálfan þriðja milljarð, úr tæplega 45 ma.kr. Heildarupphæðin sem ríkisstjórnarmeirihlutinn hyggst verja til framkvæmda er eftir sem áður tvöföld sú upphæð sem áætluð var í samgönguáætlun sem lögð var fram á nýliðnum vetri eða liðlega 40 ma.kr. á meðan samgönguáætlun gerir ráð fyrir tæplega 22 ma.kr. 2. minni hluti fjárlaganefndar styður öll þau áform sem eru um samgöngubætur í landinu en telur að fyrirheit þau sem felast í umræddri hækkun séu langt því frá að vera raunhæf vegna skipulagsmála, hönnunar og umhverfismats og ekki síður vegna takmarkana sem ákvarðast af getu íslensks atvinnulífs til framkvæmda. Rétt er að minna á að við fyrstu umræðu um frumvarpið lýstu bæði formaður og varaformaður fjárlaganefndar efasemdum sínum um hversu raunhæf þessi framkvæmdaáætlun væri. 2. minni hluti fjárlaganefndar leggur til að umrædd hækkun verði endurskoðuð og færð nær raunhæfum markmiðum um það sem hægt er að framkvæma á árinu.

Af öðrum liðum í útgjaldaskiptingu vekur stórfelld hækkun útgjalda vegna löggæslu og öryggismála athygli og sömuleiðis hækkun annarra óskilgreindra útgjalda ríkissjóðs. 2. minni hluti telur að hér hefði mátt beita aðhaldi að því marki að hækkun fjárlaga milli ára væri sambærileg og ekki hærri en það sem var í stjórnartíð Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks. Í frumvarpi til laga vegna breytinga á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðsins (þskj. 131, 130. mál 135. löggjafarþings) segir orðrétt um kostnað vegna frumvarpsins: „Fjármálaráðuneytið gerir ráð fyrir að áhrif frumvarpsins á kostnað ríkissjóðs verði einkum í formi tilflutnings á kostnaði milli ráðuneyta og stofnana og auki þannig ekki heildarkostnað ríkissjóðs. Samkvæmt lauslegu yfirliti sem ráðuneytið hefur tekið saman kann þessi tilflutningur að snerta fjárveitingar um 200 viðfangsefna á fjárlögum og er áformað að flytja tillögur þess efnis við 2. umræðu fyrirliggjandi fjárlagafrumvarps. Í einhverjum tilvikum kann þó að koma til breytinga á kostnaði, svo sem vegna breytinga á starfsmannafjölda eða

húsnæði, en komi til slíkra óvæntra útgjalda eða biðlauna verður að fjalla um það sérstaklega. Markmið ríkisstjórnarinnar í því sambandi er að þeim kostnaði verði haldið í lágmarki þannig að hann rúmist innan ramma viðkomandi ráðuneyta og stofnana.“ Síðan umrætt þingskjal var lagt fram hafa komið fram útgjaldatillögur vegna breytinga á Stjórnarráðinu í fjáraukalagafrumvarpi og fjárlagafrumvarpi sem nema líklega hundruðum milljóna. Það er mat 2. minni hluta að þó sé ekki kominn fram allur sá útgjaldaauki sem verður vegna þessa og gagnrýnir harðlega vinnulag fjármálaráðuneytis við málið. Umræddur útgjaldaauki mun allur verða til aukinnar þenslu á helsta þenslusvæði landsins.

Á nýliðnu sumri lagði Framsóknarflokkurinn fram tillögur að mótvægisaðgerðum vegna skerðingar á aflamarki, sjá fylgiskjal. 2. minni hluti bendir á að sú viðbót sem þar er lögð til er óveruleg og verður hæglega vegin upp með fyrrgreindu mati á raunhæfni í vegaframkvæmdum og frestun á breytingum á Stjórnarráðinu.

Niðurstaða.

2. minni hluti fjárlaganefndar gagnrýnir harðlega þau lausatök sem eru á efnahagsstjórninni og koma skýrt fram í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar. Bent er á að grípa þarf til aðhaldsaðgerða í ríkisfjármálum. Jafnframt því þarf ríkisvaldið að vera búið undir skattalækkanir ef til niðursveiflu kemur í hagkerfinu. Þá telur 2. minni hluti að mikil hækkun ríkisútgjalda, átök milli ríkisvalds og Seðlabanka um efnahagsstjórnina og óraunhæfar tillögur um vegaframkvæmdir verki allt til þess að skapa óvissu sem eykur líkur á harðri lendingu eftir samfellt hagvaxtar- og hagsældarskeið í tíð síðustu ríkisstjórnar.

Alþingi, 27. nóv. 2007.

Bjarni Harðarson.

Með nefndarálitinu var fylgiskjal: Tillögur þingflokks framsóknarmanna um mótvægisaðgerðir vegna niðurskurðar þorskkvóta, www.framsokn.is, september 2007.

347. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2008.

Frá Jóni Bjarnasyni, Guðjóni A. Kristjánssyni og Bjarna Harðarsyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi**			
1.92 Háskóli Vestfjarða	0,0	75,0	75,0

Greinargerð.

Umfangsmikið símenntunar- og háskólastarf er nú í uppbyggingu á Ísafirði. Þar hefur verið stofnað háskólasetur þar sem nú þegar er unnið mjög metnaðarfullt starf á sviði kennslu og rannsókna. Heimafólk bindur miklar vonir við þróun þessa starfs. Fjórðungsþing Vest-

fjarða hefur ályktað afdráttarlaust um stofnun sjálfstæðs skóla, Háskóla Vestfjarða, og fyrir Alþingi ligur frumvarp til laga þess efnis. Heimamenn o.fl. hafa lagt þunga áhersla á að Háskóli Vestfjarða verði sjálfstæð stofnun með eigið fjárlaganúmer. Frambjóðendur núverandi stjórnarflokka, einkum Samfylkingarinnar, höfðu stór orð fyrir kosningar um stofnun sjálfstæðs háskóla á Ísafirði sem þeir eru nú í stöðu til að efna.

Á Ísafirði eru miklir möguleikar til að mynda sterka kennslu- og rannsóknastofnun sem mundi móta sérstöðu sína á grundvelli atvinnulífs og framtíðarmöguleika svæðisins. Hún tæki jafnframt að sér og stýrði rannsóknum, vöktun og nýtingu á fjölbreyttum náttúruauðlindum Vestfjarða og hafinu umhverfis. Reynslan hefur sýnt að litlar stofnanir í sterkum og nánum tengslum við auðlindir, atvinnulíf og menningu heimahéraðs geta orðið öflugar ef þær fá til þess sjálfræði og stuðning. Hér er lagt til að Háskóli Vestfjarða á Ísafirði fái sérstakan fjárlagalið og fjármagn þannig að vinna að stofnun skólans geti haldið áfram af fullum krafti og sjálfstæð stofnun verði að raunveruleika eigi síðar en 1. júní á næsta ári.

348. Nefndarálit [76. mál]

um frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 50/1987, og lögum um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994 (ábyrgðartrygging ökutækja, EES-reglur).

Frá viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Runólf Ólafsson frá Félagi íslenskra bifreiðaeigenda, Guðjón Rúnarsson og Ólaf Pál Gunnarsson frá Samtökum fjármálafyrirtækja, William Thomas Möller frá Umferðarstofu og Kjartan Gunnarsson frá viðskiptaráðuneyti. Nefndinni bárust einnig umsagnir um frumvarpið.

Með frumvarpinu eru leidd í íslenskan rétt ákvæði tilskipunar 2005/14/EB um breytingu á fjórum EB-tilskipunum og tilskipun 2000/26/EB um ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja, svonefnd „fimmta tilskipun um ökutækjatryggingar“. Í tilskipuninni er kveðið á um aukna vernd fyrir tjónþola sem verður fyrir tjóni af völdum vélknúins ökutækis.

Hluta þeirra reglna sem kveðið er á um í tilskipuninni er þegar að finna í íslenskri löggjöf. Hluta reglnanna er unnt að innleiða í íslenskan rétt með setningu stjórnvaldsfyrirmæla, ýmist frá samgönguráðherra eða viðskiptaráðherra. Aðra hluta tilskipunarinnar þarf að innleiða með breytingum á settum lögum og er kveðið á um þær breytingar í frumvarpi þessu. Annars vegar er í 1. gr. frumvarpsins mælt fyrir um að viðskiptaráðherra setji reglur um skyldu vátryggingafélaga til að gefa tjónsvottorð fyrir vátryggt ökutæki vátryggingartaka. Hins vegar felur frumvarpið í sér að Alþjóðlegar bifreiðatryggingar sf. fá, sem upplýsingamiðstöð, heimild til að safna og miðla grundvallarupplýsingum fyrir meðferð tjónamáls. Í athugasemdum með 2. gr. frumvarpsins er tilgreint hvaða upplýsingar teljist til grundvallarupplýsinga.

Nefndin telur mikilvægt að hlutaðeigandi hagsmunaaðilar hafi aðkomu að gerð þeirra stjórnvaldsfyrirmæla sem stjórnvöldum verður heimilt að setja.

Jón Magnússon er áheyrnarfulltrúi í nefndinni og er hann samþykkur áliti þessu með fyrirvara.

Atli Gíslason sat fund fyrir Jón Bjarnason.

Árni Páll Árnason, Björk Guðjónsdóttir og Jón Gunnarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 27. nóv. 2007.

Ágúst Ólafur Ágústsson, form., frsm.	Guðfinna S. Bjarnadóttir.	Atli Gíslason.
Birgir Ármannsson.	Birkir J. Jónsson.	Höskuldur Þórhallsson.

349. Nefndarálit [181. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum.

Frá viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sigríði Rafnar Pétursdóttur frá viðskiptaráðuneyti. Nefndinni bárust einnig umsagnir um málið.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á 3. og 4. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Á 134. löggjafarþingi voru samþykkt á Alþingi lög nr. 111/2007, um breytingar á lagaákvæðum um fjármálafyrirtæki o.fl.

Lögin fólu m.a. í sér breytingu á 3. mgr. 3. gr. laga um fjármálafyrirtæki þar sem kveðið er á um undanþágu tiltekinna aðila frá leyfisskyldri starfsemi. Við gildistöku laganna urðu rekstrarfélög verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu undanskilin gildissviði laga um fjármálafyrirtæki, en það fer gegn öðrum ákvæðum laganna sem hafa þvert á móti að geyma ýmis ákvæði er varða slík rekstrarfélög.

Lögin fólu einnig í sér breytingu á 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um fjármálafyrirtæki sem mælir fyrir um hvaða starfsemi sé starfsleyfisskyld. Stafliðum 6. tölul. 1. mgr. var fjölgað en við þá breytingu riðlaðist röð stafliða ákvæðisins frá því sem áður var. Við setningu laganna láðist hins vegar að gera ráð fyrir þessari breytingu í 7. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga um fjármálafyrirtæki sem vísar til stafliðar í 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. sömu laga.

Nauðsynlegt er að bæta úr þessum ágöllum og er frumvarpið lagt fram í þeim tilgangi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Árni Páll Árnason, Jón Gunnarsson og Höskuldur Þórhallsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Atli Gíslason sat fund fyrir Jón Bjarnason.

Jón Magnússon er áheyrnarfulltrúi í nefndinni og er hann samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 27. nóv. 2007.

Ágúst Ólafur Ágústsson, form., frsm.	Guðfinna S. Bjarnadóttir.	Atli Gíslason.
Birgir Ármannsson.	Birkir J. Jónsson.	Björk Guðjónsdóttir.

350. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2008.

Frá Steingrími J. Sigfússyni, Katrínu Jakobsdóttur og Árna Þór Sigurðssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **03-390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands**			
1.11 Þróunaraðstoð	1.436,1	250	1.686,1
2. Við **03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi**			
1.30 Mannúðarmál og neyðaraðstoð	309,1	150	459,1

351. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2008.

Frá Jóni Bjarnasyni, Katrínu Jakobsdóttur og Ögmundi Jónassyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 1:			
1. Við **I Skatttekjur**			
1.1.5.1 Skattur á fjármagnstekjur einstaklinga	35.000,0	11.000,0	46.000,0
Breytingar á sundurliðun 2:			
2. Við **03-213 Varnarmál**			
a. 1.01 Varnarmál	491,8	-491,8	0,0
b. 6.01 Tæki og búnaður	42,0	-42,0	0,0
3. Við **03-217 Ratsjárstofnun**			
1.01 Ratsjárstofnun	822,3	-411,1	411,2
4. Við **03-300 Sendiráð Íslands**			
1.01 Sendiráð Íslands	1.829,0	-49,1	1.779,9
5. Við **06-303 Ríkislögreglustjóri**			
1.01 Ríkislögreglustjóri	1.336,2	-214,1	1.122,1
Greitt úr ríkissjóði	*1.201,3*	*-214,1*	*987,2*

Greinargerð.

Hér eru lagðar til auknar tekjur ríkissjóðs og sparnaður í ríkisrekstri. Í annarri breytingartillögu sömu flutningsmanna er samhliða lagt til að aukið fé verði veitt til annarra málaflokka.

Lagt er til að skattur af fjármagnstekjum hækki úr 10% í 14% en að komið verði á frítekjumarki sem nemur 120.000 kr. á ári. Varlega er áætlað að það auki tekjur ríkissjóðs um 11 milljarða kr. Þá er lagt til að öll þau útgjöld til hermála sem eru nýjung í fjárlagafrumvarpinu verði felld brott. Þar er um að ræða allan liðinn sem nefnist „Varnarmál“ og að auki helming þeirrar fjárhæðar sem ætlað er að renni til Ratsjárstofnunar, enda yrði hún m.a.

notuð í hernaðarlegum tilgangi. Auk þess er lagt til að sendiráðum Íslands verði gert að komast af með sömu fjárveitingu að krónutölu og á árinu sem er að líða, og sé þar með í reynd gert að hagræða í rekstri sem nemur verðlagshækkunum.

Loks er lögð til sú breyting á starfi lögreglunnar að sú raunhækkun fjárveitingar til ríkislögreglustjóra sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu falli niður og í staðinn er lagt til í annarri breytingartillögu sömu flutningsmanna að upphæðin skiptist jafnt á milli lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni til að efla almennt löggæslustarf.

352. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2008.

Frá Jóni Bjarnasyni, Katrínu Jakobsdóttur og Ögmundi Jónassyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **02-884 Jöfnun á námskostnaði**			
1.01 Jöfnun á námskostnaði	520,2	520,2	1.040,4
2. Við **06-310 Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu**			
1.01 Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu	2.964,0	107,0	3.071,0
Greitt úr ríkissjóði	*2,906,1*	*107,0*	*3.013,1*
3. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
06-492 Efling almennrar löggæslu hjá sýslumannsembættum			
1.01 Efling almennrar löggæslu hjá sýslumannsembættum	0,0	107,1	107,1
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*107,1*	*107,1*
4. Við **07-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga**			
a. 1.11 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, sérstök viðbótarframlög	1.700,0	700,0	2.400,0
b. 1.13 Fyrsti áfangi gjaldfrjáls leikskóla	0,0	700,0	700,0
c. 1.14 Hækkun húsaleigubóta	0,0	1.000,0	1.000,0
5. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
08-207 Til að taka út komugjöld			
1.11 Til að taka út komugjöld	0,0	160,0	160,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*160,0*	*160,0*
6. Við **09-811 Barnabætur**			
1.11 Barnabætur	8.800,0	1.000,0	9.800,0
7. Við **09-821 Vaxtabætur**			
1.11 Vaxtabætur	5.880,0	1.000,0	6.880,0
8. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
12-841 Jöfnun á flutningskostnaði			
1.10 Jöfnun á flutningskostnaði	0,0	500,0	500,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*500,0*	*500,0*

Greinargerð.

Í þessum breytingartillögum, sem lagðar eru fram samhliða tillögum um auknar tekjur ríkissjóðs og sparnað í ríkisrekstri, eru lagðar til breytingar sem nýtast þeim sem standa höllum fæti í samfélaginu.

Til að bregðast við húsnæðisvanda fjölmargra einstaklinga og fjölskyldna í landinu er lagt til að einn milljarður kr. verði settur í bæði húsaleigu- og vaxtabætur. Þá er lagt til að barnabætur verði hækkaðar til að bæta stöðu barnafólks og einnig er gerð tillaga um fjárveitingu til að ná fyrsta áfanga gjaldfrjáls leikskóla.

Þá eru lagðar til breytingar til að jafna stöðu landsbyggðarinnar gagnvart höfuðborgarsvæðinu. Er þar um að ræða 700 millj. kr. aukningu til að bæta fjárhagsstöðu skuldugra sveitarfélaga, hálfan milljarð kr. til að jafna flutningskostnað og litlu hærri upphæð til að jafna námskostnað í dreifbýli.

Loks er lögð til sú breyting á starfi lögreglunnar að í stað raunhækkunar fjárveitingar til ríkislögreglustjóra sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu skiptist upphæðin jafnt á milli lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni til að efla almennt löggæslustarf, sbr. aðra breytingartillögu sömu flutningsmanna.

353. Fyrirspurn [296. mál]

til landbúnaðarráðherra um innflutning landbúnaðarvara.

Frá Pétri H. Blöndal.

1. Hvernig hefur innflutningur landbúnaðarvara með tollkvótum þróast sem hlutfall af innanlandsneyslu?
2. Hefur alltaf verið flutt inn það magn sem boðið var í? Ef svo er ekki, til hvaða úrræða hefur þá verið gripið?
3. Var ekki áætlað að með aðild Íslands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni mundi innflutningur landbúnaðarvara aukast sem hlutfall af innanlandsneyslu og að aukið framboð mundi lækka verðið?

354. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2008.

Frá Jóni Bjarnasyni.

1. Við 6. gr. Liður 5.1 falli brott.
2. Við 6. gr. Nýir liðir:
   7.12 Að kaupa aftur hlut ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja.
   7.13 Að breyta Matís ohf. úr hlutafélagi í ríkisstofnun og leggja fram lagafrumvarp þess efnis.
   7.14 Að breyta Flugstoðum ohf. í ríkisstofnun og leggja fram lagafrumvarp þess efnis.

355. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2008.

Frá Jóni Bjarnasyni, Guðjóni A. Kristjánssyni, og Katrínu Jakobsdóttur.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **08-204 Lífeyristryggingar**			
a. 1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega	16.340,0	407,7	16.747,7
b. 1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega	9.660,0	237,0	9.897,0
c. 1.50 Ný framtíðarskipan lífeyrismála	0,0	4.355,3	4.355,3
d. *Greitt úr ríkissjóði*	*18.098,8*	*5.000,0*	*23.098,8*

356. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2008.

Frá Ögmundi Jónassyni og Dýrleifu Skjóldal.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **08-206 Sjúkratryggingar**			
1.36 Tannlækningar, forvarnaátak	0,0	70,0	70,0
2. Við **08-358 Sjúkrahúsið á Akureyri**			
1.01 Sjúkrahúsið á Akureyri	4.067,0	100,0	4.167,0
3. Við **08-373 Landspítali**			
1.01 Landspítali	34.821,0	600,0	35.421,0
Greitt úr ríkissjóði	*32.909,0*	*600,0*	*33.509,0*
4. Við **08-500 Heilsugæslustöðvar, almennt**			
a. 1.11 Efling sérfræðiþjónustu	0,0	100,0	100,0
b. 1.12 Efling geðheilbrigðisþjónustu	0,0	50,0	50,0
5. Við **08-506 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu**			
1.01 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu	4.645,0	300,0	4.945,0
6. Við **08-777 Heilbrigðisstofnun Austurlands**			
a. 1.02 Heilbrigðisstofnun Austurlands, rekstur, óskipt	0,0	410,0	410,0
b. 1.22 Framkvæmdir vegna öldrunarþjónustu, undirbúningur	0,0	50,0	50,0

Greinargerð.

Af þeirri 410 m.kr. fjárveitingu sem lagt er til að fari til Heilbrigðisstofnunar Austurlands er gert ráð fyrir að 60 m.kr. komi til móts við skertar sértekjur.

357. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2008.

Frá Árna Þór Sigurðssyni, Jóni Bjarnasyni,
Auði Lilju Erlingsdóttur og Atla Gíslasyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **10-651 Ferðamálastofa**			
a. 1.11 Ferðamálasamtök landshluta	45,0	40,0	85,0
b. 1.21 Fjölsóttir ferðamannastaðir	64,3	25,0	89,3
c. 1.44 Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu	0,0	80,0	80,0
d. *Greitt úr ríkissjóði*	*365,5*	*145,0*	*510,5*

Greinargerð.

Í a-lið tillögunnar er lögð til 40 m.kr. hækkun á framlagi til upplýsingamiðstöðva en hluti 45,0 m.kr. framlags skv. fjárlagafrumvarpinu er ætlað til þess verkefnis.

25,0 m.kr. hækkun á fjárveitingum í b-lið er ætluð til úrbóta í umhverfismálum á fjölsóttum ferðamannastöðum.

Í c-lið er svo lögð til sérstök fjárveiting á nýju viðfangsefni til markaðssóknar í íslenskri ferðaþjónustu. Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir 70 m.kr. til markaðssóknar, annars vegar undir viðfangsefninu 10-651-1.05, Landkynningarskrifstofur erlendis, (40 m.kr.) og hins vegar undir viðfangsefninu 10-190-1.44, Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu, undir ýmsum verkefnum samgönguráðuneytis (30 m.kr.). Til þessa mikilvæga verkefnis var varið rúmlega 300 m.kr. árið 2004 og um 150 m.kr. hvort ár 2005 og 2006. Hér er lagt til að árið 2008 verði í heild varið sömu fjárhæð og 2006 til þessa þýðingarmikla starfs.

358. Nefndarálit [95. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 19/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum.

Frá viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sigurð Örn Guðleifsson frá Félagi íslenskra stórkaupmanna, Jónas Fr. Jónsson og Ragnar Hafliðason frá Fjármálaeftirlitinu, Guðmund Bjarnason frá Íbúðalánasjóði, Guðjón Rúnarsson og Ólaf Pál Gunnarsson frá Samtökum fjármálafyrirtækja og Kjartan Gunnarsson frá viðskiptaráðuneyti.

Í frumvarpinu er kveðið á um álagningarstofna eftirlitsskyldra fjármálastofnana. Fjármálaeftirlitið og samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila skila viðskiptaráðherra á hverju ári skýrslu um umfang og útgjöld eftirlitsins. Gefi niðurstaða skýrslunnar tilefni til breytinga á eftirlitsgjaldi leggur viðskiptaráðherra fram frumvarp þar að lútandi.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að álagningarhlutföll viðskiptabanka, sparisjóða, lánafyrirtækja, rekstrarfélaga, kauphalla og verðbréfamiðstöðva lækki og álagningarhlutföll annarra aðila, þ.e. vátryggingafélaga, vátryggingamiðlara, verðbréfafyrirtækja, verðbréfamiðlana, lífeyrissjóða og Íbúðalánasjóðs, hækki. Lögð er til einföldun á álagningarstofni vátryggingafélaga þannig að eftirlitsgjald verður einungis reiknað af einum álagningarstofni í stað þriggja stofna samkvæmt gildandi lögum. Í frumvarpinu er lagt til að sérstakt eftirlitsgjald verði lagt á útgefendur fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og markaðstorgi fjármálagerninga hér á landi.

Nefndin leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu:

1. Lagt er til að í stað orðsins „álagningargrunnur“ í 3. efnismgr. 2. gr. frumvarpsins komi „álagningarstofn“ en gert er ráð fyrir því í frumvarpinu að síðarnefnda hugtakið komi alfarið í stað hins fyrra.
2. Þá er lögð til önnur skipting álagningarstofns viðskiptabanka annars vegar og vátryggingafélaga hins vegar. Breytingartillagan hefur þau áhrif að eftirlitsgjald viðskiptabanka hækkar um samtals 13,6 millj. kr. en eftirlitsgjald vátryggingafélaga lækkar um samsvarandi fjárhæð.
3. Þá er lagt til að hugtakið „skipulegir tilboðsmarkaðir“ í 5. tölul. 1. efnismgr. 3. gr. falli brott í samræmi við lög nr. 107/2007.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Árni Páll Árnason, Höskuldur Þórhallsson og Jón Gunnarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Atli Gíslason skrifar undir álit þetta með fyrirvara en hann sat fund fyrir Jón Bjarnason.

Jón Magnússon er áheyrnarfulltrúi í nefndinni og er hann samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 27. nóv. 2007.

Ágúst Ólafur Ágústsson, form., frsm.	Guðfinna S. Bjarnadóttir.	Atli Gíslason, með fyrirvara.
Birgir Ármannsson.	Birkir J. Jónsson.	Björk Guðjónsdóttir.

359. Breytingartillögur [95. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum.

Frá viðskiptanefnd.

1. Við 2. gr. Í stað orðsins „álagningargrunn“ í 2. málsl. 3. efnismgr. komi: álagningarstofn.
2. Við 3. gr.
   a. 1. og 2. tölul. 1. efnismgr. orðist svo:
      1. Viðskiptabankar, sparisjóðir, lánafyrirtæki og rafeyrisfyrirtæki skulu greiða eftirfarandi hlutföll af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 600.000 kr.:
         a. Viðskiptabankar 0,00682%.
         b. Sparisjóðir, lánafyrirtæki og rafeyrisfyrirtæki 0,00661%.
      2. Vátryggingafélög skulu greiða 0,381% af bókfærðum iðgjöldum, þó eigi lægri fjárhæð en 600.000 kr.
   b. Orðin „og aðrir skipulegir tilboðsmarkaðir“ í 5. tölul. 1. efnismgr. falli brott.

360. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2008 og við brtt. á þskj. 339.

Frá Guðjóni A. Kristjánssyni og Jóni Bjarnasyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við 66. lið brtt. á þskj. 339. H-liður orðist svo:			
h. 1.90 Ýmis framlög	77,6	12,5	90,1
Við sérstakt yfirlit 17 bætist nýr töluliður, svohljóðandi:			
Fjölskylduhjálp Íslands			2,0
2. Við **14-403 Náttúrustofur**			
1.12 Náttúrustofa Bolungarvík	17,4	8,0	25,4

361. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2008.

Frá Dýrleifu Skjóldal og Steingrími J. Sigfússyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **02-999 Ýmislegt**			
1.98 Ýmis framlög menntamálaráðuneytis	155,0	8,7	163,7

Greinargerð.

Lagt er til að veitt verði 8,7 m.kr. tímabundið framlag til meðferðarstarfsemi í Hlíðarskóla á Akureyri eins og gert er ráð fyrir að veita til Gaulverjaskóla í frumvarpinu.

362. Svar [119. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Birkis J. Jónssonar um búsetuúrræði fyrir fatlaða.

1. *Hversu margir eru á biðlista eftir húsnæði fyrir fatlaða, sundurliðað eftir landsvæðum?*
2. *Hversu mörg ný búsetuúrræði fyrir fatlaða, aðra en geðfatlaða, verða til árið 2008?*

Í umfjöllun um biðlista ber að taka tillit til margra atriða, m.a. þeirra að fjöldi einstaklinga sem eru á biðlista fer eftir því 1) hvort einungis sé átt við þá sem njóta engrar búsetuþjónustu eða þá sem þegar njóta hennar en óska eftir að hún verði með öðrum hætti, 2) hvenær óskað hefur verið eftir búsetu, 3) hve brýn búsetan er og 4) hverjum beri að veita hana, þ.e. ríki eða sveitarfélagi. Síðastnefnda atriðið miðast við þjónustuþörf eins og nánar verður vikið að hér á eftir.

Hér er höfð hliðsjón af þeim forsendum sem félagsmálaráðuneytið hefur lagt til grundvallar við mat á biðlistum undanfarin ár. Í skýrslu félagsmálaráðuneytisins um búsetu fatlaðra árið 2000 og í skýrslu kostnaðarnefndar vegna tilflutnings þjónustu við fatlaða frá sama ári er miðað við tilteknar forsendur. Þær forsendur eru einnig notaðar við mat á biðtíma eftir búsetuþjónustu í skýrslu um stöðumat í þjónustu við fatlaða sem unnin var fyrir félagsmálaráðuneytið árið 2005 og miðast við 1) þá sem eru 16 ára og eldri [hér 18 ára] og hafa sótt um þjónustu á síðastliðnum fimm árum [hér tveimur árum], þá sem njóta ekki búsetuþjónustu en þarfnast slíkrar þjónustu á næstu fimm árum og eiga lögheimili í umdæmi rekstraraðila og 2) þá sem teljast hafa þjónustuþarfir skv. 4.–7. þjónustuflokki og u.þ.b. helming þeirra sem teljast til 3. þjónustuflokks [hér til einföldunar þeir sem teljast til 3.–7. þjónustuflokks].

Ljóst er að í þessu svari eru forsendur þess að teljast til biðlista nokkuð rýmri en í þeim skýrslum sem vitnað er til hér að framan.

Eftirfarandi sundurliðun miðast við svör þeirra sem fara með umsóknir um búsetuþjónustu við fatlaða. Við öflun upplýsinga vegna þessa var óskað eftir að svör væru miðuð við þá sem:

1. njóta engrar búsetuþjónustu,
2. hafa beðið eftir búsetuþjónustu í tvö ár eða lengur,
3. eru 18 ára eða eldri,

4. teljast ekki til hóps geðfatlaðs fólks.

Enn fremur var aflað upplýsinga um hve margir óska búsetuþjónustu innan tveggja ára og jafnframt hve margir teljast til 3.–7. þjónustuflokks.

Varðandi 4. tölulið ofangreindra forsendna ber að geta þess að nú stendur yfir sérstakt átak í því skyni að koma til móts við þarfir geðfatlaðs fólks fyrir búsetu- og dagþjónustu. Átakið tekur til áranna 2006–2010 og byggir á því að koma á þjónustu við þann hóp á grundvelli sérstakrar könnunar um þjónustuþarfir sem fram fór árið 2005. Það er ástæðan fyrir því að sá hópur fólks er ekki talinn meðal þeirra sem nú eru í bið eftir slíkri þjónustu. Þörfum hans verður sinnt í samræmi við þá framkvæmdaáætlun sem nú er unnið eftir. Könnunin tók til allra aðila sem veita fötluðum þjónustu, þ.á m. geðheilbrigðiskerfisins, og gera má ráð fyrir að hún hafi náð til alls þorra geðfatlaðra sem þarf á sértækri búsetu- og dagþjónustu að halda. Einhverjir kunna að hafa bæst við síðan enda var gert ráð fyrir því í framkvæmdaáætluninni.

Til skýringar á dálknum „Þar af í 3.–7. þjónfl.“ í töflu 1 skal eftirfarandi tekið fram: Hvað viðkemur búsetuþjónustu við fatlaða hefur á síðasta áratug verið stuðst við tiltekna flokkun eftir þjónustuþörfum fólks í því skyni að geta metið betur þarfir fyrir þjónustu og áætlaðan kostnað. Þessi flokkun er nefnd sjö flokka kerfið þar sem einstaklingar sem teljast til 1. þjónustuflokks hafa minnstar þarfir og þeir sem mestar þarfir hafa teljast til 7. þjónustuflokks. Félagsmálaráðuneytið lítur svo á að félagsþjónustu sveitarfélaga beri að veita þeim notendum þjónustu sem teljast til 1. og 2. þjónustuflokks og um helmingi þeirra sem metnir eru í 3. þjónustuflokk. Er það í samræmi við 25. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, þar sem kveðið er á um að þau skuli „sjá um félagslega heimaþjónustu til handa þeim sem búa í heimahúsum og geta ekki séð hjálparlaust um heimilishald og persónulega umhirðu vegna skertrar getu, fjölskylduaðstæðna, álags, veikinda, barnsburðar eða fötlunar“. Enn fremur segir í 26. gr. laganna að „með félagslegri heimaþjónustu [skuli] stefnt að því að efla viðkomandi til sjálfsbjargar og gera honum kleift að búa sem lengst í heimahúsum við sem eðlilegastar aðstæður“. Í þessu sambandi ber einnig að geta lögbundinna skyldna sveitarfélaga, skv. 24. gr. laga um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, til að annast þjónustu við fatlað fólk með liðveislu.

Gert er ráð fyrir að fólk sem telst til 1. og 2. þjónustuflokks sé sjálfbjarga með lágmarksþjónustu eða nokkurri þjónustu sem nemur 5–10 klst. á viku, það sé fært um að búa í íbúð eða sambýli og fara ferða sinna að öllu eða mestu leyti á eigin spýtur. Í 3. þjónustuflokki er gert ráð fyrir að fólk hafi talsverða færni til sjálfsbjargar, geti sinnt persónulegum þörfum (hreinlæti, að klæðast, matast o.fl.), almennum heimilisstörfum (matargerð, þrifum o.fl.), farið ferða sinna með fremur lítilli aðstoð/eftirliti og þarfnist að jafnaði ekki næturvaktar. Í 4.–7. þjónustuflokki er hins vegar gert ráð fyrir meiri þörfum fyrir þjónustu.

Til einföldunar er miðað við að þeir sem teljast til 1. og 2. þjónustuflokks skuli njóta búsetuþjónustu af hálfu sveitarfélaga samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og lögum um málefni fatlaðra en að þjónusta við þá sem teljast til 3.–7. þjónustuflokks sé á forræði félagsmálaráðuneytisins samkvæmt lögum um málefni fatlaðra.

Tafla 1: Heildarfjöldi umsókna um búsetuþjónustu, óskað innan tveggja ára, fjöldi í 3.–7. þjónustuflokki og áformuð úrræði 2008.

	Heildarfjöldi umsókna	Þjónustu óskað innan tveggja ára	Þar af í 3.–7. þjónfl.	Áformað 2008*
Svæðisskrifstofa Reykjavíkur	35	11	11	12
Svæðisskrifstofa Reykjaness	34	18	15	0
Svæðisskrifstofa Vesturlands	12	12	9	3
Svæðisskrifstofa Vestfjarða	0			
Samtök sveitarfél. Norðurlandi vestra	6	6	5	5
Eyjafjarðarsvæðið	4	4	3	0
Norðurþing	3	3	3	0
Svæðisskrifstofa Austurlands	1	1	1	0
Sveitarfélagið Hornafjörður	0			
Vestmannaeyjabær	0			
Svæðisskrifstofa Suðurlands	1	1	1	0
Samtals	**96**	**56**	**48**	**20**

* Gert er ráð fyrir að ný búsetuúrræði verði tekin í notkun hjá Svæðisskrifstofu Reykjaness á árinu 2009.

Í svari Norðurþings kemur fram að ekki hafi verið tekin ákvörðun um ný búsetuúrræði fyrir fatlaða árið 2008 en verið sé að skoða fjölgun úrræða í samvinnu við verktaka á staðnum. Því kann svo að fara að einhver úrræði komi til á árinu.

Í ljósi þess sem fram kemur í töflu 1 um að 48 einstaklingar bíði búsetuþjónustu á næstu tveimur árum og teljist til þeirra þjónustuflokka sem varða félagsmálaráðuneytið, þ.e. 3.–7. þjónustuflokks, verður komið til móts við 42% þess hóps árið 2008 ef miðað er við að 20 búsetuúrræði komi þá til.

3. *Hversu mörg ný búsetuúrræði fyrir fatlaða urðu til árin 2000–2005 í sérstöku átaki í samstarfi við Hússjóð Öryrkjabandalagsins?*

Hrundið var af stað átaki af hálfu félagsmálaráðuneytisins á tímabilinu 2000–2005 til þess að draga úr biðtíma eftir búsetuþjónustu, einkum á þjónustusvæðum Svæðisskrifstofu Reykjavíkur og Svæðisskrifstofu Reykjaness, enda biðlisti orðinn langur. Þeim sem njóta slíkrar þjónustu fjölgaði umtalsvert á tímabilinu, einkum í sambýlum og íbúðum/íbúðakjörnum, m.a. vegna þess að fólk fluttist af fyrrum Kópavogshæli í sambýli á vegum svæðisskrifstofa.

Átak ráðuneytisins hófst með því að félagsmálaráðherra skipaði nefnd árið 1999 til að fylgja eftir tillögum í skýrslu nefndar um biðlista eftir þjónustu svæðisskrifstofa málefna fatlaðra. Nefndin setti fram áætlun fyrir árin 2000–2005 sem gerði ráð fyrir 112–117 nýjum búsetuúrræðum á tímabilinu. Þróunin varð sem hér segir:

Tafla 2: Þróun búsetuúrræða fyrir fatlaða 2000–2005, ný úrræði.

	2000	2001	2002	2003	2004	2005	Samtals
Reykjavík	4	10	14	6	9	12	55
Reykjanes		14	6	14	9	10	53
Suðurland					4		4
Akureyri						5	5
Samtals	**4**	**24**	**20**	**20**	**22**	**27**	**117**

Eins og fram kemur hér að framan náði áætlunin fram að ganga.

Þess skal getið að Hússjóður Öryrkjabandalags Íslands og samsvarandi sjóður Landssamtakanna Þroskahjálpar lögðu sitt af mörkum til búsetumála fatlaðs fólks á þessu tímabili. Bæði samtökin lögðu til stofnfé til íbúðarhúsnæðis í þessu skyni og studdu þannig við þróun mála. Framkvæmdasjóður fatlaðra stóð fyrir u.þ.b. 34,2% átaksins, sbr. meðfylgjandi yfirlit yfir framlög til aðila átaksins.

Tafla 3: Framlag framkvæmdaaðila til nýrra búsetuúrræða 2000–2005.

Framkvæmdaaðilar	Fjöldi úrræða	Hlutfall
Framkvæmdasjóður fatlaðra	40	34,2%
Brynja – hússjóður	43	36,7%
Hússjóður Þroskahjálpar	7	6,0%
Sjálfseignarstofnanir	2	1,7%
Sveitarfélög	13	11,1%
Einkaaðilar	12	10,3%
Samtals fjöldi búsetuúrræða	**117**	

4. *Kemur til greina að hefja nýtt átak í samstarfi við hússjóðinn til að fjölga búsetuúrræðum fyrir fatlaða?*

Af ráðuneytisins hálfu kemur vissulega til greina að hafa samvinnu við fyrrnefnd heildarsamtök fatlaðra til þess að fjölga búsetuúrræðum fyrir fatlaða í ljósi góðrar reynslu af slíkri samvinnu. Í þessu sambandi er ástæða til að vekja athygli á því að ákvörðun síðustu ríkisstjórnar um „átak í þjónustu við geðfatlaða“ fól í sér að á árunum 2006–2010 skyldu 100 millj. kr. á ári ganga til þess átaks úr Framkvæmdasjóði fatlaðra. Það þrengir talsvert að þegar kemur að uppbyggingu þjónustu við annað fatlað fólk. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2008 er gert ráð fyrir að Framkvæmdasjóður fatlaðra fái samtals 598,6 millj. kr. Af þeirri fjárhæð er gert ráð fyrir að 400 millj. kr. fari í verkefnið „átak í málefnum geðfatlaðra“ og eru því 198,6 millj. kr. til úthlutunar af stjórnarnefnd um málefni fatlaðra.

Ljóst er að Framkvæmdasjóður fatlaðra hefur lækkað að raungildi síðastliðin ár miðað við þróun íbúðaverðs eða byggingarvísitölu.

Árið 1993 hafði Framkvæmdasjóður fatlaðra til ráðstöfunar samtals 350 millj. kr. á verðlagi þess árs. Ef sú fjárhæð er framreiknuð miðað við vísitölu íbúðaverðs eða byggingarvísitölu ætti Framkvæmdasjóður fatlaðra að hafa til ráðstöfunar 1.172 millj. kr. miðað við þróun vísitölu íbúðaverðs fjölbýlis eða 691,9 millj. kr. miðað við hækkun byggingarvísitölu.

Ef sjóðurinn hefði fengið tekjur erfðafjárskatts, eins og hann hafði á árinu 1993, hefði sjóðurinn til ráðstöfunar á árinu 2007 tæplega 1 milljarð kr.

Á töflu 4 má sjá yfirlit um framlög til Framkvæmdasjóðs fatlaðra frá árinu 1993 til og með 2008.

Tafla 4: Yfirlit um framlög til Framkvæmdasjóðs fatlaðra frá árinu 1993 til og með 2008.

Vísitala íbúðaverðs (fjölbýli) september 2007: 347,5.

	1993	**1994**	**1995**	**1996**	**1997**	**1998**	**1999**	**2000**
Framkvæmdasjóður fatlaðra – fjárlög	350,0	320,0	330,0	257,0	165,0	205,0	235,0	235,0
Fjáraukalög			108,8	80,0				
Sala eigna			80,0			6,0		
Greitt af sjóðseign Tryggingast. ríkisins				88,0				
Fjáraukalög v. átaks í málefnum geðfatlaðra								
Átak í málefnum geðfatlaðra								
Símapeningar, vistaðir í Framkvæmdasjóði fatlaðra								
Fjáraukalög v. átaks í málefnum geðfatlaðra								
Framkvæmdasjóður fatlaðra	*350,0*	*320,0*	*518,8*	*425,0*	*165,0*	*211,0*	*235,0*	*235,0*
Vísitala íbúðaverðs	100,0	101,0	95,9	97,9	97,8	98,8	105,0	125,1
Framreiknað með vísitölu íbúðaverðs	1216,3	1101,0	1879,9	1508,6	586,3	742,1	777,7	652,8

	2001	**2002**	**2003**	**2004**	**2005**	**2006**	**2007**	**2008**
Framkvæmdasjóður fatlaðra – fjárlög	235,0	280,0	274,4	297,9	298,0	298,3	487,2	598,6
Fjáraukalög								
Sala eigna				32,9	199,5	29,0		
Greitt af sjóðseign Tryggingast. ríkisins								
Fjáraukalög v. átaks í málefnum geðfatlaðra						200,0		
Átak í málefnum geðfatlaðra							(100,0)	(100,0)
Símapeningar, vistaðir í Framkvæmdasjóði fatlaðra							(200,0)	(300,0)
Fjáraukalög v. átaks í málefnum geðfatlaðra						(200,0)		
Framkvæmdasjóður fatlaðra	*235,0*	*280,0*	*274,4*	*330,8*	*497,5*	*327,3*	*187,2*	*198,6*
Vísitala íbúðaverðs	143,7	152,3	158,0	180,0	202,6	282,4	303,6	
Framreiknað með vísitölu íbúðaverðs	568,3	638,9	603,5	638,6	853,3	402,8	214,3	

363. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2008.

Frá Atla Gíslasyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **06-190 Ýmis verkefni**			
1.39 Mannréttindaskrifstofa Íslands	0,0	15,0	15,0
Greitt úr ríkissjóði	*189,9*	*15,0*	*204,9*

364. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2008.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **14-202 Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn**			
1.01 Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn	19,0	8,0	27,0
2. Við **14-211 Umhverfisstofnun**			
1.01 Umhverfisstofnun	796,9	28,0	824,9
Greitt úr ríkissjóði	*608,4*	*28,0*	*636,4*
3. Við **14-301 Skipulagsstofnun**			
1.01 Skipulagsstofnun	171,5	20,0	191,5
4. Við **14-401 Náttúrufræðistofnun Íslands**			
1.01 Náttúrufræðistofnun Íslands	484,7	45,0	529,7

365. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2008.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **07-313 Jafnréttisstofa**			
1.10 Jafnréttisstofa	57,5	40,0	97,5

366. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2008.

Frá Katrínu Jakobsdóttur, Kolbrúnu Halldórsdóttur og Auði Lilju Erlingsdóttur.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við bætist nýr fjárlagaliður			
02-300 Framhaldsskólar			
1.02 Rekstur framhaldsskóla	0,0	300,0	300,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*300,0*	*300,0*
2. Við **02-907 Listasafn Íslands**			
1.01 Listasafn Íslands	166,2	20,0	186,2

Greinargerð.

Við frumvarpið bætist nýr liður upp á 300 m.kr. sem skiptist samkvæmt reiknilíkani framhaldsskólanna.

Gert er ráð fyrir að Listasafn Íslands fái aukalegar 20 m.kr. til að sinna auknum rannsóknum og byggja upp gagnagrunn um íslenska myndlist.

367. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2008.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur, Auði Lilju Erlingsdóttur og Jóni Bjarnasyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **02-319 Framhaldsskólar almennt**			
a. 1.42 Listgreinar í framhaldsskólum	0,0	60,0	60,0
b. 1.43 Framhaldsnám í tónlist	0,0	80,0	80,0

368. Skýrsla [297. mál]

samgönguráðherra um framkvæmd samgönguáætlunar 2006 (siglingamálaáætlun).

(Lögð fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

Með lögum nr. 71, 8. maí 2002, er mælt fyrir um samræmda áætlanagerð við framkvæmd og rekstur í samgöngumálum.

Annars vegar er gert ráð fyrir áætlun til 12 ára sem taki til fjáröflunar og útgjalda til flugmála, vegamála og siglingamála, þ.m.t. hafnamála og sjóvarna, og rekstrar stofnana, ásamt með því að skilgreina grunnkerfið og marka stefnu fyrir allar greinar samgangna. Áætlunina skal endurskoða á fjögurra ára fresti. Árið 2006 var slík áætlun í gildi fyrir árin 2003–2014.

Hins vegar kveða lögin á um að 12 ára áætlunin sé nánar sundurliðuð í fjögurra ára tímabil með áætlun fyrir hvert ár þar sem fram komi ábyrgð og fjárheimildir stofnana samgöngumála sundurliðaðar eftir einstökum framkvæmdum, rekstri, þjónustu og viðhaldi, eftir því sem við á, með sama hætti og fjárlögin. Þessa áætlun skal endurskoða á tveggja ára fresti. Árið 2006 var í gildi fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2005–2008. Í lögunum er gert ráð fyrir að árlega sé lögð fram á Alþingi skýrsla um framkvæmd þessarar áætlunar næstliðið ár. Því er greinargerð þessi tekin saman.

Stefnumörkun stjórnvalda.

Í samgönguáætlun áranna 2003–2014 eru, auk framkvæmdaáætlunar, sett fram og sérstaklega sundurliðuð eftirfarandi meginmarkmið:

– Um greiðari samgöngur (flytjanleika samgöngukerfisins).
– Um hagkvæmni í uppbyggingu og rekstri samgangna.
– Um umhverfislega sjálfbærar samgöngur.
– Um öryggi í samgöngum.

Í gildandi fjögurra ára áætlun sem nær til áranna 2005–2008 er mælt fyrir um að unnið skuli að tilteknum rannsóknar-, úttektar- og stefnumótunarverkefnum er falla undir framangreind meginmarkmið, ásamt greinargerð um framkvæmdir þessara ára.

Markmið og framtíðarsýn Siglingastofnunar.

Á árinu 2005 var lokið við mótun framtíðarsýnar til næstu fimm ára og var hún og stuðningsskjöl hennar staðfest af yfirstjórn þann 18. apríl að lokinni kynningu í samgönguráðuneyti sem hornsteinar starfseminnar á komandi árum.

Stefnan er þessi:

Leiðarljós.

Í örugga höfn.

Hlutverk.

Siglingastofnun Íslands er framsækin þjónustustofnun sem skapar hagkvæmar aðstæður til siglinga og fiskveiða og vinnur að öryggi á sjó og strandsvæðum.

Gildi.

Samvinna, þjónusta, frumkvæði og heilindi.

Framtíðarsýn.

Siglingastofnun Íslands mun:

- Vinna að öryggi og aukinni velferð sjófarenda.
- Vinna að hagkvæmni í siglingum, sjávarútvegi og samgöngum.
- Reka öflugustu upplýsinga- og leiðsöguþjónustu á N-Atlantshafi.
- Starfa sem viðurkennd þekkingar- og rannsóknarmiðstöð á sviði siglinga- og hafnamála.
- Veita framúrskarandi þjónustu og ráðgjöf á sérsviðum stofnunarinnar.
- Vera virkur þátttakandi í mótun heildarstefnu stjórnvalda um samgöngur, skip, hafnir, strandlengju og umhverfismál sjávar.
- Vera virkur þátttakandi í alþjóðlegu samstarfi.

Meginmarkmið.

- Að veita viðskiptavinum fyrsta flokks þjónustu.
- Hafa á að skipa ánægðu og vel menntuðu starfsliði.
- Að byggja reksturinn á góðri nýtingu fjárheimilda, öflugri áætlanagerð og eftirfylgni.
- Að innra starf stofnunarinnar sé skilvirkt.
- Stuðla að hagkvæmni í uppbyggingu og rekstri hafna, leiðsögukerfa og annarrar öryggisþjónustu fyrir skip.
- Stuðla að því að lög og reglur um siglingamál tryggi sem best öryggi sjófarenda og séu jafnan í samræmi við samfélagsþarfir.
- Að sinna eftirlitshlutverki sínu með prýði.
- Að vinna að rannsóknum og gagnaöflun á sérsviðum stofnunarinnar.
- Tryggja að alþjóðlegar reglur taki mið af íslenskum hagsmunum.

Til stuðnings framtíðarsýninni og til nánari leiðbeiningar í dagsins önn voru auk þess samþykkt eftirgreind stefnuskjöl:

- Starfsmannastefna.
- Jafnréttisáætlun.
- Siðareglur.
- Rekstrar- og fjármálastefna.
- Innkaupastefna.
- Upplýsingastefna.
- Gæðastefna.
- Öryggisstefna.

Fjármál.

Í eftirfarandi töflu er að finna samanburð á tölum úr samgönguáætlun 2005–2008, tölum úr fjárlögum og fjáraukalögum fyrir árið 2006 og tölum úr reikningum Siglingastofnunar Íslands fyrir árið 2006. Fjárhæðir eru í millj. kr.

	Fjárlög 2006	Rauntölur 2006
Tekjur og framlög		
Markaðar tekjur		
Vitagjald	103,5	126,7
Markaðar tekjur alls	**103,5**	**126,7**
Framlag úr ríkissjóði		
Aðrar ríkistekjur:		
Vottorð	1,3	1,7
Skoðunargjöld skipa	1,3	1,1
Aðrar ríkistekjur alls:	**2,6**	**2,8**
Sértekjur	137,1	199,1
Til ráðstöfunar alls		
Rekstrargjöld:		
Yfirstjórn	78,9	65,0
Vitar og leiðsögukerfi	110,7	115,1
Skipaskoðun	74,9	74,8
Hafnarríkiseftirlit	21,4	25,1
Áætlun um öryggi sjófarenda	17,1	15,5
Hafnir, líkantilraunir, grunnkort	43,0	43,5
Rannsóknir og þróun	44,0	28,9
Minjavernd og saga	5,3	8,2
Siglingavernd	10,7	14,3
Þjónustuverkefni	137,1	199,1
Vaktstöð siglinga	199,8	205,9
Rekstrargjöld alls:	**742,9**	**795,4**
Stofnkostnaður:		
Tæki og búnaður		
Vitar og leiðsögukerfi	20,4	20,2
Hafnir í grunnneti, ríkissyrktar	746,0	666,1
Hafnir utan grunnnets, ríkisstyrktar	70,8	62,0
Lendingarbætur	7,0	7,1
Ferjubryggjur	8,8	5,3
Sjóvarnargarðar	119,6	69,9
Stofnkostnaður alls:	**972,6**	**830,6**

Rekstur og þjónusta.

Inngangur.

Siglingamálahluti samgönguáætlunar nær til allra verkefna er löggjafinn og samgönguráðuneytið hafa falið Siglingastofnun að annast og kemur í stað þriggja þingsályktana. Hér er átt við ályktanir um framkvæmdir í höfnum, sjóvarnir og öryggi sjófarenda sem stofnuninni var falin framkvæmd á. Þá er þar fjallað sérgreint um aðra starfsemi og rekstrarþætti sem áður komu lítt útskýrðir fram í almennum ákvæðum fjárlaga. Gildandi samgönguáætlun nær til áranna 2005–2008, sjá nr. 91/2005 í A-deild Stjórnartíðinda.

Yfirstjórn.

Skipulag.

Um stjórn, starfshætti og hlutverk Siglingastofnunar Íslands er fjallað í lögum nr. 6/1996. Hlutverk stofnunarinnar er fyrst og fremst að vinna að hagsbótum sjófarenda og að skapa hagkvæmar og öruggar aðstæður til siglinga og fiskveiða við landið. Um skipan og verkefni hafna- og siglingaráðs er fjallað í 4. og 5. gr. laganna annars vegar og 6. og 7. gr. hins vegar.

Hafnaráð.

Hafnaráð er ráðgefandi aðili fyrir samgönguráðherra og siglingamálastjóra í hafna- og sjóvarnamálum.

Hafnaráð fjallar um breytingar á lögum og reglum sem varða hafnamál, framkvæmdaáætlanir fyrir einstök ár og til lengri tíma, svo og fjármál hafna, þar á meðal gjaldskrárbreytingar.

Í hafnaráði sátu árið 2006:

Nafn	*Tilnefning*
Sigríður Finsen, formaður	samgönguráðherra
Brynjar Pálsson	samgönguráðherra
Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir	samgönguráðherra
Már Sveinbjörnsson	Hafnasamband sveitarfélaga
Ólafur M. Kristinsson	Hafnasamband sveitarfélaga
Friðrik J. Arngrímsson	Samtök atvinnulífsins

Siglingaráð.

Siglingaráð er ráðgefandi aðili fyrir samgönguráðherra og siglingamálastjóra í siglinga- og vitamálum. Siglingaráð fjallar um breytingar á lögum og reglugerðum sem varða siglinga- og vitamál. Árið 2006 sátu eftirtaldir fulltrúar í siglingaráði:

Nafn	*Tilnefning*
Daði Jóhannesson, formaður	samgönguráðherra
Guðmundur Hallvarðsson	samgönguráðherra
Ásbjörn Óttarsson	samgönguráðherra
Guðjón Ármann Einarsson	Farmanna- og fiskimannasamband Íslands
Ingólfur Sverrisson	Málmur, samtök fyrirtækja í málm- og skipaiðnaði
Guðfinnur G. Johnsen	Landssamband íslenskra útvegsmanna
Örn Pálsson	Landssamband smábátaeigenda
Ólafur J. Briem	Samband íslenskra kaupskipaútgerða
Sævar Gunnarsson	Sjómannasamband Íslands
Hilmar Snorrason	Slysavarnafélagið Landsbjörg
Helgi Laxdal Magnússon	Vélstjórafélag Íslands

Innra skipulag og starfshættir.

Í greinargerð um framkvæmd siglingamálahluta samgönguáætlunar fyrir árið 2004 var í allnokkru máli gerð grein fyrir umfangsmikilli stefnumótunarvinnu sem hófst árið 2003. Stefnan var síðan staðfest á fundi yfirstjórnar 18. apríl 2005 að lokinni ítarlegri kynningu í samgönguráðuneyti og á starfsmannafundum. Þar eru staðfest þau gildi sem stofnunin og starfsmenn vilja standa fyrir og jafnframt mótuð framtíðarsýn og meginmarkmið. Jafnframt

hafa stofnuninni og einstökum sviðum hennar verið sett skýr deilimarkmið sem lýst var ítarlega í greinargerð um framkvæmd siglingamálahluta samgönguáætlunar fyrir árið 2005.

Með þeim hætti var lagður vandaður grunnur að endurbótum á innra skipulagi og starfsháttum stofnunarinnar á næstu árum.

Starfsmannafjöldi stofnunarinnar í árslok 2006 er 68 auk þess sem allnokkur fjöldi lítur til með vitum í hlutastarfi og eru störfin alls 77 í ársverkum talið.

Árangursstjórnunarsamningur.

Árangursstjórnunarsamningur Siglingastofnunar Íslands og samgönguráðuneytisins frá árinu 2000 var endurskoðaður í ljósi fyrrgreindrar stefnumótunarvinnu og undirrituðu siglingamálastjóri og samgönguráðherra nýjan samning þann 9. desember 2005 sem gildir til ársloka 2009 og kemur í stað fyrri samnings um sama efni.

Í gildandi árangursstjórnunarsamningi setur samgönguráðuneytið stofnuninni meginmarkmið: Aukið öryggi og hagkvæmni í siglingum og eftirfarandi sérstaklega tekið fram:

1. Að öryggi sjómanna verði eins og best gerist hjá öðrum þjóðum.

- Að slys til sjós séu með því minnsta sem gerist.
- Að alltaf sé nýtt nýjasta tækni til að koma upplýsingum til sjófarenda um veður, sjólag og annað sem snertir öryggi skipa í siglingum.
- Að uppitími einstakra hluta upplýsingakerfis um veður og sjólag, vita og leiðsögukerfi sé a.m.k. 95%.
- Að í 95% tilvika séu engin frávik frá nýliðafræðslu og björgunaræfingum um borð í skipum.
- Að framkvæmt verði hafnarríkiseftirlit um borð í a.m.k. 25% af þeim skipum sem koma til íslenskra hafna á ári.
- Að framkvæmdar verði skyndiskoðanir á a.m.k. 5% af haffærum skipum á ári.

2. Að mengun og losun gróðurhúsalofttegunda fylgi því sem gerist með öðrum þjóðum.

- Að í 95% tilvika séu engin frávik frá skilum á úrgangsolíu og sorpi frá skipum.

3. Að öryggi í höfnum verði eins og best gerist með öðrum þjóðum.

- Að slys í höfnum séu með því minnsta sem gerist.

4. Að veita góða þjónustu.

- Að 75% viðskiptavina séu ánægðir með þjónustu Siglingastofnunar.
- Að 80% viðskiptavina telji þjónustu Siglingastofnunar áreiðanlega.

Árið 2006 var gerð könnun á viðhorfi og þekkingu almennings til Siglingastofnunar. Úrtak var 1.300 manns og fjöldi svara var 61,5%. Rúmlega 80% svarenda höfðu heyrt stofnunarinnar getið og var ímynd stofnunarinnar í þessari könnun marktækt betri en í könnun frá 2003. Einnig var gerð þjónustukönnun meðal viðskiptavina stofnunarinnar. Úrtak var tekið úr viðskiptamannaskrá auk úrtaks sjómanna. Í niðurstöðum sem kynntar voru í janúar 2007 kom fram að 69% viðskiptavina og sjómanna voru ánægð með þjónustu stofnunarinnar, 84% töldu þjónustuna áreiðanlega, 73% töldu þekkingu starfsfólks mikla og 80% þótti viðmót starfsmanna gott.

Á fundi hinn 27. júlí 2006 var farið yfir framkvæmd samningsins, markmið og leiðir, sem og tengingu við endurskoðun samgönguáætlunar. Niðurstaðan var sú að samþykkt var stefnumótun, markmiðasetning og stuðningsstefna, allt með vísan til ákvæða samningsins um framlagningu fjögurra ára langtímaáætlunar. Sérgreind áætlun vegna ársins 2007 og skýrsla um framgang á árinu 2006 kæmi síðan fram á þeim tímapunktum sem tilgreindir eru í samningnum.

Undirbúningur laga og reglugerða á sviði siglingamála.

Innan Siglingastofnunar var á árinu 2006 unnið að gerð og breytingum ýmissa reglugerða á sviði siglingamála, t.d. reglugerð um vaktstöð siglinga og eftirlit með umferð skipa. Hér á eftir er listi yfir reglugerðir og gjaldskrár sem settar voru um siglingamál á árinu 2006.

Reglugerðir:

Reglugerð um breytingu á reglugerð, nr. 680/2004, um vinnu- og hvíldartíma skipverja á farþegaskipum og flutningaskipum, nr. 1019/2006.
Reglugerð um breytingu á reglugerð, nr. 551/2005, um sérkröfur um stöðugleika ekjufarþegaskipa, nr. 879/2006.
Reglugerð um breytingu á reglugerð um öryggi fiskiskipa sem eru 15 metrar eða lengri að mestu lengd nr. 122/2004, nr. 781/2006.
Reglur um breytingu á reglum um smíði og búnað báta með mestu lengd allt að 15 metrum nr. 592/1994 með síðari breytingum, nr. 779/2006.
Reglur um breytingu á reglum um smíði og búnað báta með mestu lengd allt að 15 metrum nr. 592/1994 með síðari breytingum, nr. 778/2006.
Reglugerð um innleiðingu ESB reglugerðar um tilfærslu skipa milli skipaskráa innan ESB, nr. 698/2006.
Reglugerð um breytingu á reglugerð um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, nr. 416/2003, nr. 693/2006.
Reglugerð um vaktstöð siglinga og eftirlit með umferð skipa, nr. 672/2006.
Reglugerð um eftirlit og skráningu á afli aðalvéla íslenskra skipa, nr. 520/2006.
Reglugerð um breytingu á reglugerð um atvinnuréttindi skipstjórnar- og vélstjórnarmanna nr. 118/1996, sbr. breyting með reglugerð nr. 207/1998 og nr. 416/2004, nr. 518/2006.
Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 310/2003 um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins um hönnun olíuflutningaskipa, nr. 388/2006.

Hafnarreglugerðir:

Reglugerð um breytingu á hafnarreglugerð nr. 287/2005 fyrir Hafnasamlag Norðurlands bs., nr. 1183/2006.
Reglugerð um breytingu á hafnarreglugerð nr. 290/2005 fyrir Þorlákshöfn, nr. 1182/2006.
Hafnarreglugerð fyrir Vogahöfn í Vatnsleysustrandarhreppi, nr. 308/2006.
Hafnarreglugerð fyrir Hvammstangahöfn, nr. 283/2006.
Hafnarreglugerð fyrir Seyðisfjarðarhöfn, nr. 275/2006.
Hafnarreglugerð fyrir Skagastrandarhöfn, nr. 34/2006.

Gjaldskrár:

Gjaldskrá fyrir Stykkishólmshöfn, nr. 772/2006.
Gjaldskrá fyrir Hafnarsjóð Súðavíkurhrepps, nr. 737/2006.
Auglýsing um breytingu á gjaldskrá Hafnarsjóðs Skagafjarðar, nr. 510/2006.
Auglýsing um hækkun á gjaldskrá Hafnarsjóðs Fjarðabyggðar, nr. 369/2006.
Gjaldskrá Kópavogshafnar, nr. 190/2006.
Gjaldskrá fyrir Sauðárkrókshöfn, Hofsóshöfn og Haganesvíkurhöfn, nr. 143/2006.
Gjaldskrá Siglingastofnunar Íslands, nr. 124/2006.
Gjaldskrá Breiðdalsvíkurhafnar, nr. 54/2006.

Alþjóðasamstarf.

Siglingastofnun tekur þátt í víðtæku alþjóðasamstarfi, m.a. á vettvangi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO), Parísarsamkomulagsins um hafnarríkiseftirlit (Paris MOU), Sigl-

ingaöryggisstofnunar Evrópu (EMSA), Evrópska efnahagssvæðisins (EES), Evrópusambandsins (ESB), sérfræðinganefndar ESB og EES um öryggismál á sjó (COSS), Norðurlandasamstarfs, alþjóðasamtaka í hafnamálum (PIANC), alþjóðasamtaka vitastofnana (IALA) og víðar. Á heimasíðu Siglingastofnunar má nálgast upplýsingar um þetta alþjóðasamstarf og greinargerðir frá fundum sem starfsmenn stofnunarinnar hafa sótt.

Um annað alþjóðasamstarf vísast til kaflanna um hafnarríkiseftirlit og siglingavernd.

Upplýsingamiðlun.

Siglingastofnun Íslands leggur áherslu á markvissa miðlun upplýsinga og greiðan aðgang að gagnasöfnum stofnunarinnar. Því hefur stofnunin sett sér upplýsingastefnu og verklagsreglur þar sem lagðar eru meginlínur um söfnun og miðlun hvers kyns efnis er varðar rekstur hennar.

Vefur stofnunarinnar, www.sigling.is, og fréttabréf hennar, *Til sjávar,* mynda kjarnann í upplýsingastarfseminni. Fréttabréfið kom út fjórum sinnum árið 2006. Því er dreift án endurgjalds til allra skráðra skipa og báta, útgerða, hafna, sveitarfélaga, alþingismanna, og margra fyrirtækja, stofnana og einstaklinga. Í blaðinu eru greinar og fréttir um hið helsta sem gerst hefur á vettvangi stofnunarinnar.

Heimasíða Siglingastofnunar er mikill frétta- og upplýsingabanki auk þess að vera samskiptavettvangur stofnunarinnar og viðskiptavina hennar. Þar má meðal annars finna laga- og reglugerðaskrá, skrár um útgefið efni, gjaldskrár, rafræn eyðublöð og upplýsingar um veður og sjólag.

Upplýsingakerfið um veður og sjólag byggist á afar víðfeðmu gagnasafni sem þróast hefur og eflst undanfarin ár. Söfnun sértækra upplýsinga með ölduduflum og tengingu þeirra við veðurfræðileg gögn frá Veðurstofu Íslands ásamt áralöngum athugunum á sambandi vinda og sjávarfalla hafa gert stofnuninni kleift að byggja upp þetta safn sem síðan nýtist til að veita fiskimönnum og öðrum sæfarendum við Íslandsstrendur rauntímaupplýsingar um veðurfar og sjólag. Sú vitneskja sem veðurkerfið veitir kemur einnig að góðum notum við hönnun hafnarmannvirkja, ákvörðun siglingaleiða og skyldra atriða.

Siglingastofnun heldur rafræna skrá yfir sérhvert fljótandi far sem er yfir 6 metrar á lengd eða stærra, mælt stafna á milli. Skráin hefur að geyma margvíslegar upplýsingar um flota landsmanna og nýtist í margs konar tilgangi, svo sem við eftirlit með öryggi skipa, sem eigendaskrá, við úthlutun fiskveiðiheimilda o.fl. Skrána er að finna á vefsíðu stofnunarinnar.

Af öðrum gagnasöfnum má nefna afar ítarlegt og margþætt safn teikninga, mælingakorta og annarra grunngagna sem til hafa orðið vegna starfsemi stofnunarinnar við hönnun, ráðgjöf og eftirlit með hafnarmannvirkjum. Sama á við um skip og báta. Hér er um merkileg söfn að ræða, af fleiri en einni ástæðu, sem sótt er í af hafnarstjórnum, skipseigendum, sagnfræðingum o.fl.

Loks skal getið bókasafns stofnunarinnar, en þar er skipulega safnað saman ritum sem gagnast stofnuninni. Safnið er skráð og tengt Gegni, landskerfi bókasafna, og er þannig aðgengilegt öllum þeim er leita vilja tiltekinna fræðirita, auk þess sem starfsmenn geta með nútímalegum hætti kannað hvað er að finna í öðrum sérsöfnum og fengið þaðan lánaðar bækur. Einnig stendur starfsmönnum til boða að notfæra sér þjónustu hvar.is á vefnum þar sem gert er aðgengilegt mikið safn heimilda- og gagnasafna frá stærstu tímarita- og gagnasafnsútgefendum í heiminum. Ísland eitt landa gefur íbúum sínum kost á þessari þjónustu án endurgjalds fyrir notendur.

Vitar og leiðsögukerfi.

Siglingastofnun annast rekstur landsvitakerfisins og hefur með höndum tæknilega aðstoð við uppbyggingu hafnarvita og innsiglingarmerkja. Einnig rekur stofnunin leiðsögu-, upplýsinga- og eftirlitskerfi fyrir siglingar (DGPS-kerfið), upplýsingakerfi um veður og sjólag og sjálfvirkt auðkennikerfi skipa, AIS.

Sjálfvirku auðkennikerfi skipa er komið á samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins nr. 2002/59 sem lögin um vaktstöð siglinga byggjast á. AIS-kerfið er hluti af rafrænu tilkynningakerfi um siglingar skipa sem aðildarríki Efnahagsbandalagsins auk Noregs og Íslands eru aðilar að. Kerfi þetta nefnist SafeSeaNet. Samkvæmt sömu tilskipun skal velja eða útnefna ákveðnar hafnir hér á landi sem neyðarhafnir. Neyðarhafnir eru skilgreindar sem hafnir eða skjól þangað sem hægt er að vísa skipum sem eiga í erfiðleikum eða eru í hættu af ýmsum orsökum. Vinna við neyðarhafnir fer fram hjá Siglingastofnun í samvinnu við Landhelgisgæslu og fleiri aðila.

Á árinu voru settar upp fjórar AIS-stöðvar til viðbótar þeim sem þegar voru komnar. Með því var þeim áfanga náð að siglingaleiðir umhverfis landið voru innan sviðs AIS-kerfisins. Eftir er að þétta kerfið inn til landsins þannig að hafnir sem eru við firði, sérstaklega austan- og vestanlands, séu innan kerfisins. Langdrægi stöðvanna er allt að 70 sjómílum (130 km).

Til rekstrar vita- og leiðsögukerfa, þ.m.t. rekstur AIS-kerfisins, fær Siglingastofnun til ráðstöfunar vitagjald sem er sérstakur skattur sem samkvæmt vitalögum er lagður á íslensk og erlend skip sem taka íslenska höfn. Upphæð gjaldsins tekur mið af brúttótonnatölu skipsins. Af þessu fé er einnig kostaður rekstur upplýsingakerfisins um veður og sjólag.

Viðhald og eftirlit Siglingastofnunar með vitum landsins skiptist í stórum dráttum í eftirlit með rafbúnaði og viðhald á vitabyggingum.

Á árinu 2006 var viðhald og eftirlit með vitum og leiðsögubúnaði með hefðbundnum hætti. Starfsmenn Siglingastofnunar sinntu almennu viðhaldi á 17 vitabyggingum og fóru í um 90 vita til eftirlits, viðhalds og endurnýjunar ljós- og rafbúnaðar. Einnig var unnið við viðhald á 14 ljósduflum í eigu Siglingastofnunar og hafna.

Rekstur upplýsingakerfis Siglingastofnunar um veður og sjólag gekk vel á árinu. Kerfið gefur sjófarendum kost á upplýsingum um veður og sjólag umhverfis landið á klukkustundarfresti. Upplýsingarnar er hægt að nálgast á vef stofnunarinnar og í símsvara en einnig má nálgast upplýsingar frá ölduduflum á textavarpi.

Skipaeftirlit.

Siglingastofnun ber stjórnvaldslega ábyrgð á framkvæmd skipaeftirlits en tæknilegt eftirlit er í höndum faggiltra skoðunarstofa skipa. Í árslok 2006 voru þrjár skoðunarstofur skipa starfandi.

Siglingastofnun sinnir eftirliti með óflokkuðum skipum sem skoðunarstofum er óheimilt að skoða, framkvæmir upphafsskoðun á nýsmíði, breytingum og innflutningi á skipum, sinnir markaðseftirliti með skemmtibátum og skipsbúnaði, sér um útgáfu skipsskírteina og útgáfu og uppfærslu á skoðunarhandbókum sem skoðunarstofur nota við vinnu sína. Jafnframt sér Siglingastofnun um yfirferð og samþykkt á teikningum og öðrum gögnum vegna nýsmíði og breytinga skipa, þ.m.t. yfirferð stöðugleikagagna og skipamælinga.

Siglingastofnun hefur eftirlit með starfsemi faggiltra skoðunarstofa, viðurkenndra flokkunarfélaga og annarra starfsleyfishafa, framkvæmir skyndiskoðanir í skipum sem skoðunarstofur og flokkunarfélög hafa skoðað og útbýr og viðheldur nauðsynlegum skoðunarhandbókum vegna þess.

Skoðunaraðilar.

Skoðunaraðili	2004	2005	2006	2007
Skoðunarstofur		2.165	2.160	2.135
Siglingastofnun Íslands	2.211	31	32	38
Bureau Veritas (BV)	9	8	8	6
Germanischer Loyd (GL)	7	6	6	7
Loyd's Register of Shipping (LR)	56	53	49	47
Det Norske Veritas (NV)	82	81	76	76
Samtals	**2.365**	**2.344**	**2.311**	**2309**

Fjöldi skipa og báta.

Siglingastofnun Íslands heldur skrá yfir skip og báta samkvæmt lögum um skráningu skipa, nr. 115/1985. Árlega gefur stofnunin út rafræna skrá yfir þilfarsskip og opna báta miðað við 1. janúar. Samtals voru 2.309 skip á skipaskrá 1. janúar 2007 og brúttótonnatala þeirra var 226.194 brúttótonn. Skipum á íslenskri skipaskrá fækkaði fjórða árið í röð og að þessu sinni um samtals tvö skip. Heildarbrúttótonnatala skipastólsins lækkaði um 760 brúttótonn frá árinu áður.

Á aðalskipaskrá 1. janúar 2007 voru 1.128 þilfarsskip og brúttótonnatala þeirra var 219.180. Opnir bátar voru samtals 1.181 og brúttótonnatala þeirra var 7.014.

Á þurrleiguskrá er eitt skip, Keilir, samtals 4.342 brúttótonn.

Tölurnar í töflunni hér á eftir eru miðaðar við 1. janúar ár hvert.

Tafla um fjölda skráðra skipa og heildarstærð skipastólsins 2001–2007.

Fjöldi og stærð skipa 1. janúar hvers árs		2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
Þilfarsskip		1.067	1.136	1.135	1.128	1.135	1.128	1.128
	Brúttótonn	220.874	230.748	235.776	226.081	230.881	219.934	219.180
Opnir bátar		1.361	1.329	1.273	1.237	1.209	1.183	1.181
	Brúttótonn	7.570	7.745	7.473	7.322	7.199	7.020	7.014
Heildarfjöldi		**2.428**	**2.465**	**2.408**	**2.365**	**2.344**	**2.311**	**2.309**
Heildarbrúttótonnatala		**228.444**	**238.493**	**243.249**	**233.403**	**238.081**	**226.954**	**226.194**

Áhafnamál og skírteini.

Af öðrum verkefnum á sviði skipamála má nefna útgáfu alþjóðlegra atvinnuskírteina skipstjórnarmanna (STCW), þjónustu við mönnunarnefnd fiskiskipa og undanþágunefnd sjómanna og undirbúning og kynningu á laga- og reglugerðasetningu. Um alþjóðasamstarf á sviði siglingamála vísast í kaflann um alþjóðasamstarf.

Á árinu 2006 var gefið út 161 alþjóðlegt atvinnuskírteini (STCW), eitt skírteini fyrir atvinnukafara, fjögur hafnsögumannsskírteini og þrjú skírteini fyrir leiðsögumenn. Siglingastofnun gaf einnig út 60 starfsleyfi til farþegaflutninga, sex starfsleyfi fyrir bátaleigur og þrjú leyfi til að stunda flúðasiglingar.

Hafnarríkiseftirlit.

Í samræmi við ákvæði Parísarsamkomulagsins um hafnarríkiseftirlit og ákvæði í ýmsum öðrum alþjóðasamþykktum, sem Ísland á aðild að, var að venju haft eftirlit með erlendum flutninga- og farþegaskipum sem hingað komu.

Markmiðið með eftirlitinu er að draga úr siglingum svokallaðra undirmálsskipa og hefur þeim fækkað til muna eftir að farið var að banna skipum að koma til hafnar í aðildarríkjum Parísarsamkomulagsins hafi þau ítrekað verið stöðvuð við fyrri skoðanir.

Farin var skoðunarherferð á vegum hafnarríkiseftirlitsins þar sem áhersla var lögð á að kanna olíumengunarvarnir kaupskipa í samræmi við viðauka I við MARPOL 73/78 sáttmálann en hann tók gildi 2. október 1983.

Tilkynnt var um 389 einstakar komur erlendra skipa til Íslands, sem er um 10% aukning frá árinu 2005 og 26% aukning frá árinu 2004. Af þessum skipum voru 102 skoðuð eða um 26%. Skipin 102 sem voru skoðuð voru frá 32 þjóðlöndum. Flest voru skipin frá Antígva eða 14 og næstflest frá Hollandi eða 9.

Farbann var lagt á þrjú skip, 61 athugasemd var gerð og teknar út 186 athugasemdir sem gerðar voru af öðrum aðildarríkjum.

Áætlun um öryggi sjófarenda.

Markmið áætlunar um öryggi sjófarenda er m.a. að treysta öryggi íslenskra skipa og áhafna þeirra sem og farþega á íslenskum skipum og skipum sem sigla í íslenskri efnahagslögsögu, fækka slysum á sjó og draga úr tjóni vegna þeirra. Helstu verkefni áætlunar um öryggi sjófarenda eru menntun og þjálfun sjómanna, fræðsluefni og miðlun upplýsinga, öryggisstjórnun um borð í skipum og rannsóknar- og þróunarverkefni.

Siglingastofnun annast framkvæmd áætlunarinnar í samstarfi við verkefnisstjórn en í henni eiga sæti fulltrúar stéttarfélaga sjómanna, samtaka útgerða, Slysavarnafélagsins Landsbjargar, Landhelgisgæslu og samgönguráðuneytis.

Hluti vinnunnar á árinu 2006 var úrvinnsla gagna um slys á sjómönnum og samanburður milli ára. Lagt var mat á mögulegan árangur áætlunarinnar og þá sérstaklega litið til dauðaslysa á sjómönnum, skipa sem hafa farist og tilkynninga um slys á sjómönnum til Tryggingastofnunar ríkisins. Í þessum samanburði má glögglega sjá að áætlunin hefur haft víðtæk áhrif til fækkunar slysa. Einnig var hafin viðhorfskönnun um öryggi sjómanna á norðurslóðum (Northern Periphery Programme) en það er alþjóðlegt verkefni. Viðhorfskönnunin inniheldur 83 spurningar en verkefnisstjórn ákvað að bæta við 17 sérískenskum spurningum þannig að alls voru spurningarnar 100 talsins. Viðhorfskönnunin var send um 2.400 starfandi sjómönnum á öllum stærðum skipa. Alls svöruðu 605 sjómenn og telst það allgóð svörun.

Í samvinnu við verkefnisstjórn gaf Siglingastofnun út bókina *Stjórn og sigling skipa – siglingareglur* sem Guðjón Ármann Eyjólfsson, fyrrverandi skólameistari Stýrimannaskólans í Reykjavík, ritaði. Um er að ræða þriðju útgáfu bókarinnar en hún hefur verið ófáanleg um nokkurt skeið. Bókin er ekki einungis hugsuð sem kennslubók fyrir verðandi sjómenn heldur einnig sem nauðsynleg handbók fyrir skipstjórnarmenn um borð í skipum. Einnig var gengið frá útgáfu fræðslubæklings sem ber heitið *Þjónustu-, þjálfunar- og vinnuöryggishandbækur í fiskiskipum*. Fræðslupési þessi er fyrst og fremst hugsaður til að uppfræða sjómenn um hvernig nota skuli á réttan hátt þjónustu- og þjálfunarhandbækur sem Landssamband íslenskra útvegsmanna lét setja um borð í fiskiskip á sínum vegum. Í tengslum við sjómannadaginn í byrjun júní stóð verkefnisstjórnin fyrir fræðsluátaki um verkefni áætlunarinnar með því að auglýsa áætlunina í sjómannadagsblöðum á hinum ýmsu stöðum á landinu. Í lok

september var á vegum verkefnisstjórnar haldin ráðstefna sem bar heitið *Öryggisvika sjómanna.* Ráðstefnan var haldin í hátíðarsal Fjöltækniskólans (áður Stýrimannaskólans í Reykjavík). Á ráðstefnunni voru haldin mörg erindi sem snúa að öryggi sjómanna en meginþema ráðstefnunnar var um tæknilega samvinnu útgerða, áhafna og aðila í landi.

Dauðaslys á fiskiskipum 1997–2006.

Skipsstærð / ár	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006
Skip <12 m	2	1	2	1				1		
Skip 12-24 m					3	2				
Skip >24 m					4			1	1	2
Samtals	2	1	2	1	7	2	1[1]	2	1	2

[1] Skipverji drukknar á óskráðum þangskurðarpramma.

Fiskiskip sem fórust 1997–2006.

Skipssærð / ár	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006
Skip <12 m	6	3	3	8			4	3	3	0
Skip 12-24 m	1			1	1	3		4	1	1
Skip >24 m	2			1	2	1	3	1		0
Samtals	9	3	3	10	3	4	7	8	4	1

Tilkynnt slys til Tryggingastofnunar 1997–2006.

Ár	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006
Fjöldi	460	378	381	361	348	413	379	309	366	266

Hafnir, líkantilraunir og grunnkort.

Á vegum Siglingastofnunar var unnið að rannsóknum á sviði hafna, líkantilrauna og grunnkorta. Með rannsóknum er átt við gerð grunnkorta af höfnum, líkantilraunir og rannsóknir sem tengjast beint ákveðnum framkvæmdum í höfnum. Á árinu 2006 hófust líkantilraunir á ferjuhöfn við Bakkafjöru.

Rannsóknir og þróun.

Heildarkostnaður rannsókna- og þróunarsviðs Siglingastofnunar Íslands var 59,2 millj. kr. árið 2006 og þar af um 15,5 millj. kr. í áætlun um öryggi sjófarenda. Með rannsóknum er átt við öflun ýmissa grunnupplýsinga, mælingar og rannsóknir sem stuðla að öryggi sjófarenda og réttum ákvörðunum við val á lausnum við mannvirkjagerð.

Unnið var áfram að öldufarsrannsóknum við suðurströndina, einkum í tengslum við siglingaleiðina frá Vestmannaeyjum upp að Bakkafjöru. Einnig var unnið að öldufarsreikningum fyrir líkantilraunir af Rifshöfn og fyrir hugsanlega stóriðjuhöfn á Húsavík. Heildarkostnaður hafna- og strandrannsókna árið 2006 var 13,1 millj. kr.

Haldið var áfram uppsetningu sjávarfallalíkans og þróað áfram reklíkan fyrir olíu og rekhluta. Hafin var vinna við að mæla sjávarföll á landgrunninu í samvinnu við Hafrannsóknastofnun, verkfræðistofuna VST og háskóla til að kvarða betur sjávarfallalíkan Siglingastofnunar. Í tengslum við auknar siglingar olíuskipa innan efnahagslögsögu Íslands var unnið að úrvinnslu á veður- og öldugögnum fyrir Norður-Atlantshaf á Drekasvæðinu vegna fyrirhugaðrar olíuleitar. Jafnframt var unnið að tilraunum með hreyfistöðugleika skipa og smíði og þróun andveltugeyma skipa. Heildarkostnaður umhverfisrannsókna árið 2006 var 14,6 millj. kr.

Áhersla var lögð á lögbundna afgreiðslu tillagna rannsóknarnefndar sjóslysa í öryggisátt þar sem Siglingastofnun vinnur úr þeim tillögum. Lokið var við rannsóknir á vatnsþéttleika skipa sem tekur mið af hólfun þeirra og ástandsgreiningu nokkurra flokka valinna fiskiskipa.

Niðurstöður voru gefnar út í ritinu *Vatnsþéttleiki skipa*. Haldið var áfram með rannsóknir á hávaða í skipum, loftgæðum um borð í skipum, ofhleðslu smábáta og loftflæði til aðalvéla. Heildarkostnaður skiparannsókna árið 2006 var 16,0 millj. kr.

Rannsóknir á Bakkafjöru.

Áfangaskýrsla um ferjuhöfn við Bakkafjöru var gefin út í febrúar 2006 þar sem fram kom að ferjuhöfn við Bakkafjöru væri raunhæfur kostur í samgöngumálum Vestmannaeyinga. Í áfangaskýrslunni voru tillögur um áframhaldandi rannsóknir sem talið var nauðsynlegt að ljúka á árunum 2006 og 2007. Haldið var áfram dýptarmælingum undan Bakkafjöru í mars 2006. Mældar voru línur með 100 m bili í júlí og ágúst 2006 og í janúar 2007. Starfsmenn Vestmannaeyjahafnar hafa annast þessar dýptarmælingar. Einnig voru tekin botnsýni undan Bakkafjöru og í óseyrinni undan Markarfljóti og í fjörunni í maí 2006. Líkantilraunir af ferjuhöfninni stóðu yfir frá nóvember 2005 fram í mars 2006. Gerðar voru GPS-mælingar af Bakkafjöru til að geta fylgst með breytingum á landi sem sandfok veldur. Einnig var unnið að úrvinnslu öldugagna og öldufarsreikninga. Orkustofnun mat dagsmeðalrennsli Markarfljóts fyrir tímabilið 1961 til 2003. Upphaflega var gert ráð fyrir öldustefnumælingum við Bakkafjörudufl en þegar til kom reyndist ekki þörf á slíkum mælingum. Starfsmaður Siglingastofnunar starfaði á dönsku straumfræðistöðinni við að koma af stað og kvarða efnisburðarreikninga. Unnið var síðan samfellt að rannsóknum á efnisburði út árið 2006. Hafin var vinna við grjótrannsóknir til hafnargerðar í Bakkafjöru undir umsjón jarðfræðistofunnar Stapa. Hafin var vinna við áhættugreiningu á siglingu ferju til Bakkafjöru og gerður samanburður við siglingu Herjólfs til Þorlákshafnar sem Det Norske Veritas vann. Danska verkfræðistofan COWI hóf vinnu við mat á frumhönnun ferjuhafnar, rannsóknum og rannsóknarskýrslum sem gerðar hafa verið vegna undirbúnings hafnargerðar í Bakkafjöru. Ákveðið var að bíða með botnrannsókn á hafnarstæðinu þar til lokahönnun mannvirkja fer fram.

Kostnaður við rannsóknarverkefni 2006.

	Millj. kr.
Almennar rannsóknir, óskipt	8,9
Stjórnvaldsverkefni	4,5
Strandrannsóknir, óskipt	1,2
Norðausturleið (PAME)	2,0
Rifshöfn – öldufarsrannsóknir	0,3
Húsavík – öldufarsrannsóknir	0,1
Rannsóknir á Hornafjarðarós	0,6
Rannsóknir á Breiðamerkurlóni	0,1
Rannsóknir á ferjulægi við Bakkafjöru	4,4
Umhverfisrannsóknir, óskipt	2,0
Veðurlíkan	1,5
Undirstöðurannsóknir á sjólagi	3,7
Siglingaleiðir	0,6
Upplýsingakerfi fyrir sjófarendur	0,8
Líkön fyrir sjávarflóð	1,5
Skiparannsóknir, óskipt	3,0
Northern Periphery Programme	2,2
Rannsóknir og skipatækni	2,4
Vatnsþéttleiki skipa – rannsóknarverkefni	1,6
Hávaði í skipum – rannsóknarverkefni	0,5
Loftgæði í skipum – rannsóknarverkefni	1,8
Samtals	**43,7**

Rannsókn sjóslysa.

Samkvæmt lögum um rannsóknir sjóslysa, nr. 68/2000, er það m.a. hlutverk Siglingastofnunar að taka til formlegrar afgreiðslu tillögur rannsóknarnefndar sjóslysa til úrbóta í öryggismálum á sjó og gera henni grein fyrir þeim úrbótum sem gerðar hafa verið. Þá ber Siglingastofnun, samkvæmt reglugerð nr. 133/2002, að eiga frumkvæði að sérstökum aðgerðum séu þær taldar nauðsynlegar.

Eftirfarandi eru formlegar afgreiðslur Siglingastofnunar til rannsóknarnefndar sjóslysa á árinu 2006:

Nr. 043/04 (Baldvin Þorsteinsson EA-10 (sknr. 2212), fékk nótina í skrúfuna og strandaði).

Nr. 012/05 (Grímsnes GK-555 (sknr. 1849), eldur varð laus í lúkar).

Nr. 065/05 (Hrund BA-87 (sknr. 7403), eldur kom upp um borð og skipið sökk).

Nr. 094/05 (Gugga SH-80. (sknr. 6412) , strandaði, stjórnandi sofnaði).

Nr. 088/05 (Milla SH-234. (sknr. 2321), slæmt ástand á lögnum til sjókælingar).

Nr. 011/65 (Hrönn ÍS-303. (sknr. 2049), vélarvana, dregin til hafnar).

Allar afgreiðslur til rannsóknarnefndarinnar má finna á vefsíðu Siglingastofnunar, www.sigling.is.

Minjavernd og saga.

Unnið var að ritun sögu hafnargerðar á Íslandi á vegum Siglingastofnunar árið 2006. Verkið er viðamikið en er nokkuð á veg komið. Siglingastofnun hefur gert samkomulag við Víkina – Sjóminjasafn Reykjavíkur um varðveislu minja og muna frá stofnuninni.

Siglingavernd (skipa- og hafnavernd).

Lög um siglingavernd, nr. 50/2004, tóku gildi þann 14. júní 2004 og komu til framkvæmda 1. júlí 2004. Markmið með siglingavernd er að tryggja vernd skipa, áhafna, farþega, farms og hafnaraðstöðu fyrir hvers kyns ógn af hryðjuverkum og öðrum ólögmætum aðgerðum.

Árið 2006 voru 29 vottaðar hafnir með hafnaraðstöðu á 79 stöðum á Íslandi. Siglingastofnun framkvæmdi árlega úttekt á 10 höfnum og 32 hafnaraðstöðum og skyndiúttekt á þremur höfnum og sex hafnaraðstöðum. Siglingastofnun framkvæmdi þrjár skyndiúttektir á skipum þar sem eingöngu voru skoðuð atriði er varðar siglingavernd. Engin skip voru skráð á Íslandi árið 2006 sem þurfa að uppfylla kröfur um siglingavernd.

Í samstarfi við aðrar stofnanir hélt Siglingastofnun fimm námskeið fyrir um 85 starfsmenn hafna og fyrirtækja. Eitt verndarfulltrúanámskeið fyrir nýja verndarfulltrúa og fjögur námskeið fyrir nýja hafnargæslumenn. Alls hafa um 90 manns hlotið tilnefningu sem verndarfulltrúar og hlotið þjálfun sem slíkir og um 600 hafa sótt hafnagæslunámskeið á vegum Siglingastofnunar Íslands. Jafnframt var Siglingastofnun með fræðslu/námskeið í samstarfi við viðeigandi stofnanir svo sem tollstjórann í Reykjavík, Landhelgisgæslu Íslands og Fjöltækniskólann.

Siglingastofnun tók þátt í fundum og alþjóðlegu samstarfi vegna siglingaverndar, m.a. hjá Alþjóðasiglingamálastofnuninni, Evrópusambandinu og Norðurlandafundum þar sem haldnir eru reglulegir fundir um siglingavernd. Árið 2006 tók Siglingastofnun þátt í fjórum fundum hjá MARSEC, nefnd Evrópusambandsins, einum fundi vinnuhóps á vegum MARSEC og Transit í Englandi, auk Norðurlandafundar um siglingavernd er haldinn var í Danmörku. Siglingastofnun á jafnframt samskipti og samvinnu við ýmsar íslenskar og erlendar stofnanir varðandi málefni er tengjast siglingavernd.

Siglingaverndaráætlun Íslands var gefin út samkvæmt kröfu Evrópusambandsins en í reglugerð Evrópusambandsins nr. 725/2004 á hvert land að gera siglingaverndaráætlun. Að gerð áætlunarinnar kom vinnuhópur sem skipaður var fulltrúum frá ríkislögreglustjóra, tollstjóranum í Reykjavík, Landhelgisgæslu Íslands, Hafnasambandi Íslands, Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða og Siglingastofnun Íslands.

Vinna hófst við þýðingu og innleiðingu tveggja nýrra reglugerða og einnar tilskipunar frá Evrópusambandinu er varða siglingavernd. Þessar reglugerðir og tilskipun hefur þau áhrif að uppfæra og breyta þarf lögum um siglingavernd, nr. 50/2004, og var sú vinna jafnframt hafin. Gefnar voru út nýjar leiðbeiningar til vottaðra hafna og má þar m.a. nefna almennar reglur um siglingavernd, uppfærðar leiðbeiningar varðandi áhættumat og verndaráætlun hafna og leiðbeiningar um móttöku tilkynninga frá skipum ásamt viðbrögðum.

Vaktstöð siglinga.

Vaktstöð siglinga var sett á fót með lögum nr. 41/2003. Siglingastofnun hefur fjárhagslegt og faglegt eftirlit með rekstrinum og sinnir samskiptum við stjórnvöld vegna verkefna vaktstöðvarinnar og alþjóðlegu samstarfi, svo sem samstarfi við Alþjóðasiglingamálastofnunina og Siglingaöryggisstofnun Evrópu. Í sérstökum þjónustusamningi sem Siglingastofnun Íslands gerði við Landhelgisgæslu Íslands, Neyðarlínuna og Slysavarnafélagið Landsbjörg er þessum aðilum falið að annast daglegan rekstur vaktstöðvarinnar. Landhelgisgæslan fer með faglega forustu í vaktstöðinni.

Hlutverk Vaktstöðvar siglinga er að fylgjast með allri umferð á sjó í lögsögu landsins og vera miðstöð upplýsinga fyrir skipaumferð í íslensku efnahagslögsögunni og halda utan um siglingar erlendra skipa sem koma til landsins sem og siglingar íslenskra skipa. Í samvinnu við Vaktstöð siglinga var unnið að innleiðingu rafræns tilkynningakerfis skipa, SafeSeaNet.

Stofnkostnaður.

Árið 2006 var fjárfest í tækjum og búnaði fyrir samtals 20,2 millj. kr. Stór hluti stofnkostnaðar voru innkaup á búnaði í AIS-stöðvar en einnig ölduduflog annar búnaður.

Hafnir.

Í þessari skýrslu er að finna stuttar lýsingar á ríkisstyrktum hafnarframkvæmdum árið 2006 á hverjum stað fyrir sig og tölur um fjárveitingar til hafnarframkvæmda og ráðstöfun þeirra í töflum I–VI. Einnig er fjallað um varnir gegn landbroti af ágangi sjávar og greint frá verkum sem unnin hafa verið í höfnum án ríkisstyrkja.

Árið 2006 var eftirgreindum fjárhæðum varið til ríkisstyrktra framkvæmda við hafnir. Til samanburðar eru tölur fyrra árs.

	2005	**2006**
	millj. kr.	**millj. kr.**
Ríkisstyrktar hafnarframkvæmdir	1.395,5	1.753,7
Ferjubryggjur	5,4	7,7
Lendingarbætur	7,1	6,6

Ríkisstyrktar hafnarframkvæmdir.

Snæfellsbær.

Rifshöfn: Viðhaldsdýpkanir í Rifi og Ólafsvík voru boðnar út í nóvember á síðasta ári og samið við lægstbjóðanda, Gáma- og tækjaleigu Austurlands ehf. Verktaki hóf dýpkun með

dæluskipinu Skandia í Rifi 11. mars. Taka átti laust efni niður í 6,0 m dýpi í innsiglingu og 5,0 m innan hafnar. Verktaki lauk dýpkun í ágúst. Ekki náðist tilætlað dýpi á öllu svæðinu þar sem botnefni reyndust sums staðar of hörð fyrir Skandia. Samkvæmt útreikningum Siglingastofnunar voru í Rifi fjarlægðir 31.263 m³ úr höfn og innsiglingu en uppgjöri lauk ekki fyrir áramót.

Í september var samið við Sæþór ehf. um stofndýpkun á svæði innst í höfninni við trébryggjuna. Verkið var unnið með grafskipinu Eiðsvík. Því lauk í nóvember og voru fjarlægðir um 4.600 m³. Þetta er byrjunin á stofndýpkun sem heimild var veitt fyrir í framhaldi af líkantilraunum sem nú standa yfir.

Elinn ehf. lauk endurbyggingu trébryggju en það verk hófst um mitt ár 2005. Þetta er lokaáfangi í endurbyggingu bryggjunnar sem hófst árið 1997. Nú var fremsti hlutinn, um 29 m, byggður upp og sá hluti gömlu bryggjunnar sem eftir stóð fjarlægður. Nýja bryggjan er nú 60 m löng og 5,3 m breið.

Gengið var frá lýsingu við tengibraut að hafnarvog, settir átta ljósastaurar, og gengið frá slitlagi á um 800 m² af tengibrautinni. Rarik sá um lýsinguna en Stafnafell annaðist klæðningu.

Frestað var lagningu hluta slitlags við tengibraut og lýsingu við flotbryggju, en það verkefni átti að koma til framkvæmda á árinu samkvæmt hafnaáætlun.

Ólafsvík: Gáma- og tækjaleiga Austurlands ehf. vann að viðhaldsdýpkun í innsiglingu, verk sem boðið var út á síðasta ári ásamt dýpkun í Rifi. Dýpka átti í 6,0 m en samkvæmt mælingu í verklok vantaði nokkuð á að það dýpi næðist á öllu svæðinu. Verkinu lauk í ágúst og höfðu þá verið fjarlægðir 21.110 m³. Endanlegu uppgjöri lauk ekki á árinu.

Þá var unnið áfram við endurbyggingu harðviðarbryggjunnar, en það verk hefur dregist á langinn þar sem í ljós kom að bryggjan var mun meira skemmd og fúin en gert hafði verið ráð fyrir. Verktaki er Elinn ehf. frá Sauðárkróki.

Stafnafell ehf. annaðist frágang á gamalli grjótnámu í Ólafsvíkurenni. Með samþykki hafnaráðs í nóvember 2005 var veitt heimild til að ráðast í þetta verkefni og ráðstafa í það 1,7 millj. kr. af óskiptu fé til hafnargerða.

Keypt var innsiglingarbauja og sett upp. Þetta verkefni var einnig samþykkt af hafnaráði í nóvember 2005 og heimilað að ráðstafa í það fjárupphæð af óskiptu fé.

Frestað var breikkun þekju við Suðurþil úr 11 í 20 m, en það verkefni átti að koma til framkvæmda á árinu samkvæmt hafnaáætlun.

Framkvæmdakostnaður: 87,9 millj. kr.

Grundarfjörður.

Bygging nýrrar stálþilsbryggju sunnan Litlubryggju hófst á árinu. Efnisútboð fór fram á síðasta ári og var samið um kaup á 48 tonnum af festingaefni frá Anker-Schröder og 305 tonnum af stálþili frá Arcelor. Tilboð í römmun stálþilsins, fyllingu og kantsteypu voru opnuð 3. maí og í framhaldi samið við lægstbjóðanda, Berglín ehf., sem bauð 83,8 millj. kr. í verkið. Framkvæmdir hófust í byrjun júlí. Hagtak hf. var undirverktaki og vann stóran hluta verksins. Verkinu var ekki lokið fyrir áramót.

Frestað var framkvæmdum sem áformaðar voru í hafnaáætlun við smábátaaðstöðu og dýpkun hafnarinnar. Lokið var mælingu og botnrannsóknum vegna dýpkunar en gert ráð fyrir að framkvæmdin verði árið 2007. Smábátaaðstöðu verður frestað til ársins 2008 samkvæmt drögum að samgönguáætlun 2007–2010.

Framkvæmdakostnaður: 62,1 millj. kr.

Stykkishólmur.

Viðlegukantur og stálþil í Súgandisey voru lengd um 30 m á árunum 2002–2003. Lok þess verks, þ.e. lögnum, lýsingu og þekju, hefur verið frestað nokkrum sinnum en því lauk árið 2006. Framkvæmd þessi fólst í að leggja vatnslagnir og ídráttarlagnir fyrir rafmagn að kantinum. Upphaflega var gert ráð fyrir að steypa þekjuna, en þeirri ákvörðun var breytt og hún malbikuð.

Unnið var við lagfæringar á ferjubrúarbúnaði vegna nýrrar Breiðafjarðarferju og aðlaga aðstöðu að nýju skipi. Voru veittir í það verkefni fjármunir af óskiptu.

Áformum um byggingu ljósamasturs- og vatnshúss í Skipavík var frestað til ársins 2010.

Framkvæmdakostnaður: 3,6 millj. kr.

Dalabyggð.

Gert hafði verið ráð fyrir því að lagfæra gömlu bryggjuna í Búðardal árið 2006 en verkinu frestað til 2007.

Framkvæmdakostnaður: Enginn árið 2006.

Reykhólar.

Dýpkunarframkvæmdum var enn frestað til ársins 2007 þar sem ekki fengust tilskilin leyfi frá UST.

Framkvæmdakostnaður: Enginn árið 2006.

Vesturbyggð.

Brjánslækur: Unnið var við lagfæringar á ferjubrúarbúnaði vegna nýrrar Breiðafjarðarferju. Endabitum ferjubrúar var breytt og fríholt löguð. Ríkishluti þessa verkefnis var greiddur af óskiptri fjárveitingu með heimild hafnaráðs.

Patreksfjörður: Engar ríkisstyrktar hafnarframkvæmdir 2006.

Bíldudalur: Þar vann fyrirtækið Lás ehf. á Bíldudal við frágang á þekju og lögnum á bryggju fyrir fyrirhugaða kalkþörungaverksmiðju. Steypt var 2.280 m² þekja og hafin bygging á ljósamasturs- og vatnshúsi. Samningsverð við Lás ehf. var 24 millj. kr.

Framkvæmdakostnaður: 29,6 millj. kr.

Tálknafjörður.

Endurnýjuð var innsiglingarbauja. Ríkishluti í þetta verkefni var greiddur af óskiptri fjárveitingu með heimild hafnaráðs.

Framkvæmdakostnaður: 1,0 millj. kr.

Bolungarvík.

Engar ríkisstyrktar hafnarframkvæmdir 2006.

Ísafjarðarbær.

Þingeyri: Samkvæmt hafnaáætlun átti að rífa gömlu trébryggjuna árið 2005 en því var slegið á frest, svo var einnig í ár. Engar ríkisstyrktar hafnarframkvæmdir 2006.

Suðureyri: Keyptar voru tvær nýjar innsiglingarbaujur frá Finnlandi og þeim komið fyrir. Eldri innsiglingarmerki voru fjarlægð. Hafnarstarfsmenn unnu verkið. Ríkishluti þessa verkefnis var greiddur af óskiptri fjárveitingu að fenginni heimild hafnaráðs.

Flateyri: Engar ríkisstyrktar hafnarframkvæmdir 2006.

Ísafjörður: Keypt var flotholt 15x3 m og því bætt við ferðamannabryggjuna í Sundahöfn. Hafnarstarfsmenn sáu um verkið. Þetta verkefni var ekki á hafnaáætlun en veitt var heimild hafnaráðs fyrir framkvæmdinni í júní 2005 gegn því að ríkishluti kæmi úr öðrum verkefnum sem hefur verið frestað hjá Ísafjarðarhöfn.

Unnið var við II. áfanga í endurbyggingu Ásgeirsbakka. Verkið er framhald af þili sem rekið var niður veturinn 2003–2004. Efni var keypt árið 2005, 323 tonn af þili frá Arcelor

og 69 tonn af stálþilsfestingaefni frá Anker-Schröder. Römmun þilsins var boðin út í maí og samið við lægstbjóðanda, Íslenska Gámafélagið ehf. Samningsupphæð var 55,83 millj. kr. Verkið hófst í ágúst og felst það í að brjóta kant og skera ofan af gamla þilinu, fjarlægja 2.700 m² þekju og allar lagnir. Síðan verða reknar niður 110 tvöfaldar plötur sem mynda 121 m langan kant og 19 m gafl, fyllt í þilið og steyptur kantbiti. Verkinu var ekki lokið fyrir áramót.

Gert var við flotbryggjuna í Sundahöfn sem byggð var 1973 og er um 50 m á lengd. Flotholtin voru tekin á land og hreinsuð og gert við þau. Staurar voru lagfærðir og réttir af og festingar endurbyggðar. Samið var við Geirnaglann ehf. á Ísafirði um verkið, samningsupphæð 6,6 millj. kr.

Ásel ehf. lauk verkefni við lagnir og lýsingu í Sundahöfn. Samið var um framkvæmdina á árinu 2005.

Lokið var uppgjöri vegna hafnsögubáts sem afhentur var í október árið 2005.

Framkvæmdakostnaður: 56,4 millj. kr.

Súðavík.

Engar ríkisstyrktar hafnarframkvæmdir 2006.

Norðurfjörður.

Þar átti samkvæmt hafnaáætlun að byggja uppsátur smábáta en ákveðið var fresta framkvæmdinni til ársins 2007.

Framkvæmdakostnaður: Enginn árið 2006.

Drangsnes.

Lokið var uppgjöri vegna uppsáturs smábáta sem unnið var á árinu 2005.

Innsiglingarbauja við Kokkálsvíkurhöfn sem slitnaði upp og týndist í haustveðrum var endurnýjuð. Heimilað var að veita styrk af óskiptri fjárveitingu til slysavarna í þetta verkefni.

Framkvæmdakostnaður: 0,3 millj. kr.

Hólmavík.

Þar átti samkvæmt áætlun að framkvæma endurbætur á smábátaaðstöðu. Undirbúningur og verkhönnun hófst undir lok ársins en framkvæmdinni að öðru leyti frestað til ársins 2007.

Framkvæmdakostnaður: Enginn árið 2006.

Hvammstangi.

Heimild fékkst til að flýta dýpkun smábátahafnarinnar sem fram átti að fara árið 2007 samkvæmt hafnaáætlun. Í júní var samið við Víðimelsbræður ehf. að vinna þetta verk með gröfu frá landi. Uppmoksturinn gekk þó erfiðlega þar sem efni í botni var mjög fínn sandur eða silt sem flaut út þegar hreyft var við því. Til að ljúka verkinu var í september fenginn bílkrani frá Heiðarfelli ehf. og grabbaði hann frá landi því sem ekki náðist upp með gröfunni. Samanlagt tókst að fjarlægja um 3.000 m³ úr höfninni. Er þar nú víðast um eða yfir 1,5 m dýpi. Efni úr dýpkun var allt tekið á land og jafnað út á fyllingarsvæði sunnan prjónastofu við Höfðabraut.

Framkvæmdakostnaður: 6,4 millj. kr.

Blönduós.

Engar ríkisstyrktar hafnarframkvæmdir 2006.

Skagaströnd.

Lokið var dýptarmælingu á snúningssvæði vegna dýpkunar sem framkvæmd var árið 2005.

Samkvæmt hafnaáætlun átti að ráðast í endurbyggingu á löndunarbryggju, sem nú hefur verið nefnd Ásgarður, en samkvæmt ákvörðun heimamanna var verkinu frestað fram á árið 2007.

Framkvæmdakostnaður: 0,6 millj. kr.

Skagafjörður.

Sauðárkrókur: Lokið var uppgjöri vegna lengingar gamla sandfangarans, en sú framkvæmd var unnin á árinu 2005.

Upptökubraut fyrir smábáta sem steypt var árið 2005 var endurbætt. Fyllt var fyrir framan brautarendann með grófu kjarnagrjóti og steypt um tveggja metra viðbót við brautarendann. Víðimelsbræður ehf. og Ás ehf. unnu verkið.

Í júní árið 2006 var boðin út bygging þvergarðs og ytri sandfangara. Verksamningur var gerður við lægstbjóðanda, Víðimelsbræður ehf. Samningsupphæð var 17,5 millj. kr. Byggður var 45 m langur þvergarður innan á Norðurgarðinn og gagnstætt honum um 50 m langur sandfangari til austurs. Byrjað var á verkinu undir lok ágúst og því lauk í október. Utan við útboðsverkið var uppsetning garðsendaljósa sem heimamenn önnuðust. Efnismagn í þvergarð varð 6.204 m³ af sprengdum kjarna og 755 m³ flokkað grjót. Magn í sandfangara var 2.900 m³ af sprengdum kjarna og 1.632 m³ af flokkuðu grjóti. Tilgangur með þvergarðinum var að draga úr ölduhreyfingu upp með Norðurgarðinum sem valdið hefur vandræðum á undanförnum árum. Ytri sandfangara er ætlað draga úr sandburði inn í höfnina og safna efninu upp utan við Norðurgarðinn og fá þar aukið landrými. Ljóst er orðið að þvergarðurinn skilar árangri þó ekki sé komin full reynsla á það enn. Stefnt er að því að prófa höfnina í líkani til að finna út hvað þarf að gera svo viðunandi kyrrð náist.

Í mars 2006 var boðin út bygging trébryggju við vesturkant smábátahafnar og undirritaður verksamningur við lægstbjóðanda, Guðlaug Einarsson ehf. Byggð var 53 m löng timburbryggja við vesturkant smábátahafnarinnar. Suðurendi bryggju gengur upp í grjótfláa og er viðlegukantur með þriggja m dýpi rúmir 47 m. Bryggjan er léttbyggð göngubryggja, tvær stauraraðir og landgangar á þrem stöðum á vesturhlið. Staurar eru úr greenhart en burðarviðir og dekk gagnvarin fura. Efni var boðið út og timbur, 12,9 m³ af greenhart og 50,3 m³ af gagnvarinni furu, keypt af Superbygg ehf. Boltar frá Sandblástri og Málmhúðun. Verkið hófst 6. júlí og lokaúttekt fór fram 5. október. Utan við útboðsverkið var lýsing við bryggjuna sem Rarik setti upp.

Dýpkað var í smábátahöfninni Sauðárkróki um 1.300 m² svæði framan við nýju trébryggjuna í 2,5–3 m dýpi. Verkið var ekki boðið út enda smátt í sniðum. Samið var um framkvæmdina við Víðimelsbræður ehf. á föstum einingaverðum. Verkið var unnið í maí og úttektarmæling gerð 2. júní. Magnið sem upp kom, 1.950 m³, var tekið á land og sett í fyllingu norðan við sandfangara.

Hofsós: Flotbryggja var sett út við Árgarð. Í hafnaáætlun var gert ráð fyrir 12 m bryggju en heimamenn fóru fram á að bryggjan yrði höfð lengri. Samþykkt var að ríkið tæki þátt í kostnaði við 20 m bryggju. Í apríl var leitað eftir tilboðum hjá tveim aðilum í flotbryggju og í framhaldinu samið við Króla ehf. um að útvega og setja upp steypta flotbryggju 20x2,4 m frá Marina sf. Gerð var fylling út frá Árgarði og steyptur landstöpull framan í fyllingunni. Samið var við Víðmelsbræður ehf. um fyllinguna en Ás ehf. steypti landstöpulinn.

Samkvæmt hafnaáætlun átti að endurbæta bryggjuvegg Norðurgarðsins en ákveðið var að bíða með þá framkvæmd.

Haganesvík: Þar var unnið að árlegri viðhaldsdýpkun en á hverju vori þarf að grafa frá bryggjunni 300–400 m³ af sandi sem berst að henni. Efni sem upp kom var sett á land.

Framkvæmdakostnaður: 47,5 millj. kr.

Siglufjörður.

Engar ríkisstyrktar hafnarframkvæmdir 2006.

Hafnasamlag Eyjafjarðar.

Ólafsfjörður: Áfram var unnið í lögnum og þekju við nýtt stálþil Togarabryggju. Verkið var boðið út og samið við lægstbjóðanda, Steypustöð Dalvíkur ehf. í ágúst 2005. Samningsverð var 14 millj. kr. Í janúar 2006 var lokið við steypu á 1.104 m² þekju og mastursshús var steypt upp. Eftir er að innrétta mastursshúsið, smíða rafmagnstöflu og kaupa mastur.

Dalvík: Enn var frestað endurbyggingu timburbryggju við Suðurgarð, en verkið er á áætlun 2007.

Framkvæmdakostnaður: 6,3 millj. kr.

Grímsey.

Enn var frestað styrkingu á grjótvörn aðalhafnargarðs og er nú gert ráð fyrir því verkefni á áætlun 2007.

Heimamenn leituð eftir að fá flýtt lengingu harðviðarbryggju um 20 m og dýpkun við hana sem samkvæmt hafnaáætlun átti að koma til framkvæmda árið 2007. Hugmyndin var að lengja harðviðarbryggju norðanmegin í dokkinni en að ósk heimamanna fór fram skoðun á því að lengja frekar bryggjuna að sunnanverðu. Þetta reyndist töluvert umfangsmeiri framkvæmd, kallar á færslu skjólgarðs og mun meiri dýpkun en gert var ráð fyrir. Unnið var að undirbúningi þessa verkefnis og stefnt á að það fari inn í nýja samgönguáætlun sem er í burðarliðnum.

Framkvæmdakostnaður: 0,5 millj. kr.

Hafnasamlag Norðurlands.

Akureyri: Lokið var við steypta upptökubraut í Sandgerðisbót en brautin er 5x18 m. Katla ehf. á Árskógssandi vann verkið samkvæmt verksamningi sem gerður var á árinu 2005, samningsverð 2,2 millj. kr.

Gáma- og tækjaleiga Austurlands ehf. vann að lengingu Tangabryggju samkvæmt verksamningi sem gerður var árið 2005. Rekið var niður stálþil sem hannað er fyrir 11,0 m dýpi og bryggjan lengd um 100 m. Í vesturenda var rekið 22 m gaflþil. Fyllt var í þilið alls 13.200 m³. Eftir að fyllingu lauk kom í ljós að vesturendi þilsins seig töluvert. Var ákveðið að setja þar farg til að flýta fyrir sigi og bíða með kantsteypu þar til sigið hefur stöðvast. Steyptir voru 44 m af kantbitanum en verkinu síðan frestað til ársins 2007.

Lokið var uppgjöri við Arnarfell ehf. vegna steypu á þekju og frágangi á lögnum í Krossanesi en verkið hófst árið 2005.

Frestað var framkvæmdum við Ísbryggju ÚA að ósk heimamanna.

Hafin var undirbúningur að lengingu Oddeyrarbryggju með 65 m stálþili, hönnunardýpi 10 m. Þetta verk var ekki inni á samþykktri hafnaáætlun en hafnaráð féllst á þá málaleitan heimamanna að efniskaup í lengingu Oddeyrarbryggju yrðu metin styrkhæf en á móti væri frestað Ísbryggju ÚA.

Svalbarðseyri: Samkvæmt hafnaáætlun átti að rífa gamla trébryggju á Svalbarðseyri og lengja grjótgarð. Lítilsháttar var unnið við undirbúning en verkinu að öðru leyti frestað til ársins 2007.

Grenivík: Unnið var að hönnun og undirbúningi uppsáturs fyrir smábáta en framkvæmdinni að öðru leyti frestað til ársins 2007.

Framkvæmdakostnaður: 69,8 millj. kr.

Húsavík.

Lokið var uppgjöri við Árna Helgason verktaka vegna stálþils við Bökugarð. Samkvæmt hafnaáætlun átti að ganga frá lögnum við þilið og steypa á það þekju á árinu 2006. Ákveðið var að fresta því verki um sinn meðan beðið er ákvarðana í stóriðjumálum.

Keypt var 50 m löng og 3 m breið flotbryggja. Gerður var verksamningur við Króla ehf. 9. september 2006. Samningsverð var rúmar 18,95 millj. kr. sem var 109% af kostnaðaráætlun. Verkinu lauk að mestu 22. nóvember. Eftir er að setja upp rafmagn og gera við trébryggjuna sem flotbryggjan stendur við.

Framkvæmdakostnaður: 24,9 millj. kr.

Kópasker.

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir fóru fram árið 2006.

Raufarhöfn.

Samið var við SRS ehf. á Raufarhöfn um að setja upp stálbita á björgunarbátsbryggjuna og klæða dekkið og framhliðina með timbri auk þess að smíða á hana handrið. Efni, gagnvarin fura, var keypt af Superbygg. Þessum framkvæmdum lauk í ágúst 2006.

Frestað var frágangi eftir niðurrif á bryggjum sem felst í grjóthleðslu við hótel Norðurljós.

Framkvæmdakostnaður: 3,3 millj. kr.

Þórshöfn.

Guðlaugur Einarsson ehf. lauk í febrúar samningsverki sem byrjað var á í júní árið 2005. Fólst það í að ramma nýtt stálþil við löndunarbryggju, steypa á það kant og breikka harðviðarbryggju út í sömu línu og stálþilið.

Í mars voru boðnar út lagnir og þekjusteypa við stálþilið. Vökvaþjónusta Kópaskers ehf. var eini aðilinn sem skilaði inn tilboði, tæpum 2% yfir kostnaðaráætlun Siglingastofnunar. Samningur var undirritaður í apríl og var þá byrjað á verkinu en gera þurfti hlé meðan menn á vegum Hraðfrystistöðvar Þórshafnar steyptu upp undirstöður fyrir löndunarbúnað við stálþilið. Vinna hófst ekki að fullu aftur fyrr en í ágúst. Var þá farið í að ganga frá lögnum og undirbúa þekjusteypu. Vökvaþjónusta Kópaskers ehf. lauk svo við að steypa þekjuna um mánaðamótin október/nóvember. Uppgjöri var þó ekki að fullu lokið fyrir áramót.

Í október var leitað eftir tilboði hjá Raftó ehf. í töflusmíði og frágang raflagna við löndunarbryggjuna og í framhaldi af því samið við fyrirtækið um verkið. Því lauk ekki fyrir áramót.

Lengingu Norðurgarðs var áfram frestað, en unnið er að því að finna hagkvæma lausn sem dugar til að ráða bót á ókyrrð í höfninni.

Framkvæmdakostnaður: 39,2 millj. kr.

Bakkafjörður.

Lokið var við framkvæmdir sem hófust árið 2005, en þá var hafist handa við að ganga frá grjótnámu ofan við höfnina, landrafmagni á flotbryggju og lýsingu við löndunarbryggju. Ljóst var að upphæð sem ætluð var til námufrágangsins myndi ekki duga til að ljúka við það verk, en unnið var að því eins og fjárveiting leyfði og því lokið rétt fyrir áramótin 2005/2006.

Nýtt var fjárveiting til að setja upp raflögn og tenglastólpa á flotbryggju sem og að leggja raflögn að uppsátursvelli og setja upp tenglaskáp. Sömuleiðis var lýsing á löndunarbryggju bætt, tveir stálljósastaurar reistir sem lýsa upp bryggjuna í stað bráðabirgðasímastaura sem fyrir voru. Þessu var lokið á árinu 2006.

Framkvæmdakostnaður: 0,6 millj. kr.

Vopnafjörður.

Hagtak hf. vann áfram að samningsverki við stálþil Miðbryggju–Löndunarbryggju. Vinnu við þilrekstur (108 plötur) lauk um miðjan mars. Í framhaldi var fyllt innan við þil og kantur steyptur. Því var lokið í nóvember.

Samið var við Hagtak hf. um áframhaldandi þilrekstur (47 plötur) og viðbótardýpkun framan við Miðbryggju auk rifum á hluta hennar og fyllingu á bak við. Stálþilsplötur af gerðinni AZ18 voru keyptar af Guðmundi Arasyni ásamt festingaefni í viðbótina. Verktaki hefur þegar rifið Miðbryggjuna og fyllt á bak við að hluta.

Þessi viðbót við stálþilið var samþykkt styrkhæf og heimild veitt til að nýta í framkvæmdina fjárveitingu sem ætluð var í lagnir og þekju við fyrri áfanga þilsins.

Dýpkun við fyrri áfanga þilsins lauk fyrir áramót 2005/2006 en viðbótardýpkun á 1.160 m² svæði (1.400 m³) framan við Miðbryggjuna lauk í apríl.

Framkvæmdakostnaður: 78,7 millj. kr.

Borgafjörður eystri.

Vinnu við lengingu á Nýjubryggju lauk á árinu 2006. Heimamenn sáum um að byggja bryggjuna.

Framkvæmdakostnaður: 3,6 millj. kr.

Seyðisfjörður.

Lokið var við lýsingu og raflögn við smábátahöfnina. Kristján Jónsson rafverktaki á Seyðisfirði sá um það verk samkvæmt verksamningi sem gerður var í október 2005.

Vinnu við endurbyggingu Löndunarbryggju hjá Bræðslunni og Bæjarbryggju lauk um mitt árið 2006, en Guðlaugur Einarsson ehf. sá um verkið samkvæmt verksamningi sem gerður var árið 2005. Samið var við Raflagnir Austurlands á Stöðvarfirði um lýsingu og raflögn fyrir báðar bryggjurnar að undangengnu útboði. Tilboðsupphæð var 2,6 millj. kr., um 2% lægri en kostnaðaráætlun hönnuðar. Vinnu við raflögnina var ekki lokið um áramót. Heimamenn sáu um frágang vatnslagna fyrir báðar bryggjurnar og er þeirri vinnu lokið.

Unnið var að ýmsum frágangi við ferjuhöfnina samkvæmt því sem ákveðið var af samstarfsnefnd um byggingu ferjulægis á síðasta ári. Nú er verkinu að fullu lokið og hefur heimamönnum verið gerð grein fyrir því. Enn hefur ekki tekist að lagfæra þakleka í þjónustuhúsi en hönnuður hússins er að leita leiða til úrbóta í samvinnu við verktaka og eftirlitsaðila.

Lokið var við að fylla framan við stálþil Strandarbakka en í desember árið 2005 kom í ljós að grafið hafði frá þilinu. Gerð voru göt á steypuþekjuna þar sem fylling hafði sigið undan, lagfærð vatnslögn sem fór úr skorðum, fyllingu bætt í og steypu rennt undir þekju. Heimamenn sáu um framkvæmdina. Á fundi hafnaráðs í febrúar 2006 var samþykkt tillaga Siglingastofnunar um að ríkið tæki þátt í viðgerðinni, fjárveiting kom af óskiptum lið.

Framkvæmdakostnaður: 56,5 millj. kr.

Fjarðabyggð.

Mjóifjörður: Endurbyggingu og styrkingu trébryggju var enn frestað til ársins 2007.

Neskaupstaður: Þar var unnið að þekjusteypu og raflögn við lengingu Togarabryggju. Verkið var boðið út í mars árið 2006. Lægstbjóðandi var Völvusteinn ehf., sem bauð 28,6 millj. kr. í heildarverkið, um 96% af kostnaðaráætlun. Samið var við Völvustein ehf. sem hóf framkvæmdir í júní og lauk þeim í desember. Steypt var 2.238 m² þekja, byggt rafbúnaðarhús, undirstaða fyrir ljósastaur og gengið frá raflögnum.

Lokaáfangi byggingar skjólgarðs norðan hafnar og stytting á skjólgarði sunnan hafnar var boðinn út í júlí. Þrjú tilboð bárust og var KNH ehf. lægstbjóðandi, bauð 53,4 millj. kr. í heildarverkið eða 99% af kostnaðaráætlun. Undirstaða garðsins hefur verið byggð upp á

undanförnum árum. Árið 2004 var dýpkað í höfninni og dýpkunarefnið losað undir garðinn. Árið 2005 var samið við Björgun ehf. um að dæla undir garðinn púða sem nær upp í fjöruborð. Púðinn var byggður upp í þrem áföngum, fyrstu tveir á árinu 2005 og þriðji áfangi sem unninn var árið 2006. Efni í púðann var fengið úr dýpkun hafnarinnar, 37.588 m³ og sjávarmöl úr Viðfirði 92.767 m³. Lokaáfangi nú felst í að byggja garðinn í fulla hæð ofan á púðann sem kominn er. Hluti af verkinu felst í að stytta skjólgarðinn sunnan hafnar og flytja efni sem þar fellur til í skjólgarðinn norðan hafnar. Stytting syðri skjólgarðsins var ekki á hafnaáætlun og greiddi hafnarsjóður Fjarðabyggðar þann verkhluta (16,4 millj. kr.) að fullu. KNH ehf. hóf í september að stytta skjólgarðinn sunnan hafnar og losa grjót í námu í Skuggahlíðarbjargi. Verktaki lauk við að leggja út grjót í skjólgarð norðan hafnar í desember, alls um 25.500 m³. Eftir er frágangsvinna í námu.

Gerð var verðkönnun vegna dýpkunar á svæðinu undir styttingu syðri skjólgarðsins. Björgun ehf. bauð lægst, 5 millj. kr. Verkið var unnið í október. Magn efnis vegna dýpkunarinnar var um 7.000 m³. Þetta verkefni var ekki á hafnaáætlun eins og áður er getið og greiddi hafnarsjóður Fjarðabyggðar að fullu kostnað við dýpkunina.

Eskifjörður: Lokið var uppgjöri vegna lagna og þekju við stálþil við bræðslu.

Reyðarfjörður: Unnið var áfram við stóriðjuhöfnina á Mjóeyri. Í febrúar voru opnuð tilboð í lokaáfanga verksins sem fólst í að ganga frá frárennslislögnum, undirstöðum fyrir færiband, jarðvinnu og þekjusteypu. Lægstbjóðandi var Héraðsfjörður ehf. sem bauð 104,7 millj. kr., 75% af kostnaðaráætlun verkkaupa. Samningur við Héraðsfjörð var undirritaður 28. mars. Vinna hófst í lok mars og verkinu lauk í september. Styrkhæfur hluti verksins var jarðvinna undir þekju og þekjusteypa, 10.440 m², sem nam um 70% af heildarverkkostnaði. Aðrir verkþættir voru greiddir að fullu af Fjarðaáli/Alcoa og hafnarsjóði Fjarðabyggðar.

Unnið var áfram að smíði hafnsögubáts fyrir stóriðjuhöfnina samkvæmt samningi sem gerður var í lok árs 2005 við Damen skipasmíðastöðina.

Fáskrúðsfjörður og *Stöðvarfjörður:* Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

Framkvæmdakostnaður: 219,4 millj. kr.

Breiðdalsvík.

Unnið var að úrbótum í öryggismálum hafnarinnar og veittur styrkur til þeirra framkvæmda af óskiptu fé til slysavarna.

Framkvæmdakostnaður: 0,9 millj. kr.

Djúpivogur.

Efni í harðviðarbryggju var keypt árið 2006, en heimamenn ákváðu að fresta útboði á bryggjusmíðinni um sinn.

Samið var við Hagtak hf. um dýpkun í Gleðivík.

Framkvæmdakostnaður: 14,5 millj. kr.

Höfn í Hornafirði.

Lokið var uppgjöri vegna lagna og þekju við Krosseyjarbakka sem unnið var að á síðasta ári.

Gáma- og tækjaleiga Austurlands ehf. lauk við dýpkun í Grynnslum í nóvember 2005. Lokauppgjör verksins fór fram 2006. Árangur af dýpkun á Grynnslunum var takmarkaður, enda um tilraunaverkefni að ræða. Kom í ljós við mælingu sem gerð var í mars árið 2006 að mikið efni hafði á skömmum tíma borist aftur inn á svæðið sem dýpkað var. Niðurstaðan er því að horfið er frá þeim áformum um að viðhalda dýpi á Grynnslunum sem gert var ráð fyrir í hafnaáætlun.

Sveinn Sighvatsson hóf í ársbyrjun smíði timburbryggju framan við netagerðina, Bátstangabryggju, samkvæmt verksamningi sem gerður var í lok árs 2005. Í desember 2006 var bryggjusmíðinni lokið en eftir er að koma fyrir lýsingu og tengja rafmagn á bryggjuna.

Í mars var boðin út viðhalds- og stofndýpkun innan hafnar. Gáma- og tækjaleiga Austurlands bauð lægst, 320 kr/m³ sem var 81% af kostnaðaráætlun, og var gerður við þá verksamningur sem gildir til ársins 2008. Dýpkunarskipið Skandia hóf vinnu við stofn- og viðhaldsdýpkun í höfninni í ágúst og lauk dýpkunaráfanga ársins í desember. Samtals voru tekin 65.000 m³ af leir og sandi úr höfninni í þessum áfanga. Næstu tvö árin mun Skandia sinna venjubundinni viðhaldsdýpkun á höfninni samkvæmt áætlun, um 25.000 m³ árlega.

Framkvæmdakostnaður: 107,5 millj. kr.

Vestmannaeyjar.

Lokið var uppgjöri við Steina og Olla ehf. vegna lagna og þekju við vesturkant Friðarhafnar, en það verk var boðið út og unnið árið 2005.

Unnið var við endurbyggingu 207 m stálþils við Básaskersbryggju. Keypt var stálþil, 377,5 tonn, frá Arcelor og festingaefni, 78,9 tonn, frá Anker-Schröeder. Í lok september voru tilboð opnuð í römmun þilsins, fyllingu og steyptan kant. Fjögur tilboð bárust og kom lægsta tilboðið frá Íslenska Gámafélaginu ehf. að upphæð 70,6 millj. kr. Var það 78% af kostnaðaráætlun. Gengið var til samninga við lægstbjóðanda og hófust framkvæmdir í nóvember.

Í hafnaáætlun var gert ráð fyrir að ráðast í endurbyggingu Bæjarbryggju á árinu 2005. Því verkefni hefur verið slegið á frest og er í fyrirliggjandi drögum að samgönguáætlun 2007–2010.

Framkvæmdakostnaður: 64,7 millj. kr.

Þorlákshöfn.

Gáma- og tækjaleiga Austurlands ehf. vann að byggingu stálþils norðan Svartaskersgarðs samkvæmt verksamningi sem gerður var um mitt ár 2005. Vinna við verkið hófst um miðjan október 2005. Felst það í að reka niður 250 m langt stálþil með hönnunardýpi 6-9 m, fylla að þilinu og steypa kantbita. Heimamenn tóku þá ákvörðun að bæta 35 m við þilið og verður sá hluti notaður í löndunarbryggju sem byggð verður sunnan skjólgarðs við smábátahöfnina og gerð fyrir 6 m dýpi. Sótt var um að þessi viðbót yrði metin styrkhæf. Var umsóknin tekin til umfjöllunar við gerð samgönguáætlunar 2007–2010. Verkið var langt komið um áramót.

Á árinu 2003 hófst stækkun hafnarinnar samkvæmt niðurstöðum líkantilrauna. Byrjað var á byggingu Austurgarðs og síðan þvergarðs við enda Svartaskersgarðs sem er um 75 m langur, byggður til að draga úr hreyfingum skipa í innri hluta hafnarinnar. Loks var formuð smábátadokk innst í Austurhöfninni og grjótvarðir kantar meðfram henni. Verktaki við þessar skjólgarðaframkvæmdir allar er Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf. Var þeim að mestu lokið á árinu 2005 nema skjólgarði við smábátahöfnina sem unnið var að á árinu 2006 og er enn ekki að fullu lokið. Á árinu var einnig komið fyrir garðsendaljósum á þvergarðinn og unnin námufrágangur vegna Austurgarðs.

Í lok febrúar var boðin út dýpkun í Austur- og Vesturhöfninni ásamt niðurrifi á fremsta hluta Norðurvararbryggju. Útboðið var tvískipt, annars vegar 195.000 m³ dæling á lausu efni og hins vegar 95.000 m³ gröftur á föstu efni ásamt því að fjarlægja 145 m af Norðurvararbryggju. Tilboð voru opnuð 22. mars. Björgun ehf. bauð lægst í dælingu úr Austurhöfninni 47,6 millj. kr., 60,2% af kostnaðaráætlun. Ístak hf. bauð lægst í dýpkun með greftri í Vestur- og Austurhöfninni og niðurrif Norðurvararbryggju, 97,9 millj. kr. sem var 68,7% af kostnaðaráætlun. Gengið var til samninga við lægstbjóðendur.

Ístak hf. hóf framkvæmd við sinn þátt dýpkunar 9. maí með gröfuprammanum Gretti og efnisflutningaprammanum Mikael. Byrjað var að grafa í haftið milli Vestur- og Austurhafnar. Unnið var til 20. júní en þá var gert hlé á verki. Byrjað aftur um miðjan september og unnið samfellt úr því. Ístak á samkvæmt verksamningi að ljúka við verkið 1. ágúst 2007 en um áramót var lokið við að dýpka 82.573 m³. Um miðjan júní hóf Björgun ehf. dælingu í Austurhöfn með dæluprammanum Gleypi. Um miðjan ágúst kom dýpkunarskipið Perlan og hóf einnig dælingu. Um áramótin var dýpkun Björgunar að mestu lokið og var þá magnið sem Gleypir og Perlan höfðu dælt á land alls talið vera u.þ.b. 214.000 m³. Úttektarmæling hefur ekki verið gerð og endanlegt uppgjör liggur því ekki fyrir.

Ístak hf. vann að niðurrifi Norðurvararbryggju samkvæmt verksamningi. Byrjað var á framkvæmdinni 11. september. Bryggjan var mölvuð með brotfleyg eins og hægt var ofansjávar og efninu ekið í vikið milli Norðurvararbryggju og Skarfaskers. Fékkst þar nokkur landfylling. Botn keranna var síðan sprengdur og fjarlægður með gröfuprammanum Gretti. Í byrjun desember höfðu verið fjarlægð 26 ker og þeim verkþætti þar með lokið.

Unnið var að smábátaaðstöðu í Austurhöfn samkvæmt hafnaáætlun. Unnið var við að steypa tvo landstöpla, koma þeim fyrir og færa flotbryggjuna sem áður var staðsett sunnan Norðurvararbryggju. Samið var við Ræktunarsamband Flóa og Skeiða og var verkinu ólokið um áramót.

Framkvæmdakostnaður: 270,4 millj. kr.

Grindavík.

Boðin var út í apríl steypt þekja og raflögn við Svíragarð. Lægstbjóðandi var Almenna byggingarfélagið ehf. sem bauð 47,3 millj. kr. í heildarverkið, 87,6% af kostnaðaráætlun. Verkið fólst í að grafa lagnaskurði, leggja vatns- og ídráttarör, steypa 4.340 m² þekju og ganga frá raflögn og lýsingu við bryggjuna. Gengið var til samninga við Almenna Byggingarfélagið sem hóf framkvæmdir í maí. Í október var verkinu lokið, en ekki var þó búið að ganga endanlega frá uppgjöri um áramót.

Unnið var að stálþilsbryggju vestan Miðgarðs samkvæmt hafnaáætlun. Boðið var út efni og keypt 265,6 tonn af stálþili gerð AZ-25 frá Arcelor. Festingaefni, 52 tonn, var keypt frá Anker-Schröeder. Í desember var römmun þils, fylling og steypa á kantbita boðin út. Tilboð lágu ekki fyrir um áramót.

Framkvæmdakostnaður: 93,0 millj. kr.

Sandgerði.

Engar ríkisstyrktar hafnarframkvæmdir 2006.

Óstyrkhæfar hafnarframkvæmdir.

Kópavogur.

Engar hafnarframkvæmdir voru við Kópavogshöfn. Unnið var að skipulagi.

Faxaflóahafnir.

Unnið var að endurnýjun viðlegukanta í Vesturhöfn gömlu hafnarinnar í Reykjavík. Hér er um stórt hafnargerðarverk að ræða sem alls tekur til endurnýjunar á um 700 m af hafnarbökkum. Vegna áforma um byggingu tónlistar- og ráðstefnuhúss og hótels í Austurhöfn þurfti sjávarútvegur að víkja úr Austurhöfn yfir í Vesturhöfnina. Miðað var við að færslu sjávarútvegs úr Austurhöfn yrði lokið 1. september 2006 og stóðst sú tímasetning. Framkvæmdir við þetta verk hófust í lok árs 2005 en áður hafði stálþil og stagefni verið keypt og það afhent við upphaf framkvæmda. Verkið skiptist í fjóra verkáfanga og verklok síðasta

áfanga áætluð haustið 2007. Á árinu 2006 var tveimur fyrri verkáföngum lokið, endurbyggingu Grandabakka og Bótarbryggju og þeir bakkar teknir í notkun.

Unnið var að dýpkun í Vesturhöfn og hreinsun á menguðum jarðvegi framan slippasvæðanna við Mýrargötu. Þetta verk er síðasti verkáfangi í dýpkun gömlu hafnarinnar, sem staðið hefur undanfarin ár. Verki lauk um áramót.

Nýr 470 m viðlegukantur og um 100.000 m^2 svæði var tekið í notkun á Skarfabakka við Sundahöfn í Reykjavík. Viðlegukanturinn er ætlaður fyrir skemmtiferðaskip auk annarra almennra nota, en þremur lóðum á svæðinu hefur verið úthlutað Eimskipafélagi Íslands ehf., BYKO hf. og Hampiðjunni hf.

Unnið var að dýpkun innsiglingar í Sundahöfn, en það verk var boðið út á árinu 2005. Þetta er áfangaskipt verk og tekur til dýpkunar á innsiglingu að hafnaraðstöðu á Klettasvæði, í Vatnagörðum og í Kleppsvík.

Hafinn var undirbúningur að lengingu Vogabakka í Kleppsvík, skipt var um jarðveg í bakkastæði og hafnar fyllingar á baksvæði bakkans. Til þess verks var meðal annars nýtt allt dýpkunarefni úr dýpkun Vesturhafnar.

Lokið var við nýjan 250 m viðlegukant á Grundartanga ásamt 80 m djúpu baklandi við bakkann. Haustið 2006 voru síðan boðin út verk við uppbyggingu og frágang yfirborðs þessa nýja svæðis og endurnýjun á götum að höfninni.

Keyptar voru nýjar flotbryggur á Akranesi til að bæta aðstöðu fyrir útgerð smærri báta.

Aðstaða til löndunar á afla við aðalhafnargarðinn á Akranesi var bætt með stækkun lands við framenda garðs.

Haustið 2006 voru boðin út verk við frágang yfirborðs að og á hafnarsvæðinu í Borgarnesi.

Áfram var unnið að landgerð í Vesturhöfn utan Fiskislóðar í Reykjavík. Verkið er alls um 10 ha landgerðaráfangi, sem hafinn var í byrjun árs 2005. Nær öllum lóðum á þessa nýja landi hefur nú verið úthlutað og uppbygging á lóðum að hefjast samhliða því að landgerð og frágangi svæðis lýkur á árinu.

Lokið var ýmsum frágangi gatna í Vesturhöfn, en endurbætur hafa staðið yfir undafarin tvö ár samhliða því að byggð hefur verið ný dælustöð fyrir fráveitu og dæling skólps frá Vesturhöfn hafin.

Unnið var að gatnagerð við Klettagarða og Sæbraut í samvinnu við Reykjavíkurborg og Vegagerðina. Verkhluti hafnar var tenging Klettagarða að Sæbraut og opnun á nýrri meginvegtengingu Klettasvæðis að stofnbrautinni.

Nýr dráttarbátur með 40 tonna togkraft var keyptur til hafnarinnar á árinu 2006 og kom hann til landsins í júnímánuði.

Á sviði skipulagsmála var unnið að deiliskipulagi við Mýrargötu, deiliskipulagi landfyllingar utan Fiskislóðar í Örfirisey og deilskipulagi við Klettagarða og Skarfabakka í Sundahöfn.

Framkvæmdakostnaður Faxaflóahafna sf. árið 2006 (í millj. kr.).

Hafnarmannvirki:	616,0
Hafnaverndarbúnaður:	14,5
Landgerð og lóðir:	251,5
Gatnagerð:	144,5
Húseignir:	8,5
Tæki og búnaður:	225,0
Kostnaður ársins 2006 alls	1.260,0

Hafnarfjarðarhöfn.

Á árinu var hafist handa við lengingu Hvaleyrarbakka um 200 m og með 10 m djúpristu, þannig að í heild verður bakkinn 400 m langur með 8 og 10 m djúpristu. Heildarverð hafnarbakkans verður um 370 millj. kr., en 2006 var fjárfest fyrir 258 millj. kr.

Undirbúningur fyrir aðstöðu hafnarbáta hófst á árinu og var fjárfest fyrir 10 millj. kr. af um 25 millj. kr. heildarfjárfestingu.

Varnir Hvaleyrar hófust á árinu og var kostnaður ársins um 4 millj. kr. af um 45 millj. kr. heildarfjárfestingu.

Auk ofangreinds nam fjárfesting í gatnagerð og landgerð á Hvaleyrarhafnarsvæðinu 67 millj. kr.

Ferjubryggjur.

Bakkafjöruhöfn: Unnið var að rannsóknum vegna ferjuhafnar á Bakkafjöru. Gefin var út skýrsla á vegum Siglingastofnunar um Bakkafjöru. Unnið var áfram að líkantilraunum frá 2005. Samið var við DHI, dönsku straumfræðistofnunina, um að gera rannsóknir á sandburði á Bakkafjöru. Dýptarmælingar fóru fram og tekin botnsýni úr sandbotninum. Sett var af stað vinna við að meta ferjuna og siglingaleið hennar. Einnig var gerð skýrsla um samfélagsleg áhrif með tilkomu ferju milli Bakka og Eyja. Vestmannaeyjanefnd sem vann að samanburði á hagkvæmustu samgöngukostum skilaði af sér á vormánuðum og lagði til að Bakkafjöruhöfn yrði skoðuð frekar. Í framhaldi af því var stofnaður stýrihópur sem í eru fulltrúar samgönguráðuneytisins, Siglingastofnunar og Vegagerðarinnar.

Framkvæmdakostnaður: 34,7 millj. kr.

Unnið var að viðhaldi á eftirtöldum ferjubryggjum:

Í Skáleyjum voru sett upp ný fríholt. Steypt var upptökubraut fyrir smábáta og unnið við fríholt og stiga á Reykjanesi við Ísafjarðardjúp. Einnig var unnið við fríholt og stiga á Bæjum á Snæfjallaströnd og í Æðey. Á Stað í Reykhólasveit var landgangur frágenginn.

Sjóvarnargarðar.

Akranes: Boðin voru út þrjú verk á Akranesi ásamt tveimur verkum í Hvalfjarðarsveit. Samið var við lægstbjóðanda, Vélaleigu Halldórs Sigurðssonar á Akranesi. Verkinu er ekki lokið.

Framkvæmdakostnaður alls 1,1 millj. kr.

Snæfellsbær, Ólafsvík: Á árinu var lokið við sjóvarnir við gömlu verbúðirnar.

Framkvæmdakostnaður: 1,5 millj. kr.

Vesturbyggð: Frestað var framkvæmdum við sjóvörn við Brunna.

Ísafjarðarbær: Undirbúningsvinna vegna mælinga fyrir sjóvörn.

Framkvæmdakostnaður: 0,6 millj. kr.

Blönduós: Í október 2005 var gerður samningur við Víðimelsbræður ehf. um að lengja sjóvörn norðan Blöndu í báða enda, alls um 258 m. Verktakinn byrjaði á sjóvörnum í Skagafirði sem boðnar voru út með sjóvörninni á Blönduósi og lauk þeim verkefnum ekki fyrr en í byrjun sumars 2006. Þegar átti að hefja framkvæmdir á Blönduósi óskuðu aðilar í ferðaþjónustu eftir að þær yrðu látnar bíða fram yfir ferðamannatímann. Var orðið við því og gert samkomulag við verktakann um frestun fram á næsta ár.

Skagafjörður: Víðimelsbræður ehf. héldu áfram gerð sjóvarna sem samið var um í október 2005. Gerð 274 m langs sjóvarnargarðs í Haganesvík lauk í byrjun mars. Í garðinn fóru 1.840 m³ af grjóti auk efnis sem fyrir var í fjörunni. Grjótið var tekið úr skriðu við Siglufjarðarveg

í grennd við Kóngsnef þar sem áður hafði verið tekið grjót í vörn við Stakkgarðshólma. Mun vera lítið af grjóti þar eftir sem hægt er að nýta. Heimild fékkst til að flýta sjóvörn framan við bæjarhúsin á Hrauni á Skaga og í mars var samið við Víðimelsbræður ehf. um það sem aukaverk á grundvelli einingarverðs tilboðsins. Þann 10. maí var lokið við 200 m langan sjóvarnargarð sem í fóru 2.315 m³ af grjóti. Grjótið var tekið úr urð skammt vestan við fjárhúsin á staðnum.

Siglufjörður: Gerð var mæling á Siglunesinu til að meta landbrotshraða undanfarinna ára. Verkfræðistofan Stoð ehf. á Sauðárkróki sá um framkvæmd.

Mýrdalshreppur: Unnið var að undirbúningsrannsóknum fyrir grjótnám. Jarðfræðistofan Stapi var fengin í það verkefni.

Mælingar voru gerðar sem sýna að enn gengur á fjöruna við Vík í Mýrdal.

Svalbarðastrandarhreppur: Unnið var við styrkingu fjörukambs við tjörnina. Verkinu lauk í janúar 2007.

Sveitarfélagið Árborg, Stokkseyri: Vinnu lauk fyrri part árs 2006 við sjóvarnargarð austan við Stokkseyri. Ræktunarsamband Flóa og Skeiða sá um verkið en þeir buðu 29,6 millj. kr. sem var um 75% af kostnaðaráætlun.

Sveitafélög á Suðurnesjum: Boðnar voru út saman sjóvarnir fyrir Sandgerði, Gerðahrepp og Vatnsleysustrandarhrepp í einu útboði. Tvö tilboð bárust. Lægstbjóðandi var Íslenskir aðalverktakar en þeir buðu 39,9 millj. kr. sem var 111% af kostnaðaráætlun.

Í Sandgerði voru sjóvarnir við Stafnes–Bala, Fuglavík–Norðurkot, Flankastaði og Garðskaga–Lambarif lagðar. Vinnu lauk um áramótin á þessum stöðum.

Í Garði var garður lagður við Byggðasafn–Von og væntanlega lýkur þeirri vinnu í febrúar.

Vinna mun hefjast við sjóvarnargarða í Vatnsleysustrandarhreppi í byrjun mars en þar verða lagðir garðar við Brunnastaði, Knarrarnes og Skjaldarkot. Verklok eru áætluð um mánaðamótin apríl/maí.

Álftanes: Boðnar voru út á árinu 2005 sjóvarnir á Álftanesi, alls um 620 m. Þrjú tilboð bárust og samið var við lægstbjóðanda, Jarðvélar ehf., sem bauð 9,5 millj. kr. er nam 56% af kostnaðaráætlun hönnuða. Vinna við verkið hófst um áramótin 2005/2006 og lauk henni í maí.

Hafnarfjörður: Boðnar voru út sjóvarnir við Hvaleyrarhöfða á árinu, sjóvarnargarðurinn er 920 m langur og í hann fer alls um 34.400 m³ af efni. Fjögur tilboð bárust. Samið var við lægstbjóðanda, Suðurverk ehf., sem bauð 42,7 millj. kr. sem er um 56% af kostnaðaráætlun.

Tafla I. Kostnaður við hafnarframkvæmdir 2006 (fjárhæðir í millj. kr.).

I. Innan grunnnets		**Styrk.**	**Heild.**	**Styrk.**	**Ríkis.**
Af óskiptu fé til slysavarna	Raufarhöfn, björgunarbúnaður	60%	0,9	0,7	0,4
	Vestmannaeyjar, innsiglingaljós	60%	1,2	1,0	0,6
Snæfellsbær	Norðurþil, staurakista rifin, stálþilsbr. við aðalhafnargarð	60%	0,0	0,0	0,0
	Ólafsvík, endurbygging trébryggju	60%	13,8	11,1	6,7
	Ólafsvík, viðhaldsdýpkun í innsiglingu og höfn	75%	9,7	7,8	5,9
	Rif, lokið endurbyggingu trébryggju	60%	28,3	22,7	13,6
	Rif, viðhaldsdýpkun í innsiglingu og höfn	75%	16,2	13,1	9,8
	Rif, tengibraut frá Staurakistu að hafnarvog	60%	1,3	1,0	0,6
	Rif, stofndýpkun í innsiglingu og höfn	75%	14,3	11,5	8,6
	Rif, aðstaða fyrir björgunarbát	60%	0,0	0,0	0,0
	Námufrágangur í Ólafsvíkurenni	75%	2,1	1,7	1,3
	Ólafsvík, kaup og uppsetning innsiglingarbauju	75%	2,0	1,6	1,2
Grundarfjörður	Dýpkun hafnar	75%	0,9	0,7	0,5
	Ný bryggja sunnan Litlubryggju	60%	61,2	49,2	29,5

Stykkishólmur	Stálþ. næst brúarbás í Súgandisey, lagnir, lýs. og þekja	60%	2,2	1,7	1,0
	Breyting á ferjuaðstöðu	60%	1,5	1,2	0,7
Ísafjörður	Ísafjörður, endurbyggja flotbryggju í Sundahöfn	60%	6,6	5,3	3,2
	Ísafjörður, endurbygging Ásgeirsbakka	60%	39,7	31,9	19,2
	Ísafjörður, hafnsögubátur.	75%	3,6	2,9	2,2
	Ísafjörður, ný flotbryggja í Sundahöfn	60%	0,1	0,0	0,0
	Ísafjörður, Sundahöfn, lagnir og lýsing	60%	1,1	0,9	0,5
	Ísafjörður, ferðamannabr., 1 flotholt og lenging 15 m	60%	2,4	1,9	1,1
Skagaströnd	Dýpka snúningssvæði	75%	0,5	0,4	0,3
	Endurbygging á plani og löndunarbryggju	60%	0,1	0,1	0,0
Skagafjörður	Sauðárkrókur, grjótgarður innan Norðurgarðs, þvergarður	75%	18,3	14,7	11,0
	Sauðárkrókur, sandfangari, lenging um 30 m	75%	0,2	0,2	0,1
	Sauðárkrókur, uppsátur fyrir smábáta	60%	0,5	0,4	0,2
	Sauðárkrókur, smábátahöfn trébryggja	60%	19,6	15,7	9,4
	Sauðárkrókur, smábátahöfn endurbætt dýpkun	60%	2,4	2,0	1,2
Hafnasamlag Eyjafjarðar	Ólafsfjörður, togarabryggja, 40 m stálþil	60%	6,3	5,0	3,0
	Dalvík, timburbryggja Suðurgarði, endurbygging (65 m)	60%	0,0	0,0	0,0
Hafnasamlag Norðurlands	Akureyri, stálþil við Krossanes 2. áfangi	60%	3,7	3,0	1,8
	Akureyri, upptökubraut	60%	1,5	1,2	0,7
	Akureyri, Tangabryggja	60%	62,7	50,4	30,2
	Svalbarðseyri, rífa trébryggju og lengja grjótgarð	60%	0,1	0,1	0,1
	Akureyri, Oddeyrarbryggja	60%	1,3	1,0	0,6
Húsavík	Brimvarnargarður við Böku	75%	0,0	0,0	0,0
	Bökugarður stálþil	60%	2,2	1,8	1,1
	Smábátahöfn flotbryggja og endurbygging	60%	22,6	18,2	10,9
Raufarhöfn	Viðlega fyrir björgunarskip, bryggja	60%	3,3	2,7	1,6
Þórshöfn	Endurbygging löndunarbryggju	60%	39,2	31,5	18,9
	Lenging Norðurgarðs	75%	0,0	0,0	0,0
Vopnafjarðarhöfn	Miðbryggja – löndunarbryggja og stálþil	60%	33,4	26,8	16,1
	Dýpkað í 9 m við Miðbryggju	75%	6,7	5,4	4,0
	Lenging þils við Miðbryggju um 45 m	60%	28,7	23,0	13,8
	Dýpkað vegna lengingu þils við Miðbryggju	75%	10,0	8,0	6,0
Seyðisfjarðarhöfn	Sérbún. við ferjulægi, þjónustuhús, landgang og bílabrú	75%	1,6	1,3	0,9
	Bæjarbryggja endurbygging	60%	32,2	25,9	15,5
	Löndunarbryggja við SR-mjöl endurbyggð	60%	16,7	13,4	8,0
	Smábátahöfn, lagnir og lýsing	60%	3,1	2,5	1,5
	Viðgerð á Strandarbakka	60%	3,0	2,4	1,4
Fjarðabyggð	Reyðarfjörður, stálþilsbakki við Hraun	60%	94,4	75,8	45,5
	Eskifjörður, stálþil við bræðslu 80 m	60%	1,4	1,2	0,7
	Neskaupstaður, skjólgarður norðan hafnar, 157.000 m^3	75%	52,7	42,3	31,7
	Reyðarfjörður, stóriðja, dýpkun	75%	0,1	0,1	0,0
	Neskaupstaður, dýpkun og stálþil togarabryggju	75%	1,2	0,9	0,7
	Neskaupstaður, stálþil við togarabryggju	60%	40,5	32,6	19,5
	Reyðarfjörður, hafnsögubátur fyrir stóriðjuhöfn	75%	29,1	23,4	17,5
Djúpivogur	Smábátaaðstaða, trébryggja endurbyggð og lengd	60%	14,4	11,5	6,9
	Dýpkað við þil í Gleðivík í 7 m	75%	0,1	0,1	0,1
Hornafjörður	Viðhaldsdýpkun	75%	12,2	9,8	7,3
	Grynnslin, stofndýpkun/viðhaldsdýpkun	75%	15,3	12,3	9,2
	Endurbygging Krosseyjarbakka	60%	0,9	0,7	0,4
	Bátstangabryggja, staurabryggja	60%	49,8	40,0	24,0
	Stofndýpkun innan hafnar	75%	29,3	23,5	17,7
Vestmannaeyjar	Friðarhöfn, norður- og austurkantur, endurbyggt stálþil	60%	0,1	0,1	0,0
	Friðarhöfn, stálþil vesturkantur	60%	9,7	7,8	4,7
	Básaskersbryggja endurbyggð	60%	54,9	44,1	26,5
	Bæjarbryggja endurbygging	60%	0,0	0,0	0,0

Sveitarfélagið Ölfus (Þorlákshöfn)	Austurgarður	75%	0,7	0,5	0,4
	Dýpkun, dæling (dýpkun í Austur- og Vesturhöfn)	75%	100,3	80,6	60,4
	Skjólgarður f/smábáta í Austurhöfn	75%	2,4	1,9	1,4
	Svartaskersgarður	75%	3,9	3,1	2,4
	Þil norðan Svartaskers	60%	94,5	75,9	45,5
	Dýpkun, dæling, bryggjurif (rífa fremsta hluta)	60%	44,5	35,7	21,4
	Aðstaða fyrir smábáta í austurhöfn, færa flotbryggju ofl.	60%	1,9	1,5	0,9
	Löndunarbryggja smábáta	60%	22,3	17,9	10,7
Grindavík	Svíragarður, endurbygging	60%	54,7	44,0	26,4
	Dýpkun vestan Miðgarðs	75%	0,1	0,0	0,0
	Stálþilsbryggja vestan Miðgarðs	60%	38,2	30,7	18,4
	Breikkun innri rennu	75%	0,0	0,0	0,0
Sandgerði	Stálþil Norðurgarði, lagnir, þekja	60%	0,4	0,3	0,2
Reykjanesbær	Festipollar við vestur og austurenda Helguvíkur	60%	0,0	0,0	0,0
Innan grunnnets alls			**1.298,9**	**1.043,3**	**666,1**
II. Utan grunnnets					
Af óskiptu fé til	Breiðdalsvík, endurbætur á stigum	60%	0,5	0,4	0,2
slysavarna	Grímsey, þybba (verk frá 2005)	60%	1,2	1,0	0,6
Snæfellsbær	Arnarstapi, ljósamastur og vatnshús	60%	0,0	0,0	0,0
Búðardalur	Gamla br. í Búðardal, endurb. kanttré, þybbur og stigar	60%	0,0	0,0	0,0
Reykhólar	Dýpkun innsiglingar.	75%	0,0	0,0	0,0
Vesturbyggð	Bíldudalur, kalkþörungahöfn	60%	27,9	22,4	13,4
	Bíldudalur, dýpkun við þil	75%	0,0	0,0	0,0
	Brjánslækur, ferjuaðstaða	60%	1,7	1,4	0,8
Tálknafjarðarhöfn	Endurnýjun innsiglingarbauju	60%	1,0	0,8	0,5
Ísafjarðarhöfn	Þingeyri, rífa gömlu trébryggjuna við ytri hafnargerð ofl.	60%	0,1	0,0	0,0
	Suðureyri, stækkun smábátahafnar og dýpkun	75%	0,0	0,0	0,0
	Suðureyri, innsiglingarbaujur	75%	2,8	2,3	1,7
Norðurfjörður	Dýpka í tvo metra í smábátahöfn	75%	0,1	0,0	0,0
Drangsnes	Uppsátur	60%	0,1	0,1	0,1
	Innsiglingarbaujur	75%	0,1	0,1	0,1
Húnaþing vestra	Endurbygging Suðurbryggju á Hvammstanga	60%	0,0	0,0	0,0
	Dýpkun smábátahafnar Hvammstanga	75%	6,4	5,1	3,8
Skagafjörður	Hofsós, flotbryggja út frá Árgarði	60%	6,2	5,0	3,0
	Hofsós, Norðurgarður, bryggjuveggur	60%	0,0	0,0	0,0
	Viðhaldsdýpkun í Haganesvík	75%	0,2	0,2	0,1
Grímsey	Styrking grjótvarnar á hafnargarði, grjót úr landi	75%	0,2	0,2	0,1
	Lenging harðviðarbryggju í tvo m	60%	0,7	0,6	0,3
Hafnasamlag Norðurlands	Grenivík, uppsátur fyrir smábáta	60%	0,5	0,4	0,2
Kópasker	Viðlegubryggja fyrir smábáta	60%	0,0	0,0	0,0
Bakkafjörður	Landrafmagn á flotbryggju og uppsátur	60%	0,6	0,5	0,3
	Löndunarbryggja frágangur og uppgjör	60%	0,0	0,0	0,0
Borgarfjörður eystri	Lenging Nýjubryggju	60%	3,6	2,9	1,7
Bakkafjara	Ferjulægi	100%	43,2	34,7	34,7
Alls utan grunnnets			**97,3**	**78,1**	**62,0**
III. Ferjubryggjur					
	Ferjubryggjur óskipt	100%	0,5	0,4	0,4
	Skáleyjar, ferjubryggja	100%	0,5	0,4	0,4
	Staður, ferjubryggja	100%	0,7	0,6	0,6
	Vigur, ferjubryggja	100%	0,1	0,1	0,1
	Ögur, ferjubryggja	100%	0,0	0,0	0,0
	Flatey, ferjubryggja	100%	0,4	0,3	0,3
	Reykjanes, ferjubryggja	100%	2,5	2,0	2,0
	Arngerðareyri, ferjubryggja	100%	0,1	0,1	0,1

	Æðey, ferjubryggja	100%	0,0	0,0	0,0
	Bæir, ferjubryggja	100%	1,6	1,3	1,3
	Holt, Önundarfirði, ferjubryggja	100%	0,1	0,1	0,1
Ferjubryggjur alls			**6,6**	**5,3**	**5,3**
IV. Lendingarbætur					
	Lendingarbætur óskipt	100%	0,6	0,5	0,5
	Englendingavík, Borgarnesi	100%	1,0	0,8	0,8
	Legufæri við Galtarvita	100%	0,4	0,3	0,3
	Ingólfsfjörður við Ós	100%	1,1	0,9	0,9
	Reykjafjörður, Hornströndum	100%	1,2	1,0	1,0
	Selvík á Skaga	100%	0,6	0,5	0,5
	Reykir	100%	1,5	1,2	1,2
	Flatey á Skjálfanda	100%	0,6	0,5	0,5
	Rifsós lendingarbætur við eldisstöð	100%	1,7	1,4	1,4
Lendingarbætur alls			**8,8**	**7,1**	**7,1**

Tafla II. Kostnaður við sjóvarnir 2006 (fjárhæðir í millj. kr.).

	Heildar-kostnaður	Ríkis-hluti
Innri-Akraneshreppur	0,9	0,8
Akranes	1,2	1,0
Snæfellsbær	4,3	3,8
Ísafjarðarbær	0,5	0,4
Súðavík	0,0	0,0
Blönduós	1,6	1,4
Húnaþing vestra	0,1	0,1
Skagafjörður	16,7	14,6
Siglufjörður	0,1	0,1
Ólafsfjörður	0,0	0,0
Svalbarðsstrandarhreppur	0,2	0,2
Borgarfjörður eystri	0,0	0,0
Mýrdalur	0,4	0,3
Ölfus	0,0	0,0
Árborg	16,8	14,7
Sandgerði	20,9	18,3
Gerðahreppur	3,6	3,2
Vatnsleysustrandarhreppur	0,6	0,5
Álftanes	11,8	10,3
Óskipt	0,1	0,1
Samtals:	**79,8**	**69,9**

Tafla III. Staða ríkissjóðs vegna hafnargerða 2006 (fjárhæðir í millj.kr.).

Höfn:	Staða ríkissjóðs í árslok 2005	Ríkishluti framkvæmda 2006	Fjárveiting 2006	Flutt til 2007
Snæfellsbær	3,2	29,6	55,5	29,2
Grundarfjörður	27,1	30,0	37,2	34,3
Stykkishólmur	11,5	1,0	0,0	10,5
Búðardalur	1,7	0,0	0,0	1,7
Reykhólahöfn	6,8	0,0	0,0	6,7
Vesturbyggð	31,7	13,4	0,0	18,3
Tálknafjörður	1,0	0,0	0,0	1,0
Bolungarvík	25,5	0,0	0,0	25,5

Ísafjarðarbær	34,0	26,3	14,6	22,4
Norðurfjörður	0,6	0,0	1,4	2,0
Drangsnes	0,5	0,1	0,0	0,4
Hólmavík	3,4	0,0	0,0	3,4
Húnaþing vestra	0,0	0,0	0,0	0,0
Blönduós	0,8	0,0	0,0	0,8
Skagaströnd	44,3	0,3	7,9	51,9
Skagafjörður	9,7	25,0	16,8	1,5
Siglufjörður	29,3	0,0	0,0	29,3
Hafnasamlag Eyjafjarðar	37,1	3,0	0,0	34,0
Grímsey	8,7	0,5	0,0	8,2
Hafnasamlag Norðurlands	58,8	33,6	32,6	57,7
Húsavík	26,4	12,0	44,2	58,6
Kópasker	0,6	0,0	0,0	0,6
Raufarhöfn	10,0	1,6	0,0	8,4
Þórshöfn	27,5	18,9	24,7	33,3
Bakkafjörður	1,9	0,3	0,0	1,6
Vopnafjörður	12,9	39,9	40,6	13,6
Borgarfjörður eystri	3,2	1,7	0,0	1,4
Seyðisfjörður	34,1	26,0	26,5	34,7
Fjarðabyggð	24,0	115,7	173,5	81,8
Austurbyggð	2,4	0,0	0,0	2,4
Breiðdalsvík	0,8	0,0	0,0	0,8
Djúpivogur	20,0	7,0	0,0	13,0
Hornafjarðarbær	61,1	51,3	41,4	51,2
Vestmannaeyjar	81,1	31,2	40,0	89,9
Bakkafjara – ferjulægi	5,6	34,7	10,0	-19,1
Þorlákshöfn	101,4	143,2	139,8	97,9
Grindavík	101,1	44,8	44,8	101,1
Sandgerði	13,9	0,2	0,0	13,7
Reykjaneshöfn	1,9	0,0	0,0	1,9
Óskipt til viðhaldsdýpkana/ skjólgarða	35,9	29,7	50,3	56,5
Óskipt til slysavarna	20,2	6,8	15,0	28,4
Lendingarbætur	5,0	7,1	7,0	4,9
Ferjubryggjur	13,7	5,4	8,8	17,1
Samtals:	**940,4**	**740,5**	**832,6**	**1.032,5**

Tafla IV. Fjárveitingar til hafnarframkvæmda 2006 (millj. kr.).

Hafnir í grunnneti samgangna	791,5
Hafnir utan grunnnets samgangna	25,3
Lendingarbætur	7,0
Ferjubryggjur	8,8
Samtals	**832,6**

Tafla V. Fjárveitingar til sjóvarna 2006 (fjárlagaliður 10-335).

Akranes	10.310.000
Innri-Akraneshreppur	4.536.000
Snæfellsbær	13.403.000
Ísafjarðarbær	15.465.000
Súðavíkurhreppur	7.629.000
Bæjarhreppur	6.908.000
Húnaþing vestra	7.320.000
Borgarfjarðahreppur	4.537.000

Mýrdalshreppur	4.227.000
Sandgerði	18.456.000
Gerðahreppur	8.352.000
Vatnsleysustrandarhreppur	12.888.000
Óskipt	5.569.000
Samtals	**119.600.000**

Tafla VI. Úthlutanir Hafnabótasjóðs 2006.

Styrkir til nýframkvæmda	
Grundarfjörður	8.400.000
Norðurfjörður	300.000
Hólmavík	100.000
Grímsey	500.000
Þórshöfn	2.500.000
Vopnafjörður	11.600.000
Styrkir alls:	**23.400.000**

Lán.

Engin lán veitt á árinu.

369. Svar [197. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Birkis J. Jónssonar um félagslegar leiguíbúðir.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvað voru margar félagslegar leiguíbúðir á hverja 1.000 íbúa í árslok 1998 annars vegar og í árslok 2006 hins vegar:

1. *í Reykjavík,*
2. *í Garðabæ,*
3. *á Seltjarnarnesi?*

Í Reykjavík voru 8 félagslegar leiguíbúðir á hverja 1.000 íbúa í árslok 1998 en 14 í árslok 2006. Heildarfjöldi félagslegra íbúða var 41 á hverja 1.000 íbúa í árslok 1998 en 25 í árslok 2006.

Í Garðabæ voru 0,9 félagslegar leiguíbúðir á hverja 1.000 íbúa í árslok 1998 en 2,8 í árslok 2006. Heildarfjöldi félagslegra íbúða var 6,1 á hverja 1.000 íbúa í árslok 1998 en 4,2 í árslok 2006.

Á Seltjarnarnesi voru 2,8 félagslegar leiguíbúðir á hverja 1.000 íbúa í árslok 1998 en 2,9 í árslok 2006. Heildarfjöldi félagslegra íbúða var 3,9 á hverja 1.000 íbúa í árslok 1998 en 3,6 í árslok 2006.

370. Fyrirspurn [298. mál]

til dómsmálaráðherra um rafbyssur í lögreglustarfi.

Frá Auði Lilju Erlingsdóttur.

1. Er í undirbúningi að lögreglan taki í notkun svonefndar rafbyssur sem gefa frá sér 50.000 volt og valda miklum sársauka auk þess sem þekkt er að slíkur rafstraumur truflar vöðva- og taugastarfsemi?
2. Hvaða tilgangi mundi beiting á rafbyssum þjóna við löggæslu?
3. Hefur ráðherra kynnt sér þá hættu sem stafar af notkun á rafbyssum, m.a. í ljósi þess að samkvæmt Amnesty International má rekja um 200 dauðsföll til beitingar þeirra?
4. Hafa verið mótaðar reglur hjá lögreglunni eða ráðuneytinu um beitingu og burð slíkra vopna, þ.m.t. hvernig þeim skuli skipt milli lögregluumdæma eða löggæslusveita?
5. Hver er stefna ríkisstjórnarinnar um vopnaburð íslenskra lögreglumanna?

Skriflegt svar óskast.

371. Fyrirspurn [299. mál]

til umhverfisráðherra um losun koltvísýrings o.fl.

Frá Pétri H. Blöndal.

1. Hvað sparar Kárahnjúkavirkjun mannkyninu mikla losun koltvísýrings miðað við að álið væri framleitt í Kína með rafmagni sem væri framleitt með brennslu kola?
2. Hvað er þessi sparnaður í losun koltvísýrings stórt hlutfall af losun bílaumferðar hér á landi?
3. Hvað gætu Íslendingar sparað mannkyninu mikla losun koltvísýrings ef öll virkjanleg orka yrði virkjuð?
4. Mun íslenska ákvæðið um heimild til losunar koltvísýrings ekki breytast í íslenskt ákvæði um skyldu landsins til að virkja á loftslagsfundi Sameinuðu þjóðanna í Balí?
5. Hvernig hyggst ráðherra standa vörð um náttúruperlur eins og Gullfoss og Dettifoss gegn hugsanlegri kröfu erlendra umhverfisverndarsamtaka um virkjanir þegar mannkynið stendur frammi fyrir þeirri vá sem hlýnun jarðar er talin vera?

372. Fyrirspurn [300. mál]

til iðnaðarráðherra um styrkingu byggðalínu.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hversu mikla þörf telur ráðherra á að auka flutningsgetu byggðalínunnar og styrkja hringtengingu raforkunetsins,?
2. Hver er áætlaður kostnaður við uppfærslu byggðalínunnar í 220 kV og hversu mikið mundi slík aðgerð bæta afhendingaröryggi í raforkukerfinu í heild?

373. Fyrirspurn [301. mál]

til iðnaðarráðherra um landshlutabundin orkufyrirtæki.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

Hver er afstaða ráðherra til þess að ríkið beiti, í samstarfi við heimaaðila á viðkomandi svæðum, eignarhaldi sínu á Landsvirkjun, Rarik og Orkuveitu Vestfjarða til að leggja grunn að landshlutabundnum orkufyrirtækjum á vestanverðu og norðaustanverðu landinu?

374. Fyrirspurn [302. mál]

til iðnaðarráðherra um eignarhald Landsnets.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

Hver er afstaða iðnaðarráðherra til þess að ríkið leysi Landsnet til sín, í gegnum eignarhald sitt á orkufyrirtækjum sem það eiga að uppistöðu til, þannig að Landsnet verði algerlega sjálfstætt ríkisfyrirtæki og óháð orkuframleiðendum og dreifendum orku á smásölustigi?

375. Tillaga til þingsályktunar [303. mál]

um aukið öryggi við framkvæmdir hins opinbera.

Flm.: Ármann Kr. Ólafsson.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að endurskoða innkaupastefnu ríkisins með það að markmiði að:

a. tryggja sem best öryggi, heilsu og aðbúnað starfsfólks bjóðenda svo að tíðni slysa og atvinnutengdra kvilla verði lægst á Íslandi meðal OECD-landa,
b. koma í veg fyrir óhöpp eða slys við framkvæmdir á vegum hins opinbera.


Greinargerð.

Tillaga þessi er flutt í ljósi þess að fjöldamörg slys á vinnustöðum og í tengslum við framkvæmdir má rekja til þess að ekki er nægilega vel hugað að öryggismálum. Sem stærsti kaupandinn á vörum og þjónustu hérlendis getur hið opinbera haft mikið að segja í þessum efnum með því að sýna gott fordæmi og setja reglur um val á verktökum og birgjum með tilliti til frammistöðu þeirra í öryggismálum og heilsuvernd. Íslenskt atvinnulíf og samfélag hefur alla burði til þess að verða fyrsta samfélag heims til þess að setja sér núllslysastefnu.

Það sem er sameiginlegt með þeim sem skara fram úr á alþjóðlegum vettvangi varðandi lága slysatíðni og atvinnutengda kvilla er afdráttarlaus stefna um að engin slys eða óhöpp séu réttlætanleg á vinnustað. Slík stefna byggist á þeirri hugmyndafræði að það sé grundvallarréttur einstaklinga að snúa ávallt heilir heim og stefnan snýr bæði að starfsfólki og öðrum á vinnustaðnum. Þá snýr markmiðið líka að almenningi sem oft verður að treysta á að framkvæmdaaðilar fylgi öryggi í hvívetna, t.d. við bygginga- og vegaframkvæmdir.

Með skipulögðu vinnuverndarstarfi þar sem áhættuþættir starfa eru greindir og mikil áhersla er lögð á að fyrirbyggja hættu næst verulegur árangur. Sem dæmi um það má nefna frábæran árangur sem Bechtel og Alcoa hafa náð á starfssvæði Fjarðaáls á Reyðarfirði þar sem fjarveruslysatíðnin er einungis 0,09 fjarveruslys á hverjar 200.000 vinnustundir (1 af hverjum 1.100 vinnandi einstaklingum). Hér er um að ræða 10 sinnum betri árangur en almennt gerist hérlendis ef tekið er mið af meðaltali allra vinnandi stétta á Íslandi. Miðað við vinnutíma Íslendinga og fjölda vinnuslysa sem leiða til fjarveru frá vinnu er meðalfjarveruslysatíðni allra stétta um 0,91 fjarveruslys á hverjar 200.000 vinnustundir (1 af hverjum 110 vinnandi einstaklingum). Ef tekið er mið af vinnuslysatíðni við mannvirkjagerð á Íslandi er um 1,47 fjarveruslys á hverjar 200.000 vinnustundir (1 af hverjum 68 vinnandi einstaklingum), sbr. eftirfarandi mynd.

Samanburður á fjarveruslysatíðni.
(Heimild: Svava Jónsdóttir: Áhættumat – Öryggismenning. Björgun 2. tbl. 6. árg. 2006.)



Framangreindur samanburður er áhugaverður í því ljósi að kostnaður verkkaupa Fjarðaálsverkefnisins er ekki meiri en ella þrátt fyrir þennan markverða árangur. Lykillinn að árangrinum liggur fyrst og fremst í hugmyndafræði og aðferðafræði við nálgun sérhvers verkefnis. Eitt af því sem Ríkiskaup gætu tekið sér til fyrirmyndar væri að byggja val sitt á verktökum/birgjum m.a. á árangri viðkomandi aðila í öryggis- og heilsuverndarmálum, þ.e. að bjóðendur þyrftu að leggja fram slysa- og atvinnusjúkdómatölfræði og slíkt hefði 25–50% vægi við sérhverja ákvörðun.

Vakin skal sérstök athygli á því að hið opinbera er einn stærsti kaupandi þjónustu í mannvirkjagerð á Íslandi og því mjög fordæmisgefandi hvað varðar þær kröfur sem eru gerðar til þjónustuaðila og/eða birgja.

376. Frumvarp til laga [304. mál]

um breyting á lögum nr. 133/2005, um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

Í stað orðanna „3.900 millj. kr. árið 2008, 2.000 millj. kr. árið 2009 og 2.000 millj. kr. árið 2010“ í a-lið 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: 900 millj. kr. árið 2008, 3.000 millj. kr. árið 2009 og 4.000 millj. kr. árið 2010.

2. gr.

Í stað orðanna „1.500 millj. kr. árið 2008, 4.000 millj. kr. árið 2009, 4.000 millj. kr. árið 2010, 4.000 millj. kr. árið 2011 og 4.000 millj. kr. árið 2012“ í 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: 800 millj. kr. árið 2008, 4.200 millj. kr. árið 2009, 4.200 millj. kr. árið 2010, 4.300 millj. kr. árið 2011 og 4.000 millj. kr. árið 2012.

3. gr.

2. mgr. 8. gr. laganna orðast svo:

Fjárframlögin skiptast þannig milli ára að verja skal 300 millj. kr. til þessa verkefnis árið 2008 og 700 millj. kr. árið 2009.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar sem varða tímasetningar á tilteknum ráðstöfunum söluandvirðis Landssíma Íslands hf. frá því sem áður var ákveðið með lögum nr. 133/2005, um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf., sbr. breytingar með lögum nr. 156/2006.

Í tengslum við fjárlagagerð fyrir árið 2008 hefur komið í ljós að fyrirhugaðar fjárveitingar samkvæmt gildandi lögum eru verulega umfram það sem raunhæft er að unnt verði að ráðstafa til nokkurra þeirra framkvæmda sem nefndar eru í lögunum. Stafar það af því að undir-

búningur þessara framkvæmda er skemur á veg kominn en áður var áætlað. Breytingar í frumvarpinu taka mið af þessu.

Með 1. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á framlögum til Sundabrautar þannig að til þeirrar framkvæmdar verði varið 900 millj. kr. árið 2008, 3.000 millj. kr. árið 2009 og 4.000 millj. kr. árið 2010 í stað 3.900 millj. kr. árið 2008, 2.000 millj. kr. árið 2009 og 2.000 millj. kr. árið 2010. Að öðru leyti er ákvæði 2. gr. laganna óbreytt.

Með 2. gr. frumvarpsins er lagt til að 700 millj. kr. framlag til uppbyggingar Landspítala – háskólasjúkrahúss verði fært frá árinu 2008 til áranna 2009–2011. Að öðru leyti verði ákvæði 3. gr. laganna óbreytt.

Með 3. gr. frumvarpsins er lagt til að áður ákveðið 600 millj. kr. framlag til nýbyggingar fyrir Stofnun íslenskra fræða fyrir árið 2008 verði lækkað í 300 millj. kr. og í staðinn hækki framlagið fyrir árið 2009 í 700 millj. kr.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um breytingu á lögum nr. 133/2005, um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf.

Með frumvarpinu er í samræmi við áform ríkisstjórnarinnar í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2008 lagt til að frestað verði nokkrum framkvæmdum þar sem undirbúningur er það skammt á veg kominn að fyrirsjáanlegt er að umfang framkvæmdanna verður ekki eins mikið á næsta ári og að var stefnt. Samtals er lagt til að frestað verði 4.000 m.kr. framkvæmdum. Þar af eru 3.000 m.kr. vegna framkvæmda við Sundabraut, 700 m.kr. er frestun framkvæmda við nýtt háskólasjúkrahús Landsspítalans og loks er lagt til að frestað verið 300 m.kr. framkvæmdum við nýbyggingu Stofnunar íslenskra fræða – Árnastofnunar.

377. Frumvarp til laga [305. mál]

um breytingu á lögum um fjarskipti, nr. 81/2003, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

Í stað „0,12%“ í 3. mgr. 22. gr. laganna kemur: 0,65%.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt lögum um fjarskipti geta fyrirtæki sem veita alþjónustu átt rétt á framlögum úr jöfnunarsjóði alþjónustu. Hingað til hefur Neyðarlínan ehf. eitt fyrirtækja fengið greitt úr sjóðnum og hefur svo verið allt frá árinu 2000. Á árunum 2000 og 2001 voru lögð fram frumvörp á Alþingi þar sem álagningarstofninn var ákveðinn sérstaklega fyrir hvert ár, sbr. 3. mgr. 15. gr. fjarskiptalaga, nr. 107/1999, sbr. lög nr. 72/2000 og lög nr. 160/2000. Með lögum nr. 145/2001 var hins vegar gerð sú breyting á 3. mgr. 15. gr. þágildandi fjarskiptalaga að gjaldstofninn var gerður ótímabundinn og því gert óþarft að leggja sérstakt frumvarp fyrir Alþingi nema breytingar yrðu á fjárþörf eða tekjum jöfnunarsjóðsins. Sami háttur var hafður á þegar núgildandi fjarskiptalög voru samþykkt, sbr. 3. mgr. 22. gr. laganna. Hefur því ekki verið ástæða til að breyta álagningarprósentunni enda hefur hún reynst nægileg til að standa undir þeim skuldbindingum sem fallið hafa á sjóðinn vegna Neyðarlínunnar ehf. Þann 11. júní sl. tók Póst- og fjarskiptastofnun ákvörðun um framlag að fjárhæð 29.688.000 kr. úr jöfnunarsjóði til Neyðarlínunnar vegna rekstrar talsímaþjónustu á sviði neyðarþjónustu og svörunar neyðarsímtala vegna ársins 2007.

Þann 7. desember 2006 tók Póst- og fjarskiptastofnun ákvörðun um framlag til handa Símanum hf. úr jöfnunarsjóði alþjónustu vegna ársins 2005, að fjárhæð 18.880.079 kr., vegna veitingar gagnaflutningsþjónustu með 128 kb/s flutningsgetu. Ákvörðun stofnunarinnar var kærð til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála. Nefndin kvað upp úrskurð 10. október 2007 (mál 1/2007) um að greiðsla úr sjóðnum vegna kostnaðar Símans hf. af alþjónustukvöð fyrir árið 2005 væri 163.233.277 kr. Samtals hafa því fallið skuldbindingar á jöfnunarsjóð á þessu ári sem nema 192.921.277 kr.

Núgildandi álagningarprósenta er 0,12% af bókfærðri veltu fjarskiptafyrirtækja, sbr. 3. mgr. 22. gr. fjarskiptalaga. Sú álagningarprósenta tekur einungis mið af fyrri útgjöldum vegna framlags til Neyðarlínunnar. Samkvæmt 3. mgr. sömu greinar er það hlutverk Póst- og fjarskiptastofnunar að endurskoða fjárþörf jöfnunarsjóðs alþjónustu. Niðurstaða þeirrar endurskoðunar, ásamt tillögu um breytt gjaldhlutfall skal lögð fyrir samgönguráðherra. Eins og fjallað er um hér að framan er ljóst að sjóðurinn mun ekki að óbreyttu geta staðið undir þeim skuldbindingum sem á hann hafa fallið. Í ljósi þess er óumflýjanlegt að gerðar verði breytingar á 3. mgr. 22. gr. fjarskiptalaga og álagningarprósenta hækkuð þannig að jafnvægi skapist í rekstri sjóðsins. Í ljósi framangreinds lagði Póst- og fjarskiptastofnun til við samgönguráðherra að álagningarprósenta (gjaldhlutfall) jöfnunargjalds yrði hækkuð úr 0,12% í 0,65%.

Í samræmi við tillögu stofnunarinnar er lagt til að jöfnunargjald verði ákveðið 0,65% fyrir árið 2008. Prósentutala þessi er miðuð við áætlaða veltu gjaldskyldra aðila á árinu 2008 (32 milljarðar). Ef frumvarpið verður að lögum verða heildartekjur jöfnunarsjóðs á árinu 2008 í kringum 208 millj. kr.

Álagning og innheimta jöfnunargjalds fer að öðru leyti eftir ákvæðum VIII.–XIV. kafla laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

Fylgiskjal I.

A. Stofn til jöfnunargjalds.

Texti	Stofn
Innheimt 2006 – Stofn 2005	24.500.000.000
Innheimt 2007 – Stofn 2006	28.850.000.000
Innheimt 2008 – Stofn 2007 – Áætlun	31.000.000.000
Innheimt 2009 – Stofn 2008 – Áætlun	32.000.000.000

B. Jöfnunargjald m.v. jöfnunargjaldsstofn.

Ál. %	Innheimt 2006 – Stofn 2005	Innheimt 2007 – Stofn 2006	Innheimt 2008 – Stofn 2007	Innheimt 2009 – Stofn 2008
0,60%	147.000.000	173.100.000	186.000.000	192.000.000
0,65%	159.250.000	187.525.000	201.500.000	208.000.000
0,70%	171.500.000	201.950.000	217.000.000	224.000.000
0,75%	183.750.000	216.375.000	232.500.000	240.000.000

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjarskipti, nr. 81/2003, með síðari breytingum.

Meginmarkmiðið með frumvarpinu er að gera þá breytingu á 3. mgr. 22. gr. laga um fjarskipti að í stað 0,12% kemur 0,65%. Með þessari lagabreytingu er gert ráð fyrir því að heildartekjur jöfnunarsjóðs alþjónustu á árinu 2008 verði í kringum 208 m.kr. ef tekið er mið af áætlaðri veltu gjaldskyldra aðila fyrir það sama ár eða 32.000 m.kr. Hér er því um að ræða tekjuaukningu upp á tæpar 170 m.kr.

Samkvæmt lögum um fjarskipti geta fyrirtæki sem veita alþjónustu átt rétt á framlögum úr jöfnunarsjóði alþjónustu. Hingað til hefur Neyðarlínan ehf. eitt fyrirtækja fengið greitt úr sjóðnum og er ákvarðað framlag til stofnunarinnar vegna ársins 2007 29,7 m.kr. Við þetta hefur hins vegar bæst ákvörðun úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála er tilgreinir að Símanum hf. beri að fá 163,2 m.kr. greiddar úr sjóðnum vegna ársins 2005. Samtals hafa því fallið skuldbindingar á jöfnunarsjóð á þessu ári sem nema tæpum 193 m.kr. og það er því ljóst að sjóðurinn mun ekki að óbreyttu geta staðið undir þeim skuldbindingum sem á hann hafa fallið.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er gert ráð fyrir því að tekjur og gjöld ríkissjóðs aukist um 163 m.kr. á ársgrundvelli.

378. Nefndarálit [90. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 79 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Frá sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón B. Jónasson, Kolbein Árnason, Sigríði Norðmann og Steinar Inga Matthíasson frá sjávarútvegsráðuneyti.

Málið var sent út til umsagnar og bárust umsagnir frá Landhelgisgæslu Íslands, Fiskistofu, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Samtökum fiskvinnslustöðva, Hafrannsóknastofnuninni, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Sjómannasambandi Íslands, Veiðimálastofnun, Félagi vélstjóra og málmtæknimanna, Landssambandi smábátaeigenda, Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnun. Þá bárust nefndinni gögn og upplýsingar frá sjávarútvegsráðuneyti.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands sem lúta að því að styrkja heimildir ráðherra til að friða viðkvæm hafsvæði í því skyni að vernda fyrst og fremst hafsbotninn sjálfan og það líf sem á honum þrífst. Breytingarnar eru í samræmi við tillögur nefndar sem sjávarútvegsráðherra skipaði árið 2004 til að kanna forsendur fyrir friðun viðkvæmra hafsvæða. Jafnframt felst í frumvarpinu tæknileg breyting þannig að ráðherra er veitt lagaheimild til að ákveða bann með öllum veiðarfærum án þess að þurfa að telja upp einstök veiðarfæri sem bönnuð eru ef veiðibann á að vera altækt.

Atli Gíslason og Jón Björn Hákonarson rita undir álitið með fyrirvara.

Helgi Hjörvar, Gunnar Svavarsson og Grétar Mar Jónsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 3. des. 2007.

Arnbjörg Sveinsdóttir, form., frsm.	Atli Gíslason, með fyrirvara.	Kjartan Ólafsson.
Karl V. Matthíasson.	Jón Gunnarsson.	Jón Björn Hákonarson, með fyrirvara.

379. Frumvarp til laga [87. mál]

um breyting á lögum nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 3. des.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Fjármálaráðherra fer með lántökur ríkissjóðs og ríkisstofnana innan lands og utan, útgáfu og sölu ríkisskuldabréfa á innlendum markaði og aðra skuldaumsýslu fyrir ríkissjóð, svo og endurlán lánsfjár, ríkisábyrgðir og Ríkisábyrgðasjóð.

2. gr.

Í stað orðanna „Í störfum sínum skal Lánasýsla ríkisins stefna“ í 2. gr. laganna kemur: Lánasýsla ríkisins skal stefna.

3. gr.

3., 4., 8. og 10. gr. laganna falla brott og breytist greinatala samkvæmt því.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Lánasýsla ríkisins“ í 1. mgr. kemur: Fjármálaráðherra.
b. Orðin „samkvæmt ákvörðun fjármálaráðherra“ í 1. mgr. falla brott.
c. Í stað orðanna „Lánasýslu ríkisins“ í 2. mgr. kemur: Fjármálaráðherra.

5. gr.

Í stað orðanna „Lánasýslu ríkisins“ í 1. og 2. málsl. 1. mgr. og í 2. og 3. mgr. 6. gr. laganna kemur: fjármálaráðherra.

6. gr.

Í stað orðanna „Lánasýsla ríkisins“ í 1. mgr. 7. gr. laganna og orðanna „Lánasýslu ríkisins“ í 2. mgr. sömu greinar kemur: fjármálaráðherra.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. Orðið „erlendra“ fellur brott.
b. Í stað orðanna „Lánasýslu ríkisins eru falin“ kemur: fjármálaráðherra fer með samkvæmt lögum þessum.

8. gr.

Orðin „og starfsemi Lánasýslu ríkisins“ í 11. gr. laganna falla brott.

9. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Fjármálaráðherra tekur við almennum réttindum og skyldum Lánasýslu ríkisins og við samningum við þriðja aðila eftir því sem við getur átt samkvæmt ákvæðum laga þessara.

10. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um lánasýslu ríkisins.**

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2008. Við gildistöku laga þessara verður Lánasýsla ríkisins lögð niður.

380. Frumvarp til fjárlaga [1. mál]

fyrir árið 2008.

(Eftir 2. umr., 3. des.)

A-hluti
Rekstraryfirlit ríkissjóðs

1. gr.

Árið 2008 er áætlað að tekjur og gjöld ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 1 og 2.

m.kr.	Rekstrar-grunnur	Sjóðs-hreyfingar
Skatttekjur	**430.314,8**	**412.084,7**
Skattar á tekjur einstaklinga	128.500,0	117.800,0
Skattar á tekjur lögaðila	45.500,0	43.400,0
Tryggingagjöld	41.279,0	39.963,3
Eignarskattar	11.723,0	11.623,0
Virðisaukaskattur	138.000,0	135.000,0
Aðrir skattar á vörur og þjónustu	58.118,2	57.424,0
Skattar ótaldir annars staðar	7.194,6	6.874,4
Aðrar rekstrartekjur	**36.368,8**	**35.178,8**
Arðgreiðslur	1.557,0	1.557,0
Vaxtatekjur og eignatekjur	25.381,7	24.231,7
Rekstrartekjur ótaldar annars staðar	9.430,1	9.390,1
Sala eigna	**1.200,0**	**1.200,0**
Fjárframlög	**1.443,2**	**1.443,2**
Tekjur alls	**469.326,8**	**449.906,7**
Æðsta stjórn ríkisins	3.652,4	3.652,4
Forsætisráðuneyti	2.215,5	2.215,5
Menntamálaráðuneyti	53.209,2	53.209,2
Utanríkisráðuneyti	8.908,0	8.908,0
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti	16.333,4	16.406,4
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	23.460,7	23.460,7
Félags- og tryggingamálaráðuneyti	83.227,2	82.427,2
Heilbrigðisráðuneyti	102.779,7	102.779,7
Fjármálaráðuneyti	47.245,6	38.255,6
Samgönguráðuneyti	55.042,4	55.030,6
Iðnaðarráðuneyti	5.345,8	5.345,8
Viðskiptaráðuneyti	2.323,2	2.306,1
Umhverfisráðuneyti	6.115,8	6.115,8
Vaxtagjöld ríkissjóðs	21.764,0	18.055,0
Samtals	**431.622,9**	**418.168,0**
Tekjujöfnuður	**37.703,9**	

A-hluti
Sjóðstreymi ríkissjóðs

2. gr.

Árið 2008 er áætlað að sjóðstreymi ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein.

m.kr.

Rekstrarhreyfingar	
Tekjujöfnuður	37.703,9
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	749,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:	
Viðskiptakröfur, (breyting)	-8.080,1
Viðskiptaskuldir, (breyting)	865,9
Handbært fé frá rekstri	**31.238,7**
Fjármunahreyfingar	
Veitt stutt lán	-500,0
Veitt löng lán	-8.000,0
Afborganir veittra lána	16.000,0
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	-1.000,0
Sala hlutabréfa og eignarhluta	1.000,0
Fjármunahreyfingar samtals	**7.500,0**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**38.738,7**
Fjármögnun	
Skammtímalán	0,0
Tekin löng lán	30.000,0
Afborganir lána	-44.500,0
Fjármögnun samtals	**-14.500,0**
Framlag til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins	-4.000,0
Breyting á handbæru fé	**20.238,7**

B-hluti
Fjárreiður ríkisfyrirtækja

3. gr.

Árið 2008 er ætlast til þess að rekstri, arðgreiðslum, fjárfestingu og lántöku eftirtalinna ríkisfyrirtækja verði hagað eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 3.

m.kr.	Hagnaður tap	Arður til ríkissj.	Fjár-festing	Lán-tökur
Happdrætti Háskóla Íslands	980,0	0,0	20,0	0,0
Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli	108,5	0,0	290,0	0,0
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	158,5	182,5	160,0	0,0
Íslenskar orkurannsóknir	30,0	0,0	40,0	0,0
Samtals	**1.277,0**	**182,5**	**510,0**	**0,0**

C-hluti
Fjárreiður lánastofnana

4. gr.

Árið 2008 er ætlast til þess að rekstri, fjárfestingu og lánahreyfingum eftirtalinna stofnana og sjóða verði hagað eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 4.

m.kr.	Hagnaður tap	Veitt lán	Fjár-festing	Lán-tökur
Lánasjóður íslenskra námsmanna	4.756,9	10.921,5	74,0	8.000,0
Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild	904,0	0,0	7,0	0,0
Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir	-551,0	19.008,0	4,0	23.516,0
Íbúðalánasjóður, viðbótarlán	99,0	0,0	1,0	0,0
Íbúðalánasj., Byggingarsj. ríkisins og verkam	-1.112,0	0,0	4,0	0,0
Íbúðalánasjóður, íbúðalánadeild	2.100,0	64.339,0	14,0	56.820,0
Orkusjóður	16,0	20,0	0,0	0,0
Byggðastofnun	-30,0	3.000,0	0,0	3.000,0
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins	187,0	0,0	0,0	0,0
Samtals	**6.369,9**	**97.288,5**	**104,0**	**91.336,0**

Ýmis ákvæði

Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir

5. gr.

Fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, er heimilað að taka lán, endurlána, veita ríkisábyrgðir og fleira eftir því sem kveðið er á um í ákvæðum þessarar greinar:

1. Að taka lán allt að 30.000 m.kr. og ráðstafa því í samræmi við ákvæði þessara laga.

2. Að endurlána allt að 8.275 m.kr. til eftirtalinna aðila:
   - 2.1 Lánasjóðs íslenskra námsmanna allt að 8.000 m.kr.
   - 2.2 Happdrættis Háskóla Íslands allt að 275 m.kr.

3. Að veita eftirtöldum aðilum, sem heimild hafa í sérlögum til lántöku, heimild til að nýta þær á árinu 2008 með þeim takmörkunum sem tilgreindar eru í liðum 3.1 til 3.4, sbr. 26. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins:
   - 3.1 Landsvirkjun, allt að 32.000 m.kr., sbr. 9. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með síðari breytingum.
   - 3.2 Íbúðalánadeild Íbúðalánasjóðs, allt að 56.820 m.kr., sbr. 10. gr. og 1. tl. 15. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál, með síðari breytingum.
   - 3.3 Íbúðalánasjóði til lána vegna leiguíbúða, allt að 23.516 m.kr., sbr. 10. gr. og 3. tl. 15. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál, með síðari breytingum.
   - 3.4 Byggðastofnun, allt að 3.000 m.kr., sbr. 15. gr. laga nr. 106/1999, um Byggðastofnun.

4. Ýmis ákvæði.
   - 4.1 Erlendar fjárhæðir skulu miðast við kaupgengi íslensku krónunnar samkvæmt gengisskráningu Seðlabanka Íslands á staðfestingardegi fjárlaga.
   - 4.2 Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að gefa út að nýju viðbót inn í eldri flokka spariskírteina ríkissjóðs sem ekki eru komnir á gjalddaga. Skilmálar og kjör hlutdeildarskírteina (spariskírteina) slíkra viðbóta við eldri flokka skulu vera hin sömu og að breyttu breytanda, þ.e. útgáfudagur, fyrsti vaxtadagur, vextir, verðtryggingarákvæði, gjalddagi og þess háttar.

4.3 Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs getur heimilað þeim aðilum sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum:
   a. að taka lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar eldri lána þegar hagstæðari kjör eru talin bjóðast;
   b. að stofna til skulda- og vaxtaskipta og nýta aðra möguleika sem bjóðast á markaði til þess að tryggja viðkomandi aðila gegn verulegum vaxta- eða gengisbreytingum;
   c. að taka ný lán til endurgreiðslu skammtímalána sem tekin eru á grundvelli heimilda í lið 3, að hluta eða öllu leyti, án þess að lánssamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánssamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

4.4 Hyggist aðilar, sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum, nýta sér heimildir skv. lið 3 eða 4.3 skulu þeir gæta ákvæða 2. mgr. 7. gr. laga nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins.

Heimildir

6. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt:

Eftirgjöf gjalda

1.1 Að fella niður eða endurgreiða virðisaukaskatt af efniskostnaði og sérfræðiþjónustu sem keypt er fyrir styrktarfé vegna rannsóknar Hjartaverndar á heilbrigði öldrunar.

Sala húsnæðis

2.1 Að semja við bæjaryfirvöld á Seyðisfirði um ráðstöfun fasteignarinnar við Hafnargötu 11, Seyðisfirði.
2.2 Að selja tækjageymslu á Norðfjarðarflugvelli.
2.3 Að selja fasteignina Laugarnesveg 91 og semja við Listaháskóla Íslands um aðra hentuga lausn á húsnæðismálum skólans.
2.4 Að selja fasteignir við Aragötu 9 og 14, Reykjavík, og verja andvirðinu til uppbyggingar Háskólatorgs.
2.5 Að selja fasteignina Bygggarða 7, Seltjarnarnesi, og verja andvirðinu til uppbyggingar lækningaminjasafns.
2.6 Að selja fasteignina Lyngás 7–9 í Garðabæ og verja hluta andvirðisins til uppbyggingar hönnunarsafns.
2.7 Að selja fasteignina Kveldúlfsgötu 2, Borgarbyggð, og láta andvirðið renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra.
2.8 Að selja húsnæði Vegagerðarinnar að Heiðavegi 4, Reyðarfirði.
2.9 Að selja sendiherrabústaðinn í Kaupmannahöfn og kaupa eða leigja annan hentugri.
2.10 Að selja gamla prestshúsið og kirkjuna á Stað í Grunnavík, Ísafjarðarbæ.
2.11 Að selja gamla prestshúsið og kirkjuna á Stað í Aðalvík, Ísafjarðarbæ.
2.12 Að selja íbúðarhús á Sauðanesi, Svalbarðshreppi.
2.13 Að selja stóðhestastöðina í Gunnarsholti ásamt landspildum við stöðina og ráðstafa andvirðinu til Hekluskóga og til uppbyggingar á landsmótssvæðinu að Gaddstaðaflötum.
2.14 Að selja fasteignina Fífilbrekku, Reykjum, Ölfusi.
2.15 Að selja fasteignirnar Túngötu 1 og 3, Hvanneyri.
2.16 Að selja fasteignina Móðruvelli 4, Hörgárbyggð.
2.17 Að selja fasteignirnar Hlíðarveg 16 og 17, Hvolsvelli, og ráðstafa andvirðinu til kaupa, leigu eða byggingar á nýrri lögreglustöð.
2.18 Að selja fasteignir ríkisins við Borgartún 5 og 7 og kaupa eða leigja annað hentugra húsnæði.
2.19 Að selja Lyngholt 9, Ísafirði, og láta andvirðið renna til Vegagerðar ríkisins.
2.20 Að selja húseignir ríkisins við Nauthólsvík.
2.21 Að selja húseign Skattstofu Austurlands að Selási 8, Egilsstöðum, og ráðstafa andvirðinu til kaupa eða leigu á öðru hentugu húsnæði.
2.22 Að selja húsnæði Náttúrufræðistofnunar Íslands við Hlemm.
2.23 Að selja sendiráðsbústað Íslands í Washington og kaupa eða leigja annað hentugra húsnæði.

2.24 Að selja eða leigja gamla skólahúsnæðið í Ólafsdal í Gilsfirði, Dalabyggð.
2.25 Að selja loðdýrahús á jörðinni Björnskoti, Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Sala eignarhluta í húsnæði

3.1 Að selja eignarhlut ríkisins í fasteignum grunnskóla sem ekki eru lengur notaðar til skólahalds og verja andvirðinu til endurbóta á skólahúsnæði í eigu ríkisins.
3.2 Að selja eignarhlut ríkisins í fasteignum framhalds- og sérskóla sem ekki eru lengur notaðar sem slíkar og þykja ekki henta til skólahalds og verja andvirðinu til endurbóta á skólahúsnæði í eigu ríkisins.
3.3 Að selja íbúð við Hvassaleiti 30 og kaupa aðra hentugri.
3.4 Að selja eignarhlut ríkisins að Bíldshöfða 16, Reykjavík, og kaupa eða leigja annað hentugra.
3.5 Að selja eignarhlut ríkisins í Hraunbæ 102d–102e og verja andvirðinu til kaupa eða leigu á hentugu húsnæði fyrir Heilsugæslu Árbæjar.
3.6 Að selja eignarhlut ríkisins í læknisbústað að Hrannargötu 2, Flateyri, og verja andvirðinu til endurbóta á Heilbrigðisstofnuninni Ísafjarðarbæ.
3.7 Að selja eignarhlut ríkisins í íbúðum við Kristnesspítala og verja andvirðinu til endurbóta og stækkunar á endurhæfingaraðstöðu spítalans.
3.8 Að selja eignarhlut ríkisins í Eyravegi 67, Árborg, og láta andvirðið renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra.
3.9 Að selja eignarhlut ríkisins í Duggugerði 12, Kópaskeri.
3.10 Að selja fasteignina Giljasel 7, Reykjavík, og láta andvirðið renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra.
3.11 Að selja eignarhlut ríkisins í Laugarnesvegi 80, Reykjavík, og ráðstafa andvirðinu í styrktarsjóð Barnaspítala Hringsins.

Sala lóða og jarða

4.1 Að selja land á Keldum, á Keldnaholti og við Úlfarsá og verja hluta andvirðisins til eflingar vísindarannsóknum.
4.2 Að selja landspildur í eigu ríkisins í Garðabæ.
4.3 Að selja lóðarspildu í eigu ríkisins við Þorragötu í Reykjavík.
4.4 Að selja jörðina Þjótanda, Villingaholtshreppi, Árnessýslu.
4.5 Að selja jörðina Þrándarstaði í Kjósarhreppi.
4.6 Að selja hluta af jörðunum Selárdal og Uppsölum í Vesturbyggð.
4.7 Að selja hluta af jörðinni Möðrudal á Fjöllum, Fljótsdalshéraði.
4.8 Að selja hluta af jörðinni Ytri-Grenivík, Grímseyjarhreppi.
4.9 Að selja hluta af jörðinni Flatey í Sveitarfélaginu Hornafirði.
4.10 Að selja hluta jarðarinnar Þormóðsdals í Mosfellsbæ.
4.11 Að selja hluta jarðarinnar Saurbæjar í Eyjafjarðarsveit.
4.12 Að selja fasteignir í Flatey á Skjálfanda.
4.13 Að selja fasteignina Hvammshlíð í Skorradal og ráðstafa andvirðinu til Skógræktar ríkisins.
4.14 Að selja jörðina Teigasel II á Jökuldal, Fljótsdalshéraði.
4.15 Að selja jörðina Selá í Dalvíkurbyggð.
4.16 Að selja hluta af jörðinni Torfastöðum í Bláskógabyggð.

4.17 Að selja hluta jarðarinnar Barma í Reykhólasveit.
4.18 Að selja hluta af jörðinni Stóru-Völlum í Rangárþingi ytra.
4.19 Að selja hluta af jörðunum Torfastöðum I og II í Rangárþingi eystra.
4.20 Að selja Innranes úr landi Bolholts, Rangárþingi ytra, og ráðstafa andvirðinu til Landgræðslu ríkisins.
4.21 Að selja hluta af landsvæðum ríkisins við Litla-Hraun og ráðstafa andvirðinu til endurbóta á fangelsinu.
4.22 Að selja hluta jarðarinnar Hraunsmúla, Borgarbyggð.
4.23 Að selja jarðarhlutann Rima, Blásкógabyggð.
4.24 Að selja jörðina Tjaldanes í Arnarfirði, Ísafjarðarbæ.
4.25 Að selja hluta af jörðinni Skarði, Rangárþingi ytra og ráðstafa andvirðinu til landgræðslu á þessum slóðum.
4.26 Að leigja út byggingarlóðir við Framhaldsskólann að Laugum.
4.27 Að selja jörðina Grænanes, Fjarðabyggð.
4.28 Að selja jörðina Kleifarkot, Strandabyggð.
4.29 Að selja jörðina Syðri-Bakka, Arnarneshreppi.
4.30 Að selja jörðina Kleppjárnsreyki, Borgarbyggð.
4.31 Að selja landspildur í eigu ríkisins í Kópavogi.
4.32 Að selja um 22 ha landspildu ríkisins við Siglunesvita.
4.33 Að selja landspildur ríkisins við Flekkuvík.
4.34 Að selja landspildu úr Geitasandi, Rangárþingi ytra.
4.35 Að selja jörðina Hofsstaði í Gufudalssveit, Reykhólahreppi.
4.36 Að selja jörðina Ytri-Lynga II í Meðallandi, Skaftárhreppi.
4.37 Að selja jörðina Gröf í Rangárþingi ytra.

Sala hlutabréfa

5.1 Að selja hlut ríkisins í Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.
5.2 Að selja hlut ríkisins í Endurvinnslunni hf.
5.3 Að selja hlut ríkissjóðs í Fiskeldi Eyjafjarðar ehf.

Kaup og leiga fasteigna

6.1 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir aðalskrifstofur ráðuneyta.
6.2 Að kaupa hverasvæði Geysis í Haukadal.
6.3 Að kaupa húsnæði við Eiríksgötu fyrir starfsemi Landspítala.
6.4 Að kaupa fasteign á skipulagsreit St. Jósefsspítala í Hafnarfirði.
6.5 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu.
6.6 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir líknardeild á Akureyri.
6.7 Að kaupa húsnæði fyrir skammtímavistun fatlaðra á Suðurnesjum.
6.8 Að kaupa húsnæði fyrir skammtímavistun fatlaðra á höfuðborgarsvæðinu.
6.9 Að kaupa húsnæði fyrir þrjú sambýli á höfuðborgarsvæðinu.
6.10 Að kaupa 25 íbúðir vegna átaks í málefnum geðfatlaðra.
6.11 Að kaupa húseign Félagsstofnunar stúdenta við Hringbraut í Reykjavík.
6.12 Að kaupa eða leigja hentugt húsnæði fyrir sjúkrabifreiðar Heilbrigðisstofnunarinnar Hvammstanga.
6.13 Að kaupa land Brekkubæjar á Hellnum.
6.14 Að leigja húsnæði fyrir sjúkrabifreiðar á Selfossi.

6.15 Að kaupa viðbótarhúsnæði fyrir starfsemi Þjóðleikhússins.
6.16 Að kaupa jörðina Hjörleifshöfða í Mýrdalshreppi.
6.17 Að kaupa eða leigja hentugt húsnæði fyrir Vinnumálastofnun.
6.18 Að kaupa eða leigja viðbótarhúsnæði fyrir heilsugæslustöðina í Vík í Mýrdal.
6.19 Að kaupa viðbótarhúsnæði fyrir starfsemi Listasafns Íslands.
6.20 Að kaupa eða leigja hentugt húsnæði fyrir nýja stofnun sjúkratrygginga og innkaupa á heilbrigðissviði.
6.21 Að kaupa eða leigja hentugt húsnæði fyrir Persónuvernd.
6.22 Að kaupa landspildu við Dimmuborgir, Skútustaðahreppi.

Ýmsar heimildir

7.1 Að breyta fjárhæðum tekju- og gjaldahliðar ef lög verða staðfest frá Alþingi árið 2008 sem hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð. Allar fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gildi aðeins fyrir fjárhagstímabilið.
7.2 Að fella niður eða fresta greiðslum úr ríkissjóði á árinu 2008, m.a. með því að leggja niður tímabundið eða til lengri tíma starfsemi ríkisstofnana, að fengnu samþykki ríkisstjórnar og fjárlaganefndar Alþingis.
7.3 Að semja við einstaklinga um bætur, í samræmi við tillögur nefndar um ágreiningsmál skv. 3. gr. laga nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, og að höfðu samráði við ríkislögmann, vegna tjóns sem þeir hafa orðið fyrir við læknismeðferð.
7.4 Að greiða bætur þeim sem sýkst hafa af lifrarbólgu C við blóðgjafir hér á landi fyrir október 1992. Bætur séu ákveðnar af fjármálaráðherra í samráði við heilbrigðisráðherra.
7.5 Að heimila sjúkrahúsum að taka þátt í eða eiga samstarf við fyrirtæki sem vinna að vísindarannsóknum og þróun nýjunga á sviði heilbrigðismála og læknisfræði. Samningar, sem fela í sér fjárskuldbindingar, skulu lagðir fyrir ráðherra heilbrigðismála og fjármála til staðfestingar.
7.6 Að selja flugvél Landhelgisgæslunnar TF-SYN og ráðstafa andvirðinu til að kaupa eða leigu á sérhannaðri flugvél til að sinna gæslustörfum.
7.7 Að selja Grímseyjarferjuna m/s Sæfara og ráðstafa andvirðinu til kaupa eða leigu á annarri hentugri ferju.
7.8 Að heimila Háskóla Íslands að gera lóðarleigusamning um hluta af lóðarréttindum skólans í Vatnsmýri í Reykjavík vegna uppbyggingar vísindagarða.
7.9 Að selja eða ráðstafa með öðrum hætti varðskipinu Óðni.
7.10 Að selja, leigja eða ráðstafa með öðrum hætti fasteignum og landsvæðum á varnarsvæðum á Keflavíkurflugvelli sem koma á í borgaraleg not.
7.11 Að semja um leigu og rekstur á nýrri Vestmannaeyjaferju.

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
	Sundurliðun 1		
	Tekjur A-hluta		
I	**Skatttekjur**		
1	**Skattar á tekjur og hagnað**		
1.1.1.1	Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla	93.500,0	89.800,0
1.1.5.1	Skattur á fjármagnstekjur einstaklinga	35.000,0	28.000,0
	Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga	**128.500,0**	**117.800,0**
1.5.1.1	Tekjuskattur, lögaðilar	45.500,0	43.400,0
1.10.2	Fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði	2.665,0	2.555,0
1.10.5	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	1.303,9	1.276,4
	Skattar á tekjur og hagnað, ót. annars staðar	**3.968,9**	**3.831,4**
	Skattar á tekjur og hagnað	**177.968,9**	**165.031,4**
2	**Tryggingagjöld**		
2.2	Tryggingagjöld, lögaðilar	125,0	125,0
2.2.1.1	Tryggingagjald, almennt	35.808,3	34.630,7
2.2.1.5	Atvinnutryggingargjald	5.345,7	5.207,6
	Tryggingagjöld, lögaðilar	**41.279,0**	**39.963,3**
	Tryggingagjöld	**41.279,0**	**39.963,3**
3	**Skattar á launagreiðslur og vinnuafl**		
3.2	Ábyrgðargjald vegna launa	822,2	822,2
3.5	Gjald til jöfnunar og lækkunar á örorkubyrði lífeyrissjóða	1.528,0	1.478,0
	Skattar á launagreiðslur og vinnuafl	**2.350,2**	**2.300,2**
4	**Eignarskattar**		
4.3	Erfðafjárskattar, skattar á gjafafé	2.000,0	1.900,0

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
4.4.1	Stimpilgjöld	9.100,0	9.100,0
4.5.2.1	Sértækir eignarskattar á fasteignir	623,0	623,0
	Eignarskattar	**11.723,0**	**11.623,0**
5	**Skattar á vörur og þjónustu**		
5.1.1.1	Virðisaukaskattur	138.000,0	135.000,0
5.1.2.1.1	Vörugjald, almennt, af innfluttum vörum	3.870,0	3.680,0
5.1.2.1.5	Vörugjald, almennt, af innlendri framleiðslu	590,0	560,0
5.1.2.1.15	Vörugjald af innfluttum ökutækjum	8.150,0	8.050,0
5.1.2.1.25	Vörugjald af bensíni	2.100,0	2.100,0
5.1.2.1.30	Sérstakt vörugjald af bensíni	7.420,0	7.420,0
5.1.2.1.33	Olíugjald	6.030,0	6.030,0
5.1.2.1.35	Gjald af eftirlitsskyldum rafföngum	72,7	72,7
5.1.2.1.40	Flutningsjöfnunargjöld	300,0	300,0
5.1.2.1.50	Áfengisgjald	8.150,0	8.136,8
5.1.2.1.52	Tóbaksgjald	3.770,0	3.770,0
5.1.2.1.55	Ýmis vörugjöld	2.165,0	2.165,0
5.1.2.10	Tollar og aðflutningsgjöld	4.931,0	4.631,0
5.1.2.20	Sértækir þjónustuskattar	2.338,1	2.338,1
5.1.2.30	Aðrir sértækir skattar á vörur og þjónustu	2,7	2,7
	Skattar á viðskipti með vörur og þjónustu	**187.889,5**	**184.256,3**
5.2.1.1.1	Bifreiðagjöld	4.610,0	4.580,0
5.2.1.5.5	Þungaskattur	1.280,0	1.280,0
5.2.2.1	Neysluskattar og leyfisgjöld af skipum	133,0	133,0
5.2.2.10	Ýmis leyfi fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi	58,3	58,3
5.2.2.15	Gjöld fyrir veitingu atvinnuréttinda og tengdra leyfa	10,2	10,2
5.2.2.25	Ýmis leyfis- og skráningargjöld	615,4	615,4
5.2.2.25.1.2	Veiðigjald fyrir veiðiheimildir	738,0	707,0
5.2.2.25.5.9	Ýmis skráningargjöld	290,0	290,0
5.2.2.30	Ýmis eftirlitsgjöld	470,3	470,3
5.2.2.35	Ýmislegt	23,5	23,5
	Neyslu- og leyfisgjöld	**8.228,7**	**8.167,7**
	Skattar á vörur og þjónustu	**196.118,2**	**192.424,0**

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
6	**Aðrir skattar**		
6.1.10	Iðnaðarmálagjald	259,3	259,3
6.1.15	Markaðsgjald	411,2	403,5
	Aðrir skattar á atvinnurekstur	**670,5**	**662,8**
6.2.1	Sektir á skatttekjur	205,0	80,0
	Aðrir skattar	**875,5**	**742,8**
	Skatttekjur, samtals	**430.314,8**	**412.084,7**
II	**Aðrar rekstrartekjur**		
8	**Arðgreiðslur og leigutekjur**		
8.2.1	Arðgreiðslur frá fjármálastofnunum	50,0	50,0
8.2.2	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum stofnunum	1.507,0	1.507,0
	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum aðilum	**1.557,0**	**1.557,0**
8.3.1	Vaxtatekjur af skatttekjum	5.600,0	4.100,0
8.3.6	Vaxtatekjur af endurlánum ríkissjóðs	8.470,0	8.820,0
8.3.7	Aðrar vaxtatekjur	11.254,0	11.254,0
8.3.8.1	Leiga á lóðum og landréttindum	57,7	57,7
	Aðrar eignatekjur	**25.381,7**	**24.231,7**
	Arðgreiðslur og leigutekjur	**26.938,7**	**25.788,7**
9	**Ýmsar tekjur**		
9.1.1	Dómsmálagjöld o.fl.	535,0	535,0
9.1.2	Áhættugjöld fyrir ríkisábyrgðir	260,0	260,0
9.1.3.1	Afnotagjöld RÚV	2.916,0	2.916,0
9.1.3.5	Skólagjöld	682,5	682,5
9.1.3.10	Gjöld fyrir læknishjálp o.fl.	100,0	100,0
9.1.3.15	Lendingargjöld o.fl.	682,0	682,0
9.1.3.20	Prófgjöld	21,5	21,5
9.1.3.25	Gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl.	140,0	140,0
9.1.3.30	Skoðunar-, mælinga- og eftirlitsgjöld	2.225,0	2.225,0
9.1.3.35	Ýmislegt	304,1	304,1

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
9.1.3.40	Útgáfa skírteina og þinglýsingar	415,5	415,5
9.1.4	Önnur neyslu- og leyfisgjöld	48,0	48,0
	Neyslu- og leyfisgjöld fyrir þjónustu	**8.329,6**	**8.329,6**
	Ýmsar tekjur	**8.329,6**	**8.329,6**
10	**Sektir**		
10.1	Lögreglumannasektir og lögreglustjórasektir	690,0	650,0
10.2	Dómsektir og viðurlagaákvarðanir	290,0	290,0
10.3	Ýmsar sektir	35,0	35,0
	Sektir	**1.015,0**	**975,0**
12	**Aðrar eigna- og aukatekjur**		
12.1	Aðrar eigna- og aukatekjur	15,0	15,0
12.5.1	Innborganir í Ábyrgðarsjóð launa úr gjaldþrotabúum	70,5	70,5
	Aðrar eigna- og aukatekjur	**85,5**	**85,5**
	Aðrar rekstrartekjur, samtals	**36.368,8**	**35.178,8**
III	**Sala eigna**		
13	**Sala varanlegra rekstrarfjármuna**		
13.1	Sala fasteigna	500,0	500,0
13.2	Söluhagnaður hlutabréfa	500,0	500,0
	Sala varanlegra rekstrarfjármuna	**1.000,0**	**1.000,0**
15	**Sala á landi og réttindum**		
15.1	Sala á landi og jarðeignum	200,0	200,0
	Sala eigna, samtals	**1.200,0**	**1.200,0**

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
V	**Fjárframlög**		
18	**Fjárframlög frá opinberum aðilum**		
18.1	Rekstrarframlög	175,2	175,2
18.1.1	Hluti sveitarfélaga í innheimtukostnaði	470,0	470,0
	Rekstrarframlög	**645,2**	**645,2**
18.2.1	Framlag Happdrættis HÍ til Háskóla Íslands	318,0	318,0
18.2.5	Viðbótarframlag sveitarfélaga vegna lífeyrisskuldbindinga grunnskólakennara	480,0	480,0
	Fjárframlög frá opinberum aðilum	**1.443,2**	**1.443,2**
	Fjárframlög, samtals	**1.443,2**	**1.443,2**
	Heildartekjur samtals	**469.326,8**	**449.906,7**

m.kr.

Sundurliðun 2

Fjármál ríkisaðila í A-hluta

00 Æðsta stjórn ríkisins

00-101 Embætti forseta Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	167,4
1.81 Opinberar heimsóknir	28,0
Almennur rekstur samtals	195,4
Viðhaldsverkefni:	
5.20 Laufásvegur 72, viðhald	1,0
Gjöld samtals	**196,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	196,4

00-201 Alþingi

Almennur rekstur:	
1.01 Alþingiskostnaður	791,9
1.02 Framlög til þingflokka	65,0
1.03 Fastanefndir	30,6
1.04 Alþjóðasamstarf	90,5
1.06 Almennur rekstur	815,2
1.07 Sérverkefni	44,2
1.09 Breytingar á þingsköpum og bætt starfsaðstaða þingmanna	98,8
1.10 Rekstur fasteigna	192,7
Almennur rekstur samtals	2.128,9
Viðhaldsverkefni:	
5.20 Fasteignir	24,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	44,6
6.21 Fasteignir	250,0
Stofnkostnaður samtals	294,6
Gjöld samtals	**2.447,5**

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-18,4
Gjöld umfram tekjur	**2.429,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2.429,1

00-205 Framkvæmdir á Alþingisreit

Stofnkostnaður:	
6.55 Framkvæmdir á Alþingisreit	50,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	50,0

00-301 Ríkisstjórn

Almennur rekstur:	
1.01 Ríkisstjórn	247,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	247,0

00-401 Hæstiréttur

Almennur rekstur:	
1.01 Hæstiréttur	138,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	138,9

00-610 Umboðsmaður Alþingis

Almennur rekstur:	
1.01 Umboðsmaður Alþingis	122,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	122,2

	m.kr.
00-620 Ríkisendurskoðun	
Almennur rekstur:	
1.01 Ríkisendurskoðun	485,0
Stofnkostnaður:	
6.21 Fasteignir	11,5
Gjöld samtals	**496,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-27,7
Gjöld umfram tekjur	**468,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	468,8
00 Æðsta stjórn ríkisins, gjöld umfram tekjur	**3.652,4**
Greitt úr ríkissjóði	**3.652,4**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

01 Forsætisráðuneyti

01-101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	253,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	253,2

01-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.11 Ritun biskupasögu, Hið íslenska fornritafélag	14,0
1.15 Útboðs- og einkavæðingarverkefni	14,9
1.17 Úrskurðarnefnd upplýsingalaga	4,7
1.18 Stjórnarskrárnefnd	14,9
1.19 Efnahagsrannsóknir	49,9
1.20 Jafnréttissjóður	10,0
1.21 Öryggismálanefnd	14,5
1.22 Ráðgjöf vegna breytinga í heilbrigðis- og tryggingamálum	30,0
1.23 Hrafnseyri	22,9
1.25 Vesturfarasetrið á Hofsósi	28,0
1.27 Þjóðveldisbærinn í Þjórsárdal	2,0
1.40 Gjöf Jóns Sigurðssonar	6,0
1.42 Grænlandssjóður	1,0
1.51 Undirbúningur að hátíðarhöldum vegna tveggja alda afmælis Jóns Sigurðssonar forseta	5,1
1.90 Ýmis verkefni	40,9
1.91 Til stjórnmálaflokka með hliðsjón af nýrri kjördæmaskipan og breyttum aðstæðum þingmanna af þeim sökum	50,0
Almennur rekstur samtals	308,8
Viðhaldsverkefni:	
5.25 Viðhald á stafkirkju í Vestmannaeyjum	3,0
Gjöld samtals	**311,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,0
Gjöld umfram tekjur	**310,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	310,8

m.kr.

01-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra 5,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,0

01-201 Fasteignir forsætisráðuneytis

Almennur rekstur:
1.01 Fasteignir forsætisráðuneytis 48,8

Viðhaldsverkefni:
5.29 Fasteignir forsætisráðuneytis 27,4

Gjöld samtals **76,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 76,2

01-203 Fasteignir Stjórnarráðsins

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 6,0

Stofnkostnaður:
6.25 Endurbætur bygginga Stjórnarráðsins 229,0

Gjöld samtals **235,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 235,0

01-231 Norræna ráðherranefndin

Almennur rekstur:
1.01 Norðurlandaskrifstofa forsætisráðuneytis 37,5
1.61 Framlag til norrænu ráðherranefndarinnar 125,6
Almennur rekstur samtals 163,1

Gjöld samtals **163,1**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,1

Gjöld umfram tekjur **162,0**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	162,0
01-241 Umboðsmaður barna	
Almennur rekstur:	
1.01 Umboðsmaður barna	36,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	36,0
01-251 Þjóðmenningarhúsið	
Almennur rekstur:	
1.01 Þjóðmenningarhúsið	100,9
Viðhaldsverkefni:	
5.21 Fasteignir	20,0
Gjöld samtals	**120,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-9,0
Gjöld umfram tekjur	**111,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	111,9
01-253 Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn	
Almennur rekstur:	
1.01 Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn	8,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	8,9
01-255 Gljúfrasteinn - Hús skáldsins	
Almennur rekstur:	
1.01 Gljúfrasteinn - Hús skáldsins	32,3
Viðhaldsverkefni:	
5.21 Viðhald	2,5

	m.kr.
Gjöld samtals	**34,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,1
Gjöld umfram tekjur	**31,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	31,7

01-261 Óbyggðanefnd

Almennur rekstur:	
1.01 Óbyggðanefnd	87,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	87,8

01-271 Ríkislögmaður

Almennur rekstur:	
1.01 Ríkislögmaður	64,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,8
Gjöld umfram tekjur	**59,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	59,6

01-401 Hagstofa Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Hagstofa Íslands	728,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-64,2
Gjöld umfram tekjur	**663,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	663,9

	m.kr.
01-902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	
Almennur rekstur:	
1.01 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	64,0
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Fasteignir	2,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Nýframkvæmdir	31,0
Gjöld samtals	**97,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-20,9
Gjöld umfram tekjur	**76,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	76,1
01-996 Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verkefni ráðuneyta	
Almennur rekstur:	
1.01 Rafræn þjónustuveita hins opinbera	40,4
Stofnkostnaður:	
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verkefni ráðuneyta	57,0
Gjöld samtals	**97,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	97,4
01 Forsætisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**2.215,5**
Greitt úr ríkissjóði	**2.215,5**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

02 Menntamálaráðuneyti

02-101 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	599,2
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,8
Gjöld umfram tekjur	**596,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	596,4

02-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	18,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	18,0

02-201 Háskóli Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Háskóli Íslands	8.583,0
1.13 Háskólasjóður	215,0
Almennur rekstur samtals	8.798,0
Viðhaldsverkefni:	
5.50 Fasteignir	40,0
Stofnkostnaður:	
6.50 Byggingarframkvæmdir og tækjakaup	175,0
Gjöld samtals	**9.013,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1.861,0
Gjöld umfram tekjur	**7.152,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	6.579,3
Innheimt af ríkistekjum	572,7

m.kr.

02-202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum

Almennur rekstur:	
1.01 Tilraunastöð Háskólans að Keldum	329,2
Sértekjur:	
Sértekjur	-145,0
Gjöld umfram tekjur	**184,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	183,2
Innheimt af ríkistekjum	1,0

02-203 Raunvísindastofnun Háskólans

Almennur rekstur:	
1.01 Raunvísindastofnun Háskólans	767,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-412,8
Gjöld umfram tekjur	**354,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	354,9

02-209 Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

Almennur rekstur:	
1.01 Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum	297,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-39,4
Gjöld umfram tekjur	**258,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	258,5

02-210 Háskólinn á Akureyri

Almennur rekstur:	
1.01 Háskólinn á Akureyri	1.582,5

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -281,8

Gjöld umfram tekjur **1.300,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.238,8
Innheimt af ríkistekjum 61,9

02-215 Kennaraháskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Kennaraháskóli Íslands 1.853,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -199,5

Gjöld umfram tekjur **1.653,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.560,5
Innheimt af ríkistekjum 93,0

02-216 Landbúnaðarháskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Landbúnaðarháskóli Íslands 916,5

Sértekjur:
Sértekjur ..... -439,1

Gjöld umfram tekjur **477,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 461,7
Innheimt af ríkistekjum 15,7

02-217 Hólaskóli - Háskólinn á Hólum

Almennur rekstur:
1.01 Hólaskóli - Háskólinn á Hólum 359,4

Viðhaldsverkefni:
5.01 Viðhald fasteigna 4,2

	m.kr.
Stofnkostnaður:	
6.20 Fasteignir og lóðir	18,0
Gjöld samtals	**381,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-149,4
Gjöld umfram tekjur	**232,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	224,2
Innheimt af ríkistekjum	8,0

02-223 Námsmatsstofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Námsmatsstofnun	154,8
Sértekjur:	
Sértekjur	-39,0
Gjöld umfram tekjur	**115,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	115,8

02-225 Háskólinn á Bifröst

Almennur rekstur:	
1.01 Háskólinn á Bifröst	274,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	274,9

02-227 Háskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Háskólinn í Reykjavík	1.858,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.858,6

m.kr.

02-228 Listaháskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Listaháskóli Íslands 586,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 586,7

02-231 Rannsóknamiðstöð Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Rannsóknamiðstöð Íslands 208,5
1.05 Alþjóðlegar samstarfsáætlanir á sviði vísinda 20,0
Almennur rekstur samtals 228,5

Gjöld samtals **228,5**

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -69,2

Gjöld umfram tekjur **159,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 159,3

02-234 Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora

Almennur rekstur:
1.11 Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora 141,6
1.12 Launatengd gjöld 27,8
Almennur rekstur samtals 169,4

Gjöld samtals **169,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 169,4

02-235 Markáætlun á sviði vísinda og tækni

Stofnkostnaður:
6.60 Markáætlun á sviði vísinda og tækni 160,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 160,0

m.kr.

02-236 Rannsóknasjóður

Almennur rekstur:
1.10 Rannsóknasjóður 769,0

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -19,0

Gjöld umfram tekjur 750,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 750,0

02-238 Tækjasjóður

Stofnkostnaður:
6.60 Tækjasjóður 145,0

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -30,0

Gjöld umfram tekjur 115,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 115,0

02-239 Rannsóknarnámssjóður

Almennur rekstur:
1.01 Rannsóknarnámssjóður 90,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 90,0

02-269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður

Viðhaldsverkefni:
5.21 Viðhald 10,0

Stofnkostnaður:
6.02 Tilraunastöð Háskólans að Keldum 5,0
6.09 Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum 300,0
6.10 Háskólinn á Akureyri 290,0

	m.kr.
6.15 Kennaraháskóli Íslands	30,0
6.28 Listaháskóli Íslands	5,0
Stofnkostnaður samtals	630,0
Gjöld samtals	**640,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	640,0

02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi

Almennur rekstur:	
1.15 Nýsköpunarsjóður	20,0
1.73 Reykjavíkurakademían	21,0
1.80 Vísindastarfsemi	33,0
1.90 Háskólastarfsemi	135,7
1.91 Háskólar, óskipt	110,9
Almennur rekstur samtals	320,6
Gjöld samtals	**320,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	320,6

02-301 Menntaskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Menntaskólinn í Reykjavík	470,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-12,0
Gjöld umfram tekjur	**458,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	450,7
Innheimt af ríkistekjum	7,4

02-302 Menntaskólinn á Akureyri

Almennur rekstur:	
1.01 Menntaskólinn á Akureyri	474,8

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -13,6

Gjöld umfram tekjur **461,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 454,7
Innheimt af ríkistekjum 6,5

02-303 Menntaskólinn að Laugarvatni

Almennur rekstur:
1.01 Menntaskólinn að Laugarvatni 158,8

Sértekjur:
Sértekjur ..... -13,2

Gjöld umfram tekjur **145,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 144,2
Innheimt af ríkistekjum 1,4

02-304 Menntaskólinn við Hamrahlíð

Almennur rekstur:
1.01 Menntaskólinn við Hamrahlíð 680,1

Sértekjur:
Sértekjur ..... -28,2

Gjöld umfram tekjur **651,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 642,6
Innheimt af ríkistekjum 9,3

02-305 Menntaskólinn við Sund

Almennur rekstur:
1.01 Menntaskólinn við Sund 415,5

Sértekjur:
Sértekjur ..... -16,3

Gjöld umfram tekjur **399,2**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 392,9
Innheimt af ríkistekjum 6,3

02-306 Menntaskólinn á Ísafirði

Almennur rekstur:
1.01 Menntaskólinn á Ísafirði 242,8

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -14,3

Gjöld umfram tekjur 228,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 226,1
Innheimt af ríkistekjum 2,4

02-307 Menntaskólinn á Egilsstöðum

Almennur rekstur:
1.01 Menntaskólinn á Egilsstöðum 263,6

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -19,9

Gjöld umfram tekjur 243,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 240,8
Innheimt af ríkistekjum 2,9

02-308 Menntaskólinn í Kópavogi

Almennur rekstur:
1.01 Menntaskólinn í Kópavogi 735,3

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -58,2

Gjöld umfram tekjur 677,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 668,1
Innheimt af ríkistekjum 9,0

m.kr.

02-309 Kvennaskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Kvennaskólinn í Reykjavík	313,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-21,2
Gjöld umfram tekjur	**292,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	287,8
Innheimt af ríkistekjum	4,7

02-316 Fasteignir framhaldsskóla

Almennur rekstur:	
1.05 Fasteignir skóla	66,4
Viðhaldsverkefni:	
5.21 Viðhald	10,0
Gjöld samtals	**76,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,6
Gjöld umfram tekjur	**75,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	75,8

02-318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður

Stofnkostnaður:	
6.00 Framhaldsskólar í Reykjavík	300,0
6.01 Menntaskólinn í Reykjavík	50,0
6.03 Menntaskólinn á Laugarvatni	25,0
6.07 Menntaskólinn á Egilsstöðum	20,0
6.54 Fjölbrautaskóli Vesturlands	35,0
6.56 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	25,0
6.58 Verkmenntaskóli Austurlands	20,0
6.60 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	40,0

		m.kr.
6.70	Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	80,0
6.90	Byggingarframkvæmdir, óskipt	35,0
6.92	Héraðsskólahúsið á Laugarvatni	50,0
6.95	Tæki og búnaður, óskipt	39,0
	Stofnkostnaður samtals	719,0
	Gjöld samtals	**719,0**
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	719,0

02-319 Framhaldsskólar, almennt

	Almennur rekstur:	
1.11	Sameiginleg þjónusta	99,8
1.12	Orlof kennara	156,3
1.13	Forfallakennsla	112,1
1.14	Sérkennsla	49,5
1.15	Prófkostnaður	88,7
1.16	Nýjungar í skólastarfi	23,5
1.17	Námsskrárgerð	43,0
1.18	Námsefnisgerð	156,6
1.19	Kennslueftirlit	7,2
1.20	Sjálfsmatskerfi framhaldsskóla	179,7
1.21	Nám tannsmiða	11,4
1.23	Ólympíuleikar í raungreinum	3,1
1.24	Iðnnemasamband Íslands	5,8
1.26	Þróunarsjóður framhaldsskóla	40,1
1.28	Mat á skólastarfi	51,7
1.29	Forvarnastarf í skólum	5,6
1.30	Endurmenntun	32,1
1.33	Myndlistarskólinn Akureyri	19,1
1.34	Myndlistarskólinn í Reykjavík	24,1
1.35	Myndlistarskólinn í Kópavogi	5,9
1.38	Menntun á sviði kvikmyndagerðar	29,5
1.39	Nám í listdansi	106,5
1.41	Framkvæmd nýrrar skólastefnu	96,4
1.90	Framhaldsskólar, óskipt	297,5
	Almennur rekstur samtals	1.645,2
	Gjöld samtals	**1.645,2**

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,4
Gjöld umfram tekjur	**1.644,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.644,8

02-350 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

Almennur rekstur:	
1.01 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	983,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-78,7
Gjöld umfram tekjur	**905,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	893,3
Innheimt af ríkistekjum	11,7

02-351 Fjölbrautaskólinn Ármúla

Almennur rekstur:	
1.01 Fjölbrautaskólinn Ármúla	840,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-91,2
Gjöld umfram tekjur	**749,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	739,7
Innheimt af ríkistekjum	9,8

02-352 Flensborgarskóli

Almennur rekstur:	
1.01 Flensborgarskóli	473,8
Sértekjur:	
Sértekjur	-15,7
Gjöld umfram tekjur	**458,1**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 451,6
Innheimt af ríkistekjum 6,5

02-353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Almennur rekstur:
1.01 Fjölbrautaskóli Suðurnesja 693,0

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -28,4

Gjöld umfram tekjur 664,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 656,4
Innheimt af ríkistekjum 8,2

02-354 Fjölbrautaskóli Vesturlands

Almennur rekstur:
1.01 Fjölbrautaskóli Vesturlands 413,9

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -27,4

Gjöld umfram tekjur 386,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 381,9
Innheimt af ríkistekjum 4,6

02-355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Almennur rekstur:
1.01 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum 180,3

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -4,2

Gjöld umfram tekjur 176,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 174,2
Innheimt af ríkistekjum 1,9

m.kr.

02-356 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra

Almennur rekstur:	
1.01 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	340,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-23,9
Gjöld umfram tekjur	**316,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	313,6
Innheimt af ríkistekjum	3,2

02-357 Fjölbrautaskóli Suðurlands

Almennur rekstur:	
1.01 Fjölbrautaskóli Suðurlands	651,8
Sértekjur:	
Sértekjur	-52,7
Gjöld umfram tekjur	**599,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	591,7
Innheimt af ríkistekjum	7,4

02-358 Verkmenntaskóli Austurlands

Almennur rekstur:	
1.01 Verkmenntaskóli Austurlands	183,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-16,7
Gjöld umfram tekjur	**166,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	165,4
Innheimt af ríkistekjum	1,4

m.kr.

02-359 Verkmenntaskólinn á Akureyri

Almennur rekstur:	
1.01 Verkmenntaskólinn á Akureyri	960,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-49,9
Gjöld umfram tekjur	**910,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	900,3
Innheimt af ríkistekjum	10,3

02-360 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ

Almennur rekstur:	
1.01 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	441,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-25,3
Gjöld umfram tekjur	**416,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	410,5
Innheimt af ríkistekjum	5,9

02-361 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu

Almennur rekstur:	
1.01 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	134,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-10,1
Gjöld umfram tekjur	**124,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	123,7
Innheimt af ríkistekjum	1,1

m.kr.

02-362 Framhaldsskólinn á Húsavík

Almennur rekstur:
1.01 Framhaldsskólinn á Húsavík 127,6

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -6,3

Gjöld umfram tekjur 121,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 120,2
Innheimt af ríkistekjum 1,1

02-363 Framhaldsskólinn á Laugum

Almennur rekstur:
1.01 Framhaldsskólinn á Laugum 147,4

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -9,2

Gjöld umfram tekjur 138,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 137,2
Innheimt af ríkistekjum 1,0

02-365 Borgarholtsskóli

Almennur rekstur:
1.01 Borgarholtsskóli 827,2

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -47,6

Gjöld umfram tekjur 779,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 770,6
Innheimt af ríkistekjum 9,0

m.kr.

02-367 Fjölbrautaskóli Snæfellinga

Almennur rekstur:	
1.01 Fjölbrautaskóli Snæfellinga	183,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-5,9
Gjöld umfram tekjur	**177,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	175,8
Innheimt af ríkistekjum	1,6

02-368 Menntaskóli Borgarfjarðar

Almennur rekstur:	
1.01 Menntaskóli Borgarfjarðar	91,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,0
Gjöld umfram tekjur	**90,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	89,7
Innheimt af ríkistekjum	0,6

02-369 Menntaskólinn Hraðbraut

Almennur rekstur:	
1.01 Menntaskólinn Hraðbraut	173,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	173,2

02-430 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra

Almennur rekstur:	
1.01 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	77,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-16,8
Gjöld umfram tekjur	**60,7**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	60,7

02-441 Fullorðinsfræðsla fatlaðra

Almennur rekstur:	
1.01 Fullorðinsfræðsla fatlaðra	200,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	200,1

02-451 Símenntun og fjarkennsla

Almennur rekstur:	
1.10 Fræðslumiðstöð atvinnulífsins	72,1
1.11 Símenntun og fjarkennsla	41,4
1.12 Námskeið og ráðgjöf	222,3
1.13 FS-net, símenntunarstöðvar	12,4
1.15 Mímir, símenntun	11,4
1.19 Námsframboð og starfsþjálfun í framhaldsskólum og símenntunarstöðvum	100,0
1.21 Símenntunarstöð á Vesturlandi	15,0
1.22 Fræðslumiðstöð Vestfjarða	20,0
1.23 Farskóli Norðurlands vestra	15,0
1.24 Símenntunarstöð Eyjafjarðar	15,0
1.25 Fræðslumiðstöð Þingeyinga	15,0
1.26 Fræðslunet Austurlands	15,0
1.27 Fræðslunet Suðurlands	15,0
1.28 Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	15,0
1.29 Fræðslu- og símenntunarstöð Vestmannaeyja	15,0
1.30 Framvegis, miðstöð um símenntun í Reykjavík	11,4
1.31 Fræða- og þekkingasetur	126,8
1.33 Námsflokkar Hafnarfjarðar, miðstöð símenntunar	8,0
1.41 Íslenskukennsla fyrir útlendinga	240,1
Almennur rekstur samtals	985,9
Gjöld samtals	**985,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	985,9

m.kr.

02-505 Fjöltækniskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Fjöltækniskóli Íslands 327,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 327,8

02-514 Iðnskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Iðnskólinn í Reykjavík 1.284,3

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -93,1

Gjöld umfram tekjur 1.191,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.179,4
Innheimt af ríkistekjum 11,8

02-516 Iðnskólinn í Hafnarfirði

Almennur rekstur:
1.01 Iðnskólinn í Hafnarfirði 559,6

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -39,9

Gjöld umfram tekjur 519,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 515,1
Innheimt af ríkistekjum 4,6

02-541 Hússtjórnarskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Hússtjórnarskólinn í Reykjavík 25,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 25,1

m.kr.

02-551 Hússtjórnarskólinn Hallormsstað

Almennur rekstur:
1.01 Hússtjórnarskólinn Hallormsstað 23,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 23,5

02-581 Verslunarskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Verslunarskóli Íslands 837,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 837,1

02-720 Grunnskólar, almennt

Almennur rekstur:
1.31 Sérstök fræðsluverkefni 22,7
1.33 Þróunarsjóður leikskóla 3,0
1.37 Endurmenntun 21,4
1.70 Greiðslur til samtaka höfundarréttarhafa fyrir ljósritun á höfundarréttarvernduðu efni 42,9
1.82 Þróunarstarf í grunnskólum 14,6
Almennur rekstur samtals 104,6

Gjöld samtals **104,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 104,6

02-725 Námsgagnastofnun

Almennur rekstur:
1.01 Námsgagnastofnun 394,6

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -14,7

Gjöld umfram tekjur **379,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 379,9

m.kr.

02-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna

Almennur rekstur:	
1.01 Lánasjóður íslenskra námsmanna	5.938,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5.938,0

02-884 Jöfnun á námskostnaði

Almennur rekstur:	
1.01 Jöfnun á námskostnaði	520,2
1.10 Skólaakstur	50,1
Almennur rekstur samtals	570,3
Gjöld samtals	**570,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	570,3

02-901 Fornleifavernd ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Fornleifavernd ríkisins	83,8
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,6
Gjöld umfram tekjur	**81,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	81,2

02-902 Þjóðminjasafn Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Þjóðminjasafn Íslands	383,6
1.10 Byggða- og minjasöfn	73,7
Almennur rekstur samtals	457,3
Viðhaldsverkefni:	
5.21 Endurbætur húsa í vörslu Þjóðminjasafnsins	70,0
Gjöld samtals	**527,3**

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-46,5
Gjöld umfram tekjur	**480,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	480,8

02-903 Þjóðskjalasafn Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Þjóðskjalasafn Íslands	291,2
1.11 Héraðsskjalasöfn	14,1
Almennur rekstur samtals	305,3
Gjöld samtals	**305,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-14,0
Gjöld umfram tekjur	**291,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	291,3

02-905 Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn

Almennur rekstur:	
1.01 Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	700,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-102,9
Gjöld umfram tekjur	**597,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	597,7

02-906 Listasafn Einars Jónssonar

Almennur rekstur:	
1.01 Listasafn Einars Jónssonar	17,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,0
Gjöld umfram tekjur	**16,4**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 16,4

02-907 Listasafn Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Listasafn Íslands 165,9
1.02 Listasafn Ásgríms Jónssonar 5,2
Almennur rekstur samtals 171,1

Gjöld samtals **171,1**

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -24,1

Gjöld umfram tekjur **147,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 147,0

02-908 Kvikmyndasafn Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Kvikmyndasafn Íslands 47,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 47,5

02-909 Blindrabókasafn Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Blindrabókasafn Íslands 90,3

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -5,9

Gjöld umfram tekjur **84,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 84,4

m.kr.

02-911 Náttúruminjasafn Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Náttúruminjasafn Íslands 31,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 31,0

02-918 Safnasjóður

Almennur rekstur:
1.10 Safnasjóður 87,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 87,7

02-919 Söfn, ýmis framlög

Almennur rekstur:
1.10 Listasafn ASÍ 6,4
1.11 Nýlistasafn 9,9
1.12 Listasafn Sigurjóns Ólafssonar 10,4
1.15 Hönnunarsafn Íslands 10,3
1.90 Söfn, ýmis framlög 40,1
1.98 Söfn, ýmis framlög menntamálaráðuneytis 86,1
Almennur rekstur samtals 163,2

Stofnkostnaður:
6.36 Síldarminjasafnið á Siglufirði 10,0
6.45 Víkinganaust í Reykjanesbæ 20,0
6.90 Söfn, ýmis stofnkostnaður 133,0
Stofnkostnaður samtals 163,0

Gjöld samtals **326,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 326,2

02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður

Stofnkostnaður:
6.03 Þjóðskjalasafn Íslands 20,0

	m.kr.
6.21 Endurbætur menningarstofnana	24,9
6.23 Tónlistarhús og ráðstefnumiðstöð í Reykjavík	75,0
6.73 Þjóðleikhúsið	20,0
6.82 Geymsluhúsnæði safna	70,0
6.95 Menningarhús	40,0
6.96 Byggðasöfn	28,0
Stofnkostnaður samtals	277,9
Gjöld samtals	**277,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	277,9

02-971 Ríkisútvarpið

Almennur rekstur:	
1.10 Ríkisútvarpið, afnotagjöld	2.916,0
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	2.916,0

02-972 Íslenski dansflokkurinn

Almennur rekstur:	
1.01 Íslenski dansflokkurinn	114,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-11,8
Gjöld umfram tekjur	**102,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	102,9

02-973 Þjóðleikhúsið

Almennur rekstur:	
1.01 Þjóðleikhúsið	825,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-176,5
Gjöld umfram tekjur	**648,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	648,9

m.kr.

02-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Sinfóníuhljómsveit Íslands	652,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-81,0
Gjöld umfram tekjur	**571,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	471,4
Innheimt af ríkistekjum	100,2

02-977 Höfundarréttargjöld

Almennur rekstur:	
1.11 Höfundaréttargjöld til samtaka höfundaréttarfélaga	71,0
1.13 Fylgiréttargjald í Myndhöfundarsjóð Íslands - Myndstef	2,7
1.14 Höfundarréttargjald vegna flutnings tónverka við guðsþjónustur	1,0
1.15 Höfundarréttargjald vegna flutnings tónverka við jarðarfarir	4,1
Almennur rekstur samtals	78,8
Gjöld samtals	**78,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1,0
Innheimt af ríkistekjum	77,8

02-978 Listasjóðir

Almennur rekstur:	
1.01 Listasjóðir skv. lögum nr. 35/1991	334,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	334,2

02-979 Húsafriðunarnefnd

Almennur rekstur:	
1.01 Húsafriðunarnefnd	33,5

	m.kr.
Stofnkostnaður:	
6.10 Húsafriðunarsjóður	248,3
Gjöld samtals	**281,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-70,0
Gjöld umfram tekjur	**211,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	211,8

02-980 Listskreytingasjóður

Stofnkostnaður:	
6.01 Listskreytingasjóður	7,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	7,1

02-981 Kvikmyndamiðstöð Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Kvikmyndamiðstöð Íslands	71,7
1.10 Kvikmyndasjóðir	560,0
Almennur rekstur samtals	631,7
Gjöld samtals	**631,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	631,7

02-982 Listir, framlög

Almennur rekstur:	
1.14 Bókasafnssjóður höfunda	30,0
1.17 Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar	18,0
1.18 Bókmenntasjóður	50,0
1.22 Starfsemi áhugaleikfélaga	28,4
1.23 Bandalag íslenskra leikfélaga	8,3
1.24 Starfsemi atvinnuleikhópa	66,1

	m.kr.
1.25 Tónlistarsjóður	54,0
1.27 Tónlist fyrir alla	7,9
1.28 Barnamenningarsjóður	4,9
1.29 Íslenska tónverkamiðstöðin	14,1
1.30 Íslenska óperan	175,7
1.45 Samningar við sveitarfélög um menningarmál	279,0
1.70 Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis	48,0
1.76 Menningarsjóður félagsheimila	8,5
1.80 Listahátíð í Reykjavík	36,0
1.90 Listir	48,8
1.91 Menningarstofnanir, óskipt	16,7
Almennur rekstur samtals	894,4
Gjöld samtals	**894,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	894,4

02-983 Ýmis fræðistörf

Almennur rekstur:	
1.10 Fræðistörf	13,5
1.11 Styrkir til útgáfumála	53,6
1.17 Launasjóður höfunda fræðirita	19,2
1.20 Iðnsaga Íslands	3,8
1.21 Tónlistarsaga Íslands	4,2
1.23 Hið íslenska bókmenntafélag	19,7
1.52 Skriðuklaustur	21,7
1.53 Snorrastofa	16,1
1.54 Fornleifasjóður	25,0
Almennur rekstur samtals	176,8
Gjöld samtals	**176,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	176,8

02-984 Norræn samvinna

Almennur rekstur:	
1.90 Norræn samvinna	9,0

	m.kr.
1.98 Ýmis verkefni menntamálaráðuneytis á sviði norrænnar samvinnu	14,5
Almennur rekstur samtals	23,5
Gjöld samtals	**23,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	23,5

02-985 Alþjóðleg samskipti

Almennur rekstur:	
1.90 Alþjóðleg samskipti	41,4
1.91 Aðildargjöld ESB	758,3
1.95 Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna	14,5
Almennur rekstur samtals	814,2
Gjöld samtals	**814,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	814,2

02-988 Æskulýðsmál

Almennur rekstur:	
1.10 Æskulýðsráð ríkisins	2,9
1.12 Ungmennafélag Íslands	123,4
1.13 Bandalag íslenskra skáta	36,6
1.14 Útilífsmiðstöð skáta Úlfljótsvatni	3,9
1.15 Æskulýðsmiðstöð KFUM í Vatnaskógi	3,9
1.17 Landssamband KFUM og KFUK	32,6
1.18 Æskulýðsrannsóknir	7,5
1.19 Æskulýðssjóður	9,8
1.90 Æskulýðsmál	22,2
Almennur rekstur samtals	242,8
Gjöld samtals	**242,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	242,8

m.kr.

02-989 Ýmis íþróttamál

Almennur rekstur:	
1.10 Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands	162,9
1.11 Ferðasjóður Íþróttasambands Íslands	59,0
1.12 Ólympíunefnd fatlaðra	3,0
1.14 Íþróttasamband fatlaðra	22,6
1.15 Skólaíþróttir	3,0
1.16 Íþróttasjóður	17,9
1.17 Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri	3,6
1.20 Glímusamband Íslands	4,9
1.21 Skáksamband Íslands	18,7
1.22 Launasjóður stórmeistara í skák	16,7
1.25 Skákskóli Íslands	8,6
1.29 Afrekssjóður ÍSÍ	30,0
1.30 Bridgesamband Íslands	15,0
1.31 Lyfjaeftirlit	12,0
1.90 Ýmis íþróttamál	7,0
Almennur rekstur samtals	384,9
Stofnkostnaður:	
6.52 Skíðasvæðið í Tungudal við Skutulsfjörð	10,0
6.53 Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri	35,0
6.58 Áhorfendaaðstaða á Laugardalsvelli í Reykjavík	50,0
Stofnkostnaður samtals	95,0
Gjöld samtals	**479,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	479,9

02-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:	
1.13 Útvarpsréttarnefnd	10,1
1.90 Ýmis framlög	128,6
1.98 Ýmis framlög menntamálaráðuneytis	155,0
Almennur rekstur samtals	293,7
Stofnkostnaður:	
6.90 Ýmis stofnkostnaðarframlög	328,1
Gjöld samtals	**621,8**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	621,8
02 Menntamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**53.209,2**
Greitt úr ríkissjóði	**49.096,3**
Innheimt af ríkistekjum	**4.112,9**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

03 Utanríkisráðuneyti

03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	937,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-24,9
Gjöld umfram tekjur	**912,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	912,5

03-111 Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis

Almennur rekstur:	
1.01 Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis	139,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,1
Gjöld umfram tekjur	**137,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	137,4

03-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.11 Samskipti við Vestur-Íslendinga	6,0
1.13 Þátttaka fulltrúa vinnumarkaðarins í EFTA- og EES-samstarfi	2,5
1.21 Starfsemi vegna Sameinuðu þjóðanna á Íslandi	2,7
1.23 Mannréttindamál	4,0
1.24 Samningur um eftirlit með tæknilegum viðskiptahindrunum	6,7
1.25 Hafréttarstofnun Íslands	6,1
1.26 Nám í heimskautarétti	5,0
1.31 Nefnd um landgrunnsmörk Íslands	13,4
Almennur rekstur samtals	46,4
Gjöld samtals	**46,4**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 46,4

03-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra 5,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,0

03-213 Varnarmál

Almennur rekstur:
1.01 Varnarmál 491,8

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 42,0

Gjöld samtals **533,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 533,8

03-217 Ratsjárstofnun

Almennur rekstur:
1.01 Ratstjárstofnun 822,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 822,3

03-300 Sendiráð Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands 1.829,0

Viðhaldsverkefni:
5.21 Viðhald fasteigna 45,0

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 43,0

Gjöld samtals **1.917,0**

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-15,0
Gjöld umfram tekjur	**1.902,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.902,0

03-390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	115,3
1.11 Þróunaraðstoð	1.436,1
Almennur rekstur samtals	1.551,4
Gjöld samtals	**1.551,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.551,4

03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi

Almennur rekstur:	
1.10 Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna	206,3
1.11 Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO	6,7
1.12 Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNDP	50,0
1.13 Alþjóðabarnahjálparstofnunin, UNICEF	70,0
1.15 Sjávarútvegsskóli Sameinuðu þjóðanna	154,5
1.21 Hjálparstarf Sameinuðu þjóðanna fyrir konur í þróunarlöndum, UNIFEM	87,5
1.30 Mannúðarmál og neyðaraðstoð	309,1
1.90 Þróunarmál og hjálparstarfsemi, óskipt	537,5
Almennur rekstur samtals	1.421,6
Gjöld samtals	**1.421,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.421,6

m.kr.

03-401 Alþjóðastofnanir

Almennur rekstur:	
1.10 Sameinuðu þjóðirnar, UN	55,7
1.13 Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO	9,2
1.15 Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA	7,6
1.16 Alþjóðaviðskiptastofnunin, WTO	3,2
1.19 Alþjóðabankinn, Íslenski ráðgjafasjóðurinn (WB)	32,5
1.35 Norðurskautsráðið, Eystrasaltsráðið, Barentsráðið	6,3
1.39 Evrópuráðið	34,5
1.40 Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunin, OECD	33,6
1.41 Atlantshafsbandalagið, NATO	65,2
1.70 Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA	47,3
1.71 Eftirlitsstofnun EFTA, ESA	75,7
1.72 EFTA-dómstóllinn	24,7
1.73 Þróunarsjóður EFTA	88,7
1.75 Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE	26,0
1.81 Samningur um bann við tilraunum með kjarnavopn	1,3
1.85 Alþjóðleg friðargæsla	170,1
1.87 Íslensk friðargæsla	465,7
1.91 Átak í lækkun skulda þróunarríkja	30,0
Almennur rekstur samtals	1.177,3
Gjöld samtals	**1.177,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-5,2
Gjöld umfram tekjur	**1.172,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.172,1

03-611 Útflutningsráð Íslands

Almennur rekstur:	
1.10 Útflutningsráð Íslands	403,5
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	403,5

	m.kr.
03 Utanríkisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**8.908,0**
Greitt úr ríkissjóði	**8.504,5**
Innheimt af ríkistekjum	**403,5**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

04 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti

04-101 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	450,2
Sértekjur:	
Sértekjur	-17,2
Gjöld umfram tekjur	**433,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	433,0

04-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.11 Framkvæmd búvörusamnings	4,7
1.15 Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða	5,7
1.21 Landþurrkun	4,5
1.32 Starfsmenntun, markaðsöflun, kynning og tilraunir	41,1
1.33 Kynning erlendis á nýtingu á auðlindum hafsins	14,4
1.34 Eldi sjávardýra	19,1
1.35 Fiskifélag Íslands, sjóvinnukennsla	17,0
1.36 Matvælasetur	7,0
1.49 Úrskurðarnefndir	22,3
1.51 Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO	5,3
1.52 Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðið, NAMMCO	8,7
1.53 Alþjóðahafrannsóknir (ICES, NAFO, NEAFC, ICCAT)	33,9
1.54 Alþjóðahvalveiðiráðið, IWC	8,2
1.90 Ýmis verkefni	60,5
1.98 Ýmis framlög sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis	127,2
Almennur rekstur samtals	379,6
Stofnkostnaður:	
6.41 Innleiðing gagnagrunna á lögbýlum	5,0
Gjöld samtals	**384,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-20,0
Gjöld umfram tekjur	**364,6**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	364,6

04-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	9,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	9,0

04-215 Fiskistofa

Almennur rekstur:	
1.01 Fiskistofa	706,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-5,6
Gjöld umfram tekjur	**701,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	652,7
Innheimt af ríkistekjum	48,4

04-217 Verðlagsstofa skiptaverðs

Almennur rekstur:	
1.01 Verðlagsstofa skiptaverðs	15,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	15,1

04-234 Matvælastofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Matvælastofnun	890,5
Viðhaldsverkefni:	
5.90 Dýralæknisbústaðir	4,0
Gjöld samtals	**894,5**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -30,0

Gjöld umfram tekjur **864,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 696,6
Innheimt af ríkistekjum 167,9

04-331 Héraðs- og Austurlandsskógar

Almennur rekstur:
1.01 Héraðs- og Austurlandsskógar 154,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 154,0

04-332 Suðurlandsskógar

Almennur rekstur:
1.01 Suðurlandsskógar 125,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 125,8

04-334 Vesturlandsskógar

Almennur rekstur:
1.01 Vesturlandsskógar 67,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 67,7

04-335 Skjólskógar á Vestfjörðum

Almennur rekstur:
1.01 Skjólskógar á Vestfjörðum 51,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 51,2

m.kr.

04-336 Norðurlandsskógar

Almennur rekstur:
1.01 Norðurlandsskógar 114,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 114,7

04-401 Hafrannsóknastofnunin

Almennur rekstur:
1.01 Hafrannsóknastofnunin 1.930,2

Stofnkostnaður:
6.21 Húsnæði 22,0

Gjöld samtals **1.952,2**

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -520,4

Gjöld umfram tekjur **1.431,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.431,8

04-405 Veiðimálastofnun

Almennur rekstur:
1.01 Veiðimálastofnun 167,0

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -92,6

Gjöld umfram tekjur **74,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 74,4

04-411 Matvælarannsóknir

Almennur rekstur:
1.01 Matvælarannsóknir 395,3

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 395,3

04-413 Verkefnasjóður sjávarútvegsins

Almennur rekstur:
1.10 Verkefnasjóður sjávarútvegsins 236,0

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -201,0

Gjöld umfram tekjur **35,0**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 35,0

04-415 Sjóður til síldarrannsókna

Almennur rekstur:
1.10 Sjóður til síldarrannsókna 7,0

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -7,0

Gjöld umfram tekjur **0,0**

04-417 Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs

Almennur rekstur:
1.10 Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs 335,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 335,0

04-421 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins

Almennur rekstur:
1.01 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins 22,4

Stofnkostnaður:
6.10 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins 24,6

Gjöld samtals **47,0**

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-36,6
Gjöld umfram tekjur	**10,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	10,4

04-423 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna

Almennur rekstur:	
1.01 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna	67,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,4
Gjöld umfram tekjur	**64,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	64,2

04-481 Rannsóknir háskóla í þágu landbúnaðar

Almennur rekstur:	
1.01 Rannsóknir háskóla í þágu landbúnaðar	160,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	160,0

04-483 Landgræðsla og skógrækt í þágu landbúnaðar

Almennur rekstur:	
1.11 Bændur græða landið	45,0
1.13 Fyrirhleðslur	55,8
1.15 Rannsóknir í skógrækt í þágu landbúnaðar	25,0
Almennur rekstur samtals	125,8
Gjöld samtals	**125,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	125,8

m.kr.

04-487 Hagþjónusta landbúnaðarins

Almennur rekstur:	
1.01 Hagþjónusta landbúnaðarins	26,8
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,6
Gjöld umfram tekjur	**24,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	24,2

04-801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu

Almennur rekstur:	
1.01 Beinar greiðslur til bænda	4.102,0
1.02 Lífeyrissjóður bænda	198,0
1.05 Kynbóta- og þróunarstarfsemi	120,0
1.06 Gripagreiðslur	504,0
1.07 Óframleiðslutengdur stuðningur	80,0
Almennur rekstur samtals	5.004,0
Gjöld samtals	**5.004,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5.004,0

04-805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu

Almennur rekstur:	
1.01 Beinar greiðslur til bænda	1.813,0
1.02 Lífeyrissjóður bænda	110,0
1.11 Gæðastýring	949,0
1.12 Ullarnýting	317,0
1.13 Markaðsstarf og birgðahald	329,0
1.14 Svæðisbundinn stuðningur	45,0
1.15 Nýliðunar- og átaksverkefni	85,0
Almennur rekstur samtals	3.648,0
Gjöld samtals	**3.648,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3.648,0

m.kr.

04-807 Greiðslur vegna grænmetisframleiðslu

Almennur rekstur:	
1.01 Beinar greiðslur til bænda	217,0
1.05 Niðurgreiðsla á lýsingu í ylrækt	105,4
1.08 Framlög til kynninga-, rannsókna-, þróunar- og endurmenntunarverkefna í ylrækt	27,9
Almennur rekstur samtals	350,3
Gjöld samtals	**350,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	350,3

04-811 Bændasamtök Íslands

Almennur rekstur:	
1.11 Ráðgjafaþjónusta og búfjárrækt	418,8
1.13 Þróunarverkefni og markaðsverkefni	115,0
Almennur rekstur samtals	533,8
Gjöld samtals	**533,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	533,8

04-818 Búnaðarsjóður

Almennur rekstur:	
1.10 Búnaðarsjóður	310,0
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	310,0

04-821 Framleiðnisjóður landbúnaðarins

Almennur rekstur:	
1.01 Framleiðnisjóður landbúnaðarins	234,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-74,0
Gjöld umfram tekjur	**160,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	160,0

m.kr.

04-824 Verðmiðlun landbúnaðarvara

Almennur rekstur:
1.10 Verðmiðlun landbúnaðarvara 89,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 89,0

04-827 Fóðursjóður

Almennur rekstur:
1.10 Fóðursjóður 315,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 315,0

04-828 Garðávaxtasjóður

Almennur rekstur:
1.10 Garðávaxtasjóður 5,0

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -5,0

Gjöld umfram tekjur **0,0**

04-831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins

Stofnkostnaður:
6.20 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins 76,3

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -2,3

Gjöld umfram tekjur **74,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -100,0
Innheimt af ríkistekjum 247,0
Viðskiptahreyfingar . . . . . -73,0

m.kr.

04-840 Stuðningur við fiskeldi

Almennur rekstur:
1.01 Stuðningur við fiskeldi 170,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 170,0

04-843 Fiskræktarsjóður

Almennur rekstur:
1.10 Fiskræktarsjóður 26,6

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -3,1

Gjöld umfram tekjur **23,5**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 23,5

04-851 Greiðslur vegna riðuveiki

Almennur rekstur:
1.90 Greiðslur vegna riðuveiki 52,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 52,0

04-891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði

Almennur rekstur:
1.14 Átak í hrossarækt 25,0
1.91 Loðdýrafóður 22,0
Almennur rekstur samtals 47,0

Gjöld samtals **47,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 47,0

04 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur **16.333,4**
Greitt úr ríkissjóði **15.170,6**
Innheimt af ríkistekjum **1.235,8**
Viðskiptahreyfingar . . . . . **-73,0**

m.kr.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

06-101 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa 346,0

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -4,9

Gjöld umfram tekjur **341,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 341,1

06-102 Stjórnartíðindi

Almennur rekstur:
1.01 Stjórnartíðindi 24,7

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -24,7

Gjöld umfram tekjur **0,0**

06-103 Lagasafn

Almennur rekstur:
1.10 Útgáfa lagasafns 2,5

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -2,5

Gjöld umfram tekjur **0,0**

06-106 Þjóðskrá

Almennur rekstur:
1.01 Þjóðskrá 432,6

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -139,4

Gjöld umfram tekjur **293,2**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	190,2
Innheimt af ríkistekjum	103,0

06-111 Kosningar

Almennur rekstur:	
1.10 Kosningar	171,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	171,3

06-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.10 Fastanefndir	59,0
1.11 Námsleyfi lögfræðinga	3,7
1.25 Tilkynningaskylda íslenskra skipa	30,2
1.26 Almannavarna- og björgunarskóli á Gufuskálum	14,3
1.27 Slysavarnafélagið Landsbjörg	83,5
1.40 Alþjóðasamstarf	7,2
1.45 Mannréttindamál	18,0
1.46 Stöðupróf í íslensku vegna veitingar ríkisborgararéttar	2,0
1.47 Íslensk ættleiðing	9,5
1.48 Hollvinasamtök varðskipsins Óðins	5,0
1.51 Innheimta meðlaga	4,0
1.82 Biblíuþýðingar	0,6
1.93 Dómsmál, ýmis kostnaður	2,5
Almennur rekstur samtals	239,5
Gjöld samtals	**239,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-35,1
Gjöld umfram tekjur	**204,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	202,9
Innheimt af ríkistekjum	1,5

m.kr.

06-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra 8,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 8,0

06-201 Hæstiréttur

Almennur rekstur:
1.01 Hæstiréttur 104,4

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -6,2

Gjöld umfram tekjur 98,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 98,2

06-210 Héraðsdómstólar

Almennur rekstur:
1.01 Héraðsdómstólar 929,7

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -5,2

Gjöld umfram tekjur 924,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 924,5

06-231 Málskostnaður í opinberum málum

Almennur rekstur:
1.10 Málskostnaður í opinberum málum 598,9

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -243,9

Gjöld umfram tekjur 355,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 355,0

	m.kr.
06-232 Opinber réttaraðstoð	
Almennur rekstur:	
1.10 Opinber réttaraðstoð	189,2
1.15 Réttaraðstoð við einstaklinga til að leita nauðasamninga	4,0
1.16 Lögfræðiþjónusta neyðarmóttöku vegna nauðgana	4,3
Almennur rekstur samtals	197,5
Gjöld samtals	**197,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-11,3
Gjöld umfram tekjur	**186,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	186,2
06-235 Bætur brotaþola	
Almennur rekstur:	
1.10 Bætur brotaþola	110,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-50,0
Gjöld umfram tekjur	**60,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	60,0
06-251 Persónuvernd	
Almennur rekstur:	
1.01 Persónuvernd	63,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,1
Gjöld umfram tekjur	**61,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	61,0

m.kr.

06-301 Ríkissaksóknari

Almennur rekstur:	
1.05 Ríkissaksóknari	121,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	121,2

06-303 Ríkislögreglustjóri

Almennur rekstur:	
1.01 Ríkislögreglustjóri	1.329,7
1.11 Rekstur lögreglubifreiða	218,5
Almennur rekstur samtals	1.548,2
Stofnkostnaður:	
6.11 Bifreiðar	125,5
Gjöld samtals	**1.673,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-472,4
Gjöld umfram tekjur	**1.201,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.194,8
Innheimt af ríkistekjum	6,5

06-305 Lögregluskóli ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Lögregluskóli ríkisins	211,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	211,3

06-310 Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

Almennur rekstur:	
1.01 Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu	2.970,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-40,0
Gjöld umfram tekjur	**2.930,0**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2.912,1
Innheimt af ríkistekjum	17,9

06-312 Lögreglustjórinn á Suðurnesjum og sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	114,4
1.20 Löggæsla	744,4
1.30 Öryggisverkefni	228,5
1.40 Tollgæsla	565,7
Almennur rekstur samtals	1.653,0
Gjöld samtals	**1.653,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-684,1
Gjöld umfram tekjur	**968,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	942,4
Innheimt af ríkistekjum	26,5

06-325 Neyðarsímsvörun

Almennur rekstur:	
1.10 Neyðarsímsvörun	172,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	172,1

06-341 Áfengis- og fíkniefnamál

Almennur rekstur:	
1.25 Átak í löggæslu vegna fíkniefnamála	56,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	56,8

m.kr.

06-390 Ýmis löggæslu- og öryggismál

Almennur rekstur:	
1.10 Ýmis löggæslukostnaður	133,9
1.17 Rannsóknamiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði	15,0
1.18 Viðbótartryggingar lögreglumanna	24,5
Almennur rekstur samtals	173,4
Gjöld samtals	**173,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	173,4

06-391 Húsnæði löggæslustofnana

Stofnkostnaður:	
6.21 Fasteignir	10,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	10,0

06-395 Landhelgisgæsla Íslands

Almennur rekstur:	
1.90 Landhelgisgæsla Íslands	2.236,6
Viðhaldsverkefni:	
5.41 Viðhald skipa og flugfarkosta	147,0
Gjöld samtals	**2.383,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-66,0
Gjöld umfram tekjur	**2.317,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2.317,6

06-396 Landhelgissjóður Íslands

Stofnkostnaður:	
6.41 Landhelgissjóður Íslands	1.946,3

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-18,5
Gjöld umfram tekjur	**1.927,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.927,8

06-397 Schengen-samstarf

Almennur rekstur:	
1.01 Schengen-samstarf	94,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	94,5

06-398 Útlendingastofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Útlendingastofnun	210,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	210,9

06-411 Sýslumaðurinn í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Sýslumaðurinn í Reykjavík	318,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-7,3
Gjöld umfram tekjur	**310,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	310,8

06-412 Sýslumaðurinn á Akranesi

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	71,9
1.20 Löggæsla	101,6
Almennur rekstur samtals	173,5
Gjöld samtals	**173,5**

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,7
Gjöld umfram tekjur	**171,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	171,8

06-413 Sýslumaðurinn í Borgarnesi

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	58,7
1.20 Löggæsla	97,8
Almennur rekstur samtals	156,5
Gjöld samtals	**156,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,4
Gjöld umfram tekjur	**152,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	152,1

06-414 Sýslumaður Snæfellinga

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	67,1
1.20 Löggæsla	90,0
Almennur rekstur samtals	157,1
Gjöld samtals	**157,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	157,1

06-415 Sýslumaðurinn í Búðardal

Almennur rekstur:	
1.01 Sýslumaðurinn í Búðardal	23,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	23,7

m.kr.

06-416 Sýslumaðurinn á Patreksfirði

Almennur rekstur:
1.01 Sýslumaðurinn á Patreksfirði 35,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 35,4

06-417 Sýslumaðurinn í Bolungarvík

Almennur rekstur:
1.01 Sýslumaðurinn í Bolungarvík 25,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 25,1

06-418 Sýslumaðurinn á Ísafirði

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 76,7
1.20 Löggæsla 209,6
1.40 Tollgæsla 5,8
Almennur rekstur samtals 292,1

Gjöld samtals **292,1**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,4

Gjöld umfram tekjur **290,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 290,7

06-419 Sýslumaðurinn á Hólmavík

Almennur rekstur:
1.01 Sýslumaðurinn á Hólmavík 28,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 28,3

m.kr.

06-420 Sýslumaðurinn á Blönduósi

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	52,9
1.05 Innheimtumiðstöð sekta og sakarkostnaðar	52,2
1.20 Löggæsla	74,6
Almennur rekstur samtals	179,7
Gjöld samtals	**179,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,5
Gjöld umfram tekjur	**176,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	176,2

06-421 Sýslumaðurinn á Sauðárkróki

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	56,4
1.20 Löggæsla	83,2
Almennur rekstur samtals	139,6
Gjöld samtals	**139,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,7
Gjöld umfram tekjur	**135,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	135,9

06-422 Sýslumaðurinn á Siglufirði

Almennur rekstur:	
1.01 Sýslumaðurinn á Siglufirði	58,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	58,3

m.kr.

06-424 Sýslumaðurinn á Akureyri

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	164,0
1.20 Löggæsla	301,9
1.40 Tollgæsla	14,9
Almennur rekstur samtals	480,8
Gjöld samtals	**480,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-8,7
Gjöld umfram tekjur	**472,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	472,1

06-425 Sýslumaðurinn á Húsavík

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	74,4
1.20 Löggæsla	94,5
Almennur rekstur samtals	168,9
Gjöld samtals	**168,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,7
Gjöld umfram tekjur	**168,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	168,2

06-426 Sýslumaðurinn á Seyðisfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	77,3
1.20 Löggæsla	100,9
1.40 Tollgæsla	23,8
Almennur rekstur samtals	202,0
Gjöld samtals	**202,0**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -13,1

Gjöld umfram tekjur **188,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 188,9

06-428 Sýslumaðurinn á Eskifirði

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 80,3
1.20 Löggæsla 159,6
1.40 Tollgæsla 10,5
Almennur rekstur samtals 250,4

Gjöld samtals **250,4**

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -7,5

Gjöld umfram tekjur **242,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 242,9

06-429 Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði

Almennur rekstur:
1.01 Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði 38,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 38,5

06-430 Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 26,6
1.05 Lögbirtingablað 21,5
Almennur rekstur samtals 48,1

Gjöld samtals **48,1**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	26,6
Innheimt af ríkistekjum	21,5

06-431 Sýslumaðurinn á Hvolsvelli

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	57,9
1.20 Löggæsla	102,5
Almennur rekstur samtals	160,4
Gjöld samtals	**160,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,4
Gjöld umfram tekjur	**160,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	160,0

06-432 Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	65,8
1.20 Löggæsla	93,0
1.40 Tollgæsla	17,4
Almennur rekstur samtals	176,2
Gjöld samtals	**176,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-9,5
Gjöld umfram tekjur	**166,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	166,7

06-433 Sýslumaðurinn á Selfossi

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	122,5

	m.kr.
1.20 Löggæsla	203,2
1.40 Tollgæsla	10,9
Almennur rekstur samtals	336,6
Gjöld samtals	**336,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-7,7
Gjöld umfram tekjur	**328,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	328,9

06-434 Sýslumaðurinn í Reykjanesbæ

Almennur rekstur:	
1.01 Sýslumaðurinn í Reykjanesbæ	150,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,1
Gjöld umfram tekjur	**150,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	150,0

06-436 Sýslumaðurinn í Hafnarfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Sýslumaðurinn í Hafnarfirði	191,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,7
Gjöld umfram tekjur	**190,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	190,0

06-437 Sýslumaðurinn í Kópavogi

Almennur rekstur:	
1.01 Sýslumaðurinn í Kópavogi	176,3

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,8
Gjöld umfram tekjur	**175,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	175,5

06-490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta

Almennur rekstur:	
1.10 Ýmis sameiginlegur kostnaður	82,1
1.30 Kostnaður skv. lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs	92,9
Almennur rekstur samtals	175,0
Gjöld samtals	**175,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	175,0

06-491 Húsnæði og búnaður sýslumanna

Viðhaldsverkefni:	
5.01 Viðhald húseigna	5,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	4,5
6.28 Húsnæði sýslumannsins á Eskifirði	15,0
Stofnkostnaður samtals	19,5
Gjöld samtals	**24,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	24,5

06-501 Fangelsismálastofnun ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Fangelsismálastofnun ríkisins	1.056,4
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Viðhald fangelsisbygginga	10,0
Gjöld samtals	**1.066,4**

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-63,0
Gjöld umfram tekjur	**1.003,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.003,4

06-591 Fangelsisbyggingar

Stofnkostnaður:	
6.10 Stofnframkvæmdir	8,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	8,4

06-701 Þjóðkirkjan

Almennur rekstur:	
1.01 Biskup Íslands	1.500,9
Stofnkostnaður:	
6.21 Skálholtsstaður	11,4
6.22 Hallgrímskirkja	17,8
6.23 Hóladómkirkja	5,0
6.25 Dómkirkjan í Reykjavík	5,4
6.28 Þingeyraklausturskirkja	3,0
Stofnkostnaður samtals	42,6
Gjöld samtals	**1.543,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-69,1
Gjöld umfram tekjur	**1.474,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.474,4

06-705 Kirkjumálasjóður

Almennur rekstur:	
1.10 Kirkjumálasjóður	283,9

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	283,9
06-707 Kristnisjóður	
Almennur rekstur:	
1.10 Kristnisjóður	89,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	89,7
06-733 Kirkjugarðar	
Almennur rekstur:	
1.11 Kirkjugarðar	820,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	820,1
06-735 Sóknargjöld	
Almennur rekstur:	
1.10 Sóknargjöld til þjóðkirkjunnar	1.986,0
1.20 Sóknargjöld til annarra trúfélaga	234,0
Almennur rekstur samtals	2.220,0
Gjöld samtals	**2.220,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2.220,0
06-736 Jöfnunarsjóður sókna	
Almennur rekstur:	
1.10 Jöfnunarsjóður sókna	367,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	367,4
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**23.460,7**
Greitt úr ríkissjóði	**23.283,8**
Innheimt af ríkistekjum	**176,9**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

07 Félags- og tryggingamálaráðuneyti

07-101 Félags- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Félags- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	324,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-26,8
Gjöld umfram tekjur	**297,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	297,6

07-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.10 Fastanefndir	60,9
1.12 Eftirlit með greiðslum almannatrygginga	1,9
1.23 Framkvæmdaáætlun um jafnréttismál	12,0
1.90 Ýmislegt	23,2
Almennur rekstur samtals	98,0
Gjöld samtals	**98,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	98,0

07-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	5,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5,0

07-205 Leiguíbúðir

Stofnkostnaður:	
6.21 Leiguíbúðir	1.100,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	300,0
Viðskiptahreyfingar	800,0

m.kr.

07-207 Varasjóður húsnæðismála

Stofnkostnaður:
6.21 Varasjóður húsnæðismála vegna félagslegra íbúða sveitarfélaga 60,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 60,0

07-302 Ríkissáttasemjari

Almennur rekstur:
1.01 Ríkissáttasemjari 64,1

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -2,1

Gjöld umfram tekjur 62,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 62,0

07-313 Jafnréttisstofa

Almennur rekstur:
1.01 Jafnréttisstofa 77,3

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -15,6

Gjöld umfram tekjur 61,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 61,7

07-331 Vinnueftirlit ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Vinnueftirlit ríkisins 459,0

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -43,3

Gjöld umfram tekjur 415,7

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	297,4
Innheimt af ríkistekjum	118,3

07-400 Barnaverndarstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	179,9
1.20 Heimili fyrir börn og unglinga	500,3
1.50 Meðferðarstöð ríkisins	158,8
Almennur rekstur samtals	839,0
Gjöld samtals	**839,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	839,0

07-515 Framkvæmdasjóður aldraða

Viðhaldsverkefni:	
5.21 Viðhald fasteigna öldrunarstofnana	219,8
Stofnkostnaður:	
6.21 Stofnkostnaður og endurbætur	1.056,6
Gjöld samtals	**1.276,4**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	1.276,4

07-700 Málefni fatlaðra

Almennur rekstur:	
1.01 Stjórnarnefnd málefna fatlaðra	19,6
1.50 Laun vegna forfalla, orlofs o.fl.	16,2
1.80 Starfsþjálfun	30,8
1.81 Tölvumiðstöð fatlaðra	7,7
1.90 Ýmis verkefni	525,1
Almennur rekstur samtals	599,4
Gjöld samtals	**599,4**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	599,4

07-701 Málefni fatlaðra, Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	2.405,3
1.30 Verndaðir vinnustaðir	56,1
Almennur rekstur samtals	2.461,4
Gjöld samtals	**2.461,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-36,3
Gjöld umfram tekjur	**2.425,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2.425,1

07-702 Málefni fatlaðra, Reykjanesi

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	1.623,9
1.61 Dagvistun Keflavík	22,8
1.89 Þjónusta á vegum félagasamtaka	11,6
Almennur rekstur samtals	1.658,3
Gjöld samtals	**1.658,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-40,7
Gjöld umfram tekjur	**1.617,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.617,6

07-703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	237,9
1.30 Dagvist og verndaðir vinnustaðir	56,2
Almennur rekstur samtals	294,1
Gjöld samtals	**294,1**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -24,6

Gjöld umfram tekjur **269,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 269,5

07-704 Málefni fatlaðra, Vestfjörðum

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 183,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 183,7

07-705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra

Almennur rekstur:
1.10 Svæðisráð 1,4
1.86 Samningur við samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra um málefni fatlaðra 335,1
Almennur rekstur samtals 336,5

Gjöld samtals **336,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 336,5

07-706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra

Almennur rekstur:
1.10 Svæðisráð 1,5
1.85 Samningur við Norðurþing um þjónustu við fatlaða 113,4
1.86 Samningur við Akureyrarbæ um þjónustu við fatlaða 783,9
Almennur rekstur samtals 898,8

Gjöld samtals **898,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 898,8

m.kr.

07-707 Málefni fatlaðra, Austurlandi

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	267,2
1.30 Verndaðir vinnustaðir	3,0
1.86 Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um þjónustu við fatlaða	27,6
Almennur rekstur samtals	297,8
Gjöld samtals	**297,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,6
Gjöld umfram tekjur	**295,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	295,2

07-708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	364,9
1.72 Skaftholt	46,6
1.86 Samningur við Vestmannaeyjabæ um þjónustu við fatlaða	89,4
Almennur rekstur samtals	500,9
Gjöld samtals	**500,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,9
Gjöld umfram tekjur	**499,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	499,0

07-711 Styrktarfélag vangefinna

Almennur rekstur:	
1.01 Styrktarfélag vangefinna	612,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	612,9

m.kr.

07-720 Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ

Almennur rekstur:
1.70 Vistheimilið Skálatúni 319,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 319,9

07-722 Sólheimar í Grímsnesi

Almennur rekstur:
1.70 Sólheimar í Grímsnesi 240,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 240,5

07-750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins 401,9

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -20,0

Gjöld umfram tekjur **381,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 381,9

07-795 Framkvæmdasjóður fatlaðra

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 66,5

Viðhaldsverkefni:
5.21 Viðhald fasteigna 70,0

Stofnkostnaður:
6.01 Framkvæmdasjóður fatlaðra 599,4

Gjöld samtals **735,9**

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -62,3

Gjöld umfram tekjur **673,6**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	673,6

07-821 Tryggingastofnun ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Tryggingastofnun ríkisins	1.396,9
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	69,1
Gjöld samtals	**1.466,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-647,8
Gjöld umfram tekjur	**818,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	818,2

07-825 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð

Almennur rekstur:	
1.11 Mæðra- og feðralaun	365,0
1.15 Umönnunargreiðslur	1.193,0
1.21 Makabætur og umönnunarbætur	150,0
1.25 Dánarbætur	50,0
1.31 Endurhæfingarlífeyrir	1.214,0
1.35 Barnalífeyrir vegna menntunar	127,0
1.41 Heimilisuppbót	2.890,0
1.51 Frekari uppbætur	1.583,0
1.55 Uppbætur vegna bifreiðakaupa	282,0
Almennur rekstur samtals	7.854,0
Gjöld samtals	**7.854,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	7.854,0

07-827 Lífeyristryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Ellilífeyrir	8.406,0

	m.kr.
1.15 Örorkulífeyrir	5.999,0
1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega	16.340,0
1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega	9.666,0
1.28 Vasapeningar ellilífeyrisþega	439,0
1.29 Vasapeningar örorkulífeyrisþega	78,0
1.31 Örorkustyrkur	195,0
1.35 Barnalífeyrir	2.511,0
1.91 Annað	442,0
Almennur rekstur samtals	44.076,0
Gjöld samtals	**44.076,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	18.098,8
Innheimt af ríkistekjum	25.977,2

07-831 Eftirlaunasjóður aldraðra

Almennur rekstur:	
1.10 Eftirlaunasjóður aldraðra	80,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-8,0
Gjöld umfram tekjur	**72,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	72,3

07-980 Vinnumálastofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Vinnumálastofnun	631,6
1.11 Starfsþjálfun ungs fólks í atvinnuleit	24,5
Almennur rekstur samtals	656,1
Gjöld samtals	**656,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-402,2
Gjöld umfram tekjur	**253,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	253,9

m.kr.

07-981 Vinnumál

Almennur rekstur:	
1.10 Félagsdómur	9,3
1.13 Kjararannsóknarnefnd	48,5
1.81 Alþjóðavinnumálastofnunin, ILO	8,3
1.90 Ýmislegt	20,5
Almennur rekstur samtals	86,6
Gjöld samtals	**86,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	86,6

07-982 Ábyrgðasjóður launa

Almennur rekstur:	
1.01 Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota	555,4
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	555,4

07-983 Foreldrar langveikra eða alvarlega fatlaðra barna

Almennur rekstur:	
1.11 Bætur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna	137,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	137,6

07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður

Almennur rekstur:	
1.11 Atvinnuleysisbætur	6.285,0
1.15 Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar	71,0
1.16 Hlutdeild í rekstri svæðisvinnumiðlana Vinnumálastofnunar	187,0
1.25 Styrkir til fiskvinnslustöðva	295,0
1.35 Námskeiðahald, átaksverkefni og önnur úrræði	112,0
1.41 Framlög og styrkir	175,0
1.45 Starfsmenntasjóður	60,0

	m.kr.
1.51 Rekstur úthlutunarnefnda	70,0
1.81 Vaxtatekjur	140,0
Almennur rekstur samtals	7.395,0
Gjöld samtals	**7.395,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1.400,0
Gjöld umfram tekjur	**5.995,0**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	5.995,0

07-985 Félagsmálaskóli alþýðu

Almennur rekstur:	
1.10 Félagsmálaskóli alþýðu	20,8
1.20 ASÍ, Menningar- og fræðslusamband alþýðu	4,5
Almennur rekstur samtals	25,3
Gjöld samtals	**25,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	25,3

07-987 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga

Almennur rekstur:	
1.10 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga	30,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-30,0
Gjöld umfram tekjur	**0,0**

07-989 Fæðingarorlof

Almennur rekstur:	
1.01 Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar	93,0
1.11 Fæðingarorlofssjóður	8.187,0
1.13 Foreldrar utan vinnumarkaðar	509,0
Almennur rekstur samtals	8.789,0
Gjöld samtals	**8.789,0**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	509,0
Innheimt af ríkistekjum	8.280,0

07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:	
1.10 Kostnaður skv. 15. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga	32,8
1.11 Meðlög samkvæmt lögum nr. 76/2003	190,8
1.34 Geysir, vinnumiðlun fyrir geðfatlaða	32,7
1.35 Félag heyrnarlausra	9,2
1.36 Félagið Geðhjálp	23,0
1.37 Strókur, vinnumiðlun fyrir geðfatlaða	12,0
1.40 Kvennaathvarf í Reykjavík	39,5
1.41 Stígamót	32,4
1.43 Krossgötur, endurhæfingarheimili	24,0
1.44 Athvarf fyrir heimilislausa	30,5
1.45 Þjónusta við blinda og sjónskerta	16,0
1.47 Félagsþjónusta við nýbúa	3,3
1.48 Fjölmenningarsetur á Ísafirði	43,3
1.49 Innflytjendaráð og móttaka flóttamanna	45,1
1.55 Átak í vímuvarnamálum	33,0
1.59 Til sveitarfélaga sem verða fyrir aflasamdrætti	250,0
1.60 Ráðgjafastofa um fjármál heimilanna	52,2
1.90 Ýmis framlög	88,1
1.98 Ýmis framlög félags- og tryggingamálaráðuneytis	70,2
Almennur rekstur samtals	1.028,1
Gjöld samtals	**1.028,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-33,2
Gjöld umfram tekjur	**994,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	994,9

07 Félags- og tryggingamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**83.227,2**
Greitt úr ríkissjóði	**40.224,9**
Innheimt af ríkistekjum	**42.202,3**
Viðskiptahreyfingar	**800,0**

m.kr.

08 Heilbrigðisráðuneyti

08-101 Heilbrigðisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Heilbrigðisráðuneyti, aðalskrifstofa	495,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,7
Gjöld umfram tekjur	**491,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	491,0

08-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	8,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	8,0

08-202 Umsýsla sjúkratrygginga

Almennur rekstur:	
1.01 Umsýsla sjúkratrygginga	636,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-261,1
Gjöld umfram tekjur	**374,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	374,9

08-206 Sjúkratryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Lækniskostnaður	4.235,0
1.15 Lyf	7.266,0
1.21 Hjálpartæki	2.145,0
1.25 Hjúkrun í heimahúsum	114,0

	m.kr.
1.31 Þjálfun	1.853,0
1.35 Tannlækningar	1.424,0
1.41 Sjúkraflutningar og ferðir innan lands	290,0
1.45 Brýn meðferð erlendis	747,0
1.51 Sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis	123,0
1.55 Sjúkradagpeningar	211,0
1.91 Annað	153,0
Almennur rekstur samtals	18.561,0
Gjöld samtals	**18.561,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	18.561,0

08-208 Slysatryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Bætur vegna læknis- og sjúkrakostnaðar	137,9
1.15 Bætur til framfærslu	350,0
1.16 Kaup og aflahlutur sjómanna	125,0
1.21 Stjórnunarkostnaður	66,0
Almennur rekstur samtals	678,9
Gjöld samtals	**678,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-40,0
Gjöld umfram tekjur	**638,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	513,9
Innheimt af ríkistekjum	125,0

08-209 Sjúklingatrygging

Almennur rekstur:	
1.11 Sjúklingatrygging	190,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	190,1

m.kr.

08-301 Landlæknir

Almennur rekstur:	
1.01 Landlæknir	279,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	277,6
Innheimt af ríkistekjum	2,0

08-305 Lýðheilsustöð

Almennur rekstur:	
1.01 Lýðheilsustöð	204,6
1.90 Forvarnasjóður	94,1
Almennur rekstur samtals	298,7
Gjöld samtals	**298,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,1
Gjöld umfram tekjur	**298,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	217,2
Innheimt af ríkistekjum	81,4

08-324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	123,4
Stofnkostnaður:	
6.10 Fasteign	1,0
Gjöld samtals	**124,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,9
Gjöld umfram tekjur	**121,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	121,5

m.kr.

08-326 Sjónstöð Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Sjónstöð Íslands	176,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,9
Gjöld umfram tekjur	**175,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	175,2

08-327 Geislavarnir ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Geislavarnir ríkisins	87,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-15,5
Gjöld umfram tekjur	**72,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	67,0
Innheimt af ríkistekjum	5,2

08-340 Málefni fatlaðra

Almennur rekstur:	
1.10 Endurhæfingarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra	155,8
1.15 Samningur um sjúkraþjálfun fyrir fatlaða	39,4
1.20 Sjálfsbjörg Akureyri	6,8
1.30 Sumardvalarheimili í Reykjadal	21,2
1.40 Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Reykjavík	29,5
1.50 Endurhæfingarstöð Geðverndarfélags Íslands	3,6
1.60 Gigtlækningastöð Gigtarfélags Íslands	7,5
1.70 Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Akureyri	5,9
1.80 Gigtarráð	4,7
1.90 Ýmis starfsemi	2,4
Almennur rekstur samtals	276,8
Stofnkostnaður:	
6.90 Styrkir til ýmissa framkvæmda	5,0

	m.kr.
Gjöld samtals	**281,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	281,8

08-358 Sjúkrahúsið á Akureyri

Almennur rekstur:	
1.01 Sjúkrahúsið á Akureyri	4.117,0
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Fasteign	25,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	89,0
6.50 Nýbygging	33,0
Stofnkostnaður samtals	122,0
Gjöld samtals	**4.264,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-323,0
Gjöld umfram tekjur	**3.941,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3.941,0

08-373 Landspítali

Almennur rekstur:	
1.01 Landspítali	35.021,5
Viðhaldsverkefni:	
5.60 Viðhald	178,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	201,0
6.70 Nýframkvæmdir	165,0
Stofnkostnaður samtals	366,0
Gjöld samtals	**35.565,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2.356,0
Gjöld umfram tekjur	**33.209,5**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 33.109,5
Innheimt af ríkistekjum 100,0

08-376 Bygging hátæknisjúkrahúss á lóð Landspítalans

Stofnkostnaður:
6.21 Bygging hátæknisjúkrahúss á lóð Landspítalans 800,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 800,0

08-379 Sjúkrahús, óskipt

Almennur rekstur:
1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa 163,9

Stofnkostnaður:
6.50 Stofnkostnaður 65,0

Gjöld samtals **228,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 228,9

08-383 Sjúkrahótel

Almennur rekstur:
1.01 Sjúkrahótel 81,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 81,9

08-384 Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn

Almennur rekstur:
1.01 Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn 111,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 111,2

m.kr.

08-386 Vistun ósakhæfra afbrotamanna

Almennur rekstur:	
1.10 Vistun ósakhæfra afbrotamanna	193,8
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,4
Gjöld umfram tekjur	**193,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	193,4

08-388 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið

Almennur rekstur:	
1.10 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið	602,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	602,2

08-397 Lyfjastofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Lyfjastofnun	189,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-23,8
Gjöld umfram tekjur	**165,8**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	165,8

08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:	
1.10 Samninganefnd heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins	30,3
1.16 Lyfjagreiðslunefnd	30,8
1.17 Vísindasiðanefnd	24,7
1.30 Krabbameinsfélag Íslands, krabbameinsskráning	18,5
1.31 Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit	310,0

		m.kr.
1.32	Krabbameinsfélag Íslands, styrkir	13,0
1.33	Samband íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga	12,0
1.34	Hjartaheill	6,0
1.35	Hjartavernd, rannsóknarstöð	59,8
1.36	Stórstúka Íslands	1,5
1.37	Skrifstofa líknarfélaga	5,5
1.38	Félagið Heyrnarhjálp	7,4
1.40	Kostnaður skv. lögum nr. 25/1975	2,9
1.42	Kostnaður samkvæmt lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi	94,8
1.43	Viðbúnaður gegn farsóttum	50,0
1.44	Átak í vímuvarnamálum	34,0
1.55	Niðurgreiðsla hjálpartækja vegna heyrnar- og talmeina	170,6
1.58	Krýsuvíkurskóli, vist- og meðferðarheimili	62,5
1.68	Sjúkrahjálp og endurhæfing íþróttamanna	20,0
1.71	Norræni lýðheilsuháskólinn	11,2
1.73	Bláa lónið, húðmeðferðir	46,1
1.74	Bláa lónið, styrkur	25,0
1.81	Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO	8,4
1.90	Ýmis framlög	73,0
1.95	Kynsjúkdómar, alnæmi	5,7
1.98	Ýmis framlög heilbrigðisráðuneytis	21,4
	Almennur rekstur samtals	1.145,1
	Stofnkostnaður:	
6.91	Upplýsingatæknimál	53,0
	Gjöld samtals	**1.198,1**
	Sértekjur:	
	Sértekjur	-30,0
	Gjöld umfram tekjur	**1.168,1**
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	1.168,1

08-401 Öldrunarstofnanir, almennt

	Almennur rekstur:	
1.01	Hjúkrunarheimili, almennt	241,9

	m.kr.
1.09 Ný hjúkrunarrými	407,3
1.13 Óskipt framlag til minni öldrunarstofnana	675,8
Almennur rekstur samtals	1.325,0
Stofnkostnaður:	
6.15 Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði	14,1
6.27 Jaðar, Ólafsvík	40,0
6.82 Hjúkrunarheimili í Kópavogi	350,0
6.83 Hjúkrunarheimili í Mosfellsbæ	93,0
6.84 Hjúkrunarheimili í Reykjanesbæ	159,0
6.85 Hjúkrunarheimilið Hlíð, Akureyri	11,5
6.86 Hjúkrunarheimilið Suðurlandsbraut 66, Reykjavík	194,7
6.99 Bygging hjúkrunarheimila og endurhæfingarstofnana, óskipt	100,0
Stofnkostnaður samtals	962,3
Gjöld samtals	**2.287,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-383,0
Gjöld umfram tekjur	**1.904,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.904,3

08-405 Hrafnista, Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	1.641,6
1.11 Dvalarrými	223,8
Almennur rekstur samtals	1.865,4
Gjöld samtals	**1.865,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-24,1
Gjöld umfram tekjur	**1.841,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.841,3

m.kr.

08-406 Hrafnista, Hafnarfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	1.046,0
1.11 Dvalarrými	184,5
1.15 Dagvist	22,8
Almennur rekstur samtals	1.253,3
Gjöld samtals	**1.253,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-15,6
Gjöld umfram tekjur	**1.237,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.237,7

08-407 Grund, Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	1.200,3
1.11 Dvalarrými	121,6
Almennur rekstur samtals	1.321,9
Gjöld samtals	**1.321,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-18,4
Gjöld umfram tekjur	**1.303,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.303,5

08-408 Sunnuhlíð, Kópavogi

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	488,5
1.15 Dagvist	15,7
Almennur rekstur samtals	504,2
Gjöld samtals	**504,2**

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-7,2
Gjöld umfram tekjur	**497,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	497,0

08-409 Hjúkrunarheimilið Skjól

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	713,2
Sértekjur:	
Sértekjur	-10,8
Gjöld umfram tekjur	**702,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	702,4

08-410 Hjúkrunarheimilið Eir

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	1.140,0
1.15 Dagvist	53,6
Almennur rekstur samtals	1.193,6
Gjöld samtals	**1.193,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-17,1
Gjöld umfram tekjur	**1.176,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.176,5

08-411 Garðvangur, Garði

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	257,2
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,9
Gjöld umfram tekjur	**253,3**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 253,3

08-412 Hjúkrunarheimilið Skógarbær

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 467,5
1.71 Endurhæfingardeild 95,7
Almennur rekstur samtals 563,2

Gjöld samtals **563,2**

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -6,9

Gjöld umfram tekjur **556,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 556,3

08-413 Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 549,4

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -8,1

Gjöld umfram tekjur **541,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 541,3

08-414 Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 197,2
1.11 Dvalarrými 16,9
Almennur rekstur samtals 214,1

Gjöld samtals **214,1**

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -2,8

Gjöld umfram tekjur **211,3**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 211,3

08-415 Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 117,7
1.11 Dvalarrými 19,7
1.15 Dagvist 3,5
Almennur rekstur samtals 140,9

Gjöld samtals **140,9**

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -1,8

Gjöld umfram tekjur **139,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 139,1

08-416 Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 133,9
1.11 Dvalarrými 29,7
1.15 Dagvist 5,2
Almennur rekstur samtals 168,8

Gjöld samtals **168,8**

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -2,0

Gjöld umfram tekjur **166,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 166,8

08-417 Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 77,3

	m.kr.
1.11 Dvalarrými	16,0
1.15 Dagvist	3,5
Almennur rekstur samtals	96,8
Gjöld samtals	**96,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,3
Gjöld umfram tekjur	**95,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	95,5

08-418 Seljahlíð, Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	183,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,8
Gjöld umfram tekjur	**180,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	180,9

08-421 Víðines

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	237,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,8
Gjöld umfram tekjur	**233,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	233,8

08-423 Höfði, Akranesi

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	306,7

	m.kr.
1.11 Dvalarrými	78,1
1.15 Dagvist	17,6
Almennur rekstur samtals	402,4
Gjöld samtals	**402,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,7
Gjöld umfram tekjur	**397,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	397,7

08-424 Dvalarheimili aldraða Borgarnesi

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	150,2
1.11 Dvalarrými	75,6
Almennur rekstur samtals	225,8
Gjöld samtals	**225,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,4
Gjöld umfram tekjur	**223,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	223,4

08-425 Dvalarheimili aldraða Stykkishólmi

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	61,0
1.11 Dvalarrými	26,8
Almennur rekstur samtals	87,8
Gjöld samtals	**87,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,0
Gjöld umfram tekjur	**86,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	86,8

m.kr.

08-426 Fellaskjól, Grundarfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	60,4
1.11 Dvalarrými	19,2
Almennur rekstur samtals	79,6
Gjöld samtals	**79,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,0
Gjöld umfram tekjur	**78,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	78,6

08-427 Jaðar, Ólafsvík

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	57,4
1.11 Dvalarrými	13,4
1.15 Dagvist	2,0
Almennur rekstur samtals	72,8
Gjöld samtals	**72,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,0
Gjöld umfram tekjur	**71,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	71,8

08-428 Fellsendi, Búðardal

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	170,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,8
Gjöld umfram tekjur	**168,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	168,1

m.kr.

08-429 Barmahlíð, Reykhólum

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	85,0
1.11 Dvalarrými	5,5
Almennur rekstur samtals	90,5
Gjöld samtals	**90,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,4
Gjöld umfram tekjur	**89,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	89,1

08-433 Dalbær, Dalvík

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	147,2
1.11 Dvalarrými	53,4
1.15 Dagvist	12,3
Almennur rekstur samtals	212,9
Gjöld samtals	**212,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,4
Gjöld umfram tekjur	**210,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	210,5

08-434 Samningur við Akureyrarbæ um öldrunarþjónustu

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	1.082,9
1.11 Dvalarrými	168,7
1.15 Dagvist	35,0
Almennur rekstur samtals	1.286,6
Gjöld samtals	**1.286,6**

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-16,6
Gjöld umfram tekjur	**1.270,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.270,0

08-436 Uppsalir, Fáskrúðsfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	85,3
1.11 Dvalarrými	32,9
Almennur rekstur samtals	118,2
Gjöld samtals	**118,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,3
Gjöld umfram tekjur	**116,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	116,9

08-437 Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um öldrunarþjónustu

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	171,5
1.11 Dvalarrými	38,8
1.15 Dagvist	5,5
Almennur rekstur samtals	215,8
Gjöld samtals	**215,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,6
Gjöld umfram tekjur	**213,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	213,2

m.kr.

08-438 Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	111,5
1.11 Dvalarrými	11,0
1.15 Dagvist	0,8
Almennur rekstur samtals	123,3
Gjöld samtals	**123,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,7
Gjöld umfram tekjur	**121,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	121,6

08-439 Hjallatún, Vík

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	69,8
1.11 Dvalarrými	16,4
Almennur rekstur samtals	86,2
Gjöld samtals	**86,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,2
Gjöld umfram tekjur	**85,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	85,0

08-440 Kumbaravogur, Stokkseyri

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	267,0
1.11 Dvalarrými	28,5
Almennur rekstur samtals	295,5
Gjöld samtals	**295,5**

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,1
Gjöld umfram tekjur	**291,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	291,4

08-441 Ás/Ásbyrgi, Hveragerði

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	167,1
1.11 Dvalarrými	214,8
1.17 Geðrými	200,3
Almennur rekstur samtals	582,2
Gjöld samtals	**582,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,6
Gjöld umfram tekjur	**579,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	579,6

08-442 Hraunbúðir, Vestmannaeyjum

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	199,6
1.11 Dvalarrými	30,1
1.15 Dagvist	8,6
Almennur rekstur samtals	238,3
Gjöld samtals	**238,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,1
Gjöld umfram tekjur	**235,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	235,2

m.kr.

08-443 Holtsbúð, Garðabæ

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	267,3
1.15 Dagvist	8,8
Almennur rekstur samtals	276,1
Gjöld samtals	**276,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,0
Gjöld umfram tekjur	**272,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	272,1

08-444 Vífilsstaðir, Garðabæ

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	329,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,9
Gjöld umfram tekjur	**324,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	324,8

08-447 Sóltún, Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	894,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	894,5

08-460 Dvalarrými aldraðra, önnur

Almennur rekstur:	
1.11 Dvalarrými aldraðra, önnur	553,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	553,5

m.kr.

08-470 Vesturhlíð, Reykjavík

Almennur rekstur:
1.10 Vesturhlíð, Reykjavík 13,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 13,0

08-472 Hlíðabær, Reykjavík

Almennur rekstur:
1.10 Hlíðabær, Reykjavík 42,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 42,5

08-473 Lindargata, Reykjavík

Almennur rekstur:
1.10 Lindargata, Reykjavík 39,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 39,5

08-474 Dagvist og endurhæfingarstöð MS-sjúklinga

Almennur rekstur:
1.10 Dagvist og endurhæfingarstöð MS-sjúklinga 77,1

Stofnkostnaður:
6.21 Húsnæði 15,0

Gjöld samtals **92,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 92,1

08-475 Múlabær, Reykjavík

Almennur rekstur:
1.10 Múlabær, Reykjavík 59,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 59,9

m.kr.

08-476 Fríðuhús, Reykjavík

Almennur rekstur:
1.10 Fríðuhús, Reykjavík 32,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 32,0

08-477 Dagvistun aldraðra, aðrar

Almennur rekstur:
1.10 Dagvistun aldraðra, aðrar 273,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 273,8

08-478 Vistheimilið Bjarg

Almennur rekstur:
1.10 Vistheimilið Bjarg 49,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 49,2

08-479 Hlaðgerðarkot

Almennur rekstur:
1.10 Hlaðgerðarkot 78,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 78,3

08-491 Reykjalundur, Mosfellsbæ

Almennur rekstur:
1.10 Reykjalundur, Mosfellsbæ 1.236,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.236,9

m.kr.

08-492 Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands

Almennur rekstur:
1.10 Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands 500,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 500,4

08-493 Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun

Almennur rekstur:
1.10 Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun 407,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 407,6

08-494 Hlein

Almennur rekstur:
1.10 Hlein 98,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 98,8

08-500 Heilsugæslustöðvar, almennt

Almennur rekstur:
1.10 Heilsugæslustöðvar, almennt 735,0
1.13 Afnotagjöld og þjónusta við sjúkraskrárkerfi heilsugæslustöðva 55,5
Almennur rekstur samtals 790,5

Viðhaldsverkefni:
5.01 Viðhald 31,8

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 68,4
6.21 Bygging heilsugæslustöðva 3,6
Stofnkostnaður samtals 72,0

Gjöld samtals **894,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 894,3

m.kr.

08-501 Sjúkraflutningar

Almennur rekstur:	
1.11 Sjúkraflutningar	511,7
1.12 Útvegun og rekstur sjúkrabifreiða	115,7
1.15 Sjúkraflug	111,9
Almennur rekstur samtals	739,3
Gjöld samtals	**739,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	739,3

08-506 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu	4.652,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-390,0
Gjöld umfram tekjur	**4.262,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4.262,3

08-515 Heilsugæslustöðin Lágmúla í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslustöðin Lágmúla	142,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,0
Gjöld umfram tekjur	**141,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	141,5

08-517 Læknavaktin

Almennur rekstur:	
1.01 Læknavaktin	246,4

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	246,4

08-522 Heilsugæslustöðin Borgarnesi

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslustöðin Borgarnesi	136,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-10,1
Gjöld umfram tekjur	**126,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	126,0

08-524 Heilsugæslustöðin Ólafsvík

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslustöðin Ólafsvík	95,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-7,6
Gjöld umfram tekjur	**87,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	87,5

08-525 Heilsugæslustöðin Grundarfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslustöðin Grundarfirði	59,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,5
Gjöld umfram tekjur	**57,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	57,2

m.kr.

08-526 Heilsugæslustöðin Búðardal

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Búðardal 86,6

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -3,4

Gjöld umfram tekjur 83,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 83,2

08-551 Heilsugæslustöðin Ólafsfirði

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Ólafsfirði 59,9

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -1,7

Gjöld umfram tekjur 58,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 58,2

08-552 Heilsugæslustöðin Dalvík

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Dalvík 95,7

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -7,5

Gjöld umfram tekjur 88,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 88,2

08-553 Samningur við Akureyrarbæ um heilsugæslu

Almennur rekstur:
1.01 Samningur við Akureyrarbæ um heilsugæslu 438,2

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	438,2

08-588 Heilsugæslustöðin í Salahverfi í Kópavogi

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslustöðin í Salahverfi í Kópavogi	220,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	220,6

08-700 Heilbrigðisstofnanir

Viðhaldsverkefni:	
5.50 Viðhald heilbrigðisstofnana	73,4
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	34,1
6.55 Heilbrigðisstofnunin Siglufirði	60,0
6.61 Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	37,0
6.87 Heilbrigðisstofnun Suðurlands	278,0
6.91 Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	60,5
Stofnkostnaður samtals	469,6
Gjöld samtals	**543,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	543,0

08-711 Heilbrigðisstofnunin Akranesi

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	222,0
1.11 Sjúkrasvið	1.137,6
1.21 Hjúkrunarrými	139,3
Almennur rekstur samtals	1.498,9
Gjöld samtals	**1.498,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-84,3
Gjöld umfram tekjur	**1.414,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.414,6

m.kr.

08-715 St. Franciskusspítali, Stykkishólmi

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	84,2
1.11 Sjúkrasvið	223,6
1.21 Hjúkrunarrými	54,4
Almennur rekstur samtals	362,2
Gjöld samtals	**362,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-15,3
Gjöld umfram tekjur	**346,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	346,9

08-721 Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	101,0
1.11 Sjúkrasvið	50,1
1.21 Hjúkrunarrými	90,6
Almennur rekstur samtals	241,7
Gjöld samtals	**241,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-7,6
Gjöld umfram tekjur	**234,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	234,1

08-725 Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	215,3
1.11 Sjúkrasvið	437,0
1.21 Hjúkrunarrými	171,5
Almennur rekstur samtals	823,8
Gjöld samtals	**823,8**

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-54,4
Gjöld umfram tekjur	**769,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	769,4

08-731 Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	73,4
1.21 Hjúkrunarrými	71,7
Almennur rekstur samtals	145,1
Gjöld samtals	**145,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,8
Gjöld umfram tekjur	**140,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	140,3

08-735 Heilbrigðisstofnunin Hólmavík

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	60,1
1.11 Sjúkrasvið	8,3
1.21 Hjúkrunarrými	68,3
Almennur rekstur samtals	136,7
Gjöld samtals	**136,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,8
Gjöld umfram tekjur	**133,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	133,9

m.kr.

08-741 Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	84,7
1.11 Sjúkrasvið	39,5
1.21 Hjúkrunarrými	134,4
Almennur rekstur samtals	258,6
Gjöld samtals	**258,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-9,9
Gjöld umfram tekjur	**248,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	248,7

08-745 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	101,3
1.11 Sjúkrasvið	90,8
1.21 Hjúkrunarrými	188,7
Almennur rekstur samtals	380,8
Gjöld samtals	**380,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-13,6
Gjöld umfram tekjur	**367,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	367,2

08-751 Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	163,2
1.11 Sjúkrasvið	335,3
1.21 Hjúkrunarrými	345,6
Almennur rekstur samtals	844,1
Gjöld samtals	**844,1**

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-68,9
Gjöld umfram tekjur	**775,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	775,2

08-755 Heilbrigðisstofnunin Siglufirði

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	84,6
1.11 Sjúkrasvið	133,0
1.21 Hjúkrunarrými	166,2
Almennur rekstur samtals	383,8
Gjöld samtals	**383,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-14,2
Gjöld umfram tekjur	**369,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	369,6

08-761 Heilbrigðisstofnun Þingeyinga

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	306,3
1.11 Sjúkrasvið	460,6
1.21 Hjúkrunarrými	140,2
Almennur rekstur samtals	907,1
Gjöld samtals	**907,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-92,8
Gjöld umfram tekjur	**814,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	814,3

m.kr.

08-777 Heilbrigðisstofnun Austurlands

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	714,5
1.11 Sjúkrasvið	708,9
1.21 Hjúkrunarrými	338,5
Almennur rekstur samtals	1.761,9
Gjöld samtals	**1.761,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-114,6
Gjöld umfram tekjur	**1.647,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.647,3

08-779 Heilbrigðisstofnun Suð-Austurlands

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	112,5
1.11 Sjúkrasvið	58,8
Almennur rekstur samtals	171,3
Gjöld samtals	**171,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	171,3

08-781 Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	172,7
1.11 Sjúkrasvið	370,1
1.21 Hjúkrunarrými	97,5
Almennur rekstur samtals	640,3
Gjöld samtals	**640,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-21,8
Gjöld umfram tekjur	**618,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	618,5

m.kr.

08-787 Heilbrigðisstofnun Suðurlands

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	896,5
1.11 Sjúkrasvið	811,8
1.21 Hjúkrunarrými	255,2
Almennur rekstur samtals	1.963,5
Gjöld samtals	**1.963,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-212,4
Gjöld umfram tekjur	**1.751,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.751,1

08-791 Heilbrigðisstofnun Suðurnesja

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	503,2
1.11 Sjúkrasvið	929,3
1.21 Hjúkrunarrými	177,3
Almennur rekstur samtals	1.609,8
Gjöld samtals	**1.609,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-132,1
Gjöld umfram tekjur	**1.477,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.477,7

08-795 St. Jósefsspítali, Sólvangur

Almennur rekstur:	
1.11 St. Jósefsspítali, Sólvangur	945,3
1.21 Hjúkrunarrými	418,2
Almennur rekstur samtals	1.363,5
Gjöld samtals	**1.363,5**

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-93,4
Gjöld umfram tekjur	**1.270,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.270,1
08 Heilbrigðisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**102.779,7**
Greitt úr ríkissjóði	**102.300,3**
Innheimt af ríkistekjum	**479,4**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

09 Fjármálaráðuneyti

09-101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa	624,8
Sértekjur:	
Sértekjur	-8,6
Gjöld umfram tekjur	**616,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	616,2

09-103 Fjársýsla ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	497,6
1.43 Tekjubókhaldskerfi	293,5
1.47 Fjárhags- og starfsmannakerfi ríkisins	407,3
Almennur rekstur samtals	1.198,4
Stofnkostnaður:	
6.43 Hugbúnaðargerð fyrir tekjubókhaldskerfi	9,0
6.47 Hugbúnaðargerð fyrir fjárhags- og starfsmannakerfi ríkisins	15,0
Stofnkostnaður samtals	24,0
Gjöld samtals	**1.222,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,1
Gjöld umfram tekjur	**1.221,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.221,3

09-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	6,0

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	6,0

09-201 Ríkisskattstjóri

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	604,0
1.10 Sameiginleg útgjöld ríkisskattstjóra og skattstofa	149,4
1.41 Skattvinnslukerfi	301,6
Almennur rekstur samtals	1.055,0
Stofnkostnaður:	
6.41 Hugbúnaðargerð fyrir skattvinnslukerfi	27,5
Gjöld samtals	**1.082,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-11,2
Gjöld umfram tekjur	**1.071,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	976,3
Innheimt af ríkistekjum	95,0

09-202 Skattstofan í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Skattstofan í Reykjavík	409,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	409,5

09-203 Skattstofa Vesturlands

Almennur rekstur:	
1.01 Skattstofa Vesturlands	82,8
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,3
Gjöld umfram tekjur	**82,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	82,5

		m.kr.
09-204	**Skattstofa Vestfjarða**	
	Almennur rekstur:	
	1.01 Skattstofa Vestfjarða	39,6
	Sértekjur:	
	Sértekjur	-0,4
	Gjöld umfram tekjur	**39,2**
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	39,2
09-205	**Skattstofa Norðurlands vestra**	
	Almennur rekstur:	
	1.01 Skattstofa Norðurlands vestra	42,2
	Sértekjur:	
	Sértekjur	-0,3
	Gjöld umfram tekjur	**41,9**
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	41,9
09-206	**Skattstofa Norðurlands eystra**	
	Almennur rekstur:	
	1.01 Skattstofa Norðurlands eystra	125,8
	Sértekjur:	
	Sértekjur	-0,6
	Gjöld umfram tekjur	**125,2**
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	125,2
09-207	**Skattstofa Austurlands**	
	Almennur rekstur:	
	1.01 Skattstofa Austurlands	56,1

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -0,3

Gjöld umfram tekjur **55,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 55,8

09-208 Skattstofa Suðurlands

Almennur rekstur:
1.01 Skattstofa Suðurlands 65,5

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -0,4

Gjöld umfram tekjur **65,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 65,1

09-209 Skattstofa Vestmannaeyja

Almennur rekstur:
1.01 Skattstofa Vestmannaeyja 26,8

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -0,2

Gjöld umfram tekjur **26,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 26,6

09-211 Skattstofa Reykjaness

Almennur rekstur:
1.01 Skattstofa Reykjaness 275,4

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -3,5

Gjöld umfram tekjur **271,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 271,9

m.kr.

09-212 Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld

Almennur rekstur:	
1.01 Ýmis sameiginleg útgjöld	36,5
1.05 Gæða- og þjónustumál skattstofa	1,0
1.10 Skatteftirlit	4,7
1.30 Þungaskattur	21,4
Almennur rekstur samtals	63,6
Stofnkostnaður:	
6.43 Hugbúnaðargerð fyrir skattkerfið	9,7
Gjöld samtals	**73,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	73,3

09-214 Yfirskattanefnd

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirskattanefnd	113,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	113,6

09-215 Skattrannsóknarstjóri ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Skattrannsóknarstjóri ríkisins	166,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	166,9

09-250 Innheimtukostnaður

Almennur rekstur:	
1.10 Ýmis innheimtukostnaður	615,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-235,7
Gjöld umfram tekjur	**380,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	380,2

m.kr.

09-262 Tollstjórinn í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Tollstjórinn í Reykjavík	1.144,4
1.45 Tollafgreiðslukerfi	177,0
Almennur rekstur samtals	1.321,4
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	30,0
Gjöld samtals	**1.351,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-44,5
Gjöld umfram tekjur	**1.306,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.306,9

09-381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun

Almennur rekstur:	
1.01 Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	3.803,0
1.04 Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga	368,0
1.06 Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands	146,0
1.07 Eftirlaun fyrrum bankastjóra Útvegsbanka Íslands	42,0
1.09 Lífeyrissjóðir sveitarfélaga vegna samrekstrarstofnana	149,0
1.10 Eftirlaun ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara	357,0
1.91 Aðrar lífeyrisskuldbindingar og eftirlaun	137,0
Almennur rekstur samtals	5.002,0
Gjöld samtals	**5.002,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	6.312,0
Viðskiptahreyfingar	-1.310,0

09-391 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða

Almennur rekstur:	
1.11 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða	1.478,0
1.13 Sérstök framlög	100,0
Almennur rekstur samtals	1.578,0
Gjöld samtals	**1.578,0**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	100,0
Innheimt af ríkistekjum	1.478,0

09-402 Fasteignamat ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Fasteignamat ríkisins	638,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-80,0
Gjöld umfram tekjur	**558,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	165,0
Innheimt af ríkistekjum	393,0

09-481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum

Stofnkostnaður:	
6.01 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	190,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	190,0

09-711 Afskriftir skattkrafna

Almennur rekstur:	
1.11 Afskriftir skattkrafna	10.000,0
Fjármögnun:	
Viðskiptahreyfingar	10.000,0

09-721 Fjármagnstekjuskattur

Almennur rekstur:	
1.11 Fjármagnstekjuskattur	2.665,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2.555,0
Viðskiptahreyfingar	110,0

m.kr.

09-811 Barnabætur

Almennur rekstur:
1.11 Barnabætur 8.800,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 8.800,0

09-821 Vaxtabætur

Almennur rekstur:
1.11 Vaxtabætur 5.880,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5.880,0

09-901 Framkvæmdasýsla ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Framkvæmdasýsla ríkisins 130,8

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -128,1

Gjöld umfram tekjur **2,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2,7

09-905 Ríkiskaup

Almennur rekstur:
1.01 Ríkiskaup 1.404,7

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -1.404,7

Gjöld umfram tekjur **0,0**

09-973 Tapaðar kröfur og tjónabætur

Stofnkostnaður:
6.11 Tapaðar kröfur 80,0

	m.kr.
6.15 Tjónabætur	20,0
Stofnkostnaður samtals	100,0
Gjöld samtals	**100,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-90,0
Viðskiptahreyfingar	190,0

09-976 Lánaumsýsla ríkissjóðs

Almennur rekstur:	
1.01 Lánaumsýsla ríkissjóðs	75,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	75,0

09-980 Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól

Almennur rekstur:	
1.01 Rekstur húsnæðis	198,4
1.05 Rekstur tölvukerfis	36,4
Almennur rekstur samtals	234,8
Stofnkostnaður:	
6.21 Húsnæði	58,3
6.41 Tölvubúnaður	13,0
Stofnkostnaður samtals	71,3
Gjöld samtals	**306,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-276,7
Gjöld umfram tekjur	**29,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	29,4

09-981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs

Viðhaldsverkefni:	
5.21 Viðhald stjórnarráðsbygginga	14,5

	m.kr.
5.25 Viðhald fasteigna á svæðum sem verða fyrir aflasamdrætti	333,0
Viðhaldsverkefni samtals	347,5
Stofnkostnaður:	
6.40 Tollhúsið við Tryggvagötu	50,0
Gjöld samtals	**397,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	397,5

09-984 Fasteignir ríkissjóðs

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	78,8
1.11 Rekstur fasteigna	1.088,9
Almennur rekstur samtals	1.167,7
Viðhaldsverkefni:	
5.21 Viðhald fasteigna	1.243,4
Gjöld samtals	**2.411,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2.411,3
Gjöld umfram tekjur	**-0,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-0,2

09-985 Fyrrum varnarsvæði við Keflavíkurflugvöll

Almennur rekstur:	
1.01 Fyrrum varnarsvæði við Keflavíkurflugvöll	290,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	290,6

09-989 Launa- og verðlagsmál

Almennur rekstur:	
1.90 Launa- og verðlagsmál	4.390,0

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-100,0
Gjöld umfram tekjur	**4.290,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4.290,0

09-990 Ríkisstjórnarákvarðanir

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar	200,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	200,0

09-994 Virðisaukaskattur ríkisstofnana af tölvuvinnslu

Almennur rekstur:	
1.01 Virðisaukaskattur ríkisstofnana af tölvuvinnslu	71,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	71,2

09-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:	
1.10 Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið	56,2
1.12 Greiðslur til samtaka höfundarréttarhafa fyrir ljósritun á höfundarréttarvernduðu efni	7,0
1.13 Kjarasamningar	18,5
1.14 Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum	42,8
1.15 Kjararannsóknir	10,9
1.18 Framlög til stjórnmálasamtaka	310,0
1.20 Endurgreiðslur til sveitarfélaga	30,0
1.23 Jafnréttisfulltrúar ráðuneyta	32,0
1.31 Lífeyrissjóður bænda	75,0
1.45 Ýmsar nefndir	30,5
1.49 Rekstur fjárlagakerfis ráðuneyta og Alþingis	5,8
1.60 Dómkröfur	149,0
1.65 Kjararáð	34,0

	m.kr.
1.66 Yfirfasteignamatsnefnd	15,6
1.67 Þjóðlendumál	24,0
1.81 Verðjöfnunargjöld vegna útflutnings	5,0
1.90 Ýmis verkefni	143,5
Almennur rekstur samtals	989,8
Stofnkostnaður:	
6.11 Bifreiðar Stjórnarráðsins	20,0
6.49 Hugbúnaðargerð fyrir fjárlagakerfi ráðuneyta og Alþingis	4,8
6.95 Þróunarmál í upplýsingatækni	49,2
Stofnkostnaður samtals	74,0
Gjöld samtals	**1.063,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-20,8
Gjöld umfram tekjur	**1.043,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.043,0
09 Fjármálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**47.245,6**
Greitt úr ríkissjóði	**36.289,6**
Innheimt af ríkistekjum	**1.966,0**
Viðskiptahreyfingar	**8.990,0**

m.kr.

10 Samgönguráðuneyti

10-101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa	348,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-28,6
Gjöld umfram tekjur	**319,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	319,5

10-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.11 Fastanefndir	9,6
1.12 Vetrarsamgöngur og völuflutningar	1,9
1.23 Slysavarnaskóli sjómanna	59,6
1.34 Flugskóli Íslands	23,6
1.35 Átak í umferðaröryggismálum	50,0
1.42 Gestastofur, söfn og markaðsstarf	9,0
1.52 Samningur um flug milli Íslands og Narssarssuaq á Grænlandi	7,5
1.90 Ýmislegt	49,2
1.98 Ýmis framlög samgönguráðuneytis	83,9
Almennur rekstur samtals	294,3
Gjöld samtals	**294,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,1
Gjöld umfram tekjur	**294,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	294,2

10-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	5,0

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5,0

10-211 Rekstur Vegagerðarinnar

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	529,9
1.02 Innheimtukostnaður vegna markaðra tekna	62,3
1.05 Umdæmi og rekstrardeildir	3.807,2
Almennur rekstur samtals	4.399,4
Gjöld samtals	**4.399,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-3.807,2
Gjöld umfram tekjur	**592,2**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	592,2

10-212 Samgönguverkefni

Almennur rekstur:	
1.07 Þjónusta	3.349,9
1.11 Styrkir til ferja og sérleyfishafa	905,9
1.13 Styrkir til innanlandsflugs	281,4
1.21 Rannsóknir	123,5
Almennur rekstur samtals	4.660,7
Viðhaldsverkefni:	
5.10 Viðhald	3.349,6
Stofnkostnaður:	
6.10 Framkvæmdir	22.537,4
Gjöld samtals	**30.547,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	10.825,8
Innheimt af ríkistekjum	19.721,9

m.kr.

10-251 Umferðarstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Umferðarstofa	675,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-225,9
Gjöld umfram tekjur	**449,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-25,0
Innheimt af ríkistekjum	474,5

10-281 Rannsóknanefnd umferðarslysa

Almennur rekstur:	
1.01 Rannsóknanefnd umferðarslysa	28,8
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,7
Gjöld umfram tekjur	**27,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	27,1

10-335 Siglingastofnun Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	674,7
1.11 Vaktstöð siglinga	267,0
Almennur rekstur samtals	941,7
Stofnkostnaður:	
6.60 Vitabyggingar	24,4
6.80 Sjóvarnargarðar	125,2
Stofnkostnaður samtals	149,6
Gjöld samtals	**1.091,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-175,5
Gjöld umfram tekjur	**915,8**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	780,2
Innheimt af ríkistekjum	135,6

10-336 Hafnarframkvæmdir

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	11,8
Stofnkostnaður:	
6.70 Hafnabótasjóður	1.059,8
6.72 Bakkafjöruhöfn	835,0
6.73 Tollaðstaða á Seyðisfirði	82,3
6.74 Lendingabætur	7,3
6.76 Ferjubryggjur	9,4
6.81 Vestmannaeyjaferja	103,8
Stofnkostnaður samtals	2.097,6
Gjöld samtals	**2.109,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2.097,6
Viðskiptahreyfingar	11,8

10-381 Rannsóknanefnd sjóslysa

Almennur rekstur:	
1.01 Rannsóknanefnd sjóslysa	38,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	38,2

10-471 Flugmálastjórn Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Flugmálastjórn Íslands	407,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,0
Gjöld umfram tekjur	**403,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	183,4
Innheimt af ríkistekjum	220,0

m.kr.

10-475 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta

Almennur rekstur:	
1.01 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta	1.075,4
1.11 Keflavíkurflugvöllur	2.811,0
1.81 Framlag Íslands vegna samnings við Alþjóðaflugmálastofnunina, ICAO	115,4
Almennur rekstur samtals	4.001,8
Viðhaldsverkefni:	
5.41 Viðhald	409,0
Stofnkostnaður:	
6.41 Framkvæmdir	1.972,8
Gjöld samtals	**6.383,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2.935,3
Innheimt af ríkistekjum	3.448,3

10-481 Rannsóknanefnd flugslysa

Almennur rekstur:	
1.01 Rannsóknanefnd flugslysa	42,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	42,1

10-512 Póst- og fjarskiptastofnunin

Almennur rekstur:	
1.01 Póst- og fjarskiptastofnunin	298,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-10,2
Gjöld umfram tekjur	**288,7**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	288,7

m.kr.

10-521 Fjarskiptasjóður

Stofnkostnaður:	
6.41 Fjarskiptasjóður	500,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-60,0
Gjöld umfram tekjur	**440,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	440,0

10-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Almennur rekstur:	
1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, lögbundin framlög	10.476,0
1.11 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, sérstök viðbótarframlög	1.700,0
Almennur rekstur samtals	12.176,0
Gjöld samtals	**12.176,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	12.176,0

10-811 Bjargráðasjóður

Almennur rekstur:	
1.10 Bjargráðasjóður	10,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	10,0

10 Samgönguráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**55.042,4**
Greitt úr ríkissjóði	**30.149,4**
Innheimt af ríkistekjum	**24.881,2**
Viðskiptahreyfingar	**11,8**

m.kr.

11 Iðnaðarráðuneyti

11-101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa 211,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 211,3

11-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra 8,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 8,0

11-205 Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Nýsköpunarmiðstöð Íslands 937,9

Sértekjur:
Sértekjur ..... -555,3

Gjöld umfram tekjur **382,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 382,6

11-240 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja

Almennur rekstur:
1.01 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja 17,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 17,0

11-242 Tækniþróunarsjóður

Almennur rekstur:
1.10 Tækniþróunarsjóður 600,0

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 600,0

11-245 Samtök iðnaðarins

Almennur rekstur:
1.10 Samtök iðnaðarins 259,3

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 259,3

11-251 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi

Almennur rekstur:
1.10 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi 75,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 75,0

11-299 Iðja og iðnaður, framlög

Almennur rekstur:
1.10 Fastanefndir 8,6
1.15 Fjárfestingarstofan 15,9
1.19 Staðlaráð 55,7
1.30 Alþjóðlegt samstarf 21,8
1.48 Átak til atvinnusköpunar 75,0
1.50 Nýsköpun og markaðsmál 25,0
1.98 Nýsköpun og markaðsmál, ýmis framlög iðnaðarráðuneytis 48,7
Almennur rekstur samtals 250,7

Gjöld samtals **250,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 195,0
Innheimt af ríkistekjum 55,7

11-301 Orkustofnun

Almennur rekstur:
1.01 Orkustofnun 906,8

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-326,9
Gjöld umfram tekjur	**579,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	579,9

11-371 Orkusjóður

Almennur rekstur:	
1.01 Rekstur Orkusjóðs	34,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	34,1

11-373 Niðurgreiðslur á húshitun

Almennur rekstur:	
1.11 Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis	1.135,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.135,0

11-375 Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku

Almennur rekstur:	
1.11 Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku	245,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	245,0

11-399 Ýmis orkumál

Almennur rekstur:	
1.12 Jarðhitaleit	50,0
1.13 Hafsbotnsrannsóknir	15,0
1.22 Vistvænir orkugjafar	58,4
1.24 Notendur utan samveitna	47,0
1.98 Ýmis verkefni iðnaðarráðuneytis	27,3
Almennur rekstur samtals	197,7
Gjöld samtals	**197,7**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	197,7

11-401 Byggðaáætlun

Almennur rekstur:	
1.10 Byggðaáætlun	439,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	439,9

11-411 Byggðastofnun

Almennur rekstur:	
1.10 Byggðastofnun	223,0
1.11 Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni	163,3
Almennur rekstur samtals	386,3
Gjöld samtals	**386,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	386,3

11-501 Ferðamálastofa

Almennur rekstur:	
1.01 Ferðamálastofa	90,5
1.05 Landkynningarskrifstofur erlendis	164,7
1.11 Ferðamálasamtök landshluta	45,0
1.15 Samstarfssamningar við Grænland og Færeyjar	14,3
1.21 Fjölsóttir ferðamannastaðir	64,3
Almennur rekstur samtals	378,8
Gjöld samtals	**378,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-13,3
Gjöld umfram tekjur	**365,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	364,7
Innheimt af ríkistekjum	0,8

	m.kr.
11-599 Ýmis ferðamál	
Almennur rekstur:	
1.44 Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu	30,0
1.47 Markaðssetning Íslands í Norður-Ameríku	48,5
1.53 Ferðaþjónusta á svæðum sem verða fyrir aflasamdrætti	80,0
Almennur rekstur samtals	158,5
Gjöld samtals	**158,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	158,5
11 Iðnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**5.345,8**
Greitt úr ríkissjóði	**5.030,0**
Innheimt af ríkistekjum	**315,8**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

12 Viðskiptaráðuneyti

12-101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa	170,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,7
Gjöld umfram tekjur	**170,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	170,2

12-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.10 Neytendasamtökin	8,5
1.15 Fastanefndir	14,3
1.20 Icepro-nefnd	8,0
1.23 Eftirlitsnefnd félags fasteignasala	19,0
1.90 Ýmis viðskipta- og bankamál	37,2
Almennur rekstur samtals	87,0
Gjöld samtals	**87,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	58,0
Innheimt af ríkistekjum	29,0

12-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	3,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3,0

12-402 Fjármálaeftirlitið

Almennur rekstur:	
1.01 Fjármálaeftirlitið	952,2

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-16,5
Gjöld umfram tekjur	**935,7**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	918,6
Viðskiptahreyfingar	17,1

12-411 Samkeppniseftirlitið

Almennur rekstur:	
1.01 Samkeppniseftirlitið	277,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	277,0

12-421 Neytendastofa

Almennur rekstur:	
1.01 Neytendastofa	261,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-10,0
Gjöld umfram tekjur	**251,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	70,9
Innheimt af ríkistekjum	180,2

12-425 Talsmaður neytenda

Almennur rekstur:	
1.01 Talsmaður neytenda	15,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	15,7

12-431 Einkaleyfastofan

Almennur rekstur:	
1.01 Einkaleyfastofan	133,5

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	10,3
Innheimt af ríkistekjum	123,2

12-811 Flutningssjóður olíuvara

Almennur rekstur:	
1.10 Flutningssjóður olíuvara	300,0
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	300,0

12-831 Jöfnun kostnaðar við vöruflutninga

Almennur rekstur:	
1.10 Jöfnun kostnaðar við vöruflutninga	150,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	150,0

12 Viðskiptaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**2.323,2**
Greitt úr ríkissjóði	**755,1**
Innheimt af ríkistekjum	**1.551,0**
Viðskiptahreyfingar	**17,1**

m.kr.

14 Umhverfisráðuneyti

14-101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa	301,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-14,5
Gjöld umfram tekjur	**286,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	286,8

14-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.10 Fastanefndir	9,1
1.12 Samvinnunefnd um miðhálendið	12,0
1.29 Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum	19,7
1.35 Umhverfisvöktun	28,0
1.40 Alþjóðastofnanir	16,4
1.41 Skrifstofa um vernd gróður- og dýraríkis á norðlægum slóðum, CAFF	10,2
1.42 Skrifstofa Norðurskautsráðsins um varnir gegn mengun hafsins, PAME	10,0
1.44 Skógræktarfélag Íslands	31,6
1.54 Rannsóknastöð að Kvískerjum	1,1
1.56 Vernd Breiðafjarðar	8,1
1.61 Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál	34,1
1.90 Ýmis verkefni	26,2
1.98 Ýmis framlög umhverfisráðuneytis	66,5
Almennur rekstur samtals	273,0
Gjöld samtals	**273,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	273,0

m.kr.

14-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra 5,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,0

14-202 Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn

Almennur rekstur:
1.01 Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn 19,0

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -4,2

Gjöld umfram tekjur **14,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 14,8

14-211 Umhverfisstofnun

Almennur rekstur:
1.01 Umhverfisstofnun 675,5
1.11 Endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna veiða á ref og mink 30,6
Almennur rekstur samtals 706,1

Viðhaldsverkefni:
5.41 Þjóðgarðar og friðlýst svæði 64,0

Gjöld samtals **770,1**

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -133,6

Gjöld umfram tekjur **636,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 586,3
Innheimt af ríkistekjum 50,2

m.kr.

14-212 Vatnajökulsþjóðgarður

Almennur rekstur:	
1.01 Vatnajökulsþjóðgarður	119,9
Stofnkostnaður:	
6.41 Framkvæmdir	160,5
Gjöld samtals	**280,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-47,0
Gjöld umfram tekjur	**233,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	233,4

14-231 Landgræðsla ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Landgræðsla ríkisins	514,1
1.90 Fyrirhleðslur	71,4
Almennur rekstur samtals	585,5
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Viðhald fasteigna	8,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	38,4
Gjöld samtals	**631,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-202,0
Gjöld umfram tekjur	**429,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	427,9
Innheimt af ríkistekjum	2,0

14-241 Skógrækt ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Skógrækt ríkisins	400,7

m.kr.

Viðhaldsverkefni:
5.01 Viðhald fasteigna 6,2

Stofnkostnaður:
6.20 Fasteignir 9,1

Gjöld samtals **416,0**

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -153,7

Gjöld umfram tekjur **262,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 257,3
Innheimt af ríkistekjum 5,0

14-243 Hekluskógar

Almennur rekstur:
1.01 Hekluskógar 50,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 50,0

14-281 Styrkir til fráveitna sveitarfélaga

Stofnkostnaður:
6.51 Styrkir til fráveitna sveitarfélaga 200,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 200,0

14-287 Úrvinnslusjóður

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 55,0
1.10 Úrvinnslusjóður 745,0
Almennur rekstur samtals 800,0

Gjöld samtals **800,0**

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -100,0

Gjöld umfram tekjur **700,0**

m.kr.

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 700,0

14-289 Endurvinnslan hf.

Almennur rekstur:
1.10 Endurvinnslan hf., skilagjald og umsýsluþóknun 985,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 985,0

14-301 Skipulagsstofnun

Almennur rekstur:
1.01 Skipulagsstofnun 170,8

Sértekjur:
Sértekjur ..... -12,9

Gjöld umfram tekjur **157,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 157,9

14-303 Skipulagsmál sveitarfélaga

Almennur rekstur:
1.11 Endurgreiðslur skipulagsgjalds til sveitarfélaga sem annast sjálf skipulagsmál sín 110,0
1.13 Endurgreiðslur á hluta kostnaðar sveitarfélaga við skipulagsmál 45,0
Almennur rekstur samtals 155,0

Gjöld samtals **155,0**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 155,0

14-310 Landmælingar Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Landmælingar Íslands 231,7

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -10,7

Gjöld umfram tekjur **221,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 218,0
Innheimt af ríkistekjum 3,0

14-321 Brunamálastofnun ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Brunamálastofnun ríkisins 145,1

Sértekjur:
Sértekjur ..... -21,0

Gjöld umfram tekjur **124,1**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 124,1

14-381 Ofanflóðasjóður

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 7,9

Stofnkostnaður:
6.60 Ofanflóðasjóður 661,0

Gjöld samtals **668,9**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -380,0

Gjöld umfram tekjur **288,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -100,0
Innheimt af ríkistekjum 388,9

14-401 Náttúrufræðistofnun Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Náttúrufræðistofnun Íslands 403,9

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-95,8
Gjöld umfram tekjur	**308,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	308,1

14-403 Náttúrustofur

Almennur rekstur:	
1.10 Náttúrustofa Neskaupstað	17,2
1.11 Náttúrustofa Vestmannaeyjum	17,2
1.12 Náttúrustofa Bolungarvík	17,4
1.13 Náttúrustofa Stykkishólmi	17,2
1.14 Náttúrustofa Sauðárkróki	17,2
1.15 Náttúrustofa Sandgerði	17,2
1.16 Náttúrustofa Húsavík	17,2
Almennur rekstur samtals	120,6
Gjöld samtals	**120,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	120,6

14-407 Stofnun Vilhjálms Stefánssonar

Almennur rekstur:	
1.01 Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	38,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-5,2
Gjöld umfram tekjur	**33,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	33,4

14-410 Veðurstofa Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	757,1

	m.kr.
1.70 Veðurþjónusta fyrir millilandaflug	193,2
Almennur rekstur samtals	950,3
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	20,0
Gjöld samtals	**970,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-375,6
Gjöld umfram tekjur	**594,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	594,7

14-411 Vatnamælingar

Almennur rekstur:	
1.01 Vatnamælingar	446,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-411,2
Gjöld umfram tekjur	**35,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	35,4

14 Umhverfisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**6.115,8**
Greitt úr ríkissjóði	**3.702,6**
Innheimt af ríkistekjum	**2.413,2**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

19-801 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Almennur rekstur:	
1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs	21.764,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	18.055,0
Viðskiptahreyfingar	3.709,0

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs, gjöld umfram tekjur	**21.764,0**
Greitt úr ríkissjóði	**18.055,0**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**3.709,0**

Sundurliðun 2

Sundurliðun óskiptra liða í A-hluta

		Þús. kr.
1.	**Söfn, ýmis framlög (02-919-1.90).**	
1.	Eyrbyggja, sögumiðstöð í Grundarfirði	3.000
2.	Harmonikufélag Vestfjarða, harmonikusafn	300
3.	Hið íslenska reðursafn	800
4.	Iðnaðarsafnið á Akureyri, útisýning og ljósmyndun	2.000
5.	Kaupvangur, þróunar-, mennta- og menningarsetur á Vopnafirði	2.000
6.	Kvennasögusafn Íslands	2.000
7.	Leikminjasafn Íslands	9.000
8.	Listasafn Árnesinga	1.000
9.	Menningarfélagið Hraun, Jónasarsetur	1.500
10.	Minjasafn Egils Ólafssonar að Hnjóti, rekstur	2.500
11.	Minjasafn Egils Ólafssonar að Hnjóti, tölvuskráning	1.000
12.	Minjasafnið í Gröf	1.000
13.	Myndlistarsafn Tryggva Ólafssonar, Neskaupstað	2.000
14.	Safnasafnið, rekstur	2.000
15.	Selasetur Íslands	5.000
16.	Strandmenningarverkefnið NORCE	5.000
	Samtals	**40.100**
2.	**Söfn, ýmis framlög menntamálaráðuneytis (02-919-1.98).**	
1.	Samningur, Byggðasafnið í Görðum vegna Kútters Sigurfara	12.000
2.	Samningur, Hvalamiðstöðin á Húsavík	10.000
3.	Samningur, Víkin – Sjóminjasafnið í Reykjavík	10.000
4.	Samningur, Dalabyggð, Safnahús í Búðardal	10.000
5.	Samningur, Mosfellsbær, fornleifarannsóknir við Hrísbrú	8.000
6.	Samningur, Heklusetur Leirubakka	6.000
7.	Samningur, Galdrasýning á Ströndum	6.000
8.	Styrkur til rannsóknarstofnunar og fræðaseturs, Þjóðtrúarstofu	10.000
9.	Verkefni tengd heimsminjasamningi UNESCO	6.000
10.	Styrkir á grundvelli umsókna til safna sem falla ekki undir verksvið Safnasjóðs	4.900
11.	Óskipt	3.200
	Samtals	**86.100**

3. Söfn, ýmis stofnkostnaður (02-919-6.90).

1.	Bátasafn Breiðafjarðar á Reykhólum	3.000
2.	Búvéla- og búnaðarsögusafnið að Saurbæ í Eyjafjarðarsveit	1.000
3.	Byggðasafnið að Görðum, útisýningarsvæði	2.000
4.	Félag um bátaflota Gríms Karlssonar	1.000
5.	Flug- og sögusetur á Reykjanesi	1.000
6.	Flugsafn Íslands, innréttingar og uppsetning sýningar	5.000
7.	Fræðasetur vegna náttúruhamfara í Mýrdals- og Eyjafjallajökli	2.000
8.	Galdrasýning á Ströndum, Kistan í Trékyllisvík	6.000
9.	Grettisból á Laugarbakka	5.000
10.	Íslenska stríðsárasafnið á Reyðarfirði	1.000
11.	Íþróttasafn Íslands	2.000
12.	Landbúnaðarsafn Íslands	2.000
13.	Listasafn Samúels í Selárdal, bygging aðstöðuhúss	2.000
14.	Melrakkasetur Íslands	3.000
15.	Menningarfélagið Hraun, Jónasarsetur	3.000
16.	Minjasafn Egils Ólafssonar að Hnjóti, frágangur lóðar	1.000
17.	Náttúrugripasafnið í Neskaupstað	1.000
18.	Safn Leifs Eiríkssonar í Dalabyggð	3.000
19.	Safn Ríkarðs Jónssonar á Djúpavogi	8.000
20.	Safnasafnið, byggingarframkvæmdir	8.000
21.	Safnhús í Neðstakaupstað á Ísafirði	5.000
22.	Sagnamiðstöð Íslands	1.000
23.	Saltfisksetur Íslands	5.000
24.	Samgönguminjasafnið í Stóragerði	5.000
25.	Samgönguminjasafnið í Ystafelli	3.000
26.	Samgöngusafnið í Skógum, geymsluhús	4.000
27.	Sauðfjársetur á Ströndum, endurbætur og kaup á húsnæði	3.000
28.	Setur Jóns Múla og Jónasar Árnasona	3.000
29.	Síldarminjasafnið á Siglufirði, viðgerð á skipum	5.000
30.	Sjávarsafn í Ólafsvík	1.000
31.	Sjóminja- og smiðjumunasafn Jósafats Hinrikssonar	1.000
32.	Sjóminjasafnið á Hellissandi	6.000
33.	Sjóminjasafnið Ósvör	6.000
34.	Skrímslasetur á Bíldudal	4.000
35.	Steinaríki Íslands	1.000
36.	Sögusafnið í Perlunni	2.000
37.	Sögusetrið á Hvolsvelli	3.000
38.	Tækniminjasafn Austurlands, munageymsla	3.000

39.	Tækniminjasafn Austurlands, uppbygging	5.000
40.	Tæknisafn Íslands	1.000
41.	Vatnasafn í Stykkishólmi	3.000
42.	Veiðisafnið á Stokkseyri	2.000
43.	Víkin, sjóminjasafnið í Reykjavík	1.000
	Samtals	**133.000**

4. Listir (02-982-1.90).

1.	Berjadagar, tónlistarhátíð á Tröllaskaga	1.000
2.	Ferðaleikhúsið	1.200
3.	Kammertónleikar á Kirkjubæjarklaustri	500
4.	Karlakór Reykjavíkur, tónleikaferð til Færeyja	1.000
5.	Kómedíuleikhúsið	1.500
6.	Leikfélag Reykjavíkur	20.000
7.	Listaskóli Rögnvaldar Ólafssonar, listdanskennsla	2.500
8.	Listvinafélag Vestmannaeyja	500
9.	Lókal, alþjóðleg leiklistarhátíð	2.000
10.	Menningarhátíðin Regnboginn í Mýrdalshreppi	300
11.	Menningarmiðstöð Hornafjarðar – skráning verka Svavars Guðnasonar	800
12.	Músík í Mývatnssveit	1.000
13.	Reykholtshátíð, tónlistarhátíð	3.000
14.	Samband íslenskra myndlistarmanna	6.000
15.	Skjaldborg '08, hátíð íslenskra heimildarmynda á Patreksfirði	1.000
16.	Sumartónleikar í Skálholtskirkju	3.000
17.	Tónlistarfélag Ísafjarðar	1.000
18.	Tónlistarhúsið Laugarborg í Eyjafirði	1.500
19.	Þjóðlagahátíðin á Siglufirði	1.000
	Samtals	**48.800**

5. Styrkir til útgáfumála (02-983-1.11).

1.	Alfræði íslenskra bókmennta og bókmenntafræða	2.500
2.	Bókaútgáfan Hólar, vísnaverkefni	5.000
3.	Byggðasaga Skagafjarðar	3.000
4.	Eldflugan, verkefnið Blábyrgi	500
5.	Eyrbyggjar, útgáfa á sögulegum fróðleik	600
6.	Flateyri 1995, heimildarit	2.000
7.	Færeysk orðabók	8.000

8.	Héraðssambandið Skarphéðinn, ritun og útgáfa 100 ára sögu sambandsins	500
9.	IBBY á Íslandi	1.000
10.	Kennslubók í nótnalestri	1.500
11.	Kennsluefni um Vestur-Norðurlönd: Ísland, Grænland og Færeyjar	1.000
12.	ORG ættfræðiþjónusta	2.000
13.	Reykholtsverkefnið	2.000
14.	Rit um fornleifarannsókn á miðaldakaupstaðnum á Gásum 2001–2006	4.500
15.	Saga forlag, Íslendingasögur á dönsku, norsku og sænsku	12.000
16.	Sigrún Helgadóttir, bók um þjóðgarðinn í Jökulsárgljúfrum	2.000
17.	Snorrasambandið, ævisaga Snorra Sturlusonar	1.500
18.	Strandir, byggðasaga	1.500
19.	Sverrir Gíslason, ljósmyndabækur	500
20.	Sögufélag Barðstrendinga, Sögufélag Ísfirðinga og Búnaðarsamband Vestfjarða, rit um Vestur-Barðastrandarsýslu	2.000
	Samtals	**53.600**

6. Norræn samvinna (02-984-1.90).

1.	Norrræna félagið á Íslandi	9.000
	Samtals	**9.000**

7. Æskulýðsmál (02-988-1.90).

1.	AFS á Íslandi	2.000
2.	Brasilíuverkefnið	500
3.	Hvítasunnukirkjan á Íslandi, uppbygging í Kirkjulækjarkoti	2.000
4.	Kiðagil, skólabúðir	4.000
5.	Krossinn, unglingastarf	2.000
6.	Landssamband æskulýðsfélaga	5.000
7.	Skólabúðir í Reykjaskóla	2.000
8.	Snorraverkefnið	3.500
9.	Æskulýðssamband Þjóðkirkjunnar	1.200
	Samtals	**22.200**

8. Ýmis íþróttamál (02-989-1.90).

1.	Ferðasjóður vegna íþróttastarfs barna og unglinga á sambandssvæði Héraðssambands Þingeyinga	1.000
2.	Félag áhugafólks um íþróttir aldraða	500

3.	Sumarbúðirnar Ástjörn, skrifstofuhúsnæði	4.000
4.	Svifflugfélag Akureyrar, kaup á nýrri kennslusvifflugu	1.500
	Samtals	**7.000**

9. Ýmis framlög (02-999-1.90).

1.	Akureyrarakademían	2.500
2.	AUS – Alþjóðleg ungmennaskipti, fjölmenningarnám	1.500
3.	Bókasafn Dagsbrúnar, skráning á eldri bókum, blöðum og tímaritum	2.800
4.	Dansk-íslenska félagið, menningarmál	1.000
5.	Eyfirskir fornbílar á Akureyri	1.000
6.	Fornleifastofnun Íslands	3.000
7.	Gríman – íslensku leiklistarverðlaunin	2.000
8.	Handverk og hönnun ses.	15.000
9.	Heiðar Marteinsson, kvikmyndasafn	1.000
10.	Heimili og skóli	4.000
11.	Holt í Önundarfirði – friðarsetur, viðgerð á húsnæði	1.000
12.	Hús og fólk, Flateyri	2.000
13.	Hvítasunnukirkjan í Reykjavík, félags- og forvarnastarf	2.000
14.	KALAK, vinafélag Íslands og Grænlands, sund- og skákkennsla grænlenskra barna	1.500
15.	Kirkjubæjarstofa	5.000
16.	Klúbbur matreiðslumeistara	3.000
17.	Kvenfélagasamband Íslands, rekstur	5.500
18.	Kvenréttindafélag Íslands	3.400
19.	Leiðbeiningarstöð heimilanna	3.500
20.	Mataræði og mannlíf í Reykjavík í 100 ár	2.000
21.	Mats Wibe Lund sf., heimildamyndasafn	2.000
22.	Miðstöð munnlegrar sögu	2.000
23.	Músík og saga, munnleg geymd	3.000
24.	Norræna upplýsingaskrifstofan á Akureyri	1.500
25.	ÓB-ráðgjöf, verkefnið „hugsað um barn“	5.000
26.	Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum, gagnabankinn Kvennaslóðir	2.000
27.	Rannsóknir og greining, félagsvísindarannsóknir	4.000
28.	Rannsóknir og greining, rannsókn meðal foreldra barna í 9. bekk	2.400
29.	Rekstrarfélag Sarps sf.	5.000
30.	Spes – alþjóðleg barnahjálp, barnaþorp í Tógó	2.000
31.	Starfsendurhæfing Austurlands	2.000
32.	Starfsendurhæfing Skagafjarðar	2.000

33.	Sturlustofa í Dölum	800
34.	Surtseyjarfélagið	500
35.	Sögufélag	3.000
36.	Torfusamtökin	3.500
37.	Tölvumiðstöð fatlaðra, tölvur og námskeið	700
38.	Útgáfa bókar um íslenska faldbúninginn	4.000
39.	Vefsetrið Stærðfræðin hrífur og KappAbel stærðfræðikeppnin	1.200
40.	Vestfirðir á miðöldum	5.000
41.	Víkingahátíðin í Hafnarfirði	1.000
42.	Zontaklúbbur Akureyrar, Nonnahús	1.800
43.	Þingeyskur sögugrunnur	1.000
44.	Þjóðlagasetur sr. Bjarna Þorsteinssonar, rekstur	1.000
45.	Þórbergssetur á Hala í Suðursveit, rekstrarstyrkur	8.000
46.	Önfirðingafélagið í Reykjavík, Sólbakkamenning	1.500
	Samtals	**128.600**

10. Ýmis framlög menntamálaráðuneytis (02-999-1.98).

1.	Átaksverkefni vegna lesblindu í skólum landsins	10.000
2.	Samningur við Íþróttaakademíuna á Reykjanesi	12.000
3.	Samningur til styrktar uppbyggingu Þórbergsseturs	7.500
4.	Framlag til Gaulverjaskóla vegna tilraunaverkefnis um meðferðarstarfsemi	8.700
5.	Alþjóðasamningar er varða menningarmál, aðildargjöld og stjórnvaldskostnaður	16.500
6.	Ýmis menningarverkefni í upplýsingatækni	15.000
7.	Framlag til undirbúnings ráðherrafundar Evrópuráðsins um fjölmiðla árið 2009	5.000
8.	Framlag vegna Dags íslenskrar tungu	2.000
9.	Ýmsir samningar og styrkir varðandi menningarmál	78.300
	Samtals	**155.000**

11. Ýmislegt, ýmis stofnkostnaðarframlög (02-999-6.90).

1.	Áttæringurinn Vigur-Breiður, viðgerð	1.000
2.	Baðklefar við útisundlaug við Hagavaðal á Barðaströnd	1.000
3.	Báturinn Jóhanna, endursmíði og varðveisla	1.000
4.	Björgunarskútan María Júlía, endursmíði og varðveisla	1.000
5.	Byggðasafnið að Görðum, viðhald á bátasafni	1.000
6.	Bygging landnámsbæjar í Herjólfsdal	5.000
7.	Eikarbáturinn Húni II, viðhald	5.000

8.	Eikarbáturinn Sædís, endurmíði og varðveisla	1.000
9.	Eikarskipið Guðbjörg ÍS, endursmíð	1.000
10.	Fjölnota menningarhús í Grímsey	5.000
11.	Fuglasafn Sigurgeirs í Mývatnssveit	4.000
12.	Garðarshólmi, upplifunar- og þekkingarmiðstöð	5.000
13.	Gásir í Eyjafirði, lifandi miðaldakaupstaður	10.000
14.	Gömul trébryggja á Hjalteyri við Eyjafjörð, endurbygging	3.000
15.	Hafnarfjarðarbær, endurbygging Reykdalsvirkjunar	3.000
16.	Hálendismiðstöð á Hveravöllum	4.000
17.	Hátæknisetur Íslands	5.000
18.	Heimskautsgerði á Raufarhöfn	20.000
19.	Hreindýrasetur í Skjöldólfsstaðaskóla á Jökuldal	1.000
20.	Hvolpafossvirkjun í Gunnólfsá á Kleifum í Ólafsfirði, endurbygging	5.000
21.	Íslenski bærinn, kennslu- og fræðamiðstöð	2.000
22.	Íþróttahús Íþróttafélags fatlaðra, viðbygging	20.000
23.	Íþróttamiðstöðin á Hóli, Siglufirði	2.000
24.	Jarðfræðisetur Walkers á Breiðdalsvík	10.000
25.	Jarðskjálftasetur á Kópaskeri	6.000
26.	Kirkjumiðstöðin við Vestmannsvatn, viðhald	1.000
27.	Kjarvalsstofa, undirbúningur að byggingu þjónustuhúss	3.000
28.	Landnámssetur Íslands	10.000
29.	Landsmót UMFÍ á Akureyri 2009	15.000
30.	Landsmót UMFÍ í Kópavogi 2007	15.000
31.	Landssamband íslenskra akstursfélaga, rafrænt myndasafn	2.000
32.	Látrabjarg, fræðslu- og þjónustusetur	2.000
33.	Lista- og menningarverstöðin á Stokkseyri, brunavarnir	2.000
34.	Mannvirkjasjóður Knattspyrnusambands Íslands	15.000
35.	Menningarsetur að Útskálum	3.000
36.	Minjareitur á Kálfatjörn	400
37.	Mótorbáturinn Lóa, endurbygging	1.000
38.	Niðurrif frystihúss í Flatey	10.000
39.	Orgel Landakotskirkju, viðhald	200
40.	Selasetur Íslands, aukið rannsóknastarf	10.000
41.	Selaskoðunarstaður á Illugastöðum á Vatnsnesi	5.000
42.	Sigurgeir ljósmyndari ehf, flokkun og skráning ljósmyndasafns	4.000
43.	Sjóræningjahúsið á Patreksfirði	5.000
44.	Skaftfell, miðstöð myndlistar á Austurlandi, breytingar á húsnæði	500
45.	Skíðasvæði í Tindastól, uppbygging	5.000
46.	Skíðasvæðið á Dalvík, snjóframleiðsla	3.000

47.	Skíðasvæðið í Stafdal, uppbygging	5.000
48.	Skólabúðir á Tálknafirði	3.000
49.	Spákonuhof á Skagaströnd	5.000
50.	Svartárkot, menning – náttúra	10.000
51.	Sýning um ævi og ferðir Önnu frá Moldnúpi	1.000
52.	Textílsetur Íslands, fjöltækniskóli og gagnagrunnur	2.000
53.	Textílsetur Íslands, norrænt textílþing og sýning	2.000
54.	Trébáturinn Fengsæll ÍS 83	1.000
55.	Tyrkjaránssetur í Vestmannaeyjum	3.000
56.	Töfragarðurinn á Stokkseyri	2.000
57.	Unglingalandsmót UMFÍ í Grundarfirði 2009, uppbygging íþróttamannvirkja	15.000
58.	Unglingalandsmót UMFÍ í Þorlákshöfn 2008	15.000
59.	Ungmenna- og tómstundabúðir að Laugum í Sælingsdal	10.000
60.	Vestmannaeyjabær, „handritin heim“	5.000
61.	Vestnorræna menningarhúsið í Hafnarfirði	1.000
62.	Vesturfaramiðstöð Austurlands	1.000
63.	Vélbáturinn Blátindur VE 21, endurbygging	2.000
64.	Vélbáturinn Tóti, endursmíði og varðveisla	1.000
65.	Vélbáturinn Ölver frá Bolungarvík, endurbygging	1.000
66.	Þjóðfræðimiðstöð á Stokkseyri	3.000
67.	Þjóðlagasetur sr. Bjarna Þorsteinssonar, húsnæði og sýning	6.000
	Samtals	**328.100**

12. Ýmis verkefni (04-190-1.90).

1.	Austurlamb ehf., söluverkefni	1.000
2.	Ár kartöflunnar 2008	1.500
3.	Búnaðarsaga Íslands	1.500
4.	Eyðing kerfils og vörn gegn útbreiðslu hans, tilraunaverkefni í Eyjafjarðarsveit	2.000
5.	Fiskrannsóknir í Sandgerði	1.000
6.	Grásleppurannsóknir í Húnaflóa og Skagafirði	1.000
7.	Gróður fyrir fólk í Fjarðabyggð	3.000
8.	Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs	5.000
9.	Göngubrú yfir Selá í Vopnafirði	1.500
10.	Jöklarannsóknir í Austur-Skaftafellssýslu	3.000
11.	Landssamtök skógareigenda	6.000
12.	Landvernd	5.700
13.	Laxfiskar, atferlisvistfræði laxa í sjó	2.300

14.	Rannsóknir á glerál	1.500
15.	Rannsóknir á grunnsævi við Ísland	1.500
16.	Rannsóknir á ósalúru og nýtingarmöguleikum hennar	3.000
17.	Saga hvalveiða við Ísland	500
18.	Skelrækt, félagasamtök	2.000
19.	Skrúður í Dýrafirði, bætt aðkoma og aðgengi	5.000
20.	Sorpstöð Suðurlands, kaup á færanlegum brennslugámi	1.000
21.	Sögusetur íslenska hestsins	6.000
22.	Tún – vottunarstofa	5.000
23.	Æðarræktarfélag Íslands	500
	Samtals	**60.500**

13. Ýmis framlög sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis (04-190-1.98).

1.	Kynbætur í fiskeldi	10.300
2.	Rannsóknarstarfsemi í landbúnaði	10.300
3.	Tilraunastöðin Stóra-Ármóti	2.000
4.	Rannsóknir á ræktunarsvæði kræklings og veiðisvæði kúfisks	3.000
5.	Til að gæta íslenskra hagsmuna á alþjóðavettvangi, m.a. vegna milliríkjasamninga	6.200
6.	Hafréttarstofnun	4.000
7.	Vör, sjávarrannsóknasetur í Ólafsvík	25.000
8.	Gagnaveita um haf og sjávarútveg	5.000
9.	Rannsóknir vegna eldis sjávardýra á Patreksfirði	20.000
10.	Sjávarlíftæknisetur á Skagaströnd	20.000
11.	Samvinnuverkefni Versins á Sauðárkróki, Matís ohf. og Háskólans á Hólum	20.000
12.	Óskipt	1.400
	Samtals	**127.200**

14. Ýmis framlög (07-999-1.90).

1.	ADHD-samtökin	2.500
2.	Aflið, systursamtök Stígamóta á Norðurlandi	2.000
3.	Alþjóðahúsið	4.100
4.	Barnaheill	3.500
5.	Blátt áfram, forvarnaverkefni	3.500
6.	Blindrafélagið	10.000
7.	Daufblindrafélag Íslands	1.200
8.	Ekron, starfsþjálfun	4.000
9.	Ellimálanefnd Þjóðkirkjunnar, sumarorlof eldri borgara	1.000

10.	Félag ábyrgra feðra	1.500
11.	Félag áhugafólks um Downs-heilkenni	500
12.	Félag einstæðra foreldra	2.000
13.	Félag heyrnarlausra	3.000
14.	Hjálparstarf kirkjunnar	2.000
15.	Hlutverk – Samtök um vinnu og verkþjálfun	600
16.	Höndin, mannúð og mannrækt	2.000
17.	Kvennaráðgjöfin	800
18.	Landsbyggðin lifi	1.000
19.	Landssamband eldri borgara	5.000
20.	Landssamtökin Þroskahjálp, fræðsla fyrir fatlaða og aðstandendur	800
21.	Landssamtökin Þroskahjálp, rekstur	9.000
22.	Múlalundur, vinnustofa öryrkja	2.000
23.	Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur	5.000
24.	Saman-hópurinn, „Veistu hvað barnið þitt hefst að?“	1.000
25.	Samhygð, samtök um sorg og sorgarviðbrögð	200
26.	Samtök áhugafólks um spilafíkn	800
27.	Samtökin 78	1.500
28.	Sjálfsbjörg	4.500
29.	Sjónarhóll – ráðgjafarmiðstöð	1.500
30.	Systkinasmiðjan	600
31.	Umsjónarfélag einhverfra	1.500
32.	Vernd – fangahjálp	2.000
33.	Vímulaus æska	7.500
	Samtals	**88.100**

15. Ýmis framlög félags- og tryggingamálaráðuneytis (07-999-1.98).

1.	Nýjungar í meðferðarstarfi fyrir börn og unglinga	10.000
2.	Rannsóknarsetur í vinnu- og jafnréttismálum	6.000
3.	Sjónarhóll	15.500
4.	Verkefnið Karlar til ábyrgðar	6.500
5.	Samtökin 78	1.500
6.	Styrkir til verðandi kjörforeldra ættleiddra barna erlendis frá	20.000
7.	Óráðstafað	10.700
	Samtals	**70.200**

16. Ýmis framlög (08-399-1.90).

1.	AE-starfsendurhæfing, hlutverkasetur	4.000
2.	Alnæmissamtökin á Íslandi	1.700

3.	Astma- og ofnæmisfélagið	1.000
4.	Beinvernd	700
5.	Bergmál, líknar- og vinafélag	700
6.	Blóðgjafafélag Íslands	800
7.	Endurhæfingarklúbbur fyrir öryrkja á Akranesi	1.500
8.	Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, ímyndarverkefni	1.500
9.	Fræðslusamtök um kynlíf og barneignir	1.200
10.	Gigtarfélag Íslands	2.500
11.	Heilaheill	1.200
12.	Heilsubærinn Bolungarvík	1.000
13.	Hjartaheill, blóðfitumælingar	1.200
14.	Hjartaheill, útgáfustarfsemi	1.500
15.	Húsnæðisfélag SEM	2.000
16.	LAUF, Landssamtök áhugafólks um flogaveiki	1.200
17.	Ljósið, endurhæfingar- og stuðnings miðstöð fyrir krabbameinsgreinda og aðstandendur	3.000
18.	MS-félag Íslands, íbúð fyrir sjúklinga utan af landi	1.000
19.	Mænuskaðastofnun Íslands	10.000
20.	Parkinssonsamtökin á Íslandi, afmælisráðstefna	300
21.	Parkinssonsamtökin á Íslandi, jafningjastuðningur	400
22.	Parkinssonsamtökin á Íslandi, rekstur skrifstofu	800
23.	PKU-félagið á Íslandi	1.000
24.	Samtök kvenna með endómetríósu	800
25.	Samtök lungnasjúklinga	1.000
26.	Samtök psoriasis- og exemsjúklinga	2.500
27.	Samtök sykursjúkra	1.400
28.	Samtökin Lífsvog	500
29.	SÍBS, fræðslumynd	1.500
30.	Skjöldur, skóli fyrir geðfötluð börn	15.000
31.	Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna	2.000
32.	Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra, sumardvöl í Reykjadal	5.000
33.	Sverir samherjar, þverfagleg meðferð við offitu barna	2.000
34.	Tourette-samtökin, þýðingar- og fræðsluverkefni	600
35.	Vífill, félag einstaklinga með svefnháðar öndunartruflanir / kæfisvefn	500
	Samtals	**73.000**

17. Ýmis framlög heilbrigðisráðuneytis (08-399-1.98).

1.	Gæðastyrkir heilbrigðis-og tryggingamálaráðuneytis	2.500
2.	Athvarf fyrir geðsjúka á Akureyri	2.000

3.	Missoc-þátttökugjald	2.500
4.	Þátttaka í alþjóðlegu starfi	2.500
5.	Samkomulag um kaup og þjálfun fimm blindrahunda	5.000
6.	Óskipt	6.900
	Samtals	**21.400**

18. Gestastofur, söfn og markaðsstarf (10-190-1.42).

1.	Ferðaþjónustan Grunnavík, endurbygging gamallar bryggju	2.000
2.	Ferðaþjónustan Grunnavík, menningartengd ferðaþjónusta	2.000
3.	Hákarlasýning og gestastofa í Bjarnarhöfn	2.000
4.	Minja- og handverkshúsið Kört	3.000
	Samtals	**9.000**

19. Ýmislegt (10-190-1.90).

1.	Á slóð Vatnsdælasögu	3.000
2.	Dimmuborgarstofa	5.000
3.	Drangeyjarfélagið, hafnargerð	1.500
4.	Ferðafélag Íslands, skálar norðan og austan Vatnajökuls	10.000
5.	Félag um Snjáfjallasetur	3.000
6.	Grettislaug á Reykjaströnd í Skagafirði	1.700
7.	Hlein í Reykjarfirði, dýpkun	1.000
8.	Hveravallafélagið, mannahald á Hveravöllum á veturna	2.000
9.	Markaðsskrifstofa ferðamála á Norðurlandi	5.000
10.	Markaðsstofa Austurlands, markaðsátak í ferðamálum	3.000
11.	Reykhólahreppur, samgöngustyrkur út í Skáleyjar og Flatey á Breiðafirði	1.500
12.	Samtök um sögutengda ferðaþjónustu	2.000
13.	Slysavarnafélagið Landsbjörg, minjasafn	1.000
14.	Söguslóðir Hrafnkelssögu	1.000
15.	Upplýsingamiðstöðin á Kirkjubæjarklaustri	2.700
16.	Vestmannaeyjabær, ferðamál	300
17.	Víkingar á Vestfjörðum, menningartengd ferðaþjónusta	5.000
18.	Örnefnafélagið Snókur, Siglufirði	500
	Samtals	**49.200**

20. Ýmis framlög samgönguráðuneytis (10-190-1.98).

1.	Til markaðsstarfs og gestastofa	7.400
2.	Menningartengd ferðaþjónusta	10.000

3.	Samstarf ríkis og sveitarfélaga um menningarmál	58.000
4.	Óskipt	8.500
	Samtals	**83.900**

21. Lendingabætur (10-336-6.74).

1.	Búðir og Hellnar, Snæfellsbæ	200
2.	Flatey, Breiðafirði, flotbryggja	2.100
3.	Króksfjarðarnes, endurbætur bryggju	1.500
4.	Bryggjan Reykjanesi, Súðavíkurhreppi, öryggisljós	500
5.	Selsvör við Bæ í Steingrímsfirði	1.000
6.	Við athafnasvæði Rifóss í Kelduhverfi	1.000
7.	Skálanes, Seyðisfirði	1.000
	Samtals	**7.300**

22. Nýsköpun og markaðsmál (11-299-1.50).

1.	Árneshreppur, átak til atvinnusköpunar	3.000
2.	Basalttrefjaframleiðsla á Sauðárkróki	6.000
3.	Fjallabyggð er frumkvöðull	4.500
4.	Rannsókn á vatni í Héðinsfjarðargöngum	1.500
5.	Rannsóknastofa í hagnýtri örverufræði	7.500
6.	Sprotaþing Íslands, stuðningur við nýsköpunarfyrirtæki	2.500
	Samtals	**25.000**

23. Nýsköpun og markaðsmál, ýmis framlög iðnaðarráðuneytis (11-299-1.98).

1.	Íslandskynning í Brussel	7.000
2.	Verkefni á sviði atvinnuþróunarmála	13.500
3.	Verkefni á sviði nýsköpunarmála	23.000
4.	Kynningarmál	2.200
5.	Jafnréttismál	3.000
	Samtals	**48.700**

24. Ýmis verkefni iðnaðarráðuneytis (11-399-1.98).

1.	Úrskurðar- og samráðsnefnd um framkvæmd raforkulaga	3.500
2.	Kynningar- og útgáfukostnaður	1.000
3.	Loftslagsmál	3.000
4.	Hitaveitulög	2.000
5.	Aðkeypt sérfræðiþjónusta	3.000
6.	Olíumál	5.800

7.	Erlendir orkusamningar	7.000
8.	Norræn verkefni	2.000
	Samtals	**27.300**

25. Ýmis verkefni (14-190-1.90).

1.	Arnarsetur Íslands	1.500
2.	Félag umhverfisfræðinga á Íslandi	1.000
3.	Fuglaathugunarstöð Suðausturlands	3.000
4.	Hreinlætisaðstaða á hálendi Skaftárhrepps	3.000
5.	Náttúran er ehf, vefur með umhverfisvitund	1.500
6.	Náttúrufræðistofa Kópavogs	5.000
7.	Skotveiðifélag Íslands, eyðing minks og refs og gæsarannsóknir	2.000
8.	Svifryksmælir á Akureyri	8.000
9.	Umhvefissamtökin Blái herinn	1.200
	Samtals	**26.200**

26. Ýmis framlög umhverfisráðuneytis (14-190-1.98).

1.	Skráningar- og viðskiptakerfi yfir útstreymisheimildir	15.000
2.	Frjáls félagasamtök	10.000
3.	Prófessorsstaða við líffræðiskor Háskóla Íslands	9.000
4.	Staðardagskrá 21	5.000
5.	Umhverfisfræðsluráð	1.500
6.	Byggingastaðlar	700
7.	Samstarf við Kína á sviði umhverfismála og jarðskjálftavöktunar	4.000
8.	Vistvæn innkaup	3.000
9.	Ýmis umhverfisverkefni	6.800
10.	Óskipt	11.500
	Samtals	**66.500**

27. Fyrirhleðslur (14-231-1.90).

1.	Vesturland og Vestfirðir	6.000
2.	Norðurland	15.000
3.	Austurland	7.000
4.	Suðurland	29.000
5.	Jökulsá á Fjöllum	6.000
6.	Hornafjarðarfljót	6.000
7.	Heildarúttekt	2.400
	Samtals	**71.400**

m.kr.

Sundurliðun 3

Fjármál ríkisfyrirtækja í B-hluta

22 Menntamálaráðuneyti, B-hluti

22-201 Happdrætti Háskóla Íslands

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	4.300,0
Rekstrargjöld	3.400,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	80,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**980,0**
Hagnaður (-tap)	**980,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	980,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	40,0
Handbært fé frá rekstri	**1.020,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	20,0
Áhættufjármunir	350,0
Sala varanlegra rekstrarfjármuna	2,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-368,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	7,0
Greitt til Háskóla Íslands	215,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-222,0**
Breyting á handbæru fé	**430,0**
Handbært fé í ársbyrjun	333,0
Handbært fé í árslok	763,0

m.kr.

23 Utanríkisráðuneyti, B-hluti

23-111 Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	61,5
Rekstrargjöld	2.724,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-40,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**-2.702,5**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	2.811,0
Hagnaður (-tap)	**108,5**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	108,5
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	136,5
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	5,0
Handbært fé frá rekstri	**250,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	290,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-290,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	24,5
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-24,5**
Breyting á handbæru fé	**-64,5**
Handbært fé í ársbyrjun	202,6
Handbært fé í árslok	138,1

m.kr.

29 Fjármálaráðuneyti, B-hluti

29-101 Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	18.464,2
Rekstrargjöld	18.332,7
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	27,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**158,5**
Hagnaður (-tap)	**158,5**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	158,5
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	105,0
Handbært fé frá rekstri	**263,5**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	160,0
Áhættufjármunir	-1,5
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-158,5**
Fjármögnunarhreyfingar	
Arðgreiðsla í ríkissjóð	182,5
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-182,5**
Breyting á handbæru fé	**-77,5**
Handbært fé í ársbyrjun	963,0
Handbært fé í árslok	885,5

m.kr.

31 Iðnaðarráðuneyti, B-hluti

31-301 Íslenskar orkurannsóknir

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	800,0
Rekstrargjöld	770,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**30,0**
Hagnaður (-tap)	**30,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	30,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	45,0
Handbært fé frá rekstri	**75,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	40,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-40,0**
Breyting á handbæru fé	**35,0**
Handbært fé í ársbyrjun	16,6
Handbært fé í árslok	51,6

m.kr.

Sundurliðun 4

Fjármál lánastofnana í C-hluta

42 Menntamálaráðuneyti, C-hluti

42-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	4.648,7
Fjármagnsgjöld	4.260,5
Framlög í afskriftasjóð útlána	1.201,3
Hreinar fjármunatekjur	**-813,1**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	5.988,0
Aðrar rekstrartekjur	20,0
Önnur rekstrargjöld	438,0
Hagnaður (-tap)	**4.756,9**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	4.756,9
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-1.118,0
Handbært fé frá rekstri	**3.638,9**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	10.921,5
Afborganir af veittum löngum lánum	4.842,7
Varanlegir rekstrarfjármunir	74,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-6.152,8**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	8.000,0
Afborganir af teknum löngum lánum	5.297,8
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**2.702,2**
Breyting á handbæru fé	**188,3**
Handbært fé í ársbyrjun	321,0
Handbært fé í árslok	509,3

m.kr.

47 Félagsmálaráðuneyti, C-hluti

47-201 Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	14.021,0
Fjármagnsgjöld	12.854,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	261,0
Hreinar fjármunatekjur	**906,0**
Aðrar rekstrartekjur	60,0
Önnur rekstrargjöld	62,0
Hagnaður (-tap)	**904,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	904,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	2.945,0
Handbært fé frá rekstri	**3.849,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Afborganir af veittum löngum lánum	15.453,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	7,0
Sala áhættufjármuna	1.351,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**16.797,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	6.449,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-6.449,0**
Breyting á handbæru fé	**14.197,0**
Handbært fé í ársbyrjun	6.405,0
Handbært fé í árslok	20.602,0

m.kr.

47-205 Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	4.845,0
Fjármagnsgjöld	5.533,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	158,0
Hreinar fjármunatekjur	**-846,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	300,0
Aðrar rekstrartekjur	144,0
Önnur rekstrargjöld	149,0
Hagnaður (-tap)	**-551,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-551,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	307,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-101,0
Handbært fé frá rekstri	**-345,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	19.008,0
Afborganir af veittum löngum lánum	1.834,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	4,0
Sala áhættufjármuna	43,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-17.135,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	23.516,0
Afborganir af teknum löngum lánum	3.289,0
Afföll við sölu íbúðabréfa	3.159,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**17.068,0**
Breyting á handbæru fé	**-412,0**
Handbært fé í ársbyrjun	639,0
Handbært fé í árslok	227,0

m.kr.

47-211 Íbúðalánasjóður, viðbótarlán

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	1.011,0
Fjármagnsgjöld	912,0
Hreinar fjármunatekjur	**99,0**
Aðrar rekstrartekjur	4,0
Önnur rekstrargjöld	4,0
Hagnaður (-tap)	**99,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	99,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	45,0
Handbært fé frá rekstri	**144,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Afborganir af veittum löngum lánum	892,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	1,0
Sala áhættufjármuna	71,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**962,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	510,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-510,0**
Breyting á handbæru fé	**596,0**
Handbært fé í ársbyrjun	999,0
Handbært fé í árslok	1.595,0

m.kr.

47-215 Íbúðalánasjóður, byggingarsjóðir ríkisins og verkamanna

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	4.701,0
Fjármagnsgjöld	5.686,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	126,0
Hreinar fjármunatekjur	**-1.111,0**
Aðrar rekstrartekjur	29,0
Önnur rekstrargjöld	30,0
Hagnaður (-tap)	**-1.112,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-1.112,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	286,0
Handbært fé frá rekstri	**-826,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Afborganir af veittum löngum lánum	6.273,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	4,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**6.269,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	4.378,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-4.378,0**
Breyting á handbæru fé	**1.065,0**
Handbært fé í ársbyrjun	2.397,0
Handbært fé í árslok	3.462,0

m.kr.

47-219 Íbúðalánasjóður, íbúðalánadeild

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	16.095,0
Fjármagnsgjöld	13.709,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	260,0
Hreinar fjármunatekjur	**2.126,0**
Aðrar rekstrartekjur	764,0
Önnur rekstrargjöld	790,0
Hagnaður (-tap)	**2.100,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	2.100,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	2.489,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-327,0
Handbært fé frá rekstri	**4.262,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	64.339,0
Afborganir af veittum löngum lánum	6.200,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	14,0
Sala áhættufjármuna	249,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-57.904,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	56.820,0
Afborganir af teknum löngum lánum	10.893,0
Afföll við sölu íbúðabréfa	8.402,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**37.525,0**
Breyting á handbæru fé	**-16.117,0**
Handbært fé í ársbyrjun	1.516,0
Handbært fé í árslok	-14.601,0

m.kr.

51 Iðnaðarráðuneyti, C-hluti

51-101 Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	388,0
Fjármagnsgjöld	2,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	102,0
Hreinar fjármunatekjur	**284,0**
Önnur rekstrargjöld	97,0
Hagnaður (-tap)	**187,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	187,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	35,0
Handbært fé frá rekstri	**222,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Afborganir af veittum löngum lánum	40,0
Áhættufjármunir	1.000,0
Sala varanlegra rekstrarfjármuna	2,0
Sala áhættufjármuna	200,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-758,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	2,0
Ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands	500,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**498,0**
Breyting á handbæru fé	**-38,0**
Handbært fé í ársbyrjun	2.891,0
Handbært fé í árslok	2.853,0

m.kr.

51-371 Orkusjóður

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	16,5
Hreinar fjármunatekjur	**16,5**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	34,1
Önnur rekstrargjöld	34,6
Hagnaður (-tap)	**16,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	16,0
Handbært fé frá rekstri	**16,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	20,0
Afborganir af veittum löngum lánum	12,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-8,0**
Breyting á handbæru fé	**8,0**
Handbært fé í ársbyrjun	172,6
Handbært fé í árslok	180,6

m.kr.

51-411 Byggðastofnun

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	1.400,0
Fjármagnsgjöld	1.000,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	400,0
Hreinar fjármunatekjur	**0,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	386,3
Aðrar rekstrartekjur	20,0
Önnur rekstrargjöld	436,3
Hagnaður (-tap)	**-30,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-30,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	400,0
Handbært fé frá rekstri	**370,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	3.000,0
Afborganir af veittum löngum lánum	900,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-2.100,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	3.000,0
Afborganir af teknum löngum lánum	700,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**2.300,0**
Breyting á handbæru fé	**570,0**
Handbært fé í ársbyrjun	285,0
Handbært fé í árslok	855,0

381. Nefndarálit [130. mál]

um frv. til l. um breyt. á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Inngangur.

Í athugasemdum með frumvarpinu er greint frá því að við myndun núverandi ríkisstjórnar hafi verið ákveðið að fara heildstætt yfir verkaskiptingu milli ráðuneyta með það fyrir augum að hagræða, einfalda stjórnsýslu og skipa skyldum málaflokkum undir eina stjórn, enn fremur að lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, hafi verið breytt í því skyni á síðasta löggjafarþingi. Minni hlutinn telur þessar skýringar alls ekki réttar. Þær breytingar sem mælt er fyrir um í frumvarpinu má fyrst og síðast rekja til skiptingar ráðuneyta og ráðherrastóla milli samstarfsflokkanna í ríkisstjórninni sl. vor. Ákvörðun var tekin og lögum um Stjórnarráð Íslands breytt án þess að skilgreind og rökstudd markmið og þarfa- og kostnaðargreining lægju fyrir og án heildstæðrar stefnumótunar og skýrrar framtíðarsýnar. Ekki er gerð hin minnsta tilraun til að bera saman núgildandi skipan mála og málaflokka miðað við breytta skipan samkvæmt frumvarpinu og meta með faglegum og rökstuddum hætti áhrif breytinganna. Hvergi örlar á slíkum rökstuðningi í greinargerð með frumvarpinu, aðeins fullyrðingum um meinta samhæfingu, aukna skilvirkni, að kerfið verði auðskiljanlegra og aðgengilegra almenningi o.s.frv. Má draga stórlega í efa að þessar breytingar leiði almennt séð til hagræðingar, einföldunar og aukinnar skilvirkni í stjórnsýslunni. Reyndar liggur fyrir í mörgum umsögnum um frumvarpið að ýmsar breytingar sem mælt er fyrir um muni hafa þveröfug áhrif í veigamiklum atriðum, skapi óvissu og að vinnubrögðin séu óvönduð, sbr. t.d. umsagnir Landgræðslu ríkisins, Dýralæknafélags Íslands, Bændasamtaka Íslands, Orkustofnunar, starfsmanna matvælasviðs Fiskistofu, Skógfræðingafélags Íslands, Skógræktarfélags Íslands, Suðurlandsskóga og fleiri hliðstæðra stofnana, Hólaskóla, Ferðamálasamtaka Íslands, fiskistofustjóra og Skógræktar ríkisins. Þá er gagnrýnisvert að umsagnir skortir frá ýmsum stofnunum sem þurfa að sæta breytingum samkvæmt frumvarpinu. Er full ástæða til að afla þeirra. Jafnframt er gagnrýnisvert að breytingar innan heilbrigðisráðuneytis og á sviði utanríkisráðuneytis hafi ekki verið samhliða til umfjöllunar hjá allsherjarnefnd.

Í athugasemdum með frumvarpinu er fullyrt að víðtækt samráð hafi verið haft við þær stofnanir sem í hlut eiga. Það er staðfest með umsögnum um frumvarpið og á fundum nefndarinnar með forsvarsmönnum þeirra stofnana sem breytingarnar taka til að þessi fullyrðing er beinlínis röng. Frumvarpið var samið án nokkurs samráðs við viðkomandi stofnanir, starfsmenn þeirra og aðra hagsmunaaðila. Sama gildir um samráð við stjórnarandstöðuna og hún var reyndar beitt meirihlutavaldi þingmanna ríkisstjórnarinnar til að knýja fram með óvönduðum lagasetningarhætti breytingar á lögum um Stjórnarráð Íslands á síðasta löggjafarþingi. Það gengur þvert á fyrri yfirlýsingar forsætisráðherra um að þverpólitísk samstaða væri forsenda slíkra breytinga og þvert á stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að eiga gott samstarf við alla flokka á Alþingi. Breytingarnar eru auk þess í hreinni mótsögn við stefnu Samfylkingarinnar um málefnalega samræðu, samráð og lýðræði. Það er alvarleg fljótaskrift á frumvarpinu og vinnubrögðin eftir því óvönduð. Þá er fráleitt að ætla að þessar breytingar muni ekki hafa í för með sér aukinn heildarkostnað ríkissjóðs, eins og fullyrt er í umsögn fjármálaráðuneytisins um frumvarpið. Sú fullyrðing er órökstudd og ófagleg. Að mati minni hlutans munu fyrirhugaðar tilfærslur innan Stjórnarráðsins hafa í för með sér

kostnað sem hleypur á hundruðum milljóna króna og fer að öllum líkindum yfir einn milljarð króna þegar öll kurl eru komin til grafar.

Minni hlutinn gagnrýnir málsmeðferð allsherjarnefndar. Þar hefur málið verið keyrt hratt áfram og án þeirrar yfirvegunar og yfirlegu sem jafnviðamikið og mikilvægt mál þarfnast. Boðað var með stuttum fyrirvara að málið yrði tekið úr nefndinni 28. nóvember 2007. Á þeim fundi lagði meiri hluti allsherjarnefndar fram ófullgert nefndarálit sitt og lagði jafnframt til breytingartillögur í 15 liðum auk undirliða. Síðar var gengið frá endanlegu áliti meiri hlutans og breytingartillögum og þau lögð fram fyrir 2. umræðu um fjárlög sem hófst 29. nóvember 2007. Í áliti meiri hlutans voru aðvaranir minni hlutans um hundruð milljóna króna kostnað vegna tilfærslnanna að engu hafðar og minnihlutaálit komst ekki að fyrir 2. umræðu fjárlaga. Minni hlutinn gagnrýnir þessi vinnubrögð og alla málsmeðferðina við samningu og afgreiðslu frumvarpsins. Óvandað löggjafarstarf leiðir óhjákvæmilega til óvandaðrar og óskilvirkrar lagasetningar.

Minni hlutinn bendir á að í nóvember 2007 kom út handbók um undirbúning og frágang stjórnarfrumvarpa. Útgefendur eru forsætisráðuneytið, dóms- og kirkjumálaráðuneytið og skrifstofa Alþingis. Frumvarp ríkisstjórnarinnar um breytingu á ýmsum lögum um tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands brýtur gegn öllum meginsjónarmiðum og viðmiðunum sem þar eru reifuð um vandaða frumvarpssmíð. Leggur minni hlutinn til að frumvarpinu verði vísað frá og það unnið á nýjan leik í samræmi við þær leiðbeiningarreglur sem handbókin mælir fyrir um og ný lög um verkefni innan Stjórnarráðs Íslands taki ekki gildi fyrr en 1. janúar 2009. Þessi tillaga samræmist auk þess í einu og öllu samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 17. október 2006 um Einfaldara Ísland.

Athugasemdir við frumvarpið.

Frumvarp ríkisstjórnarinnar um tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands er í ellefu þáttum. Við umfjöllun sína um málið fékk allsherjarnefnd umsagnir frá fjölda stofnana og samtaka, einkum undirstofnana þeirra ráðuneyta sem færa á verkefni á milli. Einnig komu gestir á fund nefndarinnar. Greinilegt er, eftir umfjöllun allsherjarnefndar, að frumvarpið er unnið í flýti, ekki hefur verið haft samráð við hagsmunaaðila og undirstofnanir og ekki hefur verið gerð fullnægjandi greining á kostnaðarauka vegna frumvarpsins eins og fyrr er rakið.

1., 2. og 3. þáttur.

Í fyrsta þætti eru lagðar til breytingar vegna flutnings sveitarstjórnarmála frá félagsmálaráðuneyti til samgönguráðuneytis. Í öðrum þætti eru lagðar til breytingar vegna flutnings ferðamála frá samgönguráðuneyti til iðnaðarráðuneytis og í þriðja þætti eru lagðar til breytingar vegna flutnings alferða frá samgönguráðuneyti til viðskiptaráðuneytis.

Minni hlutinn bendir á að eftir breytingarnar muni veigamiklir félagslegir þættir, sem varða sveitarfélög miklu, heyra undir tvö ráðuneyti, það er félagsmálaráðuneytið og samgönguráðuneytið. Þá er gagnrýnisvert að nafni samgönguráðuneytisins skuli ekki vera breytt, t.d. í byggða- og samgönguráðuneyti eða sveitarstjórna- og samgönguráðuneyti.

Flutningur „ferðamála“ frá samgönguráðuneyti til iðnaðarráðuneytis var gagnrýndur og kom fram að atvinnugreinin sé nú vistuð á ýmsum stöðum í stjórnkerfinu, nema í iðnaðarráðuneyti. Samband sveitarfélaga gerir þá athugasemd að málefni ferðaþjónustunnar heyri nú þegar undir mörg ráðuneyti og þessar breytingar séu ekki til að einfalda stjórnsýslu eða stefnumótun í ferðamálum. Flókin stjórnsýsla ferðamála og mikill fjöldi leyfisveitenda og umsagnaraðila hefur reynst ferðaþjónustuaðilum til trafala. Ferðamálasamtök Íslands benda

á að atvinnugreinin sé vistuð út um allt í stjórnkerfinu – nema í iðnaðarráðuneyti, og gagnrýnir breytinguna harðlega.

Fram kom að það eina sem eigi að færa til samkvæmt frumvarpinu séu ekki ferðamálin í heild heldur einungis það sem tilheyri lögum um skipan ferðamála. Lög og lagaumhverfi málaflokksins séu annars á þann veg að bókhald, reikningsskil og upplýsingagjöf ferðaskrifstofa heyri undir samgönguráðuneyti, veitinga- og gististaðir falli undir dómsmálaráðuneyti, lög um skipulag á fólksflutningum með hópferðabifreiðum og lög um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga, lög um bílaleigur og lög um skip og hafnir falli undir samgönguráðuneyti. Nú á samkvæmt frumvarpinu að flytja alferðir til viðskiptaráðuneytis. Þessi breyting var nánast einróma gagnrýnd og lagt var til að tilfærslunni yrði frestað um 1–2 ár og sett af stað vinna til að ná utan um alla þætti þessarar fjölbreyttu og þverfaglegu atvinnugreinar.

Ferðamálaráð og Samtök ferðaþjónustunnar voru jákvæð í garð tillagnanna en töldu að huga hefði átt að fleiri þáttum og það var samdóma álit allra sem komu fyrir nefndina að heildarúttektar væri þörf á skipan ferðamála til að auka skilvirkni greinarinnar. Minni hlutinn telur að meint markmið þessara breytinga séu til þess eins að flækja málin og gera þeim sem starfa að ferðamálum erfiðara fyrir.

4., 5. og 6. þáttur.

Í fjórða þætti eru lagðar til breytingar vegna fyrirhugaðs flutnings menntastofnana landbúnaðarins frá landbúnaðarráðuneyti til menntamálaráðuneytis. Jafnframt eru í frumvarpinu ákvæði um að viðurkenning, námsframboð og prófgráður þessara stofnana verði færð til samræmis við rammalög um háskóla, nr. 63/2006. Munu búfræðslulög þó gilda áfram sem sérlög um skólana. Ýmsir hafa reifað réttmætar áhyggjur af því að með þessum tilflutningi kunni tengsl milli skólanna og annarra stofnana landbúnaðarins að raskast. Hefur komið fram að einn fremsti landbúnaðarskóli heims, í Svíþjóð, heyri undir landbúnaðarráðuneyti og enn fremur að æskilegt kunni að vera vegna faglegrar samkeppni og fleiri þátta að skipa landbúnaðarskólum undir landbúnaðarráðuneytið. Rétt er að taka fram, að landbúnaðarskólarnir hafa heyrt undir atvinnuvegaráðuneytið frá upphafi og reynst þeim vel. Sem hluti af heildarstoðkerfi landbúnaðarins og annars atvinnulífs hinna dreifðu byggða hafa þessir skólar náð að vaxa og dafna og þróa með sér náið samstarf við atvinnulífið. Enginn rökstuðningur hefur komið fram sem réttlætir þessa tilfærslu, að skólarnir muni standa betur undir stjórn menntamálaráðuneytisins. Að því leyti virðist tilfærslan gerð tilfærslunnar vegna. Í þessu samhengi er einnig vísað til meðfylgjandi umsagnar Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

Í 5. þætti frumvarpsins er lagt til að stjórnsýslulegt forræði og ábyrgð á Skógrækt ríkisins og Landgræðslu ríkisins færist frá landbúnaðarráðuneyti til umhverfisráðuneytis. Hins vegar helst ræktun nytjaskóga í landbúnaðarráðuneyti. Samhliða þessum breytingum eru gerðar tillögur um lagabreytingar til að einfalda framkvæmd dýraverndar með búfé og til að tryggja betur sjónarmið umhverfisverndar við innflutning á dýrum. Áfram verður unnið að endurskoðun laga um búfjárhald og laga um dýravernd til að skýra valdmörk og einfalda stjórnsýslu í málaflokknum.

Flestir, ef ekki allir, umsagnaraðilar leggjast gegn þessari breytingu. Vísuðu þeir sérstaklega til þess meinta markmiðs frumvarpsins að einfalda stjórnsýslu og skipa skyldum málefnum undir eina stjórn þannig að ráðuneyti og ríkisstofnanir sem í hlut eigi verði öflugri og skilvirkari einingar. Ekki sé hægt að sjá merki einföldunar og hagræðingar með því að kljúfa þennan málaflokk milli tveggja ráðherra, annars vegar milli landbúnaðarráðherra og hins vegar umhverfisráðherra, eins og lagt er til.

Hefur komið fram að mörk skógræktar og landgræðslu annars vegar og nytjaskógræktar hins vegar séu ekki alltaf skýr. Nytjaskógrækt sé í eðli sínu ekki frábrugðin öðru skógræktarstarfi og sömuleiðis geti margháttuð starfsemi vel farið saman í skógrækt.

Gagnrýni hefur komið fram, m.a. frá meiri hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar, á að fjármunir vegna verkefna eins og „Bændur græða landið“, sem hafa heyrt undir Landgræðslu ríkisins, verða eftir í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti á meðan önnur starfsemi stofnunarinnar flyst til umhverfisráðuneytisins, enn fremur að gert sé ráð fyrir að fjármunir til rannsókna í skógrækt falli undir bæði ráðuneytin og bent á að skipting málaflokka milli ráðuneyta geri stjórnsýslu erfiðari. Ekki hefur verið tekið tillit til ábendinga meiri hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar.

Varhugavert verður að teljast að kljúfa málefni skógræktar í sundur. Umsagnaraðilar hafa af því þungar áhyggjur að málaflokkurinn muni líða fyrir þessa breytingu, skógræktarstarf verði sundurslitið og að hætt sé við því að málaflokkurinn lendi utangarðs í stjórnkerfinu. Leggja umsagnaraðilar til að málaflokkurinn tilheyri einu ráðuneyti. Fram kom það sjónarmið að landgræðsla og skógrækt ættu að heyra undir landbúnaðarráðuneyti, sem atvinnuvegaráðuneyti þar sem slík verkefni hafi verið að flytjast til bænda og þau gætu orðið vaxandi þáttur í tekjuöflun þeirra og sveitanna. Jafnframt má benda á að með breytingunum mun umhverfisráðuneytið verða beggja vegna við borðið, þ.e. hafa eftirlit með og gæta umhverfisverndar og sinna um leið hagsmunum skógræktar sem atvinnugreinar. Er óhjákvæmilegt að umhverfisráðuneytið muni þurfa að úrskurða um ágreining þegar hagsmunir skógræktar og umhverfisverndar fara ekki saman. Einkar óheppilegt er að mati minni hlutans að umhverfisráðuneytið gegni einnig hlutverki sem atvinnuvegaráðuneyti.

Helstu sjónarmið umsagnaraðila eru eftirfarandi:

Bændasamtök Íslands.

Orðrétt segir í umsögn samtakanna: „Stjórn BÍ leggst eindregið gegn því að landgræðsla og skógrækt flytjist frá landbúnaðarráðuneyti til umhverfisráðuneytis.“ Slík verkefni hafa verið að flytjast til bænda og geta orðið vaxandi þættir í tekjuöflun þeirra og sveitanna. Líta svo á að verkefni samkvæmt lögum um landshlutaverkefni í skógrækt verði á forræði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis, en virðist hafa farist fyrir að breyta þeim lögum til samræmis við aðrar breytingar. Öfugsnúið að færa fagstarf Skógræktar ríkisins til umhverfisráðuneytisins enda fari langmesta skógræktarstarfið fram á vegum landshlutaverkefnanna. Rannsókna og þróunarstarfið (t.d. í Mógilsá) miðar einkum að því að styrkja grundvöll atvinnuskógræktar – frekar á að treysta tengslin við landshlutaverkefnin heldur en að lengja boðleiðir.

Skógfræðingafélag Íslands.

Telur þær breytingar sem eru fyrirhugaðar á stjórnsýslu skógræktarmála ganga í þveröfuga átt miðað við það sem stefnt er að. Telur skynsamlegra að öll stjórnsýsla sem snerti skógrækt verði vistuð í einu ráðuneyti.

Norðurlandsskógar.

Sjá ekki hagræðingu og einföldun í því að kljúfa málaflokkinn skógrækt niður á tvö ráðuneyti. Heppilegra að Skógrækt ríkisins hefði verið vistuð hjá landbúnaðarráðuneyti.

Skógræktarfélag Íslands.

Telur með hliðsjón af frumvarpinu verulega hættu „á því að skógræktarstarfið verði ómarkvisst og sundurslitið og málaflokkurinn komi til með að líða fyrir það í heild sinni.“ Leggur til að málaflokkurinn tilheyri einu ráðuneyti.

Skógrækt ríkisins.

Segir að með frumvarpinu sé verið að flækja málin og fjarlægjast höfuðmarkmið frumvarpsins. Orðrétt segir í umsögn Skógræktarinnar „er hér í uppsiglingu eitt allsherjar stjórnsýslulegt klúður á málaflokknum skógrækt, sem draga mun úr mætti skógræktarstarfs í landinu um ókomin ár. Greinilega er ekki pólitísk samstaða um flutning á forræði yfir málaflokknum til umhverfisráðuneytisins og felst málamiðlunin í því að kljúfa hann upp.“

Skjólskógar á Vestfjörðum.

Telja varhugavert að kljúfa málaflokkinn „skógrækt á Íslandi“ milli tveggja ráðuneyta. Ekki hefð fyrir þessu í íslenskri stjórnsýslu – hætt við að málaflokkurinn muni lenda utangarðs í stjórnkerfinu.

Þá segir í umsögn Landgræðslu ríkisins: „hefði kosið að landbúnaðarráðuneytið hefði haft mun meira samráð um málefni Landgræðslu ríkisins.“

Við blasir að með þeim tillögum sem lagðar eru til í frumvarpinu sé verið að flækja málin og fjarlægjast það höfuðmarkmið frumvarpsins að einfalda stjórnsýslu og skipa líkum málaflokkum undir sömu stjórn. Minni hlutinn tekur undir þau sjónarmið að í uppsiglingu sé stjórnsýslulegt klúður og að greinilegt sé að ekki ríki pólitísk samstaða um þennan flutning og það sé því einhvers konar málamiðlun að kljúfa hann upp í þágu skiptingar ráðherrastóla. Gagnrýnir minni hlutinn þennan þátt sérstaklega sem valdbeitingu að ofan gagnvart þeim stofnunum sem hlut eiga að máli.

6. þáttur.

Í 6. þætti er að finna tillögur um flutning vatnamælinga frá iðnaðarráðuneyti til umhverfisráðuneytis. Vatnamælingar, sem nú eru hluti af Orkustofnun, verða samkvæmt frumvarpinu færðar til nýrrar stofnunar ásamt núverandi starfsemi Veðurstofu Íslands. Til að gefa nægilegt svigrúm til þessarar sameiningar er lagt til að umhverfisráðherra verði falið að undirbúa hana á árinu 2008, m.a. að því er varðar nauðsynlegar lagabreytingar. Umsagnaraðilar fagna þessari tilfærslu en telja framkvæmdina gagnrýnisverða, benda m.a. á að ekki sé skýrt hvað felist í flutningnum og leggja áherslu á að gengið verði frá málum sem varða réttindi starfsmanna í nánu samstarfi við starfsmenn, stéttarfélög þeirra og viðsemjendur.

Mörg veigamikil vandamál blasa við vegna þessarar tilfærslu. Hér hefur, eins og varðandi aðra þætti málsins, ekkert samráð verið haft við forsvarsmenn þessara stofnana og starfsmenn, sem hafa þungar og réttmætar áhyggjur. Við blasa mikil húsnæðisvandamál. Veðurstofan getur ekki tekið við þeim fjölda starfsmanna sem eiga að flytjast til starfsstöðvar hennar og var þó ekki á húsnæðisvanda stofnunarinnar bætandi. Umtalsverður kostnaður mun óhjákvæmilega fylgja sem ekkert hefur verið hugað að, bæði vegna húsnæðis og ekki síður við það að koma á fót nýrri stofnun veðurathugana og vatnamælinga. Þar fyrir utan má reikna með biðlaunakostnaði og fleirum ónefndum þáttum sem engin greining liggur fyrir um. Um nánari rökstuðning er vísað til umfjöllunar undir 7. þætti hér á eftir.

7. þáttur.

Í 7. þætti frumvarpsins er lagt til að stjórnsýslulegt forræði og ábyrgð matvælamála, sem nú heyra undir umhverfisráðuneytið, flytjist á forræði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis. Þetta þýðir að starfsemi Umhverfisstofnunar, sem fellur nú undir matvælasvið Umhverfisstofnunar, flyst frá umhverfisráðuneyti til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis.

Aukið verður við hlutverk Landbúnaðarstofnunar að þessu leyti og er lagt til að hún fái heitið Matvælaeftirlitið. Mun hún taka við því matvælaeftirliti sem nú er hjá Fiskistofu og

Umhverfisstofnun. Þá er gert ráð fyrir að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra geti gert samninga við stofnanirnar um að sinna þeim verkefnum sem eru á verksviði þeirra við gildistöku þessara laga, allt til ársloka 2008.

Almenn ánægja virðist vera með það fyrirkomulag að öll stjórnsýsla á matvælasviði verði sameinuð í einni stofnun undir stjórn sameinaðs sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis. Hins vegar er ýmislegt í framkvæmdinni gagnrýnt. Ekki hefur verið haft samráð við undirstofnanir og starfsfólk. Fram kemur í umsögn starfsmanna Fiskistofu að þeir hafi fyrir löngu lagt til að skipaður yrði starfshópur sem gerði tillögur um fyrirkomulag matvælaeftirlits og tekið yrði tillit til skyldu samkvæmt gerðum ESB um matvælaöryggi. Þeir telja miður að frumvarpið sé samið í flýti og án samráðs við Fiskistofu. Þessari skoðun deila þeir sem til þekkja á sviði matvælaeftirlits.

Sérstaka athygli vekur að Heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga var ekki sent frumvarpið til umsagnar, þrátt fyrir að breyta eigi bæði matvælalögum og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Virðist ekkert hafa verið hugað að mikilvægu hlutverki heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og samhæfingu þess við matvælaeftirlit á vegum ríkisins. Ber það vott um mikinn flumbrugang við samningu frumvarpsins.

Umtalsverð óvissa og órói ríkir meðal starfsmanna þeirra stofnana sem eiga að færast til Landbúnaðarstofnunar sem fær annað heiti, sbr. einnig umfjöllun undir 6. þætti. Starfsstöð þeirrar stofnunar verður jafnframt á Selfossi og óvíst að starfsmenn sem búa á höfuðborgarsvæðinu sjái sér fært að flytja þangað. Störf í þessum geira eru mjög sérhæfð og umtalsverður vafi leikur á að hæft starfsfólk fáist velji starfsmenn að flytjast ekki til hinnar nýju stofnunar. Í umsögn starfsmanna Fiskistofu er á það bent að Landbúnaðarstofnun hafi aðsetur og aðalskrifstofu á Selfossi. Starfsfólk Fiskistofu óttast því að starfsstöð þess flytjist þangað. Þessi staðsetning þykir óheppileg fyrir þá sem starfa að eftirliti með sjávarafurðum, fáar fiskvinnslur séu á Suðurlandi. Langmest af innflutningi matvæla fari um hafnir á höfuðborgarsvæðinu. Sérfræðiþekking muni tapast ef starfsmenn sjái sér ekki fært að starfa hjá hinni nýju stofnun. Félag íslenskra náttúrufræðinga bendir á að Landbúnaðarstofnun hafi aðsetur á Selfossi. Starfsmenn þurfi því að rífa sig upp með rótum og fara að vinna í öðru sveitarfélagi án þess að nokkuð þyki athugavert við það. Heilu fjölskyldurnar þurfi jafnvel að flytjast búferlum. Er talið að ekki sé verið að bjóða mönnum sambærileg störf og kjör því slíkur flutningur geti haft veruleg áhrif á eignir og afkomu starfsfólks. Jafnframt er talið að þegar störf séu flutt á milli landshluta þá jafnist það á við niðurfellingu starfs. Það hefur fjárlagaskrifstofa fjármálaráðuneytisins staðfest. Þessar tvær umsagnir o.fl. staðfesta að starfsmenn lifa í algjörri óvissu um framtíð sína, eru ekkert upplýstir og hafa engan viðbúnað getað haft um þær breytingar sem eru samkvæmt frumvarpinu að bresta á.

Minni hlutinn tekur undir með Sambandi sveitarfélaga sem bendir á að vænta megi þess að störfum á landsbyggðinni fjölgi verði stofnunin áfram á Selfossi. Það telur minni hlutinn jákvætt, en telur jafnframt að við slíkar breytingar verði að hafa víðtækt samstarf við starfsmenn viðkomandi stofnana og með afar góðum fyrirvara, en koma ekki fram af því tillitsleysi sem raun ber vitni.

Ýmsar athugasemdir hafa komið fram vegna heitis hinnar nýju stofnunar. Komið hafa fram tillögur um eftirfarandi heiti: Matvælastofa, Matvælastofnun, Matvælaeftirlit ríkisins, Matgát (Íslensk matvælagát) og Hollustuvernd. Er æskilegt að samstaða sé um nýtt nafn stofnunarinnar áður en frumvarpið verður að lögum.

Að mati minni hlutans er það sérdeilis ámælisvert að engin kostnaðargreining hefur farið fram á þessum stórfelldu breytingum á matvælaeftirliti. Í umsögn fjárlagaskrifstofu fjár-

málaráðuneytisins er gengið út frá því sem meginreglu að enginn kostnaður verði samfara tilfærslum samkvæmt frumvarpinu. Þar segir m.a. orðrétt: „Í einhverjum tilvikum kann þó að koma til breytinga á kostnaði, svo sem vegna breytinga á starfsmannafjölda eða húsnæði, en komi til slíkra **óvæntra** (feitletrun minni hluta) útgjalda eða biðlauna verður að fjalla um það sérstaklega.“

Umsögnin er að mati minni hlutans röng. Við blasir mjög verulegur aukinn kostnaður. Má reikna með að kostnaður við tilfærslu matvælaeftirlits undir eina nýja stofnun hlaupi á hundruðum milljóna króna. Hér er um að ræða umtalsverðan húsnæðiskostnað, kostnað við að setja á fót nýja stofnun með tilheyrandi tölvukerfum, stoðþjónustu, nafnabreytingu, merki, bréfsefni, auglýsingum o.s.frv. Þá er ótalinn fyrirséður biðlaunakostnaður, kostnaður við ráðningu og þjálfun nýrra starfsmanna, aksturskostnaður og þannig mætti áfram telja. Þá mun stoðþjónusta Fiskistofu og annar starfsbúnaður hennar nýtast verr. Við þetta bætist fyrirhuguð breyting á matvælalöggjöf og innflutningur matvæla sem felur í sér stóraukin verkefni og brýna þörf á umfangsmikilli eflingu matvælaeftirlits. Nægir þar að nefna upprunagreiningu, innihaldsgreiningu og aðrar óhjákvæmilegar rannsóknir og athuganir á innfluttum landbúnaðarvörum og öðrum matvælum. Hér er í húfi framtíð íslensks landbúnaðar. Með faglegri fyrir fram gerðri kostnaðargreiningu, sem yrði unnin í nánu samstarfi við viðkomandi stofnanir, mátti auðveldlega reikna út þennan fyrirséða kostnað.

Umsagnaraðilar telja miður að frumvarpið hafi verið samið í óðagoti skiptingar ráðherrastóla og án samráðs við undirstofnanir og starfsmenn þeirra, sem hafa mesta þekkingu á málaflokknum. Í því ljósi eru ummæli í frumvarpinu þess efnis að víðtækt samráð hafi verið haft við þær stofnanir sem eiga í hlut óboðleg.

8., 9., 10. og 11. þáttur.

Í áttunda þætti er lagt til að málefni Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins flytjist frá viðskiptaráðherra til iðnaðarráðherra. Í níunda þætti eru lagðar til breytingar sem lúta að því að Einkaleyfastofan og hugverkaréttindi á sviði iðnaðar heyri undir viðskiptaráðuneytið. Í tíunda þætti eru lagðar til breytingar vegna flutnings málefna varðandi fasteignir frá dómsmálaráðuneyti til viðskiptaráðuneytis. Í lokaþætti frumvarpsins er lögð til breyting á lögum um Stjórnarráð Íslands þess efnis að meðferð ólokinna mála skuli ljúka í því ráðuneyti sem tekur við málefni.

Lokaorð.

Minni hlutinn vill árétta að afar mikilvægt er við breytingar sem þessar, einkum vegna sameiningar Veðurstofu Íslands og Vatnamælinga annars vegar og flutnings stofnana í nýja stofnun matvælaeftirlits hins vegar, að náið samráð verði þegar tekið upp og haft við starfsmenn allra þeirra stofnana sem hlut eiga að máli og réttinda þeirra og hagsmuna gætt í hvívetna.

Eins og fyrr greinir kemur fram í kostnaðarumsögn fjármálaráðuneytis að ráðuneytið geri ráð fyrir að áhrif frumvarpsins á kostnað ríkissjóðs verði einkum í formi tilflutnings á kostnaði milli ráðuneyta og stofnana og auki þannig ekki heildarkostnað ríkissjóðs. Fram hefur komið að ráðuneytið hefur tekið saman lauslegt yfirlit þar sem fram kemur að tilflutningur verkefnanna kunni að snerta fjárveitingar um 200 viðfangsefna á fjárlögum og er áformað að flytja tillögur þess efnis við fyrirliggjandi fjárlagafrumvarp.

Nú hafa komið fram útgjaldatillögur vegna breytinga á Stjórnarráðinu í frumvarpi til fjáraukalaga og í fjárlagafrumvarpinu sem nema líklega hundruðum milljóna króna. Það er

staðföst skoðun minni hlutans að ekki sé kominn fram allur sá útgjaldaauki sem verður vegna þessara tilfærslna og átelur harðlega vinnulag fjármálaráðuneytisins. Beinir minni hlutinn þeirri áskorun til ríkisstjórnarinnar að þegar í stað fari fram ítarleg kostnaðargreining á tilfærslum verkefna innan stjórnarráðsins og að hún verði lögð fram fyrir 3. umræðu um fjárlög, enn fremur að skipuð verði nefnd sem taki skipan Stjórnarráðs Íslands og verkefni til heildarendurskoðunar með aukna skilvirkni og þjónustu við almenning að leiðarljósi.

Eins og fyrr er rakið voru gerðar breytingar á skipan ráðuneyta sl. vor, sbr. lög nr. 109/2007. Benda má á hversu iðnaðarráðuneytið annars vegar og hins vegar viðskiptaráðuneytið eru lítil (sjá fylgiskjal). Fjöldi stöðugilda í iðnaðarráðuneyti miðað við greidd laun í apríl 2007 er 13,1 en viðskiptaráðuneytis 15,2. Til samanburðar má geta þess að fjöldi stöðugilda hjá Súðavíkurhreppi miðað við 1. apríl 2007 er 17,1.

Í inngangi og víðar í þessu áliti minni hlutans er ítarlega rakið að samráð hefur ekki verið haft við lykilstofnanir. Ítrekar minni hlutinn þá skoðun sína að frumvarpið hafi verið samið í því skyni að tryggja helmingaskipti stjórnarflokkanna í ríkisstjórn. Er ljóst að formenn stjórnarflokkanna hafa samið um þessi mál við myndun ríkisstjórnarinnar á Þingvöllum sl. vor án nokkurs tillits til þeirra meintu markmiða sem frá greinir í frumvarpinu. Ákvarðanir hafa allar verið teknar að ofan eins og einn gesta allsherjarnefndar hafði á orði. Það eru óviðunandi vinnubrögð sem ala af sér óvandaða löggjöf eins og frumvarpið og umsagnir um það staðfesta.

Leggur minni hlutinn til að frumvarpinu verði vísað frá með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem færð hafa verið gild rök fyrir því að:

a. sú lagasetning sem í frumvarpinu felst muni ekki hafa í för með sér þá skilvirkni, hagræðingu og einföldun sem að er stefnt,
b. vönduð málsmeðferð búi ekki að baki samningu frumvarpsins, t.d. hefur ekkert samráð verið haft við undirstofnanir og hagsmunaaðila,
c. ekki liggur fyrir greining á annars vegar kostnaði við lagasetninguna og hins vegar þörfinni fyrir hana,

leggur minni hlutinn til að **málinu verði vísað frá** og tekið fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 3. des. 2007.

Atli Gíslason, frsm. Siv Friðleifsdóttir.

Fylgiskjal I.

Fjöldi starfsmanna Stjórnarráðsins.
(Minnisblað frá fjármálaráðuneytinu, 5. júní 2007.)

Fjöldi starfsmanna ráðuneyta Stjórnarráðsins, miðað við greidd laun í apríl 2007, er sem hér segir:

Ráðuneyti (í stafrófsröð)	**Fjöldi starfsmanna**	**Fjöldi stöðugilda**
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	37	32,4
Félagsmálaráðuneyti	32	33,2
Fjármálaráðuneyti	65	64,4
Forsætisráðuneyti	23	21,4
Hagstofa Íslands	81	76,1
Heilbrigðis- og tryggingam.ráðuneyti	51	48,3
Iðnaðarráðuneyti	14	13,1
Landbúnaðarráðuneyti	18	17,1
Menntamálaráðuneyti	75	71,0
Samgönguráðuneyti	24	24,0
Sjávarútvegsráðuneyti	23	20,9
Umhverfisráðuneyti	29	28,1
Utanríkisráðuneyti	103	98,5
Viðskiptaráðuneyti	16	15,2
Samtals, *með* Hagstofu Íslands	**591**	**563,5**
Samtals, *án* Hagstofu Íslands	**510**	**487,5**

Fyrirvari um skekkjur
Upplýsingarnar eru fengnar úr launavinnslukerfi ríkisins og miðast við útborguð laun þann 1. apríl 2007. Í tölunum geta verið einstaklingar sem eru verkefnaráðnir, hafa hætt starfi en fá greiddan uppsagnarfrest og þess háttar. Ef um slík tilvik er að ræða eru þau fá og hafa ekki teljandi áhrif á heildarmyndina.

Starfsmenn sem skráðir eru hjá fasteignum forsætisráðuneytis (5) og starfsmenn Rekstrarfélags Stjórnarráðsbygginga (8) eru ekki meðtaldir.

Með nefndarálitinu fylgdu einnig eftirfarandi fylgiskjöl:

II. Umsögn frá Skógrækt ríkisins. (24. október 2007.)
III. Umsögn frá Bændasamtökum Íslands. (8. nóvember 2007.)
IV. Umsögn frá Landgræðslu ríkisins. (9. nóvember 2007.)
V. Umsögn frá Orkustofnun. (12. nóvember 2007.)
VI. Umsögn frá heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra. (15. nóvember 2007.)
VII. Umsögn frá Bandalagi háskólamanna. (19. nóvember 2007.)
VIII. Umsögn frá Félagi íslenskra náttúrufræðinga. (20. nóvember 2007.)
IX. Umsögn frá sveitarfélaginu Skagafirði – viðbót. (19. nóvember 2007.)

382. Svar [211. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Magnúsar Stefánssonar um losun gróðurhúsalofttegunda frá álverum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver er áætluð losun gróðurhúsalofttegunda frá álverum, á hvert framleitt tonn af áli, miðað við að raforkan sem notuð er sé framleidd með:

a. olíu,
b. kolum,
c. jarðgasi,
d. endurnýjanlegum orkugjöfum, þ.e. jarðvarma annars vegar og vatnsafli hins vegar?

Eftirfarandi upplýsingar um losun gróðurhúsalofttegunda við framleiðslu á áli eru að mestu leyti fengnar frá Umhverfisstofnun:

Við framleiðslu á áli myndast gróðurhúsalofttegundir í verksmiðjunum annars vegar vegna iðnaðarferla (þ.e. rafgreiningar á súráli) og hins vegar vegna eldsneytisbrennslu. Þessi losun er nálægt því að vera samanlagt um 2 tonn af CO_2-ígildum á hvert framleitt tonn af áli. Á Íslandi hefur náðst mjög góður árangur varðandi spennuris við rafgreininguna og er því losunin á hvert framleitt tonn lægri hérlendis eða um 1,7 t CO_2-ígildi.

Álframleiðsla er mjög orkufrekur iðnaður og þarf um 13.000 kWh til að framleiða 1 tonn af áli. Ef rafmagnið til framleiðslunnar er framleitt með jarðefnaeldsneyti og miðað er við bandarískar reynslutölur (*Carbon Dioxide Emission from the Generation of Electric Power in the United States*, júlí 2000) mundi losun gróðurhúsalofttegunda á hvert framleitt tonn af áli vera með eftirfarandi hætti:

Væri rafmagnið framleitt með olíu mundu losna um 11,6 tonn af CO_2 á hvert framleitt tonn af áli vegna rafmagnsframleiðslunnar og losunin því samtals um 13,3 tonn.

Væri rafmagnið framleitt með kolum mundu losna um 12,4 tonn af CO_2 á hvert framleitt tonn af áli vegna rafmagnsframleiðslunnar og losunin því samtals um 14,1 tonn.

Væri rafmagnið framleitt með jarðgasi mundu losna um 7,8 tonn af CO_2 á hvert framleitt tonn af áli vegna rafmagnsframleiðslunnar og losunin því samtals um 9,5 tonn.

Yfir 57% orku til álframleiðslu á heimsvísu er framleidd með vatnsafli, um 28% með kolum, 9% með jarðgasi, 5% með kjarnorku og undir 1% með olíu.

Hafa verður í huga að orkunýtingin er mjög mismunandi frá einu orkuveri til annars og því getur losunin t.d. verið mun meiri á hvert framleitt tonn af áli.

Það sama á við um rafmagn framleitt með endurnýjanlegum orkugjöfum. Losun gróðurhúsalofttegunda er mjög mismunandi frá einni virkjun til annarrar. Í mati á umhverfisáhrifum Bitruvirkjunar er sagt að stefnt sé að því að losunin verði ekki meiri en 11 g CO_2 á hverja kWh og að það sé með því lægsta sem þekkist. Losunin frá Kröflu er hins vegar talsvert meiri, eða allt að 150g/kWh. Ef miðað er við að losun frá jarðhitavirkjunum á Íslandi sé að meðaltali um 60g/kWh mundi losunin á hvert framleitt tonn af áli vera um 0,8 tonn af CO_2 vegna rafmagnsframleiðslunnar og losunin því samtals um 2,5 tonn.

Losun gróðurhúsalofttegunda frá vatnsaflsvirkjunum er einnig mjög mismunandi og fer hún eftir því hversu mikill gróður og jarðvegur lenda undir vatni í virkjunarlónum. Í skýrslu Orkustofnunar *Gróðurhúsaáhrif virkjunarlóna, Heimildakönnun* (Hákon Aðalsteinsson, 1998) er leitt að því líkum að losun virkjanalóna á Íslandi gæti verið um 1g/kWh. Miðað við

það mundi losunin á hvert framleitt tonn af áli vera um 0,013 tonn af CO_2 vegna rafmagnsframleiðslunnar og losunin því samtals um 1,7 tonn.

Þær tölur sem gefnar eru upp hér að ofan eru til viðmiðunar og ítrekað er að hafa verður í huga að losunin er mjög mismunandi frá einni virkjun (orkuveri) til annarrar.

383. Svar [193. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um losun gróðurhúsalofttegunda frá jarðvarmavirkjunum.

1. *Hvaða rannsóknir liggja til grundvallar útreikningi á losun gróðurhúsalofttegunda og annarra lofttegunda, svo sem brennisteinsvetnis, frá jarðvarmavirkjunum, hversu lengi hafa þær staðið og hversu áreiðanlegar eru þær taldar vera?*

Við útreikning á losun lofttegunda frá jarðvarmavirkjunum er stuðst við rannsóknir ÍSOR og orkufyrirtækja sem byggja á magnmælingum á gufu frá borholum, blásturstíma borhola og gasgreiningum á gufunni. Þessar upplýsingar hafa verið teknar saman árlega frá 1980. Óvissa mælinganna hefur ekki verið metin sérstaklega en gróft mat er að óvissan sé ±10%.

2. *Hvaða lofttegundir er um að ræða og hvernig er losun þeirra háttað við undirbúnings- og rannsóknarboranir annars vegar og hins vegar eftir að virkjun er fullbúin og rekstur hafinn?*

Mældur er styrkur eftirfarandi gróðurhúsalofttegunda í gufunni (þá er átt við lofttegundir sem hafa bein og óbein gróðurhúsaáhrif): CO_2, H_2S, CH_4. Öll gufan er losuð út í loftið þegar undirbúnings- og rannsóknarboranir fara fram og eftir að virkjun er fullbúinn og rekstur hafinn.

3. *Hversu mikil losun er talin vera frá þeim jarðvarmavirkjunum sem þegar eru starfræktar á Íslandi? Svarið óskast sundurliðað eftir virkjunum.*

Eftirfarandi tafla gefur upp losun koldíoxíðs og brennisteinsvetnis árið 2005 hjá þeim virkjunum sem starfræktar voru þá og þeim borholum sem voru í blæstri. Losun metans er ekki tilgreind þar sem hún er talin vera hverfandi.

	CO_2 (þúsund tonn)	H_2S (þúsund tonn)
Nesjavellir	13,26	8,92
Krafla	56,00	5,80
Svartsengi	48,27	0,70
Reykjanes	1,02	0,01
Hellisheiði	2,78	0,44
Hveragerði	0,32	0,04
Námafjall	1,74	0,85
Samtals	123,40	16,76

4. *Hversu mikið má gera ráð fyrir að bætist við losunina verði að veruleika þær jarðvarmavirkjanir sem unnið er að um þessar mundir?*

Eftirfarandi tafla sýnir losun Reykjanesvirkjunar (gangsett 2006) og væntanlega losun Hellisheiðarvirkjunar (eftir stækkun), Bitruvirkjunar og Hverahlíðarvirkjunar.

	Stærð (MW)	CO_2 (þúsund tonn)	H_2S (þúsund tonn)
Reykjanesvirkjun	100	35	1
Hellisheiði (með stækkun)	240	53	11
Bitruvirkjun	135	31	8
Hverahlíðarvirkjun	90	25	2
Samtals	565	144	22

Einnig er hugsanlegt að viðbót verði í Bjarnarflagi, Kröflu og á Þeistareykjum.

5. *Hvernig reiknast losun frá jarðvarmavirkjunum og borun eftir jarðhita inn í losunarbókhald Íslands?*

Öll losun koldíoxíðs og brennisteinsvetnis (reiknað sem SO_2) frá jarðvarmavirkjunum er gefin upp í losunarbókhaldi Íslands.

384. Frumvarp til myndlistarlaga. [306. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

I. KAFLI
Markmið og yfirstjórn.

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að kveða á um skipan og fyrirkomulag myndlistarmálefna, að efla íslenska myndlist og búa henni hagfelld skilyrði.

Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn myndlistarmála samkvæmt lögum þessum.

II. KAFLI
Listasafn Íslands.

2. gr.
Hlutverk.

Listasafn Íslands er eign íslensku þjóðarinnar og er höfuðsafn á sviði myndlistar, sbr. safnalög. Listasafn Íslands veitir öðrum listasöfnum ráðgjöf, stuðlar að samvinnu listasafna og vinnur að samræmdri safnastefnu á sviði myndlistar.

3. gr.
Safnkostur, rannsóknir og fræðsla.

Listasafn Íslands skal leitast við að koma upp metnaðarfullu safni íslenskrar myndlistar, skrá það, rannsaka, varðveita og sýna, innan lands og utan. Listasafn Íslands skal kosta kapps um að efla íslenska myndlist og stuðla að framþróun hennar.

Leitast skal við að safnkosturinn endurspegli sem best strauma og stefnur í íslenskri og alþjóðlegri myndlist á hverjum tíma. Listasafn Íslands skal afla heimilda og stuðla að öflun og miðlun þekkingar á íslenskri myndlist til almennings og sérfræðinga til fræði- og rannsóknastarfa. Safnið skal annast fræðslustarfsemi um innlenda og erlenda myndlist fyrir skóla, fjölmiðla og almenning.

4. gr.

Safnstjóri.

Ráðherra skipar forstöðumann Listasafns Íslands, safnstjóra, til fimm ára í senn. Safnstjóri skal hafa háskólamenntun og staðgóða þekkingu á starfssviði safnsins. Ætíð skal auglýsa embættið laust til umsóknar í lok hvers skipunartímabils. Safnstjóri stjórnar starfsemi og rekstri safnsins og mótar listræna stefnu þess. Hann ræður aðra starfsmenn safnsins og er í fyrirsvari fyrir það.

5. gr.

Innkaupanefnd.

Á vegum Listasafns Íslands starfar þriggja manna innkaupanefnd skipuð af ráðherra til þriggja ára í senn. Í nefndinni situr safnstjóri, einn fulltrúi tilnefndur af Sambandi íslenskra myndlistarmanna og einn án tilnefningar. Ráðherra skipar formann úr hópi nefndarmanna.

Innkaupanefndin ákveður kaup listaverka. Hún getur heimilað safnstjóra að ráðstafa allt að 20% af því fé sem árlega er ætlað til listaverkakaupa til kaupa á innlendum verkum.

Innkaupanefnd fjallar um gjafir sem Listasafni Íslands eru boðnar og metur hvort þær skuli þegnar. Gjöf skal fylgja gjafabréf. Safnið má aldrei selja eða á annan hátt láta af hendi listaverk, er það hefur þegið að gjöf, nema að fengnu samþykki gefanda.

Heimilt er að fenginni umsögn innkaupanefndar að selja listaverk úr eigu Listasafns Íslands í því skyni að kaupa annað verk eftir sama listamann, er æskilegra þykir að sé í eigu safnsins.

6. gr.

Lán listaverka.

Heimilt er að lána listaverk tímabundið til annarra safna eða stofnana, á sýningar eða til rannsókna. Höfundur á alltaf rétt á að fá verk sín lánuð á eigin sýningar að uppfylltum skilyrðum Listasafns Íslands um lánstíma, meðferð og tryggingu verkanna.

7. gr.

Meðferð réttinda.

Listasafn Íslands öðlast þann rétt sem á hverjum tíma fylgir listaverki samkvæmt íslenskum höfundalögum við venjulegt, óskilorðsbundið afsal þess, þó með þeirri takmörkun um sölu eða aðra afhendingu sem leiðir af ákvæðum 5. og 6. gr.

Safnið hefur rétt til opinberra sýninga á listaverkum á vegum safnsins, en um lán verka á aðrar listsýningar gilda ákvæði 6. gr. Enn fremur hefur safnið rétt til eftirmyndunar eða annarrar eftirgerðar fyrir það sjálft, svo sem til skrásetningar í gagnagrunn safnsins, til kynningar á einstökum sýningum og til birtingar í sýningarskrám. Til annarrar eftirgerðar eða útgáfu þarf samþykki höfundaréttarhafa. Höfundur á kröfu til þess að safnið heimili honum aðgang að verki hans til fjölföldunar og útgáfu, en safnið á jafnan forgangsrétt til útgáfu þess að öðru jöfnu.

8. gr.
Fjárhagur.

Tekjur Listasafns Íslands eru fjárveitingar í fjárlögum, önnur framlög og styrkir, ásamt eigin tekjum safnsins.

Listasafni Íslands er heimilt að taka aðgangseyri. Þá er safninu heimilt að taka gjald fyrir þjónustu sína, svo sem lán á listaverkum, ljósmyndun þeirra, afnot af ljósmyndum, hvers konar sérunnar skrár og úttak tölvugagna, sérfræðilega heimildaþjónustu og fjölföldun hvers konar til þess að standa straum af kostnaði. Safnið setur gjaldskrá um framangreinda gjaldtöku.

III. KAFLI
Myndlistarráð.

9. gr.
Skipan.

Ráðherra skipar fimm manna myndlistarráð til þriggja ára í senn. Samband íslenskra myndlistarmanna tilnefnir tvo fulltrúa, Myndhöfundasjóður Íslands/Myndstef tilnefnir einn og Listasafn Íslands tilnefnir einn. Ráðherra skipar einn fulltrúa án tilnefningar og skal hann vera formaður en varaformaður skal skipaður úr hópi ráðsmanna. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Óheimilt er að skipa sama mann aðalfulltrúa í myndlistarráði lengur en tvö samfelld starfstímabil.

10. gr.
Hlutverk og starfsemi.

Hlutverk myndlistarráðs er að vera vettvangur fyrir umfjöllun og stefnumörkun um málefni íslenskrar myndlistar. Ráðið er ráðherra til ráðgjafar og samráðs. Hlutverk sitt rækir ráðið meðal annars með því að:

a. beina ábendingum og tillögum til ráðherra um málefni myndlistar og veita umsögn um þau mál sem ráðherra vísar til þess,
b. gera tillögu til ráðherra um stefnu og helstu áherslur í starfi myndlistarsjóðs til þriggja ára í senn, sbr. 11. gr.,
c. gera tillögu til ráðherra um árlega úthlutun úr myndlistarsjóði,
d. stuðla að kynningu á íslenskum myndlistarmönnum og myndsköpun þeirra hér á landi og erlendis,
e. efla alþjóðlegt samstarf íslenskra myndlistarmanna og stofnana,
f. sinna öðrum verkefnum sem falla undir hlutverk þess eða ráðherra kann að fela því.

Ráðherra er heimilt að fela myndlistarráði að reka sérstaka skrifstofu eða semja við til þess bæra aðila um framkvæmd verkefna sem unnin eru í þess þágu og til að annast almenna umsýslu vegna starfsemi ráðsins og myndlistarsjóðs, sbr. 11. gr.

11. gr.
Myndlistarsjóður.

Alþingi veitir árlega fé í fjárlögum í myndlistarsjóð í því markmiði að efla íslenska myndlist með fjárhagslegum stuðningi og kosta önnur verkefni er falla undir hlutverk og starfsemi myndlistarráðs, sbr. 10. gr.

Ráðherra úthlutar úr myndlistarsjóði að fengnum tillögum myndlistarráðs. Ráðherra setur myndlistarsjóði reglur um auglýsingar, meðferð umsókna og afgreiðslu þeirra. Í reglum má mæla fyrir um heimild til þess að leita umsagnar manna með sérkunnáttu um einstakar umsóknir.

Kostnaður af starfsemi myndlistarráðs greiðist úr myndlistarsjóði. Ráðið ber ábyrgð á umsýslu og fjárreiðum myndlistarsjóðs.

V. KAFLI
Önnur ákvæði.

12. gr.
Reglugerð.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga í heild eða einstakra kafla þeirra.

13. gr.
Gildistaka.

Lög þessi taka gildi 1. september 2008. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 58/1988, um Listasafn Íslands.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lagafrumvarp þetta er samið á vegum menntamálaráðherra.

Við setningu safnalaga, nr. 106/2001, breyttist hlutverk Listasafns Íslands á þann veg að það var gert að höfuðsafni á sviði myndlistar. Í ákvæði til bráðabirgða í safnalögum, nr. 106/2001, er kveðið á um að endurskoða skuli lög er þá giltu um söfn, sem störfuðu samkvæmt sérstökum lögum.

Um Listasafn Íslands gilda lög nr. 58/1988, með síðari breytingum. Nauðsynlegt er að aðlaga þau annars vegar að safnalögum og hins vegar að þau taki frekar mið af rammalöggjöf um myndlistarmál en sérlögum um safnið. Var sú leið farin í leiklistarlögum, nr. 138/1998, en þau voru höfð til hliðsjónar við gerð lagafrumvarps þessa. Gert er ráð fyrir að frumvarpið taki til allrar myndlistarstarfsemi sem ríkið stendur fyrir eða styrkir nema Listskreytingasjóðs ríkisins og Listasafns Einars Jónssonar. Í frumvarpinu eru ákvæðin um Listasafn Íslands gerð einfaldari en áður en þau taka m.a. mið af ákvæðum þjóðminjalaga, nr. 107/2001, um Þjóðminjasafn Íslands. Helstu breytingar eru þær að lagt er til að safnráð í núverandi mynd verði lagt niður. Það er í samræmi við skipan mála hjá Þjóðminjasafninu. Heiti forstöðumanns verður breytt í safnstjóri. Þá er ekki ákvæði um hve mörg starfstímabil safnstjóri megi sitja. Í þess stað er lagt til að ætíð skuli auglýsa embætti safnstjóra laust til umsóknar í lok hvers skipunartímabils. Er þar byggt á sömu reglu og gildir um þjóðleikhússtjóra, sbr. 2. mgr. 6. gr. leiklistarlaga. Önnur helstu nýmæli eru skipan myndlistarráðs og stofnun myndlistarsjóðs.

Menntamálaráðuneytið hefur um langt árabil veitt margvíslega styrki á sviði myndlistar af safnliðum í fjárlögum. Er þar um að ræða ferðastyrki til einstaklinga og hópa, styrki vegna einstakra verkefna innan lands og erlendis. Ráðuneytið hefur haft sér til ráðgjafar myndlistarnefnd, sem skipuð hefur verið fulltrúum Sambands íslenskra myndlistarmanna, Listasafns Íslands og ráðuneytisins. Með tilkomu Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar fól ráðuneytið miðstöðinni að annast styrki vegna verkefna erlendis og myndlistarnefndin var lögð af.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að stofnað verði myndlistarráð, hliðstætt leiklistarráði og tónlistarráði, er verði samráðsvettvangur um málefni íslenskrar myndlistar, menntamálaráðherra til ráðgjafar og geri tillögur til ráðherra um úthlutun úr myndlistarsjóði. Enn fremur er ráðinu ætlað að stuðla að kynningu á íslenskum myndlistarmönnum og listsköpun þeirra og vinna að því að efla alþjóðlegt samstarf íslenskra myndlistarmanna og stofnana. Hlutverk myndlistarsjóðs verði að veita fjárhagslegan stuðning til verkefna á sviði myndlistar til að efla hana og koma henni á framfæri hér á landi og erlendis.

Myndlistarráð mun þannig veita ráðuneytinu faglega aðstoð og stuðning, auk þess sem með tilkomu sjóðsins og ráðsins er kominn rammi fyrir styrkveitingar ríkisins til þessa málaflokks.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæði frumvarpsins mynda heildarramma fyrir myndlistarmál og tekur frumvarpið til allrar myndlistarstarfsemi sem ríkið stendur fyrir eða styrkir nema Listskreytingasjóðs ríkisins og Listasafns Einars Jónssonar.

Um 2. gr.

Í ákvæðinu er undirstrikað það meginhlutverk Listasafns Íslands að vera höfuðsafn á sviði myndlistar. Um höfuðsöfn og hlutverk þeirra er nánar fjallað í 5. gr. safnalaga. Gert er ráð fyrir að safnið veiti öðrum listasöfnum ráðgjöf, stuðli að samvinnu listasafna og vinni að samræmdri safnastefnu á sviði myndlistar.

Um 3. gr.

Í greininni er annars vegar tekið mið af 5. gr. safnalaga, nr. 106/2001, um hlutverk Listasafns Íslands og hins vegar 2. gr. laga nr. 58/1988, um Listasafn Íslands. Skilgreiningar á verksviði safnsins eru í frumvarpinu færðar til nútímahorfs og einfaldaðar og felld niður ákvæði gildandi laga um að safnið skuli reka bókasafn enda eiga Landsbókasafn/Háskólabókasafn og bókasafn Listaháskóla Íslands mjög góðan bókakost um myndlist og eru í betri aðstöðu til að sinna þessum málum. Hins vegar er lögð aukin áhersla á skyldur Listasafnsins á sviði heimildasöfnunar um íslenska myndlist og bættan aðgang almennings og fræðimanna að þeim.

Um 4. gr.

Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að safnráð verði skipað og því ekki leitað umsagnar þess um skipun safnstjóra. Hið sama gildir t.d. við skipun þjóðminjavarðar og forstöðumanns Fornleifaverndar ríkisins. Talið er eðlilegt að samræmi sé milli menningarstofnana ríkisins hvað þetta varðar. Í gildandi lögum nr. 58/1988, um Listasafn Íslands, eru ákvæði um að forstöðumaður megi aðeins sitja tvö skipunartímabil, en í frumvarpi þessu eru ekki sett slík tímamörk. Er það til samræmis við ákvæði leiklistarlaga um skipun þjóðleikhússtjóra og aðra forstöðumenn stofnana ríkisins. Hins vegar hefur það verið framkvæmd ráðuneytisins að forstöðumenn listastofnana gegni að öðru jöfnu ekki starfi lengur en að hámarki tvö starfstímabil þar sem æskilegt sé að stuðla að þróun og endurnýjun listgreinanna. Stöður forstöðumanna eru því auglýstar lausar til umsóknar á fimm ára fresti. Þessi framkvæmd mun því einnig gilda um safnstjóra Listasafns Íslands. Þá eru starfsgengisskilyrði rýmkuð. Um starf

safnstjóra fer að öðru leyti að lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og lögum nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins.

Um 5. gr.

Efnislega er greinin sambærileg við 8. gr. laga nr. 58/1988, um Listasafn Íslands. Helstu breytingar eru að fellt er niður ákvæði um að skjóta megi ágreiningsmálum til safnráðs og gert er ráð fyrir að menntamálaráðherra skipi innkaupanefnd safnsins. Nefndin verði skipuð þremur fulltrúum: Safnstjóra, einum fulltrúa tilnefndum af Sambandi íslenskra myndlistarmanna og einum án tilnefningar. Ráðherra skipar formann úr hópi nefndarmanna. Hlutverk innkaupanefndar er að ákveða listaverkakaup safnsins. Innkaupanefnd getur heimilað safnstjóra að ráðstafa allt að 20% af því fé sem árlega er ætlað til listaverkakaupa til kaupa á innlendum verkum. Eðlilegt þykir að innkaupanefnd geti veitt safnstjóra slíka heimild þar sem aðstæður geta verið með þeim hætti að bregðast verði skjótt við, t.d. þegar safnið hefur tækifæri til þess að eignast eftirsóknarverð listaverk í samræmi við hlutverk þess. Gera verður ráð fyrir því að innkaupanefnd mæli nánar fyrir um heimild safnstjóra samkvæmt greininni.

Í 3. mgr. ákvæðisins er fjallað um gjafir til og safnsins er ákvæðið efnislega samhljóða 11. gr. laga nr. 58/1988, um Listasafn Íslands, nema hér fjallar innkaupanefnd um gjafir. Í fyrrgreindum lögum er það safnráð.

Þá er í 4. mgr. fjallað um sölu listaverka sem safnið hefur yfir að ráða, en ákvæðið er að mestu samhljóða 10. gr. laga nr. 58/1988, um Listasafn Íslands. Ekki er gert ráð fyrir að afla þurfi sérstaklega samþykkis höfundar fyrir því að verk hans í safneigninni verði selt til að skapa möguleika á að kaupa annað verk eftir hann. Af 3. mgr. leiðir aftur á móti að ávallt verður að leita samþykkis höfundar ef um gjöf er að ræða.

Um 6. gr.

Greinin tekur mið af 7. gr. safnalaga, nr. 106/2001, og 12. gr. laga nr. 58/1988. Fellt er niður heimildarákvæði um stofnun sérstakrar útlánadeildar. Hins vegar hafa verið hert skilyrði fyrir útlánum á verkum í eigu safnsins til höfunda þeirra, þ.e. hvað varðar lánstíma, meðferð og tryggingar verkanna. Í greininni er tiltekið að safninu sé heimilt að lána listaverk tímabundið til annarra safna eða stofnana, á sýningar eða til rannsókna. Hér er um rýmri heimild að ræða en í núgildandi lögum þar sem einungis listsýningar eru nefndar. Listasafnið hefur um langt skeið lánað verk tímabundið t.d. til ráðuneyta og sendiráða.

Um 7. gr.

Greinin er samhljóða 13. gr. laga nr. 58/1988, um Listasafn Íslands, nema 3. mgr. hefur verið skýrð nánar, þ.e. að réttur safnsins til endurmyndunar eða annarrar eftirgerðar fyrir það sjálft hefur verið nánar skilgreindur með orðunum „svo sem til skrásetningar í gagnagrunn safnsins, til kynningar á einstökum sýningum og til birtingar í sýningarskrám“. Ágreiningur hefur komið upp milli safnsins og rétthafa höfundaréttar um túlkun greinarinnar og er hér leitast við að taka af allan vafa um rétt safnsins.

Um 8. gr.

Rekstur Listasafns Íslands greiðist að stærstum hluta af fjárveitingu í fjárlögum. Safnið getur aflað eigin tekna með sölu á margs konar þjónustu. Það getur einnig aflað annarra framlaga, svo sem stuðnings frá fyrirtækjum, komið sér upp styrktarfélagi til að afla fjár sem

væri einkum varið til kaupa á íslenskum listaverkum til safnsins eða á annan hátt aukið ráðstöfunarfé sitt. Framlög sem aflað er á þennan máta ætti ekki að draga frá almennri fjárveitingu til safnsins

Í greininni er safninu enn fremur veitt heimild til gjaldtöku vegna starfsemi sinnar, þar á meðal að heimilt sé að innheimta aðgangseyri af gestum. Sú heimild hefur ekki verið fyrir hendi áður.

Um 9. gr.

Skipun myndlistarráðs er nýjung en er ætlað að vera til samræmis við önnur listgreinaráð sem skipuð hafa verið, t.d. leiklistarráð og tónlistarráð, nema hér er gert ráð fyrir að ráðið verði skipað fimm fulltrúum enda verður verksvið þess víðtækt og stefnumarkandi. Skipan myndlistarráðs er í samræmi við skipun ráðgjafarnefndar ráðuneytisins til meira en tveggja áratuga nema bætt er við tveimur fulltrúum. Hún byggist einnig á sömu grundvallarsjónarmiðum um aðkomu fagaðila og viðhöfð voru við ákvörðun um skipun leiklistarráðs og allflestra sjóðsstjórna á vegum ráðuneytisins. Samband íslenskra myndlistarmanna eru heildarsamtök þeirra sem starfa á sviði myndlistar og því eðlilegt að þau tilnefni tvo fulltrúa. Myndhöfundasjóður Íslands/Myndstef sem stendur vörð um höfundarétt vegna opinberrar endurbirtingar og sýningar á verkum myndlistarmanna tilnefnir einn fulltrúa. Listasafn Íslands, sem er höfuðsafn á sviði myndlistar, tilnefnir einn fulltrúa og einn fulltrúi er án tilnefningar og skal hann vera formaður. Varamenn verði skipaðir með sama hætti.

Gerð er tillaga um að skipunartími myndlistarráðs verði þrjú ár og að ekki verði heimilt að skipa sama mann aðalfulltrúa meira en tvö starfstímabil í röð, eða í sex ár.

Um 10. gr.

Í greininni er hlutverk myndlistarráðs skilgreint. Ráðinu er ætlað að vera samráðsvettvangur um málefni íslenskrar myndlistar og vera menntamálaráðherra til ráðgjafar. Ráðinu er ætlað að gera tillögur um hvernig æskilegast er að haga stuðningi ríkisins við myndlist til að hún eflist og dafni sem best. Íslenskir myndlistarmenn hafa ekki nema að litlu leyti notið sambærilegs fjárhagsstuðnings til myndsköpunar sinnar og sýningarhalds eins og leikhópar og tónlistarfólk hafa notið til sinnar starfsemi ef frá eru talin listamannalaun. Myndlistarmenn hafa getað sótt um verkefnis- og ferðastyrki, einkum vegna verkefna erlendis, en að öðru leyti hefur stuðningur við þá verið takmarkaður. Með starfi myndlistarráðs og stofnun myndlistarsjóðs er stefnt að því að bæta hag þessarar listgreinar til jafns við aðrar.

Myndlistarráð gerir tillögu til menntamálaráðherra um stefnu og helstu áherslur í starfi myndlistarsjóðs til þriggja ára í senn og gerir jafnframt tillögu um úthlutun á fé úr myndlistarsjóði, en ákvörðun um ráðstöfun fjárins er í höndum ráðherra.

Veigamikill þáttur í starfi myndlistarráðs er kynning á íslenskum myndlistarmönnum og myndsköpun þeirra hér á landi og erlendis. Vegna þessara verkefna og þeirra umsvifa sem fyrirsjáanleg eru af hálfu myndlistarráðs er hér talið nauðsynlegt að ráðið hafi heimild til að semja við utanaðkomandi aðila um umsýslu sjóðsins og framkvæmd verkefna og er hér einkum litið til áframhaldandi samstarfs og samstarfssamnings við sjálfseignarstofnunina Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar. Miðstöðin hefur á síðustu árum annast kynningu á íslenskri myndlist erlendis á grundvelli samstarfssamnings við ráðuneytið auk úthlutunar á styrkjum. Eðlilegt er að fé það sem nú rennur til Kynningarmiðstöðvarinnar verði í myndlistarsjóði og að myndlistarráð geti gert samninga um einstök verkefni, svo sem vegna þátttöku Íslands í Feneyjatvíæringnum um myndlist.

Um 11. gr.

Hér er gert ráð fyrir stofnun myndlistarsjóðs sem sjái um allar styrkveitingar á vegum ráðuneytisins til myndlistarmálefna nema hvað varðar listskreytingar í húsakynnum opinberra stofnana. Hlutverk sjóðsins er skilgreint með víðum hætti en gert ráð fyrir að myndlistarráð geri tillögur til menntamálaráðherra um áherslur og stefnu í starfi sjóðsins, þar á meðal hvernig fjármunum hans verði varið til úthlutunar styrkja á grundvelli umsókna, verkefna eða áhersluatriða myndlistarráðs, kynningarmála og umsýslukostnaðar. Gert er ráð fyrir að fé sem nú er veitt til samstarfssamnings menntamálaráðuneytis og Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar verði veitt í myndlistarsjóð og myndlistarráð geri samninga við Kynningarmiðstöðina fyrir hönd ráðuneytisins.

Í reglum um starfsemi sjóðsins gefst færi á að setja frekari skilyrði fyrir starfsháttum hvað varðar ráðstöfun fjármuna og um úthlutanir styrkja. Hér er talið rétt að hafa heimildarákvæði um að myndlistarráð fái fagaðila til að leggja mat á umsóknir.

Um 12. og 13. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til myndlistarlaga.

Markmiðið með frumvarpinu er að skýra þætti er varða íslenska myndlist. Í frumvarpinu er lögð fram aðlögun að safnalögum og sett fram rammalöggjöf um myndlistarmál í stað sérlaga um Listasafn Íslands. Helstu breytingar eru að safnaráð í núverandi mynd verði lagt niður og sett er inn ákvæði um hve mörg starfstímabil safnstjóri megi sitja. Önnu helstu nýmæli eru skipan myndlistarráðs og stofnun myndlistarsjóðs. Þá falla á brott lög nr. 58/1988, um Listasafn Íslands. Fjármagn myndlistarsjóðs fer eftir framlagi samkvæmt fjárlögum hvers árs. Áætlað er að 18 m.kr. framlag í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2008 sem heyrir undir Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar renni í myndlistarsjóð.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

385. Frumvarp til laga [307. mál]

um brottfall laga nr. 25 27. júní 1921, um einkaleyfi handa Háskóla Íslands til útgáfu almanaks.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

Lög nr. 25/1921, um einkaleyfi handa Háskóla Íslands til útgáfu almanaks, falla brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2009.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í lögum nr. 25/1921, um einkaleyfi handa Háskóla Íslands til útgáfu almanaks, er mælt fyrir um einkarétt Háskóla Íslands til að gefa út og selja eða afhenda með öðrum hætti almanök og dagatöl á Íslandi. Í lögunum er enn fremur mælt fyrir um útreikning almanaksins og útgáfu þess, hvernig skuli fara með brot á einkarétti háskólans, enn fremur um gjald af útgáfu og innflutningi dagatala til Háskólans, sem ráðherra ákveður að fengnum tillögum háskólaráðs, og loks ákvæði um heimildir til að leggja hald á almanök sem hingað hafa verið flutt ólöglega, um málsmeðferð við höfðun refsimála og um stofnun Almanakssjóðs, en til hans rennur hreinn arður af útgáfu almanaka ár hvert, auk skaðabóta og sekta fyrir brot á einkarétti háskólans. Enn fremur rennur til sjóðsins andvirði upptækra rita og gjöld vegna sölu og innflutnings almanaka til landsins. Tekið er fram að Háskólaráð stjórni sjóðnum og að tekjum hans skuli varið til eflingar stærðfræðilegum vísindum á Íslandi.

Almanak Háskóla Íslands á sér merka sögu. Frá 1. mars 1684 hafði Kaupmannahafnarháskóli haft einkarétt til útgáfu almanaka í Danmörku. Með opnu bréfi frá 5. ágúst 1831 var nánar mælt fyrir um refsingar fyrir brot á einkarétti háskólans. Bréfið var leitt í lög á Íslandi með tilskipun 3. febrúar 1836. Þegar Ísland var viðurkennt fullvalda ríki 1918 féll einkaréttur Kaupmannahafnarháskóla niður. Við setningu laganna á Alþingi 1921 er forsaga málsins rakin og tekið fram að það virðist heppilegt að Háskóli Íslands fái einkaréttinn, sem löggjafarvaldi Íslands væri þá tvímælalaust heimilt að ráðstafa. Gera megi ráð fyrir nokkrum tekjum af einkaréttinum „enda er almanaksútgáfan alls kostar áhættulaus, með því að öll samkeppni á því sviði er útilokuð“. Íslands almanakið hefur komið út samfellt síðan 1837. Það er nokkuð eldra en Almanak Hins íslenska þjóðvinafélags, sem kom út árið 1875. Frá 1923 til 1973 framseldi háskólinn einkaleyfi sitt til almanaksútgáfu til Þjóðvinafélagsins, er annaðist þá útgáfu beggja almanakanna. Samkvæmt upplýsingum á heimasíðu Almanaksins eru árlega gefin út hér á landi um 900 þúsund eintök af almanökum og dagatölum af ýmsum gerðum. Þar af munu vera um 100 þúsund almanök sem prentuð eru erlendis. Flest þessara rita sækja upplýsingar í Almanak háskólans, sem kalla má grundvallarrit almanaksútgáfu hér á landi. Almanak Háskólans mun nú vera gefið út í 4.000 eintökum og Almanak Þjóðvinafélagsins í 1.700 eintökum.

Frá setningu laganna hefur afstaða manna til einkaréttar opinberra aðila sem að hluta eða öllu leyti starfa á samkeppnismarkaði breyst. Koma þar m.a. til reglur er leiða af aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu, að víkja beri til hliðar reglum er takmarka samkeppni í atvinnurekstri þar á meðal reglur er takmarka innflutning vara á samkeppnismarkaði. Þá leiða

kröfur stjórnarskrárinnar til skattlagningarheimilda til þess að nauðsynlegt er að huga að endurskipulagningu á útgáfu almanaksins.

Nefnd fjármálaráðuneytisins, er fór yfir og kannaði hvort löggjöf hér á landi uppfyllti þær kröfur sem 40., sbr. 77. gr. stjórnarskrárinnar gerði til skattlagningarheimilda, komst m.a. að þeirri niðurstöðu í skýrslu sinni 3. febrúar 1999 að 6. gr. laga nr. 25/1921 fullnægði ekki þeim kröfum sem stjórnarskráin gerði til skattlagningarheimilda enda fæli ákvæðið í sér algert framsal skattlagningarvalds í hendur framkvæmdarvaldsins. Menntamálaráðuneytið og Háskóli Íslands hafa tekið undir athugasemdir nefndarinnar og fallist á að þær ættu við rök að styðjast. Hefur Háskólinn óskað eftir því að gjaldheimtunni verði komið í lögmætt horf án þess að nauðsynlegar breytingar mundu skerða tekjur Almanakssjóðs. Í bréfi ráðuneytisins til umboðsmanns Alþingis 19. apríl 2004 er framangreindum bréfaskiptum ráðuneytisins við Háskóla Íslands lýst og því mati ráðuneytisins að skilyrði séu til þess að fella lögin brott, þar sem lög nr. 41/1999, um Háskóla Íslands, veittu svigrúm til þess að starfa að útgáfu almanaks með þeim hætti sem stofnunin hefði gert án þess að sækja til þess heimild í sérstök lög um einkarétt stofnunarinnar.

Með bréfi Eftirlitsstofnunar EFTA 23. apríl 2007 óskaði stofnunin eftir viðhorfi íslenskra stjórnvalda til þess hvort þartilgreind ákvæði í 1., 5. og 6. gr. laga nr. 25/1921, er fjalla um einkarétt Háskólans, um refsingar vegna brota á ákvæðum laganna og gjaldtöku, þar á meðal á innfluttum almanökum, samræmdist 11. gr. samnings um Evrópska efnahagssvæðið, er leggja bann við magntakmörkunum á innflutningi, svo og allar ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif. Erindi stofnunarinnar hefur ekki verið svarað, en henni tilkynnt um frumvarp það sem hér er komið fram.

Þegar ákvæði laga nr. 25/1921 eru virt í ljósi þeirra athugasemda sem fram hafa komið og þeirra skuldbindinga sem leiða af samningum um Evrópska efnahagssvæðið er það mat ráðuneytisins að rétt sé að fella lögin úr gildi. Í því felst ekki að Háskóla Íslands beri að láta af útgáfu almanaks. Enda mæla augljós samræmingar- og öryggissjónarmið með því að áfram verði gefið út almanak. Í því sambandi hefur ráðuneytið bent á að lög nr. 41/1999, um Háskóla Íslands, veita háskólanum svigrúm til þess að starfa að útgáfu almanaks með þeim hætti sem stofnunin hefur gert til þessa án þess að sækja til þess heimild í sérstök lög um einkarétt stofnunarinnar til slíkrar starfsemi. Eðlilegt verður að telja að kostnaði Almanakssjóðs við útgáfu almanaksins verði eftir því sem við á mætt með gjaldtöku skv. 18. gr. laga nr. 41/1999 og samningi menntamálaráðuneytisins og háskólans, dags. 11. janúar 2007.

Rétt er að miða við það að lögin falli brott 1. janúar 2009, en með þeim hætti gefst svigrúm til þess undirbúa nauðsynlegar breytingar fyrir áframhaldandi útgáfu almanaksins.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um brottfall laga nr. 25/1921, um einkaleyfi handa Háskóla Íslands til útgáfu almanaks.

Með frumvarpinu er lagt til að einkaleyfi Háskóla Íslands til útgáfu almanaks falli niður. Tekjur háskólans vegna almanaksútgáfu eru áætlaðar 1,7 m.kr og munu falla niður í fjár-

lögum 2009. Ef Háskóli Íslands kýs að halda áfram útgáfu almanaks verður að fjármagna það með sértekjum til að tryggja óbreytta fjárheimild.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

386. Svar [258. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Birkis J. Jónssonar um störf hjá ráðuneytinu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu mikið hefur störfum hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess fjölgað eða fækkað það sem af er þessu ári á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og utan þess hins vegar?*
2. *Hversu mikið er áætlað að störfum hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess fjölgi utan höfuðborgarsvæðisins á næsta ári?*

Starfsmannafjöldi á aðalskrifstofu ráðuneytisins í Reykjavík er óbreyttur frá fyrra ári ef undan eru skildir tveir verkefnaráðnir starfsmenn.

Starfsmönnum þýðingamiðstöðvar ráðuneytisins hefur fjölgað um sex hjá nýju útibúi miðstöðvarinnar á Akureyri sem tók til starfa í maí á þessu ári.

Í september á þessu ári var aðalskrifstofa Ratsjárstofnunar flutt frá Reykjavík á öryggissvæði utanríkisráðuneytisins við Keflavíkurflugvöll, með flutningnum færðust átta stöðugildi suður á Miðnesheiði.

Í ráðuneytinu er til skoðunar hvernig fjölga megi starfsmönnum við þýðingar sem ekki hafa tilgreinda starfsstöð og vinni störf sín í fjarvinnslu.

Ákvörðun um fjölgun starfa á vegum utanríkisráðuneytisins utan höfuðborgarsvæðisins á næsta ári er til skoðunar í ráðuneytinu en niðurstaða liggur ekki fyrir.

387. Svar [160. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Björns Vals Gíslasonar og Þuríðar Backman um störf á vegum ríkisins.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver hefur þróun fjölda starfa á vegum ríkisins verið sl. 15 ár

a. *á höfuðborgarsvæðinu,*
b. *utan höfuðborgarsvæðisins, skipt eftir landshlutum?*

Upplýsingar um fjölda starfa á vegum ríkisins liggja ekki fyrir og því er í svari við fyrirspurninni stuðst við fjölda ársverka. Með ársverkum er átt við magn dagvinnu á ári. Eru þetta bestu fyrirliggjandi upplýsingar til að varpa ljósi á þróun starfa hjá ríkinu og eru þær unnar úr launakerfi ríkisins.

Í töflu 1 er að finna fjölda ársverka á umræddu tímabili sundurliðað miðað við landshlutana höfuðborgarsvæði, Reykjanes, Vesturland, Vestfirði, Norðurland vestra, Norðurland eystra, Austurland og Suðurland.

Upplýsingarnar skýra vel umfang og breytingar á milli ára en þær skýra ekki að öllu leyti fjölgun eða fækkun starfa. Hugsanlegt er að t.d. fjarvera vegna fæðingarorlofs skekki myndina með því að sýna færri ársverk án þess að það þýði fækkun starfa. Þá getur tímavinna og tímabundnar ráðningar komið fram sem fjölgun ársverka án þess þó að slíkar ráðstafanir leiði til fjölgunar starfa. Þróun ársverka skýrir hins vegar vel meginbreytingar á milli ára og ekki verður séð að aðrar upplýsingar lýsi umræddri þróun með nákvæmari hætti. Gögn fyrir árið 2006 liggja enn ekki fyrir.

Tafla 1. Fjöldi ársverka á vegum ríkisins 1990–2005.

Landshluti	**1990**	**1991**	**1992**	**1993**	**1994**	**1995**	**1996**	**1997**
Höfuðborgarsvæði	13.386	14.093	14.148	14.156	14.189	14.080	13.712	11.109
Reykjanes	662	693	685	682	698	685	646	468
Vesturland	702	725	725	806	742	716	638	410
Vestfirðir	440	434	440	439	438	429	401	208
Norðurland vestra	447	469	482	471	491	498	449	288
Norðurland eystra	1.436	1.429	1.441	1.386	1.413	1.380	1.235	699
Austurland	680	700	719	678	699	690	635	397
Suðurland	965	1.003	1.003	994	1.010	994	923	619
Samtals	**18.717**	**19.547**	**19.643**	**19.612**	**19.680**	**19.472**	**18.640**	**14.199**

Landshluti	**1998**	**1999**	**2000**	**2001**	**2002**	**2003**	**2004**	**2005**
Höfuðborgarsvæði	11.370	11.679	11.732	13.224	13.301	13.610	13.792	13.685
Reykjanes	416	438	421	349	370	388	408	397
Vesturland	402	407	427	423	433	441	415	507
Vestfirðir	203	202	208	210	214	209	212	241
Norðurland vestra	290	248	238	220	237	242	218	223
Norðurland eystra	667	646	621	635	652	658	653	702
Austurland	387	374	339	350	352	351	299	332
Suðurland	609	600	586	595	594	605	587	610
Samtals	14.344	14.596	14.571	16.005	16.151	16.505	16.585	16.698

Í töflu 2. er sýnd breyting á fjölda ársverka á vegum ríkisins í prósentum á milli ára á sömu svæðum. Hafa verður í huga þegar töflurnar eru skoðaðar að á umræddu tímabili átti sér stað umfangsmikill verkefnaflutningur frá ríki til sveitarfélaga sem leiddi til að störfum hjá ríkinu fækkaði verulega, einkum við flutning grunnskólans til sveitarfélaganna árið 1996. Fjölgun ársverka á Vesturlandi frá árinu 2004 til 2005 skýrist m.a. af stofnun Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri og stofnun framhaldsskóla á Grundarfirði. Fækkun ársverka á Reykjanesi milli áranna 2000 og 2001 má m.a. rekja til þess að tvær ríkisstofnanir, Fríhöfnin og Leifsstöð, voru sameinaðar og fyrirtækið Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf. var stofnað.

Tafla 2. Breyting milli ára í prósentum á fjölda ársverka á vegum ríkisins 1990–2005.

	Ár 90-91	Ár 91-92	Ár 92-93	Ár 93-94	Ár 94-95	Ár 95-96	Ár 96-97	Ár 97-98
Höfuðborgarsvæðið	5,3	0,4	0,1	0,2	-0,8	-2,6	-19,0	2,3
Reykjanes	4	-1,2	-0,4	2,2	-1,8	-5,7	-27,6	-11,2
Vesturland	3,3	0,0	11,1	-7,9	-3,5	-11,0	-35,6	-2,0
Vestfirðir	-1	1,4	-0,3	-0,2	-2,0	-6,5	-48,2	-2,3
Norðurland vestra	5,1	2,7	-2,3	4,2	1,4	-9,9	-35,8	0,6
Norðurland eystra	-0,5	0,8	-3,8	1,9	-2,3	-10,5	-43,4	-4,6
Austurland	2,9	2,7	-5,7	3,2	-1,3	-7,9	-37,5	-2,6
Suðurland	3	-0,0	-0,9	1,7	-1,6	-7,2	-32,9	-1,6

	Ár 98-99	Ár 99-00	Ár 00-01	Ár 01-02	Ár 02-03	Ár 03-04	Ár 04-05
Höfuðborgarsvæðið	2,7	0,4	12,7	0,6	2,3	1,3	-0,8
Reykjanes	5,5	-4,0	-17,2	6,1	5,0	5,1	-2,8
Vesturland	1,3	4,9	-0,9	2,2	2,0	-6,0	22,2
Vestfirðir	-0,4	2,6	1,0	2,0	-2,2	1,5	13,8
Norðurland vestra	-14,6	-4,0	-7,4	7,6	2,4	-9,9	2,1
Norðurland eystra	-3,1	-4,0	2,2	2,8	0,8	-0,7	7,6
Austurland	-3,3	-9,4	3,3	0,4	-0,1	-14,9	11,1
Suðurland	-1,5	-2,3	1,4	-0,1	2,0	-3,0	3,9

388. Nefndarálit [128. mál]

um frv. til l. um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Valdimar Kristjánsson frá ELEA-network, Halldór Árnason frá forsætisráðuneyti, Hallgrím Snorrason, Hrafnhildi Arnkelsdóttur og Magnús S. Magnússon frá Hagstofu Íslands, Braga Axelsson og Þórð Sveinsson frá Persónuvernd og Guðrúnu Jennýju Jónsdóttur, Ingvar J. Rögnvaldsson og Skúla Eggert Þórðarson frá ríkisskattstjóra. Nefndinni bárust einnig umsagnir um málið.

Með lögum nr. 109/2007, um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, var meðal annars gerð sú breyting að Hagstofa Íslands verður lögð niður sem sérstakt ráðuneyti frá og með árslokum 2007. Í athugasemdum með frumvarpi til laga um breytingu á lögunum kom fram að ætlunin væri að Hagstofunni yrði breytt í sjálfstæða ríkisstofnun og tæki sú breyting gildi í ársbyrjun 2008.

Frumvarpi þessu er ætlað að búa Hagstofu Íslands og opinberri hagskýrslugerð viðhlítandi lagagrundvöll. Í I. kafla frumvarpsins er fjallað um hlutverk og skipulag stofnunarinnar. Gert er ráð fyrir, sbr. 1. gr. frumvarpsins, að Hagstofa Íslands sé sjálfstæð stofnun sem heyri undir forsætisráðherra. Stofnunin er miðstöð opinberrar hagskýrslugerðar en með því er átt við starfsemi sem lýtur að söfnun gagna til tölfræðilegrar úrvinnslu um landshagi Íslands og þjóðfélagsleg málefni, úrvinnslu gagnanna og miðlun tölfræðilegra upplýsinga til almennings, fyrirtækja, stofnana og stjórnvalda á grundvelli laga og fyrirmæla sem eru sett sam-

kvæmt lögum. II. kafli frumvarpsins fjallar um gagnaöflun Hagstofunnar. Samkvæmt frumvarpinu skal Hagstofunni heimilt að afla gagna frá stjórnvöldum, stofnunum, fyrirtækjum og einstaklingum en þó er lögð áhersla á notkun stjórnsýslugagna og upplýsinga sem til eru í opinberum skrám. Þá er í kaflanum mælt fyrir um heimild Hagstofunnar til samtengingar skráa við tölfræðilega úrvinnslu og hagskýrslugerð. Í III. kafla er fjallað um trúnaðarskyldur við gerð hagskýrslna. Slík ákvæði er ekki að finna í þeirri löggjöf sem nú gildir um Hagstofuna og hefur Hagstofan hingað til stuðst við venjur og alþjóðareglur og sett sínar eigin reglur um meðferð trúnaðargagna.

Nefndin leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu. Lagt er til að við 2. gr. bætist „aðilar vinnumarkaðarins“ við upptalningu þeirra sem Hagstofunni ber einkum að líta til hvað snertir þarfir fyrir upplýsingar og henni ber að hafa samráð við. Þetta er til áréttingar og fyllingar en Hagstofan hefur um árabil haft margþætt samráð og samstarf við samtök á vinnumarkaði og er engin breyting áformuð í því efni.

Í umsögnum ríkisskattstjóra og Fasteignamats ríkisins komu fram áhyggjur af því að ekki væri skýrt hvernig fara skyldi með kostnað af hugsanlegri öflun viðbótarupplýsinga og breytingum á skrám skv. 2. og 3. mgr. 6 gr. frumvarpsins. Í umræðum fyrir nefndinni hafa fulltrúar Hagstofunnar lagt áherslu á að stofnunin verði að sjálfsögðu að gæta meðalhófs í óskum sínum um gögn og notkun opinberra skráa til hagskýrslugerðar. Lögð er áhersla á þessi sjónarmið í 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins þar sem fram kemur að haga skuli gagnaöflun á þann hátt að fyrirhöfn upplýsingagjafa við að láta í té gögn sé hóflegt. Hagstofan verði einnig að taka tillit til þess kostnaðar sem öflun viðbótarupplýsinga og breyting skráa geti haft í för með sér. Til þess að styrkja þessi sjónarmið leggur nefndin til að bætt verði við niðurlag 2. og 3. mgr. 6. gr. að tekið skuli tillit til eðlilegra sjónarmiða um kostnað.

Við samningu frumvarpsins var leitað álits hjá Persónuvernd um efni frumvarpsins er varðar meðferð trúnaðargagna og persónubundinna gagna. Við nánari athugun á efni frumvarpsins taldi Persónuvernd að skerpa mætti á orðalagi ákvæða um skilyrði sem gæta þarf við veitingu aðgangs að gagnasafni með persónubundnum gögnum í rannsóknarskyni eða afhendingu slíkra gagna til rannsóknaraðila. Hefur Persónuvernd sent nefndinni ábendingar um tvenns konar orðalagsbreytingar á 2. mgr. 13. gr. og leggur nefndin til að frumvarpinu verði breytt á þann veg. Leggur nefndin annars vegar til að í stað þess að vísað sé til 1. mgr. 9. gr. laga um persónuvernd verði vísað til „einhvers skilyrða 9. gr. laga um persónuvernd“. Hins vegar leggur nefndin til viðbót við 2. mgr. 13. gr. í þá veru að rannsóknaraðila beri að skila gögnum eða eyða persónuauðkennum í síðasta lagi að liðnum tilteknum tíma og ef hann hyggst varðveita persónuauðkenni lengur skuli hann tilkynna Hagstofunni það og óska eftir samþykki hennar.

Á síðari stigum kom einnig fram ábending frá Persónuvernd um að setja bæri sérstök ákvæði um meðferð og öryggi upplýsinga sem aflað væri með samtengingu skráa skv. 9. gr. Nefndin telur rétt að taka af tvímæli í þessum efnum með því að taka upp í 10. gr. frumvarpsins ákvæði um að þær trúnaðarkvaðir sem kveðið er á um í 1. og 2. málsl. 1. mgr. 10. gr. gildi einnig um þær upplýsingar sem verða til við samtengingu skráa skv. 9. gr. Hins vegar telur nefndin ekki þörf á að bæta við sérstöku ákvæði um öryggi þessara gagna þar sem ljóst sé að ákvæði 12. gr. frumvarpsins um öryggi gagna, eyðingu eða dulkóðun eigi jafnt við um öll hagskýrslugögn sem snerta tilgreinda einstaklinga og lögaðila.

Loks hefur komið í ljós að það kann að orka tvímælis að fella úr gildi lög um launavísitölu, nr. 89/1989, eins og gert er ráð fyrir í 17. gr. frumvarpsins um gildistöku og niðurfellingu eldri laga. Þetta stafar af því að enn eru útistandandi skuldabréf Byggingarsjóðs ríkisins

með ákvæðum um greiðslujöfnun fasteignaveðlána samkvæmt lögum frá árinu 1983. Hér er um að ræða almenn lán til einstaklinga veitt á árunum 1983–1989, lán vegna sérþarfa veitt 1983–2004 og viðbótarlán veitt á árunum 1999–2004. Þessi greiðslujöfnun styðst meðal annars við mánaðarlega launavísitölu samkvæmt fyrrnefndum lögum. Að höfðu samráði við Íbúðalánasjóð er niðurstaðan að verði lagaákvæði um launavísitölu felld úr gildi kunni að skapast óvissa um framkvæmd fyrrnefndrar greiðslujöfnunar ef til hennar kemur. Af þessum ástæðum er lagt til að horfið verði frá afnámi laga um launavísitölu.

Jón Magnússon og Karl V. Matthíasson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 28. nóv. 2007.

Birgir Ármannsson, form., frsm.	Ágúst Ólafur Ágústsson.	Atli Gíslason.
Sigurður Kári Kristjánsson.	Ellert B. Schram.	Siv Friðleifsdóttir.

Ólöf Nordal.

389. Breytingartillögur [128. mál]

við frv. til l. um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 2. gr. Á eftir orðinu „almennings“ í 1. mgr. komi: aðila vinnumarkaðarins.
2. Við 6. gr.
   a. Við 2. mgr. bætist: enda sé tekið tillit til eðlilegra sjónarmiða um kostnað.
   b. Við 3. mgr. bætist: og að teknu tilliti til eðlilegra sjónarmiða um kostnað.
3. Við 10. gr. Við 3. málsl. 1. mgr. bætist: og upplýsingar sem verða til við samtengingu skráa skv. 9. gr.
4. Við 13. gr.
   a. Í stað orðanna „skilyrðum 1. mgr. 9. gr.“ í 2. mgr. komi: einhverju skilyrða 9. gr.
   b. Við 2. mgr. bætist: en þó í síðasta lagi að tilteknum tíma liðnum. Hyggist rannsóknaraðili varðveita persónuauðkenni lengur skal hann tilkynna það Hagstofunni og óska eftir samþykki hennar fyrir frekari varðveislu.
5. Við 17. gr. 4. tölul. falli brott.

390. Skýrsla [308. mál]

samgönguráðherra um framkvæmd samgönguáætlunar 2006 (flugmálaáætlun).

(Lögð fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

2. FLUGMÁLAÁÆTLUN

2.1 Fjármál.

Endurskoðað bókhald Flugmálastjórnar fyrir árið 2006, ásamt reikningsuppgjöri ársins, liggur nú fyrir og eru því allar fjármunahreyfingar sem fram koma í skýrslunni byggðar á rauntölum.

Tekjur og framlög.


Markaðar tekjur.

Flugvallagjöld. Eftirfarandi tafla og mynd sýna þróun tekna af flugvallagjöldum árin 1997–2006:

Tafla 1 Þróun tekna af flugvallagjöldum árin 1997-2006 (millj. kr.)

	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006
Varaflugvallagjald	0	0	0	0	0	0	0	77	444	516
Flugvallaskattur, utanlandsflug	436	495	547	647	618	587	698	699	283	330
Flugvallaskattur, innanlandsflu	62	69	72	68	53	51	52	76	137	141
Samtals:	**498**	**564**	**619**	**715**	**671**	**638**	**750**	**852**	**864**	**987**

Mynd 1 Tekjur af flugvallagjöldum



Eins og taflan og myndin sýna hafa tekjur af flugvallagjöldum ekki verið jafnháar frá árinu 1997 og er það vegna fjölgunar farþega í utanlandsflugi. Gjaldskránni var breytt frá og með 1. október 2004. Þá var tekinn upp flugvallaskattur annars vegar sem allir farþegar greiða og varaflugvallagjald hins vegar sem einungis farþegar í millilandaflugi greiða. Tekjur af varaflugvallagjaldinu námu 516 millj. kr. árið 2006. Varaflugvallagjaldið er ætlað að standa undir þeim viðbótarkostnaði sem af því hlýst að Reykjavíkur-, Akureyrar- og Egilsstaðaflugvellir sinni varaflugvallahlutverki sínu.

Afgreiðslugjald. Tekjur af afgreiðslugjöldum vegna útgáfu flugskírteina, vottunar- og staðfestingargjalda voru á árinu 2006, 15,3 millj. kr.

Framlög úr ríkissjóði.

Á árinu 2006 var framlag ríkissjóðs til Flugmálastjórnar 1007 millj. kr. Framlag af flugmálaáætlun vegna varaflugvallagjalds til reksturs Flugmálastjórnar nam á árinu 214,6 millj. kr.

Ríkistekjur

Eftirfarandi tafla sýnir sundurliðun ríkistekna:

Tafla 2 Sundurliðun ríkistekna árið 2006 (þús. kr.).

Lendingargjöld	103.001
Prófgjöld vegna þjónustu flugöryggissviðs	10.649
Skoðunar- og eftirlitsgjöld	111.998
Vopnaleitargjald	19.378
Samtals:	**245.026**

Sértekjur.

Tekjur vegna Alþjóðaflugþjónustunnar. Þessar tekjur eru vegna reksturs á B-hluta Flugmálastjórnar, Veðurstofunnar og Flugfjarskipta ehf. en tekjurnar eru yfirflugsgjöld sem námu árið 2006, 1.884 millj. kr.

Aðrar sértekjur. Eftirfarandi tafla sýnir sundurliðun annarra sértekna:

Tafla 3 Sundurliðun annarra sértekna árið 2006 (þús. kr.).

ATS-skólagjöld	76.500
Seld vinna v/alþjóðaflugþjónustunnar	138.000
Seld önnur vinna, flugmálaáætlun o.fl.	29.901
Stjórnunarkostnaður, 12%	126.200
Verksala og önnur þjónusta	156.807
Leigutekjur og afnotagjöld	97.017
Sala eigna og tilfærslur	8.121
Kosovo-verkefni árið 2006	348.121
Samtals:	**980.667**

Gjöld.

Rekstur og þjónusta.

Yfirstjórn. Rekstrarútgjöld yfirstjórnar hækka um 13% milli áranna 2005 og 2006. Launagjöld hækka um 14,6%, en önnur rekstrarútgjöld hækka um 11,4%.

Tafla 4 Rekstur yfirstjórnar 2005 og 2006 (þús. kr.).

Gjöld	2005	2006	Breyting
Laun og launatengd gjöld	196.480	225.159	14,6%
Önnur rekstrargjöld	194.807	216.956	11,4%
Samtals	**391.287**	**442.115**	**13,0%**
Tekjur	305.078	535.650	75,6%
Gjöld umfram tekjur	86.209	-93.535	-208,5%

Eins og sést á töflunni hafa tekjur hækkað um 75,6% milli ára sem skýrist af því að á árinu 2006 var stoðþjónusta, svo sem færsla bókhalds, fjármálaþjónusta, starfsmanna- og kerfisþjónusta, færð sem kostnaður á rekstrarsviðin, en tekjur á yfirstjórn. Þetta hefur einnig í för

með sér að samanburður milli áranna 2005 og 2006 í töflunum hér á eftir verður ekki alveg raunhæfur. Vegna þessa verða tekjur umfram gjöld hjá yfirstjórn 93,5 millj. kr. á árinu 2006.

Flugumferðarþjónusta innan lands. Útgjöld flugumferðarsviðs hækkuðu um 7,7% á milli ára. Bæði laun og önnur rekstrargjöld hækkuðu um 7,7%, en á móti lækkuðu tekjur þjónustunnar um 5,1% frá fyrra ári.

Tafla 5 Rekstur flugumferðarsviðs 2005 og 2006 (þús. kr.).

Gjöld	2005	2006	Breyting
Laun og launatengd gjöld	437.307	470.959	7,7%
Önnur rekstrargjöld	94.145	101.355	7,7%
Samtals	**531.452**	**572.314**	**7,7%**
Tekjur	405.079	384.400	-5,1%
Gjöld umfram tekjur	126.373	187.914	48,7%

Eins og taflan sýnir, hafa gjöld umfram tekjur hækkað um 48,7% milli áranna 2005 og 2006, sem skýrist af lækkun tekna frá árinu áður.

Eftirlit og öryggismál. Á undanförnum árum hafa umsvif flugöryggissviðsins aukist jafnt og þétt vegna krafna um aukið eftirlit ásamt meiri gæðakröfum og nýrra alþjóðlegra reglna. Laun og launatengd gjöld hækka um 14,2% og önnur rekstrargjöld hækka verulega á milli ára, eða um 22,3%.

Tafla 6 Rekstur flugöryggissviðs 2005 og 2006 (þús. kr.).

Gjöld	2005	2006	Breyting
Laun og launatengd gjöld	137.770	157.285	14,2%
Önnur rekstrargjöld	95.101	116.323	22,3%
Samtals	**232.871**	**273.608**	**17,5%**
Tekjur	163.307	161.062	-1,4%
Gjöld umfram tekjur	69.564	112.546	61,8%

Eins og taflan sýnir hafa rekstrarútgjöld hækkað á milli áranna 2005 og 2006 um 17,5%, en tekjur hafa lækkað aðeins, eða um 1,4%. Þannig hafa gjöld umfram tekjur hækkað verulega milli ára, eða um 61,8% sem skýrist af auknu mannahaldi og lægri tekjum á árinu 2006.

Flugvalla- og flugleiðsöguþjónusta. Á undanförnum árum hefur áætlunarflugvöllum fækkað verulega. Engu að síður þarf að viðhalda mannvirkjum á þeim flugvöllum þar sem áætlunarflug hefur lagst af. Þannig hafa önnur rekstrargjöld ekki lækkað í takt við þróunina. Á árinu 2006 hækkuðu önnur rekstrargjöld um 21,9% frá árinu áður, en laun og launatengd gjöld hækkuðu um 9,4%.

Tafla 7 Rekstur flugvalla- og leiðsögusviðs 2005 og 2006 (þús. kr.).

Gjöld	2005	2006	Breyting
Laun og launatengd gjöld	410.170	448.930	9,4%
Önnur rekstrargjöld	618.649	753.881	21,9%
Samtals	**1.028.819**	**1.202.811**	**16,9%**
Tekjur	295.634	296.979	0,5%
Gjöld umfram tekjur	733.185	905.832	23,5%

Eins og sést á töflunni hafa tekjur aðeins hækkað á milli ára, eða um 0,5%. Gjöld umfram tekjur hafa því hækkað um 23,5% milli áranna 2005 og 2006.

Í eftirfarandi töflum er gerð grein fyrir rekstrarafkomu fimm stærstu áætlunarflugvallanna, þ.e. Reykjavíkur-, Akureyrar-, Vestmannaeyja-, Egilsstaða- og Ísafjarðarflugvalla. Aðrir minni áætlunar- og þjónustuflugvellir verða teknir saman í einni niðurstöðutölu í töflum 18 og 19.

Reykjavíkurflugvöllur. Rekstrarkostnaður Reykjavíkurflugvallar hækkaði um 18,6% milli áranna 2005 og 2006, eða um 53,5 millj. kr. Heildarútgjöldin urðu 12,2 millj. kr. yfir áætlun, eða sem nemur 3,6%. Þetta skýrist meðal annars vegna nýs kjarasamnings við Landsamband slökkviliðsmanna. Tekjur flugvallarins hækkuðu um 10,5% frá árinu áður.

Eftirfarandi tafla sýnir rekstrarútgjöld eftir stjórnunarsviðum og samanburð við áætlun ársins 2006:

Tafla 8 Rekstrarútgjöld Reykjavíkurflugvallar árið 2006 (þús. kr.).

Rekstrarsvið	Útgjöld	Áætlun	Mismunur	%
Flugvalla- og flugleiðsögusvið	208.101	195.880	12.221	5,9%
Flugumferðarsvið	133.516	133.516	0	0,0%
Samtals	**341.617**	**329.396**	**12.221**	**3,6%**

Rekstrarkostnaður flugvalla- og flugleiðsögusviðs varð 3,6% hærri en rekstraráætlun gerði ráð fyrir. Rekstur aðflugsþjónustu flugumferðarsviðs var samkvæmt áætlun.

Í næstu töflu er sýndur samanburður á rekstrarútgjöldum og tekjum hinna ýmsu verkefna í starfsemi flugvallarins árin 2005 og 2006. Taflan sýnir að gjöld umfram tekjur urðu 250,6 millj. kr. sem er verulega hærra en á fyrra ári, eða sem nemur 44,8 millj. kr. Hlutfall tekna af gjöldum er 26,6%, sem er nokkur lækkun frá árinu áður. Framlag á hvern farþega sem fór um flugvöllinn á árinu 2006 er 597 kr. á móti 539 kr. árið á undan og er það 10,8% hækkun, en farþegum sem fóru um flugvöllinn fjölgaði um 5% milli ára.

Þegar á heildina er litið verður að telja að rekstur Reykjavíkurflugvallar á árinu 2006 hafi gengið þokkalega vel fjárhagslega séð.

Tafla 9 Útgjöld og tekjur Reykjavíkurflugvallar árið 2005 og 2006 (þús. kr.).

Gjöld				
Verkefni	**2005**	**2006**	**Mismunur**	**%**
Rekstur flugvallar	56.165	85.818	29.653	52,8%
Snjómokstur	13.011	12.003	-1.008	-7,7%
Slökkviþjónusta	73.431	91.360	17.929	24,4%
Vélaverkstæði	20.253	16.962	-3.291	-16,2%
Umsjón húseigna	3.655	1.958	-1.697	-46,4%
Flugturn	121.625	133.516	11.891	9,8%
Samtals	**288.140**	**341.617**	**53.477**	**18,6%**
Tekjur				
Lendingargjöld	52.271	68.643	16.372	31,3%
Leigutekjur	16.267	15.802	-465	-2,9%
Verksala og þjónusta	13.795	6.555	-7.240	-52,5%
Samtals	**82.333**	**91.000**	**8.667**	**10,5%**
Gjöld umfram tekjur	205.807	250.617	44.810	21,8%
Hlutfall tekna af gjöldum	28,6%	26,6%		
Framlag á hvern farþega kr.	539	597	58	10,8%

Akureyrarflugvöllur. Rekstrarniðurstaða Akureyrarflugvallar fyrir árið 2006 er sú að flugvöllurinn fór 7,5 millj. kr. fram úr rekstraráætlun ársins, eða 4,1%.

Eftirfarandi tafla sýnir rekstrarútgjöldin árið 2006 eftir stjórnunarsviðum og samanburð við rekstraráætlun ársins:

Tafla 10 Rekstrarútgjöld Akureyrarflugvallar árið 2006 (þús. kr.).

Rekstrarsvið	Útgjöld	Áætlun	Mismunur	%
Flugvalla- og flugleiðsögusvið	131.445	123.950	7.495	5,7%
Flugumferðarsvið	53.168	53.168	0	0,0%
Samtals	**184.613**	**177.118**	**7.495**	**4,1%**

Eins og taflan sýnir kostaði rekstur Akureyrarflugvallar rúmar 184,6 millj. kr. á árinu 2006 án fjármagns- og stofnkostnaðar. Heildarútgjöld flugvallarins á árinu 2006 var 28,4 millj. kr. hærri en árið á undan, eða 18,2%.

Næsta tafla sýnir samanburð á rekstrarútgjöldum og tekjum milli áranna 2005 og 2006, ásamt hlutfalli tekna af gjöldum og framlag á hvern farþega sem um flugvöllinn fór árið 2006:

Tafla 11 Útgjöld og tekjur Akureyrarflugvallar árið 2005 og 2006 (þús. kr.).

Gjöld				
Verkefni	**2005**	**2006**	**Mismunur**	**%**
Rekstur flugvallar	109.991	131.445	21.454	19,5%
Rekstur flugturns	46.254	53.168	6.914	14,9%
Samtals	**156.245**	**184.613**	**28.368**	**18,2%**
Tekjur				
Lendingargjöld	15.312	21.879	6.567	42,9%
Leigutekjur	2.292	2.318	26	1,1%
Verksala og þjónusta	3.126	3.018	-108	-3,5%
Samtals	**20.730**	**27.215**	**6.485**	**31,3%**
Gjöld umfram tekjur	135.515	157.398	21.883	16,1%
Hlutfall tekna af gjöldum	13,3%	14,7%		
Framlag á hvern farþega kr.	753	779	26	3,5%

Í töflunni kemur fram að gjöld umfram tekjur urðu 157,4 millj. kr. á árinu 2006, samanborið við 135,5 millj. kr. árið 2005 og er hækkunin 16,1%. Tekjur hækkuðu um 31,3% milli ára. Hlutfall tekna af gjöldum var á árinu 2006 14,7% samanborið við 13,3% á árinu 2005. Framlag á hvern farþega sem fór um flugvöllinn á árinu var 779 kr. sem er hækkun frá árinu áður um 3,5%.

Egilsstaðaflugvöllur. Heildarrekstrarútgjöld Egilsstaðaflugvallar á árinu 2006 urðu 15,8 millj. kr. hærri en rekstraráætlanir gerðu ráð fyrir, eða 13,5% sem skýrist af auknum umsvifum í rekstri flugvallarins, aðallega vegna millilandaflugs, en farþegar sem fóru um flugvöllinn á árinu 2006 voru 18,8% fleiri en árið áður. Rekstur flugvallarins kostaði á árinu rúmar 116,8 millj. kr. og hefur kostnaður því hækkað um 30,2 millj. kr. frá árinu 2005, eða um 34,9%. Tekjur flugvallarins hækkuðu verulega, eða um 55,8% vegna fjölgunar farþega.

Eftirfarandi tafla sýnir rekstrarútgjöld Egilsstaðaflugvallar fyrir árið 2006 og samanburð við rekstraráætlanir ársins:

Tafla 12 Rekstrarútgjöld Egilsstaðaflugvallar árið 2006 (þús. kr.).

Rekstrarsvið	Útgjöld	Áætlun	Mismunur	%
Rekstur flugvallar	92.182	76.785	15.397	16,7%
Rekstur flugturns	24.608	24.212	396	1,6%
Samtals	**116.790**	**100.997**	**15.793**	**13,5%**

Í næstu töflu er sýndur samanburður á gjöldum og tekjum áranna 2005 og 2006, ásamt framlagi á hvern farþega sem fór um flugvöllinn á árinu.

Tafla 13 Útgjöld og tekjur Egilsstaðaflugvallar árið 2005 og 2006 (þús. kr.).

Gjöld				
Verkefni	**2005**	**2006**	**Mismunur**	**%**
Rekstur flugvallar	64.257	92.182	27.925	43,5%
Rekstur flugturns	22.350	24.608	2.258	10,1%
Samtals	**86.607**	**116.790**	**30.183**	**34,9%**
Tekjur				
Lendingargjöld	12.125	18.528	6.403	52,8%
Leigutekjur	1.297	1.366	69	5,3%
Verksala og þjónusta	442	1.700	1.258	284,6%
Samtals	**13.864**	**21.594**	**7.730**	**55,8%**
Gjöld umfram tekjur	72.743	95.196	22.453	30,9%
Hlutfall tekna af gjöldum	16,0%	18,5%		
Framlag á hvern farþega kr.	573	630	57	10,0%

Í töflunni kemur fram að rekstrarútgjöld hækkuðu milli ára um rúmar 30,2 millj. kr., eða 34,9%. Einnig sýnir taflan að gjöld umfram tekjur hafa hækkað um 30,9% frá árinu 2005, en hlutfall tekna af gjöldum er 18,5% árið 2006 á móti 16% á árinu 2005. Framlag á hvern farþega sem fór um flugvöllinn á árinu hækkar nokkuð, eða úr 573 kr. á árinu 2005 í 630 kr. árið 2006, eða um 10%. Þetta skýrist af verulega auknum umsvifum í rekstri flugvallarins á árinu 2006 frá fyrri árum.

Vestmannaeyjaflugvöllur. Rekstrarútgjöld Vestmannaeyjaflugvallar á árinu 2006 urðu 4,7% hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir, eða tæpar 3,5 millj. kr.

Eftirfarandi tafla sýnir rekstrarútgjöldin á árinu 2006 ásamt samanburði við áætlanir:

Tafla 14 Rekstrarútgjöld Vestmannaeyjaflugvallar árið 2006 (þús.kr.).

Rekstrarsvið	Útgjöld	Áætlun	Mismunur	%
Flugvalla- og flugleiðsögusvið	41.908	38.442	3.466	8,3%
Flugumferðarsvið	31.876	31.876	0	0,0%
Samtals	**73.784**	**70.318**	**3.466**	**4,7%**

Eins og taflan sýnir urðu heildarútgjöld Vestmannaeyjaflugvallar á árinu 2006 tæpar 73,8 millj. kr.

Tekjur flugvallarins á árinu 2006 hækkuðu hins vegar verulega, eða um 63,8% frá árinu áður eða um tæpar 3,4 millj. kr., sem skýrist af stærri flugvélum sem nú eru notaðar í áætlunarfluginu og þar af leiðandi hærri lendingargjöldum. Farþegum sem fóru um flugvöllinn fækkaði hins vegar um 5,9% frá árinu áður.

Í næstu töflu er sýndur samanburður á gjöldum og tekjum áranna 2005 og 2006 ásamt ýmsum öðrum upplýsingum:

Tafla 15 Útgjöld og tekjur Vestmannaeyjaflugvallar árið 2005 og 2006 (þús. kr.).

Gjöld				
Verkefni	**2005**	**2006**	**Mismunur**	**%**
Rekstur flugvallar	36.553	41.908	5.355	14,6%
Rekstur flugturns	28.259	31.876	3.617	12,8%
Samtals	**64.812**	**73.784**	**8.972**	**13,8%**
Tekjur				
Lendingargjöld	2.750	4.530	1.780	64,7%
Leigutekjur	1.577	2.038	461	29,2%
Verksala og þjónusta	968	2.104	1.136	117,3%
Samtals	**5.295**	**8.672**	**3.377**	**63,8%**
Gjöld umfram tekjur	59.517	65.112	5.595	9,4%
Hlutfall tekna af gjöldum	8,2%	11,8%		
Framlag á hvern farþega kr.	1.167	1.370	203	17,4%

Eins og taflan sýnir hafa heildarrekstrarútgjöld á árinu 2006 hækkað frá fyrra ári um 13,8%. Taflan sýnir einnig að hlutfall tekna af gjöldum hefur hækkað úr 8,2% árið áður í 11,8% á árinu 2006 og að framlag á hvern farþega er 1.370 kr. á móti 1.167 kr. árið 2005, sem er 17,4% hækkun sem skýrist af fækkun farþega milli ára.

Ísafjarðarflugvöllur. Rekstur Ísafjarðarflugvallar á árinu 2006 gekk fjárhagslega mjög vel. Eins og sjá má á töflunni hér að neðan fóru heildarútgjöld flugvallarins 1,3% umfram rekstraráætlun, eða um 0,7 millj. kr.

Tafla 16 Rekstrarútgjöld Ísafjarðarflugvallar árið 2006 (þús. kr.).

Rekstrarsvið	**Útgjöld**	**Áætlun**	**Mismunur**	**%**
Rekstur flugvallar	43.881	42.667	1.214	2,8%
Rekstur flugturns	10.124	10.624	-500	-4,9%
Samtals	**54.005**	**53.291**	**714**	**1,3%**

Heildarrekstrarkostnaður flugvallarins á árinu 2006 varð 54 millj. kr. á móti 48,3 millj. kr. árið 2005 og hefur því hækkað um tæpar 5,8 millj. kr., eða 11,9%. Tekjur flugvallarins lækkuðu aðeins, eða um 0,6% á milli ára. Hlutfall tekna af gjöldum lækkaði því úr 13,7% frá árinu 2005 í 12,2% árið 2006. Framlag á hvern farþega hækkaði þannig um 15% á milli ára, eða úr 925 kr. árið 2005 í 1.064 kr. árið 2006 eins og eftirfarandi tafla sýnir:

Tafla 17 Útgjöld og tekjur Ísafjarðarflugvallar árið 2005 og 2006 (þús. kr.).

Gjöld Verkefni	2005	2006	Mismunur	%
Rekstur flugvallar	38.588	43.881	5.293	13,7%
Rekstur flugturns	9.662	10.124	462	4,8%
Samtals	**48.250**	**54.005**	**5.755**	**11,9%**
Tekjur				
Lendingargjöld	3.460	3.522	62	1,8%
Leigutekjur	2.219	2.332	113	5,1%
Verksala og þjónusta	927	711	-216	-23,3%
Samtals	**6.606**	**6.565**	**-41**	**-0,6%**
Gjöld umfram tekjur	41.644	47.440	5.796	13,9%
Hlutfall tekna af gjöldum	13,7%	12,2%		
Framlag á hvern farþega kr.	925	1.064	139	15,0%

Aðrir áætlunarflugvellir í grunnneti. Rekstrarútgjöld annarra áætlunarflugvalla í grunnneti urðu 9,2% hærri en rekstraráætlanir gerðu ráð fyrir á árinu 2006. Um er að ræða sjö flugvelli og urðu heildarrekstrarútgjöld þeirra 93 millj. kr., en rekstraráætlanir gerðu ráð fyrir útgjöldum að upphæð 85,1 millj. kr.

Tekjur þessara flugvalla eru mjög litlar og urðu 7,7 millj. kr. á árinu 2006. Því var hlutfall tekna af gjöldum ekki nema 8,3% og framlag á hvern farþega sem um flugvellina fór var að jafnaði 1.657 kr.

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á heildarútgjöldum flugvallanna og áætlun ásamt tekjum og öðrum upplýsingum á árinu 2006:

Tafla 18 Aðrir áætlunarflugvellir í grunnneti, ýmsar rekstrarupplýsingar árið 2006.

(Þús. kr.) Flugvellir	Gjöld árið 2006	Áætlun árið 2006	Tekjur árið 2006	Gjöld um- fram tekjur	Hlutfall tekna af gjöldum	Framlag á farþega
Hornafjörður	24.428	20.348	1.809	22.619	7,4%	2.549
Sauðárkrókur	14.066	13.500	1.282	12.784	9,1%	2.265
Bíldudalur	14.716	11.753	562	14.154	3,8%	4.141
Grímsey	7.620	8.312	1.373	6.247	18,0%	1.845
Þórshöfn	8.764	7.944	401	8.363	4,6%	7.772
Þingeyri	6.988	5.019	461	6.527	6,6%	7.845
Bakki	16.390	18.273	1.808	14.582	11,0%	517
Samtals	**92.972**	**85.149**	**7.696**	**85.276**	**8,3%**	**1.657**

Aðrir áætlunarflugvellir utan grunnnets. Eftirfarandi tafla sýnir rekstrarafkomu þeirra tveggja áætlunarflugvalla sem eru utan grunnnets:

Tafla 19 Aðrir áætlunarflugvellir utan grunnnets, ýmsar rekstraruppýsingar árið 2006.

(Þús. kr.) Flugvellir	Gjöld árið 2006	Áætlun árið 2006	Tekjur árið 2006	Gjöld umfram tekjur	Hlutfall tekna af gjöldum	Framlag á farþega
Vopnafjörður	9.344	9.131	637	8.707	6,8%	4.656
Gjögur	6.044	5.515	165	5.879	2,7%	14.997
Samtals	**15.388**	**14.646**	**802**	**14.586**	**5,2%**	**6.448**

Eins og taflan sýnir er framlag með hverjum farþega mjög hátt, en flugvellirnir hafa mjög litla flutninga og eru í fullum rekstri.

Aðrir flugvellir og lendingarstaðir. Eftirfarandi tafla sýnir rekstrarútgjöld ársins 2006 borin saman við rekstraráætlanir sama árs:

Tafla 20 Aðrir flugvellir og lendingarstaðir, rekstur 2006 (þús. kr.).

Gjöld	2006	Áætlun	Mismunur
Aðrir flugvellir	25.361	23.790	6,6%
Lendingarstaðir	11.033	10.188	8,3%
Samtals	**36.394**	**33.978**	**7,1%**

Eins og taflan sýnir urðu rekstrarútgjöldin 7,1% hærri en áætlun gerði ráð fyrir.

Alþjóðaflugþjónusta. Kostnaður vegna Alþjóðaflugþjónustunnar á árinu 2006 nam 1.074 m.kr., en var 982,5 m.kr. árið 2004 og hækkaði milli ára um 9,3%. Framlag Íslands til þjónustunnar nam á árinu 2006 rúmlega 98 m.kr. Eftirfarandi tafla sýnir greiðsluyfirlit vegna Alþjóðaflugþjónustunnar árið 2006. Heildartekjur af yfirflugsgjöldum á árinu 2006 urðu 1.884 millj. kr og höfðu hækkað um 9,7% frá árinu áður.

Tafla 21 Greiðsluyfirlit vegna Alþjóðaflugþjónustunnar árið 2006 (þús. kr.).

	Flugmálastjórn	Flugfjarskipti	Veðurstofan	Alþjóðaflugþjónustan	Samtals
Tekjur					
Yfirflugsgjöld	1.390.000	440.000	145.640	-91.356	1.884.284
Tekjur alls	**1.390.000**	**440.000**	**145.640**	**-91.356**	**1.884.284**
Gjöld					
Launagjöld	565.719	246.161	133.673	0	945.553
Vörukaup	31.441	19.188	3.082	0	53.711
Þjónusta	468.482	133.327	27.652	43.473	672.935
Fjármagnskostnaður	50.963	6.685	631	63.983	122.262
Gjaldfærð eignakaup	13.751	0	0	0	13.751
Fyrningar	0	8.978	1.568	150.957	161.503
Kostnaðarhlutdeild	-56.518	-20.717	-8.330	-12.921	-98.486
Gjöld alls	**1.073.839**	**393.623**	**158.276**	**245.492**	**1.871.229**
Viðskiptaf. á ICAO	**316.161**	**46.377**	**-12.636**	**-336.848**	**13.055**

Önnur gjöld. Á árinu 2006 var varið tæpum 340 millj. kr. vegna samningsins um Kosovoverkefnið, en það skilaði rúmum 348 millj. kr. í tekjur eins og fram kemur í töflu 3. Kosovoverkefninu er ekki lokið.

Viðhald og stofnkostnaður. Eftirfarandi tafla sýnir stofnkostað, viðhald og annan kostnað árin 2005 og 2006:

Tafla 22 Stofnkostnaður, viðhald og annar kostnaður árin 2005 og 2006.

Verkefnaflokkur (millj. kr.)	2005	2006
Stofnkostnaður, flugvellir í grunneti	401,9	246,9
Stofnkostnaður, aðrir flugvellir	1,3	24,9
Stofnkostnaður, búnaður og verkefni	93,4	104,6
Viðhald	114,6	145,3
Alþjóðaflugþjónustan	15,0	15,0
Vaxtagjöld	3,3	2,3
Afskrifaðar aðrar kröfur	0,0	0,0
Samtals	**629,5**	**539,0**

2.2 Sundurliðun einstakra gjaldaliða.
2.2.1. Viðhald.

Tafla 23 Sundurliðun viðhalds borin saman við áætlun 2006.

Staður/verkefnaflokkur (millj.kr.)	Ráðstöfunarfé 2006	Bókfærður kostnaður 2006
Yfirborð brauta og hlaða	96,2	48,3
Byggingar og búnaður	55,6	33,2
Ýmis verk v/flugleiðsögu og tæknibúnaðar	3,3	0,0
Tækjasjóður	92,9	63,8
Samtals	**248,0**	**145,3**

Yfirborð brauta og hlaða. Undir þennan lið fellur allt yfirborðsviðhald flugbrauta og flughlaða sem hefur bundið slitlag, þ.e. malbik, klæðing og yfirborðsmerkingar. Helstu verkefni vegna malbiks voru viðgerðir í Reykjavík á flughlöðum við skýli 1 og 4 og á Akureyri voru viðgerðir á flugbraut. Til stóð að fara í verulegar viðgerðir á flughlaði á Akureyri en það var stöðvað vegna tímabundinnar frestunar á verkefnum á vegum ríkisins. Þegar henni var aflétt var of seint að bjóða verkið út á árinu. Flugbrautirnar á Akureyri og Egilsstöðum voru yfirsprautaðar með þeytibiki (Nyseal).

Helstu verkefni vegna klæðingar voru vegna viðgerða á hluta flugbrautarinnar á Þórshöfn og yfirlagning á flugbraut og flughlað á Hornafirði með þeytibiki (Ralumac).

Málaðar voru miðlínur á flugbrautunum í Reykjavík og allar yfirborðsmerkingar á flugbrautunum á Akureyri, Egilsstöðum, Þingeyri, Hornafirði og Stóra-Kroppi.

Alls voru fjárveitingar samkvæmt áætlun ársins 2006 96,2 millj. kr., en bókfærður kostnaður á árinu nam 48,3 millj. kr.

Byggingar og búnaður. Undir þennan lið fellur allt meiri háttar viðhald bygginga sem gert er sjaldnar en árlega. Fjárveitingar ársins voru 55,6 millj. kr., en framkvæmt var fyrir 33,2 millj. kr. Til stóð að framkvæma verulegt viðhald á skýli 3 á Reykjavíkurflugvelli, en vegna óvissu um skipulag flugvallarins var ekki ráðist í það á árinu en ráðgert á næsta ári.

Ýmis verk vegna flugleiðsögu og tæknibúnaðar. Alls voru fjárveitingar samkvæmt áætlun ársins 2006, 3,3 millj. kr., en enginn bókfærður kostnaður var á árinu.

Tækjasjóður. Ráðstöfunarfé tækjasjóðs á árinu 2006 voru 92,9 millj. kr., en keypt voru ýmis tæki og búnaður fyrir 63,8 millj. kr. á árinu 2006 eins og sést á eftirfarandi töflu:

Tafla 24 Sundurliðun tækjasjóðs (þús. kr.).

Reykjavík, bifreið fyrir radíódeild	2.746
Reykjavík, pallur á vörubifreið	769
Akureyri, bifreið	4.446
Egilsstaðir, slökkvibifreið 50%	17.555
Egilsstaðir, vörubifreið	446
Egilsstaðir, snjótennur	1.063
Egilsstaðir, hjólaskófla	10.681
Egilsstaðir, notaður snjósópur	7.104
Þingeyri, slökkvibifreið frá Egilsstöðum	6.857
Bíldudalur, bátur og skýli	64
Ísafjörður, sanddreifari	3.925
Ísafjörður, vörubifreið með snjótönn	102
Viðgerðir og endurbygging tækja	1.208
Ýmis búnaður	3.617
Tækjasjóður, umsjón og ófyrirséð	3.256
Samtals	**63.839**

2.2.2 Stofnkostnaður.
2.2.2.1 Grunnnet.

Reykjavíkurflugvöllur.

Flugbrautir og hlöð. Á árinu 2006 var fjárveiting til nefndar sem fjallar um athuganir vegna framtíðarstöðu Reykjavíkurflugvallar 13 millj. kr. Í árslok hafði verið bókaður kostnaður vegna starfa nefndarinnar 2,5 millj. kr.

Byggingar. Hér er að mestu um að ræða tækja- og sandgeymslu. Lokið er við hönnun ásamt skipulagi og útboðsgögn liggja fyrir. Vegna óvissu um framtíðarskipulag á svæðinu hefur þetta verkefni ekki verið sett af stað. Til að leysa úr bráðri þörf á sandgeymslu var skýli 10 keypt árið 2005 og verður það nýtt sem sandgeymsla til bráðabirgða. Framlag til undirbúnings samgöngumiðstöðvar hefur verið fjármagnað af flugmálaáætlun og á árinu var kostnaður við verkefnið 0,8 millj. kr.

Aðflugs- og flugöryggisbúnaður. Í þennan verkefnalið voru til ráðstöfunnar á árinu 2006, 20,6 millj. kr. Þar af fóru 12,4 millj. kr. í uppsetningu nýrra aðflugsljósa við flugbraut 19.

Akureyrarflugvöllur.

Flugbrautir og hlöð. Lokið var frágangsverkum við akbrautir og hlöð og varð kostnaður á árinu 1,8 millj. kr. Flugminjasafni var úthlutuð ný lóð og því varð að gera tengiveg að lóðinni. Þar sem aðrir lóðahafar sunnan við nýju sandgeymsluna gengu frá sínum lóðum og malbikuðu þótti ekki annað fært en að gera tengingu að þjóðvegi og inn á nýju hlöðin og var því sameinast um eitt verk og varð hluti Flugmálastjórnar 6,3 millj. kr. Til stóð að lagfæra bíla-

stæðin við flugstöðina á árinu 2006 fyrir 11 millj. kr. en það var stöðvað vegna tímabundinnar frestunar á verkefnum á vegum ríkisins. Þegar henni var aflétt var of seint að bjóða verkið út á árinu. Framkvæmdum við endaöryggissvæði (RESA) var frestað til næsta árs þar sem áfangaskipting á því er ekki möguleg eins og áætlað var.

Byggingar. Lokið var við nýja sandgeymslu ásamt rými fyrir brautarregla, vararafstöð og spennistöð. Ráðstöfunarfé var 0,4 millj. kr. Framkvæmdum er lokið og kostnaður stefnir í að vera á áætlun.

Aðflugs- og flugöryggisbúnaður. Á árinu 2006 var hafist handa við þéttingu aðflugsljósa en til ráðstöfunar voru 34,6 millj. kr. og er búið að framkvæma fyrir 23,8 millj. kr. Ljósabúnaður var keyptur og framkvæmdir voru vel á veg komnar í lok árs en verkið mun klárast 2007. Á árinu 2006 var settur upp nýr stefnusendir við flugbrautina. Heildarkostnaður vegna þeirrar framkvæmdar varð 24,9 millj. kr. og er verkinu lokið. Á árinu voru 12,8 millj. kr. til ráðstöfunar vegna aðflugsathugana, þar sem markmiðið var að lækka aðflugslágmörk og bæta öryggi. Vegna þessa var keypt vinna frá erlendum ráðgjafafyrirtækjum fyrir 5,9 millj. kr. Annar kostnaður á árinu nam 5,5 millj. kr. Til að lækka aðflugslágmörk var keyptur nýr radíóviti á Oddeyrina og hafist handa við uppsetningu. Einnig var ráðist í aðflugsathuganir þar sem nýr stefnusendir var settur á norðurenda flugbrautarinnar.

Egilsstaðaflugvöllur.

Flugbrautir og hlöð. Unnið var við að setja upp tveggja metra háa girðingu út frá flugstöð og flugskýlum til að uppfylla kröfur vegna flugverndar. Þetta verk hefur tafist af ýmsum orsökum og er það nú langt komið, en lýkur ekki fyrr en næsta vor. Fjárveiting árið 2006 var 2,6 millj. kr., en framkvæmt var fyrir 1,6 millj. kr. á árinu.

Byggingar. Staðið hefur til að setja útsog fyrir slökkvibifreið, en ekki hefur verið hægt að ljúka verkinu fyrr en nýja slökkvibifreiðin verður komin á staðinn, sem er áætlað í mars 2007. Fjárveiting ársins 2006 var 1,5 millj. kr.

Aðflugs- og flugöryggisbúnaður. Á árinu 2006 var settur upp nýr fjarlægðarmælir (DME) á Egilsstöðum. Reyndar var ætlunin að setja hann upp í Vestmannaeyjum, en þar sem fjarlægðarmælirinn á Egilsstöðum var orðinn mjög bilanagjarn og erfitt orðið að halda honum gangandi var ákveðið að setja hann upp á Egilsstöðum. Til þessa verks voru 12,5 millj. kr. og var framkvæmt fyrir 11,6 millj. kr. Fjarlægðarmælirinn er kominn upp og í notkun, einungis frágangsvinna er eftir. Á árinu 2006 voru 19,1 millj. kr. til ráðstöfunar vegna aðflugsljósa. Búið er að kaupa ljósabúnaðinn, en kostaðurinn nam 15,9 millj. kr. Vegna flutnings á radíóvitanum á Breiðavaði til Mýness var ráðstafað og framkvæmt fyrir 2,8 millj. kr. Sett var upp nýtt tækjahús, loftnet og rafmagn tengt inn og er verkinu lokið, fyrir utan að eftir er að flugprófa vitann.

Vestmannaeyjaflugvöllur/Bakki.

Flugbrautir og hlöð. 1. áfangi við endurbætur á öryggissvæðum var boðinn út, en tilboðin voru svo óraunhæf og langt yfir kostnaðaráætun að þeim var öllum hafnað og ákveðið að bjóða út að nýju þegar spennan á markaðnum hefur minnkað. Því flyst fjármagnið til ársins 2007. Lokið var við stækkun á flughlaði á Bakkaflugvelli, nema ráðgert er að yfirleggja það með þeytibiki „Ralumac“ næsta sumar.

Byggingar. Ekki var lokið við breytingar á sandgeymslunni vegna þess að húsið var tekið í notkun sem skýli fyrir sjúkraflugvél á meðan núverandi samningur um sjúkraflugið stendur.

Lokið var innréttingum í flugturni, en þær hafa beðið síðan turninn var endurbyggður árið 2000. Kostnaður við innréttingarnar varð 10,4 millj. kr.

Tafla 25 Sundurliðun stofnkostnaður í grunnneti borinn saman við áætlun 2006.

Flokkur	Staður/verkefnaflokkur (millj. kr.)		Ráðstöfunarfé 2006	Bókfærður kostnaður 2006
3	**Reykjavíkurflugvöllur**			
	1. Flugbrautir og hlöð		13,0	2,5
	2. Byggingar		98,7	5,7
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður		20,6	12,3
		Samtals	**132,3**	**20,5**
4	**Akureyrarflugvöllur**			
	1. Flugbrautir og hlöð		34,5	9,6
	2. Byggingar		0,4	0,2
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður		55,7	61,5
		Samtals	**90,6**	**71,3**
4	**Egilsstaðaflugvöllur**			
	1. Flugbrautir og hlöð		2,6	1,6
	2. Byggingar		1,4	3,9
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður		22,0	30,3
		Samtals	**26,0**	**35,8**
3	**Vestmannaeyjaflugvöllur/Bakki**			
	1. Flugbrautir og hlöð		25,8	5,4
	2. Byggingar		13,1	12,5
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður		26,9	3,9
		Samtals	**65,8**	**21,8**
3	**Ísafjarðarflugvöllur**			
	1. Flugbrautir og hlöð		30,9	31,4
	2. Byggingar		0,0	0,0
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður		9,1	9,7
		Samtals	**40,0**	**41,1**
2	**Þórshafnarflugvöllur**			
	1. Flugbrautir og hlöð		47,0	47,0
	2. Byggingar		0,0	0,0
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður		0,0	0,0
		Samtals	**47,0**	**47,0**
2	**Bíldudalsflugvöllur**			
	1. Flugbrautir og hlöð		0,6	0,6
	2. Byggingar		0,0	0,0
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður		0,0	0,0
		Samtals	**0,6**	**0,6**
2	**Hornafjarðarflugvöllur**			
	1. Flugbrautir og hlöð		0,0	0,0
	2. Byggingar		0,0	0,0
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður		3,9	3,9
		Samtals	**3,9**	**3,9**

4	**Sauðárkróksflugvöllur**			
	1. Flugbrautir og hlöð		0,0	0,0
	2. Byggingar		0,0	0,0
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður		0,0	0,0
		Samtals	**0,0**	**0,0**
Samtals áætlunarflugvellir í grunnneti			**406,2**	**242,1**

Aðflugs- og flugöryggisbúnaður. Til stóð að setja upp ný PAPI-ljós á báðar flugbrautirnar og eru ljósin nú þegar komin til Vestmannaeyja. Einnig var ráðgert að setja upp eltiljós fyrir braut 31, en uppsetning er háð frágangi öryggissvæðanna sem ekki verður af fyrr en árið 2007. Ráðstöfunarfé á árinu 2006 til þessara verka var 14,1 millj. kr. og flyst það yfir á árið 2007. Nýr fjarlægðarmælir (DME), sem til stóð að setja upp í stað þess gamla sem var úr sér genginn, var settur upp á Egilsstöðum þar sem sá fjarlægðarmælir var í mun verra ástandi.

Ísafjarðarflugvöllur/Þingeyri.

Flugbrautir og hlöð. Lokið var við breikkun á öryggissvæðum Ísafjarðarflugvallar eins og hægt er með tilliti til landfræðilegra aðstæðna. Ráðstöfunarfé á árinu 2006 var 7,6 millj. kr., en kostnaður á árinu 2006 nam 8,5 millj. kr. Á árinu 2005 var hafist handa við gagngerar endurbætur á Þingeyrarflugvelli. Verkið var boðið út um vorið og átti verktaki að skila því 1. nóv. 2005, en ekki tókst að koma klæðingu á brautina vegna óhagstæðs veðurfars um haustið. Ekki tókst því að leggja bundið slitlag fyrr en vorið 2006 og var því flugbrautin ekki nothæf fyrr en að því loknu. Ráðstöfunarfé á árinu 2006 var 31,4 millj kr. Heildarkostnaður við endurbæturnar varð 188 millj. kr., sem er um 10% umfram upphaflega áætlun frá árinu 2004.

Þórshafnarflugvöllur.

Flugbrautir og hlöð. Endurbyggja þurfti norðurhluta flugbrautarinnar vegna þess hve miklar frostlyftingar voru á þeim hluta. Þegar niðurstöður skoðana og ákvörðun um hvernig staðið yrði að verkinu lágu fyrir var það langt liðið á árið að ekki var ráðlegt að bjóða verkið út til framkvæmda á árinu 2005. Þess í stað var það boðið út í lok nóvember og jafnframt miðað við að verkið yrði unnið í maí og júní árið 2006. Kostnaður við endurbyggingu brautarinnar varð 41,8 millj. kr. og einnig var í sama verki teknar með endurbætur á öryggissvæðum fyrir 5,2 millj. kr.

Bíldudalsflugvöllur.

Flugbrautir og hlöð. Lokið var við vatnslögn að bátaskýli björgunarbáts og varð kostnaður 0,6 millj. kr.

Hornafjörður.

Aðflugs- og flugöryggisbúnaður. Sett var upp ný vararafstöð sem er staðsett í vélageymslunni og lýkur þeirri framkvæmd á árinu 2007. Kostnaður á árinu 2006 varð 3,9 millj. kr., en áætlaðar eftirstöðvar eru 0,2 millj. kr.

2.2.2.2 Áætlunarflugvellir utan grunnnets.

Áætlunarflugvellir utan grunnnets eru tveir, þ.e. Gjögurs- og Vopnafjarðarflugvellir. Engar fjárveitingar og framkvæmdir voru á Vopnafjarðarflugvelli á árinu 2006.

Gjögur.

Aðflugs- og flugöryggisbúnaður. Árið 2005 var sett upp ný vararafstöð sem er í sjálfstæðum gámi við hlið flugstöðvarinnar. Lokatengingum lauk ekki fyrr en á árinu 2006. Kostnaður á árinu 2006 varð 1,4 millj. kr.

Tafla 26 Sundurliðun stofnkostnaður utan grunnnets borinn saman við áætlun 2006.

Flokkur	Staður/verkefnaflokkur (millj. kr.)	Ráðstöfunarfé 2006	Bókfærður kostnaður 2006
2	Gjögursflugvöllur		
	1. Flugbrautir og hlöð	0,0	0,3
	2. Byggingar	0,0	0,0
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	1,4	1,4
	Samtals	**1,4**	**1,7**
Samtals áætlunarflugvellir utan grunnnets		**1,4**	**1,7**

2.2.2.3 Aðrir flugvellir.

Aðrir flugvellir og lendingarstaðir. Framkvæmdir á þessum lið hafa beðið eftir niðurstöðu vinnuhóps um svonefnda „sjúkraflugvelli“. Reynt var samhliða að fá upplýsingar um hvaða flugvellir væru mest notaðir af einkafluginu þannig að hægt væri að beina þessu litla fjármagni sem liðnum er ætlað á þá staði sem nýtast sem flestum. Til ráðstöfunar á þessum lið voru á árinu 2006, 22,1 millj. kr. Framkvæmt var fyrir 6,2 millj. kr. á árinu.

Æfingaflugvöllur. Endurbygging vélflugbrautar á Sandskeiði var boðin út á árinu 2006 og hófust framkvæmdir undir haust þannig að ekki var hægt að ljúka verkinu og eru verklok áætluð í júní árið 2007. Framkvæmt var fyrir 18,7 millj. kr. á árinu 2006.

Tafla 27 Sundurliðun annarra flugvalla borin saman við áætlun 2006.

Flokkur	Staður/verkefnaflokkur (millj. kr.)	Ráðstöfunarfé 2006	Bókfærður kostnaður 2006
1	Aðrir flugvellir og lendingarstaðir	22,2	6,2
2	Æfingaflugvöllur	24,8	18,7
	Samtals	**47,0**	**24,9**

2.2.2.4 Ýmis stofnkostnaður, búnaður og verkefni.

Flugstjórnarmiðstöð. Af þessum lið er greiddur hlutur Íslands í hinum ýmsu framkvæmdum á vegum Alþjóðaflugþjónustunnar hér á landi. Á árinu 2006 var þessi kostnaður 15 millj. kr.

Eftirfarandi tafla sýnir ýmsan stofnkostnað, búnað og verkefni:

Tafla 28 Sundurliðun búnaðar og verkefna borin saman við áætlun 2006.

Staður/verkefnaflokkur (millj. kr.)	Ráðstöfunarfé 2006	Bókfærður kostn. 2006
GPS/AIS/upplýsingaþjónusta	22,7	13,6
Flugprófunarbúnaður	16,0	11,9
Flugvernd og öryggismál	42,1	19,4
Ýmis búnaður	2,0	0,3
Flugleiðsaga, leiðarflug	14,8	14,9
Veðurupplýsingakerfi	3,8	0,3
Stjórnunarkostnaður	28,0	28,0
Þróun og frumáætlanir	15,9	16,2
Samtals	**145,3**	**104,6**

GPS/AIS/upplýsingaþjónusta. Unnið var á árinu 2006 við endurbætur á gæðakerfi upplýsingaþjónustunnar. Keypt var vinna vegna hindranakorta, GPS-mælinga og þjónustusamningur vegna AIP-útgáfuforrits var endurnýjaður. Einnig voru aðflugshönnuðir sendir á námskeið í PANS-OPS[1] vegna aðflugshönnunar. Kostnaður á árinu 2006 varð 13,6 millj. kr. Á árinu 2006 voru 9,1 millj. kr. til kaupa á aðflugshönnunarforriti „PD-Tool Kit“. Ekki hafa verið fest kaup á forritinu vegna vandamála sem upp hafa komið við gagnagrunn sem nota á. Þegar gagnagrunnsmálin eru komin í lag verða fest kaup á hönnunarforritinu sem kostar um 9 millj. kr.

Flugprófunarbúnaður. Á árinu 2006 var varið 11,9 millj. kr. til kaupa á nýjum flugprófunarbúnaði.

Flugvernd og öryggismál. Á árinu 2006 var áfram unnið að ýmsum flugverndar- og öryggismálum á flugvöllunum og til þess varið 19,4 millj. kr. Helstu verkefni voru áframhaldandi innleiðing flugverndarráðstafana á millilandaflugvöllunum í Reykjavík, Akureyri og Egilsstöðum, með hliðsjón af breyttum og auknum kröfum reglugerðarverks Evrópusambandsins. Meðal annarra verkefna voru kaup á annarri vopnaleitarvél og breytingar á aðstöðu á Egilsstaðaflugvelli, kaup og uppsetning á aðgangstjórnarkerfi fyrir Akureyrarflugvöll, kaup á þjálfunarbúnaði vegna vopnaleitar, aukin flugverndarlýsing á Egilsstaðarflugvelli, breytingar á aðgangsstjórnarkerfi Reykjavíkurflugvallar og kaup á tækjum og búnaði vegna flugverndarráðstafana.

Veðurupplýsingakerfi. Flugkerfi ehf. hafa unnið að lagfæringum á miðlæga veðurkerfinu sem safnar öllum veðurgögnum á miðlæga tölvu til framtíðargreiningar. Á árinu 2006 var ráðstafað og framkvæmt fyrir 0,3 millj. kr.

Flugleiðsaga, leiðarflug. Á árinu 2006 var ráðstafað 2 millj. kr. vegna endurnýjunar talstöðva á Þverfjalli. Talstöðvarnar voru keyptar en eftir er að setja þær upp. Kostnaður á árinu varð 1,8 millj. kr. Á árinu 2006 var 13,6 millj. kr. varið vegna uppsetningar og kaupa á nýjum stefnusendi á Vaðlaheiði. Búið er að kaupa búnaðinn og koma honum fyrir, en aðeins eftir að flugprófa. Kostnaður á árinu varð 13,1 millj. kr.

[1] Procedures for Air Navigation Services – Aircraft Operations.

2.3 Flokkun flugvalla.

Með þingsályktun um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2005–2008 breyttist flokkun flugvalla frá fyrri þingsályktunum um flugmálaáætlun. Flugvellir eru nú flokkaðir á eftirfarandi hátt: 1. Flugvellir í grunnneti. 2. Áætlunarflugvellir utan grunnnets. 3. Aðrir flugvellir utan grunnnets.

2.3.1 Flugvellir í grunnneti.

Eftirfarandi eru áætlunarflugvellir í grunnneti: Reykjavíkur-, Akureyrar-, Egilsstaða-, Vestmannaeyja/Bakka-, Ísafjarðar/Þingeyrar-, Hornafjarðar-, Sauðárkróks-, Grímseyjar-, Bíldudals- og Þórshafnarflugvöllur.

2.3.2 Áætlunarflugvellir utan grunnnets.

Eftirfarandi eru áætlunarflugvellir utan grunnnets: Vopnafjarðar- og Gjögursflugvöllur.

2.3.3 Aðrir flugvellir utan grunnnets.

Eftirfarandi eru aðrir flugvellir utan grunnnets: Húsavíkur-, Norðfjarðar-, Patreksfjarðar-, Raufarhafnar-, Reykjahlíðar-, Rifs-, Siglufjarðar-, Blönduóss-, Sandskeiðs- og Stykkishólmsflugvöllur.

Aðrir lendingarstaðir eru: Arngerðareyri, Breiðdalsvík, Borgarnes, Dagverðará, Fagurhólsmýri, Fáskrúðsfjörður, Flúðir, Hella, Geysir, Grímsstaðir, Borgarfjörður eystri, Búðardalur, Djúpivogur, Gunnarsholt, Herðubreiðarlindir, Húsafell, Hólmavík, Króksstaðamelar, Hveravellir, Ingjaldssandur, Kaldármelar, Kerlingarfjöll, Kirkjubæjarklaustur, Kópasker, Melgerðismelar, Nýidalur, Reykhólar, Reykjanes, Selfoss, Skálavatn, Skógarsandur, Stóri-Kroppur, Sprengisandur, Vík og Þórsmörk.

2.3.4 Flokkun flugvalla eftir alþjóðlegum staðli.

Flugvellir eru einnig flokkaðir eftir staðli Alþjóðaflugmálastofnunarinnar samkvæmt viðauka 14. Þar er miðað við brautarlengdir og flugvélagerðir eins og sést í eftirfarandi töflu:


Tafla 29 Flokkun flugvalla samkvæmt viðmiðun ICAO, viðauka 14.

Viðmiðun 1		Viðmiðun 2		
Flokkur	**Flugbrautarlengd**	**Flokkur**	**Vænghaf**	**Breidd milli hjóla**
1	Styttri en 800 m	A	Styttra en 15 m	Styttri en 4,5 m
2	800 m að 1.200 m	B	15 m að 24 m	4,5 m að 6 m
3	1.200 m að 1.800 m	C	24 m að 36 m	6 m að 9 m
4	1.800 m og lengri	D	36 m að 52 m	9 m að 14 m
		E	52 m að 65 m	9 m að 14 m

2.4 Þróun flutninga.

Á undanförnum árum hefur farþegum í innanlandsflugi fjölgað jafnt og þétt og náði fjölgunin hámarki árið 1999, en hefur síðan farið fækkandi. Á árunum 1982–2006 var aukningin um 60,3%. Á árinu 2006 fjölgaði farþegunum frá árinu áður um 7%. Þróunin hefur orðið sú að farþegum sem fara um stærri flugvellina hefur fjölgað verulega enda ferðatíðni meiri að undanskildum Ísafjarðarflugvelli, en þar hefur farþegum sem fara um flugvöllinn fækkað töluvert, eða um 17,7% frá árinu 1999. Á móti hefur farþegum fækkað sem notuðu minni flugvellina, en það hefur leitt til þess að áætlunarflugi hefur verið hætt til margra áfangastaða undanfarin ár.

Mynd 2 Farþegaflutningar í innanlandsflugi 1982-2006



	1982	1987	1992	1997	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006
Farþegar	574.577	684.287	735.268	850.745	957.848	917.129	731.662	698.613	747.456	814.356	860.263	920.881

Myndin hér að neðan sýnir þróun farþegaflutninga í innanlandsflugi 1982–2006:

Betri vegir út frá Reykjavík um Vesturland og norður í land hafa fyrst og fremst gert það að verkum að áætlunarflugi til flugvallanna á Snæfellsnesi, Hólmavík og Blönduósi var hætt þar sem flugið gat ekki keppt við einkabílinn. Þá hefur einnig bætt vegakerfi milli byggða í einstökum landshlutum stuðlað að þessari þróun, t.d. á Vestfjörðum og Austurlandi. Aðallega hefur arðsemiskrafa flugrekenda nú á allra síðustu árum leitt til þessarar þróunar, sbr. að hætt hefur verið áætlunarflugi til Húsavíkur og Siglufjarðar.

Þegar borin eru saman árin 1999 þegar farþegaflutningar voru mestir og árið 2006 hefur farþegum sem fóru um áætlunarflugvelli í grunnneti fækkað um 2,1%. Þó hefur farþegum sem fóru um Egilsstaða- og Bakkaflugvelli fjölgað gríðarlega á þessu tímabili og lítils háttar fjölgun hefur orðið á farþegum til og frá Akureyri. Virkjana- og stóriðjuframkvæmdir á Austurlandi eiga verulegan þátt í fjölgun farþega um Egilsstaðaflugvöll, en fjölgun farþega sem fóru um Bakkaflugvöll er að nokkru leyti vegna minna framboðs á flugi milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja undanfarin ár.

Eftirfarandi töflur sýna fjölda farþega sem fóru um áætlunarflugvelli í grunnneti og utan grunnnets árin 1999 annars vegar og 2006 hins vegar:

Tafla 30 Áætlunarflugvellir í grunnneti, farþegaflutningar 1999 og 2006.

Flugvellir	1999	Hlutfall	2006	Hlutfall	Breyting
Reykjavík	454.469	48,5%	420.047	45,8%	-7,6%
Akureyri	194.404	20,8%	201.957	22,0%	3,9%
Vestmannaeyjar	89.013	9,5%	47.523	5,2%	-46,6%
Egilsstaðir	76.910	8,2%	150.748	16,5%	96,0%
Ísafjörður	54.171	5,8%	44.604	4,9%	-17,7%
Hornafjörður	19.823	2,1%	8.873	1,0%	-55,2%
Sauðárkrókur	14.726	1,6%	5.644	0,6%	-61,7%
Bíldudalur	7.553	0,8%	3.418	0,4%	-54,7%
Grímsey	3.845	0,4%	3.385	0,4%	-12,0%
Þórshöfn	1.912	0,2%	1.076	0,1%	-43,7%
Þingeyri	2.532	0,3%	832	0,1%	-67,1%
Bakki	16.975	1,8%	28.222	3,1%	66,3%
Samtals	**936.333**	**100,0%**	**916.329**	**100,0%**	**-2,1%**

Tafla 31 Áætlunarflugvellir utan grunnnets, farþegaflutningar 1999 og 2006.

Flugvellir	1999	Hlutfall	2006	Hlutfall	Breyting
Vopnafjörður	2.904	85,5%	1.870	82,7%	-35,6%
Gjögur	492	14,5%	392	17,3%	-20,3%
Samtals	**3.396**	**100,0%**	**2.262**	**100,0%**	**-33,4%**

Þegar þróun farþegaflutninga með flugi frá árinu 1999 er skoðuð eftir landshlutum kemur eftirfarandi í ljós:


Tafla 32 Farþegaflutningar eftir landshlutum.

Flugvellir	1999	Hlutfall	2006	Hlutfall	Breyting
Vestfirðir	66.271	6,9%	49.246	5,3%	-25,7%
Norðurland	233.035	24,3%	214.289	23,3%	-8,0%
Austurland	99.752	10,4%	161.554	17,5%	62,0%
Suðurland	105.988	11,0%	75.745	8,2%	-28,5%
Reykjavík	454.469	47,4%	420.047	45,6%	-7,6%
Samtals	**959.515**	**100,0%**	**920.881**	**100,0%**	**-4,0%**

Eins og taflan sýnir er fækkun farþega með flugi á þessu tímabili 4%, en eins og áður er getið, veruleg fjölgun farþega til Austurlands um Egilsstaðaflugvöll.

Vöru- og póstflutningar með flugi hafa verið á stöðugu undanhaldi á undanförnum árum, eins og sést á myndinni hér að neðan og töluverð fækkun varð á milli áranna 2005 og 2006 eða um 13,6%.

Mynd 3 Vöru- og póstflutningar með innanlandsflugi 1982-2006



Á töflunni hér að neðan sést hvernig þróunin hefur verið frá árinu 1999 eftir landshlutum:

Tafla 33 Vöru- og póstflutningar í tonnum eftir landshlutum.


Flugvellir	1999	Hlutfall	2006	Hlutfall	Breyting
Vestfirðir	415	11,6%	345	12,0%	-16,9%
Norðurland	778	21,8%	537	18,7%	-31,0%
Austurland	429	12,0%	484	16,9%	12,8%
Suðurland	183	5,1%	137	4,8%	-25,1%
Reykjavík	1.768	49,5%	1.367	47,6%	-22,7%
Samtals	**3.573**	**100,0%**	**2.870**	**100,0%**	**-19,7%**

Fylgiskjal I.

Eftirfarandi tafla og mynd sýna fjárveitingar til flugmálaframkvæmda frá því að fyrsta þingsályktun um flugmálaáætlun var samþykkt árið 1988:

Fjárveitingar til flugmálaframkv., stofnkostnaður og viðhald 1988-2006 (þús. kr.)
Framreiknað til núvirðis samkv. byggingarvísitölu. (mars 2007, sem er 368,2 stig)

Ár	Fjárhæð	Núvirði
1988	281.500	854.479
1989	272.000	694.043
1990	325.000	696.537
1991	349.000	691.242
1992	374.000	730.153
1993	393.000	761.192
1994	395.000	737.146
1995	355.000	639.799
1996	332.000	582.384
1997	400.000	658.676
1998	415.000	661.771
1999	485.000	758.289
2000	691.000	1.039.323
2001	837.000	1.188.521
2002	932.100	1.236.754
2003	688.000	886.980
2004	441.800	542.598
2005	467.000	548.833
2006	507.000	595.842
Samtals	**8.940.400**	**13.908.719**




Fylgiskjal II.

Eftirfarandi tafla sýnir stofnkostnað einstakra flugvalla árin 1988–2006:

Stofnkostnaður flugvalla 1988–2006 (þús. kr.).
Flugvellir í grunnneti og utan grunnnets eru áætlunarflugvellir.
Framreiknað til núvirðis samkvæmt byggingarvísitölu (368,2 í mars 2007).

Staður	1988–2002	2003–2005	2006	Samtals	Hlutfall
Reykjavík	3.282.999	181.659	21.629	3.486.287	30,3%
Akureyri	1.074.157	162.171	75.105	1.311.433	11,4%
Egilsstaðir	2.124.813	11.739	37.648	2.174.200	18,9%
Vestmannaeyjar	636.333	15.648	18.809	670.790	5,8%
Bakki	127.130	56.600	4.195	187.925	1,6%
Ísafjörður	509.884	123.329	12.661	645.874	5,6%
Þingeyri	69.646	181.387	33.826	284.859	2,5%
Hornafjörður	302.669	1.987	4.158	308.814	2,7%
Sauðárkrókur	286.553	0	0	286.553	2,5%
Grímsey	126.142	179.818	0	305.960	2,7%
Bíldudalur	210.605	3.308	632	214.545	1,9%
Þórshöfn	325.837	633	49.453	375.923	3,3%
Flugvellir í grunnneti	**9.076.768**	**918.279**	**258.115**	**10.253.162**	**89,0%**
Vopnafjörður	90.291	0	0	90.291	0,8%
Gjögur	83.350	6.103	1.790	91.243	0,8%
Flugvellir utan grunnnets	**173.641**	**6.103**	**1.790**	**181.534**	**1,6%**
Aðrir flugvellir	980.045	1.485	0	981.530	8,5%
Lendingarstaðir	58.043	14.626	26.231	98.900	0,9%
Aðrir flugvellir og lendingarstaðir	1.038.088	16.111	26.231	1.080.430	9,4%
Samtals	**10.288.497**	**940.493**	**286.135**	**11.515.125**	**100,0%**



Fylgiskjal III.

Eftirfarandi tafla sýnir heildarfjárfestingar til einstakra flugvalla 1988–2006, ásamt fjölda farþega sem fóru um flugvellina á sama tíma:

Fjárfestingar á flugvöllum 1988–2006.
Fjöldi farþega sem fóru um flugvellina 1988–2006.
Framreiknað til núvirðis samkvæmt byggingarvísitölu (368,2 í mars 2007).


Staður	Fjárhæð í þús. kr.	Fjöldi farþega	Fjárfesting miðuð við farþega
Reykjavík	3.486.287	6.834.948	510
Akureyri	1.311.433	2.903.489	452
Egilsstaðir	2.174.200	1.341.435	1.621
Vestmannaeyjar	670.790	1.301.711	515
Bakki	187.925	206.091	912
Ísafjörður	645.874	918.822	703
Þingeyri	284.859	35.204	8.092
Hornafjörður	308.814	280.466	1.101
Sauðárkrókur	286.553	210.646	1.360
Grímsey	305.960	68.824	4.446
Bíldudalur	214.545	105.880	2.026
Þórshöfn	375.923	34.762	10.814
Vopnafjörður	90.291	54.191	1.666
Gjögur	83.350	11.812	7.056
Húsavík	276.162	183.021	1.509
Patreksfjörður	102.971	59.549	1.729
Norðfjörður	86.780	31.558	2.750
Siglufjörður	79.277	44.470	1.783
Hólmavík	102.017	10.062	10.139
Raufarhöfn	23.486	9.176	2.560
Kópasker	41.618	4.507	9.234
Flateyri	25.065	30.741	815
Mývatn	89.772	38.799	2.314
Borgarfjörður eystri	30.628	1.491	20.542
Ólafsfjörður	517	6.012	86
Breiðdalsvík	9.476	3.068	3.089
Blönduós	26.106	11.247	2.321
Stykkishólmur	821	6.885	119
Rif	70.911	14.024	5.056
Samtals	**11.392.410**	**14.762.891**	**772**

Fylgiskjal IV.

Eftirfarandi tafla og mynd sýna rekstrarframlag á hvern farþega sem fóru um áætlunar flugvellina á árunum 2005 og 2006:

Rekstrarframlag á hvern farþega árin 2005 og 2006.

Staður	2005	2006	Breyting
Reykjavík	529	597	12,8%
Akureyri	753	779	3,5%
Egilsstaðir	573	630	10,0%
Vestmannaeyjar	1.167	1.370	17,4%
Bakki	490	517	5,4%
Ísafjörður	925	1.064	15,0%
Þingeyri	7.690	7.845	2,0%
Hornafjörður	1.969	2.549	29,5%
Sauðárkrókur	2.025	2.265	11,9%
Bíldudalur	3.231	4.141	28,2%
Grímsey	1.371	1.845	34,6%
Þórshöfn	4.553	7.772	70,7%
Vopnafjörður	5.538	4.656	-15,9%
Gjögur	9.520	14.997	57,5%



Fylgiskjal V.


Þróun flutninga 1995–2006.

Eftirfarandi myndir sýna þróun farþega-, vöru- og póstflutninga milli áranna 1995 og 2006. Mjög mikil breyting hefur átt sér stað í farþegaflutningum í innanlandsflugi á fyrrgreindu tímabili. Flug til margra áfangastaða hefur lagst af, en stóraukist frá Reykjavík til stærri áfangastaða eins og Akureyrar og Egilsstaða.


Vöru- og póstflutningar með flugi hafa minnkað verulega frá árinu 1982. Póstflutningar milli landshluta eru nú að mestu leyti með bílum og vöruflutningar einnig, nema til staða eins og Vestmannaeyja og Grímseyjar.

Áætlunarflugvellir í grunnneti:

Reykjavíkurflugvöllur




	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006
Farþegar	354.725	371.589	415.353	444.013	454.469	440.903	352.330	328.007	346.796	379.372	399.938	420.047




	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006
Tonn	2.043	2.326	2.258	1.473	1.768	1.531	1.300	1.518	1.448	1.329	1.256	1.368

Akureyrarflugvöllur




	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006
Farþegar	143.947	142.602	156.109	181.234	194.404	191.014	161.295	157.062	172.002	175.224	179.862	201.957




	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006
Tonn	892	738	553	583	658	693	635	614	644	539	1.009	490

Egilsstaðaflugvöllur




	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006
Farþegar	53.310	54.468	66.284	70.916	76.910	73.097	61.196	63.670	85.231	109.159	126.895	150.748




	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006
Tonn	442	276	229	221	261	253	181	199	246	299	317	342

Vestmannaeyjaflugvöllur




	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006
Farþegar	75.536	79.406	70.080	83.660	89.013	84.077	57.112	49.347	45.156	47.157	50.490	47.523



	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006
Tonn	181	181	152	154	183	202	156	156	139	141	166	134


Bakkaflugvöllur




	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006
Farþegar	0	0	0	16.963	16.975	17.432	19.231	25.280	25.615	27.416	28.957	28.222


Aðeins voru skráð tvö tonn í vöru- og póstflutningum árið 2006.


Ísafjarðarflugvöllur






Þingeyrarflugvöllur






Hornafjarðarflugvöllur




	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006
Series1	15.764	17.653	18.501	17.714	19.823	19.347	12.417	10.722	8.414	8.973	8.864	8.873




	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006
Tonn	117	103	68	58	63	72	53	58	45	57	54	56

Sauðárkróksflugvöllur




	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006
Farþegar	11.546	11.610	14.964	14.326	14.736	13.460	10.758	9.538	8.392	6.060	5.829	5.644




	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006
Tonn	163	152	103	45	42	26	23	20	18	9	5	4

Grímseyjarflugvöllur




	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006
Farþegar	3.788	3.694	3.651	2.975	3.845	3.085	3.665	3.031	4.403	4.405	4.022	3.385




	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006
Tonn	42	41	33	32	35	33	32	31	33	35	33	31

Bíldudalsflugvöllur




	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006
Farþegar	6.744	8.075	8.984	8.192	7.553	6.855	5.015	4.879	4.148	4.326	3.858	3.418




	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006
Tonn	110	123	141	162	157	142	136	127	115	118	119	121

Þórshafnarflugvöllur




	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006
Farþegar	1.984	1.987	2.010	2.014	1.912	2.054	1.879	1.466	1.582	1.568	1.442	1.076




	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006
Tonn	47	44	40	14	15	17	16	16	16	21	17	11

Áætlunarflugvellir utan grunnnets.

Vopnafjarðarflugvöllur




	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006
Farþegar	3.516	3.187	3.257	2.669	2.904	2.231	1.690	1.643	1.754	1.678	1.462	1.870




	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006
Tonn	104	90	89	100	104	107	99	96	101	104	116	85

Gjögursflugvöllur



	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006
Farþegar	769	566	629	587	492	535	382	493	459	610	544	392



	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006
Tonn	21	19	22	35	34	30	23	35	31	38	30	37

391. Fyrirspurn [309. mál]

til iðnaðarráðherra um stuðning við fiskvinnslu á Bíldudal.

Frá Jóni Bjarnasyni.

Hvernig hyggst ráðherra svara ákalli Bíldælinga um beinan stuðning við að koma aftur á fiskvinnslu á staðnum og standa þar með við fyrirheit stjórnvalda í þeim efnum?

392. Fyrirspurn [310. mál]

til menntamálaráðherra um náms- og starfsráðgjöf.

Frá Katrínu Jakobsdóttur og Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hvað líður störfum nefndar sem skipa átti samkvæmt þingsályktun sem samþykkt var á Alþingi 17. mars 2007 til að kanna gildi þess og gagn að auka náms- og starfsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum, sem úrræðis gegn brottfalli nemenda í framhaldsskólum og fyrir farsælt náms- og starfsval, en nefndin átti að skila af sér 15. nóvember 2007?

2. Stendur til að lögvernda starfsheiti náms- og starfsráðgjafa í því skyni að efla þessa starfsemi?

Skriflegt svar óskast.

393. Framhaldsnefndarálit [103. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2007.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar eftir 2. umræðu og í því skyni leitað skýringa hjá fjármálaráðuneyti, stofnunum og Ríkisendurskoðun varðandi beiðnir um auknar fjárheimildir. Meiri hluti nefndarinnar gerir breytingartillögu við sundurliðun 1 vegna sölu eigna á fyrrum varnarsvæði við Keflavíkurflugvöll sem nemur 15,7 milljörðum kr. til hækkunar á tekjum. Ríkisendurskoðandi hefur staðfest við nefndina að umræddar tekjur byggist á yfirferð embættisins á sölusamningum og að þeir séu að mati embættisins tryggir. Þá gerir nefndin breytingartillögur við sundurliðun 2 sem nema alls 1.356,9 m.kr. til hækkunar gjalda. Þar vegur þyngst kostnaður í tengslum við sölu eigna á fyrrum varnarsvæði við Keflavíkurflugvöll, alls að fjárhæð 1.170 m.kr. Breytingartillögum þessum fylgja þrjú yfirlit til sundurliðunar á fjárheimildum sem voru til skoðunar á milli umræðna. Eftir 2. umræðu var skipað í þrjá starfshópa til að vinna að þeirri sundurliðun og leituðu hóparnir til fjölmargra aðila. Í hópi sem vann að skiptingu fjárheimildar til framhaldsskóla voru Illugi Gunnarsson, Guðbjartur Hannesson og Guðjón A. Kristjánsson, í hópi sem vann að skiptingu fjárheimildar til sýslumannsembætta voru Ármann Kr. Ólafsson, Steinunn Valdís Óskarsdóttir og Bjarni Harðarson og í hópi sem vann að skiptingu fjárheimildar til öldrunar- og heilbrigðisstofnana voru Ásta Möller, Guðbjartur Hannesson og Jón Bjarnason.

Einstakar tillögur eru skýrðar í álitinu auk þess sem nánar verður um þær fjallað í framsögu.

SKÝRINGAR VIÐ EINSTAKAR BREYTINGARTILLÖGUR

02 Menntamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild menntamálaráðuneytis verði aukin um 32,8 m.kr.

225 Háskólinn á Bifröst.

1.01 Háskólinn á Bifröst. Gerð er tillaga um 27,8 m.kr. aukafjárveitingu til Háskólans á Bifröst.

319 Framhaldsskólar, almennt.

1.90 Framhaldsskólar, óskipt. Gerð er tillaga um 5 m.kr. framlag á þessum lið til viðbótar við 300 m.kr. framlag sem gerð var tillaga um við 2. umræðu til að styrkja rekstur framhaldsskóla. Sundurliðun fjárheimildarinnar er sýnd í sérstökum yfirlitum I með breytingartillögum meiri hlutans.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis verði aukin um 70 m.kr.

401 Öldrunarstofnanir, almennt.

1.01 Hjúkrunarheimili, almennt. Gerð er tillaga um að ráðstafa 271 m.kr. af ónotuðum fjárheimildum öldrunarstofnana til að koma til móts við rekstrarhalla þeirra til ársloka 2007.

1.13 Óskipt framlag til minni öldrunarstofnana. Af framangreindri 271 m.kr. fjárheimild er lagt til að 23,8 m.kr. renni til eftirfarandi sjö stofnana:

Blesastaðir, Skeiðum, 0,5 m.kr.
Grenilundur, Grenivík, 0,5 m.kr.
Hvammur, Húsavík, 1,6 m.kr.
Kirkjuhvoll, Hvolsvelli, 2,0 m.kr.
Roðasalir, Kópavogi, 3,2 m.kr.
Silfurtún, Búðardal, 8,0 m.kr.
Sæborg, Skagaströnd, 8,0 m.kr.

Þá er lagt er til að þeim 247,2 m.kr. sem eftir standa verði skipt á milli stofnana sem hér segir:

408 Sunnuhlíð, Kópavogi.
1.01 Hjúkrunarrými. . . . . . 28,8 m.kr.
409 Hjúkrunarheimilið Skjól.
1.01 Hjúkrunarrými. . . . . . 25,0 m.kr.
410 Hjúkrunarheimilið Eir.
1.01 Hjúkrunarrými. . . . . . 38,0 m.kr.
411 Garðvangur, Garði.
1.01 Hjúkrunarrými. . . . . 16,4 m.kr.
412 Hjúkrunarheimilið Skógarbær.
1.01 Hjúkrunarrými. . . . . . 9,2 m.kr.
413 Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum.
1.01 Hjúkrunarrými. . . . . . 32,8 m.kr.
415 Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði.
1.01 Hjúkrunarrými. . . . . . 3,8 m.kr.
416 Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði.
1.01 Hjúkrunarrými. . . . . . 5,0 m.kr.
417 Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn.
1.01 Hjúkrunarrými. . . . . . 1,0 m.kr.
418 Seljahlíð, Reykjavík.
1.01 Hjúkrunarrými. . . . . . 11,2 m.kr.
424 Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi.
1.01 Hjúkrunarrými. . . . . . 5,0 m.kr.
425 Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi.
1.01 Hjúkrunarrými. . . . . . 2,0 m.kr.
427 Jaðar, Ólafsvík.
1.01 Hjúkrunarrými. . . . . . 2,0 m.kr.

429 Barmahlíð, Reykhólum.
1.01 Hjúkrunarrými. ..... 1,0 m.kr.
433 Dalbær, Dalvík.
1.01 Hjúkrunarrými. ..... 9,6 m.kr.
434 Samningur við Akureyrarbæ um öldrunarþjónustu.
1.01 Hjúkrunarrými. ..... 21,0 m.kr.
436 Uppsalir, Fáskrúðsfirði.
1.01 Hjúkrunarrými. ..... 5,0 m.kr.
438 Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri.
1.01 Hjúkrunarrými. ..... 1,0 m.kr.
440 Kumbaravogur, Stokkseyri.
1.01 Hjúkrunarrými. ..... 13,8 m.kr.
441 Ás/Ásbyrgi, Hveragerði.
1.01 Hjúkrunarrými. ..... 2,3 m.kr.
442 Hraunbúðir, Vestmannaeyjum.
1.01 Hjúkrunarrými. ..... 5,0 m.kr.
444 Vífilsstaðir, Garðabæ.
1.01 Hjúkrunarrými. ..... 8,3 m.kr.

491 Reykjalundur, Mosfellsbæ.
1.10 Reykjalundur, Mosfellsbæ. Gerð er tillaga um 60 m.kr. aukafjárveitingu vegna uppsafnaðs halla á rekstri stofnunarinnar.

700 Heilbrigðisstofnanir.
1.01 Almennur rekstur. Gerð er tillaga um 10 m.kr. hækkun á liðnum og kemur fjárhæðin til viðbótar 250 m.kr. framlagi sem lagt var til við 2. umræðu. Skipting fjárhæðarinnar, 260 m.kr., er sýnd í sérstökum yfirlitum III í breytingartillögum meiri hlutans.

09 Fjármálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild fjármálaráðuneytis verði aukin um 1.170 m.kr.

985 Rekstur fyrrum varnarsvæða við Keflavíkurflugvöll.
6.21 Stofnkostnaður. Gert er ráð fyrir að kostnaður í tengslum við sölu eigna á fyrrum varnarsvæði við Keflavíkurflugvöll nemi 1.170 m.kr. á árinu 2007. Þar er aðallega um að ræða útgjöld í tengslum við lagfæringar og breytingar á fasteignum til að koma þeim í söluhæfara ástand. Áætlað er að verðmæti seldra eigna á þessu ári nemi um 15,7 milljörðum kr., eins og gert er ráð fyrir í breytingu á tekjuhlið frumvarpsins, en samkvæmt samningum greiðist það á fjórum árum og er reiknað með að greiðslurnar á árinu 2007 verði 3,5 milljarðar kr. Alls er áætlað að heildarsöluandvirði eignanna geti orðið allt að 18 milljarðar kr. þegar umbreytingu svæðisins verður lokið á næstu 3–4 árum en að kostnaður við lagfæringar eigna og hreinsun á svæðinu geti orðið um helmingur af því. Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar annast um þróun, umsjón og ráðstöfun eigna á svæðinu með það að markmiði að koma eignunum sem fyrst í hagfelld borgaraleg not.

10 Samgönguráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild samgönguráðuneytis verði aukin um 29,1 m.kr.

471 Flugmálastjórn Íslands.

1.01 Flugmálastjórn Íslands. Gerð er tillaga um 17,1 m.kr. framlag vegna aukins kostnaðar við leiguhúsnæði. Húsnæðismál stofnunarinnar voru leyst með því að gera viðbótarleigusamning við leigusala sem gilti frá 1. apríl 2007.

Jafnframt er gerð tillaga um 12 m.kr. framlag vegna kostnaðar við eftirlit með flugvernd á alþjóðaflugvöllum.

11 Iðnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild iðnaðarráðuneytis verði aukin um 55 m.kr.

373 Niðurgreiðslur á húshitun.

1.11 Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis. Gerð er tillaga um 55 m.kr. aukafjárveitingu til stofnkostnaðar hitaveitna, sbr. reglugerð nr. 284/2005 sem byggist á heimild í lögum um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, nr. 78/2002.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með þeim breytingum sem skýrðar hafa verið hér að framan og gerð er tillaga um í sérstökum þingskjölum.

Alþingi, 5. des. 2007.

Gunnar Svavarsson, form., frsm.	Kristján Þór Júlíusson.	Ásta Möller.
Birgir Ármannsson.	Lúðvík Bergvinsson.	Guðbjartur Hannesson.
Sigurður Kári Kristjánsson.		Árni Johnsen.

Fylgiskjal.

Framhaldsálit

um 1. gr. frv. til fjárlaga fyrir árið 2008, sbr. sundurliðun 1, og áhrif skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs.

Frá meiri hluta efnahags- og skattanefndar.

Hinn 22. nóvember 2007 barst efnahags- og skattanefnd erindi frá formanni fjárlaganefndar þar sem óskað var eftir framhaldsáliti í tengslum við tekjugrein fjárlagafrumvarpsins, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þórhall Arason frá fjármálaráðuneyti og Magnús Gunnarsson og Kjartan Eiríksson frá Þróunarfélagi Keflavíkurflugvallar ehf.

Erindi formanns fjárlaganefndar fylgdu tvö bréf fjármálaráðuneytisins til fjárlaganefndar, annað dagsett 16. nóvember 2007 en hitt 21. nóvember 2007. Með þeim fylgdi yfirlit yfir helstu breytingar á tekjuhlið frumvarps til fjárlaga fyrir 2008 og frumvarps til fjáraukalaga fyrir 2007 sem ráðuneytið lagði til við fjárlaganefnd við 2. umræðu. Meginhluta þessara breytinga má rekja til sölu eigna á fyrrum varnarsvæðinu við Keflavíkurflugvöll og takmarkaði efnahags- og skattanefnd því umfjöllun sína við þann þátt breytinganna.

Í áætlun fjármálaráðuneytisins er gert ráð fyrir að tekjur í fjáraukalagafrumvarpi þessa árs muni hækka um 21,9 milljarða kr. og þar af nemi tekjur af sölu eigna á fyrrum varnarsvæðinu um 13,7 milljörðum kr. Jafnframt er gert ráð fyrir að í fjárlagafrumvarpi næsta árs muni tekjur hækka um 12 milljarða kr. og þar af nemi tekjur af umræddri sölu um 4 milljörðum kr.

Þar sem fjárlaganefnd hefur látið áhrif tekna af umræddri sölu liggja á milli hluta við 2. umræðu um bæði frumvörpin ber að skoða álit nefndarinnar sem innlegg í 3. umræðu.

Forsvarsmenn Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf. komu fyrir nefndina og gerðu grein fyrir starfsemi félagsins. Áliti þessu fylgir umsögn sem þeir lögðu fram að beiðni nefndarinnar.

Gunnar Svavarsson og Katrín Jakobsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. des. 2007.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.
Ellert B. Schram.
Magnús Stefánsson.
Ragnheiður E. Árnadóttir.
Lúðvík Bergvinsson.
Arnbjörg Sveinsdóttir.

Fskj.

KADECO, Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar:
Greinargerð vegna fundar með efnahags- og skattanefnd.
(26. nóvember 2007.)

Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar

Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf. (ÞK) var stofnað þann 24. október 2006 og fer Forsætisráðuneytið með hlutafé í félaginu. Stjórnendur félagsins eru:
Magnús Gunnarsson, formaður
Árni Sigfússon, stjórnarmaður
Stefán Þórarinsson, stjórnarmaður
Hildur Árnadóttir, varastjórnarmaður
Sigurður Valur Ásbjarnarson, varastjórnarmaður
Helga Sigrún Harðardóttir, varastjórnarmaður
Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri

Tilverugrundvöllur félagsins byggir að miklu leiti á brotthvarfi varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli. Í kjölfar þess var gerður skilasamningur milli Bandaríkjastjórnar og íslenska ríkisins sem gengur m.a. út á það að íslenska ríkið yfirtekur flestar þær eignir sem á fyrrum varnarsvæðinu eru á móti ákveðnum skuldbindingum sem það yfirtekur jafnframt. Í framhaldi blasti við það verkefni að þróa og umbreyta þessari fyrrum herstöð til borgaralegra nota.
Félaginu eru veittar sínar formlegu heimildir í gegnum lög 176/2006, þar sem segir í 4. gr.:

> Heimilt er að fela Þróunarfélagi Keflavíkurflugvallar ehf. að annast í umboði ríkisins umsýslu fasteigna á svæði sem koma á hið fyrsta í arðbær borgaraleg not og merkt er sem svæði C í fylgiskjali.
> Enn fremur er heimilt að fela félaginu umsýslu tiltekinna fasteigna á flugvallarsvæði og önnur verkefni sem tengjast framtíðarþróun og umbreytingu flugvallarsvæðis og starfssvæðis.
> Forsætisráðherra fer með hlutafé ríkisins í félaginu.

Nánari útlistun á orðinu umsýsla er með eftirfarandi hætti í samræmi við athugasemdir með lagafrumvarpi: Í umsýslu felst m.a. úttekt á svæðinu, hreinsun þess og eftir atvikum niðurrif mannvirkja, rekstur, sala og útleiga fasteigna.
Frekari útfærsla á heimildum félagsins á sér stað í gegnum þjónustusamning við fjármálaráðuneytið sem undirritaður var þann 8. desember 2006. Í inngangi samningsins segir:

> Í kjölfar brottflutnings varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli ákvað íslenska ríkið að stofna einkahlutafélag í sinni eigu, Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf., sem ætlað er að leiða þróun og umbreytingu á svæðinu.
> Tilgangurinn með stofnun félagsins var sá að koma nýjum fasteignum í eigu ríkisins á svæðinu sem fyrst í skipuleg hagfelld borgaraleg not með það að markmiði að jákvæð samfélagsleg áhrif verði sem mest og neikvæðum áhrifum á nærsamfélagið verði haldið í lágmarki.
> Jafnframt var gert ráð fyrir að félagið gæti á grundvelli þjónustusamnings við ríkið tekið að sér rekstur, umsjón og umsýslu nánar tiltekinna eigna ríkisins á svæðinu, þ.m.t. sölu, útleigu, og niðurrif eigna svo og hreinsun svæða.
> Þjónustusamningur þessi skilgreinir þau verkefni sem félaginu eru falin og þá þjónustu sem því ber að veita ríkinu gegn því endurgjaldi sem mælt er fyrir um í samningnum.

Þá segir enn frekar í markmiðum samningsins að ÞK sé ætlað:

- Að leiða fyrir hönd verkkaupa þróun og skipulag þeirra svæða á Keflavíkurflugvelli sem samningurinn tekur til, að teknu tilliti laga og reglna sem gilda um viðkomandi svæði, með það að markmiði að fasteignir á svæðinu og svæðið sjálft komist hið fyrsta í arðbær borgaraleg not þannig að jákvæð samfélagsleg áhrif verði sem mest og neikvæðum áhrifum á nærsamfélagið verði haldið í lágmarki.

- Að sjá um nauðsynleg samskipti og ákvarðanatöku gagnvart sveitarstjórnum og öðrum stjórnvöldum vegna eigna sem samningur þessi fjallar um og vinna með þeim að því að fella hlutaðeigandi fasteignir og landsvæði sem fyrst undir almennar reglur íslenskra laga og stjórnsýslu.
- Að annast rannsóknir á umfangi jarðvegsmengunar á þróunarsvæðinu og annast að því búnu nauðsynlega hreinsun á því.
- Að sjá um rekstur, umsýslu, umsjón og eftirlit með öllum eignum ríkisins á því svæði sem samningur þessi tekur til og ekki eru sérstaklega undanskildar.
- Að ráðstafa þeim eignum sem félagið hefur umsjón með á svæðinu með sölu, leigu eða eftir atvikum niðurrifi í samræmi við ástand þeirra og því framtíðarskipulagi sem ákveðið verður.
- Að ljúka þróunarstarfi, hreinsun og eignasölu á sem stystum tíma, þó þannig að það samrýmist markmiðum um hagkvæma nýtingu eigna. Jafnframt verði neikvæðum áhrifum á nærsamfélagið haldið í lágmarki, auk og ráðstöfun eigna verði með eins hagkvæmum hætti og unnt er fyrir eiganda eignanna.
- Að ávallt verði gætt málefnalegra sjónarmiða við alla umsýslu og ráðstöfun þeirra eigna ríkisins sem félagið hefur með höndum með heildarhagsmuni eiganda og samfélags að leiðarljósi.
- Að gæði þjónustunnar samkvæmt samningi þessum verði tryggð.

Á grundvelli þessara heimilda og umboðs hefur félagið mótað sér stefnu um uppbygginu á svæðinu og birtist hún í megindráttum með eftirfarandi hætti:

> Úr herstöð í vísindasamfélag
> e. From Militay Base to an Atlantic center of Excellence.

Í grunninn byggir stefnan á tveimur megin stoðum þ.e. tækifærum tengdum vel staðsettum alþjóðaflugvelli á heimsvísu og tækifærum tengdum grænni orku. Markmiðið er að byggja á hugmyndafræði um klasa og markvissa uppbyggingu. Það er sú leið sem skilað hefur hvað bestum árangri almennt við þróun og uppbygginu í kringum flugvelli á mörgum stöðum í heiminum. Á sama hátt hefur reynslan sýnt að sú starfsemi sem vex hvað hraðast í kringum marga af fremstu flugvöllum heims er þekkingaruppbygging og hefur hún víða vaxið hraðar en flugsækin starfsemi.
Markmiðið er því að á svæðinu rísi gróskumikið vísindasamfélag sem síðan tengi stoðirnar saman. Því er rannsókna- og vísindauppbyggingunni ætlað að styðja við uppbyggingu atvinnu og atvinnutækifæra á svæðinu. Einkunnarorðin eru því þekking , nýsköpun og tækni.
Hér koma dæmi þau þróunarverkefni sem orðin eru að veruleika út frá framangreindum forsendum:

- Keilir – Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs
- Háskólavellir - Háskólagarðar
- Tæknivellir - Iðngarðar
- Þjóðkirkjan - Rannsóknarsetur
- Alþjóðlegt kvikmyndaver
- Verne - Fyrsta græna Data Center á Íslandi
- Heilsutengd uppbygging

Félagið hefur markvisst kynnt sín störf og auglýst með því að nýta vefsíðu félagsins www.kadeco.is. Einnig hafa verið haldnir blaðamannafundir, sendar út fréttatilkynningar ásamt því að kynningar hafa verið haldnar fyrir smærri og stærri hópa. Þá hafa málefni félagsins verið kynnt í fjölmörgum umfjöllunum og blaðagreinum ásamt því að stórar auglýsingar hafa verið birtar markvisst í öllum helstu dagblöðum og á vefsíðum. Á þetta bæði við um kynningar á félaginu sjálfu sem og kynningar á þeim eignum sem félagið hefur haft til sölu.

Sala eigna

Raunverulegt söluvirði eigna er áætlað um 20 milljarðar og má því segja að verðmæti eigna hafi hækkað mikið á einu ári og hagkvæmum punkti náð fyrir ríkið til að selja. Hugmyndafræði Þróunarfélagsins hefur skilað mikilli verðmætaaukningu á svæðinu í heild. Þar sem í byrjun þurfti að glíma við þá neikvæðu ímynd sem svæðið hafði. Jafnframt hafa orðið til mikil verðmæti í þekkingaruppbyggingu og mun uppbygging þjónustu við háskóla og fyrirtæki verða mikil á komandi árum.
Þá munu tugir milljarða skila sér í þjóðarbúið í gegnum erlendar tekjur á komandi árum vegna þeirrar uppbyggingar sem þegar hefur átt sér stað. Tekjur munu skila sér til ríkissjóðs og í þjóðarbúið í heild á fleiri vegu en með sölu eigna. Þ.e. í gegnum framtíðartekjur af þeirri markvissu uppbyggingu sem þegar hefur átt sér stað.

Í heildina hefur verið gengið frá sölu eða samþykkt kauptilboð á 135 byggingum samtals um 193.800 m2. Heildarsöluvirði er um 15,8 milljarðar. Um er að ræða um 75% af þeim eignum sem á svæðinu eru. Nánari útlistun er í meðfylgjandi töflu

Aðili	Fjöldi bygginga	Fermetrar	Heildarverðmæti
Base	22	16.230	715.000.000 kr.
Háskólavellir	96	155.707	14.000.000.000 kr.
Keilir	2	6.632	320.000.000 kr.
Þjóðkirkjan	2	1.476	155.000.000 kr.
Atlantic Film Studios	13	13.810	575.000.000 kr.
	135	193.855	15.765.000.000 kr.

Keilir

Frumgreinadeild Keilis hóf starfssemi í ágúst 2007 og áætlað er að Háskólastarfssemi hefjist í ágúst 2008
Helstu hluthafar í Keili eru: Háskóli Íslands, Glitnir, Sparisjóðurinn í Keflavík, Icelandair Group, Hitaveita Suðurnesja, Orkuveita Reykjavíkur, ISOR, Geysir Green Energy. Aðrir hluthafar eru t.a.m. Reykjanesbær, Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar, Háskólavellir o.fl. Stjórnarformaður Keilis er Árni Sigfússon og framkvæmdastjóri er Runólfur Ágústsson
Keilir mun leggja grundvöllinn að rannsóknarmiðstöð sem leggja mun áherslu á umhverfisvæna orku, flugtengda starfsemi ásamt fleiru. Keili er ætlað að styðja við og samræma þann hluta í heildarþróunarverkefninu er lýtur að þekkingu og rannsóknum.
Ljóst er að töluverðra endurbóta er þörf á skólahúsnæði sem Keilir festi kaup á til að aðlaga það að settum kröfum og íslenskum stöðlum sem gilda um slíkar byggingar.

Base

Stofnaðilar eru: Hringrás ehf, N1, ÍAV Þjónusta ehf, Meistarahús ehf, Hótel Keflavík ehf, Rafholt ehf, Eignarhaldsfélagið AV ehf, DM ehf. (Dreifingarmiðstöðin), Húsanes ehf, Lykil Ráðgjöf ehf, Víkur ehf. og Sparisjóður Keflavíkur. Stjórnarformaður Base er Steinþór Jónsson.
Markmiðið með kaupunum er uppbygging Tæknivalla til framtíðar þar sem allar iðngreinar geta fengið aðsetur.

Allt svæðið verður sérstaklega útbúið þannig að það geti boðið til leigu mannvirki til að hýsa þróun í iðnaði með áherslu á verkfræði, raunvísindi, tölvuþróun, dreifingarmiðstöðvar, flugtengda starfsemi, hátæknibúnað fyrir matvælaiðnað, nýsköpun, arkitektúr o.s.frv.
Sérstakur þjónustukjarni verður staðsettur í byggingu 2314 í miðju svæðisins. Þar verða sameiginlegar skrifstofur og anddyri.
Hugmyndir eru um að ein til tvær byggingar verði lánaðar til samfélagslegra verkefna fyrst um sinn.
Viðræður verða teknar upp við aðra eignaraðila á heildarsvæðum um samræmingu og uppbyggingu á Tæknivöllum. Í ofangreindar eignir bárust tilboð frá 21 aðila mörg hver mjög lág. Tilboð Base var metið hagstæðast af þeim tilboðum sem bárust.

Háskólavellir

Að Háskólavöllum standa Fasteignaþróunarfélagið Klasi ehf., Glitnir, Fasteignafélagið Þrek ehf., Fjárfestingafélagið Teigur ehf. og Sparisjóðurinn í Keflavík. Stjórnarformaður Háskólavalla er Halldór Ragnarsson og framkvæmdastjóri er Ingvi Jónasson
Vegna beiðni Grétars Mars Jónssonar eru hér sérstaklega birtar upplýsingar um eigendur Fasteignafélagsins Þreks, Fasteignaþróunarfélagsins Klasa og Fjárfestingafélagsins Teigs.
Eigandi Fasteignafélagsins Þreks er Húsanes hf. Eigendur Húsaness eru: Halldór Ragnarsson, Jóhannes Ellertsson, Margeir Þorgeirsson og Þorbjörn Tjörvi Stefánsson.
Eigandi Fasteignaþróunarfélagsins Klasa er Sigla ehf. Eigendur Siglu ehf. eru: Finnur Reyr Stefánsson, Tómas Kristjánsson og Þorgils Óttar Mathiesen.
Eigandi Fjárfestingafélagsins Teigs er Runólfur Ágústsson.
Reykjanesbær, Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar, Keilir og Háskólavellir vinna saman að uppbyggingu alþjóðlegs háskóla- og þekkingarsamfélags á svæðinu með því að leiða saman fyrirtæki, háskóla, þekkingu, fjármagn og aðstöðu, allt með nýsköpun, uppbyggingu og útrás að markmiði.
Aðilar munu því starfa saman og styðja við einstök önnur þróunarverkefni sem skilgreind verða um uppbyggingu svæðisins.
Einnig munu aðilar vinna að þróun og skipulagi svæða á Keflavíkurflugvelli með ofangreind markmið í huga ásamt því að fasteignir á svæðinu og svæðið sjálft komist hið fyrsta í arðbær borgaraleg not þannig að jákvæð samfélagsleg áhrif verði sem mest og neikvæðum áhrifum á nærsamfélagið verði haldið í lágmarki. Kappkostað verður að byggja upp eftirspurn eftir íbúðum á svæðinu sem ekki var til staðar fyrir umbreytingu svæðisins. Ásamt því að rík áhersla verði lögð á að hafa sem minnst neikvæð áhrif á íbúðamarkað í nærliggjandi sveitafélögum.
Í þær byggingar sem Háskólavellir keyptu bárust aðeins 3 tilboð þrátt fyrir auglýsingar og kynningar. Tvö af þeim tilboðum voru í stakar byggingar og eitt í tvær byggingar saman. Í öllum tilvikum var um töluvert lægra verð á fermetra að ræða en Háskólavellir buðu auk þess sem hugmyndafræði um nýtingu eignanna var talin lakari. Þá er ótalinn sá sparnaður sem ríkið verður fyrir vegna reksturs á tómum eignum sem fellur á nýjan kaupanda sem nemur rúmum 480 milljónum á ári tengt þessum eignum. Einnig munu Háskólavellir leggja fé í endurnýjað skipulag og þróun þess svæðis sem þessar eignir tilheyra.
Þess ber einnig að geta að eignunum fylgja ríkar kvaðir um nýtingu þeirra þannig að það hafi ekki í för með sér neikvæð áhrif á fasteignamarkaðinn í nærliggjandi byggðum.

Atlantic Film Studios

Alþjóðlegt kvikmyndaver sem mun fylgja eftir vinsældum Íslands við framleiðslu á kvikmyndum og bjóða upp á aðstöðusköpun á heimsmælikvarða. Talið er að fjöldi ónýttra tækifæra sé til staðar í slíkum iðnaði sem markmiðið er að nýta. Sem dæmi um það má nefna yfirbyggðan vatnstank fyrir tökur t.a.m. á sjóslysamyndum o.fl.
Þá er talið að verið sé vel staðsett á milli þriggja heimsálfa sem opnar fjölda tækifæra.
Vænta má mikilla tekna í þjóðarbúið vegna tækifæra sem opnast við framleiðslu á erlendum stórmyndum. Í forsvari eru Hallur Helgason, Ingvar Þórðarson og Júlíus Kemp.

Þjóðkirkjan

Þjóðkirkjan hefur fest kaup á húsnæði þar sem Kapella Ljóssins var til húsa. Þar var áður kapella sem sameinaði 5 mismunandi trúarsöfnuði og þjónaði íbúum á svæðinu. Hugmyndir þjóðkirkjunnar ganga út á að stofna akademíska stofnun á svið trúarbragðafræða á svæðinu. Ásamt því að þjónusta ört vaxandi samfélag á staðnum. Þá er horft til samstarfs við Keili.

Verne – Græn rafræn gagnageymsla

Til viðbótar hefur verið undirrituð viljayfirlýsing við Verne Holding sem er í eigu Novator og General Catalyst um uppbyggingu á fyrstu grænu rafrænu gagnageymslunni (e. Data Center) á Íslandi. Stjórnarformaður Verne er Vilhjálmur Þorsteinsson og framkvæmdastjóri er Gabe Cole. Viljayfirlýsingin innifelur vilja Verne til að kaupa 5 byggingar á svæðinu þar af tvær stórar vöruskemmur. Markmiðið er að endurbæta byggingarnar og byggja húsnæði til viðbótar á lóðunum. Samtals verði því um 50.000 m2 mannvirki að ræða sem leiði af sér allt að 200 ný störf flest hátæknistörf. Þarna er um orkufrekan hátækniiðnað að ræða.

Einnig eru í gangi viðræður við aðila um heilsutengda uppbyggingu á svæðinu sem innifelur m.a. í sér nýtingu á sjúkrahúsinu á svæðinu.

Niðurlag

Í ágúst 2007 aðeins 9 mánuðum eftir að ÞK tók formlega við svæðinu voru yfir 300 háskólaíbúðir leigðar út til nemenda Keilis og háskólanema af höfuðborgarsvæðinu og víðar. Strax þá 10 mánuðum eftir brottför hersins bjuggu 700 íbúar á svæðinu. Í ársbyrjun 2008 er gert ráð fyrir að 1100 manns verði búsettir á svæðinu í yfir 400 háskólaíbúðum.
Leikskóli sem Hjallastefnan rekur hóf störf að hausti 2007 með 18 starfsmönnum og um 70 börnum.
Einnig er á svæðinu nú þegar rekinn grunnskóli á vegum Hjallastefnunnar fyrir 1. til 4. bekk, alls um 40 nemendur og þar starfa 8 kennarar.
Matvöruverslun var opnuð í september 2007 ásamt því að frekari þjónusta við íbúa er í undirbúningi og má þar nefna sem dæmi bankaútibú, veitingahús, hárgreiðslustofu o.fl
Aðeins ári eftir að varnarliðið fór hefur þegar verið lagður grunnur að um 200 til 300 beinum störfum á svæðinu og er þá ekki tekið tillit til afleiddra starfa. Mörg þessara starfa eru nú þegar hafin.

394. Breytingartillögur [103. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2007.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (GSv, KÞJ, ÁMöl, BÁ, LB, GuðbH, SKK, ÁJ).

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
02-225 Háskólinn á Bifröst			
a. 1.01 Háskólinn á Bifröst	0,0	27,8	27,8
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*27,8*	*27,8*
2. Við **02-319 Framhaldsskólar, almennt**			
1.90 Framhaldsskólar, óskipt	317,0	5,0	322,0
3. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
08-401 Öldrunarstofnanir, almennt			
a. 1.01 Hjúkrunarheimili, almennt	0,0	-271,0	-271,0
b. 1.13 Óskipt framlag til minni öldrunarstofnana	0,0	23,8	23,8
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*-247,2*	*-247,2*
4. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
08-408 Sunnuhlíð, Kópavogi			
a. 1.01 Hjúkrunarrými	0,0	28,8	28,8
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*28,8*	*28,8*
5. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
08-409 Hjúkrunarheimilið Skjól			
a. 1.01 Hjúkrunarrými	0,0	25,0	25,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*25,0*	*25,0*
6. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
08-410 Hjúkrunarheimilið Eir			
a. 1.01 Hjúkrunarrými	0,0	38,0	38,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*38,0*	*38,0*
7. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
08-411 Garðvangur, Garði			
a. 1.01 Hjúkrunarrými	0,0	16,4	16,4
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*16,4*	*16,4*
8. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
08-412 Hjúkrunarheimilið Skógarbær			
a. 1.01 Hjúkrunarrými	0,0	9,2	9,2
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*9,2*	*9,2*
9. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
08-413 Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum			
a. 1.01 Hjúkrunarrými	0,0	32,8	32,8
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*32,8*	*32,8*

10. Við bætist nýr fjárlagaliður:
08-415 Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði

a. 1.01 Hjúkrunarrými	0,0	3,8	3,8
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*3,8*	*3,8*

11. Við bætist nýr fjárlagaliður:
08-416 Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði

a. 1.01 Hjúkrunarrými	0,0	5,0	5,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*5,0*	*5,0*

12. Við bætist nýr fjárlagaliður:
08-417 Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn

a. 1.01 Hjúkrunarrými	0,0	1,0	1,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*1,0*	*1,0*

13. Við bætist nýr fjárlagaliður:
08-418 Seljahlíð, Reykjavík

a. 1.01 Hjúkrunarrými	0,0	11,2	11,2
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*11,2*	*11,2*

14. Við bætist nýr fjárlagaliður:
08-424 Dvalarheimili aldraða Borgarnesi

a. 1.01 Hjúkrunarrými	0,0	5,0	5,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*5,0*	*5,0*

15. Við bætist nýr fjárlagaliður:
08-425 Dvalarheimili aldraða Stykkishólmi

a. 1.01 Hjúkrunarrými	0,0	2,0	2,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*2,0*	*2,0*

16. Við bætist nýr fjárlagaliður:
08-427 Jaðar, Ólafsvík

a. 1.01 Hjúkrunarrými	0,0	2,0	2,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*2,0*	*2,0*

17. Við bætist nýr fjárlagaliður:
08-429 Barmahlíð, Reykhólum

a. 1.01 Hjúkrunarrými	0,0	1,0	1,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*1,0*	*1,0*

18. Við bætist nýr fjárlagaliður:
08-433 Dalbær, Dalvík

a. 1.01 Hjúkrunarrými	0,0	9,6	9,6
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*9,6*	*9,6*

19. Við bætist nýr fjárlagaliður:
08-434 Samningur við Akureyrarbæ um öldrunarþjónustu

a. 1.01 Hjúkrunarrými	0,0	21,0	21,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*21,0*	*21,0*

20. Við bætist nýr fjárlagaliður:
08-436 Uppsalir, Fáskrúðsfirði

a. 1.01 Hjúkrunarrými	0,0	5,0	5,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*5,0*	*5,0*

21.	Við bætist nýr fjárlagaliður:			
	08-438 Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri			
	a. 1.01 Hjúkrunarrými	0,0	1,0	1,0
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*1,0*	*1,0*
22.	Við bætist nýr fjárlagaliður:			
	08-440 Kumbaravogur, Stokkseyri			
	a. 1.01 Hjúkrunarrými	0,0	13,8	13,8
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*13,8*	*13,8*
23.	Við bætist nýr fjárlagaliður:			
	08-441 Ás/Ásbyrgi, Hveragerði			
	a. 1.01 Hjúkrunarrými	0,0	2,3	2,3
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*2,3*	*2,3*
24.	Við bætist nýr fjárlagaliður:			
	08-442 Hraunbúðir, Vestmannaeyjum			
	a. 1.01 Hjúkrunarrými	0,0	5,0	5,0
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*5,0*	*5,0*
25.	Við bætist nýr fjárlagaliður:			
	08-444 Vífilsstaðir, Garðabæ			
	a. 1.01 Hjúkrunarrými	0,0	8,3	8,3
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*8,3*	*8,3*
26.	Við bætist nýr fjárlagaliður:			
	08-491 Reykjalundur, Mosfellsbæ			
	a. 1.10 Reykjalundur, Mosfellsbæ	0,0	60,0	60,0
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*60,0*	*60,0*
27.	Við **08-700 Heilbrigðisstofnanir**			
	1.01 Almennur rekstur	250,0	10,0	260,0
28.	Við **09-985 Rekstur fyrrum varnarsvæða við Keflavíkurflugvöll**			
	6.21 Stofnkostnaður	0,0	1.170,0	1.170,0
29.	Við **10-471 Flugmálastjórn Íslands**			
	1.01 Flugmálastjórn Íslands	125,7	29,1	154,8
30.	Við bætist nýr fjárlagaliður:			
	11-373 Niðurgreiðslur á húshitun			
	a. 1.11 Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis	0,0	55,0	55,0
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*55,0*	*55,0*

SÉRSTÖK YFIRLIT I

Framlag til að styrkja rekstur framhaldsskóla.

Fjárheimild sem samtals nemur 305 m.kr. á viðfangsefninu 02-319-1.90 til að styrkja rekstur framhaldsskóla skiptist samkvæmt eftirfarandi sundurliðun:

Viðf.	**Heiti viðfangs**	**M.kr.**
02-302-1.01	Menntaskólinn á Akureyri	18,4
02-303-1.01	Menntaskólinn að Laugarvatni	10,0

02-306-1.01	Menntaskólinn á Ísafirði	9,8
02-307-1.01	Menntaskólinn á Egilsstöðum	3,3
02-308-1.01	Menntaskólinn í Kópavogi	5,6
02-309-1.01	Kvennaskólinn í Reykjavík	3,4
02-350-1.01	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	11,4
02-351-1.01	Fjölbrautaskólinn í Ármúla	19,3
02-352-1.01	Flensborgarskóli	43,0
02-353-1.01	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	17,8
02-354-1.01	Fjölbrautaskóli Vesturlands	15,0
02-356-1.01	Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	25,4
02-357-1.01	Fjölbrautaskóli Suðurlands	12,0
02-358-1.01	Verkmenntaskóli Austurlands	0,7
02-359-1.01	Verkmenntaskólinn á Akureyri	51,9
02-360-1.01	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	24,8
02-361-1.01	Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu	4,7
02-365-1.01	Borgarholtsskóli	14,3
02-367-1.01	Fjölbrautaskóli Snæfellinga	6,4
02-368-1.01	Menntaskóli Borgarfjarðar	3,8
02-514-1.01	Iðnskólinn í Reykjavík	4,0
	Samtals	**305,0**

SÉRSTÖK YFIRLIT II

Framlag til að styrkja rekstur sýslumannsembætta.

Fjárheimild sem samtals nemur 150 m.kr. á viðfangsefninu 06-490-1.10 til að styrkja rekstur sýslumannsembætta skiptist samkvæmt eftirfarandi sundurliðun:

Viðf.	**Heiti viðfangs**	**M.kr.**
06-411-1.01	Sýslumaðurinn í Reykjavík	13,5
06-413-1.01	Sýslumaðurinn í Borgarnesi	15,0
06-414-1.01	Sýslumaðurinn í Stykkishólmi	0,4
06-415-1.01	Sýslumaðurinn í Búðardal	3,5
06-419-1.01	Sýslumaðurinn á Hólmavík	0,4
06-421-1.01	Sýslumaðurinn á Sauðárkróki	4,6
06-424-1.20	Sýslumaðurinn á Akureyri	17,0
06-425-1.01	Sýslumaðurinn á Húsavík	7,0
06-426-1.40	Sýslumaðurinn á Seyðisfirði	8,0
06-430-1.01	Sýslumaðurinn í Vík	0,6
06-431-1.01	Sýslumaðurinn á Hvolsvelli	2,6
06-431-1.20	Sýslumaðurinn á Hvolsvelli	4,5
06-433-1.20	Sýslumaðurinn á Selfossi	31,0
06-436-1.01	Sýslumaðurinn í Hafnarfirði	1,9
06-490-1.10	Ýmis sameiginlegur kostnaður	40,0
	Samtals	**150,0**

SÉRSTÖK YFIRLIT III
Framlag til að styrkja rekstrarstöðu sjúkrastofnana.

Fjárheimild sem samtals nemur 260 m.kr. á viðfangsefninu 08-700-1.01 til að styrkja rekstrarstöðu sjúkrastofnana skiptist samkvæmt eftirfarandi sundurliðun:

Viðf.	**Heiti viðfangs**	**M.kr.**
08-522-1.01	Heilsugæslustöðin Borgarnesi	2,5
08-551-1.01	Heilsugæslustöðin Ólafsfirði	2,5
08-715-1.11	St. Franciskusspítali, Stykkishólmi	16,0
08-725-1.01	Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ	10,0
08-731-1.01	Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík	3,0
08-735-1.11	Heilbrigðisstofnunin Hólmavík	16,0
08-741-1.11	Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga	9,0
08-745-1.11	Heilbrigðisstofnunin Blönduósi	9,0
08-751-1.11	Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	9,0
08-761-1.11	Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	28,0
08-777-1.11	Heilbrigðisstofnun Austurlands	125,0
08-781-1.11	Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	30,0
	Samtals	**260,0**

395. Breytingartillaga [103. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2007.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (GSv, KÞJ, ÁMöl, BÁ, LB, GuðbH, SKK, ÁJ).

Sundurliðun 1, (**Tekjur A-hluta**), orðist svo:

Sundurliðun 1

Tekjur A-hluta

I	Skatttekjur	Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
1	**Skattar á tekjur og hagnað**	m.kr.	m.kr.
1.1.1.1	Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla	14.000,0	13.424,0
1.1.5.1	Skattur á fjármagnstekjur einstaklinga	11.900,0	5.850,0
	Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga	**25.900,0**	**19.274,0**
1.5.1.1	Tekjuskattur, lögaðilar	2.000,0	1.690,0
1.10.2	Fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði	1.095,0	965,0
1.10.5	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	56,3	55,1
	Skattar á tekjur og hagnað, ót. annars staðar	**1.151,3**	**1.020,1**
	Skattar á tekjur og hagnað	**29.051,3**	**21.984,1**
2	**Tryggingagjöld**		
2.2.1.1	Tryggingagjald, almennt	3.348,9	2.848,0
2.2.1.5	Atvinnutryggingargjald	622,9	538,1
	Tryggingagjöld, lögaðilar	**3.971,8**	**3.386,1**
	Tryggingagjöld	**3.971,8**	**3.386,1**

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
3	**Skattar á launagreiðslur og vinnuafl**		
3.2	Ábyrgðargjald vegna launa	95,8	81,6
3.5	Gjald til jöfnunar og lækkunar á örorkubyrði lífeyrissjóða	1.000,0	1.000,0
	Skattar á launagreiðslur og vinnuafl	**1.095,8**	**1.081,6**
4	**Eignarskattar**		
4.3	Erfðafjárskattar, skattar á gjafafé	900,0	800,0
4.4.1	Stimpilgjöld	2.510,0	2.510,0
4.5.2.1	Sértækir eignarskattar á fasteignir	80,0	80,0
	Eignarskattar	**3.490,0**	**3.390,0**

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
5	**Skattar á vörur og þjónustu**		
5.1.1.1	Virðisaukaskattur	27.000,0	25.000,0
5.1.2.1.1	Vörugjald, almennt, af innfluttum vörum	920,0	733,0
5.1.2.1.5	Vörugjald, almennt, af innlendri framleiðslu	-215,0	-245,0
5.1.2.1.15	Vörugjald af innfluttum ökutækjum	3.200,0	3.090,0
5.1.2.1.25	Vörugjald af bensíni	224,0	224,0
5.1.2.1.30	Sérstakt vörugjald af bensíni	759,6	759,6
5.1.2.1.33	Olíugjald	1.430,5	1.430,5
5.1.2.1.50	Áfengisgjald	-3.718,5	-3.616,1
5.1.2.1.52	Tóbaksgjald	-130,0	-130,0
5.1.2.1.55	Ýmis vörugjöld	-160,0	-160,0
5.1.2.10	Tollar og aðflutningsgjöld	2.010,0	1.750,0
5.1.2.20	Sértækir þjónustuskattar	0,0	0,0
	Skattar á viðskipti með vörur og þjónustu	**31.320,6**	**28.836,0**
5.2.1.1.1	Bifreiðagjöld	490,0	460,0
5.2.1.5.5	Þungaskattur	206,4	206,4
5.2.2.10	Ýmis leyfi fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi	11,6	11,6
5.2.2.25	Ýmis leyfis- og skráningargjöld	-223,0	-223,0
5.2.2.25.1.25	Veiðigjald fyrir veiðiheimildir	188,0	108,0
5.2.2.25.5.95	Ýmis skráningargjöld	40,0	40,0
	Neyslu- og leyfisgjöld	**713,0**	**603,0**
	Skattar á vörur og þjónustu	**32.033,6**	**29.439,0**

6	**Aðrir skattar**		
6.1.15	Markaðsgjald	47,9	40,8
6.1.20	Framleiðslugjald af áli	-95,0	-95,0
	Aðrir skattar á atvinnurekstur	**-47,1**	**-54,2**
6.2.1	Sektir á skatttekjur	-4,0	1,0
	Aðrir skattar	**-51,1**	**-53,2**
	Skatttekjur, samtals	**69.591,4**	**59.227,6**
II	**Aðrar rekstrartekjur**		
8	**Arðgreiðslur og leigutekjur**		
8.2.2	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum stofnunum	44,0	44,0
8.3.1	Vaxtatekjur af skatttekjum	1.280,0	330,0
8.3.6	Vaxtatekjur af endurlánum ríkissjóðs	3.694,0	3.540,0
8.3.7	Aðrar vaxtatekjur	-379,0	-379,0
	Aðrar eignatekjur	**4.595,0**	**3.491,0**
	Arðgreiðslur og leigutekjur	**4.639,0**	**3.535,0**
9	**Ýmsar tekjur**		
9.1.1	Dómsmálagjöld o.fl.	50,0	50,0
9.1.2	Áhættugjöld fyrir ríkisábyrgðir	30,0	30,0
9.1.3.1	Afnotagjöld RÚV	10,0	10,0
9.1.3.25	Gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl.	0,0	0,0
9.1.3.40	Útgáfa skírteina og þinglýsingar	-70,0	-70,0
9.1.4	Önnur neyslu- og leyfisgjöld	4,4	4,4
	Neyslu- og leyfisgjöld fyrir þjónustu	**24,4**	**24,4**
	Ýmsar tekjur	**24,4**	**24,4**
10	**Sektir**		
10.1	Lögreglumannasektir og lögreglustjórasektir	280,0	250,0
10.2	Dómsektir og viðurlagaákvarðanir	50,0	125,0
	Sektir	**330,0**	**375,0**

12	**Aðrar eigna- og aukatekjur**		
12.1	Aðrar eigna- og aukatekjur	-315,0	-315,0
	Aðrar rekstrartekjur, samtals	**4.678,4**	**3.619,4**
III	**Sala eigna**		
13	**Sala varanlegra rekstrarfjármuna**		
13.1	Sala fasteigna	15.300,0	3.130,0
13.2	Söluhagnaður hlutabréfa	6.138,2	6.138,2
	Sala varanlegra rekstrarfjármuna	**21.438,2**	**9.268,2**
	Sala eigna, samtals	**21.438,2**	**9.268,2**
V	**Fjárframlög**		
18	**Fjárframlög frá opinberum aðilum**		
18.1.1	Hluti sveitarfélaga í innheimtukostnaði	75,0	75,0
18.2.1	Framlag Happdrættis HÍ til Háskóla Íslands	0,0	0,0
18.2.5	Viðbótarframlag sveitarfélaga vegna lífeyrisskuldbindinga grunnskólakennara	-20,0	-20,0
	Fjárframlög frá opinberum aðilum	**55,0**	**55,0**
	Fjárframlög, samtals	**55,0**	**55,0**
	Heildartekjur samtals	**95.763,0**	**72.170,2**

396. Nefndarálit [268. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 125/2007, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Nínu Björk Jónsdóttur frá utanríkisráðuneyti og Sigríði Auði Arnardóttur, Kristínu Lindu Árnadóttur og Gunnar Stein Jónsson frá umhverfisráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 125/2007 frá 28. september 2007, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB frá 23. október 2000 um aðgerðaramma Bandalagsins um stefnu í vatnsmálum.

Innleiðing tilskipunarinnar kallar á lagabreytingar sem gert er ráð fyrir að lokið verði í desember 2009. Ljóst er að verulegur kostnaður mun fylgja innleiðingunni. Fram kom á fundi nefndarinnar að umhverfisráðuneytið hefur óskað fjárheimilda vegna þessa. Nefndin telur mikilvægt að fjárheimildirnar verði í samræmi við umfang þess verkefnis sem fram undan er við innleiðinguna.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Bjarni Benediktsson, Lúðvík Bergvinsson og Kristinn H. Gunnarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Steingrímur J. Sigfússon skrifar undir álit þetta með fyrirvara.

Alþingi, 5. des. 2007.

Árni Páll Árnason, varaform., frsm.	Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.	Ragnheiður E. Árnadóttir.
Ásta R. Jóhannesdóttir.	Magnús Stefánsson.	Guðfinna S. Bjarnadóttir.

397. Nefndarálit [269. mál]

um til. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2007, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Nínu Björk Jónsdóttur frá utanríkisráðuneyti og Sigríði Auði Arnardóttur, Kristínu Lindu Árnadóttur og Gunnar Stein Jónsson frá umhverfisráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2007 frá 26. október 2007, um breytingu á XX. viðauka (Um-

hverfismál) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB; tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/101/EB frá 27. október 2004 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins að því er varðar verkefniskerfi Kýótóbókunarinnar; reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2216/2004 frá 21. desember 2004 um staðlað og varið skráningarkerfi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 280/2004/EB; ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/156/EB frá 29. janúar 2004 um að setja viðmiðunarreglur fyrir vöktun á losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslugjöf um losunina samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/780/EB frá 13. nóvember 2006 um að komast hjá því að tvíreikna skerðingu á losun gróðurhúsalofttegunda í kerfi Bandalagsins um viðskipti með heimildir til losunar, að því er varðar verkefnistengdar aðgerðir samkvæmt Kýótóbókuninni, í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB.

Innleiðing tilskipana Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/101/EB frá 27. október 2004 kalla á lagabreytingar.

Nefndin leggur áherslu á að mikilvægt sé að mál af þessum toga komi framvegis fyrr fyrir Alþingi. Þótt hið nýja losunarkerfi muni nú hafa óveruleg áhrif hér á landi er ljóst að stefnt er að því innan Evrópusambandsins að fella flug og jafnvel skipasamgöngur undir kerfið. Nefndin telur mikilvægt að hún og viðkomandi fagnefndir, samgöngunefnd og umhverfisnefnd, verði upplýstar reglulega um stöðu mála að því leyti.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Bjarni Benediktsson, Lúðvík Bergvinsson og Kristinn H. Gunnarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Steingrímur J. Sigfússon skrifar undir álit þetta með fyrirvara.

Alþingi, 5. des. 2007.

Árni Páll Árnason, form., frsm.	Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.	Ragnheiður E. Árnadóttir.
Ásta R. Jóhannesdóttir.	Magnús Stefánsson.	Guðfinna S. Bjarnadóttir.

398. Framhaldsnefndarálit [103. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2007.

Frá minni hluta fjárlaganefndar.

Í lögum um fjárreiður ríkisins er lögð áhersla á að ekkert gjald megi greiða úr ríkissjóði án heimildar Alþingis. Þó er til undantekning á því, sú eina undantekning sem er í 33. gr. fjárreiðulaganna. Þar er alveg skýrt kveðið á um vinnulag og hvernig þetta skuli gert. En það

hefur einnig verið mikið vandamál með framkvæmdarvaldið að það hefur í raun tekið sér fjárveitingavald. Þegar frumvarp til fjáraukalaga kemur fram er búið að ákveða eða samþykkja að inna af hendi þær greiðslur sem verið er að leita heimilda eftir. Það er ekki samkvæmt lögunum og á þetta hefur mjög ítrekað verið bent en ráðherra ekki farið eftir því. Nauðsynlegt er að skerpt sé á þessum ákvæðum í fjárreiðulögunum og ekki aðeins hvað varðar fjárheimildirnar sjálfar heldur líka annan lið í allri fjárlagagerð, þ.e. heimildargreinar, þar sem leitað er eftir heimildum, tiltölulega opnum heimildum, til að selja, kaupa eða ráðstafa fjármunum ríkisins án þess að bera það að öðru leyti undir Alþingi.

Í frumvarpinu nú eru fjölmargir liðir sem alls ekki falla undir þessa grein fjárreiðulaganna og ættu betur heima í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2008 sem nú liggur fyrir Alþingi. Sem dæmi má nefna ný viðfangsefni stofnana og ráðuneyta sem eiga með réttu að vera í fjárlögum. Í öðrum tilfellum er verið að bæta uppsafnaðan rekstrarvanda hjá stofnunum ríkisins sem með réttu ættu að vera í fjárlögum næsta árs ef rétt væri að málum staðið. Er það afar tilviljanakennt hvaða stofnanir fá slíkar leiðréttingar í fjáraukalögum á hverjum tíma. Þetta vinnulag verður að laga svo að það sama gildi fyrir allar stofnanir ríkisins og einnig svo að hægt sé að taka heildstætt á málum stofnana sem búa við viðvarandi rekstrarvanda. Minni hlutinn hefur gagnrýnt þessi vinnubrögð og lagt þunga áherslu á að samkvæmt lögum er það Alþingi sem hefur og ber ábyrgð á fjárveitingavaldinu, fer með það vald og þá ábyrgð, ekki framkvæmdarvaldið.

Meiri hluti fjárlaganefndar leggur nú til við 3. umræðu um fjáraukalagafrumvarp fyrir árið 2007 að útgjöld ríkissjóðs verði enn aukin um 1,4 ma.kr. Á móti vegur að nú er gert ráð fyrir að tekjur aukist um 15,7 ma.kr. umfram það sem gert var ráð fyrir í frumvarpinu við 2. umræðu. Er þar eingöngu um að ræða tekjur vegna sölu eigna á fyrrum varnarsvæði á Keflavíkurflugvelli. Nú er gert ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs á árinu 2007 nemi um 389,4 ma.kr., sem er 22,2 ma.kr. aukning frá fjárlögum, og að tekjur verði 472,2 ma.kr. Tekjuafgangur ríkissjóðs er nú áætlaður 82,2 ma.kr. en í fjárlögum var gert ráð fyrir að hann næmi rúmlega 9,1 ma.kr. Þessar tölur endurspegla gríðarlega aukningu umsvifa í þjóðfélaginu þrátt fyrir áætlanir um hið gagnstæða. Þær sýna einnig hvað lítið er að marka fjárlög ársins, hvort heldur litið er til tekna eða gjalda.

Þegar farið er yfir stöðu einstakra stofnana á vegum ríkisins koma í ljós mikil frávik frá fjárlögum. Er farið vel yfir þetta í skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga árið 2006. Verið er að vanáætla verulega á stofnanir ár eftir ár sem sýnir hve ríkisstjórnin og Alþingi leggja lítinn metnað í fjárlagavinnuna. Fjárheimildir og uppsafnaður vandi er látinn flæða á milli ára þannig að alla yfirsýn vantar og hefur það leitt til þess að fjárlög ríkisins eru ekki sá skýri rammi um rekstur ríkisins sem þau eiga að vera. Vegna þessa eru fjárlögin ekki það verkfæri við stjórn efnahagsmála sem þau gætu verið. Ríkisstjórnin hefur með kæruleysislegri umgengni sinni um fjárlögin sýnt að ekki á að nota ríkisfjármálin sem eitt af stýritækjunum í efnahagslífinu.

Minni hlutinn hefur lagt á það áherslu að tekin verði upp ný vinnubrögð og þrátt fyrir fögur fyrirheit hefur meiri hluti fjárlaganefndar ekki náð að breyta vinnulagi, a.m.k. enn sem komið er. Nauðsynlegt er að taka upp nýjar verklagsreglur sem auki sjálfstæði Alþingis og gagnsæi við fjárlagagerðina og mun minni hlutinn að sjálfsögðu vinna með meiri hlutanum að slíkum breytingum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir fjárheimildum til ýmissa stofnana sem hafa verið í fjársvelti undanfarin ár og fá ekki leiðréttingar á rekstrargrunni sínum. Má þar einkum nefna heilbrigðisstofnanir en mörg sjúkrahús, hjúkrunarheimili og öldrunarstofnanir eiga við verulegan

rekstrarvanda að etja og glíma við uppsafnaðan vanda vegna þess að þær hafa ekki fengið nægilegt fjármagn í fjárlögum. Í frumvarpinu er ekki tekið á þessum vanda. Ekki er heldur gert ráð fyrir að nægilegt fjármagn komi inn í fjárlög 2008 fyrir þessar stofnanir þannig að halda á áfram þessum skollaleik.

Ljóst er að rétta þarf af halla heilbrigðisstofnana til þess að þær geti annast lögboðið hlutverk sitt í samfélaginu. Uppsafnaður rekstrarhalli og fjárskortur hamlar starfsemi heilbrigðisstofnana vítt og breitt um landið. Upplýsingar um stöðu heilbrigðisstofnana liggja hins vegar ekki á lausu og er þess krafist að öll gögn verði lögð fram þannig að hægt sé að meta stöðuna heildstætt. Þá leggur minni hlutinn til að komið verði til móts við uppsafnaðan halla einstakra framhaldsskóla og að raunveruleg rekstrarþörf, einkum verkmennta- og heimavistarskólanna á landsbyggðinni, verði viðurkennd í fjárlögum. Einnig þarf að endurmeta fjárþörf sýslumannsembætta á landsbyggðinni en þau hafa verið látin líða fyrir stöðuga útþenslu á embætti ríkislögreglustjóra. Það sama má raunar segja um flest þau verkefni sem óskað er eftir fjármagni til. Útgjöldin eru fyrirséð áður en fjárlagafrumvarp ársins er lagt fram og ættu þau þess vegna heima í fjárlögum. Hækkun ýmissa kostnaðarliða er yfirleitt fyrirséð og undrast minni hlutinn þessi vinnubrögð og þessar skipulegu og síendurteknu vanáætlanir fjármálaráðuneytisins.

Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar (Kadeco ehf.).

Minni hlutinn mótmælir harðlega þeim vinnubrögðum sem virðast hafa verið viðhöfð við sölu eigna á fyrrum varnarsvæði og þeirri leynd sem hvílt hefur yfir málinu. Minni hlutinn mótmælir einnig þeirri aðferð sem viðhöfð er við færslu gjalda og tekna vegna eigna ríkisins á Keflavíkurflugvelli. Fyrir liggur að fjármálaráðherra hefur heimildarlaust afsalað söluandvirði þeirra til einkahlutafélags í eigu ríkisins. Umrætt hlutafélag hefur ákveðin verkefni með höndum og verður að líta svo á að ráðherra hafi hér gert tilraun til að verja öllu söluandvirði eignanna til þeirra verkefna án þess að leita eftir atbeina Alþingis í því máli. Umræddur gerningur er staðfestur með undirskrift tveggja lögaðila, ríkisins og Kadeco ehf., og ljóst er að þriðji aðili hlýtur að byggja væntingar sínar og hagsmuni við uppbyggingu á svæðinu á þeim samningi. Fjárlaganefnd er ekki úrskurðaraðili um lögmæti gerninga sem fjármálaráðherra gerir og því verður að líta svo á að umræddur samningur standi þar til um hann hefur verið fjallað af þar til bærum aðilum, jafnvel þó svo að samningurinn sjálfur stangist á við fjárreiðulög og stjórnarskrá lýðveldisins. Minni hlutinn telur að fjárlaganefnd geti ekki fært greiðslur Kadeco ehf. inn í fjáraukalög án þess að fyrir liggi öll gögn málsins og nýr samningur ríkis og Kadeco ehf. Meðan núgildandi samningi aðila hefur ekki verið mótmælt af stjórnvöldum eða hann felldur úr gildi með nýjum samningi verður að líta svo á að fjármálaráðherra hafi ráðstafað öllu andvirði eigna á Keflavíkurflugvelli til einkahlutafélagsins Kadeco ehf. og geti ekki einnig ráðstafað þeim til greiðslu inn í ríkissjóð, enda ekki hlutverk fjáraukalaga að fjalla um fjárreiður einstakra einkahlutafélaga sem ríkið kann að eiga hlutdeild í.

Lokaorð.

Minni hlutinn vill leggja sérstaka áherslu á vandaðan undirbúning fjárlaga þannig að fjáraukalög verði einungis notuð þegar „grípa þarf til sérstakra fjárráðstafana“ eins og segir í 44. gr. fjárreiðulaganna. Viðvarandi hallarekstur ríkisstofnana vegna þess að þær fá of lítið fjármagn í fjárlögum gengur ekki til frambúðar. Tryggja verður eðlilegan rekstrargrunn stofnana og ábyrga áætlanagerð og fjármálastjórn. Nauðsynlegt er að nota nú tækifærið og

greiða upp halla hjá stofnunum ríkisins og koma þeim á réttan fjárhagslegan grundvöll. Minni hlutinn hefur lýst sig reiðubúinn til að standa að tillögum þar um og tryggja eðlilegar fjárveitingar í fjárlögum fyrir árið 2008 svo að ekki þurfi að hefja sama leikinn með fjáraukalögum næsta árs. Minni hlutinn leggur einnig áherslu á að nauðsynlegt er að bæta upplýsingagjöf til nefndarmanna í fjárlaganefnd þannig að þeir hafi áreiðanlegt yfirlit yfir fjárhag þeirra stofnana sem eru á fjárlögum. Mikið hefur skort á að slíkar upplýsingar liggi fyrir.

Alþingi, 5. des. 2007.

Jón Bjarnason, frsm. | Bjarni Harðarson. | Kristinn H. Gunnarsson.

399. Nefndarálit [195. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð, lögum um sjúklingatryggingu, lögum um heilbrigðisþjónustu, lögum um málefni aldraðra og lögum um eftirlaun til aldraðra.

Frá meiri hluta heilbrigðisnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Berglindi Ásgeirsdóttur, Sigurbjörgu Sigurgeirsdóttur og Vilborgu Hauksdóttur frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Sigríði Lillý Baldursdóttur, Kristján Guðjónsson, Ragnar M. Gunnarsson og Ágúst Þór Sigurðsson frá Tryggingastofnun ríkisins, Margréti Margeirsdóttur, Borgþór Kjærnested, Sigurð Einarsson og Grétar Snæ Hjartarson frá Landssambandi eldri borgara, Jóhann Árnason og Kristján Sigurðsson frá Samtökum fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu, Guðjón Bragason og Gunnlaug Júlíusson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Gunnar Ármannsson og Birnu Jónsdóttur frá Læknafélagi Íslands, Ólaf Darra Andrason frá ASÍ, Stefán Aðalsteinsson frá BHM og Sigurstein Másson frá Öryrkjabandalagi Íslands. Einnig hafa nefndinni borist umsagnir frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, og félags- og tryggingamálanefnd. Jafnframt hafa borist ýmis gögn sem málinu tengjast.

Frumvarp þetta er flutt í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 23. maí 2007 um breytta verkaskiptingu milli ráðuneyta og tekur sérstaklega til flutnings verkefna frá heilbrigðisráðuneyti til félags- og tryggingamálaráðuneytis á sviði almannatrygginga og öldrunarmála. Frumvarpið hefur sama markmið og frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands, 130. mál, sem nú er til meðferðar á Alþingi.

Tilgangur frumvarpsins er að gera fyrirkomulag heilbrigðis- og tryggingakerfisins auðskiljanlegra og aðgengilegra almenningi. Það verður meðal annars gert með því að samhæfa og gera skilvirkara hlutverk ríkisins sem kaupanda heilbrigðisþjónustu gagnvart þeim sem hana veita og einfalda almannatryggingakerfið.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að félags- og tryggingamálaráðherra fari með lífeyristryggingar en heilbrigðisráðherra verði áfram með forræði yfir slysa-, sjúkra- og sjúklingatryggingum. Starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins verður skipt upp og mun hún færast undir félags- og

tryggingamálaráðuneytið og sjá um framkvæmd lífeyristryggingahluta almannatrygginga og laga um félagslega aðstoð. Úrskurðarnefnd almannatrygginga mun starfa áfram undir Tryggingastofnun ríkisins, en ákvarðanir vegna laga um almannatryggingar, hvort sem þær varða lífeyristryggingar eða slysa- og sjúkratryggingar, verða áfram kæranlegar til nefndarinnar. Sett verði á fót ný stofnun undir heilbrigðisráðuneyti sem sjái um sjúkra- og slysatryggingar samt kaupum á heilbrigðisþjónustu. Gert er ráð fyrir að Tryggingastofnun ríkisins veiti hinni nýju stofnun þjónustu vegna slysa- og sjúkratrygginga. Gert er ráð fyrir að nánar verði kveðið á um skipulag og hlutverk þessarar stofnunar í sérstöku frumvarpi sem lagt verði fram á vorþingi 2008.

Með frumvarpinu er jafnframt lagt til að yfirstjórn málefna aldraðra og þjónusta við aldraða önnur en heilbrigðisþjónusta ásamt yfirstjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra færist til félags- og tryggingamálaráðuneytis frá 1. janúar 2008. Skilið verði milli veitingar heilbrigðisþjónustu við aldraða sem heilbrigðisráðuneytið mun áfram sinna og hins vegar búsetuúrræða og almennrar öldrunarþjónustu, sem verður flutt til félags- og tryggingamálaráðuneytis.

Gestir nefndarinnar og umsagnaraðilar lýstu velflestir ánægju með meginatriði frumvarpsins. Nokkrir lýstu þó ákveðnum áhyggjum af flóknari rekstri hjúkrunarheimila sem munu samkvæmt frumvarpinu vera undir yfirstjórn tveggja ráðuneyta, félags- og tryggingamálaráðuneytis hvað varðar yfirstjórn búsetu- og almennrar öldrunarþjónustu og heilbrigðisráðherra varðandi heilbrigðisþjónustu við aldraða á hjúkrunarheimilum.

Meiri hlutinn tekur undir með umsagnaraðilum og gestum nefndarinnar sem lýstu ánægju með að málefni aldraðra væru flutt frá heilbrigðisráðuneytinu til félags- og tryggingamálaráðuneytis. Sú tilhögun er meðal annars líkleg til að auðvelda flutning á málaflokki aldraðra til sveitarfélaga, eins og stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar segir til um.

Meiri hlutinn tekur undir það viðhorf sem kemur fram í greinargerð frumvarpsins að öldrun sé ekki sjúkdómur og leggur áherslu á nauðsyn þess að skilja annars vegar á milli almennrar öldrunarþjónustu og hins vegar heilbrigðisþjónustu fyrir aldraða. Meiri hlutinn telur þó rétt að benda á þá staðreynd að öldrun fylgja oft veikindi og aldraðir einstaklingar glíma oft við fjölþætta sjúkdóma. Þeir einstaklingar þurfa ekki aðeins öldrunar- og umönnunarþjónustu, heldur faglega heilbrigðisþjónustu

Meiri hlutinn vekur athygli á athugasemdum í greinargerð við lagafrumvarpið en þar kemur meðal annars fram að nokkurn tíma muni taka að skilja á milli almennrar öldrunarþjónustu og heilbrigðisþjónustu við aldraða og að gert sé ráð fyrir að ráðuneytin skilgreini þessa þætti nánar og móti hvernig samskiptum við öldrunarstofnanir og greiðslum til þeirra verði háttað í framtíðinni. Boðað er frumvarp um frekari breytingar á lögum um málefni aldraðra á vorþingi 2008 og að stefnt sé að því að þessari vinnu verði lokið fyrir 1. september 2008.

Meiri hlutinn telur að mikilvægt skref sé tekið með því að greina milli heilbrigðisþjónustu annars vegar og lífeyris- og bótaréttar hins vegar. Með flutningi lífeyristrygginga til félags- og tryggingamálaráðherra gefst möguleiki á einföldun á bótarétti lífeyrisþega og að einfalda almannatryggingakerfið, sem er til hagsbóta fyrir lífeyrisþega. Jafnframt fagnar meiri hlutinn því að sett verði á fót stofnun sem taki við hlutverki Tryggingastofnunar ríkisins að annast kaup, greiðslur og samninga um heilbrigðisþjónustu og sinna slysa- og sjúkratryggingum.

Í kostnaðarmati fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins sem er fylgiskjal með frumvarpinu kemur fram að frumvarpið feli fyrst og fremst í sér orðalagsbreytingar sem tengdar eru flutningi málaflokka á milli ráðuneyta og því sé ekki gert ráð fyrir auknum kostnaði við

framkvæmd verkefna heldur aðeins færslu fjárheimilda á milli ráðuneyta. Meiri hlutanum þykir rétt að benda á að ætíð megi reikna með auknum kostnaði þegar breytingar, eins og um er að ræða, eru gerðar.

Í 11. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á lögum um félagslega aðstoð, þar sem lagt er til að í stað orðanna heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra komi ráðherra. Meiri hlutinn vill benda á að með þeirri breytingu kæmi hvergi fram undir hvaða ráðherra málaflokkurinn heyrir. Því telur meiri hlutinn nauðsynlegt að fram komi að lögin falli undir yfirstjórn félags- og tryggingamálaráðherra.

Í 27. gr. frumvarpsins er kveðið á um að vistunarmat nái einungis til hjúkrunarrýma og hjúkrunarheimila enda er fyrst og fremst um að ræða mat á hjúkrunarþörf. Meiri hlutinn leggur til að jafnframt verði gert mat á þjónustuþörf vegna annarra stofnana fyrir aldraða, sem tilgreindar eru í 1. tölul. 1. mgr. 14. gr. laga um málefni aldraðra, en það eru dvalarheimili, sambýli og íbúðir sem sérhannaðar eru fyrir þarfir aldraðra, sem eru ekki færir um að annast heimilishald. Félags- og tryggingamálaráðherra setji reglugerð um framkvæmd mats á þjónustuþörf.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 4. des. 2007.

Ásta Möller, form., frsm.	Ágúst Ólafur Ágústsson.	Pétur H. Blöndal.
Ragnheiður Ríkharðsdóttir.	Árni Páll Árnason.	Ellert B. Schram.

400. Breytingartillögur [195. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð, lögum um sjúklingatryggingu, lögum um heilbrigðisþjónustu, lögum um málefni aldraðra og lögum um eftirlaun til aldraðra.

Frá meiri hluta heilbrigðisnefndar (ÁMöl, ÁÓÁ, PHB, RR, ÁPÁ, EBS).

1. 11. gr. orðist svo:
   Í stað orðanna „Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 2. mgr. 14. gr. laganna kemur: Félags- og tryggingamálaráðherra.
2. Við 27. gr. B-liður orðist svo: 4. mgr. orðast svo:
   Félags- og tryggingamálaráðherra er heimilt í reglugerð að kveða á um mat á þjónustuþörf og framkvæmd þess vegna annarra stofnana fyrir aldraða en þeirra sem tilgreindar eru í 2. tölul. 1. mgr. 14. gr.

401. Nefndarálit [195. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð, lögum um sjúklingatryggingu, lögum um heilbrigðisþjónustu, lögum um málefni aldraðra og lögum um eftirlaun til aldraðra.

Frá minni hluta heilbrigðisnefndar.

Minni hluti heilbrigðisnefndar telur afar mikilvægt þegar gerðar eru umfangsmiklar breytingar á heilbrigðisþjónustu og almannatryggingum að þess sé gætt að allir njóti jafns aðgangs að heilbrigðisþjónustu óháð efnahag og félagslegri stöðu. Einnig telur minni hlutinn að undir engum kringumstæðum megi setja heilbrigðisþjónustu undir skilmála markaðskerfisins þar sem hagnaðar- og viðskiptasjónarmið eru grundvöllur starfseminnar og vísar til umsagnar ASÍ við frumvarp þetta.

Frumvarpinu er í meginatriðum ætlað tvíþætt hlutverk, annars vegar að breyta lögum vegna tilfærslu málaflokka frá heilbrigðisráðuneyti til félags- og tryggingamálaráðuneytis í samræmi við stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnarinnar og hins vegar að koma á fót nýrri stofnun sem heyri undir heilbrigðisráðuneyti sem sjái um sjúkra- og slysatryggingar ásamt kaupum á heilbrigðisþjónustu.

Í 18. gr. frumvarpsins er fjallað um nýja stofnun sem heyra mun undir heilbrigðisráðherra og ætlað er að annast kaup, greiðslur og samninga um heilbrigðisþjónustu og framkvæmd þeirra málaflokka almannatrygginga sem heyra undir heilbrigðisráðherra. Gert er ráð fyrir að nánar verði kveðið á um skipulag og hlutverk þessarar stofnunar í sérstöku frumvarpi sem lagt verði fram á vorþingi árið 2008. Hlutverk og starfsemi þessarar stofnunar er því algerlega óskilgreint og því væri eðlilegast að fella þessa grein niður.

Minni hlutinn telur hætt við því að slegið verði af faglegum kröfum um læknis- og hjúkrunarþjónustu á öldrunarstofnunum gangi ákvæði 20. gr. frumvarpsins fram. Minni hlutinn ítrekar að öldrun er ekki sjúkdómur en henni fylgja gjarnan veikindi og oftar en ekki fjölþættir sjúkdómar. Slíkir einstaklingar þurfa ekki einungis öldrunar- og umönnunarþjónustu, heldur faglega læknis- og hjúkrunarþjónustu. Vandséð er hvernig fjárveitingar til að tryggja nauðsynlega mönnun fagmenntaðs fólks eigi að fást þegar fagleg yfirstjórn og fjármögnun er á höndum annars ráðuneytis. Því telur minni hlutinn að umræddur flutningur á faglegri yfirstjórn og fjármögnun geti leitt til þess að áherslur á hjúkrunarþjónustu á hjúkrunarheimilum breytist yfir í áherslur á almenna öldrunar- og umönnunarþjónustu. Það yrði mikil þjónustuskerðing og afturför. Minni hlutinn hvetur því til endurskoðunar á þeim hugmyndum sem fram koma í frumvarpi þessu um að færa faglega yfirstjórn og fjármögnun hjúkrunarheimila frá heilbrigðisráðuneyti til félags- og tryggingamálaráðuneytis.

Í 36. gr. frumvarpsins er fjallað um gildistöku nýrra laga en lögin eiga að öðlast gildi 1. janúar 2008. Minni hlutinn telur þá dagsetningu óraunhæfa í ljósi ónógs undirbúnings og þess að hvorki er gert ráð fyrir framlögum í fjárlögum til hinna nýju stofnunar né viðbótarframlagi til Tryggingastofnunar vegna viðbótarkostnaðar, á borð við aukið vinnuframlag starfsmanna, við uppstokkun stofnunarinnar. Það gefur auga leið að breyta þarf miklu í starfsemi Tryggingastofunar og að byggja upp aðra stofnun frá grunni enda er gert ráð fyrir því í frumvarpi þessu að breytingin hafi komið að fullu til framkvæmda frá og með 1. september 2008.

Minni hlutinn tekur undir og vísar til álits minni hluta allsherjarnefndar þar sem lagt er til að svonefndum bandormi um tilflutning verkefna milli ráðuneyta verði vísað frá. Ljóst er að frumvarp þetta um breytingu á lögum um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð, lögum um sjúklingatryggingu, lögum um heilbrigðisþjónustu, lögum um málefni aldraðra og lögum um eftirlaun til aldraðra hefði með réttu átt heima í áðurnefndum bandormi.

Leggur minni hlutinn til að frumvarpinu verði vísað frá með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem frumvarp þetta er afar illa undirbúið og einungis tilkomið vegna ágreinings milli heilbrigðisráðuneytis og félagsmálaráðuneytis leggur minni hlutinn til að **málinu verði vísað frá** og tekið fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 5. des. 2007.

Álfheiður Ingadóttir, frsm. | Dýrleif Skjóldal. | Jón Björn Hákonarson.

402. Breytingartillögur [103. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2007.

Frá Jóni Bjarnasyni, Bjarna Harðarsyni og Kristni H. Gunnarssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
08-401 Öldrunarstofnanir, almennt			
1.05 Til að greiða niður uppsafnaðan halla öldrunarstofnana	0,0	500,0	500,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*500,0*	*500,0*
2. Við **08-506 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu**			
1.01 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu	10,0	400,0	410,0
3. Við **08-700 Heilbrigðisstofnanir**			
1.05 Til að greiða niður uppsafnaðan halla heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni	0,0	300,0	300,0

Greinargerð.

Ljóst er að heilbrigðisstofnanir og öldrunarstofnanir búa við verulegan uppsafnaðan rekstrarhalla og viðvarandi fjárhagsvanda sem brýnt er að taka á hið fyrsta. Í breytingartillögum meiri hlutans er tekið á þessum vanda að hluta hjá sumum þessara stofnana og er því fagnað, en mikið skortir þó á að það sé fullnægjandi. Heilsugæslan í Reykjavík liggur óbætt hjá garði og sömuleiðis heilbrigðisstofnanir, einkum á landsbyggðinni, og elli- og hjúkrunarheimili um allt land. Því er þessi tillaga flutt til viðbótar tillögum meiri hlutans.

403. Svar [252. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Birkis J. Jónssonar um störf hjá ráðuneytinu.

1. *Hversu mikið hefur störfum hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess fjölgað eða fækkað það sem af er þessu ári á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og utan þess hins vegar?*

Það sem af er þessu ári hefur starfsfólki fjármálaráðuneytisins og undirstofnana þess á höfuðborgarsvæðinu fækkað um 22. Munar þar mest um að 11 starfsmenn Lánasýslu ríkisins létu af störfum þegar stofnunin var lögð niður 1. október sl. Þar af fluttust fimm starfsmenn Lánasýslunnar til Seðlabanka Íslands sem yfirtók verkefni stofnunarinnar. Þá hefur fækkað um sjö starfsmenn hjá embætti ríkisskattstjóra það sem af er árinu og fjóra hjá Fasteignamati ríkisins í Reykjavík.

Örlítil fjölgun starfsfólks hefur átt sér stað á landsbyggðinni það sem af er þessu ári. Á starfsstöð Fasteignamats ríkisins á Akureyri hefur fjölgað um einn starfsmann og einnig hefur fjölgað um einn starfsmann á starfsstöð stofnunarinnar á Selfossi vegna aukins umfangs í umdæmum stofnunarinnar.

2. *Hversu mikið er áætlað að störfum hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess fjölgi utan höfuðborgarsvæðisins á næsta ári?*

Ekki liggur fyrir áætlun um fjölgun starfa á landsbyggðinni á næsta ári. Eins og undanfarin ár mun fjármálaráðuneytið halda áfram að kanna með skipulögðum hætti kosti þess að koma á fót eða flytja verkefni á ábyrgðarsviði ráðuneytisins undir stofnanir þess á landsbyggðinni með það fyrir augum að efla starfsemi þar.

404. Lög [87. mál]

um breyting á lögum nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 6. des.)

Samhljóða þskj. 379.

405. Skýrsla [311. mál]

Össurar Skarphéðinssonar iðnaðarráðherra um raforkumálefni.

(Lögð fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

Formáli.

Skýrsla iðnaðarráðherra um raforkumálefni er nú lögð fyrir Alþingi í annað skipti, í samræmi við 39. gr. raforkulaga. Samkvæmt henni ber að fjalla um eftirtalda þætti í skýrslunni:

1. Yfirlit um sölu og notkun raforku síðastliðin fjögur ár.
2. Raforkuþörf og yfirlit um líklega þróun til lengri tíma á grundvelli raforkuspár og áætlana um orkufrekan iðnað og aðra starfsemi sem raforkuspá tekur ekki til.
3. Rannsóknir orkulinda og undirbúning þeirra til raforkuvinnslu.
4. Raforkuvinnslu með hliðsjón af raforkuþörf og öryggi raforkukerfisins.
5. Styrkingu flutningskerfisins í samræmi við aukna raforkuþörf.
6. Gæði raforku, m.a. með hliðsjón af öryggi afhendingar.

Einnig er gert ráð fyrir að reifuð sé þjóðhagsleg þýðing áætlaðra framkvæmda á sviði raforkumála og áhrif þeirra á atvinnulíf og byggð í landinu. Þær tengjast að verulegu leyti uppbyggingu orkufrekrar starfsemi hérlendis, en þar sem engar ákvarðanir liggja fyrir í þeim efnum og ekki hefur verið gert ráð fyrir neinum slíkum framkvæmdum í síðustu þjóðhagsspám fjármálaráðuneytisins, er ekki fjallað um þau mál í þessari skýrslu. Hins vegar er rétt að benda á að í skýrslum fjármálaráðuneytisins um þjóðarbúskapinn frá apríl og október 2007 eru sett fram tvö fráviksdæmi þar sem skoðuð eru áhrif hugsanlegra álvera í Helguvík og við Húsavík á þjóðarbúskapinn.

Skýrsla þessi hefur að geyma mikinn og fjölbreyttan fróðleik um raforkumál og þróun þeirra á undanförnum árum. Hún er því nauðsynleg handbók og upplýsingabrunnur fyrir alla þá sem fylgjast vilja með á þessu sviði og taka þátt í umræðum um þann mikilsverða þátt í þjóðlífinu sem raforkumálin eru.

Iðnaðarráðuneytið hafði yfirumsjón með ritstjórn og gerð skýrslunnar en hún er unnin í samvinnu við sérfræðinga hjá Orkustofnun og Landsneti. Ég þakka öllum þeim fjölmörgu sem að verkinu komu.

Össur Skarphéðinsson,
iðnaðarráðherra.

Inngangur.

Í skýrslu þessari er leitast við að veita ítarlegar upplýsingar um raforkumálefni á Íslandi og þróun þeirra undanfarin ár, í samræmi við ákvæði 39. gr. raforkulaga um upplýsingagjöf iðnaðarráðherra til Alþingis um raforkumálefni.

Skýrslan er þannig uppbyggð að í 1. kafla er að finna umfjöllun um þróun raforkumarkaðar og löggjafar um raforkumál hér á landi. Þá er einnig fjallað um þróun mála annars staðar á Norðurlöndunum, EES-samninginn og áherslur á sviði orkumála á vettvangi Evrópusambandsins.

Í 2. kafla skýrslunnar er farið yfir þróun raforkuverðs hérlendis síðastliðin ár, sem og þróun niðurgreiðslna á raforku til húshitunar.

Upplýsingar um sölu og notkun raforku síðastliðin ár er að finna í 3. kafla, auk þess sem skipting raforkunotkunar og raforkuvinnslu er skoðuð þar sérstaklega.

Í 4. kafla skýrslunnar er fjallað um raforkuvinnslu með hliðsjón af raforkuþörf og öryggi raforkukerfisins, auk umfjöllunar um styrkingu flutningskerfisins í samræmi við aukna raforkuþörf næstu árin.

Í 5. kafla er að finna umfjöllun um gæði raforku og afhendingaröryggi með hliðsjón af upplýsingum um fjölda fyrirvaralausra truflana og skerðingar á raforkuafhendingu þeim tengdum í flutningskerfi Landsnets, hjá vinnslufyrirtækjum og dreifiveitum.

Fjallað er um rannsóknir orkulinda og undirbúning þeirra til raforkuvinnslu í 6. kafla, auk þess sem þar er rætt um orkurannsóknaráætlun og yfirstandandi vinnu við gerð rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

1. Skipulag raforkumála á Íslandi.

Í þessum kafla er fjallað um skipulag og þróun raforkumála á Íslandi, m.a. þróun löggjafar um raforkumál. Einnig er fjallað um þróun mála annars staðar á Norðurlöndunum, EES-samninginn og áherslur á sviði orkumála á vettvangi Evrópusambandsins.

1.1. Stjórnkerfi.

Iðnaðarráðuneytið fer með yfirstjórn raforkumála hérlendis í samræmi við reglugerð nr. 3/2004, um Stjórnarráð Íslands. Í því felst að ráðuneytið fer meðal annars með mál er varða grunnrannsóknir á orkulindum, nýtingu orku og orkufyrirtæki. Í raforkulögum, nr. 65/2003, eru skilgreind nánar ýmis verkefni iðnaðarráðherra. Þannig veitir ráðherra samkvæmt lögunum leyfi til raforkuvinnslu, leyfi til reksturs flutningsfyrirtækis, leyfi til að reisa flutningsvirki, leyfi til að reisa og reka dreifikerfi og leyfi til að stunda raforkuviðskipti. Þá getur ráðherra samkvæmt 23. gr. laganna veitt heimild til eignarnáms eða ákveðið að ríkið taki eignarnámi ýmis réttindi vegna framkvæmda á grundvelli raforkulaga.

Orkustofnun starfar að raforkumálum undir yfirstjórn iðnaðarráðherra í samræmi við raforkulögin og lög um Orkustofnun, nr. 87/2003. Orkustofnun er ætlað að hafa eftirlit með því að fyrirtæki sem starfa samkvæmt raforkulögum fullnægi þeim skilyrðum sem um starfsemina gilda. Við framkvæmd eftirlitsins ber Orkustofnun að hafa samráð við Samkeppniseftirlitið. Þá er stofnuninni ætlað að hafa samráð við eftirlitsskylda aðila um framkvæmd eftirlitsins. Orkustofnun veitir umsagnir um leyfisveitingar ráðherra samkvæmt raforkulögum og hefur eftirlit með framkvæmd leyfa. Stofnunin hefur einnig eftirlit með sérleyfisþáttum raforkulaganna, þ.e. flutningi og dreifingu með því að setja fyrirtækjum tekjumörk og yfirfara gjaldskrár. Þá hefur stofnunin eftirlit með blönduðum jarðvarmaorkuverum og almennt eftirlit með framkvæmd raforkulaga.

1.2. Þróun raforkumarkaðar og löggjafar um raforkumál.

Fyrirkomulag raforkumála hefur verið lengi í mótun. Fyrstu grunnrannsóknir á vatnsafli á Íslandi hófust á fyrstu áratugum 20. aldar og stórhuga áætlanir voru gerðar um nýtingu vatnsorku til iðnaðarframleiðslu. Ekkert varð þó af þeim áformum fyrr en á síðari hluta aldarinnar. Á mörgum þéttbýlisstöðum landsins hófst rafvæðing á árunum fram að síðari heimsstyrjöld. Á sama tímabili varð mikil uppbygging í smávirkjunum til heimilisnota víða um land og náði fjöldi þeirra hámarki um 1945.

Almenn rafvæðing landsins hófst á fjórða áratug síðustu aldar þegar reistar voru stórar virkjanir á þeirra tíma mælikvarða, Ljósafossstöð og Laxárstöð I, ásamt tilheyrandi flutnings-

línum til Reykjavíkur og Akureyrar. Fram á miðjan sjöunda áratuginn var megináhersla lögð á rafvæðingu dreifbýlisins og byggingu dreifiveitna innan landsvæða. Þetta tímabil hefur því oft með réttu verið kallað tímabil samvirkjana og samveitna. Minni virkjanir voru einnig reistar víða til að anna ört vaxandi almennri eftirspurn eftir raforku á þessum árum, en engin innbyrðis tenging var þó á milli einstakra landshluta.

Grunnurinn að baki rafvæðingar landsbyggðarinnar voru fyrstu lög er náðu til allra þátta raforkumála í landinu, raforkulögin frá 1946. Þar var mörkuð sú stefna að ríkið tæki að sér að annast vinnslu raforku til almennings, dreifingu rafmagns milli héraða og sömuleiðis innan þeirra þar sem ekki voru til staðar héraðsveitur. Fram að þeim tíma hafði stefna ríkisins verið að stunda ekki raforkuvinnslu eða dreifingu raforku. Samtenging einstakra samveitusvæða með gerð byggðalínunnar hófst árið 1974 og var hringtengingu byggðalínunnar lokið árið 1984. Með því átaki má heita að lokið hafi tímabili innfluttra orkugjafa til raforkuvinnslu hér á landi.

Á árinu 1965 urðu þáttaskil í uppbyggingu raforkukerfis landsins. Með stofnun Landsvirkjunar það ár var farið inn á þá braut að reisa stærri virkjanir en áður hafði verið ráðist í. Með því móti var unnt að nýta raforkuna jöfnum höndum fyrir stóriðju og almenna notkun og færa sér þannig í nyt hagkvæmni stærðarinnar. Orkuveitusvæði fyrirtækisins var í upphafi aðeins Suðvesturland, en lögum um Landsvirkjun var breytt árið 1983 og í kjölfarið yfirtók fyrirtækið byggðalínukerfið af ríkinu og varð þá nær allt landið tengt flutningskerfinu og þar með virkjunum Landsvirkjunar.

Raforkuflutningskerfi landsins hefur á síðustu áratugum verið byggt upp til að tryggja öruggan flutning raforku til allra landsmanna og til að anna orkuþörf stóriðjufyrirtækja og flutning frá stórvirkjunum sem reistar hafa verið til að sinna þessari eftirspurn. Um leið hafa skapast auknir möguleikar á tengingu nýrra virkjana, en nýir stórnotendur eða nýjar stórvirkjanir verða ekki tengdar við flutningskerfið nema greiðslur frá þeim standi undir kostnaði.

Skipulag raforkumála hér á landi hefur verið á þann veg að fyrirtæki sem vinna, dreifa og selja orku eru nær alfarið í opinberri eigu. Hið sama gildir um rannsóknastofnanir á þessu sviði. Sjálfstæðar verkfræðistofur hafa þó frá upphafi rafvæðingarinnar haft miklu hlutverki að gegna og nýir einkaaðilar hafa haslað sér völl í nokkrum mæli á undanförnum árum.

Flutningskerfi raforku er nú alfarið í höndum flutningsfyrirtækisins Landsnets hf. sem tók til starfa í ársbyrjun 2005. Langstærsti raforkuframleiðandinn, Landsvirkjun, hefur annast heildsölu til dreifiveitna og sölu til stórnotenda. Á síðustu árum hafa Orkuveita Reykjavíkur og Hitaveita Suðurnesja jafnframt hafið raforkuframleiðslu til stóriðjunotenda og fyrirsjáanleg er enn frekari raforkuframleiðsla þeirra á næstu árum. Dreifing á raforkunni frá flutningskerfinu til almennra notenda er nú í höndum sjö dreifiveitna, en þær eru Hitaveita Suðurnesja, Norðurorka, Orkubú Vestfjarða, Orkuveita Húsavíkur, Orkuveita Reykjavíkur, Rarik og Rafveita Reyðarfjarðar.

1.2.1. Raforkulögin, nr. 65/2003.

Árið 2003 samþykkti Alþingi raforkulög, nr. 65/2003, sem taka til vinnslu, flutnings, dreifingar og viðskipta með raforku á íslensku forráðasvæði án tillits til orkugjafa. Markmið laganna er að stuðla að þjóðhagslega hagkvæmu raforkukerfi sem efla á atvinnulíf og byggð í landinu. Lögunum er í því skyni ætlað að skapa forsendur fyrir samkeppni í vinnslu og viðskiptum með raforku, stuðla að skilvirkni og hagkvæmni í flutningi og dreifingu raforku, tryggja öryggi raforkukerfisins og hagsmuni neytenda, ásamt því að stuðla að nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa og taka tillit til umhverfissjónarmiða að öðru leyti.

Með lögunum er skilið á milli sérleyfisstarfsemi raforkufyrirtækja, þ.e. flutnings og dreifingar raforku, annars vegar og hins vegar samkeppnisstarfsemi, vinnslu og sölu. Flutningur og dreifing raforku er háð einkaleyfi og eftirliti Orkustofnunar og ákvörðun stofnunarinnar um hámark tekna með setningu tekjumarka. Eitt fyrirtæki, Landsnet hf., hefur einkaleyfi til flutnings raforku og einkaleyfi til dreifingar á tilteknum landfræðilega afmörkuðum svæðum eru í höndum dreifiveitna.

Lögin taka einnig til eftirlits með verðlagningu á einokunarþáttunum, flutningi og dreifingu, sem og gæðum raforku og forsendum fyrir veitingu virkjunarleyfa.

Það fyrirkomulag sem komið var á með hinum nýju raforkulögum, þ.e. aðgreining starfsemi á orkusviði í samkeppnisrekstur og sérleyfisrekstur til að skapa skilyrði fyrir samkeppni í vinnslu og sölu á raforku, hefur hér á landi verið kallað markaðsvæðing og er svo gert víða í þessari skýrslu.

Vorið 2004 voru gerðar breytingar á raforkulögunum. Í þeim breytingum var stofnun flutningsfyrirtækisins Landsnets hf. ákveðin, flutningskerfi þess útfært og mælt fyrir um mat á verðmæti þeirra flutningsvirkja sem til fyrirtækisins runnu. Jafnframt voru útfærð ákvæði um setningu tekjumarka fyrir sérleyfisfyrirtæki, þ.e. flutningsfyrirtækið Landsnet og dreifiveitur, og gjaldskrár þeirra.[1] Í desember 2004 var aftur gerð breyting á raforkulögunum. Þar var kveðið á um ýmsar breytingar sem framkvæmd laganna hafði leitt í ljós að voru nauðsynlegar. Þá var einnig mælt fyrir um gjaldtöku af virkjunum vegna innmötunar og ívilnunum til smávirkjana við gjaldtöku. Með breytingu á raforkulögum í desember 2004 var fullri opnun raforkumarkaðar flýtt um eitt ár og öllum raforkukaupendum þar með gert kleift að velja sér raforkusala frá og með 1. janúar 2006 í stað 2007.[2]

Í tengslum við setningu raforkulaganna voru einnig samþykkt lög um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku vorið 2004. Samkvæmt þeim lögum er heimilt að greiða niður kostnað almennra notenda vegna dreifingar raforku á þeim svæðum þar sem Orkustofnun hefur heimilað sérstakar dreifbýlisgjaldskrár í samræmi við ákvæði 5. mgr. 17. gr. raforkulaga.

1.2.1.1. Vinnsla raforku.

Leyfi ráðherra þarf til að reisa og reka raforkuver sem eru stærri en 1 MW,[3] en áður þurfti leyfi Alþingis til að reisa og reka raforkuver sem væru stærri en 2.000 kW (2 MW) og leyfi ráðherra til að reisa og reka raforkuver sem væru á bilinu 200–2.000 kW.[4]

Virkjunarleyfi fellur úr gildi 10 árum eftir veitingu þess ef leyfishafi hefur þá ekki hafið framkvæmdir og 15 árum eftir veitingu þess ef virkjun er þá ekki komin í rekstur, en hægt er að sækja um endurnýjun virkjunarleyfis til ráðherra áður en að þessum tímamörkum kemur. Ekki er heimilt að framselja virkjunarleyfi né setja til tryggingar fjárskuldbindingum nema með leyfi ráðherra.

Umsókn um virkjunarleyfi þarf að vera skrifleg og henni skulu fylgja helstu upplýsingar og gögn er varða byggingu og rekstur virkjunar. Í umsókninni þarf að greina frá helstu niður-

---

[1] Lög nr. 89/2004, um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003.

[2] Lög nr. 149/2004, um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003. Yfirlit yfir gildandi lög og reglugerðir á sviði raforkumála er að finna á heimasíðu iðnaðarráðuneytisins á slóðinni: http://www.idnadarraduneyti.is/malaflokkar/raforka/log/.

[3] Tilkynna þarf Orkustofnun um byggingu og raforkuvinnslu virkjana sem eru minni en 1 MW og leyfi ráðherra þarf ef afhenda á orku frá raforkuveri með minna en 1 MW raforkuvinnslu inn á dreifikerfi dreifiveitna eða flutningskerfið.

[4] Sbr. orkulög, nr. 58/1967.

stöðum rannsókna á viðkomandi virkjunarkosti, auk þess sem umsókninni þarf að fylgja lýsing á virkjuninni, þ.m.t. kort og uppdrættir sem sýna legu og tilhögun mannvirkja, helstu tölulegar upplýsingar um virkjunina og afmörkun virkjunarsvæðis. Með umsókninni þarf einnig að fylgja framkvæmda- og fjárhagsáætlun, þar sem fram kemur m.a. hvenær ætlunin sé að hefja framkvæmdir, hvenær þeim eigi að vera lokið og hvenær rekstur virkjunar eigi að hefjast. Afrit af samningi um tengingu við flutningskerfið eða dreifikerfi á viðkomandi svæði skulu fylgja umsókn, sem og upplýsingar um hvort fyrir liggi samkomulag við landeigendur og eigendur orkulinda um endurgjald fyrir nýtingu orkunnar. Einnig þarf í umsókninni að upplýsa hvort um matsskylda framkvæmd sé að ræða samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum og ef svo er skal úrskurður umhverfisyfirvalda um mat á umhverfisáhrifum fylgja umsókn. Loks skal í umsókninni upplýsa hvort fyrirhugaðar framkvæmdir séu í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.[5]

Virkjunarleyfi verður aðeins veitt sjálfstæðum lög- og skattaðila og aðeins má veita virkjunarleyfi til nýtingar endurnýjanlegra orkulinda, en ráðherra getur þó heimilað að reistar séu varaaflstöðvar og toppaflstöðvar í hinu samtengda raforkukerfi og aflstöðvar fyrir einangruð raforkukerfi sem nýta aðra orkugjafa.

Við veitingu virkjunarleyfis skal ráðherra taka tillit til mats á umhverfisáhrifum vegna framkvæmdarinnar og fullnaðarúrskurðar stjórnvalda þar um. Ráðherra skal einnig eftir því sem við á mæla fyrir um mótvægisaðgerðir og önnur skilyrði til að koma í veg fyrir eða draga úr áhrifum framkvæmdar á umhverfi og til að stuðla að sjálfbærri nýtingu endurnýjanlegra orkulinda. Slíkar aðgerðir eða skilyrði skulu vera í eðlilegum tengslum við framkvæmdina og geta m.a. lotið að hönnun og búnaði viðkomandi mannvirkja, staðarmörkum, nýtingarmagni, vöktun, mælingum, rannsóknum, upplýsingaskilum, framkvæmdum sem miða að því að varðveita náttúrugæði og frágangi á starfsstöðvum og landi á starfstíma og að honum loknum.

Ráðherra getur sett skilyrði fyrir útgáfu virkjunarleyfis er lúta að því að tryggja nægilegt framboð raforku, öryggi, áreiðanleika og skilvirkni raforkukerfisins og nýtingu endurnýjanlegra orkulinda, auk skilyrða er lúta að umhverfisvernd, landnýtingu og tæknilegri og fjárhagslegri getu virkjunarleyfishafa. Leyfi fyrir vatnsaflsvirkjun getur verið bundið því skilyrði að samningar takist um samrekstur annarra vatnsaflsvirkjana, vatnsmiðlana og jarðvarmavirkjana á viðkomandi virkjunarsvæði og ráðherra er heimilt í virkjunarleyfi að gera fyrirvara um að öðrum aðila kunni að verða veitt leyfi til virkjunar sem nýtir sama vatnasvið eða jarðhitasvæði. Ráðherra er einnig heimilt að endurskoða ákvæði virkjunarleyfis með tilliti til þessa og bæta í það ákvæðum sem hann telur nauðsynleg til að tryggja heildarhagkvæmni í orkunýtingu vatnasviðsins eða jarðhitasvæðisins.

Vinnslufyrirtæki er heimilt að stunda sérleyfisstarfsemi en því er óheimilt að niðurgreiða vinnsluna með sérleyfisstarfseminni eða starfsemi sem hefur sambærilega stöðu og fyrirtæki þurfa í bókhaldi sínu að halda reikningum fyrir vinnslu raforku aðskildum frá annarri starfsemi.

---

[5] Sbr. reglugerð nr. 511/2003 um framkvæmd raforkulaga og reglugerð nr. 1051/2004 um breytingu á reglugerð nr. 511/2003 um framkvæmd raforkulaga.

1.2.1.2. Sala raforku.

Sala á raforku er samkeppnisrekstur og allir notendur geta valið sér þann söluaðila sem þeir kjósa, en eru bundnir við að eiga viðskipti við dreifiveitu á viðkomandi svæði varðandi flutning og dreifingu raforkunnar og á verði samkvæmt gjaldskrá viðkomandi dreifiveitu.

Leyfi iðnaðarráðherra þarf til þess að stunda raforkuviðskipti, en slíkt leyfi felur þó hvorki í sér sérleyfi né önnur sérréttindi til handa leyfishafa. Umsækjandi um leyfi þarf að vera sjálfstæður lög- og skattaðili og þarf að auki að sýna fram á fjárhagslegan styrkleika til að efna skuldbindingar vegna starfseminnar. Eftirtaldir níu aðilar höfðu fengið leyfi iðnaðarráðherra til raforkuviðskipta í október 2007: Eyvindartunga, Fallorka, Hitaveita Suðurnesja, Landsvirkjun, Orkubú Vestfjarða, Orkuveita Húsavíkur, Orkuveita Reykjavíkur, Orkusalan og Rafveita Reyðarfjarðar.

Sölufyrirtæki raforku er m.a. skylt að:

1. Útvega þá raforku sem er nauðsynleg til að unnt sé að standa við orkusölusamninga.
2. Veita Orkustofnun upplýsingar um starfsemina sem nauðsynlegar eru við mat á því hvort það fullnægi skyldum sínum.
3. Greiða flutningsfyrirtækinu kostnað sem hlýst af frávikum, sbr. 1. tölul. 4. mgr. 9. gr. raforkulaga, auk hæfilegrar umsýsluþóknunar.
4. Tilkynna Orkustofnun og flutningsfyrirtæki um öll viðskipti með raforku.
5. Tilkynna dreifiveitu um upphaf og lok viðskipta við einstaka notendur.

Sölufyrirtæki er heimilt að stunda sérleyfisstarfsemi, en því er hins vegar óheimilt samkvæmt lögum að niðurgreiða sölu raforku með sérleyfisstarfseminni eða starfsemi sem hefur sambærilega stöðu og þarf því að halda reikningum vegna sölustarfsemi aðskildum frá annarri starfsemi í bókhaldi sínu.

Standi orkukaupandi ekki skil á greiðslum til sölufyrirtækis eða dreifiveitu er heimilt að loka fyrir afhendingu á raforku til hans, enda hafi notanda verið tilkynnt skriflega um lokunina með hæfilegum fyrirvara. Ef notandi telur að sölufyrirtæki standi ekki við skyldur sínar samkvæmt raforkulögum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim getur hann kvartað til Orkustofnunar. Orkukaupandi getur sagt upp orkusölusamningi með þriggja mánaða eða skemmri fyrirvara, en heimilt er að semja um lengri uppsagnarfrest við notendur sem árlega nota meira en 1 GWst af raforku.

Settar hafa verið reglugerðir sem kveða nánar á um viðskipti með raforku, sem og um það hvernig mælingum og uppgjöri milli vinnslu-, flutnings-, dreifingar- og sölufyrirtækja skuli háttað, hvernig staðið skuli að uppgjöri þegar skipt er um raforkusala, hvernig staðið skuli að lokunum fyrir orkuafhendingu, upplýsingar sem birta skal með reikningum og önnur samskipti dreifiveitna, sölufyrirtækja og notenda.

1.2.1.3. Flutningur raforku.

Flutningur raforku er sérleyfisstarfsemi og eitt fyrirtæki, Landsnet hf., annast flutning raforku og kerfisstjórnun.

Í lögum um stofnun Landsnets segir m.a. að hlutverk fyrirtækisins sé að annast flutning raforku og kerfisstjórnun samkvæmt ákvæðum III. kafla raforkulaga. Landsneti er óheimilt að stunda aðra starfsemi en þá sem því er nauðsynleg til að geta rækt skyldur sínar samkvæmt raforkulögum, en fyrirtækinu er þó heimilt að reka raforkumarkað. Stjórn Landsnets skal vera sjálfstæð gagnvart öðrum fyrirtækjum sem stunda vinnslu, dreifingu eða sölu raforku.

Eigendur Landsnets hf. eru Landsvirkjun, Rarik, Orkuveita Reykjavíkur og Orkubú Vestfjarða, en þessir aðilar hafa lagt flutningsvirki sín inn sem hlutafé í fyrirtækið. Allar dreifiveitur og stórnotendur eru tengdir við flutningskerfi Landsnets. Flutningskerfið innifelur öll flutningsvirki á spennu sem er 66 kV og hærri, auk þess sem nokkur flutningsvirki á 33 kV spennu tilheyra einnig flutningskerfi fyrirtækisins. Allar virkjanir sem eru 7 MW og stærri eiga að tengjast flutningskerfinu beint, en smærri virkjanir mega tengjast í gegnum dreifiveitu.

Landsneti er ætlað að byggja flutningskerfið upp á hagkvæman hátt að teknu tilliti til öryggis, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar og gæða raforku og fyrirtækið hefur eitt heimild til að reisa ný flutningsvirki, á 66 kV spennu eða hærri.

Landsneti ber m.a. að tengja alla þá sem eftir því sækjast við flutningskerfið, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, auk þess að útvega rafmagn í stað þess sem tapast í kerfinu og launafl fyrir kerfið til að auka flutningsgetu og tryggja spennugæði.

Landsnet ber ábyrgð á öruggri stýringu raforkukerfisins og skal tryggja öryggi og gæði við raforkuafhendingu. Í slíkri kerfisstjórnun felst m.a. að stilla saman raforkuvinnslu og raforkuþörf, tryggja nægjanlegt framboð reiðuafls við rekstur kerfisins og mæla það rafmagn sem afhent er inn á og út af flutningskerfinu svo að unnt sé að gera upp viðskipti með raforku.

Ef ófyrirséð og óviðráðanleg atvik valda því að framboð raforku fullnægir ekki eftirspurn ber Landsneti að grípa til skömmtunar raforku til dreifiveitna og notenda, en við slíka skömmtun verður að gæta jafnræðis og byggja á málefnalegum sjónarmiðum.

1.2.1.4. Dreifing raforku.

Dreifing raforku frá dreifiveitu til kaupenda er sérleyfisstarfssemi samkvæmt raforkulögunum. Leyfi ráðherra þarf til að reisa og reka dreifikerfi á tilteknu dreifiveitusvæði, sem og til að hætta slíkum rekstri. Í leyfinu felst bæði einkaréttur og skylda til dreifingar á viðkomandi svæði. Ráðherra er heimilt að binda leyfið skilyrðum er lúta að tæknilegri og fjárhagslegri getu til að byggja upp og reka dreifikerfið og öðrum skilyrðum sem eiga að tryggja öryggi, skilvirkni og hagkvæmni kerfisins og umhverfisvernd. Dreifiveita annast dreifingu raforku og kerfisstjórnun á dreifiveitusvæði sínu og henni er ætlað að viðhalda, endurbæta og byggja dreifikerfið upp á hagkvæman hátt að teknu tilliti til öryggis, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar og gæða raforku.Ef dreifiveita stundar aðra starfsemi en raforkudreifingu þarf fyrirtækið að halda reikningum vegna dreifingar aðskildum frá reikningum vegna annarrar starfsemi í bókhaldi sínu og ef sama dreifiveita rekur dreifikerfi á fleiri en einu gjaldskrársvæði þarf fyrirtækið að halda aðskilda reikninga í bókhaldi sínu fyrir hvert svæði. Dreifiveita sem á flutningsvirki þarf í bókhaldi sínu að aðskilja reikninga vegna flutningsvirkja frá bókhaldi vegna annarrar starfsemi. Þá er dreifiveitu óheimilt að niðurgreiða samkeppnisrekstur sem hún stundar með tekjum af starfsemi vegna dreifingar eða annarri sérleyfisstarfsemi eða starfsemi sem hefur sambærilega stöðu.

Í september 2007 voru starfandi sjö dreifiveitur: Hitaveita Suðurnesja, Norðurorka, Orkubú Vestfjarða, Orkuveita Húsavíkur, Orkuveita Reykjavíkur, Rarik og Rafveita Reyðarfjarðar.

1.2.2. Almennt eftirlit með raforkulögum.

Orkustofnun hefur eftirlit með því að fyrirtæki sem starfa samkvæmt raforkulögum fullnægi þeim skilyrðum sem um starfsemina gilda. Við framkvæmd eftirlitsins ber Orkustofnun að hafa samráð við Samkeppniseftirlitið. Þá hefur stofnunin samráð við eftirlitsskylda aðila í gegnum sérstaka samráðsnefnd sem var stofnuð árið 2003. Um samráðsnefndina gildir sérstök reglugerð, nr. 466/2003.

Í 31. gr. raforkulaga er kveðið á um að til að standa undir kostnaði vegna eftirlits samkvæmt lögunum skuli flutningsfyrirtækið (Landsnet hf.) og dreifiveitur greiða gjald af raforku sem fer um kerfi þessara aðila. Gjaldið á flutningsfyrirtækið nemur 0,3 aurum á hverja kWst en dreifiveitur greiða 0,7 aura á hverja kWst. Orkustofnun annast innheimtu gjaldsins sem rennur í ríkissjóð. Tekjur af eftirlitsgjaldinu hafa farið hækkandi frá setningu raforkulaga, sem einkum verður rakið til aukinnar raforkuframleiðslu vegna stóriðju. Á hinn bóginn hafa breytingar á kostnaði Orkustofnunar við eftirlitið verið óverulegar, ef árið 2004 er undanskilið. Eftirlitsgjaldið er því orðið nokkuð umfram kostnað vegna eftirlits Orkustofnunar og hefur svo verið undanfarin ár að undanskildu árinu 2004. Í 31. gr. raforkulaganna kemur skýrt fram að gjaldinu sé ætlað að standa undir kostnaði við eftirlit samkvæmt raforkulögum og í ljósi þessa hefur iðnaðarráðherra lagt til að eftirlitsgjaldið verði lækkað í ljósi þeirra breytinga sem orðið hafa á raforkuframleiðslu og raforkunotkun. Í frumvarpi til laga um breytingu á raforkulögum sem iðnaðarráðherra mælti fyrir á Alþingi í október 2007 er lagt til að gjaldið á flutningsfyrirtækið verði 0,2 aurar á kWst, en dreifiveitum verði gert að greiða 0,5 aura á kWst.

1.3. EES-samningurinn og áherslur á vettvangi Evrópusambandsins.

Vegna aðildar Íslands að EES-samningnum hafa ýmsar gerðir Evrópusambandsins á sviði orkumála verið innleiddar í íslenskan rétt. Segja má að þessar gerðir hafi einkum lotið að neytendasjónarmiðum, umhverfisþáttum og vilja til að auka hagkvæmni í rekstri orkufyrirtækja og koma á stigvaxandi markaðsbúskap í viðskiptum með raforku með því að opna aðgang að flutnings- og dreifikerfum ríkjanna. Þessar gerðir hafa leitt til nokkurra breytinga og nýmæla í löggjöf um orkumál á Íslandi og raforkulögin frá 2003 byggjast til að mynda á megintilskipun Evrópusambandsins í þessum efnum, tilskipun nr. 96/92/EB, um sameiginlegar reglur um innri markað á sviði raforku.

Orka telst vera vara í skilningi EES-samningsins og í 24. gr. samningsins er að finna ákvæði um orkumál. Í greininni segir einungis að sérstök ákvæði og fyrirkomulag varðandi orkumál séu í IV. viðauka samningsins, en þar er að finna upptalningu á þeim gerðum sem teknar hafa verið upp í samninginn og varða orkumál.

Eftirfarandi gerðir er varða raforkumál hafa verið teknar upp í EES-samninginn:

- Tilskipun ráðsins 90/377/EBE frá 29. júní 1990, um starfsreglur bandalagsins til að auka gagnsæi verðlagningar á gasi og rafmagni til notenda í atvinnuskyni, tilskipun ráðsins 90/547/EBE frá 29. október 1990 varðandi gegnumflutning á rafmagni um flutningskerfi.
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/92/EB frá 19. desember 1996, um sameiginlegar reglur um innri markað á sviði raforku.
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/54/EB frá 26. júní 2003, um innri raforkumarkað (sem hefur m.a. að geyma breytingar á fyrri tilskipunum um innri raforkumarkað).

- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/77/EB frá 27. september 2001, um aukna framleiðslu raforku frá endurnýjanlegum orkulindum.
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/32 frá 6. júlí 2005, um samframleiðslu á hita og rafmagni.
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/89 frá 18. janúar 2006, um aðgerðir til að tryggja öruggt framboð raforku sem og fjárfestingar til uppbyggingar raforkukerfisins.

Gera má ráð fyrir að ein ný gerð á sviði orkumála verði tekin upp í EES-samninginn fyrir lok ársins 2007, en þar er um að ræða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2005/32, um orkumerkingar og orkunýtni raftækja sem nú er til umfjöllunar hjá stofnunum EES. Þar að auki er til umfjöllunar í stofnunum EES-samningsins tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2006/32, frá 5. apríl 2006, um orkunýtni og orkuþjónustu, en ekki hefur enn verið tekin ákvörðun um hvort sú tilskipun verði tekin upp í samninginn.

Á vettvangi Evrópusambandsins hefur að undanförnu verið lögð mikil áhersla á orkumál. Þann 10. janúar 2007 kynnti framkvæmdastjórn Evrópusambandsins svokallaðan orkupakka ESB. Með orkupakkanum er lagður grundvöllur að nýrri orkustefnu sambandsins með bættri orkunýtni og aukinni nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa að leiðarljósi og er þar lögð sérstök áhersla á eftirfarandi atriði:

- Efla þarf baráttuna gegn loftslagsbreytingum þar sem notkun óendurnýjanlegra orkugjafa er ein helsta ástæða loftslagsbreytinga og ein og sér ábyrg fyrir 80% útlosunar innan sambandsins.
- Tryggja þarf afhendingaröryggi orku þar sem sambandið er að miklu leyti háð innflutningi á orkugjöfum sem gerir orkukerfið berskjaldað gagnvart óstöðugu framboði á orku.
- Stuðla þarf að aukinni samkeppni á hinum innri raforkumarkaði.
- Setja þarf skýra grundvallarstefnu í orkumálum og að orkukerfi, og um leið hagkerfi sambandsins, verði skilvirkt og ekki eins háð mengunarvaldandi orkugjöfum.
- Loks stefnir sambandið að því að verða leiðandi afl á alþjóðavísu í þróun á „hreinni“ tækni á sviði orkumála.

Í orkupakkanum tiltekur framkvæmdastjórnin einnig til hvaða aðgerða nauðsynlegt er að grípa. Þar er vakin athygli á að sambandinu beri að leiða baráttuna gegn loftslagsbreytingum á alþjóðavettvangi. Aðildarríki standi að baki hvort öðru og samræmi stefnu sína á sviði alþjóðlegra orkumála, tali einni röddu. Styrkja þarf einnig innviði hins innri markaðar og taka á þeim vandamálum sem reynslan á raforkumarkaðnum hefur leitt í ljós, t.a.m. að auka neytendavernd og auka notkun á endurnýjanlegum orkugjöfum. Bæta þarf orkunýtni í aðildarríkjunum en talið er mögulegt að unnt sé spara um 1/5 af allri þeirri orku sem notuð er í dag. Telur sambandið nauðsynlegt að unnið verði að bættum orkumerkingum á til þess bær raftæki og auka vitund almennings á þann hátt um orkunýtni. Auka þarf þróun tækni á sviði orkumála, svo sem eins og sparnaðarperur, tækni á sviði sólarorku, notkun raforku í samgöngum (t.d. með svonefndum tengiltvinnbílum) og orkunýtni húsa. Með tækninýjungum þessum er stefnt að því að auka möguleika almennings á að velja endurnýjanlega orkugjafa í stað óendurnýjanlegra. Tryggja þarf samstöðu aðildarríkja komi til þess að framboð orkugjafa dragist saman og unnið sé um leið að bættu öryggi í framleiðslu á kjarnorku. Loks þarf að tryggja að markmið sambandsins í orkumálum verði reglulega endurskoðuð með hliðsjón af fenginni reynslu.

Í kjölfar kynningu á orkupakkanum og orkustefnunni hefur framkvæmdastjórn Evrópusambandsins sett sambandinu markmið í orkumálum til ársins 2020. Helstu markmiðin eru eftirfarandi:

1. Að stuðla að samdrætti í útlosun gróðurhúsalofttegunda um a.m.k. 20% fyrir 2020.
2. Að bæta orkunýtni um a.m.k. 20% fyrir 2020.
3. Að hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í heildarorkunotkun sambandsins verði 20% árið 2020.
4. Að auka hlutfall lífræns eldsneytis sem orkugjafa í samgöngum og að hlutfall þess verði 10% af heildarorkugjafa í samgöngum árið 2020.

Með hliðsjón af framangreindri orkustefnu sambandsins og markmiðum settum með stoð í þeirri stefnu hefur framkvæmdastjórn Evrópusambandsins verið að undirbúa tillögur að breyttri löggjöf á vettvangi orkumála. Tillaga að þriðju raforkutilskipun sambandsins var kynnt í september 2007 og í ársbyrjun 2008 verða kynntar tillögur að tilskipunum er hafa að markmiði að auka framleiðslu raforku frá endurnýjanlegum orkulindum og auka orkunýtni í aðildarríkjum sambandsins. Tillögur framkvæmdastjórnarinnar munu fara til umfjöllunar hjá ráðherraráði ESB og Evrópuþinginu og gera má ráð fyrir að það muni taka a.m.k. eitt ár að fullvinna og samþykkja þriðju raforkutilskipunina hjá þeim stofnunum, en skiptar skoðanir eru innan ríkja sambandsins um tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Þá hefur framkvæmdastjórn ESB einnig nýlega lagt til að sett verði á laggirnar sérstök stofnun til að auka samvinnu eftirlitsaðila á sviði orkumála (Agency for the cooperation of Energy Regulators). Iðnaðarráðuneytið fylgist náið með þróun orkumála á vettvangi ESB og tekur virkan þátt í starfi nefnda um orkumál á vegum EFTA og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Að auki tekur Ísland þátt í rammaáætlun Evrópusambandsins um rannsóknir og tækniþróun (Framework Programme for Research and Technological Development) og sérstakri orkuáætlun þess (Intelligent Energy Europe), en í gegnum þessar áætlanir geta íslenskir aðilar fengið styrki til ýmissa verkefna á sviði orkumála.[6] Sem dæmi má nefna að Orkusetrið, sem stofnað var af Orkustofnun í samstarfi við iðnaðarráðuneytið, er m.a. styrkt af Evrópusambandinu, en hlutverk Orkusetursins er að stuðla að aukinni vitund almennings og fyrirtækja um skilvirka orkunotkun og möguleika til orkusparnaðar.[7]

1.4. Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi.

Íslensk stjórnvöld og stofnanir hafa tekið þátt í alþjóðlegu samstarfi á sviði raforkumála til að fylgjast með stefnumörkun og þróun reglna og laga á því sviði en einnig til að læra af reynslu annarra þjóða. Þannig hefur verið tekið þátt í starfi nefnda um orkumál á vegum EFTA og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Ísland tekur einnig virkan þátt í norrænni samvinnu um orkumál á vegum Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar. Þeirri samvinnu er stýrt af orkumálaráðherrum landanna, en sérstök embættismannanefnd um orkumál sér um undirbúning. Jafnframt hafa Norrænu orkurannsóknirnar (NEF) skipt okkur miklu máli, en Íslendingar hafa fengið styrki verulega umfram framlög okkar úr þessum norræna rannsóknasjóði. Orkustofnun hefur rækt þetta samstarf sérstaklega. Þá hefur Ísland landsaðild að Alþjóða orkuráðinu (World Energy Council) og tekur að auki þátt í starfi Sameinuðu þjóðanna um nýtingu endurnýjanlegrar orku, sem og í starfi undirhópa Alþjóða orkumálastofnunarinnar (International Energy Agency) um vetni og jarðhita.

---

[6] Nánari upplýsingar um þessar áætlanir má finna á heimasíðu EFTA-skrifstofunnar: http://secretariat.efta.int/Web/EuropeanEconomicArea/ParticipationInEUProgrammes.

[7] KEA og Samorka koma einnig að fjármögnun Orkusetursins. Heimasíða Orkusetursins er á vefslóðinni: www.orkusetur.is.

Orkustofnun er þátttakandi í samstarfi norrænna eftirlitsaðila í raforkugeiranum (Nord-Reg). Skipaðir hafa verið vinnuhópar um einstaka málaflokka og í þeim er unnið að samanburði og tillögugerð um samræmingu og breytingar sem m.a. er ætlað að leiða til virkari raforkumarkaðar og aukinnar samkeppni. Orkustofnun tekur einnig þátt í samtökum evrópskra eftirlitsaðila (Council of European Energy Regulators, CEER) og fylgist á þeim vettvangi með þróun og framkvæmd reglna í Evrópu. Þá er Orkustofnun einnig aðili að ERGEG (The European Regulators' Group for Electricity and Gas).

Flutningsfyrirtækið Landsnet er þátttakandi í Nordel sem er samstarfsvettvangur flutningsfyrirtækja raforku í Svíþjóð, Danmörku, Íslandi, Noregi og Finnlandi. Markmiðið með Nordel er að skapa forsendur fyrir skilvirkum og samhæfðum norrænum rafmagnsmarkaði og að þróa hann áfram.

Þá er Samorka, samtök orku- og veitufyrirtækja á Íslandi, aðili að EURELECTRIC sem eru samtök raforkuiðnaðarins í Evrópu.

1.5. Samanburður við önnur Norðurlönd.

1.5.1. Staða markaðsvæðingar.

Með hinum nýju raforkulögum hófst markaðsvæðing raforkugeirans hér á landi. Með þeim var starfsemi á orkusviði aðgreind í samkeppnisrekstur og sérleyfisrekstur til að skapa skilyrði fyrir samkeppni. Markaðsvæðingin var innleidd hér í þremur stigum. Við gildistöku raforkulaganna, 1. júlí 2003, fengu þeir raforkunotendur sem notuðu 100 GWst af raforku eða meira rétt til að velja sér raforkusala og leita þannig hagstæðasta verðs á raforkumarkaðnum. Þann 1. janúar 2005 fengu þeir raforkunotendur sem aflmældir voru og notuðu meira en 100 kW afl rétt til að velja sér raforkusala en lokaáfanginn var þann 1. janúar 2006 þegar raforkumarkaðurinn var opnaður fyrir alla raforkunotendur.

Fjöldi þeirra notenda sem skipta um sölufyrirtæki er nánast eini mælikvarðinn sem eftirlitsstofnanir hafa til að fylgjast með samkeppni á raforkumarkaðnum.

Orkustofnun hefur aflað upplýsinga frá Netorku um fjölda þeirra sem skipta um sölufyrirtæki á Íslandi, en Netorka er hlutafélag í eigu raforkufyrirtækjanna og gegnir því hlutverki að vera sameiginlegt mæligagna- og uppgjörsfyrirtæki fyrir íslenskan raforkumarkað. Samkvæmt upplýsingum frá Netorku var fjöldi þeirra raforkunotenda (í þessu samhengi fjöldi mælistaða) sem skipti um raforkusala á Íslandi árið 2006 samtals 603 en það svarar til 0,35% af heildarfjölda notenda. Í Danmörku hafa allir notendur getað valið sér raforkusala frá 1. janúar 2003. Hlutfall þeirra sem skiptu um raforkusala á árinu 2006 var um 1,5%.

Í Finnlandi skiptu um 3,9% notenda um sölufyrirtæki á áðurnefndu ári.

Með norsku orkulögunum frá árinu 1990 var notendum heimilað að velja sér söluaðila. Raforkumarkaðurinn var síðan alveg opnaður á árinu 1997 þegar felld voru niður öll gjöld vegna söluaðilaskipta. Á árinu 2006 skiptu 11,5% notenda um sölufyrirtæki.

Á árinu 2006 skiptu 7,8% af öllum notendum í Svíþjóð um sölufyrirtæki. Hlutfallslega fleiri iðnaðarnotendur skiptu um sölufyrirtæki en heimilisnotendur eða 8,2%.

Framangreindar tölur taka aðeins til söluaðilaskipta. Í upplýsingum frá Finnlandi og Svíþjóð kemur fram að allhátt hlutfall notenda semur beint við sölufyrirtæki sitt um lækkun á taxta. Sambærilegar upplýsingar um slíka samninga hérlendis liggja ekki fyrir hjá Orkustofnun.

1.5.2. Eftirlit með raforkugeiranum.

Norðurlöndin hafa átt það sameiginlegt að alls staðar lýtur flutningur og dreifing raforku opinberu eftirliti. Til að byrja með völdu löndin þó mismunandi leiðir til eftirlits með raforkugeiranum. Á Íslandi, í Danmörku og Noregi hefur verið um að ræða stýringu með setningu tekjumarka fyrirtækja og eftirliti með gjaldskrám. Í upphafi völdu Svíar og Finnar að nota svokallaða „eftir á“ stýringu, þ.e. að skoða mál ef upp komu kvartanir varðandi gjaldtöku fyrirtækja, en setja ekki tekjumörk eða skoða gjaldskrár fyrir fram. Þessi lönd hafa síðan breytt eftirlitskerfi sínu og fært það nær því sem gerist annars staðar á Norðurlöndum, þó með ólíkum hætti sé. Þannig hafa Svíar frá 1. janúar 2003 tekið upp nýtt kerfi til að meta hvort gjöld fyrir flutning og dreifingu raforku séu sanngjörn, eðlileg og í samræmi við þá þjónustu sem fyrirtækin veita viðskiptavinum sínum. Til þess hefur verið þróað líkan til að reikna „eðlilegt“ verð út frá upplýsingum sem fyrirtækin veita. Finnar hafa í ár gert breytingar á eftirlitskerfi sínu á þann hátt að litið er til fimm ára tímabils varðandi tekjur fyrirtækja í einkaleyfisstarfsemi. Ef tekjur að loknu því tímabili eru yfir mörkum sem talin eru ásættanleg er fyrirtækjunum gert skylt að skila þeim aftur til notenda í formi lægra verðs fyrir flutning og dreifingu raforku. Aðferðafræði við mat á tekjum og þeir þættir sem lagðir eru til grundvallar eru auglýstir fyrir fram til að auka gagnsæi og áreiðanleika.

1.5.3. Áherslur í norrænu samstarfi.

Þær áherslur sem nú eru einna mest ræddar í norrænu samstarfi eru samræming á kröfum og leikreglum sem gilda á raforkumarkaði og eftirlit með raforkufyrirtækjum á Norðurlöndum. Slíkt á að skapa fyrirtækjum á sameiginlegum norrænum raforkumarkaði sem sambærilegastar aðstæður og auðvelda notendum samanburð. Þó að Ísland sé ekki þátttakandi á norrænum raforkumarkaði þykir eðlilegt að íslensk fyrirtæki starfi við sem líkastar aðstæður og fyrirtæki nágrannalandanna.

Í október 2005 gaf Norðurlandaráð út aðgerðaáætlun um norræna orkusamvinnu 2006–2009, en áætlunin byggist á niðurstöðum sem norrænir orkumálaráðherrar samþykktu á fundi á Akureyri árið 2004. Í aðgerðaáætluninni er lögð sérstök áhersla á endurnýjanlegar orkulindir og aukna orkunýtni.[8]

1.5.4. Norræn skýrsla um samkeppni á raforkumarkaði.

Í september 2007 gáfu norrænar samkeppnisstofnanir út skýrsluna *Capacity for Competition. Investing for an Efficient Nordic Electricity Market*, þar sem fjallað er um samkeppni á norrænum raforkumarkaði.[9] Í skýrslunni kemur fram að töluverð samþjöppun sé á Norðurlöndunum á ýmsum sviðum raforkumarkaðarins og orkuframleiðsla sé að stærstum hluta í höndum fárra stórra fyrirtækja, en þó er ekki talið að samþjöppun hafi aukist verulega síðastliðin ár. Sameiginlegt eignarhald og krosseignarhald í raforkugeiranum virðist vera talsvert á Norðurlöndum, en því geta fylgt ýmis samkeppnisleg vandamál samkvæmt skýrsluhöfundum. Fram kemur að samkeppniseftirlit á Norðurlöndum telja æskilegt að skilja að einkaleyfis- og samkeppnisrekstur til þess að tryggja að flutningsfyrirtæki og dreifiveitur mismuni ekki viðskiptavinum sínum, auk þess sem að heppilegast sé að skilja að eignarhald á samkeppnis- og einkaleyfisþáttunum á raforkumarkaði. Almennt séð er talið að verðvitund neyt-

[8] Aðgerðaráætlunina má nálgast á heimasíðu Norðurlandaráðs: http://www.norden.org.

[9] Skýrsluna er að finna á heimasíðu Samkeppniseftirlitsins, á vefslóðinni: www.samkeppni.is/samkeppni/upload/files/skyrslur/samnorraenar_skyrslur/capacity_for_competition.pdf.

enda sé mesta vandamál smásölu á norrænum raforkumarkaði, en fáir hafa skipt um raforkusmásala á sumum Norðurlandanna, sérstaklega á Íslandi, eins og fyrr hefur komið fram.

1.5.4.1. Áherslur Samkeppniseftirlitsins varðandi íslenskan raforkumarkað.

Samkeppniseftirlitið bendir á að íslenski raforkumarkaðurinn er að mörgu leyti frábrugðinn öðrum norrænum raforkumörkuðum. Mun meira hefur t.d. verið fjárfest í orkuverum á Íslandi á síðustu árum en á öðrum Norðurlöndum, en samkvæmt Samkeppniseftirlitinu skýrist það m.a. af því að á Íslandi er mögulegt að virkja töluvert vatnsafl og jarðvarma með tiltölulega lágum tilkostnaði. Einnig eru umtalsvert færri raforkusmásalar á Íslandi en annars staðar á Norðurlöndunum auk þess sem hlutdeild stærsta framleiðandans í framleiðslu á rafmagni er mjög há. Á Íslandi er einkaleyfis- og samkeppnisstarfsemi einatt innan sama fyrirtækis, auk þess sem dreifiveitur reka oftast einnig hita- og vatnsveitur á dreifisvæði sínu. Stór hluti starfsemi fyrirtækjanna er því einkaleyfisstarfsemi sem getur hindrað samkeppni þeirra á milli. Þá eru tiltölulega fáir smásalar raforku hérlendis og enn sem komið er hefur tiltölulega lítill hluti neytenda skipt um smásala.

Samhliða útgáfu norrænu skýrslunnar benti Samkeppniseftirlitið á að huga þyrfti að aðgerðum sem miðuðu að því að gera samkeppni á íslenskum raforkumarkaði virkari. Með hliðsjón af norrænu skýrslunni benti Samkeppniseftirlitið á að taka þyrfti til umfjöllunar hvernig skilja mætti með skýrari hætti milli einkaleyfis- og samkeppnisþátta raforkumarkaðarins, þ.e. dreifingar annars vegar og framleiðslu og sölu hins vegar, en með stofnun Landsnets hefur flutningsþátturinn þegar verið aðskilinn. Að mati Samkeppniseftirlitsins væri í bestu samræmi við markmið samkeppnislaga að skilja að eignarhald samkeppnis- og einkaleyfisþátta, en að lágmarki að skilja þessa starfsemi að í sjálfstæðum félögum. Einnig telur Samkeppniseftirlitið að auka þurfi nákvæmni orkumælinga, m.a. með orkumælum sem senda frá sér upplýsingar um orkunotkun reglulega, enda ættu slíkar orkumælingar að leiða til meiri fjölbreytni í verði á raforku eftir aðstæðum hverju sinni, auka verðvitund neytenda og samkeppni smásala, ásamt því að bæta nýtingu raforku.[10]

2. Þróun tekjumarka og raforkuverðs.

Í þessum kafla er fjallað um tekjumörk, gjaldskrár og þróun raforkuverðs hér á landi frá þeim tíma sem skilið var í sundur með flutningi og dreifingu á raforku annars vegar og framleiðslu og sölu hennar hins vegar. Einnig er fjallað sérstaklega um þróun á niðurgreiðslu á raforku til húshitunar og í dreifbýli.

2.1. Tekjumörk og gjaldskrár.

2.1.1. Tekjumörk flutningsfyrirtækis og dreifiveitna.

Kostnaður við flutning og dreifingu nemur um helmingi af endanlegu raforkuverði til almennra notenda. Orkustofnun hefur eftirlit með sérleyfisstarfsemi flutningsfyrirtækisins Landsnets og dreifiveitna samkvæmt raforkulögum og setur fyrirtækjunum tekjumörk, sem tekur tillit til rekstrarkostnaðar, afskrifta, orkutapa, arðsemi auk hagræðingarkröfu. Tekjumörk eru hámark á þeim árlegu tekjum sem flutningsfyrirtækinu og dreifiveitunum er heimilað að innheimta. Tekjumörkin skal setja til þriggja ára í senn, en samkvæmt bráðabirgðaákvæði raforkulaga voru tekjumörk einungis sett til eins árs í byrjun fyrir árið 2005 og 2006. Frá og með árinu 2007 hafa tekjumörk verið sett fyrir þrjú ár í senn. Verið er að vinna að að-

[10] Byggt á umfjöllun á heimasíðu Samkeppniseftirlitsins, www.samkeppni.is.

ferðafræði til setningar sértækrar hagræðingarkröfu og er stefnt að því að innleiða hana árið 2008.

Tekjumörk eru sett fyrir upphaf hvers árs, en síðan gerð upp og leiðrétt árlega þar sem einkum er tekið tillit til verðlagsbreytinga. Í töflu 2.1 má sjá endanleg tekjumörk fyrir flutning og dreifingu árið 2005. Þar sem dreifiveiturnar innheimta í raun flutningskostnaðinn fyrir Landsnet bætist hann við tekjumörk dreifiveitnanna. Dálkurinn lengst til hægri í töflunni sýnir frávik tekna frá tekjumörkum.

Tafla 2.1. Tekjumörk fyrir flutning og dreifingu 2005, í þús. kr.

	Endanleg tekjumörk	Flutningur	Tekjur	Tekjur umfram tekjumörk
Landsnet – dreifiveitur	2.719.684		2.853.231	133.547
Landsnet – stórnotendur	2.263.794		2.292.166	28.372
Hitaveita Suðurnesja	955.440	398.449	1.374.534	20.645
Norðurorka	263.741	114.322	381.045	2.982
Orkubú Vestfjarða	401.795	156.372	465.216	-92.951
Orkuveita Húsavíkur	47.404	14.496	49.929	-11.971
Orkuveita Reykjavíkur	2.736.185	890.692	3.535.703	-91.174
Rafveita Reyðarfjarðar	35.195	20.031	57.279	2.053
Rarik	2.459.876	908.180	3.268.853	-99.203

Rarik, Orkubú Vestfjarða, Orkuveita Reykjavíkur og Orkuveita Húsavíkur fullnýttu ekki tekjuheimildir sínar árið 2005 og mega því samkvæmt raforkulögum yfirfæra ónýtta heimild til seinni ára. Aðrar dreifiveitur og Landsnet innheimtu tekjur umfram endanleg tekjumörk og munu þær koma til frádráttar leyfðum tekjum síðar.

Sett tekjumörk fyrir flutning og dreifingu árin 2006 og 2007 eru sýnd í töflu 2.2. Breytingar á milli ára skýrast fyrst og fremst af auknum umsvifum í stóriðju, hækkun á orkuverði fyrir töp og almennum verðlagshækkunum.

Tafla 2.2 Sett tekjumörk fyrir flutning og dreifingu 2006 og 2007 í þús. kr.

	Sett tekjumörk 2006	Sett tekjumörk 2007
Landsnet – dreifiveitur	2.952.181	3.117.423
Landsnet – stórnotendur	2.543.527	2.610.148
Hitaveita Suðurnesja	957.306	1.043.539
Norðurorka	252.462	259.662
Orkubú Vestfjarða	407.793	466.200
Orkuveita Húsavíkur	53.024	49.970
Orkuveita Reykjavíkur	2.643.712	2.698.856
Rafveita Reyðarfjarðar	39.782	42.984
Rarik	2.356.868	2.613.410

2.1.2. Gjaldskrár flutningsfyrirtækisins Landsnets hf. og dreifiveitna.

Flutningsfyrirtækið Landsnet hf. og dreifiveitur setja gjaldskrár í samræmi við þau tekjumörk sem Orkustofnun setur. Í raforkulögum og reglugerð um framkvæmd raforkulaga er kveðið á um þær meginreglur sem fara ber eftir við setningu gjaldskráa fyrir flutning og dreifingu raforku. Fyrirtækjunum ber að senda Orkustofnun gjaldskrár til skoðunar tveimur

mánuðum fyrir gildistöku þeirra. Geri Orkustofnun athugasemd við gjaldskrá tekur hún ekki gildi fyrr en úr hefur verið bætt.

Flutningsfyrirtækið og dreifiveitur skulu skilgreina gjald fyrir tengingu við veitukerfin. Gjaldskrár skulu vera þannig uppbyggðar að þær hvetji til bættrar nýtingar veitukerfanna og skulu birtar opinberlega.

2.2. Verðbreytingar á raforku.

Í upphafi ársins 2006 þegar samkeppni um sölu á raforku náði til allra notenda lækkaði samkeppnishluti raforkuverðs og munur á gjaldskrám raforkusala minnkaði til muna. Til að aðstoða neytendur við að leita sér ráðleggingar opnuðu Orkustofnun og Neytendastofa sameiginlega vefsíðu sem veitir upplýsingar um réttarstöðu neytenda, framkvæmd söluaðilaskipta og val á hagstæðasta raforkutaxta. Safnar Orkustofnun gögnum um sérleyfishluta raforkuverðsins en Neytendastofa gögnum um samkeppnishlutann. Þessa síðu er að finna á slóðinni http://www.os.is/page/raforkuverd.

2.2.1. Verðbreytingar til almennra notenda 1. janúar 2005 til 1. janúar 2007.


Í töflu 2.3 má sjá raforkuverð á dreifiveitusvæðum 1. janúar 2005 og 1. janúar 2007 og breytingar á kjörum almennra notenda á þessu tímabili, miðað við 4.000 kWst notkun. Eins og sjá má eru hæstu verðin 1. janúar 2007 hjá Orkubúi Vestfjarða í dreifbýli og Rarik í dreifbýli, en lægstu verðin eru hjá Norðurorku, Orkubúi Vestfjarða í þéttbýli og Hitaveitu Suðurnesja. Mestu hækkanir á verði frá 2005 til 2007 eru hjá Orkubúi Vestfjarða, en mestu lækkanir hjá Rafveitu Reyðarfjarðar, Orkuveitu Húsavíkur, Rarik og Norðurorku.

Tafla 2.3. Verð á dreifiveitusvæðum til almennra notenda, miðað við 4.000 kWst notkun (kr/kWst, með VSK). Gert er ráð fyrir að frá 2006 séu notendur með hagstæðasta auglýsta taxta.

	Raforkuverð í janúar 2007 (kr/kWst)	Raforkuverð í janúar 2005 (kr/kWst)	Hlutfallsleg breyting raforkuverðs	Breyting raforkuverðs á ársgrundvelli í krónum
Hitaveita Suðurnesja	9,96	9,95	0,0%	6
Norðurorka	9,81	10,63	-7,7%	-3.280
Orkubú Vestfjarða, þéttbýli	9,85	9,65	2,1%	822
Orkubú Vestfjarða, dreifbýli	12,47	12,04	3,6%	1.743
Orkuveita Húsavíkur	10,50	11,59	-9,4%	-4.335
Orkuveita Reykjavíkur	10,03	9,96	0,8%	299
Rafveita Reyðarfjarðar	10,17	11,34	-10,4%	-4.699
Rarik, þéttbýli	10,41	11,49	-9,4%	-4.300
Rarik, dreifbýli	11,75	12,65	-7,1%	-3.581

Heimild: Orkustofnun. Nánari upplýsingar er að finna í viðauka 1.


Á mynd 2.1 er sýndur samanburður á raforkuverði hérlendis við verð í nokkrum nágrannalöndum og meðalverð í Evrópusambandinu. Raforkuverð á Íslandi er nokkuð í lægri kantinum miðað við það sem gerist í nágrannalöndunum, en sveiflur í gengi íslensku krónunnar geta haft þar töluverð áhrif. Flutningur og dreifing raforku eru kostnaðarsamir liðir á Íslandi sökum dreifðrar byggðar en orkuverðið sjálft þeim mun lægra. Þá eru ýmis gjöld önnur en virðisaukaskattur hverfandi, en víða annars staðar eru innheimt auðlindagjöld eða mengunargjöld.



Mynd 2.1. Samanburður á raforkuverði hérlendis og í nokkrum nágrannalöndum. Verð á kWst til almennra notenda miðað við 3.500 kWst ársnotkun í upphafi árs 2007.

2.2.2. Verðbreytingar á afltöxtum.


Eftir að samkeppni komst á í upphafi árs 2005 hafa sölufyrirtæki ekki öll birt taxta til aflmældra notenda heldur gert tilboð þeim sem óskað hafa eftir. Flestir raforkusalar eru þó enn þá með verðlista, en vitað er að einhverjir notendur hafi getað orðið sér úti um nokkra afslætti í raforkusölunni. Þá eru taxtar fyrirtækjanna oft ekki auðveldlega samanburðarhæfir, en misjafnt er hvort að tekinn sé hæsti toppur, meðaltal hæstu fjögurra, sumarmánuðum sleppt, toppur reiknaður miðað við 15 mínútur eða klukkutíma og þannig mætti lengi telja. Á mynd 2.2 má sjá þróun raforkuverðs til aflnotenda á stærri dreifiveitusvæðum. Frá 2005 er valinn hagstæðasti fáanlegi sölutaxti og miðað við 125 kW og 500.000 kWst. Verð á kWst er á verðlagi í október 2007 og án vsk.



Mynd 2.2. Þróun raforkuverðs til aflnotenda á stærri dreifiveitusvæðum. Frá 2005 er valinn hagstæðasti fáanlegi sölutaxti miðað við 125 kW og 500.000 kWst. Verð á kWst er á verðlagi í október 2007 og án vsk.

Í viðauka eru nánari upplýsingar um breytingar á kjörum aflnotenda frá 1. janúar 2005 til 1. janúar 2007.

Eins og sjá má á mynd 2.3 er raforkuverð til stærri iðnfyrirtækja sambærilegt við verð í samanburðarlöndunum. Þessar tölur taka ekki til raforkuverðs til stóriðju.




Mynd 2.3. Samanburður á verði til aflnotenda miðað við 500 kW og 4.000 stunda nýtingartíma í upphafi árs 2007.

2.3. Niðurgreiðsla á rafmagni til húshitunar.


Þó nokkrum fjármunum er varið til opinberra stuðningsaðgerða til að draga úr orkukostnaði hjá þeim sem ekki njóta jarðhita til húshitunar. Er þar aðallega um að ræða niðurgreiðslu á húshitunarkostnaði til þeirra sem hita með raforku og olíu. Frá því að niðurgreiðslur á raforku til hitunar íbúðarhúsa hófust árið 1982 og til ársloka 2006 hefur 18 milljörðum kr. verið varið til niðurgreiðslna á verðlagi í árslok 2006 miðað við vísitölu neysluverðs.

Mynd 2.4 sýnir yfirlit um niðurgreiðslur til húshitunar frá 1983–2006 á verðlagi í árslok 2006.



Mynd 2.4. Niðurgreiðslur til húshitunar frá 1983–2006, á verðlagi í árslok 2006, miðað við vísitölu neysluverðs.

Mynd 2.5 sýnir þróun orkuverðs til húshitunar á algengasta taxta dreifiveitna í þéttbýli frá því niðurgreiðslur hófust árið 1982 til og með apríl 2007. Þá er þróun niðurgreiðslna skýrð eftir föngum og hvaða breytingar hafa átt sér stað á tímabilinu. Virðisaukaskattur á raforku til húshitunar var fyrst tekinn upp 2003 og þá sem 14% en frá upphafi hefur hluti skattsins vegna húshitunar verið endurgreiddur. Vegna rafhitunar hefur endurgreiðslan numið 63%. Þann 1. mars 2007 lækkaði virðisaukaskattur vegna húshitunar í 7% og endurgreiðsluhlutfallið hélst óbreytt sem þýðir að raunverulegur virðisaukaskattur er nú 2,59% í stað 5,18% áður.



Mynd 2.5. Þróun raforkuverðs til húshitunar m. vsk miðað við byggingarvísitölu í apríl 2007.

Lengi vel tóku orkufyrirtækin beint eða óbeint þátt í lækkun á kostnaði við húshitun með sérstökum afsláttartöxtum. Með breytingu á raforkulögum varð óheimilt að gera greinarmun á verðlagningu sérleyfisþáttanna flutnings og dreifingar eftir því til hvers raforkan er notuð. Í staðinn hækkuðu beinar niðurgreiðslur ríkissjóðs til húshitunar. Heildarraforkuverð til hitunar hækkaði við þetta en lækkaði til almennrar notkunar. Fyrirkomulag niðurgreiðslna var sem hér segir árið 2005.

- Sérmæld hitun: Hámark 50.000 kWst/ári x 2,23 kr/kWst = 111.500 kr/ári
- Einmæling á alla orku: Hámark 70.000 kWst/ári x 1,59 kr/kWst = 111.300 kr/ári
- RO – veitur (rafkyntar veitur): Hámark 50.000 kWst/ári x 2,04 kr/kWst = 102.000 kr/ári

Frá árinu 2005 fá allir notendur sama hámarksfjölda niðurgreiddra kWst sem þá var 35.000 kWst/ári en var á árinu 2006 hækkað í 40.000 kWst/ári. Ekki er talið ráðlegt að hækka þakið meira þar sem notkun umfram þau mörk telst óeðlilega mikil og kann að skýrast af lélegri einangrun, illa stilltu hitakerfi eða slíkum þáttum. Til að takast á við þann vanda stofnaði Orkusetur til tilraunaverkefnis á árinu 2007 til að meta þörf og áhrif af endurbótum á einangrun og orkunotkun húsnæðis. Auglýstar voru styrkveitingar til endurbóta húsnæðis fyrir húseigendur á köldum svæðum. Reyndist áhugi mikill og umframeftirspurn því þó nokkur. Vonast er til þess að koma megi til móts við fleiri húseigendur á næstu árum ef niðurstöður tilraunaverkefnis sýna fram á að heppilegra geti verið að styðja húseigendur til endurbóta húsnæðis í stað beinna niðurgreiðslna til húshitunar illa einangraðra bygginga.


Miðað er við að raforkunotkun til húshitunar sé 85% af heildarnotkun heimila, en það reyndist meðaltalsnotkun í úttekt hjá 4.000 notendum með sérmælda hitun. Niðurgreiðslurnar

í krónum taka mið af mismunandi dreifikostnaði hjá dreifiveitunum. Í töflu 2.4 má sjá niðurgreiðslur á rafhitun úr ríkissjóði á hverja kWst. Til samanburðar er sýndur dreifikostnaður dreifiveitna í upphafi árs 2005 og 1. maí 2007.

Tafla 2.4. Dreifikostnaður, niðurgreiðslur 1. jan 2007 og dreifikostnaður 1. maí 2007.

Dreifiveita	Dreifkostnaður kr./kWst 1. jan. 2005	Niðurgreiðsla kr./kWst	Dreifikostnaður kr./kWst 1. maí 2007
Hitaveita Suðurnesja	2,92	3,13	3,08
Norðurorka	2,90	3,11	2,90
Orkubú Vestfjarða, þéttbýli	2,30	2,51	2,73
Orkubú Vestfjarða, dreifbýli	3,21	3,42	3,70
Orkuveita Reykjavíkur	3,16	3,37	3,29
Rafveita Reyðarfjarðar	2,36	2,57	2,53
Rarik, þéttbýli	2,51	2,72	2,72
Rarik, dreifbýli	2,99	3,20	3,54

Á mynd 2.6 er borið saman verð á mismunandi orkugjöfum til húshitunar og fjölda íbúa sem greiða viðkomandi orkuverð. Verðið er sýnt að frádregnum niðurgreiðslum þar sem það á við, en alls staðar án virðisaukaskatts. Verðlag er miðað við vísitölu neysluverðs í apríl 2007.



Mynd 2.6. Verð á mismunandi orkugjöfum til húshitunar, m.v. vísitölu neysluverðs í apríl 2007.

Niðurgreitt raforkuverð til húshitunar hefur verið á bilinu 3 til 4 kr/kWst, en það er nokkuð dýrara en hitun með jarðhita. Í töflu 2.5 eru orkugjafar flokkaðir með sama hætti og

á mynd 2.12. Sýnt er meðalverð innan hvers flokks, íbúafjöldi sem býr við það verð og hlutfallslegur samanburður á verði miðað við meðaltal annars vegar og lægsta gildi hins vegar.

Tafla 2.5. Verð mismunandi orkugjafa til húshitunar og íbúafjöldi sem býr við það verð.

	kr/kWst	Íbúafjöldi	Samanburður við meðaltal	Samanburður við lægsta gildi
Jarðhiti 1	1,74	232.500	60%	100%
Jarðhiti 2	2,48	40.244	86%	143%
Jarðhiti 3	3,44	3.800	119%	198%
Kynt veita	2,57	9.580	89%	148%
Rafhitun	3,55	23.500	123%	204%
Olíuhitun	3,53	110	122%	203%
Meðaltal	**2,89**		**100%**	**166%**

2.3.1. Niðurgreiðslur vegna eigin framleiðslu.

Lög um niðurgreiðslur á húshitun heimila að tekið sé tillit til notkunar einkarafstöðva til húshitunar. Sífellt fleiri bændur sem eiga rafstöðvar hafa sótt um niðurgreiðslu að uppfylltum skilyrðum um mæli á rafstöð. Þrjátíu og sex rafstöðvar og 64 einstaklingar nutu niðurgreiðslna á húshitun frá heimarafstöð á árinu 2006. Niðurgreiðslur ársins 2007 eru áætlaðar um 5 millj. kr.

2.3.2. Niðurgreiðsla á olíu til hitunar íbúðarhúsnæðis.

Niðurgreiðsla á olíu til hitunar íbúðarhúsnæðis var aftur tekin upp með lögum nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar. Eingöngu er um að ræða staði þar sem íbúar hafa engan möguleika á öðrum orkugjafa til hitunar íbúðarhúsnæðis. Áætlanir gera ráð fyrir að útgjöld vegna þessa nemi um 4 millj. kr. á árinu 2007.

2.3.3. Stofnun nýrra hitaveitna eða stækkun á dreifikerfi.

Árið 2006 var lögum nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar**,** breytt og nú til þess að greiða starfandi hitaveitum með einkaleyfi fyrir að yfirtaka minni og veikari einkareknar hitaveitur svo hægt væri að endurnýja aðveitu- og dreifikerfi þeirra. Þetta kallar á aukin útgjöld. Frá árinu 2005 hafa orðið til nokkrar stórar hitaveitur, svo sem á Eskifirði, á Eyjafjarðarsvæðinu frá Hjalteyri yfir á Svalbarðsströnd og í Akrahreppi.

Á næstu tveimur árum eru fyrirhugaðar nýjar hitaveitur á Grundarfirði, Hofsósi og fleiri stöðum. Of snemmt er að fullyrða um hvort af þessum hitaveitum verður, en útgjöld ríkissjóðs vegna þeirra hitaveitna sem hvað líklegastar eru að verði að veruleika á næstu árum gætu numið á bilinu 300–400 millj. kr. Skuldbindingar ríkissjóðs vegna endurgreiðslna til hitaveitna vegna stofnunar eða stækkunar skila sér í færri notendum á niðurgreiðslum.

2.3.4. Niðurgreiðslur til framtíðar.

Vinnuhópur á vegum iðnaðarráðherra hefur metið ávinning og aðgerðir stjórnvalda til að lækka kostnað við hitun íbúðarhúsnæðis. Helstu niðurstöður vinnuhópsins voru eftirfarandi:

- Einfalda þarf kerfi niðurgreiðslna til húshitunar. Lagt er til að ákvörðuð verði nokkurs konar vísitala húshitunarkostnaðar sem hægt væri að nota til hliðsjónar við ákvörðun niðurgreiðslna í stað hugtaksins „meðaldýr hitaveita“ sem hefur verið nokkuð erfitt að skilgreina.

- Efla þarf jarðhitaleit. Finnist jarðhiti á áður óþekktum stað leiðir það í flestum tilfellum til lækkunar á hitunarkostnaði íbúa á svæðinu auk þess sem margvíslegur ávinningur hlýst af tilkomu heits vatns í byggðarlögum. Nýjar hitaveitur lækka einnig niðurgreiðslur hins opinbera til húshitunar til lengri tíma litið.
- Mikilvægt er að leggja áherslu á orkusparnað. Í því skyni þarf að hvetja m.a. til bættrar einangrunar húsa og til breytts hugarfars notenda þannig að orku sé ekki eytt að óþörfu.
- Tillögur eru gerðar um að þeim fjármunum sem varið er til niðurgreiðslu á rafhitunarkostnaði (undir fjárlagalið 11-373) verði skipt upp með það að markmiði að aðskilja fjárveitingar til beinna niðurgreiðslna annars vegar og hins vegar til annarra verkefna sem samkvæmt núverandi fyrirkomulagi ber að fjármagna af fjárlagaliðnum. Orkustofnun, í samráði við iðnaðarráðuneyti, verði falið að útfæra tillögurnar nánar.
- Lagt er til að niðurgreiðslur taki mið af stærð, staðsetningu og aldri íbúðarhúsnæðis. Áfram verði þó þak á niðurgreiðslum fyrir hverja íbúð.
- Kynt hitaveita (RO-veita) er í 3. mgr. laga nr. 78/2002 skilgreind sem hitaveita sem notar aðra orkugjafa en jarðvarma, svo sem rafmagn eða olíu, til að hita vatn til dreifingar um dreifikerfi veitunnar. Hitunarkostnaður notenda með RO-veitu er lægri en hjá notendum með beina rafhitun og þarf að stuðla að því að íbúar með beina rafhitun á svæðum þar sem RO-veitur starfa geti tengst RO-veitunni og að RO-veitan fái eingreiðslu sambærilega því sem hitaveitur fá fyrir notendur með rafhitun.

2.4. Niðurgreiðsla dreifingarkostnaðar í dreifbýli.

Áður en núverandi fyrirkomulag raforkumála var tekið upp í kjölfar raforkulaganna frá 2003 var kostnaði við dreifingu raforkunnar í reynd jafnað út á öllu veitusvæði viðkomandi rafveitu, enda þótt kostnaður við dreifingu í þéttbýli sé sannanlega lægri en í dreifbýli. Með þessu má segja að íbúar á þéttbýlissvæðum Rariks og Orkubús Vestfjarða hafi tekið á sig meiri félagslegar byrðar en íbúar á öðrum þéttbýlissvæðum. Á þessu var tekið með nýju lögunum með því að Orkustofnun getur heimilað dreifiveitum að vera með sérstaka dreifbýlisgjaldskrá. Á móti komu lög nr. 98/2004, en markmið þeirra er að stuðla að jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku til almennra notenda. Samkvæmt lögunum er kostnaður greiddur niður á fyrrgreindum dreifbýlisvæðum.

Fjárhæð til niðurgreiðslna er ákveðin í fjárlögum og hefur verið óbreytt árin 2005–2007 eða 230 millj. kr./ári. Fjárhæðinni skal skipt hlutfallslega eftir orkunotkun á dreifbýlisgjaldskrársvæðunum miðað við kostnað dreifiveitu umfram viðmiðunarmörk sem sett eru í reglugerð og taka mið af dýrustu þéttbýlisveitu. Niðurgreiðslur á kWst í dreifbýli hjá Rarik eru nú 0,50 kr/kWst og hjá Orkubúinu 0,86 kr/kWst.

3. Sala og notkun raforku.

Í þessum kafla er fjallað um það hvernig sala og notkun raforku hérlendis hefur þróast síðastliðin ár, auk þess sem raforkunotkun hér á landi er borin saman við raforkunotkun í ríkjum OECD.


3.1. Raforkunotkun.

Raforkunotkun Íslendinga hefur aukist mikið frá því að rafvæðing landsins hófst á fyrri hluta síðustu aldar. Á árinu 2006 var heildarraforkunotkunin 9,4 TWst og hafði hún tvöfaldast frá árinu 1994 eins og sést á mynd 3.1, en það svarar til 6,1% árlegrar meðaltalsaukning-

ar. Raforkuframleiðslan var nokkru meiri eða 9,9 TWst, en mismunurinn skýrist af orkutöpum.

Af fyrrgreindri heildarnotkun nam almenn raforkunotkun að meðtöldum dreifitöpum tæplega 3,4 TWst og hafði hún aukist að meðaltali um rúmlega 2,6% árlega frá árinu 1994.

Á árinu 2006 nam raforkunotkun stóriðju 6,3 TWst og hafði hún aukist á sama tímabili umtalsvert meira en almenna notkunin eða að meðaltali um tæp 8,7% á ári, en auðvitað þó ekki í jöfnum mæli heldur nokkrum stökkum. Til stóriðju teljast nú álver Alcan í Straumsvík, álver Norðuráls á Grundartanga, álver Alcoa í Reyðarfirði og verksmiðja Íslenska járnblendifélagsins á Grundartanga.




Mynd 3.1. Raforkunotkun á Íslandi 1985–2006.

Í Raforkuspá 2007–2030[11] er gert ráð fyrir að heildarnotkun raforku verði 15,9 TWst árið 2010, en það svarar til 18,4% árlegrar aukningar tímabilið 2006–2010 og munar þar langmest um aukningu raforkunotkunar í álverum. Fyrir sama tímabil er gert ráð fyrir að almenn notkun aukist árlega um 3,4% og verði í lok tímabilsins 3,6 TWst.


Þegar raforkunotkun ársins 2006 er skoðuð nánar kemur í ljós að almenn raforkunotkun var 34% af heildarnotkun og raforkunotkun stóriðjufyrirtækja 63%, eins og sjá má á mynd 3.2. Árið 1996 var raforkunotkun stóriðju um 50% af heildarnotkuninni, en hefur verið að aukast síðan þá og mun sú þróun halda áfram næstu árin. Gert er ráð fyrir að stóriðjan verði með um 77% af heildarnotkun árið 2010.

[11] Raforkuspá 2007–2030 er að finna á vefslóðinni: www.orkuspa.is.




Mynd 3.2. Skipting raforkunotkunar árið 2006.

Mynd 3.3 sýnir hvernig stóriðjunotkun skiptist milli ál- og járnblendiiðnaðar og hvernig þróun í raforkunotkun þessara atvinnugreina hefur verið undanfarin 5 ár.



Mynd 3.3. Skipting stóriðjunotkunar(GWst).

Þegar meginflokkar almennrar raforkunotkunar á árinu 2006 eru skoðaðir nánar sést að hlutur þjónustu var 28,6% af heildarnotkun það ár, hlutur heimila 27,4% og almennur iðnaður var með 21,8% af heildarnotkun, eins og fram kemur á mynd 3.4. Helstu breytingar milli ára eru þær að hlutur heimilanna af heildarnotkun hefur aukist úr 24% af heildarnotkun árið 2004 í 27,4% árið 2006. Hlutur veitna hefur hins vegar minnkað úr 14% árið 2004 í 9,3% árið 2006.




Mynd 3.4. Skipting almennrar raforkunotkunar árið 2006.

3.2. Raforkuvinnsla eftir uppruna.


Nær öll raforkuvinnsla Íslendinga eða 99,95% kemur frá vatnsorku eða jarðvarma, sem eru endurnýjanlegar orkulindir. Eins og sjá má á mynd 3.5 er langstærsti hluti raforkunnar, eða rúm 73%, unninn úr vatnsorku. Raforkuframleiðsla jarðgufuvirkjana hefur hins vegar aukist mjög mikið síðustu ár og var tæp 27% af allri raforkuvinnslu eða um 2.630 GWst á árinu 2006. Til samanburðar má nefna að árið 2004 var skiptingin þannig að raforkuframleiðsla vatnsaflsvirkjana var 83% af allri raforkuvinnslu og raforkuframleiðsla jarðgufuvirkjana 17%.

Þess má geta að árið 2004 var 16% af raforku í ríkjum Evrópusambandsins unnin með endurnýjanlegum orkugjöfum, en sambærilegt hlutfall hér á landi það ár var 99,95%.




Mynd 3.5. Raforkuvinnsla eftir uppruna árið 2006.

Á mynd 3.6 má sjá hvernig þróunin í raforkuvinnslu með vatnsorku, jarðhita og eldsneyti hefur verið árin 2000–2006.




Mynd 3.6. Þróun raforkuvinnslu eftir uppruna árin 2000–2006.

Á mynd 3.7 má sjá hvernig raforkuvinnsla á árinu 2006 skiptist milli stærstu vinnslufyrirtækjanna. Eins og sést á myndinni var hlutdeild Landsvirkjunar tæp 76% af raforkuvinnslu landsins árið 2006, hlutdeild Orkuveitu Reykjavíkur var 12,5% og hlutdeild Hitaveitu Suðurnesja 8,9%. Til samanburðar má nefna að árið 2004 var raforkuvinnsla Landsvirkjunar tæplega 85% af heildarvinnslunni, hlutdeild Orkuveitu Reykjavíkur var þá rúmlega 8% og Hitaveita Suðurnesja var með rúm 4% af heildarvinnslunni það ár.




Mynd 3.7. Raforkuvinnsla eftir fyrirtækjum á árinu 2006.

Á mynd 3.8 má sjá hvernig heildarafl vatnsafls- og jarðvarmavirkjana hérlendis hefur aukist með árunum. Gert er ráð fyrir að uppsett afl í vatnsafls- og jarðvarmavirkjunum verði um 2.360 MW í árslok 2007 sem er umtalsverð aukning frá árinu 2004 þegar heildaraflið var 1.473 MW.



Mynd 3.8. Uppsett afl vatnsafls- og jarðvarmavirkjana á Íslandi í árslok 2007.

Á mynd 3.9 má sjá afl helstu raforkuvera landsins miðað við árslok 2007. Kárahnjúkavirkjun er stærsta raforkuver landsins með 690 MW uppsett afl. Þar á eftir koma Búrfell, Hrauneyjarfoss, Blanda og Sigalda, en allar þessar virkjanir eru vatnsaflsvirkjanir. Hellisheiðarvirkjun og Nesjavallavirkjun eru stærstu jarðvarmavirkjanir landsins, en uppsett afl þeirra er 123 MW og 120 MW. Á myndinni er einnig sýnd áætluð árleg raforkuvinnsla þessara virkjana, en þá er gengið út frá meðalnýtingartíma sambærilegra virkjana á árinu 2006 sem var 6.270 klst. fyrir vatnsaflsvirkjanir og 6.234 klst. fyrir jarðvarmavirkjanir.




Mynd 3.9. Uppsett afl og áætluð raforkuvinnsla í helstu raforkuverum á Íslandi í árslok 2007.

3.3. Alþjóðlegur samanburður.

Raforkunotkun hérlendis hefur aukist stöðugt síðastliðna áratugi og raforkunotkun á mann á Íslandi árið 2004 var meiri en í nokkru öðru OECD-ríki, eins og sést á mynd 3.10. Aðalástæðan er raforkunotkun til stóriðju og sú notkun á eftir að aukast enn frekar með nýju ál-

veri Alcoa á Reyðarfirði og stækkun Norðuráls. Þá má einnig nefna að raforka til hitunar nemur tæpum fjórðungi af almennri raforkunotkun hér á landi. Ennfremur má skýra mikla raforkunotkun hérlendis út frá þeirri staðreynd að landsframleiðsla er hlutfallslega mikil og lífskjör góð sem veldur mikilli orkunotkun atvinnulífs og heimila.



Mynd 3.10. Raforkunotkun á íbúa árið 2004 hjá ríkjum OECD (MWst/íbúa). Heimild: OECD (2006). Energy statistic of OECD countries 2003–2004.


4. Raforkuþörf og öryggi raforkukerfisins.

Í þessum kafla er fjallað um raforkuvinnslu með hliðsjón af raforkuþörf og öryggi raforkukerfisins, ásamt umfjöllun um styrkingu flutningskerfisins í samræmi við aukna raforkuþörf næstu árin. Einnig er fjallað um undirbúning að samræmdri neyðarstjórnun raforkukerfisins.[12]

4.1. Raforkuvinnsla með hliðsjón af raforkuþörf og öryggi raforkukerfisins.

Samkvæmt raforkulögum á flutningsfyrirtækið Landsnet að gera spá um raforkuþörf og áætlun um uppbyggingu flutningskerfisins. Í kerfisáætlun Landsnets 2007 er að finna spá um raforkuþörf vegna þeirra framkvæmda sem nú eru í gangi vegna stækkunar álvers Norðuráls á Grundartanga, auk almennrar notkunar á tímabilinu frá 2008–2012. Einnig er þar greint frá þeim framkvæmdum sem tengjast uppbyggingu og endurnýjun flutningskerfisins sem ráðgerðar eru til að tryggja afhendingaröryggi flutningskerfisins á umræddu tímabili.


Mynd 4.1 sýnir spá um raforkuþörf fyrir almennan markað og stóriðju árin 2007–2012 miðað við þá aukningu í orkuflutningi sem þegar hefur verið samið um. Gert er ráð fyrir að heildarraforkuþörf aukist um 38% á tímabilinu eða úr 11.717 GWst árið 2007 í um 16.643 GWst árið 2012. Eins og sjá má á myndinni er gert ráð fyrir að hlutfall stóriðjunotkunar af heildarnotkun aukist úr 71% árið 2007 í 76% árið 2012.



Mynd 4.1. Spá um raforkuþörf fyrir almennan markað og stóriðju árin 2007–2012.


[12] Kaflinn er byggður á upplýsingum frá Landsneti miðað við stöðu mála 20. september 2007. Nánari upplýsingar um efni kaflans er að finna í Kerfisáætlun Landsnets 2007 og Raforkuspá 2007–2030.

Á mynd 4.2 er spá um raforkuþörf á almennum markaði skoðuð nánar. Áætlað er að raforkuþörfin á almenna markaðnum árin 2007–2012 aukist um rúmlega 2,1% á ári.



Mynd 4.2. Spá um raforkuþörf fyrir almennan markað árin 2007–2012.

Á mynd 4.3 má sjá spá um raforkuþörf fyrir stóriðju árin 2007–2012. Áætlað er að raforkuþörf stóriðju aukist um tæplega 50% á þessu tímabili, en aukningin skýrist af stækkun Norðuráls á Grundartanga auk síðari hluta uppkeyrslu álvers Alcoa Fjarðaáls á Reyðarfirði sem verður lokið á fyrsta ársfjórðungi 2008 og verður þar með stærsti raforkunotandi landsins.



Mynd 4.3. Spá um raforkuþörf fyrir stóriðju árin 2007–2012.

Aukinni raforkuþörf verður annars vegar mætt með orkuframleiðslu frá Kárahnjúkavirkjun, sem kemur í rekstur árið 2007, og hins vegar með stækkun Hellisheiðarvirkjunar árið 2008.


4.1.1. Líkur á aflskorti.

Samkvæmt 9. gr. raforkulaga ber Landsnet ábyrgð á öruggri stýringu raforkukerfisins og skal tryggja öryggi og gæði við raforkuafhendingu. Í slíkri kerfisstjórnun felst m.a. að tryggja nægjanlegt framboð reiðuafls vegna aflskorts við rekstur kerfisins.

Líkurnar á að slíkur aflskortur eigi sér stað eru samspil líkinda á að aflvél í virkjun eða annar búnaður í virkjun bili fyrirvaralaust og líkum á aflþörf raforkunotenda. Aflþörfin er breytileg innan ársins og er að vissu marki ófyrirsjáanleg. Landsnet hefur haft það fyrir viðmiðunarreglu að líkur á aflskorti samsvari því að aflþörf sé meiri en aflgeta samtals í tæpa eina klukkustund á ári (1/10.000 úr ári).

Við daglegan rekstur raforkukerfisins er þess ávallt gætt að reiðuafl geti þolað að stærsta vél kerfisins detti út, sem nú er 70 MW vél í Hrauneyjum. Einnig má hér nefna vélarnar í Kárahnjúkavirkjun sem hver um sig er með aflgetu upp á 115 MW, en vegna takmarkaðrar flutningsgetu inn á 220kV kerfið á Austurlandi er þess ávallt gætt að reiðuafl sé nægjanlegt innan þess kerfis. Í útreikningum á aflskorti er einungis tekið mið af vinnslu/framleiðslueiningum en ekki einingum í flutningskerfinu.

Líkur á aflskorti í raforkukerfinu hafa verið áætlaðar fram til ársins 2012 með líkindaafllíkani. Þær munu næstu árin verða verulega lægri en viðmiðunarmörk Landsnets. Þetta kemur fram á mynd 4.4 þar sem líkur á aflskorti eru sýndar í tíuþúsundustu hlutum, þ.e. 1/10.000 samsvarar einum á línuritinu. Ein klukkustund samsvarar 1,14 á myndinni.



Mynd 4.4. Líkur á aflskorti í kerfinu árin 2008–2012.

Eins og sést á línuritinu eru líkur á aflskorti vel innan marka. Ástæða þess að líkur á aflskorti eru hærri árið 2008 en 2009 stafar af því að á árinu 2008 er uppkeyrsla bæði virkjana og 5. áfanga Norðuráls þannig að það kemur fyrir að álagið eykst hraðar tímabundið en aflvinnslan. Engar breytingar eru á virkjanakerfinu á milli áranna 2009 og 2012 þannig að auknar líkur á aflskorti stafa eingöngu af aukningu í almennu álagi.


4.1.2. Álagsflæði á árunum 2008–2012.

Flutningskerfi Landsnets inniheldur öll flutningsvirki á spennu sem er 66 kV og hærri ásamt flutningsvirkjum á 33 kV spennu sem tengja Vestmannaeyjar og Húsavík við hærri spennur. Hæsta spenna kerfisins er í dag 220 kV en nokkrar línur eru byggðar sem 400 kV línur þótt þær séu reknar á 220 kV. Þetta var gert með það í huga að mögulegt verði að spennuhækka þær í 400 kV þegar þörf verður á að flytja enn meira afl eftir þeim.



Mynd 4.5. Flutningskerfi Landsnets í upphafi árs 2008.

Við mat á álagsflæði hefur landinu nú verið skipt í fimm svæði. Framleiðsla og álag innan ákveðinna svæða miðar við áætlað hámarksálag árin 2008, 2010 og 2012 og eru niðurstöður sýndar á mynd 4.6. Tímabilið sem skýrslan nær til einkennist af hlutfallslega lítilli aukningu stóriðju, annars vegar lok uppkeyrslu Alcoa Fjarðaáls og hins vegar stækkun Norðuráls á Grundartanga, hvort tveggja á árinu 2008. Aukning milli áranna 2008 og 2010 annars vegar og 2010 og 2012 hins vegar stafar eingöngu af almennri aukningu raforkunotkunar.



Mynd 4.6. Framleiðsla og álag eftir svæðum við háálag.

Til að meta ástand flutningskerfisins við eðlileg rekstrarskilyrði voru gerðir aflflæðiútreikningar sem byggjast á forsendum um þróun markaðarins árin 2008 til 2012 og hámarksálag kerfisins á hverjum tíma við gerð útreikninganna.

Skipting framleiðslu og álags milli svæða er sýnd á mynd 4.6. Þar má sjá hvernig framleiðslan er umfram álag á svæði I og IV og öfugt á svæði II. Á svæðum III og V eru hins vegar framleiðsla og álag í nokkru jafnvægi.

Helstu niðurstöður álagsflæðirannsókna fyrir árin 2008–2012 eru að unnt verði að anna allri eftirspurn og halda rekstrarspennu og afhendingarspennu innan viðmiðunarmarka á öllum teinum að undanskildum einstökum tilvikum sem þarfnast úrlausna. Rætt er sérstaklega um þær úrlausnir sem þörf er á og lagðar fram tillögur að verkefnum í Kerfisáætlun 2007 auk þess sem þær eru lagðar fram hér fyrir neðan sem verkefni í athugun.


4.1.3. Töp í flutningskerfinu.

Með töpum í flutningskerfinu er átt við þau töp sem verða í raforkukerfinu frá rafölum að afhendingarstöðum flutningskerfisins. Árið 2006 voru töp í flutningskerfinu um 2,6% en meðaltal síðustu 10 ára er um 3,2%.

Á mynd 4.7 eru áætluð töp í flutningskerfinu fyrir árin 2007–2012. Eftir að uppkeyrslu Alcoa Reyðaráls lýkur ásamt stækkun Norðuráls á Grundartanga árið 2008 er lítil breyting á árlegum töpum flutningskerfisins fram til 2012 og sýna áætlanir að þau verði rétt undir 400 GWst eða um 2,7% af heildarinnmötun árin 2009–2012 en það er mikil lækkun í töpum frá því sem áður hefur verið. Ástæða lítillegrar hækkunar árið 2007 er seinkun á uppkeyrslu Kárahnjúkavirkjunar og mikill flutningur til Alcoa Reyðaráls af 132 kV byggðalínunni.

Töp flutningskerfisins eru hlutfallslega mest á svæðum III og IV, þar sem ekkert 220 kV kerfi er og svæðin einkennast af langri 132 kV byggðalínu. Í kerfi Landsnets eru jaðartöp

kerfisins mismunandi á milli landshluta. Er það vegna ójafnvægis í framleiðslu og álagi eftir svæðum og má því minnka heildartöp kerfisins með því að jafna framleiðslu og álag eftir landshlutum eða með því að auka álag á Norðurlandi og/eða auka framleiðslu á Suðvesturlandi. Töp kerfisins ráðast að miklu leyti af framleiðsluáætlunum vinnsluaðila og geta því breyst talsvert, m.a. eftir lónstöðu og rekstri bæði vatnsafls- og jarðgufuvirkjana.




Mynd 4.7. Hlutfallsleg flutningstöp frá árinu 2005 til ársins 2012.

4.2. Flutningskerfi raforku.

Landsnet hefur þurft að ráðast í umfangsmiklar framkvæmdir til að styrkja flutningskerfi raforku vegna aukinnar framleiðslu og notkunar raforku í landinu á undanförnum árum. Í þessum kafla er fjallað um þær framkvæmdir sem eru samþykktar, áætlaðan kostnað þeirra og þær framkvæmdir sem eru fyrirsjáanlegar miðað við aukna raforkuþörf.

Í áætlunum Landsnets er gert ráð fyrir kostnaði vegna verkefna sem ekki hafa endanlega verið samþykkt en nauðsynlegt er að ráðast í rannsóknir og undirbúning ef til framkvæmda skyldi koma. Fyrirtækið þarf að vera í stakk búið til að ráðast í framkvæmdir með tiltölulega stuttum fyrirvara, verði af áformum viðskiptavina. Mynd 4.8 sýnir staðsetningu verkefna tímabilið 2008–2011.



Mynd 4.8. Staðsetning verkefna tímabilið 2008 – 2011. Punktarnir sýna framkvæmdastaði og eru grænir punktar samþykkt verkefni og gulir eru verkefni í undirbúningi.

4.2.1. Nýframkvæmdir.

Nýframkvæmdir fara í gegnum langt undirbúnings- og matsferli áður en til samþykktar þeirra eða framkvæmda kemur. Kröfur hafa komið fram um aukna flutningsgetu flutningskerfisins og til að mæta þessum kröfum er unnið að stækkun tengivirkja, lagningu nýrra strengja og lína sem fela m.a. í sér spennuhækkun á viðkomandi flutningsleiðum og þar með aukna flutningsgetu.

Í töflu 4.1 má sjá áætlaðan kostnað vegna stærstu verkefna á þessu sviði og grænir punktar á mynd 4.8 sýna staðsetningu þessara verkefna.

Tafla 4.1. Áætlaður kostnaður við nýframkvæmdir (millj. kr.).

Nýframkvæmdir (millj. kr.)	**<2008**	**2008**	**2009**	**2010**	**2011 og síðar**	**Heildar-kostnaður**	**Staða**
Lagarfosslína 1	80	110				190	Í framkvæmd
Strengur Nesjavellir – Geithals	50	245	1.155			1.450	Samþykkt
Tengivirkið við Kolviðarhól		470	30			500	Í framkvæmd
Þéttavirki Brennimel	50	175	30			255	Samþykkt
Samtals	**180**	**1.000**	**1.215**			**2.395**	

Lagarfosslína 1 – styrking og aukin flutningsgeta.

Með stækkun Lagarfossvirkjunar eykst flutningsþörf raforku frá virkjuninni. Frá Lagarfossi að Eyvindará er 66 kV lína, Lagarfosslína 1, sem var byggð 1974. Áætlaður heildarkostnaður við styrkingu og aukningu flutningsgetu línunnar er 190 millj. kr.

Strengur Nesjavellir – Geithals.

Áætlaður heildarkostnaður við lagningu strengs milli Nesjavalla og Geithals er 960 millj. kr. Nesjavallavirkjun er nú tengd landskerfinu með einni 145 kV háspennulínu, Nesjavallalínu 1. Eftir að Nesjavallavirkjun var stækkuð í 120 MW er jarðstrengshluti Nesjavallalínu 1 orðinn ríflega fulllestaður, auk þess sem of mikil framleiðsla fer út í bilanatilfellum.

Tengivirki við Kolviðarhól – stækkun.


Orkuveita Reykjavíkur hyggst auka framleiðslu í Hellisheiðarvirkjun árið 2008. Vegna þessa þarf að bæta við tveimur rofareitum í tengivirki Landsnets við Kolviðarhól. Áætlaður kostnaður við stækkunina er 500 millj. kr.

Þéttavirki Brennimel.

Áætlaður heildarkostnaður við stækkun þéttavirkis á Brennimel er 255 millj. kr. Bæta þarf við 50 MVAR þétti á 220 kV fyrir 5. áfanga stækkunar Norðuráls sem nemur 70 MW. Þéttirinn er nauðsynlegur til að halda spennu á Brennimel innan marka við bilanir.

4.2.2. Verkefni í undirbúningi.

Ár hvert er unnið að endurnýjunum í flutningskerfinu til að viðhalda hæfni þess og uppfylla kröfur viðskiptavina Landsnets. Samkvæmt áætlunum um lífaldur flutningsvirkja mun endurnýjunarþörf kerfisins kalla á framkvæmdir á næstu árum eins og mynd 4.9 sýnir. Í undirbúningi og þarfagreiningu eru verkefni sem lúta að endurnýjun og viðhaldi flutningskerfisins á næstu árum og meðal slíkra verkefna eru endurnýjun og bygging tengivirkja og lína í flutningskerfinu.



Mynd 4.9. Endurnýjunarkostnaður tengivirkja og lína tímabilið 2007–2032.

Með stækkun flutningskerfisins og aukinni kröfu til áreiðanleika kerfisins eykst rekstrar-, viðhalds- og endurnýjunarkostnaður kerfisins í heild. Á næstu árum og áratugum má gera ráð fyrir aukinni þörf á endurnýjun í kerfinu.

Áætlaður heildarkostnaður við verkefni sem eru í athugun og undirbúningi hjá Landsneti til að mæta aukinni raforkunotkun og kröfum um áreiðanleika er um 1 milljarður króna árið 2008. Frekari aukning stóriðju er í umræðunni og hafa rannsóknir farið fram í tengslum við stóriðju á Norðurlandi, Suðurnesjum og í Straumsvík. Fram hafa komið beiðnir um undirbúning framkvæmda vegna stóriðju í Straumsvík, Helguvík og Húsavík auk aflþynnuverksmiðju á Akureyri.

Í töflu 4.2. má sjá áætlaðan kostnað vegna verkefna í undirbúningi og gulir punktar á mynd 4.8 sýna staðsetningu þessara verkefna. Landsnet hefur samþykkt að vinna að undirbúningi verkefnanna og gert samkomulag (Minutes of Understanding, MOU)[13] vegna þeirra við viðkomandi stóriðjufyrirtæki. Í því samkomulagi er kveðið á um að samningsaðili greiði undirbúningskostnað vegna viðkomandi verkefnis. Ekki liggur hins vegar fyrir samþykki Landsnets um að hefja framkvæmdir við verkefnin.

Tafla 4.2. Áætlaður kostnaður við verkefni í undirbúningi (millj. kr.).

Verkefni í undirbúningi	<2008	2008	2009	2010	2011 og síðar	Heildar-kostnaður
Aflþynnuverksmiðja Akureyri*	20	470				490
Stækkun álvers í Straumsvík*	100					100
Álver í Helguvík*	90	630	3.790	5.550	4.200	14.260
Álver við Húsavík*	70	112	2.060	4.930	2.960	10.132
Kröflulína 2		250	200	200	200	850
Suðurnesjalína 2	40	50	210	690	60	1.050
Sæstrengir til Vestmannaeyja		15	40	275	1.040	1.370
Samtals	**320**	**1.527**	**6.300**	**11.645**	**8.460**	**28.252**

** Samkomulag (Minutes of Understanding, MOU) um að viðkomandi aðilar greiða undirbúningskostnað. Verkefnin þarfnast umsagnar Orkustofnunar og samþykkis ráðherra áður en ráðist er í framkvæmdir við þau.*

Aflþynnuverksmiðja á Akureyri.

Orkuþörf verksmiðjunnar verður um 640 GWst á ári í upphafi sem er um fimm sinnum meira rafmagn en Eyjafjarðarsvæðið notar árlega. Nauðsynlegt er að styrkja flutningskerfi Landsnets á Norðurlandi til frambúðar á næstu árum vegna aukinnar raforkunotkunar þar. Áætlaður heildarkostnaður er 750 millj. kr.

Stækkun álvers í Straumsvík.

Áfallinn kostnaður Landsnets til ársloka 2007 vegna hugmynda um stækkun álversins í Straumsvík er um 100 millj. kr. en sá kostnaður verður greiddur af Alcan í samræmi við áðurnefnt samkomulag (Minutes of Understanding, MOU). Tillaga að deiliskipulagi fyrir stækkun álversins var hins vegar felld í íbúakosningum í Hafnarfirði 31. mars 2007. Engar framkvæmdir voru hafnar hjá Landsneti í tengslum við þetta verkefni.

[13] *Minutes Of Understanding* (MOU) er minnisblað milli Landsnets og verkkaupa um fyrirkomulag, kostnað og greiðslu kostnaðar vegna einstakra þátta verkefna.

Álver í Helguvík.

Áætlaður heildarkostnaður við raforkuflutningsvirki sem þarf að reisa, breyta eða endurnýja vegna byggingar álvers í Helguvík er 14,3 milljarðar kr.

Álver við Húsavík.

Áætlaður heildarkostnaður við raforkuflutningsvirki sem þarf að reisa, breyta eða endurnýja vegna byggingar álvers á Bakka við Húsavík er 10,3 milljarðar kr.

Kröflulína 2.


Áætlaður heildarkostnaður við aukningu flutningsgetu Kröflulínu 2 er 850 millj. kr. Kröflulína 2 er um 200 km að lengd. Áætlað er að ljúka verkefninu á fimm árum. Framkvæmdin er nú í umhverfismati.

Suðurnesjalína 2.

Vegna aukinnar raforkuframleiðslu á Suðurnesjum er nauðsynlegt að bæta við raforkuflutningslínu þaðan í Hamranes. Áætlað er að reisa 30 km langa 220kV línu og að því verki verði lokið 2012. Áætlaður heildarkostnaður er 1.050 millj. kr.

Sæstrengir til Vestmannaeyja.

Áætlaður heildarkostnaður við endurnýjun sæstrengja til Vestmannaeyja er 1.370 millj. kr. Til Vestmanneyja liggja tveir sæstrengir, annar frá árinu 1962 og hinn frá árinu 1978. Vegna ástands núverandi strengja og aukinnar raforkunotkunar þar er talið nauðsynlegt að endurnýja báða strengina.



Mynd 4.10. Lengd lína eftir aldursdreifingu og spennu.

Mynd 4.10 sýnir lengd lína eftir aldursdreifingu og spennu, en elstu línur flutningskerfisins eru frá árinu 1947. Línur sem eru eldri en 50 ára eru samtals um 150 km að lengd og línur sem eru 41–50 ára eru samtals um 90 km að lengd. Flutningskerfið eldist og eru margar línur

að komast á endurnýjunaraldur. Með stækkun flutningskerfisins og hækkun spennu eykst mikilvægi þess að undirbúa kerfisbundið endurnýjun eldri lína. Í töflu 4.3 má sjá lista yfir endurnýjunarverkefni sem eru í undirbúningi, en þessi verkefni hafa enn ekki verið kostnaðarreiknuð. Gulir punktar á mynd 4.8 sýna staðsetningu þessara verkefna.

Tafla 4.3. Verkefni í undirbúningi sem ekki hafa verið kostnaðarreiknuð.

	2008	2009	2010	2011	Óákveðið
Línur					
Akraneslína 1 og Andakílslína 1 (66kV)					x
Breiðadalslína 1 (66kV)	x				
Bolungarvíkurlína 2 (66kV)	x				
Fáskrúðsfjarðarlína 1 (66 kV)	x				
Hellulína 2 (66 kV)		x			
Húsavíkurlína 1 (33 kV)					x
Hvolsvallarlína 2 (66 kV)	x				
Korpulína – strenglagning (132 kV)				x	
Mjólkárlína 1 (132 kV)	x				
Sauðárkrókslína 1 (66 kV)		x			
Selfosslína 1 (66 kV)			x		
Sogslína 2 (132 kV)				x	
Tengivirki					
Tengivirki Grundarfirði (66 kV)	x				
Tengivirki Hvolsvelli (66 kV)			x		
Tengivirki Seyðisfirði (66 kV)			x		
Tengivirki á Ísafirði (132 kV)	x				

4.2.3. Verkefni í frumathugun.

Á síðustu árum hefur eftirspurn eftir endurnýjanlegri orku aukist mikið og hafa fyrirspurnir borist frá fjölda alþjóðlegra fyrirtækja síðustu misserin. Samtímis hefur orkunotkun tvöfaldast á skömmum tíma, einkum vegna nýrrar stóriðju, en samfara því hefur einnig almenn orkunotkun aukist. Það er skylda Landsnets að tengja þá viðskiptavini sem óska eftir flutningi raforku en einnig að byggja upp og viðhalda flutningskerfinu þannig að það stuðli að virkri samkeppni í viðskiptum með rafmagn. Fyrirtækið þarf því að vera í stakk búið til að ráðast í framkvæmdir með tiltölulega stuttum fyrirvara, verði af áformum viðskiptavina og gera þannig aðilum markaðarins kleift að stunda viðskipti án hindrana.

Hér eru talin upp þau verkefni sem eru í frumathugun til að tryggja að Landsnet sinni skyldu sinni til langs tíma.

<u>Styrking/endurnýjun byggðalínu.</u>

Byggðalínan sem tengir alla afhendingarstaði Landsnets frá Brennimel að Sigöldu þarfnast að stórum hluta endurnýjunar, bæði sökum aldurs en einnig vegna þeirra takmarkana til álagsaukningar sem til staðar eru í dag og er fyrirséð að munu aukast enn frekar með tímanum. Í frumathugun er endurnýjun eða styrking Kröflulínu 2 (Krafla – Fljótsdalur), ný lína milli Blöndu og Rangárvalla og styrking milli Rangárvalla og Kröflu. Allar þessar flutningsleiðir yrðu byggðar fyrir rekstur á 220 kV.

Hálendislína.

Frumathugun hefur staðið yfir á byggingu 220 kV hálendislínu frá Þjórsár-/Tungnaársvæðinu og norður til Rangárvalla eða Kröflu. Kerfisrannsóknir sýna að slík tenging myndi bæta flutningsgetu, afhendingaröryggi og rafmagnsgæði á afhendingarstöðum byggðalínunnar.

Nýjar flutningsleiðir til Þorlákshafnar.

Frumathugun línuleiða er hafin vegna hugmynda um orkufrekan iðnað í Þorlákshöfn.

Strengsetning Hamraneslína 1 og 2 að hluta.

Frumathugun er hafin á strengsetningu hluta Hamraneslínu 1 og 2 en sú framkvæmd er til skoðunar að beiðni Hafnarfjarðarbæjar.

4.3. Neyðarsamstarf raforkukerfisins (NSR).

Stórfelld áföll í raforkukerfinu, hvort heldur er hjá framleiðendum raforku eða flutnings- og dreifiaðilum, geta lamað þjóðfélagið og því haft stórfelld áhrif á þjóðarhag. Þetta á einnig við einstök fyrirtæki sem mjög eru háð raforku og þola illa straumleysi þótt í stuttan tíma sé. Því er mikilvægt að allir þættir í rekstri raforkukerfisins séu vel skilgreindir jafnt hvað varðar daglega starfsemi sem og viðbrögð við hvers konar áföllum.

Sérhver raforkuframleiðandi, flutningsaðili eða dreifingaraðili sem og stórir raforkunotendur sinna sínum rekstraröryggismálum í samræmi við lög, reglugerðir og þá staðla sem settir eru. Nokkuð mismunandi er hvort fyrirtækin hafa sérstaklega hugað að neyðarvörnum og fer það nokkuð eftir staðsetningu, umfangi og mikilvægi starfsemi þeirra.

Landsvirkjun og síðan Landsnet og önnur stór raforkuframleiðslufyrirtæki hafa sinnt neyðarvörnum af krafti í rúman áratug og m.a. byggt neyðarstjórnun inn í stjórnkerfi fyrirtækjanna, samræmt skipulag sitt skipulagi Almannavarna, haldið æfingar og auk þess tekið þátt í æfingum annarra, svo sem Almannavarna.

Með breytingum á raforkulögum, nr. 65/2003, breyttist hlutverk raforkugeirans við að framleiðsla, rekstur raforkuflutnings og dreifingar voru aðskilin. Rekstur flutningskerfisins og kerfisstjórnun er nú í höndum Landsnets. Fram að gildistöku laganna hafði Landsvirkjun haft með höndum kerfisstjórn og samræmingu viðbragða við hvers konar truflunum þar á meðal viðbrögðum við hamförum og hverskonar stórbilunum í samráði við fulltrúa veitna í stjórnstöð Almannavarna ríkisins. Í nýrri samhæfingarstöð Almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra hefur sæti fulltrúa raforkukerfisins ekki verið mannað enn sem komið er, en gert er ráð fyrir að fulltrúi Landsnets sinni því hlutverki í framtíðinni.

Við þessar veigamiklu breytingar á starfsemi raforkugeirans varð mönnum það ljóst að nauðsynlegt væri að huga alvarlega að samræmdri neyðarstjórnun raforkukerfisins þar sem allir þeir sem gegna veigamiklu hlutverki þyrftu að taka þátt komi til stórfelldra bilana hjá raforkuframleiðendum, flutningsaðilum eða hjá stórnotendum. Slíkt gæti stytt verulega viðbragðstíma vegna gagnkvæmrar aðstoðar er varðar mannauð, varahluti og búnað. Slík samvinna gæti minnkað líkurnar á stórfelldum þjóðhagslegum skaða.

Eftir að hafa kynnt hugmyndir um samstarf í neyðarstjórnarmálum í janúar 2005 boðaði Landsnet til fundar í lok maí 2005 um formlega stofnun samráðsvettvangs neyðarstjórnarmála með hagsmunaaðilum innan raforkugeirans. Á fundinn mættu fulltrúar stærstu raforkuframleiðenda, Orkustofnunar, Samorku, stóriðju og ríkislögreglustjóra ásamt fulltrúa frá

iðnaðarráðuneytinu. Fundarmenn voru sammála um mikilvægi samvinnu og samræmdrar skipulagningar neyðarstjórnunar. Var Landsneti falið að leiða verkefnið áfram.

Meðal mikilvægra verkefna samræmdrar neyðarstjórnunar raforkukerfisins er samræming neyðarviðbragða þátttakenda sem og öll samvinna við opinbera aðila, svo sem Almannavarnir. Einnig samræming á uppbyggingu neyðarfjarskipta, skipulagning viðbragðssveita auk sameiginlegra æfinga. Ekki er síður mikilvægt að koma upp sameiginlegum gagnagrunni þar sem aðilar geta nálgast á skjótan hátt upplýsingar um varahluti, mannafla, þekkingu sem og tól og tæki sem hjálpað gæti aðilum í neyð.

Forsvarsmenn Landsnets lýstu sig reiðubúna til að leiða þessa vinnu áfram og lögðu til að hraðað yrði ákvarðanatöku um skipulag og fjármögnun neyðarstjórnunar raforkukerfisins ásamt lagalegum stoðum þess þannig að unnt yrði að vinna áfram að verkefninu. Reikna mætti með að kostnaður vegna reksturs samræmdrar neyðarstjórnunar fyrir raforkukerfið gæti orðið um 20–25 millj. kr. á ári. Landsnet myndi bera ábyrgð á allri umgjörð neyðarstjórnunar, uppbyggingu og viðhaldi á neyðarstjórnstöð, gerð sameiginlegra viðbúnaðaráætlana ásamt öðru sem slík samvinna kallar á. Verkefnið fékk vinnuheitið: Neyðarstjórn raforkukerfisins (NSR) en var breytt í: Neyðarsamstarf raforkukerfisins (NSR) að ósk eins þátttakandans. Skipuð var vinnunefnd með einum fulltrúa frá hverjum þátttakenda. Skiptu fulltrúarnir sér upp í þrjár sjálfstæðar vinnunefndir þar sem ein skyldi fjalla um lagalegan grunn NSR og koma með tillögur um breytingar á raforkulögum sem styddi starfsemi NSR. Önnur skyldi semja starfsreglur NSR og sú þriðja skyldi leggja grunn að sameiginlegum gagnagrunni fyrir NSR.

Í lok ágúst 2007 héldu allar vinnunefndirnar sameiginlegan fund þar sem aðilar samþykktu þá vinnu sem lá að baki. Ákveðið var að afhenda niðurstöðurnar forstjórum fyrirtækjanna og stofnananna sem stóðu að undirbúningnum til áframhaldandi vinnslu.

Í október 2007 lagði iðnaðarráðherra fram frumvarp til breytinga á raforkulögum, sem felur m.a. í sér lögbindingu á verkefnum tengdum neyðarsamstarfi raforkukerfisins, en þau ákvæði byggjast á tillögum vinnuhóps NSR um lagabreytingar.

4.4. Norræn samvinna á sviði neyðarsamstarfs meðal raforkuflutningsfyrirtækja.

Frá níunda áratug síðustu aldar hafa Landsvirkjun og síðan Landsnet tekið þátt í norrænu samstarfi um viðbrögð við hamförum í raforkukerfinu (beredskapsplanering/contingency planning). Þessi samvinna var formlega staðfest með yfirlýsingu árið 2004, sem öll Norðurlöndin stóðu að. Samvinna þessi fór fram á vegum NMK (Nordisk Myndighetsgrupp för Kraftförsörjningsberedskap) sem yfirvöld raforkumála í öllum löndunum standa að og einnig á vegum NEF (Nordisk Elberedskaps- og Säkerhetsforum), en að því stóðu auk yfirvalda öll raforkuflutningsfyrirtæki (TSO's) á Norðurlöndum.

Nú hafa þessar tvær nefndir verið sameinaðar undir nafninu NordBer (Nordisk Beredning). Þetta var gert með undirritun viljayfirlýsingar þátttökuaðila í september 2006. Markmiðið með NordBer er að stýra umræðum milli hagsmunaaðila, sem eru yfirvöld, kerfisstjórnendur og raforkuframleiðendur á Norðurlöndunum, um skipulag, viðbúnað og framkvæmd neyðarviðbragða í raforkukerfinu.

5. Gæði raforku og afhendingaröryggi.

Í þessum kafla er fjallað um gæði raforku og afhendingaröryggi með hliðsjón af upplýsingum um fjölda fyrirvaralausra truflana og skerðingar á raforkuafhendingu þeim tengdum í flutningskerfi Landsnets, hjá vinnslufyrirtækjum og dreifiveitum.

5.1. Eftirlit með gæðum raforku og afhendingaröryggi.

Raforka er ein af mikilvægustu grunnþörfum samfélagsins. Aðgangur að raforku er lykilatriði til að nútímaþjóðfélag geti gegnt sínu hlutverki og uppfyllt þær þarfir sem til þess eru gerðar. Megnið af tækjabúnaði hvort sem hann er á heimilum, skrifstofum eða hjá iðnaðarfyrirtækjum er háður raforku. Þá krefjast notendur þess að afhending raforkunnar sé samfelld og órofin og að raforkan sé afhent á réttri spennu og með stöðugri tíðni. Hvað þessi atriði varðar eru kröfur notenda, hvort sem þeir eru stórir eða smáir, heimili eða iðnaðar- og þjónustufyrirtæki, sífellt að aukast. Kröfurnar auka þrýsting á veitufyrirtækin um að auka afhendingaröryggi með styrkingu veitukerfa, endurbyggingu þeirra ásamt aukinni sjálfvirkni og fullkomnari eftirlits- og varnarbúnaði.

Gagnsemi og verðmæti raforku fyrir notendur er háð gæðum hennar og afhendingaröryggi. Truflun á afhendingu raforku leiðir til margvíslegra óþæginda og framleiðslutaps hjá atvinnufyrirtækjum. Kostnaður af truflun á orkuafhendingu er mismunandi mikill hjá notendum og atvinnufyrirtækjum, háður eðli starfseminnar á hverjum stað og á hvaða tíma sólarhringsins truflunin verður.

Afhendingarþjónustu veitufyrirtækjanna má skipta í tvennt, annars vegar er varðar afhendingarspennu og tíðni og hins vegar er tekur til áreiðanleika í afhendingu rafmagnsins.

Mikilvægur þáttur í starfi eftirlitsstofnana er eftirlit með gæðum raforku og afhendingaröryggi hennar. Með nýju skipulagi raforkumála og breyttu rekstrarumhverfi eykst mikilvægi þessa þáttar enn.

Nútímaþjóðfélag krefst þess að rekstraröryggi raforkukerfa sé mikið. Flókið og erfitt er að meta hinn raunverulega kostnað við truflun á orkuafhendingu, en víða er unnið að þróun aðferðafræða til að komast nær því hver hann í reynd er.

Hönnun og uppbygging raforkukerfanna svo og viðhald þeirra og rekstur eru þættir sem tryggja eiga áreiðanleika kerfanna. Raforkufyrirtækin leggja áherslu á rekstraröryggi veitukerfa sinna og hefur þessi áhersla aukist með árunum. Tækniframfarir hafa leitt til breytinga á aðferðum við uppbyggingu veitukerfa, sem jafnframt auka rekstraröryggi. Í þessu tilliti þarf samt að hafa í huga heildarhagkvæmni, þ.e. annars vegar stofn- og rekstrarkostnað við veitukerfin og hins vegar kostnað sem tengist truflun á orkuafhendingu til notenda.

Í 28. gr. raforkulaga, nr. 65/2003, er fjallað um gæði raforku og afhendingaröryggi. Þar er gert ráð fyrir að eftirlit með gæðum raforku og afhendingaröryggi byggist fyrst og fremst á innra eftirliti raforkufyrirtækjanna sjálfra. Í lögunum er Orkustofnun falið tæknilegt eftirlit með fyrirtækjunum, en henni er heimilt að fela faggiltum skoðunarstofum framkvæmd eftirlitsins, enda annast faggiltar rafskoðunarstofur sambærilegt eftirlit nú þegar á grundvelli laga um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga.


Raforkulögin gera ráð fyrir talsverðu aðhaldi í fjármálum sérleyfisfyrirtækjanna. Slíkt aðhald gæti fyrr eða síðar leitt til slakara eftirlits fyrirtækjanna með veitukerfunum og dregið úr viðhaldi, endurnýjun og uppbyggingu þeirra. Lagaákvæðið um eftirlit með gæðum og afhendingaröryggi raforku á að tryggja að fylgst sé með þessum þáttum og að auðvelda yfirvöldum að grípa inn í komi í ljós að gæði raforku og afhendingaröryggi versni frá því sem nú er. Fyrirtækjunum ber að skrá í þar til gerðan gagnagrunn ástand tíðni og spennu, sem og allar bilanir, rekstrartruflanir og straumleysi ásamt umfangi þess. Slíkur samanburður milli ára og milli fyrirtækja er gagnlegur mælikvarði á breytingar á afhendingaröryggi þeirra.

Fyrirtækin skulu árlega setja sér markmið um fækkun truflana, bilana og skerðingar. Nái þau ekki settum markmiðum skulu þau gera Orkustofnun grein fyrir ástæðum þess að þau

náðust ekki og fyrirhuguðum aðgerðum til úrbóta. Niðurstöður úrvinnslu gagnanna verða birtar á heimasíðu Orkustofnunar til samanburðar fyrir raforkunotendur.


5.2. Fjöldi fyrirvaralausra truflana í flutningskerfinu og skerðing raforku.

Mynd 5.1 sýnir fjölda fyrirvaralausra truflana í aðveitu- og flutningskerfi Landsnets á árunum 1997 til 2006 og hvernig þær skiptast milli aðveitustöðva, lína og kerfisbilana. Margar truflanir á línum á árinu 2001 má rekja til seltu. Á árinu 2002 urðu allmargar útleysingar í aðveitustöðvum vegna þéttavirkis á Brennimel, en lausn hefur fundist á þeim vanda. Á árinu 2006 vegur þyngst truflun á Mjólkárlínu, en línan var úr rekstri á þriðja sólarhring, þar sem ekki var unnt að komast að henni til viðgerðar vegna aftakaveðurs. Á súluritinu má sjá að bilanir á árunum 2003 til 2006 eru færri en á árunum þar á undan. Telja verður að þetta sé vísbending um hagstæða þróun, en hafa verður í huga að erfitt veðurfar getur haft veruleg áhrif á fjölda truflana og þannig breytt útkomu umtalsvert.



Mynd 5.1. Fjöldi fyrirvaralausra truflana í flutningskerfi Landsnets 1997–2006. Heimild: Landsnet (2007), Frammistöðuskýrsla 2006.


Mynd 5.2 sýnir heildarskerðingu raforkuafhendingar, í straumleysismínútum, vegna bilana í aðveitu-, flutnings- og vinnslukerfi Landsnets á árunum 1997 til 2006. Eins og myndin sýnir eru bilanir í línukerfinu meginástæða straumleysis. Straumleysismínútur eru reiknaðar út sem hlutfall milli skertrar raforku til viðskiptavina og heildarorkusölu ársins margfaldað með fjölda mínútna í ári.



Mynd 5.2. Straumleysismínútur vegna fyrirvaralausra bilana í flutningskerfi Landsnets 1997–2006. Heimild: Landsnet (2007), Frammistöðuskýrsla 2006.

5.3. Fjöldi fyrirvaralausra truflana hjá dreifiveitum og skerðing raforku hjá notendum.

Mynd 5.3 sýnir fjölda truflana (þ.e. truflana sem valda straumleysi) hjá einstökum dreifiveitum að teknu tilliti til þess fjölda notenda sem veitan þjónar ásamt meðaltalsgildi allra veitna. Með því að tengja truflanafjöldann við fjölda notenda verður fjöldi truflana samanburðarhæfur milli veitna. Á súluritinu sést að truflanatíðni er hæst hjá Orkubúi Vestfjarða og á dreifbýlissvæðum Rariks. Verulegur hluti veitukerfis Orkubús Vestfjarða og Rariks í dreifbýli er byggður upp með loftlínum, en truflanir eru mun tíðari á loftlínum en jarðstrengjum af veðurfarsástæðum.Kostnaðarmismunur réði því að byggðar voru loftlínur í stað þess að leggja jarðstrengi. Síðustu áratugi hefur verð á jarðstrengjum lækkað umtalsvert og það sama á við um kostnað við lagningu strengjanna og er svo komið að kostnaður við byggingu loftlína og lagningu jarðstrengja er áþekkur þegar um byggingu dreifikerfa fyrir 11 til 33 kV er að ræða. Af þessu leiðir einnig að jarðstrengir koma í stað loftlína við endurnýjun þeirra.



Mynd 5.3. Meðalfjöldi straumleysistilvika á hvern notanda og skerðing á afhendingu raforku vegna fyrirvaralausra truflana hjá dreifiveitum á árinu 2006. Heimild: Orkustofnun

Mynd 5.3 sýnir einnig meðaltalsskerðingu á orkuafhendingu hjá einstökum veitum á árinu 2006 vegna fyrirvaralausra truflana. Skerðingin er mæld sem meðallengd straumleysis í klukkustundum hjá hverjum notanda yfir árið. Í skerðingunni eru meðtalin áhrif af truflunum í flutningskerfinu. Eins og fram kemur á myndinni er skerðing á orkuafhendingu mest hjá Orkubúi Vestfjarða. Meginástæða þessarar miklu skerðingar er truflun á Mjólkárlínu eins og vikið er að í kafla 5.2. Aðeins ein flutningslína, Vesturlína, tengir rafdreifikerfi Orkubúsins við hringkerfið. Vesturlína er um 160 km að lengd og liggur hluti hennar yfir fjalllendi, þar sem veðurhæð er iðulega mikil ásamt ísingu. Þar að auki liggja nokkrar aðveitulínur Orkubúsins yfir fjalllendi og verða fyrir svipaðri veðuráraun og Vesturlína. Í bilanatilvikum getur Orkubúið gripið til varaaflsstöðva víðs vegar á orkuveitusvæði sínu, en uppsett varaafl hjá Orkubúinu er milli 18 og 20 MW, sem svarar nokkurn veginn til hæsta afltopps veitunnar. Væru varastöðvar ekki til staðar á Vestfjörðum yrði skerðing til notenda mun meiri þar sem þessar stöðvar fara í gang fljótlega eftir að til truflunar kemur en þær geta annað stórum hluta álagsins á svæðinu. Einnig fara kyntar hitaveitur yfir á olíu í slíkum tilvikum. Varastöðvarnar stytta því það straumleysi sem notendur verða fyrir en þær hafa takmörkuð áhrif á tíðni rafmagnsleysis þar sem það tekur nokkurn tíma að ræsa þær eftir að aðflutningur raforku hefur rofnað.


Skerðing er næstmest á dreifbýlissvæðum Rariks, en skerðing raforkuafhendingar hjá öðrum fyrirtækjum er mun minni flest árin. Skerðing er mest í dreifbýli þar sem loftlínur eru

meginuppistaða raforkukerfisins, en truflanir eru mun tíðari á loftlínum vegna veðurs en jarðstrengjum, sem notaðir eru á þéttbýlli svæðum.

Til að jafna aðstöðumun þeirra dreifiveitna sem ekki tengjast afhendingarstað á hringkerfi Landsnets greiðir Landsnet kostnað við varaaflsvinnslu meðan á truflunum stendur í flutningskerfinu. Sama á við um þá afhendingarstaði dreifiveitna sem ekki eru tengdir tveimur aðalflutningslínum.

5.4. Samanburður á raforkuskerðingu við önnur Norðurlönd.

Áhugavert getur verið að bera saman skerðingu á raforkuafhendingu frá flutningskerfinu hér á landi miðað við önnur lönd. Við slíkan samanburð þarf að taka tillit til mismunandi stærðar raforkukerfanna og því er skerðingin reiknuð sem hlutfall af heildarorkunotkun viðkomandi lands. Á mynd 5.4 er skerðing á afhendingu raforku frá flutningskerfinu á Íslandi borin saman við skerðingu á öðrum Norðurlöndum á árunum 2002–2006 ásamt meðaltali fyrir árin 1997–2006.



Mynd 5.4. Skerðing á orkuafhendingu frá flutningskerfum á Norðurlöndunum.
Heimild: Nordel, grid disturbance and fault statistics 2006.

Samanburðurinn ber með sér að árleg skerðing er tilviljanakennd og ekki samfelld þróun. Nær undantekningarlaust tengjast hæstu súlurnar stórviðrum í viðkomandi landi.

Séu einstök ár skoðuð er mesta skerðingin, á tímabilinu sem tilgreint er á súluritinu, í Danmörku á árinu 2003, en hún stafaði af umfangsmikilli truflun í Suður-Svíþjóð sem olli jafnframt straumleysi á öllu Sjálandi, en landsvæðin eru tengd saman. Næstmesta skerðingin er á Íslandi á árinu 2006. Þar valda mestu bilanir á Vesturlínu eins og áður er greint frá.

Séu meðaltalsgildi landanna skoðuð sést að Ísland kemur verst út með tæplega tvöfalt meiri skerðingu en Danmörk, Noregur og Svíþjóð. Meðaltalgildið fyrir Finnland er áberandi lægst og nemur skerðingin þar aðeins um 5 hundruðustu hlutum af skerðingunni á Íslandi.

6. Rannsóknir á orkulindum og undirbúningur á virkjun þeirra til raforkuvinnslu.

Í þessum kafla er fjallað um rannsóknir á orkulindum og undirbúning og framkvæmdir vegna raforkuvinnslu. Einnig er fjallað um orkurannsóknaráætlun og rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

6.1. Lagaumhverfi.

Hlutverk Orkustofnunar samkvæmt lögum nr. 87/2003, um Orkustofnun, er m.a. að standa fyrir rannsóknum á orkulindum landsins. Meginmarkmið þeirra rannsókna er að skilgreina stærð og nýtanleika orkulindanna til að geta verið stjórnvöldum til ráðuneytis um ráðstöfun þeirra til nýtingaraðila.

Fjallað er um ráðstöfun orkulinda til rannsóknar- og nýtingaraðila í lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Ákvæði laganna um leyfi til nýtingar jarðhita eiga hins vegar ekki við um nýtingu jarðhita til raforkuvinnslu og lögin taka heldur ekki til nýtingar vatnsafls til raforkuvinnslu.

Leyfi ráðherra fyrir nýjum virkjunum hafa fram til ársins 2003 byggst á vatnalögum, nr. 15/1923, orkulögum, nr. 58/1967, og síðar einnig á lögum um raforkuver, nr. 60/1981, með áorðnum breytingum, en frá árinu 2003 hafa leyfi til raforkuvinnslu verið gefin út á grundvelli raforkulaga, nr. 65/2003.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar kemur fram að stefnt sé að því að ná víðtækri sátt um verndun verðmætra náttúrusvæða landsins. Ríkisstjórnin leggur því mikla áherslu á að ljúka rannsóknum á verndargildi þeirra og gildi annarrar nýtingar. Sérstök áhersla verður lögð á að meta verndargildi háhitasvæða landsins og flokka þau með tilliti til verndar og orkunýtingar. Stefnt verður að því að ljúka vinnu við rammaáætlun fyrir lok árs 2009 og leggja niðurstöðuna fyrir Alþingi til formlegrar afgreiðslu. Þar til sú niðurstaða er fengin verður ekki farið inn á óröskuð svæði án samþykkis Alþingis, nema rannsóknar- eða nýtingarleyfi liggi fyrir. Nokkur svæði, sem talin eru mikilvæg út frá verndunarsjónarmiðum af stofnunum umhverfisráðuneytisins, verða undanskilin nýtingu og jarðrask þar óheimilt þar til framtíðarflokkun hefur farið fram í samræmi við staðfestar niðurstöður rammaáætlunarinnar. Slík svæði eru Askja, Brennisteinsfjöll, Hveravellir, Kerlingafjöll, Kverkfjöll og Torfajökull. Þá á að bæta vatnasvið Jökulsár á Fjöllum við Vatnajökulsþjóðgarðinn og ekki verður snert við Langasjó í virkjanaskyni á þessu tímabili. Loks á að tryggja stækkun friðlandsins í Þjórsárverum þannig að það nái yfir hið sérstaka votlendi veranna.

6.2. Undirbúningur og framkvæmdir vegna raforkuvinnslu.

Undanfarin ár hafa átt sér stað miklar framkvæmdir og rannsóknir á orkulindum landsins Framkvæmdirnar hafa að mestu leyti tengst byggingu álvers Alcoa Fjarðaáls á Reyðarfirði og stækkun álvers Norðuráls við Grundartanga.

Orkuveita Reykjavíkur fékk leyfi til að stækka Hellisheiðarvirkjun úr 80 MW í 160 MW árið 2006. Leyfið miðast við nám frumorku í háþrýstiþrepi og er sá háttur hafður á til að hvetja orkufyrirtækin til betri nýtingar hennar. Með því að bæta við lágþrýstiþrepi getur Orkuveita Reykjavíkur aukið raforkugetuna án þess að ganga frekar á auðlindina og gert er ráð fyrir að þegar reynsla er komin á niðurdælingu muni fyrirtækið geta sýnt fram á frekari möguleika til stækkunar þessarar einingar. Þá tók fyrirtækið í notkun 30 MW viðbót Nesjavallavirkjunar á árinu 2005, en leyfi fyrir stækkuninni var gefið út árið 2004. Orkuveitan hefur víðtækt rannsóknarleyfi á Hengilssvæði og hefur aflað sér tilskilinna leyfa til að undir-

búa stækkun Hellisheiðarvirkjunar með borunum á svæði sem jafnan er kennt við Skarðsmýrarfjall. Fyrirtækið undirbýr einnig rannsóknarborun utan þess virkjunarsvæðis; á Bitru við Ölkelduháls og hefur nú þegar borað rannsóknarborholur við Hverahlíð.

Hitaveita Suðurnesja fékk 100 MW virkjunarleyfi á Reykjanesi árið 2006, en vegna aðstæðna þar þarf fyrirtækið að bæta nýtni auðlindarinnar frá því sem nú er. Fyrirtækið vinnur einnig að nýju 30 MW raforkuveri í Svartsengi. Síðla árs 2006 fékk Hitaveita Suðurnesja leyfi til rannsókna á svæði sem kennt er við Krýsuvík, en þar hafði fyrirtækið fyrir leyfi við Trölladyngju.[14]

Landsvirkjun vinnur að byggingu Kárahnjúkavirkjunar og raforkuframleiðsla hófst þar í nóvember 2007, en virkjunin hefur 750 MW virkjunarleyfi. Í október 2007 var stækkun Lagarfossvirkjunar formlega tekin í notkun. Hún er byggð á jöfnu rennsli frá Kárahnjúkavirkjun með veitu Jökulsár á Dal til Lagarfljóts. Landsvirkjun fékk virkjunarleyfi fyrir virkjun við Búðarháls árið 2001, en þar hefur aðeins verið unnið við undirbúningsframkvæmdir. Árið 2004 fékk Landsvirkjun leyfi iðnaðarráðherra til að reisa og reka vatnsmiðlun, Norðlingaölduveitu, í samræmi við skilyrði er fram koma í úrskurði setts umhverfisráðherra, dags. 30. janúar 2003, en leyfið var gefið út á grundvelli heimildar Alþingis, skv. lögum nr. 67/2003, um breytingar á lögum um raforkuver. Framkvæmdir við veituna eru hins vegar ekki hafnar og stjórn Landsvirkjunar samþykkti í janúar 2006 að leggja undirbúning Norðlingaölduveitu til hliðar og einbeita sér að öðrum virkjunarkostum. Breytingar á skipulagi svæðisins vegna framkvæmdanna hafa ekki verið samþykktar og í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 23. maí 2007 er talað um að stækkun friðlandsins í Þjórsárverum verði tryggð þannig að það nái yfir hið sérstaka votlendi veranna, en slíkt gæti haft áhrif á gerð Norðlingaölduveitu. Þá hefur Landsvirkjun unnið að undirbúningi að virkjun í neðri hluta Þjórsár og þar er lokið mati á umhverfisáhrifum framkvæmda. Landsvirkjun hefur um nokkurt skeið undirbúið virkjun við Bjarnarflag og hefur lokið við mat á umhverfisáhrifum allt að 80 MW virkjunar. Þá fékk Landsvirkjun leyfi til rannsókna á nýju virkjunarsvæði við Kröflu árið 2002 og þar hafa nýverið verið boraðar þrjár rannsóknarholur. Sama ár var gefið út leyfi til rannsókna á Hágöngusvæði og þar hefur verið boruð ein hola. Árið 2007 fékk Landsvirkjun síðan leyfi til rannsókna í Gjástykki.

Þeistareykir ehf., sem er sameign Norðurorku á Akureyri, Orkuveitu Húsavíkur, Landsvirkjunar og sveitarfélaga á svæðinu, hefur aflað sér rannsóknarleyfis á Þeistareykjum og þar hafa þegar verið boraðar fimm holur til undirbúnings að jarðvarmavirkjun.

Í töflu 6.1 má sjá yfirlit yfir þau rannsóknar- og virkjunarleyfi sem gefin hafa verið út síðastliðin ár á grundvelli laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, laga nr. 60/1981, um raforkuver, og raforkulaga, nr. 65/2003. Frá útkomu síðustu skýrslu iðnaðarráðherra um raforkumálefni árið 2005 hafa bæst við þrjú ný rannsóknarleyfi, en þar er um að ræða rannsóknarleyfi vegna jarðhita í Krýsuvík árið 2006, rannsóknarleyfi vegna vatnsafls við Hagavatn árið 2007 og rannsóknarleyfi vegna jarðhita í Gjástykki árið 2007. Tvö ný virkjunarleyfi hafa verið gefin út á sama tímabili, annars vegar leyfi fyrir stækkun Hellisheiðarvirkjunar úr 80 MW í 160 MW og hins vegar virkjunarleyfi á Reykjanesi.

[14] Rannsóknarleyfi Hitaveitu Suðurnesja fyrir Trölladyngju var upphaflega gefið út árið 2000 og gilti til ársins 2006, en gildistími leyfisins var framlengdur árið 2006 og gildir leyfið nú til ársins 2016.

Tafla 6.1. Útgefin rannsóknar- og virkjunarleyfi fyrir raforkuver (>10 MW) 2001 – október 2007.

Staður / virkjun	Stærð	Leyfishafi	Útgáfuár leyfis	Gildistími leyfis
Rannsóknarleyfi				
Hengilssvæði (Hellisheiði, Bitra við Ölkelduháls og Hverahlíð)		Orkuveita Reykjavíkur	2001	2016
Kröflusvæði (vesturhluti)		Landsvirkjun	2002	2009
Þeistareykir		Þeistareykir ehf.	2004	2008
Hágöngusvæði/Köldukvíslarbotnar		Landsvirkjun	2004	2008
Krýsuvík og Trölladyngja		Hitaveita Suðurnesja	2006	2016
Hagavatn		Orkuveita Reykjavíkur	2007	2012
Gjástykki		Landsvirkjun	2007	2010
Virkjunarleyfi				
Búðarhálsvirkjun	120 MW	Landsvirkjun	2001	
Kárahnjúkavirkjun	750 MW	Landsvirkjun	2002	
Nesjavallavirkjun	120 MW	Orkuveita Reykjavíkur	2004	
Norðlingaölduveita*		Landsvirkjun	2004	
Lagarfossvirkjun	30 MW	Rarik	2004	
Hellisheiðarvirkjun	160 MW	Orkuveita Reykjavíkur	2006	
Reykjanesvirkjun	100 MW	Hitaveita Suðurnesja	2006	

** Leyfi til að reisa og reka vatnsmiðlun.*

Nokkrir aðilar hafa fengið leyfi fyrir smávirkjunum (<10 MW) á grundvelli laga nr. 60/1981, um raforkuver, og raforkulaga, nr. 65/2003, og í töflu 6.2 er listi yfir stærstu smávirkjanirnar sem fengið hafa virkjunarleyfi frá 2001 til júní 2007. Frá útkomu síðustu skýrslu iðnaðarráðherra um raforkumálefni árið 2005 hafa bæst við virkjunarleyfi fyrir Tungudalsvirkjun í Skutulsfirði, virkjun við Gríshól í Helgafellssveit, Fjarðará, Selárvirkjun, Ljósárvirkjun og virkjun við Kaldakvísl á Tjörnesi.

Tafla 6.2. Útgefin virkjunarleyfi fyrir smávirkjanir (<10 MW) 2001 – október 2007.

Staður / virkjun	Stærð	Leyfishafi	Útgáfuár leyfis
Burstabrekkuá	260 kW	Haforka ehf.	2001
Botnsá	550 kW	Birkir Friðbertsson	2002
Kiðá við Húsafell	400 kW	HúsOrka ehf.	2002
Djúpadalsá	1.900 kW	Fallorka ehf.	2003
Djúpadalsá 2. áfangi	1.900 kW	Fallorka ehf.	2004
Straumfjarðará (Múlavirkjun)	1.900 kW	Múlavirkjun ehf.	2004
Glerá	290 kW	Norðurorka hf.	2004
Tungudalsá, Skutulsfirði	700 kW	Orkubú Vestfjarða	2006
Gríshólsá, Helgafellssveit	640 kW	Grísafl ehf.	2006
Fjarðará, Seyðisfirði	9,8 MW	Íslensk Orkuvirkjun ehf.	2006
Selárvirkjun	175 kW	Félagsbú Refsstaðar ehf.	2006
Ljósárvirkjun 1 og 2	1.058 kW	Ljósárvirkjun ehf.	2007
Kaldakvísl á Tjörnesi	2.000 kW	Kaldakvísl ehf.	2007

Á undanförnum árum hafa nokkur stíflubrotaóhöpp komið upp á. Verst þeirra var rof efri stíflu Djúpadalsvirkjunar, en það óhapp má líklega rekja til ónógs undirbúnings fyrir hönnun stíflunnar. Vegna umræðu um leyfisveitingar og eftirlit vegna smávirkjana ákváðu iðnaðarráðherra, umhverfisráðherra og félagsmálaráðherra í ágúst 2007 að skipa starfshóp til að gera almenna úttekt á verkferlum tengdum leyfisveitingum og framkvæmdaeftirliti vegna virkjunarframkvæmda. Í úttektinni á að meta hvort ákvarðanir hafi verið í samræmi við gildandi lög og hvort fylgt hafi verið þeim verkferlum sem lögin gera ráð fyrir. Komi í ljós að misbrestur hafi orðið í samskiptum milli stofnana eða aðrir hnökrar orðið við afgreiðslu og eftirlit, er óskað eftir því að verkferlar verði skýrðir og skráðir og tillögur settar fram um hvernig samstarfi ráðuneyta og stofnana verði sem best komið í fastar skorður þannig að sem minnst hætta sé á mistökum eða skorti á nauðsynlegu samráði. Einnig á að meta í úttektinni hvort brestur hafi orðið í eftirliti opinberra stofnana og á sveitarstjórnarstigi. Ef þörf er talin er óskað eftir tillögum til úrbóta á þessu sviði. Loks á í úttektinni að fara yfir það hvort einhverjir þeir ágallar séu á lögum um mat á umhverfisáhrifum, skipulags- og byggingarlögum og raforkulögum sem nauðsynlegt sé að bæta úr þannig að ákvarðanir um leyfi til virkjunarframkvæmda og eftirlit með þeim séu eins skilvirk og kostur er. Gert er ráð fyrir að starfshópurinn ljúki við úttekt sína fyrir árslok 2007.

6.3. Orkurannsóknaráætlun.

Í krafti þess hlutverks sem Orkustofnun hefur við framkvæmd framangreindra laga eru rannsóknir og áætlanagerð um orkubúskap og nýtingu auðlinda meðal þess sem talið er til hlutverka Orkustofnunar, samkvæmt lögum nr. 87/2003. Orkustofnun er ekki lengur sami gerandinn á þessu sviði og fyrr eftir að rannsóknarstarfsemin var skilin frá stjórnsýslunni. Þróun orkufyrirtækjanna og vaxandi ábyrgð þeirra í breyttu umhverfi breytir einnig markalínum í rannsóknum miðað við það sem áður var.

Stærsti liðurinn í rannsóknum Orkustofnunar eru vatnafarsrannsóknir, en Orkustofnun (áður Raforkumálaskrifstofan) hefur frá því um miðjan 5. áratug seinustu aldar borið ábyrgð á rekstri og þróun þess málaflokks. Framlög til hans hafa í meginatriðum verið svipað hlutfall af framlögum til rannsókna Orkustofnunar undanfarin ár og lítið svigrúm til breytinga. Auk þess hafa fengist stórir norrænir styrkir til rannsókna á því hvaða afleiðingar gróðurhúsaáhrif gætu haft á vatnafar og rekstur vatnsaflsvirkjana á Norðurlöndum og hvernig væri eðlilegast að bregðast við því. Þetta verkefni gaf tilefni til frekari úrvinnslu á áratuga rennslisgögnum og gögnum sem safnað hefur verið um afkomu jökla og framlags þeirra til afrennslis af landinu. Þetta var tímabundið átak sem lýkur á árinu 2007, en framhald verkefnisins með áherslu á áhrif loftslagsbreytinga á endurnýjanlega orkugjafa næstu tvo áratugina hefur verið tryggt. Önnur helsta afurð þessa átaks er nýtt stafrænt afrennsliskort af landinu.

Annar stór málaflokkur eru jarðhitarannsóknir, en þar hefur Orkustofnun, líkt og áður er nefnt varðandi vatnafar, bæði sinnt rannsóknum vegna forathugunar á nýtingarmöguleikum og í almennri þekkingaröflun og þróun. Orkustofnun leggur nú áherslu á að styðja við rannsóknir á svæðum sem hafa ekki verið í brennidepli hjá orkufyrirtækjunum fremur en að keppa við fyrirtækin á álitlegustu jarðhitasvæðum. Af þessum meiði eru hugmyndir um að sækja dýpra niður í háhitasvæði en áður hefur tíðkast; með djúpborun. Vonast er til að geta aukið orkuvinnslu mjög umtalsvert með því að ná í heitari vökva, þ.e. vökva undir margföldum þrýstingi miðað við það sem er á núverandi vinnsludýpi, sbr. nánari umfjöllun í kafla 6.6.

6.4. Aðrir orkugjafar.

Meðal verkefna sem greint var frá í seinustu raforkuskýrslu var gerð vindorkukorts. Markmið verkefnisins er að áætla möguleika til vindorkuframleiðslu. Þessu verkefni er lokið og má með því meta aðstæður fyrir vindorkuver. Fáir hafa enn sýnt þessum möguleikum áhuga, enda vafasamt að vindorka verði í bráð ódýrari kostur til að framleiða rafmagn en hinir hefðbundnu orkugjafar.

6.5. Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

Árið 1997 samþykkti ríkisstjórnin sérstaka framkvæmdaáætlun um umhverfismál sem nefnd var *Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Framkvæmdaáætlun til aldamóta*. Þar segir m.a. að iðnaðarráðherra skuli í samráði við umhverfisráðherra láta gera rammaáætlun til langs tíma um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Markmið áætlunarinnar er að leggja mat á og flokka virkjunarkosti, jafnt í vatnsafli sem háhita, meðal annars með tilliti til orkugetu, hagkvæmni og annars þjóðhagslegs gildis, samhliða því að skilgreina, meta og flokka áhrif þeirra á náttúrufar, náttúru- og menningarminjar sem og á hagsmuni allra þeirra sem nýta þessi sömu gæði.

Kostnaður af rammaáætluninni er borinn af endurgreiddum rannsóknarkostnaði ríkisins vegna Kárahnjúkavirkjunar, sem samkvæmt lögum nr. 87/2003, um Orkustofnun, skal renna til stofnunarinnar til að fjármagna rannsóknir á orkulindum landsins þannig að unnt sé að meta þær og veita stjórnvöldum ráðgjöf um skynsamlega og hagkvæma nýtingu þeirra.

Árið 1999 skipaði iðnaðarráðherra sérstaka verkefnisstjórn og faghópa til að vinna að gerð rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Hlutverk verkefnisstjórnar var að hafa með höndum heildarstjórn við mótun áætlunarinnar og skipulag við framkvæmd hennar og hafa umsjón með hinni faglegu vinnu. Fagleg vinna var unnin í fjórum faghópum sem skipaðir voru sérfræðingum á eftirtöldum sviðum:

- náttúru- og minjavernd,
- útivist og hlunnindi,
- þjóðhagsmál, atvinnulíf og byggðaþróun,
- nýting orkulinda.

Faghóparnir fjórir fóru yfir virkjunarkosti hver frá sínum sjónarhóli, mátu virkjunarkosti með stigagjöf og gerðu í framhaldi af því tillögur til verkefnisstjórnarinnar.

6.5.1. Niðurstöður 1. áfanga rammaáætlunar.

Verkefnisstjórn um gerð rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma lauk við 1. áfanga verkefnisins með skýrslu sem út kom í nóvember 2003.[15]

Í þessum áfanga voru teknir fyrir um 20 vatnsorkukostir og annað eins af jarðhitakostum. Lögð var áhersla á að ljúka stærstu vatnsaflskostunum, en þeir eru flestir í jökulám og byggja einnig flestir á miðlunarlónum á hálendinu. Í jarðhita var lögð áhersla á kosti nærri byggð, en að auki Torfajökulssvæðið, þar sem Orkustofnun hafði nýlega lokið umfangsmikilli forathugun á mögulegum vinnslusvæðum. Í þessum áfanga voru allmargir kostir sem orkufyrirtækin lögðu fram. Nánari upplýsingar um þessa kosti má nálgast á heimasíðu Orkustofnunar.

[15] Skýrsluna má finna á heimasíðu Orkustofnunar á vefslóðinni: http://www.os.is/page/rammi2.

Niðurstöður rammaáætlunar koma fram í röðun kosta, annars vegar eftir hagkvæmni og almennum efnahagslegum áhrifum, og hins vegar miðað við önnur sjónarmið, t.d. náttúrufarsgildi, menningarminjar, útivistargildi, áhrif á ferðamennsku og hlunnindi.

Ekki var unnt að vega alla þætti saman við röðun virkjunarkosta, vegna þess að ekki voru til gögn til að gera upp á milli hagkvæmni einstakra jarðhitavirkjana. Í niðurstöðum verkefnisstjórnar er því flokkun fyrst og fremst byggð á mati á annmörkum viðkomandi virkjunar. Það dregur enn fremur úr gildi umræddrar röðunar, að við mat á stærri virkjunum er tilhneiging til að gera mikið úr umhverfisáhrifum viðkomandi virkjunar, en til þess að stórar virkjanir fái notið sannmælis í röðun yrði að meta þær á móti heildaráhrifum af mörgum minni virkjunum, sem væru samanlagt sambærilegar að stærð. Líta má á niðurstöður 1. áfanga rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma sem grunn fyrir mat á frumáætlunum virkjana. Orkufyrirtæki og opinberir aðilar sem fjalla um virkjunaráætlanir hafa gagn af þessari vinnu. Niðurstöður rammaáætlunar gefa gleggri sýn á líklegum virkjunarkostum í næstu framtíð. Þær gefa vísbendingu um hvaða virkjunarkostir geti verið fjárhagslega vænlegir, en jafnframt kemur þar fram hvaða kostir eru líklegir til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif. Þá hefur með vinnu að rammaáætlun myndast mikilvægt gagnasafn um rannsóknir og náttúrufarsaðstæður virkjunarkosta sem kemur að miklu gagni þegar ráðist er í frekari rannsóknir eða nýtingu virkjunarkosta.

6.5.2. Vinna við 2. áfanga rammaáætlunar.

Á árinu 2004 var hafinn undirbúningur að 2. áfanga rammaáætlunar og ný verkefnisstjórn skipuð í september 2004. Verkefnisstjórn var fámennari en sú fyrri og skipuð einum fulltrúa frá iðnaðarráðuneyti og öðrum frá umhverfisráðuneyti, auk formanns sem tengdist Orkustofnun. Verkefnisstjórn studdist við fagstofnanir ráðuneytanna um áætlanir og um framkvæmd verkefna eftir atvikum á gagnaöflunartímabilinu. Verkefnisstjórnin skipaði tvo stýrihópa, annan til ráðuneytis um jarðhitaverkefnin og hinn um þróun viðmiða fyrir mat á landslagi.

Lögð var áhersla á nokkur verkefni sem voru á dagskrá í 1. áfanga en ekki tókst að ljúka þá.

Ákveðið var að meginstef 2. áfanga yrðu háhitavirkjanir og yrði stefnt að því að ná heildstæðri sýn til allra, a.m.k. aðgengilegra svæða. Í þessum áfanga verða tekin fyrir um 20 háhitasvæði og eru sum þeirra það stór og margbrotin að þeim er skipt í nokkur undirsvæði, svo að einingarnar verða á fjórða tuginn. Endurskoða skyldi mat á vatnsorkukostum ef við bættust nýjar áætlanir eða breyttar útfærslur af áætlunum sem fjallað var um í 1. áfanga og að hugað yrði að smávirkjunum. Enn fremur var gert ráð fyrir að aðferðir yrðu endurmetnar og betur hugað að landslagsþáttum. Verkefnisstjórn reyndi að sjá til þess að öllum þáttunum yrði sinnt, en fljótlega þótti sýnt að eitthvað yrði undan að láta og voru þau verkefni sem tengdust smávirkjunum eða vatnsaflsvirkjunum ýmist takmörkuð mjög eða látin fjara út.

Í samræmi við framangreint hefur verið lögð áhersla á að afla heildstæðra gagna um nýtanleg háhitasvæði, bæði vinnslu- og verndarsjónarmið, og stendur sú vinna enn yfir. Matið á háhitakostum úr 1. áfanga verður endurtekið frá grunni, bæði vegna þess að aðferðir til að meta verndargildi háhitasvæða eru enn í mótun og enn fremur var gagnaöflun um margt ófullkomin.

Nokkur háhitasvæði verða óhjákvæmilega út undan og þá helst þau sem eru fjærst byggð og á friðlýstum svæðum. Gert er ráð fyrir að hægt verði að taka breyttar útfærslur vatnsaflsvirkjana til endurmats og nýja kosti sem orkufyrirtækin vilja leggja fram.

Verkefnisstjórnin lauk störfum í maí 2007 og skilaði ráðherra framvinduskýrslu um stöðu verkefnisins með tillögum um það hvernig haga skuli síðari hluta verksins, sem aðallega er sjálf matsvinnan.[16]

6.5.3. Lokaáfangi rammáætlunarinnar.

Í ágúst 2007 skipaði iðnaðarráðherra í samráði við umhverfisráðherra nýja 11 manna verkefnisstjórn til að ljúka við gerð rammaáætlunarinnar. Verkefnisstjórnin skal ljúka störfum og skila skýrslu til iðnaðarráðherra og umhverfisráðherra með heildarmati og flokkun á þeim kostum sem teknir hafa verið til umfjöllunar fyrir 1. júlí 2009.

Iðnaðarráðherra mun á grundvelli niðurstaðna skýrslu verkefnisstjórnar og að höfðu samráði við umhverfisráðherra og verkefnisstjórnina leggja fyrir Alþingi fyrir lok ársins 2009 tillögu að rammaáætlun um verndun og nýtingu náttúrusvæða með áherslu á vatnsafls- og jarðvarmasvæði. Með því móti verður leitast við að skapa sátt um vernd og nýtingu náttúrusvæða í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

6.6. Djúpborun.

Árið 2000 var hafin athugun á því hvort unnt væri að vinna háhita á 4.000–5.000 metra dýpi í stað 1.500–2.500 metra eins og hér hefur tíðkast. Að þessari athugun stóðu stærstu orkufyrirtækin (Hitaveita Suðurnesja, Landsvirkjun og Orkuveita Reykjavíkur) í samvinnu með sérfræðingum rannsóknasviðs Orkustofnunar og erlendum samstarfsaðilum. Helsti ávinningur af vinnslu á þessu dýpi var talinn vera fólginn í því að e.t.v. væri unnt að margfalda orkunýtingu úr uppstreymi háhitakerfanna með því að þar niðri er bæði þrýstingur og hiti hærri en í venjulegum háhitaholum, eða 230–300 bör á móti 100–180 börum og 400–600 °C á móti 250–300 °C eins og venjulega er á um 2.000 metra dýpi. Fyrsta hluta þessara athugana lauk á árinu 2003. Niðurstaðan var jákvæð og ákváðu orkufyrirtækin að taka næsta skref, sem var aðallega fólgið í því að kanna hvort hægt væri að fjármagna hluta borverkefnisins með styrkjum frá erlendum samstarfsaðilum, ásamt með innlendu fjármagni. Aðstandendur verkefnisins töldu mikilvægt að opinberir aðilar ættu hlut að máli, en slíkt gæti liðkað til fyrir samstarfi við erlendar rannsóknastofnanir og fyrir styrkumsóknum. Orkustofnun bættist í hópinn fyrir hönd íslenska ríkisins í byrjun árs 2004. Í júní 2006 var gengið frá samningi milli þessara aðila um að láta skeika að sköpuðu og stefna að borun. Verkefnið hefur verið undirbúið af samstarfsnefnd þessara aðila (Djúprýni; IDDP *International Deep Drilling Project*). Henni til fulltingis var annars vegar innlendur sérfræðingahópur um boranir og hins vegar alþjóðlegur vettvangur vísindamanna, svonefndur SAGA-hópur.

Síðan þá hefur markvisst verið unnið að undirbúningi sem m.a. fólst í frumhönnun, nákvæmari kostnaðaráætlunum og gerð útboðsgagna. Frá upphafi var gert ráð fyrir að borað yrði á virkjunarsvæðum allra orkufyrirtækjanna. Fyrsta holan var skilgreind sem rannsóknar- og tilraunahola. Þar yrðu gerðar ítarlegar rannsóknir á jarðlögum og þeim vökva sem upp kæmi og ef allt gengi að óskum yrðu þar gerðar tilraunir með útbúnað sem þarf til að geta nýtt orkuna (pilot plant). Í upphafi var gert ráð fyrir að dýpka holu á Reykjanesi, en sú hola reyndist við frekari athugun óhentug og var fallið frá notkun hennar. Þá beindust sjónir að Kröflusvæði og borun holu þar boðin út síðla árs 2006. Fyrri hluta árs 2007 sýndi Alcoa áhuga á því að taka þátt í verkefninu og fleiri álfyrirtæki leituðu upplýsinga um það.

[16] Skýrsluna má finna á heimasíðu Orkustofnunar á vefslóðinni: http://www.os.is/page/rammi2.

Í ágúst 2007 var undirritaður samningur um framkvæmd djúpborunarverksins milli orkufyrirtækjanna þriggja (Hitaveitu Suðurnesja, Landsvirkjunar og Orkuveitu Reykjavíkur), Orkustofnunar fyrir hönd íslenska ríkisins og Alcoa. Megininntak samningsins er að öll orkufyrirtækin stefna að því að bora á eigin kostnað holu niður á 3.500 metra dýpi eða niður að því dýpi þar sem áætlað er að komið sé að yfirkrítísku ástandi hvað varðar hita og þrýsting. Holuna yfir þessu dýpi verður að fóðra til að losna við innblöndun frá venjubundnu háhitaástandi. Þessi fóðring er 2–3 sinnum dýpri en venja er við nýtingu háhitasvæða og er það fyrsta tæknilega áskorunin og talin vera sérlega flókin í framkvæmd. Þaðan verður borað áfram niður á um 4.500 metra dýpi eða þar til komið er í krítískt ástand.

Allir aðilar samningsins taka jafnan þátt í dýpkun holunnar frá um 3.500–4.500 metra dýpis. Samkvæmt áætlun er gert ráð fyrir að borun fyrstu holunnar verði lokið á árinu 2008. Á meðan á þessari borun stendur verða teknir kjarnar til jarðfræðilegra rannsókna, en það er fyrst og fremst þáttur erlendra rannsóknarstofnana og sjóða. Rannsóknir á vökva og gufu ásamt tilraunavinnslu er í samningnum tilgreint sem þeir meginþættir framkvæmdarinnar sem yrðu að mestu leyti fjármagnaðir með framlagi ríkisins, alls um 280 millj. kr. á árunum 2009 og 2010. Að viðbættri þátttöku í kostnaði af vísindalegri umsjón verkefnisins og þátttöku í dýpkun holunnar er áætlað að kostnaður ríkisins verði um 350 millj. kr.

Í samningunum er lögð áhersla á að nauðsynlegar rannsóknir geti farið fram. Það er m.a. gert með verklagsreglum sem eiga að tryggja að rannsóknafé verði flutt á milli holna ef þannig aðstæður skapast að ekki verði án óhóflegs kostnaðar hægt að framkvæma þær samkvæmt upphaflegri áætlun. Einnig er tryggt að framlag ríkisins verður frátekið til rannsókna og tilrauna á vökvanum. Enn fremur hafi ýmsir aðilar sýnt áhuga á þátttöku í einstökum rannsóknum, t.d. prófun tækja við mjög háan hita sem ÍSOR stendur að ásamt samstarfsaðilum fyrir styrk frá ESB.

Áætlaður heildarkostnaður af borun fyrstu holunnar er um 1.040 millj. kr. Rannsóknarkostnaður er áætlaður um 1.030 millj. kr. Gert er ráð fyrir að næstu holur verði heldur ódýrari vegna þeirrar þekkingar og reynslu sem sú fyrsta gefur, eða 700–1.000 millj. kr.

Viðauki 1. Breytingar á raforkuverði 2005–2007.

Tafla 1. Verð á dreifiveitusvæðum til almennra notenda (kr/kWst, með VSK). Gert er ráð fyrir að frá 2006 séu notendur með hagstæðasta auglýsta taxta.

	Raforkukostnaður í janúar 2007				Raforkukostnaður í janúar 2005				Hlutfallsleg breyting raforkuverðs				Breyting raforkuverðs á ársgrundvelli í krónum			
	Ársnotkun notanda, kWst.				Ársnotkun notanda, kWst.				Ársnotkun notanda, kWst.				Ársnotkun notanda, kWst.			
	4.000	10.000	30.000	50.000	4.000	10.000	30.000	50.000	4.000	10.000	30.000	50.000	4.000	10.000	30.000	50.000
Hitaveita Suðurnesja	9,96	8,68	8,11	8,00	9,95	8,74	8,20	8,09	0,0%	-0,7%	-1,1%	-1,1%	6	-591	-2.583	-4.575
Norðurorka	9,81	8,51	7,93	7,82	10,63	9,09	8,41	8,27	-7,7%	-6,4%	-5,7%	-5,5%	-3.280	-5.820	-14.286	-22.752
Orkubú Vestfjarða, þéttbýli	9,85	8,44	7,32	7,10	9,65	8,03	6,99	6,79	2,1%	5,1%	4,7%	4,6%	822	4.122	9.849	15.576
Orkubú Vestfjarða, dreifbýli	12,47	10,40	8,79	8,47	12,04	9,82	8,34	8,05	3,6%	5,9%	5,4%	5,3%	1.743	5.805	13.524	21.243
Orkuveita Húsavíkur	10,50	9,19	8,61	8,49	11,59	10,60	10,17	10,08	-9,4%	-13,3%	-15,3%	-15,7%	-4.335	-14.121	-46.740	-79.359
Orkuveita Reykjavíkur	10,03	8,84	8,31	8,20	9,96	8,76	8,23	8,13	0,8%	0,9%	0,9%	0,9%	299	747	2.241	3.735
Rafveita Reyðarfjarðar	10,17	8,97	8,43	8,33	11,34	9,21	7,90	7,64	-10,4%	-2,6%	6,8%	9,0%	-4.699	-2.395	16.031	34.457
Rarik, þéttbýli	10,41	8,92	7,85	7,64	11,49	9,32	7,97	7,70	-9,4%	-4,3%	-1,5%	-0,8%	-4.300	-3.986	-3.488	-2.990
Rarik, dreifbýli	11,75	9,97	8,70	8,45	12,65	10,21	8,66	8,36	-7,1%	-2,3%	0,4%	1,1%	-3.581	-2.329	1.157	4.643

Heimild: Orkustofnun.

Tafla 2. Verð á dreifiveitusvæðum til aflmældra notenda (kr/kWst, án VSK).Gert er ráð fyrir að frá 2006 séu notendur með hagstæðasta auglýsta taxta.

	Raforkukostnaður í janúar 2007			**Raforkukostnaður í janúar 2005**			**Hlutfallsleg breyting raforkuverðs**			**Breyting raforkuverðs á ársgrundvelli í krónum**		
kW	40	125	200	40	125	200	40	125	200	40	125	200
klst.	2.500	4.000	5.000	2.500	4.000	5.000	2.500	4.000	5.000	2.500	4.000	5.000
kWst.	100.000	500.000	1.000.000	100.000	500.000	1.000.000	100.000	500.000	1.000.000	100.000	500.000	1.000.000
	kr/kWst.			**kr/kWst.**			**kr/kWst.**			**kr/kWst.**		
Hitaveita Suðurnesja	7,67	5,86	5,26	7,61	5,69	5,09	0,7%	3,1%	3,4%	5.547	87.661	173.517
Norðurorka	7,62	5,60	5,00	7,62	5,60	5,05	0,0%	0,0%	-1,0%	0	0	-50.911
Orkubú Vestfjarða, þéttbýli	7,59	5,59	5,01	7,44	5,31	4,74	2,1%	5,3%	5,7%	15.327	139.661	269.167
Orkubú Vestfjarða, dreifbýli	8,99	6,51	5,82	8,72	6,20	5,55	3,1%	5,0%	4,9%	27.327	155.000	270.000
Orkuveita Húsavíkur	7,53	6,02	5,56	7,28	5,84	5,41	3,3%	3,0%	2,9%	24.360	88.920	159.120
Orkuveita Reykjavíkur	7,44	5,79	5,26	7,77	5,76	5,15	-4,2%	0,6%	2,1%	-32.642	16.787	109.735
Rafveita Reyðarfjarðar	7,59	5,50	4,95	7,83	5,65	5,11	-3,1%	-2,6%	-3,3%	-24.371	-73.972	-167.791
Rarik, þéttbýli	7,77	5,58	5,01	7,88	5,86	5,34	-1,4%	-4,8%	-6,0%	-10.815	-139.696	-321.873
Rarik, dreifbýli	8,62	6,16	5,53	8,58	6,33	5,74	0,4%	-2,6%	-3,8%	3.546	-82.420	-215.722

Heimild: Orkustofnun.

Viðauki 2. Þróun raforkunotkunar 1985–2006.

Ár	Almenn notkun með dreifitöpum GWst	Stóriðja GWst	Flutningstöp GWst	Samtals GWst
1985	1.770	1.917	150	3.837
1986	1.848	2.050	160	4.058
1987	1.912	2.070	170	4.152
1988	2.043	2.186	187	4.416
1989	2.080	2.208	187	4.475
1990	2.131	2.133	183	4.447
1991	2.169	2.083	175	4.427
1992	2.234	2.125	181	4.540
1993	2.255	2.290	178	4.723
1994	2.337	2.303	134	4.774
1995	2.458	2.390	129	4.977
1996	2.507	2.450	156	5.113
1997	2.572	2.822	187	5.581
1998	2.542	3.470	264	6.276
1999	2.657	4.283	245	7.185
2000	2.776	4.682	221	7.679
2001	2.825	4.955	249	8.028
2002	2.918	5.221	271	8.410
2003	3.006	5.231	261	8.498
2004	3.136	5.232	255	8.623
2005	3.236	5.191	254	8.681
2006	3.391	6.265	269	9.925

Heimild: Raforkuspá 2005-2030 og Raforskuspá 2007-2030.

Viðauki 3. Mælieiningar orku.

SI-einingakerfið er lögboðið kerfi mælieininga hér á landi. Samkvæmt því er grunneining fyrir orku júl (e. joule) (J) og grunneining fyrir afl watt (W). Sem margfeldiseiningar eru notaðar grunneiningarnar eða aukaeiningar með forskeytum samkvæmt töflu 1.

Venja er að tilgreina raforku í aukaeiningunni wattstund (Wh eða Wst) eða margfeldi af henni. Samhengið milli wattstundar og júla er: 1 Wst = 3,6 kJ. Almennt gildir að ein wattstund með tilteknu forskeyti er 3,6 júl með næsta forskeyti fyrir ofan. Þannig er t.d. 1 GWst = 3,6 TJ og 1 TWst = 3,6 PJ.

Afleiningin watt er orkueining á sekúndu eða 1 W = 1 J/s.

Tafla 1. Margföldunarforskeyti SI-kerfisins fyrir orkueiningar.

Forskeyti	Tákn	Margfeldi grunneiningar
Exa	E	10^{18}
Peta	P	10^{15}
Tera	T	10^{12}
Gíga	G	10^{9}
Mega	M	10^{6}
Kíló	k	10^{3}

Heimild: Orkustofnun.

406. Frumvarp til laga [95. mál]

um breyting á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 6. des.)

1. gr.

1. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Eftirlitsskyldir aðilar og aðrir gjaldskyldir aðilar skv. 5. gr. skulu standa straum af kostnaði við rekstur Fjármálaeftirlitsins í samræmi við ákvæði laga þessara.

2. gr.

4. gr. laganna og fyrirsögn orðast svo:

Álagningarstofn.

Álagningarstofn eftirlitsgjalds er ársreikningur eftirlitsskylds aðila fyrir næstliðið ár þegar skýrsla Fjármálaeftirlitsins skv. 2. gr. er samin.

Hafi tveir eða fleiri eftirlitsskyldir aðilar sameinast skal miða álagningu við samanlagða ársreikninga þeirra fyrir næstliðið ár skv. 1. mgr. Sama á við um samruna eftirlitsskylds aðila við annað fyrirtæki eða einstaka rekstrarhluta þess.

Sé ársreikningur ekki fyrir hendi þar sem eftirlitsskyldur aðili er að hefja hina eftirlitsskyldu starfsemi skal miða álagningu við lágmarksgjald skv. 5. gr. Sé ársreikningur fyrir hendi fyrir fyrri starfsemi viðkomandi fyrirtækis er heimilt að nota hann sem álagningarstofn. Heimilt er að beita ákvæðum 2. mgr. ef við á.

Álagningarstofn eftirlitsgjalds á útgefendur fjármálagerninga, sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og markaðstorgi fjármálagerninga hér á landi, er markaðsvirði þeirra í árslok næstliðins árs þegar skýrsla Fjármálaeftirlitsins skv. 2. gr. er samin, sbr. nánar 5. og 6. mgr. 5. gr. Álagningarstofn vegna fjármálagerninga sem teknir eru til skráningar á því ári sem skýrsla Fjármálaeftirlitsins skv. 2. gr. er samin skal vera markaðsvirði þeirra í lok þess sama árs. Með markaðsvirði er átt við nafnvirði fjármálagernings margfaldað með gengi samkvæmt upplýsingum skipulegs verðbréfamarkaðar og markaðstorgs fjármálagerninga.

Álagning eftirlitsgjalds á eftirlitsskylda aðila skv. 1.–3. mgr. er óháð álagningu eftirlitsgjalds á eftirlitsskylda aðila sem eru útgefendur fjármálagerninga skv. 4. mgr.

Hafi tveir eða fleiri útgefendur fjármálagerninga, sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og markaðstorgi fjármálagerninga hér á landi, sameinast er heimilt að miða álagningu við samanlagt markaðsvirði fjármálagerninga þeirra.

3. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Eftirtaldir eftirlitsskyldir aðilar skulu greiða eftirlitsgjald af álagningarstofni í þeim hlutföllum og stærðum sem hér segir:

1. Viðskiptabankar, sparisjóðir, lánafyrirtæki og rafeyrisfyrirtæki skulu greiða eftirfarandi hlutföll af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 600.000 kr.:
   a. Viðskiptabankar 0,00682%.
   b. Sparisjóðir, lánafyrirtæki og rafeyrisfyrirtæki 0,00661%.

2. Vátryggingafélög skulu greiða 0,381% af bókfærðum iðgjöldum, þó eigi lægri fjárhæð en 600.000 kr.
3. Félög eða einstaklingar sem stunda vátryggingamiðlun skulu greiða 0,215% af þeim iðgjöldum sem miðlað hefur verið á næstliðnu ári, þó eigi lægri fjárhæð en 300.000 kr.
4. Verðbréfafyrirtæki skulu greiða 0,061% af eignum samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 600.000 kr. Verðbréfamiðlanir skulu greiða 0,061% af eignum samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 350.000 kr. Rekstrarfélög verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða og fjárfestingarsjóðir sem gefa út hlutabréf skulu greiða 0,0074% af eignum rekstrarfélags og viðkomandi sjóða samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 600.000 kr.
5. Kauphallir skulu greiða 0,61% af rekstrartekjum, þó aldrei lægri fjárhæð en 350.000 kr.
6. Lífeyrissjóðir skulu samtals greiða 0,00891% af hreinni eign til greiðslu lífeyris. Greiða skal eftirlitsgjaldið sem 700.000 kr. fastagjald vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris undir einum milljarði króna, 1.120.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris frá einum til tíu milljarða króna, 1.960.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris frá tíu milljörðum til tuttugu og fimm milljarða króna, 3.650.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris frá tuttugu og fimm milljörðum til eitt hundrað milljarða króna og 4.210.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris þar yfir. Það sem þá er ógreitt af eftirlitsgjaldi skv. 1. málsl. greiðist í hlutfalli við hreina eign til greiðslu lífeyris.
7. Verðbréfamiðstöðvar skulu greiða 0,84% af rekstrartekjum, þó eigi lægri fjárhæð en 350.000 kr.
8. Innlánsdeildir samvinnufélaga skulu greiða fastagjald sem nemur 300.000 kr.
9. Íbúðalánasjóður skal greiða 0,00275% af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 600.000 kr.
10. Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta og öryggissjóðir samkvæmt lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta skulu greiða fastagjald sem nemur 300.000 kr.

Útibú erlendra eftirlitsskyldra aðila sem fengið hafa starfsleyfi hér á landi skulu greiða eftirlitsgjald samkvæmt viðeigandi tölulið 1. mgr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal eftirlitsskyldur aðili, sem er að minnsta kosti að $^{9}/_{10}$ hlutum í eigu annars eftirlitsskylds aðila, greiða $^{1}/_{5}$ hluta eftirlitsgjalds samkvæmt viðeigandi tölulið 1. mgr. enda hafi móðurfélagið heimild til sömu starfsemi og dótturfélagið. Ákvæði þetta á þó ekki við um lágmarksgjald skv. 1. mgr.

Eignarhaldsfélög á fjármálasviði, eignarhaldsfélög á vátryggingasviði, blönduð eignarhaldsfélög, blönduð eignarhaldsfélög á vátryggingasviði og blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi skulu greiða fastagjald sem nemur 1.500.000 kr.

Útgefendur hlutabréfa, sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og markaðstorgi fjármálagerninga hér á landi, skulu greiða fastagjald tengt fjárhæð markaðsvirðis útgefinna hlutabréfa sinna. Greiða skal 300.000 kr. fastagjald vegna hlutabréfa að markaðsvirði undir fimm milljörðum króna, 800.000 kr. vegna hlutabréfa að markaðsvirði frá fimm til tuttugu og fimm milljarða króna, 2.400.000 kr. vegna hlutabréfa að markaðsvirði frá tuttugu og fimm til eitt hundrað milljarða króna, 4.400.000 kr. vegna hlutabréfa að markaðsvirði frá eitt hundrað til fimm hundruð milljarða króna og 6.300.000 kr. vegna hlutabréfa með markaðsvirði yfir fimm hundruð milljarða króna.

Útgefendur skuldabréfa, sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og markaðstorgi fjármálagerninga hér á landi, skulu greiða fastagjald tengt fjárhæð markaðsvirðis útgefinna skuldabréfa sinna. Greiða skal 100.000 kr. fastagjald vegna skuldabréfa að markaðsvirði undir einum milljarði króna, 150.000 kr. vegna skuldabréfa að markaðsvirði frá einum til fimm milljarða króna, 350.000 kr. vegna skuldabréfa að markaðsvirði frá fimm til tíu milljarða króna, 600.000 kr. vegna skuldabréfa að markaðsvirði frá tíu til fimmtíu milljarða króna, 850.000 kr. vegna skuldabréfa að markaðsvirði frá fimmtíu til tvö hundruð milljarða króna og 1.000.000 kr. vegna skuldabréfa að markaðsvirði yfir tvö hundruð milljarða króna.

Eftirlitsgjald skal reiknast í heilum þúsundum króna. Við álagningu skal jafnframt færa álagningarstofna í þúsundir króna.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „eftirlitsskyldum aðilum“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: og öðrum gjaldskyldum aðilum.
b. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Framangreind greiðsluskipting tekur þó ekki til álagðs eftirlitsgjalds sem nemur 300 þús. kr. eða lægri fjárhæð og innheimta skal í einni greiðslu 1. febrúar.
c. Á eftir 3. mgr. kemur ný málsgrein, 4. mgr., svohljóðandi:
   Ákvæði lokamálsliðar 3. mgr. gildir eftir því sem við á um fjármálagerninga sem teknir hafa verið úr viðskiptum á skipulegum verðbréfamarkaði og markaðstorgi fjármálagerninga hér á landi á álagningarári.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2008.

407. Frumvarp til laga [88. mál]

um breytingu á siglingalögum, nr. 34 19. júní 1985, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 6. des.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 177. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „46.666 SDR“ í 1. mgr. kemur: 175.000 SDR.
b. Orðin „þó að hámarki 25 milljónir SDR“ í 1. mgr. falla brott.
c. Í stað fjárhæðarinnar „333.000 SDR“ í 2. mgr. kemur: 2.000.000 SDR.
d. Í stað orðanna „500 rúmlestir“ í 2. mgr. kemur: 2.000 tonn.
e. 1.–3. tölul. 2. mgr. orðast svo:
   1. fyrir hvert tonn frá 2.001 að 30.000 tonnum, um 800 SDR;
   2. fyrir hvert tonn frá 30.001 að 70.000 tonnum, um 600 SDR;
   3. fyrir hvert tonn umfram 70.000 tonn, um 400 SDR.
f. 4. tölul. 2. mgr. fellur brott.

g. Í stað fjárhæðarinnar „167.000 SDR“ í 3. mgr. kemur: 1.000.000 SDR.
h. Í stað orðanna „500 rúmlestir“ í 3. mgr. kemur: 2.000 tonn.
i. 1.–3. tölul. 3. mgr. orðast svo:
   1. fyrir hvert tonn frá 2.001 að 30.000 tonnum, um 400 SDR;
   2. fyrir hvert tonn frá 30.001 að 70.000 tonnum, um 300 SDR;
   3. fyrir hvert tonn umfram 70.000 tonn, um 200 SDR.
j. Í stað orðsins „lestir“ í 5. og 6. mgr. kemur: tonn.
k. 1. málsl. 7. mgr. orðast svo: Þar sem nefnd er tonnatala skips er átt við brúttótonn sem reiknuð eru samkvæmt reglum í viðauka I við alþjóðasamning um mælingar skipa frá 1969.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 180. gr. laganna:
a. Í stað orðanna „alþjóðasáttmála frá 19. nóvember 1976, um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanns“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: bókun frá 2. maí 1996 til breytinga á samningi um takmörkun ábyrgðar á sjóréttarkröfum frá 19. nóvember 1976.
b. Í stað orðanna „alþjóðasáttmála þeim sem nefndur er“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: bókun þeirri sem nefnd er.
c. Í stað orðanna „alþjóðasáttmála þeim“ í 3. mgr. kemur: bókun þeirri.

3. gr.

Í stað orðanna „alþjóðasáttmála þeim“ í 1. mgr. 183. gr. laganna kemur: bókun þeirri.

4. gr.

Í stað orðanna „forvaxta (diskonto) á hverjum tíma að viðbættum 2% p.a.“ í lok 185. gr. laganna kemur: vaxta skv. 2. málsl. 4. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2009.

408. Frumvarp til laga [92. mál]

um breytingu á lögum nr. 73/2005, um skipan ferðamála.

(Eftir 2. umr., 6. des.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:
a. A-liður 1. tölul. 1. mgr. orðast svo: Skipulagningu ferða hópa og einstaklinga, innan lands og erlendis.
b. D-liður 1. tölul. 1. mgr. orðast svo: Dagsferðir sem fela í sér ýmiss konar afþreyingu og frístundaiðju, svo sem hestaferðir, vélsleðaferðir, fljótasiglingar og ævintýraferðir með sérútbúnum ökutækjum.

2. gr.

2. mgr. 8. gr. laganna orðast svo:

Ferðamálastofa skal eiga myndrænt auðkenni sem leyfishafi skal nota í hvers kyns auglýsingum um starfsemi sína og á heimasíðu sinni. Í sérstökum tilvikum er Ferðamálastofu heimilt að veita undanþágu frá ákvæði þessu og skal leyfishafi sækja um slíka undanþágu til Ferðamálastofu.

3. gr.

Í stað orðanna „30. apríl“ í 3. mgr. 18. gr. laganna kemur: 1. október.

4. gr.

Í stað orðsins „verður“ í 1. mgr. 21. gr. laganna kemur: er úrskurðaður.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 26. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Hver sá sem rekur leyfisskylda eða skráningarskylda starfsemi án tilskilins leyfis eða skráningar skal sæta sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Gildir þetta jafnt um þá sem reka starfsemi án leyfis og þegar starfsemi samræmist ekki útgefnu leyfi eða skráningu. Heimilt er jafnframt í tilefni brota að beita úrræði 3. mgr. um lokun starfsstöðvar þar sem brot er framið.

b. 3. mgr. orðast svo:

Ef leyfis- og skráningarskyld starfsemi samkvæmt lögum þessum er rekin án tilskilins leyfis eða skráningar ber lögreglustjóra, að beiðni Ferðamálastofu og án fyrirvara eða aðvörunar, að stöðva starfsemina, þar á meðal með lokun starfsstöðvar og lokun heimasíðu. Á það við um eftirfarandi tilvik:

1. Þegar ekki hefur verið gefið út leyfi vegna leyfisskyldrar starfsemi eða skráningarskyld starfsemi ekki skráð, leyfi hefur verið lagt inn, það afturkallað eða leyfishafi sviptur því.
2. Þegar leyfis- og skráningarskyld starfsemi fer út fyrir mörk útgefins leyfis eða skráningar.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

409. Frumvarp til laga [128. mál]

um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð.

(Eftir 2. umr., 6. des.)

I. KAFLI
Hlutverk og skipulag.

1. gr.

Hagstofa Íslands er sjálfstæð stofnun sem heyrir undir forsætisráðherra og vinnur að opinberri hagskýrslugerð samkvæmt lögum þessum. Hún er miðstöð opinberrar hagskýrslugerðar í landinu og hefur forustu um tilhögun, samræmingu og framkvæmd hennar svo og um samskipti við alþjóðastofnanir um hagskýrslu- og tölfræðimál.

Með opinberri hagskýrslugerð er átt við starfsemi Hagstofunnar og annarra bærra ríkisstofnana sem lýtur að söfnun gagna til tölfræðilegrar úrvinnslu um landshagi Íslands og þjóðfélagsleg málefni, úrvinnslu gagnanna og miðlun tölfræðilegra upplýsinga til almennings, fyrirtækja, stofnana og stjórnvalda á grundvelli laga og í samræmi við fyrirmæli sett samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Hagstofan skal ákveða verkefni sín og forgangsraða með hliðsjón af þörfum stjórnvalda fyrir tölfræðilegar upplýsingar til stefnumótunar og ákvarðana um þjóðfélagsmál, alþjóðlegum skuldbindingum ríkisins um gerð hagskýrslna og af þörfum og óskum almennings, aðila vinnumarkaðarins, atvinnurekstrar og rannsóknar- og menntastofnana fyrir tölfræðilegar upplýsingar. Í þessu skyni skal stofnunin hafa virkt samráð við þessa aðila.

Hagstofan skipuleggur starfsemi sína og einstök verkefni innan þess ramma sem ræðst af fjárveitingum á fjárlögum, öðrum framlögum og eigin tekjum, sbr. 14. gr.

3. gr.

Hagstofan annast samræmingu opinberrar hagskýrslugerðar sem hún og aðrar ríkisstofnanir hafa með höndum skv. 1. gr. Samræming þessi tekur til verkefna og aðferða við hagskýrslugerðina, þar á meðal til notkunar staðla og flokkunarkerfa, skilyrða um gæði og birtingu svo og um meðferð gagna sem safnað er til tölfræðilegrar úrvinnslu.

Hagstofan skal efna til reglubundins samráðs milli þeirra ríkisstofnana sem leggja stund á opinbera hagskýrslugerð eða safna gögnum sem eru mikilvæg til þeirra nota.

4. gr.

Hagstofunni stýrir hagstofustjóri sem skipaður er af forsætisráðherra til fimm ára í senn. Hagstofustjóri skal hafa lokið háskólaprófi í hagfræði, tölfræði, félagsfræði eða skyldum greinum og hafa þekkingu og reynslu af hagskýrslugerð eða notkun hagtalna.

Hagstofustjóri ræður aðra stjórnendur og starfslið Hagstofunnar. Hann er ábyrgur fyrir rekstri Hagstofunnar og skipuleggur starfsemi hennar í samræmi við ákvæði 1.–3. gr.

Hagstofustjóri ber faglega ábyrgð á hagskýrslugerð Hagstofunnar. Hann tekur ákvarðanir um aðferðir og starfshætti við hagskýrslugerðina, um notkun flokkunarkerfa og staðla, um efni, tímasetningu og birtingu frétta, útgáfna og tölfræðilegra niðurstaðna og skýrslna stofnunarinnar.

II. KAFLI
Söfnun upplýsinga.

5. gr.

Hagstofunni er heimilt að krefja stjórnvöld, stofnanir, fyrirtæki og einstaklinga í atvinnurekstri um gögn og upplýsingar sem hún þarfnast til hagskýrslugerðar sinnar samkvæmt lögum þessum og er þeim skylt að veita henni upplýsingarnar á því formi sem hún óskar eftir eða um semst og innan þeirra tímamarka sem hún ákveður. Hagstofan skal jafnan upplýsa í hvaða tilgangi gagna er aflað, hvernig úrvinnslu verði háttað, gögn varðveitt og niðurstöður birtar.

6. gr.

Hagstofan skal haga gagnasöfnun sinni á þann hátt að fyrirhöfn upplýsingagjafa við að láta í té gögn sé hófleg. Hún skal leitast við að afla gagna úr stjórnsýsluskrám og öðrum opinberum skrám og gagnasöfnum þegar því verður við komið. Stjórnvöld sem afla gagna og halda skrár eða gagnasöfn vegna starfsemi sinnar skulu veita Hagstofunni upplýsingar úr þeim sem hún óskar eftir vegna hagskýrslugerðar sinnar og án þess að gjald komi fyrir.

Ríkisstofnanir og sveitarfélög sem afla eða hyggjast afla gagna til meiri háttar tölfræðilegrar úrvinnslu skulu upplýsa Hagstofuna um störf sín og áform á þessum vettvangi til að tryggja samræmi í verkefnum, aðferðum og vinnubrögðum og að gögnin nýtist sem best til hagskýrslugerðar. Hagstofan getur í slíkum verkum lagt fyrir hlutaðeigandi aðila að afla viðbótarupplýsinga til hagskýrslugerðar, enda sé tekið tillit til eðlilegra sjónarmiða um kostnað.

Ríkisstofnanir og sveitarfélög sem halda skrár vegna starfsemi sinnar eða hyggjast halda slíkar skrár skulu hafa samráð við Hagstofuna um gerð nýrra skráa og endurnýjun eða breytingar eldri skráa til að þær nýtist sem best til hagskýrslugerðar. Hagstofunni er heimilt að óska eftir breytingum á skrám í þessu skyni og skal orðið við þeim óskum eftir því sem við verður komið og að teknu tilliti til eðlilegra sjónarmiða um kostnað.

7. gr.

Fyrirtækjum og einstaklingum í atvinnurekstri er skylt að veita Hagstofunni umbeðnar upplýsingar um umsvif sín og rekstur. Við beina upplýsingaöflun frá aðilum í atvinnurekstri skal Hagstofan gæta þess að gagnasöfnunin sé sem auðveldust og hagkvæmust. Leitast skal við að rafrænni upplýsingatækni sé beitt eftir því sem unnt er, svo sem til útfyllingar gagnabeiðna, við gagnaskil og með tengingum við upplýsingakerfi fyrirtækja.

8. gr.

Hagstofan skal afla nauðsynlegra hagskýrslugagna um einstaklinga og heimili úr opinberum skrám og á grundvelli stjórnsýslugagna eftir því sem kostur er. Hagstofunni er að öðru leyti heimilt að afla persónubundinna upplýsinga beint frá einstaklingum.

9. gr.

Við tölfræðilega úrvinnslu og hagskýrslugerð er Hagstofunni heimilt að tengja saman eigin skrár og skrár frá öðrum aðilum með upplýsingum um einstaklinga eða lögaðila á grundvelli kennitölu eða annars auðkennis.

III. KAFLI
Trúnaður í hagskýrslugerð.

10. gr.

Þagnarskylda ríkir um allar upplýsingar sem Hagstofan safnar til hagskýrslugerðar og snerta tilgreinda einstaklinga eða lögaðila. Slíkar upplýsingar teljast trúnaðargögn og skulu þær einvörðungu notaðar til hagskýrslugerðar. Sama gildir um upplýsingar um einstaklinga og lögaðila í opinberum skrám sem Hagstofan nýtir til hagskýrslugerðar og upplýsingar sem verða til við samtengingu skráa skv. 9. gr. Þegar um stjórnsýsluupplýsingar er að ræða er Hagstofunni þó heimilt að veita hlutaðeigandi stjórnvaldi upplýsingar úr gögnum sem það hefur áður tekið þátt í að safna eða látið henni í té.

Við birtingu og miðlun hagskýrslna skal svo sem frekast er unnt komið í veg fyrir að rekja megi upplýsingar til tilgreindra einstaklinga eða lögaðila. Þetta gildir ekki hafi hlutaðeigandi einstaklingur eða lögaðili samþykkt þess háttar birtingu eða ef um er að ræða opinberar upplýsingar sem ekki þurfa að fara leynt.

11. gr.

Starfsfólki Hagstofunnar er skylt að halda trúnað og gæta fyllstu þagmælsku um öll trúnaðargögn, trúnaðarupplýsingar og trúnaðarmál sem það verður áskynja í starfi sínu og leynt skulu fara, sbr. 18. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Þagnarskyldan helst þótt hlutaðeigandi hafi látið af starfi. Starfsfólk skal enn fremur umgangast allar aðrar upplýsingar um einstaklinga og lögaðila með aðgát og virðingu, jafnvel þótt um sé að ræða opinberar upplýsingar.

12. gr.

Hagstofunni er skylt að varðveita öll tölfræðigögn um einstaklinga og lögaðila tryggilega og beita viðeigandi ráðstöfunum til að tryggja öryggi gagna.

Trúnaðargögnum til hagskýrslugerðar skal eytt að lokinni hagnýtingu þeirra nema ástæða þyki til að varðveita þau til frekari rannsókna innan eða utan Hagstofunnar, en þá skal afmá persónuauðkenni þeirra eða dylja.

Ákvæði laga um skilaskyldu til Þjóðskjalasafns, sbr. 5. gr. laga um Þjóðskjalasafn Íslands, nr. 66/1985, gilda ekki um trúnaðargögn til hagskýrslugerðar og þeim skal ekki komið fyrir til geymslu þar.

Hagstofan skal setja sérstakar reglur um öryggi og varðveislu trúnaðargagna, þar á meðal um varðveislu eða eyðingu pappírsgagna, hvort eða hvenær skuli eyða tölvugögnum og afmá eða dylja auðkenni þess háttar gagna.

13. gr.

Hagstofan skal stuðla að því að gögn hennar nýtist til tölfræðilegra vísindarannsókna. Í því skyni er henni heimilt að veita viðurkenndum eða trúverðugum rannsóknaraðilum aðgang að gögnum eða afhenda gögn úr gagnasafni með almennum upplýsingum um einstaklinga eða fyrirtæki. Afhending eða hagnýting slíkra gagna skal háð þeim skilyrðum að auðkenni einstaklinga eða fyrirtækja hafi verið afmáð eða dulin og ráðstafanir verið gerðar eftir því sem unnt er til þess að upplýsingar verði ekki raktar til þekkjanlegra einstaklinga eða lögaðila.

Hagstofunni er einnig heimilt að veita aðgang að gagnasafni með viðkvæmum persónuupplýsingum sé einhverju skilyrða 9. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýs-

inga, nr. 77/2000, fullnægt og hlutaðeigandi rannsóknaraðili heiti því að skila gögnunum eða eyða persónuauðkennum þeirra að rannsókn lokinni, en þó í síðasta lagi að tilteknum tíma liðnum. Hyggist rannsóknaraðili varðveita persónuauðkenni lengur skal hann tilkynna það Hagstofunni og óska eftir samþykki hennar fyrir frekari varðveislu.

Hagstofan skal setja nánari reglur um afhendingu og hagnýtingu gagna samkvæmt þessari grein og nánari skilyrði í því sambandi, svo sem um umsóknir þar að lútandi, tilgang rannsóknar og rannsóknaráætlun, samhengi gagnaþarfar og rannsóknar, varðveislu gagna og eyðingu gagna að rannsókn lokinni.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

14. gr.

Hagstofunni er heimilt að afla sértekna og taka gjald fyrir sérþjónustu í hagskýrslugerð og þjónustu við rannsóknaraðila og aðra gagnabeiðendur svo og vegna hagnýtingar á upplýsingakerfum hennar og þjónustu í því sambandi.

15. gr.

Skirrist einhver við að veita Hagstofunni umbeðnar upplýsingar til hagskýrslugerðar samkvæmt lögum þessum er henni heimilt að gera hlutaðeigandi skylt að fullnægja upplýsingaskyldu sinni að viðlögðum dagsektum sem mega nema 10.000–50.000 kr. fyrir hvern dag. Dagsektir skulu ákveðnar með úrskurði og falla á fyrir hvern dag sem líður frá uppkvaðningu hans þar til upplýsingaskyldu er sinnt. Áfallnar dagsektir falla niður þegar Hagstofan telur að upplýsingaskyldu hafi verið fullnægt. Dagsektir renna í ríkissjóð og má án undangengins dóms gera aðför til fullnustu þeirra.

16. gr.

Forsætisráðherra setur sérstakar verklagsreglur í hagskýrslugerð á grundvelli þessara laga og viðurkenndra reglna sem settar hafa verið á alþjóðavettvangi um opinbera hagskýrslugerð.

Forsætisráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2008. Jafnframt falla þá úr gildi eftirtalin lög:

1. Lög um hagstofu Íslands, nr. 24 20. október 1913.
2. Lög um hagfræðiskýrslur, nr. 29 8. nóvember 1895.
3. Lög um viðauka við lög nr. 29 8. nóvember 1895, um hagfræðiskýrslur, nr. 64 10. desember 1934.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara halda þeir starfsmenn Hagstofu Íslands sem ráðnir hafa verið með ráðningarsamningi, sbr. 41. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, og 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða við sömu lög, störfum sínum og starfskjörum.

Skrifstofustjórar við Hagstofu Íslands skulu við gildistöku laga þessara halda störfum sínum og starfskjörum, sbr. 23. gr. laga nr. 70/1996 og ákvæði til bráðabirgða við þau lög. Hagstofustjóra skal boðið að taka við starfi hagstofustjóra samkvæmt lögum þessum með óbreyttum starfskjörum.

Við ráðstöfun starfa samkvæmt þessari grein þarf ekki að gæta 7. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996.

410. Þingsályktun [268. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 125/2007, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 6. des.)

Samhljóða þskj. 298.

411. Þingsályktun [269. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2007, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 6. des.)

Samhljóða þskj. 299.

412. Fjáraukalög [103. mál]

fyrir árið 2007.

(Afgreidd frá Alþingi 6. des.)

A-hluti
Rekstraryfirlit ríkissjóðs

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 1. gr. fjárlaga fyrir árið 2007, sbr. sundurliðun 1 og 2:

m.kr.	Rekstrar-grunnur	Sjóðs-hreyfingar
Skatttekjur	**69.591,4**	**59.227,6**
Skattar á tekjur og hagnað	29.051,3	21.984,1
Tryggingagjöld	3.971,8	3.386,1
Eignarskattar	3.490,0	3.390,0
Skattar á vörur og þjónustu	32.033,6	29.439,0
Aðrir skattar	1.044,7	1.028,4
Aðrar rekstrartekjur	4.678,4	3.619,4
Sala eigna	21.438,2	9.268,2
Fjárframlög	55,0	55,0
Tekjur alls	**95.763,0**	**72.170,2**
Æðsta stjórn ríkisins	48,8	48,8
Forsætisráðuneyti	97,7	97,7
Menntamálaráðuneyti	1.734,3	1.669,3
Utanríkisráðuneyti	1.026,2	1.026,2
Landbúnaðarráðuneyti	434,5	434,5
Sjávarútvegsráðuneyti	455,7	455,7
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	1.284,2	1.284,2
Félagsmálaráðuneyti	2.476,3	1.436,3
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	4.496,1	4.496,1
Fjármálaráðuneyti	7.916,5	3.916,5
Samgönguráðuneyti	370,3	370,3
Iðnaðarráðuneyti	452,2	452,2
Viðskiptaráðuneyti	48,6	48,6
Hagstofa Íslands	30,0	30,0
Umhverfisráðuneyti	64,0	64,0
Vaxtagjöld ríkissjóðs	1.178,5	52,5
Samtals	**22.113,9**	**15.882,9**
Tekjujöfnuður	**73.649,1**	

A-hluti
Sjóðstreymi ríkissjóðs

2. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 2. gr. fjárlaga fyrir árið 2007:

m.kr.	
Rekstrarhreyfingar	
Tekjujöfnuður	73.649,1
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-6.116,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:	
Viðskiptakröfur, (breyting)	-18.488,8
Viðskiptaskuldir, (breyting)	1.141,0
Handbært fé frá rekstri	**50.185,3**
Fjármunahreyfingar	
Veitt stutt lán	0,0
Veitt löng lán	525,0
Afborganir veittra lána	-200,0
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	-76.000,0
Sala hlutabréfa og eignarhluta	7.200,0
Fjármunahreyfingar samtals	**-68.475,0**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**-18.289,7**
Fjármögnun	
Tekin stutt lán	0,0
Tekin löng lán	30.900,0
Afborganir lána	-1.800,0
Fjármögnun samtals	**29.100,0**
Framlag til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins	0,0
Breyting á handbæru fé	**10.810,3**

Ýmis ákvæði

Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir

3. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 5. gr. fjárlaga fyrir árið 2007:

1. Í stað orðanna „allt að 30.000 m.kr.“ í 1. tölulið kemur: allt að 60.900 m.kr.

2. Á 2. tölulið verða eftirfarandi breytingar:
   a. Í stað orðanna „allt að 7.725 m.kr.“ í inngangsmálslið kemur: allt að 7.200 m.kr.
   b. Í stað orðanna „allt að 350 m.kr.“ í lið 2.3 kemur: allt að 100 m.kr.
   c. Liður 2.2 fellur brott.

3. Á 3. tölulið verða eftirfarandi breytingar:
   a. Í stað orðanna „allt að 20.000 m.kr.“ í lið 3.1 kemur: allt að 26.000 m.kr.
   b. Í stað orðanna „allt að 43.267 m.kr.“ í lið 3.2 kemur: allt að 58.942 m.kr.
   c. Í stað orðanna „allt að 13.942 m.kr.“ í lið 3.3 kemur: allt að 20.035 m.kr.

Ýmis ákvæði

Heimildir

4. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 6. gr. fjárlaga fyrir árið 2007:

Breyting á heimildum:

Liður 2.31 orðast svo: Að selja stóðhestastöðina í Gunnarsholti ásamt landspildum við stöðina og ráðstafa andvirðinu til Hekluskóga og til uppbyggingar á landsmótssvæðinu að Gaddstaðaflötum.

Nýir liðir:

2.32 Að selja bústað varamanns sendiherra í Stokkhólmi.

3.29 Að selja eignarhlut ríkisins í svonefndu Læknishúsi í Flatey, Reykhólahreppi.

4.60 Að selja fasteignir og landsvæði fyrrum olíustöðvar NATO í Hvalfirði.

6.25 Að kaupa landspildu við Gljúfrastein, Mosfellsbæ, vegna safnsins.
6.26 Að kaupa bústað fyrir aðalræðisskrifstofu Íslands í Þórshöfn.
6.27 Að heimila Happdrætti Háskóla Íslands að kaupa viðbótarhúsnæði fyrir starfsemi sína.
6.28 Að leigja hentugt húsnæði fyrir Náttúrufræðistofnun Íslands.

7.15 Að kaupa hlut í VistOrku hf.
7.16 Að taka þátt í hlutafjáraukningu í e-Farice ehf. sem nemi allt að 400 m.kr.
7.17 Að efla eiginfjárstöðu Byggðastofnunar sem nemi allt að 1.200 m.kr.
7.18 Að leggja hlutafélaginu Matís ohf. til allt að 150 m.kr. stofnfé.
7.19 Að ganga til endanlegra samninga við Landsvirkjun um vatnsréttindi ríkisins við Kárahnjúka á grundvelli úrskurðar matsnefndar um ákvörðun bóta vegna réttindanna.

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
	Sundurliðun 1		
	Tekjur A-hluta		
I	**Skatttekjur**		
1	**Skattar á tekjur og hagnað**		
1.1.1.1	Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla	14.000,0	13.424,0
1.1.5.1	Skattur á fjármagnstekjur einstaklinga	11.900,0	5.850,0
	Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga	**25.900,0**	**19.274,0**
1.5.1.1	Tekjuskattur, lögaðilar	2.000,0	1.690,0
1.10.2	Fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði	1.095,0	965,0
1.10.5	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	56,3	55,1
	Skattar á tekjur og hagnað, ót. annars staðar	**1.151,3**	**1.020,1**
	Skattar á tekjur og hagnað	**29.051,3**	**21.984,1**
2	**Tryggingagjöld**		
2.2.1.1	Tryggingagjald, almennt	3.348,9	2.848,0
2.2.1.5	Atvinnutryggingargjald	622,9	538,1
	Tryggingagjöld, lögaðilar	**3.971,8**	**3.386,1**
	Tryggingagjöld	**3.971,8**	**3.386,1**
3	**Skattar á launagreiðslur og vinnuafl**		
3.2	Ábyrgðargjald vegna launa	95,8	81,6
3.5	Gjald til jöfnunar og lækkunar á örorkubyrði lífeyrissjóða	1.000,0	1.000,0
	Skattar á launagreiðslur og vinnuafl	**1.095,8**	**1.081,6**
4	**Eignarskattar**		
4.3	Erfðafjárskattar, skattar á gjafafé	900,0	800,0
4.4.1	Stimpilgjöld	2.510,0	2.510,0

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
4.5.2.1	Sértækir eignarskattar á fasteignir	80,0	80,0
	Eignarskattar	**3.490,0**	**3.390,0**
5	**Skattar á vörur og þjónustu**		
5.1.1.1	Virðisaukaskattur	27.000,0	25.000,0
5.1.2.1.1	Vörugjald, almennt, af innfluttum vörum	920,0	733,0
5.1.2.1.5	Vörugjald, almennt, af innlendri framleiðslu	-215,0	-245,0
5.1.2.1.15	Vörugjald af innfluttum ökutækjum	3.200,0	3.090,0
5.1.2.1.25	Vörugjald af bensíni	224,0	224,0
5.1.2.1.30	Sérstakt vörugjald af bensíni	759,6	759,6
5.1.2.1.33	Olíugjald	1.430,5	1.430,5
5.1.2.1.50	Áfengisgjald	-3.718,5	-3.616,1
5.1.2.1.52	Tóbaksgjald	-130,0	-130,0
5.1.2.1.55	Ýmis vörugjöld	-160,0	-160,0
5.1.2.10	Tollar og aðflutningsgjöld	2.010,0	1.750,0
5.1.2.20	Sértækir þjónustuskattar	0,0	0,0
	Skattar á viðskipti með vörur og þjónustu	**31.320,6**	**28.836,0**
5.2.1.1.1	Bifreiðagjöld	490,0	460,0
5.2.1.5.5	Þungaskattur	206,4	206,4
5.2.2.10	Ýmis leyfi fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi	11,6	11,6
5.2.2.25	Ýmis leyfis- og skráningargjöld	-223,0	-223,0
5.2.2.25.1.2	Veiðigjald fyrir veiðiheimildir	188,0	108,0
5.2.2.25.5.9	Ýmis skráningargjöld	40,0	40,0
	Neyslu- og leyfisgjöld	**713,0**	**603,0**
	Skattar á vörur og þjónustu	**32.033,6**	**29.439,0**
6	**Aðrir skattar**		
6.1.15	Markaðsgjald	47,9	40,8
6.1.20	Framleiðslugjald af áli	-95,0	-95,0
	Aðrir skattar á atvinnurekstur	**-47,1**	**-54,2**
6.2.1	Sektir á skatttekjur	-4,0	1,0
	Aðrir skattar	**-51,1**	**-53,2**
	Skatttekjur, samtals	**69.591,4**	**59.227,6**

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
II	**Aðrar rekstrartekjur**		
8	**Arðgreiðslur og leigutekjur**		
8.2.2	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum stofnunum	44,0	44,0
8.3.1	Vaxtatekjur af skatttekjum	1.280,0	330,0
8.3.6	Vaxtatekjur af endurlánum ríkissjóðs	3.694,0	3.540,0
8.3.7	Aðrar vaxtatekjur	-379,0	-379,0
	Aðrar eignatekjur	**4.595,0**	**3.491,0**
	Arðgreiðslur og leigutekjur	**4.639,0**	**3.535,0**
9	**Ýmsar tekjur**		
9.1.1	Dómsmálagjöld o.fl.	50,0	50,0
9.1.2	Áhættugjöld fyrir ríkisábyrgðir	30,0	30,0
9.1.3.1	Afnotagjöld RÚV	10,0	10,0
9.1.3.25	Gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl.	0,0	0,0
9.1.3.40	Útgáfa skírteina og þinglýsingar	-70,0	-70,0
9.1.4	Önnur neyslu- og leyfisgjöld	4,4	4,4
	Neyslu- og leyfisgjöld fyrir þjónustu	**24,4**	**24,4**
	Ýmsar tekjur	**24,4**	**24,4**
10	**Sektir**		
10.1	Lögreglumannasektir og lögreglustjórasektir	280,0	250,0
10.2	Dómsektir og viðurlagaákvarðanir	50,0	125,0
	Sektir	**330,0**	**375,0**
12	**Aðrar eigna- og aukatekjur**		
12.1	Aðrar eigna- og aukatekjur	-315,0	-315,0
	Aðrar rekstrartekjur, samtals	**4.678,4**	**3.619,4**

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
III	**Sala eigna**		
13	**Sala varanlegra rekstrarfjármuna**		
13.1	Sala fasteigna	15.300,0	3.130,0
13.2	Söluhagnaður hlutabréfa	6.138,2	6.138,2
	Sala varanlegra rekstrarfjármuna	**21.438,2**	**9.268,2**
	Sala eigna, samtals	**21.438,2**	**9.268,2**
V	**Fjárframlög**		
18	**Fjárframlög frá opinberum aðilum**		
18.1.1	Hluti sveitarfélaga í innheimtukostnaði	75,0	75,0
18.2.1	Framlag Happdrættis HÍ til Háskóla Íslands	0,0	0,0
18.2.5	Viðbótarframlag sveitarfélaga vegna lífeyrisskuldbindinga grunnskólakennara	-20,0	-20,0
	Fjárframlög frá opinberum aðilum	**55,0**	**55,0**
	Fjárframlög, samtals	**55,0**	**55,0**
	Heildartekjur samtals	**95.763,0**	**72.170,2**

m.kr.

Sundurliðun 2

Fjármál ríkisaðila í A-hluta

00 Æðsta stjórn ríkisins

00-101 Embætti forseta Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	4,0
Stofnkostnaður:	
6.11 Bifreiðar	9,8
Gjöld samtals	**13,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	13,8

00-201 Alþingi

Almennur rekstur:	
1.01 Alþingiskostnaður	35,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	35,0

00 Æðsta stjórn ríkisins, gjöld umfram tekjur	**48,8**
Greitt úr ríkissjóði	**48,8**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

01 Forsætisráðuneyti

01-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.22 Ráðgjöf vegna breytinga í heilbrigðis- og tryggingamálum	25,0
1.90 Ýmis verkefni	30,0
Almennur rekstur samtals	55,0
Gjöld samtals	**55,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	55,0

01-201 Fasteignir forsætisráðuneytis

Almennur rekstur:	
1.01 Fasteignir forsætisráðuneytis	17,4
Viðhaldsverkefni:	
5.29 Fasteignir forsætisráðuneytis	-10,6
Gjöld samtals	**6,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-6,8
Gjöld umfram tekjur	**0,0**

01-203 Fasteignir Stjórnarráðsins

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	6,0
Stofnkostnaður:	
6.21 Fasteignir	40,0
6.25 Nýbygging á Stjórnarráðsreit	-6,0
Stofnkostnaður samtals	34,0
Gjöld samtals	**40,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	40,0

		m.kr.
01-255	**Minningarsafn um Halldór Laxness á Gljúfrasteini**	
	Stofnkostnaður:	
	Sértekjur:	
	Sértekjur	2,7
	Gjöld umfram tekjur	**2,7**
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	2,7
01	**Forsætisráðuneyti, gjöld umfram tekjur**	**97,7**
	Greitt úr ríkissjóði	**97,7**
	Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
	Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

02 Menntamálaráðuneyti

02-201 Háskóli Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Háskóli Íslands	144,0
1.13 Háskólasjóður	48,6
Almennur rekstur samtals	192,6
Stofnkostnaður:	
6.50 Byggingarframkvæmdir og tækjakaup	282,0
Gjöld samtals	**474,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	192,6
Innheimt af ríkistekjum	282,0

02-202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum

Almennur rekstur:	
1.01 Tilraunastöð Háskólans að Keldum	19,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	19,4

02-215 Kennaraháskóli Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Kennaraháskóli Íslands	16,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	16,0

02-225 Háskólinn á Bifröst

Almennur rekstur:	
1.01 Háskólinn á Bifröst	27,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	27,8

m.kr.

02-234 Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora

Almennur rekstur:
1.12 Launatengd gjöld 26,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 26,4

02-269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður

Viðhaldsverkefni:
5.21 Viðhald 25,0

Stofnkostnaður:
6.02 Tilraunastöð Háskólans að Keldum 62,0
6.10 Háskólinn á Akureyri 100,0
Stofnkostnaður samtals 162,0

Gjöld samtals **187,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 187,0

02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi

Almennur rekstur:
1.91 Háskólar, óskipt 100,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 100,0

02-302 Menntaskólinn á Akureyri

Almennur rekstur:
1.01 Menntaskólinn á Akureyri 18,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 18,4

02-303 Menntaskólinn að Laugarvatni

Almennur rekstur:
1.01 Menntaskólinn að Laugarvatni 10,0

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 10,0

02-306 Menntaskólinn á Ísafirði

Almennur rekstur:
1.01 Menntaskólinn á Ísafirði 9,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 9,8

02-307 Menntaskólinn á Egilsstöðum

Almennur rekstur:
1.01 Menntaskólinn á Egilsstöðum 3,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 3,3

02-308 Menntaskólinn í Kópavogi

Almennur rekstur:
1.01 Menntaskólinn í Kópavogi 5,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,6

02-309 Kvennaskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Kvennaskólinn í Reykjavík 3,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 3,4

02-319 Framhaldsskólar, almennt

Almennur rekstur:
1.13 Forfallakennsla 60,0
1.14 Sérkennsla 8,5
1.90 Framhaldsskólar, óskipt 17,0
Almennur rekstur samtals 85,5

Gjöld samtals **85,5**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	85,5

02-350 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

Almennur rekstur:	
1.01 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	11,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	11,4

02-351 Fjölbrautaskólinn Ármúla

Almennur rekstur:	
1.01 Fjölbrautaskólinn Ármúla	19,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	19,3

02-352 Flensborgarskóli

Almennur rekstur:	
1.01 Flensborgarskóli	43,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	43,0

02-353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Almennur rekstur:	
1.01 Fjölbrautaskóli Suðurnesja	17,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	17,8

02-354 Fjölbrautaskóli Vesturlands

Almennur rekstur:	
1.01 Fjölbrautaskóli Vesturlands	15,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	15,0

m.kr.

02-355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Almennur rekstur:
1.01 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum 5,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,0

02-356 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra

Almennur rekstur:
1.01 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra 30,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 30,4

02-357 Fjölbrautaskóli Suðurlands

Almennur rekstur:
1.01 Fjölbrautaskóli Suðurlands 12,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 12,0

02-358 Verkmenntaskóli Austurlands

Almennur rekstur:
1.01 Verkmenntaskóli Austurlands 0,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 0,7

02-359 Verkmenntaskólinn á Akureyri

Almennur rekstur:
1.01 Verkmenntaskólinn á Akureyri 51,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 51,9

m.kr.

02-360 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ

Almennur rekstur:
1.01 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ 24,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 24,8

02-361 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu

Almennur rekstur:
1.01 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu 6,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 6,7

02-365 Borgarholtsskóli

Almennur rekstur:
1.01 Borgarholtsskóli 14,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 14,3

02-367 Fjölbrautaskóli Snæfellinga

Almennur rekstur:
1.01 Fjölbrautaskóli Snæfellinga 6,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 6,4

02-368 Menntaskóli Borgarfjarðar

Almennur rekstur:
1.01 Menntaskóli Borgarfjarðar 3,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 3,8

m.kr.

02-441 Fullorðinsfræðsla fatlaðra

Almennur rekstur:
1.01 Fullorðinsfræðsla fatlaðra 6,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 6,0

02-451 Símenntun og fjarkennsla

Almennur rekstur:
1.19 Námsframboð og starfsþjálfun í framhaldsskólum og símenntunarstöðvum 100,0
1.22 Fræðslumiðstöð Vestfjarða 5,0
1.31 Fræða- og þekkingasetur 2,0
1.41 Íslenskukennsla fyrir útlendinga 115,0
Almennur rekstur samtals 222,0

Gjöld samtals **222,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 222,0

02-514 Iðnskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Iðnskólinn í Reykjavík 4,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 4,0

02-564 Listdansskólinn

Almennur rekstur:
1.01 Kennsla 7,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 7,8

02-804 Kvikmyndaskoðun

Almennur rekstur:
1.01 Kvikmyndaskoðun 2,5

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2,5

02-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna

Almennur rekstur:
1.01 Lánasjóður íslenskra námsmanna . . . . . -440,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -440,0

02-901 Fornleifavernd ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Fornleifavernd ríkisins 16,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 16,5

02-903 Þjóðskjalasafn Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Þjóðskjalasafn Íslands 50,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 50,0

02-919 Söfn, ýmis framlög

Almennur rekstur:
1.98 Söfn, ýmis framlög menntamálaráðuneytis 14,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 14,0

02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður

Stofnkostnaður:
6.21 Endurbætur menningarstofnana 25,0
6.23 Tónlistarhús og ráðstefnumiðstöð í Reykjavík 114,1
6.73 Þjóðleikhúsið 130,0

	m.kr.
6.95 Menningarhús	85,0
Stofnkostnaður samtals	354,1
Gjöld samtals	**354,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	354,1

02-971 Ríkisútvarpið

Almennur rekstur:	
1.10 Ríkisútvarpið, afnotagjöld	75,0
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	10,0
Viðskiptahreyfingar	65,0

02-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Sinfóníuhljómsveit Íslands	15,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	15,0

02-979 Húsafriðunarnefnd

Stofnkostnaður:	
6.10 Húsafriðunarsjóður	4,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4,0

02-982 Listir, framlög

Almennur rekstur:	
1.57 Þátttaka í bókakaupstefnu í Frankfurt árið 2011	50,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	50,0

m.kr.

02-988 Æskulýðsmál

Almennur rekstur:	
1.12 Ungmennafélag Íslands	20,0
1.90 Æskulýðsmál	7,0
Almennur rekstur samtals	27,0
Gjöld samtals	**27,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	27,0

02-989 Ýmis íþróttamál

Almennur rekstur:	
1.11 Ferðasjóður Íþróttasambands Íslands	30,0
1.22 Launasjóður stórmeistara í skák	3,0
Almennur rekstur samtals	33,0
Gjöld samtals	**33,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	33,0

02-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:	
1.90 Ýmis framlög	8,0
1.98 Ýmis framlög menntamálaráðuneytis	15,7
Almennur rekstur samtals	23,7
Stofnkostnaður:	
6.90 Ýmis stofnkostnaðarframlög	20,0
Gjöld samtals	**43,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	43,7

02 Menntamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**1.734,3**
Greitt úr ríkissjóði	**1.377,3**
Innheimt af ríkistekjum	**292,0**
Viðskiptahreyfingar	**65,0**

m.kr.

03 Utanríkisráðuneyti

03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	79,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	79,3

03-215 Rekstur fyrrum varnarsvæða við Keflavíkurflugvöll

Almennur rekstur:	
1.01 Rekstur fyrrum varnarsvæða við Keflavíkurflugvöll	-128,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-128,0

03-217 Ratsjárstofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Ratstjárstofnun	280,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	280,0

03-300 Sendiráð Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Sendiráð Íslands	65,0
Viðhaldsverkefni:	
5.21 Viðhald fasteigna	23,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	47,0
6.25 Sendiherrabústaður í Berlín	19,0
6.27 Sendiherrabústaður í Kaupmannahöfn	242,2
6.28 Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn	30,0
6.29 Bústaður aðalræðismanns í Þórhöfn, Færeyjum	87,9
Stofnkostnaður samtals	426,1
Gjöld samtals	**514,1**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	514,1
03-401 Alþjóðastofnanir	
Almennur rekstur:	
1.10 Sameinuðu þjóðirnar, UN	40,0
1.87 Íslensk friðargæsla	200,0
Almennur rekstur samtals	240,0
Gjöld samtals	**240,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	240,0
03-611 Útflutningsráð Íslands	
Almennur rekstur:	
1.10 Útflutningsráð Íslands	40,8
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	40,8
03 Utanríkisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**1.026,2**
Greitt úr ríkissjóði	**985,4**
Innheimt af ríkistekjum	**40,8**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

04 Landbúnaðarráðuneyti

04-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.51 Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO 1,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1,6

04-262 Landbúnaðarháskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Landbúnaðarháskóli Íslands 64,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 64,0

04-271 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal

Almennur rekstur:
1.01 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal 70,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 70,0

04-311 Landgræðsla ríkisins

Almennur rekstur:
1.90 Fyrirhleðslur 23,0

Viðhaldsverkefni:
5.01 Viðhald fasteigna 10,0

Gjöld samtals **33,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 33,0

04-321 Skógrækt ríkisins

Stofnkostnaður:
6.20 Fasteignir 5,0

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5,0

04-325 Hekluskógar

Almennur rekstur:	
1.01 Hekluskógar	14,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	14,0

04-334 Vesturlandsskógar

Almennur rekstur:	
1.01 Vesturlandsskógar	9,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	9,0

04-801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu

Almennur rekstur:	
1.01 Beinar greiðslur til bænda	50,4
1.02 Lífeyrissjóður bænda	1,8
1.05 Kynbóta- og þróunarstarfsemi	1,9
1.06 Gripagreiðslur	30,6
Almennur rekstur samtals	84,7
Gjöld samtals	**84,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	84,7

04-805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu

Almennur rekstur:	
1.01 Beinar greiðslur til bænda	83,3
1.02 Lífeyrissjóður bænda	4,8
1.03 Jöfnunargreiðslur	1,0
1.04 Álagsgreiðslur vegna gæðastýringar	30,9
1.05 Niðurgreiðslur á ull	7,0

	m.kr.
1.10 Þjónustu- og þróunarkostnaður	6,8
Almennur rekstur samtals	133,8
Gjöld samtals	**133,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	133,8

04-811 Bændasamtök Íslands

Almennur rekstur:	
1.11 Ráðgjafaþjónusta og búfjárrækt	19,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	19,4

04 Landbúnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**434,5**
Greitt úr ríkissjóði	**434,5**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

05-101 Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa ..... -2,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -2,0

05-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.98 Ýmis framlög sjávarútvegsráðuneytisins 72,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 72,0

05-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra 2,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2,0

05-202 Hafrannsóknastofnunin

Almennur rekstur:
1.01 Hafrannsóknastofnunin 219,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 219,0

05-206 Matvælarannsóknir

Almennur rekstur:
1.01 Matvælarannsóknir 164,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 164,7

	m.kr.
05 Sjávarútvegsráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**455,7**
Greitt úr ríkissjóði	**455,7**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

06-101 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa 13,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 13,5

06-102 Stjórnartíðindi

Almennur rekstur:
1.01 Stjórnartíðindi 15,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 15,6

06-104 Tölvumiðstöð dóms- og kirkjumálaráðuneytis

Almennur rekstur:
1.01 Tölvumiðstöð dóms- og kirkjumálaráðuneytis . . . . . -108,9

Sértekjur:
Sértekjur 108,9

Gjöld umfram tekjur **0,0**

06-106 Þjóðskrá

Almennur rekstur:
1.01 Þjóðskrá 48,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 48,1

06-111 Kosningar

Almennur rekstur:
1.10 Kosningar 130,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 130,0

m.kr.

06-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.27 Slysavarnafélagið Landsbjörg	12,5
1.47 Íslensk ættleiðing	3,0
1.48 Hollvinasamtök varðskipsins Óðins	5,0
1.93 Dómsmál, ýmis kostnaður	37,0
Almennur rekstur samtals	57,5
Gjöld samtals	**57,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	57,5

06-201 Hæstiréttur

Almennur rekstur:	
1.01 Hæstiréttur	8,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	8,8

06-303 Ríkislögreglustjóri

Almennur rekstur:	
1.01 Ríkislögreglustjóri	79,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	82,6
Innheimt af ríkistekjum	-2,8

06-310 Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

Almennur rekstur:	
1.01 Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu	94,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	101,6
Innheimt af ríkistekjum	-7,6

m.kr.

06-312 Lögreglustjórinn á Suðurnesjum og sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli

Almennur rekstur:
1.20 Löggæsla 106,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 106,4

06-325 Neyðarsímsvörun

Almennur rekstur:
1.10 Neyðarsímsvörun 22,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 22,5

06-395 Landhelgisgæsla Íslands

Almennur rekstur:
1.90 Landhelgisgæsla Íslands 107,9

Viðhaldsverkefni:
5.41 Viðhald skipa og flugfarkosta 360,0

Gjöld samtals **467,9**

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -50,0

Gjöld umfram tekjur **417,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 417,9

06-398 Útlendingastofnun

Almennur rekstur:
1.01 Útlendingastofnun 57,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 57,0

m.kr.

06-411 Sýslumaðurinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Sýslumaðurinn í Reykjavík 13,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 13,5

06-413 Sýslumaðurinn í Borgarnesi

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 15,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 15,0

06-414 Sýslumaður Snæfellinga

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 0,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 0,4

06-415 Sýslumaðurinn í Búðardal

Almennur rekstur:
1.01 Sýslumaðurinn í Búðardal 3,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 3,5

06-419 Sýslumaðurinn á Hólmavík

Almennur rekstur:
1.01 Sýslumaðurinn á Hólmavík 0,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 0,4

m.kr.

06-421 Sýslumaðurinn á Sauðárkróki

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 4,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 4,6

06-424 Sýslumaðurinn á Akureyri

Almennur rekstur:
1.20 Löggæsla 17,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 17,0

06-425 Sýslumaðurinn á Húsavík

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 7,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 7,0

06-426 Sýslumaðurinn á Seyðisfirði

Almennur rekstur:
1.40 Tollgæsla 8,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 8,0

06-430 Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 0,6
1.05 Lögbirtingablað 4,4
Almennur rekstur samtals 5,0

Gjöld samtals **5,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 0,6
Innheimt af ríkistekjum 4,4

m.kr.

06-431 Sýslumaðurinn á Hvolsvelli

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	2,6
1.20 Löggæsla	4,5
Almennur rekstur samtals	7,1
Gjöld samtals	**7,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	7,1

06-433 Sýslumaðurinn á Selfossi

Almennur rekstur:	
1.20 Löggæsla	31,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	31,0

06-434 Sýslumaðurinn í Reykjanesbæ

Almennur rekstur:	
1.01 Sýslumaðurinn í Reykjanesbæ	-28,5
Sértekjur:	
Sértekjur	28,5
Gjöld umfram tekjur	**0,0**

06-436 Sýslumaðurinn í Hafnarfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Sýslumaðurinn í Hafnarfirði	1,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1,9

06-490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta

Almennur rekstur:	
1.10 Ýmis sameiginlegur kostnaður	40,0

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 40,0

06-501 Fangelsismálastofnun ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Fangelsismálastofnun ríkisins 63,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 63,9

06-705 Kirkjumálasjóður

Almennur rekstur:
1.10 Kirkjumálasjóður 0,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 0,3

06-735 Sóknargjöld

Almennur rekstur:
1.10 Sóknargjöld til þjóðkirkjunnar 1,9
1.20 Sóknargjöld til annarra trúfélaga 12,2
Almennur rekstur samtals 14,1

Gjöld samtals **14,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 14,1

06-736 Jöfnunarsjóður sókna

Almennur rekstur:
1.10 Jöfnunarsjóður sókna 0,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 0,4

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur **1.284,2**
Greitt úr ríkissjóði **1.290,2**
Innheimt af ríkistekjum . . . . . **-6,0**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

07 Félagsmálaráðuneyti

07-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.90 Ýmislegt 4,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 4,5

07-205 Leiguíbúðir

Stofnkostnaður:
6.21 Leiguíbúðir 1.100,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 60,0
Viðskiptahreyfingar 1.040,0

07-400 Barnaverndarstofa

Almennur rekstur:
1.20 Heimili fyrir börn og unglinga 9,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 9,0

07-700 Málefni fatlaðra

Almennur rekstur:
1.90 Ýmis verkefni 50,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 50,0

07-701 Málefni fatlaðra, Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 148,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 148,0

m.kr.

07-702 Málefni fatlaðra, Reykjanesi

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 50,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 50,0

07-722 Sólheimar í Grímsnesi

Almennur rekstur:
1.70 Sólheimar í Grímsnesi 5,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,0

07-750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins 41,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 41,3

07-795 Framkvæmdasjóður fatlaðra

Stofnkostnaður:
6.01 Framkvæmdasjóður fatlaðra 150,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 150,0

07-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Almennur rekstur:
1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, lögbundin framlög 1.144,0
1.11 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, sérstök viðbótarframlög 700,0
Almennur rekstur samtals 1.844,0

Gjöld samtals **1.844,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.844,0

m.kr.

07-980 Vinnumálastofnun

Almennur rekstur:
1.01 Vinnumálastofnun 55,0

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -40,0

Gjöld umfram tekjur **15,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 15,0

07-982 Ábyrgðasjóður launa

Almennur rekstur:
1.01 Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota 40,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 40,0

07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður

Almennur rekstur:
1.11 Atvinnuleysisbætur . . . . . -1.313,0
1.25 Styrkir til fiskvinnslustöðva 77,0
1.41 Framlög og styrkir 15,0
1.81 Vaxtatekjur 140,0
Almennur rekstur samtals . . . . . -1.081,0

Gjöld samtals . . . . . **-1.081,0**

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -640,0

Gjöld umfram tekjur . . . . . **-1.721,0**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum . . . . . -1.721,0

07-987 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga

Almennur rekstur:
1.10 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga . . . . . -7,0

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur 7,0

Gjöld umfram tekjur **0,0**

07-989 Fæðingarorlof

Almennur rekstur:
1.01 Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar 40,0
1.11 Fæðingarorlofssjóður 440,0
Almennur rekstur samtals 480,0

Gjöld samtals **480,0**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 480,0

07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:
1.48 Nýbúamiðstöð á Vestfjörðum 6,5
1.59 Til sveitarfélaga sem verða fyrir aflasamdrætti 250,0
1.90 Ýmis framlög 4,0
Almennur rekstur samtals 260,5

Gjöld samtals **260,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 260,5

07 Félagsmálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur **2.476,3**
Greitt úr ríkissjóði **2.637,3**
Innheimt af ríkistekjum . . . . . **-1.201,0**
Viðskiptahreyfingar **1.040,0**

m.kr.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

08-101 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	10,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	10,0

08-201 Tryggingastofnun ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Tryggingastofnun ríkisins	10,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	10,0

08-203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð

Almennur rekstur:	
1.15 Umönnunargreiðslur	70,0
1.21 Makabætur og umönnunarbætur	40,0
1.41 Heimilisuppbót	-110,0
Almennur rekstur samtals	0,0
Gjöld samtals	**0,0**

08-204 Lífeyristryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Ellilífeyrir	70,0
1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega	408,0
1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega	75,0
Almennur rekstur samtals	553,0
Gjöld samtals	**553,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-380,5
Innheimt af ríkistekjum	933,5

m.kr.

08-206 Sjúkratryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Lækniskostnaður	334,0
1.15 Lyf	500,0
Almennur rekstur samtals	834,0
Gjöld samtals	**834,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	834,0

08-305 Lýðheilsustöð

Almennur rekstur:	
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	34,7
Innheimt af ríkistekjum	-34,7

08-326 Sjónstöð Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Sjónstöð Íslands	11,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	11,5

08-358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri

Almennur rekstur:	
1.01 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	206,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	206,0

08-373 Landspítali - háskólasjúkrahús

Almennur rekstur:	
1.01 Landspítali - háskólasjúkrahús	1.736,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.736,6

m.kr.

08-379 Sjúkrahús, óskipt

Almennur rekstur:
1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa 1,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1,3

08-386 Vistun ósakhæfra afbrotamanna

Almennur rekstur:
1.10 Vistun ósakhæfra afbrotamanna 20,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 20,0

08-388 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið

Almennur rekstur:
1.10 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið 30,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 30,0

08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:
1.31 Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit 1,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1,7

08-401 Öldrunarstofnanir, almennt

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarheimili, almennt . . . . . -271,0
1.13 Óskipt framlag til minni öldrunarstofnana 23,8
Almennur rekstur samtals . . . . . -247,2

Gjöld samtals . . . . . **-247,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -247,2

	m.kr.
08-408 Sunnuhlíð, Kópavogi	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	28,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	28,8
08-409 Hjúkrunarheimilið Skjól	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	25,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	25,0
08-410 Hjúkrunarheimilið Eir	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	38,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	38,0
08-411 Garðvangur, Garði	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	16,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	16,4
08-412 Hjúkrunarheimilið Skógarbær	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	9,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	9,2

m.kr.

08-413 Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 32,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 32,8

08-415 Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 3,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 3,8

08-416 Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 5,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,0

08-417 Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 1,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1,0

08-418 Seljahlíð, Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 11,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 11,2

m.kr.

08-424 Dvalarheimili aldraða Borgarnesi

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 5,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,0

08-425 Dvalarheimili aldraða Stykkishólmi

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 2,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2,0

08-427 Jaðar, Ólafsvík

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 2,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2,0

08-429 Barmahlíð, Reykhólum

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 1,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1,0

08-433 Dalbær, Dalvík

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 9,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 9,6

m.kr.

08-434 Samningur við Akureyrarbæ um öldrunarþjónustu

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 21,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 21,0

08-436 Uppsalir, Fáskrúðsfirði

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 5,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,0

08-438 Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 1,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1,0

08-440 Kumbaravogur, Stokkseyri

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 13,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 13,8

08-441 Ás/Ásbyrgi, Hveragerði

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 2,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2,3

m.kr.

08-442 Hraunbúðir, Vestmannaeyjum

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 5,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,0

08-444 Vífilsstaðir, Garðabæ

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 8,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 8,3

08-491 Reykjalundur, Mosfellsbæ

Almennur rekstur:
1.10 Reykjalundur, Mosfellsbæ 60,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 60,0

08-500 Heilsugæslustöðvar, almennt

Almennur rekstur:
1.10 Heilsugæslustöðvar, almennt 9,0

Stofnkostnaður:
6.21 Bygging heilsugæslustöðva 20,0

Gjöld samtals **29,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 29,0

08-506 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu 10,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 10,0

m.kr.

08-522 Heilsugæslustöðin Borgarnesi

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Borgarnesi 2,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2,5

08-551 Heilsugæslustöðin Ólafsfirði

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Ólafsfirði 2,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2,5

08-711 Heilbrigðisstofnunin Akranesi

Almennur rekstur:
1.11 Sjúkrasvið 116,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 116,0

08-715 St. Franciskusspítali, Stykkishólmi

Almennur rekstur:
1.11 Sjúkrasvið 16,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 16,0

08-721 Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 2,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2,0

m.kr.

08-725 Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 14,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 14,0

08-731 Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 3,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 3,0

08-735 Heilbrigðisstofnunin Hólmavík

Almennur rekstur:
1.11 Sjúkrasvið 16,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 16,0

08-741 Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga

Almennur rekstur:
1.11 Sjúkrasvið 9,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 9,0

08-745 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi

Almennur rekstur:
1.11 Sjúkrasvið 9,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 9,0

m.kr.

08-751 Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki

Almennur rekstur:
1.11 Sjúkrasvið 9,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 9,0

08-761 Heilbrigðisstofnun Þingeyinga

Almennur rekstur:
1.11 Sjúkrasvið 28,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 28,0

08-777 Heilbrigðisstofnun Austurlands

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 1,5
1.11 Sjúkrasvið 125,0
Almennur rekstur samtals 126,5

Gjöld samtals **126,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 126,5

08-781 Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum

Almennur rekstur:
1.11 Sjúkrasvið 30,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 30,0

08-787 Heilbrigðisstofnun Suðurlands

Almennur rekstur:
1.11 Sjúkrasvið 208,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 208,0

m.kr.

08-791 Heilbrigðisstofnun Suðurnesja

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	1,5
1.11 Sjúkrasvið	84,0
Almennur rekstur samtals	85,5
Gjöld samtals	**85,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	85,5

08-795 St. Jósefsspítali, Sólvangur

Almennur rekstur:	
1.11 St. Jósefsspítali, Sólvangur	306,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	306,0

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**4.496,1**
Greitt úr ríkissjóði	**3.597,3**
Innheimt af ríkistekjum	**898,8**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

09 Fjármálaráðuneyti

09-101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa ..... -6,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -6,5

09-391 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða

Almennur rekstur:

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -1.000,0
Innheimt af ríkistekjum 1.000,0

09-405 Fasteignagjöld af húsnæði ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Fasteignagjöld af húsnæði ríkisins 400,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 400,0

09-711 Afskriftir skattkrafna

Almennur rekstur:
1.11 Afskriftir skattkrafna 4.000,0

Fjármögnun:
Viðskiptahreyfingar 4.000,0

09-721 Fjármagnstekjuskattur

Almennur rekstur:
1.11 Fjármagnstekjuskattur 1.095,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.095,0

m.kr.

09-981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs

Viðhaldsverkefni:
5.25 Viðhald fasteigna á svæðum sem verða fyrir aflasamdrætti 333,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 333,0

09-985 Rekstur fyrrum varnarsvæða við Keflavíkurflugvöll

Almennur rekstur:
1.01 Rekstur fyrrum varnarsvæða við Keflavíkurflugvöll 280,0

Stofnkostnaður:
6.21 Stofnkostnaður 1.170,0

Gjöld samtals **1.450,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.450,0

09-989 Launa- og verðlagsmál

Almennur rekstur:
1.90 Launa- og verðlagsmál 518,4

Sértekjur:
Sértekjur ..... -18,4

Gjöld umfram tekjur **500,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 500,0

09-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:
1.67 Þjóðlendumál 22,0
1.90 Ýmis verkefni 123,0
Almennur rekstur samtals 145,0

Gjöld samtals **145,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 145,0

	m.kr.
09 Fjármálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**7.916,5**
Greitt úr ríkissjóði	**2.916,5**
Innheimt af ríkistekjum	**1.000,0**
Viðskiptahreyfingar	**4.000,0**

m.kr.

10 Samgönguráðuneyti

10-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.19 Útgáfa ökuskírteina	-15,9
1.44 Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu	40,0
1.98 Ýmis framlög samgönguráðuneytis	28,0
Almennur rekstur samtals	52,1
Gjöld samtals	**52,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	52,1

10-211 Rekstur Vegagerðarinnar

Almennur rekstur:	
1.11 Styrkir til ferja og sérleyfishafa	830,5
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	343,5
Viðskiptahreyfingar	487,0

10-212 Framkvæmdir Vegagerðarinnar

Stofnkostnaður:	
6.10 Framkvæmdir	-487,0
Fjármögnun:	
Viðskiptahreyfingar	-487,0

10-335 Siglingastofnun Íslands

Almennur rekstur:	
1.11 Vaktstöð siglinga	16,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	16,6

m.kr.

10-471 Flugmálastjórn Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Flugmálastjórn Íslands 154,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 154,8

10-475 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta

Almennur rekstur:
1.01 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta . . . . . -19,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -19,1

10-481 Rannsóknanefnd flugslysa

Almennur rekstur:
1.01 Rannsóknanefnd flugslysa 2,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2,4

10-521 Fjarskiptasjóður

Almennur rekstur:

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -140,0

Gjöld umfram tekjur . . . . . **-140,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -140,0

10-651 Ferðamálastofa

Almennur rekstur:
1.05 Landkynningarskrifstofur erlendis . . . . . -31,0
1.15 Samstarfssamningar við Grænland og Færeyjar . . . . . -9,0
Almennur rekstur samtals . . . . . -40,0

Gjöld samtals . . . . . **-40,0**

		m.kr.
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	-40,0
10	**Samgönguráðuneyti, gjöld umfram tekjur**	**370,3**
	Greitt úr ríkissjóði	**26,8**
	Innheimt af ríkistekjum	**343,5**
	Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

11 Iðnaðarráðuneyti

11-101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	-2,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-2,2

11-102 Einkaleyfastofan

Almennur rekstur:	
1.01 Einkaleyfastofan	2,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	7,9
Innheimt af ríkistekjum	-5,7

11-201 Iðntæknistofnun Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Iðntæknistofnun Íslands	-213,7
Sértekjur:	
Sértekjur	125,5
Gjöld umfram tekjur	**-88,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-88,2

11-203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins

Almennur rekstur:	
1.01 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	-130,0
Sértekjur:	
Sértekjur	87,8
Gjöld umfram tekjur	**-42,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-42,2

m.kr.

11-205 Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Nýsköpunarmiðstöð Íslands 436,9

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -213,3

Gjöld umfram tekjur **223,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 223,6

11-299 Iðja og iðnaður, framlög

Almennur rekstur:
1.48 Átak til atvinnusköpunar 5,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,0

11-301 Orkustofnun

Almennur rekstur:
1.01 Orkustofnun 66,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 66,0

11-373 Niðurgreiðslur á húshitun

Almennur rekstur:
1.11 Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis 55,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 55,0

11-375 Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku

Almennur rekstur:
1.11 Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku 15,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 15,0

m.kr.

11-399 Ýmis orkumál

Almennur rekstur:
1.12 Jarðhitaleit 50,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 50,0

11-401 Byggðaáætlun

Almennur rekstur:
1.10 Byggðaáætlun 60,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 60,0

11-411 Byggðastofnun

Almennur rekstur:
1.11 Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni 108,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 108,0

11 Iðnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur 452,2
Greitt úr ríkissjóði 457,9
Innheimt af ríkistekjum . . . . . -5,7
Viðskiptahreyfingar 0,0

m.kr.

12 Viðskiptaráðuneyti

12-101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa 38,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 38,6

12-411 Samkeppniseftirlitið

Almennur rekstur:
1.01 Samkeppniseftirlitið 10,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 10,0

12 Viðskiptaráðuneyti, gjöld umfram tekjur 48,6
Greitt úr ríkissjóði 48,6
Innheimt af ríkistekjum 0,0
Viðskiptahreyfingar 0,0

m.kr.

13 Hagstofa Íslands

13-101 Hagstofa Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Hagstofa Íslands	30,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	30,0
13 Hagstofa Íslands, gjöld umfram tekjur	**30,0**
Greitt úr ríkissjóði	**30,0**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

14 Umhverfisráðuneyti

14-101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa	11,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	11,4

14-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.61 Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál	8,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	8,0

14-211 Umhverfisstofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Umhverfisstofnun	123,6
Viðhaldsverkefni:	
5.41 Þjóðgarðar og friðlýst svæði	-70,6
Gjöld samtals	**53,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-25,4
Gjöld umfram tekjur	**27,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	27,6

14-287 Úrvinnslusjóður

Almennur rekstur:	
1.10 Úrvinnslusjóður	-110,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-50,0
Gjöld umfram tekjur	**-160,0**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-160,0
14-381 Ofanflóðasjóður	
Stofnkostnaður:	
6.60 Ofanflóðasjóður	260,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-100,0
Gjöld umfram tekjur	**160,0**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	160,0
14-401 Náttúrufræðistofnun Íslands	
Almennur rekstur:	
1.01 Náttúrufræðistofnun Íslands	6,0
Stofnkostnaður:	
6.11 Bifreiðar	3,0
Gjöld samtals	**9,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	9,0
14-410 Veðurstofa Íslands	
Almennur rekstur:	
1.01 Almenn starfsemi	5,0
Stofnkostnaður:	
6.11 Bifreiðar	3,0
Gjöld samtals	**8,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	8,0
14 Umhverfisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**64,0**
Greitt úr ríkissjóði	**64,0**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

19-801 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Almennur rekstur:	
1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs	1.178,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	52,5
Viðskiptahreyfingar	1.126,0

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs, gjöld umfram tekjur	**1.178,5**
Greitt úr ríkissjóði	**52,5**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**1.126,0**

m.kr.

Séryfirlit 1

Málaflokkar gjalda í A-hluta

01.	**Almenn opinber þjónusta**	
01.1	Opinber þjónusta	
	01.1.1 Æðsta stjórnsýsla ríkisins	103,8
	01.1.2 Fjármálastjórnsýsla	146,5
	01.1.3 Utanríkisstjórnsýsla	833,4
	Samtals	**1.083,7**
01.3	Opinberar frumrannsóknir	
	01.3.1 Frumrannsóknir í raunvísindum	9,0
	Samtals	**9,0**
01.4	Önnur almenn opinber þjónusta	
	01.4.2 Hagáætlanir og hagskýrslugerð	30,0
	01.4.3 Önnur almenn opinber þjónusta	2.143,1
	Samtals	**2.173,1**
Almenn opinber þjónusta samtals		**3.265,8**
03.	**Löggæsla og öryggismál**	
03.1	Löggæsla og brunavarnir	
	03.1.1 Löggæsla	847,6
	Samtals	**847,6**
03.2	Dómstólar	22,3
03.3	Fangelsi	63,9
03.4	Önnur réttar- og öryggismál	721,9
Löggæsla og öryggismál samtals		**1.655,7**
04.	**Fræðslumál**	
04.2	Framhaldsskólastig	
	04.2.1 Almennt framhaldsskólastig	620,5
	04.2.2 Sérskólastig	81,8
	Samtals	**702,3**
04.3	Æðra skólastig	
	04.3.1 Háskólastig	475,2
	Samtals	**475,2**

	m.kr.
04.6 Önnur fræðslumál, óta.	26,0
Fræðslumál samtals	**1.203,5**
05. Heilbrigðismál	
05.1 Sjúkrahúsaþjónusta	
05.1.1 Almenn sjúkrahúsaþjónusta	2.899,9
05.1.2 Sérstæð sjúkrahúsaþjónusta	50,0
05.1.4 Öldrunar- og endurhæfingarstofnanir	60,0
Samtals	**3.009,9**
05.2 Heilsugæsla	
05.2.1 Almenn heilsugæsla	400,0
05.2.2 Sérstæð heilsugæsla	11,5
Samtals	**411,5**
05.4 Lyf og hjálpartæki	500,0
05.6 Önnur heilbrigðismál	11,7
Heilbrigðismál samtals	**3.933,1**
06. Almannatryggingar og velferðarmál	
06.1 Almannatryggingar	
06.1.1 Sjúkra-, mæðra- og örorkubætur	480,0
06.1.3 Elli-, örorku- og ekkjulífeyrir	483,0
06.1.4 Atvinnuleysisbætur	-1.721,0
06.1.5 Fjölskyldu- og barnabætur	70,0
Samtals	**-688,0**
06.2 Velferðarmál	
06.2.1 Barna- og unglingaheimili	9,0
06.2.3 Málefni fatlaðra	444,3
06.2.4 Önnur velferðarheimili	6,5
06.2.6 Önnur velferðarþjónusta	18,5
Samtals	**478,3**
Almannatryggingar og velferðarmál samtals	**-209,7**

		m.kr.
07.	**Húsnæðis- og skipulags- og hreinsunarmál**	
07.1	Húsnæðis- og skipulagsmál	
	07.1.1 Húsnæðismál	1.100,0
	07.1.2 Skipulagsmál	47,0
	Samtals	**1.147,0**
07.3	Hreinsunarmál	
	07.3.1 Almenn hreinsunarmál	-160,0
	Samtals	**-160,0**
Húsnæðis- og skipulags- og hreinsunarmál samtals		**987,0**
08.	**Menningarmál**	
08.0	Menningarmál	
	08.0.1 Æskulýðs-, íþrótta- og útivistarmál	60,0
	08.0.2 Söfn, listir o.fl.	508,8
	08.0.3 Fjölmiðlar	75,0
	08.0.4 Kirkjumál	14,8
	08.0.5 Önnur menningarmál	23,7
	Samtals	**682,3**
Menningarmál samtals		**682,3**
09.	**Eldsneytis- og orkumál**	
09.2	Orkumál	
	09.2.1 Raforkumál	120,0
	09.2.3 Orkumál	66,0
	Samtals	**186,0**
Eldsneytis- og orkumál samtals		**186,0**
10.	**Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál**	
10.1	Landbúnaðarmál	
	10.1.1 Jarðræktarmál	33,0
	10.1.3 Tekju- og verðlagsmál landbúnaðar	218,5
	10.1.7 Önnur landbúnaðarmál	21,0
	Samtals	**272,5**

		m.kr.
10.2	Skógræktarmál	28,0
10.3	Sjávarútvegsmál	
	10.3.4 Rannsóknar- og þróunarstarfsemi	383,7
	10.3.7 Önnur sjávarútvegsmál	72,0
	Samtals	**455,7**
Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál samtals		**756,2**
11.	**Iðnaðarmál**	
11.2	Iðnaðarstarfsemi	138,2
11.3	Byggingarstarfsemi	-42,2
Iðnaðarmál samtals		**96,0**
12.	**Samgöngumál**	
12.1	Landsamgöngur	
	12.1.1 Vega- og gatnagerð	-487,0
	12.1.2 Umferðarmál	-15,9
	Samtals	**-502,9**
12.4	Loftsamgöngur	
	12.4.2 Önnur loftsamgöngumál	135,7
	Samtals	**135,7**
12.7	Önnur samgöngumál	775,1
Samgöngumál samtals		**407,9**
13.	**Önnur útgjöld vegna atvinnuvega**	
13.2	Ferðaþjónusta	-40,0
13.4	Ýmsar þjónustustofnanir ríkisins	99,6
13.5	Almenn launa- og atvinnumál	55,0
13.6	Önnur atvinnumál	168,0
Önnur útgjöld vegna atvinnuvega samtals		**282,6**
14.	**Önnur útgjöld ríkissjóðs**	
14.0	Önnur útgjöld ríkissjóðs	
	14.0.1 Vaxta- og lántökukostnaður	1.178,5

	m.kr.
14.0.2 Tilfærslur til annarra opinbera aðila	2.094,0
14.0.3 Önnur þjónusta	5.595,0
Samtals	**8.867,5**
Önnur útgjöld ríkissjóðs samtals	**8.867,5**
Heildargjöld samtals	**22.113,9**

Séryfirlit 2

Hagræn skipting gjalda í A-hluta 2007

m.kr.

Rekstrargjöld	
Laun	4.519,1
Lífeyrisskuldbindingar	0,0
Önnur gjöld	5.255,9
Sértekjur	-651,9
Rekstrargjöld samtals	**9.123,1**
Fjármagnskostnaður	**1.178,5**
Rekstrar- og neyslutilfærslur	
Afskriftir skattkrafna	4.000,0
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	1.844,0
Sjúkratryggingar	819,0
Lífeyristryggingar	553,0
Fæðingarorlofssjóður	440,0
Styrkir til ferja og sérleyfishafa	343,5
Félagsmál, ýmis starfsemi	260,5
Alþjóðastofnanir	240,0
Símenntun og fjarkennsla	207,0
Lánasjóður íslenskra námsmanna	-440,0
Atvinnuleysistryggingasjóður	-1.221,0
Aðrar neyslu- og rekstrartilfærslur	852,1
Neyslu og rekstrartilfærslur samtals	**7.898,1**
Viðhald	
Vegakerfi	0,0
Annað	638,2
Viðhald samtals	**638,2**
Fjárfesting	
Vegakerfi	-487,0
Háskólar og framhaldskólar	444,0
Annað	3.319,0
Fjárfesting samtals	**3.276,0**
Gjöld samtals	**22.113,9**

Séryfirlit 3

Markaðar tekjur 2007

m.kr		Sjóðs-hreyfingar
03-611	**Útflutningsráð Íslands**	
	Markaðsgjald	40,8
	Greitt úr ríkissjóði	40,8
06-303	**Ríkislögreglustjóri**	
	Áfengiseftirlitsgjald til Ríkislögreglustjóra	-2,8
	Greitt úr ríkissjóði	-2,8
06-310	**Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu**	
	Áfengiseftirlitsgjald til Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu	-7,6
	Greitt úr ríkissjóði	-7,6
07-982	**Ábyrgðasjóður launa**	
	Ábyrgðargjald vegna launa	81,6
	Greitt úr ríkissjóði	40,0
	Viðskiptahreyfing	41,6
07-984	**Atvinnuleysistryggingasjóður**	
	Hluti Atvinnuleysistryggingasjóðs í atvinnutryggingargjaldi	521,5
	Greitt úr ríkissjóði	-1.721,0
	Viðskiptahreyfing	2.242,5
07-987	**Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga**	
	Hluti Tryggingasj. sjálfst. starfandi einstakl. í atvinnutryggingargjaldi.	16,6
	Greitt úr ríkissjóði	0,0
	Viðskiptahreyfing	16,6
07-989	**Fæðingarorlof**	
	Tryggingagjald, almennt, hluti Fæðingarorlofssjóðs	907,8
	Greitt úr ríkissjóði	480,0
	Viðskiptahreyfing	427,8
08-204	**Lífeyristryggingar**	
	Tryggingagjald, almennt, hluti lífeyristrygginga	1.933,5
	Greitt úr ríkissjóði	933,5
	Viðskiptahreyfing	1.000,0
08-305	**Lýðheilsustöð**	
	Hlutdeild Forvarnasjóðs í áfengisgjaldi	-34,7
	Greitt úr ríkissjóði	-34,7

08-402	**Framkvæmdasjóður aldraðra**	
	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	55,1
	Greitt úr ríkissjóði	0,0
	Viðskiptahreyfing	55,1
09-391	**Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða**	
	Gjald til jöfnunar og lækkunar á örorkubyrði lífeyrissjóða	1.000,0
	Greitt úr ríkissjóði	1.000,0
10-211	**Rekstur Vegagerðarinnar**	
	Olíugjald til reksturs Vegagerðarinnar	343,5
	Þungaskattur af díselbifreiðum, km-gjald, til reksturs Vegagerðarinnar	206,4
	Greitt úr ríkissjóði	343,5
	Viðskiptahreyfing	206,4
10-212	**Framkvæmdir Vegagerðarinnar**	
	Sérstakt vörugjald af blýlausu bensíni til framkvæmda Vegagerðarinnar	759,6
	Olíugjald til framkvæmda Vegagerðarinnar	1.087,0
	Greitt úr ríkissjóði	0,0
	Viðskiptahreyfing	1.846,6
11-299	**Iðja og iðnaður, framlög**	
	Tryggingagjald, almennt, hluti Staðlaráðs	5,9
	Greitt úr ríkissjóði	0,0
	Viðskiptahreyfing	5,9
12-190	**Ýmis verkefni**	
	Tryggingagjald, almennt, hluti Ice-Pro nefndar	0,8
	Greitt úr ríkissjóði	0,0
	Viðskiptahreyfing	0,8
14-287	**Úrvinnslusjóður**	
	Úrvinnslugjald	-160,0
	Greitt úr ríkissjóði	-160,0
14-303	**Skipulagsmál sveitarfélaga**	
	Skipulagsgjald	80,0
	Greitt úr ríkissjóði	0,0
	Viðskiptahreyfing	80,0
14-381	**Ofanflóðasjóður**	
	Ofanflóðasjóðsgjald	0,0
	Greitt úr ríkissjóði	160,0
	Viðskiptahreyfing	-160,0

Heildartekjur	**6.835,0**
Heildargreiðslur úr ríkissjóði	**1.071,7**
Mismunur	**5.763,3**
Þar af viðskiptahreyfingar	**5.763,3**

Séryfirlit 4

Aðrar rekstrartekjur stofnana 2007

m.kr		Sjóðs-hreyfingar
02-201	**Háskóli Íslands**	
	Framlag Happdrættis HÍ til Háskóla Íslands	0,0
	Greitt úr ríkissjóði	282,0
	Viðskiptahreyfing	-282,0
02-971	**Ríkisútvarpið**	
	Afnotagjöld RÚV	10,0
	Greitt úr ríkissjóði	10,0
06-430	**Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal**	
	Auglýsingar í Lögbirtingablaði	4,4
	Greitt úr ríkissjóði	4,4
11-102	**Einkaleyfastofan**	
	Gjöld fyrir vörumerki	0,0
	Greitt úr ríkissjóði	-5,7
	Viðskiptahreyfing	5,7
	Heildartekjur	**14,4**
	Heildargreiðslur úr ríkissjóði	**290,7**
	Mismunur	**-276,3**
	Þar af viðskiptahreyfingar	**-276,3**

Séryfirlit 5

Lögbundin framlög 2007

m.kr		Sjóðs-hreyfingar
02-201	**Háskóli Íslands**	
	Háskólasjóður	48,6
	Greitt úr ríkissjóði	48,6
06-705	**Kirkjumálasjóður**	
	Kirkjumálasjóður	0,3
	Greitt úr ríkissjóði	0,3
06-735	**Sóknargjöld**	
	Sóknargjöld	14,1
	Greitt úr ríkissjóði	14,1
06-736	**Jöfnunarsjóður sókna**	
	Jöfnunarsjóður sókna	0,4
	Greitt úr ríkissjóði	0,4
07-801	**Jöfnunarsjóður sveitarfélaga**	
	Lögbundið framlag	1.144,0
	Greitt úr ríkissjóði	1.144,0
	Lögbundin framlög alls	**1.207,4**
	Heildargreiðslur úr ríkissjóði	**1.207,4**

Samþykkt á Alþingi 6. desember 2007.

413. Svar [166. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Sivjar Friðleifsdóttur um íbúafjölgun og almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu.

1. *Hvað er áætlað að íbúum á höfuðborgarsvæðinu fjölgi mikið næstu 10 árin miðað við áætlanir sveitarfélaganna um uppbyggingu?*

Eina opinbera íbúaspáin sem fyrirliggjandi er fyrir höfuðborgarsvæðið er sú sem sett var fram af svæðisskipulagi Reykjavíkurborgar og staðfest 2003. Íbúaþróun hefur verið töluvert örari en sú spá gerði ráð fyrir. Sem dæmi má nefna að gert var ráð fyrir að íbúar á höfuðborgarsvæðinu væru orðnir um 189 þúsund árið 2007 en þeir eru um 195 þúsund. Árið 2017 gerði spáin ráð fyrir að íbúarnir yrðu 210 þúsund.

2. *Hvernig hyggst ráðherra bregðast við þörf sveitarfélaganna fyrir auknar almenningssamgöngur vegna þeirrar íbúafjölgunar?*

Almenningssamgöngur hafa verið verkefni sveitarfélaga, ef undan er skilin aðstoð ríkisins við sérleyfi. Á vegum ráðuneytisins starfar nú starfshópur sem skipaður er í samráði við stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga og fer í saumana á þessum málaflokki með það fyrir augum að draga fram nýjar lausnir. Óskað hefur verið eftir því að hópurinn skili niðurstöðum fyrr en upphaflega var áætlað, eða í febrúar á næsta ári. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er hins vegar tekið fram að samhliða stórátaki í samgöngumálum verði lögð aukin áhersla á umferðaröryggi og almenningssamgöngur. Þessi stefna er til grundvallar í vinnu ráðuneytisins í þessum málaflokki.

414. Svar [253. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Birkis J. Jónssonar um störf hjá ráðuneytinu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu mikið hefur störfum hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess fjölgað eða fækkað það sem af er þessu ári á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og utan þess hins vegar?*
2. *Hversu mikið er áætlað að störfum hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess fjölgi utan höfuðborgarsvæðisins á næsta ári?*

Ráðuneytið byggir mat sitt á starfafjölda á talningu ársverka í dagvinnu í launakerfi ríkisins. Talningin er einungis marktæk ef gögnin ná til heils árs í senn. Það er því ekki tímabært að segja til um hvort störfum hafi fækkað eða fjölgað það sem af er árinu. Hins vegar gefur þróunin milli áranna 2005 og 2006 nokkuð góða mynd af stöðu mála. Árið 2006 fjölgar störfum á vegum ráðuneytisins og stofnana þess um 31 talsins. Aukningin skiptist þannig að um 21 nýtt starf er á höfuðborgarsvæðinu og tíu störf á landsbyggðinni. Á höfuðborgarsvæðinu munar langmest um eflingu Landhelgisgæslunnar og embætti ríkislögreglustjóra, samtals 21 starf. Á landsbyggðinni skýrist hækkunin alfarið að sektarinnheimtu sýslumannsins á Blönduósi, fimm störf og önnur fimm hjá sýslumanninum í Keflavík vegna framleiðslu vegabréfa í Njarðvík.

Ráðuneytið vekur athygli á því að við fjárlagagerð stofnana er ekki lengur stuðst við starfsmannafjölda eins og áður var. Upplýsingar um mannaaflaáætlanir er því eingöngu að finna í rekstraráætlunum einstakra stofnana sem eru ekki vistaðar á samræmdum formi hjá ráðuneytinu.

Engu að síður má áætla starfsmannabreytingar miðað við breytingar á fjárhagsramma í frumvarpi til fjárlaga 2008. Ágiskun ráðuneytisins, skipt eftir stofnunum, er eftirfarandi:

Starfsmaður í Peking vegna vegabréfaáritunar	1
Tengslafulltrúi embættis ríkislögreglustjóra í Reykjavík	1
Lögfræðingur og skrifstofumaður á Ísafirði vegna útlendingamála	2
Skrifstofumaður hjá sektarinnheimtustöð á Blönduósi	1
Stækkun fangelsins á Kvíabryggju	3
Stækkun fangelsins á Akureyri	1

Samtals gerir þetta 9 manns og þar af eru 7 á landsbyggðinni.

415. Svar [259. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Birkis J. Jónssonar um störf hjá ráðuneytinu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu mikið hefur störfum hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess fjölgað eða fækkað það sem af er þessu ári á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og utan þess hins vegar?*
2. *Hversu mikið er áætlað að störfum hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess fjölgi utan höfuðborgarsvæðisins á næsta ári?*

Störfum hjá iðnaðarráðuneytinu og stofnunum þess hefur fækkað um níu það sem af er þessu ári á höfuðborgarsvæðinu en fjölgað um tvö utan þess.

Áætlað er að störfum hjá ráðuneytinu og stofnunum þess utan höfuðborgarsvæðisins fjölgi um fimm á næsta ári.

416. Nefndarálit [206. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 14/2004, um erfðafjárskatt, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og skattanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sóleyju Ragnarsdóttur og Ingva Má Pálsson frá fjármálaráðuneytinu. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá ríkisskattstjóra, Ríkisendurskoðun, Fasteignamati ríkisins, Útlendingastofnun, Félagi löggiltra endurskoðenda, Viðskiptaráði, Krabbameinsfélagi Íslands og Alþjóðahúsi ehf.

Í frumvarpinu eru lagðar til fjórar breytingar. Í fyrsta lagi er því ætlað að taka af öll tvímæli um rétt íslenska ríkisins til að leggja erfðafjárskatt á fasteignir hér á landi án tillits til þess hvar búskipti fara fram. Önnur breytingin varðar það hvernig álagningu erfðafjárskatts

skuli háttað við þær aðstæður þegar erfingi afsalar sér arfi eða hafnar. Í þriðja lagi eru í frumvarpinu nánar útfærð þau viðmið sem koma til skoðunar við ákvörðun á fjárhagslegu verðmæti hlutabréfa í félagi sem ekki er skráð á skipulegum verðbréfamarkaði. Í fjórða lagi er tekið fram að tilgreindur skiptakostnaður skuli teljast frádráttarbær frá skattstofni erfðafjárskatts.

Nefndin tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í umsögn ríkisskattstjóra og áréttar að breyting frumvarpsins varðar kostnað sem fellur til á grundvelli 17.–21. gr. laga nr. 20/1991, um skipti á dánarbúum o.fl. Kostnaður tengdur ráðstöfunum sem erfingjar stofna til persónulega vegna eigin hagsmunagæslu við skiptin telst ekki frádráttarbær.

Nefndin vekur athygli á því sem fram kom við meðferð málsins að tekjur af erfðafjárskatti hafa vaxið frá því að gildandi lög voru sett.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Bjarni Benediktsson, Gunnar Svavarsson og Katrín Jakobsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. des. 2007.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Ellert B. Schram.	Ögmundur Jónasson.
Magnús Stefánsson.	Ragnheiður E. Árnadóttir.	Lúðvík Bergvinsson.

417. Nefndarálit [231. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og skattanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingva Má Pétursson frá fjármálaráðuneytinu. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá ríkisskattstjóra, Vegagerðinni, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Byggðastofnun, Samtökum atvinnulífsins og Samtökum iðnaðarins, Samtökum verslunar og þjónustu, Samtökum ferðaþjónustunnar, Viðskiptaráði Íslands, Bændasamtökunum og Neytendasamtökunum. Einnig hafa borist tilkynningar frá N1, Ríkisendurskoðun og Seðlabanka Íslands

Í frumvarpinu er lagt til að lækkun olíugjalds og sérstaks kílómetragjalds sem verið hefur tímabundin verði fest til frambúðar.

Á fundum nefndarinnar kom meðal annars fram að áþreifanlegur árangur hafi náðst síðan lög um olíugjald og kílómetragjald, nr. 87/2004, voru sett og að hlutfall dísilbifreiða í íslenska bílaflotanum hafi hækkað. Notkun þessara bifreiða er almennt álitin umhverfisvænni en þeirra sem ganga fyrir bensíni. Nokkrum áhyggjum veldur þó að hátt heimsmarkaðsverð dísilolíu getur staðið þessari þróun fyrir þrifum og þar með grafið undan yfirlýstu markmiði laganna.

Í athugasemdum með frumvarpinu er vakin athygli á því að á vegum fjármálaráðuneytis er nú unnið að því að móta heildarstefnu hvað varðar skattlagningu ökutækja og eldsneytis og þeirri vinnu á að ljúka fyrir 1. febrúar 2008. Nefndin telur að í því ljósi beri að skoða varanleika þess fyrirkomulags sem nú er fest í sessi.

Eftir ábendingu ríkisskattstjóra leggur nefndin til að samhliða afgreiðslu frumvarpsins verði gerðar smávægilegar lagfæringar á einstökum ákvæðum laganna.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Á eftir 1. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:
   a. Í stað „4. tölul.“ í 3. mgr. kemur: 5. tölul.
   b. Í stað „6., 7. og 8. tölul.“ í 3. og 5. mgr. kemur: 7., 8. og 9. tölul.
   c. Í stað „6. tölul.“ í 4. mgr. kemur: 7. tölul.
   d. Í stað „7. og 8. tölul.“ í 4. mgr. kemur: 8. og 9. tölul.
   e. Í stað „6. og 7. tölul.“ í 5. mgr. kemur: 7. og 8. tölul.
2. Við 2. gr. bætist þrír nýir liðir, svohljóðandi:
   a. Í stað „7. og 8. tölul.“ í 1. tölul. 1. mgr. kemur: 8. og 9. tölul.
   b. Í stað „6. tölul.“ í 1. tölul. 2. mgr. kemur: 7. tölul.
   c. Í stað „nr. 688/2005“ í 7. mgr. kemur: nr. 155/2007.

Ögmundur Jónasson skrifar undir álitið með fyrirvara.

Bjarni Benediktsson, Gunnar Svavarsson og Katrín Jakobsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. des. 2007.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Ellert B. Schram.	Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.
Magnús Stefánsson.	Ragnheiður E. Árnadóttir.	Lúðvík Bergvinsson.

418. Tillaga til þingsályktunar [312. mál]

um eflingu íslenska geitfjárstofnsins.

Flm.: Jón Björn Hákonarson, Birkir J. Jónsson, Bjarni Harðarson, Atli Gíslason, Jón Gunnarsson, Grétar Mar Jónsson, Karl V. Matthíasson, Einar Már Sigurðarson.

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að beita sér fyrir eflingu íslenska geitfjárstofnsins. Í því skyni verði bændur sem vilja vinna geitfjárafurðir til sölu og þeir sem halda geitfé sérstaklega aðstoðaðir. Einnig verði kannað hvernig fjölga megi stöðum á landinu þar

sem geitfjárrækt fer fram. Þá verði hafnar erfðarannsóknir á stofninum og nýtt til þess þekking sérfræðinga í Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri og á tilraunastöðinni á Keldum.

Greinargerð.

Íslenski geitfjárstofninn er einstakur í sinni röð fyrir hreinleika sakir. Stofninn er sá sami frá landnámsöld að því er varðar blöndun við aðra stofna. Þá hefur íslenska geitin sérstöðu hvað varðar tegundir ullar, en fínleiki hennar er í ætt við kasmírull. Eru því afurðir geitarinnar hér á landi mjólk, kjöt, ull og skinn. Nú er svo komið að einungis eru eftir rétt rúmlega 400 vetrarfóðraðar geitur hér á landi í 45 hjörðum og er stofninn í útrýmingarhættu. Hefur geitum fækkað mjög á síðustu árum, einkum vegna þess að þær hafa verið skornar niður á svæðum þar sem greinst hefur riða í sauðfé, þrátt fyrir að aldrei hafist greinst riða í geitfé. Nú eru greiddar 5.000 kr. með hverri skýrslufærðri geit á ári til þeirra bænda sem þær halda. Þá hefur það staðið í vegi fyrir því að fleiri taki geitur að ekki hefur fengist leyfi til þess hjá yfirdýralækni að flytja geitur á ný svæði sökum varnarlína vegna sauðfjársjúkdóma þótt aldrei hafi greinst riða í geitfé hér á landi eins og áður sagði. Á sama tíma hefur komið í ljós eftirspurn eftir ýmsum afurðum þessa stofns, ekki síst í ljósi þess nýja fjölmenningarlega samfélags sem er að myndast hér á landi.

Í ljósi veikrar stöðu þessarar búgreinar er því lagt til með tillögu þessari að landbúnaðarráðherra beiti sér fyrir því að styrkja stöðu geitfjárstofnsins. Verði það gert á eftirfarandi hátt:

- Þeir bændur sem vilja vinna afurðir til sölu fái til þess tímabundinn styrk og aðstoð til að koma sér á stað.
- Þeir sem vilja halda geitur til fjölgunar stofninum fái tímabundna hækkun á greiðslu fyrir hverja skýrslufærða geit.
- Hafnar verði rannsóknir á erfðamengi geitfjárstofnsins hér á landi og það kortlagt, meðal annars með tilliti til riðuarfgerða, enda stofninn ekki stærri en svo að slíkt á að vera auðvelt í framkvæmd ásamt því að allur stofninn er nú skýrslufærður.
- Yfirdýralæknir fái einnig heimild til að leyfa flutning á sæði milli geitfjárhjarða hér á landi milli sauðfjárveikivarnarsvæða í meira mæli en nú er.

Ísland er aðili að Ríósamþykktinni frá 1992 um varðveislu erfðaefnis og víst er að ef ekki verður nú þegar brugðist við þeirri stöðu sem íslenski geitfjárstofninn er í er hætt við að það verði brátt um seinan.

Að öllu framansögðu telja flutningsmenn mikilvægt að stjórnvöld leiti leiða til að efla íslenska geitfjárstofninn.

419. Fyrirspurn [313. mál]

til heilbrigðisráðherra um leiðsöguhunda.

Frá Dýrleifu Skjóldal.

1. Hvað er það sem kemur í veg fyrir að leiðsöguhundar fyrir blinda og daufblinda séu flokkaðir sem hjálpartæki en ekki sem gæludýr?
2. Stendur til að breyta þessari flokkun?

Skriflegt svar óskast.

420. Fyrirspurn [314. mál]

til iðnaðarráðherra um störf á Norðvesturlandi.

Frá Þórunni Kolbeins Matthíasdóttur.

Hefur ráðherra áform um að beita sér fyrir fjölgun dagvinnustarfa sem henta konum á Norðvesturlandi í ljósi þess að hlutfall atvinnulausra kvenna er hærra en hlutfall atvinnulausra karla á svæðinu?

421. Nefndarálit [305. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um fjarskipti, nr. 81/2003, með síðari breytingum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur og Karl Alvarsson frá samgönguráðuneyti og Björn Geirsson og Friðrik Pétursson frá Póst- og fjarskiptastofnun.

Í frumvarpinu er lagt til að álagningarprósenta fjarskiptafyrirtækja í jöfnunarsjóð alþjónustu verði hækkuð úr 0,12% í 0,65% af bókfærðri veltu fjarskiptafyrirtækja. Þetta kemur til af því að með úrskurði úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála frá 10. október 2007 hafa nú fallið verulegar viðbótarskuldbindingar á jöfnunarsjóðinn. Því er nauðsynlegt að hækka gjaldið til að sjóðurinn geti staðið undir skuldbindingum sínum.

Á fundi nefndarinnar kom fram að nokkrir aðilar væru að velta fyrir sér að höfða mál fyrir dómstólum í því skyni að fá úrskurðinum snúið við. Nefndin leggur áherslu á að ef af slíkri málshöfðun verður og henni lyktar með því að úrskurðinum verði snúið við verði álagningarprósentan lækkuð á ný.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Alþingi, 6. des. 2007.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, form., frsm.	Ólöf Nordal.	Herdís Þórðardóttir.
Árni Þór Sigurðsson.	Árni Johnsen.	Guðni Ágústsson.

422. Nefndarálit [234. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og skattanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ögmund Hrafn Magnússon frá fjármálaráðuneyti og Dís Sigurgeirsdóttur frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá ríkisskattstjóra, Seðlabanka Íslands, Ríkisendurskoðun, Viðskiptaráði og Samtökum fjármálafyrirtækja. Einnig hafa tilkynningar borist frá Hagstofu Íslands, Félagi löggiltra endurskoðenda og Lögmannafélagi Íslands.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á gjaldtökuheimildum laga um aukatekjur ríkissjóðs með hliðsjón af ábendingum frá Fjármálaeftirlitinu og dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Breytingarnar standa einkum í tengslum við lög um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, lög um alþjóðleg viðskiptafélög, nr. 31/1999, lög um miðlun vátrygginga, nr. 32/2005, og lög um loftferðir, nr. 60/1998. Þá má rekja hluta breytinganna til ákvörðunar ráðherraráðs Evrópusambandsins frá því í sumar sem varðar vegabréfsáritanir.

Á fundum nefndarinnar kom fram að með breytingum frumvarpsins stæði ekki til að hækka önnur gjöld en þau sem varða vegabréfsáritanir. Við meðferð málsins hafa fulltrúar fjármálaráðuneytis og dómsmálaráðuneytis þó farið þess á leit að nefndin geri þá breytingu á frumvarpinu að við það verði aukið heimildum til töku gjalds vegna útgáfu leyfis til reksturs leiktækjastaða annars vegar og töku gjalds vegna rafrænnar miðlunar á lögregluskýrslum um eignatjón til tryggingafélaga hins vegar. Jafnframt hafa ráðuneytin óskað eftir breytingu á orðalagi í 1. mgr. 14. gr. laganna þannig að gjaldtaka miðist við afgreiðslu umsóknar fyrir vegabréfsáritun í stað vegabréfsáritunar. Gjald þetta er ákvarðað með hliðsjón af ákvörðun ráðherraráðs Evrópusambandsins frá 1. júní 2006 þar sem gert er ráð fyrir að innheimta gjaldsins fari fram í tilefni af umsókn óháð því hvort áritun er veitt eða hennar synjað.

Nefndin telur heimild til álagningar gjalds vegna útgáfu leyfis til reksturs leiktækjastaða eiga rétt á sér með tilliti til hliðstæðrar gjaldtöku á öðrum sviðum atvinnurekstrar.Þar sem umsýsla er ekki mikil við leyfisveitingar af þessu tagi telur nefndin rétt að gjaldið verði 5.500 kr., en til samanburðar má nefna að það er mun lægra en gjald fyrir leyfi til veitinga- og gististaðareksturs. Útgáfa leyfis til reksturs leiktækjastaða fer fram á grundvelli laga um lögreglusamþykktir, nr. 36/1988.

Hvað varðar heimild til töku gjalds vegna rafrænna sendinga lögregluskýrslna telur nefndin að kostnaður vegna umsýslu við innheimtu og vinnslu, þ.m.t. bókhald, eigi eftir að verða miklu meiri en sem nemur tekjum af gjaldinu. Tekur nefndin því ekki undir óskir ráðuneytisins að þessu leyti. Nefndin gerir ráð fyrir að rafræn miðlun skýrslnanna verði gjaldfrjáls til einföldunar fyrir embættin og móttakendur.

Nefndin telur rétt að breyta orðalagi í 1. mgr. 14. gr. laganna til samræmis við framangreinda ákvörðun ráðherraráðs Evrópusambandsins (ekki Evrópuráðsins eins og segir í athugasemdum).

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Ögmundur Jónasson skrifar undir álitið með fyrirvara.

Gunnar Svavarsson, Lúðvík Bergvinsson og Katrín Jakobsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 5. des. 2007.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Ellert B. Schram.	Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.
Magnús Stefánsson.	Ragnheiður E. Árnadóttir.	Herdís Þórðardóttir.

423. Breytingartillögur [234. mál]

við frv. til. l. um breyt. á l. nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og skattanefnd.

1. Við 1. gr. bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Við greinina bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Leyfi til reksturs leiktækjastaðar 5.500 kr.
2. Við 2. gr. bætist þrír nýir stafliðir, svohljóðandi:
   c. Í stað orðsins „Vegabréfsáritun“ í 5., 6., 7., 9., 10., 11. og 12. tölul. kemur: Fyrir afgreiðslu umsóknar um vegabréfsáritun.
   d. Í stað orðanna „Almenn vegabréfsáritun“ í 8. tölul. kemur: Fyrir afgreiðslu umsóknar um almenna vegabréfsáritun.
   e. Í stað orðsins „Vegabréfsáritanir“ í 13. tölul. kemur: Fyrir afgreiðslu umsóknar um vegabréfsáritanir.

424. Nefndarálit [237. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um kjararáð, nr. 47/2006, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og skattanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Gunnar Björnsson og Björn Rögnvaldsson frá fjármálaráðuneyti og Guðrúnu Zoëga frá kjararáði. Þá hafa umsagnir borist frá Hagstofu Íslands, kjararáði, Félagi forstöðumanna ríkisstofnana, Starfsmannaráði flutningsskyldra starfsmanna utanríkisþjónustunnar, Félagi starfsmanna Alþingis, Félagi prófessora, Prestafélagi Íslands, Landssambandi lögreglumanna, Alþýðusambandi Íslands, Viðskiptaráði, Bjarna Vestmann sendifulltrúa, Ólafi Sigurðssyni sendifulltrúa, Hauki Ólafssyni sendifulltrúa, Garðari Garðarssyni hrl. Nefndinni hefur einnig borist tilkynning frá Seðlabanka Íslands.

Meginrökin fyrir framlagningu frumvarpsins eru þau að viðmið gildandi laga sem kjararáð hefur til hliðsjónar við mat á því til hvaða ríkisstarfsmanna úrskurðarvald þess tekur sé ekki

nægilega skýrt. Með frumvarpinu er lagt til að nánar verði útlistað í upphafsgrein laganna til hverra úrskurðarvald kjararáðs taki með því að bæta við starfsheitum ráðuneytisstjóra, skrifstofustjóra í Stjórnarráði Íslands og forstöðumenn ríkisstofnana.

Rökin fyrir þeirri tilhögun að láta kjararáð úrskurða um kjör skrifstofustjóra í Stjórnarráði Íslands eru þau að þeir koma í mörgum tilvikum fram sem fulltrúar ríkisins í kjaraviðræðum við starfsmenn þess. Á fundum nefndarinnar kom fram að skrifstofustjórar séu um 60 manns og eru þá ekki taldir með sendiherrar og sendifulltrúar sem gegna tímabundið starfi skrifstofustjóra á aðalskrifstofu utanríkisráðuneytisins. Störfin sem skrifstofustjórar inna af hendi geta þó verið nokkuð mismunandi og því mikilvægt að innan og meðal ráðuneyta fari fram vinna sem miði að því að skilgreina verk- og ábyrgðarsvið þeirra.

Nefndin fjallaði einnig um sendifulltrúa en í úrskurði kjararáðs frá 7. júní sl. var staða þeirra borin saman við skrifstofustjóra í Stjórnarráðinu, sbr. 8. gr. laga nr. 39/1971, um utanríkisþjónustu Íslands. Fulltrúar fjármálaráðuneytis hafa bent á að störfin geti ekki talist sambærileg þótt þau teljist til sama flokks í skilningi umræddrar lagagreinar og jafnframt að innan utanríkisráðuneytisins standi til að gera skýrari greinarmun á skrifstofustjórum og sendifulltrúum.

Það er skilningur meiri hluta nefndarinnar á frumvarpinu að þeir sem skipaðir eru í embætti skrifstofustjóra í Stjórnarráðinu falli undir úrskurðarvald kjararáðs. Jafnframt felst meiri hlutinn á þau sjónarmið ráðuneytisins að staða sendifulltrúa sé ekki hin sama og skrifstofustjóra í þessu tilliti.

Það er skoðun meiri hlutans að skírskotun frumvarpsins til forstöðumanna ríkisstofnana sé eðlileg þar sem þeir fara almennt með fyrirsvar stofnunar, sbr. 5. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þó benda úrskurðir kjararáðs til þess að á sérsjónarmið geti reynt við mat á því hvort forstöðumenn falli undir vald þess. Um þetta má m.a. vísa til úrskurðar kjararáðs frá 11. apríl 2007 sem varðar laun og starfskjör framkvæmdastjóra Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins.

Meiri hlutinn leggur áherslu á að þrátt fyrir breytingar frumvarpsins verði þeirri stefnu viðhaldið að sem flestir hópar semji um kjör sín. Meiri hlutinn vill einnig taka fram að með frumvarpinu stendur ekki til að hrófla við úrskurðum kjararáðs varðandi framkvæmdastjóra Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins og forstöðumenn fangelsanna á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri, á Kvíabryggju og á Litla-Hrauni.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Bjarni Benediktsson skrifar undir álit þetta með fyrirvara.

Gunnar Svavarsson og Katrín Jakobsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Grétar Mar Jónsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 6. des. 2007.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Ellert B. Schram.	Bjarni Benediktsson, með fyrirvara.
Lúðvík Bergvinsson.		Ólöf Nordal.

425. Nefndarálit [162. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 51/1995, um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks, með síðari breytingum.

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Aðalstein Baldursson, sviðsstjóra matvælasviðs Starfsgreinasambands Íslands, Fjólu Pétursdóttur, lögfræðing frá Starfsgreinasambandi Íslands, og Hönnu Sigríði Gunnsteinsdóttur og Bjarnheiði Gautadóttur frá félagsmálaráðuneyti. Einnig bárust nefndinni umsagnir frá Tryggingastofnun ríkisins, Samtökum fiskvinnslustöðva, Samtökum atvinnulífsins, Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Félagi skipstjórnarmanna.

Frumvarp þetta er lagt fram sem liður í aðgerðum ríkisstjórnarinnar til að styrkja atvinnulíf í sjávarbyggðum sem eiga í erfiðleikum vegna ákvörðunar stjórnvalda um samdrátt þorskveiðiheimilda. Lög um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks kveða á um rétt fyrirtækja sem starfrækja fiskvinnslu til greiðslna úr Atvinnuleysistryggingasjóði fyrir hvern heilan vinnudag sem fyrirtæki greiðir starfsmönnum sínum föst laun fyrir dagvinnu meðan á tímabundinni vinnslustöðvun stendur samkvæmt nánar tilgreindum skilyrðum. Í því skyni að koma til móts við þessi fyrirtæki vegna framangreinds samdráttar aflaheimilda er lagt til í frumvarpinu að greiðsludagar sem heimilt er að greiða fyrirtækjum í einni vinnslustöðvun verði 30 talsins í stað 20 samkvæmt gildandi lögum. Hvað varðar heildarfjölda greiðsludaga á ári hverju er jafnframt lagt til að heimilt verði að greiða fyrir allt að 60 vinnudaga til sama fyrirtækis í stað 45 daga áður. Um er að ræða tímabundnar aðgerðir sem ætlað er að gilda til 31. desember 2009.

Eftir að hafa fengið gesti á sinn fund og rætt málið leggur nefndin til að á eftir 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða sem lagt er til með 2. gr. frumvarpsins komi ný málsgrein. Tilgangurinn með þeirri breytingu er að tryggja að þeir starfsmenn fiskvinnslustöðva sem þurfa að leggja niður störf í tímabundinni vinnslustöðvun vegna hráefnisskorts verði ekki verr settir á þeim tíma en hefðu þeir misst vinnuna með hefðbundnum hætti og fengið greiddar atvinnuleysisbætur samkvæmt lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar. Líkt og fyrrgreind fjölgun greiðsludaga á ári hverju er gert ráð fyrir að þetta sé tímabundin aðgerð til 31. desember 2009. Lagt er til að kerfið samkvæmt lögunum um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks, með síðari breytingum, haldi gildi sínu sem slíkt þannig að vinnuveitendur greiði starfsfólki sínu áfram föst laun fyrir dagvinnu í tímabundinni vinnslustöðvun í samræmi við ákvæði kjarasamninga um kauptryggingu verkafólks í fiskvinnslu og fái greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði sem nema óskertum grunnatvinnuleysisbótum auk lífeyrissjóðsiðgjalds og tryggingagjalds atvinnurekanda í samræmi við ákvæði laganna. Þær greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði halda jafnframt áfram að vera óháðar rétti einstakra starfsmanna til atvinnuleysistrygginga samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar enda greiddar beint til vinnuveitanda. Hins vegar er lagt til að þeir starfsmenn sem kunna að eiga frekari rétt til tekjutengdra atvinnuleysisbóta samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar geti sótt um mismun dagvinnulauna sem þeir fá frá vinnuveitanda í tímabundinni vinnslustöðvun og tekjutengdra atvinnuleysisbóta sem þeir hefðu ella átt rétt á skv. 32. gr. laga um atvinnuleysistryggingar hefðu þeir skráð sig atvinnulausa á sama tíma og uppfyllt skilyrði III. kafla laganna að öðru leyti. Þó er gert ráð fyrir að starfsmaður eigi ekki

rétt á þessum mismun fyrir fyrstu tíu virku dagana sem hann hefur fengið greidd föst dagvinnulaun frá vinnuveitanda í tímabundinni vinnslustöðvun eftir 1. janúar 2008. Það er í samræmi við lög um atvinnuleysistryggingar en launamaður á ekki rétt á tekjutengdum atvinnuleysisbótum fyrr en frá þeim tíma er grunnatvinnuleysisbætur hafa verið greiddar í samtals tíu virka daga. Þannig er tryggt að starfsmaður sé jafnsettur í tímabundinni vinnslustöðvun eins og hann hefði misst vinnu sína og hefði átt rétt á atvinnuleysisbótum samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar. Til hagræðingar við framkvæmd ákvæðisins er lagt til að greiðslurnar skuli inntar af hendi í einu lagi fyrsta dag mánaðarins eftir að tímabundinni vinnslustöðvun lýkur enda hafi vinnslustöðvun lokið og umsókn starfsmanns borist Vinnumálastofnun fyrir 23. dag mánaðarins á undan. Gert er ráð fyrir óverulegum kostnaði vegna þessarar breytingartillögu en þó má gera ráð fyrir auknum útgjöldum Vinnumálastofnunar vegna umfangsmeiri umsýslu við framkvæmd laganna.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindri breytingu sem lögð er til í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 7. des. 2007.

Guðbjartur Hannesson, form., frsm.	Ármann Kr. Ólafsson.	Ásta R. Jóhannesdóttir.
Ögmundur Jónasson.	Árni Johnsen.	Birkir J. Jónsson.
Pétur H. Blöndal.	Jón Gunnarsson.	Kristinn H. Gunnarsson.

426. Breytingartillaga [162. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 51/1995, um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks, með síðari breytingum.

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

Á eftir 1. efnismgr. 2. gr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Starfsmanni sem fær greidd föst laun fyrir dagvinnu frá vinnuveitanda í tímabundinni vinnslustöðvun í samræmi við ákvæði kjarasamninga um kauptryggingu verkafólks í fiskvinnslu, sbr. einnig 2. gr., er heimilt að sækja um mismun fastra dagvinnulauna og tekjutengdra atvinnuleysisbóta sem hann ætti ella rétt á skv. 32. gr. laga nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, hefði hann skráð sig án atvinnu hjá Vinnumálastofnun þann tíma sem vinnslustöðvunin varir. Skilyrði er að starfsmaður hafi fengið greidd föst laun fyrir dagvinnu frá vinnuveitanda í tímabundinni vinnslustöðvun í tíu virka daga samtals eftir 1. janúar 2008. Fyrsta dag næsta mánaðar skulu greiðslur Vinnumálastofnunar samkvæmt þessari málsgrein inntar af hendi í einu lagi eftir að tímabundinni vinnslustöðvun lýkur, enda hafi vinnslustöðvun lokið og umsókn starfsmannsins borist Vinnumálastofnun fyrir 23. dag mánaðarins á undan. Ljúki vinnslustöðvun síðar eða ef umsókn berst síðar skulu greiðslur inntar af hendi

fyrsta dag næsta mánaðar þar á eftir. Sá tími sem starfsmaður fær greiddan mismun fastra dagvinnulauna og tekjutengdra atvinnuleysisbóta samkvæmt þessari málsgrein dregst ekki frá því tímabili sem starfsmaður kann að eiga rétt á atvinnuleysisbótum skv. VI. kafla laga um atvinnuleysistryggingar að öðrum skilyrðum laganna uppfylltum.

427. Framhaldsnefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2008.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hefur haft fjárlagafrumvarpið til athugunar frá því að 2. umræða fór fram 29. nóvember sl. Til viðræðna við nefndina komu forsvarsmenn B-hluta stofnana, þ.e. Happdrættis Háskóla Íslands og Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. Enn fremur komu til viðræðna við nefndina fulltrúar C-hluta stofnana, þ.e. Íbúðalánasjóðs og Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins.

Formaður efnahags- og skattanefndar, Pétur H. Blöndal, kom á fund nefndarinnar og kynnti álit er varðar tekjuhlið frumvarpsins.

Í nefndarálitinu er fyrst gerð grein fyrir meginbreytingum sem varða tekjuhlið frumvarpsins. Þá er gerð grein fyrir þeim breytingum sem lagðar eru til á sundurliðun 2. Að lokum er gerð grein fyrir breytingum sem lagt er til að verði gerðar á sundurliðunum 3 og 4 (B- og C-hluta) og 5. gr. frumvarpsins.

Í endurskoðaðri tekjuáætlun efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytis er gert ráð fyrir að tekjur verði 473.439,5 m.kr. sem er rúmlega 4 milljarða kr. hækkun. Munar þar mest um 4 milljarða kr. fyrir sölu eigna á fyrrum varnarsvæði við Keflavíkurflugvöll. Þá hækka ríkistekjur af flugvallasköttum og varaflugvallagjaldi um 110 m.kr.

Tillögur meiri hlutans er varða útgjöld A-hluta ríkissjóðs leiða til 2.608,6 m.kr. hækkunar útgjalda og er því gert ráð fyrir að heildarútgjöld verði 434.231,5 m.kr. og tekjuafgangur verði 39.208 m.kr.

Hér á eftir fylgja skýringar á breytingartillögum meiri hlutans.

SKÝRINGAR VIÐ EINSTAKAR BREYTINGARTILLÖGUR

01 Forsætisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild forsætisráðuneytis verði lækkuð um 50 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

1.91 Til stjórnmálaflokka með hliðsjón af nýrri kjördæmaskipan og breyttum aðstæðum þingmanna af þeim sökum. Í samræmi við 4. gr. laga nr. 162/2006, um fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra, er lagt til að niður falli 50 m.kr. framlag til stjórnmálaflokka sem vistað hefur verið á þessu viðfangsefni hjá forsætisráðuneytinu og að það færist á viðfangsefnið 1.18 Framlög til stjórnmálasamtaka undir fjárlagaliðnum 09-999 hjá fjármálaráðuneytinu.

02 Menntamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild menntamálaráðuneytis verði aukin um 168,9 m.kr.

201 Háskóli Íslands.

1.01 Háskóli Íslands. Gerð er tillaga um 100 m.kr. hækkun fjárveitingar til að efla starfsemi Háskólans á sviði kennslu og rannsókna vegna fjölgunar ársnemenda.

Þá er lagt til að 20 m.kr. fjárheimild verði millifærð af þessum lið yfir á viðfangsefni 02-451-1.20 Háskólasetur í Vestmannaeyjum. Tillagan var hluti af mótvægisaðgerðum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í þorskveiðum.

217 Hólaskóli – Háskólinn á Hólum.

1.01 Hólaskóli – Háskólinn á Hólum. Gerð er tillaga um 3 m.kr. tímabundið framlag til Guðbrandsstofnunar vegna verkefnisins Hólar 902.

318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður.

6.95 Tæki og búnaður, óskipt. Gerð er tillaga um að veita Reykjanesbæ 4 m.kr. tímabundið framlag til uppbyggingar aðstöðu fyrir fjarnám á háskólastigi á Suðurnesjum.

319 Framhaldsskólar, almennt.

1.35 Myndlistarskólinn í Kópavogi. Gerð er tillaga um 2,5 m.kr. tímabundið framlag til reksturs Myndlistarskóla Kópavogs.

451 Símenntun og fjarkennsla.

1.20 Háskólasetur í Vestmannaeyjum. Lagt er til að 20 m.kr. fjárheimild verði millifærð hingað af liðnum 02-201-1.01 Háskóli Íslands. Tillagan var hluti af mótvægisaðgerðum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í þorskveiðum.

902 Þjóðminjasafn Íslands.

1.01 Þjóðminjasafn Íslands. Gerð er tillaga um 2 m.kr. tímabundið framlag til safnsins vegna umsýslu með verkefnum sem hlotið hafa styrk á liðnum 02-902-1.10.

1.10 Byggða- og minjasöfn. Gerð er tillaga um 5 m.kr. hækkun á liðnum vegna þriggja verkefna. Þar er í fyrsta lagi lagt til 2 m.kr. tímabundið framlag til Hólarannsóknarinnar í Háskólanum á Hólum til að halda áfram fornleifauppgreftri á tanganum við Kolkuós (Kolbeinsárós) en framlagið er til viðbótar 3 m.kr. framlagi sem samþykkt var við 2. umræðu. Í öðru lagi er lagt til 2 m.kr. tímabundið framlag til kaupa á minjasafni Kristjáns Runólfssonar frá Brúarlandi í Skagafirði sem ætlunin er að afhenda Byggðasafni Skagfirðinga. Loks er í þriðja lagi gerð tillaga um 1 m.kr. tímabundið framlag til Byggðasafnsins í Garði.

919 Söfn, ýmis framlög.

1.90 Söfn, ýmis framlög. Gerð er tillaga um 3 m.kr. tímabundna hækkun safnliðarins og er framlagið ætlað Eyrbyggju, sögumiðstöð í Grundarfirði, til viðbótar við 3 m.kr. framlag sem samþykkt var við 2. umræðu. Í 1. yfirliti í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta breytist því 1. tölul. í samræmi við það.

971 Ríkisútvarpið.

1.10 Ríkisútvarpið, afnotagjöld. Lagt er til að veitt verði 14 m.kr. tímabundin fjárheimild á árinu 2008 þar sem áformað er að létta skuldum við ríkissjóð sem því nemur af Ríkisútvarpinu en afskriftirnar verða færðar til gjalda á þennan lið. Í fjáraukalögum fyrir árið 2007 er gert ráð fyrir að 65 m.kr. af skuldum félagsins verði afskrifaðar. Með lánaafléttingunni, hækkun afnotagjalda og öðrum aðgerðum verður eiginfjárhlutfall í hlutafélaginu um 15% eins og til stóð við stofnun þess. Stofnun félagsins seinkaði um

þrjá mánuði og varð rekstrarafkoma á því tímabili nokkru lakari en ráð var fyrir gert í upphaflegri áætlun, einkum vegna aukinna biðlauna og hærri launakostnaðar. Samtals verður aflétt lánum við ríkissjóð sem nema 79 m.kr. og er þá miðað við að 35 m.kr. séu vegna biðlauna umfram forsendur og 44 m.kr. vegna þess sem vantaði á til að eigið fé um síðustu áramót hefði verið um 15%.

974 Sinfóníuhljómsveit Íslands.

1.01 Sinfóníuhljómsveit Íslands. Lagt er til að beint framlag greitt úr ríkissjóði lækki um 2,7 m.kr. Við 2. umræðu var hljómsveitinni veitt 15 m.kr. fjárheimild til að mæta auknum kostnaði, bæði vegna tveggja nýrra stöðugilda og hækkunar húsaleigu. Í þeirri tillögu láðist að taka tillit til þess að samkvæmt lögum um hljómsveitina á Reykjavíkurborg að greiða 18% af rekstrarkostnaði hennar á móti 82% hluta ríkisins og færist það framlag á tekjuhlið ríkissjóðs. Með þessari tillögu er þetta leiðrétt með því að 2,7 m.kr. af fjárveitingunni verða fjármagnaðar með innheimtum ríkistekjum. Þessi breyting hefur ekki áhrif á útgjaldaheimild hljómsveitarinnar.

979 Húsafriðunarnefnd.

6.10 Húsafriðunarsjóður. Gerð er tillaga um 7 m.kr. tímabundið framlag til hækkunar á framlagi til þriggja verkefna sem samþykkt voru við 2. umræðu. Framlag til endurbóta Kvennaskólahússins á Blönduósi hækkar þannig um 5 m.kr. og verður alls 10 m.kr. Framlag til endurbóta á Kaupfélagshúsinu, elsta íbúðarhúsinu á Höfn í Hornafirði, hækkar um 1 m.kr. og verður 2 m.kr. Framlag til endurnýjunar pakkhúss sem hýsir mótorbátinn Skaftfelling hækkar um 1 m.kr. tímabundið og verður 2 m.kr.

982 Listir, framlög.

1.24 Starfsemi atvinnuleikhópa. Við 2. umræðu var gerð tillaga um 6 m.kr. hækkun á þessum lið og tilgreint að þar af ættu 3 m.kr. að vera rekstrarframlag til skrifstofu Sjálfstæðu leikhúsanna en 3 m.kr. ættu að renna til starfsemi atvinnuleikhópa. Hér er áréttað að þar er átt við aukinn stuðning við bandalag Sjálfstæðra leikhúsa (SL) vegna ýmissa verkefna á þeirra vegum.

1.70 Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis. Gerð er tillaga um 2,4 m.kr. hækkun á liðnum. Sundurliðun er sýnd í sérstakri breytingartillögu.

1.90 Listir. Gerð er tillaga um 1 m.kr. tímabundna hækkun safnliðarins og er framlagið ætlað handverksverkefninu Vestnorden, Arts and Crafts. Við 4. yfirlit í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta bætist því nýr töluliður, Vestnorden, Arts and Crafts, handverksverkefni, með 1 m.kr. framlagi.

983 Ýmis fræðistörf.

1.11 Styrkir til útgáfumála. Gerð er tillaga um 2 m.kr. tímabundna hækkun á safnliðnum og er framlagið ætlað til útgáfu fornbókmennta. Við 5. yfirlit í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta bætist því nýr töluliður, Útgáfufélagið Guðrún, útgáfa og markaðssetning á íslenskum fornbókmenntum.

1.52 Skriðuklaustur. Gerð er tillaga um 3 m.kr. tímabundið framlag til Gunnarsstofnunar.

1.53 Snorrastofa. Gerð er tillaga um að veita Snorrastofu 3 m.kr. tímabundið framlag til að vinna að bók þar sem teknar verða saman í eitt heildarverk helstu niðurstöður uppgraftar á bæjarstæðinu í Reykholti árin 1987–1989 og 1997–2003. Bókin er hugsuð bæði fyrir fræðimenn og almenning.

989 Ýmis íþróttamál.

6.56 Skíðamannvirki í Skarðsdal, Siglufirði. Gerð er tillaga um 5 m.kr. tímabundið framlag til uppbyggingar á skíðamannvirkjum og aðstöðu í skíðalandi Siglfirðinga í Skarðsdal.

999 Ýmislegt.

1.90 Ýmis framlög. Gerð er tillaga um 7 m.kr. tímabundna hækkun safnliðarins. Við 9. yfirlit í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta bætast þrír nýir töluliðir: Íslenskar æviskrár frá landsnámstíð til 2000, með 2 m.kr. framlag, Ljósmyndasafn Steingríms, með 0,5 m.kr. framlag og Minnisvarði um ferjumanninn, með 2 m.kr. framlag. Þá fær Handverk og hönnun (8. tölul.) 2,5 m.kr. hækkun á framlagi sem nemur þannig alls 17,5 m.kr.

6.90 Ýmis stofnkostnaðarframlög. Gerð er tillaga um 5 m.kr. tímabundna hækkun safnliðarins. Í 11. yfirliti í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta hækkar 19. tölul., Hreindýrasetur í Skjöldólfsstaðaskóla á Jökuldal, um 2 m.kr. og verður þannig 3 m.kr. Þá hækkar 66. tölul., Þjóðfræðimiðstöð á Stokkseyri, um 3 m.kr. og verður 6 m.kr.

04 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis verði aukin um 17 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

1.90 Ýmis verkefni. Gerð er tillaga um 5 m.kr. tímabundna hækkun safnliðarins. Við 12. yfirlit í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta bætast tveir nýir töluliðir: Biopol, með 4 m.kr. framlagi, og Vöktun á ástandi bleikju og urriða í Þingvallavatni, Suðurlandsdeild Veiðimálastofnunar, með 1 m.kr. framlagi.

483 Landgræðsla og skógrækt í þágu landbúnaðar.

1.13 Fyrirhleðslur. Lagt er til að liðurinn hækki um 12 m.kr. Við 2. umræðu voru framlög til fyrirhleðslna hjá Landgræðslu ríkisins, sem nú heyrir undir umhverfisráðuneyti, hækkuð um 12 m.kr. Við þá breytingu láðist að taka tillit til þess að í frumvarpinu er gert ráð fyrir að framkvæmdir við varnir gegn landbroti verði fjármagnaðar af þessum lið hjá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu samkvæmt samningi við stofnunina. Til leiðréttingar á þessu er fjárheimild þessa fjárlagaliðar hækkuð um 12 m.kr. en á móti er lagt til að sértekjur Landgræðslunnar hækki um sömu fjárhæð þannig að heildarútgjöld ríkisins verði óbreytt eftir sem áður.

831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins.

6.20 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins. Lagt er til að beint framlag greitt úr ríkissjóði hækki um 100 m.kr. Við 2. umræðu var fjárheimild sjóðsins lækkuð um 100 m.kr. Í þeirri tillögu láðist að taka tillit til þess að sjóðurinn er fjármagnaður með mörkuðum ríkistekjum. Með þessari tillögu er þetta leiðrétt með því að fjármögnunarliðurinn *viðskiptahreyfingar* lækkar um 100 m.kr. í stað þess að liðurinn *greitt úr ríkissjóði* lækki um þá fjárhæð. Þessi breyting hefur ekki áhrif á útgjaldaheimild fjárlagaliðarins.

07 Félags- og tryggingamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild félags- og tryggingamálaráðuneytis verði aukin um 2.186,3 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

1.90 Ýmislegt. Gerð er tillaga um 2,5 m.kr. tímabundið framlag til rannsóknarverkefnis sem fjallar um mansal.

505 Öldrunarstofnanir, almennt.

Við myndum nýrrar ríkisstjórnar sl. vor og í stefnuyfirlýsingu hennar voru sett fram áform um endurskipulagningu á verkaskiptingu ráðuneyta sem nú hafa verið útfærð frekar í lagafrumvörpum. Í samræmi við það eru málefni öldrunarmála flutt frá heilbrigðisráðuneyti til félags- og tryggingamálaráðuneytis. Hér er gerð tillaga um tilfærslu fjárveitingar til uppbyggingar hjúkrunarrýma af lið heilbrigðisráðuneytisins, 08-401 Öldrunarstofnanir, almennt, yfir á þennan nýja lið hjá félags- og tryggingamálaráðuneyti, 07-505 Öldrunarstofnanir, almennt. Númer viðfangsefnis stofnana helst óbreytt sem og fjárheimild þeirra. Eftirfarandi liðir flytjast þannig til félags- og tryggingamálaráðuneytis:

6.15 Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði	14,1 m.kr.
6.27 Jaðar, Ólafsvík	40 m.kr.
6.82 Hjúkrunarheimili í Kópavogi	350 m.kr.
6.83 Hjúkrunarheimili í Mosfellsbæ	93 m.kr.
6.84 Hjúkrunarheimili í Reykjanesbæ	159 m.kr.
6.85 Hjúkrunarheimilið Hlíð, Akureyri	11,5 m.kr.
6.86 Hjúkrunarheimilið Suðurlandsbraut 66, Reykjavík	194,7 m.kr.
6.99 Bygging hjúkrunarheimila og endurhæfingarstofnana, óskipt	100 m.kr.

821 Tryggingastofnun ríkisins.

1.01 Tryggingastofnun ríkisins. Lögð er til 35 m.kr. hækkun á framlagi til almannatrygginga í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að bæta hag elli- og örorkulífeyrisþega. Aðgerðirnar felast í því að draga úr tekjutengingum við bætur, afnema tekjutengingu við tekjur maka, að ríkissjóður tryggi 25 þús. kr. lífeyrissjóðsgreiðslu á mánuði, að hækka vasapeninga og draga úr of- og vangreiðslum almannatrygginga. Einnig eru fyrirhugaðar sérstakar aðgerðir fyrir örorkulífeyrisþega vegna örorkumats og starfsendurhæfingar.

Gerðar eru tillögur um hækkun á ýmsum liðum hér á eftir vegna þessara aðgerða en samtals er áætlað að þær muni kosta 2.700 m.kr. á næsta ári.

825 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð.

1.11 Mæðra- og feðralaun. Lögð er til 46 m.kr. lækkun á framlagi í samræmi við endurskoðaða áætlun um útgjöld næsta árs.

1.31 Endurhæfingarlífeyrir. Lögð er til 384 m.kr. hækkun á framlagi til almannatrygginga í samræmi við framangreinda ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að bæta hag elli- og örorkulífeyrisþega.

Þá er lögð til 34 m.kr. lækkun á framlagi í samræmi við endurskoðaða áætlun um útgjöld næsta árs.

1.35 Barnalífeyrir vegna menntunar. Lögð er til 32 m.kr. lækkun á framlagi í samræmi við endurskoðaða áætlun um útgjöld næsta árs.

1.41 Heimilisuppbót. Lögð er til 157 m.kr. hækkun á framlagi til almannatrygginga í samræmi við framangreinda ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að bæta hag elli- og örorkulífeyrisþega.

Þá er lögð til 157 m.kr. lækkun á framlagi í samræmi við endurskoðaða áætlun um útgjöld næsta árs. Heildarbreyting á fjárheimild liðarins verður því engin.

1.51 Frekari uppbætur. Lögð er til 61 m.kr. lækkun á framlagi í samræmi við endurskoðaða áætlun um útgjöld næsta árs.

827 Lífeyristryggingar.

1.11 Ellilífeyrir. Lögð er til 20 m.kr. hækkun á framlagi til almannatrygginga í samræmi við framangreinda ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að bæta hag elli- og örorkulífeyrisþega.

Jafnframt er lögð til 68 m.kr. lækkun á framlagi í samræmi við endurskoðaða áætlun um útgjöld næsta árs.

1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega. Lögð er til 602 m.kr. hækkun á framlagi til almannatrygginga í samræmi við framangreinda ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að bæta hag elli- og örorkulífeyrisþega.

Jafnframt er lögð til 450 m.kr. lækkun á framlagi í samræmi við endurskoðaða áætlun um útgjöld næsta árs.

1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega. Lögð er til 1.367 m.kr. hækkun á framlagi til almannatrygginga í samræmi við framangreinda ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að bæta hag elli- og örorkulífeyrisþega. Við það bætast 100 m.kr. sem fluttar eru af öðrum lið frumvarpsins þannig að samtals nemur hækkunin 1.467 m.kr.

Þá er gerð tillaga um að 100 m.kr. fjárheimild vegna örorkulífeyrisþega sem veitt var við 2. umræðu verði flutt á þetta viðfangsefni af viðfangsefninu 1.13 Sérstök framlög undir liðnum 09-391 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða hjá fjármálaráðuneytinu. Áformað var að leita samninga við almenna lífeyrissjóði um að þeir frestuðu eða féllu frá lækkun lífeyrisgreiðslna til þeirra sem nú hafa hærri tekjur samanlagt en bætur til þeirra byggðust á þegar þeir urðu öryrkjar. Ekki náðist samkomulag um þetta við lífeyrissjóðina og er því lagt til að fjárhæðin verði notuð til annarra aðgerða sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að grípa til í þágu öryrkja.

Loks er lögð til 161 m.kr. lækkun á framlagi í samræmi við endurskoðaða áætlun um útgjöld næsta árs.

1.28 Vasapeningar ellilífeyrisþega. Lögð er til 35 m.kr. hækkun á framlagi til almannatrygginga í samræmi við framangreinda ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að bæta hag elli- og örorkulífeyrisþega.

Þá er lögð til 62 m.kr. lækkun á framlagi í samræmi við endurskoðaða áætlun um útgjöld næsta árs.

1.31 Örorkustyrkur. Lögð er til 58 m.kr. lækkun á framlagi í samræmi við endurskoðaða áætlun um útgjöld næsta árs.

1.35 Barnalífeyrir. Lögð er til 201 m.kr. lækkun á framlagi í samræmi við endurskoðaða áætlun um útgjöld næsta árs.

1.91 Annað. Lögð er til 170 m.kr. lækkun á framlagi í samræmi við endurskoðaða áætlun um útgjöld næsta árs.

999 Félagsmál, ýmis starfsemi.

1.47 Félagsþjónusta við nýbúa. Gerð er tillaga um 5 m.kr. tímabundið framlag til áframhaldandi uppbyggingarstarfs á sviði innflytjendarannsókna á vegum MIRRU, miðstöðvar innflytjendarannsókna Reykjavíkurakademíunni.

1.90 Ýmis framlög. Gerð er tillaga um 16,5 m.kr. tímabundna hækkun safnliðarins. Við 14. yfirlit í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta bætast þrír nýir töluliðir, Fjölskylduhjálp Íslands, með 1,5 m.kr. framlag, Foreldra- og styrktarfélag Öskjuhlíðarskóla, sumardvöl barna, með 4 m.kr. framlag og Regnbogabörn, með 3 m.kr. framlag. Þá hækka framlög til fjögurra félagasamtaka: framlag til Félags einstæðra foreldra hækkar um 1 m.kr. og verður 3 m.kr., til Félags heyrnarlausra um 1 m.kr. og verður 4 m.kr., til Samtakanna ´78

um 5 m.kr. og verður 6,5 m.kr., og loks hækkar framlag til Vímulausrar æsku um 1 m.kr. og verður 8,5 m.kr.

08 Heilbrigðisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild heilbrigðisráðuneytis verði lækkuð um 955,3 m.kr.

340 Málefni fatlaðra.

1.70 Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Akureyri. Gerð er tillaga um 3 m.kr. tímabundið framlag til endurhæfingarstöðvar Sjálfsbjargar á Akureyri.

399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi.

1.90 Ýmis framlög. Gerð er tillaga um 4 m.kr. tímabundna hækkun safnliðarins og er framlagið ætlað AE-starfsendurhæfingu. Kemur það til viðbótar 4 m.kr. framlagi sem samþykkt var við 2. umræðu og breytist 1. tölul. í 16. yfirliti í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta samkvæmt því.

401 Öldrunarstofnanir, almennt.

Gerð er tillaga um tilfærslu fjárveitingar til uppbyggingar hjúkrunarrýma af þessum lið heilbrigðisráðuneytisins yfir á nýjan lið hjá félags- og tryggingamálaráðuneyti, 07-505 Öldrunarstofnanir, almennt, eins og þar greinir. Númer viðfangsefnis stofnana helst óbreytt sem og fjárheimild þeirra. Eftirfarandi liðir flytjast þannig frá heilbrigðisráðuneyti:

6.15 Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði	14,1 m.kr.
6.27 Jaðar, Ólafsvík	40 m.kr.
6.82 Hjúkrunarheimili í Kópavogi	350 m.kr.
6.83 Hjúkrunarheimili í Mosfellsbæ	93 m.kr.
6.84 Hjúkrunarheimili í Reykjanesbæ	159 m.kr.
6.85 Hjúkrunarheimilið Hlíð, Akureyri	11,5 m.kr.
6.86 Hjúkrunarheimilið Suðurlandsbraut 66, Reykjavík	194,7 m.kr.
6.99 Bygging hjúkrunarheimila og endurhæfingarstofnana, óskipt	100 m.kr.

09 Fjármálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild fjármálaráðuneytis verði hækkuð um 1.171,7 m.kr.

391 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða.

1.13 Sérstök framlög. Gerð er tillaga um að 100 m.kr. fjárheimild vegna örorkulífeyrisþega á þessum lið sem veitt var við 2. umræðu verði flutt á viðfangsefnið 07-827-1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega. Áformað var að leita samninga við almenna lífeyrissjóði um að þeir frestuðu eða féllu frá lækkun lífeyrisgreiðslna til þeirra sem nú hafa hærri tekjur samanlagt en bætur til þeirra byggðust á þegar þeir urðu öryrkjar. Ekki náðist samkomulag um þetta við lífeyrissjóðina og er því lagt til að fjárhæðin verði notuð til annarra aðgerða sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að grípa til í þágu öryrkja.

973 Tapaðar kröfur og tjónabætur.

6.11 Tapaðar kröfur. Lagt er til að beint framlag greitt úr ríkissjóði hækki um 110 m.kr. Við 2. umræðu var fjárheimild viðfangsefnisins lækkuð um 110 m.kr. Í þeirri tillögu láðist að taka tillit til þess að um er að ræða kröfur sem eru afskrifaðar og gjaldfærðar en engar greiðslur eiga sér stað við það. Með þessari tillögu er þetta leiðrétt með því að fjármögnunarliðurinn *viðskiptahreyfingar* lækkar um 110 m.kr. í stað þess að liðurinn *greitt úr ríkissjóði* lækki um þá fjárhæð. Þessi breyting hefur ekki áhrif á útgjaldaheimild fjárlagaliðarins.

984 Fasteignir ríkissjóðs.

1.11 Rekstur fasteigna. Lagt er til að sértekjur liðarins hækki um 0,2 m.kr. Um er að ræða leiðréttingu á afrúningi verðlagsreiknings í frumvarpinu.

985 Fyrrum varnarsvæði við Keflavíkurflugvöll.

1.01 Fyrrum varnarsvæði við Keflavíkurflugvöll. Gert er ráð fyrir 1.210 m.kr. tímabundnu framlagi til að mæta kostnaði við rekstur og umsjón með fyrrum varnarsvæði við Keflavíkurflugvöll og er það til viðbótar 280 m.kr. framlagi sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Þar er aðallega um að ræða útgjöld í tengslum við hreinsun svæðisins og lagfæringar og breytingar á fasteignum til að koma þeim í söluhæfara ástand. Áætlað er að andvirði seldra eigna á árinu nemi um 4 milljörðum kr., eins og gert er ráð fyrir í breytingu á tekjuhlið frumvarpsins, en samkvæmt samningum greiðist það á þremur árum. Reiknað er með að greiðslurnar af sölusamningum ársins 2008 verði 1,5 milljarðar kr. en því til viðbótar komi 4 milljarða kr. greiðslur samkvæmt samningum um eignir sem seldar voru á árinu 2007 þannig að greiddar tekjur nemi alls 5,5 milljörðum kr. Alls er áætlað að heildarsöluandvirði eignanna geti orðið allt að 18 milljarðar kr. þegar umbreytingu svæðisins verði lokið á næstu 3–4 árum. Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar annast þróun, umsjón og ráðstöfun eigna á svæðinu með það að markmiði að koma eignum sem fyrst í hagfelld borgaraleg not.

999 Ýmislegt.

1.18 Framlög til stjórnmálasamtaka. Í samræmi við 4. gr. laga nr. 162/2006, um fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra, er lagt til að á þetta viðfangsefni færist 50 m.kr. framlag til stjórnmálaflokka sem vistað hefur verið hjá forsætisráðuneytinu á viðfangsefninu 01-190-1.91 Til stjórnmálaflokka með hliðsjón af nýrri kjördæmaskipan og breyttum aðstæðum þingmanna af þeim sökum. Auk þess er gert ráð fyrir verðlagshækkun á fjárveitingunni sem nemur 11,5 m.kr. og er hækkunin því alls 61,5 m.kr.

10 Samgönguráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild samgönguráðuneytis verði lækkuð um 133,6 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

1.42 Gestastofur, söfn og markaðsstarf. Fjárheimild þessa liðar, 9 m.kr., færist yfir á nýjan lið hjá iðnaðarráðuneyti, 11-599-1.90 Ýmis ferðamál, í samræmi við endurskipulagningu á verkaskiptingu ráðuneyta þar sem ferðamál verða flutt frá samgönguráðuneyti til iðnaðarráðuneytis.

1.90 Ýmislegt. Fjárheimild þessa liðar, 49,2 m.kr., færist sömuleiðis yfir á nýjan lið hjá iðnaðarráðuneyti, 11-599-1.90 Ýmis ferðamál, í samræmi við endurskipulagningu á verkaskiptingu ráðuneyta þar sem ferðamál verða flutt frá samgönguráðuneyti til iðnaðarráðuneytis.

1.98 Ýmis framlög samgönguráðuneytis. Af þessum safnlið flyst 75,4 m.kr. framlag til ferðamála til iðnaðarráðuneytis, á liðinn 11-599-1.98 Ýmis ferðamál iðnaðarráðuneytis, í samræmi við endurskipulagningu á verkaskiptingu ráðuneyta þar sem ferðamál verða flutt frá samgönguráðuneyti til iðnaðarráðuneytis. Óskipt 8,5 m.kr. framlag verður eftir á lið samgönguráðuneytisins.

251 Umferðarstofa.

1.01 Umferðarstofa. Lagt er til að beint framlag greitt úr ríkissjóði hækki um 25 m.kr. Við 2. umræðu var fjárheimild stofnunarinnar lækkuð um 25 m.kr. Í þeirri tillögu láðist

að taka tillit til þess að stofnunin er fjármögnuð með mörkuðum ríkistekjum. Með þessari tillögu er þetta leiðrétt með því að fjármögnunarliðurinn *innheimt af ríkistekjum* lækkar um 25 m.kr. í stað þess að liðurinn *greitt úr ríkissjóði* lækki um þá fjárhæð. Þessi breyting hefur ekki áhrif á útgjaldaheimild stofnunarinnar.

475 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta.

6.41 Framkvæmdir. Lögð er til 346,7 m.kr. lækkun á greiðslu úr ríkissjóði til leiðréttingar á fjármögnun. Fjármögnun af mörkuðum tekjum eykst að sama skapi. Við 2. umræðu var samþykkt að veita 456,7 m.kr. tímabundið framlag vegna flughlaðs við fyrirhugaða samgöngumiðstöð á Reykjavíkurflugvelli. Gert var ráð fyrir að fjármögnun verkefnisins yrði þannig að greiddar yrðu fyrir fram 346,7 m.kr. af mörkuðum tekjum en 110 m.kr. yrðu greiddar af viðbótartekjum af flugmálaáætlun. Vegna mistaka í skráningu tillögunnar var fyrirframráðstöfun mörkuðu teknanna meðhöndluð sem framlag úr ríkissjóði.

11 Iðnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild iðnaðarráðuneytis verði aukin um 152,6 m.kr.

299 Iðja og iðnaður, framlög.

1.50 Nýsköpun og markaðsmál. Gerð er tillaga um 7 m.kr. tímabundna hækkun safnliðarins. Þar af eru 6 m.kr. ætlaðar Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga og 1 m.kr. er ætluð Villimey slf., græðandi smyrsl úr íslenskum jurtum, og bætast þannig tveir töluliðir við 22. yfirlit í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta.

501 Ferðamálastofa.

1.11 Ferðamálasamtök landshluta. Lagt er til að framlag liðarins verði hækkað um 12 m.kr. vegna uppbyggingar í landshlutum og þróunarvinnu markaðsstofa.

599 Ýmis ferðamál.

1.90 Ýmis ferðamál. Framlög til ýmissa verkefna á sviði ferðamála að fjárhæð 58,2 m.kr. flytjast af liðum 10-190-1.42 og 10-190-1.90 hjá samgönguráðuneyti til iðnaðarráðuneytis í samræmi við endurskipulagningu á verkaskiptingu ráðuneyta. Þannig flytjast 18. og 19. yfirlit í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta og sameinast í eitt.

1.98 Ýmis ferðamál iðnaðarráðuneytis. Í samræmi við endurskipulagningu á verkaskiptingu ráðuneyta flyst 75,4 m.kr. framlag til ferðamála af safnlið samgönguráðuneytis til iðnaðarráðuneytis og breytist 20. yfirlit í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta í samræmi við það.

14 Umhverfisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild umhverfisráðuneytis verði aukin um 51 m.kr.

101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa. Lagt er til að veitt verði 5 m.kr. tímabundið framlag til tveggja ára vegna innleiðingar vatnatilskipunar Evrópusambandsins 2000/60/EB. Innleiðing tilskipunarinnar og framkvæmd hennar kallar á ítarlega greiningu og samantekt á skyldum og stjórnsýslukröfum tilskipunarinnar, greiningu á núverandi stjórnsýslukerfi hér á landi og uppsetningu framtíðarkerfis varðandi vernd og nýtingu vatnamála í samráði við viðkomandi stjórnvöld og hagsmunaðila. Hluti af þessari vinnu felur í sér ferðir á fundi hjá ESB.

190 Ýmis verkefni.

1.44 Skógræktarfélag Íslands. Gerð er tillaga um 4 m.kr. tímabundið framlag til félags-

ins til viðbótar við 3 m.kr. framlag sem samþykkt var við 2. umræðu til að opna ný skógræktarsvæði við þjóðleiðir landsins.

1.90 Ýmis verkefni. Gerð er tillaga um 1 m.kr. hækkun á safnliðnum og er framlagið ætlað Náttúrufræðisetri á Ólafsfirði. Við 25. yfirlit í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta bætist því nýr töluliður, 6. Náttúrufræðisetur á Ólafsfirði, með 1 m.kr. framlagi.

1.98 Ýmis framlög umhverfisráðuneytis. Lagt er til að veittar verði 15 m.kr. til að standa straum af framkvæmd Kyoto-bókunarinnar á Íslandi. Á árinu 2006 fengust 15 m.kr. til þessa verkefnis og hafa þær heimildir að mestu leyti farið til eflingar á loftlagsbókhaldi Umhverfisstofnunar og uppsetningar á skráningu fyrir svokallaðar Kyoto-einingar (losunarheimildir Íslands) en sá kostnaður er töluvert meiri en gert var ráð fyrir, einkum vegna hárra reikninga fyrir hugbúnað og þjónustu við kerfið frá evrópskum rekstraraðilum þess. Á næsta ári má búast við því að mestöll fjárveiting til framkvæmdar Kyoto-bókunarinnar fari í þessa tvo liði. Brýnt er að setja upp svokallaða landsskrifstofu um loftslagsvæna þróunaraðstoð, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt að setja á fót og er nauðsynleg fyrir framkvæmd laga um losun gróðurhúsalofttegunda, auk þess sem hún er lykilaðgerð til að liðka fyrir virku framlagi Íslands til þróunaraðstoðar á sviði loftslagsmála. Reikna má með að uppsetning skrifstofunnar á Umhverfisstofnun kosti eitt ársverk næstu 2–3 ár, en síðan verður skoðað og endurmetið hvernig sú vinna fellur að öðrum verkefnum Umhverfisstofnunar í loftslagsmálum. Reikna má með að vinna „hagfræðinganefndar“ sem falið er að meta hagkvæmni og kostnað aðgerða til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda kosti að lágmarki 3 m.kr.

211 Umhverfisstofnun.

1.01 Umhverfisstofnun. Gerð er tillaga um 15 m.kr. tímabundið framlag til fimm ára vegna innleiðingar vatnatilskipunar Evrópusambandsins 2000/60/EB. Tilskipunin var tekin inn í EES-samninginn á fundi sameiginlegu EES-nefndarinnar þann 28. september 2007 og verður vinnu við undirbúning lagafrumvarps að ljúka fyrir árslok 2008. Innleiðing tilskipunarinnar og framkvæmd hennar kallar á kortlagningu fyrirliggjandi gagna hjá opinberum aðilum og öðrum er varða tilskipunina og mat á þeim gögnum sem vantar til að hægt sé að uppfylla kröfur tilskipunarinnar, samantekt á núverandi vöktun, uppbyggingu gagnaveitu og rekstur heimasíðu tengdrar verkefninu og greiningu á kostnaði við innleiðingu tilskipunarinnar en um langtímaverkefni er að ræða sem fjölmargir munu koma að. Sækja þarf fundi hjá ESB vegna framkvæmdar tilskipunarinnar.

231 Landgræðsla ríkisins.

1.01 Landgræðsla ríkisins. Lögð er til 15 m.kr. fjárveiting til að styrkja kolefnisbindingarverkefni Landgræðslu ríkisins.

1.90 Fyrirhleðslur. Lagt er til að sértekjur liðarins hækki um 12 m.kr. Við 2. umræðu voru framlög til fyrirhleðslna hjá Landgræðslu ríkisins hækkuð um 12 m.kr. Við þá breytingu láðist að taka tillit til þess að í frumvarpinu er gert ráð fyrir að framkvæmdir við varnir gegn landbroti verði fjármagnaðar af liðnum 04-483-1.13 hjá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu samkvæmt samningi við stofnunina. Til leiðréttingar á þessu er fjárheimild þess fjárlagaliðar hækkuð um 12 m.kr. en á móti er lagt til að sértekjur Landgræðslunnar hækki um sömu fjárhæð þannig að heildarútgjöld ríkisins verði óbreytt eftir sem áður.

381 Ofanflóðasjóður.

6.60 Ofanflóðasjóður. Lagt er til að beint framlag greitt úr ríkissjóði hækki um 100 m.kr. Við 2. umræðu var fjárheimild sjóðsins lækkuð um 100 m.kr. Í þeirri tillögu láðist

að taka tillit til þess að sjóðurinn er fjármagnaður með mörkuðum ríkistekjum. Með þessari tillögu er þetta leiðrétt með því að fjármögnunarliðurinn *innheimt af ríkistekjum* lækkar um 100 m.kr. í stað þess að liðurinn *greitt úr ríkissjóði* lækki um þá fjárhæð. Þessi breyting hefur ekki áhrif á útgjaldaheimild fjárlagaliðarins.

403 Náttúrustofur.

1.12 Náttúrustofa Bolungarvík. Gerð er tillaga um 8 m.kr. tímabundið framlag til rannsókna í Hornstrandafriðlandi á vegum Náttúrustofu Vestfjarða í Bolungarvík.

SKÝRINGAR VIÐ BREYTINGARTILLÖGU VIÐ SUNDURLIÐUN 3 (B-HLUTA)

Í samræmi við endurskipulagningu á verkaskiptingu ráðuneyta er gerð tillaga um að Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli flytjist frá utanríkisráðuneyti til samgönguráðuneytis.

SKÝRINGAR VIÐ BREYTINGARTILLÖGU VIÐ SUNDURLIÐUN 4 (C-HLUTA) OG VIÐ 5. GR.

Gerð er breytingartillaga við 5. gr. um 2.000 m.kr. hækkun á heimild Íbúðalánasjóðs til lántöku og lánveitingar vegna almennra leiguíbúða og breytast fjárreiður stofnunarinnar í C-hluta og 4. gr. til samræmis við það.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum þeim sem skýrðar hafa verið og gerðar eru tillögur um í sérstökum þingskjölum.

Alþingi, 10. des. 2007.

Gunnar Svavarsson, form., frsm.	Kristján Þór Júlíusson.	Guðbjartur Hannesson.
Illugi Gunnarsson.	Ásta Möller.	Steinunn Valdís Óskarsdóttir.
Ármann Kr. Ólafsson.		Björk Guðjónsdóttir.

Fylgiskjal.

Framhaldsálit

um 1. gr. frv. til fjárlaga fyrir árið 2008, sbr. sundurliðun 1, og áhrif skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs.

Frá meiri hluta efnahags- og skattanefndar.

Hinn 22. nóvember 2007 barst efnahags- og skattanefnd erindi frá formanni fjárlaganefndar þar sem óskað var eftir framhaldsáliti í tengslum við tekjugrein fjárlagafrumvarpsins, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þórhall Arason frá fjármálaráðuneyti og Magnús Gunnarsson og Kjartan Eiríksson frá Þróunarfélagi Keflavíkurflugvallar ehf.

Erindi formanns fjárlaganefndar fylgdu tvö bréf fjármálaráðuneytisins til fjárlaganefndar, annað dagsett 16. nóvember 2007 en hitt 21. nóvember 2007. Með þeim fylgdi yfirlit yfir helstu breytingar á tekjuhlið frumvarps til fjárlaga fyrir 2008 og frumvarps til fjáraukalaga fyrir 2007 sem ráðuneytið lagði til við fjárlaganefnd við 2. umræðu. Meginhluta þessara breytinga má rekja til sölu eigna á fyrrum varnarsvæðinu við Keflavíkurflugvöll og takmarkaði efnahags- og skattanefnd því umfjöllun sína við þann þátt breytinganna.

Í áætlun fjármálaráðuneytisins er gert ráð fyrir að tekjur í fjáraukalagafrumvarpi þessa árs muni hækka um 21,9 milljarða kr. og þar af nemi tekjur af sölu eigna á fyrrum varnarsvæðinu um 13,7 milljörðum kr. Jafnframt er gert ráð fyrir að í fjárlagafrumvarpi næsta árs muni tekjur hækka um 12 milljarða kr. og þar af nemi tekjur af umræddri sölu um 4 milljörðum kr.

Þar sem fjárlaganefnd hefur látið áhrif tekna af umræddri sölu liggja á milli hluta við 2. umræðu um bæði frumvörpin ber að skoða álit nefndarinnar sem innlegg í 3. umræðu.

Forsvarsmenn Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf. komu fyrir nefndina og gerðu grein fyrir starfsemi félagsins. Áliti þessu fylgir umsögn sem þeir lögðu fram að beiðni nefndarinnar.

Gunnar Svavarsson og Katrín Jakobsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. des. 2007.

Pétur H. Blöndal, form.
Ellert B. Schram.
Magnús Stefánsson.
Ragnheiður E. Árnadóttir.
Lúðvík Bergvinsson.
Arnbjörg Sveinsdóttir.

Með framhaldsálitinu var fylgiskjal: KADECO, Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar: Greinargerð vegna fundar með efnahags- og skattanefnd. (26. nóvember 2007.) Fylgiskjalið fylgdi einnig með þskj. 393, framhaldsnefndaráliti meiri hluta fjárlaganefndar í 103. máli, frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2007. Sjá bls. 2439–2443.

428. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2008.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (GSv, KÞJ, GuðbH, IllG, ÁMöl, SVÓ, ÁKÓ, BjörkG).

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **01-190 Ýmis verkefni**			
1.91 Til stjórnmálaflokka með hliðsjón af nýrri kjördæmaskipan og breyttum aðstæðum þingmanna af þeim sökum	50,0	-50,0	0,0
2. Við **02-201 Háskóli Íslands**			
1.01 Háskóli Íslands	8.583,0	80,0	8.663,0
Greitt úr ríkissjóði	*6.579,3*	*80,0*	*6.659,3*
3. Við **02-217 Hólaskóli – Háskólinn á Hólum**			
1.01 Hólaskóli – Háskólinn á Hólum	359,4	3,0	362,4
Greitt úr ríkissjóði	*224,2*	*3,0*	*227,2*
4. Við **02-318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður**			
6.95 Tæki og búnaður, óskipt	39,0	4,0	43,0
5. Við **02-319 Framhaldsskólar, almennt**			
1.35 Myndlistarskólinn í Kópavogi	5,9	2,5	8,4
6. Við **02-451 Símenntun og fjarkennsla**			
1.20 Háskólasetur í Vestmannaeyjum	0,0	20,0	20,0
7. Við **02-902 Þjóðminjasafn Íslands**			
a. 1.01 Þjóðminjasafn Íslands	383,6	2,0	385,6
b. 1.10 Byggða- og minjasöfn	73,7	5,0	78,7
8. Við **02-919 Söfn, ýmis framlög**			
1.90 Söfn, ýmis framlög	40,1	3,0	43,1
Í 1. yfirliti í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta breytist 1. tölul., *Eyrbyggja, sögumiðstöð í Grundarfirði,* í stað 3 m.kr. komi: 6. m.kr.			
9. Við **02-971 Ríkisútvarpið**			
1.10 Ríkisútvarpið, afnotagjöld	2.916,0	14,0	2.930,0
Viðskiptahreyfingar	*0,0*	*14,0*	*14,0*
10. Við **02-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands**			
Greitt úr ríkissjóði	*471,4*	*-2,7*	*468,7*
Innheimt af ríkistekjum	*100,2*	*2,7*	*102,9*
11. Við **02-979 Húsafriðunarnefnd**			
6.10 Húsafriðunarsjóður	248,3	7,0	255,3
12. Við **02-982 Listir, framlög**			
a. 1.70 Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis	48,0	2,4	50,4

b.	1.90 Listir	48,8	1,0	49,8
	Við 4. yfirlit í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta bætist nýr liður: *Vestnorden Arts and Crafts, handverksverkefni*, 1 m.kr.			
13.	Við **02-983 Ýmis fræðistörf**			
a.	1.11 Styrkir til útgáfumála	53,6	2,0	55,6
	Við 5. yfirlit í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta bætist nýr liður: *Útgáfufélagið Guðrún, útgáfa og markaðssetning á íslenskum fornbókmenntum,* 2 m.kr.			
b.	1.52 Skriðuklaustur	21,7	3,0	24,7
c.	1.53 Snorrastofa	16,1	3,0	19,1
14.	Við **02-989 Ýmis íþróttamál**			
	6.56 Skíðamannvirki í Skarðsdal, Siglufirði	0,0	5,0	5,0
15.	Við **02-999 Ýmislegt**			
a.	1.90 Ýmis framlög	128,6	7,0	135,6
	Eftirfarandi breytingar verði á 9. yfirliti í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta:			
	1. Við bætist 3 nýir liðir, svohljóðandi:			
	a. *Íslenskar æviskrár frá landnámstíð til 2000*, 2 m.kr.			
	b. *Ljósmyndasafn Steingríms,* 0,5 m.kr.			
	c. *Minnisvarði um ferjumanninn,* 2 m.kr.			
	2. 8. tölul., *Handverk og hönnun ses.,* breytist svo: í stað 15 m.kr. komi: 17,5 m.kr.			
b.	6.90 Ýmis stofnkostnaðarframlög	328,1	5,0	333,1
	Í 11. yfirliti í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta breytist:			
	a. 19. tölul., *Hreindýrasetur í Skjöldólfsstaðaskóla á Jökuldal,* í stað 1 m.kr. komi: 3 m.kr.			
	b. 66. tölul., *Þjóðfræðimiðstöð á Stokkseyri,* í stað 3 m.kr. komi: 6 m.kr.			
16.	Við **04-190 Ýmis verkefni**			
	1.90 Ýmis verkefni	60,5	5,0	65,5
	Við 12. yfirlit í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta bætist 2 nýir liðir, svohljóðandi:			
a.	*Biopol*, 4 m.kr.			
b.	*Vöktun á ástandi bleikju og urriða í Þingvallavatni, Suðurlandsdeild Veiðimálastofnunar*, 1. m.kr.			
17.	Við **04-483 Landgræðsla og skógrækt í þágu landbúnaðar**			
	1.13 Fyrirhleðslur	55,8	12,0	67,8
18.	Við **04-831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins**			
	Greitt úr ríkissjóði	*-100,0*	*100,0*	*0,0*
	Viðskiptahreyfingar	*-73,0*	*-100,0*	*-173,0*
19.	Við **07-190 Ýmis verkefni**			
	1.90 Ýmislegt	23,2	2,5	25,7

20. Við bætist nýr fjárlagaliður:
07-505 Öldrunarstofnanir, almennt

a. 6.15 Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði	0,0	14,1	14,1
b. 6.27 Jaðar, Ólafsvík	0,0	40,0	40,0
c. 6.82 Hjúkrunarheimili í Kópavogi	0,0	350,0	350,0
d. 6.83 Hjúkrunarheimili í Mosfellsbæ	0,0	93,0	93,0
e. 6.84 Hjúkrunarheimili í Reykjanesbæ	0,0	159,0	159,0
f. 6.85 Hjúkrunarheimilið Hlíð, Akureyri	0,0	11,5	11,5
g. 6.86 Hjúkrunarheimilið Suðurlandsbraut 66, Reykjavík	0,0	194,7	194,7
h. 6.99 Bygging hjúkrunarheimila og endurhæfingarstofnana, óskipt	0,0	100,0	100,0
i. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*962,3*	*962,3*

21. Við **07-821 Tryggingastofnun ríkisins**

1.01 Tryggingastofnun ríkisins	1.396,9	35,0	1.431,9

22. Við **07-825 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð**

a. 1.11 Mæðra- og feðralaun	365,0	-46,0	319,0
b. 1.31 Endurhæfingarlífeyrir	1.214,0	350,0	1.564,0
c. 1.35 Barnalífeyrir vegna menntunar	127,0	-32,0	95,0
d. 1.51 Frekari uppbætur	1.583,0	-61,0	1.522,0

23. Við **07-827 Lífeyristryggingar**

a. 1.11 Ellilífeyrir	8.406,0	-48,0	8.358,0
b. 1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega	16.340,0	152,0	16.492,0
c. 1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega	9.666,0	1.306,0	10.972,0
d. 1.28 Vasapeningar ellilífeyrisþega	439,0	-27,0	412,0
e. 1.31 Örorkustyrkur	195,0	-58,0	137,0
f. 1.35 Barnalífeyrir	2.511,0	-201,0	2.310,0
g. 1.91 Annað	442,0	-170,0	272,0
h. *Greitt úr ríkissjóði*	*18.098,8*	*954,0*	*19.052,8*

24. Við **07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi**

a. 1.47 Félagsþjónusta við nýbúa	3,3	5,0	8,3
b. 1.90 Ýmis framlög	88,1	16,5	104,6

Eftirfarandi breytingar verði á 14. yfirliti í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta:

1. Við bætist 3 nýir liðir, svohljóðandi:
   a. *Fjölskylduhjálp Íslands*, 1,5 m.kr.
   b. *Foreldra- og styrktarfélag Öskjuhlíðarskóla, sumardvöl barna,* 4 m.kr.
   c. *Regnbogabörn*, 3 m.kr.
2. Eftirfarandi liðir breytist:
   a. 12. tölul., *Félag einstæðra foreldra,* í stað 2 m.kr. komi: 3 m.kr.
   b. 13. tölul., *Félag heyrnarlausra*, í stað 3 m.kr. komi: 4 m.kr.
   c. 27. tölul., *Samtökin 78*,

í stað 1,5 m.kr. komi: 6,5 m.kr.
d. 33. tölul., *Vímulaus æska,*
í stað 7,5 komi: 8,5 m.kr.

25.	Við **08-340 Málefni fatlaðra**			
	1.70 Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Akureyri	5,9	3,0	8,9
26.	Við **08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi**			
	1.90 Ýmis framlög	73,0	4,0	77,0
	Í 16. yfirliti í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta breytist 1. tölul., *AE-starfsendurhæfing, hlutverkasetur,* í stað 4 m.kr. komi: 8 m.kr.			
27.	Við **08-401 Öldrunarstofnanir, almennt**			
	a. 6.15 Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði	14,1	-14,1	0,0
	b. 6.27 Jaðar, Ólafsvík	40,0	-40,0	0,0
	c. 6.82 Hjúkrunarheimili í Kópavogi	350,0	-350,0	0,0
	d. 6.83 Hjúkrunarheimili í Mosfellsbæ	93,0	-93,0	0,0
	e. 6.84 Hjúkrunarheimili í Reykjanesbæ	159,0	-159,0	0,0
	f. 6.85 Hjúkrunarheimilið Hlíð, Akureyri	11,5	-11,5	0,0
	g. 6.86 Hjúkrunarheimilið Suðurlandsbraut 66, Reykjavík	194,7	-194,7	0,0
	h. 6.99 Bygging hjúkrunarheimila og endurhæfingarstofnana, óskipt	100,0	-100,0	0,0
	i. *Greitt úr ríkissjóði*	1.904,3	-962,3	942,0
28.	Við **09-391 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða**			
	a. 1.13 Sérstök framlög	100,0	-100,0	0,0
	b. *Greitt úr ríkissjóði*	*100,0*	*-100,0*	*0,0*
29.	Við **09-973 Tapaðar kröfur og tjónabætur**			
	Greitt úr ríkissjóði	*-90,0*	*110,0*	*20,0*
	Viðskiptahreyfingar	*190,0*	*-110,0*	*80,0*
30.	Við **09-984 Fasteignir ríkissjóðs**			
	Sértekjur	-2.411,3	0,2	-2.411,1
	Greitt úr ríkissjóði	*-0,2*	*0,2*	*0,0*
31.	Við **09-985 Fyrrum varnarsvæði við Keflavíkurflugvöll**			
	1.01 Fyrrum varnarsvæði við Keflavíkurflugvöll	290,6	1.210,0	1.500,6
32.	Við **09-999 Ýmislegt**			
	1.18 Framlög til stjórnmálasamtaka	310,0	61,5	371,5
33.	Við **10-190 Ýmis verkefni**			
	a. 1.42 Gestastofur, söfn og markaðsstarf	9,0	-9,0	0,0
	b. 1.90 Ýmislegt	49,2	-49,2	0,0
	c. 1.98 Ýmis framlög samgönguráðuneytis	83,9	-75,4	8,5
	d. *Greitt úr ríkissjóði*	*294,2*	*-133,6*	*160,6*
34.	Við **10-251 Umferðarstofa**			
	Greitt úr ríkissjóði	*-25,0*	*25,0*	*0,0*
	Innheimt af ríkistekjum	*474,5*	*-25,0*	*449,5*

35. Við **10-475 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta**			
Greitt úr ríkissjóði	*2.935,3*	*-346,7*	*2.588,6*
Innheimt af ríkistekjum	*3.448,3*	*346,7*	*3.795,0*
36. Við **11-299 Iðja og iðnaður, framlög**			
a. 1.50 Nýsköpun og markaðsmál	25,0	7,0	32,0
Við 22. yfirlit í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta bætist 2 nýir liðir, svohljóðandi:			
a. *Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga,* 6 m.kr.			
b. *Villimey slf., græðandi smyrsl úr íslenskum jurtum,* 1 m.kr.			
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*195,0*	*7,0*	*202,0*
37. Við **11-501 Ferðamálastofa**			
1.11 Ferðamálasamtök landshluta	45,0	12,0	57,0
Greitt úr ríkissjóði	*364,7*	*12,0*	*376,7*
38. Við **11-599 Ýmis ferðamál**			
a. 1.90 Ýmis ferðamál	0,0	58,2	58,2
b. 1.98 Ýmis ferðamál iðnaðarráðuneytis	0,0	75,4	75,4
39. Við **14-101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa**			
1.01 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa	301,3	5,0	306,3
40. Við **14-190 Ýmis verkefni**			
a. 1.44 Skógræktarfélag Íslands	31,6	4,0	35,6
b. 1.90 Ýmis verkefni	26,2	1,0	27,2
Við 25. yfirlit í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta bætist nýr liður:			
Náttúrufræðisetur í Ólafsfirði, 1 m.kr.			
c. 1.98 Ýmis framlög umhverfisráðuneytis	66,5	15,0	81,5
Við 26. yfirlit í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta bætist nýr liður:			
Loftlagsbreytingar – ný verkefni, 15 m.kr.			
41. Við **14-211 Umhverfisstofnun**			
1.01 Umhverfisstofnun	675,5	15,0	690,5
Greitt úr ríkissjóði	*586,3*	*15,0*	*601,3*
42. Við **14-231 Landgræðsla ríkisins**			
a. 1.01 Landgræðsla ríkisins	514,1	15,0	529,1
b. Sértekjur	-202,0	-12,0	-214,0
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*427,9*	*3,0*	*430,9*
43. Við **14-381 Ofanflóðasjóður**			
Greitt úr ríkissjóði	*-100,0*	*100,0*	*0,0*
Innheimt af ríkistekjum	*388,9*	*-100,0*	*288,9*
44. Við **14-403 Náttúrustofur**			
1.12 Náttúrustofa Bolungarvík	17,4	8,0	25,4

429. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2008.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (GSv, KÞJ, GuðbH, IllG, ÁMöl, SVÓ, ÁKÓ, BjörkG).

Sundurliðun 1 (**Tekjur A-hluta**) orðist svo:

I	Skatttekjur	Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
		m.kr.	m.kr.
1	**Skattar á tekjur og hagnað**		
1.1.1.1	Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla	93.500,0	89.800,0
1.1.5.1	Skattur á fjármagnstekjur einstaklinga	35.000,0	28.000,0
	Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga	**128.500,0**	**117.800,0**
1.5.1.1	Tekjuskattur, lögaðilar	45.500,0	43.400,0
1.10.2	Fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði	2.665,0	2.555,0
1.10.5	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	1.303,9	1.276,4
	Skattar á tekjur og hagnað, ót. annars staðar	**3.968,9**	**3.831,4**
	Skattar á tekjur og hagnað	**177.968,9**	**165.031,4**
2	**Tryggingagjöld**		
2.2	Tryggingagjöld, lögaðilar	125,0	125,0
2.2.1.1	Tryggingagjald, almennt	35.808,3	34.630,7
2.2.1.5	Atvinnutryggingargjald	5.345,7	5.207,6
	Tryggingagjöld, lögaðilar	**41.279,0**	**39.963,3**
	Tryggingagjöld	**41.279,0**	**39.963,3**
3	**Skattar á launagreiðslur og vinnuafl**		
3.2	Ábyrgðargjald vegna launa	822,2	822,2
3.5	Gjald til jöfnunar og lækkunar á örorkubyrði lífeyrissjóða	1.528,0	1.478,0
	Skattar á launagreiðslur og vinnuafl	**2.350,2**	**2.300,2**
4	**Eignarskattar**		
4.3	Erfðafjárskattar, skattar á gjafafé	2.000,0	1.900,0
4.4.1	Stimpilgjöld	9.100,0	9.100,0
4.5.2.1	Sértækir eignarskattar á fasteignir	623,0	623,0
	Eignarskattar	**11.723,0**	**11.623,0**

		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
5	**Skattar á vörur og þjónustu**	m.kr.	m.kr.
5.1.1.1	Virðisaukaskattur	138.000,0	135.000,0
5.1.2.1.1	Vörugjald, almennt, af innfluttum vörum	3.870,0	3.680,0
5.1.2.1.5	Vörugjald, almennt, af innlendri framleiðslu	590,0	560,0
5.1.2.1.15	Vörugjald af innfluttum ökutækjum	8.150,0	8.050,0
5.1.2.1.25	Vörugjald af bensíni	2.100,0	2.100,0
5.1.2.1.30	Sérstakt vörugjald af bensíni	7.420,0	7.420,0
5.1.2.1.33	Olíugjald	6.030,0	6.030,0
5.1.2.1.35	Gjald af eftirlitsskyldum rafföngum	72,7	72,7
5.1.2.1.40	Flutningsjöfnunargjöld	300,0	300,0
5.1.2.1.50	Áfengisgjald	8.150,0	8.136,8
5.1.2.1.52	Tóbaksgjald	3.770,0	3.770,0
5.1.2.1.55	Ýmis vörugjöld	2.165,0	2.165,0
5.1.2.10	Tollar og aðflutningsgjöld	4.931,0	4.631,0
5.1.2.20	Sértækir þjónustuskattar	2.448,1	2.448,1
5.1.2.30	Aðrir sértækir skattar á vörur og þjónustu	2,7	2,7
	Skattar á viðskipti með vörur og þjónustu	**187.999,5**	**184.366,3**
5.2.1.1.1	Bifreiðagjöld	4.610,0	4.580,0
5.2.1.5.5	Þungaskattur	1.280,0	1.280,0
5.2.2.1	Neysluskattar og leyfisgjöld af skipum	133,0	133,0
5.2.2.10	Ýmis leyfi fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi	58,3	58,3
5.2.2.15	Gjöld fyrir veitingu atvinnuréttinda og tengdra leyfa	10,2	10,2
5.2.2.25	Ýmis leyfis- og skráningargjöld	615,4	615,4
5.2.2.25.1.25	Veiðigjald fyrir veiðiheimildir	738,0	707,0
5.2.2.25.5.95	Ýmis skráningargjöld	290,0	290,0
5.2.2.30	Ýmis eftirlitsgjöld	470,3	470,3
5.2.2.35	Ýmislegt	23,5	23,5
	Neyslu- og leyfisgjöld	**8.228,7**	**8.167,7**
	Skattar á vörur og þjónustu	**196.228,2**	**192.534,0**
6	**Aðrir skattar**		
6.1.10	Iðnaðarmálagjald	259,3	259,3
6.1.15	Markaðsgjald	411,2	403,5
	Aðrir skattar á atvinnurekstur	**670,5**	**662,8**
6.2.1	Sektir á skatttekjur	205,0	80,0
	Aðrir skattar	**875,5**	**742,8**
	Skatttekjur, samtals	**430.424,8**	**412.194,7**

II	Aðrar rekstrartekjur	Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
8	**Arðgreiðslur og leigutekjur**	m.kr.	m.kr.
8.2.1	Arðgreiðslur frá fjármálastofnunum	50,0	50,0
8.2.2	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum stofnunum	1.507,0	1.507,0
	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum aðilum	**1.557,0**	**1.557,0**
8.3.1	Vaxtatekjur af skatttekjum	5.600,0	4.100,0
8.3.6	Vaxtatekjur af endurlánum ríkissjóðs	8.470,0	8.820,0
8.3.7	Aðrar vaxtatekjur	11.254,0	11.254,0
8.3.8.1	Leiga á lóðum og landréttindum	57,7	57,7
	Aðrar eignatekjur	**25.381,7**	**24.231,7**
	Arðgreiðslur og leigutekjur	**26.938,7**	**25.788,7**
9	**Ýmsar tekjur**		
9.1.1	Dómsmálagjöld o.fl.	535,0	535,0
9.1.2	Áhættugjöld fyrir ríkisábyrgðir	260,0	260,0
9.1.3.1	Afnotagjöld RÚV	2.916,0	2.916,0
9.1.3.5	Skólagjöld	682,5	682,5
9.1.3.10	Gjöld fyrir læknishjálp o.fl.	100,0	100,0
9.1.3.15	Lendingargjöld o.fl.	682,0	682,0
9.1.3.20	Prófgjöld	21,5	21,5
9.1.3.25	Gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl.	140,0	140,0
9.1.3.30	Skoðunar-, mælinga- og eftirlitsgjöld	2.225,0	2.225,0
9.1.3.35	Ýmislegt	304,1	304,1
9.1.3.40	Útgáfa skírteina og þinglýsingar	415,5	415,5
9.1.4	Önnur neyslu- og leyfisgjöld	48,0	48,0
	Neyslu- og leyfisgjöld fyrir þjónustu	**8.329,6**	**8.329,6**
	Ýmsar tekjur	**8.329,6**	**8.329,6**
10	**Sektir**		
10.1	Lögreglumannasektir og lögreglustjórasektir	690,0	650,0
10.2	Dómsektir og viðurlagaákvarðanir	290,0	290,0
10.3	Ýmsar sektir	35,0	35,0
	Sektir	**1.015,0**	**975,0**

		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
12	**Aðrar eigna- og aukatekjur**	m.kr.	m.kr.
12.1	Aðrar eigna- og aukatekjur	15,0	15,0
12.5.1	Innborganir í Ábyrgðarsjóð launa úr gjaldþrotabúum	70,5	70,5
	Aðrar eigna- og aukatekjur	**85,5**	**85,5**
	Aðrar rekstrartekjur, samtals	**36.368,8**	**35.178,8**
III	**Sala eigna**		
13	**Sala varanlegra rekstrarfjármuna**		
13.1	Sala fasteigna	4.500,0	6.000,0
13.2	Söluhagnaður hlutabréfa	500,0	500,0
	Sala varanlegra rekstrarfjármuna	**5.000,0**	**6.500,0**
15	**Sala á landi og réttindum**		
15.1	Sala á landi og jarðeignum	200,0	200,0
	Sala eigna, samtals	**5.200,0**	**6.700,0**
V	**Fjárframlög**		
18	**Fjárframlög frá opinberum aðilum**		
18.1	Rekstrarframlög	177,9	177,9
18.1.1	Hluti sveitarfélaga í innheimtukostnaði	470,0	470,0
	Rekstrarframlög	**647,9**	**647,9**
18.2.1	Framlag Happdrættis HÍ til Háskóla Íslands	318,0	318,0
18.2.5	Viðbótarframlag sveitarfélaga vegna lífeyrisskuldbindinga grunnskólakennara	480,0	480,0
	Fjárframlög frá opinberum aðilum	**1.445,9**	**1.445,9**
	Fjárframlög, samtals	**1.445,9**	**1.445,9**
	Heildartekjur samtals	**473.439,5**	**455.519,4**

430. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2008.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (GSv, KÞJ, GuðbH, IllG, ÁMöl, SVÓ, ÁKÓ, BjörkG).

Sundurliðun 3 (**Fjármál ríkisfyrirtækja í B-hluta**) orðist svo:

22 Menntamálaráðuneyti, B-hluti

22-201 Happdrætti Háskóla Íslands

	m.kr.
Rekstraráætlun:	
Rekstrartekjur	4.300,0
Rekstrargjöld	3.400,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	80,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**980,0**
Hagnaður (-tap)	**980,0**
Sjóðstreymi:	
Hagnaður (-tap)	980,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	40,0
Handbært fé frá rekstri	**1.020,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	20,0
Áhættufjármunir	350,0
Sala varanlegra rekstrarfjármuna	2,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-368,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	7,0
Greitt til Háskóla Íslands	215,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-222,0**
Breyting á handbæru fé	**430,0**
Handbært fé í ársbyrjun	333,0
Handbært fé í árslok	763,0

29 Fjármálaráðuneyti, B-hluti

29-101 Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins

	m.kr.
Rekstraráætlun:	
Rekstrartekjur	18.464,2
Rekstrargjöld	18.332,7
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	27,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**158,5**
Hagnaður (-tap)	**158,5**
Sjóðstreymi:	
Hagnaður (-tap)	158,5
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	105,0
Handbært fé frá rekstri	**263,5**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	160,0
Áhættufjármunir	-1,5
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-158,5**
Fjármögnunarhreyfingar	
Arðgreiðsla í ríkissjóð	182,5
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-182,5**
Breyting á handbæru fé	**-77,5**
Handbært fé í ársbyrjun	963,0
Handbært fé í árslok	885,5

30 Samgönguráðuneyti, B-hluti

30-475 Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli

	m.kr.
Rekstraráætlun:	
Rekstrartekjur	61,5
Rekstrargjöld	2.724,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-40,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**-2.702,5**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	2.811,0
Hagnaður (-tap)	**108,5**
Sjóðstreymi:	
Hagnaður (-tap)	108,5
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	136,5
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	5,0
Handbært fé frá rekstri	**250,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	290,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-290,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	24,5
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-24,5**
Breyting á handbæru fé	**-64,5**
Handbært fé í ársbyrjun	202,6
Handbært fé í árslok	138,1

31 Iðnaðarráðuneyti, B-hluti

31-301 Íslenskar orkurannsóknir

	m.kr.
Rekstraráætlun:	
Rekstrartekjur	800,0
Rekstrargjöld	770,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**30,0**
Hagnaður (-tap)	**30,0**
Sjóðstreymi:	
Hagnaður (-tap)	30,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	45,0
Handbært fé frá rekstri	**75,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	40,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-40,0**
Breyting á handbæru fé	**35,0**
Handbært fé í ársbyrjun	16,6
Handbært fé í árslok	51,6

431. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2008.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (GSv, KÞJ, GuðbH, IllG, ÁMöl, SVÓ, ÁKÓ, BjörkG).

Sundurliðun 4 (**Fjármál lánastofnana í C-hluta**) orðist svo:

42 Menntamálaráðuneyti, C-hluti

42-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna

	m.kr.
Rekstraráætlun:	
Fjármunatekjur	4.648,7
Fjármagnsgjöld	4.260,5
Framlög í afskriftasjóð útlána	1.201,3
Hreinar fjármunatekjur	**-813,1**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	5.938,0
Aðrar rekstrartekjur	20,0
Önnur rekstrargjöld	438,0
Hagnaður (-tap)	**4.706,9**
Sjóðstreymi:	
Hagnaður (-tap)	4.706,9
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-1.118,0
Handbært fé frá rekstri	**3.588,9**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	10.871,5
Afborganir af veittum löngum lánum	4.842,7
Varanlegir rekstrarfjármunir	74,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-6.102,8**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	8.000,0
Afborganir af teknum löngum lánum	5.297,8
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**2.702,2**
Breyting á handbæru fé	**188,3**
Handbært fé í ársbyrjun	321,0
Handbært fé í árslok	509,3

47 Félagsmálaráðuneyti, C-hluti

47-201 Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild

Rekstraráætlun:	m.kr.
Fjármunatekjur	14.021,0
Fjármagnsgjöld	12.854,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	261,0
Hreinar fjármunatekjur	**906,0**
Aðrar rekstrartekjur	60,0
Önnur rekstrargjöld	62,0
Hagnaður (-tap)	**904,0**
Sjóðstreymi:	
Hagnaður (-tap)	904,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	2.945,0
Handbært fé frá rekstri	**3.849,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Afborganir af veittum löngum lánum	15.453,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	7,0
Sala áhættufjármuna	1.351,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**16.797,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	6.449,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-6.449,0**
Breyting á handbæru fé	**14.197,0**
Handbært fé í ársbyrjun	6.405,0
Handbært fé í árslok	20.602,0

47-205 Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir

	m.kr.
Rekstraráætlun:	
Fjármunatekjur	4.845,0
Fjármagnsgjöld	5.533,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	158,0
Hreinar fjármunatekjur	**-846,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	300,0
Aðrar rekstrartekjur	144,0
Önnur rekstrargjöld	149,0
Hagnaður (-tap)	**-551,0**
Sjóðstreymi:	
Hagnaður (-tap)	-551,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	307,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-101,0
Handbært fé frá rekstri	**-345,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	21.008,0
Afborganir af veittum löngum lánum	1.834,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	4,0
Sala áhættufjármuna	43,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-19.135,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	25.516,0
Afborganir af teknum löngum lánum	3.289,0
Afföll við sölu íbúðabréfa	3.159,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**19.068,0**
Breyting á handbæru fé	**-412,0**
Handbært fé í ársbyrjun	639,0
Handbært fé í árslok	227,0

47-211 Íbúðalánasjóður, viðbótarlán

	m.kr.
Rekstraráætlun:	
Fjármunatekjur	1.011,0
Fjármagnsgjöld	912,0
Hreinar fjármunatekjur	**99,0**
Aðrar rekstrartekjur	4,0
Önnur rekstrargjöld	4,0
Hagnaður (-tap)	**99,0**
Sjóðstreymi:	
Hagnaður (-tap)	99,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	45,0
Handbært fé frá rekstri	**144,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Afborganir af veittum löngum lánum	892,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	1,0
Sala áhættufjármuna	71,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**962,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	510,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-510,0**
Breyting á handbæru fé	**596,0**
Handbært fé í ársbyrjun	999,0
Handbært fé í árslok	1.595,0

47-215 Íbúðalánasjóður, byggingarsjóðir ríkisins og verkamanna

Rekstraráætlun:	m.kr.
Fjármunatekjur	4.701,0
Fjármagnsgjöld	5.686,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	126,0
Hreinar fjármunatekjur	**-1.111,0**
Aðrar rekstrartekjur	29,0
Önnur rekstrargjöld	30,0
Hagnaður (-tap)	**-1.112,0**
Sjóðstreymi:	
Hagnaður (-tap)	-1.112,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	286,0
Handbært fé frá rekstri	**-826,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Afborganir af veittum löngum lánum	6.273,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	4,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**6.269,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	4.378,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-4.378,0**
Breyting á handbæru fé	**1.065,0**
Handbært fé í ársbyrjun	2.397,0
Handbært fé í árslok	3.462,0

47-219 Íbúðalánasjóður, íbúðalánadeild

Rekstraráætlun:	m.kr.
Fjármunatekjur	16.095,0
Fjármagnsgjöld	13.709,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	260,0
Hreinar fjármunatekjur	**2.126,0**
Aðrar rekstrartekjur	764,0
Önnur rekstrargjöld	790,0
Hagnaður (-tap)	**2.100,0**
Sjóðstreymi:	
Hagnaður (-tap)	2.100,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	2.489,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-327,0
Handbært fé frá rekstri	**4.262,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	64.339,0
Afborganir af veittum löngum lánum	6.200,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	14,0
Sala áhættufjármuna	249,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-57.904,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	56.820,0
Afborganir af teknum löngum lánum	10.893,0
Afföll við sölu íbúðabréfa	8.402,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**37.525,0**
Breyting á handbæru fé	**-16.117,0**
Handbært fé í ársbyrjun	1.516,0
Handbært fé í árslok	-14.601,0

51 Iðnaðarráðuneyti, C-hluti

51-101 Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins

	m.kr.
Rekstraráætlun:	
Fjármunatekjur	388,0
Fjármagnsgjöld	2,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	102,0
Hreinar fjármunatekjur	**284,0**
Önnur rekstrargjöld	97,0
Hagnaður (-tap)	**187,0**
Sjóðstreymi:	
Hagnaður (-tap)	187,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	35,0
Handbært fé frá rekstri	**222,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Afborganir af veittum löngum lánum	40,0
Áhættufjármunir	1.000,0
Sala varanlegra rekstrarfjármuna	2,0
Sala áhættufjármuna	200,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-758,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	2,0
Ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands	500,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**498,0**
Breyting á handbæru fé	**-38,0**
Handbært fé í ársbyrjun	2.891,0
Handbært fé í árslok	2.853,0

51-371 Orkusjóður

	m.kr.
Rekstraráætlun:	
Fjármunatekjur	16,5
Hreinar fjármunatekjur	**16,5**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	34,1
Önnur rekstrargjöld	34,6
Hagnaður (-tap)	**16,0**
Sjóðstreymi:	
Hagnaður (-tap)	16,0
Handbært fé frá rekstri	**16,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	20,0
Afborganir af veittum löngum lánum	12,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-8,0**
Breyting á handbæru fé	**8,0**
Handbært fé í ársbyrjun	172,6
Handbært fé í árslok	180,6

51-411 Byggðastofnun

	m.kr.
Rekstraráætlun:	
Fjármunatekjur	1.400,0
Fjármagnsgjöld	1.000,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	400,0
Hreinar fjármunatekjur	**0,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	386,3
Aðrar rekstrartekjur	20,0
Önnur rekstrargjöld	436,3
Hagnaður (-tap)	**-30,0**
Sjóðstreymi:	
Hagnaður (-tap)	-30,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	400,0
Handbært fé frá rekstri	**370,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	3.000,0
Afborganir af veittum löngum lánum	900,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-2.100,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	3.000,0
Afborganir af teknum löngum lánum	700,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**2.300,0**
Breyting á handbæru fé	**570,0**
Handbært fé í ársbyrjun	285,0
Handbært fé í árslok	855,0

432. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2008.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (GSv, KÞJ, GuðbH, IllG, ÁMöl, SVÓ, ÁKÓ, BjörkG).

Við 3. tölul. 5. gr. Í stað orðanna „allt að 23.516 m.kr.“ í lið 3.3 komi: allt að 25.516 m. kr.

433. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2008.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (GSv, KÞJ, GuðbH, IllG, ÁMöl, SVÓ, ÁKÓ, BjörkG).

Við 6. gr. Nýr liður:
6.23 Að ganga til samninga við Reykjavíkurborg um lóð undir samgöngumiðstöð sem fyrirhugað er að reisa við Reykjavíkurflugvöll.

434. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2008.

Frá Sigurði Kára Kristjánssyni, Einari Má Sigurðarsyni, Karli V. Matthíassyni, Ragnheiði Ríkharðsdóttur og Guðbjarti Hannessyni.

Breytingar á sundurliðun 2:
Við **02-982 Listir, framlög**
1.70 Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis (02-982-1.70).

	Þús. kr.
1. Atli Heimir Sveinsson	1.800
2. Ásgerður Búadóttir	1.800
3. Erró	1.800
4. Fríða Á. Sigurðardóttir	1.800
5. Guðbergur Bergsson	1.800
6. Guðmunda Elíasdóttir	1.800
7. Gunnar Eyjólfsson	1.800
8. Hannes Pétursson	1.800
9. Herdís Þorvaldsdóttir	1.800
10. Jóhann Hjálmarsson	1.800
11. Jón Nordal	1.800

12.	Jón Sigurbjörnsson	1.800
13.	Jón Þórarinsson	1.800
14.	Jónas Ingimundarson	1.800
15.	Jórunn Viðar	1.800
16.	Kristbjörg Kjeld	1.800
17.	Kristján Davíðsson	1.800
18.	Magnús Pálsson	1.800
19.	Matthías Johannessen	1.800
20.	Megas	1.800
21.	Róbert Arnfinnsson	1.800
22.	Thor Vilhjálmsson	1.800
23.	Vigdís Grímsdóttir	1.800
24.	Vilborg Dagbjartsdóttir	1.800
25.	Þorbjörg Höskuldsdóttir	1.800
26.	Þorsteinn frá Hamri	1.800
27.	Þráinn Bertelsson	1.800
28.	Þuríður Pálsdóttir	1.800
	Samtals	**50.400**

435. Nefndarálit [209. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, nr. 22/2006.

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hönnu S. Gunnsteinsdóttur og Bjarnheiði Gautadóttur frá félagsmálaráðuneyti. Jafnframt bárust nefndinni umsagnir frá Foreldrafélagi barna með axlarklemmu, Þroskahjálp, Alþýðusambandi Íslands, Félagi áhugafólks um Downs-heilkenni, VR, Styrktarfélagi krabbameinssjúkra barna, Umhyggju, ADHD-samtökunum, Tourette-samtökunum, umboðsmanni barna, MND-félaginu á Íslandi, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, Barnaspítala Hringsins og Gigtarfélagi Íslands.

Frumvarp þetta felur í sér endurskoðun á því greiðslukerfi sem komið var á með gildandi lögum um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, nr. 22/2006. Gildandi kerfi er vinnumarkaðstengt þar sem skilyrði er að foreldrar hafi verið samfellt í sex mánuði á innlendum vinnumarkaði áður en barnið greindist með alvarlegan eða langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun. Reynslan af framkvæmd laganna er sú að tiltölulega fáir foreldrar hafa sótt um greiðslur á grundvelli þeirra.

Með frumvarpi þessu er lagt til að komið verði til móts við fjárhagslegar aðstæður foreldra barna sem greinst hafa með alvarlega eða langvinna sjúkdóma eða fötlun sem fellur undir 1. og 2. sjúkdóms- eða fötlunarstig, sbr. b- og c-lið 18. gr. frumvarpsins, óháð atvinnuþátttöku þeirra eða greiningartíma barnanna. Er gert ráð fyrir að foreldrunum verði tryggðar mánaðarlegar grunngreiðslur þann tíma sem þeir geta ekki verið virkir á vinnumarkaði vegna verulegrar umönnunar barna sinna. Þar af leiðandi er gert ráð fyrir að foreldrar þessara barna sem hafa ekki getað verið virkir á vinnumarkaði til lengri eða skemmri tíma við gildistöku frumvarpsins, verði það að lögum, geti átt rétt á slíkum greiðslum að skilyrðum frumvarpsins uppfylltum án þess að litið sé til þess hvenær barnið greindist langveikt eða fatlað. Við gildistöku núgildandi laga var miðað við að lögin tækju til foreldra barna sem greindust á árinu 2006 eða síðar enda voru þeir foreldrar þá virkir á vinnumarkaði við gildistöku laganna eða mjög skammur tími var liðinn frá því að þeir lögðu niður störf.

Umræða kom upp í nefndinni eftir ábendingu frá umsagnaraðila um hugsanlegt misræmi milli skilgreiningar frumvarpsins á alvarlega fötluðu barni og ákvæðis um fötlunarstig. Eftir að hafa fengið skýringar á þessum ákvæðum telur nefndin ástæðu til að taka fram að mikilvægt er að skilgreiningar á langveiku barni og alvarlega fötluðu barni séu skoðaðar saman með ákvæðum um sjúkdóms- og fötlunarstig en síðarnefndu ákvæðunum er ætlað að flokka alvarleika sjúkdóms eða fötlunar í þrjú stig. Þeir sjúkdómar eða fötlun sem tilgreind er í b- og c-lið 18. gr. frumvarpsins er þar einungis nefnd í dæmaskyni. Enn fremur liggur fyrir að sjúkdóms- eða fötlunargreiningin ein og sér ræður ekki hvort foreldrar barns eiga rétt á greiðslum samkvæmt frumvarpinu heldur heildarmat á aðstæðum þeirra, svo sem alvarleiki sjúkdóms eða fötlunar barns, umfang þjónustugreiningar- og meðferðarstofnunar, umönnunarþarfar barns og þeirrar vistunarþjónustu sem í boði er á vegum opinberra aðila.

Við endurskoðun laganna hefur láðst að gera ráð fyrir að mótframlag ríkissjóðs í lífeyrissjóð foreldra skv. 11. gr. laganna hækki úr 6% í 8% í samræmi við lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, með áorðnum breytingum,

og þykir nefndinni mikilvægt að breyta þessu til samræmis. Í ljósi þessa leggur nefndin því til breytingartillögu hvað 11. gr. laganna snertir.

Nefndin telur mikilvægt sjónarmið sem kemur fram í greinargerð með frumvarpinu að langveikum börnum og fjölskyldum þeirra verði veitt sambærilegt aðgengi að félagslegri þjónustu og börn með fötlun njóta og að sálfélagslegur stuðningur við fjölskyldur þessara barna verði efldur. Hins vegar kemur fram í greinargerðinni að við samningu frumvarpsins hafi niðurstaðan verið sú að þörf væri á lengri tíma til að laga þá félagslegu þjónustu sem stendur fötluðum börnum til boða að þörfum langveikra barna. Ekki hafi þótt rétt að bíða með framlagningu þessa frumvarps í heild vegna þessa þar sem vitað sé að foreldrar langveikra eða alvarlega fatlaðra barna búa margir hverjir við kröpp kjör. Því er lagt til í greinargerðinni að frumvarp þetta fjalli eingöngu um fjárhagslega aðstoð foreldra þessara barna en félagsmálaráðherra muni skipa starfshóp til að fara yfir málefni félagslegu þjónustunnar. Ráðgert er að starfshópurinn skili tillögum til ráðherra fyrir 15. febrúar 2008 þannig að unnt verði að leggja fram frumvarp til laga um breytt stuðningskerfi á vorþingi. Nefndin fagnar þessum markmiðum félagsmálaráðherra.

Nefndin telur mikilvægt að ákvæði um umönnunargreiðslur, sbr. lög nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, verði tekin til endurskoðunar með það að markmiði að skýra betur reglur um aðstoð til foreldra langveikra og fatlaðra barna vegna útlagðs kostnaðar í tengslum við veikindi eða fötlun barnanna, sbr. það sem fram kemur í greinargerð við frumvarpið.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Ásta R. Jóhannesdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. des. 2007.

Guðbjartur Hannesson, form., frsm.	Ármann Kr. Ólafsson.	Pétur H. Blöndal.
Birkir J. Jónsson.	Ögmundur Jónasson.	Árni Johnsen.
Jón Gunnarsson.	Kristinn H. Gunnarsson.	

436. Breytingartillögur [209. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, nr. 22/2006.

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

1. Við 4. gr. bætist nýr stafliður, b-liður, svohljóðandi: Í stað orðanna „5. mgr. 12. gr.“ í 3. mgr. kemur: 4. mgr. 14. gr.
2. Við 10. gr. bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Í stað orðanna „mótframlag að lágmarki 6%“ í 1. mgr. kemur: 8% mótframlag.

437. Lög [181. mál]

um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 10. des.)

Samhljóða þskj. 194.

438. Lög [95. mál]

um breyting á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 10. des.)

Samhljóða þskj. 406.

439. Lög [76. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 50/1987, og lögum um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994 (ábyrgðartrygging ökutækja, EES-reglur).

(Afgreidd frá Alþingi 10. des.)

Samhljóða þskj. 76.

440. Lög [143. mál]

um breytingu á lögum nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 10. des.)

Samhljóða þskj. 152.

441. Lög [182. mál]

um brottfall laga nr. 39/1964, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.

(Afgreidd frá Alþingi 10. des.)

Samhljóða þskj. 195.

442. Lög [93. mál]

um breytingu á hafnalögum, nr. 61/2003.

(Afgreidd frá Alþingi 10. des.)

Samhljóða þskj. 93.

443. Lög [88. mál]

um breytingu á siglingalögum, nr. 34 19. júní 1985, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 10. des.)

Samhljóða þskj. 407.

444. Lög [92. mál]

um breytingu á lögum nr. 73/2005, um skipan ferðamála.

(Afgreidd frá Alþingi 10. des.)

Samhljóða þskj. 408.

445. Lög [90. mál]

um breyting á lögum nr. 79 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

(Afgreidd frá Alþingi 10. des.)

Samhljóða þskj. 90.

446. Lög [128. mál]

um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð.

(Afgreidd frá Alþingi 10. des.)

Samhljóða þskj. 409

447. Nefndarálit [230. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 3/2006, um ársreikninga, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og skattanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þórð Reynisson frá fjármálaráðuneytinu og Guðmund Guðbjarnason frá ríkisskattstjóra. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá Fjármálaeftirlitinu, skattrannsóknarstjóra, ríkisskattstjóra, Seðlabanka Íslands, Ríkisendurskoðun, Félagi löggiltra endurskoðenda, Samtökum fjárfesta, Samtökum fjármálafyrirtækja, Félagi íslenskra stórkaupmanna, Viðskiptaráði Íslands og Kauphöll OMX Nordic Exchange. Nefndinni barst einnig tilkynning frá Hagstofu Íslands.

Frumvarp þetta varðar upplýsingagjöf stjórnenda félaga sem gefið hafa út verðbréf á skipulegum verðbréfamarkaði, afnám skyldu tilgreindra félaga til að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum og eftirlitsheimildir ársreikningaskrár.

Á fundum nefndarinnar kom fram að efni frumvarpsins stendur í nánum tengslum við lög um verðbréfaviðskipti, nr. 108/2008, sem sett voru á síðasta þingi. Þar voru gefin fyrirheit um frekari innleiðingu á efni tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB um samræmingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað og um breytingu á tilskipun 2001/34/EB. Kemur fram í almennum athugasemdum að 2.–5. mgr. 4. gr. og 2.–5. mgr. 5. gr. verði innleidd í íslenskan rétt með breytingum á lögum um ársreikninga. Ákvæðin varða upplýsingagjöf félaga sem skráð hafa verðbréf á skipulegum verðbréfamarkaði í ársreikningum og árshlutareikningum.

Nefndin fjallaði einnig um rétt og skyldu félaga til að taka upp alþjóðlega reikningsskilastaðla. Með lögum nr. 45/2005, um breytingu á lögum um ársreikninga, var leidd í lög reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskila-

staðla, sbr. einnig ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/2003. Þar var kveðið á um skyldu félaga sem skráð hafa verðbréf sín á skipulegum verðbréfamörkuðum innan EES til að færa reikningsskil sín til samræmis við alþjóðlega reikningsskilastaðla. Reglan þjónar þeim tilgangi að auka samanburðarhæfni reikningsskila innan Evrópska efnahagssvæðisins og efla traust fjárfesta á fjármálamörkuðum. Skv. 4. gr. reglugerðarinnar gildir reglan við gerð samstæðureikninga en einstökum aðildarríkjum innan EES er síðan eftirlátið á grundvelli 5. gr. að ákveða hvort sama regla skuli gilda um ársreikninga skráðra félaga óháð því hvort þau gera samstæðureikninga eða ekki. Ísland taldi við setningu framangreindra laga rétt að nýta þessa heimild og samkvæmt því ber móður- og dótturfélögum að færa ársreikninga sína til samræmis við alþjóðlega reikningsskilastaðla. Að fenginni reynslu gerir frumvarpið nú ráð fyrir að þessar kvöð verði aflétt enda eigi það ekki að koma niður á gæðum samstæðureiknings viðkomandi samstæðu.

Loks ræddi nefndin hlutverk ársreikningaskrár og tengsl hennar við Fjármálaeftirlitið. Með lagabreytingu frá 133. löggjafarþingi, sbr. lög nr. 160/2006, voru eftirlitsúrræði ársreikningaskrár rýmkaðar þannig að skránni var heimilað að leggja sektir á minni félög í skilningi laga um ársreikninga í þeim tilvikum þegar fyrirsvarsmenn þeirra vanrækja að standa skil á ársreikningum eða samstæðureikningum til opinberrar birtingar. Í athugasemdum við 3. gr. laganna kemur fram að heimild þessari megi beita óháð sök fyrirsvarsmanna en væri til staðar grunur um meiri háttar brot yrði gert ráð fyrir því að ársreikningaskrá vísaði máli til skattrannsóknarstjóra ríkisins. Til meiri háttar brota telst það m.a. þegar fyrirsvarsmenn stærri félaga í skilningi laga um ársreikninga gerast sekir um ofangreinda vanrækslu, sbr. 121. gr. Samkvæmt upphafsgrein gildandi laga um ársreikninga teljast hlutafélög sem hafa verðbréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði til stærri félaga og verði frumvarp þetta samþykkt mun það sama eiga við um önnur skráð félög í skilningi 2.–4. tölul. 1. gr. laganna. Þá er ársreikningaskrá heimilað skv. 3. málsl. 3. mgr. 126. gr. laganna að leggja sektir á félög, stór og smá, sem vanrækja að leggja fram fullnægjandi upplýsingar eða skýringar með ársreikningi eða samstæðureikningi sem lagður hefur verið fram til opinberrar birtingar. Enn fremur getur skráin sektað lögaðila fyrir brot gegn lögunum óháð því hvort brot megi rekja til saknæms verknaðar fyrirsvarsmanns eða starfsmanns lögaðilans, sbr. 125. gr.

Með frumvarpinu eru eftirlitsúrræði ársreikningaskrár aukin á ný. Er það rökstutt með vísan til þess að skráin hafi takmarkaðar heimildir til að bregðast við þegar félög sem beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, sbr. VIII. kafla laganna, veita ekki umbeðnar upplýsingar, einkum í tengslum við árshlutauppgjör. Leggur frumvarpið því til að ársreikningaskrá fái heimild til að beita dagsektum auk þess sem henni verður heimilt að birta opinberlega upplýsingar um reikningsskil sem talin eru ófullnægjandi og heimild til að óska eftir tímabundinni stöðvun viðskipta með verðbréf viðkomandi félags í kauphöll.

Nefndin fellst á breytingar frumvarpsins en vekur athygli á því að samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti, nr. 108/2007, er eftirlit með verðbréfamarkaði að meginstefnu til í höndum Fjármálaeftirlitsins þótt viðurkennt sé að ársreikningaskrá annist eftirlit með reikningsskilum, sbr. 1. mgr. 133. gr.

Eftir ábendingu fjármálaráðuneytisins leggur nefndin til smávægilegar breytingar á frumvarpinu sem lúta að formi en ekki efni. Nefndinni þykir þó rétt að geta þess að við meðferð málsins hafa borist athugasemdir um að einstök ákvæði laganna séu ekki svo skýr sem vera ber.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Í stað orðanna „á Evrópska efnahagssvæðinu“ í b-lið (66. gr. b.) 5. gr. komi: innan Evrópska efnahagssvæðisins.
2. Á eftir 5. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Í stað „65. og 66. gr.“ í 2. mgr. 85. gr. laganna kemur: VI. kafla.
3. Eftirfarandi breytingar verði á 6. gr.:
   a. Í stað orðanna „á Evrópska efnahagssvæðinu“ í 1. mgr. a-liðar (87. gr. a.) komi: innan Evrópska efnahagssvæðisins.
   b. Í stað orðsins „stjórnar“ í 1. málsl. b-liðar (87. gr. b.) komi: stjórnar félaga skv. 1. tölul. 1. mgr. 1. gr.
   c. Í stað orðanna „á Evrópska efnahagssvæðinu“ í 1. málsl. c-liðar (87. gr. c.) komi: í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins.
   d. Í stað orðanna „á Evrópska efnahagssvæðinu“ í 1. málsl. d-liðar (87. gr. d.) komi: í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins.
   e. Í stað orðanna „á Evrópska efnahagssvæðinu skal birta árshlutareikning, sbr. 3. mgr. 87. gr.“ í e-lið (87. gr. e.) komi: í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins skal birta árshlutareikning, sbr. 3. mgr. 87. gr. a.

Gunnar Svavarsson, Lúðvík Bergvinsson og Katrín Jakobsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 5. des. 2007.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Ellert B. Schram.	Ögmundur Jónasson.
Magnús Stefánsson.	Ragnheiður E. Árnadóttir.	Herdís Þórðardóttir.

448. Nefndarálit [229. mál]

um frv. til. l. um breyt. á tollalögum, nr. 88/2005, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og skattanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Lilju Sturludóttur, Ögmund Hrafn Magnússon og Ingva Má Pálsson frá fjármálaráðuneyti. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá Hagstofu Íslands, Seðlabanka Íslands, ríkisskattstjóra, tollstjóranum á Suðurnesjum, sýslumanninum á Akranesi, Ríkisendurskoðun, Samtökum verslunar og þjónustu, Viðskiptaráði og Samskipum. Einnig hafa borist tilkynningar frá Félagi löggiltra endurskoðenda og Lögmannafélagi Íslands.

Í frumvarpinu eru lagðar til fimm breytingar á tollalögum. Í fyrsta lagi gerir frumvarpið ráð fyrir að tollstjóranum í Reykjavík verði í stað fjármálaráðuneytisins falið að annast

afgreiðslu tiltekinna leyfisveitinga til samræmis við yfirlýsta stefnu ráðuneytisins. Í annan stað er lagt til að viðmiðun við ákvörðun tollafgreiðslugengis verði breytt og að hún verði framvegis miðuð við daglega gengisskráningu. Í þriðja lagi gerir frumvarpið ráð fyrir nýrri tegund geymslusvæðis er ber heitið umflutningsgeymslur. Í fjórða lagi er lagt til að öðrum lögaðilum í atvinnurekstri en farmflytjendum og tollmiðlurum verði heimilað að reka afgreiðslugeymslur. Í fimmta lagi eru lagðar til smávægilegar lagfæringar á einstökum ákvæðum laganna vegna brotthvarfs varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli.

Fram kom að tillaga frumvarpsins um breytta viðmiðun tollafgreiðslugengis hefði verið unnin að höfðu samráði við Hagstofu Íslands. Um ástæður þess hvers vegna tollyfirvöld hefðu ekki hagað framkvæmdinni með þessum hætti fyrr var vísað til þess að það hefði ekki verið tæknilega framkvæmanlegt. Þá ræddi nefndin líkleg áhrif þessarar breytingar á tekjur ríkissjóðs og var það mat gesta að þær mundu standa í stað þótt erfitt væri að sjá það fyrir. Nefndin vill leggja áherslu á að tollafgreiðslugengi verði miðgengi viðkomandi gjaldeyris en ábendingar um þetta komu fram í umsögn Hagstofu Íslands.

Á fundum nefndarinnar var einnig rætt hver áhrif flutningur á afgreiðslu leyfisveitinga úr fjármálaráðuneyti til tollstjórans í Reykjavík mundi hafa á stöðu landsbyggðarinnar. Kom fram að tollafgreiðsla færi að langstærstum hluta í gegnum embætti tollstjórans í Reykjavík. Ekki væri ástæða til að ætla að þessi tilfærsla á verkefnum hefði neikvæð áhrif á landsbyggðina. Nefndin bendir þó á að verkefni embættisins varða mikilsverða þætti í starfsumhverfi fyrirtækja og undirstrikar mikilvægi þess að gætt sé jafnræðis.

Nefndin leggur til smávægilegar breytingar í því augnamiði að laga tilvísanir í einstökum ákvæðum laganna að breytingum frumvarpsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Á eftir 3. gr. komi tvær nýjar greinar, svohljóðandi:
   a. (4. gr.)
      Í stað orðanna „2.–5. tölul.“ í 2. mgr. 70. gr., 1. mgr. 76. gr. og 1. mgr. 120. gr. laganna kemur: 2.–6. tölul.
   b. (5. gr.)
      Í stað orðanna „eða á frísvæði, sbr. 2.–5. tölul. 1. mgr. 69. gr.“ í 1. mgr. 79. gr. laganna kemur: umflutningsgeymslu eða á frísvæði, sbr. 2.–6. tölul. 1. mgr. 69. gr.
2. Á undan orðunum „1. mgr. 91. gr.“ í 1. mgr. a-liðar 18. gr. komi: 1.–9. tölul.

Bjarni Benediktsson, Gunnar Svavarsson og Katrín Jakobsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. des. 2007.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Ellert B. Schram.	Ögmundur Jónasson.
Magnús Stefánsson.	Ragnheiður E. Árnadóttir.	Lúðvík Bergvinsson.

449. Tillaga til þingsályktunar [315. mál]

um lagningu raflína í jörð.

Flm.: Helgi Hjörvar, Ólöf Nordal, Kolbrún Halldórsdóttir,
Kjartan Ólafsson, Katrín Júlíusdóttir, Illugi Gunnarsson,
Gunnar Svavarsson, Guðfinna S. Bjarnadóttir, Árni Þór Sigurðsson,
Höskuldur Þórhallsson, Kristinn H. Gunnarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórn Íslands að skipa nefnd er móti stefnu um hvernig leggja megi á næstu árum og áratugum raflínur í jörð sem nú eru ofan jarðar. Nefndina skipi einn fulltrúi frá hverjum eftirtalinna aðila: fjármálaráðuneyti, iðnaðarráðuneyti, umhverfisráðuneyti, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samorku, náttúruverndarsamtökum, Landsneti, iðnaðarnefnd Alþingis og umhverfisnefnd Alþingis og skili hún Alþingi skýrslu um störf sín.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur orkuframleiðsla á Íslandi aukist mjög og jafnframt gagnrýni á neikvæð umhverfisáhrif hennar. Umtalsverður hluti þeirra áhrifa er sjónmengun af völdum háspennulína og hefur sú krafa orðið háværari að jarðstrengir séu nýttir í stað loftlína. Þannig hafa viðhorf breyst og raflínur sem eitt sinn þóttu merki um framfarir og velsæld þykja nú lýta umhverfið og spilla ósnortnu landslagi. Svipaðar deilur spruttu strax í árdaga Símans á Íslandi þegar bændur héldu til Reykjavíkur til að mótmæla línulögnum og kalla eftir þráðlausum fjarskiptum. Nú, einni öld síðar, eru nær allar fjarskiptalagnir á Íslandi komnar í jörð. Svipuð þróun verður augljóslega í dreifikerfi raforku en til að styðja þá þróun og flýta henni er mikilvægt að fyrir liggi pólitísk stefnumörkun um að stefnt skuli að lagningu allra raflína í jörð.

Jarðstrengir hafa einnig þann kost umfram háspennulínur að vera óháðir veðurþáttum, svo sem ísingu, saltmengun og vindi. Slíkir þættir eru algengustu orsakir rafmagnsleysis og rafmagnstruflana. Því er lagning jarðstrengja mikilvægt hagsmunamál dreifbýlisins. Þó verður að hafa í huga að viðgerðir jarðstrengja eru bæði dýrari og tímafrekari en á loftlínum.

Miklar breytingar hafa orðið á síðustu árum á kostnaði við að leggja jarðstrengi. Gott dæmi um þetta er raforkuverið á Nesjavöllum. Þegar það var reist fyrir áratug var talið útilokað að hafa meira en helming af raflínum þaðan til Reykjavíkur í jörð. Nú, tíu árum síðar, þegar leggja þarf aðra línu sömu leið er ekkert annað talið koma til greina en að leggja í jörð, en það er einnig hluti af mótvægisaðgerðum. Kostnaður við jarðstreng í fyrra tilvikinu reyndist umtalsvert minni en áætlað var, eða 19,8 millj. kr. á hvern km miðað við 13,9 millj. kr. fyrir loftlínuna. Þetta er 44% munur en áætlanir höfðu gert ráð fyrir allt að 100% mun. Spenna Nesjavallalínu er 132 kV og síðan hún var lögð hefur hagkvæmni jarðstrengja á þeirri spennu aukist enn frekar. Við hæstu flutningsspennu er kostnaðarmunur milli jarðstrengja og loftlína hins vegar allt að tífaldur. Nú er um þriðjungur raflína í landinu undir 132 kV eða liðlega 1.000 km (sjá meðfylgjandi töflu).

Lengd 220 kV háspennulína	749 km
Lengd 132 kV háspennulína/strengja	1.167 km
Lengd 33 og 66 kV háspennulína/strengja	1.000 km
Lengd háspennulína samtals	2.916 km

Nýjar raflínulagnir munu á næstu árum og áratugum fyrst og fremst tengjast iðnaðar- og atvinnustarfsemi en ekki þörfum heimilanna. Vaxandi kröfur eru um að iðnaðar- og atvinnustarfsemi verði að vera nægilega ábatasöm til að geta sjálf greitt kostnað við bestu umhverfislausnir á hverjum tíma. Því er eðlilegt að gerð verði krafa um að gjaldtaka Landsnets á nýjum línulögnum fyrir iðnaðarstarfsemi nægi til að standa straum af kostnaði við jarðstrengi. Þó mun endurnýjun lína sem byggðar hafa verið til að mæta þörfum almennings hefjast á næsta áratug og er þar einkum um að ræða línur sem nú eru á 132 kV og 66 kV spennu. Eðlilegt er að gera þar einnig kröfu um bestu umhverfislausnir, en kostnaður mun væntanlega verða viðunandi í ljósi hagstæðrar verðþróunar fyrir jarðstrengi með 132 kV og 66 kV spennu. Um langa framtíð, eða fram á miðja öldina, munu loftlínur þó verða í raforkukerfi landsins, enda hafa þær margar verið reistar nýlega og marga áratugi tekur að afskrifa þær fjárfestingar. Uppbygging og þróun raforkudreifikerfisins er líka langtímaverkefni og því þýðingarmikið að fyrir liggi hvaða framtíðarkröfur gera á til þess. Í því sambandi er mikilvægt að forgangsraða verkefnum í lagningu jarðstrengja, enda ljóst að sum þeirra eru nærtækari en önnur. Þá getur á sumum stöðum verið meira rask af jarðstreng en loftlínu og því mikilvægt að huga tímanlega að lagnaleiðum og tæknibreytingum við lagningu. Með slíkri stefnumörkun gefst kostur á að þróa kerfið á sem hagkvæmastan hátt þannig að það verði að mestu leyti neðan jarðar fyrir miðja þessa öld.

450. Nefndarálit [207. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, nr. 16 13. apríl 1973, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bryndísi Helgadóttur og Hjalta Zóphóníasson frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti, Sigurð Ágúst Sigurðsson frá Happdrætti DAS og Pétur Bjarnason frá Happdrætti SÍBS.

Með frumvarpinu er lagt til að heimild Dvalarheimilis aldraðra sjómanna til að reka happdrætti verði framlengd um 11 ár eða til loka árs 2018. Framlenging þessi er í samræmi við gildistíma heimildar Happdrættis Háskóla Íslands til einkaréttar peningahappdrættis hér á landi en sú heimild gildir til 1. janúar 2019, sbr. lög nr. 127/2003.

Nefndin telur rétt að vekja athygli á því að í júní 2007 skipaði dóms- og kirkjumálaráðherra fastanefnd á sviði happdrættismála. Störf nefndarinnar skiptast í þrennt, að fylgjast með þróun á sviði happdrættismála í Evrópurétti, að gera tillögur til dóms- og kirkjumálaráðherra um framkvæmd vísindarannsókna um spilafíkn, ólögleg fjárhættuspil o.fl. og gera tillögur til dóms- og kirkjumálaráðherra um réttarbætur á sviði happdrættismála.

Ágúst Ólafur Ágústsson, Karl V. Matthíasson, Ólöf Nordal og Siv Friðleifsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 5. des. 2007.

Birgir Ármannsson, form., frsm.	Atli Gíslason.	Sigurður Kári Kristjánsson.
Ellert B. Schram.		Jón Magnússon.

451. Nefndarálit [208. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um happdrætti fyrir Samband íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga, nr. 18 22. apríl 1959, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bryndísi Helgadóttur og Hjalta Zóphóníasson frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti, Sigurð Ágúst Sigurðsson frá Happdrætti DAS og Pétur Bjarnason frá Happdrætti SÍBS.

Með frumvarpinu er lagt til að heimild Sambands íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga til að reka happdrætti verði framlengd um 11 ár eða til loka árs 2018. Framlenging þessi er í samræmi við gildistíma heimildar Happdrættis Háskóla Íslands til einkareksturs peningahappdrættis hér á landi en sú heimild gildir til 1. janúar 2019, sbr. lög nr. 127/2003.

Nefndin telur rétt að vekja athygli á því að í júní 2007 skipaði dóms- og kirkjumálaráðherra fastanefnd á sviði happdrættismála. Störf nefndarinnar skiptast í þrennt, að fylgjast með þróun á sviði happdrættismála í Evrópurétti, að gera tillögur til dóms- og kirkjumálaráðherra um framkvæmd vísindarannsókna um spilafíkn, ólögleg fjárhættuspil o.fl. og gera tillögur til dóms- og kirkjumálaráðherra um réttarbætur á sviði happdrættismála.

Ágúst Ólafur Ágústsson, Karl V. Matthíasson, Ólöf Nordal og Siv Friðleifsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 5. des. 2007.

Birgir Ármannsson, form., frsm.	Atli Gíslason.	Sigurður Kári Kristjánsson.
Ellert B. Schram.		Jón Magnússon.

452. Svar [263. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Birkis J. Jónssonar um störf hjá ráðuneytinu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu mikið hefur störfum hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess fjölgað eða fækkað það sem af er þessu ári á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og utan þess hins vegar?*
2. *Hversu mikið er áætlað að störfum hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess fjölgi utan höfuðborgarsvæðisins á næsta ári?*

Störfum hjá viðskiptaráðuneytinu og stofnunum þess hefur fjölgað um 3,5 það sem af er þessu ári á höfuðborgarsvæðinu og um 1,5 utan þess.

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um fjölgun starfa hjá ráðuneytinu og stofnunum þess utan höfuðborgarsvæðisins á næsta ári. Staðsetning nýrra starfa er ávallt tekin til skoðunar þegar til þeirra er stofnað.

453. Nefndarálit [304. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 133/2005, um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf.

Frá minni hluta efnahags- og skattanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Pál Þórhallsson frá forsætisráðuneytinu.

Í frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á tímasetningum í tengslum við ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf.

Við umfjöllun nefndarinnar var frumvarpið rætt og höfð hliðsjón af fjárlagafrumvarpi fyrir næsta ár.

Minni hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Gunnar Svavarsson, Lúðvík Bergvinsson og Katrín Jakobsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. des. 2007.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Ellert B. Schram.	Bjarni Benediktsson.

Birgir Ármannsson.

454. Nefndarálit [91. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 116 10. ágúst 2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón B. Jónasson, Kolbein Árnason og Arndísi Steinþórsdóttur frá sjávarútvegsráðuneyti, Björgu Thorarensen frá Háskóla Íslands, Guðrúnu Gauksdóttur frá Háskólanum í Reykjavík, Elliða Vignisson frá Vestmannaeyjabæ, Sigurgeir B. Kristgeirsson frá Vinnslustöðinni hf., Friðrik J. Arngrímsson og Björgólf Jóhannsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Örn Pálsson frá Landssambandi smábátaeigenda og Helga Laxdal frá Félagi vélstjóra og málmtæknimanna.

Málið var sent út til umsagnar og bárust umsagnir um það frá Byggðastofnun, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Félagi vélstjóra og málmtæknimanna, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnuninni, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Landssambandi smábátaeigenda, Samtökum fiskvinnslu án útgerðar, Samtökum fiskvinnslustöðva og Sjómannasambandi Íslands. Þá bárust nefndinni viðbótargögn frá sjávarútvegsráðuneyti og Vestmannaeyjabæ.

Markmið frumvarpsins er að koma til móts við þær útgerðir sem verða fyrir skerðingu veiðiheimilda vegna niðurskurðar aflamarks í þorski og að framlengja undantekningarreglu bráðabirgðaákvæðis IV hvað varðar úthlutun, veiðar og greiðslu veiðigjalds af aflamarki í úthafsrækju. Vegna slæmrar stöðu rækjuiðnaðarins var með lögum nr. 42/2006, um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, lögfest tímabundin undanþága frá veiðiskyldu á úthafsrækju ella hefði aflahlutdeild verið felld niður í samræmi við ákvæði 5. mgr. 15. gr. laga um stjórn fiskveiða. Með frumvarpinu er hin tímabundna undanþága framlengd um eitt fiskveiðiár til viðbótar eða til loka fiskveiðiársins 2008/2009. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir að ekki skuli lagt veiðigjald á veiðiheimildir í þorski á yfirstandandi og næsta fiskveiðiári en það stafar af verulegum niðurskurði á aflamarki í þorski á yfirstandandi fiskveiðiári en ekki er útlit fyrir að veiðiheimildir aukist á því næsta.

Nefndin athugaði sérstaklega hvort það stæðist jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar að undanþiggja eina fisktegund veiðigjaldi umfram aðrar en þær breytingar sem frumvarpið felur í sér eru ívilnandi fyrir ákveðinn hluta atvinnugreinarinnar umfram aðra. Meiri hlutinn telur að þar sem ákveðinn hluti atvinnugreinarinnar verður fyrir umtalsverðum búsifjum umfram aðra vegna nauðsynlegra aðgerða stjórnvalda til að tryggja vöxt og viðhald fiskstofna þjóni það lögmætum og málefnalegum tilgangi að fella niður veiðigjald í ákveðinni tegund enda sé um að ræða tímabundna aðgerð, ákvæðið nái jafnt til allra þeirra sem eins er ástatt um og gangi ekki lengra en nauðsynlegt er.

Nefndin tók til sérstakrar skoðunar álagningarhlutfall veiðigjalds á útgerðina, m.a. með hliðsjón af því að frumvarpið gerir ráð fyrir að fella niður veiðigjald í þorski fyrir yfirstandandi og næsta fiskveiðiár. Samkvæmt gildandi lögum er álagningarhlutfall veiðigjalds 8,0% árið 2007, 8,7% árið 2008 og loks skal veiðigjald koma að fullu til framkvæmda árið 2009 með 9,5% álagningarhlutfalli. Vegna mikils samdráttar í úthlutun á veiðiheimildum í þorski á yfirstandandi fiskveiðiári telur meiri hlutinn nauðsynlegt að lækka enn frekar en fyrirhugað var það sérstaka veiðigjald sem útgerðin greiðir í ríkissjóð og leggur til að álagningarhlutfall verði 4,8% fyrir fiskveiðiárin 2007/2008 og 2008/2009. Með þessari breytingu verður veiðigjald á útgerðir á fiskveiðiárinu 2007/2008 lækkað um tæplega 300 millj. kr. til viðbótar

þeim 275 millj. kr. sem frumvarpið gerði ráð fyrir. Má því gera ráð fyrir að útgerðir greiði um 440 millj. kr. í veiðigjald á fiskveiðiárinu 2007/2008 en það er sama fjárhæð og innheimt var á síðasta fiskveiðiári.

Gunnar Svavarsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 2. gr. er verði 1. gr. Greinin orðist svo:

Ákvæði til bráðabirgða II í lögunum orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 21. gr. skal við ákvörðun veiðigjalds miða við 4,8% í stað 9,5% fiskveiðiárin 2007/2008 og 2008/2009.

Á fiskveiðiárunum 2007/2008 og 2008/2009 skal ekki innheimta veiðigjald vegna úthlutunar veiðiheimilda í þorski. Fiskistofa skal endurgreiða veiðigjald sem innheimt hefur verið á fiskveiðiárinu 2007/2008 vegna úthlutunar í þorski og ofgreitt veiðigjald vegna úthlutunar í öðrum tegundum sem þegar hefur verið innheimt. Skiptist veiðigjaldið á fleiri gjalddaga, sbr. 1. mgr. 23., gr. skal ofgreitt gjald koma til frádráttar á næsta gjalddaga.

Alþingi, 10. des. 2007.

Arnbjörg Sveinsdóttir, form., frsm. | Kjartan Ólafsson. | Helgi Hjörvar.

Jón Gunnarsson. | Karl V. Matthíasson.

455. Fyrirspurn [316. mál]

til umhverfisráðherra um öryggismál í sundlaugum.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að gerð verði úttekt á öryggismálum í sundlaugum landsins í ljósi umhverfisslyssins í Varmá?

456. Svar [178. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Guðnýjar Helgu Björnsdóttur um tillögur refanefndar og endurgreiðslu á kostnaði við veiðar á ref og mink.

1. *Hver hefur verið framgangur tillagna nefndar um áhrif refs í íslenskri náttúru sem skipuð var af umhverfisráðherra og skilaði niðurstöðum sínum 23. júní 2004?*

Tillögur meiri hluta refanefndar, sbr. skýrslu nefndarinnar frá 23. júní 2004, voru settar fram í fimm liðum auk kostnaðaráætlunar vegna tillagna nefndarinnar. Tillögum nefndarinnar um refaveiðar, sbr. lið 6.1 í skýrslunni, hefur verið fylgt eftir. Fyrirkomulag refaveiða nú er svipað og verið hefur, stjórn þeirra er hjá sveitarfélögunum og grenjavinnsla er með líku sniði og áður. Um vetrarveiðar gilda almennar reglur um útburð ætis vegna hollustuhátta. Sveitarfélögin hafa heimild til að ákveða að ráðnir veiðimenn tilkynni útburð ætis en landeiganda er frjálst að veiða á landareign sinni svo lengi sem hann á veiðikort og veiði utan grenjatíma.

Umhverfisstofnun hefur undanfarin ár unnið að því að útbúa miðlægan gagnagrunn þar sem skráðar verða upplýsingar frá veiðimönnum um greni og tjón af völdum refa í landbúnaði. Útbúa þarf ný eyðublöð fyrir veiðimenn til að færa inn upplýsingarnar á samræmdu formi og gerir stofnunin ráð fyrir að grunnurinn verði tekinn í notkun næsta vor. Umhverfisstofnun bar ábyrgð á að framfylgja hluta af þeim tillögum sem nefndin lagði til vegna rannsókna, sbr. lið 6.2 í skýrslunni. Umhverfisstofnun hefur eins og áður segir unnið að undirbúningi á uppsetningu miðlægs gagnagrunns þar sem m.a. verður aflað betri upplýsinga um tjón af völdum refa til að hægt verði að nýta þær upplýsingar þegar ákvörðun um fyrirkomulag refaveiða verður tekin til endurskoðunar eins og nefndin lagði til að gert yrði innan fimm ára frá því að hún lagði fram tillögur sínar árið 2004. Þá lagði nefndin til að gert yrði stofnstærðarlíkan fyrir íslenska refastofninn og yrði með slíku líkani hægt að meta áhrif veiða á refastofninn, m.a. hvað kynni að gerast ef dregið yrði verulega úr veiðum. Náttúrufræðistofnun Íslands vinnur nú að gerð stofnstærðarlíkans og er þess vænst að því verki ljúki á árinu 2008.

Hvað varðar tillögur nefndarinnar um veiðar í friðlöndum, sbr. lið 6.3 í skýrslunni, vísast í svar við næstu spurningu. Nefndin gerði jafnframt tillögur, sbr. lið 6.4 í skýrslunni, um að unnið verði námsefni fyrir veiðimenn, m.a. um aðferðir við grenjavinnslu, vetrarveiði, skothúsveiði og líffræði refsins. Umhverfisstofnun hefur unnið að gerð þessa námsefnis og hefur það verið samþætt inn í bók sem nýlega hefur verið gefin út fyrir veiðinámskeið veiðikorthafa. Stofnunin áætlar einnig að gefa sérstaklega út bækling um framangreint á árinu 2008 og dreifa til sveitarfélaganna.

2. *Hvernig hefur verið fylgt eftir tillögu nefndarinnar um að veiðar á ref verði efldar við jaðra friðlandsins á Hornströndum?*

Þeim tilmælum var beint til þeirra sveitarfélaga sem liggja næst friðlandinu á Hornströndum að efla veiðar við jaðar þess. Í því sambandi má benda á tillögur vinnuhóps Fjórðungssambands Vestfirðinga að aðgerðum og reglum um refa- og minkaveiðar sem voru gerðar í febrúar 2007. Árétta skal að það er á ábyrgð einstakra sveitarfélaga að ákveða hve mikið veiðiálagið skuli vera innan sveitarfélagsins. Í þjóðgörðum fylgist Umhverfisstofnun skipulega með viðgangi refsins.

3. *Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að sveitarfélögunum verði tryggð endurgreiðsla á 50% af kostnaði við veiðar á ref og mink?*

Tillaga nefndarinnar var að endurgreiðsluhlutfall ríkissjóðs við refaveiðar yrði 50% af verðlaunum samkvæmt viðmiðunartaxta næstu fimm árin meðan aflað yrði frekari upplýsinga um refastofninn og tjón af völdum refa. Komið var til móts við þessa tillögu og framlagið aukið í fjáraukalögum ársins 2005 um 5,5 millj. kr. til að hækka endurgreiðsluhlutfall ríkisins við kostnað sveitarfélaga við refaveiðar og sama upphæð var veitt á fjárlögum fyrir

árið 2006 tímabundið til ársins 2009. Eðlilegt er að endurskoða framlög ríkisins til refaveiða í lok þessa tímabils enda liggur þá fyrir nýtt stofnstærðarlíkan og mat á tjóni af völdum refs.

4. *Með hvaða hætti telur ráðherra unnt að samræma og skipuleggja betur veiðar á ref og mink þannig að nágrannasveitarfélög leggi jafnmikla áherslu á veiðarnar og árangurinn verði viðunandi?*

Mikill eðlismunur er á markmiðum um refa- og minkaveiðar. Markmið með refaveiðum er að koma í veg fyrir tjón, sbr. 12. gr laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum. Sveitarfélagi er skylt að ráða kunnáttumann til grenjavinnslu en hversu mikið veiðiálagið á að vera fellur undir ákvörðunarvald hvers sveitarfélags og ber sveitarfélagi að meta slíkt, m.a. með tilliti til þess tjóns sem verður af völdum refa í sveitarfélaginu. Með því að verja æðarvörp og elta uppi dýrbíta sem leggjast á sauðfé er hægt minnka tjón af völdum refa.

Minkar njóta ekki friðunar samkvæmt lögum nr. 64/1994. Markmiðið með minkaveiðum er að halda stofninum niðri og jafnvel útrýma. Árið 2007 hófst tilraunaverkefni á tveimur svæðum á landinu þar sem veiðiálag var aukið til mikilla muna og mjög nákvæm skráning á veiðiaðferðum og árangri veiða tekin upp. Tilgangur verkefnisins er m.a. að kanna hvort mögulegt væri að útrýma mink úr íslensku lífríki. Þessi tvö tilraunasvæði eru annars vegar á Snæfellsnesi og hins vegar í Eyjafirði. Allir minkar af þessum svæðum verða krufnir og nú þegar hafa mjög athyglisverðar niðurstöður litið dagsins ljós. Í lok árs verður unnin skýrsla um minkaveiðiátakið og í framhaldi af því verður ákveðið hvernig því verður háttað næstu árin. Í þessu veiðiátaki er einmitt horft fram hjá mörkum sveitarfélaga og veiðarnar skipulagðar af einum aðila yfir stórt landfræðilega afmarkað svæði. Reynslan af verkefninu mun án efa marka þá framtíðarskipan sem tekin verður upp við minkaveiðar.

5. *Telur ráðherra koma til greina að sveitarfélögin verði undanþegin virðisaukaskatti eða fái hann endurgreiddan af verðlaunum fyrir refa- og minkaveiði á grundvelli reglugerðar nr. 248/1990 þar sem um samfélagslega þjónustu sé að ræða?*

Nefndin lagði til að verðlaun vegna refaveiða yrðu undanþegin virðisaukaskatti eða virðisaukaskatturinn endurgreiddur, sbr. reglugerð nr. 248/1990, eins og af ýmiss konar samfélagslegri þjónustu sem sveitarfélögin inna af hendi, sbr. lið 6.5 í skýrslunni. Innan stjórnkerfisins hefur verið andstaða við að veita frekari undanþágur frá greiðslu virðisaukaskatts og kom tillagan því ekki til álita.

457. Framhaldsnefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2008.

Frá 1. minni hluta fjárlaganefndar.

Umrót og óvissa einkenna horfur í efnahagsmálum eins og rækilega var bent á í nefndaráliti 1. minni hluta fyrir 2. umræðu fjárlaga. Helsta verkefni stjórnvalda er að koma á jafnvægi og stöðugleika í þjóðarbúskapnum og koma verðbólgunni niður fyrir verðbólgumarkmið Seðlabankans. Fram undan eru kjarasamningar og aðilar vinnumarkaðarins auk stjórn-

valda hljóta að vinna að því að gera samninga sem stefna að þessu markmiði. Það er ávinningur allra í þjóðfélaginu, sérstaklega þeirra skuldsettu, að hemja verðbólguna.

Fjármálaráðuneytið spáir því að verðbólgan á næsta ári verði 3,3% sem er liðlega fjórðungi yfir verðbólgumarkmiði Seðlabankans. Það yrði þá fimmta árið í röð sem verðbólgan er meiri en 2,5%. Greinilegt er að há verðbólga er að festast í sessi öllum almenningi til tjóns. Ríkisstjórnin ber mikla ábyrgð á þessari þróun og skortir greinilega nægilegan vilja til ábyrgrar efnahagsstjórnar. Verðbólgutölur undanfarinna ára bera það með sér og nýleg varnaðarorð frá ýmsum aðilum, svo sem alþjóðagjaldeyrissjóðnum, um hættuna á snöggu og skyndilegu falli íslenska gjaldmiðilsins um allt að 25% og verðbólguöldu í kjölfarið. Slík atburðarás, sem stundum er kölluð hörð lending efnahagslífsins, mundi leika skuldsett heimili landsmanna grátt, ekki hvað síst fyrir tilverknað verðtryggingar lánsfjár.

Hlutverk stjórnvalda er að hafa þá stjórn á efnahagsmálum, meðal annars með fjárlögum ríkisins, að sæmilegt jafnvægi sé og að verðbólga sé innan settra marka. Horfurnar fyrir næsta ár eru ekki góðar þegar litið er til forsendna fjárlagafrumvarpsins. Umsvifin næstu tvö ár, 2008 og 2009, verða of mikil á sviði einkaneyslu og fjármunamyndunar til þess að nokkur von sé til þess, að óbreyttu, að ná verðbólgunni niður í 2,5%, sem er markmið Seðlabankans. Líta verður til þess að fjármálaráðuneytið gerir ekki ráð fyrir því að ráðist verði í nýjar stóriðjuframkvæmdir á þessum árum, en hins vegar er unnið að því hörðum höndum að jafnvel verði af þremur til fjórum nýjum framkvæmdum á næstu árum. Gangi það eftir verður þenslan mun meiri og enn líklegra en áður að verðbólgan verði viðvarandi og langtum hærri en stjórnvöld stefna að.

Greinilegt er að miklar breytingar hafa orðið í íslensku efnahagslífi frá árinu 2003. Umfang þess hefur aukist gríðarlega. Verg landsframleiðsla jókst um 46% á aðeins fjórum árum, frá 2003 til 2007 og að magni til um nærri 400 milljarða kr. miðað við verðlag hvers árs. Þegar tekin er saman einkaneysla og fjármunamyndun á þessu tímabili kemur í ljós að útgjöldin hafa verið á fjórum árum sem svarar sex ára útgjöldum ársins 2003. Voru útgjöldin þó ekki í neinni lægð það ár heldur þau mestu frá 1996 að árinu 2000 undanskildu, þar sem einkaneysla og fjármunamyndun var örlítið hærri að magni til. Í fjárhæðum talið var aukningin þessi ár svo mikil að hún ein og sér jafngildir landsframleiðslu í heilt eitt ár og fjórum mánuðum betur. Það er gríðarleg aukning á aðeins fjórum árum, sem hefur kostað ójafnvægi í efnahagslífinu með tilheyrandi sveiflum í gengi og verðbólgu.

Áform um margvíslegar stjóriðjuframkvæmdir liggja fyrir, fjárfesting í íbúðarhúsnæði verður áfram mikil, miklar opinberar framkvæmdir eru fram undan og stór verkefni á vegum einkaaðila. Efnahagskerfið hefur stækkað og segja má að alþjóðavæðingin og EES-samningurinn hafi stuðlað að því sérstaklega með frjálsu flæði vinnuafls. Á þessum fjórum árum hefur fjöldi fólks af erlendum uppruna á vinnumarkaði tvöfaldast, farið úr liðlega 10.000 manns í rúmlega 21.000 í júlí síðastliðnum og nam þá um 10% vinnuaflsins. Líklegt er að þessi þróun haldi áfram og að stór hluti útlendinga sem hingað hafa flust muni taka hér upp fasta búsetu. Áhrifin verða varanleg stækkun hagkerfisins og aukin framleiðslugeta og ætla má að jafnvægi sem að er stefnt muni taka mið af því. Þessu mun fylgja aukin eftirspurn á fasteignamarkaði og aukin útgjöld við hina nýju landsmenn sem stjórnvöld verða að gera ráð fyrir meðal annars í skólakerfinu. Fyrsti minni hluti fjárlaganefndar lýsir nokkrum áhyggjum yfir því að verulega skortir á að lagt sé nægilegt fjármagn í fjárlagafrumvarpið til þess að mæta þessum samfélagsbreytingum.

Almannatryggingar.

Nú liggja fyrir tillögur stjórnarmeirihlutans um hækkun á framlögum til almannatrygginga. Stærstu atriðin eru að lagt er til að afnema að fullu skerðingu tryggingabóta vegna tekna maka frá og með 1. apríl 2008 og að frítekjumark vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega á aldrinum 67–70 ára verður 100 þús. kr. á mánuði frá 1. júlí 2008. Að auki eru tillögur um að innlausn séreignarlífeyrissparnaðar muni ekki skerða lífeyrisgreiðslur eftir 1. janúar 2009, að vasapeningar vistmanna á stofnunum muni hækka um 30% um mitt ár og boðaðar eru aðgerðir til þess að draga úr of- og vangreiðslum tryggingabóta. Kostnaður vegna tillagnanna verður á næsta ári um 2.700 millj. kr. og 4.300 millj. kr. árið 2009 þegar þær verða að fullu komnar til framkvæmda.

Fyrsti minni hluti fagnar framkomnum tillögum stjórnarflokkanna og telur þær til bóta, en bendir þó á að þær virðast gagnast að nokkru marki tiltölulega litlum hluta ellilífeyrisþega. Nákvæmar upplýsingar um áhrif breytinganna hafa hins vegar ekki verið lagðar fram. Rétt þykir að minna á að aðeins er ár liðið frá því að Alþingi samþykkti viðamiklar breytingar til þess að rétta hlut elli- og örorkulífeyrisþega. Talið var þá að kostnaðarauki vegna þeirra breytinga yrði um 6 milljarðar kr. á þessu ári og um 7 milljarðar kr. frá og með árinu 2008. Samanlögð áhrif af þessum tveimur breytingum verða nærri 10 milljarðar kr. á næsta ári og ríflega 11 milljarðar kr. frá og með árinu 2009. Í ljósi þess að lífeyristryggingar eru áætlaðar um 43 milljarðar kr. á næsta ári má sjá hversu kjör elli- og örorkulífeyrisþega hafa verið orðin ófullnægjandi. Um fjórðungs hækkun lífeyrisgreiðslna á aðeins tveimur árum segir sína sögu. Vísað er til þingsályktunartillögu á þskj. 3 á 133. löggjafarþingi, um nýja framtíðarskipan lífeyrismála, sem flutt var af öllum þingmönnum þáverandi stjórnarandstöðu og ítarlegrar umfjöllunar um velferðarmál í nefndaráliti 1. minni hluta fjárlaganefndar á þskj. 345 á yfirstandandi þingi til þess að lýsa almennt áhersluatriðum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Frjálslynda flokksins í málefnum elli- og örorkulífeyrisþega.

Sérstaklega er minnt á nauðsyn þess að bætur almannatrygginga fylgi almennri launavísitölu og nægi til framfærslu svo að ekki komi til þess á nýjan leik að kjör elli- og örorkulífeyrisþega rýrni í samanburði við aðra þjóðfélagshópa. Í tillögu þingmanna þáverandi stjórnarandstöðu, sem minnt er á að framan, er meðal annars lagt til að skilgreind verði neysluútgjöld lífeyrisþega sem myndi viðmiðun fyrir grunnlífeyri og tekjutryggingu. Viðmiðunin hækki síðan í samræmi við neysluvísitölu og hækki launavísitala umfram neysluvísitölu verði tekið mið af henni og þannig verði lífeyrisþegum tryggð hlutdeild í auknum kaupmætti í samfélaginu. Þá er einnig sérstaklega minnt á áherslur 1. minni hluta á hækkun persónuafsláttar þeirra sem hafa lágar tekjur og auka með þeim hætti kaupmátt þess hóps í þjóðfélaginu. Slík aðgerð mundi að sjálfsögðu gagnast vel elli- og örorkulífeyrisþegum.

Vakin er athygli á því að í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til þess að bæta kjör aldraðra og öryrkja kemur ekki fram hvernig öryrkjum verði skilað sambærilegum ávinningi og ellilífeyrisþegar fá en með frítekjumarki vegna atvinnutekna og að lágmarki 25 þús. kr. á mánuði frá lífeyrissjóði. Greinilegt er að þetta mikilvæga atriði er í óvissu og ríkisstjórnin hefur ekki komið sér niður á lausn fyrir öryrkja. Þess er krafist að sem fyrst verði allri óvissu eytt um hvort og hvernig loforð ríkisstjórnarinnar verði efnt. Annað atriði í yfirlýsingunni er líka þess eðlis að frekari skýringa er þörf, en það varðar boðaðar sérstakar aðgerðir til þess að draga úr of- og vangreiðslum tryggingabóta frá og með 1. apríl 2008. Ekkert er látið uppi um það hverjar þessar sérstöku aðgerðir kunna að vera. Af hálfu 1. minni hluta er sett fram sú skoðun að eina færa leiðin, sem sjáanleg er til þess að komast hjá hinum árlegu hvimleiðu kröfum Tryggingastofnunar ríkisins um endurgreiðslur frá tugum þúsunda lífeyrisþega, eða

hið gagnstæða, sé að ákveða að greiddar bætur séu endanlegar og breytingar á bótafjárhæð lífeyrisþega vegna þess að aðstæður hafa breyst gildi aðeins fram í tímann en hafi ekki áhrif á þegar greiddar bætur.

Heilbrigðismál.

Rík ástæða er til þess að gera sérstaka grein fyrir áformum í fjárlagafrumvarpinu um verulega hækkun sértekna í heilbrigðiskerfinu sem lýsir einfaldlega áformum um hækkun á hlut sjúklinga. Samtals verða þessar sértekjur um 5,1 milljarður kr. og hækka um 34% en þær voru 3,8 milljarðar kr. í fjárlögum yfirstandandi árs.Heilbrigðisráðuneytið mun afla með sértekjunum tekna sem standa undir um 3,3% af útgjöldum ráðuneytisins. Það er hækkun úr 2,6% eða um fjórðung. Þetta ber að skoða í því ljósi að sjúklingar eða notendur heilbrigðisþjónustunnar greiða um 17% af heildarkostnaðinum og ríkið 83% samkvæmt síðustu tölum. Fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir að komugjöld hækki um 160 millj. kr. og gert er ráð fyrir hækkun á viðmiðunarmörkum afsláttarkorta í heilbrigðisþjónustunni. Hækka á greiðslur frá vistmönnum á öldrunarheimilum um 90 millj. kr. en í frumvarpinu segir að það sé vegna aukinna tekna vistmanna. Tæpur helmingur sérteknanna kemur Landspítalanum, rúm 25% frá heilsugæslu og heilbrigðisstofnunum og 11% frá öldrunarstofnunum og hjúkrunarheimilum. Hækkun sérteknanna í fjárlögunum er greinilega til þess að auka hlut sjúklinganna. Ekki er gott að meta hve mikil hækkunin kann að verða en hún gæti orðið rúmlega 1% og yrði þá hlutur sjúklinga orðinn meiri en 18% af heildarkostnaði heilbrigðiskerfisins.

KADECO, Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf.

Málefni félagsins komu til umfjöllunar í fjárlaganefnd. Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að tekjur og gjöld félagsins séu færð í gegnum ríkissjóð og gerir 1. minni hluti ekki athugasemd við þá skipan mála og telur hana eðlilega. Gerð er athugasemd við að ekki hefur verið orðið við beiðni sem fram kom í nefndinni um að þar yrðu lögð fram og kynnt öll tilboð sem borist hafa í eignir og allir samningar, bæði um sölu eigna og kaup félagsins á þjónustu. Nefndarmenn fjárlaganefndar fengu að kynna sér kaupsamninga, sem reyndar voru óundirritaðir, með skilyrði um að virða trúnað hvað varðar söluskilmála þar til kaupendur hefðu samþykkt að skilmálarnir yrðu opinberir. Sjálfsagt er að virða þann trúnað en 1. minni hluti telur að þeir sem annast sölu á eignum ríkissjóðs og þeir sem bjóða í þær verði að undirgangast það að samningar og tilboðin verði gerð opinber. Ríkið getur ekki átt í viðskiptum sem ekki þola dagsins ljós. Þess er vænst að sem fyrst verði uppfylltar fram komnar óskir í fjárlaganefnd um umbeðnar upplýsingar.

Ástæða er til þess að vekja athygli á þeirri gleðilegu þróun sem orðið hefur á Suðurnesjum í atvinnumálum svæðisins, þrátt fyrir brottför hersins, að íbúum heldur áfram að fjölga og atvinnulíf virðist styrkjast jafnt og þétt. Vel hefur gengið að skapa ný störf í stað þeirra sem hurfu með brottför hersins og mun betur gengur að koma húseignum á Keflavíkurflugvelli í ný not en búist hafði verið við. 1. minni hluti fagnar þessum góða árangri í atvinnuuppbyggingu til þessa.

Alþingi, 11. des. 2007.

Kristinn H. Gunnarsson, frsm.

Jón Bjarnason.

458. Framhaldsnefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2008.

Frá 2. minni hluta fjárlaganefndar.

Núverandi ríkisstjórn tók við afar góðu búi en um leið vandasömum aðstæðum í þjóðarbúinu vegna viðvarandi uppgangs og góðæris í efnahagslífinu en margt bendir til að nú sjái fyrir endann á því. Mörg mál sem fram koma í fjárlagafrumvarpinu horfa til framfara. Sérstaklega ber að fagna því að ríkisstjórnin ætlar að standa við það samkomulag sem síðasta ríkisstjórn gerði um að bæta kjör aldraðra og öryrkja. 2. minni hluti telur ýmsar forsendur frumvarpsins vafasamar og telur að bregðast þurfi við breyttum aðstæðum í efnahagslífinu, eins og fram kom við 2. umræðu. Mikilvægt er að efnahagsstjórn, þar sem fjárlögin eru eitt mikilvægasta stjórntækið, sé ávallt viðbúin að takast á við þær sveiflur sem verða á hverjum tíma. Með hátt stemmdu fjárlagafrumvarpi, eins og hér er lagt fram, er þetta svigrúm ríkissjóðs afar lítið, ef nokkuð, og hagstjórnarmöguleikar eftir því litlir.

Í frumvarpinu var gert ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs yrðu um 461 milljarðar kr., þar af næmu skatttekjur um 422 milljörðum kr. Fyrir 2. umræðu um frumvarpið kom fram ný tekjuáætlun fjármálaráðuneytis sem gerði ráð fyrir því að tekjur ríkisins hækkuðu um 8 milljarða kr. og yrðu 469,4 milljarðar kr. Munaði þar mest um 5 milljarða kr. hækkun á virðisaukaskatti en einnig var gert ráð fyrir að tekjuskattur hækkaði um 1,5 milljarða kr. og stimpilgjöld um milljarð. Fyrir 3. umræðu er gert ráð fyrir tekjuauka sem nemur um 4 milljörðum kr. Að öllu samanlögðu er gert ráð fyrir að tekjur ríkisins árið 2008 verði 473.439,55 m.kr. Gjöldin í frumvarpi til fjárlaga 2008 voru áætluð 430 milljarðar kr. en hækkuð við 2. umræðu um tæplega 1,3 milljarða kr. og við 3. umræðu er enn gert ráð fyrir auknum útgjöldum sem nema 2.608,6 m.kr. Að öllu samanlögðu eru því fjárheimildir ársins 434.231,5 m.kr. Tekjujöfnuður ársins er samkvæmt þessu rúmlega 39 milljarðar kr.

Nauðsynlegt er að ríkisstjórnin taki fast á efnahagsmálum með aðhaldssömum fjárlögum og undirbúningi skattalækkana sem grípa má til með skömmum fyrirvara ef og þegar til þess kemur að samdráttur verður í einkaneyslu og atvinnulífi. Sterk staða ríkissjóðs samfara mikilli skuldasöfnun almennings og atvinnulífs kallar á aðgerðir í þá veru út frá almennum reglum um sanngirni og þjóðarsátt. Framundan er erfiður tími kjarasamninga þar sem takast á miklar væntingar í kjölfar góðæris og horfur á minnkandi þenslu á mörgum sviðum atvinnulífsins. Sem fyrr segir er staða ríkissjóðs sterk og þegar litið er á hagræna skiptingu útgjalda í fjárlagafrumvarpinu sést að hækkun einstakra liða er afar mismunandi og langmest munar um nærri tvöföldun útgjalda til samgöngumála. Við 2. umræðu kom fram sú skoðun 2 minni hluta að þau fyrirheit sem felast í umræddri hækkun séu langt frá því að vera raunhæf vegna skipulagsmála, hönnunar og umhverfismats og ekki síður vegna takmarkana sem ákvarðast af getu íslensks atvinnulífs til framkvæmda.

Helstu breytingar á frumvarpinu sem liggja fyrir við 3. umræðu snúa að tillögum ríkisstjórnarinnar til að bæta kjör aldraðra og öryrkja. Fagna má mörgum atriðum í þeim tillögum en rétt er að vekja athygli á að mikið af því sem þar kemur fram var þegar ráðgert með tillögum sem Siv Friðleifsdóttir, þáverandi heilbrigðisráðherra, kynnti ásamt Árna Mathiesen, þáverandi og núverandi fjármálaráðherra, fyrir réttu ári síðan eða 6. desember 2006. Endurnýting gamalla fyrirheita með þessum hætti hlýtur að orka tvímælis. Þá er tímasetning ákvarðana um aukin útgjöld gagnrýniverð þar sem frumvarpið hefur þegar farið í gegnum 1. og 2.

umræðu. Síðan frumvarpið var lagt fram í byrjun október hafa Seðlabankinn, alþjóðlegar eftirlitsstofnanir, OECD og innlendir hagfræðingar varað við þeirri þenslu sem boðuð er í frumvarpinu og hvatt til aðhalds. Nýjasta spá OECD sem kynnt var í byrjun desember hvetur stjórnvöld til enn frekara aðhalds en annars er spáð harðri lendingu hagkerfisins. Hræringar á alþjóðlegum fjármálamörkuðum hafa mikil áhrif á íslenskt efnahagslíf og ástandið á mörkuðum gefur tilefni til að ætla að skatttekjur ríkisins geti orðið minni en áður var gert ráð fyrir. Það skiptir miklu að koma böndum á verðbólguna því að framundan er gerð kjarasamninga og raunverulegar kjarabætur felast m.a. í lágri verðbólgu.

Það er mat 2. minni hluta fjárlaganefndar að ekki séu að sinni efnahagslegar ástæður til útgjaldaaukningar umfram það sem þegar var ákveðið 6. desember 2007. Það sem umfram er miðað við fyrri tillögur er einkanlega að tryggja kjarabót til þeirra sem geta jafnhliða hinu opinbera bótakerfi aflað sér tekna eða notið tekna frá maka. Sú breyting miðar ekki að auknum jöfnuði í landinu og almannatryggingakerfið er jafnfjarri því og áður að tryggja þeim sem minnst hafa lífeyri sem dugar til framfærslu. Aukin ríkisútgjöld bitna með beinum hætti á afkomumöguleikum almennings vegna vaxtahækkana og þyngri greiðslubyrði húsnæðislána og lausaskulda.

Niðurstaða.

2. minni hluti fjárlaganefndar fagnar þeim aðgerðum sem ríkisstjórnin hefur ákveðið til að bæta kjör aldraða og öryrkja að því marki sem þar er verið að efna loforð fyrri ríkisstjórnar. 2. minni hluti gagnrýnir hins vegar harðlega þau lausatök sem eru á efnahagsstjórninni og bendir á að grípa þurfi til aðhaldsaðgerða í ríkisfjármálum. Jafnframt því þarf ríkisvaldið að vera búið undir skattalækkanir ef til niðursveiflu kemur í hagkerfinu.

Alþingi, 11. des. 2007.

Bjarni Harðarson.

459. Tillaga til þingsályktunar [317. mál]

um siðareglur opinberra starfsmanna.

Flm.: Kolbrún Halldórsdóttir, Siv Friðleifsdóttir, Árni Þór Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að setja siðareglur ætlaðar öllum opinberum starfsmönnum, þ.m.t. þingmönnum og opinberum embættismönnum, í vinnuferðum. Reglurnar mæli svo fyrir að opinberum starfsmönnum sé óheimilt að kaupa kynlífsþjónustu af nokkru tagi eða þiggja kynferðislega greiða í vinnuferðum á erlendri grundu. Siðareglurnar skulu kynntar viðkomandi við upphaf starfstíma og þær staðfestar með undirritun.

Greinargerð.

Mansal er vaxandi áhyggjuefni á alþjóðavettvangi og hafa ýmsir alþjóðasamningar verið undirritaðir til að hvetja til ábyrgrar afstöðu og aðgerða til að stemma stigu við mansali. Má þar nefna samning Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gagnvart konum

(CEDAW) og samning Sameinuðu þjóðanna um aðgerðir til að sporna við skipulagðri fjölþjóðlegri glæpastarfsemi og bókun við hann (Palermó-samninginn). Sá samningur var undirritaður fyrir Íslands hönd hinn 13. desember árið 2000 en bíður enn fullgildingar. Honum er ætlað að taka sérstaklega á mansali, ekki síst í þeim tilfellum þar sem konur og börn eru seld milli landa í kynlífs- og klámiðnaðinn, og að tryggja fórnarlömbunum vernd og aðstoð. Það er miður að íslenskir ráðherrar skuli ekki enn hafa fylgt undirritun samningsins eftir með fullgildingu hans og innleiðingu í íslenska löggjöf.

Samningurinn um afnám allrar mismununar gagnvart konum (CEDAW) var samþykktur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 18. desember 1979. Hann tók gildi 10. október 1985 og var undirritaður fyrir Íslands hönd 24. júlí 1980 en fullgiltur 18. júlí 1985. Í 6. gr. þess samnings segir að aðildarríki skuli gera allar viðeigandi ráðstafanir til að hamla gegn hvers konar verslun með konur og gróðastarfsemi tengdri vændi.

Töluverð umræða um úrræði gegn mansali hefur líka farið fram á vettvangi Norðurlandanna. Má í því sambandi nefna tilmæli Norðurlandaráðs nr. 9/2003, gegn vændi og mansali, sem eru svohljóðandi:

„Norðurlandaráð mælir með því við ríkisstjórnir Norðurlanda

1. *að* þær beiti sér fyrir því að norrænu löndin móti sameiginlegar aðgerðir gegn vændi og verslun með konur einkum hvað það varðar að vinna gegn eftirspurn eftir konum og börnum til vændis og kynferðislegrar misnotkunar í löndum okkar
2. *að* þær móti og framfylgi bindandi siðareglum sem banna opinberum starfsmönnum, starfsmönnum hersins og þróunarhjálparstarfsmönnum að kaupa kynlífsþjónustu. Reglurnar eiga bæði að gilda þegar viðkomandi starfsmenn eru við störf og í frítíma í tengslum við verkefni af þessu tagi. Aðilar vinnumarkaðarins eru hvattir til að setja sambærilegar reglur
3. *að* þær beiti sér fyrir samræmingu löggjafar um kaup á kynlífsþjónustu á Norðurlöndum í þeim mæli sem það samræmist mismunandi stefnumótunarviðmiðum í afbrotamálum í löndunum.“

Þá hafa ríkisstjórnir Norðurlandanna sett sér sérstakar aðgerðaáætlanir sem ætlað er að gera baráttuna gegn þessari skipulögðu glæpastarfsemi markvissari. Ríkisstjórn Íslands hefur ekki séð ástæðu til að innleiða slíka aðgerðaáætlun hér á landi.

Í anda alþjóðlegrar umræðu og sáttmála hafa fjöldamargar tillögur verið lagðar fram til að Íslendingar megi taka afstöðu og ábyrgð á þeim mikla vanda sem mansal er. Skref í þessa átt væri að setja siðareglur fyrir opinbera starfsmenn í viðskiptaferðum erlendis. Með því að setja slíkar siðareglur stæði hið opinbera vörð um virðingu okkar á alþjóðavettvangi, en það hlýtur að vera mikilvægt fyrir ríkið að starfsfólk þess hagi sér ekki á einhvern þann hátt sem gæti rýrt virðingu samstarfsaðila fyrir okkur. Við verðum að taka mikilvægt skref í baráttunni gegn mansali og lýsa því yfir að við öxlum okkar ábyrgð í alþjóðasamfélaginu.

Ríkisstjórn Noregs samþykkti hinn 17. október 2002 að taka upp siðareglur fyrir opinbera starfsmenn um bann við bæði kaupum á vændi og að þiggja kynlífsþjónustu. Þær reglur eru svohljóðandi:

„Ákvörðun þessi er tekin í ljósi þess að alþjóðlegt vændi og mansal kvenna og barna með kynferðislega misneytingu fyrir augum er vaxandi vandamál. Grundvöllur þessa mansals er spurn eftir kynlífsþjónustu. Einnig ber að skoða siðareglurnar í ljósi þess starfs sem unnið er í dómsmálaráðuneytinu að aðgerðaáætlun í baráttunni gegn mansali kvenna og barna.

Sem vinnuveitandi ber hið opinbera ábyrgð á starfsemi og orðspori opinberrar þjónustu og vill þar af leiðandi búa svo um hnútana að opinberir starfsmenn hegði sér ekki á þann hátt

að það brjóti gegn mannlegri reisn fólks í þeim löndum sem Norðmenn eru í samstarfi við og senda fulltrúa sína til.

Ríkið hyggst ganga á undan með góðu fordæmi með því að taka upp siðareglur fyrir opinbera starfsmenn. Yfirvöld og ríki taka þannig sem vinnuveitandi grundvallarafstöðu til þeirrar ábyrgðar sinnar að koma í veg fyrir að brotið sé gegn mannhelgi fólks sem fórnarlamba mansals í kynferðislegum tilgangi.

Siðareglur um bann við bæði kaupum á vændi og því að þiggja kynlífsþjónustu eru ótvíræð yfirlýsing um það hvaða siðrænar og siðferðilegar væntingar séu gerðar til embættismanna ríkisins og opinberra starfsmanna.

– *Kaup á vændi eða önnur kynlífsþjónusta getur falið í sér misneytingu fólks sem býr við erfiðar aðstæður og einkum eru konur og börn í hættu. Jafnframt getur slík hegðun auðveldlega haft neikvæð áhrif á ímynd starfsmannsins og valdið tjóni á orðstír Noregs eða því starfi sem unnið er.*
– *Starfsmaður á aldrei að hegða sér þannig að brotið sé gegn mannlegri reisn eða á einhvern þann hátt sem getur saurgað orðstír þess starfs sem unnið er eða Noregs.*
– *Hverjum þeim ríkisstarfsmanni sem ferðast í embættiserindum eða á vegum hins opinbera, hvort heldur innan lands eða á erlendri grundu, er óheimilt að kaupa vændi eða þiggja kynlífsþjónustu af neinu tagi. Þetta á einnig við um frjálsan tíma viðkomandi í þess háttar verkefnum.*
– *Hið opinbera væntir þess sem vinnuveitandi að starfsmenn þess framfylgi þessum reglum af trúmennsku og setji framferði sínu mjög strangar skorður.*

Sé ekki farið eftir þessum siðareglum getur það leitt til viðurlaga við agabroti samkvæmt lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, 9., 14. og 15. gr.“

Auk Norðmanna hafa Svíar sett sér svipaðar reglur sem ná yfir starfsfólk í utanríkisþjónustunni. Þetta var gert þegar í ljós kom að töluverður hluti opinberra starfsmanna í Noregi og Svíþjóð keyptu sér kynlífsþjónustu á ferðalagi eða þáðu hana í boði heimamanna. Sömuleiðis hefur mörgum stórfyrirtækjum í Noregi þótt ástæða til að setja starfsfólki sínu svipaðar siðareglur. Því má ætla að kynlífsþjónusta sé á stundum hluti af alþjóðlegum viðskiptum og samskiptum og nauðsynlegt að Ísland, eins og önnur lönd, taki virka afstöðu gegn slíku. Sömuleiðis ber okkur að sjálfsögðu að virða þá alþjóðasáttmála sem við höfum undirritað og sinna tilmælum frá þeim alþjóðastofnunum sem við tilheyrum.

460. Nefndarálit [163. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um vátryggingarsamninga, nr. 30/2004.

Frá meiri hluta viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Andrés Magnússon frá Félagi íslenskra stórkaupmanna, Rúnar Guðmundsson frá Fjármálaeftirlitinu, Birnu Jónsdóttur og Gunnar Ármannsson frá Læknafélagi Íslands, Jóhannes Gunnarsson frá Neytendasamtökunum, Særúnu Maríu Gunnarsdóttur frá Persónuvernd, Guðjón Rúnarsson, Helga Bjarnason, Ólaf Pál Gunnarsson og Valgeir Pálsson frá Samtökum fjármálafyrirtækja, Gísla Tryggvason, talsmann neytenda, Harald Inga Birgisson frá Viðskiptaráði og Kjartan Gunnarsson frá viðskiptaráðuneyti. Nefndinni bárust einnig umsagnir um frumvarpið.

Upp hefur risið vafi á því hvernig túlka beri gildandi 82. gr. laga um vátryggingarsamninga en tvær opinberar stofnanir, Fjármálaeftirlitið og Persónuvernd, hafa haft hvor sína túlkun á þessu ákvæði laganna. Með frumvarpinu er lögð til breyting á 82. gr. laganna og leitast við að gera ákvæðið skýrara. Einnig er lögð til frekari afmörkun á heimild vátryggingafélaga til að krefjast upplýsinga þar sem kveðið er á um að foreldrar eða systkini veiti samþykki fyrir því að upplýsingar séu veittar um þau við töku vátryggingar.

Í frumvarpinu er lagt til að vátryggingafélagi verði heimilt að afla upplýsinga um sjúkdóma sem vátryggingartaki, eða vátryggður, svo og foreldrar og systkini vátryggðs, er haldinn eða hefur verið haldinn og félagið telur nauðsynlegt að fá vitneskju um til að geta lagt mat á væntanlega vátryggða áhættu.

Meiri hluti nefndarinnar álítur að nokkur jákvæð nýmæli megi finna í frumvarpinu, einkum með hliðsjón af persónuvernd. Ákvæði frumvarpsins eru nokkuð breytt frá því að sambærilegt frumvarp var lagt fram á 133. löggjafarþingi (387. mál).

Í fyrsta lagi er lagt til að vátryggingartaki, eða eftir atvikum vátryggður, staðfesti við umsókn um töku vátryggingar að hann hafi hlotið samþykki foreldra sinna eða systkina á því að hann megi gefa upplýsingar um að þau séu haldin eða hafi verið haldin tilteknum sjúkdómi sem spurt er um. Í ákvæðinu er einnig gert ráð fyrir þeim möguleika að vátryggingartaka sé ekki mögulegt að verða við þessari kröfu, sbr. orðalagið „enda sé með sanngirni hægt að ætlast til að hann hafi getað aflað slíks samþykkis“.

Meiri hlutinn telur þetta mikilvægt nýmæli enda getur verið um viðkvæmar heilsufarsupplýsingar að ræða. Meiri hlutinn minnir á að í athugasemdum frumvarpsins er gert ráð fyrir því að spurningar á umsóknareyðublaði verði með þeim hætti að tiltekinn sjúkdómur verði ekki tengdur tilteknum einstaklingi. Nöfn þeirra sem spurt er um mega aldrei koma fram. Þetta getur kallað á endurskoðun á verklagi vátryggingafélaga, þar á meðal á þeim umsóknareyðublöðum sem vátryggingartakar þurfa að fylla út.

Meiri hlutinn minnir sömuleiðis á að áfram er gert ráð fyrir því að heimild vátryggingafélags til þess að afla upplýsinga frá öðrum en sjálfum vátryggingartaka eða vátryggðum, svo sem frá læknum eða öðru starfsfólki í heilbrigðisgeiranum, sé bundin við upplýst samþykki vátryggingartaka eða vátryggðs.

Í umsögn Persónuverndar um frumvarpið segir: „Telja verður að efni frumvarpsins sé í betra samræmi við grunnreglu persónuréttarins um sjálfsákvörðunarrétt einstaklingsins heldur en ef ekki hefði verið leitað samþykkis.“ Meiri hlutinn tekur undir þetta sjónarmið Persónuverndar.

Í öðru lagi er lagt til að ákvæðið nái einungis til foreldra og systkina vátryggingartaka en ekki til „annarra einstaklinga“ líkt og er í gildandi lögum. Frumvarpið afmarkar þannig heimildir vátryggingafélaga til upplýsingaöflunar um aðra en vátryggingartaka eða vátryggðan við foreldra og systkini að því gefnu að samþykki þessara aðila liggi fyrir. Heimild vátryggingafélags til upplýsingaöflunar er þó takmörkuð af bannreglu 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins.

Í þriðja lagi er lagt til í frumvarpinu að í stað þess að hægt sé að krefjast upplýsinga um „heilsufar“ umsækjanda eða annarra einstaklinga beri umsækjanda að gefa upplýsingar um „tilgreinda sjúkdóma“ sem spurt kann að verða um. Að mati meiri hlutans er hér á ferðinni frekari afmörkun og þrenging frá gildandi lögum enda ekki hægt að ætlast til að umsækjandi geti lagt almennt mat á heilsufar sitt eða annarra einstaklinga.

Í fjórða lagi er lagt til að upplýsingar skuli veittar „eftir bestu vitund“ en þetta orðalag er nýmæli. Með þessu er lögð áhersla á að ekki er víst í öllum tilvikum að vátryggingartaki hafi upplýsingar um sjúkdóma sem foreldrar eða systkini hafa verið haldin.

Í fimmta lagi er lögð til sú breyting að vátryggingafélagi er óheimilt að nýta sér niðurstöður „erfðarannsókna“ en í gildandi lögum er vísað til upplýsinga um „erfðaeiginleika“. Vátryggingafélagi er einnig óheimilt að óska eftir erfðarannsóknum sem teljast nauðsynlegar til þess að kostur sé á að fá slíkar upplýsingar. Hafi sjúkdómur hins vegar greinst með erfðafræðirannsókn sem vátryggingartaki tók þátt í ber honum að gefa vátryggingafélaginu upplýsingar um þá greiningu, enda sé spurt um þann tiltekna sjúkdóm.

Í orðalagi málsgreinarinnar felst jafnframt að reglur um vanrækta upplýsingagjöf eiga ekki við í þeim tilfellum er vátryggingartaki eða vátryggður gefur ekki erfðafræðilegar upplýsingar, enda væri vátryggingafélagi ekki heimilt að taka við slíkum upplýsingum, að öðru leyti en því sem greinir í frumvarpinu um sjúkdómsgreiningar sem slíkar.

Með þessu ákvæði er leitast við að eyða vafa um hvers konar upplýsingar vátryggingafélagi sé óheimilt að nota í áhættumati sínu. Vátryggingafélagi er þannig óheimilt að hagnýta sér upplýsingar úr erfðarannsókn burtséð frá því hvort þær eru vátryggingartaka eða vátryggðum í hag eður ei.

Meiri hlutinn leggur til viðbót við frumvarpið þannig að vátryggingafélögum verði gert að halda til haga upplýsingum um fjölda þeirra sem synjað er um persónutryggingu á grundvelli heilsufars foreldra eða systkina eða fá hækkuð iðgjöld vegna áhættumats sem byggist á upplýsingum um þriðja aðila. Jafnframt telur nefndin mikilvægt að upplýsingum um fjölda þeirra sem synjað er um persónutryggingu á grundvelli upplýsinga um eigið heilsufar eða fá hækkuð iðgjöld af sömu ástæðu sé haldið til haga. Þar sem vátryggingafélögin lúta eftirliti Fjármálaeftirlitsins telur meiri hlutinn eðlilegt að það hafi eftirlit með því að þessar upplýsingar séu aðgengilegar.

Jón Magnússon sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann andvígur áliti þessu.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Félagið skal halda saman upplýsingum um fjölda þeirra sem er synjað um töku tryggingar eða er gert að greiða hærri iðgjöld vegna áhættumats sem byggist á lagagrein þessari.

Alþingi, 11. des. 2007.

Ágúst Ólafur Ágústsson, form., frsm.	Guðfinna S. Bjarnadóttir.	Ármann Kr. Ólafsson.
Katrín Júlíusdóttir.	Jón Gunnarsson.	Björk Guðjónsdóttir.

461. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2008.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **02-901 Fornleifavernd ríkisins**			
1.10 Skráning kirkjugripa í Sarp, gagnagrunn minjavörslunnar	0,0	3,7	3,7

462. Nefndarálit [242. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, með síðari breytingum.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sigríði Auði Arnardóttur og Sigurbjörgu Sæmundsdóttur frá umhverfisráðuneyti, Guðlaug Sverrisson frá Úrvinnslusjóði og Eirík Hannesson frá Endurvinnslunni.

Í frumvarpinu er lagt til að heimild Endurvinnslunnar til einkaleyfis á móttöku einnota drykkjarvöruumbúða sem skilagjald er greitt fyrir verði framlengd til 1. janúar 2010 í stað þess að hún falli úr gildi 1. janúar 2008 eins og gert hefur verið ráð fyrir. Með frestuninni skapast svigrúm til að láta reyna á vilja annarra aðila til að taka að sér verkefni Endurvinnslunnar á grundvelli framleiðendaábyrgðar.

Þá er í frumvarpinu lagt til að heyrúlluplast verði talið með öðrum plastumbúðum sem bera úrvinnslugjald. Þetta er lagt til að ósk Bændasamtaka Íslands.

Loks er í frumvarpinu lögð til 25% hækkun úrvinnslugjalds á málningu og litarefni og 41% hækkun úrvinnslugjalds á vörur í ljósmyndaiðnaði. Þessar breytingar eru lagðar til þar sem tekjur viðkomandi sjóða hafa ekki staðið undir rekstri þeirra. Gert er ráð fyrir að sjóðirnir nái jafnvægi á 3–5 árum.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Höskuldur Þórhallsson skrifar undir álit þetta með fyrirvara.

Alþingi, 11. des. 2007.

Helgi Hjörvar, form., frsm.	Kjartan Ólafsson.	Kolbrún Halldórsdóttir.
Illugi Gunnarsson.	Katrín Júlíusdóttir.	Höskuldur Þórhallsson, með fyrirvara.
Guðfinna S. Bjarnadóttir.	Ólöf Nordal.	Árni Þór Sigurðsson.

463. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2008.

Frá Jóni Bjarnasyni, Katrínu Jakobsdóttur og Ögmundi Jónassyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **02-884 Jöfnun á námskostnaði**			
1.01 Jöfnun á námskostnaði	520,2	520,2	1.040,4
2. Við **09-811 Barnabætur**			
1.11 Barnabætur	8.800,0	800,0	9.600,0
3. Við **09-821 Vaxtabætur**			
1.11 Vaxtabætur	5.880,0	800,0	6.680,0
4. Við **10-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga**			
a. 1.11 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, sérstök viðbótarframlög	1.700,0	700,0	2.400,0
b. 1.13 Fyrsti áfangi gjaldfrjáls leikskóla	0,0	700,0	700,0
c. 1.14 Hækkun húsaleigubóta	0,0	1.000,0	1.000,0
5. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
12-841 Jöfnun á flutningskostnaði			
1.10 Jöfnun á flutningskostnaði	0,0	500,0	500,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*500,0*	*500,0*

Greinargerð.

Í þessum breytingartillögum, sem lagðar eru fram samhliða tillögum um auknar tekjur ríkissjóðs og sparnað í ríkisrekstri, eru lagðar til breytingar sem nýtast þeim sem standa höllum fæti í samfélaginu.

Til að bregðast við húsnæðisvanda fjölmargra einstaklinga og fjölskyldna í landinu er lagt til að einn milljarður kr. verði settur í húsaleigubætur og 800 m.kr. í vaxtabætur. Þá er lagt til að barnabætur verði hækkaðar til að bæta stöðu barnafólks og einnig er gerð tillaga um fjárveitingu til að ná fyrsta áfanga gjaldfrjáls leikskóla.

Þá eru lagðar til breytingar til að jafna stöðu landsbyggðarinnar gagnvart höfuðborgarsvæðinu. Er þar um að ræða 700 m.kr. aukningu til að bæta fjárhagsstöðu skuldugra sveitarfélaga, hálfan milljarð kr. til að jafna flutningskostnað og litlu hærri upphæð til að jafna námskostnað í dreifbýli.

464. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2008.

Frá Árna Þór Sigurðssyni, Jóni Bjarnasyni,
Álfheiði Ingadóttur og Atla Gíslasyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **11-501 Ferðamálastofa**			
a. 1.11 Ferðamálasamtök landshluta	45,0	30,0	75,0
b. 1.21 Fjölsóttir ferðamannastaðir	64,3	20,0	84,3
c. 1.44 Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu	0,0	75,0	75,0
d. *Greitt úr ríkissjóði*	*364,7*	*125,0*	*489,7*

Greinargerð.

Í a-lið tillögunnar er lögð til 30 m.kr. hækkun á framlagi til upplýsingamiðstöðva en hluti 45 m.kr. framlags samkvæmt fjárlagafrumvarpinu er ætlað til þess verkefnis.

20 m.kr. hækkun á fjárveitingum í b-lið er ætluð til úrbóta í umhverfismálum á fjölsóttum ferðamannastöðum.

Í c-lið er svo lögð til sérstök fjárveiting á nýju viðfangsefni til markaðssóknar í íslenskri ferðaþjónustu. Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir 70 m.kr. til markaðssóknar, annars vegar undir viðfangsefninu 11-501-1.05, Landkynningarskrifstofur erlendis, (40 m.kr.) og hins vegar undir viðfangsefninu 11-599-1.44, Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu (30 m.kr.) hjá iðnaðarráðuneyti, en þessi viðfangsefni voru áður á lið samgönguráðuneytis. Til þessa mikilvæga verkefnis var varið rúmlega 300 m.kr. árið 2004 og um 150 m.kr. hvort ár 2005 og 2006. Hér er lagt til að árið 2008 verði í heild varið svipuðum fjármunum og 2006 til þessa þýðingarmikla starfs.

465. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2008.

Frá Jóni Bjarnasyni, Kristni H. Gunnarssyni og Bjarna Harðarsyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi**			
1.92 Háskóli Vestfjarða	0,0	75,0	75,0

Greinargerð.

Umfangsmikið símenntunar- og háskólastarf er nú í uppbyggingu á Ísafirði. Þar hefur verið stofnað háskólasetur þar sem nú þegar er unnið mjög metnaðarfullt starf á sviði kennslu og rannsókna. Heimafólk bindur miklar vonir við þróun þessa starfs. Fjórðungsþing Vest-

fjarða hefur ályktað afdráttarlaust um stofnun sjálfstæðs skóla, Háskóla Vestfjarða, og fyrir Alþingi liggur frumvarp til laga þess efnis. Heimamenn o.fl. hafa lagt þunga áhersla á að Háskóli Vestfjarða verði sjálfstæð stofnun með eigið fjárlaganúmer. Frambjóðendur núverandi stjórnarflokka, einkum Samfylkingarinnar, höfðu stór orð fyrir kosningar um stofnun sjálfstæðs háskóla á Ísafirði sem þeir eru nú í stöðu til að efna.

Á Ísafirði eru miklir möguleikar til að mynda sterka kennslu- og rannsóknastofnun sem mundi móta sérstöðu sína á grundvelli atvinnulífs og framtíðarmöguleika svæðisins. Hún tæki jafnframt að sér og stýrði rannsóknum, vöktun og nýtingu á fjölbreyttum náttúruauðlindum Vestfjarða og hafinu umhverfis. Reynslan hefur sýnt að litlar stofnanir í sterkum og nánum tengslum við auðlindir, atvinnulíf og menningu heimahéraðs geta orðið öflugar ef þær fá til þess sjálfræði og stuðning. Hér er lagt til að Háskóli Vestfjarða á Ísafirði fái sérstakan fjárlagalið og fjármagn þannig að vinna að stofnun skólans geti haldið áfram af fullum krafti og sjálfstæð stofnun verði að raunveruleika eigi síðar en 1. júní á næsta ári.

466. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2008.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur, Álfheiði Ingadóttur og Jóni Bjarnasyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **02-319 Framhaldsskólar almennt**			
a. 1.42 Listgreinar í framhaldsskólum	0,0	50,0	50,0
b. 1.43 Framhaldsnám í tónlist	0,0	70,0	70,0

467. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2008.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **14-211 Umhverfisstofnun**			
1.01 Umhverfisstofnun	675,5	25,0	700,5
Greitt úr ríkissjóði	*586,3*	*25,0*	*611,3*
2. Við **14-401 Náttúrufræðistofnun Íslands**			
a. 1.01 Náttúrufræðistofnun Íslands	403,9	20,0	423,9
b. Sértekjur	-95,8	20,0	-75,8
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*308,1*	*40,0*	*348,1*

468. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2008.

Frá Steingrími J. Sigfússyni, Katrínu Jakobsdóttur og Árna Þór Sigurðssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **03-390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands**			
1.11 Þróunaraðstoð	1.436,1	200,0	1.636,1
2. Við **03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi**			
1.30 Mannúðarmál og neyðaraðstoð	309,1	100,0	409,1

469. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2008.

Frá Steingrími J. Sigfússyni, Jóni Bjarnasyni og Dýrleifu Skjóldal.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **07-827 Lífeyristryggingar**			
1.92 Til að halda óbreyttum greiðslum til lífeyrisþega	0,0	400,0	400,0
Greitt úr ríkissjóði	*18.098,8*	*400,0*	*18.498,8*

Greinargerð.

Ýmsir lífeyrissjóðir ákváðu nú fyrir jólin að skerða bætur sumra sjóðsfélaga sinna til muna. Það er nauðsynlegt að fjárveitingavaldið taki forustu í málinu og leiti allra leiða til að ekki verði af þessum skerðingum, en að óbreyttu hafa þær í för með sér mun verri kjör þeirra öryrkja og lífeyrisþega sem í hlut eiga. Hér er lagt til að 400 m.kr. verði varið í að bæta lífeyrissjóðunum upp kostnað til að tryggja óbreyttar greiðslur lífeyrisþega og koma í veg fyrir skerðingar.

470. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2008.

Frá Jóni Bjarnasyni, Kristni H. Gunnarssyni,
og Álfheiði Ingadóttur.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **07-827 Lífeyristryggingar**			
a. 1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega	16.340,0	400,0	16.740,0
b. 1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega	9.666,0	230,0	9.896,0
c. 1.50 Ný framtíðarskipan lífeyrismála	0,0	4.350,0	4.350,0
d. *Greitt úr ríkissjóði*	*18.098,8*	*4.980,0*	*23.078,8*

471. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2008.

Frá Katrínu Jakobsdóttur, Kolbrúnu Halldórsdóttur og Álfheiði Ingadóttur.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við bætist nýr fjárlagaliður			
02-300 Framhaldsskólar			
1.02 Rekstur framhaldsskóla	0,0	250,0	250,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*250,0*	*250,0*
2. Við **02-907 Listasafn Íslands**			
1.01 Listasafn Íslands	165,9	20,0	185,9

Greinargerð.

Við frumvarpið bætist nýr liður upp á 250 m.kr. sem skiptist samkvæmt reiknilíkani framhaldsskólanna.

Gert er ráð fyrir að Listasafn Íslands fái aukalegar 20 m.kr. til að sinna auknum rannsóknum og byggja upp gagnagrunn um íslenska myndlist.

472. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2008.

Frá Jóni Bjarnasyni, Álfheiði Ingadóttur og Atla Gíslasyni.

1. Við 6. gr. Liður 5.1 falli brott.
2. Við 6. gr. Nýir liðir:
   7.12 Að kaupa aftur hlut ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja.
   7.13 Að breyta Matís ohf. úr hlutafélagi í ríkisstofnun og leggja fram lagafrumvarp þess efnis.
   7.14 Að breyta Flugstoðum ohf. í ríkisstofnun og leggja fram lagafrumvarp þess efnis.

Greinargerð.

Hér er gerð tillaga um að fella úr gildi heimild til að selja hlut ríkisins í Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar. Orkuveita Reykjavíkur og ríkissjóður eiga og reka hitaveituna saman og á ríkissjóður liðlega 20% hlut í henni. Hitaveitan á jafnframt jarðhitaréttindi á jörðinni Deildartungu í Reykholtsdal, þar á meðal Deildartunguhver, einn vatnsmesta hver jarðar. Með vísan til þess hvernig ríkisstjórnarflokkarnir nýttu heimild á fjárlögum til sölu Hitaveitu Suðurnesja er mjög brýnt að afnema nú þegar heimild til sölu á hlut ríkisins í Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar ásamt Deildartunguhver.

Salan á hlut ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja til einkafyrirtækis hleypti af stað atburðarás í einkavæðingu og sölu orkuveitna úr samfélagseigu sem ekki sér fyrir endann á. Nú er lag að stöðva frekari einkavæðingu og sölu orkuveitna og orkulinda landsmanna með því að ríkið kaupi aftur þann hlut sem það átti í Hitaveitu Suðurnesja, eins og hér er gerð tillaga um.

Breytingin á Matís úr ríkisstofnun í hlutafélag hefur verið kostnaðarsöm og óskilvirk og orkað mjög tvímælis hvað varðar réttindi starfsfólks. Hér er því lagt til að sú breyting gangi til baka.

Einnig hefur sýnt sig að það voru mistök að breyta Flugstoðum í hlutafélag. Brýnt er að nýta tækifærið nú og breyta Flugstoðum aftur í ríkisstofnun, ekki síst í ljósi þess að nú mun flugumferðarstjórn á Keflavíkurflugvelli færast undir samgönguráðuneytið. Þá er eftirsóknarvert að þjónustan og reksturinn lúti öllum lögum og reglum sem gilda um opinberan rekstur, þar á meðal ráðningar starfsmanna.

473. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2008.

Frá Jóni Bjarnasyni, Katrínu Jakobsdóttur og Ögmundi Jónassyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 1:			
1. Við **I Skatttekjur**			
1.1.5.1 Skattur á fjármagnstekjur einstaklinga	35.000,0	10.500,0	45.500,0

Breytingar á sundurliðun 2:

2. Við **03-213 Varnarmál**			
a. 1.01 Varnarmál	491,8	-491,8	0,0
b. 6.01 Tæki og búnaður	42,0	-42,0	0,0
3. Við **03-217 Ratsjárstofnun**			
1.01 Ratsjárstofnun	822,3	-411,1	411,2

Greinargerð.

Hér eru lagðar til auknar tekjur ríkissjóðs og sparnaður í ríkisrekstri. Í annarri breytingartillögu sömu flutningsmanna er samhliða lagt til að aukið fé verði veitt til annarra málaflokka. Lagt er til að skattur af fjármagnstekjum hækki úr 10% í 14% en að komið verði á frítekjumarki sem nemur 140.000 kr. á ári. Varlega er áætlað að það auki tekjur ríkissjóðs um 10,5 milljarða kr. Þá er lagt til að öll þau útgjöld til hermála sem eru nýjung í fjárlagafrumvarpinu verði felld brott. Þar er um að ræða allan liðinn sem nefnist „Varnarmál“ og að auki helming þeirrar fjárhæðar sem ætlað er að renni til Ratsjárstofnunar, enda yrði hún m.a. notuð í hernaðarlegum tilgangi.

474. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2008.

Frá Dýrleifu Skjóldal og Steingrími J. Sigfússyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **02-999 Ýmislegt**			
1.98 Ýmis framlög menntamálaráðuneytis	155,0	8,7	163,7

Greinargerð.

Lagt er til að veitt verði 8,7 m.kr. tímabundið framlag til meðferðarstarfsemi í Hlíðarskóla á Akureyri eins og gert er ráð fyrir að veita til Gaulverjaskóla í frumvarpinu.

Í Hlíðarskóla eru 16 pláss fyrir drengi og átta pláss fyrir stúlkur sem eiga við hegðunar-, aðlögunar- og samskiptaröskun að stríða. Auk þess eru fimm pláss ætluð börnum með geð- og þroskaraskanir. Öll börnin eru á skólaskyldualdri en geta ekki stundað almennan skóla.

Meðferðarúrræðin eru dýr og algjörlega sambærileg úrræðum Gaulverjaskóla, enda er fyrirmyndin að starfinu í Gaulverjaskóla sótt til Hlíðarskóla. Til að gæta jafnræðis er því rétt að Hlíðarskóla verði veitt sama fjárhæð og Gaulverjaskóla til meðferðarstarfsemi sinnar.

475. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2008.

Frá Ögmundi Jónassyni og Dýrleifu Skjóldal.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **08-206 Sjúkratryggingar**			
1.36 Tannlækningar, forvarnaátak	0,0	70,0	70,0
2. Við **08-358 Sjúkrahúsið á Akureyri**			
1.01 Sjúkrahúsið á Akureyri	4.117,0	80,0	4.197,0
3. Við **08-373 Landspítali**			
1.01 Landspítali	35.021,5	600,0	35.621,5
Greitt úr ríkissjóði	*33.109,5*	*600,0*	33.709,5
4. Við **08-500 Heilsugæslustöðvar, almennt**			
a. 1.11 Efling sérfræðiþjónustu	0,0	100,0	100,0
b. 1.12 Efling geðheilbrigðisþjónustu	0,0	50,0	50,0
5. Við **08-506 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu**			
1.01 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu	4.652,3	400,0	5.052,3
6. Við **08-700 Heilbrigðisstofnanir**			
1.05 Heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni	0,0	100,0	100,0
7. Við **08-777 Heilbrigðisstofnun Austurlands**			
a. 1.02 Heilbrigðisstofnun Austurlands, rekstur, óskipt	0,0	210,0	210,0
b. 1.22 Framkvæmdir vegna öldrunarþjónustu, undirbúningur	0,0	50,0	50,0

Greinargerð.

Undanfarin ár hafa fjárframlög til Landspítalans ekki verið í neinum takti við þróun íbúafjölda, fjölda aldraðra og þróun sjúkdóma og alltof langt hefur verið gengið í niðurskurði útgjalda í rekstri spítalans. Vaxandi kröfum um aukna heilbrigðisþjónustu er ekki hægt að mæta enn og aftur með niðurskurði eða breyttum rekstrarformum heldur þarf að auka fjárframlög í takt við aukna eftirspurn eftir þjónustu. Hér er því lagt til hækkað framlag til Landspítalans um 600 m.kr. Auk þess er lagt til að sjúkrahúsið á Akureyri fái hækkað framlag að fjárhæð 80 m.kr.

Heilsugæslan á höfuðborgarsvæðinu er langstærsta stofnun sinnar tegundar á landinu og þjónar alls 191.725 íbúum, en alls eru um 8.500 manns á þessu svæði án heimilislækna. Hér er lagt til að veitt verði samtals 400 m.kr. aukalega til heilsugæslu höfuðborgarinnar á næsta ári, en mikil þörf er á bættri þjónustu enda hefur gríðarleg fjölgun íbúa átt sér stað á svæðinu og íbúasamsetning hefur gjörbreyst. Ef ekkert er að gert stefnir í frekari niðurskurð á þjónustu í stað uppbyggingar.

Lagt er til að heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni fái 100 m.kr. til uppbyggingar á starfseminni og sérstaklega er lagt til hækkað framlag um 210 m.kr. til Heilbrigðisstofnunar Austurlands. Stofnunin hefur glímt við stórfelld vandræði í mönnun og aðstöðuleysi og álag hefur margfaldast með þensluástandinu fjórðungnum. Gert er ráð fyrir að 50 m.kr. komi til móts við skertar sértekjur hjá Heilbrigðsstofnun Austurlands.

476. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2008.

Frá Jóni Bjarnasyni, Árna Þór Sigurðssyni og Dýrleifu Skjóldal.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **07-207 Varasjóður húsnæðismála**			
6.21 Varasjóður húsnæðismála vegna félagslegra íbúða sveitarfélaga	60,0	225,0	285,0
2. Við **09-999 Ýmislegt**			
1.25 Endurgreiðslur til sveitarfélaga á virðisaukaskatti vegna kaupa á slökkvibifreiðum og búnaði slökkviliða	0,0	70,0	70,0
3. Við **10-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga**			
1.12 Sameining sveitarfélaga	0,0	235,0	235,0
4. Við **14-211 Umhverfisstofnun**			
1.11 Endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna veiða á ref og mink	30,6	29,4	60,0
Greitt úr ríkissjóði	*586,3*	*29,4*	*615,7*
5. Við **14-281 Styrkir til fráveitna sveitarfélaga**			
6.51 Styrkir til fráveitna sveitarfélaga	200,0	590,0	790,0

Greinargerð.

Ýmis sveitarfélög áforma sölu félagslegra íbúða á næsta ári og lítið mun draga úr umsóknum um rekstrarframlög. Til að veita þeim sveitarfélögum sams konar aðstoð og sveitarfélög hafa notið á undanförnum árum þarf Varasjóður húsnæðismála að hafa til ráðstöfunar sem nemur 285 m.kr. á fjárlögum ársins 2008. Hér er því lagt til að hækka framlag til hans um 225 m.kr.

Sveitarfélögin fá endurgreiddan virðisaukaskatt vegna kaupa á slökkvibifreiðum og búnaði slökkviliða. Undanfarin ár hefur 30 m.kr. verið ráðstafað til þessa verkefnis á fjárlögum, en það dugar hvergi nærri til endurgreiðslu á þeim virðisaukaskatti sem sveitarfélögin eiga rétt á. Á fjárlögum ársins 2008 þarf framlag til umræddrar endurgreiðslu að nema a.m.k. 70 m.kr. eins og hér er lagt til.

Eðlilegt er að þau sveitarfélög sem sameinast í framtíðinni njóti sömu fjárhagslegu fyrirgreiðslu og þau sveitarfélög sem sameinast hafa á undanförnum árum og kann það í raun að vera forsenda þess að sameining umræddra sveitarfélaga gangi eftir. Á fjárlögum ársins 2008 þarf því að gera ráð fyrir sérstöku framlagi til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að fjárhæð 235 m.kr., eins og hér er lagt til.

Til að endurgreiðsluhlutfall ríkisins vegna kostnaðar við refa- og minkaveiðar verði um 50% eins og ráð var fyrir gert á sínum tíma þarf framlag á fjárlögum ársins 2008 að nema um 60 m.kr. Hér er því lagt til hækkað framlag um 29,4 m.kr.

Samkvæmt upplýsingum fráveitunefndar þurfa sveitarfélögin 790 m.kr. til framkvæmda vegna fráveitna á árinu. Hér er því lögð til hækkun framlags um 590 m.kr.

477. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2008.

Frá Birki J. Jónssyni.

Við 6. gr. Liður 7.5 falli brott.

478. Nefndarálit [67. mál]

um frv. til l. um fyrningu kröfuréttinda.

Frá viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingvar Sverrisson frá Alþýðusambandi Íslands, Evu Bryndísi Helgadóttur frá Lögmannafélagi Íslands, Hildigunni Hafsteinsdóttur og Jóhannes Gunnarsson frá Neytendasamtökunum, Guðrúnu J. Jónsdóttur frá embætti ríkisskattstjóra, Guðrúnu Björk Bjarnadóttur frá Samtökum atvinnulífsins, Gísla Tryggvason, talsmann neytenda, Eddu Símonardóttur, Jóhönnu Láru Guðbrandsdóttur, Guðfinnu H. Þórsdóttur og Snorra Olsen frá embætti tollstjórans í Reykjavík, Áslaugu Árnadóttur og Sigríði Rafnar Pétursdóttur frá viðskiptaráðuneyti, Benedikt Bogason og Óskar Sigurðsson, sem komu að samningu frumvarpsins, og Viðar Má Matthíasson, prófessor í lögum. Einnig bárust nefndinni umsagnir um málið.

Frumvarpið felur í sér heildarendurskoðun á lögum um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda, nr. 14/1905 (fyrningarlög). Lögin eru orðin meira en hundrað ára gömul og þykir kominn tími til að færa þau til nútímans. Samhliða fyrningarlögum eru einnig í gildi sérreglur í ýmsum lögum um fyrningu tiltekinna tegunda kröfuréttinda.

Að meginstefnu takmarkast gildissvið frumvarpsins við kröfuréttindi. Þegar skorið er úr um hvort reglur um fyrningu samkvæmt frumvarpinu eigi við um tiltekin réttindi verður að skera úr um hvort þau séu kröfuréttareðlis. Hins vegar gildir einu hvernig krafa hefur stofnast. Skv. 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins nær frumvarpið til krafna um peninga og aðrar greiðslur. Gert er ráð fyrir því í frumvarpinu að samningur þess efnis að krafa sé ófyrnanleg sé ógildur en ekki eru lagðar hömlur við því að semja um styttri eða lengri fyrningarfrest.

Í II. kafla frumvarpsins eru ákvæði um fyrningarfrest. Helsta nýmæli frumvarpsins er að í 3. gr. er lagt til að almennur fyrningarfrestur kröfuréttinda verði fjögur ár. Er í raun um að ræða lögfestingu á gildandi meginreglu í framkvæmd. Jafnframt er lagt til að ábyrgðarskuldbindingar fyrnist eftir sömu reglum og krafa á hendur aðalskuldara og að reglur um það efni verði einfaldaðar. Þá er í frumvarpinu ákvæði um fyrningu flestra skaðabótakrafna og m.a. tekið mið af kröfum vegna tjóns sem gerist á löngum tíma.

Í 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins kemur fram að fyrningarfrestur krafna sem stofnast vegna vanefnda reiknist frá þeim degi er samningur var vanefndur. Um það var rætt á fundi nefndarinnar að þessi regla gæti leitt til vandkvæða ef kæmi að ákvörðun upphafstíma fyrningarfrests í málum sem varða galla á fasteign. Mundi upphafstími fyrningarfrests þá miðast við afhendingu fasteignar sem gæti verið bagalegt þegar um leyndan galla á fasteign er að ræða

sem kaupandi getur ekki kynnt sér þegar hann fær eign afhenta. Nefndin telur þó ekki tilefni til breytinga á framangreindu ákvæði enda er í 1. mgr. 10. gr. frumvarpsins mælt fyrir um viðbótarfrest í þeim tilvikum er kröfuhafa skortir nauðsynlega vitneskju um kröfuna eða skuldarann. Fyrnist þá krafa ekki fyrr en einu ári eftir þann dag sem hann fékk eða bar að afla sér slíkrar vitneskju.

Í 4. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um 20 ára fyrningarfrest krafna vegna innláns eða verðmæta sem hafa verið lögð inn hjá fjármálafyrirtæki, opinberum sjóði eða öðrum aðila. Í 2. mgr. 4. gr. er kveðið á um að vekja verði athygli kröfuhafa eða erfingja hans á því að krafa sé að fyrnast. Nefndin leggur til breytingu á þessu ákvæði í þá veru að gera það skýrara en fram kom við umfjöllun málsins í nefndinni að ákvæðið þætti ekki alls kostar skýrt. Leggur nefndin því til að 2. mgr. ákvæðisins verði orðuð á þann veg að viðtakandi fjármuna veki athygli kröfuhafa eða erfingja hans, tímanlega og á sannanlegan hátt, á því að krafa sé að fyrnast. Með „sannanlegum hætti“ mundi t.d. teljast tilkynning send með ábyrgðarbréfi, símskeyti eða öðrum sannanlegum hætti.

Talsvert var rætt um 9. gr. frumvarpsins á fundum nefndarinnar. Í 1. mgr. er lagt til það nýmæli að skaðabótakröfur fyrnist á fjórum árum frá þeim degi er tjónþoli fékk nauðsynlegar upplýsingar um tjónið og þann sem ábyrgur er fyrir því eða bar að afla sér slíkra upplýsinga. Skv. 2. mgr. 9. gr. fyrnist krafa þó ávallt í síðasta lagi tuttugu árum eftir að tjónsatburði lauk en frá þessu gilda undantekningar hvað varðar líkamstjón. Í a-lið 2. mgr. er annars vegar mælt fyrir um að 20 ára fyrningarfrestur eigi ekki við þegar tjón hefur orðið í atvinnustarfsemi eða starfsemi sem má jafna við hana og hins vegar gildir 20 ára fyrningarfrestur ekki á meðan tjónþoli er undir 18 ára aldri. Annað hvort þeirra skilyrða sem talin eru upp í a-lið 2. mgr. skulu vera til staðar til að undantekningin geti átt við. Auk þess þurfa að vera fyrir hendi skilyrði b-liðar 2. mgr. um að sá sem ábyrgur er fyrir tjóni, eða einhver sem hann ber ábyrgð á, þurfi að hafa vitað eða mátt vita, áður en tjónsatburði lauk, að háttsemin gæti leitt til hættu á lífi eða alvarlegs heilsutjóns. Nefndin leggur til breytingu á 1. mgr. 9. gr. í þá veru að krafa um skaðabætur vegna líkamstjóns, þ.m.t. fyrir ófjárhagslegt tjón, fyrnist á tíu árum. Samkvæmt breytingartillögu nefndarinnar er því gert ráð fyrir að tíu ára fyrningarfrestur gildi um kröfur um skaðabætur fyrir líkamstjón og kröfur um bætur fyrir ófjárhagslegt tjón. Breytingu þessari er ætlað að ná til alls ófjárhagslegs tjóns sem fjallað er um í 26. gr. skaðabótalaga, nr. 50/1993, þ.m.t. miskabætur fyrir ólögmæta meingerð gegn frelsi, friði, æru eða persónu annars manns.

Í III. kafla frumvarpsins eru reglur um viðbótarfresti og eru þessar reglur gerðar skýrari í frumvarpinu. Það er nýmæli í frumvarpinu að ekki þarf að vera um sviksamlega háttsemi að ræða hjá skuldara til að kröfuhafi geti fengið viðbótarfrest til að sækja kröfu sína. Í 2. mgr. 12. gr. er sérregla um fyrningu kröfu sem hvílir á félagsmanni til að leggja framlag í eignasafn félagsins. Fyrningarfrestur slíkrar kröfu hefst þegar félagsaðild lýkur og félagið hefur fengið tilkynningu þar að lútandi.

Í IV. kafla frumvarpsins eru ákvæði um slit fyrningar. Í 15. gr. er fjallað um þau tilvik er fyrningu er slitið með málsókn. Eins og fram kemur í athugasemdum með 2. mgr. 15. gr. er við mat á því hvenær mál telst höfðað litið til 93. gr. laga um meðferð einkamála þar sem lagt er til grundvallar að mál teljist höfðað þegar stefna er birt eða árituð um viðtöku samrits hennar eða stefndi mætir að öðrum kosti fyrir dóm þar sem stefnandi afhendir honum samrit stefnu og þingfestir mál. Í 22. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um viðbótarfresti í þeim tilvikum að máli er vísað frá eða það fellur niður án þess að leyst sé efnislega úr því.

Í 3. mgr. 15. gr. er fjallað um slit fyrningar þegar ágreiningur er lagður í gerð. Við umfjöllun nefndarinnar um málið var rætt um það hvort ákvæðið ætti ekki við um gerðardóma samkvæmt lögum. Til skýringar leggur nefndin til að 1. málsl. 3. mgr. 15. gr. orðist á þann veg að í þeim tilvikum þegar heimilt er eða skylt að leggja ágreining í gerð sé fyrningu slitið þegar kröfuhafi gerir það sem nauðsynlegt er til að hrinda málinu af stað.

Í 16. gr. frumvarpsins er lagt til það nýmæli að unnt sé að slíta fyrningu kröfu með því að leggja mál til ákvörðunar fyrir stjórnvald sem hefur sérstakt ákvörðunarvald til að ljúka deilu um ágreining. Nefndinni þykir rétt að skýra orðalag 2. mgr. 16. gr. betur og leggur til breytingartillögu í þeim efnum.

Reglur um réttaráhrif þess að fyrningu er slitið eru í V. kafla frumvarpsins. Athugasemdir komu frá embætti tollstjórans í Reykjavík um 3. mgr. 21. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um að nýr tíu ára fyrningarfrestur hefjist frá þeim degi sem fullnustugerð lýkur án þess að krafa fáist að fullu greidd. Í umsögn embættisins og í máli fulltrúa þess á fundum nefndarinnar kom fram að óbreytt frumvarp kæmi illa við skuldara skattkrafna auk þess sem það hefði í för með sér aukna vinnu fyrir embættið. Nefndin telur rétt að bregðast við réttmætum athugasemdum tollstjóra. Leggur hún því til breytingu á 3. mgr. 21. gr. þess efnis að orðin „tíu ára“ falli brott. Þetta þýðir að ef krafa fæst ekki að fullu greidd við aðfarargerð miðast nýr fyrningarfrestur við eðli kröfunnar í samræmi við gildandi lög og ákvæði laga um gjaldþrotaskipti. Sem dæmi má nefna að nýr fyrningarfrestur vegna skattkröfu yrði þannig fjögur ár, vegna dómkröfu tíu ár og frestur vegna kröfu um innlán eða verðmæti sem hafa verið lögð inn hjá fjármálafyrirtæki tuttugu ár.

Í VI. kafla frumvarpsins er fjallað um réttaráhrif fyrningar en meginreglan er sú að fyrning kröfu hefur í för með sér að krafan fellur niður. Í VII. kafla er gildistökuákvæði. Gert er ráð fyrir því að verði frumvarpið að lögum eigi ákvæði þeirra aðeins við um þær kröfur sem stofnast eftir gildistöku þeirra.

Björk Guðjónsdóttir og Höskuldur Þórhallsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Jón Magnússon sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 5. des. 2007.

Ágúst Ólafur Ágústsson, form., frsm.	Guðfinna S. Bjarnadóttir.	Atli Gíslason.
Birgir Ármannsson.	Árni Páll Árnason.	Birkir J. Jónsson.

Jón Gunnarsson.

479. Breytingartillögur [67. mál]

við frv. til l. um fyrningu kröfuréttinda.

Frá viðskiptanefnd.

1. Við 4. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Krafa skv. 1. mgr. fyrnist þó því aðeins að viðtakandi fjármuna veki athygli kröfuhafa eða erfingja hans, tímanlega og á sannanlegan hátt, á að krafan sé að fyrnast.
2. Við 9. gr.
   a. Orðin „þar með talið fyrir ófjárhagslegt tjón“ í 1. mgr. falli brott.
   b. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Krafa um skaðabætur vegna líkamstjóns, þ.m.t. fyrir ófjárhagslegt tjón, fyrnist þó á tíu árum.
3. Við 15. gr. Fyrri málsliður 3. mgr. orðist svo: Ef heimilt eða skylt er samkvæmt samningi eða lögum að leggja ágreining í gerð er fyrningu slitið þegar kröfuhafi gerir það sem nauðsynlegt er til að hrinda málinu af stað.
4. Við 16. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Ákvæði 1. mgr. gilda jafnframt um kröfur sem lagðar eru fyrir kæru- og úrskurðarnefndir, sem settar eru á fót af skuldara eða starfsgreinasamtökum sem hann á aðild að eða með þátttöku þeirra. Sama gildir ef kæru- eða umkvörtunarnefndir hafa verið settar á fót á grundvelli fyrirmæla í lögum eða ef skuldari samþykkir að krafa sé lögð fyrir starfandi kæru- eða umkvörtunarnefnd.
5. Við 21. gr. Orðin „tíu ára“ í fyrri málslið 3. mgr. falli brott.

480. Nefndarálit [204. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um innflutning dýra, nr. 54/1990, með síðari breytingum.

Frá sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Arnór Snæbjörnsson og Ólaf Friðriksson frá landbúnaðarráðuneyti, Halldór Runólfsson yfirdýralækni og Ingva Stefánsson frá Svínaræktarfélagi Íslands.

Málið var sent út til umsagnar og bárust nefndinni umsagnir frá Bændasamtökum Íslands, yfirdýralækni og dýralækni svínasjúkdóma hjá Landbúnaðarstofnun og Svínaræktarfélagi Íslands.

Eitt meginmarkmið frumvarpsins er að einfalda stjórnsýslu í tengslum við innflutning gæludýra sem ekki teljast til nýrra dýrategunda eða erlendra dýrategunda sem eru fyrir hér á landi. Í stað þess að landbúnaðarráðuneyti annist leyfisveitingar er talið rétt í ljósi markmiða um einfaldari stjórnsýslu að fela yfirdýralækni og Landbúnaðarstofnun að annast þann þátt innflutnings dýra. Jafnframt er lagt til að við lögin bætist skilgreining á hugtakinu gæludýr. Annað meginmarkmið frumvarpsins er að lagfæra skilgreiningu laganna á hugtakinu einangrunarstöð en með lögum nr. 153/2002, um breytingu á lögum um innflutning dýra, láðist að breyta skilgreiningunni á hugtakinu einangrunarstöð þannig að það næði til innflutn-

ings svína og erfðaefnis þeirra. Þær breytingar sem lagðar eru til eru til að taka af allan vafa um meðferð slíkra mála.

Nefndin kannaði sérstaklega þá hlið málsins sem lýtur að innflutningi svína og erfðaefnis þeirra en svínabændur hafa farið fram á að liðkað verði til við innflutning á erfðaefni svína. Samkvæmt gildandi lögum er aðeins heimilt að flytja erfðaefni svína í einangrunarstöð og láta dýr vaxa af því en ekki flytja erfðaefnið til svínabænda að lokinni meðferð í einangrunarstöð. Svínaræktarfélag Íslands hefur látið kanna kosti og galla mismunandi leiða við erfðauppfærslu með tilliti til sjúkdómaöryggis, hagkvæmni og hraða í kynbótum. Í skýrslu dýralæknis í svínasjúkdómum til fagráðs Svínaræktarfélags Íslands frá 31. maí 2006, sem lagt var fyrir nefndina, kom m.a. fram að einn öruggasti kosturinn af þeim sem kannaðir voru væri að flytja inn fryst sæði beint inn á svínabú. Innflutningur lifandi dýra var talinn lakasti kosturinn. Yfirdýralæknir hefur hins vegar lagst gegn slíkri heimild með tilliti til sjúkdómaöryggis og þess grundvallar sem lög um innflutning dýra byggjast á.

Nefndin beinir því til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að hann skipi starfshóp sérfræðinga til að gera tillögur um leiðir til að efla og auka hagkvæmni í svínarækt, m.a. með tilliti til hugsanlegs innflutnings á erfðaefni, með það að leiðarljósi að búgreinin verði arðbær og samkeppnisfær við aðrar greinar og matvælaöryggi og sjúkdómavarnir séu nægilega tryggð.

Við athugun málsins í nefndinni kom í ljós að hentugra væri að færa gildistökudag laganna til 1. janúar 2008 svo að tími gæfist til undirbúnings áður en lögin tæku gildi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 5. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2008.

Gunnar Svavarsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. des. 2007.

Arnbjörg Sveinsdóttir, form., frsm.	Atli Gíslason.	Kjartan Ólafsson.
Helgi Hjörvar.	Jón Björn Hákonarson.	Jón Gunnarsson.
Karl V. Matthíasson.		Grétar Mar Jónsson.

481. Frumvarp til laga [195. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð, lögum um sjúklingatryggingu, lögum um heilbrigðisþjónustu, lögum um málefni aldraðra og lögum um eftirlaun til aldraðra.

(Eftir 2. umr., 12. des.)

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingu.

1. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Félags- og tryggingamálaráðherra fer með lífeyristryggingar, sbr. 1. gr., og yfirstjórn Tryggingastofnunar ríkisins. Heilbrigðisráðherra fer með slysatryggingar og sjúkratryggingar, sbr. 1. gr. Tryggingastofnun annast framkvæmd lífeyristrygginga samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Orðin „eftir hverjar alþingiskosningar“ í 1. málsl. 3. gr. laganna falla brott.

3. gr.

3. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu“ í 1. mgr. 25. gr. laganna kemur: ráðherra.

5. gr.

Orðin „dvalarheimila fyrir aldraða“ í 1. málsl. 2. mgr. 44. gr. laganna falla brott.

6. gr.

6. mgr. 48. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra ákveður daggjöld dvalarheimila fyrir aldraða með reglugerð. Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að greiða dvalarheimili fyrir aldraða sem ekki er á föstum fjárlögum vistunarframlag allt að því sem á vantar dvalarkostnað í samræmi við lög um málefni aldraðra. Vistunarframlag skal þó aldrei nema hærri fjárhæð en nemur dvalarkostnaði vistmanns eins og hann er ákveðinn af ráðherra hverju sinni skv. 1. málsl.

7. gr.

Í stað orðanna „Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 3. mgr. 58. gr. laganna kemur: Ráðherra.

8. gr.

Í stað orðsins „ráðherra“ í 1. málsl. 1. mgr. 68. gr. laganna kemur: hlutaðeigandi ráðherra.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 70. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Ráðherra“ í 1. málsl. kemur: Félags- og tryggingamálaráðherra eða heilbrigðisráðherra eftir atvikum.
b. Í stað orðsins „ráðherra“ í 2. málsl. kemur: hlutaðeigandi ráðherra.

10. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

9. Tryggingastofnun ríkisins annast reikningshald og daglega afgreiðslu slysatrygginga og sjúkratrygginga, að undanskilinni 39. gr., í umboði heilbrigðisráðherra, þar til ný stofnun samkvæmt ákvæði til bráðabirgða við lögin um heilbrigðisþjónustu tekur til starfa.

Hvarvetna í lögum þessum þar sem Tryggingastofnun ríkisins er falið að annast framkvæmd slysatrygginga og sjúkratrygginga skal það gert í umboði heilbrigðisráðherra.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 99/2007, um félagslega aðstoð.

11. gr.

Í stað orðanna „Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 2. mgr. 14. gr. laganna kemur: Félags- og tryggingamálaráðherra.

III. KAFLI
Breyting á lögum nr. 111/2000, um sjúklingatryggingu, með síðari breytingu.

12. gr.

Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 1. málsl. 1. mgr. 1. gr., 1. málsl. 2. mgr. 10. gr., 2. málsl. 1. mgr. 15. gr. og 1. málsl. 17. gr. laganna kemur: heilbrigðisráðherra.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í d-lið kemur: heilbrigðisráðherra.
b. Í stað orðanna „við Tryggingastofnun ríkisins“ í d-lið kemur: á grundvelli 44. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar.

14. gr.

Í stað orðsins „Ráðherra“ í 21. gr. laganna kemur: Heilbrigðisráðherra.

15. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða sem hljóðar svo:

Hvarvetna í lögum þessum þar sem Tryggingastofnun ríkisins er falið að annast framkvæmd sjúklingatryggingar skal það gert í umboði heilbrigðisráðherra.

IV. KAFLI

Breyting á lögum nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu.

16. gr.

Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamála“ í 2. gr. laganna kemur: heilbrigðismála.

17. gr.

Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 7. tölul. 4. gr. laganna kemur: heilbrigðisráðherra.

18. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Starfrækja skal stofnun undir yfirstjórn heilbrigðisráðherra sem hefur m.a. það hlutverk að annast kaup, greiðslur og samninga um heilbrigðisþjónustu og framkvæmd þeirra málaflokka almannatrygginga sem heyra undir heilbrigðisráðherra.

Ráðherra skipar forstjóra stofnunarinnar til fimm ára í senn. Forstjóri skal hafa lokið námi á háskólastigi. Forstjóri ræður aðra starfsmenn stofnunarinnar og annast daglegan rekstur hennar.

Ráðherra skipar fimm menn í stjórn stofnunarinnar og skal einn skipaður formaður stjórnar og annar varaformaður. Ráðherra setur stjórninni erindisbréf.

V. KAFLI

Breyting á lögum nr. 125/1999, um málefni aldraða, með síðari breytingum.

19. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. tölul. 2. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „heilbrigðis-“ í 1. málsl. kemur: félags-.
b. Í stað orðsins „þjónustuþættir“ í 2. málsl. kemur: þjónustuþættir, aðrir en heilbrigðisþjónusta.

20. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Félags- og tryggingamálaráðherra fer með yfirstjórn öldrunarmála samkvæmt lögum þessum. Heilbrigðisráðherra fer með yfirstjórn heilbrigðisþjónustu við aldraða.

b. 1. málsl. 2. mgr. orðast svo: Félags- og tryggingamálaráðuneytið skal annast stefnumótun og áætlanagerð í öldrunarmálum fyrir landið í heild.

21. gr.

1. og 2. málsl. 4. gr. laganna orðast svo: Félags- og tryggingamálaráðherra skipar fimm manna samstarfsnefnd um málefni aldraða. Skal einn nefndarmaður tilnefndur af heilbrigðisráðherra, einn af Landssambandi eldri borgara, einn af Öldrunarráði Íslands, einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn skipaður án tilnefningar og skal hann vera formaður.

22. gr.

Í stað orðsins „heilbrigðis-“ í 1. tölul. 5. gr. laganna kemur: félags-.

23. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. mgr. 9. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 1. málsl. kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „heilbrigðis-“ í 2. málsl. kemur: félags-.

24. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „heilbrigðis-“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: félags-.
b. Í stað orðsins „heilbrigðis-“ í 2. mgr. kemur: félags-.

25. gr.

Í stað orðsins „Heilbrigðis-“ í 12. gr. laganna kemur: Félags-.

26. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. Orðin „sem er í höndum starfsfólks heilsugæslustöðva“ í 4. málsl. 1. tölul. falla brott.
b. Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 2. málsl. 4. tölul. kemur: ráðherra.

27. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:

   Engan má vista til langdvalar á stofnun fyrir aldraða skv. 2. tölul. 1. mgr. 14. gr. nema að undangengnu mati á vistunarþörf. Heilbrigðisráðherra skipar þriggja manna nefndir til að meta vistunarþörf. Nefndirnar skulu skipaðar lækni með sérmenntun á sviði öldrunar- eða heimilislækninga, hjúkrunarfræðingi með þekkingu á öldrunarþjónustu og félagsráðgjafa með þekkingu á félagslegri þjónustu við aldraða sem tilnefndur er af félags- og tryggingamálaráðherra. Skipa skal þrjá varamenn sem uppfylla sömu menntunarskilyrði og aðalmenn. Nánar skal kveðið á um vistunarmat, fjölda nefnda og starfssvæði þeirra í reglugerð heilbrigðisráðherra.
b. 4. mgr. orðast svo:

   Félags- og tryggingamálaráðherra er heimilt í reglugerð að kveða á um mat á þjónustuþörf og framkvæmd þess vegna annarra stofnana fyrir aldraða en þeirra sem tilgreindar eru í 2. tölul. 1. mgr. 14. gr.

28. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Áður en framkvæmdir hefjast við dagvist fyrir aldraða skv. 3. tölul. 13. gr. eða stofnun fyrir aldraða skv. 14. gr. skal afla framkvæmda- og rekstrarleyfis félags- og tryggingamálaráðherra.
b. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður sem verður 2. málsl. og orðast svo: Þegar um er að ræða stofnun fyrir aldraða skv. 2. tölul. 1. mgr. 14. gr. skal liggja fyrir leyfi heilbrigðisráðherra til reksturs heilbrigðisþjónustu á slíkum stofnunum, sbr. lög um heilbrigðisþjónustu, áður en framkvæmdaleyfi er gefið út.
c. Orðin „sem útbúin eru af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu“ í 2. málsl. 1. mgr. (sem verður 3. málsl.) falla brott.

d. Í stað orðsins „heilbrigðis-“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: félags-.
e. Í stað orðsins „heilbrigðis-“ í 4. málsl. 2. mgr. kemur: félags-.

29. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 21. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „6. mgr. 43. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: 6. mgr. 48. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar.
b. Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skv. 39. gr. laga um almannatryggingar“ í 3. málsl. 1. mgr. kemur: ráðherra skv. 6. mgr. 48. gr. laga um almannatryggingar.
c. Í stað orðanna „43. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: 48. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar.
d. Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hverju sinni, sbr. 39. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar“ í 3. mgr. kemur: ráðherra hverju sinni, sbr. 6. mgr. 48. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar.

30. gr.

Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, sbr. 39. gr. laga um almannatryggingar“ í 2. málsl. 1. mgr. 22. gr. laganna kemur: ráðherra, sbr. 6. mgr. 48. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar.

31. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „heilbrigðis-“ í 3. málsl. 2. mgr. kemur: félags-.
b. Í stað orðsins „Heilbrigðis-“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: Félags-.
c. Í stað orðanna „39. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar“ í 2. málsl. 3. mgr. kemur: 6. mgr. 48. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar.

32. gr.

Í stað orðanna „43. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum“ í 24. gr. laganna kemur: 48. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar.

33. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 26. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „64. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: 68. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar.
b. Í stað orðanna „11. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar“ í 4. mgr. kemur: 17. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar.
c. Í stað orðanna „47. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar“ í 3. málsl. 5. mgr. kemur: 52. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar.
d. Í stað orðanna „47. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar“ í 6. mgr. kemur: 52. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar.
e. Í stað orðanna „1., 2. og 5. mgr. 50. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar“ í 2. málsl. 8. mgr. kemur: 1., 2. og 5. mgr. 55. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar.
f. Í stað orðanna „47. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar“ í 2. málsl. 9. mgr. kemur: 52. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar.

34. gr.

29. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

VI. KAFLI

Breyting á lögum nr. 113/1994, um eftirlaun til aldraðra, með síðari breytingum.

35. gr.

Í stað orðanna „Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 1. málsl. 1. mgr. 17. gr. laganna kemur: Ráðherra.

VII. KAFLI

Gildistaka.

36. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2008. Frá sama tíma fellur brott 3. gr. laga nr. 29/2007, um breytingu á lögum nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

482. Frumvarp til laga [130. mál]

um breytingu á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands.

(Eftir 2. umr., 12. des.)

1. ÞÁTTUR

Breytingar vegna flutnings sveitarstjórnarmála til samgönguráðuneytis.

I. KAFLI

Breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998, með síðari breytingum.

1. gr.

a. Í stað orðsins „Félagsmálaráðuneytið“ í 1. mgr. 2. gr. og 6. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I við lögin kemur: Samgönguráðuneytið.
b. Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ í 3. mgr. 73. gr. og 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I við lögin kemur: samgönguráðherra.

II. KAFLI

Breyting á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum.

2. gr.

a. Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ í 15., 16. og 18. gr. laganna kemur: samgönguráðherra.
b. Í stað orðsins: „félagsmálaráðuneytisins“ í 16. gr. laganna kemur: samgönguráðuneytisins.

III. KAFLI

Breyting á lögum um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, með síðari breytingum.

3. gr.

a. Í stað orðsins „félagsmálaráðuneytið“ í 2. mgr. 1. gr., 8. gr., 1. mgr. 42. gr. og 1. og 2. mgr. 46. gr. laganna kemur: samgönguráðuneytið.
b. Í stað orðsins „félagsmálaráðuneytisins“ í 3. mgr. 93. gr. og 3. mgr. 98. gr. laganna kemur: samgönguráðuneytisins.

IV. KAFLI

Breyting á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54/1971.

4. gr.

a. Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: samgönguráðherra.
b. Í stað orðsins „félagsmálaráðuneytinu“ í 4. mgr. 6. gr. laganna kemur: samgönguráðuneytinu.

V. KAFLI

Breyting á lögum um Bjargráðasjóð, nr. 146/1995, með síðari breytingum.

5. gr.

a. Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 1. og 2. málsl. 2. gr. laganna kemur: Samgönguráðherra.
b. Í stað orðsins „félagsmálaráðuneytið“ í 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: samgönguráðuneytið.

VI. KAFLI

Breyting á lögum um gatnagerðargjald, nr. 153/2006.

6. gr.

Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ í 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: samgönguráðherra.

VII. KAFLI

Breyting á lögum um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga, nr. 150/2006.

7. gr.

Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ í ákvæði til bráðabirgða IV við lögin kemur: samgönguráðherra.

VIII. KAFLI

Breyting á lögum um húsaleigubætur, nr. 138/1997.

8. gr.

Á eftir orðunum „Samband íslenskra sveitarfélaga“ í 21. gr. laganna kemur: og samgönguráðuneytið.

IX. KAFLI

Breyting á lögum um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, nr. 53/1995.

9. gr.

Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ í 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: samgönguráðherra.

X. KAFLI

Breyting á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49/1997.

10. gr.

Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ í 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: samgönguráðherra.

XI. KAFLI

Breyting á lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998.

11. gr.

Orðið „félagsmálaráðherra“ í 1. mgr. 4. gr. laganna fellur brott.

XII. KAFLI

Breyting á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum.

12. gr.

Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ í 2. mgr. 12. gr. a laganna kemur: samgönguráðherra.

2. ÞÁTTUR

Breytingar vegna flutnings ferðamála til iðnaðarráðuneytis.

XIII. KAFLI

Breyting á lögum um skipan ferðamála, nr. 73/2005.

13. gr.

Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 2. gr., 2. mgr. 3. gr., 2. mgr. 17. gr. og 4. mgr. 18. gr. laganna kemur: iðnaðarráðherra.

3. ÞÁTTUR

Breytingar vegna flutnings alferða til viðskiptaráðuneytis.

XIV. KAFLI

Breyting á lögum um alferðir, nr. 80/1994, með síðari breytingum.

14. gr.

Í stað orðsins „Samgönguráðherra“ í 16. gr. laganna kemur: Viðskiptaráðherra.

4. ÞÁTTUR

Breytingar vegna flutnings landbúnaðarskóla til menntamálaráðuneytis.

XV. KAFLI

Breyting á lögum um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999, með síðari breytingum.

15. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Menntastofnanir landbúnaðarins lúta yfirstjórn menntamálaráðherra, sbr. einnig lög nr. 63/2006, um háskóla, og lög nr. 80/1996, um framhaldsskóla.

16. gr.

Í stað orðsins „Landbúnaðarráðherra“ í 1. mgr. 5. gr., 2. mgr. 23. gr., 1. mgr. 25. gr., 2. mgr. 31. gr., 32. gr., 1. og 2. mgr. 35. gr. og 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna kemur: Menntamálaráðherra.

17. gr.

2. mgr. 10. gr. laganna fellur brott.

18. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

II. kafli laga nr. 63/2006, sem fjallar um viðurkenningu háskóla, gildir um menntastofnanir landbúnaðarins.

19. gr.

13. gr. laganna orðast svo:

III. kafli laga nr. 63/2006, sem fjallar um námsframboð og prófgráður í háskólum, gildir um menntastofnanir landbúnaðarins.

20. gr.

14. gr. laganna orðast svo:

Viðmið, útgefin af menntamálaráðherra skv. 5. gr. laga nr. 63/2006, gilda um æðri menntun og prófgráður sem menntastofnanir landbúnaðarins veita.

21. gr.

Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 3. mgr. 27. gr. og 4. mgr. 34. gr. laganna kemur: menntamálaráðuneytis.

22. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

Þeir sem við gildistöku bráðabirgðaákvæðis þessa eru skipaðir í háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands og Hólaskóla halda sætum sínum út skipunartímann, nema önnur skipan verði ákveðin. Láti fulltrúi af setu í háskólaráði á skipunartímanum skipar menntamálaráðherra annan í hans stað á grundvelli tilnefningar eftir því sem við á.

Ákvæði um háskólaráð og stjórnskipan Landbúnaðarháskóla Íslands og Hólaskóla skulu endurskoðuð með tilliti til rammalaga um háskóla.

5. ÞÁTTUR

Breytingar vegna flutnings landgræðslu og skógræktar, að undanskilinni ræktun nytjaskóga, til umhverfisráðuneytis og breytingar er lúta að því að skýra valdmörk sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis og umhverfisráðuneytis.

XVI. KAFLI

Breyting á lögum um landgræðslu, nr. 17/1965, með síðari breytingum.

23. gr.

a. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 8. gr. laganna kemur: umhverfisráðherra.

b. Í stað orðsins „landbúnaðarráðuneytinu“ í 2. mgr. 7. gr. laganna kemur: umhverfisráðuneytinu.

XVII. KAFLI

Breyting á lögum um skógrækt, nr. 3/1955, með síðari breytingum.

24. gr.

1. málsl. 2. gr. laganna orðast svo: Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn skógræktarmála samkvæmt lögum þessum, sbr. þó ákvæði IV. kafla.

25. gr.

Við 24. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fer með þau málefni er varða ræktun nytjaskóga á bújörðum sem fjallað er um í þessum kafla.

26. gr.

a. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 4. málsl. 3. mgr. 27. gr., 4. málsl. b-liðar 28. gr. og 3. mgr. 29. gr. laganna kemur: sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.
b. Í stað orðanna „landbúnaðarráðuneytinu“ í b-lið 2. mgr. 25. gr., „landbúnaðarráðuneytisins“ í 2. málsl. 3. mgr. 27. gr. og „landbúnaðarráðuneytið“ í 31. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið.
c. Í stað orðsins „Ráðherra“ í 34. gr. laganna kemur: Umhverfisráðherra.

XVIII. KAFLI

Breyting á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, með síðari breytingum, sbr. lög nr. 58/2007.

27. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 41. gr. laganna:

a. 2. málsl. 3. mgr. orðast svo: Ráðherra er heimilt að gera samninga við ríkisstofnanir og/eða einkaaðila um að annast verkefni við úttekt og eftirlit á landi sem nýtt er við gæðastýrða framleiðslu.
b. Orðin „og Landgræðslu ríkisins“ í 3. málsl. 3. mgr. falla brott.
c. 4. málsl. 3. mgr. fellur brott.

XIX. KAFLI

Breyting á lögum um dýravernd, nr. 15/1994, með síðari breytingum.

28. gr.

2. mgr. 11. gr. laganna orðast svo:

Umhverfisráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari fyrirmæli um flutning á dýrum öðrum en búfé að höfðu samráði við Matvælastofnun.

29. gr.

2. málsl. 2. mgr. 14. gr. laganna orðast svo: Umhverfisráðherra er heimilt, að höfðu samráði við Matvælastofnun, að setja í reglugerð nánari fyrirmæli um hvernig staðið skuli að aflífun dýra annarra en búfjár.

XX. KAFLI

Breyting á lögum um búfjárhald o.fl., nr. 103/2002, með síðari breytingum.

30. gr.

Við 17. gr. laganna bætast tveir nýir töluliðir er orðast svo:

5. Reglugerð um flutning búfjár. Í reglugerðinni skulu m.a. sett fyrirmæli er tryggja velferð búfjár í tengslum við flutninga. Þá skal setja fram kröfur um flutning búfjár frá brottfararstað til áfangastaðar, þ.m.t. hleðsla, umferming og afferming, og um þær kröfur sem gerðar eru til flutningstækja sem flytja búfé auk hleðslubúnaðar. Heimilt er að setja reglur um flutningsskilríki flutningsaðila, skyldur gæsluaðila með búfé, sérstök leyfi flutningsaðila sem veitt verða af Matvælastofnun og reglur til að skylda aðila sem vinna við flutning á búfé til að sækja námskeið. Við setningu reglugerðar um flutning búfjár skal aflað umsagnar Umhverfisstofnunar.
6. Reglugerð um aflífun búfjár. Í reglugerðinni skal m.a. kveðið á um að búfé skuli aflífað með skjótum og sársaukalausum hætti og án þess að önnur dýr verði þess vör, sem og að búfé skuli ávallt svipt meðvitund áður en blóðtæming fer fram. Þá skal setja í reglugerðina fyrirmæli um hvernig nánar verði staðið að meðferð, skoðun og aflífun búfjár í sláturhúsum og utan sláturhúsa, svo og vegna aflífunar búfjár vegna sjúkdómavarna. Heimilt er að setja kröfur um fræðslu og hæfi aðila sem vinna við aflífun búfjár, t.d. um skyldu til að sækja námskeið. Við setningu reglugerðar um aflífun búfjár skal aflað umsagnar Umhverfisstofnunar.

XXI. KAFLI

Breyting á lögum um innflutning dýra, nr. 54/1990, með síðari breytingum.

31. gr.

Við 5. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Með umsókn um leyfi til innflutnings á nýjum dýrategundum skal fylgja áhættumat sem umsækjandi um leyfi hefur aflað. Í áhættumati skal m.a. meta hættu á því hvort viðkomandi tegund geti sloppið út í umhverfið og þá hvaða áhrif það kunni að hafa á lífríkið.

Ráðherra er heimilt, að höfðu samráði við umhverfisráðherra, að setja í reglugerð nánari fyrirmæli um það með hvaða hætti áhættumat skuli fara fram.

XXII. KAFLI

Breyting á lögum um varnir gegn landbroti, nr. 91/2002, með síðari breytingum.

32. gr.

a. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 3. gr., 2. mgr. 8. gr., 10. gr. og 11. gr. laganna kemur: umhverfisráðherra.
b. Í stað orðsins „Landbúnaðarstofnun“ í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: Matvælastofnun.

6. ÞÁTTUR

Breytingar vegna flutnings vatnamælinga til umhverfisráðuneytis.

XXIII. KAFLI

Breyting á lögum um Orkustofnun, nr. 87/2003.

33. gr.

1. mgr. 3. gr. laganna fellur brott.

34. gr.

Við lögin bætast tvö ný ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

a. (I.)

Starfsemi vatnamælinga Orkustofnunar heyrir undir umhverfisráðuneytið frá 1. janúar 2008. Umhverfisráðherra skal vinna að sameiningu Veðurstofu Íslands og vatnamælinga Orkustofnunar í eina stofnun eigi síðar en 1. janúar 2009.

Umhverfisráðherra og iðnaðarráðherra í samráði við orkumálastjóra ákveða hvaða eignir og gögn skuli færast með vatnamælingum til hinnar nýju stofnunar.

b. (II.)

Starfsmönnum Veðurstofu Íslands og vatnamælinga Orkustofnunar skal boðið starf hjá nýrri stofnun sem verður til við sameiningu Veðurstofu Íslands og vatnamælinga Orkustofnunar. Ákvæði 7. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, gilda ekki um störf sem ráðið er í samkvæmt þessu ákvæði.

7. ÞÁTTUR

Breytingar vegna flutnings matvælamála til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis.

XXIV. KAFLI

Breyting á lögum um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum.

35. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, í lögum þessum nefndur ráðherra, fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum. Matvælastofnun er ráðherra til ráðgjafar.

36. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Matvælastofnun annast opinbert eftirlit samkvæmt lögum þessum með:

a. frumframleiðslu, innflutningi og útflutningi búfjárafurða,
b. smitsjúkdómum búfjár,
c. meðferð, skoðun og mati á sláturafurðum,
d. heilbrigðisskoðun eldisfisks,
e. meðferð, flutningi, geymslu, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, að undanskilinni smásölu,
f. innflutningi annarra matvæla en getið er í a–e-lið.

37. gr.

7. gr. laganna fellur brott.

38. gr.

8. gr. laganna fellur brott.

39. gr.

Í stað orðanna „hlutaðeigandi ráðherra“ í 2. mgr. 10. gr. og 18. gr. laganna kemur: ráðherra.

40. gr.

1. mgr. 19. gr. laganna orðast svo:

Matvælastofnun skal sjá um að halda uppi fræðslu fyrir almenning um þau málefni sem lög þessi ná til. Jafnframt skal stofnunin vinna að eflingu fræðslustarfs fyrir þá sem starfa við framleiðslu og dreifingu matvæla og veita ráðgjöf við gerð námsefnis fyrir kennslu um matvæli og meðferð þeirra, sbr. 2. mgr.

41. gr.

1. mgr. 20. gr. laganna orðast svo:

Framleiðsla og dreifing matvæla er háð leyfi heilbrigðisnefndar. Heimilt er að binda slíkar leyfisveitingar ákveðnum kröfum til þess að tryggja að matvæli verði ekki fyrir skemmdum eða spillist á annan hátt. Þegar ákvæði þessi eiga við um starfsemi sem er undir opinberu eftirliti Matvælastofnunar skv. 6. gr. er leyfisveiting í höndum þeirrar stofnunar.

42. gr.

21. gr. laganna fellur brott.

43. gr.

22. gr. laganna orðast svo:

Heilbrigðisnefnd hefur undir yfirumsjón Matvælastofnunar opinbert eftirlit með framleiðslu og dreifingu matvæla. Matvælastofnun hefur þó opinbert eftirlit með matvælum sem falla undir ákvæði 6. gr. Matvælastofnun skráir nauðsynlegar upplýsingar um framleiðslu og dreifingu matvæla vegna matvælaeftirlits. Matvælastofnun skal hafa aðgang að niðurstöðum úr sýnatökum heilbrigðisnefnda sveitarfélaganna. Þá er ráðherra heimilt að fela stofnuninni eftirlit með afmörkuðum þáttum.

44. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Hlutaðeigandi ráðherra“ hvarvetna í 1. og 2. mgr. kemur: ráðherra.
b. 3. mgr. fellur brott.

45. gr.

Í stað orðanna „til hlutaðeigandi stofnana, sem eru ráðuneytum til ráðgjafar samkvæmt ákvæðum III. kafla laganna“ í 3. mgr. 24. gr. laganna kemur: Matvælastofnun.

46. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 25. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „hlutaðeigandi ráðherra“ hvarvetna í 1. mgr. kemur: ráðherra.
b. Í stað orðanna „Umhverfisstofnunar, Fiskistofu og Landbúnaðarstofnunar“ í 1. og 4. málsl. 1. mgr. kemur: Matvælastofnunar.

47. gr.

Í stað orðanna „Hlutaðeigandi ráðherra“ í 26. gr. laganna kemur: Ráðherra.

48. gr.

Í stað orðanna „Umhverfisstofnun, Landbúnaðarstofnun eða Fiskistofu“ í 28. gr. laganna kemur: eða Matvælastofnun.

49. gr.

Við 30. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 1. mgr., svohljóðandi:

Matvælastofnun getur gripið til þvingunarúrræða og viðurlaga vegna brota gegn lögum þessum.

50. gr.

Á eftir 30. gr. laganna kemur ný grein sem verður 30. gr. a, svohljóðandi:

Rísi ágreiningur milli heilbrigðisnefndar og sveitarstjórna um framkvæmd þessara laga skal vísa málinu til fullnaðarúrskurðar ráðherra. Sama gildir um ágreining milli Matvælastofnunar og heilbrigðisnefnda um framkvæmd laga þessara.

XXV. KAFLI
Breyting á lögum um Umhverfisstofnun, nr. 90/2002.

51. gr.

Orðin „lögum nr. 93/1995, um matvæli, með síðari breytingum“ í a-lið 2. mgr. 1. gr. laganna falla brott.

XXVI. KAFLI
Breyting á lögum um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, nr. 55/1998, með síðari breytingum.

52. gr.

Í stað orðsins „Fiskistofa“ í 4. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Matvælastofnun.

53. gr.

Í stað orðsins „Sjávarútvegsráðuneytið“ í 2. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 22. gr. laganna kemur: Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið; og í stað orðsins „sjávarútvegsráðuneytis“ í 5. mgr. 14. gr. laganna kemur: sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis.

XXVII. KAFLI
Breyting á lögum um eldi nytjastofna sjávar, nr. 33/2002, með síðari breytingum.

54. gr.

a. Í stað orðsins „sjávarútvegsráðherra“ í 1. mgr. 3. gr., 4. gr., 6. gr. og 2. mgr. 7. gr. laganna kemur: sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.
b. Í stað orðsins „Fiskistofu“ í 2. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Matvælastofnun.
c. Í stað orðsins „Landbúnaðarráðherra“ í 4. gr. laganna kemur: Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.
d. Í stað orðanna „Landbúnaðarstofnun“ og „Landbúnaðarstofnunar“ í 6. gr. laganna kemur Matvælastofnun, og: Matvælastofnunar.

XXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum.

55. gr.

a. Orðið „matvælum“ í 2. mgr. 3. gr. laganna og orðin „matvælum og“ í ákvæði til bráðabirgða III við lögin falla brott.
b. Orðin „m.a. með tilliti til manneldismála“ í 2. mgr. 3. gr. laganna falla brott.

56. gr.

Orðið „matarsýkingar“ í 2. mgr. 29. gr. laganna fellur brott.

XXIX. KAFLI

Breyting á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, með síðari breytingum, sbr. lög nr. 58/2007.

57. gr.

a. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 1. mgr. 2. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur: sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.
b. Í stað orðsins „Landbúnaðarstofnun“ í 1. mgr. 38. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Matvælastofnun.
c. Orðin „laga nr. 7 12. mars 1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og“ í 1. mgr. 66. gr. laganna falla brott.
d. Í stað orðsins „landbúnaðarráðuneytis“ í 3. mgr. 85. gr. A laganna kemur: sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis.

XXX. KAFLI

Breyting á lögum um Landbúnaðarstofnun, nr. 80/2005, með síðari breytingum.

58. gr.

a. Í stað orðsins „Landbúnaðarstofnun“ í 1. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Matvælastofnun.
b. Í stað orðsins „Landbúnaðarráðherra“ í 1. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur: sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

59. gr.

Við 2. gr. laganna bætast þrír nýir stafliðir er orðast svo:

h. að annast eftirlit með meðferð fisks og framleiðslu sjávarafurða samkvæmt lögum um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, nr. 55/1998,
i. að annast eftirlit með matvælum samkvæmt lögum um matvæli, nr. 93/1995,
j. að annast eftirlit með fiskeldi samkvæmt lögum nr. 57/2006, um eldi vatnafiska, og lögum nr. 33/2002, um eldi nytjastofna sjávar.

60. gr.

Við lögin bætist ný grein, 5. gr. a, sem orðast svo:

Ráðherra getur falið Matvælastofnun að gera samkomulag við aðrar ríkisstofnanir um að annast tiltekna þætti í starfsemi stofnunarinnar.

61. gr.

Við lögin bætast þrjú ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

a. (I.)

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra er heimilt að ákveða með auglýsingu, er birta skal í B-deild Stjórnartíðinda, að flutningur málefna frá Fiskistofu til Matvælastofnunar, sbr. h- og j-lið 2. gr., komi til framkvæmda að hluta eða öllu leyti síðar á árinu 2008.

b. (II.)

Við flutning á málefnum frá Fiskistofu og Umhverfisstofnun til Matvælastofnunar skv. h-, i- og j-lið 2. gr. halda starfsmenn störfum sínum og starfskjörum. Við ráðstöfun starfa samkvæmt þessu ákvæði þarf ekki að gæta 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

c. (III.)

Á árinu 2008 skal heimild skv. 5. gr. a til að gera samninga við Fiskistofu um að annast tiltekna þætti í starfsemi Matvælastofnunar ná til allra verkefna sem við gildistöku þessara laga eru á verksviði stofnunarinnar samkvæmt lögum nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum, þ.m.t. ákvarðana um þvingunarúrræði og viðurlög skv. III.–VI. kafla laganna, svo sem leyfissviptinga, ákvarðana um stöðvun vinnslu og dreifingar afurða, stöðvun innflutnings, innköllun, endursendingu, förgun, eyðingu, geymslu og ráðstöfun afurða, og ákvarðana um önnur þvingunarúrræði og viðurlög, svo og ákvarðana um kostnað við að framfylgja ákvæðum laganna.

62. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um Matvælastofnun.**

XXXI. KAFLI
Breyting á lögum um Fiskistofu, nr. 36/1992, með síðari breytingum.

63. gr.

2. málsl. 2. gr. laganna fellur brott.

XXXII. KAFLI
Breyting á lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, nr. 66/1998, með síðari breytingum.

64. gr.

a. Í stað orðsins „Landbúnaðarráðherra“ í 3. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur: sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.
b. Í stað orðsins „Landbúnaðarstofnun“ í 1. mgr. 4. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Matvælastofnun.
c. Í stað orðsins „vör“ í 1. mgr. 18. gr. laganna kemur: vart.

XXXIII. KAFLI

Breyting á lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, nr. 25/1993, með síðari breytingum.

65. gr.

a. Í stað orðsins „Landbúnaðarráðherra“ í 1. mgr. 3. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur: sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.
b. Í stað orðsins „Landbúnaðarstofnun“ í 2. mgr. 3. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Matvælastofnun.

XXXIV. KAFLI

Breyting á lögum um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, nr. 96/1997, með síðari breytingum.

66. gr.

a. Í stað orðsins „Landbúnaðarstofnunar“ í 3. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Matvælastofnun.
b. Í stað orðsins „landbúnaðarráðuneytisins“ tvívegis í 3. gr. laganna kemur: sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis; og í stað orðanna „landbúnaðarráðuneyti“ og „landbúnaðarráðuneytinu“ í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti.
c. Í stað orðsins „Landbúnaðarráðherra“ í 4. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur: sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.
d. Í stað orðsins „Hún“ í 2. málsl. 1. mgr. 16. gr. laganna kemur: Matvælastofnun.

XXXV. KAFLI

Breyting á lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986, með síðari breytingum.

67. gr.

a. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í b-lið 2. mgr. 14. gr., 25. gr., 1. mgr. 27. gr., 2. mgr. 63. gr., 2. mgr. 66. gr., 2. mgr. 68. gr. og 2. mgr. 69. gr. laganna kemur: sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.
b. Í stað orðsins „Landbúnaðarstofnunar“ í 2. mgr. 69. gr. laganna kemur: Matvælastofnunar.

XXXVI. KAFLI

Breyting á lögum um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, nr. 22/1994, með síðari breytingum.

68. gr.

a. Í stað orðsins „Landbúnaðarráðherra“ í 1. mgr. 3. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur: Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.
b. Í stað orðsins „Landbúnaðarstofnun“ í 1. mgr. 3. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Matvælastofnun.

XXXVII. KAFLI

Breyting á lögum um lífræna landbúnaðarframleiðslu, nr. 162/1994, með síðari breytingum.

69. gr.

a. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 2. mgr. 2. gr., 2. mgr. 3. gr. og 6. gr. laganna kemur: sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.
b. Í stað orðsins „Landbúnaðarstofnun“ tvívegis í 4. gr. og 5. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Matvælastofnun.

XXXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um útflutning hrossa, nr. 55/2002, með síðari breytingum.

70. gr.

a. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 2. gr., 2. mgr. 4. gr. og 7. gr. laganna kemur: sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.
b. Í stað orðsins „Landbúnaðarstofnunar“ í 2. gr. og orðsins „Landbúnaðarstofnun“ í 6. gr. laganna kemur: Matvælastofnunar, og: Matvælastofnun.

XXXIX. KAFLI

Breyting á lögum um innflutning dýra, nr. 54/1990, með síðari breytingum.

71. gr.

a. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 2. mgr. 2. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur: sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.
b. Í stað orðsins „Landbúnaðarstofnunar“ tvívegis í 2. mgr. 2. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Matvælastofnun.
c. Í stað orðsins „Landbúnaðarráðuneytið“ í 6. gr. laganna kemur: Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið.
d. Í stað orðanna „Landbúnaðarstofnun eða fulltrúi hennar“ í 1. mgr. 12. gr. laganna kemur: Matvælastofnun eða fulltrúi þess.

XL. KAFLI

Breyting á lögum um búfjárhald o.fl., nr. 103/2002, með síðari breytingum.

72. gr.

a. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 1. og 2. mgr. 2. gr., 1. mgr. 5. gr., 2. mgr. 13. gr., 15. gr. og 17. gr. laganna kemur: sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.
b. Í stað orðsins „Landbúnaðarstofnun“ í 4. gr., 11. gr., 1. mgr. 13. gr., 1. og 5. mgr. 16. gr. og 3. tölul. 17. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Matvælastofnun.
c. Í stað orðsins „landbúnaðarráðuneytið“ í 11. gr. og „landbúnaðarráðuneytisins“ í 1. mgr. 13. gr. laganna kemur: sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, og: sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis.

XLI. KAFLI

Breyting á lögum um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006.

73. gr.

a. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 1. mgr. 4. gr., 1. mgr. 44. gr. og 1. og 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I við lögin kemur: sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

b. Í stað orðsins „Landbúnaðarstofnunar“ í 1. mgr. 4. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Matvælastofnun.
c. Í stað orðsins „hún“ í 3. mgr. 12. gr., 5. mgr. 26. gr. og 3. mgr. 27. gr. laganna kemur: það.

XLII. KAFLI

Breyting á lögum um Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, nr. 67/1990, með síðari breytingum.

74. gr.

Í stað orðsins „Landbúnaðarstofnun“ þrívegis í 2. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Matvælastofnun.

XLIII. KAFLI

Breyting á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

75. gr.

Í stað orðsins „Landbúnaðarstofnun“ í 2. mgr. 1. gr., 4. mgr. 11. gr., 6. mgr. 33. gr. og 5. mgr. 43. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Matvælastofnun.

XLIV. KAFLI

Breyting á vatnalögum, nr. 20/2006.

76. gr.

Í stað orðsins „Landbúnaðarstofnun“ tvívegis í 2. mgr. 35. gr. laganna kemur: Matvælastofnun.

XLV. KAFLI

Breyting á lögum um dýravernd, nr. 15/1994, með síðari breytingum.

77. gr.

a. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 5. gr. laganna kemur: sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.
b. Í stað orðsins „Landbúnaðarstofnun“ í 2. mgr. 13. gr. laganna kemur: Matvælastofnun.

XLVI. KAFLI

Breyting á sóttvarnalögum, nr. 19/1997, með síðari breytingum.

78. gr.

Í stað orðsins „Landbúnaðarstofnun“ í 3. mgr. 4. gr., 2. mgr. 6. gr., fyrirsögn á undan 11. gr. og 1. og 2. mgr. 11. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Matvælastofnun.

XLVII. KAFLI

Breyting á lögum um almannavarnir, nr. 94/1962, með síðari breytingum.

79. gr.

Í stað orðsins „Landbúnaðarstofnun“ í e-lið 2. mgr. 6. gr. laganna kemur: Matvælastofnun.

XLVIII. KAFLI

Breyting á lögum um varnir gegn fisksjúkdómum, nr. 60/2006.

80. gr.

a. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 1. og 2. mgr. 4. gr., 1. mgr. 8. gr. og ákvæði til bráðabirgða við lögin kemur: sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.
b. Í stað orðsins „Landbúnaðarstofnunar“ í 1. mgr. 4. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Matvælastofnun.

XLIX. KAFLI

Breyting á lögum um fiskrækt, nr. 58/2006.

81. gr.

a. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 1. mgr. 4. gr., 13. gr. og ákvæði til bráðabirgða við lögin kemur: sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.
b. Í stað orðsins „Landbúnaðarstofnunar“ í 1. mgr. 4. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Matvælastofnun.
c. Í stað orðsins „hún“ í 1. málsl. 12. gr. laganna kemur: það.

L. KAFLI

Breyting á lögum um eldi vatnafiska, nr. 57/2006.

82. gr.

a. Í stað orðsins „Landbúnaðarráðherra“ í 1. mgr. 4. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur: sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.
b. Í stað orðsins „Landbúnaðarstofnunar“ í 1. mgr. 4. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Matvælastofnun.
c. Í stað orðsins „hennar“ í 5. mgr. 14. gr. laganna kemur: þess.

LI. KAFLI

Breyting á lögum um Rannsóknadeild fisksjúkdóma, nr. 50/1986, með síðari breytingum.

83. gr.

Í stað orðsins „Landbúnaðarstofnunar“ í 5. tölul. 5. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Matvælastofnun.

8. ÞÁTTUR

Breytingar vegna flutnings Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins til iðnaðarráðuneytis.

LII. KAFLI

Breyting á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, nr. 61/1997, með síðari breytingum.

84. gr.

Í stað orðsins „viðskiptaráðherra“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: iðnaðarráðherra.

85. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Viðskiptaráðherra“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: Iðnaðarráðherra.
b. Í stað orðanna „einn eftir tilnefningu iðnaðarráðherra, einn eftir tilnefningu iðnaðarráðherra“ í 3. málsl. 2. mgr. kemur: einn án tilnefningar, einn.

86. gr.

Orðin „iðnaðarráðherra og“ í 2. mgr. 8. gr. laganna falla brott.

9. ÞÁTTUR

Breytingar vegna flutnings Einkaleyfastofu til viðskiptaráðuneytis.

LIII. KAFLI

Breyting á lögum um einkaleyfi, nr. 17/1991, með síðari breytingum.

87. gr.

a. Í stað orðsins „Iðnaðarráðherra“ í 2. mgr. 3. gr. b laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: viðskiptaráðherra.
b. Í stað orðsins „iðnaðarráðuneytið“ í 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: viðskiptaráðuneytið.

LIV. KAFLI

Breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998.

88. gr.

Í stað orðsins „Iðnaðarráðherra“ í 4. mgr. 5. gr. laganna kemur: Viðskiptaráðherra.

LV. KAFLI

Breyting á lögum um hönnun, nr. 46/2001, með síðari breytingum.

89. gr.

a. Í stað orðsins „iðnaðarráðuneyti“ í 1. mgr. 36. gr. laganna kemur: viðskiptaráðuneyti.
b. Í stað orðsins „Iðnaðarráðherra“ í 2. mgr. 52. gr. og 1. mgr. 53. gr. laganna kemur: Viðskiptaráðherra.

LVI. KAFLI

Breyting á lögum um félagamerki, nr. 155/2002.

90. gr.

a. Í stað orðsins „iðnaðarráðuneyti“ í 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: viðskiptaráðuneyti.
b. Í stað orðsins „Iðnaðarráðherra“ í 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: Viðskiptaráðherra.

10. ÞÁTTUR

Breytingar vegna flutnings fasteignakaupa og fasteignasölu til viðskiptaráðuneytis.

LVII. KAFLI

Breyting á lögum um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa, nr. 99/2004, með síðari breytingum.

91. gr.

a. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 2. mgr. 1. gr., fyrirsögn 23. gr. og 26. gr. laganna kemur: viðskiptaráðherra.
b. Í stað orðsins „dómsmálaráðuneytis“ í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: viðskiptaráðuneytis.

11. ÞÁTTUR
Breytingar vegna tilfærslu málefna Keflavíkurflugvallar frá utanríkisráðherra til samgönguráðherra.
LVIII. KAFLI
Breyting á lögum um stofnun hlutafélags um Flugstöð Leifs Eiríkssonar, nr. 76/2000.
92. gr.

a. Í stað orðsins „og“ í 2. gr. laganna kemur: en samgönguráðherra.
b. Í stað orðsins „Utanríkisráðherra“ í 3. málsl. 14. gr. laganna kemur: Samgönguráðherra.
c. Í stað orðsins „utanríkisráðherra“ í 2. mgr. 15. gr. laganna kemur: samgönguráðherra.

12. ÞÁTTUR
Breyting á lögum um Stjórnarráð Íslands.
LIX. KAFLI
Breyting á lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, með síðari breytingum.
93. gr.

Við 14. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Nú flytjast stjórnarmálefni milli ráðuneyta, sbr. 8. gr., og skal þá ljúka meðferð ólokinna stjórnsýslumála í því ráðuneyti sem við málefni tekur.

LX. KAFLI
Gildistaka.
94. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2008.

483. Frumvarp til laga [231. mál]

um breyting á lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 12. des.)

1. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „45 kr.“ í 3. mgr. 1. gr. laganna kemur: 41 kr.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Í stað „4. tölul.“ í 3. mgr. kemur: 5. tölul.
b. Í stað „6., 7. og 8. tölul.“ í 3. og 5. mgr. kemur: 7., 8. og 9. tölul.
c. Í stað „6. tölul.“ í 4. mgr. kemur: 7. tölul.
d. Í stað „7. og 8. tölul.“ í 4. mgr. kemur: 8. og 9. tölul.
e. Í stað „6. og 7. tölul.“ í 5. mgr. kemur: 7. og 8. tölul.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. Í stað „7. og 8. tölul.“ í 1. tölul. 1. mgr. kemur: 8. og 9. tölul.

b. Í stað „6. tölul.“ í 1. tölul. 2. mgr. kemur: 7. tölul.
c. Í stað 6. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
Sérstakt kílómetragjald af gjaldskyldum bifreiðum skv. 2. mgr. skal vera sem hér segir:

Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	*Sérstakt kílómetragjald, kr.*	*Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg*	*Sérstakt kílómetragjald, kr.*
5.000–6.000	8,45	18.001–19.000	22,31
6.001–7.000	9,14	19.001–20.000	23,32
7.001–8.000	9,84	20.001–21.000	24,33
8.001–9.000	10,54	21.001–22.000	25,34
9.001–10.000	11,23	22.001–23.000	26,35
10.001–11.000	12,22	23.001–24.000	27,36
11.001–12.000	13,52	24.001–25.000	28,37
12.001–13.000	14,82	25.001–26.000	29,38
13.001–14.000	16,11	26.001–27.000	30,39
14.001–15.000	17,41	27.001–28.000	31,40
15.001–16.000	18,71	28.001–29.000	32,41
16.001–17.000	20,00	29.001–30.000	33,42
17.001–18.000	21,30	30.001–31.000	34,43
		31.001 og yfir	35,44

d. Í stað „nr. 688/2005“ í 7. mgr. kemur: nr. 155/2007.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2008.

484. Frumvarp til laga [234. mál]

um breyting á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 12. des.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. 2. tölul. fellur brott.
b. 3. tölul. verður svohljóðandi: Leyfisbréf fyrir viðskiptabanka og sparisjóði, sbr. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 161/2002 . . . . . 110.000 kr.
c. 4. tölul. verður svohljóðandi: Leyfisbréf fyrir lánafyrirtæki, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 161/2002 . . . . . 110.000 kr.
d. 5. tölul. verður svohljóðandi: Leyfisbréf fyrir rafeyrisfyrirtæki, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 161/2002 . . . . . 110.000 kr.
e. 6. tölul. verður svohljóðandi: Leyfisbréf fyrir verðbréfafyrirtæki, sbr. 5. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 161/2002 . . . . . 110.000 kr.

f. 7. tölul. verður svohljóðandi: Leyfisbréf fyrir verðbréfamiðlun, sbr. 6. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 161/2002 . . . . . 55.000 kr.
g. 8. tölul. fellur brott.
h. 9. tölul. verður svohljóðandi: Leyfisbréf fyrir rekstrarfélög verðbréfasjóða, sbr. 7. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 161/2002 . . . . . 55.000 kr.
i. 15. tölul. fellur brott.
j. Við greinina bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Leyfi til reksturs leiktækjastaðar . . . . . 5.500 kr.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 14. gr. laganna:
a. 4. tölul. fellur brott.
b. Í stað fjárhæðarinnar „3.000 kr.“ í 5.–13. tölul. kemur: 5.200 kr.
c. Í stað orðsins „Vegabréfsáritun“ í 5., 6., 7., 9., 10., 11. og 12. tölul. kemur: Fyrir afgreiðslu umsóknar um vegabréfsáritun.
d. Í stað orðanna „Almenn vegabréfsáritun“ í 8. tölul. kemur: Fyrir afgreiðslu umsóknar um almenna vegabréfsáritun.
e. Í stað orðsins „Vegabréfsáritanir“ í 13. tölul. kemur: Fyrir afgreiðslu umsóknar um vegabréfsáritanir.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi að undanskildum a-lið 1. gr. og a-lið 2. gr. sem öðlast gildi 1. janúar 2008.

485. Frumvarp til laga [230. mál]

um breyting á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 12. des.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 1. gr. laganna:
a. Í stað orðsins „Hlutafélög“ í 1. tölul. kemur: Félög skv. 2.–4. tölul.
b. Á eftir orðunum „svo og“ í 3. tölul. kemur: sparisjóðir og skráð útibú erlendra félaga og.

2. gr.

5. málsl. 4. gr. laganna orðast svo: Breytingin skal tilgreind í samþykktum félagsins og rökstudd í skýringum með fyrsta ársreikningi eftir breytinguna.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. mgr. 65. gr. laganna:
a. Orðin „sameignarfélögum og samlagsfélögum“ í 1. málsl. falla brott.
b. Við bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Í sameignarfélögum og samlagsfélögum skal upplýsa um eigendur og eignarhluta þeirra í upphafi og lok reikningsárs.

4. gr.

Á eftir orðinu „skal“ í 1. málsl. 1. mgr. 66. gr. laganna kemur: til viðbótar upplýsingum skv. 65. gr.

5. gr.

Á eftir 66. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, 66. gr. a og 66. gr. b, ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi:

a. (66. gr. a.)

Upplýsingaskylda.

Í skýrslu stjórnar félaga sem fengið hafa skráningu fyrir einn eða fleiri flokka hlutabréfa á skipulegum verðbréfamarkaði skal birta nákvæmar upplýsingar um eftirtalin atriði:

1. uppbyggingu hlutafjár, þar á meðal hluti sem ekki eru skráðir á skipulegum verðbréfamarkaði, mismunandi hlutaflokka og réttindi og skyldur tengdar þeim, sem og hlutfall þeirra af heildarhlutafé,
2. allar takmarkanir á framsali hluta, t.d. takmarkanir varðandi hlutafjáreign einstakra aðila eða ef samþykki félagsins eða annarra hluthafa þarf fyrir framsali,
3. verulega beina eða óbeina hlutafjáreign, þar á meðal óbeina eign í gegnum önnur félög eða gagnkvæma hlutafjáreign félaga,
4. eigendur hluta með sérstök stjórnunarréttindi og lýsingu á þeim réttindum,
5. helstu ákvæði kaupréttaráætlana starfsmanna,
6. allar takmarkanir varðandi atkvæðisrétt, t.d. takmarkanir á atkvæðisrétti hluthafa sem eiga ákveðið hlutfall eða fjölda atkvæða, frest til að nýta atkvæðisrétt eða ef fjárhagsleg réttindi tengd hlutum eru ekki tengd eignarhaldi þeirra,
7. alla samninga milli hluthafa sem félaginu er kunnugt um og geta haft í för með sér takmarkanir varðandi framsal og/eða atkvæðisrétt,
8. reglur varðandi tilnefningar og endurnýjun stjórnarmanna og breytingar á samþykktum félags,
9. sérstakar heimildir stjórnar, þar á meðal heimildir til að gefa út nýja hluti eða kaupa eigin hluti,
10. samninga sem félagið er aðili að og taka gildi, breytast eða falla úr gildi ef breytingar verða á stjórnun eða yfirráðum í félagi í kjölfar yfirtökutilboðs og áhrif þess á félagið, nema um sé að ræða upplýsingar sem haft geta skaðleg áhrif á starfsemi félagsins eða hafa óveruleg áhrif á starfsemi félagsins. Þær undantekningar eiga þó ekki við ef um er að ræða upplýsingar sem félagi er skylt að birta á grundvelli laga,
11. samninga félagsins við stjórnarmenn eða starfsmenn um greiðslur eða bætur ef þeir segja upp eða ef þeim er sagt upp án gildrar ástæðu eða ef starfi þeirra lýkur vegna yfirtökutilboðs.

Stjórn félags sem skráð hefur einn eða fleiri hlutabréfaflokka á skipulegum verðbréfamarkaði skal á aðalfundi hvert ár kynna þau atriði sem tiltekin eru í 1. mgr.

b. (66. gr. b.)

Yfirlýsing stjórnarmanna.

Í félagi skv. 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. sem gefið hefur út verðbréf sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði innan Evrópska efnahagssvæðisins skal hver og einn stjórnarmaður undirrita yfirlýsingu þar sem fram kemur nafn hans og verksvið innan stjórnar

félagsins. Í yfirlýsingunni skal koma fram að samkvæmt bestu vitneskju stjórnarmanna sé ársreikningur saminn í samræmi við VIII. kafla og gefi glögga mynd af eignum og skuldum, fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu félagsins. Þá skal koma fram að skýrsla stjórnar geymi glöggt yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess og lýsi helstu áhættu- og óvissuþáttum sem félagið stendur frammi fyrir. Sama gildir þegar um samstæðureikning er að ræða sem móðurfélagið semur.

6. gr.

Í stað „65. og 66. gr.“ í 2. mgr. 85. gr. laganna kemur: VI. kafla.

7. gr.

Á eftir 87. gr. laganna kemur nýr kafli, VII. kafli A, **Árshlutareikningsskil,** með fimm nýjum greinum, ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi:

a. (87. gr. a.)

Árshlutareikningur.

Félag skv. 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. sem gefið hefur út hlutabréf eða skuldabréf sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins skal semja árshlutareikning vegna fyrstu sex mánaða reikningsársins.

Ef endurskoðendur hafa ekki áritað árshlutareikninginn skal það koma fram í árshlutaskýrslu stjórnar.

Árshlutareikningurinn skal hafa að geyma styttan rekstrarreikning, styttan efnahagsreikning í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, sjóðstreymi, skýringar og árshlutaskýrslu stjórnar, sbr. 87. gr. b, ásamt árshlutayfirlýsingu stjórnarmanna, sbr. 87. gr. c, og áritun endurskoðanda þegar það á við.

Við samningu árshlutareiknings skal fylgja sömu meginreglum um færslu og mat og gildir um samningu ársreiknings.

Ákvæði um samningu árshlutareikninga samkvæmt þessari grein skulu jafnframt gilda um samstæðureikninga eftir því sem við á.

Ákvæði 2.–5. mgr. taka einnig til fyrstu þriggja og níu mánaða árshlutareikninga, kjósi félag að semja slík reikningsskil.

b. (87. gr. b.)

Árshlutaskýrsla stjórnar.

Í árshlutaskýrslu stjórnar félaga skv. 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. vegna fyrstu sex mánaða reikningsársins skal að minnsta kosti tilgreina mikilvæga atburði sem átt hafa sér stað á fyrstu sex mánuðum reikningsársins og áhrif þeirra á árshlutareikninginn. Jafnframt skal árshlutaskýrsla stjórnar geyma lýsingu á helstu áhættu- og óvissuþáttum þeirra sex mánaða sem eftir eru af reikningsárinu og meiri háttar viðskiptum við tengda aðila.

c. (87. gr. c.)

Árshlutayfirlýsing stjórnarmanna.

Í félagi skv. 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. sem gefið hefur út hlutabréf eða skuldabréf sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins skal hver og einn stjórnarmaður undirrita yfirlýsingu þar sem fram kemur nafn hans og verksvið innan stjórnar félagsins. Í yfirlýsingunni skal koma fram að samkvæmt bestu vitn-

eskju stjórnarmanna sé ársreikningur, sbr. 87. gr. a, saminn í samræmi við VIII. kafla og gefi glögga mynd af eignum og skuldum, fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu félagsins og samstæðunnar í heild, og að ársreikningaskýrsla stjórnar, skv. 87. gr. b, gefi skýra mynd af þeim upplýsingum sem krafist er.

d. (87. gr. d.)

Undanþága.

Ákvæði kafla þessa gilda ekki um félög sem eingöngu gefa út skuldabréf á skipulegum verðbréfamarkaði í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins þar sem nafnverð hverrar útgefinnar einingar er hærra en 4.600.000 kr. Fjárhæð þessi er grunnfjárhæð sem er bundin gengi evru 3. janúar 2007 (92,37 íslenskar krónur).

e. (87. gr. e.)

Birting ársreikningsins.

Félag skv. 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. sem gefið hefur út hlutabréf eða skuldabréf sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins skal birta ársreikning, sbr. 3. mgr. 87. gr. a, í samræmi við ákvæði VII. kafla laga um verðbréfaviðskipti.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 90. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „skylt“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: heimilt.
b. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

   Félag skv. 2. og 3. tölul. og 2. málsl. 4. tölul. 1. mgr. 1. gr. sem hefur eingöngu skuldabréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum skal beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við samningu samstæðureiknings ef því ber að semja samstæðureikning samkvæmt lögum þessum.
c. Á eftir tilvísuninni „skv. 1. tölul. 1. mgr. 1. gr.“ í 3. mgr., sem verður 4. mgr., kemur: og 3. mgr. þessarar greinar.

9. gr.

Á eftir orðinu „samningu“ í 91. gr. laganna kemur: samstæðureiknings eða.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 92. gr. laganna:

a. 1. málsl. orðast svo: Félagi skv. 1. mgr. sem kýs að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við samningu samstæðureiknings sem því er skylt að semja er einnig heimilt að beita þeim við samningu ársreiknings síns.
b. 2. málsl. fellur brott.

11. gr.

2. málsl. 1. mgr. 94. gr. laganna orðast svo: Eftirlitið nær jafnframt til ársreikninga, sbr. VII. kafla A.

12. gr.

Á eftir 94. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, 94. gr. a og 94. gr. b, ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi:

a. (94. gr. a.)

Dagsektir.

Ársreikningaskrá getur lagt dagsektir á eftirlitsskyld félög samkvæmt kafla þessum veiti þau ekki umbeðnar upplýsingar innan hæfilegs frests. Greiðast dagsektirnar þangað til umbeðnar upplýsingar hafa borist ársreikningaskrá. Dagsektirnar geta numið frá 10.000 kr. til 100.000 kr. á dag. Við ákvörðun um fjárhæð dagsekta er heimilt að taka tillit til fjárhagslegs styrkleika viðkomandi félags og hvort um ítrekað brot er að ræða.

Ákvörðun um dagsektir má skjóta til yfirskattanefndar innan 14 daga frá því að viðkomandi aðila var tilkynnt um hana.

Áfallnar dagsektir falla ekki niður þó að eftirlitsskylt félag verði síðar við kröfu ársreikningaskrár.

Dagsektir samkvæmt þessari grein eru aðfararhæfar og renna til ríkissjóðs.

Heimilt er að kveða nánar á um ákvörðun og innheimtu dagsekta í reglugerð.

b. (94. gr. b.)

Úrskurðir.

Komist ársreikningaskrá að þeirri niðurstöðu að reikningsskil eftirlitsskylds félags séu ekki í samræmi við ákvæði laganna getur ársreikningaskrá krafist þess að reikningsskilin séu leiðrétt og að félagið birti breytingar og/eða viðbótarupplýsingar sem nauðsynlegar eru. Ársreikningaskrá getur birt opinberlega upplýsingar um nauðsynlegar breytingar á reikningsskilum verði félagið ekki við kröfum hennar. Þessu til viðbótar getur ársreikningaskrá óskað eftir því við viðkomandi kauphöll að viðskiptum með verðbréf eftirlitsskylds félags verði hætt tímabundið á skipulegum verðbréfamarkaði, þar til félagið hefur birt fullnægjandi reikningsskil og/eða viðbótarupplýsingar að mati ársreikningaskrár.

Úrskurður ársreikningaskrár er kæranlegur til fjármálaráðherra innan 14 daga frá því að hann er kynntur þeim er hann beinist að. Tekur úrskurðurinn ekki gildi ef kært er nema ráðherra staðfesti hann. Að öðru leyti skal farið með brot á lögum þessum í samræmi við ákvæði XII. kafla.

13. gr.

Við 95. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Við upphaf hvers reikningsárs skulu félög sem beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum samkvæmt þessum kafla gera ársreikningaskrá grein fyrir öllum dótturfélögum sínum sem eru innifalin í samstæðureikningsskilunum og hvert af þeim beita stöðlunum.

14. gr.

4. málsl. 1. mgr. 100. gr. laganna fellur brott.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 106. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Endurskoðendur og skoðunarmenn skulu gera skýrslu um endurskoðunarvinnu sem a.m.k. inniheldur“ í 1. mgr. kemur: Áritun endurskoðenda og skoðunarmanna skal a.m.k. innihalda.
b. Orðin „áritun þar sem skýrt kemur fram“ í 3. tölul. 1. mgr. falla brott.
c. Í stað orðsins „skýrsluna“ í 2. mgr. kemur: áritunina.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 109. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „sex“ í 2. málsl. kemur: fjórum.
b. Í stað orðsins „tölvutæku“ í 4. málsl. kemur: rafrænu.

17. gr.

Orðin „eða samstæðureiknings“ í 1. mgr. 112. gr. laganna falla brott.

18. gr.

Í stað orðanna „og 2003/51/EB“ í 128. gr. laganna kemur: 2003/51/EB og 2004/109/EB.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu gilda fyrir hvert það reikningsár sem hefst 1. janúar 2007 eða síðar á því ári.

486. Frumvarp til laga [209. mál]

um breytingu á lögum um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, nr. 22/2006.

(Eftir 2. umr., 12. des.)

1. gr.

1. gr. laganna verður svohljóðandi:

Lög þessi gilda um réttindi foreldra til fjárhagsaðstoðar þegar þeir geta hvorki stundað vinnu né nám vegna sérstakrar umönnunar barna sinna sem hafa greinst með alvarlega og langvinna sjúkdóma eða alvarlega fötlun.

2. gr.

2. gr. laganna verður svohljóðandi:

Markmið laga þessara er að tryggja foreldrum langveikra eða alvarlega fatlaðra barna fjárhagsaðstoð þegar þeir geta hvorki stundað vinnu né nám vegna sérstakrar umönnunar barna sinna, þar á meðal vegna þeirra bráðaaðstæðna sem upp koma þegar börn þeirra greinast með alvarlega og langvinna sjúkdóma eða alvarlega fötlun, enda verður vistunarþjónustu á vegum opinberra aðila ekki við komið.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Á eftir a-lið koma tveir nýir stafliðir, b- og c-liður, svohljóðandi, og breytist röð stafliða samkvæmt því:
   b. *Langveikt barn:* Barn sem þarfnast læknisfræðilegrar meðferðar vegna alvarlegs og langvinns sjúkdóms.
   c. *Alvarlega fatlað barn:* Barn sem, vegna alvarlegrar þroskaröskunar, geðröskunar eða líkamlegrar hömlunar, þarf sérstaka íhlutun, svo sem þjálfun, aðstoð eða gæslu á uppvaxtarárum sínum.
b. Við bætist nýr stafliður, g-liður, svohljóðandi:
   g. *Bráðaaðstæður:* Aðstæður sem koma upp þegar foreldri er knúið til að leggja niður störf utan heimilis eða gera hlé á námi þegar barn þess greinist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun og þarfnast þjónustu sérhæfðrar greiningar- eða meðferðarstofnunar.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. verður svohljóðandi: Foreldri langveiks eða alvarlega fatlaðs barns skal sækja um greiðslur skv. III. og IV. kafla til framkvæmdaraðila skv. 5. gr.
b. Í stað orðanna „5. mgr. 12. gr.“ í 3. mgr. kemur: 4. mgr. 14. gr.
c. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Skattyfirvöld, Tryggingastofnun ríkisins og Innheimtustofnun sveitarfélaga skulu láta framkvæmdaraðila í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru við framkvæmd laga þessara.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. 1. mgr. verður svohljóðandi:
   Foreldri, sbr. d- og e-lið 3. gr., sem leggur niður launað starf vegna þeirra bráðaaðstæðna sem upp koma þegar barn þess greinist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun getur átt sameiginlegan rétt á tekjutengdum greiðslum skv. 1. mgr. 11. gr. í allt að þrjá mánuði með hinu foreldri barnsins samkvæmt mati framkvæmdaraðila.
b. Í stað orðanna „Skilyrði eru meðal annars að foreldri hafi“ í 2. mgr. kemur: Foreldri getur átt rétt á tekjutengdum greiðslum skv. 1. mgr. hafi foreldri.
c. 3. mgr. verður svohljóðandi:
   Heimilt er að framlengja sameiginleg réttindi foreldra til tekjutengdra greiðslna skv. 1. mgr. um allt að þrjá mánuði þegar barn þeirra þarfnast verulegrar umönnunar vegna mjög alvarlegs og langvinns sjúkdóms eða fötlunar, sbr. einnig 18. gr.
d. Á eftir orðunum „rétt til greiðslna“ í 5. mgr. kemur: skv. 1. og 3. mgr.
e. 6. mgr. verður svohljóðandi:
   Foreldrar geta ákveðið hvernig þeir skipta réttinum til greiðslna sín á milli fullnægi báðir foreldrar skilyrðum laganna. Foreldrar eiga þó ekki rétt á greiðslum samkvæmt lögum þessum fyrir sama tímabil. Þó er heimilt að veita undanþágu frá 2. málsl. þegar barn nýtur líknandi meðferðar og foreldrar hafa ekki nýtt sér rétt sinn að fullu samkvæmt ákvæði þessu.

f. Á eftir 6. mgr. kemur ný málsgrein, 7. mgr., svohljóðandi:
Andist langveikt eða alvarlega fatlað barn er heimilt að halda tekjutengdum greiðslum skv. 1. eða 3. mgr. sem foreldri hefði ella átt rétt á áfram í allt að einn mánuð frá andláti barns enda sé því tímabili sem framkvæmdaraðili hafði áður ákveðið skv. 1. eða 3. mgr. ekki lokið.
g. 7. mgr., sem verður 8. mgr., verður svohljóðandi:
Félagsmálaráðherra er heimilt að kveða í reglugerð nánar á um rétt foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna til greiðslna samkvæmt ákvæði þessu.

6. gr.

Á eftir 8. gr. laganna kemur ný grein, 9. gr., svohljóðandi, ásamt fyrirsögn, og breytast greinanúmer samkvæmt því:

Þátttaka á vinnumarkaði.

Það að starfa á innlendum vinnumarkaði í skilningi 8. gr. felur í sér að starfa í annarra þjónustu í a.m.k. 25% starfshlutfalli í hverjum mánuði eða að starfa við eigin rekstur, án tillits til félagsforms, í því umfangi að hlutaðeiganda er gert að standa mánaðarlega, eða með öðrum reglulegum hætti samkvæmt ákvörðun skattyfirvalda, skil á tryggingagjaldi. Fullt starf miðast við 172 vinnustundir á mánuði, en þó skal jafnan tekið tillit til fjölda vinnustunda sem samkvæmt kjarasamningi teljast fullt starf.

Til þátttöku á vinnumarkaði telst enn fremur:

a. orlof eða leyfi samkvæmt lögum, kjarasamningi eða ráðningarsamningi þótt ólaunað sé að hluta eða öllu leyti, sbr. þó 2. mgr. 29. gr.,
b. sá tími sem foreldri fær greiddar atvinnuleysisbætur, er á biðtíma eftir slíkum bótum eða hefði átt rétt á þeim hefði foreldrið skráð sig án atvinnu samkvæmt gildandi lögum um atvinnuleysistryggingar,
c. sá tími sem foreldri fær greidda sjúkra- eða slysadagpeninga, er á biðtíma eftir dagpeningum eða hefði átt rétt á þeim hefði foreldri sótt um þá til Tryggingastofnunar ríkisins samkvæmt gildandi lögum um almannatryggingar, eða fær greiðslur úr sjúkrasjóði stéttarfélags enda hafi foreldri látið af launuðum störfum af heilsufarsástæðum,
d. sá tími sem foreldri nýtur bóta frá tryggingafélagi sem koma í stað launa vegna tímabundins atvinnutjóns af völdum slyss.

Vinnumálastofnun, sbr. lög um atvinnuleysistryggingar, metur hvort foreldri hefði átt rétt á atvinnuleysisbótum hefði foreldri skráð sig án atvinnu á þeim tíma sem um er að ræða, sbr. b-lið 2. mgr. Um rétt til atvinnuleysisbóta fer samkvæmt ákvæðum laga um atvinnuleysistryggingar.

Tryggingastofnun ríkisins, sbr. lög um almannatryggingar, metur hvort foreldri hefði átt rétt á sjúkra- eða slysadagpeningum hefði foreldri sótt um þá fyrir þann tíma sem um er að ræða, sbr. c-lið 2. mgr. Um rétt til sjúkradagpeninga fer samkvæmt ákvæðum laga um almannatryggingar.

7. gr.

Á eftir nýrri 9. gr. kemur ný grein, 10. gr., svohljóðandi, ásamt fyrirsögn, og breytast greinanúmer samkvæmt því:

Samfellt starf.

Með samfelldu starfi er átt við að foreldri hafi verið í a.m.k. 25% starfi í hverjum mánuði á innlendum vinnumarkaði yfir tiltekið tímabil. Enn fremur telst til samfellds starfs þau tilvik sem talin eru upp í a–d-lið 2. mgr. 9. gr.

8. gr.

9. gr. laganna, sem verður 11. gr., verður svohljóðandi, ásamt fyrirsögn, og breytast greinanúmer samkvæmt því:

Tilhögun greiðslna til foreldra á vinnumarkaði.

Tekjutengdar greiðslur til foreldris skv. 1. og 3. mgr. 8. gr. sem er launamaður, sbr. d-lið 3. gr., skulu nema 80% af meðaltali heildarlauna og skal miða við tólf mánaða tímabil sem hefst tveimur mánuðum áður en barnið greindist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun. Til launa teljast hvers konar laun og aðrar þóknanir samkvæmt lögum um tryggingagjald sem og greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði, greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði, sjúkra- eða slysadagpeningar, greiðslur úr sjúkrasjóðum stéttarfélaga eða bætur frá tryggingafélagi vegna tímabundins atvinnutjóns, sbr. a–d-lið 2. mgr. 9. gr. Þegar um er að ræða greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði, Atvinnuleysistryggingasjóði, sjúkrasjóði stéttarfélags eða bætur frá tryggingafélagi vegna tímabundins atvinnutjóns skal þó taka mið af þeim viðmiðunartekjum sem þær greiðslur miðuðust við. Einungis skal miða við meðaltal heildarlauna fyrir þá mánuði á viðmiðunartímabili sem foreldri hefur verið á innlendum vinnumarkaði, sbr. einnig 2. mgr. 9. gr. Aldrei skal þó miða við færri mánuði en fjóra við útreikning á meðaltali heildarlauna.

Tekjutengdar greiðslur til foreldris skv. 1. og 3. mgr. 8. gr. sem er sjálfstætt starfandi einstaklingur, sbr. e-lið 3. gr., skulu nema 80% af meðaltali heildarlauna og skal miða við tekjuárið á undan því ári sem barnið greindist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun. Að öðru leyti gildir ákvæði 1. mgr.

Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. skal hámarksfjárhæð tekjutengdra greiðslna í hverjum mánuði aldrei nema hærri fjárhæð en 518.600 kr.

Útreikningar á tekjutengdum greiðslum skv. 1. og 2. mgr. skulu byggjast á upplýsingum sem framkvæmdaraðili aflar um tekjur foreldris úr skattframtölum, staðgreiðsluskrá og tryggingagjaldsskrá skattyfirvalda. Framkvæmdaraðili skal leita staðfestingar hjá skattyfirvöldum á því að upplýsingar úr staðgreiðsluskrá og tryggingagjaldsskrá hafi verið í samræmi við álagningu skattyfirvalda.

Tekjutengdar greiðslur til foreldris skv. 1. mgr. hefjast frá og með þeim degi er fullar launagreiðslur frá vinnuveitanda í forföllum þess féllu niður, sbr. einnig 2. málsl. 2. mgr. 8. gr., sem og greiðslur úr sjúkra- eða styrktarsjóði stéttarfélags vegna veikinda eða fötlunar barns. Foreldri skal leggja fram vottorð vinnuveitanda um að það hafi lagt niður störf og fullar launagreiðslur hafi fallið niður og staðfestingu sjúkra- eða styrktarsjóðs um að það hafi nýtt sér réttindi sín þar. Foreldri getur þó óskað eftir að tekjutengdar greiðslur hefjist síðar en um getur í 1. málsl.

Þegar foreldri er sjálfstætt starfandi einstaklingur, sbr. e-lið 3. gr., reiknast tekjutengdar greiðslur skv. 2. mgr. frá og með þeim degi er foreldri hefur lagt niður störf samtals í fjórtán virka daga vegna sérstakrar umönnunar barns síns. Sjálfstætt starfandi einstaklingur telst hafa

lagt niður störf þegar ekki er greitt reiknað endurgjald vegna starfa hans. Að öðru leyti gildir ákvæði 5. mgr. eftir því sem við getur átt.

Þegar tekjutengdar greiðslur skv. 1. eða 2. mgr. reynast lægri en greiðslur skv. IV. kafla getur foreldri sótt um þær án þess að sækja fyrst um greiðslur samkvæmt ákvæði þessu að öðrum skilyrðum IV. kafla uppfylltum.

Tekjutengdar greiðslur fyrir undanfarandi mánuð eða hluta úr mánuði skulu inntar af hendi eftir á, fimmtánda virka dag hvers mánaðar, enda hafi foreldri skilað inn nauðsynlegum gögnum til framkvæmdaraðila fyrir fimmta virka dag mánaðarins.

Greiðslur frá vinnuveitanda eða öðrum aðilum til foreldris fyrir sama tímabil, sem eru hærri en nemur mismun greiðslna skv. 1. mgr. og meðaltals heildarlauna foreldris fyrir tekjuárið á undan því er barn greindist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun, skulu koma til frádráttar greiðslum samkvæmt ákvæði þessu. Þó er heimilt að taka tillit til kjarasamningsbundinna launahækkana, annarra kjarasamningsbundinna greiðslna og launabreytinga sem rekja má til breytinga á störfum foreldris. Hið sama gildir um greiðslur til foreldris sem er sjálfstætt starfandi einstaklingur eftir því sem við getur átt. Umönnunargreiðslur sem ætlað er að mæta útlögðum kostnaði vegna veikinda eða fötlunar barns skulu ekki koma til frádráttar greiðslum samkvæmt lögum þessum.

Fjárhæð hámarksgreiðslna skv. 3. mgr. kemur til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála. Þá er félagsmálaráðherra heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnar, að breyta fjárhæðinni til hækkunar ef verulegar breytingar verða á launaþróun og þjóðhagsforsendum frá afgreiðslu fjárlaga. Þegar framangreind skilyrði leiða til hækkunar á fjárhæð greiðslna skal félagsmálaráðherra breyta fjárhæðinni í reglugerð.

9. gr.

10. gr. laganna, sem verður 12. gr., orðast svo, ásamt fyrirsögn, og breytast greinanúmer samkvæmt því:

Greiðslur samhliða minnkuðu starfshlutfalli.

Foreldri, sbr. d- og e-lið 3. gr., sem þarf að leggja niður störf að hluta vegna bráðaaðstæðna sem koma upp þegar barn þess greinist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun getur átt rétt á hlutfallslegum greiðslum skv. 8. og 11. gr. í samræmi við minnkað starfshlutfall. Fullar greiðslur skulu miðast við starfshlutfall foreldris á ávinnslutímabili skv. 2. mgr. 8. gr. Hið sama á við þegar foreldri kemur aftur til starfa í lægra starfshlutfalli en það var í áður en það lagði niður störf tímabundið og ástæður þess að foreldrið er í hlutastarfi má rekja til þeirra bráðaaðstæðna sem komu upp þegar barn þess greindist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun, sbr. 8. gr. Skilyrði er að foreldri hafi lagt niður störf og/eða verið í minnkuðu starfshlutfalli samfellt lengur en í fjórtán virka daga og að breyting á starfshlutfalli vari í tvær vikur eða lengur. Að öðru leyti gilda skilyrði 8. og 11. gr. um greiðslur til foreldra samhliða minnkuðu starfshlutfalli.

Óski foreldri eftir greiðslum samhliða minnkuðu starfshlutfalli skal greiða 80% af meðaltali heildarlauna skv. 1. eða 2. mgr. 11. gr., eftir því sem við á, í samræmi við það starfshlutfall sem foreldri minnkar við sig vinnu. Heimilt er sem því nemur að lengja tímabilið sem foreldri hefði ella átt rétt á greiðslum skv. 8. og 11. gr. hefði það lagt niður störf að fullu.

Félagsmálaráðherra er heimilt að kveða í reglugerð nánar á um rétt foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna til greiðslna samkvæmt ákvæði þessu.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna, sem verður 13. gr.:

a. Í stað orðanna „b- og c-lið 3. gr.“ í 1. mgr. kemur: d- og e-lið 3. gr.
b. Í stað orðanna „8.–10. gr.“ í 1. mgr. kemur: 8., 11. og 12. gr.
c. Í stað orðanna „mótframlag að lágmarki 6%“ í 1. mgr. kemur: 8% mótframlag.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna, sem verður 14. gr., og breytast greinanúmer samkvæmt því:

a. 1. mgr. verður svohljóðandi:
   Foreldri sem gerir hlé á námi, sbr. f-lið 3. gr., vegna þeirra bráðaaðstæðna sem upp koma þegar barn þess greinist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun getur átt sameiginlegan rétt á greiðslum skv. 1. mgr. 16. gr. í allt að þrjá mánuði með hinu foreldri barnsins samkvæmt mati framkvæmdaraðila.
b. Í stað orðanna „d-lið 3. gr.“ í 2. mgr. kemur: f-lið 3. gr.
c. 3. mgr. fellur brott og breytist röð málsgreina samkvæmt því.
d. Á eftir orðunum „rétt til greiðslna“ í 5. mgr., sem verður 4. mgr., kemur: skv. 1. mgr.
e. 6. mgr., sem verður 5. mgr., verður svohljóðandi:
   Foreldrar geta ákveðið hvernig þeir skipta réttinum til greiðslna sín á milli fullnægi báðir foreldrar skilyrðum laganna. Foreldrar barna eiga þó ekki rétt á greiðslum samkvæmt lögum þessum fyrir sama tímabil. Þó er heimilt að veita undanþágu frá 2. málsl. þegar barn nýtur líknandi meðferðar og foreldrar hafa ekki nýtt sér rétt sinn að fullu samkvæmt ákvæði þessu.
f. Á eftir 6. mgr., sem verður 5. mgr., kemur ný málsgrein, 6. mgr., svohljóðandi:
   Andist langveikt eða alvarlega fatlað barn er heimilt að halda greiðslum sem foreldri hefði ella átt rétt á áfram í allt að einn mánuð frá andláti barns enda sé því tímabili sem framkvæmdaraðili hafði áður ákveðið skv. 1. mgr. ekki lokið.
g. 7. mgr. verður svohljóðandi:
   Félagsmálaráðherra er heimilt að kveða í reglugerð nánar á um rétt foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna til greiðslna samkvæmt ákvæði þessu.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna, sem verður 15. gr.:

a. Í stað orðanna „12. gr.“ í 1. og 2. mgr. kemur: 14. gr.
b. Í stað orðanna „d-lið 3. gr.“ í 2. mgr. kemur: f-lið 3. gr.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna, sem verður 16. gr., og breytast greinanúmer samkvæmt því:

a. 1. mgr. orðast svo:
   Greiðsla til foreldris skv. 14. gr. skal nema 130.000 kr. á mánuði.
b. 1. málsl. 2. mgr. orðast svo: Greiðslur til foreldris reiknast frá og með þeim degi er fjórtán virkir dagar eru liðnir frá því að barn greindist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun samkvæmt læknisvottorði, sbr. 14. gr.

c. Á eftir 3. mgr. kemur ný málsgrein, 4. mgr., svohljóðandi:
Þegar greiðslur skv. 1. mgr. reynast lægri en greiðslur skv. IV. kafla getur foreldri sótt um þær greiðslur án þess að sækja fyrst um greiðslur samkvæmt ákvæði þessu að öðrum skilyrðum IV. kafla uppfylltum.
d. Í stað orðanna „greiðslum samkvæmt lögum þessum“ í 4. mgr., sem verður 5. mgr., kemur: greiðslum samkvæmt ákvæði þessu.

14. gr.

Á eftir 14. gr. laganna, sem verður 16. gr., kemur ný grein, 17. gr., svohljóðandi, ásamt fyrirsögn, og breytast greinanúmer samkvæmt því:

Mat á lengd greiðslutímabils foreldra.

Við mat á því í hversu langan tíma foreldrar eiga sameiginlegan rétt til greiðslna skv. 8. eða 14. gr. skal framkvæmdaraðili líta heildstætt á aðstæður fjölskyldunnar við þær bráðaaðstæður sem upp komu þegar barn greindist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun. Miða skal við aðstæður fjölskyldunnar þegar óskað er eftir að greiðslur hefjist og skal þá meðal annars litið til sjúkdóms- eða fötlunarstigs barns, sbr. 26. og 27. gr., umfangs þjónustu greiningar- og meðferðarstofnunar, umönnunarþarfar samkvæmt vottorði sérfræðings þeirrar greiningar- og meðferðarstofnunar sem veitir barninu þjónustu, sbr. einnig 25. gr., og þeirrar vistunarþjónustu sem í boði er á vegum opinberra aðila.

15. gr.

Á eftir nýrri 17. gr. kemur ný grein, 18. gr., svohljóðandi, ásamt fyrirsögn, og breytast greinanúmer samkvæmt því:

Framlenging á greiðslutímabili.

Foreldri barns sem fellur undir 1. eða 2. sjúkdóms- eða fötlunarstig, sbr. 26. og 27. gr., getur átt sameiginlegan rétt með hinu foreldri barnsins til framlengingar á greiðslutímabili um allt að þrjá mánuði skv. 3. mgr. 8. gr. Við mat á því hvort foreldrar eigi rétt til framlengingar og í hversu langan tíma skal framkvæmdaraðili líta heildstætt á aðstæður fjölskyldunnar skv. 17. gr. sem og til lengdar vistunar á sjúkrahúsi, hjúkrunar í heimahúsi, yfirsetu foreldris og hversu tíðar sjúkrahúsinnlagnir barnsins eru enda þarfnist barnið meðferðar í heimahúsi samhliða tíðum sjúkrahúsinnlögnum.

16. gr.

15. gr. laganna fellur brott.

17. gr.

Á eftir III. kafla laganna kemur nýr kafli, IV. kafli, er hefur fyrirsögnina **Almenn fjárhagsaðstoð,** með sex nýjum greinum sem orðast svo ásamt fyrirsögnum:

a. (19. gr.)

Skilyrði fyrir réttindum foreldra til grunngreiðslna.

Foreldri sem getur hvorki sinnt störfum utan heimilis né námi vegna þess að barn þess þarfnast verulegrar umönnunar vegna mjög alvarlegs og langvinns sjúkdóms eða fötlunar getur átt sameiginlegan rétt á grunngreiðslum skv. 20. gr. með hinu foreldri barnsins samkvæmt mati framkvæmdaraðila.

Foreldri getur átt rétt á grunngreiðslum skv. 1. mgr. hafi barn þess greinst með mjög alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða mjög alvarlega fötlun sem fellur undir 1. og 2. sjúkdóms- eða fötlunarstig skv. 26. og 27. gr. samkvæmt vottorði sérfræðings þeirrar sérhæfðu greiningar- og meðferðarstofnunar sem veitir barninu þjónustu, barn þarfnist sérstakrar umönnunar foreldris, svo sem vegna innlagnar á sjúkrahús og/eða meðferðar í heimahúsi, enda verði ekki annarri vistunarþjónustu á vegum opinberra aðila við komið, foreldri geti hvorki sinnt störfum utan heimilis né námi vegna verulegrar umönnunar barnsins og foreldri og barn eigi lögheimili hér á landi þann tíma sem greiðslur eru inntar af hendi.

Réttur foreldris til grunngreiðslna skv. 1. mgr. er bundinn því að það fari sjálft með forsjá barnsins eða hafi sameiginlega forsjá ásamt hinu foreldri þess þegar barn greinist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun.

Forsjárlaust foreldri á rétt til grunngreiðslna skv. 1. mgr. liggi fyrir samþykki þess foreldris sem fer með forsjána um að forsjárlausa foreldrið annist barnið þann tíma sem greiðslur standa yfir. Maki, sambúðarmaki eða samvistarmaki foreldris sem fer með forsjána getur átt rétt til greiðslna liggi fyrir samþykki beggja kynforeldra barns enda hafi hjónaband, skráð sambúð eða staðfest samvist staðið yfir lengur en eitt ár. Í tilvikum þegar annars kynforeldra nýtur sannanlega ekki við er samþykki þess foreldris sem fer með forsjána nægjanlegt.

Foreldrar geta ákveðið hvernig þeir skipta réttinum til grunngreiðslna skv. 1. mgr. sín á milli. Foreldrar barns eiga þó ekki rétt á greiðslum samkvæmt lögum þessum fyrir sama tímabil. Þó er heimilt að veita undanþágu frá ákvæði 2. málsl. í allt að þrjá mánuði þegar barn nýtur líknandi meðferðar. Foreldrar sem hafa nýtt sér undanþágu skv. 6. mgr. 8. gr. skemur en í þrjá mánuði geta átt rétt á greiðslum á sama tíma samkvæmt ákvæði þessu en þó ekki lengur en samtals í þrjá mánuði.

Réttur til grunngreiðslna samkvæmt ákvæði þessu fellur niður þegar foreldri uppfyllir ekki lengur skilyrði þessa kafla, sbr. þó 7. mgr., eða þegar barn þess nær átján ára aldri.

Andist langveikt eða alvarlega fatlað barn er heimilt að halda greiðslum samkvæmt ákvæði þessu sem foreldri hefði ella átt rétt á áfram í allt að þrjá mánuði frá andláti barns. Hið sama á við þegar barn nær bata eftir langvarandi veikindi sem staðið hafa yfir meira en tvö ár.

Félagsmálaráðherra er heimilt að kveða í reglugerð nánar á um rétt foreldra mjög alvarlega langveikra eða alvarlega fatlaðra barna til grunngreiðslna samkvæmt ákvæði þessu.

b. (20. gr.)

Tilhögun grunngreiðslna til foreldra.

Grunngreiðsla til foreldris skv. 1. mgr. 19. gr. skal nema 130.000 kr. á mánuði.

Grunngreiðslur til foreldris reiknast frá og með þeim degi er tekjutengdar greiðslur skv. 8. og 11. gr. falla niður eða greiðslur skv. 14. og 16. gr. hafi foreldri átt rétt á þeim. Greiðslur til foreldra utan vinnumarkaðar reiknast frá og með þeim degi er fjórtán virkir dagar eru liðnir frá því að barn greindist með mjög alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða mjög alvarlega fötlun samkvæmt læknisvottorði skv. 19. gr.

Grunngreiðslur skulu inntar af hendi eftir á, fyrir undanfarandi mánuð eða hluta úr mánuði, fimmtánda virka dag hvers mánaðar, enda hafi foreldri skilað inn nauðsynlegum gögnum til framkvæmdaraðila fyrir fimmta virka dag mánaðarins.

Fjárhæð grunngreiðslna skv. 1. mgr. kemur til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála. Þá er félagsmálaráðherra heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnar, að breyta fjárhæðinni til hækkunar ef verulegar breyt-

ingar verða á launaþróun og þjóðhagsforsendum frá afgreiðslu fjárlaga. Þegar framangreind skilyrði leiða til hækkunar á fjárhæð greiðslna skal félagsmálaráðherra breyta fjárhæðinni í reglugerð.

c. (21. gr.)

Greiðslur vegna framfærsluskyldu gagnvart börnum.

Foreldri sem á rétt á grunngreiðslum skv. 19. gr. og hefur framfærsluskyldu gagnvart börnum yngri en átján ára skal eiga rétt á barnagreiðslum að fjárhæð 18.284 kr. á mánuði með hverju barni frá upphafi tímabils skv. 20. gr.

Einstætt foreldri sem á rétt á grunngreiðslum skv. 19. gr. og hefur á framfæri tvö börn sín eða fleiri yngri en átján ára skal eiga rétt á sérstökum barnagreiðslum að fjárhæð 5.325 kr. vegna tveggja barna og 13.846 kr. vegna þriggja barna frá upphafi tímabils skv. 20. gr.

Heimilt er að skuldajafna kröfum Innheimtustofnunar sveitarfélaga um meðlög foreldris sem stofnuninni hefur verið falið að innheimta á móti greiðslum skv. 1. og 2. mgr.

Fjárhæðir greiðslna skv. 1. og 2. mgr. koma til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála. Þá er félagsmálaráðherra heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnar, að breyta fjárhæðinni til hækkunar ef verulegar breytingar verða á launaþróun og þjóðhagsforsendum frá afgreiðslu fjárlaga. Þegar framangreind skilyrði leiða til hækkunar á fjárhæð greiðslna skal félagsmálaráðherra breyta fjárhæðinni í reglugerð.

d. (22. gr.)

Frádráttur vegna tekna og annarra greiðslna.

Þegar samanlagðar grunngreiðslur skv. 19. gr., sbr. 20. gr., og tekjur foreldris og aðrar greiðslur, þar á meðal örorkulífeyrisgreiðslur úr almennum lífeyrissjóðum og séreignarsjóðum og fjármagnstekjur, eru hærri en sem nemur grunngreiðslum að viðbættu frítekjumarki skv. 2. mgr. skal skerða grunngreiðslur um helming þeirra tekna sem umfram eru. Eingöngu skal taka tillit til þeirra tekna sem foreldri hefur haft á þeim tíma er það nýtur grunngreiðslna skv. 19. gr., sbr. 20. gr. Umönnunargreiðslur sem ætlað er að mæta útlögðum kostnaði vegna veikinda eða fötlunar barns skulu ekki koma til frádráttar greiðslum samkvæmt lögum þessum.

Frítekjumarkið skal vera 52.000 kr. á mánuði. Fjárhæð frítekjumarksins kemur til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála. Þá er félagsmálaráðherra heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnar, að breyta fjárhæð frítekjumarksins til hækkunar ef verulegar breytingar verða á launaþróun og þjóðhagsforsendum frá afgreiðslu fjárlaga. Þegar áðurgreind skilyrði leiða til hækkunar á fjárhæð frítekjumarksins skal félagsmálaráðherra breyta fjárhæðinni með reglugerð.

e. (23. gr.)

Mat á lengd greiðslutímabils foreldra.

Við mat á því í hversu langan tíma foreldrar eiga sameiginlegan rétt til grunngreiðslna skv. 19. gr., sbr. einnig 20. gr., skal framkvæmdaraðili líta heildstætt á aðstæður fjölskyldunnar vegna mjög alvarlegra og langvinnra sjúkdóma eða fötlunar barnsins. Skal þá miða við aðstæður fjölskyldunnar þegar óskað er eftir að greiðslur hefjist en meðal annars skal litið til sjúkdóms- eða fötlunarstigs barns, sbr. 1. og 2. sjúkdóms- eða fötlunarstig skv. 26. og 27. gr., umfangs þjónustu greiningar- og meðferðarstofnunar, umönnunarþarfar samkvæmt vott-

orði sérfræðings þeirrar greiningar- og meðferðarstofnunar sem veitir barninu þjónustu, sbr. einnig 25. gr., og þeirrar vistunarþjónustu sem í boði er á vegum opinberra aðila. Skal enn fremur líta til lengdar vistunar á sjúkrahúsi, hjúkrunar í heimahúsi, yfirsetu foreldris og hversu tíðar sjúkrahúsinnlagnir barnsins eru enda þarfnist barnið meðferðar í heimahúsi samhliða tíðum sjúkrahúsinnlögnum.

f. (24. gr.)

Endurmat á réttindum foreldra til grunngreiðslna.

Framkvæmdaraðili skal endurmeta rétt foreldris til grunngreiðslna skv. 19. gr., sbr. einnig 20. gr., með reglubundnum hætti eftir því sem þörf krefur og eigi sjaldnar en árlega. Framkvæmdaraðili skal fara yfir hvort skilyrði 19. gr. séu enn uppfyllt og skal óska eftir vottorði sérfræðings þeirrar sérhæfðu greiningar- og meðferðarstofnunar sem veitir barninu þjónustu um greiningu, meðferð og umönnunarþörf barnsins, sbr. 25. gr. Enn fremur er framkvæmdaraðila heimilt að óska eftir umsögn frá öðrum aðilum vegna einstakra umsókna þegar ástæða er til að mati hans. Að öðru leyti vísast til matsins skv. 23. gr.

18. gr.

Á eftir nýjum IV. kafla kemur nýr kafli, V. kafli, er hefur fyrirsögnina **Sameiginleg skilyrði,** með fjórum nýjum greinum sem orðast svo ásamt fyrirsögnum og breytast kafla- og greinanúmer samkvæmt því:

a. (25. gr.)

Umönnunarþörf barns.

Skilyrði fyrir greiðslum til foreldris skv. III. og IV. kafla er að langveikt eða alvarlega fatlað barn þess þarfnist sérstakrar umönnunar foreldris vegna sjúkdóms eða fötlunar sem fellur undir sjúkdómsstig skv. 26. gr. eða fötlunarstig skv. 27. gr. Miða skal við að foreldri geti ekki verið virkur þátttakandi á vinnumarkaði vegna umönnunarinnar meðan greiðslur standa yfir enda verði annarri vistunarþjónustu á vegum opinberra aðila, svo sem hjá leikskólum, dagvistunarþjónustu eða skammtímavistun fyrir fatlaða, ekki við komið. Sama á við um foreldra í námi, sbr. f-lið 3. gr., en miða skal við að foreldri geti ekki stundað nám sitt vegna umönnunarinnar þann tíma er greiðslur skv. 14. gr., sbr. 16. gr., koma fyrir. Þegar kemur að framlengingu tekjutengdra greiðslna skv. 3. mgr. 8. gr. eða almennrar fjárhagsaðstoðar skv. IV. kafla skal jafnframt miða við að umönnunin sem barn þarfnast vegna mjög alvarlegs og langvinns sjúkdóms eða fötlunar sé veruleg.

b. (26. gr.)

Sjúkdómsstig.

Foreldri getur átt rétt á greiðslum skv. III. eða IV. kafla þegar barn þess hefur greinst með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm sem fellur undir eitthvert eftirfarandi sjúkdómsstiga, sbr. þó 3. mgr. 8. gr., sbr. einnig 18. gr., og 19. gr. Framkvæmdaraðili skal meta undir hvert eftirfarandi sjúkdómsstiga barn fellur:

1. *1. stig:* Börn sem þurfa langvarandi vistun á sjúkrahúsi eða hjúkrun í heimahúsi og yfirsetu foreldris vegna alvarlegra og langvinnra sjúkdóma, til dæmis börn með illkynja sjúkdóma.

2. *2. stig:* Börn sem þurfa tíðar sjúkrahúsinnlagnir og meðferð í heimahúsi vegna alvarlegra og langvinnra sjúkdóma, til dæmis alvarlegra hjartasjúkdóma og alvarlegra nýrna-, lungna- eða lifrarsjúkdóma, sem krefjast ónæmisbælandi meðferðar.
3. *3. stig:* Börn sem þurfa innlagnir á sjúkrahús og meðferð í heimahúsi vegna alvarlegra og langvinnra sjúkdóma, til dæmis börn með alvarlega bæklunarsjúkdóma, innkirtla- og efnaskiptasjúkdóma, meltingarfærasjúkdóma og geðsjúkdóma.

Við mat skv. 1. mgr. skal miða við að um sé að ræða langvinnan sjúkdóm sem líklegt er að vari í a.m.k. þrjá mánuði.

Við meðferð umsóknar um framlengingu á réttindum foreldra skv. 3. mgr. 8. gr., sbr. einnig 18. gr., eða umsóknar um grunngreiðslur skv. 19. gr. þegar greiðslur skv. III. kafla koma ekki lengur til, skal mat skv. 1. mgr. endurtekið þegar ástæða þykir til.

c. (27. gr.)

Fötlunarstig.

Foreldri getur átt rétt á greiðslum skv. III. eða IV. kafla þegar barn þess greinist með alvarlega fötlun sem fellur undir eitthvert eftirfarandi fötlunarstiga, sbr. þó 3. mgr. 8. gr., sbr. einnig 18. gr., og 19. gr. Framkvæmdaraðili skal meta undir hvert eftirfarandi fötlunarstiga barn fellur:

1. *1. stig:* Börn sem vegna alvarlegrar fötlunar eru algjörlega háð öðrum með hreyfifærni eða flestar athafnir daglegs lífs.
2. *2. stig:* Börn sem vegna alvarlegrar fötlunar þurfa mjög víðtæka aðstoð og nær stöðuga gæslu í daglegu lífi, til dæmis vegna alvarlegrar þroskahömlunar eða alvarlegrar einhverfu.
3. *3. stig:* Börn sem vegna alvarlegrar fötlunar þurfa töluverða aðstoð og gæslu í daglegu lífi, til dæmis vegna miðlungs þroskahömlunar, hreyfihömlunar sem krefst notkunar hjólastóls eða verulegrar einhverfu.

Við meðferð umsóknar um framlengingu á réttindum foreldra skv. 3. mgr. 8. gr., sbr. einnig 18. gr., eða umsóknar um grunngreiðslur skv. 19. gr. þegar greiðslur skv. III. kafla koma ekki lengur til, skal mat skv. 1. mgr. endurtekið þegar ástæða þykir til.

d. (28. gr.)

Barn greinist aftur með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm.

Foreldri barns sem greinist aftur með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eftir að hafa náð bata getur átt sameiginlegan rétt á greiðslum skv. III. kafla með hinu foreldri barnsins enda hafi foreldri verið samfellt í sex mánuði á innlendum vinnumarkaði eða stundað nám í jafnlangan tíma. Hið sama getur átt við þegar ástand barns versnar vegna sjúkdóms eða fötlunar. Að öðru leyti gilda skilyrði 8. og 14. gr. eftir því sem við á.

Foreldri barns sem greinist aftur með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eftir að hafa náð bata sem fullnægir ekki skilyrðum 1. mgr. um samfellt starf eða nám getur átt sameiginlegan rétt á greiðslum skv. IV. kafla með hinu foreldri barnsins. Hið sama getur átt við þegar ástand barns versnar vegna sjúkdóms eða fötlunar. Að öðru leyti gilda skilyrði 19. gr.

Foreldrar geta átt rétt á greiðslum samkvæmt lögum þessum þegar annað barn þeirra greinist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun enda þótt foreldrarnir hafi áður fengið greiðslur vegna annars barns. Foreldrar geta þó einungis fengið greitt vegna eins barns í einu.

19. gr.

2. mgr. 16. gr. laganna sem verður 2. mgr. 29. gr. verður svohljóðandi:

Þegar barn greinist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun meðan foreldrar þess eru í fæðingarorlofi eða fá greiddan fæðingarstyrk samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof öðlast foreldrarnir ekki jafnframt rétt á greiðslum skv. III. eða IV. kafla laga þessara vegna sama barns á þeim tíma. Foreldrar skv. 1. málsl. sem eiga rétt á framlengingu á fæðingarorlofi eða greiðslu fæðingarstyrks vegna veikinda eða fötlunar barnsins öðlast jafnframt ekki rétt til greiðslna skv. III. kafla laga þessara þegar fæðingarorlofi eða greiðslu fæðingarstyrks lýkur en þeir geta þá átt rétt á greiðslum skv. IV. kafla laganna að öðrum skilyrðum laganna uppfylltum. Foreldrar skv. 2. málsl. geta síðar átt rétt á greiðslum skv. III. kafla laganna þegar skilyrði 28. gr. laganna eiga við.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2008 en greiðslur koma til framkvæmda 1. mars 2008. Ákvæði III. kafla laga nr. 22/2006, um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlegra fatlaðra barna, sbr. 5.–15. gr. laga þessara, eiga við um foreldra barna sem greinast með alvarlega og langvinna sjúkdóma eða alvarlega fötlun 1. október 2007 eða síðar, sbr. þó d-lið 18. gr. laga þessara, enda hafi barn greinst aftur með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða ástand þess versnað vegna sjúkdóms eða fötlunar eftir 1. október 2007.

Foreldrar barna sem hafa greinst fyrir 1. október 2007 og hefðu átt rétt á greiðslum skv. 1. mgr. 8. gr. eða 1. mgr. 12. gr. laga nr. 22/2006, um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, að óbreyttum lögum í allt að þrjá mánuði eftir 1. janúar 2008 og uppfylla ekki skilyrði 17. gr. laga þessara skulu eiga rétt á grunngreiðslum að fjárhæð 130.000 kr. þann tíma sem þeir eiga rétt á greiðslum samkvæmt mati framkvæmdaraðila.

Foreldrar barna sem hafa greinst fyrir 1. október 2007 og uppfylla skilyrði 17. gr. laga þessara geta átt rétt á almennri fjárhagsaðstoð frá 1. janúar 2008 samkvæmt mati framkvæmdaraðila.

487. Frumvarp til laga [162. mál]

um breytingu á lögum nr. 51/1995, um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 12. des.)

1. gr.

Í stað orðsins „hámarksdagpeninga“ í 4. mgr. 1. gr. laganna kemur: óskertra grunnatvinnuleysisbóta.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir takmarkanir á fjölda greiðsludaga skv. 4. mgr. 1. gr. skal fjöldi greiðsludaga sem heimilt er að greiða í senn vera að hámarki 30 dagar en þó aldrei fleiri en 60 dagar á hverju almanaksári. Að öðru leyti gildir ákvæði 1. gr.

Starfsmanni sem fær greidd föst laun fyrir dagvinnu frá vinnuveitanda í tímabundinni vinnslustöðvun í samræmi við ákvæði kjarasamninga um kauptryggingu verkafólks í fiskvinnslu, sbr. einnig 2. gr., er heimilt að sækja um mismun fastra dagvinnulauna og tekjutengdra atvinnuleysisbóta sem hann ætti ella rétt á skv. 32. gr. laga nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, hefði hann skráð sig án atvinnu hjá Vinnumálastofnun þann tíma sem vinnslustöðvunin varir. Skilyrði er að starfsmaður hafi fengið greidd föst laun fyrir dagvinnu frá vinnuveitanda í tímabundinni vinnslustöðvun í tíu virka daga samtals eftir 1. janúar 2008. Fyrsta dag næsta mánaðar skulu greiðslur Vinnumálastofnunar samkvæmt þessari málsgrein inntar af hendi í einu lagi eftir að tímabundinni vinnslustöðvun lýkur, enda hafi vinnslustöðvun lokið og umsókn starfsmannsins borist Vinnumálastofnun fyrir 23. dag mánaðarins á undan. Ljúki vinnslustöðvun síðar eða ef umsókn berst síðar skulu greiðslur inntar af hendi fyrsta dag næsta mánaðar þar á eftir. Sá tími sem starfsmaður fær greiddan mismun fastra dagvinnulauna og tekjutengdra atvinnuleysisbóta samkvæmt þessari málsgrein dregst ekki frá því tímabili sem starfsmaður kann að eiga rétt á atvinnuleysisbótum skv. VI. kafla laga um atvinnuleysistryggingar að öðrum skilyrðum laganna uppfylltum.

Ákvæði þetta gildir til 31. desember 2009.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2008.

488. Svar [283. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Þuríðar Backman um innflutning og eftirlit með innfluttu kjöti.

1. *Hversu mikið kjöt, flokkað eftir kjöttegundum, var flutt inn árið 2006 frá*
   a. *löndum innan ESB,*
   b. *löndum utan ESB?*

Árið 2006 voru flutt inn til landsins 854,7 tonn af kjöti úr 2. kafla tollskrár, þar af voru 611,1 tonn frá ESB-löndum. Á sama tíma voru 109,8 tonn flutt til landsins af vörum úr 16. kafla tollskrár, þar af voru 77,9 tonn frá ESB-löndum. Sjá nánar fylgiskjal.

2. *Hvernig er heilbrigðiseftirliti með þeim innflutningi háttað og hvert er umfang þess?*

Óheimilt er að flytja til landsins unnar og óunnar, hráar og lítið saltaðar sláturafurðir. Þó er landbúnaðarráðherra heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði að fengnum meðmælum frá yfirdýralækni, enda þyki sannað að ekki berist smitefni með þeim er valda dýrasjúkdómum. Um þetta er fjallað í 10. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, sem og í 3. og 7. gr. reglugerðar nr. 509/2004 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

Hver sá sem hyggst flytja hrátt kjöt, í fyrsta sinn, til landsins, verður að sækja um leyfi fyrir slíku til landbúnaðarráðherra. Umsókninni verða að fylgja nauðsynlegar upplýsingar um kjötið til athugunar og samþykkis hjá landbúnaðarráðuneyti, áður en það er sent frá útflutningslandi. Innflytjandi á hráu kjöti skal alltaf sækja um leyfi til landbúnaðarráðherra og leggja fram, til umsagnar yfirdýralæknis, aðflutningsskýrslu, upplýsingar um uppruna-

og framleiðsluland vörunnar, tegund vöru og framleiðanda auk tilskilinna vottorða, sem skv. 5. gr. reglugerðar nr. 509/2004 skulu vera:

a. Opinbert uppruna- og heilbrigðisvottorð.
b. Opinbert vottorð sem staðfestir að dýrum, sem afurðirnar eru af, hafi ekki verið gefin vaxtarhvetjandi efni á eldistímanum.
c. Vottorð sem staðfestir að kjötið hafi verið geymt við a.m.k. –18°C í einn mánuð fyrir tollafgreiðslu.
d. Opinbert vottorð sem staðfestir að dýrunum, sem afurðirnar eru af, hafi verið slátrað í sláturhúsum og afurðirnar unnar í vinnslustöðvum, viðurkenndum af Evrópusambandinu, aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins eða bandarískum stjórnvöldum, til útflutnings og/eða sölu innan þessara ríkjasambanda.
e. Opinbert vottorð sem staðfestir að afurðirnar séu lausar við salmonellusýkla.
f. Sláturafurðir, mjólkurafurðir og egg skulu uppfylla ákvæði gildandi reglugerðar um aðskotaefni í matvælum.
g. Varan skal merkt í samræmi við gildandi reglur um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla.

Ekkert hrátt kjöt er flutt til landsins nema það uppfylli skilyrðin hér að framan. Til að tryggja að svo sé eru aðflutningsskýrslur og fylgigögn hverrar sendingar af hráu kjöti sendar yfirdýralækni til nákvæmrar skoðunar. Standist sendingin tilsettar kröfur er aðflutningsskýrsla árituð og ásamt umsögn send til landbúnaðarráðuneytisins. Þar er endanlegt leyfi fyrir innflutningi veitt. Innflytjendur geta ekki fengið sendingar af hráu kjöti tollafgreiddar nema að fengnu þessu leyfi. Á þennan hátt er tryggt að þær afurðir sem hingað berast eru af bestu gæðum og eins heilnæmar og mögulegt er hverju sinni.

Framangreind skilyrði miða við að eftirlit og sýnataka afurðanna fari fram í afurðastöðvum/vinnslustöðvum erlendis. Stöðvarnar skulu vera viðurkenndar af Evrópusambandinu, aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins eða bandarískum yfirvöldum til útflutnings. Í slíkri viðurkenningu felst að afurðastöðin/vinnslustöðin hafi öflugt innra eftirlit byggt á aðferðafræði Gámes og að opinber yfirvöld hafi eftirlit með aðskotaefnum og lyfjaleifum samkvæmt reglum Evrópusambandsins. Þess utan gerir Ísland viðbótarkröfur um að dýrunum sem afurðirnar eru af hafi ekki verið gefin vaxtarhvetjandi efni á eldistímanum og að afurðirnar séu lausar við salmonellusýkla. Sýnatökuáætlun þarf því að vera til staðar í stöðvunum í samræmi við þær kröfur sem nágrannar okkar Svíar, Finnar og Norðmenn gera, sbr. ESB-reglugerð nr. 1688/2005. Með þessum skilyrðum er verið að gera sömu kröfu til innflutts kjöts og gerð er hér á landi til kjöts sem ætlað er til útflutnings. Þannig skapast jafnvægi í eftirliti milli landa.

Stöðug vöktun fer fram hjá Landbúnaðarstofnun með sjúkdómsástandi í þeim löndum sem afurðirnar eru að koma frá. Áhættumat er gert varðandi innflutning á hráu kjöti frá þessum löndum. Verði breytingar á sjúkdómsástandi í viðkomandi landi er strax brugðist við, ef þurfa þykir.

3. *Hvernig er sýnataka úr innfluttu kjöti skipulögð? Eru sýni tekin annars vegar úr kjöti sem fer beint í verslanir og hins vegar því sem fer til kjötvinnslustöðva? Hvaða þættir eru skoðaðir í slíkum sýnum (salmonella, lyf, gerlar o.s.frv.)?*

Skipulagning sýnatöku úr innfluttu kjöti, sjá svar við 2. lið. Enginn munur er gerður á sýnatöku úr kjöti sem er dreift beint í verslanir og því sem fer til kjötvinnslustöðva. Þættir sem skoðaðir eru, sjá svar við 2. lið.

4. *Hversu mörg sýni voru tekin úr innfluttu kjöti á árinu 2006 annars vegar frá ESB-löndum og hins vegar frá löndum utan ESB?*

Með skírskotun til svara í 2. lið er ljóst að fyrst og fremst er innflutningseftirlit með innfluttu kjöti byggt á skjalaskoðun á þeim vottorðum sem krafist er samkvæmt reglugerð 509/2004. Landbúnaðarstofnun, í samræmi við ákvæði e-liðar 2. mgr. 5. gr. laga nr. 66/1998, um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, fylgist vel með sjúkdómsástandi í öllum helstu viðskiptalöndum okkar. Á þeim upplýsingum er áhættumat m.a. byggt þar sem metin er þörfin fyrir sérstakar sýnatökur eftir að varan er komin til landsins. Við áhættumatið er enn fremur fylgst með því hvort grunur komi upp um að matarsýkingar hérlendis tengist innfluttu kjöti, en þess eru engin dæmi síðan innflutningur á kjöti hófst.

Það er því á grundvelli framangreinds áhættumats sem slík sýnataka hefur aðeins í örfáum tilfellum farið fram á undanförnum árum og var ekki framkvæmd á árinu 2006.

5. *Hefur sýnataka leitt til förgunar á innfluttu kjöti?*

Þess eru dæmi að sýnataka hefur leitt til höfnunar á innflutningi sem síðan leiðir til förgunar vörunnar. Þetta á m.a. við um innfluttar andabringur, sem sýni voru tekin úr á grundvelli áhættumats, og sem reyndust mengaðar af salmonellusýklum, þrátt fyrir að þeim fylgdi vottorð um að rannsóknir á kjötinu hefðu verið neikvæðar vegna salmonellu.

6. *Hvaða tryggingu hafa neytendur fyrir því að kjöt sem kemur fryst til landsins hafi verið geymt við tilskildar aðstæður þar til það kemur í verslanir, svo sem að hitastig og umbúnaður í geymslu og flutningi standist íslenskar kröfur?*

Miklar kröfur eru gerðar til þeirra sem annast flutninga á matvælum milli landa og innan lands, þar er lögð mikil áhersla á að kælikeðjan rofni aldrei. Síritar eru hafðir á flutningagámum og fylgst er með virkni kælingar/frystingar. Komi upp vandamál eiga flutningsaðilar að vera tryggðir gegn slíku og slíkum matvælum ber að eyða á kostnað tryggingafélaganna.

7. *Skarast eftirlit Umhverfisstofnunar og Landbúnaðarstofnunar með innflutningi á kjöti eða skortir samhæfingu á milli stofnananna?*

Landbúnaðarstofnun annast eftirlit í sláturhúsum, kjötpökkunarstöðvum sláturhúsa og í kjötvinnslum í sláturhúsum og með innflutningi á kjöti. Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga, undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar, annast eftirlit í kjötvinnslum sem ekki eru staðsettar í sláturhúsum og með kjöti í dreifingu.

8. *Hefur verið tekin ákvörðun um skipulag matvælaeftirlits á innfluttu kjöti í fyrirhuguðu landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneyti, og ef svo er, hvernig verður því háttað?*

Ráðgert er að eftirlit með innflutningi á kjöti undir yfirstjórn landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneytis verði í höndum Matvælastofnunar, sem taki til starfa 1. janúar 2008, eftir sameiningu Landbúnaðarstofnunar og matvælasviða Umhverfisstofnunar og Fiskistofu. Löggjöfin verður í byrjun sú sama og núverandi verkaskipting milli Matvælastofnunar og Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og áðurnefndra ríkisstofnana, en Matvælastofnun mun fara með yfirumsjón með matvælaeftirliti hjá sveitarfélögunum. Þar með er dregið úr hættu á skörun í eftirliti þar sem þessir aðilar munu hafa reglubundið samstarf.

Fram hafa komið tillögur um að Matvælastofnun verði með sérstaka skrifstofu á höfuðborgarsvæðinu sem fari með inn- og útflutningsmál. Skrifstofa þessi mun í samvinnu við aðalskrifstofu stofnunarinnar hafa eftirlit með innflutningi á kjöti og öðrum matvælum. Þar

verður einnig það starfsfólk sem annast tengsl við tilkynningakerfi ESB um hættulegar vörur (RASFF – Rapid Alert System for Food and Feed). Með þessu fyrirkomulagi er einnig verið að sameina á einum stað innflutningseftirlit með plöntum, fóðri, áburði og sáðvörum, með það að markmiði að samræma eftirlit á öllum stigum fæðukeðjunnar.

Ísland stefnir nú að því að taka upp nýja og endurskoðaða matvælalöggjöf ESB og mun það einnig leiða til nokkurra breytinga í eftirliti á komandi árum. Þá mun allt kjöt frá þriðju ríkjum fara í sérstakt eftirlit í landamærastöðvum hér á landi í samræmi við löggjöf sem gerir tilteknar kröfur um skoðun og sýnatökur. Kjöt frá EES-svæðinu mun ekki þurfa sömu skoðun í landamærastöðvum, en Ísland hefur þó áform um að áfram verði krafist salmonellu-vottorða við innflutning á öllu kjöti. Eftirlit með kjötvörum frá þriðju ríkjum, sem fram fer í landamærastöðvum, er framkvæmt samkvæmt samræmdum reglum á EES-svæðinu, en kjötvörur frá EES-ríkjum munu falla undir markaðseftirlit, en þó með þeim undantekningum sem íslensk stjórnvöld munu gera varðandi skjalaskoðun og framvísun vottorða um heilnæmi vörunnar. Matvælaeftirlit hér á landi getur einnig tekið sýni af innfluttu kjöti frá EES-ríkjum með sama hætti og gert er vegna innlendrar framleiðslu.

Fylgiskjal.

Innflutt kjöt og kjötafurðir 2006.

	ESB-lönd	Önnur lönd	Tonn alls
2. kafli. Hrátt kjöt og ætir hlutar af dýrum			
0202.2009 Annað fryst kjöt af nautgripum, með beini	0,6		**0,6**
0202.3001 Fryst nautahakk	320,2	121	**441,2**
0202.3002 Frystar nautalundir	14,8	83,8	**98,6**
0202.3003 Frystir nautahryggvöðvar (file)	2,1	2,2	**4,3**
0202.3004 Frystir nautalærisvöðvar		1,5	**1,5**
0202.3009 Annað fryst úrbeinað kjöt af nautgripum	2,8		**2,8**
0203.2209 Frystir bógar og bógbitar af svínum, með beini	4,5		**4,5**
0203.2904 Frystar svínalundir	19,5		**19,5**
0207.1401 Fryst beinlaust kjöt af hænsnum í sneiðum eða hlutum	105,9		**105,9**
0207.3300 Fryst kjöt af öndum gæsum og perluhænsnum	1,6		**1,6**
0207.3601 Annað beinlaust kjöt af öndum, gæsum og perluhænsnum	5,7		**5,7**
0207.3602 Önnur lifur úr öndum, gæsum og perluhænsnum	0,9		**0,9**
0207.3609 Annað kjöt af öndum, gæsum og perluhænsnum	0,7		**0,7**
0208.1000 Nýtt eða fryst kjöt o.þ.h. af kanínum eða hérum		0,3	**0,3**
0208.9001 Nýtt kælt eða fryst kjöt af dúfum	0,7		**0,7**
0208.9002 Nýtt kælt eða fryst kjöt af fasönum	1,3		**1,3**
0208.9003 Frystar rjúpur	0,2		**0,2**
0208.9004 Nýtt kælt eða fryst kjöt af dádýrum	4,9	7,3	**12,2**

	ESB-lönd	Önnur lönd	Tonn alls
0208.9007 Fryst úrbeinað hreindýrakjöt	0,8	0,2	**1**
0208.9008 Fryst hreindýrakjöt, með beini		21,2	**21,2**
0208.9009 Annað nýtt eða fryst kjöt o.þ.h.	0,8	5	**5,8**
0210.1100 Reykt, söltuð eða þurrkuð læri, bógur og sneiðar af svínum, með beini	1		**1**
0210.1200 Reykt, söltuð eða þurrkuð slög og sneiðar af svínum	1,4		**1,4**
0210.1901 Annað reykt, saltað eða þurrkað, úrbeinað svínakjöt	10,1	0,2	**10,3**
0210.1909 Annað reykt, saltað eða þurrkað svínakjöt	15,8	0,9	**16,7**
0210.9990 Annað reykt, saltað eða þurrkað kjöt, þ.m.t. mjöl og innmatur	94,8		**94,8**
Samtals magn í tonnum	**611,1**	**243,6**	**854,7**
16. kafli Unnar kjötvörur, pylsur og þess háttar			
1601.0010 Blóðmör og lifrarpylsa	0,5		**0,5**
1601.0021 Þurrpylsur	0,3		**0,3**
1601.0022 Pylsur sem í er > 60% kjöt o.þ.h. auk annarra efna	1,5	0,3	**1,8**
1601.0023 Pylsur sem í er > 20% en <= 60% kjöt o.þ.h. auk annarra efna	1,1	0,6	**1,7**
1601.0029 Aðrar pylsur		0,5	**0,5**
1602.1001 Unnar jafnblandaðar kjötvörur sem í er > 60% kjöt eða blóð	0,1		**0,1**
1602.2011Lifrarkæfa sem í er > 60% dýralifur	0,3	0,1	**0,4**
1602.2012 Lifrarkæfa sem í er > 20% en <= 60% dýralifur	5	1,1	**6,1**
1602.2019 Önnur lifrarkæfa		0,3	**0,3**
1602.2021 Aðrar vörur úr dýralifur sem í er > 60% dýralifur	0,2		**0,2**
1602.2022 Aðrar vörur úr dýralifur sem í er > 20% en <= 60% dýralifur	0,1		**0,1**
1602.3101 Unnið kjöt og kjötvörur úr kalkúnum sem í er > 60% kjöt o.þ.h.		5,8	**5,8**
1602.3109 Annað unnið kjöt og kjötvörur úr kalkúnum		0,2	**0,2**
1602.3201 Unnið kjöt og kjötvörur úr Gallus domesticus hænsnum sem í er > 60% kjöt o.þ.h.	34,6	3,1	**37,7**
1602.3202 Unnið kjöt og kjötvörur úr Gallus domesticus hænsnum sem í er > 20% en <= 60% kjöt o.þ.h.	5,5	5,1	**10,6**
1602.3209 Annað unnið kjöt og kjötvörur úr Gallus domesticus hænsnum	0,1	1,4	**1,5**
1602.3901 Unnið kjöt og kjötvörur úr öðrum alifuglum sem í er > 60% kjöt o.þ.h.	7,8	6,4	**14,2**
1602.3902 Unnið kjöt og kjötvörur úr öðrum alifuglum sem í er > 20% en <= 60% kjöt o.þ.h.		0,1	**0,1**
1602.3909 Annað unnið kjöt og kjötvörur úr öðrum alifuglum	0,2		**0,2**
1602.4101 Unnin læri og lærissneiðar af svínum, sem í er > 60% kjöt o.þ.h.	0,5		**0,5**
1602.4102 Unnin læri og lærissneiðar af svínum, sem í er > 20% en <= 60% kjöt o.þ.h.	3,5		**3,5**
1602.4109 Önnur unnin læri og lærissneiðar af svínum	6		**6**
1602.4201 Unninn bógur og bógsneiðar af svínum, sem í er > 60% kjöt o.þ.h.	0,2		**0,2**
1602.4209 Annar unninn bógur og bógsneiðar af svínum	2,6		**2,6**

	ESB-lönd	Önnur lönd	Tonn alls
1602.4901 Annað unnið kjöt og kjötvörur úr svínum sem í er > 60% kjöt o.þ.h.	1,8	0,6	**2,4**
1602.4902 Annað unnið kjöt og kjötvörur úr svínum sem í er > 20% en <= 60% kjöt o.þ.h.	0,8		**0,8**
1602.4909 Annað unnið kjöt og kjötvörur úr svínum	3,9	0,5	**4,4**
1602.5001 Unnið kjöt og kjötvörur úr nautgripum sem í er > 60% kjöt o.þ.h.		5,8	**5,8**
1602.5002 Unnið kjöt og kjötvörur úr nautgripum sem í er > 20% en <= 60% kjöt o.þ.h.	0,7		**0,7**
1602.5009 Annað unnið kjöt og kjötvörur úr nautgripum	0,5		**0,5**
1602.9019 Aðrar unnar kjötvörur, úr dilkakjöti, þ.m.t. framleiðsla úr hvers konar dýrablóði	0,1		**0,1**
Samtals magn í tonnum	**77,9**	**31,9**	**109,8**
Samtals innflutt magn í tonnum af kjöti og kjötvörum á árinu 2006	**689**	**275,5**	**964,5**

489. Nefndarálit [91. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 116 10. ágúst 2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar.

Eitt meginmarkmiða frumvarpsins er að fella tímabundið niður veiðigjald á aflaheimildir í þorski vegna verulegs niðurskurðar á aflaheimildum á yfirstandandi fiskveiðiári en jafnframt eru ákveðnar líkur á að aflaheimidlir í þorski aukist ekki í bráð. Er hér um hluta svonefndra mótvægisaðgerða að ræða. Hitt meginmarkmiðið er að fella niður veiðiskyldu á úthafsrækju, en eins og kunnugt er hefur aflabrestur háð veiðum á úthafsrækju. Ef ekkert væri að gert hefði aflahlutdeildin verið felld niður að því marki sem ekki tókst að veiða upp í úthlutaðar heimildir.

Sjávarútvegur er einn af hornsteinum íslensks atvinnulífs og grundvallarþáttur í að halda uppi atvinnu- og búsetu í landinu auk þess sem hann hefur verið einn mikilvægasti þátturinn í öflun gjaldeyristekna fyrir þjóðina. Stjórnvöldum ber því skilyrðislaust að hlúa að atvinnugreininni og tryggja henni eins stöðugan og fyrirsjáanlegan rekstrar- og lagaramma og frekast er kostur og að hún sitji að minnsta kosti í einu og öllu við sama borð um skattlagningu o.fl. og aðrar atvinnugreinar.

Ákvarðanir stjórnvalda um að skera niður aflahlutdeild í þorski á yfirstandandi fiskveiðiári um 30% eru gríðarlegt áfall fyrir greinina og ekki enn útséð hvernig við verði brugðist. Í áliti og tillögum meiri hluta nefndarinnar er lagt til að veiðigjald verði almennt lækkað tímabundið í 4,8% fyrir yfirstandandi og næsta fiskveiðiár en að óbreyttu hefði það orðið 8,0% á árinu og 8,7% á því næsta og hámarksgjaldi 9,5% náð árið 2009. 1. minni hluti telur tillögur meiri hlutans vera til bóta en ganga þó allt of skammt.

Fyrsti minni hluti telur að eins og á stendur sé eina rökrétta leiðin og mun öflugri mótvægisaðgerð að fella veiðigjald á sjávarútveginn alfarið niður í ákveðinn tíma og bíða átekta í a.m.k. þrjú fiskveiðiár og taka þá nýja ákvörðun að vel yfirlögðu ráði þegar nýjar rannsókn-

ir og veiðireynsla hafa sýnt fram á veiðiþol þorskstofnsins. Sé ekki vilji til þess telur 1. minni hluti að það beri að ráðstafa veiðigjaldinu til að stórefla hafrannsóknir í þeim sjávarbyggðum sem verst verða úti vegna niðurskurðar á þorskaflaheimildum í samstarfi við Hafrannsóknastofnunina eða styrkja viðkomandi sveitarfélög með öðrum hætti. Vekur 1. minni hluti m.a. athygli á að greiðslur frá Vestmannaeyjum vegna veiðigjalds nema liðlega 100 millj. kr.

Fjölmargar umsagnir bárust nefndinni. Sammerkt þeim nær öllum var gagnrýni á veiðigjaldið, ráðstöfun þess o.fl. 1. minni hluti telur að ekki verði litið fram hjá þeirri staðreynd að veiðigjaldið er fyrst og fremst skattur á landsbyggðina. Alkunna er að landsbyggðin er mun háðari sjávarútveginum en höfuðborgarsvæðið. Það er og staðreynd að þar eru atvinnutækifæri færri og laun almennt lægri en tíðkast á höfuðborgarsvæðinu. Sveitarfélög landsins standa í ströngu við að halda uppi þjónustustigi sem landsmenn eiga rétt á og uppfylla kröfur sem ríkisvaldið leggur á herðar þeim um gæði og magn þjónustu, þrátt fyrir að tekjustofnar fylgi sjaldnast auknum kröfum. Það skýtur því skökku við að skattleggja eina tegund atvinnurekstrar umfram aðrar og sérstaklega þegar svo háttar til að sú tegund atvinnurekstrar er mjög mikilvæg fyrir byggðastefnu í landinu sem stjórnvöldum ber að hlúa að. Fram kom í nefndinni að talið væri að landsbyggðin greiddi um 85% af heildarálagningu veiðileyfagjalds ár hvert án þess að njóta þessarar gjaldtöku.

Fyrsti minni hluti vekur sérstaka athygli á að hæpið sé út frá jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar að leggja auðlindagjald á nýtingu einnar tegundar náttúruauðlindar umfram aðrar.

Að kröfu minni hlutans kannaði nefndin sérstaklega þá mismunun sem felst í að fella aðeins niður veiðigjald í þorski og en ekki öðrum tegundum. Fræðimenn sem komu á fund nefndarinnar töldu þetta fyrirkomulag geta staðist stjórnarskrána að vissum skilyrðum uppfylltum eins og meiri hlutinn tíundar í áliti sínu. Frumskilyrðið er þó að um tímabundna aðgerð sé að ræða til að bregðast við sérstökum aðstæðum og að ákveðinn hópur verður fyrir meiri skakkaföllum en aðrir. 1. minni hluti er ekki sannfærður um að öll skilyrði slíkrar mismununar séu uppfyllt og vekur sérstaka athygli á að ávallt er rétt að láta stjórnarskrá lýðveldisins njóta vafans. Þótt fellt sé niður tímabundið veiðigjald á þorskaflamark er allt eins hugsanlegt að önnur útgerð verði illa úti, að ekki sé minnst á landvinnsluna sem einnig verður fyrir verulegum búsifjum vegna aðgerða stjórnvalda. Þá er hugsanlegt að samkeppnisstaða útgerða skekkist með því að einni útgerð er ívilnað umfram aðra. Eins og hér stendur er bæði skynsamleg og eðlisrökrétt að fella veiðigjald alfarið niður tímabundið í stað þess að mismuna eftir tegundum og auðlindum.

Fyrsti minni hluti sér sérstaka ástæðu til að vekja athygli á því að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur á yfirstandandi þingi lagt fram frumvarp um heildarendurskoðun á fiskveiðistjórnunarkerfinu, þar með talið veiðigjald á aflaheimildir, og að núgildandi lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, verði markaður gildistími til 1. september 2010. Þá taki nýtt kerfi við. Samkvæmt framangreindu og að virtum þeim umsögnum sem nefndinni bárust og viðtölum við gesti hennar telur 1. minni hluti rökréttast að fella veiðigjaldið alfarið niður í þrjú fiskveiðiár og taka svo nýja ákvörðun að þeim tíma liðnum. Enn fremur skorar 1. minni hluti á sjávarútvegsráðherra að beita sér fyrir því að kannað verði hvort ekki fari betur að fella niður aflahlutdeild í rækju fremur en að veita ítrekað undanþágu frá veiðiskyldu.

Fyrsti minni hluti leggur því til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 2. gr. Greinin orðist svo:
Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:
Þrátt fyrir ákvæði V. kafla laganna skal ekki leggja veiðigjald á veiðiheimildir fiskveiðiárin 2007/2008, 2008/2009 og 2009/2010. Fiskistofa skal endurgreiða útgerðum veiðigjald sem innheimt hefur verið á fiskveiðiárinu 2007/2008.

Alþingi, 10. des. 2007.

Atli Gíslason.

490. Nefndarálit [91. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 116 10. ágúst 2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá 2. minni hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar.

Meiri hlutinn leggur til að veiðigjald verði lækkað meira en frumvarpið gerir ráð fyrir.
Annar minni hluti tekur ekki undir tillöguna og telur að taka þurfi veiðigjaldskerfið allt til heildarendurskoðunar.
Útgerðarmenn kveinka sér undan gjaldi sem er um 2 kr. á kíló og verður enn lægra ef tillögur meiri hlutans ná fram að ganga. Á sama tíma geta þeir framleigt öðrum kvótann fyrir 220–240 kr. fyrir hvert kíló. Þessa þversögn í kerfinu þarf að lagfæra.
Það er skoðun 2. minni hluta að veiðigjaldið ætti nú að renna til fólksins, sjómanna og fiskvinnslufólks, sem verður fyrir atvinnumissi vegna kvótaskerðingar.
Annar minni hluti telur einnig að rækjuveiðar eigi að gefa frjálsar, a.m.k. tímabundið.

Alþingi, 12. des. 2007.

Grétar Mar Jónsson.

491. Frumvarp til laga [318. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Anna Guðrún Arnaldsdóttir Alcalay, f. 1996 á Spáni.
2. Constance M.L.M. Wedj Dekon, f. 1972 í Senegal.
3. Hata Hoda, f. 1935 í Serbíu.
4. Jennifer Ganaganag Selario, f. 1966 á Filippseyjum.
5. Juan Ramon Borges Bosque, f. 1992 á Kúbu.
6. Konstantín Shcherbak, f. 1978 í Rússlandi.
7. Liliam Yisel Gutierrez Ortega, f. 1981 í Kólumbíu.
8. Luciano Domingues Dutra, f. 1973 í Brasilíu.
9. Mohammed El Bouazatti, f. 1971 í Marokkó.
10. Rosemary Nigrelli, f. 1949 í Keflavík.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Allsherjarnefnd hafa borist 20 umsóknir um ríkisborgararétt á haustþingi 135. löggjafarþings en samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um ríkisborgararétt, nr. 100/1952, veitir Alþingi ríkisborgararétt með lögum. Nefndin leggur til að 10 einstaklingum verði veittur ríkisborgararéttur að þessu sinni.

492. Nefndarálit [289. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og skattanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þórhall Arason og Hafstein S. Hafsteinsson frá fjármálaráðuneyti, Guðjón Bragason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Hauk Ingibergsson og Margréti Hauksdóttur frá Fasteignamati ríkisins.

Tilgangur frumvarpsins er sá að Fasteignamati ríkisins verði markaðir nýir tekjustofnar en fram til þessa hefur rekstur stofnunarinnar verið fjármagnaður með afnotagjaldi sveitarfélaga, sérstöku tímabundnu umsýslugjaldi húseigenda og framlögum af fjárlögum.

Hlutverk Fasteignamats ríkisins er að annast skráningu fasteigna og mat þeirra sem birt er í formi fasteignamats og brunabótamats. Framkvæmd stofnunarinnar á brunabótamati var upphaflega fjármögnuð með sérstöku umsýslugjaldi húseigenda sem vátryggingafélög innheimtu samhliða iðgjöldum af skyldubundnum brunatryggingum og öðrum opinberum gjöld-

um. Um aldamótin síðustu ákvað löggjafinn að fjórfalda umsýslugjaldið tímabundið og verja því til uppbyggingar á Landskrá fasteigna. Að lokinni þeirri uppbyggingu skyldi leitað annarra tekjustofna.

Alþingi hefur frá þeim tíma oft þurft að taka afstöðu til gjaldsins og hafa þá komið fram efasemdir um réttmæti þess að láta húseigendur eina bera kostnað af Landskrá fasteigna. Þingið ákvað að framlengja gjaldið, fyrst fyrir árin 2005 og 2006 og svo fyrir árið 2007 í ljósi þess að um væri að ræða óklárað verkefni og vegna þeirra brýnu þjóðfélagslegu þarfa sem skránni er ætlað að uppfylla. Um þetta má m.a. vísa til álits meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar frá 133. löggjafarþingi á þingskjali 543 í 350. máli.

Nú þegar Landskrá fasteigna er komin í fullan rekstur gerir frumvarpið ráð fyrir að hið sérstaka umsýslugjald verði lagt niður en þess í stað komi sérstakt brunabótamatsgjald sem húseigendur beri kostnað af. Í athugasemdum kemur fram að gjaldið ákvarðist með hliðsjón af því hvert hlutfall kostnaðar brunabótamats er af heildarútgjöldum Fasteignamats ríkisins. Heildarútgjöld eru áætluð 715 millj. kr. fyrir árið 2007.

Í úttekt Ríkisendurskoðunar frá 12. desember 2006 kemur fram að starfsemi Fasteignamats ríkisins sé svo samofin rekstri Landskrár fasteigna að þar verði ekki skilið á milli. Húseigendur munu samkvæmt því bera kostnað af rekstri Landskrár fasteigna verði frumvarpið samþykkt.

Í annan stað gerir frumvarpið ráð fyrir að afnotagjöld sveitarfélaga vegna Landskrár fasteigna verði lögbundin en fram að þessu hafa þau verið ákveðin í gjaldskrá sem fjármálaráðherra setur. Er lagt til að gjöldin taki sem fyrr mið af heildarfasteignamati innan viðkomandi sveitarfélags en að hlutfall álagningar hækki frá því sem verið hefur. Samband íslenskra sveitarfélaga hefur mótmælt breytingunni og bendir m.a. á að hækkun á framlagi sveitarfélaga sé ekki nægilega vel ígrunduð og gangi gegn sjónarmiðum sem vísað er til í áliti félagsmálanefndar í tengslum við afgreiðslu laga nr. 140/2005, um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995. Auk þess komi gjaldið til með að breytast í takt við breytingar á verði fasteigna óháð þeim kostnaði sem hlýst af þjónustunni.

Með hliðsjón af framangreindu leggur nefndin til að a- og b-liður 1. efnismgr. 1. gr. frumvarpsins komi inn í lög um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001, sem bráðabirgðaákvæði og að það gildi í eitt ár frá 1. janúar 2008. Eftir það leggist ekkert brunabótamatsgjald á húseigendur og sveitarfélög greiði gjöld í samræmi við þá þjónustu sem þeim er veitt.

Nefndin telur eðlilegt að leitað verði leiða sem tryggi að Fasteignamat ríkisins geti borið sig sjálft með tekjum af þjónustu við aðila sem helst nota upplýsingar úr skránni til að mynda í þágu atvinnurekstrar, til álagningar opinberra gjalda eða til að skrá hagsmuni sína. Ýmist verði gerðir samningar um stór verkefni, t.d. við Samband íslenskra sveitarfélaga, eða sett verði reglugerð um þjónustugjöld. Þá leggur nefndin til að lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, verði breytt þannig að tekjur af gjaldi sem nú er innheimt á grundvelli 25. tölul. 14. gr. laganna (Vélrænar fyrirspurnir úr þinglýsingabókum) renni til Fasteignamats ríkisins í formi þjónustugjalds. Er sú breyting hugsuð til að vega upp á móti skerðingu sem leiðir af niðurfellingu sérstaks brunabótamatsgjalds á húseigendur.

Nefndin telur koma til greina að hugað verði að framangreindum atriðum samfara vinnu innan ráðuneytisins sem vísað er til í almennum athugasemdum frumvarpsins og snýr að bættri framkvæmd við skráningu og mat fasteigna.

Nefndin leggur einnig til að skoðað verði hvernig nýta megi best þá sérþekkingu sem orðið hefur til við uppbyggingu Landskrár fasteigna.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   24. gr. laganna orðast svo:
   Fasteignamati ríkisins er heimilt að vinna úr og láta í té upplýsingar úr Landskrá fasteigna gegn gjaldi sem rennur til stofnunarinnar samkvæmt gjaldskrá sem fjármálaráðherra staðfestir.
2. Við bætist ný grein er verði 2. gr., svohljóðandi:
   Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   Eftirgreindir aðilar skulu á árinu 2008 greiða Fasteignamati ríkisins gjald fyrir afnot af mati stofnunarinnar:
   a. Sveitarfélög skulu greiða fasteignamatsgjald fyrir afnot af fasteignamati og kerfi til álagningar fasteignaskatta og fasteignagjalda. Skal gjald þetta nema 0,007% af heildarfasteignamati í sveitarfélaginu 31. desember 2008.
   b. Húseigendur skulu greiða brunabótamatsgjald vegna notkunar brunabótamats til vátrygginga og annarra trygginga í þágu húseigenda. Skal gjald þetta nema 0,0037% af brunabótamati hverrar húseignar. Skal vátryggingafélag innheimta gjaldið samhliða innheimtu brunatryggingariðgjalda og skila því til Fasteignamats ríkisins eigi síðar en 45 dögum eftir gjalddaga.

Gunnar Svavarsson og Magnús Stefánsson skrifa undir álitið með fyrirvara.

Katrín Jakobsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Grétar Mar Jónsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 12. des. 2007.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Ellert B. Schram.	Ögmundur Jónasson.
Bjarni Benediktsson.	Gunnar Svavarsson, með fyrirvara.	Magnús Stefánsson, með fyrirvara.
Ólöf Nordal.		Lúðvík Bergvinsson.

493. Svar [282. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Ármanns Kr. Ólafssonar um heildarfjölda ársverka í opinberum stofnunum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver hefur verið þróun heildarfjölda ársverka í dagvinnu í opinberum stofnunum sl. 10 ár? Svar óskast sundurliðað eftir árum og ráðuneytum sem stofnanirnar heyra undir.

Á tímabilinu 1997–2006 hafa verkefni verið færð á milli ríkis og sveitarfélaga, ríkisstofnanir hafa verið færðar á milli ráðuneyta, á milli A- og B-hluta, og ríkisstofnanir hafa verið gerðar að hlutafélögum auk þess sem kerfisbreytingar hafa átt sér stað í launakerfi ríkisins á tímabilinu.

Að frátöldum þeim ársverkum sem voru utan launaafgreiðslu ríkisins þar til árið 2006 voru ársverk í dagvinnu hjá ríkinu 12.468 árið 1997 og árið 2006 voru þau 16.324. Á tímabilinu 1997 til 2006 hefur ársverkum í dagvinnu hjá ríkinu fjölgað um 3.856 eða um 30,9%.

Á árinu 2006 færði stærstur hluti heilbrigðisstofnana launaafgreiðslu sína yfir til ríkisins eða sem samsvarar 1.511 ársverkum í dagvinnu. Heilbrigðisstofnanirnar voru í sérstöku launaafgreiðslukerfi og er því ekki um fjölgun ársverka að ræða heldur færslu á milli kerfa. Þar sem um kerfisbreytingu er að ræða og þar sem meta á þróun heildarfjölda ársverka í dagvinnu, er talið réttast að horfa fram hjá þessum ársverkum við mat á þróun ársverka í dagvinnu hjá ríkinu fyrir tímabilið 1997 til 2006.

Fjölgun ársverka hefur verið mest hjá þeim stofnunum er heyra undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið en þar hefur ársverkum í dagvinnu fjölgað um 1.749 á tímabilinu eða um 54,4%. Þessi fjölgun skýrist að mestu af tilfærslu á verkefnum frá Reykjavíkurborg til ríkisins við sameiningu Sjúkrahúss Reykjavíkur (Borgarspítala) og Landspítala árið 2001. Við sameininguna fjölgaði ársverkum í dagvinnu hjá ríkinu um 1.300.

Að frátalinni sameiningu Sjúkrahúss Reykjavíkur og Landspítalans hefur ársverkum í dagvinnu hjá stofnunum er heyra undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið fjölgað um 449.

Heildarfjölgun ársverka hjá ríkinu á tímabilinu, að frátöldum þeim ársverkum er fluttust á milli ríkisins og Reykjavíkurborgar við sameiningu Sjúkrahúss Reykjavíkur og Landspítalans, er 2.556 ársverk í dagvinnu eða 20,5% aukning.

Nánari upplýsingar eru í eftirfarandi töflu.

Fjöldi ársverka í dagvinnu.

Tímabilið 1997–2006, flokkað eftir ráðuneytum.

Heiti	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006
Æðsta stjórn ríkisins	239	242	248	250	251	253	265	266	273	274
Forsætisráðuneytið	31	35	43	57	57	55	57	62	69	66
Menntamálaráðuneytið	2.693	2.777	2.823	2.818	2.875	3.027	3.099	3.154	3.732	3.743
Utanríkisráðuneytið	183	238	264	297	312	339	368	396	416	487
Landbúnaðarráðuneytið	337	340	346	368	371	373	374	382	296	402
Sjávarútvegsráðuneytið	320	330	342	347	361	357	356	348	359	359
Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	1.511	1.534	1.540	1.575	1.566	1.586	1.628	1.583	1.757	1.790
Félagsmálaráðuneytið	897	957	969	1.023	1.003	1.031	1.076	1.119	1.154	1.159
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið	3.215	3.147	3.232	3.273	4.580	4.519	4.674	4.618	4.887	6.475
Fjármálaráðuneytið	577	687	700	697	720	725	740	737	770	764
Samgönguráðuneytið	683	685	678	678	688	718	706	746	803	791
Iðnaðarráðuneytið	225	233	232	233	234	235	216	188	191	185
Viðskiptaráðuneytið	64	59	67	76	81	89	81	88	79	96
Umhverfisráðuneytið	263	282	291	298	75	319	323	342	357	352
Hagstofa Íslands	59	65	70	75	312	84	92	91	98	90
Aðrar ríkisstofnanir	1.172	1.029	1.051	1.077	986	975	1.016	1.031	960	802
Samtals fjöldi ársverka í dagvinnu	**12.468**	**12.641**	**12.898**	**13.142**	**14.472**	**14.685**	**15.071**	**15.151**	**16.201**	**17.835**
Stofnanir áður í H-launa-kerfi	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1.511
Samtals fjöldi ársverka í dagvinnu án heilbrigðisstofnana utan launaafgreiðslu ríkisins	**12.468**	**12.641**	**12.898**	**13.142**	**14.472**	**14.685**	**15.071**	**15.151**	**16.201**	**16.324**

494. Tillaga til þingsályktunar [319. mál]

um skipun rannsóknarnefndar skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til að rannsaka sölu Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf. á fasteignum á Keflavíkurflugvelli og kaup félagsins á þjónustu, vörum og verkefnum.

Flm.: Atli Gíslason, Grétar Mar Jónsson.

Alþingi ályktar að kjósa sjö manna rannsóknarnefnd samkvæmt ákvæðum 39. gr. stjórnarskrárinnar.

Verkefni nefndarinnar verði að rannsaka sérstaklega eftirfarandi:

1. Allt sem viðkemur sölu Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf. á fasteignum á Keflavíkurflugvelli.
2. Allt sem viðkemur kaupum Þróunarfélagsins á þjónustu, vörum og verkum.
3. Öll samskipti ráðuneyta og Þróunarfélagsins, þar með talið hvernig staðið var að stofnun félagsins.
4. Allt sem viðkemur tengslum málsaðila, mögulegum hagsmunaárekstrum og spurningum um vanhæfi.

Nefndin kanni einnig aðra þætti þessara mála eftir því sem henni þykir ástæða til. Hún hafi fullan rétt til allra upplýsinga frá opinberum aðilum og einstaklingum eftir því sem nauðsynlegt reynist. Fundir nefndarinnar verði haldnir í heyranda hljóði. Nefndin hraði störfum sínum eins og kostur er og skili niðurstöðum til Alþingis. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Í þeim umræðum sem fram hafa farið um viðskipti Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf. hefur mikið skort á að Alþingi fengi nauðsynlegar upplýsingar um stöðu mála þótt ítrekað hafi verið leitað eftir því.

Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf. var stofnað til að hafa umsjón með og eftir atvikum ráðstafa fasteignum sem Bandaríkjaher skildi eftir við brottför sína og ýmis verkefni því tengd. Fjármálaráðuneytið, fyrir hönd ríkisins, telst vera einkaeigandi þessa félags og var undirritaður sérstakur samningur milli fjármálaráðuneytisins og Þróunarfélagsins. Í honum kemur skýrt fram að Þróunarfélagið teljist vera opinber aðili í skilningi laga og þurfi því m.a. að uppfylla útboðsskyldu samkvæmt lögum svo og ákvæði stjórnsýslulaga um hæfi.

Nú er ljóst að misbrestur hefur orðið á því að ákvæðum þessa samnings sé fylgt. Eignir hafi verið seldar án útboðs til manna sem nátengdir eru Sjálfstæðisflokknum og meiri hluta bæjarstjórnar Sjálfstæðisflokksins í Reykjanesbæ og jafnvel flokksmönnum í fleiri nærliggjandi sveitarfélögum. Starf rannsóknarnefndarinnar, sem tillagan gerir ráð fyrir að kosin verði, þarf m.a. að beinast að því að upplýsa til fulls hvernig staðið var að auglýsingu eigna, hvernig staðið var að upplýsingagjöf til áhugasamra aðila, jafnt þeirra sem gerðu tilboð sem annarra, hvort jafnræðis var gætt með fullnægjandi hætti og hvort greiðsluskilmálar og önnur ákvæði í samningum endanlegra kaupenda eru í samræmi við það sem kynnt var öðrum. Ýmsir gerendur hafa setið báðum megin við borðið og selt eignir, í sumum tilvikum til nátengdra aðila eða samstarfsmanna, langt undir markaðsverði svo að milljörðum skiptir. Kanna verður til fulls þetta tengslanet og svara, þannig að hafið sé yfir vafa, spurningum um hvort hagsmunaárekstrar hafi átt sér stað, hvort einhverjir málsaðilar hafi verið vanhæfir

sökum persónulegra hagsmuna, starfa sinna vegna eða sökum tengsla við venslamenn eða nána samstarfsmenn. Seldar hafa verið 1.700 íbúðir fyrir 14 milljarða kr. og er markaðsverð þeirra miðað við fermetraverð íbúða í Reykjanesbæ sagt vera 29,5 milljarðar. Sala á atvinnuhúsnæði virðist, ef eitthvað er, hafa verið á verði sem er enn fjær því að endurspegla markaðsverð og raunverulegt verðmæti viðkomandi eigna en þegar íbúðarhúsnæði á í hlut. Einn sá þáttur sem nefndin þarf að kanna sérstaklega er hvernig farið hefur verið með skipulagsmál á svæðinu og hvernig samskiptum Þróunarfélagsins og viðkomandi sveitarfélaga hefur verið háttað að því leyti og almennt.

Stjórn Þróunarfélagsins hefur brugðist mjög treglega við margítrekuðum tilmælum um að afhenda einstökum þingmönnum umbeðin gögn og gera þannig hreint fyrir sínum dyrum. Sömuleiðis hefur þingnefndum sem málið varðar, fjárlaganefnd og efnahags- og skattanefnd, gengið seint að fá gögn í málinu, þau sem afhent hafa verið ekki verið tæmandi og sumt bundið trúnaði sem þýðir að aðeins nefndarmenn en ekki aðrir alþingismenn hafa gagn af.

Ljóst er að yfir viðskiptum Þróunarfélagsins hvílir mikil leynd. Ógerningur hefur verið að fá fram nauðsynlegar upplýsingar um stöðu mála þannig að hægt sé að leggja fullnægjandi mat á lögmæti þeirra samninga sem félagið hefur gert og á málsmeðferð alla.

Sú leynd sem yfir öllu þessu máli hefur hvílt er einungis til þess fallin að vekja tortryggni um viðskipti Þróunarfélagsins og ýta undir grunsemdir um að farið hafi verið á svig við lög og gott viðskiptasiðferði. Þar sem félagið er alfarið í eigu ríkisins og miklir fjárhagslegir hagsmunir eru í húfi hvílir sú skylda á herðum Alþingis að hafa eftirlit með og tryggja að lögum og reglum um meðferð opinberra fjármuna sé fylgt í hvívetna. Á því virðist hafa orðið mikill misbrestur og þegar svo er komið málum er nauðsynlegt að Alþingi grípi í taumana með skipun rannsóknarnefndar til að allir þættir þessa máls verði upplýstir. Það er að sjálfsögðu gagnlegt að Ríkisendurskoðun fyrir sitt leyti framkvæmi stjórnsýsluathugun á fyrirtækinu en rétt er að hafa í huga að Ríkisendurskoðun er fyrir endurskoðandi Þróunarfélagsins. Það er mat flutningsmanna að stjórnsýsluendurskoðun Ríkisendurskoðunar leysi Alþingi ekki undan þeirri skyldu sinni að upplýsa málið til fulls og kanna alla þætti þess en sjálfgefið er að rannsóknarnefndin eigi gott samstarf við Ríkisendurskoðun í sinni vinnu.

495. Tillaga til þingsályktunar [320. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Lögð fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 13. desember 2007 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 15. janúar 2008.

496. Breytingartillögur [91. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 116 10. ágúst 2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá Árna Johnsen.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   V. kafli laganna fellur brott.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Ákvæði til bráðabirgða II og 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða IV falla brott.
3. Við bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   Veiðigjald skal ekki lagt á frá og með fiskveiðiárinu 2007/2008 og skal Fiskistofa endurgreiða veiðigjald sem innheimt hefur verið.

Greinargerð.

Veiðileyfagjald á sjávarútveginn, túlkað sem auðlindagjald, er gróft brot á jafnræðisreglu í innheimtu skatta á landinu, einstæð og einhliða skattheimta á fyrirtæki í sjávarútvegi umfram önnur fyrirtæki landsins. Veiðileyfagjaldið er sérstök skattheimta á landsbyggðina sem greiðir um 85% af skattinum á móti 15% sem höfuðborgarsvæðið greiðir. Á landsbyggðinni búa 35% íbúa landsins og það eru því 35% íbúa sem greiða 85% skattsins. Þegar veiðileyfagjaldið, auðlindaskatturinn, var sett á voru ríkjandi hugmyndir um sambærilega skattheimtu af öðrum auðlindum landsins, en ekkert hefur verið gert í þeim efnum og engin áform um það svo vitað sé. Ætlað er samkvæmt núgildandi lögum að auðlindaskattur sjávarútvegsins verði liðlega einn milljarður króna á árinu 2008. Ef samsvarandi auðlindaskattur væri á önnur fyrirtæki landsins, ætti Orkuveita Reykjavíkur, til að mynda, að borga 810 millj. kr. í auðlindaskatt og Landsvirkjun 1.417 millj. kr. Veiðileyfagjaldið mismunar byggðum landsins. Atvinnusvæði landsins og atvinnugreinar eiga í samkeppni um mannauð og fjármagn. Miðað við auðlindaskatt á árunum 1991–2007 hefði gjaldtakan numið 7 milljörðum kr. aðeins í Suðurkjördæmi, en Suðurkjördæmi greiðir um 30% veiðileyfagjaldsins, hæst hlutfall allra kjördæma. Sjávarbyggðum hefur blætt og blæðir meira með þorskskerðingu. Í atvinnuuppbyggingu hefur ríkið gripið til umdeildrar uppbyggingar í stóriðju og virkjunum og m.a. hefur skattaívilnunum verið beitt. Er eðlilegt að sjávarplássum landsins sé hegnt fyrir það að vinna fisk í stað þess að bræða ál, selja verðbréf eða virkja orku? Þá er það ljóst að aulindaskatturinn leggst þyngst á köldu svæði landsins.

Áætluð hækkun veiðigjalds er úr 0,91 kr. /kg í 2,42 kr./kg eða 266% milli ára. Slíkt á ekki að gerast í eðlilegu rekstrarumhverfi. Þá veldur það furðu að aðeins eigi að fresta veiðileyfagjaldi af þorski, en ekki öðrum tegundum sem standa veikt, svo sem kolmunna, kolategundum, ufsa og karfa en auk þeirra er veruleg skerðingu á loðnu. Margir vankantar eru á framkvæmd veiðileyfagjaldsins auk þess sem það er valdbeiting gegn einni atvinnugrein umfram aðrar á Íslandi. Gjaldið leggst á aflaheimildir tegunda óháð afkomunni í þeim tegundum. Skattstofninn er aflaverðmæti skipaflotans í heild að frádregnum rekstrarkostnaði. Inn í rekstrarkostnað vantar afskriftir og heildarkostnað af fjármagni. Veiðar utan landhelgi Íslands eru skattlagðar og skattlagning er óháð aflabrögðum eða afkomu í einstökum tegundum.

Innan greinarinnar er mikil mismunun. 30% af veiðiheimildum í þorski hafa flust til svokallaðra smábáta. Skerðing aflamarksskipa í ýsu frá fiskveiðiárinu 1991/1992 er 15,93% af leyfilegum heildarafla. Mismunun er haldið við með línuívilnun, röngum slægingarstuðlum og byggðakvóta. Á yfirstandandi fiskveiðiári leggja útgerðarfyrirtæki á Suðurlandi fram sem nemur rúmlega 1,1 milljarði kr. vegna svokallaðra potta og línumismununar. Til að mynda varðandi línuveiðar dagróðrabáta sem beita línu í landi og mega landa 16% umfram þann afla sem reiknast til aflamarks þeirra í þorski, ýsu og steinbít. Þá valda rangir slægingarstuðlar því að umframveiði smábáta á fiskveiðiárinu 2005/2006 var 2.300 tonn af þorski og 1.400 tonn af ýsu. Þá hefur byggðakvótinn svokallaði, sem frá upphafi var dæmdur til að mistakast, hækkað úr 0,5% af hlutfalli þorsks í liðlega 2% af þorskafla. Það er bæði réttlátt og sanngjarnt að veiðigjald verði fellt niður, því að það er engin sanngirni í því að sjávarútvegurinn sé skattlagður sérstaklega umfram aðrar greinar í landinu og það er forkastanlegt að ganga með þessum hætti að landsbyggðinni sem á mjög undir högg að sækja miðað við höfuðborgarsvæðið.

Lagt er til að horfið verði frá þeirri stefnu að innheimta veiðigjald af útgerðum skv. V. kafla laganna og öll ákvæði um veiðigjald felld úr gildi og álagningu og innheimtu veiðigjalds verði hætt frá og með yfirstandandi fiskveiðiári. Þar sem veiðigjald hefur þegar verið lagt á er lagt til að Fiskistofa endurgreiði útgerðum það sem innheimt hefur verið fyrir fiskveiðiárið 2007/2008.

497. Nefndarálit [131. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, og lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og skattanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Maríönnu Jónasdóttur, Ingva Má Pálsson og Ingibjörgu Helgu Helgadóttur frá fjármálaráðuneytinu, Ingvar J. Rögnvaldsson og Guðrúnu Jenný Jónsdóttur frá ríkisskattstjóra, Sigurð B. Halldórsson frá Samtökum iðnaðarins og Hrafnhildi Stefánsdóttur frá Samtökum atvinnulífsins. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá ríkisskattstjóra, skattrannsóknarstjóra ríkisins, Hagstofu Íslands, tollstjóranum í Reykjavík, Útlendingastofnun, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Alþýðusambandi Íslands, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum iðnaðarins og Viðskiptaráði. Einnig hafa nefndinni borist tilkynningar frá Seðlabanka Íslands, Tryggingastofnun ríkisins, Alþjóðahúsi og Félagi löggiltra endurskoðenda.

Frumvarpið varðar framkvæmd skattalaga þegar í hlut eiga starfsmannaleigur sem ekki hafa skattalegt heimilisfesti hér á landi. Lagt er til að viðsemjanda starfsmannaleigunnar, notendafyrirtækinu, sem stundar starfsemi hér á landi, beri skylda til að annast staðgreiðslu launa og launatengdra gjalda hinna leigðu starfsmanna. Í Hæstaréttardómi nr. 523/2006 komst rétturinn að þeirri niðurstöðu að tilgreind ákvæði tekjuskattslaga, nr. 90/2003, og laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, veittu slíkri framkvæmd ekki nægilega skýra lagastoð.

Á fundum nefndarinnar var rætt hvort upphafsgrein frumvarpsins fengi staðist þjónustufrelsisákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Um þetta atriði er ágreiningur milli fjármálaráðuneytisins og ríkisskattstjóra annars vegar og Samtaka atvinnulífsins og Samtaka iðnaðarins hins vegar.

Það er skoðun Samtaka atvinnulífsins og Samtaka iðnaðarins að beiting aðildarríkja á skattlagningarvaldi verði að rúmast innan fjórfrelsisákvæða samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Í frumvarpinu sé fólgin mismunun og hindrun sem gangi í berhögg við 36. gr. samningsins sem einstök aðildarríki geti ekki réttlætt einvörðungu með vísan til skilvirkrar skattaframkvæmdar. Samtökin hafa gagnrýnt að erlend fyrirtæki sem veita tímabundið þjónustu hér á landi skuli ekki eiga þess kost að geta staðið skil á staðgreiðslu nema með stofnun útibús eða fyrir milligöngu innlends aðila, m.a. í ljósi lagaskyldu um tilnefningu sérstaks fulltrúa, sbr. 3. gr. laga um starfsmannaleigur, nr. 139/2005, og 10. gr. laga um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra, nr. 45/2007.

Skattayfirvöld hafa bent á að með frumvarpinu sé verið að festa í sessi skattframkvæmd sem rekja megi til laga nr. 145/1995, um breytingar á þágildandi tekjuskattslögum. Að baki henni búi m.a. það sjónarmið að staða hinna leigðu starfsmanna sé, a.m.k. í skattalegu tilliti, ekki frábrugðin stöðu annarra starfsmanna notendafyrirtækisins. Yfirvöldin hafa jafnframt vakið máls á ýmsum lagalegum og framkvæmdalegum vandkvæðum sem eru því samfara að krefja erlend þjónustufyrirtæki um staðgreiðslu launa og launatengdra gjalda og benda á að það sé meginviðhorf að aðildarríki innan Evrópska efnahagssvæðisins hafi forræði á eigin skattamálefnum.

Við meðferð málsins hefur nefndin rætt hvort skattyfirvöld geti farið aðrar leiðir við að ná fram markmiðum frumvarpsins sem nefndin telur að horfi til almannaheilla. Í ljósi þeirrar umræðu leggur nefndin til viðbót við upphafsgrein frumvarpsins sem ætlað er að taka til starfsmannaleiga sem hafa staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, í EFTA-ríki eða í Færeyjum, sbr. c-lið 1. mgr. 1. gr. fyrrnefndra laga nr. 45/2007. Krafa skattyfirvalda um staðgreiðslu á samkvæmt því fyrst og fremst að beinast að viðkomandi starfsmannaleigu og skyldur notendafyrirtækis í þeim efnum verða í formi ábyrgðar. Þá verði ráðherra gert að útlista nánar í reglugerð hvaða skilyrðum starfsmannaleigur þurfi að fullnægja til að geta staðið skil á staðgreiðslu hér á landi. Tillaga nefndarinnar gerir ráð fyrir að notendafyrirtækið geti tryggt í samningi við starfsmannaleiguna að hún standi skil á staðgreiðslu vegna hinna leigðu starfsmanna, t.d. með því að skilyrðisbinda leigugreiðslur sínar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Starfsmannaleiga sem hefur staðfestu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, öðru EFTA-ríki eða Færeyjum telst þó launagreiðandi nema um annað hafi verið samið við notendafyrirtæki. Notendafyrirtæki ber ábyrgð sem launagreiðandi hafi starfsmannaleiga ekki staðið réttilega skil á staðgreiðslu, sbr. 20. gr. Fjármálaráðherra er heimilt að binda staðgreiðslu starfsmannaleigu nánari skilyrðum.

Katrín Jakobsdóttir og Gunnar Svavarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Grétar Mar Jónsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 12. des. 2007.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Ellert B. Schram.	Ögmundur Jónasson.
Bjarni Benediktsson.	Magnús Stefánsson.	Lúðvík Bergvinsson.

Ólöf Nordal.

498. Nefndarálit [293. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, sbr. lög nr. 74/1992, 102/1993, 68/2007 og 102/2007.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Helga Bernódusson skrifstofustjóra Alþingis og Hafdísi Ólafsdóttur aðallögfræðing skrifstofu Alþingis. Nefndinni barst einnig umsögn um málið frá Félagi starfsmanna Alþingis.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um þingsköp Alþingis. Frumvarpið er afrakstur starfs á vegum forseta, forsætisnefndar og formanna þingflokka og hefur þessi hópur unnið að því að móta ný vinnubrögð í þinginu.

Meginmarkmið frumvarpsins eru dregin saman í fimm liðum í athugasemdum með því. Í fyrsta lagi er reglulegur starfstími Alþingis lengdur og er gert ráð fyrir því að þingið hefji störf í byrjun september að hausti og reglulegum þingstörfum ljúki í lok maí eða byrjun júní. Þingfundadögum verður hins vegar ekki fjölgað en þeir hafa jafnan verið um hundrað á hverjum vetri. Í öðru lagi er stefnt að því að efla eftirlitshlutverk þingsins, þ.e. að auka tækifæri þingmanna til að hafa eftirlit með störfum framkvæmdarvaldsins. Í þriðja lagi er ætlunin að fækka kvöld- og næturfundum. Gert er ráð fyrir því í frumvarpinu að þingfundir standi almennt ekki lengur en fram að kvöldmat. Sé hins vegar þörf á lengri fundartíma verði kvöldfundir á þriðjudagskvöldum. Þar fyrir utan verði kvöldfundir ekki haldnir nema í undantekningartilvikum. Þingmenn geta þá haft það í huga þegar þeir skipuleggja störf sín. Í fjórða lagi er stefnt að því að ráðherrar komi oftar á fundi hjá nefndum þingsins. Í fimmta lagi er með frumvarpinu stefnt að því að gera umræður í þingsal markvissari og styttri en verið hefur með breyttum reglum um ræðutíma.

Með hliðsjón af þeim markmiðum sem að er stefnt með frumvarpinu eru í því ýmis nýmæli. Í 2. og 3. gr. frumvarpsins er annars vegar lagt til að þriðjungur þingmanna geti óskað eftir því að ráðherra komi á fundi nefndar í þinghléum og hins vegar að ráðherrar komi að jafnaði á fund þingnefnda að hausti og kynni þau frumvörp sem þeir hyggjast leggja fram á löggjafarþinginu. Með þessu er ætlunin að efla tengsl milli ráðherra og þingnefnda og styrkja

stöðu nefndanna. Í 5. gr. frumvarpsins er kveðið á um að ef frumvarp breytist við 2. umræðu skuli nefnd fjalla um það að nýju áður en 3. umræða hefst óski þingmaður eða ráðherra þess. Með þessu fyrirkomulagi gefst tækifæri til að fara á ný yfir frumvarp milli 2. og 3. umræðu hafi verið samþykktar breytingar á því við 2. umræðu. Með þessari breytingu er stefnt að því að tryggja betur gæði lagasetningar.

Í 16. gr. frumvarpsins eru lagðar til breyttar reglur um ræðutíma. Meginmarkmið þessara breytinga er að gera umræður markvissari, draga úr löngum ræðum og stytta umræðutímann frá því sem nú er. Með ákvæðinu er auk þess lögð til sú formbreyting að sett eru í eina töflu öll ákvæði um ræðutíma og ræðufjölda. Slík ákvæði hafa hingað til verið á víð og dreif í lögunum. Meiri hlutinn vill af þessu tilefni vekja athygli á að þrátt fyrir ákvæði 16. gr. er forseta heimilað skv. 2. mgr. 12. gr. að rýmka ræðutíma um þingmál við hverja umræðu ef það telst svo umfangsmikið eða mikilvægt að ekki sé hægt að ræða það á fullnægjandi hátt samkvæmt þeim reglum sem annars gilda. Einnig er gert ráð fyrir því að forseti geti rýmkað ræðutíma þingmanns ef sérstaklega stendur á og nauðsyn krefur. Í athugasemdum með 12. gr. frumvarpsins kemur fram að forseti meti í hverju tilfelli hvort beita skuli þessu ákvæði en ætlast sé til þess að hann ráðgist um það við formenn þingflokka og að þeir komi óskum sínum í þessum efnum til forseta. Þá er í 3. mgr. 12. gr. mælt fyrir um heimild þingflokks til að óska eftir því að ræðutími verði tvöfaldaður við 2. umræðu. Slíka heimild getur þingflokkur nýtt tvisvar á hverju þingi. Samkvæmt þessu er unnt að fara fram á lengri ræðutíma um stærri mál og umdeild, með takmörkunum þó. Sem dæmi um mál sem einkum kæmi til álita að lengja ræðutíma í væru frumvörp til stjórnarskipunarlaga, langtímaáætlanir eða sérstaklega umfangsmikil lagafrumvörp. Jafnframt væri eðlilegt að taka tillit til óska þingnefnda um lengdan ræðutíma.

Á fundum nefndarinnar var rætt um ýmis atriði, bæði þau sem fjallað er um í þessu frumvarpi og önnur atriði sem ekki er tekið á í frumvarpinu en tengjast störfum þingsins. Má í þessu sambandi nefna að fram fóru umræður um fyrirkomulag umræðna um frumvarp til fjárlaga. Rætt var um þann möguleika að þeirri umræðu í þingsal yrði skipt eftir málaflokkum. Slíkt fyrirkomulag ætti að skila hnitmiðaðri umræðu um fjárlagafrumvarpið. Þá yrðu einnig meiri líkur á að umræða um frumvarpið yrði aðgengilegri þeim þingmönnum sem ekki eiga sæti í fjárlaganefnd en eiga t.d. sæti í þeirri fastanefnd sem fjallar um þann málaflokk sem rætt er um hverju sinni. Breyting í þá átt gæti byggst á samkomulagi þingflokka um fyrirkomulag umræðunnar. Einnig var rætt um það hvort ekki þyrfti lengri ræðutíma til umræðu um frumvarp til fjárlaga en gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Leggur meiri hlutinn til breytingu á ræðutíma um fjárlagafrumvarpið þannig að ræðutíminn verði tvöfaldur frá því sem venjulega gildir samkvæmt ákvæðum frumvarpsins.

Fram komu hugmyndir í nefndinni um enn frekari styttingu á ræðutíma í 1. umræðu en kveðið er á um í frumvarpinu. Kom m.a. fram í umræðum í nefndinni að slíkt gæti leitt til þess að auknar líkur yrðu á því að þingmannafrumvörp og -tillögur kæmust á dagskrá og yrði vísað til nefndar. Meiri hlutinn telur að þetta atriði þarfnist nánari skoðunar og telur ekki rétt að svo stöddu að leggja til breytingu í þessa veru. Má enda leiða líkur að því að verði frumvarpið að lögum muni þær breytingar á ræðutíma sem þar er gert ráð fyrir leiða til þess að umræður verði styttri og störf þingsins skipulagðari og því ættu fleiri mál þingmanna að komast á dagskrá.

Meiri hlutinn leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu.

Lögð er til viðbót við b-lið 1. gr. í þá veru að gert verði ráð fyrir því í starfsáætlun þingsins að sérstakir dagar verði áætlaðir fyrir fundi í þingflokkum. Þannig gefist ráðrúm fyrir þingflokka til að halda lengri fundi sem unnt sé að nota til stefnumótunar og samráðs.

Lagt er til að við 12. gr. bætist ný málsgrein í þá veru að tvöfaldur ræðutími gildi um umræður um frumvarp til fjárlaga nema fyrir liggi samkomulag milli þingflokka um annað fyrirkomulag umræðunnar. Með því er tryggður lágmarksréttur við umræðuna ef ekki er samkomulag um annað.

Meiri hlutinn leggur einnig til breytingar á reglum 16. gr. um ræðutíma. Í fyrsta lagi felst í þeim breytingum að ræðutími ráðherra og þingmanna verði jafnaður frá því sem nú er samanborið við gildandi þingskapalög og ákvæði frumvarpsins. Áfram munu þó flutningsmenn frumvarpa, bæði ráðherrar og þingmenn, hafa rýmri ræðutíma við 1. umræðu og framsögumenn nefndarálita sömuleiðis við 2. og 3. umræðu. Við 1. umræðu er lagt til að ræðutími ráðherra í annað sinn verði 5 mínútur í stað 10 mínútna eins og mælt er fyrir um í frumvarpinu. Með þessu verður ræðutími annarra ráðherra en þeirra sem eru flutningsmenn og þingmanna jafn. Þá er gert ráð fyrir að ráðherra og flutningsmaður máls og sömuleiðis aðrir þingmenn geti við 2. umræðu talað í fyrsta sinn í 20 mínútur og í annað sinn í 10 mínútur. Í frumvarpinu er hins vegar gert ráð fyrir að ráðherra og flutningsmaður geti við 2. umræðu talað í fyrsta sinn í 30 mínútur og í annað sinn í 15 mínútur og aðrir þingmenn geti í fyrsta sinn talað í 15 mínútur og í annað sinn í 5 mínútur. Samkvæmt þessari breytingu er ræðutími þingmanna rýmkaður nokkuð frá því sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu án þess að vikið sé frá þeim meginatriðum sem lagt var upp með. Að sama skapi er ræðutími ráðherra skertur. Áfram verður gert ráð fyrir því að ræðutími verði 5 mínútur ef þingmaður eða ráðherra tekur oftar til máls.

Þá leggur meiri hlutinn til nokkrar breytingar í þá veru að laga tæknileg atriði og skýra orðalag í öðrum ákvæðum. Lögð er til breyting á 1. gr. laganna til að árétta að sá þingmaður sem hefur lengstan starfsaldur skuli aðeins stjórna fyrsta fundi á kjörtímabili enda var sú breyting gerð á þingsköpum með lögum nr. 68/2007 að kosning forseta, varaforseta, fastanefnda og alþjóðanefnda gildi fyrir allt kjörtímabilið. Þá er lögð til breyting á 3. gr. laganna í því skyni að staðfesta þá framkvæmd og hefð sem verið hefur að hlutað er um sæti þingmanna í upphafi hvers löggjafarþings en ekki eingöngu í upphafi kjörtímabils eins og skilja má ákvæðið nú eftir breytingar sem gerðar voru á þingsköpum í vor. Einnig er lögð til breyting á 4. gr. laganna sem leiðir af breytingum í frumvarpinu um ræðutíma. Þá er lögð til leiðrétting á tilvísun í 29. gr. laganna. Loks er lögð til breyting á 1. mgr. 63. gr. laganna í þeim tilgangi að hnykkja á því að forseti þings boðar til þingfunda.

Meiri hlutinn telur rétt að geta þess að frumvarp þetta er áfangi á þeirri leið að móta ný vinnubrögð þingsins þannig að þau verði í meira samræmi við tíðaranda og tæknibreytingar síðustu ára. Gert er ráð fyrir því í ákvæði til bráðabirgða að verði frumvarpið að lögum muni þau sæta endurskoðun innan þriggja ára frá gildistöku þeirra með hliðsjón af því hvernig hefur tekist til. Með frumvarpinu er stefnt að því að efla þingið og bæta starfsumhverfi þess. Meiri hlutinn telur rétt að áfram verði hugað að endurskoðun á öðrum atriðum, svo sem starfi og starfsaðstöðu nefnda.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 12. des. 2007.

Birgir Ármannsson, form., frsm.	Ágúst Ólafur Ágústsson.	Sigurður Kári Kristjánsson.
Ellert B. Schram.	Siv Friðleifsdóttir.	Ólöf Nordal.
Karl V. Matthíasson.	Jón Magnússon.	

499. Breytingartillögur [293. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, sbr. lög nr. 74/1992, 102/1993, 68/2007 og 102/2007.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar (BÁ, ÁÓÁ, SKK, EBS, SF, ÓN, KVM, JM).

1. Við bætist þrjár nýjar greinar er verði 1.–3. gr., svohljóðandi:
   a. (1. gr.)
      Á eftir orðunum „við þingsetningu“ í fyrri málslið 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: að loknum alþingiskosningum.
   b. (2. gr.)
      4. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:
      Hluta skal um sæti þingmanna á þingsetningarfundi í upphafi hvers löggjafarþings.
   c. (3. gr.)
      Orðin „skv. 1. mgr. 39. gr.“ í fyrri málslið 2. mgr. 4. gr. laganna falla brott.
2. Við 1. gr. Á eftir orðunum „fundir í nefndum“ í 3. mgr. b-liðar komi: eða þingflokkum.
3. Á eftir 3. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Í stað orðanna „sbr. þó fyrri málslið 27. gr.“ í 1. mgr. 29. gr. laganna kemur: sbr. þó fyrri málslið 1. mgr. 27. gr.
4. Við 9. gr. Í stað orðanna „sbr. 5. mgr. 55. gr.“ komi: sbr. 6. mgr. 55. gr.
5. Við 12. gr. Við bætist ný málsgrein er verði 3. mgr., svohljóðandi:
   Um umræður um frumvarp til fjárlaga gildir tvöfaldur sá ræðutími sem tilgreindur er í 80. gr. nema fyrir liggi samkomulag þingflokka um annað fyrirkomulag umræðunnar.
6. Á eftir 13. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Fyrri málsliður 1. mgr. 63. gr. laganna orðast svo: Forseti boðar þingfundi og ákveður dagskrá hvers fundar.
7. Við 16. gr. Eftirfarandi breytingar verða á reglum um ræðutíma:
   a. Í stað orðanna „Ráðherra … 15 mín., 10 mín., 5. mín.“ í 1. umræðu um lagafrumvörp komi: Aðrir ráðherrar … 15 mín., 5 mín., 5 mín.

b. Í stað orðanna „Ráðherra og flutningsmaður máls … 30 mín., 15 mín., 5 mín.“ í 2. umræðu um lagafrumvörp komi: Ráðherra og flutningsmaður máls … 20 mín., 10 mín., 5 mín.
c. Í stað orðanna „Aðrir þingmenn … 15 mín., 5 mín., 5 mín.“ í 2. umræðu um lagafrumvörp komi: Aðrir þingmenn … 20 mín., 10 mín., 5 mín.

500. Breytingartillögur [130. mál]

við frv. til l. um breyt. á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands.

Frá Birgi Ármannssyni.

1. Við 33. gr. Greinin falli brott.
2. Við 34. gr. Greinin orðist svo:
   Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:
   Starfsemi vatnamælinga Orkustofnunar lýtur yfirstjórn umhverfisráðherra frá 1. janúar 2008. Umhverfisráðherra skal vinna að sameiningu Veðurstofu Íslands og vatnamælinga Orkustofnunar í eina stofnun eigi síðar en 1. janúar 2009. Orkustofnun annast starfsemi vatnamælinga, undir yfirstjórn umhverfisráðherra, þar til ný stofnun tekur til starfa.
3. Við 64. gr. C-liður falli brott.
4. Við 71. gr. Í stað orðanna „fulltrúi þess“ í d-lið komi: fulltrúi hennar.
5. Við 73. gr. C-liður falli brott.
6. Við 81. gr. C-liður falli brott.
7. Við 82. gr. C-liður falli brott.

501. Breytingartillaga [195. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð, lögum um sjúklingatryggingu, lögum um heilbrigðisþjónustu, lögum um málefni aldraða og lögum um eftirlaun aldraða.

Frá Steingrími J. Sigfússyni, Atla Gíslasyni, Álfheiði Ingadóttur, Árna Þór Sigurðssyni, Jóni Bjarnasyni, Katrínu Jakobsdóttur, Kolbrúnu Halldórsdóttur, Þuríði Backman og Ögmundi Jónassyni.

18. gr. falli brott.

502. Fyrirspurn [321. mál]

til samgönguráðherra um Sundabraut.

Frá Árna Þór Sigurðssyni.

1. Hvenær má búast við að endanleg lega Sundabrautar verði ákveðin?
2. Er ráðherra sammála mati borgaryfirvalda um að jarðgöng séu ákjósanlegasti valkostur hvað legu brautarinnar áhrærir?
3. Hvenær má búast við að framkvæmdir hefjist við verkefnið?
4. Hvaða stefnu hefur ráðherra um fjármögnun verkefnisins? Mun hann tryggja jafnt aðgengi allra vegfarenda um veginn eða hyggst hann leggja til upptöku veggjalda?

503. Fyrirspurn [322. mál]

til samgönguráðherra um tvöföldun Vesturlandsvegar á Kjalarnesi.

Frá Árna Þór Sigurðssyni.

1. Mun ráðherra beita sér fyrir því að tvöföldun Vesturlandsvegar á Kjalarnesi verði í næstu samgönguáætlun?
2. Hvenær mætti búast við að framkvæmdir gætu hafist við þá mikilvægu samgöngubót?
3. Hvaða stefnu hefur ráðherra um fjármögnun verkefnisins? Mun hann tryggja jafnt aðgengi allra vegfarenda um veginn eða hyggst hann leggja til upptöku veggjalda?

504. Fyrirspurn [323. mál]

til samgönguráðherra um tvöföldun Hvalfjarðarganga.

Frá Árna Þór Sigurðssyni.

1. Mun ráðherra beita sér fyrir því að tvöföldun Hvalfjarðarganga verði í næstu samgönguáætlun?
2. Hvenær mætti búast við að framkvæmdir gætu hafist við þá mikilvægu samgöngubót?
3. Hvaða stefnu hefur ráðherra um fjármögnun verkefnisins? Mun hann tryggja jafnt aðgengi allra vegfarenda um göngin eða hyggst hann leggja til upptöku veggjalda?

505. Svar [188. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Þuríðar Backman um samgöngumiðstöð í Reykjavík.

1. *Hvað líður undirbúningi að byggingu nýrrar samgöngumiðstöðvar í Reykjavík?*

Fyrsta áfanga í undirbúningsvinnu vegna byggingar samgöngumiðstöðvar í Reykavík er lokið og eru niðurstöður hans til umfjöllunar.

2. *Hefur verið tekin ákvörðun um eignar- og rekstraraðila og ef svo er, hverjir verða þeir?*

Samkvæmt tillögu stjórnar Flugstoða verður stofnað sérstakt fyrirtæki í eigu félagsins til að byggja samgöngumiðstöðina. Til greina kemur að stofna sérstakt rekstrarfélag með aðild helstu hagsmunaaðila til að annast reksturinn.

3. *Hefur verið tekin ákvörðun um fjármögnun framkvæmdarinnar og rekstrarform? Ef svo er, hvernig verður fjármögnun og rekstri háttað?*

Gert er ráð fyrir að tekið verði framkvæmdalán til að standa undir byggingu samgöngumiðstöðvarinnar en að reksturinn, sem yrði í höndum dótturfélags Flugstoða, standi undir fjármagnskostnaði. Flughlaðið við stöðina yrði hluti af mannvirkjum flugvallarins og yrði sú framkvæmd fjármögnuð af samgönguáætlun.

4. *Hvenær er áætlað að framkvæmdir hefjist og samgöngumiðstöðin verði tekin í notkun?*

Miðað er við að opnun samgöngumiðstöðvarinnar gæti orðið í júní 2009. Þetta er þó háð því að framkvæmdir geti hafist fljótlega upp úr áramótum, þ.e. á fyrsta ársfjórðungi ársins 2008.

5. *Hvaða starfsemi er fyrirhuguð í nýju miðstöðinni?*

Samgöngumiðstöðin mun þjóna flugrekendum og flugfarþegum í áætlunar- og leiguflugi, vera miðstöð langferðabifreiða auk þess að tengjast almenningssamgöngum á höfuðborgarsvæðinu. Þá er gert ráð fyrir umfangsmikilli þjónustu við farþega og almenning, sem felst í verslunarrekstri, veitingarekstri, upplýsingagjöf og bankastarfsemi auk skrifstofuhúsnæðis og annarrar aðstöðu fyrir fyrirtæki í ferðaþjónustu og samgöngum, þ.m.t. bílaleigur. Hönnun samgöngumiðstöðvar miðast við að þar rúmist annars konar starfsemi ef til þess kemur að flugvöllurinn fari úr Vatnsmýrinni.

6. *Verður gert ráð fyrir afgreiðslu fleiri flugfélaga en rúmast í núverandi flugafgreiðslu á Reykjavíkurflugvelli?*

Gert er ráð fyrir aðstöðu fyrir öll flugfélög sem stunda innanlandsflug eða hafa lýst yfir áhuga á að taka upp slíkt flug.

506. Frumvarp til innheimtulaga. [324. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

I. KAFLI
Gildissvið o.fl.

1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi gilda um innheimtu gjaldfallinna peningakrafna fyrir aðra eða vegna eigin starfsemi, þó ekki eigin innheimtu opinberra aðila á sköttum og gjöldum og innheimtuaðgerðir á grundvelli réttarfarslaga.

Innheimtuaðili er einstaklingur eða lögaðili sem annast innheimtu á grundvelli leyfis frá Fjármálaeftirlitinu skv. 15. gr.

2. gr.
Frávíkjanleg ákvæði.

Heimilt er með samningi milli kröfuhafa og skuldara í atvinnurekstri að víkja frá ákvæðum 7. gr. Heimilt er með samningi milli kröfuhafa og innheimtuaðila að víkja frá ákvæðum 9. gr. og 1. mgr. 10. gr. Önnur ákvæði laganna eru ófrávíkjanleg.

II. KAFLI
Skilyrði til að mega stunda innheimtu.

3. gr.
Skilyrði til að mega stunda innheimtu fyrir aðra.

Innheimtuaðilar mega því aðeins stunda innheimtu fyrir aðra:

a. að þeir hafi fengið innheimtuleyfi skv. 15. gr., sbr. 4. gr.;
b. að innheimtan sé stunduð frá fastri starfsstöð hér á landi nema annað leiði af alþjóðasamningum sem binda Ísland; og
c. að starfsábyrgðartrygging skv. 14. gr. sé í gildi.

Lögmenn mega þó stunda innheimtu án innheimtuleyfis, svo og opinberir aðilar, viðskiptabankar og sparisjóðir, aðrar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki.

4. gr.
Veiting innheimtuleyfis.

Innheimtuleyfi er veitt á grundvelli umsóknar frá einstaklingi sem:

a. er lögráða og hefur undanfarin fimm ár hvorki farið fram á eða verið í greiðslustöðvun né bú hans verið tekið til gjaldþrotaskipta;
b. hefur óflekkað mannorð svo sem áskilið er til kjörgengis við kosningar til Alþingis;
c. býr yfir nægilegri þekkingu eða starfsreynslu til að geta gegnt starfi sínu á tilhlýðilegan hátt;
d. hefur lögheimili hér á landi nema annað leiði af alþjóðasamningum sem binda Ísland;
e. er ekki í vanskilum með vörsluskatta.

Innheimtuleyfi er einnig veitt samkvæmt umsókn frá lögaðila enda fullnægi framkvæmdastjóri eða yfirmaður viðkomandi starfsemi skilyrðum 1. mgr.

5. gr.

Innheimta eigin peningakröfu.

Ef aðili kaupir kröfur í þeim tilgangi að innheimta þær sjálfur í atvinnuskyni þarf innheimtuleyfi samkvæmt lögum þessum.

III. KAFLI
Samband innheimtuaðila og skuldara.

6. gr.

Góðir innheimtuhættir.

Innheimta skal vera í samræmi við góða innheimtuhætti.

Það telst brjóta í bága við góða innheimtuhætti að beita óhæfilegum þrýstingi, tjóni eða óþægindum.

7. gr.

Innheimtuviðvörun.

Eftir gjalddaga kröfu skal kröfuhafi eða innheimtuaðili senda skuldara eina skriflega viðvörun þess efnis að vænta megi frekari innheimtuaðgerða verði krafa eigi greidd innan tíu daga frá sendingu viðvörunar. Veita má lengri frest til greiðslu.

Í viðvörun komi fram:

a. nöfn, kennitölur og heimilisföng skuldara, kröfuhafa eða umboðsmanns hans og innheimtuaðila;
b. lýsing á kröfu;
c. fjárhæð kröfu og skal sundurliða hver sé höfuðstóll og hverjar séu viðbótarkröfur, svo sem dráttarvextir og innheimtuþóknun;
d. frá hvaða degi dráttarvextir reiknast;
e. greiðslustaður; og
f. að greiðslufall skuldara geti leitt til málshöfðunar eða annarra innheimtuaðgerða á grundvelli réttarfarslaga og aukins kostnaðar fyrir skuldara.

Þeir sem stunda innheimtu vegna eigin starfsemi og falla ekki undir 2. mgr. 3. gr. geta sent innheimtuviðvörun skv. 1.–2. mgr. fyrir gjalddaga enda komi eigi til greiðslu innheimtuþóknunar vegna viðvörunarinnar skv. c-lið sé krafa greidd í síðasta lagi tíu dögum eftir gjalddaga.

Krafa telst greidd ef greiðsla hefur borist áður en fresturinn er liðinn eða greiðslan er sannanlega sett í ábyrgðarpóst fyrir lok frestsins.

Ef hætta er á að möguleikum á fullnustu kröfu verði spillt eða aðrir mikilvægir hagsmunir eru í húfi má víkja frá ákvæðum þessarar greinar um sendingu viðvörunar.

Ef skuldari hefur sannanlega hreyft mótbárum gegn peningakröfu er heimilt að bera ágreining um réttmæti kröfunnar undir dómstóla án þess að fyrst sé gætt ákvæða þessarar greinar.

8. gr.

Umboð innheimtuaðila.

Greiðsla skuldara til innheimtuaðila eða samningur við innheimtuaðila um greiðslu hefur sama gildi fyrir skuldara og greitt hafi verið til kröfuhafa sjálfs eða samið við hann um greiðsluna. Samningar um greiðslu skulu vera skriflegir.

IV. KAFLI
Samband innheimtuaðila og kröfuhafa.

9. gr.
Upplýsingaskylda innheimtuaðila.

Innheimtuaðili skal eftir beiðni veita kröfuhafa upplýsingar um gang innheimtu. Ljúki innheimtu samkvæmt lögum þessum án eftirfarandi innheimtuaðgerða á grundvelli réttarfarslaga skal innheimtuaðili að beiðni kröfuhafa afhenda honum skriflegt uppgjör er sýni hvað skuldari hafi verið krafinn um, hve mikið hann hafi greitt og hvenær og hver sé krafa innheimtuaðila um þóknun fyrir vinnu og útlagðan kostnað.

10. gr.
Meðferð innheimtufjár.

Innheimtuaðili skal án ástæðulauss dráttar greiða kröfuhafa innheimt fé. Innheimtuaðila er heimilt að halda eftir fé sem nemur fjárhæð þóknunar til hans og útlagðs kostnaðar.

Innheimtuaðili, sem stundar innheimtu fyrir aðra, skal halda innheimtufénu aðskildu frá eigin fé. Skal féð án ástæðulauss dráttar lagt á vörslufjárreikning en opinberir aðilar, viðskiptabankar og sparisjóðir, aðrar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki, sem mega stunda innheimtu án innheimtuleyfis skv. 2. mgr. 3. gr., eru þó undanþegnir þessari skyldu. Sérákvæði um vörslufjárreikninga lögmanna haldast.

V. KAFLI
Greiðsla innheimtukostnaðar og hámarksfjárhæð hans.

11. gr.
Ábyrgð skuldara á greiðslu innheimtukostnaðar.

Ef skuldari hefur greitt innan greiðslufrests skv. 7. gr. verður hann aðeins krafinn um kostnað vegna innheimtuviðvörunar, sbr. 12. gr., þó ekki ef 3. mgr. 7. gr. er beitt. Hið sama á við ef brotið hefur verið gegn 7. gr. þannig að viðvörunin þjóni ekki tilgangi sínum.

12. gr.
Hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar.

Viðskiptaráðherra getur að höfðu samráði við helstu hagsmunaaðila ákveðið í reglugerð hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar, m.a. þóknunar, sem heimilt er að krefja skuldara um samkvæmt lögum þessum. Skal fjárhæðin taka mið af þeim kostnaði sem kröfuhafi verður fyrir vegna innheimtunnar og nauðsynlegur og hóflegur getur talist. Heimilt er að innheimta viðbót vegna umdeildra peningakrafna þar sem þörf hefur verið á sérfræðilegri ráðgjöf.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

13. gr.
Þagnarskylda.

Innheimtuaðili og starfsmenn hans eru bundnir þagnarskyldu um persónuhagi og rekstrareða viðskiptamál og um önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í innheimtustarfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

14. gr.

Starfsábyrgðartrygging.

Innheimtuaðili, sem stundar innheimtu á grundvelli leyfis skv. 4. gr., skal hafa starfsábyrgðartryggingu sem tryggir skuldara og kröfuhafa bætur ef þeir verða fyrir fjárhagstjóni sem leyfishafinn ber skaðabótaábyrgð á og rakið verður til gáleysis í störfum hans eða starfsmanna hans. Slíka tryggingu má setja með því að kaupa vátryggingu hjá vátryggingafélagi eða setja bankaábyrgð hjá banka eða sparisjóði sem hefur heimild til að starfa hér á landi. Trygging skal nema minnst 5.500.000 kr. vegna hvers einstaks tjónsatburðar. Heildarfjárhæð tryggingabóta innan hvers vátryggingarárs eða ábyrgðarárs skal nema minnst 16.500.000 kr. Falli vátrygging eða bankaábyrgð úr gildi skal hlutaðeigandi vátryggingafélag eða ábyrgðaraðili tilkynna það vátryggingar- eða ábyrgðartaka og viðkomandi eftirlitsaðila þegar í stað. Tryggingartíma telst ekki lokið fyrr en liðnar eru átta vikur frá því að vátryggingafélagið eða ábyrgðaraðilinn tilkynnti vátryggingar- eða ábyrgðartaka og eftirlitsaðila um tryggingarslit eða niðurfellingu ábyrgðar.

Ef leyfishafi hefur samhliða innheimtustarfsemi með höndum lögmannsstörf og hefur ábyrgðartryggingu telst hann hafa fullnægt tryggingarskyldu sinni samkvæmt lögum þessum.

15. gr.

Leyfi og eftirlit.

Fjármálaeftirlitið fer með leyfisveitingu og leyfissviptingu samkvæmt lögum þessum.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með að innheimtustarfsemi, sem lög þessi taka til, sé í samræmi við ákvæði laganna, reglur á grundvelli þeirra og eftir atvikum samþykktir hlutaðeigandi aðila. Skal eftirlitið hafa aðgang að öllum upplýsingum sem að þess mati eru nauðsynlegar vegna eftirlitsins. Telji eftirlitið að starfsemi samkvæmt lögum þessum sé stunduð án tilskilins leyfis skal það hafa sambærilegan aðgang að upplýsingum hjá viðkomandi aðilum. Getur eftirlitið krafist þess að slíkri starfsemi sé hætt þegar í stað. Jafnframt er því heimilt að birta opinberlega nöfn aðila sem taldir eru bjóða innheimtuþjónustu án tilskilinna leyfa.

Heimilt er að beita ákvæðum laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi um dagsektir og leit og hald á gögnum við eftirlit og upplýsingaöflun samkvæmt þessari grein.

Þeir sem hafa fengið innheimtuleyfi hjá Fjármálaeftirlitinu skulu árlega greiða eftirlitsgjald vegna starfsemi sinnar í samræmi við ákvæði laga þar um. Eftirlitið getur lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gegn ákvæðunum um eftirlitsgjald.

Fjármálaeftirlitið getur gefið innheimtuaðilum fyrirmæli um að breyta starfsháttum sínum ef hætta er á því að þeir brjóti í bága við lög þessi. Áður en til fyrirmæla kemur getur eftirlitið lokið málinu með sátt. Hafi sátt komist á gildir hún sem fyrirmæli. Fjármálaeftirlitið getur lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gegn sátt milli Fjármálaeftirlitsins og innheimtuaðila.

Fjármálaeftirlitið getur til bráðabirgða lagt bann við leyfisbundinni innheimtustarfsemi, ef skilyrðum 3. gr. er ekki fullnægt, eða gefið innheimtuaðila frest til að fullnægja þeim. Verði eigi úr bætt skal eftirlitið gera ráðstafanir til sviptingar leyfis.

Fjármálaeftirlitið fer með eftirlit samkvæmt lögum þessum og lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Gagnvart lögmönnum fer úrskurðarnefnd lögmanna með eftirlit samkvæmt lögum þessum og lögum um lögmenn.

16. gr.
Svipting innheimtuleyfis.

Fjármálaeftirlitið getur svipt leyfishafa innheimtuleyfi skv. 4. gr. ef:

a. hann hefur brotið gegn skyldum sínum samkvæmt lögum þessum; eða
b. skilyrði fyrir veitingu leyfis eru ekki lengur til staðar.

17. gr.
Refsingar.

Brot gegn 3., 7. og 13. gr. og 3.–4. mgr. 15. gr. eða ákvæðum reglugerðar á grundvelli laganna varða sektum nema mælt sé fyrir um þyngri viðurlög í öðrum lögum. Brot gegn 7. gr. skal þó vera ítrekað eða stórfellt.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála.

18. gr.
Reglugerðarheimild.

Viðskiptaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

19. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þeim skal í síðasta lagi beitt um innheimtustarfsemi frá 1. nóvember 2008. Þann dag fellur úr gildi 3. mgr. 24. gr. laga nr. 77/1998, um lögmenn.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta, sem samið hefur verið í viðskiptaráðuneytinu, byggist einkum á stjórnarfrumvarpi frá 123. löggjafarþingi 1998–1999, munnlegum athugasemdum efnahags- og viðskiptanefndar við það frumvarp og vissum atriðum úr þingmannafrumvarpi frá 132. löggjafarþingi 2005–2006. Einkum er hert nokkuð á skilyrðum fyrir veitingu innheimtuleyfis í 4. gr. Þá eru ákvæði 6. gr. um góða innheimtuhætti gerð ítarlegri. Ákvæði 14. gr. um starfsábyrgðartryggingu miðast ekki lengur við vísitölu. Í 15. gr. er kveðið á um að Fjármálaeftirlitið fari með leyfisveitingu og leyfissviptingu í stað viðskiptaráðherra og eru þar m.a. sett ákvæði um eftirlitsgjald.

Markmiðið með frumvarpinu er einkum að setja ákveðnar meginreglur um innheimtu til hagsbóta fyrir neytendur, m.a. ákvæði um góða innheimtuhætti og innheimtuviðvörun, og draga úr óeðlilegum kostnaði skuldara vegna innheimtuaðgerða á frumstigi, t.d. með því að takmarka í reglugerð hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar, m.a. þóknunar, sem heimilt er að krefja hann um. Með viðvörun væri stefnt að því að skuldarar almennt ættu kost á að greiða skuld sína innan stutts frests með lágmarkskostnaði er grundvallaðist á ákvörðun í reglugerð áður en til innheimtuaðgerða á grundvelli réttarfarslaga yrði gripið. Lánardrottinn mundi væntanlega á þessu stigi innheimtu sjálfur senda skuldara viðvörun. Hann gæti þó leitað aðstoðar lögmanns eða annars innheimtuaðila en bæri þá sjálfur ábyrgð á hugsanlegri greiðslu til hans umfram lágmarkskostnað.

Við samningu frumvarpsins, sem snertir m.a. innheimtustarfsemi lögmanna, viðskiptabanka og sparisjóða, annarra lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, svo og ýmissa stofnana, var einkum stuðst við norsk innheimtulög.

Samkvæmt frumvarpinu munu innheimtulög skiptast í sex kafla. Ákvæði I. kafla fjalla um gildissvið o.fl. Þar kemur m.a. fram að lögin gildi með vissum undantekningum um inn-

heimtu gjaldfallinna krafna um greiðslu peninga og að unnt sé með samningi að víkja frá sumum ákvæðum laganna. Í II. kafla er fjallað um skilyrði til að mega stunda innheimtu, m.a. innheimtuleyfi. Í III. kafla er að finna ákvæði um samband innheimtuaðila, m.a. kröfuhafa, og skuldara, m.a. um góða innheimtuhætti og innheimtuviðvörun, en í IV. kafla eru ákvæði um samband innheimtuaðila og kröfuhafa, nánar tiltekið upplýsingaskyldu innheimtuaðila og meðferð innheimtufjár. Í V. kafla eru ákvæði um greiðslu innheimtukostnaðar og hámarksfjárhæð hans, m.a. þóknunar, sem ákveða má í reglugerð ráðherra. Í VI. kafla eru ýmis ákvæði, m.a. um starfsábyrgðartryggingu, eftirlit með framkvæmd laganna, leyfisveitingu og leyfissviptingu, refsingar og almenna reglugerðarheimild.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er fjallað um gildissvið laganna. Þau gilda með vissum undantekningum um innheimtu gjaldfallinna peningakrafna fyrir aðra eða vegna eigin starfsemi.

Eigin innheimta opinberra aðila á sköttum og gjöldum fellur ekki undir lögin. Þykir eigi þörf á slíku þar eð innheimta skatta og gjalda er lögbundin og enginn kostnaður, annar en lögbundinn vaxtakostnaður, fellur á gjaldendur nema um sé að ræða útlagðan kostnað. Innheimta slíkra krafna er þannig almennt mun kostnaðarminni en almenn kröfuinnheimta. Virðist því réttur greiðenda í þeim fjölmörgu málum, sem hér um ræðir, vera nægilega tryggður samkvæmt gildandi lögum og verklagsreglum.

Innheimtuaðgerðir á grundvelli réttarfarslaga falla heldur ekki undir innheimtu samkvæmt frumvarpi þessu. Sem dæmi um kostnað, sem væri utan ramma fyrirhugaðra laga, væri kostnaður við útgáfu stefnu, fjárnámsbeiðni og annar kostnaður fyrir dómstólum og kostnaður við birtingu greiðsluáskorunar með stoð í lögum um aðför eða nauðungarsölu. Ef lögmaður sendir innheimtubréf, án þess að innheimtuviðvörun hafi áður verið send, teldist það ekki innheimtuaðgerð á grundvelli réttarfarslaga heldur yrði bréfið, sem væntanlega yrði kallað innheimtuviðvörun eftir gildistöku innheimtulaga, að fullnægja skilyrðum sem gerð eru til viðvörunar samkvæmt innheimtulögum. Slíkt kallar á litlar breytingar á efni innheimtubréfa. Eftir sem áður verður heimilt að fara beint í aðför eða nauðungaruppboð vegna viðskiptabréfakrafna eða annarra krafna, þar sem heimild er til slíks í lögum, án þess að viðvörun samkvæmt lögum þessum sé gefin út. Nefna má að innheimta lögmanna og allra annarra aðila, svo sem banka, sparisjóða, annarra lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, svo og Íbúðalánasjóðs, fellur undir ákvæði frumvarpsins nema innheimtuaðgerðir séu á grundvelli réttarfarslaga.

Ekki er lengur kveðið á um það í 1. gr. að innheimta umdeildra peningakrafna, þar sem þörf hefur verið á sérfræðilegri ráðgjöf, falli undir fyrirhuguð lög en hér getur t.d. verið um að ræða lögfræðilega aðstoð vegna umferðarslyss. Hins vegar er bætt við nýjum málslið í 12. gr. um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar. Þar segir: „Heimilt er að innheimta viðbót vegna umdeildra peningakrafna þar sem þörf hefur verið á sérfræðilegri ráðgjöf.“

Í 2. mgr. kemur fram að innheimtuaðilar séu einstaklingar og lögaðilar sem annast innheimtu. Hugtakið innheimtuaðili tekur yfir kröfuhafa nema annað komi fram. Svo sem fram kemur í 1. mgr. getur innheimtan verið fyrir aðra eða vegna eigin starfsemi. Innheimta launþega á launakröfu sinni félli samkvæmt þessu ekki undir lögin, t.d. ákvæðin um sendingu innheimtuviðvörunar.

Um 2. gr.

Samkvæmt 1. málsl. þessarar greinar er heimilt með samningi milli kröfuhafa og skuldara, sem er í atvinnurekstri, að víkja frá 7. gr. um innheimtuviðvörun.

Ef skuldari hefur á hinn bóginn gengist undir skuldbindingar sem almennur neytandi en ekki vegna atvinnurekstrar síns verður ekki vikið frá ákvæðum 7. gr. um innheimtuviðvörun. Skiptir þá ekki máli þótt skuldbindingar þessa neytanda eigi rætur að rekja til kaupa hans, t.d. á hvers kyns vöru eða þjónustu. Þannig verður skylda til að senda innheimtuviðvörun ekki felld niður eða frestur til greiðslu eftir sendingu viðvörunar ákveðinn styttri en tíu dagar, eins og mælt er fyrir um í 7. gr.

Samkvæmt 2. málsl. greinarinnar geta kröfuhafi og innheimtuaðili með samningi sín á milli vikið frá ákvæðum 9. gr. um upplýsingaskyldu innheimtuaðila og 1. mgr. 10. gr. um greiðslu innheimtufjár.

Önnur ákvæði laganna eru ófrávíkjanleg.

Um 3. gr.

Í greininni eru sett skilyrði til að mega stunda innheimtu fyrir aðra. Eru þar almennt gerðar kröfur um innheimtuleyfi og fasta starfsstöð hér á landi og auk þess þarf gilda starfsábyrgðartryggingu.

Samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar þurfa vissir aðilar þó ekki innheimtuleyfi til að mega stunda innheimtu fyrir aðra, með öðrum orðum lögmenn, viðskiptabankar og sparisjóðir, aðrar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki, svo og opinberir aðilar, m.a. Íbúðalánasjóður. Þeir sem stunda innheimtu vegna eigin starfsemi þurfa almennt ekki innheimtuleyfi enda tekur 3. gr., sem mælir fyrir um innheimtuleyfi, aðeins til innheimtu fyrir aðra. Skv. 5. gr. mundi aðili þó þurfa innheimtuleyfi ef hann kaupir kröfur í þeim tilgangi að innheimta þær sjálfur í atvinnuskyni.

Samkvæmt c-lið 1. mgr. þessarar greinar nægir ekki að starfsábyrgðartrygging skv. 14. gr. sé tekin heldur þarf innheimtuaðili jafnframt að sjá til þess að hún sé ætíð í gildi.

Um 4. gr.

Hér er í 1. mgr. greint frá þeim skilyrðum sem einstaklingur þarf að fullnægja til að geta öðlast innheimtuleyfi en þau eru m.a. lögræði, óflekkað mannorð og lögheimili hér á landi. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar frá fyrra frumvarpi. Þannig er skilyrði að bú viðkomandi einstaklings hafi ekki verið tekið til gjaldþrotaskipta (kemur í stað orðanna „undir gjaldþrotaskiptum“). Þá er bætt við þekkingarskilyrði, svo og að einstaklingurinn sé ekki í vanskilum með vörsluskatta. Þessar breytingar byggjast á framangreindu þingmannafrumvarpi.

Tekið skal fram að í 5. gr. laga nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis, segir svo um óflekkað mannorð:

„Enginn telst hafa óflekkað mannorð sem er sekur eftir dómi um verk sem er svívirðilegt að almenningsáliti nema hann hafi fengið uppreist æru sinnar.

Dómur fyrir refsivert brot hefur ekki flekkun mannorðs í för með sér nema sakborningur hafi verið fullra 18 ára að aldri er hann framdi brotið og refsing sé fjögurra mánaða fangelsi óskilorðsbundið hið minnsta eða öryggisgæsla sé dæmd.“

Ákvæðin um hæfisskilyrði einstaklings sem sækir um innheimtuleyfi, þ.e. að hann búi yfir nægilegri þekkingu eða starfsreynslu til að geta sinnt starfi sínu á tilhlýðilegan hátt, eiga sér fyrirmynd í 2. mgr. 52. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, en ákvæði þar taka til stjórnarmanna og framkvæmdastjóra fjármálafyrirtækja. Þykir eðlilegt að sams konar skilyrði

og til fjármálafyrirtækja sé gert varðandi innheimtustarfsemi, þ.e. vegna einstaklinga eða lögaðila er fá leyfi. Telja má að nægileg þekking sé m.a. fólgin í lögfræði- eða viðskiptafræðiprófi. Fái lögaðilar innheimtuleyfi tekur hæfisskilyrði til framkvæmdastjóra eða yfirmanns viðkomandi starfsemi.

Lögaðilar sem slíkir geta skv. 2. mgr. fengið innheimtuleyfi enda fullnægi framkvæmdastjóri eða yfirmaður viðkomandi starfsemi skilyrðum 1. mgr. um lögræði o.fl.

Um 5. gr.

Í greininni felst undantekning frá því að eigi þurfi innheimtuleyfi ef innheimta er stunduð vegna eigin starfsemi. Þykir rétt að gera kröfu til innheimtuleyfis ef aðili kaupir kröfur í þeim tilgangi að innheimta þær sjálfur í atvinnuskyni. Þetta gildir ekki um lögmenn, opinbera aðila, viðskiptabanka og sparisjóði, aðrar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki sem mega stunda innheimtu án innheimtuleyfis skv. 2. mgr. 3. gr.

Um 6. gr.

Í greininni er kveðið á um góða innheimtuhætti.

Hér er um vísireglu að ræða svipað og sjá mátti t.d. í 20. gr. samkeppnislaga, nr. 8/1993, um góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi (nú í 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins). Krafan um góða innheimtuhætti gildir bæði um samskipti innheimtuaðila við skuldara og kröfuhafa þótt kaflaheitið gangi skemmra. Í framkvæmd skiptir reglan þó væntanlega mestu máli um samskipti innheimtuaðila og skuldara. Vernd ákvæðisins getur þá náð til fjölskyldu skuldara, atvinnurekanda hans og kunningja hans. Gæta verður góðra innheimtuhátta við sérhverja ráðstöfun eða athöfn sem er þáttur í innheimtunni.

Í norsku lögunum og dönsku lagafrumvarpi á sínum tíma er beinlínis tekið fram að það brjóti í bága við góða innheimtuhætti að beita óhæfilegum þrýstingi, tjóni eða óþægindum. Er um að ræða nánari útfærslu á meginreglunni um góða innheimtuhætti. Ákveðið var að kveða berum orðum á um þetta í frumvarpinu (2. mgr.).

Um samband innheimtuaðila og kröfuhafa gildir sú meginregla að innheimtuaðila ber að fylgja fyrirmælum kröfuhafans. Á innheimtuaðilanum hvílir samt sem áður sú sjálfstæða skylda að hlýðnast ekki fyrirmælum kröfuhafa ef þau fela í sér eitthvað sem stríðir gegn góðum innheimtuháttum samkvæmt lögunum eða reglugerð á grundvelli þeirra.

Innheimtuaðili ætti ekki að taka að sér innheimtu kröfu ef hann hefur fjárhagslegra hagsmuna að gæta sem gætu farið í bága við hagsmuni kröfuhafans.

Sé aftur vikið að skiptum innheimtuaðila og skuldara gildir sú regla að innheimtuaðili á ekki að gefa skuldara rangar eða villandi upplýsingar um staðreyndir eða réttarreglur sem eru mikilvægar fyrir afstöðu hans til kröfunnar.

Það getur brotið gegn góðum viðskiptaháttum ef beitt er hótunum um að veita öðrum upplýsingar um stöðu skuldara, svo sem maka, atvinnurekanda eða kunningjum. Öðruvísi stendur á þegar um er að ræða aðra sem tengdir eru málinu á einn eða annan hátt, t.d. samskuldara eða ábyrgðarmann.

Það getur brotið gegn góðum innheimtuháttum að hóta að birta opinberlega upplýsingar um greiðsluhæfi skuldara í frekari mæli en heimilt er að lögum.

Endanlegt úrlausnarvald um það hvað teljist góðir innheimtuhættir er í höndum dómstóla.

Um 7. gr.

Í greininni er fjallað um innheimtuviðvörun.

Samkvæmt 1. mgr., sbr. 3. mgr., skal senda eina viðvörun og gefa skuldara færi á að greiða kröfu innan ákveðins frests. Hugtakið skuldari er hér notað í víðri merkingu þannig að senda þarf viðvörunina öllum þeim sem kröfuhafi eða innheimtuaðili hyggst beina innheimtuaðgerðum að, t.d. ábyrgðarmönnum. Í grein þessari er kveðið á um minnst tíu daga frest en kröfuhafi eða annar innheimtuaðili getur haft frestinn lengri. Þótt skylt sé að senda eina viðvörun er heimilt að senda fleiri viðvaranir enda sé ekki með því brotið í bága við góða innheimtuhætti. Viðbótarviðvaranir geta verið kostnaðarsamari fyrir skuldara þar eð lágmarkskostnaður á grundvelli innheimtulaga miðast við greiðslu innan frests samkvæmt skylduviðvörun. Sé skylduviðvörun virt að vettugi og lögmanni síðan t.d. falin innheimta mundi innheimtubréf hans, hverju nafni sem nefnist, í því tilviki ekki falla undir hugsanleg reglugerðarákvæði um lágmarkskostnað vegna skylduviðvörunar.

Fresturinn telst frá sendingu viðvörunar. Í þessu felst að skuldari ber hallann af seinkun í pósti og því að viðvörunin komi ekki fram enda hafi hún verið send á nægilega tryggan hátt og á heimilisfang þar sem gild ástæða er til að ætla að unnt sé að ná til skuldara. Sending í almennum pósti telst vera tryggur sendingarháttur og því er ekki gerð krafa til þess að viðvörun sé send í ábyrgðarbréfi. Ef kröfuhafi eða innheimtuaðili hefur ekki ástæðu til að ætla að hafa megi upp á skuldara á öðru heimilisfangi verður almennt að teljast nægilegt að senda viðvörunina á það heimilisfang sem skuldarinn gaf kröfuhafanum upp. Ef ekkert heimilisfang var gefið upp telst almennt fullnægjandi að senda hana á lögheimili samkvæmt þjóðskrá.

Ekki er skylt að senda innheimtuviðvörun vegna viðskiptabréfakrafna eða annarra krafna þar sem farið er beint í aðför eða nauðungaruppboð á grundvelli heimildar í lögum, sbr. 1. mgr. 1. gr. þar sem segir að innheimtuaðgerðir á grundvelli réttarfarslaga falli ekki undir gildissvið laganna. Ef ekki er hins vegar farið beint í þessar aðgerðir með sendingu greiðsluáskorunar heldur sent innheimtubréf gilda almennar reglur laganna um viðvörun, sbr. nánar það sem segir í athugasemdum við 1. gr.

Í 2. mgr. er tekið fram hvað skuli standa í innheimtuviðvörun. Er það svipað og verið hefur í innheimtubréfum.

Í 3. mgr., sem er nýmæli, er gert ráð fyrir að þeir aðilar, aðallega smáir aðilar sem stunda innheimtu vegna eigin starfsemi og þurfa ekki innheimtuleyfi skv. 2. mgr. 3. gr., þ.e. aðrir en lögmenn, opinberir aðilar, viðskiptabankar og sparisjóðir, aðrar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki, geti almennt einfaldað meðferð mála með því að sameina greiðsluseðil og innheimtuviðvörun með ákveðnum skilyrðum. Ekki má þá innheimta innheimtuþóknun skv. c-lið 2. mgr. ef greitt er í síðasta lagi tíu dögum eftir gjalddaga. Með þessu er dregið úr fjölda bréfa við innheimtu af hálfu aðallega smárra aðila.

Í 4. mgr. segir að krafa teljist greidd ef greiðsla hefur borist áður en settur frestur er liðinn eða sé sett í ábyrgðarpóst á síðasta degi frests (enda sé slíkt sannað). Nægilegt er að greiðslan berist t.d. banka eða sparisjóði.

Í 5. og 6. mgr. er veitt heimild til að víkja frá ákvæðum greinarinnar um sendingu innheimtuviðvörunar í sérstökum tilvikum.

Samkvæmt 5. mgr. má víkja frá ákvæðunum ef hætta er á að möguleikum á fullnustu kröfu verði spillt. Nefna má hættu á að krafan fyrnist ef mál er ekki höfðað. Undir öllum kringumstæðum verður einungis vikið frá ákvæðunum að því marki sem nauðsynlegt er til að koma í veg fyrir hættu á að fullnustumöguleikum verði spillt. Ef unnt er að fylgja ákvæðunum án þess að hættan aukist er innheimtuaðila það skylt.

Í 6. mgr. er tekið á því ef skuldari hreyfir sannanlega mótbárum gegn peningakröfu. Þá er innheimtuaðila heimilt að hverfa frá venjulegum innheimtuaðferðum, sem ella er skylt að gæta, og bera ágreining um réttmæti kröfunnar undir dómstóla. Í slíkum tilvikum er það meginreglan að innheimtuaðili þarf ekki að taka afstöðu til þess hvort mótbáran sé studd efnislegum rökum eða aðeins tilraun skuldara til að draga að greiða kröfuna.

Til frekari skýringar er vísað til athugasemda við 1. gr. um að viðvörun geti komið í stað innheimtubréfa, svo og tengsl viðvörunar við innheimtuaðgerðir á grundvelli réttarfarslaga, en almennt má ætla að viðvörunin yrði undanfari slíkra aðgerða. Kjósi aðili að senda skuldara ítrekun yrði það að teljast heimilt enda sé ekki í undantekningartilvikum brotið með því í bága við regluna um góða innheimtuhætti.

Um 8. gr.

Í greininni er fjallað um umboð innheimtuaðila og felur hún m.a. í sér að uppgjör við innheimtuaðila er bæði hvað varðar stað og tíma jafngilt greiðslu til kröfuhafa sjálfs. Skuldari á að geta gert ráð fyrir að innheimtuaðili hafi umboð til að taka við greiðslu og semja um hana, jafnvel til að gefa alla kröfuna eftir eða hluta hennar eða veita greiðslufrest, svo að bindandi sé fyrir kröfuhafa. Gangi innheimtuaðili of langt kann hann að baka sér bótaskyldu gagnvart kröfuhafa. Gengið er út frá því, þótt það sé ekki tekið fram berum orðum, að innheimtuaðili hafi fengið umboð frá kröfuhafa til innheimtu.

Samningar um greiðslu skulu vera skriflegir. Fellt er niður úr fyrra frumvarpi að skuldari þurfi að óska eftir því að samningur um greiðslu sé skriflegur.

Um 9. gr.

Greinin fjallar um upplýsingaskyldu innheimtuaðila gagnvart kröfuhafa enda fari sá síðarnefndi fram á upplýsingar um innheimtuna. Það er undir mati innheimtuaðila komið hvaða upplýsingar hann veitir kröfuhafa og hvenær. Sérstök ástæða getur verið til að vekja athygli kröfuhafa á mótbárum sem skuldari hefur haft uppi þótt ekki sé gert ráð fyrir afdráttarlausri reglu um það efni. Ljúki innheimtu samkvæmt innheimtulögum án eftirfarandi innheimtuaðgerða á grundvelli réttarfarslaga skal innheimtuaðili þó að beiðni kröfuhafa afhenda honum skriflegt uppgjör og er kveðið á um það hvað þar skuli greina. Í þessu felst t.d. að lögmaður, er lokið hefði innheimtu á grundvelli innheimtulaga en höfðaði síðan mál til innheimtu kröfunnar, þyrfti ekki að afhenda kröfuhafa slíkt skriflegt uppgjör sem kveðið er á um í greininni.

Grein þessi um upplýsingaskylduna er frávíkjanleg, sbr. 2. gr.

Um 10. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um skil innheimtuaðila á innheimtufé. Skv. 2. gr. er þessi málsgrein frávíkjanleg.

Í 2. mgr., sem er ekki frávíkjanleg, er kveðið á um skyldu innheimtuaðila, sem stunda innheimtu fyrir aðra, til að halda innheimtufé aðskildu frá eigin fé. Til að fullnægja þeirri kröfu þarf að leggja féð á vörslufjárreikninga þannig að það verði ekki dregið undir gjaldþrotaskipti innheimtuaðilans ef til þeirra kemur. Opinberir aðilar, viðskiptabankar og sparisjóðir, aðrar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki sem mega stunda innheimtu án innheimtuleyfis skv. 2. mgr. 3. gr., eru þó undanþegnir þessari skyldu og sérákvæði um vörslufjárreikninga lögmanna haldast.

Nefna má í þessu sambandi að í reglugerð nr. 1192/2005, um fjárvörslureikninga lögmanna o.fl., sem sett var á grundvelli laga nr. 77/1998, um lögmenn, segir að reglugerðin taki

til lögmanna sem varðveita fjármuni fyrir hönd umbjóðenda sinna. Í 4. gr. segir að fjárhæð, sem samsvarar stöðu fjárvörslureiknings í bókhaldi lögmanns, skuli varðveitt á sérstökum bankareikningi/-reikningum í viðskiptabanka eða sparisjóði, fjárvörslureikningi. Fjárvörslureikning skal stofna á nafni lögmanns og hefur hann formlega ráðstöfunarheimild yfir reikningnum. Lögmaður er ekki eigandi innstæðu á reikningi samkvæmt greininni og er innstæðan ekki hæft andlag aðfarargerða hjá honum eða grundvöllur trygginga fyrir viðskiptum hans eða annarra. Reikningur þessi skal aðgreindur frá eigin fé lögmanns og stendur innstæða á honum utan skuldaraðar við skipti á búi lögmanns.

Gengið er út frá því að í almennri reglugerðarheimild ráðherra felist heimild til að setja reglur um fjárvörslureikninga.

Um 11. gr.

Í greininni er fjallað um ábyrgð skuldara á greiðslu kostnaðar vegna innheimtu samkvæmt hinum fyrirhuguðu innheimtulögum. Reglurnar fjalla annars vegar um þau tilvik, er skuldari hefur greitt innan greiðslufrests í viðvörun á grundvelli 7. gr., eða hins vegar er innheimtuaðilar, m.a. kröfuhafar, hafa brotið þannig gegn ákvæðum 7. gr. að viðvörunin þjóni ekki tilgangi sínum. Í þessum sérstöku tilvikum verður skuldari ekki krafinn um hærri kostnað en kveðið er á um í reglugerð viðskiptaráðherra skv. 12. gr., og jafnvel engan ef 3. mgr. 7. gr. er beitt, þ.e. ef heimild til setningar slíkrar reglugerðar hefur verið nýtt og ákvæði þar að lútandi í gildi.

Um 12. gr.

Í greininni er fjallað um heimild viðskiptaráðherra til setningar reglugerðar þar sem kveða má á um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar, m.a. þóknunar. Í 2. málsl. er það skilyrði sett að hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar skuli taka mið af öllum þeim kostnaði sem kröfuhafi verður fyrir vegna innheimtunnar og nauðsynlegur getur talist. Því er bætt við í þessu frumvarpi að kostnaðurinn geti einnig talist hóflegur.

Með því að setja ákvæði um hámark þóknunar má stuðla að því að kröfur á hendur skuldara, þar sem skuldari hefur ekkert val um innheimtuaðila, verði ekki strax sendar í óeðlilega dýra innheimtu á kostnað hans. Kjósi kröfuhafi að greiða umframþóknun getur hann það. Á hinn bóginn er ekki stefnt að því að skuldari komist hjá því að greiða útlagðan kostnað og jafnvel áætlaðan kostnað. Með kostnaði er með öðrum orðum átt við beinan og óbeinan kostnað sem leiðir af innheimtu samkvæmt innheimtulögum. Reglugerðin næði ekki fremur en lögin til aðgerða á grundvelli réttarfarslaga, t.d. þóknunar lögmanna vegna aðfarar eða nauðungaruppboðs eða opinberra gjalda í því sambandi.

Kveðið er á um að viðskiptaráðherra setji ekki reglugerð um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar nema að höfðu samráði við helstu hagsmunaaðila. Þar undir gætu t.d. fallið Lögmannafélag Íslands, Samtök fjármálafyrirtækja og Viðskiptaráð Íslands.

Bætt er við greinina nýjum málslið. Þar segir að heimilt sé að innheimta viðbót vegna umdeildra peningakrafna þar sem þörf hefur verið á sérfræðilegri ráðgjöf, sbr. athugasemd við 1. gr.

Um 13. gr.

Í greininni er fjallað um þagnarskyldu innheimtuaðila, svo og starfsmanna hans í víðri merkingu.

Um 14. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um starfsábyrgðartryggingu sem svipar til reglna um lögmenn.

Um 15. gr.

Gert er ráð fyrir því í 1. mgr. að Fjármálaeftirlitið veiti leyfi og svipti leyfishafa þeim. Í fyrra frumvarpi var gert ráð fyrir viðskiptaráðherra.

Þá er í 2. mgr. gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið hafi almennt eftirlit með innheimtustarfsemi á grundvelli laganna. Í málsgreininni er jafnframt gert ráð fyrir aðgangi eftirlitsins að upplýsingum, jafnvel frá aðilum sem stunda starfsemi án tilskilins leyfis. Tekið er nú skýrt fram að eftirlitið geti krafist þess að slíkri starfsemi sé hætt þegar í stað. Jafnframt er nú kveðið á um að eftirlitinu sé heimilt að birta opinberlega nöfn aðila sem taldir eru bjóða innheimtuþjónustu án tilskilinna leyfa.

Í nýrri 3. mgr. er kveðið á um að eftirlitinu sé heimilt að beita ákvæðum laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi varðandi dagsektir, leit og hald á gögnum við eftirlit og upplýsingaöflun samkvæmt þessari grein.

Í nýrri 4. mgr. segir að þeir sem hafi fengið innheimtuleyfi hjá Fjármálaeftirlitinu skuli árlega greiða eftirlitsgjald vegna starfsemi sinnar. Má leggja á stjórnvaldssekt ef brotið er gegn ákvæðunum um eftirlitsgjald.

Í 5. mgr. eru ákvæði um heimild Fjármálaeftirlitsins til að gefa innheimtuaðilum, m.a. kröfuhöfum, fyrirmæli um að breyta starfsháttum sínum og jafnframt um lok máls með sátt er gildi sem fyrirmæli. Þá er bætt við að eftirlitið geti lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gegn sátt milli Fjármálaeftirlitsins og innheimtuaðila.

Í 6. mgr. er heimild til að banna leyfisbundna innheimtustarfsemi til bráðabirgða. Verði eigi úr bætt gerir eftirlitið ráðstafanir til sviptingar leyfis.

Samkvæmt 8. mgr. er gert ráð fyrir þeirri undantekningu að úrskurðarnefnd lögmanna, sem komið var á fót með lögum nr. 77/1998, um lögmenn, fari gagnvart lögmönnum með eftirlit með framkvæmd innheimtulaga. Úrskurðarnefndin mun hafa eftirlit með starfsemi lögmanna sem stunda innheimtu auk annarra starfa, m.a. eftirlit með gjaldtöku þeirra, vörslufjárreikningum og starfsábyrgðartryggingu. Væri úrskurðarnefnd lögmanna ekki með þetta eftirlit yrði eftirlit með innheimtu á frumstigi samkvæmt innheimtulögum hjá Fjármálaeftirlitinu en eftirlit með innheimtu á síðara stigi í hendi úrskurðarnefndarinnar. Hugsanlegt er að Fjármálaeftirlitið og úrskurðarnefndin hafi, ef þurfa þykir, með sér samráð og jafnvel samstarf um gerð verklagsreglna, sem tengjast einstökum þáttum eftirlits, til að tryggja sem mest samræmi varðandi framkvæmd laganna, einkum að því er varðar góða innheimtuhætti.

Um 16. gr.

Í greininni er kveðið á um sviptingu innheimtuleyfis, m.a. ef leyfishafi hefur ekki fullnægt skyldum sínum. Í því sambandi má m.a. benda á að leyfishafinn skal fullnægja skilyrðum 6. gr. um góða innheimtuhætti, 7. gr. um innheimtuviðvörun og 5. mgr. 15. gr. um að fylgja fyrirmælum um að breyta starfsháttum. Gæta þarf stjórnsýslulaga við framkvæmd ákvæðanna.

Um 17. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um refsingar og réttarfar. Ákvæðið um hlutdeild getur leitt til þess að starfsmönnum innheimtuaðila sé jafnvel refsað, svo og kröfuhafa eða öðrum sem geta verið hlutdeildarmenn í broti innheimtuaðila.

Um 18. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir almennri reglugerðarheimild viðskiptaráðherra.

Um 19. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir gildistöku þegar í stað. Þar eð þörf kann að vera á að aðlaga tölvukerfi þeim breytingum sem felast í lögunum er gert ráð fyrir nokkrum aðlögunartíma, þó ekki lengur en til 1. nóvember 2008.

Frá 1. nóvember 2008 falla úr gildi ákvæði 3. mgr. 24. gr. laga nr. 77/1998, um lögmenn, þar sem segir að dómsmálaráðherra geti að fenginni umsögn Lögmannafélags Íslands gefið út leiðbeiningar handa lögmönnum um endurgjald sem þeim sé hæfilegt að áskilja umbjóðendum sínum úr hendi skuldara vegna kostnaðar af innheimtu peningakröfu.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til innheimtulaga.

Með frumvarpi þessu er áformað að setja lög um innheimtu gjaldfallinna krafna aðra en almenna innheimtu opinberra aðila á sköttum og gjöldum. Í 3. gr. er gert ráð fyrir að innheimtuaðilar aðrir en lögmenn verði að hafa innheimtuleyfi og í 15. gr. er kveðið á um að Fjármálaeftirlitið fari með leyfisveitingu og leyfissviptingu en hafi jafnframt á hendi eftirlit með innheimtustarfseminni.

Samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi hefur Fjármálaeftirlitið heimild til að leggja eftirlitsgjald á þá aðila sem eftirlit er haft með. Í 15. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að þeir sem fengið hafa innheimtuleyfi frá Fjármálaeftirlitinu skuli árlega greiða eftirlitsgjald vegna starfsemi sinnar. Verði frumvarpið samþykkt óbreytt er gert ráð fyrir að kostnaðarauki vegna þess verði fjármagnaður með tekjum af eftirlitsgjaldinu og að samþykkt frumvarpsins hafi þar af leiðandi ekki áhrif á tekjuafkomu ríkissjóðs.

507. Fjárlög [1. mál]

fyrir árið 2008.

(Afgreidd frá Alþingi 13. des.)

Samhljóða þskj. 380 með þessum breytingum:

A-hluti.
Rekstraryfirlit ríkissjóðs.

1. gr. hljóðar svo:

Árið 2008 er áætlað að tekjur og gjöld ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 1 og 2.

	Rekstrar-grunnur m.kr.	Sjóðs-hreyfingar m.kr.
Skatttekjur	**430.424,8**	**412.194,7**
Skattar á tekjur einstaklinga	128.500,0	117.800,0
Skattar á tekjur lögaðila	45.500,0	43.400,0
Tryggingagjöld	41.279,0	39.963,3
Eignarskattar	11.723,0	11.623,0
Virðisaukaskattur	138.000,0	135.000,0
Aðrir skattar á vörur og þjónustu	58.228,2	57.534,0
Skattar ótaldir annars staðar	7.194,6	6.874,4
Aðrar rekstrartekjur	**36.368,8**	**35.178,8**
Arðgreiðslur	1.557,0	1.557,0
Vaxtatekjur og eignatekjur	25.381,7	24.231,7
Rekstrartekjur ótaldar annars staðar	9.430,1	9.390,1
Sala eigna	**5.200,0**	**6.700,0**
Fjárframlög	**1.445,9**	**1.445,9**
Tekjur alls	**473.439,5**	**455.519,4**
Æðsta stjórn ríkisins	3.652,4	3.652,4
Forsætisráðuneyti	2.165,5	2.165,5
Menntamálaráðuneyti	53.378,1	53.364,1
Utanríkisráðuneyti	8.908,0	8.908,0
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti	16.350,4	16.523,4
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	23.460,7	23.460,7
Félags- og tryggingamálaráðuneyti	85.413,5	84.613,5
Heilbrigðisráðuneyti	101.824,4	101.824,4
Fjármálaráðuneyti	48.417,3	39.537,3
Samgönguráðuneyti	54.908,8	54.897,0

Iðnaðarráðuneyti	5.498,4	5.498,4
Viðskiptaráðuneyti	2.323,2	2.306,1
Umhverfisráðuneyti	6.166,8	6.166,8
Vaxtagjöld ríkissjóðs	21.764,0	18.055,0
Samtals	**434.231,5**	**420.972,6**
Tekjujöfnuður	**39.208,0**	

A-hluti.
Sjóðstreymi ríkissjóðs.

2. gr. hljóðar svo:

Árið 2008 er áætlað að sjóðstreymi ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein.

	m.kr.
Rekstrarhreyfingar	
Tekjujöfnuður	39.208,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	749,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:	
Viðskiptakröfur, (breyting)	-6.580,1
Viðskiptaskuldir, (breyting)	879,9
Handbært fé frá rekstri	**34.256,8**
Fjármunahreyfingar	
Veitt stutt lán	-500,0
Veitt löng lán	-8.000,0
Afborganir veittra lána	16.000,0
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	-1.000,0
Sala hlutabréfa og eignarhluta	1.000,0
Fjármunahreyfingar samtals	**7.500,0**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**41.756,8**
Fjármögnun	
Skammtímalán	0,0
Tekin löng lán	30.000,0
Afborganir lána	-44.500,0
Fjármögnun samtals	**-14.500,0**
Framlag til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins	-4.000,0
Breyting á handbæru fé	**23.256,8**

B-hluti.
Fjárreiður ríkisfyrirtækja.

3. gr. hljóðar svo:

Árið 2008 er ætlast til þess að rekstri, arðgreiðslum, fjárfestingu og lántöku eftirtalinna ríkisfyrirtækja verði hagað eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 3.

m.kr.	Hagnaður tap	Arður til ríkissj.	Fjár-festing	Lán-tökur
Happdrætti Háskóla Íslands	980,0	0,0	20,0	0,0
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	158,5	182,5	160,0	0,0
Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli	108,5	0,0	290,0	0,0
Íslenskar orkurannsóknir	30,0	0,0	40,0	0,0
Samtals	**1.277,0**	**182,5**	**510,0**	**0,0**

C-hluti.
Fjárreiður lánastofnana.

4. gr. hljóðar svo:

Árið 2008 er ætlast til þess að rekstri, fjárfestingu og lánahreyfingum eftirtalinna stofnana og sjóða verði hagað eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 4.

m.kr.	Hagnaður tap	Veitt lán	Fjár-festing	Lán-tökur
Lánasjóður íslenskra námsmanna	4.706,9	10.871,5	74,0	8.000,0
Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild	904,0	0,0	7,0	0,0
Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir	-551,0	21.008,0	4,0	25.516,0
Íbúðalánasjóður, viðbótarlán	99,0	0,0	1,0	0,0
Íbúðalánasj., Byggingarsj. ríkisins og verkam.	-1.112,0	0,0	4,0	0,0
Íbúðalánasjóður, íbúðalánadeild	2.100,0	64.339,0	14,0	56.820,0
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins	187,0	0,0	0,0	0,0
Orkusjóður	16,0	20,0	0,0	0,0
Byggðastofnun	-30,0	3.000,0	0,0	3.000,0
Samtals	**6.319,9**	**99.238,5**	**104,0**	**93.336,0**

Ýmis ákvæði.
Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir.

5. gr. hljóðar svo:

Fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, er heimilað að taka lán, endurlána, veita ríkisábyrgðir og fleira eftir því sem kveðið er á um í ákvæðum þessarar greinar:

1. Að taka lán allt að 30.000 m.kr. og ráðstafa því í samræmi við ákvæði þessara laga.

2. Að endurlána allt að 8.275 m.kr. til eftirtalinna aðila:
   2.1 Lánasjóðs íslenskra námsmanna allt að 8.000 m.kr.
   2.2 Happdrættis Háskóla Íslands allt að 275 m.kr.

3. Að veita eftirtöldum aðilum, sem heimild hafa í sérlögum til lántöku, heimild til að nýta þær á árinu 2008 með þeim takmörkunum sem tilgreindar eru í liðum 3.1 til 3.4, sbr. 26. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins:
   3.1 Landsvirkjun, allt að 32.000 m.kr., sbr. 9. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með síðari breytingum.
   3.2 Íbúðalánadeild Íbúðalánasjóðs, allt að 56.820 m.kr., sbr. 10. gr. og 1. tl. 15. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál, með síðari breytingum.
   3.3 Íbúðalánasjóði til lána vegna leiguíbúða, allt að 25.516 m.kr., sbr. 10. gr. og 3. tl. 15. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál, með síðari breytingum.
   3.4 Byggðastofnun, allt að 3.000 m.kr., sbr. 15. gr. laga nr. 106/1999, um Byggðastofnun.

4. Ýmis ákvæði.
   4.1 Erlendar fjárhæðir skulu miðast við kaupgengi íslensku krónunnar samkvæmt gengisskráningu Seðlabanka Íslands á staðfestingardegi fjárlaga.
   4.2 Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að gefa út að nýju viðbót inn í eldri flokka spariskírteina ríkissjóðs sem ekki eru komnir á gjalddaga. Skilmálar og kjör hlutdeildarskírteina (spariskírteina) slíkra viðbóta við eldri flokka skulu vera hin sömu og að breyttu breytanda, þ.e. útgáfudagur, fyrsti vaxtadagur, vextir, verðtryggingarákvæði, gjalddagi og þess háttar.
   4.3 Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs getur heimilað þeim aðilum sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum:
      a. að taka lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar eldri lána þegar hagstæðari kjör eru talin bjóðast;
      b. að stofna til skulda- og vaxtaskipta og nýta aðra möguleika sem bjóðast á markaði til þess að tryggja viðkomandi aðila gegn verulegum vaxta- eða gengisbreytingum;
      c. að taka ný lán til endurgreiðslu skammtímalána sem tekin eru á grundvelli heimilda í lið 3, að hluta eða öllu leyti, án þess að lánssamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánssamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.
   4.4 Hyggist aðilar, sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum, nýta sér heimildir skv. lið 3 eða 4.3 skulu þeir gæta ákvæða 2. mgr. 7. gr. laga nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins.

Heimildir

6. gr. hljóðar svo:

Fjármálaráðherra er heimilt:

Eftirgjöf gjalda

1.1 Að fella niður eða endurgreiða virðisaukaskatt af efniskostnaði og sérfræðiþjónustu sem keypt er fyrir styrktarfé vegna rannsóknar Hjartaverndar á heilbrigði öldrunar.

Sala húsnæðis

2.1 Að semja við bæjaryfirvöld á Seyðisfirði um ráðstöfun fasteignarinnar við Hafnargötu 11, Seyðisfirði.
2.2 Að selja tækjageymslu á Norðfjarðarflugvelli.
2.3 Að selja fasteignina Laugarnesveg 91 og semja við Listaháskóla Íslands um aðra hentuga lausn á húsnæðismálum skólans.
2.4 Að selja fasteignir við Aragötu 9 og 14, Reykjavík, og verja andvirðinu til uppbyggingar Háskólatorgs.
2.5 Að selja fasteignina Bygggarða 7, Seltjarnarnesi, og verja andvirðinu til uppbyggingar lækningaminjasafns.
2.6 Að selja fasteignina Lyngás 7–9 í Garðabæ og verja hluta andvirðisins til uppbyggingar hönnunarsafns.
2.7 Að selja fasteignina Kveldúlfsgötu 2, Borgarbyggð, og láta andvirðið renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra.
2.8 Að selja húsnæði Vegagerðarinnar að Heiðavegi 4, Reyðarfirði.
2.9 Að selja sendiherrabústaðinn í Kaupmannahöfn og kaupa eða leigja annan hentugri.
2.10 Að selja gamla prestshúsið og kirkjuna á Stað í Grunnavík, Ísafjarðarbæ.
2.11 Að selja gamla prestshúsið og kirkjuna á Stað í Aðalvík, Ísafjarðarbæ.
2.12 Að selja íbúðarhús á Sauðanesi, Svalbarðshreppi.
2.13 Að selja stóðhestastöðina í Gunnarsholti ásamt landspildum við stöðina og ráðstafa andvirðinu til Hekluskóga og til uppbyggingar á landsmótssvæðinu að Gaddstaðaflötum.
2.14 Að selja fasteignina Fífilbrekku, Reykjum, Ölfusi.
2.15 Að selja fasteignirnar Túngötu 1 og 3, Hvanneyri.
2.16 Að selja fasteignina Möðruvelli 4, Hörgárbyggð.
2.17 Að selja fasteignirnar Hlíðarveg 16 og 17, Hvolsvelli, og ráðstafa andvirðinu til kaupa, leigu eða byggingar á nýrri lögreglustöð.
2.18 Að selja fasteignir ríkisins við Borgartún 5 og 7 og kaupa eða leigja annað hentugra húsnæði.
2.19 Að selja Lyngholt 9, Ísafirði, og láta andvirðið renna til Vegagerðar ríkisins.
2.20 Að selja húseignir ríkisins við Nauthólsvík.
2.21 Að selja húseign Skattstofu Austurlands að Selási 8, Egilsstöðum, og ráðstafa andvirðinu til kaupa eða leigu á öðru hentugu húsnæði.
2.22 Að selja húsnæði Náttúrufræðistofnunar Íslands við Hlemm.
2.23 Að selja sendiráðsbústað Íslands í Washington og kaupa eða leigja annað hentugra húsnæði.
2.24 Að selja eða leigja gamla skólahúsnæðið í Ólafsdal í Gilsfirði, Dalabyggð.
2.25 Að selja loðdýrahús á jörðinni Björnskoti, Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Sala eignarhluta í húsnæði

3.1 Að selja eignarhlut ríkisins í fasteignum grunnskóla sem ekki eru lengur notaðar til skólahalds og verja andvirðinu til endurbóta á skólahúsnæði í eigu ríkisins.
3.2 Að selja eignarhlut ríkisins í fasteignum framhalds- og sérskóla sem ekki eru lengur notaðar sem slíkar og þykja ekki henta til skólahalds og verja andvirðinu til endurbóta á skólahúsnæði í eigu ríkisins.
3.3 Að selja íbúð við Hvassaleiti 30 og kaupa aðra hentugri.
3.4 Að selja eignarhlut ríkisins að Bíldshöfða 16, Reykjavík, og kaupa eða leigja annað hentugra.
3.5 Að selja eignarhlut ríkisins í Hraunbæ 102d–102e og verja andvirðinu til kaupa eða leigu á hentugu húsnæði fyrir Heilsugæslu Árbæjar.
3.6 Að selja eignarhlut ríkisins í læknisbústað að Hrannargötu 2, Flateyri, og verja andvirðinu til endurbóta á Heilbrigðisstofnuninni Ísafjarðarbæ.
3.7 Að selja eignarhlut ríkisins í íbúðum við Kristnesspítala og verja andvirðinu til endurbóta og stækkunar á endurhæfingaraðstöðu spítalans.
3.8 Að selja eignarhlut ríkisins í Eyravegi 67, Árborg, og láta andvirðið renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra.
3.9 Að selja eignarhlut ríkisins í Duggugerði 12, Kópaskeri.
3.10 Að selja fasteignina Giljasel 7, Reykjavík, og láta andvirðið renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra.
3.11 Að selja eignarhlut ríkisins í Laugarnesvegi 80, Reykjavík, og ráðstafa andvirðinu í styrktarsjóð Barnaspítala Hringsins.

Sala lóða og jarða

4.1 Að selja land á Keldum, á Keldnaholti og við Úlfarsá og verja hluta andvirðisins til eflingar vísindarannsóknum.
4.2 Að selja landspildur í eigu ríkisins í Garðabæ.
4.3 Að selja lóðarspildu í eigu ríkisins við Þorragötu í Reykjavík.
4.4 Að selja jörðina Þjótanda, Villingaholtshreppi, Árnessýslu.
4.5 Að selja jörðina Þrándarstaði í Kjósarhreppi.
4.6 Að selja hluta af jörðunum Selárdal og Uppsölum í Vesturbyggð.
4.7 Að selja hluta af jörðinni Möðrudal á Fjöllum, Fljótsdalshéraði.
4.8 Að selja hluta af jörðinni Ytri-Grenivík, Grímseyjarhreppi.
4.9 Að selja hluta af jörðinni Flatey í Sveitarfélaginu Hornafirði.
4.10 Að selja hluta jarðarinnar Þormóðsdals í Mosfellsbæ.
4.11 Að selja hluta jarðarinnar Saurbæjar í Eyjafjarðarsveit.
4.12 Að selja fasteignir í Flatey á Skjálfanda.
4.13 Að selja fasteignina Hvammshlíð í Skorradal og ráðstafa andvirðinu til Skógræktar ríkisins.
4.14 Að selja jörðina Teigasel II á Jökuldal, Fljótsdalshéraði.
4.15 Að selja jörðina Selá í Dalvíkurbyggð.
4.16 Að selja hluta af jörðinni Torfastöðum í Bláskógabyggð.
4.17 Að selja hluta jarðarinnar Barma í Reykhólasveit.
4.18 Að selja hluta af jörðinni Stóru-Völlum í Rangárþingi ytra.
4.19 Að selja hluta af jörðunum Torfastöðum I og II í Rangárþingi eystra.

4.20 Að selja Innranes úr landi Bolholts, Rangárþingi ytra, og ráðstafa andvirðinu til Landgræðslu ríkisins.
4.21 Að selja hluta af landsvæðum ríkisins við Litla-Hraun og ráðstafa andvirðinu til endurbóta á fangelsinu.
4.22 Að selja hluta jarðarinnar Hraunsmúla, Borgarbyggð.
4.23 Að selja jarðarhlutann Rima, Bláskógabyggð.
4.24 Að selja jörðina Tjaldanes í Arnarfirði, Ísafjarðarbæ.
4.25 Að selja hluta af jörðinni Skarði, Rangárþingi ytra, og ráðstafa andvirðinu til landgræðslu á þessum slóðum.
4.26 Að leigja út byggingarlóðir við Framhaldsskólann að Laugum.
4.27 Að selja jörðina Grænanes, Fjarðabyggð.
4.28 Að selja jörðina Kleifarkot, Strandabyggð.
4.29 Að selja jörðina Syðri-Bakka, Arnarneshreppi.
4.30 Að selja jörðina Kleppjárnsreyki, Borgarbyggð.
4.31 Að selja landspildur í eigu ríkisins í Kópavogi.
4.32 Að selja um 22 ha landspildu ríkisins við Siglunesvita.
4.33 Að selja landspildur ríkisins við Flekkuvík.
4.34 Að selja landspildu úr Geitasandi, Rangárþingi ytra.
4.35 Að selja jörðina Hofsstaði í Gufudalssveit, Reykhólahreppi.
4.36 Að selja jörðina Ytri-Lynga II í Meðallandi, Skaftárhreppi.
4.37 Að selja jörðina Gröf í Rangárþingi ytra.

Sala hlutabréfa

5.1 Að selja hlut ríkisins í Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.
5.2 Að selja hlut ríkisins í Endurvinnslunni hf.
5.3 Að selja hlut ríkissjóðs í Fiskeldi Eyjafjarðar ehf.

Kaup og leiga fasteigna

6.1 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir aðalskrifstofur ráðuneyta.
6.2 Að kaupa hverasvæði Geysis í Haukadal.
6.3 Að kaupa húsnæði við Eiríksgötu fyrir starfsemi Landspítala.
6.4 Að kaupa fasteign á skipulagsreit St. Jósefsspítala í Hafnarfirði.
6.5 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu.
6.6 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir líknardeild á Akureyri.
6.7 Að kaupa húsnæði fyrir skammtímavistun fatlaðra á Suðurnesjum.
6.8 Að kaupa húsnæði fyrir skammtímavistun fatlaðra á höfuðborgarsvæðinu.
6.9 Að kaupa húsnæði fyrir þrjú sambýli á höfuðborgarsvæðinu.
6.10 Að kaupa 25 íbúðir vegna átaks í málefnum geðfatlaðra.
6.11 Að kaupa húseign Félagsstofnunar stúdenta við Hringbraut í Reykjavík.
6.12 Að kaupa eða leigja hentugt húsnæði fyrir sjúkrabifreiðar Heilbrigðisstofnunarinnar Hvammstanga.
6.13 Að kaupa land Brekkubæjar á Hellnum.
6.14 Að leigja húsnæði fyrir sjúkrabifreiðar á Selfossi.
6.15 Að kaupa viðbótarhúsnæði fyrir starfsemi Þjóðleikhússins.
6.16 Að kaupa jörðina Hjörleifshöfða í Mýrdalshreppi.
6.17 Að kaupa eða leigja hentugt húsnæði fyrir Vinnumálastofnun.

6.18 Að kaupa eða leigja viðbótarhúsnæði fyrir heilsugæslustöðina í Vík í Mýrdal.
6.19 Að kaupa viðbótarhúsnæði fyrir starfsemi Listasafns Íslands.
6.20 Að kaupa eða leigja hentugt húsnæði fyrir nýja stofnun sjúkratrygginga og innkaupa á heilbrigðissviði.
6.21 Að kaupa eða leigja hentugt húsnæði fyrir Persónuvernd.
6.22 Að kaupa landspildu við Dimmuborgir, Skútustaðahreppi.
6.23 Að ganga til samninga við Reykjavíkurborg um lóð undir samgöngumiðstöð sem fyrirhugað er að reisa við Reykjavíkurflugvöll.

Ýmsar heimildir

7.1 Að breyta fjárhæðum tekju- og gjaldahliðar ef lög verða staðfest frá Alþingi árið 2008 sem hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð. Allar fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gildi aðeins fyrir fjárhagstímabilið.
7.2 Að fella niður eða fresta greiðslum úr ríkissjóði á árinu 2008, m.a. með því að leggja niður tímabundið eða til lengri tíma starfsemi ríkisstofnana, að fengnu samþykki ríkisstjórnar og fjárlaganefndar Alþingis.
7.3 Að semja við einstaklinga um bætur, í samræmi við tillögur nefndar um ágreiningsmál skv. 3. gr. laga nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, og að höfðu samráði við ríkislögmann, vegna tjóns sem þeir hafa orðið fyrir við læknismeðferð.
7.4 Að greiða bætur þeim sem sýkst hafa af lifrarbólgu C við blóðgjafir hér á landi fyrir október 1992. Bætur séu ákveðnar af fjármálaráðherra í samráði við heilbrigðisráðherra.
7.5 Að heimila sjúkrahúsum að taka þátt í eða eiga samstarf við fyrirtæki sem vinna að vísindarannsóknum og þróun nýjunga á sviði heilbrigðismála og læknisfræði. Samningar, sem fela í sér fjárskuldbindingar, skulu lagðir fyrir ráðherra heilbrigðismála og fjármála til staðfestingar.
7.6 Að selja flugvél Landhelgisgæslunnar TF-SYN og ráðstafa andvirðinu til að kaupa eða leigu á sérhannaðri flugvél til að sinna gæslustörfum.
7.7 Að selja Grímseyjarferjuna m/s Sæfara og ráðstafa andvirðinu til kaupa eða leigu á annarri hentugri ferju.
7.8 Að heimila Háskóla Íslands að gera lóðarleigusamning um hluta af lóðarréttindum skólans í Vatnsmýri í Reykjavík vegna uppbyggingar vísindagarða.
7.9 Að selja eða ráðstafa með öðrum hætti varðskipinu Óðni.
7.10 Að selja, leigja eða ráðstafa með öðrum hætti fasteignum og landsvæðum á varnarsvæðum á Keflavíkurflugvelli sem koma á í borgaraleg not.
7.11 Að semja um leigu og rekstur á nýrri Vestmannaeyjaferju.

Sundurliðun 1.

Tekjur A-hluta.

Sundurliðun 1, Tekjur A-hluta, hljóðar svo:

		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
I	**Skatttekjur**		
1	**Skattar á tekjur og hagnað**		
1.1.1.1	Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla	93.500,0	89.800,0
1.1.5.1	Skattur á fjármagnstekjur einstaklinga	35.000,0	28.000,0
	Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga	**128.500,0**	**117.800,0**
1.5.1.1	Tekjuskattur, lögaðilar	45.500,0	43.400,0
1.10.2	Fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði	2.665,0	2.555,0
1.10.5	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	1.303,9	1.276,4
	Skattar á tekjur og hagnað, ót. annars staðar	**3.968,9**	**3.831,4**
	Skattar á tekjur og hagnað	**177.968,9**	**165.031,4**
2	**Tryggingagjöld**		
2.2	Tryggingagjöld, lögaðilar	125,0	125,0
2.2.1.1	Tryggingagjald, almennt	35.808,3	34.630,7
2.2.1.5	Atvinnutryggingargjald	5.345,7	5.207,6
	Tryggingagjöld, lögaðilar	**41.279,0**	**39.963,3**
	Tryggingagjöld	**41.279,0**	**39.963,3**
3	**Skattar á launagreiðslur og vinnuafl**		
3.2	Ábyrgðargjald vegna launa	822,2	822,2
3.5	Gjald til jöfnunar og lækkunar á örorkubyrði lífeyrissjóða	1.528,0	1.478,0
	Skattar á launagreiðslur og vinnuafl	**2.350,2**	**2.300,2**
4	**Eignarskattar**		
4.3	Erfðafjárskattar, skattar á gjafafé	2.000,0	1.900,0

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
4.4.1	Stimpilgjöld	9.100,0	9.100,0
4.5.2.1	Sértækir eignarskattar á fasteignir	623,0	623,0
	Eignarskattar	**11.723,0**	**11.623,0**
5	**Skattar á vörur og þjónustu**		
5.1.1.1	Virðisaukaskattur	138.000,0	135.000,0
5.1.2.1.1	Vörugjald, almennt, af innfluttum vörum	3.870,0	3.680,0
5.1.2.1.5	Vörugjald, almennt, af innlendri framleiðslu	590,0	560,0
5.1.2.1.15	Vörugjald af innfluttum ökutækjum	8.150,0	8.050,0
5.1.2.1.25	Vörugjald af bensíni	2.100,0	2.100,0
5.1.2.1.30	Sérstakt vörugjald af bensíni	7.420,0	7.420,0
5.1.2.1.33	Olíugjald	6.030,0	6.030,0
5.1.2.1.35	Gjald af eftirlitsskyldum rafföngum	72,7	72,7
5.1.2.1.40	Flutningsjöfnunargjöld	300,0	300,0
5.1.2.1.50	Áfengisgjald	8.150,0	8.136,8
5.1.2.1.52	Tóbaksgjald	3.770,0	3.770,0
5.1.2.1.55	Ýmis vörugjöld	2.165,0	2.165,0
5.1.2.10	Tollar og aðflutningsgjöld	4.931,0	4.631,0
5.1.2.20	Sértækir þjónustuskattar	2.448,1	2.448,1
5.1.2.30	Aðrir sértækir skattar á vörur og þjónustu	2,7	2,7
	Skattar á viðskipti með vörur og þjónustu	**187.999,5**	**184.366,3**
5.2.1.1.1	Bifreiðagjöld	4.610,0	4.580,0
5.2.1.5.5	Þungaskattur	1.280,0	1.280,0
5.2.2.1	Neysluskattar og leyfisgjöld af skipum	133,0	133,0
5.2.2.10	Ýmis leyfi fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi	58,3	58,3
5.2.2.15	Gjöld fyrir veitingu atvinnuréttinda og tengdra leyfa	10,2	10,2
5.2.2.25	Ýmis leyfis- og skráningargjöld	615,4	615,4
5.2.2.25.1.2	Veiðigjald fyrir veiðiheimildir	738,0	707,0
5.2.2.25.5.9	Ýmis skráningargjöld	290,0	290,0
5.2.2.30	Ýmis eftirlitsgjöld	470,3	470,3
5.2.2.35	Ýmislegt	23,5	23,5
	Neyslu- og leyfisgjöld	**8.228,7**	**8.167,7**
	Skattar á vörur og þjónustu	**196.228,2**	**192.534,0**

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
6	**Aðrir skattar**		
6.1.10	Iðnaðarmálagjald	259,3	259,3
6.1.15	Markaðsgjald	411,2	403,5
	Aðrir skattar á atvinnurekstur	**670,5**	**662,8**
6.2.1	Sektir á skatttekjur	205,0	80,0
	Aðrir skattar	**875,5**	**742,8**
	Skatttekjur, samtals	**430.424,8**	**412.194,7**
II	**Aðrar rekstrartekjur**		
8	**Arðgreiðslur og leigutekjur**		
8.2.1	Arðgreiðslur frá fjármálastofnunum	50,0	50,0
8.2.2	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum stofnunum	1.507,0	1.507,0
	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum aðilum	**1.557,0**	**1.557,0**
8.3.1	Vaxtatekjur af skatttekjum	5.600,0	4.100,0
8.3.6	Vaxtatekjur af endurlánum ríkissjóðs	8.470,0	8.820,0
8.3.7	Aðrar vaxtatekjur	11.254,0	11.254,0
8.3.8.1	Leiga á lóðum og landréttindum	57,7	57,7
	Aðrar eignatekjur	**25.381,7**	**24.231,7**
	Arðgreiðslur og leigutekjur	**26.938,7**	**25.788,7**
9	**Ýmsar tekjur**		
9.1.1	Dómsmálagjöld o.fl.	535,0	535,0
9.1.2	Áhættugjöld fyrir ríkisábyrgðir	260,0	260,0
9.1.3.1	Afnotagjöld RÚV	2.916,0	2.916,0
9.1.3.5	Skólagjöld	682,5	682,5
9.1.3.10	Gjöld fyrir læknishjálp o.fl.	100,0	100,0
9.1.3.15	Lendingargjöld o.fl.	682,0	682,0
9.1.3.20	Prófgjöld	21,5	21,5
9.1.3.25	Gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl.	140,0	140,0
9.1.3.30	Skoðunar-, mælinga- og eftirlitsgjöld	2.225,0	2.225,0
9.1.3.35	Ýmislegt	304,1	304,1

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
9.1.3.40	Útgáfa skírteina og þinglýsingar	415,5	415,5
9.1.4	Önnur neyslu- og leyfisgjöld	48,0	48,0
	Neyslu- og leyfisgjöld fyrir þjónustu	**8.329,6**	**8.329,6**
	Ýmsar tekjur	**8.329,6**	**8.329,6**
10	**Sektir**		
10.1	Lögreglumannasektir og lögreglustjórasektir	690,0	650,0
10.2	Dómsektir og viðurlagaákvarðanir	290,0	290,0
10.3	Ýmsar sektir	35,0	35,0
	Sektir	**1.015,0**	**975,0**
12	**Aðrar eigna- og aukatekjur**		
12.1	Aðrar eigna- og aukatekjur	15,0	15,0
12.5.1	Innborganir í Ábyrgðarsjóð launa úr gjaldþrotabúum	70,5	70,5
	Aðrar eigna- og aukatekjur	**85,5**	**85,5**
	Aðrar rekstrartekjur, samtals	**36.368,8**	**35.178,8**
III	**Sala eigna**		
13	**Sala varanlegra rekstrarfjármuna**		
13.1	Sala fasteigna	4.500,0	6.000,0
13.2	Söluhagnaður hlutabréfa	500,0	500,0
	Sala varanlegra rekstrarfjármuna	**5.000,0**	**6.500,0**
15	**Sala á landi og réttindum**		
15.1	Sala á landi og jarðeignum	200,0	200,0
	Sala eigna, samtals	**5.200,0**	**6.700,0**

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
V	**Fjárframlög**		
18	**Fjárframlög frá opinberum aðilum**		
18.1	Rekstrarframlög	177,9	177,9
18.1.1	Hluti sveitarfélaga í innheimtukostnaði	470,0	470,0
	Rekstrarframlög	**647,9**	**647,9**
18.2.1	Framlag Happdrættis HÍ til Háskóla Íslands	318,0	318,0
18.2.5	Viðbótarframlag sveitarfélaga vegna lífeyrisskuldbindinga grunnskólakennara	480,0	480,0
	Fjárframlög frá opinberum aðilum	**1.445,9**	**1.445,9**
	Fjárframlög, samtals	**1.445,9**	**1.445,9**
	Heildartekjur samtals	**473.439,5**	**455.519,4**

Sundurliðun 2.

Fjármál ríkisaðila í A-hluta.

Eftirtaldir liðir í sundurliðun 2, **Fjármál ríkisaðila í A-hluta,** breytast eða bætast við og hljóða svo:

01-190	**Ýmis verkefni**	m.kr.
	Almennur rekstur:	
	1.11 Ritun biskupasögu, Hið íslenska fornritafélag	14,0
	1.15 Útboðs- og einkavæðingarverkefni	14,9
	1.17 Úrskurðarnefnd upplýsingalaga	4,7
	1.18 Stjórnarskrárnefnd	14,9
	1.19 Efnahagsrannsóknir	49,9
	1.20 Jafnréttissjóður	10,0
	1.21 Öryggismálanefnd	14,5
	1.22 Ráðgjöf vegna breytinga í heilbrigðis- og tryggingamálum	30,0
	1.23 Hrafnseyri	22,9
	1.25 Vesturfarasetrið á Hofsósi	28,0
	1.27 Þjóðveldisbærinn í Þjórsárdal	2,0
	1.40 Gjöf Jóns Sigurðssonar	6,0
	1.42 Grænlandssjóður	1,0
	1.51 Undirbúningur að hátíðarhöldum vegna tveggja alda afmælis Jóns Sigurðssonar forseta	5,1
	1.90 Ýmis verkefni	40,9
	Almennur rekstur samtals	258,8

	Viðhaldsverkefni:	
	5.25 Viðhald á stafkirkju í Vestmannaeyjum	3,0
	Gjöld samtals	**261,8**
	Sértekjur:	
	Sértekjur	-1,0
	Gjöld umfram tekjur	**260,8**
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	260,8
02-201	**Háskóli Íslands**	
	Almennur rekstur:	
	1.01 Háskóli Íslands	8.663,0
	1.13 Háskólasjóður	215,0
	Almennur rekstur samtals	8.878,0
	Viðhaldsverkefni:	
	5.50 Fasteignir	40,0
	Stofnkostnaður:	
	6.50 Byggingarframkvæmdir og tækjakaup	175,0
	Gjöld samtals	**9.093,0**
	Sértekjur:	
	Sértekjur	-1.861,0
	Gjöld umfram tekjur	**7.232,0**
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	6.659,3
	Innheimt af ríkistekjum	572,7
02-217	**Hólaskóli – Háskólinn á Hólum**	
	Almennur rekstur:	
	1.01 Hólaskóli – Háskólinn á Hólum	362,4
	Viðhaldsverkefni:	
	5.01 Viðhald fasteigna	4,2

Stofnkostnaður:
6.20 Fasteignir og lóðir 18,0

Gjöld samtals **384,6**

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -149,4

Gjöld umfram tekjur **235,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 227,2
Innheimt af ríkistekjum 8,0

02-318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður
Stofnkostnaður:
6.00 Framhaldsskólar í Reykjavík 300,0
6.01 Menntaskólinn í Reykjavík 50,0
6.03 Menntaskólinn á Laugarvatni 25,0
6.07 Menntaskólinn á Egilsstöðum 20,0
6.54 Fjölbrautaskóli Vesturlands 35,0
6.56 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra 25,0
6.58 Verkmenntaskóli Austurlands 20,0
6.60 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ 40,0
6.70 Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ 80,0
6.90 Byggingarframkvæmdir, óskipt 35,0
6.92 Héraðsskólahúsið á Laugarvatni 50,0
6.95 Tæki og búnaður, óskipt 43,0
Stofnkostnaður samtals 723,0

Gjöld samtals **723,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 723,0

02-319 Framhaldsskólar, almennt
Almennur rekstur:
1.11 Sameiginleg þjónusta 99,8
1.12 Orlof kennara 156,3
1.13 Forfallakennsla 112,1
1.14 Sérkennsla 49,5
1.15 Prófkostnaður 88,7
1.16 Nýjungar í skólastarfi 23,5
1.17 Námsskrárgerð 43,0
1.18 Námsefnisgerð 156,6
1.19 Kennslueftirlit 7,2

1.20	Sjálfsmatskerfi framhaldsskóla	179,7
1.21	Nám tannsmiða	11,4
1.23	Ólympíuleikar í raungreinum	3,1
1.24	Iðnnemasamband Íslands	5,8
1.26	Þróunarsjóður framhaldsskóla	40,1
1.28	Mat á skólastarfi	51,7
1.29	Forvarnastarf í skólum	5,6
1.30	Endurmenntun	32,1
1.33	Myndlistarskólinn Akureyri	19,1
1.34	Myndlistarskólinn í Reykjavík	24,1
1.35	Myndlistarskólinn í Kópavogi	8,4
1.38	Menntun á sviði kvikmyndagerðar	29,5
1.39	Nám í listdansi	106,5
1.41	Framkvæmd nýrrar skólastefnu	96,4
1.90	Framhaldsskólar, óskipt	297,5
	Almennur rekstur samtals	1.647,7
	Gjöld samtals	**1.647,7**
	Sértekjur:	
	Sértekjur	-0,4
	Gjöld umfram tekjur	**1.647,3**
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	1.647,3

02-451 Símenntun og fjarkennsla

	Almennur rekstur:	
1.10	Fræðslumiðstöð atvinnulífsins	72,1
1.11	Símenntun og fjarkennsla	41,4
1.12	Námskeið og ráðgjöf	222,3
1.13	FS-net, símenntunarstöðvar	12,4
1.15	Mímir, símenntun	11,4
1.19	Námsframboð og starfsþjálfun í framhaldsskólum og símenntunarstöðvum	100,0
1.20	Háskólasetur í Vestmannaeyjum	20,0
1.21	Símenntunarstöð á Vesturlandi	15,0
1.22	Fræðslumiðstöð Vestfjarða	20,0
1.23	Farskóli Norðurlands vestra	15,0
1.24	Símenntunarstöð Eyjafjarðar	15,0
1.25	Fræðslumiðstöð Þingeyinga	15,0
1.26	Fræðslunet Austurlands	15,0
1.27	Fræðslunet Suðurlands	15,0
1.28	Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	15,0
1.29	Fræðslu- og símenntunarstöð Vestmannaeyja	15,0

	1.30 Framvegis, miðstöð um símenntun í Reykjavík	11,4
	1.31 Fræða- og þekkingasetur	126,8
	1.33 Námsflokkar Hafnarfjarðar, miðstöð símenntunar	8,0
	1.41 Íslenskukennsla fyrir útlendinga	240,1
	Almennur rekstur samtals	1.005,9
	Gjöld samtals	**1.005,9**
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	1.005,9
02-902	**Þjóðminjasafn Íslands**	
	Almennur rekstur:	
	1.01 Þjóðminjasafn Íslands	385,6
	1.10 Byggða- og minjasöfn	78,7
	Almennur rekstur samtals	464,3
	Viðhaldsverkefni:	
	5.21 Endurbætur húsa í vörslu Þjóðminjasafnsins	70,0
	Gjöld samtals	**534,3**
	Sértekjur:	
	Sértekjur	-46,5
	Gjöld umfram tekjur	**487,8**
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	487,8
02-919	**Söfn, ýmis framlög**	
	Almennur rekstur:	
	1.10 Listasafn ASÍ	6,4
	1.11 Nýlistasafn	9,9
	1.12 Listasafn Sigurjóns Ólafssonar	10,4
	1.15 Hönnunarsafn Íslands	10,3
	1.90 Söfn, ýmis framlög	43,1
	1.98 Söfn, ýmis framlög menntamálaráðuneytis	86,1
	Almennur rekstur samtals	166,2
	Stofnkostnaður:	
	6.36 Síldarminjasafnið á Siglufirði	10,0
	6.45 Víkinganaust í Reykjanesbæ	20,0
	6.90 Söfn, ýmis stofnkostnaður	133,0
	Stofnkostnaður samtals	163,0

	Gjöld samtals	**329,2**
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	329,2
02-971	**Ríkisútvarpið**	
	Almennur rekstur:	
	1.10 Ríkisútvarpið, afnotagjöld	2.930,0
	Fjármögnun:	
	Innheimt af ríkistekjum	2.916,0
	Viðskiptahreyfingar	14,0
02-974	**Sinfóníuhljómsveit Íslands**	
	Almennur rekstur:	
	1.01 Sinfóníuhljómsveit Íslands	652,6
	Sértekjur:	
	Sértekjur	-81,0
	Gjöld umfram tekjur	**571,6**
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	468,7
	Innheimt af ríkistekjum	102,9
02-979	**Húsafriðunarnefnd**	
	Almennur rekstur:	
	1.01 Húsafriðunarnefnd	33,5
	Stofnkostnaður:	
	6.10 Húsafriðunarsjóður	255,3
	Gjöld samtals	**288,8**
	Sértekjur:	
	Sértekjur	-70,0
	Gjöld umfram tekjur	**218,8**
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	218,8
02-982	**Listir, framlög**	
	Almennur rekstur:	
	1.14 Bókasafnssjóður höfunda	30,0

1.17	Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar	18,0
1.18	Bókmenntasjóður	50,0
1.22	Starfsemi áhugaleikfélaga	28,4
1.23	Bandalag íslenskra leikfélaga	8,3
1.24	Starfsemi atvinnuleikhópa	66,1
1.25	Tónlistarsjóður	54,0
1.27	Tónlist fyrir alla	7,9
1.28	Barnamenningarsjóður	4,9
1.29	Íslenska tónverkamiðstöðin	14,1
1.30	Íslenska óperan	175,7
1.45	Samningar við sveitarfélög um menningarmál	279,0
1.70	Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis	50,4
1.76	Menningarsjóður félagsheimila	8,5
1.80	Listahátíð í Reykjavík	36,0
1.90	Listir	49,8
1.91	Menningarstofnanir, óskipt	16,7
	Almennur rekstur samtals	897,8
	Gjöld samtals	**897,8**
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	897,8

02-983 Ýmis fræðistörf

	Almennur rekstur:	
1.10	Fræðistörf	13,5
1.11	Styrkir til útgáfumála	55,6
1.17	Launasjóður höfunda fræðirita	19,2
1.20	Iðnsaga Íslands	3,8
1.21	Tónlistarsaga Íslands	4,2
1.23	Hið íslenska bókmenntafélag	19,7
1.52	Skriðuklaustur	24,7
1.53	Snorrastofa	19,1
1.54	Fornleifasjóður	25,0
	Almennur rekstur samtals	184,8
	Gjöld samtals	**184,8**
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	184,8

02-989 Ýmis íþróttamál

	Almennur rekstur:	
1.10	Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands	162,9
1.11	Ferðasjóður Íþróttasambands Íslands	59,0
1.12	Ólympíunefnd fatlaðra	3,0

	1.14 Íþróttasamband fatlaðra	22,6
	1.15 Skólaíþróttir	3,0
	1.16 Íþróttasjóður	17,9
	1.17 Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri	3,6
	1.20 Glímusamband Íslands	4,9
	1.21 Skáksamband Íslands	18,7
	1.22 Launasjóður stórmeistara í skák	16,7
	1.25 Skákskóli Íslands	8,6
	1.29 Afrekssjóður ÍSÍ	30,0
	1.30 Bridgesamband Íslands	15,0
	1.31 Lyfjaeftirlit	12,0
	1.90 Ýmis íþróttamál	7,0
	Almennur rekstur samtals	384,9
	Stofnkostnaður:	
	6.52 Skíðasvæðið í Tungudal við Skutulsfjörð	10,0
	6.53 Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri	35,0
	6.56 Skíðamannvirki í Skarðsdal, Siglufirði	5,0
	6.58 Áhorfendaaðstaða á Laugardalsvelli í Reykjavík	50,0
	Stofnkostnaður samtals	100,0
	Gjöld samtals	**484,9**
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	484,9
02-999	**Ýmislegt**	
	Almennur rekstur:	
	1.13 Útvarpsréttarnefnd	10,1
	1.90 Ýmis framlög	135,6
	1.98 Ýmis framlög menntamálaráðuneytis	155,0
	Almennur rekstur samtals	300,7
	Stofnkostnaður:	
	6.90 Ýmis stofnkostnaðarframlög	333,1
	Gjöld samtals	**633,8**
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	633,8
04-190	**Ýmis verkefni**	
	Almennur rekstur:	
	1.11 Framkvæmd búvörusamnings	4,7
	1.15 Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða	5,7
	1.21 Landþurrkun	4,5

1.32	Starfsmenntun, markaðsöflun, kynning og tilraunir	41,1
1.33	Kynning erlendis á nýtingu á auðlindum hafsins	14,4
1.34	Eldi sjávardýra	19,1
1.35	Fiskifélag Íslands, sjóvinnukennsla	17,0
1.36	Matvælasetur	7,0
1.49	Úrskurðarnefndir	22,3
1.51	Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO	5,3
1.52	Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðið, NAMMCO	8,7
1.53	Alþjóðahafrannsóknir (ICES, NAFO, NEAFC, ICCAT)	33,9
1.54	Alþjóðahvalveiðiráðið, IWC	8,2
1.90	Ýmis verkefni	65,5
1.98	Ýmis framlög sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis	127,2
	Almennur rekstur samtals	384,6
	Stofnkostnaður:	
6.41	Innleiðing gagnagrunna á lögbýlum	5,0
	Gjöld samtals	**389,6**
	Sértekjur:	
	Sértekjur	-20,0
	Gjöld umfram tekjur	**369,6**
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	369,6

04-483 Landgræðsla og skógrækt í þágu landbúnaðar

	Almennur rekstur:	
1.11	Bændur græða landið	45,0
1.13	Fyrirhleðslur	67,8
1.15	Rannsóknir í skógrækt í þágu landbúnaðar	25,0
	Almennur rekstur samtals	137,8
	Gjöld samtals	**137,8**
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	137,8

04-831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins

	Stofnkostnaður:	
6.20	Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins	76,3
	Sértekjur:	
	Sértekjur	-2,3

	Gjöld umfram tekjur	**74,0**
	Fjármögnun:	
	Innheimt af ríkistekjum	247,0
	Viðskiptahreyfingar	-173,0
07-190	**Ýmis verkefni**	
	Almennur rekstur:	
	1.10 Fastanefndir	60,9
	1.12 Eftirlit með greiðslum almannatrygginga	1,9
	1.23 Framkvæmdaáætlun um jafnréttismál	12,0
	1.90 Ýmislegt	25,7
	Almennur rekstur samtals	100,5
	Gjöld samtals	**100,5**
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	100,5
07-505	**Öldrunarstofnanir, almennt**	
	Stofnkostnaður:	
	6.15 Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði	14,1
	6.27 Jaðar, Ólafsvík	40,0
	6.82 Hjúkrunarheimili í Kópavogi	350,0
	6.83 Hjúkrunarheimili í Mosfellsbæ	93,0
	6.84 Hjúkrunarheimili í Reykjanesbæ	159,0
	6.85 Hjúkrunarheimilið Hlíð, Akureyri	11,5
	6.86 Hjúkrunarheimilið Suðurlandsbraut 66, Reykjavík	194,7
	6.99 Bygging hjúkrunarheimila og endurhæfingarstofnana, óskipt	100,0
	Stofnkostnaður samtals	962,3
	Gjöld samtals	**962,3**
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	962,3
07-821	**Tryggingastofnun ríkisins**	
	Almennur rekstur:	
	1.01 Tryggingastofnun ríkisins	1.431,9
	Stofnkostnaður:	
	6.01 Tæki og búnaður	69,1
	Gjöld samtals	**1.501,0**

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -647,8

Gjöld umfram tekjur **853,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 853,2

07-825 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð
Almennur rekstur:
1.11 Mæðra- og feðralaun 319,0
1.15 Umönnunargreiðslur 1.193,0
1.21 Makabætur og umönnunarbætur 150,0
1.25 Dánarbætur 50,0
1.31 Endurhæfingarlífeyrir 1.564,0
1.35 Barnalífeyrir vegna menntunar 95,0
1.41 Heimilisuppbót 2.890,0
1.51 Frekari uppbætur 1.522,0
1.55 Uppbætur vegna bifreiðakaupa 282,0
Almennur rekstur samtals 8.065,0

Gjöld samtals **8.065,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 8.065,0

07-827 Lífeyristryggingar
Almennur rekstur:
1.11 Ellilífeyrir 8.358,0
1.15 Örorkulífeyrir 5.999,0
1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega 16.492,0
1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega 10.972,0
1.28 Vasapeningar ellilífeyrisþega 412,0
1.29 Vasapeningar örorkulífeyrisþega 78,0
1.31 Örorkustyrkur 137,0
1.35 Barnalífeyrir 2.310,0
1.91 Annað 272,0
Almennur rekstur samtals 45.030,0

Gjöld samtals **45.030,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 19.052,8
Innheimt af ríkistekjum 25.977,2

07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi

	Almennur rekstur:	
1.10	Kostnaður skv. 15. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga	32,8
1.11	Meðlög samkvæmt lögum nr. 76/2003	190,8
1.34	Geysir, vinnumiðlun fyrir geðfatlaða	32,7
1.35	Félag heyrnarlausra	9,2
1.36	Félagið Geðhjálp	23,0
1.37	Strókur, vinnumiðlun fyrir geðfatlaða	12,0
1.40	Kvennaathvarf í Reykjavík	39,5
1.41	Stígamót	32,4
1.43	Krossgötur, endurhæfingarheimili	24,0
1.44	Athvarf fyrir heimilislausa	30,5
1.45	Þjónusta við blinda og sjónskerta	16,0
1.47	Félagsþjónusta við nýbúa	8,3
1.48	Fjölmenningarsetur á Ísafirði	43,3
1.49	Innflytjendaráð og móttaka flóttamanna	45,1
1.55	Átak í vímuvarnamálum	33,0
1.59	Til sveitarfélaga sem verða fyrir aflasamdrætti	250,0
1.60	Ráðgjafastofa um fjármál heimilanna	52,2
1.90	Ýmis framlög	104,6
1.98	Ýmis framlög félags- og tryggingamálaráðuneytis	70,2
	Almennur rekstur samtals	1.049,6
	Gjöld samtals	**1.049,6**
	Sértekjur:	
	Sértekjur	-33,2
	Gjöld umfram tekjur	**1.016,4**
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	1.016,4

08-340 Málefni fatlaðra

	Almennur rekstur:	
1.10	Endurhæfingarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra	155,8
1.15	Samningur um sjúkraþjálfun fyrir fatlaða	39,4
1.20	Sjálfsbjörg Akureyri	6,8
1.30	Sumardvalarheimili í Reykjadal	21,2
1.40	Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Reykjavík	29,5
1.50	Endurhæfingarstöð Geðverndarfélags Íslands	3,6
1.60	Gigtlækningastöð Gigtarfélags Íslands	7,5
1.70	Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Akureyri	8,9
1.80	Gigtarráð	4,7
1.90	Ýmis starfsemi	2,4

	Almennur rekstur samtals	279,8
	Stofnkostnaður:	
	6.90 Styrkir til ýmissa framkvæmda	5,0
	Gjöld samtals	**284,8**
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	284,8
08-399	**Heilbrigðismál, ýmis starfsemi**	
	Almennur rekstur:	
	1.10 Samninganefnd heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins	30,3
	1.16 Lyfjagreiðslunefnd	30,8
	1.17 Vísindasiðanefnd	24,7
	1.30 Krabbameinsfélag Íslands, krabbameinsskráning	18,5
	1.31 Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit	310,0
	1.32 Krabbameinsfélag Íslands, styrkir	13,0
	1.33 Samband íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga	12,0
	1.34 Hjartaheill	6,0
	1.35 Hjartavernd, rannsóknarstöð	59,8
	1.36 Stórstúka Íslands	1,5
	1.37 Skrifstofa líknarfélaga	5,5
	1.38 Félagið Heyrnarhjálp	7,4
	1.40 Kostnaður skv. lögum nr. 25/1975	2,9
	1.42 Kostnaður samkvæmt lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi	94,8
	1.43 Viðbúnaður gegn farsóttum	50,0
	1.44 Átak í vímuvarnamálum	34,0
	1.55 Niðurgreiðsla hjálpartækja vegna heyrnar- og talmeina	170,6
	1.58 Krýsuvíkurskóli, vist- og meðferðarheimili	62,5
	1.68 Sjúkrahjálp og endurhæfing íþróttamanna	20,0
	1.71 Norræni lýðheilsuháskólinn	11,2
	1.73 Bláa lónið, húðmeðferðir	46,1
	1.74 Bláa lónið, styrkur	25,0
	1.81 Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO	8,4
	1.90 Ýmis framlög	77,0
	1.95 Kynsjúkdómar, alnæmi	5,7
	1.98 Ýmis framlög heilbrigðisráðuneytis	21,4
	Almennur rekstur samtals	1.149,1
	Stofnkostnaður:	
	6.91 Upplýsingatæknimál	53,0
	Gjöld samtals	**1.202,1**

	Sértekjur:	
	Sértekjur	-30,0
	Gjöld umfram tekjur	**1.172,1**
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	1.172,1
08-401	**Öldrunarstofnanir, almennt**	
	Almennur rekstur:	
	1.01 Hjúkrunarheimili, almennt	241,9
	1.09 Ný hjúkrunarrými	407,3
	1.13 Óskipt framlag til minni öldrunarstofnana	675,8
	Almennur rekstur samtals	1.325,0
	Gjöld samtals	**1.325,0**
	Sértekjur:	
	Sértekjur	-383,0
	Gjöld umfram tekjur	**942,0**
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	942,0
09-391	**Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða**	
	Almennur rekstur:	
	1.11 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða	1.478,0
	Fjármögnun:	
	Innheimt af ríkistekjum	1.478,0
09-973	**Tapaðar kröfur og tjónabætur**	
	Stofnkostnaður:	
	6.11 Tapaðar kröfur	80,0
	6.15 Tjónabætur	20,0
	Stofnkostnaður samtals	100,0
	Gjöld samtals	**100,0**
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	20,0
	Viðskiptahreyfingar	80,0

09-984 Fasteignir ríkissjóðs

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	78,8
1.11 Rekstur fasteigna	1.088,9
Almennur rekstur samtals	1.167,7
Viðhaldsverkefni:	
5.21 Viðhald fasteigna	1.243,4
Gjöld samtals	**2.411,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2.411,1
Gjöld umfram tekjur	**0,0**

09-985 Fyrrum varnarsvæði við Keflavíkurflugvöll

Almennur rekstur:	
1.01 Fyrrum varnarsvæði við Keflavíkurflugvöll	1.500,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.500,6

09-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:	
1.10 Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið	56,2
1.12 Greiðslur til samtaka höfundarréttarhafa fyrir ljósritun á höfundarréttarvernduðu efni	7,0
1.13 Kjarasamningar	18,5
1.14 Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum	42,8
1.15 Kjararannsóknir	10,9
1.18 Framlög til stjórnmálasamtaka	371,5
1.20 Endurgreiðslur til sveitarfélaga	30,0
1.23 Jafnréttisfulltrúar ráðuneyta	32,0
1.31 Lífeyrissjóður bænda	75,0
1.45 Ýmsar nefndir	30,5
1.49 Rekstur fjárlagakerfis ráðuneyta og Alþingis	5,8
1.60 Dómkröfur	149,0
1.65 Kjararáð	34,0
1.66 Yfirfasteignamatsnefnd	15,6
1.67 Þjóðlendumál	24,0
1.81 Verðjöfnunargjöld vegna útflutnings	5,0
1.90 Ýmis verkefni	143,5
Almennur rekstur samtals	1.051,3

	Stofnkostnaður:	
	6.11 Bifreiðar Stjórnarráðsins	20,0
	6.49 Hugbúnaðargerð fyrir fjárlagakerfi ráðuneyta og Alþingis	4,8
	6.95 Þróunarmál í upplýsingatækni	49,2
	Stofnkostnaður samtals	74,0
	Gjöld samtals	**1.125,3**
	Sértekjur:	
	Sértekjur	-20,8
	Gjöld umfram tekjur	**1.104,5**
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	1.104,5
10-190	**Ýmis verkefni**	
	Almennur rekstur:	
	1.11 Fastanefndir	9,6
	1.12 Vetrarsamgöngur og völuflutningar	1,9
	1.23 Slysavarnaskóli sjómanna	59,6
	1.34 Flugskóli Íslands	23,6
	1.35 Átak í umferðaröryggismálum	50,0
	1.52 Samningur um flug milli Íslands og Narssarssuaq á Grænlandi	7,5
	1.98 Ýmis framlög samgönguráðuneytis	8,5
	Almennur rekstur samtals	160,7
	Gjöld samtals	**160,7**
	Sértekjur:	
	Sértekjur	-0,1
	Gjöld umfram tekjur	**160,6**
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	160,6
10-251	**Umferðarstofa**	
	Almennur rekstur:	
	1.01 Umferðarstofa	675,4
	Sértekjur:	
	Sértekjur	-225,9
	Gjöld umfram tekjur	**449,5**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 449,5

10-475 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta
Almennur rekstur:
1.01 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta 1.075,4
1.11 Keflavíkurflugvöllur 2.811,0
1.81 Framlag Íslands vegna samnings við Alþjóðaflugmálastofnunina, ICAO 115,4
Almennur rekstur samtals 4.001,8

Viðhaldsverkefni:
5.41 Viðhald 409,0

Stofnkostnaður:
6.41 Framkvæmdir 1.972,8

Gjöld samtals **6.383,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2.588,6
Innheimt af ríkistekjum 3.795,0

11-299 Iðja og iðnaður, framlög
Almennur rekstur:
1.10 Fastanefndir 8,6
1.15 Fjárfestingarstofan 15,9
1.19 Staðlaráð 55,7
1.30 Alþjóðlegt samstarf 21,8
1.48 Átak til atvinnusköpunar 75,0
1.50 Nýsköpun og markaðsmál 32,0
1.98 Nýsköpun og markaðsmál, ýmis framlög iðnaðarráðuneytis . . . 48,7
Almennur rekstur samtals 257,7

Gjöld samtals **257,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 202,0
Innheimt af ríkistekjum 55,7

11-501 Ferðamálastofa
Almennur rekstur:
1.01 Ferðamálastofa 90,5
1.05 Landkynningarskrifstofur erlendis 164,7
1.11 Ferðamálasamtök landshluta 57,0
1.15 Samstarfssamningar við Grænland og Færeyjar 14,3

	1.21 Fjölsóttir ferðamannastaðir	64,3
	Almennur rekstur samtals	390,8
	Gjöld samtals	**390,8**
	Sértekjur:	
	Sértekjur	-13,3
	Gjöld umfram tekjur	**377,5**
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	376,7
	Innheimt af ríkistekjum	0,8
11-599	**Ýmis ferðamál**	
	Almennur rekstur:	
	1.44 Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu	30,0
	1.47 Markaðssetning Íslands í Norður-Ameríku	48,5
	1.53 Ferðaþjónusta á svæðum sem verða fyrir aflasamdrætti	80,0
	1.90 Ýmis ferðamál	58,2
	1.98 Ýmis ferðamál iðnaðarráðuneytis	75,4
	Almennur rekstur samtals	292,1
	Gjöld samtals	**292,1**
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	292,1
14-101	**Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa**	
	Almennur rekstur:	
	1.01 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa	306,3
	Sértekjur:	
	Sértekjur	-14,5
	Gjöld umfram tekjur	**291,8**
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	291,8
14-190	**Ýmis verkefni**	
	Almennur rekstur:	
	1.10 Fastanefndir	9,1
	1.12 Samvinnunefnd um miðhálendið	12,0
	1.29 Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum	19,7
	1.35 Umhverfisvöktun	28,0
	1.40 Alþjóðastofnanir	16,4

	1.41 Skrifstofa um vernd gróður- og dýraríkis á norðlægum slóðum, CAFF	10,2
	1.42 Skrifstofa Norðurskautsráðsins um varnir gegn mengun hafsins, PAME	10,0
	1.44 Skógræktarfélag Íslands	35,6
	1.54 Rannsóknastöð að Kvískerjum	1,1
	1.56 Vernd Breiðafjarðar	8,1
	1.61 Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál	34,1
	1.90 Ýmis verkefni	27,2
	1.98 Ýmis framlög umhverfisráðuneytis	81,5
	Almennur rekstur samtals	293,0
	Gjöld samtals	**293,0**
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	293,0
14-211	**Umhverfisstofnun**	
	Almennur rekstur:	
	1.01 Umhverfisstofnun	690,5
	1.11 Endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna veiða á ref og mink	30,6
	Almennur rekstur samtals	721,1
	Viðhaldsverkefni:	
	5.41 Þjóðgarðar og friðlýst svæði	64,0
	Gjöld samtals	**785,1**
	Sértekjur:	
	Sértekjur	-133,6
	Gjöld umfram tekjur	**651,5**
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	601,3
	Innheimt af ríkistekjum	50,2
14-231	**Landgræðsla ríkisins**	
	Almennur rekstur:	
	1.01 Landgræðsla ríkisins	529,1
	1.90 Fyrirhleðslur	71,4
	Almennur rekstur samtals	600,5
	Viðhaldsverkefni:	
	5.01 Viðhald fasteigna	8,0

	Stofnkostnaður:	
	6.01 Tæki og búnaður	38,4
	Gjöld samtals	**646,9**
	Sértekjur:	
	Sértekjur	-214,0
	Gjöld umfram tekjur	**432,9**
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	430,9
	Innheimt af ríkistekjum	2,0
14-381	**Ofanflóðasjóður**	
	Almennur rekstur:	
	1.01 Almennur rekstur	7,9
	Stofnkostnaður:	
	6.60 Ofanflóðasjóður	661,0
	Gjöld samtals	**668,9**
	Sértekjur:	
	Sértekjur	-380,0
	Gjöld umfram tekjur	**288,9**
	Fjármögnun:	
	Innheimt af ríkistekjum	288,9
14-403	**Náttúrustofur**	
	Almennur rekstur:	
	1.10 Náttúrustofa Neskaupstað	17,2
	1.11 Náttúrustofa Vestmannaeyjum	17,2
	1.12 Náttúrustofa Bolungarvík	25,4
	1.13 Náttúrustofa Stykkishólmi	17,2
	1.14 Náttúrustofa Sauðárkróki	17,2
	1.15 Náttúrustofa Sandgerði	17,2
	1.16 Náttúrustofa Húsavík	17,2
	Almennur rekstur samtals	128,6
	Gjöld samtals	**128,6**
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	128,6

Sundurliðun 2.
Sundurliðun óskiptra liða í A-hluta

		Þús. kr.
1.	**Söfn, ýmis framlög (02-919-1.90).**	
1.	Eyrbyggja, sögumiðstöð í Grundarfirði	6.000
2.	Harmonikufélag Vestfjarða, harmonikusafn	300
3.	Hið íslenska reðursafn	800
4.	Iðnaðarsafnið á Akureyri, útisýning og ljósmyndun	2.000
5.	Kaupvangur, þróunar-, mennta- og menningarsetur á Vopnafirði	2.000
6.	Kvennasögusafn Íslands	2.000
7.	Leikminjasafn Íslands	9.000
8.	Listasafn Árnesinga	1.000
9.	Menningarfélagið Hraun, Jónasarsetur	1.500
10.	Minjasafn Egils Ólafssonar að Hnjóti, rekstur	2.500
11.	Minjasafn Egils Ólafssonar að Hnjóti, tölvuskráning	1.000
12.	Minjasafnið í Gröf	1.000
13.	Myndlistarsafn Tryggva Ólafssonar, Neskaupstað	2.000
14.	Safnasafnið, rekstur	2.000
15.	Selasetur Íslands	5.000
16.	Strandmenningarverkefnið NORCE	5.000
	Samtals	**43.100**
2.	**Söfn, ýmis framlög menntamálaráðuneytis (02-919-1.98).**	
1.	Samningur, Byggðasafnið í Görðum vegna Kútters Sigurfara	12.000
2.	Samningur, Hvalamiðstöðin á Húsavík	10.000
3.	Samningur, Víkin – Sjóminjasafnið í Reykjavík	10.000
4.	Samningur, Dalabyggð, Safnahús í Búðardal	10.000
5.	Samningur, Mosfellsbær, fornleifarannsóknir við Hrísbrú	8.000
6.	Samningur, Heklusetur Leirubakka	6.000
7.	Samningur, Galdrasýning á Ströndum	6.000
8.	Styrkur til rannsóknarstofnunar og fræðaseturs, Þjóðtrúarstofu	10.000
9.	Verkefni tengd heimsminjasamningi UNESCO	6.000
10.	Styrkir á grundvelli umsókna til safna sem falla ekki undir verksvið Safnasjóðs	4.900
11.	Óskipt	3.200
	Samtals	**86.100**
3.	**Söfn, ýmis stofnkostnaður (02-919-6.90).**	
1.	Bátasafn Breiðafjarðar á Reykhólum	3.000
2.	Búvéla- og búnaðarsögusafnið að Saurbæ í Eyjafjarðarsveit	1.000
3.	Byggðasafnið að Görðum, útisýningarsvæði	2.000
4.	Félag um bátaflota Gríms Karlssonar	1.000
5.	Flug- og sögusetur á Reykjanesi	1.000
6.	Flugsafn Íslands, innréttingar og uppsetning sýningar	5.000
7.	Fræðasetur vegna náttúruhamfara í Mýrdals- og Eyjafjallajökli	2.000

8.	Galdrasýning á Ströndum, Kistan í Trékyllisvík	6.000
9.	Grettisból á Laugarbakka	5.000
10.	Íslenska stríðsárasafnið á Reyðarfirði	1.000
11.	Íþróttasafn Íslands	2.000
12.	Landbúnaðarsafn Íslands	2.000
13.	Listasafn Samúels í Selárdal, bygging aðstöðuhúss	2.000
14.	Melrakkasetur Íslands	3.000
15.	Menningarfélagið Hraun, Jónasarsetur	3.000
16.	Minjasafn Egils Ólafssonar að Hnjóti, frágangur lóðar	1.000
17.	Náttúrugripasafnið í Neskaupstað	1.000
18.	Safn Leifs Eiríkssonar í Dalabyggð	3.000
19.	Safn Ríkarðs Jónssonar á Djúpavogi	8.000
20.	Safnasafnið, byggingarframkvæmdir	8.000
21.	Safnhús í Neðstakaupstað á Ísafirði	5.000
22.	Sagnamiðstöð Íslands	1.000
23.	Saltfisksetur Íslands	5.000
24.	Samgönguminjasafnið í Stóragerði	5.000
25.	Samgönguminjasafnið í Ystafelli	3.000
26.	Samgöngusafnið í Skógum, geymsluhús	4.000
27.	Sauðfjársetur á Ströndum, endurbætur og kaup á húsnæði	3.000
28.	Setur Jóns Múla og Jónasar Árnasona	3.000
29.	Síldarminjasafnið á Siglufirði, viðgerð á skipum	5.000
30.	Sjávarsafn í Ólafsvík	1.000
31.	Sjóminja- og smiðjumunasafn Jósafats Hinrikssonar	1.000
32.	Sjóminjasafnið á Hellissandi	6.000
33.	Sjóminjasafnið Ósvör	6.000
34.	Skrímslasetur á Bíldudal	4.000
35.	Steinaríki Íslands	1.000
36.	Sögusafnið í Perlunni	2.000
37.	Sögusetrið á Hvolsvelli	3.000
38.	Tækniminjasafn Austurlands, munageymsla	3.000
39.	Tækniminjasafn Austurlands, uppbygging	5.000
40.	Tæknisafn Íslands	1.000
41.	Vatnasafn í Stykkishólmi	3.000
42.	Veiðisafnið á Stokkseyri	2.000
43.	Víkin, sjóminjasafnið í Reykjavík	1.000
	Samtals	**133.000**

4. Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis (02-982-1.70).

1.	Atli Heimir Sveinsson	1.800
2.	Ásgerður Búadóttir	1.800
3.	Erró	1.800
4.	Fríða Á. Sigurðardóttir	1.800
5.	Guðbergur Bergsson	1.800
6.	Guðmunda Elíasdóttir	1.800
7.	Gunnar Eyjólfsson	1.800

8.	Hannes Pétursson	1.800
9.	Herdís Þorvaldsdóttir	1.800
10.	Jóhann Hjálmarsson	1.800
11.	Jón Nordal	1.800
12.	Jón Sigurbjörnsson	1.800
13.	Jón Þórarinsson	1.800
14.	Jónas Ingimundarson	1.800
15.	Jórunn Viðar	1.800
16.	Kristbjörg Kjeld	1.800
17.	Kristján Davíðsson	1.800
18.	Magnús Pálsson	1.800
19.	Matthías Johannessen	1.800
20.	Megas	1.800
21.	Róbert Arnfinnsson	1.800
22.	Thor Vilhjálmsson	1.800
23.	Vigdís Grímsdóttir	1.800
24.	Vilborg Dagbjartsdóttir	1.800
25.	Þorbjörg Höskuldsdóttir	1.800
26.	Þorsteinn frá Hamri	1.800
27.	Þráinn Bertelsson	1.800
28.	Þuríður Pálsdóttir	1.800
	Samtals	**50.400**

5. Listir (02-982-1.90).

1.	Berjadagar, tónlistarhátíð á Tröllaskaga	1.000
2.	Ferðaleikhúsið	1.200
3.	Kammertónleikar á Kirkjubæjarklaustri	500
4.	Karlakór Reykjavíkur, tónleikaferð til Færeyja	1.000
5.	Kómedíuleikhúsið	1.500
6.	Leikfélag Reykjavíkur	20.000
7.	Listaskóli Rögnvaldar Ólafssonar, listdanskennsla	2.500
8.	Listvinafélag Vestmannaeyja	500
9.	Lókal, alþjóðleg leiklistarhátíð	2.000
10.	Menningarhátíðin Regnboginn í Mýrdalshreppi	300
11.	Menningarmiðstöð Hornafjarðar – skráning verka Svavars Guðnasonar	800
12.	Músík í Mývatnssveit	1.000
13.	Reykholtshátíð, tónlistarhátíð	3.000
14.	Samband íslenskra myndlistarmanna	6.000
15.	Skjaldborg '08, hátíð íslenskra heimildarmynda á Patreksfirði	1.000
16.	Sumartónleikar í Skálholtskirkju	3.000
17.	Tónlistarfélag Ísafjarðar	1.000
18.	Tónlistarhúsið Laugarborg í Eyjafirði	1.500
19.	Vestnorden Arts and Crafts, handverksverkefni	1.000
20.	Þjóðlagahátíðin á Siglufirði	1.000
	Samtals	**49.800**

6. Styrkir til útgáfumála (02-983-1.11).

1.	Alfræði íslenskra bókmennta og bókmenntafræða	2.500
2.	Bókaútgáfan Hólar, vísnaverkefni	5.000
3.	Byggðasaga Skagafjarðar	3.000
4.	Eldflugan, verkefnið Blábyrgi	500
5.	Eyrbyggjar, útgáfa á sögulegum fróðleik	600
6.	Flateyri 1995, heimildarit	2.000
7.	Færeysk orðabók	8.000
8.	Héraðssambandið Skarphéðinn, ritun og útgáfa 100 ára sögu sambandsins	500
9.	IBBY á Íslandi	1.000
10.	Kennslubók í nótnalestri	1.500
11.	Kennsluefni um Vestur-Norðurlönd: Ísland, Grænland og Færeyjar	1.000
12.	ORG ættfræðiþjónusta	2.000
13.	Reykholtsverkefnið	2.000
14.	Rit um fornleifarannsókn á miðaldakaupstaðnum á Gásum 2001–2006	4.500
15.	Saga forlag, Íslendingasögur á dönsku, norsku og sænsku	12.000
16.	Sigrún Helgadóttir, bók um þjóðgarðinn í Jökulsárgljúfrum	2.000
17.	Snorrasambandið, ævisaga Snorra Sturlusonar	1.500
18.	Strandir, byggðasaga	1.500
19.	Sverrir Gíslason, ljósmyndabækur	500
20.	Sögufélag Barðstrendinga, Sögufélag Ísfirðinga og Búnaðarsamband Vestfjarða, rit um Vestur-Barðastrandarsýslu	2.000
21.	Útgáfufélagið Guðrún, útgáfa og markaðssetning á íslenskum fornbókmenntum	2.000
	Samtals	**55.600**

7. Norræn samvinna (02-984-1.90).

1.	Norrræna félagið á Íslandi	9.000
	Samtals	**9.000**

8. Æskulýðsmál (02-988-1.90).

1.	AFS á Íslandi	2.000
2.	Brasilíuverkefnið	500
3.	Hvítasunnukirkjan á Íslandi, uppbygging í Kirkjulækjarkoti	2.000
4.	Kiðagil, skólabúðir	4.000
5.	Krossinn, unglingastarf	2.000
6.	Landssamband æskulýðsfélaga	5.000
7.	Skólabúðir í Reykjaskóla	2.000
8.	Snorraverkefnið	3.500
9.	Æskulýðssamband Þjóðkirkjunnar	1.200
	Samtals	**22.200**

9. Ýmis íþróttamál (02-989-1.90).

1.	Ferðasjóður vegna íþróttastarfs barna og unglinga á sambandssvæði Héraðssambands Þingeyinga	1.000
2.	Félag áhugafólks um íþróttir aldraðra	500
3.	Sumarbúðirnar Ástjörn, skrifstofuhúsnæði	4.000
4.	Svifflugfélag Akureyrar, kaup á nýrri kennslusvifflugu	1.500
	Samtals	**7.000**

10. Ýmis framlög (02-999-1.90).

1.	Akureyrarakademían	2.500
2.	AUS – Alþjóðleg ungmennaskipti, fjölmenningarnám	1.500
3.	Bókasafn Dagsbrúnar, skráning á eldri bókum, blöðum og tímaritum	2.800
4.	Dansk-íslenska félagið, menningarmál	1.000
5.	Eyfirskir fornbílar á Akureyri	1.000
6.	Fornleifastofnun Íslands	3.000
7.	Gríman – íslensku leiklistarverðlaunin	2.000
8.	Handverk og hönnun ses.	17.500
9.	Heiðar Marteinsson, kvikmyndasafn	1.000
10.	Heimili og skóli	4.000
11.	Holt í Önundarfirði – friðarsetur, viðgerð á húsnæði	1.000
12.	Hús og fólk, Flateyri	2.000
13.	Hvítasunnukirkjan í Reykjavík, félags- og forvarnastarf	2.000
14.	Íslenskar æviskrár frá landnámstíð til 2000	2.000
15.	KALAK, vinafélag Íslands og Grænlands, sund- og skákkennsla grænlenskra barna	1.500
16.	Kirkjubæjarstofa	5.000
17.	Klúbbur matreiðslumeistara	3.000
18.	Kvenfélagasamband Íslands, rekstur	5.500
19.	Kvenréttindafélag Íslands	3.400
20.	Leiðbeiningarstöð heimilanna	3.500
21.	Ljósmyndasafn Steingríms	500
22.	Mataræði og mannlíf í Reykjavík í 100 ár	2.000
23.	Mats Wibe Lund sf., heimildamyndasafn	2.000
24.	Miðstöð munnlegrar sögu	2.000
25.	Minnisvarði um ferjumanninn	2.000
26.	Músík og saga, munnleg geymd	3.000
27.	Norræna upplýsingaskrifstofan á Akureyri	1.500
28.	ÓB-ráðgjöf, verkefnið „hugsað um barn“	5.000
29.	Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum, gagnabankinn Kvennaslóðir	2.000
30.	Rannsóknir og greining, félagsvísindarannsóknir	4.000
31.	Rannsóknir og greining, rannsókn meðal foreldra barna í 9. bekk	2.400
32.	Rekstrarfélag Sarps sf.	5.000
33.	Spes – alþjóðleg barnahjálp, barnaþorp í Tógó	2.000
34.	Starfsendurhæfing Austurlands	2.000
35.	Starfsendurhæfing Skagafjarðar	2.000

36.	Sturlustofa í Dölum	800
37.	Surtseyjarfélagið	500
38.	Sögufélag	3.000
39.	Torfusamtökin	3.500
40.	Tölvumiðstöð fatlaðra, tölvur og námskeið	700
41.	Útgáfa bókar um íslenska faldbúninginn	4.000
42.	Vefsetrið Stærðfræðin hrífur og KappAbel stærðfræðikeppnin	1.200
43.	Vestfirðir á miðöldum	5.000
44.	Víkingahátíðin í Hafnarfirði	1.000
45.	Zontaklúbbur Akureyrar, Nonnahús	1.800
46.	Þingeyskur sögugrunnur	1.000
47.	Þjóðlagasetur sr. Bjarna Þorsteinssonar, rekstur	1.000
48.	Þórbergssetur á Hala í Suðursveit, rekstrarstyrkur	8.000
49.	Önfirðingafélagið í Reykjavík, Sólbakkamenning	1.500
	Samtals	**135.600**

11. Ýmis framlög menntamálaráðuneytis (02-999-1.98).

1.	Átaksverkefni vegna lesblindu í skólum landsins	10.000
2.	Samningur við Íþróttaakademíuna á Reykjanesi	12.000
3.	Samningur til styrktar uppbyggingu Þórbergsseturs	7.500
4.	Framlag til Gaulverjaskóla vegna tilraunaverkefnis um meðferðarstarfsemi	8.700
5.	Alþjóðasamningar er varða menningarmál, aðildargjöld og stjórnvaldskostnaður	16.500
6.	Ýmis menningarverkefni í upplýsingatækni	15.000
7.	Framlag til undirbúnings ráðherrafundar Evrópuráðsins um fjölmiðla árið 2009	5.000
8.	Framlag vegna Dags íslenskrar tungu	2.000
9.	Ýmsir samningar og styrkir varðandi menningarmál	78.300
	Samtals	**155.000**

12. Ýmislegt, ýmis stofnkostnaðarframlög (02-999-6.90).

1.	Áttæringurinn Vigur-Breiður, viðgerð	1.000
2.	Baðklefar við útisundlaug við Hagavaðal á Barðaströnd	1.000
3.	Báturinn Jóhanna, endursmíði og varðveisla	1.000
4.	Björgunarskútan María Júlía, endursmíði og varðveisla	1.000
5.	Byggðasafnið að Görðum, viðhald á bátasafni	1.000
6.	Bygging landnámsbæjar í Herjólfsdal	5.000
7.	Eikarbáturinn Húni II, viðhald	5.000
8.	Eikarbáturinn Sædís, endurmíði og varðveisla	1.000
9.	Eikarskipið Guðbjörg ÍS, endursmíð	1.000
10.	Fjölnota menningarhús í Grímsey	5.000
11.	Fuglasafn Sigurgeirs í Mývatnssveit	4.000
12.	Garðarshólmi, upplifunar- og þekkingarmiðstöð	5.000
13.	Gásir í Eyjafirði, lifandi miðaldakaupstaður	10.000
14.	Gömul trébryggja á Hjalteyri við Eyjafjörð, endurbygging	3.000

15.	Hafnarfjarðarbær, endurbygging Reykdalsvirkjunar	3.000
16.	Hálendismiðstöð á Hveravöllum	4.000
17.	Hátæknisetur Íslands	5.000
18.	Heimskautsgerði á Raufarhöfn	20.000
19.	Hreindýrasetur í Skjöldólfsstaðaskóla á Jökuldal	3.000
20.	Hvolpafossvirkjun í Gunnólfsá á Kleifum í Ólafsfirði, endurbygging	5.000
21.	Íslenski bærinn, kennslu- og fræðamiðstöð	2.000
22.	Íþróttahús Íþróttafélags fatlaðra, viðbygging	20.000
23.	Íþróttamiðstöðin á Hóli, Siglufirði	2.000
24.	Jarðfræðisetur Walkers á Breiðdalsvík	10.000
25.	Jarðskjálftasetur á Kópaskeri	6.000
26.	Kirkjumiðstöðin við Vestmannsvatn, viðhald	1.000
27.	Kjarvalsstofa, undirbúningur að byggingu þjónustuhúss	3.000
28.	Landnámssetur Íslands	10.000
29.	Landsmót UMFÍ á Akureyri 2009	15.000
30.	Landsmót UMFÍ í Kópavogi 2007	15.000
31.	Landssamband íslenskra akstursfélaga, rafrænt myndasafn	2.000
32.	Látrabjarg, fræðslu- og þjónustusetur	2.000
33.	Lista- og menningarverstöðin á Stokkseyri, brunavarnir	2.000
34.	Mannvirkjasjóður Knattspyrnusambands Íslands	15.000
35.	Menningarsetur að Útskálum	3.000
36.	Minjareitur á Kálfatjörn	400
37.	Mótorbáturinn Lóa, endurbygging	1.000
38.	Niðurrif frystihúss í Flatey	10.000
39.	Orgel Landakotskirkju, viðhald	200
40.	Selasetur Íslands, aukið rannsóknastarf	10.000
41.	Selaskoðunarstaður á Illugastöðum á Vatnsnesi	5.000
42.	Sigurgeir ljósmyndari ehf., flokkun og skráning ljósmyndasafns	4.000
43.	Sjóræningjahúsið á Patreksfirði	5.000
44.	Skaftfell, miðstöð myndlistar á Austurlandi, breytingar á húsnæði	500
45.	Skíðasvæði í Tindastól, uppbygging	5.000
46.	Skíðasvæðið á Dalvík, snjóframleiðsla	3.000
47.	Skíðasvæðið í Stafdal, uppbygging	5.000
48.	Skólabúðir á Tálknafirði	3.000
49.	Spákonuhof á Skagaströnd	5.000
50.	Svartárkot, menning – náttúra	10.000
51.	Sýning um ævi og ferðir Önnu frá Moldnúpi	1.000
52.	Textílsetur Íslands, fjöltækniskóli og gagnagrunnur	2.000
53.	Textílsetur Íslands, norrænt textílþing og sýning	2.000
54.	Trébáturinn Fengsæll ÍS 83	1.000
55.	Tyrkjaránssetur í Vestmannaeyjum	3.000
56.	Töfragarðurinn á Stokkseyri	2.000
57.	Unglingalandsmót UMFÍ í Grundarfirði 2009, uppbygging íþróttamannvirkja	15.000
58.	Unglingalandsmót UMFÍ í Þorlákshöfn 2008	15.000
59.	Ungmenna- og tómstundabúðir að Laugum í Sælingsdal	10.000

60.	Vestmannaeyjabær, „handritin heim“	5.000
61.	Vestnorræna menningarhúsið í Hafnarfirði	1.000
62.	Vesturfaramiðstöð Austurlands	1.000
63.	Vélbáturinn Blátindur VE 21, endurbygging	2.000
64.	Vélbáturinn Tóti, endursmíði og varðveisla	1.000
65.	Vélbáturinn Ölver frá Bolungarvík, endurbygging	1.000
66.	Þjóðfræðimiðstöð á Stokkseyri	6.000
67.	Þjóðlagasetur sr. Bjarna Þorsteinssonar, húsnæði og sýning	6.000
	Samtals	**333.100**

13. Ýmis verkefni (04-190-1.90).

1.	Austurlamb ehf., söluverkefni	1.000
2.	Ár kartöflunnar 2008	1.500
3.	Biopol	4.000
4.	Búnaðarsaga Íslands	1.500
5.	Eyðing kerfils og vörn gegn útbreiðslu hans, tilraunaverkefni í Eyjafjarðarsveit	2.000
6.	Fiskrannsóknir í Sandgerði	1.000
7.	Grásleppurannsóknir í Húnaflóa og Skagafirði	1.000
8.	Gróður fyrir fólk í Fjarðabyggð	3.000
9.	Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs	5.000
10.	Göngubrú yfir Selá í Vopnafirði	1.500
11.	Jöklarannsóknir í Austur-Skaftafellssýslu	3.000
12.	Landssamtök skógareigenda	6.000
13.	Landvernd	5.700
14.	Laxfiskar, atferlisvistfræði laxa í sjó	2.300
15.	Rannsóknir á glerál	1.500
16.	Rannsóknir á grunnsævi við Ísland	1.500
17.	Rannsóknir á ósalúru og nýtingarmöguleikum hennar	3.000
18.	Saga hvalveiða við Ísland	500
19.	Skelrækt, félagasamtök	2.000
20.	Skrúður í Dýrafirði, bætt aðkoma og aðgengi	5.000
21.	Sorpstöð Suðurlands, kaup á færanlegum brennslugámi	1.000
22.	Sögusetur íslenska hestsins	6.000
23.	Tún – vottunarstofa	5.000
24.	Vöktun á ástandi bleikju og urriða í Þingvallavatni, Suðurlandsdeild Veiðimálastofnunar	1.000
25.	Æðarræktarfélag Íslands	500
	Samtals	**65.500**

14. Ýmis framlög sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis (04-190-1.98).

1.	Kynbætur í fiskeldi	10.300
2.	Rannsóknarstarfsemi í landbúnaði	10.300
3.	Tilraunastöðin Stóra-Ármóti	2.000
4.	Rannsóknir á ræktunarsvæði kræklings og veiðisvæði kúfisks	3.000
5.	Til að gæta íslenskra hagsmuna á alþjóðavettvangi,	

	m.a. vegna milliríkjasamninga	6.200
6.	Hafréttarstofnun	4.000
7.	Vör, sjávarrannsóknasetur í Ólafsvík	25.000
8.	Gagnaveita um haf og sjávarútveg	5.000
9.	Rannsóknir vegna eldis sjávardýra á Patreksfirði	20.000
10.	Sjávarlíftæknisetur á Skagaströnd	20.000
11.	Samvinnuverkefni Versins á Sauðárkróki, Matís ohf. og Háskólans á Hólum	20.000
12.	Óskipt	1.400
	Samtals	**127.200**

15. Ýmis framlög (07-999-1.90).

1.	ADHD-samtökin	2.500
2.	Aflið, systursamtök Stígamóta á Norðurlandi	2.000
3.	Alþjóðahúsið	4.100
4.	Barnaheill	3.500
5.	Blátt áfram, forvarnaverkefni	3.500
6.	Blindrafélagið	10.000
7.	Daufblindrafélag Íslands	1.200
8.	Ekron, starfsþjálfun	4.000
9.	Ellimálanefnd Þjóðkirkjunnar, sumarorlof eldri borgara	1.000
10.	Félag ábyrgra feðra	1.500
11.	Félag áhugafólks um Downs-heilkenni	500
12.	Félag einstæðra foreldra	3.000
13.	Félag heyrnarlausra	4.000
14.	Fjölskylduhjálp Íslands	1.500
15.	Foreldra- og styrktarfélag Öskjuhlíðarskóla, sumardvöl barna	4.000
16.	Hjálparstarf kirkjunnar	2.000
17.	Hlutverk – Samtök um vinnu og verkþjálfun	600
18.	Höndin, mannúð og mannrækt	2.000
19.	Kvennaráðgjöfin	800
20.	Landsbyggðin lifi	1.000
21.	Landssamband eldri borgara	5.000
22.	Landssamtökin Þroskahjálp, fræðsla fyrir fatlaða og aðstandendur	800
22.	Landssamtökin Þroskahjálp, rekstur	9.000
24.	Múlalundur, vinnustofa öryrkja	2.000
25.	Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur	5.000
26.	Regnbogabörn	3.000
27.	Saman-hópurinn, „Veistu hvað barnið þitt hefst að?“	1.000
28.	Samhygð, samtök um sorg og sorgarviðbrögð	200
29.	Samtök áhugafólks um spilafíkn	800
30.	Samtökin 78	6.500
31.	Sjálfsbjörg	4.500
32.	Sjónarhóll – ráðgjafarmiðstöð	1.500
33.	Systkinasmiðjan	600
34.	Umsjónarfélag einhverfra	1.500

35.	Vernd – fangahjálp	2.000
36.	Vímulaus æska	8.500
	Samtals	**104.600**

16. Ýmis framlög félags- og tryggingamálaráðuneytis (07-999-1.98).

1.	Nýjungar í meðferðarstarfi fyrir börn og unglinga	10.000
2.	Rannsóknarsetur í vinnu- og jafnréttismálum	6.000
3.	Sjónarhóll	15.500
4.	Verkefnið Karlar til ábyrgðar	6.500
5.	Samtökin 78	1.500
6.	Styrkir til verðandi kjörforeldra ættleiddra barna erlendis frá	20.000
7.	Óráðstafað	10.700
	Samtals	**70.200**

17. Ýmis framlög (08-399-1.90).

1.	AE-starfsendurhæfing, hlutverkasetur	8.000
2.	Alnæmissamtökin á Íslandi	1.700
3.	Astma- og ofnæmisfélagið	1.000
4.	Beinvernd	700
5.	Bergmál, líknar- og vinafélag	700
6.	Blóðgjafafélag Íslands	800
7.	Endurhæfingarklúbbur fyrir öryrkja á Akranesi	1.500
8.	Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, ímyndarverkefni	1.500
9.	Fræðslusamtök um kynlíf og barneignir	1.200
10.	Gigtarfélag Íslands	2.500
11.	Heilaheill	1.200
12.	Heilsubærinn Bolungarvík	1.000
13.	Hjartaheill, blóðfitumælingar	1.200
14.	Hjartaheill, útgáfustarfsemi	1.500
15.	Húsnæðisfélag SEM	2.000
16.	LAUF, Landssamtök áhugafólks um flogaveiki	1.200
17.	Ljósið, endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir krabbameinsgreinda og aðstandendur	3.000
18.	MS-félag Íslands, íbúð fyrir sjúklinga utan af landi	1.000
19.	Mænuskaðastofnun Íslands	10.000
20.	Parkinssonsamtökin á Íslandi, afmælisráðstefna	300
21.	Parkinssonsamtökin á Íslandi, jafningjastuðningur	400
22.	Parkinssonsamtökin á Íslandi, rekstur skrifstofu	800
23.	PKU-félagið á Íslandi	1.000
24.	Samtök kvenna með endómetríósu	800
25.	Samtök lungnasjúklinga	1.000
26.	Samtök psoriasis- og exemsjúklinga	2.500
27.	Samtök sykursjúkra	1.400
28.	Samtökin Lífsvog	500
29.	SÍBS, fræðslumynd	1.500
30.	Skjöldur, skóli fyrir geðfötluð börn	15.000

31.	Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna	2.000
32.	Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra, sumardvöl í Reykjadal	5.000
33.	Sverir samherjar, þverfagleg meðferð við offitu barna	2.000
34.	Tourette-samtökin, þýðingar- og fræðsluverkefni	600
35.	Vífill, félag einstaklinga með svefnháðar öndunartruflanir / kæfisvefn	500
	Samtals	**77.000**

18. Ýmis framlög heilbrigðisráðuneytis (08-399-1.98).

1.	Gæðastyrkir heilbrigðis-og tryggingamálaráðuneytis	2.500
2.	Athvarf fyrir geðsjúka á Akureyri	2.000
3.	Missoc-þátttökugjald	2.500
4.	Þátttaka í alþjóðlegu starfi	2.500
5.	Samkomulag um kaup og þjálfun fimm blindrahunda	5.000
6.	Óskipt	6.900
	Samtals	**21.400**

19. Ýmis framlög samgönguráðuneytis (10-190-1.98)

1.	Óskipt	8.500
	Samtals	**8.500**

20. Lendingabætur (10-336-6.74).

1.	Búðir og Hellnar, Snæfellsbæ	200
2.	Flatey, Breiðafirði, flotbryggja	2.100
3.	Króksfjarðarnes, endurbætur bryggju	1.500
4.	Bryggjan Reykjanesi, Súðavíkurhreppi, öryggisljós	500
5.	Selsvör við Bæ í Steingrímsfirði	1.000
6.	Við athafnasvæði Rifóss í Kelduhverfi	1.000
7.	Skálanes, Seyðisfirði	1.000
	Samtals	**7.300**

21. Nýsköpun og markaðsmál (11-299-1.50).

1.	Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga	6.000
2.	Árneshreppur, átak til atvinnusköpunar	3.000
3.	Basalttrefjaframleiðsla á Sauðárkróki	6.000
4.	Fjallabyggð er frumkvöðull	4.500
5.	Rannsókn á vatni í Héðinsfjarðargöngum	1.500
6.	Rannsóknastofa í hagnýtri örverufræði	7.500
7.	Sprotaþing Íslands, stuðningur við nýsköpunarfyrirtæki	2.500
8.	Villimey slf., græðandi smyrsl úr íslenskum jurtum	1.000
	Samtals	**32.000**

22. Nýsköpun og markaðsmál, ýmis framlög iðnaðarráðuneytis (11-299-1.98).

1.	Íslandskynning í Brussel	7.000
2.	Verkefni á sviði atvinnuþróunarmála	13.500
3.	Verkefni á sviði nýsköpunarmála	23.000
4.	Kynningarmál	2.200

5.	Jafnréttismál	3.000
	Samtals	**48.700**

23. Ýmis verkefni iðnaðarráðuneytis (11-399-1.98).

1.	Úrskurðar- og samráðsnefnd um framkvæmd raforkulaga	3.500
2.	Kynningar- og útgáfukostnaður	1.000
3.	Loftslagsmál	3.000
4.	Hitaveitulög	2.000
5.	Aðkeypt sérfræðiþjónusta	3.000
6.	Olíumál	5.800
7.	Erlendir orkusamningar	7.000
8.	Norræn verkefni	2.000
	Samtals	**27.300**

24. Ýmis ferðamál (11-599-1.90).

1.	Á slóð Vatnsdælasögu	3.000
2.	Dimmuborgarstofa	5.000
3.	Drangeyjarfélagið, hafnargerð	1.500
4.	Ferðafélag Íslands, skálar norðan og austan Vatnajökuls	10.000
5.	Ferðaþjónustan Grunnavík, endurbygging gamallar bryggju	2.000
6.	Ferðaþjónustan Grunnavík, menningartengd ferðaþjónusta	2.000
7.	Félag um Snjáfjallasetur	3.000
8.	Grettislaug á Reykjaströnd í Skagafirði	1.700
9.	Hákarlasýning og gestastofa í Bjarnarhöfn	2.000
10.	Hlein í Reykjarfirði, dýpkun	1.000
11.	Hveravallafélagið, mannahald á Hveravöllum á veturna	2.000
12.	Markaðsskrifstofa ferðamála á Norðurlandi	5.000
13.	Markaðsstofa Austurlands, markaðsátak í ferðamálum	3.000
14.	Minja- og handverkshúsið Kört	3.000
15.	Reykhólahreppur, samgöngustyrkur út í Skáleyjar og Flatey á Breiðafirði	1.500
16.	Samtök um sögutengda ferðaþjónustu	2.000
17.	Slysavarnafélagið Landsbjörg, minjasafn	1.000
18.	Söguslóðir Hrafnkelssögu	1.000
19.	Upplýsingamiðstöðin á Kirkjubæjarklaustri	2.700
20.	Vestmannaeyjabær, ferðamál	300
21.	Víkingar á Vestfjörðum, menningartengd ferðaþjónusta	5.000
22.	Örnefnafélagið Snókur, Siglufirði	500
	Samtals	**58.200**

25. Ýmis ferðamál iðnaðarráðuneytis (11-599-1.98).

1.	Til markaðsstarfs og gestastofa	7.400
2.	Menningartengd ferðaþjónusta	10.000
3.	Samstarf ríkis og sveitarfélaga um menningarmál	58.000
	Samtals	**75.400**

26. Ýmis verkefni (14-190-1.90).

1.	Arnarsetur Íslands	1.500
2.	Félag umhverfisfræðinga á Íslandi	1.000
3.	Fuglaathugunarstöð Suðausturlands	3.000
4.	Hreinlætisaðstaða á hálendi Skaftárhrepps	3.000
5.	Náttúran er ehf., vefur með umhverfisvitund	1.500
6.	Náttúrufræðisetur í Ólafsfirði	1.000
7.	Náttúrufræðistofa Kópavogs	5.000
8.	Skotveiðifélag Íslands, eyðing minks og refs og gæsarannsóknir	2.000
9.	Svifryksmælir á Akureyri	8.000
10.	Umhvefissamtökin Blái herinn	1.200
	Samtals	**27.200**

27. Ýmis framlög umhverfisráðuneytis (14-190-1.98).

1.	Skráningar- og viðskiptakerfi yfir útstreymisheimildir	15.000
2.	Frjáls félagasamtök	10.000
3.	Prófessorsstaða við líffræðiskor Háskóla Íslands	9.000
4.	Staðardagskrá 21	5.000
5.	Umhverfisfræðsluráð	1.500
6.	Byggingastaðlar	700
7.	Samstarf við Kína á sviði umhverfismála og jarðskjálftavöktunar	4.000
8.	Vistvæn innkaup	3.000
9.	Ýmis umhverfisverkefni	6.800
10.	Loftlagsbreytingar – ný verkefni	15.000
11.	Óskipt	11.500
	Samtals	**81.500**

28. Fyrirhleðslur (14-231-1.90).

1.	Vesturland og Vestfirðir	6.000
2.	Norðurland	15.000
3.	Austurland	7.000
4.	Suðurland	29.000
5.	Jökulsá á Fjöllum	6.000
6.	Hornafjarðarfljót	6.000
7.	Heildarúttekt	2.400
	Samtals	**71.400**

Sundurliðun 3

Fjármál ríkisfyrirtækja í B-hluta.

Sundurliðun 3, Fjármál ríkisfyrirtækja í B-hluta, hljóða skv. brtt. á þskj. 430.

Sundurliðun 4.

Fjármál lánastofnana í C-hluta.

Sundurliðun 4, Fjármál lánastofnana í C-hluta, hljóða skv. brtt. á þskj. 431.

508. Frumvarp til laga [325. mál]

um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, og lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

I. KAFLI
Breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

1. gr.

5. mgr. 18. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 31. gr. laganna:

a. 1. og 3. mgr. 5. tölul. falla brott.
b. Á eftir 9. tölul. kemur nýr töluliður er verður 9. tölul. A, svohljóðandi: Þá fjárhæð sem nemur hagnaði af sölu hlutabréfa skv. 18. gr. hjá félögum sem falla undir 1. og 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. af hlutabréfum í félögum er greinir í 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. Sama gildir um þá fjárhæð sem félög í sömu félagaformum sem eru skattskyld skv. 7. tölul. 3. gr. og eru heimilisföst í öðru aðildarríki á Evrópska efnahagssvæðinu hafa fengið af sölu hlutabréfa. Ákvæði þessa töluliðar tekur einnig til hagnaðar af sölu hlutabréfa í félögum sem skráð eru erlendis ef seljandi sýnir fram á að hagnaður af starfsemi hins erlenda félags hafi verið skattlagður með sambærilegum hætti og gert er hér á landi. Frádráttur skv. 3. málsl. er bundinn því skilyrði að það skatthlutfall sem lagt er á hagnað hins erlenda félags sé eigi lægra en almennt skatthlutfall í einhverju aðildarríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París (OECD) eða aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins.

   Rekstrarkostnað sem gengur til öflunar, viðhalds eða tryggingar á tekjum sem eru frádráttarbærar samkvæmt þessum tölulið er ekki heimilt að draga frá öðrum tekjum. Varði kostnaðurinn tekjur sem ýmist eru skattskyldar eða frádráttarbærar samkvæmt framangreindu skal skipta kostnaðinum í réttu hlutfalli við tekjurnar.

   Fjármálaráðherra skal setja nánari reglur um framkvæmd þessara ákvæða.

3. gr.

Á eftir 4. mgr. 89. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 2.–4. mgr. skal álagning, eftirlit og önnur skattaumsýsla lögaðila skv. 2. og 3. gr. heyra undir Reykjavíkurumdæmi sé annað eða bæði eftirfarandi skilyrða uppfyllt:

a. rekstrartekjur lögaðila samkvæmt síðasta ársreikningi, að viðbættum fjármagnstekjum, eru 10 milljarðar króna eða hærri. Móður- og dótturfélög þess lögaðila skulu einnig heyra undir Reykjavíkurumdæmi, séu þau skattskyld hér á landi,
b. heildareignir lögaðila samkvæmt síðasta ársreikningi eru 5 milljarðar króna eða hærri. Móður- og dótturfélög þess lögaðila skulu einnig heyra undir Reykjavíkurumdæmi séu þau skattskyld hér á landi.

Skattaumsýsla þeirra lögaðila sem kveðið er á um í 5. mgr. skal að jafnaði eigi vara skemur en tvö ár frá því að framangreind skilyrði eru uppfyllt.

Fyrir lok hvers árs skal ríkisskattstjóri tilkynna þeim lögaðilum sem falla undir skilyrði a- eða b-liðar 5. mgr. að skattaumsýsla þeirra heyri undir Reykjavíkurumdæmi. Ríkisskattstjóra er jafnframt heimilt að beiðni skattstjóra eða ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi að fella lögaðila undir 5. mgr. eða fella lögaðila undan henni enda tilkynni hann viðkomandi lögaðilum þá ákvörðun sína. Í reglugerð sem ráðherra setur skal nánar kveðið á um fyrirkomulag skattaumsýslu þeirra lögaðila sem falla undir 5. mgr.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

4. gr.

Á eftir 21. gr. laganna kemur ný grein, 21. gr. A, svohljóðandi:

Eftirlit samkvæmt ákvæðum 21. gr. og önnur skattaumsýsla þeirra lögaðila sem falla undir 5. mgr. 89. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skal heyra undir Reykjavíkurumdæmi.

III. KAFLI
Breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

5. gr.

Á eftir 6. mgr. 12. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Álagning, eftirlit og önnur skattaumsýsla þeirra lögaðila sem falla undir 5. mgr. 89. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skal heyra undir Reykjavíkurumdæmi.

IV. KAFLI
Breyting á lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, með síðari breytingum.

6. gr.

Á eftir 4. mgr. 9. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Álagning, eftirlit og önnur skattaumsýsla þeirra lögaðila sem falla undir 5. mgr. 89. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skal heyra undir Reykjavíkurumdæmi.

V. KAFLI
Breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

7. gr.

45. gr. laganna orðast svo:

Skráning, álagning, eftirlit og önnur virðisaukaskattsumsýsla þeirra lögaðila sem falla undir 5. mgr. 89. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skal heyra undir Reykjavíkurumdæmi.

8. gr.

Við a-lið viðauka við lögin bætist: 0401.1009, 0401.2009 og 0401.3009.

VI. KAFLI
Gildistaka.

9. gr.

Ákvæði 1. og 2. gr. öðlast gildi 1. janúar 2008 og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 2009 vegna söluhagnaðar sem myndast á árinu 2008.

Ákvæði 3.–7. gr. öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. janúar 2009.

Ákvæði 8. gr. öðlast gildi 1. janúar 2008.

Ákvæði 5. mgr. 18. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skulu halda gildi sínu um hagnað af sölu hlutabréfa sem féll til fyrir gildistöku laga þessara.

Ákvæði til bráðabirgða.

Umsýsla stórfyrirtækja skv. 5.–7. mgr. 89. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skal hefjast 1. janúar 2009. Ríkisskattstjóri skal fyrir árslok 2008 tilkynna formlega þeim fyrirtækjum sem falla undir tilgreind ákvæði að þau heyri undir Reykjavíkurumdæmi. Samkvæmt framansögðu heyra ákvarðanir er varða skatta og gjöld, sem tilgreind eru í II. kafla laga nr. 90/2003, undir sama umdæmi frá og með 1. janúar 2009. Jafnframt verður forræði í öllum málum aðila sem falla undir 5.–7. mgr. 89. gr. laga nr. 90/2003 í Reykjavíkurumdæmi, óháð því hvort ákvörðun varðar endurskoðun, eftirlit eða kæruúrskurði tekjuskatts samkvæmt lögum nr. 90/2003 og þeirra skatta og gjalda sem tilgreind eru í II. kafla. Þetta ákvæði tekur einnig til ólokinna mála að teknu tilliti til ákvæða 97. gr. laga nr. 90/2003, um endurupptöku skattlagningar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu er að finna tvíþætta tillögu að mikilvægum breytingum á skattlagningu aðila í atvinnurekstri. Annars vegar er um að ræða breytingar á reglum um skattskyldu söluhagnaðar en hins vegar á skattaumsýslu þeirra lögaðila sem mest umsvif hafa í íslenskum þjóðarbúskap. Þá er lögð til sú breyting á lögum um virðisaukaskatt að tekin verði af öll tvímæli um það að ógerilsneydd mjólk (hrámjólk) eigi að vera í efra þrepi virðisaukaskatts þar sem ekki er litið svo á að hún sé matvara til manneldis í skilningi laganna.

Skattur á arðgreiðslur og söluhagnað milli félaga.

Vorið 1998 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 95/1998 sem fólu í sér verulegar breytingar á reglum um skattskyldu arðgreiðslna og söluhagnaðar varðandi aðila í atvinnurekstri. Megintilgangur þeirra breytinga, einkum með tilliti til arðs, var að koma á betra og markvissara fyrirkomulagi á skattlagningu þessara tekna, með það fyrir augum að koma í veg fyrir að hagnaður í atvinnurekstri yrði skattlagður þegar eingöngu væri um að ræða viðskipti milli tveggja aðila sem báðir eru í atvinnurekstri. Með öðrum orðum, hagnað af atvinnurekstri skuli einungis skattleggja í hendi þess fyrirtækis þar sem hagnaðurinn myndast og síðan hjá endanlegum eiganda hlutafjárins, einstaklingnum, sem nýtur hans í formi arðs og/eða söluhagnaðar. Jafnframt var þessum breytingum m.a. ætlað að greiða því leið að unnt væri að flytja arð af starfsemi hlutafélaga í eigu íslenskra aðila inn í landið án þess að til tvísköttunar kæmi enda væri sú breyting í takt við þá þróun sem átt hefði sér stað í okkar helstu samkeppnislöndum.

Með samþykkt frumvarpsins var tekin upp sú regla varðandi arðinn að hann myndaði ekki skattstofn væri hann greiddur milli hlutafélaga eða sambærilegra félagaforma heldur væri móttakanda arðsins heimilt að draga hann frá rekstrartekjum sínum áður en til skattlagningar kæmi, sbr. 9. tölul. 31. gr. í gildandi lögum um tekjuskatt. Grundvallarreglan varð því sú að hagnaður hlutafélags er skattlagður í því hlutafélagi sem hann myndast upphaflega og síðan með fjármagnstekjuskatti þegar hann er greiddur út sem arður til hluthafa, sem er einstaklingur, sameignarfélag eða starfar í öðru félagaformi þar sem úttekt úr félaginu er skattfrjáls.

Sem fyrr segir var í umræddu frumvarpi einnig að finna tillögur um breyttar skattlagningarreglur söluhagnaðar sem voru í nokkuð öðru formi en þær sem vörðuðu arðinn. Í

greinargerð frumvarpsins segir m.a. varðandi þann mismun: *„Hagnaður af sölu hlutabréfa er annars eðlis. Að hluta til kann að vera um að ræða hagnað, sem ekki hefur verið greiddur út og safnast hefur upp, en oft er að stórum hluta um að ræða verðaukningu á hlutum umfram beina hækkun á eigin fé félagsins. Hækkunin stafar þá af öðru, svo sem mati á væntanlegum tekjum, réttindum, aðstöðu eða völdum. Til grundvallar söluhagnaðinum liggur þannig ekki rekstrarhagnaður sem þegar hefur verið skattlagður eins og um er að ræða þegar arður á í hlut. M.a. af þessum ástæðum hafa þau lönd sem heimila að móttekinn arður sé dreginn frá skattskyldum tekjum, ekki látið þá reglu ná til söluhagnaðar. Þannig er söluhagnaður hlutabréfa í OECD-löndunum yfirleitt skattlagður með skatthlutfalli hlutafélagsins ...“* Í greinargerðinni er einnig að finna eftirfarandi athugasemdir: *„Í sumum löndum OECD er þó að finna einhverjar ráðstafanir til að lækka skattlagningu á söluhagnað frá því sem að framan greinir.“* Þess er sérstaklega getið í greinargerðinni að Noregur sé eitt þeirra landa, en reglur Norðmanna séu hins vegar taldar flóknar og erfiðar í framkvæmd. Vegna þess sé hafin endurskoðun á þeim reglum í þeim tilgangi að gera þær auðveldari í notkun. Í niðurlagi greinargerðarinnar segir síðan: *„Af framangreindum ástæðum er í frumvarpi þessu [þess sem varð að lögum nr. 95/1998] lagt til að hlutafélögum verði heimilað að fresta skattlagningu söluhagnaðar af hlutabréfum ef þeir kaupa önnur slík innan tveggja ára frá sölunni. Með því er í senn komið í veg fyrir að fjármagn sé bundið í tilteknum hlutabréfum af skattalegum ástæðum, þ.e. til að forðast skattlagningu, og jafnframt hvatt til áframhaldandi hlutabréfaeignar. Að þessu sinni er ekki lagt til að gerðar verði aðrar breytingar á skattlagningu söluhagnaðar hjá lögaðilum en fylgst verður með þróun í þeim málum með tilliti til breytinga síðar.“* Þessar reglur sem samþykktar voru með lögum nr. 95/1998, og taka til söluhagnaðar af hlutabréfum annarra en veltuhlutabréfa, þ.e. hlutabréfa sem alla jafna ganga kaupum og sölum innan ársins, eru að meginstefnu til enn í gildi, sbr. 5. mgr. 18. gr. tekjuskattslaga.

Frá því að framangreindar breytingar á skattlagningu arðs og söluhagnaðar voru samþykktar fyrir tæpum áratug hefur mikið vatn runnið til sjávar í íslensku efnahagslífi, ekki síst í alþjóðlegu tilliti. Fjármagn flæðir frjálst milli landa og íslensk fyrirtæki hafa verið í mikilli útrás. Á sama tíma hefur alþjóðlegt skattaumhverfi tekið miklum stakkaskiptum, ekki síst í okkar helstu samkeppnislöndum innan Evrópu. Skatthlutföll hafa verið að lækka samhliða því að afnumdar hafa verið ýmsar sértækar frádráttarreglur eða undanþágur í því skyni að gera skattkerfið einfaldara og skilvirkara. Ísland hefur ekki verið neinn eftirbátur annarra ríkja að þessu leyti og má raunar halda því fram að þessi þróun hafi jafnvel hafist fyrr hér á landi en annars staðar með lækkun tekjuskatts lögaðila úr 30% niður í 18% árið 2003. Hins vegar verður ekki fram hjá því horft að verulega hefur dregið saman með Íslandi og öðrum ríkjum á skattasviðinu á undanförnum árum þegar horft er til skattlagningar á atvinnurekstur og á það ekki hvað síst við um skattlagningu fjármagnstekna, svo sem söluhagnaðar af hlutabréfum. Skýring þessarar þróunar er án efa sú að þessi skattstofn, þ.e. fjármagn í hvers kyns formi, er mjög kvikur sem þýðir að fyrirtæki sem byggja starfsemi sína á viðskiptum með slíkar eignir eiga tiltölulega auðvelt með að flytja sig um set. Þar geta hagstæðar skattareglur skipt sköpum varðandi staðsetningu. Þannig hafa íslensk félög í einhverjum mæli flutt eignarhald sitt á hlutabréfum yfir í dótturfélög sem staðsett eru í ríkjum þar sem skattlagning á söluhagnaði er talin mun hagstæðari en hér á landi. Má þar nefna sem dæmi Holland og Noreg. Norðmenn hafa gengið einna lengst í þessum efnum, en þar í landi er söluhagnaður hvers kyns hlutabréfa skattfrjáls án nokkurra skilyrða ef um er að ræða viðskipti milli aðila í atvinnurekstri svo fremi að seljandinn og fyrirtækið, sem selt er, hafi skattalegt heimilisfesti í EES-ríki. Sambærilegar reglur er að finna í Noregi um skattlagningu á arði. Samhliða þessu

aukna skattfrelsi söluhagnaðar af hlutabréfum setja Norðmenn hins vegar ákveðnar takmarkanir á frádráttarbærni þess kostnaðar sem til fellur við öflun þeirra.

Í þessu frumvarpi er að finna tillögur um breytingar á skattskyldu hagnaðar af sölu hlutabréfa óháð eðli og eignarhaldstíma hlutabréfanna í hendi seljanda, sem í mörgu svipar til norsku reglnanna. Þó ganga þær nokkuð lengra en þær norsku að því leyti að þær eru ekki bundnar við hlutabréfaviðskipti innan EES heldur ná þær einnig til hlutabréfa í fyrirtækjum sem staðsett eru utan EES, en þó ekki á lágskattasvæðum. Ástæða þess er m.a. sú að eðlilegt er talið að sambærilegar reglur gildi um skattlagningu arðs og söluhagnaðar af hlutabréfum, en í gildandi lögum eru sambærileg ákvæði varðandi skattfrelsi arðgreiðslna milli fyrirtækja. Samhliða er lagt til að heimild til frestunar á skattlagningu söluhagnaðar af hlutabréfum verði felld brott. Jafnframt er lagt til að frádráttur vegna þess kostnaðar sem fellur til við öflun, viðhald eða tryggingu á viðkomandi tekjum, þ.e. hagnaður af sölu hlutabréfa, verði takmarkaður þannig að hvorki sé unnt að draga hann frá öðrum tekjum né heldur getur hann myndað yfirfæranlegt tap hjá félögum. Þá verður tap sem kann að myndast vegna sölu hvers kyns hlutabréfa ekki frádráttarbært. Að lokum er skattfrelsi hagnaðar af sölu hlutabréfa bundið við þau félagaform þar sem skattlagning er endanlega í hendi eigenda, eins og í tilviki hluthafa í hlutafélagi og einkahlutafélagi við úthlutun arðs. Þannig munu sameignarfélög, samlagsfélög og einstaklingar í atvinnurekstri ekki njóta þessa skattfrelsis, en í gildandi lögum hafa þessir lögaðilar heimild til frestunar á söluhagnaði af hlutabréfum.

Álagður tekjuskattur lögaðila nam 42,7 milljörðum króna á þessu ári vegna reksturs ársins 2006. Ekki liggja fyrir upplýsingar um hver sé hluti hagnaðar af sölu hlutabréfa í þeirri fjárhæð. Lausleg athugun sýnir að sá hluti sé hverfandi þar sem fyrirtæki nýti sér í afar ríkum mæli þá frestunarheimild sem til staðar er í gildandi lögum. Hins vegar liggja fyrir upplýsingar um árlega fjárhæð frestaðs hagnaðar lögaðila vegna sölu af hlutabréfum á undanförnum árum, en sú fjárhæð hefur farið stigvaxandi, sbr. eftirfarandi tölur, sem unnar eru upp úr skattframtölum lögaðila:

Tekjuár	Milljarðar kr. á verðlagi hvers árs
2001	7,2
2002	18,2
2003	30,8
2004	61,9
2005	165,7
2006	336,0

Sem fyrr segir felur frumvarpið í sér þá tillögu að fyrirtæki sem hafa tekjur í formi söluhagnaðar af hlutabréfum geti hvorki myndað yfirfæranlegt tap vegna þess kostnaðar sem til verður vegna viðskipta með þau né heldur nýtt sér þann kostnað sem frádrátt frá skattskyldum tekjum. Sama gildir þegar um tap af sölu hlutabréfa er að ræða. Þetta er breyting frá þeim reglum sem nú gilda. Þegar á heildina er litið er þó talið að áhrif þessara breytinga sem að framan greinir á tekjuhlið ríkissjóðs verði hverfandi.

Skattaumsýsla stórfyrirtækja.

Hin meginbreytingin sem lögð er til í þessu frumvarpi varðar skattaumsýslu stórra og umsvifamikilla fyrirtækja, en þeim hefur fjölgað mjög hratt hérlendis á örfáum árum. Þar á vax-

andi útrás íslenskra fyrirtækja stóran hlut að máli, þar sem saman fer vöxtur vegna stækkandi markaðssvæða óháð landamærum og sameining íslenskra fyrirtækja við erlend, oftast í hagræðingarskyni. Við slíkar aðstæður verða viðskipti oft afar flókin enda lagalegt umhverfi, jafnt frá sjónarmiði skattareglna sem annarra, oftar en ekki ólíkt að uppbyggingu og eðli. Slíkar kringumstæður kalla á aukna sérfræðiþekkingu á öllum sviðum og meiri sérhæfni í allri umsýslu gagnvart þessum aðilum.

Þessi þróun er ekki sérislensk heldur er hún alþjóðlegt fyrirbæri sem löndin í kringum okkur hafa brugðist við með ýmsu móti. Flest þeirra fara þá leið að setja á fót sérstakar stjórnsýslueiningar í skattkerfinu sem annast alla skattalega umsýslu með þessum aðilum. Það á til dæmis við um hin Norðurlöndin og virðist þetta fyrirkomulag hafa gefið góða raun. Meðal annars með hliðsjón af því er í þessu frumvarpi lagt til að skattaumsýsla fyrirtækja sem falla undir þá skilgreiningu að teljast stórfyrirtæki fari einungis fram í einu umdæmi í stað níu, nánar tiltekið í Reykjavíkurumdæmi, í sérhæfðri stjórnsýslueiningu. Með því fyrirkomulagi skapast möguleikar á að tryggja að skattlagning sambærilegra eða tengdra fyrirtækja sem hafa mikil umsvif verði samhæfðari og skilvirkari en verið hefur, enda kallar hún á sérhæft starfsfólk.

Þau fyrirtæki sem tillaga frumvarpsins gerir ráð fyrir að verði skipað undir einn hatt á grundvelli viðmiðana um tekjur og eignir af tiltekinni stærðargráðu dreifast í dag á nær öll skattumdæmi landsins, sem sum hver hafa ekki yfir að ráða því sérhæfða starfsfólki sem til þarf til að fást við slíka aðila. Þannig er gjarnan um að ræða fyrirtæki sem starfa innan félagasamstæðu með flókin eignatengsl, hafa veruleg viðskipti erlendis eða starfa í flóknu viðskiptaumhverfi. Þetta hefur í einhverjum tilvikum leitt til þess að álitamál þeim tengd hafa ekki fengið úrlausn sem skyldi né heldur hafa viðkomandi fyrirtæki fengið þá þjónustu sem eðlilegt er að skattkerfið veiti. Verði frumvarpið að lögum verður forræðið varðandi skattaleg úrlausnarefni þeirra fyrirtækja á hendi eins skattstjóra, sem hefur hefðbundið framkvæmdar- og úrskurðarvald í málum sem þeim tengjast óháð því hvar á landinu þau hafa skráð heimili.

Þær viðmiðanir sem lagt er til að verði beitt við skilgreiningu á því hvað teljist stórfyrirtæki eru annars vegar rekstrartekjur að meðtöldum fjármagnstekjum samkvæmt ársreikningi, að lágmarki 10 milljarðar króna, eða hins vegar heildareignir samkvæmt ársreikningi, að lágmarki 5 milljarðar króna. Aðeins annað þessara skilyrða þarf að vera uppfyllt til að lögaðili teljist stórfyrirtæki.

Samkvæmt upplýsingum úr skattframtölum lögaðila fyrir árið 2007 vegna rekstrar ársins 2006 falla 249 lögaðilar undir ofangreindar viðmiðanir. Þar af eru 211 fyrirtæki í Reykjavík og Reykjanesi, eða 85% af heild. Af heildarfjölda stórfyrirtækja eru 174, eða 70% af heild, með skattalegt heimilisfesti í Reykjavík þó að innan við helmingur af heildarfjölda lögaðila sé skráður þar. Jafnframt sýna upplýsingar úr skattframtölum að stórfyrirtækin í Reykjavík eru margfalt umfangsmeiri en flest þeirra sem eru annars staðar, bæði er varðar tekjur og eignir. Í ljósi þessara upplýsinga er talið rökrétt, eins og tillaga frumvarpsins ber með sér, að skattaumsýsla stórfyrirtækja falli undir Reykjavíkurumdæmi. Gert er ráð fyrir að fjármálaráðherra geti í reglugerð kveðið nánar á um skipulag á skattaumsýslu þessara fyrirtækja ásamt því að afmarka nánar hvaða fyrirtæki eigi að falla hér undir.

Nú er í sérstakri athugun í fjármálaráðuneytinu hvernig styrkja megi starfsemi einstakra skattstofa úti á landsbyggðinni, til að mynda með tilflutningi annarra verkefna til þeirra, m.a. í tengslum við ofangreinda breytingu. Í þessu samhengi er vert að benda á að í tekjuskattsfrumvarpi fjármálaráðherra sem nýverið var lagt fyrir Alþingi er að finna tillögu þess efnis að ráðherra verði heimilt að flytja einstök verkefni á milli skattumdæma með það að mark-

miði að auka svigrúm fjármálaráðherra til verkefnaflutninga innan skattkerfisins þannig að unnt sé að nýta mannafla þess sem best á hverjum tíma.

Í frumvarpinu er einnig að finna nauðsynlegar breytingar á öðrum skattalögum er varða skattaumsýslu stórfyrirtækja.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt núgildandi ákvæði 5. mgr. 18. gr. laganna geta lögaðilar, sbr. 1. mgr. 2. gr. laganna, og einstaklingar í atvinnurekstri farið fram á að fresta tekjufærslu söluhagnaðar af sölu hlutabréfa, þar á meðal skiptum á hlutabréfum, um tvenn áramót frá söludegi. Tekið er fram að kaupi slíkur aðili önnur hlutabréf í stað hinna seldu innan þess tíma færist söluhagnaðurinn til lækkunar á kaupverði þeirra bréfa. Nemi kaupverð hinna keyptu hlutabréfa lægri fjárhæð en söluhagnaðurinn telst mismunurinn til skattskyldra tekna. Ef hlutabréf eru ekki keypt innan tilskilins tíma telst söluhagnaðurinn til skattskyldra tekna á öðru ári frá því að hann myndaðist. Þannig er unnt að fresta skattlagningunni um tvö ár. Á frestunartímabili getur félag endurfjárfest í nýjum hlutabréfum og lækkað stofnverð þeirra um fjárhæð söluhagnaðarins. Frestaða fjárhæðin kemur þannig hugsanlega fram í auknum söluhagnaði þegar nýju hlutabréfin verða seld. Þannig getur frestun og lækkun stofnverðs gengið koll af kolli. Alla jafna kemur því ekki til þess að lögaðilar greiði skatt af söluhagnaði hlutabréfa.

Hér er lagt til að þessi heimild verði felld brott, enda eru með þeirri breytingu sem lögð er til í 2. gr. ekki lengur forsendur fyrir þessu ákvæði.

Um 2. gr.

Í 5. tölul. 31. gr. er að finna ákvæði um skattalega meðferð á sannanlega töpuðu hlutafé. Með hliðsjón af þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpi þessu og breytingum sem átt hafa sér stað í viðskiptalífinu á umliðnum árum er lagt til að ákvæði 1. og 3. mgr. 5. tölul. 31. gr. verði felld niður.

Í b-lið er lagt til að hagnaður félaga af sölu hlutabréfa verði frádráttarbær frá tekjum af atvinnurekstri óháð eignarhaldstíma þeirra í hendi seljanda. Heimildin nær til félaga í tilteknum félagaformum, þ.e. hlutafélaga, einkahlutafélaga, samlagshlutafélaga, gagnkvæmra vátryggingar- og ábyrgðarfélaga og samvinnufélaga, hvort heldur félög þessi bera ótakmarkaða skattskyldu hér á landi eða takmarkaða skattskyldu og eru með heimilisfesti á Evrópska efnahagssvæðinu.

Skattfrelsi söluhagnaðar tekur til hagnaðar af sölu hlutabréfa í félögum óháð heimilisfesti þeirra. Ef um er að ræða sölu hlutabréfa í félagi sem heimilisfast er utan Íslands er gert að skilyrði að félagið hafi sætt sambærilegri skattlagningu af starfsemi sinni og gildir hér á landi. Jafnframt er gert að skilyrði að skatthlutfall hafi ekki verið lægra en almennt gildir í einhverju aðildarríkja OECD eða EES.

Hagnaður af afleiðuviðskiptum sem byggjast á hlutabréfum fellur ekki undir þetta ákvæði.

Í 2. mgr. b-liðar 2. gr. er lagt til að hlutfallslegur rekstrarkostnaður, sem rekja má til öflunar á skattfrjálsum söluhagnaði hlutabréfa, heimilist ekki til frádráttar öðrum tekjum. Beinan kostnað vegna sölu eigna skal þó ávallt draga frá söluverði áður en söluhagnaður er reiknaður út skv. 20. gr. laganna.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að álagning, eftirlit og önnur skattaumsýsla lögaðila með tekjur og eignir umfram tiltekin stærðarmörk heyri undir Reykjavíkurumdæmi en til þessa hefur skattlagningarstaður verið bundinn við skráð heimilisfesti félags. Nauðsynlegt þykir að dótturfélög slíkra lögaðila sæti skattlagningu í sama skattumdæmi séu þau skattskyld hér á landi. Eins getur það gerst að dótturfélag fari fram úr þeim stærðarmörkum sem miðað er við og er þá gert ráð fyrir að móðurfélag eða móðurfélög þess, sé um margþrepa eignarhald að ræða á dótturfélaginu, sæti einnig skattlagningu í sama umdæmi.

Forræði allra skattalegra úrlausnarefna sem tengjast viðkomandi lögaðilum verður þannig á hendi eins skattstjóra, þar á meðal hefðbundið framkvæmdar- og úrskurðarvald, óháð því í hvaða skattumdæmum þeir eiga skráð heimili. Með þessu fyrirkomulagi er stefnt að því að öll skattaleg úrlausnarefni er upp koma hjá þeim lögaðilum sem hér um ræðir, hvort heldur um er að ræða tekjuskatt, skil á staðgreiðslu og tryggingagjaldi, virðisaukaskatt o.fl. ásamt tengdri þjónustu, verði falin sérhæfðum hópi starfsmanna sem starfi í sérstakri stjórnsýslueiningu á ábyrgðarsviði skattstjórans í Reykjavík. Eins og fram kemur í 111. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, hefur tollstjórinn í Reykjavík á hendi innheimtu þeirra skatta sem lagðir eru á með þeim lögum í stjórnsýsluumdæmi Reykjavíkur. Um innheimtu annarra skatta, svo sem virðisaukaskatts, tryggingagjalds, staðgreiðslu o.fl., fer einnig eftir þeim lögum. Af því leiðir að innheimta opinberra gjalda hjá þeim lögaðilum sem hér um ræðir verður á hendi tollstjórans í Reykjavík.

Við samningu þessa ákvæðis hefur verið horft til skattframkvæmdar í Danmörku, Finnlandi og Noregi þar sem þessi háttur hefur verið viðhafður um alllangt skeið með hagsmuni jafnt skattþegnanna og hins opinbera að leiðarljósi.

Ýmis tilvik geta orðið þess valdandi að það þurfi að fella lögaðila undir 5. mgr. eða fella þá undan henni. Sem dæmi má nefna kaup eða sölu á dótturfélagi, skiptingu eða samruna lögaðila. Gert er ráð fyrir setningu reglugerðar er kveður nánar á um mat og greiningu á því hvaða lögaðilar falli hér undir.

Um 4.–7. gr.

Greinunum er ætlað að tryggja að önnur skattaleg umsýsla sem tekur til virðisaukaskatts, staðgreiðslu opinberra gjalda, tryggingagjalds og staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur geti farið fram gagnvart þeim aðilum, sem falla undir skilgreiningu 3. gr. frumvarpsins, í Reykjavíkurumdæmi.

Um 8. gr.

Í greininni er lagt til að tekin verði af öll tvímæli um það að ógerilsneydd mjólk (hrámjólk) eigi að vera í efra þrepi virðisaukaskatts þar sem ekki er litið svo á að hún sé matvara til manneldis í skilningi laganna. Með breytingu á lögum um virðisaukaskatt sl. haust, sbr. lög nr. 175/2006, um breyting á lögum nr. 97/1987, um vörugjald, og lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, var neðra þrep virðisaukaskatts lækkað úr 14% í 7% og samhliða þeirri breytingu var settur nýr viðauki við lögin þar sem tilgreindar eru, eftir tollskrárnúmerum, þær vörur til manneldis sem greiða skal 7% virðisaukaskatt af. Í kjölfar þessarar lagabreytingar hefur verið bent á að ekki sé skýrt hvort ógerilsneydd mjólk eigi að vera í efra eða neðra þrepi virðisaukaskatts þar sem hún fellur innan tollskrárnúmera 0401.1000 til 0401.3000 ásamt annarri mjólk. Ógerilsneydd mjólk hefur ætíð verið í efra þrepi virðisaukaskatts og ekki var ætlunin að breyta því með lögum nr. 175/2006. Er því með grein þessari lagt til að

tekin verði af öll tvímæli um það að ógerilsneydd mjólk falli utan áðurnefnds viðauka við lög um virðisaukaskatt. Er það gert með því að búa til ný tollskrárnúmer um ógerilsneydda mjólk og tilgreina í viðaukanum að vörur í þeim tollskrárnúmerum (0401.1009, 0401.2009 og 0401.3009) falli utan viðaukans, þ.e. séu ekki til manneldis og beri þar af leiðandi 24,5% virðisaukaskatt. Samhliða breytingar á tollskrá taka gildi 1. janúar 2008.

Um 9. gr.

Greinin fjallar um gildistöku einstakra greina í frumvarpinu.

Miðað er við að ákvæði 1. og 2. gr. um söluhagnað hlutabréfa taki gildi í byrjun árs 2008 og komi til framkvæmda við álagningu 2009.

Ákvæði 3.–7. gr. sem varða skattaumsýslu stórfyrirtækja taka þegar gildi og koma til framkvæmda í ársbyrjun 2009, að teknu tilliti til ákvæðis til bráðabirgða. Það þýðir að álagning á lögaðila skv. 3. gr. frumvarpsins fari fram í Reykjavíkurumdæmi á árinu 2009 vegna rekstrar ársins 2008.

Þá er lagt til að ákvæði 8. gr. um virðisaukaskatt af ógerilsneyddri mjólk taki gildi 1. janúar 2008.

Að öðru óbreyttu er gert ráð fyrir að þeir sem hafa selt hlutabréf með hagnaði fyrir gildistöku laga þessara hafi annaðhvort tekjufært söluhagnaðinn á grundvelli gildandi laga eða nýti sér rétt til að fresta og færa niður kaupverð nýrra hlutabréfa innan tímamarka gildandi ákvæðis 5. mgr. 18. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur og lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ákvæðum nokkurra laga og eru markmiðin með því einkum tvenns konar. Í fyrsta lagi eru lagðar til breytingar á ákvæðum sem varða skattlagningu á söluhagnaði lögaðila af hlutabréfum á þá leið að annars vegar verði heimild til frestunar á skattlagningunni felld niður og hins vegar að söluhagnaðurinn verði skattfrjáls að því tilskildu að frádráttur vegna þess kostnaðar sem fellur til við hlutabréfaviðskiptin verði takmarkaður þannig að hvorki verði unnt að draga hann frá öðrum tekjum né heldur geti hann myndað yfirfæranlegt tap hjá félögum. Í skattskilum lögaðila kemur ekki fram hversu stór hluti tekna er vegna söluhagnaðar og liggur því ekki fyrir hversu mikill skattur er greiddur af honum. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum við frumvarpið eru líkur á að skatturinn skili fremur litlum tekjum bæði vegna þess að í reynd er hægt að fresta skattlagningunni óendanlega og vegna þess að mörg íslensk félög hafa flutt eignarhald á hlutabréfum til landa sem ekki skattleggja söluhagnað.

Í öðru lagi er í frumvarpinu gert ráð fyrir að komið verði á fót sérstakri starfseiningu innan Reykjavíkurumdæmis sem hafi með höndum umsýslu með skattamálum stórfyrirtækja frem-

ur en að þau dreifist á skattumdæmi landsins eftir því hvar heimilisfesti þeirra er. Markmiðið með því er að auka skilvirkni og samkvæmni í skattframkvæmdinni gagnvart fyrirtækjum sem hafa meira en 10 mia. kr. veltu eða ef heildareignir þeirra eru umfram 5 mia. kr. Í mörgum tilvikum yrði um að ræða fyrirtæki sem starfa sem samstæða, eiga í verulegum viðskiptum erlendis eða starfa í flóknu viðskiptaumhverfi. Skattaleg úrlausnarefni slíkra fyrirtækja krefjast vaxandi sérhæfingar og sérþekkingar af hálfu skattyfirvalda og er ætlunin að bregðast við því með því að einn skattstjóri hafi forræði yfir úrlausnarefnum á sviði tekjuskatts, staðgreiðslu, virðisaukaskatts, tryggingagjalds o.fl. og að þau verði leyst af hendi af sérhæfðum hópi starfsmanna sem geti þá einnig veitt samhæfðari og vandaðri þjónustu við fyrirtækin. Svipað fyrirkomulag hefur verið á skattframkvæmdinni að þessu leyti í Noregi og Danmörku.

Á þessu stigi liggja einungis fyrir lauslegar áætlanir um umfang þessarar nýju starfseiningar og kostnað við að koma henni á fót. Gert er ráð fyrir að starfsmenn hennar verði í fyrstu í kringum tíu talsins og að flestir þeirra verði sérfræðingar með mikla reynslu auk aðstoðarfólks. Miðað er við að um helmingur starfsliðsins færist til hinnar nýju starfseiningar frá öðrum stofnunum skattkerfisins. Ekki er talið að þessi starfsemi rúmist í núverandi húsakynnum skattembættanna heldur verði leigt annað húsnæði undir hana. Má því gera ráð fyrir auknum árlegum rekstrarkostnaði vegna u.þ.b. fimm nýrra starfa, um 35 m.kr., húsaleigu, um 5 m.kr., aðkeyptrar sérfræðiþjónustu og annarra rekstrargjalda, um 10 m.kr., eða alls um 50 m.kr. Auk þess mun falla til kostnaður í upphafi við flutninga og kaup á húsbúnaði og tækjum, eða um 2 m.kr. Frumvarpið gerir þó ekki ráð fyrir að starfseiningin taki til starfa fyrr en 1. janúar 2009 og fellur því enginn kostnaður til á næsta ári. Fjármálaráðuneytið fyrirhugar að mæta þessum auknu útgjöldum að nokkru marki með hagræðingu og tilfærslu fjárheimilda innan skattkerfisins en að mestu með því að nýta það svigrúm sem það hefur innan síns útgjaldaramma. Ekki er því gert ráð fyrir að auka þurfi fjárveitingar til ráðuneytisins verði frumvarpið að lögum.

509. Nefndarálit [290. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og skattanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Maríönnu Jónasdóttur og Ingibjörgu Helgu Helgadóttur frá fjármálaráðuneytinu og Ingvar Rögnvaldsson og Guðmund Guðbjarnason frá ríkisskattstjóra. Á fund nefndarinnar komu einnig Ólafur Örn Ólafsson frá Grindavíkurbæ, Oddný Harðadóttir frá Sveitarfélaginu Garði, Sigurður Valur Ásbjarnarson frá Sandgerðisbæ og Róbert Ragnarsson frá Sveitarfélaginu Vogum og lögðu fram greinargerð Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Í frumvarpinu er lagt til að fjárhæðir vegna sjómannaafsláttar, barnabóta og vaxtabóta hækki í samræmi við forsendur fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 2008. Gert er ráð fyrir að á umræddu tímabili muni hækkun vísitölunnar nema um 4,8%. Jafnframt er í frumvarpinu lagt til að reglum um greiðslu barnabóta verði breytt þannig að þær samræmist betur skuldbindingum Íslands samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Meiri hlutinn vekur athygli á því að í upphafsgrein frumvarpsins er lagt til að ríkisskattstjóra verði falið að úrskurða um heimilisfesti lögaðila. Þessi tillaga lætur ekki mikið yfir sér en þó kemur fram í athugasemdum að ríkisskattstjóri eigi á grundvelli hennar að geta ákvarðað á hvaða forsendum lögaðilar teljist heimilisfastir hér á landi. Meiri hlutinn bendir á að úrskurðarvald ríkisskattstjóra er ekki ótakmarkað, sbr. 2. mgr. 2. gr. tekjuskattslaga, nr. 90/2003. Þá verður ríkisskattstjóri að taka mið af stjórnsýslulögum, ákvæðum stjórnarskrár og skuldbindingum Íslands samkvæmt alþjóðlegum samningum við beitingu þessa valds.

Fram kom á fundum nefndarinnar að samfara aukinni alþjóðavæðingu og netvæðingu hafi fjölgað þeim álitaefnum sem varða ákvörðun á skattalegu heimilisfesti lögaðila. Ríkisskattstjóra er því fengin heimild til að úrskurða í vafatilvikum og ber honum þá m.a. að líta til þeirra viðmiða sem fram koma í umræddri lagagrein eða, eftir atvikum, tvísköttunarsamningum sem Ísland hefur gert. Gert er ráð fyrir að þörfin til að úrskurða verði mest þegar slíkir samningar eru ekki fyrir hendi.

Eftir ábendingu fjármálaráðuneytisins leggur meiri hlutinn til nokkrar breytingar á einstökum greinum frumvarpsins. Í fyrsta lagi er lagt til að 5. og 11. gr. falli brott þar sem breytingar sem þar eru lagðar til þarfnast meiri undirbúnings. Í annan stað er lagt til nýtt orðalag í 10. gr. frumvarpsins sem meiri hlutinn telur að falli betur að markmiði 73. gr. tekjuskattslaga. Þriðja breytingin varðar 12. gr. frumvarpsins og er henni ætlað að leiðrétta misræmi sem hefur orðið þegar sveitarfélög hafa sameinast þvert á skattumdæmi. Tilgangur fjórðu breytingarinnar er sá að heimila álagningu tekjuskatts á rekstrartekjur alþjóðlegra viðskiptafélaga á árinu þrátt fyrir að lögin sem um þau gilda, nr. 31/1999, falli úr gildi um næstu áramót.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Katrín Jakobsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. des. 2007.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Ellert B. Schram.	Bjarni Benediktsson.
Gunnar Svavarsson.	Lúðvík Bergvinsson.	Ólöf Nordal.

510. Breytingartillögur [290. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og skattanefndar (PHB, EBS, BjarnB, GSv, LB, ÓN).

1. 5. gr. falli brott.
2. Við 8. gr. Inngangsmálsliður d-liðar orðist svo: Á eftir 2. málsl. 7. mgr. A-liðar kemur nýr málsliður sem orðast svo:
3. Við 10. gr.
   a. Í stað orðanna „í janúar á næsta ári“ í 4. efnismálsl. b-liðar komi: í næsta mánuði.
   b. Í stað orðanna „í janúar á næsta ári“ í 7. efnismálsl. b-liðar komi: í næsta mánuði.

4. 11. gr. falli brott.
5. 12. gr. orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 84. gr. laganna:
   a. Í stað orðsins „Siglufjarðarkaupstað“ í 4. tölul. 1. mgr. kemur: Fjallabyggð.
   b. Í stað orðsins „Ólafsfjarðarkaupstað“ í 5. tölul. 1. mgr. kemur: Langanesbyggð.
   c. Við 2. mgr. bætist ný málsliður, svohljóðandi: Fjármálaráðherra er einnig heimilt að flytja einstök verkefni á milli skattumdæma.
6. Á eftir 13. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   Þrátt fyrir að lög nr. 31/1999, um alþjóðleg viðskiptafélög, falli úr gildi 1. janúar 2008 skal fara fram álagning tekjuskatts á árinu 2008 vegna tekna alþjóðlegra viðskiptafélaga á árinu 2007.
7. Við 14. gr. Greinin orðist svo:
   Ákvæði 1.–5. gr., c- og d-liðar 7. gr. og 8.–12. gr. öðlast þegar gildi.
   Ákvæði 6. gr. öðlast gildi 1. janúar 2008 og kemur til framkvæmda við staðgreiðslu á árinu 2008 og við álagningu tekjuskatts á árinu 2009.
   Ákvæði a-, b- og e-liðar 7. gr. öðlast gildi 1. janúar 2008 og koma til framkvæmda við álagningu og greiðslu barnabóta og vaxtabóta á árinu 2008 vegna tekna og eigna á árinu 2007.

511. Svar [251. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Birkis J. Jónssonar um störf hjá ráðuneytinu.

1. *Hversu mikið hefur störfum hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess fjölgað eða fækkað það sem af er þessu ári á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og utan þess hins vegar?*

Fjöldi starfa hjá forsætisráðuneytinu og undirstofnunum þess er óbreyttur það sem af er þessu ári. Á það við bæði um höfuðborgarsvæðið og utan þess.

2. *Hversu mikið er áætlað að störfum hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess fjölgi utan höfuðborgarsvæðisins á næsta ári?*

Frá upphafi næsta árs verður Hagstofa Íslands ein af stofnunum forsætisráðuneytisins. Við þessa tilfærslu er áætlað að 84,3 ársverk færist til ráðuneytisins auk hlutastarfa vegna vinnu við gerð ýmissa kannanna á vegum Hagstofunnar. Ekki er gert ráð fyrir í áætlunum að fjöldi starfa hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess fjölgi frá því sem verið hefur utan höfuðborgarsvæðisins á næsta ári.

512. Lög [206. mál]

um breyting á lögum nr. 14/2004, um erfðafjárskatt, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 13. des.)

Samhljóða þskj. 224.

513. Lög [231. mál]

um breyting á lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 13. des.)

Samhljóða þskj. 483.

514. Lög [234. mál]

um breyting á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 13. des.)

Samhljóða þskj. 484.

515. Lög [230. mál]

um breyting á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 13. des.)

Samhljóða þskj. 485.

516. Lög [237. mál]

um breyting á lögum um kjararáð, nr. 47/2006, með síðari breytingum

(Afgreidd frá Alþingi 13. des.)

Samhljóða þskj. 257.

517. Lög [305. mál]

um breytingu á lögum um fjarskipti, nr. 81/2003, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 13. des.)

Samhljóða þskj. 377.

518. Lög [209. mál]

um breytingu á lögum um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, nr. 22/2006.

(Afgreidd frá Alþingi 13. des.)

Samhljóða þskj. 486.

519. Lög [162. mál]

um breytingu á lögum nr. 51/1995, um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 13. des.)

Samhljóða þskj. 487.

520. Þingsályktun [320. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Afgreidd frá Alþingi 13. des.)

Samhljóða þskj. 495.

521. Frumvarp til laga [326. mál]

um breytingu á lögum um matvæli, nr. 93/1995.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

Við 14. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Rekjanleika umbúða og annarra efna og hluta sem ætlað er að snerta matvæli skal tryggja á öllum stigum. Ráðherra er heimilt með reglugerð að setja nánari ákvæði um skyldu framleiðenda og dreifingaraðila til að hafa kerfi og verklagsreglur sem tryggi rekjanleika umbúða og annarra efna og hluta sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli til að auðvelda eftirlit, innköllun gallaðra vara, miðlun upplýsinga til neytenda og til að ákvarða ábyrgð á hinni gölluðu vöru.

Þegar eftirlitsaðili hefur ástæðu til að ætla á grundvelli nýrra upplýsinga eða endurmats á fyrirliggjandi upplýsingum að notkun umbúða og annarra efna eða hluta stofni heilbrigði manna í hættu, þrátt fyrir að umbúðir og önnur efni eða hlutir uppfylli ákvæði laga og reglugerða, er eftirlitsaðila heimilt að takmarka eða stöðva dreifingu vara.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í tengslum við innleiðingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1935/2004 frá 27. október 2004 um efni og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli og niðurfellingu á tilskipunum 80/590/EBE og 89/109/EBE.

Reglugerðin var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 97/2005, þann 8. júlí 2005. Að athuguðu máli þykir ástæða til að kveða á um rekjanleika umbúða og annarra efna og hluta sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli í lögum um matvæli, en sú regla er nýmæli. Þegar liggja fyrir ákvæði um rekjanleika matvæla í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla. Rekjanleiki umbúða og annarra efna og hluta sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli getur í vissum tilvikum verið jafn mikilvægur með tilliti til öryggis matvæla og rekjanleiki matvælanna sjálfra.

Efni og hlutir sem ætlað er að snerta matvæli kunna að hafa áhrif á samsetningu matvæla, útlit þeirra, bragð eða lykt. Markmið reglugerðar EB nr. 1935/2004 er m.a. að efni og hlutir sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli með beinum eða óbeinum hætti verði að vera nægilega óvirk svo að efni berist ekki í matvæli í því magni sem gæti stofnað heilbrigði manna í hættu eða haft í för með sér óviðunandi breytingu á samsetningu matvæla eða spillt þeim á annan hátt.

Markmið með kröfum til framleiðenda og dreifingaraðila um rekjanleika umbúða og annarra efna og hluta sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli á öllum stigum er að auðvelda eftirlit, innköllun gallaðra vara og miðlun upplýsinga til neytenda. Framleiðendur og dreifingaraðilar efna og hluta skulu a.m.k. geta bent á þau fyrirtæki sem efnin og hlutirnir eru afgreidd frá og til. Kveðið er á um rekjanleika efna og hluta í 17. gr. reglugerðar EB nr. 1935/2004. Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga fer með eftirlit með rekjanleika umbúða og annarra efna og hluta samhliða öðru eftirliti með öryggi matvæla. Í gildi er reglugerð nr. 537/1993 um efni og hluti sem er ætlað að snerta matvæli auk sérreglugerða um umbúðir og önnur efni og hluti.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 93/1995, um matvæli.

Markmið frumvarpsins er að auka rekjanleika umbúða og annarra efna og hluta sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli. Jafnframt eru heimildir eftirlitsaðila styrktar og skýrðar.

Ekki verður séð að frumvarpið, verði það óbreytt að lögum, hafi í för með sér kostnað fyrir ríkissjóð.

522. Frumvarp til laga [327. mál]

um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

Við 3. gr. laganna bætast eftirfarandi skilgreiningar í viðeigandi stafrófsröð, svohljóðandi:

1. *Framleiðandi og innflytjandi:* aðili sem, óháð þeirri sölutækni sem er notuð,
   i. framleiðir og selur raf- og rafeindatæki undir eigin vörumerki,
   ii. endurselur raf- og rafeindatæki, undir eigin vörumerki, sem aðrir birgjar framleiða; endursöluaðilinn telst þó ekki vera framleiðandi ef vörumerki framleiðandans er á tækjabúnaðinum eins og kveðið er á um í i. lið, eða
   iii. flytur raf- og rafeindatæki inn eða út úr landinu í atvinnuskyni.

2. *Raf- og rafeindatæki:* búnaður sem þarf rafstraum eða rafsegulsvið til að geta starfað á réttan hátt og búnaður til að framleiða, flytja og mæla slíkan rafstraum og rafsegulsvið, sbr. I. viðauka.
3. *Raf- og rafeindatækjaúrgangur:* raf- eða rafeindatæki sem er úrgangur, þ.m.t. allir íhlutir, undireiningar og aukahlutir sem eru hluti af búnaðinum.
4. *Raf- og rafeindatækjaúrgangur frá heimilum:* raf- og rafeindatækjaúrgangur sem kemur frá heimilum, einnig raf- og rafeindatækjaúrgangur frá verslun, iðnaði, stofnunum og annars staðar frá sem er að eðli og umfangi svipaður þeim sem kemur frá heimilum.
5. *Skilakerfi:* fyrirtæki eða aðili sem tekur að sér ábyrgð framleiðanda og innflytjanda á raf- og rafeindatækjaúrgangi.

2. gr.

Á eftir II. kafla laganna kemur nýr kafli, III. kafli, **Raf- og rafeindatækjaúrgangur,** með níu nýjum greinum, svohljóðandi, og breytast númer annarra greina og kafla samkvæmt því:

a. (14. gr.)

Skyldur sveitarfélaga varðandi raf- og rafeindatækjaúrgang.

Söfnunarstöðvar sveitarfélaga skulu bjóða upp á móttöku á raf- og rafeindatækjaúrgangi frá heimilum eins og nánar er kveðið á um í reglugerð. Ber þeim að taka við slíkum úrgangi frá heimilum gjaldfrjálst.

Söfnunarstöðvum sveitarfélaga ber einnig að taka við öðrum raf- og rafeindatækjaúrgangi en frá heimilum og er heimilt að taka gjald til að standa undir kostnaði við móttöku og geymslu hans.

Sveitarfélögin skulu veita leiðbeiningar um hvernig beri að flokka og skila raf- og rafeindatækjaúrgangi til söfnunarstöðva sveitarfélaga.

b. (15. gr.)

Ábyrgð framleiðanda og innflytjanda á raf- og rafeindatækjaúrgangi.

Framleiðandi og innflytjandi skulu bera ábyrgð á þeim raf- og rafeindatækjum sem framleidd eru hér á landi eða flutt inn og falla undir viðauka I. Í ábyrgð framleiðanda og innflytjanda felst að þeir skulu fjármagna og tryggja meðhöndlun raf- og rafeindatækjaúrgangs að frátalinni söfnun til söfnunarstöðvar sveitarfélaga og geymslu þar. Skulu framleiðendur og innflytjendur uppfylla skyldur sínar með rekstri eigin skilakerfis eða með aðild að sameiginlegu skilakerfi fleiri framleiðenda og innflytjenda. Ábyrgð framleiðenda og innflytjenda á söfnun frá söfnunarstöð sveitarfélaga nær til landsins alls án tillits til hvar varan er seld og skal allur raf- og rafeindatækjaúrgangur sem fellur undir lög þessi fara til meðhöndlunar. Seljandi raf- og rafeindatækja sem falla undir lög þessi og seld eru í tollfrjálsri verslun hér á landi og ætluð til innlendra nota ber ábyrgð framleiðanda og innflytjanda samkvæmt lögum þessum.

Umhverfisráðherra getur, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar, kveðið á um í reglugerð að framleiðanda og innflytjanda annarra raf- og rafeindatækja en raf- og rafeindatækja fyrir heimili sé heimilt að gera samkomulag um að kaupandi raf- og rafeindatækis yfirtaki ábyrgð skv. 1. mgr. Tilkynna ber stýrinefnd raf- og rafeindatækjaúrgangs um gerð slíkra samninga. Umhverfisstofnun skal leita umsagnar stýrinefndar og skilakerfa við gerð tillagna að reglugerð.

c. (16. gr.)

Upplýsingaskylda framleiðenda og innflytjenda.

Framleiðandi og innflytjandi skulu í upplýsingum sem ætlaðar eru til dreifingar til kaupanda upplýsa um hvar sé heimilt að skila raf- og rafeindatækjaúrgangi, að hægt sé að skila raf- og rafeindatækjaúrgangi frá heimilum án greiðslu og að ábyrgst sé að hann verði meðhöndlaður í samræmi við gildandi reglur.

d. (17. gr.)

Upplýsingar til þeirra er meðhöndla úrgang.

Framleiðendur og innflytjendur skulu veita upplýsingar um rétta meðhöndlun raf- og rafeindatækjaúrgangs til þeirra sem hafa starfsleyfi til að meðhöndla raf- og rafeindatækjaúrgang. Slíkar upplýsingar skulu veittar eigi síðar en ári frá því að raf- og rafeindatæki var markaðssett.

e. (18. gr.)

Skilakerfi.

Hlutverk skilakerfis er að:

a. tryggja söfnun og móttöku á raf- og rafeindatækjaúrgangi frá söfnunarstöðvum sveitarfélaga og í samráði við sveitarfélögin, alls staðar á landinu,
b. tryggja að raf- og rafeindatækjaúrgangur sé meðhöndlaður af atvinnurekstri sem hefur gilt starfsleyfi.

Skilakerfi skal hafa nægt fjármagn frá framleiðendum og innflytjendum til að tryggja að það geti staðið undir skuldbindingum fyrir hönd viðskiptavina sinna.

Skilakerfi skal safna og taka á móti og koma til meðhöndlunar því heildarmagni raf- og rafeindatækjaúrgangs sem jafngildir markaðshlutdeild þeirra framleiðenda og innflytjenda sem samning hafa við skilakerfið hvort sem um er að ræða sameiginlegt skilakerfi eða skilakerfi sem er fjármagnað af einum framleiðanda eða innflytjanda.

Skilakerfum er þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 15. gr. heimilt með samningi að skipta með sér landsvæðum að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga með það að markmiði að stuðla að sem hagkvæmastri söfnun raf- og rafeindaúrgangs. Leggja skal samninginn fyrir stýrinefnd til samþykktar eða synjunar.

Skilakerfi ber að leggja fram tryggingu um fjárhagslega ábyrgð vegna starfsemi sinnar. Umhverfisráðherra setur að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar reglugerð um upphæð og form hinnar fjárhagslegu ábyrgðar. Heimilt er í reglugerðinni að undanþiggja skilakerfi, sem hefur innan sinna vébanda ákveðinn fjölda framleiðenda og innflytjenda og eru með tiltekna lágmarksmarkaðshlutdeild, tryggingu um fjárhagslega ábyrgð. Umhverfisstofnun skal leita umsagnar stýrinefndar og skilakerfa, svo og annarra hagsmunaaðila, við gerð tillagna að reglugerð.

Áður en skilakerfi hefur starfsemi skal það afla leyfis Umhverfisstofnunar. Með umsókn um leyfi til rekstrar skilakerfis ber að fylgja trygging um fjárhagslega ábyrgð, sbr. þó 2. málsl. 5. mgr., ásamt umsögn stýrinefndar. Umsóknargjald er 100.000 kr. og skal það standa undir kostnaði við yfirferð umsóknar og útgáfu leyfis.

Skilakerfi ber að leggja fram upplýsingar til stýrinefndar um að það uppfylli kröfur samkvæmt ákvæðum greinar þessarar.

f. (19. gr.)

Stýrinefnd raf- og rafeindatækjaúrgangs.

Sérstök stýrinefnd raf- og rafeindatækjaúrgangs skal hafa umsjón með starfsemi skilakerfa. Stjórn Úrvinnslusjóðs, sbr. lög nr. 162/2002, um úrvinnslugjald, fer með hlutverk stýrinefndar. Hlutverk stjórnar Úrvinnslusjóðs samkvæmt lögum um úrvinnslugjald er ekki á ábyrgð stýrinefndar.

Hlutverk stýrinefndar er að:

a. halda skrá yfir framleiðendur og innflytjendur raf- og rafeindatækja og hafa eftirlit með því að þeir séu skráðir í skráningarkerfið,
b. reka skráningarkerfi framleiðenda og innflytjenda,
c. safna upplýsingum frá skilakerfum um magn raf- og rafeindatækjaúrgangs og ráðstöfun hans og vinnslu þeirra upplýsinga og skila þeim til Umhverfisstofnunar,
d. reikna hlutfall þess raf- og rafeindatækjaúrgangs sem einstökum skilakerfum ber að safna eftir flokkun sem fram kemur í viðauka I í samræmi við markaðshlutdeild,
e. meta hvort skilakerfi uppfylli skyldur sínar,
f. meta hvort skilakerfi geti staðið undir fjárhagslegum skuldbindingum sínum,
g. taka ákvörðun um staðfestingu eða synjun samninga skv. 18. gr.

Telji stýrinefnd að skilakerfi uppfylli ekki skyldur sínar ber henni að tilkynna það til Umhverfisstofnunar. Stofnuninni er þá heimilt að beita skilakerfi þvingunarúrræðum samkvæmt lögum þessum og ef brot eru alvarleg að svipta skilakerfi leyfi til að starfa.

Stýrinefnd skal innheimta gjald af skilakerfum til að standa undir kostnaði við uppbyggingu og rekstur stýrinefndar sem hlýst af ákvæðum laga þessara og skal gjaldið vera í samræmi við markaðshlutdeild þeirra innflytjenda og framleiðenda sem aðild eiga að viðkomandi skilakerfi. Skilakerfi geta óskað eftir upplýsingum frá stýrinefnd um samsetningu gjalda, svo sem stofnkostnað, rekstur skráningarkerfis og kostnað við störf stýrinefnda. Gjöld mega ekki vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu.

Heimilt er að kæra ákvarðanir stýrinefndar skv. g-lið 2. mgr. til umhverfisráðherra.

g. (20. gr.)

Skráningarkerfi framleiðenda og innflytjenda.

Framleiðanda og innflytjanda raf- og rafeindatækja ber að skrá sig hjá skráningarkerfi framleiðenda og innflytjenda a.m.k. 15 dögum áður en vara sem fellur undir viðauka I er markaðssett hér á landi.

Umhverfisráðherra skal að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar setja reglugerð um skráningarkerfi framleiðenda og innflytjenda. Í henni skal fjallað um skyldu framleiðanda og innflytjanda raf- og rafeindatækja til að skrá sig og skila upplýsingum um innflutning eða framleiðslu á raf- og rafeindatækjum til stýrinefndar og á hvaða hátt það skuli gert. Umhverfisstofnun skal leita umsagnar stýrinefndar og skilakerfa, svo og annarra hagsmunaaðila, við gerð tillagna að reglugerð.

h. (21. gr.)

Eftirlit með framleiðendum og innflytjendum.

Telji stýrinefnd að framleiðandi eða innflytjandi hafi ekki skráð sig í skráningarkerfi framleiðenda og innflytjenda og að hann framleiði eða flytji inn raf- eða rafeindatæki sem falla undir viðauka I skal stýrinefnd tilkynna það til Umhverfisstofnunar. Stofnunin skal að fenginni tilkynningu stýrinefndar gefa hugsanlegum framleiðanda og innflytjanda kost á að

tjá sig um hvort hann framleiði eða flytji inn raf- eða rafeindatæki sem falla undir I. viðauka. Umhverfisstofnun sker úr um hvaða raf- og rafeindatæki falla undir lög þessi. Umhverfisstofnun skal taka ákvörðun um hvort leggja skuli fyrir viðkomandi framleiðanda eða innflytjanda að skrá sig í samræmi við lög þessi. Ef aðili verður ekki við tilmælum Umhverfisstofnunar um skráningu er stofnuninni heimilt að beita þvingunarúrræðum samkvæmt lögum þessum.

Stýrinefnd er heimilt að óska eftir upplýsingum frá toll- og skattyfirvöldum um heildarmagn, magn í einstökum flokkum, sbr. viðauka I, og magn frá einstökum framleiðendum og innflytjendum vegna framleiðslu og innflutnings á raf- og rafeindatækjum sem falla undir lögin. Ákvæði 188. gr. tollalaga, nr. 88/2005, og 117. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum, skulu ekki vera því til fyrirstöðu að starfsmenn toll- og skattyfirvalda veiti stýrinefnd upplýsingar samkvæmt þessari grein.

Stýrinefnd er bundin þagnarskyldu um atriði er varða framleiðslu- og verslunarleynd. Sama gildir um atriði sem þeir fá vitneskju um og leynt skulu fara samkvæmt lögum og eðli máls.

i. (22. gr.)

Reglugerðir um raf- og rafeindatæki.

Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar sem leita skal umsagnar um tillögurnar hjá stýrinefnd, skilakerfum og Sambandi íslenskra sveitarfélaga, að setja reglugerð um eftirtalin atriði:

a. fjölda gámastæða á söfnunarstöðvum sveitarfélaga sem þeim ber að bjóða upp á, sbr. 14. gr.,
b. bann við sölu á raf- og rafeindatækjum sem ekki er unnt eða erfitt er að endurnota eða endurnýta,
c. takmörkun eða bann á sölu á raf- og rafeindatækjum til annarra landa á Evrópska efnahagssvæðinu og utan þess, svo og reglur um söluna,
d. lágmarkskröfur um meðhöndlun raf- og rafeindatækjaúrgangs,
e. nánari ákvæði um skyldu framleiðenda, innflytjenda, sveitarfélaga og seljenda til að upplýsa kaupendur raf- og rafeindatækja, sbr. ákvæði 16., 17. og 18. gr.,
f. skyldu framleiðanda og innflytjanda til að merkja raf- og rafeindatæki sem falla undir viðauka I,
g. skyldur innflytjanda sem selur raf- og rafeindatæki í atvinnuskyni í póstverslun, netverslun eða á sambærilegan hátt beint til heimila hér á landi,
h. þau markmið sem framleiðanda og innflytjanda ber að ná árlega, um söfnun endurnýtingu og endurnotkun og hlutverk Umhverfisstofnunar til að hafa eftirlit með því að þau markmið náist,
i. ítarlegri skrá yfir þau raf- og rafeindatæki sem falla undir yfirflokka í viðauka I,
j. nánari útfærslu á hvenær og hvernig skilakerfi sækja raf- og rafeindatækjaúrgang frá söfnunarstöðvum sveitarfélaga,
k. nánari útfærslu á skyldu stýrinefndar til að safna upplýsingum frá skilakerfum um magn raf- og rafeindatækjaúrgangs og ráðstöfun hans, vinnslu þeirra upplýsinga og skil á þeim til Umhverfisstofnunar.

3. gr.

Við 23. gr. laganna, er verður 32. gr., bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Rísi ágreiningur milli stýrinefndar, skilakerfa eða sveitarfélaga vegna söfnunarstöðva sveitarfélaga um framkvæmd laga þessara skal vísa málinu til úrskurðar ráðherra.

4. gr.

Við lögin bætist viðauki sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

VIÐAUKI I

Flokkar raf- og rafeindatækja.

Raf- og rafeindatæki sem hönnuð eru til notkunar við rafspennu sem fer ekki yfir 1.000 volt þegar um er að ræða riðstraum og ekki yfir 1.500 volt þegar um er að ræða jafnstraum:

1. Stór heimilistæki.
2. Lítil heimilistæki.
3. Upplýsingatækni- og fjarskiptabúnaður.
4. Neytendabúnaður.
5. Ljósabúnaður.
6. Raf- og rafeindatæki (að frátöldum stórum, föstum tækjum til iðnaðar).
7. Leikföng og tómstunda-, íþrótta- og útivistarbúnaður.
8. Lækningatæki (að frátöldum ígræðsluvörum og vörum sem bera smit).
9. Vöktunar- og eftirlitstæki.
10. Sjálfsalar.

5. gr.

Innleiðing á tilskipunum.

Lög þessi eru sett til innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/96/EB frá 27. janúar 2002 um raf- og rafeindabúnaðarúrgang og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/108/EB frá 8. desember 2003 um breytingu á tilskipun 2002/96/EB um raf- og rafeindabúnaðar, sem vísað er til í 1. undirmgr. í lið 32fa í XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 82/2004, og með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 134/2004.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Framleiðendur og innflytjendur raf- og rafeindatækja skulu skrá sig hjá skráningarkerfi framleiðenda og innflytjenda fyrir 1. júní 2008 og eiga aðild að skilakerfi frá sama tíma. Ábyrgð framleiðenda og innflytjenda á raf- og rafeindatækjum og úrvinnslu þess úrgangs sem af þeim hlýst samkvæmt lögum þessum tekur gildi 1. nóvember 2008.

7. gr.

Breytingar á lögum um úrvinnslugjald.

Eftirfarandi breytingar verða á lögum nr. 162/2002, um úrvinnslugjald:

a. 1. mgr. 16. gr. laganna orðast svo:

Umhverfisráðherra skipar sex manna stjórn Úrvinnslusjóðs til fjögurra ára í senn. Umhverfisráðherra skipar formann stjórnar án tilnefningar, en fimm meðstjórnendur skulu skipaðir að fenginni tilnefningu viðkomandi aðila, þ.e. einn eftir sameiginlegri tilnefningu Samtaka fiskvinnslustöðva og Landssambands íslenskra útvegsmanna, einn frá

Samtökum iðnaðarins, einn frá SVÞ – Samtökum verslunar og þjónustu, einn frá Félagi íslenskra stórkaupmanna og einn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Varaformaður sem skipaður er af ráðherra, eftir tilnefningu stjórnar, skal koma úr hópi stjórnarmanna. Þurfi að kjósa um afgreiðslu mála skal atkvæði formanns ráða úrslitum falli atkvæði jafnt.

b. Við 1. mgr. 17. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Enn fremur skal stjórn Úrvinnslusjóðs sinna verkefnum sem henni er falið samkvæmt lögum nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem skipuð var af umhverfisráðherra 4. maí 2005 og var falið það hlutverk að semja drög að frumvarpi til innleiðingar á tilskipun 2002/96/EB um raf- og rafeindatækjaúrgang og tilskipun 2003/108/EB um breytingu á tilskipun 2002/96/EB um raf- og rafeindatækjaúrgang. Í nefndinni áttu sæti Kristín Linda Árnadóttir, formaður, umhverfisráðuneyti, Sigurbjörg Sæmundsdóttir deildarstjóri, umhverfisráðuneyti, Andrés Magnússon framkvæmdastjóri, tilnefndur af Félagi íslenskra stórkaupmanna, Gunnlaug Einarsdóttir fagstjóri, tilnefnd af Umhverfisstofnun, og Pétur Reimarsson forstöðumaður, tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins. Hinn 7. júní 2007 var Björn H. Halldórsson, framkvæmdastjóri, skipaður í nefndina, samkvæmt tilnefningu frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Nefndin skilaði 22. október 2007 tillögum sínum til umhverfisráðherra ásamt skilabréfi.

Nefndin skoðaði ítarlega hvort innleiða bæri tilskipun 2002/96/EB um raf- og rafeindatækjaúrgang á grundvelli þess kerfis sem lög um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, með síðari breytingum, byggjast á. Niðurstaða varð um það í nefndinni að það kerfi hentaði ekki óbreytt til innleiðingar á framangreindri tilskipun. Byggðist þessi niðurstaða nefndarinnar m.a. á efni tilskipunarinnar sjálfrar og innheimtukerfi úrvinnslugjalds sem fer í gegnum ríkissjóð. Við vinnslu frumvarpsins horfði nefndin til þess hvernig önnur lönd innan EES-svæðisins hugðust innleiða tilskipunina. Nefndin hafði í störfum sínum sérstaklega hliðsjón af kerfum þeim sem hafa verið sett upp í Noregi og Danmörku vegna innleiðingar á tilskipunum um raf- og rafeindatækjaúrgang.

Eftir að nefndin skilaði af sér til ráðherra var farið yfir frumvarpið í umhverfisráðuneytinu og gerðar breytingar frá tillögum nefndarinnar, m.a. um að stjórn Úrvinnslusjóðs skyldi taka yfir hlutverk stýrinefndar samkvæmt frumvarpinu, og við það breyttist stýrinefndin og fjöldi fulltrúa hennar. Voru gerðar breytingar á ákvæði um stýrinefnd til samræmis við þetta. Haft var samráð við hagsmunaaðila um þær breytingar.

Í greinargerð þessari verður farið yfir helstu efnisatriði tilskipunar 2002/96/EB um raf- og rafeindatækjaúrgang, fjallað verður um meginreglu um framleiðendaábyrgð og hvaða kröfur hún setur fram og loks verður farið yfir helstu þætti frumvarpsins.

I. Innleiðing á tilskipunum um raf- og rafeindatækjaúrgang.

Frumvarp þetta er sett fram til innleiðingar á tilskipun 2002/96/EB um raf- og rafeindatækjaúrgang ásamt tilskipun 2003/108/EB um breytingu á tilskipun 2002/96/EB. Í tilskipun 2002/96/EB eru settar fram skyldur framleiðenda og innflytjenda til að fjármagna, safna, meðhöndla og þ.m.t. að endurnýta raftækja- og rafeindatækjaúrgang. Markmið tilskipunarinnar er að draga úr myndun raftækja- og rafeindatækjaúrgangs, auka endurnýtingu og endurnotkun á slíkum úrgangi og vinna að aukinni umhverfisvitund allra sem koma að vörunni á lífsferli hennar. Gerð er krafa um að safna 4 kg af raftækja- og rafeindatækjaúrgangi á hvern

íbúa á ári hverju. Síðan ber að endurnota eða endurnýta ákveðið hlutfall af þeim raftækjum sem safnað er, svo og að taka spilliefni úr tækjunum og meðhöndla þau sérstaklega. Gerður er greinarmunur á raftækjum og rafeindatækjum sem ætluð eru til heimilisnota og þeim sem notuð eru í atvinnulífinu.

Í tilskipuninni er framleiðandi skilgreindur sem aðili sem framleiðir og selur raf- og rafeindatæki undir eigin vörumerki, aðili sem endurselur búnað, undir eigin vörumerki, sem aðrir birgjar framleiða og að lokum aðili sem flytur raf- og rafeindatæki inn eða út úr aðildarríki í atvinnuskyni. Ótvírætt er að innflytjendur raf- og rafeindatækja eru framleiðendur samkvæmt tilskipuninni en að dreifingaraðilar eru það ekki. Heimilt er hins vegar samkvæmt tilskipuninni að skylda dreifingaraðila til að taka við raf- og rafeindatækjaúrgangi á skiptigrundvelli þegar þeir selja sambærilega vöru, þ.e. að taka við raftækjaúrgangi frá kaupanda þegar hann kaupir nýtt raftæki. Hér er þó einungis um heimildarákvæði að ræða.

Í tilskipuninni er lögð sú skylda á aðildarríkin að þau skuli sjá til þess að framleiðendur eða þriðju aðilar fyrir þeirra hönd í samræmi við löggjöf sambandsins setji upp kerfi til meðhöndlunar og endurnýtingar á raf- og rafeindatækjaúrgangi. Þessar greinar gera ráð fyrir þeim möguleika að þriðji aðili, sem verður þó að uppfylla almennar kröfur sem tilskipunin setur, geti séð um meðhöndlun og endurnýtingu fyrir hönd framleiðenda. Þessi heimild er nauðsynleg til að framleiðendur geti uppfyllt skyldur sínar sameiginlega. Einnig má gera ráð fyrir að sjálfstæð fyrirtæki muni sjá um flutning á raf- og rafeindatækjaúrgangi og meðhöndlun hans en ólíklegt er að hver og einn framleiðandi og innflytjandi muni sjá um þá hluti sjálfur.

Fjármögnun á meðhöndlun raf- og rafeindatækjaúrgangs frá heimilum er þó óheimilt að setja yfir á þriðja aðila. Aðildarríkjunum er skylt skv. 8. gr. tilskipunarinnar að sjá til þess að framleiðendur fjármagni a.m.k. söfnun frá söfnunarstöð sveitarfélaga og meðhöndlun raf- og rafeindatækjaúrgangs frá heimilum sem er afhentur í söfnunarstöðvar skv. 2. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar. Aðildarríkjunum ber einnig að sjá til þess að hver og einn framleiðandi og innflytjandi leggi fram tryggingu, þegar hann setur vöru á markað, um að meðferð alls raf- og rafeindatækjaúrgangs verði fjármögnuð og að framleiðendur merki vörur sínar greinilega. Samkvæmt 2. mgr. 8. gr. tilskipunarinnar getur slík trygging verið í formi þátttöku framleiðandans í viðeigandi fjármögnunarkerfum fyrir meðferð raf- og rafeindatækjaúrgangs, endurvinnslutryggingar eða lokaðs bankareiknings. Gert er ráð fyrir að fjármögnun við meðferð eldri raf- og rafeindatækjaúrgangs (historical waste) sé greiddur af öllum framleiðendum á markaði.

Tilskipunin gerir einnig ráð fyrir að framleiðendum sé heimilt að uppfylla skyldur sínar samkvæmt henni sjálfir eða með því að setja upp eitt eða fleiri sameiginleg kerfi.

Í viðauka I með tilskipuninni er skrá yfir þau raftæki og rafeindatæki sem falla undir gildissvið hennar, í viðauka II er tilgreint hvaða hluti þurfi að fjarlægja sérstaklega úr tækjabúnaði fyrir förgun hans. Í viðauka III eru sérkröfur um staði þar sem raf- og rafeindatækjaúrgangur skal geymdur og meðhöndlaður og loks er í viðauka IV merki sem setja skal á raf- og rafeindatækin sem eiga að sýna að þeim megi ekki henda með öðrum úrgangi.

Í frumvarpi þessu er einnig gerð tillaga um að innleidd verði tilskipun 2003/108/EB sem breytir 9. gr. í upphaflegu tilskipuninni og skýrir reglur sem gilda um kostnað við förgun eldri búnaðar annars en þess sem kemur frá heimilum.

II. Framleiðendaábyrgð.

Helstu meginreglur sem lagt er til í frumvarpi þessu eru að stuðla beri að aukinni endurnýtingu og endurnotkun úrgangs, að dregið sé úr myndun úrgangs og að framleiðendur séu

gerðir ábyrgir fyrir úrvinnslu úrgangs þeirra vara sem þeir framleiða, svokölluð framleiðendaábyrgð. Hugmyndafræðin um framleiðendaábyrgð (Producer Responsibility eða Extended producer responsibility, EPR) er ekki nýtilkomin. Meginmarkmið framleiðendaábyrgðar samkvæmt skýrslu OECD frá árinu 2005 sem nefnist „Analytical Framework for evaluating the cost and Benefits of Extended Producer Responsibility programmes“ er að minnka kostnað og umhverfisáhrif vegna meðhöndlunar úrgangs með því að framlengja ábyrgð framleiðenda á vöru sinni svo hún nái einnig yfir ábyrgð á öllum samfélagslegum kostnaði við meðhöndlun úrgangs, þar á meðal umhverfiskostnaði vegna förgunar. Skýrsluhöfundar benda á að venjubundin meðhöndlun á úrgangi frá heimilum sé vanalega á ábyrgð sveitarfélaga og er kostnaði vegna þessa náð með almennri skattlagningu eða með þjónustugjaldi sem sett er á heimili eða fyrirtæki. Það sem gerir kerfi sem byggist á framleiðendaábyrgð frábrugðið öðrum kerfum er í fyrsta lagi að framleiðendaábyrgð færir fjárhagslega ábyrgð, að hluta til eða að öllu leyti, vegna kostnaðar við úrvinnslu úrgangs til framleiðenda og frá sveitarfélögunum og skattgreiðendum. Í öðru lagi er algengt að kerfi sem byggist á framleiðendaábyrgð geri framleiðendur ábyrga fyrir framkvæmdahlið við úrvinnslu sértæks úrgangs, til dæmis söfnun eða stjórnun á úrvinnslukerfi. Í þriðja lagi eru slík kerfi hönnuð á þann hátt að það á að fá framleiðendur til að gera sér betri grein fyrir kostnaði við lokastig vörunnar, þegar hún verður að úrgangi eða fer til endurnýtingar. Þannig er kerfi sem byggist á framleiðendaábyrgð ætlað að hvetja framleiðandann til að taka þennan kostnaðarlið með í reikninginn allan lífsferil vörunnar, þ.e. allt frá hönnun til framleiðslu, notkunar, markaðssetningar og úrvinnslu hennar.

Í aðfaraorðum tilskipunar um raf- og rafeindatækjaúrgang er tekið fram að bandalagið hafi í fimmtu aðgerðaáætlun sinni á sviði umhverfismála bent á raf- og rafeindatækjaúrgang sem eitt af þeim sviðum sem nauðsynlegt væri að setja reglur um svo að beita mætti meginreglum um að koma í veg fyrir myndun úrgangs, endurnýta hann og farga honum á öruggan hátt. Það var Evrópuþingið sem fór þess á leit með ályktun frá 14. nóvember 1996 að framkvæmdastjórnin legði fram tillögur að tilskipunum um ýmsar tegundir forgangsúrgangs, þ.m.t. raf- og rafeindatækjaúrgang, og að þessar tillögur væru byggðar á meginreglu um ábyrgð framleiðenda.

Áhersla er lögð á í tilskipuninni að mismunandi beiting ríkjanna á meginreglu um ábyrgð framleiðanda geti leitt til verulegs misræmis í fjárhagsbyrði rekstraraðila og að mismunandi stefnur aðildarríkjanna muni hamla skilvísri endurvinnslu. Tekið er fram að ábyrgð framleiðenda, sem komið er á með tilskipuninni, sé ein leið til að hvetja til þess að raf- og rafeindatæki séu hönnuð og framleidd á þann hátt að tekið sé fullt tillit til og stuðlað að viðgerðum, hugsanlegum endurbótum, endurnotkun, sundurtekningu og endurvinnslu. Bandalagið leggur þannig áherslu á að setja verður grundvallarreglur um fjármögnun á meðferð raf- og rafeindatækjaúrgangs og þurfa þær fjárhagsáætlanir að stuðla að söfnun í miklum mæli og einnig framkvæmd meginreglu um ábyrgð framleiðanda.

Samkvæmt tilskipuninni skulu notendur raf- og rafeindatækja á heimilum eiga möguleika á því að skila raf- og rafeindatækjaúrgangi á almennar söfnunarstöðvar í sveitarfélögum, a.m.k. án þess að greiða fyrir það. Það eru því framleiðendur sem eiga að fjármagna a.m.k. söfnun frá söfnunarstöðvum og meðferð, endurnýtingu og förgun á raf- og rafeindatækjaúrgangi. Til að hugmyndin um ábyrgð framleiðenda beri sem mestan árangur skal hver framleiðandi bera ábyrgð á því að fjármagna meðferð úrgangs frá eigin framleiðslu. Framleiðandinn getur valið um það hvort hann uppfyllir þessa skyldu einn eða með því að taka þátt í sameiginlegu kerfi. Löggjöf aðildarríkja þarf því að tryggja að framleiðendur geti stofnað

eitt eða fleiri sameiginleg kerfi eða að þeir geti staðið einir að slíku kerfi. Lögð er áhersla á að hver framleiðandi og innflytjandi skuli, þegar hann setur vöru á markað, leggja fram fjárhagslega tryggingu til að koma í veg fyrir að kostnaður við meðferð raf- og rafeindatækjaúrgangs frá vöru, sem er ekki lengur framleidd, falli á samfélagið eða aðra framleiðendur. Hins vegar er talið rétt að ábyrgðin á að fjármagna meðferð eldri úrgangs skiptist á milli allra starfandi framleiðenda í sameiginlegu fjármögnunarkerfi sem allir framleiðendur leggi fjármagn til í réttu hlutfalli við markaðshlutdeild. Sameiginleg fjármögnunarkerfi skulu þó ekki hafa þau áhrif að þeir sem framleiða fyrir lítinn markað og í litlu magni, innflytjendur eða nýir aðila á markaði verði útilokaðir.

Á aðlögunartímabili skal framleiðendum vera það í sjálfsvald sett hvort þeir vekja athygli kaupenda á kostnaðinum við söfnun, meðhöndlun og umhverfisvæna förgun eldri úrgangs við sölu nýrrar vöru. Framleiðendur, sem nýta sér þetta ákvæði, skulu sjá til þess að tilgreindur kostnaður sé ekki meiri en raunverulegur kostnaður.

Tilskipunin leggur áherslu á að þau kerfi sem sett eru á fót til að sjá um úrvinnslu raf- og rafeindatækjaúrgangs séu sambærileg á öllu EES-svæðinu og á það skilyrði sérstaklega við um fjármögnun kerfisins þar sem mismunandi kröfur milli landa gætu skekkt samkeppnisstöðu fyrirtækja. Hér skiptir einnig miklu að löggjöf landanna stuðli að eðlilegri samkeppni á markaðnum enda er úrvinnsla úrgangs talin sú atvinnugrein sem er í hvað örustum vexti í Evrópusambandinu. Einnig er mikil áhersla lögð á forvarnagildi kerfisins, þ.e. að framleiðendur leitist við að framleiða vöru sem hagkvæmt er að endurvinna, endurnýta eða endurnota. Miklu skiptir því að hver einstakur framleiðandi og innflytjandi geri sér grein fyrir þessu kerfi og taki ábyrgð á rekstri þess.

III. Meginþættir frumvarpsins.

Hér á eftir verður farið yfir helstu þætti frumvarpsins með áherslu á ábyrgð þeirra aðila sem koma að því. Frumvarpið byggist eins og áður hefur komið fram á meginreglu um framleiðendaábyrgð. Gert er ráð fyrir að framleiðendur og innflytjendur muni bera fjárhagslega ábyrgð á rekstri kerfis um úrvinnslu raf- og rafeindatækjaúrgang en jafnframt beri þeim að uppfylla sínar skyldur með aðild að skilakerfum eða að reka slíkt skilakerfi sjálfir. Skilakerfi er skilgreint í 1. gr. frumvarpsins sem fyrirtæki eða aðili sem tekur að sér ábyrgð framleiðanda og innflytjanda á raf- og rafeindatækjaúrgangi.

Skilgreining á því hvaða raf- og rafeindatæki falla undir gildissvið frumvarpsins er að finna í skilgreiningu á raf- og rafeindatæki, sbr. 1. gr. frumvarpsins, og að auki í flokkun raf- og rafeindatækja sem er að finna í I. viðauka. Ýmsir möguleikar eru á því hvernig framleiðendur og innflytjendur geta leyst sín mál í samræmi við frumvarpið. Framleiðendur og innflytjendur geta sjálfir tekið sig saman um að stofna skilakerfi, sjálfstætt fyrirtæki gæti tekið að sér rekstur skilakerfis fyrir framleiðendur og innflytjendur og eins getur hver einstakur framleiðandi eða innflytjandi uppfyllt sjálfur sínar skyldur. Gera má ráð fyrir að í raun muni skilakerfi gera samninga við starfandi fyrirtæki á markaðnum, t.d. gámafyrirtæki, um að sækja raf- og rafeindatækjaúrgang til viðkomandi sveitarfélaga. Skilakerfið mundi síðan krefja sína viðskiptamenn um greiðslur í samræmi við kostnað skilakerfisins á hverjum tíma. Hér er því ekki gert ráð fyrir mikilli sjóðsöfnun hjá skilakerfum.

Í frumvarpinu er lögð áhersla á skýra skiptingu milli ábyrgðarsviðs sveitarfélaga annars vegar og framleiðanda og innflytjanda hins vegar. Þannig er tekið fram að sveitarfélögin eiga að bjóða á söfnunarstöðvum sínum upp á gáma fyrir móttöku á raf- og rafeindatækjaúrgangi. Það er þannig ákvörðun sveitarfélaganna hversu margar söfnunarstöðvar þeir bjóða upp á í

sínum sveitarfélögum og hvernig þeir söfnunarstaðir eru reknir. Þegar gámur með raf- og rafeindatækjaúrgangi er fullur ber söfnunarstöð að tilkynna það til hlutaðeigandi skilakerfis sem verður þá að sækja gáminn innan ákveðins frests. Í reglugerð verður kveðið á um hve langur tími má líða frá því söfnunarstöð sveitarfélaga óskar eftir að gámur sé sóttur og þar til hann verður sóttur. Sátt er um að sveitarfélögin sjái um að hafa ákveðin gámastæði fyrir raf- og rafeindatækjaúrgang á söfnunarstöðvum án greiðslu gegn því að framleiðendur taki að sér meðhöndlun á öllum raf- og rafeindatækjaúrgangi sem safnast en ekki einungis að þeir uppfylli lágmarkskröfu tilskipunar, þ.e. 4 kg á íbúa á ári, en þessi útfærsla á kostnaðarskiptingu í samræmi við þau kerfi sem helst hafa verið notuð sem viðmið í frumvarpi þessu, þ.e. kerfi Norðmanna og Dana. Eðlilega geta aðrar söfnunarstöðvar en söfnunarstöðvar sveitarfélaga boðið upp á þessa þjónustu en þeim ber engin skylda til þess.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að það sé alfarið framleiðenda að sjá um aðra og rekstur kerfisins og er það hornsteinn þess enda er það markmiðið með framleiðendaábyrgð að færa ábyrgð á fjármögnun og rekstri á ákveðnum tegundum á úrgangi frá ríki og sveitarfélögum til framleiðenda og innflytjenda sjálfra. Tillögunni er ætlað að tryggja að sem skýrust skil séu milli ábyrgðar framleiðenda og innflytjenda annars vegar og sveitarfélaga hins vegar þannig að ekki þurfi að deila um hverjum beri að gera hvað.

Þegar kerfið er orðið virkt verður það hlutverk Umhverfisstofnunar að taka á móti upplýsingum frá stýrinefnd eftir flokkum raf- og rafeindatækjaúrgangs og vinna úr þeim upplýsingum. Til þess þarf að setja upp gagnagrunn sem heldur utan um allar upplýsingar sem berast eiga stofnuninni varðandi raf- og rafeindatæki. Gagnagrunnurinn verður settur upp þannig að auðvelt verði að ná í upplýsingar sem Umhverfisstofnun ber að senda til Eftirlitsstofnunar EFTA. Jafnframt mun stofnunin vinna umhverfisvísa úr þessum upplýsingum. Gagnagrunnurinn mun þannig gera stofnuninni kleift að staðreyna að framleiðendur og innflytjendur standi við skuldbindingar sínar og að koma upplýsingum áleiðis til réttra aðila, þar á meðal umhverfisráðuneytisins. Mikilvægt er að gott eftirlit verði með því að kerfið í heild sinni skili þeim árangri sem að er stefnt. Í frumvarpinu er lagt til að Umhverfisstofnun veiti leyfi vegna reksturs skilakerfis en að allt almennt eftirlit með að framleiðendur og innflytjendur standi við skyldur sínar verði í höndum stýrinefndar. Lagt er til að stýrinefnd hafi umsjón með skilakerfum, þar á meðal að gæta þess að fyrirtæki sem bera framleiðendaábyrgð uppfylli sínar skuldbindingar. Hlutverk stýrinefndar verður í höndum stjórnar Úrvinnslusjóðs. Stýrinefnd ber einnig að taka á vandamálum sem geta komið upp. Þetta á t.d. við um hvenær sækja eigi úrgang og hvar ef fleiri en eitt skilakerfi verða á markaðnum og þau koma sér ekki saman um skiptingu landsvæða. Skilakerfi geta samið sín á milli um skiptingu landsvæða og ber stýrinefnd að samþykkja eða synja gerðum samningum. Einnig verði stýrinefndinni falið að safna saman gögnum frá skilakerfum og skila til Umhverfisstofnunar.

Lagt er til að ráðherra verði heimilt í reglugerð að ákveða að skilakerfi sem hafi ákveðinn fjölda aðila og verulega markaðshlutdeild þurfi ekki að leggja fram ábyrgðartryggingu. Með því að falla frá kröfu um ábyrgðartryggingu á fyrirtæki sem hafa umtalsverða markaðshlutdeild er verið að stuðla að því að framleiðendur taki sig saman um að reka slík kerfi og koma í veg fyrir að fyrirtæki þurfi að leggja fram háar tryggingar. Mikilvægt er að rétt verði að málum staðið þannig að ekki komi upp krafa síðar meir um að ríkið taki yfir þennan málaflokk vegna þess að ákveðin félög framleiðenda hafi ekki staðið við skuldbindingar sínar.

Á hinum Norðurlöndunum er komin þónokkur reynsla af kerfum þar sem framleiðendum og innflytjendum hefur verið falinn rekstur og fjármögnun á úrvinnslu úrgangs. Það sem hefur helst verið gagnrýnt er að ekki hafi allir framleiðendur og innflytjendur tekið þátt í slíku

kerfi. Í frumvarpi þessu er lögð áhersla á að tryggja að allir þeir sem flytja inn eða framleiða ákveðna vöru sem framleiðendaábyrgð er á taki þátt í fyrirhuguðu kerfi. Þetta er gert samkvæmt kröfu um að allir framleiðendur og innflytjendur skrái sig hjá skrá framleiðenda og innflytjenda. Þessi skylda á einnig við um þá er selja tollfrjáls raf- og rafeindatæki til notkunar hér á landi.

Í tilskipun um raf- og rafeindatækjaúrgang er gert ráð fyrir að mismunandi reglur gildi hvað varðar ábyrgð framleiðanda og innflytjenda á raf- og rafeindatækjum sem markaðssett eru fyrir eða eftir 13. ágúst 2005. Í ljósi þess að rúm tvö ár eru liðin frá þeim tíma og hversu stuttur líftími flestra þeirra raf- og rafeindatækja er sem tilskipunin nær til er ekki talin ástæða til að flækja kerfið með því að gera mismunandi kröfur eftir því hvenær raf- og rafeindatækið var markaðssett heldur láta ákvæði laganna gilda um öll raf- og rafeindatæki.

Í tilskipuninni er gerður greinarmunur á reglum hvað varðar raf- og rafeindatækjaúrgang frá heimilum annars vegar og hins vegar frá fyrirtækjum, t.d. iðnfyrirtækjum, stofnunum eða annars staðar frá. Í tilskipuninni er úrgangur frá heimilum skilgreindur sem úrgangur sem kemur frá heimilum eða frá verslun, iðnaði, stofnun og annars staðar frá og er að eðli og umfangi svipaður þeim sem kemur frá heimilum. Hvað varðar raf- og rafeindatækjaúrgang frá iðnaði sem fellur ekki undir að vera heimilisúrgangur er gert ráð fyrir að framleiðandi og innflytjandi fjármagni söfnun og meðhöndlun hans en einnig að heimilt verði að semja um annars konar fyrirkomulag, sbr. b-lið 2. gr. (15. gr.) frumvarpsins.

Lagt er til í frumvarpinu að skýr ábyrgðarskipting sé á milli framleiðenda og sveitarfélaga hvað varðar kynningu um að skila beri raf- og rafeindatækjaúrgangi sérgreindum á söfnunarstöðvar. Gert er ráð fyrir að sveitarfélögin sjái um að kynna sín söfnunarkerfi, t.d. hvar almenningur getur skilað raf- og rafeindatækjaúrgangi og hvaða tækjum þeir taki við. Það sé hins vegar á ábyrgð framleiðenda að kynna fyrir almenningi hvaða tækjum beri að skila til söfnunarstöðva. Eðlilegt er að framleiðendur og sveitarfélögin eigi samráð um hvernig beri að tryggja að almenningur fái aðgang að upplýsingum um skil á raf- og rafeindatækjum.

Margs konar skylda er lögð á framleiðanda og innflytjanda hvað varðar merkingar og upplýsingagjöf til ríkis, almennings og þeirra sem meðhöndla úrgang. Framleiðendur og innflytjendur eru skyldaðir til að gefa upplýsingar um magn og tegund raf- og rafeindatækja sem þeir setja á markað, hafa safnað saman, endurnotað og endurnýtt og um magn útflutts úrgangs.

Framleiðendum og innflytjendum ber að upplýsa notendur raf- og rafeindatækja um að raf- og rafeindatækjaúrgangi sé safnað sérstaklega, hvernig það sé gert, hlutverk neytandans í því að safna þessu saman og hugsanleg áhrif á umhverfið og heilsu manna vegna hættulegra efna í vörunni í tengslum við markaðssetningu á henni. Einnig ber framleiðendum að merkja vörur sínar á ákveðinn hátt.

Í frumvarpinu er lagt til að stýrinefnd beri að halda skrá yfir framleiðendur og innflytjendur raf- og rafeindatækja. Skráin er einn af mikilvægustu þáttum kerfisins þar sem henni er ætlað að koma í veg fyrir að einstakir framleiðendur og innflytjendur standi fyrir utan kerfið. Þessi skrá gerir það síðan mögulegt að safna saman nauðsynlegum upplýsingum frá framleiðendum og innflytjendum og öðrum aðilum sem koma að kerfinu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. frumvarpsins er að finna tillögu að skilgreiningum sem bæta á við 3. gr. laganna.

Framleiðandi og innflytjandi er skilgreindur sem aðili sem framleiðir og selur raf- og rafeindatæki undir eigin vörumerki eða endurselur búnað undir eigin vörumerki sem aðrir birgjar framleiða. Einnig telst sá vera framleiðandi og innflytjandi sem flytur raf- og rafeindatæki inn eða út frá Íslandi í atvinnuskyni. Telja verður að á Íslandi sé algengast að raf- og rafeindatæki séu flutt inn frá útlöndum og telst sá aðili sem flytur inn slíka vöru vera innflytjandi. Hins vegar telst sá sem eingöngu leggur til fjármagn samkvæmt einhvers konar samningi um fjármögnun ekki framleiðandi eða innflytjandi nema hann starfi einnig sem framleiðandi í skilningi i. til iii. liðar. Mikilvægt er að skilgreiningin sé óháð þeirri sölutækni sem er notuð og nái þannig m.a. yfir fjarsölu.

Raf- og rafeindatæki eru skilgreind sem búnaður sem þarf rafstraum eða rafsegulsvið til að geta starfað á réttan hátt og búnaður til að framleiða, flytja og mæla slíkan rafstraum og rafsegulsvið. Í viðauka I er að finna nánari tilgreiningu á flokkum raf- og rafeindatækja og skal búnaðurinn hannaður til notkunar við rafspennu sem fer ekki yfir 1.000 volt þegar um er að ræða riðstraum og ekki yfir 1.500 volt þegar um er að ræða jafnstraum. Viðauki I við lögin er samhljóða viðauka I a við tilskipun um raf- og rafeindatækjaúrgang. Við nánari útfærslu á hvaða raf- og rafeindatæki falla undir lögin ber að nota viðauka I b við tilskipun um raf- og rafeindatækjaúrgang sem viðmið, sbr. heimild í i. lið 2. gr. frumvarpsins til að setja reglugerð þar um.

Lagt er til í greininni að raf- og rafeindatækjaúrgangur frá heimilum sé skilgreindur sem raf- og rafeindatækjaúrgangur sem kemur frá heimilum eða frá verslun, iðnaði, stofnunum og annars staðar frá og er að eðli og umfangi svipaður þeim sem kemur frá heimilum. Þessi skilgreining byggist á tilskipun um raf- og rafeindatækjaúrgang. Er það á valdsviði söfnunarstöðva sveitarfélaga að ákveða hvað sé raf- og rafeindatækjaúrgangur sem er að eðli og umfangi svipaður þeim sem kemur frá heimilum. Söfnunarstöðvum sveitarfélaga er skylt að taka við raf- og rafeindatækjaúrgangi sem fellur ekki undir skilgreiningu að vera frá heimilum en þeim er heimilt í samræmi við a-lið (14. gr.) 2. gr. frumvarpsins að taka gjald til að mæta kostnaði við móttöku og geymslu hans.

Raf- og rafeindatækjaúrgangur er skilgreindur sem úrgangur, þ.m.t. allir íhlutir, undireiningar og aukahlutir sem eru hluti af vörunni þegar henni er fleygt. Mikilvægt er að allir þeir hlutar raf- og rafeindatækja sem eru hluti af vörunni þegar hún er seld falli undir að vera raf- og rafeindatækjaúrgangur þegar varan er orðin að úrgangi.

Skilakerfi er skilgreint sem fyrirtæki eða aðili sem tekur að sér ábyrgð framleiðanda og innflytjanda á raf- og rafeindatækjaúrgangi. Framleiðanda og innflytjanda ber að uppfylla skyldur sínar með aðild að skilakerfi, sbr. b-lið (15. gr.) 2. gr. frumvarpsins. Einn framleiðandi eða innflytjandi getur fallið undir að vera skilakerfi en einnig geta framleiðendur og innflytjendur gert samning við skilakerfi um að þeir taki að sér ábyrgð á þeim samkvæmt frumvarpinu.

Um 2. gr.

Lagt er til að við lögin bætist nýr kafli, III. kafli, sem beri heitið Raf- og rafeindaúrgangur með níu nýjum greinum og breytist númer annarra greina laganna í samræmi við það.

Um a-lið (14. gr.).

Í a-lið er fjallað um skyldur sveitarfélaga til að taka á móti raf- og rafeindatækjaúrgangi.

Lagt er til í 1. mgr. að söfnunarstöðvum sveitarfélaga beri að bjóða upp á móttöku á raf- og rafeindatækjaúrgangi frá heimilum, hvort sem sveitarfélög gera það beint eða semja við einkaaðila um að reka söfnunarstöðvar í viðkomandi sveitarfélögum. Eðlilega geta aðrar söfnunarstöðvar boðið þessa þjónustu en þeim ber engin skylda til þess. Skyldan liggur einungis hjá söfnunarstöðvum sveitarfélaga. Í i-lið (22. gr.) 2. gr. frumvarpsins er lagt til að Umhverfisstofnun í samráði við stýrinefnd, Samband íslenskra sveitarfélaga og skilakerfi vinni tillögu að reglugerð til umhverfisráðherra um fjölda þeirra gámastæða sem söfnunarstöðvum sveitarfélaga ber að leggja til vegna gáma undir raf- og rafeindatækjaúrgang. Lagt er til að kveðið verði á um fjölda gámastæða í reglugerð enda munu upplýsingar, m.a. byggðar á reynslu og þróun á markaði, móta þau ákvæði sem munu kveða á um þessa skyldu og því ekki rétt að rígbinda það í lögum. Gert er ráð fyrir að skilakerfi sem vilja t.d. aðeins safna ákveðnum merkjum af raf- og rafeindatækjum þyrftu þá að semja sérstaklega við sveitarfélögin um gámastæði og greiða fyrir þau. Einnig er gert ráð fyrir að skilakerfi geti síðar samið sérstaklega við sveitarfélögin um að þau bjóði upp á frekari flokkun á raf- og rafeindatækjaúrgangi, t.d. ef það hentar betur að hafa fleiri gáma á söfnunarstöð fyrir raf- og rafeindatækjaúrgang en upphaflega var gert ráð fyrir. Einungis er gert ráð fyrir að tekið sé gjaldfrjálst við þeim úrgangi sem fellur undir skilgreininguna á raf- og rafeindatækjaúrgangur frá heimilum, sbr. 1. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. er kveðið á um skyldu sveitarfélaga til að taka á móti öðrum raf- og rafeindatækjaúrgangi en frá heimilum. Tiltekið er að söfnunarstöðvum sveitarfélaga sé heimilt að taka gjald vegna kostnaðar við móttöku og geymslu slíks úrgangs sem fellur ekki undir að vera raf- og rafeindatækjaúrgangur frá heimilum. Það er síðan skilakerfis að sækja raf- og rafeindatækjaúrgang frá söfnunarstöðvum sveitarfélaga og koma honum til meðhöndlunar. Gert er ráð fyrir að kveðið sé á í reglugerð, sbr. i. lið 2. gr. frumvarpsins, um þann tíma sem má líða milli þess sem söfnunarstöð sveitarfélaga óskar eftir að gámur sé sóttur og þess að náð er í hann.

Í 3. mgr. er kveðið á um þá skyldu sveitarfélaga að leiðbeina heimilum um flokkun og skil á raf- og rafeindatækjaúrgangi til söfnunarstöðvar. Eðlilegt er að það sé á ábyrgð sveitarfélaga að kynna þetta fyrir íbúum enda geta sveitarfélög boðið upp á mismunandi kerfi hvað varðar skil. Er þetta í samræmi við ábyrgð sveitarfélaga á söfnun á heimilisúrgangi. Einnig er gert ráð fyrir að sveitarfélög leiðbeini öðrum sem vilja nýta sér þjónustu söfnunarstöðva sveitarfélaganna.

Um b-lið (15. gr.).

Í b-lið er fjallað um ábyrgð framleiðenda og innflytjenda á raf- og rafeindatækjum á að fjármagna og tryggja úrvinnslu raf- og rafeindatækjaúrgangs. Kveðið er á um skyldu þeirra til að fjármagna meðhöndlun raf- og rafeindatækjaúrgangs að frátalinni söfnun til söfnunarstöðva sveitarfélaga og geymslu á söfnunarstöð sveitarfélaga. Er framleiðendum og innflytjendum heimilt að uppfylla ábyrgð sína sameiginlega eða standa einir. Í báðum tilvikum ber þeim að gera það í skilakerfi. Stór hluti smærri raf- og rafeindatækja sem eru í notkun hér á landi eru seld í fríhöfn, þ.e. í tollfrjálsri verslun. Mikilvægt er að allir sem selja raf- og rafeindatæki sem verða að úrgangi hér á landi séu með í því kerfi sem fyrirhugað er að setja upp. Því er kveðið á um það í b-lið (15. gr.) að seljandi raf- og rafeindatækja sem seld eru í tollfrjálsri verslun hér á landi og ætluð eru til innlendra nota beri framleiðendaábyrgð samkvæmt ákvæðum frumvarpsins.

Skylda skilakerfa nær ætíð til landsins alls án tillits til þess hvar vara er seld. Í e-lið (18. gr.) 2. gr. er að finna ákvæði um kröfur sem skilakerfi þurfa að uppfylla hvort sem framleiðendur og innflytjendur ákveða að uppfylla skyldur sínar sjálfstætt eða með aðild að sameiginlegu skilakerfi. Framleiðandi og innflytjandi skulu bera ábyrgð á þeim flokkum raf- og rafeindatækjaúrgangs sem hann flytur inn eða framleiðir hér á landi. Mikilvægt er að ábyrgð framleiðenda og innflytjenda á að sækja raf- og rafeindatækjaúrgang nái einungis til söfnunarstöðva sem sveitarfélögin reka. Aðrar söfnunarstöðvar, svo og fyrirtæki, verða að semja sérstaklega við skilakerfi um söfnun á raf- og rafeindatækjaúrgangi frá þeim. Byggist þessi aðgreining á skýrri skyldu sveitarfélaga, sem fram kemur í tilskipun um raf- og rafeindatækjaúrgang, til að taka gjaldfrjálst á móti raf- og rafeindatækjaúrgangi frá heimilum og skyldu þeirra til að taka við öðrum raf- og rafeindatækjaúrgangi þótt heimilt sé að taka gjald fyrir móttöku og geymslu. Skilgreining á söfnunarstöð er að finna í 3. gr. laganna.

Í 2. mgr. er að finna ákvæði um að umhverfisráðherra verði heimilt í reglugerð að kveða á um heimild framleiðanda og innflytjanda raf- og rafeindatækja sem ætluð eru til nota í verslunum, iðnaði eða stofnunum o.s.frv. og munu ekki falla undir skilgreiningu á raf- og rafeindatækjaúrgangi frá heimilum til að semja um sín á milli að kaupandi búnaðarins yfirtaki ábyrgð skv. 1. mgr. Þessi heimild mun þannig einungis ná yfir mjög stór og/eða sérhæfð tæki sem ljóst er að muni ekki verða skilað sem almennum úrgangi. Er hér um að ræða undanþáguákvæði sem ber að skilgreina þröngt og mun t.d. ekki ná yfir tölvur sem eru einnig seldar til almennings.

Um c-lið (16. gr.).

Í c-lið er að finna kröfu um að framleiðandi og innflytjandi skuli í upplýsingum sem ætlaðar eru til dreifingar til kaupenda upplýsa a.m.k. um hvar sé heimilt að skila raf- og rafeindatækjaúrgangi, að heimilt sé að skila viðkomandi úrgangi frá heimilum án greiðslu og að ábyrgst sé að hann verði meðhöndlaður í samræmi við gildandi reglur. Í i-lið (22. gr.) er umhverfisráðherra heimilað að setja í reglugerð frekari ákvæði um upplýsingaskyldu framleiðenda og innflytjenda. Framleiðendum og innflytjendum ber m.a. að taka fram í upplýsingum sem komið er á framfæri til kaupenda að eftir líftíma vörunnar skuli ekki blanda henni saman við annan úrgang og að heimilt sé að skila henni á söfnunarstöðvar sveitarfélaga án greiðslu sé um að ræða raf- og rafeindatækjaúrgang frá heimilum.

Um d-lið (17. gr.).

Í d-lið er lagt til að framleiðendum og innflytjendum beri að veita upplýsingar um rétta meðhöndlun hverrar gerðar af nýjum raf- og rafeindatækjum sem sett er á markað til þeirra aðila sem sjá um meðhöndlun slíks úrgangs. Tilgangur þessa ákvæðis er að auðvelda endurnotkun og rétta meðhöndlun raf- og rafeindatækjaúrgangi, þ.m.t. viðhald, uppfærslu, endurnýjun og endurvinnslu. Gert er ráð fyrir að slíkar upplýsingar þurfi að lágmarki að uppfylla kröfur sem nauðsynlegar eru aðilum sem sjá um meðhöndlun raf- og rafeindatækjaúrgangs til að geta endurnotað og endurnýtt slíkan úrgang, svo sem vegna íhluta og efniviðar raf- og rafeindatækja og hættulegra efna og efnablandna. Slíkum upplýsingum er hægt að koma á framfæri á ýmsan hátt, t.d. í handbók eða á rafrænum miðlum svo sem geisladiskum eða með beinlínuþjónustu. Skulu upplýsingar um rétta meðhöndlun á raf- og rafeindatækjaúrgangi veittar innan árs frá því að raf- og rafeindatækið var markaðssett.

Um e-lið (18. gr.).

Í e-lið er kveðið á um ábyrgð sem skilakerfi tekur að sér fyrir hönd framleiðenda og innflytjenda. Helstu skyldur skilakerfis eru að tryggja að úrgangi sé safnað án gjaldtöku frá söfnunarstöðvum sveitarfélaga og skal hafa samráð við sveitarfélögin um fyrirkomulag við

söfnunina. Ber skilakerfi þannig ábyrgð á að sækja til söfnunarstöðva sveitarfélaga söfnuðum raf- og rafeindatækjaúrgangi og ábyrgjast að hann hljóti viðeigandi meðferð. Samráðið skal meðal annars taka til þess hvenær úrgangur er sóttur hjá hverri söfnunarstöð og á hvern hátt. Skilakerfi ber að safna og taka við raf- og rafeindatækjaúrgangi alls staðar á landinu. Verði skilakerfi fleiri en eitt er þeim heimilt með samningi að skipta landinu sín á milli til að tryggja hagkvæmni, þannig að skilakerfum sé ekki skylt að safna og taka við úrgangi frá öllu landinu. Slíka samninga skal leggja fyrir stýrinefnd til samþykktar eða synjunar. Jafnvel þótt skilakerfi hafi t.d. umbjóðendur sem selja einungis á höfuðborgarsvæðinu er skyldan fortakslaus um að þeim beri að safna á landinu öllu nema búið sé að skipta landinu upp með staðfestum samningi. Eins og áður greinir er skilakerfum heimilt með samningi sín á milli að skipta landinu upp í svæði ef tvö eða fleiri skilakerfi verða á markaðnum. Skilakerfi skulu hafa samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga um skiptingu í landsvæði. Mikilvægt er að hver söfnunarstöð sveitarfélaga þurfi einungis að eiga samskipti við eitt skilakerfi.

Skilakerfi er einungis heimilt að semja um úrvinnslu úrgangs við atvinnurekstur með gilt starfsleyfi. Þetta á einnig við ef skilakerfi semur við aðila í öðru landi en Íslandi innan EES-svæðisins.

Þess er krafist að skilakerfi hafi nægjanlegt fjármagn til að standa undir skuldbindingum sínum. Er það hlutverk stýrinefndar að fylgjast með að skilakerfi geti staðið við sínar skuldbindingar en einnig er í 5. mgr. krafa um tryggingu um fjárhagslega ábyrgð. Mikilvægt er að skilakerfið hafi nægilegt fjármagn til að tryggja að það geti staðið við skuldbindingar sínar fyrir hönd viðskiptavina sinna. Gert er ráð fyrir að skilakerfi þurfi að sækja um leyfi til Umhverfisstofnunar, sbr. 6. mgr., áður en þeim er heimilt að hefja starfsemi.

Í 3. mgr. er kveðið á um skyldu skilakerfis til að safna og taka á móti hlutfalli af heildarmagni raf- og rafeindatækjaúrgangs sem jafngildir markaðshlutdeild þeirra fyrirtækja sem samning hafa við það. Er það á ábyrgð stýrinefndar sem rekur skrá framleiðenda og innflytjenda að reikna út hlutfall þess raf- og rafeindatækjaúrgangs sem einstökum skilakerfum ber að safna.

Í 5. mgr. er eins og áður segir lagt til að skilakerfum beri að leggja fram tryggingu um fjárhagslega ábyrgð vegna rekstrar síns. Lagt er til að umhverfisráðherra setji reglugerð þar sem nánari reglur verða settar um upphæð og form ábyrgðar eða tryggingar. Upphæð ábyrgðar eða tryggingar, svo og form, þarf að tryggja að nægilegir fjármunir séu tiltækir til að greiða fyrir úrvinnslu þess úrgangs sem viðkomandi hefur sett á markað. Lagt er til að ákveðið verði í reglugerð að skilakerfi sem hafi ákveðinn fjölda viðskiptavina sem hafa ákveðna markaðshlutdeild geti verið undanþegið sérstakri ábyrgðartryggingu. Í norska og danska kerfinu er gert ráð fyrir að skilakerfi sem hafi a.m.k. 10 meðlimi eða 30% skráðra framleiðenda eða innflytjenda á framleiðendaskrá og hafi a.m.k. 30% markaðshlutdeild í einum af þeim flokkum sem er að finna í viðauka I geti verið undanþegið ábyrgðartryggingu. Í ljósi smæðar hins íslenska markaðar gæti verði ástæða til að hafa kröfu um markaðshlutdeild hærri hér á landi.

Umhverfisstofnun ber skv. 6. mgr. að veita leyfi til rekstrar skilakerfis. Tiltekið er að með umsókn til rekstrar skilakerfis til Umhverfisstofnunar beri að fylgja umsögn stýrinefndar um hvort hún telur að umsækjandi uppfylli skilyrði laganna. Lagt er til að Umhverfisstofnun sé heimilt að innheimta 100.000 kr. vegna yfirferðar umsóknar. Þar sem ljóst er að Umhverfisstofnun muni ekki fá margar slíkar umsóknir er talið eðlilegra að binda umsóknargjald í lögin. Leyfi fyrir skilakerfi eru ótímabundin.

Í 7. mgr. er kveðið á um skyldur skilakerfa til að leggja fram upplýsingar til stýrinefndar um að það uppfylli kröfur samkvæmt þessari grein. Einnig er kveðið á um þau þvingunarúrræði sem heimilt er að beita vegna þeirra fyrirtækja sem uppfylla ekki skyldur sínar til að leggja fram upplýsingar. Er Umhverfisstofnun m.a. heimilt að beita þvingunarúrræðum sem er að finna í 21. gr. laganna sem verður 32. gr. verði frumvarpið að lögum.

Um f-lið (19. gr.).

Í f-lið er lagt til að stjórn Úrvinnslusjóðs fari með hlutverk stýrinefndar raf- og rafeindatækjaúrgangs. Gert er ráð fyrir að bætt verði við stjórn Úrvinnslusjóðs fulltrúa Félags íslenskra stórkaupmanna. Skýr greinarmunur er gerður á því hvenær stjórnin er að störfum samkvæmt lögum um úrvinnslugjald og hvenær hún er að sinna störfum stýrinefndar. Stýrinefndinni er ætlað það hlutverk að hafa umsjón með starfsemi skilakerfisins, þ.e. að skilakerfin ef þau verða tvö eða fleiri uppfylli skyldur sínar, tryggja að það virki og safna saman upplýsingum frá þeim til að skila til Umhverfisstofnunar. Stýrinefnd er samstarfsvettvangur atvinnulífsins og þannig ætlað að tryggja að allir innflytjendur og framleiðendur axli ábyrgð sína og að hún deilist niður á þá í samræmi við innflutning og framleiðslu.

Í 2. mgr eru settar fram þær skyldur sem stýrinefnd ber að sinna. Stýrinefnd ber að meta hvort skilakerfi uppfylli skyldur sínar og hvort það geti staðið undir fjárhagslegum skuldbindingum sínum. Gert er ráð fyrir að stýrinefnd reki skráningarkerfi framleiðenda og innflytjenda, sbr. g-lið (20. gr.) 2. gr. frumvarpsins. Stýrinefnd skal hafa eftirlit með að framleiðendur og innflytjendur raf- og rafeindatækja séu skráðir í skráningarkerfi framleiðenda og innflytjenda. Telji stýrinefnd að skilakerfi uppfylli ekki skyldur sínar ber henni að tilkynna það til Umhverfisstofnunar, sbr. 3. mgr. Einnig skal stýrinefnd safna saman og vinna úr upplýsingum frá skilakerfum og senda til Umhverfisstofnunar. Í d-lið (17. gr.) er lagt til að stýrinefnd beri að reikna út hlutfall þess raf- og rafeindatækjaúrgangs sem einstökum skilakerfum ber að safna eftir flokkum sem tilteknir eru í viðauka I.

Skilakerfi hafa heimild til að skipta landsvæðum milli einstakra skilakerfa að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Slík skipting er háð samningi sem stýrinefnd staðfestir eða synjar. Heimilt er að kæra slíkar ákvarðanir stýrinefndar til umhverfisráðherra.

Lagt er til í 4. mgr. að stýrinefnd verði skylt að innheimta gjöld sem standa eiga undir kostnaði við uppbyggingu og rekstur stýrinefndar. Þetta þýðir að nefndinni sé einungis heimilt að taka gjöld sem nægja til að standa undir kostnaði við framangreint en hún á ekki að skila hagnaði. Til að veita nefndinni aðhald geta skilakerfi óskað eftir upplýsingum um einstaka gjaldaliði. Gjaldtökuheimildin nær til þeirra rekstrarþátta sem nefndinni er ætlað að sinna í samræmi við lögin.

Um g-lið (20. gr.).

Lagt er til í 1. mgr. að framleiðendum og innflytjendum raf- og rafeindatækja beri að skrá sig hjá skráningarkerfi framleiðenda og innflytjenda a.m.k. 15 dögum áður en vara er markaðssett hér á landi. Stýrinefnd rekur skráningarkerfið. Framleiðendur og innflytjendur skulu einnig gefa skráningarkerfinu upplýsingar, sbr. 2. mgr. Í h-lið (21. gr.) 2. gr. frumvarpsins er að finna heimildir til handa stýrinefnd og Umhverfisstofnun til að tryggja að allir framleiðendur og innflytjendur raf- og rafeindatækjaúrgangs skrái sig hjá kerfinu.

Lagt er til í 2. mgr. að umhverfisráðherra setji að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar reglugerð um skráningarkerfi framleiðenda. Í henni skal fjallað um skyldu framleiðenda raf- og rafeindatækjaúrgangs til að skrá sig og til að gefa upplýsingar um innflutning eða framleiðslu á raf- og rafeindatækjum eftir einstökum flokkum auk annara upplýsinga sem stýrinefnd telur nauðsynlegt að fá afhentar til að tryggja virkni kerfisins. Við vinnslu á reglu-

gerðinni skal Umhverfisstofnun leita umsagnar hjá stýrinefnd og skilakerfi, auk annarra hagsmunaaðila.

Um h-lið (21. gr.).

Gerð er krafa í tilskipun um raf- og rafeindatækjaúrgang að þvingunarúrræði skuli vera til staðar til að tryggja virkni kerfisins. Skulu þvingunarúrræðin vera áhrifarík, vera í samræmi við meðalhófsreglu og vera til varnaðar. Í 1. mgr. er lagt til að stýrinefnd skuli hafa eftirlit með að framleiðendur og innflytjendur raf- og rafeindatækja séu skráðir í skráningarkerfi framleiðenda. Skrái framleiðandi eða innflytjandi raf- og rafeindatækja sig ekki hjá skráningarkerfinu skal stýrinefnd tilkynna það til Umhverfisstofnunar. Stofnunin skal taka mál til skoðunar og taka ákvörðun um hvort leggja skuli fyrir viðkomandi framleiðanda eða innflytjanda að skrá sig í samræmi við g-lið frumvarpsins. Verði viðkomandi ekki við tilmælum Umhverfisstofnunar er stofnuninni heimilt að beita þvingunarúrræðum í samræmi við ákvæði laganna.

Í 2. mgr. er lagt til að stýrinefnd sé heimilt að óska eftir upplýsingum frá tollayfirvöldum um heildarmagn, magn í einstökum flokkum, sbr. viðauka I, og magn frá einstaka framleiðanda og innflytjanda vegna framleiðslu og innflutnings á raf- og rafeindatækjum sem falla undir lögin. Tiltekið er að ákvæði 188. gr. tollalaga, nr. 88/2005, og 117. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum, skulu ekki vera því til fyrirstöðu að starfsmenn toll- og skattyfirvalda veiti stýrinefnd upplýsingar samkvæmt þessari grein. Er hér um að ræða mikilvæga heimild fyrir virkni kerfisins þar sem útreikningar eru á ábyrgð einstakra framleiðenda og innflytjenda og eru gerðir á grundvelli hlutdeildar í heildarinnflutningi. Skilakerfunum er heimilt þegar þau gera samninga við einstaka framleiðendur og innflytjendur að gera kröfu um þær upplýsingar sem þau telja sig þurfa á að halda til að geta yfirtekið ábyrgð þeirra samkvæmt frumvarpinu. Er þar um að ræða frjálsa samninga milli tveggja aðila og þarf því ekki að fjalla um það í frumvarpinu.

Í 3. mgr. er lagt til að stýrinefnd sé bundin þagnarskyldu um atriði er varðar framleiðslu- og verslunarleynd. Sama gildir um atriði sem nefndin fær vitneskju um og leynt skulu fara samkvæmt lögum og eðli máls.

Um i-lið (22. gr.).

Í greininni er að finna tillögur að reglugerðarheimildum til handa umhverfisráðherra. Umhverfisstofnun skal vinna tillögurnar og leita við þá vinnu umsagnar hjá stýrinefnd, skilakerfum og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Í a-lið er sett fram heimild til að tilgreina fjölda gámastæða á söfnunarstöðvum sveitarfélaga fyrir raf- og rafeindatækjaúrgang.

Í b-lið er að finna heimild til að banna sölu á raf- og rafeindatækjum sem ekki er unnt eða erfitt er að endurnota eða endurnýta. Er þessi heimild í samræmi við kröfur í tilskipun um raf- og rafeindatækjaúrgang.

Í c-lið er að finna heimild til að setja reglugerð um sölu á raf- og rafeindatækjum til annarra landa á Evrópska efnahagssvæðinu og landa utan þess. Setja þarf reglur sem skylda útflytjanda raf- og rafeindatækjaúrgangs til að skrá sig í skráningarkerfi framleiðenda og innflytjenda í innflutningslandi.

Í d-lið er að finna heimild til að setja í reglugerð lágmarkskröfur um meðhöndlun raf- og rafeindatækjaúrgangs. Þessar kröfur er að finna í viðaukum við tilskipun um raf- og rafeindatækjaúrgang.

Í e-lið er kveðið á um heimild til að setja í reglugerð nánari ákvæði um skyldu framleiðanda, innflytjanda, sveitarfélaga og seljenda til að upplýsa kaupendur raf- og rafeindatækja,

sbr. 16., 17. og 18. gr. laganna verði frumvarp þetta að lögum. Ástæða er talin til að heimila að kveðið verði á um upplýsingaskyldu seljenda í reglugerð enda er hann sá aðili sem neytandi kaupir vöruna af. Kynning seljanda á þeim upplýsingum sem framleiðandi og innflytjandi útbúa til kaupenda skiptir þannig miklu um hvernig til tekst við að koma upplýsingum á framfæri.

Í f-lið er að finna heimild til að kveða á um skyldu framleiðanda og innflytjanda til að merkja raf- og rafeindatæki sem falla undir viðauka I. Tiltekið er í tilskipun um raf- og rafeindatækjaúrgang hvernig merkið er með skýringarmynd og er það nú þegar komið í notkun.

Í g-lið er að finna heimild til að kveða á um skyldu innflytjanda sem selur í póstverslun, í netverslun eða með sambærilegum hætti beint til heimila vörur sem falla undir lögin. Þetta er mikilvægt þar sem töluvert magn af raf- og rafeindatækjum kemur inn í landið á þennan hátt.

Í h-lið er að finna heimild til að kveða á um þau markmið um söfnun, endurnotkun og aðra meðhöndlun sem framleiðanda og innflytjanda ber að ná árlega eftir flokkum, sbr. viðauka I. Samkvæmt tilskipun 2002/96/EB er gert ráð fyrir að stjórnvöld sjái til þess að framleiðendur eða þriðju aðilar fyrir þeirra hönd nái ákveðnum markmiðum hvað varðar endurnotkunarhlutfall raf- og rafeindatækjaúrgangs. Það er á ábyrgð framleiðenda og innflytjenda að ná þeim markmiðum sem sett verða í reglugerð af umhverfisráðherra að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að öllum raf- og rafeindatækjaúrgangi sem er sérgreindur frá öðrum úrgangi fari í endurnotkun eða aðra meðhöndlun. Það verður síðan hlutverk Umhverfisstofnunar sem eftirlitsaðila með kerfinu að fylgjast með því að kerfið í heild sinni nái að lágmarki þeim kröfum sem reglugerðir gera ráð fyrir. Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að allur raf- og rafeindatækjaúrgangur sem er safnað verði komið í viðeigandi ferli og má því gera ráð fyrir að lágmarkskröfum reglugerða verði náð fljótlega eftir að kerfið hefur starfsemi.

Í i-lið er lagt til að sett verði í reglugerð nánari tilgreining á undirflokkum þeirra raf- og rafeindatækja sem tilgreind eru í viðauka I. Í tilskipun 2002/96/EB er að finna í I. viðauka A og B lista yfir þau raf- og rafeindatæki sem falla undir tilskipunina. Gert er ráð fyrir að nánari tilgreining sem sett verður í reglugerð byggist á tilskipun 2002/96/EB. Helstu flokkar raf- og rafeindatækja sem falla undir frumvarpið eru stór heimilistæki, lítil heimilistæki, upplýsingatæki og fjarskiptabúnaður, neytendabúnaður, ljósabúnaður, raf- og rafeindatæki að frátöldum stórum föstum tækjum til iðnaðar, leikföng, tómstunda-, íþrótta- og útivistarbúnaður, lækningatæki að frátöldum ígræðsluvörum og vörum sem bera smit, vöktunar- og eftirlitstæki og sjálfsalar, sbr. viðauka I.

Í j-lið er að finna heimild til að kveða á um nánari útfærslu á hvenær og hvernig skilakerfi sækja raf- og rafeindatækjaúrgang frá söfnunarstöðvum sveitarfélaga. Hér er um mikilvæga heimild að ræða ef aðilar verða ekki á eitt sáttir um hvernig söfnun frá söfnunarstöð á að fara fram.

Í k-lið er að finna heimild til handa ráðherra til að skylda stýrinefnd til að safna upplýsingum frá skilakerfum um magn raf- og rafeindatækjaúrgangs og ráðstöfun hans og til að vinna úr þeim upplýsingum og um skil á þeim til Umhverfisstofnunar.

Um 3. gr.

Í greininni er lagt til að rísi upp ágreiningur milli stýrinefndar, skilakerfa eða sveitarfélaga vegna söfnunarstöðva sveitarfélaga um framkvæmd laga þessara sé heimilt að vísa málinu til úrskurðar ráðherra. Gert er ráð fyrir að ráðherra fari með úrskurðarvald í þeim tilvikum

þar sem rís upp ágreiningur milli framangreindra aðila um framkvæmd laganna vegna söfnunarstöðva sveitarfélaga og raf- og rafeindatækjaúrgangs. Ekki er talið eðlilegt að úrskurðarnefnd fjalli um mál sem þessi, enda hefur svo ekki verið til þessa.

Um 4. gr.

Í 4. gr. er lagður til nýr viðauki sem hefur að geyma lista yfir þau raf- og rafeindatæki sem III. kafla laganna er ætlað að ná yfir. Heimilt er skv. i-lið í i-lið (22. gr.) 2. gr. að setja reglugerð þar sem framangreindur viðauki er útfærður og ber þá að fara eftir nánari tilgreiningu í B-lið I. viðauka við tilskipun um raf- og rafeindatækjaúrgang en þar er að finna nánari tilgreiningu á hvaða raf- og rafeindatæki falla undir tilskipunina og þar með frumvarp þetta.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 6. gr.

Lagt er til að lögin öðlist þegar gildi til að framleiðendur og innflytjendur geti strax byrjað að undirbúa sig undir að bera ábyrgð á raf- og rafeindatækjaúrgangi. Lagt er til að framleiðendum og innflytjendum sem eru starfandi við gildistöku laganna beri að skrá sig eigi síðar en 1. júní 2008 hjá skráningarkerfi framleiðenda og innflytjenda og þar með eiga aðild að skilakerfi frá sama tíma. Lagt er til að framleiðendur og innflytjendur skuli bera ábyrgð á raf- og rafeindatækjaúrgangi eigi síðar en 1. nóvember 2008.

Um 7. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum nr. 162/2002, um úrvinnslugjald, sem öðlast eiga gildi á sama tíma og lögin um breytingu á lögum nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs. Breytingarnar eru tilkomnar vegna þess að í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að stjórn Úrvinnslusjóðs fari með hlutverk stýrinefndar skv. f-lið (19. gr.) 2. gr. frumvarpsins.

Í a-lið er lagt til að breyting verði gerð á 1. mgr. 16. gr. laga um úrvinnslugjald í þá veru að stjórn Úrvinnslusjóðs verði skipuð sex mönnum í stað fimm eins og nú er. Nýr fulltrúi kemur inn samkvæmt tilnefningu frá Félagi íslenskra stórkaupmanna. Falli ákvæði jafnt við afgreiðslu í Úrvinnslusjóði ræður atkvæði formanns.

Í b-lið er lagt til að stjórn Úrvinnslusjóðs beri að sinna verkefnum sem henni eru sérstaklega falin í lögum um meðhöndlun úrgangs, þ.e. að fara með hlutverk stýrinefndar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er mælt fyrir um svokallaða framleiðendaábyrgð á úrvinnslu raf- og rafeindatækjaúrgangs. Framleiðendum og innflytjendum raf- og rafeindatækja verður skylt að fjármagna og tryggja meðhöndlun þessara tækja eftir að þau eru orðin að úrgangi með rekstri

eigin skilakerfis eða aðild að sameiginlegu skilakerfi. Sérstök stýrinefnd skal hafa umsjón með starfsemi skilakerfa og skal stjórn Úrvinnslusjóðs fara með hlutverk stýrinefndar. Skýr greinamunur er gerður á því hvenær stjórnin er að störfum samkvæmt lögum um úrvinnslugjald og hvenær hún er að sinna störfum stýrinefndar. Skilakerfin skulu standa undir kostnaði við stýrinefndina. Umhverfisstofnun veitir skilakerfum rekstrarleyfi, tekur á móti upplýsingum frá stýrinefndinni og annast úrvinnslu þeirra.

Áhrif frumvarpsins á kostnað ríkissjóðs verða einkum hjá Umhverfisstofnun. Áætlað er að vinna við móttöku, utanumhald og úrvinnslu gagna frá stýrinefndinni samsvari rúmlega hálfu ársverki og er kostnaður stofnunarinnar metinn 6 m.kr. á ári.

Eins og gefur að skilja mun kostnaður vegna laganna þó einkum falla til hjá framleiðendum og innflytjendum raf- og rafeindatækja við rekstur skilakerfa. Ekki er lagt mat á þann kostnað hér.

523. Nefndarálit [163. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um vátryggingarsamninga, nr. 30/2004.

Frá minni hluta viðskiptanefndar.

Með frumvarpinu er lögð til breyting á 82. gr. laga um vátryggingarsamninga sem fjallar um upplýsingaöflun vátryggingafélaga við töku persónutrygginga.

Minni hlutinn vill taka undir þau sjónarmið sem koma fram í umsögn Persónuverndar, dags. 19. nóvember 2007, og í áliti Persónuverndar nr. 2005/103 frá 1. júní 2006.

Í umsögn Persónuverndar sem barst viðskiptanefnd við umfjöllun hennar um málið kemur m.a. fram að sú upplýsingaskylda sem í frumvarpinu felst byggist á samþykki sem gengur skemur en svokallað „upplýst samþykki“. Í 7. tölul. 2. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga er hugtakið „samþykki“ skilgreint sem sérstök, ótvíræð yfirlýsing sem einstaklingur gefur af fúsum og frjálsum vilja um að hann sé samþykkur vinnslu tiltekinna upplýsinga um sig og að honum sé kunnugt um tilgang hennar, hvernig hún fari fram, hvernig persónuvernd verði tryggð, um að honum sé heimilt að afturkalla samþykki sitt o.s.frv.

Persónuvernd telur efni frumvarpsins í betra samræmi við grunnreglu persónuréttarins um sjálfsákvörðunarrétt einstaklingsins en ef samþykkis væri ekki leitað. Stofnunin lýsir hins vegar áhyggjum af því hvernig ákvæði frumvarpsins um það sem stofnunin kallar „einfalt samþykki“ komi til með að virka í framkvæmd. Í umsögninni er til að mynda nefnt atriði varðandi sönnun ef svo færi að ágreiningur yrði milli vátryggingartaka og skyldmennis um heimild hins fyrrnefnda til að veita vátryggingafélagi upplýsingar um þann síðarnefnda. Þá er nefnt sem dæmi tilvik þar sem skyldmenni neitar að veita samþykki til þeirrar vinnslu upplýsinga sem um ræðir. Álitaefni af þessu tagi voru rædd á fundum viðskiptanefndar.

Ágreiningur hefur verið milli Fjármálaeftirlitsins annars vegar og Persónuverndar hins vegar um hvernig túlka beri 82. gr. gildandi laga um vátryggingarsamninga. Persónuvernd barst árið 2005 fyrirspurn þar sem óskað var álits á vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við sölu á líf- og sjúkdómatryggingum í tilteknu tilviki. Eftirfarandi atriði voru meðal þeirra sem lögð voru til grundvallar í þeirri fyrirspurn sem Persónuvernd barst og stofnunin veitti álit

á. Í fyrsta lagi hvort lögmætt væri að afla heilsufarsupplýsinga um umsækjanda frá þriðja aðila (t.d. læknum eða sjúkrastofnunum). Í öðru lagi var spurt um lögmæti þess að afla heilsufarsupplýsinga um foreldra og systkini umsækjenda. Í niðurstöðuorðum Persónuverndar kemur fram að öflun upplýsinga hjá þriðja aðila um einstakling sem sækir um líf- og sjúkdómatryggingu sé óheimil nema fyrir liggi skriflegt, upplýst samþykki hans og honum hafi verið veitt fræðsla í samræmi við 21. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Þá segir að öflun upplýsinga um arfgenga sjúkdóma foreldra og systkina sé óheimil.

Minni hlutinn tekur fram að frumvarpið er sagt vera málamiðlun milli sjónarmiða Persónuverndar annars vegar og Fjármálaeftirlitsins hins vegar. Að mati minni hlutans eiga sjónarmið Persónuverndar, sem hefur það hlutverk að gæta einkalífsverndar að vera ráðandi við breytingu á lögunum. Minni hlutinn telur að Fjármálaeftirlitið gangi með áliti sínu inn á verksvið Persónuverndar og skipti sér af málefnum sem ekki heyri undir það.

Minni hlutinn leggur til breytingartillögu í þá veru að í stað þess að fyrir liggi svonefnt „einfalt samþykki“ þess sem upplýsingar eru veittar um skuli liggja fyrir skriflegt samþykki þess aðila.

Minni hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

4. málsl. 1. efnismgr. 1. gr. orðist svo: Vátryggingartaki, eða eftir atvikum vátryggður, skal leggja fram skriflegt samþykki foreldra eða systkina er hann veitir upplýsingar um sjúkdóma þeirra.

Alþingi, 13. des. 2007.

Atli Gíslason.

524. Nefndarálit [293. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, sbr. lög nr. 74/1992, 102/1993, 68/2007 og 102/2007.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Inngangur.

Almennt er ekki deilt um það að á Íslandi er þjóðþingið veikt gagnvart framkvæmdarvaldinu og hefur því miður fremur veikst en hitt undanfarinn einn og hálfan áratug eða svo. Staða Alþingis sem slíks gagnvart framkvæmdarvaldinu snýst eðli málsins samkvæmt einkum og sér í lagi um möguleika og réttindi minni hlutans hverju sinni til þess að sinna sínu mikilvæga hlutverki, hlutverki stjórnarandstöðunnar, aðhaldshlutverkinu. Mikilvægur liður í þessu hlutverki stjórnarandstöðu, eða hvers og eins þingmanns ef svo ber undir, er að standa fyrir rökræðum og koma mismunandi sjónarmiðum á dagskrá og út í samfélagið.

Því fer fjarri að ræðutíminn einn skipti hér máli heldur er hann hluti af stærri heildarmynd. Réttindi stjórnarandstöðunnar og ákvæði þingskapa sem tryggja eiga lýðræðisleg skoðanaskipti, umræður, vönduð vinnubrögð og vandaða lagasetningu Alþingis eru allt ein heild.

Þingsköp Alþingis geyma þar af leiðandi fjölmörg ákvæði sem öll eiga að miða að því sama, að tryggja vandaða umfjöllun um mál, að tryggja að þingnefndir geti sinnt rannsóknarskyldu sinni, að tryggja að öll sjónarmið fái að heyrast og tryggja að framkvæmdarvaldið geti ekki í krafti meiri hluta síns rúllað umdeildum eða viðamiklum málum í gegn fyrirvaralítið eða fyrirvaralaust.

Um nokkurt skeið hafa hér setið að völdum sterkar meirihlutastjórnir með stjórnlynda valdamenn sem hafa endurtekið sýnt í verki vilja sinn og löngun til að hafa Alþingi undir í glímunni milli framkvæmdarvalds og löggjafarvalds. Allt of mikið hefur borið á tilhneigingum til að breyta Alþingi í raðafgreiðslu- eða færibandastofnun fyrir pólitískar ákvarðanir og málatilbúnað ríkisstjórna, þ.e. framkvæmdarvaldsins.

Gegn þessu eiga þingsköpin að standa og þau réttindi sem einkum minni hluta, stjórnarandstöðu eða þingmönnum sem eru ósammála framkvæmdarvaldinu á hverjum tíma, eru þar búin. Þau eru fólgin í frestum milli umræðna, að tiltekinn dagafjöldi eða sólarhringafjöldi verði að líða frá því að þingmál kemur fram þangað til það kemur til 1. umræðu, milli 2. umræðu og 3. umræðu og frá því að þingskjöl berast úr nefndum og þangað til umræða hefst. Frá þessu er unnt að veita afbrigði og til þess þarf ⅔ meiri hluta á þingi. Þá er einnig ætlast til að þingnefndir fái viðunandi tíma til að sinna rannsóknarskyldu sinni og að mál séu til umsagnar úti í þjóðfélaginu hjá hinum ýmsu aðilum er þau varða í sæmilega rúman tíma. Á þessu verður hins vegar oft mikill misbrestur þegar mál koma seint fram og/eða ríkisstjórn leggur ofurkapp á að fá hluti afgreidda fyrir jól eða þingslit að vori. Þá ákveður stjórnarmeirihlutinn iðulega að sleppa umsagnarferlinu og skerða umfjöllun þingnefnda jafnvel niður í nokkra klukkutíma. Ekkert nema ótvíræður og lögvarinn réttur til ítarlegri umfjöllunar dugir þegar á reynir.

Í nágrannaþingunum er undirbúningsferli þingmála yfirleitt mun lengra, opnara og ítarlegra, auk þess sem þingnefndir eru miklu mikilvægari vettvangur pólitískra umræðna og stefnumótunar. Þar fara fram umræður þar sem fjöldi nefndarmanna slagar upp í að vera hálfur fjöldi þingmanna á Alþingi á opnum fundum og þar fer stór hluti hins pólitíska málflutnings og rökræðna fram.

Þegar samanburður er gerður á stöðu Alþingis og annarra þinga verður einnig að hafa í huga að víðast hvar eru réttindi stjórnarandstöðu til áhrifa mun betur tryggð en hér. Þannig er á þjóðþingum annarra norrænna ríkja ekki óalgengt að forseti þingsins komi úr röðum stjórnarandstæðinga, t.d. frá stærsta stjórnarandstöðuflokknum. Forusta í þingnefndum dreifist á bæði meiri hluta og minni hluta og almennt er þar gengið út frá þinginu sem slíku sem sjálfstæðri stofnun og óháðri framkvæmdarvaldinu og óháðri meiri hluta og minni hluta á hverjum tíma. Við val í trúnaðarstöður er litið til reynslu og hæfni en ekki bara þess hvort menn tilheyri meiri hluta eða minni hluta. Á Alþingi Íslendinga hefur því miður í vaxandi mæli á undanförnum árum fyrst og fremst verið horft til þess eins hvort menn tilheyri meiri hlutanum eða minni hlutanum.

Í raun hefur Alþingi horfið tvo til þrjá áratugi aftur í tímann að þessu leyti. Aukið valdboð meiri hlutans svífur nú yfir vötnum og framkvæmdarvaldið virðist í vaxandi mæli líta á Alþingi sem hreina afgreiðslustofnun fyrir sín frumvörp. Aðstöðumunurinn hefur farið vaxandi, ráðuneytin hafa stækkað og styrkst að mannafla; ráðherrar taka nú tvo, þrjá, fjóra pólitískt ráðna flokksmenn með sér inn í ráðuneytin, ráðgjafa, blaðafulltrúa og verkefnisstjóra til viðbótar hinum lögbundnu aðstoðarmönnum. Stjórnarandstaðan hefur setið eftir með tvær hendur tómar, án nokkurra möguleika til að undirbúa mál og vinna til jafns við meiri hlutann og ríkisstjórn. Þetta hefur leitt til þess að það heyrir næstum sögunni til að viðamikil frumvörp

séu samin á vettvangi stjórnarandstöðunnar eða yfirleitt annars staðar í þjóðfélaginu en í ráðuneytunum undir handarjaðri pólitískra ráðherra. Við allt þetta bætist að frumvörp koma iðulega seint fram frá ríkisstjórn, illa undirbúin og þegar líður að vori, en engu síður er ásetningur og ætlun framkvæmdarvaldsins að keyra þau í gegn. Þessu hefur Alþingi þurft að sæta og þetta plagar öll skipulögð og öguð vinnubrögð.

Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hefur ætíð lýst sig áhugasaman og reiðubúinn til að fara í ítarlega og vandaða vinnu sem hafi það að markmiði að efla þjóðþingið, bæta vinnubrögðin og stuðla að vandaðri lagasetningu, tryggja betra skipulag og aga. Agaleysi og óðagot í vinnubrögðum þingsins kemur augljóslega harðast niður á stjórnarandstöðunni sem ekki hefur stjórnsýsluna á bak við sig með sama hætti og meiri hlutinn eða fulltrúar framkvæmdarvaldsins.

Í opinberum umræðum um breytingar á þingsköpum hefur borið hæst umræðu um ræðutímann. Í ljósi þess hvernig staða Alþingis hefur veikst um langa hríð er hin dapra staðreynd sú að ræðutíminn einn er oft eina haldbæra tækið sem stjórnarandstaðan hefur til að hafa áhrif á gang mála innan þingsins og til að mótmæla óðagoti og hroðvirkni í vinnubrögðum og efnismeðferð.

Minni hlutinn hefur þrátt fyrir þetta lýst sig reiðubúinn til málamiðlana hvað varðar takmarkanir á ræðutíma svo fremi að tekið sé heildstætt á þingsköpum og bættum starfsháttum í stað þess að vega að ræðutímanum einum og sér. Það sem sker í augu við frumvarpið eins og það liggur fyrir er að ekki einungis er ræðutíma gjörbreytt heldur er um leið vald forseta, sem samkvæmt hefðum á Alþingi hefur nær undantekningarlaust komið úr röðum meiri hlutans, styrkt til muna. Þessir þættir hlið við hlið, og sú staðreynd að núverandi meiri hluti er svo fjölmennur að hann getur veitt sjálfum sér afbrigði frá þingsköpum, gera það að verkum að þjóðþingið verður enn veikara gagnvart framkvæmdarvaldinu og staða stjórnarandstöðunnar þrengri en verið hefur um áratuga skeið, verði frumvarpið að lögum.

Það hefði verið núverandi meiri hluta til sóma ef hann hefði í það minnsta fallist á að gera heildarúttekt á vinnubrögðum og starfsháttum þingsins sem og þingsköpum, með aðkomu ólíkra aðila, þ.m.t. starfsmanna, til að sjá til þess að nýtt frumvarp tryggði í raun og sann sterkari stöðu Alþingis, vandaðri lagasetningu, betri starfshætti, skipulag og aga, sem og lýðræðislegri vinnubrögð.

Því miður er staðreyndin sú að þetta frumvarp ber einkenni allt of margra annarra frumvarpa sem lögð eru fram og afgreidd á Alþingi á skömmum tíma; óðagot, hroðvirkni og valdbeiting eru orðin sem helst koma upp í hugann.

Málsmeðferð.

Með framlagningu umræddS frumvarps má segja að brotið hafi verið blað í sögu Alþingis. Til þessa hefur ævinlega verið leitað eftir samstöðu og samkomulagi allra þingflokka um veigamiklar breytingar á þingsköpum. Nú bregður svo við að sá friður sem verður að ríkja um slíkar breytingar hefur verið sundurslitinn. Frumvarpið er lagt fram í andstöðu við stærsta stjórnarandstöðuflokkinn, Vinstri hreyfinguna – grænt framboð. Þá liggur fyrir að frumvarpið er verk örfárra einstaklinga sem hafa sniðgengið flestar kröfur sem gera verður um vandaða frumvarpssmíð. Við slíka frumvarpssmíð verður í upphafi að skilgreina hvort ný lagasetning sé nauðsynleg eða hvort unnt sé að bæta löggjafarstarfið og starfsskilyrði þingmanna og starfsfólks Alþingis innan ramma núgildandi þingskapalaga. Rökstudd greining á þessum þætti málsins liggur ekki fyrir. Samráð við undirbúning að gerð frumvarpsins hefur í raun verið í lágmarki. Það hefur aðeins verið rætt í þröngum hópi og nánast haldið frá þingmönn-

um þar til það lá fyrir í nokkuð endanlegri mynd. Ekkert samráð hefur verið haft við starfsfólk Alþingis, fyrrverandi forseta, fræðimenn á sviði stjórnskipunar eða aðra yfir höfuð sem gagnlegt hefði verið fyrir þingmenn og þingið að bera sig saman við. Það er mikill og háskalegur misskilningur ef menn halda að starfshættir og vinnubrögð á Alþingi séu einkamál þess. Alla þjóðina varðar um málefni Alþingis og það er hún sem sendir þingmenn þangað til starfa í umboði sínu á fjögurra ára fresti hið minnsta. Óvíst er hvaða áhrif það hefur að ráða pólitíska aðstoðarmenn sem starfsmenn skrifstofu Alþingis og þannig mætti lengi telja. Heildarúttekt hefur ekki verið gerð á aðstæðum og starfsháttum Alþingis, þingmanna og starfsliðs en í stað þess einblínt á eitt atriði, ræðutíma þingmanna, án þess að hafa heildarmyndina í huga.

Ekkert mat liggur fyrir á áhrifum frumvarpsins, verði það að lögum, þ.e. hvort það auki skilvirkni, bæti lagasetningu og stuðli að vandaðri vinnubrögðum, skapi betri og fjölskylduvænni vinnustað, tryggi að þingmenn og starfsmenn Alþingis viti í upphafi hvers þingdags hve lengi þingfundir muni standa þannig að samræma megi vinnu og fjölskylduábyrgð, og áfram má telja. Það sem er þó alvarlegast í málinu er það að heildstætt mat liggur ekki fyrir á því hvort frumvarpið muni styrkja löggjafarvaldið gagnvart framkvæmdarvaldinu og reyndar er ástæða til að ætla að frumvarpið hafi gagnstæð áhrif.

Að mati minni hlutans á það að vera höfuðmarkmið að þingmál sem koma til afgreiðslu séu sem best undirbúin og kynnt, en það auðveldar Alþingi afgreiðslu þeirra og stuðlar að vandaðri lagasetningu, eins og Ríkisendurskoðun hefur bent á að þurfi að gerast. Það er deginum ljósara að kröfur um vönduð vinnubrögð þýða eðlilega að ætla verður ríflegan tíma til undirbúnings og málsmeðferðar á Alþingi. Hvorki undirbúningur, frumvarpssmíðin sjálf né málsmeðferð á Alþingi uppfyllir þær kröfur sem gera verður um vandað löggjafarstarf. Mikið óðagot einkennir meðferð frumvarpsins á Alþingi. Það er aðeins skammur tími liðinn frá því það var kynnt þingmönnum og enn skemmri tími liðinn frá því mælt var fyrir frumvarpinu. Málið hefur fengið sömu óðagotsmeðferð í allsherjarnefnd sem ekki hefur gefið sér tóm til að leita umsagna, kalla fyrir sérfræðinga, leita málamiðlana og gera nauðsynlegar úrbætur, m.a. úrbætur sem starfsmenn Alþingis kalla eftir. Það er einkennandi fyrir þetta frumvarp sem og ýmis önnur sem meiri hlutinn keyrir í gegn með hraði að minni hlutanum er ætlað að skrifa nefndarálit og eftir atvikum undirbúa breytingartillögur og hafa til þess tæplega eina blánótt. Málið á svo að afgreiða í sama óðagoti í miklum önnum á síðustu starfsdögum Alþingis fyrir jólahlé. Þessi vinnubrögð eru með öllu óviðundandi og fyrir neðan virðingu Alþingis að mati minni hlutans.

Í málsmeðferð allri ræður hér ef til vill lýðræðisþreyta framkvæmdarvaldsins og stjórnsýslunnar gagnvart Alþingi.

Svo einkennilega var á málum haldið frá upphafi af hálfu forseta Alþingis við gerð þessa frumvarps að sumpart óljósar hugmyndir um aukna aðstoð við þingmenn, fjölgun utanlandsferða og fleira í þeim dúr, voru flæktar saman við breytingar á þingskapalögum. Þetta vinnulag gerði það að verkum að þingmenn, sem eðlilega vildu margir fá meiri aðstoð innan þingsins, voru settir í þá stöðu að verða að velja á milli þess að missa af slíkum gulrótum eða samþykkja frumvarpsdrög forseta. Bætti ekki úr skák að forseti lét það koma skýrt fram strax á upphafsstigum málsins að breytingar á mörgum helstu ákvæðum frumvarpsdraganna væru ekki til umræðu af sinni hálfu. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa aftur á móti frá upphafi mótmælt því að verslað væri með breytingar á þingsköpum með þessum hætti.

Til að taka þátt í almennri umræðu um eflingu Alþingis, bættar starfsaðstæður og betra vinnulag lagði minni hlutinn hins vegar fram ýmsar hugmyndir, þar á meðal um að stórefla nefndasvið Alþingis og aðra innviði þingsins. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs tóku um leið skýrt fram að þessar breytingar ætti að ræða alveg óháð framvindu þingskapalaga. Hluta af hugmyndum þessum um eflingu Alþingis og bættar starfsaðstæður má sjá í fylgiskjali II.

Um breytingartillögur minni hlutans.

Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs leggur fram viðamiklar breytingartillögur, bæði við frumvarp forseta o.fl. og nokkrar tillögur til breytinga á öðrum ákvæðum þingskapalaga sem hreyft er við á sérstöku þingskjali. Hér eru að stofni til fluttar þær tillögur sem fulltrúi þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í allsherjarnefnd lagði þar fram sem tilraun til málamiðlunar af sinni hálfu. Ekki ber því að skoða tillögurnar sem þær breytingar á þingskapalögum sem þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hefði helst óskað sér að gera á þingsköpum og þaðan af síður að þær séu tæmandi. Tillögurnar eru tilraun til málamiðlunar gagnvart þeim ákaflega þrönga stakki sem frumvarp forseta og fleiri sníður.

Með frumvarpinu eins og það liggur fyrir er einhliða vald forseta aukið frekar en hitt og er það þó ærið fyrir. Breytingartillögur minni hlutans miðast að því að tryggja betur aðkomu stjórnarandstöðu að skipulagi þinghalds, dagskrá og málsmeðferð, draga úr alræði meiri hlutans hvað varðar formennsku í nefndum og efla sjálfstæða upplýsinga- og rannsóknamöguleika þingmanna og auðvelda þeim aðgang að opinberum upplýsingum. Þá eru lagðar til breytingartillögur sem fela í sér nokkuð rýmri reglur um ræðutíma en hinn harkalega niðurskorni rammi meiri hlutans gerir ráð fyrir, en þó fallist á takmarkanir sem grunnreglu við allar umræður. Þó séu ætíð til staðar viss réttindi til að tryggja að ítarlegri umræða geti farið fram um viðamikil og/eða umdeild mál.

Helstu efnisþættir breytingartillagnanna eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að þegar þannig háttar til að forseti Alþingis kemur úr röðum stjórnarmeirihlutans sé tryggt að 1. varaforseti komi alltaf úr röðum minni hlutans. Þannig háttar sem kunnugt er ekki til í dag og því þarf meiri hlutinn ekki að dreifa valdi forsetans á nokkurn hátt með minni hlutanum fyrr en ef bæði forseti og 1. varaforseti eru forfallaðir samtímis.
2. Lagt er til að forseti geti þá aðeins borið upp tillögu um að fundur standi lengur en til kl. 20 að kvöldi að hann hafi áður og fyrir kl. 15 þann dag gert viðvart um að til þess kunni að koma að slík tillaga verði flutt. Segja má að forsetinn þurfi þannig að „flagga“ eins og sagt er á máli kauphallarhéðna, þ.e. gera viðvart þannig að bæði þingmenn, starfsmenn Alþingis og aðrir sem málið varðar fái nokkurra klukkustunda ráðrúm til undirbúnings mögulegum lengdum fundartíma.
3. Flutt er tillaga um að við kosningar í fastanefndir og alþjóðanefndir þingsins sé leitast við að ná samkomulagi sem tryggi sanngjarna og hlutfallslega eðlilega dreifingu viðkomandi forustustarfa milli þingflokka og milli meiri hluta og minni hluta á hverjum tíma. Ekki er gengið svo langt að leggja til að slíkar kosningar skuli fara fram samkvæmt bindandi hlutfallskosningareglu, reglu d´Hondt, en vonast til að forustumenn á þingi á komandi tímum hafi þann lýðræðisskilning og þroska til að bera að slík mál leysist með sanngjörnum hætti.

4. Sett er inn ákvæði um almennan rétt þingmanna til að fá upplýsingar um opinber málefni og frá opinberum aðilum leiti þeir eftir slíku starfa sinna vegna. Þó að hin almenna regla sé sú að þingmönnum sem óska gagna eða beiðast upplýsinga af því tagi sé vel tekið og gata þeirra greidd vill stundum verða á því misbrestur og því er þetta ákvæði lagt til sem leiðbeinandi regla.
5. Lagt er til að ræðutími við 2. umræðu fjárlagafrumvarps skuli alltaf vera tvöfaldur hinn almenni ræðutími, einnig að unnt sé að lotuskipta umræðunni eftir helstu efnisflokkum frumvarpsins til að auðvelda skoðanaskipti þingmanna og ráðherra.
6. Til viðbótar hinum almennu reglum um ræðutíma er lagt til að hver þingflokkur geti fjórum sinnum á hverju þingi óskað eftir tvöföldun ræðutíma við 1. eða 2. umræðu um lagafrumvarp eða síðari umræðu um þingsályktunartillögu. Þar til viðbótar getur hver þingflokkur einu sinni á hverju þingi óskað eftir því að 2. umræða um lagafrumvarp eða síðari umræða um þingsályktunartillögu fari fram í tveimur ótímabundnum umræðum.
7. Lagt er til að síðari málsliður a-liðar 15. gr. frumvarpsins falli niður en með því ákvæði yrði innleidd alveg ný regla í þingsköp sem gengur út á að mismuna þingflokkum í ræðutíma eftir stærð.
8. Lagt er til að þröskuldur til að veita afbrigði verði hækkaður þannig að til þurfi stuðning ¾ hluta þingheims í stað ⅔ hluta áður. Þetta er gert sökum þess að núverandi stjórnarmeirihluti er svo fjölmennur að hann getur samþykkt afbrigði við hvaða atriði þingskapalaga sem er sjálfum sér til handa. Við slíkar aðstæður geta orðið óvirk öll helstu ákvæði laganna sem tryggja eiga vandaða málsmeðferð og halda aftur af flýtiafgreiðslu mála.
9. Þá er lögð til ný tillaga að ræðutíma í sérstakri töflu og vísast til hennar, en efnislega er þar um verulega rýmkun að ræða á ræðutíma, einkum við 1. og 2. umræðu lagafrumvarpa.
10. Loks er lagt til að við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða um úttekt á starfsemi og starfsháttum Alþingis, starfsaðstöðu þingmanna jafnt sem starfsmanna og hlutverki og stöðu Alþingis í samfélagi nútímans. Þessu starfi stýri starfshópur fulltrúa allra þingflokka ásamt fulltrúum frá yfirstjórn Alþingis og Félagi starfsmanna Alþingis.

Það dapurlega er að ekki er ágreiningur um téð meginmarkmið þessa frumvarps, þ.e. að lengja reglulegan starfstíma Alþingis, efla eftirlitshlutverk þingsins, draga úr kvöld- og næturfundum, tryggja að ráðherrar komi oftar á fundi þingnefnda og að umræður verði markvissari. Staðreyndin er sú að þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hefur öðrum fremur lagt til þær tillögur sem að mati minni hlutans standa helst til bóta hvað þessi atriði varðar, enda hefur enginn annar flokkur lagt jafnmikið til umræðunnar í þessum efnum, og nægir í því sambandi að vísa til fylgiskjala með nefndaráliti þessu. Það er hins vegar mat minni hlutans að þær leiðir sem frumvarpið felur í sér séu alls ekki vænlegar til að ná þessum markmiðum fram og veruleg hætta sé á að sumar breytingar frumvarpsins snúist upp í andhverfu sína og verði til þess að veikja Alþingi í samskiptum þess við framkvæmdarvaldið en ekki öfugt.

Alþingi, 13. des. 2007.

Atli Gíslason.

Fylgiskjal I.

Frumvarp til laga um breytingar á þingsköpum – greinargerð þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, 3. desember 2007.

Greinargerð.

Hornsteinar stjórnskipunar Íslands, eins og annarra vestrænna lýðræðisríkja, er þrískipting valdsins í löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald. Þannig er leitast við að tryggja viðunandi jafnvægi í samfélaginu milli lýðræðislegs valds almennings, beins og óbeins, í gegnum kjörna fulltrúa og framkvæmdarvaldsins sem situr í umboði Alþingis þar sem hér ríkir þingræði og þingbundin ríkisstjórn er við völd. Dómsvaldið sker úr ágreiningi. Almennt er ekki um það deilt að á Íslandi er þjóðþingið veikt gagnvart framkvæmdarvaldinu og hefur því miður fremur veikst en hitt undanfarinn 1–1½ áratug. Staða Alþingis sem slíks gagnvart framkvæmdarvaldinu snýst eðli málsins samkvæmt einkum og sér í lagi um möguleika og réttindi minni hlutans hverju sinni til þess að sinna sínu mikilvæga hlutverki, hlutverki stjórnarandstöðunnar, aðhaldshlutverkinu. Mikilvægur liður í þessu hlutverki stjórnarandstöðu, eða hvers og eins þingmanns ef svo ber undir, er að standa fyrir rökræðum og koma mismunandi sjónarmiðum á dagskrá og út í samfélagið. Því má aldrei gleyma að hlutverk Alþingis er margþætt, sem sagt ekki bara löggjafarstarf, heldur er Alþingi líka helsti vettvangur pólitískra skoðanaskipta og umræðu í landinu. Þar takast stjórnmálaflokkarnir og lýðræðislega kjörnir fulltrúar á og þeirri viðureign verður að skapa viðunandi umgjörð sem felst einkum og sér í lagi í því að tryggja réttindi minni hlutans, tryggja málfrelsi hans og rétt til þess að vera ávallt á varðbergi og koma sjónarmiðum sínum ávallt að.

Því fer fjarri að það sé ræðutíminn einn sem skiptir hér máli heldur er hann hluti af stærri heildarmynd. Réttindi stjórnarandstöðunnar og ákvæði þingskapa sem tryggja eiga lýðræðisleg skoðanaskipti, umræður, vönduð vinnubrögð og vandaða lagasetningu Alþingis eru allt ein heild. Réttindi stjórnarandstöðunnar, þar á meðal möguleikar hennar til málflutnings, eru hluti af stærri heildarmynd og verða ekki frá henni skilin. Það er ekki markmið í sjálfu sér að halda langar ræður og þaðan af síður leiðinlegar eða innihaldsrýrar. Markmiðið er að tiltekið lágmarksjafnvægi sé alltaf til staðar á Alþingi Íslendinga, þar sem kjörnir fulltrúar allra helstu sjónarmiða í stjórnmálum landsins eiga sinn vettvang til að koma skoðunum sínum á framfæri. Þingsköp Alþingis geyma þar af leiðandi fjölmörg ákvæði sem öll miða að því sama: að tryggja vandaða umfjöllun um mál, að tryggja að þingnefndir geti sinnt rannsóknaskyldu sinni, að tryggja að öll sjónarmið fái að heyrast og tryggja að framkvæmdarvaldið geti ekki í krafti meiri hluta síns rúllað umdeildum eða viðamiklum málum í gegn fyrirvaralítið eða fyrirvaralaust. Það gefist tími, ráðrúm og aðstæður til þess að rannsaka mál og ræða og vekja um leið í gegnum hinn opna umræðuvettvang Alþingis, þar sem fundir fara fram í heyranda hljóði, athygli á því sem þar er á dagskrá.

Áður fyrr starfaði Alþingi í tveimur málstofum, efri og neðri deild, og öll lagafrumvörp önnur en fjárlög, fóru hið minnsta í gegnum sex umræður, tvisvar sinnum þrjár umræður í tveimur þingdeildum. Árið 1991 var Alþingi sameinað í eina málstofu, sem að mörgu leyti var framfaraspor hvað varðaði skilvirkni og línulagaðri vinnubrögð á Alþingi. Um leið lagði það mikla ábyrgð og skyldur á herðar þeim sem þar réðu ferð að tryggja að þetta yrði ekki til þess að vinnubrögð versnuðu, að skoðun mála yrði grynnri og einfaldari og hættan á mistökum ykist. Við þingskapalagabreytinguna á sínum tíma voru miklir svardagar uppi um það

að í stað tveggja deilda sem skoðuðu lagafrumvörp kæmi vandaðri, dýpri og yfirvegaðri umfjöllun í sameinuðu þingi eða einni málstofu. Deila má um hversu vel þessi fyrirheit eða loforð hafi verið haldin.

Alþingi Íslendinga stendur veikt að vígi gagnvart framkvæmdarvaldinu.

Því miður verður ekki fram hjá því horft að eins og þingræði, lýðræði og stjórnmálahefðir hafa þróast hér á Íslandi hefur staða Alþingis veikst gagnvart framkvæmdarvaldinu. Því ráða ýmsir þættir en ekki síst þeir að setið hafa að völdum sterkar meirihlutastjórnir með stjórnlynda valdamenn sem hafa endurtekið sýnt í verki vilja sinn og löngun til að hafa Alþingi undir í glímunni milli framkvæmdarvalds og löggjafarvalds. Allt of mikið hefur borið á tilhneigingum til að breyta Alþingi í raðafgreiðslu- eða færibandastofnun fyrir pólitískar ákvarðanir og málatilbúnað ríkisstjórna, þ.e. framkvæmdarvaldsins. Gegn þessu standa þingsköpin og þau réttindi sem einkum minni hluta, stjórnarandstöðu eða þingmönnum sem eru ósammála framkvæmdarvaldinu á hverjum tíma, eru þar búin. Þau eru fólgin í frestum milli umræðna, að tiltekinn dagafjöldi eða sólarhringafjöldi verði að líða frá því að þingmál kemur fram þangað til það kemur til fyrstu umræðu, milli annarrar umræðu og þriðju umræðu og frá því að þingskjöl berast úr nefndum og þangað til umræða hefst. Frá þessu er unnt að veita afbrigði og til þess þarf tveggja þriðju meiri hluta á þingi. Þá er einnig ætlast til að þingnefndir fái viðunandi tíma til að sinna rannsóknarskyldu sinni og að mál séu til umsagnar úti í þjóðfélaginu hjá hinum ýmsu aðilum er það varða í sæmilega rúman tíma. Á þessu verður hins vegar oft mikill misbrestur þegar mál koma seint fram og/eða ríkisstjórn leggur ofurkapp á að fá hluti afgreidda fyrir jól eða þingslit að vori. Þá ákveður stjórnarmeirihlutinn iðulega að sleppa umsagnarferli og skerða umfjöllun þingnefnda jafnvel niður í nokkra klukkutíma. Ekkert nema ótvíræður og lögvarinn réttur til ítarlegri umfjöllunar dugar þegar á reynir.

Nú eru uppi þær afbrigðilegu aðstæður á Alþingi Íslendinga, sem höfundar þingskapalaga á umliðnum árum hafa efalaust ekki séð fyrir að ríkisstjórn styðst við svo stóran meiri hluta að hún getur í krafti hans veitt sjálfri sér afbrigði án stuðnings frá stjórnarandstöðunni. Þennan rétt nýtti núverandi ríkisstjórn strax á vordögum gegn háværum mótmælum stjórnarandstöðunnar og tók á dagskrá með afbrigðum, sem hún með meiri hluta sínum veitti sér sjálf, frumvarp um umdeildar breytingar á Stjórnarráðinu. Sporin hræða þar af leiðandi þegar á þessu kjörtímabili.

Staðan í öðrum þjóðþingum.

Víða í nágrannalöndunum er þessum hlutum skipað með verulega öðrum hætti. Því er gjarnan hampað, sérstaklega af aðstandendum núverandi þingskapalagafrumvarps, sem á að skerða ræðutíma þingmanna og takmarka réttindi stjórnarandstöðu að því leyti að í þingunum í kringum okkur sé yfirleitt ekki um að ræða ótakmarkaðan ræðutíma. Því er til að svara að Alþingi Íslendinga er að þessu leyti lítt sambærilegt við nálæg þjóðþing. Það er í fyrsta lagi miklum mun fámennara: hér sitja 63 þingmenn, rúmlega 50 þegar ráðherrar eru frátaldir, en í nágrannalöndunum eru fámennustu þingin með tæplega 170 og allt upp í 350 þingmenn. Í nágrannaþingunum er undirbúningsferli þingmála yfirleitt mun lengra, opnara og ítarlegra, auk þess sem þingnefndir eru miklu mikilvægari vettvangur pólitískra umræðna og stefnumótunar. Þar fara fram umræður þar sem fjöldi nefndarmanna slagar upp í að vera hálfur fjöldi þingmanna á Alþingi á opnum fundum og þar fer stór hluti hins pólitíska málflutnings og rökræðna fram.

Þar fyrir utan er langur vegur frá því að úrræði stjórnarandstöðu á þjóðþingum annarra norrænna ríkja séu jafntakmörkuð og ætla mætti af hinum hráa samanburði á ræðutíma. Finnska stjórnarskráin geymir ákvæði sem tryggir hverjum einasta þingmanni á finnska Ríkisþinginu, 200 talsins, rétt til að tjá sig á öllum stigum við umræður og afgreiðslu mála. Þetta endurspeglast í finnskri löggjöf og starfsháttum á finnska þinginu þannig að alltaf er farið afar varlega í að takmarka tjáningarfrelsi þingmanna þar sem það er í raun verndað af stjórnarskránni. Með mismunandi aðferðum er í öllum þjóðþingum unnt, ýmist í krafti fjölda þingmanna, réttar þeirra til að tjá sig, gegnum viðurkennd verkferli í nefndarstarfi og við rannsókn mála eða öðrum hætti, hægt að hægja á framvindu mála og tryggja að þau fái langa og ítarlega umfjöllun ef þurfa þykir. Þetta breytir að sjálfsögðu engu um að almennt fara umræður fram í góðu samkomulagi, þar sem ræðutíma er skipt með málefnalegum hætti milli þingflokka og milli andstæðra sjónarmiða í málum.

Þegar samanburður er gerður á stöðu Alþingis og annarra þinga verður einnig að hafa í huga að víðast hvar eru réttindi stjórnarandstöðu til áhrifa mun betur tryggð en hér. Þannig er á þjóðþingum annars staðar á Norðurlöndunum ekki óalgengt að forseti þingsins komi úr röðum stjórnarandstæðinga, t.d. frá stærsta stjórnarandstöðuflokknum. Forysta í þingnefndum dreifist á bæði meiri hluta og minni hluta og almennt er þar gengið út frá þinginu sem slíku sem sjálfstæðri stofnun og óháðri framkvæmdarvaldinu og óháðri meiri hluta og minni hluta á hverjum tíma. Við val í trúnaðarstöður er litið til reynslu og hæfni en ekki bara þess hvort menn tilheyra meiri hluta eða minni hluta. Á Alþingi Íslendinga hefur því miður í vaxandi mæli á undanförnum árum fyrst og fremst verið horft til þess eins hvort menn tilheyri meiri hlutanum eða minni hlutanum. Þaulreyndir stjórnmálamenn með langan og farsælan feril að baki, sem formenn þingflokka eða sem ráðherrar í ríkisstjórnum, sitja sem fulltrúar minni hluta undir stjórn óreyndra nýliða í þingnefndum eða í alþjóðanefndum þingsins og þessi þróun hefur ágerst á síðustu árum. Svo rík er þessi tilhneiging orðin að ekki svo mikið sem einn einasti varaformannspóstur kom í hlut stjórnarandstöðunnar við kosningar í nefndir og ráð sl. vor.

Þegar breytingar voru gerðar á þingsköpum árið 1991 átti að brjóta í blað. Starfsaðstæður þingmanna voru bættar almennt og reynt var að skapa meira jafnvægi milli meiri hluta og minni hluta, ekki síst með því að fulltrúar minnihlutaþingflokka á Alþingi færu með formennsku í þingnefndum, u.þ.b. í samræmi við hlutfallslegan styrk sinn á Alþingi. Þetta fyrirkomulag gafst ágætlega og forystumenn stjórnarandstöðu veittu mikilvægum þingnefndum forystu á kjörtímabilinu 1991–1995 og aftur 1995–1999. Nægir að nefna í því sambandi að Halldór Ásgrímsson var formaður efnahags- og viðskiptanefndar á fyrra kjörtímabilinu, Kristín Ástgeirsdóttir formaður félagsmálanefndar og Steingrímur J. Sigfússon formaður sjávarútvegsnefndar lengstan hluta af hinu síðara.

Því miður hefur orðið mikið bakslag í þessari þróun að undanförnu. Í raun hefur Alþingi horfið til baka tvo til þrjá áratugi aftur í tímann, aukið valdboð meiri hlutans svífur nú yfir vötnunum og framkvæmdarvaldið virðist í vaxandi mæli líta á Alþingi sem hreina afgreiðslustofnun fyrir frumvörp sín. Aðstöðumunurinn hefur farið vaxandi, ráðuneytin stækkað og styrkst að mannafla, ráðherrar taka nú tvo, þrjá, fjóra pólitísktráðna flokksmenn með sér inn í ráðuneytin, ráðgjafa, blaðafulltrúa og verkefnisstjóra til viðbótar hinum lögbundnu aðstoðarmönnum. Stjórnarandstaðan hefur setið eftir með tvær hendur tómar, án nokkurra möguleika til að undirbúa mál og vinna til jafns við meiri hlutann og ríkisstjórn. Þetta hefur leitt til þess að það heyrir næstum sögunni til að viðamikil frumvörp séu samin á vettvangi stjórnarandstöðunnar eða yfirleitt annars staðar í þjóðfélaginu en í ráðuneytunum undir

handarjaðri pólitískra ráðherra. Við allt þetta bætist að frumvörp koma iðulega seint fram frá ríkisstjórn, illa undirbúin og þegar líður að vori. En engu að síður er ásetningur og ætlun framkvæmdarvaldsins að keyra þau í gegn. Þessu hefur Alþingi þurft að sæta og þetta plagar hér öll skipulögð og öguð vinnubrögð. Þetta hefur auðvitað torveldað alla viðleitni til að gera Alþingi að skipulagðari og fjölskylduvænni vinnustað, þar sem almennt mætti reikna með reglulegum og fyrirsjáanlegum vinnutíma og dagskrá. Þar er ekki við stjórnarandstöðuna að sakast, allra síst þá sem nú situr og er óvenju fáliðuð.

Núverandi frumvarp.

Þegar forseti Alþingis boðaði í ræðum sl. vor að hann hygði á breytingar á þingsköpum og endurskipulagningu þingstarfa var því almennt tekið vel, þar á meðal og ekki síst af Vinstri hreyfingunni – grænu framboði. Við höfum haft og höfum margvíslegar hugmyndir um hvernig betrumbæta megi vinnubrögð á Alþingi, endurskipuleggja þinghaldið og vanda betur til lagasetningar og almennra vinnubragða hér á þingi. Margar af þeim hugmyndum höfum við sett fram og sumar þeirra hafa ratað í einhverjum mæli í frumvarp forseta og formanna fjögurra þingflokka. En þegar ljóst varð að forseti Alþingis vildi binda umbætur á starfsaðstæðum þingmanna og stjórnarandstöðunnar órjúfandi böndum við að ræðutími og málfrelsi yrðu skorin niður við trog og í raun endanlega takmarkað við tiltekin tímamörk, skyldu leiðir. Vinstri hreyfingin – grænt framboð er ekki til umræðu um að afsala þessu vopni úr vopnabúri stjórnarandstöðunnar og þar með er Alþingi sjálft í heild óvenju veikt gagnvart framkvæmdarvaldinu við núverandi aðstæður nema annað komi í staðinn. *Á meðan forseti, sem hefur mikið geðþóttavald um að ákveða dagskrá þingsins og alla tilhögun á vinnu hér, kemur úr röðum meiri hlutans; á meðan allir formenn og allir varaformenn nefnda koma úr röðum meiri hlutans; á meðan meiri hluti er svo stór að hann getur veitt sjálfum sér afbrigði og þannig stóraukið hraðann á afgreiðslu mála í andstöðu við minni hlutann; á meðan ráðherrar eiga að fá meiri tíma til umræðna heldur en þingmenn; á meðan óbreytt viðhorf virðast ríkja hjá framkvæmdarvaldinu um „afgreiðsluhlutverk“ Alþingis á málum framkvæmdarvaldsins erum við ekki tilbúin til að láta endanlega frá þingmönnum og í eitt skipti fyrir öll, með óafturkræfri ákvörðun, það vopn úr forðabúri minni hlutans sem helst bítur þegar í harðbakkann slær*. Þetta vopn er möguleikinn til að hægja á afgreiðslu umdeildra deilumála í krafti málfrelsis okkar, rétturinn til að koma ítarlegri röksemdafærslu að í stórum og flóknum málum, rétturinn til að koma því til skila út í þjóðfélagið með hörðum umræðum í heyranda hljóði á Alþingi að átök séu um tiltekinn málabúnað. Málfrelsisvopnið erum við Vinstri græn ekki tilbúin til að selja endanlega frá þingmönnum. Það er ekki vegna þess að markmiðið í sjálfu sér sé að halda langar ræður á Alþingi, heldur vegna þess að þetta tæki, þessi réttur, er hluti af stærri heild sem hefur áhrif á valdajafnvægi milli stjórnar og stjórnarandstöðu, milli löggjafarvalds og framkvæmdarvalds sem er fyrir allt of bjagað, stjórnarandstöðunni og þar með þinginu í óhag gagnvart framkvæmdarvaldinu.

Núverandi frumvarp er að okkar mati vanhugsað og tekur ekki mið af því sem eru augljóslega borðleggjandi aðstæður í þróun starfshátta Alþingis. Alþingi Íslendinga er gömul stofnun sem er byggð á sterkum hefðum og ein af þeim er ótakmarkað málfrelsi þingmanna sem nánast án undantekninga hefur verið virt í gegnum þingsöguna, þrátt fyrir heimildir í þingsköpum til takmarkana. Því verður seint trúað að núverandi ríkisstjórn, sem byggir á óvenjusterkum meiri hluta, sé svo hrædd við hina fáliðuðu stjórnarandstöðu að einmitt núna þurfi að skerða málfrelsi hennar og veikja vígstöðu hennar gagnvart framkvæmdarvaldinu.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð bauð fyrir sitt leyti upp á breytingar sem hefðu falið í sér umtalsverða afmörkun ræðutímans, þar á meðal að almennt mundi gilda við þriðju umræðu sams konar takmarkanir og við fyrstu umræðu. Við aðra umræðu, sem er aðalefnisumræða um frumvörp, vildum við að giltu að sönnu nokkuð rýmri ræðumörk, auk þess sem til staðar væri sjálfstæður og óskilyrtur réttur þingflokka til þess að slík umræða færi fram án tímatakmarkana, ef mikið lægi við. Enn fremur höfum við talið að sjálfgefið sé að umræður um fjárlagafrumvarp, frumvörp til breytinga á stjórnskipunarlögum og jafnvel nokkur önnur mikilsverðustu mál á hverju þingi, eins og skýrslu utanríkisráðherra um utanríkismál, færu fram án tímatakmarkana. Slíkar takmarkanir eða slíkan ramma um ræðuhöld samhliða skynsamlegri skipulagningu á þingfundartíma, lengdum og lotuskiptum starfstíma Alþingis, höfum við talið að sé auðvelt að þróa þannig að til framfara horfi fyrir þingið. Samhliða stórbættum aðbúnaði og umgjörð um störf þingmanna, auknum stuðningi og aukinni upplýsingagjöf, rannsóknardeildum, hagdeild sem styddi við baki á fjárlaganefnd, efnahags- og skattanefnd og fleiri þingnefndum sem fjalla um skyld mál, mannréttindadeild sem væri Alþingi sérstaklega til ráðuneytis í slíkum málum og öflugra starfi á bak við utanríkismálanefnd, svo nokkur dæmi séu tekin – allt mundi þetta flokkast sem ótvíræð framfaraskref, væri vilji fyrir slíku. Ef völdum væri betur dreift innan þingsins, þannig að stjórnarandstaðan ætti aukna hlutdeild í formennsku þingnefnda og helst sjálfan forseta þingsins, væri ólíku saman að jafna því sem nú er boðið upp á. Loks þarf að hækka þröskuld fyrir veitingu afbrigða frá þingsköpum þannig að minnst þrír fjórðu hlutar þingmanna þurfi að samþykkja slíkt.

Því miður er það niðurstaða Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og þingflokks hennar að með óbreyttu frumvarpi forseta og fylgismanna hans sé ekki verið að stíga framfaraskref, heldur þvert á móti. Aðrar og miklu nærtækari ráðstafanir séu heppilegri, vilji menn virkilega styrkja þingræðið og þingið og lýðræðislegan rétt og áhrifamátt þingmanna gagnvart framkvæmdarvaldinu. Það sem þarf er sterkara, sjálfstæðara og óháðara Alþingi sem veitir framkvæmdarvaldinu aukið aðhald en ekki færiband fyrir frumvörp ríkisstjórnarinnar sem gengið getur á tvöföldum hraða.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð tekur ábyrgð sína sem stærsti stjórnarandstöðuflokkurinn alvarlega og mun ekki bregðast þeirri skyldu sinni að standa vörð um málfrelsi og rétt þingmanna, sterka stöðu Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu og það mikilvæga hlutverk að Alþingi sé opinn vettvangur í heyranda hljóði til skoðanaskipta um þjóðmál, jafnt stór sem smá. Við munum gera okkar ítrasta til að tryggja að þegar stór og umdeild mál eiga í hlut sé öruggt að afgreiðsla þeirra fari aldrei fram með hraði og í skjóli myrkurs, heldur gefist nægilegur tími og ráðrúm til þess að rökræða þau, gagnrýna þau, deila á þau og að bergmál þeirra umræðna berist út í þjóðfélagið þannig að öllum megi ljóst vera hvað í vændum sé.

Niðurlag.

Störf þingsins undanfarin ár hafa þróast þannig að umræður hafa almennt verið að styttast og kvöldfundir, hvað þá næturfundir, heyra að mestu sögunni til. Þetta er með sárafáum undantekningum þar sem í hlut eiga stór, stök umdeild mál. Umræður fara nú oftast fram á dagfundum án nokkurra vandræða og stærstur hluti lagafrumvarpa og þingsályktunartillagna er ræddur og afgreiddur með umræðum sem taka frá hálfri og upp í eina til tvær klukkustundir. En eftir standa hin stóru átakamál samtímans hverju sinni. Og því má spyrja: Teldu menn að það hefði verið í þágu öflugra lýðræðis, góðra stjórnsýsluhátta og málfrelsis ef fyrirhuguð þingsköp hefðu gilt þegar ríkisstjórn Davíðs Oddssonar lagði fram sitt fræga og umdeilda fjölmiðlafrumvarp sem aldrei varð að veruleika? Var til of mikils mælst að aðild Ís-

lands að Evrópska efnahagssvæðinu væri rædd í þann tíma sem raun bar vitni? Var ekki nokkuð til vinnandi þegar menn gagnrýndu og andæfðu einkavæðingu Ríkisútvarpsins með þeim árangri m.a. að að lokum tókst að knýja fram að þrátt fyrir hlutafélagavæðingu skyldu bæði stjórnsýslulög og upplýsingalög ná til Ríkisútvarpsins ohf? Voru umræður um öryrkjadóminn eða byggingu Kárahnjúkavirkjunar ekki fullgildar og þó lengri hefðu verið í ljósi þess sem í hlut átti? Var það ekki þess virði að stjórnarandstaða þess tíma, Samfylking, Vinstri græn og Frjálslyndi flokkurinn, skyldi hafa þau réttindi sem þingsköpin geyma þegar tókst að koma í veg fyrir fyrirhugaða einkavæðingu á vatni og beina því máli í annan farveg og seinka gildistöku frumvarpsins aftur fyrir alþingiskosningar? Það hefur nú leitt til þess að málið er í heildarendurskoðun. Dæmin eru fjölmörg og menn skyldu hugsa sinn gang vel áður en þeir afgreiða það sem einfalt mál að réttindi stjórnarandstöðunnar að þessu leyti eigi að vera föl fyrir smávægilegar lagfæringar sem löngu átti að vera búið að grípa til á starfsaðstæðum þingmanna eða til þess að efna níu ára gömul loforð tengd síðustu kjördæmabreytingu. Bættar starfsaðstæður þingmanna eru auðvitað sjálfstætt mál og þær á að bæta óháð breytingu á lögum um þingsköp. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur frá upphafi mótmælt því að þessir hlutir séu spyrtir saman sem einhver verslunarvara. Skynsamlegast væri að fram færi heildarúttekt á störfum þingsins þar sem skipulega væri tekið á hverjum veikum hlekk og lagðar fram heildstæðar tillögur til úrbóta.

Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er jafnáhugasamur og fyrr um að endurskipuleggja starfshætti Alþingis, bæta og vanda mun meir til vinnubragða við lagasetningu, þróa Alþingi í átt til faglegri og fjölskylduvænni vinnustaðar og gera breytingar sem raunverulega styrkja þingið, þingræðið og lýðræðið í landinu. Þessum markmiðum nær hins vegar ekki óbreytt frumvarp forseta og þaðan af síður þau vinnubrögð að rjúfa hefð um samstöðu um slík mál og keyra þau áfram í ágreiningi við stærsta flokk stjórnarandstöðunnar. Breytingar á hvoru tveggju frumvarpinu og vinnubrögðum forseta eru því óhjákvæmilegar eigi farsæl niðurstaða að nást.

Fylgiskjal II.

Starfsaðstaða þingmanna, bætt vinnubrögð við lagasetningu og breytingar á þingsköpum: Hugmyndir að málamiðlun frá Atla Gíslasyni, fulltrúa Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í allsherjarnefnd.

Vinnutilhögun og verklag.

Samhliða vinnu allsherjarnefndar á næstunni við að skoða frumvarp til laga um breytingu á þingsköpum verði rætt hvernig koma megi í farveg vinnu við víðtækari aðgerðir sem miða að því að efla Alþingi og betrumbæta vinnubrögð við lagasetningu. Unnið verði markvisst að endurskipulagningu alls starfsumhverfis þingmanna innan þings sem utan. Liður í þeirri vinnu verði að gera úttekt á starfsemi Alþingis. Þá verði kortlagðar aðstæður og starfshættir þingmanna og kröfurnar sem til þeirra eru gerðar. Til að leiða þá vinnu verði stofnuð hugmyndasmiðja („*think tank*“) þingmanna úr öllum flokkum, helst góð blanda af nýliðum og reyndara fólki, ásamt fulltrúum frá yfirstjórn og Félagi starfsmanna Alþingis. Athugað verði að fá til liðs óháða sérfræðiráðgjöf, sambærilega þeirri sem Alþingi fékk sér til aðstoðar á níunda áratugnum þegar Alþingi breyttist í eina málstofu. Í allri þessari vinnu skuli hafa náið

samráð við starfsmenn þingsins og formlegar viðræður við starfsmenn um þessi efni verði hafnar sem fyrst, sbr. umsögn Félags starfsmanna Alþingis um málið.

1. Hugmyndir um eflingu Alþingis og bættar starfsaðstæður þingmanna, óháð þingskapalagabreytingum.

a. Nefndasvið Alþingis verði endurskipulagt og stóreflt og liður í því verði að bæta sérstaklega starfsaðstöðu stjórnarandstöðu. Undir nefndasvið heyri sérstakar deildir, svið eða skrifstofur sem komið verði á fót. Til að byrja með mætti hugsa sér að þar yrði **hagskrifstofa** (fjárlög og ríkisfjármál, skattar, viðskiptamál, efnahagsmál og hagstjórn o.fl.); í framhaldinu yrði komið á fót **laga- og félagsmálaskrifstofu** (stjórnarskrá og lagasetning, mannréttindamál, dóms- og sakamál, velferðarmál o.fl.); **alþjóðaskrifstofu** sem sinnti EES, WTO og öðrum alþjóðlegum skuldbindingum og væri utanríkismálanefnd og þinginu almennt til stuðnings; og **umhverfis- og atvinnuvegaskrifstofu** (umhverfisvernd og auðlindir, atvinnuvegir, nýsköpun og byggðamál o.fl.).
b. Í framhaldi af tilkomu aðstoðarmanna þingmanna landsbyggðarkjördæmanna verði í næsta skrefi hugað að einhverri sambærilegri aðstoð, að teknu tilliti til fjarlægða, landfræðilegra þátta og annara aðstæðna, fyrir þingmenn á Suðvesturhorninu, til að gæta jafnræðis og þannig að allir þingmenn fái sérgreinda aðstoð að einhverju marki.
c. Alþingi hlutist til um að beinar útsendingar verði í hljóðvarpi og eftir atvikum eins og mögulegt er í sjónvarpi frá öllum fundum Alþingis.
d. Upplýsingaþjónusta og bókasafn þingsins verði stóreflt og burðir þess til úrvinnslu upplýsinga og framreiðslu fyrir þingmenn auknir. Sömuleiðis verði kynningarstarf Alþingis gagnvart almenningi og starf Alþingis út á við stóreflt og leitað leiða til að opna almenningi, skólum og öðrum sambærilegum aðilum enn ríkari aðgang að þinginu, t.d. með því að Alþingi komi á fót gestastofu eða upplýsingamiðstöð þar sem auðveldara sé að miðla upplýsingum um Alþingi, taka á móti gestum, kynna þeim þingstörfin og leita leiða til að tengja þjóð og þing saman.

2. Þingsköp Alþingis.

a. Skoðað verði með hvaða hætti er hægt að deila valdi forseta og tryggja stöðu einstakra þingflokka og minni hluta hvers tíma gagnvart forseta í þeim tilvikum þegar forseti kemur ekki úr röðum minni hlutans (nema samkomulag takist um þá skipan mála sem að sjálfsögðu gjörbreytir stöðunni).
b. Komi aðalforseti ekki úr röðum minni hluta skal fyrsti varaforseti jafnan gera það. Hann skal hafa sérstaka stöðu innan forsætisnefndar og vera með í ráðum með aðalforseta þegar dagskrá er ákveðin og gengið frá slíkum málum sem í dag eru alfarið hjá forseta einum.
c. Tekið verði inn í þingsköp ákvæði um almennan rétt þingmanna til gagna og upplýsinga úr opinberri stjórnsýslu og um opinber málefni. Þessi réttur sé eftir atvikum ríkari en upplýsingalög veita almenningi þegar um opinber málefni og viðfangsefni opinberra stofnana, fyrirtækja í eigu ríkisins og slíkra aðila er að ræða.
d. Í starfsáætlun Alþingis, og með hliðsjón af lengdum starfstíma, komi ákvæði um þingflokksfundadaga eða vinnudaga þingflokka (sem verði viðbót við nefndadaga og kjördæmavikur, til þess hugsaðir að þingflokkar geti reglulega, t.d. hið minnsta einu sinni í mánuði, skipulagt lengri vinnufundi, ráðstefnur eða ferðir; þannig mætti hugsa sér að

fyrsti mánudagur í hverjum heilum mánuði sem þing situr sé frátekinn fyrir slíka vinnudaga þingflokka).

e. Inn í þingsköpin komi orðalag þar sem sú hugsun er fest í sessi að við kjör í nefndir og ráð innan þings skuli leitast við að ná samkomulagi um viðeigandi jafnvægi milli þingflokka og milli meiri hluta og minni hluta á hverjum tíma.

f. Þröskuldur til að veita afbrigði frá þingsköpum (ákvæði 79. gr.) verði ¾ í stað ⅔ eins og nú er.

g. ***Reglur um ræðutíma:*** Ræðutími verði óbreyttur frá gildandi þingsköpum við 1. umræðu, þ.e. **20** mínútur og **10** mínútur. Í 2. umræðu verði ræðutími **40** mínútur, **20** mínútur og **10** mínútur í ræðum eftir það. Í 3. umræðu verði ræðutími **15** mínútur, **5** mínútur og **5** mínútur í ræðum eftir það (óbreytt frá frumvarpi). Gengið er út frá því að ráðherra og þingmenn hafi jafnmikinn tíma fyrir hverja ræðu, enda er óeðlilegt að ráðherrar séu settir skör hærra en þingmenn hvað ræðutíma varðar. Hver þingflokkur getur fjórum sinnum á vetri óskað eftir tvöföldun á ræðutíma og má nýta þann rétt hvort heldur sem er við 1. eða 2. umræðu. Einu sinni á vetri getur hver þingflokkur óskað eftir að 2. umræða máls eða seinni umræða um viðamikla þingsályktunartillögu (gæti t.d. verið þingsályktunartillaga um að sækja um aðild að ESB) fari fram í tveimur umferðum án tímatakmarkana. Rétti sínum til að krefjast tvöföldunar eða ótímabundinnar umræðu getur þingflokkur þó aðeins beitt að áður hafi farið fram umleitanir við forseta um rýmri tímamörk fyrir viðkomandi umræðu, sbr. ákvæði 2. mgr. 12. gr. og a-liðar 15. gr. frumvarpsins sem fyrir liggur, og þær umleitanir ekki leitt til samkomulags. Við 2. umræðu fjárlaga skal sjálfkrafa gilda tvöfaldur hinn almenni ræðutími, auk þess sem tekin verði inn ákvæði sem auðvelda að lotuskipta eða efnisskipta aðalumræðu um fjárlagafrumvarp. Komi frumvarp til stjórnskipunarlaga til 2. umræðu skal og gilda tvöfaldur ræðutími. Við seinni umræðu meiri háttar þingsályktunartillagna, svo sem tillögu um samgönguáætlun, náttúruverndaráætlun og aðrar meiri háttar langtímaáætlanir eða framkvæmdaáætlanir skal gilda tvöfaldur ræðutími svo og í umræðum um aðalskýrslu utanríkisráðherra til Alþingis á hverju ári.

h. Í því tilviki að til greina komi að forseti hyggist nýta rétt sinn, sbr. síðari málsgrein b-liðar 1. gr. frumvarpsins, til að framlengja fundi lengur en til kl. átta að kvöldi, skal forseti gera viðvart um að slíkt kunni að vera í vændum í síðasta lagi fyrir kl. 15.00 á viðkomandi degi. Verður tillaga um lengri fundartíma eigi upp borin nema slík aðvörun hafi verið gefin (ákvæði um að forseti geti borið slíka tillögu upp fyrirvaralaust falli þar með á brott).

i. Síðari málsliður a-liðar 15. gr. falli brott. (Ákvæði um að forseti, við lengda útgáfu, skuli skipta ræðutíma að hálfu jafnt á flokka, að hálfu með hliðsjón af stærð þingflokka, falli brott. Um það segi einfaldlega ekkert í þingskapalögum sem að sjálfsögðu útilokar ekki þann möguleika að skipta ræðutíma eitthvað misjafnt ef samkomulag tekst um slíkt. Þetta atriði eins og fleiri mætti hugsa sér að feta sig áfram með og þróa eða gera tilraunir með).

Fylgiskjal III.

Umsögn Félags starfsmanna Alþingis.
(10. desember 2007.)

Þann 6. desember vísaði Alþingi frumvarpi til laga um breytingu á lögum um þingsköp Alþingis, 293. mál, til allsherjarnefndar. Málið var ekki sent út til umsagnar en Félag stafsmanna Alþingis vill með bréfi þessu senda allsherjarnefnd umsögn sína um málið enda varðar það hagsmuni félagsmanna.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að það sé afrakstur starfs þar sem unnið var „..að því að móta ný vinnubrögð þingsins þannig að þau séu meira í samræmi við tíðaranda og tæknibreytingar síðustu ára". Jafnframt kemur fram að meginmarkmið frumvarpsins séu:

1. Að lengja reglulegan starfstíma Alþingis
2. Að efla eftirlitshlutverk þingsins
3. Að draga úr kvöld- og næturfundum
4. Að ráðherrar komi oftar á fundi þingnefnda
5. Að gera umræður markvissari og styttri en verið hefur með nýjum reglum um ræðutíma

FSA gerir ekki athugasemdir við meginmarkmiðin sem slík. Hins vegar hefðu þau þurft að vera mælanlegri þannig að hægt væri meta á hlutlægan hátt hvort þau náist.

Hagsmunir starfsmanna Alþingis liggja í því að vinnutími þeirra verði mannsæmandi og fjölskylduvænni. FSA hefur einkum áhyggjur af 1. og 5. grein frumvarpsins. Vissulega má segja að það að lengja starfstímann og dreifa þannig álaginu yfir lengri tíma og draga úr kvöld- og næturfundum stuðli að betri og fjölskylduvænni vinnutíma. Í frumvarpinu er hins vegar engin trygging fyrir því að svo verði.

September önn

Í 1. grein frumvarpsins er kveðið á um að starfsáætlun skiptist í fjórar annir. Þingið standi út maí og komi aftur saman í september. Rétt er að benda á tvennt í þessu samhengi. Annars vegar hefst undirbúningur fyrir haustþing þegar í september og hins vegar er sumarorlofstímabil samkvæmt kjarasamningi FSA og forseta Alþingis frá 1. maí til 15. september. Sé það vilji Alþingis að klára mál í september verður það því að sætta sig við að hætta sé á að undirbúningur nýrra mála frá ráðherrum og þingmönnum fari seinna af stað en verið hefur undanfarin ár og þeim verði útbýtt seinna á nýju þingi en ella. Að auki vekur FSA athygli á að ef þing stendur út maímánuð verður almennt ekki búið að ganga frá lögum í prentun fyrr en um miðjan júní. Ef þingstörf hefjast að fullu í byrjun september þurfa margir starfsmenn að vera komnir til vinnu í byrjun ágúst, sömu starfsmenn og eru að ganga frá lögum fram í miðjan júní. Þetta getur haft í för með sér að aðeins 6 vikna tímabil skapist til að koma þessum starfsmönnum í 4-6 vikna sumarorlof.

Lengd þingfunda

Í 1. grein er jafnframt kveðið á um hversu lengi reglulegir þingfundir geti staðið. Reglan verður sú að þingfundir standi fram til kl. 19, en þó verði hægt að ljúka ræðu og andsvörum fram til kl. 20 ef slíkt hentar. Er þetta til mikilla bóta frá því sem nú er ef þetta verður almenna reglan. Í greininni er þó gefin möguleiki á fráviki. Ályktunarbær þingfundur getur samþykkt að halda áfram umræðu eftir kl. 20 og forseti reyndar sjálfur ákveðið að þingfundur standi til miðnættis á þriðjudagskvöldum. Í báðum tilfellum virðist ekki þurfa nokkurn fyrirvara á lengingu þingfunda með þessum hætti. Þetta þýðir í reynd að starfsmenn geti ekki gengið að því sem vísu í upphafi dags að þingfundir verði búnir eigi síðar en kl. 20. Versti ókosturinn við núverandi fyrirkomulag er einmitt að starfsmenn vita ekki í upphafi vinnudags hve lengi þingfundur muni standa og gerir það starfsfólki erfitt fyrir við að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð. FSA telur rétt að vekja athygli á að almennt er gerð krafa um að þjónusta á nær öllum sviðum sé til staðar frá kl. 8 á morgnana. Það að skipuleggja vinnu fram til kl. 19 sem almenna reglu þýðir í reynd að verið er að teygja vinnudaga fram um a.m.k. tvær klst. Spurningin er sú hvort ekki væri rétt að hefja þingfundi fyrr og miða almennt við að þingfundi lyki kl. 17 dag hvern. Það kallar að sjálfsögðu á styrkari stjórn þingfunda og ögun á ræðutíma. Ef það væri unnt mætti betur gera mögulegt að uppfylla fjölskyldustefnu Alþingis, draga úr vinnutíma, auka starfsánægju og úthald í starfi og draga úr kostnaði við rekstur þingsins.

Nefnd fjalli um mál að nýju

Í 5. grein er kveðið á um að þingmaður eða ráðherra geti óskað þess að mál gangi aftur til nefndar milli 2. og 3. umræðu. Með því gefst nefnd tækifæri til að fara yfir frumvarpstextann eins og hann lítur út með samþykktum breytingum. Um er að ræða svonefnt *stöðuskjal* (frv. eftir 2. umr.). Hér vill FSA koma því á framfæri að í stórum málum með flóknum breytingatillögum þarf viðkomandi nefnd að gefa starfsmönnum Alþingis þann tíma sem þörf er á við að undirbúa stöðuskjalið. Þessi málsmeðferð leiðir til vandaðri lagasetningar og er þannig til bóta en Alþingi þarf að átta sig á að þetta ferli mun taka meiri tíma og gefa þarf starfsfólki eðlilegt svigrúm til að ganga frá málunum.

Bráðabirgðaákvæði

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að verði það að lögum skuli lögin endurskoðuð innan þriggja ára. FSA leggur mikla áherslu á að starfsmenn verði hafðir með ráðum við slíka endurskoðun og að frá upphafi verði sérstaklega fylgst með áhrifum þeirra á vinnutíma starfsmanna og vinnuskilyrði.

Pólitískir aðstoðarmenn

FSA hefur efasemdir um að sú útfærsla að pólitískir aðstoðarmenn þingmanna og formanna stjórnarandstöðuflokka verði starfsmenn skrifstofu Alþingis gangi upp, m.a. vegna ákvæða starfsmannalaga, siðareglna skrifstofu Alþingis, húsbóndavalds, kjarasamnings FSA o.fl. atriða. Betur færi að þeir væru starfsmenn þingflokkanna. Mun FSA beina sérstöku erindi til forseta Alþingis vegna þessa.

Virðingarfyllst

Ingvi Stígsson

Ingvi Stígsson
formaður FSA

Fylgiskjal IV.

Bókun Ögmundar Jónassonar á fundi allsherjarnefndar.
(12. desember 2007.)

Ég mótmæli harðlega f.h. þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að frumvarp um þingskapalög sé tekið út úr allsherjarnefnd á þessu stigi og ítreka vilja þingflokksins til að leita samkomulags í málinu. Vísa ég til hugmynda sem lagðar hafa verið fram í allsherjarnefnd þar að lútandi. Þær hugmyndir voru settar fram til málamiðlunar og var ítrekað á þessum fundi að þær væru ekki úrslitakostir og væri þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs reiðubúinn að ræða allar leiðir sem leitt gætu til samkomulags, þ.m.t. frekari breytingar á ræðutíma og öðrum þáttum sem lúta að vinnulagi í þinginu. Markmiðin hljóti að vera að gera þinghaldið markvissara og lagasetningu vandaðri, en gæta jafnframt að því að skerða ekki möguleika stjórnarandstöðu til að rækja stjórnarskrárbundnar skyldur sínar um að veita framkvæmdarvaldinu aðhald. Lögð var fram formleg tillaga á fundinum af hálfu þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um að fastmælum yrði bundið að leiða afgreiðslu málsins til lykta fyrir 8. febrúar nk. Ég lýsi furðu minni á því að tillögum um að ná sátt í þessu mikilvæga máli skuli hafnað og því afdráttarlaust neitað að ræða frekari útfærslur á frumvarpinu. Um þingsköp Alþingis þarf að ríkja víðtæk sátt og breytingar á lögunum á því aðeins að gera að stjórn og stjórnarandstaða geti sætt sig við þær.

525. Breytingartillögur [293. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, sbr. lög nr. 74/1992, 102/1993, 68/2007 og 102/2007.

Frá Atla Gíslasyni, Álfheiði Ingadóttur, Árna Þór Sigurðssyni, Jóni Bjarnasyni, Katrínu Jakobsdóttur, Kolbrúnu Halldórsdóttur, Steingrími J. Sigfússyni, Þuríði Backman og Ögmundi Jónassyni.

1. Við bætist ný grein er verði 1. gr., svohljóðandi:
   Við 3. mgr. 3. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Komi forseti úr þingflokki sem stendur að stjórnarmeirihluta skal 1. varaforseti ætíð koma af þeim lista er ekki tilheyrir stjórnarmeirihluta og flest atkvæði fær. Að öðru leyti gildi ákvæði 68. gr. um kosninguna.
2. Við 1. gr. (er verði 2. gr.). 4. og 5. málsl. 3. efnismgr. b-liðar orðist svo: Tillögu um lengri fundartíma getur forseti borið upp án fyrirvara, enda hafi hann gert þingmönnum viðvart um að slíkrar tillögu megi vænta í síðasta lagi fyrir kl. 3 síðdegis á fundardegi. Án viðvörunar um að vænta megi lengri fundartíma verður tillaga um slíkt eigi upp borin.
3. Á eftir 1. gr. (er verði 2. gr.) komi ný grein, svohljóðandi:
   Við 2. mgr. 14. gr. laganna bætast þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Við kosningu formanna og varaformanna fastanefnda skal leitast við að tryggja öllum þingflokkum

og bæði stjórnarmeirihluta og minni hluta sanngjarnan hlut í forustustörfum miðað við hlutfallslegan þingstyrk þeirra. Skulu forseti og formenn þingflokka vinna að samkomulagi um slíkt áður en kosningar fara fram. Sama gildir um kosningu formanna og varaformanna alþjóðanefnda skv. 35. gr.

4. Við 10. gr. (er verði 12. gr.). Við bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

   Þingmenn geta jafnan starfa sinna vegna sent fyrirspurnir almenns eðlis, óskað gagna eða upplýsinga úr opinberri stjórnsýslu og um opinber málefni. Skulu þá ráðuneyti, opinberar stofnanir og fyrirtæki og aðrir aðilar sem fara með opinbert hlutverk greiða úr óskum þeirra eftir föngum.

5. Við 12. gr. (er verði 14. gr.).
   a. Við 1. efnismgr. bætist tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Við 2. umræðu fjárlaga skal þó sjálfkrafa gilda hið minnsta tvöfaldur hinn almenni ræðutími. Forseti getur leitað samkomulags um að skipuleggja umræðuna í nokkrum meginefnislotum til að auðvelda skoðanaskipti þingmanna og ráðherra viðkomandi málaflokka.
   b. 3. efnismgr. orðist svo:

      Ef fyrir liggur rökstudd beiðni þingflokks skal við 1. eða 2. umræðu um lagafrumvörp og við síðari umræðu um þingsályktunartillögu gilda tvöfaldur sá ræðutími er tilgreindur er í 80. gr. Hver þingflokkur hefur rétt til að bera slíka ósk fram fjórum sinnum á hverju þingi. Einu sinni á hverju þingi á hver þingflokkur rétt á að óska þess að 2. umræða um lagafrumvarp eða síðari umræða um þingsályktunartillögu fari fram í tveimur ótímabundnum umræðum. Beiðni af þessum toga skal borin upp áður en umræða hefst.

6. Við 15. gr. (er verði 17. gr.). Síðari efnismálsliður a-liðar falli brott.
7. Á eftir 15. gr. (er verði 17. gr.) komi ný grein er verði 18. gr., svohljóðandi:

   Í stað orðanna „tveir þriðju“ í 79. gr. laganna kemur: þrír fjórðu.

8. Við 16. gr. (er verði 19. gr.). Reglur um ræðutíma orðist svo:

	1. sinn	**2. sinn**	**Oftar**
LAGAFRUMVÖRP			
1. umræða:			
Flutningsmaður (ráðherra eða þingmaður)	30 mín.	15 mín.	5 mín.
Ráðherra og aðrir þingmenn	20 mín.	10 mín.	5 mín.
2. umræða:			
Framsögumaður nefndarálits	60 mín.	30 mín.	5 mín.
Ráðherra og aðrir þingmenn	40 mín.	20 mín.	5 mín.
3. umræða:			
Framsögumaður nefndarálits	30 mín.	15 mín.	5 mín.
Ráðherra og aðrir þingmenn	15 mín.	5 mín.	5 mín.
ÞINGSÁLYKTUNARTILLÖGUR			
Fyrri umræða:			
Flutningsmaður (ráðherra eða þingmaður)	15 mín.	10 mín.	5 mín.
Ráðherra og aðrir þingmenn	10 mín.	5 mín.	5 mín.

	1. sinn	2. sinn	Oftar
Síðari umræða:			
Sama og við 2. umræðu lagafrumvarpa			
Ein umræða:			
Sama og við 2. umræðu lagafrumvarpa			
FYRIRSPURNIR			
Fyrirspyrjandi	3 mín.	2 mín.	
Ráðherra	5 mín.	2 mín.	
Aðrir þingmenn og ráðherrar (stutt athugasemd)	1 mín.		
ÓUNDIRBÚINN FYRIRSPURNATÍMI			
Fyrirspyrjandi og ráðherra	2 mín.	1 mín.	
SKÝRSLUR			
Framsögumaður (ráðherra eða þingmaður)	20 mín.	10 mín.	5 mín.
Talsmenn þingflokka	15 mín.	5 mín.	5 mín.
Ráðherra og aðrir þingmenn	10 mín.	5 mín.	
STÖRF ÞINGSINS			
Þingmenn og ráðherrar	2 mín.	2 mín.	
UMRÆÐUR UTAN DAGSKRÁR (HÁLFTÍMI)			
Málshefjandi	5 mín.	2 mín.	
Ráðherra (sem er til andsvara)	5 mín.	2 mín.	
Aðrir þingmenn og ráðherrar	2 mín.	2 mín.	
UMRÆÐUR UTAN DAGSKRÁR (HINAR LENGRI)			
Sama og við skýrslur			
ANDSVÖR (ALLT AÐ 15 MÍN.)			
Þingmenn og ráðherrar	2 mín.	2 mín.	
Ræðumaður	2 mín.	2 mín.	
ATHUGASEMDIR			
Að gera grein fyrir atkvæði sínu	1 mín.		
Fundarstjórn forseta, bera af sér sakir, athugasemd um atkvæðagreiðslu	2 mín.	1 mín.	

9. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   Í framhaldi af setningu laga þessara skal skipa starfshóp fulltrúa allra þingflokka sem ásamt fulltrúum frá yfirstjórn skrifstofu Alþingis og Félagi starfsmanna Alþingis stýri úttekt á starfsemi og starfsháttum Alþingis, starfsaðstöðu þingmanna jafnt sem starfsmanna og hlutverki og stöðu Alþingis í samfélagi nútímans. Tillögur sínar til úrbóta skal starfshópurinn leggja fyrir Alþingi í formi skýrslu fyrir árslok 2008.

526. Svar [186. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um aðstoð við fyrrverandi vistmenn upptökuheimila.

1. *Með hvaða hætti hefur sú aðstoð sem heitið var fyrrverandi vistmönnum, aðstandendum og starfsfólki Breiðavíkurheimilisins og annarra sambærilegra vistheimila verið veitt?*

Í kjölfar mikillar og opinskárrar umfjöllunar í fjölmiðlum í byrjun febrúar sl. um meint líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi sem fyrrverandi vistmenn Breiðavíkurheimilisins kváðust hafa orðið fyrir var ákveðið á ríkisstjórnarfundi 13. febrúar sl. að skipa þverfaglegt teymi á geðsviði Landspítalans til að meta þörf þeirra fyrir aðstoð. Teymið er skipað þremur sérfræðingum, þ.e. geðlækni og tveimur sálfræðingum, þar af öðrum utan geðsviðs Landspítala. Í framhaldi var geðsviði Landspítala falið að sjá um móttöku þeirra fyrrverandi vistmanna er leituðu eftir aðstoð og hefur miðstöð þjónustunnar verið þar. Í fyrstu var aðstoðin einungis bundin við fyrrverandi vistmenn Breiðavíkurheimilisins og stóð það tilboð til 31. mars sl. en um miðjan mars var aðstoðin framlengd til 31. maí og þá jafnframt boðin þeim er dvalið höfðu á öðrum vistheimilum eða stofnunum, sem reknar hafa verið af framlögum ríkis eða sveitarfélaga, og sem telja sig hafa þurft að þola ofbeldi af hálfu starfsmanna eða annarra vistmanna. Í tilkynningu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins þann 16. mars sl. var tekið fram að úrræði þetta væri tímabundið. Af hálfu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis náði þetta úrræði hvorki til aðstandenda fyrrverandi vistmanna né starfsmanna.

Teymið sem skipað var setti strax í upphafi fram verklagsreglur sem unnið hefur verið eftir. Ákveðið var að sjálf þjónustan færi fram utan spítalans hjá sálfræðingum er hefðu reynslu af meðferð sams konar mála. Reyndur starfsmaður á geðsviði var skipaður tengiliður milli þeirra sem leituðu aðstoðar og þeirra sem veittu hana og jafnframt til að hafa umsjón með þjónustunni. Þeim fyrrverandi vistmönnum sem virtust vera í þörf fyrir bráðaþjónustu var boðið að koma umsvifalaust á göngudeild geðsviðs, bráða- og ferlideild, við Hringbraut þar sem þeir fengu viðeigandi aðstoð.

Öllum fyrrverandi vistmönnum sem komu á göngudeild geðsviðs eða báðu um aðstoð símleiðis var boðið að koma til viðtals við reyndan sálfræðing á deildinni sem kannaði m.a. hvernig þeim leið og hversu mikið lægi á að þeir fengju aðstoð. Gert var einfalt áhættumat, m.a. með tilliti til sjálfsvígshættu. Í framhaldi var viðkomandi síðan boðið upp á meðferð hjá sálfræðingi á einkastofu með útskýringum um að sú meðferð væri viðkomandi að kostnaðarlausu. Þeir sem af einhverjum ástæðum treystu sér ekki til að koma til viðtals á geðdeildina var boðið upp á aðstoð hjá sálfræðingi á einkastofu þegar í stað, millilíðalaust. Boðið hefur verið upp á sálfræðimeðferð í allt að tíu skipti í byrjun fyrir hvern einstakling og að þeim loknum lagt mat á þörf fyrir frekari aðstoð í samráði við teymið.

2. Hversu margir hafa þegið aðstoð og hvaða heimilum hafa viðkomandi tengst?

Nú hafa 32 fyrrverandi vistmenn Breiðavíkurheimilisins fengið meðferð og hefur fjórðungur þeirra lokið meðferð eða telja sig ekki hafa þörf fyrir frekari meðferð. Auk þeirra hafa 12 fyrrverandi vistmenn annarra heimila fengið aðstoð og einn lokið meðferð. Þetta eru fyrrverandi vistmenn ýmissa vistheimila, svo sem upptökuheimilisins í Kópavogi (4) og Kumbaravogs (3), en rúmur helmingur (7) munu hafa verið vistaður á nokkrum heimilum en upplýsingar um hvort hinir fimm dvöldu á einu eða fleiri vistheimilum liggja ekki fyrir. Geðsvið Landspítala safnaði ekki upplýsingum sérstaklega um þetta efni enda hafði sviðinu ekki verið falið það verkefni heldur að tryggja viðkomandi viðeigandi meðferð. Því eru ekki tiltækar tæmandi upplýsingar um á hvaða vistheimilum þeir einstaklingar dvöldu sem leituðu eftir aðstoð á Landspítala. Mögulega hafa slíkar upplýsingar komið fram í meðferðarstarfi en þar er um trúnaðarupplýsingar að ræða.

Öllum fyrrverandi vistmönnum stofnana eða vistheimila, sem rekin hafa verið af opinberu fé, sem leitað hafa til geðsviðs Landspítala frá því um miðjan febrúar hefur því staðið til boða sálfræðiaðstoð. Geðsvið Landspítala hefur skipulagt þessa þjónustu en sálfræðimeðferðin sem veitt hefur verið utan stofnunarinnar er einstaklingunum að kostnaðarlausu. Gera má ráð fyrir að einhverjir þessara skjólstæðinga þurfi á langtímameðferð að halda, þ.e. reglulegum viðtölum í meira en ár, en erfitt er án ítarlegrar greiningar að gera sér grein fyrir hversu margir það eru á þessari stundu.

527. Svar [260. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Birkis J. Jónssonar um störf hjá ráðuneytinu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu mikið hefur störfum hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess fjölgað eða fækkað það sem af er þessu ári á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og utan þess hins vegar?*
2. *Hversu mikið er áætlað að störfum hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess fjölgi utan höfuðborgarsvæðisins á næsta ári?*

Heildarfjölgun starfa hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess á árinu er rúmlega 13 stöðugildi á höfuðborgarsvæðinu og rúmlega 29 stöðugildi utan höfuðborgarsvæðisins.

Gert er ráð fyrir að stöðugildum hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess fjölgi utan höfuðborgarsvæðisins um rúmlega 11 á næsta ári. Sú áætlun er háð fyrirvara um samþykkt fjárlaga og frumvarps til nýrra jafnréttislaga.

528. Svar [255. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Birkis J. Jónssonar um störf hjá ráðuneytinu.

1. *Hversu mikið hefur störfum hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess fjölgað eða fækkað það sem af er þessu ári á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og utan þess hins vegar?*

Fjöldi stöðugilda hjá stofnunum ráðuneytisins á höfuðborgarsvæðinu hefur nánast staðið í stað á árinu 2007. Þannig voru stöðugildi á stofnunum ráðuneytisins á höfuðborgarsvæðinu 4.973 í janúar en 4.971 í október.

Á landsbyggðinni hefur stöðugildum fjölgað lítillega milli janúar og október eða um 2%. Þannig var fjöldi stöðugilda á landsbyggðinni 1.928 í janúar en 1.960 í október.

2. *Hversu mikið er áætlað að störfum hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess fjölgi utan höfuðborgarsvæðisins á næsta ári?*

Ekki hafa verið teknar beinar ákvarðanir um fjölgun starfsmanna stofnana ráðuneytisins utan höfuðborgarsvæðisins á næsta ári en auknar fjárveitingar fela í mörgum tilfellum í sér fjölgun starfsmanna. Bæði á það við þegar rekstrargrunnur stofnana er styrktur eins og gert er hjá mörgum stofnunum ráðuneytisins og með fjárveitingum til ákveðinna viðfangsefna eins og hér fyrir neðan eru nefnd nokkur dæmi um:

Framlög til Sjúkrahússins á Akureyri hækka alls um 82 millj. kr. Meðal annars um 10 millj. kr. til reksturs nýrrar líknardeildar, 22 millj. kr. til uppbyggingar blóðbankaþjónustu á landsvísu og 10 millj. kr. til að mæta kostnaði við meðferð psoriasis- og exemsjúklinga.

Framlög eru aukin um 8 millj. kr. til að auka heima- og skólahjúkrun á starfssvæði Heilbrigðisstofnunarinnar Patreksfirði og um sömu fjárhæð til að auka heimahjúkrun hjá Heilbrigðisstofnuninni Ísafjarðarbæ.

Veittar eru 4,5 millj. kr. til Heilbrigðisstofnunar Austurlands og sömu fjárhæð til Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja til að bæta þjónustu við ungmenni með hegðunar- og geðraskanir með aukinni samvinnu þeirra sem veita grunnþjónustu.

Veittar eru 46 millj. kr. til Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja til að efla klíníska starfsemi þar.

Þá hefur verið ákveðið að veita 300 millj. kr. til að efla heimahjúkrun, m.a. á landsbyggðinni sem mun hafa í för með sér talsverða fjölgun starfa þar.

529. Framhaldsnefndarálit [130. mál]

um frv. til l. um breyt. á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Við umfjöllun málsins í nefndinni bárust henni umsagnir frá öðrum nefndum þingsins. Meiri hlutinn telur rétt að þær umsagnir komi fram í þingskjölum og birtast þær í fylgiskjölum við álit þetta.

Alþingi, 9. júlí 2008.

Birgir Ármannsson, form., frsm.	Guðbjartur Hannesson.	Ragnheiður E. Árnadóttir.
Ellert B. Schram.		Ólöf Nordal.

Fylgiskjal I.

Umsögn meiri hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar.

Vísað er til bréfs allsherjarnefndar frá 22. október sl. þar sem sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd er beðin um að veita umsögn um ofangreint þingmál.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Baldur Erlingsson frá landbúnaðarráðuneyti, Sigríði Norðmann frá sjávarútvegsráðuneyti, Svein Runólfsson og Andrés Arnalds frá Landgræðslu ríkisins, Þórð Ásgeirsson frá Fiskistofu, Gunnlaug Guðjónsson frá Skógrækt ríkisins, Aðalstein Sigurgeirsson frá Rannsóknarstöð Skógræktar ríkisins á Mógilsá og Jón Gíslason frá Landbúnaðarstofnun.

Nefndin fékk einnig til skoðunar umsagnir þeirra sem sendu inn umsagnir um málið til allsherjarnefndar auk viðbótargagna.

Í grundvallaratriðum varðar lögfesting frumvarpsins fjóra meginþætti sem snúa að málefnasviði sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar. Í fyrsta lagi verður matvælaeftirlit að frátöldu eftirliti heilbrigðisnefnda sveitarfélaga falið einni stofnun, Landbúnaðarstofnun, sem mun fá nýtt heiti. Í öðru lagi verða menntastofnanir sem áður heyrðu undir landbúnaðarráðuneyti færðar til menntamálaráðuneytis. Í þriðja lagi verða landgræðslumál flutt til umhverfisráðuneytis og í fjórða lagi verða skógræktarmálefni flutt til sama ráðuneytis.

Við athugun nefndarinnar kom í ljós að málefni Landgræðslu ríkisins og Skógræktar ríkisins hafa valdið stjórnendum þeirra stofnana áhyggjum vegna skiptingar málaflokka milli ráðuneyta. Þannig er gert ráð fyrir að fjármunir til verkefna eins og Bændur græða landið (BGL) sem hafa heyrt undir Landgræðslu ríkisins verða eftir í sjávarútvegs og landbúnaðarráðuneyti á meðan önnur starfsemi stofnunarinnar flyst undir umhverfisráðuneyti. Þá verður málefnum skógræktar skipt upp þannig að skógrækt falli undir umhverfisráðuneyti, landshlutabundin skógræktarverkefni, sbr. lög 95/2006 falli undir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti og gert er ráð fyrir að fjármunir til rannsókna í skógrækt falli undir bæði ráðuneyt-

in og að þau semji sameiginlega um rannsóknirnar. Þá var á það bent að skipting málaflokka milli ráðuneyta gerði stjórnsýslu erfiðari.

Meiri hlutinn telur skynsamlegt að fella matvælaeftirlit undir eitt ráðuneyti í stað þriggja áður en bendir á að enn eru mörg atriði óljós í tengslum við matvælalöggjöfina enda liggur fyrir að setja þarf ný heildarlög um eftirlit með matvælum á næstunni. Þá bendir meiri hlutinn á að finna þarf annað og betra heiti á þá stofnun sem fari með eftirlit með matvælum, dýraeftirlit, auk ýmiskonar rannsóknarstarfsemi. Jafnframt bendir meiri hlutinn á að við skipulag þeirrar stofnunar þarf að hafa í huga ýmis atriði sem lúta að skilvirkni og einfaldaðri stjórnsýslu.

Meiri hlutinn styður frumvarpið en beinir því til allsherjarnefndar að taka til athugunar þau atriði sem fram koma í umsögnum aðila og kanna hvernig unnt sé að einfalda stjórnsýslu þótt málaflokkum sé skipt milli ráðuneyta. Jafnframt bendir meiri hlutinn á að þar sem verkefnið Bændur græða landið er eitt af mikilvægustu verkefnum Landgræðslunnar sé ástæða til að efla þá starfsemi enn frekar eftir breytingarnar. Loks vekur meiri hlutinn athygli á því að stór hluti rannsóknarverkefna innan skógræktar þjónar landshlutabundnum skógræktarverkefnum sem slíkum og þarf að taka tillit til þess.

Alþingi, 16. nóv. 2007

Arnbjörg Sveinsdóttir, form.
Kjartan Ólafsson.
Helgi Hjörvar.
Jón Gunnarsson.
Karl V. Matthíasson.

Fylgiskjal II.

Umsögn 1. minni hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar.

Við myndun nýrrar ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar þann 23. maí sl. tóku formenn stjórnarflokkanna ákvörðun um að gera breytingar á Stjórnarráði Íslands. Samkvæmt greinargerð með frumvarpi því sem kveður á um breytingu á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands var haft að leiðarljósi að einfalda stjórnsýslu og skipa skyldum málaflokkum undir eina stjórn. Fyrsta skrefið var raunar stigið á vorþingi þegar landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneyti voru sameinuð í eitt ráðuneyti með lögum frá og með 1. janúar næstkomandi.

1. minni hluti sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar er þeirrar skoðunar að illa hafi tekist til við þessa breytingu. Hún er handahófskennd enda augljóst að raunverulegur tilgangur breytinganna var að skipta verkefnum á milli stjórnarflokkanna en ekki að einfalda stjórnsýslu. Með því að Sjálfstæðisflokkur fékk í sinn hlut bæði sjávarútvegsráðuneyti og landbúnaðarráðuneyti var gripið til þess ráðs að skipta upp iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, sem hafa verið samrekin um langt árabil, til þess að ráðherrar Samfylkingarinnar í ríkisstjórn gætu orðið jafn margir og ráðherrar Sjálfstæðisflokksins. Þar sem um lítil ráðuneyti er að ræða var leitað logandi ljósi að verkefnum í ýmsum ráðuneytum til að reyna að styrkja þessi tvö ráðuneyti og auk þess að færa verkefni frá málaflokkum sem að óbreyttu ættu að heyra undir

ráðuneyti sem Sjálfstæðisflokkurinn fer nú með til ráðuneyta sem Samfylkingin hefur tekið við, til þess að reyna að jafna leikinn.

Niðurstaðan varð það frumvarp sem hér um ræðir og er mikill óskapnaður.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd fær til umsagnar frá allsherjarnefnd þann kafla frumvarpsins sem varðar þá málaflokka sem undir nefndina heyra og fékk til viðtals við sig fulltrúa ráðuneyta og þeirra stofnana sem lenda í flutningum og uppskiptingu verkefna. Á fundi nefndarinnar með fyrrgreindum fulltrúum kom fram að ekkert samráð hafði verið haft við umræddar stofnanir um þessar breytingar. Þrátt fyrir að við breytingarnar séu stofnanir klofnar upp langsum og þversum og að kostnaðarsamara verði að reka sumar stofnanir eftir breytingarnar, eins og kom fram hjá fulltrúa Skógræktar ríkisins.

Fram kom hjá einum gesta nefndarinnar að flutningur stofnunar í annað ráðuneyti væri pólitísk ákvörðun sem forstöðumenn stofnana ættu ekki að hafa skoðun á en það að kljúfa stofnanir upp og gera þeim að heyra undir fleiri en eitt ráðuneyti væri slæm ráðstöfun.

Hvað varðar Skógrækt ríkisins þá flyst hún frá landbúnaðarráðuneyti til umhverfisráðuneytis. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og umhverfisráðherra munu standa í sameiningu að gerð tímabundins rannsóknarsamnings við Rannsóknastofnun Skógræktarinnar um það hvernig fjármunir skuli nýttir. Að einhverju leyti verða Bændasamtök Íslands höfð með í ráðum. Fram kom hjá fulltrúa Skógræktarinnar að það væru nýmæli að blanda Bændasamtökunum inn í þetta verkefni. Þá er að vænta annars frumvarps um það að „Þjóðskógar“ færist til umhverfisráðuneytisins. Eðlilegra hefði verið að leysa það mál í tengslum við þessa breytingu frekar en að skilja það eftir í lausu lofti.

Hvergi er minnst á „landshlutaverkefni“ í frumvarpinu en álitið er að þau eigi að vera hjá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti. Hins vegar er fjallað um „Nytjaskógrækt á bújörðum“ sem er úrelt hugtak. Þá er hugtakið fjölnytjaskógar ekki skýrt.

Hvað Landgræðslu ríkisins varðar þá flyst hún til umhverfisráðuneytis að því undanskildu að verkefnið „Bændur græða landið“ á að vera áfram í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti. Fram kom hjá forstjóra Landgræðslunnar að þjónusta og ráðgjöf Landgræðslunnar við þátttakendur í BGL verkefninu varði öll starfssvið stofnunarinnar og er órjúfanlega samþætt starfi hennar að gróðurvernd, stöðvun jarðvegsrofs og endurheimt skaddaðra vistkerfa. Það væri því mjög misráðið að kljúfa þessa starfsemi frá stofnuninni.

Í 7. þætti frumvarpsins er lagt til að stjórnsýslulegt forræði og ábyrgð matvælamála, sem nú heyra undir umhverfisráðuneytið, flytjist á forræði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis. Þetta þýðir að sú starfsemi Umhverfisstofnunar sem tengist lögum nr. 93/1995 um matvæli og nú fellur undir matvælasvið Umhverfisstofnunar flyst frá umhverfisráðuneyti til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis. Mun stofnunin einnig taka við matvælaeftirliti sem nú er hjá Fiskistofu.

Hjá Fiskistofu kom fram gagnrýni á framkvæmdina á þeim tilflutningi sem fyrirhugaður er frá stofnuninni. Ekki síst þá ákvörðun að matvælaeftirlitið skuli flutt til Landbúnaðarstofnunar á Selfossi. Bent var á að mörg hagsmunasamtök tengist stofnuninni geri það óhentugt að hún sé utan Reykjavíkur. Þá taldi forstjórinn að erfiðara yrði að fá starfsfólk eftir þessa breytingu en ella. Minni hlutinn tekur ekki undir þessi sjónarmið. Bent var á mikilvægi þess að setja ný matvælalög. Þá kom fram sú skoðun að rétt hefði verið að auglýsa ný störf laus til umsóknar. Forstjórinn taldi að það væri skortur á tíma til undirbúnings breytingunni og mælti með að hún færi fram 1. apríl nk.

Ekki voru gerðar athugasemdir við breytingarnar af hálfu forstjóra Landbúnaðarstofnunar.

1. minni hluti sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar er þeirrar skoðunar að rétt hefði verið að sameina landbúnaðarráðuneyti og sjávarútvegsráðuneyti í heilu lagi. Þó hefði verið rétt að koma eftirliti á matvælum fyrir í einni stofnun sem vel geti verið Landbúnaðarstofnun og hún þá fengið nýtt heiti.

1. minni hluti styður ekki þær breytingar á Stjórnarráði Íslands sem varða breytingar á stofnunum sjávarútvegs og landbúnaðarráðuneyta.

Valgerður Sverrisdóttir.

Fylgiskjal III.

Umsögn 2. minni hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar.

Í greinargerð með frumvarpi að lögunum er greint frá því að við myndun núverandi ríkisstjórnar hafi verið ákveðið að fara heildstætt yfir verkaskiptingu milli ráðuneyta með það fyrir augum að hagræða, einfalda stjórnsýslu og skipa skyldum málaflokkum undir eina stjórn. Ennfremur að lögum um Stjórnarráð Íslands nr. 73/1969 hafi verið breytt í því skyni á síðasta löggjafarþingi. Minni hlutinn telur þessar skýringar alls ekki réttar. Þær breytingar sem mælt er fyrir um í frumvarpinu má fyrst og síðast rekja til skiptingar ráðuneyta og ráðherrastóla milli samstarfsflokkanna í ríkisstjórninni. Ákvörðun var tekin og lögum um Stjórnarráð Íslands breytt án þess að skilgreind og rökstudd markmið og þarfa- og kostnaðargreining lægju fyrir og án heildstæðrar stefnumótunar og skýrrar framtíðarsýnar. Ekki er gerð hin minnsta tilraun til að bera saman núgildandi skipan mála og málaflokka við breytta skipan samkvæmt frumvarpinu og meta með faglegum og rökstuddum hætti áhrif breytinganna. Hvergi örlar á slíkum rökstuðningi í greinargerð með frumvarpinu, aðeins fullyrðingum um meinta samhæfingu, aukna skilvirkni, að kerfið verði auðskiljanlegra og aðgengilegra almenningi og svo framvegis. Má draga það stórlega í efa að umræddar breytingar leiði til hagræðingar, einföldunar og aukinnar skilvirkni í stjórnsýslunni. Reyndar liggur fyrir í nokkrum umsögnum um frumvarpið að ýmsar breytingar sem mælt er fyrir um muni hafa þveröfug áhrif í veigamiklum atriðum, skapi óvissu og að vinnubrögðin séu óvönduð, sbr. til dæmis umsagnir Landgræðslu ríkisins, Dýralæknafélags Íslands, Bændasamtaka Íslands, Orkustofnunar, starfsmanna matvælasviðs Fiskistofu, Skógfræðingafélag Íslands, Skógræktarfélag Íslands, Suðurlandsskóga og fleiri hliðstæðar stofnanir, Hólaskóla, Ferðamálasamtaka Íslands, fiskistofustjóra og Skógræktar ríkisins. Þá er gagnrýnisvert að umsagnir skortir frá ýmsum mikilvægum stofnunum sem þurfa að sæta breytingum samkvæmt frumvarpinu. Er full ástæða til að afla þeirra.

Í greinargerð með frumvarpinu er fullyrt að víðtækt samráð hafi verið haft við þær stofnanir sem í hlut eiga. Það er staðfest með umsögnum um frumvarpið og á fundum nefndarinnar með forsvarsmönnum ýmissa stofnana að þessi fullyrðing er beinlínis röng. Frumvarpið var samið án nokkur samráðs við viðkomandi stofnanir og hagsmunaaðila. Sama gildir um samráð við stjórnarandstöðuna og hún var reyndar beitt meirihluta valdi þingmanna ríkisstjórnarinnar til að knýja með óvönduðum lagasetningarhætti fram breytingar á lögum um Stjórnarráð Ísland á síðasta löggjafarþingi. Það gengur þvert fyrri yfirlýsingar forsætis-

ráðherra um að þverpólitískt samstaða væri forsenda slíkra breytinga og þvert á stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að eiga gott samstarf við alla flokka á Alþingi. Breytingarnar eru auk þess í hreinni mótsögn við stefnu Samfylkingarinnar um málefnalega samræðu, samráð og lýðræði. Það er alvarleg fljótaskrift á frumvarpinu og vinnubrögðin eftir því óvönduð. Enn fremur fráleitt að ætla að þessar breytingar muni ekki hafa í för með sér aukinn heildarkostnað ríkissjóðs, eins og fullyrt er í umsögn fjármálaráðuneytisins um frumvarpið. Sú fullyrðing er órökstudd og ófagleg.

Nánari grein verður gerð fyrir sjónarmiðum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í áliti fulltrúa hennar í allsherjarnefnd.

Atli Gíslason.

Fylgiskjal IV.

Umsögn meiri hluta félags- og tryggingamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Unni Gunnarsdóttur frá samgönguráðuneyti, Elínu Pálsdóttur frá félagsmálaráðuneyti og Pál Þórhallsson frá forsætisráðuneyti.

Frumvarp þetta er flutt í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 23. maí 2007. Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands. Markmið þessara aðgerða er að bæta stjórnsýsluna og laga verkefni ráðuneyta betur að þörfum nútímans. Ætlunin er að ráðuneyti verði öflugar og skilvirkar einingar þar sem skyldum málaflokkum er skipað saman undir eina stjórn.

Félags- og tryggingamálanefnd fjallaði einungis um I. þátt frumvarpsins þar sem fjallað er um breytingar vegna flutnings sveitarstjórnarmála til samgönguráðuneytis. Í athugasemdum við frumvarpið segir að sú breyting ráðist af því annars vegar að félagsmálaráðuneytið muni taka við veigamiklum málaflokkum frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu (von er á öðru frumvarpi um þær breytingar) og hins vegar að vel fari saman að efla samgöngur og að sinna málefnum sveitarfélaga.

Það kom fram á fundinum að umræddar tilfærslur væru skýrar og þau verksvið sem flytjast frá félagsmálaráðuneyti yfir til samgönguráðuneytis vel afmörkuð. Samkvæmt frumvarpinu munu málefni á borð við kosningar til sveitarstjórna, sbr. lög nr. 5/1998, gatnagerðargjald, sbr. Lög nr. 153/2006 og varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, sbr. lög nr. 49/1997 flytjast yfir til samgönguráðuneytis. Jafnframt mun Jöfnunarsjóður sveitarfélaga flytjast yfir til samgönguráðuneytis um áramótin með sveitarstjórnarmálunum. Sjóðurinn greiðir í dag framlög til sveitarfélaga vegna greiðslu þeirra á húsaleigubótum og mun halda því áfram eftir áramótin þótt sjóðurinn flytjist yfir í samgönguráðuneytið. Um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna húsaleigubóta er kveðið á um í reglugerð nr. 122/2003. Faglegi þátturinn sem snýr að húsaleigubótunum mun vera áfram hjá félagsmálaráðuneytinu eftir að breytingarnar hafa tekið gildi. Félagsmálaráðuneytið setur með reglugerð, nr. 118/2003, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, nánari ákvæði um framkvæmd laga um húsaleigubætur. Á grundvelli breytinga á lögum um húsaleigubætur, nr. 138/1997, mun félagsmálaráðuneytið einnig hafa samráð við samgönguráðuneytið þar að lútandi. Samráðs-

nefnd um húsaleigubætur mun vera áfram starfandi á vegum félagsmálaráðuneytisins, sbr. 10. gr. reglugerðar um húsaleigubætur nr. 118/2003.

Nefndin er almennt sammála um ágæti I. þáttar frumvarps þessa. Kom fram á fundi nefndarinnar að svo virðist sem breytingarnar séu til bóta og að ekkert hafi komið fram sem bendi til þess að vandkvæði geti komið upp vegna starfsmannahalds innan framangreindra ráðuneyta vegna breytinganna. Engu að síður telur nefndin vert að benda á að gott væri að athuga hvort stofnast muni til biðlaunaréttar í einhverjum tilvikum. Einnig bendir nefndin á ósamræmi á milli frumvarpsins annars vegar og laga um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, nr. 53/1995, hins vegar. Í 1. mgr. 5. gr. laga nr. 53/1995 segir að „umhverfisráðherra“ skipi fráveitunefnd en skv. 9. gr. frumvarpsins segir að í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ í 1. mgr. 5. gr. laganna frá 1995 skuli koma „samgönguráðherra“. Þar sem í framangreindum lögum stendur „umhverfisráðherra“ en ekki „félagsmálaráðherra“ þykir nefndinni rétt að benda á þetta misræmi milli gildandi laga og frumvarpsins.

Nefndin leggur til að sá þáttur frumvarpsins sem hún fjallaði um verði **samþykkt** og að framangreindar athugasemdir verði teknar til skoðunar.

Alþingi, 9. nóv. 2007

Guðbjartur Hannesson, form.
Ármann Kr. Ólafsson varaform.
Ásta R. Jóhannesdóttir.
Jón Gunnarsson.
Kristinn H. Gunnarsson.
Pétur H. Blöndal.

Fylgiskjal V.

Umsögn minni hluta félags- og tryggingamálanefndar.

Frumvarp ríkisstjórnarinnar um breytingu á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands ber merki þess að hafa verið unnið í flýti og án nauðsynlegs samráðs. Þá byggja breytingar sem frumvarpið gerir ráð fyrir ekki á neinni heildstæðri stefnumótun eða sýn um málefni Stjórnarráðsins. Stjórnarandstaðan átti enga aðkomu að málinu, þrátt fyrir að forsætisráðherra hafi fyrr á þessu ári lýst því yfir að þverpólitísk samstaða væri forsenda slíkra breytinga. Minni hlutinn átelur að ekki hafi verið reynt að ná víðtækri samstöðu um málið.

Svo virðist sem frumvarpið hafi fyrst og fremst verið samið af yfirstjórn ráðuneytanna og lítið sem ekkert samráð haft við þá sem breytingarnar beinast að og eiga að starfa undir breyttu fyrirkomulagi. Þá virðist verkaskipting í ýmsum tilvikum enn vera á reiki og víða er gert ráð fyrir að skörun verkefna verði leyst með samningum milli ráðuneyta eða milli ráðuneytis og stofnana sem jafnvel heyra undir annað ráðuneyti. Tilflutningurinn virðist þannig á ýmsan hátt handahófskenndur og heildarsýn, samráð og stefnumörkun til lengri tíma skortir. Þá vekur furðu að ekki er gert ráð fyrir neinum útgjöldum samhliða þessari viðamiklu tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands. Frumvarpið virðist öðru fremur samið á þeim

forsendum að koma til móts við þarfir stjórnarflokkanna tveggja um helmingaskipti í ríkisstjórn.

Að öðru leyti vísar minni hlutinn til nefndarálits sem minni hluti allsherjarnefndar mun leggja fram við afgreiðslu málsins úr þeirri nefnd.

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir.

Fylgiskjal VI.

Umsögn meiri hluta samgöngunefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Pál Þórhallsson frá forsætisráðuneyti, Ragnhildi Hjaltadóttur og Unni Gunnarsdóttur frá samgönguráðuneyti, Elínu Pálsdóttur og Sesselju Árnadóttur frá félagsmálaráðuneyti, Kristján Skarphéðinsson frá iðnaðarráðuneyti og Áslaugu Árnadóttur frá viðskiptaráðuneyti.

Í frumvarpinu er m.a. lagt til að sveitarstjórnarmál flytjist frá félagsmálaráðuneyti til samgönguráðuneytis. Þarna er um að ræða mjög umfangsmikinn málaflokk og mikilvægt að framkvæmd flutningsins takist vel. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir því að ferðamál flytjist að mestu frá samgönguráðuneyti til iðnaðarráðuneytis og að framkvæmd laga um alferðir heyri í framtíðinni undir viðskiptaráðuneyti eins og aðrir lagabálkar á sviði neytendaverndar.

Meiri hlutinn telur þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu heppilegar og til þess fallnar að gera stjórnsýslu í þessum málaflokkum skilvirkari. Meiri hlutinn leggur áherslu á að flutningur verkefna milli ráðuneyta verði vel undirbúinn, bæði hvað varðar verkefnin sjálf, það starfsfólk sem flyst til í starfi vegna tilfærslunnar og heppilegt húsnæði undir aukna starfsemi þeirra ráðuneyta sem taka við nýjum verkefnum.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 8. nóv. 2007.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, form.
Ólöf Nordal.
Herdís Þórðardóttir.
Karl V. Matthíasson.
Árni Johnsen.
Ármann Kr. Ólafsson.

Fylgiskjal VII.

Umsögn minni hluta samgöngunefndar.

Frumvarp ríkisstjórnarinnar um breytingu á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands ber öll merki þess að hafa verið unnið í flýti og án nauðsynlegs samráðs. Þá byggja breytingar sem frumvarpið gerir ráð fyrir ekki á neinni heildstæðri stefnumótun eða sýn um málefni Stjórnarráðsins og stjórnarandstaðan átti enga aðkomu að málinu, þrátt fyrir að forsætisráðherra hafi fyrr á þessu ári lýst því yfir að þverpólitískt samstaða væri forsenda slíkra breytinga. Minni hlutinn átelur að ekki hafi verið reynt að ná víðtækri samstöðu um málið.

Umsagnir einstakra stofnana sem boðaðar breytingar varða, bera með sér að frumvarpið hefur fyrst og fremst verið samið á vegum forustu stjórnarflokkanna og lítið sem ekkert samráð haft við þá sem breytingarnar beinast að og eiga að starfa undir breyttu fyrirkomulagi. Þá virðist verkaskipting í ýmsum tilvikum enn vera á reiki og víða er gert ráð fyrir að skörun verkefna verði leyst með samningum milli ráðuneyta eða milli ráðuneytis og stofnana sem jafnvel heyra undir annað ráðuneyti.

Efnislega er vissulega að finna atriði í frumvarpinu sem minni hlutinn telur til bóta en á sama hátt eru fjölmörg atriði misráðin og illa undirbúin. Frumvarpið er alfarið samið á þeim forsendum að koma til móts við þarfir stjórnarflokkanna tveggja um helmingaskipti í ríkisstjórn.

Að öðru leyti vísar minni hlutinn til nefndarálits sem minni hluti allsherjarnefndar mun leggja fram við afgreiðslu málsins úr þeirri nefnd.

Alþingi, 8. nóv. 2007.

Árni Þór Sigurðsson.

Fylgiskjal VIII.

Umsögn meiri hluta umhverfisnefndar.

Vísað er í bréf allsherjarnefndar Alþingis, dags. 22. október 2007, þar sem farið er fram á umsögn umhverfisnefndar Alþingis um frumvarp til laga um tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands, 130 mál.

Þær umsagnir sem borist hafa allsherjarnefnd vegna málsins hafa einnig legið fyrir við umfjöllun umhverfisnefndar. Nefndin hefur fengið á sinn fund Pál Þórhallsson frá forsætisráðuneyti, Baldur P. Erlingsson og Arnór Snæbjörnsson frá landbúnaðarráðuneyti, Magnús Jóhannesson, Sigríði Auði Arnardóttur og Sigrúnu Ágústsdóttur frá umhverfisráðuneyti, Arnór Sigurðsson frá Skógrækt ríkisins, Aðalstein Sigurgeirsson frá Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins að Mógilsá, Elínu Smáradóttur frá Orkustofnun ríkisins, Árna Snorrason frá Vatnamælingum ríkisins, Jón Gíslason frá Landbúnaðarstofnun, Ellý K. Guðmundsdóttur og

Kristínu L. Árnadóttur frá Umhverfisstofnun, og Svein Runólfsson og Andrés Arnalds frá Landgræðslu ríkisins.

Frumvarp þetta er flutt í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 23. maí 2007 og með því eru lagðar til breytingar á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands. Nefndin tók til umfjöllunar 5.–7. þátt frumvarpsins en þar eru lagðar til lagabreytingar vegna flutnings landgræðslu og skógræktar, að undanskilinni ræktun nytjaskóga, til umhverfisráðuneytisins og breytingar er lúta að því að skýra valdmörk sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins og umhverfisráðuneytisins, breytingar vegna flutnings vatnamælinga til umhverfisráðuneytisins og breytingar vegna flutnings matvælamála til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins.

Meiri hluti nefndarinnar styður þær breytingar sem lagðar eru til varðandi sameiningu vatnamælinga og Veðurstofu Íslands og telur fyrirkomulagið tvímælalaust til bóta. Meiri hlutinn beinir því þó til allsherjarnefndar að kanna hvað átt sé við með ummælum í athugasemdum með frumvarpinu um að vatnamælingar heyri undir umhverfisráðuneyti frá 1. janúar 2008 en að starfsemi vatnamælinga verði vistuð hjá Orkustofnun þar til sameiningu Veðurstofu Íslands og vatnamælinga verði lokið í síðasta lagi 1. janúar 2009, sbr. umsögn frá Orkustofnun. Auk þess leggur meiri hlutinn áherslu á að við sameininguna verði tímanlega gengið frá starfsmannamálum svo að ekki skapist óvissa um réttarstöðu starfsmanna og að gætt verði að réttindum og hagsmunum þeirra.

Meiri hluti nefndarinnar lýsir jafnframt yfir stuðningi við breytingar á fyrirkomulagi matvælaeftirlits en leggur þó áherslu á að vel verði staðið að undirbúningi á tilfærslu starfsmanna milli stofnana. Meiri hlutinn telur mikilvægt að haft verði samráð við starfsmenn við tilfærsluna og að tryggt verði að áunnin réttindi þeirra haldist. Meiri hlutinn bendir á að þó höfuðstöðvar hinnar nýju stofnunar verði í Árborg þá sé ekkert sem komi í veg fyrir að stofnunin hafi starfsstöðvar á fleiri en einum stað ef henta þyki. Meiri hlutinn bendir einnig á að í nokkrum umsögnum hefur verið lögð áhersla á að hin nýja stofnun sem nefnd er Matvælaeftirlitið í frumvarpinu fái annað og meira lýsandi nafn fyrir þá starfsemi sem þar muni fara fram. Þá telur meiri hlutinn mikilvægt að skýr skil verði milli hlutverks Matvælaeftirlitsins og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga. Í athugasemdum í frumvarpinu kemur fram að ekki sé ætlunin að breyta verksviði heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna gagnvart Matvælaeftirlitinu. Í þessu sambandi bendir umhverfisnefnd á umsögn Landbúnaðarstofnunar þar sem fram kemur að orðalag frumvarpsins sé ekki nægilega skýrt um tiltekin atriði varðandi verkaskiptingu milli Matvælaeftirlitsins og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna. Að lokum vekur meiri hlutinn athygli á umsögn Umhverfisstofnunar en þar eru lagðar til ýmsar breytingar á lögum um matvæli, nr. 93/1995.

Meiri hluti nefndarinnar gerir ekki athugasemdir við þær fyrirætlanir að flytja landgræðslu og skógrækt til umhverfisráðuneytisins en bendir þó á þær athugasemdir sem koma fram, m.a. í umsögn Skógræktar ríkisins og Landgræðslu ríkisins, en stofnanirnar leggja þunga áherslu á að við breytingarnar sé verkefnum stofnananna og fjárveitingum til þeirra ekki skipt upp milli tveggja ráðuneyta. Meiri hlutinn telur mikilvægt að lagafrumvarpi því sem ætlað er að kveða á um flutning á forræði þjóðskóga til umhverfisráðuneytisins verði lagt fram sem fyrst svo verkefnið get fylgt Skógræktinni enda um að ræða þann þátt í starfsemi stofnunarinnar sem á best heima undir umhverfisráðuneytinu. Enn fremur vekur meiri hlutinn athygli á athugasemdum í umsögn Landgræðslu ríkisins en þar koma fram ýmsar leiðréttingar á ummælum í greinargerð með frumvarpinu.

Að lokum beinir meiri hlutinn því til allsherjarnefndar að ræða sérstaklega við fulltrúa Dýralæknafélags Íslands en umsögn þess barst umhverfisnefnd eftir að viðtölum var lokið. Ljóst er þó að af umsögn þeirra að mikilvægt er að hraða og vanda til þeirrar endurskoðunar á dýraverndunarlögum sem hafin er á vegum umhverfisráðuneytisins.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að sá þáttur frumvarpsins sem hún hefur fjallað um verði samþykktur og að framangreindar athugasemdir verði teknar til skoðunar.

Alþingi, 16. nóv. 2007.

Helgi Hjörvar, form.
Guðfinna S. Bjarnadóttir.
Illugi Gunnarsson.
Ármann Kr. Ólafsson.

Fylgiskjal IX.

Umsögn 1. minni hluta umhverfisnefndar.

Umhverfisnefnd hefur að beiðni allsherjarnefndar fjallað um þann hluta frumvarpsins sem er á málefnasviði nefndarinnar. Nefndin tók til umfjöllunar 5.–7. þátt frumvarpsins en þar koma fram lagabreytingar vegna flutnings landgræðslu og skógræktar til umhverfisráðuneytis, breytingar vegna flutnings matvælamála til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis, breytingar varðandi valdmörk sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis og loks breytingar vegna flutnings vatnamælinga til Veðurstofu Íslands. Umsagnir sem borist hafa allsherjarnefnd vegna málsins hafa legið fyrir við umfjöllun umhverfisnefndar.

Í athugasemdum með frumvarpinu er greint frá því að við myndun núverandi ríkisstjórnar hafi verið ákveðið að fara heildstætt yfir verkaskiptingu milli ráðuneyta með það fyrir augum að hagræða, einfalda stjórnsýslu og skipa skyldum málaflokkum undir eina stjórn. Enn fremur að lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, hafi verið breytt í því skyni á 134. löggjafarþingi. 1. minni hluti telur þessar skýringar ekki réttar. Þegar rýnt er í þær breytingar sem mælt er fyrir um í frumvarpinu kemur í ljós hversu handahófskenndar þær eru og eftir að hafa lesið ábendingar umsagnaraðila liggur í augum uppi að hér er um tilviljanakennda uppstokkun verkefna að ræða en ekki ígrundaða breytingu sem byggir á stefnumörkun. Fullyrt er í athugasemdum með frumvarpinu að við undirbúning málsins hafi verið haft víðtækt samráð við þær stofnanir sem í hlut eiga, en við umfjöllun í nefndinni kom á daginn að samráðið hafði verið lítið sem ekkert. Verulega skortir á að markmiðin með breytingunum séu rökstudd eða skilgreind og hreinasta fásinna að ætla að þær kosti ekki nokkurn skapaðan hlut. Engin heildstæð sýn liggur til grundvallar og langt í frá að fagleg sjónarmið hafi ráðið för. Allar fullyrðingar um einfaldari stjórnsýslu og aukna skilvirkni eru marklausar, enda fylgir frumvarpinu ekki neitt stjórnsýslumat, sem hefði verið full þörf á og vel við hæfi nú þegar stjórnvöldum hafa borist alvarlegar ábendingar frá umboðsmanni Alþingis um að slíkt mat þurfi að liggja fyrir til grundvallar breytingum á lögum er varða stjórnsýslu.

Fjöldi umsagnaraðila gerir alvarlegar athugasemdir við einstaka þætti er varða málefnasvið umhverfisnefndar. Þannig má nefna að í umsögnum frá flestum aðilum er starfa að skóg-

rækt á Íslandi er lýst harðri andstöðu við tilfærslu málaflokksins. Ljóst er að allan undirbúning varðandi hugsanlegar breytingar skortir og verður að teljast varasamt að ætla að skipta málaflokknum upp og flytja hluta hans milli ráðuneyta við þessar aðstæður. Valdbeiting við slíkar tilfæringar kann ekki góðri lukku að stýra.

Jákvæðar umsagnir eru frá nokkrum aðilum varðandi sameiningu matvælamála undir einn hatt. Má þar nefna umsögn Umhverfisstofnunar og Landbúnaðarstofnunar en um leið eru alvarlegar ábendingar um ýmsa þætti í frumvarpinu sem breyta þarf ef ekki á illa að fara. Báðar nefna stofnanirnar málefni starfsfólks sem sérstaklega vandmeðfarin. Sama má segja um Fiskistofu og starfsfólk hennar. Veiðimálastofnun og Dýralæknafélag Íslands gera líka alvarlegar athugasemdir. Allir ljúka þó upp einum rómi um vonlausa nafngift sem frumvarpið gerir ráð fyrir á hina nýju stofnun.

Það er mat 1. minni hluta nefndarinnar að þörf sé grundvallarbreytinga varðandi skilgreiningu Stjórnarráðs Íslands og skiptingu verkefna milli einstakra ráðuneyta. Þar ætti umhverfisráðuneytið að gegna lykilhlutverki með ríkari ábyrgð en nú er og auknar fjárveitingar. Slíkar breytingar verða þó aldrei gerðar af neinu viti nema þær grundvallist á framsýnni stefnumörkun sem nauðsynlegt er að endurspegli gjörbreytta stöðu umhverfismála og sýn til framtíðar. Í því sambandi telur 1. minni hluti að öflugt auðlinda- og umhverfisráðuneyti sé fýsilegur kostur, því ef innleiða á hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar í umsýslu og nýtingu auðlindanna, þá verður slíkt best gert undir hatti umhverfisráðuneytis. Slíka nálgun skortir gersamlega í þær tillögur sem ríkisstjórnin hefur nú lagt fram og lýst er í frumvarpinu.

Alþingi, 19. nóv. 2007.

Kolbrún Halldórsdóttir.

Fylgiskjal X.

Umsögn 2. minni hluta umhverfisnefndar.

Með bréfi, dags. 22. október 2007, fór allsherjarnefnd Alþingis fram á umsögn umhverfisnefndar Alþingis um frumvarp til laga um tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands, 130. mál. Umhverfisnefnd fjallaði um þá kafla frumvarpsins sem falla undir málefnasvið nefndarinnar og kallaði til sín gesti vegna málsins.

Frumvarpið er flutt í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 23. maí 2007 og með því eru eins og heiti þess gefur til kynna lagðar til breytingar á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að frumvarpið sé lagt fram með það fyrir augum að hagræða, einfalda stjórnsýslu og skipa skyldum málaflokkum undir eina stjórn. 2. minni hluti umhverfisnefndar telur að þær breytingar sem fyrirhugaðar eru á sviði skógræktar og landgræðslu gangi í þveröfuga átt. Með frumvarpinu er lagt að til skógrækt flytjist frá landbúnaðarráðuneytinu til umhverfisráðuneytisins að undanskilinni ræktun nytjaskóga. Þá eiga fjárveitingar til rannsókna á sviði skógræktar að vera áfram hjá landbúnaðarráðuneytinu og eftir 1. janúar 2008 í höndum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis. Með þessu móti verður málaflokkurinn skógrækt klofinn milli tveggja ráðuneyta þar sem stærsti framkvæmdaþátturinn, landshlutaverkefnin, og fjárveitingar til skógræktarrannsókna verða eftir

í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu. Þá eiga fjármunir til verkefnisins „Bændur græða landið“ sem heyrir undir Landgræðslu ríkisins að vera á forræði og fjárlagalið sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis án þess að sannfærandi rök séu færð fyrir því. Vandséð er hvernig framangreindar ráðstafanir séu til þess fallnar að hagræða og einfalda stjórnsýslu á sviði skógræktar og landgræðslu.

2. minni hluti telur mikilvægt að við þær breytingar sem fyrirhugaðar eru annars vegar með sameiningu starfsemi Veðurstofu Íslands og vatnamælinga Orkustofnunar og hins vegar með flutningi málefna og starfsmanna frá Fiskistofu og Umhverfisstofnun til Matvælaeftirlitsins verði haft samráð við starfsmenn og að gætt verði að réttindum og hagsmunum þeirra.

2. minni hluti tekur undir þau sjónarmið sem fram hafa komið m.a. í umsögnum Bændasamtaka Íslands og Landssambandi kúabænda en þar er lögð áhersla á að sú stofnun sem nefnd er Matvælaeftirlitið í frumvarpinu fái annað heiti sem sé meira lýsandi fyrir þá starfsemi sem þar muni fara fram. Í þessu sambandi ber að nefna að hin nýja stofnun mun sinna margháttuðu eftirliti sem hefur ekkert með matvæli að gera.

Frumvarp þetta virðist hafa verið samið í því skyni að tryggja helmingaskipti stjórnarflokkanna í ríkisstjórn. Frumvarpið ber þess merki að hafa verið samið án nægilegs undirbúnings og samráðs við þær stofnanir og hagsmunaaðila sem frumvarpið varðar og leggst minni hlutinn gegn því að sá þáttur frumvarpsins sem umhverfisnefnd fjallaði um verði samþykktur.

Alþingi, 26. nóv. 2007.

Höskuldur Þórhallsson.

530. Frumvarp til laga [293. mál]

um breytingu á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, sbr. lög nr. 74/1992, 102/1993, 68/2007 og 102/2007.

(Eftir 2. umr., 14. des.)

1. gr.

Á eftir orðunum „við þingsetningu“ í fyrri málslið 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: að loknum alþingiskosningum.

2. gr.

4. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Hluta skal um sæti þingmanna á þingsetningarfundi í upphafi hvers löggjafarþings.

3. gr.

Orðin „skv. 1. mgr. 39. gr.“ í fyrri málslið 2. mgr. 4. gr. laganna falla brott.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þingflokki, sem ekki á fulltrúa í forsætisnefnd, er heimilt, með samþykki nefndarinnar, að tilnefna áheyrnarfulltrúa til setu á fundum hennar.
b. Í stað 2. mgr. koma fjórar nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Forsætisnefnd skipuleggur þinghaldið og gerir starfsáætlun fyrir hvert þing. Í starfsáætlun skal að jafnaði skipta starfstíma þingsins í fjórar annir:

1. Haustþing, frá þingsetningu 1. október fram að jólahléi.
2. Vetrarþing, að loknu jólahléi fram að dymbilviku.
3. Vorþing, að lokinni páskaviku til loka maímánaðar.
4. Þing- og nefndafundir í september.

Sumarhlé þingsins er frá 1. júlí til 10. ágúst og skal ekki boða til nefndafunda á þeim tíma nema brýn nauðsyn krefji.

Í starfsáætlun skal tilgreina hvaða daga ætla má að þingfundir verði, hvaða daga einvörðungu fundir í nefndum eða þingflokkum og hvaða dagar ætlaðir eru sérstaklega til starfa þingmanna í kjördæmum. Reglulegir þingfundir samkvæmt starfsáætlun skulu ekki standa lengur en til kl. 8 síðdegis. Frá því má þó víkja ef þingflokkar ná samkomulagi þar um eða ef þingið samþykkir, sbr. 67. gr. Tillögu um lengri fundartíma getur forseti borið upp án nokkurs fyrirvara. Þá getur forseti ákveðið að þingfundur standi til miðnættis á þriðjudagskvöldum.

Forsætisnefnd fjallar um fjárhagsáætlanir þingsins og stofnana sem undir Alþingi heyra og hefur umsjón með alþjóðasamstarfi sem Alþingi á aðild að. Nefndin setur almennar reglur um rekstur þingsins og stjórnsýslu. Auk þess fjallar forsætisnefnd um þau mál sem forseti leggur fyrir hana eða varaforsetar óska að ræða. Verði ágreiningur í nefndinni sker forseti úr.

5. gr.

Við 2. mgr. 15. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þá getur þriðjungur nefndarmanna óskað eftir því að ráðherra komi á fundi þingnefndar í þinghléum.

6. gr.

Við 18. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ráðherrar skulu að jafnaði á fyrstu vikum þings koma á fund þingnefnda er fjalla um málaflokka þeirra, sbr. 1. mgr. 23. gr., og gera grein fyrir þeim þingmálum sem þeir hyggjast leggja fram á löggjafarþinginu, sbr. 3. mgr. 73. gr.

7. gr.

Í stað orðanna „sbr. þó fyrri málslið 27. gr.“ í 1. mgr. 29. gr. laganna kemur: sbr. þó fyrri málslið 1. mgr. 27. gr.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:

a. Orðin „nema með samþykki þingsins“ í 4. málsl. 1. mgr. falla brott.
b. 2. mgr. orðast svo:

Lagafrumvörp, sem útbýtt er eftir lok nóvembermánaðar, verða ekki tekin á dagskrá fyrir jólahlé nema með samþykki þingsins, sbr. 67. gr. Þá verða lagafrumvörp, sem

útbýtt er eftir 1. apríl, ekki tekin á dagskrá fyrir sumarhlé nema með samþykki þingsins, sbr. 67. gr.

9. gr.

2. mgr. 39. gr. laganna orðast svo:

Breytist frumvarp við 2. umræðu skal nefnd fjalla um frumvarpið að nýju áður en 3. umræða hefst ef þingmaður eða ráðherra óskar þess.

10. gr.

2. málsl. 2. mgr. 40. gr. laganna orðast svo: Við framhald umræðunnar gilda að nýju ákvæði 80. gr. um 3. umræðu um lagafrumvörp ef breytingartillögur hafa komið fram.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 44. gr. laganna:

a. 1., 4. og 5. málsl. 3. mgr. falla brott.
b. Lokamálsliður 4. mgr. fellur brott.
c. 5. mgr. fellur brott.
d. 6. mgr. orðast svo:

Þingsályktunartillögur, sem útbýtt er eftir lok nóvembermánaðar, verða ekki teknar á dagskrá fyrir jólahlé nema með samþykki þingsins, sbr. 67. gr. Þá verða þingsályktunartillögur, sem útbýtt er síðar en 1. apríl, ekki teknar á dagskrá fyrir sumarhlé nema með samþykki þingsins, sbr. 67. gr.

12. gr.

Orðin „sbr. 48. gr.“ í niðurlagi 45. gr. laganna falla brott.

13. gr.

1. mgr. 48. gr. laganna orðast svo:

Við umræður um skýrslur skv. 26., 31. og 45.–47. gr. geta þingflokkar sammælst um að hafa talsmenn, sbr. 6. mgr. 55. gr., og fer þá um ræðutíma þeirra skv. 80. gr.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 49. gr. laganna:

a. 3. málsl. 5. mgr. fellur brott.
b. 4. málsl. 5. mgr. orðast svo: Öðrum þingmönnum er heimilt að gera einu sinni stutta athugasemd áður er fyrirspyrjandi og ráðherra tala öðru sinni.
c. 7. mgr. orðast svo:

Í allt að hálftíma á fyrir fram ákveðnum þingfundum, að jafnaði tvisvar í hverri heilli starfsviku, sbr. 2. mgr. 10. gr., getur forseti heimilað þingmönnum að bera fram munnlegar fyrirspurnir til ráðherra án nokkurs fyrirvara. Forsætisráðherra skal fyrir kl. 12 á hádegi undanfarandi föstudag tilkynna forseta hvaða ráðherrar, að jafnaði fimm á hverjum fundi, verði til svara á þingfundum í næstu viku. Forseti tilkynnir þingmönnum um ákvörðun forsætisráðherra. Verði forföll eða óski forsætisráðherra eftir að breyta fyrri ákvörðun eða bæta við nýjum ráðherra til að svara fyrirspurnum skal það tilkynnt eins fljótt og unnt er.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 50. gr. laganna:

a. 4. málsl. 1. mgr., sem verður 2. mgr., fellur brott.
b. Í stað orðanna „1. mgr.“ í 1. málsl. 2. mgr., sem verður 3. mgr., kemur: 2. mgr.
c. 2. og 3. málsl. 2. mgr., sem verður 3. mgr., falla brott.
d. Í stað orðanna „fyrri málsgreinar“ í 4. málsl. 2. mgr., sem verður 3. mgr., kemur: 2. mgr.
e. 3. mgr., er verður 1. mgr., orðast svo:

Í allt að hálftíma á fyrir fram ákveðnum þingfundum, að jafnaði tvisvar í hverri heilli starfsviku, sbr. 2. mgr. 10. gr., geta þingmenn kvatt sér hljóðs um störf þingsins, gefið yfirlýsingu eða beint spurningum til formanna nefnda, formanna þingflokka eða annarra þingmanna.

16. gr.

55. gr. laganna orðast svo:

Um ræðutíma um lagafrumvörp, þingsályktunartillögur, svo og önnur þingmál, umræður utan dagskrár og aðrar umræður samkvæmt þingsköpum gilda þær reglur sem tilgreindar eru í 80. gr., yfirliti með reglum um ræðutíma.

Forseta er þó heimilað að rýmka ræðutíma um þingmál við hverja umræðu sem er ef það er svo umfangsmikið eða mikilvægt að ekki sé hægt að ræða það á fullnægjandi hátt innan þeirra reglna sem annars gilda, sbr. 72. gr. Einnig er forseta heimilt að rýmka ræðutíma þingmanns ef sérstaklega stendur á og nauðsyn krefur. Ákvörðun forseta samkvæmt þessari málsgrein skal liggja fyrir áður en umræða hefst.

Um umræður um frumvarp til fjárlaga gildir tvöfaldur sá ræðutími sem tilgreindur er í 80. gr. nema fyrir liggi samkomulag þingflokka um annað fyrirkomulag umræðunnar.

Ef fyrir liggur rökstudd beiðni þingflokks skal við 2. umræðu um lagafrumvörp gilda tvöfaldur sá ræðutími sem tilgreindur er í 80. gr. Hver þingflokkur hefur rétt til að bera slíka beiðni fram við forseta tvisvar á hverju þingi. Beiðnin skal borin fram áður en umræða hefst.

Framsögumaður telst sá sem svo er tilgreindur á skjali. Hafi hann forföll við umræðuna má fela öðrum að hafa framsögu með sömu réttindum meðan svo stendur. Ef tveir eða fleiri eru flutningsmenn máls skal sá er fyrstur stendur á skjalinu teljast framsögumaður nema annar sé tilnefndur.

Talsmaður flokks eða þingflokks telst sá sem fyrstur talar af hálfu flokksins nema formaður þingflokksins tilkynni forseta um annað.

Jafnan er heimilt að gera stutta athugasemd um atkvæðagreiðslu, um fundarstjórn forseta og til þess að bera af sér sakir.

17. gr.

4. og 6. málsl. 2. mgr. 56. gr. laganna falla brott.

18. gr.

Fyrri málsliður 1. mgr. 63. gr. laganna orðast svo: Forseti boðar þingfundi og ákveður dagskrá hvers fundar.

19. gr.

Síðari málsliður 6. mgr. 66. gr. laganna fellur brott.

20. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 72. gr. laganna:

a. Í stað 2. málsl. 2. mgr. koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Forseti getur þá, með samþykki allra þingflokka, ákveðið áður en umræða hefst að ræðutími skuli vera annar en þingsköp ákveða, svo og hve lengi umræðan má standa. Þegar þannig er samið milli þingflokka um umræðutíma skal skipta honum sem næst því að hálfu jafnt milli þingflokka og að hálfu skal hafa hliðsjón af því hve margir þingmenn eiga aðild að hverjum þingflokki, en forseti ákveður þá ræðutíma þingmanna utan flokka.
b. 4. mgr. fellur brott.

21. gr.

Við lögin bætist ný grein, 80. gr., svohljóðandi:

Réttur þingmanna og ráðherra til að taka þátt í umræðum skal vera allt að þeim tíma sem tilgreindur er í eftirfarandi yfirliti með reglum um ræðutíma, sbr. þó 55. gr., um rýmkaðan rétt til umræðna, 56. gr., um styttingu andsvara, 57. gr., um takmörkun umræðna, 72. gr., um umsaminn ræðutíma, og 73.–75. gr., um stefnuræðu, almennar stjórnmálaumræður og útvarp umræðu:

REGLUR UM RÆÐUTÍMA

	1. sinn	2. sinn	Oftar
LAGAFRUMVÖRP			
1. umræða:			
Flutningsmaður (ráðherra eða þingmaður)	30 mín.	15 mín.	5 mín.
Aðrir ráðherrar	15 mín.	5 mín.	5 mín.
Aðrir þingmenn	15 mín.	5 mín.	
2. umræða:			
Framsögumaður nefndarálits	30 mín.	15 mín.	5 mín.
Ráðherra og flutningsmaður máls	20 mín.	10 mín.	5 mín.
Aðrir þingmenn	20 mín.	10 mín.	5 mín.
3. umræða:			
Sama og við 1. umræðu nema hvað framsögumaður nefndarálits kemur í stað flutningsmanns			
ÞINGSÁLYKTUNARTILLÖGUR			
Fyrri umræða:			
Flutningsmaður (ráðherra eða þingmaður)	15 mín.	10 mín.	5 mín.
Ráðherra	10 mín.	5 mín.	5 mín.
Aðrir þingmenn	10 mín.	5 mín.	
Síðari umræða:			
Sama og við 2. umræðu lagafrumvarpa			
Ein umræða:			
Sama og við 2. umræðu lagafrumvarpa			

	1. sinn	2. sinn	Oftar
FYRIRSPURNIR			
Fyrirspyrjandi	3 mín.	2 mín.	
Ráðherra	5 mín.	2 mín.	
Aðrir þingmenn og ráðherrar (stutt athugasemd)	1 mín.		
ÓUNDIRBÚINN FYRIRSPURNATÍMI			
Fyrirspyrjandi og ráðherra	2 mín.	1 mín.	
SKÝRSLUR			
Framsögumaður (ráðherra eða þingmaður)	20 mín.	10 mín.	5 mín.
Ráðherra	10 mín.	5 mín.	5 mín.
Talsmaður þingflokks	15 mín.	5 mín.	
Aðrir þingmenn	10 mín.	5 mín.	
STÖRF ÞINGSINS			
Þingmenn og ráðherrar	2 mín.	2 mín.	
UMRÆÐUR UTAN DAGSKRÁR (HÁLFTÍMI)			
Málshefjandi	5 mín.	2 mín.	
Ráðherra (sem er til andsvara)	5 mín.	2 mín.	
Aðrir þingmenn og ráðherrar	2 mín.	2 mín.	
UMRÆÐUR UTAN DAGSKRÁR (HINAR LENGRI)			
Sama og við skýrslur			
ANDSVÖR (ALLT AÐ 15 MÍN.)			
Þingmenn og ráðherrar	2 mín.	2 mín.	
Ræðumaður	2 mín.	2 mín.	
ATHUGASEMDIR			
Að gera grein fyrir atkvæði sínu	1 mín.		
Fundarstjórn forseta, bera af sér sakir, athugasemd um atkvæðagreiðslu	1 mín.	1 mín.	

22. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2008.

Ákvæði til bráðabirgða.

Lög þessi skulu endurskoðuð innan þriggja ára frá gildistöku þeirra.

531. Svar [256. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Birkis J. Jónssonar um störf hjá ráðuneytinu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu mikið hefur störfum hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess fjölgað eða fækkað það sem af er þessu ári á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og utan þess hins vegar?*
2. *Hversu mikið er áætlað að störfum hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess fjölgi utan höfuðborgarsvæðisins á næsta ári?*

Á árinu 2007 fækkaði störfum hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess um 12 á höfuðborgarsvæðinu, en utan höfuðborgarsvæðisins fjölgaði störfum um 5.

Erfitt er að segja til um árið 2008 þar sem vinna við sameiningu sjávarútvegsráðuneytisins og landbúnaðarráðuneytisins stendur yfir, þ.m.t. endurskipulagning á fyrirkomulagi stjórnsýslu matvælamála.

532. Fyrirspurn [328. mál]

til fjármálaráðherra um hús Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á Seyðisfirði.

Frá Arnbjörgu Sveinsdóttur.

1. Hvaða áætlanir liggja fyrir varðandi innréttingar sem teknar voru niður í fyrrverandi verslunarhúsnæði ÁTVR á Seyðisfirði í byrjun desember 2007? Hyggst ÁTVR eða fjármálaráðuneytið beita sér fyrir verndun þeirra og þá hvernig?
2. Hvaða áætlanir eru um uppbyggingu og verndun hússins?

533. Svar [298. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Auðar Lilju Erlingsdóttur um rafbyssur í lögreglustarfi.

1. *Er í undirbúningi að lögreglan taki í notkun svonefndar rafbyssur sem gefa frá sér 50.000 volt og valda miklum sársauka auk þess sem þekkt er að slíkur rafstraumur truflar vöðva- og taugastarfsemi?*

Embætti ríkislögreglustjóra hefur til skoðunar hvort æskilegt og rétt sé að rafstuðtækjum (orðið „byssa“ gefur ekki rétt mynd af þessu tæki) verði bætt við þau valdbeitingartæki sem lögregla hefur yfir að ráða í dag. Sérfræðingar hjá ríkislögreglustjóra eru nú að afla nauðsynlegra gagna, m.a. um hættu sem getur stafað af tækinu auk læknisfræðilegra rannsókna sem gerðar hafa verið um tækið. Að lokinni ítarlegri úttekt á tækinu mun embætti ríkislögreglustjóra senda dóms- og kirkjumálaráðherra greinargerð með rökstuðningi um gagnsemi tækisins í löggæslu. Tekið skal fram að úttekt á rafstuðtækinu er á frumstigi og engin ákvörðun hefur verið tekin um hvort eða í hvaða tilvikum slík tæki yrðu notuð.

2. *Hvaða tilgangi mundi beiting á rafbyssum þjóna við löggæslu?*

Miklu máli skiptir að auka öryggi lögreglumanna við hættumikil störf. Á síðustu árum hafa dómsmálaráðherra, ríkislögreglustjóri og Landssamband lögreglumanna leitað leiða við að bæta starfsumhverfi og öryggi lögreglumanna. Fyrir liggur að lögreglumenn verða ítrekað fyrir líkamstjóni í starfi og mikilvægt er að kanna allar leiðir til að auka öryggi þeirra. Í rannsókn Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands árið 2004 fyrir Landssamband lögreglumanna, Lögregluskóla ríkisins, ríkislögreglustjóra, Sýslumannafélag Íslands og dómsmálaráðuneytið kom m.a. fram að 64% lögreglumanna höfðu orðið fyrir hótunum í starfi, 54% höfðu orðið fyrir líkamsmeiðingum í starfi og 41% fjölskyldna lögreglumanna hafði orðið fyrir hótunum. Niðurstaða þessarar rannsóknar sýnir að leita verður allra skynsamlegra úrræða til að auka öryggi lögreglumanna. Það að meta hvort rafstuðtæki skuli vera hluti af varnarbúnaði lögreglumanna er liður í þessari viðleitni löggæsluyfirvalda.

3. *Hefur ráðherra kynnt sér þá hættu sem stafar af notkun á rafbyssum, m.a. í ljósi þess að samkvæmt Amnesty International má rekja um 200 dauðsföll til beitingar þeirra?*

Eins og fyrr segir mun embætti ríkislögreglustjóra afla læknisfræðilegra gagna um tækið. Ákvörðun um hvort rafstuðtæki verði hluti af valdbeitingarbúnaði lögreglu verður ekki tekin nema að höfðu nánu samráði við heilbrigðisyfirvöld.

4. *Hafa verið mótaðar reglur hjá lögreglunni eða ráðuneytinu um beitingu og burð slíkra vopna, þ.m.t. hvernig þeim skuli skipt milli lögregluumdæma eða löggæslusveita?*

Þar sem málið er á frumstigi er ekki tímabært að útfæra slíkar reglur né taka ákvörðun um skiptingu milli lögregluumdæma né löggæslusveita. Verði tekin ákvörðun um notkun rafstuðtækja verður það að sjálfsögðu gert.

5. *Hver er stefna ríkisstjórnarinnar um vopnaburð íslenskra lögreglumanna?*

Lögreglan skal alla jafna ekki vera búin skotvopnum við skyldustörf, en ef sérstakar aðstæður krefjast þess hefur lögreglan heimild til vopnaburðar. Heimildir fyrir þeim valdbeitingartækjum lögreglu eiga sér stoð í lögreglulögum, nr. 90/1996, og reglugerð nr. 774/1998 um sérsveit ríkislögreglustjórans.

Af hálfu dómsmálaráðherra og ráðuneytis hans er fylgst náið með þróun alls öryggisbúnaðar sem getur gagnast lögreglu. Nýlegt atvik í miðborg Reykjavíkur, þar sem af tilefnislausu var ráðist á starfsmenn fíkniefnadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, staðfestir enn frekar nauðsyn slíkra öryggisráðstafana að mati dómsmálaráðherra.

534. Svar [254. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Birkis J. Jónssonar um störf hjá ráðuneytinu.

1. *Hversu mikið hefur störfum hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess fjölgað eða fækkað það sem af er þessu ári á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og utan þess hins vegar?*

Í svari þessu er tekið mið af fjárheimildum ráðuneytisins og undirstofnana þess á fjárlögum 2007 sem ætlaðar eru til ráðninga starfsmanna. Enn fremur er áætlað fyrir fjölgun starfa í framhaldsskólum og háskólum vegna breytinga á nemendafjölda á árinu og er þá miðað við meðalfjölda nemenda á hvern starfsmann.

Að þessum forsendum gefnum má gera ráð fyrir að á árinu muni störfum hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess fjölga um u.þ.b. 145. Af þeim eru um 85 á höfuðborgarsvæðinu, sem nemur tæpum 59% af heildarfjölgun starfa. Störfum utan höfuðborgarsvæðisins fjölgar um u.þ.b. 60 á árinu 2007, sem nemur 41% af heildarfjölgun starfa.

2. *Hversu mikið er áætlað að störfum hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess fjölgi utan höfuðborgarsvæðisins á næsta ári?*

Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga ársins 2008 og tillögum við aðra umræðu má gera ráð fyrir að störfum hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess fjölgi um u.þ.b.120 á árinu. Af þeim er áætlað að u.þ.b. 70 störf verði utan höfuðborgarsvæðisins, sem nemur um 58% af heildarfjölgun starfa á árinu 2008.

Rekja má um 40 ný störf á næsta ári til mótvægisaðgerða ríkisstjórnarinnar vegna niðurskurðar þorskkvóta. Öll þau störf verða utan höfuðborgarsvæðisins.

2007 Framhaldsskólar

	Ársnem. 2006	Ársnem. 2007	Mism.	Stöðug. m.v. 12 stg. á 100 nem.		Höfuð-borgarsv.	Lands-byggð
Menntaskólinn í Reykjavík	872	846	-26	-3	H	-3	
Menntaskólinn á Akureyri	696	751	55	7	L		7
Menntaskólinn að Laugarvatni	137	159	22	3	L		3
Menntaskólinn við Hamrahlíð	1.102	1.099	-3	0	H	0	
Menntaskólinn við Sund	742	756	14	2	H	2	
Menntaskólinn á Ísafirði	270	295	25	3	L		3
Menntaskólinn á Egilsstöðum	322	362	40	5	L		5
Menntaskólinn í Kópavogi	1.097	1.065	-32	-4	H	-4	
Kvennaskólinn í Reykjavík	548	557	9	1	H	1	
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	1.256	1.417	161	19	H	19	
Fjölbrautaskólinn Ármúla	1.202	1.169	-33	-4	H	-4	
Flensborgarskóli	653	748	95	11	H	11	
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	846	945	99	12	L		12
Fjölbrautaskóli Vesturlands	533	588	55	7	L		7
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	211	221	10	1	L		1
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	382	358	-24	-3	L		-3
Fjölbrautaskóli Suðurlands	778	894	116	14	L		14
Verkmenntaskóli Austurlands	183	170	-13	-2	L		-2
Verkmenntaskólinn á Akureyri	1.211	1.222	11	1	L		1
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	656	697	41	5	H	5	
Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	117	100	-17	-2	L		-2

	Ársnem. 2006	Ársnem. 2007	Mism.	Stöðug. m.v. 12 stg. á 100 nem.		Höfuð-borgarsv.	Lands-byggð
Framhaldsskólinn á Húsavík	124	136	12	1	L		1
Framhaldsskólinn á Laugum	106	120	14	2	L		2
Borgarholtsskóli	968	1.023	55	7	H	7	
Fjölbrautaskóli Snæfellinga	173	181	8	1	L		1
Menntaskóli Borgarfjarðar			0	0	L		0
Menntaskólinn Hraðbraut	247	331	84	10	H	10	
Fjöltækniskóli Íslands	299	299	0	0	H	0	
Iðnskólinn í Reykjavík	1.362	1.397	35	4	H	4	
Iðnskólinn í Hafnarfirði	515	517	2	0	H	0	
Hússtjórnarskólinn í Reykjavík	24	24	0	0	H	0	
Hússtjórnarskólinn Hallormsstað	24	24	0	0	L		0
Verslunarskóli Íslands	1.419	1.441	22	3	H	3	
	19.075	**19.912**	**837**	**100**		**50,9**	**49,6**
							100
						50,7%	49,3%

2007 Háskólar

	Ársnem. 2006	Ársnem. 2007	Mism.	Skerðing v/hagræðingar	Stöðug. m.v. 9 stg. á 100 nem.		Höfuð-borgarsv.	Lands-byggð
Háskóli Íslands	5.665	5.875	210	168	15	H	15	
Háskólinn á Akureyri	1.185	1.268	83	66	6	L		6
Kennaraháskóli Íslands	1.500	1.560	60	48	4	H	4	
Háskólinn á Bifröst	440	480	40	32	3	L		3
Háskólinn í Reykjavík	1.940	2.060	120	96	9	H	9	
Listaháskóli Íslands	365	373	8	6	1	H	1	
	11.095	**11.616**	**521**	**417**	**38**		**28,7**	**8,9**
								38
	85,4%						76,4%	23,6%

2007 Verkefni

	Stöðugildi	Höfuð-borgarsv.	Lands-byggð
Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, auknar rannsóknir	2	2	
Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, útgáfa rafrænnar orðabókar	2	2	
Rannsóknamiðstöð Íslands, forysta í IASC (Alþjóðleg samtök um vísindarannsóknir á norðurslóðum)	0,5	0,5	
Framkvæmd nýrrar skólastefnu, verkefnisstjóri	1	1	
Fjölbrautaskóli Snæfellinga, v/framhaldsskóladeildar á Patreksfirði	1		1
Kvikmyndasafn Íslands, stofnunin lögð niður	-1,5	-1,5	
Aukin umsvif háskóla vegna nemendafjölgunar	38	29	9
Aukin umsvif framhaldsskóla vegna nemendafjölgunar	100	51	50
	143	**84**	**59**
		58%	42%

2008 Framhaldsskólar

	Ársnem. 2007	Ársnem. 2008	Mism.	Stöðug. m.v. 12 stg. á 100 nem.		Höfuð-borgarsv.	Lands-byggð
Menntaskólinn í Reykjavík	846	870	24	3	H	3	
Menntaskólinn á Akureyri	751	770	19	2	L		2
Menntaskólinn að Laugarvatni	159	160	1	0	L		0
Menntaskólinn við Hamrahlíð	1.099	1.125	26	3	H	3	
Menntaskólinn við Sund	756	745	-11	-1	H	-1	
Menntaskólinn á Ísafirði	295	320	25	3	L		3
Menntaskólinn á Egilsstöðum	362	350	-12	-1	L		-1
Menntaskólinn í Kópavogi	1.065	1.055	-10	-1	H	-1	
Kvennaskólinn í Reykjavík	557	550	-7	-1	H	-1	
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	1.417	1.325	-92	-11	H	-11	
Fjölbrautaskólinn Ármúla	1.169	1.170	1	0	H	0	
Flensborgarskóli	748	760	12	1	H	1	
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	945	970	25	3	L		3
Fjölbrautaskóli Vesturlands	588	545	-43	-5	L		-5
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	221	220	-1	0	L		0
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	358	375	17	2	L		2
Fjölbrautaskóli Suðurlands	894	875	-19	-2	L		-2
Verkmenntaskóli Austurlands	170	160	-10	-1	L		-1
Verkmenntaskólinn á Akureyri	1.222	1.220	-2	0	L		0
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	697	690	-7	-1	H	-1	
Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	100	125	25	3	L		3
Framhaldsskólinn á Húsavík	136	130	-6	-1	L		-1
Framhaldsskólinn á Laugum	120	120	0	0	L		0
Borgarholtsskóli	1.023	1.055	32	4	H	4	
Fjölbrautaskóli Snæfellinga	181	185	4	0	L		0
Menntaskóli Borgarfjarðar		75	75	9	L		9
Menntaskólinn Hraðbraut	331	331	0	0	H	0	
Fjöltækniskóli Íslands	299	320	21	3	H	3	
Iðnskólinn í Reykjavík	1.397	1.390	-7	-1	H	-1	
Iðnskólinn í Hafnarfirði	517	545	28	3	H	3	
Hússtjórnarskólinn í Reykjavík	24	24	0	0	H	0	
Hússtjórnarskólinn Hallormsstað	24	24	0	0	L		0
Verslunarskóli Íslands	1.441	1.490	49	6	H	6	
	19.912	**20.069**	**157**	**19**		**7**	**12**
							19

2008 Háskólar

	Ársnem. 2007	Ársnem. 2008	Mism.	Skerðing v/hagræðingar	Stöðug. m.v. 9 stg. á 100 nem.		Höfuð-borgarsv.	Lands-byggð
Háskóli Íslands	5.875	6.050	175	131	12	H	12	
Háskólinn á Akureyri	1.268	1.348	80	60	5	L		5,4
Kennaraháskóli Íslands	1.560	1.610	50	38	3	H	3	
Háskólinn á Bifröst	480	510	30	23	2	L		2,025
Háskólinn í Reykjavík	2.060	2.180	120	90	8	H	8	
Listaháskóli Íslands	373	378	5	4	0	H	0	
	11.616	**12.076**	**460**	**345**	**31**		**24**	**7**

2008 Verkefni

	Stöðugildi	Höfuð-borgarsv.	Lands-byggð
Menntamálaráðuneytið, lögfræðingur	1	1	
Verkefnastjóri á vettvangi námskrárdeildar o.fl.	1	1	
Háskóli Íslands, staða	1		1
Tilraunastöð Háskólans að Keldum, sérfræðingur vegna rannsókna á fuglaflensuveiru	2	2	
Tilraunastöð Háskólans að Keldum, gæðastjóri vegna tilskipunar EES	1	1	
Raunvísindastofnun Háskólans, starfsemi styrkt	2	2	
Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, fjármálastjóri	1	1	
Blindrakennarar og kennsluráðgjafar	3	3	
Símenntun og fjarkennsla, háskólasetur á Vestfjörðum	2		2
Símenntun og fjarkennsla, rannsóknarsetur Vestmannaeyja	2		2
Fornleifavernd ríkisins, minjavörður á Vestfjörðum	1		1
Þjóðminjasafn Íslands, næturvarsla	3	3	
Þjóðskjalasafn Íslands, öryggismálasafn	2	2	
Náttúruminjasafn Íslands, forstöðumaður	3	3	
Sinfóníuhljómsveit Íslands, hljóðfæraleikarar	2	2	
Aukin umsvif háskóla vegna nemendafjölgunar	31	24	7
Aukin umsvif framhaldsskóla vegna nemendafjölgunar	19	7	12
Menningarfulltrúi á svæði Eyþings	1		1
Menningarfulltrúi á Vestfjörðum	1		1
Menningarfulltrúi á Suðurlandi	1		1
Menningarfulltrúi á Norðurlandi vestra	1		1
	81	*52*	*29*
		64%	36%
Mótvægisaðgerðir ríkisstjórnar vegna niðurskurðar þorskkvóta:			
Náms- og starfsþjálfun vegna nýsköpunar og þróunar í atvinnulífi	5		5
Háskólasetur í Vestmannaeyjum	2		2
Fræðasetur Vestfjarða vegna Suðurfjarða	1		1
Stuðningur við frumgreinadeildar á Suðurnesjum og Vestfjörðum	6		6
Fjölbrautaskóli Norðurlands	1		1
Framhaldsskóli við utanverðan Eyfjörð	1		1
Framhaldsskóli Austur-Skaftfellinga	1		1
Framhaldsskóli í Vestmannaeyjum – íþróttabraut	2		2
Þjóðskjalasafn Íslands, grunnskráning skjala	20		20
	39	*0*	*39*
Alls	**120**	**52**	**68**

535. Nefndarálit [142. mál]

um frv. til l. um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hönnu Sigríði Gunnsteinsdóttur og Bjarnheiði Gautadóttur frá félagsmálaráðuneyti, Hrafnhildi Stefánsdóttur yfirlögfræðing og Hannes G. Sigurðsson aðstoðarframkvæmdastjóra frá Samtökum atvinnulífsins, Harald Birgisson frá Viðskiptaráði Íslands, Guðjón Bragason og Guðrúnu Ósk Sigurjónsdóttur frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Kristbjörgu Stephensen frá Reykjavíkurborg, Sigurlaugu G. Viborg og Unu Maríu Óskarsdóttur frá Kvenfélagasambandi Íslands, Brynhildi Flóvens frá Háskóla Íslands, Irmu Erlingsdóttur frá Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands, Kristínu Ástgeirsdóttur frá Jafnréttisstofu og Hildi Jónsdóttur frá Jafnréttisráði. Einnig hafa umsagnir borist nefndinni frá Jafnréttisstofu, Sambandi ungra sjálfstæðismanna, Samtökum iðnaðarins, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Viðskiptaráði Íslands, Kvenfélagasambandi Íslands, Samtökum atvinnulífsins, Bandalagi háskólamanna, Háskólanum á Bifröst (rannsóknarsetri vinnuréttar og jafnréttismála), talsmanni neytenda, Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands, Alþýðusambandi Íslands, Jafnréttisráði, Mannréttindaskrifstofu Íslands og Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja.

Fyrstu almennu lögin um jafnrétti kvenna og karla voru sett árið 1976 og var þeim ætlað að stuðla að jafnrétti kynjanna á öllum sviðum þjóðfélagsins. Þeim lögum hefur þrívegis verið breytt, nú síðast með núgildandi lögum nr. 96/2000, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Þegar lögin um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla voru sett árið 1976 var mótuð opinber stefna um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna og Jafnréttisráð sett á stofn til að framfylgja lögunum. Samkvæmt lögunum hvíldi sú fordæmisskylda á stjórnvöldum að vinna að því að jafnrétti kæmist á í raun. Nú þegar liðin eru þrjátíu ár frá setningu fyrstu jafnréttislaganna er ljóst að þau hafa ekki borið þann árangur sem vonast var eftir. Engu að síður hefur verið mikill styrkur að því að hafa slík lög og breytingar til hins betra hafa orðið á undanförnum árum.

Þegar fyrstu jafnréttislögin voru sett hér á landi var talið að erfiðast yrði að breyta viðhorfum fólks til stöðu kynjanna en auðveldast yrði að breyta launamun kynjanna og að hann yrði horfinn innan fárra ára. Reyndin hefur þó sýnt annað.

Eftir að hafa rætt um málið og kynnt sér álit gesta og umsagnaraðila vill nefndin koma á framfæri nokkrum athugasemdum sem hún telur vert að verði teknar til athugunar.

Það kom til umræðu í nefndinni að réttast væri að skilgreining á beinni mismunun í 1. tölul. 2. gr. væri efnislega samhljóða skilgreiningu tilskipunar Evrópusambandsins 2002/73/EB, um breytingu á tilskipun ráðsins 76/207/EBE, um framkvæmd meginreglunnar um jafnrétti karla og kvenna varðandi aðgang að störfum, starfsþjálfun og stöðuhækkunum, sem og varðandi starfskjör, sbr. 2. tölul. 2. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar. Því leggur nefndin til að breyting verði gerð á framangreindri skilgreiningu í 2. gr. frumvarpsins á þann veg að hún sé efnislega í samræmi við fyrrnefnda tilskipun Evrópusambandsins án þess að vera bein þýðing hennar.

Nefndin hefur sérstaklega skoðað þær heimildir sem Jafnréttisstofa hefur til eftirlits með að lögunum sé fylgt eftir í framkvæmd, þar á meðal heimild stofnunarinnar til gagnaöflunar

til að kanna hvort ástæða sé til að óska eftir við kærunefnd jafnréttismála að nefndin taki mál til meðferðar. Í því sambandi verður ekki talið að þær heimildir sem Jafnréttisstofu eru veittar með frumvarpi þessu séu víðtækari en almennt tíðkast í sambandi við eftirlitsheimildir opinberra stofnana sem ætlað er að fylgja því eftir að farið sé að lögum. Eðli málsins samkvæmt fellur það ávallt í hlut hlutaðeigandi eftirlitsstofnunar að meta hvaða gögn verði talin nauðsynleg eftirlitinu. Gerður er sá fyrirvari í 5. mgr. 4. gr. frumvarpsins að Jafnréttisstofa þurfi að hafa rökstuddan grun um að brotið hafi verið gegn lögunum áður en gagna er óskað auk þess sem tekið er fram í 7. mgr. sömu greinar að starfsmönnum stofnunarinnar sé óheimilt að nota aðstöðu sína til að afla sér annarra upplýsinga eða gagna en þeirra sem eru nauðsynleg eða kunna að vera nauðsynleg í þágu eftirlitsins. Enn fremur er Jafnréttisstofa bundin ákvæðum stjórnsýslulaga, þar á meðal ákvæðum um andmælarétt málsaðila, jafnræðisreglu og meðalhófsreglu, við framkvæmd gagnaöflunar.

Nefndin leggur til almenna lagfæringu á orðalagi 5. mgr. 4. gr. Efnislegar breytingar eru í fyrsta lagi að lagt er til að orðin „hvers konar“ í þeirri málsgrein verði felld brott til að undirstrika að eingöngu sé um að ræða þau gögn sem Jafnréttisstofa telur nauðsynleg til að upplýsa um málsatvik og í öðru lagi að í stað orðanna „afhenda Jafnréttisstofu“ komi „að láta Jafnréttisstofu í té“ og vill nefndin með því leggja áherslu á að ekki verði gerð krafa um afhendingu upplýsinga eða gagna sem eru málsatvikum óviðkomandi.

Jafnframt er tekið fram í 7. mgr., sem fyrr segir, að starfsmönnum Jafnréttisstofu er óheimilt að veita eða afhenda öðrum en aðilum máls og kærunefnd jafnréttismála upplýsingar eða gögn sem aflað er í þágu eftirlitsins. Ákvæði 7. mgr. 4. gr. frumvarpsins á sér fyrirmynd í 3. mgr. 10. gr. laga nr. 139/2005, um starfsmannaleigur, með síðari breytingum, 3. mgr. 13. gr. laga nr. 45/2007, um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra, og 1. mgr. 83. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum. Allar þær upplýsingar eða gögn sem aflað er á grundvelli framangreindra laga varða atvinnulífið, þar á meðal einstök fyrirtæki. Enn fremur gildir ákvæði 18. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, um starfsmenn Jafnréttisstofu en þar er fjallað um skyldu starfsmanna til þagmælsku um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna eða eðli máls án þess að það sé sérstaklega tekið fram í frumvarpinu. Sú þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að jafnréttisnefndir sveitarfélaga geri jafnréttisáætlanir sem lagðar eru fyrir sveitarstjórnir til samþykktar. Nefndin telur þetta ákvæði vera mikilvægt enda liggur fyrir að gæta þarf vel að jafnréttismálum í starfi sveitarfélaga og þá sérstaklega við skipulagningu starfs í leik- og grunnskólum sem og á þeirri þjónustu sem sveitarfélögunum er ætlað að veita íbúum sínum. Nefndin telur í þessu tilliti þýðingarmikið að jafnréttisnefndir sveitarfélaganna, og þá einkum þeirra sem fámennari eru, geti leitað aðstoðar sérfræðinga Jafnréttisstofu við gerð og þróun slíkra áætlana en Jafnréttisstofa hefur gefið út leiðbeiningar um gerð jafnréttisáætlana sveitarfélaga sem nefndirnar geta haft til hliðsjónar við gerð slíkra áætlana.

Fram hafa komið athugasemdir varðandi 5. gr. frumvarpsins sem fjallar um kærunefnd jafnréttismála. Hvað varðar 5. mgr. þeirrar greinar er vert að taka fram að XX. kafli laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, fjallar um gjafsókn. Í 1. mgr. 126. gr. þeirra laga er tekið fram að gjafsókn geti bæði átt við um málshöfðun eða málsvörn en samkvæmt ákvæðinu er heimilt að veita einstaklingi gjafsókn ef fjárhag hans er þannig háttað að kostnaður af gæslu hagsmuna hans í máli yrði honum fyrirsjáanlega ofviða enda sé nægilegt tilefni til málshöfð-

unar eða málsvarnar. Þá er tekið fram í 2. mgr. þeirrar greinar að gjafsókn verði enn fremur veitt eftir því sem fyrir er mælt í öðrum lögum. Nefndin leggur til tilfærslu á málsgreinum þannig að 6. mgr. 5. gr. verði 5. mgr. hennar en með því verður efnislegt samræmi betra. Varðandi greiðslu málskostnaðar skv. 5. mgr. frumvarpsins er ekki gert ráð fyrir að litið sé til fjárhags kæranda eins og gert er ráð fyrir í gjafsóknarreglum í lögum um meðferð einkamála. Loks leggur nefndin til breytingar á lokamálslið 5. mgr., er verði 7. mgr., um tilefnislausar kærur. Nefndin telur rétt að kærunefndin geti gert kæranda að greiða kærða málskostnað ef um bersýnilega tilefnislausa kæru sé að ræða en að kostnaður við kærunefnd jafnréttismála greiðist úr ríkissjóði, enda er kveðið á um í lokamálsgrein 5. gr. að kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Nefndin leggur til breytingu á 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins. Með breytingunni er lagt til að kærunefnd jafnréttismála geti ekki tekið mál til meðferðar að eigin frumkvæði þar sem það samræmist illa hlutverki hennar sem aðila sem kveður upp endanlega og bindandi úrskurði. Áfram verði þó gert ráð fyrir að Jafnréttisstofa geti óskað eftir að kærunefnd jafnréttismála taki mál til meðferðar, sbr. 2. mgr. greinarinnar.

Í 8. gr. frumvarpsins er fjallað um Jafnréttisráð og skipan þess. Nefndin telur rétt að leggja til breytingar á skipan ráðsins. Breytingarnar felast í fyrsta lagi í því að Samband íslenskra sveitarfélaga fái að tilnefna fulltrúa í Jafnréttisráð og sé þannig virkur þátttakandi í stefnumótun stjórnvalda í málum er tengjast jafnrétti kynjanna. Sveitarfélögin annast rekstur leik- og grunnskóla í landinu sem og daggæslu og tómstundastarf fyrir börn og ungmenni þegar hefðbundnum skóladegi lýkur. Á þeim vettvangi er þýðingarmikið að fram fari markviss fræðsla um jafnrétti kynjanna þar sem m.a. er lögð áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, sbr. 23. gr. frumvarpsins. Enn fremur er mikilvægt að kynjasjónarmiða sé gætt í allri nærþjónustu sem sveitarfélögum er ætlað að veita íbúum sínum. Í öðru lagi að þar sem fleiri aðilar sinna nú rannsóknum í kvenna- og kynjafræðum fari ekki vel á því að taka einn fram fyrir annan. Nefndin bendir þó á að Jafnréttisráð geti ávallt óskað eftir sérfræðiaðstoð við athugun mála. Þess í stað leggur nefndin til að Félag um foreldrajafnrétti fái að tilnefna fulltrúa í ráðið. Í þriðja lagi leggur nefndin til að Femínistafélag Íslands, Kvenfélagasamband Íslands og Kvenréttindafélag Íslands tilnefni sameiginlega tvo fulltrúa í stað eins. Í samræmi við framangreint leggur nefndin til að fulltrúum í Jafnréttisráði verði fjölgað úr átta í tíu. Tekið skal fram að í nefndinni voru mismunandi áherslur varðandi fjölda nefndarmanna í Jafnréttisráði, annars vegar að hafa ráðið fámennara en lagt er til í frumvarpinu og hins vegar að fjölga bæri í ráðinu og skipa því framkvæmdastjórn. Niðurstaðan varð sú að hafa ráðið ekki fjölmennt en nefndin leggur þrátt fyrir það til að fulltrúum verði fjölgað um tvo til að tryggja ákveðið jafnvægi.

Í tengslum við ákvæði 12. gr. um jafnréttisnefndir sveitarfélaga vekur nefndin athygli á 41. gr. laga nr. 45/1998 þar sem sveitarfélögum er heimilt að sameina nefndir þótt kveðið sé á í lögum um skipan tiltekinna nefnda.

Í nefndinni komu fram athugasemdir varðandi lokamálslið 2. mgr. 18. gr. sem tekur til vinnumarkaðarins. Vill nefndin því leggja til að í stað fyrrgreinds lokamálsliðar verði tekið fram að í jafnréttisáætlun eða starfsmannastefnu skuli koma fram hvernig settum markmiðum skuli náð og að hvort tveggja skuli endurskoða á þriggja ára fresti. Þá vekur nefndin athygli á því að við ákvörðun dagsekta sé nauðsynlegt að horfa til þess að almennt verði tekið tillit til stærðar fyrirtækja og stofnana varðandi fjárhæð dagsekta sem á eru lagðar, skv. 6. mgr. 18. gr.

Í 26. gr. frumvarpsins er kveðið á um bann við mismunun í starfi og við ráðningu. Í 4. mgr. er kveðið á um rétt umsækjanda um starf til rökstuðnings atvinnurekanda fyrir ráðningu manns af gagnstæðu kyni. Nefndin telur ekki rétt að leggja skilyrðislausa skyldu á atvinnurekendur um að rökstyðja allar ráðningar enda getur slík skilyrðislaus kvöð verið mjög íþyngjandi og leggur til að 4. mgr. falli brott. Þess í stað telur nefndin rétt að láta efnisatriði lokamálsgreinar greinarinnar ná til 5. mgr., er verður 4. mgr. eftir breytingu. Nefndin tekur fram að þau atriði sem upp eru talin í ákvæðinu beri öll að taka til greina og meta heildstætt. Þá leggur nefndin til að lokamálsgrein 27. gr. falli brott.

Þá leggur nefndin til að bætt verði við þremur ákvæðum til bráðabirgða er varða lagaskil og að tekin verði af öll tvímæli um að þrátt fyrir gildistöku nýju laganna gildi skipun framkvæmdastjóra Jafnréttisstofu út núverandi skipunartíma hans en að ráðherra skuli strax eftir gildistöku laganna skipa nýja kærunefnd jafnréttismála og nýtt jafnréttisráð.

Nefndin ræddi ítarlega þann möguleika að koma á vottunarkerfi fyrir framkvæmd jafnréttisáætlana og jafnlaunakerfa hjá þeim aðilum sem lögin ná til. Vottun væri staðfesting óháðs aðila á því að stefna, framkvæmd eða ferli jafnréttismála fyrirtækis eða stofnunar væri í samræmi við ákveðna staðla eða viðmið sem byggjast á lögum. Óháðar vottunarstofur mundu annast framkvæmd vottana á grundvelli laga nr. 24/2006 og vottunarkerfi gæti byggst á kröfum og leiðbeiningum sem Staðlaráð Íslands gefur út. Opinber vottun á framkvæmd jafnréttisstefnu ætti að geta orðið eftirsóknarvert takmark fyrirtækja og stofnana og hluti af ímynd þeirra og væri þeim heimilt að geta þess í auglýsingum og öðru kynningarefni.

Ef koma skal slíku kerfi á fót þarf að fara fram ítarleg rannsóknarvinna og þróun á vottunarkerfi. Nefndin leggur til að sett verði ákvæði til bráðabirgða við lögin sem leggur þá skyldu á herðar félagsmálaráðherra að hlutast til um að hrinda slíkri vinnu í framkvæmd. Miðað er við að vottunarkerfi verði tilbúið fyrir 1. janúar 2010. Gera verður ráð fyrir að breyta þurfi lögum til að skjóta lagastoðum undir vottunarkerfi og réttaráhrif vottunar. Ljóst er að slík vinna mun kosta tíma og fjármuni og áréttar nefndin að tryggja þurfi fjárveitingu til verkefnisins af fjárlögum. Nefndin mun svo fylgja því eftir að nauðsynlegar lagabreytingar verði gerðar til að innleiða vottunarkerfi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Kristinn H. Gunnarsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Pétur H. Blöndal skrifar undir með fyrirvara.

Alþingi, 14. des. 2007.

Guðbjartur Hannesson, form., frsm.	Ármann Kr. Ólafsson.	Ögmundur Jónasson.
Jón Gunnarsson.	Ásta R. Jóhannesdóttir.	Árni Johnsen.
Birkir J. Jónsson.		Pétur H. Blöndal, með fyrirvara.

536. Breytingartillögur [142. mál]

við frv. til l. um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

1. Við 2. gr. 1. tölul. orðist svo: *Bein mismunun:* Þegar einstaklingur fær óhagstæðari meðferð en annar af gagnstæðu kyni við sambærilegar aðstæður.
2. Við 4. gr. 5. mgr. orðist svo:
   Hafi Jafnréttisstofa rökstuddan grun um að stofnun, fyrirtæki eða félagasamtök hafi brotið gegn lögum þessum skal hún kanna hvort ástæða er til að óska eftir því að kærunefnd jafnréttismála taki málið til meðferðar. Hlutaðeigandi stofnun, fyrirtæki eða félagasamtökum er skylt að láta Jafnréttisstofu í té upplýsingar og gögn sem hún telur nauðsynleg til að upplýsa um málsatvik. Verði viðkomandi aðilar ekki við þessari beiðni Jafnréttisstofu innan hæfilegs frests getur hún ákveðið að þeir greiði dagsektir þar til upplýsingarnar og gögnin hafa verið látin í té. Sé það mat Jafnréttisstofu að umræddar upplýsingar og gögn renni frekari stoðum undir að brotið hafi verið gegn ákvæðum laganna skal hún óska eftir því að kærunefnd jafnréttismála taki málið til meðferðar og jafnframt tilkynna hlutaðeigandi stofnun, fyrirtæki eða félagasamtökum skriflega um þá ákvörðun sína.
3. Við 5. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni.
   a. Í stað orðanna „njóta gjafsóknar“ í 5. mgr., er verði 6. mgr., komi: fá greiddan málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti úr ríkissjóði.
   b. Við 1. málsl. 6. mgr., er verði 5. mgr., bætist: fyrir kærunefndinni enda sé niðurstaða nefndarinnar kæranda í hag.
   c. 2. málsl. 6. mgr. verði ný málsgrein, 7. mgr., og orðist svo:
      Ef kæra er bersýnilega tilefnislaus að mati kærunefndarinnar getur nefndin úrskurðað kæranda til að greiða gagnaðila málskostnað. Aðför má gera án undangengins dóms til fullnustu málskostnaðar.
4. Við 6. gr. Lokamálsliður 1. mgr. falli brott.
5. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
   Eftir hverjar alþingiskosningar skipar félagsmálaráðherra tíu manna Jafnréttisráð. Ráðherra skipar formann án tilnefningar, tvo fulltrúa sem tilnefndir eru sameiginlega af samtökum launafólks, tvo fulltrúa sem tilnefndir eru sameiginlega af samtökum atvinnurekenda, tvo fulltrúa sem tilnefndir eru sameiginlega af Femínistafélagi Íslands, Kvenfélagasambandi Íslands og Kvenréttindafélagi Íslands, einn fulltrúa sem tilnefndur er sameiginlega af Samtökum um kvennaathvarf og Stígamótum, einn fulltrúa sem tilnefndur er af Félagi um foreldrajafnrétti og einn fulltrúa sem tilnefndur er af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.
6. Við 18. gr. Eftirfarandi breytingar verði á 2. mgr.:
   a. Í stað orðsins„aðgerðir“ í 2. málsl. kemur: gerð áætlun um hvernig þeim skuli náð.
   b. Lokamálsliður orðist svo: Jafnréttisáætlun og jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu skal endurskoða á þriggja ára fresti.
7. Við 26. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. 4. mgr. falli brott.
   b. 6. mgr. orðist svo:

Við mat á því hvort ákvæði 4. mgr. hafi verið brotið skal taka mið af menntun, starfsreynslu, sérþekkingu eða öðrum sérstökum hæfileikum sem krafa er gerð um í viðkomandi starfi samkvæmt lögum eða reglugerðum eða telja verður annars að komi að gagni í starfinu.

8. Við 27. gr. Lokamálsgrein falli brott.
9. Við bætist fjögur ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

a. (I.)

Ákvæði 1. mgr. 4. gr. um skipun framkvæmdastjóra Jafnréttisstofu gildir frá og með fyrstu skipun í starfið eftir gildistöku laga þessara.Við gildistöku laga þessara heldur framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu starfi sínu til loka skipunartíma síns.

b. (II.)

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal ráðherra skipa nýtt Jafnréttisráð, sbr. 8. gr.

c. (III.)

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal ráðherra skipa nýja kærunefnd jafnréttismála skv. 5. gr. og fellur þá niður skipun kærunefndar jafnréttismála sem skipuð var samkvæmt lögum nr. 96/2000.

d. (IV.)

Félagsmálaráðherra skal sjá til þess að þróað verði sérstakt vottunarkerfi á framkvæmd stefnu um launajafnrétti og framkvæmd stefnu um jafnrétti við ráðningar og uppsagnir í samvinnu við samtök aðila vinnumarkaðarins. Verkefninu skal lokið fyrir 1. janúar 2010 og skal þá fara fram endurskoðun á lögum þessum.

537. Tillaga til þingsályktunar [329. mál]

um undirbúning að þjónustumiðstöð við olíuleit á Drekasvæði.

Flm.: Kristján Þór Júlíusson, Steingrímur J. Sigfússon, Arnbjörg Sveinsdóttir, Birkir J. Jónsson, Einar Már Sigurðarson, Þuríður Backman, Ólöf Nordal, Höskuldur Þórhallsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að aðstoða sveitarfélögin Langanesbyggð og Vopnafjarðarhrepp við að undirbúa og kanna þörf á starfrækslu þjónustumiðstöðvar sem gæti annast alla helstu þjónustu hérlendis við skip sem leita olíu á Drekasvæði.

Greinargerð.

Í undirbúningi er hjá iðnaðarráðuneytinu að bjóða út olíuleit á Drekasvæði haustið 2008 og gera má ráð fyrir að olíuleit hefjist þar árið 2009. Sveitarfélögin Langanesbyggð og Vopnafjarðarhreppur hafa ákveðið að stofna sameiginlegt fyrirtæki sem á að kanna hvort innanverður Bakkaflói henti undir þjónustumiðstöð fyrir áformaða olíuleit á Drekasvæði.

Sveitarfélögin áforma að láta kanna þann möguleika að gera sérstaka þjónustuhöfn í þessu skyni þar sem verði nauðsynlegur búnaður til að annast alla þá þjónustu sem veita þarf skipum sem annast olíuleit og eins skipum sem þjóna leitarskipunum. Leiði rannsóknir til þeirrar niðurstöðu að olía verði unnin á Drekasvæðinu mun slík höfn einnig nýtast til flutninga á gasi

frá landinu þar sem trúlegast yrði lögð gaslögn frá vinnslusvæðinu í land við Bakkaflóa og þar reist gasþjöppunarstöð (vegalengdin í land sú stysta sem völ er á).

Einnig er áformað að sveitarfélögin taki að sér að hafa á svæðinu allan þann neyðar- og björgunarbúnað sem til þarf svo að unnt verði að bregðast við í neyðartilvikum í samstarfi við björgunarsveitir og Landhelgisgæslu.

Gera þarf annars vegar botn-/þrívíddar- og öldumælingar í Bakkaflóa til að hægt verði að meta hvort staðsetningin uppfylli kröfur sem gerðar verða til slíkrar hafnar og hins vegar þarfagreiningu þar sem farið verði yfir þá þætti sem þjónustumiðstöð eins og sú sem um ræðir þarfnast, svo sem samgöngur, þjónustu hvers konar, landnýtingu o.fl.

Umrætt svæði hefur átt undir högg að sækja í atvinnulegu tilliti og íbúum þar fækkað jafnt og þétt á undanförnum árum. Þetta skýrist aðallega af því að mikillar einhæfni gætir þar í atvinnulífi og sveiflur í sjávarútvegi og landbúnaði hafa haft afdrifaríkar afleiðingar. Því er mikils um vert að hugmyndir er kunna að geta snúið þeirri þróun við verði skoðaðar til hlítar.

Leiði sú undirbúningsvinna sem fyrirhuguð er til þess að umrædd þjónustumiðstöð rísi við Bakkaflóa er líklegt að það verði mikil lyftistöng fyrir atvinnulíf á öllu Norðausturlandi, ekki aðeins í sveitarfélögunum tveimur sem hafa frumkvæði að því að farið verði í þessa vinnu.

538. Lög [195. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð, lögum um sjúklingatryggingu, lögum um heilbrigðisþjónustu, lögum um málefni aldraðra og lögum um eftirlaun til aldraðra.

(Afgreidd frá Alþingi 14. des.)

Samhljóða þskj. 481.

539. Lög [130. mál]

um breytingu á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands.

(Afgreidd frá Alþingi 14. des.)

1. ÞÁTTUR

Breytingar vegna flutnings sveitarstjórnarmála til samgönguráðuneytis.

I. KAFLI

Breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998, með síðari breytingum.

1. gr.

a. Í stað orðsins „Félagsmálaráðuneytið“ í 1. mgr. 2. gr. og 6. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I við lögin kemur: Samgönguráðuneytið.
b. Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ í 3. mgr. 73. gr. og 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I við lögin kemur: samgönguráðherra.

II. KAFLI

Breyting á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum.

2. gr.

a. Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ í 15., 16. og 18. gr. laganna kemur: samgönguráðherra.
b. Í stað orðsins: „félagsmálaráðuneytisins“ í 16. gr. laganna kemur: samgönguráðuneytisins.

III. KAFLI

Breyting á lögum um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, með síðari breytingum.

3. gr.

a. Í stað orðsins „félagsmálaráðuneytið“ í 2. mgr. 1. gr., 8. gr., 1. mgr. 42. gr. og 1. og 2. mgr. 46. gr. laganna kemur: samgönguráðuneytið.
b. Í stað orðsins „félagsmálaráðuneytisins“ í 3. mgr. 93. gr. og 3. mgr. 98. gr. laganna kemur: samgönguráðuneytisins.

IV. KAFLI

Breyting á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54/1971.

4. gr.

a. Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: samgönguráðherra.
b. Í stað orðsins „félagsmálaráðuneytinu“ í 4. mgr. 6. gr. laganna kemur: samgönguráðuneytinu.

V. KAFLI

Breyting á lögum um Bjargráðasjóð, nr. 146/1995, með síðari breytingum.

5. gr.

a. Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 1. og 2. málsl. 2. gr. laganna kemur: Samgönguráðherra.
b. Í stað orðsins „félagsmálaráðuneytið“ í 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: samgönguráðuneytið.

VI. KAFLI

Breyting á lögum um gatnagerðargjald, nr. 153/2006.

6. gr.

Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ í 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: samgönguráðherra.

VII. KAFLI

Breyting á lögum um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga, nr. 150/2006.

7. gr.

Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ í ákvæði til bráðabirgða IV við lögin kemur: samgönguráðherra.

VIII. KAFLI

Breyting á lögum um húsaleigubætur, nr. 138/1997.

8. gr.

Á eftir orðunum „Samband íslenskra sveitarfélaga“ í 21. gr. laganna kemur: og samgönguráðuneytið.

IX. KAFLI

Breyting á lögum um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, nr. 53/1995.

9. gr.

Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ í 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: samgönguráðherra.

X. KAFLI

Breyting á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49/1997.

10. gr.

Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ í 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: samgönguráðherra.

XI. KAFLI

Breyting á lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998.

11. gr.

Orðið „félagsmálaráðherra“ í 1. mgr. 4. gr. laganna fellur brott.

XII. KAFLI

Breyting á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum.

12. gr.

Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ í 2. mgr. 12. gr. a laganna kemur: samgönguráðherra.

2. ÞÁTTUR

Breytingar vegna flutnings ferðamála til iðnaðarráðuneytis.

XIII. KAFLI

Breyting á lögum um skipan ferðamála, nr. 73/2005.

13. gr.

Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 2. gr., 2. mgr. 3. gr., 2. mgr. 17. gr. og 4. mgr. 18. gr. laganna kemur: iðnaðarráðherra.

3. ÞÁTTUR

Breytingar vegna flutnings alferða til viðskiptaráðuneytis.

XIV. KAFLI

Breyting á lögum um alferðir, nr. 80/1994, með síðari breytingum.

14. gr.

Í stað orðsins „Samgönguráðherra“ í 16. gr. laganna kemur: Viðskiptaráðherra.

4. ÞÁTTUR

Breytingar vegna flutnings landbúnaðarskóla til menntamálaráðuneytis.

XV. KAFLI

Breyting á lögum um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999, með síðari breytingum.

15. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Menntastofnanir landbúnaðarins lúta yfirstjórn menntamálaráðherra, sbr. einnig lög nr. 63/2006, um háskóla, og lög nr. 80/1996, um framhaldsskóla.

16. gr.

Í stað orðsins „Landbúnaðarráðherra“ í 1. mgr. 5. gr., 2. mgr. 23. gr., 1. mgr. 25. gr., 2. mgr. 31. gr., 32. gr., 1. og 2. mgr. 35. gr. og 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna kemur: Menntamálaráðherra.

17. gr.

2. mgr. 10. gr. laganna fellur brott.

18. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

II. kafli laga nr. 63/2006, sem fjallar um viðurkenningu háskóla, gildir um menntastofnanir landbúnaðarins.

19. gr.

13. gr. laganna orðast svo:

III. kafli laga nr. 63/2006, sem fjallar um námsframboð og prófgráður í háskólum, gildir um menntastofnanir landbúnaðarins.

20. gr.

14. gr. laganna orðast svo:

Viðmið, útgefin af menntamálaráðherra skv. 5. gr. laga nr. 63/2006, gilda um æðri menntun og prófgráður sem menntastofnanir landbúnaðarins veita.

21. gr.

Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 3. mgr. 27. gr. og 4. mgr. 34. gr. laganna kemur: menntamálaráðuneytis.

22. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

Þeir sem við gildistöku bráðabirgðaákvæðis þessa eru skipaðir í háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands og Hólaskóla halda sætum sínum út skipunartímann, nema önnur skipan verði ákveðin. Láti fulltrúi af setu í háskólaráði á skipunartímanum skipar menntamálaráðherra annan í hans stað á grundvelli tilnefningar eftir því sem við á.

Ákvæði um háskólaráð og stjórnskipan Landbúnaðarháskóla Íslands og Hólaskóla skulu endurskoðuð með tilliti til rammalaga um háskóla.

5. ÞÁTTUR

Breytingar vegna flutnings landgræðslu og skógræktar, að undanskilinni ræktun nytjaskóga, til umhverfisráðuneytis og breytingar er lúta að því að skýra valdmörk sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis og umhverfisráðuneytis.

XVI. KAFLI

Breyting á lögum um landgræðslu, nr. 17/1965, með síðari breytingum.

23. gr.

a. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 8. gr. laganna kemur: umhverfisráðherra.
b. Í stað orðsins „landbúnaðarráðuneytinu“ í 2. mgr. 7. gr. laganna kemur: umhverfisráðuneytinu.

XVII. KAFLI

Breyting á lögum um skógrækt, nr. 3/1955, með síðari breytingum.

24. gr.

1. málsl. 2. gr. laganna orðast svo: Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn skógræktarmála samkvæmt lögum þessum, sbr. þó ákvæði IV. kafla.

25. gr.

Við 24. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fer með þau málefni er varða ræktun nytjaskóga á bújörðum sem fjallað er um í þessum kafla.

26. gr.

a. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 4. málsl. 3. mgr. 27. gr., 4. málsl. b-liðar 28. gr. og 3. mgr. 29. gr. laganna kemur: sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.
b. Í stað orðanna „landbúnaðarráðuneytinu“ í b-lið 2. mgr. 25. gr., „landbúnaðarráðuneytisins“ í 2. málsl. 3. mgr. 27. gr. og „landbúnaðarráðuneytið“ í 31. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið.
c. Í stað orðsins „Ráðherra“ í 34. gr. laganna kemur: Umhverfisráðherra.

XVIII. KAFLI

Breyting á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, með síðari breytingum, sbr. lög nr. 58/2007.

27. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 41. gr. laganna:

a. 2. málsl. 3. mgr. orðast svo: Ráðherra er heimilt að gera samninga við ríkisstofnanir og/eða einkaaðila um að annast verkefni við úttekt og eftirlit á landi sem nýtt er við gæðastýrða framleiðslu.
b. Orðin „og Landgræðslu ríkisins“ í 3. málsl. 3. mgr. falla brott.
c. 4. málsl. 3. mgr. fellur brott.

XIX. KAFLI

Breyting á lögum um dýravernd, nr. 15/1994, með síðari breytingum.

28. gr.

2. mgr. 11. gr. laganna orðast svo:

Umhverfisráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari fyrirmæli um flutning á dýrum öðrum en búfé að höfðu samráði við Matvælastofnun.

29. gr.

2. málsl. 2. mgr. 14. gr. laganna orðast svo: Umhverfisráðherra er heimilt, að höfðu samráði við Matvælastofnun, að setja í reglugerð nánari fyrirmæli um hvernig staðið skuli að aflífun dýra annarra en búfjár.

XX. KAFLI

Breyting á lögum um búfjárhald o.fl., nr. 103/2002, með síðari breytingum.

30. gr.

Við 17. gr. laganna bætast tveir nýir töluliðir er orðast svo:

5. Reglugerð um flutning búfjár. Í reglugerðinni skulu m.a. sett fyrirmæli er tryggja velferð búfjár í tengslum við flutninga. Þá skal setja fram kröfur um flutning búfjár frá brottfararstað til áfangastaðar, þ.m.t. hleðsla, umferming og afferming, og um þær kröfur sem gerðar eru til flutningstækja sem flytja búfé auk hleðslubúnaðar. Heimilt er að setja reglur um flutningsskilríki flutningsaðila, skyldur gæsluaðila með búfé, sérstök leyfi flutningsaðila sem veitt verða af Matvælastofnun og reglur til að skylda aðila sem vinna við flutning á búfé til að sækja námskeið. Við setningu reglugerðar um flutning búfjár skal aflað umsagnar Umhverfisstofnunar.
6. Reglugerð um aflífun búfjár. Í reglugerðinni skal m.a. kveðið á um að búfé skuli aflífað með skjótum og sársaukalausum hætti og án þess að önnur dýr verði þess vör, sem og að búfé skuli ávallt svipt meðvitund áður en blóðtæming fer fram. Þá skal setja í reglugerðina fyrirmæli um hvernig nánar verði staðið að meðferð, skoðun og aflífun búfjár í sláturhúsum og utan sláturhúsa, svo og vegna aflífunar búfjár vegna sjúkdómavarna. Heimilt er að setja kröfur um fræðslu og hæfi aðila sem vinna við aflífun búfjár, t.d. um skyldu til að sækja námskeið. Við setningu reglugerðar um aflífun búfjár skal aflað umsagnar Umhverfisstofnunar.

XXI. KAFLI

Breyting á lögum um innflutning dýra, nr. 54/1990, með síðari breytingum.

31. gr.

Við 5. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Með umsókn um leyfi til innflutnings á nýjum dýrategundum skal fylgja áhættumat sem umsækjandi um leyfi hefur aflað. Í áhættumati skal m.a. meta hættu á því hvort viðkomandi tegund geti sloppið út í umhverfið og þá hvaða áhrif það kunni að hafa á lífríkið.

Ráðherra er heimilt, að höfðu samráði við umhverfisráðherra, að setja í reglugerð nánari fyrirmæli um það með hvaða hætti áhættumat skuli fara fram.

XXII. KAFLI

Breyting á lögum um varnir gegn landbroti, nr. 91/2002, með síðari breytingum.

32. gr.

a. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 3. gr., 2. mgr. 8. gr., 10. gr. og 11. gr. laganna kemur: umhverfisráðherra.
b. Í stað orðsins „Landbúnaðarstofnun“ í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: Matvælastofnun.

6. ÞÁTTUR

Breytingar vegna flutnings vatnamælinga til umhverfisráðuneytis.

XXIII. KAFLI

Breyting á lögum um Orkustofnun, nr. 87/2003.

33. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

Starfsemi vatnamælinga Orkustofnunar lýtur yfirstjórn umhverfisráðherra frá 1. janúar 2008. Umhverfisráðherra skal vinna að sameiningu Veðurstofu Íslands og vatnamælinga Orkustofnunar í eina stofnun eigi síðar en 1. janúar 2009. Orkustofnun annast starfsemi vatnamælinga, undir yfirstjórn umhverfisráðherra, þar til ný stofnun tekur til starfa.

7. ÞÁTTUR

Breytingar vegna flutnings matvælamála til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis.

XXIV. KAFLI

Breyting á lögum um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum.

34. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, í lögum þessum nefndur ráðherra, fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum. Matvælastofnun er ráðherra til ráðgjafar.

35. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Matvælastofnun annast opinbert eftirlit samkvæmt lögum þessum með:

a. frumframleiðslu, innflutningi og útflutningi búfjárafurða,
b. smitsjúkdómum búfjár,
c. meðferð, skoðun og mati á sláturafurðum,
d. heilbrigðisskoðun eldisfisks,
e. meðferð, flutningi, geymslu, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, að undanskilinni smásölu,
f. innflutningi annarra matvæla en getið er í a–e-lið.

36. gr.

7. gr. laganna fellur brott.

37. gr.

8. gr. laganna fellur brott.

38. gr.

Í stað orðanna „hlutaðeigandi ráðherra“ í 2. mgr. 10. gr. og 18. gr. laganna kemur: ráðherra.

39. gr.

1. mgr. 19. gr. laganna orðast svo:

Matvælastofnun skal sjá um að halda uppi fræðslu fyrir almenning um þau málefni sem lög þessi ná til. Jafnframt skal stofnunin vinna að eflingu fræðslustarfs fyrir þá sem starfa við framleiðslu og dreifingu matvæla og veita ráðgjöf við gerð námsefnis fyrir kennslu um matvæli og meðferð þeirra, sbr. 2. mgr.

40. gr.

1. mgr. 20. gr. laganna orðast svo:

Framleiðsla og dreifing matvæla er háð leyfi heilbrigðisnefndar. Heimilt er að binda slíkar leyfisveitingar ákveðnum kröfum til þess að tryggja að matvæli verði ekki fyrir skemmdum eða spillist á annan hátt. Þegar ákvæði þessi eiga við um starfsemi sem er undir opinberu eftirliti Matvælastofnunar skv. 6. gr. er leyfisveiting í höndum þeirrar stofnunar.

41. gr.

21. gr. laganna fellur brott.

42. gr.

22. gr. laganna orðast svo:

Heilbrigðisnefnd hefur undir yfirumsjón Matvælastofnunar opinbert eftirlit með framleiðslu og dreifingu matvæla. Matvælastofnun hefur þó opinbert eftirlit með matvælum sem falla undir ákvæði 6. gr. Matvælastofnun skráir nauðsynlegar upplýsingar um framleiðslu og dreifingu matvæla vegna matvælaeftirlits. Matvælastofnun skal hafa aðgang að niðurstöðum úr sýnatökum heilbrigðisnefnda sveitarfélaganna. Þá er ráðherra heimilt að fela stofnuninni eftirlit með afmörkuðum þáttum.

43. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Hlutaðeigandi ráðherra“ hvarvetna í 1. og 2. mgr. kemur: ráðherra.
b. 3. mgr. fellur brott.

44. gr.

Í stað orðanna „til hlutaðeigandi stofnana, sem eru ráðuneytum til ráðgjafar samkvæmt ákvæðum III. kafla laganna“ í 3. mgr. 24. gr. laganna kemur: Matvælastofnun.

45. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 25. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „hlutaðeigandi ráðherra“ hvarvetna í 1. mgr. kemur: ráðherra.
b. Í stað orðanna „Umhverfisstofnunar, Fiskistofu og Landbúnaðarstofnunar“ í 1. og 4. málsl. 1. mgr. kemur: Matvælastofnunar.

46. gr.

Í stað orðanna „Hlutaðeigandi ráðherra“ í 26. gr. laganna kemur: Ráðherra.

47. gr.

Í stað orðanna „Umhverfisstofnun, Landbúnaðarstofnun eða Fiskistofu“ í 28. gr. laganna kemur: eða Matvælastofnun.

48. gr.

Við 30. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 1. mgr., svohljóðandi:

Matvælastofnun getur gripið til þvingunarúrræða og viðurlaga vegna brota gegn lögum þessum.

49. gr.

Á eftir 30. gr. laganna kemur ný grein sem verður 30. gr. a, svohljóðandi:

Rísi ágreiningur milli heilbrigðisnefndar og sveitarstjórna um framkvæmd þessara laga skal vísa málinu til fullnaðarúrskurðar ráðherra. Sama gildir um ágreining milli Matvælastofnunar og heilbrigðisnefnda um framkvæmd laga þessara.

XXV. KAFLI
Breyting á lögum um Umhverfisstofnun, nr. 90/2002.

50. gr.

Orðin „lögum nr. 93/1995, um matvæli, með síðari breytingum“ í a-lið 2. mgr. 1. gr. laganna falla brott.

XXVI. KAFLI
Breyting á lögum um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, nr. 55/1998, með síðari breytingum.

51. gr.

Í stað orðsins „Fiskistofa“ í 4. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Matvælastofnun.

52. gr.

Í stað orðsins „Sjávarútvegsráðuneytið“ í 2. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 22. gr. laganna kemur: Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið; og í stað orðsins „sjávarútvegsráðuneytis“ í 5. mgr. 14. gr. laganna kemur: sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis.

XXVII. KAFLI
Breyting á lögum um eldi nytjastofna sjávar, nr. 33/2002, með síðari breytingum.

53. gr.

a. Í stað orðsins „sjávarútvegsráðherra“ í 1. mgr. 3. gr., 4. gr., 6. gr. og 2. mgr. 7. gr. laganna kemur: sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.
b. Í stað orðsins „Fiskistofu“ í 2. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Matvælastofnun.
c. Í stað orðsins „Landbúnaðarráðherra“ í 4. gr. laganna kemur: Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

d. Í stað orðanna „Landbúnaðarstofnun“ og „Landbúnaðarstofnunar“ í 6. gr. laganna kemur Matvælastofnun, og: Matvælastofnunar.

XXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum.

54. gr.

a. Orðið „matvælum“ í 2. mgr. 3. gr. laganna og orðin „matvælum og“ í ákvæði til bráðabirgða III við lögin falla brott.
b. Orðin „m.a. með tilliti til manneldismála“ í 2. mgr. 3. gr. laganna falla brott.

55. gr.

Orðið „matarsýkingar“ í 2. mgr. 29. gr. laganna fellur brott.

XXIX. KAFLI

Breyting á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, með síðari breytingum, sbr. lög nr. 58/2007.

56. gr.

a. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 1. mgr. 2. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur: sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.
b. Í stað orðsins „Landbúnaðarstofnun“ í 1. mgr. 38. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Matvælastofnun.
c. Orðin „laga nr. 7 12. mars 1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og“ í 1. mgr. 66. gr. laganna falla brott.
d. Í stað orðsins „landbúnaðarráðuneytis“ í 3. mgr. 85. gr. A laganna kemur: sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis.

XXX. KAFLI

Breyting á lögum um Landbúnaðarstofnun, nr. 80/2005, með síðari breytingum.

57. gr.

a. Í stað orðsins „Landbúnaðarstofnun“ í 1. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Matvælastofnun.
b. Í stað orðsins „Landbúnaðarráðherra“ í 1. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur: sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

58. gr.

Við 2. gr. laganna bætast þrír nýir stafliðir er orðast svo:

h. að annast eftirlit með meðferð fisks og framleiðslu sjávarafurða samkvæmt lögum um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, nr. 55/1998,
i. að annast eftirlit með matvælum samkvæmt lögum um matvæli, nr. 93/1995,
j. að annast eftirlit með fiskeldi samkvæmt lögum nr. 57/2006, um eldi vatnafiska, og lögum nr. 33/2002, um eldi nytjastofna sjávar.

59. gr.

Við lögin bætist ný grein, 5. gr. a, sem orðast svo:

Ráðherra getur falið Matvælastofnun að gera samkomulag við aðrar ríkisstofnanir um að annast tiltekna þætti í starfsemi stofnunarinnar.

60. gr.

Við lögin bætast þrjú ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

a. (I.)

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra er heimilt að ákveða með auglýsingu, er birta skal í B-deild Stjórnartíðinda, að flutningur málefna frá Fiskistofu til Matvælastofnunar, sbr. h- og j-lið 2. gr., komi til framkvæmda að hluta eða öllu leyti síðar á árinu 2008.

b. (II.)

Við flutning á málefnum frá Fiskistofu og Umhverfisstofnun til Matvælastofnunar skv. h-, i- og j-lið 2. gr. halda starfsmenn störfum sínum og starfskjörum. Við ráðstöfun starfa samkvæmt þessu ákvæði þarf ekki að gæta 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

c. (III.)

Á árinu 2008 skal heimild skv. 5. gr. a til að gera samninga við Fiskistofu um að annast tiltekna þætti í starfsemi Matvælastofnunar ná til allra verkefna sem við gildistöku þessara laga eru á verksviði stofnunarinnar samkvæmt lögum nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum, þ.m.t. ákvarðana um þvingunarúrræði og viðurlög skv. III.–VI. kafla laganna, svo sem leyfissviptinga, ákvarðana um stöðvun vinnslu og dreifingar afurða, stöðvun innflutnings, innköllun, endursendingu, förgun, eyðingu, geymslu og ráðstöfun afurða, og ákvarðana um önnur þvingunarúrræði og viðurlög, svo og ákvarðana um kostnað við að framfylgja ákvæðum laganna.

61. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um Matvælastofnun.**

XXXI. KAFLI

Breyting á lögum um Fiskistofu, nr. 36/1992, með síðari breytingum.

62. gr.

2. málsl. 2. gr. laganna fellur brott.

XXXII. KAFLI

Breyting á lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, nr. 66/1998, með síðari breytingum.

63. gr.

a. Í stað orðsins „Landbúnaðarráðherra“ í 3. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur: sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.
b. Í stað orðsins „Landbúnaðarstofnun“ í 1. mgr. 4. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Matvælastofnun.

XXXIII. KAFLI

Breyting á lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, nr. 25/1993, með síðari breytingum.

64. gr.

a. Í stað orðsins „Landbúnaðarráðherra“ í 1. mgr. 3. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur: sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.
b. Í stað orðsins „Landbúnaðarstofnun“ í 2. mgr. 3. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Matvælastofnun.

XXXIV. KAFLI

Breyting á lögum um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, nr. 96/1997, með síðari breytingum.

65. gr.

a. Í stað orðsins „Landbúnaðarstofnunar“ í 3. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Matvælastofnun.
b. Í stað orðsins „landbúnaðarráðuneytisins“ tvívegis í 3. gr. laganna kemur: sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis; og í stað orðanna „landbúnaðarráðuneyti“ og „landbúnaðarráðuneytinu“ í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti.
c. Í stað orðsins „Landbúnaðarráðherra“ í 4. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur: sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.
d. Í stað orðsins „Hún“ í 2. málsl. 1. mgr. 16. gr. laganna kemur: Matvælastofnun.

XXXV. KAFLI

Breyting á lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986, með síðari breytingum.

66. gr.

a. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í b-lið 2. mgr. 14. gr., 25. gr., 1. mgr. 27. gr., 2. mgr. 63. gr., 2. mgr. 66. gr., 2. mgr. 68. gr. og 2. mgr. 69. gr. laganna kemur: sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.
b. Í stað orðsins „Landbúnaðarstofnunar“ í 2. mgr. 69. gr. laganna kemur: Matvælastofnunar.

XXXVI. KAFLI

Breyting á lögum um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, nr. 22/1994, með síðari breytingum.

67. gr.

a. Í stað orðsins „Landbúnaðarráðherra“ í 1. mgr. 3. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur: Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.
b. Í stað orðsins „Landbúnaðarstofnun“ í 1. mgr. 3. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Matvælastofnun.

XXXVII. KAFLI

Breyting á lögum um lífræna landbúnaðarframleiðslu, nr. 162/1994, með síðari breytingum.

68. gr.

a. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 2. mgr. 2. gr., 2. mgr. 3. gr. og 6. gr. laganna kemur: sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.
b. Í stað orðsins „Landbúnaðarstofnun“ tvívegis í 4. gr. og 5. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Matvælastofnun.

XXXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um útflutning hrossa, nr. 55/2002, með síðari breytingum.

69. gr.

a. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 2. gr., 2. mgr. 4. gr. og 7. gr. laganna kemur: sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.
b. Í stað orðsins „Landbúnaðarstofnunar“ í 2. gr. og orðsins „Landbúnaðarstofnun“ í 6. gr. laganna kemur: Matvælastofnunar, og: Matvælastofnun.

XXXIX. KAFLI

Breyting á lögum um innflutning dýra, nr. 54/1990, með síðari breytingum.

70. gr.

a. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 2. mgr. 2. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur: sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.
b. Í stað orðsins „Landbúnaðarstofnunar“ tvívegis í 2. mgr. 2. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Matvælastofnun.
c. Í stað orðsins „Landbúnaðarráðuneytið“ í 6. gr. laganna kemur: Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið.
d. Í stað orðanna „Landbúnaðarstofnun eða fulltrúi hennar“ í 1. mgr. 12. gr. laganna kemur: Matvælastofnun eða fulltrúi hennar.

XL. KAFLI

Breyting á lögum um búfjárhald o.fl., nr. 103/2002, með síðari breytingum.

71. gr.

a. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 1. og 2. mgr. 2. gr., 1. mgr. 5. gr., 2. mgr. 13. gr., 15. gr. og 17. gr. laganna kemur: sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.
b. Í stað orðsins „Landbúnaðarstofnun“ í 4. gr., 11. gr., 1. mgr. 13. gr., 1. og 5. mgr. 16. gr. og 3. tölul. 17. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Matvælastofnun.
c. Í stað orðsins „landbúnaðarráðuneytið“ í 11. gr. og „landbúnaðarráðuneytisins“ í 1. mgr. 13. gr. laganna kemur: sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, og: sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis.

XLI. KAFLI

Breyting á lögum um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006.

72. gr.

a. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 1. mgr. 4. gr., 1. mgr. 44. gr. og 1. og 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I við lögin kemur: sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

b. Í stað orðsins „Landbúnaðarstofnunar“ í 1. mgr. 4. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Matvælastofnun.

XLII. KAFLI

Breyting á lögum um Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, nr. 67/1990, með síðari breytingum.

73. gr.

Í stað orðsins „Landbúnaðarstofnun“ þrívegis í 2. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Matvælastofnun.

XLIII. KAFLI

Breyting á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

74. gr.

Í stað orðsins „Landbúnaðarstofnun“ í 2. mgr. 1. gr., 4. mgr. 11. gr., 6. mgr. 33. gr. og 5. mgr. 43. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Matvælastofnun.

XLIV. KAFLI

Breyting á vatnalögum, nr. 20/2006.

75. gr.

Í stað orðsins „Landbúnaðarstofnun“ tvívegis í 2. mgr. 35. gr. laganna kemur: Matvælastofnun.

XLV. KAFLI

Breyting á lögum um dýravernd, nr. 15/1994, með síðari breytingum.

76. gr.

a. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 5. gr. laganna kemur: sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.
b. Í stað orðsins „Landbúnaðarstofnun“ í 2. mgr. 13. gr. laganna kemur: Matvælastofnun.

XLVI. KAFLI

Breyting á sóttvarnalögum, nr. 19/1997, með síðari breytingum.

77. gr.

Í stað orðsins „Landbúnaðarstofnun“ í 3. mgr. 4. gr., 2. mgr. 6. gr., fyrirsögn á undan 11. gr. og 1. og 2. mgr. 11. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Matvælastofnun.

XLVII. KAFLI

Breyting á lögum um almannavarnir, nr. 94/1962, með síðari breytingum.

78. gr.

Í stað orðsins „Landbúnaðarstofnun“ í e-lið 2. mgr. 6. gr. laganna kemur: Matvælastofnun.

XLVIII. KAFLI

Breyting á lögum um varnir gegn fisksjúkdómum, nr. 60/2006.

79. gr.

a. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 1. og 2. mgr. 4. gr., 1. mgr. 8. gr. og ákvæði til bráðabirgða við lögin kemur: sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

b. Í stað orðsins „Landbúnaðarstofnunar“ í 1. mgr. 4. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Matvælastofnun.

XLIX. KAFLI

Breyting á lögum um fiskrækt, nr. 58/2006.

80. gr.

a. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 1. mgr. 4. gr., 13. gr. og ákvæði til bráðabirgða við lögin kemur: sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.
b. Í stað orðsins „Landbúnaðarstofnunar“ í 1. mgr. 4. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Matvælastofnun.

L. KAFLI

Breyting á lögum um eldi vatnafiska, nr. 57/2006.

81. gr.

a. Í stað orðsins „Landbúnaðarráðherra“ í 1. mgr. 4. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur: sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.
b. Í stað orðsins „Landbúnaðarstofnunar“ í 1. mgr. 4. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Matvælastofnun.

LI. KAFLI

Breyting á lögum um Rannsóknadeild fisksjúkdóma, nr. 50/1986, með síðari breytingum.

82. gr.

Í stað orðsins „Landbúnaðarstofnunar“ í 5. tölul. 5. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Matvælastofnun.

8. ÞÁTTUR

Breytingar vegna flutnings Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins til iðnaðarráðuneytis.

LII. KAFLI

Breyting á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, nr. 61/1997, með síðari breytingum.

83. gr.

Í stað orðsins „viðskiptaráðherra“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: iðnaðarráðherra.

84. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Viðskiptaráðherra“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: Iðnaðarráðherra.
b. Í stað orðanna „einn eftir tilnefningu iðnaðarráðherra, einn eftir tilnefningu iðnaðarráðherra“ í 3. málsl. 2. mgr. kemur: einn án tilnefningar, einn.

85. gr.

Orðin „iðnaðarráðherra og“ í 2. mgr. 8. gr. laganna falla brott.

9. ÞÁTTUR
Breytingar vegna flutnings Einkaleyfastofu til viðskiptaráðuneytis.
LIII. KAFLI
Breyting á lögum um einkaleyfi, nr. 17/1991, með síðari breytingum.
86. gr.

a. Í stað orðsins „Iðnaðarráðherra“ í 2. mgr. 3. gr. b laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: viðskiptaráðherra.
b. Í stað orðsins „iðnaðarráðuneytið“ í 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: viðskiptaráðuneytið.

LIV. KAFLI
Breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998.
87. gr.

Í stað orðsins „Iðnaðarráðherra“ í 4. mgr. 5. gr. laganna kemur: Viðskiptaráðherra.

LV. KAFLI
Breyting á lögum um hönnun, nr. 46/2001, með síðari breytingum.
88. gr.

a. Í stað orðsins „iðnaðarráðuneyti“ í 1. mgr. 36. gr. laganna kemur: viðskiptaráðuneyti.
b. Í stað orðsins „Iðnaðarráðherra“ í 2. mgr. 52. gr. og 1. mgr. 53. gr. laganna kemur: Viðskiptaráðherra.

LVI. KAFLI
Breyting á lögum um félagamerki, nr. 155/2002.
89. gr.

a. Í stað orðsins „iðnaðarráðuneyti“ í 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: viðskiptaráðuneyti.
b. Í stað orðsins „Iðnaðarráðherra“ í 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: Viðskiptaráðherra.

10. ÞÁTTUR
Breytingar vegna flutnings fasteignakaupa og fasteignasölu til viðskiptaráðuneytis.
LVII. KAFLI
Breyting á lögum um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa, nr. 99/2004, með síðari breytingum.
90. gr.

a. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 2. mgr. 1. gr., fyrirsögn 23. gr. og 26. gr. laganna kemur: viðskiptaráðherra.
b. Í stað orðsins „dómsmálaráðuneytis“ í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: viðskiptaráðuneytis.

11. ÞÁTTUR
Breytingar vegna tilfærslu málefna Keflavíkurflugvallar frá utanríkisráðherra til samgönguráðherra.
LVIII. KAFLI
Breyting á lögum um stofnun hlutafélags um Flugstöð Leifs Eiríkssonar, nr. 76/2000.
91. gr.

a. Í stað orðsins „og“ í 2. gr. laganna kemur: en samgönguráðherra.
b. Í stað orðsins „Utanríkisráðherra“ í 3. málsl. 14. gr. laganna kemur: Samgönguráðherra.

c. Í stað orðsins „utanríkisráðherra“ í 2. mgr. 15. gr. laganna kemur: samgönguráðherra.

12. ÞÁTTUR
Breyting á lögum um Stjórnarráð Íslands.
LIX. KAFLI
Breyting á lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, með síðari breytingum.
92. gr.

Við 14. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Nú flytjast stjórnarmálefni milli ráðuneyta, sbr. 8. gr., og skal þá ljúka meðferð ólokinna stjórnsýslumála í því ráðuneyti sem við málefni tekur.

LX. KAFLI
Gildistaka.
93. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2008.

540. Frumvarp til laga [91. mál]

um breytingu á lögum nr. 116 10. ágúst 2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 14. des.)

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða II í lögunum orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 21. gr. skal við ákvörðun veiðigjalds miða við 4,8% í stað 9,5% fiskveiðiárin 2007/2008 og 2008/2009.

Á fiskveiðiárunum 2007/2008 og 2008/2009 skal ekki innheimta veiðigjald vegna úthlutunar veiðiheimilda í þorski. Fiskistofa skal endurgreiða veiðigjald sem innheimt hefur verið á fiskveiðiárinu 2007/2008 vegna úthlutunar í þorski og ofgreitt veiðigjald vegna úthlutunar í öðrum tegundum sem þegar hefur verið innheimt. Skiptist veiðigjaldið á fleiri gjalddaga, sbr. 1. mgr. 23. gr., skal ofgreitt gjald koma til frádráttar á næsta gjalddaga.

2. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða IV í lögunum:

a. Í stað orðanna „og 2007/2008“ í 1. mgr. og 2. málsl. 2. mgr. kemur: 2007/2008 og 2008/2009.
b. Í stað orðanna „og 2008“ í 3. málsl. 2. mgr. kemur: 2008 og 2009.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

541. Frumvarp til laga [229. mál]

um breyting á tollalögum, nr. 88/2005, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 14. des.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. laganna:

a. 1. og 2. mgr. orðast svo:

Tollafgreiðslugengi skal miða við opinbert viðmiðunargengi sem skráð er af Seðlabanka Íslands hvern virkan dag. Tollafgreiðslugengi þeirra gjaldmiðla sem Seðlabanki Íslands tekur ekki til opinberrar skráningar skal ákvarðað af tollstjóranum í Reykjavík að höfðu samráði við Seðlabanka Íslands.

Við tollafgreiðslu sendinga skal ákvörðun tollverðs byggð á tollafgreiðslugengi eins og opinbert viðmiðunargengi er skráð af Seðlabanka Íslands síðasta virkan dag á undan.

b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Tollafgreiðslugengi.*

2. gr.

2. mgr. 68. gr. laganna orðast svo:

För skv. 1. mgr. eru undanþegin innsiglun vista, birgða og annars varnings um borð.

3. gr.

Við 1. mgr. 69. gr. laganna bætist nýr töluliður sem orðast svo:

6. Umflutningsgeymslum, sbr. 108. gr. a – 108. gr. d.

4. gr.

Í stað orðanna „2.–5. tölul.“ í 2. mgr. 70. gr., 1. mgr. 76. gr. og 1. mgr. 120. gr. laganna kemur: 2.–6. tölul.

5. gr.

Í stað orðanna „eða á frísvæði, sbr. 2.–5. tölul. 1. mgr. 69. gr.“ í 1. mgr. 79. gr. laganna kemur: umflutningsgeymslu eða á frísvæði, sbr. 2.–6. tölul. 1. mgr. 69. gr.

6. gr.

Við 82. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 3. mgr. og orðast svo:

Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu gilda að breyttu breytanda um flutning á ótollafgreiddum vörum frá farmflytjanda á geymslusvæði sem ekki er á hans ábyrgð.

7. gr.

1. málsl. 1. mgr. 83. gr. laganna orðast svo: Við flutning á ótollafgreiddum vörum í tollfrjálsa verslun eða tollfrjálsa forðageymslu skal farið eftir eftirfarandi formreglum um flutning er kallast tollband.

8. gr.

1. mgr. 88. gr. laganna orðast svo:

Að uppfylltum skilyrðum 1.–3. og 5.–7. tölul. 1. mgr. 91. gr. getur tollstjórinn í Reykjavík heimilað lögaðilum að reka afgreiðslugeymslur fyrir ótollafgreiddar vörur.

9. gr.

Fyrirsögn á undan 88. gr. laganna verður: **Afgreiðslugeymslur.**

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 91. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „ráðherra“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: tollstjórinn í Reykjavík.
b. Í stað orðsins „Ráðherra“ í 2. mgr. kemur: Tollstjórinn í Reykjavík.

11. gr.

Í stað orðanna „Ráðherra getur að fenginni tillögu tollstjórans í Reykjavík“ í 92. gr. laganna kemur: Tollstjórinn í Reykjavík getur.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 94. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Ráðherra“ í 1. málsl. og 2. tölul. 1. mgr. kemur: Tollstjórinn í Reykjavík.
b. Í stað orðanna „Ráðherra getur að fenginni tillögu tollstjórans í Reykjavík“ í 2. mgr. kemur: Tollstjórinn í Reykjavík getur.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 96. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „ráðherra“ í 1. mgr. kemur: tollstjórinn í Reykjavík.
b. Í stað orðsins „Ráðherra“ í 2. mgr. kemur: Tollstjórinn í Reykjavík.

14. gr.

Í stað orðanna „Ráðherra getur að fenginni tillögu tollstjórans í Reykjavík“ í 97. gr. laganna kemur: Tollstjórinn í Reykjavík getur.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 101. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „ráðherra“ í 1. mgr. kemur: tollstjórinn í Reykjavík.
b. Í stað orðsins „Ráðherra“ í 3. mgr. kemur: Tollstjórinn í Reykjavík.

16. gr.

Í stað orðanna „Ráðherra getur að fenginni tillögu tollstjórans í Reykjavík“ í 102. gr. laganna kemur: Tollstjórinn í Reykjavík getur.

17. gr.

Í stað orðsins „ráðherra“ í 2. mgr. 104. gr. laganna kemur: tollstjórinn í Reykjavík.

18. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 105. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „ráðherra“ í 1. mgr. kemur: tollstjórinn í Reykjavík.
b. Í stað orðsins „Ráðherra“ í 3. mgr. kemur: Tollstjórinn í Reykjavík.

19. gr.

Í stað orðanna „Ráðherra getur að fenginni tillögu tollstjórans í Reykjavík“ í 106. gr. laganna kemur: Tollstjórinn í Reykjavík getur.

20. gr.

Á eftir 108. gr. laganna koma fjórar nýjar greinar ásamt fyrirsögninni **Umflutningsgeymslur** og orðast greinarnar svo ásamt fyrirsögnum:

a. (108. gr. a.)

Starfsleyfi.

Að fenginni skriflegri umsókn og að uppfylltum skilyrðum 1.–9. tölul. 1. mgr. 91. gr. getur tollstjórinn í Reykjavík heimilað lögaðilum að reka umflutningsgeymslur.

Leyfi skal veitt þeim einum sem starfa í þeim tilgangi að veita öðrum þá þjónustu sem felst í rekstri umflutningsgeymslu. Leyfishöfum sjálfum skal óheimilt að geyma þar vörur eða stunda þar iðnaðarframleiðslu, verslun, umboðssölu, heildsölu eða smásölu.

Tollstjórinn í Reykjavík skal halda skrá yfir leyfishafa samkvæmt þessari grein. Öðrum fyrirtækjum en þeim sem tekin hafa verið á skrá er óheimilt að starfrækja umflutningsgeymslu.

Hefji leyfishafi ekki starfsemi innan tólf mánaða frá því að tilkynnt er um veitingu starfsleyfis fellur leyfið niður. Starfsleyfi fellur jafnframt niður hafi leyfishafi ekki veitt þjónustu sem honum er heimilt að veita samkvæmt lögum þessum samfellt í tólf mánuði.

b. (108. gr. b.)

Afturköllun starfsleyfis.

Tollstjórinn í Reykjavík getur afturkallað starfsleyfi skv. 108. gr. a uppfylli leyfishafi ekki lengur skilyrði fyrir starfsleyfinu eða vanræki gróflega skyldur sínar samkvæmt lögum þessum.

c. (108. gr. c.)

Vörur sem heimilt er að flytja í umflutningsgeymslu.

Heimilt er að flytja ótollafgreiddar vörur í umflutningsgeymslu úr fari eða afgreiðslugeymslu. Vörur sem háðar eru innflutningsleyfum er heimilt að flytja í umflutningsgeymslu, enda þótt leyfi liggi ekki fyrir.

Heimilt er að flytja innlendar vörur í umflutningsgeymslu ef þær eru ætlaðar til að viðhalda óbreyttu ástandi umflutningsvörunnar eða varna umflutningsvöru skemmdum, sbr. 108. gr. d.

Óheimilt er að flytja vörur í umflutningsgeymslu á annað geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur. Þá er óheimilt að afhenda vörur úr umflutningsgeymslu til notkunar innan lands.

d. (108. gr. d.)

Aðvinnsla í umflutningsgeymslu.

Iðnaðarframleiðsla og önnur aðvinnsla vöru er óheimil í umflutningsgeymslu.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. eru aðgerðir til þess að viðhalda óbreyttu ástandi vörunnar eða til þess að verja hana gegn skemmdum heimilar í umflutningsgeymslum.

21. gr.

12. tölul. 1. mgr. 195. gr. laganna orðast svo: Eftirlitsgjald vegna tolleftirlits með tollfrjálsum forðageymslum, tollfrjálsum verslunum og tollfrjálsum birgðageymslum þeirra, frísvæðum og umflutningsgeymslum.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi að undanskilinni 1. gr. sem tekur gildi 1. febrúar 2008.

542. Fyrirspurn [330. mál]

til heilbrigðisráðherra um skimun fyrir krabbameini.

Frá Álfheiði Ingadóttur.

Hvað líður undirbúningi að skimun fyrir krabbameini í ristli og endaþarmi sem hefjast á á árinu 2008, sbr. ályktun Alþingis frá 17. mars 2007?

543. Frumvarp til laga [163. mál]

um breyting á lögum um vátryggingarsamninga, nr. 30/2004.

(Eftir 2. umr., 14. des.)

1. gr.

82. gr. laganna orðast svo:

Á meðan félagið hefur ekki samþykkt að veita vátryggingu getur það óskað eftir upplýsingum sem hafa þýðingu fyrir mat þess á áhættunni. Í þeim tilgangi er félaginu heimilt að óska upplýsinga um sjúkdóma sem vátryggingartaki eða vátryggður, foreldri hans eða systkini eru haldin eða hafa verið haldin óháð því hvernig sjúkdómur hefur greinst. Slíkra upplýsinga skal aflað beint hjá vátryggingartaka, eða eftir atvikum vátryggðum, sem skal veita rétt og tæmandi svör eftir bestu vitund við spurningum félagsins. Vátryggingartaki, eða eftir atvikum vátryggður, skal staðfesta að þær upplýsingar sem hann veitir um sjúkdóma foreldra eða systkina sinna séu veittar með þeirra samþykki, enda sé með sanngirni hægt að ætlast til að hann hafi getað aflað slíks samþykkis. Afli vátryggingafélag upplýsinga um sjúkdóma vátryggingartaka eða vátryggðs frá öðrum en honum skal, áður en þeirra er aflað, liggja fyrir skriflegt upplýst samþykki hans. Vátryggingartaki, og eftir atvikum vátryggður, skal

að eigin frumkvæði veita upplýsingar um sérstök atvik sem hann veit, eða má vita, að hafa verulega þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er félaginu óheimilt fyrir eða eftir gerð samnings um persónutryggingu að óska eftir, afla með einhverjum öðrum hætti, taka við eða hagnýta sér upplýsingar sem fengnar eru úr niðurstöðu erfðarannsóknar á einstaklingi og geta gefið til kynna hættu á að hann þrói með sér eða fái tiltekinn sjúkdóm. Félaginu er einnig óheimilt að óska eftir rannsóknum sem teljast nauðsynlegar til þess að kostur sé á að fá slíkar upplýsingar.

Synji félagið að veita persónutryggingu skal það rökstyðja synjunina sé eftir því leitað.

Félagið skal halda saman upplýsingum um fjölda þeirra sem er synjað um töku tryggingar eða er gert að greiða hærri iðgjöld vegna áhættumats sem byggist á lagagrein þessari.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

544. Frumvarp til laga [289. mál]

um breyting á lögum nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 14. des.)

1. gr.

24. gr. laganna orðast svo:

Fasteignamati ríkisins er heimilt að vinna úr og láta í té upplýsingar úr Landskrá fasteigna gegn gjaldi sem rennur til stofnunarinnar samkvæmt gjaldskrá sem fjármálaráðherra staðfestir.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Eftirgreindir aðilar skulu á árinu 2008 greiða Fasteignamati ríkisins gjald fyrir afnot af mati stofnunarinnar:

a. Sveitarfélög skulu greiða fasteignamatsgjald fyrir afnot af fasteignamati og kerfi til álagningar fasteignaskatta og fasteignagjalda. Skal gjald þetta nema 0,007% af heildarfasteignamati í sveitarfélaginu 31. desember 2008.
b. Húseigendur skulu greiða brunabótamatsgjald vegna notkunar brunabótamats til vátrygginga og annarra trygginga í þágu húseigenda. Skal gjald þetta nema 0,0037% af brunabótamati hverrar húseignar. Skal vátryggingafélag innheimta gjaldið samhliða innheimtu brunatryggingariðgjalda og skila því til Fasteignamats ríkisins eigi síðar en 45 dögum eftir gjalddaga.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2008.

545. Frumvarp til laga [131. mál]

um breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, og lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 14. des.)

I. KAFLI
Breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 7. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Vinnuveitandi starfsmanna sem ráðnir eru til starfa á grundvelli samnings um útleigu á vinnuafli telst launagreiðandi þeirra samkvæmt lögum þessum hafi starfsmannaleigan ekki skattalegt heimilisfesti hér á landi.

Starfsmannaleiga sem hefur staðfestu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, öðru EFTA-ríki eða Færeyjum telst þó launagreiðandi nema um annað hafi verið samið við notendafyrirtæki. Notendafyrirtæki ber ábyrgð sem launagreiðandi hafi starfsmannaleiga ekki staðið réttilega skil á staðgreiðslu, sbr. 20. gr. Fjármálaráðherra er heimilt að binda staðgreiðslu starfsmannaleigu nánari skilyrðum.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

2. gr.

Á eftir orðinu „Launagreiðendur“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: samkvæmt lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda.

III. KAFLI
Breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

3. gr.

Á eftir orðinu „Launagreiðendur“ í 3. mgr. 6. gr. laganna kemur: samkvæmt lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

546. Frumvarp til laga [290. mál]

um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 14. des.)

1. gr.

Við 2. mgr. 2. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Ríkisskattstjóri hefur úrskurðarvald um hvaða lögaðilar skuli teljast heimilisfastir hér á landi samkvæmt þessari grein. Úrskurði ríkisskattstjóra má skjóta til dómstóla að stefndum ríkisskattstjóra vegna fjármálaráðherra.

2. gr.

Við 6. tölul. 4. gr. laganna bætist: samkvæmt lögum nr. 78/2007, um starfstengda eftirlaunasjóði.

3. gr.

Í stað orðsins „Arðgreiðslur“ í 4. málsl. 2. mgr. 30. gr. laganna kemur: Tekjur.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 31. gr. laganna:

a. Orðin „og 4.“ í 1. málsl. 9. tölul. falla brott.
b. Á eftir orðunum „er greinir í 1. tölul. 1. mgr. 2. gr.“ í 1. málsl. 9. tölul. kemur: sbr. XII. kafla laga nr. 2/1995, um hlutafélög, og laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög.
c. 3. málsl. 9. tölul. orðast svo: Ákvæði 1. málsl. skal einnig taka til arðs frá hlutafélögum sem skráð eru erlendis ef það félag sem arðinn fær sýnir fram á að hagnaður hins erlenda félags hafi verið skattlagður með sambærilegum hætti og gert er hér á landi.

5. gr.

Í stað orðsins „arðgreiðslur“ í 3. málsl. 3. mgr. 66. gr. laganna kemur: tekjur.

6. gr.

Í stað „834“ í 1. málsl. 4. mgr. B-liðar 67. gr. laganna kemur: 874.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 68. gr. laganna:

a. Í stað „56.096“ í 3. mgr. A-liðar kemur: 57.891.
b. Í stað „139.647“, „166.226“, „232.591“, „238.592“, „2.231.195“ og „1.115.598“ í 4. mgr. A-liðar kemur: 144.116, 171.545, 240.034, 246.227, 2.415.492, og: 1.207.746.

c. 1. málsl. 7. mgr. A-liðar orðast svo: Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessa stafliðar má ákvarða barnabætur með börnum sem ekki eru heimilisföst hér á landi en eru á framfæri ríkisborgara hins Evrópska efnahagssvæðis, aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum, enda sé framfærandi skattskyldur hér á landi skv. 1. gr. þessara laga eða tryggður á grundvelli 12., 13. eða 14. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar.
d. Á eftir 2. málsl. 7. mgr. A-liðar kemur nýr málsliður sem orðast svo: Sá sem rétt kann að eiga til barnabóta með börnum sem ekki hafa heimilisfesti á Íslandi skal sækja um bætur til skattstjóra og leggja fram upplýsingar um tekjur framfærenda ásamt upplýsingum um barnabætur eða hliðstæðar greiðslur vegna sömu barna sem greiddar hafa verið erlendis, sbr. 1. mgr.
e. Í stað „4.931.043“ og „8.174.053“ í 4. mgr. B-liðar kemur: 5.273.425, og: 8.437.481.

8. gr.

Á eftir tölunni „3.“ í 3. mgr. 71. gr. laganna kemur: 4.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 73. gr. laganna:

a. 1. mgr. 3. tölul. orðast svo:

Varanlegir rekstrarfjármunir, þ.m.t. skip og loftför, sem nýtast takmarkaðan tíma vegna aldurs, úreldingar eða af hliðstæðum ástæðum, teljast til eignar á stofnverði, sbr. 2. mgr. 12. gr., að frádregnum heimiluðum og notuðum fyrningum.

b. 5. tölul. orðast svo: Hlutabréf skal telja til eignar á nafnverði nema sannað sé að raunvirði eigna félags að frádregnum skuldum sé lægra en hlutafé þess. Sama gildir um stofnsjóðsinneignir hjá samvinnufélögum, stofnfjárbréf í sparisjóðum og stofnfjáreignir í sameignarfélögum. Hlutabréf skráð í erlendum gjaldmiðli skal færa til eignar á nafnverði, umreiknað með kaupverði miðað við daggengi við kaup, en ef nafnverð er ekki þekkt skulu bréfin færð til eignar á kaupverði. Áhættufjármuni og langtímakröfur, þ.m.t. hvers konar fjármálagerninga, sbr. 3. mgr. 36. gr. laga um ársreikninga, sem ekki eru skráð á skipulegum verðbréfamarkaði, skal telja til eignar á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum og verðbótum á höfuðstól sem miðast við vísitölu í næsta mánuði eftir lok reikningsárs. Ef þessar eignir eru skráðar á skipulegum verðbréfamarkaði skal telja þær til eignar á skráðu markaðsverði á virkum markaði í lok reikningsárs. Óefnislegar eignir, sbr. 4. og 5. tölul. 33. gr. og 48. gr., teljast til eignar á stofnverði, að frádregnum heimiluðum og notuðum fyrningum skv. 7. og 8. tölul. 37. gr. Skammtímakröfur skal telja til eignar á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum og verðbótum á höfuðstól sem miðast við vísitölu í næsta mánuði eftir lok reikningsárs, nema sannað sé að þær séu minna virði. Frá þannig töldu verði útistandandi viðskiptakrafna og lánveitinga er þó heimilt að draga allt að 5% og mynda með því mótreikning fyrir kröfum sem kunna að tapast. Útistandandi viðskiptakröfur og lánveitingar í þessu sambandi teljast kröfur sem stofnast vegna sölu á vörum og þjónustu og aðrar lánveitingar sem beint tengjast atvinnurekstrinum. Útistandandi skuldir á hendur viðurkenndum sjálfseignarstofnunum, sem samhliða veita kröfuhafa íbúðarrétt, má telja til eignar samkvæmt fasteignamati viðkomandi íbúðar.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 84. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Siglufjarðarkaupstað“ í 4. tölul. 1. mgr. kemur: Fjallabyggð.
b. Í stað orðsins „Ólafsfjarðarkaupstað“ í 5. tölul. 1. mgr. kemur: Langanesbyggð.
c. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Fjármálaráðherra er einnig heimilt að flytja einstök verkefni á milli skattumdæma.

11. gr.

Fyrirsögn VIII. kafla laganna verður: **Skattumdæmi, skattstjórar, ríkisskattstjóri, skattrannsóknarstjóri o.fl.**

12. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir að lög nr. 31/1999, um alþjóðleg viðskiptafélög, falli úr gildi 1. janúar 2008 skal fara fram álagning tekjuskatts á árinu 2008 vegna tekna alþjóðlegra viðskiptafélaga á árinu 2007.

13. gr.

Ákvæði 1.–5. gr., c- og d-liðar 7. gr. og 8.–12. gr. öðlast þegar gildi.

Ákvæði 6. gr. öðlast gildi 1. janúar 2008 og kemur til framkvæmda við staðgreiðslu á árinu 2008 og við álagningu tekjuskatts á árinu 2009.

Ákvæði a-, b- og e-liðar 7. gr. öðlast gildi 1. janúar 2008 og koma til framkvæmda við álagningu og greiðslu barnabóta og vaxtabóta á árinu 2008 vegna tekna og eigna á árinu 2007.

547. Frumvarp til laga [67. mál]

um fyrningu kröfuréttinda.

(Eftir 2. umr., 14. des.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Kröfur um peninga eða aðrar greiðslur fyrnast samkvæmt reglum laga þessara nema annað sé ákveðið með lögum.

Samningur um að krafa fyrnist ekki er ógildur.

Frestir samkvæmt lögunum eru taldir í árum eða mánuðum og er reiknað með heilum dögum þannig að dagurinn sem talið er frá er ekki talinn með. Ef sami dagur er ekki í lok mánaðar rennur fresturinn út síðasta dag mánaðarins.

II. KAFLI
Fyrningarfrestur.

2. gr.

Fyrningarfrestur kröfu reiknast frá þeim degi þegar kröfuhafi gat fyrst átt rétt til efnda.

Fyrningarfrestur krafna, sem stofnast vegna vanefnda, reiknast frá þeim degi þegar samningurinn er vanefndur.

Þegar samningi verður rift áður en efndatími hans er kominn eða krafa er gjaldfallin fyrr en upphaflega var ákveðið, vegna vanefnda skuldara eða annarra atvika, reiknast fyrningarfrestur kröfu frá þeim degi er kröfuhafi tilkynnir skuldara að hann ætli að bera fyrir sig riftun eða gjaldfellingu. Kjósi kröfuhafi að beita ekki þessum úrræðum reiknast fresturinn frá þeim gjalddaga sem upphaflega var ákveðinn.

Nú hefur seljandi eða fyrri söluaðili ábyrgst seldan hlut með því að taka að sér úrbætur eða aðra ábyrgð og reiknast þá fyrningarfrestur kröfu, sem byggist á slíkri ábyrgð, frá þeim degi er kaupandi sendir tilkynningu um það atvik sem krafan byggist á, en í síðasta lagi frá þeim degi sem ábyrgðin rennur út. Sama gildir þegar sá sem veitir þjónustu hefur ábyrgst árangur af verki sínu.

3. gr.

Almennur fyrningarfrestur kröfuréttinda er fjögur ár.

4. gr.

Krafa vegna innláns eða verðmæta sem lögð hafa verið inn hjá fjármálafyrirtæki, opinberum sjóði eða öðrum aðila, sem hefur heimild að lögum til að taka við innlánum frá almenningi, auk vaxta af slíkum kröfum, fyrnist á 20 árum frá þeim degi er verðmætin voru lögð inn. Nýr fyrningarfrestur byrjar að líða þegar kröfuhafi hefur fengið umráð fjármunanna með því að taka þá út eða setja fjármuni inn á reikninginn.

Krafa skv. 1. mgr. fyrnist þó því aðeins að viðtakandi fjármuna veki athygli kröfuhafa eða erfingja hans, tímanlega og á sannanlegan hátt, á að krafan sé að fyrnast.

5. gr.

Kröfur samkvæmt skuldabréfi og kröfur sem skráðar hafa verið rafrænni skráningu í verðbréfamiðstöð fyrnast á tíu árum. Fyrningarfrestur ákvæðisins gildir ekki um vexti, verðbætur, arð af félagi og greiðslur skv. 6. gr.

Kröfur sem byggjast á peningalánum fyrnast einnig á tíu árum. Þetta gildir þó ekki um lán sem seljandi eða annar aðili hefur veitt til fjármögnunar á kaupum með greiðslufresti. Fyrningarfrestur ákvæðisins gildir ekki um vexti og verðbætur.

6. gr.

Krafa sem er umsamin eða ákveðin vegna eftirlauna, framfærslueyris, meðlags eða annarrar greiðslu, og fellur í gjalddaga með jöfnu millibili og er ekki afborgun af höfuðstóli, fyrnist þegar liðin eru tíu ár frá þeim degi sem síðasta greiðsla var innt af hendi. Ef engar greiðslur hafa átt sér stað byrjar fresturinn að líða frá þeim degi þegar kröfuhafi gat krafist þess að fá greidda fyrstu greiðsluna. Einstakar gjaldfallnar greiðslur fyrnast enn fremur eftir ákvæðum 3. gr.

7. gr.

Nú er krafa tryggð með ábyrgð eða annarri sambærilegri tryggingu og reiknast þá fyrningarfrestur gagnvart ábyrgðarmanni eftir sömu reglum og gilda um aðalkröfuna. Engu breytir við útreikning fyrningarfrests þótt ekki sé unnt að krefjast fullnustu hjá ábyrgðarmanni fyrr en greiðslu hefur árangurslaust verið leitað hjá aðalskuldara eða að ábyrgðin er að öðru leyti þess eðlis að hún sé til vara.

8. gr.

Nú eru fleiri skuldarar ábyrgir gagnvart kröfuhafa og einn þeirra efnir skuldbindinguna áður en krafa fyrnist gagnvart honum og fyrnist þá krafa hans á hendur meðskuldurum sínum fjórum árum eftir innlausnina. Krafan fyrnist þó ekki fyrr en við lok þess fyrningarfrests sem hann hefði notið ef innleysta krafan hefði verið framseld honum. Sama gildir um endurkröfu ábyrgðarmanns á hendur aðalskuldara eða meðábyrgðarmanni.

9. gr.

Krafa um skaðabætur fyrnist á fjórum árum frá þeim degi er tjónþoli fékk nauðsynlegar upplýsingar um tjónið og þann sem ábyrgð ber á því eða bar að afla sér slíkra upplýsinga. Krafa um skaðabætur vegna líkamstjóns, þ.m.t. fyrir ófjárhagslegt tjón, fyrnist þó á tíu árum.

Krafan fyrnist þó í síðasta lagi 20 árum eftir að tjónsatburði eða öðru atviki sem liggur til grundvallar ábyrgðinni lauk. Þetta gildir þó ekki um líkamstjón ef:

a. tjónið hefur orðið í atvinnustarfsemi eða starfsemi sem má jafna við hana eða á meðan tjónþoli er undir 18 ára aldri og
b. sá sem er ábyrgur, eða einhver sem hann ber ábyrgð á, vissi eða mátti vita, áður en tjónsatburði lauk, að háttsemin gæti leitt til hættu á lífi eða alvarlegs heilsutjóns.

Þessi grein gildir ekki um kröfur sem eiga rót að rekja til samnings, nema kröfur varðandi líkamstjón.

III. KAFLI
Viðbótarfrestir.

10. gr.

Nú hefur kröfuhafi ekki haft uppi kröfu sökum þess að hann skorti nauðsynlega vitneskju um kröfuna eða skuldarann og fyrnist þá krafa hans aldrei fyrr en einu ári eftir þann dag þegar kröfuhafi fékk eða bar að afla sér slíkrar vitneskju.

Ef ekki er unnt að rjúfa fyrningu á grundvelli íslenskra eða erlendra laga eða sökum annarrar óyfirstíganlegrar hindrunar, sem ekki byggist á atvikum er varða kröfuhafa sjálfan, hefst fyrning í fyrsta lagi einu ári eftir þann dag er hindruninni lauk.

Ekki er unnt að framlengja fyrningarfrest samkvæmt þessari grein í meira en tíu ár frá því að krafa hefði ella fyrnst. Fyrningarfresti á grundvelli 2. mgr. 9. gr. er ekki unnt að framlengja samkvæmt þessari grein.

11. gr.

Þótt fyrningarfrestur sé liðinn er unnt að hafa uppi kröfu um skaðabætur í sakamáli þar sem skuldari er fundinn sekur um þann verknað sem liggur til grundvallar bótakröfu. Slíka kröfu má einnig setja fram í sérstöku máli sem höfðað er innan eins árs frá því að áfellisdómur í sakamáli var kveðinn upp. Sama gildir þegar skuldarinn gengst undir viðurlög vegna brotsins.

12. gr.

Nú á ólögráða maður kröfu á hendur fjárhaldsmanni eða yfirlögráðanda eða lögpersóna kröfu gegn stjórnarmanni eða framkvæmdastjóra og hefst þá fyrning kröfu vegna ábyrgðar, sem stafar af þessu réttarsambandi, í fyrsta lagi einu ári eftir að viðkomandi lét af starfanum. Ef sá sem er bær til að sækja kröfuna vegna kröfuhafa fær vitneskju um þau atvik sem liggja til grundvallar kröfunni fyrir þann tíma tekur fyrningarfrestur að líða frá því tímamarki þótt sá sem í hlut eigi hafi ekki látið af starfanum. Reglan gildir einnig um kröfu þrotamanns á hendur skiptastjóra þrotabúsins vegna starfa hans.

Fyrning kröfu sem hvílir samkvæmt félagssamningi á félagsmanni til að leggja framlag í eignasafn félags hefst fyrst þegar félagsaðild lýkur og félagið hefur fengið tilkynningu þar að lútandi.

13. gr.

Nú hefur opinber innköllun verið gefin út lögum samkvæmt með áskorun til kröfuhafa um að lýsa kröfum sínum innan ákveðins frests og fyrnist þá krafa ekki fyrr en sá frestur er liðinn. Ef kröfu er lýst innan kröfulýsingarfrests fyrnist krafan ekki fyrr en liðið er eitt ár frá því að kröfulýsingarfresti lauk. Við gjaldþrotaskipti eða opinber skipti dánarbús gilda 18. gr. og 2. mgr. 22. gr.

IV. KAFLI
Slit fyrningar.

14. gr.

Fyrningu er slitið þegar skuldari hefur gagnvart kröfuhafa beinlínis eða með atferli sínu viðurkennt skylduna, svo sem með loforði um greiðslu eða með því að greiða afborgun höfuðstóls, verðbætur eða vexti.

15. gr.

Fyrningu er slitið með málssókn kröfuhafa á hendur skuldara til að fá dóm fyrir kröfunni eða þegar krafist er skuldajafnaðar fyrir dómi. Einnig er fyrningu slitið þegar kröfuhafi höfðar mál til að fá viðurkenningardóm fyrir kröfunni eða leggur málið fyrir gerðardóm samkvæmt samningi.

Ef krafan er sótt fyrir dómstól er fyrningu slitið þegar mál telst höfðað eða þegar greinargerð er lögð fram með gagnkröfu til skuldajafnaðar.

Ef heimilt eða skylt er samkvæmt samningi eða lögum að leggja ágreining í gerð er fyrningu slitið þegar kröfuhafi gerir það sem nauðsynlegt er til að hrinda málinu af stað. Ef höfð er uppi krafa til skuldajafnaðar í slíku máli er fyrningu þeirrar kröfu slitið þegar hún er sett fram.

16. gr.

Fyrningu er slitið þegar kröfuhafi leggur málið til ákvörðunar fyrir stjórnvald sem hefur sérstakt ákvörðunarvald til þess að ljúka deilu um ágreininginn. Þetta gildir þótt kæra megi ákvörðunina til annars stjórnvalds eða dómstóla. Ef málið er undirbúið af öðru stjórnvaldi er nægilegt að krafan sé lögð fyrir það stjórnvald.

Ákvæði 1. mgr. gilda jafnframt um kröfur sem lagðar eru fyrir kæru- og úrskurðarnefndir sem settar eru á fót af skuldara eða starfsgreinasamtökum sem hann á aðild að eða með þátttöku þeirra. Sama gildir ef kæru- eða umkvörtunarnefndir hafa verið settar á fót á grundvelli fyrirmæla í lögum eða ef skuldari samþykkir að krafa sé lögð fyrir starfandi kæru- eða umkvörtunarnefnd.

17. gr.

Nú hefur kröfuhafi heimild til að krefjast fullnustugerðar fyrir kröfu hjá skuldara og er fyrningu þá slitið þegar beiðni um fullnustugerð berst héraðsdómara eða sýslumanni og fullnægt er að öðru leyti skilyrðum 52. gr. laga um aðför og 2. mgr. 12. gr. laga um nauðungarsölu.

Þegar innheimta þarf meðlagsgreiðslu í öðru ríki er fyrningu slitið þegar sá sem rétt á til greiðslunnar leggur fram beiðni um slíka innheimtu hjá hlutaðeigandi stjórnvaldi hér á landi eða í erlenda ríkinu í samræmi við samning milli Íslands og þess ríkis sem á í hlut.

18. gr.

Fyrningu kröfu er slitið þegar héraðsdómi berst krafa um gjaldþrotaskipti eða opinber skipti á dánarbúi skuldara til fullnustu á kröfunni.

Nú hefur bú skuldara verið tekið til gjaldþrotaskipta eða dánarbú hans til opinberra skipta og er þá fyrningu slitið með því að lýsa kröfunni í búið áður en frestur til að lýsa kröfum rennur út.

Rof fyrningar skv. 1. og 2. mgr. hefur einnig áhrif gagnvart þrotamanni og erfingjum skuldara.

19. gr.

Nú er fyrningu slitið gegn einum af fleiri skuldurum með málssókn í samræmi við 15. gr. og fyrnist þá krafan ekki á hendur öðrum skuldara ef honum er stefnt til réttargæslu í málinu áður en krafan fyrnist gagnvart honum. Í kjölfarið verður kröfuhafi að fylgja kröfunni eftir

gagnvart þeim skuldara innan eins árs eftir að málinu lauk með sátt, dómi eða með öðrum hætti.

Sama gildir ef sá sem málssókn beinist að vill hafa uppi endurkröfu á hendur öðrum manni vegna þess sem hann kann að þurfa að greiða.

V. KAFLI
Réttaráhrif þess að fyrningu er slitið.

20. gr.

Þegar fyrningu er slitið með viðurkenningu skuldara skv. 14. gr. telst nýr fyrningarfrestur samkvæmt reglum þessara laga frá því að krafan var viðurkennd eða frá síðara tímamarki ef kröfuhafi átti þá fyrst rétt á að fá kröfuna efnda.

21. gr.

Ef fyrningu hefur verið slitið á grundvelli 15.–17. gr. byrjar nýr fyrningarfrestur ekki að líða á meðan á lögsókninni stendur.

Nú er krafa dæmd eða um hana gerð dómsátt eða hún tekin til greina við málsmeðferð skv. 16. gr. og hefst þá nýr tíu ára fyrningarfrestur. Reiknast sá fyrningarfrestur frá þeim degi sem dómur gekk, dómsátt var gerð eða krafan var tekin til greina eða frá síðara tímamarki ef kröfuhafi getur fyrst þá krafist efnda. Krafa um síðar áfallna vexti, verðbætur eða arð í félagi fyrnist skv. 3. gr.

Ef aðfarargerð skv. 1. mgr. 17. gr. fer fram hjá skuldara án þess að krafa fáist að fullu greidd hefst nýr fyrningarfrestur frá þeim degi sem fullnustugerðinni lauk. Sami fyrningarfrestur tekur að líða frá því að lögð er fram beiðni skv. 2. mgr. 17. gr.

22. gr.

Nú er lögsókn skv. 15. eða 16. gr. beint að skuldara en máli vísað frá dómi eða viðkomandi úrlausnaraðila eða það fellt niður og getur þá kröfuhafi höfðað nýtt mál eða borið málið aftur undir sama úrlausnaraðila þótt fyrningarfresturinn sé liðinn, enda sé það gert innan sex mánaða. Sama gildir ef hinu síðari máli eða síðari málum verður vísað frá eða þau falla niður án efnisdóms.

Nú er ekki fallist á kröfu um gjaldþrotaskipti eða kröfu um opinber skipti dánarbús og er fyrningu þá slitið í sex mánuði frá því að skiptabeiðni var hafnað.

23. gr.

Nú er fyrningu slitið með málssókn í öðru ríki og er þá fyrningu kröfunnar slitið hér á landi á meðan málið er rekið þar fyrir dómi. Eftir því sem við getur átt gildir 1. mgr. 22. gr. ef máli lýkur ekki með efnisdómi.

Þegar krafa er dæmd eða um hana gerð dómsátt í öðru ríki hefst nýr tíu ára fyrningarfrestur skv. 2. mgr. 21. gr., enda sé dómsúrlausnin samrýmanleg íslensku réttarskipulagi.

VI. KAFLI
Réttaráhrif fyrningar.

24. gr.

Þegar krafa fyrnist fellur hún niður og kröfuhafi glatar rétti sínum til efnda. Falla þá einnig niður vextir, verðbætur, arður og aðrar viðbótargreiðslur.

25. gr.

Þótt krafa fyrnist gagnvart einum af fleiri skuldurum hefur það ekki áhrif gagnvart öðrum skuldurum nema á annan veg hafi verið samið.

Nú er krafa tryggð með ábyrgð og fyrnist þá krafan á hendur ábyrgðarmanni ef aðalkrafan fellur niður fyrir fyrningu áður en fyrningu er slitið gagnvart ábyrgðarmanni skv. 15.–19. gr., enda leiði ekki annað af samningi.

26. gr.

Fyrning kröfu felur ekki í sér að kröfuhafi missi rétt til skuldajafnaðar ef samið hefur verið um þann rétt eða kröfurnar eru af sömu rót runnar og aðalkrafan hefur stofnast áður en gagnkrafan fyrntist.

27. gr.

Fyrning kröfu hefur ekki áhrif á veðrétt og haldsrétt og standa slík tryggingaréttindi óhögguð þótt krafan, sem þau eiga að tryggja, falli niður fyrir fyrningu. Það á þó ekki við í eftirfarandi tilvikum:

a. Þegar krafa tryggð með lögveði fyrnist fellur lögveðið niður samtímis.
b. Sjálfsvörsluveð fyrir kröfu um vexti eða öðrum kröfum um greiðslu, sem falla í gjalddaga með jöfnu millibili og eru ekki afborgun höfuðstóls, fellur brott þegar krafan fyrnist.

Um brottfall söluveðs gildir 41. gr. laga um samningsveð.

Af réttindum, sem hvíla sem afgjaldskvöð á fasteign, fyrnast aðeins einstakar greiðslur.

VII. KAFLI

Gildistaka o.fl.

28. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2008. Lögin gilda einvörðungu um þær kröfur sem stofnast eftir gildistöku laganna.

Við gildistöku laganna falla úr gildi lög um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda, nr. 14/1905.

548. Frumvarp til laga [204. mál]

um breytingu á lögum um innflutning dýra, nr. 54/1990, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 14. des.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Orðskýringin *Búfé* verður svohljóðandi: Alifuglar, geitfé, hross, kanínur, loðdýr, nautgripir, sauðfé og svín. Rísi ágreiningur um hvað skuli falla undir hugtakið búfé sker landbúnaðarráðherra úr.
b. Við orðskýringuna *Einangrunarstöð* bætist: auk svína og erfðaefnis þeirra.

c. Ný orðskýring bætist við, í réttri stafrófsröð, svohljóðandi: *Gæludýr:* Dýr af eftirgreindum tegundum og flokkum: Hundar, kettir, kanínur, skrautfiskar, vatnadýr, nagdýr og búrfuglar.

2. gr.

Á eftir orðunum „dýra og erfðaefnis“ í 4. mgr. 2. gr. laganna kemur: sbr. þó 4. gr. a.

3. gr.

Á eftir 4. gr. laganna bætist við ný grein, 4. gr. a, svohljóðandi:

Yfirdýralæknir getur vikið frá því banni sem um getur í 1. mgr. 2. gr. og leyft innflutning á gæludýrum og erfðaefni þeirra sem ekki teljast til nýrra dýrategunda eða erlendra stofna tegunda sem hér eru fyrir, sbr. 5. gr., enda sé fylgt fyrirmælum sem felast í lögum þessum og reglugerðum er settar eru samkvæmt þeim.

Meta skal áhættu af innflutningi og er heimilt að krefja innflytjanda um upplýsingar um heilbrigði gæludýrs, þ.m.t. heilbrigðis- og upprunavottorð, sem staðfesta nauðsynlega bólusetningu, rannsóknir og meðhöndlun gæludýrs eða erfðaefnis fyrir innflutning.

Heimilt er að krefjast skapgerðarmats á hundum sem sótt er um innflutningsleyfi fyrir, einnig er heimilt að krefjast skapgerðarmats á hundum sem sótt er um leyfi til að flytja inn erfðaefni úr. Ekki skal veita undanþágu til innflutnings á hundum, blendingum af úlfum og hundum, eða öðrum gæludýrum sem hætta getur stafað af.

4. gr.

Við 13. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Innflutt erfðaefni svína má ekki flytja úr einangrunarstöð. Svín sem vaxið hafa af innfluttu erfðaefni í einangrunarstöð má hins vegar flytja þaðan að fengnu leyfi yfirdýralæknis og uppfylltum skilyrðum 1. mgr.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2008.

549. Lög [293. mál]

um breytingu á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, sbr. lög nr. 74/1992, 102/1993, 68/2007 og 102/2007.

(Afgreidd frá Alþingi 14. des.)

Samhljóða þskj. 530.

550. Lög [318. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Alþingi 14. des.)

Samhljóða þskj. 491.

551. Lög [91. mál]

um breytingu á lögum nr. 116 10. ágúst 2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 14. des.)

Samhljóða þskj. 540.

552. Lög [207. mál]

um breyting á lögum um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, nr. 16 13. apríl 1973, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 14. des.)

Samhljóða þskj. 225.

553. Lög [208. mál]

um breyting á lögum um happdrætti fyrir Samband íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga, nr. 18 22. apríl 1959, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 14. des.)

Samhljóða þskj. 226.

554. Lög [229. mál]

um breyting á tollalögum, nr. 88/2005, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 14. des.)

Samhljóða þskj. 541.

555. Lög [304. mál]

um breyting á lögum nr. 133/2005, um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf.

(Afgreidd frá Alþingi 14. des.)

Samhljóða þskj. 376.

556. Lög [163. mál]

um breyting á lögum um vátryggingarsamninga, nr. 30/2004.

(Afgreidd frá Alþingi 14. des.)

Samhljóða þskj. 543.

557. Lög [289. mál]

um breyting á lögum nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 14. des.)

Samhljóða þskj. 544.

558. Lög [131. mál]

um breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, og lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 14. des.)

Samhljóða þskj. 545.

559. Lög [290. mál]

um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 14. des.)

Samhljóða þskj. 546.

560. Lög [67. mál]

um fyrningu kröfuréttinda.

(Afgreidd frá Alþingi 14. des.)

Samhljóða þskj. 547.

561. Lög [242. mál]

um breytingu á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 14. des.)

Samhljóða þskj. 262.

562. Lög [204. mál]

um breytingu á lögum um innflutning dýra, nr. 54/1990, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 14. des.)

Samhljóða þskj. 548.

563. Svar [261. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Birkis J. Jónssonar um störf hjá ráðuneytinu.

1. *Hversu mikið hefur störfum hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess fjölgað eða fækkað það sem af er þessu ári á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og utan þess hins vegar?*

Á árinu 2007 hefur engin fjölgun starfsmanna orðið hjá ráðuneytinu eða stofnunum þess á höfuðborgarsvæðinu en þann 1. janúar 2007 fluttust 11 rannsóknastörf frá Umhverfisstofnun til nýrrar stofnunar, Matís ohf. Störfum á vegum ráðuneytisins og stofnana þess fækkaði því um 11 á árinu á höfuðborgarsvæðinu.

Fjölgun hjá stofnunum ráðuneytisins á landsbyggðinni voru alls 1,5 störf.

2. *Hversu mikið er áætlað að störfum hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess fjölgi utan höfuðborgarsvæðisins á næsta ári?*

Hjá stofnunum ráðuneytisins er fjölgun starfa utan höfuðborgarsvæðisins áætluð um 2,5–3 störf. Jafnframt er reiknað með að önnur verkefni á vegum ráðuneytisins muni leiða til tveggja eða þriggja nýrra starfa tímabundið til fimm ára utan höfuðborgarsvæðisins.

564. Svar [262. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Birkis J. Jónssonar um störf hjá ráðuneytinu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu mikið hefur störfum hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess fjölgað eða fækkað það sem af er þessu ári á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og utan þess hins vegar?*
2. *Hversu mikið er áætlað að störfum hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess fjölgi utan höfuðborgarsvæðisins á næsta ári?*

Starfsmannafjöldi á aðalskrifstofu ráðuneytisins í Reykjavík er óbreyttur frá upphafi árs 2007. Aðalskrifstofan hefur ekki starfsemi utan höfuðborgarsvæðisins.

Starfsmönnum undirstofnana ráðuneytisins fækkaði árið 2007 um þrjá á höfuðborgarsvæðinu en starfsmannafjöldi er óbreyttur utan þess. Árið 2008 er gert ráð fyrir að starfsmönnum undirstofnana ráðuneytisins fjölgi um 6,2 utan höfuðborgarsvæðisins.

565. Frumvarp til varnarmálalaga. [331. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

I. KAFLI
Gildissvið, yfirstjórn, stefnumótun o.fl.

1. gr.
Gildissvið og markmið.

Lög þessi gilda um stjórnsýslu varnarmála á íslensku yfirráðasvæði og samstarf og samskipti íslenskra stjórnvalda við erlend ríki, hermálayfirvöld og alþjóðastofnanir á sviði öryggis- og varnarmála. Lögin taka ekki til verkefna stjórnvalda sem eru borgaraleg í eðli sínu, svo sem löggæslu og almannavarna.

Markmið þessara laga eru eftirfarandi:

a. að afmarka valdheimildir íslenskra stjórnvalda varðandi varnartengd verkefni,
b. að greina á milli varnartengdra verkefna og borgaralegra verkefna sem lúta að löggæslu og innra öryggi ríkisins,
c. að greina á milli stefnumótunar og framkvæmdaratriða á sviði varnarmála,
d. að auðvelda lýðræðislegt eftirlit með varnartengdri starfsemi.

2. gr.
Yfirstjórn.

Utanríkisráðherra fer með yfirstjórn varnarmála og framkvæmd laga þessara.

Ef brýnir varnarhagsmunir krefjast skal utanríkisráðherra heimilt að víkja frá málsmeðferðarreglum laga þessara eða reglugerða sem eru settar samkvæmt þeim.

3. gr.
Stefnumótun.

Utanríkisráðherra mótar stefnu um framkvæmd varnarmála innan ramma laga þessara og ber ábyrgð á gerð hættumats á sviði varnarmála. Einnig ber utanríkisráðherra ábyrgð á mótun og framkvæmd öryggis- og varnarstefnu Íslands á alþjóðavettvangi.

4. gr.
Alþjóðasamskipti.

Utanríkisráðherra fer með fyrirsvar af hálfu íslenska ríkisins í samskiptum og samstarfi við erlend ríki, hermálayfirvöld og alþjóðastofnanir á sviði öryggis- og varnarmála, þ.m.t. Atlantshafsbandalagið. Jafnframt annast utanríkisráðuneytið öll samskipti við erlendan liðsafla sem dvelur hérlendis á vegum íslenskra stjórnvalda.

II. KAFLI
Skilgreiningar.

5. gr.

Í lögum þessum er merking hugtaka sem hér segir:

1. *Afleiddir samningar:* Samningar milli Íslands og Bandaríkjanna sem byggðir eru á varnarsamningnum. Hugtakið nær einnig til samninga sem Ísland gerir við Atlantshafsbandalagið, Samstarf í þágu friðar, önnur samstarfsríki eða alþjóðastofnanir og fela

í sér nánari útfærslu á þegar gerðum þjóðréttarsamningi Íslands við hlutaðeigandi ríki eða þjóðréttaraðila.

2. *Atlantshafsbandalagið:* Alþjóðasamtök þau sem komið var á fót með Norður-Atlantshafssamningnum frá 4. apríl 1949 og Ottawasamningnum frá 20. september 1951. Til bandalagsins í skilningi laganna teljast einnig nefndir, stofnanir og liðsafli þess og aðrir aðilar er fara með gerð samninga fyrir bandalagið og starfsemi sem því tengist, hvort sem þeir eru staðsettir hér á landi eða í öðrum löndum.
3. *Gistiríki:* Ríki sem á grundvelli samnings:
   a. tekur á móti liðsafla og búnaði á vegum Atlantshafsbandalagsins eða annarra ríkja sem koma að aðgerðum á yfirráðasvæði þess eða ferðast í gegnum það;
   b. heimilar að búnaður og/eða stofnanir Atlantshafsbandalagsins séu staðsettar á yfirráðasvæði þess;
   c. veitir stuðning vegna framangreinds.
4. *Gistiríkisstuðningur:* Aðstoð borgaralegs og hernaðarlegs eðlis sem gistiríki, á friðartímum, í neyð eða á ófriðartímum, veitir Atlantshafsbandalaginu og/eða öðrum liðsafla og stofnunum Atlantshafsbandalagsins sem staðsettar eru á yfirráðasvæði gistiríkisins, koma að aðgerðum þar eða ferðast þar í gegn.
5. *Hermálayfirvöld sendiríkis:* Yfirvöld sendiríkis sem hafa vald til að framfylgja hermálalögum þess ríkis með tilliti til manna í liðsafla þess eða borgaralegum deildum.
6. *Íslenska loftvarnakerfið:* Loftvarnakerfi í eigu Atlantshafsbandalagsins sem staðsett er á Íslandi og þjónar varnarhagsmunum íslenska ríkisins, Atlantshafsbandalagsins og aðildarríkja þess. Kerfið telst hluti af loftvarnakerfi Atlantshafsbandalagsins.
7. *Liðsafli:* Liðsmenn í land-, sjó- eða flugher aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins, Samstarfs í þágu friðar eða samstarfsríkis Íslands, ásamt borgaralegri deild og skylduliði, þegar þeir hafa viðdvöl hérlendis í tengslum við opinber skyldustörf sín, nema Ísland og viðkomandi sendiríki hafi samið um það sín á milli að eigi beri að líta svo á að tilteknir einstaklingar, einingar eða fylkingar séu liðsafli hér á landi. Undir hugtakið falla liðsmenn úr herliði Bandaríkjanna og skyldulið þeirra, erlent starfslið sem herliðinu fylgir, einstakar samningsstofnanir Bandaríkjahers og aðilar er fara með gerð samninga fyrir bandarísk stjórnvöld vegna herliðsins og starfsemi sem því tengist, hvort sem þeir eru staðsettir hér á landi eða í öðrum löndum.
8. *Loftrýmiseftirlit:* Kerfisbundið eftirlit loftrýmis með rafrænum, sjónrænum eða öðrum aðferðum, aðallega í þeim tilgangi að bera kennsl á og afmarka hreyfingar flugskeyta og loftfara, vinveittra og óvinveittra, innan loftrýmisins þar sem eftirlitið fer fram.
9. *Loftrýmiseftirlitssvæði Atlantshafsbandalagsins:* Loftrými bandalagsins þar sem fram fer loftrýmiseftirlit og loftrýmisgæsla.
10. *Loftrýmisgæsla:* Notkun loftfara og annars búnaðar í þeim tilgangi að hafa eftirlit með og gæta loftrýmisins á loftrýmiseftirlitssvæði Atlantshafsbandalagsins.
11. *Notendaríki:* Ríki sem á grundvelli þjóðréttarskuldbindinga ber ábyrgð á tilteknum eignum Atlantshafsbandalagsins, þ.m.t. mannvirkjum, og notar þær m.a. í sjálfs síns þágu að virtum forgangsrétti bandalagsins.
12. *Samstarf í þágu friðar:* Alþjóðasamstarf það sem komið var á fót innan Atlantshafsbandalagsins hinn 10. janúar 1994.
13. *Skyldulið:* Maki eða sambúðaraðili manns í liðsafla eða manns í borgaralegri deild eða barn, kjörbarn eða stjúpbarn slíks manns sem er á framfæri hans.

14. *Varnarsamningurinn:* Varnarsamningur milli lýðveldisins Íslands og Bandaríkjanna á grundvelli Norður-Atlantshafssamningsins frá 5. maí 1951 og viðbætir við hann um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þeirra frá 8. maí 1951, sem veitt var lagagildi með lögum nr. 110/1951, ásamt síðari breytingum.
15. *Varnarsvæði:* Landsvæði sem íslensk stjórnvöld hafa lagt til varna landsins og lýst hafa verið samningssvæði samkvæmt ákvæðum varnarsamningsins, sbr. lög nr. 110/1951, og lúta yfirstjórn utanríkisráðherra.
16. *Varnaræfingar:* Æfingar sem haldnar eru hérlendis, á vegum íslenskra stjórnvalda, til að æfa samræmingu og viðbrögð vegna varna landsins, m.a. með þátttöku Bandaríkjanna, annarra aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins, Samstarfs í þágu friðar eða annarra samstarfsríkja Íslands og innlendra viðbragðsaðila.
17. *Öryggissvæði:* Landsvæði sem íslensk stjórnvöld leggja til varnarþarfa, þ.m.t. varnaræfinga, m.a. á vegum Bandaríkjanna eða annarra ríkja Atlantshafsbandalagsins, og lýst hafa verið öryggissvæði á grundvelli laga þessara.
18. *Öryggisvottun:* Staðfesting á því að aðili hafi sætt bakgrunnsskoðun og uppfylli hæfis- og öryggiskröfur til að fá aðgang að trúnaðarskjölum, búnaði eða mannvirkjum í eigu Atlantshafsbandalagsins, aðildarríkja þess, Samstarfs í þágu friðar eða annarra samstarfsríkja Íslands á sviði öryggis- og varnarmála.

III. KAFLI
Stjórnsýsla.

6. gr.
Varnarmálastofnun.

Ríkið starfrækir sérstaka stofnun, undir yfirstjórn utanríkisráðherra, sem nefnist Varnarmálastofnun og sinnir verkefnum á sviði varnarmála. Aðsetur og aðalskrifstofa stofnunarinnar er á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli. Utanríkisráðherra staðfestir skipurit stofnunarinnar.

7. gr.
Verkefni Varnarmálastofnunar.

Helstu verkefni Varnarmálastofnunar eru:

1. Rekstur íslenska loftvarnakerfisins, þ.m.t. fjarskiptastöðva og ratsjárstöðva Atlantshafsbandalagsins hérlendis.
2. Þátttaka í samræmdu loftrýmiseftirliti og loftrýmisgæslu Atlantshafsbandalagsins samkvæmt lögum þessum og á grundvelli þjóðréttarsamninga sem Ísland er aðili að.
3. Rekstur, umsjón og hagnýting öryggissvæða og mannvirkja þar í eigu íslenska ríkisins og Atlantshafsbandalagsins í samræmi við notendaríkis- og gistiríkishlutverk Íslands.
4. Undirbúningur og umsjón varnaræfinga sem haldnar eru hérlendis.
5. Framkvæmd gistiríkisstuðnings íslenskra stjórnvalda.
6. Rekstur gagnatenginga við upplýsingakerfi Atlantshafsbandalagsins og undirstofnana þess sem Ísland hefur aðgang að og úrvinnsla upplýsinga úr slíkum kerfum.
7. Þátttaka í starfi nefnda og undirstofnana Atlantshafsbandalagsins, þ.m.t. herstjórnarmiðstöðvar bandalagsins, samkvæmt nánari ákvörðun utanríkisráðherra.
8. Verkefni sem varða framkvæmd varnarsamningsins, sbr. lög nr. 110/1951, og laga nr. 72/2007, um réttarstöðu liðsafla aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins og Samstarfs í þágu friðar o.fl.

9. Samstarf við önnur stjórnvöld, stofnanir eða opinber hlutafélög sem hafa með höndum verkefni sem tengjast starfssviði Varnarmálastofnunar, samkvæmt nánari ákvörðun utanríkisráðherra.
10. Samstarf við alþjóðastofnanir og framkvæmd alþjóðasamþykkta á sviði varnarmála, samkvæmt nánari ákvörðun utanríkisráðherra.
11. Ráðgjöf til utanríkisráðuneytisins á fagsviðum stofnunarinnar og varðandi stefnumótun og hættumat á sviði varnarmála samkvæmt lögum þessum.
12. Að vinna í samræmi við stefnu utanríkisráðherra á sviði varnarmála samkvæmt lögum þessum.
13. Samstarf við háskóla, stofnanir, fyrirtæki og alþjóðleg samtök í tengslum við rannsóknir og þróun á starfssviði stofnunarinnar.
14. Undirbúningur að setningu reglugerða og verklagsreglna og þátttaka í mótun þeirra, m.a. á erlendum vettvangi, og undirbúningur samninga við erlend ríki og alþjóðastofnanir samkvæmt nánari fyrirmælum utanríkisráðherra.
15. Önnur verkefni sem stofnuninni eru falin samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða ákvörðun utanríkisráðherra.

IV. KAFLI
Starfsmannamál.

8. gr.
Forstjóri Varnarmálastofnunar.

Utanríkisráðherra skipar forstjóra Varnarmálastofnunar til fimm ára í senn. Forstjóri skal hafa háskólamenntun og búa yfir þekkingu á verksviði stofnunarinnar. Forstjóri fer með stjórn stofnunarinnar og ber ábyrgð á daglegum rekstri.

9. gr.
Ráðning starfsliðs.

Forstjóri ræður aðra starfsmenn Varnarmálastofnunar.

Óheimilt er að ráða til Varnarmálastofnunar eða hafa þar starfandi einstakling eða verktaka sem ekki uppfyllir skilyrði öryggisvottunar skv. 24. gr.

Ef einstaklingur, verktaki eða starfsmaður verktaka telst ekki uppfylla skilyrði öryggisvottunar skal sú afstaða tilkynnt og aðila máls gefinn kostur á að koma að andmælum. Ákveði Varnarmálastofnun að synja um starf eða verk eða segja upp gildandi vinnu- eða verksambandi, sökum þess að skilyrði öryggisvottunar teljast ekki uppfyllt, skal það gert með sannanlegum hætti og aðila máls leiðbeint um rétt til að kæra ákvörðunina til utanríkisráðherra.

10. gr.
Tímabundin ráðning.

Forstjóra Varnarmálastofnunar er heimilt, að höfðu samráði við utanríkisráðuneytið, að ráða án auglýsingar embættismann eða fastráðinn starfsmann utanríkisþjónustunnar tímabundið í starf hjá Varnarmálastofnun, þó ekki lengur en til tveggja ára í senn enda fullnægi hann skilyrðum öryggisvottunar skv. 24. gr. Telst viðkomandi vera starfsmaður Varnarmálastofnunar og í launalausu leyfi frá utanríkisþjónustunni á meðan hann gegnir starfinu. Með sömu skilyrðum má veita starfsmanni Varnarmálastofnunar tímabundið starf hjá utanríkisþjónustunni.

Starfstími í hinu tímabundna starfi skal reiknaður sem hluti af starfstíma viðkomandi í hinu fasta starfi/embætti hans.

Utanríkisráðherra er heimilt að ákveða að 1. og 2. mgr. taki til ákveðinna ríkisstarfsmanna sem hafa sérfræðiþekkingu sem talin er nýtast á starfsvettvangi Varnarmálastofnunar eða utanríkisþjónustunnar. Skilyrði er þó að vinnuveitandi viðkomandi ríkisstarfsmanns veiti samþykki sitt fyrir slíkri tímabundinni ráðningu.

11. gr.

Bann við verkföllum.

Starfsmenn Varnarmálastofnunar mega hvorki fara í verkfall né taka þátt í verkfallsboðun.

V. KAFLI

Rekstur öryggissvæða, loftvarnakerfis o.fl.

12. gr.

Rekstur öryggissvæða.

Varnarmálastofnun annast umsjón, rekstur og hagnýtingu allra öryggissvæða á Íslandi, þ.m.t. við Keflavíkurflugvöll, Helguvík, Miðnesheiði, Stokksnes, Gunnólfsvíkurfjall og Bolafjall, auk mannvirkja sem þar eru staðsett.

Utanríkisráðherra birtir auglýsingu sem sýnir landfræðileg mörk öryggis- og varnarsvæða.

13. gr.

Aðgangur að öryggis- og varnarsvæðum.

Varnarmálastofnun veitir aðgangsheimildir að öryggis- og varnarsvæðum. Utanríkisráðherra er þó heimilt að fela rekstraraðila Keflavíkurflugvallar að annast útgáfu aðgangsheimilda að þeim hluta öryggissvæðisins við Keflavíkurflugvöll sem er innan haftasvæðis flugverndar. Takmarka má, synja um eða afturkalla aðgangsheimild af öryggisástæðum eða ef allsherjarregla krefst þess. Slíkar stjórnvaldsákvarðanir má kæra til utanríkisráðherra og skal aðila máls leiðbeint um kærurétt sinn.

Að undanskildum íslenskum tollgæslu- og lögregluyfirvöldum er þeim einum heimill aðgangur að öryggis- og varnarsvæðum og mannvirkjum þar sem þangað á lögmætt erindi og hefur gilda aðgangsheimild.

14. gr.

Rekstur íslenska loftvarnakerfisins o.fl.

Varnarmálastofnun annast rekstur íslenska loftvarnakerfisins, stjórnstöðvar á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli, fjarskiptastöðva og ratsjárstöðva Atlantshafsbandalagsins sem staðsettar eru á öryggissvæðum. Reksturinn skal taka mið af reglum og stöðlum Atlantshafsbandalagsins varðandi slíka starfsemi.

15. gr.

Rekstur mannvirkja Atlantshafsbandalagsins o.fl.

Varnarmálastofnun annast rekstur, umsjón og hagnýtingu mannvirkja og annarra eigna Atlantshafsbandalagsins hérlendis í samræmi við þjóðréttarlegar skuldbindingar og heimildir Íslands sem notenda- og gistiríkis. Reksturinn skal taka mið af reglum og stöðlum Atlantshafsbandalagsins varðandi slíka starfsemi og venjubundinni notendaríkisframkvæmd bandalagsríkjanna.

Utanríkisráðherra birtir lista yfir þau mannvirki og þær eignir Atlantshafsbandalagsins og íslenska ríkisins sem Varnarmálastofnun ber ábyrgð á.

16. gr.

Rekstrarkostnaður.

Kostnaður við starfrækslu Varnarmálastofnunar greiðist af fjárveitingum úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum.

Varnarmálastofnun er heimilt, að virtum öryggisreglum og forgangsrétti Atlantshafsbandalagsins, að veita gegn gjaldi samningsbundin afnot af mannvirkjum og búnaði bandalagsins sem stofnunin hefur umsjón með á grundvelli gistiríkis- og notendaríkisskuldbindinga Íslands. Tekjur vegna afnotanna renna til Varnarmálastofnunar sem ráðstafar þeim til reksturs og viðhalds þeirra mannvirkja og búnaðar bandalagsins sem stofnunin annast.

VI. KAFLI
Skaðabótamál.

17. gr.

Varnarmálastofnun tekur ákvörðun um greiðslu skaðabóta úr ríkissjóði vegna skaðabótakrafna utan samninga sem Ísland hefur skuldbundið sig til að greiða, á grundvelli þjóðréttarsamninga á sviði varnarmála.

VII. KAFLI
Loftrýmiseftirlit, loftrýmisgæsla, varnaræfingar o.fl.

18. gr.

Loftrýmiseftirlit og loftrýmisgæsla.

Atlantshafsbandalaginu er heimilt að sinna loftrýmiseftirliti og loftrýmisgæslu við Ísland í samræmi við ákvarðanir Norður-Atlantshafsráðsins. Um tilhögun slíks eftirlits og gæslu fer samkvæmt samningum milli íslenska ríkisins og bandalagsins og þeirra bandalagsríkja sem skuldbinda sig til að sinna slíkum verkefnum.

19. gr.

Gistiríkisstuðningur.

Varnarmálastofnun annast gistiríkisstuðning íslenskra stjórnvalda gagnvart Atlantshafsbandalaginu og öðrum ríkjum og skal sú framkvæmd taka mið af reglum og stöðlum Atlantshafsbandalagsins um gistiríkisstuðning.

20. gr.

Varnaræfingar.

Utanríkisráðherra ber ábyrgð á undirbúningi og framkvæmd varnaræfinga sem haldnar eru hérlendis á vegum íslenskra stjórnvalda. Upplýsa ber utanríkismálanefnd Alþingis í lok hvers árs um fyrirhugaðar æfingar á komandi ári.

Varnarmálastofnun annast undirbúning og framkvæmd varnaræfinga. Stofnunin gefur utanríkisráðherra upplýsingaskýrslu um hverja æfingu innan mánaðar frá lokum hennar.

VIII. KAFLI
Skatt- og tollundanþágur.

21. gr.

Öryggis- og varnarsvæði, ásamt mannvirkjum íslenska ríkisins, Atlantshafsbandalagsins eða Bandaríkjanna þar, og starfsemi þeim tengd, skulu undanþegin öllum opinberum gjöldum, þ.m.t. vegna kaupa á vöru og þjónustu til viðhalds og rekstrar. Þá eru mannvirkin undanþegin skyldutryggingu fasteigna.

Atlantshafsbandalagið, Samstarf í þágu friðar, herlið Bandaríkjanna og liðsafli skv. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 72/2007 nýtur hérlendis undanþágu frá greiðslu skatta, gjalda og tolla með þeim hætti sem greinir í 7. gr. og 8. gr. viðbætis við lög nr. 110/1951, sbr. og 48. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum. Þó skal greiða óbeina skatta og gjöld, skv. 1. tölul. 6. gr. viðbætisins, með þeim undanþágum sem leiðir af 8. gr. viðbætisins og endurgreiðsluheimild 43. gr. laga nr. 50/1988. Sama gildir um liðsafla annarra ríkja, og skylduliðs þeirra, sem dvelst hérlendis við framkvæmd skyldustarfa eða varnaræfingar á vegum íslenskra stjórnvalda.

Um þær eignir og þann rekstur sem Varnarmálastofnun annast fyrir hönd Atlantshafsbandalagsins, Samstarfs í þágu friðar, herliðs Bandaríkjanna eða annarra þjóðréttaraðila, sem samkvæmt lögum og alþjóðasamningum eru undanþegnir skatt- og tollskyldu, fer eftir þeim sérreglum sem um þá þjóðréttaraðila gilda. Utanríkisráðherra setur að höfðu samráði við fjármálaráðuneytið reglugerð um framkvæmd slíkrar umsýslu.

IX. KAFLI
Meðferð upplýsinga.

22. gr.

Þagnarskylda.

Starfsmenn Varnarmálastofnunar eru bundnir þagnarskyldu. Þeir mega ekki, að viðlagðri ábyrgð, skýra óviðkomandi frá því sem þeir komast að í starfi sínu og leynt á að fara. Sama gildir um verktaka og aðra aðila sem starfa að einstökum verkefnum á vegum stofnunarinnar. Þagnarskylda helst þótt látið sé af störfum eða verksamningi ljúki.

23. gr.

Úrvinnsla og miðlun upplýsinga.

Varnarmálastofnun annast úrvinnslu upplýsinga úr upplýsingakerfum Atlantshafsbandalagsins og erlendra samstarfsaðila sem stofnunin hefur aðgang að. Stofnunin skal leitast við að skilgreina hættur sem kunna að steðja að íslensku yfirráðasvæði og íslenskum ríkisborgurum, m.a. vegna hernaðarumsvifa eða sambærilegs alvarlegs hættuástands.

Varnarmálastofnun má skiptast á upplýsingum við stjórnvöld annarra ríkja og alþjóðasamtök sem Ísland er aðili að enda byggist slíkt á gildum milliríkjasamningum og sé nauðsynlegt að teknu tilliti til öryggis- og varnarhagsmuna landsins.

Varnarmálastofnun vinnur úr upplýsingum sem hún fær skv. 1. og 2. mgr. og miðlar áfram til utanríkisráðuneytisins, annarra stjórnvalda og utanríkismálanefndar samkvæmt nánari ákvæðum sem utanríkisráðherra skal setja í reglugerð. Reglugerðin skal m.a. taka mið af stöðlum og reglum Atlantshafsbandalagsins varðandi meðhöndlun slíkra upplýsinga.

24. gr.

Öryggisvottun og trúnaðarstig skjala.

Varnarmálastofnun ber ábyrgð á útgáfu öryggisvottunar samkvæmt lögum þessum. Embætti ríkislögreglustjóra annast framkvæmd bakgrunnsskoðunar vegna öryggisvottunar, að beiðni Varnarmálastofnunar, og er við vinnsluna m.a. heimilt að afla upplýsinga um viðkomandi úr skrám lögreglu og sakaskrá. Varnarmálastofnun heldur sérstaka skrá yfir aðila sem hljóta öryggisvottun samkvæmt lögum þessum.

Utanríkisráðherra setur reglugerð um framkvæmd öryggisvottunar og trúnaðarstig skjala samkvæmt lögum þessum að höfðu samráði við dómsmálaráðherra. Skal þar tekið mið af stöðlum og reglum Atlantshafsbandalagsins um öryggi og meðferð trúnaðarskjala og eftir atvikum öðrum þjóðréttarskuldbindingum sem Ísland hefur undirgengist varðandi öryggi og meðferð trúnaðarupplýsinga.

25. gr.

Ársskýrsla Varnarmálastofnunar.

Varnarmálastofnun gefur utanríkisráðherra árlega skýrslu um starfsemi sína á liðnu almanaksári. Utanríkisráðherra kynnir efni ársskýrslunnar fyrir utanríkismálanefnd. Útdráttur úr ársskýrslunni skal birtur á heimasíðu Varnarmálastofnunar fyrir 1. september árið á eftir.

X. KAFLI

Stjórnsýslukæra, viðurlög, gildistaka o.fl.

26. gr.

Stjórnsýslukæra.

Aðilum máls er heimilt að kæra stjórnvaldsákvarðanir Varnarmálastofnunar til utanríkisráðherra innan 30 daga frá dagsetningu ákvörðunar. Um meðferð kærumálsins fer samkvæmt stjórnsýslulögum og ákvæðum þessara laga eftir því sem við getur átt.

27. gr.

Reglugerðarheimildir.

Utanríkisráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari fyrirmæli um verkefni Varnarmálastofnunar og framkvæmd laga þessara, þ.m.t. varðandi:

a. tímabundna ráðningu skv. 10. gr.,
b. aðgangsheimildir að öryggis- og varnarsvæðum skv. 13. gr.,
c. rekstur íslenska loftvarnakerfisins og mannvirkja Atlantshafsbandalagsins,
d. málsmeðferð, greiðslu og endurkröfu skaðabótakrafna skv. 17. gr.,
e. varnaræfingar skv. 20. gr.

28. gr.

Viðurlög.

Brot gegn lögum þessum, reglugerðum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum settum eða gefnum samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að 5 árum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Tilraun og hlutdeild í brotum er refsiverð skv. III. kafla almennra hegningarlaga.

Nú er brot framið í starfsemi lögaðila og má þá gera lögaðilanum fésekt skv. II. kafla A almennra hegningarlaga.

29. gr.

Gildistaka og brottfall laga.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 2008. Frá sama tíma falla úr gildi lög um yfirstjórn mála á varnarsvæðunum o.fl., nr. 106/1954, og lög um framkvæmd tiltekinna þátta í varnarsamstarfi Íslands og Bandaríkjanna, nr. 82/2000, með síðari breytingum. Við gildistöku laganna skal Ratsjárstofnun lögð niður. Ákvæði til bráðabirgða öðlast þegar gildi.

Reglugerðir og önnur stjórnvaldsfyrirmæli, sem sett hafa verið á grundvelli laga nr. 106/1954 og nr. 82/2000, skulu halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þau brjóta ekki í bága við ákvæði nýrra laga, uns nýjar reglugerðir og stjórnvaldsfyrirmæli hafa verið gefin út.

30. gr.

Brottfall og breytingar lagaákvæða.

Við gildistöku laga þessara verða eftirtaldar breytingar á öðrum lögum:

1. *Lög um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, nr. 92/1989, með síðari breytingum.*
   a. Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 2. gr. laganna:
      1. Í stað tölunnar „24“ í 1. málsl. kemur: 23.
      2. 23. tölul. 2. málsl. fellur brott og breytist röð töluliða til samræmis við það.
      3. Í stað tölunnar „25“ í 3. málsl. kemur: 24.
   b. Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:
      1. Orðin „á Keflavíkurflugvelli“ tvívegis í 1. mgr. falla brott.
      2. 3. mgr. fellur brott.
2. *Lögreglulög, nr. 90/1996, með síðari breytingum.*
   Eftirfarandi breytingar verða á 2. tölul. 1. mgr. 6. gr. laganna:
   1. Orðin „sem jafnframt er sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli“ falla brott.
   2. Á eftir orðinu „Grindavík“ kemur: Keflavíkurflugvöll.
   3. Orðin „auk þeirra svæða á Suðurnesjum sem eru varnarsvæði samkvæmt varnarsamningi Íslands og Bandaríkjanna“ falla brott.
3. *Tollalög, nr. 88/2005, með síðari breytingum.*
   Við 3. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna bætist: þ.m.t. Atlantshafsbandalagið, Samstarf í þágu friðar og herlið Bandaríkjanna.
4. *Lög nr. 176/2006, um ráðstafanir í kjölfar samnings við Bandaríkin um skil á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli.*
   2. og 3. mgr. 3. gr. og 2. mgr. 5. gr. falla brott.
5. *Lög nr. 72/2007, um réttarstöðu liðsafla aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins og Samstarfs í þágu friðar o.fl.*
   9. gr. fellur brott.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Þrátt fyrir ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, um skyldu til að auglýsa laus störf hjá ríkinu er heimilt að bjóða þeim starfsmönnum Ratsjárstofnunar sem eru á launaskrá hjá stofnuninni við gildistöku þessa ákvæðis starf hjá Varnarmálastofnun án þess að starfið hafi verið auglýst.
2. Þegar lög þessi hafa verið samþykkt skal utanríkisráðherra skipa þriggja manna starfshóp sem undirbúa skal gildistöku laganna.
3. Þrátt fyrir ákvæði 29. gr. skal forstjóri Varnarmálastofnunar skipaður frá 1. febrúar 2008. Hann skal frá þeim tíma taka þátt í starfshópi skipuðum skv. 2. tölul.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Frumvarp þetta felur í sér reglur um þau verkefni og verkþætti sem Íslendingar sinna á sviði varnarmála. Jafnframt er með frumvarpinu lagt til að sett verði á fót stofnun sem fari með framkvæmd þessara verkefna og sinni þeim verkefnum sem leiða af loftrýmiseftirliti og loftrýmisgæslu Atlantshafsbandalagsins og rekstri loftvarnakerfis þess á Íslandi.

Frumvarpið byggist á þeirri meginforsendu að Íslendingar eru herlaus þjóð og að ekki er vilji til þess af hálfu stjórnvalda að breyta þeirri staðreynd. Hér er settur skýr lagarammi um verkefni íslenskra stjórnvalda á sviði öryggis- og varnarmála og aðskilnað þeirra frá öðrum verkefnum stjórnvalda sem eru borgaraleg í eðli sínu, svo sem löggæsla og almannavarnir. Hugtakið öryggis- og varnarstefna í frumvarpi þessu er þýðing á enska hugtakinu „Security and Defence Policy“. Með hugtakinu öryggis- og varnarmál er í frumvarpi þessu vísað til mála sem snúa að samstarfi Íslands við önnur ríki og alþjóðastofnanir á sviði landvarna sem og varna gegn öðrum hættum og ógnum sem steðjað geta að íslensku þjóðinni og íslensku forráðasvæði og eiga upptök sín í hinu alþjóðlega samfélagi.

Í frumvarpinu er fjallað um verkefni sem snúa að varnarviðbúnaði ríkisins og ytra öryggi þess. Þessi verkefni verða nú unnin af íslenskum starfsmönnum en þau hafa hingað til að mestu verið unnin af erlendum hermönnum í umboði íslenskra stjórnvalda á grundvelli varnarsamningsins og afleiddra samninga. Í ljósi þess að ekki er ætlunin að setja á fót íslenskan herafla er mikilvægt að þessi verkefni séu skýrt skilgreind í lögum. Einnig er mikilvægt að þau séu af þessum sökum skýrt aðgreind frá öðrum innlendum stjórnsýsluverkefnum. Þetta er sérstaklega mikilvægt í tilviki lögreglu og landhelgisgæslu, sem eru í eðli sínu borgaralegar stofnanir og eiga að njóta trúnaðar sem slíkar. Það er afar mikilvægt fyrir réttaröryggi borgaranna að ekki sé blandað saman almennri löggæslu og störfum að landvörnum. Í okkar heimshluta eru lögreglu ekki falin verkefni er lúta að gæslu ytra öryggis ríkja. Með skýrum aðskilnaði er lýðræðislegt eftirlit með þessari starfsemi jafnframt auðveldað og tryggt nauðsynlegt gagnsæi í framkvæmd varnartengdra verkefna. Frumvarpið útilokar á hinn bóginn ekki að stofnað verði til samstarfs milli stofnana sem starfa á grundvelli ákvæða þess og borgaralegra stofnana íslenska ríkisins sem vinna að gæslu almannaöryggis. Yrði þar um gagnsæja samninga milli stofnana að ræða.

Þar sem ekki er gert ráð fyrir að Ísland byggi upp eigin herafla til landvarna verða varnir landsins einungis tryggðar með samstarfi við önnur ríki. Slíkt samstarf á sér stað í milliríkjasamstarfi og innan alþjóðastofnana og er, eðli málsins samkvæmt, á forræði utanríkisráðherra. Af því leiðir að framkvæmd þeirra verkefna sem varða slíkt samstarf hér innanlands á einnig að vera á forræði utanríkisráðherra og lúta lýðræðislegu eftirliti af hálfu utanríkismálanefndar Alþingis.

Í þriðja lagi er með frumvarpi þessu lagt til að sett verði heildstæð löggjöf um varnarmálatengda starfsemi á Íslandi. Hingað til hefur þessi starfsemi verið byggð að meira eða minna leyti á ólögfestum reglum og venjum og ekki verið háð lýðræðislegu eftirliti af hálfu löggjafans með skipulegum hætti. Með setningu löggjafar af þessum toga er starfsheimildum stjórnvalda á þessu sviði settur skýr lögmæltur rammi og þar með skapaðar forsendur fyrir öflugu eftirliti kjörinna fulltrúa með framgöngu framkvæmdarvaldsins á þessu sviði.

Í fjórða lagi er kveðið á um það að utanríkisráðherra beri ábyrgð á mótun og framkvæmd öryggis- og varnarstefnu Íslands á alþjóðavettvangi. Þetta stefnumótunarhlutverk leiðir af 1. gr. laga um utanríkisþjónustu Íslands, nr. 39/1971, þar sem segir m.a. að utanríkisþjónustan fari með utanríkismál og gæti í hvívetna hagsmuna Íslands gagnvart öðrum ríkjum, m.a. að

því er snertir stjórnmál og öryggismál. Þetta fyrirkomulag er í samræmi við þá framkvæmd sem tíðkast í okkar heimshluta að utanríkisráðherrum er falið að annast alþjóðlegt samstarf á sviði öryggis- og varnarmála. Þetta kemur til vegna þess að oft er um er að ræða fjölþjóðleg mál sem þarfnast umræða á alþjóðlegum vettvangi og geta tengst margþættum hagsmunum og fjarlægum landsvæðum. Þetta á meðal annars við um þátttöku Íslands í alþjóðlegu samstarfi innan Atlantshafsbandalagsins, Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE), Sameinuðu þjóðanna og í öryggispólitísku samstarfi Íslands við Evrópusambandið. Hér undir fellur einnig tvíhliða öryggis- og varnarsamstarf Íslands við önnur ríki. Þar ber helst að nefna varnarsamstarf Íslands og Bandaríkjanna og það öryggis- og varnarsamstarf við grannríki Íslands sem verið hefur í mótun. Frumvarpið tekur þannig mið af því að hið alþjóðlega öryggisumhverfi hefur tekið örum breytingum á undanförnum árum. Nefna má að þær breytingar hafa kallað á aukið samstarf utanríkisráðuneytis, forsætisráðuneytis og dómsmálaráðuneytis á þessu sviði til að tryggja samhæfingu í stefnumótun íslenskra stjórnvalda á sviði öryggis- og varnarmála. Benda má á að frá árinu 2006 hefur verið starfrækt sérstök þriggja manna nefnd, undir forustu utanríkisráðuneytisins en jafnframt skipuð fulltrúa forsætisráðuneytis og dómsmálaráðuneytis, sem einkum hefur annast útfærslu grannríkjasamstarfs á sviði öryggis- og varnarmála.

Í ljósi framangreindra grunnsjónarmiða kveður frumvarpið á um yfirstjórn utanríkisráðherra á sviði varnarmála og ábyrgð hans á mótun stefnu varðandi framkvæmd varnarmála og gerð hættumats fyrir Ísland. Jafnframt er í frumvarpinu skilið með skýrum hætti á milli stefnumótunar á sviði varnarmála og framkvæmdar varnarmálatengdra verkefna. Stefnumörkun verður áfram í höndum utanríkisráðherra en störf að einstökum verkefnum verða falin nýrri undirstofnun utanríkisráðuneytisins, sem nefnist Varnarmálastofnun. Innan þeirrar stofnunar er gert ráð fyrir að samræma og sameina framkvæmd ýmissa varnarmálatengdra verkefna og þannig leitast við að ná hámarkssamlegðaráhrifum í rekstri. Er þessi útfærsla einnig í samræmi við þá stefnu stjórnvalda að færa afgreiðslu- og framkvæmdarverkefni frá ráðuneytum til lægra settra stjórnvalda.

Stefnumótun á sviði öryggis- og varnarmála.

Með frumvarpinu er utanríkisráðherra sem fyrr segir falið að móta stefnu um framkvæmd varnarmála og bera ábyrgð á gerð hættumats á sviði varnarmála. Einnig er kveðið á um það að utanríkisráðherra beri ábyrgð á mótun og framkvæmd öryggis- og varnarstefnu Íslands á alþjóðavettvangi. Frumvarpið tekur því mið af þeirri staðreynd að nýtt tímaskeið er hafið í öryggis- og varnarmálum landsins. Meginstoðir landvarnastefnu Íslands eru enn sem fyrr þátttaka Íslands í Atlantshafsbandalaginu og varnarsamningurinn við Bandaríkin. Sú breyting varð hins vegar á síðarnefnda samningnum árið 2006 að Ísland tók yfir ábyrgð á varnarviðbúnaði landsins á friðartímum.

Fram til þessa hefur Ísland ekki borið ábyrgð á framkvæmd landvarna og Bandaríkin sinnt ýmsu fyrirsvari fyrir Íslands hönd innan Atlantshafsbandalagsins. Ísland hefur nú axlað að fullu ábyrgð á eigin landvörnum með sama hætti og önnur aðildarríki bandalagsins. Stefnumótun á sviði öryggis- og varnarmála er því orðin viðameira verkefni en áður, en jafnframt verkefni sem miklu skiptir að sé unnið með víðtækri lýðræðislegri umræðu hér innan lands og á sameiginlegum vettvangi með grannþjóðum okkar. Undirstaða haldgóðrar varnarstefnu Íslands til framtíðar er að fyrir liggi vandað og faglegt hættumat á sviði varnarmála fyrir Ísland sem byggt sé á bestu þekkingu hverju sinni. Utanríkisráðherra hefur því komið á fót tólf manna starfshópi sérfræðinga til að leggja drög að slíku mati og er gert ráð fyrir að sá

hópur starfi náið með utanríkismálanefnd Alþingis. Hættumat er stjórnvöldum leiðarvísir við stefnumótun á sviði varnarmála. Eðli málsins samkvæmt sætir slíkt mat sífelldri endurskoðun í samræmi við þær aðstæður sem uppi eru í alþjóðasamfélaginu á hverjum tíma.

Önnur meginatriði frumvarpsins.

Með frumvarpinu er stefnt að setningu varnarmálalaga sem gilda eiga um stjórnsýslu varnarmála á íslensku yfirráðasvæði og alþjóðleg samskipti og samstarf á sviði öryggis- og varnarmála. Utanríkisráðherra er hér falin yfirstjórn varnarmála og þar með öryggis- og varnarsvæða.

Sett er á fót undirstofnun utanríkisráðuneytisins, Varnarmálastofnun, sem taka á við verkefnum Ratsjárstofnunar, þ.e. rekstri íslenska loftvarnakerfisins og ratsjárstöðvanna. Þá annast stofnunin rekstur öryggissvæðanna við Keflavíkurflugvöll, Miðnesheiði og Helguvík, og varnarsvæðanna við Bolafjall, Gunnólfsvíkurfjall og Stokksnes sem verða öryggissvæði við gildistöku laganna. Varnarmálastofnun mun annast rekstur mannvirkja og annarra eigna Atlantshafsbandalagsins hérlendis og framkvæmd varnarmálatengdra verkefna. Í frumvarpinu er það nýmæli að Varnarmálastofnun á að vinna úr upplýsingum úr upplýsingakerfum Atlantshafsbandalagsins.

Sérstakt ákvæði er í frumvarpinu um heimildir Atlantshafsbandalagsins til að sinna loftrýmisgæslu og loftrýmiseftirliti hérlendis. Varnarmálastofnun mun veita bandalaginu gistiríkisstuðning vegna loftrýmisgæslu sem hefjast á hérlendis í marsmánuði 2008. Þá annast stofnunin undirbúning og framkvæmd varnaræfinga.

Í frumvarpinu er að finna almenn ákvæði um hæfisskilyrði starfsmanna Varnarmálastofnunar, þ.m.t. svonefnda öryggisvottun, ráðningar þeirra, þagnarskyldu og bann við verkföllum. Sérákvæði eru um rekstur íslenska loftvarnakerfisins, rekstur öryggissvæða, hagnýtingu mannvirkja Atlantshafsbandalagsins og heimildir Varnarmálastofnunar til að hafa tekjur af þeim vegna reksturs og viðhalds. Í ákvæði laganna til bráðabirgða er heimilað að bjóða starfsmönnum Ratsjárstofnunar störf hjá Varnarmálastofnun án þess að þau séu auglýst. Þó skal auglýsa stöðu forstjóra Varnarmálastofnunar.

Þróun varnarsamstarfs Íslands og Bandaríkjanna.

Óhjákvæmilegt er að fara nokkrum orðum um þá þróun er átt hefur sér stað í varnarsamstarfi Íslands og Bandaríkjanna síðustu ár og kallar á setningu sérstakrar löggjafar um varnarmálatengd verkefni íslenskra stjórnvalda. Ísland er herlaus þjóð og því hafa varnir landsins ætíð grundvallast á varnarsamstarfi við önnur ríki. Það samstarf byggist á milliríkjasamningum og milliríkjasamskiptum sem utanríkisráðuneytið annast. Annar af tveimur mikilvægustu þjóðréttarsamningunum á sviði varnarmála, sem Ísland er aðili að, er Norður-Atlantshafssáttmálinn frá 4. apríl 1949 en á þeim samningi grundvallast aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu. Hinn samningurinn er varnarsamningur Íslands og Bandaríkjanna frá 8. maí 1951. Sá samningur fékk lagagildi með lögum nr. 110/1951. Varnarsamstarf Íslands og Bandaríkjanna byggðist frá fyrstu tíð á því að Ísland lét Bandaríkjunum, á grundvelli varnarsamningsins, í té landsvæði til afnota vegna varnarþarfa. Nefndust þessi landsvæði varnarsvæði. Stærsta varnarsvæðið var landsvæðið undir Keflavíkurflugvöll og nærsvæði hans sem ríkið tók eignarnámi skömmu eftir lok seinni heimsstyrjaldar.

Eftir að kalda stríðinu lauk lét ríkisstjórnin framkvæma, undir forræði utanríkisráðherra, mat á stöðu Íslands í samstarfinu innan Atlantshafsbandalagsins. Var skýrsla með niðurstöðum þess mats birt í mars 1993. Á árunum 1994 og 1996 rituðu fulltrúar Bandaríkjanna

og Íslands undir samkomulag um fyrirkomulag varna landsins og umsvif bandaríska varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli. Á árinu 1999 birti utanríkisráðuneytið skýrslu, þar sem lagt er mat á stöðu Íslands í öryggismálum.

15. mars 2006 tilkynntu bandarísk stjórnvöld ríkisstjórn Íslands að dregið yrði stórlega úr starfsemi Bandaríkjahers á Keflavíkurflugvelli síðar á árinu. Jafnframt tilkynntu þau að ákveðið hefði verið að orrustuþotur varnarliðsins og björgunarþyrlur þess yrðu fluttar brott í síðasta lagi fyrir lok september 2006. Hófst þá lokaferli viðræðna milli ríkjanna, sem staðið höfðu yfir frá árinu 2003 og lauk með samkomulagi sumarið og haustið 2006.

Helstu niðurstöður samningaviðræðna Íslands og Bandaríkjanna.

Meginmarkmið samningaviðræðnanna milli Íslands og Bandaríkjanna voru að tryggja varnir landsins, með viðunandi hætti eftir að fastri viðveru Bandaríkjahers lyki og snurðulausa yfirtöku Íslands á rekstri alþjóðaflugvallarins í Keflavík. Tveir samningar skipta einkum máli að því er varðar efni þessa frumvarps.

Samkomulag Íslands og Bandaríkjanna um varnarmál (e. Joint Understanding) fjallar um tvíhliða varnarsamstarf ríkjanna og er ætlað að leggja traustan grundvöll að framtíðarsamstarfi ríkjanna á sviði varnar- og öryggismála. Samkomulagið felur m.a. í sér að samþykkt var sérstök varnaráætlun fyrir Ísland sem gerir ráð fyrir að varnir Íslands séu tryggðar með öflugum og hreyfanlegum viðbúnaði og liðsafla og studdar bandarískum hernaðarmætti eftir því sem þörf krefur. Þessi liður samkomulagsins markar þá grundvallarbreytingu á varnarsamstarfi ríkjanna að bandarískt herlið og bandarískar orrustuþotur hafa hér ekki lengur fasta viðveru. Varnaráætlunin felur í sér að loftvarnir Íslands á friðartímum eru ekki lengur á ábyrgð Bandaríkjanna. Þá bera Bandaríkin enga ábyrgð vörnum Ísland gegn öðrum ógnum en vegna hefðbundins hernaðar.

Samkomulagið kveður jafnframt á um samstarf á friðartímum milli lögreglu og borgaralegra öryggisstofnana. Þannig skuldbinda Bandaríkin sig m.a. til að halda árlega heræfingar á Íslandi og í íslenskri lofthelgi og landhelgi, að fengnu samþykki íslenskra stjórnvalda.

Varðandi rekstur fjögurra ratsjárstöðva íslenska loftvarnakerfisins samdist svo um að ríkin mundu fram til 15. ágúst 2007 ræða tvíhliða og við Atlantshafsbandalagið um fjármögnun og fyrirkomulag íslenska loftvarnakerfisins. Jafnframt hvernig framtíðarrekstur kerfisins gæti stutt aðgerðir og æfingar bandalagsins og hvernig kerfið gæti nýst Atlantshafsbandalaginu á annan hátt. Bandaríkjamenn höfðu þá nokkru áður sagt upp samningi við Ratsjárstofnun um rekstur ratsjárstöðvanna og íslenska loftvarnakerfisins og var 15. ágúst 2007 lokadagur uppsagnarfrestsins.

Samningur Íslands og Bandaríkjanna um skil á landi og mannvirkjum var undirritaður 29. september 2006. Í honum er að finna þá skilmála sem Bandaríkin gengust undir varðandi brottflutning herafla frá tilteknum varnarsvæðum og mannvirkjum á Íslandi og vegna skila þeirra svæða og mannvirkja til Íslands. Samningurinn felur m.a. í sér að Ísland skuldbindur sig, í samræmi við varnarsamninginn frá 1951, til að veita bandarískum herafla og öðrum herafla Atlantshafsbandalagsins aðgang að íslensku landsvæði og um það, eins og nauðsynlegt er, til að mæta varnarþörfum Íslands og þess svæðis sem Norður-Atlantshafssamningurinn tekur til og vegna annarra aðgerða sem samningsaðilar samþykkja.

Samkvæmt samkomulaginu miðaðist brottfarardagur herliðs Bandaríkjanna við 30. september 2006 og þann dag voru Íslandi fengin á ný til afnota meginvarnarsvæðið á Keflavíkurflugvelli, Miðnesheiði og Helguvík, Hvalfjörður, Gunnólfsvíkurfjall, Stokksnes og Bolafjall. Auk þess fengu íslensk stjórnvöld til eignar öll bandarísk mannvirki á varnarsvæðunum.

Með fjórðu grein skilasamningsins sömdu ríkin um að leggja sameiginlega til við Atlantshafsbandalagið að Ísland tæki á sig ábyrgð gistiríkis vegna allra mannvirkja á Íslandi í eigu Atlantshafsbandalagsins, eins fljótt og aðstæður leyfðu eftir að varnarsvæðum hefur verið skilað. Til að tryggja órofna flugvallarstarfsemi ákváðu ríkin hins vegar að leggja sameiginlega til við Atlantshafsbandalagið að Ísland tæki á sig ábyrgð notendaríkis vegna allra mannvirkja bandalagsins hérlendis sem Ísland teldi nauðsynleg vegna reksturs Keflavíkurflugvallar. Alls voru þetta 63 mannvirki. Þar á meðal eru flugbrautirnar á Keflavíkurflugvelli. Í samræmi við kröfur Atlantshafsbandalagsins voru Bandaríkin hins vegar, sem þáverandi notendaríki, skuldbundin til að gæta, í a.m.k. 12 mánuði, allra annarra mannvirkja bandalagsins hérlendis og viðhalda þeim meðan beðið væri ákvörðunar bandalagsins um endanlega ráðstöfun mannvirkjanna. Ísland tók 1. október 2007 yfir notendaríkisábyrgð á öðrum mannvirkjum Atlantshafsbandalagsins hérlendis sem alls eru 148 talsins.

Samkvæmt fimmtu grein samningsins halda Bandaríkin fjarskiptaaðstöðunni við Grindavík áfram sem varnarsvæði og bera ábyrgð á viðhaldi og rekstri hennar. Ísland hefur skuldbundið sig til að vinna með Bandaríkjunum, eftir þörfum, að því að viðhalda nauðsynlegum samningum og áframhaldandi rétti til aðgangs að aðstöðunni.

Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar frá 26. september 2006.

Ríkisstjórnin birti yfirlýsingu um ný verkefni íslenskra stjórnvalda við brottför varnarliðsins 26. september 2006. Í fjórðu grein hennar segir að tryggt verði að íslensk yfirvöld hafi lögheimildir til náins samstarfs við stjórnvöld og alþjóðastofnanir þar sem skipst er á trúnaðarupplýsingum. Í áttundu grein segir að við brotthvarf varnarliðsins sé eðlilegt að yfirstjórn málaflokka og stjórnsýslu á Keflavíkurflugvelli breytist til samræmis við það sem almennt tíðkist. Í ákvæðinu er tekið fram að skilgreint verði sérstakt svæði á flugvellinum, undir yfirstjórn utanríkisráðherra, sem verði til afnota vegna æfinga á vegum Bandaríkjanna og annarra ríkja Atlantshafsbandalagsins eða annarra hernaðarþarfa. Í níundu grein segir að gerðar verði ráðstafanir til að lesið verði úr öllum merkjum frá Ratsjárstofnun sem þýðingu hafa varðandi eftirlit með flugvélum í lofthelgi Íslands.

Réttarstaða öryggis- og varnarsvæða.

Í kjölfar yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar frá 26. september 2006 var gerð breyting á 10. tölul. 14. gr. reglugerðar nr. 3/2004, um Stjórnarráð Íslands, sbr. reglugerð nr. 123/2006, sem tók gildi 29. september 2006. Þar segir að landsvæði sem verið hafa varnarsvæði, í skilningi varnarsamningsins, séu það áfram, þótt þeim hafi verið skilað til íslenska ríkisins. Það fyrirkomulag gildi þar til íslensk stjórnvöld birti auglýsingu um að slíkt landsvæði, að hluta eða í heild, hafi verið tekið til annarra nota. Af þessu ákvæði leiddi að varnarsvæðin sem Bandaríkin skiluðu Íslandi 30. september töldust áfram vera varnarsvæði í skilningi laga nr. 106/1954, um yfirstjórn mála á varnarsvæðunum o.fl., og lytu yfirstjórn utanríkisráðherra þar til annað væri auglýst. Jafnframt var sett ákvæði til bráðabirgða, sbr. reglugerð nr. 125/2006, um að forsætisráðherra færi með hlutafé í félagi sem hefði það hlutverk að þróa og umbreyta varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli. Þetta félag var stofnað 24. október 2006 og heitir Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf.

Með lögum nr. 176/2006, um ráðstafanir í kjölfar samnings við Bandaríkin um skil á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli, sem tóku gildi 30. desember 2006, var hrundið í framkvæmd hluta af yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 26. september 2006. Í lögunum er varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli skipt í þrjú svæði, þ.e. flugvallarsvæði og flugverndarsvæði

Keflavíkurflugvallar (svæði A) sem er á forræði Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar, öryggissvæði (svæði B) sem lýtur yfirstjórn utanríkisráðherra og er ætlað til varnarþarfa, þ.m.t. heræfinga og friðargæsluæfinga og starfssvæði Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf. (svæði C).

Í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 176/2006 segir m.a. að utanríkisráðherra fari með yfirstjórn mála á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli þar til forsætisráðherra gefur út auglýsingu um að landsvæðið í hluta eða heild hafi verið tekið til annarra nota. Af gildissviði laga nr. 176/2006 leiddi að umbreyting varnarsvæðanna á Bolafjalli, Gunnólfsvíkurfjalli, Stokksnesi og Hvalfirði tók mið af 10. tölul. 14. gr. reglugerðar nr. 3/2004. Hinn 2. janúar 2008 tók hins vegar gildi ný reglugerð um Stjórnarráð Íslands nr. 177/2007. Þar segir í ákvæði til bráðabirgða II: „Varnarsvæðin við Bolafjall, Gunnólfsvíkurfjall og Stokksnes, sem skilað var til íslenskra stjórnvalda 30. september 2006, teljast áfram varnarsvæði í skilningi laga nr. 106/1954, um yfirstjórn mála á varnarsvæðunum o.fl., þar til utanríkisráðherra birtir auglýsingu um að slíkt landsvæði, að hluta eða í heild, hafi verið tekið til annarra nota.“

Með auglýsingu utanríkisráðherra nr. 944/2006 sem birt var 21. nóvember 2006 var tilkynnt að varnarsvæðið í Hvalfirði hefði verið tekið í borgaraleg not og teldist ekki lengur varnarsvæði. Með auglýsingu forsætisráðherra nr. 38/2007, sem birt var 19. janúar 2007, var tilkynnt að starfssvæði Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf. (svæði C) hefði verið tekið í borgaraleg not og teldist ekki lengur varnarsvæði. Með auglýsingu forsætisráðherra nr. 1263/2007 var tilkynnt að flugvallarsvæði Keflavíkurflugvallar hefði verið tekið í borgaraleg not og teldist ekki lengur varnarsvæði. Þó er tekið fram í 2. gr. auglýsingarinnar að sérfyrirkomulag á grundvelli laga nr. 106/1954, um yfirstjórn mála á varnarsvæðunum o.fl., og laga nr. 110/1951, um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna, gildi áfram á flugvallarsvæðinu að því er varðar skipulags- og byggingar-, gatnagerðar-, sorphirðu- og veitumál, uns annað verður ákveðið. Eftir stendur að öryggissvæðið er enn varnarsvæði þar til kveðið hefur verið á um breytta skipan í þeim efnum.

Samhliða gildistöku þessara laga er gert ráð fyrir því að gefin verði út auglýsing á grundvelli laga nr. 176/2006 um að öryggissvæðið á Keflavíkurflugvelli sé ekki lengur varnarsvæði. Með frumvarpinu verður lögfest að öryggissvæði hafi sömu réttarstöðu og varnarsvæði hafa haft. Þá munu varnarsvæðin við Bolafjall, Gunnólfsvíkurfjall og Stokksnes breytast í öryggissvæði við gildistöku laganna.

Loftrýmiseftirlit og loftrýmisgæsla Atlantshafsbandalagsins.

Sem fyrr segir felur Varnaráætlun Bandaríkjanna fyrir Ísland nú í sér að loftvarnir Íslands á friðartímum eru ekki á ábyrgð Bandaríkjanna. Á leiðtogafundi Atlantshafsbandalagsins sem haldinn var í Riga í nóvember 2006 vakti forsætisráðherra athygli á því að Ísland væri án loftrýmiseftirlits og loftrýmisgæslu. Slíkt ástand væri augljóslega áhyggjuefni fyrir íslensku þjóðina, sem ekki hefði hernaðarlega getu til að sinna slíku, og ekki síður fyrir Atlantshafsbandalagið.

Í lok desembermánaðar 2006 beindu íslensk stjórnvöld þeirri ósk til framkvæmdastjóra Atlantshafsbandalagsins að fastaráð bandalagsins gæfi hermálanefnd bandalagsins fyrirmæli um að þróa valkosti um viðbúnað á Íslandi á friðartímum. Mál þetta var unnið frekar af sérfræðingum yfirherstjórnar bandalagsins í samvinnu við íslensk stjórnvöld og sérfræðinga Ratsjárstofnunar. Í byrjun júlí 2007 skilaði hermálanefndin áliti sínu og tillögum um loftvarnaviðbúnað á Íslandi. Tillögurnar voru í meginatriðum þær að íslenska loftvarnakerfið yrði starfrækt áfram og samþætt loftvarnakerfi Atlantshafsbandalagsins (NATINADS). Flug-

sveitir bandalagsríkja kæmu til að sinna loftrýmisgæslu og stunda æfingar á Íslandi a.m.k. fjórum sinnum á ári og sérstakar ráðstafanir yrðu gerðar til að bregðast við aðsteðjandi hættu utan þess tíma sem flugsveitir eru staðsettar á Íslandi. Þá setti hermálanefndin m.a. fram tillögur varðandi þjálfun íslenskra loftrýmiseftirlitsmanna og uppsetningu gagnatenginga. Tillögurnar gera ráð fyrir því að þær þjóðir sem leggja til flugsveitir útvegi aðgerðastjórnendur til að styðja við aðgerðir útsendra flugsveita. Það er álit hermálanefndarinnar að tillögurnar fullnægi herfræðilegum kröfum um loftrýmiseftirlit og viðbragðsgetu á Íslandi. Framkvæmdastjóri bandalagsins lagði tillögur hermálanefndar fyrir fastaráð Atlantshafsbandalagsins sem samþykkti þær 26. júlí 2007.

Á mannaflaráðstefnu Atlantshafsbandalagsins sem haldin var í herstjórnarmiðstöð bandalagsins í Mons 8. nóvember 2007 gafst aðildarríkjum Atlantshafsbandalagsins kostur á að bjóða fram flugsveitir til loftrýmisgæslu við Ísland næstu þrjú árin. Viðbrögð bandalagsríkja voru mjög jákvæð, m.a. munu Frakkar vera með flugsveit á Íslandi í fimm til sex vikur fyrri hluta árs 2008. Þá munu Bandaríkjamenn senda flugsveitir sumarið 2008 og aftur sumarið 2009 í tvær til þrjár vikur í senn. Danir og Spánverjar gáfu fyrirheit um þátttöku árið 2009 og Norðmenn munu eiga frekara samráð við íslensk stjórnvöld um þátttöku. Enn fremur munu Pólverjar senda flugsveit til Íslands árið 2010.

Yfirtaka á rekstri íslenska loftvarnakerfisins og ratsjárstöðva.

Niðurstöður samningaviðræðna Bandaríkjanna og Íslands, varðandi fjármögnun og framtíðarrekstur íslenska loftvarnakerfisins, urðu þær að íslensk stjórnvöld tóku við rekstri Ratsjárstofnunar 15. ágúst 2007. Hefur Ísland frá þeim tíma annast og kostað reksturinn. Utanríkisráðherra skipaði 1. ágúst 2007 sérstakan starfshóp sérfræðinga til að undirbúa yfirtöku íslenskra stjórnvalda á starfsemi Ratsjárstofnunar og aðlögun að íslenskri stjórnsýslu. Áfangaskýrsla hópsins fylgir frumvarpinu sem fylgiskjal. Fyrsta verk hópsins var að kortleggja nauðsynlegar aðgerðir samhliða yfirtökunni á rekstrinum. Starfshópurinn taldi nauðsynlegt að losa þegar í stað um alla samninga Ratsjárstofnunar þannig að samningsskuldbindingar stæðu ekki í vegi fyrir breytingum sem gera þyrfti á framkvæmd verkefna Ratsjárstofnunar. Ratsjárstofnun var því falið að segja upp öllum gildandi samningum stofnunarinnar. Þar á meðal voru ráðningarsamningar við alla 46 starfsmenn stofnunarinnar. Uppsagnarbréf til starfsmanna voru send út 1. október 2007 og miðað var við sex mánaða uppsagnarfrest. Ljóst er að sérþekking, reynsla og þjálfun einstakra starfsmanna Ratsjárstofnunar er afar mikilvæg fyrir framtíðarrekstur íslenska loftvarnakerfisins. Samhliða endurskipulagningu á rekstrinum verður leitað eftir starfskröftum þeirra fráfarandi starfsmanna Ratsjárstofnunar sem sinnt hafa verkefnum innan stofnunarinnar sem sinna þarf áfram þótt í breyttri mynd verði. Taka verður þó tillit til breytinga á rekstrinum og rekstrarforsendum hans sem óhjákvæmilega munu koma til.

Varnaræfingar og grannríkjasamstarf.

Varnaræfingar eru lykilþáttur í því að virkar varnir séu til staðar. Ekki er hald í áætlunum og aðgerðum sem ekki hafa verið æfðar í þaula. Af hálfu íslenskra stjórnvalda hefur verið lögð áhersla á að æfa þær varnaráætlanir og aðgerðir sem skipulagðar hafa verið vegna varna landsins. Eins hefur verið unnið að því að fyrir hendi sé hérlendis nauðsynlegur aðbúnaður og aðstaða til að varnaræfingar geti farið fram. Í ágústmánuði 2007 var haldin hér á landi fjölþjóðlega varnaræfingin Norðurvíkingur 2007. Auk Bandaríkjanna og fulltrúa íslenskra viðbragðsaðila tóku þátt í æfingunni fulltrúar Danmerkur, Noregs og Lettlands. Þetta var í

fyrsta skipti sem íslensk stjórnvöld öxluðu ábyrgð á slíkri varnaræfingu. Æfingin þótti takast vel og er þegar hafinn undirbúningur að næstu æfingu sem ber heitið Norðurvíkingur 2008.

Á haustmánuðum 2006 hófu íslensk stjórnvöld viðræður við grannríki um mögulegt varnarsamstarf. Í aprílmánuði 2006 var undirritað samkomulag við Noreg og viljayfirlýsing við Danmörku um samstarf á sviði öryggis- og varnarmála. Viðlíka samstarf við Bretland, Kanada, Þýskaland og Frakkland er í deiglunni.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. ákvæðisins er að finna afmörkun á gildissviði laganna og er þeim ætlað að gilda um stjórnsýslu varnarmála á íslensku yfirráðasvæði og samstarf og samskipti íslenskra stjórnvalda við erlend ríki, hermálayfirvöld og alþjóðastofnanir á sviði öryggis- og varnarmála. Hér er lögð áhersla á tengsl laganna við þjóðréttarskuldbindingar og milliríkjasamskipti á sviði öryggis- og varnarmála. Hugtakið öryggis- og varnarmál er skilgreint sérstaklega í inngangskafla almennra athugasemda. Í öðrum málslið ákvæðisins er að finna takmörkun á gildissviði laganna þar sem segir að lögin taki ekki til verkefna stjórnvalda, sem eru borgaraleg í eðli sínu, svo sem löggæslu og almannavarna. Um rökin fyrir þessum aðskilnaði er fjallað í inngangskafla almennra athugasemda og í skýringum við b-lið 2. mgr. 1. gr. Af gildissviði laganna leiðir að starfsemi og verkefni Varnarmálastofnunar falla ekki undir þessa takmörkun.

Í 2. mgr. eru tilgreind helstu markmið laganna. Í fyrsta lagi er hér ætlunin að afmarka skýrlega valdheimildir stjórnvalda varðandi varnartengd verkefni. Frumvarp þetta felur í sér þá réttarbót að varnarmálatengdri starfsemi á Íslandi er, í samræmi við vandaða stjórnarfarshætti, settur skýr lögmæltur rammi. Hér er leitast við að tryggja stjórnvöldum skýrar valdheimildir á sviði varnarmálastjórnsýslunnar en um leið reynt að taka tillit til sérsjónarmiða vegna þjóðréttarlega skuldbindinga á sviði varnarmála.

Í öðru lagi er markmið frumvarpsins það að greina með skýrum hætti á milli varnartengdra verkefna og borgaralegra verkefna sem lúta að löggæslu og innra öryggi ríkisins. Frumvarp þetta lýtur að verkefnum sem varða varnarviðbúnað ríkisins og ytra öryggi þess. Þessi verkefni eru flest skilgreind sem stoðþjónusta við hernaðarstarfsemi en ekki sem hreinræktuð borgaraleg starfsemi. Sé hernaðarstarfsemi ekki til að dreifa falla þessi stoðþjónustuverkefni sjálfkrafa niður. Árétta ber hér mikilvægi þess fyrir réttaröryggi borgaranna að aðgreina varnartengd verkefni frá borgaralegum verkefnum á sviði öryggisgæslu og löggæslu. Þetta er í samræmi við þá staðreynd að það tíðkast ekki í okkar heimshluta að fela lögreglu verkefni er lúta að gæslu ytra öryggis ríkja. Með frumvarpinu er því mælt fyrir um skýran aðskilnað, nokkurs konar lagalegan eldvegg, milli handhafnar þessara tveggja verkefna framkvæmdarvaldsins. Þetta er til þess fallið að tryggja og auðvelda lýðræðislegt eftirlit með varnartengdri starfsemi og auka gagnsæi í framkvæmd varnartengdra verkefna. Sjá nánar umfjöllun um þessi atriði í inngangskafla almennra athugasemda.

Í þriðja lagi er með frumvarpinu greint á milli stefnumótunar og framkvæmdaratriða á sviði varnarmála. Þannig er í 4. gr. frumvarpsins kveðið á um stefnumótunarhlutverk utanríkisráðherra á sviði varnarmála og ábyrgð á mótun öryggis- og varnarstefnu Íslands. Í 7. gr. frumvarpsins er hins vegar fjallað um þau varnartengdu verkefni sem Varnarmálastofnun á að sinna í umboði utanríkisráðherra. Þetta fyrirkomulag er í samræmi við þá stefnu stjórnvalda að færa afgreiðslu- og framkvæmdarverkefni frá ráðuneytum til lægra settra stjórnvalda.

Í fjórða lagi er það markmið frumvarpsins að auðvelda lýðræðislegt eftirlit með varnartengdri starfsemi. Með frumvarpinu er starfsheimildir stjórnvalda á sviði varnarmála skýrlega afmarkaðar og skapaðar forsendur fyrir öflugu eftirliti kjörinna fulltrúa með framgöngu framkvæmdarvaldsins. Þannig er í 1. mgr. 20. gr. frumvarpsins kveðið á um upplýsingagjöf til utanríkismálanefndar Alþingis varðandi varnaræfingar, í 3. mgr. 23. gr. er einnig kveðið á um upplýsingamiðlun til utanríkismálanefndar og í 25. gr. frumvarpsins er utanríkisráðherra gert skylt að kynna utanríkismálanefnd ársskýrslu Varnarmálastofnunar.

Um 2. gr.

Í ákvæðinu segir að utanríkisráðherra sé sá ráðherra sem fari með varnarmál. Þessi skipan er í samræmi við 10. tölul. 12. gr. reglugerðar nr. 177/2007, um Stjórnarráð Íslands, þar sem utanríkisráðherra er m.a. falið að annast mál er varða varnarmál, aðild að Atlantshafsbandalaginu (NATO), varnarsamning Íslands og Bandaríkjanna, samskipti og samstarf við erlend ríki, hermálayfirvöld og alþjóðastofnanir á sviði öryggis- og varnarmála. Í reglugerðinni er utanríkisráðherra einnig falið að annast skipti við erlend ríki og gerð milliríkjasamninga. Þetta fyrirkomulag grundvallast á því að Íslendingar eru herlaus þjóð og varnir landsins byggjast alfarið á þjóðréttarsamningum við önnur ríki og alþjóðastofnanir.

Ákvæði 2. mgr. er samhljóða 2. mgr. 2. gr. laga nr. 82/2000. Utanríkisráðherra er hér heimilað að víkja frá málsmeðferðarreglum laganna eða reglugerða settra samkvæmt þeim ef brýnir varnarhagsmunir krefjast. Eðli máls samkvæmt er mikilvægt að stjórnvöld séu ekki fortakslaust bundin af ófrávíkjanlegum formreglum þegar svo stendur á.

Um 3. gr.

Ákvæði þetta er nýmæli. Í fyrri málslið þess er kveðið á um það hlutverk utanríkisráðherra að annast stefnumótun á sviði varnarmála og bera ábyrgð á gerð hættumats á sviði varnarmála. Ákvæðið veitir ráðherranum nauðsynlegar valdheimildir til að stýra og skipuleggja framkvæmd varnarmála innan ramma laganna með hliðsjón af áherslum stjórnvalda á hverjum tíma. Hugtakið hættumat er ekki skilgreint sérstaklega í lagatextanum en með því er átt við mat á þeirri ógn sem Íslandi kann á hverjum tíma að stafa af óvinveittum öflum, hernaðarumsvifum eða alvarlegu hættuástandi.

Í seinni málslið ákvæðisins segir að utanríkisráðherra beri ábyrgð á mótun og framkvæmd öryggis- og varnarstefnu Íslands á alþjóðavettvangi. Hugtakið öryggis- og varnarstefna, sem er þýðing á enska hugtakinu „Security and Defence Policy“, er mikilvægur þáttur í utanríkisstefnu Íslands, sbr. nánari umfjöllun í inngangskafla almennra athugasemda frumvarpsins.

Um 4. gr.

Í fyrri málslið ákvæðisins segir að utanríkisráðherra fari með fyrirsvar af hálfu íslenska ríkisins í samskiptum við erlend ríki, hermálayfirvöld og alþjóðastofnanir á sviði varnarmála. Samskipti þau sem hér um ræðir eru milliríkjasamskipti. Hér er hnykkt á meginreglu 1. gr. laga nr. 39/1971, um utanríkisþjónustu Íslands, og 10. tölul. 12. gr. reglugerðar nr. 177/2007, um Stjórnarráð Íslands, um að utanríkisráðherra annast milliríkjasamskipti. Í seinni málslið ákvæðisins er tiltekið að utanríkisráðuneytið annist öll samskipti við erlendan liðsafla sem dvelur hérlendis á vegum íslenskra stjórnvalda. Þetta er í samræmi við venjuhelgaða stjórnsýsluframkvæmd hérlendis. Samskipti þessi eru í eðli sínu milliríkjasamskipti og verkefni

utanríkisráðuneytisins. Þetta fyrirkomulag er einnig í samræmi við þá stjórnsýsluframkvæmd, á sviði varnarmála, sem tíðkast í grannríkjum okkar.

Um 5. gr.

Í ákvæðinu er að finna skilgreiningar á ýmsum hugtökum sem notuð eru í lögunum eða þau vísa til. Sum hugtakanna eru fengin úr 1. gr. laga nr. 82/2000. Einnig er hér að finna hugtök úr 1. gr. SOFA-samningsins svonefnda, þ.e. samningsins milli aðila að Norður-Atlantshafssamningnum um réttarstöðu liðsafla þeirra frá 19. júní 1951. Þá eru nokkur hugtakanna samþykkt hugtök innan Atlantshafsbandalagsins og skráð í bandalagsritið AAP-6 (NATO Glossary of Terms and Definitions). Hugtakið gistiríki er þýðing á hugtakinu „Host Nation“, gistiríkisstuðningur merkir „Host Nation Support“ og notendaríki er þýðing á hugtakinu „User Nation“. Með öryggisvottun er átt við hugtakið „Security Clearance“. Loftrýmiseftirlit er þýðing hugtaksins „Air Surveillance“ og loftrýmisgæsla er þýðing á hugtakinu „Air Policing“.

Að því er varðar hugtakið varnarsvæði þá er það landsvæði hérlendis sem er í umráðum Bandaríkjanna á grundvelli varnarsamningsins, sbr. lög nr. 110/1951. Eina slíka svæðið í dag er varnarsvæðið við Grindavík sem hýsir fjarskiptastöð varnarliðsins. Öryggissvæðin eru hins vegar landsvæði sem lúta yfirstjórn Bandaríkjahers. Að öðru leyti þykja hugtökin ekki gefa tilefni til frekari athugasemda. Umfjöllun um réttarstöðu öryggis- og varnarsvæða er að finna í almennum athugasemdum frumvarpsins.

Um 6. gr.

Í ákvæðinu er gert ráð fyrir að ríkið starfræki sérstaka stofnun, Varnarmálastofnun, sem sinni verkefnum á sviði varnarmála. Stofnunin mun m.a. taka við þeim rekstri sem Ratsjárstofnun hefur sinnt, þ.e. rekstri ratsjárstöðva Atlantshafsbandalagsins, stjórnstöðvar og Íslenska loftvarnakerfisins. Gert er ráð fyrir því að Varnarmálastofnun hafi aðsetur sitt á öryggissvæðinu við Keflavíkurflugvöll þar sem Ratsjárstofnun hefur í dag aðalskrifstofu sína. Hafa ber í huga að stofnunin mun reka hluta starfsemi sinnar annars staðar á landinu. Er þar átt við rekstur ratsjárstöðvanna á Bolafjalli, Gunnólfsvíkurfjalli og Stokksnesi.

Um 7. gr.

Í greininni eru tiltekin helstu verkefni Varnarmálastofnunar og meginhlutverki stofnunarinnar lýst. Gert er ráð fyrir því að stofnunin fari með verkefni og framkvæmd þjóðréttarskuldbindinga á sviði varnarmála sem heyra undir utanríkisráðuneytið. Ekki þykir þörf á að útskýra sérstaklega einstök verkefni stofnunarinnar enda er í frumvarpinu að finna sérstök lagaákvæði um flest verkefnanna og þau skýrð nánar í athugasemdum við hvert einstakt ákvæði. Rétt er að benda á það að ákvæðið gerir m.a. ráð því að stofnunin taki þátt í alþjóðlegu samstarfi á sviði varnarmála. Þátttaka stofnunarinnar í slíku samstarfi og umfang þess er ávallt háð ákvörðun ráðherra á hverjum tíma. Athuga ber að ákvæðið inniheldur ekki tæmandi talningu á verkefnum stofnunarinnar. Í 9. tölul. er fjallað um heimild Varnarmálastofnunar til samstarfs við önnur innlend stjórnvöld, stofnanir eða opinber hlutafélög sem hafa með höndum verkefni sem tengjast starfssviði Varnarmálastofnunar. Árétta ber mikilvægi slíks samstarfs, í þágu almannahagsmuna, ekki síst við lögreglu, landhelgisgæslu, Flugmálastjórn Íslands, Flugstoðir ohf. og rekstraraðila Keflavíkurflugvallar. Í 15. tölul. er gert ráð fyrir að ráðherra geti falið stofnuninni önnur verkefni. Hér undir geta t.d. fallið verkefni

vegna þjóðréttarskuldbindinga sem Ísland kann að undirgangast í framtíðinni og varða verkefnasvið Varnarmálastofnunar.

Um 8. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um skipun forstjóra Varnarmálastofnunar. Lagt er til að ráðherra skipi forstjórann til fimm ára í senn. Áskilið er að viðkomandi hafi menntun á háskólastigi og búi yfir þekkingu á verksviði stofnunarinnar. Rétt er að benda á það að í 3. tölul. ákvæðis til bráðabirgða er gert ráð fyrir að forstjórinn verði skipaður frá 1. febrúar 2008.

Um 9. gr.

Í 1. mgr. er fjallað um ráðningar starfsfólks Varnarmálastofnunar, annarra en forstjóra, og gert ráð fyrir að ráðningarvaldið sé forstjórans.

Í 2. mgr. er öryggisvottun (e. security clearance) gerð að starfsgengisskilyrði hjá Varnarmálastofnun og forsenda fyrir gerð verksamnings við verktaka. Hugtakið öryggisvottun er skilgreint sérstaklega í 5. gr. frumvarpsins. Í ljósi eðlis starfsemi Varnarmálastofnunar og með hliðsjón af öryggissjónarmiðum og þjóðréttarlegum skuldbindingum Íslands varðandi meðhöndlun trúnaðarupplýsinga og búnaðar Atlantshafsbandalagsins og aðildarríkja þess þykir nauðsynlegt að hafa slíka reglu í lögunum. Með þessu móti er leitast við að tryggja það að hjá stofnuninni starfi ekki aðilar sem öryggi starfseminnar kann að stafa hætta af.

Í 3. mgr. að finna ákvæði um málsmeðferð og málskotsrétt aðila máls til ráðherra í þeim tilvikum þegar aðili telst ekki uppfylla skilyrði öryggisvottunar. Skilyrðið um öryggisvottun getur reynst mjög íþyngjandi gagnvart þeim sem í hlut á og þykir því rétt að kveða með skýrum hætti á um kærurétt í slíkum tilvikum. Um er ræða stjórnsýslukæru í skilningi stjórnsýslulaga og gilda þau lög um málsmeðferðina að teknu tilliti til 28. gr. frumvarpsins um 30 daga kærufrest.

Um 10. gr.

Ákvæðið er nýmæli sem heimilar forstjóra Varnarmálastofnunar að veita embættismanni eða starfsmanni utanríkisþjónustunnar, án auglýsingar, tímabundið starf hjá Varnarmálastofnun að höfðu samráði við utanríkisráðuneytið, þó ekki lengur en til tveggja ára í senn. Þá er ráðherra með sömu skilyrðum heimilt að veita starfsmanni Varnarmálastofnunar tímabundið starf hjá utanríkisþjónustunni. Um er að ræða nokkurs konar vistaskiptafyrirkomulag sem hefur þann tilgang að styrkja tengsl utanríkisþjónustunnar og Varnarmálastofnunar. Er einkum litið til þess hversu mjög stjórnsýsla varnarmála tengist framkvæmd þjóðréttarsamninga og milliríkjasamskiptum. Hugsunin er sú að starfsmenn utanríkisþjónustunnar, einkum þeir sem gegnt hafa störfum á varnarmálaskrifstofu ráðuneytisins eða hjá fastanefnd Íslands hjá Atlantshafsbandalaginu, geti miðlað af þekkingu sinni og reynslu af starfsemi bandalagsins og öryggis- og varnarmálatengdum verkefnum. Með tímabundnu starfi starfsmanna Varnarmálastofnunar hjá utanríkisþjónustunni er stefnt að því að auka þekkingu þeirra og reynslu á sviði öryggis- og varnarmálatengdrar starfsemi sem utanríkisþjónustan kemur að. Ákvæðið mælir fyrir um það að viðkomandi teljist vera í launalausu leyfi frá aðalstarfi sínu á meðan hann gegnir hinu tímabundna starfi.

Í 2. mgr. kemur fram að starfstími í hinni tímabundnu stöðu skal reiknaður sem hluti af starfstíma í hinu fasta starfi viðkomandi.

Í 3. mgr. ákvæðisins er utanríkisráðherra heimilað að láta ákvæði 1. og 2. mgr. taka til ríkisstarfsmanna sem hafa sérfræðiþekkingu sem talin er nýtast á starfsvettvangi Varnar-

málastofnunar eða utanríkisþjónustunnar. Dæmi um slíkt gætu t.d. verið starfsmenn lögreglu, landhelgisgæslu eða flugmálayfirvalda. Áskilið er að vinnuveitandi viðkomandi starfsmanns veiti samþykki sitt fyrir slíkri tímabundinni ráðningu.

Um 11. gr.

Hér er gert ráð fyrir að starfsmenn Varnarmálastofnunar megi hvorki fara í verkfall né taka þátt í verkfallsboðun. Er þetta lagt til í ljósi þess að Varnarmálastofnun fer með framkvæmd varnarmála og má alls ekki lamast vegna verkfalla.

Um 12. gr.

Í þessu ákvæði er kveðið á um það hlutverk Varnarmálastofnunar að annast umsjón, rekstur og hagnýtingu allra öryggissvæða á Íslandi auk mannvirkja sem þar eru staðsett. Í 5. gr. frumvarpsins er að finna skilgreiningu á hugtakinu öryggissvæði. Ákvæði 2. mgr. gerir ráð fyrir að utanríkisráðherra birti auglýsingu sem sýnir landfræðileg mörk öryggissvæða og varnarsvæða.

Um 13. gr.

Með þessu ákvæði, sem sækir fyrirmynd sína til 10. gr. laga nr. 82/2000, eru settar reglur um aðgang að öryggis- og varnarsvæðum. Slíkt þykir nauðsynlegt vegna eðlis starfseminnar sem þar fer fram. Í 1. mgr. er Varnarmálastofnun falið að gefa út aðgangsheimildir að öryggis- og varnarsvæðum. Þó er gert ráð fyrir því, vegna skörunar marka öryggissvæðis og haftasvæðis flugverndar, að heimila megi rekstraraðila Keflavíkurflugvallar að gefa út aðgangsheimildir að þeim hluta öryggissvæðisins við Keflavíkurflugvöll sem telst vera innan haftasvæðis flugverndar. Þá er tekið fram í ákvæðinu að takmarka megi, synja um eða afturkalla aðgangsheimild af öryggisástæðum eða vegna allsherjarreglu. Slík stjórnvaldsákvörðun getur verið mjög íþyngjandi fyrir aðila máls og leitt til atvinnumissis í þeim tilvikum þar sem viðkomandi starfar innan svæðisins. Því er sérstaklega áréttað í niðurlagi 1. mgr. að slíkar stjórnvaldsákvarðanir megi kæra til utanríkisráðherra og leiðbeina beri aðila máls um kærurétt sinn. Kærufrestur 26. gr. frumvarpsins gildir um slíkar ákvarðanir.

Í 2. mgr. er kveðið á um þá meginreglu að þeim einum er heimill aðgangur að öryggis- og varnarsvæðum, og mannvirkjum þar, sem þangað á lögmætt erindi og hefur gilda aðgangsheimild. Þó er mælt fyrir um það frávik, á grundvelli tollgæslu-, löggæslu- og öryggishagsmuna, að íslensk tollgæslu- og lögregluyfirvöld þurfi ekki sérstaka aðgangsheimild.

Um 14. gr.

Hér er mælt fyrir um meginhlutverk Varnarmálastofnunar sem er að annast rekstur íslenska loftvarnakerfisins, stjórnstöðvar á öryggissvæðinu við Keflavíkurflugvöll og fjarskipta- og ratsjárstöðva Atlantshafsbandalagsins hérlendis. Um er að ræða lungann úr þeirri starfsemi sem Ratsjárstofnun annast í dag. Þar sem starfsemin þarf að uppfylla þær kröfur sem bandalagið gerir til slíks rekstrar er tekið fram í ákvæðinu að reksturinn skuli taka mið af reglum og stöðlum Atlantshafsbandalagsins í þessum efnum og venjubundinni notendaríkisframkvæmd bandalagsríkjanna.

Um 15. gr.

Varnarmálastofnun er hér m.a. falið að sinna þeim notendaríkis- og gistiríkisskyldum sem Ísland hefur, með þjóðréttarsamningum, axlað gagnvart Atlantshafsbandalaginu varðandi rekstur og umsjón eigna bandalagsins hérlendis. Inntak þessara skyldna endurspeglast að nokkru í hugtökunum gistiríki og notendaríki sem skilgreind eru í 5. gr. frumvarpsins. Tekið er fram í 2. mgr. að utanríkisráðherra birti lista yfir þau mannvirki og aðrar eignir bandalagsins og íslenska ríkisins sem Varnarmálastofnun annast rekstur á.

Um 16. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um fjármögnun rekstrar Varnarmálastofnunar. Skv. 1. mgr. ákvæðisins er gert ráð fyrir að stofnunin verði að stærstum hluta rekin á grundvelli opinberra fjárframlaga.

Í 2. mgr. er Varnarmálastofnun heimilað að taka gjald fyrir samningsbundin afnot af mannvirkjum og búnaði bandalagsins sem stofnunin starfrækir. Það er venjubundin framkvæmd hjá bandalaginu að gera ekki athugasemdir við það að aðildarríki, sem fara með notendaríkis- og gistiríkishlutverk, veiti þriðja aðila afnot af mannvirkjum bandalagsins gegn gjaldi. Það er þó skilyrði að bandalagið hafi ávallt forgang til nýtingar mannvirkjanna ef á reynir. Viðkomandi aðildarríki er heimilt að hafa tekjur af slíkum afnotum en má bara nýta tekjurnar til reksturs og viðhalds á eignum bandalagsins. Öllum umframtekjum sem myndast hjá aðildarríkinu ber að skila til bandalagsins (reglan um No Cost No Gain). Ákvæði 2. mgr. gerir ráð fyrir að tekjum Varnarmálastofnunar vegna slíkra afnota skuli ráðstafað til reksturs og viðhalds umræddra eigna bandalagsins.

Um 17. gr.

Ákvæði þetta kemur í stað núgildandi 9. gr. laga nr. 72/2007, um réttarstöðu liðsafla aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins og Samstarfs í þágu friðar o.fl., en mælt er fyrir um niðurfellingu þess ákvæðis í 30. gr. frumvarpsins. Hér er Varnarmálastofnun falið að taka ákvörðun um greiðslu skaðabóta úr ríkissjóði vegna skaðabótakrafna utan samninga sem Ísland hefur, á grundvelli þjóðréttarsamninga á sviði öryggis- og varnarmála, skuldbundið sig til að greiða. Þeir þjóðréttarsamningar og ákvæði þeirra sem helst koma hér til greina eru 2. mgr. 12. gr. viðbætis við varnarsamninginn og 5. mgr. VIII. gr. „SOFA“-samningsins frá 19. júní 1951. Í hnotskurn er um það að ræða að íslenska ríkið er skuldbundið til að fjalla um tilteknar skaðabótakröfur utan samninga, vegna tjóns sem liðsmaður sendiríkis veldur hérlendis við skyldustörf, og því m.a. heimilað að semja um slíkar kröfur og greiða þær. Í kjölfarið getur Ísland, í flestum tilvikum, endurkrafið sendiríki um 75% af fjárhæð hinnar greiddu kröfu. Í tilviki Bandaríkjanna er endurgreiðslurétturinn þó 85%. Samhliða gildistöku þessa ákvæðis er gert ráð fyrir að skaðabótanefnd sú sem starfað hefur á grundvelli 2. mgr. 12. gr. viðbætis við varnarsamninginn, sbr. lög nr. 110/1951, verði lögð niður og Varnarmálastofnun taki við hlutverki hennar. Ákvarðanir Varnarmálastofnunar varðandi skaðabætur eru stjórnvaldsákvarðanir og sæta stjórnsýslukæru í samræmi við ákvæði 26. gr.

Um 18. gr.

Ákvæði þetta er nýmæli og heimilar Atlantshafsbandalaginu að sinna loftrýmiseftirliti og loftrýmisgæslu við Ísland í samræmi við ákvarðanir Norður-Atlantshafsráðsins. Tekið er fram í ákvæðinu að tilhögun og umfang slíks eftirlits og gæslu sé samningsatriði milli Íslands og bandalagsins og þeirra bandalagsríkja sem skuldbinda sig til að sinna slíku. Lagaákvæði

þetta tekur mið af ákvörðun Norður-Atlantshafsráðsins, varðandi loftrýmiseftirlit og loftrýmisgæslu við Ísland, sem samþykkt var á fundi ráðsins 26. júlí 2007. Ákvörðunin grundvallast á tillögum hermálanefndar Atlantshafsbandalagsins, sbr. bandalagsskjalið MCM-0049-2007. Aðdragandinn að þessari ákvörðun ráðsins er rakinn ítarlega í almennum athugasemdum frumvarpsins.

Um 19. gr.

Varnarmálastofnun er hér falið að annast gistiríkisstuðning íslenskra stjórnvalda gagnvart Atlantshafsbandalaginu og öðrum ríkjum. Hugtakið gistiríkisstuðningur er skilgreint í 5. gr. frumvarpsins. Núgildandi reglur Atlantshafsbandalagsins varðandi gistiríkisstuðning er m.a. að finna í bandalagsskjalinu AJP-4.5. (A) (Allied Joint Host Nation Support Doctrine & Procedures) sem er aðgengilegt á heimasíðu bandalagsins.

Um 20. gr.

Með 1. mgr. ákvæðisins er lögfest sú venjubundna stjórnsýsluframkvæmd að utanríkisráðherra ber ábyrgð á undirbúningi og framkvæmd varnaræfinga sem haldnar eru hérlendis í boði íslenskra stjórnvalda. Þetta hlutverk er einnig lögmælt í 2. mgr. 3. gr. laga nr. 72/2007, um réttarstöðu liðsafla aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins og Samstarfs í þágu friðar o.fl. Hugtakið varnaræfing er skilgreint í 5. gr. frumvarpsins. Þá er lögmælt sú framkvæmd sem lengi hefur tíðkast að utanríkisráðherra upplýsi utanríkismálanefnd um fyrirhugaðar varnaræfingar.

Í 2. mgr. ákvæðisins er Varnarmálastofnun falið það hlutverk að annast undirbúning og framkvæmd varnaræfinga í umboði utanríkisráðherra. Kveðið er á um skyldu stofnunarinnar til að gefa ráðherra upplýsingaskýrslu um hverja æfingu.

Um 21. gr.

Með frumvarpsákvæðinu eru áréttaðar í lögum skatt- og tollundanþágur sem Ísland hefur, á grundvelli þjóðréttarsamninga, skuldbundið sig til að veita. Þannig nýtur t.d. herlið Bandaríkjanna á grundvelli varnarsamningsins, sem er þjóðréttarsamningur og hefur að auki lagagildi, undanþága frá greiðslu skatta og tolla. Að því er varðar ýmsa aðra þjóðréttaraðila þá njóta þeir, og aðilar sem undir þá heyra, toll- og skattundanþága hérlendis, á grundvelli laga nr. 98/1992, um friðhelgi og forréttindi alþjóðastofnana. Þau lög byggjast á svokallaðri tilvísunaraðferð sem kemur fram í 1. gr. þeirra. Þar segir að „Alþjóðastofnanir skulu njóta þeirrar friðhelgi og þeirra forréttinda hér á landi sem kveðið er á um í alþjóðasamningum sem öðlast hafa stjórnskipulegt gildi að því er Ísland varðar.“ Af þessum lögum, og aðild Íslands að Norður-Atlantshafssamningnum, Ottawasamningnum, SOFA-samningnum og samningnum frá 19. júní 1995 milli aðildarríkja að Norður-Atlantshafssamningnum og annarra ríkja, sem eru aðilar að Samstarfi í þágu friðar, um réttarstöðu liðsafla þeirra ásamt bókunum við þann samning frá 19. júní 1995 og 19. desember 1997, leiðir m.a. að Atlantshafsbandalagið og Samstarf í þágu friðar njóta skatt- og tollundanþága hérlendis. Reynslan hefur sýnt að réttaráhrif tilvísunaraðferðar laga nr. 98/1992 virðast ekki hafa verið kynnt nægjanlega innan íslenska stjórnsýslukerfisins. Með frumvarpsákvæðinu er farin sú leið að árétta skatt- og tollundanþágur þeirra þjóðréttaraðila sem helst reynir á hérlendis á vettvangi varnarsamstarfs.

Ákvæði 1. mgr. er efnislega samhljóða 2. mgr. 5. gr. laga um ráðstafanir í kjölfar samnings við Bandaríkin um skil á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli, nr. 176/2006, en það ákvæði er fellt úr gildi með 2. tölul. 30. gr. frumvarpsins. Hér eru öryggis- og varnarsvæði,

ásamt mannvirkjum íslenska ríkisins. Atlantshafsbandalagsins eða Bandaríkjanna þar, og starfsemi þeim tengd, undanþegin öllum opinberum gjöldum, þ.m.t. vegna kaupa á vöru og þjónustu til viðhalds og rekstrar. Eðli máls samkvæmt fellur virðisaukaskattur undir hugtakið opinber gjöld í ákvæðinu. Þá eru mannvirkin undanþegin skyldutryggingu fasteigna. Þau fáu mannvirki sem íslenska ríkið hefur sjálft fengið til eignar frá Bandaríkjamönnum innan öryggissvæða hýsa flest búnað í eigu Atlantshafsbandalagsins, þjóna varnarþörfum og eru framlag íslenskra stjórnvalda til varnartengdrar starfsemi innan Atlantshafsbandalagsins. Rétt þykir því að þau njóti gjaldundanþága. Ákvæðið áréttar einnig skattundanþágur sem Bandaríkin njóta á grundvelli varnarsamningsins og Atlantshafsbandalagið á grundvelli laga nr. 98/1992. Þá er rétt að geta þess að mannvirki í eigu Atlantshafsbandalagsins eru einnig undanþegin fasteignasköttum á grundvelli c-liðar 1. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga.

Ákvæði 2. mgr., sem fjallar almennt um skatt- og tollundanþágur tiltekinna þjóðréttaraðila, er efnislega að mestu samhljóða 11. gr. laga nr. 82/2000 með þeirri breytingu að vísað er sérstaklega til Atlantshafsbandalagsins, Samstarfs í þágu friðar og liðsafla skv. 2. mgr. 2. gr. laga um réttarstöðu liðsafla aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins og Samstarfs í þágu friðar, nr. 72/2007. Þá er gert ráð fyrir því að skattundanþágurnar gildi einnig um liðsafla annarra ríkja, og skylduliðs þeirra, sem dvelst hérlendis við framkvæmd skyldustarfa eða varnaræfingar á vegum íslenskra stjórnvalda.

Samkvæmt 3. mgr. fer um þær eignir og þann rekstur sem Varnarmálastofnun annast fyrir hönd þjóðréttaraðila líkt og Atlantshafsbandalagsins, sem njóta lögmæltra skatt- og tollundanþága, samkvæmt þeim sérreglum sem um slíka þjóðréttaraðila gilda. Ákvæðið gerir ráð fyrir að utanríkisráðherra setji, að höfðu samráði við fjármálaráðuneytið, reglugerð um framkvæmd slíkrar umsýslu.

Um 22. gr.

Hér er að finna sérstakt ákvæði um þagnarskyldu starfsmanna Varnarmálastofnunar, verktaka og annarra aðila sem starfa á vegum stofnunarinnar, Vísað er til þess að brot á þagnarskyldu varði viðurlögum samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn. Mælt er fyrir um að þagnarskylda haldist þótt látið sé af störfum eða verksamningi ljúki. Í ljósi eðlis starfsemi Varnarmálastofnunar og hinna ríku þjóðarhagsmuna af leynd varnarupplýsinga um framkvæmd loftrýmiseftirlits og loftrýmisgæslu og úrvinnslu úr upplýsingakerfum aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins þykir nauðsynlegt að árétta mikilvægi þagnarskyldunnar með því að hafa slíkt ákvæði.

Um 23. gr.

Ákvæði þetta tekur mið af yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 26. september 2006 um ný verkefni íslenskra stjórnvalda við brottför varnarliðsins. Í fjórðu grein yfirlýsingarinnar segir að tryggt verði að íslensk yfirvöld hafi lögheimildir til náins samstarfs við stjórnvöld og alþjóðastofnanir þar sem skipst er á trúnaðarupplýsingum.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um það hlutverk Varnarmálastofnunar að annast úrvinnslu upplýsinga úr upplýsingakerfum Atlantshafsbandalagsins og erlendra samstarfsaðila sem stofnunin hefur aðgang að. Ákvæðið gerir ráð fyrir að Varnarmálastofnun leitist við að skilgreina hættur sem kunna að steðja að íslensku yfirráðasvæði og íslenskum ríkisborgurum vegna hernaðarumsvifa eða vegna sambærilegs hættuástands. Umrædd upplýsingavinnsla mun einvörðungu snúa að erlendum landsvæðum og hættum þar og mun fyrst og fremst gagnast

íslensku friðargæslunni, framkvæmd þróunarsamvinnumála og verkefnum tengdum alþjóðasamvinnu eins og t.d. setu Íslands í öryggisráðinu ef til þess kemur. Þá má búast við að slíkar upplýsingar nýtist við að meta öryggisstig og hættuástand á landsvæðum sem Íslendingar ferðast til.

Í 2. mgr. er kveðið á um frávik frá þagnarskylduákvæði 22. gr. og Varnarmálastofnun heimiluð ákveðin upplýsingaskipti tengd varnarmálum við erlend stjórnvöld og alþjóðasamtök enda séu þau liður í milliríkjasamstarfi og nauðsynleg vegna öryggis- og varnarhagsmuna landsins.

Í 3. mgr. er kveðið á um upplýsingavinnslu Varnarmálastofnunar og upplýsingamiðlun til utanríkisráðuneytisins, annarra stjórnvalda og utanríkismálanefndar. Gert er ráð fyrir að utanríkisráðherra setji reglugerð um slíka upplýsingamiðlun sem taki m.a. mið af stöðlum og reglum Atlantshafsbandalagsins varðandi meðhöndlun slíkra varnarupplýsinga.

Um 24. gr.

Í 1. mgr. er lögfest það hlutverk Varnarmálastofnunar að bera ábyrgð á útgáfu öryggisvottunar samkvæmt lögunum. Þau framkvæmdaratriði, tengd öryggisvottunum, sem fram hafa farið í utanríkisráðuneytinu munu því flytjast til Varnarmálastofnunar. Eftir sem áður er gert ráð fyrir að embætti ríkislögreglustjóra annist, að beiðni Varnarmálastofnunar, framkvæmd bakgrunnsskoðunar vegna öryggisvottunar. Slík skoðun mundi einkum felast í að kanna sakaferil og fjárhagsstöðu viðkomandi.

Í 2. mgr. segir að utanríkisráðherra setji reglugerð að höfðu samráði við dómsmálaráðherra um framkvæmd öryggisvottunar og trúnaðarstig skjala. Skal þar tekið mið af stöðlum og reglum Atlantshafsbandalagsins um öryggi og meðferð trúnaðarskjala þess og eftir atvikum öðrum þjóðréttarskuldbindingum sem Ísland hefur undirgengist varðandi öryggi og meðferð trúnaðarupplýsinga sem tengjast varnarmálum. Ísland hefur m.a. undirritað samning milli aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins um öryggi upplýsinga frá 16. ágúst 1998 (Agreement between the Parties to the North Atlantic Treaty for the Security of Information). Sá samningur hefur ekki enn verið fullgiltur af Íslands hálfu en af meginreglum þjóðaréttar leiðir að Íslandi ber að virða ákvæði samningsins í samskiptum sínum við Atlantshafsbandalagið og við meðhöndlun trúnaðarskjala frá bandalaginu og aðildarríkjum þess. Utanríkisráðuneytið meðhöndlar í dag trúnaðarupplýsingar frá bandalaginu á grundvelli eldri verklagsreglna bandalagsins sem bera heitið „Security Within The North Atlantic Treaty Organization C-M (55) 15 FINAL“. Þessar reglur voru gerðar aðgengilegar á heimasíðu utanríkisráðuneytisins þann 20. janúar 2007. Nýrri útgáfa reglnanna ber númerið C-M (2002) 49 og eru þær viðaukar (e. annexes) samningsins um öryggi upplýsinga frá 16. ágúst 1998. Þar til framangreindur þjóðréttarsamningur hefur verið fullgiltur af Íslands hálfu ber Íslandi að meðhöndla trúnaðarskjöl frá bandalaginu samkvæmt fyrirmælum C-M (55) 15 FINAL. Með þessu ákvæði frumvarpsins er ráðherra gert skylt að taka m.a. mið af efni framangreindra reglna við samningu reglugerðar um framkvæmd öryggisvottunar.

Um 25. gr.

Hér er Varnarmálastofnun falið að rita ársskýrslu sína og kynna fyrir utanríkisráðherra. Gert er ráð fyrir að utanríkisráðherra kynni utanríkismálanefnd efni skýrslunnar. Þá ber Varnarmálastofnun að birta útdrátt úr ársskýrslunni á heimasíðu sinni fyrir 1. september árið á eftir. Markmiðið með ákvæðinu er það að ávallt liggi fyrir, á sem aðgengilegustu formi, upplýsingar um meginatriðin í starfsemi Varnarmálastofnunar. Hafa ber í huga að ákvæði

upplýsingalaga, nr. 50/1996, einkum 3. málsl. 2. mgr. 2. gr. og 1. og 2. tölul. 6. gr. laganna, kunna að takmarka það hversu miklar upplýsingar úr ársskýrslunni er heimilt að birta almenningi.

Um 26. gr.

Með ákvæði þessu er áréttað að stjórnvaldsákvarðanir Varnarmálastofnunar sæta stjórnsýslukæru til utanríkisráðherra í samræmi við almennar reglur stjórnsýslulaga. Þó er gert ráð fyrir því fráviki að kærufrestur sé einungis 30 dagar frá dagsetningu ákvörðunar. Með hliðsjón af eðli starfsemi Varnarmálastofnunar þykir mikilvægt að allur ágreiningur um stjórnvaldsákvarðanir stofnunarinnar berist sem fyrst inn á borð utanríkisráðuneytisins svo leiða megi hann til lykta eins fljótt og unnt er.

Um 27. gr.

Ráðherra er hér heimilað að setja með reglugerðum nánari fyrirmæli um verkefni Varnarmálastofnunar og framkvæmd laganna. Ekki verður séð að ákvæðið þarfnast nánari skýringar.

Um 28. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um viðurlög og segir þar að brot á lögunum varði sektum eða fangelsi allt að 5 árum nema þyngri refsingar liggi við samkvæmt öðrum lögum. Í því sambandi má minna á ákvæði 91. og 92. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, og 6. gr. laga um réttarstöðu liðsafla aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins og Samstarfs í þágu friðar o.fl., nr. 72/2007. Þá er í ákvæðinu gert ráð fyrir að gera megi lögaðila fésekt skv. II. kafla A almennra hegningarlaga sé brot á ákvæðum laganna framið í starfsemi lögaðilans.

Um 29. gr.

Gert er ráð fyrir því að lögin öðlist gildi 1. apríl 2008. Nauðsynlegt er þó að ákvæði til bráðabirgða öðlist þegar gildi þannig að nægt ráðrúm sé til að undirbúa gildistöku laganna og stofnun Varnarmálastofnunar. Ákvæðið þarfnast að öðru leyti ekki skýringa.

Um 30. gr.

Hér er gerð grein fyrir þeim lögum sem nauðsynlegt er að breyta í tengslum við breytta skipan mála. Um er að ræða lagabreytingar sem þykja nauðsynlegar vegna breyttra aðstæðna samfara brotthvarfi varnarliðsins. Nauðsynlegt sýnist hins vegar á síðari stigum að setja sérstakan lagabandorm vegna breytinga á hinum ýmsu lagaákvæðum sem vísa sérstaklega til varnarliðsins. Í 1. og 2. tölul. ákvæðisins er að finna breytingar á ákvæðum lögreglulaga og laga um framkvæmdarvald ríkisins í héraði. Þar er gert ráð fyrir að embætti sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli verði lagt niður. Samhliða gildistöku laganna er gert ráð fyrir því að gefin verði út auglýsing á grundvelli laga nr. 176/2006 um að öryggissvæðið á Keflavíkurflugvelli sé ekki lengur varnarsvæði. Við þá breytingu verður óþarft að viðhalda því fyrirkomulagi að Keflavíkurflugvöllur sé sérstakt stjórnsýsluumdæmi sýslumannsembættisins á Keflavíkurflugvelli. Ákvæði 3. tölul. lögfestir í tollalögunum tilvísun til tollundanþága Atlantshafsbandalagsins, Samstarfs í þágu friðar og herliðs Bandaríkjanna. Ákvæði 4. tölul. fellir brott ákvæði sem þykja óþörf, m.a. þar sem sambærileg ákvæði eru í 1. mgr. 21. gr. og 27. gr. frumvarpsins. Ákvæði 5. tölul. fellir úr gildi ákvæði um málsmeðferð skaðabótakrafna sem verður óþarft vegna 17. gr. þessa frumvarps.

Um ákvæði til bráðabirgða.

1. Samkvæmt 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, er skylt að auglýsa laus til umsóknar störf hjá ríkinu. Rétt þykir þó, á grundvelli sanngirnissjónarmiða, að heimila hér frávik frá þessari reglu varðandi þá starfsmenn Ratsjárstofnunar sem eru á launaskrá hjá stofnuninni við gildistöku þessa ákvæðis. Þó er gert ráð fyrir að staða forstjóra Varnarmálastofnunar verði auglýst. Eðli málsins samkvæmt verður viðkomandi starfsmaður að taka afstöðu til starfstilboðs áður en Varnarmálastofnun hefur starfsemi sína. Leitast verður við að bjóða viðkomandi starfsmönnum að sinna svipuðum verkefnum hjá Varnarmálastofnun og þeir hafa áður sinnt hjá Ratsjárstofnun. Jafnframt verður þó að hafa hliðsjón af óhjákvæmilegum breytingum sem hér munu koma til.

2. Ljóst er að það kallar á nokkra vinnu að undirbúa gildistöku laganna. Því er mælt fyrir um það að utanríkisráðherra skipi þriggja manna starfshóp sem undirbúa skal gildistöku laganna og stofnun Varnarmálastofnunar.

3. Æskilegt er að forstjóri Varnarmálastofnunar komi til starfa og sinni undirbúningi áður en starfsemi stofnunarinnar hefst. Því er gert ráð fyrir að forstjórinn verði skipaður frá 1. febrúar 2008 og vinni frá þeim tíma með starfshópi skipuðum skv. 2. tölul. ákvæðis til bráðabirgða.

Fylgiskjal I.

Áfangaskýrsla starfshóps um yfirtöku á rekstri Ratsjárstofnunar.

1. Inngangur

Utanríkisráðherra skipaði þann 1. ágúst 2007 starfshóp fimm sérfræðinga utanríkisráðuneytisins til að undirbúa snurðulausa yfirtöku íslenskra stjórnvalda á starfsemi Ratsjárstofnunar og aðlögun að íslenskri stjórnsýslu.

Í starfshópinn voru skipaðir eftirtaldir aðilar: Þórir Ibsen, skrifstofustjóri, sem jafnframt var formaður starfshópsins, Einar Gunnarsson, starfsmannastjóri, Friðrik Jónsson, sendiráðunautur, Hreinn Pálsson, sendiráðsritari, og Veturliði Þór Stefánsson, lögfræðingur.

Auk þess að undirbúa yfirtökuna var starfshópnum falið að leita leiða til að auka hagræðingu í rekstri þeirra verkefna sem Ratsjárstofnun hefur haft umsjón með og draga úr kostnaði ríkissjóðs. Starfshópnum var gert að vinna verk sitt í náinni samvinnu við fyrirsvarsmenn Ratsjárstofnunar og leggja fram tillögur sínar fyrir 1. nóvember 2007.

2. Söguleg atriði

Ratsjárstofnun var sett á laggirnar árið 1987 á grundvelli milliríkjasamnings milli Íslands og Bandaríkjanna sem fól það í sér að stofnunin var rekin á bandarískum forsendum og fyrir bandarískt fé. Meginverkefni stofnunarinnar var að annast rekstur íslenska loftvarnakerfisins og þjónusta varnarlið Bandaríkjanna hérlendis. Engin sérstök lög voru sett um starfsemi stofnunarinnar. Þó er gert ráð fyrir tilvist stofnunarinnar í 11. gr. laga nr. 82/2000, um framkvæmd tiltekinna þátta í varnarsamstarfi Íslands og Bandaríkjanna, en það ákvæði fjallar um skatta- og gjaldaundanþágur stofnunarinnar.

Þann 30. september 2006 hvarf bandaríska varnarliðið á brott frá Íslandi. Ábyrgð á vörnum landsins á friðartímum færðist þá yfir á íslensk stjórnvöld. Í samkomulagi Íslands og Bandaríkjanna um varnarmál frá 11. október 2006 var m.a. kveðið á um það að Ísland og Bandaríkin hygðust á tímabilinu fram til 15. ágúst 2007 ræða tvíhliða og við Atlantshafsbandalagið um fjármögnun íslenska loftvarnakerfisins og hvernig framtíðarrekstur þess kynni að styðja aðgerðir og æfingar bandalagsins. Í viðræðunum bar að meta hvernig íslenska loftvarnakerfið gæti nýst Atlantshafsbandalaginu á annan hátt.

Á leiðtogafundi Atlantshafsbandalagsins sem haldinn var í Riga í nóvember 2006 vakti forsætisráðherra Íslands í ræðu sinni athygli á því að Ísland væri án loftrýmiseftirlits og loftrýmisgæslu. Slíkt ástand væri augljóslega áhyggjuefni fyrir íslensku þjóðina, sem ekki hefði hernaðarlega getu til að sinna slíku, og ekki síður fyrir Atlantshafsbandalagið. Í lok desembermánaðar 2006 beindu íslensk stjórnvöld þeirri ósk til framkvæmdastjóra Atlantshafsbandalagsins að fastaráð bandalagsins gæfi hermálanefnd bandalagsins þau fyrirmæli að þróa valkosti um viðbúnað á Íslandi á friðartímum.

Niðurstaða hermálanefndar Atlantshafsbandalagsins 2. júlí 2007 og fastaráðs bandalagsins 26. júlí sama ár var að vegna varnarþarfa yrði að tryggja áfram rekstur loftvarnakerfisins og samræmingu þess við evrópska loftvarnakerfið. Rekstur íslenska loftvarnakerfisins er einn af hornsteinunum í vörnum Atlantshafsbandalagsins og nauðsynlegur til að tryggja samfellt eftirlit með Evrópuhluta loftrýmis bandalagsins. Þá er starfræksla íslenska loftvarnakerfisins, að mati Atlantshafsbandalagsins, forsenda þess að hingað til lands komi flugsveitir frá bandalagsríkjunum til tímabundins eftirlits og æfinga a.m.k. fjórum sinnum á ári.

Niðurstöður samningaviðræðna Bandaríkjanna og Íslands, varðandi fjármögnun og framtíðarrekstur íslenska loftvarnakerfisins, urðu þær að íslensk stjórnvöld tóku yfir rekstur Ratsjárstofnunar þann 15. ágúst 2007. Hefur Ísland frá þeim tíma annast og kostað reksturinn.

Yfirtakan felur í sér tímamót í öryggis- og varnarmálum íslensku þjóðarinnar. Utanríkisráðherra lýsti m.a. í ræðu sem hún hélt í Norræna húsinu 29. ágúst sl. stöðu mála varðandi íslenska loftvarnakerfið þannig að yfirtaka þess sætti tíðindum sem nýtt sjálfstætt og mikilsvert framlag til samstarfs þjóða Atlantshafsbandalagsins.

Í framhaldi af ákvörðun íslenskra stjórnvalda um yfirtökuna hafa þau í samvinnu við Atlantshafsbandalagið unnið að því að samþætta íslenska loftvarnakerfið að loftvarnakerfi Atlantshafsbandalagsins (NATINADS). Á sama tíma hefur starfshópurinn unnið að því að laga starfsemina að íslenskri stjórnsýslu.

3. Helstu aðgerðir starfshópsins

Starfshópurinn hefur frá upphafi unnið náið með yfirstjórn Ratsjárstofnunar. Fundað hefur verið með almennu starfsfólki og hlutaðeigandi aðilum um framtíð stofnunarinnar og mögulegar breytingar á rekstrarfyrirkomulagi.

Þá ákvað utanríkisráðherra, í tengslum við yfirtökuna á rekstri Ratsjárstofnunar, að koma á fót þremur vinnuhópum sem Þórir Ibsen, formaður starfshópsins, veitir forstöðu.

Einn vinnuhópurinn hefur það hlutverk að kanna annars vegar hagræðingar- og samlegðarmöguleika verkefna sem tengjast öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli og samvinnu stjórnvalda varðandi hagnýtingu þess. Hins vegar að leggja mat á möguleika og koma með tillögur varðandi starfrækslu íslenska loftvarnakerfisins (IADS) og hvort, og þá hvernig, veita megi öðrum stofnunum aðgang að kerfinu.

Annar vinnuhópurinn hefur það hlutverk að meta möguleika á hagnýtingu þriggja ljósleiðaraþráða Atlantshafsbandalagsins í þágu borgaralegrar starfsemi. Honum er ætlað að

kanna hugsanlega tekjumöguleika ríkisins af hagnýtingu ljósleiðaraþráðanna og hvort draga megi úr útgjöldum í rekstri Ratsjárstofnunar og eftir atvikum annarra stjórnvalda.

Þriðji vinnuhópurinn hefur það hlutverk að meta möguleika og koma með tillögur varðandi starfrækslu svokallaðs BICES-upplýsingakerfis og greiningardeildar því tengdrar á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli. Jafnframt hvort og þá hvernig veita megi öðrum stofnunum aðgang að kerfinu.

Fyrsta verk starfshópsins var að kortleggja nauðsynlegar aðgerðir samhliða yfirtöku á rekstri stofnunarinnar 15. ágúst sl. Niðurstaða starfshópsins var sú að nauðsynlegt væri að losa þegar í stað um alla samninga Ratsjárstofnunar þannig að samningsskuldbindingar stæðu ekki í vegi fyrir breytingum sem gera þyrfti á framkvæmd verkefna Ratsjárstofnunar. Ratsjárstofnun var því falið að segja upp öllum gildandi samningum stofnunarinnar. Þar á meðal voru ráðningarsamningar við alla 46 starfsmenn stofnunarinnar. Uppsagnarbréf til starfsmanna voru send út 1. október 2007 og miðað var við sex mánaða uppsagnarfrest.

Að því er varðar hópuppsagnir sem tilkynntar voru 15. ágúst 2007, þá var við framkvæmd þeirra farið eftir lögum nr. 63/2000, um hópuppsagnir, og gætt lögmælts samráðs. Utanríkisráðherra fundaði með fjölmiðlum um málefni Ratsjárstofnunar og íslenska loftvarnakerfisins þann 15. ágúst og starfsmönnum Ratsjárstofnunar þann 16. ágúst 2007. Enn fremur fundaði ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins með starfsmönnum í tvígang, þann 15. ágúst og 23. október 2007.

Meðal starfsmanna Ratsjárstofnunar ríkti í upphafi ákveðin óvissa um framtíð starfseminnar, endurráðningar og framtíðarlaunakjör. Starfshópurinn fundaði því 7. september 2007 með öllum starfsmönnum stofnunarinnar og upplýsti um hlutverk starfshópsins, fyrirliggjandi ákvarðanir um rekstur ratsjárstöðvanna og íslenska loftvarnakerfisins, verkefni tengt framkvæmd loftrýmiseftirlits í byrjun næsta árs og möguleika á nýjum verkefnum starfsmanna til framtíðar litið. Á fundinum var jafnframt fjallað um endurþjálfunarmöguleika starfsmanna. Starfsmönnum var boðið að eiga trúnaðarsamtöl við fulltrúa starfshópsins sem nokkrir starfsmenn nýttu sér. Þessu til viðbótar hefur starfsmönnum verið boðin sálfræðiþjónusta og aðstoð við gerð ferilskrár á kostnað stofnunarinnar.

Ljóst er að sérþekking, reynsla og þjálfun einstakra starfsmanna Ratsjárstofnunar er afar mikilvæg fyrir framtíðarrekstur íslenska loftvarnakerfisins. Starfshópurinn telur eðlilegt að samhliða endurskipulagningu á rekstrinum verði leitað eftir starfskröftum þeirra fráfarandi starfsmanna Ratsjárstofnunar sem sinnt hafa verkefnum innan stofnunarinnar sem áfram verða til í breyttri mynd. Taka verður þó tillit til breytinga á rekstrinum og rekstrarforsendum hans sem óhjákvæmilega munu koma til.

Samkomulag varð um að Ólafur Örn Haraldsson, forstjóri Ratsjárstofnunar, léti af störfum 15. október 2007 til að skapa svigrúm fyrir framtíðarbreytingar á starfseminni og einstökum verkefnum.

Hinn 25. október 2007 fól utanríkisráðherra Ellisif Tinnu Víðisdóttur, aðstoðarlögreglustjóra á Suðurnesjum, að gegna hlutverki breytingastjóra innan Ratsjárstofnunar með starfshópnum. Verkefni breytingastjórans er að leiða yfirfærslu á verkefnum og endurskipulagningu á starfi stofnunarinnar.

4. Snurðulaus og samfelldur rekstur

Við yfirtöku íslenskra stjórnvalda á rekstri Ratsjárstofnunar var mikilvægt að raska sem minnst starfseminni sem lýtur bæði að öryggis- og varnarmálum. Tryggt var, í samvinnu við fjármálaráðuneytið, að stofnuninni bærust fjárveitingar til að standa straum af rekstrinum. Í frumvarpi til fjáraukalaga 2007 er gert ráð fyrir 280 millj. kr. fjárframlagi til stofnunarinnar. Á fjárlögum 2008 eru 822,3 millj. kr. ætlaðar til rekstursins.

Til að Ísland geti staðið við þjóðréttarlegar skuldbindingar sínar og verið í stakk búið til að koma að framkvæmd loftrýmiseftirlits Atlantshafsbandalagsins í byrjun árs 2008 þarf að hefja sem fyrst þjálfun starfsfólks. Nokkrum starfsmönnum Ratsjárstofnunar hefur þegar verið boðið að taka þátt í endurþjálfun sem loftrýmiseftirlitsmenn. Með boði um endurþjálfun er gefin von um framtíðarstarf á nýjum vettvangi þótt ráðningar geti ekki hafist fyrr en sér fyrir endann á endurskipulagningarferlinu.

5. Hagræðingarmöguleikar í rekstri Ratsjárstofnunar

Þegar Ratsjárstofnun var undir stjórn Bandaríkjanna nam árlegur rekstrarkostnaður hennar 1.200 millj. kr. Var í þeirri upphæð ekki tekið tillit til launakostnaðar þeirra starfsmanna varnarliðsins sem unnu við íslenska loftvarnakerfið og voru ekki á launaskrá hjá Ratsjárstofnun. Ljóst er að stofnkostnaður mun falla á íslensk stjórnvöld vegna uppgjörs og yfirtöku þess hluta búnaðar Ratsjárstofnunar sem tilheyrir Bandaríkjunum en ekki Atlantshafsbandalaginu. Þá er ótalinn kostnaður vegna nauðsynlegra uppfærslna á íslenska loftvarnakerfinu sem einvörðungu fást keyptar af bandarískum hermálayfirvöldum. Upphæðir vegna framangreinds kostnaðar liggja hins vegar ekki fyrir þar sem samningaviðræðum við Bandaríkin um þessi atriði er ólokið.

Í frumvarpi til fjárlaga 2008 er lagt til að veittar verði alls 1.356,1 millj. kr. til varnarmála. Með því er átt við fjárlagaliðina 03-213 varnarmál (533,8 millj. kr.) og 03-217 Ratsjárstofnun (822,3 millj. kr.).

Í ljósi rekstraráætlana sem starfshópurinn hefur unnið með yfirstjórn Ratsjárstofnunar sýnist mega ná hagræðingu í rekstrinum með aukinni samlegð.

Hafa ber í huga að ekki hefur verið gert ráð fyrir útgjöldum vegna reksturs eigna Atlantshafsbandalagsins sem m.a. þurfa að vera til taks fyrir bandalagið þegar loftrýmisgæsla hefst hérlendis á vormánuðum 2008. Samkvæmt venjubundinni og viðurkenndri framkvæmd bandalagsríkjanna skal söluhagnaði og tekjum af hagnýtingu eigna bandalagsins hérlendis varið til reksturs og viðhalds þeirra mannvirkja og búnaðar bandalagsins sem Ísland ber nú notendaríkisábyrgð á. Gera verður ráð fyrir stofnkostnaði vegna yfirtöku Íslands á búnaði Bandaríkjanna sem nauðsynlegur er vegna reksturs íslenska loftvarnakerfisins og ratsjárstöðva. Ekki er gerlegt á þessu stigi máls að meta að fullu hver almennur árlegur rekstrarkostnaður verður eftir að aðlögun stofnunarinnar að íslenskum áherslum og stjórnsýslu lýkur enda ekki búið að setja lög um starfsemina og umfang og ábyrgð því óljós.

Aðilar á markaði hafa lýst áhuga á að fá aðgang að ljósleiðaraneti Atlantshafsbandalagsins, sem Ratsjárstofnun hefur til þessa ein hagnýtt. Utanríkisráðuneytið vinnur nú að því að svo megi verða í góðri samvinnu við samgönguráðuneytið. Vonir standa til þess að nýta megi ljósleiðaranetið til að auka gagnaflutningagetu um landið. Með því mætti styrkja uppbyggingu þekkingariðnaðar og þekkingarsamfélaga á landsbyggðinni. Gera má ráð fyrir einhverjum tekjum af nýtingu netsins, sem samkvæmt reglum og stöðlum Atlantshafsbandalagsins skal nýta til viðhalds og reksturs eigna bandalagsins hérlendis.

6. Aðlögun rekstrarins að íslenskri stjórnsýslu

Ljóst er að áherslur í verkefnum og forsendur fyrir rekstri Ratsjárstofnunar þarf að endurskoða þar sem íslenska ríkið stendur hér eftir eitt að rekstrinum án aðkomu Bandaríkjanna. Því leggur starfshópurinn til að þau varnartengdu verkefni, sem nú eru á ábyrgð Íslands, verði færð á hendi einnar stofnunar sem lúti yfirstjórn utanríkisráðuneytisins og hafi aðsetur á öryggissvæðinu við Keflavíkurflugvöll. Í ljósi þessa hefur húsaleigusamningi Ratsjárstofnunar vegna skrifstofuhúsnæðis að Síðumúla 28 í Reykjavík verið sagt upp. Aðalskrifstofa stofnunarinnar var hinn 15. október 2007 flutt í húsnæði Ratsjárstofnunar á öryggissvæðinu og þannig sameinuð annarri starfsemi stofnunarinnar þar.

Meginverkefni Ratsjárstofnunar eftir yfirtöku íslenskra stjórnvalda á rekstrinum er rekstur íslenska loftvarnakerfisins og ratsjárstöðva Atlantshafsbandalagsins hérlendis, loftrýmiseftirlit á íslenska loftvarnasvæðinu og miðlun upplýsinga til Atlantshafsbandalagsins og aðildarríkja þess á grundvelli þjóðréttarlegra skuldbindinga. Þetta er í samræmi við grundvallarskyldur um varnir Íslands og aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins. Íslenska loftvarnakerfið er eins og áður segir forsenda ytri varna Íslands, varnaræfinga hér á landi og samstarfs við grannríki á sviði öryggismála auk þess sem það gegnir veigamiklu hlutverki í loftrýmiseftirliti Atlantshafsbandalagsins. Einnig er upplýsingum úr íslenska loftvarnakerfinu miðlað til Flugstoða ohf. vegna borgaralegra flugöryggisþátta á íslenska flugumsjónarsvæðinu.

Starfshópurinn leggur til að varnartengdum verkefnum, svo sem rekstri öryggissvæðisins við Keflavíkurflugvöll, umsýslu mannvirkja og eigna Atlantshafsbandalagsins á Íslandi, undirbúningi og þjónustu við varnaræfingar, þjónustu við erlenda aðila sem sinna munu loftrýmiseftirliti frá Íslandi og öðrum varnartengdum verkefnum, verði fundinn staður innan stjórnsýslunnar í einni rekstrareiningu undir utanríkisráðuneytinu.

Sökum herleysis íslensku þjóðarinnar grundvallast varnir landsins á varnarsamstarfi við önnur ríki. Það samstarf byggist á milliríkjasamningum og milliríkjasamskiptum. Utanríkisráðuneytið annast slík samskipti og ber ábyrgð á gerð allra milliríkjasamninga. Í utanríkisráðuneytinu er einnig víðtæk sérfræðiþekking og áratuga reynsla af varnarmálum auk þess sem ráðuneytið hefur frá upphafi annast framkvæmd varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna og samskipti Íslands við Atlantshafsbandalagið.

7. Lagalegur grundvöllur varnarmálatengdrar starfsemi

Starfshópurinn telur augljóst að setja þurfi lög um rekstur íslenska loftvarnakerfisins, ratsjárstöðvanna og önnur varnartengd verkefni. Því millibilsástandi sem ríkt hefur varðandi framkvæmd varnarmála hérlendis meðan á samningaviðræðum Íslands og Bandaríkjanna stóð er að ljúka. Mikilvægt sýnist og í samræmi við nútímalega og vandaða stjórnarfarshætti að setja varnarmálatengdri starfsemi lögmæltan ramma.

Við smíði slíkrar löggjafar sýnist eðlilegt, út frá hagræðingar- og samlegðarsjónarmiðum, að samþætta rekstur Ratsjárstofnunar, öryggissvæðisins á Keflavíkurflugvelli og framkvæmd stjórnsýsluverkefna sem varða varnarsamning Íslands og Bandaríkjanna og starfsemi Atlantshafsbandalagsins hérlendis.

Mikilvægt er að slík löggjöf taki með heildstæðum hætti á framkvæmd þeirra stjórnsýsluverkefna, á sviði varnarmála sem íslensk stjórnvöld bera nú ábyrgð á og þeim þjóðréttarskuldbindingum sem Ísland hefur undirgengist gagnvart Atlantshafsbandalaginu og Bandaríkjunum á síðustu mánuðum.

Í slíkum lögum þarf að gera ráð fyrir sérstakri stofnun sem annist stjórnsýsluverkefni á sviði varnarmála. Þá þarf að fjalla þar um rekstur íslenska loftvarnakerfisins, ratsjárstöðv-

anna, öryggissvæða, mannvirkja og annarra eigna Atlantshafsbandalagsins, varnaræfingar og upplýsingamiðlun til erlendra samstarfsaðila. Einnig þarf að lögfesta þar ákvæði um loftrýmiseftirlit, loftrýmisgæslu og framkvæmdaratriði því tengd.

8. Niðurstöður og tillögur starfshópsins

Samandregið eru niðurstöður og tillögur starfshópsins sem hér segir:

Ísland er herlaus þjóð og því byggjast varnir landsins á samstarfi við önnur ríki og alþjóðastofnanir. Það samstarf byggist á milliríkjasamningum og milliríkjasamskiptum sem eru á ábyrgð utanríkisráðherra. Yfirstjórn varnarmálatengdra verkefna sem íslensk stjórnvöld bera ábyrgð á heyrir því undir utanríkisráðherra.

Atlantshafsbandalagið er eigandi íslenska loftvarnakerfisins og ratsjárstöðva hérlendis. Rekstur íslenska loftvarnakerfisins er einn af hornsteinunum í vörnum Atlantshafsbandalagsins og nauðsynlegur til að tryggja samfellt eftirlit með Evrópuhluta loftrýmis bandalagsins. Starfræksla loftvarnakerfisins er forsenda þess að hingað til lands komi flugsveitir frá bandalagsríkjunum til tímabundins eftirlits og æfinga.

Íslensk stjórnvöld hafa, á grundvelli þjóðréttarsamninga, skuldbundið sig til að reka íslenska loftvarnakerfið og ratsjárstöðvar Atlantshafsbandalagsins hér á landi. Til að tryggja rekstrarhagræði, vandaða stjórnsýslu og fagþekkingu á varnarmálatengdum verkefnum er það niðurstaða starfshópsins að setja þurfi heildstæð lög um framkvæmd varnarmála. Í slíkum lögum þarf að gera ráð fyrir undirstofnun utanríkisráðuneytisins, með aðsetur á öryggissvæðinu við Keflavíkurflugvöll, sem annist umsýslu verkefna á sviði varnarmála. Slík stofnun hefði m.a. það hlutverk að annast rekstur íslenska loftvarnakerfisins og ratsjárstöðva Atlantshafsbandalagsins, öryggissvæða utanríkisráðuneytisins, mannvirkja og annarra eigna Atlantshafsbandalagsins. Einnig myndi stofnunin sinna undirbúningi og framkvæmd varnaræfinga og upplýsingamiðlun til erlendra samstarfsaðila.

Reykjavík, 31. október 2007.

Þórir Ibsen, formaður (sign.)
Einar Gunnarsson (sign.)
Friðrik Jónsson (sign.)
Hreinn Pálsson (sign.)
Veturliði Þór Stefánsson (sign.)

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til varnarmálalaga.

Tilgangur frumvarpsins er að setja lög sem gilda eiga um stjórnsýslu varnarmála á íslensku yfirráðasvæði og samstarf og samskipti íslenskra stjórnvalda við erlend ríki, hermálayfirvöld og alþjóðastofnanir á sviði öryggis- og varnarmála. Utanríkisráðherra fer með yfirstjórn varnarmála, allt stjórnsýsluvald innan öryggis- og varnarsvæða, mótun stefnu um framkvæmd varnarmála og gerð hættumats því tengt. Þá ber utanríkisráðherra ábyrgð á

mótun öryggis- og varnarstefnu Íslands og framkvæmd hennar á alþjóðavettvangi. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að sett verði á fót sérstök stofnun undir yfirstjórn utanríkisráðherra sem mun bera heitið Varnarmálastofnun. Hlutverk Varnarmálastofnunar verður m.a. að taka við eftirstandandi verkefnum Ratsjárstofnunar, þ.e. rekstri íslenska loftvarnakerfisins og ratsjárstöðvanna. Þá á Varnarmálastofnun að annast rekstur öryggissvæðisins á Keflavíkurflugvelli, rekstur mannvirkja Atlantshafsbandalagsins hérlendis og framkvæmd annarra varnarmálatengdra verkefna. Ekki er gert ráð fyrir að stofnunin muni eiga neinar eignir. Þó má gera ráð fyrir að stofnunin eigi einhver tæki og tól til starfseminnar. Í 21 gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að sú umsýsla sem Varnarmálastofnun annast, fyrir hönd þjóðréttaraðila sem njóta skatt- og tollundanþága, eins og t.d. Atlantshafsbandalagið, fari eftir þeim sérreglum sem um slíka þjóðréttaraðila gilda. Gera verður þann fyrirvara að Varnarmálastofnun mun ekki njóta skattundanþágu með sama hætti og Ratsjárstofnun þótt hún annist rekstur fyrir aðila sem njóta slíkrar skattundanþágu. Einnig kemur fram í ákvæði laganna til bráðabirgða að heimilað er að bjóða starfsmönnum Ratsjárstofnunar störf hjá Varnarmálastofnun án þess að þau séu auglýst. Þó skal auglýsa stöðu forstjóra Varnarmálastofnunar. Samkvæmt fyrirliggjandi kostnaðaráætlun er tekur mið af reynslutölum í rekstri Ratsjárstofnunar sem og af kostnaðartölum í frumvarpi til fjárlaga 2008 til varnarmála þá er heildarkostnaður Varnarmálastofnunar fyrir árið 2008 áætlaður í kringum 1.350 m.kr. Undanskilinn í kostnaðaráætluninni er hins vegar stofnkostnaður vegna yfirfærslna eigna Bandaríkjamanna til stofnunarinnar sem er u.þ.b. 360 m.kr. Samningaviðræður við Bandaríkjamenn vegna þessarar yfirfærslu standa hins vegar enn yfir og því gæti þessi kostnaðartala tekið einhverjum breytingum þegar þeim viðræðum lýkur. Jafnframt er undanskilinn mögulegur kostnaður vegna þeirra ellefu starfsmanna Ratsjárstofnunar sem taldir eru eiga rétt til biðlauna ef þeir hafna boði um starf hjá Varnarmálastofnun en sá kostnaður getur verið allt að 70 m.kr.

Samtals er gert ráð fyrir því að útgjöld ríkissjóðs vegna reksturs Varnarmálastofnunar verði 1.356 m.kr. Auk þess verður á árinu 2008 allt að 400 m.kr. stofnkostnaður sem einskiptiskostnaður.

566. Fyrirspurn [332. mál]

til félags- og tryggingamálaráðherra um félagslega þjónustu sveitarfélaga.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

1. Hversu stórt hlutfall íbúa einstakra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu nýtur félagslegrar þjónustu sveitarfélags síns?
2. Hversu stórt hlutfall íbúa Reykjanesbæjar, Ísafjarðarbæjar, Akureyrar, Fljótsdalshéraðs, Árborgar og Sveitarfélagsins Hornafjarðar nýtur félagslegrar þjónustu sveitarfélags síns?

Skriflegt svar óskast.

567. Fyrirspurn [333. mál]

til heilbrigðisráðherra um heimilislækna á höfuðborgarsvæðinu.

Frá Álfheiði Ingadóttur.

1. Hversu margir eru án heilsugæslulæknis eða heimilislæknis á starfssvæði Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og hvernig skiptist sá fjöldi eftir starfssvæðum einstakra heilsugæslustöðva og sveitarfélögum? Óskað er sundurliðunar eftir kyni og aldurshópunum 0–5 ára, 6–17 ára, 18–60 ára og eldri en 60 ára.
2. Hvernig er staðan í samanburði við önnur heilsugæsluumdæmi?

Skriflegt svar óskast.

568. Fyrirspurn [334. mál]

til heilbrigðisráðherra um krabbamein í blöðruhálskirtli.

Frá Álfheiði Ingadóttur.

1. Hversu margir greinast árlega með krabbamein í blöðruhálskirtli hérlendis og hversu margir látast úr sjúkdómnum?
2. Hefur ráðherra áform um að koma á skipulagðri leit að krabbameini í blöðruhálskirtli, til að mynda í tengslum við skimun fyrir krabbameini í ristli og endaþarmi sem fyrirhugað er að hefja á árinu?

569. Fyrirspurn [335. mál]

til utanríkisráðherra um stöðu samninga um svæði við Svalbarða og Hatton-Rockall.

Frá Grétari Mar Jónssyni.

1. Hver er staðan í samningum við Norðmenn og fleiri um svæðið kringum Svalbarða?
2. Hver er staðan í samningum um Hatton-Rockall-svæðið?

570. Fyrirspurn [336. mál]

til heilbrigðisráðherra um uppbyggingu heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu.

Frá Álfheiði Ingadóttur.

Hvernig hyggst ráðherra bregðast við aukinni þörf fyrir þjónustu hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, bæði á eldri stöðvum og í nýjum hverfum? Liggur fyrir áætlun um uppbyggingu heilsugæslu í þessu umdæmi á næstu árum?

571. Frumvarp til laga [142. mál]

um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

(Eftir 2. umr., 17. jan.)

I. KAFLI
Markmið og orðskýringar.
1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Allir einstaklingar skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni. Markmiði þessu skal náð m.a. með því að:

a. gæta jafnréttissjónarmiða og vinna að kynjasamþættingu í stefnumótun og ákvörðunum á öllum sviðum samfélagsins,
b. vinna að jöfnum áhrifum kvenna og karla í samfélaginu,
c. bæta sérstaklega stöðu kvenna og auka möguleika þeirra í samfélaginu,
d. vinna gegn launamisrétti og annarri mismunun á grundvelli kyns á vinnumarkaði,
e. gera bæði konum og körlum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf,
f. efla fræðslu um jafnréttismál,
g. greina tölfræðiupplýsingar eftir kyni,
h. efla rannsóknir í kynjafræðum,
i. vinna gegn kynbundnu ofbeldi og
j. breyta hefðbundnum kynjaímyndum og vinna gegn neikvæðum staðalímyndum um hlutverk kvenna og karla.

2. gr.
Orðskýringar.

Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Bein mismunun:* Þegar einstaklingur fær óhagstæðari meðferð en annar af gagnstæðu kyni við sambærilegar aðstæður.

2. *Óbein mismunun:* Þegar hlutlaust skilyrði, viðmið eða ráðstöfun kemur hlutfallslega verr við annað kynið nema slíkt sé viðeigandi, nauðsynlegt eða réttlætanlegt vegna hlutlægra þátta óháð kyni.
3. *Kynbundin áreitni:* Hvers kyns ósanngjörn og/eða móðgandi hegðun, sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk og hefur áhrif á sjálfsvirðingu þess sem fyrir henni verður og er haldið áfram þrátt fyrir að gefið sé skýrt í skyn að hegðunin sé óvelkomin. Áreitnin getur verið líkamleg, orðbundin eða táknræn. Eitt tilvik getur talist kynbundin áreitni ef það er alvarlegt.
4. *Kynferðisleg áreitni:* Hvers kyns ósanngjörn og/eða móðgandi kynferðisleg hegðun sem er í óþökk og hefur áhrif á sjálfsvirðingu þess sem fyrir henni verður og er haldið áfram þrátt fyrir að gefið sé skýrt í skyn að hegðunin sé óvelkomin. Áreitnin getur verið líkamleg, orðbundin eða táknræn. Eitt tilvik getur talist kynferðisleg áreitni ef það er alvarlegt.
5. *Kynjasamþætting:* Að skipuleggja, bæta, þróa og leggja mat á stefnumótunarferli þannig að sjónarhorn kynjajafnréttis sé á öllum sviðum fléttað inn í stefnumótun og ákvarðanir þeirra sem alla jafna taka þátt í stefnumótun í samfélaginu.
6. *Sértækar aðgerðir:* Sérstakar tímabundnar aðgerðir sem ætlað er að bæta stöðu eða auka möguleika kvenna eða karla í því skyni að koma á jafnri stöðu kynjanna á ákveðnu sviði þar sem á annað kynið hallar. Þar getur þurft tímabundið að veita öðru kyninu forgang til að ná jafnvægi.
7. *Laun:* Almennt endurgjald fyrir störf og hvers konar frekari þóknun, bein og óbein, hvort heldur er með hlunnindagreiðslum eða með öðrum hætti sem atvinnurekandi greiðir starfsmanni sínum fyrir vinnu hans.
8. *Kjör:* Laun ásamt lífeyris-, orlofs- og veikindaréttindum og hvers konar öðrum starfskjörum eða réttindum sem metin verða til fjár.

II. KAFLI
Stjórnsýsla.

3. gr.
Yfirstjórn.

Félagsmálaráðherra fer með framkvæmd laga þessara nema annars sé sérstaklega getið. Jafnréttisstofa er sérstök stofnun sem heyrir undir yfirstjórn ráðherra. Hún annast stjórnsýslu á því sviði sem lögin ná til.

4. gr.
Jafnréttisstofa.

Félagsmálaráðherra skipar framkvæmdastjóra Jafnréttisstofu til fimm ára í senn.

Framkvæmdastjóri annast daglega stjórn Jafnréttisstofu og ræður starfsfólk hennar.

Verkefni sem Jafnréttisstofa annast eru m.a. að:

a. hafa eftirlit með framkvæmd laganna,
b. sjá um fræðslu og upplýsingastarfsemi,
c. veita stjórnvöldum, stofnunum, fyrirtækjum, félögum og einstaklingum ráðgjöf í tengslum við jafnrétti kynjanna,
d. koma á framfæri við ráðherra, Jafnréttisráð og önnur stjórnvöld ábendingum og tillögum um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna,
e. koma með tillögur að sértækum aðgerðum,
f. auka virkni í jafnréttismálum, m.a. með aukinni aðild karla að jafnréttisstarfi,

g. fylgjast með þróun jafnréttismála í þjóðfélaginu, m.a. með upplýsingaöflun og rannsóknum,
h. veita jafnréttisnefndum, jafnréttisráðgjöfum og jafnréttisfulltrúum sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja aðstoð,
i. vinna að forvörnum gegn kynbundnu ofbeldi í samstarfi við önnur stjórnvöld og samtök sem sinna slíkum forvörnum sérstaklega,
j. vinna gegn launamisrétti og annarri mismunun á grundvelli kyns á vinnumarkaði,
k. leita sátta í ágreiningsmálum sem Jafnréttisstofu berast og varða ákvæði laga þessara,
l. breyta hefðbundnum kynjaímyndum og vinna gegn neikvæðum staðalímyndum um hlutverk kvenna og karla,
m. vinna önnur verkefni í samræmi við markmið laganna samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

Stofnunum, fyrirtækjum og félagasamtökum er skylt að veita Jafnréttisstofu hvers konar almennar upplýsingar sem nauðsynlegar eru starfsemi hennar.

Hafi Jafnréttisstofa rökstuddan grun um að stofnun, fyrirtæki eða félagasamtök hafi brotið gegn lögum þessum skal hún kanna hvort ástæða sé til að óska eftir því að kærunefnd jafnréttismála taki málið til meðferðar. Hlutaðeigandi stofnun, fyrirtæki eða félagasamtökum er skylt að láta Jafnréttisstofu í té upplýsingar og gögn sem hún telur nauðsynleg til að upplýsa um málsatvik. Verði viðkomandi aðilar ekki við þessari beiðni Jafnréttisstofu innan hæfilegs frests getur hún ákveðið að þeir greiði dagsektir þar til upplýsingarnar og gögnin hafa verið látin í té. Sé það mat Jafnréttisstofu að umræddar upplýsingar og gögn renni frekari stoðum undir að brotið hafi verið gegn ákvæðum laganna skal hún óska eftir því að kærunefnd jafnréttismála taki málið til meðferðar og jafnframt tilkynna hlutaðeigandi stofnun, fyrirtæki eða félagasamtökum skriflega um þá ákvörðun sína.

Jafnréttisstofa skal að beiðni kæranda fylgja því eftir að úrskurðum kærunefndar jafnréttismála sé framfylgt eftir því sem við getur átt. Þegar sá sem úrskurður kærunefndar beinist að fer ekki að úrskurðinum getur Jafnréttisstofa beint þeim fyrirmælum til viðkomandi að gripið verði til viðunandi úrbóta til samræmis við úrskurðinn innan hæfilegs frests. Verði sá sem úrskurður beinist að ekki við fyrirmælum Jafnréttisstofu getur Jafnréttisstofa ákveðið að viðkomandi greiði dagsektir þar til farið verður að fyrirmælunum.

Starfsmönnum Jafnréttisstofu er óheimilt að nota aðstöðu sína til að afla sér annarra upplýsinga eða gagna en þeirra sem eru nauðsynleg eða kunna að vera nauðsynleg í þágu eftirlitsins skv. 5. mgr. Enn fremur er þeim óheimilt að veita eða afhenda öðrum en aðilum máls og kærunefnd jafnréttismála upplýsingar eða gögn sem aflað er í þágu eftirlitsins skv. 5. mgr., sem starfsmenn kunna að verða áskynja vegna starfa sinna við lausn á ágreiningsmálum skv. k-lið 3. mgr. eða eftirfylgni við úrskurði kærunefndar jafnréttismála skv. 6. mgr.

Ákvörðun um dagsektir skv. 5. og 6. mgr. skal tilkynnt bréflega á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að. Dagsektir geta numið allt að 50.000 kr. hvern dag. Við ákvörðun fjárhæðar dagsekta skal m.a. líta til fjölda starfsmanna fyrirtækis, stofnunar eða félagasamtaka og hversu umsvifamikill viðkomandi atvinnurekstur er.

Dagsektir skulu renna í ríkissjóð.

Þeim sem fyrirmælum Jafnréttisstofu er beint að samkvæmt ákvæði þessu er heimilt að kæra ákvörðun Jafnréttisstofu til félagsmálaráðherra. Ákvörðun um dagsektir skv. 6. mgr. fellur niður sé úrskurður kærunefndar borinn undir dómstóla.

Ákvarðanir Jafnréttisstofu um dagsektir eru aðfararhæfar. Kæra til félagsmálaráðherra eða málshöfðun fyrir almennum dómstólum frestar aðför.

5. gr.

Kærunefnd jafnréttismála.

Félagsmálaráðherra skipar samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar þrjá fulltrúa í kærunefnd jafnréttismála til þriggja ára í senn. Skulu þeir allir vera lögfræðingar og a.m.k. einn þeirra hafa sérþekkingu á jafnréttismálum. Formaður og varaformaður skulu uppfylla skilyrði um embættisgengi héraðsdómara. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Nefndinni er heimilt að kalla sér til ráðgjafar og aðstoðar sérfróða aðila ef hún telur þörf á.

Verkefni kærunefndar jafnréttismála er að taka erindi til meðferðar og kveða upp skriflegan úrskurð um hvort ákvæði laga þessara hafi verið brotin. Niðurstöður kærunefndar sæta ekki kæru til æðra stjórnvalds.

Þegar um er að ræða mál sem ætla má að geti haft stefnumarkandi áhrif á vinnumarkaðinn í heild skal nefndin leita umsagnar frá heildarsamtökum launafólks og atvinnurekenda áður en úrskurður er kveðinn upp.

Úrskurðir kærunefndar eru bindandi gagnvart málsaðilum. Málsaðilum er heimilt að bera úrskurði nefndarinnar undir dómstóla. Að kröfu málsaðila getur nefndin kveðið upp úrskurð um frestun réttaráhrifa úrskurðar telji hún ástæðu til þess. Krafa þess efnis skal gerð eigi síðar en tíu dögum frá birtingu úrskurðar. Frestun á réttaráhrifum úrskurðar skal vera bundin því skilyrði að málsaðili beri málið undir dómstóla innan þrjátíu daga frá birtingu úrskurðar um frestun réttaráhrifa og óski þá eftir að það hljóti flýtimeðferð. Ef beiðni um flýtimeðferð er synjað skal mál höfðað eins fljótt og unnt er eftir að synjun kemur fram og eigi síðar en innan þrjátíu daga frá synjun dómara. Frestun réttaráhrifa úrskurðar fellur úr gildi ef mál er ekki borið undir dómstóla innan þrjátíu daga frá birtingu úrskurðar um frestun réttaráhrifa eða mál er ekki höfðað innan þrjátíu daga frá synjun dómara um flýtimeðferð. Sé mál höfðað vegna úrskurðar nefndarinnar er henni heimilt að fresta afgreiðslu sambærilegra mála sem eru til meðferðar hjá henni þar til dómur gengur í málinu.

Kærunefnd jafnréttismála getur ákveðið að sá sem kæra beinist gegn greiði kæranda kostnað við að hafa kæruna uppi fyrir kærunefndinni enda sé niðurstaða nefndarinnar kæranda í hag.

Ef úrskurður kærunefndar jafnréttismála er kæranda í hag en gagnaðili vill ekki una úrskurði kærunefndar og höfðar mál til ógildingar honum fyrir dómstólum, skal kærandi fá greiddan málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti úr ríkissjóði.

Ef kæra er bersýnilega tilefnislaus að mati kærunefndarinnar getur nefndin úrskurðað kæranda til að greiða gagnaðila málskostnað. Aðför má gera án undangengins dóms til fullnustu málskostnaðar.

Kærunefndin skal birta úrskurði sína.

Kostnaður við starfsemi nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði. Félagsmálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um störf kærunefndar og skrifstofuhald.

6. gr.

Málsmeðferð fyrir kærunefnd jafnréttismála.

Einstaklingar, fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök í eigin nafni eða fyrir hönd félagsmanna sem telja að ákvæði laga þessara hafi verið brotin á sér geta leitað atbeina kærunefndar jafnréttismála.

Jafnréttisstofa getur óskað eftir að kærunefnd jafnréttismála taki mál til meðferðar, sbr. 5. mgr. 4. gr.

Erindi skulu berast nefndinni skriflega innan sex mánaða frá því að ætlað brot á lögum þessum lá fyrir, frá því að ástandi sem talið er brot á lögunum lauk eða frá því að sá er málið varðar fékk vitneskju um ætlað brot. Sé leitað rökstuðnings á grundvelli ákvæða stjórnsýslulaga tekur fresturinn að líða þegar sá rökstuðningur liggur fyrir. Kærunefndin getur þegar sérstaklega stendur á ákveðið að taka erindi til umfjöllunar þótt liðinn sé framangreindur frestur, þó aldrei ef liðið er meira en eitt ár. Erindi telst nægjanlega snemma fram komið ef bréf sem hefur það að geyma hefur borist nefndinni eða verið póstlagt áður en fresturinn er liðinn.

Kærunefnd getur að höfðu samráði við kæranda sent mál til sáttameðferðar hjá Jafnréttisstofu.

Nefndin skal kveða upp úrskurð svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en þremur mánuðum eftir að henni berst mál í hendur.

Málsmeðferð fyrir kærunefnd skal að jafnaði vera skrifleg en þó getur nefndin kallað málsaðila eða fulltrúa þeirra á sinn fund. Að öðru leyti fer um málsmeðferð hjá nefndinni samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga og nánari reglum sem ráðherra setur, að fengnum tillögum frá nefndinni.

7. gr.

Upplýsingaöflun fyrir kærunefnd.

Kærunefnd jafnréttismála skal tryggja að aðili máls eigi þess kost að tjá sig um efni máls áður en nefndin kveður upp úrskurð sinn enda telji nefndin að hvorki afstaða hans né rök fyrir henni liggi fyrir í gögnum málsins.

Kærunefnd jafnréttismála getur, að kröfu gagnaðila, krafið aðila um gögn sem nefndin telur að geti haft áhrif á úrlausn máls.

Kærunefnd jafnréttismála getur krafist frekari gagna frá málsaðilum telji hún málið ekki nægjanlega upplýst.

Ef lögð eru fyrir kærunefnd jafnréttismála gögn sem varða laun, önnur starfskjör eða réttindi einstaklinga skal kærunefndin tilkynna hlutaðeigandi að þessar upplýsingar hafi verið veittar nefndinni. Fara skal með slíkar upplýsingar sem trúnaðarmál.

8. gr.

Jafnréttisráð.

Eftir hverjar alþingiskosningar skipar félagsmálaráðherra tíu manna Jafnréttisráð. Ráðherra skipar formann án tilnefningar, tvo fulltrúa sem tilnefndir eru sameiginlega af samtökum launafólks, tvo fulltrúa sem tilnefndir eru sameiginlega af samtökum atvinnurekenda, tvo fulltrúa sem tilnefndir eru sameiginlega af Femínistafélagi Íslands, Kvenfélagasambandi Íslands og Kvenréttindafélagi Íslands, einn fulltrúa sem tilnefndur er sameiginlega af Samtökum um kvennaathvarf og Stígamótum, einn fulltrúa sem tilnefndur er af Félagi um foreldrajafnrétti og einn fulltrúa sem tilnefndur er af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

9. gr.

Hlutverk Jafnréttisráðs.

Jafnréttisráð skal starfa í nánum tengslum við Jafnréttisstofu og vera félagsmálaráðherra og framkvæmdastjóra Jafnréttisstofu til ráðgjafar við faglega stefnumótun í málum er tengjast jafnrétti kynjanna. Sérstök áhersla skal lögð á að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði og samþættingu fjölskyldu- og atvinnulífs.

Jafnréttisráð skal undirbúa jafnréttisþing í samráði við félagsmálaráðherra, sbr. 10. gr., og leggja fyrir það skýrslu um störf sín.

Kostnaður við starfsemi ráðsins greiðist úr ríkissjóði. Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um störf Jafnréttisráðs og skrifstofuhald.

10. gr.

Jafnréttisþing.

Félagsmálaráðherra skal boða til jafnréttisþings innan árs frá alþingiskosningum og aftur að tveimur árum liðnum.

Á jafnréttisþingi skal fjalla um jafnréttismál en félagsmálaráðherra skal leggja fram skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála við upphaf þingsins. Í skýrslu ráðherra skal m.a. koma fram mat á stöðu og árangri verkefna í gildandi þingsályktun um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum, sbr. 11. gr., auk umfjöllunar um stöðu og þróun jafnréttismála á helstu sviðum samfélagsins. Jafnréttisráð skal sjá til þess að umræður þingsins verði teknar saman og skal ráðið afhenda ráðherra samantektina. Önnur verkefni þingsins ákveður félagsmálaráðherra hverju sinni að fengnum tillögum Jafnréttisráðs.

Þingið er öllum opið en Jafnréttisráð skal boða alþingismenn, fulltrúa stofnana ríkis og sveitarfélaga, þar á meðal jafnréttisfulltrúa, sem og fulltrúa aðila vinnumarkaðarins og frjálsra félagasamtaka sem hafa jafnréttismál á stefnuskrá sinni.

Seta á þinginu er ólaunuð en annar nauðsynlegur kostnaður af þinghaldinu greiðist úr ríkissjóði samkvæmt ákvörðun félagsmálaráðherra.

11. gr.

Þingsályktun um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum.

Félagsmálaráðherra leggur fyrir Alþingi, innan árs frá alþingiskosningum, tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára í senn að fengnum tillögum einstakra ráðuneyta, Jafnréttisstofu og Jafnréttisráðs. Enn fremur skal höfð hliðsjón af umræðum jafnréttisþingsins skv. 10. gr. Þingsályktun um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum skal fela í sér verkefni sem ætlað er að tryggja jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla í íslensku samfélagi, sbr. 1. gr. laganna. Framkvæmdaáform og áætlaðar fjárveitingar til verkefna skulu koma sundurliðuð fram í áætluninni. Skýrsla félagsmálaráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála sem lögð er fram á jafnréttisþingi skv. 10. gr. skal fylgja með tillögunni til þingsályktunarinnar.

12. gr.

Jafnréttisnefndir sveitarfélaga.

Sveitarstjórnir skulu að loknum sveitarstjórnarkosningum skipa jafnréttisnefndir sem fjalla um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla innan viðkomandi sveitarfélags. Skulu nefndirnar vera ráðgefandi fyrir sveitarstjórnir í málefnum er varða jafnrétti kynjanna og fylgjast með og hafa frumkvæði að aðgerðum, þar með talið sértækum aðgerðum, til að tryggja jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla innan viðkomandi sveitarfélags.

Hver jafnréttisnefnd skal hafa umsjón með gerð jafnréttisáætlana til fjögurra ára, þar sem m.a. komi fram hvernig unnið skuli að kynjasamþættingu á öllum sviðum ásamt framkvæmdaáætlun um það hvernig leiðrétta skuli mismun á stöðu kvenna og karla innan sveitarfélagsins. Jafnréttisáætlanir skulu lagðar fram til samþykktar í viðkomandi sveitarstjórn eigi síðar en ári eftir sveitarstjórnarkosningar.

Hver nefnd skal annað hvert ár afhenda Jafnréttisstofu skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála innan viðkomandi sveitarfélags.

13. gr.

Jafnréttisfulltrúar.

Í sérhverju ráðuneyti skal starfa jafnréttisfulltrúi sem hefur sérþekkingu á jafnréttismálum. Jafnréttisfulltrúi fjallar um og hefur eftirlit með jafnréttisstarfi á málefnasviði viðkomandi ráðuneytis og stofnana þess, þar á meðal skal hann vinna að kynjasamþættingu á málefnasviði ráðuneytisins. Jafnréttisfulltrúi skal árlega senda Jafnréttisstofu greinargerð um stöðu og þróun jafnréttismála á málefnasviði viðkomandi ráðuneytis.

14. gr.

Jafnréttisráðgjafar.

Félagsmálaráðherra er heimilt að ráða jafnréttisráðgjafa sem vinnur tímabundið að jafnréttismálum á tilteknu sviði og/eða á tilteknu landsvæði.

15. gr.

Þátttaka í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum hins opinbera.

Við skipun í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skal þess gætt að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða. Þetta gildir einnig um stjórnir opinberra hlutafélaga og fyrirtækja sem ríki eða sveitarfélag er aðaleigandi að.

Þegar tilnefnt er í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skal tilnefna bæði karl og konu. Tilnefningaraðila er heimilt að víkja frá skilyrði 1. málsl. þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að ekki er mögulegt að tilnefna bæði karl og konu. Skal tilnefningaraðili þá skýra ástæður þess.

Skipunaraðila er heimilt að víkja frá ákvæði 1. mgr. ef undanþáguheimild 2. mgr. á við.

16. gr.

Greining á tölfræðiupplýsingum.

Í opinberri hagskýrslugerð um einstaklinga og í viðtals- og skoðanakönnunum skal greint á milli kynja við söfnun gagna, úrvinnslu þeirra og birtingu upplýsinga nema sérstakar ástæður, svo sem persónuverndarhagsmunir, mæli gegn því.

17. gr.

Kynjasamþætting.

Kynjasamþættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð sem gerð er á vegum ráðuneyta og opinberra stofnana er starfa á málefnasviði þeirra. Hið sama gildir um alla ákvörðunartöku innan ráðuneyta og stofnana eftir því sem við getur átt.

III. KAFLI

Réttindi og skyldur.

18. gr.

Vinnumarkaður.

Atvinnurekendur og stéttarfélög skulu vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði. Atvinnurekendur skulu sérstaklega vinna að því að jafna stöðu kynjanna innan

fyrirtækis síns eða stofnunar og stuðla að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf. Sérstök áhersla skal lögð á að jafna hlut kynjanna í stjórnunar- og áhrifastöðum.

Fyrirtæki og stofnanir þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli skulu setja sér jafnréttisáætlun eða samþætta jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu sína. Skal þar m.a. sérstaklega kveðið á um markmið og gerð áætlun um hvernig þeim skuli náð til að tryggja starfsmönnum þau réttindi sem kveðið er á um í 19.–22. gr. Jafnréttisáætlun og jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu skal endurskoða á þriggja ára fresti.

Fyrirtæki og stofnanir skv. 2. mgr. skulu afhenda Jafnréttisstofu afrit af jafnréttisáætlun eða starfsmannastefnu sinni ef jafnréttisáætlun er ekki fyrir hendi ásamt framkvæmdaáætlun þegar Jafnréttisstofa óskar eftir því. Enn fremur skulu fyrirtæki og stofnanir skv. 2. mgr. afhenda Jafnréttisstofu skýrslu um framgang mála þegar Jafnréttisstofa óskar eftir því innan hæfilegs frests.

Hafi fyrirtæki eða stofnun skv. 2. mgr. ekki gert jafnréttisáætlun eða samþætt jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu sína skal Jafnréttisstofa beina þeim fyrirmælum til viðkomandi fyrirtækis eða stofnunar að gerðar séu viðunandi úrbætur innan hæfilegs frests. Hið sama gildir sé það mat Jafnréttisstofu að jafnréttisáætlun fyrirtækis eða stofnunar skv. 2. mgr. sé ekki viðunandi eða að jafnréttissjónarmið hafi ekki verið samþætt í starfsmannastefnu með nægilega skýrum hætti.

Verði fyrirtæki eða stofnun skv. 2. mgr. ekki við fyrirmælum Jafnréttisstofu skv. 4. mgr. getur Jafnréttisstofa ákveðið að viðkomandi fyrirtæki eða stofnun greiði dagsektir þar til farið verður að fyrirmælunum. Hið sama á við þegar fyrirtæki eða stofnun lætur hjá líða að afhenda Jafnréttisstofu afrit af jafnréttisáætlun eða starfsmannastefnu sinni ef jafnréttisáætlun er ekki fyrir hendi ásamt framkvæmdaáætluninni þegar Jafnréttisstofa óskar eftir því eða neitar að afhenda Jafnréttisstofu skýrslu um framgang mála, sbr. 3. mgr. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynnt bréflega á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að.

Dagsektir geta numið allt að 50.000 kr. hvern dag. Við ákvörðun fjárhæðar dagsekta skal m.a. líta til fjölda starfsmanna fyrirtækis eða stofnunar og hversu umsvifamikill viðkomandi atvinnurekstur er.

Dagsektir skulu renna í ríkissjóð.

Þeim sem fyrirmælum Jafnréttisstofu er beint að samkvæmt ákvæði þessu er heimilt að kæra ákvörðun Jafnréttisstofu til félagsmálaráðherra.

Ákvarðanir Jafnréttisstofu um dagsektir eru aðfararhæfar. Kæra til félagsmálaráðherra eða málshöfðun fyrir almennum dómstólum frestar aðför.

19. gr.

Launajafnrétti.

Konum og körlum er starfa hjá sama atvinnurekanda skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

Með jöfnum launum er átt við að laun skulu ákveðin á sama hátt fyrir konur og karla. Skulu þau viðmið sem lögð eru til grundvallar launaákvörðun ekki fela í sér kynjamismunun.

Starfsmönnum skal ávallt heimilt að skýra frá launakjörum sínum ef þeir kjósa svo.

20. gr.

Laus störf, starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun.

Starf sem laust er til umsóknar skal standa opið jafnt konum og körlum.

Atvinnurekendur skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að konur og karlar njóti sömu möguleika til endurmenntunar, símenntunar og starfsþjálfunar og til að sækja námskeið sem haldin eru til að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings fyrir önnur störf.

21. gr.

Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs.

Atvinnurekendur skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera konum og körlum kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu. Ráðstafanir þær skulu m.a. miða að því að auka sveigjanleika í skipulagningu á vinnu og vinnutíma þannig að bæði sé tekið tillit til fjölskylduaðstæðna starfsmanna og þarfa atvinnulífs, þar með talið að starfsmönnum sé auðveldað að koma aftur til starfa eftir fæðingar- og foreldraorlof eða leyfi úr vinnu vegna óviðráðanlegra og brýnna fjölskylduaðstæðna.

22. gr.

Kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni.

Atvinnurekendur og yfirmenn stofnana og félagasamtaka skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og skjólstæðingar verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað, stofnun, í félagsstarfi eða skólum.

Ef yfirmaður er kærður vegna ætlaðrar kynbundinnar eða kynferðislegrar áreitni verður hann vanhæfur til að taka ákvarðanir í tengslum við starfsskilyrði kæranda á meðan meðferð málsins stendur yfir og skal þá næsti yfirmaður taka slíkar ákvarðanir.

23. gr.

Menntun og skólastarf.

Kynjasamþættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í skóla- og uppeldisstarfi, þar á meðal íþrótta- og tómstundastarfi.

Á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál þar sem m.a. skal lögð áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi.

Kennslu- og námsgögn skulu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað.

Í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólum skulu piltar og stúlkur óháð kyni hljóta fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf.

Efla skal rannsóknir á stöðu kynjanna í íslensku samfélagi, jafnt fræðilegar grunnrannsóknir sem hagnýtar rannsóknir, og miðla niðurstöðum þeirra markvisst innan skólastarfsins og til fjölmiðla.

Menntamálaráðuneytið skal fylgjast með að jafnréttis kynjanna sé gætt í skóla- og uppeldisstarfi sem og í íþrótta- og tómstundastarfi. Enn fremur skal menntamálaráðuneytið fylgjast með þróun jafnréttismála á þessum sviðum samfélagsins.

Jafnréttisráðgjafi skal starfa innan menntamálaráðuneytisins og skal hann fylgja eftir ákvæðum þessarar greinar og veita viðkomandi aðilum ráðgjöf í jafnréttismálum, m.a. um sértækar aðgerðir til að stuðla að jafnrétti kynjanna.

IV. KAFLI
Bann við mismunun á grundvelli kyns.

24. gr.
Almennt bann við mismunun.

Hvers kyns mismunun á grundvelli kyns, hvort heldur bein eða óbein, er óheimil.

Þó teljast sértækar aðgerðir ekki ganga gegn lögum þessum. Sama á við ef gild rök mæla með því að ráða til starfa einstakling af ákveðnu kyni vegna hlutlægra þátta er tengjast starfinu.

Það telst ekki mismunun að taka sérstakt tillit til kvenna vegna meðgöngu og barnsburðar.

25. gr.
Bann við mismunun í kjörum.

Atvinnurekendum er óheimilt að mismuna konum og körlum í launum og öðrum kjörum á grundvelli kyns.

Ef leiddar eru líkur að því að kona og karl sem starfa hjá sama atvinnurekanda njóti mismunandi launakjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf skal atvinnurekandi sýna fram á, ef um launamun er að ræða, að munurinn skýrist af öðrum þáttum en kyni.

26. gr.
Bann við mismunun í starfi og við ráðningu.

Atvinnurekendum er óheimilt að mismuna umsækjendum um starf á grundvelli kyns. Sama gildir um stöðuhækkun, stöðubreytingar, endurmenntun, símenntun, starfsþjálfun, námsleyfi, uppsögn, vinnuaðstæður og vinnuskilyrði starfsmanna.

Óheimilt er að láta fæðingar- og foreldraorlof eða aðrar aðstæður tengdar meðgöngu og barnsburði hafa neikvæð áhrif á ákvarðanir skv. 1. mgr.

Óheimilt er að auglýsa eða birta auglýsingu um laust starf þar sem gefið er í skyn að fremur sé óskað starfsmanns af öðru kyninu en hinu. Þetta ákvæði gildir ekki ef tilgangur auglýsandans er að stuðla að jafnari kynjaskiptingu innan starfsgreinarinnar og skal það þá koma fram í auglýsingunni. Sama á við ef gild rök mæla með því að einungis sé auglýst eftir öðru kyninu.

Ef leiddar eru líkur að því að við ráðningu, setningu eða skipun í starf, stöðuhækkun, stöðubreytingu, endurmenntun, starfsþjálfun, símenntun, námsleyfi, uppsögn, vinnuaðstæður eða vinnuskilyrði hafi einstaklingum verið mismunað á grundvelli kyns, töku fæðingar- og foreldraorlofs eða annarra aðstæðna í tengslum við meðgöngu og barnsburð, skal atvinnurekandi sýna fram á að aðrar ástæður en kyn, fæðingar- og foreldraorlof eða aðrar aðstæður tengdar meðgöngu og barnsburði, hafi legið til grundvallar ákvörðun hans.

Við mat á því hvort ákvæði 4. mgr. hafi verið brotið skal taka mið af menntun, starfsreynslu, sérþekkingu eða öðrum sérstökum hæfileikum sem krafa er gerð um í viðkomandi starfi samkvæmt lögum eða reglugerðum eða telja verður annars að komi að gagni í starfinu.

27. gr.
Bann við uppsögn o.fl. vegna kæru eða leiðréttingarkröfu.

Atvinnurekanda er óheimilt að segja starfsmanni upp störfum sökum þess að hann hafi krafist leiðréttingar á grundvelli laga þessara.

Atvinnurekandi skal jafnframt gæta þess að starfsmaður verði ekki beittur óréttlæti í starfi, svo sem með tilliti til starfsöryggis, starfskjara eða mats á árangri, á grundvelli þess að hafa kært eða veitt upplýsingar um kynbundna eða kynferðislega áreitni eða kynjamismunun.

Ef leiddar eru líkur að því að gengið hafi verið gegn ákvæði þessu skal atvinnurekandi sýna fram á að uppsögn eða ætlað óréttlæti grundvallist ekki á leiðréttingarkröfu starfsmanns, kæru eða veitingu upplýsinga um kynbundna eða kynferðislega áreitni eða aðra kynjamismunun. Þetta gildir ekki ef uppsögnin á sér stað meira en einu ári eftir að starfsmaðurinn setti fram leiðréttingarkröfur á grundvelli laga þessara.

28. gr.

Bann við mismunun í skólum og á uppeldisstofnunum.

Í skólum og öðrum mennta- og uppeldisstofnunum er hvers konar mismunun á grundvelli kyns óheimil. Skylt er að gæta þessa í námi og kennslu, starfsháttum og daglegri umgengni við nemendur.

Yfirmaður stofnunar skal gæta þess að nemandi eða skjólstæðingur sé ekki látinn gjalda þess að hafa kært kynbundna áreitni eða kynjamismunun.

29. gr.

Auglýsingar.

Auglýsandi og sá sem hannar eða birtir auglýsingu skulu sjá til þess að auglýsingin sé öðru kyninu ekki til minnkunar, lítilsvirðingar eða stríði gegn jafnri stöðu og jöfnum rétti kynjanna á nokkurn hátt. Óheimilt er að birta slíka auglýsingu í fjölmiðlum eða á öðrum opinberum vettvangi.

30. gr.

Bann við afsali réttar.

Óheimilt er að afsala sér þeim réttindum sem kveðið er á um í lögum þessum.

V. KAFLI

Viðurlög.

31. gr.

Bætur fyrir fjártjón og miska.

Sá sem af ásettu ráði eða vanrækslu brýtur gegn lögum þessum er skaðabótaskyldur samkvæmt almennum reglum. Enn fremur má dæma hlutaðeigandi til að greiða þeim sem misgert er við, auk bóta fyrir fjártjón ef því er að skipta, bætur vegna miska.

32. gr.

Sektir.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim geta varðað sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Sektir renna í ríkissjóð.

Með mál er varða brot á lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim fer að hætti opinberra mála.

VI. KAFLI
Önnur ákvæði.

33. gr.
Reglugerðarheimild.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

34. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 96/2000, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Ákvæði 1. mgr. 4. gr. um skipun framkvæmdastjóra Jafnréttisstofu gildir frá og með fyrstu skipun í starfið eftir gildistöku laga þessara. Við gildistöku laga þessara heldur framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu starfi sínu til loka skipunartíma síns.

II.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal ráðherra skipa nýtt Jafnréttisráð, sbr. 8. gr.

III.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal ráðherra skipa nýja kærunefnd jafnréttismála skv. 5. gr. og fellur þá niður skipun kærunefndar jafnréttismála sem skipuð var samkvæmt lögum nr. 96/2000.

IV.

Félagsmálaráðherra skal sjá til þess að þróað verði sérstakt vottunarkerfi á framkvæmd stefnu um launajafnrétti og framkvæmd stefnu um jafnrétti við ráðningar og uppsagnir í samvinnu við samtök aðila vinnumarkaðarins. Verkefninu skal lokið fyrir 1. janúar 2010 og skal þá fara fram endurskoðun á lögum þessum.

572. Frumvarp til laga [337. mál]

um breyting á lögum um útlendinga, nr. 96 15. maí 2002, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Með útlendingi er í lögum þessum átt við hvern þann einstakling sem ekki hefur íslenskan ríkisborgararétt.
b. Á eftir orðunum „í siglingum erlendis“ í 4. mgr. kemur: og íslensk loftför í flugferðum erlendis.

2. gr.

1. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Dómsmálaráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögunum. Hann getur sett nánari reglur um heimild útlendinga til að koma til landsins og dveljast hér á landi, þar á meðal um frekari skilyrði fyrir dvalar- og búsetuleyfi.

3. gr.

4. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Landamæraeftirlit.

Hver sá sem kemur til landsins skal þegar í stað gefa sig fram á landamærastöð eða við næsta lögregluyfirvald. Sama gildir um þann sem fer af landi brott og skal hann sæta brottfarareftirliti. Undanskilin er för yfir innri landamæri Schengen-svæðisins, svo og aðrar ferðir sem eru í samræmi við reglur sem dómsmálaráðherra setur.

Koma til landsins og för úr landi skal fara fram á stöðum og afgreiðslutímum sem dómsmálaráðherra ákveður. Ákvæði tollalaga gilda um för yfir innri landamæri Schengen-svæðisins.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um för yfir landamæri, þar á meðal skilyrði fyrir komu til landsins, tilhögun eftirlits, skráningu upplýsinga og jafnframt um undantekningar frá ákvæðum 1. og 2. mgr. um för yfir innri landamæri Schengen-svæðisins. Hann setur einnig reglur um skyldu stjórnanda skips eða loftfars til að ganga úr skugga um að farþegar hafi gild ferðaskilríki.

4. gr.

Á eftir 4. mgr. 6. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Heimilt er að veita útlendingi vegabréfsáritun sem gildir á öllu Schengen-svæðinu ef eftirfarandi grundvallarskilyrðum er fullnægt:

a. hann hefur gilt vegabréf eða annað gilt kennivottorð sem viðurkennt er sem ferðaskilríki við komu til Íslands og annarra Schengen-ríkja og við brottför er gildir a.m.k. í þrjá mánuði fram yfir þann tíma sem vegabréfsáritunin sem sótt er um tekur til,
b. hann hefur heimild til að ferðast til baka til heimalandsins eða annars ríkis sem gildir a.m.k. þrjá mánuði fram yfir gildistíma áritunarinnar,

c. hann hefur nægileg fjárráð sér til framfærslu meðan á fyrirhugaðri dvöl stendur og til að greiða fyrir ferð til baka til heimalandsins eða annars lands þar sem honum hefur verið tryggður aðgangur, eða getur framfleytt sér á löglegan hátt,
d. hann getur sýnt fram á tilgang dvalar,
e. ekki liggur fyrir ástæða til frávísunar eða brottvísunar hans skv. 18. eða 20. gr.,
f. hann er ekki skráður í Schengen-upplýsingakerfið í því skyni að honum verði meinað að koma til landsins,
g. hann telst ekki ógn við allsherjarreglu, þjóðaröryggi eða alþjóðasamskipti ríkisins eða annars ríkis sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu,
h. hann hefur gilda sjúkrakostnaðar- og heimferðartryggingu.

Ef ástæður sem varða utanríkisstefnu eða almannaöryggi mæla gegn því skal vegabréfsáritun ekki veitt. Sama gildir ef ástæða er til að vefengja uppgefinn tilgang ferðar útlendings hingað til lands eða réttmæti upplýsinga sem hann hefur veitt, svo og þegar grunur leikur á að umsækjandi eða barn hans muni sæta misnotkun eða ofbeldi.

Dómsmálaráðherra setur reglur um vegabréfsáritanir, þar á meðal um skilyrði fyrir að veita þær. Við mat á umsókn um vegabréfsáritun ber auk þjóðernis að taka tillit til félagslegrar stöðu og hættu á að útlendingur dvelji lengur á Schengen-svæðinu en honum er heimilt. Heimilt er að taka tillit til reynslu og framkvæmdar annarra Schengen-ríkja við mat á umsókn um vegabréfsáritun.

5. gr.

Í stað 2. mgr. 8. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Eftirtöldum útlendingum er heimilt að dveljast hér á landi án dvalarleyfis:

a. dönskum, finnskum, norskum og sænskum ríkisborgurum,
b. útlendingi sem öðlaðist íslenskan ríkisborgararétt við fæðingu en hefur misst hann eða afsalað sér honum,
c. útlendingi sem á íslenskan ríkisborgara að foreldri ef hann hefur haft fasta búsetu og dvalarleyfi hér á landi samfellt í tvö ár, enda hafi foreldrið haft íslenskan ríkisborgararétt ekki skemur en fimm ár,
d. útlendingi sem er lögráða og á íslenskan ríkisborgara að foreldri ef hann hefur haft fasta búsetu og dvalarleyfi hér á landi samfleytt í fimm ár,
e. útlendingi sem er í hjúskap eða staðfestri samvist með íslenskum ríkisborgara og hefur búið með honum hér á landi og haft dvalarleyfi samfellt í þrjú ár eftir stofnun hjúskapar eða staðfestingu samvistar,
f. útlendingi, sem býr í skráðri sambúð með íslenskum ríkisborgara og haft hefur fasta búsetu og dvalarleyfi hér á landi samfellt í fimm ár frá skráningu sambúðarinnar, enda séu bæði ógift og hinn íslenski ríkisborgari hafi haft ríkisborgararétt ekki skemur en fimm ár.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um frekari undanþágur frá kröfu um dvalarleyfi.

Útlendingastofnun er heimilt að gefa út skírteini til staðfestingar á því að útlendingur þurfi ekki dvalarleyfi hér á landi.

6. gr.

10. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Umsókn um dvalarleyfi.

Útlendingur sem sækir um dvalarleyfi í fyrsta skipti skal sækja um leyfið áður en hann kemur til landsins og er honum óheimilt að koma til landsins fyrr en umsóknin hefur verið samþykkt. Frá þessu má víkja ef ríkar sanngirnisástæður mæla með því eða samkvæmt reglum sem dómsmálaráðherra setur.

Útlendingastofnun tekur ákvörðun um dvalarleyfi. Sækja skal um dvalarleyfi á sérstöku eyðublaði. Umsókninni skal fylgja ljósmynd af umsækjanda og skal hann undirrita eigin hendi umsóknina þar sem m.a. komi fram að hann samþykki að gangast undir læknisskoðun innan tveggja vikna frá komu til landsins í samræmi við gildandi lög og fyrirmæli heilbrigðisyfirvalda. Umsókn um dvalarleyfi skulu einnig fylgja öll þau gögn og vottorð sem Útlendingastofnun gerir kröfu um til staðfestingar á að umsækjandi uppfylli skilyrði sem lög og reglugerðir kveða á um, svo sem sakavottorð, heilbrigðisvottorð og staðfesting á framfærslu og sjúkratryggingu. Dómsmálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari fyrirmæli um hvaða gögn og vottorð umsækjandi skuli leggja fram.

7. gr.

Á eftir 10. gr. laganna kemur ný grein, 10. gr. a, er orðast svo ásamt fyrirsögn:

Útgáfa dvalarleyfis.

Dvalarleyfi verður ekki gefið út fyrr en umsókn um dvalarleyfi hefur verið samþykkt, útlendingur er kominn til landsins, hefur gengist undir læknisskoðun samkvæmt vottorði heilbrigðisstofnunar og gengið frá skráningu heimilisfangs hér á landi. Útlendingastofnun gefur út skírteini til staðfestingar á veitingu dvalarleyfis. Skírteini er gefið út á nafn útlendingsins sem er handhafi dvalarleyfisins. Tekin skal stafræn mynd af umsækjanda og prentuð á skírteinið. Dómsmálaráðherra er heimilt að ákveða að dvalarleyfisskírteini skuli innihalda örflögu með þeim upplýsingum sem skráðar eru á kortið auk fingrafara handhafa. Í skírteininu skal m.a. koma fram nafn útlendings, ríkisfang hans, nafn atvinnurekanda þegar það á við og gildistími dvalarleyfisins.

8. gr.

11. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Grunnskilyrði dvalarleyfis.

Heimilt er að veita útlendingi dvalarleyfi í samræmi við ákvæði 12. gr. – 12. gr. e eða 13. gr. samkvæmt umsókn uppfylli hann eftirtalin grunnskilyrði:

a. framfærsla hans, sjúkratrygging og húsnæði sé tryggt, samkvæmt nánari reglum sem dómsmálaráðherra setur,
b. hann uppfylli skilyrði fyrir dvalarleyfi sem fram koma í lögum þessum og reglum skv. 1. mgr. 3. gr.,
c. hann samþykki að gangast undir læknisskoðun innan tveggja vikna frá komu til landsins í samræmi við gildandi lög og fyrirmæli heilbrigðisyfirvalda,
d. ekki liggi fyrir atvik sem valdið geta því að honum verði meinuð landganga hér á landi eða dvöl samkvæmt öðrum ákvæðum laganna.

Framfærsla útlendings skv. a-lið 1. mgr. telst trygg ef hann fær launatekjur eða greiðslur af sjálfstæðri atvinnustarfsemi sem nægja til framfærslu hans, hann fær tryggar reglulegar greiðslur sem nægja til framfærslu hans, hefur nægilegt eigið fé til framfærslu meðan á dvöl-

inni stendur eða fær námslán eða námsstyrk sem nægir til framfærslu hans. Eigið fé, námslán eða námsstyrkur viðkomandi þarf að vera í gjaldmiðli sem skráður er hjá Seðlabanka Íslands. Framfærsla getur stuðst við fleiri en einn lið og telst þá trygg ef útlendingurinn sýnir fram á að samanlögð fjárráð hans nægi til framfærslunnar. Atvinnuleysisbætur eða greiðslur í formi félagslegrar aðstoðar ríkis eða sveitarfélags, teljast ekki til tryggrar framfærslu samkvæmt þessu ákvæði. Hið sama gildir um greiðslur úr almannatryggingum sem útlendingurinn öðlast rétt til á grundvelli búsetu hér á landi.

Þegar sérstaklega stendur á er heimilt að veita dvalarleyfi til útlendings sem til landsins kemur í lögmætum og sérstökum tilgangi að fullnægðum skilyrðum 1. og 2. mgr., þrátt fyrir að hann uppfylli ekki skilyrði fyrir dvalarleyfi skv. 12. gr. – 12. gr. e eða 13. gr. Slíkt dvalarleyfi skal eigi veitt til lengri tíma en eins árs í senn og getur ekki verið grundvöllur búsetuleyfis.

9. gr.

Í stað orðanna „2. mgr. 11. gr.“ í 2. mgr. 12. gr. laganna, sem verður 51. gr. a, kemur: 12. gr. f.

10. gr.

Á undan 13. gr. laganna koma átta nýjar greinar er orðast svo ásamt fyrirsögnum:

a. (12. gr.)

Dvalarleyfi vegna starfs sem krefst sérfræðiþekkingar.

Heimilt er að veita útlendingi dvalarleyfi vegna starfs hér á landi sem krefst sérfræðiþekkingar. Skilyrði fyrir veitingu dvalarleyfis samkvæmt ákvæði þessu eru m.a. eftirfarandi:

a. útlendingur fullnægir skilyrðum 1. og 2. mgr. 11. gr.,
b. atvinnuleyfi vegna starfs sem krefst sérfræðiþekkingar hefur verið veitt í samræmi við lög um atvinnuréttindi útlendinga.

Dvalarleyfi samkvæmt ákvæði þessu skal í fyrsta skipti eigi veitt til lengri tíma en eins árs en þó aldrei til lengri tíma en sem nemur gildistíma atvinnuleyfis. Heimilt er að endurnýja dvalarleyfið í allt að tvö ár í senn enda séu uppfyllt skilyrði 1. mgr.

Leyfi samkvæmt ákvæði þessu getur verið grundvöllur búsetuleyfis.

b. (12. gr. a.)

Dvalarleyfi vegna skorts á vinnuafli.

Heimilt er að veita útlendingi dvalarleyfi vegna atvinnuþátttöku á vinnumarkaði hér á landi í samræmi við 9. eða 15. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga. Skilyrði fyrir veitingu dvalarleyfis samkvæmt ákvæði þessu eru m.a. eftirfarandi:

a. útlendingur fullnægir skilyrðum 1. og 2. mgr. 11. gr.,
b. atvinnuleyfi á grundvelli 9. eða 15. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga hefur verið veitt.

Dvalarleyfi samkvæmt ákvæði þessu skal í fyrsta skipti eigi veitt til lengri tíma en eins árs en þó aldrei til lengri tíma en sem nemur gildistíma atvinnuleyfis. Heimilt er að endurnýja dvalarleyfið í allt að eitt ár til viðbótar.

Heimilt er að endurnýja leyfi til lengri tíma en skv. 2. mgr. þegar um er að ræða skýrt afmarkaða og tímabundna verkframkvæmd sem tekur lengri tíma en þar greinir. Er þá heimilt

að veita dvalarleyfi til þess tíma þar til verkframkvæmd lýkur eða til þess tíma sem atvinnuleyfið gildir.

Óheimilt er að veita útlendingi sem haft hefur dvalarleyfi samkvæmt ákvæði þessu leyfi samkvæmt ákvæðinu að nýju fyrr en að lokinni tveggja ára samfelldri dvöl erlendis frá lokum gildistíma leyfisins. Ákvæði þetta á þó ekki við þegar útlendingur starfar hér á landi skemur en sex mánuði á hverjum tólf mánuðum.

Leyfi samkvæmt ákvæði þessu getur ekki verið grundvöllur búsetuleyfis.

c. (12. gr. b.)

Dvalarleyfi íþróttafólks.

Heimilt er að veita útlendingi dvalarleyfi vegna starfa hans sem íþróttamaður eða þjálfari hjá íþróttafélagi innan Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands. Skilyrði fyrir veitingu dvalarleyfis samkvæmt ákvæði þessu eru m.a. eftirfarandi:

a. útlendingur fullnægir skilyrðum 1. og 2. mgr. 11. gr.,
b. atvinnuleyfi fyrir íþróttafólk hefur verið veitt í samræmi við lög um atvinnuréttindi útlendinga.

Dvalarleyfi samkvæmt ákvæði þessu skal í fyrsta skipti eigi veitt til lengri tíma en eins árs en þó aldrei til lengri tíma en sem nemur gildistíma atvinnuleyfis. Heimilt er að endurnýja það um allt að tvö ár í senn enda séu uppfyllt skilyrði 1. mgr.

Leyfi samkvæmt ákvæði þessu getur ekki verið grundvöllur búsetuleyfis.

d. (12. gr. c.)

Samningar Íslands við önnur ríki um dvöl ríkisborgara þeirra hér á landi.

Heimilt er að veita ríkisborgurum tiltekinna ríkja á aldrinum 18 til 26 ára dvalarleyfi hér á landi að hámarki til eins árs á grundvelli samnings sem íslensk stjórnvöld hafa gert við annað ríki um dvöl ríkisborgara þess hér á landi í þeim tilgangi að kynna sér landið og menningu þess. Skilyrði fyrir veitingu dvalarleyfis samkvæmt ákvæði þessu er m.a. að skilyrði 1. og 2. mgr. 11. gr. séu uppfyllt og að útlendingnum hafi ekki áður verið veitt dvalarleyfi á grundvelli slíks samnings hér á landi.

Leyfi samkvæmt ákvæði þessu getur ekki verið grundvöllur búsetuleyfis.

e. (12. gr. d.)

Dvalarleyfi vegna vistráðningar.

Heimilt er að veita útlendingi dvalarleyfi vegna vistráðningar á heimili fjölskyldu hér á landi. Skilyrði fyrir veitingu dvalarleyfis samkvæmt ákvæði þessu eru m.a. eftirfarandi:

a. útlendingur fullnægir skilyrðum 1. og 2. mgr. 11. gr.,
b. útlendingur er ekki yngri en 18 ára eða eldri en 25 ára,
c. undirritaður samningur um vistráðningu milli aðila liggur fyrir þar sem fram kemur m.a. gildistími samnings, hlunnindi að því er varðar fæði og húsnæði, daglegur vinnutími, daglegur og vikulegur hvíldartími, réttur til að stunda nám og ákvæði um sjúkra- og slysatryggingar,
d. fæði og húsnæði útlendings er án endurgjalds,
e. hinn vistráðni hefur sérherbergi til afnota,
f. vistfjölskylda ábyrgist greiðslu á heimflutningi útlendings að starfstíma loknum, ef um er að ræða ráðningarslit eða ef útlendingur verður óvinnufær um lengri tíma vegna veikinda eða slysa, og

g. vistfjölskylda tryggir að hinn vistráðni fái nægjanlegan tíma til íslenskunáms og til að geta sinnt eigin áhugamálum.

Dvalarleyfi samkvæmt ákvæði þessu skal eigi veitt til lengri tíma en eins árs en þó aldrei til lengri tíma en sem nemur ráðningartímanum samkvæmt samningi um vistráðningu. Óheimilt er að endurnýja leyfi samkvæmt ákvæði þessu. Jafnframt er óheimilt að veita útlendingnum dvalarleyfi samkvæmt ákvæði 12. gr. – 12. gr. c fyrr en að lokinni tveggja ára samfelldri dvöl erlendis frá lokum gildistíma leyfisins.

Verði slit á vistráðningu áður en vistráðningartíma samkvæmt samningi aðila er lokið skulu bæði hinn vistráðni og vistfjölskyldan tilkynna það til þess aðila sem hafði milligöngu um ráðninguna og til Útlendingastofnunar. Hinum vistráðna er heimilt að flytjast til nýrrar vistfjölskyldu. Samanlagður dvalartími hjá vistfjölskyldum skal ekki vera lengri en eitt ár.

Útlendingi sem dvelur hér á landi samkvæmt ákvæði þessu er ekki heimilt að vinna almenn störf utan heimilisins á dvalartíma.

Leyfi samkvæmt ákvæði þessu getur ekki verið grundvöllur búsetuleyfis.

Útlendingastofnun skal gefa út nauðsynleg eyðublöð vegna samninga um vistráðningu. Einnig ákveður stofnunin lágmarksfjárhæð vasapeninga fyrir hinn vistráðna. Útlendingastofnun er heimilt að fela stofnun eða fyrirtæki alla milligöngu og eftirlit með vistráðningum. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um dvöl samkvæmt ákvæði þessu, þar á meðal um skilyrði sem útlendingur og viðkomandi fjölskylda þurfa að uppfylla vegna dvalarinnar og um kjör vistráðinna.

f. (12. gr. e.)

Dvalarleyfi vegna náms.

Heimilt er að veita útlendingi sem ætlar að stunda fullt nám hér á landi dvalarleyfi enda fullnægi hann þeim kröfum sem gerðar eru í viðkomandi námi um undirbúning, þar á meðal tungumálakunnáttu. Skilyrði fyrir veitingu dvalarleyfis samkvæmt ákvæði þessu eru m.a. eftirfarandi:

a. útlendingur fullnægir skilyrðum 1. og 2. mgr. 11. gr., og
b. stundar fullt nám hér á landi samkvæmt vottorði frá hlutaðeigandi skóla.

Fullt nám telst vera 100% samfellt nám á háskólastigi, iðnnám eða það nám annað sem gerir sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og nám á háskólastigi. Einstök námskeið teljast ekki til náms.

Heimilt er að veita erlendum skiptinemum dvalarleyfi samkvæmt ákvæði þessu komi þeir til landsins á vegum viðurkenndra skiptinemasamtaka. Jafnframt má veita útlendingi sem dvalið hefur í landinu á grundvelli dvalarleyfis skv. 13. gr. en missir rétt til dvalar á þeim grundvelli við 18 ára aldur dvalarleyfi samkvæmt þessari grein til að stunda nám við framhaldsskóla.

Dvalarleyfi samkvæmt ákvæði þessu skal að jafnaði ekki veitt til lengri tíma en sex mánaða í senn. Heimilt er að endurnýja dvalarleyfi samkvæmt ákvæði þessu á námstíma ef útlendingur fullnægir áfram skilyrðum 1. og 2. mgr. og getur sýnt fram á viðunandi námsárangur. Námsárangur telst viðunandi hafi útlendingur lokið a.m.k. 75% af fullu námi. Við fyrstu endurnýjun dvalarleyfis telst námsárangur viðunandi hafi útlendingur lokið a.m.k. 50% af fullu námi.

Leyfi samkvæmt ákvæði þessu getur ekki verið grundvöllur búsetuleyfis.

g. (12. gr. f.)

Dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða.

Heimilt er að veita útlendingi dvalarleyfi, þótt ekki sé fullnægt öllum skilyrðum 11. gr. ef ík mannúðarsjónarmið standa til þess.

Dvalarleyfi samkvæmt ákvæði þessu skal eigi veitt til lengri tíma en eins árs. Heimilt er að endurnýja dvalarleyfi samkvæmt ákvæði þessu í allt að tvö ár í senn enda hafi forsendur fyrir veitingu leyfisins í upphafi ekki breyst.

Leyfi samkvæmt ákvæði þessu getur verið grundvöllur búsetuleyfis.

h. (12. gr. g.)

Bráðabirgðadvalarleyfi.

Heimilt er, að beiðni útlendings sem sótt hefur um hæli, að veita honum bráðabirgðadvalarleyfi þar til ákvörðun hefur verið tekin um hælisumsóknina. Einnig er heimilt, að beiðni útlendings sem hefur fengið endanlega synjun um hæli eða dvalarleyfi sem kemur ekki til framkvæmda að svo stöddu, að veita honum bráðabirgðadvalarleyfi þar til synjunin kemur til framkvæmda. Skilyrði fyrir veitingu dvalarleyfis samkvæmt ákvæði þessu eru m.a. eftirfarandi:

a. að tekin hafi verið hælisskýrsla af umsækjanda,
b. að ekki leiki vafi á því hver umsækjandi er,
c. að ekki liggi fyrir ástæður sem geta leitt til brottvísunar umsækjanda,
d. að ekki liggi fyrir beiðni um að annað ríki taki við honum á ný, sbr. e-lið 1. mgr. 46. gr.,
e. að útlendingur hafi veitt upplýsingar og atbeina sinn til að aðstoða við úrlausn máls.

Heimilt er að víkja frá skilyrðum 1. mgr. þegar sérstaklega stendur á.

Dvalarleyfi samkvæmt ákvæði þessu skal að jafnaði eigi veitt til lengri tíma en sex mánaða. Heimilt er að endurnýja dvalarleyfi samkvæmt ákvæði þessu í allt að eitt ár samkvæmt ákvörðun Útlendingastofnunar.

Ákvæði IV., V. og VII. kafla stjórnsýslulaga um andmælarétt, um birtingu ákvörðunar, rökstuðning o.fl. og um stjórnsýslukæru, og viðeigandi ákvæði V. kafla laga þessara, gilda ekki um ákvörðun um bráðabirgðadvalarleyfi. Bráðabirgðadvalarleyfi hefur ekki önnur réttaráhrif en þau sem sérstaklega er getið í lögum eða reglugerð.

Leyfi samkvæmt ákvæði þessu getur ekki verið grundvöllur búsetuleyfis.

11. gr.

13. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Dvalarleyfi fyrir aðstandendur.

Nánustu aðstandendur íslensks ríkisborgara eða annars norræns ríkisborgara sem búsettur er hér á landi eða útlendings sem dvelst hér á landi á grundvelli dvalarleyfis skv. 12. gr., 12. gr. b. og 12. gr. f. eða á grundvelli búsetuleyfis geta samkvæmt umsókn fengið dvalarleyfi, enda liggi ekki fyrir atvik sem greinir í d-lið 1. mgr. 11. gr., auk þess sem framfærsla, sjúkratrygging og húsnæði skal vera tryggt, sbr. a-lið 1. mgr. 11. gr. Sama gildir um nánustu aðstandendur þeirra sem stunda doktorsnám hér á landi á grundvelli 12. gr. e.

Nánustu aðstandendur í skilningi 1. mgr. eru maki, sambúðarmaki og samvistarmaki, börn viðkomandi yngri en 18 ára á hans framfæri og í hans forsjá, ættmenni hans eða maka í beinan legg eldri en 66 ára og á þeirra framfæri.

Nú er rökstuddur grunur um að til hjúskapar, staðfestrar samvistar eða sambúðar hafi verið stofnað í þeim tilgangi einum að afla dvalarleyfis, og ekki er sýnt fram á annað með

óyggjandi hætti, og veitir það þá ekki rétt til dvalarleyfis. Sama gildir ef rökstuddur grunur er um að ekki hafi verið stofnað til hjúskapar eða staðfestrar samvistar með vilja beggja hjóna eða ef stofnun hjúskapar eða staðfestrar samvistar brýtur í bága við allsherjarreglu og meginreglur íslenskra laga. Ef annar makinn er 24 ára eða yngri skal ávallt kanna hvort málsatvik eru með þeim hætti sem um getur í 1. og 2. málsl.

Dvalarleyfi samkvæmt ákvæði þessu verður ekki veitt ef nánasti aðstandandi umsækjanda hefur á síðustu fimm árum hlotið dóm eða verið látinn sæta öryggisráðstöfunum fyrir brot á ákvæðum XXI.–XXIV. kafla almennra hegningarlaga, nema synjun um dvalarleyfi mundi fela í sér ósanngjarna ráðstöfun gagnvart honum eða nánustu ættingjum hans.

Dvalarleyfi samkvæmt ákvæði þessu skal í fyrsta skipti eigi veitt til lengri tíma en eins árs. Heimilt er að endurnýja dvalarleyfið samkvæmt umsókn ef skilyrði þess eru enn uppfyllt. Dvalarleyfi aðstandanda útlendings, sem dvelst hér á landi á grundvelli dvalar- eða búsetuleyfis, getur þó aldrei gilt lengur en leyfi þess síðarnefnda.

Dvalarleyfi sem aðstandandi fær samkvæmt þessu ákvæði getur ekki verið grundvöllur búsetuleyfis nema útlendingurinn sem hann leiðir rétt sinn af hafi dvalarleyfi sem skapar slíkan grundvöll.

12. gr.

14. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Endurnýjun dvalarleyfis.

Endurnýja má dvalarleyfi útlendings að fenginni umsókn ef skilyrðum leyfisins er áfram fullnægt.

Útlendingur sem óskar eftir endurnýjun dvalarleyfis skal sækja um hana eigi síðar en fjórum vikum áður en dvalarleyfi fellur úr gildi. Sé sótt um endurnýjun innan tilskilins frests er útlendingi heimilt að dveljast hér á landi þar til ákvörðun hefur verið tekin um umsókn hans. Að öðrum kosti skal útlendingur hverfa úr landi áður en leyfi hans rennur út.

Útlendingastofnun getur í undantekningartilvikum heimilað útlendingi áframhaldandi dvöl þar til ákvörðun hefur verið tekin um umsókn um endurnýjun leyfis sem borist hefur eftir þann frest sem um getur í 2. mgr., ef afsakanlegt er að umsókn hafi ekki verið skilað fyrr eða ríkar sanngirnisástæður mæli með því.

Útlendingastofnun tekur ákvörðun um að fella dvalarleyfi niður þegar leyfishafi hefur dvalist erlendis samfellt lengur en þrjá mánuði. Þegar lögheimili útlendings hefur verið skráð erlendis í þrjá mánuði fellur dvalarleyfið sjálfkrafa niður. Þótt dvalarleyfi falli niður kemur það ekki í veg fyrir að útlendingur geti sótt um endurnýjun samkvæmt ákvæði þessu ef það er gert innan upphaflegs gildistíma dvalarleyfisins og sanngirnisástæður mæla með því.

13. gr.

15. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Búsetuleyfi.

Heimilt er að veita útlendingi búsetuleyfi, hafi hann dvalið hér á landi samfellt síðustu fjögur ár samkvæmt dvalarleyfi sem getur verið grundvöllur búsetuleyfis. Skilyrði fyrir veitingu búsetuleyfis eru m.a. eftirfarandi:

a. Útlendingur hefur sótt námskeið í íslensku fyrir útlendinga.

b. Ekki liggja fyrir ástæður sem valdið geta því að honum verði vísað úr landi, sbr. 1. mgr. 20. gr.
c. Útlendingur sýnir fram á að framfærsla hans hafi verið trygg á dvalartíma hans og að hann hafi getað og geti framfleytt sér hérlendis með löglegum hætti. Útlendingastofnun er m.a. heimilt að afla skattframtala og gagna frá skattyfirvöldum því til staðfestingar. Greiðslur almannatrygginga, atvinnuleysisbætur eða greiðslur í formi félagslegrar aðstoðar ríkis eða sveitarfélags teljast ekki til tryggrar framfærslu samkvæmt þessu ákvæði. Heimilt er að víkja frá þessu skilyrði ef framfærsla hefur verið ótrygg um skamma hríð og ríkar sanngirnisástæður mæla með því.
d. Útlendingur hefur haft dvalarleyfi á sama grundvelli síðustu fjögur ár áður en umsókn um búsetuleyfi er lögð fram og skilyrði þess leyfis eru enn uppfyllt.
e. Útlendingur eigi ekki ólokið máli í refsivörslukerfinu þar sem hann er grunaður eða sakaður um refsiverða háttsemi.

Búsetuleyfi felur í sér rétt til ótímabundinnar dvalar hér á landi.

Heimilt er að veita barni sem fæðist eftir að forsjárforeldri kemur til landsins búsetuleyfi enda hafi foreldrið búsetuleyfi hér á landi.

Útlendingastofnun tekur ákvörðun um búsetuleyfi. Útlendingur sem óskar eftir búsetuleyfi skal sækja um leyfið til Útlendingastofnunar eigi síðar en fjórum vikum áður en dvalarleyfi fellur úr gildi. Honum er heimilt að dveljast hér á landi þar til ákvörðun hefur verið tekin um umsókn hans, enda hafi umsóknin borist Útlendingastofnun innan tilskilins frests. Ákvæði 2. mgr. 14. gr. á við um umsóknir sem síðar berast.

Útlendingastofnun tekur ákvörðun um að fella búsetuleyfi niður þegar leyfishafi hefur dvalist erlendis samfellt lengur en 18 mánuði. Þegar lögheimili útlendings hefur verið skráð erlendis í 18 mánuði fellur búsetuleyfið sjálfkrafa niður. Að fenginni umsókn má heimila útlendingi lengri dvöl erlendis án þess að búsetuleyfið falli úr gildi.

Útlendingastofnun gefur út skírteini til staðfestingar á veitingu búsetuleyfis. Skírteini er gefið út á nafn útlendingsins sem er handhafi leyfisins. Ákvæði 10. gr. a eiga við um útgáfu skírteinis til staðfestingar á búsetuleyfi.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um búsetuleyfi, þar á meðal um lengri dvöl erlendis skv. 5. mgr. og um námskeið í íslensku fyrir útlendinga skv. 1. mgr. Þar skal kveðið á um lengd námskeiðs, lágmarkstímasókn og vottorð til staðfestingar á þátttöku. Einnig er heimilt að kveða þar á um undanþágu frá þátttöku í námskeiði fyrir útlendinga sem náð hafa viðhlítandi þekkingu í íslensku og um próf því til staðfestingar. Þá er í reglugerðinni heimilt að kveða á um gjald vegna þátttöku í námskeiði eða prófi.

14. gr.

Við 16. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Eftir afturköllun leyfis á grundvelli rangra upplýsinga eða þess að leynt var atvikum sem verulega þýðingu gátu haft við útgáfu leyfis, skal réttarstaða útlendingsins samkvæmt lögum þessum vera sem hann hefði aldrei fengið útgefið leyfi.

15. gr.

Við 3. mgr. 20. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um endurkomubann.

16. gr.

Við 23. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Útlendingastofnun er heimilt að fengnu samþykki dómsmálaráðherra að veita umsóknum skv. 12. gr., 12. gr. a og 12. gr. e forgangsafgreiðslu.

Útlendingastofnun er heimilt að veita umsóknum skv. 12. gr. og 12. gr. a hraðafgreiðslu á grundvelli yfirlýsingar atvinnurekanda, sem fengið hefur viðurkenningu Útlendingastofnunar. Atvinnurekandi skal lýsa því yfir að öll skilyrði dvalarleyfis séu uppfyllt og að hann muni skila inn fullnægjandi gögnum fyrir hönd útlendings. Dómsmálaráðherra getur sett reglur um beitingu þessarar heimildar, þar á meðal um þau skilyrði sem atvinnurekendur þurfa að uppfylla til að hljóta viðurkenningu.

17. gr.

1. mgr. 26. gr. laganna orðast svo:

Stjórnvöldum sem fara með málefni útlendinga er heimilt að láta erlendum stjórnvöldum í té upplýsingar um útlending vegna meðferðar á máli er varðar vegabréfsáritun, dvalarleyfi eða hæli að því marki sem nauðsynlegt er vegna samninga sem Ísland hefur gert um viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram á Íslandi eða í einhverju samningsríkjanna.

18. gr.

7. mgr. 29. gr. laganna orðast svo:

Ef útlendingur neitar að gefa upp hver hann er, rökstuddur grunur er um að útlendingur gefi rangar upplýsingar um hver hann eða hann sýnir af sér hegðun sem gefur til kynna að af honum stafi hætta getur lögregla lagt fyrir hann að tilkynna sig eða halda sig á ákveðnu afmörkuðu svæði. Einnig er heimilt að handtaka útlendinginn og úrskurða í gæsluvarðhald samkvæmt reglum laga um meðferð opinberra mála, eftir því sem við á.

19. gr.

Í stað orðanna „3. mgr. 14. gr.“ í 1. og 2. mgr. 31. gr. laganna kemur: 2. mgr. 14. gr.

20. gr.

3. og 4. mgr. 33. gr. laganna orðast svo:

Til að tryggja að ákvörðun skv. 1. mgr. verði framkvæmd og í þeim tilvikum sem útlendingur sýnir af sér hegðun sem gefur til kynna að af honum stafi hætta getur lögregla lagt fyrir útlendinginn að:

a. tilkynna sig,
b. afhenda vegabréf eða annað kennivottorð, sbr. 5. gr., og
c. halda sig á ákveðnu afmörkuðu svæði.

Fyrirmæli sem greinir í 3. mgr. má því aðeins gefa að ástæða sé til að ætla að útlendingur muni koma sér undan framkvæmd ákvörðunar skv. 1. mgr. eða í þeim tilvikum sem útlendingur sýnir af sér hegðun sem gefur til kynna að af honum stafi hætta fyrir samfélagið. Við mat á því hvort ástæða sé til að ætla að útlendingur muni koma sér undan framkvæmd ákvörðunar skv. 1. mgr. má taka tillit til almennrar reynslu af undankomu. Fyrirmælin gilda ekki lengur en í fjórar vikur nema útlendingurinn samþykki það eða dómari ákveði samkvæmt reglum um meðferð opinberra mála.

21. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 34. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „6. mgr. 29. gr.“ í 1. mgr. kemur: 7. mgr. 29. gr.
b. Í stað orðanna „2. mgr. 43. gr.“ í 2. mgr. kemur: 2. mgr. 42. gr.
c. Í stað orðanna „2. mgr. 11. gr.“ í 2. mgr. kemur: 12. gr. f.

22. gr.

35. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Koma og dvöl.

Útlendingur, sem fellur undir reglur EES-samningsins (EES-útlendingur) eða stofnsamnings EFTA (EFTA-útlendingur), má koma til landsins án sérstaks leyfis og dveljast eða starfa hér á landi í allt að þrjá mánuði frá komu hans til landsins, eða allt að sex mánuði ef hann er í atvinnuleit. Dvöl í öðru norrænu landi skal ekki draga frá dvalartímanum.

Útlendingur, sem hvorki er ríkisborgari EES- eða EFTA-ríkis né aðstandandi slíks borgara, má koma til landsins án sérstaks leyfis til að veita þjónustu í allt að 90 starfsdaga á almanaksári sé hann sannanlega starfsmaður þjónustuveitanda á Evrópska efnahagssvæðinu eða í EFTA-ríki.

EES- eða EFTA-útlendingi, sem dvelst eða starfar hér á landi lengur en greinir í 1. mgr., ber að skrá sig og skal hann uppfylla skilyrði 36. gr.

23. gr.

36. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Réttur til dvalar.

EES- eða EFTA-útlendingur, þó ekki útlendingur sem greinir í 2. mgr. 35. gr., á rétt til dvalar hér á landi lengur en þrjá mánuði ef hann fullnægir eftirgreindum skilyrðum:

a. er launþegi sem fellur undir lög um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, sbr. 2. tölul. V. viðauka við EES-samninginn,
b. ætlar að stunda sjálfstæða atvinnustarfsemi hér á landi eða veita eða njóta hér þjónustu,
c. þiggur nægilegar fastar reglubundnar greiðslur eða á nægilegt eigið fé og fellur undir sjúkratryggingu sem ábyrgist alla áhættu meðan dvöl hans hér á landi varir, eða
d. er innritaður hjá viðurkenndri námsstofnun með það að meginmarkmiði að öðlast þar menntun eða starfsþjálfun, fellur undir sjúkratryggingu sem ábyrgist alla áhættu meðan dvöl hans hér á landi varir og getur sýnt fram á trygga framfærslu.

Krefja má EES- eða EFTA-útlending um að framvísa fullnægjandi ferðaskilríkjum og gögnum sem staðfesta að hann uppfylli skilyrði 1. mgr.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um rétt EES- og EFTA-útlendinga til dvalar hér á landi, þar á meðal um skráningu réttar til dvalar og um gögn skv. 2. mgr.

24. gr.

37. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Dvöl aðstandenda.

Aðstandandi EES- eða EFTA-útlendings sem dvelur löglega hér á landi á rétt til að dvelja með honum hérlendis.

Eftirgreindir teljast til aðstandenda útlendings sem fellur undir 1. mgr. 36. gr.:

a. maki, sambúðarmaki eða samvistarmaki,

b. niðji útlendings, sem dvelur hér á landi skv. 1. mgr. 36. gr., og/eða maka hans, ef niðjinn er yngri en 21 árs eða á framfæri viðkomandi,
c. ættmenni útlendings, sem dvelur hér á landi skv. 1. mgr. 36. gr., eða maka hans, í beinan legg og á framfæri viðkomandi.

Aðstandanda EES- eða EFTA-útlendings, sem hyggst dvelja með honum hér á landi lengur en greinir í 1. mgr. 35. gr. og er sjálfur EES- eða EFTA-útlendingur, ber að skrá sig hér á landi, sbr. 3. mgr. 35. gr.

Aðstandanda sem er ekki EES- eða EFTA-útlendingur ber að sækja um dvalarskírteini innan þriggja mánaða frá komu til landsins.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um dvöl aðstandenda EES- eða EFTA-útlendings, þar á meðal um skilyrði fyrir dvöl þeirra hér á landi.

25. gr.

39. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Réttur til ótímabundinnar dvalar.

EES- eða EFTA-útlendingur, sem dvalið hefur löglega hér á landi samfellt í fimm ár skv. 1. mgr. 36. gr., á rétt til ótímabundinnar dvalar hér á landi. Sama gildir um aðstandendur hans sem hafa dvalið löglega með honum hér á landi í fimm ár.

Dvöl erlendis í skemmri tíma en samtals sex mánuði á ári, dvöl erlendis vegna herþjónustu eða dvöl í eitt skipti að hámarki í eitt ár vegna meðgöngu, fæðingar, alvarlegs sjúkdóms, náms eða starfsþjálfunar, telst ekki rof á samfelldri dvöl skv. 1. mgr.

Réttur til ótímabundinnar dvalar fellur niður ef samfelld dvöl erlendis varir lengur en tvö ár.

Samkvæmt umsókn og að uppfylltum skilyrðum gefur Útlendingastofnun út staðfestingu á rétti til ótímabundinnar dvalar.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um skilyrði fyrir ótímabundinni dvöl EES- eða EFTA-útlendings og aðstandenda hans hér á landi, svo og um undanþágur frá þeim.

26. gr.

40. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Brottfall dvalarréttar.

Réttur til dvalar samkvæmt ákvæðum þessa kafla fellur niður ef útlendingur hefur vísvitandi veitt rangar upplýsingar, ef um málamyndagerninga að hætti 3. mgr. 13. gr. er að ræða eða dvöl í öðrum tilgangi en þeim sem samræmist 1. mgr. 36. gr. Sama á við ef um aðra misnotkun er að ræða.

Réttur til dvalar hér á landi skv. a- eða b-lið 1. mgr. 36. gr. fellur ekki niður vegna tímabundinna veikinda, slyss eða þess að EES-eða EFTA-útlendingur er atvinnulaus gegn vilja sínum eftir að hafa starfað hér á landi í meira en eitt ár. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um takmarkanir á brottfalli dvalarréttar.

Útlendingastofnun tekur ákvörðun um hvort réttur til dvalar samkvæmt ákvæðum þessa kafla fellur niður.

27. gr.

41. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Frávísun.

Heimilt er að vísa EES- eða EFTA-útlendingi frá landi við komu til landsins eða allt að sjö sólarhringum eftir komu ef:

a. hann fullnægir ekki reglum sem settar eru um ferðaskilríki eða komu til landsins,
b. honum hefur verið vísað úr landi og endurkomubann er enn í gildi og honum hefur ekki verið veitt heimild til að koma til landsins,
c. um er að ræða háttsemi sem greinir í 1. mgr. 42. gr., eða
d. það er nauðsynlegt vegna öryggis ríkisins, krefjandi þjóðarhagsmuna eða almannaheilbrigðis.

Lögreglustjóri tekur ákvörðun um frávísun skv. a- og b- lið 1. mgr., en Útlendingastofnun skv. c- og d-lið. Nægilegt er að meðferð máls hefjist innan sjö sólarhringa frestsins.

Ef meðferð máls skv. 1. mgr. hefur ekki hafist innan sjö sólarhringa má vísa EES- eða EFTA-útlendingi frá landi með ákvörðun Útlendingastofnunar samkvæmt ákvæðum b-, c- og d-liðar innan þriggja mánaða frá komu til landsins.

28. gr.

42. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Brottvísun.

Heimilt er að vísa EES- eða EFTA-útlendingi, eða aðstandanda hans, úr landi ef það er nauðsynlegt með skírskotun til allsherjarreglu eða almannaöryggis.

Brottvísun skv. 1. mgr. má framkvæma ef útlendingurinn sýnir af sér eða ætla má að um sé að ræða persónubundna háttsemi sem felur í sér raunverulega og nægilega alvarlega ógn gagnvart grundvallarþjóðfélagssjónarmiðum. Ef útlendingurinn hefur verið dæmdur til refsingar eða sérstakar ráðstafanir ákvarðaðar má brottvísun af þessari ástæðu því aðeins fara fram að um sé að ræða háttsemi sem getur gefið til kynna að útlendingurinn muni fremja refsivert brot á ný.

Einnig er heimilt að vísa EES- eða EFTA-útlendingi úr landi ef hann fullnægir ekki skilyrðum um dvöl skv. 36.–38. gr.

Brottvísun felur í sér bann við komu til landsins síðar. Endurkomubannið gildir að jafnaði ekki skemur en tvö ár. Samkvæmt umsókn má fella endurkomubannið úr gildi ef nýjar aðstæður mæla með því. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um endurkomubann.

Útlendingastofnun tekur ákvörðun um brottvísun, svo og um heimild útlendings sem vísað hefur verið úr landi til endurkomu.

29. gr.

43. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Takmarkanir á heimild til brottvísunar.

Brottvísun skal ekki ákveða ef það með hliðsjón af málsatvikum og tengslum útlendingsins við landið mundi fela í sér ósanngjarna ráðstöfun gagnvart honum eða nánustu ættingjum hans. Við matið skal m.a. taka mið af lengd dvalar á Íslandi, aldri, heilsufari, fjölskyldu- og fjárhagsaðstæðum og tengslum viðkomandi við heimaland.

Ekki er heimilt að vísa brott EES- eða EFTA-útlendingi, eða aðstandanda hans, sem hefur varanlega búsetu hér á landi, sbr. 39. gr., nema alvarlegar ástæður er varða allsherjarreglu eða almannaöryggi krefjist þess.

Hafi EES-eða EFTA-útlendingur dvalið löglega hér á landi lengur en í tíu ár verða ástæður brottvísunar skv. 42. gr. að vera brýnar. Sama gildir um ólögráða EES- eða EFTA-útlending, nema annað verði talið nauðsynlegt vegna hagsmuna hans.

30. gr.

Í stað orðanna „2. mgr. 11. gr.“ í 2. mgr. 45. gr. laganna kemur: 12. gr. f.

31. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 46. gr. laganna:

a. E-liður 1. mgr. orðast svo: krefja má annað ríki, sem tekur þátt í samstarfi á grundvelli samninga sem Ísland hefur gert um viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram á Íslandi eða í einhverju samningsríkjanna, um að taka við.
b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Dómsmálaráðherra getur sett reglur um málsmeðferð samkvæmt þessum kafla.

32. gr.

1. mgr. 55. gr. laganna orðast svo:

Útlendingastofnun og lögreglu er heimil vinnsla persónuupplýsinga, þar á meðal þeirra sem viðkvæmar geta talist að því marki sem slík vinnsla telst nauðsynleg við framkvæmd laganna. Að því marki sem nauðsynlegt er til að tryggja að útlendingar dvelji og starfi löglega hér á landi er heimilt við vinnslu persónuupplýsinga að samkeyra upplýsingar Útlendingastofnunar, Vinnumálastofnunar, lögreglu, skattyfirvalda og þjóðskrár. Slíkar samkeyrslur skulu gerðar án þess að upplýsingar úr skrám einstakra stofnana séu sendar öðrum þessara stofnana umfram það sem nauðsynlegt er til skoðunar á fyrir fram skilgreindu athugunarefni. Að öðru leyti fer um meðferð persónuupplýsinga samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

33. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2008.

Ákvæði til bráðabirgða.

Dvalarleyfi og búsetuleyfi sem veitt hafa verið fyrir gildistöku laga þessara halda gildi sínu. Þeir sem fengið hafa útgefið dvalarleyfi vegna atvinnuþátttöku án takmarkana fyrir gildistöku laganna geta óskað endurnýjunar á leyfum sínum skv. 12. gr. a laga um útlendinga þrátt fyrir að skilyrðið um skort á vinnuafli sé ekki uppfyllt enda fullnægi þeir öðrum skilyrðum ákvæðisins. Handhafi slíks leyfis getur sótt um búsetuleyfi skv. 15. gr. laganna og aðstandendur hans geta sótt um dvalarleyfi skv. 13. gr. þeirra þrátt fyrir ákvæði 5. mgr. 12. gr. a og 1. mgr. 13. gr. laganna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Frumvarpið felur í sér endurskoðun á allmörgum þáttum gildandi laga. Ástæður til þessara breytinga eru af ýmsu tagi og stafa þær bæði af kröfum sem gerðar eru í nýjum gerðum sem samþykktar hafa verið á vettvangi Schengen-samstarfsins eða teknar upp í EES-samninginn og af innlendum ástæðum.

Í fyrsta lagi miðar frumvarp þetta að því að samræma ákvæði útlendingalaga við ákvæði laga um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002. Félagsmálaráðherra mun leggja fram samhliða þessu frumvarpi, frumvarp til breytinga á þeim lögum þar sem m.a. er lagt til að fjölga flokkum atvinnuleyfa. Nauðsynlegt er að flokkar dvalarleyfa endurspegli flokka atvinnuleyfa, en rétt er að geta þess að með nýjum flokkum atvinnuleyfa eru lagðar til töluverðar breytingar varðandi aðgang ríkisborgara frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins að íslenskum vinnumarkaði. Um leið er leitast við að hnykkja á þeirri grundvallarstefnu að koma og dvöl útlendings til landsins skuli vera í einhverjum yfirlýstum, lögmætum tilgangi og reglur sem lúta að dvölinni taki mið af þeim tilgangi. Samráð hefur verið haft við félagsmálaráðuneytið um þessar breytingar.

Í öðru lagi miðar frumvarp þetta að því að innleiða tilskipun Evrópusambandsins 38/2004/EB um rétt ríkisborgara ríkja Evrópusambandsins, og fjölskyldna þeirra, til frjálsrar farar og dvalar. Með breytingum þeim sem lagðar eru til á VI. kafla gildandi laga og finna má í 22.–29. gr. frumvarpsins eru efnisákvæði tilskipunarinnar innleidd í íslenskan rétt. Þessi gerð verður væntanlega tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun í sameiginlegu EES-nefndinni. Með tilskipuninni er steypt saman í eina gerð helstu reglum sem gilt hafa um rétt EES- og EFTA-útlendinga til frjálsrar farar og dvalar á Evrópska efnahagssvæðinu. Hin nýja tilskipun felur í sér breytingar á ákvæðum reglugerðar nr. 1612/68/EBE um frjálsa flutninga launþega innan EB en eftirfarandi tilskipanir eru jafnframt felldar úr gildi: Tilskipun nr. 64/221/EBE um takmarkanir á för fólks vegna allsherjarreglu, öryggis eða heilbrigðis; 72/194/EBE um að tilskipun 64/221/EBE nái einnig til þeirra sem nota sér rétt til áframhaldandi dvalar í aðildarríki eftir að hafa starfað í því; 75/35/EBE um að tilskipun 64/221/EBE nái einnig til aðila sem stundað hafa sjálfstæða starfsemi og nota sér rétt til áframhaldandi dvalar í aðildarríki eftir að hafa starfað í því; 68/360/EBE um afnám takmarkana á ferðum og búsetu launþega og fjölskyldna þeirra innan EB; 73/148/EBE um afnám hafta á flutningi og búsetu sjálfstætt starfandi ríkisborgara aðildarríkja EB innan bandalagsins; 73/34/EBE um rétt ríkisborgara aðildarríkis til að dvelja í öðru aðildarríki eftir að hafa stundað þar sjálfstæða starfsemi; tilskipun 75/34/EBE um rétt sjálfstætt starfandi ríkisborgara og fjölskyldna þeirra til áframhaldandi búsetu eftir að þeir hafa hætt rekstri; 90/364/EBE um búseturétt þeirra sem hafa tekjur frá öðru landi en þeir búa í; 90/365/EBE um búseturétt launþega og sjálfstætt starfandi einstaklinga sem látið hafa af störfum; og tilskipun 93/96/EBE um búseturétt námsmanna.

Hin nýja tilskipun felur í sér talsverðar efnisbreytingar varðandi réttinn til frjálsrar farar og dvalar á Evrópska efnahagssvæðinu, m.a. í samræmi við túlkun Evrópudómstólsins á ákvæðum um hann. Sem dæmi má nefna að dvalarleyfi til EES- eða EFTA-útlendinga eru afnumin en í stað þeirra er EES- eða EFTA-útlendingi gert að skrá sig hér á landi, því rétturinn til dvalar er sjálfstæður og ekki háður því að skráningarvottorð (áður dvalarleyfi) sé gefið út. Einnig er skerpt á réttindum fjölskyldumeðlima EES- eða EFTA-útlendings til að koma með honum og dvelja hér á landi auk þess sem kveðið er skýrar á um takmarkanir sem aðildarríkin mega setja um m.a. brottvísun EES- eða EFTA-útlendings eða aðstandenda hans. Þá er jafnframt kveðið á um rétt EES- eða EFTA-útlendings til varanlegrar búsetu eftir að hafa búið um ákveðinn tíma í öðru EES-ríki.

Í þriðja lagi felur frumvarpið í sér tillögu um að miklu nákvæmari reglur um komu og dvöl verði að finna í lögunum sjálfum, en minna svigrúm skilið eftir fyrir stjórnvaldsreglur. Eru fjölmörg ákvæði núgildandi reglugerðar um útlendinga, nr. 53/2003, með síðari breytingum tekin upp í frumvarpið. Þetta á sérstaklega við um ákvæðin um einstaka dvalarleyfisflokka

en einnig um ákvæði um vegabréfsáritanir o.fl. Með þessu er komið til móts við þá gagnrýni sem fram kom þegar núgildandi lög voru sett. Þá er það jafnframt til þess fallið að styrkja þann lagaramma sem stjórnvöld sem að þessum málaflokki starfa búa við.

Í fjórða lagi eru lagðar til breytingar til að koma til móts við athugasemdir frá Eftirlitsstofnun EFTA (ESA).

Um aðrar breytingar vísast til athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í útlendingalögunum er ekki að finna skilgreiningu á því hver teljist útlendingur í skilningi laganna. Er lagt til að úr þessu verði bætt með því að í 1. gr. laganna verði tekið fram að með útlendingi í lögunum sé átt við hvern þann einstakling sem ekki hefur íslenskan ríkisborgararétt. Um útlendinga sem falla undir EES-samninginn eða stofnsamning EFTA gilda sérreglur og er skilgreiningu þess hóps að finna í 35. gr. laganna. Þá er lagt til að sama regla gildi um íslensk loftför í ferðum erlendis án viðkomu hér á landi og nú gildir um íslensk skip, þ.e. að þau falli ekki undir gildissvið laganna.

Um 2. gr.

Um er að ræða lagfæringu á orðalagi 1. mgr. 3. gr. laganna varðandi heimild dómsmálaráðherra til að setja nánari reglur um heimild útlendinga til að koma til landsins og dveljast hér á landi. Breytingunni er ætlað að taka af allan vafa um það að ráðherra sé m.a. heimilt að setja frekari skilyrði fyrir veitingu dvalarleyfis og búsetuleyfis en fram koma í lögunum, ef ástæða þykir til. Reynslan sýnir að óraunhæft er að útiloka að útfæra þurfi einstök atriði með þessum hætti.

Um 3. gr.

Með þessu ákvæði er í fyrsta lagi lagt til að heiti 4. gr. laganna verði breytt í „landamæraeftirlit“ Orðið vegabréfaeftirlit þykir of þröngt hugtak fyrir þá starfsemi á landamærum sem fellur undir hugtakið landamæraeftirlit og ekki vera í samræmi við þá starfsemi sem átt er við. Í öðru lagi er lagt til að heimild ráðherra til að setja reglugerð um landamæraeftirlit verði skýrð, en þetta er talið nauðsynlegt vegna alþjóðlegra skuldbindinga á vettvangi Schengen-samstarfsins en þar er sérstaklega átt við heildarreglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 562/2006 um för yfir landamæri (*Schengen Borders Code*), sem þegar hefur tekið gildi. Efni þeirrar gerðar, sem er mjög ítarleg, getur tekið breytingum og þykir rétt að hún sé innleidd í íslenskan rétt í heild sinni með reglugerð. Í þriðja lagi er lagt til að felld verði brott heimild lögreglustjóra til að veita undanþágu frá þeirri reglu að för yfir landamæri skuli aðeins fara fram á viðurkenndum stöðum, en þetta er í samræmi við kröfur framangreindrar gerðar. Þær undanþágur sem veita má eru tilgreindar í gerðinni.

Um 4. gr.

Lagt er til að þremur nýjum málsgreinum, 5.–7. mgr., verði bætt við 6. gr. um vegabréfsáritanir, en í núgildandi ákvæði er ekki að finna neina fyrirsögn um hverjir skuli fá áritun eða við hvaða sjónarmið skuli miða slíka ákvörðun. Í fyrsta lagi er lagt til að í stað núgildandi 5. mgr., sem verður 8. mgr., komi ný málsgrein sem hafi að geyma lágmarksskilyrði fyrir útgáfu samræmdrar vegabréfsáritunar sem gildir á öllu Schengen-svæðinu. Að fenginni reynslu þykir nauðsynlegt að lögin sjálf hafi að geyma slíkt ákvæði en skilyrði þessi eru

nánast óbreytt færð úr 19. gr. reglugerðar um útlendinga. Ákvæðið er heimildarákvæði fyrir útgáfu vegabréfsáritunar en felur ekki í sér skyldu stjórnvalda til slíkrar útgáfu enda er rétt að hafa hugfast að íslensk stjórnvöld eru bundin af þeim reglum sem samþykktar hafa verið á vettvangi Schengen-samstarfsins og af framkvæmd ríkja sem eru í fyrirsvari fyrir Ísland við útgáfu vegabréfsáritana. Þá er í öðru lagi lagt til að við ákvæði 6. gr. bætist ný málsgrein sem hefur að geyma varnagla vegna útgáfu vegabréfsáritana ef ástæður sem varða utanríkisstefnu eða almannaöryggi mæla gegn veitingu vegabréfsáritunar. Þessi málsgrein er einnig færð úr 19. gr. reglugerðar um útlendinga. Í lokamálslið er þó að finna nýmæli þess efnis að þegar grunur leikur á að umsækjandi um vegabréfsáritun eða barn hans muni sæta misnotkun eða ofbeldi í ferð sinni hingað til lands skuli ekki veita vegabréfsáritun. Brýnt þykir að veita stjórnvöldum sérstaka heimild til að synja umsókn um vegabréfsáritun ef hætt er við að umsækjandi eða barn hans lendi í slíkum aðstæðum en hér er um ákveðin verndarsjónarmið að ræða. Í tilvikum þar sem slíkur grunur er uppi væri til að mynda hægt að styðjast við sakaferil gestgjafa hér á landi sem yrði þá í höndum lögreglu að kanna. Í einhverjum tilvikum kann slík vitneskja að liggja fyrir án þess að leita þurfi til lögreglu eftir þeim upplýsingum. Gert er ráð fyrir að rökstuddur grunur dugi hér sem ástæða synjunar, en óásættanlegt er að leggja sönnunarbyrði um þetta atriði á Útlendingastofnun þar sem slíkt fæli í raun í sér að þekktir ofbeldismenn gætu tælt til sín konur og börn í skjóli sönnunarörðugleika. Í þriðja lagi er lagt til að ráðherra verði veitt heimild til að setja reglur um vegabréfsáritanir, þar á meðal um frekari skilyrði fyrir veitingu vegabréfsáritunar. Auk þess er lagt til að lögfest verði ákveðin sjónarmið sem við skuli miða við mat á umsókn um vegabréfsáritun. Þykir rétt að bæta úr því að nú er ekki að finna neina vísbendingu um það í settum rétti eftir hvaða sjónarmiðum skuli farið þegar umsókn um vegabréfsáritun er afgreidd utan upptalningu á nokkrum ófrávíkjanlegum skilyrðum fyrir áritun í núgildandi reglugerð um útlendinga, nr. 53/2003. Þessi sjónarmið styðjast við markmið laganna yfirleitt og hafa mótast í framkvæmd Schengen-ríkjanna. Við mat á einstökum atriðum er nauðsynlegt að taka tillit til reynslu og framkvæmdar annarra Schengen-ríkja, enda er stefnan að þessu leyti í framkvæmd mótuð að öllu verulegu leyti á sameiginlegum vettvangi þeirra (samsettu nefndinni). Leiðir það af eðli samstarfsins að mikilvægt er að samræmis sé gætt á þessu sviði, svo sömu skilyrði gildi um vegabréfsáritanir á Schengen-svæðinu.

Um 5. gr.

Í 8. gr. laganna er fjallað um dvöl án dvalarleyfis. Í 2. mgr. 8. gr. er nú mælt fyrir um að dönskum, finnskum, norskum og sænskum ríkisborgurum sé heimilt að dveljast hér á landi án dvalarleyfis en jafnframt er gert ráð fyrir því að dómsmálaráðherra geti sett reglur um frekari undanþágur frá kröfu um dvalarleyfi. Þannig hefur verið getið um frekari undanþágur í 32. gr. reglugerðar um útlendinga, nr. 53/2003. Rétt þykir að ákvæði um dvöl án dvalarleyfis sé að finna á einum stað í lögunum sjálfum. Er því lagt til að þær undanþágur sem upp eru taldar í 32. gr. reglugerðarinnar verði færðar inn í 2. mgr. 8. gr. laganna, auk þess sem gert er ráð fyrir tveimur nýjum undanþágum. Undanþága a-liðar kemur sem fyrr segir þegar fram í 2. mgr. 8. gr. laganna. Undanþága b-liðar er nýmæli en ástæða þykir til að leggja til að útlendingar sem öðlast hafa íslenskan ríkisborgararétt við fæðingu, en hafa afsalað sér honum eða misst hann, þurfi ekki leyfi til dvalar hér á landi. Er það einnig til samræmis við b-lið 14. gr. núgildandi laga um atvinnuréttindi útlendinga. Undanþágur c-, e- og f-liðar eru þegar í reglugerð um útlendinga og eru þær til samræmis við lög nr. 100/1952, um íslenskan ríkisborgararétt. Þess ber að geta að í þeim tilvikum þegar hjúskap eða staðfestri samvist

lýkur bresta forsendur fyrir undanþágu fyrir dvalarleyfi og ber útlendingi þá að sækja um dvalarleyfi hafi hann hug á áframhaldandi dvöl hér á landi. Áskilnaður e-liðar um þriggja ára samfellu tekur bæði til búsetu með maka hér á landi og dvalarleyfis. Undanþága d-liðar er nýmæli og er til samræmis við lög um íslenskan ríkisborgararétt.

Þá er enn fremur lagt til að reglugerðarheimild ráðherra verði færð í nýja málsgrein, 3. mgr., og að jafnframt bætist við ný málsgrein þess efnis að Útlendingastofnun sé heimilt að gefa út skírteini til staðfestingar á því að útlendingur þurfi ekki dvalarleyfi hér á landi, en slíkt skírteini er útlendingi í þeim sporum nauðsynlegt til að geta sýnt fram á að dvöl hans hér á landi sé lögleg.

Um 6. gr.

Ákvæði 10. gr. núgildandi laga kveður á um útgáfu dvalarleyfis og að umsókn um dvalarleyfi skuli hafa verið samþykkt áður en útlendingur kemur til landsins. Í samræmi við það sem fyrr segir um þá viðleitni að færa meira af efnisreglum inn í lögin sjálf þykir rétt að lögin geymi nánari ákvæði um umsóknir um dvalarleyfi og móttöku þeirra. Er því lagt til að 10. gr. fjalli eingöngu um umsókn um dvalarleyfi en ákvæði um útgáfu komi í næstu grein á eftir. Ekki er um sérstakar efnisbreytingar að ræða heldur tilfærslu ákvæða úr reglugerð í lög. Í núgildandi reglugerð um útlendinga, nr. 53/2003, er fjallað um málsmeðferð við afgreiðslu umsókna um dvalarleyfi í 39. gr. en þaðan kemur hluti þeirra breytinga sem lagðar eru til með ákvæði þessu. Áfram verður við það miðað að útlendingur sem sækir um dvalarleyfi í fyrsta skipti skuli sækja um leyfið til Útlendingastofnunar áður en hann kemur til landsins og honum verði óheimilt að koma til landsins fyrr en umsóknin hefur verið samþykkt. Frá þessu megi þó víkja ef ríkar sanngirnisástæður mæla með eða samkvæmt reglum sem dómsmálaráðherra setur. Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að sótt verði um dvalarleyfi á sérstöku eyðublaði og að umsókninni skuli fylgja ljósmynd af umsækjanda og skuli hann undirrita eigin hendi umsóknina þar sem meðal annars komi fram að hann samþykki að gangast undir læknisskoðun innan tveggja vikna frá komu til landsins. Umsókn um dvalarleyfi skulu fylgja öll þau gögn og vottorð sem Útlendingastofnun gerir kröfu um til staðfestingar á að umsækjandi uppfylli skilyrði sem lög og reglugerðir kveða á um. Í ákvæðinu eru nefnd dæmi um hvers konar gögn geti verið að ræða. Þá er í 2. mgr. tekinn af allur vafi um að dómsmálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari fyrirmæli um hvaða gögn og vottorð umsækjandi skuli leggja fram með umsókn um dvalarleyfi. Er það án efa vandaðri háttur en að leggja slíkt alfarið í hendur Útlendingastofnunar.

Um 7. gr.

Hér er gert ráð fyrir sérstöku ákvæði er lýtur að útgáfu dvalarleyfis. Er að öllu verulegu leyti byggt á ákvæðum núgildandi reglugerðar og núverandi framkvæmd. Eftir að Útlendingastofnun hefur farið yfir umsókn og metið hvort skilyrðum dvalarleyfis sé fullnægt er umsóknin samþykkt með þeim fyrirvara að útlendingur gangist undir læknisskoðun innan tveggja vikna frá komu hans til landsins. Eftir að umsókn hefur verið samþykkt, útlendingur er kominn til landsins, hefur skilað vottorði um læknisskoðun innan tilskilins frests og gengið frá skráningu heimilisfangs hér á landi, er dvalarleyfið gefið út. Samþykki dvalarleyfisumsóknar felur að þessu leyti í sér skilyrta veitingu leyfis því ef útlendingur gengst til að mynda ekki undir læknisskoðun innan tilskilins frests eða í ljós kemur að hann er haldinn alvarlegum smitsjúkdómi, sem getur varðað frávísun skv. g-lið 1. mgr. 18. gr. laganna, verður dvalarleyfi ekki gefið út. Rétt þykir að lögin hafi að geyma skýrt ákvæði þessa efnis. Eftir

að dvalarleyfið hefur verið veitt gefur Útlendingastofnun út skírteini til útlendings til staðfestingar á dvalarleyfinu með þeim upplýsingum sem getið er í ákvæðinu. Sami búnaður er notaður við stafræna myndatöku og við móttöku umsókna um vegabréf fyrir íslenska borgara. Lagt er til að veita ráðherra heimild til að mæla fyrir um að upplýsingar á korti, auk fingrafara handhafa, verði skráðar í örflögu á kortinu. Um er að ræða sambærilegar kröfur og gerðar eru við útgáfu vegabréfa og er ákvæðið um skráningu fingrafara á kortið sambærilegt við 3. mgr. 3. gr. laga nr. 136/1998, um vegabréf, sbr. 3. gr. laga nr. 72/2006. Þess er að vænta að á vettvangi Schengen-ríkjanna verði á allra næstu missirum samþykktar reglur um útgáfu dvalarleyfiskorta með þessu sniði og nýtist sami búnaður og sama starfsfólk við skráningu umsókna og framleiðslu þeirra og sinnir vegabréfaumsóknum og framleiðslu.

Um 8. gr.

Lagt er til að gerðar verði talsverðar breytingar á 11. gr. laganna sem ber nú yfirskriftina *Skilyrði dvalarleyfis*. Þó nokkuð hefur borið á þeim misskilningi að nægilegt sé að útlendingur uppfylli þau skilyrði sem fram koma í núgildandi ákvæði 11. gr. en raunin er sú að ákvæðið hefur aðeins að geyma grunnskilyrði dvalarleyfis sem ávallt verða að vera uppfyllt þegar sótt er um dvalarleyfi, óháð tilgangi dvalar og áður en metið er hvort sérstökum skilyrðum dvalarleyfis sé fullnægt. Er því lagt til að ákvæðið beri nú yfirskriftina *Grunnskilyrði dvalarleyfis* til að endurspegla nægilega vel hvers eðlis skilyrðin eru sem þar koma fram. Lagt er til að 1. mgr. haldist óbreytt að mestu leyti fyrir utan orðalagsbreytingu og nýjan c-lið um að útlendingur samþykki að gangast undir læknisskoðun innan tveggja vikna frá komu til landsins. Þá er lagt til að 2. og 3. mgr. núgildandi 11. gr. verði færðar í sérstök ákvæði í 12. gr. laganna eins og nánar verður vikið að síðar, en að í nýrri 2. mgr. verði fjallað nánar um framfærslu skv. a-lið 1. mgr. Þar er um að ræða tilfærslu ákvæðis úr 42. gr. reglugerðar um útlendinga yfir í lögin. Ástæða er til að geta þess að ábyrgðaryfirlýsing eða greiðslur þriðja aðila, t.d. ættmennis útlendings, eru ekki lagðar til grundvallar við mat á framfærslu útlendings þar sem slíkt er ekki viðurkennt sem trygg framfærsla. Er hér einkum átt við tilvik þar sem ekki er framfærsluskylda á milli aðila lögum samkvæmt.

Þá er lagt til að í nýrri 3. mgr. verði lögfest heimild fyrir Útlendingastofnun til að veita útlendingi dvalarleyfi í sérstökum undanþágutilvikum þrátt fyrir að hann uppfylli ekki skilyrði dvalarleyfis skv. 12. gr. – 12. gr. e eða 13. gr. laganna. Það er þó skilyrði fyrir veitingu slíks dvalarleyfis samkvæmt ákvæði þessu að skilyrði 1. og 2. mgr. séu uppfyllt og að tilgangur dvalar sé lögmætur og sérstakur. Sem dæmi má nefna að undir þetta ákvæði gætu fallið nunnur og trúboðar sem koma hingað til lands, sem og útlendingur sem hefur sérstök tengsl við landið. Dæmi um útlending sem hefur sérstök tengsl við landið er útlendingur sem á von á barni með íslenskum ríkisborgara og er í sambúð með honum, en getur ekki fengið dvalarleyfi á grundvelli 13. gr. laganna. Þar sem um undanþáguákvæði er að ræða ber að túlka það þröngri skýringu.

Um 9. gr.

Lagt er til að ákvæði núgildandi 12. gr. laganna verði fært til í nýja grein, 51. gr. a, og jafnframt er lagfærð tilvísun í 11. gr. gildandi laga um dvalarleyfi af mannúðarástæðum sem samkvæmt frumvarpinu verður í 12. gr. f.

Um 10. gr.

Lagt er til að bætt verði í lögin átta nýjum greinum, 12. gr. – 12. gr. g, um dvalarleyfisflokka. Slíkt er nýmæli þar sem lögin nú hafa ekki að geyma ákvæði um mismunandi dvalarleyfisflokka. Breytingarnar eru lagðar til nú til samræmis við frumvarp félagsmálaráðherra þar sem flokkum atvinnuleyfa er fjölgað en rétt þykir að mælt sé fyrir um samsvarandi dvalarleyfisflokka í lögunum sjálfum. Þá er einnig lagt til að 2. mgr. 11. gr. núgildandi laga um dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða verði færð með þeim greinum sem fjalla um dvalarleyfisflokkana og verði 12. gr. f. Sama á við um bráðabirgðadvalarleyfi sem nú er í 3. mgr. 11. gr. laganna en verður 12. gr. g. Um alla flokkana á það við að í ákvæðunum koma fram skilyrði sem m.a. þurfa að vera uppfyllt en gert er ráð fyrir að ráðherra geti sett frekari skilyrði í reglugerð ef nauðsynlegt þykir á grundvelli reglugerðarheimildar í 3. gr. laganna.

Gert er ráð fyrir að í 12. gr. verði að finna ákvæði um dvalarleyfi vegna starfs sem krefst sérfræðiþekkingar. Ákvæðið mælir fyrir um hvaða skilyrði þurfi m.a. að vera uppfyllt. Gildistími leyfisins mundi fylgja gildistíma atvinnuleyfisins nema aðrar ástæður myndu mæla með skemmri gildistíma, t.d. gildistími vegabréfs. Að lokum er lagt til að dvalarleyfið geti orðið grundvöllur búsetuleyfis, en gert er ráð fyrir að samsvarandi atvinnuleyfi geti verið grundvöllur óbundins atvinnuleyfis.

Í 12. gr. a er gert ráð fyrir ákvæði um dvalarleyfi vegna skorts á vinnuafli hér á landi. Hér er um að ræða leyfi sem er hliðstætt tímabundnu atvinnuleyfi vegna skorts á vinnuafli þannig að dvalarleyfi samkvæmt ákvæði þessu verður ekki veitt nema samsvarandi atvinnuleyfi hafi áður verið veitt. Gert er ráð fyrir að á grundvelli þessa ákvæðis verði einnig veitt dvalarleyfi þegar Vinnumálastofnun hefur veitt tímabundið atvinnuleyfi til sérhæfðra starfsmanna á grundvelli þjónustusamnings. Gildistími slíks leyfis mundi ávallt fylgja gildistíma atvinnuleyfis og því að jafnaði ekki vera veitt til lengri tíma en sex mánaða á grundvelli sama þjónustusamnings. Ákvæði 12. gr. a mælir að öðru leyti fyrir um skilyrði sem þurfa að vera uppfyllt. Þegar um er að ræða dvalarleyfi vegna atvinnuleyfis á grundvelli 9. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga, eins og frumvarp félagsmálaráðherra um breytingu á lögum um atvinnuréttindi útlendinga gerir ráð fyrir, mundi gildistími leyfisins almennt einnig fylgja gildistíma atvinnuleyfisins nema aðrar ástæður mæltu með skemmri gildistíma, t.d. gildistími vegabréfs. Í samræmi við viðkomandi atvinnuleyfi er gert ráð fyrir að hér sé um að ræða leyfi sem ekki er unnt að endurnýja nema í takmarkaðan tíma. Ekki er gert ráð fyrir að dvalarleyfi á þessum grunni geti orðið grundvöllur búsetuleyfis.

Lagt er til að í 12. gr. b verði að finna ákvæði um dvalarleyfi íþróttafólks, þ.e. komi útlendingur til starfa hér á landi sem íþróttamaður eða þjálfari hjá íþróttafélagi innan Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands. Gildistími leyfisins mundi fylgja gildistíma atvinnuleyfisins. Í frumvarpi félagsmálaráðherra til breytinga á lögum um atvinnuréttinda útlendinga er ekki gert ráð fyrir að atvinnuleyfi íþróttafólks geti orðið grundvöllur óbundins atvinnuleyfis og er lagt til hér að samsvarandi dvalarleyfi íþróttafólks geti ekki heldur orðið grundvöllur búsetuleyfis.

Ákvæði 12. gr. c felur í sér nýmæli en gert er ráð fyrir að heimilt sé að veita útlendingi dvalarleyfi hér á landi á grundvelli samnings sem Ísland hefur gert við annað ríki um dvöl ríkisborgara þess hér á landi í þeim tilgangi að kynna sér landið og menningu þess. Er hér einkum átt við samninga sem ætlað er að veita ungu fólki á aldrinum 18–26 ára tækifæri til að auka víðsýni sína með því að gefa því kost á að kynna sér lífshætti og viðhorf annarra þjóða í leik og starfi. Slíkir samningar eru þekktir meðal annarra vestrænna þjóða, svo sem þar sem ungu fólki á tilteknu aldursbili er veitt færi á að dvelja í hámarki eitt ár í samnings-

ríki og kynnast menningu, þjóð og störfum (*Working holidays*). Gert er ráð fyrir að ákvæði 11. gr. um grunnskilyrði dvalarleyfis yrðu ávallt að vera uppfyllt auk þeirra reglna sem um slíka dvöl mundu gilda samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðherra. Þá er það skilyrði að útlendingi hafi ekki áður verið veitt dvalarleyfi á þessum grundvelli hér á landi.

Í 12. gr. d er gert ráð fyrir dvalarleyfi vegna vistráðningar („au-pair"). Í núgildandi lögum er ekki ákvæði um dvalarleyfi vegna vistráðningar þó að slík leyfi hafi verið veitt fram til þessa samkvæmt reglugerð um útlendinga. Í lögum um atvinnuréttindi útlendinga hefur hins vegar fram til þessa verið að finna ákvæði um atvinnuleyfi vegna vistráðningar. Það ákvæði byggist á samningi Evrópuráðsins um „au pair"-ráðningar þar sem slík ráðning er skilgreind sem „tímabundin móttaka fjölskyldna, í skiptum fyrir ákveðna þjónustu, á ungum, erlendum einstaklingum, sem koma til þess að auka tungumálakunnáttu sína og jafnvel faglega þekkingu, jafnframt því að víkka menningarlegan sjóndeildarhring sinn með því að öðlast meiri þekkingu á landi því sem þeir koma til". Samkvæmt þeirri skilgreiningu er því um að ræða eins konar menningarskiptasamning sem hvorki fellur undir skilgreiningar um námsmenn né almenna starfsmenn. Er því talið heppilegra að vegna dvalar útlendings vegna vistráðningar verði einungis veitt dvalarleyfi en ekki atvinnuleyfi þar sem ekki er um starf að ræða sem lýtur hefðbundnum vinnumarkaðssjónarmiðum. Þess misskilnings hefur oft á tíðum gætt að útlendingur í vistráðningu megi starfa á almennum markaði en sú hefur ekki verið raunin. Þá er ekki gert ráð fyrir að útlendingar komi í framangreindum tilgangi til að dvelja á heimili ættmenna enda verður vart séð að með því væri þeim tilgangi náð sem býr að baki slíkri dvöl. Þrátt fyrir að framvegis verði aðeins gert ráð fyrir að veitt verði dvalarleyfi vegna vistráðningar en ekki atvinnuleyfi munu svipuð skilyrði gilda áfram fyrir slíkri dvöl, þ.e. skilyrði er snúa að útlendingi sjálfum, kjörum hans, vistfjölskyldu o.fl. Tilgangur vistráðningar er eins og fyrr segir fyrst og fremst menningarlegur og vinnuframlag hins vistráðna sætir takmörkunum. Er því bæði gert ráð fyrir að virkur vinnutími verði ekki lengri en fimm tímar á dag eða 30 vinnustundir á viku og að hinn vistráðni fái nægjanlegan tíma til íslenskunáms sem og til að sinna menningarlegum og faglegum áhugamálum sínum. Gert er ráð fyrir að neðri aldursmörkin verði miðuð við átján ára afmælisdag útlendingsins við umsókn, þannig að útlendingurinn sé orðinn fullra 18 ára þegar sótt er um tímabundið dvalarleyfi á grundvelli ákvæðis þessa. Enn fremur er lagt til að efri aldursmörkin verði miðuð við að sótt sé um leyfi áður en útlendingurinn verði 25 ára þannig að tryggt sé að hann ljúki vistinni á 26. aldursári. Þá er eingöngu kveðið á um lágmarksfjárhæð vasapeninga í stað launa en fæði og húsnæði er án endurgjalds. Þá skal hinn vistráðni hafa sérherbergi til afnota. Í ljósi tilgangs dvalar þeirra er ráða sig í vist á heimili hér á landi er ekki gert ráð fyrir að hinn vistráðni dveljist á landinu lengur en eitt ár. Er því miðað við að hinn vistráðni snúi aftur til heimalands síns að dvalartíma loknum en ekki verður unnt að endurnýja dvalarleyfi vegna vistráðningar. Gert er ráð fyrir að dómsmálaráðherra setji nánari reglur um skilyrði er snúa að dvöl samkvæmt ákvæði þessu.

Ákvæði 12. gr. e kveður á um dvalarleyfi útlendings vegna náms hér á landi. Ákvæðið felur ekki í sér verulegar efnislegar breytingar heldur er lagt til að lögfest verði sú framkvæmd sem viðhöfð hefur verið fram til þessa varðandi námsmenn. Er áréttað í ákvæðinu að erlendur námsmaður verði að fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru í fyrirhuguðu námi hans um undirbúning enda telst það grundvallarforsenda fyrir þátttöku hans í náminu. Í síðari málslið 3. mgr. er að finna nýmæli varðandi stöðu þeirra ungmenna sem koma til landsins til dvalar á grundvelli 13. gr. laganna. Við 18 ára aldur eiga ungmenni sem hafa komið skömmu fyrir það aldursmark á forsendum fjölskyldusameiningar ekki lengur sama rétt til dvalar á

grundvelli 13. gr. Ekkert er því til fyrirstöðu samkvæmt núgildandi lögum um útlendinga að gefa út námsmannaleyfi vegna iðnnáms þeim til handa, ellegar að veita þeim dvalarleyfi á grundvelli atvinnuþátttöku ef þeir hafa verið á vinnumarkaði. Oft stunda þau ungmenni sem hér um ræðir hins vegar nám við framhaldsskóla og er með þessu ákvæði leitast við að tryggja þeim rétt til áframhaldandi dvalar á grundvelli námsmannaleyfis þrátt fyrir að námið mundi ekki teljast fullnægjandi sem grundvöllur námsdvalar að öðrum kosti. Loks er lagt til að við fyrstu endurnýjun dvalarleyfis námsmanns verði veitt aukið svigrúm við mat á viðunandi námsárangri þannig að miðað sé við að útlendingur hafi a.m.k. lokið 50% af fullu námi. Er þannig komið til móts við þá erlendu nema sem kunna af ýmsum ástæðum að eiga erfitt með að fóta sig í náminu á fyrstu mánuðunum í nýju landi og við nýjar aðstæður.

Í 12. gr. f er ekki um að ræða efnislega breytingu heldur er ákvæði þessa efnis að finna í núgildandi 2. mgr. 11. gr. Gert er ráð fyrir að áfram geti Útlendingastofnun veitt útlendingi dvalarleyfi hér á landi þótt ekki sé fullnægt öllum skilyrðum 11. gr. ef rík mannúðarsjónarmið standa til þess. Rétt er að árétta að um undanþáguheimild er að ræða og er gert ráð fyrir að hvert tilvik sem til álita kemur verði skoðað sérstaklega. Við skoðun á því hvort til greina komi að beita ákvæðinu er lagt í hendur stjórnvalda að meta hversu langt eigi að ganga í að heimila undanþágu frá skilyrðum 11. gr. enda eru forsendur í málum misjafnar hverju sinni. Þá er í ákvæðinu gert ráð fyrir að við endurnýjun leyfis samkvæmt ákvæðinu verði upphaflegar forsendur fyrir veitingu dvalarleyfis á grundvelli þess áfram að vera til staðar. Þá er gert ráð fyrir að ákvæðið geti orðið grundvöllur búsetuleyfis en til þess að svo geti orðið þarf viðkomandi að fullnægja öllum skilyrðum 15. gr.

Í 12. gr. g er að finna ákvæði 3. mgr. 11. gr. núgildandi laga um bráðabirgðadvalarleyfi ásamt þeim skilyrðum sem fram koma í 46. gr. reglugerðar um útlendinga vegna slíks leyfis. Til viðbótar við þau skilyrði sem þar koma fram er lagt til að bætt verði inn skilyrði um að útlendingur hafi veitt upplýsingar og atbeina sinn til að aðstoða við úrlausn máls. Er það til samræmis við það sem fram kemur um tilgang ákvæðisins í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum nr. 96/2002. Þá er lagt til í 2. mgr. að Útlendingastofnun verði veitt heimild til að víkja frá skilyrðum 1. mgr. þegar sérstaklega stendur á. Er t.d. átt við tilvik þegar öll skilyrði nema skilyrði b-liðar eru uppfyllt og ekki tekst að afla ferðaskilríkja fyrir viðkomandi en ómöguleikann er ekki að rekja til útlendingsins sjálfs heldur yfirvalda heimalands. Þykir ekki sanngjarnt að láta útlendinginn gjalda þess og væri Útlendingastofnun þá heimilt að gefa út bráðabirgðadvalarleyfi. Ákvæði 3. mgr. lýtur að gildistíma bráðabirgðadvalarleyfa en 4. mgr. er óbreytt frá 3. mgr. 11. gr. núgildandi laga. Skv. 5. mgr. er síðan tekið fram að bráðabirgðadvalarleyfi geti ekki orðið grundvöllur búsetuleyfis.

Um 11. gr.

Hér er lagt til að gerðar verði töluverðar breytingar á 13. gr. núgildandi útlendingalaga um dvalarleyfi fyrir aðstandendur. Í fyrsta lagi er lögð til orðalagsbreyting á 1. mgr. þannig að ljóst sé hvers konar dvalarleyfi sá útlendingur sem hér dvelst og aðstandandi hyggst leiða rétt sinn af þarf að hafa til að ákvæðið komi til álita. Þá er einnig gert ráð fyrir samkvæmt ákvæðinu að nánustu aðstandendur erlendra doktorsnema geti fengið dvalarleyfi hér á landi á grundvelli 13. gr. Þá tillögu er að rekja til samnings menntamálaráðherra við Háskóla Íslands um kennslu og rannsóknir við Háskólann til ársins 2011, sem undirritaður var í janúarmánuði 2007. Eitt af markmiðum þess samnings er að styrkja stöðu háskólans í alþjóðlegu umhverfi háskólamenntunar. Er m.a. stefnt að því að stórefla rannsóknatengt framhaldsnám við Háskólann með því að auka fjölda brautskráðra doktora. Vitað er að doktorsnemar eru oftar en

ekki fjölskyldufólk og ef stefnan er að laða að erlenda doktorsnema er ljóst að gera verður þeim kleift að koma með fjölskyldur sínar, þrátt fyrir að um tímabundna dvöl sé að ræða. Er þessari tillögu ætlað að koma til móts við þessa stefnumótun menntamálaráðherra. Áskilnaður 1. mgr. um búsetu hér á landi á bæði við um íslenska ríkisborgara og aðra norræna ríkisborgara.

Í 2. mgr. er lögð til sú breyting að ungur aldur komi ekki fortakslaust í veg fyrir að dvalarleyfi verði reist á hjúskap. Er því lagt til að 24 ára aldursmark verði fellt úr skilgreiningu ákvæðisins á nánasta aðstandanda. Hins vegar er lagt til að í 3. mgr. komi nýr málsliður þess efnis að ef annar makinn er 24 ára eða yngri skuli ávallt kanna hvort þau tilvik sem um getur í því ákvæði séu til staðar. Með þessari breytingu er löggjöfin færð til þeirrar framkvæmdar sem hefur verið fest í sessi eftir að svonefnd 24 ára regla var lögfest með lögum nr. 20/2004. Hefur Útlendingastofnun viðhaft það verklag að kanna hvert mál sérstaklega, en ef til hjúskapar hefur verið stofnað með eðlilegum hætti hafa dvalarleyfi maka verið reist á atvinnuþátttöku eða námi viðkomandi ellegar einhverjum öðrum grunni. Rétt þykir að áfram verði viðhöfð sérstök aðgát við veitingu dvalarleyfis þegar maki er yngri en 24 ára þannig að kannað verði hvort ástæða sé til að ætla að um málamynda- eða nauðungargerning sé að ræða. Með þessu móti er talið að tryggt sé eftir föngum að staðinn sé vörður um hagsmuni þeirra sem telja má minni máttar vegna ungs aldurs, án þess að lagatextinn gefi til kynna að hjúskapur slíkra einstaklinga sé almennt ekki viðurkenndur sem lögmætur grundvöllur búsetu hér á landi. Þá eru lagðar til einfaldar orðalagsbreytingar þannig að í stað orðanna „niðjar“ komi „börn“ og í stað orðanna „að feðgatali“ komi „í beinan legg“. Þá þykir rétt að hnykkja á þeirri framkvæmd laganna að um sé að ræða börn viðkomandi sem hann hafi forsjá fyrir. Fari foreldrar sameiginlega með forsjá barns og hitt foreldrið sækir ekki um dvalarleyfi ásamt barninu þá leiðir það af reglum um sameiginlega forsjá að samþykki hins foreldrisins verður að liggja fyrir ef unnt á að vera að veita barninu dvalarleyfi á grundvelli ákvæðisins.

Þá er lagt til að við síðasta málslið 3. mgr. verði bætt nýjum málslið þar sem tekinn verði af allur vafi um að ef stofnun hjúskapar eða staðfestrar samvistar brýtur í bága við allsherjarreglu og meginreglur íslenskra laga sé ekki um gildan gerning að ræða og hann veiti þar af leiðandi ekki rétt til dvalarleyfis. Þetta á t.d. við um hjónavígslu ef hjónin eða annað þeirra voru börn eða þegar annað eða hvorugt hjóna var viðstatt athöfnina (svokallaðar fulltrúagiftingar). Sama gildir um hjónavígslu ef vígslumaður hafði ekki réttindi til athafnarinnar (vígsluheimild) í því landi þar sem vígslan fór fram og þegar stofnað er til tvíkvænis. Með broti á allsherjarreglu eða meginreglum laga (ordre public), í alþjóðlegum einkaréttarlegum skilningi, er átt við gerning sem stofnað er til í einu landi en talinn er stríða svo gegn réttarreglum annars lands þar sem beita á honum að rétt þykir að virða hann að vettugi.

Ákvæði 4. mgr. er nýmæli. Lagt er til að útlendingur fái ekki útgefið dvalarleyfi á grundvelli 13. gr. ef fyrir liggur að sá sem hann hyggst leiða rétt sinn af hér á landi hefur fengið dóm eða þurft að sæta öryggisráðstöfun fyrir brot á ákvæðum XXI.–XXIV. kafla almennra hegningarlaga. Ákvæðinu er fyrst og fremst ætlað að vera stoð í baráttunni gegn mansali og heimilisofbeldi og á sér fyrirmynd m.a. í dönskum og norskum lögum. Ákvæðið í frumvarpi þessu spannar þó yfir styttra tímabil en það danska en nær yfir fleiri brotaflokka. Norska ákvæðið er einnig sett fram með öðrum hætti þó að það feli í sér sömu verndarsjónarmið. Reynslan hefur sýnt að öðru hvoru koma upp tilvik þar sem aðalhvati umsækjanda fyrir að ganga í hjúskap með aðila búsettum hér á landi er að eignast möguleika á bættum lífskjörum fyrir sig og e.t.v. börn sín. Í sumum tilvikum verða hinir sömu einstaklingar fórnarlömb

ofbeldis og sæta misnotkun á heimilinu. Oftast er þá um að ræða tilvik þar sem umsækjandi er kvenkyns en karlkyns maki er búsettur hér á landi. Þegar fyrir liggur vitneskja um að nánasti aðstandandi hér á landi hefur verið dæmdur fyrir brot á ákvæðum XXI.–XXIV. kafla almennra hegningarlaga á síðustu fimm árum þykir ástæða til að ætla að umsækjandi geti vegna þeirra brota verið í sérstakri hættu á að verða sjálfur fyrir ofbeldi eða sæta misnotkun af hálfu aðstandandans. Á hinn bóginn er ljóst að slík synjun getur í einstökum tilvikum verið mjög íþyngjandi í samanburði við þá hættu sem er á ferðum. Er því lagt til að ákvæði 4. mgr. feli jafnframt í sér þann varnagla að ekki skuli synja umsóknar um dvalarleyfi ef synjunin mundi fela í sér ósanngjarna ráðstöfun gagnvart þeim sem brotið framdi eða nánustu ættingjum hans. Við matið verður m.a. að taka mið af því hvers eðlis og hversu alvarlegt brotið er, hverjum það beindist gegn og hvort um ítrekun brota sé að ræða. Ef brot var ekki alvarlegt, beindist ekki gegn heimilisfólki og hefur ekki verið ítrekað yrði litið svo á að synjunin mundi fela í sér ósanngjarna ráðstöfun gagnvart viðkomandi eða nánustu ættingjum hans. Þá verður að gera greinarmun á þeim málum þar sem umsækjandi hefur búið í sínu heimaríki með aðstandanda og þeir vilja flytjast saman til Íslands og þeim tilvikum þar sem menn með ofbeldisferil vilja stofna nýja fjölskyldu með maka sem þeir hafa ekki búið með áður. Ef um er að ræða sameiningu fjölskyldufólks sem áður hefur búið saman um nokkurt skeið mundi skilyrðið um ósanngjarna ráðstöfun oftast vera talið fyrir hendi.

Ákvæði 5. mgr. lýtur að gildistíma dvalarleyfis en með 6. mgr. er lagt til að dvalarleyfi samkvæmt ákvæðinu geti ekki orðið grundvöllur búsetuleyfis nema sá útlendingur sem aðstandandi leiðir rétt sinn af hafi sjálfur dvalarleyfi sem getur orðið grundvöllur búsetuleyfis, eða búsetuleyfi. Ekki er um að ræða nýmæli heldur hefur framkvæmdin hingað til verið með þessum hætti. Rétt þykir að hafa ákvæði þessa efnis í lögunum til að koma í veg fyrir að aðstandandi geti haft betri rétt en sá sem hann leiðir rétt sinn af.

Um 12. gr.

Lagt er til að ákvæði 14. gr. verði breytt þannig að 2. mgr. er felld brott þar sem í frumvarpinu, sbr. 10. gr., er tekið fram sérstaklega við hvern dvalarleyfisflokk hver gildistími leyfisins skuli vera og hvort endurnýjun sé heimil. Brýnt þykir að árétta að útlendingi ber að sækja um endurnýjun dvalarleyfis fjórum vikum áður en leyfi hans rennur út. Geri hann það er honum heimil áframhaldandi dvöl á landinu meðan umsókn hans er til meðferðar en að öðrum kosti er gert ráð fyrir að útlendingur þurfi að vera staddur erlendis á meðan umsóknin er til meðferðar, líkt og þegar umsókn um fyrsta leyfi er afgreidd. Ef afsakanlegt er að umsókn berst ekki innan tilskilins frests getur Útlendingastofnun þó heimilað útlendingi áframhaldandi dvöl á landinu. Sem dæmi um afsakanleg tilvik má nefna ef útlendingur hefur verið alvarlega veikur eða hann hefur af óviðráðanlegum ástæðum þurft að fara fyrirvaralaust til heimalands án þess að hafa tök á að leggja inn umsókn um endurnýjun. Sem dæmi um tilvik sem ekki falla undir greinina er ef útlendingur ber því við að hann hafi ekki vitað að leyfi hans væri að renna út eða að umboðsmaður hans hafi gert mistök. Ef útlendingur sækir of seint um endurnýjun dvalarleyfis, þ.e. eftir að leyfi hans rennur út, verður litið svo á að um fyrsta leyfi sé að ræða og hefst talning í búsetuleyfi upp á nýtt. Ákvæði 4. mgr. felur ekki í sér efnislegt nýmæli heldur er um að ræða tilfærslu úr reglugerð í lög. Þó er hnekkt á því að Útlendingastofnun tekur almennt ákvörðun um niðurfellingu leyfis og gilda þá reglur stjórnsýslulaga um meðferð máls. Ef leyfishafi hefur flutt lögheimili sitt og hefur dvalist lengur en

þrjá mánuði erlendis fellur leyfið sjálfkrafa niður án þess að stofnunin taki um það sérstaka ákvörðun.

Um 13. gr.

Lagðar eru til nokkrar breytingar á ákvæði 15. gr. um búsetuleyfi. Í fyrsta lagi er lagt til að tímamark það sem útlendingur þarf að hafa tímabundið dvalarleyfi áður en hann getur sótt um búsetuleyfi verði fært úr þremur árum í fjögur. Hefur verið tekið tillit til reglna á Norðurlöndunum þar sem tímamarkið er að jafnaði allt að sjö ár í Danmörku, fimm ár í Svíþjóð og fjögur ár í Finnlandi. Þykir tímabært að færa tímamarkið hér á landi nær því sem tíðkast á Norðurlöndunum.

Í öðru lagi er lögð til breyting á uppsetningu ákvæðis 1. mgr. með því að taka inn í ákvæðið upptalningu á helstu skilyrðum fyrir veitingu búsetuleyfis. Skilyrði a-liðar og b-liðar eru þegar að finna í 1. mgr. 15. gr. Skilyrði c-liðar er nýmæli en ákvæði þessa efnis hefur skort í lögin til að taka af allan vafa um það grundvallarskilyrði fyrir veitingu búsetuleyfis að útlendingur hafi getað og muni geta framfleytt sér á Íslandi með löglegum hætti. Þá er lögfest heimild fyrir Útlendingastofnun að afla gagna til að ganga úr skugga um að skilyrðið sé uppfyllt. Í ákvæðinu eru einnig taldar upp greiðslur sem ekki teljast trygg framfærsla í skilningi ákvæðisins og er það til samræmis við það sem lagt er til í 11. gr. og kemur þegar fram í reglugerð um útlendinga. Hins vegar er gert ráð fyrir svigrúmi fyrir Útlendingastofnun í undantekningartilvikum til að taka tillit til þess þegar útlendingur hefur þegið slíkar greiðslur aðeins í skamman tíma, t.d. vegna veikinda eða slyss viðkomandi útlendings. Skilyrði d-liðar er nýmæli en gert er ráð fyrir að útlendingur þurfi að hafa dvalist fjögur ár á sama dvalargrundvelli hér á landi. Með þessu verði tryggt að nægileg festa sé komin á dvöl hans og grundvöll hennar hér á landi áður en hann getur fengið ótímabundið dvalarleyfi. Skilyrði e-liðar er einnig nýmæli en rétt þykir að útlendingur geti ekki fengið búsetuleyfi ef hann á ólokið máli í refsivörslukerfinu þar sem hann er grunaður eða sakaður um refsiverða háttsemi. Gert er ráð fyrir að Útlendingastofnun afli nauðsynlegra upplýsinga til að ganga úr skugga um hvort svo hátti til. Skilyrðið e-liðar tengist skilyrði b-liðar að því leyti að ef skilyrði e-liðar er ekki uppfyllt gætu legið fyrir ástæður sem valdið geta brottvísun útlendings skv. 20. gr. laganna. Hér er enn fremur horft til samræmingar laganna við lög um íslenskan ríkisborgararétt.

Í þriðja lagi er lagt til að nýtt ákvæði komi í 3. mgr. varðandi heimild til að veita búsetuleyfi til barns sem fæðist hérlendis þegar forsjárforeldri sjálft hefur búsetuleyfi. Er ákvæðinu ætlað að tryggja stöðu barns við þær aðstæður svo það njóti sömu dvalarréttinda og forsjárforeldri þess.

Í fjórða lagi er lagt til að 4. mgr. verði samræmd 14. gr. eins og lagt er til að henni verði breytt í frumvarpi þessu. Þá er lagt til að í 5. mgr. verði kveðið á um niðurfellingu búsetuleyfis þegar leyfishafi hefur dvalist erlendis lengur en 18 mánuði. Ekki er um nýmæli að ræða heldur tilfærslu úr reglugerð í lögin sjálf eins og í 11. gr. frumvarpsins. Útlendingastofnun tekur ákvörðun um niðurfellingu leyfis og gilda þá reglur stjórnsýslulaga um meðferð máls. Ef lögheimili leyfishafa hefur verið skráð erlendis lengur en 18 mánuði erlendis fellur leyfið sjálfkrafa niður án þess að stofnunin taki um það sérstaka ákvörðun.

Í fimmta lagi er lagt til að kveðið verði á um útgáfu búsetuleyfis í 6. mgr. Önnur ákvæði 15. gr. haldast óbreytt.

Um 14. gr.

Lagt er til að við 16. gr. laganna bætist ný málsgrein sem tekur af allan vafa um það að útlendingur sem aflað hefur leyfis á grundvelli rangra upplýsinga eða hefur leynt atvikum við leyfisveitinguna, skuli vera eins settur og ef leyfi hefði ekki verið gefið út. Dvöl á grundvelli dvalarleyfis sem verður afturkallað telst því ekki til dvalartíma á Íslandi ef byggt er á slíku leyfi við umsókn um búsetuleyfi. Verður að teljast óeðlilegt að útlendingur sem aflað hefur leyfis á þennan hátt geti að einhverju marki öðlast betri rétt en sá sem aldrei hefur fengið útgefið leyfi.

Um 15. gr.

Hér er lagt til að lögfest verði sérstök reglugerðarheimild fyrir dómsmálaráðherra til að setja nánari reglur um endurkomubann en hefur verið að finna í gildandi regluverki fram til þessa. Er sérstaklega ætlast til að gildandi framkvæmd um ákvörðun á lengd endurkomubanns verði færð í reglugerð til að stuðla að auknu gagnsæi fyrir þá útlendinga sem sæta brottvísun og til að tryggja samræmi í framkvæmd.

Um 16. gr.

Lagt er til að við hina almennu málsmeðferðarreglu 23. gr. bætist tvær málsgreinar þar sem veittar eru heimildir til að haga afgreiðslu dvalarleyfa með tilteknum hætti. Í fyrsta lagi er lagt til að heimilt verði að ákveða að forgangsraða erindum sem Útlendingastofnun berast. Ekki er þó gert ráð fyrir að ráðherra hafi sjálfdæmi um hvaða umsóknir skulu fá hraðasta afgreiðslu, heldur er þessu ákvæði ætlað að opna möguleika á því að koma til móts við þarfir fyrirtækja á að fá fólk, einkum sérfræðinga, til starfa án frekari tafa en hjá verður komist auk þess sem gert er ráð fyrir að Útlendingastofnun fái heimild til að hraða afgreiðslu námsmannaleyfa, en oft er nauðsynlegt að þau séu afgreidd hratt svo að viðkomandi geti hafið nám t.d. að hausti. Sú öra fjölgun sem orðið hefur á erindum til Útlendingastofnunar hefur óhjákvæmilega leitt til þess að mál þurfa að bíða eftir afgreiðslu og er þá mikilvægt að stofnunin hafi heimild til að forgangsraða í sinni vinnu. Gert er ráð fyrir að þessari heimild verði beitt með almennum, skriflegum fyrirmælum dómsmálaráðherra til stofnunarinnar.

Í sama skyni er í öðru lagi lagt til að heimilað verði að taka upp svonefndar hraðafgreiðslur. Þar er átt við að unnt verði að beita hraðvirkari vinnubrögðum þegar umsókn er lögð fram af fyrirtæki sem hefur sýnt af sér vönduð vinnubrögð um nokkurn tíma og hefur getu til að standa undir kröfum um mjög vandaða vinnslu umsókna. Ákvæðið á sér nokkra fyrirmynd í ákvæðum tollalaga um rafrænar tollafgreiðslur. Hugmyndin er að á grundvelli ákvæðisins verði fyrst útfært tilraunaverkefni þar sem Útlendingastofnun, í samstarfi við nokkur fyrirtæki sem í senn hafa mikil umsvif á þessu sviði og sýnt hafa af sér vönduð vinnubrögð, móti fyrirkomulag þar sem gengið er út frá að umsókn uppfylli öll skilyrði á grundvelli ábyrgðaryfirlýsingar viðkomandi fyrirtækis. Ef þetta gefur góða raun verði síðan sett í reglugerð viðmið um hvaða skilyrði fyrirtæki þurfi að uppfylla til að geta fengið afgreiðslu af þessu tagi.

Um 17. gr.

Um er að ræða orðalagsbreytingu í tilvísun í 26. gr. laganna varðandi það samkomulag sem þar er vísað til. Breyting þessi er talin nauðsynleg vegna þeirra breytinga sem hafa orðið á alþjóðlegum skuldbindingum Íslands. Breytingin er til samræmis við það sem lagt er til með 31. gr. frumvarpsins og vísast til athugasemda sem þar koma fram.

Um 18. gr.

Hér er lögð til breyting á 7. mgr. 29. gr. þannig að ákvæðið taki einnig til tilvika þar sem útlendingur sýnir af sér hegðun sem gefur til kynna að af honum stafi hætta fyrir einhverja lögvarða hagsmuni. Einnig er lagt til að við ákvæðið um að útlendingur skuli halda sig á ákveðnu svæði verði bætt að um afmarkað svæði sé að ræða. Að fenginni reynslu frá setningu laganna þykir nauðsynlegt að árétta heimild lögreglu til að gera þeim útlendingum sem taldir eru upp í frumvarpsgreininni að halda sig á ákveðnu afmörkuðu svæði. Stjórnvöldum er ekki heimilt að ganga lengra en þörf er á hverju sinni til að ná því markmiði sem að er stefnt, sbr. meðalhófsreglu stjórnsýslulaganna. Í núgildandi ákvæðum er gert ráð fyrir að gæsluvarðhald sé lokaúrræði sem hægt er að grípa til, að undangengnum öðrum vægari úrræðum, sem ekki hafa skilað tilskildum árangri eða teljast ófullnægjandi. Á það hefur reynt fyrir Hæstarétti en með dómi hans í máli nr. 379/2004, sem var kveðinn upp þann 15. september 2004, felldi Hæstiréttur úr gildi úrskurð héraðsdóms um að útlendingur skyldi sæta gæsluvarðhaldi þar sem ekki þótti nægilega sýnt fram á að nauðsyn væri á því á grundvelli útlendingalaganna þar sem ekki væru tiltækar aðrar léttbærari aðgerðir til að tryggja framkvæmd ákvörðunar um að útlendingurinn skyldi yfirgefa landið. Af dómnum má skýrt ráða að útlendingur, sem ekki er vitað hver er og hefur ekki gefið réttar upplýsingar um hver hann er, verður ekki úrskurðaður í gæsluvarðhald nema gripið hafi verið til annarra vægari úrræða fyrst, enda þótt um sé að ræða menn sem ekki uppfylla skilyrði laganna til dvalar í landinu og enginn veit hverjir eru.

Aukist hefur að útlendingar sem sótt hafa um hæli hér á landi og ekki er vitað hverjir eru, sýni af sér hegðun sem gefur til kynna að af þeim stafi hætta. Eru til að mynda dæmi um hótanir um líkamsmeiðingar gagnvart öðrum útlendingum, sem dvelja á sama gististað og starfsmönnum félagsþjónustu Reykjanesbæjar. Þá er jafnframt dæmi um líkamsárás gagnvart almennum borgara og önnur afbrot. Ótækt verður að telja að útlendingur sem sýnir af sér slíka hegðun geti dvalið áfram á sama gististað meðal annarra hælisleitenda, þar sem oft dvelja einnig börn. Í tilvikum sem þessum er nauðsynlegt að lögregla geti lagt fyrir viðkomandi útlending að dvelja á ákveðnu afmörkuðu svæði áður en látið yrði reyna á gæsluvarðhald. Með breytingunni í „ákveðnu afmörkuðu svæði“ er t.d. átt við tiltekinn bæjarhluta, gistiheimili eða aðra aðstöðu sem komið yrði upp fyrir þá útlendinga sem hér um ræðir. Með þeirri breytingu sem hér er lögð til er dómurum veitt almenn heimild til að úrskurða í gæslu þá útlendinga sem fjallað er um í 29. gr. laganna. Heildstætt mat á því hvort réttlætanlegt sé að viðkomandi útlendingur gangi laus hlýtur að taka mið af því að almennt er mönnum óheimil dvöl hér á landi ef þeir uppfylla ekki lögmælt skilyrði. Þetta mat getur síðan breyst, t.d. við það að útlendingur sem hefur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald sýnir eftir það samvinnuvilja og góða hegðun eða að maður sem ákveðið hefur verið að eingöngu skuli tilkynna sig, þverskallast við að sýna samvinnu við að staðreyna hver hann er.

Þá er lagt til að hámarkstími gæsluvarðhalds verði afnuminn enda kann að vera óljóst hvort máli verði lokið á þeim tíma, t.d. vegna þess að útlendingur er áfram ósamvinnuþýður eða önnur þörf er á gæsluvarðhaldi. Líkt og í gæsluvarðhaldsmálum almennt er gert ráð fyrir að dómari marki gæsluvarðhaldi ákveðinn tíma. Viðkomandi útlendingur yrði síðan látinn laus þegar ástæður til gæslu væru ekki lengur fyrir hendi. Á það sama við í þessum málum og má því treysta á að gæsluvarðhald verði ekki lengra en nauðsyn ber til samkvæmt úrskurði dómara.

Um 19. gr.

Um er að ræða breytingu til samræmis við 12. gr. frumvarpsins.

Um 20. gr.

Þær breytingar sem hér eru lagðar til eru sama eðlis og í 18. gr. frumvarpsins. Lagt er til að fyrirmæli 3. mgr. 33. gr. verði þannig að þau verði einnig hægt að gefa þegar útlendingur sýnir af sér hegðun sem gefur til kynna að af honum stafi hætta fyrir einhverja lögvarða hagsmuni. Þá er enn fremur lagt til að við ákvæðið verði bætt „afmörkuðu“ svæði, sbr. 18. gr. frumvarpsins. Er vísað til athugasemda við þá grein til frekari skýringar. Þá er einnig lagt til að hámarkstími sem fyrirmæli 3. mgr. geta gilt verði færður úr tveimur vikum í fjórar. Frá þeim tíma sem liðinn er frá setningu laga nr. 96/2002, um útlendinga, hefur komið í ljós að tveggja vikna hámarkstími er ekki raunhæfur, enda getur mun lengri tími liðið þar til hægt er að framkvæma þá ákvörðun sem um ræðir og sömu forsendur geta enn verið til staðar. Því þykir nauðsynlegt að lengja þann hámarkstíma sem ákvæðið mælir fyrir um.

Um 21. gr.

Um er að ræða breytingar til samræmis við g-lið 10. gr., 18. gr. og 28. gr. frumvarpsins.

Um 22. gr.

Með þessu ákvæði er í fyrsta lagi lögð til breyting á yfirskrift núgildandi ákvæðis þar sem ekki er lengur gert ráð fyrir að réttur EES- eða EFTA-útlendings til dvalar verði byggður á dvalar- eða búsetuleyfi sem veitt er hér á landi. Breytingin er til komin vegna tilskipunar Evrópusambandsins nr. 38/2004 um frjálsa för. Þar er því slegið föstu að rétturinn til frjálsrar farar og dvalar sé svo afdráttarlaus að ekki þurfti að veita EES- eða EFTA-útlendingi sérstakt leyfi til staðfestingar á réttinum. EES- eða EFTA-útlendingur nýtur því réttar til frjálsrar farar og dvalar á Evrópska efnahagssvæðinu án þess að til komi sérstakt dvalarleyfi en hins vegar má skylda EES- eða EFTA-útlending til að skrá sig hjá viðeigandi stjórnvöldum hér á landi. Felur þessi breyting í raun í sér að réttarstaða EES- og EFTA-útlendinga hér á landi verður lík þeirri sem norrænir borgarar hafa notið hingað til. Í öðru lagi er lögð til breyting á 2. mgr. 35. gr. Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur gert athugasemdir við ákvæði núgildandi 2. mgr. 35. gr. laganna í ljósi dómaframkvæmdar Evrópudómstólsins. Skilyrðið í ákvæðinu um óbundið leyfi eða þriggja ára tímabundið leyfi þykir takmarka rétt þjónustuveitenda um of samkvæmt EES-rétti. Evrópudómstóllinn hefur komist að þeirri niðurstöðu að löggjöf sem krefst þess að útsendir starfsmenn hafi starfað í a.m.k. 6 mánuði áður en þeir fara og veita þjónustuna gangi of langt. Er því lagt til að ákvæðinu verði breytt á þann veg að skilyrðið verði tekið út. Með þeirri breytingu sem lögð er til með þessari grein og í eftirfarandi greinum um breytingar á VI. kafla laganna (22.–29. gr. frumvarps þessa) er efni framangreindrar tilskipunar innleidd í íslenskan rétt.

Um 23. gr.

Líkt og getið var hér að framan hafa dvalarleyfi EES- eða EFTA-útlendinga verið afnumin með tilskipun 38/2004/EB og er hér því lagt til að yfirskrift núgildandi ákvæðis verði breytt til samræmis við það. Jafnframt þykir rétt að breyta 1. mgr. 36. gr. þannig að í stað orðanna „á rétt á dvalarleyfi“ komi orðin „á rétt til dvalar“. Skilyrðið um að framvísa fullnægjandi ferðaskilríkjum og gögnum sem staðfesta að hann uppfylli skilyrði 1. mgr. verði ný 2. mgr. Í d-lið 1. mgr. er hins vegar lagt til að skerpt verði á skilyrðinu um að námsmaður verði að

sýna fram á að hann sé sjúkratryggður og hafi trygga framfærslu en ákvæði þessa efnis er nú að finna í 4. mgr. 71. gr. reglugerðar um útlendinga, nr. 53/2003. Núverandi 2. mgr. verður 3. mgr. en lagt er til að ákvæði núgildandi 3. og 4. mgr. 36. gr. verði felld brott þar sem þau eiga ekki lengur við.

Um 24. gr.

Með þessu ákvæði er kveðið á um að aðstandandi EES- eða EFTA-útlendings, sem dvelur hér á landi löglega, eigi rétt til að dvelja með honum hérlendis án þess að þurfa sérstakt dvalarleyfi. Breytingin er í samræmi við tilskipun 38/2004/EB þar sem kveðið er skýrar á um rétt fjölskyldumeðlima EES- eða EFTA-útlendings til að koma og dvelja með honum á Evrópska efnahagssvæðinu. Rétturinn á við um aðstandendur hvort sem þeir eru sjálfir EES- eða EFTA-útlendingar eða hafa ríkisfang í ríki sem er utan EES. Lagt er til að í 2. mgr. verði skilgreint hverjir teljist til aðstandenda útlendings sem dvelur hér á landi skv. 1. mgr. 36. gr. en skilgreiningu er nú að finna í 73. gr. reglugerðar um útlendinga. Eðlilegt þykir að skilgreiningin sé færð úr reglugerð í lagatextann sjálfan. Í 3. mgr. er lagt til að kveðið verði á um sömu skyldu til skráningar og mælt er fyrir um í 3. mgr. 35. gr. til að ítreka að skyldan nái einnig til aðstandanda sem sjálfur er EES- eða EFTA-útlendingur. Lagt er til að aðstandendur sem hafa ríkisfang í ríki utan EES sæki um dvalarskírteini. Samkvæmt tilskipun 38/2004/EB á slíkur aðstandandi að sækja um dvalarskírteini (e. residence card) í því ríki sem dvalist er í innan þriggja mánaða frá komu til landsins, ef ætlunin er að dveljast lengur en þrjá mánuði í landinu. Dvalarskírteinið kemur í stað dvalarleyfisskírteinis og er gefið út til staðfestingar á rétti til dvalar. Aðstandandi sem er handhafi slíks dvalarskírteinis getur framvísað því við komu inn á Schengen-svæðið og þarf þá ekki vegabréfsáritun sé hann á annað borð skyldugur til að hafa slíka áritun við komu inn á Schengen-svæðið. Loks er gert ráð fyrir að reglugerðarheimild dómsmálaráðherra til að setja nánari reglur um dvöl aðstandenda EES- eða EFTA-útlendings verði að finna í 5. mgr. 37. gr. Verður sú heimild m.a. nýtt til að afmarka, innan þeirra marka sem tilskipun 38/2004/EB setur, í hvaða mæli aðstandendur EES- eða EFTA-útlendings geta haldið rétti sínum til dvalar eftir andlát hans eða eftir skilnað við hann.

Um 25. gr.

Hér er lagt til að 39. gr. núgildandi laga verði felld brott þar sem dvalarleyfi verða ekki lengur gefin út til EES- eða EFTA-útlendinga. Í staðinn er gert ráð fyrir að ákvæðið mæli fyrir um rétt EES- eða EFTA-útlendings, eða aðstandanda hans, til ótímabundinnar dvalar hér á landi eftir fimm ára samfellda búsetu. Hér er um nýmæli að ræða en áður var gert ráð fyrir að EES- útlendingur eða EFTA-útlendingur gæti sótt um búsetuleyfi samkvæmt almennum reglum laganna. Ákvæðið felur í sér töluverða rýmkun á réttindum þessa hóps til varanlegrar búsetu hér á landi og fellur rétturinn ekki niður nema samfelld dvöl erlendis vari lengur en í tvö ár, sbr. 3. mgr. greinarinnar. Í 2. mgr. eru talin upp tilvik þar sem EES- eða EFTA-útlendingur þarf að dvelja erlendis af tilgreindum ástæðum og er gert ráð fyrir að sú dvöl teljist ekki rof á samfelldri dvöl í skilningi 1. mgr. Gert er ráð fyrir að Útlendingastofnun gefi út staðfestingu á rétti til ótímabundinnar dvalar, hvort sem er í formi vottorðs eða skírteinis. Þá er lagt til að dómsmálaráðherra setji nánari reglur um skilyrði fyrir ótímabundinni dvöl EES- eða EFTA-útlendings, og aðstandenda hans, innan þess ramma sem tilskipun 38/2004/EB mælir fyrir um. Að sama skapi er gert ráð fyrir að settar verði nánari reglur um í hvaða tilvikum er unnt að öðlast rétt til ótímabundinnar dvalar áður en fimm ára tímamark-

inu er náð og um aðrar undanþágur frá skilyrðunum sem mælt er fyrir um í tilskipun 38/2004/EB.

Um 26. gr.

Hér er lagt til að ákvæði núgildandi 40. gr. laganna verði fellt brott og í staðinn komi nýtt ákvæði um brottfall dvalarréttar. Ákvæðið kemur að hluta til í stað 41. gr. núgildandi laga en ekki verður lengur gert ráð fyrir afturköllun dvalarleyfis þegar svo stendur á sem í 16. gr. greinir. Í 35. gr. tilskipunar 38/2004/EB er hins vegar gert ráð fyrir að aðildarríkin geti gripið til nauðsynlegra ráðstafana til að sporna gegn misnotkun á þeim réttindum sem tilskipunin mælir fyrir um, t.d. vegna málamyndahjónabanda. Því er lagt til að í 40. gr. verði að finna heimildarákvæði fyrir Útlendingastofnun til að fella niður dvalarrétt EES- eða EFTA-útlendings þegar um misnotkun er að ræða, t.d. málamyndahjónaband eða vísvitandi ranga upplýsingagjöf.

Í ákvæði 2. mgr. þykir hins vegar rétt að taka fram hvenær dvalarréttur fellur ekki niður jafnvel þótt viðkomandi útlendingur uppfylli ekki lengur skilyrði a–b-liðar 1. mgr. 36. gr. um rétt til dvalar, en hér er um að ræða hluta af ákvæði núgildandi 1. mgr. 41. gr. Þá er gert ráð fyrir að dómsmálaráðherra setji nánari reglur um hvenær dvalarréttur EES- eða EFTA-útlendings, eða aðstandanda hans, heldur gildi sínu vegna sérstakra aðstæðna. Í 3. mgr. er lagt til að tekið verði fram að Útlendingastofnun taki ákvörðun um niðurfellingu leyfis. Þegar til álita kemur að fella niður rétt til dvalar gilda reglur stjórnsýslulaga um meðferð máls.

Um 27. gr.

Hér er gert ráð fyrir að núgildandi 42. gr. verði 41. gr. Þá er lagt til að orðinu „vegabréf“ í a-lið 1. mgr. verði breytt í „ferðaskilríki“ enda getur EES- eða EFTA-útlendingur framvísað vegabréfi eða öðru kennivottorði frá heimalandi sem viðurkennt er sem ferðaskilríki. Hugtakið er því rýmra og þykir lýsa betur því sem átt er við. Þá er lagt til að gerð verði breyting á núgildandi b-lið 1. mgr. Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur gert athugasemdir við b-lið 1. mgr. 42. gr. laganna, þ.e. einkum orðin „í öðru norrænu landi“. Haustið 2002 hóf ESA að eigin frumkvæði athugun á íslenskri löggjöf um útlendinga til að kanna hvort hún væri fyllilega í samræmi við EES-gerðir um rétt EES-borgara samkvæmt tilteknum gerðum ESB. Ákvæði b-liðar hefur enga raunhæfa þýðingu lengur þar sem Norðurlöndin hættu að skiptast sérstaklega á upplýsingum um brottvísaða útlendinga um leið og þau tengdust Schengen-upplýsingakerfinu. Ákvæðinu hefur ekki verið beitt í tíu ár. ESA telur eigi að síður að ákvæðið feli í sér brot á EES-samningsskuldbindingum okkar. Lagt er því til að orðin „hér á landi eða í öðru norrænu landi“ verði felld brott. Auk þessa er í d-lið lagt til að almannaheilbrigði bætist við sem nauðsynleg ástæða frávísunar þar sem tilskipun 38/2004/EB tilgreinir það sem ástæðu fyrir takmörkun réttar til komu. Þeir sjúkdómar sem geta réttlætt frávísun með skírskotun til almannaheilbrigðis er hver sá sjúkdómur sem getur valdið farsótt eins og skilgreint er í alþjóðaheilbrigðisreglugerðinni af Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni, sem og aðrir smitsjúkdómar af völdum sníkjudýra í samræmi við ákvæði laga um sóttvarnir. Loks er lagt til að í 3. mgr. verði sett inn þriggja mánaða viðmiðunartímamark en gera má ráð fyrir að eftir það tímamark verði að koma til brottvísunar ef ástæður sem varða allsherjarreglu eða almannaöryggi krefjast þess að dvalarréttur verði takmarkaður. Ekki er heimilt að vísa frá EES- eða EFTA-útlendingi, eða aðstandanda hans, með skírskotun til almannaheilbrigðis ef lengri tími en þrír mánuðir eru liðnir frá komu til landsins.

Um 28. gr.

Hér er í fyrsta lagi lagt til að 43. gr. gildandi laga verði 42. gr. Í öðru lagi er lagt til að heimild 1. mgr. til brottvísunar verði einnig látin ná til aðstandanda EES- eða EFTA-útlendings, enda er skýrt kveðið á um það í tilskipun 38/2004/EB að heimildin nái einnig til aðstandenda óháð ríkisfangi þeirra. Í þriðja lagi er lagt til að ákvæði núgildandi 4. mgr. 43. gr. verði fært í nýja grein um takmarkanir á heimild til brottvísunar, sem vikið verður að hér á eftir. Í fjórða lagi er lagt til að ótímabundið endurkomubann verði afnumið þar sem tilskipun 38/2004/EB kveður á um að slíkt bann skuli ekki lengur heimilað gagnvart EES- eða EFTA-útlendingi. Þá er í fimmta lagi lagt til að lögfest verði sérstök reglugerðarheimild fyrir dómsmálaráðherra til að setja nánari reglur um endurkomubann og vísast til athugasemda við 15 gr. frumvarpsins.

Um 29. gr.

Hér er lagt til að bætt verði við nýrri lagagrein, 43. gr., sem kveði á um takmarkanir á heimild Útlendingastofnunar til brottvísunar EES- eða EFTA-útlendings, eða aðstandanda hans. Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. er í fyrsta lagi fært óbreytt úr 4. mgr. núgildandi 43. gr. Þá er í öðru lagi lagt til að ákvæðið tilgreini dæmi um atriði sem Útlendingastofnun ber að leggja mat á varðandi aðstæður EES-eða EFTA-útlendings, eða aðstandanda hans, þegar ákvörðun um brottvísun kemur til álita. Í þriðja lagi er lagt til að þeim EES- eða EFTA-útlendingum, eða aðstandendum þeirra, sem hér hafa varanlega búsetu hér á landi skv. 39. gr. laganna, verði veitt aukin vernd gegn brottvísun, þannig að þeim verði ekki vísað brott nema alvarlegar ástæður er varða allsherjarreglu eða almannaöryggi krefjist þess. Í fjórða lagi er einnig lagt til að tilteknum hópi EES- eða EFTA-útlendinga, eða aðstandenda þeirra, verði veitt aukin vernd þannig að þeim sem hafa dvalið hér löglega í lengri tíma en tíu ár verði ekki vísað brott nema brýnar ástæður skv. 42. gr. krefjist þess. Sama gildi um ólögráða einstaklinga nema annað verði talið nauðsynlegt vegna hagsmuna barnsins eins og sáttmáli SÞ um réttindi barnsins frá 20. nóvember 1989 kveður á um (meginreglan um að það sem barni sé fyrir bestu skuli ávallt hafa forgang þegar stjórnvöld gera ráðstafanir sem varða börn, sbr. 3.gr. sáttmálans).

Um 30. gr.

Um er að ræða breytingu til samræmis við g-lið 10. gr. frumvarpsins.

Um 31. gr.

Tvenns konar breytingar eru lagðar til á 46. gr. með þessu ákvæði. Í fyrsta lagi er lagt til að orðalagi e-liðar 1. mgr. verði breytt til samræmis við þá þróun sem orðið hefur í samstarfi Íslands og Evrópusambandsins um viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram á Íslandi, Noregi eða í aðildarríki Evrópusambandsins. Nú þegar hefur ríkið Sviss undirritað samning við Ísland, Noreg og Evrópusambandið um þátttöku og síðar munu bætast við hin nýju aðildarríki Evrópusambandsins, en ekki er ljóst hvernig aðild þeirra ríkja verður háttað og er því lagt til að orðalag ákvæðisins verði almennara en nú er þannig að ekki þurfi að koma til lagabreyting í hvert sinn sem gerður er nýr samningur á þessum vettvangi. Í öðru lagi er lagt til að dómsmálaráðherra geti sett reglur um málsmeðferð í hælismálum en slíkar reglur er ekki að finna í löggjöfinni í dag. Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna hefur m.a. gagnrýnt að slíkar reglur sé ekki að

finna í löggjöfinni og er því lagt til að ráðherra verði veitt heimild til að festa í sessi þær reglur sem viðhafðar hafa verið í framkvæmd.

Um 32. gr.

Lagt er til að núgildandi heimild til að samkeyra upplýsingar Útlendingastofnunar og lögreglu verði víkkuð út þannig að hún nái einnig til upplýsinga í vörslum Vinnumálastofnunar, skattyfirvalda og þjóðskrár. Um leið er leitast við að setja því skýrari mörk en áður í hvaða skyni og með hvaða hætti slík upplýsingaskipti geti farið fram. Ástæða þessarar tillögu er að í framkvæmd hefur komið í ljós að baráttan gegn misnotkun erlends vinnuafls og ólögmætri dvöl útlendinga hér á landi nær ekki settu markmiði ef einvörðungu er stuðst við upplýsingar úr skrám Útlendingastofnunar og lögreglu. Til að tryggt verði að stjórnvöld hafi yfirsýn yfir fjölda erlendra ríkisborgara sem koma til dvalar og starfa hingað til lands og að farið verði eftir þeim reglum sem um komu, dvöl og atvinnu þeirra gilda, er nauðsynlegt að efla eftirlitsþátt stjórnvalda. Slíkt eftirlit þarf m.a. að vera reglubundið og skilvirkt. Með skilvirku eftirliti verður unnt að fylgjast mun betur með því að þeir sem skráðir eru inn í landið hjá tilteknum yfirvöldum, skili sér réttilega í skrár annarra. Eftirlit af þessu tagi krefst samvinnu þeirra stjórnvalda sem að málaflokknum koma, m.a. með samkeyrslu upplýsinga frá þjóðskrá, Útlendingastofnun, Vinnumálastofnun, skattyfirvöldum og lögreglu. Sem dæmi um athuganir sem fram geta farið á grundvelli ákvæðisins er athugun á því hvort útlendingar með dvalarleyfi sem renna út á tilteknu tímamarki telja fram staðgreiðslu á einhverju öðru, síðara tímamarki. Slíkt er unnt að leiða í ljós með vélrænum samanburði á kennitölum þeirra sem eru í þessum tveimur hópum. Annað dæmi um heimila vinnslu er vélræn athugun með fyrirspurn á milli tölvukerfa á því að tiltekinn útlendingur hafi atvinnuleyfi áður en skattkort er gefið út eða að hann eigi ekki ólokið mál í refsivörslukerfinu áður en búsetuleyfi er gefið út. Þriðja dæmið um heimila vinnslu er samanburður á skrá Útlendingastofnunar yfir útlendinga sem vísað hefur verið brott og þjóðskrá þar sem fram gæti komið að t.d. norrænn borgari sem úrskurðaður hefur verið í endurkomubann sé búinn að færa lögheimili sitt hingað til lands. Sem dæmi um vinnslu sem er ekki heimil samkvæmt ákvæðinu er almennur aðgangur lögreglu eða Útlendingastofnunar að upplýsingum skattyfirvalda eða að einstökum hlutum upplýsingakerfa sem bera með sér launafjárhæðir. Annað dæmi um vinnslu sem ekki fær stoð í ákvæðinu er samkeyrsla á skrám Útlendingastofnunar eða þjóðskrár annars vegar og skattyfirvalda hins vegar í því skyni að athuga tekjudreifingu einstakra hópa á borð við erlenda maka íslenskra borgara eða erlenda námsmenn.

Um 33. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæðinu er ætlað að tryggja að þeir sem komið hafa hingað til lands fyrir gildistöku laganna haldi leyfum sínum og geti fengið þau endurnýjuð að öllum skilyrðum uppfylltum þrátt fyrir að sú tegund dvalarleyfis sem þeir hafa nú hverfi við gildistöku þessara laga. Sama á við um þá sem þegar hafa fengið útgefin búsetuleyfi fyrir gildistöku laganna. Þau halda gildi sínu. Þá á ákvæðið að tryggja að þessi lög hrófli ekki við réttarstöðu aðstandenda útlendinga í þessari stöðu.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 96/2002, um útlendinga, með síðari breytingum.

Frumvarpið felur í sér breytingar á ýmsum greinum núgildandi laga á þessu sviði. Helstu breytingarnar lúta að því að veita ráðherra heimild til að innleiða með reglugerð heildarreglur Evrópuráðsins og þingsins um för yfir landamæri nr. 562/2006/ESB, að innleiða tilskipun Evrópuráðsins og þingsins nr. 38/2004/EC um rétt ríkisborgara EB og EFTA og fjölskyldna þeirra til frjálsrar farar og dvalar á EES-svæðinu, samræma ákvæði laganna við fyrirhugaðar breytingar á lögum nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga, sem lagðar eru til í öðru frumvarpi samhliða þessu og fjölga dvalarleyfisflokkum, auk þess sem komið er til móts við athugasemdir sem komið hafa fram frá Eftirlitsstofnun EFTA. Ekki er þó gert ráð fyrir að lögfesting frumvarpsins feli í sér verulegar breytingar á framkvæmd laganna og er ekki ástæða til að ætla að það hafi í för með sér teljandi kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

573. Frumvarp til laga [338. mál]

um breytingu á lögum nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga, og lögum nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

I. KAFLI
Breyting á lögum nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga, með síðari breytingum.

1. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Merking orða í lögum þessum er sem hér segir:

1. *Tímabundið atvinnuleyfi:* Leyfi veitt útlendingi til að starfa tímabundið á innlendum vinnumarkaði hjá tilteknum atvinnurekanda.
2. *Óbundið atvinnuleyfi:* Leyfi veitt útlendingi til að starfa ótímabundið á innlendum vinnumarkaði.
3. *Atvinnurekandi:* Einstaklingur eða fyrirtæki sem er með atvinnurekstur hér á landi án tillits til þess hvernig rekstrarformi og eignarhaldi er háttað.
4. *Búsetuleyfi:* Heimild veitt útlendingi til ótímabundinnar dvalar hér á landi samkvæmt lögum um útlendinga.

5. *Útlendingur:* Einstaklingur sem ekki hefur íslenskan ríkisborgararétt.
6. *Nánustu aðstandendur:* Einstaklingar sem teljast nánustu aðstandendur samkvæmt lögum um útlendinga.

3. gr.

3. mgr. 5. gr. laganna verður svohljóðandi:

Félagsmálaráðherra getur sett nánari reglur um veitingu atvinnuleyfa samkvæmt lögum þessum í samræmi við stefnu stjórnvalda.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. fellur brott.
b. Á eftir orðunum „um langan tíma eða skamman“ í 2. mgr. kemur: sbr. þó 4. og 5. mgr. 19. gr.
c. Í stað 3. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Útlendingi er óheimilt að starfa hér á landi við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi nema á grundvelli óbundins atvinnuleyfis.

Útlendingi er óheimilt að ráða sig til starfa hér á landi nema leyfi hafi verið veitt samkvæmt lögum þessum, sbr. þó 4. og 5. mgr. 19. gr.

5. gr.

7. gr. laganna, ásamt fyrirsögn, orðast svo:

Almenn skilyrði tímabundins atvinnuleyfis.

Heimilt er að veita tímabundið atvinnuleyfi skv. 8.–12. gr. og 16. gr. laganna ef eftirfarandi skilyrðum er m.a. fullnægt:

a. Starfsfólk fáist hvorki á innlendum vinnumarkaði né innan Evrópska efnahagssvæðisins, EFTA-ríkja eða Færeyja eða aðrar sérstakar ástæður mæli með leyfisveitingu. Áður en leyfi er veitt ber atvinnurekanda að hafa leitað eftir starfsfólki með aðstoð Vinnumálastofnunar, nema slík leit verði fyrirsjáanlega árangurslaus að mati stofnunarinnar.
b. Fyrir liggi umsögn stéttarfélags eða landssambands launafólks í hlutaðeigandi starfsgrein. Umsögn skal liggja fyrir innan sjö daga frá móttöku afrits umsóknar um atvinnuleyfi og ráðningarsamnings. Þó er heimilt að víkja frá þessu skilyrði þegar ekki er til að dreifa heildarsamtökum eða landssambandi í hlutaðeigandi starfsgrein.
c. Fyrir liggi undirritaður ráðningarsamningur til tiltekins tíma eða vegna verkefnis milli atvinnurekanda og útlendings sem tryggi útlendingnum laun og önnur starfskjör til jafns við heimamenn í samræmi við gildandi lög og kjarasamninga þar um. Þegar um er að ræða störf sem falla utan gildissviðs kjarasamninga skal tryggja útlendingnum laun og önnur starfskjör til jafns við heimamenn.
d. Fyrir liggi að atvinnurekandi hafi sjúkratryggt útlending samkvæmt lögum um útlendinga.
e. Atvinnurekandi ábyrgist greiðslu á heimflutningi útlendings að starfstíma loknum, ef um er að ræða ráðningarslit sem starfsmaður á ekki sök á eða ef útlendingur verður óvinnufær um lengri tíma vegna veikinda eða slysa. Í ráðningarsamningi skal koma fram til hvaða lands heimflutningur nær.

Óheimilt er að veita atvinnuleyfi samkvæmt lögum þessum vegna starfa hjá starfsmannaleigum.

6. gr.

8. gr. laganna, ásamt fyrirsögn, orðast svo:

Tímabundið atvinnuleyfi vegna starfs sem krefst sérfræðiþekkingar.

Heimilt er að veita tímabundið atvinnuleyfi vegna tiltekins starfs hér á landi sem krefst sérfræðiþekkingar. Skilyrði fyrir veitingu atvinnuleyfis samkvæmt ákvæði þessu eru m.a. eftirfarandi:

a. skilyrði a–e-liða 1. mgr. 7. gr. séu uppfyllt,
b. útlendingur hafi gert ráðningarsamning við atvinnurekanda um að gegna tilteknu starfi sem krefst sérfræðiþekkingar enda sé ekki um að ræða tímabundið verkefni,
c. sérfræðiþekking útlendingsins sé nauðsynleg hlutaðeigandi fyrirtæki, og
d. sérfræðiþekking útlendingsins feli í sér háskóla-, iðn-, list- eða tæknimenntun sem viðurkennd er hér á landi. Vinnumálastofnun óskar staðfestingar á menntun útlendingsins með viðeigandi skilríkjum í samræmi við íslenskar reglur telji stofnunin slíkt nauðsynlegt.

Enn fremur er Vinnumálastofnun í undantekningartilvikum heimilt að veita tímabundið atvinnuleyfi samkvæmt ákvæði þessu ef viðkomandi útlendingur hefur yfir að ráða sérþekkingu sem jafna má við menntun skv. d-lið 1. mgr. Vinnumálastofnun óskar staðfestingar á sérþekkingu í samræmi við íslenskar reglur telji stofnunin slíkt nauðsynlegt. Að öðru leyti gildir ákvæði 1. mgr.

Þegar um er að ræða umsókn um atvinnuleyfi samkvæmt ákvæði þessu vegna starfs sem krefst háskólamenntunar er Vinnumálastofnun heimilt að víkja frá skilyrði a-liðar 1. mgr. 7. gr., sbr. a-lið 1. mgr.

Atvinnuleyfi samkvæmt ákvæði þessu sem veitt er í fyrsta skipti skal eigi veitt til lengri tíma en eins árs en þó aldrei til lengri tíma en sem nemur ráðningartímanum samkvæmt ráðningarsamningi. Heimilt er að framlengja það um allt að tvö ár í senn enda séu uppfyllt skilyrði 1. mgr. Við framlengingu þurfa skilyrði a-, d- og e-liða 1. mgr. 7. gr., sbr. a-lið 1. mgr., ekki að vera uppfyllt. Enn fremur er það skilyrði framlengingar atvinnuleyfisins að atvinnurekandi hafi staðið skil á staðgreiðslu skatta sem og tryggingagjaldi lögum samkvæmt vegna starfa útlendingsins.

Dveljist útlendingur hér á landi á grundvelli dvalarleyfis samkvæmt lögum um útlendinga er heimilt að sækja um atvinnuleyfi samkvæmt ákvæði þessu þegar hann er staddur á landinu.

Atvinnuleyfi samkvæmt ákvæði þessu getur orðið grundvöllur óbundins atvinnuleyfis skv. 17. gr.

7. gr.

Á eftir 8. gr. laganna koma fimm nýjar greinar, 9.–13. gr., ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi, og breytast greinanúmer samkvæmt því:

a. (9. gr.)

Tímabundið atvinnuleyfi vegna skorts á vinnuafli.

Heimilt er að veita tímabundið atvinnuleyfi vegna tiltekins starfs hér á landi þegar starfsfólk fæst hvorki á innlendum vinnumarkaði né innan Evrópska efnahagssvæðisins, í EFTA-ríkjum eða í Færeyjum. Skilyrði fyrir veitingu atvinnuleyfis samkvæmt ákvæði þessu eru m.a. að skilyrði 1. mgr. 7. gr. séu uppfyllt.

Vinnumálastofnun er heimilt að víkja frá skilyrði a-liðar 1. mgr. 7. gr. þegar atvinnurekandi sendir starfsmann sinn tímabundið til starfa við starfsstöð sína hér á landi enda er um að ræða starfsmann atvinnurekanda með ótímabundna ráðningu sem stjórnandi eða sérfræð-

ingur, sbr. 8. gr. laganna, við starfsstöð hans erlendis. Vinnumálastofnun óskar eftir rökstuðningi atvinnurekanda varðandi nauðsyn þess að viðkomandi útlendingur komi til starfa við starfsstöð hans hér á landi telji stofnunin slíkt nauðsynlegt.

Atvinnuleyfi samkvæmt ákvæði þessu sem veitt er í fyrsta skipti skal eigi veitt til lengri tíma en eins árs en þó aldrei til lengri tíma en sem nemur ráðningartímanum samkvæmt ráðningarsamningi. Heimilt er að framlengja atvinnuleyfið í allt að eitt ár til viðbótar enda séu skilyrði 1. mgr. uppfyllt. Við framlengingu þarf skilyrði d-liðar 1. mgr. 7. gr. ekki að vera uppfyllt. Enn fremur er það skilyrði framlengingar atvinnuleyfisins að atvinnurekandi hafi staðið skil á staðgreiðslu skatta sem og tryggingagjaldi lögum samkvæmt vegna starfa útlendingsins.

Heimilt er að veita framlengingu til lengri tíma en skv. 3. mgr. þegar um er að ræða skýrt afmarkaða og tímabundna verkframkvæmd sem tekur lengri tíma en þar greinir. Er þá heimilt að framlengja tímabundið atvinnuleyfi vegna starfa útlendings við verkframkvæmdina þar til að henni lýkur. Þegar sótt er um framlengingu á tímabundnu atvinnuleyfi vegna slíkra verkframkvæmda þarf að fylgja með áætlun um hvenær verkframkvæmdinni er ætlað að ljúka. Að öðru leyti eiga við skilyrði 3. mgr.

Heimilt er að veita tímabundið atvinnuleyfi að nýju samkvæmt ákvæði þessu vegna starfa útlendings sem áður hefur haft slíkt atvinnuleyfi í samtals tvö ár þegar útlendingurinn hefur dvalið erlendis samfellt í tvö ár frá lokum gildistíma síðasta leyfisins. Þetta ákvæði á þó ekki við þegar útlendingur starfar hér á landi skemur en sex mánuði á hverjum tólf mánuðum.

Atvinnuleyfi samkvæmt ákvæði þessu getur ekki orðið grundvöllur óbundins atvinnuleyfis skv. 17. gr.

b. (10. gr.)

Tímabundið atvinnuleyfi fyrir íþróttafólk.

Heimilt er að veita tímabundið atvinnuleyfi vegna starfa íþróttafólks hjá íþróttafélagi innan Íþrótta- og ólympíusambands Íslands. Skilyrði fyrir veitingu atvinnuleyfis samkvæmt ákvæði þessu eru m.a. að skilyrði c–e-liða 1. mgr. 7. gr. séu uppfyllt.

Atvinnuleyfi samkvæmt ákvæði þessu sem veitt er í fyrsta skipti skal eigi veitt til lengri tíma en eins árs en þó aldrei til lengri tíma en sem nemur ráðningartímanum samkvæmt ráðningarsamningi. Heimilt er að framlengja atvinnuleyfið um allt að eitt ár í senn enda séu skilyrði 1. mgr. uppfyllt. Við framlengingu þarf skilyrði d-liðar 1. mgr. 7. gr. ekki að vera uppfyllt. Enn fremur er það skilyrði framlengingar atvinnuleyfisins að viðkomandi íþróttafélag hafi staðið skil á staðgreiðslu skatta sem og tryggingagjaldi lögum samkvæmt vegna starfa útlendingsins.

Útlendingi sem veitt er atvinnuleyfi samkvæmt ákvæði þessu er óheimilt að sinna öðrum störfum á innlendum vinnumarkaði.

Atvinnuleyfi samkvæmt ákvæði þessu getur ekki orðið grundvöllur óbundins atvinnuleyfis skv. 17. gr.

c. (11. gr.)

Tímabundið atvinnuleyfi vegna sérstakra ástæðna.

Heimilt er að veita tímabundið atvinnuleyfi vegna tiltekins starfs hér á landi í undantekningartilvikum þegar eftirfarandi skilyrði eru m.a. uppfyllt:

a. útlendingi hafi áður verið veitt bráðabirgðadvalarleyfi, dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða samkvæmt lögum um útlendinga eða dvalarleyfi skv. 3. mgr. 11. gr. laga um útlendinga, og
b. skilyrði c- og d-liða 1. mgr. 7. gr. séu uppfyllt.

Atvinnuleyfi samkvæmt ákvæði þessu sem veitt er í fyrsta skipti skal eigi veitt til lengri tíma en eins árs en þó aldrei til lengri tíma en sem nemur gildistíma dvalarleyfis eða ráðningartíma samkvæmt ráðningarsamningi sé ráðningartími skemmri en gildistími dvalarleyfis. Heimilt er að framlengja tímabundið atvinnuleyfi um allt að eitt ár í senn enda séu skilyrði 1. mgr. uppfyllt. Við framlengingu þurfa skilyrði d-liðar 1. mgr. 7. gr., sbr. b-lið 1. mgr., ekki að vera uppfyllt. Enn fremur er það skilyrði framlengingar atvinnuleyfisins að atvinnurekandi hafi staðið skil á staðgreiðslu skatta sem og tryggingagjaldi lögum samkvæmt vegna starfa útlendingsins.

Dveljist útlendingur hér á landi á grundvelli dvalarleyfis samkvæmt lögum um útlendinga er heimilt að sækja um atvinnuleyfi samkvæmt ákvæði þessu þegar hann er staddur á landinu. Atvinnuleyfi samkvæmt ákvæði þessu sem tengist dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða, sbr. a-lið 1. mgr., getur orðið grundvöllur óbundins atvinnuleyfis skv. 17. gr.

d. (12. gr.)

Tímabundið atvinnuleyfi á grundvelli fjölskyldusameiningar.

Heimilt er að veita tímabundið atvinnuleyfi vegna starfa nánustu aðstandenda útlendings sem hefur tímabundið atvinnuleyfi skv. 8. gr. laganna, tímabundið atvinnuleyfi sem tengist dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða skv. 11. gr. laganna eða óbundið atvinnuleyfi að uppfylltum skilyrðum 1. mgr. 7. gr. Við veitingu atvinnuleyfis samkvæmt ákvæði þessu er þó heimilt að víkja frá skilyrðum a-, b- og e-liða 1. mgr. 7. gr. Skilyrði er að áður hafi verið veitt dvalarleyfi samkvæmt ákvæðum laga um útlendinga um dvalarleyfi fyrir aðstandendur.

Atvinnuleyfi skv. 1. mgr. skal eigi veitt til lengri tíma en eins árs en þó aldrei til lengri tíma en sem nemur gildistíma dvalarleyfis nánasta aðstandanda eða ráðningartíma samkvæmt ráðningarsamningi sé ráðningartími skemmri en gildistími dvalarleyfis. Heimilt er að framlengja það um allt að eitt ár í senn með sömu takmörkunum og þegar leyfið er veitt í fyrsta skipti enda séu skilyrði 1. mgr. uppfyllt. Við framlengingu þarf skilyrði d-liðar 1. mgr. 7. gr. ekki að vera uppfyllt. Enn fremur er það skilyrði framlengingar atvinnuleyfisins að atvinnurekandi hafi staðið skil á staðgreiðslu skatta sem og tryggingagjaldi lögum samkvæmt vegna starfa hlutaðeigandi.

Dveljist nánasti aðstandandi hér á landi á grundvelli dvalarleyfis fyrir aðstandendur samkvæmt lögum um útlendinga er heimilt að sækja um atvinnuleyfi samkvæmt ákvæði þessu þegar hann er staddur á landinu.

Atvinnuleyfi samkvæmt ákvæði þessu getur orðið grundvöllur óbundins atvinnuleyfis skv. 2. mgr. 17. gr. hafi útlendingi sem nánasti aðstandandi leiðir heimildir sínar af verið veitt óbundið atvinnuleyfi.

Börn sem dveljast hér á landi á grundvelli dvalarleyfis fyrir aðstandendur eða búsetuleyfis samkvæmt lögum um útlendinga er tímabundið heimilt að starfa hér á landi án atvinnuleyfa að átján ára aldri.

e. (13. gr.)

Tímabundið atvinnuleyfi vegna náms.

Heimilt er að veita tímabundið atvinnuleyfi vegna tiltekins starfs hér á landi sem er hluti af námi útlendings við íslenskan skóla. Skilyrði fyrir veitingu atvinnuleyfis samkvæmt ákvæði þessu eru m.a. eftirfarandi:

a. útlendingi hafi verið veitt dvalarleyfi vegna náms samkvæmt lögum um útlendinga,
b. starfið sé hluti af námi útlendingsins samkvæmt námskrá hlutaðeigandi skóla, og
c. fyrir liggi undirritaður námssamningur milli atvinnurekanda og útlendings til tiltekins tíma sem tryggi útlendingnum starfskjör til jafns við heimamenn í samræmi við gildandi lög og kjarasamninga.

Atvinnuleyfi sem veitt er samkvæmt ákvæði þessu skal að jafnaði ekki veitt til lengri tíma en sex mánaða í senn en þó aldrei til lengri tíma en sem nemur ráðningartíma samkvæmt námssamningi eða gildistíma dvalarleyfis vegna náms samkvæmt lögum um útlendinga. Heimilt er að framlengja það meðan á námstíma stendur og skilyrðum 1. mgr. er fullnægt. Enn fremur er það skilyrði framlengingar atvinnuleyfisins að atvinnurekandi hafi staðið skil á staðgreiðslu skatta sem og tryggingagjaldi lögum samkvæmt vegna starfa útlendingsins.

Þegar útlendingur hefur lokið námi við íslenskan skóla sem felur í sér háskóla-, iðn-, list- eða tæknimenntun er heimilt að veita atvinnuleyfi skv. 1. mgr. 8. gr. vegna tiltekins starfs er tengist menntun hans. Er þá heimilt að víkja frá skilyrðum d- og e-liða 1. mgr. 7. gr., sbr. a-lið 1. mgr. 8. gr.

Dveljist útlendingur hér á landi á grundvelli dvalarleyfis samkvæmt lögum um útlendinga er heimilt að sækja um atvinnuleyfi samkvæmt ákvæði þessu þegar hann er staddur á landinu.

Atvinnuleyfi samkvæmt ákvæði þessu getur ekki orðið grundvöllur óbundins atvinnuleyfis skv. 17. gr.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna sem verður 15. gr.:

a. Í stað orðanna „c–f-liðar“ í 1. mgr. kemur: c–e-liðar.
b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

   Atvinnuleyfi samkvæmt ákvæði þessu getur ekki orðið grundvöllur óbundins atvinnuleyfis skv. 17. gr.
c. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Tímabundið atvinnuleyfi til sérhæfðra starfsmanna á grundvelli þjónustusamninga.*

9. gr.

11.–13. gr. laganna falla brott.

10. gr.

Á eftir 10. gr., sem verður 15. gr., koma sex nýjar greinar, 16.–21. gr., ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi, og breytast greinanúmer samkvæmt því:

a. (16. gr.)

Nýr atvinnurekandi.

Heimilt er að veita nýtt tímabundið atvinnuleyfi samkvæmt ákvæðum 8.–13. gr. eftir því sem við á vegna tiltekins starfs útlendings hjá öðrum atvinnurekanda en þeim er fyrra leyfið var skilyrt við. Útlendingi er óheimilt að hefja störf hjá hinum nýja atvinnurekanda áður en

atvinnuleyfi hefur verið veitt, sbr. þó 4. mgr. 19. gr. Tímabundið atvinnuleyfi sem gefið er út samkvæmt ákvæði þessu skal aldrei hafa lengri gildistíma en fyrra leyfi og samanlagður starfstími á grundvelli tímabundinna atvinnuleyfa skv. 9. gr. skal aldrei vera lengri en tvö ár.

Yfirlýsing um ráðningarslit milli útlendings og fyrri atvinnurekanda skal fylgja með umsókn skv. 1. mgr. ásamt skriflegum ráðningarsamningi milli útlendings og hins nýja atvinnurekanda.

b. (17. gr.)

Óbundið atvinnuleyfi.

Heimilt er að veita útlendingi óbundið atvinnuleyfi þegar eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a. útlendingur hafi öðlast búsetuleyfi hér á landi samkvæmt lögum um útlendinga,
b. fyrir liggi skriflegur ráðningarsamningur milli útlendings og atvinnurekanda, og
c. útlendingi hafi áður verið veitt tímabundið atvinnuleyfi skv. 8. gr. eða tímabundið atvinnuleyfi sem tengist dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða skv. 11. gr.

Heimilt er að veita nánasta aðstandanda útlendings með óbundið atvinnuleyfi sem uppfyllir skilyrði a- og b-liðar 1. mgr. óbundið atvinnuleyfi.

Heimilt er að veita börnum sem hafa öðlast búsetuleyfi hér á landi samkvæmt lögum um útlendinga fyrir átján ára aldur óbundið atvinnuleyfi við átján ára aldur.

Óbundið atvinnuleyfi fellur niður þegar útlendingur hefur dvalist erlendis samfellt lengur en átján mánuði. Vinnumálastofnun tekur ákvörðun um að fella leyfi úr gildi. Vinnumálastofnun er þó heimilt að fenginni umsókn að veita undanþágu frá tímamörkum 1. málsl. þannig að útlendingur haldi óbundnu atvinnuleyfi þrátt fyrir lengri dvöl erlendis.

c. (18. gr.)

Tímabundin atvinnuleyfi á grundvelli samninga við önnur ríki.

Heimilt er að veita tímabundið atvinnuleyfi til maka, samvistarmaka eða sambúðarmaka erlends sendimanns og barna hans undir 21 árs aldri á grundvelli samnings íslenskra stjórnvalda þar að lútandi við önnur ríki enda hafi maki, samvistarmaki eða sambúðarmaki eða börn hans gilt dvalarleyfi á grundvelli þjóðréttarsamnings.

Heimilt er að veita útlendingum á aldrinum 18 til 26 ára tímabundin atvinnuleyfi hér á landi að hámarki til eins árs á grundvelli samninga íslenskra stjórnvalda við önnur ríki um störf ríkisborgara þeirra hér á landi í þeim tilgangi að kynna sér landið og menningu þess. Tímabundið atvinnuleyfi á grundvelli slíks samnings er ekki skilyrt við störf hjá tilteknum atvinnurekanda. Skilyrði er að útlendingnum hafi ekki áður verið veitt atvinnuleyfi á grundvelli slíks samnings hér á landi. Óheimilt er að framlengja slík atvinnuleyfi.

Félagsmálaráðherra er heimilt að setja nánari skilyrði fyrir atvinnuleyfum samkvæmt ákvæði þessu í reglugerð.

d. (19. gr.)

Meðferð umsóknar um atvinnuleyfi.

Atvinnurekandi sem óskar eftir að ráða útlending tímabundið til starfa skal sækja um tímabundið atvinnuleyfi til Vinnumálastofnunar fyrir hönd útlendingsins áður en útlendingurinn kemur til landsins í fyrsta skiptið til starfa nema kveðið sé á um annað í lögum þessum. Hið sama á við þegar útlendingur hefur dvalist erlendis í a.m.k. sex mánuði frá þeim tíma er áður útgefið atvinnuleyfi féll úr gildi enda hafi honum ekki verið veitt leyfi Útlendingastofnunar til að dveljast hér á landi. Umsóknin skal vera skrifleg á þar til gerðum eyðublöðum og skulu

atvinnurekandi og útlendingur undirrita hana. Umsókninni skulu fylgja öll þau gögn og vottorð sem Vinnumálastofnun gerir kröfu um til staðfestingar á að uppfyllt séu þau skilyrði sem lög og reglugerðir kveða á um, þar á meðal skriflegur ráðningarsamningur milli útlendings og atvinnurekanda sem báðir aðilar hafa undirritað.

Vinnumálastofnun er heimilt að taka til meðferðar umsókn um tímabundið atvinnuleyfi á grundvelli 8. gr. og 2. mgr. 9. gr. á undan öðrum umsóknum um atvinnuleyfi sem hafa borist stofnuninni enda liggi fyrir undirritaður ráðningarsamningur milli atvinnurekanda og útlendings.

Atvinnurekandi sem óskar eftir að framlengja ráðningu útlendings skal sækja um framlengingu tímabundins atvinnuleyfis fyrir hönd útlendingsins eigi síðar en fjórum vikum áður en fyrra leyfi fellur úr gildi. Umsóknin skal vera skrifleg á þar til gerðum eyðublöðum og skulu atvinnurekandi og útlendingur undirrita hana. Umsókninni skulu fylgja öll þau gögn og vottorð sem Vinnumálastofnun gerir kröfu um til staðfestingar á að uppfyllt séu þau skilyrði sem lög og reglugerðir kveða á um, þar á meðal skriflegur ráðningarsamningur milli útlendings og atvinnurekanda sem báðir aðilar hafa undirritað.

Útlendingi, sem hefur gilt dvalarleyfi á grundvelli laga um útlendinga, er heimilt að halda starfi sínu áfram á afgreiðslutíma umsóknar um framlengingu tímabundins atvinnuleyfis enda hafi umsóknin borist Vinnumálastofnun innan frestsins skv. 3. mgr. Hafi umsókn borist síðar tekur Vinnumálastofnun ákvörðun um heimild útlendingsins til að halda starfi sínu áfram á afgreiðslutíma umsóknar enda liggi fyrir ákvörðun Útlendingastofnunar um að útlendingi sé heimilt að dvelja hér á landi á þeim tíma. Hið sama gildir þegar nýr atvinnurekandi sækir um tímabundið atvinnuleyfi fyrir útlending skv. 16. gr. eftir því sem við getur átt.

Útlendingur skal sækja um óbundið atvinnuleyfi skv. 17. gr. eigi síðar en fjórum vikum áður en fyrra leyfi fellur úr gildi. Umsóknin skal vera skrifleg á þar til gerðum eyðublöðum og skulu fylgja henni öll þau gögn og vottorð sem Vinnumálastofnun gerir kröfu um til staðfestingar á að uppfyllt séu þau skilyrði sem lög og reglugerðir kveða á um, þar á meðal skriflegur ráðningarsamningur milli umsækjanda og atvinnurekanda sem báðir hafa undirritað. Hafi umsókn borist síðar tekur Vinnumálastofnun ákvörðun um heimildir útlendingsins til að halda starfi sínu áfram á afgreiðslutíma umsóknar enda liggi fyrir ákvörðun Útlendingastofnunar um að útlendingi sé heimilt að dveljast hér á landi á þeim tíma.

Heimilt er að synja um veitingu atvinnuleyfis vegna starfa hjá atvinnurekanda sem áður hefur gerst sekur um að hafa ráðið útlending til starfa án tilskilins atvinnuleyfis samkvæmt lögum þessum þrátt fyrir að skilyrði þeirra séu uppfyllt. Hið sama gildir um útlending sem hefur gerst sekur um að ráða sig til starfa án tilskilins atvinnuleyfis samkvæmt lögum þessum.

Þegar Vinnumálastofnun hefur tekið efnislega ákvörðun á grundvelli umsóknar um atvinnuleyfi samkvæmt lögum þessum skal stofnunin tilkynna um það til Útlendingastofnunar og aðila máls.

e. (20. gr.)

Útgáfa atvinnuleyfa.

Atvinnuleyfi er gefið út á nafn útlendingsins eftir að hann er kominn til landsins og er útlendingurinn handhafi leyfisins. Tímabundið atvinnuleyfi er skilyrt við starf hjá tilteknum atvinnurekanda, sbr. þó 2. mgr. 18. gr., og er útlendingi óheimilt að hefja störf hjá öðrum atvinnurekanda áður en nýtt leyfi hefur verið gefið út, sbr. þó 4. mgr. 19. gr. Í skilríkjum um tímabundið atvinnuleyfi skal m.a. koma fram nafn og kennitala útlendings, ríkisfang hans,

nafn atvinnurekanda og gildistími leyfisins. Sömu upplýsingar skulu koma fram í skilríkjum um óbundið atvinnuleyfi en þar skal þó ekki tilgreina atvinnurekanda útlendings.

Útlendingur skal hafa skilríki skv. 1. mgr. ávallt meðferðis og sýna þau krefjist lögregla þess.

Félagsmálaráðherra getur sett nánari reglur í reglugerð um útgáfu atvinnuleyfa samkvæmt ákvæði þessu í samræmi við stefnu stjórnvalda hverju sinni, svo sem um samstarf Vinnumálastofnunar og Útlendingastofnunar, að fenginni umsögn dómsmálaráðherra.

f. (21. gr.)

Starfslok.

Atvinnurekandi skal tilkynna Vinnumálastofnun þegar útlendingur sem hefur tímabundið atvinnuleyfi samkvæmt lögum þessum lætur af störfum hjá honum áður en gildistími leyfisins er liðinn.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna sem verður 22. gr.:

a. A-liður orðast svo: Ríkisborgarar í aðildarríkjum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og samnings milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar og aðrir útlendingar sem falla undir reglur framangreindra samninga, með þeim takmörkunum sem þar greinir og nánar skal kveðið á um í reglugerð.
b. C-liður orðast svo: Erlendir makar eða samvistarmakar íslenskra ríkisborgara og börn þeirra að átján ára aldri sem eru í forsjá og á framfæri þeirra.
c. Við bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Útlendingar sem hafa fengið dvalarleyfi sem flóttamenn samkvæmt lögum um útlendinga.

12. gr.

16. gr. laganna, sem verður 24. gr., orðast svo:

Vinnumálastofnun er heimilt að afturkalla atvinnuleyfi ef útlendingur eða atvinnurekandi hefur við umsókn, gegn betri vitund, veitt rangar upplýsingar eða leynt atvikum sem hefðu getað haft verulega þýðingu við leyfisveitinguna. Enn fremur er Vinnumálastofnun heimilt að afturkalla atvinnuleyfi þegar skilyrðum fyrir veitingu atvinnuleyfis samkvæmt lögum þessum er ekki lengur fullnægt, svo sem þegar útlendingur hefur starfað hjá öðrum atvinnurekanda en atvinnuleyfi hans er skilyrt við, eða það leiðir að öðru leyti af almennum stjórnsýslureglum.

13. gr.

16. gr. a laganna, sem verður 25. gr., orðast svo:

Vinnumálastofnun og lögreglu er heimil vinnsla persónuupplýsinga, þar á meðal þeirra sem viðkvæmar geta talist, að því marki sem slík vinnsla telst nauðsynleg við framkvæmd laganna.

Að því marki sem nauðsynlegt er til að tryggja að útlendingar starfi löglega hér á landi er heimilt við vinnslu persónuupplýsinga að samkeyra upplýsingar Vinnumálastofnunar, Útlendingastofnunar, lögreglu, skattyfirvalda og þjóðskrár. Slíkar samkeyrslur skulu gerðar án þess að upplýsingar úr skrám einstakra stofnana séu sendar öðrum stofnunum umfram það sem nauðsynlegt er til skoðunar á fyrir fram skilgreindu athugunarefni. Að öðru leyti fer um

meðferð persónuupplýsinga samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Fái Vinnumálastofnun upplýsingar sem gefa til kynna að brotið sé gegn íslenskum lögum og reglum er stofnuninni heimilt að afhenda hlutaðeigandi eftirlitsstjórnvaldi eða lögreglu, eftir atvikum, upplýsingarnar.

14. gr.

Á eftir 16. gr. a laganna, sem verður 25. gr., kemur ný grein, 26. gr, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi, og breytast greinanúmer samkvæmt því:

Eftirlit Vinnumálastofnunar og lögreglu.

Lögregla og Vinnumálastofnun hafa eftirlit með framkvæmd laganna. Atvinnurekandi skal veita lögreglu og Vinnumálastofnun aðgang að skjölum eða öðrum gögnum sem nauðsynleg eru til að sýna fram á að ekki hafi verið brotið gegn lögunum. Útlendingur og atvinnurekandi skulu gefa allar aðrar nauðsynlegar upplýsingar í tengslum við eftirlitið.

Lögreglu skal veittur aðgangur að vinnustöðvum atvinnurekanda í þeim tilgangi að kanna hvort atvinnurekandi og útlendingur sem starfar hjá honum fari að lögum þessum. Lögreglan skal sýna skilríki um starf sitt.

Útlendingur skal að kröfu lögreglu sýna skilríki um að honum sé heimilt að starfa hér á landi og, ef þörf er á, veita upplýsingar svo að ljóst sé hver hann er, m.a. til að sýna fram á að hann sé undanþeginn kröfu um atvinnuleyfi samkvæmt lögum þessum þegar við á.

Lögreglu er heimilt að krefja aðra starfsmenn sem starfa eða hafa starfað einhvern tíma á síðustu þremur mánuðum hjá viðkomandi atvinnurekanda um nauðsynlegar upplýsingar í tengslum við eftirlitið.

15. gr.

24. gr. laganna, sem verður 34. gr., orðast svo:

Atvinnurekanda og útlendingi er sameiginlega heimilt að kæra ákvarðanir Vinnumálastofnunar um synjun eða afturköllun tímabundins atvinnuleyfis til félagsmálaráðuneytis og skulu þeir báðir undirrita stjórnsýslukæruna. Þeir geta þó veitt öðrum umboð sitt til að fara með málið fyrir sína hönd. Útlendingi er heimilt að kæra ákvarðanir stofnunarinnar um synjun eða afturköllun óbundins atvinnuleyfis.

Kærufrestur er fjórar vikur frá því að tilkynning barst um ákvörðun Vinnumálastofnunar. Kæra telst fram komin innan kærufrests ef bréf sem hefur hana að geyma hefur borist ráðuneytinu eða verið afhent póstþjónustu áður en fresturinn er liðinn.

Stjórnsýslukæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar Vinnumálastofnunar og skal útlendingur dveljast erlendis meðan á afgreiðslu kæru stendur enda hafi honum ekki verið veitt leyfi Útlendingastofnunar til að dveljast hér á landi.

Félagsmálaráðuneytið skal leitast við að kveða upp úrskurð innan tveggja mánaða frá því að ráðuneytinu berst mál til úrskurðar.

Að öðru leyti fer um málsmeðferð samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

16. gr.

Á eftir 25. gr. laganna, sem verður 35. gr., kemur ný grein, 36. gr., ásamt fyrirsögn, svohljóðandi, og breytast greinanúmer samkvæmt því:

Gildi milliríkjasamninga.

Við framkvæmd laga þessara skal hafa hliðsjón af efni milliríkjasamninga um atvinnuréttindi útlendinga sem Ísland er aðili að.

17. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Tímabundin atvinnuleyfi sem veitt hafa verið fyrir gildistöku laga þessara halda gildi sínu á gildistíma þeirra. Heimilt er að framlengja tímabundin atvinnuleyfi sem veitt voru fyrir gildistöku laganna að sömu skilyrðum uppfylltum og giltu um veitingu upphaflega leyfisins. Tímabundin atvinnuleyfi sem gátu verið grundvöllur óbundins atvinnuleyfis skv. 11. gr. laga nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga, fyrir gildistíð þessara laga, skulu áfram teljast grundvöllur óbundins atvinnuleyfis samkvæmt lögum þessum.

Óbundin atvinnuleyfi sem veitt hafa verið fyrir gildistöku laga þessara halda gildi sínu.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, með síðari breytingum.

18. gr.

Á eftir tilvísuninni „nr. 2434/92/EBE“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: og tilskipun nr. 2004/38/EB.

19. gr.

Á eftir 1. gr. laganna kemur ný grein, 1. gr. a, svohljóðandi:

Aðstandandi ríkisborgara EES-ríkis eða EFTA-ríkis sem dvelur löglega hér á landi á rétt til að ráða sig til starfa eða að starfa sem sjálfstætt starfandi einstaklingur á íslenskum vinnumarkaði óháð þjóðerni.

Aðstandendur ríkisborgara EES-ríkis eða EFTA-ríkis skv. 1. mgr. eru:

a. maki, sambúðarmaki eða samvistarmaki,
b. niðji hans og/eða maka hans, ef niðjinn er yngri en 21 árs eða á þeirra framfæri,
c. ættmenni hans eða maka hans, í beinan legg, sem er á framfæri þeirra.

20. gr.

Í stað orðanna „10. og 11. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1612/68“ í ákvæði til bráðabirgða I kemur: 1. gr. a laganna.

21. gr.

Í stað orðanna „10. og 11. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1612/68“ í ákvæði til bráðabirgða II kemur: 1. gr. a laganna.

22. gr.

Fylgiskjal með lögunum, sbr. 2. mgr. 1. gr. þeirra, orðast svo:

Ákvæði reglugerðar um frelsi launþega til flutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins nr. 1612/68/EBE, eins og henni er breytt með reglugerðum nr. 312/76/EBE og nr. 2434/

92/EBE og tilskipun 2004/38/EB, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af V. viðauka, bókun 1 við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og öðrum ákvæðum hans.*

** Aðlögun reglugerðarinnar er með fyrirvara um framkvæmd EFTA-ríkjanna á einstökum þáttum hennar, sbr. t.d. d-lið 4. tölul. bókunar 1.*

I. HLUTI
Atvinna og fjölskyldur launþega.
I. BÁLKUR
Aðgangur að vinnumarkaði.

1. gr.

1. Sérhver ríkisborgari EES-ríkis skal, óháð búsetu, hafa rétt til að ráða sig til vinnu sem launþegi og rækja það starf á yfirráðasvæði annars EES-ríkis í samræmi við þau ákvæði í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum er taka til atvinnumála ríkisborgara aðildarríkisins.

2. Hann skal m.a. njóta þeirra réttinda að ráða sig til vinnu á yfirráðasvæði annars EES-ríkis með sama forgangsrétti og ríkisborgarar þess ríkis.

2. gr.

Sérhver ríkisborgari EES-ríkis og sérhver vinnuveitandi sem rekur starfsemi á yfirráðasvæði EES-ríkis geta skipst á umsóknum og tilboðum um atvinnu og geta komið sér saman um og framkvæmt ráðningarsamninga í samræmi við ákvæði gildandi laga eða stjórnsýslufyrirmæla án þess að það leiði til nokkurrar mismununar.

3. gr.

1. Samkvæmt þessari reglugerð skulu ákvæði í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum EES-ríkis ekki gilda í þeim tilvikum:

- þar sem þau takmarka umsóknir og framboð á atvinnu eða rétt erlendra ríkisborgara til að fá og stunda atvinnu eða setja þeim önnur skilyrði en þau sem gilda um þeirra eigin ríkisborgara eða
- þar sem meginmarkmið eða áhrif þeirra eru að halda ríkisborgurum annarra EES-ríkja frá atvinnu sem til boða stendur enda þótt það taki ekki til þjóðernis.

Þetta ákvæði á ekki við í þeim tilvikum þar sem tungumálakunnátta skiptir máli vegna eðlis starfsins sem um er að ræða.

2. Þetta skal einkum og sér í lagi ná til þeirra ákvæða eða venju EES-ríkis samkvæmt fyrstu undirgrein 1. mgr. sem:

a. mæla fyrir um sérstakar reglur um ráðningar erlendra ríkisborgara;
b. takmarka eða draga úr auglýsingum í blöðum eða öðrum fjölmiðlum á lausum störfum eða binda þau öðrum skilmálum en þeim sem gilda fyrir atvinnurekendur á yfirráðasvæði aðildarríkisins;
c. binda aðgang að vinnumarkaðinum við skráningu á ráðningarskrifstofum eða hindra ráðningu einstakra launþega þegar um er að ræða fólk sem ekki býr á yfirráðasvæði þess aðildarríkis sem í hlut á.

4. gr.

1. Ákvæði í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum EES-ríkis sem takmarka fjölda eða hundraðshluta erlendra ríkisborgara í fyrirtækjum, starfsgrein eða á tilteknu svæði eða á landsmælikvarða skulu ekki gilda um ríkisborgara annarra EES-ríkja.

2. Þegar ívilnun til fyrirtækja í EES-ríki er bundin við ákveðið lágmarkshlutfall innlendra launþega skal litið á ríkisborgara annarra EES-ríkja sem innlenda samkvæmt ákvæði í tilskipun ráðsins frá 15. október 1963.[1)]

[1)] *Stjtíð. EB nr. 159, 2. nóvember 1963, bls. 2661/63.*

5. gr.

Ríkisborgari aðildarríkis, sem sækir um atvinnu í öðru EES-ríki, skal njóta sömu aðstoðar þar og vinnumiðlun þess ríkis veitir innlendum ríkisborgurum sem eru í atvinnuleit.

6. gr.

1. Ráðning og skráning ríkisborgara eins EES-ríkis í stöðu í öðru EES-ríki skal ekki vera háð neinum skilyrðum er varða heilsufar, sérþekkingu eða annað það sem gerir honum lægra undir höfði í samanburði við innlenda ríkisborgara sem gegna sama starfi í hinu EES-ríkinu.

2. Engu að síður getur ríkisborgari, sem hefur undir höndum persónulegt starfstilboð frá vinnuveitanda í öðru EES-ríki en sínu eigin, þurft að fara í hæfnispróf hafi vinnuveitandinn sett það sem skilyrði með tilboðinu.

II. BÁLKUR
Atvinna og jafnræði við málsmeðferð.

7. gr.

1. Ekki er heimilt að láta launþega, sem er ríkisborgari annars EES-ríkis en þess sem hann starfar í, gjalda þjóðernis síns hvað viðvíkur ráðningar- og vinnuskilyrðum, einkum og sér í lagi hvað varðar launakjör, uppsögn úr starfi og, komi til atvinnumissis, endurskipun eða endurráðningu.

2. Hann skal njóta sömu félagslegra réttinda og skattaívilnana og innlendir launþegar.

3. Hann skal einnig í krafti sama réttar og með sömu skilyrðum hafa sama aðgang og innlendir launþegar að þjálfun í skólum er tengjast atvinnulífinu og endurmenntunarstöðvum.

4. Öll ákvæði í kjarasamningum eða ráðningarsamningum eða öðrum almennum reglugerðum sem varða aðgang að atvinnu og öll önnur starfsskilyrði eða uppsagnarákvæði eru ógild og að engu hafandi að svo miklu leyti sem þau mæla fyrir um eða heimila mismunun launþega sem eru ríkisborgarar annarra EES-ríkja.

8. gr.

Launþegi, sem er ríkisborgari EES-ríkis og starfar á yfirráðasvæði annars EES-ríkis, skal njóta jafnræðis við málsmeðferð hvað varðar aðild að stéttarfélögum og njóta þess réttar er hún veitir, að meðtöldum réttinum til að greiða atkvæði og til að gegna stjórnar- og stjórnunarstörfum fyrir stéttarfélagið;[1)] það má meina honum að eiga sæti í stjórn nefnda sem lúta ríkisrétti eða að gegna stöðu sem er bundin af ríkisrétti. Enn fremur á hann rétt á að taka sæti í fulltrúaráði launþega við fyrirtæki. Ákvæði þessarar greinar skulu ekki hafa áhrif á lög eða reglugerðir í tilteknum EES-ríkjum sem veita launþegum sem koma frá öðrum EES-ríkjum meiri rétt.

[1)] *Rg. 312/76/EBE.*

9. gr.

1. Launþegi sem er ríkisborgari EES-ríkis og starfar á yfirráðasvæði annars EES-ríkis skal njóta allra sömu réttinda og ívilnana og innlendir launþegar hvað viðvíkur húsnæði; það á einnig við um eignarrétt á húsnæði sem hann þarf á að halda.

2. Slíkur launþegi getur, með sama rétti og innlendir ríkisborgarar, látið skrá sig hjá húsnæðismiðlun á því svæði þar sem hann starfar, fari slík skráning fram, og skal hann njóta viðeigandi ívilnana og forréttinda.

Hafi fjölskylda hans orðið eftir í landinu sem hann kom frá skal einnig tekið tillit til hennar í þessu sambandi eins og hún væri búsett á viðkomandi svæði, að því tilskildu að innlendir launþegar njóti svipaðra fríðinda.

III. BÁLKUR
Fjölskyldur launþega.

10. gr.[1)]

...

11. gr.[1)]

...

[1)] *Tilsk.2004/38/EB.*

12. gr.

Börn ríkisborgara EES-ríkis, sem er eða hefur verið ráðinn til vinnu á yfirráðasvæði annars EES-ríkis, skulu eiga rétt á almennri skólagöngu í því ríki, námsvist og starfsþjálfunarnámskeiðum með sömu skilyrðum og ríkisborgarar þess ríkis, að því tilskildu að börnin búi þar.

EES-ríkin skulu leggja sig fram um að gera þessum börnum kleift að stunda námið við ákjósanlegustu skilyrði.

II. HLUTI
Atvinnuframboð og atvinnuumsóknir.
I. BÁLKUR
Samvinna á milli EFTA-ríkja og við fastanefnd EFTA.

13. gr.

1. EFTA-ríkin eða fastanefnd EFTA skulu stofna til eða í sameiningu gera hverjar þær kannanir á atvinnutækifærum eða atvinnuleysi sem þau telja nauðsynlegar til að tryggja frelsi launþega til flutninga innan EES. Aðalvinnumiðlanirnar í EFTA-ríkjunum skulu eiga náið samstarf sín á milli og við fastanefnd EFTA með það að markmiði að hafa samráð um ráðningu í lausar stöður og meðferð atvinnuumsókna innan EES og yfirlit um hverjir hljóta stöður.

2. Í þessu skyni skulu EFTA-ríkin tilnefna sérstakar þjónustuskrifstofur og ber þeim að skipuleggja þá starfsemi sem að ofan er getið og hafa samráð sín á milli og við fastanefnd EFTA. EFTA-ríkjunum ber að tilkynna fastanefnd EFTA um allar breytingar sem verða á tilnefningu aðila til slíkrar þjónustu og skal fastanefnd EFTA birta nákvæmar upplýsingar um þær í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópubandalagsins.

14. gr.

1. EFTA-ríkin skulu senda fastanefnd EFTA og eftirlitsstofnun EFTA upplýsingar um vandamál sem upp kunna að koma í sambandi við frelsi til flutninga og atvinnumál launþega og nákvæmt yfirlit yfir stöðu og þróun atvinnulífs.[1)]

2. Fastanefnd EFTA skal, að teknu fyllsta tilliti til álits umsjónarnefndarinnar, ákvarða með hvaða hætti upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr., skuli settar fram.

3. Í samræmi við þær starfsaðferðir, sem fastanefnd EFTA ákveður að teknu fyllsta tilliti til álits umsjónarnefndarinnar,[1)] skal þjónustuskrifstofa hvers EFTA-ríkis senda til þjónustuskrifstofa hinna EFTA-ríkjanna og til fastanefndar EFTA upplýsingar um lífskjör og vinnuskilyrði og ástand vinnumarkaðar sem líklegar eru til að koma launþegum frá öðrum EFTA-ríkjum að gagni. Upplýsingarnar skal endurskoða reglulega. Þjónustuskrifstofurnar í hinum EFTA-ríkjunum skulu tryggja að slíkar upplýsingar séu vel kynntar, m.a. með því að dreifa þeim á meðal viðeigandi vinnumiðlana og koma þeim á framfæri með öllum tiltækum ráðum við þá launþega sem hlut eiga að máli.

[1)] *Rg. 2434/92/EBE.*

II. BÁLKUR
Ráðstöfun lausra starfa.

15. gr.[1)]

1. Þjónustuskrifstofa hvers EFTA-ríkis skal senda reglulega til þjónustuskrifstofa hinna EFTA-ríkjanna og til fastanefndar EFTA:

a. upplýsingar um laus störf sem ríkisborgarar hinna aðildarríkja EES geta hugsanlega gegnt;
b. upplýsingar um laus störf sem boðin eru fram í ríkjum utan EES;
c. upplýsingar um atvinnuumsóknir fólks sem hefur lýst sig reiðubúið til að starfa í öðru EES-ríki;
d. upplýsingar, sundurliðaðar eftir svæðum og greinum, um umsækjendur sem hafa í raun lýst sig reiðubúna til að taka atvinnutilboði í öðru landi.

Þjónustuskrifstofa hvers EFTA-ríkis skal senda slíkar upplýsingar áfram til viðkomandi vinnumiðlana og vinnumálaskrifstofa eins fljótt og kostur er.

2. Upplýsingum um lausar stöður og umsóknir, sem um getur í 1. mgr., skal dreift samkvæmt samræmdu heildarkerfi sem fastanefnd EFTA skal koma á fót, í samvinnu við umsjónarnefndina. Ef nauðsynlegt reynist getur fastanefnd EFTA aðlagað þetta kerfi í samvinnu við umsjónarnefndina.

[1)] *Rg. 2434/92/EBE.*

16. gr.[1)]

1. Þar til bærar vinnumiðlanir hinna EFTA-ríkjanna skulu láta tilkynningar berast um sérhvert laust starf í skilningi 15. gr. sem er tilkynnt til vinnumiðlana EES-ríkis og vinna úr þeim. Þessir aðilar skulu senda vinnumiðlunum fyrstnefnda EFTA-ríkisins upplýsingar um gildar umsóknir.

2. Viðkomandi vinnumiðlanir EFTA-ríkjanna skulu svara atvinnuumsóknunum sem um getur í c-lið 1. mgr. 15. gr. innan hæfilegs frests sem sé eigi lengri en einn mánuður.

3. Vinnumiðlanirnar skulu veita launþegum, sem eru ríkisborgarar annarra EES-ríkja, sömu forréttindi og gert er ráð fyrir samkvæmt viðeigandi ráðstöfunum að innlendir ríkisborgarar njóti miðað við launþega sem eru ríkisborgarar landa utan EES.

[1)] *Rg. 2434/92/EBE.*

17. gr.

1. Þjónustuskrifstofurnar skulu annast framkvæmd ákvæða 16. gr. Hins vegar, að svo miklu leyti sem höfuðstöðvarnar heimila og að svo miklu leyti sem skipulag vinnumiðlana í EFTA-ríki og úthlutunaraðferðir leyfa:

a. skulu svæðisbundnar vinnumiðlanir EFTA-ríkis:
   i. á grundvelli upplýsinganna[1)] sem getið er í 15. gr. og viðeigandi aðgerðir byggjast á, safna saman og ráðstafa lausum störfum og atvinnuumsóknum;
   ii. koma á beinum tengslum við ráðstöfun:
      – starfa sem boðin hafa verið tilteknum launþega;
      – einstakra atvinnuumsókna sem sendar hafa verið annaðhvort til sérstakra vinnumiðlana eða til vinnuveitanda sem rækir starfsemi á því svæði sem miðlunin nær til;
      – starfa til handa árstíðabundnu vinnuafli sem ráða verður eins skjótt og auðið er;
b. skulu vinnumiðlanir, sem ná til svæða sem liggja að landamærum tveggja eða fleiri EFTA-ríkja, skiptast reglulega á gögnum er varða laus störf og óafgreiddar atvinnuumsóknir á þeirra svæði og með sama hætti og gert er gagnvart öðrum vinnumiðlunum í löndum þeirra miðla og ráðstafa lausum störfum og atvinnuumsóknum;

   ef nauðsynlegt reynist skulu vinnumiðlanir, sem ná til svæða sem liggja að landamærum, einnig koma á samvinnu- og þjónustukerfi með það í huga að geta boðið:
   i. notendum eins miklar hagnýtar upplýsingar um hinar ýmsu hliðar flutningafrelsisins og hægt er og
   ii. stofnunum vinnumarkaðarins, félagsmálastofnunum (m.a. opinberum, einkareknum og þeim sem nýtast almenningi) og öllum stofnunum sem málið varðar, samþættar ráðstafanir er tengjast frelsi til flutninga;[1)]
c. skulu opinberar vinnumiðlanir, sem sérhæfa sig í tilteknum starfsgreinum eða láta sig varða sérstaka hópa fólks, eiga beina samvinnu hver við aðra.

2. EFTA-ríkin, sem hlut eiga að máli, skulu senda fastanefnd EFTA skrá, sem samráð er haft um, yfir þær stofnanir sem um getur í 1. mgr.; fastanefnd EFTA skal birta þessa skrá ásamt þeim breytingum sem kunna að verða á henni í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópubandalagsins.

[1)] *Rg. 2434/92/EBE.*

18. gr.

Ekki er skylt að taka upp þær ráðningaraðferðir sem framkvæmdaraðilar beita og kveðið er á um í samkomulagi sem tvö eða fleiri EES-ríki gera sín á milli.

III. BÁLKUR
Leiðir til að hafa eftirlit með jafnvægi á vinnumarkaðinum.

19. gr.

1. Á grundvelli skýrslu frá fastanefnd EFTA, sem unnin er úr upplýsingum frá EFTA-ríkjunum, skulu EFTA-ríkin og fastanefnd EFTA kanna sameiginlega minnst einu sinni á ári árangur aðgerða EES vegna lausra starfa og atvinnuumsókna.[1)]

2. EES-ríkin skulu ásamt fastanefnd EFTA kanna öll tiltæk ráð til að veita ríkisborgurum aðildarríkjanna forgang þegar ráðið er í lausar stöður til að leitast við að koma á jafnvægi milli framboðs og umsókna um störf innan EES. Þau skulu beita öllum tiltækum ráðum í þessu skyni.

3. Annað hvert ár skal fastanefnd EFTA leggja fram skýrslu um framkvæmd II. hluta þessarar reglugerðar þar sem gerð er grein fyrir þeim upplýsingum sem hafa borist og niðurstöðum athugana og rannsókna sem hafa farið fram með sérstakri áherslu á gagnlegar upplýsingar er varða þróun vinnumarkaðarins á Evrópska efnahagssvæðinu.[1)]

[1)] *Rg. 2434/92/EBE.*

20. gr.[1)]

…

[1)] *Rg. 2434/92/EBE.*

IV. BÁLKUR
Evrópska samráðsskrifstofan.[1)]

[1)] *Af hálfu EFTA-ríkjanna skal fastanefnd EFTA sinna þessu hlutverki innan EES.*

21. gr.

Evrópska skrifstofan, sem samræmir ráðstafanir vegna atvinnutækifæra og atvinnuumsókna og stofnuð var á vegum framkvæmdastjórnarinnar (í þessari reglugerð nefnd „evrópska samráðsskrifstofan“), skal almennt gegna því hlutverki að miðla upplýsingum um atvinnutækifæri innan bandalagsins. Hún skal einkum bera ábyrgð á öllum formsatriðum er varða þennan málaflokk sem samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar falla undir framkvæmdastjórnina og ekki síst aðstoða innlendar vinnumiðlanir. Henni ber að taka saman þær upplýsingar sem um getur í 14. og 15. gr. ásamt niðurstöðum kannana og rannsókna sem gerðar eru skv. 13. gr. í því skyni að varpa ljósi á gagnlegar staðreyndir um fyrirsjáanlega þróun á vinnumarkaði bandalagsins. Slíkum staðreyndum skal komið á framfæri við þjónustuskrifstofur aðildarríkjanna og við ráðgjafar- og umsjónarnefndirnar.

22. gr.

1. Evrópska samráðsskrifstofan skal einkum sjá um að:

a. samræma þær aðferðir sem þörf er á til að manna laus störf innan bandalagsins og hafa yfirlit yfir þá flutninga launþega sem af hljótast;
b. vinna að þessum markmiðum með því að stuðla að því í samvinnu við umsjónarnefndina að sambærilegar aðferðir séu notaðar bæði á stjórnunar- og framkvæmdastigi;
c. safna saman þegar sérstaka nauðsyn ber til í samvinnu við þjónustuskrifstofurnar upplýsingum um laus störf og atvinnuumsóknum svo að unnt sé að ráðstafa þeim hjá þjónustuskrifstofunum.

2. Henni ber að tilkynna þjónustuskrifstofunum um laus störf og atvinnuumsóknir sem sendar hafa verið beint til framkvæmdastjórnarinnar og fá upplýsingar um viðbrögð við þeim.

23. gr.

Framkvæmdastjórnin getur, í samvinnu við lögbært yfirvald í hverju aðildarríki fyrir sig og í samræmi við þá skilmála og þær aðferðir sem hún skal ákveða á grundvelli álitsgerðar umsjónarnefndarinnar, skipulagt heimsóknir og verkefni fyrir embættismenn annarra aðildarríkja og einnig framhaldsnámskeið fyrir sérmenntað starfsfólk.

III. HLUTI
Nefndir sem eiga að tryggja nána samvinnu milli aðildarríkjanna í málefnum er varða frjálsa flutninga launþega og atvinnumál þeirra.
I. BÁLKUR
Ráðgjafarnefndin.[1)]

[1)] *Fastanefnd EFTA getur komið á fót undirnefndum til að sinna þessum verkefnum.*

24. gr.

Ráðgjafarnefndin ber ábyrgð á að aðstoða framkvæmdastjórnina við að athuga vafamál sem upp kunna að koma við beitingu sáttmálans og í sambandi við ráðstafanir sem gerðar eru á grundvelli hans og varða frelsi launþega til flutninga og störf þeirra.

25. gr.

Ráðgjafarnefndin ber einkum ábyrgð á að:

a. rannsaka mál er varða frjálsa flutninga launþega og atvinnumál innan ramma innlendrar vinnumálastefnu með það að leiðarljósi að samræma vinnumálastefnu aðildarríkjanna á bandalagsgrundvelli og á þann hátt stuðla að aukinni efnahagslegri þróun og jafnvægi á vinnumarkaði;
b. gera almenna úttekt á þeim áhrifum sem framkvæmd þessarar reglugerðar og aðrar viðbótarráðstafanir hafa;
c. koma til framkvæmdastjórnarinnar rökstuddum tillögum um endurskoðun á þessari reglugerð;
d. láta í té, hvort heldur sem er að beiðni framkvæmdastjórnarinnar eða að eigin frumkvæði, rökstudda álitsgerð um almenn atriði eða meginreglur, einkum og sér í lagi hvað varðar upplýsingaskipti um þróun mála á vinnumarkaðinum, um flutninga launþega milli aðildarríkja, um áætlanir eða ráðstafanir til eflingar starfsleiðbeiningum eða starfsþjálfun sem er líkleg til að efla frelsi til flutninga og atvinnuskipta, jafnframt um alla þá aðstoð sem launþegar og fjölskyldur þeirra eiga kost á að meðtalinni félagslegri aðstoð og húsnæðisöflun launþega.

26. gr.

1. Ráðgjafarnefndin skal skipuð sex fulltrúum frá hverju aðildarríki, tveir eru ríkisstjórnarfulltrúar, tveir eru frá launþegasamtökum og tveir frá samtökum vinnuveitenda.

2. Hvert aðildarríki skal tilnefna einn varamann fyrir hvern hóp sem tilgreindur er í 1. mgr.

3. Starfstími fulltrúanna og varamanna þeirra skal vera tvö ár. Heimilt er að endurskipa þá. Er starfstíminn rennur út skulu bæði aðal- og varamenn sitja þar til aðrir hafa verið skipaðir í þeirra stað eða skipanir þeirra endurnýjaðar.

27. gr.

Ráðið skal skipa bæði aðal- og varamenn í ráðgjafarnefndina og kappkosta þegar fulltrúar launþegasamtakanna og samtaka vinnuveitenda eru valdir að þeir komi frá hinum ýmsu geirum efnahagslífsins. Ráðið skal láta birta til upplýsingar skrá yfir aðal- og varamenn í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins.

28. gr.

Fulltrúi úr framkvæmdastjórninni eða varamaður hans skal vera formaður ráðgjafarnefndarinnar. Formaðurinn hefur ekki atkvæðisrétt. Nefndin skal koma saman tvisvar á ári hið minnsta. Formaðurinn kallar hana saman, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni að minnsta kosti þriðjungs nefndarmanna. Framkvæmdastjórnin skal sjá nefndinni fyrir skrifstofuþjónustu.

29. gr.

Formaðurinn getur boðið einstaklingum eða fulltrúum aðila sem hafa víðtæka reynslu af atvinnu- eða flutningsmálum launþega að taka þátt í fundum sem áheyrnarfulltrúar eða sem sérfræðingar. Formaðurinn getur leitað ráða hjá sérfræðingum.

30. gr.

1. Álitsgerð nefndarinnar telst ekki gild nema að minnsta kosti tveir þriðju hlutar fulltrúanna séu viðstaddir.

2. Álitsgerðir skulu vera rökstuddar og þær teljast samþykktar þegar fyrir þeim er hreinn meiri hluti gildra atkvæða. Þeim skal fylgja skrifleg greinargerð með áliti minni hlutans fari hann fram á það.

31. gr.

Ráðgjafarnefndin skal setja sér starfsreglur samkvæmt reglum um málsmeðferð sem skulu taka gildi þegar ráðið að fengnu áliti framkvæmdastjórnarinnar hefur gefið samþykki sitt. Gildistaka breytinga, sem nefndin kann að gera á þessum starfsreglum, skal háð sömu málsmeðferð.

II. BÁLKUR
Umsjónarnefndin.[1)]

[1)] *Fastanefnd EFTA getur komið á fót undirnefndum til að sinna þessum verkefnum.*

32. gr.

Umsjónarnefndin ber ábyrgð á að aðstoða framkvæmdastjórnina við að undirbúa, stuðla að og fylgja eftir öllum formsatriðum og ráðstöfunum sem miða að því að koma þessari reglugerð ásamt viðbótarráðstöfunum í framkvæmd.

33. gr.

Umsjónarnefndin ber einkum ábyrgð á að:

a. koma á og bæta samvinnu milli þeirra yfirvalda sem hlut eiga að máli í aðildarríkjunum varðandi öll formsatriði í tengslum við frjálsa flutninga launþega og atvinnumál þeirra;
b. móta aðferðir við skipulag sameiginlegra aðgerða opinberra yfirvalda sem í hlut eiga;
c. auðvelda söfnun upplýsinga sem líklegar eru til að koma framkvæmdastjórninni að gagni og sem nota má í þeim könnunum og rannsóknum sem kveðið er á um í þessari reglugerð og hvetja stjórnsýsluaðila sem málið varðar til að skiptast á upplýsingum og miðla reynslu;
d. kanna formsatriði er varða samhæfingu viðmiðana sem aðildarríki nota til að meta stöðu vinnumarkaðarins.

34. gr.

1. Umsjónarnefndin skal skipuð fulltrúum ríkisstjórna aðildarríkjanna. Hver ríkisstjórn skal tilnefna í umsjónarnefndina einn af fulltrúum sínum í ráðgjafarnefndinni.

2. Sérhver ríkisstjórn skal tilnefna varamann úr hópi annarra fulltrúa – aðal- eða varamanna – í ráðgjafarnefndina.

35. gr.

Fulltrúi úr framkvæmdastjórninni eða varamaður hans skal vera formaður umsjónarnefndarinnar. Formaðurinn hefur ekki atkvæðisrétt. Formaðurinn og meðlimir nefndarinnar geta leitað ráða hjá sérfræðingum. Framkvæmdastjórnin skal sjá nefndinni fyrir skrifstofuþjónustu.

36. gr.

Tillögur og álitsgerðir umsjónarnefndarinnar skulu berast til framkvæmdastjórnarinnar og skal tilkynna það ráðgjafarnefndinni. Skrifleg greinargerð með álitsgerð einstakra nefndarmanna umsjónarnefndarinnar skal fylgja öllum tillögum og álitsgerðum fari þeir fram á það.

37. gr.

Umsjónarnefndin skal setja sér starfsreglur samkvæmt reglum um málsmeðferð sem skulu taka gildi þegar ráðið að fengnu áliti framkvæmdastjórnarinnar hefur gefið samþykki sitt. Gildistaka breytinga, sem nefndin kann að gera á þessum starfsreglum, skal háð sömu málsmeðferð.

IV. HLUTI
Bráðabirgða- og lokaákvæði.
I. BÁLKUR
Bráðabirgðaákvæði.

38. gr.

Þar til fastanefnd EFTA hefur komið á samræmda heildarkerfinu sem greint er frá í 2. mgr. 15. gr. skal samráðsskrifstofan koma með tillögur um leiðir sem líklegar eru til að koma að haldi við að semja og dreifa skýrslunum sem getið er í 1. mgr. 15. gr.

39. gr.

Reglur ráðgjafar- og umsjónarnefndarinnar um málsmeðferð, sem eru í gildi við gildistöku þessarar reglugerðar, eiga áfram við.

40. gr.

…

41. gr.

…

II. BÁLKUR
Lokaákvæði.

42. gr.

1. [1. mgr. gildir ekki.] Engu að síður skal þessi reglugerð ná til þeirra hópa launþega sem um getur í fyrstu undirgrein og til aðstandenda þeirra, að svo miklu leyti sem réttarstaða þeirra ræðst ekki af ofangreindum sáttmálum eða ráðstöfunum.

2. Reglugerð þessi skal ekki hafa áhrif á ráðstafanir sem gripið er til skv. 29. gr. EES-samningsins.

3. Reglugerð þessi skal ekki hafa áhrif á skuldbindingar EES-ríkjanna vegna:

– sérstakra sambanda eða komandi samninga við tiltekin lönd eða yfirráðasvæði utan Evrópu er byggjast á tengslum milli stofnana sem eru til staðar við gildistöku þessarar reglugerðar eða
– samninga sem eru í gildi við gildistöku þessarar reglugerðar við tiltekin lönd eða yfirráðasvæði utan Evrópu er byggjast á tengslum milli stofnana þeirra.

Launþegar frá slíkum löndum eða yfirráðasvæðum, sem í samræmi við þetta ákvæði stunda vinnu á yfirráðasvæði einhvers þessara EES-ríkja, geta ekki borið fyrir sig eða notið ákvæða þessarar reglugerðar á yfirráðasvæðum hinna EES-ríkjanna.

43. gr.

EFTA-ríkin skulu í upplýsingaskyni senda fastanefnd EFTA texta samkomulags, samninga eða samþykkta sem þau hafa gert sín á milli varðandi launþega á tímabilinu frá undirritun þeirra til gildistöku.

44. gr.

Framkvæmdastjórnin skal gera tilheyrandi ráðstafanir samkvæmt þessari reglugerð svo að hún komist til framkvæmdar. Hún skal í þessu skyni eiga náið samstarf við opinber stjórnvöld í aðildarríkjunum.

45. gr.

Framkvæmdastjórnin skal koma til ráðsins tillögum sem miða að því að afnema í samræmi við skilmála sáttmálans takmarkanir á aðgangi launþega sem eru ríkisborgarar aðildarríkjanna að vinnumarkaðinum í þeim tilvikum þar sem skortur á gagnkvæmri viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum eða öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi getur hindrað frelsi launþega til flutninga.

46. gr.

Stjórnsýsluútgjöld nefndanna, sem um getur í III. hluta, skulu talin með í þeim hluta fjárhagsáætlunar Evrópubandalagsins sem tilheyrir framkvæmdastjórninni.

47. gr.

Reglugerð þessi gildir fyrir yfirráðasvæði aðildarríkjanna og ríkisborgara þeirra, sbr. þó 2., 3., 10. og 11. gr.

48. gr.

…

VIÐAUKI[1)]

...

[1)] *Rg. 2434/92/EBE.*

III. KAFLI

Innleiðing og gildistaka.

23. gr.

Lög þessi eru sett m.a. til innleiðingar á tilskipun nr. 2004/38/EB, um rétt ríkisborgara ríkja Evrópusambandsins og fjölskyldna þeirra til frjálsrar farar og dvalar innan svæðisins, sem vísað er til í V. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 158/2007.

24. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á ákvæðum laga nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga, með síðari breytingum, og lögum nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnhagssvæðisins, með síðari breytingum. Þar á meðal er lagt til að teknar verði upp nýjar tegundir tímabundinna atvinnuleyfa en áður hefur einungis verið til ein almenn tegund slíkra atvinnuleyfa án tillits til þeirra ástæðna er liggja að baki því að atvinnurekendur hafa kosið að ráða til sín erlenda starfsmenn. Áhersla hefur verið lögð á mikilvægi þess að jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar eftir vinnuafli á innlendum vinnumarkaði sé viðhaldið. Er því mikilvægt að litið sé til þeirra langtímaáhrifa sem útgáfa atvinnuleyfa getur haft á jafnvægi á vinnumarkaði vegna tímabundins skorts á vinnuafli. Jafnframt verður að horfa til reynslu síðustu þriggja ára af stækkun Evrópska efnahagssvæðisins þegar Eistland, Lettland, Litháen, Kýpur, Malta, Pólland, Slóvakía, Slóvenía, Tékkland og Ungverjaland gerðust aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Ríkisborgurum þessara ríkja var veitt heimild til frjálsrar atvinnuleitar hér á landi frá 1. maí 2006 og njóta þeir þeirra réttinda að ráða sig til starfa á Íslandi með sama forgangsrétti og Íslendingar, sbr. 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 1612/68/EBE, um frelsi launþega til flutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins, sem innleidd var í íslenskan rétt með lögum nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins. Fjöldi ríkisborgara þessara ríkja hefur ráðið sig til starfa hér á landi á undanförnum þremur árum. Má þar nefna að á árinu 2005 voru 2.765 launamenn frá þessum aðildarríkjum ráðnir til starfa hjá atvinnurekendum á innlendum vinnumarkaði en á tímabilinu janúar til og með apríl 2006 var um að ræða 2.104 launamenn. Þessi þróun hefur haldið áfram en frá 1. maí 2006 til 31. október 2007 hafa 9.977 tilkynningar borist til Vinnumálastofnunar um ráðningar ríkisborgara frá þessum aðildarríkjum sem eru nýir á íslenskum vinnumarkaði. Flestir þessara launamanna voru ráðnir í ósérhæfð störf hér á landi. Reynslan hefur því sýnt að nokkur hreyfanleiki er meðal ríkisborgara nýju aðildarríkjanna að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið hingað til lands. Þá stækkaði Evrópska efnahagssvæðið enn frekar 1. ágúst 2007 þegar Lýðveldið Búlgaría og Rúmenía gerðust aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Gert er ráð fyrir sex tegundum tímabundinna atvinnuleyfa í frumvarpi þessu en jafnframt er miðað við að atvinnuleyfi til sérhæfðra starfsmanna er koma tímabundið hingað til lands á grundvelli þjónustusamninga við erlend fyrirtæki verði áfram í lögum um atvinnuréttindi

útlendinga, sbr. 10. gr. laganna, sem verður að 15. gr. laganna með frumvarpi þessu. Lagt er til að heimilt verði að veita tímabundin atvinnuleyfi vegna starfa sem krefjast sérfræðiþekkingar sem skortur er á hér á landi enda ekki um tímabundin verkefni að ræða. Er það gert að skilyrði að sérfræðiþekking viðkomandi útlendings sé hlutaðeigandi fyrirtæki nauðsynleg. Tímabundin atvinnuleyfi vegna starfa sem krefjast sérfræðiþekkingar geta verið grundvöllur óbundinna atvinnuleyfa.

Áfram er gert ráð fyrir að unnt verði að veita tímabundin atvinnuleyfi vegna starfa ríkisborgara ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins þegar starfsmenn sem þegar hafa aðgengi að íslenskum vinnumarkaði fást ekki í laus störf á innlendum vinnumarkaði. Sambærileg skilyrði liggja fyrir veitingu slíkra leyfa og er að finna í 7. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga. Tilgangur ákvæðisins er að gera atvinnurekendum kleift að mæta tímabundnum sveiflum í íslensku atvinnulífi en sú breyting er lögð til að slík atvinnuleyfi geti ekki orðið grundvöllur óbundinna atvinnuleyfa enda einungis ætlað að mæta tímabundinni eftirspurn eftir vinnuafli. Þá er miðað við að um sé að ræða undantekningartilvik þar sem áhersla er áfram lögð á að atvinnurekendur leiti fyrst eftir starfsfólki sem þegar hefur aðgengi að innlendum vinnumarkaði hvort sem er hér á landi eða innan Evrópska efnahagssvæðisins til að mæta tímabundnum sveiflum í eftirspurn eftir vinnuafli. Gert er ráð fyrir að útlendingar sem fá veitt tímabundin atvinnuleyfi vegna skorts á vinnuafli geti starfað hér á landi í allt að tvö ár nema að um sé að ræða skýrt afmarkaða og tímabundna framkvæmd sem tekur lengri tíma. Er þá miðað við að heimilt sé að framlengja tímabundin atvinnuleyfi vegna starfa við verkframkvæmdina þar til henni lýkur.

Lögð eru til þau nýmæli að fjallað verði um atvinnuleyfi vegna starfa íþróttafólks hjá íþróttafélögum innan Íþrótta- og ólympíusambands Íslands í sérákvæði. Færst hefur í vöxt að íslensk íþróttafélög óski eftir því að erlendir þjálfarar og leikmenn fái að starfa undir merkjum viðkomandi félaga. Markmiðið með þessu ákvæði er að koma meiri festu í framkvæmdina við veitingu leyfa til þessa hóps fólks. Gert er ráð fyrir að þeim útlendingum sem fá atvinnuleyfi til að starfa innan íþróttafélaga verði jafnframt óheimilt að sinna samhliða öðrum störfum á innlendum vinnumarkaði. Enn fremur er gert ráð fyrir að tímabundið atvinnuleyfi sem veitt er útlendingi vegna starfa hans hjá íþróttafélagi geti ekki orðið grundvöllur óbundins atvinnuleyfis hér á landi.

Enn fremur eru lagðar til breytingar á veitingu atvinnuleyfa vegna náms útlendinga hér á landi. Markmið þeirra breytinga er að undirstrika að komi útlendingur hingað til lands í því skyni að stunda nám við íslenskan skóla sé það megintilgangur dvalar hans hér á landi. Ekki er því almennt gert ráð fyrir að erlendir námsmenn starfi með námi sínu hér á landi nema starfið sé hluti af náminu þar sem um starfstengt nám er að ræða. Er þá gert ráð fyrir að heimilt verði að gefa út sérstök tímabundin atvinnuleyfi vegna tiltekinna starfa sem eru hluti af náminu. Jafnframt er gert ráð fyrir að heimilt verði að veita tímabundin atvinnuleyfi vegna sérstakra ástæðna sem mæla með því að útlendingi verði veitt leyfi til að dvelja hér og starfa. Er miðað við að um sé að ræða sérstakar ástæður er tengjast aðstæðum útlendingsins hér á landi en skilyrði er að útlendingur hafi áður fengið útgefið bráðabirgðadvalarleyfi, dvalarleyfi á grundvelli mannúðarástæðna samkvæmt lögum um útlendinga eða dvalarleyfi skv. 3. mgr. 8. gr. frumvarps til breytinga á lögum nr. 96/2002, um útlendinga, sem lagt hefur verið fram samhliða þessu frumvarpi á Alþingi og gert er ráð fyrir að verði 3. mgr. 11. gr. laganna. Þar með er lögð áhersla á að það fellur í hlut Útlendingastofnunar að meta hvort persónulegir hagir útlendinga sem óska eftir að dveljast hér á landi séu þess eðlis að þeir réttlæti dvöl

hlutaðeigandi hérlendis en Vinnumálastofnun er eingöngu ætlað að meta aðstæður á innlendum vinnumarkaði hverju sinni sem og hagsmuni atvinnurekenda við veitingu atvinnuleyfa.

Gert er ráð fyrir að nánustu aðstandendur geti fylgt útlendingum til landsins sem koma hingað til starfa á grundvelli tímabundinna atvinnuleyfa vegna sérfræðiþekkingar, tímabundinna atvinnuleyfa sem tengjast dvalarleyfum á grundvelli mannúðarsjónarmiða eða óbundinna atvinnuleyfa. Vísað er til skilgreiningar laga um útlendinga á nánasta aðstandanda enda mikilvægt að sami skilningur verði lagður í það hugtak í lögum um atvinnuréttindi útlendinga. Enn fremur er gert ráð fyrir að nánasti aðstandandi útlendings með óbundið atvinnuleyfi geti jafnframt sótt um óbundið atvinnuleyfi enda hafi nánasti aðstandandi búsetuleyfi og fyrir liggi ráðningarsamningur um starf. Þá er áhersla lögð á að auðvelda börnum útlendinga að laga sig að íslensku samfélagi þannig að þau geti fylgt jafnöldrum sínum bæði í leik og starfi. Þannig er lagt til að börn undir átján ára aldri sem hafa gild dvalarleyfi fyrir aðstandendur á grundvelli laga um útlendinga geti starfað hér án sérstakra atvinnuleyfa. Enn fremur er gert ráð fyrir að heimilt sé að veita börnum sem hafa fengið búsetuleyfi hér fyrir átján ára aldur óbundið atvinnuleyfi.

Lagt er til að heimilt verði að veita tímabundin atvinnuleyfi á grundvelli samninga sem íslensk stjórnvöld gera við önnur ríki um veitingu tímabundinna atvinnuleyfa til einstakra hópa. Er þar átt við samninga sem ætlað er að veita ungu fólki tækifæri til að auka víðsýni sitt með því að gefa þeim kost á að kynna sér lífshætti og viðhorf annarra þjóða. Auk þessa er gert ráð fyrir samningum vegna dvalar og starfa maka, samvistarmaka og sambúðarmaka erlendra sendimanna og barna undir 21 árs enda hafi þau gilt dvalarleyfi á grundvelli þjóðréttarsamninga.

Þá er lögð áhersla á mikilvægi þess að settar verði skýrar reglur um framkvæmdina við veitingu og útgáfu atvinnuleyfa innan stjórnsýslunnar. Er því lagt til að skýrt verði kveðið á um þá meginreglu að útlendingi ber að dveljast erlendis á afgreiðslutíma umsóknar um atvinnuleyfi er hann kemur hingað til starfa í fyrsta skipti eða hann hefur dvalið erlendis í a.m.k. sex mánuði frá þeim tíma er áður útgefið atvinnuleyfi féll úr gildi. Ekki er um að ræða efnisbreytingu frá 1. mgr. 8. gr. laganna en ástæða þykir til að orða regluna skýrar í frumvarpi þessu. Enn fremur eru lagðar til skýrar reglur um framlengingu atvinnuleyfa sem og afleiðingar þess þegar látið er hjá líða að framlengja tímabundin atvinnuleyfi þegar þau falla úr gildi.

Frumvarp þetta felur einnig í sér breytingar á lögum um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, með síðari breytingum, en sú breyting byggist á efni tilskipunar nr. 2004/38/EB, um rétt ríkisborgara ríkja Evrópusambandsins og fjölskyldna þeirra til frjálsrar farar og dvalar innan svæðisins. Til stendur að fella tilskipunina undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Með tilskipun þessari er helstu reglum sem gilt hafa um frjálsa för ríkisborgara ríkja Evrópusambandsins steypt saman í eina gerð en þessar reglur hafa jafnframt verið felldar undir V. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar. Þar af leiðandi hafa þær jafnframt gilt um frjálsa för ríkisborgara ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins. Efni tilskipunarinnar lýtur aðallega að rétti ríkisborgara þessara ríkja til dvalar á yfirráðasvæðum annarra aðildarríkja í því skyni að starfa þar og er því gert ráð fyrir að hún verði aðallega innleidd með frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 96/2002, um útlendinga, með síðari breytingum, sem lagt er fram á Alþingi samhliða frumvarpi þessu. Tilskipunin felur þó jafnframt í sér breytingar á reglugerð nr. 1612/68/EBE, um frelsi launþega til flutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins, sem innleidd var í íslenskan rétt með lögum um frjálsan

atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins en ákvæði 23. gr. tilskipunarinnar kemur í stað 10. og 11. gr. reglugerðarinnar. Ákvæði þessi fjalla um rétt aðstandenda ríkisborgara ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins til að starfa hér á landi óháð þjóðerni þeirra. Ákvæði 23. gr. tilskipunarinnar felur ekki í sér efnisbreytingu að þessu leyti en nauðsynlegt þykir að breyta ákvæðum laganna til samræmis við það sem mælt er fyrir um í tilskipuninni.

Helstu nýmæli frumvarpsins eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að sérstök tímabundin atvinnuleyfi verði veitt vegna starfa sem krefjast sérfræðiþekkingar en þar er verið að mæta auknum kröfum íslensks atvinnulífs um starfsfólk með sérfræðimenntun sem ekki er fáanleg meðal þeirra sem þegar hafa aðgengi að innlendum vinnumarkaði. Miðað er við að heimilt verði að hraða afgreiðslu slíkra umsókna hjá Vinnumálastofnun en stofnuninni er m.a. heimilt að víkja frá vinnumarkaðssjónarmiðum þegar um er að ræða störf sem krefjast háskólamenntunar. Enn fremur kunna að koma til önnur tilvik þegar um sérfræðistörf er að ræða þar sem að mati stofnunarinnar er fyrirsjáanlega árangurslaust að leita eftir starfsfólki á sameiginlegum vinnumarkaði Evrópska efnahagssvæðisins enda um mjög sérhæfða þekkingu að ræða.
2. Áfram er gert ráð fyrir tímabundnu atvinnuleyfi vegna skorts á vinnuafli á innlendum vinnumarkaði en slíkt atvinnuleyfi er betur afmarkað við tímabundnar sveiflur í atvinnulífinu en áður. Er því lögð til sú breyting að atvinnurekandi ráði útlending tímabundið til starfa í samtals tvö ár að hámarki og er ekki gert ráð fyrir að slík tímabundin atvinnuleyfi geti orðið grundvöllur óbundinna atvinnuleyfa. Þó er lagt til að heimilt verði að framlengja tímabundin atvinnuleyfi vegna skorts á vinnuafli til lengri tíma en tveggja ára þegar um er að ræða skýrt afmarkaða og tímabundna verkframkvæmd sem tekur lengri tíma en umrædd tvö ár.
3. Sífellt algengara er að íslensk íþróttafélög vilji ráða til sín erlent íþróttafólk og er því lögð til sérstök heimild til veitingu tímabundinna atvinnuleyfa í því skyni. Er gert ráð fyrir að lögfest verði sú framkvæmd sem verið hefur að ekki þurfi að huga að vinnumarkaðssjónarmiðum við veitingu slíkra atvinnuleyfa og er því íþróttafólkinu ekki jafnframt heimilt að gegna öðrum störfum á innlendum vinnumarkaði samhliða starfi sínu hjá íþróttafélaginu.
4. Mælt er með að útlendingar sem hafa fengið bráðabirgðadvalarleyfi eða dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða á grundvelli laga um útlendinga geti jafnframt fengið veitt tímabundin atvinnuleyfi. Sú framkvæmdavenja hefur komist á að þegar útlendingi hefur verið veitt dvalarleyfi á grundvelli þessara ástæðna hefur Vinnumálastofnun jafnframt veitt atvinnuleyfi án þess að líta sérstaklega til vinnumarkaðssjónarmiða. Er því lagt til að sami háttur verði hafður á við veitingu slíkra atvinnuleyfa. Þar með er jafnframt undirstrikað að það fellur í hlut Útlendingastofnunar að meta fyrst hvort persónulegir hagir útlendinga réttlæti dvöl hér á landi á grundvelli heimilda í lögum um útlendinga áður en atvinnuleyfi er veitt á þeim forsendum.
5. Gert er ráð fyrir sérstöku tímabundnu atvinnuleyfi vegna nánustu aðstandenda útlendinga sem hafa fengið tímabundin atvinnuleyfi vegna starfa sem krefjast sérfræðiþekkingar, tímabundin atvinnuleyfi í tengslum við dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða eða óbundin atvinnuleyfi. Sú breyting er lögð til að framangreindir útlendingar sem nánastu aðstandendur geta leitt heimildir sínar af þurfa að hafa dvalist hér á landi í mun skemmri tíma en samkvæmt gildandi lögum áður en þeir geta fengið nánustu fjölskyldu sína til sín.

6. Lagt er til að erlendir námsmenn sem stunda nám við íslenska skóla geti fengið atvinnuleyfi vegna starfa sem eru hluti af námi þeirra en ekki vegna annarra starfa á íslenskum vinnumarkaði. Gert er ráð fyrir að atvinnuleyfið verði gefið út hafi útlendingi verið veitt dvalarleyfi vegna náms samkvæmt lögum um útlendinga enda miðað við að tilgangur dvalar útlendingsins hér á landi sé að stunda nám við íslenskan skóla en ekki þátttaka á vinnumarkaði.
7. Mælt er með að heimilt verði að veita tímabundin atvinnuleyfi til maka, samvistarmaka eða sambúðarmaka erlendra sendimanna og barna þeirra undir 21 árs aldri á grundvelli samninga íslenskra stjórnvalda við önnur ríki þar að lútandi. Enn fremur er gert ráð fyrir að heimilt verði að veita tímabundin atvinnuleyfi á grundvelli samninga íslenskra stjórnvalda við önnur ríki um störf ríkisborgara þeirra hér á landi í þeim tilgangi að kynna sér landið og menningu þess. Megintilgangur dvalar útlendinganna er að kynna sér land og þjóð og jafnvel að stunda nám við erlendan skóla. Er miðað við að samningar þessir tilgreini til hvaða aldurshópa fólks þeir taki til á aldursbilinu 18 til 26 ára og að unga fólkið geti dvalist hér að hámarki í eitt ár í þessum tilgangi.
8. Sérstaklega er kveðið á um eftirlitshlutverk Vinnumálastofnunar og lögreglu auk þess sem lögreglu eru veittar skýrari heimildir til vinnustaðaeftirlits þannig að atvinnurekendum verði gert skylt að veita lögreglu aðgang að vinnustöðvum sínum. Enn fremur eru lögð til sambærileg ákvæði og er að finna í lögum um útlendinga um skyldu útlendinga til að hafa ávallt skilríki um atvinnuleyfi með sér og sýna þau krefjist lögregla þess.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lögin gilda um heimild útlendinga til atvinnu hér á landi. Eðli málsins samkvæmt kunna einstaklingar og lögaðilar að bera skyldur samkvæmt lögunum óháð þjóðerni en slíkar skyldur ráðast af einstökum ákvæðum laganna. Þykir því ekki viðeigandi að tilgreina íslenska ríkisborgara sérstaklega í þeim efnum.

Um 2. gr.

Ástæða þykir til að skýra muninn milli tímabundins atvinnuleyfis og óbundins atvinnuleyfis. Hið fyrrnefnda veitir útlendingum rétt til að starfa tímabundið hjá tilteknum atvinnurekanda en hið síðarnefnda veitir útlendingum rétt til að ráða sig til starfa ótímbundið og geta þeir jafnframt skipt um atvinnurekanda án sérstakra leyfa. Í frumvarpinu er lagt til að tegundum tímabundinna atvinnuleyfa verði fjölgað frá því sem nú er auk þess sem skilyrði þau sem þurfa að vera uppfyllt hverju sinni eru tilgreind nánar í ákvæðunum sjálfum. Þykir því ekki ástæða til að skýra sérstaklega í orðskýringum hvað átt er við með hverri tegund tímabundins atvinnuleyfis fyrir sig. Þá liggur fyrir að lögin um atvinnuréttindi útlendinga ber að túlka með hliðsjón af ákvæðum laga um útlendinga en í þeim lögum er sérstaklega fjallað um búsetuleyfi og dvalarleyfi til handa nánustu aðstandendum. Er því lagt til að vísað verði til skýringa á þessum atriðum í viðeigandi ákvæðum í lögum um útlendinga.

Um 3. gr.

Lagt er til að skýrt verði kveðið á um það í lögunum að félagsmálaráðherra sé heimilt að setja í reglugerð nánari reglur um veitingu atvinnuleyfa á grundvelli laganna í samræmi við stefnu stjórnvalda hverju sinni.

Um 4. gr.

Miðað er við að 2. málsl. 1. mgr. 6. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga falli brott en gert er ráð fyrir að heimilt verði áfram að veita útlendingum sem hafa fengið bráðabirgðadvalarleyfi samkvæmt lögum um útlendinga atvinnuleyfi að uppfylltum tilteknum skilyrðum, sbr. c-lið 7. gr. (11. gr.) frumvarps þessa. Áfram er gert ráð fyrir að útlendingum verði óheimilt að ráða sig til starfa hér á landi nema leyfi hafi verið veitt samkvæmt lögunum sem og að atvinnurekanda sé óheimilt að ráða til starfa útlendinga án tilskilinna atvinnuleyfa. Hins vegar er gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun geti tekið ákvörðun um að útlendingi sé heimilt að halda störfum sínum áfram hjá sama atvinnurekanda eða að hefja störf hjá nýjum atvinnurekanda á afgreiðslutíma umsóknar þegar ekkert bendir til annars en að leyfi verði veitt enda hafi Útlendingastofnun áður tekið ákvörðun um að útlendingi sé heimil áframhaldandi dvöl, sbr. d-lið 10. gr. (19. gr.) frumvarps þessa. Hið sama á við á afgreiðslutíma umsóknar um óbundið atvinnuleyfi.

Þá er lagt til að útlendingum verði óheimilt að starfa við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi hér á landi sem rekin er á kennitölu viðkomandi útlendings í því umfangi að honum er gert að standa mánaðarlega, eða með öðrum reglulegum hætti samkvæmt reglum fjármálaráðherra, skil á staðgreiðslu af reiknuðu endurgjaldi og tryggingagjaldi nema honum hafi áður verið veitt óbundið atvinnuleyfi hér á landi. Er þetta í samræmi við aðrar þær breytingar sem lagðar eru til með frumvarpi þessu en gæta verður þess að sambærilegar reglur gildi annars vegar um þá sem vilja starfa hér á landi sem launamenn og hins vegar þá sem vilja starfa sem sjálfstætt starfandi einstaklingar. Þetta kemur þó ekki í veg fyrir að útlendingar stofni hér félög í atvinnuskyni, svo sem einkahlutafélög eða hlutafélög, að uppfylltum skilyrðum laga er gilda um slík félög og geti þá sótt um viðeigandi tímabundin atvinnuleyfi á grundvelli ákvæða þar um vegna starfa þeirra sem launamanna hjá hlutaðeigandi félögum. Er þá metið í hverju tilviki fyrir sig hvort skilyrði frumvarpsins séu uppfyllt.

Um 5. gr.

Lagt er til að sett verði sérstakt ákvæði er fjalli um almenn skilyrði tímabundinna atvinnuleyfa. Er þetta gert til einföldunar þannig að hin almennu skilyrði er gilda um flestar tegundir tímabundinna atvinnuleyfa séu til staðar á einum stað í lögunum. Ákvæðinu er hins vegar ekki einu og sér ætlað að vera heimildarákvæði til veitingar atvinnuleyfa ef skilyrðum þess er fullnægt, heldur er þetta ákvæði ætlað eingöngu til fyllingar við önnur ákvæði frumvarpsins er fjalla um tiltekna atvinnuleyfaflokka þar sem sett eru fram viðbótarskilyrði sem eiga við um hverja tegund leyfa fyrir sig. Í ákvæðinu er vísað til þeirra meginreglna sem gilt hafa við veitingu atvinnuleyfa skv. 7. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga.

Áfram er gert ráð fyrir að við veitingu tímabundinna atvinnuleyfa verði litið til aðstæðna í atvinnumálum á innlendum vinnumarkaði sem og til skuldbindinga íslenskra stjórnvalda samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu og samningi milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar. Er því gert ráð fyrir að atvinnurekandi þurfi á sama hátt og áður að færa rök fyrir nauðsyn þess að ráða til sín erlent starfsfólk sem ekki eru ríkisborgarar í ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins, í EFTA-ríkjum eða í Færeyjum. Þarf atvinnurekandi því að gera grein fyrir þeim tilraunum sem hann hefur gert til að ráða fólk sem þegar hefur aðgengi að íslenskum vinnumarkaði. Áhersla er lögð á að í tilvikum er starfsmenn fást ekki á innlendum vinnumarkaði leiti atvinnurekendur fyrst eftir starfsfólki á hinum sameiginlega vinnumarkaði Evrópska efnahagssvæðisins áður en leitað er út fyrir svæðið

eftir launafólki. Er þá gert ráð fyrir að atvinnurekendur leiti eftir starfsfólki innan svæðisins með aðstoð Vinnumálastofnunar með milligöngu Eures, vinnumiðlunar á Evrópska efnahagssvæðinu. Er þetta í samræmi við skuldbindingar stjórnvalda um miðlun starfa innan svæðisins á grundvelli reglugerðar 1612/68/EBE, um frelsi launþega til flutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins, sbr. lög nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins. Fellur það í hlut Vinnumálastofnunar að kanna sjálfstætt áður en atvinnuleyfi er veitt hvert atvinnuástandið innan lands er á hverjum tíma og hvort útséð er um að vinnuafl fáist innan Evrópska efnahagssvæðisins, frá EFTA-ríkjum eða Færeyjum, sbr. a-lið 1. mgr. ákvæðis þessa, enda hlutverk stofnunarinnar að fylgjast með atvinnuástandi í landinu í því skyni að koma í veg fyrir atvinnuleysi eins og frekast er unnt. Enn fremur er gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun verði áfram heimilt að líta til sérstakra ástæðna fyrir ráðningu útlendings við veitingu atvinnuleyfa en þá er við það miðað að þýðingarmikið sé fyrir rekstur atvinnurekanda að fá hlutaðeigandi útlending til starfa tímabundið. Með þessu er ekki átt við ástæður sem lúta að útlendingnum sjálfum eða aðstæðum hans.

Ákvæði b- og e-liðar 1. mgr. eru efnislega samhljóða b- og e-liðum 1. mgr. 7. gr. laganna. Þó er lagt til í b-liðnum að umsögn stéttarfélags skuli liggja fyrir innan sjö daga frá móttöku afrits umsóknar um atvinnuleyfi og ráðningarsamnings í stað fjórtán daga áður. Er þá miðað við að fyrirliggjandi gögn séu fullnægjandi þannig að ekki komi til frekari gagnaöflunar. Þetta er lagt til svo flýta megi afgreiðslutíma umsókna um atvinnuleyfi sem því nemur. Enn fremur er lagt til að tekið verði fram í c-lið ákvæðisins að þegar um er að ræða störf sem falla utan gildissviðs kjarasamninga skuli tryggja útlendingum sem ætlað er að gegna slíkum störfum laun og önnur starfskjör til jafns við heimamenn. Er þar gert ráð fyrir að með launum og öðrum starfskjörum sé átt við laun, aðra launaþætti og hlunnindi, svo sem orlofs- og desemberuppbætur, eingreiðslur, að teknu tilliti til flutningskostnaðar og fæðis- og húsnæðishlunninda, eftir því sem við á. Þá er lagt til að atvinnurekandi sjúkratryggi útlending í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru um sjúkratryggingu fyrir veitingu dvalarleyfa samkvæmt lögum um útlendinga. Þykir nægjanlegt að kveðið verði á um þær kröfur í lögum um útlendinga enda ávallt skilyrði að útlendingar hafi gilt dvalarleyfi meðan þeir starfa hér á landi. Í samræmi við þessa breytingu er jafnframt lagt til að f-liður 1. mgr. 7. gr. laganna falli brott enda samsvarandi skilyrði í lögum um útlendinga við komu útlendinga til landsins.

Ákvæði 2. mgr. er efnislega samhljóða 4. mgr. 7. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga.

Um 6. gr.

Ákvæðið fjallar um veitingu atvinnuleyfa sem heimila atvinnurekendum að ráða til sín útlendinga sem ætlað er að gegna störfum er krefjast sérfræðiþekkingar. Þetta ákvæði á þó ekki við ráðningu í störf sem fyrirsjáanlegt er að séu tímabundin að mati Vinnumálastofnunar en í slíkum tilvikum ber að sækja um atvinnuleyfi skv. a-lið 7. gr. (9. gr.) frumvarpsins. Er miðað við að tiltekinn útlendingur hafi til að bera sérfræðiþekkingu sem er nauðsynleg hlutaðeigandi fyrirtæki. Með ákvæði þessu eru leitast við að koma til móts við þarfir atvinnulífsins um sérfræðiþekkingu sem ekki er fáanleg meðal þeirra sem þegar hafa aðgengi að innlendum vinnumarkaði. Lagt er til að meginreglan verði að sérfræðiþekking hlutaðeigandi útlendinga takmarkist við háskóla-, iðn-, list- eða tæknimenntun sem viðurkennd er hérlendis auk þess að fullnægja þeim menntunarkröfum sem gerðar eru til starfsins hér á landi og að laun og önnur starfskjör séu til jafns við heimamenn í sömu störfum. Gert er ráð fyrir að Vinnumálastofnun óski staðfestingar á menntun útlendingsins með viðeigandi skilríkjum í samræmi við íslenskar reglur telji hún slíkt nauðsynlegt. Er þá m.a. vísað til viðurkenningar

menntamálaráðuneytisins eða annarra viðeigandi stjórnvalda. Þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir að þeir sem fái atvinnuleyfi á grundvelli ákvæðisins sýni fram á ákveðna menntun er lagt til að Vinnumálastofnun verði í undantekningartilvikum heimilt að veita tímabundið atvinnuleyfi samkvæmt ákvæðinu ef viðkomandi útlendingur hefur yfir að ráða sérþekkingu sem jafna má við framangreinda menntun. Með þessu er átt við sérþekkingu útlendings sem byggist á langri starfsreynslu við tiltekið starf sem leiðir til sérhæfðrar fagþekkingar hans og að sú sérþekking verði ekki fengin með öðrum hætti. Mikilvægt er að unnt sé að sýna fram á starfsreynslu útlendings við tiltekin störf en hér er ekki átt við þekkingu sem útlendingur kann að afla sér með þátttöku í einstökum námskeiðum. Gert er ráð fyrir að Vinnumálastofnun hafi samráð við hlutaðeigandi stjórnvöld vegna viðurkenningar á sérfræðiþekkingu útlendings þegar ástæða þykir til. Er hér um að ræða undanþágu frá meginreglunni sem kemur fram í d-lið 1. mgr. ákvæðisins og ber að skýra undanþáguna þröngt.

Meginreglan er sú að atvinnurekandi leitist við að ráða starfsfólk sem þegar hefur aðgengi að íslenskum vinnumarkaði, sbr. a-lið 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins, en gert er ráð fyrir að Vinnumálastofnun verði heimilt að víkja frá því skilyrði þegar um er að ræða umsóknir um atvinnuleyfi vegna starfa sem krefjast háskólamenntunar. Með háskólamenntun er átt við að útlendingur hafi lokið námi við háskóla sem svarar a.m.k. til þriggja ára grunnnáms sem lýkur með BA- eða BS-prófi við íslenskan háskóla. Þrátt fyrir meginregluna fellur það engu síður í hlut Vinnumálastofnunar að meta, í samræmi við stefnu stjórnvalda hverju sinni, hvort ástæða sé til að atvinnurekandi leiti fyrst að starfsmanni á innlendum vinnumarkaði eða af Evrópska efnahagssvæðinu áður en leyfi samkvæmt ákvæði þessu er veitt enda má gera ráð fyrir að þegar um svo sérhæfð störf sé að ræða kunni sú leit að verða fyrirsjáanlega árangurslaus. Þar er m.a. átt við að það getur verið mat Vinnumálastofnunar að starfsfólk sé almennt ekki fáanlegt í tiltekin sérfræðistörf meðal þeirra sem hafa aðgengi að innlendum vinnumarkaði og því ástæðulaust að leita sérstaklega eftir slíkum sérfræðingum. Jafnframt má gera ráð fyrir að oft sé um að ræða sérhæfða þekkingu eða færni sem verið er að sækjast eftir sem bundin er við þann einstakling sem sótt er um atvinnuleyfi fyrir en í slíkum tilvikum kann að vera eðlilegt að Vinnumálastofnun heimili að vikið sé frá hinum almennum skilyrðum a-liðar 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins. Með ákvæðinu er því lagt á herðar stjórnvaldi að meta hverja umsókn fyrir sig eins og verið hefur, sbr. athugasemdir við 5. gr. frumvarpsins. Þá er lagt til að atvinnuleyfi samkvæmt ákvæði þessu geti orðið grundvöllur óbundins atvinnuleyfis.

Um 7. gr.

Um a-lið (9. gr.).

Ákvæðið fjallar um tímabundið atvinnuleyfi sem ætlað er að mæta tímabundnum sveiflum í íslensku atvinnulífi. Gert er ráð fyrir að einungis reyni á ákvæði þetta við sérstakar aðstæður enda mikil áhersla lögð á að atvinnurekendur leiti fyrst eftir starfsfólki innan Evrópska efnahagssvæðisins. Áfram er því gert ráð fyrir að atvinnurekandi þurfi að færa sérstök rök fyrir nauðsyn þess að ráða til sín erlent starfsfólk frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins enda verði höfð hliðsjón af aðstæðum á innlendum vinnumarkaði við veitingu atvinnuleyfa sem og hvort vinnuafl fáist frá aðildarríkjum að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, EFTA-ríkjum eða Færeyjum. Er gert ráð fyrir að ríkar kröfur verði gerðar til atvinnurekanda svo talið verði fullreynt að finna starfsfólk með aðstoð Vinnumálastofnunar sem þegar hefur aðgengi að innlendum vinnumarkaði en mat á þörf eftir vinnuafli verður áfram á ábyrgð Vinnumálastofnunar. Þó er lögð til undanþága frá framangreindu þegar atvinnurekandi sækir

um tímabundið atvinnuleyfi í því skyni að senda starfsmann sinn, sem starfar að jafnaði við starfsstöð hans erlendis, tímabundið til starfa við starfsstöð sína hér á landi. Skilyrði er að um sé að ræða starfsmann atvinnurekanda með ótímabundna ráðningu sem stjórnandi eða sérfræðingur í skilningi 6. gr. frumvarps þessa hjá erlendri starfsstöð atvinnurekanda. Með því er átt við starfsmann sem er í ótímabundnu ráðningarsambandi við fyrirtæki erlendis sem er tengt eignaböndum við starfsstöð atvinnurekanda hér á landi, svo sem móður- eða dótturfélag. Í þeim tilvikum er nauðsynlegt að hlutaðeigandi atvinnurekandi geti lagt fram ráðningarsamning hlutaðeigandi starfsmanns þar sem fram kemur hvaða starfi hann gegnir og að ráðning hans sé ótímabundin. Jafnframt er gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun geti óskað eftir rökstuðningi frá atvinnurekanda varðandi nauðsyn þess að viðkomandi útlendingur komi til starfa við starfsstöð hans hér á landi.

Sú breyting er lögð til frá gildandi lögum um atvinnuréttindi útlendinga að atvinnurekandi ráði útlending einungis til starfa tímabundið en lagt er til að útlendingur geti starfað hér á landi að hámarki samtals í tvö ár enda gert ráð fyrir að verið sé að mæta aukinni mannaflaþörf í tímabundnum sveiflum á innlendum vinnumarkaði, svo sem vegna tímabundinna viðamikilla framkvæmda. Þó er lagt til að heimilt verði að veita framlengingu til lengri tíma en tveggja ára þegar um er að ræða skýrt afmarkaða og tímabundna verkframkvæmd sem tekur lengri tíma en umrædd tvö ár. Er þá heimilt að framlengja tímabundin atvinnuleyfi vegna starfa við verkframkvæmdina þar til henni lýkur. Þegar sótt er um framlengingu tímabundinna atvinnuleyfa vegna slíkra verkframkvæmda þarf að fylgja með áætlun um hvenær verkframkvæmd er ætlað að ljúka.

Gert er ráð fyrir að heimilt verði að veita tímabundið atvinnuleyfi að nýju samkvæmt ákvæði þessu vegna starfa sama útlendings sem áður hefur verið veitt atvinnuleyfi samkvæmt ákvæðinu í samtals tvö ár þegar viðkomandi hefur dvalið samfellt erlendis í tvö ár frá þeim tíma er síðasta atvinnuleyfi hans féll úr gildi. Gert er ráð fyrir að umræddir tímafrestir eigi ekki við um erlenda starfsmenn sem koma hingað til árstíðarbundinna starfa eða til mjög tímabundinna verka enda taki þau skemmri tíma en sex mánuði í senn á hverjum tólf mánuðum. Enn fremur er gert ráð fyrir að heimilt verði að veita atvinnuleyfi vegna starfa útlendingsins hér á landi á grundvelli annarra ákvæða frumvarpsins, svo sem tímabundið atvinnuleyfi vegna sérfræðiþekkingar, án þess að kröfur verði gerðar um tveggja ára dvöl erlendis. Þá er jafnframt gert ráð fyrir að leyfi samkvæmt ákvæðinu geti ekki orðið grundvöllur óbundins atvinnuleyfis. Að öðru leyti er vísað til athugasemda við 5. gr. frumvarpsins.

Um b-lið (10. gr.).

Ákvæðið tekur mið af fjölda umsókna frá íþróttafélögum um að ráða til sín erlent íþróttafólk og þá sérstaklega erlenda leikmenn og þjálfara. Helst er að finna erlent íþróttafólk í íþróttum eins og knattspyrnu, handknattleik og körfuknattleik enda þótt aðrar íþróttagreinar geti einnig komið til álita. Lagt er til að lögfest verði sú framkvæmd sem verið hefur að ekki þurfi að huga að vinnumarkaðssjónarmiðum við útgáfu atvinnuleyfa til íþróttafólks. Það kemur almennt til tímabundinna starfa hjá hlutaðeigandi íþróttafélagi og fer þegar leiktíð lýkur. Því er ákvæðinu ekki ætlað að stuðla að langtímabúsetu þessara einstaklinga og það getur ekki orðið grundvöllur óbundins atvinnuleyfis. Jafnframt er ekki gert ráð fyrir að erlent íþróttafólk sem fengið hefur atvinnuleyfi samkvæmt ákvæði þessu gegni samhliða öðrum störfum á innlendum vinnumarkaði enda einungis litið svo á að það geti eflt íslensk íþróttafélög að fá hingað til lands erlent íþróttafólk sem þykir skara fram úr á sínu sviði og getur þannig reynst hvatning fyrir ungt fólk innan íþróttahreyfingarinnar.

Um c-lið (11. gr.).

Lagt er til að heimilt verði í undantekningartilvikum að veita útlendingi sem fellur ekki undir undanþágur III. kafla laganna um atvinnuréttindi útlendinga atvinnuleyfi þegar útlendingur hefur fengið bráðabirgðadvalarleyfi eða dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða samkvæmt lögum um útlendinga eða dvalarleyfi skv. 3. mgr. 8. gr. frumvarps til breytinga á lögum nr. 96/2002, um útlendinga, sem lagt er fram á Alþingi samhliða frumvarpi þessu og gert er ráð fyrir að verði að 3. mgr. 11. gr. laganna. Það fellur þá í hlut Útlendingastofnunar að meta fyrst hvort persónulegir hagir útlendinga réttlæti dvöl hér á landi á grundvelli heimilda í lögum um útlendinga. Gert er ráð fyrir að vikið verði frá skilyrðum a-, b- og e-liða 1. mgr. 5. gr. frumvarps þessa en skilyrði c- og d-liða verði uppfyllt. Miðað er við að atvinnuleyfi sem gefin eru út á grundvelli ákvæðis þessa séu veitt í allt að eitt ár en þó aldrei til lengri tíma en sem nemur gildistíma leyfis hlutaðeigandi útlendings til að dveljast hér á landi. Reynist ráðningartími samkvæmt ráðningarsamningi vera til skemmri tíma skal miða við það tímamark. Þá er gert ráð fyrir að tímabundið atvinnuleyfi samkvæmt ákvæði þessu sem tengist dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða samkvæmt lögum um útlendinga geti orðið grundvöllur óbundins atvinnuleyfis skv. b-lið 10. gr. (17. gr.) frumvarpsins.

Um d-lið (12. gr.).

Ákvæðið er nýmæli en á sér ákveðna samsvörun í 2. mgr. 7. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga en samkvæmt því ákvæði er heimilt að veita tímabundin atvinnuleyfi vegna starfa nánustu aðstandenda útlendinga sem fengið hafa búsetuleyfi og óbundin atvinnuleyfi hér á landi. Lagt er til að sá tími verði styttur sem útlendingar er hafa fengið tímabundin atvinnuleyfi skv. 6. gr. frumvarpsins eða í tengslum við dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða skv. c-lið 7. gr. (11. gr.) frumvarpsins þurfa að hafa dvalist hér á landi áður en að nánustu aðstandendur þeirra geti sótt um atvinnuleyfi á grundvelli fjölskyldusameiningar. Áfram er gert að skilyrði að nánasta aðstandanda hafi þegar verið veitt dvalarleyfi fyrir aðstandendur samkvæmt lögum um útlendinga og er því vísað til skilgreiningar laga um útlendinga um hverjir geta talist nánustu aðstandendur, sbr. g-lið 2. gr. frumvarps þessa. Hafi nánasti aðstandandi útlendings þegar dvalist hér á landi á grundvelli dvalarleyfis fyrir aðstandendur er honum heimilt að sækja um atvinnuleyfi samkvæmt ákvæði þessu meðan hann er á landinu.

Tímabundið atvinnuleyfi nánasta aðstandanda er ávallt háð stöðu þess útlendings sem hann leiðir heimildir sínar af enda ekki gert ráð fyrir að nánasti aðstandandi geti dvalist og starfað lengur á landinu en útlendingurinn sem hann leiðir heimildir sínar af. Þannig er miðað við að atvinnuleyfi megi einungis veita í eitt ár í senn en þó aldrei í lengri tíma en sem nemur gildistíma dvalarleyfis nánasta aðstandanda enda gengið út frá því að hann hafi ekki leyfi til að dvelja hér lengur en sá útlendingur er hann leiðir heimildir sínar af, sbr. lög um útlendinga. Í tilvikum er ráðning nánasta aðstandanda er skemmri en gildistími dvalarleyfis skal miða við gildistíma atvinnuleyfis við ráðningartíma.

Þá er lagt til það nýmæli að börnum sem dveljast hér á landi á grundvelli dvalarleyfa fyrir aðstandendur eða búsetuleyfa samkvæmt lögum um útlendinga verði tímabundið heimilt að starfa hér á landi án atvinnuleyfa að átján ára aldri. Markmið þessa er aðallega að stuðla að jákvæðri aðlögun ungmenna þannig að þau geti fylgt jafnöldrum sínum í vinnu hér á landi, t.d. í skólaleyfum, án þess að þurfa fyrst að leita til stjórnvalda um leyfi. Um störf þessara barna gilda lög nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, sem og reglugerð nr. 426/1999, um vinnu barna og unglinga.

Um e-lið (13. gr.).

Ákvæðið heimilar Vinnumálastofnun að veita erlendum námsmönnum sem stunda nám við íslenska skóla leyfi til að starfa við tiltekið starf sem er hluti af námi þeirra. Gert er ráð fyrir að atvinnuleyfið verði gefið út hafi útlendingi verið veitt dvalarleyfi vegna náms samkvæmt lögum um útlendinga. Er þá miðað við að tilgangur dvalar útlendingsins hér á landi sé að stunda nám við íslenskan skóla sem krefst þess að nemendur öðlist reynslu í því starfi sem menntunin felur í sér. Sem dæmi um slíkt nám er nám í löggiltum iðngreinum, svo sem húsasmíði, eða læknisfræði. Þannig er ekki gert ráð fyrir að erlendir námsmenn séu þátttakendur á vinnumarkaði með námi þeirra hér á landi nema starfið sé hluti af náminu. Enn fremur er ekki gert ráð fyrir að atvinnuleyfi samkvæmt ákvæðinu geti orðið grundvöllur óbundins atvinnuleyfis en þegar námi er lokið er gert ráð fyrir að útlendingurinn geti ráðið sig í starf sem krefst þeirrar sérfræðiþekkingar sem hann hefur menntað sig til. Atvinnurekandinn þarf þá að sækja um atvinnuleyfi skv. 6. gr. frumvarpsins en heimilt er að víkja frá skilyrðum d- og e-liða 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins. Það fellur síðan í hlut Vinnumálastofnunar að meta hvort skilyrði fyrir veitingu atvinnuleyfisins eru að öðru leyti uppfyllt.

Um 8. gr.

Lagt er til að fyrirsögn 10. gr. laganna verði breytt þannig að skýrt verði um hvers konar tímabundin atvinnuleyfi ákvæðið eigi við auk þess sem lagt er til að tekið verði fram að tímabundin atvinnuleyfi sem veitt eru á grundvelli ákvæðisins geti ekki orðið grundvöllur óbundinna atvinnuleyfa skv. b-lið 10. gr. (17. gr.) frumvarpsins. Ekki er um að ræða efnisbreytingu frá gildandi lögum.

Um 9. gr.

Lagt er til að 11.–13. gr. laganna falli brott en sambærileg ákvæði er að finna í e-lið 7. gr. (13. gr.) frumvarpsins sem fjallar um tímabundin atvinnuleyfi vegna náms og b-lið 10. gr. (17. gr.) frumvarpsins um óbundin atvinnuleyfi. Hins vegar er lagt til að ákvæði um tímabundin atvinnuleyfi vegna vistráðningar verði fellt brott úr lögunum um atvinnuréttindi útlendinga en sams konar heimild verði færð inn í lög um útlendinga, sbr. frumvarp um breytingu á lögum nr. 96/2002, um útlendinga, með síðari breytingum, sem lagt er fram á Alþingi samhliða frumvarpi þessu. Ástæðan er einkum sú að ekki er um að ræða hefðbundin störf á íslenskum vinnumarkaði heldur er markmið vistráðningar fyrst og fremst að veita ungu fólki frá öðrum ríkjum tækifæri á að kynna sér menningu annarra þjóða og auka við tungumálakunnáttu sína. Þykir því nægjanlegt að veita þeim dvalarleyfi hér á landi í þeim tilgangi en ekki tímabundið atvinnuleyfi.

Um 10. gr.

Um a-lið (16. gr.).

Lagt er til að kveðið verði á um að útlendingi með tímabundið atvinnuleyfi verði heimilt að ákveðnu marki að skipta um atvinnurekanda á innlendum vinnumarkaði. Skilyrði er að nýi atvinnurekandinn sæki um atvinnuleyfi fyrir hönd útlendingsins vegna fyrirhugaðra starfa hans og jafnframt að önnur skilyrði laganna séu uppfyllt. Útlendingi er óheimilt að hefja störf hjá hinum nýja atvinnurekanda áður en atvinnuleyfi hefur verið veitt en Vinnumálastofnun er þó heimilt að ákveða að útlendingur geti hafið störf fyrr enda liggi fyrir að útlendingur uppfylli öll skilyrði laganna að því er varðar veitingu atvinnuleyfisins, sbr. 4. mgr. d-liðar 10. gr. (19. gr.) frumvarps þessa. Ákvæðið á sér fyrirmynd í reglugerð nr. 339/2005, um

atvinnuréttindi útlendinga, en áður hefur ekki verið kveðið á um slíka heimild í lögum enda þótt framkvæmdin hafi verið sú að útlendingar hafi getað skipt um atvinnurekanda með þessum hætti. Ástæða þótti til að taka fram að útlendingur lengir ekki þann tíma sem hann að hámarki getur dvalist og starfað hér á landi með því að skipta um starf þar sem slíkar takmarkanir eru gerðar.

Um b-lið (17. gr.).

Í samræmi við aðrar breytingar sem lagðar eru til með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að heimilt verði að veita útlendingi sem öðlast hefur búsetuleyfi hér á landi samkvæmt lögum um útlendinga og áður hefur verið veitt tímabundið atvinnuleyfi vegna starfs sem krefst sérfræðiþekkingar eða í tengslum við dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða samkvæmt lögum um útlendinga óbundið atvinnuleyfi. Það nýmæli er jafnframt lagt til að útlendingur sem óskar eftir óbundnu atvinnuleyfi verði að sýna fram á að hann hafi þegar starf sem tryggi honum framfærslu enda ekki rök til að veita hlutaðeigandi óbundið atvinnuleyfi hafi hann ekki þegar starf hér á landi. Enn fremur er miðað við að nánustu aðstandendur þessara útlendinga, sbr. g-lið 2. gr. frumvarpsins, geti fengið óbundið atvinnuleyfi eftir að útlendingunum sem þeir leiða heimildir sínar af hefur verið veitt slík leyfi. Er þá ekki gert að skilyrði að nánasta aðstandanda hafi áður verið veitt tímabundið atvinnuleyfi enda hafi hann áður fengið búsetuleyfi samkvæmt lögum um útlendinga og fyrir liggur skriflegur ráðningarsamningur milli útlendings og atvinnurekanda, sbr. a- og b-lið 1. mgr. Er með þessu verið að undirstrika að ekki er gert ráð fyrir að nánustu aðstandendur geti öðlast ríkari heimildir til atvinnu hér á landi en þeir útlendingar sem þeir leiða heimildir sínar af.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til þær breytingar á ákvæði laganna um óbundið atvinnuleyfi að Vinnumálastofnun líti eingöngu til aðstæðna á vinnumarkaði við veitingu atvinnuleyfa en ekki persónulegra aðstæðna útlendinga sem annaðhvort vilja koma hingað til lands eða hafa þegar dvalist hér í einhvern tíma áður en aðstæður þeirra breytast. Þannig er gert ráð fyrir að sérstök heimild til að meta aðstæður útlendinga við skilnað eða andlát íslenskra maka, samvistarmaka eða sambýlismaka þeirra við veitingu óbundinna atvinnuleyfa falli brott. Í stað þess er gert ráð fyrir að það falli í hlut Útlendingastofnunar að meta heimildir útlendinga til dvalar hér á landi að teknu tilliti til aðstæðna þeirra á grundvelli heimilda í lögum um útlendinga. Hafi Útlendingastofnun metið aðstæður útlendingsins þannig að honum verði gert heimilt að dveljast hér á landi er gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun verði heimilt að veita tímabundið atvinnuleyfi vegna sérstakra aðstæðna skv. c-lið 7. gr. (11. gr.) frumvarpsins sem aftur getur orðið grundvöllur óbundins atvinnuleyfis. Er með þessu fyrirkomulagi jafnframt tryggt að veiting óbundins atvinnuleyfis haldist ávallt í hendur við veitingu búsetuleyfis samkvæmt lögum um útlendinga.

Enn fremur er lagt til að heimilt verði að veita börnum sem hafa öðlast búsetuleyfi samkvæmt lögum um útlendinga fyrir átján ára aldur óbundið atvinnuleyfi þegar þeir ná átján ára aldri. Er þá miðað við fæðingardag hlutaðeigandi. Er með þessu stuðlað að jákvæðri aðlögun þessa aldurshóps að íslensku samfélagi enda hafa þeir þá dvalið hér um nokkurn tíma með foreldrum sínum eða öðrum forráðamönnum. Þá er lagt til að útlendingar sem hafa fengið dvalarleyfi hér á landi sem flóttamenn á grundvelli laga um útlendinga séu undanskildir kröfunni um atvinnuleyfi, sbr. c-lið 11. gr. frumvarpsins.

Um c-lið (18. gr.).

Ákvæði þetta er nýmæli og er m.a. tilkomið vegna breyttra aðstæðna sendimanna erlendra ríkja en sífellt er algengara að makar þeirra hafi áhuga á að starfa tímabundið í starfsgrein sinni í gistiríki. Er gert ráð fyrir að íslensk stjórnvöld geri gagnkvæma samninga við önnur

ríki um þetta atriði en þegar eru til fyrirmyndir að slíkum samningum milli annarra ríkja. Enn fremur er lagt til að heimilt verði að veita útlendingum atvinnuleyfi hér á landi á grundvelli samninga sem íslensk stjórnvöld hafa gert við önnur ríki um störf ríkisborgara þeirra hér á landi í þeim tilgangi að kynna sér landið og menningu þess. Slíkir samningar eru þekktir meðal annarra vestrænna þjóða en íslensk stjórnvöld hafa ekki talið sig geta gert slíka samninga þar sem lagaheimild hefur ekki verið fyrir hendi til að veita atvinnuleyfi á grundvelli slíkra samninga. Tilgangur þessara samninga er fyrst og fremst að veita ungu fólki tækifæri til að auka víðsýni sitt með því að gefa því kost á að kynna sér lífshætti og viðhorf meðal annarra þjóða í leik og starfi. Megintilgangur dvalar útlendinganna er því að kynna sér land og þjóð og jafnvel að stunda nám við erlenda skóla. Þeim er þó gert heimilt að starfa meðan á dvöl þeirra stendur. Kann þá að vera að útlendingur ráði sig til starfa mjög tímabundið hjá hverjum atvinnurekanda og starfi jafnvel á fleiri en einum stað á ferð sinni um landið. Er því ekki gert ráð fyrir að atvinnuleyfið verði skilyrt við einstaka atvinnurekendur. Gert er ráð fyrir að hver og einn samningur tilgreini til hvaða aldurshópa fólks hann á að taka til á aldursbilinu 18 til 26 ára. Enn fremur er gert ráð fyrir að tilgreint sé til hvaða tíma útlendingunum er heimilt að starfa hér á landi en þó ekki til lengri tíma en til eins árs. Skilyrði er að þeim hafi ekki áður verið veitt atvinnuleyfi á grundvelli slíkra samninga hér á landi en ekki er gert ráð fyrir að tímabundin atvinnuleyfi sem veitt eru á grundvelli þeirra séu framlengd.

Um d-lið (19. gr.).

Gert er ráð fyrir að atvinnurekandi sem vill ráða útlending til starfa leggi inn umsókn fyrir hönd útlendingsins. Þannig er atvinnurekandi ekki eiginlegur umsækjandi um leyfið eins og verið hefur en það fyrirkomulag hefur sætt nokkurri gagnrýni. Í staðinn er lagt til að atvinnurekandinn verði sjálfkrafa eins konar umboðsmaður útlendingsins að þessu leyti. Leyfið er síðan veitt útlendingnum en skilyrt við starf hjá hlutaðeigandi atvinnurekanda. Útlendingurinn getur því ekki skipt um starf án þess að nýr atvinnurekandi sæki um leyfi fyrir hans hönd. Er lagt til að útlendingurinn undirriti umsóknina ásamt atvinnurekanda. Áfram er gert ráð fyrir að báðir aðilar undirriti ráðningarsamninginn. Þá er miðað við að útlendingurinn sjálfur sæki um óbundið atvinnuleyfi skv. b-lið 10. gr. (17. gr.) frumvarps þessa.

Áfram er gert ráð fyrir að sótt verði um atvinnuleyfi áður en útlendingur kemur hingað til lands til starfa í fyrsta skipti. Ekki er um að ræða efnisbreytingu frá gildandi lögum en þar er tekið fram að leyfi skuli liggja fyrir áður en útlendingur kemur í fyrsta skipti til starfa á Íslandi, sbr. 8. gr. laganna. Mörgum hefur þótt óljóst hvað átt sé við með orðunum „í fyrsta skipti“ enda þekkt að fólk komi aftur hingað til lands eftir að hafa dvalist í einhvern tíma erlendis. Er lagt til að kveðið verði skýrar á um þetta atriði í lögum. Er því gert ráð fyrir að þegar sex mánuðir eða lengri tími hefur liðið frá þeim tíma er áður útgefið atvinnuleyfi féll úr gildi skuli útlendingurinn vera erlendis á afgreiðslutíma umsóknar enda hafi honum ekki verið veitt leyfi Útlendingastofnunar til að dvelja hér á landi á þeim tíma. Ákvæði þetta er í samræmi við sams konar ákvæði í frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 96/2002, um útlendinga, með síðari breytingum, sem lagt er fram á Alþingi samhliða frumvarpi þessu. Útlendingi er síðan heimilt að koma til landsins þegar dvalar- og atvinnuleyfi hefur verið veitt. Eftir komu útlendingsins til landsins er atvinnuleyfið formlega gefið út, sbr. e-lið 10. gr. (20. gr.) frumvarpsins. Samkvæmt gildandi lögum hefur verið heimilt að veita undanþágur frá því skilyrði að atvinnuleyfi sé gefið út áður en útlendingurinn kemur hingað til lands í fyrsta skipti þegar ríkar sanngirniskröfur hafa mælt með því. Sú breyting er hins vegar lögð til að það falli eingöngu í hlut Útlendingastofnunar að meta hvort útlendingi sé heimilt að

koma til landsins á grundvelli laga um útlendinga áður en atvinnuleyfi er gefið út samkvæmt lögum um atvinnuréttindi útlendinga enda fellur það í hlut hennar að fjalla um heimildir útlendinga til dvalar hér á landi.

Enn fremur þykir mikilvægt að koma ákveðinni festu í framkvæmdina á framlengingu tímabundinna atvinnuleyfa þar sem kveðið er skýrar á um hvenær umsókn um framlengingu atvinnuleyfis þarf að berast Vinnumálastofnun. Lagt er til að hæfilegur tími sé fjórar vikur áður en fyrra leyfi fellur úr gildi. Þegar til stendur að framlengja ráðningartíma útlendings hjá sama atvinnurekanda er mikilvægt að óskað sé framlengingar tímabundins atvinnuleyfis innan frestsins en þá er gert ráð fyrir að útlendingurinn fái sjálfkrafa að dveljast á landinu og halda starfi sínu áfram meðan á afgreiðslutíma umsóknar stendur, sbr. einnig frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 96/2002, um útlendinga, með síðari breytingum. Þegar umsókn um framlengingu tímabundins atvinnuleyfis berst að þeim tíma liðnum tekur Vinnumálastofnun ákvörðun um heimildir útlendingsins til að halda starfi sínu áfram á afgreiðslutíma umsóknar en áður þarf að liggja fyrir ákvörðun Útlendingastofnunar um að útlendingi sé heimilt að dvelja hér á landi á þeim tíma. Þegar óskað er eftir atvinnuleyfi hjá nýjum atvinnurekanda, sbr. a-lið 10. gr. (16. gr.) frumvarps þessa, er miðað við að Vinnumálastofnun geti heimilað útlendingi að hefja störf hjá nýjum atvinnurekanda áður en nýtt leyfi hefur verið veitt enda liggi fyrir að útlendingur uppfylli öll skilyrði laganna að því er varðar veitingu atvinnuleyfisins. Áhersla er lögð á að umsókn um framlengingu tímabundins atvinnuleyfis fylgi öll þau gögn og vottorð sem Vinnumálastofnun gerir kröfur um til staðfestingar á að uppfyllt séu skilyrði laga og reglugerða en þar á meðal er vottorð um að atvinnurekandi hafi sannanlega staðið skil við skattyfirvöld vegna starfa útlendingsins.

Þá er lagt til að Vinnumálastofnun verði heimilt að synja um veitingu tímabundins atvinnuleyfis vegna starfa hjá atvinnurekanda sem hefur gerst sekur um að hafa ráðið útlending til starfa án tilskilins atvinnuleyfis samkvæmt lögunum þrátt fyrir að skilyrði laganna séu uppfyllt að öðru leyti. Þykir eðlilegt að stofnunin meti sérstaklega hvort málefnalegt sé að atvinnurekandi sem áður hefur gerst sekur um brot á lögunum geti ráðið til sín útlendinga á grundvelli tímabundinna atvinnuleyfa. Miðað er við að hvert tilvik sé metið sérstaklega. Sama er lagt til þegar útlendingur hefur gerst sekur um að ráða sig til starfa hér á landi án tilskilinna leyfa.

Um e-lið (20. gr.).

Ákvæðið fjallar um útgáfu skilríkja til staðfestingar á veitingu atvinnuleyfa. Þannig er gert ráð fyrir að leyfi til að starfa hér á landi sé veitt áður en útlendingur kemur til landsins en skilríki séu formlega gefin út til staðfestingar atvinnuleyfis þegar útlendingur hefur komið til landsins. Lagt er til það nýmæli að kveða sérstaklega á um skyldu útlendinga að hafa skilríki ávallt meðferðis og sýna þau lögreglu þegar hún óskar eftir því. Þá er í frumvarpinu kveðið á um upplýsingar sem koma skulu fram í slíkum skilríkjum.

Um f-lið (21. gr.).

Lagt er til að kveðið verði með skýrum hætti á um skyldu atvinnurekanda til að tilkynna til Vinnumálastofnunar þegar útlendingur sem hefur tímabundið atvinnuleyfi hættir störfum hjá honum. Þetta fyrirkomulag verður að teljast mikilvægt svo Vinnumálastofnun verði kleift að fylgjast með að tímabundin atvinnuleyfi séu nýtt í samræmi við það sem lög og reglugerðir um atvinnuréttindi útlendinga gera ráð fyrir.

Um 11. gr.

Í a-lið ákvæðisins er lagt til að vísað verði jafnframt til samnings sem gerður var milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar um réttindi Færeyinga til starfa hér á landi sem svara til réttinda ríkisborgara aðildarríkja samningins um Evrópska efnahagssvæðið að því er varðar m.a. frjálsa för launafólks og veitingu þjónustu. Enn fremur er lagt til að útlendingar í staðfestri samvist með íslenskum ríkisborgurum njóti sömu réttinda og útlendingar í hjúskap með íslenskum ríkisborgurum sem og börn þeirra að átján ára aldri sem eru í forsjá og á framfæri viðkomandi. Er þá átt við börn Íslendinga sem eru erlendir ríkisborgarar sem og börn hinna erlendu maka sem eru í forsjá og á framfæri þeirra. Jafnframt er lagt til að útlendingar sem hafa fengið leyfi til að dvelja hér á landi sem flóttafólk verði undanþegnir kröfunni um atvinnuleyfi. Áður hefur verið heimilt að veita þeim óbundið atvinnuleyfi samkvæmt gildandi lögum. Sá háttur hefur ekki þótt samrýmast 3. mgr. 51. gr. laga um útlendinga þar sem kveðið er á um veitingu dvalarleyfa til þriggja ára sem ekki er háð takmörkunum og eru því lagðar til þessar breytingar.

Um 12. gr.

Ákvæði þetta fjallar um heimildir Vinnumálastofnunar til afturköllunar atvinnuleyfa og er efnislega samhljóða 16. gr. laganna. Ekki er verið að leggja til breytingar á ákvæðinu en í ljósi reynslunnar þykir mikilvægt að skýrt komi fram að Vinnumálastofnun sé heimilt að afturkalla tímabundið atvinnuleyfi útlendings sem hefur störf hjá öðrum atvinnurekanda en þeim sem leyfi hans er skilyrt við.

Um 13. gr.

Lagt er til að Vinnumálastofnun verði áfram heimilt að afhenda hlutaðeigandi eftirlitsstjórnvaldi, svo sem skattyfirvöldum, Vinnueftirliti ríkisins eða lögreglu, eftir atvikum, upplýsingar sem gefa til kynna að brotið sé gegn lögum og reglum er gilda hér á landi hverju sinni. Er með þessu verið að undirstrika mikilvægi þess að opinberar stofnanir hafi með sér samstarf um að stuðla að því að farið sé að lögum er gilda um störf á innlendum vinnumarkaði.

Í gildandi lögum er heimilt að samkeyra upplýsingar Vinnumálastofnunar, Útlendingastofnunar, lögreglu og skattyfirvalda svo unnt sé að hafa eftirlit með að útlendingar er starfa hér á landi hafi til þess tilskilin leyfi. Er lagt til að einnig verði gert heimilt að samkeyra upplýsingar fyrrnefndra stjórnvalda við upplýsingar þjóðskrár en um leið er leitast við að setja því skýrari mörk en áður í hvaða skyni og með hvaða hætti slík samkeyrsla upplýsinga geti farið fram. Ástæða þessarar tillögu er að í framkvæmd hefur reynst erfiðleikum bundið að hafa eftirlit með því að útlendingar sem hér dvelja og starfa hafi til þess tilskilin leyfi. Sem dæmi má nefna að oft má sjá af staðgreiðsluskrá einni saman að útlendingur er enn að störfum hér á landi án tilskilins atvinnuleyfis eða starfi hjá öðrum atvinnurekanda en atvinnuleyfi hans er skilyrt við. Jafnframt er það eitt af skilyrðum framlengingar atvinnuleyfa að atvinnurekandi hafi staðið skil á staðgreiðslu skatta. Er því mikilvægt að skattyfirvöld og Vinnumálastofnun eigi með sér náið samstarf á grundvelli laga um atvinnuréttindi útlendinga. Með þessu er verið að efla eftirlitsþátt stjórnvalda til að tryggja betur en áður að stjórnvöld hafi yfirsýn yfir fjölda erlendra ríkisborgara sem starfa á innlendum vinnumarkaði sem og koma í veg fyrir að þeir starfi án tilskilinna leyfa. Slíkt eftirlit þarf m.a. að vera reglubundið og skilvirkt. Eftirlit af þessu tagi krefst samvinnu þeirra stjórnvalda sem að málaflokknum koma, þar á meðal með samkeyrslu upplýsinga frá Vinnumálastofnun, Útlendingastofnun, þjóðskrá,

skattyfirvöldum og lögreglu. Til að stuðla enn frekar að virku eftirliti með störfum útlendinga hér á landi er jafnframt lagt til að Vinnumálastofnun og lögreglu verði heimil vinnsla persónuupplýsinga, þar á meðal þeirra sem viðkvæmar geta talist, að því marki sem slík vinnsla telst nauðsynleg við framkvæmd laganna.

Um 14. gr.

Lagt er til að kveðið verði skýrt á um hvaða stjórnvöld hafa eftirlit með framkvæmd laganna en ekki er um að ræða efnisbreytingu frá núverandi framkvæmd þar sem það hefur verið talið falla í hlut Vinnumálastofnunar og lögreglu að hafa eftirlit með framkvæmd laganna. Þykir mikilvægt að kveða skýrt á um skyldur atvinnurekenda til að veita eftirlitsaðilum aðgang að skjölum eða öðrum gögnum sem nauðsynleg eru til að sýna fram á að ekki hafi verið brotið gegn lögunum sem og að útlendingar og atvinnurekendur veiti allar aðrar nauðsynlegar upplýsingar í tengslum við eftirlitið.

Enn fremur þykir þýðingarmikið að heimildir lögreglu til vinnustaðaeftirlits verði gerðar skýrari þannig að atvinnurekendum verði gert skylt að veita lögreglu aðgang að vinnustöðvum sínum. Tilgangur þessa er að auðvelda lögreglu að hafa eftirlit með að atvinnurekendur og útlendingar sem starfa á innlendum vinnumarkaði fari að lögum þessum. Er þetta sambærileg skylda og atvinnurekendur hafa samkvæmt lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, þegar starfsmenn Vinnueftirlits ríkisins óska eftir aðgangi að vinnustöðvum atvinnurekenda í þeim tilgangi að hafa eftirlit með því að farið sé að þeim lögum.

Til að auðvelda eftirlit lögreglu enn frekar er lagt til að útlendingar skuli að kröfu lögreglu sýna skilríki um að þeim sé heimilt að starfa hér á landi og, ef þörf er á, veita upplýsingar svo að ljóst sé hverjir þeir eru, m.a. til að sýna fram á að þeir séu undanþegnir kröfu um atvinnuleyfi samkvæmt lögunum þegar við á, sem og allar aðrar nauðsynlegar upplýsingar í tengslum við eftirlit lögreglu.

Þá er lagt til að lögreglu verði heimilt að krefja aðra starfsmenn sem starfa eða hafa starfað einhvern tíma síðustu þrjá mánuði með viðkomandi útlendingi um nauðsynlegar upplýsingar í tengslum við eftirlitið.

Um 15. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 24. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga en kveðið er skýrar á um hver hefur heimild til að kæra ákvörðun Vinnumálastofnunar um synjun eða afturköllun atvinnuleyfa. Þannig er gert ráð fyrir að atvinnurekanda og viðkomandi útlendingi sé heimilt að kæra sameiginlega ákvarðanir Vinnumálastofnunar um synjun eða afturköllun tímabundins atvinnuleyfis til félagsmálaráðherra. Hins vegar er gert ráð fyrir að útlendingnum sjálfum sé heimilt að kæra ákvarðanir stofnunarinnar um synjun eða afturköllun óbundins atvinnuleyfis. Enn fremur er tekið fram að stjórnsýslukæra fresti ekki réttaráhrifum ákvarðana Vinnumálastofnunar og að útlendingur skuli dveljast erlendis meðan meðferð máls stendur yfir hjá ráðuneytinu enda hafi honum ekki verið veitt leyfi Útlendingastofnunar til að dveljast hér á landi. Þetta er í samræmi við 29. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, og felur ekki í sér breytingu frá gildandi lögum. Jafnframt er miðað við að félagsmálaráðueytinu sé engu síður heimilt á grundvelli 2. mgr. 29. gr. stjórnsýslulaga að fresta réttaráhrifum hinnar kærðu ákvörðunar þar sem ástæður mæla með því.

Um 16. gr.

Lagt er til að tekið verði fram að við framkvæmd laga þessara skuli hafa hliðsjón af efni milliríkjasamninga sem íslensk stjórnvöld hafa gert við önnur ríki um atvinnuréttindi útlendinga hér á landi. Á það m.a. við um samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, stofnsamning Fríverslunarsamtaka Evrópu og samning milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar sem og félagsmálasáttmála Evrópu frá árinu 1961, sbr. 18. gr. sáttmálans þar sem kveðið er á um réttinn til þess að stunda arðbært starf í landi annars samningsaðila.

Um 17. gr.

Lagt er til að tímabundin atvinnuleyfi sem veitt hafa verið fyrir gildistöku frumvarps þessa, verði það að lögum, haldi gildi sínu á gildistíma laganna. Enn fremur er miðað við að heimilt verði að framlengja þau leyfi að sömu skilyrðum uppfylltum og giltu um veitingu upphaflegu leyfanna. Tímabundin atvinnuleyfi sem gátu verið grundvöllur óbundins atvinnuleyfis skv. 11. gr. laganna fyrir gildistíð laga þessara, verði frumvarpið að lögum, skulu áfram teljast grundvöllur óbundins atvinnuleyfis samkvæmt lögunum. Þá er ekki gert ráð fyrir að breytingar þær sem lagðar eru til með frumvarpi þessu komi til með að hafa áhrif á gildi óbundinna atvinnuleyfa sem þegar hafa verið gefin út.

Um 18.–22. gr.

Stefnt er að því að fella tilskipun þingsins og ráðsins nr. 2004/38/EB, um rétt ríkisborgara ríkja Evrópusambandsins og fjölskyldna þeirra til frjálsrar farar og dvalar innan svæðisins, undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Tilskipunin felur m.a. í sér breytingar á reglugerð nr. 1612/68/EBE, um frelsi launþega til flutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins en ákvæði 23. gr. hennar kemur í stað 10. og 11. gr. reglugerðarinnar. Ákvæði þessi fjalla um rétt aðstandenda ríkisborgara ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins til að starfa hér á landi óháð þjóðerni þeirra. Ákvæði 23. gr. tilskipunarinnar felur ekki í sér efnisbreytingu að þessu leyti en nauðsynlegt þykir að breyta ákvæðum laganna um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins til samræmis við það sem mælt er fyrir um í tilskipuninni. Er því lagt til að ákvæði 23. gr. tilskipunarinnar verði innleitt í íslensk lög með frumvarpi þessu og að 10. og 11. gr. reglugerðarinnar hafi ekki lengur lagagildi á Íslandi.

Um 23. og 24. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuréttindi útlendinga, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er lagt til að teknar verði upp sex tegundir tímabundinna atvinnuleyfa í stað einnar tegundar almenns leyfis sem nú er veitt án tillits til þeirra aðstæðna er liggja að baki því að atvinnurekendur leita eftir ráðningu erlendra starfsmanna. Þá er lagt til skýrara orðalag á reglum um framkvæmd við veitingu og útgáfu atvinnuleyfa innan stjórnsýslunnar sem og á þeim reglum er gilda um eftirlit með framkvæmd laganna.

Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið leiði til aukinna útgjalda af hálfu ríkissjóðs verði það óbreytt að lögum.

574. Svar [281. mál]

félags- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur um fé til forvarna.

1. *Hve miklu fé hefur verið varið til forvarna í félagsmálaráðuneytinu árlega sl. 5 ár?*

Á meðfylgjandi töflu kemur fram að samtals var 30,6 millj. kr. varið til forvarna á árinu 2003. Á árinu 2007 er upphæðin 48,9 millj. kr. Samtals hefur rúmlega 192 millj. kr. verið varið til forvarna af félagsmálaráðuneytinu á síðastliðnum fimm árum.

m.kr.	2003	2004	2005	2006	2007
Fjölsmiðjan	26,00	26,00	32,00	32,00	32,00
Vímulaus æska - foreldrahús	4,60	4,50	5,00	10,00	10,50
Fræðslumiðstöð í fíknivörnum					0,15
Ný leið		0,30		3,00	6,00
Staðlað mat á árangri forvarna- og meðferðarstarfs unglinga					0,30
	30,60	30,80	37,00	45,00	48,95

2. *Hvaða þætti skilgreinir ráðuneytið sem forvarnir og hversu há upphæð fór árlega til hvers þeirra sl. 5 ár?*

Á því eru skiptar skoðanir hvað skuli teljast forvarnir gegn ávana- og fíkniefnum. Ráðuneytið lítur svo á að forvarnir felist meðal annars í því að styrkja foreldra í foreldrahlutverkinu. Börn sem búa við þær aðstæður að foreldrar og nánustu aðstandendur misnota áfengi og önnur fíkniefni eru skilgreind sem áhættuhópur sem þarfnast stuðnings svo og börn sem lögð eru í einelti. Forvarnir í þessum skilningi felast einnig í því að koma til hjálpar jafnt ungum sem eldri fórnarlömbum ávana- og fíkniefna. Skrá yfir aðila sem hafa fengið stuðning samkvæmt þessari skilgreiningu er að finna í töflunni hér að framan. Þar kemur fram hversu háa upphæð hver og einn hefur fengið undanfarin fimm ár.

575. Tillaga til þingsályktunar [339. mál]

um breytta stjórn fiskveiða í samræmi við úrskurð mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna.

Flm.: Jón Magnússon, Guðjón A. Kristjánsson, Grétar Mar Jónsson, Atli Gíslason, Jón Bjarnason, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að hlíta beri niðurstöðu mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna frá 24. október 2007 í máli nefndarinnar nr. 1306/2004 þess efnis að fiskveiðistjórnarkerfi Íslendinga sbr. lög nr. 116/2006, áður lög nr. 38/1990, brjóti í bága við alþjóðasamning um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi sem Ísland staðfesti með auglýsingu utanríkisráðherra nr. 10 frá 28. ágúst 1979 í samræmi við þingsályktun hinn 8. maí 1979. Enn fremur að breyta verður lögum um stjórn fiskveiða í samræmi við ofangreindan úrskurð til að tryggja jafnræði borgaranna, sanngirni og mannréttindi.

Greinargerð.

Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna tók afstöðu til máls nefndarinnar nr. 1306/2004: Erlingur Sveinn Haraldsson og Örn Snævar Sveinsson gegn Íslandi, þann. 24. október 2007, en fregnir af niðurstöðu nefndarinnar urðu ekki kunnar fyrr en í upphafi ársins þótt niðurstaðan hafi borist ríkisstjórninni 12. desember 2007.

Málið sem lagt var fyrir nefndina snerist um hvort landsmönnum væri mismunað á ólögmætan hátt og komst aukinn meiri hluti nefndarinnar að þeirri niðurstöðu að brot hefði verið framið gegn 26. gr. alþjóðasamningsins um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi.

26. gr. alþjóðasamningsins um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi er svohljóðandi:

„Allir eru jafnir fyrir lögunum og eiga rétt á sömu lagavernd án nokkurrar mismununar. Lögin skulu því í þessu skyni banna hvers konar mismunun og ábyrgjast öllum mönnum jafna og raunhæfa vernd gegn mismunun svo sem vegna kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúarbragða, stjórnmálaskoðana eða annarra skoðana, þjóðernisuppruna eða félagslegs uppruna, eigna, ætternis eða annarra aðstæðna.“

Í niðurstöðu meiri hluta nefndarinnar segir að meginálitaefnið sé hvort kærendur verði að lögum skyldaðir til að greiða samborgurum sínum fé til að afla sér fiskveiðiheimilda sem séu nauðsynlegar til að eiga kost á að veiða í atvinnuskyni kvótasettar fisktegundir í eigu íslensku þjóðarinnar.

Tekið er fram í áliti nefndarinnar að hópum fiskveiðimanna á Íslandi sé mismunað. Einn hópur fiskveiðimanna hafi fengið ókeypis fiskveiðiheimildir af því að hann stundaði fiskveiðar á þar tilgreindum fisktegundum á tímabilinu frá 1.11.1980–31.10.1983. Sérstaklega er tekið fram að þeir sem þannig háttar til um þurfi ekki að nota fiskveiðiheimildir sínar en geti selt þær eða leigt til annarra. Annar hópur fiskveiðimanna þurfi að kaupa eða leigja kvóta frá fyrri hópnum eða af öðrum sem hafa keypt kvóta af honum ef þeir vilja stunda veiðar á kvótasettum fisktegundum af þeirri einföldu ástæðu að þeir áttu ekki eða ráku fiskiskip á ofangreindu tímabili. Meiri hluti nefndarinnar telur að slík mismunun sé grundvölluð á ástæðum sem samsvari eignarstöðu.

Þá telur nefndin að markmið þessarar aðgreiningar, þ.e. að vernda fiskstofna sem eru takmörkuð auðlind, séu lögmæt en engu að síður þurfi nefndin að skera úr um hvort mismununin sé byggð á sanngjörnum og hlutlægum viðmiðum. Nefndin bendir á að sérhvert kvótakerfi sem innleitt er til að stjórna aðgangi að takmörkuðum auðlindum veitir að einhverju leyti

forréttindi þeim sem fá slíkum kvótum úthlutað og séu öðrum til óhagræðis, án þess nauðsynlega að mismuna mönnum. Um leið bendir nefndin á þá sérstöðu málsins að 1. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, nú lögum nr. 116/2006, segi að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign íslensku þjóðarinnar. Aftur á móti hafi mismununin byggst á aðgerðum innan viðmiðunartímans 1.11.1980–31.10.1983, upphaflega sem tímabundnar aðgerðir sem kunni að hafa byggst á sanngjörnum og réttlátum viðmiðum en urðu ekki aðeins varanlegar með setningu laganna heldur breyttu í einkaeign hinum upphaflega rétti til að hagnýta almannaeign. Kvóta sem hefur verið úthlutað og er ekki lengur notaður af upphaflegum handhafa má selja eða leigja á markaðsverði í stað þess að skila honum aftur til úthlutunar til nýrra handhafa samkvæmt sanngjörnum og réttlátum viðmiðum. Segir nefndin ríkið ekki hafa sýnt fram á að þetta fyrirkomulag og háttur við innleiðingu og síðari breytingar kvótakerfisins standist sanngirniskröfu. Þá er bent á að þó nefndinni sé ekki skylt að ákvarða hvernig kvótakerfi á takmörkuðum auðlindum verði samrýmd alþjóðasamningi um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi sem slíkum, þá ályktí hún að við þessar sérstöku aðstæður og í því tilviki sem til umfjöllunar var að þau eignarsérréttindi sem upphaflegum kvótaeigendum voru veitt varanlega, kærendum til tjóns, séu ekki byggð á sanngjörnum sjónarmiðum. Telur nefndin því að brotið hafi verið gegn 26. gr. samningsins.

Leggur nefndin þá skyldu á herðar íslenska ríkinu að greiða málskotsaðilum fullnægjandi bætur og endurskoða fiskveiðistjórnarkerfið. Tekið er sérstaklega fram í niðurstöðu meiri hluta nefndarinnar að íslenska ríkið hafi viðurkennt vald nefndarinnar til að skera úr um hvort brotið hafi verið gegn samningnum og bendir einnig á að Ísland hafi skuldbundið sig til að tryggja öllum mönnum, innan landamæra þess og undir lagavaldi þess, þann rétt sem viðurkenndur er í samningnum og til að gera viðeigandi ráðstafanir sé talið að brot hafi verið framið. Þá óskar nefndin þess að íslenska ríkið skýri henni innan 180 daga frá því hvaða ráðstafanir hafi verið gerðar til að fylgja niðurstöðu hennar eftir.

Flutningsmenn þingsályktunartillögu þessarar telja að núverandi fiskveiðistjórnarkerfi sé ósanngjarnt og brjóti gegn jafnrétti manna, samanber einnig jafnræðisreglur íslensku stjórnarskrárinnar. Þá telja flutningsmenn verulegan vafa leika á því að lög nr. 116/2006 samrýmist ákvæðum 75. gr. stjórnarskrár um atvinnufrelsi. Af þeim sökum og í framhaldi af því áliti sem rakið er að hluta í þessari greinargerð leggja flutningsmenn fram þingsályktunartillögu þessa.

Því hefur verið haldið fram að Ísland sé ekki lagalega bundið af niðurstöðum mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna. Af því tilefni benda flutningsmenn á að hinn 8. maí 1979 samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu sem heimilaði fullgildingu tveggja alþjóðasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Annars vegar alþjóðasamning um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi og hins vegar alþjóðasamning um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi. Sáttmálar þessir voru samþykktir á 21. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna og komu fyrst til undirritunar 19. desember 1966. Þeir voru undirritaðir af Íslands hálfu 30. desember 1968 en auglýsing um afhendingu tilheyrandi fullgildingarskjala var birt í C-deild Stjórnartíðinda, 28. ágúst 1979, bls. 33 og bls. 73 í sama hefti um valfrjálsa bókun við þann alþjóðasamning sem hér um ræðir.

Ísland hefur þannig samþykkt, undirritað og fullgilt alþjóðasamning um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi í samræmi við ofangreinda þingsályktunartillögu Alþingis og skuldbundið sig að þjóðarrétti til að virða úrskurðarvald mannréttindanefndarinnar í kærumálum

um meint brot á honum og skuldbundið sig að þjóðarrétti til að fylgja niðurstöðum hennar eftir. Ef Alþingi leiðir þessar staðreyndir hjá sér er mannréttindum Íslendinga í sínu eigin landi alvarlega ógnað, auk þess sem trúverðugleika Íslands á sviði alþjóðlegra mannréttinda er stefnt í stórfellda hættu. Þeim hagsmunum má ekki fórna.

Flutningsmönnum finnst miklu skipta að jafnræði borgaranna sé virt, að aðgerðir handhafa ríkisvalds brjóti ekki gegn réttlætiskennd manna og að réttur manna til að stunda atvinnu með sömu skilyrðum og um aðra gilda sé viðurkenndur. Af þeim sökum telja flutningsmenn nauðsynlegt að taka lög um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, til heildarendurskoðunar. Mikilvægt er að Alþingi lýsi sem allra fyrst yfir vilja sínum til að farið verði að þeim meginatriðum sem niðurstaða mannréttindanefndarinnar byggist á og breyti lögum um stjórn fiskveiða í samræmi við það.

576. Tillaga til þingsályktunar [340. mál]

um að ræður og ávörp ráðamanna liggi fyrir á íslensku.

Flm.: Mörður Árnason og Karl V. Matthíasson.

Alþingi ályktar að beina því til forseta Íslands og ráðherra að ræður og ávörp sem þeir flytja á erlendri tungu liggi fyrir á íslensku samtímis eða svo skjótt sem auðið er.

Greinargerð.

Á tímum ört vaxandi alþjóðasamskipta hefur mjög færst í vöxt að ræður og ávörp forystumanna á ýmsum sviðum séu samin og flutt á öðru máli en íslensku, oft ensku. Þessir textar eru sumir hverjir mikilvægir fyrir íslenskt samfélag, varða hagsmuni Íslendinga og eru hluti af stjórnmála- og samfélagsumræðu í landinu.

Eðlilegt er að slíkar ræður og ávörp æðstu ráðamanna liggi fyrir á íslensku, helst við flutning eða birtingu en ella eins skjótt og auðið er. Með þeim hætti geta allir landsmenn kynnt sér hvað sagt er í þeirra nafni við erlenda menn, og með „opinberri“ þýðingu er ekki hætta á að orð ráðamanna á erlendri grund eða við alþjóðleg tækifæri sæti rangþýðingu eða mistúlkun vegna tungumálaörðugleika. Þá má ætla að íslenskur texti greiði fyrir við vinnslu og flutning frétta á Íslandi af slíkum ræðuhöldum.

Skynsamlegt er að settar verði um þetta almennar reglur, til dæmis í forsætisráðuneytinu, og mætti fela hinni ágætu þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytisins þessi verkefni ef þau eru vandleyst á skrifstofum forseta, ráðherra og annarra ráðamanna. Við fjárlagasmíð þyrfti að gera ráð fyrir lítilsháttar útgjaldaauka vegna þessa íslenskunarstarfs.

Fylgiskjal.

Yfirlit um óþýddar ræður og ávörp á vefsetrum forseta Íslands og forsætisráðherra árið 2007 og utanríkisráðherra júní – desember sama ár.

A. Óþýddar ræður og ávörp árið 2007 á vefsetri forseta Íslands.

Í stuttri kynningu kemur ekki fram á hvaða máli textarnir eru nema þeir sem eru á dönsku eða norsku. Efnisinnihaldi er ekki lýst en getið ræki lega um tilefni. Heiti og kynning eru tekin af vef forseta Íslands, www.forseti.is.

- 22.1. 2007. Ræða forseta á ráðstefnunni Delhi Sustainable Development Summit í Nýju-Delí á Indlandi.
- 30.1. 2007. Ræða forseta á ráðstefnunni „The Microsoft Government Leaders Forum“, The New Democracy: How Technology Empowers Citizens to be Active, Influential and Global.
- 9.2. 2007. Ræða forseta á málþingi Dansk Industri og Dansk-íslenska verslunarráðsins. Hvorfor er islandske firmaer så innovative – giver det anledning til forundring? Ræðan er á dönsku.
- 9.2. 2007. Ræða forseta flutt í menningarmiðstöðinni Norðurbryggju í Kaupmannahöfn: Gullfoss: Et skibs historie – nationers historie. Ræðan er á dönsku.
- 9.2. 2007. Ræða forseta flutt í húsakynnum Kunstforeningen Gammel Strand í Kaupmannahöfn. København: Islands hovedstad i 500 år. Ræðan er á dönsku.
- 19.2. 2007. Ræða forseta í kvöldverði á Bessastöðum til heiðurs forseta Djíbútís, Ismail Omar Guelleh.
- 25.4. 2007. Ræða forseta hjá East West Institute: The 200th Anniversary of US-Russian Diplomatic Relations.
- 27.4. 2007. Setningarræða forseta á ársþingi Þjóðræknisfélags Íslendinga í Vesturheimi (Icelandic National League) í Winnipeg, Kanada.
- 10.5. 2007. Ræða forseta á norrænni skólamálaráðstefnu: Þekking – kraftur – sköpun. Ræðan flutt á norsku: Kunnskap – kraft og kreativitet.
- 31.5. 2007. Kveðja forseta í dagskrá ráðstefnunnar Nordic Conference on Research on Autism Spectrum Disorders.
- 31.5. 2007. Forseti setur norræna ráðstefnu um einhverfu, Nordic Conference on Research on Autism Spectrum Disorders, en ráðstefnuna sækja vísindamenn og sérfræðingar víða að úr veröldinni.
- 9.6. 2007. Ávarp forseta lesið í Pétursborg þegar Þorsteini Sigfússyni voru afhent verðlaun, Global Energy International Award, fyrir framlag hans á sviði orkumála.
- 29.6. 2007. Ræða forseta á ráðstefnu OECD í Istanbul (OECD World Forum). Transformation of the Energy Systems Prevents Climate Change. If we can do it, so can others!
- 3.8. 2007. Kveðja forseta til samkomu Vestur-Íslendinga í Norður-Dakota vegna afhjúpunar á minnismerki vegna Þingvallakirkju þeirra er brann fyrir nokkrum árum.
- 4.9. 2007. Ræða á hátíðarfundi alþjóðlegrar ráðstefnu um landgræðslu og loftslagsbreytingar á Selfossi: Sharing Knowledge and Experience with Others. Centenary of the Conservation of Soil and Vegetation in Iceland.

- 6.9. 2007. Efnisþættir fyrirlestrar sem fluttur var í boði Alþjóðlegu friðarakademíunnar (International Peace Academy) í New York.

B. Óþýddar ræður og ávörp árið 2007 á vefsetri forsætisráðherra.

Yfirlit efnis fylgir tveimur textum. Einu sinni kemur fram í kynningu að textinn sé á erlendu máli. Heiti og kynning eru tekin af vef forsætisráðuneytisins, www.forsaetisraduneyti.is.

- Ræða forsætisráðherra Geirs H. Haarde um samskipti Íslands og Noregs, „Norsk-islandsk samarbeid i ny tid," í Norska verslunarháskólanum í Bergen þann 22. janúar 2007.
- Ávarp forsætisráðherra, Geirs H. Haarde, í tilefni af heimsókn hermálanefndar NATO mánudaginn 2. apríl 2007 (ræðan er á ensku).
- Ávarp Geirs H. Haarde, forsætisráðherra, á Íslendingadegi í Mountain, Norður-Dakóta laugardaginn 4. ágúst 2007.
- Ávarp Geirs H. Haarde, forsætisráðherra, á Íslendingadegi í Gimli Park mánudaginn 6. ágúst 2007.
- Ávarp forsætisráðherra á fundi þingmannasamtaka Atlantshafsbandalagsins 9. október 2007.

  Geir H. Haarde, forsætisráðherra, ávarpaði í dag fund þingmannasamtaka Atlantshafsbandalagsins og fjallaði um alþjóðleg öryggismál og hlutverk bandalagsins í því samhengi. Þá gerði hann grein fyrir breyttu öryggisumhverfi Íslands og nýlegum ráðstöfunum íslenskra stjórnvalda á sviði öryggis- og varnarmála.
- Ávarp forsætisráðherra á fundi hjá Ítalsk-íslenska viðskiptaráðinu í Róm 26.10. 2007.

  Geir H. Haarde, forsætisráðherra, ávarpaði í dag hádegisverðarfund Ítalsk-íslenska viðskiptaráðsins í Róm og fjallaði um þróun efnahagsmála á Íslandi og viðskipti og fjárfestingar á milli Íslands og Ítalíu. Þar flutti einnig ávarp Emma Bonino, utanríkisviðskiptaráðherra Ítalíu. Þau greindu frá því að ákveðið hefði verið að stofna sérstakan samstarfshóp ríkjanna tveggja sem ætlað yrði að greina með hvaða hætti væri hægt að efla þessi samskipti enn frekar.

C. Óþýddar ræður og ávörp árið 2007 á vefsetri utanríkisráðherra.

Í kynningu er getið tungumáls en ekki tiltekin efnisatriði textans umfram það sem kemur fram í heiti eða tilefni. Heiti og kynning eru tekin af vef utanríkisráðuneytisins, www.utanrikisraduneyti.is.

- 13.6. 2007: Utanríkisráðherrafundur Eystrasaltsríkjanna. Ávarp utanríkisráðherra, Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, á utanríkisráðherrafundi Eystrasaltsríkjanna í Malmö (á ensku).
- 15.6. 2007: Þemaráðstefna Vestnorræna ráðsins á Húsavík. Erindi utanríkisráðherra á þemaráðstefnu Vestnorræna ráðsins um „Vestnorden i en globaliseret verden" (á dönsku).
- 29.8. 2007: Nýtt tímaskeið í öryggis- og varnarmálum. Setningarávarp Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur utanríkisráðherra á ráðstefnunni „Kapphlaupið til Norðurpólsins" (á dönsku).
- 24.9. 2007: Ávarp utanríkisráðherra um loftslagsmál. Ávarp Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur utanríkisráðherra á þingi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál (á ensku).

- 28.9. 2007: Ræða utanríkisráðherra á 62. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Ræða Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur utanríkisráðherra á 62. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna (á ensku).
- 6.10. 2007: Breytt bandalag – ný staða Íslands. Ræða Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, utanríkisráðherra, á þingi þingmannasamtaka NATO 6. október 2007 (á ensku).
- 13.10. 2007: Íslensk fyrirtæki í útrás á Eystrasaltssvæðinu. Tímaritsgrein Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, utanríkisráðherra, um útrás íslenskra fyrirtækja á Eystrasaltssvæðinu. Baltic Rim Economics Review (á ensku).

577. Beiðni um skýrslu [341. mál]

frá utanríkisráðherra um skuldbindingar íslenskra sveitarfélaga í EES-samningnum.

Frá Árna Þór Sigurðssyni, Atla Gíslasyni, Álfheiði Ingadóttur, Dýrleifu Skjóldal, Jóni Bjarnasyni, Kolbrúnu Halldórsdóttur, Steinunni Þóru Árnadóttur, Þuríði Backman og Ögmundi Jónassyni.

Með vísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að utanríkisráðherra flytji Alþingi skýrslu um stöðu sveitarfélaganna gagnvart samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, sem og áhrif samningsins á rekstur og starfsemi sveitarfélaganna. Meðal annars er óskað eftir því að í skýrslunni verði gerð grein fyrir og fjallað um eftirfarandi þætti:

1. formlega stöðu sveitarfélaganna til að fylgjast með rekstri EES-samningsins og taka þátt í umræðu um framvindu hans;
2. tækifæri þeirra annars vegar til að taka þátt í umræðu um þau mál sem eru til umfjöllunar og undirbúnings hjá Evrópusambandinu og kunna að verða löggjöf sem tekin er upp í EES-samninginn og hins vegar til að fjalla um þá löggjöf (gerðir) sem enn er til umfjöllunar hjá EFTA-skrifstofunni í Brussel og íslenskum stjórnvöldum og varðar sveitarfélögin;
3. samráð milli ríkis og sveitarfélaga um rekstur EES-samningsins, svo sem hvað kostnaðarmat varðar og um afstöðu til mála sem eru til umfjöllunar og eru líkleg til að hafa áhrif á íslensk sveitarfélög;
4. þær gerðir sem teknar hafa verið upp í EES-samninginn og varða verkefni og rekstur sveitarfélaganna, og sérstaklega þær gerðir sem mest áhrif hafa haft á sveitarfélögin frá gildistöku EES-samningsins og hvort og þá hvernig kostnaðarauka sveitarfélaganna hefur verið mætt;
5. stærstu mál sem eru á döfinni og kunna að varða sveitarfélögin. Má þar nefna að á vettvangi ESB var nýlega samþykkt svonefnd þjónustutilskipun auk þess sem kynntar hafa verið hugmyndir um mögulega lagasetningu um almannaþjónustu sem gæti haft mikil áhrif á sveitarfélögin og fyllsta ástæða er til að fylgjast grannt með. Einnig má nefna endurskoðun rammalöggjafar um úrgangsmál, stefnumótun í málefnum hafsins, löggjöf um verndun jarðvegs og margt fleira;
6. framgang tillagna starfshóps utanríkisráðuneytisins og sveitarfélaganna frá janúar 2004 um EES-samninginn og hagsmuni íslenskra sveitarfélaga.

Greinargerð.

Markmið þessarar skýrslubeiðni er að fá greinargott yfirlit yfir stöðu sveitarfélaganna gagnvart EES-samningnum og kostnað þeirra við að standa undir skuldbindingum sem íslensk stjórnvöld hafa undirgengist með aðildinni að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Almennt er talið að staðbundin stjórnvöld standi undir allt að ¾ hlutum vegna innleiðingar og framkvæmdar löggjafar og gerða á vegum Evrópusambandsins og má ætla að hluti sveitarfélaga í EES-ríkjum vegna EES-samningsins sé ekki fjarri því sem á við um löggjöf Evrópusambandsins. Hagsmunir sveitarstjórnarstigsins eru því ríkir þegar kemur að umfjöllun um EES-samninginn og þær skuldbindingar sem hann hefur í för með sér. Mikilvægt er að stjórnvöld hafi gott samstarf við sveitarfélögin um hvaðeina sem lýtur að aðild Íslands að samningnum og varðar sveitarfélögin sérstaklega. Því er óskað eftir því að skýrslan taki m.a. til þess hvernig samstarfi ríkis og sveitarfélaga er háttað á þessu sviði og hvernig stjórnvöld hafa fylgt eftir sameiginlegum tillögum nefndar utanríkisráðuneytisins og sveitarfélaganna frá því í janúar 2004.

Tekjustofnar sveitarfélaga og umræður um tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga hafa verið áberandi í umræðu að undanförnu, m.a. í tengslum við viðræður ríkis og sveitarfélaga um verkaskipti og í tengslum við fjármálaráðstefnur sveitarfélaga. Sveitarfélögin hafa lagt áherslu á að fjölmörg verkefni hafi verið flutt frá ríki til sveitarfélaga, í sumum tilvikum án þess að samið hafi verið um tekjustofna til að standa undir nýjum verkefnum. Þær umræður hafa þó einkum beinst að verkefnum sem ákveðin hafa verið af íslenskum stjórnvöldum, löggjafarvaldi eða framkvæmdarvaldi. Minna hefur verið fjallað um kostnaðaráhrif þeirra margháttuðu verkefna og skuldbindinga sem EES-samningurinn hefur haft í för með sér.

Ljóst er að EES-samningurinn tekur til fjölmargra málaflokka sem varða sveitarfélögin miklu. Má þar nefna vinnumarkaðsmál, umhverfismál, félagsmál, reglur um opinber innkaup og útboð, hafnamál og margt fleira. Hvergi liggur fyrir, að því er best er vitað, heildstætt yfirlit yfir þessar skuldbindingar og enn síður hvað þær hafa kostað íslensk sveitarfélög. Því er brýnt að unnin verði skýrsla um þetta mikilvæga mál og hún lögð fyrir Alþingi.

Loks er óskað eftir því að gerð verði grein fyrir stærstu málum sem eru á döfinni og kunna að varða sveitarfélögin og í því sambandi er sérstaklega vikið að þjónustutilskipuninni og hugsanlegri lagasetningu Evrópusambandsins á sviði almannaþjónustu sem mjög hefur verið í umræðu.

Þau málefni sem þessi skýrslubeiðni tekur til heyra undir fjölmörg ráðuneyti. Utanríkisráðuneytið fer með EES-samninginn sem slíkan, samgönguráðuneytið með málefni sveitarfélaga, fjármálaráðuneytið fer með kostnaðarmat frumvarpa og stjórnvaldsfyrirmæla, auk þess sem einstök ráðuneyti hafa með höndum innleiðingu einstakra gerða, hvert á sínu málasviði. Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið er þó á forræði utanríkisráðuneytisins og er skýrslubeiðninni þar af leiðandi beint til utanríkisráðherra en sjálfsagt er að leita enn fremur fanga hjá einstökum ráðuneytum og stofnunum og hjá sveitarfélögum og Sambandi íslenskra sveitarfélaga eftir því sem við á.

578. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [342. mál]

um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

Flm.: Mörður Árnason, Ágúst Ólafur Ágústsson,
Jón Magnússon, Kolbrún Halldórsdóttir.

1. gr.

2. mgr. 31. gr. stjórnarskrárinnar orðast svo:

Kjördæmi skulu vera fæst fimm en flest sex. Mörk þeirra skulu ákveðin í lögum. Kjördæmaskipun skal ávallt þannig háttað að allir íbúar sveitarfélags séu í sama kjördæmi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með þessu frumvarpi er lagt til afnám kjördæmaskiptingar í Reykjavík.

Við breytingar á skipan kosninga til alþingis um aldamótin (með stjórnarskrárbreytingu, lögum nr. 77/1999, og kosningalögum, nr. 24/2000), þegar kjördæmum var fækkað í sex, var ákveðið að skipa kjósendum í Reykjavík í tvö kjördæmi og sett á fót kjördæmin Reykjavíkurkjördæmi suður og Reykjavíkurkjördæmi norður. Mörk þessara kjördæma eru ekki ákvörðuð í kosningalögum þar sem kveðið er á um mörk annarra kjördæma heldur er landskjörstjórn falið að ákveða þau hverju sinni.

Á sínum tíma voru þau rök helst færð fyrir því að skipta Reykjavík í tvö kjördæmi að þannig yrðu þingmannahópar kjördæmanna sex svipaðir að stærð og því hentugar einingar við útreikning í kosningakerfinu sem upp var tekið.

Reykvíkingar og fulltrúar þeirra mótmæltu því að sveitarfélaginu væri skipt í tvö kjördæmi í fyrsta sinn í lýðræðissögu Íslendinga (sjá m.a. samþykkt borgarráðs 26. janúar 1999 og 25. apríl 2000). Andstaða við kjördæmaskiptinguna varð þó minni en vert væri vegna þess að í breytingunum í heild fólust þær réttarbætur fyrir Reykvíkinga og aðra íbúa á höfuðborgarsvæðinu að nokkuð var dregið úr misvægi atkvæða, samanber ákvæði kosningalaganna um helmingsmun við rásmark nýja kerfisins, og íbúar höfuðborgarsvæðisins, rúmlega þrír fimmtu landsmanna, kusu í fyrsta sinn meiri hluta þingmanna, 33 af 63.

Skemmst er frá að segja að í Reykjavík skilur ekki nokkur maður af hverju sveitarfélagið þarf að skiptast í tvö kjördæmi við alþingiskosningar. Kjördæmaskiptingin hefur á hinn bóginn aukið vanda við lýðræðisstarfsemi í höfuðborg Íslendinga.

Reykvíkingar hafa ekki myndað nein sérstök tengsl við „sína“ þingmenn umfram þingmenn í hinu borgarkjördæminu. Stjórnmálasamtök í borginni skipuleggja grunneiningar sínar eins og um eitt kjördæmi væri að ræða. Einu samtökin sem greindu félagsstarf sitt í Reykjavík eftir nýju kjördæmunum, Framsóknarflokkurinn, hafa sameinað kjördæmasambönd sín í höfuðborginni. Á Alþingi kemur kjördæmaskiptingin ekki fram í störfum þingmanna Reykjavíkur. Þingmannahópar kjördæmanna tveggja hafa aldrei fundað hvor í sínu lagi eða haft með sér nokkurn félagsskap, og má raunar færa að því rök að við kjördæmabreytinguna hafi heldur dregið úr samstarfi Reykjavíkurþingmanna.

Íbúar í einstökum hverfum hafa í hvorumtveggju þeim kosningum sem háðar hafa verið eftir nýja kerfinu þurft að bíða fram á síðustu vikur kosningabaráttunnar eftir úrskurði um

það í hvoru kjördæminu þeir skuli kjósa. Við kosningarnar árið 2003 voru mörk kjördæmanna tveggja miðuð við Hringbraut–Miklubraut–Vesturlandsveg. Íbúum Grafarholtshverfis, sem er sunnan þessarar brautar, var þó skipað í norðurkjördæmið. Vorið 2007 brá hins vegar svo við að kjördæmamörk voru dregin þvert um Grafarholtið. Búast má við frekara hringli með kjördæmamörk í hverfum Reykjavíkur haldi núverandi skipan velli. Í kosningunum vorið 2003 olli kjördæmaskiptingin þeim mistökum að úrskurða varð atkvæði gild sem greidd voru í öðru kjördæmi en greiðendurnir tilheyrðu, þegar íbúar á Framnesvegi sunnan Hringbrautar greiddu atkvæði á sama kjörstað og nágrannar þeirra á Framnesvegi norðan Hringbrautar. Kjördæmaskiptingin í Reykjavík hefur einnig valdið þeim vandkvæðum við val manna á framboðslista að erfitt er að láta vilja kjósenda í prófkjöri um gengi einstakra frambjóðenda endurspeglast í kosningaúrslitum. Bæði 2003 og 2007 gerðist það að frambjóðandi sem ekki náði kjöri hafði fengið meiri stuðning í prófkjöri flokks síns en frambjóðandi sem náði kjöri á lista flokksins í hinu borgarkjördæminu.

Skipting Reykjavíkur í tvö kjördæmi flækir leikreglur lýðræðisins fyrir kjósendum og veldur þeim óþægindum. Kjördæmaskiptingin hefur þyngt róðurinn við stjórnmálastarf í borginni, aukið vanda við framkvæmd kosninga, spillt vali á framboðslista og torveldað samráð með fulltrúum Reykvíkinga á þingi. Nauðsynlegt er því að gera höfuðborgina að nýju að einu kjördæmi við alþingiskosningar.

Kjördæmi eru nú ákveðin bæði í stjórnarskrá og sérlögum. Fjöldi þeirra er tiltekinn í stjórnarskrá, „fæst sex en flest sjö“, og þar segir einnig að landskjörstjórn geti ákveðið kjördæmamörk í Reykjavík. Í kosningalögum er síðan kveðið á um skiptingu kjördæmanna og þingmannatölu þeirra. Þótt hugsanlegt sé að knýja fram sameiningu kjördæmanna í Reykjavík með breytingum á kosningalögum – þá með því að bæta við kjördæmi utan höfuðborgarinnar! – er náttúrlegra að breyta þessum ákvæðum í stjórnarskrá. Það er í samræmi við eðli og orðalag stjórnarskipunarlaga að gera það með grundvallarreglu sem varðar grundvöll lýðræðisskipunar og mannréttinda á landinu, nefnilega að mörk sveitarfélaga séu virt við skipan kosninga til Alþingis Íslendinga.

Í frumvarpi til stjórnarskipunarlaga er ekki gerð tillaga um breytingar á almennum lögum en eðli málsins samkvæmt yrði að setja ný kosningalög að þessu frumvarpi samþykktu. Minnsta hugsanleg breyting frá núverandi skipan er sú að Reykjavíkurkjördæmi norður og suður yrði sameinuð í eitt, sem þá hefði átján kjördæmissæti og fjögur jöfnunarsæti. Nú kann mönnum að þykja það spilla einhvers konar innra jafnvægi kosningakerfisins að eitt kjördæmanna sé helmingi stærra en hvert hinna, svo sem vegna lágmarksfylgis til að koma að manni í kjördæmi, og virðist þá hægur vandi að bregðast við því með sérákvæði í kosningalögum án þess að ganga á hlut Reykvíkinga.

579. Tillaga til þingsályktunar [343. mál]

um stofnun háskólaseturs á Selfossi.

Flm.: Jón Bjarnason, Atli Gíslason, Kolbrún Halldórsdóttir, Steinunn Þóra Árnadóttir.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að hefja undirbúning að stofnun háskólaseturs á Selfossi í samvinnu við heimamenn og háskóla- og rannsóknastofnanir í héraði. Ráðherra geri Alþingi grein fyrir undirbúningsstarfinu og tillögum sínum um uppbyggingu háskólanáms á Selfossi fyrir 1. september 2008.

Greinargerð.

Tillaga þessi var áður lögð fram á 132. og 133. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga.

Eitt brýnasta mál landsbyggðarinnar er efling menntastofnana og rannsóknasetra sem víðast um landið. Reynslan hefur sýnt fram á kosti þess að heimamenn stjórni slíkri starfsemi að sem mestu leyti sjálfir og byggi þá á tækniþekkingu, menningu, atvinnulífi og auðlindum hvers héraðs um sig. Nægir í því sambandi að horfa til háskólanna á Hvanneyri, Bifröst og Hólum sem hafa með sjálfstæði sínu, frumkvæði og sveigjanleika staðist fyllilega þær kröfur sem gerðar eru til háskóla. Fáir efast heldur um það nú orðið að sjálfstæði Háskólans á Akureyri var ein meginforsenda þess að hann næði að vaxa og dafna. Hins vegar er samstarf sjálfstæðra menntastofnana ávallt af hinu góða, hvort heldur er samstarf við skóla í öðrum landshlutum eða erlendis.

Blómlegt mannlíf byggist á menntun, fjölbreyttri atvinnu og góðri almannaþjónustu. Enginn einn þessara þátta nægir. Íbúum á Suðurlandi hefur fjölgað umtalsvert á umliðnum árum og útlit er fyrir áframhaldandi fjölgun íbúa á næstu árum. Afar mikilvægt er því að auka fjölbreytni í atvinnulífi á svæðinu, efla menntunarmöguleika og almenna þjónustu við íbúana. Sunnlendingar hafa ekki fengið sams konar framlög til uppbyggingar og miðlunar háskólanáms og Vestfirðir, Norðurland og Austurland á umliðnum árum. Eins og víðar á landsbyggðinni er lægra hlutfall háskólamenntaðra í landshlutanum en á höfuðborgarsvæðinu.

Á aðalfundi Sambands sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) dagana 25. og 26. nóvember 2005 var samþykkt ályktun þar sem áhersla er lögð á að efling háskólamenntunar og bætt aðgengi almennings að henni sé eitt brýnasta hagsmunamál landshlutans. Ákveðið var á fundinum að 80 millj. kr., sem sveitarfélög á Suðurlandi eiga í sjóði hjá Atvinnuþróunarsjóði og ætlunin var að setja í sérstakan sjóð til eflingar atvinnulífi á svæðinu, yrði varið til að treysta undirstöður háskólanáms í landshlutanum. Á aðalfundinum var jafnframt skorað á ríkisvaldið að koma myndarlega að uppbyggingu háskólanáms á Suðurlandi enda er málaflokkurinn á verksviði þess samkvæmt lögum.

Sú ákvörðun sveitarfélaganna í landshlutanum að verja 80 millj. kr. til uppbyggingar háskólanáms á svæðinu sýnir áhuga þeirra á málinu. Í framhaldinu er mikilvægt að ríkisvaldið komi að þessari uppbyggingu með framlögum til jafns við aðra landshluta. Á ársþingi SASS í nóvember 2007 voru þessar óskir áréttaðar, svo sem sjá má í fylgiskjölum II og III.

Þótt ekki sé orðið ýkja langt að fara milli Selfoss og Reykjavíkur, þar sem þegar eru starfræktir háskólar, má ætla að aðstæður fólks til að sækja slíkt nám þangað séu alls ekki alltaf nógu góðar, auk þess sem benda má á að fjarlægðir frá Reykjavík í uppsveitir Árnessýslu og austur í Skaftafellssýslu eru alls ekki boðlegar til daglegs aksturs fram og til baka. Það gefur

augaleið að háskólasetur, sem mundi færa námið til fólksins, gerbreytti aðstæðum fólks til að sækja sér frekari menntun.

Ekki er vafi á því að stofnun háskólaseturs á Selfossi yrði kærkomin viðbót við Fjölbrautaskóla Suðurlands sem þar er fyrir. Slíkar menntastofnanir mundu styðja vel hvor við aðra, og ekki bara á sviði menntunar þótt sú samvinna yrði hvað dýrmætust.

Á meðal íbúa á Suðurlandi er mikil eftirspurn eftir háskólamenntun í heimabyggð. Skráður íbúafjöldi á þessu svæði 1. desember 2007 var 23.478 manns. Háskólasetur á Selfossi mundi styrkja þessa heildarmynd menntunar og bæta enn frekar búsetuskilyrðin á svæðinu og koma þar með til móts við eindregnar óskir íbúanna. Því er lagt til að menntamálaráðherra skipi nú þegar nefnd með heimamönnum sem vinni tillögur að stofnun háskólaseturs á Selfossi og að hún skili áliti fyrir 1. september 2008 svo að hægt sé að hafa hliðsjón af tillögum hennar við gerð fjárlagafrumvarps fyrir árið 2009.

Með tillögunni voru fjögur fylgiskjöl:

I. Atli Gíslason og Alma Lísa Jóhannsdóttir: Stofnun háskólaseturs á Selfossi. (Vinstri hreyfingin – grænt framboð, Suðurlandskjördæmi, 8. mars 2007.)
II. Ályktun ársþings Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) á Kirkjubæjarklaustri 1. og 2. nóvember 2007.
III. Skýrsla stjórnar SASS fyrir starfsárið 2006–2007 á ársþingi SASS 1. og 2. nóvember 2007.
IV. Háskóli fyrir alla á nýrri öld. (Vinstri hreyfingin – grænt framboð, Menningar- og menntamál, 27. mars 2007.)

580. Tillaga til þingsályktunar [344. mál]

um stofnun háskólaseturs á Akranesi.

Flm.: Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir, Steinunn Þóra Árnadóttir.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að hefja undirbúning að stofnun háskólaseturs á Akranesi með áherslu á iðn- og tæknigreinar auk almennra grunngreina háskólanáms. Ráðherra geri Alþingi grein fyrir undirbúningsstarfinu og tillögum sínum um uppbyggingu háskólastarfs á Akranesi fyrir 1. september 2008.

Greinargerð.

Tillaga þessi var síðast lögð fram á 133. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga og er nú lögð fram aftur lítið breytt.

Efling menntastofnana og rannsóknasetra sem víðast um landið er eitt brýnasta mál landsbyggðarinnar. Reynslan hefur sýnt fram á kosti þess að heimamenn stjórni slíkri starfsemi að sem mestu leyti sjálfir og byggi þá á tækniþekkingu, menningu, atvinnulífi og auðlindum hvers héraðs um sig. Nægir í því sambandi að horfa til háskólanna á Hvanneyri, Bifröst og

Hólum sem hafa með sjálfstæði sínu, frumkvæði og sveigjanleika fyllilega staðist þær kröfur sem gerðar eru til háskólanáms. Fáir efast heldur um það nú orðið að sjálfstæði Háskólans á Akureyri var ein meginforsenda þess að hann næði að vaxa og dafna. Hins vegar er samstarf sjálfstæðra menntastofnana ávallt af hinu góða, hvort heldur er samstarf við skóla í öðrum landshlutum eða erlendis.

Blómlegt mannlíf byggist á menntun, fjölbreyttri atvinnu og góðri almannaþjónustu. Enginn einn þessara þátta nægir þar til. Íbúum Akraness fjölgaði um 1.220 á árunum 1997–2007 og eru nú um 6.345. Ef með eru taldir íbúar Hvalfjarðarsveitar í árslok 2007 er heildarfólksfjöldinn á svæðinu um 7.015 manns. Uppbygging atvinnulífs þar hefur að stórum hluta hvílt á aukinni stóriðju og atvinnugreinum henni tengdri. Það er því er afar mikilvægt að auka fjölbreytni í atvinnulífi á svæðinu, efla menntunarmöguleika og almenna þjónustu við íbúana.

Samkvæmt bráðabirgðaniðurstöðum könnunar sem Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi létu gera á viðhorfum fólks til búsetuskilyrða á Vesturlandi er ljóst að menntamálin eru mörgum þar ofarlega í huga. Á svæðinu sunnan Skarðsheiðar lentu möguleikar á að afla sér háskólamenntunar í öðru sæti yfir þá þætti sem íbúarnir töldu helst ábótavant á svæðinu. Sama könnun leiddi í ljós brýna þörf fyrir iðnaðarmenn með framhaldsmenntun og ákveðnar vísbendingar um að skortur á iðn- og tæknimenntuðu fólki hamlaði vexti almenns iðnaðar á Akranesi.

Þótt ekki sé orðið ýkja langt að fara milli Akraness og Reykjavíkur, þar sem þegar eru starfræktar deildir sem bjóða upp á háskólanám í iðn- og tæknigreinum, má ætla að aðstæður fólks til að sækja slíkt nám þangað séu alls ekki alltaf nógu góðar. Það á einkum við um fólk sem þegar er starfandi í iðnaðinum, hefur verið á vinnumarkaði um allnokkurt skeið og komið sér þar fyrir til frambúðar. Það gefur augaleið að háskólasetur, sem mundi færa námið til fólksins í stað hefðbundinnar skólasóknar sem hugsanlega hefði atvinnumissi og daglegan akstur frá heimili til skóla, ef ekki búferlaflutninga, í för með sér, mundi gerbreyta aðstæðum fólks til að sækja sér slíka menntun.

Ekki er vafi á því að stofnun háskólaseturs á Akranesi yrði kærkomin viðbót við Fjölbrautaskóla Vesturlands sem þar er fyrir. Slíkar menntastofnanir mundu styðja vel hvor við aðra, og ekki bara á sviði menntunar þótt sú samvinna yrði hvað dýrmætust. Ásókn fólks, sem komið er af framhaldsskólaaldri, í nám við Fjölbrautaskólann fer stöðugt vaxandi. Vel má hugsa sér að háskólasetur á Akranesi gæti samnýtt ýmiss konar húsnæði með Fjölbrautaskólanum og þannig mætti dreifa stofn- og rekstrarkostnaðinum á fleiri hendur. Áratugahefð er fyrir öflugri og fjölbreyttri iðnmenntun á Akranesi. Iðnnámið hefur þó átt undir högg að sækja síðustu missiri vegna þess að slíkt nám krefst almennt meiri kostnaðar á hvern nemanda en hefðbundið bóknám. Fjölbrautaskólinn hefur einmitt þurft að heyja stöðuga baráttu fyrir iðnnámi sínu og þeirri sérstöðu sem hann hefur haft á því sviði.

Sókn er besta vörnin og áðurnefnd könnun sýnir mjög sterka löngun íbúanna á svæðinu eftir auknu framboði á háskólamenntun í heimabyggð. Háskólarnir á Bifröst og Hvanneyri hafa náð sterkri stöðu á sínum sviðum. Háskólasetur með kennslu og rannsóknir á þeim sviðum sem hér eru lögð til mundi auka enn fjölbreytni í tækni- og háskólanámi í héraðinu. Háskólasetur á Akranesi mundi styrkja þessa heildarmynd menntunar og bæta enn frekar búsetuskilyrðin og koma þar með til móts við eindregnar óskir íbúanna í þessu ört vaxandi byggðarlagi. Því er lagt til að menntamálaráðherra skipi nú þegar nefnd með heimamönnum sem vinni tillögur að stofnun háskólaseturs á Akranesi og skili hún áliti fyrir 1. september 2008 svo að hægt sé að taka tillögur hennar inn í gerð fjárlagafrumvarps fyrir árið 2009.

Með tillögunni voru þrjú fylgiskjöl:

I. Jón Bjarnason: Háskólasetur á Akranes. (Skessuhorn, 2. maí 2007.)
II. Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir: Það eiga allir að hafa aðgang að góðri menntun óháð efnahag og búsetu. (Vinstri hreyfingin – grænt framboð, Norðvesturkjördæmi, 27. mars 2007.)
III. Háskóli fyrir alla á nýrri öld. (Vinstri hreyfingin – grænt framboð, Menningar- og menntamál, 27. mars 2007.)

581. Tillaga til þingsályktunar [345. mál]

um útvarp frá Alþingi.

Flm.: Kolbrún Halldórsdóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Birkir J. Jónsson, Jón Magnússon, Kjartan Ólafsson, Kristinn H. Gunnarsson, Mörður Árnason, Siv Friðleifsdóttir, Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að fela forseta Alþingis að hefja undirbúning þess að útvarpa þingfundum beint um allt land á sérstakri útvarpsrás. Stefnt verði að því að útvarp frá Alþingi hefjist eigi síðar en þegar þing kemur saman haustið 2008.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var fyrst flutt á 131. löggjafarþingi og er nú endurflutt lítið breytt.

„Fundir Alþingis skulu haldnir í heyranda hljóði. Þó getur forseti eða svo margir þingmenn, sem til er tekið í þingsköpum, krafist, að öllum utanþingsmönnum sé vísað burt, og sker þá þingfundur úr, hvort ræða skuli málið í heyranda hljóði eða fyrir luktum dyrum.“ Þannig hljóðar 57. gr. stjórnarskrárinnar.

Aldrei frá setningu stjórnarskrár lýðveldisins Íslands hefur komið til þess að „utanþingsmönnum“ eða almenningi hafi verið vísað á dyr eða þingfundur haldinn fyrir luktum dyrum enda viðurkennt að hinir þjóðkjörnu fulltrúar fái umboð sitt frá þeim sama almenningi.

Þingfundum hefur verið sjónvarpað um dreifikerfi sjónvarps Ríkisútvarpsins um árabil. Þessar sendingar hafa verið í beinni útsendingu meðan engin önnur dagskrá er í sjónvarpinu, en um leið og auglýstur dagskrártími hefst þá er lokað fyrir útsendingu frá Alþingi. Síðan er reynt að senda þann hluta fundanna síðar sem ekki fór út í beinni útsendingu, oftast snemma morguns daginn eftir. Þá hefur þingfundum einnig verið sjónvarpað beint um breiðbandskerfi Símans, á Digital-Ísland og fleiri gagnaveitum. Nú er einnig hægt að fylgjast með beinum útsendingum þingfunda á veraldarvefnum. Það heyrir því næstum sögunni til að almenningur geri sér ferð á þingpalla til að hlýða á það sem fram fer á þingfundi. Slíkt gerist þó ef á dagskrá eru mikil hitamál sem einstakir hópar í samfélaginu láta sig miklu skipta.

Ætla mætti að þessi fjölbreytta miðlun sem fólki stendur til boða væri nægjanleg. En svo er ekki því segja má að hún sé einungis aðgengileg takmörkuðum hópi. Ekki eru allir tengdir við veraldarvefinn með kraftmiklum tengingum og ekki hafa allir aðgang að breiðbandi eða

öðrum gagnaveitum á ljósleiðaraneti. Vitað er að margt gamalt fólk sem dvelur heima hefur síður aðgang að netinu eða fjölbreyttum gagnaveitum fjarskiptafyrirtækjanna. Þá er enn fjöldi fólks sem stundar vinnu vítt og breitt um landið annars staðar en við tölvuskjá, en gæti notið útsendinga af þingfundum á hefðbundinni útvarpsrás.

Enginn vafi er á að beint útvarp frá þingfundum mundi gera stærstum hluta landsmanna kleift að fylgjast með. Útvarpstæki eru mjög víða og mun auðveldara er að fylgjast með útsendingum í hljóðvarpi en sjónvarpi á meðan öðrum verkefnum er sinnt. Það er því mat flutningsmanna að beinar útvarpssendingar frá Alþingi ættu að vera sjálfsagður hlutur í nútímalýðræðisþjóðfélagi, á öld upplýsinga og fjölmiðlunar. Þær væru og í anda fyrri málsliðar 57. gr. stjórnarskrárinnar um að fundir Alþingis skuli haldnir „í heyranda hljóði“.

582. Tillaga til þingsályktunar [346. mál]

um endurskoðun lagaákvæða um sóknargjöld.

Flm.: Kristján Þór Júlíusson.

Alþingi ályktar að fela kirkjumálaráðherra að endurskoða ákvæði laga nr. 91/1987, um sóknargjöld o.fl., svo að einstaklingar utan trúfélaga hafi aukið val um það hvert sóknargjöld þeirra renna.

Greinargerð.

Sóknargjöld eru fjárframlög sem íslenska ríkið útdeilir af innheimtum tekjuskatti til þjóðkirkjusafnaða, skráðra trúfélaga og Háskólasjóðs. Gjaldið er greitt fyrir hvern einstakling sem náð hefur 16 ára aldri 31. desember árið fyrir gjaldár og er ráðstafað í samræmi við skráningu í trúfélag 1. desember árið fyrir gjaldár.

Fyrir þá sem eru skráðir í Þjóðkirkjuna rennur gjaldið til safnaðar viðkomandi miðað við lögheimili, til annarra trúfélaga fyrir meðlimi þeirra og í Háskólasjóð fyrir þá sem eru skráðir utan trúfélaga eða tilheyra óskráðum trúfélögum.

Lög nr. 91/1987, um sóknargjöld o.fl., eru grundvöllurinn undir útdeilingu sóknargjalda en þau eru nánari útlistun á fyrirmælum 64. gr. stjórnarskrárinnar þar sem segir meðal annars að einstaklingur utan trúfélaga greiði til Háskóla Íslands þau gjöld sem honum hefði ella borið að greiða til trúfélags síns. Þessu má breyta með lögum.

Þegar lögin voru sett var Háskóli Íslands eini háskóli landsins en svo er ekki lengur. Er því lagt til að fyrirkomulag þetta verði endurskoðað með það í huga hvort þeim einstaklingum sem standa utan trúfélaga geti verið gefinn kostur á að velja annan háskóla en þann sem tilgreindur er í núgildandi lögum. Jafnframt er mælst til að kannað verði hvort einstaklingar utan trúfélaga geti óskað eftir því að gjöld þeirra renni til ákveðinna líknarfélaga.

583. Frumvarp til laga [347. mál]

um breytingu á lögum um Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, nr. 18/1984.

Flm.: Dýrleif Skjóldal, Álfheiður Ingadóttir, Þuríður Backman,
Kristinn H. Gunnarsson.

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 5. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Hafi sjónskertur til umráða leiðsöguhund sem stofnunin metur nauðsynlegt hjálpartæki skal hún veita hinum sjónskerta 15.000 kr. framlag á mánuði vegna kostnaðar við umhirðu hundsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu er lagt til að Sjónstöð Íslands veiti styrki til sjónskertra sem halda leiðsöguhund. Stofnuninni ber skv. 4. gr. laga nr. 18/1984 að annast hvers konar þjónustu við sjónskerta sem sjúkratryggðir eru samkvæmt lögum um almannatryggingar. Í lögunum er ákvæði um að hún annist úthlutun sérhæfðra og nauðsynlegra hjálpartækja til skjólstæðinga sinna.

Í fjárlögum þessa árs er gert ráð fyrir fjárveitingu til Blindrafélagsins og Daufblindrafélagsins til að kaupa og þjálfa fjóra til fimm leiðsöguhunda og er það í samræmi við þjónustusamning sem félögin hafa gert við heilbrigðisráðuneytið. Þrátt fyrir að valinn hafi verið sá kostur að veita fé til þessa verkefnis til frjálsra félagasamtaka í stað Sjónstöðvarinnar verður ekki annað séð en að slíkir hundar teljist vera „sérhæft hjálpartæki“ fyrir þá sem sannanlega þurfa á að halda.

Flutningsmenn telja það réttlætismál og í góðu samræmi við tilurð laga um Sjónstöð Íslands að ríkisvaldið taki þátt í kostnaði sem hlýst af umhirðu leiðsöguhunds. Sá kostnaður lýtur einkum að hreinsun, lækniskostnaði, leyfisgjaldi og fæðiskostnaði. Er því lagt til að stofnunin veiti umráðamanni styrk að fjárhæð 15.000 kr. á mánuði í þessum tilgangi og jafnframt að við næstu fjárlagagerð verði framlög til stofnunarinnar aukin sem því nemur. Skal styrkurinn í engu rýra aðrar bætur sem umráðahafi veitir viðtöku vegna fötlunar sinnar.

Í almannatryggingalöggjöf eru fordæmi fyrir því að ríkið taki þátt í kostnaði af rekstri tækja sem gera fötluðu fólki kleift að takast á við daglegt líf.

584. Frumvarp til laga [348. mál]

um breytingu á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007.

Flm.: Kolbrún Halldórsdóttir, Álfheiður Ingadóttir,
Árni Þór Sigurðsson, Atli Gíslason.

1. gr.

2. og 3. málsl. 4. mgr. 4. gr. laganna falla brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu er lagt til að fella brott undanþáguheimild til nektarsýninga í atvinnuskyni á veitingastöðum. Eftir stendur algjört bann við því að bjóða upp á nektarsýningar eða að gera með öðrum hætti út á nekt starfsmanna eða annarra sem á staðnum eru.

Sérfræðingar um kynferðisofbeldi hafa bent á að í skjóli nektardansstaða þrífist í mörgum tilfellum eiturlyfjasala og vændi, auk þess sem erfitt sé að ganga úr skugga um hvort þær stúlkur sem starfi á slíkum stöðum séu neyddar til starfans eður ei. Í tilefni af 16 daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi hér á landi ritaði Margrét Steinarsdóttir, lögfræðingur Alþjóðahúss, grein í Morgunblaðið 3. desember 2007 undir yfirskriftinni „Um mansal á Íslandi“. Í greininni kemur fram að á fundi íslenskra samstarfsaðila í þriggja ára tilraunaverkefni gegn mansali hafi fulltrúar Alþjóðahúss, Kvennaathvarfs, Stígamóta, lögreglunnar og félagsþjónustunnar allir staðfest að þeir hefðu átt samskipti við fórnarlömb mansals hér á landi. Það þarf því enginn að velkjast í vafa um það að sú alþjóðlega glæpastarfsemi sem gengur út á að hagnýta sér bága stöðu kvenna til að leiða þær út í vændi eða aðra kynlífsþjónustu teygi anga sína hingað til lands og hafi jafnvel fest hér rætur. Auk greinar Margrétar má í þessu sambandi nefna skýrslur dóms- og kirkjumálaráðuneytisins um vændi frá 2001 og 2002. Loks má um þessi sjónarmið vitna til þemaheftis NIKK (Nordisk institutt for kunnskap om kjønn), sem út kom 2002, en þar er fjallað um mansal og tengslin milli mansals og vændis.

Í ljósi þess að líkur eru á að vændi og mansal þrífist í skjóli nektardansstaða er erfitt að finna rök fyrir því að lögin veiti heimild til undanþágu frá almennu reglunni um að nektarsýningar skuli óheimilar á veitingastöðum. Ástæðan fyrir banninu á sínum tíma var að nýta það í baráttunni gegn vændi og mansali en undanþáguákvæðið stríðir óneitanlega gegn því meginmarkmiði.

Umræða undangenginna ára um kynlífsþrælkun kvenna um allan heim hefur kennt okkur til hvaða úrræða hægt er að grípa. Þau úrræði hafa verið kynnt til sögunnar hér á landi, meðal annars í frumvarpi þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um fórnarlambavernd (síðast flutt á 133. þingi, þskj. 39) og í frumvarpi um að kaup á vændi verði gerð refsiverð (síðast flutt sem breytingartillaga við frumvarp til almennra hegningarlaga á 133. þingi, þskj. 1206). Einnig hafa þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs ítrekað hvatt til þess að Palermo-samningurinn og viðauki við hann, þar sem segir m.a. að stjórnvöld skuli tryggja fórnarlömbum mansals vernd, ráðgjöf og upplýsingar, verði fullgiltur hér á landi. Þá hefur verið auglýst eftir aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar gegn mansali, án árangurs, þar til í lokin á 16 daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi hér á landi 2007, að Jóhanna Sigurðar-

dóttir félagsmálaráðherra tilkynnti að nú skyldi bætt úr því. Öll önnur Norðurlönd hafa unnið slíka áætlun og er sannarlega tímabært að Íslendingar reki af sér slyðruorðið og komi saman slíkri áætlun.

Það er mat flutningsmanna þessa frumvarps að nauðsynlegt sé að komast að rótum vandans, en það verði ekki gert nema með því að reyna að hafa áhrif á eftirspurnina eftir líkama kvenna til kynlífsathafna. Það verður einungis gert með því að koma ábyrgðinni þangað sem hún á heima, þ.e. á kaupendur vændis. Sú tillaga nýtur nú stuðnings yfirgnæfandi meiri hluta þjóðarinnar samkvæmt nýlegri skoðanakönnun Capacent en þrátt fyrir það hafa íslensk stjórnvöld ekki enn sýnt kjark til að fara þá leið.

Það vekur óneitanlega athygli hversu erfitt virðist vera að fá íslensk stjórnvöld til að axla ábyrgð á þeim mannréttindabrotum sem vísbendingar eru um að framin séu hér á landi. Meira að segja þegar samþykktar eru úrbætur á lagaumhverfi þarf að veita afslátt af þeim í formi undanþáguákvæða. Frumvarp þetta er hluti af baráttunni gegn mansali, auk þess sem ætla má að það efli almenna siðgæðisvitund og meðvitund um siðræn gildi í samfélaginu. Með því er lagt til að undanþága til nektarsýninga á veitingastöðum verði felld brott úr íslenskum lögum.

585. Frumvarp til laga [349. mál]

um breyting á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36/1993, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Nú hefur læknir úrskurðað mann látinn og skal þá svo fljótt sem við verður komið flytja líkið í líkhús.

Skylt er að greftra lík í lögmætum kirkjugarði eða grafreit eða brenna þau í viðurkenndri líkbrennslustofnun (bálstofu), sbr. 8. gr., svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en þremur vikum eftir andlát nema sérstakar aðstæður komi upp, enda sé þá sótt um undanþágu til viðkomandi heilbrigðisyfirvalda.

2. gr.

Í stað orðanna „7. gr.“ í 5. mgr. 2. gr. laganna kemur: 8. gr.

3. gr.

2. og 3. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Óheimilt er að greftra lík eða brenna það nema það sé í kistu og hjúpað líkklæðum eða öðrum klæðnaði. Þó skal heimilt að veita einstökum trúfélögum leyfi til að búa lík til greftrunar innan sinna vébanda samkvæmt eigin hefðum, enda samrýmist það lögum og góðum siðum.

Heimilt er að setja lík andvana fædds barns eða látins ungbarns í kistu með öðru líki óski forsjármaður þess og aðilar skv. 2. gr. eru því samþykkir. Útfararstjóri ber ábyrgð á því að þessu ákvæði sé fylgt.

4. gr.

Í stað 4. gr. laganna kemur nýr kafli, er verður II. kafli, **Um flutning á kistum og duftkerum milli landa og landshluta,** með tveimur nýjum greinum, er orðast svo, og breytast önnur kafla- og greinanúmer samkvæmt því:

a. (4. gr.)

Hver maður á rétt til legstaðar í kirkjugarði eða grafreit þar sem hann óskaði að hvíla eða vandamenn hans, sbr. 2. gr., óska legs fyrir hann.

b. (5. gr.)

Ef flytja þarf kistu eða duftker milli landshluta eða landa skal sá sem ábyrgð ber á flutningnum sjá til þess að dánarvottorð sé afhent sýslumanni í því umdæmi þar sem maðurinn lést. Sýslumaður afhendir flutningsaðila staðfest afrit dánarvottorðs og skal það fylgja líkinu til viðtakanda. Ekki má flytja lík úr landi nema ákvæðum þessum sé fylgt, sbr. lög um dánarvottorð, krufningar o.fl. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið setur leiðbeinandi reglur um flutning á kistum og duftkerum milli landshluta og milli landa.

5. gr.

5. gr. laganna, er verður 6. gr., orðast svo:

Með kirkjugörðum eða grafreitum í lögum þessum er átt við afmarkað grafarsvæði, sbr. 7. gr.

Þar sem þörf krefur er heimilt að afmarka sérstaka reiti fyrir mismunandi trúarbrögð og einnig óvígðan reit.

Í nýjum kirkjugörðum er skylt að gera ráð fyrir óvígðum reit og sérstökum reitum fyrir önnur trúarbrögð en kristin.

6. gr.

2. málsl. 2. mgr. 6. gr. laganna, er verður 7. gr., orðast svo: Kirkjugarðsstjórn getur ákveðið sérstakan minningarreit í kirkjugarði eða við kirkju vegna drukknaðra manna eða horfinna, sbr. lög um horfna menn, og nýtur sá reitur sömu friðhelgi og legstaður.

7. gr.

Í stað 7. gr. laganna koma tveir nýir kaflar, er verða IV. kafli, **Um bálstofur, duftker og greftrun þeirra,** með fjórum nýjum greinum, 8.–11. gr., og V. kafli, **Um útför og þá sem annast útfarir og veita þjónustu við látna og aðstandendur þeirra,** með fjórum nýjum greinum, 12.–15. gr., og orðast greinarnar svo en önnur greina- og kaflanúmer breytast samkvæmt þessu:

a. (8. gr.)

Líkbrennsla hér á landi má eingöngu fara fram í stofnunum sem dóms- og kirkjumálaráðuneytið löggildir.

Áður en líkbrennsla fer fram þarf að vera fyrir hendi vottorð lögreglustjóra þess efnis að hann sjái ekkert því til fyrirstöðu að líkbrennsla fari fram. Þeim sem sér um framkvæmd líkbrennslu ber að afla vottorðs þessa.

b. (9. gr.)

Búa ber um öskuna í þar til gerðum duftkerum sem skylt er að varðveita í kirkjugarði eða löggiltum grafreit, sbr. þó 11. gr. Skal grafa kerin niður í grafarstæði eða leggja þau í leiði ef rétthafar leiðis heimila það. Dýpt duftkersgrafar skal vera um 1 metri.

c. (10. gr.)

Kirkjugarðsstjórn getur ákveðið sérstakan reit í kirkjugarði fyrir duftker og sé stærð hvers leiðis jafnan hin sama, um ½ fermetri. Nöfn þeirra sem duft er varðveitt af í kirkjugarði skal rita á legstaðaskrá og kerin og grafirnar tölusettar, sbr. 34. gr. Kirkjugarðsstjórn getur einnig afmarkað almennan reit í kirkjugarði, þar sem ösku látinna verði komið fyrir, án þess að grafarnúmers sé getið, en nöfn hinna látnu skulu færð í legstaðaskrá, sbr. 1. mgr. 34. gr.

d. (11. gr.)

Dóms- og kirkjumálaráðherra getur heimilað, samkvæmt nánari reglum er hann setur, að ösku verði dreift yfir öræfi eða sjó, enda liggi fyrir ótvíræð ósk hins látna þar að lútandi. Óheimilt er að dreifa ösku látins manns á fleiri en einn stað sem og að merkja dreifingarstað. Sömuleiðis er óheimilt að geyma duftker fram að ráðstöfun þess annars staðar en í líkhúsi. Duftker sem ætluð eru til dreifingar ösku skulu vera úr forgengilegu efni og brennd strax að lokinni dreifingu. Óheimilt er að geyma ösku látins manns lengur en í sex mánuði.

e. (12. gr.)

Með útför í lögum þessum er átt við helgiathöfn, sem lýtur hefð og siðum trúfélags og prestur eða forstöðumaður trúfélags annast, eða borgaralega athöfn sem aðstandendur annast. Skal farið að vilja hins látna, hafi hann náð 18 ára aldri, um það hvort útförin eigi að vera innan vébanda trúfélags eða borgaraleg. Ef vilji hans liggur ekki fyrir skal tekið tillit til óska aðstandenda hans, sbr. 2. gr.

Ekki er skylt að hafa útfararathöfn áður en lík er borið til grafar.

f. (13. gr.)

Á eftir útför tekur annaðhvort við greftrun, þar sem kista með hinum látna er borin til grafar og jarðsett í kirkjugarði eða grafreit, eða bálför. Við bálför er kista með hinum látna brennd og askan sett í duftker og jarðsett í kirkjugarði eða grafreit, sérstökum duftreit í kirkjugarði, eða ofan á kistu með leyfi rétthafa leiðis eða öskunni er dreift, sbr. 11. gr.

g. (14. gr.)

Útfararþjónustu mega þeir einir reka sem hafa til þess leyfi sýslumanns. Dóms- og kirkjumálaráðherra er heimilt að ákveða að leyfisveitingar verði á hendi eins sýslumanns. Synjun sýslumanns um veitingu leyfis er kæranleg til dóms- og kirkjumálaráðuneytis. Ráðherra setur nánari reglur um leyfisveitinguna í reglugerð.

Þar sem kirkjugarðsstjórnir reka útfararþjónustu skal sú starfsemi og fjárhagur henni tengdur vera algerlega aðskilin frá lögboðnum verkefnum kirkjugarðsstjórnar.

h. (15. gr.)

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefur eftirlit með þjónustu þeirra sem annast útfarir og veita þjónustu við látna og aðstandendur þeirra, en það eru einkum heilbrigðisstéttir, prestar, forstöðumenn skráðra trúfélaga, starfsmenn útfararþjónustu, starfsmenn kirkjugarða, starfsmenn kirkna og tónlistarfólk.

8. gr.

Fyrirsögn II. kafla laganna, er verður III. kafli, orðast svo: **Um kirkjugarða og grafreiti og friðhelgi þeirra.**

9. gr.

1. mgr. 12. gr. laganna, er verður 20. gr., orðast svo:

Skylt er sveitarfélagi að láta ókeypis í té hæfilegt kirkjugarðsstæði, svo og efni í girðingu, þó þannig að óbreyttar haldist kvaðir þær er þegar eru á jörðum og lóðum þar sem kirkjugarðar standa. Nú hafa fleiri en eitt sveitarfélag sameiginlegan kirkjugarð og skal þá skipta kostnaðinum, sbr. 28. og 29. gr., niður á hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélög eða hluta þeirra eftir mannfjölda í hverju þeirra fyrir sig.

10. gr.

Í stað orðanna „kaupstöðum eða kauptúnum“ í 2. mgr. 13. gr. laganna, er verður 21. gr., kemur: þéttbýli.

11. gr.

1. mgr. 14. gr. laganna, er verður 22. gr., fellur brott.

12. gr.

Fyrirsögn IV. kafla laganna, er verður VII. kafli, orðast svo: **Um skyldur og rétt sveitarfélaga vegna kirkjugarða og grafreita, svo og um eignarnám vegna kirkjugarða og grafreita.**

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna er verður 26. gr.:

a. Í stað orðanna „safnaðarfundur, eða safnaðarfundir ef fleiri söfnuðir en einn eiga í hlut“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: kirkjugarðsstjórn.
b. 2. mgr. orðast svo:

Nú er kirkjugarður fjarri kirkju og skal þá vera klukka í sáluhliði eða stöpli. Hringja má klukku í sáluhliði þótt útförin sé borgaraleg.

14. gr.

Í stað orðanna „smekklega prýddir blómjurtum og vel um þá hirt“ í 2. mgr. 19. gr. laganna, er verður 27. gr., kemur: vel hirtir.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 20. gr. laganna er verður 28. gr.:

a. Í stað orðsins „húsnæðisaðstöðu“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: aðstöðu.
b. Í stað orðsins „útfararkirkjur“ í 2. mgr. kemur: kirkjur, þar sem fram fara útfarir (útfarar-kirkjur).
c. 3. mgr. orðast svo:

Kirkjugarðsstjórn er heimilt að annast kirkjur sem eingöngu eru nýttar við greftranir (greftrunarkirkjur) og kosta rekstur þeirra.

16. gr.

21. gr. laganna fellur brott.

17. gr.

Í stað orðsins „greftri“ 2. málsl. 22. gr. laganna, er verður 29. gr., kemur: grafartöku.

18. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. laganna er verður 30. gr.:

a. Á eftir orðunum „tveimur dýptum“ í 2. mgr. kemur: enda sé frá því gengið þegar grafið er í fyrra sinnið. Sama heimild skal gilda um duftker.
b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Heimilt er að jarðsetja kistu ungbarns í leiði með samþykki rétthafa leiðisins.

19. gr.

Við 25. gr. laganna, er verður 32. gr., bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Heimilt er að úthluta fleiri grafarstæðum fyrir duftker.

20. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 27. gr. laganna er verður 34. gr.:

a. Í stað orðanna „nöfn, kennitölu og stöðu, heimili, aldur, greftrunardag og grafarnúmer“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: nöfn, kennitölu, lögheimili, dánardag, jarðsetningardag og grafarnúmer.
b. 2. málsl. 2. mgr. fellur brott.

21. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 31. gr. laganna er verður 38. gr.:

a. 1. mgr. orðast svo:

Kirkjugarðsstjórn tekur ákvörðun um að hætt skuli að grafa í kirkjugarði enda komi til samþykki kirkjugarðaráðs. Kirkjugarðaráð getur, þar sem svo hagar til að sókn er orðin fámenn og sjaldan eða aldrei hefur verið grafið í kirkjugarði á undanförnum 25 árum, ákveðið að fengnu samþykki viðkomandi kirkjugarðsstjórnar og biskups Íslands að hætt skuli að grafa í honum og hann lagður niður.

b. Í stað orðanna „sóknarnefnd (kirkjugarðsstjórn)“ í 4. mgr. kemur: kirkjugarðsstjórn.

22. gr.

Orðin „löglegur safnaðarfundur eða safnaðarfundir, í Reykjavíkurprófastsdæmum“ í 1. málsl. 32. gr. laganna, er verður 39. gr., falla brott.

23. gr.

Orðin „sóknarprestur, í Reykjavíkurprófastsdæmum“ í 35. gr. laganna, er verður 42. gr., falla brott.

24. gr.

36. gr. laganna, er verður 43. gr., orðast svo:

Nú spillir uppblástur eða vatn niðurlögðum kirkjugarði og skal þá kirkjugarðsstjórn tafarlaust tilkynna það kirkjugarðaráði sem gerir síðan þær ráðstafanir er þurfa þykir.

25. gr.

Í stað orðanna „og innheimtuaðilar aðstöðugjalda skulu“ í 2. mgr. 40. gr. laganna, er verður 46. gr., kemur: skal.

26. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 41. gr. laganna er verður 47. gr.:

a. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, er verður 2. mgr., er orðast svo:
   Kirkjugarðaráði er heimilt að gera þjónustusamning við Kirkjugarðasamband Íslands um að annast ýmiss konar verkefni sem lúta að málefnum kirkjugarða.
b. Í stað orðsins „bænahús“ í lok 2. mgr., er verður 3. mgr., kemur: bænhús.
c. Í stað orðsins „Sjóðnum“ í 3. mgr., er verður 4. mgr., kemur: Kirkjugarðaráði.

27. gr.

Á eftir 1. málsl. 49. gr. laganna, er verður 55. gr., kemur nýr málsliður er orðast svo: Flutnings skal bæði getið í legstaðaskrá þess kirkjugarðs sem lík er flutt frá og þess kirkjugarðs sem það er flutt í.

28. gr.

Á eftir 2. málsl. 1. mgr. 50. gr. laganna, er verður 56. gr., kemur nýr málsliður er orðast svo: Þá setur ráðherra í reglugerð nánari reglur um stofnun og starfrækslu líkhúss.

29. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um kirkjugarða, grafreiti, greftrun og líkbrennslu.**

30. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 2008.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í dóms- og kirkjumálaráðuneyti á grundvelli tillagna nefndar sem skipuð var af dóms- og kirkjumálaráðherra til að gera úttekt á lögum um kikjugarða, greftrun og líkbrennslu og leggja fram tillögur til úrbóta.

Málefni útfararþjónustufyrirtækja hafa undanfarin missiri gefið tilefni til að starfsemi þeirra og lagaumgjörð verði skoðuð nánar. Álitaefni er hvort nægilega skýrar reglur gildi um útfararþjónustuna eða hvort þörf sé á að setja skýrari og fyllri reglur um starfsemina. Þá hafa töluverðar umræður orðið um siðareglur í stéttinni og hvort ekki sé nauðsynlegt að semja siðareglur fyrir útfararstjóra og aðra sem veita þjónustu við andlát.

Til þess að kanna hverra lagabreytinga og annarra úrbóta væri þörf skipaði dóms- og kirkjumálaráðherra þriggja manna nefnd undir formennsku Þórsteins Ragnarssonar forstjóra 29. júní 2005 til þess að gera úttekt og í framhaldi af því setja fram tillögur til úrbóta. Í skipunarbréfinu er verkefni nefndarinnar lýst sem hér segir:

1. Að fara yfir lög um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36/1993, með síðari breytingum, svo og önnur lög, með það fyrir augum að setja fram tillögu að lagabreytingum um þá þætti sem ástæða kann að vera til breyta í ljósi væntanlegra siðareglna.
2. Að endurskoða reglugerð um útfararþjónustu, nr. 233/1995, með síðari breytingum.
3. Að semja tillögur að siðareglum fyrir útfararstofur og starfsmenn þeirra, svo og aðra sem veita þjónustu við látna og aðstandendur þeirra.
4. Að leggja fram tillögur um sameiginlegan vettvang fyrir útfararstofur á Íslandi, m.a. hvort rétt sé að stofnað verði landssamband útfararstofa eða annars konar samtök.

Nefndin átti í störfum sínum að hafa samráð við útfararstofur og aðra helstu aðila sem koma að þjónustu við látna og aðstandendur þeirra.

Nefndinni var ætlað að ljúka störfum fyrir septemberlok 2005, en hún fékk frekari frest og skilaði tillögum sínum í nóvember sama ár. Að því búnu voru tillögurnar sendar þeim sem málið varðar helst, til umsagnar. Nokkrar umsagnir bárust og hefur verið tekið tillit til margra þeirra ábendinga og tillagna sem bárust.

Meginbreytingarnar, sem lagðar eru til í frumvarpi þessu, eru eftirtaldar:

1. Lagt er til að heiti laganna verði breytt þannig að orðið „grafreitur“ komi þar fyrir. Kirkjugarðar eru einungis garðar þar sem kirkju er að finna, en oft hagar þannig til að grafreitir eru fjarri sjálfri kirkjunni, í sjálfstæðum görðum.
2. Lagt er til að flytja skuli lík í líkhús eftir að læknir er búinn að úrskurða mann látinn og að tilgreina skuli hámarksdagafjölda sem megi líða frá andláti til útfarar, sbr. 1. gr. frumvarpsins. Einnig verði óheimilt að greftra lík eða brenna nema það sé lagt í kistu og hjúpað líkklæðum eða öðrum klæðnaði, sbr. 3. gr. frumvarpsins.
3. Bætt verði við sérstökum kafla í lögin um flutning kistu eða duftkers milli landshluta eða milli landa, sbr. 4. gr. frumvarpsins.
4. Í nýjum kirkjugörðum verði skylt að gera ráð fyrir óvígðum reit og sérstökum reitum fyrir önnur trúarbrögð en kristin, sbr. 5. og 6. gr. frumvarpsins. Auk þess verði bætt við ákvæði sérstakan minningarreit við kirkju vegna horfinna, látinna eða drukknaðra er skuli njóta sömu helgi og legstaður.
5. Sérstakur kafli verði um útför og þá sem annast útfarir og veita þjónustu við látna og aðstandendur þeirra, sbr. 7. gr. (e–h-lið) frumvarpsins. Vakin er athygli á að lagt er til að hugtakið „útför“ verði skilgreint, svo og að ákvæði verði um virkt eftirlit með útfararstofum.
6. Heimilt verði að grafa kistu ungbarns í leiði, sbr. 18. gr. frumvarpsins.
7. Heimilt verði að gera þjónustusamninga við Kirkjugarðasamband Íslands, sbr. 26. gr. frumvarpsins.

Hvað varðar önnur störf fyrrgreindrar nefndar má geta þess að nefndin lagði fram drög að reglugerð um útfararþjónustu er leyst gæti af hólmi reglugerð nr. 232/1995 og var hún nánast endursamin. Hefur reglugerðin síðan verið gefin út með nokkrum breytingum, sem gerðar voru í ráðuneytinu, sem reglugerð nr. 426 23. maí 2006, um útfararþjónustu.

Einnig hlutaðist nefndin til um að láta þýða siðareglur Evrópusambands útfararstofnana á íslensku og síðan bætti hún við frekari skýringum. Nefndin taldi ekki heppilegt að semja siðareglur fyrir aðra sem veita þjónustu við látna og aðstendur þeirra. Nefndin taldi eðlilegast

að hafa sama fyrirkomulag og gildir annars staðar á Norðurlöndum, en þar undirrita útfararstjórar innan landssambandanna siðareglur EFFS (European Federation and Funeral Services) áður en þeir hefja störf. Siðareglurnar eru bindandi fyrir íslenska útfararstjóra, og voru þær gefnar út sem fylgiskjal með fyrrgreindri reglugerð í maí sl.

Loks gerði nefndin grein fyrir því hvernig sjá mætti fyrir stofnun sameiginlegs vettvangs fyrir útfararstofur á Íslandi, nokkurs konar landssamband útfararstofa.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Áður fyrr, þegar ekki voru fyrir hendi hæfilegar geymslur eða líkhús til þess að geyma lík í, var oft ekki um annað að ræða en að geyma líkin á heimili viðkomandi eða nánustu ættingja hans. Því var alsiða að lík voru látin standa uppi eins og það var kallað og þá tíðkuðust líka húskveðjur. Kistulagning er nú komin í stað þeirra. Fyrir hendi er aðstaða um allt land, aðallega á sjúkrahúsum en einnig á vegum kirkjugarða og einstaka útfararstofu til geymslu á líkum. Því er gert ráð fyrir að líkum skuli komið í geymslu svo fljótt sem auðið er eftir að úrskurðað hefur verið um andlát. Þá þykir nauðsynlegt vegna eðlis líkhúss, svo sem út frá heilbrigðissjónarmiðum, að um þau verði settar reglur og er því lagt til að ráðherra verði veitt heimild til að setja reglur um stofnun og starfrækslu líkhúsa, sbr. 28. gr. frumvarpsins.

Hnykkt er á því að um tvær tegundir greftrunar sé að ræða, jarðsetningu líks í kistu eða brennslu með eftirfarandi jarðsetningu öskunnar eða dreifingu hennar yfir öræfi eða sjó.

Með sama hætti þykir eðlilegt, einkum af heilbrigðisástæðum, að ekki líði of langur tími frá andláti til greftrunar. Gert er ráð fyrir að jarðsett skuli sem fyrst eftir andlát, og ekki síðar en 21 degi eftir andlát. Algengast er að jarðsett sé u.þ.b. viku eftir andlát því að undirbúningur tekur sinn tíma, að útvega prest og útfararstofu, gera ráðstafanir í kirkjugarði o.fl. Eins þarf að gefa ættingjum, aðstandendum, vinum og kunningjum kost á að vera viðstaddir, en þeir geta komið hvaðan sem er af landinu eða frá útlöndum. Nú getur borið svo við að fyrirsjáanlega takist ekki að halda tímamörkin og er þá ráðgert að sækja þurfi um undanþágu til heilbrigðisyfirvalda. Þetta á að sjálfsögðu ekki við þegar um horfna menn er að ræða

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 3. gr.

Við útför er prestur trúnaðarmaður stjórnvalda að því leyti að honum er óheimilt að gera útför nema aðstandendur framvísi dánarvottorði eða staðfestingu sýslumanns um að andlát hafi verið tilkynnt. Ef annar prestur annast útför en presturinn í prestakallinu þar sem andlát bar að lætur presturinn þar sem andlátið bar að í té staðfestingu á móttöku vottorðs eða staðfestingar sem aðstandendur koma í hendur prestinum sem á að annast útförina.

Hingað til hefur ekki verið talið nauðsynlegt að hafa í lagatexta að lík skuli jarðsett eða brennt í kistu, svo sjálfsagt hefur það verið talið. Með auknum fjölda manna sem aðhyllast önnur trúarbrögð hér á landi er nú talið nauðsynlegt að setja ákvæði hér um í lög því í sumum trúarbrögðum er talið nægjanlegt að sveipa lík klæðum áður en það er jarðsett. Engu síður er talið æskilegt að nokkur sveigjanleiki geti verið fyrir hendi þótt rétt sé að setja um leið eðlilegar skorður.

Þá er sett inn nýtt ákvæði sem heimilar að lík andvana fædds barns eða ungbarns sé lagt í kistu með öðru líki. Mörgum hefur sviðið sárt við slík andlát að geta ekki lagt börnin hjá

nánum látnum skyldmennum frekar en að láta þau hvíla ein. Hér er opnuð leið til að heimila þetta, en skilyrði er að fullt samkomulag sé um það hjá þeim sem ráðstafa legstæði því sem jarðsett er í, svo og hjá foreldrum eða forsvarsmönnum barns.

Um 4. gr.

Hér lagt til að við lögin bætist nýr kafli, en heppilegt þykir að skipa þannig reglum sem fjalla einkum um flutning kistu með lík eða duftkers með ösku látins manns milli landshluta eða landa. Engar reglur eru fyrir í lögum um þetta efni og þykir rétt að lögfesta slíkar reglur.

Í a-lið er um mikla breytingu að ræða þótt textinn sé lítið breyttur. Hér er verið að afnema þær skorður sem verið hafa á því hvar maður kýs að verða jarðaður eða aðstandendur fyrir hans hönd. Engar beinar hömlur hafa verið á því hvar menn kjósa sér legstað, en þeir hafa ekki átt rétt á legstað nema í sókninni sem þeir önduðust í eða þar sem þeir voru síðast heimilisfastir. Kirkjugarðsgjald hefur runnið til sóknar þeirra, þó svo að þeir hafi verið jarðaðir annars staðar.

Með breyttu fyrirkomulagi á kirkjugarðsgjaldi skiptir ekki lengur fjárhagslegu máli hvar menn eru jarðsettir. Gjaldið sem greitt er sem kirkjugarðsgjald fyrir látinn mann rennur nú til þess kirkjugarðs þar sem viðkomandi er jarðsettur. Annars vegar er í nýlega samþykktu gjaldalíkani um að ræða kostnað við grafartöku og hins vegar viðhald á viðbótarsvæðinu vegna grafarstæðisins. Með þessu er mönnum frjálst að öðru jöfnu að velja sér kirkjugarð eða grafreit þótt reikna megi með að flestir kjósi að verða jarðaðir meðal ættingja eða vandamanna eða þar sem þeir hafa búið eða á stað sem þeir eiga ættir að rekja til.

Í b-lið er reynt að tryggja, að flutningur líks í kistu eða duftkers með ösku látins manns, fari fram samkvæmt reglum. Þannig er flutningsaðila gert skylt að afhenda sýslumanni afrit dánarvottorðs er skal fylgja líkinu til viðtakanda. Eins þurfa tiltekin skjöl að fylgja í flutningi milli landa.

Ísland gerðist árið 1975, með auglýsingu nr. 20 frá utanríkisráðuneytinu, aðili að Evrópusamningi frá 1973 um flutning líka. Samkvæmt þeim samningi er áskilnaður um að við flutning líka milli landa fylgi dánarvottorð á ensku, vottorð um að líkið beri eigi með sér smitnæman sjúkdóm er sótthætta geti stafað af, flutningsvottorð útfararstofu og vottorð frá lögreglu er heimilar flutninginn. Þessi gögn eru sett í umslag, sem fest er utan á umbúnaðinn, þannig að viðtakendur hafi aðgang að þeim strax við komu á áfangastað.

Þá skiptir einnig máli að við pökkun og umbúnað duftkera sem flytja á milli landshluta innan lands eða til útlanda sé farið eftir almennum reglur sem tíðkast í greininni. Ráðgert er að ráðuneytið setji leiðbeinandi reglur hér að lútandi.

Um 5. gr.

Gert er ráð fyrir að 1. efnismgr. verði sama efnis og 5. gr. laganna, nema hvað grafreitum er bætt við skilgreininguna á þeim svæðum sem teljast til afmarkaðra grafarsvæða. Þá eru lagðar til viðbætur á ákvæðinu sem nauðsynlegar eru í ljósi þess að íbúum landsins, sem eru annarrar trúar en kristnir, hefur fjölgað mjög á undanförnum árum. Þykir því full ástæða til að kirkjugarðsstjórnir hugi að því hvernig þær ætli sér að bregðast við þegar beiðni kann að berast frá einhverjum um að jarðsett verði í óvígðum reit eða afmörkuðum reit fyrir tiltekin trúarbrögð. Þá er tekið fram í 3. efnismgr. að við skipulagningu nýrra kirkjugarða skuli kirkjugarðsstjórn vera skylt að afmarka slík svæði innan garðsins.

Um 6. gr.

Efnislega er greinin samhljóða 6. gr. núgildandi laga, en bætt er við að minningarreitur geti ekki aðeins verið vegna horfinna manna, heldur líka vegna látinna og drukknaðra, en margir hafa saknað þess að slíkir reitir eru ekki fyrir hendi.

Um 7. gr.

Um a–d-lið (8,–11. gr.).

Lagt er til að ákvæðum 7. gr. laganna verði skipað í nýjan kafla, en þau eru efnislega nánast óbreytt. Þó er tekið fram að óheimilt sé að geyma ösku látins manns lengur en í sex mánuði. Þykir eðlilegt að nokkur frestur sé veittur til ákvörðunar á því hvar askan verði jarðsett eða henni dreift, en með sama hætti þykir óeðlilegt ef líður meira en missiri áður en ferlinu er lokið. Geymsluaðstaða í húsnæði bálstofunnar er heldur ekki með þeim hætti að unnt sé að geyma duftkerin í langan tíma.

Um e–h-lið (11.–15. gr.).

Helsta tilefni frumvarps þessa er að finna í þessum greinum sem fjalla um útfararþjónustu og útfararstjóra. Einnig þykir rétt að lögfest verði ákvæði um útfarir sem ekki eru kirkjulegar, svokallaðar borgaralegar útfarir. Þær hafa verið fátíðar. Kveðið er á um hvernig með skuli fara ef vilji hins látna var ekki ljós í þessum efnum. Þá er að finna nýtt ákvæði sem lýsir því hvernig ferill útfarar er í framkvæmd, eftir að athöfn í kirkju lýkur eða borgaralegri athöfn, annaðhvort með því að kista er jarðsett eða aska jarðsett eða henni er dreift. Loks er bætt við nýrri grein þar sem tekið er fram hvaða aðilar það eru sem annast að jafnaði útför. Enn fremur er kveðið á um að ráðherra skuli hafa virkt eftirlit með þeim sem leyfi hafa fengið til útfararþjónustu.

Í e-lið (12. gr.) er nýmæli. Gert er ráð fyrir að útför geti verið tvenns konar, kirkjuleg eða borgaraleg, og er skilgreining í greininni. Hafi sá látni lýst vilja sínum um hvora athöfnina hann kýs skal farið að vilja hans, enda hafi hann náð 18 ára aldri. Rétt þykir að tekið verði tillit til óska aðstandenda hans ef ekki er vitað um vilja hans í þessum efnum.

Í f-lið (13. gr.) er einnig nýmæli, en eins og þar er lýst er gert ráð fyrir jarðsetningu eftir útför, þar sem kista er borin til grafar, eða bálför þar sem kista er brennd og aska hins látna sett í duftker og annaðhvort jarðsett eða öskunni er dreift samkvæmt reglum sem um dreifingu gilda. Duftker má jarðsetja í sérstakan duftreit en einnig verður heimilt samkvæmt þessu ákvæði að setja duftkerið ofan í leiði þar sem kista hvílir, enda liggi leyfi rétthafa leiðisins fyrir. Sérstaklega er tekið fram að ekki sé skylt að hafa útfararathöfn áður en lík er borið til grafar.

Greinin í g-lið (14. gr.) er samhljóða núgildandi 21. gr. laganna.

Í h-lið (15. gr.) eru taldar upp þær stéttir sem hafa með höndum verkefni er skapast við andlát. Fyrir utan heilbrigðisstéttir, presta, útfararstofur og starfsfólk kirkjugarða má nefna starfsfólk í kirkjum, tónlistarfólk o.fl. Rétt þykir að tilgreina þetta sérstaklega, ef og þegar ástæða þykir til að setja sérstakar reglur um samskipti þessara stétta, hugsanlega einhverjar siðareglur o.fl. Þá er ástæða til að árétta að ráðuneytinu er ætlað að halda uppi eftirliti með útfararþjónustunni.

Um 8. gr.

Gert er ráð fyrir að við þann kafla laganna, sem fjallar um kirkjugarða, verði bætt ákvæðum sem lúti að því að útbúa skuli afmarkaða reiti í kirkjugörðum fyrir látna er tilheyra mismunandi trúarbrögðum eða óvígðan reit ef hlutaðeigandi kirkjugarðsstjórn samþykkir slíka

tilhögun. Þá er skylt við hönnun nýrra kirkjugarða að gera ráð fyrir óvígðum reit og sérstökum reit fyrir önnur trúarbrögð. Þá er heimilað að kirkjugarðsstjórn geti látið útbúa sérstaka minningarreiti í kirkjugörðum eða við kirkju, ef því er að skipta, til þess að minnast horfinna, látinna eða drukknaðra.

Um 9.–12. gr.

Í þessum greinum er einungis um smávægilegar orðalagsbreytingar og tilfærslur ákvæða að ræða. Notað er orðið sveitarfélag í stað annarra heita yfir stjórnvöld eins og hreppa, bæjarfélög og hreppshluta.

Um 13. og 14. gr.

Í þessum greinum er einkum um lagfæringar á orðalagi að ræða. Þó er nýmæli í b-lið 13. gr. um að heimilt sé að hringja klukku þótt útför sé borgaraleg. Í handbók fyrir presta þjóðkirkjunnar segir að við útför skuli hringja klukku með tilteknum hætti stutta stund fyrir útfararathöfn og enda með bænaslögum, þrisvar sinnum þremur slögum.

Um 15. gr.

Hér er eingöngu verið að hnykkja á skilgreiningu og orðnotkun. Með útfararkirkju er átt við allar kirkjur þaðan sem jarðað er, þar á meðal sóknarkirkjur. Hins vegar er greftrunarkirkja eingöngu kirkja þaðan sem jarðað er.

Um 16. og 17. gr.

Í 7. gr. frumvarpsins er lagt til að ákvæði núgildandi 21. gr. laganna verði 14. gr. og er hér lögð til breyting til samræmis við það. Enn fremur er lögð til orðalagsbreyting.

Um 18. gr.

Gert er ráð fyrir nýmæli um að gengið hafi verið frá því að grafa megi í tveimur dýptum þegar grafið er í fyrra skiptið.

Þá verði heimilað að jarðsetja kistu ungbarns í leiði með samþykki rétthafa þess. Er þetta ákvæði tilkomið annars vegar af tilfinningalegum sjónarmiðum, sem rétt þykir að virða og eru ekki í andstöðu við útfararsiði, og hins vegar verður það einnig til þess að spara rými í kirkjugarðinum.

Um 19. gr.

Gert er ráð fyrir nýju ákvæði um að heimilt sé að úthluta fleiri grafarstæðum fyrir duftker. Skýring þessa er sú að þar sem duftker þarfnast aðeins um ¼ af venjulegu kistuleiði er víða unnt að koma því við að úthluta fleiri grafarstæðum en þremur til sömu fjöldskyldu. Fer það nokkuð eftir aðstæðum í hverjum kirkjugarði hvort unnt verður að úthluta fleiri grafarstæðum fyrir duftker.

Um 20. gr.

Gert er ráð fyrir breytingu á 27. gr. laganna, er verði 34. gr., sem fjallar um legstaðaskráningu, vegna framkominna athugasemda um þau atriði sem ber að að skrá í legstaðaskrá. Til að mynda hefur verið bent á að erfitt sé að tilgreina tiltekna stöðu eða starfsheiti. Vegna þessara athugasemda var farið yfir þau atriði sem ástæða þykir að skrá. Lagt er til að ekki beri að skrá starfsheiti. Hugsunin að baki skráningunni er að skrá skuli grunnatriði sem auð-

veldi fólki að finna legstaði látinna. Í því efni er starfsheiti eða stöðuheiti léttvægt. Sama gildir um aldur hins látna sem felldur er úr upptalningunni.

Um 21.–25. gr.

Hér er ekki er um aðrar breytingar að ræða en þær að á nokkrum stöðum er lagt til að kirkjugarðsstjórn fjalli um mál þar sem í núgildandi lögum eru tilgreindir safnaðarfundir eða sóknarnefnd. Enn fremur er lagt til að ef kirkjugarðaráð hyggst ákveða að hætt skuli að grafa í tilteknum kirkjugarði eða hann skuli lagður niður þurfi að afla samþykkis bæði frá viðkomandi sóknarnefnd og biskupi Íslands, sbr. 21. gr. frumvarpsins.

Um 26. gr.

Ekki er um neinar meiri háttar efnislegar breytingar að ræða sem þarfnast skýringa fyrir utan það að gert er ráð fyrir nýju ákvæði um að kirkjugarðaráði verði heimilt að gera þjónustusamning við Kirkjugarðasamband Íslands um að annast ýmiss konar verkefni er lúta að málefnum kirkjugarða.

Um 27. gr.

Lagt er til að bætt verði inn ákvæði þess efnis að upptöku á líki, sem heimiluð hefur verið, skuli getið í legstaðaskrá kirkjugarðsins. Þetta er nauðsynlegt svo að unnt verði að rekja ferlið, ef slík upptaka hefur átt sér stað. Með sama hætti á einnig að skrá tilfærsluna í þeim garði eða grafreit sem lík eða duftker er flutt í. Fátítt er að slíkar upptökur eigi sér stað.

Um 28. gr.

Lagt til að ráðherra verði veitt heimild til að setja í reglugerð nánari reglur um stofnun og starfrækslu líkhúsa, sbr. umfjöllun um 1. gr. frumvarpsins.

Um 29. gr.

Með breytingunni á heiti laganna er verið að undirstrika að þau afmörkuðu svæði sem notuð eru til jarðsetningar látinna þurfa ekki að vera í nánd við kirkju eða umhverfis kirkju. Fyrr á öldum var hagræði að því að hafa garðinn sem næst kirkju eða umhverfis kirkju og það þótti mikil ógæfa ef ekki fékkst leg í „vígðri mold“. Með breyttum tímum þykir eðlilegt að nota ekki aðeins heitið kirkjugarður heldur einnig heitið grafreitur yfir greftrunarsvæðin, enda eru ekki lengur fyrir hendi þau nánu tengsl sem voru milli trúar, kirkju og útfarar.

Um 30. gr.

Gert er ráð fyrir að lögin öðlist gildi 1. september 2008. Þar sem nauðsynlegt verður að setja nokkrar reglugerðir og semja ýmsar reglur verður að ætla hæfilegan tíma í því skyni að geta haft þær tilbúnar þegar lögin öðlast gildi.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 36/1993, um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, með síðari breytingum.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á ýmsum ákvæðum gildandi laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu. Helstu breytingarnar lúta að reglum um útfarir og þjónustu við látna og aðstandendur þeirra, þ.m.t. um þjónustu útfararstofa. Framlög úr ríkissjóði til kirkjugarða eru ákvörðuð samkvæmt samkomulagi við kirkjugarðaráð í sérstöku reiknilíkani og mun lögfesting frumvarpsins ekki hafa áhrif á þau framlög eða útgjöld ríkissjóðs að öðru leyti.

586. Svar [310. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Katrínar Jakobsdóttur og Kolbrúnar Halldórsdóttur um náms- og starfsráðgjöf.

1. *Hvað líður störfum nefndar sem skipa átti samkvæmt þingsályktun sem samþykkt var á Alþingi 17. mars 2007 til að kanna gildi þess og gagn að auka náms- og starfsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum, sem úrræðis gegn brottfalli nemenda í framhaldsskólum og fyrir farsælt náms- og starfsval, en nefndin átti að skila af sér 15. nóvember 2007?*

Nefndin er að störfum en verkefnið hefur reynst mun umfangsmeira en gert var ráð fyrir og því þarf nefndin lengri tíma en ráðgert var í upphafi. Nefndina skipa Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, dósent í náms- og starfsráðgjöf í Háskóla Íslands, formaður, Ágústa Ingþórsdóttir, formaður Félags náms- og starfsráðgjafa, og Sigríður Bílddal, námsráðgjafi. Ráðuneytið væntir þess að niðurstöður og tillögur nefndarinnar komi að góðu gagni við framkvæmd nýrra laga um grunn- og framhaldsskóla ef þau verða samþykkt á yfirstandandi þingi. Samkvæmt lagafrumvörpunum er gert ráð fyrir mun meiri áherslu á náms- og starfsráðgjöf en í núverandi lögum. Í þessu sambandi má benda á kostnaðarmat sem fylgir frumvörpunum. Ráðuneytið mun gera Alþingi grein fyrir tillögum nefndarinnar um leið og þær liggja fyrir.

2. *Stendur til að lögvernda starfsheiti náms- og starfsráðgjafa í því skyni að efla þessa starfsemi?*

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um það í ráðuneytinu hvort starfsheiti náms- og starfsráðgjafa verður lögverndað. Ósk um slíka lögverndun liggur fyrir frá Félagi náms- og starfsráðgjafa.

587. Svar [250. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar og Guðfríðar Lilju Grétarsdóttur um fósturskimun og fóstureyðingar.

1. *Hvaða tölulegar upplýsingar á árunum 2000–2007 liggja fyrir hér á landi um fóstureyðingar þegar fóstur greinist með Downs-heilkenni við fósturgreiningu? Hversu hátt hlutfall endar með fóstureyðingu í þeim tilfellum þegar fóstur greinist með Downs-heilkenni við fósturgreiningu?*

Fósturskimun hér á landi er tvíþætt. Annars vegar er beitt samþættu líkindamati með ómskoðun fósturs og mælingu á lífefnavísum við 12 vikna meðgöngu og hins vegar er beitt ómskoðun við 20 vikna meðgöngu þar sem fósturútlit er skoðað. Seinni skoðunin veitir enn fremur upplýsingar um meðgöngulengd.

Tölur liggja fyrir um árin 2000–2006 en ekki fyrir árið 2007. Á þessum tíma hefur þeim konum fjölgað mjög sem koma í samþætt líkindamat við 12 vikna meðgöngu. Árið 2000 komu 418 konur, árið 2006 voru þær 2.886. Fjöldi kvenna sem kemur í ómskoðun við 20 vikna meðgöngu hefur einnig aukist á þessu sama tímabili, þ.e. 2.884 árið 2000 og 3.214 árið 2006.

Á árabilinu 2002–2006 hafa greinst 50 litningagallar á meðgöngu, auk sjö litningagalla til viðbótar sem greindust eftir fæðingu. 88% litningagallanna greindust því á meðgöngu.

33 af þessum litningagöllum voru þrístæða 21 (Downs-syndrome) og greindust 27 þeirra á meðgöngu. 23 tilfelli greindust á meðgöngu af öðrum litningagöllum, þrístæðu 13, þrístæðu 18, einstæðu X (Turner-heilkenni), triploidy, þrístæðu 16 og 47XYY, en auk þess greindist eitt tilfelli af einstæðu X síðar. Á þessu sama tímabili hafa einnig greinst um 40–50 byggingargallar á hverju ári, ýmist með ómskoðun við 12 eða 20 vikna meðgöngu.

Þegar niðurstaða úr samþættu líkindamati leiðir í ljós auknar líkur á litningagöllum er boðið upp á greiningarpróf og um það bil 80% kvenna hafa þegið það á umræddu tímabili. Greiningarprófið felst í litningagreiningu úr fylgjusýni eða legvatni eftir ástungu. Af þeim konum sem greindust með þrístæðu 21 með skimun og greiningarprófi ákváðu allar nema tvær að binda endi á meðgönguna. Konur sem greindust með fóstur með annan litningagalla en þrístæðu 21 kusu einnig að binda endi á meðgönguna nema þegar um var að ræða tiltekin afbrigði í tveimur tilvikum.

Þessar niðurstöður eru mjög áþekkar því sem þekkist í flestum öðrum löndum þar sem rekin er sambærileg þjónusta með fósturskimun, fósturgreiningu og erfðaráðgjöf. Þar, eins og hér, velja flestar konur fóstureyðingu ef alvarleg vandamál greinast. Valið fer með öðrum orðum yfirleitt fram áður en konan kemur í skimun. Hún og maki hennar eru búin að hugsa dæmið til enda áður en valið er að fara í skimun. Þau standa síðan frammi fyrir öðru vali þegar auknar líkur á litningagalla koma fram við skimun og þarf þá að ákveða hvort gera þarf staðfestingar- eða greiningarpróf, með öðrum orðum litningarannsókn. Eins og áður greinir velja 80% kvenna slíkt próf. Langflestar konur sem velja greiningarpróf kjósa síðan fóstureyðingu reynist alvarlegur litningagalli til staðar.

Eins og áður sagði er reynslan svipuð og í öðrum löndum. Hér á landi er ámóta vinnulag og í Bretlandi. Þar eru yfir 100 heilbrigðisstofnanir sem bjóða snemmskimun á þennan hátt og boðið er upp á svipaða skimun í flestum löndum Evrópu, Kanada, Bandaríkjunum og í sumum löndum Suður-Ameríku.

Fóstureyðingar hér á landi vegna félagslegra aðstæðna hafa verið um og yfir 800 á ári. Fóstureyðingar af ástæðum litningagalla eru því einungis brot af þeirri heild.

2. *Er Ísland frábrugðið öðrum Norðurlöndum hvað varðar tíðni fóstureyðinga þegar fóstur greinist með Downs-heilkenni? Ef svo er, hverjar eru líklegar ástæður þess?*

Leitað var eftir upplýsingum á Norðurlöndunum en heimtur voru slakar. Samkvæmt munnlegum upplýsingum er staðan eftirfarandi:

Danmörk. Sundhedsstyrelsen býður öllum konum að koma í ómskoðun og samþætt líkindamat við 12 vikna meðgöngu, svo og ómskoðun við 20 vikna meðgöngu. Upplýsingar eru ekki til reiðu frá Sundhedsstyrelsen um hve margar konur nýta sér þetta boð né heldur hversu margar greiningar um þrístæðu 21 eru settar og leiða síðan til fóstureyðinga. Áður voru Danir með fósturskimun fyrir litningagöllum á öðrum þriðjungi meðgöngu og einnig skimun fyrir klofnum hrygg. Greiningarpróf var einnig í boði fyrir konur 35 ára og eldri, sem flestar völdu.

Noregur. Noregur sker sig úr á Norðurlöndunum. Í lögum þar mun fósturskimun og greining vera bönnuð nema konan sé haldin kvíða. Því munu allar slíkar rannsóknir vera gerðar í undantekningartilvikum en tölur liggja ekki fyrir.

Svíþjóð. Í Svíþjóð sjá sex miðstöðvar um erfðaþjónustu en þær svöruðu ekki fyrirspurn héðan. Sumir þessara staða bjóða snemmskimun og allir bjóða fósturgreiningu fyrir konur 35 ára og eldri.

Finnland. Fósturskimun hefur verið við lýði í Finnlandi í a.m.k. 20 ár. Finnar hófu skimun með mælingu lífefnavísa á öðrum þriðjungi meðgöngu en nú er verið að skipta yfir í greiningu á fyrsta þriðjungi meðgöngu ásamt ómskoðun líkt og hér tíðkast. Skimað var í Finnlandi fyrir miðtaugakerfisgöllum og litningagöllum, sérstaklega hjá konum eldri en 35 ára. Upplýsingar vantar frá Finnlandi um hve margar konur nýta sér þessa þjónustu og hve margar kjósa fóstureyðingu ef galli greinist.

Óformlegar fyrirspurnir til íslenskra lækna sem starfa á Norðurlöndum og hafa hlotið sérmenntun þar, ásamt munnlegum upplýsingum frá þarlendum læknum gefa til kynna að slík þjónusta sé í boði og konur nýti sér hana. Þessar upplýsingar benda til að fari kona í skimun sem reynist jákvæð fari hún yfirleitt áfram í greiningarpróf og síðan í fóstureyðingu ef vandamál greinist með vissu. Noregur er eitt Norðurlanda með sérstöðu að þessu leyti en norskar konur munu leita nokkuð til Kaupmannahafnar eftir skimun vegna takmarkana á þjónustu í Noregi.

3. *Hver er heildarkostnaður við snemmómskoðun og fósturgreiningar hérlendis á ári hverju?*

Ómskoðun með blóðrannsókn kostar, skv. DRG 914-O, 9.329 kr. fyrir sjúkratryggða (10.262 kr. fyrir ósjúkratryggða), þar af greiðir sjúklingur 6.721 kr., lægra ef afsláttarkort er til staðar. Ef 3.000 konur fara í ómskoðun og hnakkaþykktarmælingu sem kostar 9.329 kr. er heildarkostnaðurinn um 28 millj. kr. og þar af greiða konurnar um 19 millj. kr. sé miðað við að engin hafi afsláttarkort.

Ómskoðun við 20 vikna meðgöngu er að hluta skimpróf fyrir fósturgöllum, fyrst og fremst byggingargöllum, en einhverjir litningagallar greinast líka í þeirri skoðun. Hún kostar 5.677 kr., skv. DRG. Um 3.200 konur fara í slíka skoðun og kostar hún um 18,2 millj. kr. á ári.

Um 120 konur fara í greiningarpróf vegna litningagalla árlega, ýmist sökum þess að skimun hefur leitt í ljós meiri líkur á litningagalla, vegna aldurs eða fjölskyldusögu. Greiningarpróf í formi legvatnsástungu kostar 54.420 kr. og fylgjusýni 60.190 kr. Búast má við að 90% eða 108 konur láti taka fylgjusýni sem kostar samtals 6.500.520 kr. og 10% eða 12 konur fari í legvatnsástungu sem kostar samtals 653.040 kr. Kostnaður við greiningarpróf er því 7.153.560 kr.

Þessar kostnaðartölur þarf að skoða í samhengi við eldra fósturskimunarkerfi sem hér var við lýði. Þá var gerð fósturskimun með greiningarprófi fyrir allar konur 35 ára og eldri en nú eru þær um 17,5% allra þungaðra kvenna. Ef 17,5% þungaðra kvenna eða um 720 konur á ári færu í greiningarpróf og legvatnssýni tekið, líkt og gert var í gamla fyrirkomulaginu, mundi það kosta rúmlega 39 millj. kr. Hér er ekki tekið tillit til þess að með slíkri aðferð mundu mörg heilbrigð fóstur látast vegna greiningarprófa, en við núverandi skimun eru fósturlát heilbrigðra fóstra fátíð. Árið 1995 (eldri skimunaraðferð) greindist einn litningagalli í 250 inngripum en árið 2005 greindust 13 litningagallar í 92 inngripum. Áður voru því tvö fósturlát fyrir hvert tilfelli af greindum galla en árið 2005 varð eitt fósturlát við greiningu á 13 tilfellum litningagalla.

	Fjöldi fósturláta v. skimunar	**Fjöldi greindra litningagalla**
1995	2	1
2005	1	13

Hér er ekki tekið tillit til þess kostnaðar sem mundi koma til ef engin skimun væri til staðar. Búast mætti við auknu eftirliti á meðgöngu, aukinni tíðni fyrirburafæðinga, auk verulegs kostnaðar sem mundi falla til vegna meðferðar innan heilbrigðis- og félagslega kerfisins í framtíðinni.

	Kostnaður hins opinbera í dag (millj. kr.)	**Eldri skimunaraðferð (millj. kr.)**
Skimun 12 vikur	9 (28 – 19)	
Greiningarpróf	7,15	39
Skimun 20 vikur	18,2	18,2
	34,35	57,2

Ekki er tekið tillit til þess að þjónustan er nú veitt öllum sem þess óska, en með gamla kerfinu fengu aðeins konur 35 ára og eldri þjónustu. Ein aðferð við kostnaðarútreikninga er að meta kostnað á hvern einstakling sem nýtur þjónustunnar.

3.150 konur (75%) fá þjónustu	735 konur (17,5%) fá þjónustu
sem kostar 34,35 millj. kr.	sem kostar 57,2 millj. kr.
10.905 kr. á mann	77.823 kr. á mann

Með nýju kerfi fá allar konur þjónustu sem þess óska, þjónustu sem er ódýrari en í eldra kerfinu, auk þess sem færri konur þurfa greiningarpróf og því verða færri fósturlát heilbrigðra fóstra við skimunina.

588. Svar [265. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Guðfríðar Lilju Grétarsdóttur og Kristins H. Gunnarssonar um fósturgreiningu og fræðslu um Downs-heilkenni.

1. *Hvernig er upplýsingum og ráðgjöf til verðandi foreldra háttað um snemmómskoðun, hverjir sjá um slíka fræðslu og með hvaða hætti hafa hagsmunasamtök fatlaðra komið að mótun slíks fræðslustarfs?*

Í tilmælum landlæknisembættisins nr. 9/2006 um fósturskimun á meðgöngu er mælst til þess að öllum barnshafandi konum/verðandi foreldrum verði boðnar upplýsingar um skimun fyrir Downs-heilkenni og öðrum þristæðum og lögð rík áhersla á mikilvægi þess að foreldrar fái óvilhalla ráðgjöf og upplýsingar. Þegar kona verður barnshafandi leitar hún ýmist til fæðingar- og kvensjúkdómalæknis á stofu eða á heilsugæslustöð, til heimilislæknis og/eða ljósmóður, þar sem henni eru boðnar þessar upplýsingar munnlega og fær einnig afhenta eða er bent á fræðslubæklinga um efnið. Fósturgreiningardeild LSH hefur gefið út bæklinga bæði um fósturskimanir og fósturgreiningar á íslensku og ensku. Þessir bæklingar eru á heimasíðu deildarinnar. Enn fremur eru þar skriflegar upplýsingar (ekki á bæklingaformi). Einnig var 2006 gefinn út bæklingur um fósturskimun og fósturgreiningar í samvinnu landlæknisembættisins, Miðstöðvar mæðraverndar hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Landspítala. Þar er að finna greinargóðar upplýsingar um þær skoðanir sem standa til boða og einnig hvers konar frávikum er verið að leita að. Leitað var m.a. til Félags áhugafólks um Downs-heilkenni þegar hann var unninn. Bæklingurinn hefur verið í endurskoðun sem nú er lokið og verður hann endurútgefinn á næstunni.

2. *Hvers konar aðstoð er í boði til verðandi foreldra eftir að í ljós kemur að fóstur greinist með Downs-heilkenni, hvernig er þeim hjálpað að taka ákvörðun um framhaldið og hvernig hefur sú aðstoð verið byggð upp?*

Á Landspítala hafa Fósturgreiningardeild og Erfðasameinda – læknisfræðideild þróað ákveðið vinnuferli sem farið er eftir. Þegar fóstur greinist með Downs-heilkenni fá foreldrar viðtal við erfðaráðgjafa og fæðingar- og kvensjúkdómalækni á fósturgreiningardeild LSH. Þeim er boðið viðtal við fulltrúa frá félagi áhugafólks um Downs-heilkenni, sálfræðing, prest og félagsráðgjafa. Einnig stendur þeim til boða bæklingurinn „Börnin okkar“ sem er útgefinn af Félagi áhugafólks um Downs-heilkenni og myndbandsspóla um börn með Downs-heilkenni og fjölskyldur þeirra. Á Akureyri fer svipað ferli af stað að öðru leyti en því að ekki er erfðaráðgjafi til staðar og fær konan/parið viðtal við ljósmóður og fæðingar- og kvensjúkdómalækni. Verðandi foreldrum er sýndur bæklingurinn „Börnin okkar“ og þeim boðin viðtöl hjá sálfræðingi, félagsráðgjafa, presti og/eða djákna.

3. *Telur ráðherra koma til greina að láta gera könnun á félagslegum aðstæðum einstaklinga með Downs-heilkenni og lífsgæðum fjölskyldna þeirra, m.a. í þeim tilgangi að veita verðandi foreldrum nánari og betri upplýsingar í tengslum við snemmómskoðun?*

Það er mjög verðugt og þarft að gera könnun á félagslegum aðstæðum einstaklinga með Downs-heilkenni og lífsgæðum þeirra og fjölskyldna þeirra og þær upplýsingar eru gagnlegar þegar verið er að ráðleggja verðandi foreldrum um fósturskimun. Benda má á að sérstök fræðigrein innan Háskóla Íslands, fötlunarfræði, hefur stundað rannsóknir meðal fatlaðra og seinfærra einstaklinga á Íslandi. Nám þroskaþjálfa fer fram innan Kennaraháskóla Íslands.

4. *Hvernig hyggst ráðherra beita sér gegn fordómum í garð barna og fullorðinna með Downs-heilkenni og í samstarfi við hvaða aðila telur ráðherra það best gert?*

Leiðir til að draga úr fordómum almennt, og í þessu tilviki í garð barna og fullorðinna með Downs-heilkenni, eru vandaðar og óvilhallar upplýsingar og fræðsla. Enn fremur er mikilvægt að samfélagið í heild sé sniðið að þörfum þessara einstaklinga hvað varðar t.d. aðgengi að námi og atvinnu.

589. Svar [295. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Jóns Björns Hákonarsonar um notkun lyfsins Tysabri.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Stendur til að hefja hér á landi notkun á lyfinu Tysabri sem gagnast MS-sjúklingum og ef svo er, hvenær?

Notkun lyfsins Tysabri hófst á Landspítala 16. janúar sl. og er reiknað með að um 50 sjúklingar fái lyfið í ár. Lyfið verður aðeins gefið á Landspítala. Viðbótarkostnaður vegna þessarar lyfjameðferðar er áætlaður rúmlega 100 millj. kr. á þessu ári.

Tysabri var nýlega veitt markaðsleyfi hér á landi og er ætlað til nota sem einlyfja meðferð til að breyta sjúkdómsferli hjá skilgreindum sjúklingahópum með afar virka gerð af MS-sjúkdómi (multiple sclerosis) með köstum og bata á milli. Um er að ræða mjög vandmeðfarna og kostnaðarsama lyfjameðferð sem tilteknar reglur gilda um en Tysabri er S-merkt lyf, þ.e. lyf sem eingöngu er ætlað til notkunar á sjúkrahúsum eða í tengslum við meðferð á sjúkrahúsum. Sérfræðingar á Landspítala hafa yfirumsjón með S-merktum lyfjum sem notuð eru í landinu.

Samkvæmt upplýsingum frá Landspítala hefur á undanförnum mánuðum verið unnið að undirbúningi að notkun lyfsins. Gerðar hafa verið klínískar leiðbeiningar um notkun þess en slíkar leiðbeiningar eru ein af forsendum þess að þetta lyf, eins og önnur ný lyf, séu tekin í notkun á spítalanum auk þess sem litið er til kostnaðar og þess hvort viðkomandi lyf séu notuð á sjúkrahúsum í nágrannalöndunum og hver reynsla sé af þeim þar.

Það hefur skiljanlega tekið tíma hér á landi eins og í öðrum Evrópulöndum að taka ákvörðun um notkun lyfsins. Lyfið var fyrst skráð í Bandaríkjunum í nóvember 2004 en skömmu síðar eða í lok febrúar 2005 var lyfið tekið af markaði vegna alvarlegra aukaverkana, sem leitt geta til heilaskemmda, örorku og jafnvel dauða, svo sem fram kemur í upplýsingum um lyfið frá Lyfjastofnun Bandaríkjanna (FDA). Í júní 2006 var lyfið aftur tekið á skrá í Bandaríkjunum og þá með miklum varúðarráðstöfunum. Varað var við hættu á PML-heilabólgu (Progressive multifocal leukoencephalopathy) sem er sjaldgæf en alvarleg aukaverkun er leitt getur og hefur leitt til dauða. Af þeim sökum og vegna óþekktra aukaverkana hefur notkun lyfsins einungis verið heimiluð í mjög takmörkuðum mæli með ströngum skilyrðum í Bandaríkjunum samkvæmt svokölluðu „TOUCH®Prescribing Program“.

Mikill þrýstingur hefur verið bæði hér og í nágrannalöndunum á að nota lyfið, frá sjúklingum, læknum og lyfjafyrirtækjum, en eins og áður segir hefur þurft að taka tillit til margra þátta, bæði faglegra og fjárhagslegra en þó einkum öryggis sjúklinga. Meiri væntingar eru oft til nýrra lyfja en þau standa undir auk þess sem þau geta haft ýmsar slæmar aukaverkanir í för með sér. Því er mikilvægt að vandað sé til ákvarðanatöku og undirbúnings að notkun

þeirra eins og gert hefur verið á Landspítala. Taka þarf tillit til fjölmargra þátta þegar tekin er ákvörðun um hvort lyfið Tysabri henti viðkomandi sjúklingi eða hvort meðferð með öðrum lyfjum sé betri. Meðferð með Tysabri er talin henta þegar virkni sjúkdómsins er mikil og viðkomandi hefur ekki svarað annarri lyfjameðferð og þá einkum sjúklingum sem fá endurtekin köst þrátt fyrir aðra meðferð. Reiknað er með að það muni taka næstu mánuði að hefja meðferð hjá öllum sem eiga að fá lyfið, þar sem ekki sé hægt að sinna öllum samtímis. Önnur lyf verða áfram gefin við MS-sjúkdómnum, þar sem viss hluti sjúklinga bregst vel við þeim og því er talið ástæðulaust að breyta þeirri meðferð. Meðferð með Tysabri fer þannig fram að sjúklingur kemur á fjögurra vikna fresti inn á sjúkrahúsið og fær lyfið í æð. Það tekur um klukkustund. Viðkomandi dvelur þó á sjúkrahúsinu í nokkra tíma í senn undir eftirliti hjúkrunarfræðinga og lækna vegna hugsanlegra aukaverkana.

590. Skýrsla [350. mál]

utanríkisráðherra um Ísland á innri markaði Evrópu.

(Lögð fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. Inngangur.

Skýrsla þessi er fyrsta árlega skýrsla utanríkisráðherra til Alþingis um helstu málefni á vettvangi ESB og EFTA sem fyrirséð er að áhrif munu hafa á löggjöf á Íslandi. Skýrslan er unnin af viðskiptasviði utanríkisráðuneytisins og sendiráði Íslands í Brussel.

Markmið skýrslunnar er að skerpa sýn Alþingis á forsendur, stefnumið og tilgang Evrópulöggjafar, einkum á sviði innri markaðar Evrópu sem Ísland hefur verið aðili að í fjórtán ár eða frá 1. janúar 1994.

Regluverk innri markaðarins hefur víðtæk áhrif á Íslandi. Ísland hefur ekki sömu tækifæri til áhrifa á þær reglur og aðildarríki Evrópusambandsins (ESB). Formleg aðkoma íslenskra stjórnvalda að EES-málum innan ESB takmarkast við fyrstu stig tillagna frá framkvæmdastjórn ESB.

Reynsla hefur sýnt að unnt er að hafa áhrif á þróun mála innan sambandsins á þessu stigi þegar rétt er á málum haldið nógu snemma.

Mikilvæg forsenda slíkrar málafylgju er að Alþingi og kjörnir fulltrúar hafi vakandi auga á málefnum innri markaðarins mun fyrr í stefnumótunar- og löggjafarferlinu en hingað til hefur tíðkast.

Skýrslunni er í senn ætlað að bæta upplýsingagjöf til alþingismanna og skapa vettvang á þingfundi til að ræða stöðu Íslands í Evrópusamrunanum, mikilvæg hagsmunamál og framtíðarþróun Evrópu. Til þessa hafa Evrópumál verið hluti hefðbundinnar skýrslu um utanríkismál og oftar en ekki hlotið minni umræðu en þjóðarhagsmunir standa til.

Þjóðþing annarra ríkja sem aðilar eru að innri markaðnum hafa hvert með sínum hætti skipulagt starf sitt svo lýðræðisleg aðkoma og eftirlit sé tryggt á heimavelli ekki síður en innan stofnana ESB og EFTA. Ljóst er að áhugi á að efla þennan þátt í starfi Alþingis hefur aukist. Utanríkisráðherra vill leggja sitt af mörkum til að auka hlut Alþingis, utanríkismálanefndar og eftir atvikum annarra nefnda þingsins í ákvörðunum sem varða ESB og EFTA. Líklegt má einnig telja að aukinn áhugi þingheims á þessum málefnum muni leiða til breyt-

inga á verklagi þingsins á næstunni. Enginn vafi leikur á því að hvort tveggja er til hagsbóta fyrir íslenskan almenning og íslensk fyrirtæki.

Þetta er enn brýnna við nýjar aðstæður eftir að ljóst varð að endurskoðunarsáttmáli ESB mun færa Evrópuþinginu og þjóðþingum aðildarríkjanna aukna hlutdeild í löggjafarferli ESB og þar með í löggjöf sem varðar innri markaðinn og Ísland er skuldbundið til að innleiða.

Í Schengen-samstarfinu er Ísland þátttakandi í öllu ákvarðanatökuferlinu innan ESB, þ.m.t. í ráðherraráði ESB, og horfa mál því að nokkru leyti öðruvísi við á þeim vettvangi þó það dragi ekki úr mikilvægi þess að Alþingi sé upplýst um mál sem þar eru í deiglunni.

Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið (EES) hefur reynst þjóðinni vel og er ein meginástæða uppgangs í íslensku efnahagslífi á undanförnum árum. ESB hefur hins vegar þróast ört frá því að EES-samningurinn tók gildi árið 1994. Nægir þar að nefna fjölgun aðildarríkja úr 12 í 27, upptöku evrunnar, aukið samstarf í dóms- og innanríkismálum sem og í utanríkis- og öryggismálum. Áhrif Evrópuþingsins hafa aukist á undanförnum árum, og eru enn aukin í nýjum sáttmála ESB, jafnframt því sem ráðherraráðið hefur látið meira til sín taka í löggjafarferlinu en áður jafnvel þó að formleg völd þess hafi ekki aukist. Hefur því löggjafarstarfið innan ESB breyst í eðli sínu sem hefur leitt til þess að EFTA-ríkin þurfa að hafa meira fyrir því að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Í þessu sambandi er vert að hafa í huga að þó að þær reglur sem samþykktar eru á grunni EES-samningsins leggi skyldur á íslensk stjórnvöld að því er varðar innleiðingu þeirra þá er framkvæmdin verkefni mun fleiri aðila, svo sem sveitarfélaga og aðila vinnumarkaðarins.

Fram kemur í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar að skýrsla Evrópunefndar, frá síðastliðnu vori, er grundvöllur nánari athugunar á því hvernig hagsmunum Íslendinga verði í framtíðinni best borgið gagnvart ESB. Nefndin byggir niðurstöður sínar á þeirri forsendu að EES- og Schengen-samningarnir muni enn um skeið verða grundvöllur samskipta Íslands við ESB. Er bent á ýmis atriði sem vert væri að skoða til að tryggja sem best áhrif á stefnu ESB.

Á grunni skýrslunnar hefur utanríkisráðuneytið unnið að því að skilgreina með hvaða hætti unnt er að hrinda í framkvæmd ýmsum þeim tillögum sem er að finna í skýrslunni. Undanfarið hefur meðal annars verið unnið að því að treysta tengslin við embættismenn ESB og ríkja þess. Jafnframt hafa ráðherrar ríkisstjórnarinnar lagt áherslu á að eiga fundi með framkvæmdastjórum ESB í Brussel og á nokkrum mánuðum hefur tæpur helmingur þeirra verið sóttur heim. Slíkir fundir hafa m.a. leitt af sér boð um að íslenskir embættismenn starfi á skrifstofum þeirra og boð um þátttöku íslenskra stjórnvalda í starfshópum á tilteknum málasviðum.

EES-samningurinn er reglulega uppfærður með breytingum á viðaukum og bókunum við samninginn. Ákvarðanir um þessar breytingar eru teknar í sameiginlegu EES-nefndinni. Samkvæmt EES-samningnum skuldbinda ákvarðanir nefndarinnar ríkin að þjóðarétti um leið og þær hafa verið teknar. Ríkin geta þó beitt heimild í 103. gr. EES-samningsins til að setja fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Ísland setur slíkan fyrirvara þegar lagastoð skortir fyrir efni þeirra gerða sem verið er að fella inn í EES-samninginn, en þá þarf að leita samþykkis Alþingis áður en hægt er að staðfesta ákvörðunina. Samkvæmt samningnum hafa ríkin sex mánuði til að aflétta fyrirvaranum og staðfesta ákvörðunina, eftir að hún er tekin í sameiginlegu EES-nefndinni. Er það gert annaðhvort með því að leggja fram þingsályktunartillögu um að staðfesta viðkomandi ákvörðun eða með viðeigandi lagabreytingu.[1]

---

[1] Yfirlit yfir þær ákvarðanir sem bíða staðfestingar að því er Ísland varðar er að finna í viðauka II.

Skýrslan skiptist í nokkra kafla. Gerð er grein fyrir stöðu Íslands á innri markaði ESB en að því búnu vikið að framtíðarþróun ESB. Síðan er í sérstökum köflum vikið að helstu málum sem eru í deiglunni innan ESB þar sem sérstök áhersla er lögð á þá málaflokka þar sem Ísland á sem mestra hagsmuna að gæta, svo sem orkumál og umhverfismál og þau málefni sem ESB hefur samþykkt og nú eru til skoðunar meðal EES/EFTA-ríkjanna. Fjallað er um utanríkispólitískt samstarf við ESB og um Schengen-samstarfið sem er ört vaxandi málaflokkur innan ESB. Að lokum eru reifuð þau málefni sem sjónum mun sérstaklega verða beint að á árinu. Eftir atvikum er einstökum köflum skipt í undirkafla til að afmarka frekar það efni sem er til umfjöllunar.[2]

2. Ísland í Evrópusamrunanum.

Ísland er í hringiðu Evrópusamrunans þegar horft er til innri markaðar ESB. Þessi nánu tengsl byggjast á EES-samningnum sem í efni og eðli sínu er samningur um aðild Íslands að innri markaði ESB með sömu réttindum og skyldum og því fylgir fyrir aðildarríki ESB. Vissulega er ávallt rétt að hafa hugfast í því efni að Ísland er ekki á þeim grunni hluti af sameiginlegri fiskveiði- eða landbúnaðarstefnu ESB enda teljast þau svið ekki hluti hins innri markaðar í hefðbundnum skilningi. Þannig má e.t.v. segja að EES-samningurinn nái yfir það sem kalla má hjarta ESB; þau grunnatriði að vara, þjónusta, fjármagn og fólk flæði frjálst og án hindrana á milli aðildarríkjanna. Þessu til viðbótar felur EES-samningurinn í sér ákvæði um samstarf við ESB utan þessa fjórþætta frelsis. Það þýðir að samstarf við ESB á grunni EES-samningsins tekur einnig til samstarfs á öðrum sviðum eins og umhverfismála, rannsókna og þróunar, neytendamála og svo mætti lengi telja. Á sama tíma er vísað til þess með réttu að uppbyggingar- og þróunarsjóðir ESB séu ekki hluti af EES-samstarfinu. Í því efni ber að hafa í huga að EES/EFTA-ríkin hafa sett á fót sinn eigin þróunarsjóð svo og Noregur sérstakan sjóð sem lætur fé af hendi rakna til þeirra ríkja ESB sem lakast standa; þeirra ríkja sem tilvitnaðir sjóðir ESB leggja og fjármagn til. Þetta styrktarkerfi EES/EFTA-ríkjanna hefur staðið allt frá upphafi en var ætlað að vera tímabundið til fimm ára en hefur verið framlengt í tvígang með sífellt hærri fjárhæðum sem EES/EFTA-ríkin láta af hendi rakna.[3]

Af þessu má vera ljóst að vissulega falla mikilvæg stefnumið ESB utan gildissviðs EES-samningsins; stefnumið sem kalla á gerð og útgáfu mikils hluta regluverks ESB í ýmsu formi. Á sama tíma falla undir samninginn önnur svið sem eru utan hins hefðbundna innri markaðar sem gerir það að verkum að segja má að Ísland sé í hringiðu Evrópusamrunans á flestum þeim mikilvægustu sviðum sem um ræðir.

Í þessu efni er fróðlegt að hafa í huga að EES-samningurinn skiptist, auk meginmáls og bókana, í alls 22 kafla sem snerta margvísleg efnissvið innri markaðarins og þeirra málaflokka sem samið var um að féllu undir EES-samninginn. Á sama tíma skiptir ESB aðildarviðræðum sínum við ný ríki í alls 35 kafla.[4] Til fróðleiks er að finna í viðauka I við skýrsluna yfirlit yfir þessa 35 kafla þar sem leitast er við að finna þeim stað í samningum Íslands við ESB eftir því sem unnt er. Kemur í ljós við þennan samanburð að um nokkra skörun er að

---

[2] Vert er einnig að vekja athygli á reglulegum skýrslum sendiráðs Íslands í Brussel þar sem ítarleg grein er gerð fyrir ýmsu málum sem eru í deiglunni á hverjum tíma á vettvangi ESB og EFTA. Skýrsla síðari hluta árs 2007 er birt samhliða skýrslu þessari til Alþingis, sjá http://www.iceland.org/be/islenska/evropusamstarf/.

[3] http://www.eeagrants.org/.

[4] Sjá viðauka I.

ræða. Af þessu má ráða hve mikinn hluta af lagabálkum ESB EES-samningurinn ásamt Schengen-samningnum nær yfir.

Yfirlitið er sett fram í því skyni að sýna hve þétt Ísland er í raun ofið í Evrópusamrunann án þess að vera þó aðildarríki. Ábyrgð okkar er því mikil í samræmi við það. Hafa ber í huga að yfirlitið felur ekki í sér að hver einstakur málaflokkur sem tilgreindur er falli að fullu undir EES-samninginn eða aðra samninga. Í yfirlitinu felst þó mikilvæg vísbending og af því má glöggt ráða hversu mikinn þátt Ísland tekur í Evrópusamrunanum án þess þó að vera fullgildur aðili ESB. Til að mynda er óhætt að fullyrða að allt það regluverk sem ESB hefur samþykkt innan sinna vébanda um þjónustu, fjárfestingar og fjármálamarkaðinn gildi nú þegar hér á landi á grunni EES-samningsins. Er það einnig svo um margvísleg önnur svið sem EES-samningurinn tekur til.

Með nokkrum sanni má segja að Schengen-samningurinn sé afsprengi af því stefnumiði ESB sem er hluti af EES-samningnum og snertir frjálsa för launþega. Ísland tekur fullan þátt í þessu samstarfi ESB á grunni sérstaks samnings þar um ásamt Noregi og Sviss og innan tíðar Liechtenstein. Samstarfið felur í sér að Ísland tekur yfir allt það regluverk sem tengist dóms- og innanríkismálasamstarfi ESB er lýtur að opnun landamæra á milli ríkjanna. Í því felst um leið að Ísland tekur ekki fullan þátt í starfi ESB á sviði dóms- og innanríkismála heldur einvörðungu þeim hluta er snertir Schengen-samstarfið sem slíkt. Sérstakt einkenni aðkomu Íslands á þessu sviði er að fulltrúar Íslands taka fullan þátt í starfi ráðherraráðs ESB á sviði Schengen-samstarfsins. Til viðbótar því regluverki er beint snertir Schengen-samninginn og framkvæmd hans hefur Ísland gert sérstaka samninga við ESB um afmarkaðar reglur ESB svo sem á sviði réttaraðstoðar og framsals sakamanna og stendur vilji ríkisstjórnarinnar til þess að efla þetta samstarf.

Hvað varðar samstarf Íslands og ESB á sviði utanríkis-, öryggis- og varnarmála þá felst það annars vegar í því að Ísland tekur í langflestum tilvikum með formlegum hætti undir ýmsar yfirlýsingar ESB á sviði alþjóðamála og hins vegar því að Ísland tekur virkan þátt, í boði ESB, í friðargæsluverkefnum ESB. Í tengslum við bæði þessi atriði fer fram með reglulegum hætti náið samráð milli Íslands og ESB um ýmis alþjóðleg pólitísk málefni.

3. Framtíðarþróun ESB.

3.1. Endurskoðaður sáttmáli ESB.

Þjóðarleiðtogar ESB ákváðu á árinu 2001 að hrinda úr vör umfangsmiklu samráði um nýjan grunnsáttmála sambandsins. Í framhaldinu var svonefndur stjórnarskrársáttmáli ESB undirritaður í október 2004 og hófst í framhaldinu fullgildingarferli sáttmálans í aðildarríkjunum, sem beið skipbrot þegar Frakkar og Hollendingar höfnuðu sáttmálanum í þjóðaratkvæðagreiðslu. Eftir að örlög stjórnarskrárinnar voru ljós samþykktu aðildarríkin að íhuga frekar framhald málsins en sameiginlegt mat þeirra var að breytingar væru nauðsynlegar á sáttmálunum m.a. til þess að mæta stækkun ESB, sem nú telur 27 aðildarríki. Niðurstaða fékkst á leiðtogafundi ríkjanna í júní 2007 þegar leiðtogarnir samþykktu skýrt umboð til handa nýrri ríkjaráðstefnu til að ráða mál til lykta í formi þess sem nefnt hefur verið umbótasáttmáli ESB. Fól þetta í sér að allar hugmyndir um stjórnarskrársáttmála voru lagðar á hilluna en þess í stað farin hefðbundin leið til að breyta gildandi sáttmálum. Var þessi nýi sáttmáli undirritaður í desember 2007 og bíður nú fullgildingar í öllum aðildarríkjunum, en þau ríki sem fullgilt höfðu stjórnarskrársáttmálann þurfa nú að hefja ferlið á nýjan leik. Svo virðist sem mikill meiri hluti ríkjanna muni fullgilda sáttmálann með hefðbundinni meðferð þjóð-

þinga en ekki leggja hann fyrir þjóðaratkvæði. Virðist sem Írland verði eina ríkið sem beita muni þjóðaratkvæði vegna fullgildingar sáttmálans.[5]

Niðurstaðan felur í sér að um er að ræða hefðbundinn endurskoðunarsáttmála sem e.t.v. má segja að skírskoti til þess að ekki sé að verulegu leyti hróflað við efnislegum ramma ESB heldur fremur horft til stofnanalegra breytinga og breytinga sem ætlað er að styrkja starfsemi ESB.

Ef horft er til helstu breytinga sem er að finna í breyttum sáttmála ESB má m.a. tiltaka eftirfarandi þætti, en ekki er um tæmandi yfirlit að ræða:

- Haldið er í þá niðurstöðu stjórnarskrársáttmálans að koma á fót sérstöku embætti fulltrúa ESB í utanríkismálum sem mun jafnframt verða varaforseti framkvæmdastjórnar ESB. Heitinu er hins vegar breytt úr „utanríkisráðherra“ í „Háttsettur fulltrúi sambandsins í utanríkis- og öryggismálum“ (*High Representative of the Union for Foreign Affairs and Security Policy*). Eftir stendur að útfæra þessa breytingu sem kann að reynast þrautin þyngri þar sem hér er í raun verið að færa saman að vissu marki starfsemi ráðherraráðsins og framkvæmdastjórnarinnar, en því er ætlað að styrkja starf ESB á alþjóðlegum vettvangi og efla samvinnu stofnana ESB á því sviði. Ekki verður síður flóknara að leysa úr því hver muni taka þetta hlutverk að sér.
- Svonefndur Réttindasáttmáli verður gerður bindandi með sérstakri tilvísun til hans en málum svo fyrirkomið að tiltekin aðildarríki geta haldið sig utan þessarar bindingar (Bretland, Írland og Pólland).
- Hlutverk þjóðþinga aðildarríkjanna er styrkt umfram það sem var að finna í stjórnarskrársáttmálanum. Þetta hlutverk snýr einkum að nálægðarreglunni (*subsidiarity principle*) þar sem þjóðþing munu hafa umsagnarrétt um löggjöf sem framkvæmdastjórnin leggur til og komist einfaldur meiri hluti þjóðþinga að því að þau telji löggjöf fara gegn þessari reglu þá skuli framkvæmdastjórnin skoða málið á nýjan leik. Þessu til viðbótar er kveðið á um að ef 55% aðildarríkja í ráðinu eða einfaldur meiri hluti Evrópuþingsins telji tillögu ganga lengra en heimildir sáttmála ESB kveða á um sé framkvæmdastjórninni skylt að draga tillöguna til baka.
- Hvað varðar stofnanaþátt ESB er ákveðið, auk þess að setja á stofn embætti háttsetts fulltrúa sambandsins í utanríkis- og öryggismálum, að fastur forseti muni stýra leiðtogaráði ESB og koma fram fyrir hönd ESB út á við (ásamt hinum háttsetta fulltrúa). Er gert ráð fyrir að kjörtímabilið sé tvö og hálft ár og að hann sé valinn af leiðtogaráðinu með auknum meiri hluta og þurfi stuðning einfalds meiri hluta Evrópuþingsins. Skilyrði er að forsetinn sé ekki meðal sitjandi fulltrúa í leiðtogaráðinu.
- Gert er ráð fyrir breytingum á núverandi kerfi formennsku ESB sem felur í sér að formennska í leiðtogaráðinu mun verða í höndum forseta þess og í utanríkisráðinu í höndum hins háttsetta fulltrúa. Formennska mun að öðru leyti verða í höndum hóps þriggja aðildarríkja á hverju 18 mánaða tímabili. Beðið er frekari útfærslu á þessu atriði.
- Varðandi atkvæðavægi er haldið í regluna um tvöfaldan meiri hluta (55% aðildarríkja og 65% mannfjölda). Kerfið mun ekki taka gildi fyrr en 2014 og kemur til framkvæmda í áföngum fram til 2017. Til að koma til móts við tiltekið aðildarríki er gert ráð fyrir að svokölluð „Ioannina“-málamiðlun gildi sem felur í sér að hópur aðildarríkja í minni hluta geti fengið ákvörðun frestað.
- Gert er ráð fyrir að framkvæmdastjórum verði fækkað líkt og stjórnarskrársáttmálinn kvað á um. Þar með mun það ekki lengur vera svo að öll aðildarríkin eigi fulltrúa í fram-

[5] http://www.consilium.europa.eu/showPage.asp?id=1296&lang=en.

kvæmdastjórninni á hverjum tíma. Þetta kemur til framkvæmda frá 2014 og því mun næsta framkvæmdastjórn sem tekur við árið 2009 verða skipuð fulltrúum frá 27 aðildarríkjum. Frá og með 2014 verður hún hins vegar skipuð fulltrúum a.m.k. 18 aðildarríkja. Gert er ráð fyrir að fulltrúar verði valdir með tilteknu fyrirkomulagi og færist á milli aðildarríkja með jöfnum hætti en ekki er fyrirséð hvernig frekari útfærslu þessa verði háttað en það er í valdi leiðtoga sambandsins að ákveða það. Hvað varðar forseta framkvæmdastjórnarinnar er gert ráð fyrir að leiðtogaráðið velji þann fulltrúa en að skipun hans verði háð samþykki/kjöri Evrópuþingsins. Ný framkvæmdastjórn skal svo í heild sinni staðfest af Evrópuþinginu.
- Ákvæðum stjórnarskrársáttmálans sem fólu í sér að fleiri svið en áður yrðu háð meirihlutaatkvæði er viðhaldið í nýjum sáttmála. Er gert ráð fyrir að lagastoð 86 greina í stað 37 geti verið ákvörðuð á grunni aukins meiri hluta, sem felur í sér í raun að 95% af löggjöf ESB verði ákvörðuð á grunni meirihlutareglna sambandsins. Tiltekin aðildarríki ESB fá sérlausnir til að koma til móts við þeirra viðhorf á afmörkuðum sviðum, einkum á sviði refsiréttar sem á sama tíma felur í sér að aðildarríkin geta þróað löggjöf á þessu sviði innan ramma ESB þó þau taki ekki öll þátt í því (*opt in/opt out*).
- Á sviði utanríkismála er gert ráð fyrir að haldið verði í ákvæði stjórnarskrársáttmálans um að sett verði á stofn með formlegri hætti en fyrr utanríkisþjónusta ESB (*European External Action Service*). Þessu fylgir þó yfirlýsing þess efnis að slík utanríkisþjónusta hafi ekki áhrif á fullveldi aðildarríkjanna til að marka sína eigin utanríkisstefnu eða hvernig þau koma fram gagnvart þriðju ríkjum eða alþjóðastofnunum.
- Hvað varðar Evrópuþingið þá ákváðu þjóðarleiðtogarnir að fela þinginu sjálfu að leggja fram tillögur í því efni. Lagði þingið til ákveðnar reglur um skiptingu þingsæta og að hámarksfjöldi sæta yrði 750 og að tiltekið hámark (96) og lágmark (6) yrði sett varðandi einstök ríki. Samþykktu leiðtogarnir tillögu þingsins með þeirri breytingu að einu sæti var bætt við sem féll í skaut Ítala. Þannig verða þingmenn 750 auk forseta þess eða alls 751.
- Hvað varðar einstök efnissvið má nefna að aðildarríkin hyggjast efla samstarf sitt á sviði dóms- og innanríkismála. Til að mæta óskum tiltekinna aðildarríkja verður mögulegt að standa utan samstarfs á sviði refsiréttar með líkum hætti og fyrirkomulagið er t.d. í dag á vettvangi Schengen-samstarfsins.
- Hvað varðar sjávarútvegsmál þá er haldið í þá uppbyggingu stjórnarskrársáttmálans að verndun lifandi auðlinda sjávar sé eingöngu á valdsviði ESB en aðildarríkin fari enn sameiginlega með aðra þætti sjávarútvegs-, sem og reyndar, landbúnaðarstefnunnar. Felur þetta í sér styrkingu á hlutverki ESB að því er varðar vernd fiskistofna.
- Þau aðildarríki sem fengið höfðu ákveðna sérstöðu viðurkennda innan fyrri sáttmála líkt og Danir, Írar og Bretar halda þeirri sérstöðu.

Sá sáttmáli sem hér um ræðir er stórt skref fyrir ESB en á hinn bóginn hefur ferlið við gerð hans verið það erfitt að ólíklegt má telja að ESB muni á ný ganga í gegnum slíkt í fyrirsjáanlegri framtíð. Á hitt er að líta að tækifæri til breytinga á sáttmálunum mun ávallt skapast við gerð stækkunarsamninga og má vera að slík tækifæri verði í auknum mæli nýtt í framtíðinni ef tilefni er til.

3.2. Stækkun ESB[6] og EES[7].

Segja má að frekari stækkun ESB fari nú fram í þremur skrefum. Í fyrsta lagi er um að ræða hinar formlegu stækkunarviðræður sem standa yfir við Króatíu og Tyrkland. Í öðru lagi hefur Makedónía fengið viðurkenningu ESB sem mögulegt aðildarríki en hefur ekki hafið aðildarviðræður. Í þriðja lagi bíða önnur ríki Balkanskaga í röðinni þar sem ESB hefur gefið þeim öllum vilyrði fyrir aðild og hafa þau lokið eða eru í þann veginn að ljúka gerð samstarfssamninga við ESB. Þetta er sá ríkjahópur sem hefur fyrirfram vilyrði fyrir aðild sem felur í sér að aðildarríki ESB yrðu allt að 35.

Framkvæmdastjórn ESB gefur árlega út skýrslur um stöðu mála í ríkjunum sem stefna á aðild þar sem leitast er við að leggja mat á hve langt þau hafa komið til móts við þau skilyrði sem þau þurfa að uppfylla fyrir aðild og meta nauðsynlegar aðgerðir út frá því. Hagsmunir Íslands í þessu efni eru augljósir vegna skyldubundinnar stækkunar EES í kjölfar stækkunar ESB. Er því nauðsynlegt að EES/EFTA-ríkin fylgist grannt með þróun þessa ferlis ekki síst í ljósi þeirra skuldbindinga sem reynslan sýnir að krafist er af EFTA-ríkjunum samhliða stækkun EES-svæðisins.

Framkvæmdastjórn ESB gaf í byrjun nóvember sl. út skýrslur þar sem staða ríkjanna sem stefna á aðild er metin.

Ef fyrst er horft til Tyrklands má segja að nokkur spenna hafi verið í samskiptum Tyrklands og ESB undanfarin missiri. Óhætt er að segja að bakslag hafi orðið af tveimur orsökum. Í fyrsta lagi er vert að hafa í huga að niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslna í Hollandi og Frakklandi voru af sumum talin tengd stækkunum ESB og ekki síst áformum um að taka Tyrkland inn í sambandið. Í öðru lagi varð afstaða Frakka til að setja strik í reikninginn þar sem nýr forseti Frakklands talaði ákveðið gegn aðild Tyrkja og taldi aðrar lausnir æskilegri til að mynda náið bandalag með Tyrklandi. Deildar meiningar eru meðal fleiri aðildarríkja ESB um hvort Tyrkir eigi yfir höfuð heima í sambandinu. Þá hefur það ekki einfaldað málið að samskipti ESB og Tyrklands hafa verið erfið á undanförnum missirum vegna vanefnda Tyrkja á samningum sínum við ESB að því er varðar opnun hafna og flugvalla fyrir flutninga frá Kýpur á grundvelli samnings Tyrkja og ESB um tollabandalag. Ljóst er að slíkt er brot á samningum Tyrkja og ESB þar sem mismunun gagnvart einstökum aðildarríkjum telst ekki heimil. Hafði ESB gefið Tyrkjum frest til að efna samninginn fyrir leiðtogafund ESB um miðjan desember 2006 ella mundi framkvæmdastjórnin leggja til tilteknar aðgerðir. Ekki

---

[6] Rétt er í upphafi að fara nokkrum orðum um það ferli sem viðhaft er í aðdraganda aðildar ríkja að ESB. Hafi ríki sem sótt hefur um aðild að sambandinu ekki samstarfssamning við ESB er gerð slíks samnings ávallt fyrsta skrefið. Þar eru línurnar lagðar um aðlögun að reglum ESB og á því stigi fá ríkin stöðu mögulegra aðildarríkja (*potential candidate country*). Að því búnu og á tilteknum tímapunkti er staða ríkja viðurkennd til aðildar (*candidate country*) sem eftir frekari aðlögun leiðir til þess að samþykkt er að hefja formlegar viðræður um aðild. Slíkar aðildarviðræður skiptast í tvö skref; annars vegar það sem nefnt hefur verið „yfirferð löggjafar“ þar sem kerfisbundið er farið yfir löggjöf viðkomandi ríkis til að bera hana saman við regluverk ESB. Að þessu loknu, eða eftir atvikum samhliða, eru hafnar samningaviðræður um alls 35 kafla regluverks ESB. Viðræður byggjast á sérstöku umboði aðildarríkja ESB um hvern og einn kafla þar sem öll aðildarríki ESB þurfa einróma að fallast á efni slíks umboðs. Síðan skiptast samningsaðilar á samningsafstöðu með formlegum hætti þar til niðurstöðu er náð um hvern og einn kafla. Niðurstaðan úr þessi ferli kallar síðan á einróma samþykki allra aðildarríkja ESB áður en unnt er að ljúka samningum um hvern og einn kafla. Í tilviki EFTA-ríkjanna má ætla að verklag af þessu tagi mundi ekki verða viðhaft þar sem engin ríki utan ESB hafa þegar aðlagað sig eins náið að regluverki ESB og EES/EFTA-ríkin. Þó verður að ætla að fara þyrfti eftir þessu ferli að því er varðar þau svið sem eru utan EES- og Schengen-samninganna.

[7] Byggist ávallt á sérstökum samningi í kjölfar stækkunar ESB.

náðist samkomulag og því var ákveðið að fresta opnun alls 8 kafla af 35 í samningviðræðum um aðild Tyrkja að ESB. Þeir kaflar sem um er að ræða snúa að tolla- og viðskiptamálum en að því er varðar aðra kafla var ákveðið að viðræður um þá megi opna en þeim yrði ekki lokið fyrr en Tyrkir hafa efnt samningsskuldbindingar sínar. Má því segja að aðildarviðræður Tyrkja séu í raun í biðstöðu, þar sem þeim verður ekki lokið við núverandi aðstæður.

Hins vegar virðist sem Króötum gangi vel í sínum aðildarviðræðum. Hafa Króatar þegar opnað viðræður um nokkurn fjölda kafla og setja sér enn það markmið að aðildarviðræðum geti lokið á árinu 2009. Flestir telja það þó óraunhæft, ekki síst vegna þess að almenn samstaða er um það innan ESB að koma nýjum sáttmála í höfn áður en frekari stækkun sambandsins komi til framkvæmda, sem ekki verður fyrr en 2009 ef allt gengur eftir. Þá eru blikur á lofti í kjölfar ákvörðunar Króatíu um verndun fiskveiðisvæðis í Adríahafi, sem kom til framkvæmda 1. janúar 2008. Olli Rehn, framkvæmdastjóri stækkunarmála innan sambandsins, hefur sagt að þessi ákvörðun geti haft slæm áhrif á aðildarviðræður Króata, en ESB segir að með þessari ákvörðun brjóti Króatar reglur sambandsins, sem þeir hafi ákveðið að gangast undir.

Aðildarviðræður Makedóníu eru ekki hafnar, en segja má að ríkið sé nú á endasprettinum. Gangur viðræðnanna er fyrst og síðast í þeirra eigin höndum, en það er mat framkvæmdastjórnarinnar að ákveðin kyrrstaða sé nú hvað varðar nauðsynlega þróun mála í landinu.

Í nýjum skýrslum framkvæmdastjórnar ESB um framangreind ríki kemur almennt fram að hægt hafi á þróun mála í átt til þeirra viðmiða sem ESB setur fyrir lokum samningaviðræðna og aðild að ESB. Má því segja að nýtt mat ESB valdi ákveðnum vonbrigðum um þróun mála fyrir þessi ríki. Þó er almennt viðurkennt að ríkin haldi öll áfram að fullnægja pólitískum skilyrðum aðildar og því standi svonefnd Kaupmannahafnarskilyrði[8] ekki í vegi aðildar þeirra. Auk þess er þeim flestum hrósað sérstaklega fyrir efnahagslegar framfarir þar sem m.a. hagvöxtur er vel yfir meðallagi í flestum ríkjunum.

Hvað varðar Króatíu kemur fram að enn skortir nokkuð upp á að stjórnsýsla innan lands standi undir kröfum aðildar, einkum og í sér í lagi á sviði dóms- og innanríkismála og að því er varðar baráttu gegn spillingu, stöðu minnihlutahópa og flóttamanna. Auk þess er bent á atriði er tengjast svæðisbundnum deilumálum (við Slóveníu og Ítalíu) sem taka þurfi á.

Það eru ekki einvörðungu Makedónía, Króatía og Tyrkland sem stefna á aðild að ESB þó þeirra braut sé vissulega greiðari en annarra. Öllum ríkjum Balkanskaga (Serbíu, Svartfjallalandi, Albaníu, Bosníu og Hersegóvínu og eftir atvikum Kosóvó) hefur verið lofað aðild að ESB til lengri tíma litið að uppfylltum hefðbundnum skilyrðum.

Ef litið er til stöðu einstakra ríkja þá er staða Albaníu einna best þar sem ríkið hefur þegar í gildi samstarfssamning við ESB. Er ESB almennt ánægt með þróun mála í Albaníu en ríkið hefur hins vegar svipuð vandamál og önnur ríki á svæðinu á sviði réttarfarsmála auk aðlögunar að löggjöf ESB á einstökum sviðum.

Hvað varðar Bosníu og Hersegóvínu þá hefur samstarfssamningur nýlega verið áritaður. Lengi hafði verið stefnt að því en ESB kaus að ljúka honum ekki fyrr en yfirvöld í ríkinu hefðu lokið endurskipulagningu lögreglu og réttarfarskerfis innan lands, en á því stóð lengi

---

[8] Stjórnmálaleg skilyrði lúta að stofnanalegum þáttum er tryggja lýðræði, réttarreglu, mannréttindi, virðingu og vernd fyrir réttindum minnihlutahópa. Efnahagsleg skilyrði lúta að tilvist markaðshagkerfis, svigrúmi til að takast á við áföll og samkeppni á markaði innan ESB. Ríkin þurfa að samþykkja regluverk ESB og uppfylla þær kröfur sem fylgja aðild að sambandinu, m.a. vera samþykk markmiðum ESB í stjórnmálum og efnahagsmálum, sem og hvað varðar myntbandalagið.

vel vegna pólitískra deilna innan lands. Að sama skapi er lögð áhersla á samstarf við stríðsglæpadómstólinn í Haag.

Svartfjallaland er nýlega orðið sjálfstætt ríki en þegar hefur verið áritaður samstarfssamningur sem koma mun til framkvæmdar innan tíðar. Er mikilvægast fyrir ríkið að hraða nú þegar aðlögun sinni að löggjöf ESB. Mun það ekki síst beinast að því að styrkja innviði stjórnsýslunnar, einkum styrkja réttarfarskerfið og baráttu gegn skipulagðri glæpastarfsemi og spillingu.

Hvað varðar Serbíu þá hefur samstarfssamningur við ESB verið áritaður, en viðræður lágu niðri um nokkurt skeið vegna skorts á samstarfi við dómstólinn í Haag. Serbía fær hrós fyrir markverðan árangur í efnahagsmálum, m.a. að því er varðar erlenda fjárfestingu. Ákveðinn framgangur hefur verið varðandi þróun í stjórnsýslunni og ljóst er að hún er vel undir það búin að standa í flóknum og erfiðum samningaviðræðum. Því eru vísbendingar um að Serbía geti náð öðrum ríkjum á svæðinu fljótt þegar öðrum hindrunum hefur verið rutt úr vegi. Er ályktun leiðtoga ESB á fundi þeirra í desember sl. í samræmi við þetta þar sem gefið var til kynna að unnt sé að hraða ferli Serbíu í átt til aðildar. Ein hindrun í veginum eru þó málefni Kosóvó.

Að lokum hefur Kosóvó einnig verið lofað framgangi að því er varðar aðild að ESB sem veltur hins vegar á framtíðarstöðu héraðsins í alþjóðasamfélaginu. ESB hefur stutt að fullu við bakið á héraðinu, m.a. í viðræðum um stöðu þess, og er reiðubúið að senda á vettvang friðargæslulið til þess að aðstoða við að koma réttarkerfinu á réttan kjöl sem reynslan sýnir að er grundvallaratriði í átt til aðlögunar að regluverki ESB. Yrði það stærsta aðgerð af því tagi í sögu ESB.

EES-samningurinn hefur að geyma sérstakt ákvæði er snýr að því að ný ríki gerast aðildarríki að EES, annaðhvort með aðild að ESB eða EFTA. Hefur nú á skömmum tíma reynt á þetta í tvö skipti þegar alls 12 ný aðildarríki bættust við ESB hlið EES-samningsins.

Við fyrri stækkunina árið 2004 gengu 10 ný aðildarríki (Eistland, Kýpur, Lettland, Litháen, Malta, Pólland, Slóvakía, Slóvenía, Tékkland og Ungverjaland) í ESB og urðu um leið hluti af EES-svæðinu, þar sem sérstökum samningum um stækkun EES hafði verið lokið áður en stækkun ESB kom til framkvæmda. Var þetta í fyrsta sinn sem reyndi á stækkun EES-svæðisins. Samningaviðræður reyndust erfiðar, ekki síst vegna ríkra krafna sem ESB gerði til EES/EFTA-ríkjanna um fjárhagsleg framlög til uppbyggingar í þeim ríkjum sem lakast stæðu innan ESB. Á sama tíma gerðu Ísland og Noregur kröfur til ESB um tilslakanir að því er varðar tollfrjálsan innflutning sjávarafurða inn á markað ESB. Niðurstaða þessara samninga varð sú að EES/EFTA-ríkin féllust á að leggja fram sameiginlega alls 600 milljónir evra í framlög til þeirra ríkja ESB sem lakast stæðu og úr varð svonefndur þróunarsjóður EFTA, sem nær til nýrra aðildarríkja ESB auk Spánar, Portúgals og Grikklands. Jafnframt lagði Noregur sérstaklega fram 567 milljónir evra í sama skyni sem náði einvörðungu til nýrra aðildarríkja ESB. Á sama tíma samþykkti ESB annars vegar fulla fríverslun með síldarsamflök og hins vegar aukna kvóta í öðrum tilteknum tegundum sjávarfangs.

Síðari stækkunin árið 2007, sem tók til Búlgaríu og Rúmeníu, kom til framkvæmda á EES-svæðinu frá 1. ágúst 2007, sjö mánuðum eftir að ríkin tvö urðu aðilar að ESB. Sú staðreynd að stækkun EES hélst ekki í hendur við stækkun ESB skapaði spennu í samskiptunum innan EES og leiddi m.a. til þess að engar ákvarðanir voru teknar í sameiginlegu EES-nefndinni um hríð. Niðurstaða samninganna við Búlgaríu og Rúmeníu var í líkingu við fyrri stækkun EES. Samþykkt var að EES/EFTA-ríkin mundu auka framlög sín í þróunarsjóð EFTA um 72 milljónir evra. Auk þess samþykkti Noregur að leggja fram sérstök tvíhliða framlög til við-

bótar til ríkjanna tveggja í takt við niðurstöðu fyrri stækkunarsamnings að fjárhæð 68 milljónir evra. Á sama tíma veitti ESB frekari tilslakanir í formi aukinna kvóta á innflutning tiltekinna sjávarafurða inn til sambandsins.

Þótt stækkun EES sem slík sé ótímabundin þá eru þeir samningar sem gerðir voru um fjárframlög EES/EFTA-ríkjanna og um aukna innflutningskvóta fyrir sjávarafurðir inn á markað ESB tímabundnir til loka apríl 2009. Eru þegar vísbendingar um að ESB muni gera kröfur um áframhaldandi greiðslur af þessu tagi eftir þann tíma.

Hvað varðar frekari stækkun EES þá ræðst hún eðli málsins samkvæmt af frekari þróun stækkunarferlis ESB.

4. Málefni innri markaðar Evrópu.

4.1 Málefni á vettvangi ESB.

4.1.1. Inngangur.

Segja má að þeir möguleikar sem Ísland hefur til að hafa áhrif á málefni sem snerta EES-samninginn komi fyrst upp á fyrstu stigum löggjafarstarfs ESB; þ.e. þegar framkvæmdastjórn þess ýmist vinnur að tillögum að nýrri löggjöf eða þegar slíkar tillögur hafa verið gefnar út til samráðs við þá sem hagsmuna eiga að gæta.

Hvað hið fyrra snertir þá tryggir EES-samningurinn að íslenskir fulltrúar og sérfræðingar njóta sömu stöðu og fulltrúar og sérfræðingar aðildarríkja ESB að því er varðar þátttöku í undirbúningi framkvæmdastjórnar ESB á tillögum að löggjöf á gildissviði EES-samningsins. Felst þessi þáttur gjarnan í þátttöku í nefndastarfi undir forustu fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar. Nefndarstarfinu lýkur með tillögu að löggjöf sem gefin er út til áframhaldandi umfjöllunar í stofnunum ESB (ráðherraráði, Evrópuþingi, héraðanefnd, og ráðgjafanefnd) þar sem fulltrúar Íslands eiga á hinn bóginn ekki sæti. Verður ekki framhjá því litið að hlutverk þessara stofnana ESB hefur vaxið frá því EES-samningurinn kom til framkvæmda. Nægir í því efni að horfa til þess að nú stefnir í að Evrópuþingið muni gegna lykilhlutverki í öllu löggjafarstarfi ESB nái Lissabon-sáttmálinn fram að ganga.

Hið seinna snertir þau tilvik þar sem framkvæmdastjórn ESB gefur út tillögur að löggjöf eða annars konar frumkvæði þar sem kallað er eftir sjónarmiðum hagsmunaaðila innan tilskilins frests (opið samráð). Er þetta gjarnan hluti af opnu ferli sem ESB notar til undirbúnings ákveðnum tillögum að löggjöf. Gleggsta dæmið um þetta atriði er ný stefna ESB í málum siglinga og sjávar sem nánar er fjallað um síðar. Einnig mætti nefna hér samráð sem framkvæmdastjórn ESB hafði frumkvæði að og snertir veðlánamarkaðinn en Ísland tók þátt í umsagnarferlinu í því tilviki. Í framhaldi af því hefur nú komið út hvítbók um efnið sem nánar er gerð grein fyrir síðar í þessari skýrslu.

Mikilvægur þáttur þess að leitast við að hafa eins mikil áhrif á löggjöf ESB og unnt er felst í að taka þátt í þessum samráðsferlum.

Ekki er síður mikilvægt það net samskipta bæði formlegt og óformlegt sem myndast hefur á vettvangi EFTA og sameiginlegra nefnda EFTA-ríkjanna og ESB. Til að styrkja þennan þátt enn frekar hefur Ísland haft frumkvæði að því að leggja til að setja á fót slíka nefnd fyrir sveitarfélög og héruð innan EFTA-ríkjanna.

Í þessum kafla er vikið að nokkrum mikilvægum stefnumiðum ESB sem nú eru til meðferðar og kunna að snerta hagsmuni Íslands með beinum hætti á grunni EES-samningsins.

4.1.2. Stefna ESB um málefni siglinga og sjávar.

ESB hefur síðustu ár unnið að því að marka sér heildstæða stefnu um málefni siglinga og sjávar, þar sem litið er til allra þátta sem tengjast hafinu og samspils þeirra. Markmið ESB er að móta heildstæða stefnu, í náinni samvinnu við hagsmunaaðila, sem sporni gegn minnkandi líffræðilegum fjölbreytileika sjávar vegna mengunar, loftslagsbreytinga og ofveiði og stuðla þannig að sjálfbærri nýtingu auðlinda hafsins. Stefnan tekur mið af markmiðum Lissabon-áætlunarinnar um að efla hagvöxt og skapa atvinnutækifæri í sátt við sjónarmið varðandi vernd og nýtingu sjávar. Stefnumótunin er yfirgripsmikil og fjallar um málefni hafsins á breiðum grunni og nær yfir málefni margra ráðuneyta, sem á einhvern hátt hafa beinan eða óbeinan snertiflöt við hafið. Þannig er t.d. fjallað um umhverfismál, nýtingu auðlinda, siglingamál, ferðamál við ströndina, hafnamál, byggðamál strandbyggða, vernd fyrir ógnum og ólögmætum aðgerðum á hafinu, vöktun siglinga og lífríkis, rannsóknir og þróun og uppbyggingu upplýsingakerfa.

Íslensk stjórnvöld hafa fylgst með þessari vinnu síðustu ár, tekið virkan þátt í mótun stefnunnar og nýtt þau tækifæri sem boðist hafa til áhrifa. Hefur aðkomu Íslands að stefnumótuninni verið afar vel tekið innan ESB og tillit tekið til margra ábendinga íslenskra stjórnvalda. Eru þessi jákvæðu viðbrögð hvatning til að nýta í auknum mæli tækifæri til að hafa áhrif á löggjöf ESB á fyrstu stigum hennar, í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um frumkvæði í alþjóðamálum. Má segja að reynslan hvað varðar aðkomu Íslands að stefnumótun á þessu sviði geti verið fyrirmynd um hvernig Ísland geti haft áhrif á öðrum sviðum í framtíðinni.

Eftir nokkuð langan aðdraganda gaf ESB í júní 2006 út grænbók um málefni siglinga og sjávar.[9] Hefur ESB lagt ríka áherslu á að hafa víðtækt samráð um stefnuna. Eftir útgáfu grænbókarinnar tók því við tólf mánaða samráðsferli, en öllum sem láta sig málefni hafsins varða var gert kleift að senda athugasemdir við grænbókina.

Íslensk stjórnvöld lögðu áherslu á að koma snemma inn í ferlið í tengslum við hina nýju stefnu ESB og taka þátt í samráðsferlinu. Sendiráð Íslands í Brussel fylgdist vel með framvindu málsins innan ESB frá því að fyrstu hugmyndir komu fram árið 2005, vann að frumgreiningu grænbókarinnar og vakti athygli á mikilvægi þess að Ísland kæmi að sjónarmiðum sínum. Var grænbókin send út til umsagnar um fjörutíu hagsmunaaðila hér á landi, m.a. til allra verkalýðsfélaga sem tengjast störfum á hafinu, samtaka útvegsmanna, rannsóknastofnana, náttúruverndarsamtaka, menningarstofnana o.s.frv. Þá var undir forustu utanríkisráðuneytis komið á fót vinnuhópi allra ráðuneyta sem málinu tengjast,[10] auk þess sem Samband íslenskra sveitarfélaga átti fulltrúa í hópnum.

Vinnuhópurinn tók saman ítarlegar athugasemdir íslenskra stjórnvalda við grænbókina og framtíðarstefnu ESB í málefnum siglinga og sjávar, sem sendar voru framkvæmdastjórninni í júní 2007.[11]

Athugasemdir Íslands lúta að flestum atriðum grænbókarinnar, en þar sem stefna ESB í málefnum hafsins hefur áhrif á Atlantshafið og þar af leiðandi íslenska hagsmuni var ákveðið að gera athugasemdir við skjalið í heild sinni, en ekki horfa eingöngu á það út frá gildissviði

---

[9] Nálgast má grænbókina, sem kallast fullu nafni *Towards a Future Maritime Policy for the Union*, á eftirfarandi slóð: http://ec.europa.eu/maritimeaffairs/pdf/greenpaper_brochure_en.pdf.

[10] Í vinnuhópnum sátu fulltrúar úr eftirfarandi ráðuneytum, auk utanríkisráðuneytis: dóms- og kirkjumálaráðuneyti, félagsmálaráðuneyti, iðnaðarráðuneyti, menntamálaráðuneyti, samgönguráðuneyti, sjávarútvegsráðuneyti og umhverfisráðuneyti.

[11] Athugasemdir Íslands má finna á: http://ec.europa.eu/maritimeaffairs/contributions_post/288iceland.pdf.

EES-samningsins. Er þetta tekið fram í inngangi athugasemdanna. Skjalið er þannig uppbyggt að fremst gefur að líta samantekt með nokkrum megintillögum og athugasemdum. Síðan er þeim spurningum sem settar eru fram í grænbókinni í hverjum kafla svarað. Inn á milli í textanum eru gefin afmörkuð dæmi um meðferð einstakra mála á Íslandi, sem starfshópurinn taldi að gæti verið áhugavert fyrir ESB að kynna sér í tengslum við áframhaldandi þróun á stefnu sambandsins.

Alls bárust framkvæmdastjórninni hátt í 500 athugasemdir frá ýmsum ríkjum, héruðum, ríkjahópum, stofnunum, samtökum og einstaklingum. Þann 10. október 2007 gaf framkvæmdastjórnin út orðsendingu um framtíðarstefnu ESB á sviði siglinga og sjávar, sem kölluð hefur verið „blábók“,[12] orðsendingu um samráðsferlið,[13] aðgerðaáætlun um hvernig stefnunni verði hrundið í framkvæmd[14] og mat á áhrifum samræmdrar stefnu.[15]

Er í þessum skjölum að finna ýmis atriði sem Ísland lagði áherslu á í sínum athugasemdum. Meðal annars boðar ESB hertar aðgerðir gegn sjóræningjaveiðum og brottkasti, en í athugasemdum íslenskra stjórnvalda var lögð mikil áhersla á þessi atriði og aðrar leiðir til að ná fram sjálfbærri auðlindanýtingu. Einnig hvatti Ísland til þess að dregið yrði úr skriffinnsku í sjóflutningum og samstarf eftirlitsaðila yrði aukið. Þá kallaði Ísland eftir stefnu um málefni Norður-Íshafsins og lagði áherslu á auknar rannsóknir á hafinu og lífríki þess. Þessar áherslur, auk annarra, skiluðu sér í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar. Þjóðarleiðtogar ESB staðfestu loks heildstæða stefnu sambandsins í málefnum hafsins á fundi sínum 17. desember 2007.

Í kjölfar þátttöku Íslands í samráðsferlinu um grænbókina hefur Íslandi verið boðið á tvær ráðherraráðstefnur um mótun stefnunnar. Umhverfisráðherra sótti ráðherraráðstefnu í Lissabon í lok október á síðasta ári þar sem blábókin svokallaða og tillögur framkvæmdastjórnarinnar að næstu skrefum voru ræddar. Á fundinum kom fram mikil ánægja með framlag Íslands og þátttöku í stefnumótuninni. Lögðu José Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar ESB, og Joe Borg, framkvæmdastjóri Evrópusambandsins á sviði siglinga og sjávar, sem leitt hefur stefnumótunina, sérstaka áherslu á þetta og þökkuðu fyrir aðkomu Íslands. Á fundinum var Íslandi boðið að taka þátt í samráðsvettvangi háttsettra embættismanna þar sem stefnan verður þróuð áfram. Þá sótti sjávarútvegsráðherra ráðstefnu um sjóræningjaveiðar og hvaða leiðir eru einkum færar til að sporna við slíkum veiðum.

Íslensk stjórnvöld munu áfram fylgjast með þróun stefnu ESB í þessum málaflokki og taka þátt í stefnumótuninni eins og kostur er. Sýnir reynslan af þátttöku í þessu samráðsferli að góðir möguleikar eru á að hafa áhrif á mótun löggjafar á frumstigi. Er þessi jákvæða reynsla þannig hvatning til íslenskra stjórnvalda að leggja með markvissari hætti áherslu á þátttöku í stefnumótandi vinnu í ESB, einkum í þeim málaflokkum þar sem Ísland hefur hvað mestra hagsmuna að gæta.

4.1.3. Umhverfismál.

Á undanförnum árum hefur vægi umhverfismála aukist í ESB. Í alþjóðasamstarfi um umhverfismál myndar ESB mikilvæga blokk, eins og sást glöggt á loftslagsráðstefnu aðildarríkja Rammasamnings Sameinuðu þjóðanna á Balí í desember sl. Þá hefur mikið af nýrri löggjöf

---

[12] COM (2007) 575, http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/site/en/com/2007/com2007_0575en01.pdf.
[13] COM (2007) 574, http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/site/en/com/2007/com2007_0574en01.pdf.
[14] SEC (2007) 1278, http://ec.europa.eu/maritimeaffairs/pdf/ActionPaper/action_plan_en.pdf.
[15] SEC (2007) 1280, http://ec.europa.eu/maritimeaffairs/pdf/summary/sec_2007_1280_en.pdf.

á sviði umhverfismála litið dagsins ljós á síðustu missirum og hefur megnið af henni verið tekið upp hér á landi á grunni EES-samningsins.

Markmið EES-samningingsins á sviði umhverfismála eru að varðveita, vernda og bæta umhverfið, stuðla að heilsuvernd manna og tryggja að auðlindir náttúrunnar séu nýttar af varúð og skynsemi. Í raun er Ísland með aðild sinni að EES-samningnum aðili að sameiginlegri stefnumörkun ESB á sviði umhverfismála, á öðrum sviðum en náttúruvernd. Hefur verið á það bent að aðild Íslands að EES-samningnum hafi haft það í för með sér að umbætur á sviði umhverfismála urðu hraðari hér á landi en hefði hugsanlega annars orðið.[16] Nefna má sem dæmi að í gegnum EES-samninginn hafa verið settar reglur um mengunarvarnir, sorphirðu, mat á umhverfisáhrifum, skráningu hættulegra efna og fleira.

Innleiðing umhverfisreglna hér á landi og framkvæmd þeirra getur oft verið kostnaðarsöm. Hluti þess kostnaðar er greiddur af ríkinu en mikilvægum málaflokkum, eins og sorphirðu og frárennslismálum, er sinnt af hálfu heilbrigðisnefnda sveitarfélaganna. Því er virk og öflug hagsmunagæsla og vöktun mikilvæg hvað varðar umhverfismálin, sem og samráð við hagsmunaaðila. Þá geta umhverfisreglur einnig haft í för með sér kvaðir fyrir atvinnulífið, en meðal þeirra meginreglna sem kveðið er á um í EES-samningnum er að koma skuli í veg fyrir umhverfisspjöll, bæta skuli tjón sem þegar hefur orðið og leggja skuli greiðsluskyldu á þann sem veldur mengun.

Á síðustu árum hefur það færst í aukana að kveðið sé á um viðurlög í ESB-gerðum, einkum á umhverfissviðinu. Samræming refsilöggjafar fellur utan gildissviðs EES-samningsins og liggur því hjá einstökum EES/EFTA-ríkjum, en stundum hafa þau ákveðið að beita sömu refsingum og ESB til að gæta einsleitni á hinum innri markaði. Í þessu samhengi má nefna að Evrópudómstóllinn hefur nýlega sett ákveðnar skorður hvað varðar samræmingu refsilöggjafar á grundvelli lagaheimilda er gilda um innri markaðinn.[17]

Á síðustu mánuðum hafa viðamiklar gerðir á sviði umhverfismála verið teknar inn í EES-samninginn. Sem dæmi má nefna tilskipun 2003/87/EB sem kemur á fót viðskiptakerfi með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda, sem fjallað er um í sérstökum kafla í þessari skýrslu, og tilskipun 2000/60/EB um aðgerðaramma bandalagsins um stefnu í vatnsmálum (vatnatilskipunin) sem báðar komu til kasta Alþingis nýverið.

Vegna aukins vægis og umfangs umhverfismála má segja að drjúgum hluta af hagsmunagæslu utanríkisþjónustunnar í EES-málum sé varið í þennan málaflokk. Náttúruvernd fellur utan gildissviðs EES-samningsins og þarf því oft að skoða sérstaklega hvernig reglur falli að EES-samningnum í því samhengi og þá eftir atvikum aðlaga texta reglnanna að samningnum eftir því sem tilefni er til. Þar sem það getur verið skilgreiningaratriði hvað falli undir náttúruvernd og hvað ekki geta mörk þess hvað fellur undir gildissvið EES-samningins stundum reynst óljós. Kallar þessi málaflokkur því á árvekni og öfluga hagsmunagæslu af hálfu íslenskra stjórnvalda.

Af einstökum málum sem nú er unnið að á vettvangi ESB má nefna neðangreind atriði.

Jarðvegsvernd.

Framkvæmdastjórn ESB hefur lagt fram tillögu að tilskipun um jarðvegsvernd.[18] Málið er til meðferðar hjá Evrópuþinginu og ráðinu en óljóst er um framvindu þess enda mjög um-

---

[16] Staða Íslands í Evrópusamstarfi, Skýrsla Halldórs Ásgrímssonar utanríkisráðherra til Alþingis, apríl 2000, kafli 9.

[17] Mál C-440/05 (framkvæmdastjórnin gegn ráðherraráðinu).

[18] COM (2006) 232, http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=COM:2006:0232:FIN:EN:PDF.

deilt. Tilskipunin fjallar um verndun jarðvegs með það að leiðarljósi að tryggja sjálfbæra notkun hans og margbreytileika. Minnka á þéttingu jarðvegs eftir því sem mögulegt er. Leggja skal áherslu á verndun jarðvegs gegn uppblæstri, gróðureyðingu, tilfærslu, saltburði og súrnun og tryggja líffræðilega fjölbreytni hans með því að forgangsraða svæðum auk þess sem álagssvæði skulu skoðuð sérstaklega, rannsökuð og áætlanir gerðar í hverju landi til hreinsunar.

Sem stendur er unnið að því á vegum umhverfisráðuneytisins og utanríkisráðuneytisins að meta hvort tilskipunin fellur undir gildissvið EES-samningsins að öllu leyti eða að hluta.

Úrgangsmál.

Á undanförnum árum hefur verið unnið að endurskoðun úrgangslöggjafar ESB og liggur nú fyrir tillaga að tilskipun um endurskoðaða heildarlöggjöf.[19] Búist er við að málið verði endanlega afgreitt eftir meðferð í þinginu og ráðinu í lok yfirstandandi árs. Með tillögunum er stefnt að því að hindra og draga úr myndun úrgangs. Ná skal jafnvægi í úrgangsmálum þannig að árið 2012 falli ekki til meiri úrgangur en 2008 og er lykilatriðið að allur úrgangur sem hægt er að meðhöndla sé endurheimtur með einu eða öðru móti.

Markmiðið er að með betri notkun hráefna skuli aðildarríkin á árinu 2020 þegar hafa náð að endurnota eða endurvinna a.m.k. 50% af heimilis- og rekstrarúrgangi og 70% af byggingar-, iðnaðar- og framleiðsluúrgangi. Árið 2015 eiga aðildarríkin að hafa komið upp aðskildri söfnun á pappír, málmi, plasti, textíl og öðrum lífrænum úrgangi og einnig úrgangsolíu og öðrum spilliefnum. Einnig er kveðið á um viðeigandi eyðingu úrgangs. Endurheimt ómeðhöndlaðs úrgangs frá stóreldhúsum, veitingahúsum eða mötuneytum til að fóðra dýr verður bönnuð og skal eyðing slíks úrgangs vera í höndum aðila sem til þess hafa starfsleyfi og skal úrgangurinn gerilsneyddur og honum eytt á viðunandi hátt.

Evrópuþingið hefur auk þess samþykkt áætlun um endurvinnslu úrgangs (*Thematic Strategy on the recycling of waste*[20]). Þar eru sett fram eftirfarandi stefnumið:

- Frá árinu 2010 verði bannað að urða ómeðhöndlaðan lífrænan úrgang.
- Frá árinu 2015 verði bannað að urða pappír, pappa, gler, textíl, timbur, plast, málm, gúmmí, kork, postulín, steypu, múrsteina og flísar.
- Frá árinu 2020 verði bannað að urða allan endurvinnanlegan úrgang.
- Frá árinu 2025 verði bannað að urða allan afgangsúrgang, nema þar sem ekki er hægt að koma annarri vinnslu við eða um sé að ræða mjög hættulegan úrgang sem ekki verður forsvaranlega meðhöndlaður með öðru móti.

Ljóst er af framansögðu að um verulegar breytingar er að ræða sem varða sveitarfélögin, fyrirtækin og íbúana miklu og munu hafa í för með sér aukinn kostnað.

Af öllu framangreindu má ráða að margvísleg stór og mikilvæg mál eru á dagskrá ESB sem með beinum hætti kunna að hafa áhrif hér á landi á grunni EES-samningsins. Gera má ráð fyrir að mörg þeirra komi á síðari stigum til kasta Alþingis. Til undirbúnings því munu utanríkis- og umhverfisráðuneyti miðla upplýsingum til Alþingis um þróun þessara mála á árinu 2008, ekki síst um þau áhrif sem þessar reglur kunna að hafa hér á landi.

---

[19] COM (2005) 667, http://ec.europa.eu/environment/waste/pdf/directive_waste_en.pdf.

[20] SEC (2005) 1681 og 1682, http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=COM:2005:0666:FIN:EN:PDF.

4.1.4. Rýmkun á viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda.

Þann 26. október 2007 var tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB,[21] sem kemur á fót kerfi fyrir viðskipti með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda innan ESB, tekin inn í EES-samninginn. Alþingi fjallaði um viðskiptakerfið og tilskipunina á haustþingi, þegar þingsályktunartillaga um að staðfesta ákvörðun EES-nefndarinnar sem felldi umrædda tilskipun og tengdar gerðir inn í EES-samninginn, kom til umfjöllunar.[22] Viðskiptakerfið gerir fyrirtækjum kleift að eiga viðskipti með losunarheimildir. Þannig geta þau selt heimildir sem þeim hefur verið úthlutað en sjá ekki fram á að nýta og keypt heimildir þurfi þau að losa meira en þær heimildir sem þeim var úthlutað segja til um. Miðast núverandi gildissvið viðskiptakerfisins við losun á koldíoxíði (CO_2) frá ákveðinni starfsemi, t.d. orkuframleiðslu, járn-, jarðefna- og pappírsiðnaði.

Vegna þessa afmarkaða gildissviðs fellur hverfandi hluti af heildarlosun hér á landi undir gildissvið tilskipunarinnar. Var því samið um sérstaka aðlögun fyrir Ísland vegna þeirrar atvinnustarfsemi sem fellur undir gildissviðið hér á landi, sem miðar við að á meðan losun á CO_2 frá einstakri starfsemi fari ekki yfir 25.000 tonn á ári lúti engin starfsemi á Íslandi ákvæðum tilskipunarinnar. Var í þingsályktunartillögunni greint frá því að stefnt væri að því innan ESB að rýmka gildissviðið út til annarra atvinnugeira og lofttegunda.

Fyrir réttu ári kynnti framkvæmdastjórn ESB tillögu[23] að tilskipun þingsins og ráðsins um að breyta tilskipun 2003/87 um viðskipti með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda þannig að flugstarfsemi yrði felld undir gildissvið tilskipunarinnar. Þar sem tilskipun 2003/87/EB um viðskiptakerfi með gróðurhúsalofttegundir er orðin hluti af EES-samningnum verður að telja yfirgnæfandi líkur á að tillaga að tilskipun um breytingu á tilskipun 2003/87 sem færir flug undir þetta kerfi komi einnig til með að falla undir EES-samninginn.

Um miðjan nóvember 2007 greiddi Evrópuþingið atkvæði um tillöguna og breytingar við hana.[24] Lagði þingið til að mynda til að flugfélögum yrði gert skylt að ráða yfir nægum heimildum fyrir losun gróðurhúsalofttegunda fyrir allt atvinnuflug bæði innan ESB og í flugi milli ESB og þriðju ríkja frá 2011. Á Íslandi eru yfir 80 stórar flugvélar á skrá og hefur Flugmálastjórn lauslega áætlað að losun þeirra sé hlutfallslega mun meiri en hjá öðrum ríkjum. Samkvæmt tillögu Evrópuþingsins skulu losunarheimildir nema 90% af meðaltali viðmiðunarára-anna 2004–2006 og um 25% heimildanna skulu boðnar upp. Þetta felur í sér að flugfélög sem fyrir árið 2011 gera ráð fyrir að losa meira en 75% (af 90%) þess sem þau losuðu 2004–6 þurfa að kaupa losunarheimildir fyrir umframlosunina. Meðal breytingartillagna Evrópuþingsins frá því um miðjan nóvember við tillögur framkvæmdastjórnarinnar er ein sem kom inn sem málamiðlun milli umhverfisnefndar og samgöngunefndar þingsins. Þar segir að „taka skuli tillit til flugs á milli ystu jaðarsvæða og svæða á meginlandi Evrópu“.

Eðlilegt er að horfa til þess að ákvæði af þessu tagi kunni einnig að eiga við um Ísland komi til þess að gerðin verði hluti af EES-samningnum. Hefur Ísland lagt áherslu á það og var útbúið minnisblað til að kynna sérstöðu Íslands varðandi samgöngur til og frá landinu. Hefur sendiráð Íslands í Brussel kynnt sjónarmið Íslands fyrir ýmsum sem að málinu koma

---

[21] http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:L:2003:275:0032:0046:EN:PDF.

[22] Þingmál 269, þingskjal 411: Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2007, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, samþykkt 6. desember 2007.

[23] http://www.euractiv.com/en/transport/commission-goes-ahead-plans-cut-aviation-pollution/article-160634.

[24] http://www.europarl.europa.eu/news/expert/infopress_page/062-12900-316-11-46-910-20071109IPR12781-12-11-2007-2007-false/default_en.htm.

svo sem starfsmönnum ráðs ESB, framkvæmdastjórnar ESB og skýrslugjöfum (rapporteur) Evrópuþingsins auk þess sem málið hefur verið kynnt innan EFTA-samstarfsins. Þá var það tekið til umræðu á forfundi norrænna samgönguráðherra í lok nóvember sl. Enn fremur hafa fundir verið haldnir með fastafulltrúum Spánar, Portúgals, Frakklands, Þýskalands og Finnlands.

Umhverfisráðherrar ESB fjölluðu um tillöguna á fundi skömmu fyrir jól. Samstaða varð um að allt flug komi undir kerfið frá árinu 2012 og að losunarheimildir nemi 100% af meðaltali viðmiðunaráranna 2004–2006. Gert er ráð fyrir að 10% heimilda verði boðnar upp og því beint til aðildarríkjanna að andvirðinu verði varið til aðgerða til að berjast gegn losun gróðurhúsalofttegunda auk þess að standa straum af rekstri kerfisins. Önnur þrjú prósent verði tekin til hliðar og ráðstafað til flugfélaga sem eru að hefja rekstur og lítilla flugfélaga í örum vexti. Áðurnefnd breytingartillaga þingsins varðandi jaðarsvæði var ekki samþykkt í óbreyttri mynd. Vill ráðherraráðið miða við að flug sem rekið er samkvæmt skyldu um opinbera þjónustu verði undanskilið að því er varðar tiltekin svæði eða í þeim tilvikum þar sem árlegt sætaframboð er undir 30 þúsund sætum. Það felur í sér að einvörðungu verður unnt að undanskilja afmarkaðar flugleiðir innan lands hér á landi en ekki millilandaflug. Í tillögu þeirri sem samþykkt var á fundi ráðherraráðsins er jafnframt ýmislegt annað flug undanskilið ákvæðum tilskipunarinnar og er það talið upp í nokkrum liðum. Ekki verður séð að millilandaflug til eða frá Íslandi geti fallið undir þær skilgreiningar sem eru mjög þröngar.

Á ráðherrafundi ESB lögðu umhverfisráðherrar Möltu og Kýpur fram breytingartillögu við tillögu formennskuríkisins um að tekið yrði tillit til sérstöðu jaðarsvæða sem ættu fáa aðra valkosti til samgangna en flug. Tillögunni var hafnað en í staðinn var samþykkt málsgrein í endurskoðunarákvæði tillagnanna sem segir að framkvæmdastjórnin skuli skila skýrslu fyrir 1. júní 2015 þar sem m.a. fram komi mat á áhrifum kerfisins á flugsamgöngur við eyjar og jaðarsvæði sambandsins. Leggja þarf mat á að hvað miklu leyti eða hvort þessi málamiðlun komi til móts við sjónarmið íslenskra stjórnvalda

Nú er málið í þeim farvegi að þingið og ráðið vinna að því að komast að pólitísku samkomulagi um efni tilskipunarinnar og er stefnt að því að hún verði samþykkt á seinni hluta þessa árs í formennskutíð Frakka eða jafnvel fyrr. Íslensk stjórnvöld munu áfram þrýsta á um að sérstaða landfræðilega einangraðra svæða eða ríkja verði viðurkennd. Í tengslum við það er nú að hefjast vinna við að greina, í samstarfi við hagsmunaaðila, hver áhrif tillagnanna gætu orðið hér á landi.

Þá hafa um nokkurt skeið verið uppi vangaveltur um hvort siglingar verði felldar undir viðskiptakerfið. Samkvæmt tilskipun 2003/87/EB er sérstaklega minnst á samgöngur sem eitt þeirra sviða, sem til greina komi að fella undir viðskiptakerfið. Ljóst er að losun gróðurhúsalofttegunda frá siglingum eykst hröðum skrefum og talsverður þrýstingur er innan ESB að draga úr því með einhverjum hætti. Sem dæmi er tekið að loftmengun frá landstöðvum og frá skipum verði álíka mikil árið 2020. Þess er að geta að frá árinu 2002 hefur verið í gildi áætlun[25] innan ESB um að draga úr loftmengun frá skipum. Talið er að loftmengun frá skipum sé meðal þess sem veldur því að ESB nái ekki fram markmiðum sínum um að draga úr loftmengun fyrir árið 2020. Evrópuþingið hefur hvatt til þess að gripið verði til aðgerða óháð fyrirhuguðum aðgerðum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO). Til skoðunar er hvort vinna eigi að þessum markmiðum innan ESB eða á heimsvísu.

---

[25] COM (2002) 595, http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=CELEX:52002DC0595:EN:HTML.

Í júlí 2007 hvatti Evrópuþingið til þess að siglingar yrðu felldar undir viðskiptakerfið.[26] Þá lýsti Jaques Barrot, varaforseti framkvæmdastjórnarinnar, því yfir í september að skipaiðnaðurinn yrði að vera hluti af áætlunum um að minnka losun gróðurhúsalofttegunda. Ljóst er að ESB styður aðgerðir á vettvangi IMO til að minnka losun gróðurhúsalofttegunda. Nú vinnur framkvæmdastjórn ESB að því að skoða möguleika á löggjöf um þetta og er líklegt að um það verði haft opið samráð. Tillagna að löggjöf um losun frá siglingum er hins vegar ekki að vænta fyrr en árið 2009. Gangi þær út á að fella siglingar undir gildissvið tilskipunarinnar um viðskipti með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda er nær útilokað að það verði gert á núverandi skuldbindingartímabili Kýótó-sáttmálans eða tilskipunarinnar. Þá kunna niðurstöður um viðræður um nýjan loftslagssáttmála að skipta máli að því er varðar losun frá siglingum og hvernig á því verður tekið innan ESB.

Nýverið hafa litið dagsins ljós tillögur framkvæmdastjórnar ESB um frekari endurskoðun á tilskipuninni. Áform eru uppi um að rýmka gildissvið hennar enn frekar þannig að frá og með árinu 2013 muni hún taka til allra lofttegunda sem mynda andrúmsloftið til samræmis við loftslagssamning Sameinuðu þjóðanna um skilgreiningu á því hvað teljast vera gróðurhúsalofttegundir. Þá er einnig ætlunin að viðskiptakerfið taki til allrar starfsemi sem hægt er að vakta, hafa eftirlit með og mæla losun frá. Starfsemi sem fer ekki yfir ákveðin mörk í losun og stærð verði þó undanþegin þessum ákvæðum að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

Tilgangurinn með þessum breytingum er m.a. að ná fram markmiðum ESB um að minnka losun gróðurhúsalofttegunda. Tillögurnar tengjast öðrum tillögum ESB sem voru birtar á sama tíma að því er varðar endurnýjanlega orku, tækni til að fanga og geyma gróðurhúsalofttegundir (*carbon capture and storage*) og tillögur um að hlutdeild lífræns eldsneytis í eldsneyti ökutækja verði 10%.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem nú liggja fyrir verða þessar tillögur framkvæmdar með þeim hætti að framkvæmdastjórn ESB birti heildarmagn losunarheimilda fyrir allt ESB 30. júní 2009. Meginreglan verði sú að frá árinu 2013 verði þær losunarheimildir sem ekki er úthlutað án endurgjalds settar á uppboð og er áætlað að það verði um tveir þriðju hlutar af heildarlosunarheimildum. Að því er varðar starfsemi sem fellur undir gildissvið tilskipunarinnar nú verður losunarheimildum úthlutað á grundvelli meðaltals heimilda sem hún fær úthlutað á ári. Þegar um er að ræða starfsemi sem ekki fellur undir gildissvið tilskipunarinnar á núgildandi tímabili verður losunarheimildum úthlutað á grundvelli upplýsinga sem ríkjunum verður gert skylt að útvega fyrir 30. júní 2010.

Nái þessar breytingar fram að ganga liggur fyrir að ýmis ný starfsemi kemur til með að falla undir gildissvið tilskipunarinnar. Hér má nefna álframleiðslu og járnblendi en á þessu stigi er óljóst hvaða hugmyndir eru uppi að því er varðar samgöngur. Er áríðandi að fylgjast vel með framvindu málsins og meta hvaða áhrif tillögurnar kunni að hafa á Íslandi verði þær að veruleika og hluti af EES-samningnum.

Ljóst er að frekari þróun á þessu sviði á vettvangi ESB er nátengd viðræðum á vettvangi loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. ESB hefur lýst ánægju sinni með það samkomulag sem náðist á fundinum á Balí í desember 2007. Á ráðstefnunni var ákveðið að samningaviðræðum lyki eigi síðar en 2009 þannig að fullgildingarferli vegna nýs samnings yrði lokið fyrir 2012 áður en fyrsta skuldbindingartímabili Kýótó-sáttmálans lýkur. Á ráðstefnunni var viðurkennt að nauðsynlegt væri að grípa til mikils niðurskurðar vegna losunar gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu til að koma í veg fyrir að hlýnun jarðar komist á hættustig.

---

[26] http://www.helcom.fi/press_office/news_baltic/en_GB/BalticAndEUnews87977345/.

Að mati ESB er helstu kröfum sambandsins mætt í þeirri áætlun um samningaviðræður sem samþykkt var á Balí. Þau lykilatriði sem samningaviðræðurnar koma til með að snúast um eru að draga frekar úr loftslagsbreytingum með því að minnka losun, aðgerðir til að aðlagast loftslagsbreytingum, aðgerðir að því er varðar nýja tækni og nauðsyn þess að auka fjármagn og fjárfestingar til að draga úr losun. Meðal þess sem ESB hefur lýst ánægju með er nauðsyn þess að minnka útstreymi í þróuðum ríkjum um 25–40% fyrir árið 2020 miðað við árið 1990.

Í aðdraganda þeirra viðræðna sem nú eru að fara af stað má búast við að umræður um svonefnt „burden sharing“ eða skiptingu byrðarinnar verði vandasamar meðal aðildarríkja ESB einkum vegna endurnýjanlegrar orku og markmiðs ESB um að auka hlutfall hennar. Með auknum fjölda aðildarríkja, frá því þegar samið var um Kýótó-sáttmálann, geta samningaviðræður aðildarríkjanna um þetta orðið flóknari og erfiðari.

Þar sem tilskipun ESB um viðskiptakerfi með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda er nú orðin hluti af EES-samningnum mun niðurstaða samningaviðræðna um næsta skuldbindingartímabil og nýjan loftslagssamning og afstaða ESB geta haft áhrif á EES-samninginn og það fyrirkomulag sem Ísland kýs að hafa á fullgildingu skuldbindinga sinna og framkvæmd þeirra.

4.1.5. Orkumál.

Þann 10. janúar 2007 kynnti framkvæmdastjórn ESB tillögur að nýrri stefnu í orkumálum, sem voru teknar til umfjöllunar á leiðtogafundi þess 8.–9. mars 2007.[27] Er þetta í fyrsta skipti sem sett hefur verið fram heildstæð stefna í orkumálum, þar sem fram koma helstu markmið orku- og umhverfismála sem unnið verður að á næstu árum. Er því með þessum hugmyndum tvinnað saman orku- og umhverfismálum með beinum hætti. Megintilgangurinn með slíkri heildstæðri orkustefnu er að vekja almenning og stjórnvöld aðildarríkjanna til vitundar um mikilvægi málsins og ábyrgð þeirra sjálfra, en jafnframt að skapa sátt um stefnu í þessum efnum.

Í stefnunni voru samþykkt markmið fyrir ESB fram til ársins 2020 miðað við stöðuna 1990, en þau eru að:

- Minnka losun gróðurhúsalofttegunda um 20%. ESB hefur lýst því yfir að það sé tilbúið að fara í 30% ef önnur þróuð ríki heims taka þátt.
- Auka skilvirkni orkugjafa (*Energy efficiency*) um 20%.
- Koma aðildarríkjum ESB í fremstu röð hvað varðar notkun endurnýjanlegra orkugjafa. Lagt er upp með að a.m.k. 20% orkunotkunar ESB verði fengin frá endurnýjanlegum orkugjöfum.
- Auka hlutdeild lífræns eldsneytis (*biofuel*) í eldsneyti ökutækja í 10%.

Þann 10. júlí 2007 samþykkti Evrópuþingið ályktun[28] um framtíðarhorfur fyrir gas- og raforkumarkaðinn. Í ályktuninni var lýst yfir stuðningi við orkustefnuna þar sem m.a. kom fram að aðskilnaður eignarhalds væri vænlegasta leiðin til að stuðla að fjárfestingu, jöfnum aðgangi fyrir nýja markaðsaðila og gagnsæi á markaðnum. Í ályktun Evrópuþingsins kom þó

---

[27] Presidency Conclusions, Annex 1. Brussels, 9 March 2007, 7224/07, CONCL 1, bls.11–24. http://www.consilium.europa.eu/ueDocs/cms_Data/docs/pressData/en/ec/93135.pdf.

[28] P6_TA(2007)0326, http://www.europarl.europa.eu/sides/getDoc.do?type=TA&language=EN &reference=P6-TA-2007-0326.

fram að aðrar aðgerðir væru jafnframt nauðsynlegar auk þess sem ólíkar aðstæður á gas- og raforkumörkuðum gætu kallað á ólíka nálgun.

Afnám hafta í orkumálum.

Hinn 19. september 2007 voru birtar tillögur framkvæmdastjórnar ESB um afnám hafta í orkumálum.[29] Er þar að finna tillögur að nýrri og breyttri löggjöf í orkumálum sem er ætlað að tryggja að val neytenda sé raunverulegt og skilvirkt. Um er að ræða nokkrar tillögur, en af hálfu Íslands er fyrst og fremst áhugavert að fylgjast með annars vegar tillögu um sameiginlegar reglur um innri markað með raforku og hins vegar tillögu um að setja á laggirnar stofnun fyrir samstarf eftirlitsstjórnvalda, en báðar eru tillögurnar merktar þannig af hálfu framkvæmdastjórnarinnar að þær varði EES-samninginn.

Afnám hafta á gas- og raforkumarkaðnum hófst fyrir tíu árum. Frá gildistöku annarrar kynslóðar gas og raforkutilskipana um afnám hafta í júlí 2003 hefur framkvæmdastjórn ESB fylgst náið með innleiðingu aðildarríkja á tilskipununum og áhrifum þeirra á markaðinn og í því samhengi gefið árlega út skýrslur um stöðu mála. Þá hefur verið settur upp samstarfsvettvangur í Flórens fyrir gas og í Madríd fyrir rafmagn, þar sem leiddir eru saman fulltrúar ráðuneyta, eftirlitsaðila, framkvæmdastjórnarinnar og eigendur flutningsvirkja.

Þann 8. mars 2006 birti framkvæmdastjórnin grænbók um þróun sameiginlegrar orkustefnu.[30] Mikil viðbrögð fengust við grænbókinni og skiluðu um 1680 aðilar athugasemdum, þar á meðal EES/EFTA-ríkin sameiginlega.[31] Árið 2005 hófst jafnframt á vegum samkeppnisdeildar framkvæmdastjórnarinnar svokölluð sviðskönnun á orkumarkaðnum og framkvæmdi Eftirlitsstofnun EFTA sambærilega könnun í EES/EFTA-ríkjunum.[32] Niðurstaða sviðskönnunar framkvæmdastjórnarinnar gaf til kynna mikla samþjöppun á markaðnum, að lítil sem engin viðskipti fari fram yfir landamæri og að endurfjárfesting í flutningskerfum sé lítil. Könnunin sýndi jafnframt að núverandi reglur, m.a. um lagalegan aðskilnað á eignarhaldi, hafi ekki skilað tilætluðum árangri innan ESB. Niðurstaða ESA var að meðal allra EES/EFTA-ríkjanna væri samþjöppun frekar mikil. Hvað varðar Ísland sérstaklega tók stofnunin fram að þar sem samkeppnisumhverfi væri svo nýlega komið á væri of snemmt að segja til um áhrif samkeppninnar á markaðinn.

Nýjum tillögum að löggjöf um afnám hafta á orkumarkaðinum er því ætlað að koma til framkvæmda meginmarkmiðum orkustefnunnar um samkeppni, sjálfbærni og öruggt orkuframboð. Raunverulegt val neytenda, sanngjarnt verð, hrein orka og öryggi orkuafhendingar er sett á oddinn.

Sundurgreining á eignarhaldi.

Tillaga að tilskipun um sameiginlegar reglur um innri markað með raforku[33] gerir kröfu um sundurgreiningu á eignarhaldi (e. *ownership undbundling*), þ.e. að eignarhald flutningsvirkja annars vegar og fyrirtækja í framleiðslu og/eða dreifingu hins vegar verði greint að.

---

[29] Svonefndur þriðji orkupakki, http://ec.europa.eu/energy/electricity/package_2007/index_en.htm.

[30] COM (2006) 105, http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=COM:2006:0105:FIN:EN:PDF.

[31] http://secretariat.efta.int/Web/EuropeanEconomicArea/eeacomments/EEA_EFTA_Comments_on_the_Green_Paper.pdf

[32] http://www.eftasurv.int/information/reportsdocuments/competitionreports/dbaFile10775.pdf.

[33] http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/site/en/com/2007/com2007_0528en01.pdf.

Í fyrstu tilskipun um afnám hafta á orkumarkaði[34] var fyrsta skrefið tekið þar sem gerð var krafa um rekstrarlega sjálfstæða kerfisstjóra. Í öðrum orkupakkanum frá árinu 2003[35] var gengið skrefinu lengra og gerð krafa um að flutningsvirkin yrðu lagalega aðskilin frá framleiðslu og dreifingu. Reynslan hefur sýnt að sú krafa hefur ekki leitt til tilætlaðs árangurs, vísbendingar eru um mismunun fyrirtækja gagnvart aðilum innan sömu samstæðu og þeim er standa utan. Auk þess hefur verið erfitt að tryggja að fyrirtækjum sé ekki mismunað hvað varðar aðgang að upplýsingum. Þá er hvati til endurfjárfestinga í flutningsvirki ekki talinn hinn sami.

Mörg ríki ESB hafa farið þá leið að sundurgreina eignarhald orkufyrirtækja. Hins vegar eru nokkur stór ríki, svo sem Þýskaland og Frakkland, sem telja of langt gengið með slíkri kröfu þar sem markmiðið um bætta og skilvirkari samkeppni megi ná fram með öðrum leiðum. Af þeim sökum er í þriðja orkupakkanum að finna annan valkost, svokallaðan sjálfstæðan kerfisstjóra (e. *Independent System Operators*), sem gerir fyrirtækjum kleift að eiga áfram flutningsvirki og stunda framleiðslu og dreifingu. Sjálfstæðum kerfisstjóra yrði þá falið að fara með alla starfsemi flutningsvirkisins, þó að eignarhaldið væri áfram hjá orkufyrirtækinu. Jafnframt yrði að tryggja sjálfstæði flutningsvirkisins eins og um fulla sundurgreiningu væri að ræða.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að reglurnar taki bæði til fyrirtækja í einkaeigu og opinberri eigu. Hvað opinber fyrirtæki varðar er gert ráð fyrir að sama aðila sé ekki heimilt að hafa áhrif, sjálfstætt eða í samvinnu við aðra, á samsetningu, atkvæðisrétt eða ákvarðanatöku annars vegar í flutningsvirki og hins vegar fyrirtæki í framleiðslu eða dreifingu. Tryggi aðildarríki að þetta skilyrði sé uppfyllt geta tveir aðskildir opinberir aðilar farið með stjórn hvors hluta um sig. Þá er gert ráð fyrir að reglurnar muni taka til fyrirtækja innan og utan ESB, þ.e. að fyrirtæki frá þriðja ríki verður að uppfylla sömu kröfu um sundurgreiningu og fyrirtæki innan svæðisins hyggist það starfa á markaði ESB.

Tillagan var lögð fram á ráðsfundi orkuráðherra til kynningar þann 3. desember 2007, en umræða um tillöguna fór ekki fram þar sem aðildarríkin eru enn ósammála, m.a. um þann hluta sem snýr að sundurgreiningu á eignarhaldi. Hafa Þýskaland og Frakkland m.a. boðað að þau muni koma fram með málamiðlunartillögu í stað kröfu um sundurgreiningu eignarhalds. Gert er ráð fyrir að tillagan verði tekin til umfjöllunar í upphafi þessa árs og gerir vinnuáætlun ráð fyrir að umfjöllun verði lokið fyrir árslok.

Orkurannsóknir.

Þann 22. nóvember 2007 birti framkvæmdastjórnin orðsendingu (*communication*) um orkurannsóknir fyrir Evrópu (*Strategic European Technology Plan eða Set-Plan*).[36] Meginmarkmiðið er að hraða þróun og innleiðingu nýrrar tækni. ESB er ljóst að nýjungar í orkutækni eru nauðsynlegar til þess að markmiðum um minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda verði náð. Tillagan er hluti af orkustefnunni en grundvöllur þess að markmiðum hennar verði náð er að þróun verði í endurnýjanlegri orku, orkunýtingu og tækninýjungum á þessu sviði.

---

[34] Tilskipun 96/92/EB frá 19. desember 1996 um sameiginlegar reglur um innri markað á sviði raforku, http://brunnur.stjr.is/ees.nsf/385499142c7e4810002567590058573a/74af14e8becdaa4200256a400037c0ee?OpenDocument&Highlight=0,96%2F92.

[35] Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/54/EB frá 26. júní 2003 um sameiginlegar reglur um innri markað fyrir raforku og um niðurfellingu á tilskipun 96/26/EB, http://brunnur.stjr.is/ees.nsf/385499142c7e4810002567590058573a/9c70397da0a593200025728a0050b315?OpenDocument&Highlight=0,2003%2F54.

[36] http://ec.europa.eu/energy/res/setplan/communication_2007_en.htm.

Á þennan hátt er leitast við að ná fram nýrri sameiginlegri stefnumörkun, betri framkvæmd, aukningu í fjármagni og nýrri nálgun gagnvart alþjóðlegri samvinnu. Er ætlunin m.a. að nýta betur og auka fjármagn og mannafla til að flýta fyrir þróun og notkun á tækni með lágu kolefnisinnihaldi í framtíðinni. Í dag er talið að ekki sé veitt nægum fjármunum í rannsóknir, þær séu of dreifðar og ósamræmdar. Eigi Evrópu að takast að þróa nýja kynslóð endurnýjanlegra orkugjafa, svo sem vindorku, sólarorku eða annarrar kynslóðar lífmassa, sé nauðsynlegt að bregðast við.

Tækninýjungar á sviði orkumála eru mikilvægar í baráttu gegn loftslagsbreytingum og til þess að tryggja orkuframboð. Þannig er ljóst að ef markmið ESB um að dregið verði úr losun gróðurhúsalofttegunda um 60–80% fyrir árið 2050 á að nást verður að þróa nýja tækni.

Tillagan var rædd fyrst á fundi orkuráðherra ESB 3. desember 2007 og hlaut stuðning meiri hluta ráðherranna. Málið verður aftur rætt á ráðsfundum í byrjun þessa árs en aðalumræðan mun fara fram á vorfundi ráðsins í mars nk.

4.1.6. Póstmál.

Seinni hluta ársins 2006 lagði framkvæmdastjórnin fram tillögur um framtíðarfyrirkomulag póstþjónustu í Evrópu.[37] Í stuttu máli þá var lagt til að póstþjónusta innan ESB yrði gefin frjáls frá og með 2009 en í núverandi löggjöf er heimilt að veita fyrirtækjum einkarétt til póstburðar fyrir bréf allt að 50 gr. Einnig var lagt til að neytendur skyldu eiga rétt á póstþjónustu 5 daga vikunnar. Þá gátu ríkin valið úr ýmsum leiðum til þess að tryggja þjónustu 5 daga vikunnar og fjármagna hana. Tillagan miðaði við að opinberar eftirlitsstofnanir fengju stærra hlutverk við að hafa eftirlit með framkvæmd löggjafarinnar.

Tillagan kom til umfjöllunar í Evrópuþinginu og ráðherraráði ESB og ríkti mikill ágreiningur um hana ekki síst vegna harðra viðbragða starfsmanna opinberra póstþjónustufyrirtækja. Í lokin náðist sátt í þinginu um málamiðlun sem miðar við að póstburður skuli í síðasta lagi gefinn frjáls í árslok 2010 auk þess sem ríki sem búa við aðstæður þar sem mikið er um strjálar byggðir og erfiðar aðstæður til póstburðar geti frestað gildistökunni um tvö ár til viðbótar. Þá var samkomulag um að heimila ríkjum sem hafa gefið póstburð frjálsan að meina póstburðarfyrirtækjum annarra ríkja aðgang að markaði sínum ef heimamarkaður þeirra er lokaður.

Ráðherraráðið fjallaði um tilskipunina á fundi sínum í byrjun október.[38] Niðurstaða ráðsins var í stórum dráttum samhljóða niðurstöðu Evrópuþingsins utan orðalagsbreytinga og ákvæðis um viðauka og aðstoð framkvæmdastjórnarinnar um að reikna grunnkostnað (*net cost*). Tillagan fer nú til annarrar umræðu þingsins og má gera ráð fyrir að málið verði samþykkt á fyrri hluta ársins.

Á Íslandi fer Íslandspóstur hf. með einkarétt til póstburðar bréfa allt að 50 gr.[39] Við gildistöku tilskipunarinnar missir fyrirtækið þennan einkarétt. Engu að síður er stjórnvöldum samkvæmt tillögunum skylt að tryggja póstburð 5 daga vikunnar.

---

[37] COM (2006) 594, http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=COM:2006:0594:FIN:EN:PDF.
[38] http://www.consilium.europa.eu/ueDocs/cms_Data/docs/pressData/en/trans/96265.pdf.
[39] 7. gr. laga um póstþjónustu, nr. 19/2002, sbr. 1. og 7. gr. laga nr. 136/2002.

4.1.7. Veðlánastarfsemi.[40]

Í júlí 2005 var lögð fram grænbók um fyrirkomulag veðlánastarfsemi (e. *Green Paper on Mortgage Credit in the EU*) . Samráðsferlinu lauk í lok nóvember 2005 og sendi Ísland m.a. inn athugasemdir við grænbókina, sem lutu að stöðu veðlána á íslenskum markaði.

Í apríl 2006 setti framkvæmdastjórnin upp tvær sérfræðinganefndir sem áttu annars vegar að rannsaka fjármögnun fasteignaveðlána og hins vegar neytendavernd. Þetta voru þau tvö svið sem þóttu þurfa nánari skoðun samkvæmt ábendingum í athugasemdum við grænbókina. Niðurstöður þessara sérfræðinganefnda voru birtar í upphafi árs 2007 og var kallað eftir athugasemdum við niðurstöðu nefndanna fram til 15. febrúar.

Þann 18. desember kynnti framkvæmdastjórnin hvítbók um veðlánastarfsemi, en hennar hafði verið beðið frá því um mitt ár. Í hvítbókinni eru lagðar fram tillögur sem ætlað er að bæta hagkvæmni og samkeppnishæfni markaða innan núverandi löggjafar, neytendum, lánastofnunum og fjárfestum til hagsbóta. Framkvæmdastjórnin leggur ekki til lagatillögur að þessu sinni. Þau úrræði sem sett eru fram í hvítbókinni til að ná þeim markmiðum lúta m.a. að aðgerðum til að stuðla að framboði veðlána milli aðildarríkja og fjármögnun veðlána, auka fjölbreytileika veðlána, bæta sjálfstraust og hæfni neytenda auk þess að tryggja möguleika neytenda á að flytja viðskipti sín. Framkvæmdastjórnin telur þörf á frekari skoðun á nauðsyn löggjafar m.a. er lýtur að uppgreiðslu veðlána, er varðar gæði og framsetningu upplýsinga, að tryggt sé að lánveitingar séu ábyrgar, svo sem með framkvæmd greiðslumats. Gert er ráð fyrir að frekari vinna sem boðuð er í hvítbókinni fari fram á þessu ári.

4.1.8. Neytendamál.

Við inngöngu Rúmeníu og Búlgaríu í Evrópusambandið 1. janúar 2007 var skipaður sérstakur framkvæmdastjóri yfir neytendamálin. Þetta hefur sett enn meiri áherslu á þann málaflokk og var strax í upphafi árs lögð fram stefna í neytendamálum auk grænbókar um endurskoðun löggjafar á neytendasviðinu. Ljóst er að neytendamálin eru nú orðinn mikilvægur hluti stefnu Evrópusambandsins er lýtur að samkeppnishæfni. Enn fremur er það stefna framkvæmdastjórnarinnar að í öðrum málaflokkum sé horft til neytendaverndar og áhrif löggjafar á neytendur skoðuð sérstaklega.

Neytendastefnan setur fram þrjú meginmarkmið:

- Styrkja evrópska neytendur.
- Styrkja efnahagslega og óefnahagslega velferð evrópskra neytenda, með fjölbreyttara vali, meiri samkeppni í gæðum og góðu verði.
- Neytendavernd.

Það sem vekur athygli í stefnunni er að áherslan er rýmkuð, ekki er lengur talað um neytendavernd heldur neytendastefnu. Litið er svo á að neytendavernd sé aðeins einn þáttur þeirrar stefnu. Er með því leitast við að vekja athygli á og festa í sessi að neytendamál eru ekki eingöngu vernd heldur líka réttur.

Markmið stefnunnar er samkvæmt orðum nýs framkvæmdastjóra, Megelena Kuneva, að vekja sofandi risa, viðskiptalíf innri markaðarins. Er markmiðið að árið 2013 geti neytendur Evrópusambandsins, EES-svæðisins, verslað hvar sem er innan svæðisins, hvort sem er í hverfisverslun eða á internetinu, þar sem sama öryggi og vernd sé til staðar. Jafnframt að seljendur geti átt viðskipti hvar sem er á svæðinu á grundvelli sömu reglna.

Í stefnunni eru settar fram meira en 20 aðgerðir, löggjöf og tilmæli sem ráðast á í til að styrkja stöðu neytendamála.

---

[40] http://ec.europa.eu/internal_market/finservices-retail/home-loans/integration_en.htm.

Árið 2004 hófst endurskoðun á tilskipunum á neytendasviðinu, sem eru átta talsins, í þeim tilgangi að bæta markmið og mynda heildstæðari löggjöf og stefnu á neytendasviðinu. Grænbók um endurskoðun tilskipana á neytendasviðinu var birt í febrúar sl. og sendu EES/EFTA-ríkin inn sameiginlega athugasemd þann 15. maí sl. Helstu ábendingar voru m.a. að nauðsynlegt væri að skilgreina hugtakið „neytandi“ sem varði ekki eingöngu tilskipanir á neytendasviðinu heldur alla löggjöf Evrópusambandsins. Mikil umræða er um hvort tilskipanir skuli fela í sér fulla samræmingu eða lágmarkssamræmingu og styðja EES/EFTA-ríkin í athugasemdum sínum blandaða aðferð og leggja til að lágmarkssamræming verði meginreglan eins og verið hefur en slíkt þurfi engu að síður að skoða í hverju tilfelli. Er þetta sú aðferð sem flest ríki ESB virðast aðhyllast. Jafnframt er lögð áhersla á sterka neytendavernd sem leiðbeinandi sjónarmið í endurskoðun tilskipana.

Eitt erfiðasta mál síðustu ára á sviði neytendaverndar er tillaga að tilskipun um neytendalán (e. *Consumer Credit*), sem hefur verið til umfjöllunar frá árinu 2002. Pólitísk sátt náðist um tillöguna á ráðsfundi ráðherra samkeppnishæfnismála 21.–22. maí 2007. Tilskipuninni er ætlað að tryggja að neytendur séu betur upplýstir þegar þeir taka neytendalán, t.d. vegna bifreiðakaupa eða heimilistækja. Þá er tilskipuninni ætlað að sameina innri markað fyrir neytendalán og gera markaði gagnsærri fyrir neytendur og viðskiptalífið. Með tilskipuninni eru m.a. samræmdar reglur um upplýsingagjöf, rétt til að falla frá kaupum, rétt til uppgreiðslu lána og um árlega hlutfallstölu kostnaðar.

Eftir erfiðar samningaviðræður milli Evrópuþingsins og ráðsins síðustu mánuði náðist loks samkomulag um tillögurnar á fundi Evrópuþingsins 16. janúar 2008. Það atriði sem deilur hafa staðið um er heimild til uppgreiðslu lána, þ.e. hvort og hvenær heimilt sé að innheimta þóknun við uppgreiðslu. Samkvæmt samkomulaginu má þóknun ekki vera hærri en 1% af fjárhæð skuldarinnar sem greidd er upp, þó lækkar þóknun í 0,5% ef skuldari greiðir skuld upp þegar innan við ár er til gjalddaga. Aðildarríki hafa hins vegar möguleika á að gera undanþágur í tilteknum tilfellum. Gert er ráð fyrir að ráðið samþykki breytingarnar sem þingið lagði til á fyrstu mánuðum 2008.

4.2. Málefni á vettvangi EFTA.

4.2.1. Sérstakir samningar við ESB.

Eins og kunnugt er nær EES-samningurinn ekki til viðskipta með landbúnaðarafurðir. Hafa viðskipti með þær verið háðar sérstökum samningum og í raun að meginstefnu til farið eftir samningum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

Endurskoðun á framkvæmd 19. gr. EES-samningsins um viðskiptaívilnanir með ýunnar landbúnaðarafurðir lauk með samkomulagi í lok ársins 2006 og kom til framkvæmda á fyrri hluta ársins 2007.[41] Samkomulagið felur í sér gagnkvæmar niðurfellingar á tollum afskorinna blóma og plantna samkvæmt nánari afmörkunum auk þess sem þær tímabundnu heimildir til tollfrjáls innflutnings á agúrkum, tómötum, papriku og káli verða nú samningsbundnar til frambúðar sem sérstakar heimildir fyrir ESB. Ísland fær gegn þessu aukinn tollfrjálsan kvóta fyrir lambakjöt til ESB og auk þess nýjan kvóta í smjöri, skyri og pylsum. Á móti fær ESB ámóta magnkvóta fyrir nautgripakjöt, svínakjöt, kjúklingakjöt, rjúpur, pylsur, séruppruna-merktar afurðir, osta og kartöflur. Auk þess náðist fram full fríverslun með lifandi hross. Gert er ráð fyrir að endurskoðun viðskiptaívilnana með ýunnar landbúnaðarafurðir eigi sér reglu-

[41] Samkomulagið má nálgast á ensku á eftirfarandi slóð: http://www.sjavarutvegsraduneyti.is/media/frettir/Samkomulag_ESB_og_Islands_um_vidskipti_med_landbunadarvorur.pdf.

lega stað og er það undirstrikað í þessu samkomulagi. Má búast við að nýjar viðræður hefjist innan tíðar þar sem metnar verða forsendur frekari samninga á þessu sviði.

Framkvæmdastjórnin óskaði á árinu 2007 eftir viðræðum við EES/EFTA-ríkin um endurskoðun á bókun 3[42] við EES-samninginn um viðskipti með unnar landbúnaðarvörur. Noregur taldi ekki tilefni til slíkrar endurskoðunar að svo komnu máli. Ísland var hins vegar reiðubúið til að taka erindi ESB til skoðunar og var í framhaldinu ákveðið að hefja tvíhliða viðræður við ESB um slíka endurskoðun. Niðurstaða þeirrar vinnu liggur ekki fyrir en unnið verður áfram í málinu á þessu ári og er næsti fundur ráðgerður í mars nk.

Í kjölfar niðurstöðu dómstóls ESB á árinu 2002 þess efnis að aðildarríkin væru ekki valdbær til gerðar loftferðasamninga við erlend ríki hefur framkvæmdastjórnin staðið í ströngu við gerð slíkra samninga fyrir hönd aðildarríkjanna. Hafa þær samningaviðræður annars vegar beinst að gerð nýrra samninga, en ekki síður endurnýjun eldri samninga í því skyni að veita öllum aðildarríkjum ESB jafnan rétt til flugs á grunni slíkra samninga.

Í þessu sambandi hefur hæst borið samning ESB og Bandaríkjanna sem felur í sér að opnað er fyrir jafnt aðgengi allra flugfélaga ESB til flugs til Bandaríkjanna frá hvaða flugvelli innan ESB sem er. Þessi samningur er sérstakur samanborið við aðra slíka þar sem hann er opinn fyrir aðild ríkja utan ESB. Hefur Ísland þegar með formlegum hætti lýst áhuga sínum á að gerast aðili að samningnum. Má búast við að Ísland fylgi því fastar eftir á næstunni þar sem ætla verður að um verulega hagsmuni íslenskra flugrekenda sé að ræða. Á hinn bóginn er enn óvíst hvort og þá hvenær samningurinn komi til framkvæmda vegna andstöðu bandaríska þingsins.

Auk þessa ráðgerir Ísland að taka upp við ESB möguleika á frekari tengslum Íslands við loftferðasamninga sambandsins með líkum hætti og við samninginn við Bandaríkin.

4.2.2. Samstarfsáætlanir.

Í ársbyrjun 2007 hóf ný kynslóð samstarfsáætlana ESB göngu sína. Um er að ræða 16 nýjar samstarfsáætlanir sem EES/EFTA-ríkin taka þátt í.[43] Heildarframlag ríkjanna verður um 1,5 milljarðar evra fram til 2013 og er hlutur Íslands rétt tæplega 73,3 milljónir evra eða tæpir 6,5 milljarðar kr. á tímabilinu. Framlag Íslands fyrir árið 2007 er um 600 milljónir kr. og er það nærri helmingur af heildarkostnaði við framkvæmd EES-samningsins. Langstærsta samstarfsáætlunin er sjöunda rammaáætlunin um rannsóknir og þróun, en kostnaður við þátttöku Íslands í henni verður um 4,9 milljarðar kr. á tímabilinu. Þar á eftir koma tvær stórar áætlanir, önnur um menntamál og hin um samkeppnishæfni og nýsköpun.

Áætlunum ESB er einkum ætlað að stuðla að samvinnu aðildarríkjanna á tilteknum sviðum og vinna að framgangi pólitískra stefnumála í þeim málaflokkum sem ekki falla undir meginstoðirnar þrjár, svo sem á sviði vísinda og rannsókna, mennta- og menningarmála og félagsmála. Þessar áætlanir eru fyrst og fremst samkeppnissjóðir þótt einnig sé veitt fé til samstarfsneta, rannsókna um viðkomandi málaflokk, ráðstefna o.fl. Þátttaka í áætlununum byggist einkum á því að aðildarríkin sæki um styrki til einstakra verkefna. Við úthlutun styrkja á einungis að byggja á gæðum verkefnanna og því getur „greiðslujöfnuður“ einstakra ríkja verið mjög mismunandi og ræðst af fjölda samþykktra umsókna. Greiðslujöfnuður Íslands

---

[42] http://brunnur.stjr.is/ees.nsf/pages/FAC1696D624B131300257284002FA446.

[43] EFTA-skrifstofan hefur gefið út bækling um samstarfsáætlanirnar sem EES/EFTA-ríkin taka þátt í á árunum 2007–2013. Þar er m.a. að finna upplýsingar um áætlanirnar sjálfar og hvernig sótt er um þátttöku í áætlununum. Sjá: http://secretariat.efta.int/Web/Publications/EFTABulletin/EFTABulletin/bulletin_programmes.pdf.

í þessu samhengi hefur verið jákvæður allar götur frá því að þátttaka hófst fyrst árið 1992 og má ef til vill rekja góðan árangur til þess að í rannsókna-, mennta- og menningaráætlunum hefur verið lögð áhersla á virka kynningu og aðstoð við umsækjendur.

Marktækur og mælanlegur munur virðist vera á árangri af þátttöku í samstarfsáætlunum eftir því hvort þær hafa virkar upplýsingaskrifstofur eða ekki. Þátttaka í sumum eldri samstarfsáætlunum hefur verið mjög takmörkuð því upplýsingar um þær hafa ekki náð til markhópa og enga aðstoð hefur verið að fá við gerð umsókna o.s.frv. Sendiráðið í Brussel hefur lagt til að skipulag kynninga og aðstoðar við íslenska umsækjendur verði endurskoðað í ljósi framangreinds og með tilliti til þeirra sóknarfæra sem nýjar áætlanir gefa. Þá hefur sendiráðið vakið athygli á að e.t.v. sé hægt að auka þátttöku Íslendinga í samstarfsáætlununum með því að koma á sérstökum innlendum sjóði til að brúa bilið þegar verkefni fást ekki fjármögnuð að fullu úr viðkomandi áætlun. Samstarfsáætlanir ESB gefa EES-ríkjunum kost á að senda sérfræðinga til starfa hjá framkvæmdastjórninni. Þessi möguleiki hefur verið lítið notaður af Íslands hálfu en nefna má að hátt í 60 norskir sérfræðingar eru í slíkum störfum hjá framkvæmdastjórninni. Í minnisblaði sendiráðsins í Brussel til utanríkisráðherra er hvatt til þess að mótuð verði stefna í þessu efni. Þessi mál eru til skoðunar í utanríkisráðuneytinu.

Í skýrslu sem fulltrúar menntamálaráðuneytis í sendiráði Íslands í Brussel létu menntamálaráðherra í té í nóvember 2007 eru nokkrar niðurstöður um framkvæmd áætlana ESB á sviðum sem heyra undir menntamálaráðuneyti. Fram kemur að upplýsingarnar eru ekki tæmandi og t.d. eru gerðir fyrirvarar um greiðslu- og tekjuskiptingu sökum þess að ekki eru til upplýsingar um kostnað og tekjur af þátttöku Íslendinga í verkefnum undir stjórn erlendra aðila. Þá er einnig erfitt að meta nákvæmlega fjölda þátttakenda nema þeirra sem koma beint að tilteknum verkefnum.

Í niðurstöðum framangreindrar skýrslu ber hæst að áætla má að um 7.000 manns hafi komið að ESB-verkefnum á Íslandi árið 2006, þar af um 4.700 nemendur grunn- og framhaldsskóla. Staðfest er þátttaka 5.600 einstaklinga en annað er varlega áætlað af starfsmönnum upplýsingaskrifstofa viðkomandi áætlana á Íslandi. Erlendir þátttakendur voru a.m.k. um 1.000 og fjöldi verkefna undir íslenskri stjórn var rúmlega 200. Ekki liggur fyrir hve mörgum verkefnum Íslendingar tóku þátt í undir erlendri stjórn, en gera má ráð fyrir að þau séu ekki færri en 50. Samtals var veitt um 970 millj. kr. til Íslands árið 2006 frá ESB en úr ríkissjóði var veitt um 565 millj. kr. í aðildargjöld og rekstur upplýsingaskrifstofa. Niðurstaðan er því að mjög margir kynnast og taka þátt í erlendu samstarfi fyrir tilstuðlan áætlananna og má e.t.v. draga þá ályktun að þekkingarlegur ávinningur af samstarfinu sé talsverður.

4.2.3. Frjáls för fólks.

Ný tilskipun ESB um frjálsa för fólks kom til framkvæmda innan sambandsins á árinu 2006.[44] Nokkuð var tekist á um efni hennar í EES-samstarfinu þar sem Íslandi og Liechtenstein þótti sem hún gengi lengra í veitingu réttinda til borgara utan EES-svæðisins en svigrúm EES-samningsins gæfi heimildir fyrir. Skiptar skoðanir voru á milli EES/EFTA-ríkjanna og ESB um málið þar sem aðilar höfðu uppi mismunandi lagatúlkanir. Þar sem ekki náðist samkomulag í tíma um að taka þessar reglur upp í EES-samninginn kaus framkvæmdastjórn ESB að vísa til 102. gr. EES-samningsins sem felur í sér að deilumálameðferð hefst og hafa samningsaðilar samkvæmt ákvæðinu tiltekinn frest til að leysa málið. Leysist mál ekki innan þess frests er heimilt að grípa til þess ráðs að hætta framkvæmd viðeigandi hluta EES-samn-

[44] Tilskipun 2004/38/EB, http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=CONSLEG:2004L0038:20040430:EN:PDF.

ingsins. Til þess kom ekki og náðist samkomulag um lausn málsins skömmu eftir að tilvitnaður frestur rann út. Fól samkomulagið í sér að reglurnar voru teknar upp í EES-samninginn en með sameiginlegri yfirlýsingu aðila um gildissvið EES-samningsins á þessu sviði sem ætla má að geti haft mikilvægt gildi til framtíðar til afmörkunar á EES-samningnum á þessu sviði. Kemur málið til kasta Alþingis innan skamms, en félagsmálaráðuneyti og dómsmálaráðuneyti munu á vorþingi 2008 leggja fram frumvörp til að innleiða tilskipunina.

4.2.4. Efni- og efnavörur (REACH).

Í desember 2006 var samþykkt innan Evrópusambandsins ný heildarreglugerð um efni og efnavörur (*Registration, Evaluation and Authorization of Chemicals – REACH*) sem tekur til skráningar, mats, leyfisveitinga og takmarkana á notkun efna og efnavöru innan Evrópusambandsins.[45]

Markmið löggjafarinnar er að auka samkeppnishæfni efnaiðnaðarins í Evrópu og um leið að auka vernd heilsu og umhverfis af völdum hættulegra efna. Með reglugerðinni hefur ný stofnun ESB, Efnastofnun Evrópu,[46] verið sett á fót í Helsinki. Stofnunin mun sjá um framkvæmd löggjafarinnar og daglegan rekstur varðandi tæknilega, vísindalega og stjórnunarlega þætti. Stofnunin veitir aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni ráðgjöf og tekur við umsóknum um skráningu efna og metur þær.

Samkvæmt reglugerðinni er ábyrgð á prófun og áhættumati færð til framleiðenda og þeirra sem flytja efni inn á EES-svæðið, en áður voru það stjórnvöld aðildarríkjanna sem báru ábyrgð á því að sýna fram á að efni væru örugg áður en þau voru markaðssett. Öllum framleiðendum og innflytjendum sem flytja inn meira en eitt tonn af efnum á ári ber að skrá efnin hjá Efnastofnun Evrópu. Ef efni er ekki skráð er óheimilt að framleiða efnið eða flytja það inn á ESB-svæðið. Ákveðin upplýsinga- og tilkynningarskylda er lögð á þá sem nota efni við framleiðslu sína. Nauðsynlegt er að sækja um leyfi til notkunar tiltekinna hættulegra efna.

Gert er ráð fyrir að evrópsk fyrirtæki geti forskráð efni sameiginlega á tímabilinu 1. júní til 1. desember 2008 og fái þannig frest til að skrá efni með formlegum hætti og til nauðsynlegrar gagnaöflunar. Unnið er að upptöku gerðarinnar í EES-samninginn með það að markmiði að íslensk fyrirtæki geti tekið þátt í skráningarferlinu með evrópskum fyrirtækjum frá 1. júní 2008. Er beðið viðbragða ESB við tillögum EES/EFTA-ríkjanna um hvernig reglugerðin verði tekin upp í EES-samninginn.

4.2.5. Lyfjamál.

Unnið hefur verið að því frá árinu 2000 að endurskoða lyfjareglur ESB.[47] Ný tilskipun var sett árið 2001 sem var ætlað að bæta ferli við markaðssetningu lyfja og auka um leið samkeppnishæfni evrópska lyfjaiðnaðarins á heimsvísu. Árið 2004 samþykkti ESB tvær tilskipanir og eina reglugerð sem var ætlað að ná fram enn frekari framþróun lyfjamála á innri markaði ESB. Er nú á vettvangi EFTA beðið viðbragða framkvæmdastjórnar ESB við tillögum EES/EFTA-ríkjanna um hvernig þessar reglur verði teknar upp í EES-samninginn.

Markmið breytinganna er að greiða fyrir markaðssetningu og viðskiptum með lyf á innri markaði ESB. Gerðar eru breytingar sem eiga að flýta fyrir útgáfu markaðsleyfa fyrir lyf í

---

[45] Reglugerð (EB) nr. 1907/2006: http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:L:2006:396:0001:0849:EN:PDF.

[46] http://echa.europa.eu/.

[47] Yfirlit yfir löggjöf ESB á sviði lyfjamála má sjá á eftirfarandi heimasíðu: http://ec.europa.eu/enterprise/pharmaceuticals/review/index.htm.

fleiri en einu ríki í senn. Í þeim tilgangi hefur verið settur á laggirnar sérstakur samráðshópur sem í eiga sæti fulltrúar einstakra ríkja og starfar hann á vettvangi Evrópsku lyfjamálastofnunarinnar[48] sem Ísland á aðild að. Þá eru sett inn ákvæði sem veita heimild til að beita markaðshafa lyfja sektum fari þeir ekki að gildandi reglum. Þessum ákvæðum er ætlað að tryggja betri eftirfylgni með því að reglunum sé framfylgt, og um leið tryggja öryggi sjúklinga.

Í þessum nýju reglum eru einnig mikilvæg ákvæði fyrir minni markaðssvæði fyrir lyf og þau tilvik þar sem nauðsynlegt lyf hefur ekki verið markaðssett í viðkomandi ríki. Í þessu felst heimild fyrir einstök ríki að heimila notkun lyfs sem ekki hefur verið markaðssett í viðkomandi ríki, enda liggi ríkir heilbrigðishagsmunir þar til grundvallar. Skilyrði er að viðkomandi lyf hafi engu að síður verið markaðssett í öðru EES-ríki.

Þess má geta að mikil umræða um innri markað ESB varðandi lyf fer nú fram á vettvangi hins svokallaða Lyfjavettvangs ESB.[49] Þar koma saman heilbrigðisráðherrar Evrópusambandsríkja og fulltrúar hagsmunaaðila til að ræða hvaða leiðir eru færar til að efla innri markaðinn á þessu sviði, þannig að hann standist betur alþjóðlega samkeppni, um leið og heilbrigðishagsmunir og almannahagsmunir eru tryggðir. Ísland á fulltrúa í tveimur vinnuhópum sem starfa í umboði lyfjavettvangsins, annars vegar er þar fjallað um lyfjaverð og hins vegar um upplýsingar til sjúklinga. Fulltrúar Íslands hafa á þessum vettvangi vakið sérstaka athygli á þeim vanda sem minni markaðssvæði eiga við að glíma hvað lyfjaverð og lyfjaframboð varðar.

4.2.6. Nýr lagarammi um matvælamál.

Þann 26. október 2007 var felld inn í EES-samninginn löggjöf ESB um meginreglur á sviði matvælaöryggis eins og lengi hafði verið stefnt að. Meginstoð matvælastefnunnar er að finna í reglugerð EB nr. 178/2002,[50] um almennar meginreglur og kröfur um matvæli og um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu,[51] sem Ísland mun eiga aðild að. Reglugerðin fjallar einnig um hollustuhætti í matvælaiðnaði og eftirlit með fóðri og matvælum og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla auk annarra atriða.

Markmið matvælastefnunnar er víðtæk heilsuvernd. Lagður er grunnur að því að tryggja heilbrigði manna og veita hagsmunum neytenda víðtæka vernd með tilliti til matvæla og taka mið af fjölbreyttu framboði matvæla. Verið er að samræma reglur um matvæli í aðildarríkjunum og tryggja frjálsan flutning öruggra og heilnæmra matvæla. Löggjöfin nær til allra stiga; frá framleiðslu matvæla og fóðurs til sölu og afhendingar matvæla til neytanda (frá haga til maga) því sérhver hlekkur getur haft áhrif á öryggi matvælanna.

Upptaka framangreindrar löggjafar ESB kallaði á endurskoðun á undanþágu Íslands varðandi þann kafla EES-samningsins sem varðar dýraafurðir.[52] Eru því samhliða teknar inn í samninginn fjölmargar gerðir ESB hvað það varðar og Ísland hefur fram til þessa verið undanþegið að því er varðar landbúnaðarafurðir. Undanþágur sem Ísland hafði gilda þó áfram varðandi lifandi dýr, önnur en lifandi fisk, nema í nokkrum tilfellum þar sem innleiddar verða gerðir er varða lifandi dýr, sem hafa fyrst og fremst möguleg áhrif á dýraafurðir og öryggi þeirra. Enn fremur var samið um tilteknar undanþágur frá þeim gerðum sem verða yfirteknar.

---

[48] http://www.emea.europa.eu/.
[49] http://ec.europa.eu/enterprise/phabiocom/comp_pf_en.htm.
[50] Reglugerð (EB) nr. 178/2002: http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=CONSLEG:2002R0178:20031001:EN:PDF.
[51] http://www.efsa.europa.eu.
[52] http://brunnur.stjr.is/ees.nsf/pages/vidaukar06.

Þannig mun Ísland áfram viðhalda banni á innflutningi á kjöt- og beinamjöli og áfram verður leyfilegt að fóðra jórturdýr með íslensku fiskimjöli og reglur ESB um sauðfjárriðu eru aðeins að litlu leyti teknar yfir.

Samið var um að Ísland hefði átján mánuði frá gildistöku ákvörðunarinnar til að innleiða löggjöfina sem varðar landbúnaðarafurðir og aðlaga matvælaframleiðsluna að henni. Á þeim tíma mun Ísland útfæra sérstaka aðgerðaáætlun vegna salmonellu í nautakjöti, svínakjöti, alifuglakjöti og eggjum til að viðhalda heimild til að rannsaka ofangreind matvæli m.t.t. salmonellumengunar við innflutning til Íslands og eiga möguleika á að stöðva þau standist þau ekki kröfur.

Löggjöfin sem er verið að innleiða er byggð á þeim grunni að gera lagaumhverfið samræmdara, gegnsærra og heillegra með virku eftirliti í öllu ferlinu ásamt því að efla vísindalegar leiðbeiningar við ákvarðanatöku stjórnvalda og setningu laga.

Ljóst er að innleiðing reglugerðanna kallar á viðamiklar lagabreytingar á Íslandi og er vinna við þær þegar hafin í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu og er vonast til þess að lagafrumvarp þar að lútandi líti dagsins ljós á yfirstandandi þingi. Gert er ráð fyrir að kerfið verði í heild sinni komið til framkvæmda á Íslandi á árinu 2010.

Helstu meginreglur matvælalöggjafarinnar eru:

- Áhættugreining sem er áhættumat sem skal byggjast á fyrirliggjandi vísindalegum heimildum og framkvæma á sjálfstæðan og gagnsæjan hátt, áhættustjórnun sem tekur mið af álitsgerðum Matvælaöryggisstofnunar og áhættukynning.
- Varúðarreglan þar sem metin eru áhrif heilsuspillandi efna og heimilt er að grípa til bráðabirgðaráðstafana í áhættustjórnun.
- Upplýsingar til neytenda sem skyldar stjórnvöld til að upplýsa almenning um áhættu fyrir menn og dýr vegna matvæla eða fóðurs og gera viðeigandi ráðstafanir og tilgreina eins nákvæmlega og unnt er mögulega áhættu. Þagnarskylda og fyrirvarar um takmarkaðan aðgang að gögnum munu víkja samkvæmt reglugerðunum.
- Ábyrgð framleiðanda er aukin og skal hann tryggja að kröfum sé fullnægt og sannprófa með innra eftirliti að svo sé. Opinbert eftirlit mun taka mið af ábyrgð framleiðanda.
- Rekjanleiki matvæla er skilyrði samkvæmt matvælapakkanum og allur ferill matvæla og fóðurs skal vera rekjanlegur. Þannig verður hægt að afturkalla vörur á markvissari og öruggari hátt en áður.

Innleiðing og yfirtaka matvælalöggjafar ESB mun hafa lítil áhrif á byggingar og búnað mjólkurstöðva, sláturhúsa og kjötpökkunarstöðva, því allar mjólkurstöðvar nema tvær, langflest sauðfjársláturhús og mörg stórgripasláturhús hafa nú þegar útflutningsleyfi á markað ESB og hafa því þurft að uppfylla ákvæði þessarar löggjafar. Áhrif löggjafarinnar verða hins vegar meiri fyrir opinbert eftirlit. Verða þau t.d. mikil fyrir heilbrigðisskoðun á sláturafurðum, en breytingarnar munu hafa í för með sér aukna viðveru kjötskoðunarlækna eða menntaðs aðstoðarfólks og þar með meiri kostnað. Auka þarf heilbrigðisskoðun í alifuglasláturhúsum og bæta verulega menntun aðstoðarfólks við heilbrigðisskoðun í sauðfjársláturhúsum. Til viðbótar við núverandi eftirlit með salmonellu í alifugla- og svínakjöti þarf að koma á eftirliti með salmonellu í nautakjöti og eggjum, svo unnt verði að fá viðbótartryggingar vegna salmonellusmits í innfluttum vörum. Auka þarf eftirlit með aðskotaefnum í alifuglakjöti og eggjum en allt þetta mun leiða til aukins kostnaðar.

Þá þarf Ísland að gera samfellda áætlun frá ári til árs fyrir alla þætti í opinberu eftirliti með fóðri og matvælum sem er nýmæli hér á landi. Áætlun þessi nær til alls eftirlits með fæðukeðjunni frá frumframleiðslu til tilbúinna matvæla.

Nauðsynlegt er að nefna að samkvæmt löggjöfinni má ekki vera hætta á hagsmunaárekstrum eftirlitsaðila og eftirlitsþola. Margir héraðsdýralæknar sinna í dag bæði opinberu eftirliti og almennri dýralæknaþjónustu og því getur þurft að breyta lögum um dýralækna, þannig að opinberir eftirlitsdýralæknar sinni aðeins eftirliti og ekki dýralæknaþjónustu.

4.2.7. Þjónustuviðskipti.

Heildartilskipun um þjónustuviðskipti var samþykkt innan ESB í lok árs 2006.[53] Tilskipunin er almennur lagarammi um þjónustuviðskipti og er ætlað að ryðja úr vegi þeim hindrunum sem standa í vegi fyrir frjálsri þjónustustarfsemi á innri markaðinum og koma á raunverulegum innri markaði með þjónustuviðskipti. Tillaga að tilskipuninni var fyrst lögð fram árið 2004 og var hún mjög umdeild á meðal aðildarríkja ESB og í Evrópuþinginu. Var tillagan m.a. gagnrýnd fyrir að stuðla að félagslegum undirboðum, kalla á aukna einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu og draga úr neytendavernd. Í kjölfarið lagði framkvæmdastjórnin fram endurskoðaða tillögu[54] að tilskipun árið 2006 þar sem gildissvið tilskipunarinnar var takmarkað og felld voru út ákvæði er vörðuðu m.a. útsenda starfsmenn og heilbrigðisþjónustu og var með því komið til móts við framangreindar gagnrýnisraddir.

Tilskipunin kallar á að stjórnsýsluferlar sem tengjast veitingu þjónustu séu einfaldaðir. Er gert ráð fyrir að aðildarríkin fari markvisst yfir gildandi löggjöf á sviði þjónustuviðskipta, afnemi ákvæði sem mismuni þjónustuveitendum og meti hvort tilteknar kröfur í löggjöfinni séu réttlætanlegar. Í tilskipuninni er kveðið á um að aðilar sem hyggjast veita þjónustu yfir landamæri eða stofna þjónustufyrirtæki í aðildarríki geti á einum stað uppfyllt allar formlegar kröfur sem gerðar eru til að veita þjónustuna (leyfisumsóknir o.þ.h.) og að það sé hægt með rafrænum hætti. Einnig eru ákvæði í tilskipuninni sem ætlað er að auka gæði þjónustu og réttindi þjónustuþega og samvinnu stjórnvalda aðildarríkja.

Unnið er að upptöku tilskipunarinnar í EES-samninginn en málið er til meðferðar á vettvangi EFTA þar sem EES/EFTA-ríkin ráðgast um hvernig tilskipunin verði tekin upp í samninginn. Vinnuhópur fulltrúa einstakra ráðuneyta hefur verið settur á fót undir forustu utanríkisráðuneytisins til að fjalla um upptöku tilskipunarinnar og innleiðingu hér á landi. Tilskipunin var send til yfir 20 hagsmunaaðila eftir samþykkt hennar og óskað eftir athugasemdum. Bárust nokkrar athugasemdir og hefur vinnuhópurinn þær til hliðsjónar við vinnu sína. Þá er gert ráð fyrir frekara samráði við hagsmunaaðila. EFTA-ríkin hafa einnig sótt fundi sem framkvæmdastjórnin hefur haldið til aðstoðar aðildarríkjum ESB við innleiðingu tilskipunarinnar, en ljóst er að innleiðingin kallar á umfangsmikla vinnu og undirbúning.

Andstaða hefur verið við þjónustutilskipunina í Noregi. Ríkisstjórn Noregs hefur falið óháðri sérfræðinganefnd að meta hvaða áhrif tilskipunin muni hafa í Noregi. Er niðurstöðu að vænta fyrir næsta sumar.

---

[53] Tilskipun 2006/123/EB: http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:L:2006:376:0036:0068:EN:PDF.

[54] COM (2006) 160, http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=COM:2006:0160:FIN:EN:PDF.

Þá hefur einnig farið fram mikil umræða á vettvangi ESB um þörf fyrir að setja sérstakar reglur varðandi heilbrigðisþjónustu og þjónustu í almannaþágu, meðal annars félagslega þjónustu.[55]

Búist hafði verið við því að framkvæmdastjórnin legði fram tillögu að tilskipun um heilbrigðisþjónustu í desember. Af því varð ekki en hennar er engu að síður að vænta innan tíðar. Í umræðum sem farið hafa fram um það mál bendir allt til að slík tillaga muni annars vegar taka mið af þeim dómum sem Evrópudómstóllinn hefur fellt á þessu sviði og hins vegar mæta þörf fyrir að skýra þjónustuhugtakið og tengsl þess við reglur sambandsins um innri markaðinn.

Ef marka má fréttir af undirbúningi þessa máls hjá framkvæmdastjórninni verður einstökum ríkjum áfram heimilt að fara fram á að sjúklingar fái fyrirfram samþykki til að öðlast rétt á endurgreiðslu vegna sjúkrahúsþjónustu sem veitt er utan heimalands. Sé biðtími hins vegar óeðlilega langur, þannig að komi niður á ástandi sjúklings, getur hann sjálfur tekið ákvörðun um að sækja sér þjónustu annað og krefjast endurgreiðslu í samræmi við reglur heimalands. Varðandi læknisþjónustu sem ekki kallar á sjúkrahúsdvöl má búast við að meginreglan verði að hana megi sækja í hvaða aðildarríki bandalagsins sem er og sjúklingar eigi þá rétt á endurgreiðslu vegna kostnaðar í samræmi við reglur í heimalandi.

Þá hafði framkvæmdastjórnin boðað að kynna til sögunnar á liðnu hausti tillögu að tilskipun um þjónustu í almannaþágu. Af því varð þó ekki, en í tengslum við sérstakt átak til eflingar innri markaðar sambandsins var lögð fram orðsending um þetta mál.[56] Líta má á orðsendinguna sem fyrsta formlega skrefið í átt að sérstakri tilskipun um þjónustu í almannaþágu. Samkvæmt orðsendingunni flokkast þjónusta í almannaþágu í tvenns konar starfsemi, annars vegar þjónustu sem er viðskiptalegs eðlis (*economic interests*) og hins vegar þjónustu sem er það ekki (*non-economic*). Það sé í valdi einstakra stjórnvalda að skilgreina skipulag og verkefni almannaþjónustu, sem og ákveða hver annast hana, en engu að síður þarf slík þjónusta að taka mið af þeim leikreglum sem gilda á innri markaði ESB varðandi samkeppni og ríkisstyrki.

Mikilvægt er að fylgjast áfram með þessari umræðu og meta hvernig hugsanlegar tillögur varða velferðarþjónustu ríkis og sveitarfélaga í náinni framtíð.

4.2.8. Umhverfisstefna um hafið.

Í desember 2007 náðist samkomulag innan ESB um tilskipun um umhverfisstefnu varðandi hafið.[57] Stefnan er umhverfishluti svonefndrar stefnu ESB í málefnum siglinga og sjávar sem fjallað var nánar um hér að framan. Meginmarkmið umhverfisstefnunnar er að vernda höf Evrópu og tryggja að athafnir er varða hafið séu sjálfbærar þannig að til framtíðar muni allir njóta góðs af líffræðilegum fjölbreytileika og heilbrigðum höfum. Er stefnt að því að umhverfi sjávar verði í góðu ástandi árið 2021. Við mat á því hvað er gott ástand er litið til ýmissa þátta, svo sem líffræðilegs fjölbreytileika, vistkerfisins, mannlegra athafna sem hafa áhrif á umhverfi hafsins, fiskistofna o.fl. Gert er ráð fyrir að hafinu verði skipt í svæði þar sem aðildarríkjum er ætlað að setja fram mælanleg markmið og vöktunaráætlanir. Litið er til eðlis- og haffræðilegra eiginleika, sem og líf- og vistkerfa við ákvörðun um afmörkun svæða. Fiskveiðar eru taldar einn þeirra þátta sem helst ógna og valda álagi á lífríki hafsins en einnig

---

[55] Sjá m.a. hvítbók framkvæmdastjórnarinnar um þjónustu í almannaþágu, COM (2004) 374: http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=COM:2004:0374:FIN:EN:PDF.

[56] http://ec.europa.eu/services_general_interest/docs/com_2007_0725_en.pdf.

[57] http://ec.europa.eu/environment/water/marine/index_en.htm.

er litið til atriða eins og loftslagsbreytinga, ofauðgunar, losunar mengandi efna, framandi lífvera, álags á strandsvæði og hávaðamengunar.

Tillagan byggist á vistfræðilegri nálgun og fjallar að meginstefnu til um málefni sem telja verður til náttúruverndar, svo sem vernd líffræðilegs fjölbreytileika hafsins og vistkerfa þess. Í tilskipuninni er lögð áhersla á samvinnu við ríki með samliggjandi hafsvæði og framkvæmd gildandi alþjóðasamninga á þessu sviði og snertir hún mikilvæga hagsmuni Íslands.

Íslensk stjórnvöld hafa fylgst grannt með þróun mála, allt frá því að framkvæmdastjórnin kynnti drög að tilskipun um umhverfisstefnu varðandi hafið árið 2005. Ísland vakti athygli á því við framkvæmdastjórn ESB að tilskipunin gæti ekki fallið undir gildissvið EES-samningsins þar sem hún fjallaði um mörg atriði sem væru samningnum ótengd, svo sem náttúruvernd og fiskveiðar, auk þess að hafa landfræðilegt gildissvið sem geri það að verkum að hún falli utan gildissviðs EES-samningsins. ESB hefur hins vegar sagt tilskipunina vera nátengda svonefndri vatnatilskipun sem nýverið var tekin upp í EES-samninginn og því varði tilskipun um umhverfisstefnu hafsins EES-samninginn. Má á næstu mánuðum búast við frekari umfjöllun um málið innan EES-samstarfsins og viðræðum við ESB um hvort og þá hvernig þessi tilskipun kunni að varða EES-samninginn.

4.2.9. Reglugerð um reiki utanlands.

Óhófleg gjaldtaka símafyrirtækja fyrir reiki utan lands hefur oftsinnis komið til umfjöllunar innan framkvæmdastjórnar ESB sem hefur ekki fundið almenn úrræði til þess að stemma stigu við henni. Þetta kom einkum niður á fólki á ferðum erlendis. Þegar framkvæmdastjórninni þótti útséð að símafyrirtækin mundu verða við áskorunum um að stilla þessu í hóf kynnti hún tillögu að reglugerð sem kvað á um leyfilegt hámarksgjald fyrir reiki.[58] Nokkur átök urðu bæði í Evrópuþinginu og ráðherraráðinu um aðferðafræðina og upphæð leyfilegra reikigjalda sem innheimta mátti hjá hringjanda og móttakanda símtals. Að lokum náðist samstaða um sáttatillögu, þ.e. 0,49 evru hámarksgjald hjá hringjanda og 0,24 evru hámarksgjald hjá móttakanda símtals í reiki fyrir 2007 sem svo lækki 2008 og 2009. Tillagan var samþykkt og tók ný reglugerð um hámarksgjald fyrir reiki gildi í ESB í lok júní 2007.[59] Lögð var áhersla á að hraða upptöku hennar í EES-samninginn svo íslenskir og norskir neytendur mættu njóta ávinnings hennar við fyrsta tækifæri. Norðmenn þurftu þó lagabreytingar sem var hraðað og tók reglugerðin gildi á Evrópska efnahagssvæðinu nú í árslok 2007 um leið og þeim hindrunum var rutt úr vegi. Má e.t.v. með nokkrum sanni segja að hér hafi EES-samningurinn sannað gildi sitt fyrir neytendur.

4.2.10. Tilskipun um jafnræði kynja í þjónustuviðskiptum.

Til umræðu meðal EES/EFTA-ríkjanna er tilskipun ESB um jafna stöðu kynjanna þegar kemur að viðskiptum með vöru og þjónustu, sbr. tilskipun nr. 2004/113/EB.[60] Annars vegar felur tilskipunin í sér almenn ákvæði sem banna hvers konar mismunun byggða á kynferði, meðal annars bann við mismunandi kjörum sem rekja má til fjölskylduábyrgðar eða barnsfæðinga. Hvorki bein né óbein mismunun er þannig leyfileg varðandi viðskipti með vöru og þjónustu. Hins vegar felur tilskipunin í sér sérstök ákvæði er snúa að viðskiptum með trygg-

---

[58] COM (2006) 382, http://ec.europa.eu/information_society/activities/roaming/docs/regulation/regulation_en.pdf.

[59] Reglugerð (EB) nr. 717/2007, http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:L:2007:171:0032:0040:EN:PDF.

[60] http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:L:2004:373:0037:0043:EN:PDF.

ingar og fjármálaþjónustu. Segir að ríkin skuli tryggja að samningar sem gerðir eru um slík viðskipti og styðjast að einhverju leyti við kynbundnar breytur við útreikning iðgjalda og endurgreiðslna feli ekki jafnframt í sér kynbundinn mismun varðandi álagningu iðgjalda og útreikning bóta á einstaklingsgrundvelli.

5. Samráð EES/EFTA-ríkja og ESB um utanríkismál.

Sameiginlega utanríkis- og öryggismálastefna ESB (e. *CFSP, Common Foreign and Security Policy*)[61] á rætur sínar að rekja til Maastricht-samkomulagsins frá árinu 1992. Meginmarkmið CFSP er að standa vörð um sameiginleg gildi og hagsmuni ESB í samræmi við meginreglur stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna, og tryggja öryggi ríkja ESB með því að standa vörð um frið á alþjóðavettvangi. Þrátt fyrir að aðildarríki ESB reki áfram eigin utanríkisstefnu hefur sameiginlegri utanríkis- og öryggismálastefnu ESB vaxið fiskur um hrygg á síðustu árum. Í krafti þess að vera ríkjasamband 27 ríkja með um 500 milljónir íbúa og um fjórðung af vergri þjóðarframleiðslu veraldar, skipar sambandið sér nú á bekk með Bandaríkjunum sem meginafl á alþjóðavettvangi og tekur þátt í friðarstarfi á helstu átakasvæðum, t.a.m. í Mið-Austurlöndum.

EES-samningurinn fjallar ekki um utanríkismál. Í tengslum við EES-samninginn var hins vegar komið á samkomulagi milli EES/EFTA-ríkjanna og ESB um samráð á sviði utanríkismála. Samráðið fer fram á ráðherrastigi samhliða fundum EES-ráðsins. Utanríkisráðherrar EES/EFTA-ríkjanna halda fundi um helstu málefni utanríkismála með þríeyki ESB (utanríkisráðherrum formennsku- og verðandi formennskuríkja, ásamt fulltrúum ráðherraráðsins og framkvæmdastjórnarinnar). Jafnframt býður formennskuríki ESB sérfræðingum EFTA/EES-ríkja tvisvar á ári til samráðsfunda um helstu utanríkismál, m.a. um málefni Mið-Austurlanda, Austur-Evrópu, Rússlands, Afríku o.fl. EES/EFTA-ríkjunum er einnig gefinn kostur á að taka undir yfirlýsingar ESB-ráðsins um utanríkismál, hvort sem þær eru gefnar út í Brussel eða á vettvangi alþjóðastofnana, t.d. Sameinuðu þjóðanna, Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu eða Evrópuráðsins. Ekki er gert ráð fyrir beinni þátttöku EES/EFTA-ríkja í ákvörðunum á sviði utanríkismála og er þeim t.a.m. ekki gefinn kostur á að leggja til breytingar á yfirlýsingum. Ísland styður hins vegar oftar en ekki yfirlýsingar sambandsins á sviði utanríkismála, sjónarmið ríkja í EES/EFTA og ESB falla oftast saman enda byggjast þau á sameiginlegu gildismati og hagsmunum.

Ísland tekur jafnframt þátt í óformlegu samráði á vettvangi Evrópusambandsins um stefnu þess á sviði öryggis- og varnarmála (e. *ESDP, European Security and Defence Policy*).[62] Íslandi er boðið til reglubundins samráðs við þríeyki Evrópusambandsins í tengslum við varnarmálaráðherrafundi sambandsins. Megintilgangur ESDP er að efla getu og samræma aðgerðir aðildarríkja ESB í því augnamiði að hafa bolmagn til að koma í veg fyrir og bregðast við hernaðarlegu og borgaralegu hættuástandi á nær- og fjærsvæði. Á grundvelli liðsaflamarkmiðs ESB til ársins 2010 (e. *Headline Goal 2010*), hefur sambandið sett saman 60 þúsund manna herlið, auk áætlana um stofnun svokallaðra átakasveita sem geta verið viðbúnar með skemmri fyrirvara eða innan 15 daga. Tekið skal fram að þetta er ekki Evrópuher, heldur liðsafli og búnaður byggður á loforðum aðildarríkja um framlög. Liðsaflamarkmið ESB endurspegla metnað sambandsins að axla aukna ábyrgð á hnattrænum öryggis- og varnarmálum, í samstarfi við fjölþjóðastofnanir á borð við NATO og Sameinuðu þjóðirnar.

---

[61] http://www.consilium.europa.eu/cms3_fo/showPage.asp?id=248&lang=en&mode=g.
[62] http://www.consilium.europa.eu/cms3_fo/showPage.asp?id=261&lang=en.

Samhliða þessu leggur sambandið þunga áherslu á að byggja upp aðgerðagetu á sviði borgaralegrar hættuástandsstjórnunar.[63] Í samræmi við liðsaflamarkmið á sviði borgaralegrar hættuástandsstjórnunar til ársins 2008 (e. *Headline Goal 2008*) hefur ESB til reiðu um 5.000 lögregluþjóna, 200 dómara og 2.000 aðra borgaralega sérfræðinga sem unnt er að senda til löggæslu-, réttarfars- og mannúðarverkefna. Íslensk stjórnvöld hafa boðið ESB mannafla til hættuástandsstjórnunar. Sem stendur starfa tveir íslenskir lögreglumenn á vegum ESB í Bosníu og er fyrir hendi sérstakur samningur um fyrirkomulag slíks samstarfs. Segja má að áhersla ESB á borgaralegar aðgerðir falli vel að áherslum Íslands um þátttöku í fjölþjóðlegri friðargæslu og þeirri sérþekkingu sem íslenskir sérfræðingar hafa fram að færa.

Að undanförnu hafa íslensk stjórnvöld unnið að uppbyggingu samstarfs við helstu grannríki á sviði öryggis- og varnarmála. Þessi áhersla hefur þegar borið ávöxt með samkomulagi við Danmörku og Noreg. Þá hafa farið fram óformlegar viðræður við Bretland, Þýskaland og Frakkland, auk Kanada, um sambærilegt grannríkjasamstarf. Þetta grannríkjasamstarf mun verða mikilvægur þáttur í öryggis- og varnarstefnu Íslands, sem þó mun áfram hvíla á þeim meginstoðum sem felast í varnarsamningi Íslands og Bandaríkjanna og aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu. Hafa ber í huga að þau evrópsku aðildarríki NATO sem Ísland hefur falast eftir grannríkjasamstarfi við eiga jafnframt aðild að ESB, að Noregi einum undanskildum.

Auk tvíhliða samstarfs við einstök aðildarríki ESB, og stuðnings við yfirlýsingar og þátttöku í friðaraðgerðum sambandsins, kann Evrópumarkaður fyrir þjónustu og búnað á sviði varnarmála að fela í sér ákveðin tækifæri fyrir Ísland. Íslensk stjórnvöld hafa tekið yfir rekstur og viðhald á varnarmannvirkjum NATO á Íslandi, þar á meðal íslenska loftvarnakerfinu. Fyrirsjáanlegt er viðhald á búnaði og öðru sem viðkemur þessum skuldbindingum og því er mikilvægt að Ísland hafi aðgang að hagkvæmum mörkuðum í því tilliti. Í tengslum við þróun ESDP hefur ESB komið á fót Evrópsku varnarmálastofnuninni (e. *European Defence Agency*), sem er m.a. ætlað að stuðla að tækniþróun og nýta kosti útboða í sparnaðarskyni. Þessi þróun fjölgar valkostum Íslands með tilliti til þeirra varnartengdu verkefna sem sinna þarf innan lands.

6. Schengen-samstarfið.

Ein ef grunnstoðum samstarfs Íslands og ESB er samstarfssamningur Íslands og ESB frá 1999 um þátttöku í Schengen-samstarfinu, sem gerður var í tilefni af því að samstarfið var fært undir hatt Evrópusambandsins.[64] Ísland hóf þátttöku í Schengen-samstarfinu ásamt öðrum Norðurlöndum árið 1996, en full þátttaka norrænu ríkjanna í Schengen hófst í mars 2001. Í fullu samstarfi felst að persónueftirlit er afnumið á innri landamærum þátttökuríkjanna og sameiginlegar reglur gilda um vörslu ytri landamæra Schengen-svæðisins. Opnun landamæra milli aðildarríkjanna kallar á náið samstarf lögreglu og annarra yfirvalda og greið skipti á upplýsingum þeirra á milli.

Undanfarin ár hafa 15 ríki tekið fullan þátt í samstarfinu (13 ríki ESB, auk Íslands og Noregs), en aðildarríkjunum fer nú hratt fjölgandi. Frá 21. desember 2007 (þegar landamæri 9 nýrra ESB-ríkja voru opnuð) eru Schengen-ríkin orðin 24 og gert er ráð fyrir að þau verði 25 eða 26 frá nóvember 2008, þegar Sviss bætist við og væntanlega einnig Liechtenstein. ESB-ríkin Kýpur, Rúmenía og Búlgaría hafa lýst yfir vilja til fullrar þátttöku í Schengen á næstu árum. Full þátttaka í Schengen, með opnun landamæra, hefur ekki verið ákveðin fyrir

[63] http://www.consilium.europa.eu/cms3_fo/showPage.asp?id=268&lang=en&mode=g.
[64] http://www.utanrikisraduneyti.is/media/PDF/island-noreg.pdf.

ESB-ríkin Bretland og Írland, en bæði ríkin taka þátt í lögreglusamvinnunni og munu tengjast nýrri útgáfu Schengen-upplýsingakerfisins (SIS II), sem áformað er að taka í notkun í árslok 2008.

Þátttaka Íslands í þessu umfangsmikla og vaxandi samstarfi kallar á mikla hagsmunagæslu. Dómsmálaráðuneytið hefur fastan fulltrúa í sendiráði Íslands í Brussel, auk starfsnema þegar því verður við komið. Starfið þar felst í því að skilgreina og afmarka íslenska hagsmuni og koma þeim á framfæri þegar við á og sækja hátt í 200 fundi árlega í hinum ýmsu vinnunefndum samstarfsins sem fjalla um Schengen-löggjöf. Auk þess taka sérfræðingar frá dómsmálaráðuneyti og undirstofnunum þess þátt í tæknilegu samstarfi aðildarríkjanna í Brussel og sækja fjölda funda sem því tengjast. Hin raunverulega Schengen-samvinna fer þó ekki fram í Brussel, heldur á Íslandi, hjá landamæralögreglu, almennri lögreglu og ríkislögreglustjóra, Útlendingastofnun, Persónuvernd og í ráðuneytum, en auk þess í sendiskrifstofum um allan heim, þar sem gefnar eru út vegabréfaáritanir til Íslands. Á grundvelli Schengen-samstarfsins tekur Ísland einnig þátt í starfsemi stofnunar ESB um ytri landamæri, FRONTEX.[65]

Hagsmunagæsla Íslands á grundvelli Schengen-samstarfssamningsins markast af því að í honum felst full þátttaka í störfum nefnda sem vinna að þróun Schengen-reglna, ólíkt því sem gert er ráð fyrir í EES-samstarfinu. Fulltrúi Íslands tekur þátt í öllu ferli undirbúnings að ákvarðanatöku, sendiherra Íslands tekur þátt í fundum sendiherra ESB-ríkjanna þegar fjallað er um Schengen-málefni og dómsmálaráðherra með sama hætti í fundum dóms- og innanríkisráðherra ESB. Með hinni beinu þátttöku gefst íslenskum stjórnvöldum betra tækifæri til að hafa áhrif á efni nýrra reglna en raunin er í EES-samstarfinu, en á móti kemur að reglurnar eru teknar upp á Íslandi óbreyttar með sérstakri ákvörðun ríkisstjórnar hverju sinni. Almennt er gert ráð fyrir gildistöku á sama tíma á Íslandi og í ESB-ríkjunum og stundum reynist nauðsynlegt að breyta reglum og framkvæmd á Íslandi til samræmis við samþykkt regluverk Schengen-samningsins. Auk þess sem persónueftirlit á landamærum hefur verið afnumið milli Íslands og þeirra ríkja sem taka fullan þátt í samstarfinu og sameiginlegar reglur gilda um vörslu ytri landamæra markast stefna Íslands varðandi vegabréfaáritanir af því sem mótað er af Schengen-ríkjunum í sameiningu. Lögregluyfirvöld hafa vegna samstarfsins greið samskipti við lögregluyfirvöld í öðrum Schengen-ríkjum, en um samskiptin gilda jafnframt strangar reglur, m.a. um vernd persónuupplýsinga. Þróun nýrra upplýsingakerfa Schengen miðar m.a. að auknu öryggi þegar kemur að því að bera kennsl á fólk, sem annars vegar mun greiða fyrir hnökralausum ferðalögum þeirra sem ferðast í löglegum tilgangi og auðvelda jafnframt yfirvöldum að stemma stigu við ólöglegri umferð. Beinn aðgangur að upplýsingakerfum hefur styrkt stöðu íslenskrar lögreglu í baráttunni gegn skipulagðri alþjóðlegri afbrotastarfsemi og auðveldað stjórnvöldum eftirlit með ólöglegri umferð útlendinga.

Schengen-samstarfið fellur undir starfsemi og stefnu ESB á sviði dóms- og innanríkismála, sem á sér ekki langa sögu, en hefur þróast hratt undanfarin ár frá því að vera hefðbundið milliríkjasamstarf yfir í það að vera nú í flestum atriðum komið undir stofnanaramma ESB. Undanfarin ár, ekki síst frá árinu 2001, hefur áhersla ESB á dóms- og innanríkismál aukist mjög og nýjum tillögum á sviðinu fjölgað og ekkert lát virðist á þeirri þróun mála. Ekki teljast þó allar nýjar tillögur á sviðinu falla undir Schengen-samstarfið, en ákvörðun um það er í höndum ESB. Það er hluti af hagsmunagæslu íslenskra stjórnvalda að fylgjast með þessari flokkun og gera athugasemdir ef við á.

---

[65] http://www.frontex.europa.eu/.

Þegar mál tengist Schengen efnislega en telst samt ekki falla undir samstarfið hafa stundum verið gerðir sérstakir samstarfssamningar á þeim sviðum, til að styrkja Schengen-samvinnuna og tryggja nánara samstarf Íslands og ESB á Schengen-tengdum sviðum. Hér má nefna samninga við stofnanir ESB á vettvangi lögreglu og saksóknara, EUROPOL[66] og EUROJUST[67], sem m.a. hefur leitt til þess að íslenskur fulltrúi starfar nú við EUROPOL, auk þess sem samstarfssamningur hefur verið gerður við nýjan lögregluskóla ESB, CEPOL[68]. Á sviði réttaraðstoðar í sakamálum má nefna samninga Íslands og ESB um almenna réttaraðstoð og um framsal sakamanna. Schengen-samstarfinu tengist einnig samningur Íslands og ESB um meðferð hælisumsókna, svokallað Dyflinnar-samstarf, sem m.a. er ætlað að tryggja að aðeins sé fjallað um hverja umsókn um hæli í einu aðildarríki samstarfsins og þannig komið í veg fyrir tvíverknað. Í Dyflinnar-samstarfinu felst einnig þátttaka í sameiginlegum fingrafaragagnagrunni, EURODAC, sem auðveldar stjórnvöldum að bera kennsl á þá sem þegar hafa sótt um hæli í öðrum aðildarríkjum og framfylgja reglum Dyflinnar-samstarfsins.

7. Forgangsmál – lokaorð.

Hér að framan hefur verið rakinn bakgrunnur þessarar skýrslu og mikilvægi þess að hagsmunagæslu fyrir hönd Íslands sé gætt af árvekni og öflugt samráð sé í því efni haft við Alþingi og einstaka hagsmunaaðila. Gert er ráð fyrir að skýrsla af þessu tagi verði árviss viðburður þar sem leitast verði við að skapa svigrúm fyrir þingheim að ræða almennt um Evrópumál og ekki síður einstök mál sem snerta íslenska hagsmuni og hvernig á þeim verði best haldið.

Í þessu samhengi er og mikilvægt að leitast sé við að marka ákveðna sýn til skemmri tíma í formi forgangsatriða sem eðlilegt er að hagsmunagæslunni sé einkum beint að. Af þeim málum sem reifuð hafa verið sérstaklega hér að framan má gera ráð fyrir að sjónum verði næstu missiri einkum beint að orku- og umhverfismálunum, þróun viðskiptakerfis með útblástursheimildir gróðurhúsalofttegunda, stefnu ESB í málefnum siglinga og sjávar og loftferðasamningum. Það að þessum málum sé veittur forgangur felur í sér að Ísland mun beita sér fyrir sérstökum greiningum á hagsmunum Íslands og móta viðbrögð við hugmyndum ESB og koma þeim sérstaklega á framfæri og fylgja þeim eftir á öllum stigum málsmeðferðar. Utanríkisráðuneytið mun einbeita sér að því að efla samráð við Alþingi og hagsmunaaðila auk þess að vinna að útfærslu á tillögum Evrópunefndar um styrkingu á hagsmunagæslu Íslands á Evrópuvettvangi.[69]

Ísland gerðist virkur þátttakandi í Evrópusamrunanum með aðild sinni að EFTA árið 1970. Þátttaka okkar á hinu Evrópska efnahagssvæði gjörbreytti síðan umgjörð íslensks samfélags og ruddi ekki einungis braut öflugra útrásarfyrirtækja á erlendum mörkuðum, heldur stuðlaði samningurinn einnig að stóraukinni samvinnu á sviði mennta- og vísinda, auk þess sem segja má að samningurinn hafi fært okkur margvíslegar réttarbætur, t.a.m. á sviði vinnuverndar, neytenda- og umhverfismála. Er óhætt að fullyrða að þessi nána samvinna við Evrópuríki sé undirstaða þeirra góðu lífskjara sem Íslendingar njóta í dag.

---

[66] http://www.europol.europa.eu/.
[67] http://eurojust.europa.eu/.
[68] http://www.cepol.europa.eu/.
[69] Sjá tillögur Evrópunefndar nánar bls. 115–118, en þar koma m.a. fram tillögur um þau atriði sem huga ber sérstaklega að í EES-samstarfinu. Sjá skýrsluna á eftirfarandi vefslóð: http://www.forsaetisraduneyti.is/media/frettir/SkyrslaEvropunefndar-.pdf.

Í þessari skýrslu utanríkisráðherra til Alþingis hefur verið leitast við að reifa ýmis meginatriði sem snerta stöðu Íslands í Evrópusamrunanum og framkvæmd þeirra samninga sem eru grundvöllur þeirrar stöðu sem Ísland hefur á þeim vettvangi. Að sama skapi hefur verið farið yfir einstök mál sem eru til meðferðar ýmist innan ESB eða innan EFTA og hafa munu áhrif hér á landi er fram í sækir. Þessi atriði sýna í hnotskurn hve náið Ísland stendur kjarna Evrópusamrunans og hvaða áhrif regluverk innri markaðarins hefur hér á landi. Mikilvægt er að allir aðilar sem koma að málum á þessu sviði hafi þetta hugfast því hagsmunirnir eru ríkir og kalla í raun á það að Ísland komi fram á þessu sviði líkt og um væri að ræða aðildarríki ESB.

Í ljósi þessa markar skýrsla Evrópunefndar ákveðin tímamót þar sem lagðar eru til ákveðnar tillögur um hvernig efla megi hagsmunagæslu Íslands á þessu sviði. Ákveðnum þáttum hefur þegar verið hrundið í framkvæmd innan stjórnsýslunnar, svo sem með því að efla samráð á einstökum sviðum við Alþingi og einstaka hagsmunaaðila. Annað kallar á meiri undirbúning og umræður þar sem m.a. er um að tefla ný útgjöld fyrir ríkissjóð. Utanríkisráðuneytið mun á næstu mánuðum vinna úr þeim ábendingum sem koma fram í skýrslu nefndarinnar og leggja fyrir ríkisstjórn ákveðnar tillögur á þeim grunni. Á sama tíma verður áfram unnið á þeim grunni að efla enn frekar með öllum tiltækum ráðum hagsmunagæslu Íslands á þessu mikilvæga sviði. Framhjá því verður hins vegar vart litið að efling á þessu samráði og efling hagsmunavörslu Íslands almennt á þessum vettvangi kallar á að auknu fjármagni sé veitt til þess.

Viðauki I.

Stækkun ESB		**Samstarf við ESB**
1. Free movement of goods	Frjálst vöruflæði	EES-samningurinn
2. Freedom of movement of workers	Frjáls för vinnuafls	EES-samningurinn
3. Right of establishment and freedom to provide services	Staðfesturéttur og þjónustufrelsi	EES-samningurinn
4. Free movement of capital	Frjáls för fjármagns	EES-samningurinn
5. Public procurement	Opinber útboð	EES-samningurinn
6. Company law	Félagaréttur	EES-samningurinn
7. Intellectual property law	Hugverkaréttur	EES-samningurinn
8. Competition policy	Samkeppnismál	EES-samningurinn
9. Financial services	Fjármálaþjónusta	EES-samningurinn
10. Information society and media	Upplýsingatækni og fjölmiðlun	EES-samningurinn
11. Agriculture and rural development	Landbúnaðar- og byggðastefna	
12. Food safety, veterinary and phytosanitary policy	Matvæla- og hreinlætismál	EES-samningurinn
13. Fisheries	Fiskveiðar	
14. Transport policy	Samgöngur	EES-samningurinn
15. Energy	Orka	EES-samningurinn
16. Taxation	Skattamál	
17. Economic and monetary policy	Gjaldmiðilssamstarf	
18. Statistics	Hagtölur	EES-samningurinn
19. Social policy and employment (incl. anti-discrimination and equal opportunities for women and men)	Félagsmála- og atvinnustefna	EES-samningurinn

20.	Enterprise and industrial policy	Iðnstefna	EES-samningurinn
21.	Trans-European networks	Evrópskt samgöngunet	EES-samningurinn
22.	Regional policy and co-ordination of structural instruments	Uppbyggingarstyrkir	Afmörkuð framlög í gegnum Þróunarsjóð EFTA
23.	Judiciary and fundamental rights	Réttarvarsla og grundvallarréttindi	
24.	Justice, freedom and security	Dóms- og innanríkismál	Schengen-samningurinn
25.	Science and research	Vísindi og rannsóknir	EES-samningurinn
26.	Education and culture	Menntun og menning	EES-samningurinn
27.	Environment	Umhverfismál	EES-samningurinn
28.	Consumer and health protection	Neytenda- og heilsuvernd	EES-samningurinn
29.	Customs union	Tollabandalag	
30.	External relations	Utanríkistengsl	
31.	Foreign, security and defence policy	Utanríkis-, öryggis- og varnarmál	Tvíhliða samstarf
32.	Financial control	Fjárhagslegt eftirlit	
33.	Financial and budgetary provisions	Framlagsmál	Takmörkuð framlög eru á grunni EES- og Schengen-samninga
34.	Institutions	Stofnanir	
35.	Other issues	Annað	Þessi kafli fjallar ekki um eiginlegt regluverk ESB heldur sérstöðu nýrra ríkja sem ekki tengjast aðild að ESB beinlínis en hún getur þó haft áhrif á. Dæmi eru málefni Álandseyja, norrænt samstarf og opin stjórnsýsla í tilviki Finnlands.

Viðauki II.

Yfirlit yfir gerðir með stjórnskipulegum fyrirvara.

Heiti gerðar	Númer ákvörðunar	Frestur til afléttingar fyrirvara
Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 336/2006 frá 15. febrúar 2006 um að hrinda í framkvæmd ákvæðum alþjóðlega kóðans um öryggisstjórnun skipa innan Bandalagsins og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 3051/95 **(SAM)**	JCD 131/2006	27. apríl 2007
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB frá 17. maí 2006 um lögboðna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikninga, um breytingu á tilskipunum ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 84/253/EBE **(FJR)**	JCD 160/2006	8. júní 2007

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 907/2006 frá 20. júní 2006 um breytingu á III. og VII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 648/2004 um þvotta- og hreinsiefni **(UMH)**	JCD 15/2007	27. okt 2007
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/46/EB frá 14. júní 2006 um breytingu á tilskipunum ráðsins 78/660/EBE um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð, 83/349/EBE um samstæðureikninga, 86/635/EBE um ársreikninga og samstæðureikninga banka og annarra fjármálastofnana og 91/674/EBE um ársreikninga og samstæðureikninga vátryggingafélaga **(FJR)**	JCD 20/2007	27. okt 2007
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/89/EB frá 18. janúar 2006 um ráðstafanir til að tryggja öruggt framboð raforku og um fjárfestingar í grunnvirkjum **(IDN)**	JCD 49/2007	8. desember 2007
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/68/EB frá 6. september 2006 um breytingu á tilskipun ráðsins 77/91/EBE að því er varðar stofnun hlutafélaga og um tilskilið hlutafé og heimilaðar breytingar á hlutafé þeirra **(VRN)**	JCD 95/2007	6. janúar 2008
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/32/EB frá 6. júlí 2005 um ramma til að setja fram kröfur um visthæfa vöruþróun að því er varðar vörur sem nota orku og um breytingu á tilskipun ráðsins 92/42/EBE og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 96/57/EB og 2000/55/EB **(IDN)**	JCD 102/2007	28. mars 2008
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/16/EB frá 19. mars 2007 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 85/611/EBE um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (UCITS) að því er varðar útskýringu á tilteknum skilgreiningum **(VRN)**	JCD 114/2007	28. mars 2008
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB frá 12. mars 2001 um sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/220/EBE – yfirlýsing framkvæmdastjórnarinnar og tengdar ákvarðanir **(UMH)**	JCD 127/2007	28. mars 2008

Endurskoðun á undanþágu Íslands frá viðauka I við EES-samninginn **(LAN)**	JCD 133/2007	26. apríl 2008
Matvælalöggjöf ESB og stofnun Matvæla-eftirlitsstofnunar Evrópu (EFSA) – reglugerðir og ákvarðanir **(SLR, UMH)**	JCD 134/2007	26. apríl 2008
Heilbrigðisreglur um aukaafurðir úr dýrum – reglugerðir og tilskipun **(SLR)**	JCD 135/2007	26. apríl 2008
Fóðrun tiltekinna hræfugla – reglugerðir og ákvarðanir **(SLR)**	JCD 136/2007	26. apríl 2008
Hollustuhættir sem varða matvæli – reglugerðir, tilskipun og ákvarðanir **(SLR, UMH)**	JCD 137/2007	26. apríl 2008
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/66/EB frá 6. september 2006 um rafhlöður og rafgeyma og notaðar rafhlöður og rafgeyma og um niðurfellingu tilskipunar 91/157/EBE **(UMH)**	JCD 141/2007	26. apríl 2008
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB frá 7. september 2005 um viðurkenningu á starfsmenntun og hæfi og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 2007/172/EB frá 19. mars 2007 um að skipa hóp samræmingaraðila til að fjalla um viðurkenningu á starfsmenntun og hæfi **(MMR)**	JCD 142/2007	26. apríl 2008
Heilbrigði dýra og plantna - ákvarðanir **(SLR)**	JCD 150/2007	7. júní 2008
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2004/38/EB frá 29. apríl 2004 um rétt borgara Sambandsins og aðstandenda þeirra til frjálsra flutninga og búsetu á yfirráðasvæði aðildarríkjanna, um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1612/68 og niðurfellingu tilskipana 64/221/EBE, 68/360/EBE, 72/194/EBE, 73/148/EBE, 75/34/EBE, 75/35/EBE, 90/364/EBE, 90/365/EBE og 93/96/EBE **(DKM, FTR)**	JCD 158/2007	7. júní 2008

591. Frumvarp til laga [351. mál]

um breytingu á ýmsum lögum vegna flutnings á útgáfu starfsleyfa til landlæknis.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

I. KAFLI
Breyting á lögum nr. 41/2007, um landlækni.

1. gr.

Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: heilbrigðisráðherra.

2. gr.

Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 2. tölul. 3. gr. laganna kemur: landlæknis.

3. gr.

Við 4. gr. laganna bætist nýr stafliður, e-liður, sem orðast svo: að veita starfsleyfi til einstaklinga sem uppfylla skilyrði laga og reglugerða til notkunar starfsheita löggiltra heilbrigðisstétta.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið“ í 4. málsl. 5. mgr. kemur: heilbrigðisráðuneytið; og orðin „Tryggingastofnun ríkisins“ í sama málslið falla brott.
b. Á eftir 4. málsl. 5. mgr. kemur nýr málsliður sem orðast svo: Hið sama gildir um Tryggingastofnun ríkisins.

5. gr.

4. málsl. 2. mgr. 14. gr. laganna fellur brott.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
   Komi áminning landlæknis skv. 14. gr. ekki að haldi getur hann ákveðið að viðkomandi skuli sviptur starfsleyfi að fullu eða tímabundið.
b. Í stað orðanna „Ráðherra getur svipt heilbrigðisstarfsmann starfsleyfi, án undangenginnar áminningar að fenginni tillögu landlæknis“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: Landlæknir getur svipt heilbrigðisstarfsmann starfsleyfi án undangenginnar áminningar.
c. Í stað orðanna „ráðherra heimilt að fenginni tillögu landlæknis“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: landlækni heimilt.
d. 2. málsl. 5. mgr. fellur brott.
e. Í stað orðsins „ráðherra“ í 3. málsl. 5. mgr. kemur: landlæknir.
f. Á eftir 5. mgr. kemur ný málsgrein sem verður 6. mgr. og orðast svo:
   Ákvörðun landlæknis um sviptingu starfsleyfis eða takmörkun starfsleyfis sætir kæru til ráðherra.

7. gr.

Í stað orðsins „ráðherra“ í 1. málsl. 16. gr. laganna kemur: landlæknis.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Ráðherra getur að tillögu landlæknis“ í 1. málsl. kemur: Landlæknir getur.
b. Í stað orðsins „Ráðherra“ í 2. málsl. kemur: Landlæknir.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Komi áminning landlæknis skv. 14. gr. ekki að haldi getur hann ákveðið að svipta viðkomandi lækni eða tannlækni leyfi til þess að ávísa lyfjum, öllum eða einstökum flokkum, enda þyki ekki ástæða til að svipta hann starfsleyfi skv. 15. gr.
b. 3. málsl. 1. mgr. og 2. málsl. 3. mgr. falla brott.
c. Í stað orðsins „ráðherra“ í 3. málsl. 3. mgr. kemur: landlæknir.
d. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ákvörðun landlæknis um sviptingu réttar til að ávísa lyfjum sætir kæru til ráðherra.

10. gr.

Í stað orðanna „Ráðherra getur að tillögu landlæknis“ í 20. gr. laganna kemur: Landlæknir getur.

11. gr.

Orðið „landlæknis“ í 21. gr. laganna fellur brott.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingu.

12. gr.

Í stað orðsins „heilbrigðisráðherra“ í 7. tölul. 4. gr. laganna, sbr. 17. gr. laga nr. 160/2007, kemur: landlæknis.

III. KAFLI

Breyting á hjúkrunarlögum, nr. 8/1974, með síðari breytingum.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 1. og 2. tölul. 1. mgr. kemur: landlæknis.
b. Í stað orðsins „Ráðherra“ í 2. mgr. kemur: Heilbrigðisráðherra.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Ráðherra“ í 2. mgr. kemur: Landlæknir.
b. 3. mgr. orðast svo:

Ráðherra skipar þrjá menn í hjúkrunarráð til fjögurra ára í senn. Skal einn nefndarmaður tilnefndur af menntamálaráðuneyti, einn af Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga og einn nefndarmaður skipaður án tilnefningar.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „ráðherra“ í 1. mgr. kemur: landlæknis.
b. Í stað orðanna „Hjúkrunarfélag Íslands“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga.

16. gr.

Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 2. málsl. 7. gr. laganna kemur: landlæknis.

17. gr.

Í stað orðsins „Heilbrigðismálaráðherra“ í 9. gr. laganna kemur: Ráðherra.

18. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Starfsleyfi sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur gefið út samkvæmt lögum þessum fyrir 1. mars 2008 halda gildi sínu þrátt fyrir ákvæði 1. og 3. gr. laganna.

IV. KAFLI

Breyting á lögum nr. 40/1976, um sálfræðinga, með síðari breytingum.

19. gr.

Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: landlæknis.

20. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis“ í 1. mgr. kemur: landlæknis.
b. Í stað orðsins „Ráðuneytið“ í 2. mgr. kemur: Ráðherra.

21. gr.

Í stað orðanna „Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið“ í 7. gr. laganna kemur: Heilbrigðisráðherra.

22. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Starfsleyfi sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur gefið út samkvæmt lögum þessum fyrir 1. mars 2008 halda gildi sínu þrátt fyrir ákvæði 1. og 5. gr. laganna.

V. KAFLI

Breyting á lögum nr. 58/1976, um sjúkraþjálfun, með síðari breytingum.

23. gr.

Í stað orðsins „heilbrigðisráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: landlæknis.

24. gr.

Orðin „og landlæknis“ í 2. málsl. 2. gr. laganna falla brott.

25. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „ráðherra“ kemur: landlækni.
b. Orðin „og landlæknir“ falla brott.

26. gr.

Á eftir 3. gr. laganna kemur ný grein sem verður 4. gr. og orðast svo:

Enginn sjúkraþjálfari má kalla sig sérfræðing í sérgrein innan sjúkraþjálfunar nema hann hafi fengið til þess leyfi landlæknis.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um skilyrði fyrir veitingu sérfræðileyfis í sérgreinum sjúkraþjálfunar.

27. gr.

4.–12. gr. laganna verða 5.–13. gr.

28. gr.

Í stað orðsins „Ráðherra“ í 12. gr. laganna kemur: Heilbrigðisráðherra.

29. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Starfsleyfi sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur gefið út samkvæmt lögum þessum fyrir 1. mars 2008 halda gildi sínu þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laganna.

VI. KAFLI

Breyting á lögum nr. 75/1977, um iðjuþjálfun, með síðari breytingum.

30. gr.

Í stað orðsins „heilbrigðisráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: landlæknis.

31. gr.

Í stað orðanna „Háskóla Íslands og landlæknis“ í 2. málsl. 2. gr. laganna kemur: Háskólann á Akureyri.

32. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „ráðherra“ kemur: landlækni.
b. Í stað orðanna „Háskóla Íslands og landlæknir“ kemur: Háskólann á Akureyri.

33. gr.

Í stað orðsins „Ráðherra“ í 12. gr. laganna kemur: Heilbrigðisráðherra.

34. gr.

Ákvæði til bráðabirgða með lögunum orðast svo:

Starfsleyfi sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur gefið út samkvæmt lögum þessum fyrir 1. mars 2008 halda gildi sínu, þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laganna.

VII. KAFLI
Breyting á lögum nr. 18/1978, um þroskaþjálfa, með síðari breytingu.

35. gr.

Í stað orðsins „heilbrigðisráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: landlæknis.

36. gr.

Í stað orðsins „Ráðherra“ í 9. gr. laganna kemur: Heilbrigðisráðherra.

37. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Starfsleyfi sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur gefið út samkvæmt lögum þessum fyrir 1. mars 2008 halda gildi sínu þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laganna.

VIII. KAFLI
Breyting á lögum nr. 35/1978, um lyfjafræðinga, með síðari breytingum.

38. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 1. og 2. tölul. 1. mgr. kemur: landlæknis.
b. Í stað orðsins „Ráðherra“ í 2. mgr. kemur: Heilbrigðisráðherra.

39. gr.

Í stað orðanna „ráðherra, er sendir þær til umsagnar landlæknis og“ í 2. gr. laganna kemur: landlæknis er sendir þær til umsagnar.

40. gr.

Í stað orðsins „heilbrigðismálaráðherra“ í 4. gr. laganna kemur: landlæknis.

41. gr.

Í stað orðanna „ráðherra, er sendir þær til umsagnar sömu aðilum og taldir eru í 2. gr.“ í 5. gr. laganna kemur: landlæknis er sendir þær til umsagnar Háskóla Íslands skv. 2. gr.

42. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „aðstoðarlyfjafræðingsprófi“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: BS-prófi í lyfjafræði.
b. Í stað orðanna „og 2.–4. mgr.“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: 1. mgr. og 2. og 3. mgr.
c. 2. mgr. fellur brott.

43. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Lyfjaeftirliti ríkisins“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: Lyfjastofnun.
b. Í stað orðsins „lyfjaeftirliti“ í 4. málsl. 1. mgr. kemur: Lyfjastofnun.
c. Í stað orðsins „meinatækna“ í 2. mgr. kemur: lífeindafræðinga.

44. gr.

Í stað orðsins „ráðherra“ í 2. málsl. 14. gr. laganna kemur: landlækni.

45. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Starfsleyfi sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur gefið út samkvæmt lögum þessum fyrir 1. mars 2008 halda gildi sínu þrátt fyrir ákvæði 1., 4. og 15. gr. laganna.

IX. KAFLI

Breyting á lögum nr. 99/1980, um lífeindafræðinga, með síðari breytingum.

46. gr.

Í stað orðsins „heilbrigðisráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: landlæknis.

47. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „ráðherra“ í 3. mgr. kemur: landlæknis.
b. Í stað orðsins „Ráðherra“ í 4. mgr. kemur: Heilbrigðisráðherra.

48. gr.

3. gr. laganna fellur brott.

49. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Starfsleyfi sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur gefið út samkvæmt lögum þessum fyrir 1. mars 2008 halda gildi sínu þrátt fyrir ákvæði 1. gr. og 3. mgr. 2. gr. laganna.

X. KAFLI

Breyting á lögum nr. 17/1984, um sjóntækjafræðinga, með síðari breytingum.

50. gr.

Í stað orðsins „heilbrigðismálaráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: landlæknis.

51. gr.

2. málsl. 2. gr. laganna orðast svo: Leita skal umsagnar læknadeildar Háskóla Íslands og Félags sjóntækjafræðinga áður en leyfið er veitt.

52. gr.

Í stað orðsins „ráðherra“ í 3. gr. laganna kemur: landlækni.

53. gr.

4. gr. laganna fellur brott.

54. gr.

Í stað orðsins „Ráðherra“ í 10. gr. laganna kemur: Heilbrigðisráðherra.

55. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Starfsleyfi sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur gefið út samkvæmt lögum þessum fyrir 1. mars 2008 halda gildi sínu þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laganna.

XI. KAFLI
Breyting á lögum nr. 58/1984, um sjúkraliða, með síðari breytingum.

56. gr.

Í stað orðsins „heilbrigðisráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: landlæknis.

57. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „heilbrigðisráðuneytisins“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: landlæknis.
b. Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: landlæknis.
c. Í stað orðsins „ráðuneytið“ í 3. mgr. kemur: landlæknir.

58. gr.

Í stað orðsins „Ráðherra“ í 8. gr. laganna kemur: Heilbrigðisráðherra.

59. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Starfsleyfi sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur gefið út samkvæmt lögum þessum fyrir 1. mars 2008 halda gildi sínu þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laganna.

XII. KAFLI
Breyting á ljósmæðralögum, nr. 67/1984, með síðari breytingum.

60. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 1. og 2. tölul. 1. mgr. kemur: landlæknis.
b. Í stað orðsins „Ráðherra“ í 2. mgr. kemur: Heilbrigðisráðherra.

61. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „lokið hefur prófi“ í 1. mgr. kemur: í ljósmóðurfræðum frá hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands eða prófi.
b. Í stað orðsins „Ráðherra“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: Landlæknir.
c. Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: heilbrigðisráðherra.
d. Í stað orðanna „Ljósmæðraskóla Íslands“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands.

62. gr.

Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 2. málsl. 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: landlæknis.

63. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Starfsleyfi sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur gefið út samkvæmt lögum þessum fyrir 1. mars 2008 halda gildi sínu þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laganna.

XIII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 38/1985, um tannlækningar, með síðari breytingum.

64. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 1. og 2. tölul. 1. mgr. kemur: landlæknis.
b. Í stað orðsins „Ráðherra“ í 2. mgr. kemur: Heilbrigðisráðherra.

65. gr.

Í stað orðsins „ráðherra“ í 2. málsl. 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: landlækni.

66. gr.

Orðin „og landlæknis“ í 5. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna falla brott.

67. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 1. og 2. tölul. 1. mgr. kemur: landlæknis.
b. Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: heilbrigðisráðuneytisins.

68. gr.

Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 2. málsl. 12. gr. laganna kemur: landlæknis.

69. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „skýrir hann ráðherra frá málavöxtum“ í 2. málsl. kemur: skal hann leita álits tannlæknadeildar Háskóla Íslands.
b. 3. málsl. fellur brott.

70. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Starfsleyfi sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur gefið út samkvæmt lögum þessum fyrir 1. mars 2008 halda gildi sínu þrátt fyrir ákvæði 1. og 5. gr. laganna.

XIV. KAFLI

Breyting á læknalögum, nr. 53/1988, með síðari breytingum.

71. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 1. og 2. tölul. 1. mgr. kemur: landlæknis.
b. Í stað orðsins „Ráðherra“ í 2. mgr. kemur: Heilbrigðisráðherra.

72. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 2. mgr. kemur: heilbrigðisráðherra.
b. Orðin „landlæknis og“ í 3. mgr. falla brott.

73. gr.

Í stað orðanna „ráðherra eftir meðmælum landlæknis“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: landlæknir.

74. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 1. og 2. tölul. 1. mgr. kemur: landlæknis.
b. Orðin „landlæknis og“ í 1. málsl. 3. mgr. falla brott.

75. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. laganna orðast svo: Um lyfjaauglýsingar fer samkvæmt lyfjalögum.
b. Orðið „lækningaáhöld“ í 3. mgr. fellur brott.

76. gr.

2. málsl. 26. gr. laganna orðast svo: Landlæknir getur þó, að fenginni umsókn viðkomandi læknis, veitt undanþágu frá þessu ákvæði til eins árs í senn.

77. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæðum til bráðabirgða í lögunum:

a. 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögunum fellur brott.
b. Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Starfsleyfi sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur gefið út samkvæmt lögum þessum fyrir 1. mars 2008 halda gildi sínu þrátt fyrir ákvæði 1. og 5. gr. laganna.

XV. KAFLI

Breyting á lögum nr. 95/1990, um félagsráðgjöf, með síðari breytingum.

78. gr.

Í stað orðsins „heilbrigðisráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: landlæknis.

79. gr.

Í stað orðsins „heilbrigðisráðherra“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: landlæknis.

80. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Starfsleyfi sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur gefið út samkvæmt lögum þessum fyrir 1. mars 2008 halda gildi sínu þrátt fyrir ákvæði 1. og 4. gr. laganna.

XVI. KAFLI
Breyting á lögum nr. 24/1985, um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta, með síðari breytingum.

81. gr.

Í stað orðsins „heilbrigðismálaráðherra“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: heilbrigðisráðherra.

82. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „löggildingu heilbrigðismálaráðherra“ í 1. mgr. kemur: starfsleyfi landlæknis.
b. Í stað orðsins „reglur“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: reglugerð.
c. Orðin „og landlæknis“ í 3. mgr. falla brott.

83. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Rétt til þess að nota hér á landi starfsheiti sem heilbrigðisráðherra ákveður að fella undir lög þessi, sbr. 2. gr., hafa þeir einir sem hlotið hafa til þess starfsleyfi landlæknis.

84. gr.

Í stað orðanna „heilbrigðismálaráðherra hefur veitt löggildingu“ í 5. gr. laganna kemur: landlæknir hefur veitt starfsleyfi.

85. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Starfsleyfi sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur gefið út samkvæmt lögum þessum fyrir 1. mars 2008 halda gildi sínu þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. gr. laganna.

XVII. KAFLI
Gildistaka.

86. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. mars 2008.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta miðar að því að útgáfa starfsleyfa til heilbrigðisstétta, ásamt ýmiss konar vottorðaútgáfu sem þeim fylgir, verði flutt frá heilbrigðisráðuneyti til landlæknis.

Samkvæmt aðgerðaáætlun um Einfaldara Ísland sem samþykkt var í ríkisstjórn 17. október 2006 var gert ráð fyrir að hvert ráðuneyti setti sér langtímaáætlun um einföldun opinberra reglna og stjórnsýslu. Heilbrigðisráðuneytið setti sér slíka áætlun til tveggja ára og miðast hún við 1. október 2007 – 1. október 2009. Frumvarp þetta er liður í þeirri áætlun.

Helstu rökin fyrir flutningi starfsleyfa heilbrigðisstétta til landlæknis eru þau að um er að ræða stjórnsýslu sem telja verður að eigi frekar heima á verksviði stofnunar en ráðuneytis. Þess má geta að annars staðar á Norðurlöndum sjá hinar ýmsu undirstofnanir norrænna ráðuneyta um útgáfu starfsleyfa og vottorða vegna þeirra en samning frumvarpa og reglugerða er varða starfsleyfi eru hjá ráðuneytum.

Í öðru lagi er breytingin ákjósanleg út frá sjónarmiðum um réttaröryggi. Umsækjandi um starfsleyfi getur borið ákvörðun landlæknis undir ráðuneytið og þannig látið fjalla um mál sitt á tveimur stjórnsýslustigum.

Loks er hér um að ræða einföldun á málsmeðferð og styttingu málsmeðferðartíma þar sem ráðuneytið hefur sent flestar umsóknir um starfsleyfi til umsagnar hjá landlækni.

Með þessu frumvarpi er þó aðeins tekið fyrsta skrefið í átt til einföldunar á þessu sviði. Í heilbrigðisráðuneytinu hefur verið unnið að samningu lagafrumvarps um heilbrigðisstéttir með það að markmiði að þær muni allar heyra undir ein lög. Nú er í gildi fjöldi laga og reglugerða um hverja einstaka heilbrigðisstétt sem nánast öll byggjast á læknalögum og vísa í þau. Einn lagabálkur um heilbrigðisstéttir, eins og stefnt er að, mun því leiða til enn frekari einföldunar.

Helstu atriði frumvarpsins eru þessi:

1. Hvarvetna þar sem þess er getið í lögum um heilbrigðisstéttir að heilbrigðisráðherra gefi út starfsleyfi er lagt til að útgáfa leyfanna flytjist til landlæknis.
2. Í samræmi við lög nr. 109/2007 um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, er heiti heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis breytt í heilbrigðisráðherra og heilbrigðisráðuneyti þar sem það á við.
3. Nokkur úrelt ákvæði laga um heilbrigðisstéttir eru lagfærð og leiðrétt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.
Um breytingu á lögum nr. 41/2007, um landlækni.

Um 1. gr.

Í greininni er lagt til að heiti heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra í 1. gr. laga nr. 41/2007, um landlækni, verði breytt í heilbrigðisráðherra í samræmi við lög nr. 109/2007, um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969.

Um 2. gr.

Sú breyting sem hér er lögð til á 3. gr. laganna er í samræmi við þá meginbreytingu sem felst í frumvarpi þessu að útgáfa starfsleyfa flytjist frá heilbrigðisráðherra til landlæknis.

Um 3. gr.

Lagt er til að við upptalningu 4. gr. laganna á hlutverkum landlæknis bætist það hlutverk að veita starfsleyfi til einstaklinga sem uppfylla skilyrði laga og reglugerða til notkunar starfsheita löggiltra heilbrigðisstétta.

Um 4. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 8. gr. laganna. Varðandi a-lið vísast til skýringa við 1. gr. frumvarpsins. Í b- og c-lið greinarinnar eru lagðar til orðalagsbreytingar sem skýrast af því að frá og með 1. janúar 2008 heyrir Tryggingastofnun ríkisins ekki lengur undir heilbrigðisráðherra. Ekki er um efnisbreytingu að ræða.

Um 5. gr.

Í greininni er lagt til að 4. málsl. 2. mgr. 14. gr. laganna falli brott. Ekki er talin ástæða til að landlæknir sendi ráðherra afrit af áminningum sem veittar er heilbrigðisstarfsmönnum þar sem leyfissviptingar verða ekki lengur á höndum ráðherra. Jafnframt ber að líta til þess að ákvarðanir landlæknis um veitingu áminninga sæta kæru til ráðherra.

Um 6. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 15. gr. laganna þess efnis að vald til að svipta heilbrigðisstarfsmann starfsleyfi færist frá ráðherra til landlæknis. Svipting starfsleyfis verður hins vegar kæranleg til ráðherra.

Um 7. gr.

Í samræmi við megintilgang frumvarpsins til lögð til sú breyting á 16. gr. laganna að heilbrigðisstarfsmaður geti afsalað sér starfsleyfi með tilkynningu til landlæknis í stað ráðherra áður.

Um 8. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 17. gr. laganna þess efnis að vald til endurveitingar starfsleyfis færist frá ráðherra til landlæknis.

Um 9. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 19. gr. laganna þess efnis að vald til að svipta lækni eða tannlækni leyfi til þess að ávísa lyfjum færist frá ráðherra til landlæknis. Svipting réttar til að ávísa lyfjum verður hins vegar kæranleg til ráðherra.

Um 10. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 20. gr. laganna þess efnis að vald til endurveitingar réttar til að ávísa lyfjum færist frá ráðherra til landlæknis.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um breytingu á lögum nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu.

Um 12. gr.

Sú breyting sem hér er lögð til á 7. tölul. 4. gr. laga nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum, er í samræmi við þá meginbreytingu sem felst í frumvarpi þessu að útgáfa starfsleyfa flytjist frá heilbrigðisráðherra til landlæknis.

Um breytingu á hjúkrunarlögum, nr. 8/1974.

Um 13. gr.

Í greininni er lögð til breyting á 1. gr. hjúkrunarlaga, nr. 8/1974, með síðari breytingum, í samræmi við þá meginbreytingu sem felst í frumvarpi þessu að útgáfa starfsleyfa flytjist frá heilbrigðisráðherra til landlæknis.

Um 14. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 2. gr. laganna. Fyrri stafliður greinarinnar þarfnast ekki skýringa. Í seinni stafliðnum er lagfært orðalag ákvæðis um skipan hjúkrunarráðs en ekki er um efnisbreytingu að ræða.

Um 15. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 3. gr. laganna. Fyrri stafliður greinarinnar þarfnast ekki skýringa. Í seinni stafliðnum er lagfærð tilvísun til stéttarfélags hjúkrunarfræðinga.

Um 16. og 17. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 18. gr.

Lagt er til að í ákvæði til bráðabirgða í lögunum verði kveðið á um að leyfi sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur gefið út samkvæmt lögunum fyrir 1. mars 2008 haldi gildi sínu. Þeir hjúkrunarfræðingar sem hafa starfsleyfi í gildi, útgefin af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, þurfa því ekki að sækja um starfsleyfi á ný þótt útgáfa þeirra flytjist til landlæknisembættisins.

Um breytingu á lögum nr. 40/1976, um sálfræðinga.

Um 19. og 20. gr.

Í greinunum eru lagðar til breytingar á 1. og 5. gr. laga um sálfræðinga, nr. 40/1976, með síðari breytingum, í samræmi við þá meginbreytingu sem felst í frumvarpi þessu að útgáfa starfsleyfa flytjist frá heilbrigðisráðherra til landlæknis.

Um 21. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 22. gr.

Lagt er til að í ákvæði til bráðabirgða í lögunum verði kveðið á um að leyfi sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur gefið út samkvæmt lögunum fyrir 1. mars 2008 haldi gildi sínu. Þeir sálfræðingar sem hafa starfsleyfi í gildi, útgefin af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, þurfa því ekki að sækja um starfsleyfi á ný þótt útgáfa þeirra flytjist til landlæknisembættisins.

Um breytingu á lögum nr. 58/1976, um sjúkraþjálfun.

Um 23.–25. gr.

Í greinunum eru lagðar til breytingar á 1.–3. gr. laga um sjúkraþjálfun, nr. 58/1976, með síðari breytingum, í samræmi við þá meginbreytingu sem felst í frumvarpi þessu að útgáfa starfsleyfa flytjist frá heilbrigðisráðherra til landlæknis.

Um 26. gr.

Lagt er til að við lögin bætist ný grein, sem verði 4. gr., þar sem kveðið verði á um útgáfu sérfræðileyfa til sjúkraþjálfara. Sérfræðileyfi hafa hingað til verið veitt sjúkraþjálfurum á grundvelli reglugerðar sem sett er með stoð í lögum nr. 24/1985, um starfsheiti og starfs-

réttindi heilbrigðisstétta, en eðlilegra þykir að kveði sé á um heimild til veitingar slíkra leyfa í lögum um sjúkraþjálfun.

Um 27. og 28. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 29. gr.

Lagt er til að í ákvæði til bráðabirgða í lögunum verði kveðið á um að leyfi sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur gefið út samkvæmt lögunum fyrir 1. mars 2008 haldi gildi sínu. Þeir sjúkraþjálfarar sem hafa starfsleyfi í gildi, útgefin af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, þurfa því ekki að sækja um starfsleyfi á ný þótt útgáfa þeirra flytjist til landlæknisembættisins.

Um breytingu á lögum nr. 75/1977, um iðjuþjálfun.

Um 30. gr.

Í greininni er lögð til breyting á 1. gr. laga um iðjuþjálfun, nr. 75/1977, með síðari breytingum, í samræmi við þá meginbreytingu sem felst í frumvarpi þessu að útgáfa starfsleyfa flytjist frá heilbrigðisráðherra til landlæknis.

Um 31. gr.

Hér er lögð til sú leiðrétting á 2. gr. laganna að vísað verði til Háskólans á Akureyri í stað Háskóla Íslands, enda er iðjuþjálfun eingöngu kennd við fyrrnefnda skólann.

Um 32. gr.

Vísað er til skýringa við 30. og 31. gr.

Um 33. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 34. gr.

Lagt er til að ákvæði til bráðabirgða í lögunum verði fellt brott þar sem iðjuþjálfun er nú kennd við Háskólann á Akureyri. Enn fremur er lagt til að í nýju ákvæði til bráðabirgða verði kveðið á um að leyfi sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur gefið út samkvæmt lögunum fyrir 1. mars 2008 haldi gildi sínu. Þeir iðjuþjálfar sem hafa starfsleyfi í gildi, útgefin af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, þurfa því ekki að sækja um starfsleyfi á ný þótt útgáfa þeirra flytjist til landlæknisembættisins.

Um breytingu á lögum nr. 18/1978, um þroskaþjálfa.

Um 35. gr.

Í greininni er lögð til breyting á 1. gr. laga um þroskaþjálfa, nr. 18/1978, með síðari breytingum, í samræmi við þá meginbreytingu sem felst í frumvarpi þessu að útgáfa starfsleyfa flytjist frá heilbrigðisráðherra til landlæknis.

Um 36. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 37. gr.

Lagt er til að í ákvæði til bráðabirgða í lögunum verði kveðið á um að leyfi sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur gefið út samkvæmt lögunum fyrir 1. mars 2008 haldi gildi sínu. Þeir þroskaþjálfar sem hafa starfsleyfi í gildi, útgefin af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, þurfa því ekki að sækja um starfsleyfi á ný þótt útgáfa þeirra flytjist til landlæknisembættisins.

Um breytingu á lögum nr. 35/1978, um lyfjafræðinga.

Um 38.–41. gr.

Í greinunum eru lagðar til breytingar á 1., 2., 4. og 5. gr. laga um lyfjafræðinga, nr. 35/1978, með síðari breytingum, í samræmi við þá meginbreytingu sem felst í frumvarpi þessu að útgáfa starfsleyfa flytjist frá heilbrigðisráðherra til landlæknis.

Um 42. gr.

Lagðar eru til leiðréttingar á 6. gr. laganna vegna breytinga á námi lyfjafræðinga. Það sem áður var nefnt aðstoðarlyfjafræðingspróf er nú BS-próf í lyfjafræði og áratugir eru síðan Lyfjafræðingaskóli Íslands var lagður niður. Í b-lið er leiðrétt röng tilvísun í 3. gr. laganna.

Um 43. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 12. gr. laganna þar sem Lyfjaeftirlit ríkisins heitir nú Lyfjastofnun. Enn fremur er löggilta starfsheitið „meinatæknir“ ekki lengur til og er nú „lífeindafræðingur“.

Um 44. gr.

Vísað er til skýringa við 38.–41. gr.

Um 45. gr.

Lagt er til að í ákvæði til bráðabirgða í lögunum verði kveðið á um að leyfi sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur gefið út samkvæmt lögunum fyrir 1. mars 2008 haldi gildi sínu. Þeir lyfjafræðingar og aðstoðarlyfjafræðingar sem hafa starfsleyfi í gildi, útgefin af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, þurfa því ekki að sækja um starfsleyfi á ný þótt útgáfa þeirra flytjist til landlæknisembættisins.

Um breytingu á lögum nr. 99/1980, um lífeindafræðinga.

Um 46. og 47. gr.

Í greinunum eru lagðar til breytingar á 1. og 2. gr. laga um lífeindafræðinga, nr. 99/1980, með síðari breytingum, í samræmi við þá meginbreytingu sem felst í frumvarpi þessu að útgáfa starfsleyfa flytjist frá heilbrigðisráðherra til landlæknis.

Um 48. gr.

Samkvæmt 3. gr. laganna er heimilt að gefa út takmarkað og/eða tímabundið starfsleyfi til þeirra sem voru í starfi þegar lögin tóku gildi árið 1980 en uppfylltu ekki skilyrði 2. gr. laganna. Þetta ákvæði er nú löngu úrelt og því lagt til að það falli brott.

Um 49. gr.

Lagt er til að í ákvæði til bráðabirgða í lögunum verði kveðið á um að leyfi sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur gefið út samkvæmt lögunum fyrir 1. mars 2008 haldi gildi sínu. Þeir lífeindafræðingar sem hafa starfsleyfi í gildi, útgefin af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, þurfa því ekki að sækja um starfsleyfi á ný þótt útgáfa þeirra flytjist til landlæknisembættisins.

Um breytingu á lögum nr. 17/1984, um sjóntækjafræðinga.

Um 50. gr.

Í greininni er lögð til breyting á 1. gr. laga um sjóntækjafræðinga, nr. 17/1984, með síðari breytingum, í samræmi við þá meginbreytingu sem felst í frumvarpi þessu að útgáfa starfsleyfa flytjist frá heilbrigðisráðherra til landlæknis.

Um 51. gr.

Í samræmi við ákvæði annarra laga um heilbrigðisstéttir er lögð til sú breyting á 2. málsl. 2. gr. laganna að umsagnir um starfsleyfi verði á vegum læknadeildar Háskóla Íslands í stað þess að tilgreina sérstaklega að þær skuli koma frá prófessor í augnlækningum.

Um 52. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 53. gr.

Samkvæmt 4. gr. laganna er heimilt að gefa út starfsleyfi til þeirra sem voru í starfi þegar lögin tóku gildi árið 1984 og höfðu starfað í fimm ár samfellt en uppfylltu ekki skilyrði 2. gr. laganna. Þetta ákvæði er nú löngu úrelt og því lagt til að það falli brott.

Um 54. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 55. gr.

Lagt er til að í ákvæði til bráðabirgða í lögunum verði kveðið á um að leyfi sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur gefið út samkvæmt lögunum fyrir 1. mars 2008 haldi gildi sínu. Þeir sjóntækjafræðingar sem hafa starfsleyfi í gildi, útgefin af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, þurfa því ekki að sækja um starfsleyfi á ný þótt útgáfa þeirra flytjist til landlæknisembættisins.

Um breytingu á lögum nr. 58/1984, um sjúkraliða.

Um 56. og 57. gr.

Í greinunum eru lagðar til breytingar á 1. og 5. gr. laga um sjúkraliða, nr. 58/1984, með síðari breytingum, í samræmi við þá meginbreytingu sem felst í frumvarpi þessu að útgáfa starfsleyfa flytjist frá heilbrigðisráðherra til landlæknis.

Um 58. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 59. gr.

Lagt er til að í ákvæði til bráðabirgða í lögunum verði kveðið á um að leyfi sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur gefið út samkvæmt lögunum fyrir 1. mars 2008 haldi gildi sínu. Þeir sjúkraliðar sem hafa starfsleyfi í gildi, útgefin af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, þurfa því ekki að sækja um starfsleyfi á ný þótt útgáfa þeirra flytjist til landlæknisembættisins.

Um breytingu á ljósmæðralögum, nr. 67/1984.

Um 60. gr.

Í greininni er lögð til breyting á 1. gr. ljósmæðralaga, nr. 17/1984, með síðari breytingum, í samræmi við þá meginbreytingu sem felst í frumvarpi þessu að útgáfa starfsleyfa flytjist frá heilbrigðisráðherra til landlæknis.

Um 61. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 2. gr. laganna. Breytingar hafa orðið á námi í ljósmóðurfræðum sem nú eru kennd við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands í stað Ljósmæðraskóla Íslands áður. Í a- og d-lið eru lagðar til leiðréttingar í samræmi við þessa breytingu. B- og c-liður þarfnast ekki skýringa.

Um 62. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 63. gr.

Lagt er til að í ákvæði til bráðabirgða í lögunum verði kveðið á um að leyfi sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur gefið út samkvæmt lögunum fyrir 1. mars 2008 haldi gildi sínu. Þær ljósmæður sem hafa starfsleyfi í gildi, útgefin af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, þurfa því ekki að sækja um starfsleyfi á ný þótt útgáfa þeirra flytjist til landlæknisembættisins.

Um breytingu á lögum nr. 38/1985, um tannlækningar.

Um 64.–69. gr.

Í greinunum eru lagðar til breytingar á 1.–3., 5., 12. og 13. gr. laga um tannlækningar, nr. 38/1985, með síðari breytingum, í samræmi við þá meginbreytingu sem felst í frumvarpi þessu að útgáfa starfsleyfa flytjist frá heilbrigðisráðherra til landlæknis.

Um 70. gr.

Lagt er til að í ákvæði til bráðabirgða í lögunum verði kveðið á um að leyfi sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur gefið út samkvæmt lögunum fyrir 1. mars 2008 haldi gildi sínu. Þeir tannlæknar sem hafa starfsleyfi í gildi, útgefin af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, þurfa því ekki að sækja um starfsleyfi á ný þótt útgáfa þeirra flytjist til landlæknisembættisins.

Um breytingu á læknalögum, nr. 53/1988.

Um 71.–74. gr.

Í greinunum eru lagðar til breytingar á 1., 2., 4. og 5. gr. læknalaga, nr. 53/1988, með síðari breytingum, í samræmi við þá meginbreytingu sem felst í frumvarpi þessu að útgáfa starfsleyfa flytjist frá heilbrigðisráðherra til landlæknis.

Um 75. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 23. gr. laganna. Vísað er til lyfjalaga sem löngu eru fallin brott og sú tilvísun er lagfærð. Enn fremur er felld brott vísun í lækningaáhaldaauglýsingar enda er nú heimilt að auglýsa lækningatæki, sbr. lög um lækningatæki.

Um 76. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 77. gr.

Lagt er til að 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögunum verði felld brott þar sem ákvæðið hefur ekki lengur þýðingu. Enn fremur er lagt til að í nýju ákvæði til bráðabirgða verði kveðið á um að leyfi sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur gefið út samkvæmt lögunum fyrir 1. mars 2008 haldi gildi sínu. Þeir læknar sem hafa starfsleyfi í gildi, útgefin af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, þurfa því ekki að sækja um starfsleyfi á ný þótt útgáfa þeirra flytjist til landlæknisembættisins.

Um breytingu á lögum nr. 95/1990, um félagsráðgjöf.

Um 78. og 79. gr.

Í greinunum eru lagðar til breytingar á 1. og 4. gr. laga nr. 95/1990, um félagsráðgjöf, með síðari breytingum, í samræmi við þá meginbreytingu sem felst í frumvarpi þessu að útgáfa starfsleyfa flytjist frá heilbrigðisráðherra til landlæknis.

Um 80. gr.

Lagt er til að í ákvæði til bráðabirgða í lögunum verði kveðið á um að leyfi sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur gefið út samkvæmt lögunum fyrir 1. mars 2008 haldi gildi sínu. Þeir félagsráðgjafar sem hafa starfsleyfi í gildi, útgefin af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, þurfa því ekki að sækja um starfsleyfi á ný þótt útgáfa þeirra flytjist til landlæknisembættisins.

Um breytingu á lögum nr. 24/1985, um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta.

Um 81.–84. gr.

Í greinunum eru lagðar til breytingar á 1.–3. og 5. gr. laga nr. 24/1985, um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta, með síðari breytingum, í samræmi við þá meginbreytingu sem felst í frumvarpi þessu að útgáfa starfsleyfa flytjist frá heilbrigðisráðherra til landlæknis. Enn fremur er hugtakanotkun lagfærð.

Um 85. gr.

Lagt er til að í ákvæði til bráðabirgða í lögunum verði kveðið á um að leyfi sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur gefið út samkvæmt lögunum og reglugerðum settum

samkvæmt þeim, fyrir 1. mars 2008, haldi gildi sínu. Þeir heilbrigðisstarfsmenn sem hafa starfsleyfi í gildi, útgefin af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, þurfa því ekki að sækja um starfsleyfi á ný þótt útgáfa þeirra flytjist til landlæknisembættisins.

Um 86. gr.

Gert er ráð fyrir að lögin öðlist gildi 1. mars 2008.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna flutnings á útgáfu starfsleyfa til landlæknisembættisins.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ýmsum lögum vegna flutnings á útgáfu starfsleyfa til landslæknisembættisins. Hvarvetna þar sem þess er getið í lögum um heilbrigðisstéttir að heilbrigðisráðherra gefi út starfsleyfi er lagt til að útgáfa leyfanna flytjist til landlæknisembættis.

Frumvarpið felur ekki í sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð verði það að lögum en gert er ráð fyrir að laun og önnur rekstrargjöld ráðuneytisins lækki um 7,5 m.kr. á ári vegna flutnings verkefnanna en hækki að sama skapi hjá landlæknisembættinu. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að lögin öðlist gildi 1. mars 2008 og nemur því kostnaður sem flyst frá ráðuneyti til landlæknisembættis 6,3 m.kr. á árinu 2008.

592. Fyrirspurn [352. mál]

til menntamálaráðherra um táknmálstúlkun og lögverndun starfsheitis táknmálstúlka.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hversu margir táknmálstúlkar hafa útskrifast frá Háskóla Íslands frá því að formleg kennsla í táknmálsfræðum hófst við skólann?
2. Hvernig hefur þörf samfélagsins fyrir táknmálstúlka þróast á undanförnum árum?
3. Hvaða kröfur eru gerðar til táknmálstúlka sem ráðnir eru í störf fyrir opinbera aðila?
4. Kemur til álita að táknmálstúlkar fái lögverndað starfsheiti?

Skriflegt svar óskast.

593. Skýrsla [106. mál]

forsætisráðherra um samninga, viljayfirlýsingar og fyrirheit ráðherra, samkvæmt beiðni.

(Lögð fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

Inngangur.

Með beiðni (á þskj. 106) frá Jóni Bjarnasyni og fleiri alþingismönnum er þess óskað að forsætisráðherra flytji Alþingi skýrslu um samninga, viljayfirlýsingar og fyrirheit ráðherra. Óskað er eftir upplýsingum um viljayfirlýsingar, fyrirheit eða samninga, sem kunna að fela í sér fjárhagslegar skuldbindingar fyrir ríkissjóð á núverandi kjörtímabili og því næsta, sem ráðherrar gerðu frá 6. desember 2006 og þar til fyrrverandi ríkisstjórn lét af störfum án þess að bera þá upp á Alþingi.

Þá er beðið um að fram komi við hvaða fjárheimildir eða samþykktir Alþingis er stuðst í hverju tilviki. Skýrslan taki til rekstrar, stofnverkefna eða réttinda, hvort sem þau eru beint á vegum ríkisins eða á hendi annarra. Efni skýrslunnar verði sundurgreint eftir ráðherrum og þær fjárhæðir sem um er að tefla komi fram. Greint verði frá tímasetningum, skilyrðum, svo sem um mótframlög, fyrirvörum eða öðru sem áhrif getur haft á framvindu einstakra mála. Greint verði frá því hvar almenningur og þingmenn geti nálgast tilgreinda gerninga og að í skýrslunni verði lagt mat á það hvort framangreindir gerningar séu innan þess ramma sem markaður er í lögum um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997.

Framsetning og forsendur.

Forsætisráðuneytið sendi beiðnina áfram til allra ráðuneyta og óskaði svara frá hverju og einu þeirra og er skýrsla þessi byggð á þeirri upplýsingaöflun. Í skýrslunni er greint frá svari hvers ráðuneytis fyrir sig þar sem tölulegar upplýsingar eru dregnar saman í yfirlitstöflu í lokin. Yfirlitið er brotið niður eftir samningum og skuldbindingum og sýnir gildistíma hvers og eins, vísað er til fjárlagaliðar gjaldfærslu og fjárheimildar og fjárhæðir tilgreindar fyrir hvert ár núverandi kjörtímabils. Næsta kjörtímabil á eftir er dregið saman í einn dálk þar sem það á við. Að lokum er tekið saman á töfluformi heildaryfirlit allra ráðuneyta.

Samningar sem ráðuneytin gera til lengri tíma en eins árs eru ýmist gerðir með fyrirvara um samþykki Alþingis eða með heimild í 30. gr. fjárreiðulaga, nr. 88/1997, og reglugerð sem sett er á grunni greinarinnar. Þeir samningar eru staðfestir af fjármálaráðuneyti.

01 Forsætisráðuneyti.

Á tímabilinu 6. desember 2006 og þar til þáverandi ríkisstjórn lét af störfum í maí 2007 gerði forsætisráðuneytið einn samning sem felur í sér skuldbindingar fyrir ríkissjóð.

Vesturfarasetrið ses. á Hofsósi.

Undirritaður var nýr samningur við Vesturfarasetrið ses. á Hofsósi 27. mars 2007 um 28 millj. kr. árlegt framlag í fjögur ár 2008–2011. Eldri samningar sem alls gerðu ráð fyrir 23 millj. kr. árlegum framlögum falla jafnframt niður frá sama tíma. Samkvæmt samningnum, sem var gerður í kjölfar samþykktar ríkisstjórnarinnar þar um, verður fjárhagslegur stuðningur til reksturs vegna menningartengsla milli Íslendinga og fólks af íslenskum ættum sem búsett er í Norður-Ameríku 18 millj. kr. árin 2008 til 2011 og framlag til uppbyggingar á gamla þorpskjarnanum á Hofsósi 10 millj. kr. á ári. Heildarframlag samkvæmt framangreindu

til Vesturfarasetursins er samtals 112 millj. kr. á tímabilinu, 2008–2011. Fjárveiting til Vesturfarasetursins ses. á Hofsósi eru undir fjárlagalið 01-190-1.25.

Tölulegt yfirlit í millj. kr.

	Fjárlagaliður	Gildistími	2007	2008	2009	2010	2011
Forsætisráðuneyti							
Vesturfarasetrið Hofsósi*	01-190-1.25	2007–2011	23,0	28,0	28,0	28,0	28,0
Samtals			*23,0*	*28,0*	*28,0*	*28,0*	*28,0*

* Niður fellur árlegt 23 millj. kr. framlag samkvæmt eldri samningi

02 Menntamálaráðuneyti.

Á tímabilinu 6. desember 2006 og þar til þáverandi ríkisstjórn lét af störfum í maí 2007 gerði menntamálaráðherra fjóra samninga, einn viðauka við samning, samkomulag ásamt fyrirheit um styrk sem allt felur í sér skuldbindingar fyrir ríkissjóð.

Samstarf á sviði menningarmála.

Þann 9. febrúar 2007 gerðu menntamálaráðuneytið og utanríkisráðuneytið með sér samkomulag um samstarf á sviði menningarmála. Með samkomulaginu er m.a. stefnt að því að efla áhuga erlendis á íslenskri list og íslenskri menningu; efla þróun og gæði íslenskra lista og auka möguleika og áhrif íslenskra listamanna á alþjóðlegum vettvangi. Fyrir menntamálaráðuneytið felur samkomulagið í sér 4 millj. kr. árlegt fjárframlag. Fjárheimild kemur af safnlið 02-999-1.98. Samkomulagið er ótímabundið og tekur gildi við undirritun. Hvor aðili um sig getur sagt upp samningnum með 12 mánaða fyrirvara.

Íþróttaakademían.

Þann 9. maí 2007 gerðu menntamálaráðuneytið og Íþróttaakademían með sér samkomulag um styrkveitingu vegna tilraunaverkefnis um mat á áhrif fjölgunar hreyfistunda í grunnskólum. Verkefnið felur í sér að Íþróttaakademían hafi umsjón með daglegum hreyfistundum ákveðins hóps grunnskólanemenda og fylgi þeim eftir samkvæmt nánari útfærslu Íþróttaakademíunnar. Íþróttaakademían mun taka saman náms- og kennslugögn, gera reglulega mælingar á líkamsástandi nemenda og bera saman líkamsgetu nemenda í tengslum við námsgetu. Menntamálaráðherra gefur fyrirheit um árlegan 12 millj. kr. styrk til fjögurra ára vegna tilraunaverkefnisins. Í fjáraukalögum ársins 2007 er fyrst ráðstafað fjármunum til verkefnisins og í fjárlögum ársins 2008 er gert ráð fyrir fjárheimild fyrir verkefninu á safnlið 02-999-1.98.

Uppeldi til árangurs.

Þann 8. maí 2007 gerðu menntamálaráðuneytið, félagsmálaráðuneytið, heilbrigðisráðuneytið annars vegar og Reykjanesbær hins vegar með sér samning um forvarnaverkefnið Uppeldi til árangurs. Markmið verkefnisins er m.a. að kenna foreldrum uppeldistækni, draga úr hegðunarerfiðleikum á heimilum og kenna foreldrum og kennurum hvernig taka skuli á kvíða og þunglyndiseinkennum. Fyrir menntamálaráðuneytið felur samningurinn í sér 2 millj. kr. árlegt fjárframlag til þriggja ára, sem greitt er af fjárlagalið 02-720-1.31. Fyrsta greiðsla skal innt af hendi 1. nóvember 2007. Árlegar greiðslur eftir það skulu inntar af hendi þegar áfangaskýrsla vegna verkefnisins hefur borist ráðuneytunum. Gildistími samningsins er 1. september 2007 til 31. ágúst 2010.

Vitinn – Verkefnastofa ehf.

Þann 17. janúar 2007 undirrituðu menntamálaráðuneytið og Vitinn – Verkefnastofa ehf. samning um að Vitinn – Verkefnastofa ehf. taki að sér að sjá um nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda árið 2007, þ.e. almennan rekstur keppninnar, skipulag og framkvæmd lokahófs og áframhaldandi þróun og útbreiðslu keppninnar. Fyrir menntamálaráðuneytið felur samningurinn í sér eingreiðslu að fjárhæð 2 millj. kr. sem greidd er af fjárlagalið 02-720-1.31.

Rannís.

Þann 10. janúar 2007 undirrituðu menntamálaráðuneytið og Rannís samning vegna umsýslu umsagnarnefnda vegna viðurkenninga fræðasviða háskóla. Viðurkenning háskóla byggist á lögum nr. 63/2006. Í þeim lögum er tekið fram að ráðherra skipi óháða umsagnarnefnd sérfræðinga, sem eigi að skila ráðherra umsögn, byggðri á reglugerð nr. 1067/2006. Umsagnarnefndirnar eru skipaðar eftir fræðasviðum, sem verða 7 talsins og mun hverri nefnd fylgja starfsmaður. Með samningnum er gert ráð fyrir að menntamálaráðuneytið standi straum af launa- og skrifstofukostnaði starfsmanna nefndanna. Framlag ráðuneytisins er 12 millj. kr. sem verður tekið af safnlið 02-299-1.90. Við undirskrift samningsins verða 80% upphæðarinnar greidd Rannís og 20% þegar greinargerð og uppgjör um verkefnið liggur fyrir.

Kennaraháskóli Íslands.

Þann 19. desember 2006 var undirritaður viðauki við samning menntamálaráðuneytisins og Kennaraháskóla Íslands um kennslu og rannsóknir sem felur í sér sérstaka 16 millj. kr. greiðslu vegna kostnaðar við sameiningu skólans við Háskóla Íslands. Í fjáraukalögum 2007 er fjárheimild fyrir verkefninu á fjárlagalið 02-215-1.01.

Samstarf framhaldsskóla á Austurlandi.

Þann 15. desember 2006 staðfesti menntamálaráðherra samstarfssamning framhaldsskóla á Austurlandi, þ.e. Framhaldsskólans í A-Skaftafellssýslu, Menntaskólans á Egilsstöðum og Verkmenntaskóla Austurlands. Markmið samstarfsins er m.a. að skólarnir vinni saman að því að sinna þörfum íbúa Austurlands fyrir fjölbreytt nám á framhaldsskólastigi og auðvelda aðgengi þeirra að því. Menntamálaráðuneytið leggur árlega til 3 millj. kr. fjárframlag til þriggja ára og er fjárheimild af fjárlagalið 02-319-1.11. Gildistími samningsins er 1. ágúst 2006 – 31. júlí 2009, en heimilt er að endurskoða samninginn fyrir 1. apríl ár hvert.

Tölulegt yfirlit í millj. kr.

	Fjárlagaliður	Gildistími	2007	2008	2009	2010	2011	2012–15
Menntamálaráðuneyti								
Samstarf á sviði menningarmála	02-999-1.98	Frá 9/2/07	4,0	4,0	4,0	4,0	4,0	16,0
Íþróttaakademían	02-999-1.98	9/5/07 – 31/5/11	7,0	12,0	12,0	12,0	5,0	
Uppeldi til árangurs	02-720-1.31r	1/9/07 – 31/8/10	2,0	2,0	2,0			
Vitinn – Verkefnastofa ehf.	02-720-1.31	eingreiðsla	2,0					
Rannís	02-999-1.90	1/2/07 – 1/9/08	9,6	2,4				
Kennaraháskóli Íslands	02-215-1.01	eingreiðsla		16,0				
Samstarf framhaldsskóla á Austurlandi	02-319-1.11	1/8/06 – 31/7/09	3,0	3,0	3,0			
Samtals			*27,6*	*39,4*	*21,0*	*16,0*	*9,0*	*16,0*

03 Utanríkisráðuneyti.

Á tímabilinu 6. desember 2006 og þar til þáverandi ríkisstjórn lét af störfum í maí 2007 gerði utanríkisráðuneytið eftirfarandi samninga sem fela í sér fjárhagslegar skuldbindingar fyrir ríkissjóð.

Sendiráðsbústaður í Kaupmannahöfn.

Í hagræðingarskyni ákvað utanríkisráðherra að selja sendiráðsbústað í Kaupmannahöfn og kaupa annan ódýrari í hans stað. Samningur um kaup á nýjum bústað var gerður með fyrirvara um samþykki Alþingis.

Ræðismannsbústaður í Þórshöfn.

Vegna stofnunar aðalræðisskrifstofu í Þórshöfn í Færeyjum þá ákvað utanríkisráðherra að kaupa ræðismannsbústað. Á móti kaupunum kom sala á bústað varamanns sendiherra í Stokkhólmi, auk þess var samningur um kaup á bústaðnum undirritaður með fyrirvara um samþykki Alþingis.

Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytisins, útibú á Akureyri.

Opnun útibús þýðingamiðstöðvar í leiguhúsnæði á vegum Háskólans á Akureyri hafði í för með sér lítinn sem engan stofnkostnað. Óskað var eftir framlagi til rekstrar í fjáraukalögum ársins 2007 og fjárlögum ársins 2008. Opnun útibúsins er kominn til vegna uppsafnaðs halla á þýðingum EES-gerða að hálfu Íslands.

Tölulegt yfirlit í millj. kr.

	Fjárlagaliður	Gildistími	2007	2008	2009	2010	2011	2012–15
Utanríkisráðuneyti								
Kaup á sendiráðsbústað í Kaupmannahöfn	03-300-6.27	2007	242,2					
Kaup á ræðismannsbústað í Þórshöfn	03-300-6.29	2007	87,9					
Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytisins á Akureyri	03-101-1.01	frá 2007	20,0	42,0	42,0	42,0	42,0	168,0
Samtals			*350,1*	*42,0*	*42,0*	*42,0*	*42,0*	*168,0*

04 Landbúnaðarráðuneyti.

Á tímabilinu 6. desember 2006 og þar til þáverandi ríkisstjórn lét af störfum í maí 2007 undirritaði landbúnaðarráðherra eftirfarandi samninga sem fela í sér fjárhagslegar skuldbindingar fyrir ríkissjóð.

Mótvægisaðgerðir í garðplöntuframleiðslu.

Þann 4. apríl 2007 var gengið frá samkomulagi milli Bændasamtaka Íslands og landbúnaðarráðherra um tilteknar mótvægisaðgerðir vegna þess að ljóst var talið að samkeppni frá innflutningi garðplantna mundi aukast hér á landi í kjölfar samnings milli Íslands og Evrópusambandsins um gagnkvæm viðskipti með heimild í 19. gr. EES-samningsins. Varðandi fjárheimildir samkomulagsins er annars vegar um að ræða eftirstöðvar af aðlögunarsamningi um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða frá 12. mars 2002 (fjárlagal. 04-807-1.07) og hins vegar uppgjörsfé af þróunar- og jarðabótaframlagi búnaðarlagasamnings frá 6. mars 2002, í vörslu Bændasamtaka Íslands.

Samningur um Landgræðsluskóga.

Þann 2. maí 2007 var undirritaður milli landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og Skógræktarfélags Íslands samningur um framlög ríkisins til Skógræktarfélags Íslands vegna verkefnis um Landgræðsluskóga. Fjárframlögin eru bundin fyrirvara um samþykki Alþingis. Samningurinn tekur gildi 1. janúar 2009 og gildir til ársloka 2013.

Samningur um Hekluskóga.

Landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og Landgræðslu ríkisins og Skógræktar ríkisins gerðu samstarfssamning um Hekluskóga og framlög ríkisins til verkefnisins. Samningurinn var undirritaður 4. maí 2007 og gildir til ársloka 2016. Fjárframlögin eru bundin fyrirvara um samþykki Alþingis. Í fjáraukalögum ársins 2007 var fyrst ráðstafað fjármunum til verkefnisins, en í fjárlögum ársins 2008 er ráðgert að verja 50 milljónum til verkefnisins af sérstökum fjárlagalið 04-325.

Tölulegt yfirlit í millj. kr.

	Fjárlagaliður	Gildistími	2007	2008	2009	2010	2011	2012–15
Landbúnaðarráðuneyti								
Mótvægisaðgerðir í garðplöntuframleiðslu	04-807-1.07	2007–2009	14,0	10,7	4,0			
Samningur um Landgræðsluskóga		1/1/09 – 31/12/13			35,0	35,0	35,0	70,0
Samningur um Hekluskóga	04-325-1.01	1/5/07 – 31/12/16	28,0	50,0	50,0	50,0	50,0	200,0
Samtals			*372,0*	*60,7*	*89,0*	*85,0*	*85,0*	*270,0*

05 Sjávarútvegsráðuneyti.

Á tímabilinu 6. desember 2006 og þar til þáverandi ríkisstjórn lét af störfum í maí 2007 gerði sjávarútvegsráðuneytið enga samninga né gaf út viljayfirlýsingar sem fela í sér fjárhagslegar skuldbindingar fyrir ríkissjóð.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

Á tímabilinu 6. desember 2006 og þar til þáverandi ríkisstjórn lét af störfum í maí 2007 gerði dóms- og kirkjumálaráðuneytið samtals 15 samninga af margvíslegum toga þar sem í

flestum tilfellum var um að ræða óverulegar fjárhæðir eða alls engar. Þeir samningar sem vega þyngst í samantektinni eru vegna endurnýjunar á varðskipakosti Landhelgisgæslunnar og eftirlitsflugvélar.

Landhelgisgæslan.

Þrír samningar eru vegna Landhelgisgæslunnar. Um er að ræða samning um byggingu varðskips en áætluð afhending þess er í ágúst 2009. Í öðru lagi er um að ræða samning um kaup á nýrri eftirlitsflugvél sem áætlað er að verði afhend í júlí 2009 og í þriðja lagi var undirritaður samningur um innleiðingu Maren-orkustjórnunarkerfis Marorku í nýtt varðskip Landhelgisgæslunnar. Gildistími samninganna er á bilinu 30–36 mánuðir og er fjárheimild af fjárlagalið 06-396.

World-Check.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið gerði samning við fyrirtækið World-Check um aðgang lögreglu og ríkisstofnana að gagnabanka fyrirtækisins. Samningurinn er til 26 mánaða og er fjárheimild af fjárlagalið 06-390.

TMD.

Tveir rammasamningar voru undirritaðir um upplýsingatæknibúnað og þjónustu ásamt viðauka vegna IP-síma og -símaþjónustu. Er það samningur milli TMD og sýslumannsins í Borgarnesi annars vegar og TMD og sýslumannsins á Selfossi hins vegar. Samningarnir eru til 5 ára og fjárheimild af fjárlagaliðum 06-433 og 06-413.

Varnarmálaráðuneytið í Danmörku.

Samkomulag var undirritað milli dóms- og kirkjumálaráðuneytisins og varnarmálaráðuneytisins í Danmörku um eftirlit, leit og björgun á N-Atlantshafi. Samningurinn er ótímabundinn og er fjárheimild af fjárlagalið 06-101 en hefur ekki leitt til kostnaðar.

Fangelsismálastofnun ríkisins – Vernd.

Endurnýjað var samkomulag Fangelsismálastofnunar ríkisins og félagasamtakanna Verndar, fangahjálpar um vistun fanga. Samningurinn er ótímabundinn og er fjárheimild af fjárlagalið 06-501.

Neyðarlínan – TMD.

Undirritaður var rammasamningur milli Neyðarlínunnar og TMD um upplýsingatæknibúnað og þjónustu ásamt viðauka vegna 10 Mbs gagnalínusambands við lögreglustöðina á Akureyri. Samningurinn er ótímabundinn og er fjárheimild af fjárlagalið 06-325.

Sýslumaðurinn á Hólmavík.

Undirritaður var húsaleigusamningur vegna geymslna að Hafnarbraut 2 fyrir sýslumanninn á Hólmavík. Samningurinn er ótímabundinn og er fjárheimild af fjárlagalið 06-419.

Lögreglan á Ólafsfirði.

Undirritaður var húsaleigusamningur fyrir lögregluna á Ólafsfirði/Akureyri að Ólafsvegi 3, Ólafsfirði. Leigutími er frá 1.1.2007. Fjárheimild er af fjárlagalið 06-424.

Lögreglan á Siglufirði.

Undirritaður var húsaleigusamningur fyrir lögregluna á Siglufirði/Akureyri að Gránugötu 4–6, Siglufirði. Leigutími er frá 1.1.2007. Fjárheimild er af fjárlagalið 06-424.

Tölulegt yfirlit í millj. kr.

	Fjárlagaliður	Gildistími	2007	2008	2009	2010	2011	2012–15
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti								
Landhelgisgæslan	06-395	30 mánuðir	926,0	926,0	794,0			
Landhelgisgæslan	06-395	26 mánuðir		628,0	1.465,0			
Landhelgisgæslan	06-395	36 mánuðir	12,0	6,0	6,0			
World-Check	06-101	36 mánuðir	13,2	17,6	17,6	4,4		
Sýslumaðurinn á Selfossi – TMD	06-433	5 ár						
Sýslumaðurinn í Borgarnesi – TMD	06-413	5 ár	0,4	0,4	0,4	0,4	0,4	
Varnarmálaráðuneytið í Danmörku – DKM	06-101	ótímab.samn.						
Fangelsismálastofnun ríkisins – Vernd	06–501	ótímab.samn.	17,5	17,5	17,5	17,5	17,5	70,0
Neyðarlínan – TMD	06-325	ótímab.samn.	0,4	0,4	0,4			
Sýslumaðurinn á Hólmavík	06-419	ótímab.samn.	0,3	0,3	0,3	0,3	0,3	1,0
Lögreglan á Ólafsfirði	06-424	ótímab.samn.	0,5	0,5	0,5	0,5	0,5	1,9
Lögreglan á Siglufirði	06-424	ótímab.samn.	1,6	1,6	1,6	1,6	1,6	6,2
Samtals			*971,8*	*1.598,2*	*2.303,2*	*24,6*	*20,2*	*79,2*

07 Félagsmálaráðuneyti.

Á tímabilinu 6. desember 2006 og þar til þáverandi ríkisstjórn lét af störfum í maí 2007 gerði félagsmálaráðuneytið eftirfarandi samninga sem fela í sér fjárhagslegar skuldbindingar fyrir ríkissjóð.

Samningur við Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra um málefni fatlaðra.

Þann 19. desember 2006 gerðu félagsmálaráðuneyti og Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra samning um þjónustu af hálfu ríkisins við fatlaða, sbr. lög um málefni fatlaðra, í sveitarfélögum á Norðurlandi vestra. Um var að ræða framlengingu á fyrri samningi sem upphaflega var gerður árið 1999. Gildistími nýja samningsins er til 31. desember 2012. Fjárheimild til samningsins er á fjárlagalið 07-705-1.86.

Samningur við Norðurþing um þjónustu við fatlaða.

Þann 30. apríl 2007 gerðu félagsmálaráðuneyti og Norðurþing samning um þjónustu af hálfu ríkisins við fatlaða, sbr. lög um málefni fatlaðra, í Norðurþingi, Aðaldælahreppi, Þingeyjarsveit, Skútustaðahreppi, Tjörneshreppi, Svalbarðshreppi og Langanesbyggð. Um var að ræða framlengingu á fyrri samningi sem upphaflega var gerður árið 1998 og þá var gerður við Héraðsnefnd Þingeyinga. Gildistími nýja samningsins er til 31. desember 2009. Fjárheimild til samningsins er á fjárlagalið 07-706-1.85.

Samningur við Akureyrarkaupstað um þjónustu við fatlaða.

Þann 8. janúar 2007 gerðu félagsmálaráðuneyti og Akureyrarkaupstaður samning um þjónustu af hálfu ríkisins við fatlaða, sbr. lög um málefni fatlaðra, í sveitarfélögum á Eyja-

fjarðarsvæðinu. Um var að ræða framlengingu á fyrri samningi sem upphaflega var gerður árið 1996. Gildistími nýja samningsins er til 31. desember 2009. Fjárheimild til samningsins er á fjárlagalið 07-706-1.86.

Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um þjónustu við fatlaða.

Þann 30. apríl 2007 gerðu félagsmálaráðuneyti og Sveitarfélagið Hornafjörður samning um þjónustu af hálfu ríkisins við fatlaða, sbr. lög um málefni fatlaðra, í sveitarfélaginu. Um var að ræða framlengingu á fyrri samningi sem upphaflega var gerður árið 1997. Gildistími nýja samningsins er til 31. desember 2012. Fjárheimild til samningsins er á fjárlagalið 07-707-1.86.

Samstarfssamningur við Reykjavíkurborg um stofnun og rekstur heimilis fyrir heimilislausa í Reykjavík.

Þann 20. desember 2006 gerðu félagsmálaráðuneyti og Velferðarsvið Reykjavíkurborgar samning um stofnun og rekstur heimilis fyrir heimilislausa í Reykjavík. Um er að ræða tilraunaverkefni til þriggja ára. Skal fyrir lok samningstímans meta þörf fyrir áframhaldandi starfsemi heimilisins og skoða aðild annarra sveitarfélaga að rekstrinum. Heimilisfólki stendur til boða félagsleg ráðgjöf og stuðningur til að ná tökum á lífi sínu svo sem að sækja áfengis- og fíkniefnameðferð. Samningurinn gildir til 31. desember 2009. Framlag ráðuneytisins á samningstímanum er 73,4 millj. kr. Annars vegar er um að ræða framlag til stofnkostnaðar að fjárhæð 28,4 millj. kr. sem greiðist úr Framkvæmdasjóði fatlaðra og hins vegar 15 millj. kr. árlegt rekstrarframlag og greiðist það af fjárlagalið 07-700-1.90.

Þjónustusamningur við AE-starfsendurhæfingu um mat á þjónustu við geðfatlaða.

Þann 29. desember 2006 gerðu félagsmálaráðuneyti og AE-starfsendurhæfing samning um mat á þjónustu við geðfatlaða. Markmið samningsins er tvíþætt: Annars vegar úttekt á þjónustu við geðfatlaða, hins vegar gerð fræðsluefnis um þjónustu við geðfatlaða og miðlun þess til starfsmanna svæðisskrifstofa um málefni fatlaðra. Samningurinn gildir til 31. desember 2008. Framlag ráðuneytisins á samningstímanum er 28,2 millj. kr. og greiðist það af fjárlagalið 07-700-1.90.

Samningur við Rauða kross Íslands um móttöku flóttamanna 2007–2008.

Þann 10. maí 2007 gerðu félagsmálaráðuneyti og Rauði kross Íslands samning vegna móttöku flóttamanna 2007–2008. Með samningnum skuldbindur Rauði kross Íslands sig til að veita félagsmálaráðuneyti aðstoð og ráðgjöf vegna móttöku og aðlögunar flóttamanna sem koma til landsins. Rauði krossinn tekur jafnframt að sér að gæta hagsmuna flóttafólksins og veita því almenna liðveislu í samræmi við grundvallarmarkmið Alþjóðahreyfingar Rauða krossins um mannúð, hlutleysi, óhlutdrægni og sjálfboðna þjónustu. Samningurinn gildir til 31. ágúst 2008. Fyrir þjónustu Rauða krossins greiðir félagsmálaráðuneyti 17,3 millj. kr. Framlagið er greitt af fjárlagalið 07-999-1.49.

Samkomulag við Alþjóðahúsið um ráðgjöf við fólk af erlendum uppruna.

Þann 10. maí 2007 gerðu félagsmálaráðuneyti og Alþjóðahúsið samkomulag um ráðgjöf fyrir fólk af erlendum uppruna sem búsett er hér á landi. Í samkomulaginu felst að Alþjóðahúsið veiti almenna ráðgjöf og sérhæfða lögfræðilega ráðgjöf og leiðbeiningar í málefnum fólks af erlendum uppruna og veiti því aðstoð til þátttöku í fjölmenningarlegu samfélagi.

Samkomulagið gildir á árinu 2007. Framlag félagsmálaráðuneytis er 2,5 millj. kr. og er greitt af fjárlagalið 07-999-1.98.

Samningur við Reykjanesbæ um verkefnið „Uppeldi til árangurs“.

Þann 8. maí 2007 gerðu félagsmálaráðuneyti, menntamálaráðuneyti og heilbrigðisráðuneyti annars vegar og Reykjanesbær hins vegar með sér samning um forvarnaverkefnið Uppeldi til árangurs. Markmið verkefnisins er m.a. að kenna foreldrum uppeldistækni, draga úr hegðunarerfiðleikum á heimilum og kenna foreldrum og kennurum hvernig taka skuli á kvíða og þunglyndiseinkennum. Fyrir félagsmálaráðuneyti felur samningurinn í sér 2 millj. kr. árlegt fjárframlag til þriggja ára, sem greitt er af fjárlagalið 07-999-1.98 Fyrsta greiðsla skal innt af hendi 1. nóvember 2007. Árlegar greiðslur eftir það skulu inntar af hendi þegar áfangaskýrsla vegna verkefnisins hefur borist ráðuneytunum. Gildistími samningsins er 1. september 2007 til 31. ágúst 2010.

Tölulegt yfirlit í millj. kr.

	Fjárlagaliður	Gildistími	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Félagsmálaráðuneyti									
Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi v.	07-705-1.86	19/12/06 – 31/12/12	272,6	306,9	335,1	335,1	335,1	335,1	335,1
Norðurþing	07-706-1.85	30/4/07 – 31/12/09	74,2	98,7	113,4	113,4			
Akureyrarkaupstaður	07-706-1.86	8/1/07 – 31/12/09	655,2	739,2	783,9	783,9			
Sveitarfélagið Hornafjörður	07-707-1.86	30/4/07 – 31/12/12	24,0	26,7	27,6	27,6	27,6	27,6	27,6
Reykjavíkurborg	07-700-1.90	20/12/06 – 31/12/09		43,4	15,0	15,0			
AE-starfsendurhæfing	07-700-1.90	29/12/06 – 31/12/08		14,1	14,1				
Rauði kross Íslands	07-999-1.49	10/5/07 – 31/8/08		14,0	3,3				
Alþjóðahúsið	07-999-1.49	2007		2,5					
Reykjanesbær	07-999-1.98	1/9/07 – 31/8/10		2,0	2,0	2,0			
Samtals			1.026,0	1.247,5	1.294,4	1.277,0	362,7	362,7	362,7

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Eftirfarandi viljayfirlýsingar, fyrirheit og samningar sem fela í sér fjárhagslegar skuldbindingar fyrir ríkissjóð voru gerðir af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra á tímabilinu 6. desember 2006 til og með ríkisstjórnarskipta í maí 2007.

Þjónustu- og rekstrarverkefni.

Samkomulag um framlengingu árangursstjórnunarsamnings – Landspítali – háskólasjúkrahús.

Samkomulagið tekur til framlengingar árangursstjórnunarsamnings heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis við Landspítala – háskólasjúkrahús. Skv. VIII. kafla samningsins, dags. 7. mars 2005 um þjónustu öldrunarsviðs, með gildistíma 15. mars 2005 til 31. desember 2006, er heimilt að framlengja samninginn um eitt ár, án sérstakrar endurskoðunar. Samkomulag um framlengingu samningsins, sem undirritað var 20. apríl 2007, er á grundvelli

þessa ákvæðis og er gildistími framlengingar frá 1. janúar 2007 til 31. desember 2007. Samningurinn tekur til reksturs 20 rúma hjúkrunardeildar, þar af eru 8–10 hvíldarinnlagnarrými. Kostnaður er 125 millj. kr. á árinu 2007 og er fjármagnaður á fjárlögum.

Samningur um söfnun og úrvinnslu upplýsinga um mænuskaða.

Samningur á milli Auðar Guðjónsdóttur annars vegar og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hins vegar tekur til söfnunar upplýsinga um mænuskaða, rekstur heimasíðu, þýðingar á gögnum í gagnagrunni og þátttöku í fundum og ráðstefnum um mænuskaða. Heildargreiðsla til verkefnisins er 5,7 millj. kr. og er miðað við að verkefninu ljúki á árinu 2007. Veitt var sérstök fjárveiting til þessa verkefnis á fjárlögum. Verkefnið hefur verið lengi í undirbúningi og var samningur undirritaður þann 1. mars 2007.

Þjónustusamningur við Samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og Samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann undirrituðu viðauka við þjónustusamning sinn þann 2. maí 2007. Viðaukinn fól í sér framlengingu á þjónustusamningi aðila til ársloka 2007. Upphaflegur gildistími þjónustusamningsins var frá 1. janúar 2002 til 31. desember 2005 en SÁÁ hefur annast þjónustu við ráðuneytið í samræmi við ákvæði samningsins á þeim tíma sem og frá 1. janúar 2006. Viðbótarkostnaður á árinu 2007 er 80 millj. kr., þar af koma 30 millj. kr. á fjáraukalögum ársins 2007, en 50 millj. kr. eru fjármagnaðar á fjárlögum. Samningur þessi er staðfestur af fjármálaráðherra.

Þjónustusamningur við Bláa lónið.

Þjónustusamningur heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og Bláa lónsins nær til húðmeðferðar vegna psoriasis- og exemsjúkdóma og læknisþjónustu. Hann var undirritaður 28. desember 2006 með gildistíma frá 1. janúar 2007 til og með 31. desember 2012. Árlegur kostnaður er 44,6 millj. kr. og er fjármagnaður á fjárlögum. Samningur þessi er staðfestur af fjármálaráðherra.

Einnig var á sama tíma undirritað samkomulag um styrk til fjögurra ára vegna rannsókna og alþjóðlegrar markaðssetningar við psoriasis- og exemsjúkdóminn. Gildistími samkomulagsins er 1. janúar 2006 til og með 31. desember 2009. Árlegur styrkur er 25 millj. kr. í 4 ár og er hann fjármagnaður á fjárlögum. Samkomulagið er staðfest af fjármálaráðherra.

Samningur milli HÍ og HTR, landlæknisembættisins, Landspítala og Lyfjastofnunar.

Samningurinn tekur til Rannsóknarstofnunar um lyfjamál. Hann var undirritaður 25. apríl 2007 og kveður á um 525 þús. kr. styrk hvers aðila stofnuninni til handa í þrjú ár frá og með árinu 2007. Styrkurinn er fjármagnaður á fjárlögum, af óskiptri fjárveitingu á safnlið ráðuneytisins.

Samstarfssamningur Eirar hjúkrunarheimilis, Landspítala – háskólasjúkrahúss og HTR.

Samstarfssamningurinn tekur til endurhæfingar aldraðra. Hann var undirritaður 25. apríl 2007 með gildistíma frá 25. apríl 2007 til og með 31. desember 2008. Árlegur kostnaður við samninginn er 21,7 millj. kr. (hlutfallslegur kostnaður 2007) og er fjármagnaður á fjárlögum.

Samningur HTR við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Heilsugæsluna Salahverfi.

Samningurinn tekur til þverfaglegrar starfsendurhæfingar innan heilsugæslunnar. Hann var undirritaður 9. maí 2007 og gildir í þrjú ár frá undirritun. Greiðslur vegna samningsins eru 5 millj. kr. árið 2007, 6 millj. kr. árið 2008 og 6 millj. kr. árið 2009. Samningurinn er fjármagnaður á fjárlögum af sérstakri fjárveitingu til eflingar geðheilbrigðisþjónustu.

Samningur Reykjanesbæjar annars vegar og FEL, HTR og MRN hins vegar.

Samningurinn er tilraunaverkefni til þriggja ára um forvarnaverkefnið Uppeldi til árangurs. Samningurinn var undirritaður 8. maí 2007, með gildistíma frá 1. september 2007 til 31. ágúst 2010. Árlegur kostnaður heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis er 2 millj. kr. Samningurinn er fjármagnaður á fjárlögum af sérstakri fjárveitingu til eflingar geðheilbrigðisþjónustu.

Samningur við Heilbrigðisstofnun Suðausturlands.

Samningurinn tekur til þjónustu við börn og ungmenni í umdæmi Heilbrigðisstofnunar Suðausturlands. Samningurinn er í samræmi við stefnu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að efla geðheilbrigðisþjónustu við börn og ungmenni sem eiga við geðröskun að stríða. Samningurinn var undirritaður 10. janúar 2007, með gildistíma frá 1. janúar 2007 til 31. desember 2008. Árlegur kostnaður nemur 1 millj. kr. Samningurinn er fjármagnaður á fjárlögum af sérstakri fjárveitingu til eflingar geðheilbrigðisþjónustu.

Samningur við Heilbrigðisstofnun Ísafjarðarbæjar.

Samningurinn tekur til geðheilbrigðisþjónustu við börn og ungmenni í umdæmi Heilbrigðisstofnunarinnar Ísafjarðarbæ og Heilbrigðisstofnunarinnar Bolungarvík. Samningurinn er í samræmi við stefnu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að efla geðheilbrigðisþjónustu við börn og ungmenni sem eiga við geðröskun að stríða. Samningurinn var undirritaður 4. maí 2007, með gildistíma frá 1. janúar 2007 til 31. desember 2008. Árlegur kostnaður nemur 3 millj. kr. Samningurinn er fjármagnaður á fjárlögum af sérstakri fjárveitingu til eflingar geðheilbrigðisþjónustu.

Samningur við Heilbrigðisstofnun Sauðárkróks.

Samningurinn tekur til geðheilbrigðisþjónustu við börn og ungmenni í umdæmi Heilbrigðisstofnunarinnar Sauðárkróki. Samningurinn er í samræmi við stefnu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að efla geðheilbrigðisþjónustu við börn og ungmenni sem eiga við geðröskun að stríða. Samningurinn var undirritaður 4. maí 2007, með gildistíma frá 1. janúar 2007 til 31. desember 2008. Árlegur kostnaður nemur 1 millj. kr. Samningurinn er fjármagnaður á fjárlögum af sérstakri fjárveitingu til eflingar geðheilbrigðisþjónustu.

Samningur við Heilbrigðisstofnun Austurlands.

Samningurinn tekur til geðheilbrigðisþjónustu við börn og ungmenni í umdæmi Heilbrigðisstofnunarinnar Austurlands. Samningurinn er í samræmi við stefnu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að efla geðheilbrigðisþjónustu við börn og ungmenni sem eiga við geðröskun að stríða. Samningurinn var undirritaður 8. janúar 2007, með gildistíma frá 1. janúar 2007 til 31. desember 2008. Árlegur kostnaður nemur 3 millj. kr. Samningurinn er fjármagnaður á fjárlögum af sérstakri fjárveitingu til eflingar geðheilbrigðisþjónustu.

Samkomulag við Blindrafélagið.

Samkomulagið er um styrk til að kaupa og þjálfa fimm leiðsöguhunda fyrir blinda og sjónskerta. Samkomulagið var undirritað 8. maí 2007 með gildistíma frá undirskrift til 31. desember 2012. Styrkur ráðuneytisins á samningstímanum er 1,7 millj. kr. árið 2007, 5 millj. kr. árið 2008 og 2,6 millj. kr. á ári tímabilið 2009 til 2012. Samkomulagið er fjármagnað á fjárlögum, af safnlið ráðuneytis árið 2007, en frá og með árinu 2008 með sérmerktri fjárveitingu á fjárlögum.

Rammasamningur HTR, Lýðheilsustöðvar, Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands, VR og eflingar.

Rammasamningurinn tekur til tilraunaverkefnisins Hreyfing fyrir alla. Samningurinn var undirritaður 9. febrúar 2007 með gildistíma frá undirritun til 31. desember 2008. Samkvæmt samningnum er kostnaðarhlutdeild ráðuneytisins 1 millj. kr. sem greiðist fyrir 1. mars 2007. Samningurinn er fjármagnaður af fjárlögum.

Tölulegt yfirlit í millj. kr.

	Fjárlagaliður*	Gildistími	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti								
Landspítali – háskólasjúkrahús	08-401-101	1/1/07 – 31/12/07	125,0					
Söfnun og úrvinnsla upplýsinga vegna mænuskaða	08-379-1.01	2007	5,7					
Samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann	08-388	2007	80,0					
Þjónustusamningur við Bláa lónið**	08-399-1.73	1/1/07 – 31/12/12	44,6	44,6	44,6	44,6	44,6	44,6
Bláa lónið – styrkur**	08-399-1.74	1/1/06 – 31/12/09	25,0	25,0	25,0			
Rannsóknarstofnun um lyfjamál	safnliður	2007–2009	0,5	0,5	0,5			
Endurhæfing aldraðra	08-410	25/4/07 – 31/12/08	15,0	21,7				
Þverfagleg starfsendurhæfing	08-500-1.10	9/5/07 – 8/5/10	5,0	6,0	6,0			
Uppeldi til árangurs	08-500-1.10	1/9/07 – 31/8/10	2,0	2,0	2,0			
Heilbrigðisstofnun Suðausturlands	08-500-1.10	1/1/07 – 31/12/08	1,0	1,0				
Heilbrigðisstofnun Ísafjarðarbæjar	08-500-1.10	1/1/07 – 31/12/08	3,0	3,0				
Heilbrigðisstofnun Sauðárkróks	08-500-1.10	1/1/07 – 31/12/08	1,0	1,0				
Heilbrigðisstofnun Austurlands	08-500-1.10	1/1/07 – 31/12/08	3,0	3,0				
Blindrafélagið	08-399-1.98	8/5/07 – 31/12/12	1,7	5,0	2,6	2,6	2,6	2,6
Hreyfing fyrir alla	08-500-1.10	9/2/07 – 31/12/08	1,0					
Samtals			*313,5*	*112,8*	*80,7*	*47,2*	*47,2*	*47,2*


* Fjárlagaliðir sem verkefni eru fjármögnuð af, getur verið annað en fjárlaganúmer stofnunar, sem sinnir verkefninu.

** Greitt út af sjúkratryggingum 2007, en fært á sérstakt viðfang í fjárlögum frá og með 2008.

Stofnkostnaðarverkefni.
Framkvæmdir við 7 ný hjúkrunarheimili.

Með yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og Landssambands eldri borgara frá 19. júlí 2006 var ákveðin sérstök 1.300 millj. kr. fjárveiting til að fjölga hjúkrunarrýmum. Skyldu 700 millj. kr. lagðar fram árið 2008 og 600 millj. kr. árið 2009. Miðað var við að þessir fjármunir færu til greiðslu 45% kostnaðar við hjúkrunarheimilin, 40% kæmu úr Framkvæmdasjóði aldraðra og 15% frá sveitarfélögunum.

Fljótlega eftir að gengið var frá yfirlýsingunni var farið að huga að nýtingu fjárins, þ.e. velja þau verkefni sem ráðist skyldi í og fá upplýsingar um getu Framkvæmdasjóðs aldraðra til að leggja fram þann 40% hlut sem honum er ætlað. Niðurstaða þessarar vinnu lá fyrir í lok október 2006 og var kynnt á blaðamannafundi 4. nóvember 2006. Framkvæmdatími var ákveðinn miðað við að verktími hvers verks væri sem stystur og að nýting tiltæks byggingarfjár yrði sem best á hverjum tíma.



Viðkomandi sveitarfélögum var skrifað bréf, þeim kynnt áform ráðuneytisins og óskað eftir tilnefningu fulltrúa í samráðshópa fyrir hvert verk. Unnið var að undirbúningi verka fram eftir vori 2007. Frumáætlun fyrir hjúkrunarheimilið í Kópavogi sem unnin var samkvæmt verklagsreglum um undirbúning opinberra framkvæmda, var send fjármálaráðuneyti með beiðni um verkhönnun 20. apríl og var sú heimild veitt 4. júlí 2007.

Hjúkrunarheimili Garðabæ.

Þann 9. maí 2007 var undirritaður samningur um nýbyggingu hjúkrunarheimilis sem komi í stað Holtsbúðar í Garðabæ. Samningsaðilar voru heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og fjármálaráðuneytið annars vegar og Garðabær hins vegar. Í nýbyggingunni skyldu vera 40 hjúkrunarrými fyrir aldraða og skyldu 85% kostnaðar við verkið greiðast af ríkissjóði en 15% af Garðabæ. Samið var um að Garðabær lánaði ríkissjóði hlut ríkissjóðs í framkvæmdakostnaði en fengi hann endurgreiddan með verðbótum í hlutfalli við breytingar á byggingavísitölu á lánstímanum en án vaxta. Lánið skal endurgreitt með greiðslum af væntanlegum fjárveitingum á byggingarlið ráðuneytisins í fjárlögum og skulu þær hefjast þegar lokið verður greiðslum vegna 12 annarra tiltekinna verka. Þegar samningurinn var gerður var reiknað með að fjármögnun þeirra yrði lokið á árinu 2013 og gætu endurgreiðslur til Garðabæjar því hafist árið 2014.

Heilsugæslustöð í Árbæ.

Þann 13. desember 2006 var leitað eftir heimild fjármálaráðuneytis til að auglýsa eftir leiguhúsnæði fyrir heilsugæslustöð í Árbæ. Heimild til þessa verkefnis byggist á lið 6.10 í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 2007. Fjármálaráðuneytið veitti leyfið 26. janúar 2007 og 24. apríl lágu fyrir leiguboð fjögurra aðila samkvæmt auglýsingum sem birtar voru í blöðum. Í lok júní hafði ákvörðun verið tekin um að leita samninga við einn þeirra sem lögðu inn leiguboð.

Barna- og unglingageðdeild LSH – BUGL.

Í byrjun desember 2006 lágu fyrir öll nauðsynleg gögn vegna útboðs á stækkun á húsnæði BUGL við Dalbraut 12 í Reykjavík. Verkið var boðið út skömmu fyrir jól og 5. febrúar 2007 var ákveðið að taka tilboði verktakafyrirtækisins Framkvæmda ehf. og var þar með kominn á gildandi bráðabirgða verksamningur. Verkið er að fullu fjármagnað á fjárlögum.

Hjúkrunarheimili við Suðurlandsbraut 66.

Þann 12. desember 2006 var óskað eftir heimild fjármálaráðuneytis til útboðs á jarðvinnu vegna byggingar hjúkrunarheimilis við Suðurlandsbraut 66. Hönnun verksins var það langt komin að æskilegt þótti að nota heppilegan framkvæmdatíma til jarðvinnunnar og ljúka þar með nauðsynlegum verkþætti sem oft skapar verulega óvissu í upphafi framkvæmda, þar sem umfang slíkra verka er sjaldan vel þekkt. Tilboð voru opnuð 9. febrúar 2007 og var lægsta boð 21,3 millj. kr. eða 58% af kostnaðaráætlun. Því var tekið og lauk verkinu í lok júní sl. Verkið er fjármagnað með fé af fjárlögum, úr framkvæmdasjóði aldraðra og með greiðslum frá sveitarfélagi í hlutföllunum 30%–40%–30%, samkvæmt sérstöku samkomulagi við Reykjavíkurborg.

Heilbrigðisstofnun Siglufjarðar – viðbygging.

Tilboð í viðbyggingu við Heilbrigðisstofnun Siglufjarðar voru opnuð 9. janúar 2007. Eitt tilboð barst og þann 5. febrúar var ákveðið að taka því tilboði. Verkið er í gangi og ætlað að því ljúki á árinu 2008. Verkið er að fullu fjármagnað á fjárlögum.

Sjúkrahús á Selfossi, hjúkrunardeild á 3. hæð nýbyggingar.

Um áramótin 2005/2006 kom upp sú hugmynd að hækka um eina hæð þá viðbyggingu sem var í smíðum við Sjúkrahúsið á Selfossi. Viðbyggingin hafði verið fyrirhuguð sem tveggja hæða bygging á kjallara en skyldi þá verða 3 hæðir. Ákvörðun um þriðju hæðina var tekin í byrjun mars 2006. Framkvæmdir við verkið höfðu nær stöðvast fljótlega upp úr áramótum og nú tók við 6 mánaða bið eftir vinnuteikningum og lokaheimild til byggingar 3. hæðarinnar. Á 2. hæð hússins hafði verið fyrirhuguð 26 rúma hjúkrunardeild, þar af 14 rúm í tveggja manna herbergjum. Við stækkunina var ákveðið að fækka rúmum á annarri hæð hússins í 20 og einmenna í öll herbergi. Einnig voru gerðar lítils háttar breytingar á innréttingu til að auðvelda starfsfólki heimilisins störf sín. Þriðja hæðin var síðan höfð eins og 2. hæð hússins.

Heimild fékkst til að semja um uppsteypu og utanhúsfrágang 3. hæðarinnar sem viðbótarverk við gildandi verksamning. Í mars 2007 var síðan ákveðið að óska eftir að verktakinn bætti við öðru viðbótarverki við verksamninginn og fela honum innréttingu 3. hæðarinnar samhliða því sem unnið væri við innréttingu 2. hæðar. Verkið er fjármagnað með fé af fjárlögum, úr Framkvæmdasjóði aldraðra og með greiðslum frá sveitarfélagi í hlutföllunum 45%– 40%–15%.

Heilsugæslustöð á Raufarhöfn.

Undirbúningur þessa verks hefur staðið í mörg ár. Hönnun þessa verks lauk haustið 2005 en of seint til að rétt þætti að ráðast í framkvæmdir rétt fyrir vetur. Heimildar til útboðs var leitað 10. apríl 2006 en svar hafði ekki fengist þegar tímabundin stöðvun nýrra verklegra framkvæmda tók gildi á miðju sumri 2006. Heimild til útboðs fékkst loks um miðjan mars 2007 og var verkið þá boðið út og tilboð opnuð 17. apríl. Tvö tilboð bárust og var annað þeirra um 14,6% yfir kostnaðaráætlun, en viðmiðunarmörk sem ráðuneytið styðst við þegar metið er hvort ásættanlegt sé að taka tilboði eru 15%. Tilboðinu var því tekið 22. maí 2007. Verkið er að fullu fjármagnað á fjárlögum.

09 Fjármálaráðuneyti.

Á tímabilinu 6. desember 2006 og þar til þáverandi ríkisstjórn lét af störfum í maí 2007 hefur fjármálaráðherra undirritað eftirfarandi samning sem felur í sér fjárhagslegar skuldbindingu fyrir ríkissjóð á núverandi kjörtímabili.

Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf.

Þann 9. desember 2006 undirritaði fjármálaráðherra þjónustusamning við Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf. um þróun, umsjón og ráðstöfun eigna á þróunarsvæði við Keflavíkurflugvöll. Með samningnum skuldbindur ríkið sig til þess að greiða Þróunarfélaginu sérstaka þóknun á fjáraukalögum 2006 og fjárlögum 2007 til þess að hefja rekstur og undirbúning á starfsemi sinni. Nam upphæðin 142 millj. kr. á fjáraukalögum 2006 og 280 millj. kr. á fjárlögum fyrir árið 2007. Að öðru leyti nemur þóknun Þróunarfélagsins þeim leigutekjum sem fást vegna leigðra eigna á þróunarsvæðinu auk þess sem ríkið greiðir þóknun af söluverði seldra fasteigna á svæðinu. Nemur sú þóknun 100% af söluverði fasteigna fyrstu 2 ár samningstímans, en eftir þann tíma er gert ráð fyrir að þóknun til Þróunarfélagsins verði tekin til endurskoðunar miðað við verkefnastöðu og fjárhag félagsins.

Tölulegt yfirlit í millj. kr.

	Fjárlagaliður	Gildistími	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Fjármálaráðuneyti								
Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf.	09-985-101	2010	142,0	280,0				
Samtals			*142,0*	*280,0*	*0,0*	*0,0*	*0,0*	*0,0*

Rafrænt markaðstorg – viljayfirlýsing.

Fjármálaráðherra undirritaði hinn 28. febrúar 2007, viljayfirlýsingu um gerð samnings við EC hugbúnað ehf. um rekstur á rafrænu markaðstorgi fyrir ríkið. Í yfirlýsingunni er gert ráð fyrir að ríkið skuldbindi sig til að greiða 75.000 kr. á mánuði fyrir allar stofnanir ríkisins fyrir aðgang og viðskipti á markaðstorginu. Samningur þessa efnis var síðan undirritaður í júní 2007. Ekki var gert ráð fyrir að það þyrfti að koma til viðbótarfjárveiting á fjárlögum til þess að standa straum af kostnaðinum.

10 Samgönguráðuneyti.

Á tímabilinu 6. desember 2006 og þar til þáverandi ríkisstjórn lét af störfum í maí 2007 gerði samgönguráðherra tvo samninga sem fela í sér fjárhagslegar skuldbindingar fyrir ríkissjóð.

Samningur um gerð og afnot flugbrautar í Kárastaðalandi í Borgarbyggð.

Þann 8. maí 2007 undirritaði samgönguráðherra og Borgarbyggð samning um gerð og afnot flugbrautar í Kárastaðalandi í Borgarbyggð. Tilgangur og markmið samningsins er að tryggja að flugvöllurinn geti nýst með fullnægjandi hætti fyrir almenna umferð flugvéla svo sem æfinga- og kennsluflug. Samkvæmt samningnum er gjald fyrir afnot af flugvallarsvæðinu 14 millj. kr. sem greiðist í tvennu lagi og eru greiðslur fullnaðargreiðslur til Borgarbyggðar fyrir umsamin afnot, óháð tímalengd samningsins.

Þjónustusamningur um rekstur Vaktstöðvar siglinga – viðauki.

Þann 26. mars 2007 undirritaði samgönguráðherra viðauka við þjónustusamning vegna endurnýjunar búnaðar fyrir Vaktstöð siglinga. Er í samningnum byggt á kostnaðaráætlun sem samtals hljóðar upp á 181 millj. kr. og skulu greiðslur fara fram mánaðarlega gegn framvísun reiknings. Gert er ráð fyrir að ársgreiðslur úr ríkissjóði vegna samningsins verði 45,7 millj. kr. frá og með 2008.

Tölulegt yfirlit í millj. kr.

	Fjárlagaliður	Gildistími	2007	2008	2009	2010	2011	2012–15
Samgönguráðuneyti								
Flugbraut í Kárastaðalandi Borgarbyggð	10-475-6.41	Frá 8/5/07	7,0	7,0				
Rekstur Vaktstöðvar siglinga – viðauki	10-335-1.11	26/3/07 – 26/3/12		45,7	45,7	45,7	45,7	45,7
Samtals			*7,0*	*52,7*	*45,7*	*45,7*	*45,7*	*45,7*

11–12 Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

Á tímabilinu 6. desember 2006 og þar til þáverandi ríkisstjórn lét af störfum í maí 2007 undirritaði iðnaðar- og viðskiptaráðherra einn samning sem felur í sér fjárhagslega skuldbindingu fyrir ríkissjóð.

Samningur um kaup á hlutum í Vistorku hf.

Iðnaðar- og viðskiptaráðherra undirritaði ásamt fjármálaráðherra fyrir hönd Ríkissjóðs Íslands samning um kaup á hlutum í Vistorku hf. þann 12. mars 2007. Umsamið kaupverð er 225 millj. kr. og greiðist á 3 árum. Í samningnum er fyrirvari um að framlög iðnaðarráðuneytisins séu háð fjárheimild Alþingis hverju sinni. Fjárheimild til kaupanna eru af liðnum Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög í 2. gr. fjárlaga, sjóðstreymi.

Tölulegt yfirlit í millj. kr.

	Fjárlagaliður	Gildistími	2007	2008	2009	2010	2011
Iðnaðarráðuneyti							
Samningur um kaup á hlut í Vistorku hf.			25,0	100,0	100,0		
Samtals			*25,0*	*100,0*	*100,0*	*0,0*	*0,0*

14 Umhverfisráðuneyti.

Á tímabilinu 6. desember 2006 og þar til þáverandi ríkisstjórn lét af störfum í maí 2007 voru hjá umhverfisráðuneytinu endurnýjaðir tveir samstarfssamningar um sameiginleg verkefni er tengjast innleiðingu Staðardagskrár 21 og sjálfbærri byggðaþróun. Auk þess var undirritaður 2. júlí 2007 viðauki við samstarfssamning Sambands íslenskra sveitarfélaga og

umhverfisráðuneytisins um áframhaldandi starf á landsvísu að gerð Staðardagskrár 21 í íslenskum sveitarfélögum.

Samstarfssamningur milli umhverfisráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Samningurinn var undirritaður 15. febrúar 2007 og gildir frá og með 1. janúar 2007 til og með 31. desember 2009. Samstarfssamningur þessi er almennur samningur um Staðardagskrá 21 í íslenskum sveitarfélögum. Umhverfisráðuneytið greiðir Sambandi íslenskra sveitarfélaga árlega 3 millj. kr. en sambandið leggur til verkefnisins 2 millj. kr. Sambandið greiðir einnig allan kostnað vegna verktakasamnings við aðila um framkvæmd verkefnisins. Tekið er fram í samningnum að greiðslur ráðuneytisins séu ákveðnar með fyrirvara um fjárveitingar Alþingis. Greiðslur fyrir árið 2007 voru samþykktar við fjárlagaafgreiðslu í desember 2006. Einnig liggur nú fyrir samþykki vegna fjárlaga 2008.

Samstarfssamningur milli umhverfisráðherra og iðnaðarráðherra.

Samningurinn var undirritaður 15. febrúar 2007 og gildir frá og með 1. janúar 2007 til og með 31. desember 2009. Samstarfssamningur þessi byggist m.a. á byggðaáætlun 2006–2009 og snýr að Staðardagskrá 21 í fámennum sveitarfélögum. Umhverfisráðherra og iðnaðarráðherra munu beita sér fyrir því að til þessara samstarfsverkefna verði árlega 7 millj. kr. til ráðstöfunar og greiðist sú upphæð jafnt af hvoru ráðuneyti fyrir sig en umhverfisráðuneytið mun hafa umsjón með fjársýslu verkefnanna. Í fyrrnefndum viðauka sem gerður er á grundvelli þessa samstarfssamnings kemur fram að umhverfisráðuneytið greiði Sambandi íslenskra sveitarfélaga 7 millj. kr. á árinu 2007 en þar af eru 3,5 millj. kr. endurkræfar frá iðnaðarráðuneyti. Sömu upphæðir verða greiddar með sama hætti árin 2008 og 2009 með fyrirvara um áframhaldandi heimild í fjárlögum.

Tölulegt yfirlit í millj. kr.

	Fjárlagaliður	Gildistími	2007	2008	2009	2010	2011
Umhverfisráðuneyti							
Staðardagskrá 21 í íslenskum sveitarfélögum	14-190-1.98	1/1/07 – 31/12/09	3,0	3,0	3,0		
Staðardagskrá 21 í fámennum sveitarfélögum	14-190-1.98	1/1/07 – 31/12/09	3,5	3,5	3,5		
Samtals			*6,5*	*6,5*	*6,5*	*0,0*	*0,0*

Töluleg samantekt allra ráðuneyta.

	Fjárlagaliður	Gildistími	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012–15
01 Forsætisráðuneyti									
Vesturfarasetrið Hofsósi[1]	01 190 1.25	2007–2011		23,0	28,0	28,0	28,0	28,0	
02 Menntamálaráðuneyti									
Samstarf á sviði menningarmála	02-999-1.98	Frá 9/2/07		4,0	4,0	4,0	4,0	4,0	16,0
Íþróttaakademían	02-999-1.98	9/5/07–31/5/11		7,0	12,0	12,0	12,0	5,0	
Uppeldi til árangurs	02-720-1.31r	1/9/07–31/8/10		2,0	2,0	2,0			
Vitinn – Verkefnastofa ehf	02-720-1.31	2007		2,0					
Rannís	02-999-1.90	1/2/07–1/9/08		9,6	2,4				
Kennaraháskóli Íslands	02-215-1.01	2008			16,0				
Samstarf framhaldsskóla á Austurlandi	02-319-1.11	1/8/06–31/7/09		3,0	3,0	3,0			
03 Utanríkisráðuneyti									
Kaup á sendiráðsbústað í Kaupmannahöfn	03-300-6.27	2007		242,2					
Kaup á ræðismannsbústað í Þórshöfn	03-300-6.29	2007		87,9					
Þýðingamiðstöð UTN á Akureyri	03-101-1.01	frá 2007		20,0	42,0	42,0	42,0	42,0	168,0
04 Landbúnaðarráðuneyti									
Mótvægisaðgerðir í garðplöntuframleiðslu	04.807.1.07	2007–2009		14,0	10,7	4,0			
Samningur um Landgræðsluskóga		1/1/09–31/12/13				35,0	35,0	35,0	70,0
Samningur um Hekluskóga	04 325 1.01	1/5/07–31/12/16		28,0	50,0	50,0	50,0	50,0	200,0

[1] Niður fellur árlegt 23 millj. kr. framlag samkvæmt eldri samningi.

	Fjárlagaliður	Gildistími	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012–15
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti									
Landhelgisgæslan	06-395	30 mánuðir		926,0	926,0	794,0			
Landhelgisgæslan	06-395	26 mánuðir			628,0	1.465,0			
Landhelgisgæslan	06-395	36 mánuðir		12,0	6,0	6,0			
World-Check	06-101	36 mánuðir		13,2	17,6	17,6	4,4		
Sýslumaðurinn á Selfossi – TMD	06-433	5 ár							
Sýslumaðurinn í Borgarnesi – TMD	06-413	5 ár		0,4	0,4	0,4	0,4	0,4	
Varnarmálaráðuneytið í Danmörku – DKM	06-101	ótímab.samn.							
Fangelsismálastofnun ríkisins – Vernd	06-501	ótímab.samn.		17,5	17,5	17,5	17,5	17,5	70,0
Neyðarlínan – TMD	06-325	ótímab.samn.		0,4	0,4	0,4			
Sýslumaðurinn á Hólmavík	06-419	ótímab.samn.		0,3	0,3	0,3	0,3	0,3	1,0
Lögreglan á Ólafsfirði	06-424	ótímab.samn.		0,5	0,5	0,5	0,5	0,5	1,9
Lögreglan á Siglufirði	06-424	ótímab.samn.		1,6	1,6	1,6	1,6	1,6	6,2
07 Félagsmálaráðuneyti									
Samtök sveitarf. á Norðurlandi vestra	07-705-1.86	19/12/06–31/12/12	272,6	306,9	335,1	335,1	335,1	335,1	335,1
Norðurþing	07-706-1.85	30/4/07–31/12/09	74,2	98,7	113,4	113,4			
Akureyrarkaupstaður	07-706-1.86	8/1/07–31/12/09	655,2	739,2	783,9	783,9			
Sveitarfélagið Hornafjörður	07-707-1.86	30/4/07–31/12/12	24,0	26,7	27,6	27,6	27,6	27,6	27,6
Reykjavíkurborg	07-700-1.90	20/12/06–31/12/09		43,4	15,0	15,0			
AE-starfsendurhæfing	07-700-1.90	29/12/06–31/12/08		14,1	14,1				
Rauði kross Íslands	07-999-1.49	10/5/07–31/8/08		14,0	3,3				
Alþjóðahúsið	07-999-1.49	2007		2,5					
Reykjanesbær	07-999-.198	1/9/07–31/8/10		2,0	2,0	2,0			

	Fjárlagaliður	Gildistími	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012–15
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti[2]									
Landspítali háskólasjúkrahús	08-401-101	1/1/07–31/12/07		125,0					
Söfnun og úrv. uppl. vegna mænuskaða	08-379-1.01	2007		5,7					
Samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann	08-388	2007		80,0					
Þjónustusamningur við Bláa lónið[3]	08-399-1.73	1/1/07–31/12/12		44,6	44,6	44,6	44,6	44,6	44,6
Bláa lónið – styrkur[3]	08-399-1.74	1/1/06–31/12/09		25,0	25,0	25,0			
Rannsóknarstofnun um lyfjamál	safnliður	2007–2009		0,5	0,5	0,5			
Endurhæfing aldraða	08-410	25/4/07–31/12/08		15,0	21,7				
Þverfagleg starfsendurhæfing	08-500-1.10	9/5/07–8/5/10		5,0	6,0	6,0			
Uppeldi til árangurs	08-500-1.10	1/9/07–31/8/10		2,0	2,0	2,0			
Heilbrigðisstofnun Suðausturlands	08-500-1.10	1/1/07–31/12/08		1,0	1,0				
Heilbrigðisstofnun Ísafjarðarbæjar	08-500-1.10	1/1/07–31/12/08		3,0	3,0				
Heilbrigðisstofnun Sauðárkróks	08-500-1.10	1/1/07–31/12/08		1,0	1,0				
Heilbrigðisstofnun Austurlands	08-500-1.10	1/1/07–31/12/08		3,0	3,0				
Blindrafélagið	08-399-1.98	8/5/07–31/12/12		1,7	5,0	2,6	2,6	2,6	2,6
Hreyfing fyrir alla	08-500-1.10	9/2/07–31/12/08		1,0					
09 Fjármálaráðuneyti									
Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf.	09-985-101	til 2010	142,0	280,0					

[2] Fjárlagaliðir sem verkefni eru fjármögnuð af, getur verið annað en fjárlaganúmer stofnunar, sem sinnir verkefninu.

[3] Greitt út af sjúkratryggingum 2007, en fært á sérstakt viðfang í fjárlögum frá og með 2008.

	Fjárlagaliður	Gildistími	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012–15
10 Samgönguráðuneyti									
Flugbraut í Kárastaðalandi Borgarbyggð	10-475-6.41	Frá 8/5/07		7,0	7,0				
Rekstur Vaktstöðvar siglinga – viðauki	10-335-1.11	26/3/07 – 26/3/12			45,7	45,7	45,7	45,7	45,7
11–12 Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti									
Samningur um kaup á hlut í Vistorku hf.				25,0	100,0	100,0			
14 Umhverfisráðuneyti									
Staðardagskrá 21 í íslenskum sveitarfélögum	14-190-1.98	1/1/07–31/12/09		3,0	3,0	3,0			
Staðardagskrá 21 í fámennum sveitarfélögum	14-190-1.98	1/1/07–31/12/09		3,5	3,5	3,5			
Samtals			**1.168,0**	**3.294,0**	**3.334,7**	**3.993,1**	**651,2**	**639,8**	**988,8**

594. Frumvarp til laga [353. mál]

um breytingu á lögum nr. 44/2002, um geislavarnir.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Á eftir 9. tölul. 1. mgr. kemur nýr töluliður, svohljóðandi: Nauðsynleg mælifræði og varðveisla landsmæligrunna vegna notkunar jónandi geislunar á Íslandi.
b. Í stað orðanna „láta stofnuninni í té nauðsynlegar upplýsingar“ í 5. mgr. kemur: veita stofnuninni aðstoð við öflun nauðsynlegra upplýsinga.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „innflutningur“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: útflutningur.
b. 2. og 3. málsl. 3. mgr. orðast svo: Innflytjendur skulu senda Geislavörnum ríkisins tilkynningu eigi síðar en 1. febrúar ár hvert um innflutning og kaupendur tilkynningarskyldra tækja á liðnu ári. Innlendir framleiðendur skulu með sama hætti senda slíka tilkynningu um innlenda kaupendur tilkynningarskyldra tækja.

3. gr.

Fyrirsögn III. kafla laganna verður: **Leyfisveitingar og tilkynningar um innflutning o.fl.**

4. gr.

2. málsl. 1. mgr. 9. gr. laganna orðast svo: Notkun geislavirkra efna, sem ekki falla undir 2. mgr. 7. gr., og geislatækja sem gefa frá sér jónandi geislun er háð leyfi Geislavarna ríkisins.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „eigandi“ í 1. mgr. og 1. málsl. 2. mgr. og „eiganda“ í 3. málsl. 2. mgr. kemur í viðeigandi beygingarfalli: leyfishafi.
b. Í stað orðanna „innra eftirliti“ í 3. mgr. og „innra eftirlits“ í 4. mgr. kemur í viðeigandi beygingarfalli: gæðaeftirlit.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 20. gr. laganna:

a. 1. mgr. fellur brott.
b. 2. mgr. orðast svo:

Viðgerðir og uppsetningar á geislatækjum sem gefa frá sér jónandi geislun mega þeir einir annast sem uppfylla kröfur Geislavarna ríkisins um þekkingu og reynslu. Þeir sem taka að sér uppsetningu slíkra geislatækja skulu tilkynna Geislavörnum ríkisins um uppsetninguna innan fjögurra vikna frá því að henni lýkur.

c. 3. mgr. orðast svo:

Þeir sem taka að sér að setja upp slík geislatæki eða gera við þau skulu ganga úr skugga um að öryggisbúnaður tækjanna sé í samræmi við lög og reglugerðir eða aðrar reglur settar samkvæmt þeim og tilkynna Geislavörnum ríkisins tafarlaust ef svo er ekki.

7. gr.

Fyrirsögn IX. kafla laganna verður: **Uppsetning og viðgerðir á geislatækjum.**

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2009.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu í nánu samstarfi við Geislavarnir ríkisins. Í 23. gr. gildandi laga um geislavarnir, nr. 44/2002, er kveðið á um endurskoðun á eftirlitsþætti laganna innan 5 ára frá gildistöku þeirra. Lögin tóku gildi 1. maí 2002. Í ljósi fenginnar reynslu og þess árangurs sem náðst hefur er hér lagt til að haldið verði áfram á sömu braut og mörkuð var með lögum nr. 44/2002. Annars vegar verði framkvæmd eftirlits stofnunarinnar einfölduð og hins vegar verði enn frekar dregið úr reglubundnu tæknilegu eftirliti. Þess í stað verði lögð aukin áhersla á ábyrgð notenda, virk gæðakerfi og mat á geislaálagi sjúklinga. Þessar áherslubreytingar í starfsemi stofnunarinnar eiga að skila verulegum árangri í þeirri viðleitni að notkun geislunar á Íslandi sé sem árangursríkust og að geislun á fólk, almenning, starfsmenn og sjúklinga, sé sem minnst. Samhliða tillögum að lagabreytingum er unnið að breytingum á reglugerðum sem Geislavarnir ríkisins starfa eftir með sömu markmið í huga.

Í samræmi við ofangreint felur frumvarpið fyrst og fremst í sér tillögur um einföldun eftirlits Geislavarna ríkisins. Frumvarpið tekur einnig mið af breyttum áherslum í geislavörnum innan Evrópusambandsins og með því er haldið áfram aðlögun og framkvæmd íslenskrar löggjafar á sviði geislavarna að tilskipunum Evrópusambandsins um geislavarnir og framkvæmd þeirra. Geislavarnir innan Evrópusambandsins byggjast á svonefndum EURATOM-samningi frá 1956 en hann er ekki hluti af samningum um Evrópska efnahagssvæðið. Engu að síður er mikilvægt að geislavarnir á Íslandi taki mið af því hvernig málum þessum er háttað í löndunum í kringum okkur.

Þær breytingar sem frumvarpið felur í sér eru fjórþættar. Í fyrsta lagi er lögð til einföldun á framkvæmd eftirlits með innflutningi, uppsetningu og breytingum á geislatækjum sem gefa frá sér jónandi geislun. Í öðru lagi er lagt til að útflutningur geislavirkra efna verði háður leyfi Geislavarna ríkisins. Í þriðja lagi að stofnuninni verði falin nauðsynleg mælifræði og umsjón með og varðveisla landsmæligrunna fyrir jónandi geislun og geislavirkni. Í fjórða lagi eru nokkrar greinar núgildandi laga gerðar skýrari.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í a-lið er lagt til að Geislavörnum ríkisins verði falið að annast nauðsynlega mælifræði og varðveislu landsmæligrunna vegna notkunar jónandi geislunar á Íslandi. Með mælifræði jónandi geislunar er átt við fræði og aðferðir til að mæla geislun, geislaskammta og geislavirkni. Með landsmæligrunni er átt við mælitæki eða mælikerfi sem ætlað er að skilgreina

eða endurgera mælieiningu sem hafa skal til viðmiðunar í viðkomandi landi. Hér er einkum átt við kvörðuð mælitæki til mælinga á geislun, geislaskömmtum og geislavirkni.

Geislavarnir ríkisins hafa samkvæmt gildandi lögum eftirlit með jónandi geislun og er aukin áhersla á mælifræði nauðsynleg vegna þessa hlutverks stofnunarinnar. Kröfur um áreiðanlegar og sambærilegar mælingar á jónandi geislun, einkum við læknisfræðilega geislun, m.a. innan Evrópusambandsins, gera það nauðsynlegt að efla þátt mælifræði í starfsemi Geislavarna ríkisins. Grunnkröfum mælifræðinnar er lýst í grunnöryggisstöðlum Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar (IAEA) og alþjóðlegum stöðlum. Til þessa hafa mælitæki og búnaður Geislavarna ríkisins verið send reglulega til endurkvörðunar hjá framleiðendum þeirra en nú er ljóst að með því er aðeins að hluta komið til móts við kröfur ofantalinna staðla, einkum vegna læknisfræðilegrar geislunar.

Í flestum aðildarlöndum Evrópusambandsins eru starfrækt svonefnd „Secondary Standard Dosimetry Laboratories“ sem annast mælifræði og varðveislu og umsjón með landsmæligrunnum vegna jónandi geislunar. Þau eru í nánum tengslum við svonefnd „Primary Standard Dosimetry Laboratories“ í stærstu ríkjum Evrópusambandsins en þar er að finna svonefnda frummæligrunna sem landsmæligrunnar annarra landa byggjast á. Eiginlegt „Secondary Standard Dosimetry Laboratory“ er ekki að finna á Íslandi og óraunhæft að slíkri aðstöðu verði komið upp hér á landi. Það er bæði vegna stofnkostnaðar sem er rúmlega 130 millj. kr. og árlegs rekstrarkostnaðar sem er um 20 millj. kr. Þess í stað hafa Geislavarnir ríkisins leitað eftir samkomulagi við Geislavarnastofnun Svíþjóðar sem hefur umsjón með og varðveitir landsmæligrunn Svía fyrir jónandi geislun og Alþjóðakjarnorkumálastofnunina, um samstarf á sviði mælifræði þannig að Geislavarnir ríkisins geti sent þangað sérfræðinga í starfsþjálfun og fengið framkvæmdar reglubundnar kvarðanir á mælitækjum og öðrum búnaði sem notaður er við eftirlit og geislamælingar á vegum stofnunarinnar.

Gert er ráð fyrir að byggt verði á þeirri aðstöðu sem er fyrir hendi hjá stofnuninni til geislamælinga og hún bætt þannig að hún nýtist m.a. til samanburðarmælinga á mælitækjum sem notendur jónandi geislunar á Íslandi nota við starfsemi sína.

Umsjón Geislavarna ríkisins með mælifræði og varðveisla landsmæligrunna jónandi geislunar fellur vel að hlutverki stofnunarinnar samkvæmt gildandi lögum en vegna mikilvægis verkefnisins þykir rétt að tiltaka það sérstaklega í 5. gr. laganna sem fjallar um hlutverk stofnunarinnar og helstu verkefni sem henni er ætlað að annast.

Í gildandi lögum um geislavarnir, nr. 44/2002, er mat á geislaálagi sjúklinga sem og heildargeislaálagi almennings vegna starfsemi sem lögin taka til skilgreint sem sérstakt verkefni. Jafnframt er tiltekið í 5. gr. gildandi laga að þeir sem hafi með höndum starfsemi sem lögin taki til skuli láta stofnuninni í té nauðsynlegar upplýsingar til þess að matið verði eins raunhæft og kostur er. Í ljós hefur komið að heilbrigðisstofnanir geta aðeins að hluta til látið í té nauðsynlegar upplýsingar en Geislavarnir ríkisins þurfa einnig að annast sérhæfðar mælingar á geislaálagi sjúklinga í mun meira mæli en ætlað var auk úrvinnslu og túlkunar á niðurstöðum. Því er með b-lið greinarinnar lögð til sú breyting á 5. mgr. 5. gr. gildandi laga að heilbrigðisstofnanir veiti Geislavörnum ríkisins aðstoð við öflun nauðsynlegra upplýsinga fremur en að þess sé krafist að þær veiti upplýsingar sem þær geta ekki veitt nema með verulegum tilkostnaði og fyrirhöfn. Reglubundið mat á geislaálagi sjúklinga er forsenda þess að hægt verði að gefa út hér á landi leiðbeiningar og reglur um viðmiðunarmörk geislunar á sjúklinga í geislaþungum rannsóknum í samræmi við kröfur Evrópusambandsins.

Um 2. gr.

Í a-lið er lögð til breyting á 1. mgr. 7. gr. gildandi laga þess efnis að útflutningur geislavirkra efna verði háður leyfi Geislavarna ríkisins eins og á við um innflutning geislavirkra efna. Gert er ráð fyrir að leyfi til útflutnings skuli því aðeins veitt að stjórnvald í móttökulandinu, oftast geislavarna- eða kjarnöryggisstofnun, staðfesti að móttakandi efnisins hafi leyfi til móttöku geislavirkra efna. Tilgangur þessa er að koma í veg fyrir að geislavirk efni lendi í höndum aðila sem hugsanlega mundu nota þau í glæpsamlegum tilgangi. Sambærileg ákvæði er að finna í löggjöf Evrópusambandsins hvað varðar útflutning til landa utan sambandsins og í viðmiðunum sem Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA, hefur gefið út. Ísland, ásamt fjölda annarra aðildarríkja IAEA, hefur staðfest að það muni fylgja viðmiðum IAEA m.a. um eftirlit með inn- og útflutningi geislavirkra efna. Gera má ráð fyrir að innflutningur geislavirkra efna verði í auknum mæli háður því að útflutningur þeirra frá móttökulandinu sé háður leyfi og að takmarkanir verði settar á sölu geislavirkra efna til landa sem ekki hafa slík ákvæði í löggjöf sinni. Ísland er alfarið háð innflutningi geislavirkra efna en notkun þeirra hér á landi er einkum í heilbrigðiskerfinu til sjúkdómsgreininga og meðferðar sjúkdóma. Vegna þess er mikilvægt að taka af öll tvímæli og setja í lög ákvæði þess efnis að útflutningur geislavirkra efna sé háður leyfi. Ákvæðið eykur einnig öryggi vegna notkunar geislavirkra efna á Íslandi, einkum í iðnaði. Leyfi eru nú veitt til innflutnings geislavirkra efna en þau er hægt að flytja út aftur að notkun lokinni án vitneskju Geislavarna ríkisins. Einnig er hægt að flytja efnin beint áfram til annars lands. Þetta getur leitt til þess að óvissa skapist um það magn geislavirkra efna sem er í landinu á hverjum tíma. Á þetta hefur reynt þegar um er að ræða erlenda aðila, t.d. verktaka, sem starfa hér á landi tímabundið.

Í b-lið er lagt til að ákvæði er lýtur að framkvæmd eftirlits Geislavarna ríkisins með innflutningi verði einfaldað. Samkvæmt gildandi reglum er innflutningur geislatækja, sem gefa frá sér jónandi geislun, tilkynningarskyldur. Innflytjendur eiga að senda stofnuninni tilkynningu um hvert slíkt tæki sem flutt er inn. Það er mat stofnunarinnar að það sé nægilegt að innflutningur ásamt upplýsingum um kaupendur sé tilkynntur stofnuninni árlega. Sú breyting sem hér er lögð til miðar því að því að einfalda þetta eftirlit þannig að í stað þess að innflytjendur geislatækja sendi Geislavörnum ríkisins tilkynningu um hvert tæki þá sendi þeir inn tilkynningu fyrir 1. febrúar ár hvert um innflutning og kaupendur tilkynningarskyldra tækja á liðnu ári. Á Íslandi er nú framleiddur búnaður sem inniheldur tilkynningarskyld geislatæki. Búnaðurinn er til notkunar í matvælaiðnaði. Eðlilegt er að sambærilegar reglur um tilkynningarskyldu gildi um slíka framleiðslu og því eru lagðar til breytingar hvað þetta varðar á 3. mgr. 7. gr. gildandi laga þannig að tilkynningarskylda eigi líka við um innlenda framleiðendur.

Um 3. gr.

Hér er lögð til breyting á fyrirsögn III. kafla laganna í samræmi við þá breytingu sem lögð er til með a-lið 2. gr. frumvarpsins um að útflutningur geislavirkra efna sé háður leyfi Geislavarna ríkisins.

Um 4. gr.

Í 2. mgr. 7. gr. gildandi laga er undanþága frá leyfi til innflutnings geislavirkra efna að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Enga undanþágu er þó að finna frá leyfi til notkunar í 9. gr. laganna. Í því skyni að koma í veg fyrir þetta misræmi og gera orðalag 9. gr. skýrara er með

4. gr. frumvarpsins lagt til að 2. málsl. 1. mgr. 9. gr. verði orðaður á þann hátt að notkun geislavirkra efna sem ekki falla undir undanþáguheimild 2. mgr. 7. gr. og geislatækja sem gefa frá sér jónandi geislun sé háð leyfi Geislavarna ríkisins. Notkun efna sem falla undir undanþáguheimild 2. mgr. 7. gr. er því heimil án sérstaks leyfis.

Um 5. gr.

Í a-lið er lögð til breyting á orðanotkun í 1. og 2. mgr. 10. gr. gildandi laga. Í þessum ákvæðum er talað um eiganda tækis en það getur verið villandi á tímum rekstrarleigu og fjölbreytilegra rekstrarforma. Eigandi sneiðmyndatækis getur t.d. verið fjármálastofnun en leyfishafi fyrirtæki eða læknir sem rekur myndgreiningarþjónustu. Eigandi geislavirks efnis getur líka verið erlent verktakafyrirtæki en leyfishafinn innlent verktakafyrirtæki eða einstaklingur. Með ákvæðinu er því lagt til að í stað þess að tala um að „eigandi“ sé ábyrgur fyrir notkun geislavirkra efna og geislatækja sé það „leyfishafi“.

Í b-lið er lögð til breyting á orðanotkun í 3. mgr. 10. gr. Hugtakið „innra eftirlit“ er hvorki skilgreint í lögunum né notað í þeim reglugerðum sem settar hafa verið samkvæmt þeim. Þetta hefur verið til þess fallið að valda misskilningi hjá aðilum sem lúta eftirliti stofnunarinnar og hugtakinu verið ruglað saman við innra eftirlit fjármálastofnana eða lögreglu. Því er lagt til í samræmi við orðanotkun í 10. tölul. 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 15. gr. gildandi laga að notað verði hugtakið „gæðaeftirlit“ í stað „innra eftirlits“ enda er nú aukin áhersla lögð á gæðaeftirlit við alla starfsemi þar sem notuð er jónandi geislun. Þessi breyting einfaldar og samræmir orðanotkun og framkvæmd eftirlits vegna notkunar jónandi geislunar.

Um 6. gr.

Samkvæmt 20. gr. gildandi laga er uppsetning á geislatækjum sem gefa frá sér jónandi geislun og breyting á þeim með tilliti til geislunar hvort tveggja háð leyfi Geislavarna ríkisins. Í ljósi fenginnar reynslu er hér gerð tillaga um einföldun þessa ferlis á þann veg að uppsetning geislatækja verði tilkynningarskyld en ekki leyfisskyld og að krafa um leyfi vegna breytinga á geislatæki verði felld niður. Krafa um leyfi vegna breytinga er arfleifð frá þeim tíma þegar lítið var um röntgentæki í landinu og verið var að breyta tækjum m.a. svo að hægt væri að nota varahluti úr öðrum tækjum. Aðstæður eru þannig í dag að ekki er lengur þörf á slíkri kröfu að mati Geislavarna ríkisins. Í samræmi við þetta er með a-lið 6. gr. frumvarpsins lagt til að felld verði brott 1. mgr. 20. gr. gildandi laga þar sem kveðið er á um leyfi vegna uppsetninga og breytinga á geislatækjum sem senda frá sér jónandi geislun og útfyllingu eyðublaða vegna slíkra leyfisveitinga.

Með b-lið greinarinnar er lagt til að orðalagi 2. mgr. 20. gr. gildandi laga verði breytt í samræmi við ofangreint þannig að orðið „breytingar“ verði fellt brott. Einnig er í samræmi við ofangreint bætt við 2. mgr. kröfu um tilkynningarskyldu þeirra sem setja upp geislatæki sem gefa frá sér jónandi geislun en uppsetning er eins og áður sagði leyfisskyld samkvæmt gildandi lögum.

Með c-lið greinarinnar er orðalagi 3. mgr. 20. gr. einnig breytt í samræmi við ofangreint og textinn „eða breyta þeim með tilliti til geislunar“ felldur brott. Engin önnur efnisleg breyting er gerð á ákvæðinu.

Um 7. gr.

Hér er lögð til breyting á fyrirsögn IX. kafla laganna í samræmi við þá breytingu sem lögð er til með 6. gr. frumvarpsins og lýtur að uppsetningu og breytingum á geislatækjum og lýst er í athugasemdum með þeirri grein.

Um 8. gr.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um gildistöku laganna. Gert er ráð fyrir að verði frumvarp þetta að lögum taki ákvæði þess gildi 1. janúar 2009. Þannig gefst góður tími til að aðlaga starfsemi stofnunarinnar að þeim breyttu áherslum sem kveðið er á um í frumvarpinu og vinna að nauðsynlegum breytingum á reglugerðum á þessu sviði.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 44/2002, um geislavarnir.

Með frumvarpinu er lagt til að einfalda og draga úr tæknilegu eftirliti Geislavarna ríkisins með því m.a. að auka ábyrgð notanda, og með virku gæðakerfi og mati á geislaálagi sjúklinga. Breytingarnar sem frumvarpið leggur til eru í fyrsta lagi einföldun á framkvæmd eftirlits með innflutningi, uppsetningu og breytingum á geislatækjum sem gefa frá sér jónandi geislun. Í öðru lagi er lagt til að útflutningur geislavirkra efna verði háður leyfi Geislavarna ríkisins. Í þriðja lagi er lagt til að stofnuninni verði falin nauðsynleg mælifræði og umsjón með og varðveisla landsmæligrunna fyrir jónandi geislun og geislavirkni. Í fjórða lagi eru nokkrar greinar núgildandi laga gerðar skýrari.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er gert ráð fyrir að rekstrarkostnaður Geislavarna ríkisins aukist um 6,1 m.kr. á ári og að stofnkostnaður verði 8 m.kr. Gert er ráð fyrir að lögin öðlist gildi frá og með 1. janúar 2009 og mun allur kostnaður af framkvæmd þeirra rúmast innan fjárhagsramma heilbrigðisráðuneytis.

595. Fyrirspurn [354. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um hækkandi áburðarverð og framleiðslu köfnunarefnisáburðar.

Frá Jóni Bjarnasyni.

1. Hvernig hyggst ráðherra bregðast við áhrifum hækkandi áburðarverðs á framleiðslukostnað landbúnaðarvara og verð á þeim til neytenda?
2. Mun ráðherra láta kanna ástæður fyrir þeim mikla mun sem er á áburðarverði hér á landi og í nágrannalöndunum, t.d. Noregi?

3. Mun ráðherra beita sér fyrir athugun á hagkvæmni þess að hefja köfnunarefnisvinnslu og áburðarframleiðslu að nýju hér á landi í ljósi hinna miklu verðhækkana á áburði?
4. Mun ráðherra beita sér fyrir átaki til að efla lífræna ræktun til mótvægis við hækkandi verð á innfluttum áburði?

596. Fyrirspurn [355. mál]

til samgönguráðherra um flug milli Vestmannaeyja og lands.

Frá Árna Johnsen.

Eru mörg dæmi um að Flugfélag Vestmannaeyja hafi flogið á milli lands og Eyja á sl. sex mánuðum þegar Flugfélag Íslands hefur ekki flogið?

597. Fyrirspurn [356. mál]

til samgönguráðherra um kostnað við gerð Héðinsfjarðarganga, Fáskrúðsfjarðarganga og ganga um Almannaskarð.

Frá Árna Johnsen.

Hvernig skiptist kostnaður við gerð Héðinsfjarðarganga, Fáskrúðsfjarðarganga og ganga um Almannaskarð, sundurliðað eftir því sem hér segir:

1. bein tilboð í göngin,
2. lengd ganganna,
3. kostnaður við umhverfismat,
4. hönnunarkostnaður,
5. eftirlitskostnaður,
6. kílómetraverð samkvæmt tilboðum,
7. rannsóknarkostnaður,
8. endanlegur kostnaður eða áætlun,
9. aðrir þættir sem skipta máli,
10. framkvæmdatími, lok/áætlaður?

598. Fyrirspurn [357. mál]

til félags- og tryggingamálaráðherra um málefni fatlaðra.

Frá Rósu Guðbjartsdóttur.

1. Hvernig stendur undirbúningur að tilfærslu málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga?
2. Er ráðherra hlynntur því að við undirbúning á tilfærslu málaflokksins verði hugað sérstaklega að fjölbreyttari rekstrarformum á sambýlum og annarri þjónustu við fatlaða en nú er?

599. Fyrirspurn [358. mál]

til umhverfisráðherra um gerð áhættumats vegna siglinga olíuflutningaskipa í íslenskri efnahagslögsögu.

Frá Álfheiði Ingadóttur.

1. Hvað líður gerð áhættumats og viðbragðsáætlunar vegna vaxandi siglinga olíuflutningaskipa norður og suður fyrir Ísland á leið frá Noregi og Rússlandi til Norður-Ameríku?
2. Hvaða áhrif mundi olíuhreinsunarstöð á Vestfjörðum hafa á gerð slíks mats?

600. Fyrirspurn [359. mál]

til umhverfisráðherra um stöðu vélhjólaaksturs á Íslandi.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

1. Hyggst ráðherra nýta nýlega skýrslu um mat á stöðu vélhjólaaksturs á Íslandi og þá með hvaða hætti?
2. Telur ráðherra koma til greina að skilgreina vegtegundir innan fjallvega/ferðamannavega í gerð F4 og F5 eins og fram kemur í skýrslunni?
3. Ef svo er, hvaða ferli telur ráðherra að þurfi innan stjórnsýslunnar svo að slíkt fyrirkomulag komist á?

Skriflegt svar óskast.

601. Tillaga til þingsályktunar [360. mál]

um mótun reglna um verkferla og hæfnismat við opinberar embættisveitingar.

Flm.: Árni Þór Sigurðsson, Bjarni Harðarson, Álfheiður Ingadóttir,
Jón Magnússon, Steinunn Þóra Árnadóttir.

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að skipa nefnd með þátttöku allra þingflokka er hafi það verkefni að móta reglur og eftir atvikum semja frumvarp til laga um verkferla og meðferð og þýðingu faglegs hæfnismats við skipan í opinber embætti. Nefndin kanni m.a. kosti þess að faglegar hæfnismatsnefndir fái víðara verksvið og veiti umsagnir um fleiri embætti en nú gildir.

Stefnt skal að því að nefndin ljúki störfum fyrir 1. október 2008.

Greinargerð.

Opinberar stöðuveitingar eru vandmeðfarnar en vekja oft harðar deilur og valda kærum. Mörg dæmi eru um það að umboðsmaður Alþingis eða kærunefnd jafnréttismála hafi fengið slík mál til umfjöllunar og komist að þeirri niðurstöðu að einstakar stöðuveitingar hafi ekki byggst á málefnalegum sjónarmiðum eins og allar stjórnvaldsákvarðanir verða að gera. Þvert á móti hafi geðþótti eða eigið mat einstakra ráðherra verið látið ráða, jafnvel í tilfellum þar sem sérstakar hæfnisnefndir hafa fjallað um umsóknir og skilað rökstuddu áliti. Það er staða sem samrýmist ekki sífellt harðari kröfum til opinberrar stjórnsýslu.

Það er mikilvægt að almenningur beri traust til stjórnsýslunnar og geti reitt sig á að stjórnvaldsákvarðanir eins og opinberar stöðuveitingar standist skoðun þannig að umsækjendur um opinbert starf geti gengið út frá því sem vísu að þeir séu metnir á grundvelli málefnalegra sjónarmiða og þeirra krafna sem gerðar eru til viðkomandi starfs og auglýstar hafa verið.

Embætti í dómskerfinu eru sérstaklega mikilvæg í þessu tilliti enda dómsvaldið eitt af grunnstoðum þrískiptingar ríkisvaldsins. Enginn vafi má leika á um hlutleysi dómstóla eða á því að dómarar séu valdir til starfa á faglegum forsendum eingöngu. Því er ástæða til að nefndin skoði sérstaklega hvernig skipan dómara í embætti verði best háttað þannig að hún verði ekki tortryggð heldur þvert á móti auki traust almennings á dómskerfinu.

Algengt er að veitingavaldið (ráðuneytið) leiti til ráðningar- og mannauðsráðgjafa við mat á umsækjendum. Í nokkrum tilvikum er kveðið á um að sérstakar hæfnisnefndir eða dómnefndir fjalli um umsækjendur og meti hæfi þeirra og hæfni. Er það m.a. venjan við stöður við háskóla og dómstóla. Hlutverk slíkra hæfnisnefnda má ekki vera neinum vafa undirorpið, né heldur þýðing þess mats sem þær vinna og að hve miklu leyti veitingavaldshafinn er bundinn af áliti matsnefnda. Enn fremur er full ástæða til að skoða hvort slíkar hæfnisnefndir eigi við í fleiri tilvikum en nú er.

Ríkar ástæður eru til að móta sérstaka verkferla við skipan í opinber embætti og kanna með hvaða hætti það verður best gert. Kemur þar hvort tveggja til greina að setja sérstök lög um þessi málefni eða að samþykkja sérstakar reglur sem gefnar væru út af forsætisráðherra.

Í þeim tilgangi að móta slíkar reglur eða eftir atvikum að semja frumvarp til laga er hér lagt til að forsætisráðherra skipi nefnd með þátttöku allra þingflokka er ljúki störfum fyrir þingsetningu næstkomandi haust svo að nýjar reglur og eftir atvikum ný lög geti tekið gildi í byrjun árs 2009.

602. Frumvarp til laga [361. mál]

um breyting á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum.

Flm.: Mörður Árnason, Helgi Hjörvar.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 14. gr. laganna:

a. 6. tölul. orðast svo: Sala bóka, jafnt frumsaminna sem þýddra, hljóðupptökur af lestri slíkra bóka, sala vefútgáfu og rafútgáfu slíkra bóka og aðgangs að hliðstæðum gagnagrunnum, og sala landakorta.
b. Á eftir orðunum „með tónlist“ í 10. tölul. kemur: eða texta.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að vefbækur, rafbækur, bækur á geisladiski og landakort færist á neðra þrep virðisaukaskatts sem verði 7% af sölu þessara vara með sama hætti og af sölu hefðbundinna bóka og hljóðbóka nú. Í a-lið 1. gr. frumvarpsins er gerð tillaga um vef- og rafbækur en í b-lið bækur á geisladiski sem eru keyptar og settar í drif eða hlaðið í tölvuna í eitt skipti fyrir öll.

Vefbók er bókartexti sem lesendur kaupa sér aðgang að á vefnum eða hlaða niður af öðru vefsetri. Rafbók (e. *e-book)* er bókartexti sem hlaðið er í tölvur, síma eða „bókhlöðu“ (e. *e-paper device),* sérstakt tæki svipað tónhlöðunni eða æpoddinum, og lesinn í þeim (sjá nánar á vefslóðinni *www.bookeen.com).* Til að taka af tvímæli eru í frumvarpstextanum einnig tilteknir „hliðstæðir gagnagrunnar“ þar sem útgáfuefni á vefnum eða í stafrænu formi er ekki allt jafnframt til sem prentbók.

Geisladisksbækur og vefbækur eru þegar kunnar á íslenskum bókamarkaði, einkum orðabækur, handbækur og kennslugögn af ýmsu tagi. Vænta má rafbókaútgáfu hérlendis á næstunni.

Landakort bera nú lægra hlutfall virðisaukaskatts þegar þau eru bundin inn eða gormuð saman sem bók en hærra hlutfall þegar þau eru gefin út á hefðbundinn hátt. *Kortabók Íslands,* sem margir ferðamenn og bifreiðastjórar þekkja og kom út fyrst hjá Máli og menningu árið 2000, ber 7% virðisaukaskatt en *Kortamappa* frá sama útgefanda, þar sem nokkurn veginn sömu kortum er raðað í hulstur eða öskju, ber 24,5% virðisaukaskatt.

Um breytingarnar sem í þessu frumvarpi felast eiga við öll sömu rök og um lægri virðisaukaskatt af sölu prentaðra bóka, hljóðbóka og hljómdiska, bæði menningarleg rök og rök af samkeppnistoga um staðkvæmdarvörur.

Tekjutap ríkissjóðs af þessum breytingum verður lítið og vinnst upp með aukinni sölu bóka og korta af öllu tagi.

603. Frumvarp til laga [362. mál]

um breytingu á lögum um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, nr. 57 20. maí 2005, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

Á eftir 5. tölul. 3. gr. laganna kemur nýr töluliður, svohljóðandi: *Viðskiptahættir* eru markaðssetning fyrirtækja eða önnur athöfn, athafnaleysi eða hátterni sem tengist kynningu á vöru eða þjónustu eða viðskiptum með vöru og þjónustu.

2. gr.

Í stað II. kafla laganna koma fimm nýir kaflar, II. kafli, **Bann við óréttmætum viðskiptaháttum,** með þremur nýjum greinum, 5.–7. gr., III. kafli, **Vernd fjárhagslegra hagsmuna neytenda,** með fimm nýjum greinum, 8.–12. gr., IV. kafli, **Vernd annarra hagsmuna neytenda en fjárhagslegra,** með einni nýrri grein, 13. gr., V. kafli, **Háttsemi milli fyrirtækja,** með þremur nýjum greinum, 14.–15. gr. a, og VI. kafli, **Ábyrgðaryfirlýsingar, trúnaðarskyldur o.fl.,** með fimm nýjum greinum, 16.–16. gr. d, og breytist töluröð annarra kafla samkvæmt því. Þessar nýju greinar orðast svo:

a. (5. gr.)

Óréttmætir viðskiptahættir eru bannaðir. Bann þetta gildir áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fara fram eða þjónusta er veitt. Í III.–V. kafla er nánar tilgreint hvað teljast óréttmætir viðskiptahættir.

b. (6. gr.)

Auglýsingar skulu þannig úr garði gerðar að ekki leiki vafi á að um auglýsingar sé að ræða. Skulu þær skýrt aðgreindar frá öðru efni fjölmiðla.

Auglýsingar og aðrar viðskiptaaðferðir skulu ekki vera ósanngjarnar gagnvart keppinautum eða neytendum vegna forms þeirra eða sökum þess að skírskotað er til óviðkomandi mála.

Auglýsingar sem höfða eiga til íslenskra neytenda skulu vera á íslensku.

Fullyrðingar sem fram koma í auglýsingum eða með öðrum hætti þarf fyrirtæki að geta fært sönnur á.

c. (7. gr.)

Auglýsingar skulu miðast við að börn sjái þær og heyri og mega þær á engan hátt misbjóða þeim.

Í auglýsingum verður að sýna sérstaka varkárni vegna trúgirni barna og unglinga og áhrifa á þau.

Komi börn fram í auglýsingum skal þess gætt að sýna hvorki né lýsa hættulegu atferli eða atvikum er leitt geti til þess að þau eða önnur börn komist í hættu eða geri það sem óheimilt er.

d. (8. gr.)

Viðskiptahættir eru óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raska verulega eða eru líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Viðskiptahættir sem brjóta í bága við ákvæði kafla þessa eru alltaf óréttmætir.

Ráðherra kveður í reglugerð á um þá viðskiptahætti sem teljast undir öllum kringumstæðum óréttmætir.

e. (9. gr.)

Viðskiptahættir eru villandi ef þeir eru líklegir til að blekkja neytendur eða eru með þeim hætti að neytendum eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um viðskipti. Hér er átt við rangar upplýsingar um:

a. eðli vöru eða þjónustu og hvort varan sé til eða þjónustan fyrir hendi,
b. helstu einkenni vöru eða þjónustu, t.d. notkun, samsetningu eða árangur sem vænta má af notkun hennar,
c. þjónustu við viðskiptavini, meðferð kvartana, dagsetningu framleiðslu eða aðferð við framleiðslu,
d. verð vöru eða þjónustu eða aðferð við útreikning á verði og hvort um sértilboð eða annað verðhagræði sé að ræða og hvort það sé háð skilyrðum,
e. þörf fyrir þjónustu, varahluti, skipti á hlutum og viðgerðir,
f. réttindi, hæfni eða annað sem varðar aðstæður söluaðila eða fulltrúa hans, stöðu hans á markaði, skyldur, vörumerki og önnur hugverkaréttindi,
g. lögbundin réttindi neytanda.

Viðskiptahættir eru villandi ef ekki er greint frá upplýsingum sem telja má að almennt skipti máli fyrir neytendur eða þeim er leynt og þær eru til þess fallnar að hafa áhrif á ákvörðun neytanda um að eiga viðskipti.

f. (10. gr.)

Ef fyrirtæki hyggst auglýsa eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum vegna tiltekinnar vöru eða þjónustu skal það veita eftirfarandi upplýsingar eftir því sem við á og að teknu tilliti til auglýsingamiðilsins sem nýttur er:

a. helstu eiginleikar vörunnar eða þjónustunnar,
b. nafn og heimilisfang fyrirtækis,
c. greiðslutilhögun, afhending og framkvæmd samnings, víki þessi atriði frá því sem tíðkast í starfsgreininni,
d. meðferð kvörtunarmála gagnvart fyrirtækinu, víki meðferðin frá því sem tíðkast í starfsgreininni,
e. rétt til að falla frá kaupum, afpöntun eða skilarétt hafi neytendur slíkan rétt, víki meðferðin frá því sem tíðkast í starfsgreininni,
f. endanlegt verð, þ.m.t. virðisaukaskattur og önnur opinber gjöld.

Hafi vara eða þjónusta þá eiginleika að ekki sé hægt að gefa upp verð fyrir fram á einfaldan hátt verður að upplýsa hvernig verðið sé fundið út. Þar sem það á við skal veita allar upplýsingar um kostnað við frakt, afhendingu eða flutningsgjald, en sé það ekki hægt á einfaldan hátt þarf að upplýsa um að þessi kostnaður geti bæst við verð.

g. (11. gr.)
Útsölu eða aðra sölu, þar sem selt er á lækkuðu verði, má því aðeins auglýsa eða tilkynna að um raunverulega verðlækkun sé að ræða. Þess skal gætt að greinilegt sé með verðmerkingum hvert hið upprunalega verð vörunnar var.

h. (12. gr.)
Viðskiptahættir teljast ágengir ef valfrelsi eða athafnafrelsi neytanda við ákvörðun um viðskipti með vöru er takmarkað með ótilhlýðilegum hætti, t.d. þvingunum eða hótunum, og þeir eru til þess fallnir að hafa þau áhrif að hann taki ákvörðun sem hann hefði ella ekki tekið.

i. (13. gr.)
Óheimilt er að hafast nokkuð það að sem brýtur í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir eru tíðkaðir eða eitthvað það sem óhæfilegt er gagnvart hagsmunum neytenda.
1. mgr. gildir um viðskiptahætti sem III. kafli gildir ekki um.

j. (14. gr.)
Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem sama marki eru brenndar gagnvart keppinautum, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir til þess fallnar að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi sem lög þessi taka til.

k. (15. gr.)
Samanburðarauglýsingar eru allar þær auglýsingar þar sem beint eða óbeint er vísað til keppinautar eða vöru eða þjónustu sem keppinautur býður.
Samanburðarauglýsingar skulu, að því er samanburð varðar, leyfðar að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

a. þær séu ekki villandi,
b. samanburðurinn taki til vöru eða þjónustu sem fullnægir sömu þörfum eða er ætluð til sömu nota,
c. gerður sé samanburður á einum eða fleiri áþreifanlegum, viðeigandi, sannreynanlegum og dæmigerðum eiginleika eða eiginleikum vöru eða þjónustu, að meðtöldu verði ef vill,
d. á markaðnum verði ekki villst á auglýsanda og keppinaut hans eða á vörumerkjum eða vöruheitum auglýsanda og keppinautar, öðrum auðkennum, vöru- eða þjónustutegundum,
e. ekki sé kastað rýrð á vörumerki, vöruheiti, önnur auðkenni, vöru, þjónustu, starfsemi eða aðstæður keppinautar, eða þeim sýnd lítilsvirðing,
f. ef um er að ræða vöru með upprunatáknum skal í öllum tilvikum bera saman vörur með sömu táknum,
g. ekki sé með ósanngjörnum hætti hagnýttur orðstír vörumerkis, vöruheitis eða annarra auðkenna keppinautar eða upprunatáknunar samkeppnisvöru,
h. vara eða þjónusta sé ekki kynnt sem eftirlíking eða eftirgerð vöru eða þjónustu sem ber verndað vörumerki eða vöruheiti.

Sé getið um sértilboð í samanburði skal tiltaka skýrt og ótvírætt á hvaða degi sértilboðinu ljúki eða, þar sem við á, að sértilboðið sé háð framboði á vörunni eða þjónustunni og, hafi sértilboðið enn ekki tekið gildi, á hvaða degi byrjað verði að bjóða sérstakt verð eða önnur sérkjör.

Ákvæði þetta á einnig við um aðrar svipaðar viðskiptaaðferðir og auglýsingar.

l. (15. gr. a.)

Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt, sem sá hefur ekki rétt til er notar, eða reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.

m. (16. gr.)

Nú er vara, þjónusta eða annað það sem í té er látið og lög þessi taka til þannig úr garði gert að leiðbeininga er þörf við mat á eiginleikum þess, t.d. notagildi og endingu, svo og meðferð og hættu sem af vöru eða öðru getur stafað, og ber þá að veita fullnægjandi skriflegar leiðbeiningar þegar tilboð er gefið, samningur gerður eða eftir atvikum við afhendingu.

Leiðbeiningarnar skulu vera á íslensku eða öðru Norðurlandamáli, þó ekki finnsku, eða ensku og miðaðar við tegund og gerð viðkomandi vöru, þjónustu eða annars þess sem í té er látið.

Almennir skilmálar þjónustuaðila, sem bjóða neytendum þjónustu sína hér á landi, skulu vera á íslensku.

n. (16. gr. a.)

Yfirlýsingu um ábyrgð má því aðeins gefa að ábyrgðaryfirlýsingin veiti viðtakanda meiri rétt en hann hefur samkvæmt gildandi lögum.

Ábyrgðaryfirlýsing er lagalega bindandi fyrir ábyrgðaraðila á grundvelli þeirra skilyrða sem fram koma í ábyrgðarskilmálum og auglýsingum hans.

o. (16. gr. b.)

Ef ábyrgðaryfirlýsing er veitt skal seljandi vöru eða þjónustu upplýsa neytanda á skýran og greinargóðan hátt um gildissvið ábyrgðarinnar og hvaða skilyrði eru sett til þess að neytandi geti borið fyrir sig ábyrgðina. Jafnframt skal seljandi upplýsa neytanda á skýran hátt um þau ófrávíkjanlegu réttindi sem hann nýtur samkvæmt ákvæðum laga og ábyrgðaryfirlýsingin hefur engin áhrif á. Ef neytandi óskar þess ber seljanda að afhenda honum skilmála ábyrgðaryfirlýsingarinnar ritaða á pappír eða á öðrum varanlegum miðli sem er neytandanum aðgengilegur. Skriflegar ábyrgðaryfirlýsingar skulu vera á íslensku.

p. (16. gr. c.)

Óheimilt er í atvinnustarfsemi er lög þessi taka til að afla sér eða reyna að afla sér með ótilhlýðilegum hætti upplýsinga um eða umráða yfir atvinnuleyndarmálum starfseminnar.

Sá sem fengið hefur vitneskju um eða umráð yfir atvinnuleyndarmálum á réttmætan hátt í starfi sínu fyrir annan eða í félagi við annan, sbr. 1. mgr., má ekki án heimildar veita upplýsingar um eða hagnýta sér slík leyndarmál. Bann þetta gildir í þrjú ár frá því að starfi er lokið eða samningi slitið.

Þeim sem vegna starfs síns eða stöðu að öðru leyti hefur verið trúað fyrir uppdráttum, lýsingum, uppskriftum, líkönum eða þess háttar er óheimilt að hagnýta sér eða veita öðrum afnot af slíku án sérstakrar heimildar.

Nú hefur upplýsinga um eða umráða yfir atvinnuleyndarmáli verið aflað á þann hátt að brotið hefur verið gegn ákvæðum 1.–3. mgr. og er þá þeim sem brotlegur er eða þeim sem fengið hafa upplýsingar frá honum óheimilt að færa sér það í nyt.

q. (16. gr. d.)

Óheimilt er að selja eða hafa á boðstólum vörur sem merktar eru sjálfar eða á miða eða umbúðir eða með tilsvarandi heitum, alþjóðamerki hjúkrunar- og mannúðarstarfsemi eða öðrum hliðstæðum auðkennum, svo og að nota slík merki, auðkenni eða nöfn í heimildarleysi á auglýsingaspjöldum, auglýsingum, reikningum, vöruskrám eða öðrum verslunarskjölum.

Við framboð vöru, þjónustu eða annars þess sem í té er látið og lög þessi taka til er óheimilt að nota íslenska ríkisskjaldarmerkið, þá er óheimilt að nota í heimildarleysi íslensk byggðamerki, svo og erlend ríkis- eða byggðamerki.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á V. kafla laganna, er verður IX. kafli:

a. Á undan 22. gr. kemur ný grein, 21. gr. b, svohljóðandi:

Neytendastofa getur sett nánari reglur til þess að koma í veg fyrir að upplýsingar séu villandi eða óhæfilegar gagnvart neytendum, svo og almennar reglur um beitingu ákvæða II.–V. kafla. Neytendastofa skal eftir því sem kostur er ráðgast við hlutaðeigandi aðila eða samtök þeirra áður en slíkar reglur eru settar.

Neytendastofa getur gripið til aðgerða gegn athöfnum sem brjóta í bága við ákvæði II.–VI. kafla. Aðgerðir Neytendastofu geta falið í sér bann, fyrirmæli eða heimild með ákveðnu skilyrði.

b. 1. mgr. 22. gr. orðast svo:

Neytendastofa getur lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn:

a. ákvæðum laga þessara, og reglum settum samkvæmt þeim um bann við óréttmætum viðskiptaháttum, sbr. II.–V. kafla,
b. stjórnvaldsreglum og ákvörðunum Neytendastofu gegn athöfnum sem brjóta í bága við ákvæði II.–IV. kafla og fyrirmælum Neytendastofu, sbr. 21. gr. b,
c. reglum og fyrirmælum Neytendastofu um ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæði, sbr. 18. gr.

c. Fyrirsögn kaflans verður: **Viðurlög o.fl.**

4. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.**

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Með lögum þessum eru innleidd ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/29/EB frá 11. maí 2005 um óréttmæta viðskiptahætti gagnvart neytendum á innri markaðnum og um breytingu á tilskipun ráðsins 84/450/EBE, tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB, 98/27/EB og 2002/65/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/2004 (Tilskipun um óréttmæta viðskiptahætti).

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lögð til innleiðing tilskipunar 2005/29/EB frá 11. maí 2005 um óréttmæta viðskiptahætti gagnvart neytendum á innri markaðnum. Umræddri tilskipun er ætlað að samræma löggjöf aðildarríkja ESB um vernd fjárhagslegra hagsmuna neytenda gagnvart óréttmætum viðskiptaháttum fyrirtækja, en skv. 1. gr. tilskipunarinnar er markmið hennar að auka neytendavernd á innri markaðnum með samræmingu laga og stjórnsýslufyrirmæla aðildarríkjanna um óréttmæta viðskiptahætti sem skaða fjárhagslega hagsmuni neytandans. Tilskipunin mælir fyrir um allsherjarsamræmingu á ákvæðum hennar á Evrópska efnahagssvæðinu. Það felur í sér að lög aðildarríkjanna mega hvorki ganga lengra né skemur en ákvæði tilskipunarinnar. Þær tilskipanir sem samþykktar hafa verið á sviði neytendaverndar hafa verið lágmarkstilskipanir og hefur því verið heimilt að setja ítarlegri eða strangari reglur um neytendavernd við innleiðingu þeirra en ákvæði þeirra mæla fyrir um. Allsherjarsamræmingin krefst þess einnig að túlkun ákvæða frumvarpsins sem innleiða ákvæði tilskipunarinnar verður að vera með sama hætti alls staðar á Evrópska efnahagssvæðinu. Verður þar að horfa til dómafordæma dómstóls Evrópudómstólsins um túlkun tilskipunarinnar og EFTA-dómstólsins fyrir EFTA-ríkin.

Innleiðingin felur ekki í sér miklar efnislegar breytingar á lögunum eða þeirri framkvæmd sem tíðkast hefur á grundvelli þeirra. Hins vegar er þörf á ákveðnum breytingum á gildandi lögum til að tilskipunin teljist réttilega innleidd. Tilskipunin fjallar einkum um vernd fjárhagslegra hagsmuna neytenda en gildandi lög fjalla almennt um neytendavernd en gera ekki greinarmun á hagsmunum neytenda með sama hætti. Ákvæði gildandi laga vernda einnig hagsmuni neytenda og keppinauta jöfnum höndum en gera ekki sérstakan greinarmun þar á. Tilskipunin greinir hins vegar á milli háttsemi fyrirtækja gagnvart neytendum og háttsemi fyrirtækja gagnvart keppinautum sínum. Til að tryggja rétta innleiðingu tilskipunarinnar og til að leitast við að framkvæmdin verði sambærileg við framkvæmd annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu er lagt til að greint verði á milli með sama hætti í lögum hér á landi og byggjast tillögur frumvarpsins á því.

Gildissvið tilskipunarinnar.

Samkvæmt d-lið 2. gr. tilskipunarinnar gildir hún um viðskiptahætti fyrirtækja gagnvart neytendum en með því er átt við hvers konar aðgerð, aðgerðarleysi, hátterni eða framsetningu, samskipti í viðskiptum, þ.m.t. auglýsingar og markaðssetningu, af hálfu söluaðila/fyrirtækis, sem tengist beint kynningu, sölu eða afhendingu á vöru eða þjónustu til neytenda. Samkvæmt þessu gildir tilskipunin bæði um athafnir fyrirtækja gagnvart neytendum sem og athafnaleysi. Í viðauka I við tilskipunina er svo að finna tæmandi lista, eins konar svartan lista, yfir þær athafnir eða athafnaleysi sem tilskipunin nær yfir. Samkvæmt inngangsorðum tilskipunarinnar verða viðskiptahættirnir að vera í beinum tengslum við markaðssetningu og sölu vöru eða þjónustu til neytenda. Kemur fram í 7. lið inngangsorða tilskipunarinnar að hún gildi um viðskiptahætti sem er beinlínis ætlað að hafa áhrif á viðskiptaákvarðanir neytenda varðandi vörur og þjónustu. Hún gildi hins vegar ekki um viðskiptahætti sem eru fyrst og fremst viðhafðir í öðrum tilgangi, t.d. samskipti í viðskiptum sem beinast að fjárfestum, svo sem ársskýrslur og kynningarefni fyrirtækja. Skv. 6. lið inngangsorða tilskipunarinnar hefur hún ekki áhrif á viðurkenndar auglýsingar og starfshætti við markaðssetningu, svo sem lögmæta markaðssetningu vörunnar, aðgreiningu vörumerkja eða boð um ívilnanir sem geta haft áhrif á afstöðu neytenda til vörunnar á lögmætan hátt og haft áhrif á hegðun þeirra án þess að dregið sé úr möguleikum neytandans til þess að taka upplýsta ákvörðun. Tilskipunin fjall-

ar þannig einkum um óréttmæta viðskiptahætti gagnvart neytendum en ekki um viðskiptahætti milli fyrirtækja eða söluaðila. Jafnframt setur hún reglur um athafnir sem eru óheimilar en fjallar aðeins að litlu leyti um leyfilega viðskiptahætti.

Þá mælir tilskipunin eingöngu fyrir um samræmingu reglna sem gilda um fjárhagslega hagsmuni neytenda. Fjárhagslegir hagsmunir neytenda eru ekki sérstaklega skilgreindir en í tilskipuninni er ítrekað vísað til þess að athöfn eða athafnaleysi sé óréttmæt hafi hún það í för með sér að neytandinn taki viðskiptaákvörðun sem hann ella hefði ekki tekið. Viðskiptaákvörðun er skilgreind í k-lið 2. gr. tilskipunarinnar sem „ákvörðun sem neytandi tekur um það hvort, hvernig og með hvaða skilmálum skuli kaupa vöru, greiða fyrir hana, að fullu eða að hluta, halda vörunni eða láta hana af hendi eða að neyta samningsréttar varðandi vöruna, hvort sem neytandinn ákveður að hefja viðskipti eða láta það ógert.“ Af þessu má leiða að viðskiptaákvörðun, eða ákvörðun um viðskipti, sé ákvörðun sem neytandi kann að taka í tengslum við vöru eða þjónustu og sem hefur fjárhagslegar afleiðingar fyrir neytandann. Mat á því hvort háttsemi fyrirtækis sé óréttmæt felur því í sér að meta hvort hún geri það að verkum að neytandi tekur viðskiptaákvörðun sem hann hefði ella ekki tekið.

Ályktа má sem svo af ákvæðum tilskipunarinnar að þar sem hún gildir eingöngu um fjárhagslega hagsmuni neytenda gildir hún ekki um aðra hagsmuni neytenda. Sem dæmi um slíka hagsmuni segir í inngangsorðum tilskipunarinnar að hún gildi ekki um þætti sem tengjast smekk og velsæmi en þeir geti verið mjög breytilegir eftir aðildarríkjum.

Við innleiðingu tilskipunarinnar er byggt á skiptingu hennar í vernd fjárhagslegra hagsmuna neytenda og vernd annarra hagsmuna þeirra. Lagt er til að ákvæðum tilskipunarinnar um hið fyrrnefnda sé skipað í III. kafla hennar og ákvæði sem fjalla um vernd annarra hagsmuna skipað í IV. kafla. Gildandi lög byggjast ekki á slíkri skiptingu á vernd hagsmuna neytenda heldur er í 5. gr. þeirra almennt ákvæði þar sem segir: „Óheimilt er að hafast nokkuð það að sem brýtur í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir eru tíðkaðir eða eitthvað það sem óhæfilegt er gagnvart hagsmunum neytenda.“ Ákvæðið var áður í 20. gr. laga nr. 8/1993 áður en þeim var breytt en í ummælum í greinargerð með þeim lögum sagði: „Hér er um meginreglu að ræða sem er ætlað að ná til ýmissa tilvika sem aðrar greinar kaflans, sem fjalla um sérstök tilfelli eða aðrar sérstakar viðskiptaaðgerðir, taka ekki til. Viðskiptaaðferðir eru margvíslegar og breytilegar þannig að hætta er á að sérákvæðin nái ekki til allra tilvika sem brjóta í bága við góða viðskiptahætti. Það hefur einnig sýnt sig við framkvæmd laganna að oft hefur þurft að beita þessari meginreglu.“ Eins og framangreint ber með sér hefur 5. gr. gildandi laga vítt gildissvið og takmarkast ekki við vernd fjárhagslegra hagsmuna neytenda. Við samningu frumvarpsins er byggt á því að gildandi lög veiti ekki minni vernd en ákvæði tilskipunarinnar. Þar sem tilskipunin er samræmingartilskipun og hefur að geyma nokkuð ítarlegri ákvæði en gildandi lög verður þó að gera breytingar á ákvæðum laganna og fjalla um fjárhagslega hagsmuni neytenda á ótvíræðari hátt til að ekki vakni vafi á því að tilskipunin teljist réttilega innleidd.

Ákvæði 7. gr. gildandi laga kom inn í lögin með samþykkt laga nr. 107/2000, við innleiðingu á tilskipun Evrópusambandsins nr. 97/55/EB frá 6. október 1997 um samanburðarauglýsingar. Sú tilskipun breytti tilskipun 84/450/EBE en þeirri tilskipun er breytt með tilskipun 2005/29/EB sem lagt er til að hér verði innleidd. Breytingin felur það m.a. í sér að ákvæðum hennar um samanburðarauglýsingar er breytt þannig að þær gildi aðeins um viðskiptahætti fyrirtækja innbyrðis en ekki jafnframt gagnvart neytendum þar sem hin nýja tilskipun mun gilda um neytendaverndina. Er tekið mið af þessu í tillögum frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að ný skilgreining bætist við 3. gr. laganna og að viðskiptahættir verði skilgreindir þannig að skýrara sé hvað felist í því hugtaki en það er grundvallarhugtak í lögunum. Skilgreiningin byggist að hluta til á d-lið 2. gr. tilskipunar ESB en takmarkast þó ekki við sama gildissvið og tilskipunin, þ.e. viðskiptahætti fyrirtækja gagnvart neytendum.

Um 2. gr.

Lagt er til að gerð verði nokkur breyting á II. kafla gildandi laga. Innleiðing tilskipunar 2005/29/EB kallar á ákveðna uppstokkun á ákvæðum gildandi laga og er með frumvarpi þessu lagt til að farin verði sú leið að II. kafla verði skipt upp í fleiri kafla, m.a. til að ákvæði laganna verði sem skýrust með innleiðingu tilskipunarinnar, nái frumvarp þetta fram að ganga.

Um a-lið (5. gr.).

Í 5. gr. gildandi laga er, eins og fyrr segir, mjög almennt ákvæði, sem samræmist ekki að öllu leyti ákvæðum framangreindrar tilskipunar. Eins og fram hefur komið felur tilskipunin í sér allsherjarsamræmingu og setur fram sérstök viðmið um hvað teljist óréttmætir viðskiptahættir sem leggja verður til grundvallar að því er varðar fjárhagslega hagsmuni neytenda. Af þeirri ástæðu er ákveðnum vandkvæðum bundið að eitt af meginákvæðum laganna sé vísiregla líkt og 5. gr. gildandi laga er. Þrátt fyrir að ekki sé fjallað sérstaklega um fjárhagslega hagsmuni neytenda í gildandi lögum verður að telja að slíkir hagsmunir hafi engu að síður verið verndaðir og að því leyti er því ekki um breytingu að ræða með frumvarpinu.

Tilskipunin leggur bann við óréttmætum viðskiptaháttum og verður því bann við óréttmætum viðskiptaháttum áfram í lögunum við innleiðingu hennar. Viðmiðin geta þó að einhverju leyti breyst að því er varðar fjárhagslega hagsmuni neytenda vegna ítarlegri ákvæða tilskipunarinnar um það efni, sjá nánar athugasemdir við III. kafla hér á eftir.

Með 5. gr. frumvarpsins er lagt til að lögin kveði á um almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar. Jafnframt er lagt til að skilgreiningin í d-lið 2. gr. tilskipunarinnar á viðskiptaháttum verði tekin upp í 3. gr. laganna. Tilskipunin gildir bæði um athafnir og athafnaleysi en samkvæmt orðanna hljóðan eiga ákvæði gildandi laga einkum við um athafnir, því er lagt til að gerðar verði breytingar á orðalagi gildandi laga að því er þetta varðar þannig að ákvæði laganna taki einnig til athafnaleysis. Um nánari skilgreiningu á því hvað teljist óréttmætir viðskiptahættir verður svo að finna í III.–V. kafla en það getur verið að einhverju leyti mismunandi eftir þeim hagsmunum sem í hlut eiga, þ.e. hvort um sé að ræða vernd fjárhagslegra hagsmuna neytenda eða annarra hagsmuna þeirra eða um háttsemi fyrirtækja gagnvart keppinautum sínum.

Þá er lagt til að skýrt komi fram að bann við óréttmætum viðskiptaháttum samkvæmt greininni gildi áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöruna fara fram eða þjónusta er veitt. Slíkt ákvæði er að finna í tilskipuninni en ekki er ástæða til að gera greinarmun á gildissviðinu eftir því hvaða hagsmuni er verið að vernda heldur er lagt til að sú regla verði lögfest sem almenna reglan.

Um b-lið (6. gr.).

Ákvæði þetta fjallar um auglýsingar. Í frumvarpinu er lagt er til að þeim ákvæðum gildandi laga sem fjalla um auglýsingar verði skipað í II. kafla laganna, en það fer vel á því að skipa ákvæðum laganna um auglýsingar á einn stað í lögunum. Ákvæði 1. og 3. mgr. greinarinnar eru samhljóða 1. og 2. mgr. 8. gr. gildandi laga og 2. mgr. er samhljóða 2. mgr. 6. gr.

gildandi laga. Að auki er lagt til að við greinina bætist ný málsgrein þess efnis að fyrirtæki þurfi að geta fært sönnur á fullyrðingar sem fram koma í auglýsingum eða með öðrum hætti, en með ákvæðinu er lagt til að lögfest verði áralöng framkvæmd.

Um c-lið (7. gr.).

Lagt er til að ákvæði 3.–5. mgr. 8. gr. gildandi laga sem fjallar um vernd barna og unglinga gagnvart auglýsingum verði í 7. gr. laganna. Ástæðan er jafnframt sú að ekki er ætlunin að takmarka gildissvið þeirra að neinu leyti eftir því hvaða hagsmuni er verið að vernda.

Um d-lið (8. gr.).

Með greininni er lögð til innleiðing á 5. gr. tilskipunarinnar.

Fjárhagslegir hagsmunir neytenda eru ekki skilgreindir sérstaklega í tilskipuninni en í inngangsorðum hennar segir m.a. að tilskipunin taki til viðskiptahátta sem sé beinlínis ætlað að hafa áhrif á viðskiptaákvarðanir neytenda varðandi vörur og þjónustu. Eins og fram kom hér að framan skal við mat á því hvort háttsemi fyrirtækis teljist óréttmæt skoða hvort háttsemin geri það að verkum að neytandi tekur ákvörðun um að eiga viðskipti sem hann hefði ella ekki tekið. Tilskipunin leggur til grundvallar hvað þetta varðar hvort viðskiptahættirnir raski verulega eða séu líklegir til að raska verulega hegðun hins „venjulega“ neytanda í fjárhagslegu tilliti. Þannig hefur það ekki beint þýðingu hvaða áhrif viðskiptahættirnir hafa á einn tiltekinn neytanda heldur hvaða áhrif almennt má ætla að viðskiptahættirnir hafi á neytendur. Skal það sama gilda hér á landi. Þá skal hafa til viðmiðunar, ef markaðssetningu er beint að sérstökum hópi neytenda, hver ætla má að áhrifin verði á hinn venjulega neytanda í þeim hópi. Ef viðskiptahættir eru til þess fallnir að raska verulega hegðun hóps neytenda sem fyrirsjáanlega er af einhverjum ástæðum sérstaklega berskjaldaður fyrir viðskiptaháttunum eða vörunni sem á í hlut, einkum vegna andlegrar eða líkamlegrar fötlunar, aldurs eða trúgirni, þá ber einnig að leitast við að meta áhrifin út frá hinum venjulega neytanda í þeim hópi.

Með 2. mgr. er lagt til að ráðherra setji í reglugerð reglur um þá viðskiptahætti sem skulu undir öllum kringumstæðum teljast óréttmætir. Skulu þær miðast við þá viðskiptahætti sem tilgreindir eru í 1. viðauka tilskipunarinnar. Listi þessi er tæmandi en samkvæmt tilskipuninni skal sami listi gilda í öllum aðildarríkjunum og má aðeins breyta honum með breytingu á tilskipuninni.

Um e-lið (9. gr.).

Með greininni er lögð til innleiðing á 6. gr. tilskipunarinnar um villandi aðgerðir og 1. mgr. og 2. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar um villandi aðgerðarleysi. Í 1. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar segir að viðskiptahættir skuli teljast villandi ef þeir fela í sér rangar upplýsingar og eru því ótrúverðugir eða ef þeir blekkja, eða eru líklegir til að blekkja hinn venjulega neytanda, t.d. með almennri framsetningu, jafnvel þótt gefnar séu upp réttar staðreyndir og valda því eða eru líklegar til að valda því að hann taki ákvörðun um að eiga viðskipti sem hann hefði ekki annars gert. Upplýsingar um atriði sem skipta máli eru talin upp í a-g lið og er lagt til að þau verði tekin upp í lögin. Eru það atriði sem varða vöruna, helstu einkenni hennar, t.d. magn, gæði, samsetningu, áhættu, ávinning, uppruna, eða niðurstöður og mikilvæg einkenni prófana eða athugana sem gerðar eru á henni, verð, þjónustu við viðskiptavini og áhættu af söluhlut.

Með 2. mgr. er lagt til að innleidd verði ákvæði 1. og 2. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar um villandi aðgerðarleysi, en þar kemur fram að viðskiptahættir séu villandi og geti þar af leiðandi verið ólögmætir ef upplýsingar vantar þannig að það verði til þess að neytandinn taki ákvörðun um að eiga viðskipti sem hann hefði annars ekki gert. Ef fyrirtæki leynir upplýs-

ingum sem skipta máli fyrir neytendur eða þær eru veittar á óljósan eða margræðan hátt gildir það sama, viðskiptahættirnir teljast villandi. Má hafa til hliðsjónar þau atriði sem tilgreind eru í a–g-liðum 1. mgr. ákvæðis þessa.

Um f-lið (10. gr.).

Með ákvæðinu er lögð til innleiðing á 3. og 4. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar. Lagt er til að þegar fyrirtæki hyggist auglýsa eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum vegna tiltekinnar vöru eða þjónustu skuli veita upplýsingar um ákveðna þætti, sem taldir eru upp í a–f-liðum, eftir því sem við á og að teknu tilliti til auglýsingamiðilsins sem nýttur er. Meginreglan er að allar upplýsingar sem virkilega skipti máli fyrir neytendur komi fram í auglýsingunni. Þegar auglýst er í útvarpi eða sjónvarpi og jafnvel á prenti er ekki raunhæft að koma að þeim upplýsingum sem taldar eru upp í a–f-liðum og er því lagt til að heimilt sé að taka tillit til þess miðils sem notaður er. Viðkomandi fyrirtækjum ber hins vegar að gæta þess að þessir miðlar séu ekki notaðir þannig að villandi sé fyrir neytendur.

Liðir a–f skýra sig að mestu sjálfir en sérstök áhersla er lögð á að upplýsingar um endanlegt verð séu ekki settar fram á villandi hátt en í framkvæmd hefur einkum reynt á framsetningu á verðupplýsingum.

Um g-lið (11. gr.).

Ákvæðið er samhljóða 14. gr. gildandi laga. Alloft hefur reynt á ákvæði gildandi laga í framkvæmd og því lagt til að framsetning þess verði með sama hætti og nú er enda hagsmunir neytenda af því miklir.

Um h-lið (12. gr.).

Með greininni er lögð til innleiðing á 8. og 9. gr. tilskipunarinnar. Greininni er ætlað að taka á því ef valfrelsi eða athafnafrelsi neytanda við ákvörðun um viðskipti með vöru er takmarkað með ótilhlýðilegum hætti og til þess fallið að hafa áhrif með þeim hætti að hann taki ákvörðun sem hann hefði ella ekki tekið. Viðskiptahættir eru ágengir ef þeir með átroðningi, þvingunum, þ.m.t. líkamlegu ofbeldi eða ótilhlýðilegum áhrifum, skerða verulega eða eru líklegir til að skerða verulega frelsi neytanda til vals eða athafna í umræddum viðskiptum og valda því eða geta valdið því að hann taki ákvörðun um að eiga viðskipti sem hann ella hefði ekki tekið. Við mat á því hvort ákvæði þetta eigi við skal hafa hliðsjón af t.d. tímasetningu háttseminnar, notkun ógnandi eða óviðurkvæmilegs talsmáta eða hegðunar, hótunum, alvarlegu áfalli sem neytandi hefur orðið fyrir sem notað er til að hafa áhrif á ákvörðun hans, eða ef neytandi verður fyrir óhóflegum hindrunum þegar hann vill neyta réttar síns samkvæmt samningi eða lögum (svo sem réttur til að rifta samningi).

Um i-lið (13. gr.).

Greinin er að nokkru leyti sambærileg 5. gr. gildandi laga en vegna innleiðingar tilskipunarinnar er með 2. mgr. lagt til að gildissviði hennar sé breytt þannig að það taki eingöngu til annarra hagsmuna neytenda en fjárhagslegra hagsmuna. Orðalagið er almenns eðlis og er tilgangurinn með því sá að um þessa hagsmuni gildi áfram þau sjónarmið sem lögð eru til grundvallar við túlkun 5. gr. gildandi laga. Sem dæmi um atriði sem tilskipunin gildir ekki um má nefna atriði sem tengjast t.d. smekk og velsæmi, en hverju aðildarríki um sig er heimilt að setja reglur um viðskiptahætti sem varða þau atriði sem teljast ekki falla undir það að vera fjárhagslegir hagsmunir neytenda.

Á þessu stigi er erfitt að segja til um það hvaða þættir komi til með að falla undir ákvæði þetta en talið er rétt að halda í þessa reglu enda hefur henni verið beitt í fjölda tilvika þó að reikna megi með að þeim eigi eftir að fækka mjög með innleiðingu tilskipunarinnar.

Um j-lið (14. gr.).

Greinin er sambærileg 1. mgr. 6. gr. gildandi laga með þeirri undantekningu að gildandi ákvæði gildir um bæði keppinauta og neytendur en nú er lagt til að greinin gildi eingöngu milli keppinauta. Með tilskipun Evrópusambandsins eru, eins og fyrr segir, settar samræmdar reglur sem gilda eiga um vernd fjárhagslegra hagsmuna neytenda, sbr. III. kafla frumvarpsins, og því rétt að skilja þarna á milli. Rétt er að taka fram að ákvæðunum sem innleiða reglur tilskipunarinnar er ekki ætlað að veita síðri vernd en veitt er með 6. gr. gildandi laga.

Um k-lið (15. gr.).

Greinin er sambærileg 7. gr. gildandi laga. Ákvæði þetta kom inn í lögin með samþykkt laga nr. 107/2000, við innleiðingu tilskipunar 97/55/EB um samanburðarauglýsingar. Af greininni og athugasemdum við lagafrumvarpið má draga þá ályktun að henni er einkum ætlað að gilda um samskipti milli keppinauta fremur en að þjóna því hlutverki að veita neytendum sérstaka vernd eða mæla fyrir um hegðun fyrirtækja gagnvart neytendum en í athugasemdum frumvarpsins sagði eftirfarandi:

„Í inngangi að tilskipuninni er m.a. bent á að auglýsingar séu mikilvæg aðferð við að skapa raunhæfa markaði fyrir allar vörur og þjónustugreinar. Rétt þykir því að grundvallarákvæði um form og efni samanburðarauglýsinga séu þau sömu innan Evrópska efnahagssvæðisins og að skilyrði fyrir notkun samanburðarauglýsinga verði samhæfð. Sé slíkum skilyrðum fullnægt verður hægara um vik að sýna fram á kosti ýmissa sambærilegra vörutegunda á óhlutdrægan hátt. Samanburðarauglýsingar geta einnig örvað samkeppni milli þeirra sem bjóða vöru og þjónustu þannig að neytandinn njóti góðs af.

Í greininni er hugtakið samanburðarauglýsing skilgreint ásamt upptalningu á því hvenær heimilt er að nota samanburð við vörur eða þjónustu sem keppinautur býður. Hugtakið samanburðarauglýsing er skilgreint rúmt svo að allar tegundir samanburðarauglýsinga heyra undir hugtakið. Þannig má segja að allar auglýsingar þar sem auglýsandi fullyrðir að vara hans eða þjónusta sé best, ódýrust, sterkust o.s.frv. feli í sér óbeinan samanburð við vöru keppinauta.

Aðeins er leyfður samanburður á tegundum vöru og þjónustu sem eiga í innbyrðis samkeppni og fullnægja sömu þörfum eða eru ætlaðar til sömu nota, svo að komið verði í veg fyrir samkeppnishamlandi og ósanngjarna notkun samanburðarauglýsinga.

Í 5. gr. fyrstu tilskipunar ráðsins 89/104/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu á lögum aðildarríkja um vörumerki er kveðið á um einkarétt rétthafa skrásetts vörumerkis á notkun þess og þar með heimild til að banna þriðja aðila að nota í atvinnuskyni tákn sem er eins og vörumerkið eða líkt því til að auðkenna vörur eða þjónustu sem eru eins og eða líkar þeim sem skrásetta vörumerkið auðkennir, einnig aðrar vörur ef svo ber undir. Eigi samanburðarauglýsing að þjóna tilgangi sínum getur eigi að síður verið nauðsynlegt að tilgreina vörur eða þjónustu keppinautar og vísa til vörumerkis eða vöruheitis sem hann er rétthafi að. Slík notkun á vörumerki, vöruheiti eða öðrum auðkennum annars brýtur ekki í bága við slíkan einkarétt ef hún stenst skilyrðin sem kveðið er á um í grein þessari þar sem eina mark miðið er að greina á milli vörutegunda og vekja á óhlutdrægan hátt athygli á mismuninum á þeim.

Með þessari grein er farin sama leið og annars staðar á Norðurlöndum, þ.e. sett í lög sérstakt ákvæði sem byggist á áðurnefndri tilskipun.“

Með tilskipun 2005/29/EB er gildissviði tilskipunar 97/55/EB breytt þannig að hún verndi söluaðila fyrir villandi auglýsingum og óréttmætum afleiðingum þeirra í stað bæði söluaðila og neytenda áður, en með samþykkt fyrrnefndu tilskipunarinnar gilda ákvæði hennar nú um

vernd fjárhagslegra hagsmuna neytenda. Í samræmi við þetta er lagt til að 1. mgr. 7. gr. gildandi laga verði skipað í V. kafla laganna. Þrátt fyrir þetta er ekki loku fyrir það skotið að neytendur geti byggt rétt á ákvæðinu ef þannig bæri undir en telja verður að það samrýmist framangreindum tilskipunum.

Ákvæði 2. mgr. 7. gr. gildandi laga á hins vegar bæði við um markaðssetningu gagnvart neytendum og keppinautum og er lagt til að því verði skipað í II. kafla laganna þar sem fjallað er um auglýsingar sem varða bæði neytendur og fyrirtæki.

Um l-lið (15. gr. a).

1.–3. mgr. ákvæðisins er samhljóða 12. gr. gildandi laga. Í frumvarpi til gildandi laga sagði eftirfarandi um ákvæðið:

„Í greininni er kveðið á um bann við því að nota firmanafn, verslunarmerki eða annað slíkt í atvinnustarfsemi án réttinda. Þá er bannað samkvæmt ákvæðinu að reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Í ákvæðinu er einnig lagt bann við því að aðili noti auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti“.

Lagt er til að nýrri málsgrein verði bætt við ákvæðið þannig að það gildi ekki eingöngu um auglýsingar sem slíkar heldur einnig um aðra birtingarhætti þar sem gerður er samanburður milli keppinauta.

Um m-lið (16. gr.).

Ákvæðið fjallar um leiðbeiningarskyldu seljenda vöru og þjónustu og er sambærilegt ákvæði 9. gr. gildandi laga.

Um n-lið (16. gr. a).

Í ákvæðinu er kveðið á um gildi ábyrgðaryfirlýsinga og hvenær megi gefa slíkar yfirlýsingar. Ákvæðið er samhljóða 10. gr. gildandi laga

Um o-lið (16. gr. b).

Í ákvæðinu er mælt fyrir um upplýsingaskyldu til neytanda ef ábyrgðaryfirlýsing er veitt. Greinin er samhljóða 11. gr. gildandi laga.

Um p-lið (16. gr. c).

Í greininni er að finna reglur um vernd rekstrar- og atvinnuleyndarmála. Greinin er samhljóða 13. gr. gildandi laga.

Um q-lið (16. gr. d).

Greinin er samhljóða 15. gr. gildandi laga en hún leggur bann við notkun ákveðinna auðkenna til að merkja vörur.

Um 3. gr.

Lagt er til í a-lið að 16. gr. gildandi laga, sem fjallar m.a. um reglusetningarheimild Neytendastofu, verði færð í lokakafla laganna og verði 21. gr. b. Ekki eru lagðar til miklar breytingar á orðalagi ákvæðisins en þar sem lagt er til að ákvæðum þeim sem vísað er til verði breytt umtalsvert munu heimildir Neytendastofu til að setja reglur breytast til samræmis. Neytendastofa mun áfram hafa heimild til að setja nánari reglur til að koma í veg fyrir að upplýsingar séu villandi eða óhæfilegar gagnvart neytendum og jafnframt hafa heimild til að setja almennar reglur um beitingu reglna skv. II.–V. kafla. Við setningu reglna verður hins vegar jafnan að gæta þess að þær séu í samræmi við ákvæði tilskipunar 2005/29/EB. Dæmi um reglur sem Neytendastofa getur sett eru reglur um mælieiningaverð, verð á netinu og reglur um útsölur.

Í b-lið eru lagðar til breytingar á 1. mgr. 22. gr. gildandi laga þar sem fjallað er um stjórnvaldssektir en breytingarnar stafa alfarið af þeim breytingum sem lagðar eru til á gildandi lögum vegna innleiðingar tilskipunarinnar. Er þannig lagt til að Neytendastofu verði heimilt að leggja á stjórnvaldssektir í fyrsta lagi á fyrirtæki sem brjóta gegn ákvæðum laganna um bann við óréttmætum viðskiptaháttum skv. II.–V. kafla, þar á meðal um efni upplýsinga sem veittar eru á sölustað, í auglýsingum eða með öðrum viðskiptaaðferðum í tengslum við sölu á vöru og þjónustu, í öðru lagi ef fyrirtæki brjóta gegn aðgerðum Neytendastofu vegna athafna sem brjóta í bága við ákvæði II.–IV. kafla eða fyrirmæla Neytendastofu skv. 21. gr. b og í þriðja lagi ef brotið er gegn reglum eða fyrirmælum Neytendastofu um ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæði skv. 18. gr.

Um 4. gr.

Lagt er til að heiti laganna verði breytt og að heiti þeirra verði framvegis lög um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Það er meira lýsandi fyrir efni laganna en núverandi heiti.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, nr. 57 20 maí 2005, með síðari breytingum.

Markmið frumvarpsins er að innleiða tilskipun 2005/29/EB frá 11. maí 2005 um óréttmæta viðskiptahætti gagnvart neytendum á innri markaðnum en tilskipunin mælir fyrir um allsherjarsamræmingu á ákvæðum hennar á Evrópska efnahagssvæðinu.

Ekki er um miklar efnislegar breytingar að ræða frá núgildandi lögum heldur að mestu leyti samræmingu gildandi ákvæða að ofangreindri tilskipun.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni leiða til aukinna útgjalda fyrir ríkissjóð.

604. Fyrirspurn [363. mál]

til heilbrigðisráðherra um hagkvæmni og gæði í heilbrigðisþjónustu.

Frá Ástu Möller.

1. Hafa athuganir á heilbrigðisþjónustu opinberra aðila annars vegar og einkaaðila, félagasamtaka og sjálfseignarstofnana hins vegar sýnt fram á mismun á gæðum þjónustunnar?
2. Hafa niðurstöður athugana leitt í ljós mismun á fjárhagslegri hagkvæmni í rekstri einstakra þátta heilbrigðisþjónustu eftir rekstrarformi, að teknu tilliti til langtímakostnaðar við fjármögnun fasteigna, tækja og annars búnaðar?
3. Hvaða áætlanir eru um samanburð á gæðum og hagkvæmni í heilbrigðisþjónustu í opinberum rekstri annars vegar og á vegum annarra aðila hins vegar?

605. Fyrirspurn [364. mál]

til heilbrigðisráðherra um skiptingu fjárveitinga til heilbrigðisþjónustu.

Frá Ástu Möller.

1. Hve stórum hluta heilbrigðisþjónustunnar er sinnt af öðrum en opinberum aðilum, miðað við fjárveitingar í fjárlögum, að meðtöldum fjárveitingum til sjúkratrygginga? Óskað er eftir sundurliðuðum upplýsingum um helstu greinar heilbrigðisþjónustu, þ.e. heilsugæslu að meðtöldum heimilislækningum og heimahjúkrun, endurhæfingu, sjúkrahúsþjónustu, öldrunarþjónustu og tannlækningar.
2. Hvernig hefur þetta hlutfall breyst frá árinu 2001?
3. Hvernig er skiptingin annars staðar á Norðurlöndum og á Bretlandi?

606. Nefndarálit [307. mál]

um frv. til l. um brottfall laga nr. 25 27. júní 1921, um einkaleyfi handa Háskóla Íslands til útgáfu almanaks.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund til sín fulltrúa menntamálaráðuneytis Guðnýju Halldórsdóttur og Þórhall Vilhjálmsson, sem fóru yfir tilurð og efni frumvarpsins. Einnig kom á fund Gunnlaugur H. Jónsson frá Háskóla Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að lög nr. 25 27. júní 1921, um einkaleyfi handa Háskóla Íslands til útgáfu almanaks, falli brott. Upphaf að þessari tillögu má rekja til þess að nefnd á vegum fjármálaráðuneytis taldi að ákvæði 6. gr. laganna uppfyllti ekki kröfur sem 40. gr.,

sbr. 77. gr. stjórnarskrárinnar, setur um skattlagningarheimildir. Enn fremur bárust fyrirspurnir frá Eftirlitsstofnun EFTA um hver viðhorf íslenskra stjórnvalda til ákvæða 1., 5. og 6. gr. laganna væru og hvort þau teldu að þau samræmdust 11. gr. samnings um Evrópska efnahagssvæðið. Því var talið rétt að fella lögin úr gildi. Ekki er ágreiningur í þessu máli milli menntamálaráðuneytis og Háskóla Íslands en fulltrúar háskólans lýstu þó yfir áhyggjum af skertum tekjum skólans og ítrekuðu að mikilvægt væri að halda starfsemi Almanakssjóðs gangandi. Með brottfalli laganna verður Háskóli Íslands af þeim tekjum sem lögin veittu honum á grundvelli einkaleyfisins. Tekjur þessar renna í Almanakssjóð, sem stýrt er af háskólaráði, og eru nýttar til eflingar stærðfræði, til að mynda útgáfu tímarita á sviði stærðfræði, stærðfræðilegri eðlisfræði og stjörnufræði. Eru tekjur sjóðsins áætlaðar um 1,7 millj. kr.

Að mati nefndarinnar hefur brottfall laganna það ekki í för með sér að Háskóla Íslands beri að láta af útgáfu almanaks. Kom það jafnframt fram í máli fulltrúa Háskóla Íslands að skólinn hyggst halda áfram útgáfu almanaksins hér eftir sem hingað til. Nefndin telur einnig að rík öryggis- og samræmissjónarmið mæli með áframhaldandi útgáfu almanaks af hálfu Háskóla Íslands. Enn fremur telur nefndin að Háskóli Íslands hafi, á grundvelli 18. gr. laga nr. 41/1999, heimild til gjaldtöku fyrir gerð almanaks. Verði kostnaði Almanakssjóðs því mætt, eftir því sem við á, á grundvelli þeirrar heimildar sem og á grundvelli samnings menntamálaráðuneytis og háskólans, dags. 11. janúar 2007, sem fulltrúar menntamálaráðuneytis greindu nefndinni frá.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Guðbjartur Hannesson, Höskuldur Þórhallsson, Illugi Gunnarsson og Katrín Júlíusdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 24. jan. 2008.

Sigurður Kári Kristjánsson, form., frsm.	Einar Már Sigurðarson.	Steinunn Þóra Árnadóttir.
Ragnheiður Ríkharðsdóttir.		Kolbrún Halldórsdóttir.

607. Fyrirspurn [365. mál]

til menntamálaráðherra um samtök framhaldsskólanema.

Frá Birki J. Jónssyni.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að stofnuð verði á ný heildarsamtök framhaldsskólanema sem gæti hagsmuna þeirra?

608. Fyrirspurn [366. mál]

til menntamálaráðherra um framfærslugrunn Lánasjóðs íslenskra námsmanna.

Frá Birki J. Jónssyni.

Hvað líður endurskoðun á framfærslugrunni Lánasjóðs íslenskra námsmanna?

609. Fyrirspurn [367. mál]

til menntamálaráðherra um ókeypis námsbækur í framhaldsskólum.

Frá Birki J. Jónssyni.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að námsbækur í framhaldsskólum verði ókeypis fyrir nemendur?

610. Fyrirspurn [368. mál]

til samgönguráðherra um lengingu Akureyrarflugvallar.

Frá Birki J. Jónssyni.

1. Hvenær má búast við að lenging Akureyrarflugvallar verði boðin út?
2. Hvenær má búast við áætluðum verklokum?

611. Fyrirspurn [369. mál]

til samgönguráðherra um Vaðlaheiðargöng.

Frá Birki J. Jónssyni.

1. Hvað líður undirbúningi Vaðlaheiðarganga?
2. Hvenær má búast við að framkvæmdin verði boðin út?
3. Er fyrirhugað að umferð um göngin verði gjaldfrjáls?

612. Fyrirspurn [370. mál]

til umhverfisráðherra um Akureyrarsetur Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Frá Birki J. Jónssyni.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir eflingu Akureyrarseturs Náttúrufræðistofnunar Íslands og fjölgun starfa þar?

613. Fyrirspurn [371. mál]

til dómsmálaráðherra um löggæsluskóla á Keflavíkurflugvelli.

Frá Björk Guðjónsdóttur.

Verður nýr löggæsluskóli staðsettur á Keflavíkurflugvelli?

614. Frumvarp til laga [372. mál]

um frístundabyggð.

I. KAFLI
Almenn ákvæði.
1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi gilda um leigu á lóðum undir frístundahús sem eru tveir hektarar að stærð eða minni, sbr. II. kafla laganna. Lög þessi gilda um innbyrðis réttindi og skyldur umráðamanna lóða í frístundabyggð án tillits til stærðar lóðar, sbr. III. kafla laganna.

Ákvæði laga þessara eru ófrávíkjanleg nema annað sé tekið fram eða leiði af eðli máls.

2. gr.
Orðskýringar.

Í lögunum er merking eftirtalinna orða og orðasambanda þessi:

1. *Frístundabyggð:* Afmarkað svæði innan jarðar eða jarða þar sem eru a.m.k. sex lóðir undir frístundahús.
2. *Frístundahús:* Hús utan þéttbýlis sem aðallega er nýtt til að fólk geti dvalist þar tímabundið til að eyða frítíma sínum og þar sem að öðru jöfnu er óheimilt að hafa skráð lögheimili. Mannvirki sem stendur á lóð fyrir frístundahús, svo sem geymsla, en er ekki samtengt frístundahúsi, er hluti hússins í skilningi laga þessara. Þó teljast eftirfarandi mannvirki ekki frístundahús í skilningi laga þessara: Fjallaskálar, gangnamannaskálar, aðstöðuhús, neyðarskýli, kofar og önnur slík mannvirki utan þéttbýlis. Enn fremur teljast hús og önnur mannvirki, sem standa á landi sem fellur utan 3. tölul., ekki frístundahús í skilningi laga þessara.
3. *Lóð undir frístundahús:* Skiki lands utan þéttbýlis sem afmarkaður er í samningi eða skipulagi, sem á grundvelli sérgreindrar hagnýtingar, auðkenna eða landamerkja getur talist sjálfstæð eind og hefur a.m.k. að hluta til verið nýttur undir frístundahús eða heimilt er að reisa slíkt hús þar.
4. *Réttur til að framlengja leigusamning:* Réttur leigutaka lóðar undir frístundahús til að leigja lóðina áfram að leigutíma loknum enda sé frístundahús á lóðinni.
5. *Sambúðaraðili:* Einstaklingur sem er í skráðri sambúð með leigutaka eða umráðamanni lóðar í frístundabyggð.

6. *Umráðamaður lóðar undir frístundahús:* Sá sem hefur umráð yfir lóð undir frístundahús í frístundabyggð í a.m.k. eitt ár.

II. KAFLI
Leiga á lóð undir frístundahús.

3. gr.
Form og efni samnings um leigu á lóð undir frístundahús.

Leigusamningur um lóð undir frístundahús skal vera skriflegur. Óheimilt er að gera tímabundinn leigusamning til skemmri tíma en 25 ára.

Í leigusamningi skv. 1. mgr. skal m.a. koma fram:

1. nöfn, heimilisföng og kennitölur samningsaðila,
2. staðsetning og hnit hins leigða lands,
3. hvort samningur sé tímabundinn eða ótímabundinn,
4. fjárhæð leigu og ákvæði um endurskoðun á leigutíma ef því er að skipta,
5. hvar og hvernig skuli greiða leiguna,
6. réttur leigutaka til að framlengja leigusamning,
7. hvort leigutaki njóti forkaupsréttar við sölu og
8. hvort leigutaki skuli setja tryggingu og með hvaða hætti.

Í samningnum skal enn fremur ákvarða hvort og að hve miklu leyti skal greiða kostnað vegna:

1. aðgangs að vatni,
2. aðgangs að rafmagni,
3. lagningar og viðhalds vega og
4. uppsetningar og viðhalds girðinga.

4. gr.
Orðsendingar.

Þurfi aðili leigusamnings vegna fyrirmæla þessa kafla að koma á framfæri við gagnaðila skriflegri orðsendingu, hverju nafni sem hún nefnist, skal hún send með sannanlegum og tryggilegum hætti og innan þeirra tímamarka eða fresta sem mælt er fyrir um ef því er að skipta. Sé þess gætt hefur orðsendingin þá þýðingu og þau réttaráhrif sem henni er ætlað að hafa, jafnvel þótt hún komi afbökuð, of seint eða alls ekki til viðtakanda.

Aðilar geta samið um að senda megi orðsendingar skv. 1. mgr. á rafrænu formi.

5. gr.
Ástand hins leigða.

Lóð undir frístundahús skal, þegar hún er afhent leigutaka, vera í því ástandi sem um var samið og sem almennt er talið fullnægjandi miðað við fyrirhugaða notkun hennar og staðsetningu.

Leigutaka ber að sjá til þess að landamerki lóðar séu greinileg nema um annað sé samið.

6. gr.
Viðhald og rekstur hins leigða. Greiðsla opinberra gjalda.

Leigutaka er skylt að fara vel með hið leigða og í samræmi við umsamin afnot þess. Sé ekki um annað samið skal leigutaki bera allan kostnað af viðhaldi og rekstri hins leigða. Leigutaka ber einnig að greiða opinber gjöld af hinu leigða nema um annað sé samið.

7. gr.

Greiðsla leigu.

Leigu fyrir afnot lóðar í eitt ár undir frístundahús skal greiða eigi síðar en 1. júlí ár hvert nema um annað sé samið.

8. gr.

Framleiga og framsal.

Framleiga og framsal leiguréttinda á lóð undir frístundahús er leigutaka heimil án samþykkis leigusala. Leigutaki skal tilkynna leigusala um framleigu lóðarleiguréttinda til lengri tíma en eins árs eða framsal lóðarleiguréttinda innan fjögurra vikna frá slíkum aðilaskiptum.

9. gr.

Veðsetning leigulóðarréttinda.

Leigutaka er heimilt, án samþykkis leigusala, að veðsetja leigurétt sinn að lóð undir frístundahús í heild ásamt mannvirkjum þeim sem á henni standa eða reist verða.

10. gr.

Uppsögn leigusamnings.

Uppsögn ótímabundins leigusamnings er heimil báðum aðilum hans. Uppsagnarfrestur slíks samnings er eigi skemmri en tvö ár.

Tímabundnum leigusamningi lýkur á umsömdum degi án sérstakrar uppsagnar eða tilkynningar af hálfu aðila. Þó öðlast leigutaki lóðar, sem frístundahús stendur á, rétt til að framlengja leigusamning hafi leigusali ekki sagt leigusamningi upp a.m.k. tveimur árum fyrir lok umsamins leigutíma. Uppsögn tímabundins samnings haggar ekki leigutíma hans.

Uppsögn leigusamnings skal vera skrifleg.

11. gr.

Réttur til að framlengja leigusamning.

Nú segir leigusali upp ótímabundnum eða tímabundnum samningi um leigu á lóð undir frístundahús, sbr. 1. og 2. mgr. 10. gr., og getur leigutaki þá tilkynnt leigusala skriflega að hann neyti réttar síns til að framlengja leigusamning enda standi frístundahús á lóðinni. Hafi leigutaki ekki sent leigusala skriflega tilkynningu um að hann beiti rétti sínum til að framlengja leigusamning a.m.k. ári áður en leigusamningur rennur út við lok uppsagnarfrests fellur réttur hans til að framlengja leigusamning niður.

12. gr.

Skilmálar framlengds leigusamnings.

Nú er réttur leigutaka til að framlengja leigusamning orðinn virkur skv. 2. mgr. 10. gr. eða 11. gr. og geta þá aðilar gert nýjan samning sem tekur gildi þegar hinum fyrri lýkur. Öll ófrávíkjanleg ákvæði laga þessara gilda um form og efni hins nýja samnings.

Nú ná aðilar ekki samkomulagi áður en samningstími eldri leigusamnings rennur út og framlengist þá eldri samningur um 25 ár nema samkomulag sé um lengri gildistíma. Að öðru leyti skulu skilmálar framlengds leigusamnings vera hinir sömu og í eldri leigumála, sbr. þó 3. og 4. mgr.

Nú hefur eldri leigusamningur verið framlengdur skv. 2. mgr. og er leigusala þá einhliða heimilt að hækka ársleigu framlengds leigusamnings sem nemur allt að tvöfaldri fjárhæð

ársleigu eldri leigusamnings. Leigusali getur einnig einhliða ákveðið að leigufjárhæð hækki árlega í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs eða byggingarvísitölu hafi slíkt ákvæði ekki verið fyrir hendi í eldri samningi.

Þegar leigusamningur er framlengdur skv. 2. mgr. er leigusala heimilt að fara fram á það skriflega við leigutaka að hann velji hvaða hluti landsins, umfram hálfan hektara, fari úr leigunotum gegn hlutfallslegri lækkun lóðarleigu. Hafi leigusala borist rökstuddar óskir leigutaka skal hann í samráði við hann breyta stærðarmörkun lóðarinnar. Svari leigutaki ekki leigusala skriflega innan fjögurra vikna frá því að beiðni leigusala var send eða leigutaki hafnar að velja hvaða hluti landsins fari úr leigunotum getur leigusali einhliða minnkað stærð hins leigða. Endurmörkun lóðar samkvæmt þessari málsgrein má aldrei leiða til þess að lóð verði minni en hálfur hektari. Sé breyting á stærð lóðar háð samþykki skipulags- og byggingaryfirvalda getur endurmörkun lóðar ekki átt sér stað fyrr en að fengnu samþykki þar til bærra stjórnvalda.

Leigusali skal tilkynna leigutaka að hann hyggist beita heimildum sínum skv. 3. og 4. mgr. eigi síðar en ári eftir að framlengdur leigusamningur komst á ella fyrirgerir hann rétti sínum til breytinga á samningnum. Nú hefur þessum heimildum leigusala verið beitt og öðlast þær þá fyrst gildi þegar leigutaka hefur verið tilkynnt um þær skriflega.

Nú sættir annar hvor aðila sig ekki við leigufjárhæð skv. 3. mgr. eða endurmörkun lóðar skv. 4. mgr. og getur hann þá skotið málinu til úrskurðar kærunefndar frístundabyggðarmála skv. 24. gr.

13. gr.

Innlausnarréttur.

Að liðnum tíu árum frá því að framlengdur leigusamningur tók gildi skv. 2. mgr. 12. gr. getur leigusali hvenær sem er krafist þess að leigutaki leysi lóðina til sín gegn fullu verði.

Nú hafa aðilaskipti orðið að leiguréttindum eftir að leigusamningur var framlengdur skv. 11. gr. og öðlast þá leigusali rétt til að segja leigusamningi upp með sex mánaða fyrirvara og leysa til sín þau mannvirki sem eru á lóðinni gegn fullu verði enda tilkynni hann skriflega um beitingu þessa réttar innan þriggja mánaða frá því að honum var send tilkynning skv. 8. gr.

Ákvæði 2. mgr. koma ekki til framkvæmda þegar nýr leigutaki er maki, sambúðaraðili, barn, barnabarn, kjörbarn, systkini, foreldri, lögerfingi eða bréferfingi. Þau koma ekki heldur til framkvæmda ef aðilaskipti hafa orðið á grundvelli nauðungarsölu, búskipta, félags- og sameignarslita, fyrirframgreiðslu arfs og annarra þess háttar aðilaskipta.

Nú greinir aðila á um innlausnarverð eða réttmæti uppsagnar samkvæmt þessari grein og getur annar hvor aðila þá skotið ágreiningnum til úrskurðar kærunefndar frístundabyggðarmála skv. 24. gr.

14. gr.

Riftun leigusamnings.

Nú er leigusamningur framlengdur og aðilaskipti verða að leiguréttindum án þess að 3. mgr. 13. gr. eigi við en leigutaki sinnir ekki tilkynningarskyldu sinni skv. 8. gr., og getur leigusali þá rift samningi. Að öðru leyti gilda almennar reglur um riftun leigusamnings.

III. KAFLI
Réttindi og skyldur í frístundabyggð.

15. gr.
Félag í frístundabyggð.

Í frístundabyggð er umráðamönnum lóða undir frístundahús skylt að hafa með sér félagsskap um sameiginlega hagsmuni. Þó er ekki skylt að hafa slíkan félagsskap séu umráðamenn lóða undir frístundahús þrír eða færri.

Félagssvæði ræðst af jarðarmörkum. Heimilt er að sérstakir sameiginlegir hagsmunir eða önnur landfræðileg mörk afmarki umdæmi félags þannig að fleiri en eitt félag geti starfað á sömu jörð eða félagssvæði nái til fleiri en einnar jarðar.

Nú er félag í frístundabyggð stofnað fyrir gildistöku laga þessara og skulu samþykktir þess halda gildi sínu að því leyti sem þær samrýmast lögum þessum.

16. gr.
Stofnfundur.

Einn eða fleiri umráðamenn lóða undir frístundahús geta boðað til stofnfundar félags í frístundabyggð. Stofnfund skal boða bréflega með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara.

Á stofnfundi skal setja félaginu samþykktir sem hafa a.m.k. að geyma ákvæði um:

1. nafn félags,
2. heimilisfang og varnarþing,
3. félagssvæði og skulu þar taldar upp allar lóðir í viðkomandi frístundabyggð,
4. verkefni félagsins,
5. skipun og starfssvið félagsstjórnar,
6. málsmeðferðarreglur, reikninga félags og skoðunarmenn þeirra,
7. skyldu til framlagningar endurskoðaðra reikninga,
8. árgjald vegna starfsemi félagsins.

Stjórn félags í frístundabyggð skal hlutast til um að samþykktum félagsins verði þinglýst á allar þær fasteignir sem taldar eru upp í samþykktum þess.

17. gr.
Hlutverk félags.

Sé ekki á annan veg samið er hlutverk félags í frístundabyggð m.a. að taka ákvarðanir um:

1. lagningu og viðhald akvega og göngustíga að og innan svæðis,
2. gerð og rekstur á sameiginlegum svæðum í frístundabyggðinni, svo sem leiksvæðum og bílastæðum.
3. gerð og rekstur á sameiginlegum aðveitum og fráveitum,
4. gerð og viðhald sameiginlegrar girðingar um svæðið,
5. uppsetningu og rekstur öryggiskerfa.

18. gr.
Um aðalfund.

Aðalfund skal halda árlega fyrir 1. september. Hafi félagsstjórn ekki boðað til fundar 1. október er þeim félagsmönnum sem vilja halda fund heimilt að boða hann.

Aðalfund skal boða bréflega með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Í fundarboði skal greina fundartíma, fundarstað og dagskrá. Þá skal geta þeirra mála sem ræða á og meginefnis tillagna þeirra sem leggja á fyrir fundinn.

Á aðalfundi skulu a.m.k. vera eftirtalin mál á dagskrá:
1. skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins,
2. endurskoðaðir reikningar lagðir fram til samþykktar og umræður um þá,
3. kosning formanns,
4. kosning annarra stjórnarmanna,
5. kosning varamanna,
6. kosning skoðunarmanna reikninga og varamanna þeirra,
7. framlagning rekstrar- og framkvæmdaáætlunar fyrir næsta ár,
8. ákvörðun um árgjald til félagsins,
9. mál sem tiltekin eru í fundarboði og
10. önnur mál.

19. gr.

Vægi atkvæða og skipting kostnaðar.

Á félagssvæði frístundabyggðar fylgir eitt atkvæði hverri lóð undir frístundahús og fer umráðamaður lóðar með atkvæðisréttinn.

Kostnaður skiptist að jöfnu og ræðst af fjölda lóða undir frístundahús á félagssvæðinu. Umráðamanni lóðar undir frístundahús er skylt að greiða sinn hluta kostnaðar sem hlýst af ákvörðun sem löglega hefur verið tekin.

Greiði félagsmaður ekki hlutdeild sína í sameiginlegum kostnaði og í félagssjóð eignast félagið lögveð í eign hans á félagssvæðinu til tryggingar kröfunni. Lögveðið nær einnig til vaxta og innheimtukostnaðar af kröfunni ef því er að skipta.

Lögveð stofnast þegar félag innir greiðslu af hendi eða á gjalddaga félagsgjalds ef um slík vanskil er að ræða.

Lögveð fellur niður ef því er ekki fylgt eftir með lögsókn eða því lýst við nauðungarsölu innan árs frá stofnun þess. Viðurkenning eiganda utan réttar nægir ekki til að rjúfa fyrningu.

20. gr.

Þátttaka í ákvörðunum og lögmæti þeirra.

Rétt til fundarsetu hafa félagsmenn, makar þeirra og sambúðaraðilar.

Félagsmaður má veita sérhverjum lögráða manni umboð til að mæta á fundi og greiða atkvæði. Skal umboðsmaður leggja fram á fundinum skriflegt og dagsett umboð. Slíkt umboð má hvenær sem er afturkalla.

Afl atkvæða ræður úrslitum mála annarra en þeirra sem fjallað er um í 4. og 5. mgr.

Ákvörðun um að ráðast í framkvæmdir eða stofna til kostnaðar sem leiðir til útgjalda sem eru umfram venjulegan rekstrarkostnað félagsins telst því aðeins gild að hún hljóti samþykki minnst ⅔ hluta greiddra atkvæða og minnst þriðjungur félagsmanna sæki fundinn.

Ákvörðun um gerð samþykkta skv. 15. gr. eða breytingu á þeim verður því aðeins gild að hún hljóti samþykki minnst ⅔ hluta greiddra atkvæða og minnst helmingur félagsmanna sæki fundinn.

21. gr.

Félagsstjórn.

Stjórn fer með æðsta vald í málefnum félags í frístundabyggð á milli aðalfunda. Stjórn getur boðað til félagsfunda eins oft og þurfa þykir. Til funda skal boða bréflega með tveggja vikna fyrirvara nema annað leiði af samþykktum félags.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

22. gr.
Samráð sveitarstjórna og félags í frístundabyggð.

Félag í frístundabyggð getur óskað eftir því við hlutaðeigandi sveitarstjórn að haldinn verði árlega fundur til að veita upplýsingar um sameiginleg hagsmunamál frístundabyggðarinnar og sveitarfélagsins.

23. gr.
Kærunefnd frístundabyggðarmála.

Ráðherra skipar kærunefnd frístundabyggðarmála til fjögurra ára í senn.

Nefndarmenn skulu vera þrír og skulu a.m.k. tveir vera lögfræðingar. Varamenn skulu vera jafnmargir og skipaðir á sama hátt. Formaður nefndarinnar skal fullnægja skilyrðum laga til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara.

Sá sem vísar ágreiningi til kærunefndar frístundabyggðarmála skal greiða 15.000 króna gjald til ríkissjóðs. Að öðru leyti skal kostnaður við störf kærunefndar greiðast úr ríkissjóði.

Álit og úrskurðir kærunefndar frístundabyggðarmála eru endanlegir á stjórnsýslustigi.

24. gr.
Úrskurðir kærunefndar frístundabyggðarmála.

Nú sættir annar hvor aðila sig ekki við leigugjald skv. 3. mgr. 12. gr. og getur hann þá skotið málinu til úrskurðar kærunefndar frístundabyggðarmála sem getur breytt fjárhæð leigugjalds til hækkunar eða lækkunar. Nefndin er óbundin af því hámarki sem getið er í 3. mgr. 12. gr. enda sé sýnt fram á að markaðsverð leigu fyrir sambærilegar lóðir á svipuðum stað sé umtalsvert hærra. Við mat á nýju leigugjaldi má í undantekningartilvikum líta til annarra sjónarmiða en markaðsverðmætis.

Nú sættir annar hvor aðila sig ekki við endurmörkun á stærð lóðar skv. 4. mgr. 12. gr. og getur hann þá skotið málinu til úrskurðar kærunefndar frístundabyggðarmála sem getur hliðrað mörkum lóðarinnar til enda sé sýnt fram á að endurmörkunin hafi verið ósanngjörn eða óeðlileg.

Nú greinir aðila á um lögmæti innlausnar og innlausnarverðs skv. 1. og 2. mgr. 13. gr. og geta þeir skotið málinu til úrskurðar kærunefndar frístundabyggðarmála. Sé innlausn talin gild skal innlausnarverð miðast við markaðsverðmæti.

Þegar báðir aðilar hafa komið sínum sjónarmiðum að samkvæmt þessari grein skal kærunefnd leita sátta með aðilum nema hún telji víst að sáttatilraun verði árangurslaus vegna atvika máls, afstöðu aðila eða annarra ástæðna. Náist sátt skal hún færð til bókar og skal þar greina fjárhæðir og aðra skilmála.

Ráðherra er heimilt í reglugerð að setja fyrirmæli um viðmiðunarfjárhæðir við ákvörðun leigugjalds og innlausnarverð sem nefndin getur haft til hliðsjónar í úrskurðum sínum. Þessar viðmiðunarfjárhæðir skulu byggjast á haldbærum upplýsingum um markaðsverðmæti lóða og frístundahúsa í helstu frístundabyggðum landsins.

Úrskurðir skv. 1.–3. mgr. og sáttir skv. 4. mgr. eru aðfararhæfir.

25. gr.

Álit kærunefndar um frístundabyggð.

Nú greinir aðila á um framkvæmd ákvæða III. kafla og geta þeir þá borið ágreiningsefnið undir kærunefnd frístundabyggðarmála sem lætur í té rökstutt álit.

26. gr.

Málsmeðferð kærunefndar.

Erindi til kærunefndar um álit eða úrskurð skal vera skriflegt, í því skal skilmerkilega greina hvert sé ágreiningsefnið og hver sé krafa aðila og rökstuðningur fyrir henni.

Skal kærunefnd gefa gagnaðila kost á að tjá sig og koma sjónarmiðum sínum og kröfum á framfæri. Skal gefa honum hæfilegan frest í því skyni. Heimilt er kærunefnd að kalla eftir öllum nauðsynlegum upplýsingum og gögnum og óska umsagnar frá öðrum sem málið snertir eða við kemur. Um málsmeðferð fer að öðru leyti samkvæmt stjórnsýslulögum.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að setja nánari ákvæði um erindi til kærunefndar, störf hennar, starfsskilyrði, sáttatilraunir o.fl.

27. gr.

Reglugerðarheimild.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði og fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

28. gr.

Gildistaka og lagaskil.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 2008.

Lög þessi taka ekki til samninga um leigu á lóðum undir frístundahús sem fallið hafa úr gildi fyrir gildistöku laganna.

Lög þessi taka til samninga um leigu á lóð undir frístundahús sem eru í gildi við gildistöku laga þessara. Ákvæði slíkra samninga, sem brjóta í bága við lög þessi, eru ógild nema annað sé tekið fram eða leiði af eðli máls. Leigutími slíkra samninga skal þó vera óhaggaður.

Ákvæði til bráðabirgða.

Nú fellur tímabundinn samningur um leigu á lóð undir frístundahús úr gildi innan tveggja ára frá gildistöku laga þessara og skal þá leigutaki lóðar, sem frístundahús stendur á, hafa rétt til að framlengja leigusamning, sbr. 11. gr. Leigutaki skal tilkynna leigusala þessa fyrirætlan sína skriflega innan þriggja mánaða frá því að lög þessi taka gildi, en að öðrum kosti fellur réttur hans til að framlengja samning niður og leigutími og aðrir skilmálar leigusamnings halda gildi sínu. Nú fellur leigusamningur úr gildi á tímabilinu 1. september til 1. desember 2008 án þess að leigutaki hafi tilkynnt leigusala að rétti til að framlengja leigusamningi verði beitt. Getur leigutaki þá eigi að síður öðlast slíkan rétt enda hafi hann sent leigusala tilkynningu um beitingu hans fyrir 1. desember 2008.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Aðdragandi að samningu frumvarps þessa.

Hinn 21. júlí 2006 skipaði félagsmálaráðherra sjö manna starfshóp til að fjalla um réttarstöðu eigenda og íbúa frístundahúsa samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum og gera tillögur um nauðsynlegar breytingar ef þörf krefði. Í erindisbréfi fyrir starfshópinn var m.a. tekið fram að hópnum væri falið að kanna hvort þörf væri á að semja heildstæða löggjöf um frístundahús eða réttarstöðu eigenda og íbúa slíkra húsa. Í starfshópnum sátu: Atli Már Ingólfsson, lögfræðingur í landbúnaðarráðuneytinu, Haraldur Benediktsson, formaður Bændasamtaka Íslands, Ingibjörg Halldórsdóttir, lögfræðingur í umhverfisráðuneytinu, Jana Friðfinnsdóttir, lögfræðingur hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Skúli Guðmundsson, skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, Sveinn Guðmundsson, framkvæmdastjóri Landssambands sumarhúsaeigenda, og Gylfi Kristinsson, skrifstofustjóri í félagsmálaráðuneytinu, sem var formaður. Með starfshópnum unnu Guðjón Bragason skrifstofustjóri og Lárus Bollason, þáverandi starfsmaður á skrifstofu sveitarstjórnarmála í félagsmálaráðuneytinu. Lárus starfar nú hjá Íbúðalánasjóði.

Samtals hélt starfshópurinn 23 fundi. Hópurinn fékk á sinn fund Margeir Ingólfsson, oddvita Bláskógabyggðar, Margréti Hauksdóttur, aðstoðarforstjóra Fasteignamats ríkisins, Málfríði Kristiansen, sérfræðing hjá Skipulagsstofnun, og Valtý Sigurðsson, formann kærunefndar fjöleignarhúsamála. Einnig komu á fund starfshópsins Guðmundur Þórðarson, Jón M. Benediktsson og Runólfur Gunnlaugsson, fulltrúar Sumarhúsafélagsins í Dagverðarnesi í Skorradal. Starfshópurinn hafði einnig samráð við embætti talsmanns neytenda.

Starfshópurinn skilaði félagsmálaráðherra 28. febrúar 2007 tillögum að frumvarpi til laga um réttindi og skyldur á svæðum skipulögðum fyrir frístundahús. Skömmu eftir það var ákveðið að senda frumvarp starfshópsins til umsagnar sveitarstjórna, talsmanns neytenda og ýmissa hagsmunasamtaka ásamt því sem almenningi var gert kleift að koma á framfæri athugasemdum við frumvarpið á heimasíðu félagsmálaráðuneytisins. Samtals bárust ráðuneytinu umsagnir 17 aðila.

Í nokkrum umsögnum kom fram gagnrýni á að með frumvarpi starfshópsins væri ekki brugðist við þeim vanda sem blasir við mörgum leigutökum lóða undir frístundahús þegar hillir undir lok leigutíma. Félagsmálaráðuneytið brást við þessari gagnrýni með því að leita eftir því við Lagastofnun Háskóla Íslands að hún léti kanna með hvaða hætti væri hægt að jafna samningsstöðu leigusala og leigutaka lóða undir frístundahús en þó þannig að gætt yrði meðalhófs og grundvallarreglna um verndun eignarréttar og afturvirkni. Í minnispunktum Eyvindar G. Gunnarssonar, lektors við lagadeild Háskóla Íslands, og Helga Áss Grétarssonar, sérfræðings við Lagastofnun Háskóla Íslands, frá 4. október 2007, kemur m.a. fram sú skoðun að Alþingi geti sett lög sem komi meira jafnræði á milli leigusala og leigutaka lóða undir frístundahús án þess að það brjóti í bága við reglur stjórnarskrárinnar um eignarrétt og afturvirkni. Aftur á móti skipti miklu máli hvernig slík löggjöf verði úr garði gerð.

Um miðjan nóvember 2007 var Lagastofnun Háskóla Íslands falið að gera tillögu að frumvarpi til laga um frístundabyggð og leigu lóða undir frístundahús. Við samningu frumvarpsins skyldi byggt á frumvarpsdrögum fyrrnefnds starfshóps og þeim athugasemdum sem bárust við hana. Hugmyndir starfshópsins um innbyrðis réttindi og skyldur umráðamanna lóða í frístundabyggð voru að mestu látnar halda sér en í því frumvarpi sem hér er lagt fram eru gerðar tillögur sem ætlað er að taka á réttarsambandi leigusala og leigutaka lóða undir frístundahús.

II. Söguleg þróun.

Samkvæmt eldri jarðalögum, nr. 65/1976, var sumarbústaður bygging sem reist var til þess að búa í að sumri til og einungis endrum og eins á öðrum tímum árs, sbr. 1. málsl. 2. mgr. 10. gr. laganna. Ekki þurfti að afla leyfis til að aðilaskipti færu fram í landbúnaðarlandi ef þau vörðuðu sumarbústað í sumarbústaðahverfi, sbr. 7. tölul. 4. mgr. 6. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 28/1995. Það taldist vera sumarbústaðahverfi í skilningi laganna þegar fjórir eða fleiri sumarbústaðir voru byggðir á sömu lóð (landi) eða samtengdum lóðum.

Það tíðkaðist áður en jarðalög, nr. 65/1976, voru sett og eftir setningu þeirra að einstaklingar og hvers konar félagsskapur manna, sérstaklega stéttarfélög, leigðu lóðir til langs tíma eða keyptu þær. Á grundvelli lóðarréttinda voru sumarbústaðir reistir og jafnvel heilu hverfin af slíkum bústöðum. Almennt má segja að leiga á lóðum undir sumarbústaði hafi verið hófleg og stafaði það sjálfsagt af margvíslegum ástæðum, svo sem þeim að mannvirki þau sem reist voru á lóðinni voru yfirleitt ekki ýkja stór og möguleikar jarðareiganda til að nýta landið undir annað en búskap eða leigu á lóðum undir frístundahús voru að mörgu leyti takmarkaðri en nú er.

Á tíunda áratug síðustu aldar setti félagsmálaráðherra á laggirnar tvær nefndir til að skoða málefni eigenda sumarbústaða. Annars vegar var um nefnd að ræða sem skipuð var árið 1993 og hins vegar nefnd sem skipuð var árið 1996. Í álitum beggja þessara nefnda kom fram að æskilegt væri að skýrari reglur yrðu settar um réttarstöðu sumarbústaðaeigenda gagnvart sveitarfélögum sem og gagnvart landeigendum. Engar róttækar breytingar voru þó gerðar á löggjöf í kjölfar þessara tveggja álita.

Í dómi Hæstaréttar frá 14. apríl 2005 í máli nr. 474/2004 var talið að eigandi og íbúi frístundahúss hefði heimild til að skrá lögheimili sitt þar. Að óbreyttum lögum hefði afleiðing dómsins orðið sú að þjónustuhlutverk sveitarfélaga gagnvart eigendum frístundahúsa hefði tekið miklum breytingum. Félagsmálaráðherra skipaði því starfshóp sem falið var að fara yfir tengsl lögheimilislaga við ákvæði annarra laga og reglugerða sem höfðu að geyma fyrirmæli um skyldur sveitarfélaga gagnvart íbúum sínum, kröfur til mannvirkja og skipulag búsetu. Á grundvelli tillagna starfshópsins var lagt fram frumvarp á Alþingi sem varð að lögum nr. 149/2006, um breytingu á lögum um lögheimili, nr. 21/1990, með síðari breytingum, og skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum. Samkvæmt lögunum hafa einstaklingar og fjölskyldur ekki getað skráð lögheimili sitt í frístundahúsi eftir 1. janúar 2007.

III. Nauðsyn lagasetningar.

Samkvæmt íslenskum rétti er fasteign að jafnaði skilgreind sem afmarkaður hluti lands, ásamt eðlilegum hlutum þess, lífrænum og ólífrænum, og mannvirki sem varanlega eru við landið skeytt. Eins og þessi skilgreining ber með sér eru mannvirki ekki hluti af fasteign nema þau séu varanlega við landið skeytt. Mikilvæg réttaráhrif eru því bundin þeirri skipan að langtímalóðarréttindi fylgi mannvirkjum.

Sú venja hefur skapast að nefna sumarbústaði frístundahús og sumarbústaðahverfi frístundabyggð. Þar sem æ algengara er að fólk dveljist á veturna í frístundahúsum er það heiti talið heppilegra en sumarbústaður. Hugtökin frístundahús og frístundabyggð eru skilgreind í 2. gr. frumvarpsins. Lóðarréttindi eigenda frístundahúsa grundvallast oft á leigusamningi við eiganda jarðar. Þessir samningar hafa venjulega haft langan gildistíma, að jafnaði 25–50 ár. Eðli þessara samninga líkjast að þessu leyti grunnleigusamningum á lóðum í þéttbýli en þar er tíðkanlegt að sveitarfélög eigi þar allar lóðir en leigi þær út til 50–100 ára í senn gegn

afar vægu gjaldi. Viðskipti með lóðarleiguréttindin og eignarrétt á mannvirkjum ganga svo kaupum og sölum á markaði.

Heimildir jarðareiganda til að ráðstafa eign sinni án íhlutunarréttar stjórnvalda hafa aukist á undanförnum árum, sbr. gildandi jarðalög, nr. 81/2004, með síðari breytingum. Jafnframt má telja að jarðareigandi hafi meiri möguleika en áður til að nýta eign sína með öðrum hætti en undir landbúnað. Þannig hafa breyttir atvinnuhættir í landbúnaði sjálfsagt aukið líkur á að jarðareigendur vilji fremur nýta landið undir annað en að stunda búskap. Stjórnvöld hafa nú takmarkaðri heimildir en áður til að koma í veg fyrir að slíkt gerist enda var á sínum tíma talið að skipulag eldri jarðalaga, nr. 65/1976, kynni að ganga í berhögg við tiltekin ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993, með síðari breytingum.

Leiga á lóðum undir frístundahús til lengri tíma er afar mikilsverð ráðstöfun nú á dögum ekki síst vegna þess að mannvirkin sem reist eru á lóðunum geta verið afar verðmæt. Algengt er að sama fjölskyldan hafi haft lóð á leigu svo að áratugum skipti. Bygging frístundahússins, trjárækt og umhverfisbætur hafa verið sameiginlegt áhugamál og viðfangsefni fjölskyldunnar. Fyrir þennan hóp skiptir afar miklu að leiguréttindi séu traust og til langs tíma.

Framangreind samfélagsþróun hefur án efa aukið líkur á að meiri togstreita sé nú á milli hagsmuna jarðeiganda, þ.e. leigusala, annars vegar og leigutaka lóðar undir frístundahús hins vegar. Réttarstaðan í dag er sú að beri ákvæði leigusamnings þess ekki með sér að leigutaki hafi ótvíræðan rétt til leigu að leigutíma loknum getur hann í leigulok átt von á að standa uppi án nokkurs réttar til lóðarinnar þar sem frístundahús hans hefur staðið. Þannig eru dæmi þess að landeigandi hafni leigutaka um framlengingu á lóðarleigusamningi gangi leigutaki ekki að skilmálum hans um verulega hækkun leigugjalds eða kaupi lóðina á margföldu fasteignamatsverði. Fallist leigutaki ekki á hina nýju skilmála er honum gert ljóst að frístundahúsið ásamt fylgihlutum kunni að verða fjarlægt með útburðargerð ef því er að skipta. Verulegur fjöldi umkvartana leigutaka lóða undir frístundahús til stjórnvalda á undanförnum missirum bendir til þess að skynsamlegt og nauðsynlegt geti verið að bregðast við með lagasetningu.

Eitt helsta markmið þessa frumvarps er að tryggja leigutaka lóðar, þar sem frístundahús stendur, rétt til að framlengja leigusamning að leigutíma loknum. Við útfærslu þessara nýju réttinda leigutaka verður að taka réttmætt tillit til beggja aðila, þ.e. leigusala og leigutaka, þar sem aukin réttindi leigutaka mega ekki ganga um of á eignarrétt leigusala. Eins og síðar verður rakið er talið að þær leiðir sem farnar eru í frumvarpinu nái settum markmiðum án þess að gengið sé of langt í þessum efnum.

Annað helsta markmið þessa frumvarps er að taka á innbyrðis samskiptum eigenda húsa á frístundasvæðum en í seinni tíð hefur borið meira á þessum samskiptum. Þar hafa komið upp hliðstæð álitamál og meðal íbúa í fjöleignarhúsum, þ.e. ágreiningur um þátttöku í og skiptingu kostnaðar vegna viðhalds og framkvæmda við sameign. Fulltrúar frístundahúsaeigenda hafa farið þess á leit að lögfestar verði svipaðar reglur til lausnar ágreiningi og eru í lögum um fjöleignarhús, nr. 26/1994. Með frumvarpi þessu er ætlunin að koma til móts við þær óskir og setja almennar reglur um félög í frístundabyggð og skyldu þeirra sem eiga eða leigja lóðir undir frístundahús til að eiga aðild að slíku félagi.

Fjöldi frístundahúsa hefur vaxið hratt undanfarinn áratug. Samkvæmt upplýsingum frá Fasteignamati ríkisins voru slík hús um 5.000 árið 1994 en um 11.000 í árslok 2006. Er því eðlilegt að löggjafinn láti þessi málefni til sín taka, annars vegar samskipti leigusala og leigutaka lóða undir frístundahús og hins vegar innbyrðis samskipti umráðamanna lóða undir frístundahús í frístundabyggðum. Engin heildstæð löggjöf er um réttarstöðu eigenda frístunda-

húsa í frístundabyggðum. Ljóst má vera að margir hafa hagsmuna að gæta við setningu laga um frístundabyggðir, þar á meðal leigusalar og leigutakar lóða undir frístundahús og sveitarfélög.

IV. Erlend löggjöf.

Starfshópurinn, sem skipaður var í júlí 2006, kannaði réttarstöðu eigenda og íbúa frístundahúsa í Danmörku og Noregi. Niðurstaða hópsins var að aðstæður hér á landi væru mjög ólíkar aðstæðum í þessum tveimur löndum. Starfshópurinn taldi ekki þörf á að girða fyrir búsetu í frístundahúsum einhvern tiltekinn hluta ársins.

Í Noregi gilda almenn lög um lóðarleigu nr. 106/1996 sem komu upphaflega til framkvæmda 1. janúar 1976 (n. lov om tomtefeste nr. 106/1996). Samkvæmt þeim lögum eru réttindi lóðarleigutaka allmikil en þau gilda m.a. um leigu á lóðum undir frístundahús. Árið 2004 var lögunum m.a. breytt í þá veru að leigutaki lóðar gæti við leigulok, að tilteknum skilyrðum uppfylltum, leigt lóðina áfram á sömu kjörum. Hinn 21. september 2007 felldi Hæstiréttur Noregs þrjá dóma í málum nr. 2007/237, nr. 2007/350 og nr. 2007/410. Málin lutu að því hvort tiltekin ákvæði lóðarleigulaga stæðust ákvæði norsku stjórnarskrárinnar um vernd eignarréttar og bann við afturvirkni laga. Hæstiréttur Noregs taldi í máli nr. 2007/410 að sú lagaregla stæðist stjórnarskrána að leigutaki lóðar undir frístundahús gæti við leigulok leigt lóðina áfram á sömu kjörum og áður. Fram kom í dómnum að löggjafinn hafi sett þessa reglu árið 2004 til að vernda hagsmuni lóðarleigutaka og tryggja rétt þeirra til að hafa afdrep fyrir sig og fjölskyldur sínar í frístundahúsum. Hafi lagabreytingin m.a. verið gerð í ljósi þess að fasteignarverð í Noregi hefði hækkað mikið undanfarna áratugi. Einnig taldi rétturinn að með hliðsjón af því að lóðarleigusamningar væru gerðir til langs tíma gætu samningsaðilar átt von á því að löggjafinn setti lög til að tryggja eðlilegt og sanngjarnt jafnvægi milli hagsmuna beggja aðila. Með hliðsjón af þessu var talið að ákvæðið um rétt lóðarleigutaka til leiga á sömu kjörum og áður stæðist ákvæði norsku stjórnarskrárinnar um vernd eignarréttar og bann við afturvirkni.

V. Meginefni frumvarpsins og þær hugmyndir sem það byggist á.

1. Tillögur starfshóps ráðherra.

Starfshópur sá sem skipaður var í júlí 2006 sá mörg tormerki á því að bæta réttarstöðu leigutaka lóða undir frístundahús með afturvirkri löggjöf og taldi skynsamlegra að löggjöfin kvæði eingöngu á um hvaða atriða skyldi getið í leigusamningi, auk þess að kveða á um rétt leigutaka til að framleigja og framselja leiguréttindin og heimild til að veðsetja mannvirki og leigulóðarréttindi. Einnig lagði starfshópurinn til að mælt yrði fyrir um í lögum að samningar um kaup á lóð undir frístundahús uppfyllti tiltekin lámarksskilyrði. Með því yrði samningsaðilum gert að taka afstöðu til tiltekinna atriða sem reynslan hefur sýnt að hafa síðar orðið að ágreiningsefnum. Hugmyndir starfshópsins um reglur um innbyrðis samskipti eigenda frístundahúsa eru að mestu leyti lagðar til grundvallar í frumvarpi þessu.

2. Uppbygging frumvarpsins og helstu frávik frá tillögum starfshópsins.

Frumvarp þetta er í eðli sínu einkaréttarlegs eðlis. Það fjallar einkum um innbyrðis samskipti manna en tekur síður til samskipta borgaranna og stjórnvalda. Ákvæði laganna hafa að geyma lágmarksreglur en að öðru leyti er aðilum frjálst að semja um skipan mála sinna. Grundvallarmarkmið frumvarpsins er að veita einkaðilum svigrúm til að ná samningum á

eigin spýtur en ef samningar nást ekki um framlengingu á leigukjörum að þá sé staða leigutaka tryggð en á móti öðlast leigusali ýmsar nýjar heimildir.

Helstu frávik frumvarps þessa frá tillögum starfshóps ráðherra eru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi er eingöngu fjallað um leigusamninga undir lóðir fyrir frístundahús en ekki kaup á slíkum lóðum. Talið er að lög um fasteignakaup, nr. 40/2002, veiti viðunandi leiðsögn fyrir aðila til að semja um kaup á slíkum lóðum.

Í öðru lagi eru mun ítarlegri reglur settar um réttarsamband leigusala og leigutaka lóða undir frístundahús en í tillögum starfshópsins. Er tekið á helstu atriðum í þessu sambandi og helstu meginreglur eru ófrávíkjanlegar. Mestu máli skiptir að staða leigutaka lóða undir frístundahús er tryggð með því að hann hefur rétt til að framlengja leigusamning samhliða því sem reynt er að koma til móts við þarfir leigusala með heimildum hans til að hækka leigu og endurskilgreina mörk hins leigða og ákvæðum um innlausnarrétt og riftun.

Í þriðja lagi er lagt til að sérstakri kærunefnd verði komið á fót, kærunefnd frístundabyggðarmála. Nefndinni er m.a. ætlað að skera úr um ágreining aðila sem lýtur að fjárhæð leigugjalds, endurmörkun lóðar og beitingu innlausnarréttar. Einnig er kærunefndinni ætlað það hlutverk að skera úr um ágreiningsatriði á milli umráðamanna lóða í frístundabyggð. Slík deilumál geta komið upp við framkvæmd III. kafla frumvarpsins, t.d. við skiptingu kostnaðar vegna framkvæmda, og um skyldu til greiðslu slíks kostnaðar, lögmæti ákvörðunartöku o.s.frv.

VI. Grunnreglur og lagafrumvarp þetta.

Við setningu laga sem annars vegar varða réttarstöðu leigusala og leigutaka fasteigna og hins vegar innbyrðis réttarstöðu umráðamanna lóða í frístundabyggð er eðlilegt að skoða ákvæði frumvarpsins með hliðsjón af mannréttindaákvæðum stjórnarskrár. Koma hér einkum til skoðunar ákvæði stjórnarskrárinnar um vernd eignarréttar, bann við afturvirkni laga og félagafrelsi.

1. Sjónarmið um afturvirkni.

Í 1. mgr. 68. gr. og 2. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 7. gr. og 15. gr. stjórnarskipunarlaga, nr. 97/1995, er mælt fyrir um bann við afturvirkni laga, nánar tiltekið að taka ákvörðun um refsinæmi verknaðar, þyngingu viðurlaga við afbrotum og álagningu skatta. Á fleiri sviðum réttarins gilda reglur um afturvirkni laga, m.a. sem varða eignarrétt. Segja má að réttmætar væntingar eiganda tengist álitaefnum um afturvirkni laga þar sem réttarskipan, sem hefur gilt lengi um réttarstöðu eiganda, getur haft þau áhrif að hann megi með réttu vænta þess að sú skipan haldist og að löggjafinn afnemi ekki með afturvirkum hætti réttindi eiganda. Af þessu leiðir að huga verður að sjónarmiðum um afturvirkni og réttmætar væntingar þegar metið er hvert sé svigrúm löggjafans til setningar laga sem raska réttarstöðu eigenda leigulóða undir frístundahús.

Algengast er að leigusamningar um lóðir fyrir frístundahús séu til langs tíma. Almennar reglur fjármunaréttarins hafa gilt um þessa samninga. Ætlunin er að reglur frumvarpsins taki til þeirra samninga sem eru í gildi við gildistöku laganna. Þar sem ákvæði frumvarpsins eru ófrávíkjanleg er ljóst, verði frumvarpið að lögum, að ákvæði í samningum sem verða í gildi við gildistöku laganna, en stangast á við ákvæði frumvarpsins, verða ógild. Afturvirkni af þessu tagi getur verið réttlætanleg að uppfylltum tilteknum skilyrðum, þar á meðal ef mikilvægir almannahagsmunir knýja á um slíkt. Þess eru ýmis dæmi úr lagasetningu að lög hafi

haft áhrif á efni viðvarandi samninga. Hér má t.d. nefna samninga um húsaleigu sem voru gerðir áður en gildandi húsaleigulög, nr. 36/1994, tóku gildi.

Löggjafinn hefur stjórnskipulegar heimildir til að meta hvort nauðsyn beri til að breyta réttarástandi. Tilgangurinn með þessu frumvarpi er að jafna samningsstöðu leigutaka lóða undir frístundahús og eigenda slíkra lóða. Útilokað er að lagfæra réttarstöðu þeirra leigutaka sem nú hafa gilda leigusamninga nema lagasetningin nái til slíkra samninga. Ákvæði frumvarps þessa, verði það að lögum, fara því vart á svig við neinar grundvallarreglur um afturvirkni.

2. Eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar.

Vikið var að því hér að framan að breyttar aðstæður á undanförnum árum kalla á að nauðsynlegt sé að ná meira jafnvægi í réttarsambandi leigusala og leigutaka lóðar þar sem frístundahús stendur. Hækkandi fasteignaverð, ný jarðalög, aukinn aðgangur að lánsfé, breytingar á eðli mannvirkja á lóðum undir frístundahús og fleiri þættir kalla á að löggjafinn taki á þessu málefni. Að margra mati er brýnast að tryggja leigulóðarréttindi leigutaka þegar til loka leigusamnings kemur. Á þessu er tekið í frumvarpi þessu með því að veita leigutaka rétt til að framlengja leigusamning, þ.e. rétt til að leigja hið leigða áfram að leigutíma loknum.

Nái frumvarp þetta fram að ganga taka samningar um leigu á lóðum undir frístundahús, sem enn eru í gildi við gildistöku laganna, breytingum. Leigutaki hefur þá rétt til að leigja lóðina óháð afstöðu eiganda hennar. Meginskilyrði þess að leigutaki geti nýtt sér þennan rétt er að hann eigi frístundahús á lóðinni og að lóðin sé tveir hektarar að stærð eða minni. Að jafnaði þarf leigutaki einnig að uppfylla formskilyrði, þ.e. að upplýsa leigusala um beitingu þessa réttar með skriflegum tilkynningum, sbr. 11. gr. frumvarpsins.

Samfara þessum nýja rétti leigutaka þarf að koma til móts við hagsmuni leigusala svo að eðlilegs jafnvægis sé gætt við að tryggja réttinda beggja aðila samnings um leigu á lóð undir frístundahús. Þetta er gert fyrst og fremst með eftirfarandi hætti í frumvarpinu:

i. Gildissvið II. kafla laganna nær ekki til stórra leigulóða, þ.e. lóða sem eru stærri en tveir hektarar. Hafa verður í huga að leigusamningar kunna að hafa byggst á þeirri forsendu að leigusali gæti tekið landið aftur til eigin afnota, t.d. fyrir afkomendur sína. Í stað þess að selja það hefur hann kosið að leiga það út. Þegar svo háttar til kann að vera ósanngjarnt að ákvæði um rétt leigutaka til að framlengja leigusamning gildi um stórar lóðir undir frístundahús. Tveggja hektara viðmiðið þykir eðlilegt og ættu flestar leigulóðir að vera nokkuð undir þeim mörkum.
ii. Takist ekki samkomulag á milli aðila um gerð nýs leigusamnings áður en eldri leigusamningur rennur út og leigutaki beitir rétti sínum til að framlengja leiguna hefur leigusali heimildir til að hækka leiguna og binda fjárhæð hennar vísitölu neysluverðs eða byggingarvísitölu á gildistíma hins framlengda samnings, sbr. 3. mgr. 12. gr. frumvarpsins.
iii. Sé hin leigða lóð stærri en hálfur hektari en ekki stærri en tveir hektarar er boðið upp á þau úrræði fyrir leigusala að minnka stærð hinnar leigðu lóðar allt niður í hálfan hektara, sbr. 4. mgr. 12. gr. frumvarpsins.
iv. Að liðnum tíu árum frá framlengingu leigusamnings getur leigusali krafist þess að leigutaki innleysi lóðina til sín gegn fullu verði.
v. Leigusali hefur heimildir til að segja framlengdum leigusamningi upp ef aðilaskipti verða með tilteknum hætti, sbr. 2. og 3. mgr. 13. gr.

vi. Að lokum getur leigusali rift leigusamningi ef leigutaki hefur á gildistíma hins framlengda samnings framselt leiguréttindi sín til ótengdra aðila án þess að fylgja eftir fyrirmælum 8. gr. frumvarpins um að tilkynna leigusala það innan tiltekins frests.

Verði ágreiningur um framangreind atriði getur annar hvor aðila skotið málinu til kærunefndar frístundabyggðarmála. Auk þess geta aðilar að sjálfsögðu ávallt borið málið undir dómstóla með venjulegum hætti.

Þetta frumvarp mælir fyrir um almennar takmarkanir á eignarrétti eiganda leigulóðar. Að baki löggjöfinni búa þeir almannahagsmunir að bæta réttarstöðu leigutaka lóða undir frístundahús sem hafa e.t.v. um afar langt skeið ræktað landið og sinnt þeim mannvirkjum sem á því standa. Við mat á heimildum löggjafans til þess að setja reglur um þessi mál verður að horfa til þess að aðilar að langtímasamningum um fasteignir geta ekki vænst þess að þeir þurfi ekki að sæta einhverjum breytingum á réttarstöðu sinni. Það er sérstaða fasteigna að löggjafinn hefur lengi haft mikil afskipti af eignarráðum fasteignareigenda. Þannig getur fasteignareigandi ekki með sanngirni gert ráð fyrir því að möguleikar hans til nýtingar eignarinnar verði ávallt óbreyttir frá því sem verið hefur. Sjónarmið um réttmætar væntingar fasteignareiganda mótast m.a. af þessari staðreynd. Þá skal þess getið að þó að leigutaki öðlist rétt til að framlengja leigusamning og möguleikar leigusala til ráðstöfunar eignarinnar séu þannig þrengdir er rétti eigandans engan veginn varpað fyrir róða. Á móti heimildum leigutaka til framlengingar á leigu öðlast leigusali ýmsar heimildir sem hann hefur ekki samkvæmt gildandi réttarskipan.

Að framangreindu virtu verður að telja að ákvæði frumvarpsins standist ákvæði stjórnarskrárinnar um verndun eignarréttarins, sbr. 72. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 12. gr. laga til stjórnarskipunarlaga, nr. 97/1995.

3. Sjónarmið um skylduaðild að félögum í frístundabyggð.

Nokkur dæmi eru í íslenskum lögum um skyldu til stofnunar og aðildar að félögum sem gegna lögmæltri hagsmunagæslu fyrir félagsmenn án þess að talið sé að slíkt fari í bága við ákvæði 74. gr. stjórnarskrárinnar um félagafrelsi. Nefna má að í 56. gr. laga nr. 26/1994, um fjöleignarhús, er gengið út frá því að í öllum fjöleignarhúsum séu starfandi húsfélög í krafti laganna og að allir eigendur og aðeins þeir séu félagsmenn. Í IV. kafla laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, er fjallað um veiðifélög. Samkvæmt 37. gr. laganna er mönnum skylt að hafa með sér félagsskap um skipulag veiði í hverju fiskihverfi. Í greininni er nánar kveðið á um hlutverk félagsins.

Í 1. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 12. gr. laga nr. 97/1995, er kveðið á um félagafrelsi. Í 1. málsl. 2. mgr. 74. gr. kemur fram að rétturinn til að standa utan félaga sé verndaður og að engan megi skylda til aðildar að félagi. Í 2. málsl. 2. mgr. 74. gr. er að finna undantekningar frá þeirri meginreglu en þar segir að með lögum megi kveða á um skyldu til aðildar að félagi ef það er nauðsynlegt til að félag geti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda annarra. Í athugasemdum með 12. gr. frumvarps þess sem varð að stjórnarskipunarlögum, nr. 97/1995, er skylduaðild rökstudd með vísan til þess að við ákveðnar aðstæður geti tengsl á milli hagsmuna manna orðið svo náin að nauðsynlegt þyki að leggja þá skyldu á þá að virða hagsmuni hvor eða hver annars með því að standa að sameiginlegu félagi í því skyni (sjá Alþt. 1994–1995, A-deild, bls. 2108).

Í þessu frumvarpi er við það miðað að heimildir löggjafans til að mæla fyrir um skylduaðild að félagi í frístundabyggð helgist af þeim nánu tengslum sem telja má að séu milli manna og af 2. málsl. 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar og þeim sjónarmiðum sem ákvæðið er byggt

á. Þá er rétturinn til að standa utan félaga ekki með berum orðum varinn í 1. mgr. 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Í dómaframkvæmd hefur Mannréttindadómstóll Evrópu þó komist að þeirri niðurstöðu að ákvæðið verndi þann rétt þótt hann hafi ekki skýrlega tekið afstöðu til þess hvort þessi réttur njóti verndar í sama mæli og rétturinn til að stofna og starfrækja félög. Af þessu leiðir skv. 2. mgr. 11. gr. mannréttindasáttmálans að uppfylla þarf tiltekin skilyrði til að rétturinn til að standa utan félaga verði takmarkaður. Um skylduaðild að félagi verður því að mæla fyrir í lögum. Hún þarf að vera í þágu lögmætra markmiða, þ.e. vegna þjóðaröryggis eða almannaheilla, til þess að vinna gegn glundroða eða glæpum, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða réttindum og frelsi. Loks má skylduaðildin ekki ganga lengra en nauðsyn ber til í lýðræðisþjóðfélagi.

Með vísan til þess sem að framan er rakið er talið heimilt að mæla fyrir um skyldu til að stofna og vera í félagi í frístundabyggð.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í I. kafla frumvarpsins, sem nær yfir 1.–2. gr., er að finna ákvæði um gildissvið laganna og skilgreiningar. Gildissviðið markast af því að lögin eiga fyrst og fremst að gilda um leigu lóða undir frístundahús og réttindi og skyldur umráðamanna slíkra lóða í frístundabyggð. Mikilvæg hugtök eru skilgreind og á það að auðvelda ólöglærðum að fara eftir þeim.

Um 1. gr.

Þetta ákvæði er um gildissvið laganna. Í fyrri málsgrein ákvæðisins er kveðið á um að lögin fjalli um leigu lóða undir frístundahús sem eru tveir hektarar og minni. Ekki skiptir máli hvar lóðin er, lögin taka til leigu allra slíkra lóða undir frístundahús. Ástæða þess að II. kafli laganna gildir ekki um leigu lóða sem eru stærri en tveir hektarar er fyrst og fremst sú að taka verður tillit til hagsmuna landeiganda til að vera ekki þvingaður til að leigja út stórt land undir frístundahús um langa hríð og að markmið frumvarpsins er aðallega að bæta réttarstöðu þeirra leigutaka sem hafa leigt skika lands til þess að geta átt athvarf fyrir sig og fjölskyldu sína utan þéttbýlis en síður aðila sem hafa gnægð lands fyrir frístundahús sín. Jafnframt er tekið fram í málsgreininni að lögin gildi um innbyrðis réttindi og skyldur umráðamanna lóða í frístundabyggð.

Í síðari málsgrein ákvæðisins er kveðið á um að lögin séu ófrávíkjanleg. Væri mönnum að meginstefnu til heimilt að semja sig frá ákvæðum laganna næðust ekki markmið frumvarpsins um að skylda menn til að vera í félagi sem tæki afstöðu til sameiginlegra hagsmuna í frístundabyggð og lágmarksréttar leigutaka lóða undir frístundahús.

Um 2. gr.

Í þessu ákvæði eru nokkur mikilvæg orð og orðasambönd skýrð og skilgreind. Hugtakið frístundabyggð miðast þannig við sex lóðir á tilteknu svæði en ekki hvort sex frístundahús eru á svæðinu. Aðalatriðið hér er að lóðirnar séu skipulagðar með einhverjum hætti þannig að þær myndi eina heild.

Rétt eins og reyndin hefur verið við framkvæmd laga um fjöleignarhús kann að vera flókið að skilgreina hvað sé frístundahús og um það kunna að spretta deilur. Helsta eðliseinkenni hugtaksins samkvæmt þessu frumvarpi er að um hús er að ræða sem stendur utan þéttbýlis og er nýtt í þeim tilgangi að fólk geti dvalist þar tímabundið til að eyða þar frítíma sínum. Orðasambandið „utan þéttbýlis“ ber að skýra í samræmi við skipulagslöggjöf á hverjum tíma

en nú er þéttbýli skilgreint sem þyrping húsa þar sem búa a.m.k. 50 manns og fjarlægð milli húsa fer að jafnaði ekki yfir 200 metra, sbr. 14. mgr. 2. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997. Eins og áður hefur verið vikið að, er ekki hægt að skrá lögheimili sitt í frístundahúsi eftir 1. janúar 2007, sbr. bráðabirgðaákvæði lögheimilislaga, nr. 21/1990, sbr. lög nr. 149/2006. Skilgreiningin á frístundahúsi byggist því á að þar sé að öðru jöfnu óheimilt að hafa skráð lögheimili. Fylgi geymslur og þess konar mannvirki frístundahúsi, án þess þó að vera samtengd húsinu, er slíkt mannvirki talið vera hluti hússins.

Til að eyða vafa um hugtakið frístundahús er æskilegt að taka fram hvaða mannvirki falla þar ekki undir. Í og skipulags- og byggingarlögum er frístundahús skilgreint sem hús utan þéttbýlis sem ætlað er til tímabundinnar dvalar. Samkvæmt gildandi byggingareglugerð eru svæði fyrir fjallaskála, gangnamannaskála og neyðarskýli flokkuð sem frístundabyggð. Aðstöðuhús, kofar og önnur slík mannvirki kunna að vera reist á landi utan þéttbýlis sem ætlað er samkvæmt samningi eða skipulagi til nota fyrir skógrækt eða annarra nota en þeirra að reisa hefðbundið frístundahús fyrir fjölskylduna til að eyða frítíma saman. Rétt þykir að taka af öll tvímæli um að mannvirki af þessu tagi eru ekki frístundahús í skilningi frumvarps þessa.

Síðasti málsliður 2. tölul. tengist 3. tölul. greinarinnar órjúfanlegum böndum þar sem í síðastnefnda töluliðnum er skilgreint hvaða eiginleika land þarf að búa yfir til að þar geti verið frístundahús í skilningi frumvarpsins. Standi mannvirki á landi sem er ekki skiki undir frístundahús að þá getur mannvirkið aldrei verið frístundahús þó að það uppfylli aðra þætti skilgreiningarinnar.

Samkvæmt 3. tölul. greinarinnar verður skiki lands að vera afmarkaður með nánar tilgreindum hætti og a.m.k. hluti hans nýttur undir frístundahús, eða heimilt að reisa þar slíkt hús, til að um lóð undir frístundahús sé að ræða. Samkvæmt umsögn umhverfisráðuneytisins við frumvarpstillögunni sem lögð var fram í mars 2007 kann að vera að í einstökum byggðarlögum sé ekkert skipulag í gildi um frístundabyggð eða lóðir undir frístundahús. Þetta hefur í för með sér að skilgreina verður lóð undir frístundahús í þessu frumvarpi með víðtækari hætti en eingöngu samkvæmt byggingar- og skipulagslöggjöf. Þetta er ein ástæða þess að lagt er til að lóð verði afmörkuð í samningi eða skipulagi og sem á grundvelli sérgreindrar hagnýtingar, auðkenna eða landamerkja geti talist sjálfstæð eind þar sem hægt er að hafa frístundahús. Önnur ástæða fyrir þessari skipan er að koma í veg fyrir þann skilning að ósérgreind lóð geti fallið undir lögin. Slík lóð kann eðli málsins samkvæmt að vera hluti stórrar fasteignarheildar eins og jarðar, eyðijarðar eða jarðarhluta sem nýttur er af ábúanda, sbr. 2. gr. jarðalaga, nr. 81/2004. Þetta á m.a. að hafa þær afleiðingar að mannvirki, sem varanlega eru skeytt við land sem nýtt er til landbúnaðarnota eða er í ábúð, er ekki frístundahús í skilningi frumvarpsins þó að það kunni að vera nýtt með sambærilegum hætti og slík hús. Segja má að þetta atriði undirstriki gildissvið laganna, þ.e. að þau eigi við um leigu lóða undir frístundahús en ekki leigu á yfirgripsmiklum og stórum landsvæðum.

Réttur til að framlengja leigusamning að leigutíma loknum er grundvallaratriði í þessu frumvarpi. Mikilvægt er að skilgreina hvað sá réttur merkir. Samkvæmt skilgreiningunni verður frístundahús að standa á lóð til að leigutaki öðlist slíkan rétt. Það verður að vera háð mati hvað sé frístundahús þó að skilgreining í þessari grein ætti að skýra það prýðilega. Í vafatilvikum verður að horfa til þess hvort hús sé tilbúið til notkunar og hvort það sé hæft til búsetu. Sé svo ekki er síður ástæða til að líta á mannvirki sem frístundahús. Hins vegar kann mannvirki sem er í fokheldu ástandi að vera talið frístundahús. Hér verður að hafa í huga að samkvæmt frumvarpinu er réttur til að framlengja leigusamning sterkur réttur leigutaka þar

sem hann er ekki háður viljafstöðu eiganda lóðarinnar eða því hvort lóðin sé föl til áframhaldandi leigu eins og t.d. forgangsréttur til húsaleigu er nú skilgreindur í húsaleigulögum, nr. 36/1994. Þessi sérstaða skýrist af því að leigusamningar um lóð undir frístundahús eru að jafnaði langtímasamningar og með stoð í slíkum samningum eru reist verðmæt mannvirki sem yrðu verðlítil ef lóðarréttindi væru ótrygg.

Í frumvarpi þessu eru réttaráhrif bundin við orðið sambúðaraðili, sbr. 3. mgr. 13. gr. og 1. mgr. 20. gr., og kann að skapast vafi um hvernig beri að túlka það. Því þykir rétt að taka af öll tvímæli um að sambúðaraðili merkir einstakling sem er í skráðri sambúð með leigutaka eða umráðamanni lóðar í frístundabyggð. Nánari fyrirmæli um hvað það merkir að vera í skráðri sambúð er nú að finna í 3. mgr. 7. gr. laga um lögheimili, nr. 21/1990, með síðari breytingum.

Umráðamaður lóðar undir frístundahús í frístundabyggð er sá aðili sem hefur umráð yfir slíkri lóðar í a.m.k. eitt ár. Í umráðum yfir lóð undir frístundahús felst að umráðamaður nýti lóðina í því skyni að reisa frístundahús eða hagnýta sér slíkt hús sem þar stendur. Leigutaki lóðar, hvort sem það er upphaflegur leigutaki eða framleigutaki, telst að jafnaði umráðamaður í þessu samhengi. Leigusalar slíkra lóða falla almennt ekki undir þennan hóp. Þinglýstir eigendur lóða, sem ekki hafa verið leigðar út eða seldar, eru þó ávallt umráðamenn lóða í skilningi laga þessara.

Um II. kafla laganna.

Í öðrum kafla laganna, sem spannar 3.–14. gr., er fjallað um réttarsamband leigutaka lóða undir frístundahús og eiganda slíkra lóða. Hugmyndin að baki þessum kafla er að setja grundvallarreglur um samskipti þessara tveggja aðila þannig að líklegt sé að þeir nái samkomulagi á eigin spýtur en fari svo ekki er með ýmsu móti reynt að jafna samningsstöðu aðila.

Um 3. gr.

Í frumvarpstillögum áðurnefnds starfshóps félagsmálaráðherra frá mars 2007 var lagt til að sambærilegt ákvæði yrði lögfest. Það hefur þó tekið hér nokkrum breytingum þar sem lagt er til að lágmarkstími leigu verði 25 ár en í norsku grunnleigusamningslögunum er kveðið á um að lágmarkstími leigu skuli vera 80 ár. Þetta er talið nauðsynlegt til að tryggt sé að samningur sé til langs tíma og tryggi þannig réttarstöðu leigutaka lóðar betur en ef ekkert slíkt ákvæði væri fyrir hendi.

Nauðsynlegt er að tekin sé afstaða til þeirra lágmarksatriða sem fram koma í 1.–8. tölul. 2. mgr. við samningsgerð um leigu lóða undir frístundahús. Ætla má að ef vel er gengið frá samningum í upphafi séu minni líkur á því að deilur komi upp síðar meir. Það er til hagsbóta fyrir báða aðila. Ekki er tekin afstaða til þess í frumvarpinu með hvaða hætti skuli kveðið á um þau atriði sem talin eru í 2. mgr. heldur er aðilum frjálst að semja um þessi atriði eftir því sem henta þykir en skylt er að taka afstöðu til þeirra atriða sem talin eru í 2. mgr.

Þess má vænta að ráðuneytið geri stöðluð samningseyðublöð sem aðilar geti litið til við samningsgerð sína.

Um 4. gr.

Fyrri málsgreinin er samhljóða 13. gr. húsaleigulaga, nr. 36/1994. Samningssamband leigusala og leigutaka lóðar undir frístundahús er langt og viðvarandi. Orðsendingar á milli slíkra aðila hafa að jafnaði mikilvæg réttaráhrif. Hin almenna regla er sú að orðsendingar

hafa ekki gildi nema þær hafi borist til móttakanda eða jafnvel komist til vitundar hans. Undantekningar eru frá þessu vegna svokallaðra ákvaða, svo sem uppsagna.

Rétt þykir að taka af öll tvímæli um það að sendanda orðsendinga nægi að jafnaði að sýna fram á og tryggja sér sönnur fyrir því að hann hafi sent orðsendingu þess efnis sem hann heldur fram og vill byggja rétt sinn á af stað frá sér með þeim hætti sem almennt er talinn tryggilegur. Hér er því tekið af skarið um það að áhættan af sendingunni eftir að hún er sannanlega send af stað hvílir á móttakandanum en ekki sendandanum.

Norsku grunnleigulögin gera ráð fyrir að tilkynningar aðila geti farið fram með rafrænum hætti enda hafi verið samið um slíkt. Síðari málsgrein ákvæðisins á sér því þar hliðstæðu.

Um 5. gr.

Fyrri málsgrein þessa ákvæðis er einföld vísiregla um það ástand sem lóð skal vera í þegar til samnings er stofnað. Við túlkun á ákvæðinu má líta til nákvæmari ákvæða í lögum um lausafjárkaup og fasteignakaup, sem og ákvæða húsaleigulaga, nr. 36/1994.

Landamerki lóða þurfa að vera glögg. Leigutaki skal sjá til þess að svo sé nema um annað sé samið.

Um 6. gr.

Ákvæði þetta er hliðstætt 18. gr. húsaleigulaga, nr. 36/1994. Sú sérstaða ríkir um leigu á lóðum undir frístundahús að leigutaki ber að jafnaði allan kostnað af viðhaldi, rekstri og greiðslu opinberra gjalda af hinu leigða. Aðilar geta þó samið um aðra skipan.

Um 7. gr.

Sú venja er að leiga fyrir afnot lóðar í eitt ár undir frístundahús skuli greidd einu sinni ári. Ákvæðið lögfestir þá venju. Eðlilegt er að gjalddagi skuli vera um mitt ár enda algengast að umráðamenn lóða undir frístundahús noti sumarleyfi til að vera þar.

Um 8. gr.

Meginregla leiguréttar er að leigutaki megi ekki framleigja hið leigða eða framselja leigusamning án heimildar leigusala. Hér er gert ráð fyrir að slíkt sé heimilt án þess að fengist hafi sérstakt leyfi leigusala. Þetta byggist á eðli hins leigða og að samningar um þetta efni séu til langs tíma.

Færst hefur í vöxt að eigendur frístundahúsa framleigi hús sín til skemmri tíma. Um er að ræða leigu til félagasamtaka og einstaklinga. Lagt er til að tekin verði af öll tvímæli um að leigutaka er heimil framleiga án samþykkis eða samráðs við leigusala.

Þegar leigutaki framleigir lóðarrétt sinn til lengri tíma en eins árs og þegar hann framselur slíkan rétt er honum skylt að tilkynna leigusala um þessi aðilaskipti innan fjögurra vikna frá því að þau voru gerð. Með þessu á að tryggja að leigutaki sýni leigusala eðlilega tillitssemi þegar svo mikilsverðar ráðstafanir á hinu leigða hafa átt sér stað.

Um 9. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um heimild leigutaka til að veðsetja frístundahús sitt ásamt þeim leigulóðarréttindum sem því fylgja án íhlutunar leigusala. Rétt þykir að með skýrum hætti sé kveðið á um að leigutaki geti veðsett mannvirki sín á lóðinni ásamt þeim afnotarétti sem hann nýtur samkvæmt lóðarleigusamningi. Þessi regla er í samræmi við 1. mgr. 17. gr. laga nr. 75/1997, um samningsveð, en þar er mælt svo fyrir að veðsetning á varanlegum afnota-

rétti til lands og húsa o.fl., sem á landinu eru, nái til allra þeirra réttinda sem veðsali nýtur samkvæmt afnotasamningi. Að öðrum kosti væru möguleikar leigutaka á að veðsetja eignir sínar takmarkaðir.

Um 10. gr.

Þetta ákvæði um uppsögn leigusamnings er mikilvægt í tengslum við rétt leigutaka til að framlengja leigusamning þar sem í frumvarpinu er gert ráð fyrir að leigusali þurfi að segja samningi upp hafi hann hug á að slíta réttarsambandi sínu við leigutaka lóðar sem frístundahús stendur á. Við þá uppsögn öðlast hins vegar leigutaki rétt á að grípa til úrræða sem tryggja honum rétt til að framlengja leigusamning.

Í 1. mgr. er tekið á leigusamningum sem eru ótímabundnir. Mælt fyrir um það að uppsagnarfrestur slíks samnings sé tvö ár. Það er talið mjög íþyngjandi fyrir báða samningsaðila ef samningur er ekki uppsegjanlegur.

Í 2. mgr. er fjallað um lok leigusamninga sem eru tímabundnir. Hin almenna regla er sú að tímabundnir leigusamningar renna út án sérstakrar uppsagnar eða tilkynningar af hálfu aðila við lok samningsins, sbr. 1. mgr. 58. gr. húsaleigulaga, nr. 36/1994. Þessari almennu reglu er hér fylgt en á hinn bóginn öðlast leigutaki lóðar, sem frístundahús stendur á, sjálfkrafa rétt til að framlengja leigusamning að leigutíma loknum hafi tímabundnum leigusamningi ekki verið sagt upp a.m.k. tveimur árum áður en samningur rennur út. Síðasti málsliður 2. mgr. er til að taka af öll tvímæli um að verði tímabundnum samningi sagt upp á samningstímanum taki slík uppsögn aldrei gildi fyrr en við lok umsamins leigutíma.

Í 3. mgr. er kveðið á um að uppsögn leigusamnings skuli vera skrifleg.

Um 11. gr.

Í þessu ákvæði er mælt fyrir um rétt leigutaka lóðar undir frístundahús til að framlengja leigusamning sem er að renna út. Við samningu slíks ákvæðis þarf að gæta að hagsmunum beggja aðila, ekki síst vegna þess að lögin munu gilda um þá samninga sem voru gerðir fyrir gildistöku laganna og eru í gildi þegar lögin koma til framkvæmda. Það er forsenda þessa frumvarps að hægt sé að bæta réttarstöðu þeirra fjölmörgu lóðarleigutaka sem eiga frístundahús á lóð og hafa nú gilda samninga sem renna út innan skamms. Fáar leiðir eru færar í þeim efnum nema leigutaki hafi ótvíræðan rétt til að framlengja leigusamning eða rétt til að leysa lóðina til sín. Hér er fyrrnefnda leiðin valin.

Þessi aðferð við að bæta réttarstöðu leigutaka á sér að einhverju leyti samsvörun í ákvæðum um forgangsrétt leigjanda til húsaleigu að leigutíma loknum, sbr. 51. gr. laga um húsaleigu, nr. 36/1994, og 8. gr. eldri laga um húsaleigusamninga, nr. 44/1979. Sá munur er þó á að frumvarp þetta gerir ráð fyrir að viljafstaða leigusala til áframhaldandi leigu skipti almennt ekki máli. Þessi takmörkun á réttindum landeigenda er sett til að jafna samningsstöðu leigusala og leigutaka lóðar þar sem frístundahús stendur. Það ber að forðast að draga þá ályktun að þetta réttarúrræði hafi almennt gildi eða skuli gilda á öðrum sviðum þar sem það er sérstaklega hugsað til að rétta hlut leigutaka lóðar þar sem frístundahús stendur.

Uppsagnarfrestur ótímabundins samnings er tvö ár og í reynd á það sama við um tímabunda samninga, sbr. 2. mgr. 10. gr. frumvarpsins. Hér er lagt til að leigutaki, þar sem frístundahús stendur, geti brugðist við slíkri uppsögn með skriflegri tilkynningu til leigusala um beitingu réttar til að framlengja leigusamning. Hafi leigutaki ekki sent frá sér slíka tilkynningu a.m.k. ári áður en samningur fellur úr gildi glatar hann rétti sínum til að framlengja

leigusamning. Hafi tímabundnum leigusamningi ekki verið sagt upp af hálfu leigusala öðlast leigutaki sjálfkrafa rétt til að framlengja leigusamning, sbr. 2. mgr. 10. gr. frumvarpsins.

Nærtækast er að frestur til að tilkynna um beitingu réttar til að framlengja leigusamning miðist við þann tíma sem eftir er af samningi aðila. Í ljósi þess að slit á langvarandi samningssambandi kann að vera viðurhlutamikið úrræði þykir rétt að leigutaki hafi rúman tíma til að gera upp við sig hvort hann beiti rétti sínum til að framlengja leigusamning. Þetta fyrirkomulag er hliðstætt því sem áðurnefnd lög í Noregi um grunnleigusamninga mæla fyrir um.

Um 12. gr.

Þegar aðilar hafa haft samskipti sín á milli nokkru áður en eldri leigusamningur rennur út, sbr. 10. og 11. gr., er nærtækt að veita þeim svigrúm að ná samkomulagi um gerð nýs leigusamnings áður en sá eldri rennur út. Við gerð slíks samnings gilda öll ákvæði þessara laga, m.a. 3. gr. um form samnings. Verði niðurstaðan sú að aðilar ná ekki samkomulagi verður réttur leigutaka til að framlengja leigusamning virkur.

Í 2. mgr. greinarinnar er gert ráð fyrir að hinn framlengdi samningur verði til 25 ára nema samið sé um lengri gildistíma og að skilmálar framlengda samningsins verði hinir sömu og eldri leigumáli að teknu tilliti þó til 3. og 4. mgr. Þessari skipan er ætlað skapa ákveðna festu við framkvæmd réttar leigutaka til að framlengja leigusamning. Almennt séð er erfiðleikum bundið að sjá öll þau tilvik fyrir þegar rétti til að framlengja leigusamning er beitt. Eðlilegast er því að miða við eldri samning. Séu ákvæði eldri samnings ósanngjörn að verulegu marki kunna aðilar að geta skotið máli fyrir dómstóla með stoð í ákvæðum ógildingarkafla laga um um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, nr. 7/1936.

Samkvæmt 3. mgr. er leigusala veitt einhliða heimildir til að hækka ársleigu í samanburði við eldri samning. Erfitt er um vik að meta hversu mikið leigusali skuli geta hækkað leiguna þar sem á gildistíma eldri samning kann leigufjárhæð að hafa verið afar lág eða með samkomulagi aðila tekið umtalsverðum hækkunum. Þó að það kunni að vera fýsilegt að miða við hærri stuðul en tvöfalda ársleigu á grundvelli eldri leigusamnings þykir það viðmið varfærnislegt og ætti oft að vera fullnægjandi fyrir málsaðila. Sé annar hvor aðila óánægður með hina nýja leigufjárhæð geta þeir borið hið nýja leigugjald undir kærunefnd frístundabyggðarmála sem hefur heimild til að lækka gjaldið eða hækka með hliðsjón af markaðsaðstæðum.

Af margvíslegum ástæðum kann leigusali hafa ríka ástæðu til að minnka hið leigða land. Samkvæmt 4. mgr. eru honum veittar heimildir til þess. Miðað er við að sé lóðin hálfur hektari geti leigusali ekki minnkað lóðina en allt umfram það að tveggja hektara mörkunum er leigusala fært að draga úr því óhagræði sem fylgir því að leigutaki hafi rétt til að framlengja leigu. Eðlilegt þykir að leigusali hafi leigutaka með í ráðum en sé leigusala ekki svarað innan tiltekins frests getur hann minnkað lóðina einhliða. Réttarúrræði leigusala samkvæmt þessari grein miðast við að byggingar- og skipulagsyfirvöld veiti samþykki fyrir sitt leyti fyrir því að lóðin sé minnkuð. Fáist það ekki er leigusala ómögulegt að minnka hina leigðu lóð. Líklegt ætti að vera fyrir því að leigusali fái samþykki yfirvalda enda er þetta úrræði hugsað til að draga úr því höggi sem framlengingarrétturinn til leigu er. Nauðsynlegt er að leigusali bregðist fljótlega við eftir að framlengdur samningur er kominn á og af þeim sökum eru tímafrestir settir í 5. mgr. ákvæðisins.

Þegar leigusali hefur hækkað leigu er eðlilegt að aðilar geti leitað til óháðs aðila sem getur endurmetið þessar ráðstafanir að teknu tilliti til aðstæðna á markaði. Einnig kann endurmörkun lóðar að vera óviðunandi fyrir hagsmuni leigutaka, svo sem ef þrengt er verulega að honum án málefnalegrar ástæðu.

Um 13. gr.

Þegar rétti til að framlengja leigusamning hefur verið beitt er ljóst að leigutaki getur haft lóðina á leigu til frambúðar. Þannig verður til nýr 25 ára lóðarleigusamningur þegar rétti til framlengingar á leigu er beitt skv. 11. gr. frumvarpsins og svo koll af kolli. Slíkt þrengir möguleika leigusalans til að nýta sér eign sína. Með hliðsjón af þessu þykir sanngjarnt að leigusali geti hvenær sem er að liðnum tíu árum frá því að framlengdur lóðarleigusamningur tók gildi krafist þess að leigutaki leysi lóðina til sín gegn fullu verði. Komist aðilar ekki að samkomulagi um verð geta þeir skotið málinu til kærunefndar fristundabyggðarmála. Skýra verður orðin fullt verð með hliðsjón af 72. gr. stjórnarskrárinnar.

Samkvæmt 2. mgr. greinarinnar eru leigusala veittar heimildir til að segja framlengdum samningi upp og leysa lóðina til sín þegar aðilaskipti verða. Þessar heimildir eru háðar því skilyrði að aðstæður við aðilaskipti falli ekki undir tilvik sem nefnd eru í 3. mgr. Þetta ákvæði þarf að mótast í framkvæmd en grunnhugmynd þess er að þrengja rétt leigutaka til að ráðstafa réttindum sínum á grundvelli hins framlengda samnings nema ráðstöfunin sé í þágu náins venslafólks. Þetta er í samræmi við yfirlýstan tilgang frumvarpsins um að bæta réttarstöðu fjölskyldufólks sem hefur um langt skeið hlúð að fristundahúsi sínu og þeirri lóð sem það stendur á.

Um 14. gr.

Þar sem í 8. gr. er kveðið á um skyldu leigutaka til að upplýsa leigusala um framsal leiguréttinda og 2. mgr. 13. gr. kveður á um mikilvæg réttaráhrif til handa leigusala ef aðilaskipti verða að leiguréttindum, þykir nærtækt að leigusali geti rift leigusamningi hafi leigutaki brotið tilkynningarskyldu sína skv. 8. gr. þegar um er að ræða sölu eða önnur aðilaskipti á leiguréttindunum á gildistíma hins framlengda samnings.

Að öðru leyti gilda almennar reglur um riftun samninga um leigu á lóð undir fristundahús og verða dómstólar að meta hvort skilyrði riftunar sé fullnægt.

Um III. kafla.

Í III. kafla frumvarpsins, 15.–21. gr., er fjallað um samskiptareglur á milli umráðamanna lóða undir fristundahús í fristundabyggð. Fjölmörg atriði sameina hagsmuni umráðamanna slíkra lóða. Það þarf að gera vegi um fristundabyggðina svo að hægt sé að komast að einstökum lóðum og það kann að vera vilji til þess að gera göngustíga, leiksvæði o.s.frv. Talið er nauðsynlegt að allir umráðamenn lóða þurfi að vera í félagi til að geta tekið ákvörðun um þessi atriði sem bindi alla. Ákvæði þessa kafla eru lítið breytt frá tillögum starfshóps sem félagsmálaráðherra skipaði í júlí 2006.

Um 15. gr.

Samkvæmt þessari grein er umráðamönnum lóða undir fristundahús skylt að hafa með sér félagsskap um sameiginlega hagsmuni. Hér að framan voru færð rök fyrir þessari skyldu til félagsaðildar og þykir hún að meginstefnu til nauðsynleg þegar lóðir undir fristundahús eru orðnar sex eða fleiri á tilteknu afmörkuðu svæði, sbr. orðskýringu á hugtakinu fristundabyggð í 2. gr. frumvarpsins. Frá þessari félagsskyldu er þó undantekning gerð ef umráðamenn lóða undir fristundahús í fristundabyggð eru þrír eða færri. Þetta stafar m.a. af því að ekki er óalgengt að stéttarfélög eða önnur slík samtök hafi umráð nánast allra lóða í byggðinni. Engin ástæða er til að skylda slíka aðila til að vera í félagsskap.

Í greininni er fjallað um afmörkun félagssvæðis frístundabyggðar. Meginreglan er sú að landamerki þeirrar jarðar sem frístundabyggðin tilheyrir eða hefur tilheyrt afmarkar félagssvæði. Lagt er til að veittar séu rúmar heimildir til að láta aðra þætti ráða afmörkun félagssvæðis. Þannig er heimilað að láta félagssvæði taka til fleiri en einnar jarðar náist um það samkomulag á milli eigenda frístundahúsa í viðkomandi frístundabyggðum. Einnig er heimilt að láta sameiginlega hagsmuni eða önnur landfræðileg mörk afmarka umdæmi félags, t.d. ár eða vegi sem skipta jörð í aðskildar einingar.

Um 16. gr.

Greinin fjallar um boðun stofnfundar félags í frístundabyggð. Einn umráðamaður lóðar undir frístundahús getur boðið til fundar og þarf að boða alla umráðamenn þeirra lóða sem taldar eru falla innan félagssvæðis byggðarinnar. Upplýsinga um alla umráðamenn þarf án efa yfirleitt að afla hjá jarðareiganda eða hjá sýslumanni. Ekki er gerð krafa um að fundur sé boðaður með ábyrgðarbréfi þar sem það gæti verið íþyngjandi fyrir smærri félög. Hins vegar er á það lögð áhersla að staðið sé að fundarboði með hliðstæðum hætti og í smærri félögum með bréfi, tölvubréfi og auglýsingu á áberandi stað, t.d. við aðalinnkeyrslu á umrætt frístundasvæði.

Markmiðið með því að stofnsamþykktum félags í frístundabyggð verð þinglýst sem athugasemdum á allar þær lóðir sem taldar eru upp í samþykktum þess er að með þeim hætti getur þriðji aðili ávallt fengið upplýsingar um gildandi samþykktir við kaup og sölu eigna. Slíkt fyrirkomulag er talið mundu þjóna svipuðu hlutverki og eignaskiptasamningur.

Um 17. gr.

Í greininni er fjallað um hlutverk félaga í frístundabyggð. Þar sem hlutverk þeirra geta verið misjafnlega stór í sniðum þykir rétt að ákvæði þetta sé frávíkjanlegt þó að talin séu upp í dæmaskyni verkefni sem slík félög taka venjulega að sér. Eðli málsins samkvæmt geta verkefni félagsins ráðist t.d. af ákvæðum í kaup- eða leigusamningum.

Um 18. gr.

Yfirleitt gildir sú regla í félögum að aðalfundir eru haldnir að vori. Hér er lagt til að aðalfund þurfi í síðasta lagi að halda fyrir 1. september ár hvert. Þetta helgast af séraðstæðum í frístundabyggð. Eðli málsins samkvæmt eru eigendur mest í húsum sínum yfir sumartímann. Á þeim tíma kann að vera auðveldast að boða til fundar í félaginu. Þeim kosti er haldið opnum að félagsmenn geta boðað til fundar hafi félagsstjórn einhverra hluta vegna ekki gert það fyrir 1. október.

Dagskrármál aðalfundar eru hefðbundin og í samræmi við það sem tíðkast.

Um 19. gr.

Ákvæðið fjallar um vægi atkvæða og skiptingu kostnaðar. Fram hefur komið að við samningu greina frumvarpsins hefur verið horft til laga um fjöleignarhús. Í þeim eru ítarlegar ákvæði um töku ákvarðana og vægi atkvæða. Hér er sú leið valin að allar reglur um þessi efni séu einfaldar.

Umhverfisráðuneytið hefur bent á að aðstæður í frístundabyggðum geta verið ólíkar og að sumar byggðir væru ekki formlegar samþykktar sem slíkar. Þetta kann m.a. að stafa af því að skipulagsvinnu fyrir svæðið er ekki lokið þrátt fyrir ákvæði skipulags- og bygginglaga þar að lútandi. Lóð undir frístundahús kann því að vera skilgreind í samningi en ekki í staðfestu

skipulagi, sbr. skilgreiningu á því hugtaki í 2. gr. frumvarpsins. Með hliðsjón af þessu er lagt til að grundvöllur við ákvörðun á vægi atkvæða og skiptingu kostnaðar sé lóð undir frístundahús. Hverri lóð fylgir eitt atkvæði og umráðamaður slíkrar lóðar fer með atkvæðið. Einn og sami umráðamaðurinn getur haft mörg atkvæði í félaginu enda hafi hann umráð margra lóða í byggðinni.

Ákvæði um lögveð ofl. á sér hliðstæðu í 48. gr. laga um fjöleignarhús, nr. 26/1994. Nauðsynlegt er að hafa ákvæði af þessu tagi til að félag hafi úrræði til að þvinga fram greiðslu sameiginlegs kostnaðar.

Um 20. gr.

Greinin fjallar um þátttöku í ákvörðunum og lögmæti þeirra. Í 1. mgr. er fjallað um aðila sem eiga rétt til fundarsetu en þeir eru félagsmenn, makar þeirra og sambúðarfólk. Maki félagsmanns er hjúskaparaðili samkvæmt hjúskaparlögum eða lögum um staðfesta samvist. Með sambúðarfólki er átt við fólk í skráðri sambúð, sbr. 3. mgr. 7. gr. lögheimilislaga, nr. 21/1990.

Samkvæmt 2. mgr. getur umboðsmaður mætt á fund og farið með atkvæðisrétt félagsmanns. Hliðstætt ákvæði er í 3. mgr. 58. gr. laga um fjöleignarhús, nr. 26/1994.

Við samningu 4. mgr. vógust á þau sjónarmið að vernda félagsmenn fyrir ákvörðunum félagsins sem væru fjárhagslega íþyngjandi og að ekki væru settar svo strangar kröfur um þátttöku í ákvörðunum að félagið yrði óstarfhæft. Niðurstaðan er sú að gera auknar kröfur til fundarboðunar þegar fyrir liggur tillaga um að taka ákvarðanir sem leiða af sér útgjöld sem eru meiri en nemur árlegum tekjum þess af félagsgjöldum. Í greininni er kveðið á um að í þessum tilvikum beri að boða fund með sannanlegum hætti sem felur í sér að fund skuli boða með ábyrgðarbréfi. Sama gildir um ákvarðanir sem fela í sér bindingu til langs tíma fyrir félagið. Í staðinn er slakað á kröfum um þátttöku í ákvörðunum. Þannig telst slík ákvörðun lögleg sé hún tekin að viðstöddum þriðjungi félagsmanna og ⅔ hlutar þeirra eru samþykkir.

Um 21. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um IV. kafla.

Í IV. kafla frumvarpsins, 22.–28. gr., er m.a. fjallað um mögulegt samstarf félags frístundabyggðar við sveitarstjórn, valdsvið kærunefndar frístundabyggðarmála og fleira.

Um 22. gr.

Ákvæði greinarinnar er stefnuvísandi um samráð sveitarstjórnar við félög í frístundabyggð. Í greininni kemur fram að félög í frístundabyggð geti óskað eftir því við hlutaðeigandi sveitarstjórn að halda fund til að veita upplýsingar um sameiginleg hagsmunamál, þjónustu, skipulagsmál og önnur mál sem snerta frístundabyggðina og sveitarfélagið.

Um 23. gr.

Áður en frumvarp þetta var endanlega smíðað hafði þó nokkur umræða farið fram á vegum starfshóps þess sem skipaður var af ráðherra í júlí 2006 um hvernig leysa ætti úr ágreiningsefnum sem kæmu upp á grundvelli laganna. Niðurstaða starfshópsins var að fela kærunefnd fjöleignarhúsamála vald til að leysa úr ágreiningi sem varðaði framkvæmd ákvæði sem er nú að finna í III. kafla frumvarps þessa. Margvíslegar athugasemdir bárust við þessa skipan og

var m.a. lagt til að leigutaki lóðar hefði rétt til að framlengja leigu og að ef aðilar kæmust ekki að samkomulagi um leiguverð gætu þeir skotið máli til gerðardóms sem mundi starfa eftir lögum um samningsbundna gerðardóma, nr. 53/1989, með síðari breytingum. Í frumvarpi þessu er hins vegar sú leið farin að skipuð verði sérstök kærunefnd, kærunefnd frístundabyggðamála, sem hafi vald til að taka aðfararhæfar ákvarðanir varðandi leigugjald og innlausnarverð en geti eingöngu gefið rökstutt álit vegna álitamála sem varða innbyrðis samskipti umráðamanna lóða í frístundabyggð.

Þar sem nefndin á að vera allvaldamikil í mikilvægum málefnum er talið nærtækast að ráðherra skipi alla þá sem sæti skulu eiga í nefndinni og að formaður hennar skuli uppfylla skilyrði laga til að gegna embætti héraðsdómara. Rétt þykir að lágt gjald verði tekið af þeim sem vísar ágreiningi til nefndarinnar. Afgreiðsla nefndarinnar á málum eru endanlegir lyktir mála á stjórnvaldsstigi en aðilar geta skotið málum til dómstóla ef því er að skipta.

Um 24. gr.

Nýbreytni sem þetta frumvarp leiðir af sér er að leigutaki lóðar undir frístundahús þar sem frístundahús stendur hefur rétt til að framlengja leigusamning takist ekki samningur um gerð nýs leigusamnings. Þessi ríki réttur leigutaka kann í einstaka tilvikum að vera ósanngjarn í garð leigusala. Af þeim sökum er leigusala veittar ýmsar heimildir, eins og til að hækka leigu, endurmarka stærð lóðar og krefjast innlausnar með tilteknum hætti. Til að þessi úrræði leigusala verði raunhæf, sanngjörn og virk er nauðsynlegt að veita honum og gagnaðila möguleika á að leita til óháðs aðila sem getur endurskoðað fjárhæðir leigugjalds eða innlausnarverð og stærð lóðar. Um þennan starfa kærunefndar frístundabyggðarmála þarf því að hafa allviðamikil ákvæði eins og þessi grein ber með sér.

Í 1. mgr. er kveðið á um mál sem varða fjárhæð nýs leigugjalds á grundvelli framlengds leigusamnings, sbr. 3. mgr. 12. gr. Mikilvægt er að hafa í huga að nefndin getur hækkað leigugjaldið umfram það hámark sem getið er í 3. mgr. 12. gr. og helgast það af því að ósjaldan er leiga á lóðum undir frístundahús lág og ósanngjarnt kann að vera að leigusali sé bundinn af tvöföldun leigugjaldsins en að það miðist ekki við markaðsverðmæti. Við ákvörðun leigugjalds með úrskurði skal nefndin fyrst og fremst leitast við að líta til markaðsverðmætis en í undantekningartilvikum, t.d. ef aðstaða leigutaka er þannig eða fyrri samskipti aðila hníga í þá veru, getur nefndin í úrskurðum sínum litið til sanngirnissjónarmiða.

Almennt séð eiga heimildir nefndarinnar til að hliðra til stærð lóðar að vera nokkuð þröngar. Sé hins vegar augljóst að hin nýju mörk séu leigutaka íþyngjandi hefur nefndin færi á að breyta þeim með úrskurði enda væri slíkur úrskurður í samræmi við önnur lög, t.d. skipulags- og byggingarlög.

Við ákvörðun innlausnarverðs skv. 13. gr. skal nefndin miða við markaðsverðmæti þeirra verðmæti sem innleyst eru. Hafi ákvörðun um innlausn farið í bága við lagaskilyrði ber að hafna því að innlausnarrétturinn komi til framkvæmda.

Fyllsta ástæða er fyrir kærunefndina að leita sátta á meðal aðila ef þess er kostur. Takist sáttir skal hún færð til bókar. Sátt eins og úrskurður er aðfararhæf, sbr. 6. mgr. greinarinnar.

Um 25. gr.

Með þessari grein er kveðið á um að kærunefndin geti eingöngu gefið rökstutt álit um málefni sem varðar framkvæmd einstakra mála í frístundabyggð. Þetta hlutverk nefndarinnar væri því svipað og kærunefndar fjöleignarhúsamála.

Um 26. og 27. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 28. gr.

Í þessari grein er fjallað um gildistöku laganna. Lagt er til að þau taki gildi 1. september 2008 svo að hægt sé að nýta sumarið 2008 til að kynna lögin í helstu frístundabyggðum landsins. Rétt þykir að taka af öll tvímæli um að lögin taka ekki til samninga undir frístundahús sem hafa runnið úr gildi fyrir gildistöku laganna. Lögin gilda hins vegar um samninga sem eiga rót sína að rekja fyrir gildistöku laganna og eru enn í gildi þegar lögin koma til framkvæmda. Leigutími slíkra samninga heldur gildi sínu þó að hann kunni að vera styttri en 25 ár. Önnur ákvæði slíkra samninga sem brjóta í bága við lögin hafa ekki gildi nema annað sé tekið fram í lögunum eða leiði af eðli máls.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Leysa þarf úr þeim málum þegar réttar til að framlengja leigusamning er neytt en leigutími samnings rennur út innan tveggja ára frá gildistöku laganna. Úr þessu er leyst með ákvæði til bráðabirgða þar sem kveðið er á um að leigutaki verði að tilkynna leigusala fyrir 1. desember 2008 að hann vilji neyta réttar til að framlengja leigusamning ella hafi hann fyrirgert þessum rétti. Einnig þarf að taka sérstaklega á því þegar leigusamningur rennur út skömmu eftir gildistöku laganna en innan þess frests sem veittur er fyrir leigutaka til að öðlast rétt til að framlengja samning. Ákvæðið tekur af öll tvímæli um að leigutaki geti innan frestsins beitt þessum rétti þrátt fyrir umsamin leigulok.

Fylgiskjal I.

Félags- og tryggingamálaráðuneytið:

Áhrif af samþykkt frumvarpsins á fjárhag sveitarfélaga.

Í frumvarpinu kemur fram að fjöldi húsa í frístundabyggð hafi rúmlega tvöfaldast á áratugnum 1994 til ársloka 2006; fjögað úr 5000 í 11.000. Af þessu hefur leitt fjölgun erinda sem sveitarstjórnum hafa borist frá eigendum húsa í frístundabyggð. Samkvæmt upplýsingum sem fram komu á fundum starfshópsins sem samdi frumtillögu að frumvarpinu eru erindin af margvíslegum toga. Þó er fyrst og fremst verið að leita upplýsinga og skýringa, t.d. á ákvörðun sveitarstjórna á álagningu fateignagjalda og breytingum á gjaldskrám fyrir ýmiss konar þjónustu við eigendur húsa í frístundabyggð. Ætla má að vinna starfsfólks sveitarstjórna við úrlausn slíkra fyrirspurna hafi vaxið í réttu hlutfalli við fjölgun frístundahúsa. Með frumvarpinu er lagt til í 22. gr. að félag eigenda húsa í frístundabyggð geti óskað eftir því við hlutaðeigandi sveitarstjórn að haldinn verði fundur til að veita upplýsingar um sameiginleg hagsmunamál, þjónustu, skipulagsmál og önnur mál sem snerta frístundabyggðina og sveitarfélagið. Fram kemur í athugasemdum að ákvæðið er stefnuvísandi og ekki skuldbindandi fyrir sveitarstjórn að verða við slíkri ósk. Ekki felst nein skylda fyrir sveitarfélag að halda fund með sérhverju félagi í sveitarfélaginu. Þannig getur sveitarstjórn hæglega haldið einn sameiginlegan fund með fulltrúum allra félaga í sveitarfélaginu. Þar af leiðandi verður ekki séð að frumvarpið feli í sér útgjaldaauka fyrir sveitarfélögin í landi. Þvert á móti má ætla að með skipulögðu og reglubundnu samráði muni draga úr fyrirspurnum frá einstaklingum

og félögum um sameiginleg hagsmunamál. Sé rétt staðið að málum getur frumvarpið leitt til hagræðingar og sparnaðar fyrir sveitarfélögin.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um frístundabyggð.

Með frumvarpinu er lagt til að settar verði lágmarksreglur um samninga um leigu lóða undir frístundahús sem eru tveir hektarar að stærð eða minni og reglur um réttarsamband leigusala og leigutaka slíkra lóða. Þá er lagt til að komið verði á fót sérstakri kærunefnd, kærunefnd frístundabyggðamála, sem er ætlað m.a. að skera úr um fjárhæð leigugjalds ef forgangsrétti til leigu lóðar er beitt og enn fremur að skera úr um ágreiningsatriði á milli umráðamanna lóða í frístundabyggð. Gert er ráð fyrir að kostnaður vegna starfa úrskurðarnefndar verði óverulegur og rúmist innan fjárhagsramma félags- og tryggingamálaráðuneytis.

615. Fyrirspurn [373. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um þróun kornræktar.

Frá Birki J. Jónssyni.

Hver hefur þróun kornræktar verið á Íslandi síðustu tíu árin?

Skriflegt svar óskast.

616. Frumvarp til skipulagslaga. [374. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.
1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er:

a. að þróun byggðar og landnotkunar á landinu öllu verði í samræmi við skipulagsáætlanir þar sem efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir landsmanna, heilbrigði þeirra og öryggi er haft að leiðarljósi,

b. að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja varðveislu náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi,
c. að tryggja réttaröryggi í meðferð skipulagsmála þannig að réttur einstaklinga og lögaðila verði ekki fyrir borð borinn þótt hagur heildarinnar sé hafður að leiðarljósi,
d. að tryggja að samráð sé haft við almenning við gerð skipulagsáætlana þannig að honum sé gefið tækifæri til að hafa áhrif á ákvörðun stjórnvalda við gerð slíkra áætlana,
e. að tryggja faglegan undirbúning mannvirkjagerðar við gerð skipulagsáætlana varðandi útlit bygginga og form og aðgengi fyrir alla.

2. gr.

Skilgreiningar.

1. *Aðalskipulag:* Skipulagsáætlun fyrir tiltekið sveitarfélag þar sem fram kemur stefna sveitarstjórnar um landnotkun, byggðaþróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál í sveitarfélaginu.
2. *Almenningur:* Einn eða fleiri einstaklingar eða lögaðilar, samtök þeirra, félög eða hópar.
3. *Byggðamynstur:* Lögun og yfirbragð byggðar, svo sem hæð og þéttleiki.
4. *Byggingarleyfi:* Skriflegt leyfi byggingarfulltrúa eða Byggingarstofnunar til að byggja, breyta eða rífa hús eða önnur mannvirki eða breyta notkun þeirra, sbr. ákvæði laga um mannvirki.
5. *Deiliskipulag:* Skipulagsáætlun fyrir afmarkaða reiti innan sveitarfélags sem byggð er á aðalskipulagi og kveður nánar á um útfærslu þess. Ákvæði um deiliskipulag eiga jafnt við um þéttbýli og dreifbýli.
6. *Framkvæmdaleyfi:* Leyfi til framkvæmda í samræmi við skipulag sem ekki eru háðar ákvæðum laga um mannvirki.
7. *Frístundabyggð:* Svæði fyrir frístundahús, þ.e. byggð sem ekki er ætluð til fastrar búsetu.
8. *Hverfisvernd:* Ákvæði í svæðis-, aðal- eða deiliskipulagi um verndun sérkenna eldri byggðar, annarra menningarsögulegra minja eða náttúruminja.
9. *Landnotkun:* Ráðstöfun lands til mismunandi nota, svo sem undir íbúðir, frístundahús, iðnað, verslun, útivist og landbúnað.
10. *Landnýting:* Samheiti yfir mælikvarða á það hversu mikil nýting lands er, svo sem nýtingarhlutfall og þéttleika byggðar.
11. *Landsskipulagsáætlun:* Samræmd skipulagsáætlun til tólf ára sem Alþingi hefur samþykkt sem þingsályktun að tillögu umhverfisráðherra.
12. *Leyfi til framkvæmda:* Framkvæmdaleyfi og byggingarleyfi samkvæmt skipulagslögum eða lögum um mannvirki og önnur leyfi til starfsemi og framkvæmda samkvæmt sérlögum sem um viðkomandi framkvæmd gilda.
13. *Nýtingarhlutfall:* Hlutfall milli brúttóflatarmáls bygginga á lóð eða reit og flatarmáls lóðar eða reits. Um skilgreiningu brúttóflatarmáls fer samkvæmt Íslenskum staðli.
14. *Rammaskipulag:* Rammaskipulag er sá hluti aðalskipulags þar sem útfærð eru ákveðin afmörkuð svæði sveitarfélagsins með það að markmiði að ákvarða nánar landnotkun svo sem um meginþætti þjónustukerfa og að afmarka byggingarsvæði eða áfanga deiliskipulagsáætlana.
15. *Skipulagsáætlun:* Áætlun um markmið og ákvarðanir viðkomandi stjórnvalda um framtíðarnotkun lands. Þar er gerð grein fyrir því að hvers konar framkvæmdum er stefnt og hvernig þær falla að landnotkun á tilteknu svæði. Forsendum ákvarðana er einnig lýst.

Skipulagsáætlanir sveitarfélaga skiptast í þrjá flokka: svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag. Skipulagsáætlun er sett fram í skipulagsgreinargerð og á skipulagsuppdrætti þar sem það á við.

16. *Skipulagskvaðir:* Kvaðir sem lagðar eru á einstakar lóðir í deiliskipulagi, svo sem um umferðarrétt og legu lagna.
17. *Skipulagsskilmálar:* Bindandi ákvæði í deiliskipulagi um útfærslu skipulags, svo sem um byggðamynstur, byggingarlínur, útlit mannvirkja og form, fjölda bílastæða, gróður og girðingar.
18. *Svæðisskipulag:* Skipulagsáætlun tveggja eða fleiri sveitarfélaga þar sem sett er fram sameiginleg stefna um byggðaþróun og þá þætti landnotkunar sem talin er þörf á að samræma vegna sameiginlegra hagsmuna hlutaðeigandi sveitarfélaga.
19. *Umsagnaraðilar:* Opinberar stofnanir og stjórnvöld sem sinna lögbundnum verkefnum á sviði skipulagsmála.
20. *Þéttbýli:* Þyrping húsa þar sem búa a.m.k. 50 manns og fjarlægð milli húsa fer að jafnaði ekki yfir 200 metra. Afmarka má þéttbýli með öðrum hætti í aðalskipulagi sveitarfélags.
21. *Þéttleiki byggðar:* Landnýting miðað við brúttóflatarmál lands sem m.a. er lýst með nýtingarhlutfalli eða reikningsstærðum eins og íbúar/ha eða íbúðir/ha.

II. KAFLI
Stjórn skipulagsmála.

3. gr.
Stjórn og framkvæmd skipulagsmála.

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn skipulagsmála samkvæmt lögum þessum. Ráðherra til aðstoðar er Skipulagsstofnun, sbr. 4. gr.

Utanríkisráðherra fer með yfirstjórn skipulagsmála á varnar- og öryggissvæðum í samræmi við ákvæði laga nr. 106/1954, sbr. og lög nr. 110/1951 og lög nr. 176/2006.

Sveitarstjórnir annast gerð svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlana. Þær fjalla um leyfisumsóknir og veita framkvæmdaleyfi og hafa eftirlit með framkvæmd skipulagsáætlana og framkvæmdaleyfisskyldum framkvæmdum.

4. gr.
Skipulagsstofnun.

Ríkið starfrækir Skipulagsstofnun. Hlutverk stofnunarinnar samkvæmt lögum þessum er:

a. að hafa eftirlit með framkvæmd laga þessara og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim,
b. að veita upplýsingar og leiðbeiningar um skipulagsmál,
c. að fylgjast með stöðu skipulagsmála í sveitarfélögum,
d. að aðstoða sveitarfélög og leiðbeina þeim við gerð skipulagsáætlana,
e. að láta í té umsagnir um ágreiningsmál á sviði skipulagsmála,
f. að sjá um að upplýsingar um áætlanir um landnotkun á landsvísu séu fyrir hendi og vinna tillögu að landsskipulagsáætlun,
g. að stuðla að og standa fyrir rannsóknum á sviði skipulagsmála í samvinnu við hlutaðeigandi stofnanir og hagsmunaaðila, svo og að annast eða stuðla að útgáfu upplýsinga um þau mál,
h. að annast umsýslu Skipulagssjóðs,
i. að framfylgja ákvæðum laga um mat á umhverfisáhrifum.

5. gr.

Forstjóri Skipulagsstofnunar.

Forstjóri Skipulagsstofnunar fer með daglega stjórn Skipulagsstofnunar. Hann skal hafa háskólamenntun á sviði skipulagsmála. Ráðherra skipar forstjóra Skipulagsstofnunar til fimm ára í senn.

Forstjóri Skipulagsstofnunar ber ábyrgð á stjórn, rekstri og starfsskipulagi Skipulagsstofnunar gagnvart ráðherra og gerir rekstraráætlanir fyrir hana. Forstjóri ræður aðra starfsmenn stofnunarinnar.

6. gr.

Skipulagsnefndir.

Í hverju sveitarfélagi skal starfa skipulagsnefnd sem kjörin er af sveitarstjórn.

Skipulagsnefndir fara með skipulagsmál, þ.m.t. umhverfismat skipulagsáætlana, undir yfirstjórn sveitarstjórna. Sveitarstjórn er heimilt í samþykkt sveitarfélagsins að fela skipulagsnefnd eða öðrum aðilum innan stjórnsýslu sveitarfélagsins heimild til fullnaðarafgreiðslu mála samkvæmt lögum þessum, sbr. 44. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, svo sem afgreiðslu deiliskipulagsáætlana og útgáfu framkvæmdaleyfa. Afgreiðsla á svæðis- og aðalskipulagi er þó ávallt háð samþykki sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn ákveður fjölda nefndarmanna skipulagsnefndar. Um skipulagsnefndir og störf þeirra gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga eftir því sem við á.

Sveitarfélög geta haft samvinnu við nágrannasveitarfélög um kosningu skipulagsnefnda og ráðningu skipulagsfulltrúa.

7. gr.

Skipulagsfulltrúar.

Með hverri skipulagsnefnd skal starfa skipulagsfulltrúi ráðinn af sveitarstjórn og skal hún senda Skipulagsstofnun tilkynningu um ráðningu hans.

Sveitarstjórn getur falið byggingarfulltrúa að annast einnig skipulagsmál og nefnist hann þá skipulags- og byggingarfulltrúi og skal hann þá uppfylla bæði kröfur um menntun og reynslu skipulagsfulltrúa samkvæmt lögum þessum og byggingarfulltrúa samkvæmt lögum um mannvirki.

Skipulagsfulltrúi hefur umsjón með skipulagsgerð og annast að öðru leyti þau verkefni sem honum eru falin af sveitarstjórn.

Skipulagsfulltrúi situr fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt.

Skipulagsfulltrúi skal uppfylla annað eftirfarandi hæfisskilyrða:

1. Vera skipulagsfræðingur sem hlotið hefur heimild iðnaðarráðherra til starfsheitisins samkvæmt lögum um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, nr. 8/1996.
2. Vera arkitekt, byggingarfræðingur, landslagsarkitekt, tæknifræðingur eða verkfræðingur sem hlotið hefur heimild til þeirra starfsheita samkvæmt lögum um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, nr. 8/1996, og hafa sérhæft sig á sviði skipulagsmála í námi eða með starfsreynslu. Með sérhæfingu á sviði skipulagsmála er átt við að viðkomandi hafi lagt stund á nám á sviði svæðis-, aðal- eða deiliskipulags og/eða unnið að svæðis-, aðal- eða deiliskipulagsgerð í a.m.k. tvö ár.

Umhverfisráðherra er heimilt að veita tímabundnu undanþágu frá 5. mgr. þar sem ekki fæst réttindamaður í starfið. Skal slík undanþága veitt til eins árs í senn og skal því aðeins framlengd að reynt hafi verið að fá starfsmann sem uppfyllir hæfisskilyrðin.

Ef ágreiningur kemur upp um hæfi skv. 2. tölul. 5. mgr. sker ráðherra úr.

8. gr.

Skipulagsnefnd varnarsvæða.

Ákvæði laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim eiga við um skipulagsmál á varnar- og öryggissvæðum eins og þau er skilgreind í lögum nr. 106/1954, sbr. og lög nr. 110/1951 og lög nr. 176/2006 eftir því sem við getur átt, þar á meðal um gjaldheimtu. Utanríkisráðherra skipar skipulagsnefnd sem fer með þessi mál og getur hann falið nefndinni að sinna öðrum skyldum verkefnum á varnarsvæðum.

Nefndin skal í starfi sínu hafa náið samráð við sveitarfélög sem hlut geta átt að máli, svo sem á Suðurnesjum. Utanríkisráðherra setur nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar í reglugerð að höfðu samráði við umhverfisráðherra.

9. gr.

Svæðisskipulagsnefndir.

Sveitarstjórnir sem ákveða að gert skuli svæðisskipulag skulu koma á fót svæðisskipulagsnefnd sem hefur það hlutverk að vinna að tillögu að svæðisskipulagi. Nefndin skal skipuð tveimur fulltrúum frá hverju sveitarfélagi nema hlutaðeigandi sveitarfélög ákveði annað.

Þar sem í gildi er svæðisskipulag skal starfrækt svæðisskipulagsnefnd sem sér um framfylgd og breytingar á svæðisskipulaginu. Svæðisskipulagsnefnd skal skipuð að loknum sveitarstjórnarkosningum.

Fundargerðir svæðisskipulagsnefndar skulu sendar hlutaðeigandi sveitarstjórnum og eru skipulagsákvarðanir nefndarinnar, svo sem um samþykkt skipulagstillögu til auglýsingar og endanleg samþykkt svæðisskipulags, háðar samþykki allra hlutaðeigandi sveitarstjórna.

Svæðisskipulagsnefndir skulu setja sér starfsreglur sem auglýstar skulu í B-deild Stjórnartíðinda að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar.

III. KAFLI

Landsskipulag.

10. gr.

Landsskipulagsáætlun.

Umhverfisráðherra leggur fram tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsáætlun til tólf ára að afloknum hverjum alþingiskosningum. Landsskipulagsáætlun getur náð til landsins alls, einstakra landshluta og efnahagslögsögunnar.

Í landsskipulagsáætlun er mörkuð stefna stjórnvalda í skipulagsmálum sem varða almannahagsmuni og getur hún tekið á öllum þáttum skipulags sem þarf til að ná því markmiði. Í landsskipulagsáætlun er stefna stjórnvalda um sjálfbæra þróun útfærð með tilliti til landnotkunar og eftir þörfum samræmd stefna opinberra aðila um landnotkun með tilliti til efnahagslegra, félagslegra og umhverfislegra sjónarmiða.

Til grundvallar landsskipulagsáætlun skal leggja markmið laga þessara og stefnu stjórnvalda um sjálfbæra þróun. Jafnframt skal hafa til hliðsjónar eftir því sem við á fyrirliggjandi áætlanir opinberra aðila í einstökum málaflokkum sem varða landnotkun og svæðis- og aðalskipulagsáætlanir sveitarfélaga.

Endurskoða skal landsskipulagsáætlun á fjögurra ára fresti.

Landsskipulagsáætlun sem felur í sér stefnu um landnotkun er bindandi við gerð skipulags samkvæmt lögum þessum og skulu sveitarfélög endurskoða staðfest skipulag sitt í samræmi

við áætlunina við næstu endurskoðun aðalskipulags sveitarfélagsins en þó eigi síðar en innan fjögurra ára frá samþykkt hennar.

11. gr.
Málsmeðferð.

Ráðherra ákveður áherslur landsskipulagsáætlunar hverju sinni í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og felur Skipulagsstofnun að vinna drög að landsskipulagsáætlun. Þau skulu unnin í samráði við hlutaðeigandi stofnanir og Samband íslenskra sveitarfélaga. Skipulagsstofnun skal hafa aðgang að áætlunum annarra opinberra aðila í einstökum málaflokkum sem varða landnotkun.

Umhverfisráðherra tekur drög Skipulagsstofnunar að landsskipulagsáætlun til skoðunar og gengur frá tillögu að landsskipulagsáætlun að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og hlutaðeigandi ráðuneyti. Jafnframt skal leita umsagnar hlutaðeigandi sveitarfélaga ef landsskipulagsáætlun varðar þau sérstaklega.

Umhverfisráðherra kynnir tillögu sína að landsskipulagsáætlun opinberlega. Tillagan skal auglýst í dagblaði sem gefið er út á landsvísu og Lögbirtingablaðinu og jafnframt kynnt á heimasíðu ráðuneytisins. Í auglýsingu skal tilgreina hvar tillagan sé aðgengileg og skal öllum gefinn kostur á að gera athugasemdir við hana innan ákveðins frests sem skal ekki vera skemmri en átta vikur frá birtingu auglýsingar. Tekið skal fram í auglýsingu hvert skuli skila athugasemdum. Tillagan skal jafnframt send til umsagnar sveitarfélaga, hlutaðeigandi opinberra aðila og hagsmunasamtaka.

Þegar frestur til athugasemda er liðinn tekur umhverfisráðherra tillöguna til skoðunar á ný og leggur fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsáætlun.

IV. KAFLI
Gerð og framkvæmd skipulagsáætlana.

12. gr.
Skipulagsskylda.

Skipulagsskylda nær til lands og hafs innan marka sveitarfélaga. Bygging húsa og annarra mannvirkja ofan jarðar og neðan og aðrar framkvæmdir og aðgerðir sem hafa áhrif á umhverfið og breyta ásýnd þess skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir.

Í skipulagsáætlunum er mörkuð stefna um landnotkun og byggðaþróun. Þar eru sett fram stefnumið um einstaka þætti varðandi íbúðarbyggð, frístundabyggð, atvinnusvæði, náttúruvernd, vatnsvernd, samgöngur o.fl., í samræmi við markmið laga þessara.

Í skipulagsáætlunum skal m.a. lýsa umhverfi og aðstæðum á skipulagssvæðinu við upphaf áætlunar og forsendum þeirrar stefnu sem hún felur í sér.

Við gerð skipulagsáætlana skal eftir föngum leita eftir sjónarmiðum og tillögum íbúa, viðkomandi stjórnvalda og annarra þeirra sem hagsmuna eiga að gæta um mörkun stefnu.

Við gerð skipulagsáætlana skal gera grein fyrir áhrifum áætlunar og einstakra stefnumiða hennar á umhverfið, m.a. með samanburði þeirra kosta sem til greina koma, og umhverfismati áætlunarinnar. Þá skal jafnframt við gerð skipulagsáætlana hafa sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Ef talin er þörf á að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminjar eða trjágróður vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis við gerð skipulagsáætlunar, án þess að um friðun sé að ræða samkvæmt öðrum lögum, skal setja í viðkomandi skipulagsáætlun ákvæði um hverfisvernd.

Gildandi skipulagsáætlanir skulu vera í innbyrðis samræmi. Svæðisskipulag er rétthærra en aðalskipulag og aðalskipulag rétthærra en deiliskipulag. Við gerð nýrra skipulagsáætlana eða breytinga á skipulagsáætlunum eru sveitarstjórnir bundnar af gildandi landsskipulagsáætlunum sem fela í sér stefnu um landnotkun.

Landgræðslu- og skógræktaráætlanir skulu vera í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.

13. gr.

Framkvæmdaleyfi.

Afla skal framkvæmdaleyfis sveitarstjórnar vegna meiri háttar framkvæmda sem áhrif hafa á umhverfið og breyta ásýnd þess, svo sem breytingar lands með jarðvegi eða efnistöku, og annarra framkvæmda sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum. Þó þarf ekki að afla slíks leyfis vegna framkvæmda sem háðar eru byggingarleyfi samkvæmt lögum um mannvirki.

Öll efnistaka á landi og af eða úr hafsbotni innan netlaga er háð framkvæmdaleyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar í samræmi við ákvæði laga nr. 44/1999, um náttúruvernd. Framkvæmdaleyfi vegna efnistöku skal gefið út til tiltekins tíma þar sem gerð er grein fyrir stærð efnistökusvæðis, vinnsludýpi, magni og gerð efnis sem heimilt er að nýta samkvæmt leyfinu, vinnslutíma og frágangi á efnistökusvæði.

Sá sem óskar framkvæmdaleyfis skal senda skriflega umsókn til sveitarstjórnar ásamt nauðsynlegum gögnum sem nánar skal kveða á um í reglugerð.

Við útgáfu framkvæmdaleyfis skal sveitarstjórn fjalla um og taka afstöðu til þess hvort framkvæmd er í samræmi við skipulagsáætlanir. Sveitarstjórn er heimilt að binda framkvæmd skilyrðum sem sett eru í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir sveitarfélagsins.

Þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar og deiliskipulag liggur ekki fyrir getur sveitarstjórn veitt framkvæmdaleyfi að undangenginni grenndarkynningu sé um að ræða framkvæmd sem er í samræmi við aðalskipulag varðandi landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar.

Umsækjanda um framkvæmdaleyfi og hlutaðeigandi sveitarstjórn er heimilt að skjóta máli til úrskurðarnefndar um skipulags- og byggingarmál leiki vafi á því hvort framkvæmdir séu háðar ákvæðum um framkvæmdaleyfi. Ráðherra kveður nánar á um útgáfu framkvæmdaleyfa í reglugerð.

14. gr.

Framkvæmdaleyfi vegna matsskyldra framkvæmda.

Óheimilt er að gefa út leyfi fyrir framkvæmd samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum fyrr en álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir eða ákvörðun stofnunarinnar um að framkvæmd sé ekki matsskyld.

Við umfjöllun um umsókn um framkvæmdaleyfi vegna matsskyldrar framkvæmdar skal sveitarstjórn kynna sér matsskýrslu framkvæmdaraðila um framkvæmdina og kanna hvort framkvæmdin sé sú sem lýst er í matsskýrslu. Þá skal sveitarstjórn taka rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Sveitarstjórn getur bundið framkvæmdaleyfi þeim skilyrðum er fram kunna að koma í áliti Skipulagsstofnunar að svo miklu leyti sem aðrir sem veita leyfi til framkvæmda samkvæmt sérlögum hafa ekki tekið afstöðu til þeirra. Jafnframt er sveitarstjórn heimilt að binda framkvæmd skilyrðum sem sett eru í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir sveitarfélagsins.

Ákvörðun sveitarstjórnar um útgáfu framkvæmdaleyfis vegna matsskyldra framkvæmda og niðurstaða álits Skipulagsstofnunar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum skulu

birtar með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu og dagblaði sem gefið er út á landsvísu innan tveggja vikna frá útgáfu leyfis. Í ákvörðun skal tilgreina kæruheimildir og kærufresti.

15. gr.

Útgáfa og gildistími framkvæmdaleyfis.

Útgáfa framkvæmdaleyfis er háð eftirtöldum skilyrðum:

1. Sveitarstjórn hefur staðfest samþykkt skipulagsnefndar, eða annars aðila sem hún hefur falið það vald, sbr. 6. gr., um veitingu framkvæmdaleyfis.
2. Framkvæmdaleyfisgjald og önnur tilskilin gjöld hafa verið greidd samkvæmt settum reglum eða samið um greiðslu þeirra.

Framkvæmdaleyfi fellur úr gildi hefjist framkvæmdir ekki innan tólf mánaða frá útgáfu þess. Nú stöðvast framkvæmdaleyfisskyld framkvæmd í eitt ár eða lengur og getur sveitarstjórn þá fellt framkvæmdaleyfið úr gildi.

Hafi framkvæmdaleyfisskyld framkvæmd stöðvast í tvö ár getur sveitarstjórn að tillögu skipulagsnefndar með sex mánaða fyrirvara lagt dagsektir á framkvæmdaleyfishafa.

16. gr.

Eftirlit sveitarfélaga.

Sveitarstjórn hefur eftirlit með að framkvæmdir séu í samræmi við útgefið framkvæmdaleyfi. Framkvæmdaleyfi skal ætíð vera eftirlitsmönnum aðgengilegt.

Sé ásigkomulagi, frágangi, notkun eða umhverfi framkvæmdar ábótavant eða stafi af henni hætta að mati sveitarstjórnar skal hún gera framkvæmdaraðila viðvart um það og leggja fyrir hann að bæta úr því sem áfátt er.

Sveitarstjórnum er heimilt við umfangsmiklar framkvæmdir, sem eru matsskyldar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, að skipa í samráði við framkvæmdaraðila og aðra leyfisveitendur sérstaka eftirlitsnefnd sem hefur eftirlit með því að skilyrðum sem framkvæmdinni hafa verið sett sé framfylgt. Framkvæmdaraðili ber allan kostnað af starfi nefndarinnar.

V. KAFLI
Gjaldtaka vegna skipulags og framkvæmdaleyfa.

17. gr.

Skipulagsgjald.

Til að standa straum af kostnaði við gerð aðal- og svæðisskipulagsáætlana og þróunarverkefna sem nýtast sveitarfélögum við gerð skipulagsáætlana skal innheimt í ríkissjóð sérstakt gjald af mannvirkjum er nefnist skipulagsgjald. Skipulagsgjald rennur í Skipulagssjóð. Skipulagsstofnun annast vörslu sjóðsins og greiðslur úr honum. Sjóðurinn skal vera óháður fjárhagslegum rekstri stofnunarinnar.

Af nýbyggingum, sem virtar eru til brunabóta, skal greiða skipulagsgjald í eitt skipti sem nemur 0,3% af brunabótamati hverrar húseignar. Nýbygging telst hvert nýreist hús sem virt er til brunabóta, svo og viðbyggingar við eldra hús ef virðingarverð hinnar nýju viðbyggingar nemur a.m.k. ⅕ verðs eldra hússins.

Skipulagsgjald fellur í gjalddaga þegar virðingargjörð hefur farið fram og Fasteignamat ríkisins hefur tilkynnt hana til innheimtumanns ríkissjóðs. Því fylgir lögveð í eigninni og gengur það fyrir öllum öðrum veðkröfum er á henni hvíla. Innheimta má gjaldið með fjárnámi. Sýslumaður skal innheimta skipulagsgjald af gjaldskyldum mannvirkjum í lögsagnar-

umdæmi sínu. Í Reykjavík skal tollstjóri annast innheimtuna. Skipulagsgjald innheimtist samkvæmt fyrirmælum frá Fasteignamati ríkisins.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um álagningu, innheimtu og ráðstöfun gjalds þessa.

18. gr.

Greiðsla kostnaðar vegna skipulagsvinnu.

Kostnaður við gerð skipulagsáætlana greiðist sem hér segir:

1. Kostnaður við gerð landsskipulagsáætlunar greiðist af ríkissjóði.
2. Kostnaður við gerð svæðisskipulags greiðist til helminga af Skipulagssjóði og hlutaðeigandi sveitarfélögum samkvæmt samningi Skipulagsstofnunar og svæðisskipulagsnefndar.
3. Sveitarfélög geta fengið greiddan allt að helmingi kostnaðar við gerð eða endurskoðun aðalskipulags úr Skipulagssjóði. Þar sem aðstæður eru sérstakar, t.d. ef þörf er á óvenju umfangsmikilli skipulagsvinnu í fámennu sveitarfélagi, er unnt að semja um hærri kostnaðarhlutdeild.
4. Sveitarfélag sem ekki fær framlag úr Skipulagssjóði skv. 3. tölul. fær helming innheimtra skipulagsgjalda í sveitarfélaginu yfirfærðan árlega úr Skipulagssjóði.
5. Kostnaður við gerð deiliskipulags greiðist úr sveitarsjóði, sbr. þó 2. mgr. 38. gr.
6. Kostnaður við gerð grunnkorta sem nauðsynleg eru vegna svæðis- og aðalskipulags skiptist til helminga milli Skipulagssjóðs og hlutaðeigandi sveitarfélags nema í þeim sveitarfélögum sem árlega fá endurgreiddan helming innheimtra skipulagsgjalda, sbr. 4. tölul.

19. gr.

Bílastæðagjald.

Ef ekki er unnt að koma fyrir á lóð nýbyggingar þeim fjölda bílastæða sem kröfur eru gerðar um í deiliskipulagi getur sveitarstjórn ákveðið að innheimta bílastæðagjald af hlutaðeigandi lóð. Gjaldið má nema allt að áætluðum kostnaði við gerð þeirra bílastæða sem á vantar. Sveitarstjórn getur sett sérstaka gjaldskrá um bílastæðagjöld í sveitarfélaginu sem sveitarfélagið birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

Bílastæðagjöld skulu renna í sérstakan sjóð og skal honum varið til uppbyggingar almenningsbílastæða í nágrenni viðkomandi lóðar.

20. gr.

Framkvæmdaleyfisgjald og gjald fyrir skipulagsvinnu.

Sveitarstjórn er heimilt að innheimta framkvæmdaleyfisgjald fyrir framkvæmdir sem afla þarf framkvæmdaleyfis fyrir svo og fyrir eftirlit með framkvæmdaleyfisskyldum framkvæmdum. Gjaldið má ekki nema hærri upphæð en nemur kostnaði við undirbúning og útgáfu leyfisins og eftirlitið, svo sem vegna nauðsynlegrar aðkeyptrar þjónustu.

Sé þörf á að vinna skipulagsáætlun eða gera breytingu á henni vegna leyfisskyldra framkvæmda getur sveitarstjórn samhliða útgáfu framkvæmda- eða byggingarleyfis innheimt gjald fyrir skipulagsvinnu sem nauðsynleg er vegna þeirrar framkvæmdar. Gjaldið skal ekki nema hærri upphæð en nemur kostnaði við skipulagsgerðina og kynningu og auglýsingu skipulagsáætlunar.

Sveitarstjórn skal setja gjaldskrá um innheimtu gjalda skv. 1. og 2. mgr. og birta hana í B-deild Stjórnartíðinda.

VI. KAFLI
Svæðisskipulagsáætlanir.

21. gr.
Svæðisskipulag.

Svæðisskipulag er skipulagsáætlun tveggja eða fleiri sveitarfélaga þar sem sett er fram sameiginleg stefna þeirra um byggðaþróun og þá þætti landnotkunar sem þörf er talin á að samræma vegna sameiginlegra hagsmuna hlutaðeigandi sveitarfélaga. Staðbundnar ákvarðanir um landnotkun skulu eingöngu teknar í svæðisskipulagi að því marki sem nauðsyn þykir til að tryggja sameiginlega hagsmuni hlutaðeigandi sveitarfélaga, til að útfæra landsskipulagsáætlun á hlutaðeigandi svæði eða vegna nauðsynlegrar samræmingar landnotkunar í fleiri en einu sveitarfélagi.

Svæðisskipulag skal taka til svæðis sem myndar heild í landfræðilegu, hagrænu og félagslegu tilliti og getur þannig tekið til heilla landshluta eða annarra stærri heilda.

Stefnumörkun svæðisskipulags skal taka til að minnsta kosti tólf ára tímabils.

Svæðisskipulag skal sett fram í skipulagsgreinargerð. Þar skal koma fram rökstudd stefna sveitarfélaganna varðandi byggðaþróun ásamt umhverfismati svæðisskipulagsins. Að því marki sem tilefni er til að marka stefnu um staðbundnar ákvarðanir í svæðisskipulagi skal svæðisskipulag jafnframt sett fram á þemauppdráttum með greinargerð og/eða sérstökum skipulagsuppdrætti.

Um gerð og framsetningu svæðisskipulags gilda að öðru leyti ákvæði 12. gr. og ákvæði í skipulagsreglugerð.

22. gr.
Ábyrgð á gerð og afgreiðslu svæðisskipulags.

Á svæðum þar sem sveitarfélög telja þörf á að setja fram sameiginlega stefnu um byggðaþróun eða einstaka þætti landnotkunar geta hlutaðeigandi sveitarfélög gert svæðisskipulag. Skulu þá hlutaðeigandi sveitarfélög skipa svæðisskipulagsnefnd, sbr. 9. gr.

Svæðisskipulag skal vera í gildi fyrir sveitarfélög höfuðborgarsvæðisins. Til höfuðborgarsvæðis teljast Hafnarfjarðarkaupstaður, Sveitarfélagið Álftanes, Garðabær, Kópavogsbær, Reykjavíkurborg, Seltjarnarneskaupstaður, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Svæðisskipulagsnefnd annast vinnslu, kynningu og afgreiðslu svæðisskipulags undir yfirstjórn hlutaðeigandi sveitarstjórna.

Svæðisskipulag er háð samþykki allra hlutaðeigandi sveitarstjórna og staðfestingu Skipulagsstofnunar eða umhverfisráðherra þegar það á við.

23. gr.
Gerð svæðisskipulags, kynning og samráð.

Þegar vinna við gerð svæðisskipulagstillögu hefst skal svæðisskipulagsnefnd taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem gerð er grein fyrir hvaða áherslur nefndin hafi við gerð skipulagsins, forsendum þess og fyrirliggjandi stefnu og hvernig samráði og kynningu verði háttað gagnvart íbúum og öðrum hagsmunaaðilum. Leita skal umsagnar um lýsinguna hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og kynna hana fyrir almenningi og leita samþykkis hlutaðeigandi sveitarfélaga. Einnig skulu tillögurnar kynntar sveitarstjórnum aðliggjandi sveitarfélaga. Í skipulagsreglugerð skal nánar kveðið á um lýsingu skipulagsverkefnis.

Áður en tillaga að svæðisskipulagi er tekin til formlegrar afgreiðslu í svæðisskipulagsnefnd skal tillagan, forsendur hennar og umhverfismat kynnt fyrir almenningi á almennum fundi eða á annan fullnægjandi hátt. Skal kynningin auglýst með áberandi hætti.

Að lokinni kynningu skv. 2. mgr. skal endanleg svæðisskipulagstillaga lögð fyrir hlutaðeigandi sveitarstjórnir til samþykktar. Svæðisskipulagsnefnd skal að henni lokinni senda Skipulagsstofnun tillöguna til athugunar. Hafi Skipulagsstofnun ekki gert athugasemdir innan fjögurra vikna frá því að tillagan barst henni skal tillagan auglýst óbreytt skv. 24. gr. Telji Skipulagsstofnun að tillagan fullnægi ekki settum kröfum um svæðisskipulag skal hún leita samkomulags við svæðisskipulagsnefnd um breytingar. Náist ekki samkomulag er svæðisskipulagsnefnd engu að síður heimilt að auglýsa tillöguna en athugasemdir Skipulagsstofnunar skulu þá jafnframt auglýstar og liggja frammi með tillögunni.

24. gr.

Auglýsing svæðisskipulagstillögu.

Svæðisskipulagsnefnd skal auglýsa tillögu að svæðisskipulagi með áberandi hætti og í Lögbirtingablaðinu. Tillagan skal liggja frammi hjá hlutaðeigandi sveitarfélögum og Skipulagsstofnun og auk þess vera aðgengileg á netinu. Í auglýsingu skal tilgreina hvar tillagan er til sýnis og hve lengi og skal sá tími ekki vera skemmri en fjórar vikur. Í auglýsingu skal hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna innan ákveðins frests sem eigi skal vera skemmri en sex vikur frá birtingu auglýsingar. Tekið skal fram í auglýsingu hvert skila skuli athugasemdum.

25. gr.

Afgreiðsla og gildistaka svæðisskipulags.

Þegar frestur til athugasemda skv. 24. gr. er liðinn skal svæðisskipulagsnefnd fjalla um tillöguna á nýjan leik. Í þeirri umfjöllun skal nefndin taka afstöðu til athugasemda sem borist hafa og þess hvort gera skuli breytingar á tillögunni.

Svæðisskipulagsnefnd sendir innan tólf vikna hlutaðeigandi sveitarstjórnum tillögu sína að svæðisskipulagi ásamt athugasemdum og umsögn sinni um þær. Sveitarstjórnir skulu innan sex vikna senda svæðisskipulagsnefndinni afgreiðslur sínar.

Þegar svæðisskipulagið hefur verið samþykkt að öllu leyti eða að hluta sendir svæðisskipulagsnefnd tillögu sína að svæðisskipulagi til Skipulagsstofnunar ásamt athugasemdum og umsögnum svæðisskipulagsnefndar um þær. Jafnframt skal svæðisskipulagsnefnd auglýsa niðurstöðu sína og senda þeim aðilum sem gerðu athugasemdir umsögn sína um þær.

Skipulagsstofnun skal innan fjögurra vikna frá því tillaga að svæðisskipulagi barst henni staðfesta svæðisskipulagstillöguna og auglýsa hana í B-deild Stjórnartíðinda. Svæðisskipulag tekur gildi þegar það hefur verið samþykkt af sveitarstjórn, hlotið staðfestingu Skipulagsstofnunar og verið birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Telji Skipulagsstofnun að synja beri staðfestingar svæðisskipulags skal hún senda tillögu um það til umhverfisráðherra innan fjögurra vikna frá því að tillaga að svæðisskipulagi barst henni. Skal tillagan rökstudd með greinargerð þar sem fram skal koma hvort form- eða efnisgallar séu á afgreiðslu svæðisskipulagsnefndar eða gerð skipulagsins. Áður en ráðherra tekur ákvörðun um synjun skal hann leita umsagnar svæðisskipulagsnefndar.

Ráðherra synjar eða staðfestir svæðisskipulag skv. 5. mgr. Staðfest svæðisskipulag skal auglýst í B-deild Stjórnartíðinda. Slíkt svæðisskipulag tekur gildi þegar það hefur verið samþykkt af sveitarstjórnum, hlotið staðfestingu ráðherra og verið birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Þau sveitarfélög sem aðild eiga að svæðisskipulagi eru bundin af stefnu þess við gerð aðalskipulags.

26. gr.

Endurskoðun svæðisskipulags.

Að loknum sveitarstjórnarkosningum skal svæðisskipulagsnefnd koma saman og meta hvort ástæða sé til að endurskoða svæðisskipulagið. Um málsmeðferð á endurskoðaðri áætlun fer sem um gerð nýs svæðisskipulags væri að ræða. Ef niðurstaða svæðisskipulagsnefndar er að svæðisskipulagið þarfnist ekki endurskoðunar heldur stefna þess áfram gildi sínu.

27. gr.

Breytingar á svæðisskipulagi.

Nú telur svæðisskipulagsnefnd að gera þurfi breytingu á gildandi svæðisskipulagi og fer þá um málsmeðferð skv. 22.–25. gr.

VII. KAFLI
Aðalskipulagsáætlanir.

28. gr.

Aðalskipulag.

Aðalskipulag er skipulagsáætlun fyrir eitt sveitarfélag og skal taka til alls lands innan marka sveitarfélagsins. Í aðalskipulagi er sett fram stefna sveitarstjórnar um þróun sveitarfélagsins varðandi landnotkun, byggðaþróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál.

Í aðalskipulagi er lagður grundvöllur fyrir gerð deiliskipulags varðandi landnotkun, takmarkanir á landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi og byggðamynstur, þ.m.t. þéttleika byggðar. Í aðalskipulagi eða breytingu á því er heimilt að setja fram nánari stefnu, svo sem um nýbyggingarsvæði eða endurbyggingarsvæði í eldri byggð eða um einstök viðfangsefni.

Við gerð aðalskipulags skal byggt á markmiðum laga þessara, landsskipulagsáætlun, svæðisskipulagi, liggi það fyrir, og áætlunum um þróun og þarfir sveitarfélagsins. Þá skal jafnframt gætt að samræmi við skipulagsáætlanir aðliggjandi sveitarfélaga.

Í aðalskipulagi skal marka stefnu til að minnsta kosti tólf ára en jafnframt gera grein fyrir samhengi skipulagsáætlunarinnar og einstakra þátta hennar við langtímaþróun sveitarfélagsins. Í aðalskipulagi er heimilt að kveða á um þróun byggðar á nýjum eða eldri svæðum með rammaskipulagi.

Aðalskipulag skal sett fram í skipulagsgreinargerð og á skipulagsuppdrætti og eftir atvikum á þemauppdráttum. Skipulagsgreinargerð aðalskipulags skal lýsa rökstuddri stefnu sveitarstjórnar um landnotkun, byggðaþróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál í sveitarfélaginu ásamt umhverfismati aðalskipulagsins. Skipulagsuppdráttur aðalskipulags skal sýna staðbundnar ákvarðanir um landnotkun, vernd og aðrar takmarkanir á landnotkun og samgöngu- og þjónustukerfi.

Um gerð og framsetningu aðalskipulags gilda að öðru leyti 12. gr. og ákvæði skipulagsreglugerðar.

29. gr.

Ábyrgð á gerð og afgreiðslu aðalskipulags.

Sveitarfélög skulu á hverjum tíma hafa í gildi aðalskipulag.

Sveitarstjórn ber ábyrgð á að gert sé aðalskipulag fyrir sveitarfélagið. Skipulagsnefnd sveitarfélags annast í umboði sveitarstjórnar vinnslu, kynningu og afgreiðslu aðalskipulags. Sveitarstjórn samþykkir aðalskipulag og sendir það Skipulagsstofnun til staðfestingar.

Aðalskipulag er háð samþykki sveitarstjórnar og staðfestingu Skipulagsstofnunar og umhverfisráðherra í þeim tilvikum er hann skal staðfesta aðalskipulag.

30. gr.

Gerð aðalskipulags, kynning og samráð.

Þegar vinna við gerð aðalskipulagstillögu hefst skal sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem fram kemur hvaða áherslur sveitarstjórn hafi við aðalskipulagsgerðina og upplýsingar um forsendur og fyrirliggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli, svo sem um kynningu og samráð við skipulagsgerðina gagnvart íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum. Leita skal umsagnar um hana hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og kynna hana fyrir almenningi. Í skipulagsreglugerð er kveðið nánar á um lýsingu aðalskipulagsverkefnis og kynningu hennar.

Áður en tillaga að aðalskipulagi er tekin til afgreiðslu í sveitarstjórn skal tillagan, forsendur hennar og umhverfismat kynnt íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum á almennum fundi eða á annan fullnægjandi hátt. Skal kynningin auglýst með áberandi hætti. Einnig skal tillagan kynnt sveitarstjórnum aðliggjandi sveitarfélaga og svæðisskipulagsnefnd á þeim svæðum þar sem starfandi er svæðisskipulagsnefnd.

Að lokinni kynningu skv. 2. mgr. skal aðalskipulagstillagan lögð fyrir sveitarstjórn til afgreiðslu. Sveitarstjórn skal að lokinni umfjöllun sinni senda Skipulagsstofnun tillöguna til athugunar. Hafi Skipulagsstofnun ekki gert athugasemdir innan fjögurra vikna frá því að tillagan barst henni skal tillagan auglýst óbreytt skv. 31. gr. Telji Skipulagsstofnun að tillagan fullnægi ekki settum kröfum um aðalskipulag skal hún leita samkomulags við sveitarstjórn um breytingar. Náist ekki samkomulag er sveitarstjórn engu að síður heimilt að auglýsa tillöguna en athugasemdir Skipulagsstofnunar skulu þá jafnframt auglýstar og liggja frammi með tillögunni.

31. gr.

Auglýsing aðalskipulagstillögu.

Sveitarstjórn skal auglýsa tillögu að aðalskipulagi með áberandi hætti, svo sem í dagblaði sem gefið er út á landsvísu. Tillagan skal einnig auglýst í Lögbirtingablaðinu. Tillagan skal liggja frammi hjá Skipulagsstofnun og á skrifstofu hlutaðeigandi sveitarfélags eða á öðrum opinberum stað og vera auk þess aðgengileg á netinu.

Í auglýsingu skal tilgreina hvar tillagan er til sýnis og hve lengi. Í auglýsingu skal hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna innan ákveðins frests sem eigi skal vera skemmri en sex vikur frá birtingu auglýsingar. Tekið skal fram hvert skila skuli athugasemdum.

32. gr.

Afgreiðsla og gildistaka aðalskipulags.

Þegar frestur til athugasemda er liðinn skal sveitarstjórn fjalla um tillöguna á nýjan leik. Í þeirri umfjöllun skal taka afstöðu til athugasemda sem borist hafa og þess hvort gera skuli breytingar á tillögunni. Ákveði sveitarstjórn að breyta tillögu að aðalskipulagi í grundvallaratriðum skal hin breytta tillaga auglýst á nýjan leik skv. 31. gr.

Þegar sveitarstjórn hefur samþykkt tillögu að aðalskipulagi skal sveitarstjórn senda Skipulagsstofnun aðalskipulagið, ásamt athugasemdum og umsögn sveitarstjórnar um þær, innan tólf vikna frá því að frestur til að gera athugasemdir skv. 31. gr. rann út. Jafnframt skal senda

þeim aðilum er athugasemdir gerðu afgreiðslu og umsögn sveitarstjórnar um athugasemdir og auglýsa niðurstöðu sveitarstjórnar.

Skipulagsstofnun skal innan fjögurra vikna frá því tillaga að aðalskipulagi barst henni staðfesta aðalskipulagstillöguna og auglýsa hana í B-deild Stjórnartíðinda. Aðalskipulag tekur gildi þegar það hefur verið samþykkt af sveitarstjórn, hlotið staðfestingu Skipulagsstofnunar og verið birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Telji Skipulagsstofnun að synja beri staðfestingar aðalskipulags eða fresta staðfestingu þess að öllu leyti eða hluta skal hún senda tillögu um það til umhverfisráðherra innan fjögurra vikna frá því að tillaga að aðalskipulagi barst henni. Skal tillagan rökstudd með greinargerð þar sem fram skal koma hvort form- eða efnisgallar séu á afgreiðslu sveitarstjórnar eða gerð skipulagsins. Áður en ráðherra tekur ákvörðun um synjun eða frestun skal hann leita umsagnar sveitarstjórnar.

Ráðherra synjar eða staðfestir aðalskipulag skv. 4. mgr. Staðfest aðalskipulag skal auglýst í B-deild Stjórnartíðinda. Slíkt aðalskipulag tekur gildi þegar það hefur verið samþykkt af sveitarstjórn, hlotið staðfestingu umhverfisráðherra og verið birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Stefna aðalskipulags er bindandi við gerð deiliskipulags og útgáfu byggingar- og framkvæmdaleyfa.

33. gr.

Frestun á gerð aðalskipulags.

Sveitarstjórn er heimilt að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar og með samþykki ráðherra að fresta í allt að fjögur ár í senn gerð aðalskipulagsáætlunar fyrir ákveðið landsvæði ef óvissa eða ágreiningur ríkir um atriði sem geta haft veruleg áhrif á framkvæmd skipulagsins.

34. gr.

Ágreiningur um aðalskipulag.

Takist sveitarstjórnum samliggjandi sveitarfélaga ekki að leysa ágreining um atriði sem samræma þarf í aðalskipulagi þeirra skal, að frumkvæði sveitarfélaganna eða Skipulagsstofnunar, sérstakri nefnd falið að gera tillögu að skipulagi sem er sameiginlegt fyrir þessi sveitarfélög að því er ágreiningsatriðin varðar.

Sveitarstjórnir þær sem hlut eiga að máli skulu hver um sig skipa tvo menn í nefndina, en Skipulagsstofnun einn mann og skal hann vera formaður hennar. Skipulagsstofnun skal aðstoða nefndina eftir þörfum.

Komist nefndin að sameiginlegri niðurstöðu skulu sveitarstjórnir sem hlut eiga að máli hver um sig auglýsa tillögu nefndarinnar sem aðalskipulagstillögu í samræmi við ákvæði 30. og 31. gr.

Takist nefndinni ekki að komast að sameiginlegri niðurstöðu skal senda málið til úrskurðar ráðherra ásamt greinargerð nefndarinnar. Aðalskipulag hlutaðeigandi sveitarfélaga skal samræmt úrskurði ráðherra.

35. gr.

Endurskoðun aðalskipulags.

Þegar að loknum sveitarstjórnarkosningum metur sveitarstjórn hvort ástæða sé til að endurskoða aðalskipulagið. Um málsmeðferð á endurskoðaðri áætlun fer sem um gerð nýs aðalskipulags væri að ræða. Ef niðurstaða sveitarstjórnar er að aðalskipulagið þarfnist ekki endurskoðunar heldur það gildi sínu.

36. gr.

Breytingar á aðalskipulagi.

Nú telur sveitarstjórn að gera þurfi breytingu á gildandi aðalskipulagi og fer þá um málsmeðferð eins og um gerð aðalskipulags sé að ræða.

Nú telur sveitarstjórn að gera þurfi breytingar á gildandi aðalskipulagi sem séu það óverulegar að ekki sé talin ástæða til meðferðar skv. 30.–32. gr. og skal þá sveitarstjórn senda rökstudda tillögu um breytinguna til Skipulagsstofnunar. Niðurstaða sveitarstjórnar skal auglýst. Við mat á því hvort breyting á aðalskipulagi geti talist óveruleg skal taka mið af því hvort hún hafi verulegar breytingar á landnotkun í för með sér, sé líkleg til að hafa mikil áhrif á einstaka aðila, eða hafa áhrif á stór svæði. Fallist Skipulagsstofnun á tillögu sveitarstjórnar skal hún staðfesta tillöguna innan fjögurra vikna frá því tillagan barst henni og auglýsa hana í B-deild Stjórnartíðinda. Fallist Skipulagsstofnun ekki á að um óverulega breytingu sé að ræða skal hún tilkynna sveitarstjórn um það og fer þá um málsmeðferð eins og um gerð aðalskipulags sé að ræða.

VIII. KAFLI
Deiliskipulagsáætlanir.

37. gr.

Deiliskipulag.

Deiliskipulag er skipulagsáætlun fyrir afmarkað svæði eða reit innan sveitarfélags. Í deiliskipulagi eru teknar ákvarðanir um lóðir, lóðanotkun, byggingarreiti, byggðamynstur, þ.m.t. nýtingarhlutfall, útlit mannvirkja og form eftir því sem við á og aðrar skipulagsforsendur sem þurfa að liggja fyrir vegna byggingar- og framkvæmdaleyfa.

Þegar ekki þarf að sækja um byggingarleyfi samkvæmt lögum um mannvirki skal leita eftir samþykki sveitarstjórnar fyrir breytingum á mannvirki sem varða útlit bygginga og form á viðkomandi svæði.

Deiliskipulag skal gera fyrir einstök svæði eða reiti þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar og skal jafnan miða við að það taki til svæða sem mynda heildstæða einingu.

Við gerð deiliskipulags skal byggt á stefnu aðalskipulags og hún útfærð fyrir viðkomandi svæði eða reit.

Deiliskipulag skal setja fram á skipulagsuppdrætti ásamt skipulagsgreinargerð. Í greinargerð deiliskipulags er forsendum þess lýst og sett fram stefna deiliskipulagsins og umhverfismat áætlunarinnar. Í greinargerðinni skal m.a. setja skipulagsskilmála í samræmi við stefnuna. Á skipulagsuppdrætti deiliskipulags skal setja fram þá stefnu sem kynnt er í skipulagsgreinargerð fyrir skipulagssvæðið að svo miklu leyti sem það getur átt við.

Um gerð og framsetningu deiliskipulags gilda að öðru leyti ákvæði 12. gr. og ákvæði í skipulagsreglugerð.

38. gr.

Ábyrgð á gerð og afgreiðslu deiliskipulags.

Sveitarstjórn ber ábyrgð á og annast gerð deiliskipulags.

Landeigandi eða framkvæmdaraðili getur að fenginni heimild sveitarstjórnar gert tillögu að deiliskipulagi eða breytingu á deiliskipulagi á sinn kostnað. Um kynningu, samráð, auglýsingu og samþykkt slíks deiliskipulags fer skv. 40.–41. gr.

39. gr.

Deiliskipulag á landi í einkaeign.

Þegar land í einkaeign er gert að byggingarlóðum með deiliskipulagi að ósk landeiganda skal hann þegar framkvæmdir hefjast láta endurgjaldslaust af hendi við sveitarfélagið þá hluta landsins sem samkvæmt skipulaginu eru ætlaðir til almannaþarfa, svo sem undir götur, leikvelli og opin svæði. Landeiganda er þó ekki skylt að láta af hendi með þessum hætti meira land en svarar þriðjungi af flatarmáli þeirra lóða er þannig verða byggingarhæfar. Ef landnotkun er breytt fellur landið aftur til þess er lét það endurgjaldslaust af hendi og skulu landeigandi og sveitarstjórn semja um það í hvaða ástandi skila skuli landinu.

Ákvæði þessarar greinar eiga ekki við um frístundabyggðasvæði þar sem sveitarfélag annast ekki gatnagerð eða aðrar sameiginlegar framkvæmdir og rekstur.

40. gr.

Gerð deiliskipulags, kynning og samráð.

Þegar vinna við gerð deiliskipulagstillögu hefst skal sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem fram kemur hvaða áherslur sveitarstjórn hafi við deiliskipulagsgerðina og upplýsingar um forsendur og fyrirliggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli, svo sem um kynningu og samráð við skipulagsgerðina gagnvart íbúum og öðrum hagsmunaaðilum.

Vinni landeigandi eða framkvæmdaraðili að gerð deiliskipulags samkvæmt heimild sveitarstjórnar skal hann taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu sem sveitarstjórn þarf að samþykkja áður en hún er kynnt.

Leita skal umsagnar um lýsinguna hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og kynna fyrir almenningi. Í skipulagsreglugerð er kveðið nánar á um lýsingu deiliskipulagsverkefnis og kynningu hennar. Sveitarstjórn er heimilt að falla frá gerð slíkrar lýsingar ef allar meginforsendur deiliskipulagsins liggja fyrir í aðalskipulagi.

Áður en tillaga að deiliskipulagi er tekin til afgreiðslu í sveitarstjórn skal tillagan, forsendur hennar og umhverfismat kynnt íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum á almennum fundi eða á annan fullnægjandi hátt. Skal kynningin auglýst með áberandi hætti. Sveitarstjórn er heimilt að falla frá slíkri kynningu ef allar meginforsendur liggja fyrir í aðalskipulagi. Að lokinni kynningu skal deiliskipulagstillagan lögð fyrir sveitarstjórn til afgreiðslu.

41. gr.

Auglýsing og samþykkt deiliskipulags.

Þegar sveitarstjórn hefur samþykkt að auglýsa tillögu að deiliskipulagi skal hún auglýst á sama hátt og kveðið er á um varðandi auglýsingu aðalskipulags. Ef deiliskipulagstillaga tekur til svæðis sem liggur að mörkum aðliggjandi sveitarfélags skal tillagan kynnt sveitarstjórn þess sveitarfélags.

Sé tillaga að deiliskipulagi ekki í samræmi við aðalskipulag skal samsvarandi aðalskipulagsbreyting auglýst áður eða samhliða. Að loknum auglýsingatíma getur sveitarstjórn samþykkt breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulagi samhliða.

Þegar frestur til athugasemda er liðinn skal sveitarstjórn taka tillöguna til umræðu að undangenginni umfjöllun skipulagsnefndar. Í þeirri umfjöllun skal taka afstöðu til athugasemda sem borist hafa og þess hvort gera skuli breytingar á tillögunni. Ef engar athugasemdir eru gerðar við tillöguna er ekki skylt að taka hana aftur til umræðu í sveitarstjórn heldur skal

senda hana Skipulagsstofnun. Hafi borist athugasemdir skal niðurstaða sveitarstjórnar auglýst.

Ákveði sveitarstjórn að breyta auglýstri tillögu í grundvallaratriðum skal hin breytta tillaga auglýst á nýjan leik skv. 1. mgr.

42. gr.

Afgreiðsla deiliskipulags.

Senda skal Skipulagsstofnun deiliskipulag sem samþykkt hefur verið af sveitarstjórn ásamt athugasemdum og umsögnum um þær. Jafnframt skal sveitarstjórn senda þeim aðilum er athugasemdir gerðu umsögn sína um þær. Telji Skipulagsstofnun að form- eða efnisgallar séu á deiliskipulagi sem henni er sent skal hún koma athugasemdum sínum á framfæri við sveitarstjórn. Sveitarstjórn skal taka athugasemdirnar til umræðu og gera nauðsynlegar breytingar. Birta skal auglýsingu um samþykkt deiliskipulag í B-deild Stjórnartíðinda.

43. gr.

Breytingar á deiliskipulagi.

Nú telur sveitarstjórn að gera þurfi breytingar á samþykktu deiliskipulagi og skal þá fara um breytinguna eins og um nýtt deiliskipulag sé að ræða.

Nú telur sveitarstjórn að gera þurfi breytingar á samþykktu deiliskipulagi sem séu það óverulegar að ekki sé talin ástæða til meðferðar skv. 1. mgr. og skal þá fara fram grenndarkynning. Við mat á því hvort breyting á deiliskipulagi teljist óveruleg skal taka mið af því að hve miklu leyti tillagan víkur frá notkun, nýtingarhlutfalli, útliti og formi viðkomandi svæðis.

Við útgáfu framkvæmda- og byggingarleyfa getur sveitarstjórn heimilað að vikið sé frá ákvæði 2. mgr. þegar um svo óveruleg frávik er að ræða að hagsmunir nágranna skerðist í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn.

44. gr.

Grenndarkynning.

Þegar sótt er um byggingar- eða framkvæmdaleyfi þar sem deiliskipulag liggur ekki fyrir eða um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi skal skipulagsnefnd láta fara fram grenndarkynningu.

Grenndarkynning felst í því að skipulagsnefnd kynnir nágrönnum sem taldir eru geta átt hagsmuna að gæta skipulagstillöguna og gefur þeim kost á að tjá sig um hana innan tilskilins frests sem skal vera a.m.k. fjórar vikur. Að þeim fresti liðnum og þegar sveitarstjórn hefur afgreitt málið skal þeim sem tjáðu sig um það tilkynnt niðurstaða sveitarstjórnar. Þegar um óverulega breytingu á deiliskipulagi er að ræða sendir sveitarstjórn Skipulagsstofnun samþykkta deiliskipulagsbreytingu.

Skipulagsnefnd er heimilt að stytta tímabil grenndarkynningar ef þeir sem hagsmuna eiga að gæta, sbr. 1. mgr., hafa lýst skriflega yfir með áritun sinni á kynningargögn áður en fjórar vikur eru liðnar að þeir geri ekki athugasemdir við skipulagstillöguna eða hina leyfisskyldu framkvæmd. Skipulagsnefnd er heimilt að falla frá grenndarkynningu ef sýnt er fram á að breyting á deiliskipulagi eða leyfisskyld framkvæmd varði ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og/eða umsækjanda.

Þegar um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi skal sveitarstjórn birta auglýsingu um samþykkt deiliskipulags í B-deild Stjórnartíðinda.

IX. KAFLI
Skipulagsreglugerð, eignarnám, bætur o.fl.

45. gr.
Skipulagsreglugerð.

Umhverfisráðherra setur reglugerð, er nær til alls landsins, um gerð skipulagsáætlana að fengnum tillögum Skipulagsstofnunar og umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Í skipulagsreglugerð skal kveðið nánar á um gerð skipulagsáætlana, um gerð lýsingar skipulagsverkefnis, um framsetningu og innihald skipulagsgreinargerða og skipulagsuppdrátta, svo sem skipulagsskilmála og kvaðir. Einnig skal kveðið á um samráð og kynningu tillagna og afgreiðslu skipulagsáætlana.

Í skipulagsreglugerð skal skilgreina landnotkunarflokka.

Í skipulagsreglugerð skal kveðið á um öryggisforsendur og takmarkanir á landnotkun, t.d. vegna náttúruvár, verndar, svo sem vatnsverndar, eða mengunar. Þá skal sérstaklega kveðið á um aðgengi fyrir alla.

Í skipulagsreglugerð skal kveða nánar á um heimildir sveitarfélaga til að kveða á um útlit og form mannvirkja í skipulagsáætlunum.

Í skipulagsreglugerð skal kveða á um friðun eldri byggðar, trjágróður, girðingar og um auglýsingaskilti.

Í skipulagsreglugerð skulu vera ákvæði um starfshætti skipulagsnefnda, svæðisskipulagsnefnda og skipulagsfulltrúa og annarra þeirra sem falin er gerð skipulagsáætlana.

Í skipulagsreglugerð skal kveða nánar á um framkvæmdaleyfi, svo sem hvaða framkvæmdir eru háðar framkvæmdaleyfi, um gögn vegna umsókna um framkvæmdaleyfi og um útgáfu framkvæmdaleyfa.

Þegar sérstaklega stendur á getur ráðherra að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar og hlutaðeigandi sveitarstjórnar veitt undanþágu frá einstökum greinum skipulagsreglugerðar.

46. gr.
Mælingar og kortagerð.

Vinna skal skipulagsáætlanir á stafræna kortagrunna.

Umráðamönnum lands og lóða er skylt að heimila för um landareign og uppsetningu mælipunkta vegna mælinga og leyfa að sett séu föst merki þar sem nauðsynlegt getur talist enda sé það ekki til ónæðis eða tjóns fyrir landeiganda.

47. gr.
Landeignaskrá.

Sveitarstjórnir skulu láta gera skrá yfir allar jarðir, lönd og lóðir innan sveitarfélags í landeignaskrá sem skal vera hluti af Landskrá fasteigna. Skrá þessi skal hafa tilvísun í afmörkun og eignarhald í samræmi við þinglýstar heimildir. Gefa skal öllum götum, vegum og torgum í sveitarfélagi heiti sem skal þinglýsa.

48. gr.
Skipting landa og lóða.

Óheimilt er að skipta jörðum, löndum eða lóðum eða breyta landamerkjum og lóðamörkum nema samþykki sveitarstjórnar komi til.

Áður en sveitarstjórn veitir slíkt samþykki fyrir byggingarlóðir ákveður hún nafn götu og númer en aðrar afmarkaðar landareignir skulu hafa heiti til skrásetningar í landeignaskrá, sbr. 47. gr.

Sveitarstjórn getur krafist þess af eigendum landa og jarða að gerður sé fullnægjandi hnitsettur uppdráttur af nýjum landamerkjum eða lóðamörkum til afnota fyrir landeignaskrá og þinglýsingarstjóra.

49. gr.

Forkaupsréttur sveitarstjórna að fasteignum.

Við gildistöku skipulagsáætlana samkvæmt lögum þessum eignast sveitarstjórn forkaupsrétt að fasteignum sem henni er nauðsynlegt að fá umráð yfir til þess að framkvæma skipulag.

Sveitarstjórn getur áskilið sér sérstakan forkaupsrétt að tilteknum fasteignum sem ekki falla undir 1. mgr. í þeim tilgangi að greiða fyrir áætlaðri þróun sveitarfélagsins. Samþykkt sveitarstjórnar um slíkan forkaupsrétt skal hljóta staðfestingu ráðherra og skal hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Eigendum fasteigna sem forkaupsréttur tekur til er skylt að bjóða sveitarstjórn að ganga inn í kaup fasteignanna við sölu. Innan fjögurra vikna frá því að sveitarstjórn er boðið að neyta forkaupsréttar skal hún segja til um hvort hún vill neyta réttarins eða ekki. Svari sveitarstjórn eigi boði eiganda fasteignar innan tilskilins frests skal líta svo á að forkaupsrétti sé hafnað.

Ákvæði þessarar greinar raska ekki ákvæðum annarra laga um víðtækari forkaupsrétt sveitarfélaga. Um meðferð forkaupsréttarmála fer samkvæmt lögum nr. 22/1932.

50. gr.

Heimildir til eignarnáms.

Ráðherra getur að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar veitt sveitarstjórn heimild til að taka eignarnámi landsvæði, fasteignir og efnisnámur eða takmörkuð eignarréttindi að slíku innan sveitarfélagsins ef nauðsyn ber til vegna áætlaðrar þróunar sveitarfélagsins samkvæmt staðfestu aðalskipulagi.

Sveitarstjórn er heimilt að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar og á grundvelli gildandi deiliskipulags að taka eignarnámi vegna framkvæmdar skipulagsins:

1. Fasteignir sem sveitarstjórn er samkvæmt skipulaginu nauðsynlegt að fá umráð yfir til almannaþarfa.
2. Lóð sem eigandi nýtir ekki á þann hátt sem gildandi deiliskipulag ákveður, enda sé liðinn frestur sem honum hefur verið settur til að byggja á lóðinni eða breyta nýtingu hennar.
3. Fasteign eða hluta fasteignar sem friðunar- eða hverfisverndarákvæði taka til, enda sé eignarnámið nauðsynlegt til að tryggja að markmið þeirra nái fram að ganga.
4. Fasteign eða hluta fasteignar á byggingarreit sem endurbyggja skal samkvæmt deiliskipulagi, enda hafi ekki náðst samkomulag við eiganda um þátt hans í endurbyggingunni og eignarnám sé nauðsynlegt til að greiða fyrir henni.
5. Lóð eða lóðarhluta sem stendur í vegi fyrir nýrri lóðarskiptingu sem ákveðin er í deiliskipulagi.

Eignarnám er því aðeins heimilt að sveitarstjórn hafi áður með sannanlegum hætti leitast við að ná samningum við eigendur þeirra eigna eða réttinda sem hún hyggst taka eignarnámi.

Um framkvæmd eignarnáms og ákvörðun um bætur fer eftir lögum nr. 11/1973. Bætur vegna eignarnáms greiðast úr sveitarsjóði.

51. gr.

Bætur vegna skipulags og yfirtaka eigna.

Nú veldur gildistaka skipulagsáætlana því að verðmæti fasteignar lækkar, nýtingarmöguleikar hennar skerðast frá því sem áður var heimilt eða að hún rýrnar svo að hún nýtist ekki til sömu nota og áður og á þá sá sem sýnt getur fram á að hann verði fyrir tjóni af þessum sökum rétt á bótum úr sveitarsjóði eða ríkissjóði eftir atvikum vegna landsskipulagsáætlunar eða að sveitarsjóður leysi fasteignina til sín.

Við ákvörðun bóta vegna skipulagsaðgerða skal taka tillit til þeirrar verðbreytingar sem þær kunna að hafa í för með sér á viðkomandi eign. Við ákvörðun bóta skal m.a. miða við hvort nýtt skipulag hefur þegar áhrif á verðmæti eignarinnar eða síðar, hvaða kröfur eru gerðar um nýtingarhlutfall, húsahæðir, bifreiðastæði, leiksvæði barna og opin svæði að því er snertir sambærilegar eignir, svo og hvort skipulagið gerir afstöðu fasteignarinnar gagnvart götu hagstæðari eða óhagstæðari en áður var. Þá ber og að miða við þann arð sem eðlileg notkun eignarinnar gefur af sér.

Sá sem telur sig eiga rétt á bótum eða krefst yfirtöku samkvæmt þessari grein skal senda kröfu sína til sveitarstjórnar. Viðurkenni sveitarstjórn bótaskyldu skal hún annast um að dómkvaddir verði matsmenn til að ákveða bætur. Fallist sveitarstjórn á kröfu um yfirtöku skal matsnefnd eignarnámsbóta falið að ákveða kaupverð.

X. KAFLI

Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála, þvingunarúrræði og viðurlög.

52. gr.

Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála.

Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála kveður upp úrskurði í ágreiningsmálum um skipulags- og byggingarmál samkvæmt lögum þessum, lögum um mannvirki og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Jafnframt skal úrskurðarnefndin kveða upp úrskurði í ágreiningsmálum sem henni er falið að skera úr um á grundvelli laga um mat á umhverfisáhrifum.

Umhverfisráðherra skipar fimm menn í úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála og jafnmarga til vara. Ekki skal þó skipa varamann formanns en nefndin skal tilnefna varaformann úr hópi nefndarmanna sem stýrir fundum nefndarinnar í forföllum formanns. Umhverfisráðherra skipar einn nefndarmanna án tilnefningar og skal hann vera forstöðumaður úrskurðarnefndar og jafnframt formaður nefndarinnar. Formaður skal uppfylla starfsgengisskilyrði héraðsdómara. Hæstiréttur tilnefnir fjóra nefndarmenn og skal einn þeirra hafa lokið háskólaprófi á sviði skipulagsmála, annar í lögfræði, þriðji á sviði umhverfismála og fjórði á sviði byggingarmála. Nefndarmenn skulu skipaðir til fjögurra ára í senn nema formaður nefndarinnar sem jafnframt skal vera forstöðumaður úrskurðarnefndar og hafa starfið að aðalstarfi. Hann skal skipaður til fimm ára að undangenginni auglýsingu í samræmi við lög nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt og uppfylla sömu hæfisskilyrði og aðalmenn.

Forstöðumaður úrskurðarnefndar hefur yfirstjórn hennar með höndum og ber ábyrgð á henni. Hann fer með fyrirsvar nefndarinnar út á við. Forstöðumaður ræður annað starfsfólk úrskurðarnefndar. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um störf nefndarinnar, verkefni hennar, valdsvið og starfsskilyrði.

Nefndinni er heimilt að kveðja sér til fulltingis sérfróða aðila við úrskurð einstakra mála. Úrskurðir nefndarinnar eru fullnaðarúrskurðir á stjórnsýslustigi. Nefndin skal kveða upp úrskurð svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en þremur mánuðum eftir að henni berst mál í hendur. Við úrlausn einstaks máls skal nefndin að jafnaði skipuð formanni ásamt tveimur

aðalmönnum eftir nánari ákvörðun formanns. Sé mál viðamikið skal nefndin fjalla um það fullskipuð. Formaður ákveður í hvaða málum nefndin skuli skipuð fimm fulltrúum.

Kæru til nefndarinnar sæta stjórnvaldsákvarðanir stjórnsýslu sveitarfélaga, nema annað sé sérstaklega tiltekið í lögum. Ákvarðanir sem ráðherra ber að lögum þessum að staðfesta sæta ekki kæru til nefndarinnar. Þeir einir geta skotið máli til úrskurðarnefndarinnar sem eiga lögvarða hagsmuni tengda hinni kærðu ákvörðun. Sé um að ræða ákvarðanir vegna framkvæmda sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum eiga umhverfisverndar- og hagsmunasamtök sem varnarþing eiga á Íslandi jafnframt sama rétt, enda séu félagsmenn samtakanna 30 eða fleiri og það samrýmist tilgangi samtakanna að gæta þeirra hagsmuna sem kæran lýtur að. Frestur til að skjóta máli til nefndarinnar er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt, eða mátti vera kunnugt, um ákvörðun þá sem kæra á. Sé um að ræða ákvarðanir sem sæta opinberri birtingu telst kærufrestur frá birtingu ákvörðunar.

Kærandi getur krafist úrskurðar um stöðvun framkvæmda til bráðabirgða séu þær hafnar eða yfirvofandi. Komi fram krafa um slíkt skal úrskurðarnefnd svo fljótt sem verða má kveða upp úrskurð um það atriði. Úrskurði um stöðvun framkvæmda ber sveitarstjórn að framfylgja þegar í stað, með aðstoð lögreglu ef með þarf.

Um málsmeðferð fer að öðru leyti samkvæmt stjórnsýslulögum, nr. 37/1993.

Kostnaður vegna úrskurðarnefndar greiðist úr ríkissjóði.

53. gr.

Framkvæmdir sem brjóta í bága við skipulag eða eru án leyfis.

Ef framkvæmdaleyfisskyld framkvæmd er hafin án þess að framkvæmdaleyfi sé fengið fyrir henni, hún hafin með framkvæmdaleyfi sem brýtur í bága við skipulag eða ekki hefur verið leitað samþykkis sveitarstjórnar skv. 2. mgr. 37. gr., skal skipulagsfulltrúi stöðva slíkar framkvæmdir tafarlaust og leita staðfestingar sveitarstjórnar.

Ef framkvæmd er í ósamræmi við útgefið framkvæmdaleyfi eða skilyrði þess skal skipulagsfulltrúi stöðva framkvæmd þar til úr hefur verið bætt og leita samþykkis sveitarstjórnar.

Ef skilyrði 1. og 2. mgr. eiga við getur skipulagsfulltrúi krafist þess að hin ólöglega framkvæmd sé fjarlægð, jarðrask afmáð eða starfsemi hætt. Sinni framkvæmdaraðili ekki þeirri kröfu er heimilt að framkvæma slíkar aðgerðir á hans kostnað.

Ef þörf krefur er lögreglu skylt að aðstoða skipulagsfulltrúa við stöðvun framkvæmda.

Láti sveitarstjórn hjá líða að stöðva framkvæmdir skv. 1. og 2. mgr. getur Skipulagsstofnun, að tilskildum fresti sem stofnunin veitir sveitarstjórn, látið stöðva framkvæmd og fjarlægja á kostnað eiganda framkvæmdar eða stöðvað framkvæmd þar til úr hefur verið bætt.

54. gr.

Dagsektir.

Sveitarstjórn er heimilt að beita dagsektum til að knýja menn til framkvæmda á ráðstöfunum sem þeim er skylt að hlutast til um samkvæmt lögum þessum og reglugerðum samkvæmt þeim eða láta af atferli sem er ólögmætt. Sinni aðili ekki fyrirmælum sveitarstjórnar innan þess frests sem hún setur getur sveitarstjórn ákveðið dagsektir þar til úr verður bætt. Hámark dagsekta er 500.000 kr. Dagsektir renna í sveitarsjóð.

Sveitarstjórn getur látið vinna verk, sem hún hefur lagt fyrir að unnið skyldi, á kostnað þess sem vanrækt hefur að vinna verkið.

Dagsektir og kostnað skv. 1. og 2. mgr. má innheimta með fjárnámi.

55. gr.
Refsiábyrgð.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að 2 árum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

56. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2009. Frá sama tíma falla úr gildi skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997, með síðari breytingum.

57. gr.
Breytingar á öðrum lögum.

1. Í stað orðanna „skipulags- og byggingarlög“ í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, kemur: skipulagslög.
2. Í stað orðanna „skipulags- og byggingarlög“ í 3. mgr. 1. gr. laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, kemur: skipulagslög.
3. Eftirfarandi breytingar verða á lögum nr. 44/1999, um náttúruvernd:
   a. Í stað orðanna „sbr. 27. og 43. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997“ í 2. mgr. 37. gr. laganna kemur: sbr. skipulagslög og lög um mannvirki.
   b. Í stað orðanna „skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997“ í 46. gr. laganna kemur: skipulagslaga.
   c. Í stað orðanna „sbr. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997“ í 2. mgr. 47. gr. laganna kemur: sbr. skipulagslög.
   d. Í stað orðanna „27. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997“ í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða IV í lögunum kemur: 13. gr. skipulagslaga.
4. Eftirfarandi breytingar verða á lögum nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum:
   a. Í stað orðanna „skipulags- og byggingarlögum“ í e-lið 3. gr. laganna kemur: skipulagslögum og lögum um mannvirki.
   b. Í stað orðanna „skipulags- og byggingarlögum“ í 1. mgr. 15. gr. laganna kemur: skipulagslögum og lögum um mannvirki.
   c. Í stað orðanna „skipulags- og byggingarlögum“ í 2. mgr. 15. gr. laganna kemur: skipulagslögum.
   d. Í stað orðanna „skipulags- og byggingarlögum“ í 1. mgr. 17. gr. laganna kemur: skipulagslögum.
5. Eftirfarandi breytingar verða á jarðalögum, nr. 81/2004:
   a. Í stað orðanna „skipulags- og byggingarlögum“ í 21. mgr. 2. gr. og 2. mgr. 7. gr. laganna kemur: skipulagslögum.
   b. Í stað orðanna „skipulags- og byggingarlaga“ í 2. mgr. 3. gr. og 2. mgr. 34. gr. laganna kemur: skipulagslaga.
6. Í stað orðanna „skipulags- og byggingarlaga“ í 2. mgr. 3. gr. laga nr. 85/2005, um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess, kemur: skipulagslaga og laga um mannvirki.
7. Í stað orðanna „skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997“ í 1. mgr. 33. gr. laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, kemur: skipulagslögum og lögum um mannvirki.
8. Í stað orðanna „skipulags- og byggingarlögum“ í 3. mgr. 2. gr. laga nr. 106/1999, um Byggðastofnun, kemur: skipulagslögum.
9. Í stað orðanna „skipulags- og byggingarlögum“ í 2. mgr. 28. gr. vegalaga, nr. 80/2007, kemur: skipulagslögum.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Sveitarstjórn getur án þess að fyrir liggi staðfest aðal- eða svæðisskipulag eða samþykkt deiliskipulag og að fengnum meðmælum Skipulagsstofnunar leyft einstakar framkvæmdir sem um kann að verða sótt. Sveitarstjórn getur bundið leyfi þeim skilyrðum sem fram koma í 3. mgr. 14. gr. og 1. mgr. 15. gr. Sveitarstjórn getur einnig án þess að fyrir liggi staðfest aðal- eða svæðisskipulag auglýst tillögu að deiliskipulagi að fengnum meðmælum Skipulagsstofnunar. Heimilt er að vísa niðurstöðu Skipulagsstofnunar varðandi slíkt erindi til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála.
2. Ef verulegar framkvæmdir eru fyrirhugaðar án þess að fyrir liggi staðfest aðalskipulag getur Skipulagsstofnun sett sveitarstjórn frest til að ganga frá tillögu að aðalskipulagi. Gangi sveitarstjórn ekki frá aðalskipulagstillögu innan þess frests leggur stofnunin til við ráðherra að byggingarframkvæmdir og önnur mannvirkjagerð í sveitarfélaginu verði stöðvuð þar til fyrir liggur aðalskipulag.
3. Þar sem ekki er fyrir hendi aðalskipulag er heimilt að gera deiliskipulag á grundvelli svæðisskipulags fyrir einstök svæði eða reiti þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar, ef í svæðisskipulagi er mörkuð stefna um viðkomandi málaflokka.
4. Samvinnunefndir um gerð svæðisskipulags sem starfandi eru við gildistöku laganna skulu vera starfræktar þar til nýrri svæðisskipulagsnefnd hefur verið komið á fót, sbr. 9. gr. Um málsmeðferð fyrir samvinnunefnd um gerð svæðisskipulags fer samkvæmt lögum þessum.
5. Umhverfisráðherra skal eigi síðar en árið 2010 leggja fyrir Alþingi í fyrsta sinn tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsáætlun, sbr. 10. gr., sem fjalla skal m.a. um miðhálendi Íslands. Þegar landsskipulagsáætlun hefur verið samþykkt skal umhverfisráðherra fella niður svæðisskipulag miðhálendis Íslands. Þar til landsskipulagsáætlun hefur verið samþykkt skal Skipulagsstofnun gæta þess að aðalskipulag sveitarfélaga sé í samræmi við svæðisskipulag miðhálendis Íslands og þá stefnumörkun sem þar kemur fram.
6. Sveitarstjórn skal senda Skipulagsstofnun deiliskipulagsáætlanir og breytingar á þeim sem gerðar hafa verið á grundvelli aðalskipulags og samþykktar af sveitarstjórn fyrir 1. janúar 1998 og hafa ekki verið auglýstar, hlotið staðfestingu ráðherra eða samþykktar af skipulagsstjóra ríkisins samkvæmt eldri lögum og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Þetta skal gera innan tveggja ára frá gildistöku laga þessara og skal sveitarstjórn gera Skipulagsstofnun grein fyrir því hvort hún hafi samþykkt viðkomandi áætlun. Hafi deiliskipulagsáætlun ekki verið samþykkt telst hún fallin úr gildi.
7. Byggingarsamþykktir sem settar hafa verið á grundvelli 37. gr. laga nr. 73/1997 og varða skipulagsákvarðanir halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þær samrýmast ákvæðum laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Vorið 2002 ákvað þáverandi umhverfisráðherra að ráðast í heildarendurskoðun skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum. Við þessa endurskoðun var ákveðið að taka mið af reynslu af framkvæmd gildandi laga og að ákvæði laganna um skipulagsmál yrðu sett í sérstök lög, skipulagslög, og ákvæði um byggingar og brunavarnir í sérstök lög, byggingarlög. Jafnframt að við endurskoðun ákvæða laganna um byggingarmál yrði tekið á eftirliti með byggingarvörum á markaði, réttindamálum iðnmeistara og stofnun sérstakrar stofnunar þar sem byggingarmál og brunavarnir yrðu vistaðar. Í samræmi við ákvæði til bráðabirgða IV í lögum nr. 75/2000, um brunavarnir, skyldi endurskoðunin enn fremur taka

til laga um brunavarnir með það fyrir augum að sameina réttarheimildir um byggingar og önnur mannvirki til að einfalda framkvæmd þeirra, þar með að heimila notkun skoðunarstofa í eftirliti með gerð og viðhaldi bygginga og annarra mannvirkja.

Í áðurgreindu skyni ákvað ráðuneytið að skipa tvær nefndir til þess að endurskoða skipulags- og byggingarlög, annars vegar um skipulagsþáttinn og hins vegar um byggingarþáttinn. Nefndunum var ætlað að hafa náið samráð varðandi tillögugerð og ákveðið að frumvörp til breyttra laga yrðu lögð fram samtímis á Alþingi.

Nefnd sem falið var að semja frumvarp þetta var skipuð eftirfarandi aðilum: Formaður, Sigríður Auður Arnardóttir, skrifstofustjóri í umhverfisráðuneytinu, skipuð án tilnefningar, Hrafn Hallgrímsson, deildarstjóri í umhverfisráðuneytinu, einnig skipaður án tilnefningar, Árni Þór Sigurðsson borgarfulltrúi, tilnefndur af Reykjavíkurborg, Guðmundur Jóhannsson, formaður umhverfisráðs Akureyrar, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Gunnar Örn Gunnarsson deildarstjóri, tilnefndur af iðnaðarráðuneyti, og Stefán Thors skipulagsstjóri, tilnefndur af Skipulagsstofnun, en Ásdís Hlökk Theodórsdóttir, þáverandi aðstoðarskipulagsstjóri, starfaði tímabundið með nefndinni í leyfi skipulagsstjóra. Gunnar Örn hvarf til annarra starfa og í hans stað tilnefndi iðnaðarráðuneyti 10. júlí 2003 Pétur Örn Sverrisson lögfræðing. Þann 16. nóvember 2003 var Kristín Linda Árnadóttir, lögfræðingur í umhverfisráðuneyti, jafnframt skipuð í nefndina.

Nefndinni var ætlað að taka mið af reynslu af framkvæmd gildandi laga. Þau sjónarmið sem höfð voru til hliðsjónar við samningu frumvarpsins voru m.a. að skilgreina bæri með skýrari hætti mismunandi hlutverk skipulagsáætlana til að koma í veg fyrir skörun þeirra, tryggja eðlilegt samspil og samræmi milli skipulagsstiga og auka skilvirkni og sveigjanleika í skipulagsgerð. Jafnframt að auka samráð og kynningu við gerð skipulagsáætlana bæði gagnvart almenningi og opinberum aðilum. Nefndin fjallaði um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og um þörf á skipulagsákvæðum til almennrar stefnumörkunar á landsvísu. Þá var farið yfir hlutverk samvinnunefndar miðhálendis og hvernig fara skyldi með skipulagsákvarðanir á miðhálendinu.

Nefndin fékk á fund sinn í lok árs 2003 ýmsa aðila sem starfa að framkvæmd skipulagsmála en þeir voru eftirfarandi: Óskar Bergsson, formaður samvinnunefndar um svæðisskipulag miðhálendis, Fríða Björg Eðvarðsdóttir, starfsmaður sömu nefndar, Hjalti Steinþórsson, framkvæmdastjóri úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála, Ólafur Hauksson sýslumaður, formaður nefndar vegna frumvarps til laga um landeignaskrá o.fl. Einnig komu aðilar frá skipulagsfulltrúum sveitarfélaga, þau Finnur Birgisson, verkefnastjóri skipulagsmála á Akureyri, og Bergljót S. Einarsdóttir, þáverandi skipulagsfulltrúi í Garðabæ, Salvör Jónsdóttir, þáverandi sviðsstjóri skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar, og Ívar Pálsson, þáverandi lögfræðingur skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar, og loks Guðjón Bragason, þáverandi skrifstofustjóri sveitarstjórnarmála, og Róbert Ragnarsson stjórnmálafræðingur, verkefnisstjóri um sameiningu sveitarfélaga, frá félagsmálaráðuneytinu. Þá óskaði nefndin eftir því að Ásdís Hlökk Theodórsdóttir tæki saman skýrslu um skipulagsgerð á landsvísu á Norðurlöndum, en sú skýrsla var hluti af doktorsverkefni hennar um landsskipulag og umhverfismat áætlana, *Skipulagsgerð á landsvísu á Norðurlöndum, febrúar 2004.* Ásdís Hlökk kom á fund nefndarinnar og gerði grein fyrir skýrslu sinni og var hún m.a. höfð til hliðsjónar við samningu ákvæða frumvarpsins um landsskipulagsáætlun.

Í störfum sínum leitaðist nefndin við að kljúfa sem gleggst á milli þeirra ákvæða sem annars vegar var talið að ættu að vera í skipulagslögum og hins vegar í lögum um mannvirki.

Byggist þetta fyrst og fremst á því að framkvæmd mannvirkjalaga er talin tæknilegs eðlis en skipulagslög eru í eðli sínu bundin mótun stefnu um landnotkun.

Nefnd sú sem samdi frumvarp þetta lauk störfum í mars 2006 og sendi umhverfisráðherra tillögur sínar í formi frumvarps til skipulagslaga ásamt athugasemdum við lagafrumvarpið. Umhverfisráðuneytið taldi með hliðsjón af eðli þessara frumvarpa og hversu þau varða hagsmuni margra að rétt væri að senda frumvarp þetta ásamt frumvarpi til mannvirkjalaga til víðtækrar umsagnar. Voru frumvörpin þann 30. júní 2006 send 159 aðilum, þar á meðal öllum sveitarfélögum landsins, þar sem gefinn var kostur á að gera athugasemdir við frumvörpin fyrir 15. ágúst 2006. Jafnframt auglýsti ráðuneytið í fjölmiðlum og á heimasíðu sinni í byrjun júlí 2006 að frumvörpin lægju fyrir þar sem öllum var gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við frumvörpin fyrir sama tíma. Ráðuneytið fór vandlega yfir allar athugasemdir sem því bárust og voru gerðar breytingar á frumvörpunum m.a. vegna ábendinga sem fram komu.

II.

Alþingi samþykkti ný skipulags- og byggingarlög árið 1997. Samkvæmt þeim fer umhverfisráðherra með yfirstjórn skipulagsmála á landsvísu með aðstoð Skipulagsstofnunar. Sveitarstjórnir fara með skipulagsmál sveitarfélaga. Í skipulags- og byggingarlögum er einnig gert ráð fyrir skipulagsgerð á svæðisstigi, þrátt fyrir að ekki sé til staðar samsvarandi stjórnsýslustig. Þannig geta sveitarfélög unnið að svæðisskipulagi með öðrum sveitarfélögum og jafnframt fer sérstök samvinnunefnd með svæðisskipulagsmál á miðhálendinu. Með tilkomu skipulags- og byggingarlaganna 1997 varð talsverð breyting á skipulagskerfinu á Íslandi, bæði skilgreiningu skipulagsáætlana og stjórnkerfi skipulagsmála. Meginbreytingarnar má segja að hafi verið eftirfarandi:

- Sett markmið með gerð skipulagsáætlana, m.a. að stuðla að sjálfbærri þróun.
- Ábyrgð á framkvæmd skipulagsgerðar færð að verulegu leyti frá ríki til sveitarfélaga og skipulagsstjórn ríkisins lögð af.
- Skipulagsstofnun ætlað hlutverk vegna áætlana um landnotkun á landsvísu en ábyrgð á gerð skipulagsáætlana formlega flutt til sveitarfélaga.
- Skilgreindar þrjár tegundir skipulagsáætlana: svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag.
- Allt land gert skipulagsskylt, aðalskipulag látið taka til alls lands viðkomandi sveitarfélags og deiliskipulagsskylda látin ná til allra leyfisskyldra byggingarframkvæmda.
- Skilgreint sérstakt skipulagssvæði miðhálendisins og nefnd sem fer með svæðisskipulagsmál á miðhálendinu sett á laggirnar en þessar breytingar komu inn með breytingu á eldri skipulagslögum frá 1993 og með breytingu á gildandi lögum frá 1999.
- Aukin áhersla lögð á kynningu og samráð við skipulagsgerð.
- Innleidd ákvæði um umhverfismat skipulagstillagna.
- Innleidd ný tegund leyfa, framkvæmdaleyfi, sem taka til meiri háttar framkvæmda annarra en þeirra sem háðar eru byggingarleyfi.
- Skilgreindar voru leiðir til að fjalla um ágreining um skipulagsmál.
- Komið á fót úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála.
- Skilgreindar kröfur til þeirra starfsmanna sveitarfélaga sem fara með skipulagsmál og þeirra ráðgjafa sem sinna gerð skipulagsáætlana.

Núverandi skipulagskerfi er þannig uppbyggt að öll sveitarfélög í landinu skulu vinna aðalskipulag fyrir allt land viðkomandi sveitarfélags. Aðalskipulag er afgreitt af sveitarstjórn, en jafnframt háð staðfestingu umhverfisráðherra. Sveitarfélög skulu jafnframt vinna deili-

skipulag fyrir þau svæði þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar. Deiliskipulag er eingöngu samþykkt af sveitarstjórn, en það er þó háð yfirferð Skipulagsstofnunar áður en það er auglýst til gildistöku. Sveitarfélögum ber þannig bæði að gera aðalskipulag og deiliskipulag. Auk þeirra geta sveitarstjórnir tekið þátt í gerð svæðisskipulags. Svæðisskipulag er unnið af samvinnunefnd tveggja eða fleiri sveitarfélaga í þeim tilgangi að móta stefnu um sameiginleg hagsmunamál varðandi byggðaþróun og landnotkun. Svæðisskipulag er háð samþykki allra hlutaðeigandi sveitarfélaga og staðfestingu umhverfisráðherra. Þessu til viðbótar gilda sérstakar reglur um svæðisskipulagsgerð á miðhálendinu. Þar starfar viðvarandi sérstök samvinnunefnd sem fer með gerð svæðisskipulags fyrir miðhálendið og gegnir þar bæði hlutverki samvinnunefndar og sveitarstjórnar ef borið er saman við gerð svæðisskipulags á láglendi.

III.

Skipulagslöggjöf á Norðurlöndum hefur þróast umtalsvert á síðustu tveim áratugum. Í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi er líkt og hér á landi sameiginleg löggjöf um skipulags- og byggingarmálefni. Elstu skipulags- og byggingarlög á Norðurlöndum að stofni til eru í Noregi *(Plan- og bygningslov nr. 77/1985)* og í Svíþjóð *(Plan- och bygglagen 1987:10)* en þau hafa tekið talsverðum breytingum á síðustu árum. Í Noregi var árið 2003 lögð fram tillaga að frumvarpi til nýrra skipulagslaga, *NOU 2003:14, Bedre kommunal og regional planlegging etter plan- og bygningsloven* og hafa á síðustu árum verið samþykktar ákveðnar breytingar á lögunum í samræmi við þær tillögur. Í Svíþjóð hefur um þriggja ára skeið átt sér stað viðamikil endurskoðun á skipulagslöggjöfinni, *SOU 2005;77, Får jag lov? Om planering og byggande,* og verður lagt fram frumvarp til breytinga á skipulags- og byggingarlögum á grundvelli þessarar endurskoðunar. Tillögur endurskoðunarnefndarinnar snerta velflesta þætti laganna og hafa þann tilgang að styrkja framkvæmd þeirra. Finnsku skipulagslögin, *Markanvändnings- och bygglag nr. 132/1999,* tóku gildi 2000. Danmörk er eitt Norðurlandanna með sérstök skipulagslög, *sbr. Bekendtgørelse af lov om planlægning nr. 883/2004,* en á dönsku skipulagslögunum var gerð grundvallarbreyting árið 2005 samhliða breytingum sem gerðar voru á sveitarstjórnarskipan þar í landi. Lögin tóku að fullu gildi 1. janúar 2007.

Breytingin á dönsku skipulagslögunum frá 2005 var hluti af viðamiklum breytingum á stjórnsýslu í Danmörku og eru áhrif breytinganna á skipulagslög talsverð. Með þeim var stjórnsýslustig amta aflagt og þannig fellur niður hið hefðbundna svæðisskipulagsstig. Í staðinn koma landshlutaráð, *regionsråd,* sem munu vinna þróunaráætlanir. Viðfangsefni skipulagsmála, náttúru og umhverfis verða í öllum aðalatriðum hjá sveitarfélögunum. Markmið laganna á sviði skipulagsmála er einkum að sveitarfélög hafi afgerandi hlutverk og að skipulagsáætlanir sveitarfélaganna, *kommuneplan,* gegni víðtæku hlutverki við áætlanagerð á vegum þeirra, að landshlutaráð vinni byggða- og þróunaráætlanir, *regional udviklingsplanlægning,* og að ríkið fái betur skilgreint hlutverk við að tryggja skipulagsmálefni á landsvísu.

Þegar litið er yfir skipulagskerfi Norðurlandanna með tilliti til markmiða, áherslna laganna og skipulagsferla sem þau mæla fyrir um má greina ákveðin einkenni og þróun. Áhersla er lögð á sjálfbæra þróun og lýðræðislega og gagnsæja skipulagsferla. Beitt er víðtæku samráði þegar ákvarðanir eru teknar. Þá gætir einnig vaxandi áherslu á að löggjöfin sé skýr varðandi alla málsmeðferð, svo sem hver séu hlutverk mismunandi aðila sem koma að skipulagsgerð og skipulagsstefnu, hverjir eiga aðild að skipulagsferli mismunandi skipulagsstefnuskjala eða skipulagsáætlana, hvernig staðið er að kynningu og afgreiðslu og hver áhrif einstakra skipulagsákvarðana eru gagnvart annarri skipulags- og áætlanagerð og framkvæmdum. Í þessu sambandi má einnig nefna aukna áherslu á að í lögum sé kveðið á um á hvaða efnislegum for-

sendum ríkið getur sett fram skipulagsstefnu og gripið inn í skipulagsákvarðanir sveitarfélaga.

IV.

Í frumvarpi þessu er að finna ýmis nýmæli og breytingar á gildandi skipulags- og byggingarlögum og verður hér gerð grein fyrir þeim helstu. Skýrari fyrirmæli er lögð til um samráð og kynningu við gerð skipulagsáætlana, bæði gagnvart almenningi og opinberum aðilum. Þannig er lögð áhersla á að auka aðkomu almennings við gerð skipulags og að samráðsaðilar komi að skipulagsferlinu eins snemma og unnt er. Með því er ætlunin að vanda gerð skipulags og tryggja að hagsmunaaðilar hafi tækifæri til að koma athugasemdum sínum á framfæri við sveitarfélögin þannig að þau geti tekið upplýsta ákvörðun við afgreiðslu skipulagsáætlunar.

Áhersla er lögð á að skipulagsgerð sé skilvirk og jafnframt sveigjanleg, svo sem varðandi breytingar á skipulagsáætlunum og afgreiðslu þeirra. Þannig er m.a. lagt til að Skipulagsstofnun sé falið það hlutverk að staðfesta svæðis- og aðalskipulagstillögur í stað umhverfisráðherra. Þó er gert ráð fyrir staðfestingu umhverfisráðherra í ákveðnum tilvikum. Með þessari breytingu er ætlunin að einfalda stjórnsýslu þessara mála þannig að eitt stjórnvald komi að staðfestingu skipulagsstillagna í stað tveggja áður og mun það auka skilvirkni við afgreiðslu mála. Skipulagsstofnun mun hafa sama hlutverk og ráðherra varðandi yfirferð skipulagstillagna og m.a. að gæta þess að þær séu í samræmi við lög, svo sem samþykkta landsskipulagsáætlun. Þá er lagt til að lögfest verði svokallað rammaskipulag en slíkt skipulag er heildstæð áætlun um uppbyggingu og skipulag ákveðinna hluta aðalskipulags og gefur fyrirheit um hvernig það verður útfært í deiliskipulagi sem veitir íbúum sveitarfélagsins betri upplýsingar um fyrirhugaða framtíðarnotkun lands. Lögð er áhersla á að skýra hlutverk skipulagsáætlana á mismunandi skipulagsstigum og samspil þeirra og að komið sé í veg fyrir skörun einstakra skipulagsáætlana til að tryggja skilvirkni. Lagt er þannig til að skýr greinarmunur sé á svæðisskipulagi og aðalskipulagi. Svæðisskipulag skal eingöngu fjalla um sameiginleg hagsmunamál þeirra sveitarfélaga sem standa að því en ekki almennt um staðbundnar ákvarðanir um landnotkun. Ekki er gerð krafa um að svæðisskipulagið taki til alls lands viðkomandi sveitarfélaga heldur getur svæðisskipulagið tekið til heilla landshluta eða ákveðinna þátta landnotkunar sem nær til fleiri en eins sveitarfélags. Jafnframt er lögð áhersla á að tryggja betur að skipulagsákvarðanir eigi þátt í að stuðla að sjálfbærri þróun um leið og þær séu betur færar um að stuðla að öðrum markmiðum frumvarpsins.

Í gildandi lögum er ekki fyrir hendi skýr farvegur fyrir ríkisvaldið til að setja fram almenna skipulagsstefnu sem markar stefnu um skipulagsákvarðanir sem varða almannahagsmuni og geta leyst úr ágreiningsmálum t.d. á milli ríkis og einstakra sveitarfélaga um skipulagsmál sem talin eru varða þjóðarhagsmuni. Eins og í gildandi skipulags- og byggingarlögum verður höfuðábyrgð á skipulagsgerð áfram hjá sveitarfélögum. Um leið og lögð er áhersla á forræði sveitarfélaga á skipulagsmálum er jafnframt viðurkennd þörf á að ríkisvaldið leggi til heildstæða sýn í skipulagsmálum í svokallaðri landsskipulagsáætlun sem lögð verði til grundvallar við skipulagsgerð sveitarfélaga. Enn fremur er gert ráð fyrir að aðalskipulag og svæðisskipulag sveitarfélaga verði að meginstefnu til háð staðfestingu Skipulagsstofnunar í stað umhverfisráðherra eins og áður sagði og hefur Skipulagsstofnun það hlutverk að sinna eftirliti með skipulagsákvörðunum sveitarfélaga og tryggja samræmi milli skipulagsáætlana og samræmi við stefnu ríkisins varðandi landnotkun og byggðaþróun.

Lagt er til að samvinnunefnd miðhálendisins verði lögð niður. Við gildistöku frumvarps þessa, 1. janúar 2009, eiga öll sveitarfélög í landinu að hafa lokið við gerð aðalskipulags í

sínu sveitarfélagi en í 2. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í gildandi lögum er kveðið á um að tíu árum frá gildistöku þeirra laga, eða 1. janúar 2008, skuli öll sveitarfélög hafa gert aðalskipulag. Þannig verður við gildistöku þessa frumvarps, verði það að lögum, lokið því mikilvæga hlutverki samvinnunefndar miðhálendis að samræma aðalskipulag sem liggur að hálendinu við svæðisskipulag miðhálendisins. Þá er lagt til skv. 5. tölul. ákvæðis til bráðabirgða að umhverfisráðherra leggi fram á Alþingi 2010 tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsáætlun sem ætlað er að fjalla um stefnumörkun á miðhálendi Íslands. Landsskipulagsáætlun er þannig ætlað að taka yfir stefnumótandi þætti svæðisskipulags miðhálendisins. Rétt þykir að stefnumörkun um landnotkun á miðhálendi Íslands sé unnin á vegum stjórnvalda. Með vísan til framangreindra breytinga á skipan mála er ekki talin þörf á að samvinnunefnd miðhálendis haldi áfram störfum þar sem lagt er til að verkefni hennar verði færð til viðkomandi sveitarfélaga og ríkisvaldsins.

Skipulagskerfi og skipulagsáætlanir þarf að þróa með tilliti til samfélagsbreytinga og viðhorfa á hverjum tíma. Þeim tillögum sem frumvarpið hefur að geyma er ætlað að gera skipulagskerfið hæfara til að takast á við ákvarðanir um landnotkun og byggðaþróun. Tillögurnar endurspegla jafnframt þá þróun sem átt hefur sér stað á sviði skipulagsmála á Norðurlöndum, að teknu tilliti til sérstakra aðstæðna hér á landi.

Helstu nýmæli frumvarpsins eru eftirfarandi:

– Í markmiðsákvæði frumvarpsins er kveðið á um að tryggja skuli samráð við almenning við gerð skipulagsáætlana. Þessi krafa kemur víða fyrir í frumvarpinu. Með þessari breytingu er lögð áhersla á að við gerð skipulags sé almenningi gefið tækifæri til að láta skoðanir sínar í ljós og koma að athugasemdum sínum.
– Skilgreind eru hugtökin almenningur og rammaskipulag. Þá er nokkrum skilgreiningum breytt, svo sem skipulagsskilmálum, og kveðið er á um að í þeim skuli fjallað m.a. um útlit og form mannvirkja.
– Kveðið er afdráttarlaust á um hlutverk sveitarstjórna vegna eftirlits með framkvæmd skipulagsmála og framkvæmdaleyfisskyldum framkvæmdum, sbr. 3. og 16. gr.
– Fjallað er um hlutverk skipulagsfulltrúa og hæfisskilyrði sem þeir þurfa að uppfylla, sbr. 7. gr.
– Lagt er til að skylt sé að starfrækja sérstakar svæðisskipulagsnefndir þar sem í gildi er svæðisskipulag sem skulu sjá um gerð og framfylgd þess, sbr. 9. gr.
– Kveðið er á um sérstaka landsskipulagsáætlun, sbr. 10. gr., sem umhverfisráðherra leggur fram á Alþingi sem tillögu til þingsályktunar. Hún skal marka stefnu stjórnvalda í skipulagsmálum og fjalla um mál sem varða almannahagsmuni. Landsskipulagsáætlun er eftir þörfum ætlað að samræma stefnu stjórnvalda í ólíkum málaflokkum sem snerta skipulagsgerð sveitarfélaga og í henni er stefna stjórnvalda um sjálfbæra þróun útfærð.
– Við gerð skipulagsáætlana eru sveitarfélögin bundin af landsskipulagsáætlun, sem felur í sér stefnu um landnotkun, sbr. 12. gr.
– Kveðið er með skýrum hætti á um rétthæð skipulagsstiga innbyrðis, þannig er svæðisskipulag rétthærra en aðalskipulag en aðalskipulag er síðan rétthærra en deiliskipulag, sbr. 12. gr. og fleiri ákvæði frumvarpsins.
– Kveðið er á um með afdráttarlausum hætti að skipulagsskylda sveitarfélaga nái til hafsvæðis innan marka sveitarfélaga, sbr. 12. gr.
– Settar eru fram kröfur um útgáfu framkvæmdaleyfis og gildistíma þess, sbr. 15. gr.
– Lagt er til að skipulagsgjald sé eingöngu greitt af nýbyggingum sem virtar hafa verið til brunabóta í samræmi við framkvæmd af greiðslu skipulagsgjalda. Sveitarstjórn verði

heimilt að innheimta gjald vegna skipulagsvinnu sem vinna þarf samfara framkvæmdum, sbr. 17. og 20. gr.
- Svæðisskipulag skal eingöngu fjalla um sameiginleg hagsmunamál þeirra sveitarfélaga sem standa að svæðisskipulaginu en ekki almennt um staðbundnar ákvarðanir um landnotkun. Svæðisskipulagið þarf ekki að taka til alls lands viðkomandi sveitarfélaga heldur getur það tekið til heilla landshluta eða stærri heilda, sbr. 21. gr.
- Skylt er að fyrir hendi sé svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins en ekki einungis heimilt eins og nú gildir og skal svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins vera föst nefnd sem fer með breytingar og framfylgd þess skipulags, sbr. 22. gr.
- Vinna við gerð svæðis-, aðal- og deiliskipulags skal hefjast með lýsingu á skipulagsverkefninu, sbr. 23., 30. og 40. gr. Með því er lögð áhersla á að vinna við gerð skipulags sé unnin á gagnsæjan hátt allt frá upphafi. Heimilt er þó að falla frá slíkri lýsingu við gerð deiliskipulags.
- Lagt er til að heimilt sé að vísa ágreiningi nefndar sem skipuð er á grundvelli 34. gr. til ráðherra til úrskurðar. Skal aðalskipulag samræmt slíkum úrskurði.
- Ekki er gerð krafa um að óverulegar breytingar á aðalskipulagi séu auglýstar með þriggja vikna athugasemdafresti og er málsmeðferð vegna slíkra mála því einfölduð. Auk þess eru sett fram viðmið um það hvenær breyting telst óveruleg, sbr. 36. gr.
- Skilgreint er til hvers konar ákvarðana deiliskipulag skuli taka eins og varðandi útlit mannvirkja og form, sbr. 37. gr.
- Lagt er til að sveitarstjórn skuli taka athugasemdir Skipulagsstofnunar vegna deiliskipulags til umræðu og gera nauðsynlegar breytingar á því í samræmi við athugasemdir stofnunarinnar, sbr. 42. gr.
- Sett eru viðmið um hvenær um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi til að auðvelda mat á því, sbr. 43. gr.
- Lagt er til sérstakt ákvæði um grenndarkynningu og skylt er að grenndarkynna framkvæmdaleyfi eins og byggingarleyfi, sbr. 43. gr.
- Lagt er til að skipulagsáætlanir skuli ávallt vinna á stafræna kortagrunna, sbr. 46. gr.
- Lagt er til í 53. gr. að Skipulagsstofnun verði fengið ákveðið úrræði til að tryggja eftirfylgni á stöðvun framkvæmda í þeim tilvikum þar sem framkvæmdir eru ekki í samræmi við ákvæði laga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í kaflanum er gerð grein fyrir markmiðum frumvarpsins þar sem lögð er áhersla á þá þætti sem hafa mestu þýðingu við gerð og framkvæmd skipulags. Þá eru helstu hugtök sem frumvarpið byggist á skilgreind.

Um 1. gr.

Í greininni er fjallað um markmið frumvarpsins. 1.–3. mgr. ákvæðisins eru efnislega óbreyttar frá 1. gr. gildandi laga. Í 4. mgr., sem er nýmæli, er kveðið á um að tryggja skuli samráð við almenning við gerð skipulagsáætlana. Með þessari breytingu er lögð áhersla á að við gerð skipulags sé almenningi gefið tækifæri til að láta skoðanir sínar í ljós. Skipulagsákvarðanir sveitarfélaga geta varðað íbúa mjög miklu og nauðsynlegt er að sjónarmið þeirra komi fram við gerð skipulags þannig að þau liggi ljós fyrir áður en sveitarfélög samþykkja viðkomandi skipulagsáætlun. Í frumvarpi þessu er lögð áhersla á að auka aðkomu almennings að gerð skipulags og að samráðsaðilar komi að skipulagsferlinu eins snemma og unnt er. Með

því er ætlunin að vanda gerð skipulags og tryggja að hagsmunaaðilar hafi tækifæri til að koma athugasemdum sínum á framfæri við sveitarfélögin þannig að þau geti tekið upplýsta ákvörðun um skipulagsáætlun. Í 5. mgr. er lögð áhersla á að tryggja þurfi faglegan undirbúning mannvirkjagerðar varðandi útlit bygginga og form. Þetta eru þættir sem meðal annars snerta fagurfræði og stöðu mannvirkis í umhverfi sínu sem taka þarf ákvörðun um við gerð skipulags. Þannig verður það í höndum skipulagsfulltrúa í umboði sveitarstjórna að fjalla um þennan þátt mannvirkjagerðar en ekki byggingarfulltrúa eins og nú gildir. Þá er lögð áhersla á að strax í stefnumótun við gerð skipulags sé gerð grein fyrir aðgengi fyrir alla.

Um 2. gr.

Í greininni eru helstu hugtök sem er að finna í frumvarpinu skilgreind. Nokkur hugtök eru óbreytt frá gildandi lögum og er því ekki gerð frekari grein fyrir þeim.

Skilgreining á almenningi er nýmæli en í frumvarpinu er víða vísað til almennings varðandi gerð skipulagsáætlana. Rétt þykir því að hugtakið sé skilgreint en það tekur til einstaklinga og lögaðila, samtaka þeirra, félaga eða hópa.

Skilgreining á aðalskipulagi er efnislega óbreytt en byggðaþróun er notað í stað þróunar byggðar þar sem það er meira lýsandi fyrir það hugtak auk þess sem gerð er krafa um að í aðalskipulagi sé gerð grein fyrir byggðamynstri. Hugtakið byggðamynstur er skilgreint í ákvæðinu.

Skilgreining á byggingarleyfi er sú sama og í frumvarpi til laga um mannvirki.

Skilgreining hugtaksins byggðamynstur er nýmæli í lögum en það hefur verið skilgreint í skipulagsreglugerð. Skilgreiningin er skýrari og afmarkaðri en í reglugerðinni.

Skilgreining hverfisverndar er óbreytt að öðru leyti en því að áréttað er að ákvæði í skipulagsáætlunum um verndun náttúruminja geta einnig talist til hverfisverndar.

Við greinina er bætt við nýrri skilgreiningu, frístundabyggð, til samræmis við breytingu sem gerð var á lögum um lögheimili, nr. 21/1990, með síðari breytingum, og skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum, sem samþykkt voru á Alþingi 8. desember 2006, sbr. lög nr. 149/2006.

Skilgreining á landnotkun er efnislega óbreytt nema að því leyti að ekki er vísað til orðsins ítölu eins og í gildandi lögum en orðið hefur enga sérstaka þýðingu í þessu samhengi og því fellt brott. Bætt er við orðinu frístundabyggð til samræmis við lög nr. 149/2006.

Hugtakið landsskipulagsáætlun er í samræmi við 10. gr. frumvarpsins.

Skilgreining nýtingarhlutfalls er breytt. Vísað er í íslenskan staðal en ekki með númeri þar sem slíkt er breytingum háð.

Lögð er til ný skilgreining, rammaskipulag. Slíkt skipulag er heildstæð áætlun um uppbyggingu og skipulag heilla hverfa eða ákveðinna afmarkaðra svæða skipulagsins og er það grundvöllur að vinnu við deiliskipulagsáætlanir fyrir slík svæði í áföngum. Rammaskipulag er unnið sem hluti af aðalskipulagi eða sem breyting á því fyrir ný stærri hverfi og sem leiðarljós fyrir útfærslu þess í deiliskipulagi.

Hugtakið skipulagsáætlun er að mestu efnislega óbreytt.

Hugtakið skipulagskvaðir er að mestu óbreytt.

Hugtakinu skipulagsskilmálar hefur verið breytt en lagt er til að gerð sé grein fyrir slíkum skilmálum í deiliskipulagi, til að útfæra nánar skipulagsáætlunina, svo sem byggðamynstur og fjölda bílastæða. Einnig ber í skipulagsskilmálum að fjalla um útlit mannvirkja og form, gróður og girðingar.

Skilgreining á svæðisskipulagi er breytt að því leyti að ekki er gerð krafa um að samræma þurfi tiltekna þætti skipulags, heldur einungis þá þætti landnotkunar sem talin er þörf á að samræma vegna sameiginlegra hagsmuna hlutaðeigandi sveitarfélaga.

Skilgreint er hugtakið umsagnaraðilar, þar sem í frumvarpinu er vísað til þessa hugtaks, sbr. 23. og 30. gr. Hér er um að ræða opinberar stofnanir sem sinna lögbundnum verkefnum á sviði skipulagsmála, eins og Umhverfisstofnun hvað varðar mengunar-, hollustu- og náttúruverndarmál, Vegagerðin hvað varðar samgöngur, svo dæmi séu tekin.

Skilgreining á þéttbýli er óbreytt en tekið er fram að afmarka megi þéttbýli með öðrum hætti í aðalskipulagi sveitarfélags.

Skilgreining á þéttleika byggðar er breytt að því leyti að hún vísar ekki einungis til þéttbýlis en hugtakið getur einnig átt við í dreifbýli, t.d. um fjölda sumarbústaða í dreifbýli. Þá er lagt til að notast sé við hugtakið nýtingarhlutfall en í gildandi lögum er notað hlutfall milli samanlagðs gólffletar á tilteknu svæði og flatarmáls svæðisins. Hér er því lagt til að hugtakið sé nákvæmara en áður til samræmis við það hvernig hugtakið er notað í dag.

Um II. kafla.

Í kaflanum er fjallað um hvaða aðilar fari með stjórn og framkvæmd skipulagsmála. Stjórn skipulagsmála er hjá ríki og sveitarfélögum. Umhverfisráðherra fari með yfirstjórn skipulagsmála en Skipulagsstofnun er ráðherra til aðstoðar. Sveitarstjórnir fari með skipulagsmál í héraði og bera ábyrgð á gerð skipulagsáætlana. Skipulagsnefndir sem kjörnar eru af sveitarstjórn og skipulagsfulltrúar vinna í umboði sveitarstjórna. Svæðisskipulagsnefndir eru starfræktar þar sem í gildi er svæðisskipulag en þær eru skipaðar fulltrúum viðkomandi sveitarfélaga. Á varnarsvæðum skipar utanríkisráðherra skipulagsnefnd sem fer með skipulagsmál þar.

Um 3. gr.

Greinin fjallar um þau stjórnvöld sem fara með stjórn og framkvæmd skipulagsmála. Greinin er efnislega óbreytt frá 3. gr. og 1. mgr. 61. gr. gildandi laga. Í lögum nr. 176/2006, um ráðstafanir í kjölfar samnings við Bandaríkin um skil á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli, er kveðið á um skipan mála til bráðabirgða á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli í kjölfar samnings um skil Bandaríkjanna á svæðinu til íslenskra stjórnvalda og þar til varanlegri skipan er komið á. Skv. 1. gr. laganna fer utanríkisráðherra með yfirstjórn mála, þ.m.t. skipulagsmála á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli, uns gefin er út auglýsing um að landsvæðið hafi verið tekið til annarra nota. Í 3. mgr. er kveðið á um hlutverk sveitarstjórna varðandi eftirlit með framkvæmd skipulagsáætlana og framkvæmdaleyfisskyldum framkvæmdum. Þetta er í samræmi við framkvæmdina í dag en það eru sveitarstjórnir sem sjá um gerð og framfylgd skipulagsáætlana. Einnig hafa þær haft eftirlit með framkvæmdaleyfisskyldum framkvæmdum, sbr. 56. gr. gildandi laga og 18. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, með síðari breytingum. Hér er lagt til að kveðið sé með afdráttarlausum hætti á um hlutverk sveitarstjórna vegna framkvæmdar skipulagsmála.

Um 4. gr.

Í greininni er fjallað um hlutverk Skipulagsstofnunar. Liðir a, c, d, e og i eru samhljóða samsvarandi liðum í 4. gr. gildandi laga. Liðir b, f og g eru breyttir og lagður er til nýr liður, h-liður.

Í b-lið er lagt til að hlutverk Skipulagsstofnunar sé að veita upplýsingar og leiðbeiningar um skipulagsmál. Hér er um mjög mikilvægt hlutverk stofnunarinnar að ræða og er þýðingarmikið m.a. gagnvart sveitarfélögum við gerð skipulagsáætlana. Þetta er til samræmis við hlut-

verk stofnunarinnar hvað þessa þætti varðar og lýsir því hlutverki betur heldur en nú er gert í b-lið greinarinnar.

Í f-lið er kveðið á um hlutverk Skipulagsstofnunar varðandi tillögugerð að landsskipulagsáætlun, sbr. 10. gr. frumvarpsins, en hér er um nýtt hlutverk stofnunarinnar að ræða. Í landsskipulagsáætlun er lagt til að samræmd sé eftir þörfum stefna opinberra aðila um landnotkun.

Samkvæmt g-lið er gert ráð fyrir að Skipulagsstofnun stuðli að og standi fyrir rannsóknum á sviði skipulags- og byggingarmála.

H-liður er í samræmi við 35. gr. gildandi laga og þá breytingu sem gerð var á lögunum árið 2000 með tilkomu Skipulagssjóðs.

Um 5. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá 5. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að lagt er til að skipulagsstjóri ríkisins beri heitið forstjóri Skipulagsstofnunar til samræmis við heiti forstjóra nokkurra stofnana umhverfisráðuneytisins eins og Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Landmælinga Íslands.

Um 6. gr.

Í greininni er fjallað um skipun og störf skipulagsnefnda og er hún að hluta til byggð á 6. gr. gildandi laga. Í 1. mgr. er lagt til að kveðið sé á um að í hverju sveitarfélagi skuli vera starfandi skipulagsnefnd sem kjörin sé af sveitarstjórn. Ekki er um efnisbreytingu að ræða en greinin er breytt þar sem ekki er kveðið á um byggingarnefndir enda er fjallað um stjórnsýslu byggingarmála í frumvarpi til laga um mannvirki. Í því frumvarpi er lagt til að byggingarnefndir sveitarfélaga verði lagðar niður. Gerðar hafa verið nokkrar breytingar á greininni til samræmis við framangreint.

Í 2. mgr. er fjallað um hlutverk skipulagsnefnda. Þá eru lagðar til breytingar á ákvæðinu til samræmis við 44. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, sem heimilar að fela nefndum sveitarfélags fullnaðarafgreiðslu mála sem ekki varða verulega fjárhag sveitarfélagsins. Lagt er til að sveitarstjórn sé heimilt í samþykkt sveitarfélagsins að vísa afgreiðslum til skipulagsnefnda nema hvað varðar lokaafgreiðslur varðandi svæðis- og aðalskipulagsáætlanir en þó er skipulagsnefndum heimilt að hefja slíka vinnu. Í slíkum samþykktum yrði að kveða á með skýrum hætti um hvað felist í fullnaðarafgreiðslu mála hjá skipulagsnefnd, svo sem kynningu gagnvart sveitarstjórn, og hvort afstaða sveitarstjórnar þurfi að liggja fyrir á einhverju stigi mála.

Í 3. mgr. er kveðið á um fjölda nefndarmanna skipulagsnefnda og störf nefndarinnar og er ákvæðið efnislega óbreytt frá 4. mgr.

Í 4. mgr. er fjallað um samvinnu sveitarfélaga um kosningu skipulagsnefnda og er það óbreytt frá lögunum. Lagt er til að fellt sé brott ákvæðið um að hlutaðeigandi sveitarfélög geri með sér samning um stofnun nefndanna sem staðfest sé af ráðherra. Ekki er talin þörf á að slíkir samningar séu staðfestir af ráðherra enda hefur það ekki verið framkvæmdin. Sveitarstjórnir geti haft samvinnu um ráðningu skipulagsfulltrúa, eins og nú gildir.

Um 7. gr.

Í greininni er fjallað um hlutverk skipulagsfulltrúa. Í 1. mgr. er kveðið á um að með hverri skipulagsnefnd skuli starfa skipulagsfulltrúi. Ákvæðið er byggt á 2. mgr. 7. gr. gildandi laga. Ekkert er því til fyrirstöðu að sveitarstjórn ráði fleiri en einn skipulagsfulltrúa sé þörf á því. Fellt er brott ákvæði greinarinnar um að skipulagsfulltrúi skuli vera framkvæmdastjóri skipulagsnefndar enda ekki talin þörf á að kveða á um í lögum hvernig sveitarstjórnir hagi innra

skipulagi sínu á sviði skipulagsmála en mikilvægt er að sveitarfélögin hafi svigrúm til að ákveða fyrirkomulag á skipulagi starfseminnar.

Í 2. mgr. er lagt til að byggingarfulltrúa sé heimilt að annast skipulagsmál og ber hann þá heitið skipulags- og byggingarfulltrúi og er ákvæðið óbreytt frá 2. mgr. 7. gr. gildandi laga.

Kveðið er á um hlutverk skipulagsfulltrúa í 3. mgr. en hann hefur umsjón með skipulagsgerð og öðrum verkefnum sem sveitarstjórn felur honum.

Lagt er til í 4. mgr. að skipulagsfulltrúar sitji ávallt fundi skipulagsnefnda með málfrelsi og tillögurétt, en nú gildir að þeir skuli gera það, eftir því sem við á, sbr. 5. mgr. 6. gr. gildandi laga.

Í 5. mgr. er kveðið á um hæfisskilyrði skipulagsfulltrúa og er það nýmæli. Kröfur um hæfi skipulagsfulltrúa eru í gr. 2.7 skipulagsreglugerðar, nr. 400/1998, en rétt þykir að kveðið sé á um slíkar kröfur í lögunum. Greinin er efnislega óbreytt framangreindu ákvæði skipulagsreglugerðar. Þá er 6. mgr. efnislega samhljóða 3. mgr. í framangreindu ákvæði skipulagsreglugerðar um heimild ráðherra til að veita tímabundna undanþágu frá 5. mgr.

Lagt er til að ákvæði 3. mgr. 7. gr. gildandi laga sé fellt brott um hvaða störf starfsmönnum skipulagsnefnda er heimilt að vinna en um það fer samkvæmt stjórnsýslulögum, nr. 37/1993, varðandi hæfi starfsmanna stjórnsýslunnar.

Um 8. gr.

Í greininni er fjallað um skipulagsnefndir varnarsvæða. Greinin er efnislega samhljóða 2. og 3. mgr. 61. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að ekki er gert ráð fyrir sérstöku samráði nefndarinnar við Skipulagsstofnun umfram það sem gildir um samráð stofnunarinnar við sveitarfélög almennt. Í lögum nr. 176/2006, um ráðstafanir í kjölfar samnings við Bandaríkin um skil á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli, er kveðið á um skipan mála til bráðabirgða á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli í kjölfar samnings um skil Bandaríkjanna á svæðinu til íslenskra stjórnvalda og þar til varanlegri skipan er komið á. Skv. 1. gr. laganna fer utanríkisráðherra með yfirstjórn mála, þ.m.t. skipulagsmála, á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli uns gefin er út auglýsing um að landsvæðið hafi verið tekið til annarra nota.

Um 9. gr.

Í greininni er fjallað um svæðisskipulagsnefndir. Heimilt er samkvæmt gildandi lögum að skipa samvinnunefndir um gerð svæðisskipulags, sbr. 12. gr. laganna. Lagt er til að í þeim tilvikum sem sveitarstjórnir ákveða að ráðist skuli í gerð svæðisskipulags skuli skipa svæðisskipulagsnefnd. Þar sem er í gildi svæðisskipulag skal vera starfandi svæðisskipulagsnefnd en það er nýmæli að svæðisskipulagsnefndir skuli ekki einungis skipaðar til að sjá um gerð svæðisskipulags, eins og á við um samvinnunefndir um gerð svæðisskipulags samkvæmt gildandi lögum, heldur skulu þær starfa áfram og sjá um breytingar og framfylgd á svæðisskipulaginu. Svæðisskipulagsnefndir skulu vera skipaðar að loknum hverjum sveitarstjórnarkosningum og eru því að jafnaði skipaðar til fjögurra ára í senn. Þeim nefndum sem kunna að vera starfandi við gildistöku laganna ber að starfa áfram, sbr. 4. tölul. ákvæðis til bráðabirgða. Þessi breyting á starfi svæðisskipulagsnefnda er lögð til þar sem talið er nauðsynlegt að samfella og þekking myndist í starfi þeirra og til að einfalda meðferð breytinga á svæðisskipulagi.

Í 3. mgr. er kveðið á um með hvaða hætti svæðisskipulagsnefndir beri að tilkynna sveitarstjórnum um ákvarðanir sínar, en þeim ber að senda fundargerðir sínar til hlutaðeigandi

sveitarstjórna. Ákvarðanir nefndarinnar eru háðar samþykki allra hlutaðeigandi sveitarstjórna líkt og nú gildir, sbr. 4. mgr. 12. gr. laganna.

Lögð er til sú breyting í 4. mgr. frá 2. málsl. 4. mgr. 12. gr. gildandi laga að svæðisskipulagsnefndir setji sér sjálfar starfsreglur en ekki er talin þörf á að ráðherra setji slíkar reglur. Lagt er til að nefndirnar leiti umsagnar Skipulagsstofnunar áður en reglurnar eru settar.

Um III. kafla.

Í rannsókn sem gerð var á stöðu og framkvæmd landsskipulagsgerðar í heiminum í dag (Alterman 2001) er farið yfir ástæður þess hvers vegna yfirvöld ákveða ýmist að innleiða, efla eða draga úr skipulagsgerð á landsvísu á mismunandi tímum. Rannsóknin er byggð á dæmum frá tíu lýðræðisríkjum. Á grundvelli þessarar rannsóknar voru eftirtalin atriði skilgreind sem lykilatriði varðandi áhuga og/eða þörf á landsskipulagsgerð, en þau eru: til að skapa þjóðarsamstöðu, til að draga úr svæðisbundnum mismun milli svæða innan viðkomandi lands, til að móta stefnu og miðla málum m.t.t. umhverfis, grunngerðar og staðbundinna andstöðu við tilteknar framkvæmdir og til að takast á við tímabundna erfiðleika.

Í Danmörku, Finnlandi og Noregi hafa stjórnvöld á landsvísu markað alhliða samræmda skipulagsstefnu í tveimur fyrrnefndum löndunum á grundvelli ákvæða í skipulagslögum. Í Noregi án lagafyrirmæla, en nú liggur fyrir tillaga að frumvarpi sem gerir ráð fyrir slíkum ákvæðum í norsku skipulags- og byggingarlögunum eins og gerð var grein fyrir í almennum athugasemdum. Sú skipulagsstefna á Norðurlöndum sem mörkuð er á landsvísu á það sameiginlegt að henni er fyrst og fremst ætlað að skapa leiðarljós fyrir skipulagsgerð á svæðis- eða sveitarfélagsstigi og setja fram stefnu sem varðar stærri hagsmuni, en alls staðar er gengið út frá því að höfuðábyrgð á skipulagi landnotkunar sé hjá sveitarfélögunum og að landsskipulag sé sett fram með það í huga að skipulagsákvarðanir séu teknar eins nærri borgurunum og kostur er.

Lagt er til að ákvæði um landsskipulagsáætlun verði að finna í frumvarpinu og er það nýmæli hér á landi. Með slíkri áætlun er gert ráð fyrir að tekið sé á málum sem varða almannahagsmuni og getur því varðað alla landsmenn. Sömu sjónarmið eiga við um gerð slíkrar landsskipulagsáætlunar eins og lýst hefur verið hér að framan um slíka stefnu á Norðurlöndum, þ.e. henni er fyrst og fremst ætlað að vera leiðbeinandi fyrir skipulagsgerð á svæðis- eða sveitarfélagsstigi og að setja fram stefnu sem varðar stærri hagsmuni, en alls staðar er gengið út frá því að höfuðábyrgð á skipulagi landnotkunar sé hjá sveitarfélögunum. Landsskipulagsáætlun getur náð til landsins alls en getur hins vegar landfræðilega tekið til ákveðins svæðis, vegna þess að ekki er sjálfgefið að einstök atriði sem kveðið er á um í landsskipulagsáætlun varði allt landið eða efnahagslögsöguna, t.d. ef kveðið er á um miðhálendi Íslands í landsskipulagsáætlun.

Ástæða þess að lagt er til að kveðið sé á um landsskipulagsáætlun í frumvarpi þessu er sú að komið hafa fram sjónarmið um að ríkisvaldið skorti samnefnara í skipulagsmálum, þ.e. einn sameiginlegan aðila eða vettvang þar sem ríkisvaldið setur fram skipulagsstefnu sína þar sem stefna í ólíkum málaflokkum hefur verið tekin saman og samþætt. Þessu tengt er það sjónarmið að ríkinu beri að setja fram leiðbeiningar fyrir skipulagsgerð hvað varðar landnotkunarákvarðanir sveitarfélaga. Þá er talin þörf á að ríkisvaldið setji fram stefnu um skipulag um þau atriði sem varða almannahagsmuni. Einnig að slík stefna hafi þýðingu þegar ríkisvaldið fer yfir skipulagsáætlanir sveitarfélaga. Þannig verði til opinber og gegnsær grundvöllur fyrir eftirliti ríkisins með skipulagsgerð sveitarfélaga.

Um 10. gr.

Við samningu greinarinnar var höfð hliðsjón af ákvæðum um landsskipulag í dönsku, norsku og finnsku skipulagslögunum. Þá var einnig horft til tillagna í frumvarpi til skipulags- og byggingarlaga í Noregi þar sem kveðið er á með ítarlegri hætti á um landsskipulag heldur en í gildandi lögum.

Í 1. mgr. er lagt til að umhverfisráðherra leggi fram landsskipulagsáætlun sem þingsályktunartillögu fyrir þingið til tólf ára að afloknum hverjum alþingiskosningum. Hér er því mælt fyrir um að sama eigi við eins og t.d. um náttúruverndaráætlun og samgönguáætlun að tillögurnar séu kynntar Alþingi sem taki þær til endanlegrar afgreiðslu. Ekki er gerð krafa um að landsskipulagsáætlun taki til afmarkaðs svæðið en hún getur tekið til landsins alls, einstakra landshluta og efnahagslögsögunnar. Ef þörf er á að afmarka svæði með nákvæmum hætti í landsskipulagsáætlun skal gerð grein fyrir henni á uppdrætti eins og ætti við um landsskipulagsáætlun um miðhálendi Íslands sem yrði þá fylgiskjal með þingsályktun um viðkomandi áætlun.

Í 2. mgr. er kveðið á um efni landsskipulagsáætlunar en henni er ætlað að marka stefnu stjórnvalda í skipulagsmálum sem varða almannahagsmuni. Henni er því ekki ætlað að taka á málum einkaaðila eða sem varða einstaklingsbundin mál. Markmið með landsskipulagsáætlun er að marka stefnu fyrir landið allt eða einstaka landshluta og útfæra stefnu stjórnvalda um sjálfbæra þróun. Þá skal hún miða við að samræma stefnu opinberra aðila, eins og þörf er á. Ljóst er að þörf er á að samræma ýmsar áætlanir sem gerðar eru á vegum opinberra aðila, svo sem samgönguáætlun, náttúruverndaráætlun og rammaáætlun um nýtingu vatns og jarðvarma svo dæmi sé tekið. Skort hefur tæki sem getur skoðað slíkar áætlanir heildstætt og sett fram skýra stefnumörkun með tilliti til ákvörðunar um landnotkun við gerð skipulags. Þannig er sveitarfélögum markað skýrt leiðarljós stjórnvalda við gerð sinna skipulagsáætlana. Landsskipulagsáætlun er þannig ætlað að taka saman á einn stað og eftir atvikum samræma stefnu ríkisvalds í ólíkum málaflokkum sem snerta landnotkun, auk þess sem hlutverk hennar er að miðla til skipulagsgerðar sveitarfélaga þeirri stefnu sem sett er fram í stefnu stjórnvalda um sjálfbæra þróun.

Dæmi um stefnu sem þannig væri heimilt að setja fram í landsskipulagsáætlun er stefnumörkun um landnotkun á tilteknum svæðum, svo sem á miðhálendi Íslands, þar sem horft væri á þætti eins og vernd og nýtingu náttúruauðlinda, samgöngukerfi og uppbyggingu ferðamannaiðnaðar. Með landsskipulagsáætluninni væri hægt að taka afstöðu til þess á hvaða svæðum ætti að fara fram frekari uppbygging vatnsafls- og jarðvarmavirkjana og á hvaða svæðum yrði ekki gert ráð fyrir virkjanaframkvæmdum sökum sérstöðu svæðis. Þá gæti stefnumörkun fyrir miðhálendið verið leiðarljós fyrir uppbyggingu vegna ferðamanna, búfjárbeit og lagningu vega svo dæmi séu tekin. Í 5. tölul. ákvæðis til bráðabirgða er lagt til að fyrsta landsskipulagsáætlunin taki til stefnumörkunar um landnotkun á miðhálendinu og er henni ætlað m.a. að taka yfir þá stefnumótandi þætti sem nú er að finna í svæðisskipulagi fyrir miðhálendi Íslands 2015. Landsskipulagsáætlun gæti einnig varðað stefnu um grunngerð á landsvísu svo sem samgöngukerfi, orkuöflunar- og dreifikerfi með tilliti til sjálfbærrar þróunar eða að hún samþætti áætlanagerð á landshluta- eða landsvísu. Þá getur landsskipulagsáætlun varðað breytingar á búsetu í þéttbýli og dreifbýli og verið leiðarljós fyrir sveitarfélögin þegar þau vinna að stefnumörkun varðandi landnotkun, varðveislu menningarlandslags og ólíkar áherslur stefnumörkunar í þéttbýli og dreifbýli. Eðli landsskipulagsáætlunar getur samkvæmt framangreindu verið mismunandi eftir málaflokkum, hún getur þannig sagt fyrir um einstaka landnotkun, eins og á við um landsskipulagsáætlun á miðhálendi Íslands eða verið leiðarljós fyrir sveitarfélögin þegar þau vinna sína stefnumörkun og sett þá fram

viðmið í þeim efnum, t.d. um hvaða sjónarmið þurfi að liggja fyrir þegar tekin er ákvörðun um staðsetningu búgarða- og frístundabyggðar í skipulagi, t.d. varðandi fjarlægð frá þéttbýli o.s.frv.

Landsskipulagsáætlun telst ekki skipulagsáætlun í skilningi frumvarps þessa, en þar er um að ræða svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlanir. Í lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana er gert ráð fyrir því að tilteknar skipulags- og framkvæmdaáætlanir stjórnvalda séu umhverfismetnar sem líklegar eru taldar hafa í för með sér veruleg áhrif á umhverfið. Efni landsskipulagsáætlunar getur verið ólíkt hverju sinni og verður þá að fara fram mat á því hvort hún teljist framkvæmdaáætlun í skilningi framangreindra laga og sæti þá þeirri málsmeðferð sem lög um umhverfismat áætlana gerir ráð fyrir.

Lagt er til að til grundvallar landsskipulagsáætlun skuli leggja markmið frumvarpsins, sbr. 1. gr., stefnu stjórnvalda um sjálfbæra þróun og áætlanir opinberra aðila í einstökum málaflokkum sem varða landnotkun, sbr. 3. mgr. Þannig er gert ráð fyrir að áætlanir opinberra aðila sem varða landnotkun og svæðis- og aðalskipulagsáætlanir séu hafðar til hliðsjónar við samningu landsskipulagsáætlunar.

Endurskoða skal landsskipulagsáætlun á fjögurra ára fresti og það þá metið hvort þörf sé á breytingum eða viðbótum, svo sem vegna nýrra aðstæðna eða atriða sem komið hafa upp við framkvæmd stefnunnar, sbr. 4. mgr. en stefnan er eins og áður segir til tólf ára. Einnig væri heimilt við slíka endurskoðun að taka inn nýja efnisþætti í áætlunina sem væru óskyldir þeirri áætlun sem áður hafði verið samþykkt og auka þannig efni hennar. Þannig mun landsskipulagsáætlun vera skjal sem sætir reglulegri endurskoðun og breytingum.

Í 5. mgr. greinarinnar er kveðið á um að landsskipulagsáætlun skuli vera bindandi fyrir skipulagsgerð sveitarfélaga. Skipulagsyfirvöldum ber þannig að taka tillit til landsskipulagsáætlunar sem samþykkt hefur verið með viðhlítandi hætti. Landsskipulagsáætlun er því réttþæsta skipulagsstigið sem ber að taka tillit til við gerð annarra skipulagsáætlana í þeim tilvikum þegar slík stefnumörkun liggur fyrir gagnvart einstökum skipulagsáætlunum. Í þessu felst einnig að í kjölfar setningar landsskipulagsáætlunar ber að laga gildandi skipulagsáætlanir að nýrri landsskipulagsáætlun, ef þörf er á, og gera breytingar á þeim eigi síðar en innan fjögurra ára frá samþykkt landsskipulagsáætlunarinnar.

Um 11. gr.

Í greininni er mælt fyrir um þá málsmeðferð sem gildir um gerð landsskipulagsáætlana, en nauðsynlegt þykir að kveða á um það í lögunum þar sem mörg ráðuneyti og stofnanir koma að gerð stefnunnar þótt umhverfisráðherra beri ábyrgð á henni. Hlutverk ráðherra er að hafa frumkvæðið að vinnu við gerð landsskipulagsáætlunar og stýra þeirri vinnu. Hann ákveður þannig áherslur landsskipulagsáætlunar hverju sinni í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga en Skipulagsstofnun er falin framkvæmd vinnunnar. Stofnuninni er þannig ætlað að vinna drög að landsskipulagsáætlun til umhverfisráðherra og hafa við þá vinnu samráð við hlutaðeigandi stofnanir, eins og Orkustofnun, Umhverfisstofnun og Vegagerð ríkisins svo að dæmi séu tekin. Einnig ber stofnuninni að hafa náið samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga, sbr. 1. mgr.

Skipulagsstofnun sendir ráðherra drög að landsskipulagsáætlun, sbr. 2. mgr., sem eru þá tillögur stofnunarinnar til ráðherra. Ráðherra ber að hafa samráð við önnur hlutaðeigandi ráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga við gerð landsskipulagsáætlunar og einstök sveitarfélög eftir því sem við á.

Mikilvægt er að landsskipulagsáætlun sé kynnt opinberlega enda er í henni fjallað um almannahagsmuni og fá þannig fram sjónarmið íbúa og hagsmunaaðila. Mælt er fyrir um að

tillaga að landsskipulagsáætlun skuli auglýst opinberlega til að tryggja að hún sé aðgengileg öllum og að almenningi verði gefið tækifæri til að koma með athugasemdir sínar við tillöguna innan átta vikna frá því að hún var birt. Jafnframt er lagt til að tillagan sé send til umsagnar sveitarfélaga og hagsmunasamtaka, sbr. 3. mgr.

Að loknum athugasemdafresti er tillagan skoðuð að nýju með tilliti til þeirra athugasemda sem borist hafa og ráðherra leggur síðan fram tillögu til þingsályktunar að landsskipulagsáætlun þegar vinnu við yfirferð athugasemda er lokið.

Um IV. kafla.

Kaflinn fjallar almennt um skipulagsskyldu sveitarfélaga sem nær til alls lands og hafs innan sveitarfélagsins. Fjallað er um þau meginmarkmið og sjónarmið sem hafa ber í huga við gerð skipulagsáætlana hvort sem um er að ræða svæðis-, aðal- eða deiliskipulag. Jafnframt er skýrt kveðið á um rétthæð skipulagsstiga innbyrðis. Einnig er kveðið á um hvaða framkvæmdir þurfa framkvæmdaleyfi og settar eru skýrar formreglur um umsókn og útgáfu framkvæmdaleyfis. Ákvæði um framkvæmdaleyfi vegna framkvæmda sem eru matsskyldar eru auk þess til samræmis við lög nr. 74/2005 sem fólu í sér breytingar á ákvæðum skipulags- og byggingarlaga. Þá er kveðið á um eftirlit sveitarfélaga með framkvæmdum.

Um 12. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að skipulagsskylda nær til lands og hafs innan marka sveitarfélaga og að bygging húsa og annarra mannvirkja ofan jarðar og neðan og aðrar framkvæmdir og aðgerðir sem hafa áhrif á umhverfið og breyta ásýnd þess skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir. Ákvæðið er í samræmi við 9. gr. gildandi laga en skýrt er kveðið á um að skipulagsskylda sveitarfélaga nær einnig til hafs innan marka sveitarfélaga en það er í samræmi við þá skyldu sem hvílir á sveitarfélögum í dag samkvæmt gildandi rétti. Samkvæmt áliti félagsmálaráðuneytisins frá 19. október 2000 miðast mörk sveitarfélaga til hafsins við netlög. Gildir þetta einnig um netlög við hólma og eyjar sem tilheyra bújörðum. Innan þessara marka fara sveitarfélög með skipulagsvald og útgáfu framkvæmdaleyfa.

Kveðið er á um í 2. mgr. að í skipulagsáætlunum sé mörkuð stefna um landnotkun og byggðaþróun. Þar eru sett fram stefnumið um einstaka þætti varðandi íbúðarbyggð, frístundabyggð, atvinnusvæði, náttúruvernd, vatnsvernd, samgöngur o.fl., í samræmi við 1. gr. frumvarps þessa. Greinin er í samræmi við gildandi lög en leggur áherslu á að með skipulagsáætlun er sveitarfélagið að marka stefnu til framtíðar um einstaka þætti.

Í 3. mgr. er lögð áhersla á að skipulagsáætlanir skuli einnig innihalda lýsingu á umhverfi og aðstæðum á svæðinu við upphaf áætlunarinnar og forsendum þeirrar stefnu sem hún felur í sér. Með því er lögð áhersla á mikilvægi þess að ljóst sé þegar stefna er tekin til framtíðar hver staðan sé.

Mikilvægi samráðs við hagsmunaaðila og íbúa er ítrekað í 4. mgr. þar sem kveðið er á um að almennt eigi að leita eftir sjónarmiðum og tillögum íbúa og annarra þeirra sem hagsmuna eiga að gæta um mörkun stefnu. Lögð er jafnframt áhersla á mikilvægi samráðs við stjórnvöld sem gæta almannahagsmuna eins og á sviði samgangna. Skipulag getur t.d. haft áhrif á þjóðvegi sem fyrir eru, svo sem með því að auka á þeim umferðarþunga og fjölga tengingum. Slíkt samráð hefur verið viðhaft og er því er hér verið að lögfesta þá framkvæmd. Í þeim ákvæðum sem fjalla um svæðis-, aðal- og deiliskipulag er gerð nánari grein fyrir þeim lágmarkskröfum sem uppfylla þarf við samráð. Hér er lögð áhersla á að samráð við hagsmunaaðila er einn af hornsteinum við gerð skipulags.

Gert er ráð fyrir í 5. mgr. að í skipulagsáætlunum verði ávallt gerð grein fyrir áætluðum áhrifum áætlunarinnar og áhersla lögð á samanburð þeirra kosta sem til greina koma. Mikilvægt er að skoða ekki einungis einn kost heldur að við upphaf skipulagsvinnu séu nokkrir kostir skoðaðir, þeir bornir saman út frá mismunandi áhrifum sem hver kostur getur haft og með hliðsjón af þeim athugasemdum sem samráð við hagsmunaaðila hefur leitt í ljós. Einnig er vísað til þess að skipulagsáætlanir skuli hafa sjálfbæra þróun að leiðarljósi en um það atriði vísast til almennra athugasemda við frumvarp þetta. Þá er minnt á að setja beri í viðkomandi skipulagsáætlun ákvæði um hverfisvernd, ef talin er þörf á að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminjar eða trjágróður vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis við gerð skipulagsáætlunar, án þess að slík svæði hafi hlotið friðun samkvæmt öðrum lögum. Það er nýmæli að nú getur verndun náð til byggðar í heild en ekki eingöngu einstakra bygginga eða húsaþyrpinga.

Að lokum er í 6. mgr. kveðið á um að gildandi skipulagsáætlanir innan sveitarfélaga skulu vera í innbyrðis samræmi, eins og kveðið er á um í lögunum. Lagt er til það nýmæli að kveðið sé á um rétthæð skipulagsstiga innbyrðis, þannig að svæðisskipulag sé rétthærra en aðalskipulag og aðalskipulag er svo aftur rétthærra en deiliskipulag. Rétt þykir að kveðið sé afdráttarlaus á um þetta í frumvarpinu en lögin hafa verið túlkuð með þessum hætti. Þá er kveðið á um að við gerð framangreindra skipulagsáætlana eða breytingar á þeim séu sveitarstjórnir bundnar af gildandi landsskipulagsáætlun hvað varðar landnotkun. Þannig eru sveitarstjórnir bundnar af þeirri stefnu sett er fram í landsskipulagsáætlun þegar þær vinna að gerð og afgreiðslu skipulagsáætlana sveitarfélaganna. Ákvæðið um landgræðslu- og skógræktaráætlanir er samhljóða 11. mgr. 27. gr. gildandi laga.

Um 13. gr.

Í greininni er fjallað um almennt um framkvæmdaleyfi. Greinin er efnislega samhljóða 1.–4. mgr. og 8.–9. mgr. 27. gr. gildandi laga. Greinin setur fram kröfur sem fylgja þarf við yfirferð og útgáfu framkvæmdaleyfis. Lagt er til að gildandi ákvæði um framkvæmdaleyfi verði skipt í tvær greinar, annars vegar ákvæði sem fjallar almennt um framkvæmdaleyfi og hins vegar ákvæði um framkvæmdaleyfi vegna matsskyldra framkvæmda. Þá er einnig lagt til að ákvæði 27. gr. sem fjallar um gildistíma framkvæmdaleyfis sé fært í 15. gr. frumvarpsins sem fjallar um útgáfu og gildistíma framkvæmdaleyfis.

Í 1. mgr. er kveðið á um það hvenær afla þurfi framkvæmdaleyfis sveitarstjórna, þ.e. vegna meiri háttar framkvæmda sem hafa áhrif á umhverfið og breyta ásýnd þess og vegna annarra framkvæmda sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum. Þannig þarf ætíð að afla framkvæmdaleyfis vegna matsskyldra framkvæmda og er það ekki breyting á því sem gilt hefur. Ekki er heimilt að hefja þær framkvæmdir sem tilgreindar eru í ákvæðinu fyrr en að fengnu framkvæmdaleyfi sveitarstjórna. Sé framkvæmd byggingarleyfisskyld fer um hana samkvæmt frumvarpi til laga um mannvirki og þarf þá ekki að afla framkvæmdaleyfis. Í 9. gr. frumvarps til laga um mannvirki eru tilgreindar þær framkvæmdir sem þarf að afla byggingarleyfis fyrir. Skýrt er kveðið á um að framkvæmdaleyfisskyldar framkvæmdir séu ekki einungis framkvæmdir sem falla undir lög á umhverfisáhrifum heldur allar þær framkvæmdir sem áhrif hafa á umhverfið.

Í 2. mgr. kveður á um að öll efnistaka á landi og af eða úr hafsbotni innan netlaga sé háð framkvæmdaleyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar í samræmi við ákvæði laga um náttúruvernd. Einnig er lagt til að framkvæmdaleyfi vegna efnistöku skuli gefið út til tiltekins tíma og þar skuli gerð grein fyrir stærð efnistökusvæðis og ýmsum öðrum atriðum sem talin eru upp í greininni.

Í 3. mgr. er kveðið á um það að þeim sem óska eftir framkvæmdaleyfi beri að senda skriflega umsókn um slíkt ásamt nauðsynlegum gögnum. Er þetta í samræmi við gr. 9.2 í skipulagsreglugerð, nr. 400/1998.

Í 4. mgr. er kveðið á um það að við útgáfu framkvæmdaleyfis beri sveitarstjórn að taka afstöðu til þess hvort framkvæmd sé í samræmi við þær skipulagsáætlanir sem sveitarfélagið hefur tekið ákvörðun um. Sveitarstjórn er heimilt að binda framkvæmd skilyrðum sem sett eru í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir sveitarfélagsins.

Í 5. mgr. er fjallað um veitingu bygginga- og framkvæmdaleyfa þar sem ekki liggur fyrir deiliskipulag. Lögð er til sú breyting á 3. mgr. 23. gr. gildandi laga að gerð er krafa um að framkvæmdin sé í samræmi við aðalskipulag, varðandi landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar. Þannig eru ríkari kröfur gerðar til þess hvernig fara skuli með veitingu leyfa á svæðum þar sem ekki liggur fyrir deiliskipulag og þurfa þær að hafa ákveðna samsvörun við viðkomandi svæði. Fara skal fram grenndarkynning áður en leyfi er veitt samkvæmt ákvæðinu.

Í 6. mgr. er kveðið á um það hverjum sé heimilt að skjóta máli til úrskurðarnefndar sé vafi um hvort framkvæmdir séu háðar ákvæðum um framkvæmdaleyfi og er ákvæðið samhljóða 8. og 10. mgr. 27. gr. gildandi laga.

Um 14. gr.

Greinin er byggð á 4.–7. mgr. 27. gr. laganna, sbr. breytingar sem gerðar voru á skipulags- og byggingarlögum með lögum nr. 74/2005. Í 1. mgr. kemur fram að óheimilt sé að gefa út leyfi fyrir matsskyldri framkvæmd samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum fyrr en álit Skipulagsstofnunar liggur fyrir eða ákvörðun um að framkvæmd sé ekki matsskyld. Matsskyldar framkvæmdir eru þær framkvæmdir sem falla undir 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, eða þær framkvæmdir sem að mati Skipulagsstofnunar eru matsskyldar, sbr. 6. gr. sömu laga. Sveitarstjórn ber að kynna sér matsskýrslu framkvæmdaraðila og kanna hvort um sé að ræða sömu framkvæmd og lýst er í matsskýrslu, sbr. 2. mgr. Sveitarstjórn ber síðan að taka rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum. Þar sem Skipulagsstofnun gefur álit sitt um matsskýrslu framkvæmdaraðila er skýrslan þar með grundvöllur þess álits og þykir því eðlilegt að sveitarstjórn hafi kynnt sér matsskýrsluna áður en hún tekur afstöðu til álits Skipulagsstofnunar. Markmið hér er að sveitarstjórn taki upplýsta ákvörðun um útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli allra þeirra upplýsinga sem liggja fyrir um umhverfisáhrif viðkomandi framkvæmdar. Þar sem um er að ræða álit Skipulagsstofnunar sem sveitarstjórn ber að taka afstöðu til bindur það ekki hendur þess stjórnvalds sem fer með útgáfu framkvæmdaleyfis.

Í 3. mgr. er lagt til að sveitarstjórn sé heimilt að binda framkvæmdaleyfi þeim skilyrðum sem fram kunna að koma í áliti Skipulagsstofnunar og getur hún þannig í framkvæmdaleyfi tekið upp eitt eða fleiri af þeim skilyrðum. Skilyrði sem fram koma í áliti Skipulagsstofnunar geta kveðið m.a. á um mótvægisaðgerðir og samráð við tiltekna aðila. Sveitarstjórn er hins vegar heimilt en ekki skylt að taka upp slík skilyrði, enda er hún ekki bundin af áliti Skipulagsstofnunar eins og áður sagði. Það er þó bundið því skilyrði að önnur stjórnvöld, sem veita leyfi til framkvæmdanna, hafi ekki tekið afstöðu til skilyrðanna í áliti Skipulagsstofnunar. Þegar svo stendur á ber sveitarstjórn ekki að taka upp slík skilyrði, enda er það í höndum annarra leyfisveitenda að fjalla um þau. Ákvæðið er í samræmi við þau sjónarmið að niðurstöður mats skuli teknar til athugunar við útgáfu leyfis til framkvæmda, sbr. 8. gr. tilskipunar 85/337/EB eins og henni var breytt með 10. gr. tilskipunar 97/11/EB. Þá getur sveitarstjórn bundið framkvæmd skilyrðum sem sett eru í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir sveitar-

félagsins, enda þarf framkvæmd ávallt að vera í samræmi við slíkar áætlanir. Markmið með setningu slíkra skilyrða er að tryggja að framkvæmd samræmist þeim skipulagsákvörðunum sem sveitarfélag hefur tekið í viðkomandi skipulagsáætlun og að þeim sé fylgt eftir við útgáfu framkvæmdaleyfis. Sveitarstjórn er þannig veitt heimild til að taka efnisatriði skipulagsáætlunar upp sem skilyrði við útgáfu framkvæmdaleyfis. Ákvæðið felur því ekki í sér sjálfstæða heimild sveitarstjórnar til að setja framkvæmd viðbótarskilyrði. Markmið ákvæðisins er að tryggja að framkvæmd verði í samræmi við gildandi skipulagsáætlun.

Lagt er til í 4. mgr. að ákvörðun sveitarstjórnar um útgáfu framkvæmdaleyfis vegna matsskyldra framkvæmda og niðurstaða álits Skipulagsstofnunar verði birt með auglýsingu í Lögbirtingablaði og dagblaði sem gefið er út á landsvísu og að í ákvörðun séu tilgreindar kæruheimildir og kærufrestir. Í auglýsingunni skal vísað til þess hvar álitið sé aðgengilegt í heild, en almenningur skal eiga greiðan aðgang að því samkvæmt framangreindu ákvæði. Hér er lagt til að sami háttur verði hafður á og Skipulagsstofnun hefur um kynningu á úrskurðum um mat á umhverfisáhrifum. Þannig er tryggt að þeim sem hafa málskotsrétt vegna ákvarðana sveitarstjórnar sé kynnt ákvörðun hennar og forsendur þeirrar ákvörðunar og þeim þannig gefið tækifæri til gera athugasemdir sínar við þá ákvörðun.

Um 15. gr.

Í greininni er mælt fyrir um kröfur sem gerðar eru varðandi útgáfu framkvæmdaleyfis og um gildistíma þess. Hér er lagt til að fylgt sé sömu formkröfum og gerðar eru til byggingarleyfa, sbr. 45. gr. skipulags- og byggingarlaga. Gert er ráð fyrir að heimilt verði að gefa út framkvæmdaleyfi þegar sveitarstjórn, eða annar aðili sem hún hefur falið það vald, hefur staðfest samþykkt skipulagsnefndar um veitingu framkvæmdaleyfis og þegar framkvæmdaleyfisgjald og önnur tilskilin gjöld hafa verið greidd samkvæmt settum reglum eða samið um greiðslu þeirra.

Í 2. mgr. er kveðið á um að framkvæmdaleyfi falli úr gildi hefjist framkvæmdir ekki innan tólf mánaða frá útgáfu þess. Stöðvist framkvæmdir í eitt ár eða lengur getur sveitarstjórn fellt framkvæmdaleyfið úr gildi. Ákvæðið er að hluta til byggt á 2. mgr. 45. gr. laganna.

Kveðið er á um í 3. mgr. að hafi framkvæmdaleyfisskyld framkvæmd stöðvast í tvö ár hið skemmsta getur sveitarstjórn að tillögu byggingarfulltrúa með sex mánaða fyrirvara lagt dagsektir á framkvæmdaleyfishafa. Ákvæðið er efnislega samhljóma 3. mgr. 45. gr. laganna.

Um 16. gr.

Grein þessi er nýmæli en hún er byggð á 41. gr. gildandi laga um eftirlit með byggingarleyfisskyldum framkvæmdum. Rétt þykir að kveðið sé á um eftirlit sveitarstjórna með framkvæmdaleyfisskyldum framkvæmdum eins og gert er um byggingarleyfisskyldar framkvæmdir enda ekki síður þörf á eftirliti með slíkum framkvæmdum. Skv. 1. mgr. er sveitarstjórn falið eftirlit með að framkvæmdir séu í samræmi við útgefið framkvæmdaleyfi. Framkvæmdaleyfi skal ætíð vera eftirlitsmönnum aðgengilegt.

Í 2. mgr. er lögð til heimild sveitarstjórnar til að krefja framkvæmdaraðila um aðgerðir við tilteknar aðstæður. Sveitarstjórn er þannig heimilt að leggja fyrir framkvæmdaraðila að grípa til aðgerða og bæta úr því sem áfátt er sé ásigkomulagi, frágangi, notkun eða umhverfi framkvæmdar ábótavant eða stafi af henni hætta að mati sveitarstjórnar.

Lagt er til að við greinina bætist ný málsgrein í samræmi við breytingu sem gerð var á skipulags- og byggingarlögum með lögum nr. 74/2005 sem heimilar sveitarstjórn í tilteknum tilvikum að skipa eftirlitsnefnd vegna eftirlits með matsskyldum framkvæmdum.

Um V. kafla.

Í kaflanum er fjallað um þau gjöld sem standa eiga undir hluta af kostnaði við gerð skipulags. Skipulagsgjald sem innheimt er af þeim nýbyggingum sem virtar eru til brunabóta skal standa undir hluta af kostnaði við gerð aðal- og svæðisskipulagsáætlana. Skipulagsgjald rennur í svokallaðan Skipulagssjóð og er kveðið á um með hvaða hætti greiðsla kostnaðar við gerð framangreindra skipulagsáætlana eigi að skiptast á milli sveitarfélaga og ríkisins. Þá er sveitarstjórn heimilt að innheimta bílastæða- og framkvæmdaleyfisgjald til að standa undir kostnaði við gerð bílastæða og vegna framkvæmdaleyfisskyldra framkvæmda.

Um 17. gr.

Í greininni er kveðið á um skipulagsgjald til að standa straum af kostnaði við gerð skipulagsáætlana og er ákvæðið að mestu samhljóða 35. gr. gildandi laga. Gerð er sú breyting í 1. mgr. að skipulagsgjald skuli einnig standa undir kostnaði við gerð þróunarverkefna, t.d. vegna kostnaðar við gerð hæðarmódels sem nýtist við kortagerð fyrir landið allt. Gert er ráð fyrir að Skipulagsstofnun vinni slík verkefni eða veiti styrki til slíkra verkefna, svo sem til sveitarfélaga.

Lagt er til í 2. mgr. að greitt skuli skipulagsgjald af nýbyggingum eins og verið hefur, sbr. 2. mgr. 35. gr. laganna. Sú breyting er hins vegar lögð til að fallið er frá skyldu til greiðslu skipulagsgjalds af þeim mannvirkjum sem ekki eru virt til brunabóta og er það í samræmi við þá framkvæmd sem verið hefur af greiðslu skipulagsgjalda. Mun því þessi breyting ekki leiða til lækkunar á innheimtu skipulagsgjalda miðað við það sem verið hefur. Ástæðan er sú að ekki hefur reynst framkvæmanlegt að greiða skipulagsgjald af öðrum mannvirkjum en nýbyggingum sem metnar eru til brunabóta þar sem önnur mannvirki hafa ekki verið metin til brunabóta og stofnverð þeirra hefur ekki verið skilgreint sem gjaldstofn hjá Fasteignamati ríkisins. Hins vegar er lagt til í 2. mgr. 20. gr. að sveitarstjórn hafi heimild til að innheimta gjald þar sem nauðsynlegt er að vinna skipulagsáætlun eða breyta henni vegna leyfisskyldra framkvæmda. Þannig er gert ráð fyrir að við gerð mannvirkja sem ekki eru virt til brunabóta, eins og loftlína til flutnings raforku, aðal- og dreifiæðar vatnsveitna og stofnkerfi hitaveitna svo dæmi séu tekin, sé hægt að krefjast gjalds af framkvæmdaraðila sem stendur undir öllum kostnaði við skipulagsvinnu vegna framkvæmdarinnar.

Í 3. mgr. er kveðið á um gjalddaga skipulagsgjalds og er ákvæðið í samræmi við 3. mgr. 35. gr. gildandi laga.

Um 18. gr.

Í greininni er fjallað um greiðslu kostnaðar úr Skipulagssjóði vegna skipulagsvinnu. Greinin er að mestu óbreytt frá 34. gr. gildandi laga. Í 1. tölul. er kveðið á um kostnað við gerð landsskipulagsstefnu sem greiðast skal úr ríkissjóði.

Um 19. gr.

Greinin er samhljóða 54. gr. laganna.

Um 20. gr.

Í greininni er lagt til að heimilt sé að innheimta framkvæmdaleyfisgjald vegna útgáfu framkvæmdaleyfis fyrir framkvæmdaleyfisskyldar framkvæmdir. Framkvæmdaleyfisgjald er þjónustugjald. Ljóst er að útgáfu framkvæmdaleyfa getur fylgt þónokkur kostnaður fyrir sveitarfélög, svo sem þegar um er að ræða umfangsmiklar framkvæmdir. Skýrt er því kveðið á um að heimilt sé að innheimta gjald fyrir þeim kostnaði sem undirbúningur og útgáfa leyfis

hefur í för með sér fyrir sveitarfélagið og jafnframt fyrir eftirlit með framkvæmdaleyfisskyldum framkvæmdum og kostnað vegna aðkeyptrar þjónustu. Gera má ráð fyrir að sveitarfélög þurfi að leita til utanaðkomandi sérfræðinga ef um er að ræða útgáfu leyfa fyrir stórar eða flóknar framkvæmdir og er sá kostnaður þá greiddur af leyfishafa. Ákvæðið er að hluta til byggt á 53. gr. gildandi laga.

Í 2. mgr. er nýmæli um heimild sveitarstjórnar til að innheimta gjald vegna vinnu við skipulagsáætlun eða breytingar á fyrirliggjandi skipulagsáætlunum sem er nauðsynleg samfara framkvæmdum sem falla undir 13. gr. eða vegna byggingarleyfisskyldra framkvæmda, sbr. frumvarp til laga um mannvirki. Innheimta þessi skal gerast samhliða útgáfu framkvæmdaleyfis. Gjaldið skal ekki nema hærri upphæð en sem nemur kostnaði við gerð skipulagsuppdráttar og skipulagsgreinargerðar og kynningu og auglýsingu skipulagsáætlunar.

Í 3. mgr. er kveðið á um að sveitarstjórn skal setja gjaldskrá um innheimtu gjalda samkvæmt greininni og birta hana í B-deild Stjórnartíðinda.

Um VI. kafla.

Í kaflanum er fjallað um svæðisskipulag og þá málsmeðferð sem gildir við gerð þess, eins og samráð, kynningu og afgreiðslu þess. Lagt er til það nýmæli að Skipulagsstofnun staðfesti að meginstefnu til svæðisskipulag í stað umhverfisráðherra. Þó er gert ráð fyrir staðfestingu umhverfisráðherra í ákveðnum tilvikum. Hér er um að ræða sömu breytingar og lagðar eru til varðandi staðfestingu aðalskipulags. Þá eru lagðar til breytingar á svæðisskipulagi með það í huga að gera skýrari greinarmun á svæðisskipulagi samanborið við aðalskipulag þannig að komið sé í veg fyrir skörun og tvíverknað við gerð skipulags, en það gerir skipulagsferlið skilvirkara. Lagt er til að svæðisskipulag fjalli eingöngu um sameiginleg hagsmunamál þeirra sveitarfélaga sem standa að svæðisskipulaginu en ekki almennt um staðbundnar ákvarðanir um landnotkun. Ekki er gerð krafa eins og nú gildir að svæðisskipulagið taki til alls lands viðkomandi sveitarfélaga heldur getur svæðisskipulagið tekið til heilla landshluta eða ákveðinna þátta landnotkunar sem nær til fleiri en eins sveitarfélags. Þar sem lagt er til að efni svæðisskipulags sé breytt og það gert sveigjanlegra er ekki lengur talin þörf fyrir óverulegar breytingar á svæðisskipulagi og er því ekki lengur gert ráð fyrir slíkum breytingum á svæðisskipulagi. Sérstaklega er kveðið á um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins og skal svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins vera föst nefnd sem fer með breytingar og framfylgd þess skipulags.

Um 21. gr.

Í greininni er fjallað um svæðisskipulag, hvað því ber að fjalla um og framsetningu þess. Greinin er að hluta til byggð á 12. gr. gildandi laga en lagðar eru til þó nokkrar breytingar frá henni. Í svæðisskipulagi er sett fram sameiginleg stefna þeirra sveitarfélaga sem standa að skipulaginu um byggðaþróun og landnotkun sem talin er þörf á að samræma vegna sameiginlegra hagsmuna sveitarfélaga. Þannig er lögð áhersla á að í svæðisskipulagi sé eingöngu fjallað um sameiginleg hagsmunamál þeirra sveitarfélaga sem standa að svæðisskipulaginu en um aðra þætti ber því að fjalla um í aðal- og deiliskipulagi sveitarfélagsins. Dæmi um þá þætti landnotkunar sem talin er þörf á að samræma eru t.d. atvinnuuppbygging, náttúruvernd, vatnsvernd, sorpurðun, frárennsli, samgöngur, heildarsýn á íbúaþróun og fyrirhuguð uppbygging nýrra hverfa. Ekki er því gert ráð fyrir að í svæðisskipulagi sé fjallað um staðbundnar ákvarðanir um landnotkun nema þegar það þykir nauðsynlegt t.d. til að tryggja sameiginlega hagsmuni viðkomandi sveitarfélags eða vegna nauðsynlegrar samræmingar landnotkunar í fleiri en einu sveitarfélagi. Dæmi um slíkar staðbundnar ákvarðanir eru t.d. línulagnir vegna

veitufyrirtækja og önnur stór verkefni sem ná til svæðis sem taka til fleiri en eins sveitarfélags. Í upphafi vinnu við gerð svæðisskipulags verður að skilgreina til hvaða málaflokka skipulagið eigi að taka, svo sem fráveitumála, skólamála og hafnarmála auk hinna hagrænu þátta. Nauðsynlegt er að gerður sé skýr greinarmunur á svæðisskipulagi annars vegar og öðrum skipulagsáætlunum hins vegar en svæðisskipulaginu er ætlað að setja fram meginstefnu um helstu hagsmunaþætti sveitarfélaganna sem aðrar skipulagsáætlanir byggja á, en því er ekki ætlað að meginstefnu til að fjalla um einstakar framkvæmdir.

Í 2. mgr. er að finna nýmæli þar sem lagt er til að svæðisskipulag geti tekið til heilla landshluta eða annarra stærri heilda. Því er ekki lengur gert ráð fyrir að svæðisskipulag taki til alls lands þeirra sveitarfélaga sem hlut eiga að máli. Ekki er því lengur þörf á að fyrir hendi sé heimild til gerðar sérstaks svæðisskipulags, sbr. 15. gr. laganna þar sem nú þarf svæðisskipulag ekki að ná til alls lands sveitarfélags og er því lagt til að framangreint ákvæði gildandi laga verði fellt brott. Þannig er lagt til að heimilt verði að gera svæðisskipulag sem tekur til nokkurra sveitarfélaga til dæmis vegna línulagna, hafnareksturs o.fl.

Í 3. mgr. er lagt til að stefnumörkun svæðisskipulags taki a.m.k. til tólf ára eins og verið hefur.

Í 4. mgr. er fjallað um framsetningu svæðisskipulagsins en það skal að jafnaði sett fram í skipulagsgreinargerð en ekki í skipulagsuppdrætti eins og nú gildir. Það á þó ekki við þegar um er að ræða stefnu um staðbundnar ákvarðanir sem eru í svæðisskipulagi en þá ber að setja svæðisskipulag fram á þemauppdráttum með greinargerðinni og/eða á sérstökum skipulagsuppdrætti. Þetta er til samræmis við þær breytingar sem lagðar eru til á innihaldi svæðisskipulags um að það marki meginstefnu en fjalli ekki um einstakar ákvarðanir um landnotkun og því á almennt ekki að vera þörf á að setja svæðisskipulagsáætlanir fram á uppdráttum. Í svæðisskipulagi skal gerð grein fyrir umhverfismati þess. Samþykkt hafa verið lög nr. 105/2006, um umhverfismat áætlana, sem gera ráð fyrir að skipulagsáætlanir fari í umhverfismat.

Um gerð og framsetningu svæðisskipulagsins fer að öðru leyti skv. 12. gr. frumvarpsins.

Um 22. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á heimild til að gera svæðisskipulag en sveitarfélögum er það ekki skylt. Sé það gert skal skipa svæðisskipulagsnefnd.

Vegna sérstöðu höfuðborgarsvæðisins sem samliggjandi þéttbýliskjarna er hins vegar lagt til það nýmæli að skylt sé að hafa í gildi svæðisskipulag höfuðborgarsvæðis, en ekki sé einungis um heimild að ræða. Í gildi er svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2001–2024 frá 20. desember 2002. Eins og fram kemur í 9. gr. skulu svæðisskipulagsnefndir vera starfandi þar sem í gildi er svæðisskipulag og fer þá nefndin með framfylgd og breytingar á því svæðisskipulagi. Lagt er til að svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðis verði föst nefnd sem ávallt verður starfandi og hefur framangreint hlutverk gagnvart höfuðborgarsvæðinu. Skilgreint er í 2. mgr. til hvaða sveitarfélaga svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins nær og er það í samræmi við gildandi svæðisskipulag á þessu svæði.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um hvert sé hlutverk svæðisskipulagsnefnda. Svæðisskipulag er ekki gilt nema með samþykki allra hlutaðeigandi sveitarstjórna og er háð staðfestingu ráðherra, sbr. 4. mgr.

Um 23. gr.

Í greininni er fjallað um hvernig staðið skuli að gerð svæðisskipulags, kynningu þess og samráði við gerð þess. Greinin er að hluta til byggð á 13. gr. gildandi laga. Lagt er til það nýmæli að vinna við gerð svæðisskipulags hefjist með lýsingu á skipulagsverkefninu, sbr. 1.

mgr., þar sem gerð er grein fyrir hvaða áherslur nefndin hafi við gerð skipulagsins, forsendur þess og fyrirliggjandi stefnu og hvernig samráði og kynningu verði háttað gagnvart íbúum og öðrum hagsmunaaðilum. Með ákvæðinu er lagt til að vinna við gerð svæðisskipulags sé í samráði við Skipulagsstofnun unnin á gagnsæjan hátt allt frá upphafi þeirrar vinnu þegar skipulagstillagan er í mótun. Með því er lögð áhersla á að íbúar og aðrir hagsmunaaðilar, svo sem opinberar stofnanir, fái tækifæri til að kynna sér alveg frá upphafi hugmyndir sveitarfélaga að því svæðisskipulagi sem þau ætla að vinna að og þessir aðilar komi athugasemdum sínum á framfæri. Slík vinnubrögð við gerð svæðisskipulags stuðla að því að aflað sé víðtækra upplýsinga og sjónarmiða strax frá upphafi vinnu við gerð svæðisskipulagsins.

Næsta skref í vinnu við gerð svæðisskipulags er að kynna sjálfa skipulagstillöguna fyrir almenningi, forsendur hennar og umhverfismat, sbr. 2. mgr. Greinin er efnislega óbreytt frá 1. mgr. 13. gr. laganna.

Að lokinni kynningu er endanleg tillagan lögð fyrir hlutaðeigandi sveitarstjórnir og send Skipulagsstofnun til athugunar, sbr. 3. mgr., sem er nýmæli varðandi gerð svæðisskipulags en slíkt ferli gildir við gerð aðalskipulags, sbr. 2. og 3. mgr. 17. gr. gildandi laga. Rétt þykir að Skipulagsstofnun hafi rétt til að gera athugasemdir við svæðisskipulagstillögur eins og hún hefur varðandi aðalskipulagstillögur. Ef stofnunin hefur athugasemdir sem sveitarstjórn vill ekki koma til móts við skal auglýsa þær athugasemdir með skipulagstillögunni.

Um 24. gr.

Í greininni er fjallað um auglýsingu svæðisskipulagstillögu og er hún að hluta til byggð á 2. og 3. mgr. 13. gr. gildandi laga. Ekki er gert ráð fyrir að fylgigögn tillögu séu sérstaklega höfð til sýnis ásamt tillögunni eins og í gildandi lögum þar sem ekki þykir þörf á því.

Um 25. gr.

Greinin fjallar um hvernig meðferð svæðisskipulagstillögu skuli vera eftir að auglýsingafrestur tillögunnar er liðinn. Greinin byggist að hluta til á 3.–5. mgr. 13. gr. gildandi laga. Svæðisskipulagsnefnd fjallar um tillöguna að loknum auglýsingafresti og hefur 12 vikur til að fara yfir athugasemdir og gera tillögu sína að svæðisskipulagi til hlutaðeigandi sveitarstjórna, sbr. 2. mgr.

Svæðisskipulagsnefnd getur samþykkt svæðisskipulagið að öllu leyti eða að hluta, sbr. 3. mgr., en ekki er gert ráð fyrir því í gildandi lögum að nefndin hafi heimild til að samþykkja það að hluta. Allar hlutaðeigandi sveitarstjórnir verða að samþykkja svæðisskipulagið, sbr. 22. gr. Svæðisskipulagsnefnd skal senda Skipulagsstofnun tillögu sína ásamt athugasemdum sem nefndinni berast og umsögn nefndarinnar um þær.

Lagt er til það nýmæli, sbr. 4., 5. og 6. mgr., að ráðherra staðfesti ekki svæðisskipulag eins og nú gildir heldur eingöngu í þeim tilvikum þegar Skipulagsstofnun telur að synja beri staðfestingar svæðisskipulags. Skipulagsstofnun er þannig að meginstefnu til ætlað að staðfesta endanlega skipulagstillögur sveitarfélaga og auglýsa þær í Stjórnartíðindum sem nú er hlutverk umhverfisráðherra. Lagt er til að stofnuninni séu sett ákveðin tímamörk varðandi staðfestingu svæðisskipulags. Með þessari breytingu er ætlunin að einfalda stjórnsýslu þessara mála þannig að eitt stjórnvald komi að staðfestingu skipulagsstillagna í stað tveggja áður og mun það auka skilvirkni þessara mála. Skipulagsstofnun mun hafa sama hlutverk og ráðherra varðandi yfirferð aðalskipulagstillagna og m.a. að gæta þess að þær séu í samræmi við lög, svo sem samþykkta landsskipulagsáætlun. Telji Skipulagsstofnun að synja beri staðfestingar svæðisskipulags ber umhverfisráðherra að fá slíkar tillögur til afgreiðslu og er þá hans hlutverk að taka afstöðu til staðfestingar tillögunnar í stað Skipulagsstofnunar.

Skipulagsstofnun skal rökstyðja tillögu sína til ráðherra um synjun staðfestingar sbr. 5. mgr. en það er nýmæli til samræmis við það sem gildir um tillögu stofnunarinnar að aðalskipulagi.

Í 6. mgr. er kveðið á um staðfestingu ráðherra á svæðisskipulagi og birtingu þess í Stjórnartíðindum.

Í 7. mgr. er tekið fram að sveitarfélög sem aðild eiga að svæðisskipulaginu séu bundin af stefnu þess við gerð aðalskipulags og er það til samræmis við 7. mgr. 12. gr. varðandi rétthæð mismunandi skipulagsáætlana. Þannig ber við gerð aðalskipulags að taka mið af þeirri stefnu sem mörkuð er í viðkomandi svæðisskipulagi.

Um 26. gr.

Eins og fram kemur í 9. gr. skulu svæðisskipulagsnefndir skipaðar að loknum sveitarstjórnarkosningum. Lagt er því til að svæðisskipulagsnefnd meti þá hvort ástæða sé til að endurskoða það skipulag sem er í gildi eða að ákveða að það verði óbreytt. Hér er um sömu heimild að ræða eins og gildir um aðalskipulag, sbr. 31. gr. og 5. mgr. 16. gr. gildandi laga.

Um 27. gr.

Greinin sem fjallar um heimild til að gera breytingar á gildandi svæðisskipulagi er efnislega óbreytt frá 1. mgr. 14. gr. gildandi laga. Ekki er gert ráð fyrir að heimild sé til að gera óverulegar breytingar á svæðisskipulagi, sbr. 2. mgr. 14. gr. laganna, enda ekki þörf á því þar sem gert er ráð fyrir því að í svæðisskipulagi sé stefnumörkun það almenn að hún leyfi ákveðinn sveigjanleika.

Um VII. kafla.

Í kaflanum er fjallað um aðalskipulag og þá málsmeðferð sem gildir við gerð aðalskipulags, eins og samráð, kynningu og afgreiðslu þess. Lagt er til það nýmæli að Skipulagsstofnun staðfesti að meginstefnu til aðalskipulag í stað umhverfisráðherra. Þó er gert ráð fyrir staðfestingu umhverfisráðherra í ákveðnum tilvikum. Hér er um að ræða sömu breytingar og lagðar eru til varðandi staðfestingu svæðisskipulags. Lagðar eru til breytingar um óverulegar breytingar á aðalskipulagi til að einfalda málsmeðferð þess. Lagt er til að gerð sé grein fyrir samhengi aðalskipulagsáætlunar við langtímaþróun sveitarfélagsins. Hér er um að ræða umfjöllun sem fellur undir svokallað rammaskipulag og getur það sagt fyrir um hvað sé fyrirhugað varðandi þróun byggðar eins og eldri byggðar í sveitarfélaginu. Lagt er til að heimilt sé að vísa ágreiningi nefndar vegna atriða sem samræma þarf í aðalskipulagi fleiri en eins sveitarfélaga til ráðherra til úrskurðar. Skal aðalskipulag samræmt slíkum úrskurði. Með þessu er ætlað að taka á því vandamáli ef nefndin sem leysa á úr ágreiningi kemst ekki að sameiginlegri niðurstöðu þar sem fyrir hendi verður að vera úrræði til að skera úr ágreiningi.

Um 28. gr.

Í greininni er fjallað um efni og framsetningu aðalskipulags. Aðalskipulag nær til alls lands viðkomandi sveitarfélags og er þar sett fram stefna sveitarstjórnar um þróun sveitarfélagsins svo sem um landnotkun og byggðaþróun, sbr. 1. mgr. Það er nýmæli að í aðalskipulagi skuli sett fram stefna um byggðamynstur en það hugtak er skilgreint í 2. gr.

Aðalskipulag er grundvöllur að gerð deiliskipulags, sbr. 2. mgr., og er það í samræmi við 6. mgr. 11. gr. þar sem gerð er grein fyrir rétthæð einstakra skipulagsstiga en aðalskipulag er rétthærra en deiliskipulag. Lagt er til að í aðalskipulagi verði kveðið með nákvæmari hætti á um einstök atriði í skipulaginu en nú er svo sem um byggðamynstur fyrir einstök svæði, t.d.

hvort um sé að ræða nýbyggingarsvæði eða uppbyggingu í eldri byggð. Þannig getur aðalskipulagið gefið nánari fyrirmæli um fyrirkomulag byggðar í sveitarfélaginu.

Í 3. mgr. er kveðið á um þann ramma sem markar stefnu í viðkomandi aðalskipulagi, en þar er um að ræða m.a. landsskipulagsáætlun sem sveitarstjórnir eru bundnar af og svæðisskipulag, sé það fyrir hendi.

Til samræmis við gerð svæðisskipulags skal í aðalskipulagi marka stefnu til a.m.k. tólf ára, sbr. 4. mgr. Gera skal grein fyrir samhengi áætlunarinnar við langtímaþróun sveitarfélagsins. Í aðalskipulagi er heimilt að kveða á um þróun byggðar á nýjum eða eldri svæðum með rammaskipulagi og er það nýmæli að kveðið sé á um rammaskipulag. Í 2. gr. er rammaskipulag skilgreint sem sá hluti aðalskipulags þar sem útfærð eru nánar samfelld svæði eða bæjarhlutar með það að markmiði að ákvarða nánar um meginþætti þjónustukerfa og afmarka byggingarsvæði eða áfanga deiliskipulagsáætlana. Með slíku skipulagi er hægt að einfalda málsmeðferð þannig að skipulagið geti sagt fyrir um hvað sé fyrirhugað varðandi þróun byggðar svo sem eins og eldri byggðar. Þetta skipulag hentar vel þegar verið er að skoða miðkjarna sveitarfélaga, en þróunaráætlun miðborgar Reykjavíkur er dæmi um slíkt skipulag.

Í 5. mgr. er kveðið á um með hvaða hætti eigi að setja fram aðalskipulag, en það skal annars vegar sett fram í skipulagsgreinargerð og hins vegar á skipulagsuppdrætti og eftir atvikum þemauppdráttum. Ákvæðið er nýmæli en til samræmis við þá framkvæmd sem verið hefur að aðalskipulagi sé lýst í greinargerð og á uppdrætti. Um umhverfismat aðalskipulags fer samkvæmt lögum um umhverfismat áætlana, nr. 105/2006.

Um 29. gr.

Í greininni er kveðið á um að sveitarstjórn beri ábyrgð á gerð aðalskipulags í sínu sveitarfélagi og að skipulagsnefnd í umboði sveitarstjórnar annist alla framkvæmd við gerð þess, þ.e. láti vinna tillögu að aðalskipulagi, kynna hana og afgreiða svo skipulagið. Um skipulagsnefndir fer skv. 6. gr.

Um 30. gr.

Í greininni er fjallað um hvernig staðið skuli að gerð aðalskipulags, kynningu þess og samráði við gerð þess. Greinin er að hluta til byggð á 17. gr. gildandi laga. Lagt er til það nýmæli að vinna við gerð aðalskipulags hefjist með lýsingu á skipulagsverkefninu, sbr. 1. mgr. þar sem gerð er grein fyrir hvaða áherslur sveitarstjórn hafi við gerð skipulagsins, forsendum þess og fyrirliggjandi stefnu og hvernig samráði og kynningu verði háttað gagnvart íbúum og öðrum hagsmunaaðilum. Hér er um að ræða samsvarandi ákvæði og á við um gerð svæðisskipulags, sbr. 23. gr. Með ákvæðinu er lagt til að vinna við gerð aðalskipulags sé unnin á gagnsæjan hátt allt frá upphafi þeirrar vinnu þegar skipulagstillagan er í mótun. Með því er lögð áhersla á að íbúar og aðrir hagsmunaaðilar, svo sem opinberar stofnanir, fái tækifæri til að kynna sér alveg frá upphafi hugmyndir sveitarfélaga að viðkomandi aðalskipulagi og að þessir aðilar geti komið athugasemdum sínum á framfæri. Slík vinnubrögð stuðla að því að aflað sé víðtækra upplýsinga og sjónarmiða strax frá upphafi vinnu við gerð aðalskipulagsins. Leita skal umsagnar um lýsinguna hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum en þar er um að ræða stjórnvöld sem hafa sérþekkingu á þeim sviðum sem snerta einstaka þætti skipulagsins, svo sem Flugmálastjórn, Fornleifavernd ríkisins og Umhverfisstofnun. En mikilvægt er að fá umsagnir slíkra aðila eins snemma í ferlinu og unnt er.

Í 2. mgr. er kveðið á um kynningu á tillögu að aðalskipulagi og er hún að mestu efnislega óbreytt frá 1. mgr. 17. gr. laganna. Lagt er til að tillagan skuli kynnt svæðisskipulagsnefnd á þeim svæðum sem þær eru starfandi.

Sveitarstjórn fjallar um skipulagstillöguna að lokinni kynningu og sendir hana til Skipulagsstofnunar, sbr. 3. mgr. Ákvæðið er að mestu óbreytt frá 2. og 3. mgr. 17. gr. gildandi laga.

Um 31. gr.

Í greininni er fjallað um auglýsingu aðalskipulagstillögu og er hún að hluta til byggð á 1. og 2. mgr. 18. gr. laganna. Auglýsa skal tillöguna með áberandi hætti en þar getur fallið undir að tillagan sé auglýst í dagblaði sem gefið er út á landsvísu. Jafnframt er kveðið á um hvar tillagan skuli vera aðgengileg, m.a. á netinu.

Um 32. gr.

Í greininni er fjallað um afgreiðslu sveitarstjórnar á aðalskipulagi og gildistöku þess. Í 1. mgr. er kveðið á um umfjöllun sveitarstjórnar um tillöguna eftir að auglýsingafresti er lokið skv. 27. gr. Greinin er efnislega óbreytt 3. mgr. 18. gr. gildandi laga nema að ekki er gerð krafa um umfjöllun skipulagsnefndar.

Í 2. mgr. er fjallað um afgreiðslu sveitarstjórnar á tillögu á aðalskipulagi til Skipulagsstofnunar en lagt er til að það beri sveitarstjórn að gera innan tólf vikna og er því sá tími lengdur um fjórar vikur frá því sem nú gildir enda hefur sá frestur reynst of skammur.

Lagt er til það nýmæli, sbr. 3., 4. og 5. mgr., að ráðherra staðfesti ekki aðalskipulag eins og nú gildir heldur eingöngu í þeim tilvikum þegar Skipulagsstofnun telur að synja eða fresta beri staðfestingu aðalskipulags að öllu leyti eða að hluta. Skipulagsstofnun er þannig að meginstefnu til ætlað að staðfesta endanlega skipulagstillögur sveitarfélaga og auglýsa þær í Stjórnartíðindum sem nú er hlutverk umhverfisráðherra. Lagt er til að stofnuninni séu sett ákveðin tímamörk varðandi staðfestingu aðalskipulags. Með þessari breytingu er ætlunin að einfalda stjórnsýslu þessara mála þannig að eitt stjórnvald komi að staðfestingu skipulagstillagna í stað tveggja áður og mun það auka skilvirkni þessara mála. Skipulagsstofnun mun hafa sama hlutverk og ráðherra varðandi yfirferð skipulagstillagna og m.a. að gæta þess að þær séu í samræmi við lög, svo sem samþykkta landsskipulagsáætlun. Telji Skipulagsstofnun að synja eða fresta beri staðfestingu aðalskipulags ber umhverfisráðherra að fá slíkar tillögur til afgreiðslu og er þá hans hlutverk að taka afstöðu til staðfestingar tillögunnar í stað Skipulagsstofnunar.

Í 6. mgr. er kveðið á um gildi aðalskipulags gagnvart deiliskipulagi og veitingu byggingar- og framkvæmdaleyfa og er það nýmæli. Þannig verður deiliskipulag og útgáfa leyfa að vera í samræmi við aðalskipulag.

Um 33. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá 1. mgr. 20. gr. gildandi laga en það er nýmæli að heimilt er fresta gerð aðalskipulagsáætlunar ef óvissa eða ágreiningur ríkir um atriði sem geta haft veruleg áhrif á gerð skipulagsins. Dæmi um atriði sem geta valdið óvissu um framkvæmd skipulags er ef upplýsingar skortir um landfræði svæðisins. Felld hefur verið brott 2. mgr. 20. gr. laganna um frestun ráðherra á staðfestingu á aðalskipulagi enda ekki talin þörf á henni með þeirri breytingu sem hér er lögð til. Eins hefur ráðherra fengið ákveðið úrskurðarhlutverk skv. 4. mgr. 34. gr. frumvarpsins.

Um 34. gr.

Greinin er nær óbreytt 22. gr. gildandi laga en 4. mgr. er nýmæli. Ef nefnd sem skipuð er skv. 3. mgr. kemst ekki að sameiginlegri niðurstöðu skal senda málið til úrskurðar ráðherra. Ákvæðinu er ætlað að taka á því vandamáli ef nefndin kemst ekki að sameiginlegri niðurstöðu þar sem fyrir hendi verður að vera úrræði til að skera úr ágreiningi í þeim tilvikum ef ekki næst sameiginleg niðurstaða nefndarinnar í slíkum ágreiningsmálum. Niðurstaða ráðherra skal þá verða bindandi fyrir viðkomandi sveitarfélög og aðalskipulagsáætlunum breytt til samræmis við hana.

Um 35. gr.

Í greininni er fjallað um að sveitarstjórn skuli meta hvort endurskoða skuli aðalskipulag að loknum sveitarstjórnarkosningum og er það óbreytt 5. mgr. 16. gr. gildandi laga.

Um 36. gr.

Í greininni er fjallað um breytingu á aðalskipulagi. Lagt er til að sett sé fram viðmið um það hvenær breyting á aðalskipulagi geti talist óveruleg. Ekki er gerð krafa um að slíkar tillögur séu auglýstar með þriggja vikna athugasemdafresti eins og nú gildir. Með þessu er málsmeðferð vegna óverulegra skipulagsbreytinga einfölduð þar sem slíkar tillögur þurfa ekki sömu umfjöllun og verulegar breytingar á aðalskipulagi. Sett er fram viðmið um það hvenær breyting á aðalskipulagi telst óveruleg sem einfaldar ákvörðun um hvers konar málsmeðferð eigi að gilda um viðkomandi breytingu.

Lagt er til að felld sé brott sú krafa að skipulagstillögu fylgi yfirlýsing sveitarstjórnar um greiðslu skaðabóta sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna. Reglur skaðabótaréttar gilda um tjón einstaklinga vegna gerðar skipulags hvort sem breytingarnar á því eru verulegar eða ekki. Með þessu er ekki lögð til breyting á hugsanlegri bótaskyldu sveitarstjórnar heldur er þessi breyting lögð til þar sem ekki þykir þörf á slíku ákvæði enda er slíkur réttur tryggður samkvæmt meginreglum skaðabótaréttar. Skipulagsstofnun staðfestir óverulegar breytingar á aðalskipulagi. Fallist Skipulagsstofnun ekki á að um óverulega breytingu sé að ræða skal hún tilkynna sveitarstjórn um það og fer þá um málsmeðferð eins og um gerð aðalskipulags sé að ræða, sbr. 30.–32. gr. frumvarpsins.

Um VIII. kafla.

Í kaflanum er fjallað um deiliskipulag og þá málsmeðferð sem gildir við gerð deiliskipulags, eins og um samráð, kynningu og afgreiðslu þess. Skilgreint er með skýrum hætti til hvers konar ákvarðana deiliskipulag skuli taka eins og varðandi útlit mannvirkja, form og svipmót. Þannig er lagt til að kveðið sé á um útlit mannvirkja, form og svipmót við ákvörðun deiliskipulags en það sé ekki hluti af umfjöllun um veitingu leyfa vegna mannvirkjagerðar eins og nú gildir. Rétt þykir að fjallað sé um þessa þætti við gerð skipulags en um öryggi mannvirkja og heilnæmi er fjallað í frumvarpi til laga um mannvirki. Sérstaklega er kveðið á um grenndarkynningu og í hvaða tilvikum heimilt sé að falla frá henni þegar augljóslega er ekki þörf á slíku ferli. Lagt er til að sveitarstjórn sé skylt að bregðast við athugasemdum Skipulagsstofnunar vegna deiliskipulags og gera nauðsynlegar formbreytingar á því í samræmi við athugasemdir stofnunarinnar. Með þessu verður eftirlitshlutverk Skipulagsstofnunar skýrara. Sett eru viðmið um það hvenær óveruleg breytingu á deiliskipulagi telst óveruleg til að auðvelda mat á því.

Um 37. gr.

Í greininni er fjallað um innihald deiliskipulags og framsetningu þess. Í 1. mgr. sem er nýmæli er skilgreint til hvers konar ákvarðana deiliskipulag tekur, svo sem um lóðir, lóðanotkun og byggingarreiti og einnig um útlit og form mannvirkja. Er þetta í samræmi við framkvæmdina en rétt þykir að í lögum sé afmarkaður rammi fyrir efnisþætti deiliskipulags. Dæmi um þætti sem varða útlit og form mannvirkja í deiliskipulagi er þegar tekin er afstaða til byggingar átta hæða húss í lágri, þéttri byggð sem getur verið veruleg breyting á svipmóti þeirrar byggðar. Í götu þar sem hús eru almennt stakstæð getur bygging þriggja hæða fjölbýlishúss með tveimur stigagöngum breytt þeirri götumynd verulega. Ákvarðanir um útlit og form varða stefnumótun um skipulag og getur sveitarstjórn þannig lagt fram stefnu sína í þessum málum í deiliskipulagi t.d. hvort hún vilji slíkar breytingar á byggð og götumyndum sem að framan eru nefndar. Í deiliskipulagi er þannig fjallað með mun nákvæmari hætti um einstaka þætti skipulags heldur en á við um svæðis- og aðalskipulag.

Í frumvarpi til laga um mannvirki sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu er kveðið á um hvenær þurfi að sækja um byggingarleyfi, sbr. 8. gr. þess frumvarps. Eins og þar kemur fram er ekki skylt í öllum tilvikum að fá byggingarleyfi fyrir mannvirkjagerð. Ef breyting varðar einungis ytra útlit mannvirkis og form sem ekki er byggingarleyfisskylt skal leita eftir samþykki sveitarstjórnar fyrir slíkum breytingum samkvæmt frumvarpi þessu. Ef breyting varðar hins vegar burðarvirki, t.d. þegar settur er kvistur á þak, er um byggingarleyfisskylda framkvæmd að ræða. Lagt er til að það verði því í höndum skipulagsfulltrúa í umboði sveitarstjórna að fjalla um þennan þátt mannvirkjagerðar en ekki byggingarfulltrúa eins og nú gildir.

Í 3. mgr. er kveðið á um að deiliskipulag taki til svæða sem mynda heildstæða einingu. Með því er ætlunin að koma í veg fyrir að skipulagðar séu einstakar lóðir þó að slíkt geti þó stundum átt við.

Í 4. mgr. er áréttað að deiliskipulag skuli vera í samræmi við stefnu aðalskipulags og er það í samræmi við 6. mgr. 28. gr. en hlutverk deiliskipulags er að útfæra nánar þá stefnu.

Núgildandi ákvæði 5. mgr. 23. gr. laganna um bæja og húsakönnun er felld brott þar sem ákvæðið er óljóst og því erfitt í framkvæmd. Unnið er að endurskoðun leiðbeininga á vegum Húsafriðunarnefndar ríkisins um deiliskipulag í eldri hverfum og húsakönnun tengdri því.

Kveðið er á um framsetningu deiliskipulags í 5. mgr. en það er sett fram í skipulagsgreinargerð og á uppdrætti.

Um 38. gr.

Greinin kveður á um að sveitarstjórn beri ábyrgð á og annist gerð deiliskipulags. Jafnframt getur landeigandi gert tillögu að deiliskipulagi á sinn kostnað, að fenginni heimild sveitarstjórnar. Ákvæðið er samhljóða 1. mgr. 23. gr. gildandi laga. Jafnframt er kveðið á um að málsmeðferð slíks skipulags skuli vera með sama hætti og á við um deiliskipulagstillögur sveitarstjórna.

Um 39. gr.

Greinin er óbreytt frá 24. gr. gildandi laga.

Um 40. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að sveitarstjórn taki saman lýsingu á deiliskipulagsverkefninu og er þetta til samræmis við sambærileg ákvæði varðandi svæðis- og aðalskipulag. Sömu sjónarmið eru hér að baki varðandi slíka lýsingu, sbr. 23. og 30. gr. Ákvæðið er nýmæli og byggist á þeirri meginreglu að því fyrr sem athugasemdir koma við gerð deiliskipulags því betra.

Lagt er þó til að heimilt sé að falla frá gerð slíkrar lýsingar enda liggi fyrir allar meginforsendur í aðalskipulagi. Slík heimild er veitt til að forðast óþarfa endurtekningar og þá þyngri málsmeðferð.

Í 2. mgr. er kveðið á um kynningu deiliskipulagstillögunnar fyrir íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum og er þar um að ræða sambærilegt ákvæði og um kynningu aðal- og svæðisskipulags. Veitt er þó heimild til að falla frá slíkri kynningu í ákveðnum tilvikum.

Um 41. gr.

Í greininni er kveðið á um auglýsingu deiliskipulagstillögu og samþykkt sveitarstjórnar á henni. Lögð er til sú breyting að eingöngu þurfi að kynna deiliskipulagstillögur aðliggjandi sveitarfélögum þegar þær ná að mörkum viðkomandi sveitarfélags, sbr. 1. mgr., og er það í samræmi við þá framkvæmd sem verið hefur.

Deiliskipulag skal byggt á stefnu aðalskipulags eins og fram kemur í 37. gr. og skal deiliskipulag vera í samræmi við gildandi aðalskipulag. Lögð er til sú breyting frá 3. mgr. 23. gr. gildandi laga að í þeim tilvikum sem deiliskipulag er ekki í samræmi við aðalskipulag sé skylt að auglýsa samsvarandi aðalskipulagsbreytingu samhliða eða áður, sbr. 2. mgr. Jafnframt er lagt til að sveitarstjórn sé heimilt að samþykkja samhliða slíkar breytingar á aðal- og deiliskipulagi. Úrskurðarnefnd skipulags og byggingarmála hefur í úrskurði sínum, úrskurði nr. 11/2003, kveðið á um það að þegar gera þurfi breytingar á aðalskipulagi vegna breytinga á deiliskipulagi beri að afgreiða aðalskipulagið með staðfestingu ráðherra áður en sveitarstjórn getur samþykkt viðkomandi deiliskipulag. Þetta hefur tafið afgreiðslu deiliskipulagstillagna og er því lagt til að afgreiðsla þessarar tillagna geti verið samhliða.

Um 42. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 3. mgr. 25. gr. gildandi laga. Lagt er til það nýmæli að sveitarstjórn er skylt að bregðast við athugasemdum Skipulagsstofnunar vegna deiliskipulagsins og gera nauðsynlegar breytingar á því varðandi form þess ef þörf er á. Slíkar athugasemdir varða t.d. hvort deiliskipulag sé í samræmi við aðalskipulag og að athugasemdum á auglýsingatíma hafi ekki verið svarað. Hlutverk Skipulagsstofnunar við yfirferð deiliskipulags hvað varðar framsetningu og innihald þess verður þannig með svipuðum hætti og á við um svæðis- og aðalskipulag.

Um 43. gr.

Greinin er að mestu efnislega óbreytt frá 26. gr. gildandi laga. Lagt er til það nýmæli í 2. mgr. að sett eru fram viðmið í greininni um það hvenær um óverulega breytingu á deiliskipulagi er að ræða, en við mat á því þarf að skoða að hversu miklu leyti deiliskipulagstillagan víkur frá notkun, nýtingarhlutfalli, útliti, formi og svipmóti viðkomandi svæðis. Sem dæmi um óverulegar breytingar af þessu tagi er þegar iðnaðarhúsnæði er breytt í íbúðarhúsnæði, glerjun útisvala, skyggni yfir útidyr, dúkkuhús sem sett eru í garð o.s.frv. Slíkar breytingar á deiliskipulagi skulu þannig grenndarkynntar í stað þess að þær verði auglýstar.

Lagt er til það nýmæli í 3. mgr. að heimilt sé að víkja frá kröfum um óverulega breytingu á deiliskipulagi þegar um er að ræða útgáfu framkvæmdaleyfis enda hafi framkvæmdin í för með sér óveruleg frávik þannig að hagsmunir nágranna skerðist í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn. Í slíkum tilvikum er ekki þörf á grenndarkynningu. Hér er um mat sveitarstjórnar að ræða hvort um óveruleg frávik er að ræða.

Lagt er til að felld sé brott sú krafa að skipulagstillögu fylgi yfirlýsing sveitarstjórnar um greiðslu skaðabóta sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna, sbr. samsvar-

andi breytingu varðandi óverulega breytingu á aðalskipulagi. Reglur skaðabótaréttar gilda um tjón einstaklinga vegna gerðar skipulags hvort sem breytingarnar á því eru verulegar eða ekki. Með þessu er ekki lögð til breyting á hugsanlegri bótaskyldu sveitarstjórnar heldur er þessi breyting lögð til þar sem ekki þykir þörf á slíku ákvæði enda er slíkur réttur tryggður samkvæmt meginreglum skaðabótaréttar.

Um 44. gr.

Lagt er til að sérstök grein fjalli um grenndarkynningu en hún er að hluta til byggð á 7. mgr. 43. gr. gildandi laga. Skipulagsnefnd skal grenndarkynna óverulegar breytingar á deiliskipulagi og leyfisskyldar framkvæmdir þegar deiliskipulag liggur ekki fyrir, sbr. 1. mgr. Grenndarkynna ber bæði framkvæmda- og byggingarleyfi en það er nýmæli að skylt sé að grenndarkynna framkvæmdaleyfi enda ekki rök fyrir því að gera greinarmun á kynningum á leyfum eftir því um hvers konar leyfi er að ræða.

Í 2. mgr. er kveðið á um hvernig grenndarkynning skuli fara fram. Í þeim tilvikum þegar óveruleg breyting á deiliskipulagi er grenndarkynnt skal að lokinni afgreiðslu sveitarstjórnar senda hana til Skipulagsstofnunar.

Í 3. mgr. er fjallað um heimild til að stytta tímabil grenndarkynningar ef þeir sem hagsmuna eiga að gæta lýsa því yfir að þeir geri ekki athugasemdir við breytingu á deiliskipulagi eða leyfisskyldri framkvæmd, með áritun sinni á kynningargögn, svo sem skipulagsuppdrátt. Lagt er til það nýmæli að heimilt sé að falla frá grenndarkynningu ef breytingar varða ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og/eða umsækjanda. Hér er þessi varnagli settur enda augljóst að engin þörf er fyrir sérstaka kynningu í slíkum tilvikum þar sem breytingarnar varða eingöngu framangreinda aðila.

Í 4. mgr. er kveðið á um birtingu auglýsingar um óverulega breytingu á deiliskipulagi í Stjórnartíðindum og er ákvæðið í samræmi við 3. mgr. 26. gr. laganna.

Um IX. kafla.

Í kaflanum er að finna ýmis ákvæði sem varða skipulagsvinnu og um skipulagsreglugerð. Verði frumvarp þetta að lögum þarf að gera breytinga á gildandi reglugerð til samræmis við efni frumvarpsins. Ákvæðin um landeignaskrá, skiptingu landa og lóða, forkaupsrétt sveitarstjórna að fasteignum, heimildir til eignarnáms og bætur vegna skipulags og yfirtöku eigna eru óbreyttar frá gildandi lögum.

Um 45. gr.

Greinin fjallar um gerð skipulagsreglugerðar og innihald hennar. Núgildandi skipulagsreglugerð er nr. 400/1998, með síðari breytingum. Ef frumvarp þetta verður að lögum kallar það á breytingar á reglugerðinni til samræmis við efni frumvarpsins. Greinin er að mestu óbreytt 10. gr. gildandi laga en þó hafa verið lagðar til nokkrar breytingar á henni.

Í 2. mgr. er kveðið á um gerð lýsingar skipulagsverkefnis í skipulagsreglugerð og er það til samræmis við þær breytingar sem lagðar eru til á gerð svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlana varðandi lýsingu.

Í 3. mgr. fellt brott að skilgreina skuli hverfisvernd enda er hugtakið nú skilgreint með ítarlegri hætti í frumvarpinu, sbr. 2. gr., og í 4. mgr. er sú breyting gerð að í skipulagsreglugerð sé kveðið á um takmarkanir á landnotkun eins og vatnsvernd og er það í samræmi við gildandi skipulagsreglugerð en rétt þykir að taka þessa þætti fram í ákvæðinu.

Kveðið er á um friðun eldri byggðar, trjágróður, girðingar og auglýsingaskilti í 6. mgr. Hér er um að ræða atriði sem er að finna í byggingarreglugerð, sbr. 2. og 6. mgr. 37. gr. gild-

andi laga. Í byggingarreglugerð eru þessi ákvæði síðan útfærð nánar, svo sem í 67., 68. og 72. gr. hennar sem fjalla um skilti, trjágróður og girðingar. Í frumvarpi þessu er lagt til að kveðið sé á um útlit mannvirkja og yfirbragð við ákvörðun skipulags en að það sé ekki hluti af umfjöllun um mannvirkjagerð eins og nú gildir. Í frumvarpi til laga um mannvirki er hins vegar kveðið á um öryggi og heilnæmi mannvirkja sem eru þættir sem eru tæknilegs eðlis. Til samræmis við þessa aðgreiningu á frumvarpi þessu og frumvarpi til laga um mannvirki er lagt til að kveðið sé á um framangreinda þætti í skipulagsreglugerð.

Í 8. mgr. er nýmæli um að kveðið skuli nánar í skipulagsreglugerð á um framkvæmdaleyfisskyldar framkvæmdir, svo sem um hvaða framkvæmdir skuli háðar framkvæmdaleyfi, um gögn sem lögð skulu fram vegna umsókna um framkvæmdaleyfi og um útgáfu framkvæmdaleyfa. Í 13. gr. er kveðið á um til hvers konar framkvæmda þurfi að afla framkvæmdaleyfis og í 15. gr. um útgáfu framkvæmdaleyfis. Skipulagsreglugerð hefur útfært þessi ákvæði nánar, sbr. 9. kafla reglugerðarinnar, og er breytingin því til samræmis við hana.

Um 46. gr.

Lagt er til það nýmæli að skipulagsáætlanir skuli ávallt vinna á stafræna kortagrunna, sbr. 1. mgr., vegna nýrrar tækni og krafna um skil í gagnasafn Skipulagsstofnunar og er það í samræmi við framkvæmd á vinnslu skipulagsáætlana. 2. mgr. hefur verið breytt til að samræma hana betur orðalagi 8. gr. laga nr. 103/2006 um landmælingar og kortagerð. Gerð hefur verið sú breyting til samræmis við framangreint ákvæði að ekki er vísað til þess að mælingamenn geti farið um landareignir heldur er ákvæðið almennt. Ákvæðinu er ætlað að tryggja að opinberir aðilar geti stundað landmælingar á einkalöndum án sérstakra heimilda landeigenda enda valdi slík starfsemi hvorki tjóni né ónæði.

Um 47. gr.

Greinin er samhljóða 1. mgr. 29. gr. gildandi laga nema gerðar hafa verið breytingar í samræmi við athugasemdir Fasteignamats ríkisins. Með lögum nr. 47/2000 var gerð breyting á lögum um skráningu og mat fasteigna, nr. 94/1976 og var markmið nýrra laga var m.a. að sameina helstu skrár um fasteignir í landinu með myndun samhæfðs gagna- og upplýsingakerfis um allar fasteignir í landinu sem nefnist Landskrá fasteigna. Með hliðsjón af framangreindum breytingum er lagt til að landeignaskrá skuli haldin í Landskrá fasteigna.

Um 48. gr.

Greinin er samhljóða 30. gr. gildandi laga.

Um 49. gr.

Greinin er samhljóða 31. gr. gildandi laga.

Um 50. gr.

Greinin er samhljóða 32. gr. gildandi laga.

Um 51. gr.

Greinin er samhljóða 33. gr. gildandi laga nema tekið er nú fram að réttur til bóta vegna hugsanlegs tjóns vegna samþykktrar landsskipulagsáætlunar sé úr ríkissjóði enda er sú áætlun á ábyrgð ríkisins en ekki sveitarfélaga eins og við á um skipulagsáætlanir þeirra. Álitaefni um bætur kemur hins vegar ekki upp vegna landsvæðis sem er í ríkiseign eða er þjóðlenda heldur vegna landsvæðis sem er í einkaeign. Í réttarframkvæmd hefur verið viðurkennt að

löggjafanum sé heimilt að setja eignarráðum almennar takmarkanir án þess að bótaskylda stofnist enda lúti slíkar takmarkanir að því að verja almannahagsmuni en skilyrði landsskipulagsáætlunar er að hún varði almannahagsmuni, sbr. 10. gr.

Um X. kafla.

Í kaflanum er fjallað um úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála en nefndin kveður eins og verið hefur upp úrskurði í ágreiningsmálum um skipulags- og byggingarmál. Þvingunarúrræði til að framfylgja ákvæðum frumvarpsins eru afdráttarlausari og sett fram til samræmis við ákvæði gildandi laga varðandi þvingunarúrræði vegna byggingarleyfisskyldra framkvæmda.

Um 52. gr.

Í greininni er fjallað um úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála og er greinin samhljóða 8. gr. skipulags- og byggingarlaga eins og henni var breytt með 21. gr. laga nr. 74/2005.

Um 53. gr.

Greinin fjallar um stöðvun framkvæmdaleyfisskyldra framkvæmda ef framkvæmdir eru hafnar án leyfa, þær hafnar með framkvæmdaleyfi sem brýtur í bága við skipulag eða ekki hefur verið leitað samþykkis sveitarstjórnar, sbr. 1. mgr., eða þær eru í ósamræmi við útgefið framkvæmdaleyfi og þau skilyrði sem kunna að vera sett í slíkum leyfum, sbr. 2. mgr. Hér er um að ræða framkvæmdir sem falla undir 13. gr. Greinin er að hluta til byggð á 1. mgr. 56. gr. laganna nema að því leyti að ekki er fjallað um byggingarleyfisskyldar framkvæmdir en fjallað er um þær í frumvarpi til laga um mannvirki. Lögð er til heimild til að fjarlægja ólöglega framkvæmd eins nú gildir um byggingarleyfisskyldar framkvæmdir. Lagt er til það nýmæli í 4. mgr. að Skipulagsstofnun verði fengið ákveðið úrræði til að tryggja eftirfylgni á stöðvun framkvæmda í þeim tilvikum þar sem framkvæmdir eru ekki í samræmi við frumvarp þetta. Í ljósi framkvæmdarinnar er talið nauðsynlegt að slíkt úrræði sé fyrir hendi og þykir eðlilegast að það sé í höndum Skipulagsstofnunar í ljósi þess hlutverks sem stofnunin hefur í frumvarpi þessu. Með þessu er tryggt samræmi í framkvæmd vegna framkvæmdaleyfisskyldra framkvæmda. Skipulagsstofnun hefur að ákveðnu leyti gegnt eftirlitshlutverki með því að vera í samskiptum við einstakar sveitarstjórnir eftir ábendingar sem stofnuninni hafa borist. Hefur hún þá bent viðkomandi sveitarstjórn á þau atriði sem lagfæra þarf. Hér er lagt til að stofnunin geti fylgt slíkum ábendingum eftir ef á þarf að halda.

Um 54. gr.

Greinin er nýmæli og kveður á um heimild sveitarstjórnar til að leggja á dagsektir en sambærilegt ákvæði er um dagsektarheimildir byggingarfulltrúa og byggingarnefnda, sbr. 57. gr. eins og verið hefur. Heimild til álagningar dagsekta þurfa að vera fyrir hendi bæði varðandi bygginga- og framkvæmdaleyfisskyldar framkvæmdir.

Um 55. gr.

Greinin er samhljóða 1. mgr. 60. gr. gildandi laga.

Um 56. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 57. gr.

Í greininni eru tiltekin ákvæði annarra laga sem gera þarf breytingar á verði frumvarp þetta samþykkt og frumvarp til laga um mannvirki sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Um 1. tölul.

Ákvæðið er samhljóða 3. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í gildandi lögum.

Um 2. tölul.

Ákvæðið er samhljóða 4. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í gildandi lögum.

Um 3. tölul.

Ákvæðið er samhljóða 13. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í gildandi lögum.

Um 4. tölul.

Eins og fram kemur í 9. gr. er gert ráð fyrir að starfræktar verði sérstakar svæðisskipulagsnefndir þar sem gert hefur verið svæðisskipulag sem komi þá í stað samvinnunefnda um gerð svæðisskipulags, sbr. 12. gr. laganna. Lagt er til að þær samvinnunefndir um gerð svæðisskipulags sem settar hafa verið á fót í tíð gildandi laga og kunna að vera starfandi við gildistöku frumvarpsins starfi áfram ef og þar til skipuð hefur verður ný svæðisskipulagsnefnd að afloknum sveitarstjórnarkosningum, sbr. 9. gr. Sama málsmeðferð gildir fyrir samvinnunefnd um gerð svæðisskipulags og svæðisskipulagsnefnd.

Um 5. tölul.

Í III. kafla er fjallað um landsskipulagsáætlun en eins og þar kemur fram er með slíkri áætlun gert ráð fyrir að tekið sé á málum sem varða almannahagsmuni og getur hún því varðað alla landsmenn. Slíkri áætlun er fyrst og fremst ætlað að skapa leiðarljós fyrir skipulagsgerð á svæðis- eða aðalskipulagsstigi og að setja fram stefnu sem varðar stærri hagsmuni en gengið er út frá því að höfuðábyrgð á skipulagi landnotkunar sé hjá sveitarfélögunum. Lagt er til að efni fyrstu landsskipulagsáætlunar sé m.a. stefnumörkun um landnotkun á miðhálendinu og er henni ætlað að taka yfir þá stefnumótandi þætti sem nú er að finna í svæðisskipulagi fyrir miðhálendi Íslands 2015, sem staðfest var af umhverfisráðherra þann 10. maí 1999. Rétt þykir að slík stefnumörkun um landnotkun á miðhálendi Íslands sé í unnin á vegum stjórnvalda sem landsskipulagsáætlun. Hún fær umfjöllun og afgreiðslu Alþingis og fer í víðtækt samráðs- og kynningarferli, enda er þar fjallað um landnotkun sem varðar landsmenn alla. Eins og fram kemur í IV. kafla almennra athugasemda er lagt til að samvinnunefnd miðhálendisins verði lögð niður við gildistöku frumvarpsins eða 1. janúar 2009. Þann 1. janúar 2008 eiga hins vegar öll sveitarfélög í landinu að hafa lokið við gerð aðalskipulags í sínu sveitarfélagi. Því ætti við gildistöku laganna að vera búið að afgreiða aðalskipulag allra sveitarfélaga á miðhálendinu. Hlutverki samvinnunefndar miðhálendisins um að samræma aðalskipulag sem liggur að miðhálendinu við svæðisskipulag miðhálendis og að samræma innbyrðis aðalskipulag á miðhálendinu ætti þá að vera lokið. Þar sem landsskipulagsáætlun fyrir miðhálendi Íslands er ætlað að taka yfir þá stefnumótandi þætti sem fram koma í svæðisskipulagi miðhálendis Íslands og þar sem sveitarfélög sem liggja að hálendinu hafa við gildistöku laganna skipulagt landsvæði sitt með hliðsjón af svæðisskipulagi miðhálendis Íslands þykir ekki lengur þörf á sérstöku svæðisskipulagi fyrir miðhálendið þegar landsskipulagsáætlunin hefur verið samþykkt á Alþingi. Lagt er til að umhverfisráðherra beri að fella niður gildandi svæðisskipulag fyrir miðhálendi Íslands, Svæðisskipulag miðhálendis Íslands 2015, við samþykkt landsskipulagsáætlunar á Alþingi. Þar sem gert er ráð fyrir að samvinnunefnd miðhálendisins ljúki störfum við gildistöku frumvarpsins 1. janúar 2009 er lagt til að Skipulagsstofnun hafi það hlutverk frá sama tíma að gæta þess að aðalskipulag sveitarfélaga og

breytingar á því samræmist svæðisskipulagi miðhálendisins. Ekki er hins vegar gert ráð fyrir að hægt verði að gera breytingar á svæðisskipulagi miðhálendsins frá þeim tíma og því verður ekki um að ræða nýja stefnumörkun á skipulagi miðhálendisins fyrr en landsskipulagsáætlun fyrir miðhálendi Íslands hefur verið samþykkt af Alþingi.

Um 6. tölul.

Í ákvæðinu er fjallað um skipulagsáætlanir sem ekki hafa hlotið formlega afgreiðslu en engu að síður hafa sveitarstjórnir byggt á þeim við gerð skipulags. Á þetta einkum við deiliskipulagsáætlanir sem gerðar hafa verið hjá Reykjavíkurborg. Nú er unnið að því að fara yfir slíkar deiliskipulagsáætlanir til að afgreiða þær með formlegum hætti eða vinna nýjar deiliskipulagsáætlanir sem komi þá í stað þeirra. Áætlað hefur verið að þessi vinna taki um tvö ár. Því er lagt til að þeim sveitarfélögum sem hafa byggt á slíkum deiliskipulagsáætlunum í sínu sveitarfélagi verði veittur tveggja ára frestur frá gildistöku frumvarpsins til að ganga frá formlegri afgreiðslu slíkra deiliskipulagsáætlana.

Um 7. tölul.

Lagt er til að þær byggingarsamþykktir sem settar hafa verið á grundvelli 37. gr. laga nr. 73/1997 varðandi skipulagsákvarðanir haldi gildi sínu að svo miklu leyti sem þær samrýmast ákvæðum laga þessara.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til skipulagslaga.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um mannvirki, en saman er þessum tveimur frumvörpum ætlað að leysa af hólmi skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997. Í báðum frumvörpunum eru lögð til ýmis nýmæli og er m.a. gert ráð fyrir að skilið verði milli stjórnsýslu skipulagsmála og byggingarmála og að ábyrgð á framkvæmd byggingarmála færist frá Skipulagsstofnun til nýrrar stofnunar, Byggingarstofnunar.

Í þessu frumvarpi til skipulagslaga er leitast við að gera feril skipulagsgerðar skilvirkari og sveigjanlegri og lögð áhersla á að hlutverk og samspil skipulagsáætlana á mismunandi skipulagsstigum sé skýrt. Eins og í gildandi lögum verður höfuðábyrgð á skipulagsgerð áfram hjá sveitarfélögum en jafnframt er viðurkennd þörf á að ríkisvaldið leggi til heildstæða sýn í skipulagsmálum í formi landsskipulagsáætlunar.

Áhrif frumvarpsins á kostnað ríkissjóðs koma einkum fram með þrennum hætti. Í fyrsta lagi sem kostnaður Skipulagsstofnunar við að vinna drög að landsskipulagsáætlun á tólf ára fresti, endurskoðun hennar á fjögurra ára fresti og árleg eftirfylgni við að aðalskipulagsáætlanir sveitarfélaga séu í samræmi við landsskipulagsáætlun. Sú vinna er talin nema einu ársverki og kosta 8 m.kr. Í öðru lagi er kostnaður umhverfisráðuneytis við gerð endanlegrar tillögu að landsskipulagsáætlun og er sú vinna talin samsvara einu ársverki á fjögurra ára fresti og kosta 2 m.kr. á ársgrundvelli. Í þriðja lagi kemur svo á móti að samfara gildistöku laganna verður samvinnunefnd miðhálendisins lögð niður, en kostnaður nefndarinnar hefur verið um 10 m.kr. á ári.

Í frumvarpinu er mælt fyrir um að auk kostnaðar við gerð skipulagsáætlana skuli tekjur af skipulagsgjaldi jafnframt standa straum af kostnaði við gerð þróunarverkefna sem nýtast sveitarfélögum við gerð skipulagsáætlana. Kostnaður Skipulagsstofnunar við verkefni af þeim toga hefur verið um 1 m.kr. á ári en eftirleiðis munu tekjur af skipulagsgjaldi standa undir þeim verkefnum samkvæmt nánari ákvörðun fjárlaga. Ekki er gert ráð fyrir að útgjöld Skipulagsstofnunar lækki svo nokkru nemi í tengslum við flutning á umsjón byggingarmála til Byggingarstofnunar enda hefur óveruleg vinna verið lögð í þau verkefni hjá Skipulagsstofnun, eða sem nemur hálfu stöðugildi.

Niðurstaða þessa kostnaðarmats er því sú að áhrif frumvarpsins á kostnað ríkissjóðs séu óveruleg og rúmist fyllilega innan gildandi útgjaldaramma skipulagsmála hjá umhverfisráðuneyti.

617. Frumvarp til laga [375. mál]

um mannvirki.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er:

a. Að vernda líf, heilsu fólks, umhverfi og eignir með því að tryggja faglegan undirbúning mannvirkjagerðar og virkt eftirlit með því að kröfum um öryggi mannvirkja og heilnæmi sé fullnægt.
b. Að stuðla að endingu og hagkvæmni mannvirkja m.a. með því að tryggja að þau séu hönnuð þannig og byggð að þau henti íslenskum aðstæðum.
c. Að stuðla að vernd umhverfis með því að hafa sjálfbæra þróun að leiðarljósi við hönnun og gerð mannvirkja.
d. Að stuðla að tæknilegum framförum og nýjungum í byggingariðnaði.
e. Að stuðla að aðgengi fyrir alla.
f. Að stuðla að góðri orkunýtingu við rekstur bygginga.

2. gr.
Gildissvið.

Lögin gilda um öll mannvirki sem reist eru á landi, ofan jarðar eða neðan, innan landhelginnar og efnahagslögsögunnar, sbr. þó 2. mgr. Lögin gilda um alla þætti mannvirkja, svo sem gerð burðarvirkja, lagnir, þ.m.t. neysluvatnslagnir, hitalagnir, fráveitulagnir, raflagnir, loftræsilagnir, gaslagnir og öryggiskerfi, lyftur og lyftubúnað, fjarskiptabúnað, eldvarnir og byggingarvörur, jafnt á markaði sem og í mannvirkjum. Lögin gilda einnig um gróður á lóðum, frágang lóða, girðingar í þéttbýli, skilti, gáma og leik- og íþróttasvæði.

Lög þessi gilda ekki um hafnir, varnargarða eða fyrirhleðslur, vegi eða önnur samgöngumannvirki, svo sem flugvelli, jarðgöng, vegskála eða brýr, aðrar en göngubrýr í þéttbýli.

3. gr.
Skilgreiningar.

1. *Aðaluppdráttur:* Heildaruppdráttur að mannvirki, ásamt afstöðumynd þess, þar sem gerð er grein fyrir formi, útliti, stærð og staðsetningu mannvirkis, byggingarefnum, byggingaraðferðum, innra skipulagi og notkun, brunavörnum, orkunotkun, meginskipulagi lóðar og aðlögun mannvirkis að næsta umhverfi og samþykktu deiliskipulagi.
2. *Brunavarnir:* Eldvarnir, starfsemi slökkviliðs og aðrar aðgerðir einstaklinga og fyrirtækja sem mælt er fyrir um í lögum þessum og lögum nr. 75/2000, um brunavarnir.
3. *Byggingarleyfi:* Skriflegt leyfi byggingarfulltrúa eða Byggingarstofnunar til að byggja, breyta eða rífa hús eða önnur mannvirki eða breyta notkun þeirra. Leyfið felur í sér samþykkt aðal- og séruppdrátta og framkvæmdaáforma og heimild til að hefja framkvæmdir að uppfylltum skilyrðum, sbr. 12. gr.
4. *Byggingarlýsing:* Í byggingarlýsingu er gerð grein fyrir uppbyggingu mannvirkis, helstu byggingarefnum og áferð og hvort mannvirki er búið loftræsingu eða öryggiskerfum. Þar er einnig gerð grein fyrir hvernig mannvirkið uppfyllir ákvæði laga, reglugerða og staðla. Í byggingarlýsingu er greinargerð um notkun eða starfsemi í mannvirkinu, áætlaðan fjölda starfsmanna og mestan fjölda fólks í salarkynnum eftir því sem við á.
5. *Byggingarvara:* Vara sem er framleidd með það fyrir augum að hún verði varanlegur hluti af hvers konar mannvirkjum.
6. *Deiliuppdráttur:* Uppdráttur þar sem gerð er nánari grein fyrir einstökum atriðum sem fram koma á aðal- og séruppdráttum og útfærslu þeirra í smáatriðum.
7. *Eldvarnir:* Allar fyrirbyggjandi aðgerðir sem miða að því að koma í veg fyrir eldsvoða eða hindra útbreiðslu elds.
8. *Evrópskt tæknisamþykki:* Mat á hæfi byggingarvöru til tiltekinna nota, byggt á viðeigandi grunnkröfum. Evrópskt tæknisamþykki tekur til krafna sem gerðar eru til vörunnar, aðferða til að sannprófa og votta samræmi við grunnkröfurnar og upplýsinga um eiginleika vörunnar. Evrópskt tæknisamþykki er gefið út af Evrópusamtökum um tæknisamþykki (EOTA).
9. *Grunnkröfur:* Kröfur sem skilgreindar eru í viðauka við lög þessi.
10. *Mannvirki:* Hvers konar jarðfastar, manngerðar framkvæmdir, svo sem hús og aðrar byggingar eða skýli, virkjanir, dreifi- og flutningskerfi rafveitna, hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta, fráveitumannvirki, göngubrýr í þéttbýli, stór skilti og togbrautarbúnaður til fólksflutninga. Til mannvirkja teljast einnig tímabundnar og lausar byggingar sem ætlaðar eru til svefns eða daglegrar dvalar manna í fjóra mánuði eða lengur á sama stað, svo sem starfsmannabúðir og húsvagnar. Mannvirki á eða í hafi, vötnum og ám sem hafa fasta staðsetningu teljast einnig til mannvirkja samkvæmt lögum þessum.
11. *Markaðssetning:* Hvers konar dreifing eða sala byggingarvöru.
12. *Prófunarstofa:* Faggiltur aðili, sbr. lög nr. 24/2006, um faggildingu o.fl., sem framkvæmir prófun.
13. *Samhæfðir evrópskir staðlar:* Staðlar sem samdir hafa verið með hliðsjón af grunnkröfum og samþykktir af Staðlasamtökum Evrópu (CEN) eða Rafstaðlasamtökum Evrópu (CENELEC) í umboði Evrópusambandsins og EFTA.
14. *Samræmingaraðili:* Hönnuður aðaluppdrátta eða aðili sem eigandi mannvirkis ræður til að bera ábyrgð á samræmingu hönnunargagna, sbr. 4. mgr. 22. gr.
15. *Samræmisvottorð:* Vottorð tilnefnds aðila sem staðfestir samræmi byggingarvöru við tækniákvæði.

16. *Samræmisyfirlýsing:* Yfirlýsing framleiðanda um samræmi byggingarvöru við tækniákvæði.
17. *Samþykkt hönnunargögn:* Hönnunargögn sem samþykkt hafa verið af útgefanda byggingarleyfis.
18. *Séruppdráttur:* Uppdráttur sem sýnir m.a. útfærslu einstakra byggingar- og mannvirkjahluta og tæknibúnaðar, ásamt tilvísunum í staðla um efniskröfur og annað sem þarf til að fullgera mannvirki að utan og innan.
19. *Skipulagsáætlun:* Áætlun sem gerir grein fyrir markmiðum viðkomandi stjórnvalda og ákvörðunum um framtíðarnotkun lands og hvers konar framkvæmdum er stefnt að og sem falla að landnotkun á tilteknu svæði og sem lýsir forsendum þeirra ákvarðana. Skipulagsáætlanir sveitarfélaga skiptast í þrjá flokka: Svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag.
20. *Skoðunarstofa:* Skoðunarstofa sem hefur faggildingu og starfsleyfi samkvæmt ákvæðum laga þessara og laga nr. 24/2006, um faggildingu o.fl., til að annast tiltekin verkefni á sviði byggingareftirlits.
21. *Starfsmannabúðir:* Færanlegt húsnæði sem ætlað er til svefns, matar, daglegrar dvalar, vinnu eða samkomuhalds starfsfólks til skamms tíma í senn vegna atvinnustarfsemi.
22. *Tilnefndur aðili:* Skoðunar-, prófunar- eða vottunarstofa sem stjórnvöld tilnefna til að annast samræmismat á byggingarvörum samkvæmt lögum þessum og hafa tilkynnt til Eftirlitsstofnunar EFTA og framkvæmdastjórnar ESB að sé hæf til að framkvæma samræmismat fyrir byggingarvörur samkvæmt lögum þessum.
23. *Túlkunarskjöl:* Skýringaskjöl þar sem grunnkröfur eru skýrðar ítarlegar. Þau eru til nota við staðlagerð, til að semja viðmiðunarreglur um evrópskt tæknisamþykki eða við mat er leitt getur til viðurkenninga á tækniákvæðum aðildarríkjanna.
24. *Tækniákvæði:* Samheiti yfir samhæfða evrópska staðla og evrópsk tæknisamþykki.

II. KAFLI
Stjórnvöld mannvirkjamála.

4. gr.
Stjórn mannvirkjamála.

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn mannvirkjamála samkvæmt lögum þessum. Ráðherra til aðstoðar er Byggingarstofnun, sbr. 5. gr.

Sveitarstjórn ber ábyrgð á að stjórnsýsla og framkvæmd eftirlits byggingarfulltrúa sé í samræmi við ákvæði laga þessara. Byggingarfulltrúar annast eftirlit með mannvirkjagerð sem fellur undir 1. mgr., sbr. 2. mgr. 8. gr.

5. gr.
Byggingarstofnun.

Ríkið starfrækir stofnun, Byggingarstofnun. Byggingarstofnun hefur eftirlit með framkvæmd laga þessara og laga um brunavarnir. Stofnunin skal tryggja samræmingu á byggingareftirliti og eldvarnaeftirliti og starfsemi slökkviliða um land allt í samráði við viðkomandi stjórnvöld. Önnur helstu verkefni Byggingarstofnunar eru:

1. að annast gerð leiðbeininga, verklagsreglna og skoðunarhandbóka á fagsviði stofnunarinnar í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og aðra hagsmunaaðila,
2. að bera ábyrgð á markaðseftirliti með byggingarvörum,
3. að annast aðgengismál,

4. að hafa eftirlit með framkvæmd laga nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga,
5. að bera ábyrgð á skráningu og eftirliti með lyftum og lyftubúnaði til fólks- og vöruflutninga og togbrautarbúnaði til fólksflutninga,
6. að starfrækja rafrænt gagnasafn um mannvirki og mannvirkjagerð um land allt, sbr. 60. gr.,
7. að annast kynningar og fræðslu fyrir almenning og hagsmunaaðila,
8. að gefa út byggingarleyfi og annast eftirlit með þeim framkvæmdum sem falla undir 3. mgr. 8. gr.,
9. að standa fyrir námskeiðum til réttinda fyrir hönnuði og byggingarstjóra og að gefa út löggildingar fyrir hönnuði, iðnmeistara og slökkviliðsmenn,
10. að bera ábyrgð á starfrækslu Brunamálaskóla fyrir slökkviliðsmenn, þ.m.t. slökkviliðsstjóra og eldvarnaeftirlitsmenn,
11. að gefa út starfsleyfi til handa byggingarstjórum og skoðunarstofum sem starfa samkvæmt lögum þessum og að hafa eftirlit með starfsemi þeirra,
12. að gefa út starfsleyfi til handa þjónustu- og eftirlitsaðilum brunavarna og samþykkja brunavarnaáætlanir sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum laga um brunavarnir,
13. að annast og stuðla að rannsóknum á sviði mannvirkjamála og brunavarna í samvinnu við hagsmunaaðila og annast og stuðla að útgáfu upplýsinga um þau mál,
14. að taka þátt í starfi Staðlaráðs Íslands um gerð íslenskra og evrópskra staðla á sviði mannvirkjamála og tilnefna aðila til þátttöku í starf Evrópusamtaka um tæknisamþykki (EOTA),
15. að eiga samstarf við hliðstæðar stofnanir í nágrannalöndunum og á alþjóðavettvangi,
16. að vera ráðuneytinu og öðrum stjórnvöldum til ráðgjafar um mannvirkjamál og veita umsagnir um ágreiningsmál á því sviði,
17. önnur verkefni sem ráðherra felur stofnuninni sérstaklega.

Byggingarstofnun skal árlega gefa út skýrslu um stöðu og þróun mannvirkjagerðar í landinu.

6. gr.

Forstjóri Byggingarstofnunar og annað starfslið.

Við Byggingarstofnun skal starfa forstjóri skipaður af ráðherra til fimm ára í senn. Forstjóri skal hafa háskólamenntun og þekkingu á verksviði stofnunarinnar.

Forstjóri ber ábyrgð á stjórn, rekstri og starfsskipulagi Byggingarstofnunar gagnvart ráðherra og gerir rekstraráætlanir fyrir hana. Forstjóri ræður annað starfsfólk stofnunarinnar.

7. gr.

Byggingarfulltrúar.

Í hverju sveitarfélagi skal starfa byggingarfulltrúi, ráðinn af sveitarstjórn, sem hefur eftirlit með mannvirkjagerð sem fellur undir 1. mgr., sbr. 2. mgr. 8. gr. Sveitarfélög geta haft samstarf um framkvæmd byggingareftirlits og ráðið sameiginlegan byggingarfulltrúa.

Sveitarstjórn getur falið byggingarfulltrúa að annast einnig skipulagsmál enda uppfylli hann einnig kröfur skipulagslaga um menntun og starfsreynslu skipulagsfulltrúa. Um störf og verksvið skipulagsfulltrúa fer samkvæmt skipulagslögum.

Byggingarfulltrúi skal hafa löggildingu sem hönnuður skv. 24. gr. og skal sveitarstjórn senda Byggingarstofnun tilkynningu um ráðningu hans.

Byggingarfulltrúa eða starfsmönnum hans er óheimilt að vinna nokkurt það starf sem kann að koma til afgreiðslu í umdæmi hans nema með sérstöku samþykki sveitarstjórnar.

III. KAFLI
Byggingarleyfi.

8. gr.
Byggingarleyfisskyldar framkvæmdir.

Óheimilt er að grafa grunn fyrir mannvirki, reisa það, rífa eða flytja, breyta því, burðarkerfi þess eða lagnakerfum, eða breyta notkun þess nema að fengnu leyfi viðkomandi byggingarfulltrúa, sbr. 2. mgr., eða Byggingarstofnunar, sbr. 3. mgr. Sama gildir um nýframkvæmdir við fráveitumannvirki og dreifi- og flutningskerfi hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta og breytingar á slíkum mannvirkjum, enda sé um að ræða meiri háttar breytingar á hönnunarforsendum eða staðsetningu slíkra mannvirkja. Ráðherra getur í reglugerð kveðið á um að minni háttar mannvirkjagerð eða smávægilegar breytingar á mannvirkjum skuli undanþiggja byggingarleyfi. Undanþegin byggingarleyfi eru dreifi- og flutningskerfi rafveitna.

Byggingarfulltrúi í viðkomandi sveitarfélagi veitir byggingarleyfi vegna hvers konar mannvirkjagerðar sem háð er byggingarleyfi skv. 1. mgr. og ekki er háð byggingarleyfi Byggingarstofnunar skv. 3. mgr.

Byggingarstofnun veitir byggingarleyfi vegna framkvæmda við eftirtalin mannvirki:

a. Virkjanir og önnur þau mannvirki sem reist eru í tengslum við slíkar framkvæmdir.
b. Fráveitumannvirki og dreifi- og flutningskerfi hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta sem liggja innan fleiri en eins sveitarfélags.
c. Mannvirki á hafi utan sveitarfélagamarka.
d. Mannvirki á flugvallarsvæði Keflavíkurflugvallar.
e. Mannvirki á varnarsvæðum utan Keflavíkurflugvallar og á öryggissvæði, sbr. 61. gr.

Leiki vafi á því hvort mannvirki sé háð byggingarleyfi eða hvort það falli undir 2. eða 3. mgr. skal leita niðurstöðu úrskurðarnefndar, sbr. 58. gr. Niðurstaða nefndarinnar skal liggja fyrir innan eins mánaðar frá því að slíkt erindi berst.

Varði breyting á mannvirki einungis útlit og form skal leita eftir samþykki sveitarstjórnar í samræmi við ákvæði skipulagslaga.

9. gr.
Umsókn um byggingarleyfi.

Umsókn um byggingarleyfi skal send hlutaðeigandi byggingarfulltrúa eða eftir atvikum Byggingarstofnun ásamt hönnunargögnum og öðrum nauðsynlegum gögnum, þ.m.t. tilkynningu um hver verði samræmingaraðili mannvirkisins og samþykki meðeigenda samkvæmt ákvæðum laga um fjöleignarhús, nr. 26/1994.

Með umsókn til Byggingarstofnunar vegna mannvirkja sem falla undir 3. mgr. 8. gr. skal fylgja staðfesting skipulagsfulltrúa viðkomandi sveitarfélags á því að fyrirhuguð framkvæmd sé í samræmi við skipulagsáætlanir á svæðinu. Leita skal umsagnar skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar vegna mannvirkja sem falla undir d-lið 3. mgr. 8. gr. Ef mannvirki er háð byggingarleyfi byggingarfulltrúa skal hann leita umsagnar skipulagsfulltrúa leiki vafi á að framkvæmd samræmist skipulagsáætlunum sveitarfélagsins.

Í reglugerð skal kveðið nánar á um hvaða gögn skuli fylgja byggingarleyfisumsókn og hvernig frá umsókn, uppdráttum og öðrum gögnum skuli gengið.

10. gr.

Samþykkt byggingaráforma.

Ef mannvirki fellur undir 3. mgr. 8. gr. fer byggingarfulltrúi eða Byggingarstofnun yfir byggingarleyfisumsókn og gengur úr skugga um að aðaluppdrættir uppfylli ákvæði laga þessara og reglugerða sem settar hafa verið á grundvelli þeirra og að tilkynnt hafi verið um samræmingaraðila mannvirkisins. Tilkynnir byggingarfulltrúi eða eftir atvikum Byggingarstofnun umsækjanda skriflega um samþykkt byggingaráforma hans, enda sé fyrirhuguð mannvirkjagerð í samræmi við skipulagsáætlanir á viðkomandi svæði. Tilkynning samkvæmt þessari grein veitir umsækjanda ekki heimild til að hefja byggingarframkvæmdir.

11. gr.

Sérstakar kröfur.

Útgefanda byggingarleyfis er heimilt að krefjast prófunar, vottunar eða skoðunar á mannvirki, hlutum þess eða tæknibúnaði á kostnað umsækjanda ef rökstuddur grunur er um að það uppfylli ekki kröfur laga þessara og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim. Standist mannvirkið ekki prófun, vottun eða skoðun skal útgefandi byggingarleyfis gefa byggjanda ákveðinn frest til að gera nauðsynlegar úrbætur. Að öðrum kosti getur hann gripið til viðeigandi þvingunarúrræða eða látið bæta úr því sem áfátt er á kostnað eiganda.

Þegar sérstaklega stendur á getur leyfisveitandi við útgáfu byggingarleyfis sett skilyrði um að prófun, vottun eða skoðun skuli framkvæmd á kostnað umsækjanda eftir að mannvirki er tekið í notkun til að tryggja að uppfyllt séu ákvæði laga þessara og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim og viðeigandi aðgerðir til úrbóta.

Prófanir, skoðanir og vottanir skv. 1. og 2. mgr. skulu framkvæmdar í samræmi við viðeigandi staðla af aðila sem viðurkenndur er af Byggingarstofnun. Heimilt er útgefanda byggingarleyfis að krefjast þess að þær skuli framkvæmdar af faggiltum aðila, sbr. lög um faggildingu o.fl., nr. 24/2006. Í þeim tilfellum þegar staðlaðar prófunarlýsingar eru ekki til skal prófunaraðili leggja fram skriflega lýsingu á framkvæmd prófsins ásamt rökstuðningi fyrir réttmæti prófunaraðferðar.

12. gr.

Útgáfa byggingarleyfis.

Skilyrði fyrir útgáfu byggingarleyfis eru eftirfarandi:

1. Mannvirkið og notkun þess samræmast skipulagsáætlunum á svæðinu.
2. Aðal- og séruppdrættir hafa verið yfirfarnir og leyfisveitandi hefur áritað þá til staðfestingar á samþykki.
3. Byggingarleyfisgjöld og önnur tilskilin gjöld hafa verið greidd, svo sem gatnagerðargjald samkvæmt ákvæðum laga um gatnagerðargjald og bílastæðagjald eða gjald fyrir skipulagsvinnu samkvæmt ákvæðum skipulagslaga, eða samið um greiðslu þeirra.
4. Byggingarstjóri hefur undirritað yfirlýsingu um ábyrgð sína og afhent leyfisveitanda undirritaða ábyrgðaryfirlýsingu þeirra iðnmeistara sem ábyrgð munu bera á einstökum verkþáttum, sbr. þó 3. mgr.
5. Skráð hefur verið í gagnasafn Byggingarstofnunar að viðkomandi byggingarstjóri og iðnmeistarar hafi gæðastjórnunarkerfi í samræmi við ákvæði laga þessara, sbr. þó 3. mgr.

Leyfisveitandi getur, þegar sérstaklega stendur á, veitt skriflegt leyfi til einstakra þátta byggingarframkvæmda og takmarkast leyfið þá hverju sinni við samþykkt hönnunargögn. Heimilt er að veita umsækjanda leyfi til að kanna jarðveg á framkvæmdasvæði án þess að byggingarleyfi hafi verið gefið út.

Byggingarleyfi vegna fráveitumannvirkja og dreifi- og flutningskerfa hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta skulu gefin út fyrir viðkomandi mannvirki eins og þau eru afmörkuð í umsókn um byggingarleyfi, enda uppfylli hönnunargögn skilyrði laga þessara og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim. Getur byggingarleyfi fyrir slíkum mannvirkjum náð til afmarkaðs svæðis, svo sem nýbyggingarhverfis.

Óheimilt er að gefa út byggingarleyfi fyrir mannvirki sem fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum fyrr en álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir eða ákvörðun stofnunarinnar um að framkvæmd sé ekki matsskyld.

13. gr.

Gildistími byggingarleyfis.

Byggingarleyfi fellur úr gildi hafi byggingarframkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá útgáfu þess. Í reglugerð skal kveða nánar á um hvenær talið er að byggingarframkvæmdir séu hafnar.

Nú stöðvast byggingarframkvæmdir í eitt ár eða lengur og getur leyfisveitandi þá að undangenginni aðvörun fellt byggingarleyfið úr gildi.

Hafi byggingarframkvæmdir stöðvast í tvö ár hið skemmsta getur leyfisveitandi tekið ófullgerðar byggingarframkvæmdir eignarnámi samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms.

Leyfisveitandi getur að undangenginni aðvörun fellt byggingarleyfi úr gildi ef eigandi mannvirkisins eða aðrir þeir aðilar sem bera ábyrgð á byggingarframkvæmdum samkvæmt lögum þessum sinna ekki fyrirmælum eftirlitsaðila við byggingareftirlit eða gerast sekir um alvarleg eða ítrekuð brot gegn lögunum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Ítarlegri ákvæði um byggingarhraða sem sett eru af sveitarfélagi á grundvelli skipulagslaga gilda framar ákvæðum 1. og 2. mgr.

Ákvæði þessarar greinar ná ekki til mannvirkja sem falla undir 3. mgr. 12. gr.

IV. KAFLI

Ábyrgð eiganda mannvirkis og framkvæmd byggingareftirlits.

14. gr.

Ábyrgð eiganda mannvirkis.

Eigandi ber ábyrgð á því að við hönnun, byggingu og rekstur mannvirkis sé farið að kröfum laga þessara og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra.

Eigandi skal hafa virkt innra eftirlit með því að þeir aðilar sem hann ræður til að hanna, byggja og reka mannvirkið fari eftir ákvæðum laga þessara og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra. Samræmingaraðili framkvæmir innra eftirlit eiganda við hönnun mannvirkis, sbr. 4. mgr. 22. gr. Byggingarstjóri mannvirkis framkvæmir innra eftirlit eiganda frá því að byggingarleyfi er gefið út og þar til lokaúttekt hefur farið fram. Samræmingaraðili og byggingarstjóri skulu gera eiganda grein fyrir framkvæmd innra eftirlits samkvæmt því sem nánar er kveðið á um í reglugerð og samningi við eiganda.

Eigandi ber ábyrgð á að fram fari lögboðið eftirlit með byggingu mannvirkisins í samræmi við ákvæði laga þessara.

Eftirtaldir aðilar teljast eigendur samkvæmt þessari grein:

a. Lóðarhafi óbyggðrar lóðar.
b. Umsækjandi um byggingarleyfi.
c. Byggingarleyfishafi.

d. Eigandi mannvirkis í byggingu. Sé mannvirki selt í heild eða að hluta áður en lokaúttekt fer fram ber fyrri eigandi ábyrgð skv. 1. mgr. ásamt nýjum eiganda nema um annað sé samið í skriflegum samningi milli þeirra. Skal þá koma skýrt fram að nýr eigandi gangi inn í samning fyrri eiganda við byggingarstjóra mannvirkisins eða nýr byggingarstjóri sé ráðinn fyrir mannvirkið í heild.
e. Eigandi mannvirkis eftir að lokaúttekt hefur farið fram.

15. gr.

Hlutverk útgefanda byggingarleyfis.

Útgefandi byggingarleyfis hefur eftirlit með því að hönnun mannvirkis sé í samræmi við ákvæði laga þessara og reglugerða sem sett eru samkvæmt þeim og að byggt sé í samræmi við samþykkt hönnunargögn, lög og reglugerðir sem um mannvirkjagerðina gilda.

Útgefandi byggingarleyfis annast úttektir í samræmi við ákvæði skoðunarhandbóka og gefur út viðeigandi vottorð, sbr. 3. mgr., á grundvelli niðurstöðu skoðunarstofu eða eigin skoðana. Hann hefur eftirlit með að úttektir sem skoðunarstofur annast fari fram og beitir þvingunarúrræðum í samræmi við ákvæði laga þessara ef fyrirmælum um úrbætur er ekki sinnt eða vanrækt er að láta lögbundna úttekt fara fram.

Útgefandi byggingarleyfis gefur út vottorð um eftirfarandi úttektir, eftir atvikum á grundvelli skoðunarskýrslu skoðunarstofu eða eigin skoðunar:

1. Öryggisúttekt.
2. Lokaúttekt.
3. Við lok niðurrifs mannvirkis.

Útgefandi byggingarleyfis skal sjá um að hönnunargögn, eftirlitsskýrslur, gátlistar, úttektarvottorð og önnur gögn sem ákvarðanir hans eru byggðar á séu færð í gagnasafn Byggingarstofnunar.

16. gr.

Framkvæmd eftirlits með mannvirkjum.

Eftirlit með mannvirkjum skal framkvæmt í samræmi við ákvæði skoðunarhandbóka sem Byggingarstofnun býr til á grundvelli ákvæða laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim. Í skoðunarhandbókinni skulu m.a. vera ákvæði um framkvæmd úttekta, eftirlitsaðferðir, skoðunaráætlanir og mismunandi eftirlitsstörf.

Komi upp ágreiningur um túlkun skoðunarhandbókar skv. 1. mgr. varðandi tæknileg atriði og framkvæmd eftirlits á grundvelli hennar skal leita álits Byggingarstofnunar. Ef ágreiningur snýst um eftirlit Byggingarstofnunar skal leita álits ráðherra. Byggingarstofnun getur að eigin frumkvæði gefið út álit um framkvæmd tæknilegs eftirlits vegna tiltekinnar mannvirkjagerðar eða vegna mannvirkjagerðar almennt. Álit Byggingarstofnunar og eftir atvikum ráðherra er bindandi fyrir alla aðila máls og sætir ekki endurskoðun úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála.

Hafi hönnunargögn verið yfirfarin eða úttektir framkvæmdar af skoðunarstofu takmarkast yfirferð útgefanda byggingarleyfis við framlagða skoðunarskýrslu. Sama gildir ef skoðunarstofa annast aðra þætti byggingareftirlits.

Byggingarfulltrúi getur ávallt ákveðið að leitað skuli umsagnar annarra eftirlitsaðila, svo sem slökkviliðs eða heilbrigðiseftirlits, við yfirferð aðaluppdrátta, óháð því hvort eftirlit er framkvæmt af byggingarfulltrúa eða skoðunarstofu.

Hafi hönnuðir, byggingarstjórar eða iðnmeistarar ekki hlotið vottun faggiltrar vottunarstofu á gæðastjórnunarkerfum sínum skal Byggingarstofnun gera úttektir á gerð og virkni gæðastjórnunarkerfa þessara aðila. Byggingarstofnun er heimilt að fela faggiltri vottunarstofu framkvæmd úttekta af þessu tagi. Uppfylli gæðastjórnunarkerfi ekki ákvæði laga þessara eða reglugerða settra samkvæmt þeim skal gefa viðkomandi hönnuði, byggingarstjóra eða iðnmeistara kost á að bæta úr nema um alvarlegt brot sé að ræða. Um alvarleg og ítrekuð brot fer samkvæmt ákvæðum 56. gr.

17. gr.

Hlutverk Byggingarstofnunar við eftirlit byggingarfulltrúa.

Byggingarstofnun getur tekið til athugunar að eigin frumkvæði eða samkvæmt ábendingu hvort afgreiðsla byggingarfulltrúa hafi farið í bága við lög. Skal Byggingarstofnun kalla eftir skýringum frá byggingarfulltrúa og viðkomandi sveitarstjórn nema málið sé að fullu upplýst. Byggingarstofnun skal þó ekki hlutast til um mál sem þegar eru til meðferðar hjá úrskurðarnefnd skv. 58. gr.

Verði niðurstaða athugunar Byggingarstofnunar sú að brotin séu ákvæði laga þessara eða reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim og byggingarfulltrúi geri ekki fullnægjandi ráðstafanir til úrbóta skal Byggingarstofnun gera byggingarfulltrúa og viðkomandi sveitarstjórn aðvart og krefjast þess að úr sé bætt. Byggingarstofnun er heimilt, ef ekki er úr bætt, að beita sömu réttar- og þvingunarúrræðum gagnvart eiganda mannvirkis og byggingarfulltrúi, þar á meðal að gefa út eða fella úr gildi byggingarleyfi eða gefa út viðeigandi vottorð.

Þegar meðferð Byggingarstofnunar skv. 1. mgr. er lokið skal eftirlit með mannvirkjagerðinni og önnur stjórnsýsla málsins vera í höndum viðkomandi byggingarfulltrúa. Byggingarstofnun skal tilkynna það byggingarfulltrúa með formlegum hætti þegar afskiptum stofnunarinnar af máli er lokið.

18. gr.

Faggilding Byggingarstofnunar og byggingarfulltrúa sveitarfélaganna.

Byggingarstofnun og byggingarfulltrúar skulu hafa faggildingu til að yfirfara hönnunargögn og framkvæma úttektir nema sá þáttur eftirlitsins hafi verið falinn skoðunarstofu, sbr. 19. gr. Um faggildingu fer samkvæmt lögum nr. 24/2006, um faggildingu o.fl.

19. gr.

Faggiltar skoðunarstofur.

Sveitarstjórn og Byggingarstofnun er heimilt að ákveða að tilteknir þættir eftirlits þeirra með mannvirkjum skuli framkvæmdir af skoðunarstofum sem hafa til þess starfsleyfi Byggingarstofnunar. Beiting réttar- og þvingunarúrræða samkvæmt lögum þessum skal þó ávallt vera í höndum leyfisveitanda. Sé hönnun mannvirkis sérstaklega vandasöm getur byggingarfulltrúi við meðferð byggingarleyfisumsóknar, ákveðið að eftirlit með viðkomandi framkvæmd skuli í heild eða að hluta framkvæmt af faggiltri skoðunarstofu.

Ákveði sveitarstjórn, byggingarfulltrúi eða Byggingarstofnun að eftirlit skuli framkvæmt af skoðunarstofu, sbr. 1. mgr., skal eigandi mannvirkisins annast ráðningu slíkrar skoðunarstofu og greiða kostnað af framkvæmd eftirlitsins, enda hafi skoðunarstofan starfsleyfi skv. 3. mgr. Byggingarfulltrúa og Byggingarstofnun er í slíkum tilvikum einungis heimilt að taka gjald sem nemur kostnaði af framkvæmd þeirra þátta eftirlitsins sem þau annast.

Byggingarstofnun gefur út starfsleyfi til rekstrar skoðunarstofa skv. 1. mgr. Starfsleyfi skal gefið út til tiltekins tíma, mest til fimm ára í senn. Skilyrði fyrir útgáfu starfsleyfis er að

skoðunarstofa hafi hlotið faggildingu og skoðunarmenn hennar og tæknilegur stjórnandi uppfylli viðeigandi skilyrði 20. gr. Í starfsleyfi skal tilgreina þá þætti eftirlits sem skoðunarstofu er heimilt að taka að sér. Um faggildingu fer samkvæmt lögum nr. 24/2006, um faggildingu o.fl.

Byggingarstofnun getur svipt skoðunarstofu starfsleyfi ef hún uppfyllir ekki lengur skilyrði fyrir leyfisveitingu. Sama á við ef skoðunarstofa hlítir ekki fyrirmælum Byggingarstofnunar, vanrækir hlutverk sitt og skyldur eða sýnir af sér ítrekaða óvarkárni í starfi. Starfsleyfi fellur sjálfkrafa niður verði skoðunarstofa svipt faggildingu sinni.

20. gr.

Hæfi skoðunarmanna.

Skoðunarmenn byggingarfulltrúa, Byggingarstofnunar eða skoðunarstofa skulu uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a. Skoðunarmaður I: Iðnmeistarar með löggildingu Byggingarstofnunar og a.m.k. tveggja ára reynslu sem slíkir af störfum við byggingarframkvæmdir eða byggingareftirlit sem viðurkennd er af Byggingarstofnun. Verkfræðingar, tæknifræðingar, arkitektar og byggingarfræðingar með a.m.k. tveggja ára reynslu sem slíkir af störfum við byggingarframkvæmdir eða byggingareftirlit sem viðurkennd er af Byggingarstofnun.
b. Skoðunarmaður II: Verkfræðingar, tæknifræðingar, arkitektar og byggingarfræðingar með löggildingu Byggingarstofnunar sem hönnuðir aðal- eða séruppdrátta og a.m.k. þriggja ára reynslu sem löggiltir hönnuðir af störfum við byggingarframkvæmdir, hönnun mannvirkja, byggingareftirliti eða verkstjórn við byggingarframkvæmdir.
c. Skoðunarmaður III: Verkfræðingar og tæknifræðingar með löggildingu Byggingarstofnunar á sviði viðkomandi mannvirkjagerðar og að lágmarki sjö ára starfsreynslu sem löggiltir hönnuðir af verk- og byggingarstjórn við mannvirkjagerð, byggingareftirlit eða hönnun.

Ráðherra ákveður með reglugerð hvaða þætti eftirlits skoðunarmönnum I–III er heimilt að sinna eftir gerð og umfangi mannvirkis og eftir því hvort um er að ræða yfirferð hönnunargagna eða framkvæmd úttekta.

V. KAFLI

Hönnun mannvirkja.

21. gr.

Hönnunargögn.

Mannvirki skulu hönnuð á faglega fullnægjandi hátt í samræmi við viðurkenndar venjur, staðla og ákvæði laga og reglugerða um mannvirki og mannvirkjagerð.

Hönnunargögn mannvirkja sem heyra undir lög þessi greinast í uppdrætti og fylgiskjöl. Uppdrættir greinast í aðaluppdrætti, séruppdrætti og deiliuppdrætti. Til fylgiskjala heyra m.a. byggingarlýsingar, greinargerðir, forsendur og útreikningar.

22. gr.

Ábyrgð hönnuða.

Aðal- og séruppdrættir skulu vera gerðir af hönnuðum sem hafa fengið löggildingu, sbr. 24. og 25. gr.

Hönnuðir bera ábyrgð á því gagnvart eiganda mannvirkis að hönnun þeirra sé faglega unnin og mannvirkið standist þær kröfur sem til þess eru gerðar í lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim enda hafi verið fylgt að fullu uppdráttum hönnuðar, verklýsingu,

skriflegum fyrirmælum og viðurkenndum starfsvenjum. Hönnuðir skulu árita uppdrætti sína eigin hendi og þannig staðfesta ábyrgð sína.

Hönnuður séruppdrátta ber ábyrgð á því að hönnun hans samræmist aðaluppdráttum.

Eigandi mannvirkis skal við umsókn um byggingarleyfi tilnefna samræmingaraðila til að hafa yfirumsjón með hönnun mannvirkisins og ber sá aðili ábyrgð á því að samræming hönnunargagna fari fram. Samræmingaraðili skal vera löggiltur hönnuður. Samræmingaraðili skal árita séruppdrætti til staðfestingar á því að samræming hafi farið fram áður en þeir eru samþykktir af leyfisveitanda. Samræmingaraðili skal áður en byggingarleyfi er gefið út leggja fram yfirlit um innra eftirlit við framkvæmd hönnunar. Uppfært yfirlit um innra eftirlit skal lagt fram við lok hönnunar mannvirkisins.

Skaðabótaábyrgð hönnuðar fyrnist samkvæmt ákvæðum laga um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda.

23. gr.

Gæðastjórnunarkerfi hönnuða og samræmingaraðila.

Hönnuðir og samræmingaraðilar skulu hafa gæðastjórnunarkerfi í samræmi við nánari fyrirmæli í reglugerð. Hönnuður skal í upphafi hvers byggingarleyfisskylds verks skilgreina það innan síns gæðastjórnunarkerfis. Gæðastjórnunarkerfi hönnuðar skal a.m.k. fela í sér staðfestingu á hæfni hönnuðar, endurmenntun hans, skráningu á ákvörðunum varðandi einstakar framkvæmdir, gátlista um samræmi hönnunargagna við reglur og staðla, skrá um samþykkt hönnunargögn, þ.m.t. allar breytingar á hönnunargögnum sem gerðar eru á framkvæmdatíma og samþykktar eru af byggingaryfirvöldum, skrá um samskipti og leiðbeiningar byggingaryfirvalda og eftirlitsaðila, skrá yfir athugasemdir byggingarstjóra, samræmingaraðila, eftirlitsaðila og byggingaryfirvalda vegna hönnunargagna. Gæðastjórnunarkerfi samræmingaraðila skal að auki innihalda lýsingu á og skrá um innra eftirlit samræmingaraðila á hönnunarstigi. Gæðastjórnunarkerfi ÍST EN ISO 9000 uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru til gæðastjórnunarkerfis samkvæmt þessari grein. Hönnuðir og samræmingaraðilar skulu tilkynna Byggingarstofnun um gæðastjórnunarkerfi sitt til skráningar í gagnasafn stofnunarinnar.

24. gr.

Löggilding hönnuða.

Rétt til að leggja fram uppdrætti vegna byggingarleyfis hafa þeir sem til þess hafa hlotið löggildingu Byggingarstofnunar. Löggildingin skiptist í eftirfarandi svið:

a. Arkitektar og byggingarfræðingar geta fengið löggildingu til að gera aðaluppdrætti, uppdrætti að skipulagi lóða og tilheyrandi deiliuppdrætti.
b. Verkfræðingar og tæknifræðingar með viðkomandi sérmenntun geta fengið löggildingu til að hanna og gera séruppdrætti að burðarvirkjum, boðveitum, rafkerfum og raflögnum í mannvirkjum, vatns-, hita- og fráveitukerfum, loftræsikerfum og lýsingarkerfum.
c. Byggingarverkfræðingar og byggingartæknifræðingar geta fengið löggildingu til að gera aðaluppdrætti og tilheyrandi deiliuppdrætti, enda hafi þeir öðlast a.m.k. fimm ára starfsreynslu hjá löggiltum aðila á því sviði.
d. Innanhússarkitektar og landslagsarkitektar (landslagshönnuðir) geta fengið löggildingu sem hönnuðir séruppdrátta, hver á sínu sviði.
e. Rafiðnfræðingar geta fengið löggildingu sem hönnuðir séruppdrátta á sínu sviði. Ráðherra setur stærðartakmarkanir veitna í reglugerð.

Listi yfir löggilta hönnuði skal varðveittur í gagnasafni Byggingarstofnunar.

25. gr.

Skilyrði fyrir löggildingu hönnuða.

Skilyrði fyrir löggildingu skv. 24. gr. eru eftirfarandi:

a. Að umsækjandi hafi hlotið heimild iðnaðarráðherra til starfsheitisins samkvæmt lögum um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, nr. 8/1996.
b. Að umsækjandi hafi staðist próf sem Byggingarstofnun stendur fyrir að undangengnu námskeiði um gildandi lög og reglur á sviði mannvirkjagerðar. Jafnframt skal á námskeiðinu fjallað um séríslenskar aðstæður sem taka þarf tillit til við hönnun.
c. Að umsækjandi hafi sérhæft sig á viðkomandi löggildingarsviði og öðlast starfsreynslu hjá löggiltum aðila á sviðinu. Starfsreynslutíminn skal ekki vera skemmri en þrjú ár, þar af minnst eitt ár við mannvirkjagerð á Íslandi. Í vottorði um starfsreynslu skal gerð grein fyrir þeim verkefnum sem umsækjandi hefur unnið að á starfsreynslutímanum. Starfsreynslutíma skal lokið áður en námskeið og próf skv. b-lið eru sótt.

Ráðherra ákveður gjald sem umsækjendur greiða fyrir að þreyta próf skv. b-lið 1. mgr. Skal fjárhæðin taka mið af kostnaði af námskeiðum og framkvæmd prófs. Byggingarstofnun er heimilt að fela öðrum framkvæmd námskeiða og prófa fyrir hönd stofnunarinnar.

VI. KAFLI

Byggingarstjórar og iðnmeistarar.

26. gr.

Byggingarstjórar.

Við stjórn byggingarframkvæmda hvers leyfisskylds mannvirkis skal á hverjum tíma vera einn byggingarstjóri. Óheimilt er að veita byggingarleyfi fyrir framkvæmd nema ráðinn hafi verið byggingarstjóri sem uppfyllir hæfniskröfur 27. gr.

Byggingarstjóri er faglegur fulltrúi eiganda við mannvirkjagerð og starfar í umboði hans samkvæmt skriflegum ráðningar- eða verksamningi við eiganda. Byggingarstjóri skal gæta réttmætra hagsmuna eiganda gagnvart byggingaryfirvöldum, hönnuðum, iðnmeisturum og öðrum sem að mannvirkjagerðinni koma. Um umboð byggingarstjóra, verksvið og ábyrgð fer eftir ákvæðum laga þessara, reglugerðar og samningi við eiganda.

Byggingarstjóra er ekki heimilt að taka að sér ábyrgð á hönnun eða einstökum verkþáttum mannvirkjagerðar sem hann fer með byggingarstjórn á. Sé um að ræða minni háttar mannvirkjagerð til eigin nota, svo sem byggingu frístundahúss, bílskúrs eða viðbyggingu við íbúðarhús, getur eigandi þó falið einum af iðnmeisturum eða hönnuðum mannvirkisins byggingarstjórn þess enda hafi sá aðili starfsleyfi Byggingarstofnunar skv. 27. gr.

Heimildir byggingarstjóra takmarkast af gerð mannvirkis og umfangi framkvæmda svo sem hér segir:

1. Nýbygging einfalds atvinnuhúsnæðis, íbúðarhúsa, frístundahúsa og minni háttar mannvirkja auk breytinga, endurbyggingar eða niðurrifs á slíkum mannvirkjum.
2. Vatnsaflsvirkjanir, jarðvarmavirkjanir og önnur orkuver, olíuhreinsunarstöðvar og vatnsstíflur sem falla undir 1. viðauka laga nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum.
3. Önnur mannvirki en falla undir 1. og 2. tölul.

Ráðherra birtir í reglugerð nánari tilgreiningu mannvirkja skv. 3. og 4. mgr.

27. gr.

Starfsleyfi byggingarstjóra.

Byggingarstjóri skal hafa starfsleyfi Byggingarstofnunar. Skilyrði fyrir útgáfu starfsleyfis er að umsækjandi uppfylli viðeigandi hæfniskröfur 2.–4. mgr., hafi sótt sérstakt námskeið sem Byggingarstofnun stendur fyrir og hafi gæðastjórnunarkerfi samkvæmt nánari fyrirmælum í reglugerð, sbr. 30. gr. Starfsleyfi byggingarstjóra skal gefið út til tiltekins tíma, mest til 10 ára í senn. Missi byggingarstjóri starfsleyfi er honum óheimilt að fara með umsjón framkvæmda og skal hann þegar segja sig frá framkvæmd verks með skriflegri tilkynningu til eiganda og leyfisveitanda. Byggingarstofnun ber að upplýsa leyfisveitendur um niðurfellingu starfsleyfis byggingarstjóra.

Húsasmíðameistarar, múrarameistarar, pípulagningameistarar, blikksmíðameistarar, rafvirkjameistarar og byggingariðnfræðingar geta öðlast starfsleyfi til þess að hafa umsjón með framkvæmdum, sem falla undir 1. tölul. 4. mgr. 26. gr. Skulu þeir hafa hlotið löggildingu Byggingarstofnunar og hafa a.m.k. tveggja ára reynslu sem slíkir af störfum við byggingarframkvæmdir eða byggingareftirlit sem viðurkennd er af stofnuninni. Byggingarstjórar sem falla undir þessa málsgrein og hafa starfað við byggingarstjórn í þrjú ár og hafa allan þann tíma haft fullnægjandi gæðastjórnunarkerfi sem slíkir í samræmi við ákvæði laga þessara geta einnig öðlast starfsleyfi til að hafa umsjón með framkvæmdum sem falla undir 3. tölul. 4. mgr. 26. gr.

Verkfræðingar, tæknifræðingar, arkitektar og byggingarfræðingar geta öðlast starfsleyfi til þess að hafa umsjón með framkvæmdum, sem falla undir 1. og 3. tölul. 4. mgr. 26. gr. Skulu þeir hafa a.m.k. fimm ára reynslu sem slíkir af störfum við byggingarframkvæmdir, hönnun bygginga, byggingareftirliti eða verkstjórn við byggingarframkvæmdir.

Verkfræðingar og tæknifræðingar með löggildingu Byggingarstofnunar á sviði viðkomandi mannvirkjagerðar og að lágmarki tíu ára starfsreynslu af verkstjórn við mannvirkjagerð, byggingareftirliti eða hönnun geta öðlast starfsleyfi til þess að hafa umsjón með framkvæmdum, sem falla undir 1.–3. tölul. 4. mgr. 26. gr. Þar af skulu þeir hafa a.m.k. þriggja ára starfsreynslu af stjórnun eða eftirliti við mannvirkjagerð.

Fyrirtæki og stofnanir geta í eigin nafni borið ábyrgð sem byggingarstjórar við mannvirkjagerð enda starfi þar aðili við byggingarstjórn sem hefur starfsleyfi til að annast umsjón með þeirri gerð mannvirkis, sbr. 4. mgr. 26. gr.

Byggingarstofnun heldur skrá um byggingarstjóra með starfsleyfi samkvæmt þessari grein og skal hún varðveitt í gagnasafni stofnunarinnar.

28. gr.

Ábyrgð og verksvið byggingarstjóra.

Byggingarstjóri ræður iðnmeistara í upphafi verks með samþykki eiganda eða samþykkir ráðningu þeirra. Samsvarandi gildir um uppsögn iðnmeistara. Byggingarstjóri skal gera skriflegan samning við iðnmeistara sem hann ræður í umboði eiganda. Í samningi skal m.a. koma fram á hvaða verkþáttum iðnmeistari ber ábyrgð.

Byggingarstjóri skal í umboði eiganda annast samskipti við leyfisveitendur, eftirlitsaðila mannvirkis, hönnuði og iðnmeistara, auk annarra sem að framkvæmd verksins koma. Skal hann sjá um að aflað sé nauðsynlegra heimilda vegna framkvæmdarinnar, eftir því sem lög og reglugerðir mæla fyrir.

Byggingarstjóri fer yfir hönnunargögn með iðnmeisturum mannvirkis vegna heildarskipulags og samræmingar á mismunandi verkþáttum. Leiki vafi á túlkun hönnunargagna skal byggingarstjóri skera úr, eftir atvikum í samráði við hönnuði og skrá niðurstöður í gæða-

stjórnunarkerfi sitt. Falli mannvirki undir 2. eða 3. tölul. 4. mgr. 26. gr. skal byggingarstjóri sjá til þess að skipulagðir samráðsfundir séu haldnir með eiganda og hönnuðum og skrá efni þeirra í gæðastjórnunarkerfi sitt.

Byggingarstjóri hefur yfirumsjón með því að aflað sé samþykktar leyfisveitanda á breytingum sem gerðar eru á hönnun eða gerð mannvirkis í byggingu og að ávallt sé framkvæmt í samræmi við nýjustu útgáfu samþykktra hönnunargagna.

Byggingarstjóri skal hafa virkt eftirlit með því að þeir aðilar sem koma að byggingu mannvirkis fylgi samþykktum hönnunargögnum, verklýsingum og ákvæðum laga þessara og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra. Verði byggingarstjóri við framkvæmd eftirlits var við ágalla á verki iðnmeistara eða hönnuðar skal hann gera viðkomandi aðila aðvart og krefjast þess að úr sé bætt innan hæfilegs tíma. Athugasemdir byggingarstjóra skulu skráðar á viðeigandi hátt í gæðastjórnunarkerfi hans og annarra hlutaðeigandi aðila. Sé athugasemdum byggingarstjóra ekki sinnt eða um ítrekaða vanrækslu að ræða skal hann tilkynna það eiganda. Komi verulegir ágallar á mannvirki í ljós við úttekt, við lok verkhluta eða framkvæmda, eða eftir að mannvirki er tekið í notkun, sem ekki hefur verið bætt úr og rekja má til stórfelldrar vanrækslu á verksviði einstakra iðnmeistara eða hönnuða, ber byggingarstjóri meðábyrgð á ágöllunum gagnvart eiganda, enda hefðu ágallarnir ekki átt að dyljast byggingarstjóra við framkvæmd eftirlits skv. 1. málsl. þessarar málsgreinar.

Byggingarstjóri skal gera eftirlitsaðila viðvart um lok úttektarskyldra verkþátta og vera viðstaddur úttektir. Hann skal jafnframt tilkynna viðeigandi iðnmeisturum og hönnuðum með sannanlegum hætti um úttektir nema samningur þeirra á milli kveði á um annað.

Hljóti eigandi eða annar þriðji maður tjón af völdum gáleysis í starfi byggingarstjóra ber hann skaðabótaábyrgð á því samkvæmt almennum reglum. Byggingarstjóri ber ekki ábyrgð á faglegri framkvæmd verkþátta á ábyrgð einstakra iðnmeistara eða hönnuða né því að iðnmeistarar og aðrir sem að framkvæmd verks koma uppfylli skyldur sínar samkvæmt verk- eða kaupsamningi.

Skaðabótaábyrgð byggingarstjóra fyrnist samkvæmt ákvæðum laga um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda.

29. gr.

Byggingarstjóraskipti.

Hætti byggingarstjóri umsjón með framkvæmdum áður en lokaúttekt fer fram skal hann tilkynna það á sannanlegan hátt til útgefanda byggingarleyfis. Fellur ábyrgð byggingarstjóra á verkinu niður vegna verkþátta sem ólokið er við móttöku leyfisveitanda á slíkri tilkynningu. Eiganda er skylt að sjá til þess að framkvæmdir séu stöðvaðar þar til nýr byggingarstjóri hefur undirritað ábyrgðaryfirlýsingu og útgefandi byggingarleyfis hefur staðfest að hann uppfylli skilyrði 26. og 27. gr. Leyfisveitandi skal án ástæðulauss dráttar frá móttöku tilkynningar samkvæmt þessu ákvæði gera úttekt á stöðu framkvæmda og skal úttekt undirrituð bæði af fráfarandi byggingarstjóra og hinum nýja.

Verði útgefandi byggingarleyfis þess var að byggingarframkvæmdum er fram haldið án byggingarstjóra skal hann tafarlaust stöðva framkvæmdir og loka vinnusvæði ef nauðsyn krefur.

30. gr.

Gæðastjórnunarkerfi byggingarstjóra.

Byggingarstjóri skal í upphafi hvers byggingarleyfisskylds verks skilgreina það innan síns gæðastjórnunarkerfis, sbr. 27. gr. Gæðastjórnunarkerfi byggingarstjóra skal a.m.k. fela í sér

staðfestingu á hæfni byggingarstjóra, endurmenntun hans, skráningu á ákvörðunum varðandi einstakar framkvæmdir, skrá yfir úttektir og niðurstöður þeirra, skrá yfir samskipti og leiðbeiningar byggingaryfirvalda og eftirlitsaðila, skrá yfir athugasemdir við störf iðnmeistara, skrá yfir athugasemdir til hönnuða vegna hönnunargagna, lýsingu á og skrá um innra eftirlit byggingarstjóra með framkvæmdinni, lýsingu á undirbúningi og framkvæmd lokaúttektar þar sem m.a. er gengið frá skýrslu yfir allar úttektir, þ.m.t. öryggisúttekt, lýsingu á verki og samþykkt hönnunargögn. Gæðastjórnunarkerfi ÍST EN ISO 9000 uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru til gæðastjórnunarkerfis samkvæmt þessari grein.

31. gr.

Ábyrgð og verksvið iðnmeistara.

Byggingarstjóri skal tilkynna útgefanda byggingarleyfis skriflega um þá húsasmíðameistara, múrarameistara, pípulagningameistara, rafvirkjameistara, blikksmíðameistara, stálvirkjameistara, málarameistara og veggfóðrarameistara sem tekið hafa að sér að bera ábyrgð á einstökum verkþáttum framkvæmdar og nauðsynlegt er að komi að viðkomandi verki. Skal slík staðfesting liggja fyrir áður en byggingarleyfi er gefið út. Ekki þarf þó að tilkynna um málarameistara eða veggfóðrarameistara vegna byggingar frístundahúss, bílskúrs, íbúðarhúss eða viðhalds og viðbyggingar slíkra mannvirkja til eigin nota eiganda.

Iðnmeistari ber ábyrgð á því gagnvart eiganda mannvirkis að þeir verkþættir sem hann tekur að sér að framkvæma séu í samræmi við viðurkennda verkhætti, samþykkta uppdrætti, verklýsingar og ákvæði laga þessara og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim. Skaðabótaábyrgð iðnmeistara fyrnist samkvæmt ákvæðum laga um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda.

Þeir iðnmeistarar einir geta borið ábyrgð á einstökum verkþáttum við mannvirkjagerð sem hlotið hafa til þess löggildingu Byggingarstofnunar. Iðnmeistarar, sem hafa meistarabréf og hafa lokið prófi frá meistaraskóla eða hafa a.m.k. sambærilega menntun á hlutaðeigandi sviði, geta hlotið slíka löggildingu.

Löggilding til handa rafvirkjameisturum sem gefin er út á grundvelli laga nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga jafngildir löggildingu samkvæmt 3. mgr.

Byggingarstofnun heldur skrá yfir löggilta iðnmeistara og skal hún varðveitt í gagnasafni stofnunarinnar.

Iðnmeistarar skulu hafa gæðastjórnunarkerfi sem feli a.m.k. í sér staðfestingu á hæfni iðnmeistara, skrá yfir úttektir og niðurstöður þeirra, skrá yfir athugasemdir byggingarstjóra, auk lýsingar á og skrár um innra eftirlit iðnmeistarans í samræmi við nánari ákvæði í reglugerð. Gæðastjórnunarkerfi ÍST EN ISO 9000 uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru til gæðastjórnunarkerfis samkvæmt þessari grein. Iðnmeistari skal tilkynna Byggingarstofnun um gæðastjórnunarkerfi sitt til skráningar í gagnasafn stofnunarinnar.

32. gr.

Iðnmeistaraskipti.

Hætti iðnmeistari umsjón með verkþætti áður en verki er lokið skal byggingarstjóri sjá um að nýr iðnmeistari taki við störfum án tafar og tilkynna það útgefanda byggingarleyfis.

Byggingarstjóri skal sjá til þess að framkvæmdir við þá verkþætti sem fráfarandi iðnmeistari bar ábyrgð á og hafði umsjón með séu stöðvaðar þar til nýr iðnmeistari hefur undirritað ábyrgðaryfirlýsingu. Skal byggingarstjóri gera úttekt á þeim verkþáttum er fráfarandi iðnmeistari hafði umsjón með og skal úttekt undirrituð bæði af fráfarandi iðnmeistara og

hinum nýja, ef þess er kostur. Nýr iðnmeistari ber ábyrgð á þeim verkþáttum sem unnir eru eftir að hann tók við starfi.

VII. KAFLI
Eftirlit með mannvirkjagerð.

33. gr.
Áfangaúttektir.

Mannvirki skulu byggð þannig að þau uppfylli ákvæði laga þessara og reglugerða sem settar hafa verið samkvæmt þeim. Gerðar skulu áfangaúttektir á einstökum verkþáttum mannvirkjagerðar þar sem eftirlitsaðili fer yfir hvort sá þáttur sé í samræmi við samþykkt hönnunargögn, lög þessi og reglugerðir sem settar hafa verið samkvæmt þeim.

Byggingarstjóri mannvirkis, fyrir hönd eiganda þess, skal sjá til þess að áfangaúttektir fari fram og tilkynnir eftirlitsaðila um þær. Byggingarstjóra er skylt að vera viðstaddur áfangaúttektir. Enn fremur skal iðnmeistari eða aðili sem hann tilnefnir í sinn stað vera viðstaddur úttekt á þeim verkþáttum sem eru á hans ábyrgðarsviði nema um annað sé samið í samningi milli iðnmeistara og eiganda.

Geri eftirlitsaðili alvarlegar athugasemdir við úttekt verkþáttar skal byggingarstjóri sjá til þess að bætt sé úr og áfangaúttekt endurtekin.

Leggi eigandi mannvirkis fram skriflega greinargerð um framkvæmd innra eftirlits byggingarstjóra getur útgefandi byggingarleyfis heimilað byggingarstjóra eða iðnmeistara sem skráður er fyrir viðkomandi verkþætti að framkvæma sjálfir einstakar áfangaúttektir.

34. gr.
Öryggisúttekt.

Þegar mannvirki er tekið í notkun skal gerð úttekt á öryggi þess og hollustuháttum. Óheimilt er að flytja inn í eða taka í notkun mannvirki nema það uppfylli öryggis- og hollustukröfur laga þessara og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim og útgefandi byggingarleyfis hafi gefið út vottorð um framkvæmd öryggisúttektar.

Byggingarstjóri, fyrir hönd eiganda mannvirkis, skal óska eftir öryggisúttekt áður en það er tekið í notkun. Viðstaddir slíka úttekt skulu vera auk eftirlitsaðila og byggingarstjóra, fulltrúi slökkviliðs og þeir iðnmeistarar og hönnuðir sem þess óska eða eru til þess boðaðir af byggingarstjóra. Hafi byggingarstjóri vanrækt að óska eftir öryggisúttekt áður en mannvirki er tekið í notkun skal útgefandi byggingarleyfis boða til slíkrar úttektar. Einnig getur eigandi mannvirkis ávallt óskað eftir öryggisúttekt.

35. gr.
Lokaúttekt.

Innan þriggja ára frá því að mannvirki var tekið í notkun og öryggisúttekt fór fram skal framkvæmd lokaúttekt á mannvirkinu. Heimilt er að framkvæma samtímis öryggis- og lokaúttekt.

Byggingarstjóri, fyrir hönd eiganda mannvirkis, skal óska eftir lokaúttekt. Viðstaddir slíka úttekt skulu vera auk eftirlitsaðila, byggingarstjóri og fulltrúi slökkviliðs. Byggingarstjóri skal tilkynna iðnmeisturum og hönnuðum mannvirkisins um framkvæmd lokaúttektar og gefa þeim kost á að vera viðstaddir. Hafi byggingarstjóri vanrækt að óska eftir lokaúttekt innan þeirra tímamarka sem fram koma í 1. mgr. skal útgefandi byggingarleyfis boða til slíkrar úttektar. Einnig getur eigandi mannvirkis óskað eftir að lokaúttekt sé framkvæmd.

Við lokaúttekt skal gerð úttekt á því hvort mannvirkið uppfylli ákvæði laga þessara og reglugerða sem settar hafa verið samkvæmt þeim og hvort byggt hafi verið í samræmi við samþykkt hönnunargögn.

Sé mannvirki ekki fullgert við framkvæmd lokaúttektar, það uppfyllir ekki að öllu leyti ákvæði laga þessara eða reglugerða sem settar hafa verið samkvæmt þeim eða er ekki að öllu leyti í samræmi við samþykkt hönnunargögn getur eftirlitsaðili gefið út vottorð um framkvæmd lokaúttektar með athugasemdum. Þáttum sem varða aðgengi skal þó ávallt hafa verið lokið við framkvæmd lokaúttektar.

Komi í ljós við framkvæmd lokaúttektar að mannvirki uppfyllir ekki öryggis- eða hollustukröfur getur eftirlitsaðili fyrirskipað lokun mannvirkis og lagt fyrir eiganda þess að bæta úr og skal þá lokaúttektarvottorð ekki gefið út fyrr en það hefur verið gert.

36. gr.

Aðgangur að mannvirki.

Starfsmönnum Byggingarstofnunar, byggingarfulltrúa og starfsmönnum hans, fulltrúum slökkviliðs, svo og starfsmönnum skoðunarstofa sem falið hefur verið eftirlit sbr. 19. gr., skal frjáls aðgangur að lóðum og mannvirkjum til eftirlits með byggingarframkvæmdum.

Uppdrættir, samþykktir og áritaðir af útgefanda byggingarleyfis, ásamt útgefnu byggingarleyfi, skulu ætíð liggja fyrir á byggingarstað og vera eftirlitsmönnum aðgengilegir.

Liggi rökstuddur grunur fyrir um að fullbyggðu mannvirki sé verulega áfátt með tilliti til ákvæða laga og reglugerða um byggingarmál skal eftirlitsaðila heimill aðgangur þar til eftirlits. Eigi er þó heimilt að fara í þessum tilgangi inn í íbúðarhús án samþykkis eiganda eða umráðamanns húsnæðisins nema að fengnum úrskurði dómara.

VIII. KAFLI
Viðskipti með byggingarvörur.

37. gr.

Framleiðandi og dreifingaraðili.

Í þessum kafla telst framleiðandi byggingarvöru vera sá sem býr til fullunna vöru, býr til hluta vöru eða lætur af hendi hráefni, vinnur eða aflar afurða úr náttúrunni að því tilskildu að hann hafi staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu. Einnig telst framleiðandi vera sá sem merkir framleiðsluvöruna með nafni sínu, vörumerki eða öðru kennimarki eða aðili sem endurgerir vöruna. Hafi framleiðandi vöru ekki staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu skal fulltrúi hans teljast framleiðandi. Hafi hvorki fulltrúi framleiðanda né framleiðandi staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu skal innflytjandi teljast framleiðandi.

Dreifingaraðili telst hver sá í aðfangakeðjunni sem stundar starfsemi er hefur ekki áhrif á öryggiseiginleika framleiðsluvöru.

38. gr.

Markaðssetning byggingarvara.

Markaðssetning byggingarvöru er einungis heimil ef varan uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

1. Varan hentar til áformaðra nota. Í því felst að varan hafi þá eiginleika að mannvirki, sem á að fella hana inn í, setja saman við eða nota við, ef það er rétt hannað og byggt, geti

fullnægt grunnkröfunum sem skilgreindar eru í viðauka við lög þessi. Mannvirkið skal fullnægja grunnkröfunum þann tíma sem eðlilegt og fjárhagslega hagkvæmt er að nýta það.

2. Varan uppfyllir kröfur eftirfarandi tækniákvæða:
   a. samhæfðra evrópskra staðla, eða
   b. evrópsks tæknisamþykkis, eða
   c. innlends tækniákvæðis sem uppfyllir grunnkröfur sem skilgreindar eru í viðauka við lög þessi og samþykkt hefur verið af Eftirlitsstofnun EFTA, í þeim tilvikum sem samhæfðir evrópskir staðlar eða evrópsk tæknisamþykki eru ekki til.
3. Ef til eru samhæfðir evrópskir staðlar eða evrópskt tæknisamþykki fyrir viðkomandi byggingarvöru skal hún að auki merkt með CE-merki í samræmi við ákvæði 42. gr.

Mat á því hvort byggingarvara uppfyllir kröfur 1. og 2. tölul. 1. mgr. skal framkvæmt af tilnefndum aðila með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu í samræmi við ákvæði 40. gr. áður en varan er markaðssett. Byggingarvara telst uppfylla kröfur 1. og 2. tölul. 1. mgr. ef hún er réttilega merkt með CE-merkinu í samræmi við ákvæði 42. gr.

39. gr.

Evrópskt tæknisamþykki.

Óski framleiðandi eftir að fá evrópskt tæknisamþykki fyrir byggingarvöru skal hann greiða allan kostnað við öflun þess.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um evrópsk tæknisamþykki.

40. gr.

Staðfesting á samræmi.

Tilnefndur aðili með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu annast mat á samræmi byggingarvöru við tækniákvæði. Framleiðandi eða umboðsmaður hans með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu ber ábyrgð á að samræmismat byggingarvara fari fram og greiðir allan kostnað af matinu.

Umhverfisráðherra setur reglugerð um framkvæmd samræmismats byggingarvara á grundvelli ákvæða EES-samningsins sem gildi hafa hér á landi. Heimilt er í reglugerðinni að gera þá kröfu að framleiðandi hafi innra eftirlitskerfi í verksmiðjunni til að tryggja að framleiðslan sé í samræmi við viðeigandi tækniákvæði eða að gera þá kröfu að auk innra eftirlitskerfis framleiðanda hafi tilnefndur aðili eftirlit með kerfinu eða vörunni sjálfri, sé mælt svo fyrir í tækniákvæðum fyrir viðkomandi byggingarvöru.

Samræmisyfirlýsing framleiðanda eða samræmisvottorð veitir ábyrgðaraðila með staðfestu innan EES rétt til að setja CE-merkið á vöruna, sbr. 42. gr., áfestan merkimiða, umbúðirnar og meðfylgjandi viðskiptaskjöl. Samræmisvottorð og samræmisyfirlýsing vegna byggingarvöru sem markaðssett er á Íslandi skulu vera á íslensku.

41. gr.

Tilnefndur aðili.

Skoðunar-, prófunar- og vottunarstofur geta óskað eftir því að annast samræmismat sem tilnefndir aðilar. Tilnefndur aðili skal hafa faggildingu og faglega þekkingu til að meta samræmi viðkomandi byggingarvöru við grunnkröfur laga þessara. Um faggildinguna fer samkvæmt lögum nr. 24/2006, um faggildingu o.fl., og ákvæðum laga þessara.

Umhverfisráðherra annast tilkynningar um tilnefnda aðila til viðeigandi stjórnvalda á Evrópska efnahagssvæðinu.

Tilnefndur aðili skal hafa hlutleysi þriðja aðila, og vera án allra hagsmunatengsla við viðskiptavini sína og aðra hagsmunahópa. Hann má ekki stunda eftirlit með byggingarvörum á markaði.

Tilnefndur aðili, sem ekki er ríkisfyrirtæki, skal hafa ábyrgðartryggingu fyrir starfsemi sína, sem nær til skaðabótaábyrgðar gagnvart öllum þeim sem hann kann að valda tjóni með starfsemi sinni. Tilnefndur aðili skal taka þátt í samstarfi tilnefndra aðila á Evrópska efnahagssvæðinu.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um kröfur sem gerðar eru til tilnefndra aðila.

42. gr.

Notkun CE-merkis.

Einungis er heimilt að merkja byggingarvörur með CE-merkinu ef:

a. varan samræmist samhæfðum evrópskum stöðlum, eða
b. varan samræmist evrópsku tæknisamþykki, eða
c. varan samræmist innlendu tækniákvæði sem uppfyllir grunnkröfur sem skilgreindar eru í viðauka við lög þessi og samþykkt hefur verið af Eftirlitsstofnun EFTA, í þeim tilvikum sem samhæfðir evrópskir staðlar eða evrópsk tæknisamþykki eru ekki til.

Óheimilt er að festa á vörur merki sem líklegt er að villi um fyrir þriðja aðila hvað varðar þýðingu og form CE-merkisins. Festa má hvers kyns aðrar merkingar á vörurnar eða merkiplötu að því tilskildu að þær hindri ekki að CE-merkið sjáist vel og sé vel læsilegt.

Framleiðandi eða umboðsmaður hans með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu ber ábyrgð á réttri notkun merkisins í samræmi við ákvæði laga þessara og að CE-merkið sé sett á vöruna, áfestan merkimiða, umbúðirnar eða meðfylgjandi viðskiptaskjöl.

Þegar byggingarvörur lúta einnig ákvæðum annarra laga og reglugerða sem taka til annarra þátta og kveða einnig á um að festa skuli CE-merki á þær skal koma fram að gengið sé út frá því að viðkomandi vörur séu í samræmi við ákvæði þeirra reglugerða.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um CE-merkingar byggingarvöru.

43. gr.

Opinbert markaðseftirlit.

Byggingarstofnun hefur eftirlit með því að byggingarvörur á markaði uppfylli ákvæði laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim. Stofnunin fylgist með byggingarvörum á markaði, aflar á skipulegan hátt upplýsinga um þær og tekur við ábendingum frá byggingarfulltrúum, hönnuðum, byggingarstjórum, iðnmeisturum, neytendum og öðrum aðilum.

Byggingarstofnun getur falið faggiltri skoðunarstofu að framkvæma markaðseftirlit eða faggiltri prófunarstofu að prófa og meta hvort byggingarvörur uppfylli ákvæði laga þessara. Um faggildinguna gilda ákvæði laga nr. 24/2006, um faggildingu o.fl. Beiting réttarúrræða skv. 45. gr. skal vera í höndum Byggingarstofnunar.

Byggingarstofnun getur haft samstarf við tollyfirvöld um framkvæmd markaðseftirlits með byggingarvörum við innflutning.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd markaðseftirlits með byggingarvörum.

44. gr.

Heimild til skoðunar og upplýsingaskylda.

Byggingarstofnun eða eftir atvikum aðila sem hefur verið falið markaðseftirlit með byggingarvörum, sbr. 2. mgr. 43. gr., er heimilt að skoða byggingarvörur hjá ábyrgðaraðila og

seljanda, taka sýnishorn af byggingarvörum til rannsókna og krefja þá um allar nauðsynlegar upplýsingar, svo sem aðgang að skrá yfir þá sem hafa vöruna á boðstólum, samræmisvottorð, samræmisyfirlýsingar, prófunarskýrslur og tæknilegar upplýsingar.

Framleiðandi eða dreifingaraðili ber kostnað vegna þeirra sýnishorna sem tekin eru til rannsóknar skv. 1. mgr. Að lokinni rannsókn skal sýnishornum skilað eða þau eyðilögð með öruggum hætti eftir atvikum. Sýnishorn vöru samkvæmt þessari grein er að jafnaði eitt eintak vöru eða lágmarksfjöldi sem nauðsynlegur er til að framkvæma rannsókn.

Framleiðandi eða dreifingaraðili ber allan kostnað af afturköllun vöru. Sé vara ekki í samræmi við settar reglur skal hann bera þann kostnað sem hlýst af skoðun, rannsókn og prófun, svo og annan kostnað. Framleiðandi eða dreifingaraðili greiðir allan kostnað af tilkynningum um hættulega vöru sem beint er til almennings, svo sem kostnað við tilkynningar í fjölmiðlum. Framleiðanda eða dreifingaraðila er heimilt að annast tilkynningar til almennings enda sé framkvæmd tilkynningar með þeim hætti að eðlilegum varnaðaráhrifum verði náð.

Sá sem ber ábyrgð á markaðssetningu byggingarvöru hér á landi skal halda skrá yfir allar vörur sem hann hefur á boðstólum og hafa tiltæk afrit af tæknigögnum vörunnar. Enn fremur skal hann að beiðni Byggingarstofnunar afhenda skrá með upplýsingum um birgja og þá er bjóða fram vörur hans ef það er að mati stofnunarinnar nauðsynlegt í tengslum við rannsókn máls.

45. gr.

Réttarúrræði Byggingarstofnunar.

Byggingarstofnun getur afturkallað, tekið af markaði eða bannað sölu eða afhendingu byggingarvöru ef hún uppfyllir ekki formleg skilyrði laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim, svo sem um merkingar, leiðbeiningar, samræmisvottorð, samræmisyfirlýsingar eða prófunar- og skoðunarskýrslur.

Leiki rökstuddur grunur á að byggingarvara sé ekki í samræmi við tækniákvæði getur Byggingarstofnun ákveðið tímabundið bann við sölu eða afhendingu hennar á meðan rannsókn, sem ekki skal standa lengur en fjórar vikur, fer fram. Þó er heimilt að framlengja bannið um allt að fjórar vikur ef sérstakar ástæður vegna rannsóknarinnar krefjast að bannið verði framlengt.

Ef í ljós kemur að vara sem lýst hefur verið yfir að samræmist ákvæðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim, en uppfyllir ekki viðeigandi tækniákvæði, skal Byggingarstofnun innkalla þá vöru eða banna eða takmarka markaðssetningu hennar.

46. gr.

Förgun vöru og lagfæring.

Byggingarstofnun er heimilt í tengslum við beitingu ákvæða 45. gr. að skylda framleiðanda eða dreifingaraðila til að eyðileggja öll eintök vöru og farga henni með öruggum hætti. Ávallt skal þó áður gefa ábyrgðaraðila kost á að bæta úr ágöllum vöru eða fylgigögnum hennar innan hæfilegs frests nema varan teljist sérlega hættuleg.

47. gr.

Tilkynningarskylda.

Verði byggingarfulltrúi, hönnuður, byggingarstjóri eða iðnmeistari var við að á markaði sé byggingarvara sem ekki uppfyllir kröfur laga þessara skal hann tilkynna um það til Byggingarstofnunar.

48. gr.

Notkun byggingarvöru og ábyrgð eiganda mannvirkis.

Byggingarvörur til notkunar í eða við mannvirkjagerð skulu uppfylla skilyrði 38. gr.

Eigandi mannvirkis ber ábyrgð á að við byggingu þess og rekstur séu einungis notaðar byggingarvörur sem uppfylla ákvæði laga þessara.

IX. KAFLI
Gjaldtaka og leyfisgjöld.

49. gr.

Byggingaröryggisgjald.

Vátryggingafélög og aðrir sem annast vátryggingar skulu árlega innheimta með iðgjöldum sínum sérstakt byggingaröryggisgjald. Byggingaröryggisgjaldið skal nema 0,07 prómillum af vátryggingarfjárhæð brunatrygginga fasteigna og lausafjár, svo og samsettra vátrygginga sem fela í sér brunatryggingu. Viðlagatrygging telst þó ekki gjaldskyld trygging í þessu efni né heldur brunatryggingar skipa og flugvéla. Byggingaröryggisgjaldið skal notað til að fjármagna starfsemi Byggingarstofnunar.

Þeir sem innheimta byggingaröryggisgjaldið skulu hafa staðið ríkissjóði skil á gjaldinu innan þriggja mánaða frá innheimtu þess. Endanlegt uppgjör gjaldsins fyrir hvert ár fer fram þegar ársreikningar þeirra sem annast innheimtu þess liggja fyrir.

Ráðherra setur nánari reglur um innheimtu byggingaröryggisgjalds í reglugerð.

50. gr.

Gjaldskrá vegna byggingareftirlits byggingarfulltrúa.

Sveitarstjórnum er heimilt að setja gjaldskrá fyrir veitta þjónustu og verkefni byggingarfulltrúa, m.a. fyrir undirbúning, svo sem vegna nauðsynlegrar aðkeyptrar sérfræðiþjónustu, og útgáfu byggingarleyfis byggingarfulltrúa, útgáfu stöðuleyfa, útmælingu, eftirlit, úttektir, yfirferð hönnunargagna og vottorð sem byggingarfulltrúi lætur í té. Upphæð gjalds skal taka mið af kostnaði við þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna og skal byggð á rekstraráætlun þar sem þau atriði eru rökstudd sem ákvörðun gjalds byggist á, sbr. einnig 2. mgr. 19. gr. Gjaldið má ekki vera hærra en sá kostnaður. Gjaldskrá skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.

51. gr.

Gjaldskrá Byggingarstofnunar.

Ráðherra setur, að fengnum tillögum Byggingarstofnunar, gjaldskrá fyrir veitta þjónustu og verkefni sem stofnuninni er falið að annast eða stofnunin tekur að sér, m.a. fyrir undirbúning, svo sem vegna nauðsynlegrar aðkeyptrar sérfræðiþjónustu, og útgáfu byggingarleyfis og vottorða, fyrir útmælingu, eftirlit, úttektir, yfirferð hönnunargagna og vegna umsóknar og útgáfu evrópsks tæknisamþykkis. Upphæð gjalds skal taka mið af kostnaði við þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna og skal byggð á rekstraráætlun þar sem þau atriði eru rökstudd sem ákvörðun gjalds byggist á, sbr. einnig 2. mgr. 19. gr. Gjaldið má ekki vera hærra en sá kostnaður. Gjaldskrá skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.

52. gr.

Greiðsla gjalda.

Sveitarstjórnir og Byggingarstofnun ákveða í gjaldskrá sinni gjalddaga byggingarleyfisgjalda og hvernig þau skuli innheimt. Eigi má gefa út byggingarleyfi fyrr en gjöld þessi hafa verið greidd samkvæmt settum reglum eða samið hefur verið um greiðslu þeirra.

Vanskil á greiðslu gjalda skv. 1. mgr. veitir byggingarfulltrúa og Byggingarstofnun heimild til að neita að gefa út vottorð um viðkomandi mannvirki.

Gjöldum skv. 50. og 51. gr. fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi.

X. KAFLI
Rannsóknir, þvingunarúrræði og viðurlög.

53. gr.
Rannsóknir á tjóni á mannvirkjum.

Verði manntjón eða alvarleg hætta skapast vegna tjóns á mannvirki skal Byggingarstofnun rannsaka tjónið og orsakir þess, framkvæmd byggingareftirlits og hvernig að hönnun mannvirkis og byggingarframkvæmdum hafi verið staðið. Um rannsóknir á tjóni vegna eldsvoða gilda ákvæði VII. kafla laga um brunavarnir. Skilgreina skal nánar í reglugerð hvaða tjón Byggingarstofnun skal rannsaka samkvæmt þessari grein.

Eigandi mannvirkis sem verður fyrir tjóni sem fellur undir 1. mgr. skal tilkynna það til Byggingarstofnunar svo fljótt sem unnt er. Byggingarstofnun getur hafið rannsókn að eigin frumkvæði vanræki eigandi að tilkynna um tjónið.

Byggingarstofnun rannsakar vettvang þegar eftir að tjón hefur verið tilkynnt, eftir atvikum með aðstoð lögreglu ef um er að ræða slys sem sætir lögreglurannsókn samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála. Byggingarstofnun skal fá afrit af öllum rannsóknargögnum lögreglu að lokinni lögreglurannsókn, hafi hún farið fram. Byggingarstofnun kveður til sérfróða menn vegna rannsóknarinnar eftir því sem þörf krefur.

Vátryggingafélög skulu senda Byggingarstofnun upplýsingar ár hvert um bætt tjón á mannvirkjum.

54. gr.
Stöðvun framkvæmda, lokun mannvirkis o.fl.

Ef mannvirkjagerð sem fellur undir lög þessi er hafin án þess að leyfi sé fengið fyrir henni, ekki sótt um leyfi fyrir breyttri notkun mannvirkis, það byggt á annan hátt en leyfi stendur til, mannvirkið eða notkun þess brýtur í bága við skipulag, mannvirki er tekið í notkun án þess að öryggisúttekt hafi farið fram eða ef mannvirki er tekið til annarra nota en heimilt er samkvæmt útgefnu byggingarleyfi getur byggingarfulltrúi stöðvað slíkar framkvæmdir eða notkun tafarlaust og fyrirskipað lokun mannvirkis. Sama gildir ef ekki er að öðru leyti fylgt ákvæðum laganna eða reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim við byggingarframkvæmdina. Ef mannvirkið fellur undir 3. mgr. 8. gr. skal stöðvun framkvæmda og lokun mannvirkis vera í höndum Byggingarstofnunar.

Ef byggingarframkvæmd er hafin án þess að leyfi sé fengið fyrir henni eða hún brýtur í bága við skipulag getur byggingarfulltrúi eða eftir atvikum Byggingarstofnun, ef mannvirkið fellur undir 3. mgr. 8. gr., krafist þess að hið ólöglega mannvirki eða byggingarhluti sé fjarlægt, jarðrask afmáð eða starfsemi hætt. Sinni eigandi ekki þeirri kröfu er heimilt að framkvæma slíkar aðgerðir á hans kostnað.

Ef þörf krefur er lögreglu skylt að aðstoða byggingarfulltrúa og Byggingarstofnun við þær aðgerðir er greinir í 1.–2. mgr.

Reynist öryggi mannvirkis ábótavant við öryggis- eða lokaúttekt þess eða það telst skaðlegt heilsu skal útgefandi byggingarleyfis fyrirskipa lokun þess og koma í veg fyrir að mannvirkið verði tekið í notkun fyrr en úr hefur verið bætt.

Sveitarfélag eða eftir atvikum ríkið á endurkröfu á eiganda mannvirkis á kostnaði sem það hefur haft af ólöglegri mannvirkjagerð og á lögveð fyrir kröfu sinni í öllu efni sem notað hefur verið við byggingarframkvæmdina.

55. gr.

Aðgerðir til að knýja fram úrbætur.

Sé ásigkomulagi, frágangi, umhverfi eða viðhaldi húss, annars mannvirkis eða lóðar ábótavant, af því stafar hætta eða það telst skaðlegt heilsu að mati byggingarfulltrúa eða Byggingarstofnunar, eða ekki er gengið frá því samkvæmt samþykktum uppdráttum, lögum, reglugerðum og byggingarlýsingu, skal gera eiganda eða umráðamanni þess aðvart og leggja fyrir hann að bæta úr því sem áfátt er. Sama gildir ef vanrækt er að láta fara fram úttektir samkvæmt lögum þessum, ef notkun mannvirkis er breytt án samþykkis byggingarfulltrúa eða ef notkun mannvirkis brýtur í bága við skipulag.

Byggingarstofnun og byggingarfulltrúa er heimilt að beita dagsektum allt að 500.000 kr. til að knýja menn til framkvæmda á ráðstöfunum sem þeim er skylt að hlutast til um samkvæmt lögum þessum og reglugerðum eða láta af atferli sem er ólögmætt. Dagsektir sem byggingarfulltrúi leggur á renna í sveitarsjóð en í ríkissjóð ef þær eru lagðar á af Byggingarstofnun.

Byggingarfulltrúi og Byggingarstofnun geta látið vinna verk, sem þau hafa lagt fyrir að unnið skyldi, á kostnað þess sem vanrækt hefur að vinna verkið.

Dagsektir og kostnað skv. 1. og 2. mgr. má innheimta með fjárnámi.

56. gr.

Áminning og missir löggildingar eða starfsleyfis.

Ef hönnuður, byggingarstjóri eða iðnmeistari brýtur ákvæði laga, reglugerða eða samþykkta um skipulags- og byggingarmálefni, vanrækir hlutverk sitt og skyldur eða sýnir af sér ítrekaða eða alvarlega óvarkárni í starfi getur Byggingarstofnun veitt honum áminningu. Séu brot alvarleg eða ítrekuð getur Byggingarstofnun svipt hönnuð eða iðnmeistara löggildingu.

Byggingarstofnun getur svipt byggingarstjóra starfsleyfi ef hann uppfyllir ekki lengur skilyrði fyrir leyfisveitingu. Sama á við ef byggingarstjóri brýtur ákvæði laga, reglugerða eða samþykkta um skipulags- og byggingarmálefni, vanrækir hlutverk sitt og skyldur eða sýnir af sér ítrekaða eða alvarlega óvarkárni í starfi.

Byggingarfulltrúi sem verður áskynja um brot hönnuðar, byggingarstjóra eða iðnmeistara samkvæmt þessari grein skal tilkynna um það til Byggingarstofnunar.

57. gr.

Refsiábyrgð.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að 2 árum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

XI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

58. gr.

Úrskurðir.

Ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli laga þessara eru kæranlegar til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála, sbr. þó ákvæði 2. mgr. 16. gr. Um meðferð kæru og um kæruaðild fer samkvæmt ákvæðum skipulagslaga.

59. gr.

Setning reglugerða.

Ráðherra setur að tillögu Byggingarstofnunar og í samráði við hagsmunaaðila reglugerðir sem ná til alls landsins þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd laga þessara. Við setningu reglugerða á grundvelli laga þessara skal haft samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga um atriði er varða skyldur sveitarfélaga. Í reglugerð skulu vera ákvæði um eftirfarandi atriði, sbr. einnig önnur ákvæði laga þessara um setningu reglugerða:

1. Kröfur sem gera skal til hönnunar og mannvirkja um útlit, rýmisstærðir og samsvörun við næsta umhverfi, hagkvæmni og notagildi, aðgengi, öryggi, heilnæmi, tæknilegan frágang og viðhald, auk krafna um gróður og frágang lóða, þ.m.t. girðingar. Einnig lágmarkskröfur sem einstakir hlutar mannvirkja og mismunandi tegundir þeirra skulu uppfylla, svo sem varðandi undirstöður, byggingarefni, burðarþol, einangrun gegn kulda, raka og hávaða, loftgæði, hljóðvist, birtu, lagnakerfi, hollustuhætti, brunavarnir og þess háttar. Jafnframt skal kveða á um kröfur til mannvirkja við verulegar breytingar á þeim eða breytingar á notkun mannvirkis. Í reglugerð er heimilt að vísa til staðla, sem Staðlaráð Íslands hefur staðfest eða sett, um tæknilega útfærslu eða annað sem snýr að mannvirkjum, eða til ákvæða og skuldbindinga sem fylgja aðild Íslands að alþjóðasamningum.
2. Hönnunargögn, byggingarlýsingar, skýrslur um innra og ytra eftirlit, greinargerðir og önnur gögn er skila þarf vegna umsóknar um byggingarleyfi. Í reglugerð skal kveða á um kröfur til hönnunargagna mismunandi mannvirkja og mannvirkjahluta og skiptingu uppdrátta í aðal-, sér- og deiliuppdrætti. Ákvæði um hvaða hönnunargögnum skal skilað vegna sérhæfðra mannvirkja, svo sem virkjana, fráveitumannvirkja, dreifi- og flutningskerfa hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta, og til hvaða þátta eftirlit útgefanda byggingarleyfis skal taka.
3. Framkvæmd innra eftirlits við byggingarframkvæmdir og þær kröfur sem gerðar eru til gæðakerfa hönnuða, samræmingaraðila, byggingarstjóra og iðnmeistara. Ráðherra getur með reglugerð ákveðið að gæðastjórnunarkerfi þessara aðila skuli vottuð af faggiltri vottunarstofu. Heimilt er að gera mismunandi kröfur til gæðakerfa samkvæmt lögum þessum eftir gerð mannvirkis.
4. Framkvæmd námskeiðahalds og prófs fyrir hönnuði skv. 25. gr. og lágmarksárangur til að standast það.
5. Nánari ákvæði um útgáfu starfsleyfis byggingarstjóra, flokkun starfsleyfa eftir gerð mannvirkja, framkvæmd námskeiðs, auk ákvæða um starfshætti, ábyrgð og verksvið byggingarstjóra, sbr. 26.–30. gr.
6. Skilyrði fyrir útgáfu starfsleyfa faggiltra skoðunarstofa, sbr. 19. gr., gildistíma starfsleyfis, starfsemi skoðunarstofa, hæfi skoðunarmanna, sbr. 20. gr., og hvaða þáttum byggingareftirlits skoðunarmönnum I–III er heimilt að sinna eftir gerð og umfangi mannvirkis og eftir því hvort um er að ræða yfirferð hönnunargagna eða framkvæmd úttekta.
7. Úttektarskyldu, framkvæmd áfangaúttekta, öryggisúttektar og lokaúttektar, þar sem m.a. er kveðið á um þau gögn sem leggja þarf fram vegna þeirra.
8. Staðsetningu, gerð og frágang skilta auk ákvæða um hvaða skilti skulu háð byggingarleyfi.
9. Skilyrði fyrir veitingu stöðuleyfa fyrir gáma, báta, torgsöluhús, stór samkomutjöld o.þ.h. sem ætlað er að standa utan skipulagðra svæða fyrir slíka hluti í lengri tíma en tvo mánuði. Í reglugerð skal kveðið á um atriði er varða öryggi og hollustuhætti vegna þessara

lausafjármuna og um heimildir byggingarfulltrúa til þess að krefjast þess að þeir séu fjarlægðir ef ekki eru uppfyllt ákvæði reglugerðarinnar.
10. Ákvæði um frágang leiksvæða, íþróttasvæða og annarra opinna svæða.
11. Nánari ákvæði um gagnasafn Byggingarstofnunar um mannvirki og mannvirkjagerð, hvað skal skrá þar og með hvaða hætti. Skoðunarhandbók skal vera hluti af gagnasafni Byggingarstofnunar og skal birt sem fylgiskjal við reglugerð. Í skoðunarhandbókinni skulu m.a. vera ákvæði um framkvæmd úttekta, eftirlitsaðferðir, skoðunaráætlanir og mismunandi eftirlitsstörf.
12. Nánari ákvæði um framkvæmd byggingareftirlits og verksvið byggingarfulltrúa og Byggingarstofnunar.
13. Nánari ákvæði um beitingu þvingunarúrræða skv. 54.–56. gr.
14. Ákvæði um skráningu, eftirlit og umsjón með lyftum og lyftubúnaði til fólks- og vöruflutninga og togbrautarbúnaði til fólksflutninga.

60. gr.

Gagnasafn Byggingarstofnunar.

Byggingarstofnun skal starfrækja rafrænt gagnasafn fyrir upplýsingar um mannvirki og mannvirkjagerð um land allt í samræmi við ákvæði laga þessara. Gagnasafnið skal vera innan eða samtengt gagna- og upplýsingakerfinu Landskrá fasteigna. Byggingarfulltrúar og slökkvilið skulu hafa endurgjaldslausan aðgang að þeim hluta gagnasafns Byggingarstofnunar sem varðar mannvirki og mannvirkjagerð í umdæmi þeirra.

61. gr.

Um yfirstjórn byggingarmála á varnar- og öryggissvæðum.

Utanríkisráðherra fer með yfirstjórn byggingarmála á varnarsvæðum utan Keflavíkurflugvallar og á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli í samræmi við ákvæði laga nr. 106/1954, sbr. og lög nr. 110/1951 og lög nr. 176/2006.

Ákvæði laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim eiga við um byggingarmál á varnar- og öryggissvæðum, sbr. þó ákvæði 2. mgr. 5. gr. laga nr. 176/2006. Byggingarstofnun, í umboði utanríkisráðherra, gefur út byggingar- og framkvæmdaleyfi og hefur eftirlit með mannvirkjagerð og öðrum leyfisskyldum framkvæmdum á öryggissvæði og varnarsvæðum utan Keflavíkurflugvallar. Gerður skal þjónustusamningur milli Byggingarstofnunar og utanríkisráðherra um framkvæmd byggingareftirlits stofnunarinnar samkvæmt þessari grein. Um skipulag á varnar- og öryggissvæðum gilda ákvæði skipulagslaga.

Umhverfisráðherra setur nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar í reglugerð að höfðu samráði við samgönguráðherra og utanríkisráðherra. Heimilt er í reglugerð að gera sérstakar kröfur til mannvirkja á varnar- og öryggissvæðum í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands.

62. gr.

Þagnar- og trúnaðarskylda.

Eftirlitsaðilar og aðrir sem starfa samkvæmt ákvæðum laga þessara og reglugerðum settum samkvæmt þeim eru bundnir þagnarskyldu og trúnaði um atriði er varða framleiðslu- og verslunarleynd. Sama gildir um atriði sem þeir fá vitneskju um og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnar- og trúnaðarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Upplýsingar og tilkynningar eftirlitsaðila til fjölmiðla skulu vera efnislega rökstuddar og þess gætt að einstakar atvinnugreinar, stofnanir eða fyrirtæki bíði ekki tjón og álitshnekki að ástæðulausu.

63. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2009. Byggingarstofnun skal þó taka til starfa 1. júní 2008 og vinna að undirbúningi gildistöku laga þessara í samráði við umhverfisráðherra.

Reglugerðir og önnur stjórnvaldsfyrirmæli sem sett eru samkvæmt eldri lögum skulu halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þau fara ekki í bága við lög þessi.

64. gr.

Breytingar á öðrum lögum.

1. Eftirfarandi breytingar verða á lögum nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, með síðari breytingum:
   a. Í stað orðsins „Neytendastofu“ í 3. gr. laganna og hvarvetna annars staðar í lögunum kemur í viðeigandi beygingarfalli: Byggingarstofnun.
   b. 1. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:
      Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum. Yfireftirlit með öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga í mannvirkjum samkvæmt lögum þessum skal vera í höndum Byggingarstofnunar. Neytendastofa framkvæmir markaðseftirlit með rafföngum, sbr. lög nr. 62/2005, um Neytendastofu og talsmann neytenda.
   c. Á eftir orðinu „raffanga“ í 4. tölul. 2. mgr. 6. gr. laganna kemur: í mannvirkjum.
   d. Á eftir orðinu „rafföng“ í 7. gr. laganna kemur: í mannvirkjum.
   e. Á eftir orðinu „rafföng“ í 5. tölul. 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: í mannvirkjum.
   f. Í stað 6.–8. mgr. 11. gr. laganna kemur ein ný málsgrein, svohljóðandi:
      Ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli laga þessara eru kæranlegar til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála. Um meðferð kæru og um kæruaðild fer samkvæmt ákvæðum skipulagslaga.
   g. Á eftir orðinu „rafföngum“ í 9. tölul. 2. mgr. 13. gr. laganna kemur: í mannvirkjum.
   h. 5. og 7. tölul. 1. mgr. 14. gr. laganna falla brott.
2. Í stað orðanna „byggingarnefndar um samþykki hennar“ í 2. mgr. 11. gr. laga nr. 35/1914, um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, og 2. mgr. 7. gr. laga nr. 16/1951, um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Akureyrar, kemur: byggingarfulltrúa um samþykki hans.
3. Eftirfarandi breytingar verða á lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra:
   a. Í stað orðanna „byggingarlaga og byggingarreglugerðar“ í 1. málsl. 1. mgr. 34. gr. laganna kemur: laga um mannvirki og reglugerða settra samkvæmt þeim.
   b. Í stað orðsins „byggingarnefnda“ í 2. málsl. 1. mgr. 34. gr. laganna kemur: byggingarfulltrúa.
4. Í stað orðsins „byggingarnefndir“ í 8. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, kemur: byggingarfulltrúar.
5. Eftirfarandi breytingar verða á lögum nr. 104/2001, um húsafriðun:
   a. Í stað orðsins „byggingarnefnd“ í 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: byggingarfulltrúa.
   b. Í stað orðanna „byggingarnefnd verður vör“ í 14. gr. laganna kemur: byggingarfulltrúi verður var; og í stað orðsins „hún“ í sömu grein kemur: hann.

6. 1. málsl. 1. tölul. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 49/1997, um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, orðast svo: Árlegt gjald sem lagt er á allar brunatryggðar húseignir og nemur 0,22‰ af vátryggingarverðmæti.
7. Eftirfarandi breytingar verða á lögum nr. 62/2005, um Neytendastofu og talsmann neytenda:
   a. Í stað orðsins „rafmagnsöryggismála“ í 1. gr. laganna kemur: markaðseftirlits með rafföngum.
   b. 3. málsl. 1. mgr. 2. gr. laganna orðast svo: Þá skal Neytendastofa annast markaðseftirlit með rafföngum.
   c. Við lögin bætist ný grein, sem verður 19. gr., svohljóðandi:

      Til að fjármagna eftirlit Neytendastofu með rafföngum á markaði skulu innflytjendur og innlendir framleiðendur greiða til stofnunarinnar eftirlitsgjald af eftirlitsskyldum rafföngum sem má vera allt að 0,15% af tollverði innfluttrar vöru eða af sambærilegum gjaldstofni innlendrar vöru. Undanþegin þessari gjaldtöku eru rafföng sem seld eru úr landi.

      Neytendastofu er heimilt að láta prófa rafföng innlendra framleiðenda sem sett eru á markað í fyrsta sinn. Framleiðendur raffanga greiða Neytendastofu fyrir slíkar prófanir samkvæmt gjaldskrá sem stofnunin gefur út og ráðherra staðfestir.

      Neytendastofu er heimilt að láta framkvæma aukaskoðanir eða auka tíðni úrtaksskoðana hjá aðilum sem ítrekað hafa orðið uppvísir að því að uppfylla ekki skilyrði laga nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, eða reglugerða á grundvelli þeirra. Þeir sem slíkar aukaskoðanir beinast að skulu greiða kostnað sem af þeim hlýst samkvæmt gjaldskrá sem Neytendastofa gefur út og ráðherra staðfestir.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Þrátt fyrir ákvæði 7. gr. halda starfandi byggingarfulltrúar við gildistöku laga þessara fullum rétti sínum til starfa, sbr. þó 2. tölul.
2. Byggingarstofnun og byggingarfulltrúar hafa frest til 1. janúar 2014 til að afla sér faggildingar í samræmi við ákvæði 18. gr., sbr. 20. gr. Fyrir 1. janúar 2011 skulu Byggingarstofnun og byggingarfulltrúar hafa komið sér upp gæðastjórnunarkerfi. Hafi gæðastjórnunarkerfi byggingarfulltrúa ekki hlotið vottun faggiltrar vottunarstofu skal Byggingarstofnun til 1. janúar 2014 gera úttektir á gerð og virkni gæðastjórnunarkerfanna. Byggingarfulltrúar og starfsmenn þeirra sem eru starfandi við gildistöku laga þessara skulu teljast uppfylla skilyrði a–c-liðar 1. mgr. 20. gr.
3. Þeir hönnuðir sem öðlast höfðu, með löggildingu umhverfisráðherra eða með öðrum hætti, rétt til að leggja fram uppdrætti vegna byggingarleyfisumsóknar í gildistíð eldri laga halda þeim rétti sínum. Þeir skulu enn fremur teljast uppfylla kröfur um hliðstæða löggildingu Byggingarstofnunar skv. b- og c-lið 1. mgr. 20. gr. og 4. mgr. 27. gr. laga þessara.
4. Iðnmeistarar sem fengið höfðu viðurkenningu byggingaryfirvalda eða löggildingu umhverfisráðherra í gildistíð eldri laga til að bera ábyrgð á einstökum verkþáttum mannvirkjagerðar hver á sínu sviði halda þeim rétti. Þeir skulu enn fremur teljast uppfylla kröfur um löggildingu Byggingarstofnunar skv. a-lið 1. mgr. 20. gr. og 2. mgr. 27. gr. laga þessara.

5. Hafi þeir aðilar, sem taldir eru upp í 24. gr., þegar við gildistöku laga þessara lokið hluta reynslutíma sem nauðsynlegur er samkvæmt núgildandi lögum til að öðlast löggildingu skulu þeir eiga kost á að ljúka honum eftir eldri reglum.
6. Þeir aðilar sem sannanlega hafa tekið að sér byggingarstjórn mannvirkis í gildistíð eldri laga teljast uppfylla skilyrði 2.–3. mgr. 27. gr. og mega því annast byggingarstjórn þeirra mannvirkja sem falla undir 1. og 3. tölul. 4. mgr. 26. gr. laga þessara. Til að starfa sem byggingarstjórar samkvæmt ákvæðum laga þessara skulu þeir hafa viðeigandi gæðastjórnunarkerfi og afla sér starfsleyfis Byggingarstofnunar.
7. Þrátt fyrir ákvæði 5. tölul. 2. mgr. 12. gr. hafa hönnuðir, samræmingaraðilar, byggingarstjórar og iðnmeistarar frest til 1. janúar 2011 til að uppfylla ákvæði 4. mgr. 22. gr., 29. gr. og 6. mgr. 30. gr. um gæðastjórnunarkerfi.
8. Á meðan ekki eru til samhæfðir evrópskir staðlar og/eða evrópsk tæknisamþykki fyrir byggingarvöru er markaðssetning hennar heimil, þrátt fyrir ákvæði 38. gr., ef hún hefur vottun eða umsögn um að hún uppfylli kröfur reglugerða sem settar eru á grundvelli laga þessara, standist staðla og falli að verklagi og sérislenskum aðstæðum. Hliðsjón skal höfð af kröfum sem settar eru fram í ákvörðunum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins varðandi hlutverk framleiðanda og tilnefnds aðila við staðfestingu á samræmi við kröfur. Ef ekki liggja fyrir samþykktir frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins varðandi einstaka vöruflokka skal höfð hliðsjón af ákvörðunum um hliðstæðar vörur. Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Byggingarstofnun eða aðrir þar til bærir aðilar sem umhverfisráðuneytið viðurkennir skulu gegna samsvarandi hlutverki og tilnefndur aðili vegna ákvæða þessarar greinar. Þessir aðilar annast staðfestingu á samræmi og gefa út vottorð eða umsögn þar að lútandi.
9. Sé virkt ytra eftirlit óháðra aðila á vegum eiganda með hönnun og framkvæmdum vegna mannvirkja sem falla undir a- og b-lið 3. mgr. 8. gr. eða 3. mgr. 12. gr. getur leyfisveitandi til 1. janúar 2014 heimilað að það komi að hluta til eða öllu leyti í stað opinbers eftirlits samkvæmt lögum þessum, enda uppfylli skoðunarmenn viðkomandi eftirlitsaðila hæfniskröfur 20. gr. eftir eðli framkvæmdarinnar og eftirlitsaðilinn hafi gæðastjórnunarkerfi sem útgefandi byggingarleyfis telur fullnægjandi. Eigandi mannvirkisins skal reglulega gera leyfisveitanda skriflega grein fyrir framkvæmd og niðurstöðum eftirlitsins þegar þessi heimild er nýtt.
10. Starfsmenn Brunamálastofnunar, Skipulagsstofnunar, Neytendastofu og Vinnueftirlits ríkisins sem vinna að þeim verkefnum sem færast þann 1. janúar 2009 til Byggingarstofnunar skulu eiga forgangsrétt til starfa hjá Byggingarstofnun. Ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, gilda ekki um störf sem ráðið er í samkvæmt þessum tölulið.
11. Krafa 1. mgr. 41. gr. um að tilnefndur aðili skuli hafa faggildingu tekur gildi 1. janúar 2014. Fram að þeim tíma skal tilnefndur aðili hafa gæðastjórnunarkerfi sem Byggingarstofnun viðurkennir og hefur eftirlit með.
12. Krafa 1. mgr. 16. gr. um að allt eftirlit skuli framkvæmt í samræmi við ákvæði skoðunarhandbóka tekur gildi 1. janúar 2011.

Viðauki.

GRUNNKRÖFUR.

Byggingarvörur skulu henta til bygginga og mannvirkja og (bæði í heild og að hluta) koma að tilætluðum notum frá efnahagslegu sjónarmiði og fullnægja í því samhengi eftirfarandi grunnkröfum ef verkin falla undir reglugerðir með slíkum kröfum. Kröfunum skal full-

nægt þann tíma sem eðlilegt og fjárhagslega hagkvæmt er að nýta þau, með fyrirvara um eðlilegt viðhald. Í kröfunum er yfirleitt miðað við fyrirsjáanleg áhrif.

1. BURÐARÞOL OG STÖÐUGLEIKI.

Byggingar og mannvirki skulu hönnuð og byggð á þann veg að álagið sem hætt er við að verki á þau meðan á framkvæmdum stendur og við notkun leiði ekki til:

a) að allt verkið eða hluti þess hrynji,
b) mikilla formbreytinga að því marki að ekki verði við unað,
c) skemmda á öðrum hlutum verksins, lögnum eða föstum búnaði vegna mikilla formbreytinga á burðarvirki,
d) skemmda vegna ytri áhrifa þar sem skemmdirnar eru óeðlilega miklar miðað við upprunalega orsök þeirra.

2. VARNIR GEGN ELDSVOÐA.

Byggingar og mannvirki skulu hönnuð og byggð á þann hátt að brjótist eldur út:

a) megi gera ráð fyrir að burðargeta verksins haldi tiltekinn tíma,
b) skuli glæðing og útbreiðsla elds og reyks takmörkuð inni í byggingunni,
c) skuli útbreiðsla elds til bygginga og mannvirkja í grenndinni takmörkuð,
d) geti viðstaddir yfirgefið bygginguna eða bjargast eftir öðrum leiðum,
e) sé öryggi björgunarliðs haft í huga.

3. HOLLUSTA, HEILSA OG UMHVERFI.

Byggingar og mannvirki skulu hönnuð og byggð á þann hátt að hollustuháttum og heilsu íbúa og nábúa sé eigi stefnt í hættu, m.a. vegna:

a) eiturgasleka,
b) hættulegra agna eða lofttegunda í lofti,
c) hættulegrar geislunar,
d) mengunar eða eitrunar í vatni eða jarðvegi,
e) lélegrar fráveitu skólps, reyks og fasts eða fljótandi úrgangs,
f) rakamyndunar í hlutum bygginga og mannvirkja eða á yfirborði innan dyra.

4. ÖRYGGI VIÐ NOTKUN.

Byggingar og mannvirki skulu hönnuð og byggð á þann hátt að ekki skapist óviðunandi slysahætta við rekstur eða notkun þeirra, svo sem að menn renni til, detti, rekist á, brenni sig, fái raflost eða hljóti meiðsli af völdum sprengingar.

5. HÁVAÐAVARNIR.

Byggingar og mannvirki skulu hönnuð og byggð á þann hátt að hávaði, sem fólk á staðnum eða í næsta nágrenni skynjar, sé ekki hærri en svo að viðkomandi bíði ekki heilsutjón og geti sofið, hvílt sig og unnið við viðunandi skilyrði.

6. ORKUSPARNAÐUR OG HITAEINANGRUN.

Hita-, kæli- og loftræsingarkerfi bygginga og mannvirkja skulu hönnuð og byggð á þann hátt að nauðsynleg orkunotkun sé sem minnst með tilliti til veðurfars á staðnum en án þess að til óþæginda sé fyrir íbúana.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Almennt um undirbúning og gerð frumvarpsins.

Vorið 2002 ákvað umhverfisráðuneytið að ráðast í heildarendurskoðun skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, með síðari breytingum. Ákveðið var við endurskoðunina að taka mið af reynslu af framkvæmd gildandi laga og að ákvæði laganna um skipulagsmál yrðu sett í sérstök lög, skipulagslög, og ákvæði um byggingar og brunavarnir í sérstök lög, byggingarlög. Jafnframt var ákveðið að við endurskoðun ákvæða laganna um byggingarmál yrði tekið á eftirliti með byggingarvörum á markaði, réttindamálum iðnmeistara og stofnun sérstakrar stofnunar þar sem byggingarmál og brunavarnir yrðu vistaðar. Í samræmi við ákvæði til bráðabirgða IV í lögum nr. 75/2000, um brunavarnir, skyldi endurskoðunin enn fremur taka til laga um brunavarnir með það fyrir augum að sameina réttarheimildir um byggingar og önnur mannvirki til að einfalda framkvæmd þeirra, þar með að heimila notkun skoðunarstofa í eftirliti með gerð og viðhaldi bygginga og annarra mannvirkja.

Í ofangreindu skyni ákvað ráðuneytið að skipa tvær nefndir til þess að endurskoða skipulags- og byggingarlög, annars vegar um skipulagsþáttinn og hins vegar um byggingarþáttinn. Nefndunum var ætlað að hafa náið samráð varðandi tillögugerð og ákveðið að frumvörp til breyttra laga yrðu lögð fram samtímis á Alþingi.

Í nefnd um endurskoðun byggingarlagaþáttarins áttu sæti: Ingimar Sigurðsson, skrifstofustjóri umhverfisráðuneytinu, formaður, Ingibjörg Halldórsdóttir, lögfræðingur í umhverfisráðuneytinu, Smári Þorvaldsson, deildarstjóri í umhverfisráðuneytinu, Ágúst Þór Jónsson, verkfræðingur, tilnefndur af forsætisráðuneyti, Eyjólfur Bjarnason, tæknifræðingur, tilnefndur af Samtökum iðnaðarins, Magnús Sædal, byggingarfulltrúi, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Björn Karlsson, brunamálastjóri, tilnefndur af Brunamálastofnun.

Nefndinni var ætlað að hafa náið samráð við eftirtalda aðila við gerð frumvarpsins: Ólaf K. Guðmundsson, byggingarfulltrúa, tilnefndan af Félagi byggingarfulltrúa, Baldur Þór Baldursson, húsasmíðameistara, tilnefndan af Meistarafélagi húsasmíða, Sigmund Eyþórsson, slökkviliðsstjóra, tilnefndan af Félagi slökkviliðsstjóra á Íslandi, Stefán Thors, skipulagsstjóra, tilnefndan af Skipulagsstofnun, Jón Sigurjónsson, yfirverkfræðing hjá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, tilnefndan af iðnaðarráðuneyti, Hauk Ingibergsson, forstjóra, tilnefndan af Fasteignamati ríkisins, Kristján Sveinsson, verkfræðing, tilnefndan af félagi ráðgjafarverkfræðinga, Guðjón Bragason, skrifstofustjóra, tilnefndan af félagsmálaráðuneyti og Guðmund Magnússon, tilnefndan af Öryrkjabandalagi Íslands.

Á árinu 2001 náðist samkomulag milli iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis og umhverfisráðuneytis um að reglugerð nr. 431/1994, um viðskipti með byggingarvörur, sem iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið setti til þess að uppfylla skyldur sem Ísland tók á sig með samningum um Evrópska efnahagssvæðið, yrði færð yfir til umhverfisráðuneytisins og undir skipulags- og byggingarlög. Ráðuneytin ákváðu í framhaldinu að tekið yrði á málinu við endurskoðun laganna og er hér lagt til að reglugerðin færist undir ný lög og verði viðfangsefni nýrrar stofnunar, Byggingarstofnunar. Enn fremur varð að samkomulagi við félagsmálaráðuneytið að aðgengismál yrðu sérstakt verkefni nýrra byggingarlaga.

Á starfstíma nefndarinnar komu fram þau sjónarmið að ástæða væri til þess að ný byggingarlög fjölluðu um öll mál er vörðuðu öryggi bygginga. Endurskoðunarnefndin kynnti sérstaklega fyrir umhverfisráðuneyti og iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti þau áform að leggja til að rafmagnsöryggismál í byggingum ættu að falla undir lög um byggingarmál en þau eru vistuð í iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti og falla undir starfsemi Neytendastofu, áður Löggildingastofu. Samkvæmt gildandi lögum er eftirlit með rafmagnsöryggi í mannvirkjum bæði í höndum byggingarfulltrúa og Neytendastofu og skilin milli þessara tveggja eftirlitsaðila ekki

alltaf skýr. Ein birtingarmynd þessa tvöfalda kerfis hefur falist í því að rafvirkjameistarar hafa þurft tvenns konar löggildingar til starfa sinna, annars vegar löggildingu umhverfisráðherra á grundvelli skipulags- og byggingarlaga og hins vegar löggildingu Neytendastofu á grundvelli laga nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, og hafa fagfélög ítrekað kvartað yfir þessu fyrirkomulagi. Nefndin taldi því nauðsynlegt að rafmagnseftirlit yrði sameinað undir einu ráðuneyti og einni stofnun í því skyni að tryggja skilvirkni og koma í veg fyrir að byggingariðnaðurinn sætti tvöföldu eftirliti.

Nefndin benti enn fremur á að nauðsynlegt væri í mannvirkjakafla byggingarlaga að fleiri mannvirki yrðu sett undir byggingarleyfisskyldu en nú er. Skv. 36. gr. gildandi skipulags- og byggingarlaga taka ákvæði mannvirkjakafla laganna yfir hvers konar byggingar ofan jarðar og neðan og eru síðan talin upp mannvirki sem undanþegin eru byggingarleyfi og þar með afskiptum byggingarnefnda og byggingarfulltrúa. Þar er um að ræða götur, holræsi, vegi og brýr, aðrar en göngubrýr í þéttbýli, jarðgöng, flugbrautir, dreifi- og flutningskerfi rafveitna, hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta, svo og hafnir og virkjanir enda séu þær framkvæmdir á vegum opinberra aðila eða unnar samkvæmt sérlögum. Þó þarf byggingarleyfi fyrir varanlegum húsbyggingum sem reistar eru í tengslum við þessar framkvæmdir, þ.e. byggingar sem ekki eru varanlegar, svo sem starfsmannahús og starfsmannabúðir á hálendinu í tengslum við virkjunarframkvæmdir, eru undanþegnar kröfu um byggingarleyfi og þar með undanþegnar eftirliti byggingarfulltrúa. Nefndin telur nauðsynlegt að færa þessar framkvæmdir, að vegum og götum frátöldum, undir byggingarleyfisskyldu, ekki síst þar sem þessar framkvæmdir eru í æ ríkari mæli unnar af öðrum en opinberum aðilum, en það var meginástæða þess að þær voru undanskildar byggingarleyfisskyldu á sínum tíma. Yrði það þá hlutverk Byggingarstofnunar að veita slík byggingarleyfi enda um meiri háttar framkvæmdir að ræða sem þarfnast sérhæfingar og mikillar þekkingar af hálfu eftirlitsaðila.

Aðrir þættir sem endurskoðunarnefnd byggingarlagaþáttarins tók sérstaklega fyrir eru verkefni nú eru á vegum Vinnueftirlits ríkisins og varða eftirlit með lyftum og uppsetningu þeirra. Þessi atriði voru sérstaklega rædd við félagsmálaráðuneytið. Telur nefndin eðlilegt að þessi þáttur mannvirkja falli eins og aðrir undir ný lög um mannvirki enda enginn munur á þessum tæknibúnaði og öðrum sem settur er upp í mannvirkjum og lýtur byggingareftirliti samkvæmt gildandi lögum.

Endurskoðunarnefnd byggingarlagaþáttarins hefur því í störfum sínum, auk þeirra atriða sem henni var sérstaklega falið að fjalla um í skipunarbréfi, fjallað um aðgengismál, rafmagnsöryggismál, eftirlit með lyftum og lyftubúnaði, auk útvíkkunar mannvirkjakafla gildandi laga og gerir tillögur um að þessir þættir falli undir ný byggingarlög og starfsemi Byggingarstofnunar og byggingarfulltrúa eftir því hvert umfang framkvæmdanna er.

Í störfum sínum leitaðist nefndin við að kljúfa sem gleggst á milli þeirra ákvæða sem annars vegar eiga að vera í skipulagslögum og hins vegar í byggingarlögum og sendi hugmyndir sínar til nefndar sem sérstaklega var falið að endurskoða skipulagsþátt laganna, sbr. það sem segir hér á undan. Byggist þetta fyrst og fremst á því að framkvæmd byggingarlaga sé tæknilegs eðlis en skipulagslög eru í eðli sínu bundin mótun stefnu um landnotkun.

Nefndin taldi nauðsynlegt að þannig yrði frá nýjum byggingarlögum gengið að um væri að ræða heildarlöggjöf sem tæki til allra öryggisþátta bygginga þannig að ákvæði þar að lútandi væri að finna í einum lögum, undir einu ráðuneyti, umhverfisráðuneyti, og einni stofnun, Byggingarstofnun, og byggingarfulltrúum sveitarfélaganna. Eftirlit með einstökum þáttum á að vera hægt að fela faggiltum aðilum og skoðunarstofum jafnt opinberum sem og á almennum markaði en ábyrgðin á eftirlitinu yrði eigi að síður í höndum byggingarfulltrúa og Byggingarstofnunar eftir atvikum.

Endurskoðunarnefnd byggingarlaga lauk störfum í mars 2006 eftir að hafa fengið athugasemdir þeirra aðila sem henni var falið að ráðfæra sig við auk nokkurra annarra aðila og sendi umhverfisráðherra tillögur sínar formi frumvarps til laga um mannvirki ásamt athugasemdum við lagafrumvarpið og við einstaka greinar ásamt fylgiskjölum.

Endurskoðunarnefnd skipulagslaga skilaði um svipað leyti tillögum sínum til umhverfisráðherra. Umhverfisráðuneytið taldi með hliðsjón af eðli þessara frumvarpa og hversu hagsmuni margra þau varða rétt að senda þau til víðtækrar umsagnar og voru þau í því skyni þann 30. júní 2006 send 159 aðilum, þar á meðal öllum sveitarfélögum landsins. Gefinn var kostur á að gera athugasemdir við frumvörpin fyrir 15. ágúst 2006. Jafnframt kynnti ráðuneytið frumvörpin í fjölmiðlum og á heimasíðu sinni og var almenningi gefinn kostur á að gera athugasemdir við efni þeirra. Ráðuneytið fór vandlega yfir allar athugasemdir sem því bárust og voru gerðar breytingar á frumvörpunum m.a. vegna þeirra.

Sigurður Helgason hjá Stjórnháttum ehf. vann fyrir umhverfisráðuneytið sérstakt mat á áhrifum frumvarpsins í samræmi við ákvæði laga nr. 27/1999, um opinberar eftirlitsreglur. Niðurstaða matsins var að miklar líkur væru á að ábati þjóðfélagsins af tillögunni verði meiri en kostnaðurinn. Frumvarpið var að auki sent til umsagnar nefndar um opinberar eftirlitsreglur sem gaf jákvæða umsögn um efni þess.

Frumvörpin voru lögð fyrir Alþingi til kynningar á 133. löggjafarþingi.

2. Saga löggjafar um byggingarmálefni á Íslandi.

Fyrstu heildarlög um byggingarmálefni sem náðu til landsins alls tóku gildi 1. janúar 1979, sbr. byggingarlög, nr. 54/1978. Fram að þeim tíma höfðu gilt mismunandi reglur í þéttbýli og dreifbýli, bæði að því er varðaði stjórn og meðferð byggingarmála og einnig þær kröfur sem gerðar voru til bygginga. Um byggingarmálefni í þéttbýli giltu ákvæði laga nr. 19/1905, um byggingarsamþykktir fyrir verslunarstaði og aðra skipulagsskylda staði, og lög nr. 61/1944, um byggingarmálefni Reykjavíkur. Auk ákvæða um stjórn og meðferð byggingarmála voru í byggingarsamþykktum ákvæði um gerð uppdrátta og bygginga. Árið 1967 gaf félagsmálaráðuneytið, sem þá fór með yfirstjórn málaflokksins, út fyrirmynd að byggingarsamþykktum fyrir löggilta verslunarstaði og aðra skipulagsskylda staði og settu fjölmörg sveitarfélög sér byggingarsamþykktir að þeirri fyrirmynd. Um byggingarmálefni í dreifbýli giltu hins vegar, fyrir setningu laga nr. 54/1978, lög nr. 108/1945, um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verzlunarstaðir. Samkvæmt þeim lögum skyldu sýslunefndir setja byggingarsamþykktir fyrir hlutaðeigandi sýslu og gerðu flestar sýslunefndir það. Í byggingarsamþykktum sýslnanna voru hins vegar nær eingöngu ákvæði um stjórn og meðferð byggingarmála en ákvæði um tæknileg atriði skorti.

Í athugasemdum sem fylgdu frumvarpi til þeirra byggingarlaga sem tóku gildi í ársbyrjun 1979 kemur fram að bein lagaákvæði um byggingarmálefni séu orðin gömul og að mörgu leyti úrelt auk þess sem æskilegt sé að sömu lög gildi fyrir landið allt. Sum ákvæði laga nr. 54/1978 áttu sér fyrirmyndir í hinum staðbundnu byggingarsamþykktum en í öðrum tilvikum var um nýmæli að ræða. Í lögunum var í fyrsta sinn kveðið á um setningu byggingarreglugerðar fyrir landið allt þar sem sett yrðu ítarleg ákvæði um hin ýmsu tæknisvið byggingarmála, hliðstæð þeim sem áður var að finna í byggingarsamþykktum einstakra sveitarfélaga. Í lögunum voru einnig ákvæði um stjórn byggingarmála, um starfsemi byggingarnefnda og byggingarfulltrúa, kröfur um menntun, reynslu og landslöggildingu þeirra sem gera máttu uppdrætti af húsum og öðrum mannvirkjum, bæði aðal- og séruppdrætti. Þeir hönnuðir sem fengið höfðu staðbundna viðurkenningu samkvæmt staðbundnum byggingarsamþykktum til að leggja uppdrætti fyrir byggingarnefnd héldu þeim rétti.

Í lögum nr. 54/1978 voru enn fremur ný ákvæði um byggingarstjóra en samkvæmt eldri byggingarsamþykkt Reykjavíkur og flestum byggingarsamþykktum á skipulagsskyldum þéttbýlisstöðum veittu byggingarnefndir húsasmíðameisturum og múrarameisturum löggildingu til að hafa umsjón með og bera ábyrgð á byggingarframkvæmdum. Við hverja byggingarframkvæmd þurfti tvo löggilta meistara til að standa fyrir framkvæmdinni og bera ábyrgð á byggingarframkvæmdum. Í dreifbýli gátu byggingarnefndir veitt einum byggingarmeistara (húsasmíðameistara eða múrarameistara) réttindi til að standa fyrir byggingarframkvæmdum og var sá meistari þá einn ábyrgur fyrir öllu verkinu samkvæmt því sem segir í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 54/1978. Af ummælum í greinargerðinni má ráða að uppruna byggingarstjóraákvæðanna megi rekja til framangreindra ákvæða um ábyrgð iðnmeistara og að einn eða tveir slíkir bæru ábyrgð á hverju verki. Í nefndaráliti neðri deildar Alþingis með frumvarpi til byggingarlaga segir að ólíkar hugmyndir hafi verið uppi um það hvað fælist í hugtakinu byggingarstjóri samkvæmt frumvarpinu. Taldi nefndin að staða byggingarstjóra sem framkvæmdarstjóra væri ekki réttindastaða sem menn fengju í eitt skipti fyrir öll með löggildingu, heldur næði viðurkenning byggingarnefndar á byggingarstjóra afmarkaðrar framkvæmdar aðeins til gerðar hvers mannvirkis út af fyrir sig sem byggingarleyfi væri veitt fyrir. Segja má að þetta fyrirkomulag hafi haldist allar götur síðan. Í meðförum þingsins árið 1978 breyttust ákvæðin um byggingarstjórana þannig að einungis var um heimild að ræða en ekki skyldu til að ráða byggingarstjóra að verki. Hins vegar þurftu viðkomandi iðnmeistarar, í fyrstu aðeins húsasmíðameistarar og múrarameistarar, en síðar einnig aðrir iðnmeistarar, að undirrita yfirlýsingu um ábyrgð sína á verki áður en byggingarleyfi var gefið út. Í framkvæmd var byggingarstjóraheimildin lítið notuð.

Á 121. löggjafarþingi 1996 var lagt fram frumvarp til skipulags- og byggingarlaga sem unnið var í umhverfisráðuneytinu í samvinnu við Samband íslenska sveitarfélaga og Skipulag ríkisins. Byggðist frumvarpið á frumvörpum um sama efni sem lögð voru fram á Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990–1991 og 115. löggjafarþingi 1991–1992 og 118. löggjafarþingi 1994–1995 og náðu ekki fram að ganga. Sveitarfélögin í landinu kölluðu sérstaklega eftir endurskoðun laganna m.a. með það fyrir augum að einfalda meðferð mála á þessu sviði þannig að þau væru á ábyrgð sveitarfélaganna í ríkari mæli en verið hafði og þá aðallega hvað varðaði skipulagshlutann. Ákveðið var að sameina skipulags- og byggingarlög í einum lagabálki til hagræðis. Við heildarendurskoðun laganna og setningu sameiginlegra skipulags- og byggingarlaga var þó fyrst og fremst tekið á skipulagsþættinum. Ákvæði laganna um mannvirkjagerð og stjórnsýslu byggingarmála byggðust að mestu leyti á ákvæðum byggingarlaganna frá 1978 þó að gerðar væru lítils háttar breytingar og lagagrunnur stjórnsýslunnar styrktur í nokkrum tilvikum. Sett var á fót sérstök úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála sem var nýmæli. Önnur nýmæli laganna frá árinu 1998 voru að sett var að skilyrði að við gerð hvers mannvirkis skyldi vera einn ábyrgur aðili, byggingarstjóri, en eins og áður segir var samkvæmt eldri lögum aðeins um heimild að ræða. Kröfur laganna um hönnunargögn og löggildingu hönnuða voru styrkt og ný ákvæði sett um sérstaka samræmingar- og prófhönnuði. Ábyrgðartrygging hönnuða og byggingarstjóra var enn fremur gerð að skyldu.

Við umfjöllun umhverfisnefndar Alþingis um frumvarp til skipulags- og byggingarlaga bættist við heimild til handa sveitarstjórn til að fela faggiltri skoðunarstofu yfirferð og samþykkt séruppdrátta. Þessi heimild hefur að vissu marki verið nýtt við embætti byggingarfulltrúans í Reykjavík með ágætum árangri. Í því frumvarpi sem hér er lagt fram er haldið áfram á þessari braut og leitast við að leggja enn betri grunn að notkun faggiltra skoðunarstofa við framkvæmd byggingareftirlits.

Frá gildistöku skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, hafa verið gerðar nokkrar breytingar á lögunum en breytingar á byggingarþætti laganna hafa þó verið smávægilegar. Ný byggingarreglugerð tók gildi þann 9. júlí 1998.

3. Reynsla af framkvæmd skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997.

Framkvæmd skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, með síðari breytingum, hvað varðar byggingarþáttinn hefur gengið nokkuð vel en þó eru þar hnökrar sem m.a. byggjast á því að eftirlitið sem rekið er á vegum sveitarfélaganna í um 60 byggingareftirlitsumdæmum hefur ekki verið nægjanlega samræmt og oft með misjöfnum hætti. Helgast það m.a. af því að byggingareftirlitið getur ekki sótt ráðgjöf eða leiðbeiningar til sérstakrar stofnunar þar sem engin byggingarstofnun starfar hér á landi en hennar hlutverk ætti fyrst og fremst að vera að gæta samræmis og hafa yfirumsjón með því að framkvæmdin sé sú sama í landinu öllu. Mannvirkjagerð er stór atvinnugrein á Íslandi sem veltir milljörðum króna á ári hverju og þar ríkir mikil samkeppni. Því er afar mikilvægt að þar sitji allir við sama borð og eftirlitið sé samræmt og fyrirsjáanlegt. Með því að leggja til að sett verði á fót ný og öflug Byggingarstofnun, sem reka mun rafrænt gagnasafn með skoðunarhandbókum, leiðbeiningum og upplýsingum um allt byggingareftirlit og mannvirkjagerð á landinu, er vonast til að þessi samræming náist.

Mannvirkjagerð er flókið tæknilegt svið sem er í stöðugri þróun. Mannvirki og búnaður þeirra verða sífellt flóknari og þarfnast sérhæfðra kunnáttumanna á mörgum sviðum. Að gerð eins mannvirkis koma margir slíkir aðilar sem þurfa að samræma vinnu sína og á sama tíma gæta þess að allt fari að settum reglum. Undanfarin missiri hafa einkennst af spennu á byggingarmarkaði og sjaldan eða aldrei hefur eins mikið verið byggt á eins stuttum tíma. Heyrst hafa raddir um fleiri galla í mannvirkjum m.a. vegna aukins hraða við byggingarframkvæmdir þó að ekki liggi fyrir neinar rannsóknir sem staðfesta það. Allt þetta kallar á að settar séu skýrar reglur til að tryggja öryggi og heilnæmi mannvirkja, að gerðar séu kröfur um hæfni og öguð vinnubrögð þeirra sem að mannvirkjagerðinni koma og síðast en ekki síst að markvisst og faglegt byggingareftirlit fari fram. Á sama tíma þarf jafnframt að gæta þess að eftirlitið sé einfalt og ekki kostnaðarsamara eða flóknara en þörf krefur og að nýtt séu þau tæki sem tiltæk eru í nútímasamfélagi. Þó að í gildandi lögum hafi verið leitast við að tryggja framangreint þá kalla breyttir tímar á ýmsar breytingar í lagaumhverfi mannvirkjagerðar. Við endurskoðun byggingarþáttar skipulags- og byggingarlaga hefur verið leitast við að mæta framangreindum þörfum m.a. með því að færa stjórnsýslu byggingarmála úr höndum kjörinna fulltrúa til byggingarfulltrúa og gera á sama tíma strangar kröfur til faglegrar hæfni þeirra. Annað sem lagt er til og nefnt er hér að framan er að allt eftirlit fari fram í samræmi við ákvæði skoðunarhandbóka sem verða hluti af rafrænu gagnasafni Byggingarstofnunar. Það eitt og sér ætti að einfalda allt eftirlit, gera það samræmt, markvisst og fyrirsjáanlegt. Það ýtir einnig undir að byggingareftirlit verði í auknum mæli falið faggiltum skoðunarstofum. Að lokum er leitast við að tryggja öguð vinnubrögð þeirra sem að mannvirkjagerðinni koma með því að gera kröfu um að þeir hafi gæðastjórnunarkerfi varðandi þá þætti rekstrar þeirra sem snýr að lögum og reglum um mannvirkjagerð. Slíkt gæðastjórnunarkerfi ættu aðilar að geta nýtt sér sem hluta af því gæðastjórnunarkerfi sem framkvæmdaraðilar eru í auknum mæli farnir að hafa m.a. til að tryggja hagkvæmni og skilvirkni í rekstri.

Samkvæmt gildandi lögum eru gerðar kröfur til menntunar og reynslu byggingarfulltrúa sem og hönnuða, meistara og byggingarstjóra sem allir eru í lykilhlutverki í tengslum við byggingarframkvæmdir. Almennt má segja að ákvæðin um hönnuði hafi virkað vel í framkvæmd fyrir utan það að heimild til að láta löggilta prófhönnuði yfirfara vandasama hönnun

hefur ekki verið nýtt og er því í frumvarpi þessu lagt til að þau ákvæði verði felld niður. Hvað varðar ákvæði um byggingarstjóra þá hafa þau ekki alltaf virkað sem skyldi þó að almennt hafi þeirri skyldu verið fylgt eftir að einn byggingarstjóri stýri hverju byggingarleyfisskyldu verki. Bæði hefur hlutverk þeirra að nokkru leyti verið óljóst og deilt hefur verið um umfang ábyrgðar þeirra, en í lögunum segir að þeir beri ábyrgð á að byggt sé í samræmi við samþykkta uppdrætti, lög og reglugerðir. Hefur m.a. verið deilt um stöðu byggingarstjóra gagnvart iðnmeisturum, þ.e. hvort og þá að hvaða marki byggingarstjóri beri ábyrgð á faglegum vinnubrögðum iðnmeistara. Í framkvæmd hefur byggingarstjórn oftar en ekki verið eins konar aukastarf eins af iðnmeisturum verksins. Í frumvarpi þessu er leitast við að skýra hlutverk byggingarstjórans betur og lögð er áhersla á hlutverk hans sem faglegur fulltrúi eiganda mannvirkis, við framkvæmd innra eftirlits og samskipti við hönnuði, iðnmeistara og byggingaryfirvöld. Í frumvarpinu er gengið út frá því að byggingarstjórar starfi sem slíkir í aðalstarfi, a.m.k. þegar um er að ræða umfangsmikla mannvirkjagerð. Þótt gert sé ráð fyrir að iðnmeistarar starfi samkvæmt gildandi lögum og að þeir þurfi löggildingu umhverfisráðherra sem slíkir kemur hvergi fram um hvaða iðnmeistara er að ræða heldur er það útlistað frekar í reglugerð. Eðlilegast er að tekið verði á þessum málum í lögum og er gerð tillaga um það í frumvarpi til nýrra laga um mannvirki.

Í gildandi skipulags- og byggingarlögum er sérstaklega tekið á þvingunarúrræðum og viðurlögum og má segja að þau hafi reynst nokkuð vel sem úrræði til þess að knýja á um framkvæmd þar sem lögum og reglum hefur ekki verið fylgt en misjafnt er hvernig sveitarfélögin hafa nýtt sér þessar heimildir. Þó hefur skort skýr ákvæði um heimildir eftirlitsaðila til að stöðva framkvæmdir og fyrirskipa lokun mannvirkis og er hér lagt til að slíkar heimildir verði lögfestar.

Eitt vandamál tengt framkvæmd núgildandi skipulags- og byggingarlaga varðar svokallaðar stöðu- og lokaúttektir, sem sérstaklega er fjallað um í byggingarreglugerð. Stöðuúttekt er úttekt áður en mannvirki er tekið í notkun og lokaúttekt á að fela í sér úttekt á því að viðkomandi hús sé fullbúið en þessar úttektir fara mjög sjaldan fram í raun. Sérstaklega er tekið á þessum þáttum í frumvarpinu þar sem lagt er til að óheimilt verði að flytja inn í eða taka í notkun mannvirki nema útgefandi byggingarleyfis hafi gefið út vottorð um framkvæmd svokallaðrar öryggisúttektar þar sem farið er yfir öryggisþætti og hollustuhætti bygginga. Einnig eru sett ítarlegri ákvæði um lokaúttektir og m.a. gert ráð fyrir að heimilt sé að gefa út lokaúttektarvottorð með athugasemdum ef mannvirki er ekki fullbúið að öllu leyti en það þarf þó ávallt að uppfylla öryggis- og hollustuháttakröfur og kröfur um aðgengi og frágengi.

4. Helstu nýmæli frumvarpsins.

a. Byggingarstofnun og hlutverk hennar.

Gert er ráð fyrir að nýrri stofnun, Byggingarstofnun, verði komið á fót og að hún taki til starfa 1. júní 2008 og undirbúi gildistöku laganna þann 1. janúar 2009. Við seinna tímamarkið verður Brunamálastofnun lögð niður og verkefni hennar færð undir Byggingarstofnun og ábyrgð á framkvæmd byggingarmála færð frá Skipulagsstofnun til Byggingarstofnunar.

Í frumvarpinu er lagt til að eftirlit með lögum nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga í mannvirkjum, færist frá Neytendastofu til Byggingarstofnunar og eftirlit með lyftum, sbr. lög nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, færist frá Vinnueftirlitinu til Byggingarstofnunar, sbr. umfjöllun í kafla 1 hér að framan. Enn fremur mun reglugerð um viðskipti með byggingarvörur færast frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti til umhverfisráðuneytis og er gert ráð fyrir að framkvæmd þeirrar reglugerðar verði í höndum Byggingarstofnunar. Þá mun Byggingarstofnun annast aðgengismál.

Gert er ráð fyrir að Byggingarstofnun verði stjórnsýslustofnun sem hafi beint eftirlit með tiltekinni mannvirkjagerð, sinni markaðseftirliti með byggingarvörum og stuðli að samræmdu byggingareftirliti um allt land, m.a. með gerð leiðbeininga, skoðunarhandbóka og með beinum íhlutunarrétti ef byggingareftirlit sveitarfélaganna er ekki í samræmi við ákvæði laganna. Enn fremur er gert ráð fyrir að stofnunin annist löggildingar hönnuða og iðnmeistara í stað umhverfisráðherra og gefi út starfsleyfi fyrir byggingarstjóra og faggiltar skoðunarstofur á byggingarsviði. Stofnunin skal einnig taka þátt í gerð íslenskra og evrópskra staðla á sviði byggingarmála.

b. Byggingareftirlit byggingarfulltrúa.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að meginþungi byggingareftirlits í landinu verði áfram í höndum sveitarfélaganna. Þó er gert ráð fyrir þeirri breytingu að byggingarnefndir verði lagðar niður og sveitarstjórnir komi ekki með beinum hætti að stjórnsýslu byggingarmála. Þeirra hlutverk verður að ráða byggingarfulltrúa sem síðan munu sinna útgáfu byggingarleyfa og framkvæmd byggingareftirlits. Í eðli sínu eru byggingarmál tæknileg mál og þess vegna er eðlilegt að framkvæmd þeirra sé í höndum aðila með sérfræðiþekkingu á því sviði. Í gildandi lögum hefur verið heimild fyrir sveitarfélög til að einfalda feril byggingarleyfisumsókna og fela byggingarfulltrúa afgreiðslu minni háttar mála. Hafa mörg af stærri sveitarfélögunum nýtt sér þessa heimild og fram hefur komið vilji af þeirra hálfu til að ganga jafnvel enn lengra og fela byggingarfulltrúunum endanlega afgreiðslu stærri mála. Í framkvæmd hefur öll fagleg framkvæmd málaflokksins verið í þeirra höndum.

c. Faggiltar skoðunarstofur – faggilding byggingarfulltrúa og Byggingarstofnunar.

Gert er ráð fyrir að allt byggingareftirlit verði framkvæmt af faggiltum aðila í samræmi við ákvæði skoðunarhandbóka sem Byggingarstofnun býr til. Þetta þýðir að annaðhvort er byggingareftirlit, og þá aðallega yfirferð hönnunargagna og framkvæmd úttekta, framkvæmt af faggiltum skoðunarstofum eða af byggingarfulltrúum sem þá þurfa að hafa fengið faggildingu til að annast slíkt eftirlit. Sama gildir um það beina eftirlit sem Byggingarstofnun mun hafa með höndum. Henni verður annaðhvort heimilt að fela það faggiltum skoðunarstofum eða að annast það sjálf og þarf þá að afla sér faggildingar. Í frumvarpinu eru tiltekin þau hæfnisskilyrði sem aðilar þurfa að uppfylla til að geta öðlast faggildingu og er gert ráð fyrir að þau séu misströng eftir umfangi mannvirkjagerðarinnar.

d. Byggingarleyfisskyldar framkvæmdir.

Skv. 36. gr. núgildandi skipulags- og byggingarlaga taka ákvæði mannvirkjakafla laganna til hvers konar byggingar ofan jarðar og neðan. Síðan eru taldar upp framkvæmdir sem undanþegnar eru byggingarleyfi og þar með afskiptum byggingarnefnda og byggingarfulltrúa en þar er um að ræða götur, holræsi, vegi og brýr, aðrar en göngubrýr í þéttbýli, jarðgöng, flugbrautir, dreifi- og flutningskerfi rafveitna, hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta, svo og hafnir og virkjanir enda séu þær framkvæmdir á vegum opinberra aðila eða unnar samkvæmt sérlögum.

Eins og áður hefur komið fram taldi endurskoðunarnefnd byggingarlaga fulla þörf á að framangreind mannvirki sem nú eru undanþegin byggingarleyfi verði látin sæta byggingareftirliti eins og önnur mannvirkjagerð. Að hennar mati er engin ástæða til að láta stórframkvæmdir vera undanþegnar slíku eftirliti á meðan allar minni háttar framkvæmdir þurfa að lúta því. Sömu öryggissjónarmið og jafnvel meiri hljóta að gilda um þá mannvirkjagerð. Rökin fyrir undanþágunni á sínum tíma fólust í því að um framkvæmdir af hálfu opinberra aðila

væri að ræða en í mörgum tilvikum er það ekki reyndin lengur, t.d. eftir nýlega breytingu á raforkulögum þar sem rekstrarumhverfi orkumannvirkja var breytt. Í frumvarpinu er því lagt til að eftirfarandi mannvirki verði háð byggingarleyfi og byggingareftirliti Byggingarstofnunar:

a. Virkjanir og önnur þau mannvirki sem reist eru í tengslum við slíkar framkvæmdir.
b. Fráveitumannvirki eða dreifi- og flutningskerfi hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta sem liggja innan fleiri en eins sveitarfélags.
c. Mannvirki á hafi utan sveitarfélagamarka.
d. Mannvirki á flugvallarsvæði Keflavíkurflugvallar.
e. Mannvirki á varnarsvæðum utan Keflavíkurflugvallar og á öryggissvæði, sbr. 61. gr.

Áfram er gert ráð fyrir að tiltekin mannvirki falli utan gildissviðs laganna, svo sem hafnir, varnargarðar og samgöngumannvirki. Þessi mannvirki og eftirlit með þeim falla undir aðra löggjöf, svo sem vegalög og siglingalög, og því eru þau undanþegin ákvæðum þessara laga. Jafnframt er gert ráð fyrir að dreifi- og flutningskerfi rafveitna verði áfram undanþegin byggingarleyfi.

e. Byggingarlög og skipulagslög aðskilin.

Þar sem ákveðið hefur verið að aðskilja byggingar- og skipulagsþátt skipulags- og byggingarlaga er nauðsynlegt að settar verði skýrar línur um mörk þessara laga. Gert er ráð fyrir að í lögum um mannvirki verði ákvæði er varða tæknilega gerð mannvirkja, sérstaklega varðandi öryggi, heilnæmi og aðgengi. Ákvæði er varða útlit mannvirkja, form og staðsetningu tilheyri hins vegar skipulagslögum.

f. Ábyrgð aðila skýrð.

Í frumvarpinu er lögð á það áhersla að skýra hlutverk og ábyrgð eiganda mannvirkis, hönnuða, byggingarstjóra og iðnmeistara betur en gert er í gildandi lögum. Tekið er fram að hin endanlega ábyrgð sé eigandans en hann ráði til sín fagaðila sem sjái um afmarkaða þætti mannvirkjagerðarinnar og beri ábyrgð gagnvart eiganda. Þeir sjái um innra eftirlit eigandans og beiti gæðastjórnunarkerfum við undirbúning og stjórnun framkvæmda.

Eins og áður er komið fram er leitast við að tryggja öguð vinnubrögð þeirra sem að mannvirkjagerðinni koma með því að gera kröfu um að þeir hafi gæðastjórnunarkerfi varðandi þá þætti rekstrar þeirra sem snýr að lögum og reglum um mannvirkjagerð. Á þetta bæði við um hönnuði, byggingarstjóra og iðnmeistara.

Gert er ráð fyrir því að byggingarstjóri gegni áfram mikilvægu hlutverki við byggingarframkvæmdir, sé faglegur fulltrúi eiganda og sjái um samskipti við yfirvöld, hönnuði, iðnmeistara og aðra sem að mannvirkjagerðinni koma. Leitast er við að skýra nákvæmlega hvert sé hans hlutverk en um það hafa verið nokkuð deildar meiningar hingað til eins og áður segir. Í ljósi þess að byggingarstjóra ber að framkvæma innra eftirlit með því að þeir aðilar sem koma að byggingu mannvirkisins fari að settum reglum þá er lagt til að byggingarstjóri geti ekki samhliða verið hönnuður eða iðnmeistari verksins. Er þetta breyting frá því sem nú er og er hún talin nauðsynleg til að koma í veg fyrir að mönnum sé ætlað að hafa eftirlit með sjálfum sér. Eina undantekningin frá þessu er ef um er að ræða minni háttar mannvirkjagerð til eigin nota eiganda. Þá getur eigandi óskað eftir að einn af iðnmeisturum eða hönnuðum verksins taki að sér byggingarstjórn þess. Er þessi undanþága heimiluð þar sem ella væri hætta á að byggingarkostnaður smáframkvæmda mundi aukast og umfang slíkra verka er ekki þess eðlis að nauðsynlegt sé að sérstakur aðili annist innra eftirlit. Er það þá undir viðkom-

andi eiganda komið hvort hann vill leggja í þann kostnað að láta sérstakan aðila annast byggingarstjórn.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að tryggingarskylda byggingarstjóra og hönnuða verði afnumin. Þessum aðilum verður þó áfram heimilt að kaupa sér slíka tryggingu og líklegt að margir þeirra kjósi að gera það til að minnka áhættu sína vegna hugsanlegra skaðabótakrafna sem stofnast geta vegna gáleysis við framkvæmd starfans. Hins vegar er lagt til að ekki verði um lögbundna skyldutryggingu að ræða.

g. Viðskipti með byggingarvörur.

Í VIII. kafla er að finna ákvæði tilskipunar ráðsins 89/106/EBE um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um byggingarvörur og tilskipun ráðsins 93/68/EBE um breytingu á tilskipun um byggingarvörur. Þær gerðir voru upphaflega innleiddar í íslenskan rétt með reglugerð nr. 431/1994 um viðskipti með byggingarvörur sem sett var af iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu. Um er að ræða reglur sem Ísland er skuldbundið til að hafa í sinni löggjöf og eru þær teknar efnislega óbreyttar úr tilskipuninni. Byggingarstofnun er eins og áður segir ætlað að hafa eftirlit með byggingarvörum á markaði. Reglurnar eru fyrst nú að koma til framkvæmda þar sem undirbúningur innan Evrópusambandsins vegna staðlagerðar hefur tekið lengri tíma en áætlað var. Gert er ráð fyrir að CE-merking byggingarvöru verði forsenda fyrir markaðssetningu hennar hér á landi í þeim tilvikum sem samhæfðir evrópskir staðlar eða evrópskt tæknisamþykki fyrir viðkomandi byggingarvöru hafa verið gerðir.

h. Byggingaröryggisgjald.

Lagt er til að gjald með nýju heiti, byggingaröryggisgjald, muni fjármagna starfsemi Byggingarstofnunar. Ekki er um nýtt gjald að ræða heldur hefur ákvæði um svokallað brunavarnagjald, sem innheimt hefur verið á grundvelli laga um brunavarnir, verið fært inn í frumvarp til laga um mannvirki. Skattstofn gjaldsins er óbreyttur og er það innheimt áfram af vátryggingarfjárhæð brunatrygginga fasteigna og lausafjár, svo og samsettra vátrygginga sem fela í sér brunatryggingu. Hér er hins vegar lagt til að gjaldið verði hækkað úr 0,045 prómillum í 0,07. Hingað til hefur brunavarnagjaldi verið einungis ætlað að standa undir rekstri Brunamálastofnunar vegna yfirumsjónar með brunavörnum en hér er lagt til að byggingaröryggisgjaldið renni til Byggingarstofnunar og standi þannig undir kostnaði við yfirumsjón byggingaröryggismála almennt. Með því að leggja slíkt gjald á brunatryggingar er gjaldtökunni dreift á mörg ár, þ.e. allan líftíma mannvirkisins, í stað þess að innheimta hærra gjald einu sinni í upphafi mannvirkjagerðar. Eigendur mannvirkja eiga að njóta góðs af yfireftirliti og umsjón Byggingarstofnunar allan líftíma mannvirkisins og því mæla góð rök með því að þessi leið verði valin.

i. Úrskurðir um ágreining.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ágreiningur um framkvæmd laganna verði í höndum úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála eins og verið hefur. Þó er lögð til sú breyting að komi upp ágreiningur um framkvæmd eftirlits á grundvelli skoðunarhandbókar, þ.e. ágreiningur um tæknileg atriði, gefi Byggingarstofnun út álit sem séu bindandi fyrir alla aðila máls. Enn fremur er lagt til að Byggingarstofnun geti að eigin frumkvæði gefið út slík bindandi álit. Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála er ekki ætlað að endurskoða bindandi álit Byggingarstofnunar.

Athugasemdir við einstakar greinar og kafla frumvarpsins.

Um heiti laganna og I. kafla frumvarpsins.

Þar sem gert er ráð fyrir að frumvarpið taki til allra mannvirkja en ekki bara bygginga er lagt til að ný lög verði nefnd lög um mannvirki. Heitið verður þannig lýsandi fyrir vítt gildissvið laganna. Í fyrsta kafla frumvarpsins eru almenn ákvæði um markmið, gildissvið og helstu hugtök skilgreind.

Um 1. gr.

Í greininni er gerð grein fyrir markmiðum frumvarpsins sem hafa ber að leiðarljósi við framkvæmd laganna, skýringu þeirra og ekki síst við setningu reglugerða á grundvelli þeirra. Í a-lið er fjallað um þann grundvallartilgang löggjafar um mannvirkjagerð að vernda líf, heilsu fólks, umhverfi og eignir með því að tryggja faglegan undirbúning mannvirkjagerðar og virkt eftirlit með því að kröfum um öryggi þeirra og heilnæmi sé fullnægt. Síðan er í b-lið fjallað um að tilgangur frumvarpsins sé enn fremur að stuðla að endingu og hagkvæmni mannvirkja m.a. með því að tryggja að þau séu hönnuð þannig og byggð að þau henti íslenskum aðstæðum. Hagkvæmni mannvirkja ræðst m.a. af líftímakostnaði þeirra þar sem tekið er tillit til stofn- og rekstrarkostnaðar miðað við ákveðinn líftíma og notkun. Með tilliti til mannvirkjagerðar eru íslenskar aðstæður óvenjulegar, stormar eru hér tíðari og öflugri en annars staðar og líkur á jarðskjálftum óvíða meiri. Veðurálag, svo sem slagveður, skafrenningur og hitasveiflur, skiptir miklu varðandi útfærslur mannvirkja, t.d. þéttleika og þol gagnvart veðrun og þar með líftímakostnað og jarðskjálftahættan hefur mikil áhrif á burðarvirki og frágang mannvirkja og þar með stofnkostnað þeirra.

Í c-lið segir að það sé eitt af markmiðum frumvarpsins að stuðla að vernd umhverfis með því að hafa sjálfbæra þróun að leiðarljósi við hönnun og gerð mannvirkja þeirra. Mikilvægt er að hönnuðir og framkvæmdaraðilar gæti þess í framleiðslu og rekstri mannvirkja að þau valdi lágmarksálagi á umhverfi og leitast sé við að draga eftir föngum úr orku- og efnisnotkun, t.d. með endurnýtingu byggingarefna, notkun vistvænna byggingarefna og gagnrýnu mati á lífskostnaði mannvirkja. Þessu tengt er sérstaklega tiltekið í f-lið það markmið laganna að stuðla að góðri orkunýtingu við rekstur bygginga. Í d-lið er sett fram það mikilvæga markmið frumvarpsins að stuðla að tæknilegum framförum og nýjungum í byggingariðnaði. Að lokum er tekið í e-lið upp það mikilvæga markmið að stuðlað sé að aðgengi fyrir alla. Á það ekki síst við um setningu ákvæða reglugerðar þar sem settar eru kröfur um gerð og frágang mannvirkja og mögulegt að setja þar kröfur um útbúnað og frágang mannvirkja í því skyni að allir hafi aðgang. Með aðgengi er átt við að fólk sem á við fötlun eða veikindi að stríða geti með öruggum hætti komist inn og út úr mannvirkjum jafnvel við óvenjulegar aðstæður, t.d. í bruna, en jafnframt að við hönnun og útfærslu mannvirkja séu hafðar í huga mismunandi þarfir og geta fólks með tilliti til sjónar og heyrnar, t.d. við efnisval og útfærslur, og gætt sé að hljóðvist og birtuskilyrðum innan og utan húss.

Um 2. gr.

Hér er fjallað um gildissvið frumvarpsins. Tekið er fram að það gildi um öll mannvirki sem reist eru á landi, ofan jarðar eða neðan, innan landhelginnar og efnahagslögsögunnar. Hugtakið mannvirki er síðan skilgreint í 3. gr. frumvarpsins. Nauðsynlegt er að taka sérstaklega fram að frumvarpið tekur ekki eingöngu til mannvirkjagerðar á landi heldur innan landhelginnar og efnahagslögsögunnar. Með stjórnsýslu byggingarmála utan sveitarfélagamarka, þ.e. utan netlaga á hafi, þar sem sveitarfélagamörkin hafa verið talin liggja, fer Byggingarstofnun, sbr. b-lið 3. mgr. 8. gr. Þó að lítið hafi enn sem komið er verið um mannvirkjagerð

á hafi úti er nauðsynlegt að tryggja að enginn vafi leiki á því að lögin nái einnig til slíkra mannvirkja á sama hátt og á landi. Til nánari skýringa er tekið fram að frumvarpið gildi um alla þætti mannvirkja svo sem gerð burðarvirkja, lagnir, þ.m.t. neysluvatnslagnir, hitalagnir, fráveitulagnir, raflagnir, loftræsilagnir, gaslagnir og öryggiskerfi. Einnig að frumvarpið gildi um lyftur og lyftubúnað, fjarskiptabúnað, eldvarnir og byggingarvörur, jafnt á markaði sem og í mannvirkjum. Undir frumvarpið fellur enn fremur gróður á lóðum, frágangur lóða, girðingar í þéttbýli, skilti, gámar og leik- og íþróttasvæði, en nákvæm ákvæði um þessa þætti eru sett í gildandi byggingarreglugerð og er oft kveðið á um útfærslu þeirra og gerð í tengslum við veitingu byggingarleyfis mannvirkja.

Að lokum eru í 2. mgr. talin upp mannvirki sem ekki falla undir lögin, svo sem hafnir, varnargarðar og samgöngumannvirki. Þessi mannvirki og eftirlit með þeim falla undir aðra löggjöf, svo sem vegalög og siglingalög, og því eru þau undanþegin ákvæðum þessara laga.

Um 3. gr.

Í ákvæðinu eru skilgreind helstu hugtök frumvarpsins. Þar sem í frumvarpinu er að finna mun ítarlegri ákvæði en í gildandi lögum er nauðsynlegt að skýra mun fleiri hugtök nú en þar er gert. Flest hugtakanna eiga uppruna sinn í eldri löggjöf, bæði skipulags- og byggingarlögum, lögum um brunavarnir, lögum um faggildingu, byggingarreglugerð og reglugerð um viðskipti með byggingarvörur. Byggingarvara er skilgreind sem vara sem framleidd er með það fyrir augum að hún verði varanlegur hluti af hvers konar byggingarframkvæmdum. Skilgreiningin er höfð rúm og opin eins og gert er í tilskipun um viðskipti með byggingarvörur og er það fyrirhuguð notkun hennar til mannvirkjagerðar sem ræður því hvort um byggingarvöru er að ræða. Allt hefðbundið byggingarefni telst til byggingarvara, en einnig raðframleiddar byggingareiningar og raðframleidd hús. Skilgreiningin á grundvallarhugtakinu mannvirki verður áfram nokkuð opin enda nánast ógjörningur að telja með tæmandi hætti upp þær framkvæmdir sem mönnum kann að detta í hug að ráðast í. Í dæmaskyni eru taldar upp nokkrar tegundir mannvirkja en alls ekki er um tæmandi talningu að ræða. Sérstaklega er tekið fram að til mannvirkja teljist einnig tímabundnar og lausar byggingar sem ætlaðar eru til svefns eða daglegrar dvalar í 4 mánuði eða lengur á sama stað, svo sem starfsmannabúðir og húsvagnar. Nauðsynlegt er að framangreind mannvirki séu háð byggingareftirliti ef þeim er ætlað að vera bústaður eða vinnustaður manna til lengri tíma, m.a. til að unnt sé að tryggja öryggi þeirra sem þar dvelja. Hingað til hafa mannvirki af þessu tagi ekki verið háð byggingarleyfi eða byggingareftirliti og því verið óljóst hvaða kröfur ætti að gera um t.d. eldvarnir og hollustuhætti og síðan hver ætti að hafa eftirlit með slíku. Sem dæmi má nefna umfangsmiklar starfsmannabúðir vegna virkjanaframkvæmda á hálendinu sem ekki hafa verið háðar neinu byggingareftirliti þrátt fyrir að þar hafi dvalið þúsundir starfsmanna um nokkurra ára skeið. Erlendis hafa verið sambærileg vandamál tengd svokölluðum hjólhýsabyggðum og því er það sett hér inn. Fjögurra mánaða markið er sett í því skyni að undanskilja svo ekki verði um villst hefðbundna notkun hjólhýsa vegna sumarleyfa eða starfsmannabúðir sem einungis eru settar upp til styttri tíma. Slíkar búðir eru eftir sem áður háðar reglum framangreindrar hollustuháttareglugerðar. Í 2. gr. frumvarpsins er til nánari fyllingar mannvirkjahugtakinu að finna upptalningu á ýmsum þáttum mannvirkja sem þá eru hluti þeirra, svo sem burðarvirki, lagnir og fjarskiptabúnaður. Í þriðja málslið mannvirkjaskilgreiningarinnar er tekið fram að mannvirki á eða í hafi, vötnum og ám sem hafa fasta staðsetningu teljist einnig til mannvirkja. Sem dæmi um þetta eru fiskeldiskvíar, olíuborpallar, olíuleiðslur og aðrar neðansjávarlagnir.

Um 4. gr.

Í ákvæðinu kemur fram að yfirstjórn mannvirkjamála sé í höndum umhverfisráðherra og Byggingarstofnun sé honum til aðstoðar. Skv. 2. mgr. ber sveitarstjórn ábyrgð á framkvæmd byggingareftirlits byggingarfulltrúa. Hlutverk byggingarfulltrúa er að gefa út byggingarleyfi og annast eftirlit með byggingarframkvæmdum nema um sé að ræða mannvirki sem fellur undir eftirlit Byggingarstofnunar. Hvað varðar byggingareftirlit sveitarfélaganna þá er um nokkrar breytingar að ræða frá gildandi lögum. Lögð er til sú grundvallarbreyting að sveitarstjórn staðfesti ekki lengur ákvarðanir byggingarfulltrúa, auk þess sem lagt er til að byggingarnefndir verði lagðar niður. Tilhneigingu í þessa átt hefur mátt greina í nokkrum af stærri sveitarfélögum landsins, svo sem Reykjavík, Akureyri og Hafnarfirði, þar sem heimildir gildandi laga til setningar sérstakra samþykkta um endanlega afgreiðslu byggingarfulltrúa á byggingarleyfisumsóknum hafa verið nýttar. Heimildin hefur hins vegar samkvæmt lögunum verið bundin við minni háttar mannvirkjagerð en vilji sveitarfélaga hefur staðið til þess að færa hana frekar út. Helgast þetta m.a. af þeirri staðreynd að afgreiðslur byggingarfulltrúa eru að stórum hluta til tæknilegs eðlis og forsendur pólitískt kjörinna nefnda og sveitarstjórna til að taka slíkar ákvarðanir takmarkaðar. Því er hér lagt til að skrefið verði stigið til fulls og faglega hæfum byggingarfulltrúum falin útgáfa byggingarleyfa og eftirlit með byggingarframkvæmdum. Á þetta að verða til mikillar einföldunar á ferli byggingarleyfisumsókna. Á hinn bóginn er þá enn fremur nauðsynlegt að gera skýr skil milli ákvarðana sem í eðli sínu eru ekki tæknilegs eðlis og fela í sér ákvarðanir um fyrirkomulag byggðar, útlit og staðsetningu. Slíkar ákvarðanir er eðlilegt að kjörnir fulltrúar taki og þá á grundvelli skipulagslaga. Í frumvarpi til nýrra skipulagslaga er ferill þeirrar ákvarðanatöku markaður og skal byggingarfulltrúi taka fullt tillit til ákvarðana sem teknar eru á grundvelli skipulagslaga áður en hann gefur út byggingarleyfi. Í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga og þá ábyrgð sem lögð er á sveitarstjórn samkvæmt greininni getur sveitarstjórn falið tilteknum aðila innan stjórnsýslu sveitarfélagsins, svo sem nefnd eða ráði sem sveitarstjórn skipar, að fylgjast með starfsemi byggingarfulltrúa og hafa yfirsýn um að afgreiðslur þeirra séu samræmi við lög og góða stjórnsýsluhætti.

Önnur meginbreyting á stjórnsýslu byggingarmála er tilkoma Byggingarstofnunar. Gert er ráð fyrir að stofnunin verði stjórnsýslustofnun sem hafi beint eftirlit með tiltekinni mannvirkjagerð, þ.e. mannvirkjagerð sem í flestum tilvikum hefur hingað til ekki verið háð byggingareftirliti, og beri jafnframt ábyrgð á samræmingu byggingareftirlits um allt land, m.a. með gerð leiðbeininga, skoðunarhandbóka og með beinum íhlutunarrétti ef byggingareftirlit sveitarfélaganna er ekki í samræmi við ákvæði laganna.

Um 5. gr.

Hér er ítarlega lýst hlutverki hinnar nýju Byggingarstofnunar sem lagt er til að komið verði á fót og taki m.a. við hlutverki Brunamálastofnunar og þeim hluta Skipulagsstofnunar sem farið hefur með byggingarmál. Stofnunin skal hafa eftirlit með framkvæmd laga um mannvirki, laga um brunavarnir, sem lagt er til að standi áfram sjálfstæð og að mestu óbreytt, og lögum um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga. Eftirlit með síðastnefndu lögunum hefur hingað til verið í höndum öryggissviðs Neytendastofu. Að hluta til hefur verið við lýði tvöfalt eftirlit með rafmagnsöryggi í mannvirkjum, þ.e. annars vegar af hálfu Neytendastofu og hins vegar af hálfu byggingarfulltrúa sveitarfélaganna. Er hér lögð til einföldun á þessu fyrirkomulagi.

Þessu til viðbótar er í 5. tölul. lagt til að Byggingarstofnun beri ábyrgð á skráningu og eftirliti með lyftum og lyftubúnaði til fólks- og vöruflutninga og togbrautarbúnaði til fólks-

flutninga. Um er að ræða málaflokk sem Vinnueftirlit ríkisins hefur annast. Tæknilegt eftirlit af þessu tagi á mikla samleið með öllu því tæknilega eftirliti sem lagt er til að Byggingarstofnun annist auk þess sem lyftur og lyftubúnaður er einungis einn af mörgum þáttum mannvirkja sem eðlilegt er að falli undir lög um mannvirki eins og allur annar tæknibúnaður mannvirkja. Gert er ráð fyrir að unnt verði að fela faggiltum skoðunarstofum þetta eftirlit eins og annað eftirlit í mannvirkjum.

Gert er ráð fyrir að Byggingarstofnun annist gerð leiðbeininga, verklagsreglna og skoðunarhandbóka í því skyni að samræma byggingareftirlitið og ýta undir notkun faggiltra skoðunarstofa. Mikið verk er fyrir höndum í upphafi við gerð og undirbúning slíkra skoðunarhandbóka en sú vinna mun skila sér margfalt til baka síðar með skilvirkara og samræmdara eftirliti. Rafrænt gagnasafn stofnunarinnar þar sem m.a. skoðunarhandbækur, gátlistar og niðurstöður skoðana eru vistaðar, er lykillinn að möguleikum stofnunarinnar til að hafa eftirlit með framkvæmd byggingareftirlits um land allt og til að heildaryfirsýn fáist yfir málaflokkinn, en mjög hefur skort á að slík yfirsýn hafi verið fyrir hendi. Gert er ráð fyrir að unnt verði að tengja gagnasafn Byggingarstofnunar Landskrá fasteigna sem rekin er af Fasteignamati ríkisins. Með því má ná saman á einn stað upplýsingum um byggingar og mannvirki um land allt, sem bæði mun nýtast eigendum mannvirkja og stjórnvöldum. Leiðbeiningar, verklagsreglur og skoðunarhandbækur eru verkfæri allra fagaðila á sviði byggingariðnaðar svo sem hönnuða, byggingarstjóra, iðnmeistara og eftirlitsaðila við framkvæmd laganna. Gert er ráð fyrir að þar verði m.a. ákvæði um eftirlitsaðferðir, tæknilegt eftirlit, skoðunaráætlanir og mismunandi eftirlitsstörf.

Aðgengismál er einn af þeim málaflokkum sem gert er ráð fyrir að Byggingarstofnun muni sinna en um er að ræða afar mikilvægan málaflokk sem Öryrkjabandalag Íslands og fleiri aðilar hafa lagt þunga áherslu á að yrði sinnt með viðunandi hætti.

Lagt er til að löggildingar hönnuða, iðnmeistara og slökkviliðsmanna verði færðar frá umhverfisráðuneytinu til Byggingarstofnunar auk þess sem gert er ráð fyrir að útgáfa starfsleyfis til handa byggingarstjórum og faggiltum skoðunarstofum verði einnig í höndum stofnunarinnar. Enn fremur er gert ráð fyrir að stofnunin annist kynningar- og fræðslustarf bæði fyrir almenning og hagsmunaaðila, þ.m.t. byggingarfulltrúa og aðra þá sem sinna framkvæmd byggingareftirlits. Stofnunin skal standa fyrir námskeiðum og prófum til réttinda fyrir hönnuði, sem hingað til hefur verið í höndum sérstakrar prófnefndar, auk þess að standa fyrir námskeiðum fyrir byggingarstjóra. Enn fremur skal stofnunin starfrækja Brunamálaskóla fyrir slökkviliðsmenn. Hvað varðar framangreinda þætti þá er ekki nauðsynlegt að stofnunin sinni þessum verkefnum sjálf heldur getur hún falið menntastofnun starfrækslu Brunamálaskólans, sbr. lög um brunavarnir.

Í 13. tölul. 5. gr. segir að Byggingarstofnun skuli bæði annast og stuðla að rannsóknum á sviði byggingarmála og brunavarna í samvinnu við hagsmunaaðila, en svipað ákvæði er í gildandi lögum um brunavarnir. Ekki er ætlunin að Byggingarstofnun annist sjálf umfangsmiklar rannsóknir, enda sinna háskólar, einkareknar rannsóknastofur og opinberir aðilar slíkum rannsóknum að mestu leyti. Hins vegar verður Byggingarstofnun að hafa yfirsýn yfir mannvirkjagerð þannig að misfellur og vandamál í málaflokknum upplýsist. Vinna þarf úr upplýsingum frá byggingarfulltrúum og öðrum aðilum jafnóðum, stuðla að skýrslugerð og áætla rannsóknarþörfina, einkum vegna sérístenskra aðstæðna. Þessar niðurstöður þarf að birta stjórnvöldum og öðrum sem málið varðar, t.d. sem tölfræðilegar rannsóknarniðurstöður.

Lagt er til að Byggingarstofnun taki þátt í starfi Staðlaráðs Íslands um gerð íslenskra og evrópskra staðla á sviði mannvirkjamála og tilnefni aðila til þátttöku í starfi Evrópusamtaka um tæknisamþykki (EOTA). Eins og fram hefur komið mun Byggingarstofnun annast allt

eftirlit með byggingarvörum á markaði. Byggingarvörur skulu uppfylla ákvæði samhæfðra Evrópustaðla sem innleiddir verða sem íslenskir staðlar og íslenskra kröfuskjala sem byggð eru á stöðlunum. Evrópustaðlarnir eru í raun skyldubundnir og verður að uppfylla ákvæði þeirra við gerð íslenskra kröfuskjala. Þess vegna er nauðsynlegt að íslensk stjórnvöld taki virkan þátt í gerð staðlanna til þess að tryggja að séríslenskar aðstæður verði virtar við samningu þeirra.

Að lokum er í 5. gr. að finna nýmæli um að Byggingarstofnun skuli árlega gefa út skýrslu um stöðu og þróun mannvirkjagerðar í landinu. Hefur mjög skort á að slíkar upplýsingar væru tiltækar á einum stað en með hinni nýju stofnun skapast tækifæri til að öðlast betri yfirsýn yfir mannvirkjagerð í landinu.

Um 6. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um skipun forstjóra Byggingarstofnunar og menntun hans. Sambærileg ákvæði eru í gildandi lögum um forstjóra Skipulagsstofnunar og brunamálastjóra.

Um 7. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um hlutverk byggingarfulltrúa við byggingareftirlit. Það er á ábyrgð þeirra að hafa eftirlit með þeirri mannvirkjagerð sem fellur undir 1. mgr., sbr. 2. mgr., 8. gr. Ákvæðið felur í reynd ekki í sér miklar breytingar á verkefnum byggingarfulltrúa þó að ábyrgðin sé samkvæmt frumvarpinu eingöngu á þeirra herðum í stað byggingarnefndar og sveitarstjórnar áður. Hlutverk þeirra er afmarkað þannig að þeir hafi eftirlit með tiltekinni mannvirkjagerð, sem að mestu leyti er sú sama og sætt hefur eftirliti byggingarfulltrúa samkvæmt gildandi lögum. Það er síðan Byggingarstofnun sem fer með eftirlit með framkvæmd laganna að öðru leyti. Þó að lagðar séu til breytingar á heimildum byggingarfulltrúa til að gefa út byggingarleyfi án samþykkis sveitarstjórnar þá er ekki talin þörf á efnislegum breytingum á ákvæðum um byggingarfulltrúa og kröfum um hæfni þeirra, enda er um tiltölulega strangar kröfur að ræða samkvæmt gildandi lögum. Meginbreytingin felst í 18. gr. frumvarpsins þar sem gerð er sú krafa að byggingarfulltrúar og starfsmenn hans hafi faggildingu til að yfirfara uppdrætti og framkvæma úttektir ef þeir ætla sér að framkvæma þann hluta eftirlitsins sjálfir. Ekki er þó um ráðningarskilyrði að ræða þar sem byggingarfulltrúa er heimilt að starfa án faggildingar, en þá þarf að fela faggiltri skoðunarstofu yfirferð uppdrátta og framkvæmd áfangaúttekta.

Áfram verður heimilt að ráða sama aðila í starf skipulagsfulltrúa og byggingarfulltrúa. Eftir skiptingu málaflokkanna í tvenn lög verður hins vegar enn mikilvægara en áður að byggingar- og skipulagsfulltrúar geri sér skýra grein fyrir því á grundvelli hvaða laga þeir eru að starfa í hverju tilviki fyrir sig, þar sem annars vegar getur verið um að ræða ákvarðanir sem þeim sjálfum er heimilt að taka og hins vegar ákvarðanir sem þurfa staðfestingu sveitarstjórnar.

Í 4. mgr. er ákvæði sem á sér hliðstæðu í 3. mgr. 7. gr. gildandi laga en hið síðarnefnda nær til starfsmanna byggingar- og skipulagsnefnda. Ákvæðinu er ætlað að koma í veg fyrir að byggingarfulltrúi eða starfsmenn hans starfi t.d. við hönnun að aukastarfi. Þótti slíkt fyrirkomulag óheppilegt og ósanngjarnt, sérstaklega gagnvart samkeppnisaðilum sem gátu þurft að lúta byggingareftirliti af hendi aðila sem á sama tíma var í samkeppni við þá í sínu aukastarfi. M.a. af þessum ástæðum var þessi regla tekin upp á sínum tíma. Þóttu vanhæfisreglur stjórnsýslulaga ekki tryggja hlutleysi byggingareftirlitsaðila nægjanlega og aukastarfaregla laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nær ekki til starfsmanna sveitarfélaganna.

Um 8. gr.

Í þessari grein er fjallað um það hvaða mannvirki eru háð byggingarleyfi og hvaða stjórnvald fer með útgáfu leyfisins. Sú grundvallarregla gildir að útgefandi byggingarleyfis hefur eftirlit með því að byggingarframkvæmdirnar séu í samræmi við ákvæði laganna. Útgefanda getur þó verið heimilt að fela öðrum framkvæmd eftirlitsins en ábyrgðin er ávallt útgefandans. Byggingarfulltrúar og Byggingarstofnun gefa út byggingarleyfi eftir tegund mannvirkisins. Útgáfa byggingarleyfis er í höndum byggingarfulltrúa í því umdæmi sem mannvirkið er staðsett nema um sé að ræða mannvirki sem talin eru upp í 3. mgr. Samkvæmt þessu þarf byggingarleyfi byggingarfulltrúa til þess að grafa grunn, reisa, rífa eða flytja mannvirki, breyta því, burðarkerfi þess eða lagnakerfum, eða breyta notkun þess, nema um sé að ræða mannvirki sem fellur undir 3. mgr. Sama gildir um nýframkvæmdir við fráveitumannvirki og dreifi- og flutningskerfi hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta og breytingar á slíkum mannvirkjum, enda sé um að ræða meiri háttar breytingar á hönnunarforsendum eða staðsetningu slíkra mannvirkja. Þannig er ekki gert ráð fyrir að sækja þurfi um byggingarleyfi fyrir hefðbundnu viðhaldi á slíkum mannvirkjum eða lagfæringum sem ekki krefjast stórvægilegra breytinga á hönnunargögnum. Nánar verður útlistað í reglugerð hvaða framkvæmdir af þessu tagi verða byggingarleyfisskyldar. Byggingarleyfisskyldan hefur verið víkkuð nokkuð frá því sem kveðið er á um í gildandi lögum og undanþágum frá byggingarleyfi verið fækkað. Enn þá eru undanþegin byggingarleyfi dreifi- og flutningskerfi rafveitna, hafnir, varnargarðar og fyrirhleðslur, vegir og önnur samgöngumannvirki svo sem flugvellir, jarðgöng, vegskálar og brýr, aðrar en göngubrýr í þéttbýli, en ábyrgð á eftirliti með hönnun þeirra er samkvæmt lögum á herðum annarra aðila, svo sem Orkustofnunar, Vegagerðarinnar og Siglingastofnunar.

Í lokamálslið 1. mgr. er lagt til að ráðherra verði heimilt að undanþiggja minni háttar mannvirkjagerð eða smávægilegar breytingar á mannvirkjum byggingarleyfi. Er þetta talið nauðsynlegt í því skyni að einfalda byggingareftirlit og auka athafnafrelsi borgaranna upp að vissu marki. Í samræmi við markmið laganna skal byggingareftirlit miða að því að vernda líf, heilsu fólks, umhverfi og eignir með því að tryggja faglegan undirbúning mannvirkjagerðar og virkt eftirlit með því að kröfum um öryggi þeirra og heilnæmi sé fullnægt. Því er eðlilegt að minni háttar mannvirkjagerð sem ekki hefur áhrif á þessa þætti sé undanþegin byggingareftirliti. Of mikil orka byggingaryfirvalda hefur oft og tíðum farið í slíkt eftirlit og er hér lagt til að við gerð nýrrar reglugerðar um byggingarmál verði leitast við að einfalda eftirlitið með þessum hætti. Þá ættu yfirvöld að geta einbeitt sér að þeim mannvirkjum þar sem raunveruleg þörf er á eftirliti með því að þau standist öryggis-, heilbrigðis- og aðgengiskröfur.

Í 3. mgr. eru sérstaklega tilgreind þau mannvirki sem háð eru byggingarleyfi Byggingarstofnunar. Í a-lið er kveðið á um að Byggingarstofnun veiti byggingarleyfi vegna virkjana en þær eru samkvæmt gildandi lögum undanþegnar byggingarleyfi. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum með frumvarpinu er talin full þörf á að þessar framkvæmdir sæti opinberu eftirliti eins og aðrar framkvæmdir ekki síst til að tryggja öryggi þeirra. Færst hefur í vöxt að virkjanir séu reistar af öðrum en opinberum aðilum, m.a. eftir nýlega breytingu á raforkulögum en það voru á sínum tíma meginrök þess að undanþiggja þær byggingarleyfi að þær væru reistar af opinberum aðilum. Þar sem um er að ræða sérhæfð og flókin mannvirki er talið eðlilegt að eftirlitið sé falið Byggingarstofnun sem mun hafa yfir að ráða þeirri faglegu þekkingu sem þarf til að bera ábyrgð á slíku eftirliti. Skv. 2. málsl. ákvæðisins þarf enn fremur byggingarleyfi Byggingarstofnunar fyrir öðrum þeim mannvirkjum sem reist eru í tengslum við virkjanaframkvæmdir. Til hagræðis er að leyfisveiting vegna einnar framkvæmdar sé á einni hendi þannig að sú staða komi ekki upp að virkjunin sé háð leyfi Bygg-

ingarstofnunar en húsbyggingar henni tengdar háðar leyfi byggingarfulltrúa. Sömu sjónarmið eiga við um fráveitumannvirki, dreifi- og flutningskerfi hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta sem liggja innan fleiri en eins sveitarfélags, sbr. b-lið. Þar er til mikils hagræðis fyrir framkvæmdaraðila að geta snúið sér til Byggingarstofnunar í stað þess að sækja um byggingarleyfi í mörgum sveitarfélögum fyrir einni framkvæmd. Í c-lið 3. mgr. kemur fram að mannvirki á hafi utan sveitarfélagamarka séu háð byggingarleyfi Byggingarstofnunar. Þar sem þessi mannvirki eru utan marka sveitarfélaga falla þau utan umdæma byggingarfulltrúa. Hins vegar er eðlilegt að þessi mannvirki sæti byggingareftirliti eins og mannvirki á landi og er því lagt til að Byggingarstofnun fái það verkefni að gefa út byggingarleyfi vegna þeirra og hafi eftirlit með slíkri mannvirkjagerð. Að lokum er í d- og e-lið gert ráð fyrir að Byggingarstofnun veiti byggingarleyfi á öryggis- og varnarsvæðum. Um þessi svæði er fjallað í nýlegum lögum nr. 176/2006, um ráðstafanir í kjölfar samnings við Bandaríkin um skil á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli. Samkvæmt þeim lögum skiptist varnarsvæðið á Keflavíkurflugvelli í flugvallarsvæði, öryggissvæði og starfssvæði Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar. Með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 38/2007 var mörkum varnarsvæðisins breytt þannig að síðastnefnda svæðið fellur utan skilgreinds varnarsvæðis. Í frumvarpi til skipulagslaga er lagt til að umhverfisráðherra fari með yfirstjórn skipulagsmála á flugvallarsvæði Keflavíkurflugvallar. Yfirstjórn skipulagsmála á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli og varnarsvæðum annars staðar á landinu er hins vegar í höndum utanríkisráðherra. Undir d-lið ákvæðisins falla þannig mannvirki á því svæði sem skipulagsáætlanir umhverfisráðherra ná til en undir e-lið falla mannvirki á skipulagssvæði utanríkisráðherra. Við útgáfu byggingarleyfis á síðarnefnda svæðinu og við byggingareftirlit starfar Byggingarstofnun í umboði utanríkisráðherra, þar sem svæðið er utan íslensks yfirráðasvæðis. Á framangreindum svæðum gilda öll ákvæði laga um mannvirki og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim að því undanskildu að einstaka mannvirkjagerð á öryggissvæði er undanþegin opinberum gjöldum, sbr. 61. gr.

Í 4. mgr. er ákvæði um að ef vafi leiki á því hvort mannvirki sé háð byggingarleyfi eða hvort það falli undir byggingarfulltrúa eða Byggingarstofnun þá skeri úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála úr. Í 5. mgr. eru síðan ákvæði um að ef breyting á mannvirki skv. 2. mgr. varði einungis ytra útlit þess eða form skuli leita eftir samþykki sveitarstjórnar í samræmi við ákvæði skipulagslaga. Slíkar breytingar eru ekki byggingarleyfisskyldar samkvæmt frumvarpinu, enda er ekki gert ráð fyrir að um þessi atriði sé fjallað í reglugerð á grundvelli mannvirkjalaga heldur í skipulagsskilmálum. Því er talið eðlilegra að um slíkar breytingar sé einungis fjallað á grundvelli skipulagslaga og þá af þeim aðilum sem um þá þætti fjalla, þ.e. skipulagsfulltrúum, skipulagsnefndum og sveitarstjórnum. Þegar breyting á útliti mannvirkis hefur áhrif á burðarvirki t.d. þegar settur er kvistur á þak, er slík breyting hins vegar byggingarleyfisskyld skv. 1. mgr. 8. gr.

Um 9. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um umsóknir um byggingarleyfi og eru 1. og 3. mgr. að mestu samhljóða 4. mgr. 43. gr. gildandi laga. Nýtt er þó að tilkynna þarf um samræmingaraðila mannvirkisins strax við umsókn um byggingarleyfi en samkvæmt gildandi lögum hefur aðalhönnuður mannvirkis sjálfkrafa það hlutverk að samræma hönnun þess. Í 2. mgr. er nýtt ákvæði sem kemur til vegna skiptingar löggjafar um skipulags- og byggingarmál í tvenn lög, sem heyra að hluta til undir tvenn stjórnvöld og tvenns konar stjórnsýslu sveitarfélaganna. Í málsgreininni er kveðið er á um að umsókn um byggingarleyfi Byggingarstofnunar þarf að fylgja staðfesting skipulagsfulltrúa viðkomandi sveitarfélags á því að fyrirhuguð framkvæmd sé í

samræmi við skipulagsáætlanir á svæðinu. Er þetta talið nauðsynlegt til að tryggja að það sé réttur aðili sem metur það hvort mannvirkjagerð samræmist skipulagsáætlunum. Þegar um er að ræða mannvirki sem háð er leyfi byggingarfulltrúa þá þarf byggingarfulltrúinn einungis að leita umsagnar skipulagsfulltrúa ef vafi leikur á að framkvæmd samræmist skipulagsáætlunum sveitarfélagsins. Oft er um augljóst atriði að ræða og þar sem bæði byggingarfulltrúi og skipulagsfulltrúi starfa í umboði sama sveitarfélags þá er talið óþarfi að flækja málsmeðferðina með því að leita umsagnar skipulagsfulltrúans í öllum tilvikum. Sé byggingarfulltrúi hins vegar í vafa skal hann ætíð leita umsagnar skipulagsfulltrúans enda er það hans að meta þetta atriði á grundvelli ákvæða skipulagslaga. Sé slíkrar umsagnar ekki leitað og mat byggingarfulltrúa á samræminu reynist rangt getur það leitt til ógildis byggingarleyfis.

Um 10. gr.

Hér er nýtt ákvæði sem fjallar um samþykkt byggingaráforma. Í því kerfi sem verið hefur við lýði hefur samþykkt byggingarnefndar og sveitarstjórnar á aðaluppdráttum í raun falið í sér samþykkt byggingaráforma. Útgáfa byggingarleyfis hefur svo farið fram síðar þegar önnur skilyrði laganna hafa verið uppfyllt svo sem um greiðslu gjalda og tilkynningar um byggingarstjóra og iðnmeistara. Þessi tvískipting á samþykki byggingaryfirvalda er nauðsynleg þar sem hönnun mannvirkis er afar umfangsmikið verkefni og rétt að umsækjandi fái fyrst vilyrði fyrir byggingaráformunum, þ.e. að þau séu í samræmi við skipulagsáætlanir og aðaluppdrættir séu í samræmi við lög og reglur, áður en ráðist er í gerð allra þeirra séruppdrátta sem nauðsynlegir eru. Þegar þeirri hönnun er lokið og önnur skilyrði 12. gr. frumvarpsins eru uppfyllt er hins vegar fyrst heimilt að hefja byggingarframkvæmdirnar sjálfar.

Um 11. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um heimild til handa útgefanda byggingarleyfis til að krefjast mats á mannvirki, hlutum þess eða tæknibúnaði á kostnað eiganda mannvirkis ef fyrir liggur rökstuddur grunur um að það uppfylli ekki kröfur laganna eða reglugerða. Svipuð heimild en þrengri er í 5. mgr. 42. gr. gildandi laga þar sem byggingarfulltrúa er heimilað að krefjast álagsprófunar mannvirkis til staðfestingar á burðarþoli og virkniprófun lagnakerfa á kostnað húsbyggjanda. Er talið nauðsynlegt að heimild sem þessi sé fyrir hendi í lögunum til að unnt sé að ganga úr skugga um öryggi mannvirkis eða aðra þætti sem lögin setja reglur um. Getur útgefandi byggingarleyfis hvenær sem er við byggingu mannvirkisins eða rekstur gert kröfu um mat óháðs aðila að því gefnu að fyrir liggi rökstuddur grunur um að það standist ekki ákvæði laganna eða reglugerða sem sett eru á grundvelli þeirra.

Í 2. mgr. er heimild fyrir útgefanda byggingarleyfis að setja skilyrði við sérstakar aðstæður um að mat óháðs aðila sé gert á kostnað umsækjanda eftir að það er tekið í notkun til að tryggja að uppfyllt séu ákvæði laganna og reglugerða sem sett eru á grundvelli þeirra. Dæmi um notkun þessarar heimildar er að við útgáfu byggingarleyfis séu sett skilyrði um hljóðvistarprófanir eftir að mannvirki er tekið í notkun þannig að ganga megi úr skugga um að ákvæði reglugerðar um hljóðvist innan húss séu uppfyllt.

Í 3. mgr. segir að allar prófanir, skoðanir og vottanir skv. 1. og 2. mgr. skuli framkvæmdar í samræmi við viðeigandi staðla til að tryggja að matið verði byggt á viðurkenndum, þekktum aðferðum þannig að réttaröryggi eigenda mannvirkja verði sem best tryggt. Í þeim tilfellum þar sem staðlaðar aðferðir eru ekki til er þess krafist að prófanir séu byggðar á rökstuddum aðferðum sem er lýst skriflega. Heimilt er útgefanda byggingarleyfis að gera þá kröfu að vottunarstofur, prófunarstofur og skoðunarstofur hafi hlotið faggildingu.

Um 12. gr.

Ákvæðið er sambærilegt við 44. gr. gildandi laga en nokkuð breytt. Ákvæði sambærilegt 1. mgr. er nú í 3. mgr. 43. gr. Skilyrði fyrir útgáfu byggingarleyfis eru í fyrsta lagi að mannvirkið og notkun þess samræmist skipulagsáætlunum á svæðinu. Er það ekki breyting frá því sem nú er en skipting málaflokksins í tvenn lög kallar á það að í vafatilvikum leiti byggingarfulltrúi umsagnar skipulagsfulltrúa um samræmið, sbr. umfjöllun um 9. gr. Annað skilyrði fyrir útgáfu byggingarleyfis er að aðal- og séruppdrættir hafi verið yfirfarnir og leyfisveitandi áritað þá til staðfestingar á samþykki. Ákvæðið er nokkuð breytt þar sem byggingarnefndir hafa verið lagðar niður og umsóknir um byggingarleyfi eru ekki lengur lagðar fyrir sveitarstjórn. Lagt er til að það verði meginreglan að til að fá útgefið byggingarleyfi þurfi ekki aðeins aðaluppdrættir að liggja fyrir heldur einnig séruppdrættir, en í tíð gildandi laga hefur framkvæmdin hvað varðar skil á uppdráttum við útgáfu byggingarleyfis verið mjög misjöfn eftir byggingareftirlitsumdæmum. Standi sérstaklega á, t.d. þegar hönnun mannvirkis er sérstaklega umfangsmikil og séruppdrættir margir, er unnt að nýta heimild 2. mgr. og veita skriflegt leyfi til einstakra þátta byggingarframkvæmda og takmarkast leyfið þá hverju sinni við samþykkt hönnunargögn. 3. tölul. er sambærilegur 2. tölul. 1. mgr. 44. gr. gildandi laga að því undanskildu að tengigjöld þurfa ekki að vera greidd við útgáfu byggingarleyfis. 4. tölul. er efnislega samhljóða 3. mgr. 44. gr. gildandi laga. Í 5. tölul. er síðan nýtt ákvæði um að skráð hafi verið í gagnasafn Byggingarstofnunar að viðkomandi byggingarstjóri og iðnmeistari hafi gæðastjórnunarkerfi í samræmi við ákvæði laganna. Ekki er gerð krafa um að gæðastjórnunarkerfið sjálft sé skráð í gagnasafnið heldur einungis að skráð hafi verið að viðkomandi byggingarstjóri og iðnmeistarar verksins hafi komið sér upp slíku kerfi. Er þetta talið nauðsynlegt skilyrði til að tryggja að fylgt verði nýjum ákvæðum frumvarpsins um gæðastjórnunarkerfi. Byggingarstofnun hefur eftirlit með því að byggingarstjóri og iðnmeistarar hafi komið sér upp gæðastjórnunarkerfi og noti það við störf sín en hlutverk byggingarfulltrúa er þá að kanna í gagnasafni stofnunarinnar hvort þetta hafi verið gert.

Í 3. mgr. er sérákvæði um útgáfu byggingarleyfa fyrir fráveitumannvirki og dreifi- og flutningskerfi hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta. Mannvirki þessi hafa hingað til ekki verið háð byggingarleyfi, nema þær varanlegu húsbyggingar sem þeim hafa tengst. Mannvirkin hafa verið háð framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar en við þá breytingu að gera þau byggingarleyfisskyld fellur framkvæmdaleyfisskyldan niður. Um er að ræða mjög sérhæfð mannvirki sem hafa þá sérstöðu að þau liggja um stór svæði, ýmist ofanjarðar eða neðan. Eðlilegt er að unnt sé að gefa út eitt byggingarleyfi fyrir framkvæmdum sem þessum og að framkvæmdaraðili ákveði afmörkun framkvæmdarinnar sjálfur í umsókn um byggingarleyfi. Má t.d. hugsa sér að gefið sé út eitt byggingarleyfi fyrir hitaveitulögnum í heilu nýbyggingarhverfi.

Í 4. mgr. ákvæðisins er að lokum tilvísun til laga um mat á umhverfisáhrifum í því skyni að tryggja að fylgt sé málsmeðferð þeirra laga áður en byggingarleyfi mannvirkja er gefið út. Fjölmörg mannvirki geta fallið undir ákvæði þeirra laga og því nauðsynlegt að vísa til þeirra hér.

Um 13. gr.

Fyrstu þrjár málsgreinar ákvæðisins eru samhljóða 1.–3. mgr. 45. gr. gildandi laga en ákvæði 4. mgr. er nýtt. Þar er kveðið á um heimild leyfisveitanda til að fella byggingarleyfi úr gildi ef eigandi mannvirkis eða aðrir þeir aðilar sem ábyrgð bera á byggingarframkvæmdum sinna ekki fyrirmælum eftirlitsaðila við byggingareftirlit eða gerast sekir um alvarleg eða ítrekuð brot gegn lögunum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim. Er um nauðsynlegt úrræði að ræða til að tryggja að lögunum sé fylgt. Við ákvarðanir byggingaryfirvalda vegna

slíkra brota gilda að sjálfsögðu stjórnsýslulög sem tryggja að gætt sé meðalhófs og annarra reglna laganna við beitingu slíkra úrræða. Þannig gæti leyfisveitandi valið að beita fyrst dagsektarákvæðum 55. gr. áður en hann fellir leyfi úr gildi.

Um IV. kafla.

Í fjórða kafla frumvarpsins eru ákvæði um ábyrgð eiganda mannvirkis og framkvæmd byggingareftirlits. Meginhluti kaflans er nýmæli í löggjöf og vega þar þyngst ákvæði um ábyrgð eiganda og um faggildingu eftirlitsaðila. Lögð er mikil áhersla á að yfirferð hönnunargagna og framkvæmd úttekta sé framkvæmd af faggiltum aðila, annaðhvort á markaði eða opinberum aðila. Fordæmi fyrir slíku eftirliti er að finna í lögum um eftirlit með skipum og umferðarlögum vegna skoðunar ökutækja og hefur þótt gefast vel. Sömu sjónarmið eru hér að baki og sömu grunnreglur, þ.e. lög um faggildingu, gilda um faggildinguna. Hins vegar hefur hver málaflokkur sína sérstöðu og er því nauðsynlegt að setja sérstakar reglur í viðkomandi sérlögum um fyrirkomulag slíks eftirlits, um hæfni skoðunarmanna, starfsleyfi skoðunarstofa og ýmsa aðra framkvæmd.

Um 14. gr.

Í ákvæðinu er að finna þá meginreglu að eigandi mannvirkis beri ábyrgð á hönnun, byggingu og rekstri þess enda er það hann sem á mannvirkið og kostar gerð þess og rekstur. Þessa reglu hefur hingað til ekki verið að finna með beinum hætti í lögum um byggingarmál og því hefur ábyrgð eiganda að sumu leyti verið óljós t.d. í tengslum við ábyrgð annarra aðila byggingarframkvæmda, svo sem hönnuða, byggingarstjóra og iðnmeistara. Eigandinn ber samkvæmt ákvæðinu ábyrgð á því að við hönnun, byggingu og rekstur mannvirkis sé farið að kröfum laga þessara og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra. Skal eigandinn hafa virkt innra eftirlit með því að þeir aðilar sem hann ræður til að hanna, byggja og reka mannvirkið fari eftir ákvæðum laga þessara og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra. Þar sem eigandinn kann að vera aðili sem ekki kann skil á reglum um byggingarframkvæmdir þá er lögð á hann sú skylda að ráða til sín byggingarstjóra, sem uppfyllir hæfniskröfur og hefur starfsleyfi sem slíkur, og framkvæmir hann innra eftirlit eigandans við byggingarframkvæmdina frá því að byggingarleyfi er gefið út og þar til lokaúttekt hefur farið fram. Við hönnun mannvirkis annast samræmingaraðili innra eftirlitið. Sérhver hönnuður mannvirkis ber ábyrgð á sinni vinnu við verkið og að hún samræmist hönnun annarra. Samræmingaraðila er ekki ætlað að yfirfara hönnun annarra heldur einungis að gæta þess að samræmingin hafi farið fram og framkvæma innra eftirlit eiganda á hönnunarstigi. Nánari ákvæði um framkvæmd þessa innra eftirlits eru í 4. mgr. 22. gr. frumvarpsins en einnig verða settar um það ítarleg ákvæði í reglugerð. Í frumvarpi þessu er rík áhersla lögð á hlutverk byggingarstjórans við byggingarframkvæmdirnar sem eins konar umboðsmanns eiganda, sem hefur eftirlit með því að aðrir sem að framkvæmdunum koma sinni sínum skyldum, sbr. umfjöllun hér síðar um hlutverk byggingarstjóra. Ekkert er því til fyrirstöðu að eigandi mannvirkis sé jafnframt byggingarstjóri þess, að því gefnu að hann uppfylli hæfniskröfur og hafi starfsleyfi sem slíkur. Byggingarfyrirtæki sem byggir í eigin nafni getur því jafnframt verið byggingarstjóri mannvirkisins séu framangreind skilyrði uppfyllt.

Skv. 3. mgr. skal eigandi mannvirkis sjá til þess að fram fari lögboðið eftirlit með byggingu mannvirkisins. Í framkvæmd er það byggingarstjóri mannvirkisins sem hefur samskipti við byggingaryfirvöld fyrir hönd eigandans, aflar nauðsynlegra heimilda og óskar eftir úttektum. Það fyrirkomulag hefur verið við lýði síðan lög nr. 73/1997 tóku gildi og hefur gefist vel.

Til að taka af allan vafa er í 4. mgr. skilgreint hverjir það eru sem teljast eigendur í skilningi ákvæðisins. Í d-lið er tekið fram að ef mannvirki er selt í byggingu í heild eða að hluta skuli fyrri eigandi bera ábyrgð skv. 1. mgr. ásamt nýjum eiganda nema um annað sé samið í skriflegum samningi milli þeirra. Algengt er á Íslandi að mannvirki í byggingu séu seld í heild eða að hluta og misjafnt hvernig æskilegast er að ábyrgðarskiptingunni sé háttað. Ef t.d. byggingarfyrirtæki selur almenningi íbúðir fjölbýlishúss á byggingarstigi en tekur að sér að ljúka gerð þeirra þá er eðlilegt að byggingarfyrirtækið haldi áfram að bera ábyrgð samkvæmt lögunum. Einnig kann mannvirki að vera selt aðila sem fullfær er um að bera slíka ábyrgð eftir kaupin og þá er heimilt að semja um það sérstaklega. Skal þá koma skýrt fram að nýr eigandi gangi inn í samning fyrri eiganda við byggingarstjóra mannvirkisins eða nýr byggingarstjóri sé ráðinn fyrir mannvirkið í heild.

Um 15. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um hlutverk útgefanda byggingarleyfis, sem getur ýmist verið byggingarfulltrúi eða Byggingarstofnun eftir gerð mannvirkis sbr. 8. gr. Í 1. mgr. kemur fram sú meginregla að það er útgefandi byggingarleyfis sem ber ábyrgð á eftirliti með því að hönnun viðkomandi mannvirkis sé í samræmi við ákvæði laganna og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim og að byggt sé í samræmi við samþykkt hönnunargögn, lög og reglugerðir sem um mannvirkjagerðina gilda. Framkvæmd eftirlitsins þarf hins vegar ekki að vera í höndum útgefandans sjálfs heldur getur það verið framkvæmt af faggiltum skoðunarstofum, bæði hvað varðar yfirferð hönnunargagna og framkvæmd úttekta. Útgefandi byggingarleyfis gefur út vottorð um framkvæmd öryggis- og lokaúttektar eða við lok niðurrifs mannvirkis, eftir atvikum á grundvelli skoðunarskýrslu faggiltrar skoðunarstofu eða eigin skoðana. Sjálf útgáfa þeirra vottorða sem talin eru upp í 3. mgr. er stjórnvaldsathöfn sem ekki verður framseld til skoðunarstofa. Útgefandi byggingarleyfis ber ábyrgð á því að þær upplýsingar sem tilgreindar eru í 4. mgr. séu færðar í gagnasafn Byggingarstofnunar. Í framtíðinni má hugsa sér að faggiltar skoðunarstofur geti fengið takmarkaðan aðgang að gagnasafninu til að færa sjálfar inn niðurstöður skoðana.

Um 16. gr.

Í 16. gr. er lögð til sú mikilvæga breyting á framkvæmd eftirlits með mannvirkjum að það skuli framkvæmt í samræmi við ákvæði skoðunarhandbóka sem Byggingarstofnun býr til á grundvelli laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim. Breyting þessi mun gjörbylta öllu eftirliti með mannvirkjagerð í landinu og er meginforsenda þess að samræming þess takist. Mikil vinna er framundan við gerð slíkra skoðunarhandbóka en sú vinna mun skila sér margfalt við framkvæmd eftirlitsins. Einn meginkostur slíkra handbóka er að eftirlitið verður fyrirsjáanlegt og einsleitt.

Í 2. mgr. er fjallað um það að Byggingarstofnun skuli gefa út bindandi álit vegna ágreinings um túlkun skoðunarhandbókar og framkvæmd tæknilegs eftirlits á grundvelli hennar. Um er að ræða tæknileg atriði sem eðlilegt verður að telja að sérhæfð fagstofnun á borð við Byggingarstofnun túlki. Ef um er að ræða sambærilegan ágreining sem upp kemur við framkvæmd eftirlits Byggingarstofnunar sker ráðherra úr. Gert er ráð fyrir að Byggingarstofnun geti einnig að eigin frumkvæði gefið út slík bindandi álit. Getur slíkt tæki nýst vel til samræmingar á eftirliti og til að skera úr um vafaatriði um tæknileg mál sem hugsanlega eru að valda vandræðum án þess að eiginlegur ágreiningur sé uppi. Þar sem um hrein tæknileg mál er að ræða er gert ráð fyrir að álit Byggingarstofnunar og eftir atvikum ráðherra á grundvelli þessa ákvæðis sæti ekki endurskoðun úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála.

Tilgangur 3. mgr. er að koma í veg fyrir tvöfalt eftirlit ef skoðunarstofa annast eftirlit með mannvirkjagerð. Í þeim tilvikum skal yfirferð útgefanda byggingarleyfis takmarkast við framlagða skoðunarskýrslu og skal gjaldtaka hans miðast við það. Ekki er ætlast til að byggingaryfirvöld yfirfari skoðun faggiltu skoðunarstofunnar.

Í 4. mgr. er sérstaklega tekið fram að byggingarfulltrúi getur ávallt ákveðið að leitað skuli álits slökkviliðs við yfirferð aðaluppdrátta með tilliti til eldvarna, óháð því hvort eftirlitið er framkvæmt af byggingarfulltrúa eða skoðunarstofu. Nauðsynlegt er að taka af öll tvímæli um að heimilt sé við byggingareftirlit að nýta þá þekkingu á sviði brunavarna sem slökkviliðin hafa yfir að ráða, óháð því hvort eftirlitið hafi verið fært í hendur einkamarkaðarins. Forvarnagildi slíkrar aðkomu slökkviliðs er mikið og auknar líkur eru á að slökkvilið hafi yfirsýn yfir stöðu brunavarna í sveitarfélaginu. Enn fremur hefur verið á það bent að í mörgum tilfellum sé nauðsynlegt að meta mögulegar afleiðingar bruna í mannvirki með tilliti til almannaheilla í víðara samhengi en hvað snertir mannvirkið eitt og sér.

Í 5. mgr. er að lokum fjallað um úttektir Byggingarstofnunar á gæðakerfum hönnuða, byggingarstjóra og iðnmeistara í þeim tilgangi að hafa eftirlit með því að farið sé að ákvæðum laganna um gerð og virkni gæðakerfa. Einnig er fjallað um viðurlög ef í ljós kemur að gæðastjórnunarkerfin uppfylla ekki ákvæði laganna eða reglugerða sem um þau gilda.

Um 17. gr.

Eitt af því sem sætt hefur töluverðri gagnrýni varðandi framkvæmd gildandi laga er að byggingareftirlit sé alls ekki samræmt um land allt og að í sumum sveitarfélögum sé byggingareftirliti lítið eða ekkert sinnt og leyfislaus mannvirkjagerð látin óátalin. Hafa Skipulagsstofnun og umhverfisráðuneytið, sem þó bera ábyrgð á framkvæmd byggingarmála, lítið getað aðhafst vegna þessa. Er lagt til að Byggingarstofnun hafi beinan íhlutunarrétt ef eftirliti byggingarfulltrúa er áfátt. Skal Byggingarstofnun þó ávallt áður benda byggingarfulltrúa og viðkomandi sveitarfélagi á það sem bæta þarf úr og gefa viðkomandi kost á að gera fullnægjandi ráðstafanir til úrbóta. Mikilvægt er að sveitarstjórn, auk byggingarfulltrúa, sé gert aðvart og henni þannig gefinn kostur á að grípa til viðeigandi úrræða gagnvart byggingarfulltrúa sé um vanrækslu af hans hálfu að ræða. Byggingarfulltrúi er ráðinn af sveitarstjórn og vinnur í umboði hennar og því er mikilvægt að sveitarstjórn sé gefinn kostur á að grípa til viðeigandi ráðstafana áður en til íhlutunar Byggingarstofnunar kemur. Í íhlutunarrétti Byggingarstofnunar felst að stofnunin getur í raun gengið inn í stjórnsýsluhlutverk byggingarfulltrúans og beitt sömu réttar- og þvingunarúrræðum gagnvart eiganda mannvirkis og byggingarfulltrúi, þar á meðal að gefa út eða fella úr gildi byggingarleyfi eða gefa út viðeigandi vottorð. Sambærilegt ákvæði er ekki í gildandi lögum en samkvæmt lögum um brunavarnir, nr. 75/2000, hefur Brunamálastofnun beinan íhlutunarrétt. Ekki er gert ráð fyrir að Byggingarstofnun beiti þessari heimild nema í undantekningartilvikum en engu að síður er nauðsynlegt að hún sé til staðar m.a. til að tryggja samræmt eftirlit um land allt og að Byggingarstofnun hafi raunverulegar heimildir í samræmi við ábyrgð stofnunarinnar á framkvæmd málaflokksins. Tekið er fram að stofnuninni er ekki heimilt að beita íhlutunarréttinum ef viðkomandi mál er til meðferðar hjá úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála. Ákveðin hætta er á skörun milli þessa ákvæðis og úrskurðarvalds nefndarinnar og er því nauðsynlegt að taka fram að Byggingarstofnun er ekki ætlað að grípa inn í mál sem eru til umfjöllunar hjá nefndinni. Reynslan hefur sýnt að sveitarfélögin hafa virt úrskurði nefndarinnar og hagað sinni stjórnsýslu í samræmi við þá. Það breytir því hins vegar ekki að íhlutunarréttur Byggingarstofnunar er nauðsynlegt neyðarúrræði sem þarf að vera fyrir hendi þannig að stofnunin geti sinnt hlutverki sínu sem ábyrgðaraðili um framkvæmd laganna. Það er ófært að stofnunin þurfi að reiða sig

á kærur frá utanaðkomandi aðilum til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála í þeim tilvikum sem hún verður vör við að framkvæmd eftirlits með mannvirkjagerð sé ekki í samræmi við lög. Íhlutunarrétti Byggingarstofnunar er hins vegar ekki ætlað að vera kæruleið fyrir hinn almenna borgara eða aðra aðila sem telja á sér brotið við framkvæmd byggingareftirlits, enda er einungis um heimild til handa Byggingarstofnun að ræða. Í slíkum tilvikum mundi sá aðili snúa sér til úrskurðarnefndar skv. 58. gr. frumvarpsins, nema um væri að ræða ágreining um túlkun skoðunarhandbókar vegna tæknilegs eftirlits, sbr. 2. mgr. 16. gr.

Í 2. mgr. er tekið fram að þegar afskiptum Byggingarstofnunar lýkur tekur byggingarfulltrúi aftur við málinu og hefur eftirlit með mannvirkjagerðinni og annarri stjórnsýslu. Er þetta ákvæði sett til að tryggja að enginn vafi leiki á framhaldi máls ef Byggingarstofnun þarf að grípa inn í málsmeðferð byggingarfulltrúa. Sem dæmi um slíkt væri t.d. ef byggingarfulltrúi krefst ekki byggingarleyfis vegna mannvirkjagerðar sem háð er byggingarleyfi samkvæmt lögunum eða gefur út byggingarleyfi án þess að skilyrði laga séu uppfyllt. Í þeim tilvikum gæti Byggingarstofnun gefið hið umdeilda byggingarleyfi út eða fellt það úr gildi. Sé byggingarleyfi gefið út tæki byggingarfulltrúi við málinu að því loknu eftir tilkynningu frá Byggingarstofnun og annaðist eftirlit með mannvirkjagerðinni eftir það. Sé um að ræða ógildingu byggingarleyfis gæti Byggingarstofnun þurft að beita nauðsynlegum þvingunarúrræðum gagnvart eiganda t.d. um stöðvun framkvæmda áður en tilkynnt er um að afskiptum stofnunarinnar sé lokið. Ákvörðun um hvenær afskiptum er lokið er í höndum Byggingarstofnunar.

Um 18. gr.

Ákvæðið er nýmæli og kveður á um að Byggingarstofnun og byggingarfulltrúar skuli hafa faggildingu til að yfirfara hönnunargögn og framkvæma úttektir. Ákvæðið tryggir ákveðinn ramma utan um eftirlitið og að opinberir eftirlitsaðilar og faggiltar skoðunarstofur sitji við sama borð og lúti sömu reglum við framkvæmd eftirlitsins. Byggingarstofnun eða byggingarfulltrúi geta aflað sér faggildingar til að sinna hluta eftirlits með mannvirkjagerð en ákveðið að fela faggiltri skoðunarstofu annað eftirlit. Einnig gætu byggingarfulltrúar ákveðið að afla sér ekki faggildingar og fela yfirferð hönnunargagna og framkvæmd úttekta alfarið skoðunarstofum. Hlutverk byggingarfulltrúanna yrði þá eftir sem áður útgáfa byggingarleyfa og útgáfa vottorða, auk þess sem það kæmi í þeirra hlut að grípa til viðeigandi þvingunarúrræða ef nauðsyn krefur.

Um 19. gr.

Ákvæðið er nýmæli og er í 1. mgr. fjallað um hvernig haga skal ákvörðun um að nota faggiltar skoðunarstofur við eftirlit með mannvirkjagerð. Skal það gert samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar eða Byggingarstofnunar, þegar um er að ræða eftirlit sem undir þá stofnun heyrir. Þá getur byggingarfulltrúi, án samþykkis sveitarstjórnar, ákveðið við meðferð byggingarleyfisumsóknar að tiltekið mannvirki sæti eftirliti af hálfu skoðunarstofu. Svipað fyrirkomulag hefur tíðkast í framkvæmd í tíð gildandi laga þótt ekki hafi ávallt verið gerð krafa um faggildingu. Tekið er fram í 1. mgr. að beiting réttar- og þvingunarúrræða skuli ávallt vera í höndum leyfisveitanda. Stjórnsýsluleg ábyrgð eftirlits með mannvirkjagerð er því alltaf í höndum byggingarfulltrúa eða eftir atvikum Byggingarstofnunar þó að heimilt sé að fela faggiltum skoðunarstofum framkvæmd þess að hluta.

Í 2. mgr. kemur fram að í þeim tilvikum sem ákveðið er að eftirlit með mannvirkjagerð sé framkvæmt af skoðunarstofu þá skuli eigandi mannvirkisins annast ráðningu slíkrar skoðunarstofu og greiða kostnað af framkvæmd eftirlitsins, enda hafi skoðunarstofan starfsleyfi. Með þessu er leitast við að tryggja að heilbrigð samkeppni geti skapast milli faggiltra skoð-

unarstofa og eigandi mannvirkisins geti sjálfur valið þá stofu sem hann kýs að skipta við. Sú takmarkaða heimild sem nú er í lögum til að nota faggiltar skoðunarstofur er frábrugðin að því leyti að þar er það sveitarfélagið sem ræður skoðunarstofuna en eigandi mannvirkisins hefur ekkert um það að segja. Hér er því um nýmæli að ræða. Sömu aðferð er beitt við val á skoðunarstofum þegar um eftirlit með skipum og bátum er að ræða, eftirlit í sjávarútvegi og skoðun ökutækja.

Í 3. mgr. er ákvæði um starfsemi faggiltra skoðunarstofa og áskilið að þær þurfi starfsleyfi Byggingarstofnunar til að geta tekið að sér eftirlit með mannvirkjagerð samkvæmt frumvarpinu. Sambærilegur áskilnaður um starfsleyfi er í annarri löggjöf þar sem opinbert eftirlit hefur verið falið faggiltum skoðunarstofum, t.d. í lögum um eftirlit með skipum. Enn fremur er það skilyrði að skoðunarmenn skoðunarstofu og tæknilegur stjórnandi hennar uppfylli hæfnisskilyrði 20. gr. Hæfnisskilyrði þessi eru mismunandi eftir því hvort skoðunarstofan hefur faggildingu til að yfirfara uppdrætti eða framkvæma áfangaúttektir, auk þess sem gerðar eru mismunandi hæfniskröfur eftir gerð þeirra mannvirkja sem skoðunarstofunni er heimilt að hafa eftirlit með. Gert er ráð fyrir nánari útfærslu á þessu í reglugerð þar sem gerð verður nánari grein fyrir flokkun faggildingar.

Um 20. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um þær hæfniskröfur sem gerðar eru til skoðunarmanna byggingarfulltrúa, Byggingarstofnunar eða skoðunarstofa. Er bæði gerð krafa um tiltekna menntun og reynslu. Er talið nauðsynlegt að skoðunarmenn hafi til að bera þekkingu og hæfni til að geta framkvæmt skoðanir og metið með fullnægjandi hætti hvort mannvirkjagerðin sé í samræmi við lög og reglur. Skoðunarmönnum er skipt í þrjá flokka, I–III og síðan er gert ráð fyrir að í reglugerð verði sett ákvæði um hvaða þætti byggingareftirlits skoðunarmönnum í hverjum flokki er heimilt að sinna eftir gerð og umfangi mannvirkis og eftir því hvort um er að ræða yfirferð hönnunargagna eða framkvæmd úttekta.

Um V. kafla.

Ákvæði fimmta kafla byggjast að meginstefnu til á ákvæðum gildandi laga. Gerðar eru lítils háttar breytingar á kröfum um starfsreynslu hönnuða vegna löggildingar og lagt er til að löggildingar færist frá umhverfisráðherra til Byggingarstofnunar. Enn fremur eru gerðar kröfur um að hönnuðir hafi gæðastjórnunarkerfi og er það nýmæli.

Um 21. gr.

Í 1. mgr. kemur fram sú meginregla að mannvirki skuli hönnuð þannig að þau uppfylli ákvæði laga þessara og reglugerða sem settar hafa verið samkvæmt þeim. Ákvæði 2. mgr. auk skilgreininga í 3. gr. frumvarpsins hvað varðar hönnunargögn byggjast á gildandi rétti. Ákvæði frumvarpsins eru þó ekki eins ítarleg og ákvæði gildandi laga um hönnunargögn og er gert ráð fyrir að ítarlegri ákvæði um hönnunargögn verði að finna í reglugerð. Þar sem fleiri mannvirki falla undir byggingarleyfisskyldu en áður má gera ráð fyrir að gera þurfi nokkrar breytingar á ákvæðum reglugerðar um hönnunargögn og hvaða hönnunargögn þurfa að liggja fyrir við veitingu byggingarleyfa vegna mismunandi mannvirkja. Er eðlilegt að nákvæm útfærsla á slíkum tæknilegum kröfum komi fram í reglugerð.

Um 22. gr.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eru sambærileg við 47. gr. gildandi laga. Þó er lagt til skýrara orðalag um í hverju ábyrgð hönnuða felist. Kemur fram að hönnuðir bera ábyrgð á því gagnvart eiganda mannvirkis að hönnun þeirra sé faglega unnin og að mannvirkið standist þær kröfur sem til þess eru gerðar í frumvarpi þessu og reglugerðum settum á grundvelli þess. Ekki er um neina efnislega breytingu að ræða frá því sem nú er. Í 3. mgr. er nýmæli um að hönnuður séruppdrátta beri ábyrgð á því að hönnun hans samræmist hönnun aðalhönnuðar. Hvergi í gildandi lögum hefur verið fjallað um ábyrgð hönnuðar séruppdrátta að þessu leyti. Í 4. mgr. er lögð til sú breyting að tilgreina skuli sérstakan aðila til að hafa yfirumsjón með hönnun mannvirkisins og ber hann ábyrgð á því að samræming aðal- og séruppdrátta fari fram. Kallast þessi aðili samræmingaraðili og skal hann verið löggiltur hönnuður. Samræmingaraðili framkvæmir innra eftirlit eiganda við hönnun mannvirkis. Samkvæmt gildandi rétti annast hönnuður aðaluppdrátta ávallt slíka samræmingu og kallast þá samræmingarhönnuður. Þetta ákvæði hefur almennt ekki vera talið virka sem skyldi, sérstaklega þegar um er að ræða vandasama hönnun og mikinn fjölda séruppdrátta. Í þeim tilvikum hefur samræmingarhönnuður, sem oftast er arkitekt eða byggingarfræðingur, takmarkaða möguleika til að ganga úr skugga um að séruppdrættir samræmist innbyrðis eða samræmist aðaluppdráttum. Því er talið eðlilegt að tekin verði upp heimild til að fela öðrum þá samræmingu. Samræmingaraðili þarf ekki að vera einn af hönnuðum mannvirkisins. Samræmingaraðili getur samhliða sinnt starfi byggingarstjóra mannvirkisins enda uppfylli hann þær kröfur sem gerðar eru til slíkra aðila. Í lokamálslið 4. mgr. er einnig að finna nýmæli þar sem gerð er sú krafa að samræmingaraðili skuli áður en byggingarleyfi er gefið út leggja fram yfirlit um innra eftirlit við framkvæmd hönnunar. Að lokum er í 5. mgr. ákvæði um fyrningu skaðabótaábyrgðar hönnuðar sem er sambærileg við ákvæði um fyrningu bótaábyrgðar byggingarstjóra og iðnmeistara.

Um 23. gr.

Ákvæðið fjallar um gæðastjórnunarkerfi hönnuða og samræmingaraðila og er gerð sú krafa að þessir aðilar hafi gæðastjórnunarkerfi í samræmi við nánari fyrirmæli í reglugerð. Í almennum athugasemdum eru rakin rök fyrir þessari kröfu um gæðastjórnunarkerfi. Skal hönnuður í upphafi hvers byggingarleyfisskylds verks skilgreina það innan síns gæðastjórnunarkerfis. Í ákvæðinu eru talin upp þau atriði sem gæðastjórnunarkerfi hönnuða þurfa a.m.k. að fela í sér. Eru þetta þeir þættir sem hið opinbera gerir kröfur um að haldið sé utan um í gæðastjórnunarkerfinu. Hönnuður getur að auki ákveðið að hafa aðra þætti inni í sínu gæðastjórnunarkerfi, sem t.d. tengjast hefðbundnum rekstri, en það er ekki hlutverk hins opinbera að segja til um það eða hafa eftirlit með þeim þáttum kerfisins. Tekið er fram að gæðastjórnunarkerfi ÍST EN ISO 9000 uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til gæðastjórnunarkerfis samkvæmt þessari grein. Hins vegar er ekki gerð krafa um að gæðastjórnunarkerfi hönnuðar skuli uppfylla ISO 9000 staðalinn heldur verða sett ákvæði í reglugerð um hvaða kröfur það verða og má gera ráð fyrir að í upphafi verði þær ekki eins ítarlegar og samkvæmt ISO 9000. Segja má að ISO 9000 feli í sér ákveðna aðferðafræði en staðallinn segir hins vegar ekki til um umfang gæðastjórnunarkerfisins eða um innihald þess. Þetta þýðir aftur á móti að hönnuði sem hefur vottað ISO 9000 gæðastjórnunarkerfi dugir að framvísa slíkri vottun og þá telst hann uppfylla kröfur laganna um gæðastjórnunarkerfi. Í 59. gr. frumvarpsins er ráðherra heimilað að ákveða með reglugerð að gæðastjórnunarkerfi hönnuða skuli vottuð af faggiltri vottunarstofu. Það mun ráðast af reynslu af notkun gæðastjórnunarkerfa við mannvirkjagerð hvort sú heimild verður nýtt í framtíðinni.

Um 24. gr.

Ákvæði 24. og 25. gr. eru sambærileg 48. og 49. gr. gildandi laga en með breyttri framsetningu. Í þessu ákvæði er gerð grein fyrir skiptingu löggildingar í einstök sérsvið, en ekki er um efnislega breytingu að ræða frá gildandi lögum, nema gert er ráð fyrir að löggilding hönnuða verði í höndum Byggingarstofnunar í stað umhverfisráðherra. Í 2. mgr. kemur fram að listi yfir löggilta hönnuði skuli varðveittur í gagnasafni Byggingarstofnunar, en nokkuð hefur skort á að til sé slík miðlæg skráning hönnuða fyrir landið allt.

Um 25. gr.

Hér er fjallað um þau skilyrði sem hönnuðir þurfa að uppfylla til að öðlast löggildingu skv. 24. gr. Skilyrðin eru að mestu þau sömu og í gildandi rétti. Í b-lið er lögð til sú breyting að Byggingarstofnun standi fyrir prófi og námskeiði fyrir mannvirkjahönnuði í stað sérstakrar prófnefndar. Er gert ráð fyrir að Byggingarstofnun verði heimilt að fela öðrum framkvæmd námskeiða og prófa. Efni námskeiðsins skal samkvæmt ákvæðinu vera gildandi lög og reglur á sviði mannvirkjagerðar og sérislenskar aðstæður sem taka þarf tillit til við hönnun. Megin ástæða þess að talið er nauðsynlegt að gera kröfu um slíkt námskeið áður en löggilding er veitt er sú staðreynd að á Íslandi eru að mörgu leyti aðrar aðstæður en í öðrum löndum. Á vissum sviðum hér á landi eru gerðar strangari kröfur til hönnunar t.a.m. vegna veðurálags og jarðskjálftahættu.

Í c-lið er fjallað um þá starfsreynslu sem umsækjendur um próf skulu hafa öðlast áður en þeir sækja námskeið og próf. Lagt er til að ákvæði um starfsreynslu hinna mismunandi fagaðila verði samræmd þannig að allir þurfi að ljúka þriggja ára starfsreynslu. Samkvæmt gildandi lögum þurfa arkitektar enga starfsreynslu en byggingarfræðingar 20 mánaða reynslu og er því um töluverða breytingu að ræða hvað þessa aðila varðar. Starfsreynslukröfur til hönnuða séruppdrátta, þ.e. verkfræðinga og tæknifræðinga, eru hins vegar óbreyttar, þ.e. þrjú ár. Af sömu ástæðum og áður eru nefndar um sérislenskar aðstæður sem hönnuðum þarf að vera kunnugt um er gerð krafa um að a.m.k. eitt ár af starfsreynslutímanum sé vegna mannvirkjagerðar hér á landi. Hönnuður búsettur erlendis gæti þannig uppfyllt starfsreynsluskilyrðin ef hann gæti sýnt fram á að hann hefði unnið undir handleiðslu löggilts hönnuðar að hönnun mannvirkis á Íslandi.

Um VI. kafla.

Í sjötta kafla eru ítarleg ákvæði um ábyrgð og verksvið byggingarstjóra og iðnmeistara. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum frumvarpsins hefur við gerð þess verið lögð áhersla á umsjónar- og eftirlitshlutverk byggingarstjórans. Ekki hefur alltaf verið ljóst samkvæmt gildandi rétti hvað nákvæmlega fælist í ábyrgð þessa aðila og hver væri staða hans gagnvart öðrum aðilum, svo sem iðnmeisturum, hönnuðum og eiganda. Hér er leitast við að skýra hlutverk hans með nákvæmari hætti en áður. Í raun er þó ekki um neina stefnubreytingu að ræða þar sem ljóst er að frá upphafi hefur byggingarstjóranum verið ætlað mikilvægt yfirumsjónarhlutverk við byggingarframkvæmdir. Þó eru ný ákvæði um starfsleyfi byggingarstjóra, námskeið, innra eftirlit, gæðastjórnunarkerfi og flokkun byggingarstjóra í þrjá flokka eftir hæfniskröfum og umfangi mannvirkjagerðar sem þeim er heimilt að stýra. Í ljósi aukinnar áherslu á hlutverk byggingarstjórans er eðlilegt að gerðar séu ríkari kröfur til hæfni hans og verkhátta í því skyni að tryggja að byggingarstjórastarfinu sé sinnt með fullnægjandi hætti með aukið öryggi mannvirkja og hagkvæmni við mannvirkjagerð að leiðarljósi. Í framkvæmd má því gera ráð fyrir töluverðum breytingum á starfsháttum byggingarstjóra og því hverjir veljast til að sinna því starfi.

Um 26. gr.

Hér er almennt fjallað um hlutverk byggingarstjóra og tengsl hans við eiganda mannvirkis. Skv. 1. mgr. skal á hverjum tíma vera einn byggingarstjóri við stjórn byggingarframkvæmda hvers leyfisskylds mannvirkis. Gagnálykta má frá þessu að aðeins sé skylda að hafa byggingarstjóra þegar um byggingarleyfisskyldar framkvæmdir er að ræða.

Í 2. mgr. kemur fram að byggingarstjóri sé faglegur fulltrúi eiganda við byggingarframkvæmdir og starfi í umboði hans samkvæmt skriflegum ráðningar- eða verksamningi við eiganda. Er byggingarstjóranum þannig ætlað að fara með hagsmuni eigandans við byggingarframkvæmdir. Í þessu felast trúnaðarskyldur byggingarstjórans gagnvart eiganda sem eru grundvöllur að hans hlutverki. Í þessu felst jafnframt að byggingarstjórinn hafi ákveðið stöðuumboð til þess að fara með daglegan rekstur framkvæmdar og taka ýmsar ákvarðanir fyrir hönd eiganda, sem eru bindandi fyrir hann. Þetta verður þó ávallt að vera gert með hagsmuni eigandans að leiðarljósi. Byggingarstjóra ber þó að bera stórvægilegar og óvenjulegar ákvarðanir undir eiganda.

Í 3. mgr. er kveðið á um þá nýskipan að byggingarstjóra sé ekki heimilt að taka að sér ábyrgð á hönnun eða einstökum verkþáttum byggingarframkvæmdar. Er þetta nokkur breyting frá núverandi framkvæmd þar sem algengt er að byggingarstjóri og húsasmíðameistari byggingar séu einn og sami maðurinn. Hefur þetta valdið nokkrum vandkvæðum í framkvæmd og óvissu um skiptingu ábyrgðar milli byggingarstjóra og iðnmeistara. Þessi breyting er talin nauðsynleg ekki síst í ljósi þess hlutverks byggingarstjórans að gæta hagsmuna eigandans, m.a. gagnvart hönnuðum og iðnmeisturum. Er því talið nauðsynlegt að um sjálfstæðan aðila sé að ræða. Undanþága frá þessu er þó heimil þegar um er að ræða minni háttar mannvirkjagerð til eigin nota en þá getur eigandi falið einum af iðnmeisturum eða hönnuðum mannvirkisins byggingarstjórn þess enda hafi sá aðili starfsleyfi sem slíkur. Þrátt fyrir það sem hér að framan er rakið er ekki talið réttlætanlegt að krefjast sérstaks byggingarstjóra vegna slíkra framkvæmda þar sem það gæti leitt til aukins byggingarkostnaðar og væri óþarflega flókið í framkvæmd. Eigandi, sem jafnframt er sá sem byggingarstjóra er ætlað að gæta hagsmuna fyrir, getur þannig kosið að fara þessa leið og ber þá sjálfur áhættuna af því, enda áskilið að mannvirkið sé ætlað til eigin nota. Önnur sjónarmið eru uppi ef eigandi mannvirkis á byggingarstigi ætlar það ekki til eigin nota, t.d. þegar byggingarfyrirtæki byggir hús til sölu á almennum markaði. Þá eru það hagsmunir seinni eigenda sem neytenda að fullnægjandi innra eftirlit byggingarstjóra með iðnmeisturum og hönnuðum fari fram á byggingarstigi. Ekkert er því hins vegar til fyrirstöðu að eigandi mannvirkis sé jafnframt byggingarstjóri þess enda uppfylli hann þær kröfur laganna sem gerðar eru til byggingarstjóra. Um umboð byggingarstjóra, verksvið og ábyrgð fer eftir ákvæðum laga þessara, reglugerðar og samningi við eiganda. Ekki er gert er ráð fyrir að byggingarstjóri geti takmarkað ábyrgð sína í samningi við eiganda.

Í 4. mgr. er kveðið á um að heimildir byggingarstjóra takmarkist af gerð mannvirkis og umfangi framkvæmda. Er mannvirkjum skipt í þrjá flokka og mun í starfsleyfi byggingarstjóra verða gerð grein fyrir hvaða flokkum viðkomandi er heimilt að stýra. Í 27. gr. eru síðan ákvæði um þær menntunar- og starfsreynslukröfur sem byggingarstjórar þurfa að uppfylla til að mega stýra hverjum flokki fyrir sig. Eru mestar kröfur gerðar til byggingarstjóra sem mega stýra sérhæfðum og flóknum mannvirkjum svo sem vatnsafls- og jarðvarmavirkjunum sem eru yfir þeim mörkum sem tilgreind eru í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Í liðum 1–3 er einungis að finna grófa flokkun mannvirkja en síðan er í 5. mgr. gert ráð fyrir að nákvæmur listi yfir mannvirki innan hvers flokks verði birtur í reglugerð.

Um 27. gr.

Nýmæli er í 1. mgr. um að byggingarstjórar skuli hafa starfsleyfi Byggingarstofnunar. Til að tryggja ákveðna festu um starfsemi byggingarstjóra er talið nauðsynlegt að kveða á um slík starfsleyfi. Er það til einföldunar að Byggingarstofnun fari yfir það við veitingu starfsleyfis að viðkomandi uppfylli menntunar- og starfsreynslukröfur laganna í stað þess að það sé gert í hvert sinn sem viðkomandi tekur að sér byggingarstjórn mannvirkis. Einnig er nauðsynlegt að tryggja ákveðið eftirlit með því að ákvæðum um gæðastjórnunarkerfi sé fylgt. Lagt er til að halda skuli sérstakt námskeið fyrir byggingarstjóra sem sé skilyrði fyrir útgáfu starfsleyfis. Er þetta talið nauðsynlegt til að tryggja að byggingarstjórum sé kunnugt um hlutverk sitt og skyldur en nokkuð hefur skort á samræmdan skilning á hlutverki byggingarstjóranna innan raða þeirra sjálfra. Hingað til hafa nokkur slík námskeið verið haldin og hafa þau verið vel sótt þótt ekki hafi verið um skyldu að ræða. Í 2. málsl. er kveðið á um að starfsleyfi skuli gefið út til tiltekins tíma, mest tíu ára í senn. Er talið nauðsynlegt að tímabinda starfsleyfið með þessum hætti til að ýta undir að einungis þeir aðilar sem starfandi eru í faginu hafi starfsleyfi. Sé aðili hins vegar starfandi sem byggingarstjóri með nauðsynleg gæðastjórnunarkerfi samkvæmt ákvæðum laganna á endurnýjun starfsleyfis hins vegar að vera afar einföld aðgerð en eðlilegt er að Byggingarstofnun standi fyrir einhvers konar endurmenntunarnámskeiðum fyrir þessa aðila áður en starfsleyfi er endurnýjað. Kveðið er í 3. málsl. á um hvernig fara skuli með þau tilvik þegar byggingarstjóri missir starfsleyfi.

Í 2. mgr. er kveðið á um þær menntunar- og starfsreynslukröfur sem gerðar eru til þeirra aðila sem taka mega að sér byggingarstjórn þeirra mannvirkja sem falla undir 1. tölul. 4. mgr. 26. gr., þ.e. einföldustu gerð mannvirkja. Hér eru taldir upp húsasmíðameistarar, múrarameistarar, pípulagningameistarar, blikksmíðameistarar, rafvirkjameistarar og byggingariðnfræðingar sem hlotið hafa löggildingu Byggingarstofnunar sem slíkir. Um er að ræða sömu iðnmeistara og mega vera byggingarstjórar samkvæmt gildandi lögum að öðru leyti en því að blikksmíðameisturum er bætt við en felld út heimild til handa vélvirkjameisturum til að annast byggingarstjórn, enda er ekki um að ræða iðngrein sem fjallað hefur verið um í byggingarreglugerð eða telst til byggingariðngreina. Teljast vélvirkjameistarar því ekki hafa þá þekkingu á sviði byggingarframkvæmda sem nauðsynleg er til að taka að sér byggingarstjórn. Nýmæli er að gerð er sú krafa að byggingarstjórar hafi auk framangreindrar grunnmenntunar og löggildingar, reynslu af störfum við byggingarframkvæmdir. Er gerð krafa um tveggja ára reynslu sem löggiltir iðnmeistarar eða byggingariðnfræðingar af störfum við byggingarframkvæmdir eða byggingareftirlit sem viðurkennd er af Byggingarstofnun. Miðað við þá ábyrgð sem byggingarstjóra er ætlað að bera er talið nauðsynlegt að hann hafi öðlast nokkra reynslu í starfi áður en hann tekur slíkt starf að sér. Í lokamálslið 2. mgr. er tekið fram að byggingarstjórar sem falla undir þessa málsgrein og hafa starfað við byggingarstjórn í þrjú ár og hafa allan þann tíma haft fullnægjandi gæðastjórnunarkerfi geti einnig öðlast starfsleyfi til að hafa umsjón með framkvæmdum sem falla undir 3. tölul. 4. mgr. 26. gr. Þannig er opnað fyrir það að iðnmeistarar með mikla reynslu af mannvirkjagerð og byggingarstjórn geti tekið að sér byggingarstjórn langflestra mannvirkja. Einungis allra sérhæfðustu og flóknustu mannvirkin, sem hingað til hafa ekki verið háð byggingarleyfum og því ekki þurft byggingarstjóra, verða undanskilin. Hvorki þeir aðilar sem taldir eru upp í 2. né 3. mgr. þessarar greinar munu geta fengið starfsleyfi sem byggingarstjórar slíkra mannvirkja, heldur verður það bundið við þá sérhæfðu aðila sem taldir eru upp í 4. mgr. Aðrir eru ekki taldir hafa nægjanlega faglega þekkingu til að geta haft með höndum byggingarstjórn slíkra mannvirkja.

Í 3. mgr. er kveðið á um þær menntunar- og starfsreynslukröfur sem gerðar eru til þeirra aðila sem taka mega að sér byggingarstjórn þeirra mannvirkja sem falla undir 1. og 3. tölul. 4. mgr. 26. gr., þ.e. önnur mannvirki en þau allra sérhæfðustu. Um er að ræða verk- og tæknifræðinga, arkitekta og byggingarfræðinga. Allir þessir aðilar geta verið byggingarstjórar samkvæmt gildandi lögum. Ekki er gerð krafa um að þessir aðilar hafi löggildingu sem hönnuðir en lagt er til það nýmæli að þeir þurfi að hafa a.m.k. fimm ára reynslu af störfum sem verkfræðingar, tæknifræðingar, arkitektar eða byggingarfræðingar við byggingarframkvæmdir, hönnun bygginga, byggingareftirliti eða verkstjórn við byggingarframkvæmdir. Sömu rök eru að baki kröfum um starfsreynslu hér og í 2. mgr.

Í 4. mgr. eru taldir upp þeir sérhæfðu aðilar sem einir geta tekið að sér byggingarstjórn þeirra flóknu og sérhæfðu mannvirkja sem talin eru upp í 2. tölul. 4. mgr. 26. gr. Þessum aðilum er að auki heimilt að taka að sér byggingarstjórn þeirra mannvirkja sem talin eru upp í 1. og 3. tölul. Hér er um að ræða verk- og tæknifræðinga sem hafa löggildingu á sviði viðkomandi mannvirkjagerðar og þurfa þeir að hafa að lágmarki tíu ára reynslu af verkstjórn við hliðstæða mannvirkjagerð, byggingareftirlit eða hönnun. Þar af skulu þeir hafa a.m.k. þriggja ára reynslu af stjórnun eða eftirliti við mannvirkjagerð. Talið er nauðsynlegt að gera svo strangar kröfur þar sem um mjög flókna og sérhæfða mannvirkjagerð er að ræða. Hingað til hafa þessi mannvirki ekki verið háð byggingarleyfum og er það því nýtt að byggingarstjóra sé krafist vegna þeirra.

Í 5. mgr. er áfram sú heimild sem nú er í 3. tölul. 2. mgr. 51. gr. skipulags- og byggingarlaga að fyrirtæki og stofnanir geti í eigin nafni borið ábyrgð sem byggingarstjórar við mannvirkjagerð. Sett er það skilyrði að þegar fyrirtæki eða stofnun fær heimild til að takast í eigin nafni á hendur ábyrgð byggingarstjóra í skjóli starfsmanns, sem hefur starfsleyfi, skuli sá starfsmaður annast byggingarstjórn á vegum fyrirtækisins. Tilgangur þessa ákvæðis er fyrst og fremst að takmarka þá persónulegu ábyrgð sem einstaklingur, sem starfar hjá byggingarfyrirtæki, ber á verkinu, enda hefur hann oft minna ákvörðunarvald varðandi bygginguna en sjálfstæður aðili. Ákvæði skaðabótalaga mundu einnig takmarka persónulega ábyrgð þessa einstaklings gagnvart vinnuveitanda sínum og þriðja manni, sérstaklega ef vinnuveitandinn hefur tryggingu sem tekur til ábyrgðarinnar.

Um 28. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um ábyrgð og verksvið byggingarstjóra. Eins og í gildandi lögum er gert ráð fyrir að byggingarstjóri ráði iðnmeistara í upphafi verks eða samþykki ráðningu þeirra. Með hliðsjón af ríkri ábyrgð byggingarstjóra hefur verið talið eðlilegt að hann hafi eitthvað um það að segja hvaða iðnmeistarar séu ráðnir til verksins. Þannig getur hann gætt hagsmuna eigandans með því að samþykkja aðeins þá iðnmeistara sem hann treystir til að inna verkið faglega af hendi og í samræmi við lög. Tiltekið er sérstaklega að samningar byggingarstjóra við iðnmeistara skuli gerðir skriflega og að þeir séu gerðir í umboði eiganda. Byggingarstjórinn ber því sjálfur ekki ábyrgð á efndum þessara samninga, t.d. greiðslu fyrir verk og verður aldrei talinn vinnuveitandi iðnmeistara sem að verkinu koma. Tiltekið er einnig í 2. mgr. hlutverk byggingarstjóra sem samskiptaaðila sem er í samræmi við hlutverk hans sem faglegs umboðsmanns eiganda. Gert er í 3. mgr. ráð fyrir að byggingarstjóri skeri úr vafa um túlkun hönnunargagna, eftir atvikum að höfðu samráði við hönnuði. Sé um að ræða mannvirki sem falla undir 2. eða 3. tölul. 4. mgr. 26. gr. skal byggingarstjóri sjá til þess að skipulagðir samráðsfundir séu haldnir með eiganda og hönnuðum og skal skrá efni þeirra í gæðastjórnunarkerfi byggingarstjórans. Að sjálfsögðu er einnig heimilt að halda slíka fundi vegna mannvirkja sem falla undir 1. tölul. 4. mgr. 26. gr.

Samkvæmt 4. mgr. hefur byggingarstjóri yfirumsjón með því að aflað sé samþykktar leyfisveitanda á breytingum sem gerðar eru á hönnun eða gerð mannvirkis í byggingu og að ávallt sé framkvæmt í samræmi við nýjustu útgáfu samþykktra hönnunargagna.

Er nauðsynlegt að taka þetta sérstaklega fram þar sem algengt er við byggingarframkvæmdir að hönnunargögn séu að taka breytingum eftir því sem verki vindur fram og þá er að sjálfsögðu mikilvægt að ekki sé framkvæmt eftir úreltum gögnum.

Í 5. mgr. er ákvæði um eftirlitsskyldur byggingarstjóra. Gert er ráð fyrir því að verði byggingarstjóri var við ágalla á verki geti hann losnað undan ábyrgð vegna þeirra ef hann hefur gert iðnmeistara og/eða eiganda viðvart og krafist úrbóta. Það er aðeins þegar ágalli, sem ekki hefði átt að geta dulist byggingarstjóra við eftirlit hans, kemur fyrst í ljós eftir að verki eða verkhluta á að vera lokið sem byggingarstjóri getur borið bótaábyrgð ásamt iðnmeistara gagnvart eiganda. Til að tryggja sönnun skulu byggingarstjóri og hlutaðeigandi aðilar skrá athugasemdir byggingarstjóra í gæðastjórnunarkerfi sitt.

Í 7. mgr. er fjallað sérstaklega um grundvöll skaðabótaábyrgðar byggingarstjóra og tekið fram að um hefðbundna sakarábyrgð sé að ræða á grundvelli almennra skaðabótareglna utan samninga. Gera má þó ráð fyrir að við sakarmat verði byggt á ströngum sérfræðimælikvarða. Sérstaklega er tekið fram að byggingarstjóri beri ekki ábyrgð á faglegum vinnubrögðum iðnmeistara og annarra sem að verkinu koma, t.d. undirverktaka, né því að aðilar uppfylli samningsskyldur sínar, t.d. þegar verktakar eða iðnmeistarar fara frá verki án þess að því sé að fullu lokið.

Í 8. mgr. er sett sérstakt ákvæði um fyrningu ábyrgðar, en vafi hefur leikið á því í framkvæmd með hvaða hætti ábyrgð á þessu sviði fellur niður. Er hér kveðið á um að um fyrninguna gildi almennar reglur laga um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda.

Um 29. gr.

Gerð er tillaga um að skerpa lítillega á ákvæðum um byggingarstjóraskipti, en ákvæði 5. mgr. 51. gr. gildandi laga er nokkuð skýrt hvað þetta varðar. Sérstaklega er tekið fram að ábyrgð byggingarstjóra falli niður frá móttöku leyfisveitanda á afsögn hans vegna verkþátta sem þá er ólokið. Byggingaryfirvöldum ber að láta fara fram úttekt strax eftir að byggingarstjóri hverfur frá verki en það er mikilvægt í ljósi hagsmuna beggja byggingarstjóra að ekki verði ágreiningur um það hver staða verksins var. Fráhvarf byggingarstjóra meðan á framkvæmdum stendur getur verið vísbending um ágreining eða trúnaðarbrest milli hans og eiganda og því ekki unnt að treysta því að eigandi haldi ekki framkvæmdum áfram án þess að nýr byggingarstjóri hafi verið ráðinn. Þess vegna verður úttektin að fara fram sem allra fyrst og að hún sé undirrituð af báðum byggingarstjórum til samþykkis á stöðu verksins við skiptin. Farin er sú leið að orða frest leyfisveitanda með almennum orðum í stað þess að setja tiltekin tímamörk. Verði leyfisveitandi valdur að tjóni vegna vanrækslu á að láta fara fram úttekt getur hann orðið bótaskyldur vegna þess samkvæmt almennum reglum.

Um 30. gr.

Hér er lögð sú skylda á byggingarstjóra að þeir hafi gæðastjórnunarkerfi í samræmi við nánari ákvæði í reglugerð. Í upphafi hvers byggingarleyfisskylds verks sem byggingarstjóri tekur að sér skal hann skilgreina það innan síns gæðastjórnunarkerfis sem starfsleyfi hans byggist á, sbr. 27. gr. Í ákvæðinu eru talin upp þau atriði sem gæðastjórnunarkerfi byggingarstjóra þurfa að uppfylla að lágmarki en síðan er gert ráð fyrir að ítarlegri reglur um gerð þeirra séu settar í reglugerð. Tekið er fram að gæðastjórnunarkerfi ÍST EN ISO 9000 staðalsins teljist uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til gæðastjórnunarkerfis samkvæmt þessari

grein. Hafi byggingarstjóri vottað gæðastjórnunarkerfi samkvæmt þeim staðli þarf hann ekki að sýna með frekari hætti fram á að hann uppfylli kröfur ákvæðisins. Tilvísun til staðalsins merkir hins vegar ekki að ávallt skuli gerð krafa um gæðastjórnunarkerfi sem uppfyllir allar kröfur hans. Gert er ráð fyrir að a.m.k. í fyrstu verði ekki gerðar svo strangar kröfur til gæðastjórnunarkerfis byggingarstjóra heldur verði það metið hvað hæfilegt er í þeim efnum þannig að raunhæft sé að gera þessa kröfu til byggingarstjóra. Lagt er til að ráðherra geti með reglugerð ákveðið að gæðastjórnunarkerfi byggingarstjóra skuli vottuð af faggiltri vottunarstofu, sbr. 59. gr., en af sömu ástæðum og áður eru nefndar er ekki gert ráð fyrir að sú heimild verði nýtt í upphafi. Eðlilegt er að fagaðilar fái góðan tíma til að aðlagast þeirri breytingu sem felst í kröfunni um gæðastjórnunarkerfi og að ekki sé gengið lengra í upphafi en nauðsyn ber til. Verði góð reynsla af notkun gæðastjórnunarkerfa má hugsa sér að heimild þessi verði nýtt í framtíðinni. Í 3. tölul. 59. gr. er lagt til að heimilt verði að gera mismunandi kröfur til gæðastjórnunarkerfa byggingarstjóra eftir umfangi mannvirkjagerðar sem byggingarstjóra er heimilt að hafa umsjón með. Flókin mannvirkjagerð kallar á öðruvísi og nákvæmari gæðastjórnunarkerfi en einföld.

Um 31. gr.

Hér er um að ræða sambærilegt ákvæði og er í 52. gr. gildandi laga en nokkuð ítarlegra. Taldir eru upp þeir iðnmeistarar sem þurfa að staðfesta ábyrgð sína á verki áður en byggingarleyfi er gefið út en slíka upptalningu er einungis að finna í byggingarreglugerð í dag. Telja verður eðlilegt að þeirra sé sérstaklega getið í lögunum. Leyfisveitandi metur eftir eðli og gerð mannvirkja hverjir af þessum iðnmeisturum þurfa nauðsynlega að koma að verkinu. Í nánast öllum tilvikum þurfa húsasmíðameistarar, múrarameistarar, pípulagningameistarar og rafvirkjameistarar að koma að verkinu til að tryggja að það standist allar öryggis- og hollustukröfur en metið skal í hverju tilviki hverja af hinum aðilunum þarf að gera kröfu um að ábyrgist verk. Mörg verk þarfnast einnig blikksmíðameistara og stálvirkjameistara til að tryggja öryggi þeirra og hollustuhætti, svo sem stálvirkjahús og byggingar með flóknum loftræsikerfum. Í færri tilvikum varðar vinna málarameistara og veggfóðrarameistara öryggi mannvirkja með beinum hætti heldur er þar fremur um að ræða kröfu til að tryggja gæði þeirra. Þess vegna er ekki alltaf sama þörfin á að gera kröfu um að þeir staðfesti ábyrgð sína á verki. Sé t.d. um að ræða íbúðarhús sem eigandi byggir til eigin nota þarf eigandi ekki að tilkynna um málarameistara eða veggfóðrarameistara sem ábyrgð beri á viðkomandi verki og skal þá leyfisveitandi ekki gera slíka kröfu. Sé hins vegar um að ræða t.d. byggingu fjölbýlishúss sem selt er tilbúið á almennum markaði er eðlilegt að fagmaður beri ábyrgð á málningar- og veggfóðraravinnu við slíkt hús.

Ákvæði um ábyrgð iðnmeistara er í 2. mgr. og er það sambærilegt við ákvæði 1. mgr. 52. gr. gildandi laga. Ekki eru lagðar til breytingar á ábyrgð eða verksviði iðnmeistara. Nýtt er þó í 2. málsl. ákvæði um fyrningu ábyrgðar, þar sem undirstrikað er að um fyrningu fari samkvæmt ákvæðum almennra laga. Ákvæði 3. mgr. samsvarar 2. mgr. 52. gr. gildandi laga. Í 4. mgr. er lagt til það nýmæli að löggilding rafvirkjameistara sem gefin er út á grundvelli laga um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga jafngildi löggildingu skv. 3. mgr. Samkvæmt gildandi lögum hafa rafvirkjameistarar bæði þurft löggildingu Neytendastofu á grundvelli framangreindra laga og löggildingu umhverfisráðherra á grundvelli skipulags- og byggingarlaga og hefur ítrekað verið kvartað yfir því tvöfalda fyrirkomulagi. Er hér lagt til að rafvirkjameistari sem hefur löggildingu Neytendastofu, eða Löggildingarstofu, samkvæmt eldri lagaákvæðum, þurfi ekki að sækja um löggildingu Byggingarstofnunar. Þetta þýðir hins vegar ekki að löggilding Byggingarstofnunar komi í stað löggildingar á grundvelli laga um

öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga enda gera þau lög ráð fyrir að uppfylla þurfi mun strangari skilyrði til að hljóta slíka löggildingu.

Nýmæli er í 6. mgr. þar sem kveðið er á um að iðnmeistarar skuli hafa gæðastjórnunarkerfi sem feli a.m.k. í sér staðfestingu á hæfni iðnmeistara, skrá yfir úttektir og niðurstöður þeirra, skrá yfir athugasemdir byggingarstjóra, auk lýsingar á og skrár um innra eftirlit iðnmeistarans í samræmi við nánari ákvæði í reglugerð. Ekki er gert ráð fyrir að gæðastjórnunarkerfi iðnmeistara verði í upphafi mjög umfangsmikið eða íþyngjandi heldur innihaldi þau að meginstefnu til aðeins framangreind atriði. Tilvísun til gæðastjórnunarkerfis ÍST EN ISO 9000 þýðir einungis að þeir aðilar sem hafa gæðastjórnunarkerfi sem uppfylla sannanlega þær kröfur þurfa ekki að sýna frekar fram á að þeir uppfylli ákvæði laganna. Eins og með gæðastjórnunarkerfi hönnuða og byggingarstjóra þá getur ráðherra ákveðið með reglugerð að slík gæðastjórnunarkerfi skuli vottuð, sbr. 59. gr., en ekki er gert ráð fyrir að sú heimild verði nýtt í náinni framtíð.

Um 32. gr.

Hér er kveðið á um hvaða háttur skuli hafður á við skipti á ábyrgum iðnmeisturum verks og er ákvæði sama efnis og 4. mgr. 52. gr. gildandi laga.

Um 33. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um áfangaúttektir og er um nýmæli í lögum að ræða en byggt er á ákvæðum gildandi byggingarreglugerðar og þeirri framkvæmd sem verið hefur við lýði. Eðlilegt er að fjallað sé um svo mikilvægan þátt byggingareftirlits í lögunum en ekki aðeins í reglugerð. Nýtt er þó að lögð er sú skylda á iðnmeistara að hann sé viðstaddur úttektir þeirra verkþátta sem hann hefur sinnt en samkvæmt gildandi rétti hvílir slík skylda einungis á byggingarstjóra, sem þó skal boða iðnmeistara til úttekta. Er þetta gert m.a. gert til að tryggja að verk sé raunverulega unnið af þeim iðnmeistara sem skrifað hefur upp á ábyrgð sína á verki. Samkvæmt gildandi lögum er í raun ekkert sem hindrar það að iðnmeistari skrifi upp á ábyrgð sína að verki og komi svo ekkert að byggingarframkvæmdum þrátt fyrir að ábyrgðin sé hans. Er það algerlega óviðunandi fyrir viðkomandi iðnmeistara og því nauðsynlegt að sett sé ákvæði um skyldu byggingarstjóra til að tilkynna þeim með sannanlegum hætti um úttektir sem þeir bera ábyrgð á. Samkvæmt ákvæðinu geta iðnmeistari og eigandi samið um annað fyrirkomulag í samningi sín á milli.

Í 4. mgr. er útgefanda byggingarleyfis veitt heimild til að leyfa að byggingarstjóri eða iðnmeistari framkvæmi sjálfir einstakar áfangaúttektir að því gefnu að gerð hafi verið skriflega grein fyrir innra eftirliti við byggingarframkvæmdina. Sambærilegt ákvæði hefur verið í gildandi byggingarreglugerð. Hér er veitt heimild til að slaka á opinberu eftirliti með framkvæmdum þar sem virkt innra eftirlit fer fram.

Um 34. gr.

Í ákvæðinu er nýtt ákvæði um svokallaða öryggisúttekt. Í gildandi byggingarreglugerð hafa verið ákvæði um svokallaða stöðuúttekt og lokaúttekt sem ekki hafa virkað sem skyldi. Stöðuúttekt á að gera áður en mannvirki er tekið í notkun, en hún er afar sjaldan framkvæmd í raun. Lokaúttekt á að framkvæma við lok byggingarframkvæmda en þeim hefur afar misjafnlega verið framfylgt í byggingarumdæmum landsins. Hér er lagt til að styrkt verði staða þeirrar úttektar sem kölluð hefur verið stöðuúttekt og að hún verði hér eftir kölluð öryggisúttekt. Mjög varasamt og jafnvel hættulegt getur verið að taka í notkun ófullgerð mannvirki ef ekki er hugað að öryggi þeirra og hollustuháttum. Eldvarnir, burðarþol og fallvarnir geta ver-

ið ófullgerðar og slysagildrur leynst víða. Þess vegna er hér lagt til að óheimilt verði að taka mannvirki í notkun fyrr en gerð hefur verið úttekt á öryggi þeirra og hollustuháttum. Gefur útgefandi út vottorð um að slík úttekt hafi farið fram og þá fyrst er heimilt að taka mannvirkið í notkun. Ber byggingarstjóri, fyrir hönd eiganda, ábyrgð á að óskað sé eftir slíkri lokaúttekt. Vanræki hann þær skyldur sínar er sú skylda lögð á útgefanda byggingarleyfisins að boða til úttektarinnar. Einnig getur eigandi mannvirkis ávallt óskað eftir öryggisúttekt. Þannig á að vera tryggt að þessar úttektir verði framkvæmdar. Við úttektina skulu einungis þeir þættir teknir út er varða öryggi og hollustuhætti en að öðru leyti getur mannvirkið verið ófullgert.

Um 35. gr.

Hér er fjallað um svokallaða lokaúttekt en ákvæði um hana hafa aðallega verið í byggingarreglugerð samkvæmt gildandi lögum. Nokkur misbrestur hefur verið á að lokaúttektir hafi farið fram. Í ákvæðinu er grunnur lokaúttektanna styrktur og kveðið á um að lokaúttekt skuli fara fram innan þriggja ára frá því að mannvirki er tekið í notkun og öryggisúttekt fer fram. Lokaúttekt felur það í sér að gerð er úttekt á því hvort mannvirkið uppfylli ákvæði laga þessara og reglugerða sem settar hafa verið samkvæmt þeim og hvort byggt hafi verið í samræmi við samþykkt hönnunargögn. Nánari útfærsla um framkvæmd lokaúttektar verður í reglugerð og munu skoðunarhandbækur þar gegna mikilvægu hlutverki, en helsti vandinn við lokaúttektir samkvæmt gildandi rétti hefur verið að ekki hefur legið ljóst fyrir hvað ætti að fara yfir við framkvæmd lokaúttekta. Samkvæmt ákvæðinu er ekki áskilið að framkvæmdum sé að fullu lokið við framkvæmd lokaúttektar heldur getur eftirlitsaðili gefið út vottorð með athugasemdum. Þó skal þáttum er varða aðgengi ávallt lokið við framkvæmd lokaúttektar.

Ákvæði þetta er óháð hugsanlegum ákvæðum sem sett kunna að hafa verið í úthlutunarskilmála viðkomandi lóðar á grundvelli skipulagslaga um tímafrest fyrir húsbyggjendur til að ljúka frágangi mannvirkja utanhúss. Þessir þættir verða ekki hluti lokaúttektar samkvæmt frumvarpi þessu heldur verða sveitarfélög að beita þvingunarúrræðum skipulagslaga til að fylgja eftir slíkum skipulagsskilmálum. Í 5. mgr. eru svo ákvæði um heimild til lokunar mannvirkis ef það reynist ekki uppfylla öryggis- og hollustuháttakröfur við framkvæmd lokaúttektar.

Um 36. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 41. gr. gildandi laga.

Um VIII. kafla.

Áttundi kafli byggist á ákvæðum tilskipunar ráðsins 89/106/EBE um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um byggingarvörur og tilskipun ráðsins 93/68/EBE um breytingu á tilskipun um byggingarvörur. Þær gerðir voru upphaflega innleiddar í íslenskan rétt með reglugerð nr. 431/1994 um viðskipti með byggingarvörur með stoð í lögum nr. 102/1994, um breytingu á þágildandi lögum nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu. Lagt er til að ákvæði reglugerðarinnar verði færð undir frumvarp þetta og undir yfirumsjón umhverfisráðherra í stað viðskiptaráðherra áður. Þar sem efni hennar varðar byggingarvörur á markaði sem eru efniviður mannvirkja er eðlilegt að framangreindar reglur séu hluti af frumvarpi þessu.

Hinar evrópsku reglur um viðskipti með byggingarvörur eru fyrst nú að koma til framkvæmda þar sem staðlavinna og undirbúningur hennar hefur tekið lengri tíma en áætlað var. Tilskipanirnar eru svokallaðar nýaðferðartilskipanir sem eiga að stuðla að frjálsu flæði vöru

og afnámi tæknilegra viðskiptahindrana á innri markaði Evrópusambandsins. Í nýaðferðartilskipunum eru settar fram grunnkröfur um heilsu, öryggi og í sumum tilvikum gæði en síðan eru nánari ákvæði um þær kröfur sem gerðar eru settar fram í samhæfðum evrópskum stöðlum. Tengsl milli staðla og tilskipana gera það að verkum að vara sem uppfyllir kröfur staðla uppfyllir þá sjálfkrafa ákvæði tilskipunar. Þar með er tryggt frjálst flæði vörunnar á markaðssvæði EES landa. Mat á því hvort vara sé örugg veltur á því hvort hún uppfylli þær lágmarkskröfur sem er að finna í viðkomandi tilskipun. Dæmi um vörur sem falla undir nýaðferðartilskipanir hér á landi eru leikföng, vélar, rafföng, persónuhlífar, notendabúnaður síma- og fjarskiptakerfa svo eitthvað sé nefnt. Nýaðferðartilskipanirnar kveða skýrt á um það að framleiðandi/innflytjandi er ábyrgur fyrir öryggi vöru. Í flestum tilfellum er nægilegt að framleiðandi/innflytjandi staðfesti að varan sé í samræmi við viðeigandi kröfur. Það er einungis ef um mikla slysahættu er að ræða sem er gerð krafa um að varan sé prófuð af óháðum aðila (lækningatæki, flóknar vélar o.þ.h.). Meginreglan um að vörur sem uppfylla gerðar kröfur megi flytja frjálst yfir landamæri byggist á því að fyrir hendi sé virkt og öflugt markaðseftirlit. Með áfestingu CE-merkisins ábyrgist framleiðandi eða innflytjandi samræmi vörunnar við viðeigandi tilskipanir sem varða eiginleika og öryggi hennar og að varan hafi farið í gegnum ákveðið ferli þar sem fram fer mat á því hvort hún uppfyllir gerðar kröfur. Tilskipun um byggingarvörur er frábrugðin öðrum nýaðferðartilskipunum að því leyti að samhæfðir evrópskir staðlar eða evrópsk tæknisamþykki eru forsenda CE-merkingar á meðan grunnkröfur eru forsenda CE-merkingar í öðrum nýaðferðartilskipunum og staðlar til frjálsra nota. Helsta ástæða þessa er að grunnkröfur tilskipunar um byggingarvörur eiga við um mannvirki sem vörurnar eru notaðar í, þ.e. taka verður tillit til aðstæðna í hverju landi. Meðal annars af þessum sökum hefur vinna við gerð tækniákvæða gengið hægt og enn vantar nokkuð á að slík ákvæði séu til fyrir allar byggingarvörur. Þetta stendur þó til bóta og fleiri tækniákvæði fyrir byggingarvörur taka gildi á næstu missirum.

Grunnkröfur þær sem mannvirki eiga að uppfylla eru skilgreindar í byggingarvörutilskipuninni og eru teknar óbreyttar upp í viðauka við frumvarp þetta. Skiptast þær í sex þætti sem eru: burðarþol og stöðugleiki; varnir gegn eldsvoða; hollusta, heilsa og umhverfi; öryggi við notkun; hávaðavarnir; orkusparnaður og hitaeinangrun. Samkvæmt viðaukanum skulu byggingarvörur henta til mannvirkjagerðar og koma að tilætluðum notum frá efnahagslegu sjónarmiði og mannvirkin fullnægja þar af leiðandi framangreindum grunnkröfum. Ferill staðlagerðar innan Evrópusambandsins hvað varðar byggingarvörur er á þann veg að framkvæmdastjórn sambandsins og EFTA fela tækninefndum sem aðildarríkin eiga aðild að samningu svokallaðra skýringarskjala. Í skýringarskjölum eru grunnkröfurnar skýrðar nánar og staðlar og önnur tækniákvæði eru síðan byggð m.a. á þessum skýringarskjölum. Staðlarnir eru samdir af Staðlasamtökum Evrópu (CEN) og Rafstaðlasamtökum Evrópu (CENELEC) sem eru óháð samtök sem viðurkennd hafa verið sem bærir aðilar til að samþykkja samhæfða evrópska staðla.

Til fyllingar nýaðferðartilskipunum Evrópusambandsins hefur innan sambandsins verið sett tilskipun um öryggi vöru 2001/95/EB, sem innleidd var í íslenskan rétt við setningu laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu. Hún hefur að geyma heimildir til aðgerða stjórnvalds þegar um hættulega neytendavöru er að ræða sem ekki fellur undir sérstök lög. Tilskipun um öryggi framleiðsluvöru er til fyllingar fyrrgreindum tilskipunum hvað varðar framkvæmd markaðseftirlits. Við útfærslu ákvæða þessa kafla var höfð hliðsjón af ákvæðum laga um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu og leitast við að samræma ákvæði frumvarpsins og þeirra laga.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Byggingarstofnun beri ábyrgð á eftirliti með byggingarvörum á markaði en stofnuninni er hins vegar heimilt að fela faggiltum aðila framkvæmd þess verkefnis. Getur Byggingarstofnun t.d. falið Neytendastofu framkvæmd hluta eftirlitsins, þ.e. þann hluta sem lýtur að byggingarvörum sem eru til sölu í verslunum. Gert er ráð fyrir að CE-merking byggingarvara verði forsenda fyrir markaðssetningu hennar hér á landi í þeim tilvikum sem samhæfðir evrópskir staðlar eða evrópsk tæknisamþykki fyrir viðkomandi byggingarvöru hafa verið gerð.

Um 37. gr.

Í ákvæðinu er skilgreint hver teljist vera framleiðandi og dreifingaraðili byggingarvöru í skilningi laganna. Þar sem ábyrgðin á markaðssetningu vörunnar hvílir á þessum aðila er nauðsynlegt að skilgreina nákvæmlega hvaða aðilar þetta eru. Sambærilegt ákvæði er í lögum um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu.

Um 38. gr.

Hér er fjallað um skilyrði fyrir markaðssetningu byggingarvöru. Í fyrsta lagi þarf varan að henta til áformaðra nota þannig að mannvirki sem hún er felld inn í, sett saman við eða notuð við uppfylli grunnkröfurnar sem skilgreindar eru í fylgiskjali laganna. Í öðru lagi þarf varan að uppfylla kröfur samhæfðra evrópskra staðla, evrópsks tæknisamþykkis eða innlends tækniákvæðis sem samþykkt hefur verið af Eftirlitsstofnun EFTA. Í 3. tölul. 1. mgr. er CE-merking byggingarvöru gerð að skilyrði fyrir markaðssetningu hennar hér á landi í þeim tilvikum þar sem gerðir hafa verið samhæfðir evrópskir staðlar eða evrópskt tæknisamþykki fyrir viðkomandi byggingarvöru. Tilskipun um byggingarvörur gerir ekki þá kröfu að CE-merking sé gerð að skyldu í aðildarríkjunum heldur einungis að uppfyllt séu ákvæði 1. og 2. tölul. Hér er hins vegar farin sú leið sem farin hefur verið í nokkrum löndum, m.a. Danmörku, að gera CE-merkinguna að skyldu, enda einfaldar það allt markaðseftirlit og auðveldar framleiðendum/innflytjendum að sýna fram á að varan uppfylli þau skilyrði sem sett eru fyrir markaðssetningu hennar. Ef byggingarvara er réttilega merkt CE-merkinu, í samræmi við ákvæði 42. gr. frumvarpsins, telst byggingarvaran uppfylla kröfur 1. og 2. tölul. 1. mgr. þessarar greinar. Framleiðandi eða innflytjandi þarf ekki að gera annað en að sýna merkið, og viðeigandi fylgiskjöl, þ.e. samræmisvottorð og samræmisyfirlýsingu, og þá er markaðssetning vörunnar heimil. Markaðseftirlit felst þá í því annars vegar að fylgjast með að byggingarvörur hafi CE-merki og hins vegar með því að vörurnar uppfylli kröfur 42. gr., þ.e. að samræmismat sem sýni að þær uppfylli tækniákvæði hafi farið fram og að þær séu réttilega CE-merktar. Eftirlit með hinu síðarnefnda er t.d. framkvæmt með úrtaksskoðunum eða þegar grunur vaknar um að byggingarvara uppfylli ekki kröfur. Enn sem komið er hafa ekki verið gerðir evrópskir staðlar eða tæknisamþykki fyrir allar tegundir byggingarvara en þeim fer þó hratt fjölgandi.

Um 39. gr.

Hér er fjallað um svokallað evrópskt tæknisamþykki, sem m.a. er vísað til í b-lið 2. tölul. 1. mgr. 38. gr., en það er mat á hæfi byggingarvöru til tiltekinna nota og er gefið út af Evrópusamtökum um tæknisamþykki (EOTA). Fjallað er um evrópskt tæknisamþykki í 8. gr. tilskipunar 89/106/EBE og II. viðauka hennar. Það er yfirleitt aðeins gefið út í þeim tilvikum þegar hvorki er til samhæfður staðall né viðurkenndur landsstaðall fyrir vörurnar og ekki hefur verið gefið út umboð til gerðar samhæfðs staðals en frá því eru undantekningar samkvæmt tilskipuninni. Til að geta CE-merkt vörur sínar sem ekki hefur verið gefinn út staðall fyrir

þurfa framleiðendur að fá evrópskt tæknisamþykki, fyrir þær og framleiðsluferlið. Evrópskt tæknisamþykki er gefið út af aðilum sem metnir hafa verið, af stjórnvöldum viðkomandi aðildarlanda, til þess bærir að framkvæma samræmismat í samræmi við viðkomandi tækniákvæði. Hingað til hefur Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins verið fulltrúi Íslands í EOTA og veitt evrópsk tæknisamþykki. Eins og fram kemur í 5. gr. frumvarps þessa er lagt til að Byggingarstofnun taki við því hlutverki að tilnefna aðila til þátttöku í starfi EOTA. Framleiðandi byggingarvöru sem óskar eftir evrópsku tæknisamþykki skal greiða allan kostnað við öflun þess. Gert er ráð fyrir að nánari ákvæði um skilyrði fyrir veitingu evrópsks tæknisamþykkis verði sett í reglugerð.

Um 40. gr.

Ákvæðið fjallar um svokallað samræmismat sem er kerfisbundin athugun á því hvort byggingarvara sé í samræmi við staðla og evrópsk tæknisamþykki. Einungis tilnefndir aðilar mega framkvæma samræmismat á byggingarvörum. Samræmismatið er framkvæmt á kostnað framleiðanda eða umboðsmanns hans. Ef niðurstaða matsins er að varan sé í samræmi við tækniákvæði veitir það framleiðanda heimild til að festa CE-merkið á vöruna. Gert er ráð fyrir að allar nánari reglur um framkvæmd samræmismats verði settar í reglugerð.

Um 41. gr.

Í greininni er fjallað um það hverjir geti óskað eftir að annast samræmismat skv. 40. gr. sem tilnefndir aðilar. Faggiltar skoðunar-, prófunar- og vottunarstofur sem hafa yfir að ráða faglegri þekkingu til að meta samræmi byggingarvöru geta orðið tilnefndir aðilar. Umhverfisráðherra annast tilkynningu um tilnefnda aðila. Í 3. mgr. er sett sú mikilvæga regla að tilnefndur aðili verði að hafa hlutleysi þriðja aðila og vera án allra hagsmunatengsla við viðskiptavini sína og aðra hagsmunahópa.

Um 42. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um hvaða reglur gilda um notkun CE-merkisins. Afar mikilvægt er að merkið sé rétt notað því það veitir heimild til frjáls flæðis vörunnar innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Um 43. gr.

Hér er kveðið á um að Byggingarstofnun hafi eftirlit með byggingarvörum á markaði. Er lagt til að stofnunin taki við því hlutverki af Neytendastofu sem, samkvæmt reglugerð um viðskipti með byggingarvörur, hefur sinnt því eftirliti. Skv. 2. mgr. getur Byggingarstofnun falið faggiltri skoðunarstofu að framkvæma markaðseftirlit eða faggiltri prófunarstofu að prófa og meta hvort byggingarvörur uppfylli ákvæði laganna. Við innflutning getur Byggingarstofnun haft samstarf við tollayfirvöld um framkvæmd markaðseftirlits.

Um 44. gr.

Hér er fjallað um þær heimildir sem Byggingarstofnun, eða eftir atvikum aðili sem hefur verið falið markaðseftirlit með byggingarvörum, hefur til skoðunar hjá ábyrgðaraðila, þ.e. þeim sem flytur vöruna til landsins, og seljanda vöru, um upplýsingaskyldu þeirra og hver skuli bera kostnað af afturköllun vöru og tilkynningum um hættulega vöru. Sambærileg ákvæði eru í lögum um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu.

Um 45. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um þau réttarúrræði sem Byggingarstofnun er heimilt að grípa til ef í ljós kemur að byggingarvara á markaði uppfyllir ekki kröfur laganna.

Um 46. gr.

Samkvæmt greininni getur Byggingarstofnun í tengslum við beitingu réttarúrræða skv. 45. gr. skyldað framleiðanda og dreifingaraðila til að eyðileggja öll eintök vörunnar og farga henni með öruggum hætti. Er þetta gert til að tryggja að vara sem t.d. hefur verið bönnuð á markaði komist örugglega ekki í umferð með ólögmætum hætti. Um beitingu heimildarinnar gildir að sjálfsögðu meðalhófsregla stjórnsýslulaga og gefa skal ábyrgðaraðila kost á að bæta úr ágöllum hennar eða fylgigögnum nema um sérlega hættulega vöru sé að ræða.

Um 47. gr.

Hér er sú skylda lögð á byggingarfulltrúa, hönnuði, byggingarstjóra og iðnmeistara að tilkynna Byggingarstofnun um ólöglegar byggingarvörur á markaði. Þetta eru þeir aðilar sem eru líklegastir til að verða varir við vörur á markaði sem ekki uppfylla kröfur laganna. Byggingarfulltrúum er ekki ætlað að hafa eftirlit með byggingarvörum á markaði, heldur er einungis um tilkynningarskyldu að ræða til Byggingarstofnunar.

Um 48. gr.

Kafli frumvarpsins um byggingarvörur snýr að mestu að framleiðendum, innflytjendum og seljendum og skilgreinir ábyrgð þeirra við markaðssetningu byggingarvara. Í þessu ákvæði er hins vegar komið að eiganda mannvirkis sem ber ábyrgð á því að við mannvirkjagerðina og rekstur þess séu einungis notaðar byggingarvörur sem uppfylla ákvæði laganna. Óheimilt er að nota aðrar byggingarvörur til mannvirkjagerðar en þær sem uppfylla kröfur laganna.

Um 49. gr.

Hér er lagt til að lagt verði á gjald með nýju heiti, byggingaröryggisgjald, til að fjármagna starfsemi Byggingarstofnunar. Ekki er um nýtt gjald að ræða heldur hefur ákvæði um svokallað brunavarnagjald, sem innheimt hefur verið á grundvelli laga um brunavarnir, verið fært inn í frumvarp til laga um mannvirki. Skattstofn gjaldsins er óbreyttur og er það innheimt áfram af vátryggingarfjáræð brunatrygginga fasteigna og lausafjár, svo og samsettra vátrygginga sem fela í sér brunatryggingu. Hér er hins vegar lagt til að gjaldið verði hækkað úr 0,045 prómillum í 0,07. Hingað til hefur brunavarnagjaldi verið einungis ætlað að standa undir rekstri Brunamálastofnunar vegna yfirumsjónar með brunavörnum en hér er lagt til að byggingaröryggisgjaldið renni til Byggingarstofnunar og standi þannig undir kostnaði við yfirumsjón byggingaröryggismála almennt. Með því að leggja slíkt gjald á brunatryggingar er gjaldtökunni dreift á mörg ár, þ.e. allan líftíma mannvirkisins, í stað þess að innheimta hærra gjald einu sinni í upphafi mannvirkjagerðar. Eigendur mannvirkja eiga að njóta góðs af yfireftirliti og umsjón Byggingarstofnunar allan líftíma mannvirkisins og því mæla góð rök með því að þessi leið verði valin. Gert er ráð fyrir að áfram verði tekið gjald af rafveitum vegna eftirlits með þeim á grundvelli laga nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, en að í náinni framtíð verði það aðlagað kostnaði.

Um 50. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um þau þjónustugjöld sem sveitarstjórnum er heimilt að setja vegna veittrar þjónustu og verkefna byggingarfulltrúa. Skal fjárhæð gjalds taka mið af kostnaði við þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna. Gæta þarf þess sérstaklega við setningu gjaldskrár að óheimilt er að jafna kostnaði sem kemur til vegna faggildingar eftirlits, yfirferðar uppdrátta og framkvæmdar úttekta af hálfu byggingarfulltrúa og starfsmanna hans jafnt á alla umsækjendur byggingarleyfis óháð því hvort hluti eftirlitsins er framkvæmdur af faggiltum skoðunarstofum. Þeir aðilar sem ráðið hafa faggilta skoðunarstofu til að annast hluta eftirlitsins eiga einungis að greiða til byggingarfulltrúa gjöld sem taka mið af þeim kostnaði sem hlýst af umsókn þeirra, sbr. 2. mgr. 19. gr.

Um 51. gr.

Í ákvæðinu er Byggingarstofnun heimilað að setja sér gjaldskrá vegna þjónustu og verkefna sem stofnuninni er falið að annast eða tekur að sér. Þar sem gert er ráð fyrir að stofnunin fari með beint eftirlit með tiltekinni mannvirkjagerð er nauðsynlegt að henni sé heimilt að taka þjónustugjald fyrir á sama hátt og byggingarfulltrúar.

Um 52. gr.

Í ákvæðinu eru settar reglur um greiðslu gjalda og er ákvæðið efnislega samhljóða 55. gr. gildandi laga.

Um 53. gr.

Ákvæðið felur í sér nýmæli um rannsókn Byggingarstofnunar vegna tjóns á mannvirki þegar manntjón verður eða alvarleg hætta skapast. Svipað ákvæði hefur verið í lögum um brunavarnir vegna rannsókna á brunatjóni og er lagt til að það ákvæði haldist óbreytt en bætt verði við skyldu til að rannsaka önnur tjón á mannvirkjum, t.d. vegna veðurs, jarðskjálfta, flóða eða annarrar náttúruvár, eða í þeim tilvikum þegar mannvirki eða hlutir þess hrynja eða skemmast illa af óþekktum ástæðum. Hugsunin að baki ákvæðinu er að finna orsakir slíkra tjóna og læra af þeim mistökum sem kunna að hafa átt sér stað við hönnun eða gerð mannvirkisins. Einnig gætu slíkar rannsóknir leitt í ljós að breyta þurfi reglum um hönnun og byggingu mannvirkja. Nokkuð hefur skort á að slíkar rannsóknir færu fram með skipulögðum og samræmdum hætti.

Um 54. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 56. gr. gildandi laga en felld hafa verið út þau atriði sem varða skipulagshluta laganna. Þó er lögð til sú breyting á orðalagi varðandi mannvirki sem reist eru í óleyfi að byggingarfulltrúa eða eftir atvikum Byggingarstofnun sé heimilt að krefjast niðurrifs þeirra, að jarðrask sé afmáð eða starfsemi hætt, en ekki skylt eins og nú er. Er eðlilegt að þetta sé metið í hverju tilviki, m.a. með tilliti til meðalhófs. Nýtt er einnig í ákvæðinu að byggingarfulltrúi getur fyrirskipað lokun mannvirkis auk stöðvunar framkvæmda. Unnt er að beita úrræðum ákvæðisins samhliða ákvæðum 55. gr. um dagsektir.

Um 55. gr.

Ákvæðið er sambærilegt 57. gr. gildandi laga en ítarlegra.

Um 56. gr.

Ákvæðið er í samræmi við 58. og 59. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að gert er ráð fyrir að áminning hönnuða, byggingarstjóra og iðnmeistara og svipting löggildingar verði alfarið í höndum Byggingarstofnunar. Áður var það í höndum byggingarnefndar að veita þessum aðilum áminningu og síðan gat hún óskað eftir því við ráðherra að hann svipti hönnuð eða iðnmeistara löggildingu. Í 2. mgr. er ákvæði um sviptingu starfsleyfis byggingarstjóra ef hann uppfyllir ekki lengur skilyrði fyrir leyfisveitingu eða brýtur af sér í starfi. Byggingarstjóri sem sviptur hefur verið starfsleyfi getur öðlast það aftur ef hann uppfyllir að nýju skilyrði fyrir leyfisveitingu. Um endurútgáfu vegna brota í starfi gilda almennar reglur um mat á alvarleika brots. Sama á við um brot hönnuða og iðnmeistara.

Um 57. gr.

Ákvæðið er samhljóða 1. mgr. 60. gr. gildandi laga.

Um 58. gr.

Þrátt fyrir skiptingu skipulags- og byggingarlaga í tvenn lög er gert ráð fyrir að ein og sama úrskurðarnefndin starfi á grundvelli beggja laganna. Ákvæði um störf nefndarinnar og málsmeðferð hennar eru í skipulagslögum og er vísað til þeirra í ákvæðinu. Ekki er því um efnislegar breytingar á starfsemi úrskurðarnefndarinnar að ræða. Þó er lagt til að ef upp kemur ágreiningur um túlkun skoðunarhandbókar og framkvæmd tæknilegs eftirlits á grundvelli hennar þá skuli leita álits Byggingarstofnunar, sbr. 2. mgr. 16. gr., enda gert ráð fyrir að um tæknileg atriði sé að ræða sem eðlilegt er að sérfræðistofnun á borð við Byggingarstofnun úrskurði um. Sé hins vegar um að ræða ágreining vegna beins tæknilegs eftirlits Byggingarstofnunar gefur ráðherra út slíkt bindandi álit. Í frumvarpi til skipulagslaga eru ákvæði um hverjum sé heimilt að kæra ágreining til úrskurðarnefndarinnar og gilda þau ákvæði einnig um kærur vegna ágreinings á grundvelli laga um mannvirki.

Um 59. gr.

Í ákvæðinu er sagt fyrir um setningu reglugerða á grundvelli laganna og um innihald þeirra. Ákvæðið er ekki bundið við það að sett verði ein byggingarreglugerð eins og nú er heldur má hugsa sér að til einföldunar verði settar nokkrar reglugerðir, enda um afar víðfeðmt efni að ræða. Sambærilegt ákvæði er í 37. gr. gildandi laga en ákvæðið hefur þó verið aðlagað þeim breytingum sem frumvarpið kveður á um.

Um 60. gr.

Hér er fjallað um rafrænt gagnasafn Byggingarstofnunar, þar sem allt er varðar byggingareftirlit með viðkomandi mannvirki er skráð frá því að umsókn um leyfi berst og þar til lokaúttekt hefur verið framkvæmd. Í gagnasafnið má hugsa sér að verði færðar inn umsóknir um byggingarleyfi og fylgigögn þeirra, hönnunargögn á rafrænu formi, niðurstöður yfirferðar hönnunargagna, niðurstöður úttekta, vottorð sem gefin eru út vegna mannvirkjanna auk skoðunarhandbóka, gátlista og leiðbeininga. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að í gagnasafnið verði skráðir allir þeir fagaðilar sem að mannvirkjagerðinni koma, hönnuðir, byggingarstjórar og iðnmeistarar, auk þess sem þar verður skráð hvort þessir aðilar hafa komið sér upp gæðakerfi. Gagnasafnið er lykillinn að möguleikum Byggingarstofnunar til að hafa eftirlit með framkvæmd byggingareftirlits um land allt og til að heildaryfirsýn fáist yfir málaflokkinn, en mjög hefur skort á að slík yfirsýn hafi verið fyrir hendi. Gert er ráð fyrir að gagnasafnið verði starfrækt innan eða samtengt Landskrá fasteigna sem rekin er af Fasteignamati ríkisins. Með

því má ná saman á einn stað upplýsingum um byggingar og mannvirki um land allt, sem bæði mun nýtast eigendum mannvirkja og stjórnvöldum.

Um 61. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um byggingarmál á varnar- og öryggissvæðum. Sambærilegt ákvæði er í 61. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að hér er einungis fjallað um byggingarþáttinn. Um þessi svæði er fjallað í nýlegum lögum nr. 176/2006, um ráðstafanir í kjölfar samnings við Bandaríkin um skil á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli. Samkvæmt þeim lögum skiptist varnarsvæðið á Keflavíkurflugvelli í flugvallarsvæði, öryggissvæði og starfssvæði Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar. Með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 38/2007 var mörkum varnarsvæðisins breytt þannig að síðastnefnda svæðið fellur utan skilgreinds varnarsvæðis. Eins og fram kemur í athugasemdum við 8. gr. þessa frumvarps er í frumvarpi til skipulagslaga lagt til að umhverfisráðherra fari með yfirstjórn skipulagsmála á flugvallarsvæði Keflavíkurflugvallar. Yfirstjórn skipulagsmála á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli og varnarsvæðum annars staðar á landinu er hins vegar í höndum utanríkisráðherra. Til samræmis er í 1. mgr. ákvæðisins kveðið á um að utanríkisráðherra fari með yfirstjórn byggingarmála á varnarsvæðum utan Keflavíkurflugvallar og á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli. Lagt er til að Byggingarstofnun, í umboði utanríkisráðherra, gefi út byggingar- og framkvæmdaleyfi og hafi eftirlit með mannvirkjagerð og öðrum leyfisskyldum framkvæmdum á þeim svæðum sem lúta yfirstjórn utanríkisráðherra. Tekið er fram að þrátt fyrir að stjórnsýsla mála sé að fyrrnefndu leyti með öðrum hætti þá gildi ákvæði laganna og reglugerða um byggingarmál á umræddum svæðum. Einstaka mannvirki kunna þó að vera undanþegin gjaldtöku samkvæmt ákvæðum laga nr. 176/2006.

Um 62. gr.

Hér er fjallað um þagnar- og trúnaðarskyldu eftirlitsaðila.

Um 63. gr.

Gert er ráð fyrir að lögin taki gildi 1. janúar 2009 en Byggingarstofnun taki þó til starfa fyrr og vinni að undirbúningi gildistöku laganna. Ærið verk bíður stofnunarinnar við samningu nýrra reglugerða á grundvelli laganna, skoðunarhandbóka og við kynningu á hinu nýja lagaumhverfi mannvirkjagerðar. Þar sem lögin taka ekki gildi fyrr en 1. janúar 2009 hefur Byggingarstofnun samkvæmt lögum ekkert stjórnsýsluhlutverk fram að þeim tíma heldur vinnur einungis að undirbúningi málsins. Brunamálastofnun mun þannig starfa áfram til 1. janúar 2009 og þau verkefni sem eru hjá Skipulagsstofnun, Neytendastofu og Vinnueftirliti ríkisins samkvæmt gildandi lögum verða þar áfram til 1. janúar 2009.

Um 64. gr.

Í greininni eru tiltekin ákvæði annarra laga sem gera þarf breytingar á verði frumvarp þetta samþykkt. Þar sem lagt er til að rafmagnsöryggismál færist frá viðskiptaráðherra til umhverfisráðherra þarf að gera breytingar á lögum nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga.

Í 6. tölul. ákvæðisins er lögð til breyting á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum. Breytingin er fólgin í því að árlegt gjald af brunatryggðum húseignum, sem er helsti tekjustofn sjóðsins, lækkar úr 0,3‰ í 0,22‰. Þegar lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum var breytt í kjölfar snjóflóðanna í Súðavík og á Flateyri var markmiðið að gripið yrði til nauðsynlegra ráðstafana með stuðningi Ofanflóðasjóðs í þeim sveitarfélögum þar sem

byggð hafði þróast á snjóflóðahættusvæðum. Gjaldtaka Ofanflóðasjóðs var ákveðin sem tímabundin gjaldtaka vegna þessa átaksverkefnis. Á undanförnum árum hefur verið hægt á framkvæmdum ofanflóðasjóðs og því fyrirsjáanlegt að framkvæmdir munu standa lengur en áætlað var þegar lögin voru sett í upphafi. Núverandi áætlanir miða við að fyrirsjáanlegum framkvæmdum verði lokið um 2015. Fjárþörf ofanflóðasjóðs er mætt þrátt fyrir þá lækkun sem hér er lögð til. Þessi lækkun mun vega upp á móti hækkun brunavarnagjalds, í frumvarpinu nefnt byggingaröryggisgjald, þannig að gjaldtaka af brunatryggingum húseigna hækkar ekki þegar á heildina er litið.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Skv. 1. tölul. halda starfandi byggingarfulltrúar fullum rétti sínum til að starfa þó að þeir uppfylli ekki skilyrði 7. gr. Sambærilegt ákvæði er í gildandi lögum. Hins vegar munu allir byggingarfulltrúar þurfa að afla sér faggildingar, sbr. 2. tölul., ef þeir ætla að framkvæma úttektir eða yfirfara hönnunargögn. Í framkvæmd mundi embætti byggingarfulltrúa sem heild afla sér faggildingar og byggingarfulltrúi og starfsmenn hans starfa sem skoðunarmenn I–III eftir menntun og reynslu. Þeir byggingarfulltrúar og starfsmenn þeirra sem eru starfandi við gildistöku laganna teljast uppfylla kröfur sem gerðar eru til skoðunarmanna I–III. Nýir starfsmenn þurfa hins vegar að hafa viðeigandi menntun og reynslu til að mega starfa sem skoðunarmenn.

3. tölul. er sambærilegur við 5. tölul. ákvæðis til bráðabirgða gildandi laga. Í 2. málsl. er tekið fram að löggilding umhverfisráðherra jafngildir sams konar löggildingu Byggingarstofnunar. Enginn efnislegur munur er á þessum tveimur löggildingum heldur er einungis lagt til að annar aðili gefi löggildinguna út. Í 4. tölul. er sambærilegt ákvæði fyrir iðnmeistara. Ákvæði 5. tölul. er sambærilegt 7. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í gildandi lögum. Skv. 6. tölul. geta þeir aðilar sem sannanlega hafa starfað sem byggingarstjórar í tíð eldri laga tekið að sér byggingarstjórn þeirra mannvirkja sem talin eru upp í 1. og 3. tölul. 4. mgr. 26. gr. Byggingarstjórastarfið samkvæmt frumvarpi þessu er að mörgu leyti allt annað starf en verið hefur samkvæmt gildandi lögum og eins og fram kemur í nefndaráliti neðri deildar Alþingis með frumvarpi til eldri byggingarlaga, sbr. umfjöllun í 2. kafla almennra athugasemda, hefur byggingarstjórastaðan ekki verið réttindastaða sem menn hafa fengið í eitt skipti fyrir öll heldur staða sem aðeins hefur náð til gerðar hvers mannvirkis út af fyrir sig við veitingu byggingarleyfis. Því er ekki unnt að líta svo á að menn hafi áunnið sér réttindi til að starfa sem byggingarstjórar. Þrátt fyrir það er talið sanngjarnt að þeir sem tekið hafa að sér byggingarstjórn mannvirkja hingað til geti haldið áfram að vinna sem byggingarstjórar við sambærilega mannvirkjagerð áfram. Þau mannvirki sem talin eru upp í 2. tölul. 4. mgr. 26. gr. hafa almennt ekki verið háð byggingarleyfum og því hafa engir starfað sem byggingarstjórar við þá mannvirkjagerð í gildistíð eldri laga. Þess vegna nær 6. tölul. ákvæðis til bráðabirgða ekki til þeirra mannvirkja heldur þurfa allir sem taka að sér byggingarstjórn þeirra að uppfylla hæfnisskilyrði 4. mgr. 27. gr. frumvarpsins. Í 7. tölul. ákvæðis til bráðabirgða er veittur frestur til 1. janúar 2011 til að taka gæðastjórnunarkerfi í notkun við mannvirkjagerð. Í 8. tölul. er sambærilegt ákvæði við 14. tölul. ákvæðis til bráðabirgða gildandi laga.

Skv. 9. tölul. ákvæðis til bráðabirgða er heimilt að viðurkenna ytra eftirlit óháðra aðila á vegum eiganda fráveitumannvirkja og dreifi- og flutningskerfa hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta, þannig að það komi að öllu leyti eða að hluta til í stað opinbers eftirlits. Í mörgum tilvikum er slíkt ytra eftirlit til staðar nú þegar án lagaskyldu til að tryggja framgang og gæði framkvæmda. Hér er veitt heimild til að meta slíkt eftirlit til jafns við eftirlit á vegum opinberra aðila eða skoðunarstofa en sett það skilyrði að skoðunarmenn eftirlitsaðilans uppfylli

sömu hæfniskröfur og starfsmenn annarra eftirlitsaðila. Enn fremur þarf eftirlitsaðilinn að hafa fullnægjandi gæðakerfi. Útgefanda byggingarleyfis skal gerð skriflega grein fyrir framkvæmd og niðurstöðum slíks eftirlits og hefur hann eftirlit með því að það fari fram í samræmi við ákvæði laganna. Þannig er unnt að koma í veg fyrir að nýjar kröfur um byggingarleyfisskyldu þessara mannvirkja verði of íþyngjandi fyrir framkvæmdaraðila eða leiði til óþarfa tvöfalds eftirlits. Lagt er til að þessa heimild megi nýta til 1. janúar 2014, sem er talinn nægjanlegur aðlögunartími að því eftirlitskerfi sem byggt er á í lögunum. Eftir þann tíma gætu framkvæmdaraðilar samið við faggiltar skoðunarstofur um eftirlit með opinberum kröfum og nýtt þær jafnframt við framkvæmd þess ytra eftirlits sem framkvæmdaraðilar vilja viðhafa að öðru leyti við framkvæmdirnar.

Í 10. tölul. er kveðið á um forgangsrétt starfsmanna Brunamálastofnunar, Skipulagsstofnunar og Vinnueftirlits ríkisins sem starfa við þau verkefni sem færast til Byggingarstofnunar til starfa hjá stofnuninni.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um mannvirki.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til skipulagslaga, en saman er þeim ætlað að leysa af hólmi núgildandi skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997. Jafnframt er lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um brunavarnir, nr. 75/2000. Lögum um mannvirki er ætlað að taka gildi 1. janúar 2009 en Byggingarstofnun skal þó taka til starfa 1. júní 2008 og vinna að undirbúningi á gildistöku laganna í samráði við umhverfisráðherra.

Í frumvarpinu eru lagðar til ýmsar breytingar og nýmæli. Skilið er á milli stjórnsýslu skipulagsmála og byggingarmála og opinbert byggingareftirlit í landinu eflt og samræmt. Sett verður á fót ný stofnun, Byggingarstofnun, sem m.a. er ætlað að hafa eftirlit með framkvæmd laga um mannvirki og laga um brunavarnir. Ábyrgð á framkvæmd byggingarmála flyst þannig frá Skipulagsstofnun til Byggingarstofnunar, sem einnig tekur alfarið við hlutverki Brunamálastofnunar sem lögð verður niður. Reglugerð um viðskipti með byggingarvörur færist frá viðskiptaráðuneyti til umhverfisráðuneytis og framkvæmd reglugerðarinnar verður hjá Byggingarstofnun. Eftirlit með framkvæmd laga nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, færist frá Neytendastofu til Byggingarstofnunar. Markaðseftirlit með rafföngum verður þó áfram hjá Neytendastofu. Sömuleiðis færist ábyrgð á skráningu og eftirliti með lyftum frá Vinnueftirliti ríkisins til Byggingarstofnunar. Starfsmenn framangreindra stofnana, sem vinna að þeim verkefnum sem færast til Byggingarstofnunar, skulu eiga forgangsrétt að störfum hjá stofnuninni. Brunavarnagjald verður lagt niður en þess í stað lagt á byggingaröryggisgjald. Til að gjaldtaka af brunatryggðum húseignum aukist ekki við það er lögð til lækkun á ofanflóðagjaldi.

Áhrif frumvarpsins á kostnað ríkissjóðs stafa fyrst og fremst af nýjum og auknum verkefnum Byggingarstofnunar á sviði mannvirkjamála, umfram verkefni sem Skipulagsstofnun hefur til þessa sinnt á sviði byggingarmála. Í kostnaðaráætlun umhverfisráðuneytisins með frumvarpinu er rekstrarkostnaður Byggingarstofnunar talinn 654,1 m.kr. á ári þegar stofnunin verður komin í fullan rekstur. Í áætluninni er reiknað með að 35 manns starfi hjá hinni nýju stofnun, jafnframt því sem 12 störf verða lögð niður hjá Brunamálastofnun, fjögur stöðugildi

færist frá Neytendastofu og tvö frá Vinnueftirliti ríkisins. Ekki er gert ráð fyrir fækkun stöðugilda hjá Skipulagsstofnun þrátt fyrir að byggingarmál færist þaðan, enda hefur vinna við þann málaflokk verið lítill þáttur í starfsemi stofnunarinnar. Gangi áætlun ráðuneytisins eftir má því gera ráð fyrir að með tilkomu Byggingarstofnunar fjölgi stöðugildum hjá ríkinu um 17.

Fjármálaráðuneytið áætlar að 17 stöðugildi hafi í för með sér 128 m.kr. hækkun launagjalda á heilu ári, og er þá miðað 7,5 m.kr. í laun og launatengd gjöld að meðaltali á hvert stöðugildi. Miðað við að launagjöld séu 70% af rekstrarkostnaði fyrir utan húsnæðiskostnað má auk þess reikna með 54 m.kr. hækkun annars rekstrarkostnaðar. Ætla má að árlegur húsnæðiskostnaður Byggingarstofnunar geti orðið um 30 m.kr. og er þá miðað við 30 fermetra á mann og 2.200 kr. húsnæðiskostnað á fermetra á mánuði. Á móti kemur að niður fellur 12 m.kr. kostnaður umfram tekjur í núverandi leiguhúsnæði Brunamálastofnunar. Þannig áætlar fjármálaráðuneytið að verði frumvarpið óbreytt að lögum megi gera ráð fyrir því að árlegur kostnaður ríkisins við verkefni á sviði mannvirkjamála hækki um 200 m.kr.

Samkvæmt bókhaldi ríkisins var kostnaður Brunamálastofnunar 160 m.kr. fyrir utan húsnæðiskostnað á árinu 2006. Kostnaður Neytendastofu við rafmagnsöryggismál er um 88 m.kr. á ári. og gera má ráð fyrir að kostnaður Vinnueftirlits ríkisins við lyftueftirlit sé um 25 m.kr. Núverandi heildarkostnaður ríkissjóðs við þessi verkefni er því um 275 m.kr. á ári og má því ætla að árlegur kostnaður ríkisins við verkefni á sviði mannvirkjamála verði um 475 m.kr.

Til að fjármagna starfsemi Byggingarstofnunar verður innheimt sérstakt gjald, byggingaröryggisgjald. Í raun er þar ekki um nýtt gjald að ræða heldur er ákvæði um brunavarnagjald, sem nú er innheimt á grundvelli laga um brunavarnir, fært inn í frumvarp til laga um mannvirki en álagningu brunavarnagjalds verður jafnframt hætt, sbr. frumvarp til laga um breytingu á lögum um brunavarnir. Brunavarnagjald er nú 0,045 prómill af gjaldstofni og álagðar tekjur af gjaldinu á árinu 2006 námu 208 m.kr. Frá árslokum 2005 til ársloka 2006 hækkaði heildarbrunabótamat fasteigna á öllu landinu um 15,6% og því má gera ráð fyrir að tekjur af brunavarnagjaldi á árinu 2007 verði 240 m.kr. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að byggingaröryggisgjald verði 0,07 prómill. Miðað við framangreindar forsendur mundi slíkt gjald skila 374 m.kr. tekjum á ári, eða um 134 m.kr. hærri tekjum en núverandi brunavarnagjald. Því til viðbótar munu tekjur af eftirlitsgjöldum rafmagnsöryggismála samkvæmt lögum nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, renna til Byggingarstofnunar samhliða yfirtöku verkefnanna frá Neytendastofu. Áætlað er að þau gjöld skili 144 m.kr. tekjum í ár, eða um 56 m.kr. umfram kostnað. Tekjur fyrir rafmagnseftirlit hafa verið verulega umfram kostnað á umliðnum árum og í athugasemdum við 49. gr. er gert ráð fyrir að gjaldskrá fyrir það eftirlit verði lækkuð til samræmis við kostnað. Sömuleiðis flytjast til Byggingarstofnunar gjöld fyrir skráningu og eftirlit með lyftum, sem Vinnueftirlit ríkisins nú innheimtir. Tekjur af þeim gjöldum eru um 25 m.kr. á ári. Auk þess er áætlað að Byggingarstofnun muni hafa um 10 m.kr. tekjur á ári fyrir útgáfu starfsleyfa fyrir byggingarstjóra og skoðunarstofur. Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið má því gera ráð fyrir að alls skili þessi gjöld 553 m.kr. tekjum á ári, eða 78 m.kr. umfram áætlaðan rekstrarkostnað Byggingarstofnunar. Á móti kemur, eins og áður sagði, að endurskoða skal gjaldskrá fyrir rafmagnseftirlit til samræmis við kostnað.

Eins og áður sagði er í 64. gr. frumvarpsins lagt til að ofanflóðagjald lækki úr 0,3 prómill í 0,22 prómill. Í athugasemdum við greinina kemur fram að þessi lækkun muni vega upp á móti hækkun brunavarnagjalds, í frumvarpinu nefnt byggingaröryggisgjald, þannig að gjaldtaka af brunatryggingum húseigna hækki ekki þegar á heildina er litið. Álagning ofanflóða-

gjalds nam tæpum 980 m.kr. á árinu 2006 og miðað við óbreyttan gjaldstofn má ætla að þessi lækkun á gjaldstiginu leiði til 260 m.kr. lækkunar tekna af gjaldinu.

Niðurstaða þessa kostnaðarmats er því sú að verði frumvarpið óbreytt að lögum megi gera ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs við verkefni á sviði mannvirkjamála aukist um 200 m.kr. á ársgrundvelli. Á tekjuhlið ríkissjóðs hækka tekjur af byggingaröryggisgjaldi, nú brunavarnagjaldi, um 134 m.kr. en tekjur af ofanflóðagjaldi lækka um 260 m.kr. þannig að í heild lækka ríkistekjur um 126 m.kr. Miðað við frumvarpið og óbreytta gjaldtöku fyrir rafmagnseftirlit má gera ráð fyrir að tekjur Byggingarstofnunar verði 78 m.kr. umfram kostnað. Til að leiðrétta það er stefnt að lækkun gjaldskrár fyrir rafmagnseftirlit til samræmis við kostnað.

Til viðbótar því sem hér hefur verið rakið er í áætlunum umhverfisráðuneytisins reiknað með 246,5 m.kr. tímabundnum kostnaði á árunum 2008 til 2010 við að undirbúa gildistöku laganna og koma Byggingarstofnun í fullan rekstur, og er gert ráð fyrir að sá kostnaður verði greiddur með beinu framlagi úr ríkissjóði. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2008 er ekki gert ráð fyrir auknum fjárveitingum til að standa straum af kostnaði sem hlýst af þessu frumvarpi. Vakin er athygli á að í samþykkt ríkisstjórnarinnar um meðferð mála við 2. og 3. umræðu fjárlagafrumvarpsins er gert ráð fyrir að lagafrumvörpum, sem lögð eru fyrir ríkisstjórn og leiða til aukinna útgjalda, fylgi tillögur um hvernig dregið verði úr öðrum útgjöldum á móti til að útgjaldarammi raskist ekki. Tillögur um slíkar mótvægisráðstafanir vegna þessa frumvarps liggja ekki fyrir af hálfu umhverfisráðuneytisins.

618. Frumvarp til laga [376. mál]

um breytingu á lögum um brunavarnir, nr. 75/2000, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

Á eftir orðinu „eldvarnaeftirlit“ í 1. gr. laganna kemur: forvarnir.

2. gr.

Á eftir 1. málsl. 2. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Lögin gilda enn fremur um björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum með sérhæfðum björgunarbúnaði.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Skilgreining hugtaksins *eldvarnir* verður svohljóðandi: Allar fyrirbyggjandi aðgerðir sem miða að því að koma í veg fyrir eldsvoða eða hindra útbreiðslu elds.
b. Skilgreining hugtaksins *mannvirki* verður svohljóðandi: Hvers konar jarðfastar framkvæmdir manna, svo sem hús og aðrar byggingar eða skýli, samgöngumannvirki, virkjanir, dreifi- og flutningskerfi rafveitna, hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta, fráveitumannvirki, göngubrýr í þéttbýli og togbrautarbúnaður til fólksflutninga. Til mannvirkja teljast einnig tímabundnar og lausar byggingar sem ætlaðar eru til svefns eða daglegrar dvalar manna í fjóra mánuði eða lengur á sama stað, svo sem starfsmannabúðir og hús-

vagnar. Mannvirki á eða í hafi, vötnum og ám sem hafa fasta staðsetningu teljast einnig til mannvirkja samkvæmt lögum þessum.

4. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum. Byggingarstofnun er ráðherra til aðstoðar um málefni er falla undir lög þessi, sbr. lög um mannvirki.

5. gr.

5., 7. og 8. gr. laganna falla brott og breytist númeraröð annarra greina samkvæmt því.

6. gr.

Í stað orðsins „Brunamálastofnun“ tvívegis í 6. gr. laganna og hvarvetna annars staðar í lögunum nema í 1. málsl. 1. mgr. 13. gr. og 1. málsl. 2. mgr. 38. gr. kemur í viðeigandi beygingarfalli: Byggingarstofnun.

7. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Byggingarstofnun starfrækir Brunamálaskóla sem ætlaður er slökkviliðsmönnum, þ.m.t. slökkviliðsstjórum og eldvarnaeftirlitsmönnum. Skólinn skal annast umsjón með menntun, fræðslu og þjálfun slökkviliðsmanna sem fram fer á vegum Byggingarstofnunar. Byggingarstofnun er heimilt með samningi að fela menntastofnun starfrækslu Brunamálaskólans. Enn fremur er heimilt að gera samning við slökkvilið eða aðra fagaðila um framkvæmd einstakra þátta í starfsemi skólans.

Ráðherra skipar til fjögurra ára í senn þriggja manna fagráð, og jafnmarga menn til vara, sem er Byggingarstofnun til ráðgjafar um fagleg málefni Brunamálaskólans. Samband íslenskra sveitarfélaga og Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna tilnefna hvort sinn fulltrúa í fagráð og skipar ráðherra formann.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi Brunamálaskólans og hlutverk fagráðs.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

   Björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum með sérhæfðum björgunarbúnaði skal vera eitt af verkefnum slökkviliðs samkvæmt lögum þessum.

b. 3. mgr., sem verður 4. mgr., orðast svo:

   Í reglugerð skal kveða á um lágmarkskröfur varðandi tækjakost, húsnæði og mannafla slökkviliða, svo og vatnsöflun til slökkvistarfa. Jafnframt skal í reglugerð kveða á um búnað og þjálfun slökkviliðsmanna vegna mengunaróhappa á landi og vegna björgunar á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum að fengnum tillögum Byggingarstofnunar og í samráði við Umhverfisstofnun.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 12. gr. laganna:

a. A-liður orðast svo: framkvæma í samvinnu við byggingarfulltrúa öryggisúttekt og eftir atvikum lokaúttekt, sbr. lög um mannvirki, gefa umsagnir um brunavarnir við meðferð

byggingarleyfisumsókna óski byggingarfulltrúi þess og hafa þannig eftirlit með því að nýbyggingar fullnægi kröfum samkvæmt lögum og reglugerðum um brunavarnir áður en notkun þeirra er heimiluð.

b. 1. málsl. c-liðar orðast svo: hafa, í samvinnu við byggingarfulltrúa, eftirlit með því hvort fólk tekur sér búsetu í atvinnuhúsnæði án þess að byggingarleyfi samkvæmt lögum um mannvirki hafi verið veitt fyrir breyttri notkun þess og grípa til viðeigandi þvingunarúrræða skv. VIII. kafla laga þessara og X. kafla laga um mannvirki ef þörf krefur.

10. gr.

Í stað orðanna „umsögn Brunamálastofnunar og samþykki sveitarstjórnar“ í 1. málsl. 1. mgr. 13. gr. laganna kemur: samþykki Byggingarstofnunar og viðkomandi sveitarstjórnar.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:

a. Í stað 1. málsl. 2. mgr. koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Slökkviliðsstjóri stjórnar slökkvistarfi við eldsvoða og björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum. Slökkviliðsstjóri hefur enn fremur stjórn á vettvangi við mengunaróhöpp á landi.

b. Á eftir orðinu „brunavörnum“ í 4. mgr. kemur: björgunarstörfum.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Ráðherra“ í 3. málsl. 1. mgr. kemur: Byggingarstofnun.

b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Slökkviliðsmenn sem stunda reykköfun skulu hafa staðist læknisskoðun samkvæmt því sem nánar er kveðið á um í reglugerð.

c. 2. mgr., sem verður 3. mgr., orðast svo:

Ráðherra skal að fenginni tillögu Byggingarstofnunar setja reglugerð um menntun og önnur skilyrði til að öðlast löggildingu, um reglubundna læknisskoðun vegna reykköfunar og um réttindi og skyldur slökkviliðsstjóra og slökkviliðsmanna.

13. gr.

18. gr. laganna orðast svo:

Slökkviliðsmenn og aðrir sem vinna að brunavörnum eftir kvaðningu slökkviliðsstjóra eða lögreglustjóra skulu slysatryggðir við æfingar og önnur störf í þágu brunavarna eða vegna mengunaróhappa á landi. Sama gildir um önnur störf er slökkviliðsmenn sinna eftir kvaðningu slökkviliðsstjóra eða lögreglustjóra, þ.m.t. sjúkraflutninga og björgunarstörf. Bætur skulu ákvarðast á grundvelli reglna I. kafla skaðabótalaga, nr. 50/1993, með síðari breytingum.

Þeir sem slasast við störf sem tilgreind eru í 1. mgr. eiga rétt á að fá greiddar bætur úr sveitarsjóði, verði tjónið ekki bætt af vátryggingafélagi.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. mgr. 23. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „byggingarnefndar“ í 1. málsl. kemur: byggingarfulltrúa.

b. 2. málsl. orðast svo: Áður en byggingarfulltrúi veitir samþykki sitt skal hann leita álits slökkviliðsstjóra.

15. gr.

4. mgr. 25. gr. laganna orðast svo:

Telji Byggingarstofnun að vara fullnægi ekki kröfum skv. 1. mgr. er stofnuninni heimilt að banna sölu eða afhendingu vörunnar og krefjast þess að hún verði afturkölluð og tekin af markaði. Um málsmeðferð Byggingarstofnunar og réttarfarsúrræði fer samkvæmt ákvæðum VIII. kafla laga um mannvirki.

16. gr.

Orðin „og Löggildingarstofu“ í 2. málsl. 1. mgr. 27. gr. laganna falla brott.

17. gr.

Við 28. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Byggingarstofnun getur krafið sveitarfélög um hvers konar upplýsingar um stöðu brunavarna, búnað og starfsemi slökkviliða í sveitarfélaginu.

18. gr.

37. gr. laganna fellur brott og breytist röð annarra greina samkvæmt því.

19. gr.

1. málsl. 2. mgr. 38. gr. laganna orðast svo: Byggingarstofnun annast úthlutun styrkja.

20. gr.

Á eftir 38. gr. laganna kemur ný grein sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

Þjónustuaðilar brunavarna.

Fyrirtæki og einstaklingar sem bjóða þjónustu við viðhald, skoðun, áfyllingu og þrýstiprófun handslökkvitækja og reykköfunarbúnaðar skulu hafa starfsleyfi Byggingarstofnunar. Óheimilt er að bjóða slíka þjónustu nema að fengnu starfsleyfi Byggingarstofnunar. Skilyrði til að öðlast slíkt starfsleyfi er að viðkomandi þjónustuaðili uppfylli kröfur reglugerðar sem ráðherra setur um húsnæði, öryggi og lágmarkstækjabúnað vegna starfseminnar og að þeir starfsmenn sem annast uppsetningu, viðhald og skoðun slíks búnaðar hafi lokið námskeiði og staðist próf sem Byggingarstofnun heldur. Enn fremur er það skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis að sett hafi verið upp fullnægjandi gæðastjórnunarkerfi vegna starfseminnar í samræmi við kröfur sem ákveðnar eru í reglugerð.

Byggingarstofnun getur svipt þjónustuaðila starfsleyfi ef hann uppfyllir ekki lengur skilyrði fyrir leyfisveitingu. Sama á við ef þjónustuaðili hlítir ekki fyrirmælum Byggingarstofnunar eða brýtur ítrekað gegn ákvæðum laga þessara eða reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim.

Brunamálastofnun skal standa fyrir námskeiðum fyrir þá aðila sem annast uppsetningu og viðhald brunaviðvörunarkerfa og slökkvikerfa, svo og þá sem annast brunaþéttingar mannvirkja.

Ráðherra setur í reglugerð nánari kröfur um framkvæmd þessa ákvæðis, þ.m.t. um framkvæmd námskeiða og prófs fyrir starfsmenn þjónustuaðila brunavarna.

21. gr.

Ákvæði 20. gr. laga þessara öðlast þegar gildi. Önnur ákvæði laganna öðlast gildi 1. janúar 2009.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í umhverfisráðuneytinu. Breytingarnar eru í fyrsta lagi tilkomnar vegna þeirra breytinga sem lagðar eru til á löggjöf um byggingarmálefni í frumvarpi til laga um mannvirki. Í öðru lagi eru lagðar til nokkrar breytingar til viðbótar sem æskilegt er talið að gerðar verði á lögum um brunavarnir í ljósi reynslunnar þau sjö ár sem lögin hafa verið í gildi.

Í frumvarpi til laga um mannvirki eru lagðar til margháttaðar breytingar á stjórnsýslu byggingarmála. Er lagt til að sett verði á fót ný stofnun, Byggingarstofnun, sem taki við því hlutverki sem Brunamálastofnun hefur sinnt, auk þess sem stofnunin taki við ábyrgð á framkvæmd byggingarmála sem hingað til hefur verið í höndum Skipulagsstofnunar. Gert er ráð fyrir að undir Byggingarstofnun heyri öll mál er varða öryggi bygginga, þ.m.t. brunavarnir, rafmagnsöryggi og eftirlit með lyftum, en þessir þættir hafa hingað til heyrt undir hinar ýmsu stofnanir og ráðuneyti. Með slíkri sameiningu málaflokksins er ætlunin að ná fram aukinni skilvirkni stjórnsýslu og gera unnt að einfalda allt eftirlit með öryggi mannvirkja með það að markmiði að auka gæði þeirra, endingu og öryggi. Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að öll ákvæði sem verið hafa í lögum um brunavarnir varðandi hlutverk Brunamálastofnunar færist undir lög um mannvirki og undir Byggingarstofnun. Hins vegar er lagt til að lög um brunavarnir haldi gildi sínu sem sjálfstæð lög og að mestu óbreytt, fyrir utan þær breytingar á yfirstjórn málaflokksins sem hér eru raktar, enda hafa þau í aðalatriðum reynst vel frá því að þau voru sett árið 2000.

Í frumvarpinu er þessu til viðbótar lagt til að björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum verði eitt af lögbundnum verkefnum slökkviliða. Í meira en áratug hafa langflest slökkvilið landsins sinnt þessu verkefni án lagaskyldu. Björgun fólks úr farartækjum, t.d. eftir umferðarslys, krefst sérhæfðs búnaðar og þjálfunar þeirra sem búnaðinn nota. Þegar beita þarf slíkum tækjum er nauðsynlegt að slökkvilið sé á staðnum vegna eldhættu við farartækið. Hefur því skapast sú hefð að slökkvilið sinni þessu verkefni og er kennsla í meðferð búnaðarins hluti af námsefni Brunamálaskólans. Búnaðurinn nýtist einnig við björgun fólks úr mannvirkjum. Með því að gera verkefnið lögbundið er tryggt að þessi þjónusta sé fyrir hendi á öllu landinu og hún uppfylli tilteknar lágmarkskröfur. Þannig verður unnt að setja reglur um lágmarksbúnað, þjálfun starfsmanna, forvarnir og viðbragðsáætlanir.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Forvarnir eru afar mikilvægur þáttur eldvarnaeftirlits. Til að leggja áherslu á mikilvægi forvarna er lagt til að því orði verði bætt við markmiðsgrein laganna og mikilvægi þeirra þannig dregið enn betur fram en áður.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að gildissvið laga um brunavarnir verði rýmkað þannig að björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum með sérhæfðum björgunarbúnaði falli undir lögin. Með sérhæfðum búnaði er m.a. átt við svokallaðar klippur og glennur sem notaðar eru t.d. við að ná fólki úr bifreiðum eftir umferðarslys. Ákvæðið nær til hvers konar björgunarstarfa þar sem slíks búnaðar er þörf, svo sem eftir umferðarslys, flugslys, við rústabjörgun og hvers konar aðra björgun á fastklemmdu fólki.

Um 3. gr.

Hér er í fyrsta lagi lögð til lítils háttar útvíkkun á hugtakinu eldvarnir. Lagt er til að eldvarnir nái einnig til þess að hindra útbreiðslu elds. Í öðru lagi er lögð til breyting á skilgreiningu hugtaksins mannvirki til samræmis við skilgreiningu hugtaksins í frumvarpi til laga um mannvirki. Sá munur er þó á að samgöngumannvirki teljast til mannvirkja samkvæmt lögum um brunavarnir en þau falla hins vegar utan gildissviðs laga um mannvirki. Í gildi er reglugerð um brunavarnir í samgöngumannvirkjum sem sett var með stoð í lögum nr. 75/2000, um brunavarnir, og er gert ráð fyrir að hún haldi gildi sínu.

Um 4. gr.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum frumvarpsins er lagt til að Brunamálastofnun verði lögð niður og Byggingarstofnun taki við hlutverki hennar.

Um 5. gr.

Vegna breytinga á yfirstjórn brunamála er 5. gr. gildandi laga felld brott og færist efni hennar yfir í 5. gr. frumvarps til laga um mannvirki. Þar eru talin upp öll verkefni Byggingarstofnunar, þ.m.t. þau verkefni sem stofnunin hefur á grundvelli laga um brunavarnir. Er hlutverkið að mestu leyti óbreytt. Þó er lagt til að Byggingarstofnun hafi ekki það hlutverk, sem Brunamálastofnun hefur haft, að yfirfara brunahönnun nýbygginga, viðbóta og breytinga á mannvirkjum sem slökkviliðsstjórar og byggingarfulltrúar vísa til stofnunarinnar. Um er að ræða verkefni sem framangreindir aðilar eiga að geta sinnt og er hluti af byggingar- og eldvarnaeftirliti sveitarfélaganna. Leiðbeiningar- og ráðgjafarhlutverki Byggingarstofnunar verður samkvæmt nýjum lögum sinnt með öðrum hætti, svo sem með útgáfu skoðunarhandbóka.

Þar sem lagt er til að stjórnsýsla byggingaröryggismála verði samræmd undir einni öflugri ríkisstofnun undir stjórn forstjóra sem ábyrgð ber á rekstri hennar er gert ráð fyrir að brunamálaráð sem starfað hefur á grundvelli laga um brunavarnir verði lagt niður. Brunamálaráð hefur verið forstjóra Brunamálastofnunar til ráðgjafar. Í frumvarpi til laga um mannvirki er lagt til að Byggingarstofnun leiti í störfum sínum samráðs við hina ýmsu hagsmunaaðila, þ.m.t. Samband íslenskra sveitarfélaga. Ekki er hins vegar gert ráð fyrir að sérstakt fagráð starfi að baki stofnunarinnar, heldur leiti stofnunin þeirrar ráðgjafar sem hún þarfnast hverju sinni eftir aðstæðum. Útvíkkun á hlutverki stofnunarinnar kallar á samráð við mun fleiri aðila en þá sem setið hafa í brunamálaráði. Eðlilegt er að stofnunin skipuleggi sjálf einhvers konar samráðsvettvang, mismunandi eftir málefnum og málaflokkum sem undir stofnunina heyra. Ekki er talin þörf á að binda slíkt samráð eða fyrirkomulag þess í lög umfram það sem gert er í frumvarpi til laga um mannvirki.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Hér eru lagðar til nokkrar breytingar á ákvæðum laganna um Brunamálaskólann vegna frumvarps til laga um mannvirki. Gerð er tillaga um að í stað skólaráðs Brunamálaskólans verði skipað sérstakt fagráð fyrir skólann forstjóra Byggingarstofnunar til ráðgjafar um fagleg málefni skólans. Ábyrgð á rekstri skólans verði hins vegar alfarið í höndum forstjóra Byggingarstofnunar. Ekki er gert ráð fyrir breytingum á starfsemi skólans en að heimilt verði að fela menntastofnun starfrækslu hans. Byggingarstofnun verður þó ávallt ábyrg fyrir þeirri

starfsemi hvort sem hún annast hana sjálf eða felur hana öðrum. Enn fremur er heimilt að gera samning við slökkvilið eða aðra fagaðila um framkvæmd einstakra þátta í starfsemi skólans.

Um 8. gr.

Í ákvæðinu er lögfest það verkefni slökkviliðs að bjarga fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum með sérhæfðum björgunarbúnaði. Vísast til umfjöllunar í almennum athugasemdum og skýringum með 2. gr. frumvarpsins.

Um 9. gr.

Lagðar eru til breytingar til samræmis við ákvæði frumvarps til laga um mannvirki. Hér er hlutverk slökkviliðs við byggingareftirlit skilgreint og það m.a. tengt svokölluðum öryggis- og lokaúttektum sem fjallað er nánar um í því frumvarpi. Öryggisúttekt er úttekt á öryggi og hollustuháttum mannvirkja þegar þau eru tekin í notkun og er óheimilt að flytja inn í eða taka mannvirki í notkun fyrr en slík úttekt hefur verið framkvæmd. Lokaúttekt skal framkvæmd innan þriggja ára frá því að mannvirki er tekið í notkun. Byggingarfulltrúar eða eftir atvikum faggiltar skoðunarstofur framkvæma öryggis- og lokaúttektir að viðstöddum fulltrúum slökkviliðs.

Um 10. gr.

Hér er lagt til að Byggingarstofnun samþykki brunavarnaáætlanir sveitarfélaga í stað þess að gefa um þær umsagnir. Breytingin hefur ekki áhrif á það vinnulag sem skapast hefur við afgreiðslu þessara áætlana.

Um 11. gr.

Breytingin er hliðstæð breytingum 2. og 8. gr. frumvarpsins.

Um 12. gr.

Samkvæmt frumvarpi til laga um mannvirki færast löggildingar hönnuða og iðnmeistara úr höndum umhverfisráðherra til Byggingarstofnunar. Lögð er til sama breyting hvað varðar löggildingar slökkviliðsmanna. Í b-lið er lagt til að lögfest verði að slökkviliðsmenn þurfi að standast læknisskoðun til að mega stunda reykköfun. Í undirbúningi er endurskoðun á reglugerð um reykköfun og hefur verið um það rætt að nauðsynlegt sé að lögfesta það verklag, sem mörg slökkvilið hafa tekið upp, að skylda starfsmenn sína til að standast læknisskoðun áður en þeim er heimilt að stunda reykköfun. Reykköfun er hættulegt og erfitt starf sem einungis hraust og vel þjálfað fólk er fært um að sinna. Þess vegna er talið nauðsynlegt að krefjast reglubundinnar læknisskoðunar.

Um 13. gr.

Hér er lögð til breyting á ákvæðum um slysatryggingu slökkviliðsmanna og kveðið á um að þeir skuli njóta sambærilegs réttar til bóta eins og aðrar starfsstéttir sem sinna hættulegum störfum, svo sem lögreglumenn og sjómenn. Samkvæmt gildandi lögum skal lágmarkstrygging slökkviliðsmanna vera í samræmi við skilmála um slysatryggingar starfsmanna sveitarfélaga samkvæmt kjarasamningum. Hér er lagt til að slökkviliðsmenn verði áfram slysatryggðir við störf sín en breyting er gerð á því með hvaða hætti bætur skuli ákvarðaðar. Er lagt til að bætur vegna slysa í starfi skuli ákvarðaðar á grundvelli reglna I. kafla skaðabótalaga, nr. 50/1993. Meginhugsunin að baki skaðabótalögum er sú að tjónþoli fái tjón sitt að

fullu bætt. Þar eru m.a. ákvæði um bætur fyrir tímabundið atvinnutjón, þjáningar, varanlega örorku, miska og fyrir missi framfæranda. Við útreikning bóta fyrir varanlega örorku og missi framfæranda er tekið mið af þeim tekjum sem tjónþoli hafði fyrir slys. Það getur skipt tjónþola verulegu máli hvort bætur eru reiknaðar út frá ákvæðum skaðabótalaga eða hvort hann fær greiddar bætur sem miðast við tiltekna fyrir fram ákveðna upphæð samkvæmt ákvæðum kjarasamnings og skilmálum vátryggingar. Yfirleitt bæta greiðslur úr hefðbundinni slysatryggingu launþega samkvæmt kjarasamningum ekki nema hluta af raunverulegu tjóni launþegans. Talið er eðlilegt og sanngjarnt með tilliti til eðlis starfa slökkviliðsmanna sem innt eru af hendi í almannaþágu og þeirrar hættu sem störfunum fylgja að þeim séu tryggðar fullar bætur verði þeir fyrir slysi í starfi.

Tekið er fram að slökkviliðsmenn og aðrir sem vinna að brunavörnum eftir kvaðningu slökkviliðsstjóra eða lögreglustjóra við æfingar og önnur störf í þágu brunavarna eða vegna mengunaróhappa á landi skuli slysatryggðir samkvæmt ákvæðinu. Sama gildir um önnur störf er slökkviliðsmenn sinna eftir kvaðningu slökkviliðsstjóra eða lögreglustjóra, þ.m.t. sjúkraflutninga og björgunarstörf. Starf slökkviliðsmanna hefur á síðustu árum þróast í þá átt að um alhliða björgunarstörf sé að ræða. Sinna þeir mörgum störfum sem ekki falla undir gildissvið laga um brunavarnir. Hér er tekið fram að slysatryggingin skal ná til allra þeirra starfa sem þeim er falið að sinna hvort sem er af slökkviliðsstjóra eða lögreglustjóra. Ekki skiptir máli þó að störfin falli utan sviðs laga um brunavarnir.

Ákvæði 2. mgr. er sambærilegt við ákvæði gildandi laga. Hafi ekki verið keypt slysatrygging hjá vátryggingafélagi greiðast bætur sem ákvarðaðar eru á sama hátt úr sveitarsjóði.

Um 14. gr.

Í ákvæðinu eru lagðar til breytingar til samræmis við ákvæði laga um mannvirki þar sem lagt er til að byggingarnefndir sveitarfélaganna verði lagðar niður og byggingarfulltrúi taki við hlutverki þeirra.

Um 15. gr.

Í frumvarpi til laga um mannvirki eru tekin upp ákvæði um viðskipti með byggingarvörur. Þar er að finna ákvæði um málsmeðferð ef vara uppfyllir ekki kröfur laganna og réttarúrræði Byggingarstofnunar. Vísað er til þessa kafla mannvirkjafrumvarpsins hér í stað laga um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu.

Um 16. gr.

Þar sem lagt er til að verkefni rafmagnsöryggissviðs Neytendastofu, áður Löggildingarstofu, sem varða rafmagnsöryggi í mannvirkjum færist undir Byggingarstofnun er vísun til Löggildingarstofu felld brott hér, en rafmagnsöryggissviðið hefur m.a. sinnt rannsóknum á eldsvoðum vegna rafmagns.

Um 17. gr.

Hér er lagt til að það verði sérstaklega tekið fram að Byggingarstofnun geti krafið sveitarfélög um hvers konar upplýsingar um stöðu brunavarna, búnað og starfsemi slökkviliða í sveitarfélaginu. Komið hefur fyrir að fyrirspurnum Brunamálastofnunar um þessi atriði hefur ekki verið sinnt en í ljósi eftirlitshlutverks stofnunarinnar er nauðsynlegt að henni berist slíkar upplýsingar.

Um 18. gr.

Lagt er til að ákvæði laganna um brunavarnagjald falli niður en sambærilegt ákvæði verði tekið upp í frumvarp til laga um mannvirki og heiti hér eftir byggingareftirlitsgjald. Gert er ráð fyrir að gjaldið verði innheimt með óbreyttum hætti með iðgjöldum vátryggingafélaga og að gjaldstofninn verði áfram vátryggingarfjárhæð brunatrygginga fasteigna og lausafjár. Þar sem gert er ráð fyrir að gjaldið verði notað til að fjármagna starfsemi Byggingarstofnunar er eðlilegt að ákvæði um innheimtu þess verði fært yfir í lög um mannvirki.

Um 19. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um 20. gr.

Lagt er til að við lögin bætist nýtt ákvæði um þjónustuaðila brunavarna. Fjallað er um þessa aðila í e-lið 1. mgr. 5. gr. gildandi laga en nánari útfærslu á þeim kröfum sem heimilt er að gera til starfsemi þessara aðila hefur skort. Um er að ræða aðila sem annast þjónustu við ýmsan búnað vegna brunavarna, svo sem handslökkvitæki og reykköfunarbúnað. Allt er þetta mikilvægur öryggisbúnaður sem nauðsynlegt er að sé meðhöndlaður af traustum aðilum sem hafa yfir nægjanlegri þekkingu að ráða. Því er hér lagt til að þessir aðilar þurfi starfsleyfi Byggingarstofnunar.

Um 21. gr.

Lagt er til að lögin taki gildi 1. janúar 2009 til samræmis við gildistöku nýrra laga um mannvirki. Undantekning frá þessu er þó að lagt er til að ákvæði 20. gr. um þjónustuaðila brunavarna taki þegar gildi. Lengi hefur verið í undirbúningi að setja nýja reglugerð um starfsemi þessara aðila og er talið æskilegt að slík reglugerð geti tekið gildi sem fyrst.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um brunavarnir, nr. 75/2000, með síðari breytingum.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um mannvirki. Samkvæmt því verður Brunamálastofnun lögð niður og verkefni hennar færð undir nýja stofnun, Byggingarstofnun. Auk þess eru lagðar til nokkrar breytingar sem æskilegt er talið að gera á lögunum í ljósi reynslunnar. Ekki er gert ráð fyrir að þær hafi í för með sér aukinn kostnað fyrir ríkissjóð. Að öðru leyti vísast til kostnaðarumsagnar um frumvarp til laga um mannvirki.

619. Nefndarálit [183. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 55/1996, um tæknifrjóvgun, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Svein Magnússon og Ágúst Geir Ágústsson frá heilbrigðisráðuneyti, Magnús Karl Magnússon, sérfræðing í blóðmeinafræði á blóðmeinafræðideild og erfða- og sameindalæknisfræðideild við Landspítalann, Þórð Óskarsson og Guðmund Arason lækna frá ArtMedica, Þórarin Guðjónsson lækni, Ólöfu Ýri Atladóttur, Björn Rúnar Lúðvíksson og Þórunni Halldórsdóttur frá vísindasiðanefnd, Irmu Sjöfn Óskarsdóttur og Guðlaugu Magnúsdóttur frá Biskupsstofu og Sigurð Guðmundsson landlækni. Umsagnir hafa borist nefndinni frá Fjölbrautaskólanum við Ármúla, landlækni, Læknafélagi Íslands og Landspítala. Jafnframt hafa nefndinni borist ýmis gögn sem snerta málið.

Með frumvarpi þessu er lagt til að heimilt verði að nota umframfósturvísa til stofnfrumurannsókna, að uppfylltum tilteknum skilyrðum, í því skyni að afla þekkingar í líf- og læknisfræði eða til að bæta heilsu og lækna sjúkdóma.

Sú ákvörðun að fella ákvæði frumvarpsins inn í lög um tæknifrjóvgun helgast af því að öll helstu álitaefni sem taka þarf afstöðu til við lagasetningu um stofnfrumurannsóknir lúta að því hvort og þá að hvaða marki eigi að heimila notkun fósturvísa í því skyni að búa til stofnfrumulínur og eftir atvikum hvort leyfa eigi kjarnaflutning í læknisfræðilegum tilgangi með notkun eggfrumu. Lýtur efni frumvarpsins þannig í reynd ekki að rannsóknum á stofnfrumum sem slíkum enda hefur almennt ekki verið talin ástæða til að setja sérstakar hömlur við slíkum rannsóknum, hvorki frá siðfræðilegu né vísindalegu sjónarhorni. Hafa slíkar rannsóknir með notkun innfluttra stofnfrumulína í reynd verið leyfðar hér á landi með samþykki vísindasiðanefndar. Í ljósi þessa þykir rétt að fella lagaákvæði um þetta efni inn í lög um tæknifrjóvgun þar sem er að finna ákvæði núgildandi laga sem lúta að kynfrumum manna, fósturvísum og rannsóknum á þeim.

Nefndin fagnar tilkomu frumvarps þessa og telur að með því sé stigið framfaraskref í vísindarannsóknum og íslensku vísindasamfélagi en bendir jafnframt á siðfræðileg álitaefni sem því fylgja. Með samþykkt frumvarpsins er starfsumhverfi íslensks vísindasamfélags fært til samræmis við það sem tíðkast víða annars staðar, án þess þó að ganga eins langt og lengst er gengið í frjálsræðisátt, og því gefinn nauðsynlegur grunnur til að starfa á við rannsóknir á stofnfrumum. Jafnframt beinir nefndin því til heilbrigðisráðherra að taka til skoðunar hvaða sóknarmöguleikar felist hér á landi í eflingu stofnfrumumeðferðar og tengdra rannsókna og hvernig tryggja megi fjármögnun og aðstöðu til rannsókna á þessu sviði.

Nefndin vill benda á nokkur atriði sem hún telur að betur mættu fara.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að notkun umframfósturvísa til stofnfrumurannsókna verði einungis heimiluð á rannsóknastofum sem fengið hafa til þess sérstakt leyfi ráðherra. Getur ráðherra samkvæmt frumvarpinu bundið slík leyfi sérstökum skilyrðum, m.a. um hæfni og þekkingu starfsmanna rannsóknastofu, eftirlit heilbrigðisyfirvalda, upplýsingagjöf og aðstöðu. Þá er í frumvarpinu, sbr. a-lið 7. gr., kveðið á um að ráðherra setji í reglugerð nánari skilyrði fyrir útgáfu leyfa til notkunar á umframfósturvísum til stofnfrumurannsókna. Leggur nefndin til að í frumvarpinu, nánar tiltekið í b-lið 2. gr., verði með beinum hætti vísað til þess að það sé skilyrði fyrir útgáfu leyfa að ákvæði laganna og umræddrar reglugerðar séu uppfyllt. Þá leggur nefndin jafnframt til að það verði ótvírætt skilyrði fyrir útgáfu leyfa að

rannsóknastofa sem fær umframfósturvísum ráðstafað til sín sé hér á landi ella verði nauðsynlegu eftirliti ekki við komið. Loks er það tillaga nefndarinnar að skilyrt verði í lögunum að á rannsóknastofu sé fullnægjandi aðstaða til varðveislu fósturvísa.

Það er meginregla að sala lífsýna og líffæra er óheimil. Þó hefur gjaldtaka vegna ýmiss kostnaðar verið talin heimil, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 110/2000, um lífsýnasöfn. Í lokamálsgrein 3. gr. frumvarpsins er kveðið á um að heimilt sé að taka gjald fyrir ráðstöfun umframfósturvísa til leyfishafa er nemur kostnaði við ráðstöfunina. Lítur nefndin svo á að þessi gjaldtökuheimild sé takmörkuð við kostnað sem hlýst af ráðstöfuninni sem slíkri. Telur nefndin rétt í þessu samhengi að áréttað sé í lagatextanum að öll gjaldtaka umfram þetta sé óheimil og gerir nefndin breytingartillögu þar um.

Með frumvarpinu er veitt sérstök heimild til að ráðstafa fósturvísum sem búnir hafa verið til í æxlunartilgangi en nýtast ekki í því skyni til aðila sem fengið hafa sérstakt leyfi til að nota umframfósturvísa til stofnfrumurannsókna. Í frumvarpinu er hins vegar ekki fjallað um hugsanlegt framsal fósturvísa til annarra aðila frá leyfishafa. Þótt sú ályktun verði dregin af ákvæðum frumvarpsins að slíkt framsal sé óheimilt þá telur nefndin ástæðu til að það komi skýrt fram í lagatextanum. Leggur nefndin því til að við 3. gr. frumvarpsins bætist ný málsgrein þar sem fram komi að leyfishafa sé óheimilt með öllu að framselja fósturvísa sem ráðstafað hefur verið til hans til annarra aðila. Þá leggur nefndin jafnframt til að það verði ótvírætt skilyrði fyrir útgáfu leyfa að rannsóknastofa sem fær umframfósturvísum ráðstafað til sín sé staðsett hér á landi ella verði nauðsynlegu eftirliti ekki við komið.

Eins og rakið hefur verið er það tillaga nefndarinnar að það verði skilyrði fyrir veitingu leyfa til notkunar umframfósturvísa til stofnfrumurannsókna að rannsóknastofa sé hér á landi. Þá er það jafnframt tillaga nefndarinnar að skýrlega verði kveðið á um að leyfishafa sé óheimilt að framselja umframfósturvísa sem ráðstafað hefur verið til hans til annarra aðila. Af þessu leiðir að flutningur umframfósturvísa úr landi kemur ekki til álita. Er það því tillaga nefndarinnar að 2. málsl. lokamálsgreinar 3. gr. frumvarpsins falli brott. Tekið skal fram að brottfall ákvæðisins raskar ekki heimildum til hugsanlegs flutnings fósturvísa úr landi vegna glasafrjóvgunarmeðferðar og uppsetningar á fósturvísum í leg móður eða rannsókna í tengslum við glasafrjóvgunarmeðferð, sbr. 4. gr. frumvarpsins. Um slíkan flutning fer samkvæmt almennum reglum.

Í 5. og 6. gr. frumvarpsins er fjallað um notkun umframfósturvísa til stofnfrumurannsókna sem nýst geta til að afla þekkingar í líf- og læknisfræði eða til að bæta heilsu og lækna sjúkdóma. Nefndin telur nauðsynlegt að siðfræðileg sjónarmið jafnt sem vísindaleg þurfi að vera lögð til grundvallar þegar ákvörðun er tekin um rannsóknir á umframfósturvísum, sbr. ákvæði 29. gr., sbr. 4. mgr. 2. gr., laga um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997, og reglugerð um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði nr. 552/1999. Því leggur nefndin til breytingu á 5. og 6. gr. frumvarpsins þess efnis að skýrt verði kveðið á um að almenn skilyrði laga, sbr. lög um réttindi sjúklinga og reglugerð um vísindarannsóknir, gildi við skoðun og veitingu samþykkis vísindasiðanefndar vegna fyrirhugaðrar notkunar umframfósturvísa til að búa til stofnfrumulínur og til að framkvæma kjarnaflutning í sama tilgangi. Er raunar út frá þessu gengið í frumvarpinu en nefndin telur engu síður rétt að þetta komi skýrt fram í lagatextanum sjálfum.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að nú þegar er hafin vinna við endurskoðun á ákvæðum laganna er varða tæknifrjóvgun og ákvæði reglugerðar um tæknifrjóvgun. Nefndin telur brýnt að þessari vinnu verði hraðað þar sem komið hafa fram ábendingar um að þörf sé á slíkri heildarendurskoðun, m.a. hvað varðar möguleika einstæðra kvenna og kvenna með sérstæða sjúkdóma til að gangast undir tæknifrjóvgunaraðgerð. Einnig kemur til álita endur-

skoðun á aldursmörkum kvenna við tæknifrjóvgun, geymslutíma fósturvísa og skilyrðum um lengd sambúðar og staðgöngumæðrun vegna kvenna sem hafa sökum veikinda misst legið.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 5. febr. 2008.

Ásta Möller, form., frsm.	Ágúst Ólafur Ágústsson.	Álfheiður Ingadóttir.
Árni Páll Árnason.	Ellert B. Schram.	Kristinn H. Gunnarsson.
Pétur H. Blöndal.	Ragnheiður Ríkharðsdóttir.	Valgerður Sverrisdóttir.

Þuríður Backman.

620. Breytingartillögur [183. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 55/1996, um tæknifrjóvgun, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðisnefnd.

1. Við 2. gr. Í stað 2. málsl. efnismgr. b-liðar komi tveir nýir málsliðir sem orðist svo: Skilyrði fyrir útgáfu leyfis er að uppfyllt séu ákvæði laga þessara og reglugerða sem settar kunna að vera á grundvelli þeirra, að rannsóknastofa sé staðsett hér á landi og að þar sé fullnægjandi aðstaða til varðveislu fósturvísa. Ráðherra getur bundið leyfi frekari skilyrðum, m.a. um hæfni og þekkingu starfsmanna rannsóknastofu, eftirlit heilbrigðisyfirvalda, upplýsingagjöf og aðstöðu.
2. Við 3. gr.
   a. Á eftir 2. efnismgr. komi ný málsgrein sem orðist svo:
      Leyfishafa er óheimilt með öllu að framselja til annarra aðila fósturvísa sem ráðstafað hefur verið til hans.
   b. 2. málsl. 3. efnismgr. orðist svo: Öll gjaldtaka umfram það er óheimil.
3. Við 5. gr. 2. málsl. efnismálsgreinarinnar orðist svo: Vísindasiðanefnd leggur mat á það hvort framangreind skilyrði og önnur lögmælt skilyrði um vísindarannsóknir séu uppfyllt.
4. Við 6. gr. 2. málsl. a-liðar orðist svo: Vísindasiðanefnd leggur mat á það hvort framangreind skilyrði og önnur lögmælt skilyrði um vísindarannsóknir séu uppfyllt.

621. Fyrirspurn [377. mál]

til iðnaðarráðherra um atvinnumál kvenna í Suðurkjördæmi.

Frá Hönnu Birnu Jóhannsdóttur.

1. Hefur verið kannað hvernig atvinnumálum kvenna í Suðurkjördæmi er háttað, svo sem hvaða störf þær stunda og í hve miklum mæli?
2. Er vitað hvort störfum kvenna í sjávarútvegi, landbúnaði og þjónustu í Suðurkjördæmi hafi fjölgað, þau staðið í stað eða þeim fækkað síðastliðin fimm ár?
3. Er vitað hvernig atvinnumál kvenna í Suðurkjördæmi hafa þróast miðað við atvinnu kvenna í öðrum kjördæmum?

622. Fyrirspurn [378. mál]

til samgönguráðherra um samgöngur á sjó til og frá Vestmannaeyjum.

Frá Hönnu Birnu Jóhannsdóttur.

Hvernig hyggst ráðherra bæta samgöngur á sjó til og frá Vestmannaeyjum þar til Bakkafjöruhöfn verður tilbúin?

623. Fyrirspurn [379. mál]

til dómsmálaráðherra um skipan héraðsdómara.

Frá Árna Þór Sigurðssyni.

1. Hversu mörg embætti héraðsdómara hafa verið veitt frá gildistöku núgildandi dómstólalaga?
2. Hve margir umsækjendur voru um hvert embætti fyrir sig?
3. Hvernig var umsækjendum raðað í hæfnisflokka af dómnefnd skv. 12. gr. dómstólalaga og reglum sem gilda um störf nefndarinnar?
4. Úr hvaða hæfnisflokki var sá sem hlaut embættið hverju sinni?

Skriflegt svar óskast.

624. Fyrirspurn [380. mál]

til heilbrigðisráðherra um líffæragjafa.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

1. Hve margir eru líffæragjafar hér á landi sé miðað við fjölda útgefinna líffæragjafakorta?
2. Hafa kortin lagalegt gildi? Er ættingjum t.d. skylt að hlíta vilja líffæragjafa?

625. Fyrirspurn [381. mál]

til fjármálaráðherra um skipan héraðsdómara við Héraðsdóm Norðurlands eystra og Héraðsdóm Austurlands.

Frá Árna Þór Sigurðssyni.

1. Hvenær var ráðherra settur til að gegna embætti dómsmálaráðherra við skipan héraðsdómara við Héraðsdóm Norðurlands eystra og Héraðsdóm Austurlands?
2. Hvenær fékk settur dómsmálaráðherra málið til meðferðar?
3. Hvaða gögn fékk settur dómsmálaráðherra afhent til að byggja ákvörðun sína á?
4. Aflaði settur dómsmálaráðherra sér nýrra gagna í málinu og ef svo er, hverra?
5. Hversu langan tíma var málið til meðferðar hjá settum dómsmálaráðherra og hvaða gögn eru því til staðfestingar?
6. Hversu lengi var málið til meðferðar hjá dómnefnd skv. 12. gr. laga nr. 15/1998, um dómstóla?
7. Hvenær var umsækjendum sent rökstutt álit dómnefndar um hæfni þeirra og hversu langan tíma fengu þeir til að bregðast við því með athugasemdum?
8. Leitaði settur dómsmálaráðherra til meðmælenda einstakra umsækjenda og ef svo er, hvenær var það gert? Hvaða áhrif er talið að meðmæli hafi haft á ákvörðun ráðherrans?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Talsverðar umræður hafa orðið í samfélaginu að undanförnu um umdeilda embættisfærslu setts dómsmálaráðherra er hann nýlega skipaði dómara við Héraðsdóm Norðurlands eystra og Héraðsdóm Austurlands. Í svari við fyrirspurn í óundirbúnum fyrirspurnatíma á 57. fundi þann 31. janúar sl. svaraði forsætisráðherra því til að hann hefði ekki svör á reiðum höndum um einstakar tímasetningar varðandi málið en benti á að unnt væri að afla þeirra upplýsinga með formlegri fyrirspurn. Af því tilefni er þessi fyrirspurn lögð fram.

626. Fyrirspurn [382. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um kræklingarækt.

Frá Valgerði Sverrisdóttur.

1. Hvað hafa stjórnvöld gert til að styðja við kræklingarækt í landinu?
2. Telur ráðherra að það séu vaxtarmöguleikar í greininni?

627. Fyrirspurn [383. mál]

til samgönguráðherra um Ísafjarðarflugvöll.

Frá Valgerði Sverrisdóttur.

Er eitthvað sem stendur í vegi fyrir því að Ísafjarðarflugvöllur fái stöðu alþjóðaflugvallar?

628. Frumvarp til laga [384. mál]

um breytingu á samkeppnislögum, nr. 44/2005, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

7. og 11. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna falla brott.

2. gr.

17. gr. laganna orðast svo:

Samruni telst hafa átt sér stað þegar breyting verður á yfirráðum til frambúðar:

a. vegna samruna tveggja eða fleiri fyrirtækja eða hluta úr fyrirtækjum sem áður störfuðu sjálfstætt,
b. þegar fyrirtæki tekur yfir annað fyrirtæki,
c. vegna þess að einn eða fleiri aðilar, sem þegar hafa yfirráð yfir a.m.k. einu fyrirtæki, eða eitt eða fleiri fyrirtæki ná beinum eða óbeinum yfirráðum, í heild eða að hluta, yfir einu eða fleiri fyrirtækjum til viðbótar með því að kaupa verðbréf eða eignir, með samningi eða öðrum hætti,
d. með stofnun fyrirtækis um sameiginlegt verkefni, sem gegnir til frambúðar allri starfsemi sjálfstæðrar efnahagseiningar.

Yfirráð skv. 1. mgr. skapast af rétti, með samningum eða með einhverjum öðrum hætti sem annaðhvort sérstaklega eða samanlagt, og með hliðsjón af staðreyndum eða lagalegum atriðum sem við eiga, gerir aðila kleift að hafa afgerandi áhrif á fyrirtæki, einkum með:

a. eignarhaldi eða rétti til að nota eignir fyrirtækis, allar eða að hluta,
b. rétti eða samningum sem veita afgerandi áhrif á samsetningu, atkvæðagreiðslu eða ákvarðanir stofnana fyrirtækis.

Yfirráð öðlast aðilar sem:

a. eru rétthafar eða eiga tilkall til réttar samkvæmt samningum þar að lútandi, eða
b. þrátt fyrir að vera ekki handhafar slíks réttar eða eiga ekki tilkall til réttar samkvæmt slíkum samningum hafa möguleika til að beita slíkum réttindum.

3. gr.

Á eftir 17. gr. laganna koma fimm nýjar greinar, 17. gr. a – 17. gr. e, svohljóðandi:

a. (17. gr. a.)

Tilkynna skal um samruna sem uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

a. Sameiginleg heildarvelta viðkomandi fyrirtækja er 2 milljarðar kr. eða meira á Íslandi, og
b. að minnsta kosti tvö af þeim fyrirtækjum sem aðild eiga að samrunanum hafa a.m.k. 200 millj. kr. ársveltu á Íslandi hvert um sig.

Telja skal með veltu skv. 1. mgr. veltu móður- og dótturfélaga, fyrirtækja innan sömu fyrirtækjasamstæðu og fyrirtækja sem aðilar samrunans hafa bein eða óbein yfirráð yfir.

Tilkynna skal Samkeppniseftirlitinu um samruna áður en hann kemur til framkvæmda en eftir að samningur um hann er gerður, tilkynnt er opinberlega um yfirtökuboð eða yfirráða í fyrirtæki er aflað. Samruni sem fellur undir ákvæði laga þessara skal ekki koma til framkvæmda á meðan Samkeppniseftirlitið fjallar um hann.

Í tilkynningu um samruna skal veita upplýsingar um hann, þau fyrirtæki sem honum tengjast, um viðkomandi markaði og um önnur nauðsynleg atriði við athugun á samkeppnislegum áhrifum samrunans. Samkeppniseftirlitið setur reglur þar sem nánar eru tilgreindar þær upplýsingar sem fram verða að koma í tilkynningu.

Heimilt er að tilkynna samruna með styttri tilkynningu þegar eitt af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt:

a. Þeir markaðir þar sem áhrifa samrunans gætir eru ekki tengdir.
b. Tveir eða fleiri aðilar samrunans starfa á sama vöru- og landfræðilega markaði (láréttur samruni) og markaðshlutdeild þeirra samanlagt er minni en 20%.
c. Tveir eða fleiri aðilar samrunans starfa á vörumörkuðum sem eru á efra eða neðra sölustigi miðað við markað þar sem annar aðili samrunans starfar (lóðréttur samruni) og markaðshlutdeild hvers þeirra eða samanlögð markaðshlutdeild þeirra er minni en 30%.
d. Um er að ræða samruna í skilningi d-liðar 1. mgr. 17. gr. sem hefur takmörkuð áhrif hér á landi.
e. Aðili sem hafði yfirráð yfir fyrirtæki ásamt öðrum nær fullum yfirráðum yfir því.

Styttri tilkynningu skulu fylgja eftirfarandi upplýsingar:

a. Yfirlit yfir þau fyrirtæki sem samrunaaðilar hafa bein eða óbein yfirráð yfir.
b. Lýsing á þeim vöru- eða þjónustumörkuðum og landfræðilegu mörkuðum sem samruninn hefur áhrif á og rökstutt mat á markaðshlutdeild viðkomandi fyrirtækja á þeim mörkuðum.
c. Rökstutt mat á samkeppnislegum áhrifum samrunans.
d. Afrit af öllum samningum og öðrum gerningum sem liggja til grundvallar samrunanum ásamt afriti af ársreikningum þeirra fyrirtækja sem eru aðilar samrunans.

b. (17. gr. b.)

Ef um er að ræða samruna í skilningi a-liðar 1. mgr. 17. gr. eða öflun sameiginlegra yfirráða í skilningi c-liðar sömu málsgreinar skulu aðilar samrunans eða þeir sem ná sameiginlega yfirráðum, eftir því sem við á, ganga sameiginlega frá tilkynningu um samrunann.

Eignist fyrirtæki ráðandi hlut í öðru fyrirtæki skal fyrirtækið sem stóð að yfirtökunni ganga frá tilkynningu um samruna. Sé um yfirtökuboð í fyrirtæki að ræða skal bjóðandi ganga frá tilkynningu.

c. (17. gr. c.)

Telji Samkeppniseftirlitið að samruni hindri virka samkeppni, einkum með því að markaðsráðandi staða, eins eða fleiri fyrirtækja, verði til eða slík staða styrkist, getur stofnunin ógilt samruna sem þegar hefur átt sér stað. Samkeppniseftirlitið getur einnig sett slíkum samruna skilyrði sem verður að uppfylla innan tilskilins tíma. Við mat á lögmæti samruna skal Samkeppniseftirlitið taka tillit til þess að hvaða marki alþjóðleg samkeppni hefur áhrif á samkeppnisstöðu hins sameinaða fyrirtækis. Enn fremur skal við mat á lögmæti samruna taka tillit til þess hvort markaður er opinn eða aðgangur að honum er hindraður.

d. (17. gr. d.)

Samkeppniseftirlitið skal innan 25 virkra daga tilkynna þeim aðila sem sent hefur stofnuninni samrunatilkynningu ef hún telur ástæðu til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samruna. Frestur þessi byrjar að líða fyrsta virka dag eftir að Samkeppniseftirlitinu barst tilkynning sem uppfyllir skilyrði 5. mgr. 17. gr. a og reglna sem settar eru samkvæmt ákvæðinu. Berist tilkynning frá Samkeppniseftirlitinu skv. 1. málsl. ekki innan tilskilins frests getur Samkeppniseftirlitið ekki ógilt samrunann. Ákvörðun um ógildingu samruna skal taka eigi síðar en 70 virkum dögum eftir að tilkynning skv. 1. málsl. hefur verið send þeim aðila sem tilkynnti um samruna. Ef nauðsynlegt er að afla frekari upplýsinga er Samkeppniseftirlitinu heimilt að framlengja þennan frest um allt að 20 daga.

Berist styttri samrunatilkynning getur Samkeppniseftirlitið innan 15 virkra daga frá móttöku hennar krafist lengri tilkynningar ef skilyrði 5. mgr. 17. gr. a eru ekki uppfyllt eða slíkt þykir nauðsynlegt til að meta samkeppnisleg áhrif samrunans. Í slíkum tilvikum byrjar frestur skv. 1. mgr. að líða þegar lengri tilkynning berst.

Taki Samkeppniseftirlitið ekki ákvörðun um ógildingu samruna eða setningu skilyrða fyrir samruna innan fresta samkvæmt þessari grein getur stofnunin hvorki ógilt samrunann né sett honum skilyrði.

e. (17. gr. e.)

Ákveði Samkeppniseftirlitið að hafna samruna getur stofnunin, samhliða ákvörðun á grundvelli 17. gr. c eða með sérstakri ákvörðun, mælt fyrir um að fyrirtæki eða eignir sem sameinaðar hafa verið verði aðskildar eða sameiginlegri stjórn hætt eða að gripið verði til annarra viðeigandi aðgerða til að skapa að nýju skilyrði fyrir virkri samkeppni.

Ef áfrýjunarnefnd samkeppnismála eða dómstóll ógildir ákvörðun um höfnun samruna eða um setningu skilyrða fyrir samruna vegna formgalla á málsmeðferð er Samkeppniseftirlitinu heimilt að taka samrunann til skoðunar að nýju. Ef breytingar hafa orðið á markaðsaðstæðum skulu tilkynnendur þegar í stað afhenda Samkeppniseftirlitinu nýja samrunatilkynningu. Hafi engar slíkar breytingar orðið skulu þeir gera Samkeppniseftirlitinu grein fyrir því án tafar. Samkeppniseftirlitið skal taka ákvörðun um höfnun samruna eða setningu skilyrða fyrir

samruna í máli sem hefur verið endurupptekið eigi síðar en 30 virkum dögum eftir að endanleg niðurstaða liggur fyrir um ógildingu ákvörðunar stofnunarinnar.

Hafi Samkeppniseftirlitið komist að þeirri niðurstöðu að samruni hafi ekki raskað samkeppni eða heimilað samruna með setningu skilyrða getur Samkeppniseftirlitið afturkallað slíka ákvörðun ef:

a. ákvörðunin er byggð á röngum upplýsingum sem einhver samrunaaðila ber ábyrgð á eða þegar hún er fengin fram með blekkingum eða
b. hlutaðeigandi fyrirtæki brjóta gegn skilyrðum sem samruna hafa verið sett.

Ef ákvörðun er afturkölluð skv. 3. mgr. skal Samkeppniseftirlitið leggja að nýju mat á viðkomandi samruna og beita heimildum 17. gr. c ef þurfa þykir. Ákvæði laganna um málsmeðferð og tímafresti gilda ekki í slíku máli.

4. gr.

17. gr. a laganna verður 17. gr. f.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á ákvæðum samkeppnislaga er varða samruna, en nú er kveðið á um samruna í 17. gr. samkeppnislaga, nr. 44/2005. Frumvarpið miðar að því að styrkja ákvæði um samruna í íslenskum lögum og færa þau nær reglum EES- og EB-réttarins.

Drög að frumvarpinu voru kynnt á fundi 23. nóvember 2007 og birt á vefsíðu ráðuneytisins sama dag þar sem almenningi og hagsmunaaðilum var gefinn kostur á að koma að athugasemdum við ákvæði frumvarpsdraganna. Athugasemdir bárust frá fjórum aðilum og hefur ráðuneytið yfirfarið þær og gert breytingar á frumvarpstextanum eftir því sem ástæða þótti til.

Ákvæði um samruna í íslenskum lögum.

Sérstök samkeppnislög voru fyrst sett hér á landi á árinu 1993, með lögum nr. 8/1993. Lögin voru sett til þess að efla samkeppni á innlendum mörkuðum. Einnig þótti nauðsynlegt að samræma samkeppnisreglur hér á landi, eftir því sem ástæða var talin til, þeim reglum sem giltu annars staðar í Evrópu, með hliðsjón af væntanlegri aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu.

Samkeppnislögin frá 1993.

Ákvæði um samruna voru fyrst sett í íslensk lög með samkeppnislögunum frá 1993. Í 18. gr. laganna var samkeppnisráði heimilað að ógilda samruna eða yfirtöku sem þegar hafði átt sér stað ef talið var að samruni eða yfirtaka leiddi til markaðsyfirráða þess, drægi verulega úr samkeppni og væri andstæð markmiðum samkeppnislaga. Samkeppnisráði var einnig heimilað að setja slíkum samruna eða yfirtöku skilyrði sem uppfylla skyldi innan tilskilins tíma. Í frumvarpi því sem síðar varð að lögum nr. 8/1993 var gert ráð fyrir að tilkynnt væri um samruna fyrirtækja eða yfirtökur fyrir fram og að samkeppnisyfirvöldum yrði heimilt að koma í veg fyrir samruna eða yfirtöku áður en af þeim yrði. Ákvæðinu var breytt við meðferð málsins í efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis þannig að tilkynna ætti um samruna eða yfirtökur eftir á, en fyrir fram tilkynningar þóttu geta haft í för með sér hemil á endurskipulagn-

ingu í viðskiptalífinu. Jafnframt var lögfest heimild fyrir aðila til að leita álits samkeppnisráðs á því hvort fyrirhugaður samruni eða yfirtaka væri lögmæt.

Breytingar á samkeppnislögum á árinu 2000.

Með lögum nr. 107/2000 var samkeppnislögum breytt og voru þá samrunaákvæði laganna styrkt til muna. Breytingarnar tóku m.a. mið af samrunareglugerð ráðsins (EB) nr. 4064/89. Þær miðuðu m.a. að því að tryggja að samrunareglur laganna tækju til styrkingar markaðsráðandi stöðu og heimiluðu íhlutun samkeppnisyfirvalda í samruna ef hann leiddi til svonefndrar fákeppnismarkaðsráðandi stöðu. Þá fólu breytingarnar í sér heimild fyrir samkeppnisráð til að fresta framkvæmd samruna til bráðabirgða meðan rannsókn máls færi fram. Loks var fellt úr lögunum ákvæði sem heimilaði að leitað væri fyrir fram álits samkeppnisyfirvalda á lögmæti samruna, en ákvæðið þótti ekki hafa reynst vel. Á grundvelli tillagna efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis var lögfest svokölluð minniháttarregla þess efnis að samrunaákvæði samkeppnislaga tæki einungis til samruna þar sem sameiginleg heildarvelta viðkomandi fyrirtækja væri 1 milljarður kr. eða meira og ársvelta a.m.k. tveggja fyrirtækja sem aðild eiga að samruna væri 50 millj. kr. eða meira.

Samkeppnislögin frá 2005.

Gildandi samkeppnislög, nr. 44/2005, voru sett á árinu 2005. Þar var þó ekki um að ræða heildarendurskoðun laganna, heldur miðuðu breytingarnar sem þá voru gerðar í fyrsta lagi að því að færa verkefni er lúta að eftirliti með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins frá samkeppnisyfirvöldum til Neytendastofu. Í öðru lagi fólu ný samkeppnislög í sér skýrari lagaheimildir fyrir Samkeppniseftirlitið til þess að krefjast þess að fyrirtæki sem brotið hafa gegn ákvæðum samkeppnislaga breyti skipulagi sínu. Í þriðja lagi fólust í nýju samkeppnislögunum breytingar á ákvæðum laganna um framkvæmd samkeppnisreglna o.fl. samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið sem nauðsynlegt var að gera vegna innleiðinga tveggja reglugerða Evrópusambandsins, annars vegar reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1/2003 frá 16. desember 2002, um framkvæmd samkeppnisreglna, og hins vegar reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004, um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja (samrunareglugerðin).

Þegar ný samkeppnislög voru sett á árinu 2005 var samrunareglum laganna ekki breytt að öðru leyti en því að Samkeppniseftirlitinu voru falin þau verkefni sem samkeppnisráð hafði áður sinnt.

Almennt um tilgang með samrunaeftirliti.

Að meginstefnu má skipta samkeppnisreglum Evrópuríkja í tvo flokka. Í fyrsta flokkinn falla reglur sem ætlað er að koma í veg fyrir að fyrirtæki eða samtök fyrirtækja raski samkeppni með hegðun sinni á markaði, en í hinn flokkinn falla reglur sem ætlað er að koma í veg fyrir að fyrirtæki breyti gerð markaðarins og dragi úr samkeppni með samruna eða yfirtöku. Því eru samrunareglur einn af hornsteinum samkeppnisréttarins og gegna mikilvægu hlutverki við að koma í veg fyrir að samkeppnislegri gerð markaða sé breytt, með samruna eða yfirtöku, á þann hátt að samkeppni hverfi eða minnki til muna.

Yfirtaka eins fyrirtækis á öðru eða samruni fyrirtækja getur leitt til þess að samkeppni, sem hefur verið til staðar, minnkar eða hverfur jafnvel alveg. Þannig getur orðið til fyrirtæki sem hefur markaðsráðandi stöðu eða jafnvel einokun á markaðnum. Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruni muni hindra virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist. Einnig þarf við mat á samruna að taka tillit til þess að hvaða marki alþjóðleg samkeppni hafi áhrif og hvort markaðurinn sé opinn eða

aðgangur að honum hindraður. Þessi atriði eru í samkeppnisrétti í raun innifalin í mati á því hvort markaðsráðandi staða myndist eða styrkist. Í 4. gr. samkeppnislaga er markaðsráðandi staða talin vera fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrkleika að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og það getur að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

Forsenda þess að samkeppnisyfirvöld geti gripið inn í samruna eða yfirtöku fyrirtækja er að þau fái upplýsingar um yfirtökuna eða samrunann. Því mæla samrunareglur fyrir um tilkynningarskyldu á fyrirtæki sem standa að eða taka þátt í yfirtöku eða samruna. Samkeppniseftirlitinu berst á hverju ári fjöldi tilkynninga um samruna. Á árinu 2006 tók Samkeppniseftirlitið ákvarðanir í 30 samrunamálum og í nóvember 2007 höfðu stofnuninni borist 40 samrunatilkynningar frá áramótum.

Reglugerðir Evrópusambandsins um samruna.

Íslenskur samkeppnisréttur hefur frá upphafi sótt fyrirmyndir sínar til Evrópuréttar og taka gildandi samrunareglur m.a. mið af samrunareglugerð ráðsins (EB) nr. 4064/89. Á árinu 2004 var sett ný Evrópureglugerð um samruna, reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 frá 20. janúar 2004 um eftirlit með samfylkingum (samrunareglugerðin). Samrunareglugerðin var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2004 frá 8. júní 2004 um breytingu á XIV. viðauka, bókun 21 og bókun 24 við EES-samninginn. Á grundvelli reglugerðarinnar var sett reglugerð um tilkynningu um samruna, reglugerð (EB) nr. 802/2004.

Með reglugerð nr. 139/2004 voru reglur Evrópusambandsins um samruna lagaðar að þeim viðfangsefnum sem fylgja aukinni samþættingu á markaði og stækkun sambandsins. Reglugerðin gildir um verulegar skipulagsbreytingar, þ.e. samruna, sem hafa áhrif á markaðinn og ná út fyrir landamæri einstakra ríkja. Gildissvið reglugerðarinnar er skilgreint með hliðsjón af landfræðilegum mörkum starfsemi þeirra fyrirtækja sem renna saman annars vegar og stærðartakmörkunum hins vegar. Í reglugerðinni er litið svo á að samruni varði hagsmuni Evrópusambandsins og falli þar með undir reglugerðina ef heildarvelta viðkomandi fyrirtækja fer yfir sett viðmiðunarmörk, sbr. 1. gr. Reglugerðin nær aðeins til samruna sem ná þeim veltumörkum er koma fram í reglugerðinni. Þannig er í 2. mgr. 1. gr. miðað við að heildarvelta allra hlutaðeigandi fyrirtækja á heimsmarkaði sé yfir 5.000 milljónir evra og að heildarvelta minnst tveggja hlutaðeigandi fyrirtækja innan Evrópusambandsins hvers um sig sé yfir 250 milljónum evra, nema hvert fyrirtæki, sem í hlut á, hafi meira en tvo þriðju heildarveltu sinnar innan bandalagsins í einu og sama aðildarríki. Í 3. mgr. 1. gr. kemur svo fram að samruni sem ekki nær viðmiðunarmörkum þeim sem mælt er fyrir um í 2. mgr. falli undir reglugerðina ef heildarvelta allra hlutaðeigandi fyrirtækja á heimsmarkaði fer yfir 2.500 milljónir evra og heildarvelta allra hlutaðeigandi fyrirtækja í minnst þremur aðildarríkjum, hverju um sig, fer yfir 100 milljónir evra, heildarvelta a.m.k. tveggja hlutaðeigandi fyrirtækja, hvors um sig, í minnst þremur aðildarríkjum, hverju um sig fer yfir 25 milljónir evra og heildarvelta minnst tveggja hlutaðeigandi fyrirtækja innan bandalagsins, hvors um sig, fer yfir 100 milljónir evra.

Reglugerðin á því aldrei við um samruna fyrirtækja sem aðeins hafa áhrif á Íslandi. Um slíka samruna gilda íslensk samkeppnislög. Ísland er ekki bundið af því að innleiða reglugerðina í íslensk lög að öðru leyti en því sem gert var með lögum nr. 44/2005, en í ljósi þess að íslenskur samkeppnisréttur hefur frá upphafi tekið mið af EES- og EB-rétti á sviðinu hefur við samningu frumvarpsins verið tekið mið af reglugerðunum tveimur. Er gert ráð fyrir því að Samkeppniseftirlitið muni eftir sem áður líta til framkvæmdar EES- og EB-réttar við túlk-

un laganna. Breytingar þær sem lagðar eru til í frumvarpinu má einnig rekja til reynslu samkeppnisyfirvalda af beitingu gildandi laga, en Samkeppniseftirlitið hefur fjallað um fjölda samruna á undanförnum missirum.

Helstu breytingar sem felast í frumvarpinu.

Í ljósi þeirrar reynslu sem komin var á beitingu gildandi ákvæða um samruna og nýrra reglna Evrópusambandsins á sviðinu þótti ljóst að þörf væri á að endurskoða samrunareglur íslenskra laga. Í frumvarpinu er því tekið á ýmsum þeim spurningum sem komið hafa upp í framkvæmd og þróun Evrópuréttar á þessu sviði.

Helstu breytingar sem felast í frumvarpinu eru eftirfarandi:

1. Gert er ráð fyrir að samruni komi ekki til framkvæmda á meðan Samkeppniseftirlitið fjallar um hann, sbr. 3. mgr. a-liðar 3. gr. frumvarpsins.
2. Lögð er til hækkun á veltumörkum sem miða skal við þegar metið er hvort samrunar séu tilkynningarskyldir, sbr. a-lið 3. gr. frumvarpsins.
3. Gerð er tillaga um útvíkkun á heimildum Samkeppniseftirlitsins til að ógilda samruna eða setja skilyrði fyrir honum, sbr. c-lið 3. gr. frumvarpsins.
4. Lögð er til breyting á ákvæðum um fresti til að taka ákvarðanir í samrunamálum, sbr. d-lið 3. gr. frumvarpsins.
5. Gert er ráð fyrir að heimilt verði að setja fram styttri tilkynningar um samruna í tilteknum tilvikum, sbr. 5. mgr. a-liðar 3. gr. frumvarpsins.
6. Mælt er fyrir um heimild til handa Samkeppniseftirlitinu til að taka mál fyrir að nýju, hafi áfrýjunarnefnd eða dómstóll ógilt ákvörðun eftirlitsins sökum formgalla, sbr. 2. mgr. e-liðar 3. gr. frumvarpsins.
7. Skilgreining á samruna og yfirráðum er færð til samræmis við evrópskan samkeppnisrétt, sbr. 2. gr. frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er lögð til breyting á 4. gr. laganna, en þar er að finna orðskýringar. Lagt er til að skilgreiningar á hugtökunum samruni og yfirráð, sem nú eru skilgreind í 7. og 11. tölul. 1. mgr. greinarinnar, verði felld brott, en gert er ráð fyrir að hugtökin verði skilgreind í 17. gr. laganna þar sem fjallað er um samruna, sbr. 2. gr. frumvarpsins.

Um 2. gr.

Í 2. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á 17. gr. laganna, en í þeirri grein í gildandi lögum er fjallað um samruna.

Í 1. efnismgr. greinarinnar er hugtakið samruni skilgreint. Skilgreining á hugtakinu var fyrst sett í samkeppnislög á árinu 2000 og í gildandi lögum er hugtakið skilgreint í 7. tölul. 1. mgr. 4. gr. og byggist sú skilgreining að nokkru leyti á eldri samrunareglugerð Evrópusambandsins, reglugerð ráðsins (EB) nr. 4064/89. Ekki eru lagðar til neinar grundvallarbreytingar á skilgreiningu hugtaksins, en skilgreiningin sem lögð er til hér tekur mið af 1. mgr. 3. gr. nýrrar samrunareglugerðar Evrópusambandsins, reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004. Rétt er þó að benda á breytingu sem lögð er til í d-lið 1. mgr. þar sem fjallað er um að samruni teljist hafa átt sér stað með stofnun fyrirtækis um sameiginlegt verkefni sem gegni til frambúðar allri starfsemi sjálfstæðrar efnahagseiningar. Skilgreining á sameiginlegu verkefni

(e. joint venture) þarna er nokkuð breytt frá gildandi lögum og er breytingin í samræmi við 4. mgr. 2. gr. nýju samrunareglugerðarinnar.

Í 2. og 3. efnismgr. er lagt til að hugtakið yfirráð verði skilgreint. Það er nú skilgreint í 11. tölul. 1. mgr. 4. gr. gildandi laga og tekur skilgreiningin að nokkru leyti mið af eldri samrunareglugerð Evrópusambandsins, reglugerð ráðsins (EB) nr. 4064/89. Þrátt fyrir að lagt sé til að skilgreiningin sé færð úr 4. gr. er rétt að taka fram að hún á einnig við hugtakið yfirráð í 13. gr. laganna.

Skilgreining sú sem lögð er til í frumvarpinu byggist á 2. og 3. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar Evrópusambandsins, reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004. Skilgreiningin er nokkuð ítarlegri en samkvæmt gildandi lögum og fjallar annars vegar um hvað felst í yfirráðum og hins vegar hvaða aðilar teljast hafa öðlast yfirráð.

Um 3. gr.

Í greininni er lagt til að fimm nýjum greinum verði bætt við lögin á eftir 17. gr. Gert er ráð fyrir að greinarnar verði 17. gr. a, 17. gr. b, 17. gr. c, 17. gr. d og 17. gr. e og að sú grein sem nú er 17. gr. a í gildandi lögum verði 17. gr. f. Í greinunum fimm koma m.a. fram reglur um þau atriði sem kveðið er á um í 17. gr. gildandi laga, t.d. um það hvenær tilkynna skal samruna. Þar sem ákvæði greinanna eru ítarlegri en samkvæmt núgildandi lögum þykir skýrara að hafa þau í fleiri greinum.

Um a-lið (17. gr. a).

Í 1. mgr. 17. gr. a er fjallað um hvaða samrunar eru tilkynningaskyldir. Lagðar eru til breytingar á veltumörkum laganna. Þannig er gert ráð fyrir að skylt verði að tilkynna samruna til Samkeppniseftirlitsins ef sameiginleg heildarvelta viðkomandi fyrirtækja er tveir milljarðar króna eða meira og ársvelta a.m.k. tveggja af þeim fyrirtækjum sem aðild eiga að samrunanum yfir 200 millj. kr. Þá er það nýmæli í ákvæðinu að skýrt er tekið fram að fjárhæðarmörkin miðist við veltu fyrirtækja á Íslandi.

Veltumörk íslensku samkeppnislaganna hafa nokkuð ver.ið gagnrýnd fyrir að vera of lág, en fjárhæðir þær sem miðað er við í gildandi lögum hafa ekki breyst síðan veltumörk voru fyrst lögfest, með lögum nr. 107/2000. Á þeim tæpu átta árum sem liðin eru hafa gífurlegar breytingar orðið á íslensku viðskiptalífi og hafa umsvif íslenskra fyrirtækja aukist mikið. Þykir því rétt að leggja til hækkun á veltumörkum laganna nú. Sams konar minniháttarreglu um veltumörk er að finna í samkeppnislögum allra Norðurlandaþjóðanna og hafa veltumörk sænskra, danskra og finnskra samkeppnislaga verið mun hærri en þeirra íslensku. Samkvæmt dönskum samkeppnislögum skal sameiginleg heildarvelta þeirra fyrirtækja sem standa að samrunanum vera um 48 milljarðar kr., en ársvelta a.m.k. tveggja fyrirtækja sem aðild eiga að samrunanum skal vera yfir 3,8 milljarðar kr. Í sænskum samkeppnislögum er miðað við að sameiginleg heildarvelta samrunaaðila sé um 40 milljarðar kr., en ársvelta a.m.k. tveggja aðildarfyrirtækja um 1 milljarður kr. Í Finnlandi eru sambærileg viðmið í gildi, en þar er miðað við að sameiginleg heildarvelta samrunafyrirtækjanna sé um 33 milljarðar kr. og að ársvelta a.m.k. tveggja samrunafyrirtækja sé um 1,9 milljarðar kr. Í Noregi eru samrunar hins vegar tilkynningaskyldir ef sameiginleg heildarvelta viðkomandi fyrirtækja er um 600 milljónir kr. og að minnsta kosti tvö af þeim fyrirtækjum sem eiga aðild að samrunanum hafa a.m.k. 240 milljón kr. veltu hvert um sig.

Þó að breyting þessi verði samþykkt má því segja að viðmiðunarmörk á Íslandi verði áfram með lægra móti, en rök fyrir því eru að markaðsaðstæður á Íslandi eru um margt sérstakar, þar sem markaðir eru smáir og þar með þau fyrirtæki sem á þeim starfa.

Í 2. mgr. ákvæðisins er kveðið á um að telja skuli veltu móður- og dótturfélaga, fyrirtækja innan sömu fyrirtækjasamstæðu og fyrirtækja sem aðilar samrunans hafa bein eða óbein yfirráð yfir með þegar velta skv. 1. mgr. er reiknuð út. Ákvæðið er óbreytt frá gildandi lögum.

Í 3. mgr. er kveðið á um það hvenær tilkynna skal um samruna. Lagt er til að Samkeppniseftirlitið geti ógilt samruna áður en hann kemst til framkvæmda, en ekki eftir að samruni hefur átt sér stað, eins og kveðið er á um í 1. málsl. 1. mgr. 17. gr. gildandi laga. Samkvæmt núgildandi lögum tekur samruni gildi óháð skoðun Samkeppniseftirlitsins þótt samningar séu í raun gjarnan gerðir með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins. Ógilding samruna getur þó átt sér stað eftir að yfirtökutilboði hefur verið tekið eða samruninn að öðru leyti framkvæmdur. Nokkurt óhagræði er af gildandi fyrirkomulagi. Þannig stofnast nýr lögaðili um leið og samruni fyrirtækja tekur gildi og verða allir samningar þess lögaðila að ganga til baka ef Samkeppniseftirlitið ógildir samruna sem þegar hefur átt sér stað. Hafa slík dæmi komið upp þó að í framkvæmd bíði flest fyrirtæki með að láta samninga taka gildi þar til Samkeppniseftirlitið hefur samþykkt samrunann. Ákvæði þetta tekur mið af 1. mgr. 7. gr. reglugerðar ráðsins nr. 139/2004. Þar segir að samrunar sem falla undir reglugerðina skuli ekki koma til framkvæmda fyrr en tilkynnt hafi verið um samrunann og ákvörðun liggi fyrir um að hann hindri ekki virka samkeppni. Í Danmörku, Noregi og Svíþjóð er alls staðar farin sú leið að kveða á um að óheimilt sé að framkvæma samruna fyrr en ákvörðun samkeppnisyfirvalda liggur fyrir. Regla gildandi samkeppnislaga hefur því nokkra sérstöðu. Tilurð hennar má rekja til breytingartillagna efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis á árinu 1993 við frumvarp það sem varð að samkeppnislögum, nr. 8/1993, sbr. umfjöllun í almennum athugasemdum. Í frumvarpi því sem viðskiptaráðherra lagði fyrir Alþingi á árinu 1992 var gert ráð fyrir að samruni tæki ekki gildi fyrr en samkeppnisyfirvöld hefðu lokið umfjöllun um hann. Efnahags- og viðskiptanefnd þótti hins vegar að skylda til að tilkynna um samruna fyrirtækja eða yfirtöku fyrir fram gæti haft í för með sér hemil á endurskipulagningu í viðskiptalífinu. Var breytingartillagan samþykkt og hafa samkeppnislög verið óbreytt að þessu leyti. Í ljósi hagsmuna fyrirtækja, ákvæða reglugerðar Evrópusambandsins nr. 139/2004 og réttarreglna í nágrannaríkjum okkar er því lagt til að kveðið verði á um það í lögum að tilkynningarskyldur samruni taki ekki gildi fyrr en Samkeppniseftirlitið hefur fengið tækifæri til að fjalla um hann.

Í 4. mgr. greinarinnar er kveðið á um það hvaða upplýsingar skuli koma fram í tilkynningu um samruna. Ákvæðið er að mestu óbreytt frá 3. málsl. 3. mgr. 17. gr. gildandi laga. Þó er lagt til að bætt verði við lögin ákvæðum sem nú er að finna í reglum Samkeppniseftirlitsins, nr. 881/2005, um tilkynningu samruna. Lúta breytingarnar að því að gefnar skuli upplýsingar um viðkomandi markaði og önnur nauðsynleg atriði við athugun á samkeppnislegum áhrifum samrunans. Áfram er gert ráð fyrir að Samkeppniseftirlitið setji reglur þar sem nánar eru tilgreindar þær upplýsingar sem fram verða að koma í tilkynningu.

Nýmæli er að finna í 5. mgr. 17. gr. a, en þar er kveðið á um heimild til að tilkynna um samruna sem fellur innan veltumarka greinarinnar með styttri tilkynningu. Byggist ákvæðið á Evrópurétti, en í viðauka II við reglugerð Evrópusambandsins nr. 802/2004 er kveðið á um styttri tilkynningar (e. short form) vegna samruna að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Til að hægt sé að senda inn styttri tilkynningu verður eitt af skilyrðum þeim sem fram koma í málsgreininni að vera uppfyllt. Þau skilyrði eru í fyrsta lagi það að þeir markaðir þar sem áhrifa samrunans gætir séu ekki tengdir. Í öðru lagi má tilkynna um samruna með styttri tilkynningu ef tveir eða fleiri aðilar samrunans starfa á sama vöru- og landfræðilega markaði (láréttur samruni) og markaðshlutdeild þeirra samanlagt er minni en 20%. Þriðja atriðið sem veitir möguleika á að senda inn styttri samrunatilkynningu er þau tilvik þar sem um er að

ræða samruna í skilningi d-liðar 1. mgr. 17. gr. sem hefur takmörkuð áhrif hér á landi. Loks er lagt til að senda megi inn styttri tilkynningu í þeim tilvikum þar sem aðili sem hafði sameiginleg yfirráð yfir fyrirtæki nær fullum yfirráðum yfir því.

Í 6. mgr. greinarinnar er kveðið á um það hvaða upplýsingar eiga að fylgja styttri tilkynningu. Í fyrsta lagi skulu fylgja tilkynningunni yfirlit yfir þau fyrirtæki sem samrunaaðilar hafa bein eða óbein yfirráð yfir. Í öðru lagi skal fylgja lýsing á þeim vöru- eða þjónustumörkuðum og landfræðilegu mörkuðum sem samruninn hefur áhrif á og rökstutt mat á markaðshlutdeild viðkomandi fyrirtækja á þeim mörkuðum. Í þriðja lagi skal rökstutt mat á samkeppnislegum áhrifum samrunans fylgja tilkynningunni og loks skal fylgja henni afrit af öllum samningum og öðrum gerningum sem liggja til grundvallar samrunanum ásamt afriti af ársreikningum þeirra fyrirtækja sem eru aðilar samrunans. Það er því ljóst að styttri tilkynningar um samruna munu verða mun minni að umfangi og leiða til mun minni vinnu fyrir þá sem standa að tilkynningarskyldum samrunum en nú er, verði frumvarp þetta að lögum.

Um b-lið (17. gr. b).

Í greininni er kveðið á um það á hvaða aðilum skylda til tilkynninga vegna samruna og yfirtöku hvílir. Sambærilegt ákvæði er ekki í gildandi lögum, en í 5. gr. reglna Samkeppniseftirlitsins, nr. 881/2005, um tilkynningu samruna kemur fram sama regla og hér er lögð til.

Um c-lið (17. gr. c).

Í 1. málsl. 1. mgr. er kveðið á um heimildir Samkeppniseftirlitsins til að ógilda samruna. Í ákvæðinu er lagt til að Samkeppniseftirlitinu verði heimilt að ógilda samruna sem hindrar virka samkeppni, einkum þegar markaðsráðandi staða eins eða fleiri fyrirtækja myndast eða slík staða styrkist. Með því að bætt er við orðinu „einkum“ felur ákvæðið í sér aukið svigrúm til efnislegs mats á samkeppnislegum áhrifum samruna. Er rétt að lýsa þessu nánar.

Í 1. mgr. 17. gr. núgildandi samkeppnislaga er fjallað um hið samkeppnislega mat sem leggja ber á samruna. Er ákvæðið byggt á eldri samrunareglugerð EB nr. 4064/89. Samkvæmt þessu getur Samkeppniseftirlitið gripið til íhlutunar vegna samruna undir tvennum kringumstæðum. Annars vegar þegar samruni raskar samkeppni með myndun eða styrkingu markaðsráðandi stöðu eins fyrirtækis og hins vegar þegar samruni raskar samkeppni með myndun eða styrkingu sameiginlegrar markaðsráðandi stöðu tveggja eða fleiri fyrirtækja. Það er hins vegar ljóst að samruni getur undir vissum kringumstæðum raskað samkeppni þrátt fyrir að að hann skapi ekki eða styrki markaðsráðandi stöðu eins eða fleiri fyrirtækja, sbr. nánar hér á eftir. Af þessu leiðir að ef samrunareglur heimila einungis inngrip í samruna sem styrkir eða myndar markaðsráðandi stöðu getur það leitt til þess að samkeppnishamlandi samrunar nái fram að ganga með tilheyrandi tjóni fyrir atvinnulífið og almenning. Sökum þessa er að finna í samrunareglum ýmissa ríkja víðtækari heimildir til þess að vinna gegn samkeppnishömlum sem stafa af samruna. Í t.d. Bandaríkjunum, Kanada og Bretlandi er unnt að ógilda samruna sem raskar samkeppni með umtalsverðum hætti (nefnt á ensku „substantial lessening of competition“). Er þessi heimild þannig ekki bundin við samruna sem leiða til eða styrkja markaðsráðandi stöðu. Með núgildandi samrunareglugerð EB nr. 139/2004 var ákveðið að veita víðtækari heimild til að grípa inn í samruna og miða ekki lengur eingöngu við markaðsráðandi stöðu. Í 25. tölul. aðfaraorða reglugerðarinnar eru ástæður þessarar breytingar útskýrðar:

> „Í ljósi þess hvaða afleiðingar samfylkingar í fákeppnismarkaðskerfi geta haft er það þeim mun nauðsynlegra að viðhalda skilvirkri samkeppni á slíkum mörkuðum. Á mörgum fákeppnismörkuðum ríkir heilbrigð samkeppni. Við vissar aðstæður geta þó samfylkingar, sem fela í sér afnám mikilvægra samkeppnishafta, sem samrunaaðilarnir hafa sett hver öðrum, og minnkandi samkeppnisþrýsting á samkeppnisaðilana sem eftir eru, leitt af sér

verulegar hindranir á virkri samkeppni, jafnvel þó að ekki séu líkur á samræmingu á milli aðila í fákeppni. Dómstólar Bandalagsins hafa þó ekki fram til þessa túlkað það skýlaust svo að þess sé krafist samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 4064/89 að samfylkingar, sem hafa slík ósamræmd áhrif, verði lýstar ósamrýmanlegar sameiginlega markaðnum. Vegna réttaröryggis skal því tekinn af allur vafi um það að í þessari reglugerð er heimilað skilvirkt eftirlit með öllum slíkum samfylkingum með því að kveða á um að allar samfylkingar, sem myndu hindra verulega virka samkeppni á sameiginlega markaðnum eða verulegum hluta hans, skuli lýstar ósamrýmanlegar sameiginlega markaðnum. Túlka ber hugtakið „umtalsverð hindrun virkrar samkeppni“ í 2. og 3. mgr. 2. gr. þannig að það taki, auk hugtaksins „yfirburðastaða“, eingöngu til samkeppnishamlandi áhrifa samfylkingar sem eru afleiðing ósamræmds atferlis fyrirtækja sem hafa ekki yfirburðastöðu[1] á viðkomandi markaði.“

Er í þessu frumvarpi lagt til að á samkeppnislögum verði gerðar sams konar breytingar og fólust í núgildandi samrunareglugerð EB. Breytingartillagan byggist þannig á 2. mgr. 2. gr. samrunareglugerðar EB og miðar að því að samræma ákvæði íslensku samkeppnislaganna um efnislegt mat á samruna núgildandi ákvæðum Evrópulöggjafar, þannig að íslensk lög feli í sér sömu vernd fyrir almenning og samfélagið og Evrópulöggjöf veitir, en slíkt er sérstaklega mikilvægt í ljósi fákeppniseinkenna í íslensku hagkerfi. Rökin að baki breytingunni eru þau að samruni geti verið skaðlegur samkeppni, jafnvel þó að hann leiði ekki til markaðsráðandi stöðu eða styrki markaðsráðandi stöðu.

Breyting sú sem er lögð til felst í því að við 1. málsl. 1. mgr verði bætt orðinu „einkum“ þannig að Samkeppniseftirlitinu verði heimilt að ógilda samruna einkum þegar markaðsráðandi staða myndast eða slík staða styrkist. Þessi breyting felur það í sér að unnt er að grípa til íhlutunar vegna samruna ef hann leiðir til þess að markaðsaðstæður verði skaðlegar samkeppni, jafnvel þótt samruninn myndi ekki eða styrki markaðsráðandi stöðu. Sú staða getur helst komið upp þegar um er að ræða samruna keppinauta (lóðréttur samruni) á fákeppnismörkuðum þar sem tilteknar aðstæður eru fyrir hendi. Slíkar aðstæður geta verið þegar fyrirtæki á viðkomandi markaði selja aðgreinanlegar vörur og samrunafyrirtækin hafa verið helstu keppinautar hvort annars. Umtalsverð markaðshlutdeild og samþjöppun á markaðnum hefur og þýðingu. Brotthvarf helsta keppinautarins á slíkum fákeppnismarkaði vegna samruna getur haft þau áhrif að samkeppnislegt aðhald minnkar umtalsvert á markaðnum og getur þetta gefið samrunafyrirtækjum aukinn markaðsstyrk og þar með möguleika á því t.d. að hækka verð. Getur þetta gerst án þess að samrunafyrirtækin hafi það háa markaðshlutdeild að þau teljist markaðsráðandi. Framkvæmdastjórn EB hefur gefið út leiðbeiningareglur (O.J. 2004/C 31/03) þar sem útskýrð eru með ítarlegum hætti þau sjónarmið sem horfa verður til við mat á samruna af þessum toga. Er við það miðað að samkeppnisyfirvöld hafi sem endranær hliðsjón af EES/EB-samkeppnisrétti við túlkun á íslenskum samrunareglum.

Í 3. og 4. málsl. er fjallað um það til hvaða atriða Samkeppniseftirlitinu ber að taka tillit við mat á lögmæti samruna. Ákvæðið er óbreytt frá 3. og 4. málsl. 1. mgr. 17. gr. gildandi samkeppnislaga.

[1] Í ensku útgáfu reglugerðarinnar er hér notað hugtakið „dominant position“. Er það sama hugtak og markaðsráðandi staða í samkeppnislögum.

Um d-lið (17. gr. d).

Í d-lið er lagt til að kveðið verði á um fresti þá sem Samkeppniseftirlitið hefur við meðferð samrunamála. Samkvæmt gildandi lögum hefur Samkeppniseftirlitið 30 daga til að tilkynna aðila sem sent hefur stofnuninni samrunatilkynningu ákvörðun um það hvort talin sé þörf á frekari rannsókn á samkeppnislegum áhrifum samruna. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og norsk og sænsk samkeppnisyfirvöld hafa 25 virka daga til að taka ákvörðun um hvort frekari rannsókn skuli fara fram á samruna. Bresk samkeppnisyfirvöld hafa 20 virka daga til að taka slík ákvörðun, en dönsk samkeppnisyfirvöld hafa fjórar vikur til ákvarðanatöku. Íslensk samkeppnislög veita því Samkeppniseftirlitinu nokkuð þrengri fresti en tíðkast í Evrópusambandinu og Noregi. Þessir stuttu frestir fara illa saman við þær miklu kröfur sem gerðar eru til málsmeðferðar í samrunamálum. Því er lagt til að Samkeppniseftirlitið hafi 25 virka daga til að tilkynna hvort stofnunin telji ástæðu til frekari rannsóknar á áhrifum samruna. Gert er ráð fyrir að fresturinn byrji að líða fyrsta virka dag eftir að Samkeppniseftirlitinu berst tilkynning um samruna. Ef Samkeppniseftirlitið tilkynnir þeim aðila sem tilkynnt hefur stofnuninni um samrunann ekki um ákvörðun sína innan tilskilins frests getur stofnunin ekki ógilt samruna.

Í ákvæðinu er jafnframt kveðið á um svokallaðan seinni frest Samkeppniseftirlitsins, þ.e. frest til að ákveða hvort ógilda skuli samruna. Samkvæmt 4. mgr. 17. gr. gildandi samkeppnislaga hefur Samkeppniseftirlitið þrjá mánuði, eftir að tilkynning um frekari rannsókn á samrunanum var send til aðila, til þess að taka ákvörðun um ógildingu samruna. Lagt er til að þessi frestur verði 70 virkir dagar og miðast upphaf frestsins við sendingu tilkynningar til þess aðila sem tilkynnti um samruna. Stofnuninni er heimilt að framlengja frestinn um allt að 25 daga ef nauðsynlegt reynist að afla frekari upplýsinga vegna málsins. Lenging sú sem lögð er til er í samræmi við Evrópurétt og reglur norskra samkeppnislaga. Samkvæmt 3. mgr. 10. gr. samrunareglugerðarinnar skal framkvæmdastjórn Evrópusambandsins taka ákvarðanir varðandi tilkynnta samruna eigi síðar en 90 virkum dögum eftir að málsmeðferð hefst. Framlengja skal þennan frest í ákveðnum tilvikum um 20 daga.

Í 2. mgr. greinarinnar er kveðið á um fresti Samkeppniseftirlitsins til að fjalla um styttri samrunatilkynningu. Lagt er til að stofnunin hafi 15 virka daga frá því að styttri samrunatilkynning berst til að krefjast lengri tilkynningar ef skilyrðum frumvarpsins um skil styttri tilkynningar er ekki fullnægt. Þá er gert ráð fyrir að frestur sá sem Samkeppniseftirlitið hefur til að fjalla um samrunatilkynningu, sbr. 1. mgr., hefjist þegar lengri tilkynning berst stofnuninni. Það skal þó tekið fram að það er ekki skilyrði fyrir frekari umfjöllun Samkeppniseftirlitsins á samrunatilkynningu að krefjast lengri tilkynningar. Stofnunin getur ákveðið að frekari rannsókn skuli fara fram á samruna einungis á grundvelli styttri tilkynningar. Í slíkum tilvikum gilda almennir frestir 1. mgr., þannig að stofnunin hefur 25 virka daga til að ákveða hvort frekari rannsóknar á samruna er þörf.

Loks eru í lokamálsgrein ákvæðisins tekin af öll tvímæli um það að Samkeppniseftirlitinu sé ekki heimilt að ógilda samruna eða setja samruna skilyrði ef ákvörðun þar að lútandi liggur ekki fyrir áður en frestur sá sem greinir í ákvæðinu rennur út.

Um e-lið (17. gr. e).

Í 1. mgr. ákvæðisins er kveðið á um að þegar Samkeppniseftirlitið hefur hafnað samruna hafi stofnunin jafnframt heimild til að mæla fyrir um að fyrirtæki eða eignir sem sameinaðar hafa verið verði aðskildar eða sameiginlegri stjórn hætt eða að gripið verði til annarra viðeigandi aðgerða til að skapa að nýju skilyrði fyrir virkri samkeppni. Hér er um að ræða varnagla þar sem kveðið er á um það í frumvarpinu að tilkynna skuli um samruna áður en þeir koma til framkvæmda og því er almennt gert ráð fyrir að fyrirtæki eða eignir hafi verið sameinaðar

eða komið á sameiginlegri stjórn áður en ákvörðun Samkeppniseftirlitsins liggur fyrir. Þó þykir nauðsynlegt að stofnunin hafi þessa heimild í þeim tilvikum þar sem ekki er farið að ákvæðum frumvarpsins. Ákvæðið er í samræmi við reglugerð Evrópusambandsins um samruna.

Í greininni er kveðið á um hvað gera skal ef áfrýjunarnefnd samkeppnismála eða dómstóll ógildir ákvörðun um ógildingu samruna eða setningu skilyrða fyrir samruna vegna formgalla á málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins. Í slíkum tilvikum er Samkeppniseftirlitinu heimilt að taka samrunann til skoðunar að nýju. Ákvæðið er nýmæli í íslenskum rétti, en sækir fyrirmynd sína til 5. mgr. 10. gr. samrunareglugerðarinnar. Dæmin sýna að möguleiki er á að áfrýjunarnefnd eða dómstólar felli ákvörðun Samkeppniseftirlitsins úr gildi vegna formgalla. Er þá bagalegt að stofnunin geti ekki brugðist við með því að taka málið upp að nýju þar sem samruni sem mögulega hindrar samkeppni fær þá ekki efnislega meðferð samkeppnisyfirvalda. Gert er ráð fyrir að Samkeppniseftirlitið hafi mun styttri fresti en ella til að fjalla um samrunamál sem tekin eru upp eftir að ákvörðun stofnunarinnar hefur verið ógilt af áfrýjunarnefnd samkeppnismála eða dómstólum vegna formgalla. Þannig er gert ráð fyrir að stofnunin hafi 30 virka daga eftir að endanleg niðurstaða liggur fyrir um ógildingu ákvörðunar stofnunarinnar til að taka afstöðu til þess hvort hafna á samruna eða setja honum skilyrði. Eðlilegt er að stofnunin hafi styttri frest þegar mál er endurupptekið, enda ætti meðferð máls þá að taka styttri tíma. Þá verður að líta til hagsmuna fyrirtækja, en meðferð samrunamála má ekki taka of langan tíma.

Í greininni er jafnframt kveðið á um að tilkynnendur skuli senda Samkeppniseftirlitinu nýja samrunatilkynningu ef breytingar hafa orðið á markaðsaðstæðum.

Í 3. mgr. greinarinnar er fjallað um afturköllun Samkeppniseftirlitsins á ákvörðun um að samruni raski ekki samkeppni og ákvörðun um að heimila samruna með setningu skilyrða. Slík afturköllun er heimil samkvæmt ákvæðinu í tveimur tilvikum, annars vegar ef ákvörðunin er byggð á röngum upplýsingum sem einhver samrunaaðila ber ábyrgð á eða þegar ákvörðunin er fengin fram með blekkingum. Hins vegar er afturköllun heimil þegar hlutaðeigandi fyrirtæki brjóta gegn skilyrðum sem samruna hafa verið sett. Ef ákvörðun er afturkölluð ber Samkeppniseftirlitinu að leggja nýtt mat á samruna. Við slíkt mat gilda ekki tímafrestir þeir sem almennt gilda um samrunareglur. Sambærilegt ákvæði er ekki í gildandi lögum, en telja verður að Samkeppniseftirlitið hafi nú umræddar heimildir á grundvelli stjórnsýslulaga.

Um 4. og 5. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á samkeppnislögum, nr. 44/2005, með síðari breytingum.

Markmið frumvarpsins er að styrkja ákvæði um samruna í íslenskum lögum og færa þau nær reglum EES- og EB-réttarins. Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ákvæðum samkeppnislaga er varða samruna, en nú er kveðið á um í 17. gr. samkeppnislaga.

Samrunareglur eru einn af hornsteinum samkeppnisréttarins og gegna mikilvægu hlutverki við að koma í veg fyrir að samkeppni hverfi eða minnki með samruna eða yfirtöku fyrirtækja. Helstu breytingar sem felast í frumvarpinu eru þær að í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að samruni komi ekki til framkvæmda á meðan Samkeppniseftirlitið fjallar um hann, í öðru lagi er gerð tillaga um útvíkkun á heimildum Samkeppniseftirlitsins til að ógilda samruna eða setja skilyrði fyrir honum, í þriðja lagi er lögð til breyting á ákvæðum um fresti til að taka ákvarðanir í samrunamálum, í fjórða lagi er gert ráð fyrir að heimilt verði að setja fram styttri tilkynningar um samruna í tilteknum tilvikum, í fimmta lagi er mælt fyrir um heimild til handa Samkeppniseftirlitinu til að taka mál fyrir að nýju, hafi áfrýjunarnefnd eða dómstóll ógilt ákvörðun Samkeppniseftirlitsins sökum formgalla og í sjötta lagi er lagt til að skilgreining á samruna og yfirráðum verði færð til samræmis við evrópskan samkeppnisrétt.

Verði frumvarpið óbreytt samþykkt verður ekki séð að það muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

629. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [385. mál]

um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

Flm.: Guðni Ágústsson, Birkir J. Jónsson, Bjarni Harðarson, Höskuldur Þórhallsson, Magnús Stefánsson, Siv Friðleifsdóttir, Valgerður Sverrisdóttir.

1. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 79. gr. laganna og orðast svo:

Náttúruauðlindir og landsréttindi, sem ekki eru háð einkaeignarrétti, eru þjóðareign eftir því sem nánar er ákveðið í lögum. Ríkið fer með forsjá, vörslu og ráðstöfunarrétt þessara auðlinda og réttinda í umboði þjóðarinnar.

Náttúruauðlindir og landsréttindi í þjóðareign má ekki selja eða láta varanlega af hendi til einstaklinga eða lögaðila. Þó má veita þeim heimild til afnota eða hagnýtingar á þessum auðlindum og réttindum gegn gjaldi, að því tilskildu að hún sé tímabundin eða henni megi breyta með hæfilegum fyrirvara eftir því sem nánar er ákveðið í lögum. Slík heimild nýtur verndar sem óbein eignarréttindi.

Náttúruauðlindir og landsréttindi í þjóðareign ber að nýta á sem hagkvæmastan hátt og á grundvelli sjálfbærrar þróunar og skal arði af þeim varið til þess að vernda auðlindirnar, rannsaka þær og viðhalda þeim, svo og til hagsældar fyrir þjóðina að öðru leyti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í júnímánuði 1998 var í kjölfar samþykktar þingsályktunar kjörin á Alþingi níu manna nefnd sem fékk það hlutverk „að fjalla um auðlindir sem eru eða kunna að verða þjóðareign, m.a. öll verðmæti í sjó og á hafsbotni innan efnahagslögsögu, svo og í almenningum, afréttum og öðrum óbyggðum löndum utan heimalanda, námur í jörð, orku í rennandi vatni og jarðhita.“ Nefndinni var enn fremur falið að skilgreina „þessar auðlindir á skýran hátt og hvernig skuli með þær farið.“ Í þessari auðlindanefnd áttu sæti Jóhannes Nordal, formaður, Eiríkur Tómasson, varaformaður, Ari Edwald, Guðjón Hjörleifsson, Lúðvík Bergvinsson, Margrét Frímannsdóttir, Ragnar Árnason, Styrmir Gunnarsson og Svanfríður Jónasdóttir.

Á vegum auðlindanefndar var unnið umfangsmikið starf, þar á meðal var aflað álitsgerða lögfróðra manna á þeim réttarreglum sem talið var að giltu um eignarrétt að mismunandi tegundum náttúruauðlinda. Hafa þær reglur ekki breyst síðan í neinum meginatriðum.

Auðlindanefnd skilaði áfangaskýrslu í marsmánuði 1999 og síðan lokaskýrslu sinni í septembermánuði 2000. Í þeirri skýrslu gerði nefndin m.a. tillögu um að tekið yrði upp í VII. kafla stjórnarskrárinnar nýtt ákvæði, þar sem náttúruauðlindir, sem ekki eru háðar einkaeignarrétti, yrðu lýstar þjóðareign. Er tillaga nefndarinnar tekin svo til orðrétt upp í þetta frumvarp.

Þess má geta að í stefnuyfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar er að finna svofellt ákvæði: „Ákvæði um að auðlindir sjávar séu sameign íslensku þjóðarinnar verði bundið í stjórnarskrá.“

Sérstaklega skal tekið fram að ekki var gert ráð fyrir í lokaskýrslu auðlindanefndar að samþykkt tillögu nefndarinnar til breytingar á stjórnarskránni mundi sjálfkrafa leiða til grundvallarbreytinga á núverandi aflahlutdeildarkerfi („kvótakerfi“) samkvæmt þágildandi lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, sbr. nú lög nr. 116/2006. Þvert á móti var eitt af markmiðum tillögunnar að gera réttarstöðu þeirra, sem njóta veiðiheimilda á grundvelli 7. gr. þeirra laga, skýrari en hún er samkvæmt núgildandi lögum, auk þess sem stefnt var að því að tekið yrði upp gjald fyrir þær heimildir, eins og gert hefur verið með V. kafla laganna um veiðigjald, sbr. lög nr. 85/2002.

Í 1. gr. laga nr. 116/2006 segir nú orðrétt: „Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum.“

Í álitsgerð tveggja lagaprófessora, þeirra Sigurðar Líndal og Þorgeirs Örlygssonar, sem tekin var á sínum tíma saman fyrir auðlindanefnd, er þessi lagagrein skýrð svo að þar sé ekki kveðið á um einkaeignarrétt, heldur sé nærlægast að telja að greinin feli í sér almenna markmiðsyfirlýsingu. Sá fyrirvari, sem gerður sé í niðurlagi greinarinnar, hafi þau áhrif að lögin verði miklu síður skilin á þann veg að með þeim hafi verið stofnað til stjórnarskrárvarins eignarréttar einstakra manna yfir veiðiheimildum. Í fyrirvaranum felist jafnframt vísbending um að sú stjórnarskrárvernd, sem fyrir hendi sé, sæti ákveðinni takmörkun. Að áliti þeirra Sigurðar og Þorgeirs væri þannig ekkert því til fyrirstöðu að innkalla úthlutaðar veiðiheimildir í áföngum á lengra tímabili og endurúthluta þeim, að því tilskildu að þeir, sem fengið hafa úthlutað slíkum heimildum í núverandi kerfi og öðlast hafa á þeim grundvelli stjórnarskrár-

varin atvinnuréttindi, fái sanngjarnan og hæfilegan frest til að laga rekstur sinn að breyttu laga- og rekstrarumhverfi.

Í samræmi við ofangreinda tillögu um breytingu á stjórnarskránni og miðað við að svonefnd veiðigjaldsleið yrði fyrir valinu, svo sem síðar varð, setti auðlindanefnd fram í lokaskýrslu sinni svohljóðandi hugmynd að breyttri 1. gr. laga um stjórn fiskveiða: „Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru þjóðareign. – Markmið laganna er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu nytjastofnanna og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. – Úthluta má veiðiheimildum til einstaklinga og lögaðila gegn gjaldi að því tilskildu að þeim verði ekki breytt nema með minnst fimm ára fyrirvara svo sem nánar er kveðið á um í lögum þessum.“

Fyrir utan að mæla svo fyrir um, að gjald skuli tekið fyrir veiðiheimildir, má segja að frumvarp þetta að nýju stjórnarskrárákvæði, sem er eins og áður segir samhljóða tillögu auðlindanefndar á sínum tíma, mundi hafa tvenns konar réttaráhrif á núgildandi stjórnkerfi fiskveiða:

Í fyrsta lagi yrði því slegið föstu, eins og gert var á sínum tíma með lögum nr. 58/1998, um þjóðlendur, að þjóðin (eða ríkið) væri eigandi nytjastofna á Íslandsmiðum. Þar með yrði komið í veg fyrir að einstaklingar eða lögaðilar gætu eignast beinan eignarrétt að þessum auðlindum, t.d. fyrir hefð. Jafnframt mundi þetta styrkja stöðu Íslands í samningaviðræðum við aðra aðila, t.d. Evrópusambandið, um yfirráð yfir þessum auðlindum.

Í öðru lagi yrði kveðið á um það, svo að ekki færi lengur á milli mála, hvers eðlis réttur þeirra er sem þegar hefur verið úthlutað veiðiheimildum á grundvelli laga um stjórn fiskveiða. Um yrði að ræða óbeinan eignarrétt á borð við hefðbundin leigu-, afnota- og ítaksréttindi. Þar með yrði eytt þeirri réttaróvissu, sem nú ríkir, ekki síst í ljósi niðurlagsákvæðisins í 1. gr. laganna. Samkvæmt álitsgerð þeirra Sigurðar Líndal og Þorgeirs Örlygssonar er ekkert því til fyrirstöðu, samkvæmt gildandi lögum, að núverandi veiðiheimildir yrðu innkallaðar, þannig að það atriði í tillögu auðlindanefndar, að heimild til afnota eða hagnýtingar verði annaðhvort að vera tímabundin eða uppsegjanleg með hæfilegum fyrirvara, er ekkert nýnæmi frá lögfræðilegu sjónarmiði, heldur staðfesting á gildandi rétti.

Rétt er að leggja áherslu á það, til þess að fyrirbyggja misskilning, að með samþykkt þessa frumvarps yrði ekki hróflað við stjórnarskrárvörðum eignarrétti eða atvinnuréttindum þeirra sem öðlast hafa slík réttindi nú þegar á grundvelli 1. mgr. 72. gr. og 1. mgr. 75. gr. stjórnarskrárinnar. Þvert á móti yrði því slegið föstu, svo sem fram kemur í 3. málsl. 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins, að þegar fengin heimild til afnota eða nýtingar á náttúruauðlindum og landsréttindum í þjóðareign teldist til óbeinna eignarréttinda sem njóta verndar 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrárinnar eins og hver önnur eignarréttindi.

Í 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins er því lýst yfir að þær náttúruauðlindir og réttindi, sem ekki eru háð einkaeignarrétti, séu þjóðareign, sem ríkið, þ.e. handhafar löggjafar- og framkvæmdarvalds, fari með forsjá fyrir, varðveiti og geti jafnframt ráðstafað í umboði þjóðarinnar skv. 2. mgr.

Vegna þess m.a. að aðstæður og viðhorf geta breyst í tímans rás er ekki gert ráð fyrir að náttúruauðlindir og landsréttindi í þjóðareign verði skilgreind í sjálfri stjórnarskránni, heldur verði það gert í almennum lögum. Þó er gengið út frá því að land, landsréttindi, auðlindir og hlunnindi í þjóðlendum, sem ekki hafa verið háð einkaeignarrétti, verði þjóðareignir, sbr. lög nr. 58/1998, um þjóðlendur, og lög nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Sömuleiðis nytjastofnar á Íslandsmiðum, sbr. lög nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, og auðlindir sem eru á, í eða undir hafsbotninum, utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær, sbr. lög nr. 73/1990, um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins. Ákvæði þessara laga þyrfti að laga að hinu nýja stjórnarskrárákvæði.

Samkvæmt framansögðu væri ekkert því til fyrirstöðu að löggjafinn felli fleiri eignir en þær sem að framan greinir undir þjóðareignarhugtakið. Segja má að það hafi þegar verið gert með lögum nr. 59/1928, um friðun Þingvalla. Á sama hátt væri með einfaldri lagabreytingu unnt að gera einhverjar af umræddum eignum háðar einkaeignarrétti í stað þjóðareignarréttar.

Í 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins er því lýst yfir að náttúruauðlindir og landsréttindi í þjóðareign megi ekki selja eða láta varanlega af hendi til annarra aðila. Þó er gert ráð fyrir að stjórnvöld geti veitt öðrum aðilum heimild til afnota eða hagnýtingar á slíkum eigum með tilteknum skilyrðum og að teknu tilliti til þeirra markmiða sem greinir í 3. mgr. Með heimild til afnota eða hagnýtingar í 2. mgr. er átt við heimild til afnota eða hagnýtingar sem sérstakt leyfi þarf til þannig að aðrir en leyfishafar geti ekki haft þau sömu not. Þar með fellur almannaréttur, svo sem réttur til umferðar um land, ekki undir þetta hugtak. Kveðið er á um það í niðurlagi 2. mgr., til þess að taka af allan vafa, að heimild til afnota eða hagnýtingar njóti verndar 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrárinnar sem óbein eignarréttindi á borð við hefðbundin leigu, afnota og ítaksréttindi.

Lagt er til í 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins að náttúruauðlindir og landsréttindi í þjóðareign skuli nýtt í þágu þeirra markmiða, sem þar eru greind, og arði af þessum eignum skuli varið í ákveðnum tilgangi, eftir því tekið er fram í niðurlagi málsgreinarinnar og kveðið yrði nánar á um í lögum.

Um enn frekari röksemdir fyrir frumvarpinu vísast til lokaskýrslu auðlindanefndar sem er að finna á heimasíðu forsætisráðuneytisins.

630. Frumvarp til laga [386. mál]

um breyting á lögum nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta.

Flm.: Bjarni Harðarson, Magnús Stefánsson, Höskuldur Þórhallsson,
Árni Johnsen, Kristinn H. Gunnarsson, Guðjón A. Kristjánsson.

1. gr.

Við 7. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Land innan þinglýstra landamerkja jarðar telst allt háð beinum eignarrétti hins þinglýsta eiganda. Geri íslenska ríkið kröfu um að land jarðar eða hluti þess teljist þjóðlenda hefur það sönnunarbyrðina um að þinglýst landamerkjabréf jarðar eða önnur sönnunargögn um eignarrétt að jörð séu haldin verulegum ágöllum, þannig að draga megi gildi þeirra í efa. Komist óbyggðanefnd að þeirri niðurstöðu að sá sem lýsir sig eiganda jarðar bresti löglega eignarheimild að jörðinni og komi ekki fram sönnunargögn frá þriðja aðila um betri rétt hans til umrædds lands telst það þjóðlenda.

Eigendum jarða þar sem ekki nýtur þinglýstra landamerkja er heimilt að sýna fram á eignarrétt sinn með öðrum sönnunargögnum en þinglýstum landamerkjabréfum, þar á meðal með tilvísunum til þinglýstra landamerkjabréfa aðliggjandi fasteigna.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Hafi óbyggðanefnd eða dómstólar ákvarðað fyrir gildistöku laga þessara að land innan þinglesinna merkja jarðar sé þjóðlenda skal fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins innan sex mánaða frá gildistöku laga þessara þinglýsa að eigin frumkvæði og á kostnað ríkisins yfirlýsingu á viðkomandi fasteign þess efnis að það falli frá rétti sínum samkvæmt ákvörðuninni.

Telji íslenska ríkið að uppfyllt séu skilyrði þess að færa sönnur fyrir þeim ágalla í eignarheimild þinglýsts eiganda sem lýst er í 1. mgr. 7. gr. getur ríkið krafist þess innan sex mánaða frá gildistöku laga þessara að mál viðkomandi jarðar verði tekið fyrir að nýju fyrir óbyggðanefnd. Skal óbyggðanefnd verða við kröfunni og taka málið fyrir innan þriggja mánaða frá því að krafa barst henni. Um málsmeðferðina fer eftir almennum reglum laganna.

Geri íslenska ríkið hvorki reka að því að þinglýsa athugasemd um fráfall réttinda né að krefjast fyrirtöku máls hjá óbyggðanefnd innan greindra sex mánaða fresta frá gildistöku laganna getur landeigandi krafist þess að þinglýsingarvaldsmaður afnemi þinglýsta þjóðlendulínu innan marka jarðar og skal sýslumaður gera það landeiganda að kostnaðarlausu.

3. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Greinargerð.

Í lögum nr. 58/1998 er ekki að finna sérstakar sönnunarreglur sem gildi í þjóðlendumálum, þ.e. um ágreining um hvort land teljist eignarland eða þjóðlenda. Skýrt var tekið fram í undirbúningsgögnum laganna að niðurstöður skuli ráðast af almennum sönnunarreglum. Er þetta orðað þannig í greinargerð með lagafrumvarpinu: „Ekki verði í lögum settar sérstakar sönnunarreglur eða lagaskilyrði fyrir því að land teljist eignarland í merkingu laganna, heldur ráðist það af almennum sönnunarreglum og réttarheimildum sem færðar eru fram í hverju einstöku tilviki.“

Óumdeilt er að almennt var talið að sú sönnunarregla gilti í ágreiningsmálum um eignarrétt að fasteignum að sá sem taldi til eignarréttar yfir fasteign, sem var þinglýst eign annars, bar sönnunarbyrðina fyrir staðhæfingu sinni um betri rétt. Um þetta má vísa til HR 1961:629, sbr. og Þorgeir Örlygsson: Kaflar úr eignarrétti I, Handrit til kennslu við lagadeild Háskóla Íslands, Reykjavík 1998, en ekki síður til Ólafs Lárussonar: Eignarréttur I, Reykjavík 1950. Þar segir m.a. á bls. 150: „Það myndi vera rétt að telja þann mann, sem hefur þinglýsta heimild til eignarinnar, eiga tilsvarandi rétt yfir henni, þar til annað sannaðist, með öðrum orðum, sá sem vill véfengja heimild, sem styðst við veðmálabækurnar, myndi hafa sönnunarbyrðina um það, að sú heimild væri ógild.“

Verður að ætla að þegar þjóðlendufrumvarpið var til umræðu og ákvörðunar á Alþingi, þá hafi alþingismenn við samþykkt frumvarpsins gengið út frá því að þinglýstar eignarheimildir og þar með þinglýst landamerkjabréf hefðu sama sönnunargildi sem fyrr og að eigendur jarða með þinglýst landamerki mættu treysta því að við merkjum jarða þeirra yrði ekki hnikað nema fram kæmi sönnun um heimildarbrest þeirra.

Þegar ríkið tók að gera kröfur fyrir óbyggðanefnd um það hvernig skyldi draga línur milli þjóðlendna og eignarlanda einstakra jarða kom í ljós að ríkið virti ekki eignarheimildir samkvæmt þinglýstum landamerkjabréfum, sem eigendum jarða hafði verið gert skylt að gera samkvæmt fyrirmælum í eldri landamerkjalögum, nr. 5/1882, og yngri landamerkjalögum,

nr. 41/1919, undir umsjón sýslumanna. Skyldi sýslumaður á manntalsþingi grennslast eftir, hvort þessum skyldum hefði verið fullnægt að viðlögðum sektum (sbr. dóm Hæstaréttar 15. nóvember 2001 í málinu nr. 170/2001). Óvænt féllst Hæstiréttur á röksemdir ríkisins um takmarkað sönnunargildi þinglýstra eignarheimilda að fasteignum. Gerði Hæstiréttur þær kröfur til eigenda jarða, sem ríkið gerði eignartilkall til, að til viðbótar þinglýstum landamerkjabréfum samkvæmt landamerkjalögunum frá 1882 eða 1919 yrðu þeir að leggja fram frekari og eldri gögn sem styddu sannindi hinna þinglýstu landamerkjabréfa. Í þessu felst að Hæstiréttur lítur svo á að það væru eigendur jarðanna sem gerðu eignartilkall á hendur ríkinu og því bæru þeir sönnunarbyrðina um eignarrétt sinn að landi innan þinglýstra landamerkja. Hæstiréttur gerði ekki neinar sönnunarkröfur á hendur ríkinu þess efnis að það sýndi fram á að eignarheimildum þinglýstra eigenda væri áfátt. Hér var um nýja sönnunarreglu í íslenskum rétti að ræða sem mótuð var af Hæstarétti án þess að regla þessi ætti stuðning í ákvæðum þjóðlendulaga eða öðrum réttarheimildum. Ekki verður ráðið af dómum Hæstaréttar hvert er tilefni mótunar þessarar nýju sönnunarreglu og hvers vegna þörf var á nýrri og strangari sönnunarreglu þrátt fyrir þær forsendur í undirbúningsgögnum laganna að almennar sönnunarreglur íslensks réttar skyldu gilda um mat á eignarheimildum. Í sératkvæði Ólafs Barkar Þorvaldssonar hæstaréttardómara í dómi Hæstaréttar í málinu nr. 27/2007, sem kveðinn var upp hinn 4. október 2007, segir m.a.: „Ég tel að í fyrrnefndum dómum Hæstaréttar hafi rétturinn á ýmsan hátt gert strangari kröfur til sönnunarfærslu um eignarréttindi að fasteignum en rétt hefði verið að gera og finna má einnig eldri fordæmi fyrir að áður hafi verið gert.“

Afstaðan í sératkvæði þessu er í samræmi við það sem þeir lögmenn sem flutt hafa þjóðlendumál fyrir Hæstarétti hafa byggt á, en Hæstiréttur hefur ekki í þjóðlendudómum sínum fallist á röksemdir þeirra, án þess þó að rökstyðja að skilyrði aukinnar sönnunarbyrði eigi sér lagastoð.

Svo sem augljóst má telja er núverandi eigendum jarða nánast gert ókleift að axla þá sönnunarbyrði sem Hæstiréttur hefur á þá lagt samkvæmt framansögðu, enda eru nú liðin fjögur kynslóðabil frá því að megnið af landamerkjabréfunum voru gerð og þeim þinglýst. Ólíklegt er að varðveist hafi þau gögn og upplýsingar sem landamerkjabréfin voru byggð á er þau voru gerð. Þá er rétt að vekja athygli á að hending ein ræður því hvort til eru eldri gögn sem styðja hinar þinglýstu landamerkjalýsingar. Helst er að gögn séu varðveitt um jarðir sem voru í eigu kirkju, klaustra eða konungs vegna reikningshalds þessara stofnana og eignaskráa. Miklu síður eru til gögn um jarðir sem ekki voru í eigu stofnana þessara. Þrátt fyrir það eru gerðar sömu kröfur um gögn um eigendasögu kotjarða sem konungsjarða.

Í frumvarpi þessu er lagt til að úr framangreindu verði bætt með því að orða í lögunum þá almennu sönnunarreglu sem talin var gilda þegar þjóðlendulögin tóku gildi og vísað er til í undirbúningsgögnum laganna. Verður hér og að hafa í huga að allt frá gildistöku fyrri landamerkjalaganna frá 1882 hefur að meginreglu verið kveðið á um einkarétt jarðeiganda til veiði fugla, fiska og annarra nytjadýra á jörð sinni.[1] Í sumum tilvikum hefur beinlínis verið tekið fram að rétt landamerki jarðar hverrar skyldu ráða veiði á landi.[2] Hér má að auki nefna þá

[1] Sjá t.d. *Jónsbók* 1904, s. 188–192 (56.–57. k. llb.), 1. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849, 1. mgr. 121. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, 1. mgr. 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 61/1932, 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 112/1941, 1. mgr. 2. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63/1954, 1. mgr. 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 53/1957, 1. mgr. 2. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966, 1. mgr. 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, og 2. mgr. 8. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994.

[2] Sjá t.d. 3. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849, 1. mgr. 4. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63/1954, og 1. mgr. 4. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966.

meginreglu vatnalaga, nr. 15/1923, að vatnsréttindi fylgi landareign hverri, sbr. ákvæði 2. gr.[3] Regla þessi á rætur að rekja til ákvæða í Grágás og Jónsbók.[4]

Með vísan til ofanritaðs og í ljósi tilgangs landamerkjalaga og síðari meðferðar hins opinbera á þinglýstum jarðeignum, m.a. með skattlagningu, hafa jarðeigendur lengi mátt vænta þess að jarðir með þinglýstum landamerkjum teljist beinum eignarrétti undirorpnar. Njóta þessar væntingar verndar 72. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. einnig 1. gr. 1. viðauka mannréttindasáttmála Evrópu. Núverandi þinglýstir eigendur jarðanna eru ekki höfundar hinna þinglýstu landamerkjabréfa. Þeir hafa eignast jarðirnar í flestum tilvikum fyrir kaup eða arf, en í sumum tilvikum á opinberum uppboðum, og hafa því verið í góðri trú um gildi þinglýstra landamerkja jarða sinna. Sú góða trú nýtur verndar íslensks réttar.

Að lokum er þess að geta að með samþykki frumvarps þessa sparast verulegir fjármunir þar sem kröfur ríkisins verða hér eftir með öðrum hætti en verið hefur. Fram til þessa hefur ríkið gert kröfur fyrir óbyggðanefnd inn fyrir þinglýst landamerki fjölmargra jarða og skipta þær hundruðum. Hefur kröfugerð þessi, sem í flestum tilvikum hefur verið árangurslaus fyrir ríkið, haft í för með sér stórfellda gagnaöflun um sérhverja þessara jarða allt frá landnámi til þessa dags. Hefur gagnaöflunin verið á herðum landeigenda og lögmanna þeirra, svo og óbyggðanefndar, sem hefur falið Þjóðskjalasafni Íslands framkvæmd verulegs hluta gagnaöflunarinnar fyrir sína hönd. Þessi gagnaöflun hefur kostað landeigendur verulegan tíma og fyrirhöfn sem ekki fæst bætt. Einnig hefur ríkið haft óbærilegan kostnað af kröfugerð og málarekstrinum, bæði fyrir nefndinni og dómstólum, og er ekki séð fyrir endann á þeim ágreiningsmálum. Þá ber ríkið kostnað af störfum óbyggðanefndar og þeirra lögmanna sem koma að málunum, enda er skylt að veita landeigendum gjafsókn og gjafvörn í málunum. Að lokum skal þess getið að rekin eru fáein mál landeigenda gegn ríkinu fyrir Mannréttindadómstól Evrópu og kunna dómar þar að hafa í för með sér að endurskoða verði þau úrslit sem þegar hafa fengist fyrir dómstólum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að í lögin um þjóðlendur verði tekin viðtekin sönnunarregla íslensks réttar, þannig að vefengi ríkið eignarrétt þinglýsts eiganda að jörð hefur ríkið sönnunarbyrðina fyrir staðhæfingum þess efnis að hinn þinglýsti eigandi hafi ekki eignarrétt að öllu landi innan merkja jarðarinnar. Ríkið verður að sýna fram á að eignarheimild að jörð sé ógild eða sé svo áfátt að sá sem á henni byggir teljist ekki hafa sýnt fram á eignarrétt sinn. Því aðeins að svo standi á og þriðji aðili, sem gefur sig fram, geti ekki sannað eignarrétt sinn að viðkomandi landi telst landið þjóðlenda með þeim takmörkunum sem leiða kann af varanlegum afnotum, svo sem upprekstrarrétti, en slíkur afnotaréttur, sé hann fyrir hendi, telst þá hefðhelgaður.

Óhjákvæmilegt er að taka fram í lagaákvæðinu að heimilt sé að sanna eignarrétt að jörðum og landamerki jarða með öðrum hætti en með þinglýstum landamerkjum, enda er í 44. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, mælt fyrir um frjálst mat á sönnun og ekki er að finna sérreglu um að sanna skuli eignarrétt að jörðum með þinglýstum eignarheimildum eingöngu.

---

[3] Sjá nú einnig 2.–3. gr. laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

[4] Sjá t.d. *Grágás* 1992, s. 324–325, 350–351 (34., 35. og 52. k. lbþ.). *Jónsbók* 1904, s. 188–190 (56. k. llb.).

Um 2. gr.

Í fáeinum tilvikum hefur Hæstiréttur dæmt að hluti lands jarðar skuli teljast þjóðlenda og eru dómar þessir byggðir á fyrrnefndri strangri sönnunarreglu mótaðri af Hæstarétti í þjóðlendumálum. Þeir dómar hafa þegar haft réttaráhrif og eru bindandi milli málsaðila. Lagt er til að íslenska ríkið falli frá þeim rétti sem þannig hefur stofnast því til handa og þinglýsi yfirlýsingu þar um á viðkomandi jarðir að eigin frumkvæði og á sinn kostnað. Með þessari reglu er tryggt jafnræði milli jarðeigenda í landinu í þeim skilningi að þeir sitja allir við sama borð sem hafa fært fram sambærileg sönnunargögn fyrir eignarrétti sínum og merkjum jarða sinna.

Telji ríkið að í þeim tilvikum sem um er fjallað í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða sé um að ræða slíka ágalla á eignarheimildum landeigenda að þeim hluta landsins sem dómstólar hafa úrskurðað sem þjóðlendu að telja verði að landeiganda hefði brugðist sönnun um eignarrétt sinn og landamerki jarðar sinnar samkvæmt þeirri sönnunarreglu, sem gerð er tillaga um í 1. gr. frumvarps þessa, getur ríkið krafist þess innan sex mánaða frá gildistöku laga þessara fyrir óbyggðanefnd að nefndin taki málið fyrir að nýju og fjalli um kröfur ríkisins út frá fyrrnefndri sönnunarreglu. Skal reka málið að nýju fyrir nefndinni með þeirri breytingu sem leiðir af hinni lögfestu sönnunarreglu. Heimilt verður að leggja niðurstöðu nefndarinnar fyrir dómstóla með sama hætti og önnur þjóðlendumál.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

631. Frumvarp til laga [387. mál]

um breytingu á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 3. gr. laganna kemur: Félags- og tryggingamálaráðherra.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. 1. mgr. verður svohljóðandi:

Fæðingarorlofssjóður skal annast greiðslur til foreldra sem réttinda njóta til greiðslu í fæðingarorlofi skv. 13. gr. Fæðingarstyrkir til foreldra skv. VI. kafla greiðast úr ríkissjóði.

b. Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ þrívegis í 2. og 4. mgr. kemur: félags- og tryggingamálaráðherra.

3. gr.

Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 5. gr. laganna kemur: Félags- og tryggingamálaráðherra.

4. gr.

Á eftir 3. mgr. 7. gr. laganna kemur ný málsgrein, 4. mgr., svohljóðandi:

Fullt nám samkvæmt lögum þessum er 75–100% samfellt nám, verklegt eða bóklegt, í viðurkenndri menntastofnun innan hins almenna menntakerfis á Íslandi sem stendur yfir í a.m.k. sex mánuði. Enn fremur er átt við 75–100% nám á háskólastigi og annað nám sem gerir sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og nám á háskólastigi. Einstök námskeið teljast ekki til náms.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „móður“ í 2. mgr. kemur: foreldri.
b. Á eftir 3. mgr. kemur ný málsgrein, 4. mgr., svohljóðandi:

   Þrátt fyrir 1. mgr. skal foreldri, sbr. 1. mgr. 1. gr., öðlast rétt til fæðingarorlofs í allt að níu mánuði hafi hitt foreldrið andast á meðgöngu barns og barnið fæðist lifandi.
c. Í stað orðanna „4. mgr.“ í 7. mgr., sem verður 8. mgr., kemur: 5. mgr.
d. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

   Foreldri sem er ófært vegna sjúkdóms eða afleiðinga slyss eða afplánunar refsivistar um að annast barn sitt á fyrstu átján mánuðunum eftir fæðingu þess er heimilt að framselja rétt sinn til fæðingarorlofs sem það hefur ekki þegar nýtt sér til hins foreldrisins að hluta eða öllu leyti. Hið sama gildir þegar foreldri er ófært um að annast barn sitt af sömu ástæðum á fyrstu átján mánuðunum eftir að barn kemur inn á heimili við frumættleiðingu eða töku í varanlegt fóstur. Á þetta við hvort sem foreldrar fara sameiginlega með forsjá barnsins eða ekki. Heimilt er að veita undanþágu frá samþykki foreldris um framsal réttinda þegar foreldri er ófært um að veita samþykki sitt vegna sjúkdóms eða afleiðinga slyss og skal þá Vinnumálastofnun meta hvort skilyrðum um framsal réttindanna sé fullnægt. Ástand foreldris vegna sjúkdóms eða afleiðinga slyss sem leiðir til þess að foreldrið er ófært um að annast barnið á fyrrgreindu tímabili eða veita samþykki sitt um framsal réttinda sinna skal staðfest með læknisvottorði þess sérfræðilæknis sem annast foreldrið. Fangelsismálayfirvöld skulu staðfesta að foreldrið muni afplána refsivist á fyrrgreindu tímabili. Við tilfærsluna verður réttur þess foreldris sem framselur rétt sinn að þeim réttindum er hitt foreldrið hefur áunnið sér samkvæmt lögum þessum.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „kona“ í 1. mgr. kemur: foreldri, og í stað orðsins „henni“ í sömu málsgrein kemur: því.
b. 2. málsl. 2. mgr. fellur brott.

7. gr.

Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ í 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: félags- og tryggingamálaráðherra.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „2. og 4. mgr. 8. gr.“ í 1. mgr. kemur: 2. og 5. mgr. 8. gr.
b. 3. málsl. 1. mgr. verður svohljóðandi: Þegar foreldri hefur töku fæðingarorlofs fyrir fæðingardag barns, sbr. 2. mgr. 8. gr., 11. gr. og 4. mgr. 17. gr., skal þó miða við þann dag er foreldrið hefur fæðingarorlof að því er það foreldri varðar.
c. 2. mgr. verður svohljóðandi:

   Mánaðarleg greiðsla Fæðingarorlofssjóðs til starfsmanns, sbr. 2. mgr. 7. gr., í fæðingarorlofi skal nema 80% af meðaltali heildarlauna og skal miða við tólf mánaða samfellt tímabil sem lýkur sex mánuðum fyrir fæðingardag barns eða þann dag sem barn kemur inn á heimili við frumættleiðingu eða töku í varanlegt fóstur. Til launa teljast hvers konar laun og aðrar þóknanir samkvæmt lögum um tryggingagjald sem og greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði, greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði, sjúkra- og slysadagpeningar, greiðslur úr sjúkrasjóðum stéttarfélaga eða bætur frá tryggingafélagi vegna tímabundins atvinnutjóns, sbr. a–d-liði 2. mgr. 13. gr. a. Þegar um er að ræða greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði, Atvinnuleysistryggingasjóði, sjúkrasjóði stéttarfélags eða bætur frá tryggingafélagi vegna tímabundins atvinnutjóns á viðmiðunartímabili skal taka mið af þeim viðmiðunartekjum sem þær greiðslur miðuðust við og skal aldrei taka mið af hærri fjárhæð en nemur þeim viðmiðunartekjum enda þótt foreldri hafi fengið mismuninn milli þessara greiðslna og viðmiðunartekna bættan samhliða greiðslunum. Einungis skal miða við meðaltal heildarlauna fyrir þá mánuði á viðmiðunartímabili sem foreldri hefur verið á innlendum vinnumarkaði, sbr. einnig 2. mgr. 13. gr. a. Aldrei skal þó miða við færri mánuði en fjóra við útreikning á meðaltali heildarlauna.
d. 5. mgr. verður svohljóðandi:

   Mánaðarleg greiðsla Fæðingarorlofssjóðs til sjálfstætt starfandi einstaklings, sbr. 3. mgr. 7. gr., skal nema 80% af meðaltali reiknaðs endurgjalds sem greitt hefur verið tryggingagjald af og skal miða við tekjuárið á undan fæðingarári barns eða því ári er barn kemur inn á heimili við frumættleiðingu eða töku í varanlegt fóstur. Að öðru leyti gilda ákvæði 2.–4. mgr. eins og við getur átt.
e. Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ tvívegis í 7. mgr. kemur: félags- og tryggingamálaráðherra.
f. Á eftir 2. málsl. 9. mgr. bætist við nýr málsliður, svohljóðandi: Eingöngu skulu greiðslur frá vinnuveitanda sem ætlaðar eru fyrir það tímabil sem foreldri er í fæðingarorlofi koma til frádráttar greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði.
g. Í stað orðanna „áætlaðan fæðingardag“ í 10. mgr. kemur: fæðingardag.
h. Í stað 11. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

   Þegar foreldri hefur starfað á innlendum vinnumarkaði a.m.k. síðasta mánuðinn á ávinnslutímabili skv. 1. mgr. skal Vinnumálastofnun, að því marki sem nauðsynlegt er, taka tillit til starfstímabila þess sem starfsmanns eða sjálfstætt starfandi einstaklings í öðru aðildarríki að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, Norðurlandasamningnum um almannatryggingar, stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða samningi milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar á ávinnslutímabilinu enda hafi störf foreldris veitt foreldrinu rétt samkvæmt lögum þess ríkis um fæðingarorlof. Skilyrði er að foreldri hafi hafið störf á innlendum vinnumarkaði innan tíu virkra daga frá því að það hætti störfum á vinnumarkaði í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, í öðru Norðurlandaríki, í öðru EFTA-ríki eða í Færeyjum. Foreldri skal láta tilskilin vottorð um áunnin starfstímabil

og tryggingatímabil í öðru ríki í samræmi við ákvæði samninganna fylgja með umsókn um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði skv. 15. gr.

Félags- og tryggingamálaráðherra er heimilt að kveða í reglugerð nánar á um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði, svo sem um mat á starfshlutfalli sjálfstætt starfandi einstaklinga, rétt þeirra sem gegna störfum á innlendum vinnumarkaði sem eru undanskilin greiðslu tryggingagjalds lögum samkvæmt, rétt þeirra sem hafa starfað í öðrum aðildarríkjum að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. einnig gerðir sem felldar hafa verið undir VI. viðauka samningsins, aðildarríkjum að Norðurlandasamningnum um almannatryggingar, stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða samningi milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar og hvaða greiðslur frá vinnuveitendum heimilt sé að taka tillit til við útreikninga skv. 9. mgr.

9. gr.

Á eftir 13. gr. laganna kemur ný grein, 13. gr. a, svohljóðandi, ásamt fyrirsögn:

Þátttaka á vinnumarkaði.

Þátttaka á innlendum vinnumarkaði í skilningi IV. kafla felur í sér að starfa í annarra þjónustu í a.m.k. 25% starfshlutfalli í hverjum mánuði eða að starfa við eigin rekstur, án tillits til félagsforms, í því umfangi að hlutaðeiganda er gert að standa mánaðarlega, eða með öðrum reglulegum hætti samkvæmt ákvörðun skattyfirvalda, skil á tryggingagjaldi. Fullt starf miðast við 172 vinnustundir á mánuði, en þó skal jafnan tekið tillit til fjölda vinnustunda sem samkvæmt kjarasamningi teljast fullt starf.

Til þátttöku á vinnumarkaði telst enn fremur:

a. orlof eða leyfi samkvæmt lögum, kjarasamningi eða ráðningarsamningi þótt ólaunað sé að hluta eða öllu leyti,
b. sá tími sem foreldri fær greiddar atvinnuleysisbætur, er á biðtíma eftir slíkum bótum eða hefði átt rétt á þeim hefði foreldrið skráð sig án atvinnu samkvæmt gildandi lögum um atvinnuleysistryggingar,
c. sá tími sem foreldri fær greidda sjúkra- eða slysadagpeninga, er á biðtíma eftir dagpeningum eða hefði átt rétt á þeim hefði foreldri sótt um þá til Tryggingastofnunar ríkisins samkvæmt gildandi lögum um almannatryggingar, eða fær greiðslur úr sjúkrasjóði stéttarfélags enda hafi foreldri látið af launuðum störfum af heilsufarsástæðum,
d. sá tími sem foreldri nýtur bóta frá tryggingafélagi sem koma í stað launa vegna tímabundins atvinnutjóns af völdum slysa.

Vinnumálastofnun metur á grundvelli laga um atvinnuleysistryggingar hvort foreldri hefði átt rétt á atvinnuleysisbótum hefði það skráð sig án atvinnu á þeim tíma sem um er að ræða, sbr. b-lið 2. mgr.

Tryggingastofnun ríkisins metur á grundvelli laga um almannatryggingar hvort foreldri hefði átt rétt á sjúkra- eða slysadagpeningum hefði það sótt um þá fyrir þann tíma sem um er að ræða, sbr. c-lið 2. mgr.

10. gr.

Orðin „og greiðir þá Fæðingarorlofssjóður lögbundið framlag á móti“ í 1. mgr. 14. gr. laganna falla brott.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. verður svohljóðandi: Vilji foreldri hefja fæðingarorlof fyrir áætlaðan fæðingardag, sbr. 2. mgr. 8. gr., ber því að tilkynna það Vinnumálastofnun þremur vikum fyrir fyrirhugaðan upphafsdag fæðingarorlofs.

b. 2. mgr. verður svohljóðandi:

Umsóknin skal vera skrifleg á þar til gerðu eyðublaði og skal fylgja henni afrit af tilkynningum um fæðingarorlof skv. 9. gr. sem foreldrar hafa fengið samþykktar hjá vinnuveitendum sínum þar sem fram kemur fyrirhugaður upphafsdagur, lengd og tilhögun fæðingarorlofs hvors foreldris fyrir sig. Þegar foreldri er sjálfstætt starfandi einstaklingur skal það tekið fram í umsókninni og tilgreint um fyrirhugaðan upphafsdag, lengd og tilhögun fæðingarorlofs. Umsóknin skal undirrituð af foreldrum, enda fari þeir báðir með forsjá barnsins. Skal forsjárlaust foreldri undirrita umsókn uppfylli það skilyrði 7. mgr. 8. gr. Gildir hið sama þótt annað foreldrið sé utan vinnumarkaðar eða í námi, sbr. 2. mgr. 1. gr., en skal þess getið í umsókn sé jafnframt sótt um fæðingarstyrk fyrir það foreldri skv. VI. kafla.

c. Í stað orðanna „vegna tekjuára“ í 3. mgr. kemur: vegna viðmiðunartímabila.

d. 5. mgr. verður svohljóðandi:

Þegar foreldri getur ekki tekið fæðingarorlof á þeim tíma er það tilkynnti Vinnumálastofnun um skv. 2. mgr. vegna ófyrirsjáanlegra ástæðna ber foreldri að tilkynna Vinnumálastofnun skriflega um breytinguna á þar til gerðu eyðublaði. Vinnuveitandi foreldris skal staðfesta samþykki sitt um breytingu á tilhögun fæðingarorlofs foreldris með undirritun sinni.

12. gr.

Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 4. mgr. 15. gr. a laganna kemur: Félags- og tryggingamálaráðherra.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. b laganna:

a. 1. mgr. verður svohljóðandi:

Vinnumálastofnun skal annast eftirlit með framkvæmd laganna. Félags- og tryggingamálaráðherra er þó heimilt að ákveða annað fyrirkomulag í reglugerð.

b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:

Skattyfirvöld skulu láta Vinnumálastofnun í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru eftirlitinu með framkvæmd laganna.

c. Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 2. mgr., sem verður 3. mgr., kemur: Félags- og tryggingamálaráðherra.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. mgr. 17. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „læknis“ í 1. málsl. kemur: sérfræðilæknis.

b. Í stað orðsins „aðila“ í 2. málsl. kemur: sérfræðilækni.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna:

a. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:

Þrátt fyrir 1. mgr. skal foreldri sem er utan vinnumarkaðar eða í minna en 25% starfshlutfalli í hverjum mánuði öðlast rétt til fæðingarstyrks í allt að níu mánuði hafi hitt foreldrið andast á meðgöngu barns og barnið fæðist lifandi.

b. Á eftir 2. mgr., sem verður 3. mgr., kemur ný málsgrein, 4. mgr., svohljóðandi:

Hafi foreldri haft lögheimili hér á landi a.m.k. síðasta mánuðinn fyrir fæðingardag barns skal Vinnumálastofnun, að því marki sem nauðsynlegt er, taka tillit til búsetutímabila foreldris í öðru aðildarríki að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, Norðurlandasamningnum um almannatryggingar, stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða samningi milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar á ávinnslutímabilinu þegar metið er hvort foreldri fullnægi lögheimilisskilyrði skv. 3. mgr. enda hafi foreldri verið tryggt á sama tíma í því ríki og ekki hefur liðið meira en mánuður frá því að tryggingatímabili samkvæmt lögum þess ríkis var lokið. Foreldri skal láta tilskilin vottorð um búsetutímabil og tryggingatímabil í öðru ríki í samræmi við ákvæði samninganna fylgja með umsókn um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði skv. 23. gr.

c. Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ tvívegis í 3. mgr., sem verður 5. mgr., kemur: félags- og tryggingamálaráðherra.

d. Við 5. mgr., sem verður 7. mgr., bætist: sbr. þó 8. mgr.

e. Á eftir 5. mgr., sem verður 7. mgr., kemur ný málsgrein, 8. mgr., svohljóðandi:

Forsjárlaust foreldri á rétt til fæðingarstyrks liggi fyrir samþykki þess foreldris sem fer með forsjána um að forsjárlausa foreldrið hafi umgengni við barnið þann tíma sem greiðsla fæðingarstyrks stendur yfir.

f. Í stað orðanna „4. mgr.“ í 8. mgr., sem verður 11. mgr., kemur: 6. mgr.

g. Við greinina bætast tvær nýjar málsgreinar, 12. og 13. mgr., svohljóðandi:

Foreldri sem er ófært vegna sjúkdóms eða afleiðinga slyss eða afplánunar refsivistar um að annast barn sitt á fyrstu átján mánuðunum eftir fæðingu þess er heimilt að framselja rétt sinn til fæðingarstyrks sem það hefur ekki þegar nýtt sér til hins foreldrisins að hluta eða öllu leyti. Hið sama gildir þegar foreldri er ófært um að annast barn sitt af sömu ástæðum á fyrstu átján mánuðunum eftir að barn kemur inn á heimili við frumættleiðingu eða töku í varanlegt fóstur. Á þetta við hvort sem foreldrar fara sameiginlega með forsjá barnsins eða ekki. Heimilt er að veita undanþágu frá samþykki foreldris um framsal réttinda þegar foreldri er ófært um að veita samþykki sitt vegna sjúkdóms eða afleiðinga slyss og skal þá Vinnumálastofnun meta hvort skilyrðum um framsal réttindanna sé fullnægt. Ástand foreldris vegna sjúkdóms eða afleiðinga slyss sem leiðir til þess að foreldrið er ófært um að annast barnið á fyrrgreindu tímabili eða veita samþykki sitt um framsal réttinda sinna skal staðfest með læknisvottorði þess sérfræðilæknis sem annast foreldrið. Fangelsismálayfirvöld skulu staðfesta að foreldrið muni afplána refsivist á fyrrgreindu tímabili. Við tilfærsluna verður réttur þess foreldris sem framselur rétt sinn að þeim réttindum er hitt foreldrið hefur áunnið sér samkvæmt lögum þessum.

Ráðherra er heimilt að kveða í reglugerð nánar á um framkvæmd þessa ákvæðis.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. laganna:

a. 1. mgr. verður svohljóðandi:

Foreldrar sem hafa verið í fullu námi í a.m.k. sex mánuði á síðustu tólf mánuðum fyrir fæðingu barns, frumættleiðingu eða töku barns í varanlegt fóstur og sýnt viðunandi námsárangur eiga sjálfstæðan rétt til fæðingarstyrks í allt að þrjá mánuði, hvort um sig vegna fæðingar, frumættleiðingar eða töku barns í varanlegt fóstur. Þessi réttur er ekki framseljanlegur. Auk þess eiga foreldrar sameiginlegan rétt á fæðingarstyrk í þrjá mánuði til viðbótar sem annað foreldrið getur tekið í heild eða foreldrar skipt með sér. Foreldri skal leggja fram staðfestingu frá viðkomandi skóla um að það hafi verið skráð í fullt nám og sýnt viðunandi námsárangur. Heimilt er að taka tillit til ástundunar náms í stað námsárangurs á þeirri skólaönn sem barn fæðist. Réttur til fæðingarstyrks vegna fæðingar fellur niður er barnið nær átján mánaða aldri.

b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:

Þrátt fyrir 1. mgr. skal foreldri sem hefur verið í fullu námi í a.m.k. sex mánuði á síðustu tólf mánuðum fyrir fæðingu barns, frumættleiðingu eða töku barns í varanlegt fóstur og sýnt viðunandi námsárangur öðlast rétt til fæðingarstyrks í allt að níu mánuði hafi hitt foreldrið andast á meðgöngu barns og barnið fæðist lifandi.

c. Á eftir 3. málsl. 2. mgr., sem verður 3. mgr., kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Hið sama gildir þegar foreldri hefur flutt lögheimili sitt tímabundið og stundar fjarnám við íslenskan skóla á þeim tíma enda hafi foreldri átt lögheimili hér á landi samfellt í a.m.k. fimm ár fyrir flutning og fullnægir öðrum skilyrðum um fæðingarstyrk til foreldra í fullu námi.

d. Á eftir 2. mgr., sem verður 3. mgr., kemur ný málsgrein, 4. mgr., svohljóðandi:

Hafi foreldri haft lögheimili hér á landi a.m.k. síðasta mánuðinn fyrir fæðingardag barns skal Vinnumálastofnun, að því marki sem nauðsynlegt er, taka tillit til búsetutímabila foreldris í öðru aðildarríki að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, Norðurlandasamningnum um almannatryggingar, stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða samningi milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar á ávinnslutímabilinu þegar metið er hvort foreldri fullnægi lögheimilisskilyrði skv. 3. mgr. enda hafi foreldri verið tryggt á sama tíma í því ríki og ekki hefur liðið meira en mánuður frá því að tryggingatímabili samkvæmt lögum þess ríkis var lokið. Foreldri skal láta tilskilin vottorð um búsetutímabil og tryggingatímabil í öðru ríki í samræmi við ákvæði samninganna fylgja með umsókn um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði skv. 23. gr.

e. Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ tvívegis í 3. mgr., sem verður 5. mgr., kemur: félags- og tryggingamálaráðherra.

f. Við 5. mgr., sem verður 7. mgr., bætist: sbr. þó 8. mgr.

g. Á eftir 5. mgr., sem verður 7. mgr., kemur ný málsgrein, 8. mgr., svohljóðandi:

Forsjárlaust foreldri á rétt til fæðingarstyrks liggi fyrir samþykki þess foreldris sem fer með forsjána um að forsjárlausa foreldrið hafi umgengni við barnið þann tíma sem greiðsla fæðingarstyrks stendur yfir.

h. Á eftir 9. mgr., sem verður 12. mgr., kemur ný málsgrein, 13. mgr., svohljóðandi:

Heimilt er að greiða móður fæðingarstyrk skv. 1. mgr. þó að hún uppfylli ekki skilyrði um viðunandi námsárangur og/eða ástundun enda hafi hún ekki getað stundað nám á meðgöngu vegna heilsufarsástæðna. Móðir skal leggja fram vottorð sérfræðilæknis sem annast hefur hana á meðgöngu því til staðfestingar ásamt staðfestingu frá skóla um

að hún hafi verið skráð í fullt nám. Vinnumálastofnun er heimilt að óska eftir umsögn frá öðrum sérfræðilækni.

i. Í stað orðanna „4. mgr.“ í 10. mgr., sem verður 14. mgr., kemur: 6. mgr.

j. Á eftir 10. mgr., sem verður 14. mgr., kemur ný málsgrein, 15. mgr., svohljóðandi:

Foreldri sem er ófært vegna sjúkdóms eða afleiðinga slyss eða afplánunar refsivistar um að annast barn sitt á fyrstu átján mánuðunum eftir fæðingu þess er heimilt að framselja rétt sinn til fæðingarstyrks sem það hefur ekki þegar nýtt sér til hins foreldrisins að hluta eða öllu leyti. Hið sama gildir þegar foreldri er ófært um að annast barn sitt af sömu ástæðum á fyrstu átján mánuðunum eftir að barn kemur inn á heimili við frumættleiðingu eða töku í varanlegt fóstur. Á þetta við hvort sem foreldrar fara sameiginlega með forsjá barnsins eða ekki. Heimilt er að veita undanþágu frá samþykki foreldris um framsal réttinda þegar foreldri er ófært um að veita samþykki sitt vegna sjúkdóms eða afleiðinga slyss og skal þá Vinnumálastofnun meta hvort skilyrðum um framsal réttindanna sé fullnægt. Ástand foreldris vegna sjúkdóms eða afleiðinga slyss sem leiðir til þess að foreldrið er ófært um að annast barnið á fyrrgreindu tímabili eða veita samþykki sitt um framsal réttinda sinna skal staðfest með læknisvottorði þess sérfræðilæknis sem annast foreldrið. Fangelsismálayfirvöld skulu staðfesta að foreldrið muni afplána refsivist á fyrrgreindu tímabili. Við tilfærsluna verður réttur þess foreldris sem framselur rétt sinn að þeim réttindum er hitt foreldrið hefur áunnið sér samkvæmt lögum þessum.

17. gr.

Í stað 1. mgr. 21. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Foreldrar eiga sameiginlegan rétt til fæðingarstyrks í þrjá mánuði til viðbótar fyrir hvert barn umfram eitt sem fæðist á lífi.

Foreldrar sem ættleiða eða taka í varanlegt fóstur fleiri börn en eitt á sama tíma eiga sameiginlegan rétt til fæðingarstyrks í þrjá mánuði til viðbótar fyrir hvert barn umfram eitt.

18. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. mgr. 22. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „læknis“ í 1. málsl. kemur: sérfræðilæknis.

b. Í stað orðsins „aðila“ í 2. málsl. kemur: sérfræðilækni.

19. gr.

2. mgr. 33. gr. laganna verður svohljóðandi:

Foreldri sem nýtur greiðslna í fæðingarorlofi á ekki rétt til sjúkra- eða slysadagpeninga samkvæmt lögum um almannatryggingar.

20. gr.

Á eftir 33. gr. laganna kemur ný grein, 33. gr. a, svohljóðandi, ásamt fyrirsögn:

Fjárnám óheimilt.

Óheimilt er að gera fjárnám í greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði eða fæðingarstyrk samkvæmt lögum þessum sem ekki hafa verið greiddar til foreldris. Þá er jafnframt óheimilt að taka greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði eða fæðingarstyrk til greiðslu opinberra gjalda annarra en staðgreiðslu opinberra gjalda.

21. gr.

Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 35. gr. laganna kemur: Félags- og tryggingamálaráðherra.

22. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2008 og eiga við um foreldra barna sem fæðast, eru ættleidd eða eru tekin í varanlegt fóstur 1. júní 2008 eða síðar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á ákvæðum laga nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum. Við smíði frumvarpsins hafði félags- og tryggingamálaráðuneytið meðal annars hliðsjón af reynslu þeirra sem fara með framkvæmd laganna sem og ábendingum sem hafa borist ráðuneytinu um atriði sem mættu fara betur.

Lagðar eru til breytingar á viðmiðunartímabilinu sem lagt er til grundvallar útreikningum á greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði. Samkvæmt lögunum er við útreikninga á greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði miðað við meðaltal heildarlauna foreldra yfir tvö tekjuár á undan fæðingarári barns eða því ári sem barn kemur inn á heimili vegna frumættleiðingar eða töku í varanlegt fóstur. Þetta fyrirkomulag hefur sætt nokkurri gagnrýni og er því lagt til að því verði breytt með frumvarpi þessu þannig að miðað verði við meðaltal heildarlauna foreldris yfir tólf mánaða samfellt tímabil sem lýkur sex mánuðum fyrir fæðingardag barns eða þann dag sem barn kemur inn á heimili við frumættleiðingu eða töku í varanlegt fóstur. Þó er gert ráð fyrir að viðmiðunartímabil vegna foreldra sem eru sjálfstætt starfandi einstaklingar verði tekjuárið á undan fæðingarári barns eða því ári sem barn kemur inn á heimili vegna frumættleiðingar eða töku í varanlegt fóstur. Áfram er gert ráð fyrir að hafi foreldri ekki verið á vinnumarkaði á öllu viðmiðunartímabilinu skuli miða við meðalheildarlaun þess fyrir það tímabil sem foreldri telst hafa verið á innlendum vinnumarkaði í skilningi laganna. Þar á meðal teljast tilteknar tímabundnar aðstæður sem hafa þótt jafnast á við þátttöku á vinnumarkaði, svo sem þegar foreldri er í orlofi eða leyfi, samkvæmt lögum, kjarasamningi eða ráðningarsamningi þótt ólaunað sé að hluta eða öllu leyti, fæðingarorlofi, tímabundið án atvinnu og hefur sótt um greiðslur innan atvinnuleysistryggingakerfisins eða hefur verið óvinnufært vegna sjúkdóms eða afleiðinga slyss. Lagt er til að miðað verði við heildarlaun foreldra eins og verið hefur en jafnframt verði taldar með þær greiðslur er koma til vegna fyrrgreindra aðstæðna auk hvers konar launa eða annarra þóknana samkvæmt lögum um tryggingagjald.

Lagt er til að eftirlit með framkvæmd laganna verði fært frá skattyfirvöldum til Vinnumálastofnunar. Lögð er áfram áhersla á nána samvinnu milli Vinnumálastofnunar og skattyfirvalda við framkvæmd eftirlitsins, meðal annars að því er varðar miðlun upplýsinga í þágu eftirlitsins. Einkum er átt við að fylgst verði með því að foreldrar leggi sannanlega niður störf í fæðingarorlofi og að þeir hagnist ekki á greiðslum úr sjóðnum þannig að um viðbót sé að ræða við tekjur þeirra fyrir sama tímabil.

Enn fremur er gert ráð fyrir að forsjárlausir foreldrar öðlist rétt til fæðingarstyrks enda liggi fyrir samþykki þess foreldris sem fer með forsjána um að forsjárlausa foreldrið hafi umgengni við barnið þann tíma sem greiðsla fæðingarstyrks stendur yfir.

Þá er lagt til að atriði er varða rétt námsmanna til fæðingarstyrks sem eingöngu hefur verið kveðið á um í reglugerð verði fært í lög. Er það nýmæli jafnframt lagt til að jafnræðis verði gætt milli námsmanna við íslenska skóla að því er varðar greiðslu fæðingarstyrks hvort sem þeir stunda hefðbundið nám við skólann eða eru í fjarnámi án tillits til búsetu. Er því lagt til

að heimilt verði að veita undanþágu frá lögheimilisskilyrði laganna hafi námsmaður sem stundar fjarnám við íslenskan skóla flutt lögheimili sitt tímabundið til útlanda enda hafi hann átt lögheimili hér landi í að minnsta kosti fimm ár á undan flutningi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Breyting sú sem lögð er til á 3. gr. laganna er í samræmi við þá breytingu sem gerð var á lögum nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, með lögum nr. 109/2007, og er tilkomin vegna tilfærslu málaflokka milli ráðuneyta sem tók gildi 1. janúar 2008.

Um 2. gr.

Lagt er til að sú heimild sem kveðið er á um í 2. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna um að vinnuveitandi annist greiðslur í fæðingarorlofi samkvæmt samkomulagi við Fæðingarorlofssjóð sem hann fær síðan endurgreiddar úr sjóðnum verði felld brott. Þessi heimild hefur aldrei verið nýtt enda talið eðlilegra að Fæðingarorlofssjóður annist þessar greiðslur beint til foreldra á grundvelli viðeigandi upplýsinga frá skattyfirvöldum.

Enn fremur er lögð til breyting til samræmis við þá breytingu sem gerð var á lögum nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, með lögum nr. 109/2007, og er tilkomin vegna tilfærslu málaflokka milli ráðuneyta sem tók gildi 1. janúar 2008.

Um 3. gr.

Breyting sú sem lögð er til á 5. gr. laganna er í samræmi við þá breytingu sem gerð var á lögum nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, með lögum nr. 109/2007, og er tilkomin vegna tilfærslu málaflokka milli ráðuneyta sem tók gildi 1. janúar 2008.

Um 4. gr.

Lagt er til að 75–100% samfellt nám, verklegt eða bóklegt, í viðurkenndri menntastofnun innan hins almenna menntakerfis á Íslandi sem stendur yfir í a.m.k. sex mánuði verði talið fullt nám samkvæmt lögunum. Enn fremur er lagt til að það sama gildi um 75–100% nám á háskólastigi sem og um annað nám sem gerir sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og nám á háskólastigi. Þá er lagt til að einstök námskeið teljist ekki til náms.

Um 5. gr.

Með ákvæði þessu er lagt til að báðir foreldrar geti hafið fæðingarorlof einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag sem staðfestur er með læknisvottorði en ekki eingöngu móðirin. Ástæða þessa er einkum sú að upp kunna að koma aðstæður í tengslum við meðgönguna þar sem mikilvægt er að báðir foreldrar eigi þess kost að vera í fæðingarorlofi skömmu fyrir fæðinguna. Sem dæmi má nefna þegar móðir þarf að dvelja fjarri heimili sínu síðustu dagana fyrir áætlaðan fæðingardag vegna þess að hún getur ekki fætt barn sitt í heimabyggð sinni vegna áhættufæðingar og kann þá að vera mikilvægt að fjölskylda hennar geti fylgt henni.

Komið hafa upp tilvik þar sem annað foreldrið hefur andast á meðgöngu barns og þar með hefur ekki stofnast til réttar þess foreldris til fæðingarorlofs samkvæmt lögunum. Yfirfærsla réttinda skv. 7. mgr. 8. gr. laganna hefur því ekki komið til álita enda þótt að tilvikin séu að öðru leyti sambærileg. Þykir ástæða til að breyta þessu til að gæta megi sanngirnis. Í ljósi þess að ekki getur komið til yfirfærslu réttinda milli foreldra í þessum tilvikum er lagt til að þegar annað foreldrið andast á meðgöngu barns og barnið fæðist lifandi öðlist eftirlifandi foreldrið rétt til fæðingarorlofs sem svarar til réttinda beggja foreldra. Þegar metinn er réttur

hins eftirlifandi foreldris á grundvelli laganna er farið eftir aðstæðum þess foreldris óháð stöðu hins látna foreldris við andlátið þannig að hafi eftirlifandi foreldrið verið á vinnumarkaði getur það átt rétt til allt að níu mánaða fæðingarorlofs. Hafi eftirlifandi foreldrið hins vegar verið utan vinnumarkaðar, í minna en 25% starfi eða námi getur það átt rétt til fæðingarstyrks til jafnlangs tíma, sbr. 15. og 16. gr. frumvarps þessa.

Þá er lagt til að heimild til yfirfærslu réttinda til fæðingarorlofs milli foreldra verði rýmkuð þannig að hún nái ekki eingöngu til tilvika þegar annað foreldrið andast heldur einnig til tilvika er annað foreldrið er ófært vegna sjúkdóms eða afleiðinga slyss eða afplánunar refsivistar um að annast barn sitt á fyrstu átján mánuðunum eftir fæðingu þess. Hið sama gildir þegar foreldri er ófært um að annast barn sitt af sömu ástæðum á fyrstu átján mánuðunum eftir að barn kemur inn á heimili við frumættleiðingu eða töku í varanlegt fóstur. Er þá gert ráð fyrir að foreldrið sem svo er ástatt um geti framselt rétt sinn til fæðingarorlofs sem það hefur ekki þegar nýtt sér til hins foreldrisins að hluta eða öllu leyti. Er miðað við að þetta eigi við um foreldra hvort sem þeir fara sameiginlega með forsjá barnsins eða ekki. Þannig þarf forsjárlaust foreldri að framselja rétt sinn til fæðingarorlofs til þess foreldris sem fer með forsjána að því gefnu að síðarnefnda foreldrið hafi áður veitt samþykki sitt um að forsjárlausa foreldrið hefði umgengni við barnið þann tíma sem fæðingarorlofi þess var ætlað að standa yfir. Ástæðan er sú að áhersla er lögð á að barn njóti samvista við báða foreldra sína fyrstu mánuði ævinnar óháð því hvort foreldrar fari sameiginlega með forsjá barnsins eða ekki. Er því talið mikilvægt að forsjárlaust foreldri fái notið fæðingarorlofs síns, sbr. 6. mgr. ákvæðisins, sem verður 7. mgr., ef þess er nokkur kostur, sbr. einnig 28. gr. barnalaga, nr. 76/2003. Getur verið um að ræða framsal réttinda að hluta eða öllu leyti enda kann foreldrið að hafa nýtt sér hluta af fæðingarorlofi sínu áður en til dæmis sjúkdómur kemur upp eða slys verður eða það sér fram á að geta einungis nýtt sér hluta þess vegna fyrrgreindra aðstæðna. Gert er ráð fyrir að heimilt verði að veita undanþágu frá samþykki foreldris um framsal réttinda þegar foreldri er ófært samkvæmt mati sérfræðilækna um að veita samþykki sitt um framsal vegna sjúkdóms eða afleiðinga slyss. Ástand foreldris vegna sjúkdóms eða afleiðinga slyss skal staðfest með læknisvottorði þess sérfræðilæknis sem annast foreldrið. Enn fremur er gert ráð fyrir að fangelsismálayfirvöld staðfesti að foreldri afpláni refsivistina á þessum tíma. Á sama hátt og gildir um yfirfærslu réttinda þegar annað foreldrið andast er gert ráð fyrir að við tilfærslu réttinda verði réttur þess foreldris sem framselur rétt sinn að þeim réttindum sem hitt foreldrið hefur áunnið sér samkvæmt lögunum.

Um 6. gr.

Breyting sú sem lögð er til er í samræmi við þá breytingu sem lögð er til í a-lið 5. gr. frumvarps þessa um að báðir foreldrar geti hafið fæðingarorlof einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag sem staðfestur er með læknisvottorði í stað eingöngu móður áður. Enn fremur þykir ástæðulaust að kveðið sé sérstaklega á um að skipting fæðingarorlofs milli foreldra komi fram í tilkynningu til vinnuveitanda hvors foreldris fyrir sig enda þótt gera megi ráð fyrir að foreldri kunni að upplýsa vinnuveitanda sinn um skipulag foreldra á fæðingarorlofi þegar gefnar eru skýringar á tilhögun orlofsins.

Um 7. gr.

Breyting sú sem lögð er til á 1. mgr. 11. gr. laganna er í samræmi við þá breytingu sem gerð var á lögum nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, með lögum nr. 109/2007, og er tilkomin vegna tilfærslu málaflokka milli ráðuneyta sem tók gildi 1. janúar 2008.

Um 8. gr.

Lagðar eru til breytingar á viðmiðunartímabili 13. gr. laganna þannig að betra jafnræðis sé gætt milli foreldra óháð því hvenær barn fæðist á árinu. Er lagt til að viðmiðunartímabilið verði miðað við fæðingardag barns eða þann dag sem barn kemur inn á heimili við frumættleiðingu eða töku í varanlegt fóstur í stað fæðingarársins eða þess árs sem barn kemur inn á heimilið. Gert er ráð fyrir að viðmiðunartímabilið fyrir foreldra sem eru starfsmenn verði tólf mánaða samfellt tímabil sem lýkur sex mánuðum fyrir fæðingardag barns eða þann dag sem barn kemur inn á heimili við frumættleiðingu eða töku í varanlegt fóstur. Hér er átt við almanaksmánuði. Á sama hátt er gert ráð fyrir að foreldrar sem eru sjálfstætt starfandi einstaklingar eigi rétt á greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði sem nema 80% af meðaltali reiknaðs endurgjalds sem greitt hefur verið tryggingagjald af en lagt er til að viðmiðunartímabil vegna þeirra verði tekjuárið á undan því ári er barn fæðist eða kemur inn á heimili við frumættleiðingu eða töku í varanlegt fóstur. Með tekjuári er átt við almanaksár. Ástæða þessa er einkum sú að nokkur eðlismunur er talinn vera á starfstengdum aðstæðum starfsmanna annars vegar og sjálfstætt starfandi einstaklinga hins vegar en sjálfstætt starfandi einstaklingar kunna að hafa meiri áhrif á tekjur sínar en starfsmenn sem starfa í annarra þjónustu. Þykir því mikilvægt að miða við sama tímabil og skattyfirvöld gera að því er sjálfstætt starfandi einstaklinga varðar með það fyrir augum að unnt sé að samkeyra kerfin þegar álagning skattyfirvalda liggur fyrir og tryggja þannig jafnvægi milli inn- og útstreymis Fæðingarorlofssjóðs.

Áfram er gert ráð fyrir að hafi foreldri ekki verið á vinnumarkaði á öllu viðmiðunartímabilinu skal miða við meðalheildarlaun þess fyrir það tímabil sem foreldri hefur verið á innlendum vinnumarkaði. Þar á meðal teljast einnig þær aðstæður sem hafa verið taldar til þátttöku á vinnumarkaði skv. a–d-liðum 2. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 1056/2004, um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði og greiðslu fæðingarstyrks, en með frumvarpi þessu er jafnframt lagt til að fært verði í lög að þær aðstæður teljist til þátttöku á vinnumarkaði, sbr. a–d-liði 2. mgr. 9. gr. frumvarps þessa. Skal þá alltaf miða við almanaksmánuði. Er þá að lágmarki unnt að miða við fjóra almanaksmánuði við útreikning á meðaltali heildarlauna foreldris enda ætíð gert að skilyrði að foreldri hafi uppfyllt skilyrði 1. mgr. 13. gr. laganna um sex mánaða samfellt tímabil á innlendum vinnumarkaði fyrir fæðingardag barns eða þann dag er barn kemur inn á heimilið við frumættleiðingu eða töku í varanlegt fóstur. Enn fremur er gert ráð fyrir að áfram verði miðað við heildarlaun foreldra en þar á meðal verði jafnframt taldar með greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði, greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði, sjúkra- og slysadagpeningar, greiðslur úr sjúkrasjóðum stéttarfélaga og bætur frá tryggingafélagi vegna tímabundins atvinnutjóns auk hvers konar launa og aðrar þóknanir samkvæmt lögum um tryggingagjald. Þetta eru greiðslur sem koma til þegar aðstæður þær sem taldar eru upp í a–d-liðum 2. mgr. 9. gr. frumvarpsins eiga við um foreldra og teljast svara til þátttöku á vinnumarkaði og þar með til ávinnslu fæðingarorlofs skv. 1. mgr. 13. gr. laganna. Verður því að teljast eðlilegt að þær verði hluti af heildarlaunum foreldra sem lögð eru til grundvallar við útreikninga á greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði. Jafnframt er lagt til að þegar um er að ræða greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði, greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði, sjúkrasjóði stéttarfélags eða bætur frá tryggingafélagi vegna tímabundins atvinnutjóns skuli miða við þær viðmiðunartekjur sem þær greiðslur miðuðust við. Hafi því tímabili sem foreldri á rétt á tekjutengdum atvinnuleysisbótum verið lokið skal engu síður miða við viðmiðunartekjur hans sem nýttar voru fyrir tekjutengda tímabilið. Ekki er átt við styrki sem foreldri kann að hafa fengið úr Atvinnuleysistryggingasjóði eða sjúkrasjóðum stéttarfélaga á tímabilinu heldur eingöngu þær greiðslur sem ætlað er að koma í stað launa. Þá skal aldrei miða við hærri fjárhæðir en nemur viðmiðunartekjum foreldra sem lagðar voru til grundvallar greiðslunum á um-

ræddu tímabili sem þessar greiðslur komu til enda þótt foreldri hafi fengið bættan mismun viðmiðunartekna og greiðslnanna sjálfra samhliða greiðslunum. Ástæðan er sú að ekki er ætlunin að tiltekinn hluti teknanna verði metinn tvisvar inn í útreikninga á greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði. Þessu til skýringar má nefna dæmi um foreldri sem hefur í fyrra fæðingarorlofi fengið 80% af viðmiðunartekjum og fengið viðbætur frá vinnuveitanda sem nemur þeim 20% sem á vantaði milli viðmiðunartekna og fæðingarorlofsgreiðslna. Þegar foreldrið fer síðan aftur í fæðingarorlof er tekið mið af fyrri viðmiðunartekjum fyrir þá mánuði sem það var í fæðingarorlofi og lenda innan viðmiðunartímabilsins og því óeðlilegt að taka jafnframt tillit til viðbótanna frá vinnuveitanda. Þá er áfram tekið fram að ekki skuli taka tillit til tekna sem foreldri hefur unnið til utan innlends vinnumarkaðar.

Lögin um fæðingar- og foreldraorlof gera ráð fyrir að allar greiðslur frá vinnuveitanda til foreldris í fæðingarorlofi sem eru umfram mismun greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði og meðaltals heildarlauna foreldris komi til frádráttar greiðslum úr Fæðingarorlofssjóðnum. Þó er heimilt að taka tillit til ákveðinna breytinga á launakjörum foreldra skv. 9. mgr. 13. gr. laganna. Þykir mikilvægt að tekið sé fram að eingöngu sé verið að miða við greiðslur frá vinnuveitanda sem ætlaðar eru fyrir það tímabil sem foreldri er í fæðingarorlofi. Ástæðan er einkum sú að foreldrar kunna að eiga rétt á eingreiðslum frá vinnuveitendum á ákveðnum tíma árs sem koma til framkvæmda meðan foreldri er í fæðingarorlofi en er ætlað fyrir lengra tímabil en nemur fæðingarorlofstíma foreldris. Dæmi um slíkar greiðslur eru bónusgreiðslur sem koma til framkvæmda við árslok en miðast við frammistöðu starfsmanns eða velgengni fyrirtækis á hlutaðeigandi ári. Þá er enn fremur lagt til að félags- og tryggingamálaráðherra geti skilgreint nánar með reglugerð hvaða greiðslna heimilt er að taka tillit til við útreikninga skv. 9. mgr. ákvæðisins og koma því ekki til frádráttar greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði.

Þá er mikilvægt að tekið sé fram að túlka beri lögin í samræmi við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. einnig gerðir sem felldar hafa verið undir VI. viðauka samningsins. Þar á meðal er reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71, um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum og fjölskyldum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja, en samkvæmt reglugerðinni ber meðal annars að taka tillit til starfstíma foreldra á vinnumörkuðum í öðrum ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins við mat á því hvort foreldri teljist eiga rétt á greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði skv. 1. mgr. 13. gr. laganna í fæðingarorlofi. Ákvæði reglugerðarinnar gilda milli ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins, milli Norðurlandanna, þ.m.t. Færeyja og Grænlands, sbr. Norðurlandasamning um almannatryggingar og samning milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar, og gagnvart Sviss, sbr. stofnsamning Fríverslunarsamnings Evrópu. Ekki er um að ræða breytingu á framkvæmd laganna en eðlilegt að kveðið sé skýrt á um hvers konar reglur skuli gilda við mat á tryggingatímabilum milli ríkja að þessu leyti. Skilyrði er að foreldri hafi verið virkur þátttakandi á innlendum vinnumarkaði a.m.k. síðasta mánuðinn fyrir fæðingardag barns eða þann dag sem barn kemur inn á heimili vegna frumættleiðingar eða töku í varanlegt fóstur. Ástæða þessa er að lögin fjalla um réttindi foreldra á innlendum vinnumarkaði til fæðingarorlofs og verður foreldri því sannanlega að hafa verið virkur þátttakandi á innlendum vinnumarkaði þegar til fæðingarorlofs stofnast skv. 8. gr. laganna, sbr. einnig 1. mgr. 1. gr., svo að til álita geti komið að tekið verði tillit til starfstímabila þess í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, í öðru Norðurlandaríki, í öðru EFTA-ríki eða í Færeyjum við mat á því hvort skilyrðum laganna fyrir greiðslum í fæðingarorlofi sé fullnægt. Þegar foreldri hefur verið virkur þátttakandi á innlendum vinnumarkaði a.m.k. síðasta mánuðinn af ávinnslutímabilinu er Vinnumálastofnun því heimilt að taka tillit til starfstíma foreldris í öðru samningsríki á ávinnslutímabili 1. mgr. 13. gr. laganna enda hafi störf foreldris veitt því rétt

samkvæmt lögum þess ríkis um fæðingarorlof. Skal Vinnumálastofnun þá meta starfstímabilin í samræmi við gerðir sem hafa verið felldar undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið um þetta efni sem og, eftir atvikum, Norðurlandasamninginn um almannatryggingar, stofnsamning Fríverslunarsamtaka Evrópu eða samning milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar. Enn fremur er lagt til það skilyrði að foreldri hafi hafið störf innan tíu virkra daga frá því að það hætti störfum á vinnumarkaði í öðru samningsríki eða m.ö.o. að tíu virkir dagar megi að hámarki líða milli tryggingatímabila þannig að ekki verði talið hafa komið rof í ávinnslutímabilið þegar foreldri flytur milli landa. Þykir það hæfilegur tími þegar tekið er tillit til þess að foreldri flytur búferlum milli landa en almennt er ekki gert ráð fyrir að rof komi inn í ávinnslutímabil foreldra skv. 1. mgr. 13. gr. laganna. Jafnframt er gert ráð fyrir að starfstímabil og þar með tryggingatímabil séu staðfest með þar til gerðum vottorðum sem tryggingastofnanir í þeim ríkjum sem flutt er frá gefa út á grundvelli hlutaðeigandi samnings. Leiði samlagning starfstímabila til þess að foreldri eigi rétt á greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði skal þó einungis taka mið af meðaltali heildarlauna foreldris á viðmiðunartímabili sem foreldri hefur verið á innlendum vinnumarkaði, sbr. 2. og 5. mgr. 13. gr. laganna eins og þeim er breytt með frumvarpi þessu. Ekki er um breytingu á framkvæmd laganna að ræða að þessu leyti.

Um 9. gr.

Ákvæði þetta er efnislega samhljóða 3. gr. reglugerðar nr. 1056/2004, um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði og greiðslu fæðingarstyrks, og felur því ekki í sér breytingar á framkvæmd laganna.

Um 10. gr.

Lagt er til að fellt verði brott úr lögunum það ákvæði að greiði foreldri í séreignarsjóð þá greiði Fæðingarorlofssjóður lögbundið framlag á móti. Ekki er um að ræða breytingu á framkvæmd laganna en með lögbundnu mótframlagi Fæðingarorlofssjóðs í séreignarsjóð foreldris er vísað til þess fyrirkomulags sem tíðkaðist á árunum 1999 til ársins 2004 að greiddu launagreiðendur sem svaraði til 10% af innborgun launafólks í viðbótarlífeyrissparnað sem nam 4% af launum þess gátu þeir haldið eftir allt að 0,4% af gjaldstofni almenna tryggingagjaldsins, sbr. lög nr. 148/1998, um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum, og lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, sem og lög nr. 102/2000, um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum. Skilyrði fyrir lækkun tryggingagjaldsins var að um væri að ræða aukningu á lífeyrisréttindum skv. II. og III. kafla laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, sem byggðist á ákvörðun launamanns og að mótframlagið væri innt af hendi um leið og sparnaður var dreginn af launum og ráðstafað til vörsluaðila lífeyrisréttinda. Var gert ráð fyrir að Fæðingarorlofssjóður greiddi sem svaraði þessu mótframlagi launagreiðanda þegar foreldri var í fæðingarorlofi enda héldi foreldri áfram að greiða í séreignarsjóð. Þetta fyrirkomulag var fellt úr lögum um tryggingagjald með lögum nr. 121/2003 sem tóku gildi 1. janúar 2004. Síðan þá hefur ekki verið um að ræða lögbundið mótframlag í viðbótarlífeyrissparnað og ákvæðið því ekki virkt að þessu leyti. Áfram er þó gert ráð fyrir að foreldrum verði heimilt að greiða í séreignarsjóð kjósi þeir að gera það meðan á fæðingarorlofi stendur.

Um 11. gr.

Breyting sú sem lögð er til á 2. málsl. 1. mgr. 15. gr. laganna er í samræmi við þá breytingu sem lögð er til í a-lið 5. gr. frumvarps þessa um að báðir foreldrar geti hafið fæðingarorlof einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag sem staðfestur er með læknisvottorði í stað eingöngu móður áður. Enn fremur er lagt til að umsóknarferlið verði einfaldað með þeim hætti að afrit af tilkynningum um fæðingarorlof til vinnuveitanda skv. 9. gr. laganna fylgi umsóknum án þess að sömu upplýsingar sem þar koma fram þurfi að endurtaka í umsókn um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði. Jafnframt er lagt til að fellt verði brott það skilyrði að vinnuveitendur beggja foreldra áriti umsóknina til Vinnumálastofnunar enda nægilegt að hvor vinnuveitandi fyrir sig hafi veitt samþykki sitt með undirritun sinni á tilkynningu skv. 9. gr. laganna að því er varðar tilhögun fæðingarorlofs þess foreldris er starfar hjá honum.

Þá er lögð áhersla á að vinnuveitandi foreldris staðfesti samþykki sitt á breytingum á áður tilkynntu fæðingarorlofi sem foreldri tilkynnir Vinnumálastofnun um svo að ljóst sé að vinnuveitandi hafi samþykkt nýja tilhögun á fæðingarorlofi í samræmi við 10. gr. laganna.

Um 12. gr.

Breyting sú sem lögð er til á 4. mgr. 15. gr. a laganna er í samræmi við þá breytingu sem gerð var á lögum nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, með lögum nr. 109/2007, og er tilkomin vegna tilfærslu málaflokka milli ráðuneyta sem tók gildi 1. janúar 2008.

Um 13. gr.

Lagt til með frumvarpi þessu að eftirlit með framkvæmd laganna verði fært frá skattyfirvöldum til Vinnumálastofnunar sem annast vörslu Fæðingarorlofssjóðs. Þannig yrði eftirlitið hjá þeim sem annast framkvæmd laganna en einkum er átt við að fylgst verði með því að foreldrar leggi sannanlega niður störf í fæðingarorlofi og að þeir hagnist ekki á greiðslum úr sjóðnum þannig að um viðbót sé að ræða við tekjur þeirra fyrir sama tímabil. Ljóst er að eftirlitið kallar á nána samvinnu Vinnumálastofnunar og skattyfirvalda við framkvæmd eftirlitsins og þá einkum í sambandi við miðlun upplýsinga. Í þeim tilvikum er grunur leikur á að foreldrar leggi ekki niður launuð störf í fæðingarorlofi er mikilvægt að fylgst sé með staðgreiðsluskrá og tryggingagjaldsskrá þann tíma sem fæðingarorlofi var ætlað að standa yfir í því skyni að ganga úr skugga um að hlutaðeigandi foreldri hafi ekki á sama tíma haft hærri tekjur en nemur mismun greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði og meðaltals heildarlauna foreldris á viðmiðunartímabili. Enn fremur kann að vera ástæða til að fylgjast með launagreiðslum til foreldra mánuðina á eftir fæðingarorlofinu sem og að samkeyra upplýsingar um greiðslur til foreldra úr Fæðingarorlofssjóði og álagningu skattyfirvalda þegar hún liggur fyrir. Í því skyni að Vinnumálastofnun geti annast eftirlitið er lagt til að skattyfirvöldum beri að láta stofnuninni í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru eftirlitinu en Vinnumálastofnun er eingöngu heimilt að nota þær upplýsingar í þeim tilgangi.

Um 14. gr.

Með ákvæði þessu er lagt til að í stað orðanna „læknis“ og „aðila“ í 5. mgr. 17. gr. laganna komi orðið sérfræðilæknir en miðað er við að aðstæður móður séu með þeim hætti að hún njóti þjónustu sérfræðilæknis á sviði kvensjúkdóma og fæðingarhjálpar eða annarra sérfræðilækna sem annast móður vegna sjúkdóms hennar er versnar á meðgöngu og veldur óvinnufærni. Enn fremur er gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun geti leitað umsagnar annarra sérfræðilækna sé talin ástæða til.

Um 15. gr.

Lagt er til að gerð verði sambærileg breyting á rétti foreldra til fæðingarstyrks og lagt er til með b-lið 5. gr. frumvarps þessa að gerð verði á rétti foreldra til fæðingarorlofs í tilvikum þegar annað foreldrið andast á meðgöngu barns og barnið fæðist lifandi. Er þá gert ráð fyrir að eftirlifandi foreldrið öðlist rétt til fæðingarstyrks sem svarar til réttinda beggja foreldra. Þegar metinn er réttur hins eftirlifandi foreldris á grundvelli laganna er farið eftir aðstæðum þess foreldris óháð stöðu hins látna foreldris við andlátið þannig að hafi eftirlifandi foreldri staðið utan vinnumarkaðar eða verið í minna en 25% starfi getur það átt rétt til fæðingarstyrks í allt að níu mánuði. Hafi eftirlifandi foreldrið hins vegar verið á vinnumarkaði getur það átt rétt til fæðingarorlofs til jafnlangs tíma, sbr. 5. gr. frumvarps þessa. Jafnframt er lagt til að heimild til yfirfærslu réttinda til fæðingarstyrks milli foreldra verði rýmkuð á sama hátt og lagt er til að yfirfærsla réttinda til fæðingarorlofs milli foreldra verði rýmkuð skv. 5. gr. frumvarps þessa. Yrði þá heimilt að yfirfæra réttindi til fæðingarstyrks milli foreldra þegar annað foreldrið er ófært um að annast barn sitt á fyrstu átján mánuðunum í lífi barnsins vegna sjúkdóms eða afleiðinga slyss eða afplánunar refsivistar. Hið sama gildir þegar foreldri er ófært um að annast barn sitt af sömu ástæðum á fyrstu átján mánuðunum eftir að barn kemur inn á heimili við frumættleiðingu eða töku í varanlegt fóstur. Er að öðru leyti vísað til athugasemda um þessi atriði í athugasemdum við 5. gr. frumvarpsins.

Enn fremur er lagt til að skýrt verði kveðið á um samlagningu búsetutímabila og þar með tryggingatímabila á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. einnig gerðir sem felldar hafa verið undir VI. viðauka samningsins. Þar á meðal er reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71, um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum og fjölskyldum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja, en samkvæmt reglugerðinni ber meðal annars að taka tillit til búsetutíma foreldra í öðrum ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins við mat á því hvort foreldri teljist eiga rétt á fæðingarstyrk skv. VI. kafla laganna. Ákvæði reglugerðarinnar gilda milli ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins, milli Norðurlandanna, þ.m.t. Færeyja og Grænlands, sbr. Norðurlandasamning um almannatryggingar og samning milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar, og gagnvart Sviss, sbr. stofnsamning Fríverslunarsamnings Evrópu. Ekki er um að ræða breytingu á framkvæmd laganna en eðlilegt er talið að kveðið sé skýrt á um hvers konar reglur skuli gilda við mat á tryggingatímabilum milli ríkja að þessu leyti.

Þá er lagt til það nýmæli að forsjárlausir foreldrar sem standa utan vinnumarkaðar eigi jafnframt rétt á greiðslu fæðingarstyrks enda liggi fyrir samþykki þess foreldris sem fer með forsjána um að forsjárlausa foreldrið hafi umgengni við barnið þann tíma sem greiðsla fæðingarstyrks stendur yfir. Leiðir slíkt samþykki af inntaki forsjár en skv. 28. gr. barnalaga, nr. 76/2003, ber foreldri sem fer eitt með forsjá barns sín að stuðla að því að barn njóti umgengni við hitt foreldri sitt nema hún sé andstæð hag og þörfum barns að mati dómara eða lögmælts stjórnvalds.

Um 16. gr.

Þær breytingar sem lagðar eru til á 19. gr. laganna svara til þeirra breytinga sem lagðar eru til á 18. gr. laganna um fæðingarstyrk til þeirra sem standa utan vinnumarkaðar eða eru í minna en 25% starfi. Er því vísað til athugasemda við 15. gr. frumvarps þessa að því er það varðar. Enn fremur er lagt til að ákveðin atriði sem hefur verið að finna í reglugerð nr. 1056/2004, um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði og greiðslu fæðingarstyrks, að því er varðar rétt foreldra í fullu námi til fæðingarstyrks verði færð í lög. Þar á meðal er lagt til að skilyrði um viðunandi námsárangur verði fært í lögin og jafnframt sú heimild að litið sé til ástundunar

náms í stað námsárangurs á þeirri skólaönn sem barn fæðist. Jafnframt er lagt til að sú heimild að taka tillit til aðstæðna móður þegar hún getur ekki stundað nám sitt á meðgöngu vegna heilsufarsástæðna verði færð í lögin en áður hefur eingöngu verið kveðið á um þessa heimild í reglugerð. Er þá átt við sambærilegar heilsufarsástæður og eiga við um veikindi móður sem valda óvinnufærni hennar á meðgöngu skv. 4. mgr. 17. gr. laganna. Með heilsufarsástæðum hefur verið átt við sjúkdóma sem upp koma vegna meðgöngu og valda óvinnufærni, sjúkdóma, tímabundna eða langvarandi, sem versna á meðgöngu og valda óvinnufærni, eða fyrirbyggjandi meðferð til að koma í veg fyrir fyrirburafæðingu eða til að vernda heilsu fósturs enda valdi meðferðin óvinnufærni, sbr. 9. gr. reglugerðar um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði og greiðslu fæðingarstyrks. Er gert ráð fyrir að móðir leggi fram vottorð sérfræðilæknis sem hefur annast hana á meðgöngu til staðfestingar á heilsufari hennar á þeim tíma. Lagt er til að fellt verði brott það skilyrði að móðir hafi átt rétt á sjúkradagpeningum þann tíma sem hún stundaði ekki nám sitt með viðunandi hætti þar sem reynslan hefur sýnt að margar konur hafa leitast við að stunda nám sitt eftir mætti og því ekki átt rétt á sjúkradagpeningum. Hefur ekki þótt sanngjarnt að það hafi leitt til þess að þær hafi orðið af réttinum til fæðingarstyrks eftir fæðingu barns.

Þá er lagt til það nýmæli að tekið verði sérstakt tillit til foreldra sem dveljast erlendis en stunda fjarnám við íslenska skóla sem svarar til fulls náms að því leyti að þeim sé veitt undanþága frá lögheimilisskilyrði 2. mgr. 19. gr. laganna, sem verður 3. mgr., enda uppfylli þeir skilyrði fyrir fæðingarstyrk foreldra í fullu námi að öðru leyti. Er þá átt við tilvik þegar foreldrar hafa flutt lögheimili sitt tímabundið til útlanda, t.d. vegna fjölskylduaðstæðna sinna, en hafa átt lögheimili hér á landi í a.m.k. fimm ár fyrir flutning. Er þar með verið að tryggja foreldrum í fullu námi við íslenska skóla sama rétt til fæðingarstyrks hvort sem þeir stunda námið með hefðbundnum hætti eða eru í fjarnámi en fjarnám er þess eðlis að nemendur geta stundað það frá öðrum ríkjum. Eru þá gerðar sömu kröfur um staðfestingu skóla um að foreldri í fjarnámi hafi verið skráð í fullt nám og sýnt viðunandi námsárangur.

Um 17. gr.

Lagt er til að ákvæðið verði fært til samræmis við framkvæmd laganna sem og 16. gr. laganna þannig að kveðið verði skýrt á um það skilyrði að fleiri en eitt barn skuli fæðast á lífi svo að foreldrar njóti réttar til framlengingar á greiðslu fæðingarstyrks vegna fjölburafæðingar sem og að ákvæðið eigi einnig við um frumættleiðingar og töku í varanlegt fóstur.

Um 18. gr.

Breytingar þær sem lagðar eru til á ákvæði þessu svara til þeirra breytinga sem lagðar eru til að gerðar verði á 17. gr. laganna, sbr. 14. gr. frumvarps þessa. Er því vísað til athugasemda við 14. gr. frumvarpsins.

Um 19. gr.

Lagt er til að lífeyrisgreiðslur almannatrygginga og greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði geti farið saman þannig að foreldri geti haldið áfram að fá lífeyrisgreiðslur samkvæmt lögum um almannatryggingar er það leggur niður störf í fæðingarorlofi og fær sem nemur 80% af tekjum sínum úr Fæðingarorlofssjóði skv. 13. gr. laganna.

Um 20. gr.

Lagt er til að skýrt verði kveðið á um að óheimilt sé að gera fjárnám í greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði eða fæðingarstyrk sem foreldri kann að eiga rétt á samkvæmt lögunum og

hafa ekki verið greiddar til foreldris. Ástæðan er sú að um er að ræða greiðslur sem eru ætlaðar til framfærslu foreldris og þeirra sem hann er framfærsluskyldur við yfir tiltekinn tíma sem ókominn er. Þá er jafnframt lagt til að óheimilt sé að taka sömu greiðslur til greiðslu opinberra gjalda annarra en staðgreiðslu opinberra gjalda.

Um 21. gr.

Breyting sú sem lögð er til á 35. gr. laganna er í samræmi við þá breytingu sem gerð var á lögum nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, með lögum nr. 109/2007, og er tilkomin vegna tilfærslu málaflokka milli ráðuneyta sem tók gildi 1. janúar 2008.

Um 22. gr.

Lagt er til að lögin taki gildi 1. júní 2008 og eigi við um rétt foreldra barna sem fæðast, eru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur 1. júní 2008 eða síðar. Breytingar þær sem mælt er fyrir um í frumvarpi þessu taka ekki til foreldra sem þegar eru í fæðingarorlofi er lögin taka gildi. Mæður, sem hafa nýtt sér rétt sinn samkvæmt gildandi lögum að hefja fæðingarorlof fyrir áætlaðan fæðingardag en börn þeirra fæðast 1. júní 2008 eða síðar, öðlast rétt í samræmi við þær breytingar sem lagðar eru til með frumvarpi þessu.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu eru gerðar nokkrar breytingar á framkvæmd núgildandi laga með hliðsjón af reynslu þeirra sem fara með framkvæmd laganna og öðrum ábendingum. Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar sem munu hafa áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

Fyrst ber að nefna breytingar á viðmiðunartímabilinu og viðmiðunartekjum sem lagt er til grundvallar útreikningum á greiðslum úr lífeyrissjóði. Samkvæmt núgildandi lögum er miðað við meðaltal heildarlauna foreldra yfir tvö tekjuár á undan fæðingarári barns, en með frumvarpinu er lagt til að þessu verði breytt þannig að miðað verði við meðaltal heildarlauna foreldra yfir tólf mánaða samfellt tímabil sem lýkur sex mánuðum fyrir fæðingardag barns. Þó er gert ráð fyrir að viðmiðunartímabil vegna foreldra sem eru sjálfstætt starfandi einstaklingar verði tekjuárið á undan fæðingarári barns. Áætlað er að þessi breyting muni auka útgjöld ríkissjóð um allt að 400 m.kr. á ári. Auk þess er lagt til að miða skuli við meðalheildarlaun foreldra fyrir það tímabil sem viðkomandi hefur verið á vinnumarkaði í skilningi laganna. Þannig munu orlofsgreiðslur, atvinnuleysisbætur, fæðingarorlofsgreiðslur o.fl. einnig reiknast með í viðmið við fæðingarorlofsgreiðslur en ekki bara atvinnutekjur. Þessi breyting mun á móti lækka útgjöld ríkissjóðs um 130–270 m.kr. eftir því hvernig vægi annarra tekna foreldra, en atvinnutekna, á viðmiðunartímabilinu þróast. Í annan stað er lagt til að foreldri sem er ófært um að annast barn sitt á fyrstu átján mánuðum eftir fæðingu þess verði heimilt að framselja rétt sinn til fæðingarorlofs. Nokkur óvissa er um þennan kostnað en sem dæmi gætu útgjöld aukist um 35 m.kr. ef reiknað er með að um 50 foreldrar á ári framselji rétt sinn. Í þriðja lagi eru lagðar til breytingar á fæðingarstyrk þannig að forsjárlausir foreldrar öðlist

rétt til fæðingarstyrks. Einnig er lagt til að námsmenn sem hafa verið í fjarnámi öðlist rétt til fæðingarstyrks án tillits til búsetu. Áætlað er að þetta muni samtals auka árleg útgjöld um 8 m.kr. Í síðasta lagi er lagt til að eftirlit með framkvæmd laganna verði fært frá skattyfirvöldum til Vinnumálastofnunar. Gert er ráð fyrir einu nýju stöðugildi hjá Vinnumálastofnun og að útgjöld ríkissjóðs muni aukast um 10 m.kr.

Verði frumvarpið að lögum er áætlað að árleg útgjöld ríkissjóðs muni aukast samtals um 180–320 m.kr. á ári. Þar sem gert er ráð fyrir að frumvarpið muni taka gildi frá og með 1. júní 2008 munu 110–190 m.kr. falla til á þessu ári. Vakin er athygli á því að ekki er gert ráð fyrir þessum útgjöldum í fjárlögum 2008.

632. Frumvarp til laga [388. mál]

um breytingu á lögum um tóbaksvarnir, nr. 6/2002, með síðari breytingum.

Flm.: Jón Magnússon, Guðjón A. Kristjánsson, Hanna Birna Jóhannsdóttir, Birgir Ármannsson, Bjarni Harðarson, Illugi Gunnarsson, Jón Gunnarsson, Kjartan Ólafsson, Pétur H. Blöndal.

1. gr.

Við 9. gr. laganna bætist ný málsgrein,7. mgr., sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu reykingar leyfðar á veitinga- og skemmtistöðum samkvæmt beiðni eiganda, í aðskildu herbergi sem sérstaklega er ætlað til reykinga, að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

1. Herbergi sem ætluð eru til reykinga eru minni hluti veitingarýmis viðkomandi veitinga- eða skemmtistaðar eða létt mannvirki utan húss sem veitir skjóli fyrir regni og vindi.
2. Herbergi eða aðstaða sem ætluð eru fyrir reykingar eru aðskilin frá veitingarými þannig að gestir þurfi ekki að ganga þar um.
3. Starfsfólk þarf ekki að dveljast í herbergi eða mannvirki utan húss meðan reykt er þar.
4. Sala veitinga og þjónustu eða ámóta starfsemi má ekki fara fram í reykherberginu.
5. Loftræsting í reykherbergi og aðstöðu utan húss verður að vera fullnægjandi, sbr. 4. mgr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með setningu laga nr. 6/2002, um tóbaksvarnir, var stigið stórt skref í þá átt að draga úr heilsutjóni og dauðsföllum af völdum tóbaks með því að freista þess að minnka tóbaksneyslu og vernda fólk fyrir áhrifum tóbaksreyks.

Flutningsmenn frumvarps þessa eru sammála þeim markmiðum sem stefnt er að í lögum um tóbaksvarnir og telja mikilvægt að notkun reyktóbaks verði sem minnst og fari þannig fram að það valdi ekki vandamálum hjá þeim sem ekki reykja tóbak.

Spurning er hversu langt á að ganga í að setja lög um hegðun og lífsvenjur fullfíða einstaklinga, til að mynda um tóbaksreykingar, þó að meiri hlutinn samfélagsins telji þær óæskilegar, en viðurkennt er að þó að neysla tóbaks sé leyfð er hún skaðleg. Talið er að um fimmti hver fullfíða Íslendingur reyki. Sem betur fer hefur hlutfall þeirra sem reykja farið minnkandi

og vonandi heldur sú þróun áfram. Samt sem áður verður að virða rétt þeirra sem reykja tóbak þó að þeir séu í minni hluta og gæta þarf þess að ekki séu sett lög eða reglur sem setja reykingafólki óeðlilegar takmarkanir.

Flutningsmenn frumvarpsins telja að vel hafi tekist til með tóbaksvarnalögin að flestu leyti en þó hafi verið gengið of langt í að takmarka tóbaksreykingar á veitinga- og skemmtistöðum. Nauðsynlegt hefði verið að heimila reykingar á afmörkuðum svæðum á og/eða við veitinga- og skemmtistaði þar sem svo væri búið um hnúta að þeir sem vinna á umræddum stöðum eða eru þar gestkomandi og reykja ekki sjálfir verði ekki fyrir óþægindum vegna reykinga.

Nokkrir hnökrar hafa komið upp við framkvæmd reykingabanns á veitinga- og skemmtistöðum. Í ljósi reynslunnar er því mikilvægt að mati flutningsmanna að gera þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpi þessu svo að almenn sátt geti ríkt í þjóðfélaginu um meginmarkmið tóbaksvarnalaganna en með því er líklegra að sá árangur náist sem að var stefnt með sérstakri lagasetningu um tóbaksvarnir.

Að mati flutningsmanna eru settar reglur ónauðsynlegar og óþarflega íþyngjandi fyrir þá sem vilja neyta reyktóbaks. Í því sambandi er nauðsynlegt að gætt sé meðalhófs og ekki settar strangari reglur til að ná fram markmiðum tóbaksvarnalaganna en nauðsynlegar eru. Fortakslaust bann við því að koma upp sérstökum reykherbergjum á veitinga- og gististöðum er óþarflega ströng regla og fyrst og fremst fallið til þess að setja þeim sem vilja reykja íþyngjandi skilyrði og þeim sömuleiðis sem stunda veitingarekstur og vilja láta alla viðskiptavini sína njóta góðrar þjónustu. Skilyrði þess að heimilað verði að setja upp reykherbergi eru að þess sé gætt að gestir veitinga- og gististaða þurfi ekki að fara um eða dveljast í slíku herbergi nema þeir vilji það sjálfir. Þá er það líka skilyrði að starfsfólk þurfi ekki að vinna í reykherbergi meðan reykt er í því. Þá er vísað til ákvæða 4. mgr. 9. gr. laganna varðandi loftræstingu og ráðstafanir til að koma í veg fyrir mengun af tóbaksreyk.

Umburðarlynt lýðræðisþjóðfélag styðst jafnan við meðalhófsreglu í lagasetningu en á það skorti að mati flutningsmanna varðandi réttindi þeirra sem reykja við setningu tóbaksvarnalaganna og þess vegna er nauðsynlegt gera að lágmarki þær breytingar sem lagðar eru til í lagafrumvarpi þessu. Í lýðræðisþjóðfélagi umburðarlyndis verður að gæta þess að minnihlutahópar séu ekki kúgaðir eða beittir óþarfa harðræði í samræmi við skoðanir meiri hlutans.

Þess verður ávallt að gæta að farið sé varlega í að gera neysluvenjur fólks refsiverðar þó að það sé í verndarskyni, hvort heldur það á við vísindaleg rök að styðjast eða ekki. Almennt verða einstaklingarnir að fá að ráða sjálfir lífi sínu og neysluvenjum án afskipta ríkisvaldsins, svo fremi sem það skaðar ekki aðra og leiðir ekki til hegðunar sem telst samfélagslega óæskileg. Í því efni verður líka að fara varlega en það sem einum finnst óæskileg hegðun kann öðrum með gildum rökum að finnast eðlileg starfsemi í lýðræðisþjóðfélagi.

Tóbaksvarnalögin voru höfð svo ströng sem raun ber vitni m.a. með vísan til öryggis starfsfólks á veitinga- og gististöðum. Verði frumvarp þetta að lögum breytir það engu af því að öryggis starfsfólks á veitinga- og gististöðum er gætt með sama hætti og áður. Miðað er við að engin sala fari fram í reykherbergjum og starfsfólk gangi ekki þar um meðan reykt er, nema þá í algerum undantekningartilvikum. Ljóst er því að margvísleg starfsemi sem nú er leyfð ógnar meira öryggi starfsfólks en um gæti orðið að ræða þó að þær breytingar næðu fram sem lagðar eru til í frumvarpinu.

Meðan reykingar eru ekki bannaðar verður að gæta þess að þeir sem reykja geti gert það við sæmilegar aðstæður en þess gætt að tóbaksreykur trufli ekki annað fólk.

Miðað við þau vandamál sem upp hafa komið varðandi framkvæmd tóbaksvarnalaganna í þeirri mynd sem þau eru nú má ætla að víðtækari sátt mundi nást um tóbaksvarnalögin næðu

þær breytingar fram að ganga sem hér eru lagðar til. Þá yrði síður hætta á því að lögin væru brotin vegna þeirra ágalla sem á þeim eru og takmarkaðra möguleika til að stöðva ólögmætt athæfi og beita refsiviðurlögum. Þá er líka ljóst að mörgum finnst réttur brotinn á sér með svo hörkulegum ákvæðum um reykingabann sem nú gildir á veitinga- og gististöðum. Mikilvægt er að ná fram víðtækri sátt um tóbaksvarnir en einungis þannig mun nást það meginmarkmið laganna að draga úr tóbaksreykingum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Miðað er við að ný undantekningarregla verði tekin upp í lögin þar sem reykingar á veitinga- og skemmtistöðum verði heimilaðar samkvæmt beiðni eigenda í aðskildu herbergi sérstaklega ætluðu til reykinga við ákveðnar aðstæður. Meginreglan verður eftir sem áður að reykingar eru ekki leyfðar nema farið sé í hvívetna eftir þeim skilyrðum sem eru sett fyrir því að heimilað verði að leyfa reykingar á veitinga- og skemmtistöðum. Skilyrðin eru eftirfarandi:

Að beiðni eiganda hafi verið sett fram um að setja upp sérstakt reykherbergi.

Reykherbergið verður að vera minni hluti veitingarýmis viðkomandi veitingastaðar. Spurning getur verið í þessu sambandi hvort miða á við tiltekið hlutfall af rýminu eða ákveðna fermetratölu en við nánari skoðun þykir sú skipan ekki heppileg, m.a. vegna þess hversu misjafnir skemmti- og veitingastaðir eru og mögulegt er að settir yrðu óþarfa tálmanir á starfsemi ákveðinna staða og samkeppni á markaðnum rugluð ef lengra er gengið í takmörkunum á stærð reykherbergis en hér er lagt til.

Reykherbergið verður að vera aðskilið frá veitingasölunni og öðru húsnæði veitinga- og/eða skemmtistaðarins. Það þarf auk þess að vera aðskilið frá veitingarýminu svo að gestir þurfi ekki að koma í reykherbergið eða ganga um það. Þetta felur í sér að þeir gestir veitinga- og skemmtistaða sem ekki vilja reykja verða aldrei fyrir ónæði af neysluvenjum þeirra gesta staðarins sem nýta sér reykherbergið.

Þá er það skilyrði sett að starfsfólk þurfi ekki að vera í herbergi sem ætluð eru til reykinga meðan reykt er. Með því móti er öryggi starfsfólks tryggt að mestu gagnvart óbeinum reykingum og miðað við ákvæði um loftræstingu og annað væri starfsfólki búin minni hætta en fylgir margvíslegri starfsemi sem nú er heimiluð.

Ekki má selja veitingar eða hafa þjónustu í reykherbergi. Með því að setja slíkt skilyrði liggur fyrir að reykherbergið er sérstakt og eingöngu ætlað fyrir þá sem það vilja nota til skemmri eða lengri dvalar meðan þeir nota reyktóbak en aðrir þurfa ekki og mundu almennt ekki vera í reykherginu, þá sérstaklega ekki starfsfólk.

Vísað er til ákvæða 4. mgr. 9. gr. laganna um loftræstingu en þar segir að loftræsting skuli fullnægja kröfum heilbrigðiseftirlits og þess gætt að reykingar mengi ekki andrúmsloftið þar sem þær eru ekki leyfðar.

Rétt er að taka fram að bygging létts mannvirkis utan húss þarf að sjálfsögðu að lúta byggingarreglum og þarfnast hefðbundins leyfis viðkomandi bæjar- eða sveitarstjórnar.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

633. Fyrirspurn [389. mál]

til forsætisráðherra um tillögur nefndar um bætta lýðheilsu á Íslandi.

Frá Birki J. Jónssyni.

Hvað líður aðgerðum til að fylgja eftir tillögum nefndar um bætta lýðheilsu sem skilaði af sér skýrslu og tillögum til forsætisráðherra 11. september 2006?

Skriflegt svar óskast.

634. Fyrirspurn [390. mál]

til samgönguráðherra um öryggi vegasambands við Ísafjörð um Súðavíkurhlíð.

Frá Jóni Bjarnasyni.

1. Hvað líður áformum um aukið öryggi vegasambands við Ísafjörð um Súðavíkurhlíð?
2. Hefur verið gert áhættumat á núverandi vegi milli Ísafjarðar og Súðavíkur? Ef svo er, hvernig kemur það mat út miðað við tilsvarandi vegarkafla innan og milli byggðarlaga annars staðar?
3. Kemur til greina að gerð jarðganga um Súðavíkurhlíð verði sérstakt flýtiverkefni með tilliti til öryggis?

635. Fyrirspurn [391. mál]

til heilbrigðisráðherra um kostnaðarþátttöku ríkis vegna fæðinga.

Frá Birki J. Jónssyni.

1. Hvað má áætla að margir foreldrar hafi þurft að sækja fæðingarþjónustu út fyrir sitt sveitarfélag árið 2007?
2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að komið verði frekar til móts við kostnað foreldra sem þurfa að sækja fæðingarþjónustu út fyrir sitt sveitarfélag?

636. Fyrirspurn [392. mál]

til iðnaðarráðherra um fjárhagslega stöðu Orkusjóðs.

Frá Magnúsi Stefánssyni.

1. Hver er fjárhagsleg staða Orkusjóðs vegna leitar að heitu vatni og uppbyggingar hitaveitna á köldum svæðum?
2. Hefur Orkusjóður gert upp alla styrki vegna slíkra verkefna?
3. Hver er framtíðarsýn ráðherra varðandi stuðning við leit að heitu vatni og uppbyggingu hitaveitna á köldum svæðum?

637. Frumvarp til laga [393. mál]

um breytingu á lögum nr. 60/1981, um raforkuver, með síðari breytingum.

Flm.: Jón Bjarnason, Álfheiður Ingadóttir, Kolbrún Halldórsdóttir, Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

1. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Orðin „virkjun Héraðsvatna við Villinganes (Villinganesvirkjun) með allt að 40 MW afli“ í 3. mgr. 2. gr. laganna falla brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er lagt fram til að fella brott heimild iðnaðarráðherra til að leyfa Rafmagnsveitum ríkisins í félagi með aðilum í Skagafirði að reisa og reka virkjun Héraðsvatna við Villinganes í Skagafirði (Villinganesvirkjun).

Villinganesvirkjun.

Með lögum nr. 48/1999 var iðnaðarráðherra m.a. heimilað að leyfa Rafmagnsveitum ríkisins (Rarik) gerð Villinganesvirkjunar.

Virkjun við Villinganes hefur lengi verið til skoðunar eða allt frá því að fyrst var farið að skoða virkjun við Blöndu. Þegar ákveðið var að ráðast í byggingu Blönduvirkjunar stöðvaðist hins vegar frekari undirbúningur Villinganesvirkjunar. Árið 1999 færðist heimildin til að virkja Héraðsvötn frá Landsvirkjun til Rariks. Stuttu síðar stofnaði Rarik í samvinnu við heimamenn í Skagafirði orkufyrirtækið Héraðsvötn með það fyrir augum að hefja undirbúning að byggingu Villinganesvirkjunar.

Fyrirhugað er að stífla Héraðsvötn milli bæjanna Villinganess og Tyrfingsstaða, þ.e. um 2 km neðan við ármót Austari-Jökulsár og Vestari-Jökulsár. Áhrifasvæði virkjunarinnar er

meðfram ánum ofan ármótanna og þaðan með Héraðsvötnum til sjávar, alls um 55 km leið. Áhrifasvæðið liggur um bæði sveitarfélögin í Skagafjarðarsýslu, Akrahrepp og Sveitarfélagið Skagafjörð.

Á árunum 1999–2001 var unnin skýrsla um mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar Villinganesvirkjunar og var það staðfest af Skipulagsstofnun 5. júlí 2002 með nokkrum athugasemdum. Skýrslan var harðlega gagnrýnd og m.a. talið að hún byggðist á takmörkuðum og úreltum gögnum, hvorki væri metinn inn fórnarkostnaður óspilltrar náttúru né mikilvægi gljúfranna og jökulsánna fyrir fljótasiglingar og aðra ferðaþjónustu í Skagafirði, sem byggist á sögu, menningu og óspilltri náttúru. Það var og gagnrýnt að ekki voru rannsökuð áhrif hugsanlegrar stíflunar jökulsánna á lífríki og náttúrufar á vatnasvæði Héraðsvatna neðan stíflustæðisins og á grunnsævi í Skagafirði.

Óumdeilt er að umhverfisáhrif af virkjun Héraðsvatna við Villinganes yrðu mikil. Gljúfur Héraðsvatna færu að hluta til undir vatn auk þess sem vatnsborðshækkunar mundi gæta upp eftir gljúfrum Vestari- og Austari-Jökulsár. Þá yrðu áhrif á dýralíf mikil, t.d. fuglalíf og fiska.

Á undanförnum árum hefur mikil uppbygging á sviði ferðaþjónustu átt sér stað í Skagafirði. Einn liður í þeirri uppbyggingu eru fljótasiglingar sem stundaðar hafa verið á undanförnum árum á jökulsánum báðum. Því hefur verið haldið fram af þeim sem best þekkja til að aðstæður til fljótasiglinga í Skagafirði séu á meðal þeirra bestu í heiminum. Ljóst er að virkjun Héraðsvatna við Villinganes hefði mikil áhrif á þessar siglingar og jafnvel mundu þær leggjast alveg af.

Lokaorð.

Flutningsmenn telja m.a. á framangreindum forsendum og ekki síst vegna þess hversu einstakt landsvæði hér er á ferðinni að rétt sé að hætta við öll áform um virkjunar- og orkuframkvæmdir þar.

Með frumvarpinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Áskorun frá Náttúruverndarsamtökum Íslands. (5. október 2006.)
II. Ályktun frá Náttúruvaktinni vegna fyrirhugaðra virkjana Héraðsvatna í Skagafirði. Stjórn Náttúruvaktarinnar. (5. október 2006.)
III. Virkjunum í Jökulsánum í Skagafirði hafnað. (Opinn fundur á Sauðárkróki, 25. september 2006.)
IV. Ályktun aðalfundar Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í Skagafirði. (29. janúar 2006.)
V. Ályktun félagsfundar Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í Skagafirði. (8. júní 2005.)
VI. Skatastaðavirkjun líka. Anna Dóra Antonsdóttir. (Morgunblaðið, 27. október 2004.)
VII. Dauðadómur yfir starfsemi okkar. (Morgunblaðið, 23. september 2004.)
VIII. Virkjum frekar mannauðinn. Valgeir Kárason. (Feykir, 3 40/2004.)

638. Fyrirspurn [394. mál]

til fjármálaráðherra um tollamál íslenskra ferðamanna.

Frá Rósu Guðbjartsdóttur.

1. Hversu margir Íslendingar voru teknir með of mikinn varning við komu til landsins á árinu 2007, en samkvæmt reglugerð mega ferðamenn sem búsettir eru á Íslandi hafa með sér tollfrjálsan varning fyrir allt að 46.000 kr. og verðmæti hvers hlutar má ekki vera meira en 23.000 kr.?
2. Hve háar upphæðir greiddu viðkomandi í virðisaukaskatt annars vegar og sektir hins vegar?

Skriflegt svar óskast.

639. Fyrirspurn [395. mál]

til fjármálaráðherra um skattlagningu á lífeyrissjóðstekjur.

Frá Birki J. Jónssyni.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að skattur á lífeyrissjóðstekjur verði 10%?

640. Fyrirspurn [396. mál]

til félags- og tryggingamálaráðherra um stofnun embættis umboðsmanns aldraða.

Frá Birki J. Jónssyni.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir stofnun embættis umboðsmanns aldraða? Ef svo er, hvenær má búast við að af því verði?

641. Fyrirspurn [397. mál]

til heilbrigðisráðherra um sykurneyslu og forvarnir.

Frá Rósu Guðbjartsdóttur.

1. Hyggst ráðherra beita sér fyrir auknum forvörnum og fræðslu í ljósi þess að sykurneysla íslenskra ungmenna er sú mesta á Norðurlöndum og offita að verða eitt stærsta heilbrigðisvandamál Vesturlanda?

2. Hyggst ráðherra bregðast við þeim staðreyndum að óhófleg sykurneysla barna og unglinga tengist aðallega gosdrykkjum og sælgæti, og að viðbættur sykur er í umtalsverðu magni í ýmsum öðrum matvælum sem oft eru gefin ungum börnum, t.d. svaladrykkjum, mjólkurvörum og morgunkorni?

Skriflegt svar óskast.

642. Svar [159. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Björns Vals Gíslasonar og Þuríðar Backman um ný störf á vegum ríkisins.

1. *Hvað er áætlað að mörg ný störf verði til á vegum ríkisins á næstu fjórum árum*
   a. *vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðsins,*
   b. *af öðrum ástæðum?*

Við breytingar á verkaskiptum innan Stjórnarráðsins var unnið út frá því markmiði að fjöldi starfa yrði óbreyttur og gekk það eftir í fjárlögum 2008. Störfum fækkaði um þrjú vegna sameiningar landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneytisins. Á móti kemur að störfum fjölgaði um þrjú við að viðskipta- og iðnaðarráðuneytinu var skipt upp.

Ekki er mögulegt að áætla fjölgun starfsmanna ríkisins næstu fjögur árin fyrr en langtímaáætlun ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum liggur fyrir.

2. *Um hvers konar störf er þar að ræða og hvar á landinu verða þau unnin?*

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar eru m.a. áform um að efla þjónustu við aldraða með aukinni þjónustu í heimahúsum, fjölgun hjúkrunarrýma o.fl. Má því búast við að störfum fjölgi á þessum sviðum.

Reynsla síðustu ára er að fjölgun hefur verið á þeim stöðum þar sem íbúum fjölgar mest, t.d. vegna fjölgunar nemenda í framhaldsskólum og aukinnar heilsugæslu. Segja má að þjónusta á vegum ríkissjóðs hafi komið í kjölfarið á breytingum í mannfjölda og mati á þörf fyrir aukna þjónustu. Það er þó ekki algilt og í því sambandi má benda á að í gildandi fjárlögum eru framlög til sjúkrahúsa utan Reykjavíkur aukin talsvert til að létta af Landspítala og færa verkefni frá spítalanum og létta þannig af legudeildum þar.

643. Fyrirspurn [398. mál]

til iðnaðarráðherra um framkvæmd vaxtarsamnings Eyjafjarðar.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hverjar eru helstu ástæður þess að fyrirkomulagi á framkvæmd vaxtarsamnings Eyjafjarðar var breytt við síðustu endurnýjun samningsins?
2. Telur ráðuneytið að sú klasaskilgreining í einstökum atvinnugreinum sem byggt var á í eldri samningi hafi ekki gefið nógu góða raun?

644. Fyrirspurn [399. mál]

til umhverfisráðherra um landupplýsingar.

Frá Guðbjarti Hannessyni.

1. Er til yfirlit yfir stafræn kort og aðrar landupplýsingar, svo sem loftmyndir og gervitunglamyndir, í eigu ríkisins og sveitarfélaga?
2. Hverjir sjá um kaup á slíkum gögnum fyrir ríkið og sveitarfélögin?
3. Hverjar eru þarfir opinberra aðila á þessu sviði og er til skýr stefnumörkun um þau mál?
4. Hversu miklir fjármunir fara til innkaupanna?
5. Væri hugsanlegt að líta til nágrannaríkja eins og Noregs með það að leiðarljósi að breyta núverandi fyrirkomulagi og samræma innkaup og notkun opinberra aðila á landupplýsingum?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Í stefnumörkun ríkisstjórnar Íslands um upplýsingasamfélagið fyrir árin 2004–2007 kemur m.a. fram mikilvægi þess að örugg og öflug upplýsingatækni sé nýtt til þess að einstaklingar hér á landi geti búið við fjölbreytt tækifæri í nýtingu upplýsinga og þekkingar. Sérstök áhersla hefur verið lögð á verkefni innan rafrænnar stjórnsýslu á undanförnum árum. Landupplýsingar gegna auknu hlutverki á sviði rafrænnar stjórnsýslu, svo sem vegna skipulagsmála. Þær eru einnig stór hluti daglegs lífs fólks vegna aukinnar notkunar margs konar leiðsögutækja, farsíma og annars konar fjarskipta.

Tækni á sviði landupplýsinga hefur tekið miklum breytingum á undanförnum árum og kallar sú þróun á betri skilgreiningu á verkefnum hins opinbera og að innkaup og notkun gagna sé samræmd til að nýta sem best opinbert fé. Einnig er mikilvægt að skýr lína sé dregin á milli starfsemi ríkisins og einkaaðila. Einnig er ljóst að aukin krafa mun koma frá samstarfsþjóðum Íslands í Evrópu um samræmi varðandi lagasetningu á þessu sviði.

645. Fyrirspurn [400. mál]

til menntamálaráðherra um málefni öryrkja í háskólanámi.

Frá Steinunni Þóru Árnadóttur.

1. Hversu margir nemendur í Háskóla Íslands njóta afsláttar af skrásetningargjöldum sem ætlaður er öryrkjum?
2. Hversu hátt hlutfall er það af heildarnemendafjölda skólans og hvernig skiptist það eftir kynjum?
3. Hvert er hlutfall öryrkja í öðrum menntastofnunum á háskólastigi?

4. Liggur fyrir aðgerðaáætlun á vegum ráðuneytisins um það hvernig fjölga megi öryrkjum í háskólanámi?

646. Svar [280. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur um fé til forvarna.

1. *Hve miklu fé hefur verið varið til forvarna í menntamálaráðuneytinu árlega sl. 5 ár?*

Ef horft er til fjárveitinga sem merktar eru forvörnum eru framlög menntamálaráðuneytis til þessa málaflokks eftirfarandi:

a. Til forvarnastarfs í skólum um 5 millj. kr. árlega sl. fimm ár, en 5,5 millj. kr. árið 2007. Af þeim lið eru ýmis verkefni styrkt sem flokkast undir forvarnir gegn fíkniefnum og vímuefnaneyslu, einkum á framhaldsskólastigi.
b. Til Fræðslumiðstöðvar í fíknivörnum vegna skipulagningar og framkvæmdar forvarnastarfs í framhaldsskólum 2–3 millj. kr. árlega allt frá 2002.
c. Til Olweusarverkefnis gegn einelti í grunnskólum um 5 millj. kr. árlega.
d. Frá árinu 2004 hefur ráðuneytið styrkt samstarfsráð um forvarnir um 3 millj. kr. árlega, en þar er um að ræða samstarfsvettvang íslenskra bindindishreyfinga og heilbrigðis-, menntamála- og samgönguráðuneytis.
e. Ráðuneytið hefur styrkt nokkur forvarnaverkefni úr þróunarsjóðum leik-, grunn- og framhaldsskóla á undanförnum árum sem nemur um 2–3 millj. kr. árlega.
f. Á undanförnum árum hafa verið veittir smærri styrkir til ólíkra aðila vegna ýmiss konar forvarnaverkefna og er áætlað að þeir nemi 1–2 millj. kr. árlega.
g. Í framhaldsskólum hafa verið skilgreind stöðugildi forvarnafulltrúa sem eru að jafnaði 25% starf. Má ætla að kostnaður vegna þessara stöðugilda nemi alls um 50 millj. kr. á ári.

Sé litið á forvarnir í víðum skilningi sem heilsueflingu þar sem stuðlað er að heilbrigðum lífsháttum og hreyfingu mætti telja til framlög vegna æskulýðs- og íþróttamála. Þau eru eftirfarandi:

02-988 Æskulýðsmál	*02-989 Ýmis íþróttamál*
Fjárlög 2003 113,7 millj. kr.	2003 212,6 millj. kr.
Fjárlög 2004 124,5 millj. kr.	2004 226,4 millj. kr.
Fjárlög 2005 129,5 millj. kr.	2005 194,8 millj. kr.
Fjárlög 2006 162,6 millj. kr.	2006 254,4 millj. kr.
Fjárlög 2007 197,9 millj. kr.	2007 296,9 millj. kr.

2. *Hvaða þætti skilgreinir ráðuneytið sem forvarnir og hversu há upphæð fór árlega til hvers þeirra sl. 5 ár?*

Menntamálaráðuneytið hefur ekki skilgreint forvarnir sérstaklega en lítur svo á að margs konar starfsemi sem stuðlar að betra heilbrigði og hollum lífsháttum, velferð og bættri líðan nemenda geti fallið undir skilgreininguna. Þá getur hvers konar æskulýðsstarf, íþróttastarf, fíknivarnaverkefni og verkefni sem eiga að stuðla að bættri líðan nemenda og almennings fallið undir skilgreininguna á forvörnum. Einnig getur foreldrafræðsla fallið undir forvarnir og ýmiss konar samstarf opinberra aðila og félagasamtaka sem vinna að framangreindum

verkefnum. Því væri hægt að skilgreina margháttað starf á vegum menntamálaráðuneytis sem forvarnastarf og ákaflega erfitt að tilgreina nákvæmar upphæðir í því sambandi.

Í þátttöku í æskulýðs-, íþrótta-, félags- og tómstundastarfi felst alhliða forvörn. Þar er átt við forvörn gegn ávana- og fíkniefnum, gegn ofbeldi og gegn einsemd og félagslegri einangrun. Með þátttöku í hvers konar æskulýðs-, félags- og tómstundastarfi öðlast þátttakendur reynslu í félagsfærni. Rannsóknirnar *Ungt fólk* sem menntamálaráðuneytið hefur staðið að frá árinu 1992 og fleiri rannsóknir benda til þess að þátttaka í skipulögðu félagsstarfi skapi aukna festu í lífi ungmenna og umgjörð utan um jafningjasamskiptin og jafningjamenninguna. Ungt fólk sem tekur þátt í markmiðsbundnu félagsstarfi er líklegra til þess að líta á sjálft sig sem ábyrga þátttakendur í samfélaginu.

Menntamálaráðuneytið hafði forgöngu um útgáfu bókarinnar *Verndum þau* sem fjallar um hvernig bregðast eigi við grun um vanrækslu eða ofbeldi gegn börnum og unglingum. Alls hafa rúmlega ellefu hundruð manns sótt námskeið í efni bókarinnar sem menntamálaráðuneytið hefur stutt.

Þá hefur Ungmennafélag Íslands undanfarin ár staðið fyrir Unglingalandsmótum UMFÍ víðsvegar um landið, sem er vímulaus hátíð um verslunarmannahelgina. Unglingalandsmótin hafa sýnt að hægt er að fá fjölskylduna saman, bæði unga og eldri, um þessa miklu skemmtanahelgi til að taka þátt í leik og starfi án þess að hafa vímuefni um hönd. Unglingalandsmót UMFÍ hefur fengið 10 millj. kr. árlega í fjárlögum sl. fimm ár.

Í nóvember 2007 var gerður samstarfssamningur milli menntamálaráðuneytis, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, Lýðheilsustöðvar, Sambands íslenskra framhaldsskóla og Hagsmunaráðs framhaldsskóla um verkefnið Heilsuefling og forvarnir í framhaldsskólum. Markmið verkefnisins er að stuðla að bættri almennri líðan og heilsu framhaldsskólanemenda, að efla forvarnir gegn vímuefnum í framhaldsskólum, að bæta og efla ráðgjöf við nemendur á sem flestum sviðum sem snerta velferð þeirra og að hvetja nemendur til að taka ábyrgð á eigin heilsu og stuðla að heilbrigðum lífsháttum. Náms- og starfsráðgjafar og forvarnafulltrúar framhaldsskóla munu vinna að ýmsum verkefnum í tengslum við þennan samning og menntamálaráðuneyti mun leggja til starfsmann til að vinna að verkefninu til næstu þriggja ára.

Hvað varðar frekari upplýsingar um fjárveitingar til þessara málaflokka er vísað til svars við 1. tölul.

647. Frumvarp til laga [401. mál]

um breytingu á lögum nr. 76/2001, um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

Í stað orðanna „tilskipun ráðsins nr. 94/58/EB frá 22. nóvember 1994, um lágmarksþjálfun sjómanna, sbr. tilskipun ráðsins nr. 98/35/EB frá 25. maí 1998“ í 3. mgr. 1. gr. laganna kemur: tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/25/EB um lágmarksþjálfun sjómanna, með síðari breytingum, og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/45/EB um gagnkvæma viðurkenningu á skírteinum sjómanna sem aðildarríkin gefa út og um breytingu á tilskipun 2001/25/EB.

2. gr.

Við 2. gr. laganna bætast tvær nýjar orðskýringar sem orðast svo:

20. *ISM-kóðinn* er alþjóðlegur kóði um öryggisstjórnun skipa og mengunarvarnir, sem samþykktur var af Alþjóðasiglingamálastofnuninni (IMO) með ályktun þingsins A.741(18) frá 4. nóvember 1993, með áorðnum breytingum.
21. *Viðurkennd stofnun* er aðili sem er viðurkenndur í samræmi við reglugerð um viðurkenningu flokkunarfélaga, sbr. tilskipun 94/57/EB.

3. gr.

2. og 3. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Um umsóknir um viðurkenningu á réttindum sem lögbært yfirvald í aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins og aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu gefur út til starfa á skipum sem lög þessi taka til skal fara eftir ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/45/EB um gagnkvæma viðurkenningu á skírteinum sjómanna sem aðildarríkin gefa út og um breytingu á tilskipun 2001/25/EB, eins og nánar er kveðið á um í reglugerð.

Um umsóknir um viðurkenningu á réttindum sem gefin eru út af ríkjum öðrum en ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins og aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu til starfa á skipum sem lög þessi taka til skal fara eftir ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/25/EB, eins og nánar er kveðið á um í reglugerð.

4. gr.

Á eftir 9. gr. laganna bætist við ný grein, 9. gr. a, sem orðast svo:

Alþjóðlegt öryggisstjórnunarkerfi.

Á flutningaskipum sem eru 500 brúttótonn eða stærri og farþegaskipum sem lög þessi taka til skal fylgt ákvæðum A-hluta ISM-kóðans um öryggisstjórnun skipa og mengunarvarnir. Skal Siglingastofnun eða viðurkenndur aðili gefa út samræmisskjal og öryggisstjórnunarskírteini í samræmi við ISM-kóðann.

Siglingastofnun er heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum 6., 7., 9., 11. og 12. gr. kóðans, enda séu teknar upp ráðstafanir sem veiti sambærilega vernd og kveðið er á um í kóðanum.

Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um:

1. skip sem eru nýtt eingöngu í þágu hins opinbera en ekki í atvinnuskyni,
2. skip sem ekki eru knúin áfram með vélrænum hætti, tréskip með frumstæðu byggingarlagi, skemmtisnekkjur og skemmtibátar nema þau séu eða verði mönnuð og látin flytja fleiri en 12 farþega í atvinnuskyni,
3. farþegaskip í flokki C og D eins og þeir eru skilgreindir í reglugerð um öryggi farþegaskipa í innanlandssiglingum nr. 666/2001, með síðari breytingum, nema þau séu ekjufarþegaskip.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 17. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „og mönnun skipa“ í 1. málsl. kemur: mönnun skipa og alþjóðlegt öryggisstjórnunarkerfi.
b. Í stað orðanna „Ákvæði reglugerðarinnar“ í 2. málsl. kemur: Ákvæðin.

6. gr.

Lög þessi innleiða í íslenskan rétt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 336/2006 um að hrinda í framkvæmd ákvæðum alþjóðlega kóðans um öryggisstjórnun skipa innan Bandalagsins og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 3051/95, sem tekin var upp í XIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Almennar athugasemdir.

Frumvarp þetta er samið á vegum samgönguráðuneytisins til að innleiða annars vegar ákvæði um alþjóðlega kvóðann um öryggisstjórnun skipa (International Safety Management Code), ISM-kóðann, í íslenskan rétt og hins vegar tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um gagnkvæma viðurkenningu á skírteinum sjómanna sem aðildarríkin gefa út og um breytingu á tilskipun 2001/25/EB.

Þann 15. febrúar 2006 kom út reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 336/2006 sem kveður á um framkvæmd kóðans í aðildarríkjunum. Með henni var gildissvið alþjóðakóða sem samþykktur var á vettvangi IMO árið 1993 um öryggisstjórnun skipa og mengunarvarnir, ISM-kóðans, víkkað með þeim hætti að það nær nú einnig til skipa í innanlandssiglingum og útgerða slíkra skipa. Markmið frumvarpsins er að tryggja að útgerðir þeirra skipa sem um ræðir starfi í samræmi við viðurkennt öryggisstjórnunarkerfi, stuðla að öruggari siglingum, koma í veg fyrir mengun sjávar og draga úr þeirri mismunun sem hin alþjóðlegu ákvæði hafa valdið útgerðum skipa eftir því hvort þær stunda alþjóðlegar siglingar eða siglingar með ströndum fram.

Þann 7. september 2005 kom út tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/45/EB um gagnkvæma viðurkenningu á skírteinum sjómanna sem aðildarríkin gefa út innan EES.*

Tilskipun 2001/25/EB var innleidd með reglugerð nr. 416/2003 og breytingatilskipun 2003/103/EB frá 17. nóvember 2003 var innleidd með breytingareglugerð nr. 430/2005. Tilskipunin leysti af hólmi tilskipun 94/58/EB, sem innleidd var með lögum nr. 76/2001.

Samkvæmt tilskipun 2001/25/EB skulu íslensk stjórnvöld gefa út og árita atvinnuréttindi samkvæmt STCW-samþykktinni og skal ríkja gagnkvæm viðurkenning á skírteinum sem gefin eru út í aðildarríkjum EB/EES.

Tilskipun 2005/45/EB má segja að sé tvískipt. Annars vegar er hún sértilskipun sem mælir fyrir um hvernig skuli fara með skírteini sem gefin eru út innan EES, hins vegar breytir hún og bætir við ákvæðum tilskipunar 2001/25/EB um lágmarksþjálfun sjómanna, sem mælir fyrir um útgáfu skírteina í samræmi við kröfur STCW-samþykktarinnar.

* Tilskipun um lágmarksþjálfun sjómanna, sem vísað er til í 56j-lið í XIII. viðauka EES-samningsins eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 107/2004 frá 9. júlí 2004.

Tilskipunin leysti af hólmi tilskipun um lágmarksþjálfun sjómanna, 94/58/EB, með síðari breytingum, en hún hafði lagastoð í lögum nr. 76/2001, um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa.

Tilskipun 2001/25/EB, líkt og fyrirrennara hennar, er ætlað að innleiða Alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna (STCW 1978) innan EB.

II. Alþjóðlegi kóðinn um öryggisstjórnun skipa (International Safety Management Code).

ISM-kóðinn eru reglur sem Alþjóðasiglingamálastofnunin (IMO) samþykkti 1993. Þar eru gerðar kröfur um að skip og útgerðir þeirra lúti sérstöku öryggisstjórnunarkerfi með það að markmiði að auka og bæta öryggi í siglingum og koma í veg fyrir atvik sem leitt geta til mengunar hafs og stranda.

Kóðinn gerir kröfu um að útgerðir skipa komi sér upp skilgreindu og skilvirku öryggisstjórnunarkerfi (safety management system) þar sem fjallað er um ógnir og hættur sem fylgja rekstri skipa, um öryggi og vernd þeirra sem um borð eru, hættur sem kunna að fylgja þeim farmi sem tekinn er til flutnings og ógnina sem lífríki sjávar getur stafað af skipum.

Í öryggisstjórnunarkerfi skal tilgreina með skýrum hætti:

- stefnu viðkomandi félags varðandi öryggi og umhverfisvernd;
- fyrirmæli til starfsmanna um tilkynningar, aðgerðir og ráðstafanir sem grípa skal til þegar ástæða er til að ætla að skipi geti verið hætta búin eða þegar grípa þarf til einhverra sértækra ráðstafana til að hindra að öryggi skips sé stefnt í hættu eða að lífríki sjávar stafi hætta af ferðum skips;
- verksvið, valdsvið og ábyrgð þeirra manna sem stjórna viðkomandi skipi og þeirra sem starfa í landi, hvað varðar ákvarðanir um aðgerðir, og lýsing á hvernig samskiptum þessara aðila skuli háttað;
- fyrirmæli um með hvaða hætti og við hvaða aðstæður gefa skuli skýrslur um atvik sem hafa eða gætu hafa haft hættu í för með sér eða þar sem alvarleg frávik hafa átt sér stað frá fyrirmælum í öryggisstjórnunarkerfinu;
- leiðbeiningar um hvernig bregðast skuli við hættuástandi, slysum og öðrum alvarlegum atvikum og hvernig koma megi í veg fyrir að hættuástand skapist um borð;
- leiðbeiningar um hvernig eftirlit með því að farið sé að fyrirmælum öryggisstjórnunarkerfisins skuli fara fram, hvernig bregðast skuli við frávikum í framkvæmd kerfisins og hvenær og hvernig reglubundin eða sérstök endurskoðun kerfisins sé gerð.

Samkvæmt öryggisstjórnunarkerfinu skal útgerð skips tilnefna einn starfsmann sem telst ábyrgur fyrir því að ákvæðum ISM-kóðans sé framfylgt í einu og öllu og annan til vara. Hún skal tilnefna þá sem annast gerð kerfisins, framkvæmd þess og eftirlit, og upplýsa stjórnvöld þess ríkis sem skipið er skráð í hverjir þessir aðilar séu.

Skyldur og ábyrgð skipstjóra skal tilgreina í kerfinu og er honum skylt að:

- gefa fyrirmæli um sérstakar öryggisráðstafanir eða verklag sem skuli viðhafa við tilteknar aðstæður, í tengslum við reglulegar aðgerðir eða við eftirlit með búnaði skips eða farmi;
- og hafa eftirlit með að farið sé að ákvæðum og fyrirmælum kerfisins;
- tilkynna um frávik eða atvik þar sem öryggi skips eða skipverja hefur verið eða kann að hafa verið stefnt í hættu og taka þátt í endurskoðun kerfisins.

Útgerð skips ber enn fremur að:

- annast um að skipstjóri og aðrir yfirmenn skipsins hafi nauðsynleg réttindi og færni til þeirra starfa sem þeir hafa verið ráðnir;
- sjá til þess að yfirmenn skipsins þekki til ákvæða öryggisstjórnunarkerfisins og aðstoða skipstjóra við að framfylgja ákvæðum þess;
- sjá til þess að skip í þeirra rekstri séu ávallt mönnuð í samræmi við reglur og þannig að mögulegt sé að framfylgja ákvæðum kerfisins;

– tryggja að nýliðafræðslu sé sinnt í samræmi við ákvæði kerfisins og að sérhver sá sem starfar um borð fái nauðsynlega fræðslu og þjálfun til þeirra starfa sem honum er ætlað að gegna og bera ábyrgð á;
– tryggja að innan útgerðar sé fullnægjandi þekking á útgerð skipa og þeim lögum og reglum sem gilda þar um;
– gefa fyrirmæli um undirbúning hverrar ferðar með tilliti til farms, hafsvæðis sem siglt er um og árstíma;
– tryggja að upplýsingar varðandi öryggi skips komist örugglega milli þeirra sem þurfa á þeim að halda og sjá um að atvik séu tilkynnt með réttum hætti;
– útbúa leiðbeiningar um framkvæmd og undirbúning tiltekinna aðgerða, t.d. með gerð gátlista, þar sem tilgreint er hver sé ábyrgur;
– útbúa neyðaráætlun fyrir skipið þar sem tilgreint er hver skuli bera ábyrgð á hverju í neyðartilvikum.

Þá skal í öryggisstjórnunarkerfinu greina frá þeim viðhaldsverkefnum sem nauðsynleg eru til að tryggja öryggi skips og tilgreina hver skuli hafa eftirlit með og bera ábyrgð á þeim. Útgerð skal annast um að öll fyrirmæli og ákvæði öryggisstjórnunarkerfisins séu tekin reglulega til endurskoðunar.

III. Tilskipun 2005/45/EB.

Með hinni nýju tilskipun er mælt fyrir um sjálfkrafa viðurkenningu allra skírteina sem gefin eru út í samræmi við tilskipun 2001/25/EB, án annarra skilyrða en eigin ríkisborgarar aðildarríkis þurfa að uppfylla. Tilskipunin miðar þannig að því að auðvelda gagnkvæma viðurkenningu alþjóðlegra atvinnuskírteina sjómanna, en hún hefur hingað til fallið undir tilskipanir 89/48/EBE og 92/51/EB (innleiðing almenns kerfis til viðurkenningar á starfsmenntun og starfsþjálfun), samkvæmt tilskipun 2001/25/EB, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 76/2001.

Vegna fjölgunar á skírteinum sem fengin eru með sviksamlegum hætti eru ríkin skylduð til að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir og refsa fyrir sviksamlegt athæfi sem tengist atvinnuskírteinum. Ber aðildarríkjum að kveða á um skilvirka refsingu í réttu hlutfalli við brot, og koma upplýsingum um svik og önnur ólögmæt athæfi á þessum vettvangi á framfæri við hin aðildarríkin og framkvæmdastjórn EB.

Einnig er mælt fyrir um að taka skuli upp í lög bandalagsins kröfur STCW-samþykktarinnar um kröfur um tungumálakunnáttu sjómanna í vissum stöðum.

Loks er í tilskipuninni mælt fyrir um aðgerðir af hálfu bandalagsins og Siglingaöryggisstofnunar Evrópu, m.a. um eftirlit með aðildarríkjunum.

Í tilskipuninni, sem aðildarríkjum er ætlað að innleiða í síðasta lagi 20. október 2007, eru lagðar til breytingar á tilskipun 2001/25/EB til samræmis við framansagt.

IV. Helstu breytingar sem felast í frumvarpinu og áhrif á íslensk skip.

Árið 1995 samþykkti Evrópusambandið að reglurnar um öryggisstjórnunarkerfi í siglingum skyldu taka til ekjufarþegaskipa sem væru í rekstri innan sambandsins, óháð því hvar þau væru skráð og hvort þau væru í alþjóðlegum siglingum eða í innanlandssiglingum. Reglugerð Evrópusambandsins um þetta leiddi m.a. til þess að útgerð Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfs var skylt að fullnægja reglum um öryggisstjórnunarkerfi frá og með 1. júlí 1996.

Frumvarpi þessu um framkvæmd alþjóðlega kóðans um öryggisstjórnun skipa er ætlað að innleiða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 336/2006 sem leysir af hólmi áðurnefnda reglugerð og nær það, sbr. einnig 3. gr. reglugerðarinnar, til eftirfarandi skipa:
– flutningaskipa í innanlandssiglingum, sem eru stærri en 500 BT;

– farþegaskipa sem eru í siglingum á hafsvæði A og B án tillits til stærðar.

Þannig skulu öll flutningaskip stærri en 500 BT að stærð og öll farþegaskip, önnur en þau sem eru í siglingum á hafsvæði C og D samkvæmt tilskipun 98/18/EB, sem innleidd var með reglugerð nr. 666/2001, og útgerðir viðkomandi skipa fullnægja ákvæðum alþjóðlega öryggisstjórnunarkerfisins eigi síðar en 24. mars 2008. Þetta þýðir að þau íslensku skip sem eru stærri en 500 BT og eru í siglingum með ströndum landsins og farþegaskip sem sækja lengra en 6 sjómílur frá landi, þar á meðal mörg hvalaskoðunarskip, skulu taka upp öryggisstjórnunarkerfið.

Herjólfur, sknr. 2164, er vöruflutningaskip sem er í siglingum á hafsvæði B og fellur því innan gildissviðs frumvarpsins. Herjólfur flokkast sem ekjufarþegaskip og þurfti því að fullnægja ákvæðum um öryggisstjórnunarkerfi á grundvelli áðurgildandi reglugerðar 3051/95/EB. Sæfari, sknr. 2063, er skráður sem farþegaskip og siglir á hafsvæði B. Hann fellur því undir ákvæði hinna nýju reglna, en þær eru ekki bundnar við brúttótonn þegar um farþegaskip er að ræða, heldur eru einungis skip (önnur en ekjufarþegaskip) sem sigla á hafsvæðum C og D undanþegin gildissviðs þeirra.

Að auki ná ákvæði frumvarpsins til fjölda íslenskra skipa sem í dag eru notuð til hvalaskoðunar, en þess ber að geta að aðstæður eru þannig hér við land að svæðið sem mögulegt er að flokka sem hafsvæði C og D er mjög afmarkað. Gróft áætlað virðist sem tillögð ákvæði frumvarpsins geti haft áhrif á um helming þeirra tæplega 60 skipa sem skráð eru með farþegaleyfi hér á landi. Má gera ráð fyrir að þau skip sem falla undir ákvæði frumvarpsins þurfi annaðhvort að lúta ákvæðum ISM-kóðans eða sæta takmörkunum á farsviði umfram það sem þegar er.

Með reglugerðinni verður nauðsynlegt að taka upp önnur viðmið en nú eru notuð við að afmarka farsvið hvalaskoðunarskipa. Farsvið skipa með farþegaleyfi er í dag ekki háð sérstakri flokkun eða samræmdum viðmiðunum. Nota mætti STK-kerfið til að fylgjast með því að skipin haldi sig innan leyfilegs farsviðs. Dæmi um skip sem falla utan gildissviðs frumvarpsins er Baldur, sknr. 2727, þar sem hann siglir á hafsvæði C allt árið.

Sæfari er undir eftirliti flokkunarfélaga, en samkvæmt frumvarpinu er viðurkenndum flokkunarfélögum heimilt að annast eftirlit með því að ákvæðum um öryggisstjórnun skipa og útgerða sé fullnægt. Gert er ráð fyrir því að Siglingastofnun annist eftirlit með öryggisstjórnunarkerfum skipa að öðru leyti.

Krafan um að koma á öryggisstjórnunarkerfi í alþjóðlegum siglingum hefur að margra mati gefist mjög vel og hafa margar stærri útgerðir hafa komið slíku kerfi á til að tryggja áfallalausan og öruggan rekstur skipa sem þau eru með í rekstri. Þar sem samfella og stöðugleiki er í rekstri er tiltölulega auðvelt að koma á slíku kerfi og viðhalda því. Þegar um er að ræða árstíðabundinn rekstur eða miklar sveiflur í umfangi og eðli rekstrar kann að vera mun erfiðara að tryggja að rekstur í öllum atriðum fullnægi fyrirmælum ISM-kóðans. Þótt krafa um öryggisstjórnunarkerfi gæti virst mjög íþyngjandi fyrir þau skip og þær útgerðir sem falla undir ISM-kóðann með frumvarpinu, mætti finna lausn sem hentar minni útgerðum og skipum, án þess að grípa þurfi til undanþáguheimilda frumvarpsins í miklum mæli. Þannig gæti Siglingastofnun Íslands útbúið einfalda fyrirmynd öryggisstjórnunarkerfis fyrir minni skip með farþegaleyfi, og gefið útgerðum kost á að leggja fram kerfi til samþykktar sem byggt er á fyrirmyndinni. Það skal einnig tekið fram að þegar starfsemi farþegaskips er í höndum fárra manna, þar sem samskipti eru ekki tiltakanlega flókin, felst öryggisstjórnun fyrst og fremst í því að útbúa gátlista og verklagsreglur og að æfa viðbrögð við frávikum frá öryggiskerfinu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 3. mgr. 1. gr. er vísað til tilskipunar 94/58/EB, sem á sínum tíma var leyst af hólmi af tilskipun 2001/25/EB, og er hér lagt til að texti laganna verði uppfærður, og vísi jafnframt til tilskipunar 2005/45/EB, um gagnkvæma viðurkenningu á skírteinum sjómanna sem aðildarríkin gefa út og um breytingu á tilskipun 2001/25/EB.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að við bætist tvær skilgreiningar úr reglugerð (EB) nr. 336/2006, sem nauðsynlegt þykir að verði hluti laganna. Annars vegar skilgreining á ISM-kóðanum og hins vegar á því hvað sé viðurkenndur aðili í skilningi frumvarpsins.

Um 3. gr.

Í 2. mgr. 6. gr. segir að um umsóknir frá ríkisborgurum EES um viðurkenningu á réttindum skuli fara „eftir ákvæðum tilskipunar ráðsins 92/51/EBE, sbr. lög um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum, nr. 83/1993“. Samkvæmt tilskipun 2005/45/EB fellur gagnkvæm viðurkenning ekki lengur undir umrædda tilskipun, heldur undir ákvæði tilskipunar 2005/45/EB. Er hér lagt til að greinin verði uppfærð til samræmis. Frekari ákvæði verður að finna í reglugerð, sbr. nú reglugerð nr. 416/2003.

Um umsóknir á viðurkenningum á réttindum sem gefin eru út utan EES er enn farið eftir grunntilskipuninni um lágmarksþjálfun sjómanna, en uppfæra þarf tilvísun í ákvæðinu, þar sem vísað er til eldri tilskipunar 94/58/EB, en núgildandi tilskipun er 2001/25/EB. Frekari ákvæði verður að finna í reglugerð, sbr. nú reglugerð nr. 416/2003.

Lagt er til að miðað sé við útgáfuland skírteinis í stað ríkisborgararéttar skírteinishafa í báðum málsgreinunum, í samræmi við ákvæði tilskipunar 2005/45/EB.

Um 4. gr.

Lagt er til að við lögin bætist ný grein þess efnis að skipum sem þar eru tilgreind sé skylt að fylgja ákvæðum A-hluta ISM-kóðans og taka upp alþjóðlegt öryggisstjórnunarkerfi. Nær skyldan til skipa í millilandasiglingum sem skráð eru í aðildarríki, og skipa í innanlandssiglingum óháð fána þeirra. Skulu Siglingastofnun og viðurkenndir aðilar hafa heimild til að gefa út skírteini um að ákvæðum kóðans sé fullnægt.

Kveðið er á um heimild Siglingastofnunar til þess að veita undanþágu frá þar tilgreindum ákvæðum kóðans. Undanþágur frá ákvæðum þarf að tilkynna til Evrópusambandsins samkvæmt reglugerð (EB) nr. 336/2006, en jafnframt er Evrópusambandsríkjunum ásamt Íslandi og Noregi gert að senda Evrópusambandinu skýrslu árlega um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 336/2006.

Í 3. mgr. eru talin upp skip sem falla utan gildissviðs 1. mgr. 2. gr. og tekur greinin mið af 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 336/2006.

Um 5. gr.

Í þessu ákvæði er lögð til sú breyting á 17. gr. laganna að bætt er við orðunum „alþjóðlegt öryggisstjórnunarkerfi“ í upptalningu á atriðum sem heimilt er að kveða nánar á um í reglugerð.

Um 6. og 7. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 76/2001, um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa.

Tilgangur frumvarpsins er að innleiða ákvæði um alþjóðlegt öryggisstjórnunarkerfi (International Safety Management Code), ISM-kóðann, í íslenskan rétt. Með innleiðingu á sérstökum ISM-öryggisstjórnunarkóða er leitast við að tryggja öryggi á sjó, koma í veg fyrir slys eða manntjón og forðast mengun umhverfisins, einkum sjávar, og skemmdir á eignum. Jafnframt er frumvarpinu ætlað að tryggja að útgerðir þeirra skipa sem falla þar undir starfi í samræmi við viðurkennt öryggisstjórnunarkerfi. Að auki er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að innleiða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/45/EB um gagnkvæma viðurkenningu á skírteinum sjómanna sem aðildarríkin gefa út og um breytingu á tilskipun 2001/25/EB. Tilskipun 2005/45/EB má segja sé tvískipt. Annars vegar er hún sértilskipun sem mælir fyrir um hvernig skuli fara með skírteini sem gefin eru út innan EES, hins vegar breytir hún og bætir við ákvæðum tilskipunar 2001/25/EB um lágmarksþjálfun sjómanna sem mælir fyrir um útgáfu skírteina í samræmi við kröfur STCW-samþykktarinnar.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

648. Framhaldsnefndarálit [142. mál]

um frv. til l. um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

Nefndin fjallaði að nýju um frumvarpið eftir að því hafði verið vísað til hennar að lokinni 2. umræðu. Nefndin fékk á sinn fund Bjarnheiði Gautadóttur og Hildi Jónsdóttur frá félags- og tryggingamálaráðuneyti og Kristínu Ástgeirsdóttur frá Jafnréttisstofu.

Nefndin telur mikilvægt að það markmið laganna í i-lið 1. gr., að vinna gegn kynbundnu ofbeldi, verði orðað þannig að unnið skuli gegn kynbundnu ofbeldi og áreitni. Í frumvarpinu eru hugtökin kynferðisleg og kynbundin áreitni skilgreind og koma þau fyrir víðs vegar í frumvarpinu. Hins vegar koma framangreind hugtök hvergi fram í 1. gr. frumvarpsins sem fjallar um markmið laganna og þykir nefndinni því nauðsynlegt að bætt verði úr því með fyrrgreindum hætti.

Skilgreining á kynbundnu ofbeldi kom til umræðu og varð niðurstaðan sú að æskilegt væri að skilgreiningu á kynbundnu ofbeldi yrði bætt við 2. gr. frumvarpsins þar sem eitt af markmiðum laganna væri að vinna gegn kynbundnu ofbeldi. Sú skilgreining sem lögð er til að verði notuð er í samræmi við yfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna um afnám ofbeldis gegn konum. Einnig þykir nefndinni brýnt að kynbundin ofbeldisbrot fari ávallt fyrir dómstóla en komi ekki inn á borð kærunefndar jafnréttismála til úrskurðar.

Vegna þeirra breytinga sem urðu um síðastliðin áramót á verkaskiptingu ráðuneyta er vakin athygli á því að í frumvarpinu stendur hvarvetna „félagsmálaráðherra“ en ekki „félags- og tryggingamálaráðherra“. Brýnt er að það sé lagfært.

Skipun Jafnréttisráðs bar einnig á góma innan nefndarinnar og fram komu tillögur um það hverjir skyldu tilnefna fulltrúa í ráðið. Eftir að hafa rætt ítarlega um málið varð sátt um að rétt þætti að Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands ætti fulltrúa innan ráðsins.

Gildissvið 15. gr. frumvarpsins var jafnframt rætt. Fram kom að skýra þyrfti ákvæðið þannig að ljóst væri að það ætti ekki við um kosningar í nefndir, ráð og stjórnir á vegum hins opinbera þar sem um er að ræða kjörna fulltrúa. Þá skal ítrekað að ákvæði 15. gr. gildir um skipan Jafnréttisráðs.

Einnig kom upp umræða um 31. gr. frumvarpsins. Eftir að hafa fjallað um þá grein var komist að þeirri niðurstöðu að ekki þyrfti að koma með athugasemdir við hana í nefndaráliti þar sem í gildandi lögum væri að finna samhljóða ákvæði.

Samkvæmt 11. gr. frumvarpsins skal félags- og tryggingamálaráðherra, innan árs frá alþingiskosningum, leggja fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum. Lagt er til í nýju bráðabirgðaákvæði að ráðherra leggi framangreinda þingsályktunartillögu fram í fyrsta skipti haustið 2008 á grundvelli ákvæðis 11. gr.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 12. febr. 2008.

Guðbjartur Hannesson, form., frsm.	Ásta R. Jóhannesdóttir.	Birkir J. Jónsson.
Árni Johnsen.	Ármann Kr. Ólafsson.	Kristinn H. Gunnarsson, með fyrirvara.
Pétur H. Blöndal, með fyrirvara.	Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.	Jón Gunnarsson.

649. Breytingartillögur [142. mál]

við frv. til l. um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

1. I-liður 1. gr. orðist svo: vinna gegn kynbundnu ofbeldi og áreitni.
2. Við 2. gr. bætist nýr töluliður er verði 5. tölul. og orðist svo: *Kynbundið ofbeldi*: Ofbeldi á grundvelli kynferðis sem leiðir til, eða gæti leitt til, líkamlegs, kynferðislegs eða sálræns skaða eða þjáninga þolanda, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennda sviptingu frelsis, bæði í einkalífi og á opinberum vettvangi.

3. Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 3. gr. og sama orðs hvarvetna annars staðar í frumvarpinu komi: Félags- og tryggingamálaráðherra.
4. 8. gr. orðist svo:
   Eftir hverjar alþingiskosningar skipar félags- og tryggingamálaráðherra ellefu manna Jafnréttisráð. Ráðherra skipar formann án tilnefningar, tvo fulltrúa sem tilnefndir eru sameiginlega af samtökum launafólks, tvo fulltrúa sem tilnefndir eru sameiginlega af samtökum atvinnurekenda, tvo fulltrúa sem tilnefndir eru sameiginlega af Femínistafélagi Íslands, Kvenfélagasambandi Íslands og Kvenréttindafélagi Íslands, einn fulltrúa sem tilnefndur er sameiginlega af Samtökum um kvennaathvarf og Stígamótum, einn fulltrúa sem tilnefndur er af Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum, einn fulltrúa sem tilnefndur er af Félagi um foreldrajafnrétti og einn fulltrúa sem tilnefndur er af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.
5. Við frumvarpið bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   Þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. 11. gr. skal félags- og tryggingamálaráðherra leggja fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum í fyrsta skipti á grundvelli ákvæðisins haustið 2008 sem gilda skal til vors 2012. Að öðru leyti gildir ákvæði 11. gr.

650. Tillaga til þingsályktunar [402. mál]

um athugun á hagkvæmni lestarsamgangna.

Flm.: Árni Þór Sigurðsson, Steinunn Valdís Óskarsdóttir, Björk Guðjónsdóttir, Siv Friðleifsdóttir, Hanna Birna Jóhannsdóttir, Atli Gíslason, Álfheiður Ingadóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Bjarni Harðarson, Gunnar Svavarsson, Katrín Júlíusdóttir, Kolbrún Halldórsdóttir.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta kanna hagkvæmni lestarsamgangna milli Keflavíkurflugvallar og Reykjavíkur annars vegar og léttlestakerfis innan höfuðborgarsvæðisins hins vegar. Kannaðir verði kostir þessa samgöngumáta og gallar, sem og hugsanlegar leiðir. Sjónum verði einkum beint að kostnaði og ávinningi samfélagsins og efnahagslegum, umhverfislegum og skipulagslegum áhrifum. Í þessu skyni verði leitað til sérfræðinga innan lands og utan. Niðurstöður athugunarinnar liggi fyrir í árslok 2008.

Greinargerð.

Samfélag þjóðanna er sér nú mun meðvitaðra en áður um að vel flest í hegðun mannanna hefur áhrif á umhverfið og þar með lífsskilyrði og afkomumöguleika komandi kynslóða. Þess vegna skipa umhverfismálin í víðum skilningi æ veigameiri sess í þjóðfélagsumræðunni. Samgöngur hafa sem kunnugt er mikil áhrif á umhverfið, bæði jákvæð og neikvæð. Í þéttbýli eru samgöngurnar oft helsta umhverfisógnin sem við er að etja og hefur sú þróun átt sér stað víða um heim. Á höfuðborgarsvæðinu er nú svo komið að neikvæð áhrif bílaumferðar eru helstu umhverfisvandamál sveitarfélaganna og æ oftar mælist mengun í Reykjavík ofar hættumörkum. Útblástur koltvíoxíðs frá bílaumferð og svifryk, sem m.a. stafar af notkun nagladekkja, eru helstu orsakirnar. Það er því mikilvægt að horfa á markmið og leiðir í samgöngumálum með gleraugum umhverfismálanna.

Markmið stjórnvalda.

Íslensk stjórnvöld hafa sett sér það markmið að umhverfisáhrifum samgangna verði haldið innan ásættanlegra marka. Þannig er miðað við að losun koltvíoxíðs frá samgöngum árið 2010 verði ekki meiri en árið 1990. Jafnframt verði dregið úr hávaða frá samgöngum og loftmengun verði haldið innan viðmiðunargilda í stöðlum Evrópusambandsins. Til þess að þessum árangri verði náð þurfa stjórnvöld að vera reiðubúin að leita nýrra leiða í samgöngumálum.

Greiðar, góðar og öruggar samgöngur eru að sjálfsögðu metnaður hvers samfélags. Um leið þarf að tryggja að samgöngurnar hafi sem minnst neikvæð umhverfisáhrif. Alþjóðasamfélagið hefur einsett sér að takast á við þau með stefnumörkun um sjálfbæra þróun. Sjálfbærar samgöngur fela í sér að samræma umhverfisleg, efnahagsleg og samfélagsleg markmið innan samgöngugeirans. Umhverfisleg markmið eru m.a. að takmarka notkun jarðefnaeldsneytis, þ.e. bensíns og olíu, að samgöngur ógni ekki vistkerfum og að mótvægisaðgerðum sé beitt til að sporna við neikvæðum umhverfisáhrifum. Umhverfisáhrif samgangna eru margs konar og má nefna loftmengun, gróðurhúsaáhrif, áhrif á heilsu, hávaða, sjónræn áhrif o.s.frv. Efnahagsleg markmið taka m.a. á kostnaði og samfélagslegri arðsemi eða hagkvæmni í samgöngum en um þá nálgun hefur lítið verið fjallað hér á landi þó að hún sé í vaxandi mæli viðfangsefni stjórnvalda í löndunum í kringum okkur og sé óaðskiljanlegur hluti stefnumótunar um sjálfbærar samgöngur. Samfélagslegu markmiðin lúta m.a. að þáttum er varða lýðheilsu, að samgöngur skaði sem minnst heilsu fólks, skipulagslegum atriðum, umferðaröryggismálum og umferðarmenningu o.fl.

Stóraukin bílaeign.

Umtalsverð breyting hefur orðið á umferð og ferðavenjum íbúa höfuðborgarsvæðisins á síðustu árum. Nú er bifreiðaeign á höfuðborgarsvæðinu með því mesta sem gerist í heiminum. Samtímis þessu hefur notkun almenningssamgangna minnkað hlutfallslega og er minni en í nágrannalöndum okkar þrátt fyrir tilraun sveitarfélaganna til að hagræða og bæta þjónustu með stofnun Strætó bs. en byggðasamlagið heldur uppi almenningssamgöngum allt frá Hafnarfirði til Akraness. Samhliða aukinni bifreiðaeign hefur íbúum á höfuðborgarsvæðinu fjölgað umfram landsmeðaltal. Umferðin hefur því stórlega aukist og hefur sú þróun í för með sér að auknum fjármunum þarf að verja til afkastamikilla umferðarmannvirkja fyrir almenna bílaumferð, sem krefjast mikils landrýmis, ef halda á sama þjónustustigi í gatnakerfinu. Áhrif umferðar á mengun er síðan umtalsverð vegna losunar óæskilegra lofttegunda í andrúmsloftið og svifryks.

Vitaskuld á þessi þróun sér margvíslegar skýringar. Íslendingar hafa undanfarna áratugi búið við mikinn hagvöxt og stórstígar framfarir á flestum sviðum þjóðlífsins. Efnahagsleg velgengni á sinn þátt í þessari umferðarþróun. Annar veigamikill þáttur er skipulag höfuðborgarsvæðisins og það er sá þáttur sem yfirvöld geta haft hvað mest áhrif á. Höfuðborgarsvæðið er í raun afar dreifbýlt. Af skilgreindu þéttbýli borgarinnar er byggt land aðeins ríflega helmingur, eða um 54%. Til gamans má geta þess að Manhattan-eyjan í New York, þar sem búa nokkrar milljónir manna, er lítið minni að flatarmáli en byggt land Reykjavíkur. Hin strjála byggð höfuðborgarsvæðisins á ekki lítinn þátt í því að bíllinn hefur orðið þarfasti þjónninn í nútímasamfélagi okkar og að hlutur almenningssamgangna hefur farið minnkandi og rekstrargrundvöllur þeirra versnað. Í marga áratugi hefur skipulagsstefna hér á landi einkennst af landsóun. Almenningssamgöngur og aðbúnaður gangandi og hjólandi vegfarenda hefur setið á hakanum, þar sem síaukin bílaumferð hefur kallað á ný og umfangsmeiri umferðarmannvirki og framtíðarsýnin hefur byggst á framreikningi ríkjandi ástands. Í dag er svo

komið að um helmingur byggðs lands höfuðborgarinnar hefur verið lagður undir umferðarmannvirki, götur og bílastæði.

Sjálfbærar samgöngur.

Nokkur atriði skipta mestu máli ef takast á að stuðla að sjálfbærum samgöngum á höfuðborgarsvæðinu. Sérstaklega ber að nefna eflingu almenningssamgangna, nýja og vistvæna orkugjafa og stórbættar aðstæður fyrir gangandi og hjólandi umferð. Enn fremur mætti nefna hér markvissa umferðarstjórnun sem hefur sótt mjög í sig veðrið víða erlendis en hefur ekki náð að festa rætur hér á landi. Víða erlendis móta fyrirtæki og stórir vinnustaðir sér samgöngustefnu og sums staðar er slík stefnumótun skylda hjá vinnustöðum með fleiri en 50 starfsmenn. Hér á landi er ráðgjafar- og verkfræðistofan VGK-Hönnun gott dæmi um fyrirtæki sem hefur rutt brautina í þessu sambandi, hefur mótað og framfylgir samgöngustefnu í þágu umhverfisins.

Betri strætó – vistvænir orkugjafar.

Á höfuðborgarsvæðinu er brýnt að efla hlut almenningssamgangna eins og sveitarfélögin eru samstíga um að gera, enda fjölmörg rök sem mæla með því, m.a. að:

- mengun á hvern farþega í almenningsvagni er minni að meðaltali en á farþega í einkabíl,
- kostnaður vegna umferðarmannvirkja er minni á hvern farþega í almenningsvagni en í einkabíl,
- almenningssamgöngur krefjast minna landrýmis undir umferðarmannvirki en einkabílar,
- umferðartafir eru ólíklegri í borgarumhverfi sem býður upp á almenningssamgöngur sem raunhæfan ferðamáta,
- hærra hlutfall farþega í almenningsvögnum dregur úr tíðni umferðarslysa,
- góðar almenningssamgöngur stuðla að auknu „ferðafrelsi“ þeirra félagshópa sem ekki geta ekið einkabíl eða hafa hann ekki til umráða,
- framboð á góðri þjónustu almenningssamgangna gerir fólki kleift að hvíla sig á umferðartöfum og bílastæðavandræðum,
- aukin notkun almenningsvagna og bætt þjónusta opnar ný sóknarfæri við skipulagningu byggðar, hagkvæmari nýtingu lands og veitukerfa, þéttari og skjólbetri byggð og skapar grundvöll að fjölbreyttara mannlífi,
- þéttbýli sem styður almenningssamgöngur veitir venjulega göngu- og hjólreiðasamgöngum einnig brautargengi,
- samfélag sem stefnir að vistvænni og alþjóðlegri ímynd þarf óhjákvæmilega að efla almenningssamgöngur.

Miklir möguleikar eru á að auka hlut annarra orkugjafa en jarðefnaeldsneytis í samgöngum. Hér má nefna að Strætó bs. var þátttakandi í evrópsku tilraunaverkefni með rekstur vetnisvagna. Voru þrír vagnar í notkun í flota Strætó og gafst tilraunin vel og fyrirtækið er nú með a.m.k. tvo metanbíla í rekstri og hefur mótað þá stefnu að fjölga visthæfum vögnum enn frekar. Reykjavíkurborg hefur þegar ákveðið að veita vistvænum ökutækjum sérstök afsláttarkjör í bílastæði borgarinnar. Víða eru árangursrík dæmi um skipti frá notkun olíu yfir í metangas og etanól sem orkugjafa fyrir bíla og strætisvagna. Í Stokkhólmi eru t.d. yfir 2.500 bílar og strætisvagnar knúnir visthæfum orkugjöfum í stað olíu. Í Lille í Frakklandi eru um ⅓ strætisvagna knúnir gasi og búist er við að innan fárra ára verði eingöngu notast við slíka vagna. Íslenska vetnisverkefnið vakti verðskuldaða athygli. Hér á landi liggja miklir möguleikar í þessum efnum og er nauðsynlegt að stjórnvöld hugi sérstaklega að því hvernig auka megi hlutdeild visthæfra orkugjafa í samgöngum, ekki bara í almenningssamgöngum heldur

einnig í hinum almenna bílaflota landsmanna, að ekki sé talað um skipaflotann. Það vekur athygli að raforka hefur lítið sem ekkert verið notuð til að knýja samgöngutæki hér á landi enda þótt hún sé ódýr í framleiðslu og að mestu endurnýjanleg auðlind.

Samgöngur gegna lykilhlutverki í nútímasamfélagi.

Óþarft er að rekja hve mikilvægar samgöngur eru í nútímaþjóðfélagi. Hreyfanleikinn er jafnvel talinn vera mælikvarði á samkeppnishæfni einstakra samfélaga, borga eða héraða. Og þar vill enginn verða undir. Með vaxandi fólksfjölda og aukinni ferðaþörf, samhliða kröfum um meiri þægindi, minni mengun og alþjóðlegum skuldbindingum í umhverfis- og loftslagsmálum er brýnt að leita nýrra leiða í samgöngum á höfuðborgarsvæðinu. Um 60% landsmanna búa og starfa í sveitarfélögunum sjö á höfuðborgarsvæðinu en sé hringurinn dreginn utar og látinn ná austur í Árborg, vestur í Borgarnes og suður í Reykjanesbæ (45–60 mín. akstursfjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu) lætur nærri að um ¾ hlutar landsmanna búi á því svæði. Það eru því ríkir samfélagslegir hagsmunir að samgöngumálum þessa svæðis sé sinnt með heildarhagsmuni og langtímasýn að leiðarljósi, bæði í efnahagslegu, samfélagslegu og umhverfislegu tilliti.

Borgarsamfélagið á suðvesturhorninu hefur tekið miklum breytingum á fáum árum. Það má í raun segja að á síðustu 10–15 árum hafi það breyst úr stórum þéttbýliskjarna á íslenskan mælikvarða í alþjóðlega borg. Í árdaga síðustu aldar var hesturinn enn þarfasti þjónninn enda, ásamt tveimur jafnfljótum, helsta samgöngutæki bæjarbúa. Síðan er mikið vatn runnið til sjávar. Kynslóðir eftirstríðsáranna hafa búið við almenna efnahagslega velmegun, ný tækni og tól hafa hafið innreið sína, ekki síður í samgöngum en á öðrum sviðum. Eins og fram kemur á undan hefur bílaeign landsmanna aukist mikið, farþegum með almenningsvögnum hefur fækkað nær samfellt í fjóra áratugi og það hefur ekki beint átt við Íslendingseðlið að fara ferða sinna gangandi eða hjólandi. En það er gömul saga og ný að tímarnir breytast og mennirnir með. Á sama hátt og tíðarandinn, almenn lífsskilyrði o.fl. hafa valdið miklum breytingum á samgönguháttum á höfuðborgarsvæðinu á liðnum áratugum, er víst að 21. öldin mun einnig hafa í för með sér margvíslegar breytingar í þessu sambandi.

Aukin umsvif á Suðurnesjum.

Eins og að framan greinir búa um 75% þjóðarinnar í um klukkustundar akstursfjarlægð frá höfuðborginni. Sveitarfélögin í nágrenni höfuðborgarsvæðisins (Ölfus, Árborg, Hveragerði, Akranes, Hvalfjarðarsveit, Borgarbyggð, Vogar, Grindavík, Sandgerði og Reykjanesbær) njóta að sjálfsögðu þessa nábýlis og sá ávinningur er gagnkvæmur. Sérstaða Suðurnesja er að sjálfsögðu sú að þar er alþjóðlegur millilandaflugvöllur með vaxandi umsvif. Bæði er að erlendum ferðamönnum sem hingað koma hefur fjölgað geysilega á undanförnum áratug og Íslendingar sjálfir ferðast mun meira nú en áður var. Lætur nærri að fjöldi erlendra ferðamanna sem fer um Leifsstöð hafi tvöfaldast sl. 10 ár og gæti enn tvöfaldast á næstu 6–8 árum. Glöggur vitnisburður um þessa þróun er að sjálfsögðu mikil stækkun flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Þá hefur brottför hersins á Miðnesheiði leitt til þróunar sem fáir sáu fyrir og líkur á að íbúafjöldinn þar muni vaxa hraðar en nokkurn óraði fyrir. Uppbygging háskólasamfélags á gamla varnarsvæðinu og öll sú þjónusta sem þau breyttu not hafa í för með sér mun leiða til mjög svo aukinna umsvifa og krafna. Allt kallar þetta því á góðar, öruggar og visthæfar samgöngur milli Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar.

Fyrri athuganir.

Fyrir um sex árum unnu AEA Technology Rail og Ístak hf. hagkvæmniathugun á lestarsamgöngum milli Keflavíkurflugvallar og Reykjavíkur á vegum Orkuveitu Reykjavíkur og Reykjavíkurborgar. Var talið að ávinningur af lestarsamgöngum gæti orðið skemmri ferðatími fyrir flugfarþega, minni þörf á innfluttum orkugjöfum, minni umferð og þar með minni losun gróðurhúsalofttegunda og færri umferðarslys.[1] Umfang verkefnisins einskorðaðist við samgöngur milli Reykjavíkur og Keflavíkur þannig að önnur nýting brautarinnar var ekki skoðuð. Í niðurstöðu skýrslunnar[2] segir:

„Það er niðurstaða þessarar athugunar að ekki eru neinar tæknilegar hindranir fyrir því að leggja járnbraut eins og hér hefur verið lýst, en frá sjónarhóli hagkvæmni er hún ekki réttlætanleg miðað við þær forsendur sem eru notaðar.

Verkkaupi, Orkuveita Reykjavíkur og Umhverfis- og tæknisvið, þurfa nú að ákveða um framhaldið. Til greina gæti komið að kanna hverjar viðbótartekjur kynnu að fást frá notkun á járnbrautinni óháðri flugi. Einnig mætti rannsaka tækifæri til sparnaðar.

Síðast en ekki síst kemur sá kostur til álita að fella járnbrautina inn í svæðisskipulag þannig að hana megi leggja síðar, ef þróun verður með þeim hætti að lagning þessarar járnbrautar teljist hagkvæm og þá ef til vill sem hluti stærra brautarkerfis.“

Ekki varð framhald á þessari vinnu á sínum tíma. Á hitt er þó að líta að farþegafjöldi í millilandaflugi hefur aukist mikið síðan skýrslan var gerð og þróun fyrrum varnarsvæðis á Keflavíkurflugvelli er alveg nýr flötur á þessu máli eins og rakið er hér að framan. Þá er umræðan um umhverfismál og sjálfbæra þróun komin á allt annað stig en hún var fyrir fáum árum og skilningur manna á að taka verði tillit til umhverfiskostnaðar í hagkvæmniútreikningum er einnig mun meiri.

Á svipuðum tíma og athugunin á lestarsamgöngum milli Keflavíkur og Reykjavíkur var unnin var einnig unnið að skoðun á léttlestakerfi[3] innan höfuðborgarsvæðisins. Voru þar m.a. fengnir sömu erlendu ráðgjafar og unnu við hina fyrri skýrslu. Niðurstöður þeirrar athugunar voru einnig að ekki svaraði kostnaði að koma á slíku kerfi innan höfuðborgarsvæðisins, m.a. vegna þess hve dreifbýlt það væri og að samgöngur væru nú þegar frekar greiðar.[4] Það er þó einnig galli á þessari athugun að hún mat ekki þjóðhagsleg áhrif léttlestakerfis, svo sem vegna umhverfismála, nýtingar innlendrar orku, bættrar lýðheilsu o.þ.h. Einnig koma í þessu efni til breytt viðhorf til umhverfismála, ekki síst þættir eins og loftmengun sem er vaxandi vandamál á höfuðborgarsvæðinu, nýjar og breyttar áherslur í skipulagsmálum o.s.frv.

Lokaorð.

Á málþingi samgönguráðs, sem haldið var 7. febrúar sl., var sjónum einkum beint að almenningssamgöngum í þéttbýli. Fyrirlesarar frá Þýskalandi og Noregi gerðu grein fyrir vel heppnuðum aðgerðum til að auka hlut almenningssamgangna, m.a. með áherslu á sporbundna umferð. Mörg dæmi er raunar hægt að tiltaka, víða að úr heiminum, um mikinn og góðan árangur í þessu efni. Á sumum borgarsvæðum í Evrópu þar sem sporvagnar höfðu verið lagðir niður hafa léttlestir verið teknar upp á nýjan leik og átt ríkan þátt í að fjölga farþegum í al-

---

[1] *Járnbraut milli Keflavíkur og Reykjavíkur*. Hagkvæmniúttekt. Annar áfangi. Skýrsla 2002. AEA Technology Rail & Ístak hf.

[2] Sama og nr. 1.

[3] Léttlest er þýðing á hugtakinu „Light Rail“ og er í raun nútímaleg útgáfa af sporvögnum, en sem jafnan ganga eftir sérstökum teinum, aðgreindar frá annarri umferð og eru rafknúnar. Þær eru hljóðlátari, öruggari, þægilegri og fljótari í ferðum en strætisvagnar.

[4] *Léttlestir á höfuðborgarsvæðinu.* Skýrsla 2004. VSÓ Ráðgjöf.

menningssamgöngum, draga úr álagi á hinu almenna gatnakerfi og auka afköst í samgöngukerfinu í heild. Léttlestir hafa laðað til sín notendur sem ekki nýttu sér strætisvagna, ekki síst vegna jákvæðrar ímyndar og þæginda og meiri öryggis og áreiðanleika. Um leið er umhverfislegi ávinningurinn augljós.

Með tilliti til þess sem hér hefur komið fram er full ástæða til að kanna til hlítar kosti þess og galla að koma á lestarsamgöngum milli Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar annars vegar og léttlestakerfi innan höfuðborgarsvæðisins hins vegar. Slík athugun þarf að taka heildstætt á þjóðhagslegum ávinningi, hvort sem litið er á hann í efnahagslegu, skipulagslegu eða umhverfislegu tilliti. Eins og gefur að skilja er staðbundin þekking hér á landi á lestarsamgöngum takmörkuð og því einboðið að í þessari vinnu verði leitað til erlendra ráðgjafa, jafnvel fleiri en eins aðila. Tillagan gerir ráð fyrir að samgönguráðherra láti vinna þessa könnun og mun það þá ef að líkum lætur koma í hlut Vegagerðarinnar að hafa umsjón með verkinu en einnig hlýtur að koma til álita að leita innlendra aðalráðgjafa með útboði.

651. Nefndarálit [51. mál]

um till. til þál. um varðveislu Hólavallagarðs.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og farið yfir umsagnir sem bárust.

Tillaga þessi var fyrst flutt á 130. löggjafarþingi. Bárust þá fimm umsagnir, frá Biskupsstofu, Þjóðminjasafni Íslands, Fornleifavernd ríkisins, Reykjavíkurborg (borgarminjaverði) og kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæma. Tillagan var síðar aftur lögð fram í smávægilega breyttri mynd. Bárust þá umsagnir frá samgönguráðuneyti, Listasafni Reykjavíkur, Fornleifavernd ríkisins, Biskupsstofu, Reykjavíkurborg, Þjóðminjasafni Íslands, Hugvísindadeild Háskóla Íslands, Umhverfisstofnun, húsafriðunarnefnd og Reykjavíkurprófastsdæmi eystra og vestra. Umsagnir um málið voru almennt jákvæðar.

Telur nefndin að með skipun nefndar líkt og tillagan kveður á um náist frekar að tryggja varðveislu og uppbyggingu Hólavallagarðs og þau menningarlegu og sögulegu verðmæti sem í garðinum eru. Einnig er mikilvægt að með skipun slíkrar nefndar náist að varðveita þann gróður sem þar er en hann á rætur sínar að rekja allt til millistríðsáranna. Út frá menningarlegu gildi garðsins telur nefndin rétt að hann beri að vernda og varðveita.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 5. febr. 2008.

Helgi Hjörvar, form., frsm.	Árni Þór Sigurðsson.	Guðfinna S. Bjarnadóttir.
Höskuldur Þórhallsson.	Katrín Júlíusdóttir.	Kjartan Ólafsson.

Kolbrún Halldórsdóttir.

652. Svar [352. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um táknmálstúlkun og lögverndun starfsheitis táknmálstúlka.

1. *Hversu margir táknmálstúlkar hafa útskrifast frá Háskóla Íslands frá því að formleg kennsla í táknmálsfræðum hófst við skólann?*

Samkvæmt upplýsingum frá Hugvísindadeild Háskóla Íslands hafa 32 táknmálstúlkar útskrifast frá skólanum. 14 útskrifuðust á árunum 1997–1998 og 18 hafa útskrifast eftir að námið hófst að nýju í breyttri mynd árið 2001. Þá var táknmálsfræði og táknmálstúlkun fullgild grein til BA-prófs en áður hafði táknmálstúlkun verið metin sem viðbótarnám. Til viðbótar þeim 18 sem hafa útskrifast frá árinu 2004 mun einn nemandi útskrifast á árinu 2008 og annar nemandi vinnur að síðustu verkefnum námsins.

2. *Hvernig hefur þörf samfélagsins fyrir táknmálstúlka þróast á undanförnum árum?*

Samkvæmt upplýsingum frá Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra hefur þörfin fyrir táknmálstúlka aukist jafnt og þétt á undanförnum árum og gert er ráð fyrir að svo verði áfram.

3. *Hvaða kröfur eru gerðar til táknmálstúlka sem ráðnir eru í störf fyrir opinbera aðila?*

Hjá Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra eru gerðar kröfur um að táknmálstúlkar hafi BA-próf í táknmáli og túlkun. Nýútskrifaðir táknmálstúlkar fá handleiðslu reynds túlks í að minnsta kosti sex mánuði, eða þar til hann metur það svo að túlkurinn sé fær um að vinna sjálfstætt. Sambærilegar kröfur eru gerðar til táknmálstúlka sem ráðnir eru að opinberum skólum á Íslandi.

4. *Kemur til álita að táknmálstúlkar fái lögverndað starfsheiti?*

Í lögum nr. 129/1990, um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra, með síðari breytingum, og reglugerð nr. 1058/2003, um sama efni, er ekki gert ráð fyrir sérstakri löggildingu á starfsheiti táknmálstúlka. Lögin hafa hins vegar það markmið að stuðla að jafnrétti heyrnarlausra til þjónustu sem víðast í þjóðfélaginu á grundvelli táknmáls heyrnarlausra. Í því sambandi annast Samskiptamiðstöðin m.a. táknmálstúlkun. Afstaða ráðuneytisins til fyrirspurnarinnar tekur mið af framangreindu markmiði. Er við það miðað að táknmálstúlkun sé sinnt af þeim sem hafi kunnáttu og getu til þess enda tilgangurinn, eins og áður segir, að heyrnarlausir fái sem besta þjónustu í samræmi við þarfir sínar. Ráðuneytið hefur litið svo á að með lögum nr. 129/1990 hafi Alþingi lagt til ákveðið skipulag og stefnu í þessum málum í þágu heyrnarlausra og heyrnarskertra. Þegar það er virt ásamt því hvernig námi og þjálfun táknmálstúlka hefur verið hagað hefur það verið mat ráðuneytisins að til þessa hafi ekki verið tilefni til þess að það beitti sér fyrir sérstakri löggjöf um löggildingu á starfsheitinu táknmálstúlkur.

653. Svar [359. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Sivjar Friðleifsdóttur um stöðu vélhjólaaksturs á Íslandi.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hyggst ráðherra nýta nýlega skýrslu um mat á stöðu vélhjólaaksturs á Íslandi og þá með hvaða hætti?*
2. *Telur ráðherra koma til greina að skilgreina vegtegundir innan fjallvega/ferðamannavega í gerð F4 og F5 eins og fram kemur í skýrslunni?*
3. *Ef svo er, hvaða ferli telur ráðherra að þurfi innan stjórnsýslunnar svo að slíkt fyrirkomulag komist á?*

Akstur utan vega hefur verið viðvarandi vandamál á Íslandi um langt skeið, erfitt vandamál sem þarf að finna lausn á. Ástæður utanvegaaksturs eru vafalaust margar, svo sem takmarkaðar merkingar á vegum og vegslóðum, en einnig er oft um að ræða hugsunarleysi eða virðingarleysi gagnvart náttúru landsins.

Augljóst er að stjórnvöld og almenningur verða að taka höndum saman svo að stöðva megi utanvegaakstur og koma í veg fyrir skemmdir og eyðileggingu landsins sem af slíkum akstri getur hlotist. Mikilvægt er að setja skýrari ákvæði um akstur utan vega. Einnig er nauðsynlegt að bæta merkingar og efla fræðslu til almennings.

Í nýlegri skýrslu um stöðu vélhjólaaksturs á Íslandi koma fram tillögur vélhjólamanna um að auðvelda þeim að ferðast um landið. Þeir leggja til að skilgreiningum á fjallvegum og ferðamannavegum verði breytt en einnig að skráningu vélhjóla verði breytt á þann hátt að leyfilegt verði að aka fleiri gerðum vélhjóla um vegi og slóða landsins.

Stjórnsýsla umhverfisráðuneytis nær ekki til vegagerðar eða veghalds samkvæmt vegalögum. Að mati ráðuneytisins orkar sú tillaga mjög tvímælis að bæta við F4 og F5 skilgreiningu Vegagerðarinnar á fjallvegum. Umferð gangandi fólks og ríðandi á slóðum samrýmist ekki umferð vélhjóla. Umferð vélhjóla samrýmist hins vegar vel annarri umferð farartækja.

Fagna ber þeim áhuga á verndun náttúrunnar og samstarfsvilja sem kemur fram í umræddri skýrslu af hálfu vélhjólamanna. Vélhjólaklúbbar hafa rekið áróður gegn utanvegaakstri og kennt ábyrgan akstur vélhjóla og er það til fyrirmyndar.

Landmælingar Íslands hafa lokið kortlagningu vega og slóða miðhálendisins. Framundan er úrvinnsla þeirra upplýsinga. Ákvarða þarf hvaða slóðar og vegir eigi að vera opnir fyrir umferð farartækja og hvort loka eigi einhverjum slóðum, alfarið eða tímabundið. Vinna þarf vandað rafrænt kort af vegum og slóðum til upplýsingar fyrir almenning og sem grunn fyrir frekari kortagerð.

Gefa þarf út reglugerð sem bannar akstur utan þeirra slóða og vega sem ákveðið hefur verið að megi vera opnir. Þessi verkefni þarf að vinna í samvinnu við viðkomandi sveitarfélög, samgönguráðuneytið og Vegagerð ríkisins.

Þessi vinna verður einnig unnin í samráði við hagsmunaaðila, vélhjólamenn og aðra þá sem ferðast um landið. Það er jákvætt að vita til þess áhuga sem vélhjólamenn hafa á upplýsingagjöf og fræðslu um ábyrgan akstur í náttúru Íslands í baráttunni gegn landspjöllum af völdum vélhjóla.

Það er ljóst að forusta vélhjólamanna og þorri vélhjólamanna vill ganga vel um landið sitt. Því miður hafa þó orðið spjöll á gróðri og náttúru af völdum torfæruhjóla og annarra vélknúinna farartækja á sumum svæðum á undanförnum missirum. Það er skylda okkar allra að

reyna að koma í veg fyrir að slíkt endurtaki sig og væntir ráðuneytið góðs samstarf um það við vélhjólamenn sem aðra í þeim verkefnum sem liggja fyrir og hér hefur verið lýst.

654. Frumvarp til laga [403. mál]

um breytingu á lögum um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað, nr. 88/1995, með síðari breytingum.

Flm.: Sturla Böðvarsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Kjartan Ólafsson,
Einar Már Sigurðarson, Magnús Stefánsson, Ragnheiður Ríkharðsdóttir.

1. gr.

Við III. kafla laganna bætist ný grein, 10. gr., og breytist röð annarra greina samkvæmt því. Hin nýja grein ásamt fyrirsögn orðast svo:

Aðstoðarmenn alþingismanna.

Alþingismanni er heimilt að ráða sér aðstoðarmann eftir nánari reglum sem forsætisnefnd Alþingis setur og veitt er fé til á fjárlögum hvers árs.

Laun aðstoðarmanns skulu fylgja þingfararkaupi hverju sinni og vera tilgreint hlutfall þess. Forsætisnefnd Alþingis setur reglur um starfskjör og starfsaðstöðu aðstoðarmanna.

Lög nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og reglur settar samkvæmt þeim gilda ekki um aðstoðarmenn alþingismanna. Þá gilda ákvæði 5. gr. laga nr. 139/2003, um tímabundna ráðningu starfsmanna, ekki um aðstoðarmenn alþingismanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samhliða frumvarpi til laga um breytingu á lögum um þingsköp Alþingis, sem lagt var fram á Alþingi fyrr á þessu þingi, 28. nóvember 2007, var gert samkomulag á milli þingflokkanna, sem að því stóðu, um að bæta starfsaðstöðu þingmanna, ekki síst stjórnarandstöðuþingmanna, með ýmsum ráðum. Samkomulag náðist m.a. um að formenn stjórnarandstöðuflokka, sem jafnframt eru alþingismenn, og þingmenn Norðvestur-, Norðaustur- og Suðurkjördæma fái aðstoðarmenn. Þá náðist einnig samkomulag um að auka aðstoð við minni hluta í nefndum, efla eftirlitshlutverk nefnda og að auka alþjóðasamstarf þingmanna, jafnframt því að bæta aðstöðu þingflokka. Frá því að frumvarpið var samþykkt sem lög frá Alþingi 14. desember sl. hefur útfærsla á samkomulaginu verið til athugunar á vegum forseta Alþingis, formanna þingflokka og í forsætisnefnd Alþingis.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað. Breytingarnar taka til hluta þess samkomulags sem gert var samhliða breytingum á þingsköpum Alþingis í lok síðasta árs. Í fyrsta lagi er lagt til að alþingismanni sé heimilt að ráða sér aðstoðarmann eftir nánari reglum sem forsætisnefnd Alþingis setur og veitt er fé til á fjárlögum hvers árs. Í upphafi er gert ráð fyrir að formenn stjórnmálaflokka eigi rétt á að ráða sér aðstoðarmann í fullt starf, en þingmenn Norðvestur-, Norðaustur- og Suðurkjördæma eigi rétt á að hafa aðstoðarmann í hlutastarfi. Laun aðstoðarmanns skulu fylgja þingfararkaupi og vera ákveðið hlutfall af því.

Í reglunum, sem forsætisnefnd er ætlað að setja, skal fjallað um ráðningar aðstoðarmanna og hvernig staðið verður að þeim. Gert er ráð fyrir að hægt verði að ráða í störfin án auglýsingar, a.m.k. verði það ekki skylt. Alþingismaður, sem á rétt á að ráða sér aðstoðarmann, gerir skriflegan ráðningarsamning við aðstoðarmanninn en skrifstofa Alþingis áritar samninginn og kemur honum til framkvæmda í umboði alþingismanns. Óheimilt verður að ráða sem aðstoðarmann náið skyldmenni alþingismanns. Laun aðstoðarmanna verði föst tala sem hlutfall af þingfararkaupi alþingismanna. Kjararáð ákveður þingfararkaup samkvæmt þeim lögum sem um ráðið gilda. Alþingismaður setur aðstoðarmanni síðan fyrir verkefni og stjórnar starfi hans.

Í öðru lagi er með frumvarpi þessu lagt til að forsætisnefnd Alþingis setji reglur um starfskjör og starfsaðstöðu aðstoðarmanna. Aðstoðarmenn alþingismanna, sem jafnframt eru formenn stjórnmálaflokka, munu hafa skrifstofu í húsakynnum Alþingis og fá alla almenna skrifstofuþjónustu eins og starfsmenn þingsins. Aðrir aðstoðarmenn alþingismanna munu hafa aðstöðu í kjördæmunum. Aðstoðarmenn þingmanna fá, auk fastra launa, greiðslu á móti kostnaði við ferðir, farsíma og annan rekstur. Útlagður kostnaður verður endurgreiddur samkvæmt framlögðum reikningum. Forsætisnefnd Alþingis setur nánari reglur um framkvæmd greiðslna samkvæmt frumvarpi þessu.

Skrifstofa Alþingis mun veita aðstoðarmönnum þá þjónustu sem alþingismenn fá eftir því sem við á, þar á meðal frá upplýsinga- og rannsóknarþjónustu skrifstofunnar og leiðbeiningar um tölvunotkun. Skrifstofustjóri sker úr álitamálum sem rísa kunna um þessi efni.

Í þriðja lagi er lagt til að lög nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og reglur settar samkvæmt þeim gildi ekki um aðstoðarmenn alþingismanna. Er það gert m.a. til þess að hægt verði að ráða í störfin án auglýsingar. Þá er lagt til að 5. gr. laga nr. 139/2003, um tímabundna ráðningu starfsmanna, gildi ekki um aðstoðamenn alþingismanna. Samkvæmt greininni skal tímabundinn ráðningarsamningur almennt ekki vara lengur en tvö ár nema annað sé ákveðið með lögum.

Forsætisnefnd Alþingis hefur nú þegar, með fyrirvara um að frumvarp þetta nái fram að ganga, samþykkt fyrir sitt leyti reglur sem fjalla um aðstoðarmenn alþingismanna, starfskjör og starfsaðstöðu þeirra. Reglurnar taka mið af áðurnefndu samkomulagi þingflokkanna.

Fyrirhugað er að aðstoðarmenn verði ráðnir frá 1. mars 2008.

655. Fyrirspurn [404. mál]

til fjármálaráðherra um aðgerðir gegn skattsvikum.

Frá Ármanni Kr. Ólafssyni.

Hvernig hefur tillögum í skýrslu starfshóps um umfang skattsvika á Íslandi verið fylgt eftir frá því að þáverandi fjármálaráðherra kynnti Alþingi skýrsluna í febrúar 2005?

Skriflegt svar óskast.

656. Fyrirspurn [405. mál]

til umhverfisráðherra um veglagningu yfir Grunnafjörð.

Frá Herdísi Þórðardóttur.

Á hvaða forsendum synjaði ráðherra staðfestingar á þeim hluta aðalskipulags Leirár- og Melahrepps annars vegar og Skilmannahrepps hins vegar er varðar veglagningu yfir Grunnafjörð?

657. Fyrirspurn [406. mál]

til félags- og tryggingamálaráðherra um þjónustusamninga um málefni fatlaðra.

Frá Atla Gíslasyni.

1. Hvað veldur því að þjónustusamningur milli ríkisins og Vestmannaeyjabæjar um málefni fatlaðra sem rann út árið 2006 hefur ekki enn verið endurnýjaður? Hver er staða viðræðna um endurnýjun samningsins?
2. Hversu margir þjónustusamningar ríkis við sveitarfélög um málefni fatlaðra bíða endurnýjunar og við hvaða sveitarfélög?

658. Fyrirspurn [407. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um útflutning á óunnum fiski.

Frá Atla Gíslasyni.

1. Hversu mikið var flutt út af óunnum fiski árin 2005, 2006 og 2007 og hver stór hluti þess afla var fluttur út óvigtaður?
2. Hefur útflutningur á óunnum fiski aukist frá haustdögum 2007 þegar útflutningsálag var fellt niður og ef svo er, hversu mikið?
3. Er ráðherra tilbúinn að beita sér fyrir því að allur fiskafli sem ekki er unninn af handhöfum aflahlutdeildar fari á markað innan lands þannig að innlendir fiskverkendur sitji við sama borð og erlendir fiskverkendur og gefist ætíð kostur á að bjóða í hráefnið? Ef ekki, hvaða aðrar ráðstafanir telur ráðherra þá koma til greina til að bæta aðgengi innlendra fiskverkenda að hráefni?

659. Fyrirspurn [408. mál]

til samgönguráðherra um sölu á Breiðafjarðarferjunni Baldri.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hvert var andvirði ferjunnar Baldurs við sölu Sæferða ehf. á skipinu úr landi, hver var söludagur, hverjum var þá selt og hverjir voru greiðsluskilmálar?
2. Hvernig eru ákvæðin í samningi ríkisins frá 31. janúar 2006 við Sæferðir ehf. um kaup fyrirtækisins á ferjunni Baldri af ríkinu, sem varða sölu Sæferða ehf. á ferjunni, einkum þau sem lúta að söluverði og hlut ríkisins í því?
3. Hvers vegna tók það Sæferðir ehf. 15 mánuði að greiða ríkissjóði sinn hluta af söluverði skipsins og hvernig var sú greiðsla innt af hendi? Hvaða vextir voru greiddir á umræddu 15 mánaða tímabili?
4. Hvernig skiptist andvirði ferjunnar Baldurs við sölu úr landi milli ríkisins og Sæferða ehf. og hvert var eigið fé fyrirtækisins samkvæmt síðasta ársreikningi fyrir sölu skipsins til Sæferða ehf.?
5. Kom ríkið að einhverju leyti að kaupum Sæferða ehf. á annarri ferju í stað Baldurs og ef svo er, þá hvernig?

Skriflegt svar óskast.

660. Fyrirspurn [409. mál]

til fjármálaráðherra um nýja vatnsleiðslu til Vestmannaeyja.

Frá Hönnu Birnu Jóhannsdóttur.

Mun ríkissjóður taka þátt í kostnaði við lagningu nýrrar vatnsleiðslu til Vestmannaeyja?

Skriflegt svar óskast.

661. Frumvarp til laga [410. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, og lögum um málefni aldraða, nr. 125/1999, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

I. KAFLI

Breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:

a. 1. málsl. a-liðar 2. mgr. orðast svo: Tekjur umfram 90.000 kr. á ári skv. C-lið 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skulu metnar að 50 hundraðshlutum við útreikning á elli- og örorkulífeyri, örorkustyrk og tekjutryggingu skv. 17.–19. gr. og 22. gr. þessara laga.
b. B-liður 2. mgr. orðast svo: Tekjur lífeyrisþega af atvinnu skulu hafa áhrif við útreikning á fjárhæð tekjutryggingar skv. 22. gr., sbr. þó 4. mgr. Ellilífeyrisþegi getur valið að hafa 1.200.000 kr. frítekjumark vegna atvinnutekna eða telja 60% af atvinnutekjum til tekna við útreikning tekjutryggingar. Örorkulífeyrisþegi getur valið að hafa 300.000 kr. frítekjumark vegna atvinnutekna eða telja 60% af atvinnutekjum til tekna við útreikning tekjutryggingar.
c. C-liður 2. mgr. orðast svo: Við útreikning á fjárhæð bóta skv. III. kafla laga þessara og vasapeninga skv. 48. gr. skal ekki reikna með tekjum maka, sbr. þó a-lið þessarar málsgreinar.
d. D-liður 2. mgr. fellur brott.
e. Orðin „húsaleigubætur samkvæmt lögum um húsaleigubætur“ í 3. mgr. falla brott.
f. 4. mgr. orðast svo:

   Þegar um er að ræða tekjutryggingu skv. 22. gr. teljast ekki til tekna þrátt fyrir 2. mgr. bætur samkvæmt lögum þessum og lögum um félagslega aðstoð, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, greiðslur úr séreignarlífeyrissparnaði og sambærilegar bætur frá ríkjum sem Ísland hefur gert samninga við skv. 68. gr. Þá teljast ekki til tekna atvinnutekjur 70 ára og eldri.
g. 11. mgr. orðast svo:

   Tryggingastofnun ríkisins er heimilt, að ósk lífeyrisþega, að dreifa eigin tekjum lífeyrisþegans sem stafa af fjármagnstekjum sem leystar hafa verið út í einu lagi á allt að 10 ár. Ekki er heimilt að dreifa slíkum tekjum oftar en einu sinni á hverju tímabili.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 17. gr. laganna:

a. 1. málsl. orðast svo: Ellilífeyri skal skerða ef tekjur einstaklinga skv. 2. og 3. mgr. 16. gr. eru hærri en 2.056.404 kr. á ári og um framkvæmd fer skv. 16. gr.
b. Í stað orðsins hlutfallstölunnar „30%“ kemur: 25%.

3. gr.

1. málsl. 5. mgr. 18. gr. laganna orðast svo: Örorkulífeyri skal skerða ef tekjur örorkulífeyrisþega skv. 2. og 3. mgr. 16. gr. eru hærri en 2.095.501 kr. á ári og um framkvæmd fer skv. 16. gr.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 21. gr. laganna:

a. Orðin „og 5. mgr. 18. gr.“ í 3. málsl. 1. mgr. falla brott.
b. 2. mgr. orðast svo:

Fjárhæð mánaðarlegrar aldurstengdrar örorkuuppbótar, sbr. 1. mgr., skal vera hlutfall af óskertum mánaðarlegum örorkulífeyri skv. 18. gr. og miðast við fæðingardag, sbr. eftirfarandi:

18 til og með 24 ára	100%
25 ára	95%
26 ára	90%
27 ára	85%
28 og 29 ára	75%
30 og 31 árs	65%
32 og 33 ára	55%
34 og 35 ára	45%
36 og 37 ára	35%
38 og 39 ára	25%
40 til og með 45 ára	15%
46 til og með 50 ára	10%
51 til og með 55 ára	7,5%
56 til og með 60 ára	5%
61 til og með 66 ára	2,5%

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 22. gr. laganna:

a. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Greiðslur úr skyldubundnum atvinnutengdum lífeyrissjóðum undir 300.000 kr. á ári skulu þó ekki skerða tekjutryggingu samkvæmt þessari málsgrein.
b. 5. mgr. fellur brott.

6. gr.

8. mgr. 48. gr. laganna orðast svo:

Þegar lífeyrir og bætur honum tengdar falla niður skv. 5. mgr. er heimilt að greiða elli- og örorkulífeyrisþega sem dvelst á sjúkrahúsi hér á landi vasapeninga allt að 28.951 kr. á mánuði. Við útreikning á fjárhæð vasapeninga skulu tekjur skerða vasapeninga um 65%. Vasapeningar falla alveg niður við tekjur sem nema 641.146 kr. á ári. Með tekjum er átt við tekjur eins og þær eru skilgreindar í 16. gr. og um tekjuútreikning fer samkvæmt sömu grein. Ef tekjur hlutaðeigandi eru af vinnu á stofnuninni og telja má vinnuna þátt í endurhæfingu er heimilt að ákveða að tekjurnar hafi ekki skerðingaráhrif á vasapeningana svo framarlega sem þær fara ekki yfir 680.350 kr. á ári og sama gildir um tekjur í formi hlunninda og annarra greiðslna en peninga. Tekjur vegna vinnu á stofnun, sbr. 5. málsl. þessarar málsgreinar, umfram 680.350 kr. á ári skerða vasapeninga í samræmi við skerðingarhlutfall 2. málsl.

7. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

10. Á tímabilinu 1. apríl 2008 til og með 31. desember 2009 er hægt að óska eftir því hjá Tryggingastofnun ríkisins að gerður verði samanburður á útreikningi elli- og örorkulífeyris

og tekjutryggingar fyrir og eftir gildistöku þessara laga. Ef samanburðurinn leiðir til hærri bóta samkvæmt eldri lögum skal stofnunin greiða hærri bæturnar á því tímabili.

II. KAFLI
Breyting á lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999, með síðari breytingum.

8. gr.

3. tölul. 2. mgr. 22. gr. laganna fellur brott.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 26. gr. laganna:

a. 1. málsl. a-liðar 1. mgr. orðast svo: Tekjur umfram 90.000 kr. á ári skv. C-lið 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skulu metnar að 50 hundraðshlutum við útreikning á vistunarframlagi skv. 21. gr., sbr. og 22. gr. þessara laga.
b. Í stað „300.000 kr.“ í 2. málsl. b-liðar 1. mgr. kemur: 1.200.000 kr.
c. 3. málsl. b-liðar 1. mgr. fellur brott.
d. C-liður 1. mgr. orðast svo: Við útreikning á fjárhæð vistunarframlags skv. 21. gr., sbr. og 22. gr., skal ekki reikna með tekjum maka, sbr. þó a-lið þessarar málsgreinar.
e. D-liður 1. mgr. fellur brott.
f. 2. mgr. orðast svo:

   Þrátt fyrir 1. mgr. teljast ekki til tekna bætur frá lífeyristryggingum almannatrygginga samkvæmt lögum um almannatryggingar, bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, greiðslur úr séreignarlífeyrissparnaði og sambærilegar bætur frá ríkjum sem Ísland hefur gert samninga við skv. 68. gr. laga um almannatryggingar, nr. 100/2007. Þá teljast ekki til tekna atvinnutekjur 70 ára og eldri.
g. Á eftir 9. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

   Tryggingastofnun ríkisins er heimilt, að ósk vistmanns, að dreifa eigin tekjum vistmannsins sem stafa af fjármagnstekjum sem leystar hafa verið út í einu lagi á allt að 10 ár. Ekki er heimilt að dreifa slíkum tekjum oftar en einu sinni á hverju tímabili.

10. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Vegna útreiknings á vistunarframlagi skv. 21. gr. laganna er hægt að óska eftir því hjá Tryggingastofnun ríkisins á tímabilinu 1. apríl 2008 til og með 31. desember 2009 að gerður verði samanburður á útreikningi vistunarframlags fyrir og eftir gildistöku þessara laga. Ef samanburðurinn leiðir til aukinnar kostnaðarþátttöku vistmanns samkvæmt eldri lögum skal leiðrétta vistunarframlag vegna framangreinds tímabils.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 2008.

Ákvæði a-liðar 1. gr. og a-liðar 9. gr. koma til framkvæmda við endurreikning bóta og vistunarframlags ársins 2007.

Ákvæði b-liðar 1. gr., b-liðar 4. gr., a-liðar 5. gr. og b-liðar 9. gr. koma til framkvæmda 1. júlí 2008.

Ákvæði f- og g-liðar 1. gr. og f-liðar 9. gr. koma til framkvæmda 1. janúar 2009.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur.

Hinn 1. janúar 2008 fluttust málefni aldraðra og almannatryggingar frá heilbrigðisráðuneyti til félags- og tryggingamálaráðuneytisins, sbr. lög nr. 109/2007, um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969. Nánar er kveðið á um framangreinda verkaskiptingu í lögum nr. 160/2007, um breytingu á lögum um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð, lögum um sjúklingatryggingu, lögum um heilbrigðisþjónustu, lögum um málefni aldraðra og lögum um eftirlaun til aldraðra. Í samræmi við framangreindar breytingar skipaði félags- og tryggingamálaráðherra 1. október 2007 verkefnisstjórn sem falið var að skila ráðherra samræmdum tillögum fyrir 1. desember 2007 í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 23. maí 2008 varðandi eðlilegar fyrstu aðgerðir í þágu aldraðra og öryrkja og hins vegar fyrir 1. nóvember 2008 varðandi heildarendurskoðun almannatryggingalöggjafarinnar er miði að einföldun hennar. Verkefnisstjórnin skilaði félags- og tryggingamálaráðherra tillögum sínum um fyrstu aðgerðir 30. nóvember 2007, sjá fskj. I, sem ríkisstjórnin gerði grein fyrir í yfirlýsingu 5. desember 2007, sjá fskj. II.

Frumvarp þetta er í meginatriðum byggt á tillögum verkefnisstjórnarinnar og yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að bæta kjör aldraðra og öryrkja og felur jafnframt í sér lagfæringar sem nauðsynlegt er talið að gera. Þá er þegar hafin markviss vinna hjá Tryggingastofnun ríkisins við breytingar á verklagi með það að markmiði að draga úr áhrifum of- og vangreiðslna til lífeyrisþega og víxlverkunar greiðslna úr almannatryggingum annars vegar og lífeyrissjóðum hins vegar. Hið breytta verklag mun styrkja enn frekar þær breytingar sem kveðið er á um í frumvarpi þessu.

Í frumvarpinu er kveðið á um að frítekjumark vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega á aldrinum 67–70 ára verði hækkað úr 25 þús. kr. í 100 þús. kr. á mánuði. Áður hefur tenging launatekna 70 ára og eldri við lífeyri almannatrygginga verið að fullu afnumin. Megintilgangur þess að hækka frítekjumark vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega er að stuðla að aukinni atvinnuþátttöku og gera þeim kleift að afla sér aukinna tekna af atvinnu án þess að bætur frá Tryggingastofnun ríkisins skerðist. Gert er ráð fyrir að framkvæmdanefnd forsætisráðherra um endurskoðun örorkumats og eflingu starfsendurhæfingar vinni að tillögum um framkvæmd sem stuðli að því að ná svipuðum markmiðum hvað varðar örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega og hvetji einstaklinga til vinnu. Slíkar tillögur sem miða að því að tryggja örorkulífeyrisþegum 100 þús. kr. frítekjumark vegna atvinnutekna eða ígildi þess munu verða lagðar fyrir Alþingi við umfjöllun um frumvarp þetta.

2. Helstu breytingar sem kveðið er á um í frumvarpinu.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ákvæðum laga um almannatryggingar, nr. 100/2007, með síðari breytingum, og lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999, með síðari breytingum.

Helstu efnislegar breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu eru eftirfarandi:

- Skerðing tryggingabóta vegna tekna maka verður afnumin frá og með 1. apríl 2008.
- Gripið verður til sérstakra aðgerða til að draga úr of- og vangreiðslum tryggingabóta frá og með 1. apríl 2008, m.a. með því að sett verður 90 þús. kr. frítekjumark á fjármagnstekjur.
- Vasapeningar vistmanna á stofnunum verða hækkaðir um tæp 30% frá og með 1. apríl 2008 og frítekjumark afnumið.
- Skerðingarhlutfall ellilífeyris verður lækkað úr 30% í 25% frá og með 1. apríl 2008.

- Frítekjumark vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega á aldrinum 67–70 ára verður hækkað í 100 þús. kr. á mánuði frá og með 1. júlí 2008.
- Fjárhæð aldurstengdrar örorkuuppbótar hækkar frá og með 1. júlí 2008.
- Sett verður sérstakt 300 þús. kr. frítekjumark á lífeyrissjóðstekjur örorkulífeyrisþega frá og með 1. júlí 2008.
- Skerðing lífeyrisgreiðslna vegna innlausnar séreignarsparnaðar verður afnumin frá 1. janúar 2009.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að breytingar verði gerðar á 16. gr. almannatryggingalaga þar sem tekjuhugtak lífeyristrygginga er skilgreint sérstaklega. Sömu athugasemdir eiga við um 9. gr. laganna þar sem lagðar eru til breytingar á 26. gr. laga um málefni aldraðra, en þar er tekjuhugtakið skilgreint í þeim lögum.

Í a-lið er gert ráð fyrir að sett verði 90 þús. kr. frítekjumark á fjármagnstekjur en það er liður í því að draga úr of- og vangreiðslum bóta. Reynslan sýnir að stóran hluta ofgreiðslna sem myndast hafa við endurreikning og uppgjör tekjutengdra bóta lífeyristrygginga má rekja til þess að bótaþegar hafa ekki tilkynnt Tryggingastofnun ríkisins um fjármagnstekjur sínar, einkum söluhagnað af hlutabréfum. Tryggingastofnun hefur ekki tök á að hafa reglubundið eftirlit með myndun fjármagnstekna á sama hátt og gildir um tekjur sem koma fram í staðgreiðsluskrá ríkisskattstjóra. Því valda þær oft og tíðum háum ofgreiðslum hjá bótaþegum sem kemur þeim iðulega illa. Hér er því gert ráð fyrir að sett verði sérstakt frítekjumark á fjármagnstekjur þannig að fyrstu 90 þús. kr. skerði ekki tekjutengdar bætur lífeyristrygginga. Fjármagnstekjur yfir þessum mörkum skerða bætur með sama hætti og áður.

Í b-lið er frítekjumark vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega á aldrinum 67–70 ára hækkað úr 25 þús. kr. í 100 þús. kr. á mánuði. Áður hefur tenging launatekna 70 ára og eldri við lífeyri almannatrygginga verið að fullu afnumin. Megintilgangur þess að hækka frítekjumark vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega er að stuðla að aukinni atvinnuþátttöku og gera þeim kleift að afla sér aukinna tekna af atvinnu án þess að það hafi þau áhrif að bætur frá Tryggingastofnun ríkisins skerðist. Breytingin hefur til dæmis þau áhrif að bætur til einhleyps ellilífeyrisþega, sem hefur 1,5 millj. kr. í árslaun af atvinnu, hækka um 311.750 kr. á ári. Gert er ráð fyrir að framkvæmdanefnd forsætisráðherra um endurskoðun örorkumats og eflingu starfsendurhæfingar vinni að tillögum um framkvæmd sem stuðli að því að ná svipuðum markmiðum hvað varðar örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega, og hvetji einstaklinga til vinnu. Gert er ráð fyrir að tillögurnar muni m.a. fela í sér að sett verði frítekjumark á atvinnutekjur örorkulífeyrisþega. Loks er gert ráð fyrir að 3. málsl. b-liðar 2. mgr. falli brott þar sem tekjur maka hafa ekki lengur áhrif við útreikning bóta lífeyristrygginga.

Í c-lið kemur sú regla skýrt fram að ekki skuli reikna með tekjum maka við útreikning bóta lífeyristrygginga og hið sama gildir um útreikning vasapeninga vistmanna, sbr. þó a-lið, en fjármagnstekjur hjóna eru ávallt sameiginlegar og skiptast til helminga milli þeirra við útreikning bóta.

Í d-lið er gert ráð fyrir að d-liður 2. mgr. 16. gr. falli brott þar sem atvinnutekjur maka hafa ekki lengur áhrif við útreikning bóta lífeyristrygginga.

Í e-lið er gert ráð fyrir að húsaleigubætur verði teknar út úr upptalningu á þeim tekjuliðum sem ekki skerða elli- og örorkulífeyri, enda er hér ekki um skattskyldar greiðslur að ræða og hafa þær því hvort sem er ekki áhrif við útreikning bótanna. Þetta felur ekki í sér efnislega breytingu heldur aðeins tæknilega lagfæringu lagaákvæðisins.

Í f-lið er einnig lagt til að húsaleigubætur verði teknar út úr upptalningu á þeim tekjuliðum sem ekki skerða tekjutryggingu, af sömu ástæðu og gerð er grein fyrir í athugasemdum við e-lið. Þá er gert ráð fyrir að við upptalninguna bætist greiðslur úr séreignarlífeyrissparnaði, en frá og með 1. janúar 2009 munu þær greiðslur ekki skerða tekjutryggingu lífeyrisþega. Vilji var til að láta þessa breytingu koma fyrr til framkvæmda en af tæknilegum ástæðum verður því ekki við komið fyrr en um næstu áramót.

Í g-lið er heimild til dreifingar séreignarsparnaðar, sem leystur hefur verið út í einu lagi, felld brott þar sem þær greiðslur munu ekki skerða tekjutryggingu lífeyrisþega frá næstu áramótum. Heimildin verður þó til staðar út árið 2008 eða þar til breytingin kemur til framkvæmda.

Um 2. gr.

Hér er gert ráð fyrir að skerðingarhlutfall ellilífeyris verði lækkað úr 30% í 25%. Samhliða því verður frítekjumark ellilífeyris hækkað með breytingu á reglugerð um hækkun frítekjumarka (tekjumarka) almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar, nr. 1225/2007, þannig að greiðslur ellilífeyris skerðist við sömu tekjumörk og greiðslur örorkulífeyris. Þá er skírskotun til hjóna felld brott en samkvæmt frumvarpinu mun skerðing bóta vegna tekna maka verða afnumin frá 1. apríl 2008.

Um 3. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um að skírskotun til hjóna verði felld brott vegna afnáms skerðingar bóta vegna tekna maka.

Um 4. gr.

Í 21. gr. almannatryggingalaga sem fjallar um aldurstengda örorkuuppbót er vísað til 5. mgr. 18. gr. sömu laga, en þar er kveðið á um skerðingu örorkulífeyris vegna tekna. Hér er lagt til að sú tilvísun verði felld brott þar sem uppbótin greiðist aðeins þeim sem fá greiddan örorkulífeyri en ekki þeim sem ekki eiga réttinn vegna tekna sinna. Aldurstengd örorkuuppbót kom fyrst inn í lög um almannatryggingar árið 2004 en þá var gert ráð fyrir að uppbótin byrjaði að skerðast við sömu tekjur og þegar lífeyrir féll niður vegna tekna. Því kom í raun aldrei til skerðingar á uppbótinni vegna tekna lífeyrisþega. Lögunum var síðar breytt þannig að tekjumörk voru felld niður og því er nú einungis verið að laga löggjöfina að ríkjandi framkvæmd og vilja löggjafans.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir því að aldurstengd örorkuuppbót verði hækkuð og að fjölgað verði í hópi þeirra sem fá 100% uppbót vegna ungs aldurs þegar örorka er metin í fyrsta sinn. Uppbótin er ótekjutengd og því koma þessar hækkanir óskiptar til allra örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega.

Um 5. gr.

Hér er lagt til að sett verði sérstakt frítekjumark á lífeyrissjóðstekjur örorkulífeyrisþega sem nemur 300 þús. kr. á ári. Breytingin hefur þau áhrif að tekjur örorkulífeyrisþega frá lífeyrissjóðum upp að 300 þús. kr. munu ekki skerða tekjutryggingu þeirra. Með þessari breytingu er jafnframt komið til móts við áherslur lífeyrissjóðanna um að dregið verði úr víxlverkandi skerðingum milli bótagreiðslna úr lífeyrissjóðunum annars vegar og almannatryggingum hins vegar. Hið sama gildir um heimilisuppbót samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, sbr. 8. gr. þeirra laga. Jafnframt er gert ráð fyrir að 5. mgr. 22. gr. laganna falli brott þar sem tekjur maka munu ekki lengur hafa áhrif við útreikning tekjutryggingar.

Um 6. gr.

Lagt er til að fjárhæð vasapeninga vistmanna á stofnunum verði hækkuð um u.þ.b. 30% úr 30.000 kr. í 36.755 kr. með breytingu á reglugerð um hækkun bóta almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar, nr. 1226/2007. Í greininni er jafnframt gert ráð fyrir að frítekjumark vegna vasapeninga vistmanna verði afnumið frá sama tíma. Með því að hækka mánaðarlega fjárhæð vasapeninga er tryggt að vasapeningar þeirra vistmanna sem eru yfir núverandi frítekjumörkum lækki ekki við breytinguna. Vasapeningar þeirra vistmanna sem hafa tekjur undir núverandi frítekjumarki, eða um 125 þús. kr. ári, munu aftur á móti hækka, til dæmis munu vasapeningar til þeirra sem eru alveg tekjulausir hækka um tæpar 7 þús. kr. á mánuði.

Um 7. gr.

Gert er ráð fyrir að sett verði í lögin ákvæði til bráðabirgða þar sem kveðið er á um að á tímabilinu frá 1. apríl 2008 til og með 31. desember 2009 sé hægt að óska eftir því við Tryggingastofnun ríkisins að stofnunin geri samanburð á útreikningi elli- og örorkulífeyris og tekjutryggingu fyrir og eftir gildistöku laganna. Ef samanburðurinn leiðir til hærri bóta samkvæmt eldri lögum er heimilt að greiða hærri bæturnar á því tímabili.

Um 8. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að 3. tölul. 2. mgr. 22. gr. laganna falli brott þar sem tekjur maka munu ekki lengur hafa áhrif við útreikning á kostnaðarþátttöku vistmanna á dvalarheimilum.

Um 9. gr.

Vísað er til skýringa við 1. gr. frumvarpsins. Þá er í g-lið gert ráð fyrir sams konar heimild til handa vistmönnum varðandi dreifingu séreignarlífeyrissparnaðar og fjármagnstekna og gildir um lífeyrisþega samkvæmt lögum um almannatryggingar.

Um 10. gr.

Vísað er til skýringa við 7. gr. frumvarpsins. Ef samanburðurinn leiðir til aukinnar kostnaðarþátttöku vistmanns samkvæmt eldri lögum skal leiðrétta vistunarframlag vegna tímabilsins frá 1. apríl til og með 31. desember 2009.

Um 11. gr.

Gert er ráð fyrir að lögin öðlist gildi 1. apríl 2008.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að ákvæði a-liðar 1. gr. og a-liðar 9. gr. um sérstakt frítekjumark á fjármagnstekjur lífeyrisþega og vistmanna komi til framkvæmda við endurreikning bóta og vistunarframlags ársins 2007.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að ákvæði b-liðar 1. gr. og b-liðar 9. gr. um hækkun frítekjumarks atvinnutekna lífeyrisþega og vistmanna, ákvæði a-liðar 5. gr. um sérstakt frítekjumark á lífeyrissjóðstekjur örorkulífeyrisþega og ákvæði b-liðar 4. gr. um aldurstengda öorkuuppbót komi til framkvæmda 1. júlí 2008.

Í 4. mgr er gert ráð fyrir að ákvæði f- og g-liðar 1. gr. og f-liðar 9. gr. um afnám skerðinga vegna greiðslna úr séreignarlífeyrissparnaði komi til framkvæmda 1. janúar 2009.

Fylgiskjal I.

Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að bæta kjör aldraðra og öryrkja.
(5. desember 2007.)

1. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er lögð áhersla á að styrkja stöðu aldraðra og öryrkja með því að draga úr tekjutengingum og skerðingum bóta í almannatryggingakerfinu. Fyrsta skref í þessa átt var stigið sl. sumar þegar tekjutenging launatekna 70 ára og eldri við lífeyri almannatrygginga var að fullu afnumin. Áætlað er að árlegur kostnaður ríkissjóðs vegna þessa nemi 600–700 m.kr.

2. Ríkisstjórnin hefur þegar hafið undirbúning frekari aðgerða sem koma til framkvæmda í áföngum á árunum 2008–2010.

3. Ríkisstjórnin hefur nú ákveðið að eftirfarandi aðgerðir verði lögfestar á vorþingi:

- Skerðing tryggingabóta vegna tekna maka verður afnumin frá og með 1. apríl 2008. Áætlaður kostnaður er 1.350 m.kr. árið 2008 og 1.800 m.kr. á heilu ári.
- Gripið verður til sérstakra aðgerða til að draga úr of- og vangreiðslum tryggingabóta frá og með 1. apríl 2008. Áætlaður kostnaður er 345 m.kr. árið 2008 og 460 m.kr. á heilu ári.
- Vasapeningar vistmanna á stofnunum verða hækkaðir úr 28.500 í 36.500 krónur á mánuði, eða um 30%, frá og með 1. apríl 2008. Áætlaður kostnaður er 35 m.kr. árið 2008 og 50 m.kr. á heilu ári.
- Frítekjumark vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega á aldrinum 67–70 ára verður hækkað í allt að 100 þús. kr. á mánuði frá 1. júlí 2008. Jafnframt mun ríkissjóður tryggja að ellilífeyrisþegar fái að lágmarki 25 þús. kr. á mánuði frá lífeyrissjóði frá 1. júlí 2008. Aðgerðir sem skila öryrkjum sambærilegum ávinningi verða undirbúnar í tengslum við starf framkvæmdanefndar um örorkumat og starfsendurhæfingu. Áætlaður kostnaður er 1.000 m.kr. árið 2008 og 2.000 m.kr. á heilu ári.
- Skerðing lífeyrisgreiðslna vegna innlausnar séreignarsparnaðar verður afnumin frá 1. janúar 2009. Áætlaður kostnaður er um 30 m.kr.

4. Kostnaður vegna þessara aðgerða er talinn nema 2.700 m.kr. árið 2008 og 4.300 m.kr. á heilu ári. Samanlagt nemur því heildarkostnaður vegna ákvarðana núverandi ríkisstjórnar til að bæta kjör aldraðra og öryrkja um 5.000 m.kr. á ári. Í samræmi við þessa niðurstöðu mun ríkisstjórnin beita sér fyrir nauðsynlegri hækkun á framlögum til þessara málaflokka við 3. umræðu um fjárlög fyrir árið 2008.

5. Unnið er að heildarendurskoðun almannatryggingakerfisins með það fyrir augum að frekari aðgerðir til að bæta kjör aldraðra og öryrkja komi til framkvæmda á árunum 2009 og 2010.

Fylgiskjal II.

Tillögur verkefnisstjórnar félagsmálaráðherra um fyrstu aðgerðir til að bæta hag aldraðra og öryrkja.
(30. nóvember 2007.)

Tillögur verkefnisstjórnar um fyrstu aðgerðir til að bæta hag aldraðra og öryrkja.

Hinn 1. janúar 2008 munu málefni aldraðra og almannatryggingar flytjast frá heilbrigðisráðuneyti til félagsmálaráðuneytis. Í samræmi við það og stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 23. maí sl. var skipuð fimm manna verkefnisstjórn til að vinna heildstæðar tillögur um fyrstu aðgerðir, langtíma stefnumótun og nauðsynlegar lagabreytingar varðandi þá heildarendurskoðun almannatryggingalöggjafarinnar sem framundan er.

Verkefnisstjórnin var skipuð hinn 1. október sl. og eiga undirrituð sæti í henni. Þá hafa ráðuneytisstjórar heilbrigðisráðuneytisins og félagsmálaráðuneytisins, þær Berglind Ásgeirsdóttir og Ragnhildur Arnljótsdóttir, starfað með verkefnisstjórninni, auk hagfræðings félagsmálaráðuneytisins, Sigríðar I. Ingadóttur. Samhliða verkefnisstjórninni hefur starfað ráðgjafahópur skipaður fulltrúum hagsmunaaðila.

Samkvæmt erindisbréfi verkefnisstjórnarinnar átti hún að skila félagsmálaráðherra samræmdum tillögum í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, annars vegar fyrir 1. desember 2007 varðandi eðlilegar fyrstu aðgerðir og hins vegar fyrir 1. nóvember 2008 varðandi heildarendurskoðun almannatryggingalöggjafarinnar. Þess var sérstaklega getið að verkefnisstjórn og ráðgjafahóp væri ekki falið að skoða samspil skatta og lífeyris.

Á þeim tveimur mánuðum sem liðnir eru frá skipan verkefnisstjórnarinnar hafa verið haldnir níu fundir. Þar sem ekki liggur fyrir hve miklum fjármunum er ætlað til fyrstu aðgerða leggur verkefnisstjórn til eftirfarandi möguleika, ásamt kostnaðarmati í fylgiskjali.

Verkefnisstjórnin vekur athygli á því að í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er ekki með beinum hætti gert ráð fyrir hækkun frítekjumarks vegna atvinnutekna örorkulífeyrisþega, né 25 þúsund króna lágmarksgreiðslum á mánuði frá lífeyrissjóði til þeirra. Þar er heldur ekki tekið fram að frítekjumark á lífeyrissjóðstekjur taki til örorkulífeyrisþega.

Þessar aðgerðir eru engu að síður kostnaðarmetnar fyrir báða hópa, enda telur verkefnisstjórn að kjör og staða þessara hópa verði skoðuð í samhengi. Einnig telur verkefnisstjórn mikilvægt að gæta þess að samhljómur sé í tillögum verkefnisstjórnar og fyrirhuguðum breytingum á stoð- og lífeyriskerfi öryrkja, eða þeirra sem hafa skerta vinnufærni, sem nú er fjallað um í örorkumatsnefnd forsætisráðherra.

Tillögurnar eru að meginstofni byggðar á stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

- Skerðing tryggingarbóta vegna tekna maka verði afnumin.
- Hækkun frítekjumarks vegna atvinnutekna fyrir aldurshópinn 67–70 ára í allt að 1.200 þús. á ári.
- Ríkissjóður tryggi ellilífeyrisþegum lífeyri að lágmarki 25 þúsund krónur á mánuði frá lífeyrissjóði eða sambærilega réttarbót með öðrum hætti.
- Allt að 300 þús. kr. frítekjumark verði sett á lífeyrissjóðstekjur eldri borgara gagnvart skerðingum í almannatryggingakerfinu.
- Auk þess verði gripið til aðgerða til að draga úr of- og vangreiðslum tekjutengdra bóta lífeyristrygginga, hækkun vasapeninga samhliða afnámi frítekjumarks þeirra, verði ekki

farið í greiðslu 25 þús. frá lífeyrissjóði. Kostnaðarmat vegna þeirra aðgerða kemur einnig fram í sama fylgiskjali.

Í tengslum við lokatillögur verkefnisstjórnar 1. nóv. 2008 um heildarendurskoðun almannatrygginga kæmi m.a. til eftirfarandi aðgerða:

- Almennt skerðingarhlutfall í almannatryggingakerfinu lækki.
- Tekjutengingar vegna séreignarsparnaðar verði felldar niður.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er kveðið á um að ríkissjóður tryggi ellilífeyrisþegum lífeyri að lágmarki 25.000 kr. á mánuði frá lífeyrissjóði. Þessi leið hefur verið mikið rædd á fundum verkefnisstjórnarinnar, m.a. hvort hún skuli einnig ná til öryrkja og hvort aðrar tekjur viðkomandi skuli skerða þessar greiðslur lífeyrissjóðanna. Aðgerðin mun ekki stuðla að einföldun kerfisins en hún mun sannanlega bæta að einhverju leyti hag þeirra sem hafa engar eða lágar tekjur úr lífeyrissjóðum. Hún gæti einnig skilað þeim sem hafa háar atvinnutekjur og/eða fjármagnstekjur jafnvel meiri aukningu ráðstöfunarfjár, en það er þó háð útfærslu. Þrjár leiðir eru kostnaðargreindar í meðfylgjandi töflu (A1, A2 og A3). Það var samdóma álit verkefnisstjórnar að ef farið yrði í þessa aðgerð verði Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda falið að sjá um greiðslur umræddrar uppbótar og ef til skerðingar kæmi á þessum greiðslum færi hún fram eftir á í gegnum skattkerfið.

Þess skal getið sérstaklega að afnám tenginga vegna tekna maka þarf að gerast samhliða eða áður en skerðingarhlutfall tekjutryggingar er lækkað, því annars er hætta á að bætur hluta lífeyrisþega hækki og lækki síðan aftur.

Vakin er athygli á því að séreignarsparnað þarf að merkja sérstaklega hjá skattyfirvöldum áður en hægt er að aftengja hann skerðingu tekjutryggingar. Sú breyting þarf því að gerast með nokkrum fyrirvara.

Verkefnisstjórnin ítrekar að hún mun áfram vinna að endurskoðun og einföldun almannatryggingakerfisins og skila heildstæðum tillögum fyrir 1. nóvember 2008.

Virðingarfyllst,

Sigríður Lillý Baldursdóttir, formaður

Ágúst Þór Sigurðsson

f.h. Hrafns Magnússonar

Ragnheiður Elín Árnadóttir

Stefán Ólafsson

Fylgiskjal III.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, og lögum um málefni aldraða, nr. 125/1999.

Markmiðið með frumvarpinu er að kom til móts við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að bæta hag elli- og örorkulífeyrisþega. Í frumvarpinu eru nokkur atriði sem munu auka útgjöld ríkissjóðs.

Í fyrsta lagi verða áhrif tekna maka á greiðslur lífeyristryggingar endanlega afnumdar. En í dag hafa tekjur makans 25% vægi í útreikningum á greiðslum lífeyristrygginga til lífeyrisþegans. Áætlað er að þetta muni auka árleg útgjöld ríkissjóðs um 1.800 m.kr. á ári. Í öðru lagi er lagt til að örorkulífeyrisþegar fái 300 þús. kr. frítekjumark á ári vegna lífeyrissjóðstekna. Áætlað er að það muni auka árleg útgjöld ríkissjóðs um 800 m.kr. á ári. Í þriðja lagi er lagt til að aldurstengdar örorkuuppbætur verði hækkaðar. Áætlað er að það muni auka árleg útgjöld ríkissjóðs um 200 m.kr. Í fjórða lagi er lagt til að frítekjumark vegna fjármagnstekna verði 90 þús. kr. á ári. Gert er ráð fyrir að það muni auka árleg útgjöld um 200 m.kr. Í fimmta lagi er lagt til að skerðingarhlutfall ellilífeyris verða lækkað úr 30% í 25% til að draga úr jaðaráhrifum vegna atvinnutekna. Örorkulífeyrir er í dag þegar með 25% skerðingarhlutfall. Áætlað er að þetta muni auka árleg útgjöld ríkissjóðs um 200 m.kr. Í sjötta lagi er lagt til að frítekjumark vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega 67 til 70 ára verði hækkað úr 300 þús. kr. á ári í 1.200 þús kr. á ári. Áætlað er að það muni auka árleg útgjöld ríkissjóðs um 120 m.kr. Í sjöunda lagi er lagt til að áhrif tekna úr séreignarsparnaði verði afnumin. Áætlað er að það muni auka árleg útgjöld ríkissjóðs um 30 m.kr. Aðrar breytingar í frumvarpinu hafa óveruleg eða engin áhrif á útgjöld ríkissjóðs. Þess ber að geta að samhliða þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að verði lögð fram reglugerð þar sem að kveðið verði á um hækkun á vasapeningum sem mun auka árleg útgjöld ríkissjóðs um 50 m.kr.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er samantekið áætlað að þær breytingar sem lagðar eru fram í frumvarpinu munu auka árleg útgjöld ríkissjóðs um 3.350 m.kr. Þar sem að ráðgert er að breytingarnar í frumvarpinu muni að mestu leyti taka gildi og koma til framkvæmda 1. apríl og 1. júlí 2008 er áætlað að 2.210 m.kr. falli til á þessu ári. Gert er ráð fyrir kostnaðaraukningin 2008 í frumvarpinu rúmist innan ramma fjárlaga 2008. Að lokum ber að nefna að enn er verið að vinna að því að útfæra til viðbótar nokkur atriði sem fólst í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að bæta hag elli- og örorkulífeyrisþega.

662. Fyrirspurn [411. mál]

til félags- og tryggingamálaráðherra um húsnæðismál einstæðra foreldra.

Frá Hönnu Birnu Jóhannsdóttur.

Er vitað hve margir einstæðir foreldrar á höfuðborgarsvæðinu búa í leiguhúsnæði annars vegar og eigin húsnæði hins vegar? Ef svo er, hve margir?

Skriflegt svar óskast.

663. Fyrirspurn [412. mál]

til dómsmálaráðherra um fangelsi og höfuðstöðvar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

1. Hvaða áform eru uppi um uppbyggingu fangelsis og/eða höfuðstöðva lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu?
2. Er áætlað að byggja upp fangelsi og/eða höfuðstöðvar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu í Hellnahrauni í Hafnarfirði þar sem bæjarráð Hafnarfjarðar hefur boðið lóð til verkefnisins?

664. Fyrirspurn [413. mál]

til umhverfisráherra um undanþágu frá skattlagningu á mengun frá flugvélum.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

Hvernig hyggst ráðherra afla fylgis við sérstöðu Íslands þannig að undanþága fáist frá væntanlegum reglum Evrópusambandsins um skattlagningu á mengun frá flugvélum?

665. Fyrirspurn [414. mál]

til dómsmálaráðherra um ökklabönd og farbann.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

Telur ráðherra koma til greina að taka upp notkun svokallaðra ökklabanda til að tryggja betur farbann grunaðra sakamanna?

Skriflegt svar óskast.

666. Fyrirspurn [415. mál]

til fjármálaráðherra um viðbrögð ríkisstjórnarinnar við verðsamráði olíufélaganna.

Frá Álfheiði Ingadóttur.

Hvað líður athugun á mögulegum bótakröfum ríkisins vegna verðsamráðs olíufélaganna sem fjármálaráðherrar sögðu vera í skoðun í febrúar og október 2005? Hyggst ríkið feta í fótspor Reykjavíkurborgar og höfða mál til að gæta hagsmuna ríkissjóðs vegna verðsamráðsins?

667. Fyrirspurn [416. mál]

til samgönguráðherra um ferjubryggjuna í Flatey.

Frá Álfheiði Ingadóttur.

1. Hefur ráðherra kynnt sér ástand ferjubryggjunnar í Flatey á Breiðafirði?
2. Hversu langur skal viðlegukantur vera til að uppfylla öryggiskröfur sem gerðar eru til ferjuhafna fyrir skip sömu stærðar og Baldur og hversu langur er viðlegukanturinn í Flatey?
3. Hvenær hefst viðgerð á bryggjunni og lenging viðlegukants þannig að ferjuhöfnin uppfylli staðla og standist öryggiskröfur?
4. Stendur hugur ráðherra til þess að þessum verkum verði lokið fyrir sumarið?

668. Fyrirspurn [417. mál]

til samgönguráðherra um stofnanir á sviði samgöngumála og Háskólann á Akureyri.

Frá Ólöfu Nordal.

1. Telur ráðherra mögulegt að færa hluta af starfsemi stofnana á sviði samgönguráðuneytis, t.d. á sviði vegamála og siglingamála, til Akureyrar?
2. Er að mati ráðherra grundvöllur fyrir samstarfi milli Háskólans á Akureyri og stofnana á sviði samgöngumála til að renna frekari stoðum undir starfsemi skólans?

669. Nefndarálit [351. mál]

um frv. til l. um breyt. á ýmsum lögum vegna flutnings á útgáfu starfsleyfa til landlæknis.

Frá heilbrigðisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðrúnu W. Jensdóttur og Vilborgu Hauksdóttur frá heilbrigðisráðuneyti, Sigurð Guðmundsson frá landlæknisembættinu, Elínu Soffíu Ólafsdóttur og Önnu Birnu Almarsdóttur frá lyfjafræðideild Háskóla Íslands, Nínu Björk Ásbjörnsdóttur og Unni Björgvinsdóttur frá Lyfjafræðingafélagi Íslands, Höllu Þorvaldsdóttur og Pétur Tyrfingsson frá Sálfræðingafélagi Íslands, Kristínu Hafsteinsdóttur frá Félagi lífeindafræðinga og Lilju Ingvarsson frá Iðjuþjálfafélagi Íslands. Einnig hafa nefndinni borist tíu umsagnir.

Frumvarpið miðar að því að flytja útgáfu starfsleyfa til heilbrigðisstétta, ásamt ýmiss konar vottorðaútgáfu sem þeim fylgir, frá heilbrigðisráðuneyti til landlæknis. Samkvæmt aðgerðaáætluninni Einfaldara Ísland sem samþykkt var í ríkisstjórn árið 2006 er gert ráð fyrir að hvert ráðuneyti setji sér langtímaáætlun um einföldun opinberra reglna og stjórnsýslu. Frumvarp þetta er liður í þeirri áætlun. Að auki eru gerðar lagfæringar og leiðréttingar á nokkrum úreltum ákvæðum laga er frumvarpið tekur til.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að útgáfa starfsleyfa til heilbrigðisstétta falli betur að stjórnsýsluverkefnum stofnunar en ráðuneytis. Þetta er í samræmi við verklag sem tíðkast annars staðar á Norðurlöndum. Flutningur starfsleyfa heilbrigðisstétta yfir til landlæknis sé jafnframt ákjósanlegur út frá sjónarmiðum um réttaröryggi, þar sem umsækjandi um starfsleyfi getur borið ákvörðun á lægra stjórnsýslustigi undir æðra stjórnsýslustig með kæru til ráðherra. Þá er um að ræða einföldun á málsmeðferð og styttingu málsmeðferðartíma þar sem ráðuneytið hefur sent flestar umsóknir um starfsleyfi til umsagnar hjá landlækni. Nefndin tekur undir þessi sjónarmið.

Fram kom á fundi nefndarinnar með gestum frá heilbrigðisráðuneyti að æskilegt væri að fella brott a-lið 42. gr. frumvarpsins er varðar breytingu á lögum nr. 35/1978, um lyfjafræðinga, þar sem markmið frumvarpsins sé ekki efnislegar breytingar heldur fyrst og fremst yfirfærsla starfsleyfanna til landlæknis. Í umsögnum lyfjafræðideildar Háskóla Íslands og Lyfjafræðingafélags Íslands kemur fram að BS-próf í lyfjafræði sé ekki hægt að leggja að jöfnu við aðstoðarlyfjafræðingspróf eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Því leggur nefndin til að a-liður 42. gr. verði felldur brott og að 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 35/1978, um lyfjafræðinga, haldist óbreyttur.

Í 31. og 32. gr. frumvarpsins er lögð til sú breyting á 2. og 3. gr. laga nr. 75/1977, um iðjuþjálfun, að vísað verði til Háskólans á Akureyri í stað Háskóla Íslands enda sé iðjuþjálfun eingöngu kennd við fyrrnefnda skólann. Á fundi nefndarinnar kom fram sú ábending að við Háskólann á Akureyri sé iðjuþjálfun kennd við iðjuþjálfabraut. Nefndin telur að gæta eigi samræmis í tilvísun í íslenskar menntabrautir heilbrigðisstétta í lögum um viðkomandi stéttir og leggur því til breytingu í samræmi við framangreint.

Í nefndinni var rætt það sjónarmið hvort í því kynni að felast hagsmunaárekstur að landlæknir samþykki eða hafni starfsleyfi annarra lækna. Ekki var talin hætta á slíku. Jafnframt var rætt í nefndinni hvort í því fælist hagsmunaárekstur að landlæknir sinnti útgáfu starfsleyfa en hefði jafnframt eftirlit með störfum heilbrigðisstarfsmanna. Niðurstaða nefndarinnar var sú að ekki væri ástæða til að hafa áhyggjur af þessu, enda væru starfsleyfaskilyrði almennt lögfest og ekki byggð á mati landlæknis.

Í umsögnum nokkurra fagfélaga heilbrigðisstarfsmanna var bent á að ákvæði laga um ýmsar heilbrigðisstéttir væru komin til ára sinna og full þörf á að endurskoða þau. Meðal annars væri nauðsynlegt að samræma ákvæði laganna með hliðsjón af evrópskum og alþjóðlegum viðmiðum um nám og starf ýmissa heilbrigðisstétta og breytingum sem hafa orðið á námi og starfi þeirra hérlendis á undanförnum árum. Nefndin fagnar því að þessi vinna sé þegar hafin og vill beina því til ráðuneytisins að ljúka þeirri vinnu hið fyrsta í nánu samráði við heilbrigðisstéttir.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Þuríður Backman var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Guðjón A. Kristjánsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 19. febr. 2008.

Ásta Möller, form., frsm.	Ágúst Ólafur Ágústsson.	Árni Páll Árnason.
Herdís Þórðardóttir.	Valgerður Sverrisdóttir.	Álfheiður Ingadóttir.
Pétur H. Blöndal.		Ellert B. Schram.

670. Breytingartillögur [351. mál]

við frv. til l. um breyt. á ýmsum lögum vegna flutnings á útgáfu starfsleyfa til landlæknis.

Frá heilbrigðisnefnd.

1. 31. gr. orðist svo:
   Í stað orðanna „stjórnar námsbrautar í iðjuþjálfun við Háskóla Íslands og landlæknis“ í 2. málsl. 2. gr. laganna kemur: iðjuþjálfunarbrautar við Háskólann á Akureyri.
2. B-liður 32. gr. orðist svo: Í stað orðanna „stjórn námsbrautar í iðjuþjálfun við Háskóla Íslands og landlæknir“ kemur: iðjuþjálfunarbraut við Háskólann á Akureyri.
3. A-liður 42. gr. falli brott.

671. Fyrirspurn [418. mál]

til heilbrigðisráðherra um lokun starfsendurhæfingar í Bergiðjunni.

Frá Þuríði Backman.

1. Hverjar eru forsendur fyrirhugaðrar lokunar starfsendurhæfingar í Bergiðjunni?
2. Hver er áætlaður sparnaður Landspítala við lokunina?

3. Hefur verið haft samráð við starfsmenn og þá sem eru í starfsendurhæfingu vegna fyrirhugaðrar lokunar?
4. Hafa öllum verið tryggð önnur störf við hæfi og ef svo er, hvaða störf og á hvaða sviðum?
5. Hvað geta margir sótt daglega starfsendurhæfingu í Bergiðjunni?
6. Hefur ráðherra haft samráð við félags- og tryggingamálaráðherra og/eða Reykjavíkurborg um hugsanlega yfirtöku á rekstri Bergiðjunnar fyrir verndaðan vinnustað handa einstaklingum sem eiga erfitt með að stunda vinnu á almennum vinnumarkaði, sbr. Plastiðjuna – Iðjulund á Akureyri?
7. Hvað bíða margir eftir starfsendurhæfingu sakir örorku eða sjúkdóma?
8. Hvaða úrræði bjóðast fólki sem bíður eftir starfsendurhæfingu?
9. Hver er fagleg stefna Landspítala í endurhæfingu sjúklinga á geðsviði spítalans
   a. inni á geðdeildum spítalans,
   b. eftir útskrift,
   c. hvernig er þeirri stefnu fylgt eftir?
10. Verður húsnæði Bergiðjunnar nýtt undir starfsemi á vegum Landspítala eða verður það selt eða leigt?

Skriflegt svar óskast.

672. Fyrirspurn [419. mál]

til heilbrigðisráðherra um gjaldtöku tannlækna.

Frá Árna Johnsen.

1. Hvernig er háttað gjaldtöku tannlækna fyrir þjónustu sem Tryggingastofnun tekur þátt í og hvað er um miklar fjárhæðir að ræða á ári?
2. Er allt að 140% munur á gjaldskrá tannlækna samkvæmt reikningum til Tryggingastofnunar?
3. Er unnið að því að fá þessa þjónustu á samningsverði fyrir Tryggingastofnun?
4. Telur ráðherra eðlilegt að fólk þurfi að leita tilboða hjá tannlæknum vegna mikils munar á gjaldskrám þeirra?

673. Frumvarp til laga [420. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940 (kynferðisbrot).

Flm.: Atli Gíslason, Þuríður Backman.

1. gr.

1. mgr. 194. gr. laganna orðast svo:

Hver sem gerist sekur um nauðgun skal sæta fangelsi ekki skemur en 2 ár og allt að 16 árum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í XXII. kafla almennra hegningarlaga er fjallað um kynferðisbrot og er 1. mgr. 194. gr. svohljóðandi: „Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við mann með því að beita ofbeldi, hótunum eða annars konar ólögmætri nauðung gerist sekur um nauðgun og skal sæta fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum. Til ofbeldis telst svipting sjálfræðis með innilokun, lyfjum eða öðrum sambærilegum hætti.“ Eins og sjá má er lögð megináhersla á verknaðaraðferð, líkamlegt ofbeldi, líkamlega áverka og hótanir. Sú áhersla hefur endurspeglast í rannsóknum nauðgunarmála þar sem andlegum áverkum hefur verið lítill gaumur gefinn. Aukin þekking á afleiðingum nauðgana hefur hins vegar fært okkur vitneskju um að andlegir áverkar eru alvarlegustu afleiðingar nauðgana. Nauðsynlegt er að lögin endurspegli þekkinguna á málum er snerta kynbundið ofbeldi. Í frumvarpinu er lögð til sú breyting á 1. mgr. 194. gr. að áherslan á verknaðaraðferðina verði algjörlega felld út úr textanum enda ljóst að orðalag greinarinnar samrýmist ekki þeirri grundvallarhugsun sem býr að baki mannréttindaákvæðum um friðhelgi einkalífs eins og rækilega er fjallað um í þessari greinargerð. Í samanburði við önnur lagaákvæði er varða friðhelgi einkalífs, svo sem húsbrot og aðgengi að gögnum, sést að kynfrelsi nýtur ófullnægjandi réttarverndar. Það er refsivert að rjúfa bréfleynd eða húsfrið nema samþykki liggi fyrir en þegar kemur að broti gegn kynfrelsi skiptir verknaðaraðferðin meira máli en samþykki. Mismunun eftir ofbeldisbrotaflokkum og núgildandi nauðgunarákvæði almennra hegningarlaga standast ekki mannréttindaákvæði um friðhelgi einkalífs. Frumvarpinu er ætlað að leiðrétta þessa mismunun.

1. Inngangur.

Friðhelgi einkalífs er safnheiti ýmissa mannréttinda sem varin eru af 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, 3. gr. og 1. mgr. 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, og 17. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, sbr. lög nr. 10/1979. Friðhelgin nær yfir heimili, fjölskyldu og persónulega hagi manns, og umfram allt það að hver maður hefur rétt til lífs og rétt til að ráða yfir eigin líkama og sálarlífi, sem eru mikilvægustu einkalífsréttindin.

Ef þarfir manna eru hafðar að leiðarljósi þegar fjallað er um réttinn til lífs, þá felst hann ekki aðeins í réttinum til að vera ekki tekinn af lífi. Rétturinn til lífs þarf einnig að samræmast sjálfsvirðingu manna, rétti til frelsis, mannhelgi og að þurfa ekki að þola ólögmætar þvinganir.

Í friðhelgi einkalífs felst bæði friðhelgi gagnvart hinu opinbera og friðhelgi milli einstaklinga innbyrðis. Með öðrum orðum: allir menn hafa rétt til þess að njóta verndar gegn afskiptum hvort heldur annarra einstaklinga eða stjórnvalda. Í öðru lagi ber yfirvöldum skylda til að setja lög eða gera aðrar ráðstafanir til að vernda einkalíf borgaranna.

Þrátt fyrir að mannréttindin sem talin eru í mannréttindasáttmála Evrópu séu að meginstefnu réttindi sem vernda einstaklinginn fyrir óþarfa afskiptum og þvingunum af hálfu ríkisins, þá er þess krafist af ríkinu að það tryggi að mannréttindi verði virk í reynd. Hér skiptir mestu máli að ríkið og stofnanir þess verða að vernda borgarana hvern fyrir öðrum með því að setja lög og gera aðrar ráðstafanir, sbr. þó 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu um réttláta málsmeðferð. Í dæmaskyni má nefna að í máli gegn Hollandi fyrir Mannréttindadómstól Evrópu var deiluefnið að ekki var hægt að ákæra mann fyrir kynferðislega misnotkun á andlega fatlaðri stúlku þar sem hollensk refsilög höfðu ekkert ákvæði sem þessi háttsemi gæti fallið undir. Niðurstaða dómsins var sú að athafna ríkisins væri þörf til þess að gera vernd réttinda skv. 8. gr. mannréttindasáttmálans virka. Í öðru lagi má nefna dóm Mannréttindadómstóls Evrópu þar sem búlgarska ríkið var ekki talið hafa staðið með fullnægjandi hætti að lögreglurannsókn og meðferð nauðgunarmáls og þar með ekki uppfyllt skyldur sínar samkvæmt sáttmálanum um að gera mannréttindin virk í raun.

Friðhelgi einkalífsins má rjúfa ef það er nauðsynlegt í lýðræðisríki. Það þarf að vera mjög brýn samfélagsleg þörf til þess að hið opinbera eða einstaklingar megi skerða þessi réttindi. Skv. 2. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar er að ákveðnum þröngum skilyrðum uppfylltum hægt að takmarka þá vernd sem tilgreind er í 1. mgr. greinarinnar. Þannig er heimilt að gera líkamsleit og líkamsrannsókn, leit í húsakynnum eða munum ef fyrir liggur samþykki viðkomandi, dómsúrskurður eða sérstök lagaheimild. Það á einnig við um rannsókn á póstsendingum og öðrum fjarskiptum og hvers konar sambærilega skerðingu á einkalífi manna. Minna má á að lagaákvæði sem takmarka mannréttindi verða að vera ótvíræð. Sé ekki svo ber að túlka þau einstaklingi í hag, því mannréttindaákvæði eru sett til verndar einstaklingum en ekki stjórnvöldum. Að sama skapi verður samþykki fyrir skerðingu að vera upplýst og ótvírætt.

2. Skilgreining kynfrelsis.

Kynfrelsi tengist réttinum til frelsis, mannhelgi og réttinum til að ráða yfir eigin líkama. Kynferðisofbeldi birtist í mismunandi formi, svo sem nauðgun, sifjaspellum, kynferðisofbeldi gagnvart börnum, klámi og kynferðislegri áreitni á vinnustöðum eða annars staðar. Þessi brot eiga það sameiginlegt að kynferðislegum athöfnum er beitt gegn vilja þess sem fyrir ofbeldinu verður og þær valda skaða.

Í bók sinni „Unwanted Sex: The Culture Of Intimidation And The Failure Of Law“, leggur Stephen Schulhofer, lagaprófessor við Harvard-háskóla í Bandaríkjunum, áherslu á að refsiákvæði um nauðganir ættu að snúast um hugmyndina um kynfrelsi einstaklingsins. Shulhofer skilgreinir kynfrelsi sem kynferðislegan sjálfsákvörðunarrétt, þ.e. „réttinn til að velja og hafna kynferðislegu samneyti, hvar sem er, með hverjum sem er og hvenær sem er“, eins og Þorbjörg S. Gunnlaugsdóttir lögfræðingur, þýðir það í kandídatsritgerð sinni „Nauðgun frá sjónarhóli kvennaréttar“. Schulhofer telur að kynferðislegt sjálfræði eða kynfrelsi eigi að vera grundvallarhugtak í lagasetningu um kynferðisofbeldi og að brotið sé gegn kynfrelsi þegar gerandinn sýnir kynferðislega hegðun án þess að tryggja að hann hafi til þess fullgilt samþykki hjá þeim sem hegðunin beinist að.

Konur hafa á grundvelli reynslu sinnar skilgreint nauðgun sem kynferðisofbeldi karla þar sem sjálfsákvörðunarréttur kvenna er virtur að vettugi og réttur þeirra til sjálfstjórnar brotinn á bak aftur. Eins og staðan er núna er áherslan fyrst og fremst lögð á verknaðaraðferð í stað

þess að leggja áherslu á verndarhagsmunina og samþykkið. Á þessum skilgreiningum byggist nauðgunarhugtak frumvarpsins. Þar sem yfirgnæfandi hluti gerenda í nauðgunarmálum eru karlar og konur í flestum tilvikum þolendur, þá telst nauðgun til kynbundins ofbeldis og fjallað um hana sem slíkt á þessum vettvangi.

3. Samanburður á ýmsum lagaákvæðum sem vernda friðhelgi einkalífs.

1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga var orðuð þannig til 4. apríl 2007: „Hver sem með ofbeldi eða hótun um ofbeldi þröngvar manni til holdlegs samræðis eða annarra kynferðismaka skal sæta fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum. Til ofbeldis telst svipting sjálfræðis með innilokun, lyfjum eða öðrum sambærilegum hætti.“

1. mgr. 194. gr. hljóðar nú svo:

„Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við mann með því að beita ofbeldi, hótunum eða annars konar ólögmætri nauðung gerist sekur um nauðgun og skal sæta fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum. Til ofbeldis telst svipting sjálfræðis með innilokun, lyfjum eða öðrum sambærilegum hætti.“

Samkvæmt orðalagi beggja ákvæðanna skiptir verknaðaraðferðin meira máli en verndarhagsmunirnir og samþykkið. Við rannsóknir nauðgunarmála hefur mikil áhersla jafnframt verið lögð á líkamlegt ofbeldi og líkamlega áverka en rannsókn á andlegum áverkum gefinn lítill gaumur eins og síðar verður vikið að. Orðalag 194. gr. almennra hegningarlaga samrýmist alls ekki þeirri grundvallarhugsun sem býr að baki mannréttindaákvæðum um friðhelgi einkalífs. Út frá þeirri hugsun má fullyrða að í holdlegu samræði eða öðrum kynferðismökum án samþykkis felist ofbeldi í sjálfu sér.

Í nauðgunarmáli þarf ásetningur geranda að ná til allra efnisþátta nauðgunarákvæðisins og þess virðist krafist að gerandinn hafi gert sér grein fyrir því að verknaðurinn hafi verið framinn gegn vilja brotaþola. Í málum þar sem engir líkamlegir áverkar sjást snýst því sönnunin oft um það hvort gerandi hafi gert sér grein fyrir því hvort þolandi var samþykkur samræðinu eða ekki. Hér á eftir verður til samanburðar gerð grein fyrir ýmsum ákvæðum almennra hegningarlaga sem vernda friðhelgi einkalífs.

228. gr. almennra hegningarlaga: „Ef maður hnýsist í bréf, skjöl, dagbækur eða önnur slík gögn, sem hafa að geyma upplýsingar um einkamál annars manns, og hann hefur komist yfir gögnin með brögðum, opnað bréf, farið í læsta hirslu eða beitt annarri áþekkri aðferð, þá varðar það sektum eða fangelsi allt að 1 ári. Sömu refsingu skal sá sæta sem á ólögmætan hátt verður sér úti um aðgang að gögnum eða forritum annarra sem geymd eru á tölvutæku formi.“

Þessi hegningarlagagrein veitir upplýsingum um einkamál í bréfum, skjölum, dagbókum og öðrum slíkum gögnum réttarvernd. Verndarhagsmunirnir eru eðlilega minni en þegar líkami og sálarlíf einstaklings eiga í hlut. Í orðalaginu hnýsast felst að spyrja, forvitnast og snuðra og ákvæðið gerir ráð fyrir að beitt sé brögðum. Hér er ekki notað orðalagið „hver sem með því að beita ofbeldi, hótunum eða annars konar ólögmætri nauðung hnýsist í bréf“. Nauðgunarákvæði 194. gr. almennra hegningarlaga veitir líkömum og sálarlífi kvenna mun minni réttarvernd.

231. gr. almennra hegningarlaga: „Ef maður ryðst heimildarlaust inn í hús eða niður í skip annars manns, eða annan honum óheimilan stað, eða synjar að fara þaðan, þegar skorað er á hann að gera það, þá varðar það sektum eða fangelsi allt að 6 mánuðum. Þó má beita fangelsi allt að 1 ári, ef miklar sakir eru, svo sem ef sá, sem brot framdi, var vopnaður eða beitti ofbeldi eða hótun um ofbeldi eða brot er framið af fleirum saman.“

Um þetta hegningarlagaákvæði gildir hið sama og um 228. gr. almennra hegningarlaga Verndarhagsmunirnir eru minni og alls ekki jafnströng skilyrði um verknaðaraðferð og 194. gr. laganna kveður á um. Hér er beinlínis höfðað til þess að samþykki þurfi til sem er í fullu samræmi við grunnhugsun 71. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi einkalífs.

Sé gerður samanburður á ákvæðum XXIII. kafla almennra hegningarlaga um manndráp og líkamsmeiðingar annars vegar og ákvæðum XXII. kafla þeirra um kynferðisbrot hins vegar kemur fram veigamikill munur á verknaðarlýsingum og refsinæmi þessara ofbeldisbrota. Í 211. gr. almennra hegningarlaga segir að hver sem sviptir annan mann lífi skuli sæta fangelsi ekki skemur en fimm ár, eða ævilangt. Hér skiptir engu máli hvernig manndráp er framið. Líknarmorð eru einnig refsiverð. Í líkamsárásarmálum skipta afleiðingarnar einnig mestu máli varðandi sönnun en ekki verknaðaraðferðin. Þær eru refsiverðar jafnt í manndráps- sem líkamsárásarmálum, sama hvernig að ofbeldinu var staðið. Og í þessum brotaflokkum er einnig refsað fyrir afleiðingar sem stafa af gáleysi gerandans. Afleiðingarnar, líkið eða líkamstjónið, ráða sönnun finnist gerandinn. Í nauðgunarmálum, brotum gegn 194. gr. almennra hegningarlaga, er höfuðáherslan aftur á móti lögð á verknaðaraðferðina, að ofbeldi hafi verið beitt, hótunum og annars konar ólögmætri nauðung. Ef ekki tekst að sanna að verknaðurinn hafi verið framinn samkvæmt þessari verknaðarlýsingu er ofbeldismanninum ekki refsað, jafnvel þótt allar tímabundnar og varanlegar andlegar afleiðingar nauðgunar samkvæmt læknisfræðilegum skilgreiningum hafi verið staðfestar og fullkomin sönnun samkvæmt sönnunarreglum í opinberum málum sé fram komin um að nauðgun hafi verið framin, eins og ítarlega er rakið síðar í greinargerð þessari. Reyndar er það svo að réttarvörslukerfið gefur þessum afleiðingum nauðgana afar lítinn gaum. Sú staðreynd er einn meginhvati þess að þetta frumvarp er flutt. Þessi mismunun eftir ofbeldisbrotaflokkum og núgildandi nauðgunarákvæði almennra hegningarlaga standast ekki mannréttindaákvæði um friðhelgi einkalífs.

Með hliðsjón af framanrituðu og þeim verndarhagsmunum líkama og sálarlífs sem eru í húfi er í frumvarpi þessu lagt til að nauðgunarákvæði hegningarlaga verði breytt. Þessi breyting á greininni og orðalag samræmist nútímamannréttindahugsun. Það gerir núgildandi nauðgunarákvæði hegningarlaga ekki. Nauðgun er þekkt og skilgreint hugtak, samanber skilgreiningar hér að framan, sem ekki mun vefjast fyrir dómstólum að taka afstöðu til út frá heildarmati á hverju broti. Gildir hér sama og um önnur þekkt hugtök úr almennum hegningarlögum, svo sem skjalafals, almannahættu, manndráp, líkamsárás, ærumeiðingar, þjófnað, gripdeild, skilasvik og gertæki, svo nokkur dæmi séu nefnd.

4. Afleiðingar nauðgana.

4.1 Inngangur.

Í mars 2005 lýsti mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna yfir áhyggjum vegna ofbeldis gegn konum á Íslandi og þá sérstaklega vegna kynferðisofbeldis. Aðallega var kvartað yfir hve ákært er í fáum nauðgunarmálum miðað við fjölda kæra sem berast. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem áhyggjur af þessu tagi eru orðaðar varðandi íslenskt réttarkerfi.

„Were all the women lying or did authorities just not care? Was the message that women should just not report the cases because they would only get into trouble?“ Þessa athugasemd gerði finnskur sérfræðingur mannréttindanefndarinnar.

Skýringarnar sem mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna fékk frá sendinefnd Íslands voru að sönnunarerfiðleikar þessara brota væri aðalhindrunin og ástæða þess hve mörg mál eru felld niður hjá lögreglu og ákæruvaldi. Það er staðreynd að í dómaframkvæmd í kynferðisbrotamálum hafa líkamlegir áverkar og líkamlegt ofbeldi mjög mikla þýðingu varðandi

sönnun um ásetning. Ef hvorki vitni né ytri ummerki eru til staðar verður að byggja niðurstöðu á öðrum gögnum, svo sem trúverðugleika vitna og á andlegum afleiðingum. Andlegar afleiðingar eru mun meiri, alvarlegri og varanlegri en hinar líkamlegu. Það eru beinlínis líkur á því að nauðgun hafi verið framin ef fyrir liggur að áliti sérfræðinga að þolandi hafi orðið fyrir slíku áfalli við kynmök og þau andlegu einkenni sem talin eru upp hér á eftir eru til staðar.

4.2 Líkamlegir áverkar.

Í skýrslu nauðgunarmálanefndar frá 1989 kemur fram að 48% kvenna veittu enga mótspyrnu við nauðguninni, en í 26% tilvika var mótspyrnan aðallega fólgin í því að reyna að verja sig og mótmæla verknaðinum. Aðeins fjórðungur kvenna veitti virka líkamlega mótspyrnu.

Frá því er greint í skýrslunni að rúmur helmingur kvenna hlaut nánast enga líkamlega áverka og hjá um þriðjungi var um minni háttar sýnilega áverka að ræða, svo sem marbletti, rispur og þrota á húð. Umtalsverðir líkamlegir áverkar voru aðeins í um 10% tilvika. Alvarlegustu áverkarnir voru marblettir á útlimum, brjóstkassa og mjöðmum, áverkar í andliti, sprungnar varir og blæðingar úr tannholdi.

4.3 Nauðgunarárásin.

„Öll viðbrögð kvenna við nauðgun eru eðlileg viðbrögð við óeðlilegum aðstæðum og þau miða að því að reyna að hafa einhverja stjórn á eigin lífi.“

Í lýsingum kvenna af nauðgun eru margir þættir sameiginlegir. Í fyrsta lagi kemur nauðgunin þeim ávallt á óvart. Gerendur eru yfirleitt karlar sem þær þekkja, ýmist fjölskyldumeðlimur, vinur eða kunningi. Í aðeins 15% af þeim málum sem bárust til Stígamóta árið 2006 var gerandinn ókunnugur. Karlar sem ætla að nauðga bera það ekki með sér, hvorki í útliti né hegðun. Flestar nauðganir eiga sér stað á heimilum. Yfirleitt er atburðarásin sú að venjulegar og hversdagslegar aðstæður breytast skyndilega í nauðgunarárás. Nauðgarinn hefur oftar en ekki skipulagt árásina fyrir fram, og nær undantekningarlaust þegar um hópnauðgun er að ræða. Þegar konur átta sig á aðstæðum kenna þær sjálfum sér oft um að hafa ekki séð aðstæðurnar fyrir og brugðist rétt við.

Það er einstaklingsbundið hvernig konur bregðast við árásinni. Margar frjósa af skelfingu og meta aðstæður þannig að besta leiðin sé að reyna að komast sem minnst skaddaðar frá árásinni. Aðrar berjast á móti. En það fyrsta sem þær gera ef þær hafa meðvitund til þess, er að reyna að átta sig á því hvernig þær geta sloppið sem best frá ofbeldinu, bæði líkamlega og andlega.

4.4 Sálrænar afleiðingar.

4.4.1 Fyrstu viðbrögð.

Samkvæmt alþjóðlegum sjúkdómsgreiningaskrám er áfallið í kjölfar nauðgunar líkt því sem einstaklingar verða fyrir við stórfelldar náttúruhamfarir, stríðsátök og stórslys. Það er sameiginlegt með þessum aðstæðum að þolandinn hefur það ekki í hendi sér hvort hann lifir eða deyr. Þessum áföllum fylgja oft mjög sterk viðbrögð sem kallast áfallastreituröskun. Almennt getur slík lífsreynsla leitt til viðvarandi ástands.

Það er einnig persónubundið hvernig konum gengur að takast á við afleiðingar nauðgana og hvernig þær leitast við að ná aftur stjórn á lífi sínu. Meðferðarúrræði eru þekkt en ríkið tryggir ekki endurhæfingu með greiðslu kostnaðar og endurhæfingarlífeyri.

Fyrstu viðbrögð þolenda nauðgana einkennast oft af doða, tómleika og óraunveruleikatilfinningu, brengluðu tímaskyni, spennu og öðrum áfallseinkennum. Erfitt er fyrir þolendur að átta sig á hvað hafi gerst í raun og veru og frásögn þeirra af atburðinum er oftar en ekki samhengislaus. Algengt er að þessi eðlilegu viðbrögð við ofbeldinu séu fyrir dómi notuð sönnunarlega gegn þolandanum. Líkamleg viðbrögð, svo sem skjálfti, hraður hjartsláttur, kviðverkir, niðurgangur, ógleði, uppköst og svimi, eru mjög oft áberandi og geta valdið hræðslu og óöryggi. Eirðarleysi, grátköst og ótti sömuleiðis. Þessi fyrstu viðbrögð vara mörg hver oftast stutt. Á þessum tíma geta tilfinningaviðbrögð verið frekar lítil og ekki í samræmi við aðstæður. Mörgum finnst þetta undarlegt og jafnvel óeðlilegt. Varast ber að draga miklar ályktanir út frá því vegna þess að doðinn er tímabundin vörn gegn hugsunum og tilfinningum tengdum nauðguninni. Eitt er víst að þær tímabundnu afleiðingar sem hér hefur verið lýst koma ekki fram í kjölfar sjálfviljugra kynmaka.

4.4.2 Langtímaafleiðingar.

Skömm er langalgengasta afleiðingin og er einkennandi fyrir 85% þolenda kynferðisofbeldis samkvæmt ársskýrslu Stígamóta frá árinu 2006. Það útskýrir ef til vill hvers vegna kært er í svo fáum nauðgunarmálum. Til samanburðar er reiði afleiðing í aðeins um 55% tilvika. Það kann að koma á óvart. Einkennandi fyrir þolendur er að kenna sjálfum sér um og varpa ábyrgðinni ekki á gerandann. Léleg sjálfsmynd, sektarkennd og depurð eru mjög algengar afleiðingar og koma fram í rúmlega 70% tilvika.

Þunglyndi eftir nauðgun getur orðið langvarandi og endurspeglast í því að þolandanum finnst hann ekki hafa neina stjórn á eigin lífi og tilveru, en þetta getur einnig verið viðbrögð við reiði sem beinist inn á við. Þunglyndi og depurð leiða oft til kvíða, svefntruflana og einangrunar. Einnig er hætta á sjálfsvígstilraunum.

Erfiðleikar í kynlífi og svokallaðar svipmyndir eru einnig mjög algeng einkenni og koma fram í yfir 51% tilvika. Svipmyndir eru myndir og upplifanir tengdar kynferðisofbeldinu sem skjóta skyndilega upp kollinum án fyrirvara og valda miklu hugarangri.

Aðrar algengar afleiðingar eru ótti og tilfinningalegur doði sem lýsir sér stundum þannig að konur deyfa allar tilfinningar um þennan atburð til þess að komast af. Í mörgum tilvika koma fram alvarleg hegðunarvandamál, einbeitingarskortur og sjálfssköðun, til dæmis er þekkt að konur skeri sig m.a. á handleggjum og fái átröskun sem hægt er að rekja til andlegs áfalls í kjölfar nauðgunar.

Þessi einkenni segja þó ekki alla söguna. Afleiðingarnar eru öllu alvarlegri til langs tíma litið. Sumir þolendur þróa með sér varanlegan sjúkdóm sem mótar alla þeirra tilveru og fjölskyldna þeirra til frambúðar. Stöðug spenna getur fylgt í kjölfarið og ef ekkert er að gert gefur sig eitthvað, líkamlegt eða andlegt. Fram hefur komið í viðtölum við sérfræðinga að 60–70% kvenna með geðraskanir og kvenna sem missa tök á lífi sínu, lenda til að mynda í neyslu fíkniefna og afbrotum, eiga að baki sögu um kynferðislegt ofbeldi. Komi þessar varanlegu afleiðingar fram er einsýnt að um nauðgun hafi verið að ræða. Hér verður einnig að halda því til haga að afleiðingar kynferðisofbeldis eru stærsta heilbrigðisvandamál heimsins sem snýr að konum.

5. Samanburður á mismunandi brotum.

5.1 Tölfræðilegar upplýsingar um fjölda brota.

Í athugasemdum mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna kemur sem fyrr segir fram að það sé áhyggjuefni hvað ákært er í fáum nauðgunarmálum hér á landi. Skýrsla starfshóps ríkissaksóknara frá árinu 2002 um meðferð nauðgunarmála sýnir einnig hve mörg mál eru felld

niður. Á undanförnum áratug hefur átt sér stað mikil vakning varðandi nauðgunarbrot, meðal annars með tilkomu Kvennaathvarfsins og Stígamóta. Margar rannsóknir hafa verið gerðar og sýna þær ávallt að brotin eru miklu fleiri en kærur og tilkynningar til lögreglu. Vitundarvakningin hefur haft í för með sér að kærum og tilkynningum til lögreglu hefur fjölgað síðustu ár en þrátt fyrir það hefur ákærum ekki fjölgað. Linda Regan og Liz Kelly hafa gert evrópska rannsókn sem heitir „Rape: a forgotten issue“ á vegum London Metropolitan University. Þær báru saman tölfræði um fjölda mála og rannsóknaraðferðir í flestum ríkjum Evrópu og það sem yfirvöld töldu helstu vandkvæði við meðferð þessara mála. Í rannsókn þeirra kemur til dæmis fram að á Íslandi var sakfellt í 25% þeirra nauðgunarmála sem ákært var í á árunum 1993–1997 en í 21% mála árin 1998–2001. Hlutfallið hefur því lækkað um 4%. Í skýrslunni kemur einnig fram að frá árinu 1970 hefur hlutfall mála sem enda með sakfellingu lækkað í flestum Evrópuríkjum.

Í frétt sem birtist á vef Ríkisútvarpsins í ágúst 2005 kom fram að sýknudómar í nauðgunarmálum í Noregi eru þrefalt algengari en í öðrum opinberum málum. Af 170 kærðum nauðgunum í Ósló og nágrenni árin 2002, 2003 og 2004, leiddu þrjár til sakfellingar.

Það má velta fyrir sér hver sé ástæðan fyrir þessum mun. Þrátt fyrir aukna umfjöllun um nauðganir á undanförnum árum hefur dómum sem fyrr segir ekki fjölgað í réttu hlutfalli við aukinn fjölda tilkynninga til lögreglu. Í rannsókn þeirra Regan og Kelly kemur í ljós að ríkin telja skort á sönnunargögnum helstu hindrunina í þessum málum. Eru sönnunarkröfurnar of þungar eða er við sönnunarfærsluna lögð of lítil áhersla á það sem getur styrkt framburð þolenda kynferðisofbeldis? Brotið felst í árás á einkalíf kvenna og gegn kynfrelsi þeirra. Helstu afleiðingar kynferðisofbeldis eru þekktar og fyrir hendi er sérfræðiþekking á þessu sviði til þess að meta og sýna fram á hvort afleiðingar ofbeldisins eru til staðar. Eins og fyrr greinir er gerandinn oftast einhver sem þolandinn þekkir og algengast er að nauðganir eigi sér stað í heimahúsum. Yfirleitt eru engin bein vitni í þessum málum og oftast eru engir sýnilegir líkamlegir áverkar. Aðeins orð gegn orði og líkamlegir áverkar hafa mun meira vægi við sönnunarfærsluna heldur en þeir andlegu. Erfitt kann að vera fyrir rannsakendur, dómara og aðra sem hafa ekki sérfræðiþekkingu að meta og greina andleg einkenni í kjölfar nauðgunar. Það bitnar að sjálfsögðu aðeins á þolendum kynferðisofbeldis eins og fáar ákærur og sakfellingar í þessum brotaflokki gefa til kynna.

5.2 Kynferðisbrot.

Árið 2003 voru 359 kynferðisbrot tilkynnt til lögreglu, þar af voru sextíu og níu nauðgunarbrot gegn 194. gr. almennra hegningarlaga, tvö gegn 195. gr. þeirra og þrjátíu og tvö gegn 196. gr., samtals 103. Ákært var í sextán þessara mála og af þeim var sakfellt í fimm en sýknað í ellefu.

Til samanburðar má skoða árið 2000. Það ár bárust lögreglu 228 tilkynningar um kynferðisbrot, þar af þrjátíu og sex um nauðgun. Af nítján nauðgunarmálum sem bárust ríkissaksóknara felldi hann fjórtán mál niður og ákærði í fimm málum, sakfellt var í fjórum málum en sýknað í einu.

Eins og sjá má er töluverð aukning á ákærum. Þær voru sextán árið 2003 en fimm árið 2000. Aftur á móti munar aðeins einni sakfellingu.

5.3 Meiri háttar líkamsmeiðingar.

Ef skoðuð er tölfræði annarra brota gegn friðhelgi einkalífs, t.d. meiri háttar líkamsmeiðingar, brot gegn 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, kemur fram að réttarvernd gagnvart þessum brotum er mun meiri en í nauðgunarbrotum. Staðan við sönnunarmatið er önnur í

þessum brotaflokki, líkamlegir áverkar eru yfirleitt miklir og augljósir. Í þessum brotum þarf ekki að sanna ásetning til afleiðinganna, gáleysi nægir.

Lögreglan fékk árið 2003 fjörtíu og níu tilkynningar um meiri háttar líkamsmeiðingar. Þrjátíu og þrjú mál bárust ríkissaksóknara, eitt mál var fellt niður og ákært í þrjátíu og einu máli. Sakfellt var í tuttugu og fimm málum en sýknað í fjórum. Enn var ódæmt í tveimur málum.

Á árunum 1999–2001 var hlutfall mála sem bárust ríkissaksóknara og mála sem ákært var í þannig að árin 1999 og 2000 var ákært í öllum málum sem bárust ríkissaksóknara en árið 2001 var ákært í 91% mála.

Afleiðingar nauðgunarbrota eru almennt mun alvarlegri og síður læknanlegar en afleiðingar líkamsárásarbrota. Afleiðingar nauðgana, einkum tímabundnar og varanlegar andlegar afleiðingar, hafa hins vegar alls ekki sama sönnunargildi og afleiðingar líkamsárása. Þar sem nauðganir teljast kynbundið ofbeldi vekur þetta upp spurningar hvort réttarkerfið þjóni konum síður en körlum og hvernig hægt er að breyta því. Staðan í dag er óviðunandi.

5.4 Kynferðisbrot gegn börnum.

Taka má einn brotaflokk til viðbótar og bera hann saman við nauðgunarbrot, það eru kynferðisbrot gegn börnum.

Árið 2003 fékk lögregla níutíu og fimm tilkynningar um kynferðisbrot gegn börnum, eða brot gegn 200.–202. gr. almennra hegningarlaga. Sextíu mál bárust ríkissaksóknara. Þrjátíu og þrjú mál voru felld niður, ákært var í tuttugu og sjö, sýknað var í sex málum en sakfellt í sautján.

Á árunum 1999–2001 var hlutfall mála sem bárust ríkissaksóknara og mála sem ákært var í þannig að árin 1999 og 2000 var ákært í 50% þeirra mála sem bárust ríkissaksóknara og árið 2001 var ákært í 57%.

Börn hafa hvorki andlegan né líkamlegan þroska til kynlífsathafna. Í hegningarlögunum njóta börn sérstakrar verndar samkvæmt XXII. kafla laganna. Hvað varðar sérstöðu barna við rannsókn þessara mála má nefna að í 2. málsl. 1. mgr. 44. gr. b laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, er kveðið á um fortakslausa skyldu lögreglu til að tilnefna ætluðum þolanda réttargæslumann ef í hlut á barn sem er yngra en 18 ára þegar rannsókn hefst og grunur leikur á að það hafi orðið fyrir kynferðisbroti. Einnig má nefna að samkvæmt a-lið 1. mgr. 74. gr. a laganna ber lögreglu á rannsóknarstigi að leita atbeina dómara til að taka skýrslu fyrir dómi þegar rannsókn beinist að broti gegn XXII. kafla laganna og ætlaður þolandi er undir 18 ára aldri þegar rannsókn hefst. Við aðalmeðferð máls þarf barn ekki, nema dómari telji það sérstaklega mikilvægt, að gefa skýrslu fyrir dómi. Skýrslan er tekin upp á myndband og er notuð á síðari stigum máls.

Í 7. mgr. 59. gr. laga um meðferð opinberra mála er að finna heimild fyrir dómara til að kveðja til kunnáttumann sér til aðstoðar við skýrslutöku þegar skýrsla er tekin af brotaþola yngri en átján ára. Dómari stýrir þó alltaf yfirheyrslu. Í Hrd. 2000:63 er tekið svo til orða: „Af framangreindu áliti félagsráðgjafa og öðrum gögnum málsins um andlegt ástand kærenda verður eindregið ráðið að aðstoð sérfróðs kunnáttumanns sé nauðsynleg svo að framburður þeirra fyrir dómi verði eins glöggur og ótvíræður og kostur er.“

Umbætur hafa verið gerðar bæði á heilbrigðissviði og í réttarvörslukerfinu til að tryggja betri umgjörð um þessi mál í heild, þótt ýmislegt megi betur fara í þessum málaflokki. Aðkoma sérfræðinga á þessu sviði og fræðsla og þekking dómarastéttarinnar er meiri en áður, enda eru þessi mál að mörgu leyti frábrugðin öðrum málum sem dómarar fást við. Embætti ríkissaksóknara telur enn fremur að slakað hafi verið á sönnunarkröfum í kynferðisbrotamál-

um gegn börnum. Það megi lesa úr dómaframkvæmd. Það álit má draga í efa og allt eins halda því fram að í þessum brotaflokki sé nú betur vandað til sönnunarfærslu en áður var raunin.

Hér er réttarverndin einnig meiri en í nauðgunarmálunum. Í kynferðisbrotum gegn börnum eru sýnilegir áverkar yfirleitt ekki til staðar og oft upplýsast þessi brot ekki fyrr en löngu eftir en að þau áttu sér stað. Hins vegar skiptir vilji barnsins til kynlífsathafna ekki máli hvað varðar refsinæmi brota gegn 200.–202. gr. almennra hegningarlaga. Þessi ákvæði krefjast ekki sérstakrar verknaðaraðferðar og einungis aldursmark nægir til refsiábyrgðar geranda, sbr. 1. mgr. 200. gr. laganna. Í mörgum þessara mála er úrlausnarefnið leitt til lykta í fjölskipuðum dómi. Efnisleg niðurstaða málanna ræðst oftar en ekki af mati á munnlegum framburði sakbornings og brotaþola. Þess vegna þykir eðlilegt að fleiri en einn dæmi í þessum málum. Sérfræðingar hafa í auknum mæli verið notaðir til að meta trúverðugleika vitna og sýna fram á afleiðingar brotanna, bæði sem matsmenn og sérfróðir meðdómendur. Sem dæmi má nefna Hrd. 2001:3260 en í því máli var sérfróður meðdómandi fenginn til að meta trúverðugleika framburða vitna. Og í Hrd. 2002:717 var kvaddur til sérfróður matsmaður til að meta trúverðugleika brotaþola. Ljóst má vera að það verður að beita sömu rannsóknaraðferðum, sönnunarfærslu, sönnunarmati og málsmeðferð í málum er varða kynferðisbrot gegn börnum og við meðferð nauðgunarmála. Um eðlislíka málaflokka er að ræða.

6. Hugsanlegar skýringar.

6.1 Meðferð mála hjá lögreglu og ákæruvaldi.

Þær tölfræðilegu upplýsingar sem liggja fyrir staðfesta að réttarvernd í nauðgunarmálum er óviðunandi. Ljóst er að ákvæði almennra hegningarlaga um nauðganir veita ekki nægilega réttarvernd, t.d. vegna áherslu á verknaðaraðferð í stað verndarhagsmuna og samþykkis. Einnig virðast rannsakendur og aðrir fulltrúar réttarvörslukerfisins hafa tilhneigingu til að ganga út frá því að í nauðgunarmálum komi frekar fram rangar sakargiftir heldur en í öðrum brotaflokkum. Erlendar rannsóknir hafa þó sýnt að aðeins 2% af tilkynntum nauðgunum eigi ekki við rök að styðjast, en það er sama hlutfall og í öðrum afbrotum.

Eitt helsta vandamálið er sönnun þessara brota. Oft reynist erfitt að sanna með fullnægjandi hætti að kynferðisbrot hafi átt sér stað. Sem fyrr greinir eru yfirleitt hvorki vitni til staðar né ytri ummerki. Í þeim tilvikum sem líkamlegir áverkar eru til staðar eru meiri líkur á ákæru. Ef hvorki áverkar né vitni eru til staðar verður að leita sönnunar eftir öðrum leiðum. Verður þá að meta sönnun af aðstæðum í heild sinni og af þeim andlegu afleiðingum sem koma nánast alltaf fram. Fáir komast óskaddaðir frá þessari lífsreynslu og andlegar afleiðingar geta verið varanlegar ef ekkert er að gert. Í nauðgunarmálum eru varanlegar andlegar afleiðingar brotanna yfirleitt ekki rannsakaðar heldur einvörðungu hugað að ástandi strax eftir nauðgunina. Látið er við það sitja að afla gagna um ástand brotaþola við komu á neyðarmóttöku. Í 13. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996, kemur fram að þeir sem annast rannsókn skuli vinna að því að hið sanna og rétta komi í ljós og gæta jafnt að þeim atriðum sem horfa til sýknu og sektar. Í 67. gr. laga um meðferð opinberra mála kemur fram að markmið rannsóknar sé að afla allra nauðsynlegra gagna til þess að ákæranda sé fært að ákveða að henni lokinni hvort sækja skuli mann til sakar. Í 68. gr. er fjallað nánar um hvaða gagna skuli afla og hvað rannsakað. Slík upptalning verður vitaskuld aldrei tæmandi, eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarp er varð að þessum lögum. Við rannsókn máls á einnig að leita til kunnáttumanna þegar þörf er á sérfræðiþekkingu, sbr. 1. mgr. 70. gr. laganna.

Ákæruvaldið fær gögn máls í hendur frá lögreglu. Það gengur úr skugga um hvort rannsókn er lokið og ákveður hvort sækja skuli mann til saka eða ekki og getur óskað eftir frekari rannsókn máls. Ef ákæruvaldið telur það sem fram er komið ekki líklegt til sakfellis, þá fellir það málið niður skv. 112. gr. laga um meðferð opinberra mála, annars leggur það málið fyrir dóm.

Sönnunarbyrði um sekt sökunauts hvílir á ákæruvaldinu, sbr. 45. gr. laga um meðferð opinberra mála. Dómur skal reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi og metur dómari hverju sinni hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefengd með skynsamlegum rökum, sé fram komin, sbr. 46. og 47. gr. laganna.

Sönnun hefur verið skilgreind þannig að þegar góð rök hafa verið leidd að staðhæfingu um tiltekna staðreynd í dómsmáli og dómari metið það svo eftir heilbrigðri skynsemi og mannlegri reynslu að hún sé rétt, þá teljist hún sönnuð. Allan skynsamlegan vafa ber að meta sökunauti í hag.

Þær rannsóknar- og sönnunarreglur sem fjallað er um hér að framan standa ekki í vegi fyrir því að sakfellt sé fyrir nauðgun liggi fyrir staðfestar tímabundnar og varanlegar andlegar afleiðingar nauðgunar. Þekktar, augljósar og alvarlegar afleiðingar nauðgunar koma ekki fram nema í kjölfar kynmaka sem fram hafa farið án samþykkis.

6.2 Skýrsla ríkissaksóknara um meðferð nauðgunarmála hjá lögreglu og ákæruvaldi.

Ríkissaksóknari skipaði árið 2001 starfshóp til að fara yfir meðferð nauðgunarmála, rannsókn þeirra og saksókn. Kveikjan að því var umræða í þjóðfélaginu og gagnrýni á hve mörg nauðgunarmál eru felld niður við meðferð hjá lögreglu og ákæruvaldi. Meðal annars átti starfshópurinn að kanna afdrif skráðra nauðgunarmála og athuga hvort samhengi væri á milli rannsóknargæða og fjölda mála sem felld voru niður. Starfshópurinn átti að gera tillögur ef könnun hans leiddi í ljós að bæta mætti meðferð mála á rannsóknar- og saksóknarstigi eða benda á aðrar úrbætur.

Til athugunar voru mál sem ekki sættu kæru og bárust lögreglu og ríkissaksóknara eftir 1. júlí 1997 til ársloka 2001. Könnunin náði til 124 mála. Lögreglustjórar höfðu hætt rannsókn í sjötíu og einu máli, en ríkissaksóknari fellt niður fimmtíu og þrjú mál.

Á sama tímabili var ákært í tuttugu og þremur nauðgunarmálum. Þar af var sakfellt í ellefu málum en sýknað í níu. Þrjú mál voru þá ódæmd. Tölur úr málaskrá lögreglu geta verið villandi og hægt að gefa skýringar á hluta þessara mála, t.d. voru einhver mál ranglega færð inn í málaskrá lögreglunnar, önnur þar sem gerandinn fannst ekki eða brotin voru fyrnd og enn önnur þar sem lögreglan taldi að verknaðarlýsingu 194. gr. almennra hegningarlaga væri ekki fullnægt.

Fram kemur í skýrslunni að nauðgunarkærur eigi að njóta forgangs hjá lögreglu og ætla þurfi nægjanlegan mannafla til rannsókna og hraða þeim sem kostur er. Afla skuli nauðsynlegra rannsóknargagna, en ljúka rannsókn og senda málið ríkissaksóknara þegar mál er upplýst. Starfshópurinn gerði athugasemdir við málshraða við rannsókn lögreglu og að oft leið nokkur tími frá því kæra barst uns kærði var yfirheyrður. Í of mörgum málum þótti starfshópnum vera óútskýrður dráttur á að lögreglurannsókn hæfist. Fá mál voru rannsökuð af krafti og samfellt. Starfshópurinn sagði að ekki væri útilokað að niðurstaða hefði í einhverjum tilvikum getað orðið önnur ef fyrr hefði verið brugðist við, til dæmis með vettvangsrannsókn og tæknirannsókn í beinu framhaldi af kæru. Oft hefði málum ekki verið nægilega vel fylgt eftir þar sem lögregla hafði haft afskipti vegna gruns um kynferðisbrot og í einstaka málum hefði rannsókn verið hætt eftir að kæra var afturkölluð, þótt vísbendingar hefðu verið um að brot hefði verið framið.

Lögreglu er ekki rétt að ganga út frá því að rannsókn skuli hætt þótt kæra hafi verið afturkölluð. Skoða verður hvert mál fyrir sig, meta sönnunarstöðuna og hugsanlegar ástæður afturköllunar. Lögregla skal hvenær sem þess er þörf hefja rannsókn vegna vitneskju eða gruns um að refsivert brot hafi verið framið hvort sem henni hefur borist kæra eða ekki, sbr. 2. mgr. 66. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Einnig kom fram í skýrslunni að dæmi væru um að skýrsluform hefðu verið illa útfyllt þannig að ýmsar upplýsingar hefði vantað og um ómarkvissar skýrslutökur af kærðum og vitnum. Í skýrslunni kom jafnframt fram að í mörgum málum hefði lítil eða engin rannsókn farið fram á vettvangi.

Þrátt fyrir það og fleiri atriði álítur starfshópurinn að ákvarðanir lögreglustjóra um að hætta rannsókn skv. 1. mgr. 6. gr. laga um meðferð opinberra mála hefðu almennt verið réttar í þeim málum sem skoðuð voru, en benti á að í framtíðinni kynni að vera ástæða til að bera slíkar ákvarðanir undir ríkissaksóknara.

Starfshópurinn gerði ekki athugasemdir við sönnunarmat sem liggur að baki niðurfellingum ríkissaksóknara. Telja verður að sú niðurstaða orki mjög tvímælis, sbr. það sem fyrr er rakið. Starfshópurinn sagði að fjöldi sýknudóma gefi til kynna að ákært sé í vafatilvikum. Mun nærtækara er að ályktа að slælega hafi verið staðið að rannsókn og sönnunarfærslu. Gagnrýnisvert er að ekki kemur fram í skýrslunni af hverju rannsókn var hætt hjá lögreglu eða mál felld niður hjá ákæruvaldinu í þeim 124 málum sem til skoðunar voru.

Í skýrslunni kemur fram að í mörgum málum hafði lögregla afskipti af ungum konum undir áhrifum áfengis sem orðið höfðu fyrir reynslu sem reyndist þeim þungbær. Þær óskuðu gjarnan eftir aðstoð við að komast á neyðarmóttöku en lögðu ekki fram kæru. Í framhaldi af þessu kom fram athugaverð staðhæfing:

„Þá háttaði svo til í mörgum málum sem voru kærð að lýsingar kærenda eða önnur atvik gerðu að verkum að ekki var hægt að sýna fram á að verknaðarlýsingu hegningarlagaákvæða um kynferðisbrot væri fullnægt, s.s. um ofbeldi, hótun, nauðung eða misneytingu.“

Þessi staðhæfing er gagnrýnisverð þar sem tímabundnar og varanlegar andlegar afleiðingar brotanna virðast lítt eða ekki rannsakaðar. Sama gildir um rannsókn á samþykki brotaþola. Ekki virðist gengið út frá því sjónarmiði hvort samþykki var til staðar heldur er lögð áhersla á verknaðaraðferð. Í þessu samhengi er dómur Mannréttindadómstóls Evrópu nr. 39272/98 frá 4. desember 2003 athyglisverður m.a. að því er varðar skýrslu starfshópsins og umræðu í þjóðfélaginu um rannsókn og meðferð mála hjá lögreglu og ákæruvaldi og sjónarmið um sönnun. Í dómnum segir m.a.:

„Þó að í raun sé oft erfitt að sanna samþykkisskort þegar ekki er fyrir að fara „beinni“ sönnun um nauðgun, svo sem ummerkjum um ofbeldi eða skýrslum vitna, telur dómstóllinn að yfirvöldum beri engu að síður að kanna öll málsatvik og taka ákvörðun á grundvelli mats á öllum aðstæðum. Beina verður rannsókn máls og niðurstöðum hennar að því álitaefni hvort samþykki hafi verið fyrir hendi.“

Skýrsla starfshópsins leiðir ekki í ljós skýringar á því af hverju ákært er í jafnfáum nauðgunarmálum og raun ber vitni. Starfshópurinn gefur verndarhagsmunum engan gaum og því að samræði án samþykkis felur í sér ofbeldi. Athugun og niðurstöður starfshópsins hafa ekki leitt til þess að ákærum og sakfellingum hafi fjölgað.

6.3 Dómkvaðning matsmanna og fjölskipaðir dómar.

Hæstiréttur hefur mótað þá stefnu að sérfræðingar verði ekki kvaddir fyrir dóm til að gefa skýrslu sem vitni, nema þeir hafi verið dómkvaddir sem mats- eða skoðunarmenn í málinu, sbr. Hrd. 1999:2425. Undantekning er gerð þegar í hlut eiga sérfræðingar sem kvaddir hafa

verið til aðstoðar lögreglu eða ákæruvaldi við rannsókn máls, áður en ákæra er gefin út. Yfirleitt er læknir frá neyðarmóttökunni kvaddur fyrir dóm til þess að gefa skýrslu um áverka og fyrstu viðbrögð brotaþola, þ.e. ástand þolandans við komu á neyðarmóttöku. Einnig hafa sálfræðingar og félagsráðgjafar gefið skýrslur fyrir dómi sem sérfróð vitni.

Hingað til hefur það talist til undantekninga að matsmenn séu kvaddir fyrir dóm í opinberum málum. Samkvæmt 1. mgr. 63. gr. laga um meðferð opinberra mála getur dómari eftir ósk aðila eða af sjálfsdáðum dómkvatt kunnáttumenn, einn eða fleiri, til að framkvæma mats- eða skoðunargerðir í opinberu máli. Ef þessi aðferð er notuð fá báðir aðilar tækifæri til þess að tjá sig um dómkvaðninguna. Matsmenn koma fyrir dóm og staðfesta matsgerð sína og gera nánari grein fyrir efni hennar. Með þessari aðferð er hættan á huglægu mati hverfandi og hægt að koma í veg fyrir að litið sé á sérfræðinga sem eins konar málaliða eins og í Bandaríkjunum. Haldinn er sérstakur matsfundur þar sem báðum aðilum gefst kostur á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri, sem stuðlar að réttri og hlutlausri niðurstöðu.

Matsgerð er undir venjulegum kringumstæðum talin áreiðanlegra sönnunargagn en skýrsla vitnis og er dómari af þeim sökum bundnari af því sem kemur fram í mats- eða skoðunargerð.

Nýta má þessa heimild í kynferðisbrotamálum og fá dómkvadda geðlækna eða sálfræðinga til þess að gefa skýrslu um trúverðugleika vitna og sakbornings og til að meta tímabundnar og varanlegar afleiðingar verknaðarins, einkum þær andlegu. Í Hrd. 2000:1722 gerðu hvorki verjandi né ákæruvald kröfu um dómkvaðningu sálfræðings þótt málavextir og sönnunarstaða hefðu gefið fulla ástæðu til. Eins og fram kemur í kaflanum um afleiðingar nauðgana, þá eru þær aðallega sálrænar. Mikil þekking er til á þessu sviði, einkennin og afleiðingarnar eru vel þekkt. Áfallastreituröskun er ekki einvörðungu tímabundið einkenni nauðgunar heldur getur hún verið byrjun á geðsjúkdómi sem þarf að meðhöndla. Komið hefur fyrir í nauðgunarmálum að helstu upphafseinkenni sem þolendur nauðgana þjást af séu notuð gegn þeim fyrir dómi. Hér má til dæmis nefna að tímaskyn brenglast þannig að þolandinn man ekki í hvaða röð hlutirnir gerðust. Stöðugur framburður er mjög mikilvægur en taka verður tillit til tímabundins andlegs ástands þolandans eftir nauðgunina, sbr. kafla 4.4.1. og 4.4.2. hér að framan. Frásögn þolandans kann á fyrstu stigum rannsóknar að vera samhengislaus og misvísandi. Nefna má Hrd. 1996:804 í þessu samhengi þar sem sýknað var af nauðgunarákæru. Kærandi leitaði sér hjálpar strax eftir verknaðinn hjá konu á vegum Stígamóta. Stúlkan var ringluð eftir verknaðinn og var ekki alveg viss um hvað hafði í raun átt sér stað. Hún sagði að sér liði illa og að sér hefði blætt. Það tók hana um það bil tvo tíma að átta sig á hvað hefði í raun og veru gerst og að um nauðgun hefði verið að ræða. Í álitum tveggja lækna kom fram að þeir áverkar sem voru á kynfærum hennar hefðu ekki getað komið við samfarir með vilja beggja, en útilokuðu þó ekkert. Í framburði ákærða segir að kærandi hefði kveinkað sér eitthvað í upphafi samfaranna, en hún hefði aldrei beðið sig um að hætta. Fyrir dómi sagði hann: „Ég leit aldrei á þetta sem neina nauðgun eða neitt svoleiðis, kannski smááhugaleysi, en aldrei þannig, að það væri nein mótspyrna hjá henni.“

Dómurinn er að miklu leyti reistur á því að læknar töldu ekki fræðilega útilokað að svona áverkar hefðu getað komið eftir eðlilegar samfarir en báðir læknarnir töldu það ólíklegt og einnig út frá viðbrögðum stúlkunnar eftir verknaðinn. Í þessu máli var sérfræðingur ekki fenginn til að gefa álit á því hvort eðlilegt sé að stúlkur átti sig ekki alveg strax á því hvað hafi nákvæmlega gerst og eigi erfitt með lýsa atburðum. Ekki er verið að leggja mat á sekt eða sýknu í þessu máli, einungis skoða hvort málið hafi verið nægilega upplýst og hvort hið rétta hafi komið í ljós. Ætla má að sérfræðilegt álit á fyrstu viðbrögðum stúlkunnar og and-

legum afleiðingum hefði gefið allt aðra mynd af trúverðugleika hennar og leitt til sakfellingar.

Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laga um meðferð opinberra mála er heimilt að kveðja til tvo sérfróða meðdómendur. Þannig er hægt að nýta sérfræðiþekkingu geðlækna eða sálfræðinga og þeir geta metið trúverðugleika framburða kærða, kæranda og vitna og andlegar afleiðingar. Þessi heimild er almennt ekki nýtt í kynferðisbrotamálum nema þegar börn eiga í hlut, sbr. Hrd. 2001:3260, en í því máli var föðurbróðir stúlku ákærður fyrir kynferðisbrot gegn henni.

Sönnunarmat dómara er frjálst en afla verður og taka tillit til sérfræðiþekkingar geðlækna, sálfræðinga og annarra sérfræðinga á þessu sviði og áreiðanleika niðurstaðna þeirra. Mikil þekking hefur skapast síðustu ár á afleiðingum nauðgana og annars kynbundins ofbeldis hjá frjálsum félagasamtökum eins og Stígamótum og Kvennaathvarfinu og finna verður leiðir til að nýta þá þekkingu til að réttarkerfið geti sinnt skyldum sínum gagnvart þeim sem verða fyrir kynbundnu ofbeldi.

7. Lokaorð.

Verulegar breytingar hafa orðið á afstöðu manna hér á landi til mannréttinda og þýðingar þeirra og vægis sem grundvallarréttarheimildar. Fyrstu merki þessara breytinga má rekja til ýmissa dóma Hæstaréttar uppkveðinna á níunda áratug síðustu aldar, sbr. meðal annars Hrd. 1988:1532 sem áður er getið. Íslenskir fræðimenn á sviði lögfræði, einkum Gaukur Jörundsson og Þór Vilhjálmsson, höfðu áður rutt brautina með fræðaskrifum. Í kjölfarið var mannréttindasáttmáli Evrópu innleiddur í íslenskan rétt með lögum nr. 62/1994 og umtalsverðar breytingar gerðar á mannréttindakafla stjórnarskrárinnar árið 1995. Af mannréttindaákvæðum leiðir að allan vafa ber að túlka mannréttindum og einstaklingum í hag. Friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu eru meðal dýrmætustu réttinda hvers einstaklings. Þar trónir efst rétturinn til lífsins en síðan til líkama og sálarlífs, þar með talið kynfrelsið. Þessi réttindi verða ýmist alls ekki skert eða aðeins skert að uppfylltum ströngum skilyrðum.

Orðalag áður gildandi og núgildandi ákvæða almennra hegningarlaga um kynferðisbrot endurspeglar ekki þessa réttarþróun. Sama gildir um rannsóknir, sönnunarmat, ákærur og dóma í þessum málaflokki eins og tölulegar staðreyndir staðfesta. Af 103 tilkynningum til lögreglu árið 2003 um brot gegn 194. gr., 195. gr. og 196. gr. almennra hegningarlaga leiddu aðeins fimm til sakfellinga fyrir dómi. Þessar tölur segja allt sem segja þarf um réttarvernd kynfrelsis en orðalag ákvæða almennra hegningarlaga um kynferðisbrot skýrir ekki eitt og sér þessar dapurlegu staðreyndir. Einnig má draga þá ályktun að karllæg hugsun sé ráðandi í málaflokknum og að ekki sé tekið mið af reynsluheimi kvenna, einkum þolenda. Sama gildir um verndarhagsmunina og afstöðu til samþykkis og andlegra afleiðinga, sbr. einnig dóm Mannréttindadómstóls Evrópu frá 4. desember 2003 í máli gegn Búlgaríu.

Setja má stór spurningarmerki við rannsóknir, sönnunarmat og sönnunarbyrði í kynferðisbrotamálum. Eins og staðan er nú er ákæruvaldinu gert að sanna það að samþykki til kynmaka hafi ekki verið fyrir hendi. Ella virðist gerandi ekki verða ákærður eða sakfelldur, jafnvel þótt andlegir áverkar séu til staðar sem að mati sérfræðinga eru afleiðingar nauðgunar. Það fær illa samrýmst 71. gr. stjórnarskrárinnar að unnt sé refsilaust að skerða kynfrelsi þegar upplýst samþykki til kynmaka er ekki fyrir hendi. Ástæða er til að árétta að tímabundnar og varanlegar andlegar afleiðingar nauðgunar eru augljósar og þekktar og einatt alvarlegri og síður læknanlegar en líkamlegir áverkar meiri háttar líkamsmeiðinga. Komi þessar andlegu afleiðingar fram eftir kynmök eru fram komnar fullnægjandi sannanir fyrir því að þolandanum hafi verið þröngvað til kynmaka, að ofbeldi hafi verið beitt eða hótun um ofbeldi. Kynmök án samþykkis fela í sér ofbeldi. Það blasir einnig við, eins og rökstutt er hér að framan,

að líkamar manna og sálarlíf njóta minni réttarverndar en til að mynda bréf og híbýli manna. Það er refsivert að rjúfa bréfleynd eða húsfrið nema samþykki liggi fyrir.

Með frumvarpi þessu um breytingu á 194 gr. almennra hegningarlaga er lagt til að réttarvörslukerfið taki upp allt aðra hugsun og nálgun í kynferðisbrotamálum, að réttarvernd kynfrelsis verði lagalega tryggð. Það verður einnig að umbylta rannsóknaraðferðum og sönnunarmati í málum sem varða brot gegn kynfrelsi og leggja megináherslu á verndarhagsmuni, tímabundnar og varanlegar andlegar afleiðingar og samþykki, allt í samræmi við grunnhugsun mannréttindaákvæða um friðhelgi einkalífs. Ríkinu og stofnunum þess ber að tryggja að þessi brýnu einkalífsmannréttindi verði virk í reynd. Réttarvernd kynfrelsis er ekki tryggð núna og þær breytingar sem gerðar voru á 194. gr. almennra hegningarlaga á síðasta þingi breyta litlu um þau grundvallarsjónarmið sem hér hafa verið reifuð. Í frumvarpinu felast einnig skýr skilaboð til réttarvörslukerfisins um að taka nauðgunarmál sömu tökum og önnur ofbeldisbrot, eins og manndráp og líkamsárásir. Horfa þarf fyrst og síðast til afleiðinga nauðgunar þótt auðvitað þurfi að fara fram heildstæð rannsókn og mat á öllum þáttum brotsins eins og gildir þegar manndráp og líkamsárásir eiga í hlut. Hér er sjónum réttarvörslukerfisins beint að sönnunargögnum sem það hefur vanrækt að afla í nauðgunarmálum. Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir að slakað sé á meginreglum opinbers réttarfars um sönnun, enda engin þörf á því til að ná fram sakfellingum ef réttra aðferða er gætt við rannsókn lögreglu og öflun sönnunargagna. Frumvarpið sýnir einnig þann vilja löggjafarvaldsins að dómstólar þyngi refsingar fyrir kynferðislegt ofbeldi með því að færa lágmarksrefsingu úr einu ári í tvö. Dómstólar virðast vera tregir til að nýta núgildandi refsiramma. Um þann þátt málsins er vísað til úttekta Blaðsins fimmtudaginn 4. október og föstudaginn 5. október 2007.

Þess skal að lokum getið að síðastliðið sumar var send kvörtun til Mannréttindadómstóls Evrópu yfir málsmeðferð lögreglu, ríkissaksóknara og dómsmálayfirvalda í nauðgunarmáli. Í því máli reynir á allar þær röksemdir og sjónarmið sem hér hafa verið reifuð, en kæran lýtur þó fyrst og fremst að því að mannréttindi kvenna hvað varðar kynfrelsi þeirra og friðhelgi einkalífs eru ekki virk í reynd. Að óbreyttum lögum og réttarframkvæmd má allt eins búast við því að áfellisdómur verði kveðinn upp gegn íslenska ríkinu, sbr. einnig áðurnefnt fordæmi Mannréttindadómstóls Evrópu frá 4. desember 2003 í máli gegn búlgarska ríkinu.

Greinargerð þessi byggist á fræðigreininni „Réttarvernd kynfrelsis“ eftir Atla Gíslason og Jóhönnu Katrínu Magnúsdóttur sem birtist í afmælisriti Guðrúnar Erlendsdóttur, fyrrverandi hæstaréttardómara, Guðrúnarbók, sem gefin var út í Reykjavík í júní 2006.

674. Tillaga til þingsályktunar [421. mál]

um aðgengi fatlaðra að háskólamenntun.

Flm.: Steinunn Þóra Árnadóttir, Ögmundur Jónasson, Kolbrún Halldórsdóttir.

Alþingi beinir því til menntamálaráðherra og stjórnenda íslenskra háskóla að ráðist verði í átak til að bæta aðgengi fatlaðra nemenda að háskólum með það að markmiði að fleiri fatlaðir nemendur hefji og ljúki háskólanámi.

Greinargerð.

Nemendum á háskólastigi hefur fjölgað mjög hratt undanfarin ár. Rannsóknir sýna hins vegar að fatlaðir háskólastúdentar eru hlutfallslega mjög fáir miðað við heildarfjölda fatlaðra í samfélaginu. Því er ljóst að þeir skila sér ekki í gegnum menntakerfið og inn í háskóla í sama mæli og ófatlaðir nemendur. Úr því er nauðsynlegt að bæta.

Erlendar rannsóknir benda til þess að ein meginástæðan fyrir því sé sú að aðgengi að menntakerfinu hafi ekki verið það sama fyrir fatlaða og ófatlaða nemendur. Bent hefur verið á að menntun fatlaðra nemenda hafi verið lakari en gengur og gerist í hinu almenna skólakerfi og þeir hafi því ekki fengið þann undirbúning sem nauðsynlegur er fyrir háskólanám.

Enn fremur hafa rannsóknir sýnt að fötluðum nemendum í háskólum erlendis fjölgaði ekki að marki fyrr en sett hafði verið sérstök löggjöf til að tryggja jafnrétti þeirra til náms, ásamt því að fjármagni var varið til þess að tryggja aðgengi þeirra að háskólum.

Í þeim löndum sem sett hefur verið sérstök löggjöf gegn mismunun er aðgengið og þjónustan best og fjöldi fatlaðra háskólanema mestur. Í kjölfar slíkrar löggjafar hafa háskólar markað sér stefnu í málefnum fatlaðra og byggt upp þjónustu við þá. Því má ljóst vera að stefna stjórnvalda í menntamálum fatlaðra skiptir gríðarlegu máli.

Undanfarin ár hefur sú jákvæða þróun átt sér stað að nemendum með dyslexíu, langvinn veikindi eða sálræn vandkvæði hefur fjölgað umtalsvert við Háskóla Íslands. Fjöldi hreyfihamlaðra, sjónskertra og heyrnarskertra nemenda hefur hins vegar nokkurn veginn staðið í stað. Til að tryggja fötluðum jafnan rétt til háskólanáms á við ófatlaða þarf að gera átak til að bæta aðgengi að háskólabyggingum, svo og aðgengi að upplýsingum um þá þjónustu sem í boði er fyrir fatlaða nemendur með það að markmiði að fleiri fatlaðir nemendur hefji og ljúki námi á háskólastigi.

675. Fyrirspurn [422. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um útflutning á óunnum þorski.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hve mikið var flutt úr landi af óunnum þorski síðustu fimm heilu fiskveiðiárin, skipt eftir árum, og hversu hátt hlutfall er það af leyfðum þorskafla hverju sinni?
2. Hve mikið hefur verið flutt út af óunnum þorski á yfirstandandi fiskveiðiári og hversu hátt hlutfall er það af veiddum þorski á sama tíma? Hve mikill telur ráðherra að útflutningurinn verði orðinn í lok fiskveiðiársins?
3. Hvernig skiptist útflutningurinn hvert ár eftir verstöðvum, skráningarhöfnum skipa og útgerðum? Óskað er eftir því að sundurliðunin nái til a.m.k. ⅔ útflutningsins.
4. Hvert var útflutningsálagið samtals í tonnum talið hvert fiskveiðiár og hvernig skiptist það eftir skipum?
5. Hvernig skiptist útflutningurinn eftir löndum hvert fiskveiðiár og á yfirstandandi fiskveiðiári, hvar er þorskurinn vigtaður og hvernig er vigtun og eftirliti með viktuninni háttað í hverju landi?

6. Hvers konar athugun fer fram á fiski sem flytja á úr landi óunninn til sölu erlendis til þess að staðreyna ástand fisksins, magn og tegund?

Skriflegt svar óskast.

676. Fyrirspurn [423. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um áhrif af samdrætti í þorskveiðum.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hvenær áætlar ráðherra að leyfður þorskafli á einu fiskveiðiári hafi aftur náð a.m.k. 190 þúsund tonnum miðað við þær forsendur sem núverandi ákvörðun um 130 þúsund tonn byggist á?
2. Hver verður þróunin að mati ráðherra varðandi samþjöppun veiðiheimilda á samdráttartímabilinu?
3. Hvað telur ráðherra að skaði Íslendinga verði mikill vegna tapaðrar hlutdeildar á erlendum mörkuðum?

677. Fyrirspurn [424. mál]

til umhverfisráðherra um losun kjölfestuvatns.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hvaða athugun hefur farið fram á því hvort eða hversu mikið er um að skip losi kjölfestuvatn á íslensku hafsvæði?
2. Hvenær hyggst ráðherra staðfesta alþjóðlegan samning um aðgerðir í því skyni að draga úr óæskilegum áhrifum kjölfestuvatns og hvers vegna hefur staðfestingin dregist?

678. Fyrirspurn [425. mál]

til iðnaðarráðherra um virkjunarkosti á Vestfjörðum.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hyggst ráðherra beita sér fyrir frekari athugun á virkjunarkostum á Vestfjörðum, svo sem Glámuvirkjun?

2. Hver er áætlaður kostnaður við Glámuvirkjun umfram sambærilega kosti annars staðar á landinu, miðað við fyrirliggjandi upplýsingar?
3. Hver yrðu helstu áhrif Glámuvirkjunar á val á virkjunarkostum utan Vestfjarða?

679. Nefndarálit [196. mál]

um frv. til l. um sértryggð skuldabréf.

Frá viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðmund Jónsson og Helgu Rut Eysteinsdóttur frá Fjármálaeftirlitinu, Guðmund Bjarnason og Sigríði Ingibjörgu Ingvadóttur frá Íbúðalánasjóði, Guðjón Rúnarsson og Jón Finnbogason frá Samtökum fjármálafyrirtækja og Kjartan Gunnarsson frá viðskiptaráðuneyti.

15. febrúar 2007 skilaði starfshópur sem viðskiptaráðherra hafði skipað drögum að lagafrumvarpi um sértryggð skuldabréf. Útgáfa sértryggðra skuldabréfa hefur aukist mjög og sömuleiðis þörfin fyrir lög þar að lútandi.

Markmið frumvarpsins er að skapa umgjörð svo að viðskiptabankar, sparisjóðir og lánafyrirtæki geti hlotið leyfi Fjármálaeftirlitsins til að gefa út sértryggð skuldabréf sem hafi sérstakan tryggingar- og fullnusturétt í safni eigna sem tilheyra útgefanda. Í 2. gr. frumvarpsins er sértryggt skuldabréf skilgreint sem skuldabréf eða önnur einhliða, óskilyrt og skrifleg skuldarviðurkenning sem nýtur sérstaks fullnusturéttar í tryggingasafni útgefanda og er gefin út samkvæmt ákvæðum frumvarpsins. Í 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um þau skilyrði sem umsækjandi þarf að uppfylla til að fá leyfi til útgáfu sértryggðra skuldabréfa. Annars vegar skal útgáfan samræmast reglum frumvarpsins og hins vegar þarf að sýna fram á að fjárhagur útgefanda sé svo traustur að hagsmunum annarra kröfuhafa sé ekki stefnt í hættu með útgáfu sértryggðra skuldabréfa.

Í II. kafla frumvarpsins er að finna ákvæði um það hvernig tryggingasafnið, sem stendur til tryggingar og fullnustu sértryggðum skuldabréfum, geti verið samsett og hvaða staðgöngutryggingar sé heimilt að setja í safnið. Skuldabréfin geta í grófum dráttum verið tvenns konar, annars vegar veðskuldabréf og hins vegar skuldabréf sem eru gefin út af ríki eða sveitarfélagi á Íslandi eða í aðildarríki en samkvæmt skilgreiningu í 2. gr. er átt við aðildarríki að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, aðildarríki að stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjar. Í 6. gr. er kveðið á um hvaða staðgöngutryggingar megi vera í tryggingasafni og lagt til að þeim verði skipt í tvo flokka. Annars vegar er um að ræða staðgöngutryggingar sem setja má í tryggingasafnið af því þær fullnægja tilteknum lögbundnum skilyrðum, þó þannig að Fjármálaeftirlitið hafi með almennum hætti samþykkt lögaðila, sbr. 3. tölul. 1. mgr. Hins vegar eru staðgöngutryggingar sem eru þess eðlis að í öllum tilvikum þarf samþykki Fjármálaeftirlitsins til að heimilt sé að setja þær í tryggingasafnið.

Í hvert sinn sem leyfi er veitt til útgáfu sértryggðra skuldabréfa skal skipa sjálfstæðan skoðunarmann skv. ákvæðum VIII. kafla frumvarpsins. Helstu verkefni hans eru annars vegar að ganga úr skugga um að mat á veðtryggingum skuldabréfa í tryggingasafni byggist á réttri aðferð og hins vegar veitir hann Fjármálaeftirlitinu upplýsingar sem hann fær í starfi sínu svo oft sem mælt er fyrir um í skipunarbréfi hans.

Gert er ráð fyrir því í 24. gr. frumvarpsins að Fjármálaeftirlitið annist eftirlit með ákvæðum laganna. Er tilgreint að um eftirlitið fari samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Fjármálaeftirlitið hefur samkvæmt þeim lögum víðtækar og skýrar heimildir til að fylgjast með því að starfsemi á fjármálamarkaði samræmist lögum, reglum, reglugerðum eða samþykktum sem um starfsemina gilda. Reglur þessa frumvarps koma til viðbótar og fyllingar ákvæða laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

VII. kafli frumvarpsins fjallar um gjaldþrotaskipti á búi útgefanda. Nauðsynlegt þykir að lögfesta reglur um hvernig farið skuli með tryggingasafnið og aðrar eignir í kerfinu verði bú útgefanda tekið til gjaldþrotaskipta, svo og hvernig verði staðið að fullnustu á hinum sértryggðu skuldabréfum.

Nefndin leggur til tvær breytingar á frumvarpinu. Í fyrsta lagi er lagt til breytt viðmið um það frá hvaða degi beri að reikna þann sex mánaða frest sem Fjármálaeftirlitið hefur til að afgreiða umsókn um leyfi til að gefa út sértryggt skuldabréf. Telur nefndin eðlilegast að fresturinn byrji að líða þegar þegar eftirlitinu hefur borist fullbúin umsókn. Í öðru lagi leggur nefndin til þá breytingu á 21. gr. frumvarpsins að í stað þess að Fjármálaeftirlitið skipi sjálfstæðan skoðunarmann skipi útgefandi skoðunarmanninn en Fjármálaeftirlitið staðfesti skipun hans. Þá geti Fjármálaeftirlitið afturkallað staðfestingu sína telji það að skoðunarmaður uppfylli ekki hæfisskilyrði. Nefndin telur eðlilegra að það sé ekki sami aðili, þ.e. Fjármálaeftirlitið, sem hafi eftirlit með útgáfu sértryggðra skuldabréfa og skipi skoðunarmann. Í samræmi við þessa breytingu á 21. gr. frumvarpsins leggur nefndin einnig til orðalagsbreytingu á 22. gr. þess.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi:

BREYTINGUM:

1. 1. málsl. 4. gr. orðist svo: Þegar lögð hefur verið fram umsókn um leyfi skal Fjármálaeftirlitið afgreiða hana innan sex mánaða frá móttöku fullbúinnar umsóknar.
2. 21. gr. orðist svo:

   Útgefandi skal skipa sjálfstæðan skoðunarmann til að hafa eftirlit með útgáfu sértryggðra skuldabréfa sem Fjármálaeftirlitið hefur veitt leyfi fyrir. Fjármálaeftirlitið skal staðfesta skipun hans. Skoðunarmaður skal uppfylla þau hæfisskilyrði sem kveðið er á um í reglum Fjármálaeftirlitsins skv. 8. tölul. 25. gr. Telji Fjármálaeftirlitið að skoðunarmaður uppfylli ekki hæfisskilyrði getur það afturkallað staðfestingu sína.

   Þegar leitað er eftir staðfestingu Fjármáleftirlitsins á skipun skoðunarmanns skal útgefandi gera grein fyrir hugsanlegum tengslum hans við útgefanda og helstu fyrirsvarsmenn hans.
3. 2. mgr. 22. gr. orðist svo:

   Skoðunarmaður skal veita Fjármálaeftirlitinu upplýsingar sem hann fær í starfi sínu svo oft og í því formi sem það ákveður og umfram það ef sérstök ástæða er til.

Höskuldur Þórhallsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Jón Magnússon sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 19. febr. 2008.

Ágúst Ólafur Ágústsson, form., frsm.	Guðfinna S. Bjarnadóttir.	Jón Bjarnason.
Birgir Ármannsson.	Árni Páll Árnason.	Birkir J. Jónsson.
Jón Gunnarsson.	Björk Guðjónsdóttir.	

680. Fyrirspurn [426. mál]

til iðnaðarráðherra um olíuhreinsunarstöð.

Frá Álfheiði Ingadóttur.

1. Hver er aðkoma ríkisstjórnarinnar að athugun á byggingu olíuhreinsunarstöðvar á Vestfjörðum?
2. Hve miklu fé hefur þegar verið varið til þessarar athugunar og hversu stór er hlutur ríkissjóðs?
3. Hvaða fjárfestar, innlendir og erlendir, koma að verkefninu og hverjar eru viðskiptalegar forsendur þess?
4. Hversu afkastamikil er olíuhreinsunarstöð sú sem nú er til athugunar?
5. Hversu mikið losar slík stöð af gróðurhúsalofttegundum og hversu hátt hlutfall er það af losun á Íslandi viðmiðunarárið 1990?
6. Hversu mikið magn jarðolíu er unnið á viku í olíuhreinsunarstöð af þessari stærð og hvað krefst sú vinnsla mikillar skipaumferðar, þ.e. aðflutninga á sjó og flutninga afurða frá stöðinni?
7. Hvaða föst og fljótandi úrgangsefni verða einkum til við slíka framleiðslu og í hve miklu magni?
8. Hefur verið gert áhættumat vegna rekstrar olíuhreinsunarstöðvar á Vestfjörðum með tilliti til mengunar á landi og olíuflutninga á sjó?
9. Fara áform um að reisa olíuhreinsunarstöð á Vestfjörðum saman við loftslagsstefnu Íslands?

Skriflegt svar óskast.

681. Fyrirspurn [427. mál]

til iðnaðarráðherra um Búrfellsvirkjun.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hvað er framleiðsla Búrfellsvirkjunar stór hluti af raforkuþörf almenna markaðarins og á hvaða verði væri hægt að selja hverja kWst ef miðað væri við að tekjur þyrftu aðeins að duga fyrir rekstri og viðhaldi en ekki stofnkostnaði, en framleitt og selt rafmagn frá virkjuninni hefur fyrir löngu greitt allan stofnkostnað hennar?
2. Telur ráðherra ekki rétt að almenningur njóti raforkuframleiðslu afskrifaðra virkjana í eigu hins opinbera í lægra raforkuverði og hver er það sem nýtur góðs af þeim hagnaði sem augljóslega er af raforkusölu afskrifaðra virkjana?

682. Fyrirspurn [428. mál]

til iðnaðarráðherra um Blönduvirkjun.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hvar hefur orka framleidd í Blönduvirkjun helst verið nýtt síðustu ár og hvert hefur áætlað árlegt orkutap verið mælt sem GWst og hlutfall af framleiddri raforku?
2. Hvert er talið vera uppsafnað tap raforku vegna flutnings orkunnar frá virkjuninni á starfstíma hennar?

683. Skýrsla [429. mál]

nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007. Könnun á starfsemi Breiðavíkurheimilisins 1952–1979.

(Lögð fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

I. HLUTI – SKIPAN NEFNDARINNAR, HLUTVERK, AÐFERÐIR OG HELSTU NIÐURSTÖÐUR KÖNNUNAR

1. Skipan nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 og hlutverk hennar

Í upphafi árs 2007 komu fram í fjölmiðlum frásagnir frá einstaklingum sem höfðu verið vistaðir sem börn á vistheimilinu Breiðavík, þar sem því var lýst að þeir hefðu orðið fyrir illri meðferð eða ofbeldi á meðan á dvöl þeirra stóð. Hinn 13. febrúar 2007 ákvað ríkisstjórnin á fundi sínum að leggja fram á Alþingi frumvarp til laga um að fram færi heildstæð og almenn athugun á því hvernig rekstri vistheimilisins Breiðavíkur var háttað á árunum 1950 til 1980 og eftir atvikum hliðstæðra stofnana og sérskóla þar sem börn dvöldu. Gæfu upplýsingar og gögn tilefni til þess að athugunin tæki til rekstrar nær í tíma skyldu tímatakmörk hennar útvíkkuð samkvæmt því. Með athuguninni væri ætlunin að fara yfir greinargerðir og kannanir sem lægju fyrir um þá starfsemi sem athugunin tæki til en jafnframt að afla nýrra gagna frá viðkomandi stofnunum og einstaklingum, sem dvöldu eða störfuðu á heimilunum. Einnig yrði kannað hvernig eftirliti væri háttað með heimilunum á því tímabili sem athugunin beindist að.

Samkvæmt almennum athugasemdum greinargerðar með frumvarpi er varð að lögum nr. 26/2007 var ætlunin með frumvarpinu að gera tillögu um nauðsynleg lagafyrirmæli til að unnt væri að mæla fyrir um framangreinda athugun, m.a. um stöðu nefndarinnar og valdheimildir. Í samræmi við framangreinda ákvörðun ríkisstjórnar var lagt til að ákvæði laganna skyldu mæla almennt fyrir um skipun nefndar til að framkvæma könnun á vist- og meðferðarheimilum fyrir börn sem ekki væru lengur starfandi.

Hinn 23. mars 2007 samþykkti Alþingi frumvarp til laga um skipan nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn. Voru lögin birt í Stjórnartíðindum 28. s.m. og fengu númerið 26/2007, *sjá fylgiskjal nr. 1*. Var forsætisráðherra falið samkvæmt 5. gr. laganna að kveða í erindisbréfi nánar á um skipun nefndar, þá starfsemi sem könnun ætti að taka til og það tímabil sem um væri þá að ræða.

Hinn 2. apríl 2007 skipaði forsætisráðherra í nefnd samkvæmt lögum nr. 26/2007. Í nefndina voru skipuð þau Róbert R. Spanó, prófessor og starfandi forseti lagadeildar Háskóla Íslands, formaður, Dr. Jón Friðrik Sigurðsson, dósent við læknadeild Háskóla Íslands og forstöðusálfræðingur á Landspítalanum, Dr. Ragnhildur Bjarnadóttir, dósent í sálfræði við Kennaraháskóla Íslands, og Dr. Sigrún Júlíusdóttir, prófessor í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands. Í starf ritara nefndarinnar var í fyrstu ráðin Aagot V. Óskarsdóttir, sérfræðingur hjá Lagastofnun Háskóla Íslands, en 1. maí 2007 tók Þuríður B. Sigurjónsdóttir, lögfræðingur, við starfi ritara.

Með erindisbréfi forsætisráðherra, dags. 2. apríl 2007, var nefndinni falið í fyrstu að kanna starfsemi Breiðavíkurheimilisins á árunum 1950-1980. Samkvæmt erindisbréfinu og 1. gr. laga nr. 26/2007, eins og það ákvæði verður að túlka í ljósi athugasemda greinargerðar með frumvarpi því er varð að lögunum, hefur hlutverk nefndarinnar við könnunina verið eftirfarandi:

1. Að kanna tildrög þess að börn voru vistuð á Breiðavíkurheimilinu á meðan það var starfandi, sjá kafla 9 í III. hluta skýrslunnar.
2. Að staðreyna, eins og kostur er, hvort þeir einstaklingar, sem vistaðir voru sem börn á Breiðavík á árunum 1950-1980, hafi sætt illri meðferð og/eða ofbeldi á meðan á dvöl þeirra stóð, sjá kafla 10 í III. hluta skýrslunnar.
3. Að leggja mat á hvort og þá hvernig opinberu eftirliti með starfsemi Breiðavíkurheimilisins hafi verið háttað á því tímabili sem könnunin tekur til, sjá kafla 11 í III. hluta skýrslunnar.
4. Að leggja grundvöll að tillögugerð til stjórnvalda um frekari viðbrögð, sjá kafla 13 – 16 í IV. hluta skýrslunnar.

Í erindisbréfi forsætisráðherra var gert ráð fyrir að nefndin skilaði skýrslu til hans eigi síðar en 1. janúar 2008. Í síðari hluta desembermánaðar 2007 ákvað nefndin að veita formanni umboð til að óska eftir því við forsætisráðherra að nefndin fengi einn mánuð til viðbótar til að ljúka störfum. Eins og rakið er í fréttatilkynningu nefndarinnar, dags. 20. desember 2007, féllst ráðherra á málaleitan formanns nefndarinnar og var henni veittur frestur til 31. janúar 2008 til að skila skýrslu sinni.

2. Málsmeðferð nefndarinnar, verklag og aðferðafræði

Verklag nefndarinnar og gagnaöflun hefur í meginatriðum verið greind niður í eftirfarandi *sex þætti*:

1. Öflun skjallegra gagna frá opinberum stofnunum og greinargerða af hálfu sérfræðinga.
2. Vettvangsferð nefndarmanna til Breiðavíkur.
3. Viðtöl við þá einstaklinga, sem voru vistaðir sem börn á Breiðavík.
4. Skýrslutökur af fyrrverandi starfsmönnum Breiðavíkurheimilisins og öðrum opinberum starfsmönnum.
5. Greining og ályktanir af upplýsingum sem aflað hefur verið í formi gagna, munnlegs framburðar og álitsgerða sérfræðinga.
6. Mat og framsetning tillagna og annarra viðbragða í tilefni af niðurstöðum nefndarinnar.

Í köflum 2.1-2.5 verður nánar gerð grein fyrir verklagi og aðferðafræði nefndarinnar í tilefni af liðum 1.-4. hér að framan. Um þau atriði sem greinir í 5. lið er fjallað sérstaklega í III. hluta skýrslunnar og um 6. lið í IV. hluta skýrslunnar.

2.1 Skjalleg gagnaöflun frá opinberum stofnunum og öflun greinargerða af hálfu sérfræðinga

Nefndin sendi forsætisráðuneytinu og félagsmálaráðuneytinu bréf, dags. 10. apríl 2007, þar sem tekið var fram að samkvæmt fyrri málslið 1. mgr. 3. gr. laga nr. 26/2007 skuli nefndin hafa frjálsan og óheftan aðgang að öllum gögnum í vörslu stjórnvalda sem varða starfsemi þess vist- eða meðferðarheimilis fyrir börn sem erindisbréf hennar nær til. Á grundvelli ákvæðisins fór nefndin fram á það í bréfi sínu til forsætisráðuneytisins að ráðuneytið hefði milligöngu um að óska eftir því að ráðuneytin og undirstofnanir þeirra, sem kynnu að hafa í vörslum sínum gögn er varða starfsemi vistheimilisins Breiðavíkur, tækju þessi gögn saman og afhentu nefndinni. Væri þá horft til þess að sú leið myndi hraða meðferð könnunarinnar eins og kostur væri. Sérstaklega var óskað eftir gögnum sem varpað gætu ljósi á eftirfarandi atriði og að þau yrðu flokkuð með neðangreinda upptalningu að leiðarljósi:

1. Starfsemi Breiðavíkurheimilisins, hlutverk þess í barnaverndar- eða uppeldismálum og einkum það hvernig háttað var opinberu eftirliti með starfsemi vistheimilisins.
2. Gögn sem varpa ljósi á tildrög þess að börn voru vistuð á Breiðavík á ofangreindu tímabili.
3. Öll gögn um málefni einstakra barna sem vistuð voru á Breiðavík, s.s. heilsufarsupplýsingar, gögn um athuganir opinberra eftirlitsaðila, og eftir atvikum lögreglu, á ábendingum eða kvörtunum varðandi meðferð einstakra barna og samskipti stjórnvalda við foreldra á meðan á dvöl barna þeirra stóð.
4. Öll gögn sem varpað geta ljósi á það hvort þau börn, sem vistuð voru á Breiðavík, hafi sætt illri meðferð eða ofbeldi meðan á dvölinni stóð.

Þess var óskað að forsætisráðuneytið hlutaðist til um að gögn, sem kynnu að vera í vörslum einstakra ráðuneyta eða undirstofnana, yrðu send nefndinni eigi síðar en 1. júní 2007.

Í bréfi nefndarinnar til félagsmálaráðuneytisins var farið fram á það að félagsmálaráðuneytið hlutaðist til um að gögn er vörðuðu starfsemi vistheimilisins Breiðavíkur á ofangreindu tímabili, og kynnu að vera í vörslum sveitarfélaga og stofnana þeirra, þ. á m. borgar- eða héraðsskjalasafna, yrðu tekin saman og afhent nefndinni. Var þar að meginstefnu vísað til sömu gagna og vísað var til í bréfi til forsætisráðuneytisins, sbr. ofangreind upptalning, en einnig vísað sérstaklega til gagna í vörslum barnaverndarnefnda.

Í annan stað var þess óskað að félagsmálaráðuneytið léti útbúa lista með nöfnum allra þeirra einstaklinga sem vistaðir voru á Breiðavíkurheimilinu á umræddu tímabili.

Þá var farið fram á það að félagsmálaráðuneytið hlutaðist til um að gögn, sem kynnu að vera í vörslum sveitarfélaga og stofnana þeirra, og umbeðinn listi með nöfnum einstaklinga sem vistaðir voru á Breiðavíkurheimilinu á meðan á rekstri þess stóð, yrðu send nefndinni eigi síðar en 1. júní 2007.

Loks vísaði nefndin til þess í bréfi sínu til félagsmálaráðuneytisins að samkvæmt síðari málslið 1. mgr. 3. gr. laga nr. 26/2007 væri stjórnvöldum skylt, væri þess óskað, að taka saman skriflegar greinargerðir um einstaka þætti könnunar. Á þessum grundvelli var farið fram á það við félagsmálaráðuneytið að það tæki saman heildstæða greinargerð um lagaumhverfi og framkvæmd barnaverndarmála á árunum 1950–1980, einkum með tilliti til ákvarðana stjórnvalda um vistun barna á Breiðavík. Var þess óskað af hálfu nefndarinnar að greinargerðin bærist nefndinni eigi síðar en 1. ágúst 2007.

Á grundvelli framangreindra bréfa til forsætisráðuneytisins og félagsmálaráðuneytisins fóru gögn að berast nefndinni upp úr miðjum maímánuði 2007. Öflun skjallegra gagna var áframhaldandi allt til upphafs janúarmánaðar 2008. Stór hluti gagna hafði þó borist nefndinni um miðjan júní s.á. að undanskildum gögnum frá Borgarskjalasafni Reykjavíkur. Þau gögn bárust nefndinni í ágúst-desember 2007.

Á fundi formanns nefndarinnar með fulltrúum félagsmálaráðuneytisins í byrjun maí 2007 varð að samkomulagi að Hildur Biering, sagnfræðingur, yrði fengin til að annast umsjón með gagnaöflun þeirri sem ráðuneytið hafði verið beðið um að sinna af hálfu nefndarinnar. Þá var Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu, fenginn til að rita heildstæða greinargerð um sögu uppeldisstofnana á Íslandi og helstu meginþætti barnaverndarmála á þeim árum sem könnun nefndarinnar tekur til. Greinargerð Braga er birt í heild sinni sem *fylgiskjal nr. 2*. Í kafla 4 í II. hluta skýrslunnar er að finna samantekt nefndarinnar, sem unnin er upp úr greinargerð Braga, varðandi sögu uppeldisstofnana og um samfélagsbreytingar um miðja 20. öld. Þá eru kaflar 8.3 og 8.4 í II. hluta í skýrslu nefndarinnar, er varðar greiningu á gögnum og tölulegum staðreyndum um Breiðavíkurheimilið og kafli 8.5 um menntun og reynslu forstöðumanna á Breiðavík, að hluta unnir upp úr greinargerð þeirri sem Bragi vann fyrir nefndina.

Að því er varðar beiðni nefndarinnar til félagsmálaráðuneytisins um að rituð yrði greinargerð um lagaumhverfi barnaverndarmála og framkvæmd á árunum 1950-1980 var nefndinni kynnt að Þorgerður Benediktsdóttir, lögfræðingur í félagsmálaráðuneytinu, hefði verið fengin til að annast verkið. Greinargerð Þorgerðar barst nefndinni í ágústmánuði 2007. Hefur greinargerðin verið höfð til hliðsjónar af hálfu nefndarinnar við ritun kafla 6 og 7 í II. hluta skýrslunnar.

Nefndin ákvað á fundum sínum í apríl og maí 2007 að afla sérfræðiaðstoðar við skráningu og flokkun skjallegra gagna á grundvelli skráningarkerfis sem nefndin hafði

útbúið. Af því tilefni var Guðrún Reykdal, félagsráðgjafi, ráðin til starfa tímabundið í júní og júlí 2007.

Nefndin ákvað á fundi sínum í september 2007 að óska eftir álitsgerð Dr. Gísla H. Guðjónssonar, prófessors í réttarsálfræði við Institute of Psychiatry, við Kings College í London. Í verkbeiðni nefndarinnar til Gísla, dags. 4. október s.á., var þess óskað að Gísli tæki til athugunar efni viðtala, sem þá höfðu farið fram við einstaklinga sem vistaðir voru sem börn á Breiðavík, trúverðugleika þeirra og þá hvort almennt væri hægt að draga þá ályktun af framburðum þeirra að meiri líkur en minni væru á því að vistmenn á Breiðavík hefðu mátt þola illa meðferð eða ofbeldi. Var þess sérstaklega óskað að lagt yrði nánar tiltekið mat á eftirfarandi.

1. Hvort draga megi þá ályktun af framburðum vistmanna í viðtölum að meiri líkur en minni séu að því að sumir vistmenn hafi á einstökum tímabilum í starfsemi heimilisins mátt þola illa meðferð eða ofbeldi af hálfu starfsfólks, t.d. kynferðislega misnotkun eða áreiti eða annað andlegt og líkamlegt ofbeldi.
2. Hvort draga megi þá ályktun af framburðum einstakra vistmanna í viðtölum að meiri líkur en minni séu á því að sumir vistmenn hafi á einstökum tímabilum í starfsemi heimilisins mátt þola illa meðferð eða ofbeldi af hálfu annarra vistmanna, t.d. kynferðislega misnotkun eða áreiti eða annað andlegt og líkamlegt ofbeldi.
3. Hvort draga megi þá ályktun af framburðum einstakra vistmanna í viðtölum að ill meðferð og/eða ofbeldi, hafi það átt sér stað, sbr. liði 1 og 2, hafi tekið breytingum eftir yfirstjórn eða starfsfólki heimilisins á hverjum tíma.
4. Hvort draga megi þá ályktun af framburðum einstakra vistmanna í viðtölum að einstakar frásagnir (og þá hvaða) megi almennt teljast ótrúverðugar eða ósannar að hluta til eða að öllu leyti og eigi þar af leiðandi ekki að koma til skoðunar við mat á því hvort ill meðferð eða ofbeldi hafi átt sér stað.

Gísli H. Guðjónsson afhenti nefndinni fyrstu drög að greinargerð sinni, dags. 31. október 2007. Í framhaldi af skýrslutökum af fyrrverandi starfsmönnum Breiðavíkurheimilisins ákvað nefndin á fundi sínum í nóvember 2007 að fara fram á það við Gísla að frumniðurstöður hans yrðu endurmetnar í ljósi framburða starfsmanna. Var honum sent bréf þess efnis, dags. 20. nóvember 2007. Endanlegar greinargerðir frá Gísla eru dagsettar 7. og 31. desember 2007, sbr. *fylgiskjal nr. 3*. Nánar verður gerð grein fyrir niðurstöðum hans og þýðingu þeirra fyrir ályktunargrundvöll og mat nefndarinnar í kafla 10.4.2 í III. hluta skýrslunnar.

Á fundi nefndarinnar í október 2007 var ákveðið að leita til Viðars Más Matthíassonar, prófessors í skaðabótarétti við lagadeild Háskóla Íslands, og þess óskað að hann ritaði álitsgerð vegna starfa nefndarinnar. Í verkbeiðni nefndarinnar, dags. 24. október 2007, var rakið að nefndinni bæri að leggja mat á hvort og þá hvaða tillögur til stjórnvalda um frekari viðbrögð væri rétt að setja fram í ljósi niðurstaðna af könnun nefndar-

innar. Þar kæmi meðal annars til greina að gera tillögu um að afstaða yrði tekin til þess af hálfu forsætisráðherra og ríkisstjórnar, eftir atvikum með aðkomu Alþingis, hvort leitast ætti við að rétta hlut vistmanna, að hluta eða í heild, með fjárgreiðslu, sem líkast til yrði í formi miskabóta. Til að leggja grunn að mati nefndarinnar á því hvort gera ætti slíka tillögu, og þá í hvaða formi, fór nefndin fram á það við Viðar Má að hann ritaði álitsgerð, þar sem tekin væri afstaða til tilgreindra atriða í þessu sambandi, eins og kostur væri. Álitsgerð prófessors Viðars Más Matthíassonar í tilefni af ofangreindri verkbeiðni nefndarinnar er dagsett 7. desember 2007, sjá *fylgiskjal nr. 4*. Nánar verður fjallað um niðurstöður Viðars Más og þýðingu þeirra fyrir tillögugerð nefndarinnar í kafla 13 í IV. hluta skýrslunnar.

2.2 Vettvangsferð nefndarinnar til Breiðavíkur í júní 2007

Dagana 7.-8. júní 2007 heimsóttu nefndarmenn og ritari Breiðavík og gistu þar eina nótt í húsakynnum gististaðar, sem þar er nú rekinn af þeim Keran Stueland Ólasyni og Birnu Mjöll Atladóttur. Tilgangur ferðarinnar var einkum sá að gefa nefndarmönnum kost á að afla sér þekkingar frá fyrstu hendi á staðháttum og byggingum á staðnum, meðal annars til undirbúnings því að taka viðtöl við vistmenn og starfsmenn. Fengu nefndarmenn að fara um húsakynnin og svæðið auk þess sem húsráðendur svöruðu spurningum eins og kostur var. Greinargóðar lýsingar og svör húsráðenda urðu til þess að dýpka skilning nefndarmanna á sögu staðarins og starfsemi Breiðavíkurheimilisins. Þá fengu nefndarmenn afrit af teikningum húsakynna sem notaðar voru í viðtölum við starfsmenn og vistmenn.

2.3 Viðtöl við einstaklinga, sem vistaðir voru sem börn á Breiðavík

Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laga nr. 26/2007 er nefndinni heimilt að taka skýrslur af fyrrverandi vistmönnum og hverjum þeim öðrum sem nefndin telur að búi yfir vitneskju sem komi að notum í starfi hennar, enda veiti þeir samþykki sitt. Á þessum grundvelli og í ljósi hlutverks nefndarinnar var við það miðað að afla þyrfti eins og kostur væri upplýsinga frá þeim sem vistaðir voru sem börn á Breiðavík. Ákveðið var að bjóða öllum fyrrverandi vistmönnum, sem nefndin hefði upplýsingar um, viðtal í stað þess að velja úrtak. Þá var einnig með þessu tryggt að öllum þeim, sem þess óskuðu, gæfist raunhæfur kostur á að gefa nefndinni upplýsingar um veru sína og reynslu af vistinni á Breiðavíkurheimilinu.

Undirbúningur að viðtölum við vistmenn hófst þegar við skipun nefndarinnar með því að leitast var við að afmarka eins og kostur væri hvernig haga ætti slíku viðtali þannig að samrýmdist markmiðum með störfum nefndarinnar, sem lýst eru í lögum nr.

26/2007 og erindisbréfi forsætisráðherra, dags. 2. apríl 2007. Meginmarkmið viðtala við vistmenn var að afla upplýsinga til að leggja, eins og kostur væri, mat á sannleiksgildi frásagna um hvort og þá í hvaða mæli börn, sem vistuð voru á Breiðavíkurheimilinu, hafi sætt illri meðferð eða ofbeldi meðan á dvölinni stóð. Jafnframt var stefnt að því að dýpka skilning á starfsemi vistheimilisins í heild og á aðdraganda og áhrifum vistunar. Skipulag viðtalanna miðaðist við að uppfylla þessi markmið.

Á fundum nefndarinnar í apríl, maí og júní 2007 var unnið að gerð samræmds kerfis spurninga í formi spurningavísis til notkunar í viðtölunum. Þá átti nefndin fund með Dr. Gísla H. Guðjónssyni, prófessor í réttarsálfræði, til að ræða álitamál um aðferðafræði og mat á framburðum vistmanna. Þá fór fram nánari greining á grundvelli fyrirliggjandi gagna um fjölda þeirra sem vistaðir voru á Breiðavík, og nöfn þeirra, auk þess sem aflað var upplýsinga um heimilisföng og símanúmer svo nefndin hefði raunhæfan kost á að hafa beint samband við hlutaðeigandi. Þessi vinna fór fram í júní og júlí 2007 samhliða skráningu og greiningu skjallegra gagna, sem höfðu borist nefndinni.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum nefndarinnar voru 158 einstaklingar vistaðir á Breiðavík á þeim tíma sem heimilið var starfandi sem vistheimili fyrir börn og ungmenni í merkingu barnaverndarlaga nr. 29/1947 og nr. 53/1966, þ.e. á árunum 1952-1979. Þar af eru 33 (21%) látnir. Það skal tekið fram að af hálfu nefndarinnar verður ekki fullyrt að fleiri einstaklingar hafi ekki verið vistaðir á Breiðavíkurheimilinu. Verulegrar óvissu gætir um nákvæman fjölda vistmanna vegna skorts á fullnægjandi skráningu upplýsinga um upphaf og lok vistunar, einkum síðustu 7 – 8 ár í starfsemi heimilisins og einnig vegna ófullnægjandi gagnavörslu í framhaldi af því að Breiðavíkurheimilinu var formlega lokað árið 1979, eins og nánar verður vikið að í kafla 8.3.1 í II. hluta skýrslunnar.

Nefndin tók viðtöl við 80 einstaklinga í ágúst-desember 2007, en flest viðtölin fóru fram í ágústmánuði og í byrjun september. Einn fyrrverandi vistmaður óskaði eftir að senda inn skriflega greinargerð um dvöl sína á vistheimilinu. Sú aðferð sem notuð var til undirbúnings viðtölum, var að hringja í þá, sem nefndin hafði upplýsingar um, og bjóða þeim til viðtals við nefndina. Í símtalinu var gerð almenn grein fyrir starfi nefndarinnar og möguleika hlutaðeigandi á að veita nefndinni upplýsingar um reynslu sína í formi viðtals á skrifstofu nefndarinnar. Hverju símtali, ef viðkomandi féllst á viðtal við nefndina, var fylgt eftir með bréfi þar sem fram komu upplýsingar um skipan og hlutverk nefndarinnar ásamt upplýsingum um tímasetningu viðtals. Vistmenn sem ekki var unnt að hafa samband við símleiðis, var sent bréf þar sem fram komu upplýsingar um skipan og hlutverk nefndarinnar, ásamt upplýsingum um möguleika við-

komandi á að hafa að eigin frumkvæði samband við nefndina og óska eftir viðtali. Nánari greining og sundurliðun á tölulegum upplýsingum um vistmenn og framkvæmd nefndarinnar á viðtölum við vistmenn er eftirfarandi:

Viðtal	80 einstaklingar
Skrifleg greinargerð vistmanns	1 einstaklingur
Látnir	33 einstaklingar
Finnast ekki	11 einstaklingar
Ekki áhuga á viðtali /svara ekki skriflegu erindi	19 einstaklingar
Búa erlendis	12 / þar af var tekið viðtal við 2 einstaklinga
Mættu ekki í bókaðan tíma	4 einstaklingar
Samtals	**158 einstaklingar**

Í viðtölunum voru viðmælendur spurðir um dvölina í heild, aðdraganda vistunar, daglegt líf á staðnum, andlega og líkamlega umönnun, skólagöngu, refsingar, samskipti við aðra vistmenn annars vegar og starfsmenn hins vegar. Þar sem það átti við var síðan leitast við að afla eins nákvæmra upplýsinga og unnt var um atburði eða atvik sem gætu talist til illrar meðferðar eða ofbeldis, eins og þessi hugtök eru nánar skýrð í köflum 10.1 – 10.3 í III. hluta skýrslunnar.

Eins og fyrr greinir var nefndinni í upphafi kunnugt um að líklega hefðu 158 einstaklingar dvalið á Breiðavíkurheimilinu á starfstíma þess. Í mörgum tilvikum hafði nefndin eingöngu undir höndum nöfn viðkomandi einstaklinga og þann tíma sem þeir voru vistaðir en engar fullnægjandi upplýsingar eða skjalleg gögn, sem að notum gátu komið, þannig að henni væri unnt að komast í samband við hlutaðeigandi, annaðhvort símleiðis eða bréfleiðis. Af þessum sökum var í mörgum tilvikum vandkvæðum bundið að ná sambandi við einstaklinga sem nefndinni var kunnugt um að hefðu dvalið á Breiðavík. Í þessu sambandi var horft til þess að samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laga nr. 26/2007 er þessum einstaklingum ekki skylt að veita henni upplýsingar. Í öðru lagi er í lögunum ekki að finna neinar valdheimildir til að hafa uppi á einstaklingum, sem falla í þennan hóp, hvorki beint né með aðstoð annarra stjórnvalda, s.s. lögreglu. Á hinn bóginn taldi hún mikilvægt að upplýsingar bærust út í samfélagið um að starfið væri hafið. Var því upplýsingum komið á framfæri við fjölmiðla um að nefndin hygðist taka viðtöl við alla þá sem óskuðu eftir að segja frá dvöl sinni á Breiðavík auk þess sem nefndin fór fram á það við Breiðavíkursamtökin að upplýsingum um nefndina yrði komið fyrir á heimasíðu samtakanna, breidavikursamtokin.is. Urðu samtökin góðfúslega við þeirri málaleitan.

Framkvæmd einstakra viðtala var að jafnaði í því formi að viðtal var tekið af einum nefndarmanni eða löglærðum ritara nefndarinnar. Í upphafi hvers viðtals gerði

formaður nefndarinnar eða löglærður ritari hlutaðeigandi grein fyrir réttarstöðu hans samkvæmt 4. mgr. 3. gr. laga nr. 26/2007. Var því sérstaklega áréttað að þeim, sem gæfi skýrslu fyrir nefndinni, væri heimilt að skorast undan því að svara spurningu ef ætla mætti að í svari hans gæti falist játning eða bending um að hann hefði framið refsiverðan verknað eða að það gæti orðið honum til mannorðsspjalla. Var þannig höfð hliðsjón af ákvæðum 51. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála og 143. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, eins og ráðgert er í athugasemdum greinargerðar með frumvarpi því er varð að lögum nr. 26/2007. Þá var í samræmi við 5. mgr. 3. gr. laga nr. 26/2007 vakin athygli á því að sá, sem vísvitandi gæfi nefndinni rangar eða villandi upplýsingar, skyldi sæta sektum eða fangelsi allt að fjórum mánuðum. Sá, er veitti kost á viðtali, var síðan áminntur um sannsögli. Loks var óskað skriflegs samþykkis þess, er kominn var í viðtal, um að viðtalið yrði hljóðritað. Slík heimild var veitt í öllum tilvikum nema tveimur. Að því loknu hófst viðtalið. Sérstaklega var miðað við að haga lengd viðtals í samræmi við þarfir viðmælandans. Voru viðtöl að meðaltali um klukkustund að lengd.

Nánar verður fjallað um efni framburða úr viðtölum við þá einstaklinga, sem komu fyrir nefndina, og ályktanir nefndarinnar á þeim grundvelli í köflum 10.5 – 10.13 í III. hluta skýrslunnar.

2.4 Skýrslutökur af fyrrverandi starfsmönnum Breiðavíkurheimilisins og öðrum opinberum starfsmönnum

Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. laga nr. 26/2007 er læknum eða öðru heilbrigðisstarfsfólki og opinberum starfsmönnum, sem ella væru bundnir þagnarskyldu, skylt að veita nefndinni upplýsingar sé þess óskað, eftir atvikum með því að gefa nefndinni skýrslu. Hið sama gildir um þá sem látið hafa af störfum.

Á þessum grundvelli ákvað nefndin í framhaldi af því að búið væri að ljúka við stærstan hluta skjallegrar gagnaöflunar og viðtöl við þá einstaklinga, sem vistaðir voru á Breiðavík, að taka skýrslur af tilgreindum starfsmönnum, sem nefndin taldi að gætu varpað ljósi á atvik og aðstæður í starfsemi Breiðavíkurheimilisins. Var einkum um að ræða þá, sem voru í starfi forstöðumanna, og eru enn á lífi, og þá starfsmenn aðra er gegndu starfi kennara eða sinntu almennum störfum á heimilinu. Þá var tekið viðtal við fyrrverandi félagsmálastjóra Reykjavíkur, fyrrverandi fulltrúa í stjórn Upptökuheimilis ríkisins og fyrrverandi nefndarmann í barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Leitast var við taka viðtöl við starfsmenn og aðra opinbera starfsmenn á hverju tímabili í starfsemi Breiðavíkur svo að heildarmynd fengist af dvölinni á heimilinu, eins og það horfði við starfsmönnunum. Við mat á því við hvaða starfsmenn nefndin óskaði eftir að taka viðtal

við, var sérstaklega horft til þess hvort framburðir vistmanna gæfu tilefni til að athuga nánar vísbendingar sem þar komu fram um að ill meðferð eða ofbeldi hefði átt sér stað á einstökum tímabilum. Einnig var horft til þess að ákvörðun nefndarinnar þessa efnis telst íþyngjandi gagnvart viðkomandi, enda er upplýsingaöflunin skyldubundin að lögum. Var því leitast við að greina hvort telja mætti líkur á því í ljósi skjallegra gagna um stöðu viðkomandi í rekstri Breiðavíkurheimilisins og/eða í ljósi fyrirliggjandi framburða þeirra einstaklinga, sem þar voru vistaðir eða þar störfuðu, að viðkomandi gæti varpað frekara ljósi á sannleiksgildi frásagna eða að öðru leyti veitt nefndinni upplýsingar sem hefðu þýðingu fyrir starf hennar. Á þessum grundvelli var ákveðið að taka skýrslur af 20 fyrrverandi starfsmönnum Breiðavíkurheimilisins og áðurnefndum starfsmönnum Reykjavíkurborgar og Upptökuheimilis ríkisins.

Framkvæmd skýrslutöku af fyrrverandi starfsmönnum hins opinbera var í meginatriðum með sama hætti og greinir í kafla 2.3 hér að framan að því er varðar framkvæmd viðtala við þá einstaklinga, sem vistaðir voru á Breiðavík. Frá því var þó ein undantekning. Skýrslutökur voru alfarið framkvæmdar af formanni nefndarinnar og löglærðum ritara, þó með þeirri undantekningu að í einu tilviki tók formaður nefndarinnar símaviðtal við starfsmann og löglærður ritari í tveimur tilvikum. Samtals voru tekin 23 viðtöl.

2.5 Um aðferðafræði nefndarinnar og grundvöll ályktana um einstaka efnisþætti könnunar

Við mat á þeirri aðferðafræði sem nefndinni bar að leggja til grundvallar í störfum sínum verður *í fyrsta lagi* að horfa til þess að sambærileg könnun á starfsemi vistheimilis á vegum ríkisins, að virtu eðli hennar og umfangi, hefur ekki farið fram hér á landi.[1] *Í öðru lagi* verður að mati nefndarinnar ekki ráðið af þeim erlendu fyrirmyndum, sem nefndin hafði til hliðsjónar við störf sín, að byggt hafi verið á samræmdri aðferðafræði við könnun á vist- og meðferðarheimilum fyrir börn á Norðurlöndunum eða á meginlandi Evrópu. Við störf sín horfði nefndin einkum til eftirfarandi skýrslna: *NOU 2004:23* (Barnehjem og spesialskoler under lupen. Nasjonal kartlegging av omsorgssvikt og overgrep i barnevernsinstitusjoner 1945-1980),[2] Barneverninstitusjoner benyttet av Oslo kommune 1954-1993. Gransking av overgbreb, omsorgssvikt, tilsyn og

[1] Hér má til hliðsjónar þó benda á: Davíð Þór Björgvinsson og Nanna K. Sigurðardóttir: *Greinargerð um þvingunarráðstafanir á meðferðarheimili ríkisins fyrir unglinga og eftirlitsskyldur barnaverndaryfirvalda*, Reykjavík 1998.

[2] *NOU 2004:23. Nasjonal kartlegging af omsorgssvikt og overgreb i barnevernsinstitusjoner 1945-1980.* Utredning fra et utvalg oppnevnt av Barne- og familiedepartementet 19. desember 2003. Avgitt 1. november 2004.

tvangsplasseringer,[3] og *S 2006:05* (Delrapport 1 från Utredningen om vanvård i den sociala barnavården).[4]

Könnun af þessu tagi er eðli máls samkvæmt háð atvikum og aðstæðum hverju sinni, auk þess sem verklag, málsmeðferð og valdheimildir opinberra nefnda, sem falið hefur verið að kanna stofnanir af þessu tagi, eru breytilegar frá einu ríki til annars. Nefndin, sem falið var með erindisbréfi forsætisráðherra, dags. 2. apríl 2007, að kanna starfsemi Breiðavíkur starfar á grundvelli laga nr. 26/2007. Ber nefndinni því að haga málsmeðferð sinni og aðferðafræði í samræmi við þann lagagrundvöll og þau sjónarmið, sem telja má að leiði af þeim fyrirmælum, sem Alþingi hefur sett.

Við nánari afmörkun á þeirri aðferðafræði sem nefndin hefur lagt til grundvallar í störfum sínum samkvæmt framangreindu hefur hún horft til þess að hið afar vandasama verkefni hennar beinist að mati á atvikum og aðstæðum sem gerðust frá 29 árum til allt að 55 árum í íslensku samfélagi, sem var á þessu tímabili um margt frábrugðið samfélagi nútímans, sjá nánar ítarlega umfjöllun í kafla 4 í *fylgiskjali nr. 2*.

Könnun nefndarinnar beinist samkvæmt lögum nr. 26/2007 og erindisbréfi einkum að því að staðreyna, eins og kostur er, hvort einstaklingar, sem vistaðir voru sem börn á tiltekinni stofnun á vegum ríkisins, hafi sætt illri meðferð eða ofbeldi. Tilgangur könnunarinnar er ekki sá samkvæmt lögum nr. 26/2007 að fjalla um og leggja sérstakt mat á sannleiksgildi frásagna um einstök atvik, enda er slík aðferð, í ljósi fyrirliggjandi gagna og eðli málsins samkvæmt ekki að jafnaði fær þannig að niðurstöður geti talist öruggar eða viðhlítandi. Kemur þar *í fyrsta lagi* til að ýmsir þeir, sem varpað geta ljósi á einstök tímabil í starfsemi Breiðavíkurheimilisins, bæði vistmenn og opinberir starfsmenn, eru látnir. *Í öðru lagi* er ljóst að frásagnir þeirra, sem komu fyrir nefndina, eru mjög misjafnar að efni til að því er varðar upplýsingar um dvölina, enda langt um liðið síðan þeir voru á Breiðavík. Eins og nánar er rökstutt í greinargerð Dr. Gísla H. Guðjónssonar, sjá *fylgiskjal nr. 3*, gætir þannig eðlilega oft verulegs misræmis miðað við fyrirliggjandi gögn um þróun staðhátta á Breiðavík, um veru einstakra starfsmanna á einstökum tímabilum og um veru einstakra vistmanna og vísað er til í frásögnum annarra vistmanna, sjá nánar kafla 10.4.2 í III. hluta skýrslunnar. *Í þriðja lagi* er ljóst af skjallegri gagnaöflun nefndarinnar að einstakar frásagnir um illa meðferð og/eða ofbeldi fá ekki stuðning í rituðum gögnum frá þessum tíma.

Af þessum sökum hefur nefndin í störfum sínum leitast við að varpa *almennu ljósi* á sannleiksgildi frásagna. Þá er nánar tiltekið átt við að nefndin hefur lagt mat á sannleiksgildi frásagna út frá mælikvarðanum um hvort telja verði, *þegar á heildina er litið,*

---

[3] Rapport fra Granskingsutvalg oppnevnt av Fylkesmannen i Oslo og Akershus. Avgitt 1. desember 2005.
[4] *S 2006:05*. Delrapport 1 från Utredningen om vanvård i den sociala barnavården, 17. ágúst 2007.

að *meiri líkur en minni* séu á því að ill meðferð eða ofbeldi í þeirri merkingu, sem nánar verður rakin í köflum 10.1 – 10.3 í III. hluta skýrslunnar, hafi átt sér stað á einstökum tímabilum í starfsemi Breiðavíkurheimilisins. Með því er lagt til grundvallar að ekki séu af hálfu nefndarinnar forsendur til að fjalla sérstaklega um sannleiksgildi *einstakra frásagna* sem mynda þá heild sem ályktunargrundvöllur nefndarinnar er reistur á.

Með þessa aðferðafræði í huga, og til frekari stuðnings endanlegum niðurstöðum nefndarinnar í þessu efni, ákvað nefndin að óska eftir sjálfstæðu, utanaðkomandi mati Dr. Gísla H. Guðjónssonar, prófessors í réttarsálfræði, á framburðum allra þeirra vistmanna og fyrrverandi starfsmanna Breiðavíkurheimilisins, sem komu fyrir nefndina, sjá nánar kafla 2.1 hér að framan og *fylgiskjal nr. 3*, þar sem álitsgerðir Gísla eru birtar í heild sinni. Hafði nefndin niðurstöður Gísla til hliðsjónar þegar hún dró endanlegar ályktanir sínar af fyrirliggjandi gögnum, sbr. kaflar 10.5 – 10.13 í III. hluta skýrslunnar. Með þessu móti telur nefndin að heildarmat hennar og ályktanir af munnlegum framburðum séu reistar á fullnægjandi forsendum að því marki sem unnt er, þótt ítreka verði að ávallt verður að gera fyrirvara við einstaka þætti í könnun sem þessari.

Að mati nefndarinnar verður að telja ljóst að rekstur Breiðavíkurheimilisins hafi verið kaflaskiptur, enda um að ræða 27 ára skeið frá 1952 til 1979, auk þess sem markmið, uppbygging og stjórnskipulag heimilisins að lögum tók breytingum á þessum tíma, einkum fyrir og eftir 1973, eins og nánar verður rakið í kafla 7.6 í II. hluta skýrslunnar. Það einkennir jafnframt frásagnir vistmanna í viðtölum að framsetning upplýsinga er að jafnaði miðuð við einstök tímabil, sem nánar eru afmörkuð eftir þeim einstaklingum sem gegndu forstöðu á meðan á rekstrinum stóð, en þeir eru nafngreindir í skýrslunni.

Með þetta í huga hefur nefndin við könnun sína og við framsetningu ályktana um heildarmat á sannleiksgildi frásagna í köflum 10.5 – 10.13 í III. hluta skýrslunnar, leitast eftir fremsta megni við að gera fullnægjandi grein fyrir mati nefndarinnar á atvikum og aðstæðum á hverju tímabili fyrir sig með því að varpa með almennum hætti ljósi á þau atriði sem fram hafa komið við upplýsingaöflun nefndarinnar. Af þessu leiðir að í skýrslunni er ekki gerð grein fyrir nöfnum vistmanna eða starfsmanna á Breiðavík, annarra en forstöðumanna, sem einstakar frásagnir varða með beinum eða óbeinum hætti. Ekki er þó mögulegt, meðal annars vegna mikillar fjölmiðlaumfjöllunar um starfsemi Breiðavíkurheimilisins, að girða með öllu fyrir að umfjöllun nefndarinnar í einstökum tilvikum kunni fyrir utan nafn forstöðumanna að vera persónugreinanleg.

Að mati nefndarinnar er ljóst að af greiningu á gildandi lagaumhverfi á þessum tíma, sjá nánar kafla 7 í II. hluta skýrslunnar, og þá að virtum skjallegum gögnum sem fyrir liggja og munnlegum framburðum, sé hægt að varpa nokkru ljósi á verklag stjórn-

valda, einkum barnaverndarnefnda, og málsmeðferð við framkvæmd vistunar barna á Breiðavík og um opinbert eftirlit með starfseminni. Eins og nánar verður rakið í skýrslunni verður þó að gera ýmsa fyrirvara við ályktanir nefndarinnar í þessu sambandi vegna þess skorts sem er á opinberum gögnum frá þessum tíma. Hefur nefndin þó lagt áherslu á að leggja eins ígrundað mat og kostur er á þennan þátt í könnuninni, enda ljóst að ályktanir í þessum efnum hljóta að vera forsenda þess að nefndin geti lýst afstöðu sinni til þess lærdóms sem draga verður af sögu Breiðavíkurheimilisins. Eins og rakið er í kafla 1 hér að framan ber nefndinni að fjalla um hver tildrög þess voru að börn voru vistuð á Breiðavík og hvernig háttað hafi verið opinberu eftirliti með starfsemi heimilisins á meðan það var í rekstri. Endanlegar ályktanir og niðurstöður nefndarinnar um það efni eru ítarlega raktar í köflum 9 og 11 í III. hluta skýrslunnar.

3. Samantekt og helstu niðurstöður könnunar

Almenn atriði.

Í upphafi árs 2007 komu fram í fjölmiðlum frásagnir frá einstaklingum sem höfðu verið vistaðir sem börn á vistheimilinu Breiðavík. Þar var því lýst að þeir hefðu orðið fyrir illri meðferð eða ofbeldi á meðan á dvöl þeirra stóð. Í framhaldi af samþykkt laga nr. 26/2007 skipaði forsætisráðherra nefnd til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn. Með erindisbréfi, dags. 2. apríl 2007, var nefndinni falið í fyrstu að kanna starfsemi Breiðavíkurheimilisins á árunum 1950-1980. Skýrsla þessi hefur að geyma ályktanir og niðurstöður nefndarinnar af þeirri könnun, eins og nánar verður dregið saman í eftirfarandi 16 liðum.

Eðli máls samkvæmt hefur athugun nefndarinnar og málsmeðferð einkum miðast við að kanna þau atriði sem lögbundið verkefni hennar og erindisbréf tilgreina, sjá nánar lið 1 hér síðar. Rétt er að taka það fram að þótt ýmsar niðurstöður nefndarinnar bendi eindregið til þess að margt hafi farið mjög miður í starfsemi Breiðavíkur er ljóst að fram hafa einnig komið við athugun nefndarinnar frásagnir frá vistmönnum sem lýsa dvöl sinni á Breiðavík með jákvæðum hætti. Einnig er ljóst að meirihluti þeirra sem störfuðu með beinum eða óbeinum hætti að málefnum Breiðavíkurheimilisins, hvort sem um er að ræða starfsmenn á heimilinu eða fulltrúar barnaverndaryfirvalda, leitaðist eftir bestu getu við að vinna sín störf við oft og tíðum erfiðar aðstæður. Í framburðum vistmanna fyrir nefndinni var þannig í mörgum tilvikum rætt með jákvæðum hætti um einstaka forstöðumenn og starfsmenn Breiðavíkurheimilisins á hinum ýmsu tímabilum. Ber að hafa þetta í huga þegar ályktanir og niðurstöður nefndarinnar eru metnar.

Verkefni nefndarinnar og almennt um hlutverk Breiðavíkurheimilisins.

1) Könnun nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 hefur í megindráttum beinst að *fjórum meginþáttum*: (1) Að kanna tildrög þess að börn voru vistuð á Breiðavík á árunum 1952-1979, (2) að kanna sannleiksgildi frásagna um að vistmenn hafi sætt illri meðferð eða ofbeldi á meðan á dvöl þeirra stóð, og (3) að leggja mat á hvort opinbert eftirlit með starfsemi Breiðavíkurheimilisins hafi verið fullnægjandi. Á grundvelli niðurstaðna um hvern þátt fyrir sig hefur nefndin lagt mat á hvort og þá hvaða (4) tillögur til stjórnvalda nefndin eigi að leggja til um viðbrögð við niðurstöðum þeim sem fram koma í skýrslunni.

2) Breiðavíkurheimilið var rekið sem stofnun á grundvelli laga nr. 29/1947 um vernd barna og ungmenna og laga nr. 53/1966 um vernd barna og ungmenna frá árinu 1952 til 1979. Á tímabilinu 1952-1972 var Breiðavík rekið sem *vistheimili* fyrir unga drengi sem framið höfðu lögbrot eða voru á annan hátt á glapstigum, sbr. 37. gr. laga nr. 29/1947 og 39. gr. laga nr. 53/1966. Nánar var kveðið á um stjórnskipulag, hlutverk og verkefni vistheimilisins Breiðavíkur í reglugerð nr. 88/1958 um vistheimilið Breiðavík. Með reglugerð nr. 225/1973 um *skólaheimilið* Breiðavík var gerð breyting á stjórnskipulagi Breiðavíkurheimilisins. Könnun nefndarinnar hefur samkvæmt þessu beinst að því að staðreyna þá meginþætti, sem lýst er í lið 1, á hvoru tímabilinu fyrir sig.

3) Í ljósi þess lögboðna hlutverks nefndarinnar, sem rakið er í lið 1, hefur nefndin hvorki haft tilefni né viðhlítandi forsendur til að taka ýmsa þætti er beinast að almennum aðbúnaði og þjónustu við vistmenn á Breiðavík til sérstakrar athugunar í skýrslunni, enda standa þeir utan við þá meginþætti sem könnunin á að beinast að samkvæmt lögum nr. 26/2007. Hér má *í fyrsta lagi* nefna að af gögnum virðist mega ráða að framan af því tímabili sem Breiðavík var starfandi, einkum á árunum 1952 til 1963-1964, hafi húsakostur, byggingar og ýmis aðbúnaður vart verið fullnægjandi fyrir þá starfsemi sem þar var rekin. Á árunum 1963-1964 var nýrri viðbyggingu lokið, herbergjum vistmanna fjölgað og þau búin nýjum húsgögnum. *Í öðru lagi* hafa margir vistmenn í viðtölum við nefndina sagt frá og gert verulegar athugasemdir við þá fræðslu og menntun, sem í boði var á Breiðavíkurheimilinu á ýmsum tímabilum í starfseminni. Ljóst er að samkvæmt lögum nr. 29/1947 og lögum nr. 53/1966 var skylt að veita vistmönnum lögboðna fræðslu. Nánar var mælt fyrir um það í reglugerðum um Breiðavíkurheimilið að kennari skyldi vera á

staðnum allt árið, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 88/1958. Þá bar að sníða kennsluna eftir getu og andlegu ástandi nemenda, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 225/1973. Í frásögnum margra vistmanna, sem gáfu nefndinni upplýsingar, kom fram að kennsla hafi verið ófullnægjandi. Margir þeirra lýstu því yfir að þeir teldu sig hafa farið á mis við grunnmenntun og töldu að vist þeirra á Breiðavík hafi haft þar verulega neikvæð áhrif. Sumir vistmanna tóku jafnvel fram að menntunarskorturinn á meðan á dvöl þeirra stóð hafi skert lífsgæði þeirra og framtíðarmöguleika. Nefndin telur ljóst að vegna skipulags Breiðavíkurheimilisins, þ. á. m. vegna mikils aldursmunar vistmanna lengstum framan af því tímabili, sem það var starfandi, og staðsetningu þess, hljóti eðli málsins samkvæmt að hafa reynst afar erfitt að sinna ávallt þeirri lögboðnu fræðslu sem áskilin var. Ekki er því ástæða til að draga í efa að frásagnir vistmanna og upplifun þeirra, um að á hafi skort í einhverjum mæli að þeim þætti hafi verið sinnt sem skyldi, eigi við rök að styðjast. Nefndin ítrekar hins vegar að ekki eru forsendur til þess, vegna verulegs skorts á skjallegum upplýsingum og gögnum um kennslu sem veitt var á Breiðavík á einstökum tímabilum, að nefndin taki frekari afstöðu til þessa þáttar í störfum heimilisins. Hefur þá nefndin einnig litið til þess hvernig verkefni hennar eru skilgreind í lögum nr. 26/2007.

Um tildrög vistunar barna á Breiðavík á tímabilinu 1952-1972.

4) Við könnun sína á tildrögum að vistun barna á Breiðavík á árunum 1952-1972 hafði nefndin *annars vegar* tekið til athugunar hvaða efnislegu ástæður lágu að baki því að þörf var talin á slíkri ráðstöfun og *hins vegar* hvernig málsmeðferð hafi verið viðhöfð hjá barnaverndarnefndum í einstökum tilvikum. Þá taldi nefndin rétt að skipta umfjöllun sinni upp eftir því hvort ákvörðun um vistun var tekin á vegum barnaverndarnefndar Reykjavíkur eða barnaverndarnefnda utan Reykjavíkur.

Hvað varðar vistun barna af hálfu *barnaverndarnefndar Reykjavíkur* er það í fyrsta lagi niðurstaða nefndarinnar að ekki séu forsendur til að fullyrða annað en að tilefni ákvarðana barnaverndarnefndarinnar um vistun barna á Breiðavík hafi í langflestum tilvikum fallið innan lögbundinna marka 37. gr. laga nr. 29/1947 og 39. gr. laga nr. 53/1966, sbr. og 2. gr. reglugerðar nr. 88/1958. Á hinn bóginn telur nefndin að í einhverjum tilvikum kunni að hafa leikið vafi á því að forsendur fyrir slíkri ákvörðun barnaverndarnefndar Reykjavíkur hafi stuðst við fullnægjandi lagagrundvöll. Hafi börn þá enda verið vistuð á Breiðavík fyrst og fremst vegna

háttsemi foreldra, örbirgðar eða annarra heimilisástæðna, en ekki beinlínis eða í meginatriðum vegna háttsemi eða hegðunar barnsins sjálfs.

Í öðru lagi er niðurstaða nefndarinnar að vafi leiki á því að málsmeðferð barnaverndarnefndar Reykjavíkur hafi, einkum á tímabilinu 1952 til 1965-1966, verið í samræmi við þær skyldur sem hvíldu á nefndinni samkvæmt lögum nr. 29/1947 þegar teknar voru ákvarðanir um vistun barns á Breiðavík, sbr. 37. gr. laganna og reglugerðar nr. 88/1958. Við gildistöku laga nr. 53/1966 virðist hafa orðið breyting til batnaðar að þessu leyti og nefndin hafi þá farið að undirbúa ákvarðanir sínar um vistun á Breiðavík í ríkari mæli í samræmi við gildandi lagafyrirmæli, einkum hvað varðar nauðsynlegar rannsóknir á vistmönnum áður en vistun var ákveðin og um formlega ákvörðunartöku í nefndinni. Á hinn bóginn sjást þó nokkur dæmi í fyrirliggjandi gögnum um að einnig hafi út af brugðið á þessu tímabili.

Hvað varðar vistun barna af hálfu *barnaverndarnefnda utan Reykjavíkur* er það niðurstaða nefndarinnar að hún hafi ekki nægar forsendur, í ljósi þess skorts sem er á gögnum um ákvörðunartöku staðbundinna barnaverndarnefnda, að fjalla með almennum hætti um tildrög þess að börn utan Reykjavíkur voru vistuð á Breiðavík. Þó megi ætla að í flestum tilvikum hafi málsmeðferð og ákvörðunartaka verið haldin sambærilegum annmörkum og til var að dreifa hjá barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Þá er það niðurstaða nefndarinnar að vandséð verði að teljast, þegar horft er til skýrslna Barnaverndarráðs á árunum 1952-1972 og fyrirliggjandi fundargerða ráðsins, að ráðið hafi nægilega gætt að lögbundnu samræmingar- og leiðbeiningarhlutverki sínu með öllum barnaverndarnefndum, einkum hvað varðar málsmeðferð við ákvarðanir barnaverndarnefnda utan Reykjavíkur um vistun barna á Breiðavík.

Um tildrög vistunar barna á Breiðavík á tímabilinu 1973-1979.

5) Það er niðurstaða nefndarinnar að ekki verði fullyrt annað af hennar hálfu en að forsendur og ástæður þær, sem lágu að jafnaði til grundvallar ákvörðun stjórnarmanna Upptökuheimilisins um að vista unglinga á Breiðavík á tímabilinu 1973-1979, hafi verið innan marka þeirra heimilda, sem reglugerð nr. 225/1973 veitti þeim. Engin athugun hefur þó eðli málsins samkvæmt verið gerð á þeim forsendum sem lágu til grundvallar tilvísunum barnaverndarnefnda á málum einstakra barna til Upptökuheimilis ríkisins. Þá er það niðurstaða nefndarinnar að ekki verði dregin önnur ályktun af gögnum, sem fyrir liggja, en að ákvarðanir

stjórnarmanna Upptökuheimilis ríkisins hafi jafnan verið undirbúnar með viðhlítandi hætti með rannsóknum og athugunum á þeim einstaklingum sem vistaðir voru á Breiðavík á þessu tímabili.

Um hvort börnin á Breiðavík sættu illri meðferð eða ofbeldi.

6) *Afmörkun hugtakanna „ill meðferð“ og „ofbeldi“ í merkingu ákvæðis b-liðar 1. mgr. 1. gr. laga nr. 26/2007.*

Við athugun á þessum meginþætti könnunar nefndarinnar var talin í upphafi þörf á að afmarka nánar hugtökin *ill meðferð* og *ofbeldi*, sbr. b-lið 1. mgr. 1. gr. laga nr. 26/2007, þannig að tryggt væri að könnun nefndarinnar miðaðist við að staðreyna, eins og mögulegt væri, hvort upplýsingar um aðstæður og atvik, sem gagnaöflun leiddi í ljósi, félli að þeim hlutlægu efnisþáttum sem taldir yrðu falla undir þessi hugtök. Það var niðurstaða nefndarinnar eftir ítarlega greiningu að miða bæri við að undir hugtökin *ill meðferð og ofbeldi* falli hvers konar meðferð barns, sem vistað var á vist- eða meðferðarheimili á árunum 1950-1980, sem hlutlægt séð má telja að hafi verið ómannúðleg eða vanvirðandi. Þar undir féll eðli málsins samkvæmt bein líkamleg valdbeiting gagnvart barni í formi refsinga, þar sem valdið var óþarfa sársauka, enda hafi athöfnin ekki verið liður í lögmætum aðgerðum til að afstýra ofbeldi á milli manna eða yfirvofandi hættu á slíku ofbeldi eða tjóni á verðmætum. Forstöðumanni eða öðrum starfsmönnum á uppeldisstofnun á vegum ríkisins var á þeim árum, sem könnunin tekur til, óheimilt að beita beinu líkamlegu ofbeldi í agaskyni, en með 39. gr. laga nr. 53/1966 var mælt fyrir um ótvírætt bann við slíkum athöfnum. Þá er það niðurstaða nefndarinnar af greiningu sinni að áðurnefnd hugtök geti ekki einskorðast við beina líkamlega valdbeitingu. Undir hugtakið ill meðferð falli einnig athafnir gagnvart barni, sem vistað var á opinberri stofnun, sem voru ógnandi, vanvirðandi eða niðurlægjandi í garð barnsins og þær athafnir eða athafnaleysi starfsmanna og eftir atvikum annarra opinberra aðila, sem voru til þess fallnar að misbjóða barni.

7) *Ályktunargrundvöllur nefndarinnar.*

Tilgangur könnunarinnar er ekki sá samkvæmt lögum nr. 26/2007 að leggja mat á sannleiksgildi frásagna um dvöl *hvers og eins* þeirra sem vistaðir voru á Breiðavík, enda er slík aðferð, í ljósi fyrirliggjandi gagna, eðli málsins samkvæmt ekki fær þannig að niðurstöður geti talist öruggar eða viðhlítandi. Kemur þar *í fyrsta lagi* til að ýmsir þeir, sem varpað gætu ljósi á einstaka tímabil í starfsemi Breiða-

víkur, bæði vistmenn og opinberir starfsmenn, eru látnir. *Í öðru lagi* er ljóst að frásagnir vistmanna eru mjög misjafnar að efni til að því er varðar upplýsingar um dvölina, enda jafnan verulega langt um liðið síðan þeir voru á Breiðavík. Gætir þannig eðlilega oft verulegs misræmis miðað við fyrirliggjandi gögn um þróun staðhátta á Breiðavík, um veru einstakra starfsmanna á einstökum tímabilum og um veru einstakra vistmanna sem vísað er til í frásögnum annarra vistmanna. *Í þriðja lagi* er ljóst af skjallegri gagnaöflun nefndarinnar að einstakar frásagnir um illa meðferð eða ofbeldi fá ekki stuðning í rituðum gögnum frá þessum tíma.

Samkvæmt ofangreindu var það niðurstaða nefndarinnar að verkefni hennar væri að leitast við að varpa *almennu ljósi* á sannleiksgildi frásagna. Nefndin lagði því nánar tiltekið mat á sannleiksgildi frásagna út frá mælikvarðanum um hvort telja yrði, *þegar á heildina væri litið,* að *meiri líkur en minni* væru á því að ill meðferð eða ofbeldi hefði átt sér stað á einstökum tímabilum í starfsemi Breiðavíkurheimilisins. Með því var lagt til grundvallar að ekki væri af hálfu nefndarinnar forsendur til að fjalla sérstaklega um sannleiksgildi *einstakra frásagna* sem mynda þá heild sem ályktunargrundvöllur nefndarinnar væri reistur á. Með þessu móti telur nefndin heildarmat sitt og ályktanir af framburðum byggjast á viðhlítandi forsendum með ákveðnum fyrirvörum, sem nánar er gerð grein fyrir í skýrslunni.

Athugun nefndarinnar leiddi í ljós að rekstur Breiðavíkurheimilisins var kaflaskiptur þá tæpu þrjá áratugi sem heimilið var starfandi. Níu forstöðumenn voru starfandi við heimilið. Nefndin hefur upplýsingar um að á tímabili hvers forstöðumanns hafi verið starfsmenn sem í flestum tilvikum létu af störfum við ráðningu nýs forstöðumanns. Þá einkenndi það jafnframt frásagnir vistmanna í viðtölum að þær upplýsingar sem þeir veittu nefndinni um dvöl sína á Breiðavíkurheimilinu voru að jafnaði miðaðar við þá einstaklinga sem gegndu forstöðu hverju sinni og þá starfsmenn sem störfuðu undir hans stjórn á hverjum tíma. Það var því niðurstaða nefndarinnar að ályktanir um starfsemi Breiðavíkurheimilisins af viðtölum við vistmenn og starfsmenn yrðu settar fram eftir einstökum tímabilum sem yrði skipt eftir því hvaða forstöðumaður var við stjórn heimilisins á hverjum tíma. Nefndin taldi slíka skiptingu enda besta til þess fallna að varpa ljósi á starfsemi heimilisins á árunum 1952-1979.

Í skýrslunni eru því niðurstöður nefndarinnar um hvort börn hafi sætt illri meðferð eða ofbeldi skipt upp eftir eftirfarandi tímabilum:

Tímabilið 1952 - 1953 / Forstöðumaður nr. 1.
Tímabilið 1953 - 1955 / Forstöðumaður nr. 2.
Tímabilið 1955 - 1956 / Forstöðumaður nr. 3.
Tímabilið 1956 - 1962 / Forstöðumaður nr. 4.
Tímabilið 1962 - 1964 / Forstöðumaður nr. 5.
Tímabilið 1964 - 1972 / Forstöðumaður nr. 6.
Tímabilið 1972 - 1973 / Forstöðumaður nr. 7.
Tímabilið 1973 - 1977 / Forstöðumaður nr. 8.
Tímabilið 1977 - 1979 / Forstöðumaður nr. 9.

8) *Niðurstöður eftir einstökum tímabilum.*

Það er *í fyrsta lagi* niðurstaða nefndarinnar að á tímabilunum 1952-1953, 1953-1955, 1972-1973, 1973-1977 og 1977-1979 verði ekki talið, þegar á heildina er litið, að meiri líkur en minni séu á því að vistmenn hafi sætt illri meðferð og/eða ofbeldi af hálfu annarra vistmanna eða starfsmanna á Breiðavíkurheimilinu. *Í öðru lagi* er það niðurstaða nefndarinnar að á tímabilunum 1955-1956 og 1962-1964 verði talið, þegar á heildina er litið, að meiri líkur en minni séu á því að sumir vistmenn hafi sætt illri meðferð og/eða ofbeldi af hálfu annarra vistmanna. *Í þriðja lagi* er það niðurstaða nefndarinnar að á tímabilinu 1956-1962 verði talið, þegar á heildina er litið, að meiri líkur en minni séu á því að sumir vistmenn hafi í einhverjum tilvikum sætt illri meðferð og/eða ofbeldi af hálfu annarra vistmanna og starfsmanna. *Í fjórða lagi* er það niðurstaða nefndarinnar að á tímabilinu 1964-1972 verði talið, þegar á heildina er litið, að meiri líkur en minni séu á því að sumir vistmenn hafi sætt illri meðferð og/eða ofbeldi af hálfu tiltekinna starfsmanna á Breiðavíkurheimilinu.

Um hvort opinbert eftirlit með starfsemi Breiðavíkurheimilisins hafi verið fullnægjandi.

9) *Ályktunargrundvöllur nefndarinnar.*

Það er niðurstaða nefndarinnar að þegar nánar er litið til þeirra krafna sem gerðar voru til hins opinbera eftirlits með starfsemi Breiðavíkur samkvæmt lögum á starfstíma heimilisins, verði í upphafi að líta til þess að inntak opinbers eftirlits

með uppeldisstofnunum á sviði barnaverndarmála var breytilegt. Varð það hverju sinni að taka mið af eðli og uppbyggingu viðkomandi uppeldisstofnunar, staðsetningu hennar, þeim hópi barna sem átti að sinna á slíkri stofnun, kröfum til faglegrar þekkingar, menntunar og annarra eiginleika sem gera varð til starfsmanna, ytri og innri aðbúnaði stofnunarinnar og loks þeim markmiðum sem viðkomandi vistun var ætlað að ná. Þá verður við mat á hvort opinbert eftirlit með starfsemi Breiðavíkurheimilisins hafi verið fullnægjandi og í samræmi við lög að huga annars vegar að því sem kalla má *ytra eftirlit* af hálfu þeirra stjórnvalda á sviði barnaverndarmála, sem samkvæmt lögum og reglum var falið að hafa umsjón og eftirlit með líðan og velferð barna, sem vistuð voru á uppeldisstofnunum á borð við Breiðavík. Hins vegar verður að meta hvernig háttað var skipulagi og framkvæmd þess þáttar, sem kalla má *innra eftirlit* með starfsemi Breiðavíkur, þ.e. þeirra umsjónar- og eftirlitsskyldna sem hvíldu á herðum forstöðumanns og eftir atvikum annarra starfsmanna undir hans stjórn, sem þar voru við störf.

10) *Tímabilið 1952-1972.*

Það er niðurstaða nefndarinnar að ekki verði önnur ályktun dregin af fyrirliggjandi gögnum og skýrslum, sem nefndin tók af fyrrverandi starfsmönnum hins opinbera, en að á hafi skort að það opinbera eftirlit, sem haft var með starfseminni á árunum 1952-1972, hafi verið fullnægjandi eins og lögum og reglugerðum um Breiðavíkurheimilið var háttað á þessum árum. Í fyrsta lagi verði að telja að á hafi skort að menntamálaráðuneytið hafi á grundvelli yfirstjórnunarhlutverks síns með málaflokknum gætt nægilega að því að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að aðbúnaður, fjöldi og menntun starfsmanna á Breiðavík væri í samræmi við þau sjónarmið sem fram komu í eftirlitsskýrslum Símonar Jóhannesar Ágústssonar, sálfræðings, sem fór árlega í heimsóknir á Breiðavík á vegum barnaverndaryfirvalda á árunum 1959-1972. Í öðru lagi liggur ekki annað fyrir en að skort hafi á skipulagt og kerfisbundið eftirlit Barnaverndarráðs og stjórnarnefndar Breiðavíkurheimilisins sem hafi tekið nægjanlega mið af eðli starfsemi Breiðavíkur og þeim hópi ungra barna sem þar voru vistuð. Í þessu sambandi leggur nefndin á það áherslu að þótt niðurstaða hennar sé að þessu leyti almenns eðlis, þá er ljóst að þörfin fyrir reglubundnar og viðvarandi eftirlitsaðgerðir á þessu tímabili kunna að hafa verið mismiklar og breytilegar eftir aðstæðum, enda aðbúnaður vistmanna, fjöldi og fagleg hæfni starfsmanna o.s.frv. mismunandi eftir einstökum tímabilum.

11) *Tímabilið 1973-1979.*

Það er niðurstaða nefndarinnar að vart sé vafa undirorpið af fyrirliggjandi gögnum og skýrslum, sem teknar voru af fyrrverandi starfsmönnum hins opinbera, en að skortur hafi verið á því að meðferðar- og uppbyggingarstarf á Breiðavík hafi verið nægjanlega skipulagt og markvisst á tímabilinu 1973-1979. Þá hafi reglubundið eftirlit með starfseminni verið ábótavant og vandséð að það hafi nægjanlega fullnægt kröfum laga nr. 53/1966 og reglugerðar nr. 225/1973.

Tillögur nefndarinnar til stjórnvalda.

12) *Ályktunargrundvöllur nefndarinnar.*

Nefndin hefur í ljósi d-liðar 2. mgr. 1. gr. laga nr. 26/2007 lagt ígrundað mat á þær tillögur sem hún telur að til greina komi að setja fram í tilefni af niðurstöðum sínum í skýrslunni. Möguleikar stjórnvalda á að bregðast við niðurstöðum sem þessum eru takmarkaðir í ljósi eðlis þess málefnis sem hér um ræðir og þess langa tíma sem er liðinn frá því þeir atburðir, sem hér er fjallað um, áttu sér stað. Nefndin hefur við athugun sína meðal annars horft til þess hvernig leitast hefur verið við í nágrannalöndum Íslands, einkum í Noregi og Svíþjóð, að bregðast við sambærilegum niðurstöðum sem þar hafa verið settar fram í skýrslum opinberra nefnda. Samandregið er það niðurstaða nefndarinnar að rökrétt sé og eðlilegt að nefndin setji í *fyrsta lagi* fram tillögu er lýtur að hugsanlegum skaðabótagreiðslum af hálfu stjórnvalda til fyrrverandi vistmanna Breiðavíkurheimilisins, öllum eða hluta þeirra, *í öðru lagi* tillögu er lýtur að framhaldi á geðheilbrigðisþjónustu, *í þriðja lagi* tillögu er beinist að gildandi framkvæmd og eftirliti á sviði barnaverndarmála, og *í fjórða lagi* tillögu um framhald á könnun nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007.

13) *Skaðabótaskylda hins opinbera – leiðir*

Við gerð könnunarinnar leitaði nefndin til Viðars Más Matthíassonar, prófessors í skaðabótarétti við lagadeild Háskóla Íslands, og óskaði eftir því að hann ritaði álitsgerð um ýmis skaðabótaréttarleg álitaefni í tilefni af könnun nefndarinnar. Óskaði nefndin sérstaklega eftir því að Viðar Már setti fram viðhorf sín til þeirra leiða, sem til greina kæmu, ef niðurstaða nefndarinnar gæfi tilefni til að ætla að skilyrði fyrir skaðabótaskyldu hins opinbera gagnvart fyrrverandi vistmönnum Breiðavíkur, öllum eða hluta þeirra, væru til staðar.

Í álitsgerð Viðars Más til nefndarinnar er í *fyrsta lagi* komist að þeirri niðurstöðu að „ákvarðanir stjórnvalda um vistun barna á vist- eða meðferðarheimilum, sem [hafi] verið ólögmætar og leitt til tjóns fyrir þau börn, sem í hlut áttu, leiði að öðru jöfnu til skaðabótaábyrgðar ríkisins eða þess sveitarfélags, sem stjórnvald kann að hafa heyrt undir“. Í *öðru lagi* er í álitsgerð Viðars Más fjallað um þá aðstöðu þegar sýnt sé fram á að barn hafi við dvöl á vist- eða meðferðarheimili á vegum hins opinbera orðið „með reglubundnum hætti [...] fyrir líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi í merkingu refsilaga og jafnframt er miðað við þær forsendur að starfsmenn ríkisins á viðkomandi vistheimili hafi í störfum sínum sýnt af sér almennt eða stórkostlegt gáleysi með því að rækja ekki umönnunar- og eftirlitsskyldur í samskiptum vistmanna“. Að þessum forsendum gefnum er það niðurstaða Viðars Más að „[ekki] leiki vafi á því að ríkið, sem vinnuveitandi þeirra starfsmanna, sem í hlut eiga [hafi] borið vinnuveitendaábyrgð á tjóni, sem valdið [hafi verið] með slíkri háttsemi“. Sé þá jafnframt við það miðað að „slík háttsemi [hafi] ekki getað átt sér stað ef eftirlit með starfsmönnum og starfseminni svo og gæzla á börnum [hafi] verið fullnægjandi. Leggja verði því til grundvallar, að eftirlit og umönnun forstöðumanna [hafi] brugðist á slíku heimili, ef börn verða þar með reglubundnum hætti fyrir líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi. [Sé] vart vafi á, að í því felst brot á starfsskyldum, sem [leiði] til ábyrgðar íslenzka ríkisins á tjóni barna, sem af því [leiði]“.

Í skýrslunni tekur nefndin að meginstefnu undir þau viðhorf sem fram koma í álitsgerð Viðars Más Matthíassonar prófessors. Á þeim grundvelli er það tillaga nefndarinnar að stjórnvöld leggi mat á það í ljósi niðurstaðna í skýrslunni hvort og þá að hvaða marki verði leitast við að rétta hlut þeirra einstaklinga sem vistaðir voru á Breiðavíkurheimilinu, öllum eða hluta þeirra, með fjárgreiðslu í formi skaðabóta. Er það jafnframt tillaga nefndarinnar til stjórnvalda að þá verði jafnframt tekin afstaða til þeirra leiða sem raktar eru í álitsgerð Viðars Más Matthíassonar og ítarlega eru reifaðar í skýrslunni. Þar er nánar tiltekið lagt til grundvallar að hyggist íslenska ríkið greiða þeim, sem vistaðir voru á Breiðavík, skaðabætur sé líklegt að tvær meginleiðir komi til greina: *Annars vegar* að leysa úr hverju máli fyrir sig á grundvelli krafna tjónþola eða *hins vegar* að sett verði lög er heimila að greiddar verði skaðabætur á almennum grundvelli.

14) *Geðheilbrigðisþjónusta*

Það er niðurstaða nefndarinnar að brýnt sé að lagt sé ígrundað mat á hvort og þá hvaða þörf sé á að tryggð verði frekari geðlæknis- eða sálfræðiaðstoð fyrir þá ein-

staklinga sem dvöldu á Breiðavíkurheimilinu og að þá verði tekið mið af þeirri reynslu sem þegar liggur fyrir í þeim efnum. Þegar lagt er mat á þá valkosti sem koma til greina verður að mati nefndarinnar að horfa til þess að úrræði af þessu tagi kann að þurfa að standa til boða öðrum einstaklingum sem vistaðir voru á opinberum meðferðarstofnunum á árum áður, enda verði framhald á könnunum nefndarinnar, sbr. nánar lið 16 hér síðar.

Við nánara mat og tillögugerð er það niðurstaða nefndarinnar að rökrétt sé og eðlilegt að annaðhvort verði gerðar viðhlítandi ráðstafanir á vettvangi heilbrigðisþjónustunnar til að tryggja að fyrrverandi vistmenn Breiðavíkurheimilisins eigi kost á frekari geðheilbrigðisþjónustu eða annarri sértækri aðstoð þeim að kostnaðarlausu, þó þannig að umfang hennar og tímamörk verði skilgreind í samræmi við hlutlæg viðmið. Á hinn bóginn telur nefndin að við mat á hugsanlegri fjárhæð bóta, sbr. nánar lið 13 hér að framan, gæti auk hefðbundinna skaðabóta verið ákveðið að greiða vistmönnum tiltekna fjárhæð sem næmi þeim kostnaði sem almennt hlýst af því að veita einstaklingi meðferð af því tagi sem hér um ræðir. Væri þá tekið tillit til þeirrar þjónustu sem tilteknir vistmenn hafi þegar fengið.

15) *Gildandi framkvæmd og eftirlit á sviði barnaverndarmála*

Brýnt er að mati nefndarinnar að auka og styrkja menntun rekstraraðila og starfsmanna á meðferðarheimilum og stofnunum fyrir börn. Nauðsynlegt er að stefna að því að rekstraraðilar og sem flestir starfsmenn hafi fjölbreytta menntun og reynslu af uppeldis- og meðferðarmálum til að tryggja faglega framkvæmd og inntak meðferðar. Sérstaklega verður að huga að sí- og endurmenntun. Samkvæmt upplýsingum, sem nefndin hefur aflað við könnun sína, vinnur Barnaverndarstofa nú að gerð staðla fyrir vistun eða fóstur barna á vegum barnaverndaryfirvalda. Staðlarnir verða lýsing á því hvernig vel verði staðið að einstökum verkþáttum við vistun barns eða fóstur utan upprunafjölskyldu á vegum barnaverndaryfirvalda. Í þeim verða sérstaklega skilgreind viðvörunarmerki, sem gefa það til kynna að við framkvæmd sé ekki farið eftir gæðakröfum staðlanna. Staðlarnir fjalla m.a. um meginreglur um eftirlit með vistun og fóstri og einnig er verið að vinna sérstakar reglur um framkvæmd eftirlitsins. Þar verði lögð áhersla á að afmarka nánar alla verkþætti við framkvæmd eftirlits, m.a. að móta nýjan feril um kvartanir sem unnt er að bera fram ef einhver telur á sér brotið. Mikilvægt er að mati nefndarinnar að þessari vinnu verði lokið sem allra fyrst og að Barnaverndarstofa tryggi víðtæka kynningu og kennslu í þessum vinnubrögðum á vettvangi barnaverndarnefndanna

og meðferðarheimilanna. Þá er mælt með því að Barnaverndarstofa tryggi að með reglubundnum hætti séu fengnir óháðir rannsakendur til að gera úttekt/árangursmat á stofnunum og heimilum fyrir börn.

16) *Frekari kannanir nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007.*

Það er niðurstaða nefndarinnar að leggja það til að forsætisráðherra taki afstöðu til þess hvort nefndinni verði með nýju erindisbréfi, sbr. 5. gr. laga nr. 26/2007, annaðhvort falið að kanna tilgreinda opinbera stofnun eða stofnanir, sem falla undir gildissvið sömu laga, eða að með erindisbréfinu verði nefndinni falið að hefja almenna könnun á starfsemi þeirra opinberu stofnana, sem höfðu því hlutverki að gegna að vista börn samkvæmt barnaverndarlögum nr. 29/1947 og/eða lögum nr. 53/1966, og eru ekki lengur starfandi, sbr. 1. gr. síðastnefndu laganna.

II. HLUTI – STOFNUN OG STARFSEMI BREIÐAVÍKURHEIMILISINS OG LAGAUMHVERFI BARNAVERNDARMÁLA

4. Nokkrir megindrættir í sögu uppeldisstofnana á Íslandi og um samfélagsbreytingar um miðja 20. öld – Samantekt úr greinargerð Braga Guðbrandssonar

Eins og rakið er í kafla 2.1 í I. hluta skýrslunnar fór nefndin þess á leit við Braga Guðbrandsson, forstjóra Barnaverndarstofu, að hann tæki saman greinargerð um sögu uppeldisstofnana á Íslandi, einkum í þeim tilgangi að varpa frekara ljósi á það þjóðfélagslega samhengi sem starfsemi Breiðavíkurheimilisins mótaðist af og þá að virtum þeim samfélagsbreytingum sem verða hér á landi um miðja 20. öld. Sem fyrr greinir fylgir greinargerð Braga með skýrslu nefndarinnar í heild sinni, sjá *fylgiskjal nr. 2*. Í köflum 4.1 og 4.2 hér á eftir verða hins vegar samhengisins vegna raktir nokkrir megindrættir úr greinargerð hans. Í kafla 5 verður síðan fjallað sérstaklega um undirbúning og upphafsaðgerðir að stofnun Breiðavíkurheimilisins.

4.1. Fyrstu uppeldisstofnanir á Íslandi

Fyrsta uppeldisstofnunin hér á landi fyrir börn var *Vorblómið* sem Þuríður Sigurðardóttir kom á fót árið 1928. Vorblómið starfaði fyrst um sinn á Skólavörðustíg 22 í Reykjavík en flutti árið 1930 í húsnæði elliheimilisins Grundar við Kaplaskjólsveg. Um 20-30 börn voru frá þeim tíma vistuð á Vorblóminu, á öllum aldri, frá hvítvoðungum til unglinga, og var ástæða vistunar einkum veikindi og umkomuleysi mæðra. Starfsemi Vorblómsins leið undir lok við andlát Þuríður árið 1938.

Önnur uppeldisstofnunin sem hóf starfsemi sína var *Sólheimar í Grímsnesi* undir stjórn Sesselju Guðmundsdóttur. Hófst rekstur Sólheima árið 1930. Fyrst um sinn voru þar vistuð jöfnum höndum bæði heilbrigð börn og fötluð. Árið 1936 voru samþykkt á Alþingi lög um fávitahæli nr. 18/1936 og í kjölfarið fengu Sólheimar löggildingu samkvæmt lögunum. Í kjölfar setningar laganna kom upp ágreiningur á milli stjórnenda Sólheima og Barnaverndarráðs sem stóð yfir árum saman, meðal annars um blöndun heilbrigðra barna og fatlaðra á vistheimilinu. Barnaverndarráð taldi slíka blöndun óheppilega og um miðjan fimmta áratuginn úrskurðaði Barnaverndarráð að svipta skyldi forstöðumann Sólheima rétti til að veita heimilinu forstöðu. Sá úrskurður var ógiltur í Hæstarétti árið 1948, sjá *Hrd. 1948, bls. 246*, en eftir og þegar frá leið vistuðust einvörðungu börn með þroskahömlun á Sólheimum.

Upp úr miðjum fjórða áratug síðustu aldar komst hreyfing á aðgerðir manna til að mæta þörfum umkomulausra og vanræktra barna. Árið 1935 var komið á fót heimavist eða deild fyrir veikluð börn í *barnaskólanum í Laugarneshverfi í Reykjavík* og var starfsemin rekin um 27 ára skeið eða til 1962. Var um að ræða einu sólarhringsvistun barna á vegum borgaryfirvalda fram yfir stríð. Heimavistin var ætluð fátækum börnum á skólaaldri sem þjáðust af næringarskorti, voru vanhirt eða bjuggu við slæman aðbúnað að öðru leyti. Ári eftir stofnun heimavistarinnar var starfsemi hennar efld og byggt var ofan á skólann fyrir starfsemina. Frá þeim tíma gátu mest 23 börn dvalið þar ár hvert, drengir annað árið og stúlkur hitt og var starfsemin með þessum hætti til loka hennar árið 1962. Börnin voru flest á aldrinum 7 – 12 ára.

Á þessum tíma eða frá 1931 rak Oddfellowreglan hliðstæða starfsemi yfir sumartímann að *Silungapolli*. Um 70 veikluð og fátæk börn áttu þess kost að dvelja þar sér til hressingar í um tvo mánuði yfir sumartímann. Árið 1949 óskaði Reykjavíkurborg eftir samningum um afnot af Silungapolli til reksturs uppeldisstofnunar. Féllst Oddfellowreglan á þá málaleitan gegn því skilyrði að áfram yrði þar starfrækt sumardvalarheimili eins og verið hafði. Nánar er fjallað um starfsemi Silungapolls á vegum Reykjavíkurborgar í kafla 4.2.2.

Félagsskapurinn Sumargjöf lét mikið að sér kveða í stofnun og rekstri vistheimila fyrir börn, einkum dagvistarheimila og vöggustofa. Á fjórða áratug síðustu aldar hófst félagið handa um uppbyggingu dagvistarheimila í Reykjavík. *Grænuborg* 1931, *Vesturborg* 1937, *Tjarnarborg* 1941 og *Suðurborg* árið 1943. Jafnframt dagvistun á þessum stofnunum var hafist handa við rekstur vistheimila sem gátu tekið börn í sólarhringsvistun. Fyrst í Vesturborg frá árinu 1938 til ársins 1941 og samkvæmt sérstökum samningi við Reykjavíkurborg til ársins 1951. Vöggustofa var síðan rekin í Tjarnarborg 1941 til 1943 en þá var starfsemi hennar flutt í Suðurborg þar sem hún var starfrækt til ársins 1952. Á milli fimmtíu til eitt hundrað börn voru að jafnaði vistuð á ári hverju á vistheimilum Sumargjafar þann tíma sem þau störfuðu, flest á vegum barnaverndarnefndar Reykjavíkur.

Aðrar vöggustofur voru starfræktar hér en á vegum Sumargjafar. Helga Níelsdóttir starfrækti vöggustofu í húsi sínu við Hringbraut í Reykjavík frá 1937–1940 og Hjálpræðisherinn stóð fyrir samskonar starfsemi 1941-1943.

4.2. Opinberar uppeldisstofnanir

Um og eftir stríðsárin urðu straumhvörf í barnaverndarmálum á Íslandi. Miklar þjóðfélagsbreytingar áttu sér stað. Fjöldi fólks flutti af landsbyggðinni til Reykjavíkur og nágrannabæjanna, skortur var á húsnæði, atvinnuöryggi lítið, og víða mikil fátækt.

Mikil fólksfjölgun í Reykjavík, einkum ört vaxandi fjöldi barna, og erfiðar aðstæður margra fjölskyldna, skóp nýjan vanda sem stjórnvöld töldu brýnt að bregðast við.[5] Þeim uppeldisstofnunum sem settar höfðu verið á laggirnar fyrir stríð var ætlað að mæta umönnunar- og uppeldisþörf barna sem þolenda, þ.e. ungra barna sem ekki áttu trausta forsjáraðila. Uppeldisstofnanir sem höfðu það hlutverk að taka við börnum og ungmennum með hegðunarerfiðleika höfðu enn ekki litið dagsins ljós.

Mikil umræða skapaðist í þjóðfélaginu um áhrif hersetunnar á siðferði landsmanna, ekki síst ungra stúlkna og þörf uppeldisheimila fyrir „vandræðaunglinga“. Skipuð var nefnd þriggja manna, svokölluð *ástandsnefnd*, og var henni falið að rannsaka mál ungmenna og gera tillögur til úrbóta. Í kjölfarið voru gefin út bráðabirgðalög í desember 1941 um eftirlit með ungmennum o.fl. nr. 122/1941, sem staðfest voru með lögum nr. 62/1942 um eftirlit með ungmennum o.fl. í júlí 1942, sjá nánar umfjöllun í kafla 6 hér síðar. Samkvæmt lögunum var eftirlit með ungmennum eflt og settur var á fót svokallaður *ungmennadómur* sem dæma átti í málum samkvæmt lögunum.

Samkvæmt lögum nr. 62/1942 var ríkisvaldinu heimilt að koma á fót stofnunum fyrir börn og ungmenni allt að 18 ára að aldri sem áttu við hegðunarvanda að stríða, svo sem drykkjuskap, slæpingshátt, óknytti eða aðra lesti. Með gildistöku laganna var lagður grunnur að verkaskiptingu ríkisins og sveitarfélaga varðandi ráðstöfun barna utan heimilis. Ríkisvaldinu var þar með ætlað að sjá um vistun barna ef ráðstöfun utan heimilis var vegna hegðunar barnsins sjálfs (barn sem gerandi), en sveitarfélögum að sjá um ráðstöfun barna utan heimilis ef þörf væri á vegna erfiðra heimilisaðstæðna, vanrækslu eða ofbeldis (barn sem þolandi).

4.2.1. Uppeldisstofnanir á vegum ríkisins

Eftir gildistöku fyrrgreindra bráðabirgðalaga nr. 122/1941 voru tekin í notkun tvö heimili sem rekin voru af ríkinu, *upptökuheimili í sóttvarnarhúsinu við Ánanaust* og *uppeldisheimili fyrir stúlkur að Kleppjárnsreykjum*. Starfsemi þeirra varði stutt, upptökuheimilið við Ánanaust var rekið í rúmt ár og uppeldisheimilið að Kleppjárnsreykjum í um 10 mánuði. Rekstur þessara stofnana var ekki á vegum barnaverndaryfirvalda heldur ríkisins, enda voru þær settar gagngert á laggirnar sem úrræði fyrir ungmennadóminn og ungmennaeftirlitið sem störfuðu samkvæmt bráðabirgðalögunum.

Árið 1947 tóku gildi ný lög um vernd barna og ungmenna nr. 29/1947, sjá nánar kafla 6 og 7 hér síðar. Við gildistöku þeirra var verkaskipting á milli ríkis og sveitarfélaga sem fram kom í bráðabirgðalögunum frá 1941 endanlega fest í sessi. Í 37. gr. laganna var sérstaklega kveðið á um skyldu ríkisins til að setja á fót og reka vistheimili

[5] Bragi Guðbrandsson: *Barnavernd og uppeldisstofnanir*, bls. 14, fylgiskjal nr. 2.

fyrir börn og unglinga sem framið höfðu lögbrot eða voru á annan hátt á glapstigum og í 1. mgr. 36. gr. var sérstaklega kveðið á um rekstur athugunarstöðvar sem einkum átti að hafa það hlutverk að rannsaka börn og ungmenni sem voru líkamlega, andlega eða siðferðilega miður sín, áður en þeim yrði ráðstafað. Hlutverk athugunarstöðvar var skilgreint í 2. mgr. 36. gr. laganna. Á athugunarstöð áttu barnaverndarnefndir hvaðanæva af landinu að eiga þess kost að vista til bráðabirgða börn og ungmenni, sem framið höfðu lögbrot eða voru á annan hátt á glapstigum, og önnur börn sem skyndilega þurfti að ráðstafa um stuttan tíma, uns athugun á þeim væri lokið og þeim ráðstafað til frambúðar.

Upptökuheimilið í sóttvarnarhúsinu við Ánanaust hafði verið endurvakið árið 1945 fyrir setningu nýrra laga um vernd barna og ungmenna árið 1947. Var starfseminni fundinn nýr staður um haustið við Elliðahvamm í landi Vatnsenda í Kópavogi og átti *Upptökuheimilið við Elliðahvamm* eftir að starfa þar til ársins 1964 en þá fluttist starfsemin í starfsmannaíbúð við Kópavogshæli og loks í ný húsakynni við Kópavogsbraut 17 árið 1971.

Í greinargerð Braga Guðbrandssonar er rakið að svo virðist sem upptökuheimilinu hafi verið ætluð tvö hlutverk frá upphafi.[6] Annars vegar að taka á móti börnum í skammtímavistun í bráðatilvikum vegna erfiðra heimilisaðstæðna (börn sem þolendur) og hins vegar að taka á móti unglingum sem voru á glapstigum (börn sem gerendur) áður en þeim væri ráðstafað annað. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur hafði notið hagræðis af rekstri heimilisins þar sem verulegur þáttur í starfsemi þess hafði verið að veita viðtöku börnum í neyðartilvikum vegna erfiðra heimilisaðstæðna og dæmi var um að mæður fengu að dvelja þar ásamt börnum sínum. Sú staða hafi leitt til ágreinings á milli ráðuneytisins og Reykjavíkurborgar og leitaði ráðuneytið eftir samvinnu Reykjavíkurborgar til rekstur heimilisins þar sem fyrra hlutverkið var á ábyrgð sveitarfélaga en ekki ríkisins eins og fyrr hefur verið getið. Lagði ráðuneytið til að Reykjavíkurborg myndi greiða 2/3 hluta kostnaðar við heimilið ella yrði það lagt niður. Í bréfi Sigurðar Magnússonar stjórnarformanns Upptökuheimilisins, dags. 5. janúar 1948, til ráðherra vegna fyrirhugaðrar lokunar Upptökuheimilisins var brugðist hart við fyrirætlan ráðherra og virðist erindi stjórnarformannsins hafa leitt til þess að heimilinu var ekki lokað eins og fyrirhugað var. Menntamálaráðuneytið hóf í kjölfarið viðræður við Reykjavíkurborg um byggingu nýrrar athugunarstöðvar sem yrði ætlað tvennskonar hlutverk, annars vegar sem athugunarstöð fyrir vandræðabörn og unglinga og hins vegar sem bráðabirgðaheimili fyrir önnur börn. Reykjavíkurborg lagðist gegn byggingu slíks heimilis þar sem afstaða hennar var sú að óskynsamlegt væri að sama stofnunin gegndi

[6] Bragi Guðbrandsson: *Barnavernd og uppeldisstofnanir*, bls. 20, fylgiskjal nr. 2.

þessum tveimur hlutverkum. Þess vegna ákvað ráðuneytið að Elliðahvammur yrði athugunarstöð, þrátt fyrir að húsnæðið væri afar lélegt, uns endanlega yrði ákveðið hvar og með hvaða hætti sú stofnun yrði rekin.

Þrátt fyrir fyrirætlun ráðuneytisins að reka athugunarstöð um stundarsakir við Elliðahvamm var starfsemin þar rekin áfram um 20 ára skeið án þess að úrbætur yrðu gerðar í húsnæðismálum Upptökuheimilisins. Á þessum 20 árum benti stjórnarnefndin ráðuneytinu ítrekað á hversu léleg húsakynni starfseminnar voru og leiddi það til þess að stjórnin sagði af sér árið 1959. Í kjölfarið var stjórnarnefnd ríkisspítalanna falin stjórn Elliðahvamms. Á árunum 1963 og 1964 vöktu barnaverndarnefnd Reykjavíkur og Barnaverndarráð athygli á því að húsnæðið væri lélegt og nauðsyn bæri til að fá annað sem fyrst. Barnaverndarráð ályktaði árið 1964 að húsnæðið við Elliðahvamm væri með öllu ónothæft og að nauðsyn bæri að útvega starfseminni annað húsnæði án tafar. Í kjölfarið var starfseminni hætt og eftir nokkurra mánaða hlé hófst hún aftur í lok árs 1964 í starfsmannaíbúð Kópavogshælisins.

Að mati Braga Guðbrandssonar þjónaði Elliðahvammur aldrei hlutverki sínu sem athugunarstöð.[7] Heimilið virðist fyrst og fremst hafa mætt þörf fyrir vistanir í bráðatilvikum, jafnframt því að vera eins konar biðheimili fyrir börn með því að gefa barnaverndarnefndum svigrúm til að vinna að varanlegri lausn í málefnum þeirra. Sálfræðingar hafi aldrei starfað við heimilið. Afar fá gögn sé að finna um þær athuganir sem mælt var fyrir um í lögum nr. 29/1947 um vernd barna og ungmenna eða vísbendingar um að dvöl barna á athugunarstöðinni hafi gegnt því hlutverki að leiðbeina barnaverndarnefndum við athuganir í barnaverndarmálum. Samkvæmt skýrslum Barnaverndarráðs voru árlega vistuð 33–79 börn á Elliðahvammi, eða 1100–1200 börn á starfstíma heimilisins og líklega hafa ekki fleiri börn verið vistuð á annarri uppeldisstofnun á Íslandi.

Starfsemi Elliðahvamms flutti í starfsmannaíbúð Kópavogshælis í árslok 1964, eins og fyrr hefur verið getið. Átti að vera um bráðabirgðaráðstöfun að ræða þar til framkvæmdum við nýbyggingu að Kópavogsbraut 17 yrði lokið. Þær framkvæmdir drógust í um 8 ár og varð starfsemi Upptökuheimilisins aldrei umfangsmikil á meðan hún var í starfsmannaíbúð Kópavogshælis. Takmarkaðist hún að mestu við lögregluvistanir unglinga vegna afbrota. Starfsemi Upptökuheimilis ríkisins var síðan flutt að Kópavogsbraut 17 árið 1971.

Árið 1970 gerðu Reykjavíkurborg og menntamálaráðuneytið samning um upptökuheimili, vistheimili og hjálparstarf fyrir börn og unglinga. Ríkið skyldi á sinn kostnað annast rekstur upptökuheimilis fyrir drengi á aldrinum 13-16 ára sem gerst

[7] Bragi Guðbrandsson: *Barnavernd og uppeldisstofnanir*, bls. 25, fylgiskjal nr. 2.

höfðu brotlegir við lög og Reykjavíkurborg skuldbatt sig til að láta barnaverndarnefndum í té allt að 6 rúm á *vistheimilinu við Dalbraut* sem Reykjavíkurborg hafði rekið frá árinu 1966. Samningurinn fól jafnframt í sér samkomulag um að skipuð yrði þriggja manna nefnd sem tæki ákvarðanir um þær vistanir sem samningurinn náði til. Nefndin var skipuð í febrúar 1972 og var henni jafnframt falið að vera stjórnarnefnd Upptökuheimilis ríkisins í Kópavogi en starfsemin var þá flutt að Kópavogsbraut 17. Skömmu eftir skipun nefndarinnar var henni falið að fara að hluta með stjórn Breiðavíkurheimilisins eftir þá breytingu sem var gerð á stjórnskipulagi þess með reglugerð nr. 225/1973, sjá nánar kafla 7.6 hér síðar.

Í greinargerð Braga Guðbrandssonar er rakið að hin nýja stjórn hafi borið með sér fersk viðhorf sem endurspegluðu hina miklu gerjun í barnaverndarmálum og félagslegri þjónustu hér á landi á þessum tíma.[8] Þáttaskil hafi orðið í stofnanasögunni þegar farið hafi verið að „innleiða“ meðferð undir leiðsögn menntaðra sérfræðinga. Tekur Bragi fram að nú fyrst hafi hugsunin að baki „athugunarstöðvum“, sem upphaflega hafi verið kveðið á um í lögum nr. 29/1947 um vernd barna og ungmenna og síðar í lögum nr. 53/1966 um vernd barna og ungmenna, orðið að veruleika. Hinar nýju áherslur á meðferð og greiningu á vanda þeirra unglinga sem vistuðust á Upptökuheimilinu að Kópavogsbraut 17 hafi ekki farið vel saman við það hlutverk sem því var ætlað að sinna jafnframt, það er að vera skammtímavistun í bráðatilvikum. Óhjákvæmilegt hafi þótt að aðgreina þessi verkefni og haustið 1973 var *húsið að Kópavogsbraut 9* tekið í notkun til að þjóna því hlutverki.

Eins og fyrr er rakið var í lögum nr. 29/1947 um vernd barna og ungmenna kveðið á um skyldu ríkisins, eftir því sem fé var veitt til á fjárlögum, til að reka stofnanir í því skyni að vista börn og ungmenni sem framið höfðu lögbrot eða voru á annan hátt á glapstigum. Árið 1952 hófst starfsemi drengjaheimilisins Breiðavík en stofnun þess var í samræmi við fyrrnefndar skyldur ríkisins sem lögin lögðu á ríkið. Í kafla 5 hér síðar verður gerð sérstök grein fyrir aðdraganda, undirbúningsaðgerðum og stofnun Breiðavíkurheimilisins.

[8] Bragi Guðbrandsson: *Barnavernd og uppeldisstofnanir,* bls. 28, fylgiskjal nr. 2.

4.2.2. Uppeldisstofnanir á vegum Reykjavíkurborgar

Við stríðslok hófst nýr kafli í sögu barnaverndar í Reykjavík þegar settar voru á laggirnar uppeldisstofnanir sem reknar voru af borgaryfirvöldum og á næstu áratugum sem í hönd fóru ólust hundruð, jafnvel á annað þúsund reykvíska barna upp á sólarhringsstofnunum í lengri eða skemmri tíma.

Fyrsta uppeldisstofnunin fyrir börn sem rekin var árið um kring á vegum Reykjavíkurborgar var að *Kumbaravogi við Stokkseyri*. Starfsemin hófst haustið 1945. Á Kumbaravogi vistuðust í upphafi einkum munaðarlaus börn og börn sem bjuggu við erfiðar heimilisaðstæður, bæði drengir og stúlkur. Frá upphafi var við það miðað að þar vistuðust á hverjum tíma tuttugu börn en oft urðu þau raunar fleiri. Vistheimilið að Kumbaravogi hafði verið starfrækt í 11 ár þegar ákveðið var að flytja starfsemina vegna þess hversu lélegur húsakostur var þá orðinn. Árið 1956 flutti starfsemin að Reykjahlíð í Mosfellssveit og var í aðalatriðum óbreytt. *Uppeldisheimilið að Reykjahlíð* var starfrækt í 15 ár eða til ársins 1972. *Fjölskylduheimili sem þá var sett á laggirnar að Tjarnargötu 35* og upptökuheimilið við Dalbraut sem fyrr hefur verið getið og hóf starfsemi árið 1966 leystu Reykjahlíð af hólmi.

Fyrr hefur verið greint frá Vöggustofu Sumargjafar sem var rekin til ársins 1952. Fullnægði hún engan veginn þeirri eftirspurn sem var fyrir sólarhringsvistun ungbarna. Árið 1949 opnaði Reykjavíkurborg *Vöggustofuna Hlíðarenda* við Sunnutorg. Var þar tekið á móti börnum í sólarhringsvistun allt frá því að þau voru nýfædd og var miðað við að þar gætu þau dvalist til eins og hálfs eða jafnvel til tveggja ára aldurs. Alls voru 22 rúm á vöggustofunni en oft vistuðust 60 til 70 börn á ári að Hlíðarenda. Alls munu 510 börn hafa verið vistuð á vöggustofunni að Hlíðarenda á starfstíma hennar.

Vöggustofa Thorvaldsenfélagsins leysti Hlíðarenda af hólmi þegar félagið afhenti borginni nýja byggingu til rekstrarins árið 1963 að Dyngjuvegi við Sunnutorg. Thorvaldsenfélagið afhenti Reykjavíkurborg vöggustofuna til rekstrar en félagið hafði sjálft umráð yfir 5 plássum fram til ársins 1967. Vöggustofan var deildaskipt í þrjár deildir eftir aldri barnanna, 0-6 mánaða, 6-12 mánaða og 1-2 ára og voru 10 börn á hverri deild. Með tilkomu hinnar nýju vöggustofu var þannig rýmum fjölgað í 30 eða um 8 frá því sem var á Hlíðarenda. Algengt var að upp undir 100 börnum væri ráðstafað árlega á vöggustofuna fram undir lok sjöunda áratugarins.

Haustið 1949 leitaði borgarstjóri eftir samningum við Oddfellowregluna um afnot af Silungapolli til rekstrar uppeldisstofnunar en húsnæðið hafði staðið ónotað á vetrum en var rekið sem sumardvaldarheimili yfir sumartíma eins og fyrr hefur verið getið. Féllust Oddfellowar á þá málaleitan gegn því skilyrði að áfram yrði þar starfrækt sumardvalarheimili á vegum félagsins eins og verið hafði. Starfsemi Reykjavíkurborgar að

Silungapolli hófst árið 1950 og stóð til ársins 1969. Frá upphafi var gert ráð fyrir að á vegum barnaverndar Reykjavíkur myndu vistast 25-30 börn allt árið, einkum á aldrinum 3-7 ára af báðum kynjum. Að mati Braga Guðbrandssonar var veruleikinn þó oft annar.[9] Sum börnin hafi komið af vöggustofunum og verið þá yngri en 2ja ára. Oft reyndist eftirspurn eftir vistun svo mikil að farið var langt fram úr þeim fjölda barna og vikið frá þeim aldursmörkum sem sett höfðu verið. Árið 1967 voru til að mynda 50 börn vistuð á Silungapolli frá 18 mánaða aldri. Því til viðbótar dvöldu yfirleitt um 60 börn yfir sumartíma til viðbótar á vegum Oddfellowreglunnar eins og verið hafði frá því að húsnæðið var tekið í notkun á hennar vegum árið 1931.

Í byrjun árs 1946 tók Reykjavíkurborg á leigu *Jaðar í Elliðavatnslandi* til rekstrar heimavistarskóla fyrir drengi. Var hann ætlaður drengjum á aldrinum 7-13 ára en flestir þeirra vistuðust vegna erfiðra heimilisaðstæðna, skróps og vanlíðunar í skóla, t.d. vegna eineltis. Var skólinn ætlaður 24 drengjum þótt þeir hafi verið allt að 30 lengst af. Starfsemin hófst í septemberbyrjun og stóð fram í lok maí ár hvert. Heimavistarskólinn að Jaðri var rekinn til ársins 1973. Hliðstæður heimavistarskóli fyrir stúlkur var starfræktur að Hlaðgerðarkoti sem byggt var af Mæðrastyrksnefnd með tilstyrk ríkis og borgar og tekinn í notkun árið 1956. Alls voru rými fyrir 14–16 stúlkur og segja má að aðstæður þeirra hafi verið hliðstæðar við drengina á Jaðri. *Heimavistarskólinn að Hlaðgerðarkoti* var rekinn til ársins 1974.

Vistheimilið Dalbraut hóf rekstur árið 1966 en hlutverk þess var fyrst og fremst að taka á móti börnum til skammtímavistunar og rannsóknar vegna erfiðra heimilisaðstæðna. Vistheimilið tók þannig við því hlutverki sem Elliðahvammur hafði annast, a.m.k. að hluta. Fjöldi rýma varð aldrei meiri en 20 og eftir 1970 fækkaði þeim niður í 15. Árlega voru vistuð þar 60 til 70 börn en flest voru þau á aldrinum 4-12 ára.

Í greinargerð Braga Guðbrandssonar er rakið að töluverðar viðhorfsbreytingar í barnavernd hafi átt sér stað á sjöunda áratug síðustu aldar sem fólu í sér að aukin áhersla var lögð á litlar heimiliseiningar, svonefnd fjölskylduheimili þar sem uppeldi barnanna var sem líkast eðlilegu fjölskyldulífi.[10] Fyrsta heimilið sem Reykjavíkurborg stofnaði til með þessum hætti var *Skáli* sem var fjölskylduheimili fyrir fimm til átta börn. Hófst starfsemi þess árið 1965 en heimilið var ætlað börnum á aldrinum 6-14 ára. Næstu árin fylgdu fleiri í kjölfarið og árið 1973 höfðu *fjölskylduheimilin við Ásvallagötu 14 og Tjarnargötu 35* bæst við, en með tilkomu þess síðarnefnda var starfseminni að Reykjahlíð hætt.

---

[9] Bragi Guðbrandsson: *Barnavernd og uppeldisstofnanir,* bls. 40, fylgiskjal nr. 2.
[10] Bragi Guðbrandsson*: Barnavernd og uppeldisstofnanir,* bls. 44, fylgiskjal nr. 2.

4.3. Einkareknar uppeldisstofnanir

Nokkur einkarekin heimili fyrir börn hófu rekstur um miðjan sjöunda áratug síðustu aldar en skilin milli fósturheimila og vistheimila barna voru ekki alltaf skýr. Samkvæmt skýrslu Barnaverndarráðs rak Halldóra Jónsdóttir heimili fyrir börn við *Borgarholtsbraut í Kópavogi*, en hún tók einkum börn til vistunar á vegum barnaverndarnefnda Kópavogs og Hafnarfjarðar. Heimilið var rekið á árunum 1967 til 1969. Börnunum var yfirleitt ráðstafað á heimilið til skamms tíma vegna erfiðra heimilisaðstæðna á meðan unnið var að varanlegri lausn. Þá var um hríð starfrækt heimili á *Hjalteyri í Arnarneshreppi* en barnaverndarnefnd Akureyrar og fleiri nefndir norðanlands munu hafa ráðstafað börnum þangað fyrir og um miðjan áttunda áratuginn.

Vorið 1965 hófu hjónin Kristján Friðbergsson og Hanna Guðrún Halldórsdóttir rekstur *fjölskylduheimilis fyrir börn að Kumbaravogi á Stokkseyri*. Flest urðu börnin 14 sem dvöldu á sama tíma á fjölskylduheimilinu auk eigin barna hjónanna. Í greinargerð Braga Guðbrandssonar er rakið að börnin voru öll vistuð af barnaverndarnefnd Reykjavíkur og við það miðað að einungis börn sem þyrftu heimili til frambúðar væri ráðstafað að Kumbaravogi.[11] Endurbyggingar hófust að Kumbaravogi sem var lokið árið 1970 og annað heimili var þá sett á laggirnar. Hjónin Theodór Guðjónsson og Ester Jónsdóttir höfðu umsjón með því og nefndist það *Knarrarvogur*. Alls munu 10 börn hafa vistast þar en starfsemin stóð til ársins 1973 þegar hjónin létu af störfum.

Stúlknaheimilið Bjarg á Seltjarnarnesi var formlega opnað árið 1965 fyrir tilstuðlan Hjálpræðishersins. Á heimilinu voru rými fyrir allt að 11 stúlkur auk íbúðar fyrir starfsfólk. Frá upphafi var áhersla lögð á trúarlegt uppeldi jafnframt því sem heimilið var skilgreint sem skólaheimili þar sem nám sæti í fyrirrúmi. Á starfstíma heimilisins 1965 til 1967 dvöldu alls 18 stúlkur að Bjargi í lengri eða skemmri tíma. Rekstri heimilisins lauk þegar það var tekið af fjárlögum árið 1968.

5. Undirbúningur, upphafsaðgerðir og stofnun Breiðavíkurheimilisins

Eins og nánar verður vikið að í kafla 6 hér síðar var við gildistöku laga nr. 29/1947 um vernd barna og ungmenna í fyrsta skipti mælt fyrir um skyldu ríkisstjórnarinnar til að setja á stofn hæli fyrir börn og ungmenni sem framið höfðu lögbrot eða voru á annan hátt á glapstigum, sbr. 37. gr. laganna. Stofnun slíks hælis var bundin við þá forsendu að fjármagn fengist til þess á fjárlögum.

Á árunum eftir gildistöku laganna vakti barnaverndarnefnd Reykjavíkur ítrekað athygli stjórnvalda á þeim vanda sem nefndin stóð frammi fyrir varðandi vistun barna og unglinga sem framið höfðu lögbrot eða voru á annan hátt á glapstigum. Nefndin

[11] Bragi Guðbrandsson: *Barnavernd og uppeldisstofnanir,* bls. 50, fylgiskjal nr. 2.

benti meðal annars á að reynslan hefði sýnt að töluverðum erfiðleikum væri bundið að vista öll þau börn og unglinga í sveitum landsins. Erfitt væri að fá þau til að tolla í hinu nýja umhverfi enda sjaldnast aðstaða til að halda þeim þar kyrrum fyrir, auk þess væri alls ekki hægt að koma mörgum þeirra í burtu, þar sem fá heimili fengjust til að taka við þeim. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur benti meðal annars á nauðsyn þess að setja á fót uppeldisheimili til að taka við börnum og unglingum í skýrslu sem nefndin gaf út árið 1949 og bar heitið „Um nauðsyn uppeldisheimila“.

Hinn 4. nóvember 1949 skipaði menntamálaráðherra nefnd til að gera tillögur að úrbótum í málefnum barna og unglinga. Í nefndinni sátu Matthías Jónasson, Símon Jóhannes Ágústsson, Jónína Guðmundsdóttir og Þorkell Kristjánsson. Í tillögum nefndarinnar, sem hún skilaði af sér 9. janúar 1950, taldi hún brýnt að bregðast skjótt við til hjálpar börnum og unglingum sem voru á glapstigum.[12] Í skýrslu nefndarinnar kemur fram að samkvæmt skýrslum barnaverndarnefndar Reykjavíkur væri óframkvæmanlegt að koma öllum afbrotabörnum fyrir í sveitum landsins og vísaði nefndin því til stuðnings til áðurnefndrar skýrslu barnaverndarnefndar Reykjavíkur frá árinu 1949. Nauðsynlegt væri að koma þeim burt úr umhverfi sínu og skapa þeim annað sem breytti viðhorfi þeirra til lífsins og beindi áhuga þeirra inn á aðrar brautir. Það gæti eingöngu verið á einn veg, þ.e. að stofna uppeldishæli fyrir ungmenni. Lagði nefndin til að fjórar tegundir uppeldisstofnana yrðu settar á laggirnar, m.a. uppeldisheimili handa drengjum allt að 15 ára gömlum sem framið höfðu lögbrot eða voru á annan hátt á glapstigum. Stærð þessa heimilis mætti fyrst um sinn miða við að þar dveldust 25-30 drengir og taldi nefndin eftir þeim gögnum að dæma sem hún hafði aflað sér það vera lágmarksfjölda vistmanna í hvert sinn. Í tillögum sínum lagði nefndin áherslu á að gæta þyrfti að staðsetningu heimilisins einkum vegna þess hversu brýnt væri að góð starfsskilyrði væru fyrir hendi svo unnt væri að sjá vistmönnum fyrir hæfilegri vinnu, til dæmis við landbúnað, garðyrkju og smíðar. Nefndin lagði auk þessa mikla áherslu á að sérmenntað starfsfólk starfaði við uppeldisheimilið. Í tillögum nefndarinnar kemur m.a. fram:

> Að lokum vill nefndin leggja höfuðáherslu á það, að starf ofangreindra uppeldisheimila, ef stofnuð verða, getur því aðeins borið tilætlaðan árangur, að því stjórni sérmenntað fólk. Ef hugsað er til framkvæmda, er því nauðsynlegt að gera jafnframt ráðstafanir til þess að tryggja heimilunum sérmenntað starfsfólk. Nefndin telur mjög varhugavert að hefja starfrækslu slíkra heimila, nema að jafnframt sé tryggt, að þar verði starfað af góðri þekkingu og með beztu aðferðum, sem nú er beitt í samskonar stofnunum með öðrum þjóðum.

[12] Tillögur að stofnun og starfrækslu uppeldisheimila handa vangæfum börnum og unglingum, 9. janúar 1950.

Með bréfi barnaverndarnefndar Reykjavíkur til menntamálaráðherra, dags. 11. apríl 1951, vakti nefndin á ný athygli stjórnvalda á því að hún væri ráðþrota í málefnum unglinga sem gerst höfðu brotlegir við lög.[13] Benti hún á að úrræði nefndarinnar til lausnar á vandamálum unglinga væru fá og haldlítil. Óforsvaranlegt væri að vista þá á venjulegum barnaheimilum og að bændur væru tregir til að taka við slíkum unglingum. Lagði barnaverndarnefnd til við ráðherra að hann beitti sér fyrir að sett væri á stofn vinnuhæli fyrir börn og unglinga sem framið höfðu lögbrot eins og gert var ráð fyrir í 1. mgr. 37. gr. laga nr. 29/1947 um vernd barna og ungmenna og beindi nefndin því jafnframt til ráðherra að hann gengist fyrir því að fé yrði veitt á næstu fjárlögum til stofnunar slíks hælis. Tillögur nefndarinnar sem skipuð var árið 1949 og bréf barnaverndarnefndar Reykjavíkur, dags. 11. apríl 1951, virðast hafa leitt til viðbragða af hálfu stjórnvalda. Á fjárlögum 1951 var veitt fé til stofnunar og reksturs uppeldisheimilis og í kjölfar þess hófst undirbúningur að stofnun og rekstri slíks heimilis.

Að beiðni barnaverndarnefndar Reykjavíkur og með leyfi menntamálaráðuneytisins ferðuðust þeir Magnús Sigurðsson kennari og Þorkell Kristjánsson starfsmaður barnaverndarnefndar Reykjavíkur sumarið 1951 víða um landið til að athuga hvaða staðir kæmu helst til greina fyrir hæli eða uppeldisstofnun fyrir unglinga sem framið höfðu lögbrot eða voru á annan hátt á glapstigum, sbr. áðurnefnda skyldu ríkisins í 37. gr. laga nr. 29/1947. Í skýrslu þeirra ódagsettri, sem nefndin hefur undir höndum, kemur fram að þeir telji jörðina Breiðavík í Rauðasandshreppi henta best til reksturs vistheimilis þar sem sá staður yrði ríkissjóði ódýrastur og gæti komið fljótlega að gagni. Niðurstöðu sína byggðu þeir meðal annars á því að ríkissjóður ætti nær jörðina alla, ræktunarskilyrði væru mikil, möguleikar á útræði væru fyrir hendi og réttindi til eggjatöku í Látrabjargi, silungsveiði væri möguleg, berjaland gott og að umhverfið væri hlýlegt og viðfelldið.[14]

Í svarbréfi formanns Barnaverndarráðs, dags. 12. febrúar 1952, við bréfi menntamálaráðherra, dags. 31. janúar 1952, þar sem óskað var eftir tillögum Barnaverndarráðs um það hvernig fé sem hafði verið veitt á fjárlögum skyldi varið, lagði Barnaverndarráð til að þegar yrði komið upp heimili fyrir afvegaleidda pilta þar sem vöntun á slíku heimili hefði valdið miklum erfiðleikum og að afbrot unglinga hefðu sífellt færst í vöxt. Í bréfinu er vísað til tillagna Magnúsar Sigurðssonar og Þorkels Kristjánssonar um jörðina Breiðavík í Rauðasandshreppi. Lagði ráðið svo til að ráðherra skipaði þriggja

[13] Bréf barnaverndarnefndar Reykjavíkur til menntamálaráðherra, dags. 11. apríl 1951.
[14] Ódagsett álitsgerð Þorkells Kristjánssonar og Magnúsar Sigurðssonar varðandi staðarval vistheimilis fyrir börn og unglinga samkvæmt lögum um vernd barna og ungmenna.

manna nefnd sem fengi fjárráð og umboð til að hrinda í framkvæmd stofnun uppeldishælis.[15]

Hinn 18. febrúar 1952 skipaði menntamálaráðherra nefnd til að framkvæma fyrirmæli laga nr. 29/1947 um stofnun hælis fyrir vangæf börn og unglinga. Samkvæmt erindisbréfi nefndarinnar bar henni að hafa samráð við Barnaverndarráð Íslands í störfum sínum. Í nefndina voru skipaðir Gísli Jónsson alþingismaður, formaður, Magnús Sigurðsson kennari og Þorkell Kristjánsson, starfsmaður barnaverndarnefndar Reykjavíkur. Á fyrsta fundi nefndarinnar 15. apríl 1952 var tekin sú ákvörðun að leggja það til við menntamálaráðuneytið að vistheimili yrði komið upp á jörðinni Breiðavík í Rauðasandshreppi og var nefndin að því leyti sammála áðurnefndum tillögum Barnaverndarráðs.

Í kjölfar ákvörðunar um að hefja rekstur vistheimilis fyrir drengi á Breiðavík í Rauðasandshreppi gætti töluverðrar gagnrýni um staðarval heimilisins. Hinn 25. maí 1952 barst framkvæmdanefnd vistheimilisins bréf frá sjö einstaklingum sem allir voru sérfræðingar á sviði uppeldis- og sálarfræði.[16] Í bréfi þeirra kemur fram að þeir vilji vekja athygli á því að óheppilegar ákvarðanir sem teknar séu í upphafi geti leitt til erfiðleika við rekstur slíks heimilis og jafnvel gert það óstarfhæft. Í bréfi þeirra er ítarlega gerð grein fyrir gagnrýni þeirra á staðarval framkvæmdanefndarinnar:

Í fyrsta lagi að vegna mikillar fjarlægðar og erfiðra samgangna hljóti drengir að slitna úr tengslum við fjölskyldur sínar sem muni torvelda uppeldisstarf heimilisins.

Í öðru lagi þurfi margir þeir drengir sem á uppeldisheimilið muni koma á læknishjálp að halda, ýmist vegna sálrænna galla eða vanþroska og að mikil fjarlægð frá Reykjavík þar sem flestir sérfræðingar starfi torveldi mjög slíka aðstoð.

Í þriðja lagi gæti verið erfitt að fá drengi til að fara á uppeldisheimilið vegna einangrunar staðarins og sú hætta væri fyrir hendi að þeir upplifðu dvöl sína þar sem fangar.

Í fjórða lagi væri vandi margra þeirra drengja sem á heimilið myndu koma sá að þeir kynnu ekki að lifa í fjölbýli eða varast þær siðferðilegu hættur sem þar væri að finna. Taldi nefndin að á afskekktum stað myndu þeir ekki öðlast færni til mannlegra samskipta sem nauðsynleg væri í fjölbýli, þaðan sem flestir þeirra myndu koma.

Í fimmta lagi yrði erfitt að fá sérmenntað starfsfólk til starfa á slíkum afskekktum stað.

---

[15] Bréf Barnaverndarráðs til menntamálaráðuneytis, dags. 12. febrúar 1952.
[16] Bréf Matthíasar Jónassonar, Brodda Jóhannessonar, Valborgar Sigurðardóttur, Símonar Jóhannesar Ágústssonar, Ármanns Halldórssonar, Kristins Björnssonar og Ólafs Gunnarssonar til framkvæmdanefndar vistheimilisins Breiðavíkur, dags. 25. maí 1952.

Í sjötta lagi að lögboðið eftirlit yrði erfiðara og kostnaðarsamara vegna fjarlægðar frá aðsetri Barnaverndarráðs.

Í sjöunda lagi að kostnaður við stofnun og rekstur uppeldisheimilisins yrði síst minni á fjarlægum og afskekktum stað.

Í svarbréfi formanns framkvæmdanefndarinnar, Gísla Jónssonar, dags. 4. júní 1952, er gagnrýni sjömenninganna vísað á bug. Benti formaðurinn á að Breiðavík í Rauðasandshreppi væri sá staður sem best hentaði til rekstrar vistheimilis fyrir afvegaleidda drengi enda Rauðasandshreppur eini hreppurinn, sem til hafi verið leitað, sem vildi veita slíkri stofnun viðtöku með fullri samúð og velvilja. Taldi Gísli *í fyrsta lagi* nauðsynlegt til að ná þeim árangri sem stefnt var að, að vistmenn hefðu minni tengsl við fjölskyldur sínar. *Í öðru lagi* að á misskilningi væri byggt að vistmenn væru útilokaðir frá nauðsynlegri læknishjálp. Í svarbréfi formannsins segir meðal annars svo:

> Barni verður að sjálfsögðu ekki ráðstafað þangað nema að undangenginni læknisskoðun, sem að sjálfsögðu yrði framkvæmd af sérfræðingi. Komi í ljós við slíka rannsókn, að barninu væri hætta búin að því að dvelja á heimilinu, eða að öðrum drengjum þar væri hætta búin ef barnið dveldi þar, kemur ekki til greina að senda þangað sjúklinga, hvort heldur það stafar af andlegri eða líkamlegri veilu. Fyrir slíka sjúklinga þarf allt annan stað, og væri rangt að hafa þá innan um drengi sem vegna vantandi uppeldisskilyrða hafa misstigið sig á einn eða annan hátt.

Í þriðja lagi benti formaðurinn á að ekki væri aðalatriði hvort drengjum væri ljúft eða leitt að fara á heimilið. Hitt skipti meira máli, að þeim verði ljúft að dvelja þar eftir að hafa kynnst heimilinu. Lítil hætta væri á því að drengir upplifðu vistheimilið sem fangelsi þar sem þeir myndu njóta sama frjálsræðis og börn almennt. *Í fjórða lagi* benti formaðurinn á að deila mætti um hvort betra væri að ala drengi upp í þéttbýli en í dreifbýli. Á Breiðavík myndu vistmenn læra það sem þeir þarfnast mest, að taka þátt í allri algengri vinnu til lands og sjávar, eftir því sem hugur þeirra stæði til. Síðan kemur fram í svarbréfi formannsins:

> Drengirnir eiga ekki að verða nein tilraunadýr hálærðra prófessora eða sálfræðinga, heldur að alast upp undir skilyrðum, sem eru eitthvað á borð við það, sem þeir síðar lifa við þegar þeir þurfa að fara að vinna sjálfstætt í lífinu.

Formaðurinn vísaði á bug þeirri gagnrýni að erfitt yrði að fá hæft fólkt til starfa vegna fjarlægðar vistheimilisins. Ef hæfu fólk yrðu sköpuð góð skilyrði og veitt góð kjör yrði ekki vandamál að fá hæft fólk til starfa. Síðan segir í svarbréfi formannsins:

> Sé ekki fyrir hendi áhugi hjá því fyrir starfinu og fórnarlund á það ekki erindi, og úrvals fólk mun ekki setja fyrir sig fjarlægðina, ef unnt er að skapa því þau starfsskilyrði, að það sjái verulegan árangur af starfi sínu. Sem betur fer er til enn í þessu landi margt fólk sem getur séð hugsjónir rætast annarsstaðar en í fjölbýli, eða í höfuðborg landsins, og er tilbúið að taka upp baráttu fyrir því að svo megi verða.

Að lokum var þeirri fullyrðingu sjömenninganna vísað á bug að fjarlægð staðarins myndi leiða til aukins kostnaðar, bæði við lögboðið eftirlit og rekstur vistheimilisins. Þrátt fyrir gagnrýni á staðarval vistheimilisins var þegar hafist handa við að undirbúa stofnun og rekstur Breiðavíkurheimilisins.

Um vorið 1952 hófust samtímis framkvæmdir við vistheimilið og rekstur þess. Jörðin Breiðavík í Rauðasandshreppi hafði verið í eyði um árabil. Síðla árs 1950 höfðu úttektarmenn Rauðasandshrepps að beiðni sýslumannsins í Barðastrandarsýslu kannað ástand mannvirkja á jörðinni. Í skýrslu þeirra, dags. 15. nóvember 1950, kemur fram að mannvirki á jörðinni væru í bágu ástandi. Íbúðarhús óíbúðarhæf, fjárhús og hlaða léleg og að mestu leyti fallin og að samgöngur til staðarins væru mjög slæmar. Þrátt fyrir að mannvirki á jörðinni væru eins léleg og raun bar vitni hófst rekstur vistheimilisins á vordögum 1952 ásamt framkvæmdum við vistheimilið. Magnús Sigurðsson kennari og einn nefndarmanna var ráðinn til að hafa yfirumsjón með framkvæmdum þá um sumarið og umsjón með þeim drengjum sem komu til dvalar á vistheimilinu um vorið 1952. Í skýrslu framkvæmdanefndarinnar frá 23. júlí 1952 kemur fram að mannvirki á jörðinni væru í lélegu ásigkomulagi en að hafist hafi verið handa þá um vorið að endurnýja þær byggingar sem voru til staðar og leggja grunn að nýjum byggingum sem var ætlað að hýsa starfsemina. Í skýrslunni kemur fram að vegna þess hversu brýn þörfin á því að koma drengjum fyrir hafi verið rétt að taka sjö drengi til dvalar um vorið þrátt fyrir að aðbúnaður væri ekki fullnægjandi. Þótti nefndinni rétt að koma drengjunum fyrir á heimilum í sveitinni yfir veturinn þar sem framkvæmdir við byggingu íbúðarhúss og lagfæringar á því sem þegar var til staðar voru skammt á veg komnar og byggingarnar hentuðu ekki til vetrardvalar.[17] Rekstur vistheimilisins Breiðavíkur lá niðri um veturinn 1952-1953 en hófst aftur um haustið 1953 og hélt síðan óslitið áfram til ársins 1979 þegar vistheimilið var lagt niður.

[17] Skýrsla framkvæmdanefndar vistheimilisins Breiðavík, dags. 23. júlí 1952.

6. Stutt yfirlit yfir löggjafarsögu barnaverndarmála 1932-2002

Árið 1932 voru fyrstu heildarlög um barnavernd sett hér á landi með lögum um barnavernd nr. 43/1932. Markmið með setningu heildarlaga um barnavernd var að tryggja að barnavernd yrði virkari og hún falin mönnum sem hefðu áhuga á uppeldismálum.[18] Fyrir gildistöku laganna voru ákvæði víða í íslenskri löggjöf, sem vörðuðu hagsmuni barna með einum eða öðrum hætti og heimild hins opinbera til eftirlits og afskipta af börnum ef talið var að heimilislíf væri siðspillandi, börn vanrækt eða þau sættu illri meðferð. Þau lagaákvæði voru dreifð og ósamstæð og voru ekki talin tryggja hagsmuni barna með fullnægjandi hætti.[19] Með tilkomu hinna nýju laga varð því grundvallarbreyting á lagaumhverfi barnaverndarmála á Íslandi. Stjórn barnaverndarmála var falin Barnaverndarráði og mælt var fyrir um stofnun barnaverndarnefnda í öllum kaupstöðum á Íslandi. Í fyrsta sinn var öll stjórn og meðferð barnaverndarmála falin stjórnvöldum sem höfðu málefni barnaverndar að aðalstarfi og von manna var sú að barnavernd yrði efld til muna enda hafði hún fram að setningu laganna verið í höndum aðila sem ekki höfðu vernd barna að meginstarfi.[20] Lítilsháttar breytingar voru gerðar á lögum um barnavernd nr. 43/1932 með lögum nr. 76/1933 er vörðuðu eftirlit með kvikmyndasýningum og sölu tóbaks til barna undir 16 ára aldri.

Þegar lögin frá 1932 höfðu verið í gildi í um áratug fór að bera á áhyggjum af ástandi og hegðun ungmenna í landinu og þá einkum í Reykjavík. Fjölmennt hersetulið hafði komið til landsins og urðu sífellt fleiri uggandi yfir velferð reykvíska stúlkna vegna samneytis þeirra við erlenda hermenn. Einnig höfðu menn miklar áhyggjur af „almennu hnignandi siðferði“ ungmenna, bæði drengja og stúlkna. Á Alþingi 1941 var rætt um ástand ungmenna. Talið var nauðsynlegt að koma á fót heimilum til að taka ungmenni úr „umferð“ eins og fram kom í framsöguræðu þáverandi forsætisráðherra.[21]

Í kjölfarið voru sett bráðabirgðalög nr. 122/1941 um eftirlit með ungmennum o.fl. Voru þau staðfest með lögum um eftirlit með ungmennum o.fl. nr. 62/1942 með fáeinum breytingum. Þótti brýn þörf á að setja lög sem næðu til ungmenna að 18 ára aldri en lög um barnavernd frá 1932 tóku einungis til eldri barna en 16 ára ef þau voru

---

[18] Alþt. 1932, A-deild, bls. 401.

[19] Samkvæmt lögum um skilorðsbundna hegningardóma og hegningu barna og ungmenna nr. 39/1907 var lögreglustjóra m.a. ætlað að skipa áreiðanlegan mann eða konu til þess að hafa umsjón með forsjármanni að því er snerti uppeldi barns sem framið hafði afbrot innan 14 ára aldurs. Samkvæmt fátækralögum nr. 43/1927 var fátækrastjórn falið eftirlit með því að börn fengju sómasamlegt uppeldi og hafði heimild til að taka barn af heimili ef heimilislíf var talið siðspillandi fyrir börn eða þau sættu illri meðferð. Víða í lögum um stofnun og slit hjúskapar nr. 39/1921 var dómara og stjórnarráði ætlað að gæta réttar barna við skilnað foreldra. Sjá Alþt. A 1932, bls. 493 og Guðrún Erlendsdóttir: *Barnaréttindi*. Tímarit lögfræðinga 1976, bls. 8-24.

[20] Alþt. 1932, A-deild, bls. 403.

[21] Alþt. 1942, A-D deild, bls. 104-122.

vanþroska, veik eða nutu ekki fullrar umsjár foreldra.[22] Með lögunum var eftirlitshlutverk barnaverndarnefnda eflt, kveðið var á um skyldu löggæslu til að aðstoða barnaverndarnefndir við eftirlit með uppeldi og hegðun ungmenna og stofnaður var sérstakur ungmennadómstóll til að fjalla um mál ungmenna yngri en 18 ára, ásamt því að kveðið var á um heimild ríkisins til að koma upp stofnunum til að vista ungmenni. Ungmennadómur gat úrskurðað ungmenni til hælisvistar eða til vistar á heimili um ótiltekinn tíma.[23] Ungmennadómur var lagður niður með lögum nr. 29/1947 um vernd barna og ungmenna. Lög um barnavernd nr. 43/1932 og lög nr. 62/1942 um eftirlit með ungmennum o.fl. giltu samhliða þar til lög nr. 29/1947 um vernd barna og ungmenna tóku gildi.

Önnur heildarlög um vernd barna voru sett með lögum nr. 29/1947 um vernd barna og ungmenna. Lög um barnavernd nr. 43/1932 þóttu ekki nægjanlega rækileg, þjóðfélagsaðstæður höfðu um margt breyst frá setningu laganna 1932 og auk þess þótti ástæða til að samræma þau ákvæðum laga nr. 62/1942 um eftirlit með ungmennum o.fl.[24] Ákvæði nýju laganna voru ítarlegri og fyllri varðandi störf og starfshætti barnaverndarnefnda og Barnaverndarráðs. Meðal nýrra ákvæða má nefna ítarlegri ákvæði um tilkynningaskyldu opinberra starfsmanna og löggæslumanna til barnaverndarnefnda. Þá var kveðið á um skyldu til að veita börnum sem ráðstafað hafði verið frá heimili lögskipaða fræðslu, skyldu til að láta fara fram rannsókn á barni eða ungmenni áður en ráðstöfun frá heimili átti sér stað og skyldu ríkisvaldsins til að setja á stofn athugunarstöð í því skyni þar sem barnaverndarnefndir allsstaðar af landinu áttu að geta vistað börn til bráðabirgða.

Samkvæmt 37. gr. laga nr. 29/1947 var ríkisstjórninni skylt, eftir því sem fé var veitt til á fjárlögum, að setja á stofn og reka hæli fyrir börn og ungmenni sem framið höfðu lögbrot eða voru á annan hátt á glapstigum. Ákvæði þetta var nýmæli í íslenskum lögum,[25] en um það verður ítarlega fjallað í kafla 7.5. Skyldu hæli þessi vera a.m.k. tvö, eitt fyrir stúlkur og eitt fyrir pilta. Ákvæði 37. gr. var breytt með lögum nr. 20/1955 og var bætt málsgrein við 37. grein laganna þess efnis að hefja skyldi þá þegar undirbúning að stofnun og rekstri vistheimilis fyrir stúlkur.[26] Lögum nr. 29/1947 var aftur breytt með lögum nr. 58/1962.

Þriðju heildarlög um vernd barna og ungmenna voru lög nr. 53/1966 um vernd barna og ungmenna. Tímabært þótti að endurskoða lög nr. 29/1947 vegna breyttra

---

[22] Alþt. 1942, bls. A-D deild, 104-105.
[23] Jónatan Þórmundsson: *Viðurlög við afbrotum.* Reykjavík 1992, bls. 32-33.
[24] Alþt. 1947, A-deild, bls. 329-330.
[25] Í lögum nr. 62/1942 um eftirlit með ungmennum o.fl. var mælt fyrir um *heimild* ríkisstjórnarinnar til að setja á stofn heimili fyrir ungmenni sem framið höfðu lögbrot eða voru á annan hátt á glapstigum.
[26] Alþt. 1954, A-deild, þskj. 482.

þjóðfélagshátta. Viðhorf til málefna barna höfðu breyst verulega og vegna þeirra félagslegu vandamála sem skapast höfðu við þróun þjóðfélagshátta frá bændabyggð til bæjarbyggðar,[27] sjá nánar kafla 4.1 í *fylgiskjali nr. 2*. Engar meiriháttar breytingar voru gerðar á hlutverki, störfum og starfsháttum barnaverndaryfirvalda með lögum nr. 53/1966, en með þeim urðu verkefni og skyldur barnaverndarnefnda fleiri, fáein ný ákvæði komu inn í lögin og önnur urðu ítarlegri, t.d. ákvæði laganna um málsmeðferð fyrir barnaverndarnefndum og Barnaverndarráði.

Meðal nýrra ákvæða í lögum nr. 53/1966 má nefna 14. gr. um vanhæfi nefndarmanna, ákvæði 35. og 36. gr. um töku barna í fóstur og 6. mgr. 39. gr., þar sem fram kom fortakslaust bann við líkamlegum refsingum á heimilum og stofnunum sem getið var um í lögunum, sjá nánar kafla 10.3 í III. hluta skýrslunnar.

Í 3. mgr. 39. gr. laganna var nýtt ákvæði er varðaði skyldur sveitarfélaga að setja á stofn og reka heimili og stofnanir til að annast uppeldi og fræðslu tiltekins hóps barna. Í þremur stafliðum í ákvæðinu var gerð grein fyrir hvaða börn það væru: *Í fyrsta lagi* börn sem voru frá heimilum sem vanræktu uppeldishlutverk sitt þannig að varhugavert væri fyrir börn að dveljast þar. *Í öðru lagi* gáfnasljó börn og andlega vanþroska. *Í þriðja lagi* börn sem höfðu ekki heilsu eða líkamleg skilyrði til að stunda venjulegt skólanám. Með þessu ákvæði var skýrt kveðið á um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga varðandi vistun barna á stofnunum. Frá gildistöku laga nr. 62/1942 um eftirlit með ungmennum o.fl., hafði hlutverk ríkisvaldsins verið að setja á stofn og reka stofnanir fyrir börn og ungmenni sem framið höfðu lögbrot eða voru með hegðunarerfiðleika, en rekstur stofnana fyrir börn sem bjuggu við bágar uppeldisaðstæður, vanrækslu eða ofbeldi og ástæða þótti til að taka af heimili, var á ábyrgð sveitarfélaga. Í 3. mgr. 39. gr. var nú kveðið á um þessa verkaskiptingu ríkisins annars vegar og sveitarfélaga hins vegar með skýrari hætti en verið hafði í tíð eldri laga um vernd barna og ungmenna. Lög nr. 53/1966 voru í gildi fram til ársins 1992 eða allt þar til lög nr. 58/1992 um vernd barna og ungmenna tóku gildi.

Lög um vernd barna og ungmenna nr. 58/1992 fólu í sér mörg nýmæli ásamt því að barnaverndarmálefni voru flutt frá menntamálaráðuneyti til félagsmálaráðuneytis. Meðal helstu nýmæla sem lögin frá 1992 fólu í sér var að Barnaverndarráð gegndi ekki lengur tvíþættu hlutverki, annars vegar við ráðgjöf til barnaverndarnefnda og hins vegar sem úrskurðaraðili. Samkvæmt lögunum fór Barnaverndarráð eingöngu með úrskurðarvald. Barnaverndarumdæmi voru efld og stækkuð. Sett voru ítarlegri og skýrari ákvæði um fóstur, reglur um málsmeðferð urðu ítarlegri og leitast var við að skilgreina réttar-

[27] Alþt. 1964, A-deild, þskj. 7.

stöðu barna með skýrari hætti en verið hafði.[28] Lögunum var breytt tvívegis með lögum nr. 22/1995 og lögum nr. 160/1998. Núgildandi barnaverndarlög nr. 80/2002 tóku gildi 1. júní 2002. Voru þar enn gerðar kerfisbreytingar á stjórnskipulagi barnaverndarmála, sem óþarft er að rekja hér.

7. Ályktanir af lögum nr. 29/1947 og nr. 53/1966 og reglugerðum um barnaverndarmál á árunum 1950-1980

7.1 Almenn atriði

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 29/1947 um vernd barna og ungmenna og 2. gr. laga nr. 53/1966 um vernd barna og ungmenna voru störf til verndar börnum í höndum *Barnaverndarráðs* og *barnaverndarnefnda*, sem sameiginlega nefndust barnaverndaryfirvöld. Starfssvið barnaverndarnefnda var staðbundið en starfssvið Barnaverndarráðs náði til landsins alls.

Í 1. gr. laganna frá 1947 og 1. gr. laganna frá 1966 var talið upp hvaða hlutverk og úrræði fælust í starfi barnaverndaryfirvalda. Í megindráttum var hlutverk barnaverndaryfirvalda sem hér greinir:

1. Almennt eftirlit með aðbúnaði og uppeldi barna á heimilum þeirra.
2. Eftirlit með hegðun og háttsemi barna utan heimilis.
3. Ráðstöfun barna í vist, fóstur eða á uppeldisstofnanir.
4. Eftirlit með uppeldisstofnunum.
5. Eftirlit með andlega og líkamlega fötluðum börnum.
6. Eftirlit með börnum og ungmennum sem framið höfðu lögbrot eða voru að öðru leyti siðferðilega miður sín.
7. Vinnuvernd barna.
8. Eftirlit með skemmtunum.

Samkvæmt þessu voru meginhlutverk barnaverndaryfirvalda þríþætt. *Í fyrsta lagi* almennt eftirlit með börnum, *í öðru lagi* beiting tiltekinna úrræða, almennt fyrir börn og í málum tiltekinna einstaklinga og *í þriðja lagi* eftirlit með barnaverndarstarfi, sérstaklega eftirlit með uppeldisstofnunum. Í lögum um vernd barna og ungmenna frá 1947 og 1966 voru ákvæði sem miðuðu að því að vernda börn *í heild sinni*, t.d. eftirlit með vinnu barna, eftirlit með kvikmyndasýningum og öðrum opinberum skemmtunum. Höfðu barnaverndaryfirvöld t.d. heimild til að banna börnum innan tiltekins aldurshóps að sækja slíkar sýningar. Þá var barnaverndaryfirvöldum skylt að vernda hagsmuni *tiltekinna* barna eða ungmenna, sem nefndinni barst vitneskja um að bjuggu við bágar heimilisaðstæður, væru vanrækt eða ef hegðun þeirra þótti ábótavant, svo eitthvað sé

[28] Alþt. 2001-2002, A-deild, þskj. 403, bls. 1796-1797.

talið. Eftirlitshlutverk með barnaverndarstarfi og uppeldisstofnunum var í höndum barnaverndaryfirvalda. Barnaverndarráð hafði eftirlitsskyldur með uppeldisstofnunum sem vistuðu börn hvaðanæva af landinu og með störfum barnaverndarnefnda, en staðbundnar barnaverndarnefndir höfðu eftirlitsskyldur með uppeldisstofnunum innan síns umdæmis.

Verður nú í köflum 7.2-7.4 vikið að stjórnsýslulegri stöðu og valdheimildum menntamálaráðuneytis, Barnaverndarráðs og barnaverndarnefnda samkvæmt lögum nr. 29/1947 og lögum nr. 53/1966 sem voru í gildi á starfstíma Breiðavíkurheimilisins á árunum 1952-1979.

7.2 Menntamálaráðuneytið

Samkvæmt lögum nr. 29/1947 og lögum nr. 53/1966 var yfirstjórn barnaverndarmála í höndum menntamálaráðuneytis, sbr. 1. mgr. 2. gr. síðarnefndu laganna, en með því ákvæði var þó í fyrsta skipti með beinum hætti tekið fram í lögum um vernd barna hvaða ráðuneyti færi með yfirstjórn málaflokksins.[29] Með lögum um vernd barna og ungmenna nr. 58/1992 var yfirstjórn færð til *félagsmálaráðuneytis*, sem fer nú með yfirstjórn málaflokksins, sbr. 5. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Af framansögðu verður ráðið að menntamálaráðherra bar samkvæmt lögum nr. 29/1947 og lögum nr. 53/1966 hina stjórnarfarslegu ábyrgð á framkvæmd löggjafar um vernd barna og ungmenna. Í þessu sambandi ber að árétta að samkvæmt 37. gr. laga nr. 29/1947 og 39. gr. laga nr. 53/1966 var *ríkisstjórninni* skylt að setja á laggirnar hæli þar sem vistuð skyldu börn og ungmenni sem framið hefðu lögbrot eða voru á annan hátt á glapstigum. Gera verður ráð fyrir því að menntamálaráðuneytið hafi í ljósi yfirstjórnunarhlutverks síns með málaflokknum borið meginábyrgð á framkvæmd þessara lagaákvæða. Í því sambandi var það verkefni menntamálaráðherra að setja reglur um vist barna og ungmenna á hælum sem þessum, sbr. lokamálsl. 1. mgr. 37. gr. laga nr. 29/1947 og lokamálsl. 1. mgr. 39. gr. laga nr. 53/1966.

Hvorki í lögum nr. 29/1947 eða lögum nr. 53/1966 var nánar kveðið á um það hvað fælist í yfirstjórn menntamálaráðuneytisins við framkvæmd laganna. Ljóst er að hið almenna eftirlitshlutverk með störfum barnaverndarnefnda var í höndum Barnaverndarráðs í tíð ofangreindra laga. Með lögum nr. 40/1992 var þetta eftirlit hins vegar fært í hendur félagsmálaráðuneytisins. Í tíð laganna frá 1947 og 1966 verður því að

[29] Tekið er fram í almennum athugasemdum greinargerðar, sem fylgdi frumvarpi því er varð að barnaverndarlögum nr. 80/2002, að frá gildistöku laga um vernd barna og ungmenna nr. 29/1947 og fram til ársins 1992 hafi yfirstjórn barnaverndarmála verið í höndum *menntamálaráðuneytis*. Alþt. A 2001-2002, þskj 403, bls. 1796; Alþt. 1969, A-deild, bls. 405-406. Sjá Agnar Klemens Jónsson: *Stjórnarráð Íslands 1904-1964*, bls. 344. Ásmundur Helgason og Ómar H. Kristmundsson: *Stjórnarráð Íslands* 1964-2004, bls. 265.

leggja til grundvallar að menntamálaráðuneytið hafi einkum haft á hendi almenna stefnumótun í málaflokknum sem ráðuneytið gat innleitt með reglugerðarfyrirmælum á grundvelli heimilda í lögunum og í krafti yfirstjórnunarheimilda gagnvart Barnaverndarráði og barnaverndarnefndum. Er þá litið til almennra reglna stjórnsýsluréttar um stjórnarfarslegt hlutverk og ábyrgð ráðherra með þeim málaflokkum sem honum eru falin með lögum. Þá var það verkefni menntamálaráðuneytis að tryggja að framkvæmd áðurnefndra ákvæða 37. gr. laga nr. 29/1947 og 39. gr. laga nr. 53/1966 væri í samræmi við efnisreglur og markmið gildandi barnaverndarlaga, t.d. hvað varðar aðbúnað á hæli fyrir börn og ungmenni sem þar voru vistuð, fjölda starfsmanna og menntun þeirra.

7.3 Barnaverndarráð

Samkvæmt 12. gr. laga nr. 29/1947 skipaði ráðherra *Barnaverndarráð* til 4 ára í senn og skyldi það skipað 3 mönnum og eiga heima í Reykjavík. Ritara bar að halda fundarbók um störf ráðsins og máttu ráðsmenn ekki veita forstöðu barnahæli né vera í stjórn þess. Í 12. gr. laga nr. 53/1966 var gert ráð fyrir að ráðherra skipaði 5 manna barnaverndarráð til 4 ára í senn sem hefði aðsetur í Reykjavík. Þá var svo mælt að formaður ráðsins skyldi vera embættisgengur lögfræðingur, en skilyrðið um embættisgengi var fellt út með 1. gr. laga nr. 8/1967.

Frá setningu laga nr. 43/1932 um barnavernd fram til gildistöku laga nr. 58/1992 var hlutverk Barnaverndarráðs í meginatriðum þríþætt. *Í fyrsta lagi* að hafa yfirumsjón með öllum barnaverndarnefndum í landinu og veita þeim leiðbeiningar við störf þeirra. *Í öðru lagi* að hafa yfirumsjón allra barnahæla og uppeldisstofnana í landinu sem ætlað var að veita viðtöku börnum hvaðanæva af landinu. *Í þriðja lagi* að fara með fullnaðarúrskurðarvald í þeim barnaverndarmálum sem skotið var til ráðsins. Ákvæði um störf og starfsháttu Barnaverndarráðs var í V. kafla laga nr. 29/1947 og síðan í V. kafla laga nr. 53/1966.

Yfirumsjón með starfi allra barnaverndarnefnda í landinu var í höndum Barnaverndarráðs. Bar því skylda til að hafa beint eftirlit með öllum barnaverndarnefndum í landinu og hafði það samkvæmt lögunum frá 1947 og 1966 heimildir til beinna afskipta af einstökum barnaverndarnefndum og skyldur til að bregðast við ef Barnaverndarráð varð þess áskynja að einstakar nefndir voru ekki að rækja hlutverk sitt samkvæmt gildandi lögum. Barnaverndarráð heimti ársskýrslur frá barnaverndarnefndum og var skylt að gefa út skýrslu um starfsemi þeirra eigi sjaldnar en annað hvert ár. Barnaverndarráð hafði heimild til að fyrirskipa einstökum barnaverndarnefndum að taka mál til frekari meðferðar ef ráðið varð þess áskynja að einstaka nefndir ræktu ekki störf sín lögum samkvæmt. Einnig hafði Barnaverndarráð heimild til að taka að eigin frumkvæði

mál einstakra nefnda til meðferðar hvort sem viðkomandi barnaverndarnefnd hafði haft málið til meðferðar eða ekki.

Yfirumsjón með öllum barnahælum og uppeldisstofnunum í landinu, sem veittu viðtöku börnum hvaðanæva af landinu, var í höndum Barnaverndarráðs. Frá gildistöku laganna frá 1947 fram til gildistöku barnaverndarlaga árið 1992 hélst ákvæði þetta að meginstefnu til óbreytt. Barnaverndarráði var skylt að fela ráðsmanni eða sérstökum fulltrúa, einum eða fleiri, að hafa eftirlit með viðkomandi stofnunum, eigi sjaldnar en einu sinni á ári eða svo oft sem þurfa þótti. Ákvæði um eftirlitsskyldur Barnaverndarráðs með barnahælum og uppeldisstofnunum tók til stofnana sem vistuðu börn allsstaðar að af landinu og rekin voru af ríkinu. Beint eftirlit með barnahælum og uppeldisstofnunum sem rekin voru af sveitarfélögum var í höndum einstakra *barnaverndarnefnda* en þær lutu eins og fyrr hefur verið greint frá eftirliti af hálfu Barnaverndarráðs.

Frá gildistöku laga nr. 29/1947 um vernd barna og ungmenna og til gildistöku laga nr. 58/1992 um vernd barna og ungmenna var fullnaðarúrskurðarvald barnaverndarmála í höndum Barnaverndarráðs. Unnt var að skjóta ákvörðunum barnaverndarnefnda til Barnaverndarráðs, sbr. 54. gr. laga nr. 29/1947 og 1. mgr. 56. gr. laga nr. 53/1966, sem nú verður nánar vikið að.

Ákvæði laganna frá 1947 voru fáorð um málsmeðferð fyrir Barnaverndarráði. Í 54. gr. laganna var kveðið á um að aðili máls gæti borið mál undir Barnaverndarráð. Ekki var skilgreint í lögunum hver væri aðili máls fyrir Barnaverndarráði, en sá sem hagsmuni átti að gæta varðandi úrlausn barnaverndarnefndar gat skotið máli til ráðsins. Samkvæmt ákvæðinu var Barnaverndarráði skylt að taka mál til skjótrar úrlausnar. Ekki var að öðru leyti kveðið á um reglur um málsmeðferð fyrir Barnaverndarráði í lögunum frá 1947.

Við gildistöku laga um vernd barna og ungmenna nr. 53/1966 voru í 56. gr. laganna, sett skýrari og fyllri ákvæði um málsmeðferð fyrir Barnaverndarráði. Var réttarstaða aðila barnaverndarmála þá styrkt til muna. Kveðið var skýrar á um aðild að máli fyrir ráðinu. Foreldrar og aðrir forráðamenn barns, svo og aðrir sem hagsmuna áttu að gæta vegna ráðstafana Barnaverndarráðs, gátu borið ákvörðun barnaverndarnefndar undir Barnaverndarráð. Þeir aðilar, sem hér um ræddi, voru t.d. foreldrar barns, fósturforeldrar og þeir aðilar sem barn raunverulega dvaldist hjá ef ekki var um foreldra eða fósturforeldra að ræða, t.d. forstöðumenn barnaheimila eða annarra stofnana.[30]

Sem fyrr var ráðinu skylt að taka málið til skjótrar úrlausnar en ekki var kveðið á um tímafresti hvað það varðaði. Í ákvæðinu var nýmæli um hæfi nefndarmanna

[30] Guðrún Erlendsdóttir: *Meðferð úrskurðarmála hjá barnaverndarnefndum*. Samband íslenzkra sveitarfélaga, fræðslurit nr. 6, 1985, bls. 59.

Barnaverndarráðs við úrlausn einstakra mála. Sömu hæfisreglur tóku gildi og voru í lögum um meðferð einkamála nr. 85/1936 um hæfi dómara. Kveðið var á um rannsóknarskyldu Barnaverndarráðs og var það í fyrsta skipti sem kveðið var sérstaklega á um rannsóknarskyldu ráðsins. Ákvæði 20. gr. laganna er varðaði heimild aðila máls til að tjá sig fyrir barnaverndarnefnd með eða án aðstoðar lögmanns áður en máli væri ráðið til lykta, gilti nú einnig um meðferð máls fyrir Barnaverndarráði. Barnaverndarráði var heimilt að mæla fyrir um formlegan málflutning fyrir ráðinu. Ákvæði um andmælarétt aðila máls var nýtt í lögunum frá 1966. Ekki var hins vegar ákvæði í lögunum frá 1966 um rétt eða skyldu til formlegs rökstuðnings og birtingu úrskurða Barnaverndarráðs eins og gilti þá með úrskurði barnaverndarnefnda. Samkvæmt 2. mgr 14. gr. laganna bar barnaverndarnefnd að ráða meiriháttar máli til lykta með rökstuðningi og skyldi hann vera skriflegur, rökstuddur og birtur aðila máls með ábyrgðarbréfi eða á annan tryggilegan hátt. Í ákvæði 56. gr. er varðar málsmeðferð fyrir Barnaverndarráði var ekki vísað til 2. mgr. 14. gr. um málsmeðferð fyrir ráðinu.

7.4 Barnaverndarnefndir

Samkvæmt ákvæðum laga nr. 29/1947 og ákvæðum laga nr. 53/1966 voru ekki skýr skil á milli verkefna Barnaverndarráðs annars vegar og staðbundinna barnaverndarnefnda hins vegar. Barnaverndarráð hafði eftirlit með störfum einstakra barnaverndarnefnda og gat tekið mál til meðferðar hvort sem viðkomandi barnaverndarnefnd hafði haft málið til úrlausnar eða ekki. Ráðinu voru veittar víðtækar heimildir til afskipta af einstökum barnaverndarmálum strax frá upphafi máls. Samt sem áður er ljóst að samkvæmt ofangreindum lögum var það fyrst og fremst á hendi hinna staðbundnu barnaverndarnefnda að rækja verkefni barnaverndaryfirvalda innan síns umdæmis, þ.e. að sjá um almennt eftirlit með börnum og ungmennum og grípa til sérstakra úrræða í málum tiltekinna einstaklinga, ef ástæða þótti til.

Samkvæmt 4. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 29/1947 skyldu barnaverndarnefndir vera í hverjum kaupstað en utan kaupstaða sáu skólanefndir um störf barnaverndarnefnda. Þessi skipan hélst óbreytt fram til gildistöku laga nr. 53/1966, sbr. 4. gr., en þá var ekki lengur gert ráð fyrir hlutverki skólanefnda í barnaverndarmálum utan kaupstaða og var sett heimild til að hafa sameiginlega barnaverndarnefnd í fleiri en einum hrepp. Bæjarstjórn í hverjum kaupstað og borgarstjórn í Reykjavík kaus einstaklinga í barnaverndarnefnd. Fjöldi nefndarmanna hverju sinni fór eftir stærð barnaverndarumdæmis. Kjörgengir í barnaverndarnefnd voru þeir sem nutu kjörgengis til sveitarstjórna og voru kunnir að grandvarleik og báru sem best skyn á þau mál sem barnaverndarnefnd fjallaði um. Kjörtími barnaverndarnefnda var sá sami og bæjar-

stjórna og var borgaraleg skylda að taka kosningu í barnaverndarnefnd, en þeir gátu skorast undan sem voru 60 ára og eldri og þeir sem höfðu setið í barnaverndarnefnd kjörtímabil á undan.

Nefndarmönnum í barnaverndarnefnd bar samkvæmt 9. gr. laga nr. 29/1947 og 9. gr. laga nr. 53/1966 að skipta með sér störfum og kjósa formann, varaformann og ritara. Ritara bar að halda „nákvæma fundarbók um störf nefndar“ og að senda Barnaverndarráði skýrslu um þau fyrir miðjan febrúar ár hvert.

Samkvæmt 10. gr. laga nr. 29/1947 og 10. gr. laga nr. 53/1966 var kveðið á um heimild barnaverndarnefnda til að ráða sérhæft starfslið til að annast dagleg störf nefndarinnar í umboði hennar. Samkvæmt 1. mgr. 10. gr. laga nr. 29/1947 var kveðið á um skyldu bæjarráðs í Reykjavík, að fengnum tillögum barnaverndarnefndar, að ráða *fulltrúa* er annaðist dagleg störf nefndarinnar. Skyldi sá aðili vera kunnáttumaður um uppeldismál. Í 2. mgr. var kveðið á um heimild barnaverndarnefndar í Reykjavík til að ráða *annað starfsfólk* með heimild bæjarráðs. Barnaverndarnefndum utan Reykjavíkur var jafnframt heimilt að ráða fulltrúa eða annað starfsfólk með heimild viðkomandi bæjarstjórnar eða hreppsnefndar. Í 10. gr. laga nr. 53/1966 var kveðið á um heimild barnaverndarnefnda, að fenginni heimild sveitastjórnar, til að ráða sérhæft starfslið sem annast skyldi dagleg störf barnaverndarnefndar í umboði hennar svo og annað sérhæft starfsfólk.

Samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga var barnaverndarnefndum heimilt að fela fulltrúa sínum eða sérhæfðu starfsliði umboð til að annast „dagleg störf“ barnaverndarnefnda. Frá gildistöku laga nr. 29/1947 var þannig gert ráð fyrir að barnaverndarnefndir gætu ráðið starfslið sem annaðist dagleg störf einstakra nefnda, t.d. könnun og meðferð einstakra mála, en meiriháttar ákvarðanir, eins og taka barns af heimili, sbr. 20. gr. laga nr. 29/1947, og meiriháttar ákvarðanir, sbr. 13. gr. laga nr. 53/1966, þ. á m. taka barns af heimili, skyldu ávallt vera teknar formlega af viðkomandi barnaverndarnefnd, sbr. nánari umfjöllun í kafla 9 hér síðar. Samkvæmt lokamálslið 3. mgr. 14. gr. laga nr. 53/1966 var kveðið á um heimild menntamálaráðherra til að setja reglugerð um verkaskiptingu innan fjölmennari nefnda, svo og um starfsmenn og ráðunauta barnaverndarnefnda. Um barnaverndarnefndir, störf þeirra og starfsháttu voru sett nánari ákvæði í II. kafla reglugerðar nr. 105/1970.

Þess skal getið að með 1. gr. laga nr. 31/1968 var bætt nýrri 5. málsgrein við 6. gr. laga nr. 53/1966 þar sem menntamálaráðherra var veitt heimild til að fela félagsmálaráði Reykjavíkur störf barnaverndarnefndar í Reykjavík að nokkru eða öllu leyti. Ráðherra skyldi mæla nánar fyrir um starfssvið í reglugerð, en skipan félagsmálaráðs, fjöldi ráðsmanna og kjörtímabil skyldi ákvarðast af borgarstjórn Reykjavíkur. Á þessum laga-

grundvelli setti menntamálaráðherra reglugerð nr. 96/1970 um verkaskiptingu milli félagsmálaráðs og barnaverndarnefndar Reykjavíkur.

Samkvæmt 1. og 6. tölul. 2. gr. reglugerðar nr. 96/1970 var barnaverndarnefnd Reykjavíkur meðal annars falið að fara með eftirlit með uppeldisstofnunum, enda væri eftirlitið ekki falið öðrum samkvæmt sérstökum lögum, auk þess að úrskurða um meiri háttar mál, er vörðuðu ráðstafanir gagnvart börnum eða forráðamönnum þeirra, sbr. 14. gr. laga nr. 53/1966 um vernd barna og ungmenna. Með 3. tölul. 3. gr. reglugerðar nr. 96/1970 var félagsmálaráði falin ráðstöfun í vist eða fóstur og eftirlit með því að öðru leyti en greinir í áðurnefndum 6. tölul. 2. gr.[31]

Í eftirfarandi umfjöllun um lögbundið hlutverk og verkefni barnaverndarnefnda samkvæmt lögum nr. 53/1966 verður í tilviki *barnaverndarnefndar Reykjavíkur* að hafa í huga ofangreinda kerfisbreytingu um verkaskiptingu menntamálaráðherra á milli nefndarinnar og félagsmálaráðs samkvæmt reglugerð nr. 96/1970.

Meginhlutverk barnaverndarnefnda samkvæmt lögum nr. 29/1947 og lögum nr. 53/1966 var í fyrsta lagi að sjá um eftirlit með börnum og ungmennum í umdæmi þeirra og grípa til viðeigandi ráðstafana ef ástæða þótti til. Til að rækja þessa skyldu sína áttu barnaverndarnefndir að hafa stöðugt samband við þá aðila sem stöðu sinnar vegna öðluðust vitneskju um framferði, uppeldi og aðbúnað barna og ungmenna. Í 21. gr. laga nr. 29/1947 og 21. gr. laga nr. 53/1966 var sérstaklega kveðið á um þessa skyldu barnaverndarnefnda. Auk þessa voru í lögunum ákvæði er vörðuðu tilkynningarskyldu opinberra starfsmanna og annarra einstaklinga ef þeir urðu þess varir að aðbúnaður, uppeldi eða hegðun barna var ábótavant. Lögin gerðu því ráð fyrir að upphaf barnaverndarmáls gæti borið að með tvennum hætti, *annars vegar* að eigin frumkvæði viðkomandi barnaverndarnefndar og *hins vegar* með tilkynningu opinberra aðila eða annarra til nefndarinnar.

Ef barnaverndarnefnd varð þess áskynja eða fékk tilkynningu um að hagsmunir barns væru í hættu bar henni í fyrstu að rannsaka hvert mál. Í 16. gr. laganna frá 1947 og 16. gr. laganna frá 1966 var kveðið á um rannsóknarskyldu barnaverndarnefnda. Samkvæmt ákvæðunum bar barnaverndarnefnd ábyrgð á að allra nauðsynlegra upplýsinga yrði aflað um mál áður en gripið yrði til ákvarðana af hálfu nefndarinnar og var slík rannsókn forsenda fyrir framhaldi barnaverndarmáls. Hafði barnaverndarnefnd víðtækar heimildir við rannsókn barnaverndarmála. Var henni heimilt að fara inn á heimili

[31] Með 1. gr. laga nr. 94/1969 var menntamálaráðherra veitt almenn heimild með nýrri 6. mgr. 6. gr. laga nr. 53/1966 til að fela störf barnaverndarnefndar í sveitarfélagi utan Reykjavíkur félagsmálaráði að nokkru eða öllu leyti, enda óskaði sveitarstjórn eftir því og ákveðið væri af hennar hálfu að stofna til félagsmálaráðs.

og hæli til rannsóknar á högum barns og ungmennis. Hafði hún heimild til að taka skýrslur af foreldrum og forráðamönnum og hverjum þeim sem vitneskju höfðu um hagi barns. Einnig gat barnaverndarnefnd krafist vitnaleiðslu fyrir dómi ef svo bar undir.

Í barnaverndarlögunum frá 1947 og 1966 var skýrt kveðið á um hvenær barnaverndarnefnd gæti haft afskipti af börnum og heimilum. Ákvæði laga nr. 53/1966 að því er varðaði heimild barnaverndarnefnda til afskipta af börnum voru í megindráttum samhljóða ákvæðum laga nr. 29/1947. Ákvæði um störf og starfsháttu barnaverndarnefnda voru í IV. kafla laga nr. 29/1947 og IV. kafla laga nr. 53/1966. Af þeim má draga ályktanir um eftirfarandi:

Í fyrsta lagi bar barnaverndarnefnd að hafa afskipti af börnum sem voru forsjárlaus. Var það fortakslaus skylda barnaverndarnefnda að koma þeim börnum í fóstur á góð heimili.

Í öðru lagi bar barnaverndarnefnd að hafa afskipti af sjúkum börnum sem fengu ekki viðunandi hjúkrun eða læknishjálp og börnum sem voru andlega vanþroska og fengu ekki þá sérstöku umönnun sem þörf var á.

Í þriðja lagi bar barnaverndarnefnd að hafa afskipti af börnum ef uppeldi þeirra, aðbúnaði eða atlæti var ábótavant vegna hirðuleysis foreldra, vankunnáttu þeirra, andlegra eða siðferðilegra annmarka, líkamlegrar eða andlegrar vanheilsu, drykkjuskapar, eiturlyfjaneyslu, lauslætis o.fl.

Í fjórða lagi bar barnaverndarnefnd að hafa afskipti af börnum ef hegðun þeirra var ábótavant vegna ódælsku, óknytta, slæpingsháttar, flækings, betls, vanrækslu í námi, drykkjuskapar, annarrar óreglu eða lögbrota.

Þegar litið er til þessara tilvika sem veitti barnaverndarnefnd heimild til afskipta af börnum með hegðunarvanda og börnum sem bjuggu við bágar heimilisaðstæður er ljóst að heimild til afskipta var rúm og gaf barnaverndarnefndum nokkurt svigrúm til mats í hverju tilfelli.

Ef aðstæður barns voru með þeim hætti, sem að ofan er getið, fór það eftir eðli hvers máls til hvaða úrræða barnaverndarnefnd gat gripið. Ef um forsjárlaus börn var að ræða bar að koma þeim í fóstur á heimili eins og fyrr hefur verið getið. Ef um sjúk börn og andlega vanheil var að ræða bar barnaverndarnefnd í samráði við heimilislækni, yfirvöld eða aðra sérfræðinga að gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar þóttu til verndar heilsu viðkomandi barns. Lögin voru afar fáorð um hvaða aðgerða barnaverndarnefnd var heimilt að grípa til við þær aðstæður. Eina sjónarmiðið sem nefndarmenn áttu að hafa í huga var velferð barnsins sjálfs.[32]

[32] Guðrún Erlendsdóttir: *Handbók Barnaverndarráðs Íslands fyrir barnaverndarnefndir,* Reykjavík 1981, bls. 19

Ef uppeldi barna, aðbúnaður eða atlæti á heimili var ábótavant vegna hirðuleysis foreldra eða forráðamanna, eða ef um var að ræða hegðunarvanda eða lögbrot barns eða ungmennis, bar barnaverndarnefnd í fyrstu að beita vægari úrræðum en töku barns af heimili eða sviptingu forsjár. Beita átti leiðbeiningum og áminningum áður en gripið væri til þess ráðs að taka barn af heimili. Einnig var barnaverndarnefndum heimilt að skipa heimilum eftirlitsmann til að ná fram því markmiði sem leiðbeiningar og áminningar stefndu að. Hafi barnaverndarnefnd við upphaf afskipta af barni og/eða fjölskyldu metið það svo að vægara úrræði en taka barns af heimili eða svipting forsjár væri tilgangslaust var henni ekki eingöngu heimilt heldur skylt að grípa til viðeigandi ráðstafana til verndar barni eða ungmenni, eins og t.d. að taka barn af heimili.

Samkvæmt lögunum frá 1947 og 1966 var fortakslaust bann við að taka börn af heimilum eingöngu vegna fátæktar eða örbirgðar foreldra, sbr. 2. mgr. 24. gr. laga nr. 29/1947 og 2. mgr. 24. gr. laga nr. 53/1966. Barnaverndarnefndum bar skylda til að aðstoða foreldra og ráða bót á bágbornum fjárhag þeirra og skyldi sá kostnaður greiðast úr bæjarsjóði.

Samkvæmt 13. gr. laga nr. 29/1947 var barnaverndarnefnd ályktunarfær þegar fullur helmingur nefndarmanna sat fund, enda væri formaður eða varaformaður á fundi. Ef svipta átti forráðamenn barns umráðarétti yfir því, þurfti hið fæsta 2 nefndarmenn í 3 manna nefnd, 4 í 5 manna nefnd og 5 í 7 manna nefnd að gjalda ráðstöfuninni jákvæði. Nú hamlaði nauðsyn barnaverndarmanni fundarsókn og bar honum þá að gera formanni viðvart með fyrirvara, ef unnt var. Boðaði þá formaður varamann í hans stað. Í 14. gr. laganna sagði að ef vinda þyrfti „bráðan bug [...] að ráðstöfun, sem [bæri] undir barnaverndarnefnd, gæti formaður, eða fulltrúi i umboði hans, framkvæmt hana, en leggja [skyldi] málið til fullnaðarákvörðunar fyrir barnaverndarnefnd, svo fljótt sem kostur [væri]. Samsvarandi ákvæði um ályktunarhæfi barnaverndarnefndar og heimild formanns, eða fulltrúa í hans umboði, til að vinda bráðan bug að ráðstöfun, sem bæri undir barnaverndarnefnd, var að finna í 13. og 15. gr. laga nr. 53/1966.

Samkvæmt lögum nr. 29/1947 var ekki skilyrði að lögfræðingur ætti sæti í barnaverndarnefnd. Í 14. gr. laganna var kveðið á um heimild barnaverndarnefnda til að kalla eftir sérfræðiaðstoð héraðsdómara ef lögfræðingur átti ekki sæti í barnaverndarnefnd. Með lögum nr. 53/1966 var mælt fyrir um að í vissum málum tæki héraðsdómari sæti í barnaverndarnefnd ef hún var ekki skipuð lögfræðingi. Ef fjalla átti um töku barns af heimili, sviptingu foreldravalds, kröfu um að barn skyldi flutt frá fósturforeldrum eða kröfu um að felldur yrði niður úrskurður um töku barns af heimili eða sviptingu foreldravalds, þá tók héraðsdómari sæti í nefnd sem meðlimur hennar með sömu réttindi

og skyldur og aðrir nefndarmenn.[33] Til allra venjulegra ákvarðana barnaverndarnefnda samkvæmt barnaverndarlögunum frá 1947 og 1966 nægði einfaldur meirihluti. Þegar fjallað var um meiriháttar barnaverndarmál, sem eingöngu voru til lykta leidd með úrskurði barnaverndarnefndar, þurfti aukinn meirihluta.

Í tíð laga nr. 29/1947 var barnaverndarnefnd með 13. gr. laganna veitt heimild til að svipta forráðamenn umráðarétti. Hvorki í texta ákvæðisins né í greinargerð með frumvarpi því, er varð að lögum nr. 29/1947, var skilgreint hvað átt væri við með *sviptingu forráðamanna á umráðarétti*. Í 20. gr. var hins vegar mælt svo fyrir að jafnan skyldi leita, ef þess væri kostur, umsagnar foreldra eða forráðamanna barns eða ungmennis, áður en framkvæmdar væru „meiri háttar ráðstafanir, svo sem taka barns af heimili“.

Við gildistöku laga nr. 53/1966 héldust ákvæði þessi að meginstefnu óbreytt, en í 13. gr. þeirra laga var sérstaklega fjallað um töku barns af heimili, sviptingu foreldravalds, kröfu um að barn skuli flutt frá fósturforeldrum eða kröfu um að felldur yrði niður úrskurður um töku barns af heimili eða sviptingu foreldravalds. Voru þessi mál flokkuð sem *meiriháttar barnaverndarmál*.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. sömu laga skyldi öllum meiri háttar málum, er vörðuðu ráðstafanir gagnvart börnum eða forráðamönnum þeirra, ráðið til lykta með úrskurði er skyldi vera skriflegur og rökstuddur. Úrskurð bar að tilkynna með ábyrgðarbréfi eða á annan jafntryggilegan hátt og skyldi vekja athygli á heimild til að skjóta máli til Barnaverndarráðs, sbr. 56. gr., ef því væri að skipta.

Í 20. gr. laga nr. 53/1966 var síðan ítrekað að áður en meiri háttar barnaverndarmáli, sbr. 13. gr., væri ráðið til lykta, bæri að veita foreldrum eða forráðamönnum barns kost á að tjá sig um málið, munnlega eða skriflega, þ. á m. með liðsinni lögmanna, ef því væri að skipta. Að jafnaði bæri einnig að veita barni eða ungmenni kost á að koma á fund barnaverndarnefndar, þegar svo stæði á.

7.5 Lagagrundvöllur fyrir stofnun vistheimila fyrir börn sem framið höfðu afbrot eða voru á annan hátt á glapstigum

Ákvæði um heimild ríkisstjórnarinnar til að setja á fót heimili fyrir ungmenni kom fyrst fram í bráðabirgðalögum um eftirlit með ungmennum o.fl. nr. 122/1941. Samkvæmt 5. gr. laganna var gert ráð fyrir vistun ungmennis á heimili, hæli eða skóla, vegna slæmrar hegðunar, svo sem lauslætis, drykkjuskapar eða slæpingsháttar, ef afskipti barnaverndarnefndar af ungmenni bar ekki árangur. Var ríkisstjórninni veitt

[33] Guðrún Erlendsdóttir. *Handbók Barnaverndarráðs Íslands fyrir barnaverndarnefndir*, Reykjavík 1981, bls. 11.

heimild til að koma upp stofnunum í því skyni og skyldi sá kostnaður greiðast úr ríkissjóði. Bráðabirgðalögin voru staðfest á Alþingi með lögum nr. 62/1942 um eftirlit með ungmennum o.fl. og var fyrrgreind heimild til stofnunar heimilis, hælis eða skóla í 3. gr. þeirra laga. Í umræðum á Alþingi um frumvarp til laga nr. 62/1942 var setning bráðabirgðalaganna rökstudd með þeirri brýnu nauðsyn sem hafi verið á því að koma á heimili fyrir ungmenni, sem voru svo langt leidd að þau þyrftu að dvelja á uppeldisstofnun.[34]

Við gildistöku laga um vernd barna og ungmenna nr. 29/1947 var í fyrsta skipti mælt fyrir um *skyldu* ríkisstjórnarinnar til að setja á stofn hæli fyrir börn og ungmenni, sem framið höfðu *lögbrot* eða voru á *annan hátt á glapstigum*, en ekki *heimild* eins og verið hafði í bráðabirgðalögum nr. 122/1941, sem staðfest voru með lögum nr. 62/1942 um eftirlit með ungmennum o.fl. Ákvæðið 37. gr. laganna var svohljóðandi:

> Ríkisstjórninni er skylt, eftir því sem fé er veitt til þess á fjárlögum, að setja á stofn og reka hæli, þar sem vistuð skulu börn og ungmenni, sem framið hafa lögbrot eða eru á annan hátt á glapstigum. Skulu hæli þessi vera a.m.k. tvö, annað handa stúlkum, en hitt handa piltum. Ráðherra setur reglur um vist barna og ungmenna á hælum þessum, fræðslu, uppeldi og aga þar. Um greiðslur fyrir börn og ungmenni á hælum þessum og öðrum hælum og stofnunum handa börnum og ungmennum sem í 35. gr. getur, fer samkv. lögum nr. 78 1936. Þegar leitað er samninga um vist á slíkum hælum, skal það gert í samráði við Barnaverndarráð.

Greinargerð sú, sem fylgdi með frumvarpi því er varð að lögum nr. 29/1947, var fáorð um ákvæði 37. gr. er varðaði skyldu ríkisstjórnarinnar til stofnunar og reksturs heimilis fyrir börn og ungmenni. Frumvarp til laga um vernd barna og ungmenna hafði verið lagt fram á Alþingi fjórum sinnum áður en lög nr. 29/1947 voru samþykkt, fyrst árið 1943. Í athugasemdum með frumvarpinu sem lagt var fram árið 1943 kemur fram að bæir hafi vaxið ört, lögbrot barna og ungmenna aukist og að ungum stúlkum stafi sífellt meiri siðferðileg hætta af erlendu hersetuliði sem þá var statt í landinu.[35] Frumvarp til nýrra barnaverndarlaga var síðan lagt fram þrisvar til viðbótar næstu árin og varð það að lögum nr. 29/1947 og innihélt áðurnefnda skyldu ríkisins til að koma á fót heimili fyrir börn og ungmenni.

Áðurtilvitnað ákvæði 37. gr. var með fyrirvara um að fé fengist á fjárlögum. Samkvæmt ákvæðinu voru stofnanir, sem komið væri á fót á grundvelli heimildar í 37. gr. laganna, eingöngu ætlaðar börnum *sem framið höfðu lögbrot eða voru á annan hátt á glapstigum* en ekki börnum sem byggju við erfiðar heimilisástæður, illa meðferð,

---

[34] Alþt.1942, A, B-D deild, 104-105.
[35] Alþt. 1942-1943, A-deild, bls. 279.

ofbeldi eða fátækt. Árið 1952 hófst rekstur Breiðavíkurheimilisins, en stofnun þess, sem nánar var fjallað um í kafla 5 í II. hluta skýrslunnar, var að lögum reist á nefndri 37. gr. laga nr. 29/1947.

Á Alþingi árið 1954 var flutt frumvarp þess efnis að hefjast skyldi handa til að koma upp vistheimili fyrir stúlkur. Í athugasemdum með frumvarpinu kom fram að ekki hefði, þrátt fyrir heimild í 37. gr. laga nr. 39/1947, verið stofnað heimili fyrir stúlkur og því nauðsynlegt að leggja fram sérstakt frumvarp til laga þess efnis.[36] Síðar á sama þingi var ákveðið að í stað sérlaga um vistheimili fyrir stúlkur skyldi 1. grein frumvarpsins felld inn í gildandi lög nr. 29/1947 sem breyting á 37. gr. laganna.[37] Hin nýja málsgrein 2. mgr. 37. gr. var svohljóðandi:

> Hefja skal þegar undirbúning að stofnun og rekstri heimilis fyrir stúlkur. Ríkisstjórninni er heimilt að leita eftir hentugu húsnæði, sem til kann að vera, fyrir vistheimilið og gera samning um afhendingu þess og afnot. Enn fremur er henni heimilt að taka til þessara nota húsnæði, sem ríkið á eða hefur umráð yfir.

Í 39. gr. laga nr. 53/1966 var sambærilegt ákvæði og 37. gr. laga nr. 29/1947. Ákvæðið tók þeim breytingum að nú var skýrt kveðið á um það að þau heimili sem sett yrðu á fót samkvæmt heimild í 37. gr. skyldu hafa stjórnarnefnd og kveðið var á um skyldu sveitarfélaga til að reka stofnanir fyrir önnur börn en þau sem áttu við hegðunarvanda að etja eða framið höfðu lögbrot.

7.6 Reglugerðarfyrirmæli um starfsemi Breiðavíkurheimilisins

Hinn 25. júlí 1958 var sett reglugerð nr. 88/1958 um vistheimilið Breiðavík. Samkvæmt 1. gr. var gert ráð fyrir að stjórn vistheimilisins yrði í höndum þriggja manna nefndar, sem ráðherra skipaði, auk þess sem ráðherra skipaði forstöðumann heimilisins að fengnum tillögum stjórnarnefndarinnar. Annað starfsfólk réð stjórnarnefndin í samráði við forstöðumann. Samkvæmt 2. gr. var gert ráð fyrir að heimilið væri fyrir þá drengi sem framið hefðu lögbrot eða væru á annan hátt á glapstigum. Barnaverndarnefndir og skólanefndir eða eftir atvikum Barnaverndarráð var falið að ákveða, að höfðu samráði við stjórnarnefndina, hverjir hlytu vistun á heimilinu.

Áður en dreng væri veitt viðtaka á heimilið bar stjórnarnefndinni samkvæmt 3. gr. reglugerðarinnar að kynna sér „aðstæður allar í máli hans, þ. á m. hver [væri] afstaða foreldra hans og forráðamanna til vistarinnar“. Þá skyldi nefndin gæta þess að læknir rannsakaði „rækilega heilsufar drengsins og sömuleiðis, að sálfræðingur [hefði] áður

[36] Alþt. 1954, A-deild, þskj. 14.
[37] Alþt. 1954, A-deild, þskj. 482.

athugað hann, ef þess [væri] nokkur kostur“. Skyldu eftirrit af umsögnum þessara sérfræðinga, svo og umsögn barnaverndarnefndar (Barnaverndarráðs) um drenginn sendast forstöðumanni heimilisins, sbr. 3. mgr. 3. gr.

Vistdrengjum skyldi séð fyrir lögskipaðri fræðslu, sbr. fyrsta málsl. 1. mgr. 4. gr. Skyldi á vistheimilinu vera kennari allt árið, sem annaðist kennsluna og aðstoðaði við uppeldisstörf á heimilinu. Samkvæmt 5. gr. var skylt að framkvæma læknisrannsókn á drengjunum a.m.k. tvisvar á ári. Skyldu þeir vegnir og hæðarmældir, er þeir kæmu á heimilið, og er þeir færu þaðan. Stjórnarnefndinni var skylt, ef þörf krefði, að fá sérmenntaðan mann í uppeldisfræði eða sálarfræði til þess að athuga andlegt heilbrigði, líðan og hegðan drengjanna, sbr. lokamálslið 5. gr.

Í 7. gr. var fjallað um skyldu forstöðumanns til að halda dagbók fyrir heimilið, þar sem skráð væru helstu atvik, er varða málefni þess og annað, er máli skipti fyrir rekstur heimilisins. Þá var honum skylt að halda spjaldskrá um drengina þar sem tilfærð yrðu helstu atriði varðandi feril þeirra. Í 8. gr. var fjallað um málsmeðferð þegar ákvörðun var tekin um að ekki væri lengur þörf vistunar fyrir dreng. Ef forstöðumaður taldi að drengur hefði ekki lengur þörf hælisvist bar honum að skýra stjórnarnefndinni frá því en í framhaldi af því bæri henni að ákveða hvort dvöl skyldi lokið að höfðu samráði við viðkomandi barnaverndarnefnd, skólanefnd eða Barnaverndarráð. Ef forstöðumaður teldi að lengri dvöl væri nauðsynleg en honum var í fyrstu ákveðin bar honum að skýra stjórnarnefndinni frá því með fyrirvara og tæki hún ákvörðun um hvort dvöl skyldi framlengd. Ella lyki dvöl drengs þegar sá tími væri liðinn sem honum var ætlað að dveljast á heimilinu. Þegar drengur hafði lokið vist á heimilinu bar stjórnarnefnd ásamt viðkomandi barnaverndarnefnd að veita honum atbeina sinn til þess að komast í vist, í atvinnu eða til náms við hans hæfi, ef ekki væri með öðru móti tryggt að hann hlyti viðunandi vist og aðbúnað, sbr. 9. gr. reglugerðarinnar.

Samkvæmt 10. gr. var forstöðumanni skylt að gæta þess að fæði væri nægilegt og hollustusamlegt og að matmálstímar væru reglubundnir og hæfilega langir. Skyldi hann ennfremur ganga ríkt eftir því að drengirnir hlýddu hreinlætisreglum heimilisins og reglum um fótaferð og náðir. Samkvæmt 11. gr. bar stjórnarnefndinni og forstöðumanni að setja reglur um hegðun og umgengni vistdrengja og heimilisaga. Skyldu þær bornar undir menntamálaráðuneytið til staðfestingar. Bar forstöðumanni að sjá um að reglunum yrði framfylgt. Í 12. gr. var kveðið á um að heimilið skyldi láta drengjum í té vinnufatnað og annan nauðsynlegan útbúnað. Samkvæmt 13. gr. bar að annast um dreng eftir ráði héraðslæknis ef hann varð sjúkur. Væri sjúkdómur hættulegur skyldi gera nánustu vandamönnum drengsins viðvart ef unnt væri. Hefði drengur næman sjúkdóm skyldi gætt ýtrustu varúðarráðstafana í því skyni að aðrir vistmenn smituðust ekki.

Reglugerð nr. 107/1970 um vernd barna og ungmenna var sett árið 1970. Í III. kafla hennar voru ítarleg ákvæði um vistheimili fyrir börn og ungmenni, fóstur á einkaheimilum til skamms tíma og dagvistun, en óþarfi er að rekja þau fyrirmæli nánar hér.

Ný reglugerð nr. 225/1973 um skólaheimilið í Breiðavík var sett árið 1973. Sú reglugerð var sett nokkrum árum eftir að ný heildarlög um barnavernd nr. 53/1966 tóku gildi eins og var um reglugerð um vistheimilið Breiðavík frá árinu 1958. Samkvæmt reglugerðinni um Breiðavíkurheimilið frá 1973 var stjórn heimilisins í höndum 6 manna nefndar. Þriggja manna stjórn Upptökuheimilis ríkisins í Kópavogi og þriggja manna búsettra í Vestur Barðastrandarsýslu. Stjórnarmenn Upptökuheimilisins önnuðust vistun nemenda og rannsóknir og annan undirbúning að vistun og sérfræðilegt eftirlit og leiðbeiningar með uppeldi og kennslu. Stjórnarmenn búsettir vestra önnuðust reglulega umsjón með umönnun nemenda, starfrækslu heimilisins og búrekstri þess.

Samkvæmt 2. gr. var skólaheimilið ætlað unglingum að jafnaði á aldrinum 11-14 ára, sem eftir tilvísun barnaverndarnefnda og að aflokinni rannsókn á Upptökuheimili ríkisins voru taldir hafa not af vistun á Breiðavík. Með 3. gr. var mælt fyrir um að nemendum skyldi séð fyrir lögskipaðri fræðslu og skyldi kennslan sniðin eftir getu og andlegu ástandi nemenda. Upptökuheimili ríkisins skyldi samkvæmt 4. gr. senda eftirfarandi starfsmenn til Breiðavíkur: sálfræðing fjórum sinnum á ári, lækni tvisvar á ári, og sérkennara tvisvar á ári. Ákvæði 5. og 6. gr. voru samsvarandi að efni til og áðurnefnd ákvæði 7. og 8. gr. um dagbókarskráningu forstöðumanns og málsmeðferð þegar fyrir lægi að taka ákvörðun um hvort ekki væri lengur þörf á vistun nemanda. Þá var í 7. gr. meðal annars fjallað um að stjórnarnefndin skyldi leggja kapp á að útvega nemendum starf við sitt hæfi að lokinni skólavist, svo og um sumartímann.

8. Almennt um starfsemi Breiðavíkurheimilisins 1952-1979 – tölulegar staðreyndir, rannsóknir og önnur skjalleg gögn

8.1 Gagnaöflun nefndarinnar

Í þessum kafla verður í stórum dráttum gerð grein fyrir helstu þáttum við gagnaöflun nefndarinnar, en hvorki er ástæða né tóm til að reifa efnisatriði fyrirliggjandi gagna og heimilda í heild sinni hér, enda nánar vikið að ályktunargrundvelli nefndarinnar að þessu leyti, þ.á.m. fyrirliggjandi gögnum og heimildum, í III. hluta skýrslunnar.

Gagnaöflun nefndarinnar í tilefni af könnun þessari hefur verið viðamikil og afar tímafrek. Eins og rakið er í kafla 2.1. í I. hluta skýrslunnar óskaði nefndin eftir atbeina forsætisráðuneytisins og félagsmálaráðuneytisins við að afla gagna um starfsemi Breiðavíkurheimilisins frá öðrum ráðuneytum og undirstofnunum þeirra og sveitar-

félögunum, einkum héraðsskjalasöfnum. Þýðingarmestu gögnin um starfsemi Breiðavíkur hafa fundist á Þjóðskjalasafni, Borgarskjalasafni og hjá nokkrum héraðsskjalasöfnum.

Sökum þess að langflestar ákvarðanir um vistun barna á Breiðavík á tímabilinu 1952-1972 voru teknar af hálfu barnaverndarnefndar Reykjavíkur lagði nefndin á það áherslu að fram færi ítarleg og kerfisbundin greining af hálfu Borgarskjalasafns á tiltækum gögnum nefndarinnar um einstaka vistmenn á þessu tímabili. Að beiðni nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna, hefur Borgarskjalasafn tekið saman greinargerð um þessa vinnu, dags. 10. janúar 2008, sjá nánar *fylgiskjal nr. 5*.

Í greinargerðinni er rakið að samtals hafi safnið skilað nefndinni 2.898 síðum í alls átta afhendingum og fjalli þær um 93 einstaklinga og sömuleiðis hafi verið afhent afrit skjala sem fjalli almennt um upphaf og starfsemi Breiðavíkurheimilisins. Sér örk hafi verið fyrir mál hvers einstaklings. Misjafnlega mikið hafi verið til af skjölum um þá einstaklinga frá Reykjavík sem vistaðir voru á Breiðavík fyrir tilstuðlan barnaverndarnefndar Reykjavíkur á árunum 1952-1976. Fari það bæði eftir því hve mikil afskipti barnaverndarnefndarinnar hafi verið af einstaklingum og/eða fjölskyldum þeirra áður en viðkomandi var sendur og hve mikið af gögnum hafi varðveist. Er rakið að af skýrslum Símonar Jóhannesar Ágústssonar, sálfræðings, sem fór árlega í eftirlitsferðir til Breiðavíkur á árunum 1959-1972, sjá nánar hér síðar, hafi mátt ráða að viðkomandi hafi fylgt skjöl um ástæður vistar og jafnvel greiningar, en afrit þeirra skjala hafa ekki alltaf varðveist í skjalasafni barnaverndarnefndar Reykjavíkur.

Í greinargerð Borgarskjalasafns til nefndarinnar segir að upplýsingar um þá einstaklinga frá Reykjavík, sem voru vistaðir á Breiðavík, hafi sem fyrr greinir einkum verið að finna í skjölum barnaverndarnefndar Reykjavíkur. Þó hafi einnig verið leitað í skjölum annarra vistheimila og sálfræðideildar skóla og jafnvel á fleiri stöðum ef illa gekk að finna upplýsingar um mál. Haft hafi verið samráð við fyrrverandi skjalavörð Félagsþjónustunnar í Reykjavík sem og fyrrverandi félagsmálastjóra í Reykjavík um hvernig skjöl hafi verið vistuð á þessum tíma og hvað upplýsingar gæti verið að finna. Sérstaklega er tekið fram að Borgarskjalasafn hafi ekki fengið afhent skjöl geðverndardeildar Heilsuverndarstöðvarinnar en sumir umræddra einstaklinga höfðu farið í viðtöl þar. Nefnd samkvæmt lögum nr. 26/2007 hefur ekki talið þörf á að afla þeirra upplýsinga. Hefur þá meðal annars verið litið til eðlis þessara upplýsinga og lögbundinna krafna fyrir vinnslu þeirra og miðlun, sbr. 8. tölul. 2. gr. og 1. mgr. 8. gr. og 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Í árslok 2007

barst Borgarskjalasafni spjaldskrá einstaklingsmála fyrir árin 1966 til 1990 frá sálfræðideild skóla, en hún var ekki fyrir hendi þegar leit var unnin fyrir nefndina.

Í greinargerð Borgarskjalasafns er síðan með eftirfarandi hætti gerð nánar grein fyrir gagnavörslu og leit að upplýsingum í skjölum barnaverndarnefndar Reykjavíkur um þá sem voru vistaðir í Breiðavík, *sjá fylgiskjal nr. 5*:

> Eins og fyrr sagði var einkum leitað fanga í eldri skjölum barnaverndarnefndar Reykjavíkur varðandi mál þeirra sem sendir voru til Breiðavíkur. Skjöl nefndarinnar sjálfrar hafa almennt varðveist en misjafnt er hvernig þeim hefur verið raðað eftir tímabilum. Rétt er þó að hafa í huga að starfsemi og ákvarðanataka barnaverndarnefnda og félagsmálayfirvalda var með töluvert öðrum hætti á þessum tíma en tíðkast í dag. Sömuleiðis eru skjöl varðandi einstaklingana ólík eftir því hvort þeir voru sendir til Breiðavíkur vegna fjölskylduaðstæðna eða afskipta af þeim sjálfum. Notast var við nokkra meginskjalaflokka barnaverndarnefndar í Reykjavík við leitina:
>
> *Spjaldskrár* barnaverndarnefndar eru lykilheimildir að skjölum hennar um málefni einstaklinga. Ekki er til ein heildstæð spjaldskrá yfir barnaverndarmál á tímabilinu heldur er um að ræða nokkrar skrár fram til um 1970. Þær vísa í færslur í gerðabókum BVN, skýrslur um heimiliseftirlit, lögregluskýrslur sem bárust nefndinni, ástæður afskipta og í sumum tilfellum númer framfærslumála og þeirra úrræða sem gripið var til. Án spjalds eða færslu er næsta ómögulegt að rekja feril barns eða fjölskyldu í gögnum BVN. Tilviljanakennt var hvort málið var skráð á barn, föður, móður eða jafnvel afa eða ömmu. Oft var fæðingardegi sleppt og mál jafnvel skráð á millinafn eða gælunafn viðkomandi barns eða foreldris. Töluverð leit getur því verið að máli.
>
> *Gerðabækur* BVN veita gott yfirlit yfir barnaverndarmál allt frá því að ábending barst til nefndarinnar og þangað til að úrræði var fundið eða ákvörðun tekin. Lítið er á þeim að græða þegar kemur að því að skoða ástæður inngripa eða ákvarðanatöku nefndarinnar þar sem færslurnar eru stuttar og skrá eingöngu mál tekin fyrir eða ákvarðanir. Því skiptir varðveisla annarra skjala skiptir sköpun varðandi bakgrunn mála nefndarinnar.
>
> Afrit *lögregluskýrslna* voru lögð fram á fundum BVN og voru skráðar í spjaldskránna á nafn viðkomandi brotaaðila og í sumum tilvikum brotaþola. Undantekningarlítið er hægt að finna allar lögregluskýrslur sem bárust nefndinni fram til um 1970.
>
> Svokallaðar *heimiliseftirlitsskýrslur* voru skrifaðar af eftirlitsaðilum barnaverndarnefndar og ná yfir samskipti þeirra við fjölskyldurnar. Þær eru nokkuð ýtarlegar og hafa að geyma mikilvægar upplýsingar um aðstæður viðkomandi fjölskyldna og barna en einnig um aðkomu, afskipti og eftirlit barnaverndarnefndar af þeim. Þær fylla því oft upp í eyður sem eru í öðrum gögnum.
>
> Í *málasafni* eru meðal annars varðveittar árlegar skýrslur Símonar Jóh. Ágústssonar um Breiðavíkurheimilið frá 1959 til 1972 og ein askja merkt „BVN Vistheimilið í Breiðavík 1945-1967: Greinargerðir, nafnalistar, eftirlit með heimilinu o.fl.“. Í þeirri öskju eru almennar upplýsingar um starfsemi og upphaf vistheimilins í Breiðavík en þar má einnig finna sálfræðigreinagerðir og afrit bréfa sem send hafa verið til Breiðavíkur um nokkra drengi þar sem aðstæður þeirra og ástæður vistunar eru tíundaðar.

Leit í ofangreindum skjölum um einstaklinga sem fóru til Breiðavíkur á árunum 1952 og fram til um 1970 er í flestum tilfellum svipuð: Spjald finnst um viðkomandi og/eða foreldra, á því er vísað í staði í fundargerðabók, oft í lögregluskýrslu og/eða heimiliseftirlitsskýrslu. Í a.m.k. helmingi tilfella finnast einhver bréfaskipti eða greinagerðir um einstaklinginn í öðrum skjölum. Í ákveðnum tilvikum var einnig leitað í skjölum fleiri opinberra aðila.

Um áramótin 1967-1968 fór BVN að heyra undir Félagsmálastofnun Rvk. (FR) en ekki lengur beint undir borgarráð og þá varð breyting á skráningu skjala og hvernig haldið var utan um málin. Spjaldskrárkerfið var lagt af og farið var að halda dagála þar sem öllum gögnum um tiltekið mál haldið saman á einum stað, t.d. bæði varðandi barnaverndarmál og fjárhagsaðstoð. Torveldara er þá að finna færslur um einstaka menn eða málefni í gerðabókum þar sem lykla að þeim vantar eins og gömlu spjaldskrárnar voru. Á móti kemur að málin eru heildstæðari og upplýsingarnar oft ýtarlegri. Nær undantekningalaust voru barnaverndarmál skráð á foreldra eða forráðamenn (oftast móður) og flokkuð í kennitöluröð. Ókostur er að skjölin hafa eingöngu borist Borgarskjalasafni ef sá sem málið er skráð á er látinn eða ef málið hefur ekki hreyfst í þrjú ár og er talið óvirkt. Nokkur mál sem afhent voru til nefndarinnar fundust við leit að virkum málum foreldra einstaklinganna í þjónustumiðstöðvum borgarinnar.

Auk gagna frá Borgarskjalasafni, sem að framan eru rakin, hafa nefndinni verið afhent afrit gagna staðbundinna barnaverndarnefnda um málefni einstaka vistmanna, sem fundist hafa í vörslum félagsþjónustunnar í Kópavogi, héraðsskjalasafns Fjallabyggðar, héraðsskjalasafnsins á Akureyri, héraðsskjalasafnsins í Fjarðarbyggð, héraðsskjalasafns Árnesinga og félagsþjónustunnar í Hafnarfjarðarbæ. Í svörum annarra héraðsskjalasafna, sem svöruðu gagnabeiðni nefndarinnar, kemur fram að engin gögn hafi fundist um einstaka vistmenn, sem kunna að hafa verið sendir af hálfu viðkomandi barnaverndarnefnd til Breiðavíkur.

Nefndin hefur jafnframt látið yfirfara fundargerðir og önnur gögn Barnaverndarráðs á Þjóðskjalasafni, eins og nánar verður rakið í kafla 11.2.2 í III. hluta skýrslunnar. Þá hafa nefndinni verið afhent ýmis gögn um rekstur Breiðavíkurheimilisins, þ. á m. starfsmannahald.

Nefndinni voru afhentar skýrslur *Símonar Jóhannesar Ágústssonar, sálfræðings,* um athuganir hans á „hegðun, líðan og geðheilsu drengjanna þar, svo og uppeldislegan rekstur heimilisins, eins og gert er ráð fyrir í reglugerð þess, sem sett var 25. júlí 1958“. Skýrslur þessar taka, eins og fyrr greinir, til áranna 1959 til 1972 að báðum árum meðtöldum. Í skýrslunum er fjallað um einstaka drengi auk þess sem fram koma almennar athugasemdir um einstök atriði er varða aðbúnað og uppeldi drengjanna. Ítarlega verður fjallað um inntak skýrslna Símonar Jóhannesar í köflum 9 og 11 í III. hluta skýrslunnar. Þá hefur nefndin undir höndum *skýrslu Þorkels Kristjánssonar um eftirlit með umkomulausum börnum árið 1952*. Skýrslan hefur að geyma nokkrar upplýsingar um fimm

fyrstu drengina sem vistuðust á drengjaheimilinu árið 1952. Skýrslan hefur jafnframt að geyma viðtal við Magnús Sigurðsson kennara sem hafði umsjón með drengjunum og uppbyggingu staðarins í upphafi. Þá hefur nefndin yfirfarið fyrirliggjandi rannsóknarskýrslur fræðimanna um Breiðavíkurheimilið, sjá nánar umfjöllun í næsta kafla. Loks hefur nefndin athugað og yfirfarið ýmsar umfjallanir í bókum, bréfum, fréttum fjölmiðla og greinum, þar sem vikið er að Breiðavíkurheimilinu og/eða málefnum einstakra vistmanna eða starfsmanna.

8.2 Samantekt um niðurstöður fyrirliggjandi rannsókna á vistmönnum Breiðavíkurheimilisins

Vitað er um tvær rannsóknir sem gerðar hafa verið á gögnum um fyrrverandi vistmenn Breiðavíkurheimilisins. Sú fyrri er rannsókn Dr. Gísla H. Guðjónssonar frá árinu 1974, sem var BA-verkefni hans við Brunel-háskólann í Englandi árið 1975 og birtist sem kafli, *Delinquent Boys in Reykjavik: A Follow-up Study of Boys Sent to an Institution*, í bókinni *Abnormal Offenders, Delinquency, and the Criminal Justice System*, sem kom út hjá bókaforlaginu John Wiley & Sons árið 1982. Sú síðari er rannsókn Georgíu M. Kristmundsdóttur og Sigríðar Lóu Jónsdóttur, sem var BA-verkefni þeirra við Háskóla Íslands árið 1976. Þá skrifuðu Sveinn Allan Morthens, Snjólaug Stefánsdóttir og Iðunn Valgarðsdóttir ritgerð um Breiðavík og unglinga sem vistaðir voru þar á árunum 1973 til 1976. Ritgerðin mun hafa verið hluti af námi þeirra við Háskólann í Uppsölum árið 1979.

Rannsókn Dr. Gísla H. Guðjónssonar

Rannsókn Gísla tekur til 71 drengs sem vistaður var á vistheimilinu á Breiðavík á árunum 1953 til 1970, sem var um 64% þeirra drengja sem vistaðir voru þar á þessu tímabili. Meginmarkmið rannsóknarinnar var að kanna afbrotahegðun drengjanna eftir að vistun þeirra á Breiðavík lauk og bera hana saman við uppeldislegar og félagslegar breytur. Gísli var sumarstarfsmaður Félagsmálastofnunar Reykjavíkur á árunum 1976 og 1977 og hafði því aðgang að vistunargögnum um drengina. Niðurstöður hans eru raktar ítarlega í ritgerðinni *Delinquent Boys in Reykjavik: A follow-up study of boys sent to an approved school* og kaflanum *Delinquent Boys in Reykjavik: A Follow-up Study of Boys Sent to an Institution* og verður hér aðeins stiklað á stóru og helstu niðurstöður nefndar.

Gísli komst meðal annars að því að þrjár meginástæður voru fyrir vistun drengjanna á Breiðavík á þessum tíma, 1) afbrotahegðun, 2) erfiðar heimilisaðstæður og 3) ítrekaðar fjarvistir úr skóla. Athugun hans leiddi í ljós að 56 (79%) drengjanna höfðu

verið tilkynntir til barnaverndarnefndar af lögreglunni í Reykjavík vegna meintrar afbrotahegðunar áður en til vistunar þeirra á Breiðavík kom. Hér var um að ræða ýmis konar afbrot eða allt frá smáþjófnaði til alvarlegra skemmdar- og ofbeldisverka. Fjörutíu og átta (68%) drengjanna höfðu verið tilkynntir vegna þjófnaðar, 27 (38%) vegna innbrota, 22 (31%) vegna skemmdarverka og 4 (6%) vegna ofbeldisverka.

Hluti drengjanna bjó við erfiðar heimilisaðstæður þegar þeir voru vistaðir á Breiðavík. Í gögnum þeim er Gísli hafði aðgang að voru upplýsingar um fjölskyldugerð 62 (88%) drengja í hópnum. Af þeim komu 26 (42%) frá rofnum fjölskyldum þ.e. höfðu upplifað aðskilnað frá öðru eða báðum foreldrum (vegna skilnaðar-/sambúðarslita eða andláts) áður en til vistunar á Breiðavík kom og 9 (13%) þeirra voru munaðarlausir. Í um fimmtungi tilvika (14/71; 20%) höfðu foreldrar beðið um vistun barns síns á Breiðavík vegna erfiðleika við uppeldi þeirra og í gögnum 43 (43/59; 73%) drengja fann Gísli vísbendingar um vanrækslu, ýmist af hálfu beggja foreldra (24; 34%) eða annars þeirra (19; 27%). Þá voru vísbendingar um alvarlegan ágreining og rifrildi foreldra 28 (39%) drengja.

Í gögnunum lágu fyrir upplýsingar um uppeldisaðferðir foreldra í 53 (75%) tilvikum og leiddu niðurstöður Gísla í ljós að foreldrar 42 (79%) drengjanna beittu neikvæðum (óheppilegum) uppeldisaðferðum og reyndist afskiptaleysi foreldra algengast (17; 32%). Upplýsingar fengust um áfengisnotkun foreldra 60 (84%) drengja og kom í ljós að foreldrar 35 (58%) þeirra virtust eiga við áfengisvandamál að stríða. Þá lágu fyrir upplýsingar um afbrotahegðun annars fjölskyldumeðlims, þ.e. foreldra eða systkina, 27 (38%) drengja, áður en til vistunar á Breiðavík kom, 11 (15%) þeirra áttu föður sem sakfelldur hafði verið fyrir afbrot áður en þeir voru vistaðir á Breiðavík og 21 (30%) þeirra átti systkini sem hafði komist í kast við lögin. Þá áttu 9 (13%) drengir bræður sem vistaðir höfðu verið á Breiðavík. Í ritgerð Gísla kemur fram að aðeins í minna en fimmtungi tilvika var ekki um augljósa erfiðleika innan fjölskyldunnar að ræða.

Aldursbil drengjanna við upphaf vistunar var töluvert, en í þessum hópi voru drengir á aldrinum 8 til 15 ára og meðalaldur þeirra við upphaf vistunar var 11,2 ár. Dvalartíminn var einnig misjafn eða frá 4½ mánuði upp í 5½ ár, en meðaldvalartíminn var tæp tvö ár. Meðalaldur hópsins við lok vistunar var 13,4 ár.

Við könnun Gísla á tilkynningum lögreglu til barnaverndarnefndar Reykjavíkur og sakavottorðum kom í ljós að 59 (83%) drengjanna höfðu komist í kast við lögin þrem árum eða lengur eftir að hafa verið á Breiðavík og 53 (75%) höfðu verið verið sakfelldir fyrir afbrot. Drengirnir í þeim hópi reyndust hafa 11 sakfellingar af baki að meðaltali hver þeirra ef með eru taldar sakfellingar fyrir vistun á Breiðavík.

Segja má að niðurstöður rannsóknar Gísla hafi leitt í ljós að árangur vistunar á Breiðavíkurheimilinu á árunum 1953 til 1970 hafi ekki verið ásættanlegur. Ljóst er að margir drengjanna áttu í verulegum vanda með að aðlaga sig samfélaginu að vistun lokinni. Þegar Gísli framkvæmdi rannsókn sína árið 1975 hafði hann upplýsingar um að 60 (84%) þeirra unnu verkamanna- eða sjómannsstörf og enginn stundaði störf sem kröfðust menntunar. Þó stunduðu tveir fyrrverandi vistmanna nám og annar þeirra í háskóla. Þá höfðu 13 (18%) þeirra dvalið lengur en einn sólarhring á geðdeild eftir að vistun þeirra á Breiðavík lauk.

Í ritgerð Gísla er lagt til að íslensk stjórnvöld íhugi „eftirfylgdarþjónustu“ fyrir fyrrverandi vistmenn Breiðavíkur. Ljóst sé að flestir þeirra hafi verið sendir til baka í fyrri aðstæður svo í raun hafi þeir ekki verið betur settir eftir dvölina á Breiðavík en áður en þeir voru vistaðir þar. Gísli bendir einnig á að sú lausn að taka dreng, sem er sjálfum sér og öðrum til vandræða, úr umhverfi sínu og vista hann á vistheimili fjarri sínum nánustu leysi ekki endilega vanda hans. Tvennt þurfi til, meðferð drengsins og breytingar á nánasta umhverfi hans. Það að taka barn af heimili sínu sé eitt af alvarlegustu inngripum í líf barns og það skyldi forðast í lengstu lög. Þá skipti það jafnvel ekki máli hversu vel uppeldis- eða meðferðarstofnun er rekin, afleiðingar vistunar geti haft þveröfug áhrif á barn.

Rannsókn Georgíu M. Kristmundsdóttur og Sigríðar Lóu Jónsdóttur

Rannsókn Georgíu og Sigríðar Lóu er BA-verkefni sem þær unnu við Háskóla Íslands árið 1976. Þær fengu aðgang að upplýsingum um 127 drengi sem vistaðir höfðu verið á Breiðavík á árunum 1953 til 1972. Gögnin sem þær lögðu til grundvallar byggðust m.a. á skýrslum Símonar Jóhannesar Ágústssonar, sálfræðings, sem heimsótti Breiðavík á hverju ári frá 1959 til 1972, og gögnum sem fylgdu drengjunum á Breiðavík, þ.e. umsagnir ýmissa aðila sem afskipti höfðu af þeim áður en þeir voru vistaðir á Breiðavík, s.s. kennara, skólastjóra, barnaverndarnefnda, sálfræðinga og lækna. Í ritgerðinni kemur fram að gögn hafi vantað fyrir u.þ.b. fimmtung (20%) drengjanna. Þá voru upplýsingar um afbrotaferil fengnar úr sakaskrá.

Ýmislegt fróðlegt kemur fram í ritgerðinni, en hér verður aðeins stiklað á stóru og helstu lýsandi niðurstöður nefndar um ástand drengjanna, bakgrunn og afbrotaferil. Hvorki verður fjallað um tengsl rannsóknarbreyta í þessari skýrslu né samanburð við BA-rannsókn Baldvins Steindórssonar, Gyðu Jóhannsdóttur, Margrétar Einarsdóttur, Odda Erlingssonar og Þorgeirs Magnússonar (1975) á afbrotum reykvískra ungmenna, sem gert er í ritgerðinni, heldur vísað til hennar.

Um þriðji hluti þessa hóps Breiðavíkurdrengja (31; 30%) bjó ekki hjá báðum foreldrum þegar þeir voru vistaðir á Breiðavík, „hjúskaparaðlögun“ foreldra 39 (45%) drengja var misheppnuð og feður þriðjungs þeirra (32; 37%) áttu við áfengisvandamál að stríða. Þá sýndu niðurstöður rannsóknarinnar að 42 (42%) drengjanna áttu við væg geðræn sjúkdómseinkenni að stríða og 21 (21%) alvarleg geðræn einkenni.

Við athugun á sakaskrá kom í ljós að af drengjunum 127 sem rannsóknin tók til hafði aðeins fjórðungur þeirra (32; 25%) ekki komist á sakaskrá í maí 1976, um þriðjungur (38; 30%) hafði gerst sekur um „smávægilegt misferli“, en tæpur helmingur (57; 45%) um „alvarlegt misferli“, sem þýddi að þeir höfðu verið sakfelldir a.m.k. tvisvar sinnum fyrir brot gegn almennum hegningarlögum eða verið sakfelldur þrisvar sinnum og þar af einu sinni fyrir brot gegn almennum hegningarlögum.

Ritgerð Snjólaugar Stefánsdóttur, Sveins Allans Morthens og Iðunnar Valgarðsdóttur

Ritgerð Snjólaugar Stefánsdóttur, Sveins Allans Morthens og Iðunnar Valgarðsdóttur fjallar að hluta til um Breiðavíkurheimilið, bæði almennt um vistheimilið frá stofnun þess til 1976 og einnig um ungmennin sem vistuð voru þar á árunum frá 1973 til 1976. Þess ber að geta að tveir höfundanna störfuðu á Breiðavík hluta þessa þriggja ára tímabils og að umfjöllunin um vistmennina byggist á minni þeirra en ekki á skjallegum gögnum. Hér verður aðeins stiklað á stóru.

Í ritgerðinni kemur fram að 20 unglingar, 12 drengir og 8 stúlkur, hafi verið vistuð á Breiðavík á þessum þremur árum. Höfundarnir segjast hafa „all haldgóðar upplýsingar“ um 19 þessara 20 unglinga og telja 17 (89%) þeirra hafa komið úr verkalýðsstétt. Þá hafi 13 (68%) komið úr rofnum fjölskyldum, þ.e. ekki alin upp af báðum líffóreldrum vegna skilnaðar-/sambúðarslita, andláts eða vistunar fjarri foreldrum. Fram kemur að allir 20 unglingarnir hafi verið vistaðir á öðrum vistheimilum áður en þeir voru vistaðir á Breiðavík, þar af 12 (60%) á Upptökuheimilinu í Kópavogi, 3 (15%) á barnageðdeild Landspítalans og tveir á barnaheimilum lengur en þrjú ár. Þá kemur fram að 17 (85%) hafi komist í kast við lögin fyrir vistun á Breiðavík.

Þá telja þau að 7 (39%) unglinganna 18 hafi átt við „mikla erfiðleika“ að stríða eftir vistun í Breiðavík, 3 (17%) við „verulega erfiðleika“, 3 (17%) hafi sýnt „lítil sem engin vandamál“ og 2 (11%) ekki sýnt „nein merki um erfiðleika“. Höfundarnir segjast ekki hafa upplýsingar um afdrif þriggja fyrrverandi vistmanna.

8.3 Greining fyrirliggjandi frumgagna – fjöldi vistmanna, aldursskipting og dvalartími á árunum 1952-1979

Verður nú af fyrirliggjandi frumgögnum leitast við að varpa ljósi á tölulegar staðreyndir um fjölda vistmanna, aldursskiptingu þeirra og dvalartíma þann tíma sem Breiðavíkurheimilið var starfandi. Greining þessi er að hluta unnin upp úr greinargerð Braga Guðbrandssonar, sem áður er nefnd, *sbr. fylgiskjal nr. 2.*

8.3.1 Fjöldi vistmanna

Eins og getið var um í kafla 2.3. í I. hluta skýrslunnar hefur nefndin upplýsingar um að 158 einstaklingar hafi dvalið á Breiðavíkurheimilinu á starfstíma þess. Ekki liggja fyrir örugg gögn um fjölda drengja sem dvöldu samtímis frá byrjun starfseminnar á Breiðavík enda var starfsemin ekki samfelld fyrr en frá hausti 1953. Þó er vitað að 7 komu við sögu árið 1952. Vorið 1954 eru þeir orðnir 8 og síðan fer þeim ört fjölgandi en alls komu 12 drengir til dvalar á Breiðavík það ár. Af gögnum má ráða að fjórtán drengir hefja þar skólanám haustið 1956. Fjöldi drengja sem dvöldu samtíða á Breiðavík nær hámarki árin 1960 en þá voru þar 20 drengir og 1961 þegar þeir voru alls 22. Að auki eru þá gjarnan nokkrir drengir til viðbótar yfir sumarmánuðina. Eftir 1961 fækkar heldur og fram til 1969 eru að jafnaði 12 til 14 drengir á Breiðavík eins og upphaflega var að stefnt. Þá tekur að draga verulega úr fjölda þeirra sem ráðstafað var á Breiðavík og á árunum 1969 til 1972 fækkar þeim úr 11 niður í 6. Meginástæða þessa er að vistunum úr Reykjavík fækkar, einkum eftir árið 1968. Allan starfstíma Breiðavíkurheimilisins hafði meirihluti drengjanna komið frá Reykjavík og sum árin voru nánast allir drengirnir þaðan. Árið 1969 fóru hins vegar aðeins fjórir drengir úr Reykjavík að Breiðavík og tveir hvort áranna 1970 og 1971. Að mati Braga Guðbrandssonar er skýringa að leita í þeim þáttaskilum í barnaverndarstarfi í Reykjavík sem urðu á síðustu árum sjöunda áratugarins, en þá ruddu ný viðhorf sér rúms samhliða eflingu hins opinbera hjálparkerfis. Ný úrræði, einkum svonefnd fjölskylduheimili og aukin áhersla á fósturráðstafanir, komu í stað vistana á Breiðavík. Jafnframt er ljóst að hans mati að forsvarsmenn barnaverndarnefndar Reykjavíkur voru á þessum tíma farnir að hafa áhyggjur af „áhrifum staðsetningar heimilisins og mannahaldi“.[38] Árið 1971 voru sjö drengir vistaðir á Breiðavík og þar af var eingöngu einn drengur úr Reykjavík. Árið 1972 eru enn vistaðir fjórir drengir sem komu til Breiðavíkur árið 1971 og samkvæmt

[38] Bragi Guðbrandsson: *Barnavernd og uppeldisstofnanir,* bls. 83, fylgiskjal nr. 2.

skjallegum gögnum sem nefndin hefur undir höndum komu einungis tveir drengir til viðbótar það ár, einn úr Reykjavík og einn úr Hafnarfirði.

Við greiningu á fyrirliggjandi gögnum sem nefndin hefur undir höndum um þá einstaklinga sem vistaðir voru á Breiðavík og öðrum þeim gögnum sem varpað geta ljósi á starfsemi heimilisins, hefur komið í ljós að frá 1972-1973 fram til þess að vistheimilið er lagt niður árið 1979 skortir verulega á að upplýsingar um upphaf og lok vistunar hafi verið skráðar með fullnægjandi hætti. Einnig hefur nefndin upplýsingar um að gagnavarsla í kjölfar þess að Breiðavíkurheimilinu var lokað árið 1979, hafi verið verulega ábótavant og að hugsanlegt sé að skýrslur einhverra einstaklinga sem þar hafi verið vistaðir hafi þá glatast. Nefndin hefur nokkuð öruggar vísbendingar um hvaða ár flestir komu til dvalar á Breiðavík en ekki fullnægjandi upplýsingar um nákvæmlega hvenær tíma árs það var og í flestum tilvikum eru ekki skráðar nákvæmar upplýsingar um hvenær dvölinni lauk. Sökum þessa hefur nefndinni ekki verið unnt að ganga úr skugga um, með viðhlítandi hætti, hver hafi verið fjöldi vistmanna á ári hverju frá 1973-1979. Vísbendingar eru þó um að fjöldi vistmanna hafi ekki verið meiri en 10-12 einstaklingar ár hvert.

8.3.2 Aldursskipting

Fyrstu drengirnir sem komu á Breiðavík árið 1952 voru alls 7 á aldrinum 10-16 ára, flestir þó táningar. Fljótlega færðist meðalaldurinn niður og á tímabilinu 1959 til 1972 er meðalaldurinn öll árin tæplega 12 ár. Aldursdreifing drengjanna á Breiðavík frá upphafi starfseminnar fram til ársins 1973 var afar mikil og var að jafnaði tæplega 5 ára aldursmunur á þeim elsta og yngsta. Sum árin, t.d. frá 1960 til 1962, er aldursmunur á elsta og yngsta dreng í Breiðavík 7 til 8 ár. Þannig er yngsti drengurinn sem vistast á Breiðavík árið 1960 7 ára en sá elsti 15 ára. Á tímabilinu 1973 til 1979 eru flestir unglingar hins vegar á aldrinum 13 til 15 ára, þó að dæmi hafi verið um að yngri og eldri einstaklingar hafi verið vistaðir á Breiðavík. Árið 1974 kom einn 10 ára einstaklingur til dvalar og árin 1976-1979 komu þrír einstaklingar sem voru orðnir 16 ára eða á sextánda ári.

8.3.3 Dvalartími

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum voru 158 einstaklingar vistaðir á Breiðavík á árunum 1952-1979, eins og fyrr hefur verið getið. Í þeim skjallegu gögnum sem nefndin hefur undir höndum um þá einstaklinga sem voru vistaðir á Breiðavík er eingöngu að

finna fullnægjandi upplýsingar um dvalartíma 127 einstaklinga og voru þeir allir vistmenn á árunum 1952-1972. Meðalvistunartími á því tímabili var 21,1 mánuður. Þegar hafður er í huga meðalvistunartími á því tímabili ber að athuga að hluti vistmanna dvaldi umtalsvert lengur á vistheimilinu en meðalvistunartíma. Þannig dvöldu árin 1952-1972 sjö einstaklingar lengur en í þrjú ár á vistheimilinu og átta einstaklingar lengur en fjögur ár.

Í þeim skjallegu gögnum sem nefndin hefur undir höndum um vistun einstaklinga frá 1973-1979 er yfirleitt ekki að finna nákvæmar upplýsingar um upphaf og/eða lok vistunar eins og fyrr greinir. Hefur nefndinni þar af leiðandi ekki verið unnt að kanna með viðhlítandi hætti hver var meðalvistunartími 1973-1979. Ákveðnar vísbendingar liggja þó fyrir um að meðalvistunartími frá 1973 og fram til ársins 1979 þegar vistheimilið var lagt niður, hafi verið eitt til tvö ár. Nefndin hefur upplýsingar um að fáein dæmi hafi verið um að einstaklingar hafi verið vistaðir lengur en í 2 ár.

8.4 Menntun og reynsla forstöðumanna á Breiðavík

Eftirfarandi greining er unnin upp úr greinargerð Braga Guðbrandssonar, sem áður er nefnd, *sbr. fylgiskjal nr. 2.*

Sá er hafði veg og vanda að undirbúningi að starfsemi drengjaheimilisins á Breiðavík og umsjón með framkvæmdum og uppeldisstarfinu árið 1952 var Magnús Sigurðsson kennari. Eins og vikið var að í kafla 5 í II. hluta skýrslunnar, var Magnúsi ásamt Þorkatli Kristjánssyni starfsmanni barnaverndarnefndar Reykjavíkur falið að gera tillögur um staðarval þegar ákveðið hafði verið að hefjast handa um að koma á fót uppeldisstofnun fyrir afbrotabörn og ungmenni á glapstigum í samræmi við ákvæði barnaverndarlaga nr. 29/1947.

Magnús var skipaður í framkvæmdanefnd til að hafa umsjón með uppbyggingu og starfsemi í Breiðavík og í kjölfarið ráðinn til að annast framkvæmdir. Magnús hóf störf vorið 1952 og vann við endurbætur húsakynna og aðstöðu ásamt því að sinna uppeldi þeirra sjö drengja sem þá hafði verið ráðstafað til Breiðavíkur.

Árið 1953 var Bergsveinn Skúlason bóndi og fræðimaður frá Skáleyjum ráðinn til að annast bústjórn og rekstur drengjaheimilisins á Breiðavík. Njáll Þóroddsson kennari var hins vegar ráðinn til að hafa með höndum uppeldisstarfið en þeir störfuðu báðir fram til loka maímánaðar árið 1955. Þá var starfsfyrirkomulaginu breytt þannig að upp frá því bar forstöðumaður samhliða ábyrgð á uppeldisstarfi og rekstri heimilisins en skyldi hafa sér til aðstoðar kennara.

Hinn 1. júní árið 1955 var Kristján Sigurðsson skipaður forstöðumaður á Breiðavík. Kristján hafði m.a. verið kennari og lögreglumaður áður en hann tók við starfi forstöðumanns og sinnt afbrotamálum unglinga. Kristján átti síðar eftir að starfa lengi hjá Lögreglunni í Reykjavík og Félagsmálastofnun Reykjavíkur. Hann var ráðinn forstöðumaður Upptökuheimilis ríkisins árið 1972 og síðar Unglingaheimilis ríkisins.

Kristján lét af störfum eftir eitt ár og árið 1956 tók við stöðunni Björn Loftsson kennari. Með honum var ráðinn sérstakur skólastjóri, Hinrik Bjarnason, og er það í fyrsta og eina skiptið sem sérstakur skólastjóri var settur við heimilið.

Björn Loftsson var búfræðingur frá Hvanneyri og menntaður handavinnukennari. Áður en hann tók við starfi forstöðumanns hafði hann m.a. verið kennari við Barnaskólann á Hellu um árabil. Björn var forstöðumaður til ársins 1962. Hinrik Bjarnason var skólastjóri til ársins 1958. Hann hafði lokið kennaraprófi árið 1954 og stundaði síðan nám í Leiklistarskóla Lárusar Pálssonar.

Hallgrímur Sveinsson kennari tók við af Birni Loftssyni. Hallgrímur hafði áður starfað í eitt ár í heimavistarskólanum á Jaðri og verið flokksstjóri í Vinnuskóla Reykjavíkur. Hallgrímur lét af störfum árið 1964 en þá um haustið tók við forstöðu Þórhallur Hálfdánarson skipstjóri. Þórhallur hafði stundað sjómennsku um langan tíma þegar hann lauk prófi frá Stýrimannaskólanum árið 1949. Hann hafði verið stýrimaður og skipstjóri á ýmsum skipum áður en hann kom á Breiðavík.

Þegar Þórhallur lét af störfum árið 1972, tók sonur hans Bjarni Þórhallsson við stöðunni og gegndi henni um veturinn fram á vor 1973. Bjarni hafði ásamt eiginkonu sinni starfað í tvö ár 1964 -1966 hjá föður sínum á Breiðavík sem bústjóri.

Sumarið 1973 var Georg H. Gunnarsson ráðinn forstöðumaður skólaheimilisins Breiðavíkur, sbr. þá breytingu sem gerð var á stjórnskipulagi og hlutverki heimilisins með reglugerð nr. 225/1973, sjá nánar kafla 7.6 hér að framan. Georg hafði þá starfað í eitt ár á Upptökuheimilinu. Georg hafði stundað nám í Verslunarskólanum en hafði ekki sérstaka menntun á sviði uppeldisfræða. Á árinu 1977 tók Jónas H. Jónsson við forstöðu heimilisins, en hann hafði ekki menntun á sviði uppeldisfræði. Gegndi hann starfinu til loka starfseminnar á árinu 1979.

III. HLUTI – ÁLYKTANIR OG NIÐURSTÖÐUR NEFNDARINNAR

9. Um tildrög vistunar barna á Breiðavík

9.1 Lagagrundvöllur stjórnvaldsákvarðana um vistun barna og málsmeðferð

Við gildistöku laga um eftirlit með ungmennum o.fl. árið 1942 var lagður grunnur að verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga varðandi uppbyggingu úrræða fyrir börn sem vistuð voru utan heimilis, sem að hluta er enn í gildi í dag. Ef tilefni ráðstöfunar var eigin háttsemi barns var ríkisvaldinu ætlað að sjá um úrræði. Ef tilefnið var á hinn bóginn erfiðar heimilisaðstæður, ofbeldi eða ill meðferð var viðkomandi sveitarfélagi ætlað að sjá fyrir úrræði. Stofnunum á vegum ríkisins var þannig ekki ætlað að taka við öðrum börnum og ungmennum en þeim sem áttu afbrotasögu að baki eða voru að öðru leyti á glapstigum.

Í 35. gr. laga nr. 29/1947 var fjallað um stofnun og rekstur *barnahæla og annarra uppeldisstofnana*. Í 36. gr. var mælt fyrir um *athugunarstöðvar*, þar sem kunnáttumönnum yrði falið að rannsaka barn, sem væri líkamlega, andlega eða siðferðilega miður sín, og segja til um hvernig með skyldi fara. Á athugunarstöð skyldu barnaverndarnefndir hvaðanæva af landinu eiga kost á að vista til bráðabirgða börn og ungmenni, sem framið hefðu lögbrot eða væru á annan hátt á siðferðilegum glapstigum, og önnur börn, sem skyndilega þyrfti að ráðstafa um stuttan tíma uns athugun þeirra væri lokið og þeim ráðstafað til frambúðar.

Þá var, eins og greinir í kafla 7.5 í II. hluta skýrslunnar, kveðið svo á í 37. gr. að ríkisstjórninni væri skylt, eftir því sem fé væri veitt til þess í fjárlögum, að setja á *stofn og reka hæli, þar sem vistuð skyldu börn og ungmenni, sem „framið hefðu lögbrot eða [væru] á annan hátt á glapstigum“*. Skyldu hæli þessi vera a.m.k. tvö, annað handa stúlkum, en hitt handa piltum. Var ráðherra falið að setja reglur um vist barna og ungmenni á hælum þessum, fræðslu, uppeldi og aga þar.

Af greiningu á lögum nr. 29/1947, lögum nr. 53/1966 og reglugerðum nr. 88/1958 og 225/1973, sjá kafla 7.5-7.6 í II. hluta skýrslunnar, verður ráðið að vistheimilið Breiðavík (og síðar skólaheimilið) var stofnun (eða hæli) í merkingu ofangreindrar 37. gr. laga nr. 29/1947 og síðar 1. og 2. mgr. 39. gr. laga nr. 53/1966. Samkvæmt ótvíræðum orðum lagaákvæðanna var tilefni vistunar barna eða ungmenna á stofnunum eða hælum í merkingu ákvæðanna fortakslaust miðað við þá sem *framið höfðu lögbrot eða væru á annan hátt á glapstigum*. Þannig var í reglugerð nr. 88/1958 með tæmandi hætti afmarkað í 2. gr. að „[heimilið væri] fyrir drengi, sem framið [hefðu] lögbrot eða [væru] á annan hátt á glapstigum“.

Ákvörðunartaka um vistun barna á uppeldisstofnunum, þ. á m. Breiðavík, var í höndum barnaverndarnefnda bæði samkvæmt lögum nr. 29/1947 og lögum nr. 53/1966. Með reglugerð nr. 88/1958 var nánar mælt fyrir um það í síðari málsl. 2. gr. að barnaverndarnefndir og skólanefndir eða eftir atvikum Barnaverndarráð ákveddu, að höfðu samráði við stjórnarnefndina, hverjir vistuðust á heimilinu.

Áður er rakið að samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 88/1958 bar stjórnarnefndinni að undirbúa vistunarákvörðun með tilgreindum hætti. Í fyrsta lagi skyldi nefndin kynna sér aðstæður allar í máli drengs, þ.á m. hver afstaða foreldra hans eða forráðamanna væri til vistunar, sbr. 1. mgr. Þá skyldi nefndin samkvæmt 2. mgr. 3. gr. gæta þess að læknir rannsakaði rækilega heilsufar drengsins og sömuleiðis þess, að sálfræðingur hefði áður athugað hann, ef þess væri nokkur kostur. Loks skyldi eftirrit af umsögnum þessara sérfræðinga, svo og umsögn barnaverndarnefndar (Barnaverndarráðs) um drenginn sendast forstöðumanni heimilisins, sbr. 3. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 88/1958.

Ítreka verður síðan að því marki sem ákvörðun um vistun á Breiðavík var tekin gegn vilja foreldris þá féll slík ákvörðun undir hugtakið *meiriháttar ákvörðun* og var kæranleg til Barnaverndarráðs, sbr. 54. gr. laga nr. 29/1947 og 56. gr. laga nr. 53/1966.

Með reglugerð nr. 225/1973 var stjórnskipulagi og hlutverki Breiðavíkurheimilisins breytt. Ákvörðun um vistun barna á Breiðavík var nú lögð í hendur stjórnarmanna Upptökuheimilis ríkisins, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar, en þeir höfðu auk þess á hendi rannsóknir og annan undirbúning að vistun, sérfræðilegt eftirlit og leiðbeiningar um uppeldi og kennslu þeirra. Samkvæmt 2. gr. reglugerðarinnar var skólaheimilið ætlað „unglingum að jafnaði á aldrinum 11-14 ára, sem eftir tilvísun barnaverndarnefnda og að aflokinni rannsókn á Upptökuheimilinu [voru] taldir hafa not af vistun á Breiðavík“.

Eins og ráðið verður af framangreindu telur nefndin að við könnun á tildrögum vistunar barna á Breiðavík verði að gera greinarmun annars vegar á tímabilinu 1952-1972, þ.e. þegar ákvarðanir um vistun voru reistar á reglugerð nr. 88/1958, og hins vegar tímabilinu 1973-1979 þegar fyrirmæli reglugerðar nr. 225/1973 giltu um það efni. Þó verður eðli málsins samkvæmt einnig að horfa til þeirra almennu lagareglna sem við áttu um starfsemi Breiðavíkurheimilisins, fyrst í lögum nr. 29/1947 og síðar í lögum nr. 53/1966.

Með þetta í huga verður nú vikið að ályktunum sem nefndin telur sig geta dregið af skjallegum gögnum og öðrum heimildum um tildrög vistunar á Breiðavík og verður umfjölluninni skipt upp þannig að fyrst verður fjallað um tímabilið 1952-1972, sjá kafla 9.2.1, og síðan vikið að tímabilinu 1973-1979, sjá kafla 9.2.2.

9.2 Ályktanir af skjallegum gögnum og af öðrum heimildum – niðurstöður nefndarinnar

9.2.1 Tímabilið 1952-1972

Við könnun sína á tildrögum að vistun barna á Breiðavík á árunum 1952-1972 hefur nefndin *annars vegar* tekið til athugunar hvaða efnislegu ástæður og forsendur lágu að baki því að þörf var talin á slíkri ráðstöfun og *hins vegar* hvernig málsmeðferð hafi verið viðhöfð af hálfu barnaverndarnefnda í einstökum tilvikum. Verður í fyrsta lagi vikið að þeim ályktunum sem draga má af fyrirliggjandi gögnum um vistun barna á vegum barnaverndarnefndar Reykjavíkur, sjá kafla 9.2.1.1, og síðan að ályktunum um vistun barna af hálfu barnaverndarnefnda utan Reykjavíkur, sjá kafla 9.2.1.2.

9.2.1.1 Vistun barna af hálfu barnaverndarnefndar Reykjavíkur

Þegar athugaðar eru þær forsendur og ástæður, sem lágu til grundvallar vistun barna af hálfu barnaverndarnefndar Reykjavíkur, verður í upphafi að hafa í huga að frumgögn sem stafa frá nefndinni, eru harla rýr að efni til, a.m.k. framan af tímabilinu 1952-1972. Upplýsingar um forsendur fyrir einstökum ákvörðunum um vistun drengja í Breiðavík eru oft ekki fyrir hendi, þ. á m. upplýsingar um afstöðu foreldra eða umsjáraðila barns til ráðstöfunarinnar.

Lengstum framan af tímabilinu 1952-1972 eru ákvarðanir um vistun barns oft og tíðum ekki bókaðar í fundargerð barnaverndarnefndar og því skortur á upplýsingum um málsmeðferð fram að töku ákvörðunar og um form hennar. Hvorki er skipulega skráð vistunarsaga hvers einstaklings né upplýsingar um hvort aðrar ráðstafanir eða aðgerðir, en vistun í Breiðavík, hafi þótt koma til álita í einstaka málum. Loks eru upplýsingar um ástand barns og fjölskylduaðstæður þess yfirleitt ekki að finna í gögnum nefndarinnar framan af tímabilinu þótt á því verði talsverð breyting þegar líður á sjöunda áratuginn.[39]

Að því marki sem unnt er, virðist mega ráða af athugun á skjallegum gögnum sem nefndin hefur aflað, einkum fyrirliggjandi fundargerðum barnaverndarnefndar Reykjavíkur, að í langflestum tilvikum var tilefni vistunarákvörðunar á tímabilinu 1952-1972 rakið til lögregluskýrslna um ætlaða aðkomu barns að lögbrotum, sem þó voru í mörgum tilvikum afar smávægileg. Nefndin telur sig ekki hafa forsendur til að fullyrða annað en að vistunarákvarðanir barnaverndarnefnda hafi við slíkar aðstæður fallið innan lögbundinna marka 37. gr. laga nr. 29/1947 og 39. gr. laga nr. 53/1966, sbr. og 2. gr. reglugerðar nr. 88/1958. Á hinn bóginn telur nefndin að ráða megi af fyrirliggjandi gögnum að í einhverjum tilvikum kunni að hafa leikið vafi á því að forsendur fyrir ákvörðun barnaverndarnefndar um vistun barns á Breiðavík hafi stuðst við fullnægjandi

[39] Sjá nánar Bragi Guðbrandsson: *Barnavernd og uppeldisstofnanir,* bls. 67, fylgiskjal nr. 2.

lagagrundvöll. Hafi börn þá enda verið vistuð fyrst og fremst vegna háttsemi foreldra, örbirgðar eða annarra heimilisástæðna, en ekki beinlínis eða í meginatriðum vegna háttsemi eða hegðunar barnsins sjálfs. Ljóst er að gildandi barnaverndarlög byggðu á því að veita bæri barnaverndarnefndum nokkurt svigrúm á þessum tíma vegna ríkjandi aðstæðna til að meta hvort barn væri „á annan hátt á glapstigum“. Hvað sem því líður telur nefndin að gildandi lagafyrirmæli hafi verið nægjanlega skýr um að lagagrundvöllur vistunarákvarðana á Breiðavík hafi á þessu tímabili verið bundinn við atvik eða aðstæður, sem raktar voru til *háttsemi eða hegðunar barns, en ekki eingöngu til ytri aðstæðna hjá foreldrum eða á heimili*.

Í þessu sambandi er ástæða til að vekja athygli á umfjöllun í skýrslu Símonar Jóhannesar Ágústssonar, sálfræðings, fyrir árið 1961, en hann annaðist, eins og rakið er í kafla 8.1 í skýrslunni, árlegar athuganir á árunum 1959-1972 á starfsemi og rekstri Breiðavíkurheimilisins fyrir yfirvöld barnaverndarmála og stjórnarnefnd heimilisins. Þar er eftirfarandi meðal annars tekið fram:

> Hlutverk vistheimilis þessa er að laga hegðun drengja, enda segir í 2. gr. reglugerðar [nr. 88/1958], að það sé ætlað drengjum, sem framið hafa lögbrot eða eru á annan hátt á glapstigum. Þó eru þess dæmi, að barnaverndarnefndir komi drengjum fyrir í Breiðavík eingöngu að því er virðist vegna vondra heimilis ástæðna foreldra. Barnaverndarnefnd Keflavíkur kemur t.d. fyrir í Breiðavík 7 ára dreng [...] í fyrra; heimili hans er mjög gallað, en ekkert virðist vera athugavert við hegðun og skapferli drengsins [...] Ég tel það hvorki vera hlutverk vistheimilisins að ala upp drengi, sem svo er ástatt um, til 14 eða 16 ára aldurs, né það vera heppilegt fyrir þá sjálfa að alast þar upp. Barnaverndarnefndir, sem í hlut eiga, verða að ráðstafa slíkum drengjum á annan hátt, í einkafóstur. Í hæsta lagi ættu slíkir drengir að vera eitt ár á heimilinu. Yfirleitt ætti ekki að taka yngri drengi en 10 ára í Breiðavík, nema mjög alvarleg hegðunarvandkvæði þeirra sé að ræða, og þegar hegðun þeirra hefur lagast, ætti að koma þeim á gott einkaheimili eins fljótt og kostur er.

Á árunum eftir 1966 er í skýrslum Símonar Jóhannesar að jafnaði rakið að barnaverndarnefndir, sem í hlut hafa átt með vistun drengja, hafi reynt að „koma flestum þessum drengjum til hjálpar áður en þeir voru vistaðir á Breiðavík. Það hafi verið gert með „[...] eftirliti með heimilum þeirra og aðstoð við þau, uppeldisleiðbeiningum, rannsókn á sálfræðideild skóla, vist í heimavistarskóla (Jaðri), sumardvöl o.fl., en árangur reynzt ófullnægjandi“. Þá er iðulega tekið fram að í „svo til öllum tilvikum [megi] rekja aðalorsakir hegðunarvandkvæða drengjanna til vonds heimilislífs í einhverri mynd, óreglu, sinnuleysis og sljóleika uppalenda þeirra. Sumir foreldrar og vandamenn drengjanna [hafi sýnt] þeim litla ræktarsemi“. Í skýrslu Símonar Jóhannesar fyrir árið 1971 er áréttað að barnaverndarnefndir, sem hlut eiga að máli, hafi reynt að

koma þeim drengjum, sem þá höfðu verið vistaðir, og heimilum þeirra til aðstoðar, en með ófullnægjandi árangri. Loks hafi þeir verið vistaðir á Breiðavík, en honum virðist sumir þeirra hafi verið vistaðir of seint. Þá tekur hann enn fram að ýmsar barnaverndarnefndir hafi ekki hirt um að láta rannsaka suma drengi sálfræðilega né heilsufar þeirra að öðru leyti, þótt þess hafi verið kostur. Ítrekar hann að hér þurfi að verða breyting á og vekur athygli á að þá sé komin stofnun í Reykjavík, sem hafi færum sérfræðingum á að skipa sem annast geti allar nauðsynlegar rannsóknir á drengjum, áður en barnaverndarnefndir taki fullnaðarákvörðun til hverra uppeldisráða skuli gripið. Þá áréttar hann í skýrslum sínum fyrir árin 1971 og 1972 að greinilegar umsagnir barnaverndarnefndar um drengi með hegðunarvandkvæði séu þeim aðilum, sem við þeim taka, til mikilla leiðbeininga, hvort heldur sem drengjunum er komið í einkafóstur eða á stofnun, eins og Breiðavíkurheimilið. „Mikið skorti á, að sumar umsagnir barnaverndarnefnda séu nógu greinargóðar“ tekur Símon Jóhannes að lokum fram í skýrslu sinni fyrir árið 1971.

Nefndin hefur yfirfarið tiltækar fundargerðir og önnur frumgögn barnaverndarnefndar Reykjavíkur á tímabilinu 1952-1972, en í mörgum tilvikum skortir að öllu leyti á, eins og áður er getið, að gögnin varpi nokkru ljósi á málsmeðferð og afgreiðslu ákvarðana um vistun drengja á Breiðavík, einkum fyrsta áratuginn í starfi heimilisins. Af þeim fundargerðum sem fyrir hendi eru telur nefndin vandséð að barnaverndarnefnd Reykjavíkur hafi, a.m.k. langt framan af þessu tímabili eða allt fram á árin 1965-1966, lagt mál um vistun Reykjavíkurbarna á Breiðavík í lögformlegan farveg. Í fundargerðum er í meirihluta tilvika bókað að lagðar hafi verið fram skýrslur sakadómara um brot drengja og eru þeir ýmist nafngreindir sérstaklega eða ekki. Þá er stundum tekið fram að fulltrúa eða starfsmanni nefndarinnar hafi verið falið að athuga málið. Þegar tiltekinn drengur er vistaður á Breiðavík er að jafnaði ekki annað bókað í fundargerð barnaverndarnefndar Reykjavíkur á árunum 1952 til 1965-1966 en að drengurinn „hafi farið til Breiðavíkur“ á ákveðnum degi, iðulega nokkrum dögum eða vikum áður en formlegur fundur á sér stað. Sjaldnast er tilefni vistunar rakið sérstaklega eða önnur atvik eða aðstæður í viðkomandi máli, t.d. um hvort drengur hafi verið rannsakaður af læknum eða öðru heilbrigðisstarfsfólki, s.s. sálfræðingi, áður en vistun var ákveðin, eins og skylt var samkvæmt lögum nr. 29/1947 og lögum nr. 53/1966, sbr. og 3. gr. reglugerðar nr. 88/1958. Á þessu verður nokkur breyting á tímabilinu 1967-1972, þar sem í meira mæli er bókað í fundargerðum að barnaverndarnefnd hafi formlega samþykkt að drengur yrði vistaður á Breiðavík og framkvæmd ákvörðunarinnar virðist síðan eiga sér stað í framhaldi af fundinum. Þá eru þess áfram dæmi á þessu tímabili að leitað hafi verið samþykkis nefndar fyrir vistun drengs á

Breiðavík eftir á. Á öllu tímabilinu 1952-1973 er jafnframt undantekning að afstaða foreldra komi fram í fundargerð barnaverndarnefndar Reykjavíkur eða að hún verði ráðin af öðrum fyrirliggjandi gögnum, nema í þeim tilvikum þegar vistun var beinlínis ákveðin í framhaldi af beiðni foreldra um aðkomu barnaverndaryfirvalda eða að tilefni vistunar sé í fundargerð rakið til þess að barn hafi verið foreldrum „óviðráðanlegt“.

Í þeim tilvikum þegar framsetning fundargerðar barnaverndarnefndar Reykjavíkur er með þeim hætti, sem að framan greinir, er afar erfitt að mati nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 að draga þá ályktun að ákvörðun um vistun barns hafi að lögum og í reynd verið að réttu lagi í formi stjórnvaldsákvörðunar, eins og lög nr. 29/1947 eða lög nr. 53/1966 gerðu ráð fyrir, sem tekin hafi verið formlega á fundi barnaverndarnefndar Reykjavíkur. Ekki verður auk þess séð af fyrirliggjandi gögnum að í þessum tilvikum hafi verið gætt skráðra og óskráðra reglna um framkvæmd ákvarðana fjölskipaðra stjórnsýslunefnda á borð við barnaverndarnefndar, s.s. um ályktunarhæfi o.fl. sem í gildi voru á þessum tíma, sjá nánar kafla 7 hér að framan. Hér til stuðnings skal tekið fram að í skýrslu sem fyrrverandi fulltrúi, sem sat í barnaverndarnefnd Reykjavíkur á árunum 1964-1968 gaf fyrir nefnd samkvæmt lögum nr. 26/2007, kemur fram að hann telji að mál hafi a.m.k. í sumum tilvikum verið alfarið undirbúin af starfsmanni nefndarinnar, hann tekið ákvörðun um að vista barn á Breiðavík og síðan upplýst barnaverndarnefnd Reykjavíkur um þau málalok, þar sem í reynd hafi verið um að ræða eftirfarandi samþykki nefndarinnar fyrir ákvörðun starfsmannsins.

Samkvæmt 10. gr. laga nr. 29/1947 og 10. gr. laga nr. 53/1966 gátu barnaverndarnefndir haft á að skipa fulltrúa er annast skyldi „dagleg störf“ nefndarinnar í „umboði hennar“, en í síðarnefnda ákvæðinu var talað um „sérhæft starfslið“. Í kafla 7.4 hér að framan er rakið að undir „dagleg störf“ í þessari merkingu fólst fyrst og fremst almenn meðferð einstakra mála, svo sem eftirlitsheimsóknir, gagnaöflun í formi rannsókna á líkamlegum og andlegum högum barns, leiðbeiningar og aðstoð við foreldra o.s.frv.

Vandséð er hins vegar að ofangreind lagaákvæði hafi haft að geyma fullnægjandi heimild fyrir barnaverndarnefndir til að fela fulltrúa eða sérhæfðu starfsliði að taka efnislegar ákvarðanir um töku barns af heimili og vistun þess á opinberri stofnun á borð við Breiðavík í merkingu 37. gr. laga nr. 29/1947 og 39. gr. laga nr. 53/1966, hvort sem slík ákvörðun hafi verið tekin að fengnu samþykki foreldris eða gegn vilja þess. Heimild til þess að fela starfsmönnum að taka tilteknar efnislegar ákvarðanir, þó ekki að kveða upp úrskurði, var fyrst lögfest með núgildandi barnaverndarlögum nr. 80/2002,

sbr. 3. mgr. 14. gr.[40] Í tíð laga nr. 53/1966 kann barnaverndarnefnd að hafa verið heimilt að láta hjá líða að ákveða vistun barns á Breiðavík í skriflegum, rökstuddum úrskurði og þá að fullnægðum kröfum um samþykki aukins meirihluta nefndarmanna, sbr. 13. gr. og 2. mgr. 14. gr. laganna, í þeim tilvikum þegar ótvírætt samþykki foreldra lá fyrir, sbr. 1. mgr. 32. gr. laganna. Á hinn bóginn verður ekki séð að beiðni foreldris eða jákvæð afstaða þess til vistunar barns á Breiðavík hafi samkvæmt lögum nr. 29/1947 og lögum nr. 53/1966 getað leitt til þess að slík ákvörðun væri ekki sem slík afgreidd fyrirfram með formlegri samþykkt a.m.k. meirihluta barnaverndarnefndar á ályktunarhæfum fundi. Um slíkrar ákvarðanir og þá málsmeðferð sem lá henni til grundvallar, þ. á m. um fyrirliggjandi gögn, bar ritara barnaverndarnefndar að halda „nákvæma fundarbók“, sbr. 9. gr. laga nr. 29/1947 og 9. gr. laga nr. 53/1966. Í þessu sambandi bendir nefndin á að samkvæmt lögunum frá 1947 og 1966 var það hlutverk barnaverndarnefndar að gæta að hagsmunum barnsins og réttaröryggi þess. Jákvæð afstaða foreldris eða foreldra gat eins og lögunum var háttað ekki ein og sér verið ráðandi um hvort lagaskilyrðum væri fullnægt fyrir vistun barns á stofnun á borð við Breiðavík. Slík ákvörðun var í fyrsta lagi háð því skilyrði að barnaverndarnefnd hefði sjálfstætt metið það svo að fyrirliggjandi gögn í máli barns gæfu með skýrum hætti til kynna að það hefði framið lögbrot eða væri á annan hátt á glapstigum. Í öðru lagi bar að undirbúa slíka ákvörðun með því að „láta kunnáttumann rannsaka barnið eða ungmennið og segja til, hvernig með [skyldi] fara“, sbr. 1. mgr. 36. gr. laga 29/1947 og 1. mgr. 38. gr. laga 53/1966. Þótt framkvæmd slíkrar rannsóknar gæti hafa verið á könnu fulltrúa nefndarinnar eða framkvæmd af sérhæfðu starfsliði var það verkefni til þess bærar barnaverndarnefndar að leggja mat á það hvort niðurstaða rannsóknar var þess eðlis að réttlætti að lögum töku ákvörðunar um vistun barns á Breiðavík.

Í þessu sambandi er einnig rétt að taka fram að samkvæmt 14. gr. laga nr. 29/1947 og 15. gr. laga nr. 53/1966 var formanni, eða fulltrúa í umboði hans, heimilt að framkvæma ráðstöfun, ef vinda þyrfti bráðan bug að henni, enda væri ráðstöfunin lögð til fullnaðarákvörðunar fyrir barnaverndarnefnd, svo fljótt sem kostur væri. Ljóst er að mati nefndarinnar að eðli máls samkvæmt er ekki hægt að útiloka að í einhverjum tilvikum hafi atvik og aðstæður verið með þeim hætti að formanni, eða fulltrúa nefndarinnar í umboði hans, hafi á þessum lagagrundvelli verið heimilt að framkvæma ráð-

[40] Í 3. og 4. mgr. 14. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 segir svo: *3. mgr.* Barnaverndarnefnd er heimilt að fela starfsmönnum sínum könnun og meðferð einstakra mála eða málaflokka samkvæmt reglum sem hún sjálf setur. Barnaverndarnefnd getur enn fremur í slíkum reglum framselt tilgreindum starfsmönnum vald til að taka einstakar ákvarðanir samkvæmt lögum þessum. Reglurnar skulu kynntar Barnaverndarstofu. *4. mgr.* Óheimilt er að framselja til einstakra starfsmanna nefndanna vald til að kveða upp úrskurði samkvæmt lögum þessum og ákvarðanir um málshöfðun skv. 28. og 29. gr., svo og ákvörðun um að krefjast brottvikningar heimilismanns eða nálgunarbanns skv. 37. gr.

stöfun á borð við vistun á Breiðavík þegar í stað og leggja þá ákvörðun undir fullnaðarákvörðun barnaverndarnefndar Reykjavíkur síðar. Á hinn bóginn leggur nefnd samkvæmt lögum nr. 26/2007 á það áherslu að ekki verði annað séð en að slíku verklagi hafi verið beitt með kerfisbundnum hætti á þeim árum, sem að framan greinir, auk þess sem ákvörðun um langtímavistun barns á Breiðavík gat að jafnaði ekki verið þess eðlis að nauðsynlegt hafi verið að taka þá ákvörðun án þess að hún væri lögð fyrir næsta formlega fund barnaverndarnefndar. Loks skal ítrekað að lengi framan af því tímabili, sem Breiðavíkurheimilið var starfandi sem vistheimili, sbr. reglugerð nr. 88/1958, fæst ekki séð af lestri fyrirliggjandi fundargerða barnaverndarnefndar Reykjavíkur að nefndin hafi tekið formlega afstöðu til ráðstöfunar barns á Breiðavík, sem þegar hafi verið um garð gengin. Ítrekað er að í flestum tilvikum er aðeins bókað að drengurinn X hafi „farið á Breiðavík“ á tilteknum degi, nokkru áður en fundur nefndarinnar á sér stað.

Áður er rakið að í lögum nr. 29/1947, og síðar í lögum nr. 53/1966, var kveðið á um skyldur barnaverndarnefnda til að „láta kunnáttumann rannsaka barnið eða ungmennið og segja til, hvernig með skuli fara“, sbr. 1. mgr. 36. gr. laga 29/1947 og 1. mgr. 38. gr. laga 53/1966. Með reglugerð nr. 88/1958 var nánar kveðið á um að það væri hlutverk stjórnarnefndar Breiðavíkurheimilisins að gæta þess að læknir rannsakaði rækilega heilsufar dregnsins og sömuleiðis þess að sálfræðingur hefði áður athugað hann, ef þess væri nokkur kostur, sbr. 2. mgr. 3. gr.

Af fyrirliggjandi gögnum verður ekki dregin önnur ályktun en að á árunum 1952 til 1963-1964 hafi verið tilviljanakennt hvort og þá hvaða greining á andlegum og líkamlegum högum vistmanna hafi verið framkvæmd af hálfu barnaverndarnefndar Reykjavíkur eða eftir atvikum stjórnarnefndar Breiðavíkurheimilisins áður en vistun á Breiðavík var ákveðin. Á hinn bóginn virðist mega ráða af gögnum að upp úr árunum 1965-1967 hafi orðið nokkur breyting til batnaðar að þessu leyti í störfum barnaverndarnefndar Reykjavíkur. Virðist mega ráða að þá hafi verið farið að framkvæma sérstakar athuganir og rannsóknir á drengjum áður en vistun á Breiðavík á sér stað, einkum hjá Geðverndardeild og Sálfræðideild skóla. Þá virðist einnig sem farið hafi verið að rita með skipulögðum og kerfisbundnum hætti sérstakar greinargerðir um vistmenn af hálfu barnaverndarnefndar Reykjavíkur, þar sem fjallað var um tildrög ráðstöfunar og um hagi og persónulega eiginleika hvers drengs, en greinargerðirnar virðast síðan hafa fylgt viðkomandi vistmanni á Breiðavík, eins og 3. mgr. 3. gr. gr. reglugerðar nr. 88/1958 gerði ráð fyrir. Nefnd samkvæmt lögum nr. 26/2007 tekur fram að óvarlegt er að fullyrða að barnaverndarnefnd Reykjavíkur hafi þá fyrst fullnægt þessari lagaskyldu. Ljóst er hins vegar af gögnum, sem nefndinni hafa verið send, að slíkar greinargerðir liggja

a.m.k. að jafnaði fyrir í fyrirliggjandi gögnum um vistunarákvarðanir á árunum 1967-1973, en jafnan ekki fyrir þann tíma.

Með vísan til framangreinds er það í fyrsta lagi niðurstaða nefndarinnar að ekki séu forsendur til að fullyrða annað en að tilefni ákvarðana barnaverndarnefndar Reykjavíkur um vistun barna á Breiðavík hafi í langflestum tilvikum fallið innan lögbundinna marka 37. gr. laga nr. 29/1947 og 39. gr. laga nr. 53/1966, sbr. og 2. gr. reglugerðar nr. 88/1958. Á hinn bóginn telur nefndin að í einhverjum tilvikum kunni að hafa leikið vafi á því að forsendur fyrir slíkri ákvörðun barnaverndarnefndar Reykjavíkur hafi stuðst við fullnægjandi lagagrundvöll. Hafi börn þá enda verið vistuð á Breiðavík fyrst og fremst vegna háttsemi foreldra, örbirgðar eða annarra heimilisástæðna, en ekki beinlínis eða í meginatriðum vegna háttsemi eða hegðunar barnsins sjálfs.

Í öðru lagi niðurstaða nefndarinnar að vafi leiki á því að málsmeðferð barnaverndarnefndar Reykjavíkur hafi, einkum á tímabilinu 1952 til 1965-1966, verið í samræmi við þær skyldur sem hvíldu á nefndinni samkvæmt lögum nr. 29/1947 þegar teknar voru ákvarðanir um vistun barns á Breiðavík, sbr. 37. gr. laganna og reglugerðar nr. 88/1958. Við gildistöku laga nr. 53/1966 virðist hafa orðið breyting til batnaðar að þessu leyti og nefndin hafi þá farið að undirbúa ákvarðanir sínar um vistun á Breiðavík í ríkari mæli í samræmi við gildandi lagafyrirmæli, einkum hvað varðar nauðsynlegar rannsóknir á vistmönnum áður en vistun var ákveðin og um formlega ákvörðunartöku í nefndinni. Á hinn bóginn sjást þó nokkur dæmi í fyrirliggjandi gögnum um að einnig hafi út af brugðið á þessu tímabili.

Nefndin telur þó að lokum nauðsynlegt að ítreka þann fyrirvara við ofangreinda umfjöllun og niðurstöður að ályktanir hennar byggjast alfarið á þeim gögnum sem nefndinni hafa verið send af hálfu stjórnvalda og af framburðum vistmanna og starfsmanna. Ljóst er að ýmis gögn kunna að hafa farið forgörðum í tímans rás og liggja raunar fyrir ýmsar vísbendingar í þá átt, sbr. nánar umfjöllun í greinargerð Braga Guðbrandssonar, sjá *fylgiskjal nr. 2*.[41]

9.2.1.2 Vistun barna af hálfu barnaverndarnefnda utan Reykjavíkur

Í kafla 8.1 hér að framan er rakið að einu upplýsingarnar um vistun drengja utan Reykjavíkur á árunum 1952-1972 sé að finna í þeim gögnum sem nefndinni hafa borist frá nokkrum héraðsskjalasöfnum um 17 tilgreinda einstaklinga og í árlegum eftirlitsskýrslum Símonar Jóhannesar Ágústssonar á tímabilinu 1959-1972. Alls fjallar Símon

[41] Bragi Guðbrandsson: *Barnavernd og uppeldisstofnanir*, bls. 68, fylgiskjal nr. 2.

um 39 drengi á tímabilinu sem vistaðir eru af barnaverndarnefndum utan Reykjavíkur eða tæplega þrjá á ári að jafnaði.[42]

Af fyrirliggjandi gögnum verður ráðið að framan af tímabilinu 1952-1972 fylgdu almennt ekki upplýsingar um tildrög vistunar eða aðrar forsendur ákvörðunar með þeim vistmönnum, sem vistaðir voru á Breiðavík, af hálfu staðbundinna barnaverndarnefnda utan Reykjavíkur, eða að slíkar upplýsingar voru efnislitlar. Af skýrslum Símonar Jóhannesar verður þó ráðið að erfiðar heimilisaðstæður voru í mörgum tilvikum aðalástæða vistunar. Þannig er í skýrslum hans gjarnan vísað til óreglu, sambúðarerfiðleika, skilnaða, fátæktar, veikinda og vanrækslu í fjölskyldum drengjanna. Í allnokkrum tilvikum er vísað til hegðunarerfiðleika og erfiðleika á aðlögun í skóla. Tilvísun til afbrota eða lögregluafskipta takmarkast við tiltölulega fá tilvik og eru þau nánast eingöngu frá nágrannasveitarfélögum Reykjavíkur. Þannig er vísað til þjófnaða og annars misferlis í nokkrum málum.

Í þeim gögnum, sem borist hafa frá héraðsskjalasöfnum, sjá kafla 8.1 að framan, verður ráðið að málsmeðferð barnaverndarnefnda utan Reykjavíkur í þeim fáu málum sem þar eru rakin virðist hafa verið nokkuð tilviljanakennd. Að jafnaði verður ekki af þeim ráðið hver aðdragandi hafi verið að ákvörðun um vistun drengs og í sumum tilvikum verður heldur ekki beinlínis ráðið hvaða forsendur hafi legið til grundvallar ákvörðun um að senda hlutaðeigandi á Breiðavík. Á slíkt sem fyrr einkum við um fyrri hluta þess tímabils, sem hér er fjallað um.

Nefndin telur samkvæmt framangreindu að hún hafi ekki nægar forsendur, í ljósi þess skorts sem er á gögnum um ákvörðunartöku staðbundinna barnaverndarnefnda, að fjalla með almennum hætti um tildrög þess að börn utan Reykjavíkur voru vistuð á Breiðavík, umfram það sem að framan greinir. Þó má ætla að í flestum tilvikum hafi málsmeðferð og ákvörðunartaka verið haldin sambærilegum annmörkum og til var að dreifa hjá barnaverndarnefnd Reykjavíkur.

Í þessu sambandi telur nefndin samkvæmt lögum nr. 26/2007 rétt að minna á það að samkvæmt ákvæðum 49. gr. laga nr. 29/1947 og 1. mgr. 51. gr. laga nr. 53/1966 var það hlutverk Barnaverndarráðs að hafa yfirumsjón með starfi „allra barnaverndarnefnda á landinu“. Samkvæmt sömu ákvæðum var ráðinu skylt að veita barnaverndarnefndum „hvers konar leiðbeiningar um starfa þeirra, skilning á lagaákvæðum, er þær varða, o.s.frv.“ Að mati nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 er vandséð, þegar horft er til

[42] Fjöldi þeirra sem ráðstafað var til Breiðavíkur utan Reykjavíkur er hins vegar mismunandi frá ári til árs. Þessar ráðstafanir voru flestar 7 árið 1960, en t.d. engin árið 1964. Hlutfallslega voru drengir utan Reykjavíkur flestir á árunum 1970-1972. Drengirnir koma úr öllum landsfjórðungum utan Vestfjarða, en flestir frá Keflavík (14 drengir) og nágrannasveitarfélögum Reykjavíkur (11 drengir), einkum Hafnarfirði (7 drengir).

skýrslna Barnaverndarráðs á árunum 1952-1972 og fyrirliggjandi fundargerða ráðsins, að ráðið hafi nægilega gætt að þessu samræmingarhlutverki, einkum hvað varðar málsmeðferð við ákvarðanir barnaverndarnefnda utan Reykjavíkur um vistun barna á Breiðavík. Hér má raunar geta þess að í fyrirliggjandi gögnum er að finna bréfaskipti á milli barnaverndarnefndar Kópavogs og Barnaverndarráðs á árinu 1970, en þar er fjallað um gagnrýni barnaverndarnefndarinnar á skorti á því að ráðið sinnti almennt leiðbeiningarhlutverki sínu gagnvart barnaverndarnefndum.[43]

9.2.2 Tímabilið 1973-1979

Áður er rakið að breyting varð á stjórnskipulagi Breiðavíkurheimilisins með setningu reglugerðar nr. 225/1973 um skólaheimilið í Breiðavík. Nánar er fjallað um aðdragandann að þeirri kerfisbreytingu og viðhorf Símonar Jóhannesar Ágústssonar, sálfræðings, í þeim efnum í kafla 11.2.1. hér síðar.

Samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 225/1973 var það verkefni stjórnarmanna Upptökuheimilisins að annast vistun nemenda á skólaheimilinu Breiðavík, rannsóknir og annan undirbúning að vistun og sérfræðilegt eftirlit og leiðbeiningar um uppeldi og kennslu þeirra. Samkvæmt 2. gr. var Breiðavík ætlað „unglingum að jafnaði á aldrinum 11-14 ára, sem eftir tilvísun barnaverndarnefnda og að aflokinni rannsókn á Upptökuheimilinu [voru] taldir hafa not af vistun á Breiðavík“. Ljóst er samkvæmt þessu að lagagrundvöllur vistunar á Breiðavík í tíð reglugerðar nr. 225/1973 var rúmur og raunar engin skýr efnisleg skilyrði að finna í ákvæði 2. gr. reglugerðarinnar, sem stjórnarmönnum Upptökuheimilisins bar að líta til við ákvörðun um hvort unglingur hefði „not af vistun á Breiðavík“. Þó verður að ætla að sá rammi sem settur var utan um vistun barna og ungmenna í 39. gr. laga nr. 53/1966 hafi sem fyrr gilt í meginatriðum um vistun barna á Breiðavík.

Framkvæmd vistunarákvarðana á þessu tímabili var í grundvallaratriðum háttað þannig að vistmaður á Breiðavík hafði að jafnaði áður dvalist á Upptökuheimili ríkisins að Kópavogsbraut 17 í Kópavogi í svokallaðri „skammtímavistun“ samkvæmt ákvörðun barnaverndarnefndar og stjórnar Upptökuheimilisins.[44] Af fyrirliggjandi gögnum verður ráðið að almennt hafi þá farið fram ítarlegar rannsóknir á högum viðkomandi, þ. á m. læknisfræðilegar og sálfræðilegar athuganir, þar sem leitast var við að greina, eins og

[43] Sjá einnig skýrslu barnaverndarnefndar Kópavogs fyrir árið 1969.
[44] Við könnun á framkvæmd vistunarákvarðana á tímabilinu 1973-1979 hefur nefnd samkvæmt lögum nr. 26/2007 m.a. haft til hliðsjónar svar Magnúsar T. Ólafssonar, menntamálaráðherra, á Alþingi á árinu 1973 við fyrirspurn Ingólfs Jónssonar, alþingismanns, um málefni vistheimilisins Breiðavíkur, sjá Alþt. 1972-1973, B-deild, bls. 1753-1760. Í annan stað hefur verið litið til greinargerðar Kristjáns Sigurðssonar, forstöðumanns Upptökuheimilis ríkisins, dags. 18. desember 1972, um breytingar á skipulagi og stjórnkerfi Breiðavíkurheimilisins. Þá er fyrirliggjandi „frásögn“ af fundi í menntamálaráðuneytinu um skipulagsbreytingar í Breiðavík, dags. 21. júní 1973, sem undirrituð er af Birgi Thorlacius.

kostur var, til hvaða ráðstafana væri rétt að grípa í tilviki hvers og eins. Þá verður ekki annað séð af fyrirliggjandi ferilskrám Upptökuheimilis ríkisins í málum þeirra, sem síðar voru vistaðir á Breiðavík, en að reglubundið samband og samráð hafi að jafnaði verið haft við foreldra hlutaðeigandi barna og oft leitað eftir því að foreldri eða foreldrar samþykktu vistun á Breiðavík, ef sá kostur var talinn heppilegastur.

Af gögnum, sem eru fyrirliggjandi, verður ekki séð að forsendur fyrir einstökum ákvörðunum stjórnarmanna Upptökuheimilis ríkisins um að vista ungling á Breiðavík hafi sérstaklega verið skráðar, eða sem slíkar bornar undir fullskipaða stjórn heimilisins. Í nokkrum tilvikum má ráða að leitað hafi verið samþykkis foreldris fyrir vistun á Breiðavík og í einu tilviki liggur fyrir yfirlýsing foreldris að viðstöddum lögmanni.

Af hálfu nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 verður ekki fullyrt að formleg ákvörðun á fundi fullskipaðrar stjórnar Upptökuheimilisins hafi verið áskilin fyrir vistun unglings á Breiðavík, eins og orðalagi 1. og 2. gr. reglugerðar nr. 225/1973 var háttað. Af þessum ákvæðum verður ráðið að forsenda þess að til greina hafi komið að vista ungling á Breiðavík hafi í fyrsta lagi verið sú að fyrir lægi ákvörðun barnaverndarnefndar[45] um að óska eftir innlögn unglings inn á Upptökuheimilið og í öðru lagi að farið hefðu þar fram rannsóknir á viðkomandi. Að því loknu hafi stjórnarmenn getað ákveðið að vistun færi fram á skólaheimilinu Breiðavík, enda væri það liður í meðferðaráætlun Upptökuheimilisins í máli hlutaðeigandi unglings.

Að þessu virtu verður í ljósi fyrirliggjandi gagna málsins ekki fullyrt annað af hálfu nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007, en að forsendur og ástæður þær, sem lágu að jafnaði til grundvallar ákvörðun stjórnarmanna Upptökuheimilisins um að vista unglinga á Breiðavík, hafi verið innan marka þeirra heimilda, sem reglugerð nr. 225/1973 veitti þeim. Í þessu sambandi tekur nefndin þó fram að af hennar hálfu hefur engin athugun eðli málsins samkvæmt verið gerð á þeim forsendum sem lágu til grundvallar tilvísunum barnaverndarnefnda á málum einstakra barna til Upptökuheimilis ríkisins. Þá ítrekar nefndin í annan stað að af gögnum, sem nefndin hefur undir höndum, verður ekki dregin önnur ályktun en að jafnan hafi ákvarðanir stjórnarmanna Upptökuheimilis ríkisins verið undirbúnar með viðhlítandi hætti með rannsóknum og athugunum á þeim.

---

[45] Þess skal getið að samkvæmt 3 tölul. 3. gr. reglugerðar nr. 96/1970 um verkaskiptingu milli félagsmálaráðs og barnaverndarnefndar Reykjavíkur, sem sett var með stoð í 5. mgr. 6. gr. barnaverrndarlaga nr. 53/1966, sbr. 1. gr. laga nr. 31/1968, var það verkefni *félagsmálaráðs Reykjavíkur* að annast ráðstöfun í vist og fóstur og eftirlit með því að öðru leyti, sjá nánar kafla 7.4 í II. hluta skýrslunnar.

10. Sættu börnin á Breiðavík illri meðferð eða ofbeldi?

10.1 Hvað felst í hugtökunum ill meðferð og ofbeldi?

Samkvæmt b-lið 1. mgr. 1. gr. laga nr. 26/2007 og erindisbréfi forsætisráðherra, dags. 2. apríl 2007, er eitt af meginmarkmiðum könnunar nefndarinnar á starfsemi Breiðavíkurheimilisins að leitast við að staðreyna, eins og kostur er, hvort og þá í hvaða mæli börn, sem vistuð voru á stofnuninni, hafi sætt *illri meðferð eða ofbeldi* meðan á dvölinni stóð. Nefndin hefur því í störfum sínum talið þörf á að afmarka nánar inntak þessara hugtaka. Hefur þá verið leitast við að tryggja að könnun nefndarinnar miðist við að staðreyna, eins og mögulegt er, hvort upplýsingar um aðstæður eða atvik, sem gagnaöflun hefur leitt í ljós, falli að þeim hlutlægu efnisþáttum sem taldir verða falla undir þessi hugtök.

Það er afstaða nefndarinnar að við nánari túlkun á hugtökunum ill meðferð og ofbeldi verði að horfa til þeirra laga- og reglugerðarfyrirmæla sem í gildi voru á þeim tíma, sem Breiðavíkurheimilið var starfandi, þ.e. á árunum 1952-1979. Nefndin hefur einnig byggt á því að við nánari fyllingu gildandi reglna að íslenskum rétti sé nauðsynlegt að horfa eftir atvikum til þjóðréttarlegra skuldbindinga íslenska ríkisins á sviði mannréttinda á sama tímabili. Í því samhengi skiptir og mestu máli að nánast allan þann tíma, sem Breiðavíkurheimilið var starfandi, var íslenska ríkið skuldbundið að þjóðarétti til að fylgja ákvæðum Mannréttindasáttmála Evrópu,[46] sem var undirritaður af Íslands hálfu 4. nóvember 1950 og fullgiltur 19. júní 1953, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 11, 9. febrúar 1954.

10.2 Ákvæði almennra hegningarlaga, barnaverndarlaga og reglugerða

Í þessum kafla verður leitast við að gera grein fyrir þeim efnisreglum í lögum og reglugerðum, sem nefndin telur að horfa verði til þegar leitast er við að afmarka nánar hvers konar athafnir (eða athafnaleysi) sé rétt að telja til illrar meðferðar eða ofbeldis í þeirri merkingu sem fram kemur í lögum nr. 26/2007.

Í fyrstu barnaverndarlögunum nr. 43/1932[47] var mælt fyrir um heimild barnaverndarnefnda í kaupstöðum landsins til að úrskurða að barn eða unglingur skyldi tekið af heimili þess og því ráðstafað annarsstaðar þegar „barninu [væri] misboðið með líkamlegu ofbeldi, illu atlæti, of mikilli vinnu, eða heimilisástæðurnar [væru] þannig, að

---

[46] Mannréttindasáttmáli Evrópu (Samningur Evrópuráðsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis) var undirritaður á fundi ráðherranefndarinnar í Róm 4. nóvember 1950, en samkvæmt 66. gr. hans átti hann að öðlast gildi þegar tíu aðildarríki Evrópuráðsins höfðu afhent aðalritara þess skjöl um fullgildingu hans. Samningurinn tók síðan gildi 3. september 1953 þegar fullgildingarskjöl tilskilins fjölda aðildarríkja höfðu verið afhent, sjá *Davíð Þór Björgvinsson*: „Mannréttindasáttmáli Evrópu. Meginatriði, skýring og beiting“. Í ritinu Mannréttindasáttmáli Evrópu. Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt, Mannréttindastofnun Háskóla Íslands og Lagadeild Háskólans í Reykjavík, Reykjavík 2005, bls. 31-34.

[47] Lög nr. 43/1932 um barnavernd.

leitt [gæti] til heilsutjóns fyrir það, svo og ef því [var] ekki séð fyrir lögskipuðu námi“, sbr. 4. tölul. 8. gr. laganna.

Barnaverndarlögin frá 1932 voru afnumin með lögum nr. 29/1947 um vernd barna og ungmenna. Í 2. og 3. mgr. 35. gr. laga nr. 29/1947 sagði meðal annars svo:

> Barnaverndarnefnd ber að hafa eftirlit með barnahælum og uppeldisstofnunum í umdæmi sínu og fylgjast með högum og aðbúð barna þar. Skal hún fylgjast með, hvað verður um börn, sem tekin er af slíkum hælum, og samþykkja þá staði, sem þau fara til, ef ekki er um að ræða heimili foreldra. [...]
>
> Ef meðferð barns á barnahæli eða uppeldisstofnun er óhæfileg eða rekstri slíks hælis eða stofnunar á annan hátt ábótavant, skal barnaverndarnefnd með leiðbeiningum og áminningum leitast við að bæta úr því, sem áfátt er. En komi það ekki að haldi, skal hún leggja málið fyrir Barnaverndarráð. Ef Barnaverndarráð fær eigi úr bætt, getur það svipt forstöðumann starfanum og ráðherra svipt hæli eða stofnun rétti til rekstrar áfram að fengnum tillögum Barnaverndarráðs og barnaverndarnefndar. [...]

Í 43. gr. laga nr. 29/1947 var að finna refsiákvæði, sem kvað á um að ef maður viðhefði í návist barns eða ungmennis ósiðlegt, ruddalegt eða ósæmilegt orðbragð eða athæfi, erti það eða drægi dár að því eða særði það á ósæmilegan hátt eða beitti það refsingum, ógnunum eða hótunum og slíkt orðbragð eða athafnir mætti telja því skaðsamlegar andlega eða líkamlega, þá varðaði það sektum, eða varðhaldi eða fangelsi allt að þremur árum. Í 45. gr. sömu laga var einnig mælt fyrir um það að ef forstöðumaður eða starfsmaður barnahælis eða uppeldisstofnunar, kennari eða aðrir, sem falin væri forsjá barna og ungmennis allt að 18 ára, leiddi það á siðferðilega glapstigu, misbyði því eða vanrækti á annan hátt uppeldi þess svo mjög að líkamlegri eða andlegri heilsu þess eða þroska væri mikil hætta búin, þá varðaði það refsingu samkvæmt 191. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en 1. mgr. þess ákvæðis, sem var að finna í XXI. kafla laganna um *sifskaparbrot*, var svohljóðandi fyrir afnám þess með lögum nr. 2. gr. laga nr. 27/2006:

> Ef nokkur misbýður með stórfelldri vanrækslu eða móðgunum eiginkonu sinni eða eiginmanni, barni sínu eða öðru barni eða unglingi undir 18 ára aldri, sem hann hefur til umsjónar eða fósturs, eða manni, sem er skyldur honum eða tengdur í beinan legg upp á við, þá varðar það fangelsi allt að 2 árum.

Þá verður að líta til þess að samkvæmt ákvæðum XXII. hegningarlaga var kveðið á um skírlífisbrot. Í 1. mgr. 200. gr. var lögð allt að 12 ára fangelsisrefsing við því að hafa samræði við barn, yngra en 14 ára. Þá var í 209. gr. kveðið á um að hver sá, sem með lostugu athæfi, særði blygðunarsemi manna skyldi sæta fangelsi allt að 3 árum,

varðhaldi eða sektum. Í XXIII. kafla var síðan meðal annars að finna ákvæði um líkamsmeiðingar. Fyrir þá breytingu sem gerð var á ákvæðum kaflans með lögum nr. 20/1981 var í 217. gr. kveðið á um að hver, sem gerðist sekur um líkamsárás, enda væri hún ekki svo mikil sem í 218. gr. sagði, skyldi sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 1 ári. Í 218. gr. var mælt svo fyrir að ef maður hefði með vísvitandi líkamsárás valdið öðrum manni tjóni á líkama eða heilbrigði, og þessar afleiðingar árásarinnar urðu taldar honum til sakar vegna ásetnings eða gáleysis, þá varðaði það varðhaldi eða fangelsi allt að 16 árum eða ævilangt. Í 219. gr. var síðan mælt fyrir um það að hlytist tjón á líkama eða heilbrigði, slíkt sem getið var í 218. gr., af gáleysi annars manns þá varðaði það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 4 árum. Í XXIV. kafla hegningarlaganna var loks mælt fyrir um brot gegn frjálsræði manna, en í 225. gr. var mælt fyrir um ólögmæta nauðung og í 226. gr. um frelsissviptingu.

Á grundvelli barnaverndarlaga nr. 29/1947 var 25. júlí 1958, sem fyrr greinir, sett reglugerð um vistheimilið í Breiðavík nr. 88/1958. Ákvæði hennar eru ítarlega rakin í kafla 7.6 í II. hluta skýrslunnar. Þó er rétt að rifja upp að samkvæmt 11. gr. reglugerðarinnar bar stjórnarnefndinni og forstöðumanni að setja reglur um hegðun og umgengni vistdrengja og heimilisaga. Skyldu þær bornar undir menntamálaráðuneytið til staðfestingar. Forstöðumaður sæi um að reglunum væri framfylgt.

Með lögum nr. 53/1966 um vernd barna og ungmenna voru barnaverndarlögin frá 1947 felld úr gildi. Áðurnefnd ákvæði 43. og 45. gr. eldri laganna voru tekin upp að nýju í lög nr. 53/1966, sbr. 45. og 47. gr. Þá var með skýrum hætti mælt fyrir það í 6. mgr. 39. gr. laga nr. 53/1966 að „[líkamlegum] refsingum [mætti] ekki beita á heimilum eða í stofnunum, sem um [gat í lögunum]“.

Á grundvelli laga nr. 53/1966 var sett reglugerð nr. 105/1970 um vernd barna og ungmenna. Þar var í III. kafla fjallað með heildstæðum hætti meðal annars um vistheimili fyrir börn og ungmenni. Var ríkisstjórninni með 32. gr. falið, svo sem því yrði við komið, að setja á stofn eða hlutast til um að sett yrði á stofn hvers konar vistheimili fyrir börn og ungmenni, sem hún, að tillögum barnaverndarnefnda, Barnaverndarráðs eða annarra þar til bærra aðila, teldi nauðsynlegt til að fullnægja ákvæðum laga um vernd barna og ungmenna, þar sem eigi yrði komið við leiðbeiningum við foreldra eða útvegun fósturheimilis. Var menntamálaráðuneytinu falið að láta semja og gefa út sérstakar nánari reglur og leiðbeiningar fyrir innri stjórn, starfsfólk og alla aðbúð slíkra heimila og sjá um birtingu þeirra.

Til slíkra uppeldisheimila samkvæmt 2. mgr. 32. gr. reglugerðarinnar töldust upptökuheimili, þar á meðal rannsókna- og gæzluheimili, þar sem börnum yrði veitt viðtaka um stundarsakir, eða þangað til þeim hefði verið fenginn varanlegur uppeldisstaður.

Samkvæmt 3. mgr. 32. gr. skyldi við stofnun og rekstur uppeldisheimila samkvæmt 2. mgr. sérstaklega huga að tilteknum atriðum, eftir því sem við ætti um hvern flokk, þar á meðal um „skipulag og stjórn“, sbr. A-lið, og um „aðbúnað og gæzlu barna og ungmenna á heimilinu“, sbr. B-lið. B-liðurinn var svohljóðandi:

> Barnaheimili sem taka börn um lengri eða skemmri tíma, eiga að koma í stað foreldraheimila og öll aðbúð miðast við það, að því takmarki verði náð á sem fullkomnastan hátt, líkamlega og andlega.
>
> Gæta skal þess að hvert barn verði aðnjótandi slíkrar aðbúðar og umönnunar, þar á meðal áhrifa í umgengni, lífsviðhorfum og tilfinningatengslum við þá, er það umgengst, að til andlegs og líkamlegs þroska horfi. Enn fremur skal vakað yfir andlegri og líkamlegri heilsu barna, læknis vitjað þegar er tilefni gefst, kostað kapps um að þau öðlist öryggiskennd og andlega staðfestu, svo sem við verður komið. Hvers konar refsingar eru bannaðar, - nema að því er varðar heilbrigt agavald - , kosta að viðhafa frekar leiðbeiningar en ásakanir, þar sem því verður við komið, ef um ávirðingar barna er að ræða.

Í V. kafla reglugerðar nr. 105/1970 var sérstaklega fjallað um „gæzlu siðferðis barna og ungmenna“. Samkvæmt 41. gr. var jafnan skylt við uppeldi barna, hvort heldur á heimilum foreldra, fósturforeldra eða hvers konar dvalarheimilum, svo og í barnaskólum, að kenna þeim háttvísi og góða siði í umgengni við aðra, eldri og yngri. Þá bar að forðast að hafa í frammi í nálægð þeirra hvers konar framferði í orði eða verki, er spillt gæti hugsunarhætti þeirra eða viðhorfi til lífsins.

10.3 Niðurstöður um inntak hugtakanna ill meðferð og ofbeldi

Af þeim laga- og reglugerðarákvæðum, sem að framan eru rakin, telur nefndin mega ráða að þegar við gildistöku fyrstu barnaverndarlaganna á árinu 1932 hafi það verið meginregla á sviði barnaverndar á Íslandi að stjórnvöldum á þessu sviði væri að lögum falið að hafa eftirlit með velferð barna og tryggja að þeim yrði ekki „misboðið“ í þeirri merkingu sem fram kom í 8. gr. þeirra laga nr. 43/1932. Tilvitnuð 8. gr. þeirra laga tók samkvæmt orðum sínum til aðstæðna barns á *heimili* sínu. Það er hins vegar vafalaust að mati nefndarinnar að að því marki sem ráðstöfun barnaverndarnefndar tók til þess að koma barni á annað heimili í fóstur eða á barnahæli, eða aðrar stofnanir er tóku börn í fóstur, sbr. 2. mgr. 12. gr. laganna, þá hafi húsráðendum og starfsmönnum þar eðli málsins samkvæmt verið skylt að sjá til þess að börn yrðu þar ekki fyrir sambærilegri meðferð. Í því sambandi verður einnig að horfa til þess að á þessum tíma nutu börn, eins og aðrir, jafnframt þeirrar réttarverndar gegn líkamlegu ofbeldi og illri meðferð sem leiddi af þágildandi refsilögum, einkum hinum Almennu hegningarlögum

handa Íslandi frá 25. júní 1869, sbr. einkum sextándi kapítuli um „afbrot á móti skírlífi“ og átjándi kapítuli um „líkamlegt ofbeldi og líkamlegar meiðingar“.

Við gildistöku barnarverndarlaga nr. 29/1947 var lögfest sérrefsiákvæði í 43. gr., sem lagði refsingu við því að athafnir sem í orði eða verki voru til þess fallnar að vanvirða eða niðurlægja barn, auk þess sem sérstaklega var mælt fyrir um bann við „refsingum, ógnunum eða hótunum“, enda mætti telja slíkar athafnir „skaðsamlegar [barninu] andlega eða líkamlega“. Þá var nánar útfærð í 45. gr. laga nr. 29/1947 sú regla 8. gr. eldri laga nr. 43/1932 um bann við því að leiða barn á siðferðilega glapstigu, misbjóða því eða vanrækja á annan hátt uppeldi þess svo mjög að líkamlegri eða andlegri heilsu þess eða þroska væri mikil hætta búin. Þeirri hátternisreglu var samkvæmt 45. gr. laga nr. 29/1947 sérstaklega beint að forstöðumanni og starfsmanni barnahælis eða uppeldisstofnunar, kennara eða annarra, sem hafði verið falin umsjá barna eða ungmennis allt að 18 ára. Ótvírætt er að mati nefndarinnar að þessi hátternisregla átti við um starfsmenn Breiðavíkurheimilisins á þeim starfstíma sem lög nr. 29/1947 voru í gildi, þ.e á árunum 1952-1966, enda var heimilið upphaflega stofnsett á grundvelli áðurnefndrar 37. gr. laga nr. 29/1947. Með lögum nr. 53/1966 var síðan áréttað með skýrum hætti í 6. mgr. 39. gr. að óheimilt væri að beita líkamlegum refsingum á stofnunum sem reknar væru á grundvelli barnaverndarlaga.

Í þessu sambandi verður jafnframt að líta til þess að samhliða þeim hátternisreglum, sem fram koma í barnaverndarlögum nr. 29/1947 og síðar í lögum nr. 53/1966, giltu á starfstíma Breiðavíkurheimilisins ofangreind ákvæði almennra hegningarlaga nr. 19/1940 um sifskaparbrot, skírlífisbrot, líkamsmeiðingar og brot gegn frjálsræði manna, en börnin á Breiðavík nutu eðli málsins samkvæmt þeirrar réttarverndar, sem leiddi af þessum ákvæðum, bæði í samskiptum sínum við starfsmenn og sakhæfa vistmenn, þ.e. þau ungmenni sem náð höfðu 15 ára sakhæfisaldri, sbr. 14. gr. almennra hegningarlaga, þegar ætlað brot var framið.

Við nánari afmörkun á hugtökunum ill meðferð eða ofbeldi hefur nefndin auk þess horft til þess að á árinu 1953 var Mannréttindasáttmáli Evrópu fullgiltur af hálfu íslenska ríkisins, sbr. auglýsingu nr. 11/1954. Sáttmálinn öðlaðist þó ekki lagagildi fyrr en með lögum nr. 62/1994. Á hinn bóginn hefur það verið viðurkennd lögskýringarregla í íslenskum og norrænum rétti að túlka beri lög og reglur, sem hverju sinni eru í gildi, með hliðsjón af þjóðréttarlegum skuldbindingum ríkisins.[48]

Að mati nefndarinnar er ekki vafa undirorpið að við túlkun og framkvæmd ofangreindra ákvæða íslenskra laga og reglugerða, sem giltu þegar börn voru af hálfu ríkis og sveitarfélaga vistuð á vist- og meðferðarheimilum á árunum 1950-1980, hafi borið að

[48] Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*. Bókaútgáfan Codex, Reykjavík 2007, bls. 248-251.

hafa hliðsjón af þeim skyldum sem hvíldu á íslenska ríkinu samkvæmt Mannréttindasáttmála Evrópu. Samkvæmt 3. gr. sáttmálans skal „enginn maður skal sæta pyndingum eða ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu“. Á þetta ákvæði sérstaklega við um þau tilvik þegar menn eru vistaðir á stofnunum á vegum hins opinbera. Ákvæðið hefur nú verið lögfest, fyrst með 1. gr. laga nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu og síðar samsvarandi ákvæði í stjórnarskránni, sbr. 1. mgr. 68. gr., sjá 6. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 97/1995. Lögfesting þessa ákvæðis í stjórnarskrána var einungis áréttíng á þeim skyldum sem hvíldu áður á íslenska ríkinu að þjóðarétti og nauðsynlega bar að horfa til við túlkun og fyllingu landslaga, þar sem kveðið var meðal annars á um vistun manna á stofnunum í umsjá ríkisins. Þar sem íslenska ríkið hafði, sem fyrr getur, þegar fullgilt Mannréttindasáttmála Evrópu um það leyti sem starfsemi Breiðavíkurheimilisins hófst er það afstaða nefndarinnar að þegar lagt er mat á þær skyldur sem hvíldu á barnaverndaryfirvöldum, stjórnarnefnd heimilisins, forstöðumönnum og öðrum starfsmönnum heimilisins verði að hafa til hliðsjónar þær kröfur sem leiddu af ofangreindum ákvæðum barnaverndarlaga, eins og þau bar að túlka til samræmis við 3. gr. mannréttindasáttmálans. Undir ákvæðið hafa einkum verið taldar falla þær athafnir, sem á grundvelli heildstæðs mats á atvikum og eftir hlutlægum mælikvarða, valda tilteknum manni líkamlegu eða andlegu tjóni eða verulegri hættu á slíku tjóni (ómannúðleg meðferð eða refsing), eða eru til þess fallnar að niðurlægja hann eða setja hann í þá aðstöðu að hann óttist um líf sitt eða líkamlegt eða andlegt heilbrigði (vanvirðandi meðferð eða refsing).[49]

Á hinn bóginn telur nefndin rétt að benda á að nauðsynlegt getur hafa verið, til að halda uppi aga á Breiðavíkurheimilinu, að grípa til sérstakra ráðstafana til að kveða niður óæskilega hegðun barns eða unglings sem var þess eðlis að hætta var á að einstaklingurinn skaðaði sjálfan sig, starfsmenn eða ylli skemmdum á verðmætum. Slíkar aðstæður kunna að hafa skapast þegar barn eða unglingur hafi verið stjórnlaus og af honum hafi beinlínis stafað yfirvofandi hætta fyrir aðra vistmenn eða starfsmenn eða að hegðun hans hafi verið þess eðlis að frá uppeldislegu sjónarhorni hafi reynst örðugt að halda uppi aga á heimilinu.[50]

Þegar lagt er mat á til hvaða aðgerða starfsmenn á viðkomandi stofnun hafi verið heimilt að grípa ber að hafa í huga áðurnefnd ákvæði laga og reglugerða. Þá komu til

---

[49] Sjá til hliðsjónar Guðrún Gauksdóttir: „Bann við pyndingum“. Í ritinu *Mannréttindasáttmáli Evrópu. Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt*, bls. 116-117, og Róbert R. Spanó: „Ákvæði 1. mgr. 68. gr. stjórnarskrárinnar um bann við ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu“. Í ritinu *Lögberg*, rit lagastofnunar Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan, Reykjavík 2003, bls. 644-650.

[50] Sjá til hliðsjónar Davíð Þór Björgvinsson og Nanna K. Sigurðardóttir: *Greinargerð um þvingunarráðstafanir á meðferðarheimilum ríkisins fyrir unglinga og eftirlitsskyldur barnaverndaryfirvalda*, bls. 91-94.

almenn neyðarréttar- og neyðarvarnarsjónarmið, sbr. 12. og 13. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Á þeim grundvelli telur nefndin að þvingunarráðstafanir eða líkamleg valdbeiting hafi undir einhverjum kringumstæðum verið réttlætanleg, en þó eingöngu ef skilyrðum ofangreindra ákvæða almennra hegningarlaga hafi verið fullnægt og gætt hafi verið meðalhófs. Mörg atriði koma til skoðunar þegar metið er hvort skilyrðum 12. og 13. gr. laga nr. 19/1940 er fullnægt sem ekki er ástæða til að rekja frekar hér.

Þá skiptir og máli fyrir könnun nefndarinnar á því hvort opinbert eftirlit með starfsemi Breiðavíkurheimilisins hafi verið fullnægjandi, sjá kafla 11 hér síðar, að 3. gr. mannréttindasáttmála Evrópu hefur jafnframt verið skilin á þá leið að af henni leiði tilteknar *jákvæðar skyldur* aðildarríkja til að tryggja að menn, einkum þeir sem eru í umsjá ríkisins, til dæmis á stofnunum á borð við Breiðavík, verði ekki fyrir athöfnum (eða athafnaleysi) sem teljast til ómannúðlegrar eða vanvirðandi meðferðar.[51] Felur það meðal annars í sér að mati nefndarinnar að stórfelld og kerfisbundin vanræksla stjórnvalda á árunum 1950-1980 á að tryggja viðhlítandi eftirlit með aðbúnaði og velferð þeirra, sem þurftu að sæta vistun á opinberum stofnunum, hafi eftir atvikum geta talist fara í bága við þær jákvæðu skyldur sem hvíldu á stjórnvöldum aðildarríkja á grundvelli 3. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sjá nánar kafla 11 hér síðar.

Að öllu samanlögðu virtu telur nefndin að miða beri við það að undir hugtökin *ill meðferð og ofbeldi*, sbr. b-lið 1. mgr. 1. gr. laga nr. 26/2007, falli hvers konar meðferð barns, sem vistað var á vist- eða meðferðarheimili á árunum 1950-1980, sem hlutlægt séð má telja að hafi verið ómannúðleg eða vanvirðandi. Þar undir féll eðli málsins samkvæmt bein líkamleg valdbeiting gagnvart barni í formi refsinga, þar sem valdið var óþarfa sársauka, enda var athöfnin ekki liður í lögmætum aðgerðum til að afstýra ofbeldi á milli manna eða yfirvofandi hættu á slíku ofbeldi eða tjóni á verðmætum. Nefndin fær með öðrum orðum ekki séð að forstöðumanni eða öðrum starfsmönnum á uppeldisstofnun á vegum ríkisins hafi á þeim árum, sem könnunin tekur til, verið heimilt að beita beinu líkamlegu ofbeldi í agaskyni, en með 6. mgr. 39. gr. laga nr. 53/1966 var mælt fyrir um ótvírætt bann við slíkum athöfnum.[52] Þá er vafalaust í ljósi ofangreindrar umfjöllunar að áðurnefnd hugtök geta ekki einskorðast við beina líkamlega valdbeitingu. Undir hugtakið ill meðferð féllu einnig athafnir gagnvart barni, sem vistað var í opinberri stofnun, sem voru ógnandi, vanvirðandi eða niðurlægjandi í garð

---

[51] Sjá Guðrún Gauksdóttir: *„Bann við pyndingum“*, bls. 118-120, og Róbert R. Spanó: *„Ákvæði 1. mgr. 68. gr. stjórnarskrárinnar um bann við ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu“*, bls. 651-652.

[52] Ákvæði 6. mgr. 39. gr. laga nr. 53/1966 um vernd barna og ungmenna hljóðaði svo: „Líkamlegum refsingum má ekki beita á heimilum eða í stofnunum, sem um getur í lögum þessum.“

barnsins og þær athafnir eða athafnaleysi starfsmanna og eftir atvikum annarra opinberra aðila, sem voru til þess fallnar að misbjóða barni.

Við mat á hvort barnaverndaryfirvöld og starfsmenn Breiðavíkurheimilisins hafi fullnægt lögbundinni eftirlitsskyldu sinni, sjá nánar kafla 11 hér síðar, hefur nefndin jafnframt litið til þess hvort telja verði að fyrir liggi í gögnum málsins vísbendingar um viðvarandi og reglubundinn skort eða vanrækslu á að gæta að lögmæltri umsjónar- og eftirlitsskyldu með líðan og velferð barnanna.

Nefndin hefur haft ofangreindan grundvöll að leiðarljósi við ályktanir sínar og mat á þeim gögnum og upplýsingum, sem hún hefur aflað um atvik og aðstæður við vistun barna á Breiðavíkurheimilinu á árunum 1952-1979.

Verður nú nánar vikið að ályktunargrundvelli nefndarinnar í þessu sambandi í köflum 10 og 11.

10.4 Almennt um ályktunargrundvöll nefndarinnar og mat

Eins og fyrr hefur verið greint frá var Breiðavíkurheimilið starfrækt á árunum 1952-1979 eða um tuttugu og sjö ára skeið. Þegar lagt er mat á starfsemi vistheimilisins á grundvelli þeirra ályktana, sem dregnar eru af viðtölum við vistmenn, forstöðumenn og aðra opinbera starfsmenn þá áratugi sem það var starfandi, ber að hafa í huga hinn langa starfstíma þess og að tuttugu og átta ár eru liðin frá því að síðustu einstaklingarnir voru vistaðir á Breiðavík. Fjöldi starfsmanna starfaði á vistheimilinu þessa tæpu þrjá áratugi sem heimilið var starfandi og samkvæmt fyrirliggjandi gögnum voru 158 vistmenn vistaðir þar.[53] Til viðtals við nefndina komu 80 fyrrverandi vistmenn, einn vistmaður óskaði eftir að skila skýrslu til nefndarinnar um dvöl sína á vistheimilinu og 20 fyrrverandi starfsmenn þess komu til viðtals við nefndina og 3 aðrir opinberir starfsmenn.

10.4.1 Markmið og framkvæmd viðtala við fyrrverandi vistmenn og starfsmenn Breiðavíkurheimilisins

Einn af mikilvægari þáttum við könnun á starfsemi Breiðavíkurheimilisins var að afla upplýsinga frá þeim einstaklingum sem höfðu persónulega reynslu af dvöl á vistheimilinu með einum eða öðrum hætti. Var rík áhersla lögð á að fá sem flesta vistmenn til viðtals og starfsmenn sem nefndin taldi að gætu varpað ljósi á atvik og aðstæður í starfsemi heimilisins þá tæpu þrjá áratugi sem heimilið var starfandi. Nefndin var þess meðvituð í upphafi að vandkvæðum væri bundið að fá fyrrverandi vistmenn heimilisins

[53] Nefndinni hefur ekki verið unnt að afla upplýsinga um alla þá starfsmenn sem störfuðu á vistheimilinu á tímabilinu 1952-1979.

til að greina frá atburðum sem margir hverjir áttu sér stað fyrir mörgum áratugum og að um atvik og atburði væri að ræða sem átt höfðu sér stað þegar flestir viðmælendur voru á barnsaldri. Í ljósi þess leitaðist nefndin við að skapa í hverju viðtali þægilegt andrúmsloft þannig að hver viðmælandi fengi svigrúm til að greina í frjálsri frásögn frá dvöl sinni á vistheimilinu. Það vakti strax athygli nefndarinnar í upphafi viðtala við vistmenn hversu vel flestir mundu eftir dvöl sinni á Breiðavík og hversu samstarfsfúsir viðmælendur voru. Nánast án undantekninga greindu vistmenn frá því að muna töluvert frá dvöl sinni á vistheimilinu og flestir greindu með nokkuð ítarlegum hætti frá dvöl sinni í upphafi viðtals í frjálsri frásögn. Var henni síðan fylgt eftir með spurningavísi sem nefndin hafði útbúið áður en viðtöl við vistmenn hófust í ágúst s.l. Með honum var leitast við að afla upplýsinga í samræmi við markmið nefndarinnar samkvæmt lögum nr. 26/2007 og erindisbréf forsætisráðherra, dags. 2. apríl 2007, þ.e. að kanna hvort fyrrverandi vistmenn hefðu í reynd sætt illri meðferð og/eða ofbeldi á meðan á dvöl þeirra stóð.

Framkvæmd skýrslutöku af fyrrverandi starfsmönnum vistheimilisins fór fram með álíkum hætti. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem nefndin hafði aflað í þeim 80 viðtölum sem hún hafði þá áður tekið við vistmenn og skýrslu þeirri sem einn fyrrverandi vistmaður óskaði eftir að skila til nefndarinnar, voru bornar undir starfsmenn einstakar frásagnir vistmanna. Jafnframt var starfsmönnum veitt tækifæri á að greina sjálfstætt frá upplifun sinni af dvölinni á vistheimilinu. Með þeim hætti var leitast við að varpa ljósi á sannleiksgildi einstakra frásagna, sem fram höfðu komið í viðtölum við vistmenn og einnig var reynt að varpa ljósi almennt á starfsemi heimilisins þann tíma sem hver starfsmaður gegndi þar störfum.

10.4.2 Álitsgerðir Dr. Gísla H. Guðjónssonar, prófessors í réttarsálfræði, um trúverðugleika framburða fyrrverandi vistmanna og starfsmanna

Í ljós kom við könnun á þeim skjallegu gögnum sem nefndin hafði aflað frá stjórnvöldum að litlar sem engar upplýsingar var þar að finna sem gætu varpað ljósi á það hvort ill meðferð og/eða ofbeldi hefði átt sér stað á einhverju tímabili í starfsemi vistheimilisins. Nefndinni var því ljóst að við mat hennar á því hvort ill meðferð og/eða ofbeldi hefði hugsanlega átt sér stað á einhverjum tíma í starfsemi Breiðavíkur, yrðu frásagnir þeirra einstaklinga sem dvöldu á vistheimilinu, bæði vistmanna og starfsmanna, einu upplýsingarnar sem nefndin gæti byggt mat sitt á, hvað þann þátt rannsóknarinnar varðaði.

Á fundi nefndarinnar, dags. 27. september 2007, var rætt um að mat nefndarinnar á sannleiksgildi einstakra frásagna væri vandmeðfarið og leggja yrði heildstætt mat á

hvort meiri líkur en minni væru á því að ill meðferð og/eða ofbeldi hefði átt sér stað á einhverjum tíma í sögu Breiðavíkur. Taldi nefndin að gæta þyrfti varúðar þegar lagt væri mat á sannleiksgildi frásagna viðmælenda. Töluvert langur tími er síðan einstaklingar voru vistaðir á Breiðavík og fyrrverandi starfsmenn gegndu þar störfum og talsverð fjölmiðlaumræða hefur átt sér stað um Breiðavíkurheimilið. Taldi nefndin mikilvægt að hafa það í huga við mat á sannleiksgildi einstakra frásagna.

Sökum þessa var, eins og nánar er rakið í kafla 2.1 í I. hluta skýrslunnar, tekin sú ákvörðun að óska eftir álitsgerð Dr. Gísla H. Guðjónssonar, prófessors í réttarsálfræði við Kings College í Lundúnum, einkum vegna áratuga reynslu hans af greiningu á framburðum sakborninga og vitna í sakamálum víðsvegar um heiminn. Var Gísla meðal annars falið að kanna efni viðtala við vistmenn og starfsmenn, leggja mat á trúverðugleika viðtala og hvort hann teldi að unnt væri á grundvelli þeirra að draga þá ályktun að ill meðferð og/eða ofbeldi hefði átt sér stað á einhverju tímabili í sögu vistheimilisins. Nánari lýsing á verkbeiðni nefndarinnar til Gísla er að finna í kafla 2.1. í I. hluta skýrslunnar. Hinn 7. desember 2007 skilaði Gísli endanlegri álitsgerð til nefndarinnar á greiningu viðtala við vistmenn og 31. s.m. skilaði hann endanlegri álitsgerð á greiningu viðtala við fyrrverandi starfsmenn Breiðavíkurheimilisins, en báðar greinargerðir fylgja skýrslu þessari, *sjá fylgiskjal nr. 3.*

Í álitsgerð Gísla H. Guðjónssonar, dags. 7. desember 2007, er varpað ljósi á þær fræðilegu forsendur og þau sjónarmið, sem leiða til þess að gæta verður varfærni þegar nú er lagt mat á atburði á Breiðavík að virtum frásögnum vistmanna og starfsmanna um það sem þar á að hafa gerst. Nefndin hefur við sjálfstætt og heildstætt mat sitt á framburðum vistmanna og fyrrverandi starfsmanna haft eftirfarandi forsendur, sem vikið er að í álitsgerð Gísla, að leiðarljósi við störf sín:

Í fyrsta lagi er mjög langur tími liðinn frá því að atburðir þeir er fyrrverandi vistmenn Breiðavíkurheimilisins hafa skýrt frá áttu sér stað, þ.e. 29 til 55 ár. Svo langur tími getur auðveldlega valdið ónákvæmni í frásögnum fólks vegna þess að minni fólks versnar með tímanum.[54] Þegar svo langur tími líður frá atburði þar til þolandi eða vitni skýrir frá honum geta jaðaratriði gleymst og aðalatriði spillst í minni viðkomandi vegna truflandi áhrifa af upplýsingum sem síðar berast, s.s. fjölmiðlaumfjöllunar eða vegna samtala við aðra. Ásakanir fyrrverandi vistmanna Breiðavíkurheimilisins um illa meðferð og líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi fóru fyrst að koma fram eftir að gerð heimildarmyndar um Breiðavíkurheimilið hófst fyrir nokkrum árum. Ljóst er að flestir ef ekki allir fyrrverandi vistmenn hafa fylgst með hinni miklu fjölmiðlaumfjöllun um Breiðavíkurheimilið sem átti sér stað fyrr á þessu ári. Einnig er ljóst að nokkrir af

[54] Gísli H. Guðjónsson: *Psychology of Interrogations, Confessions and Testimony*, 1992.

fyrrverandi vistmönnum heimilisins hafa verið í innbyrðis samskiptum eftir að gerð myndarinnar hófst og umræða um heimilið átti sér stað í fjölmiðlum. Af rannsóknum á minni fólks á löngu liðna atburði getur hvort tveggja hafa litað endurminningar þeirra um dvölina og skapað hættu á röngum og/eða ýktum frásögnum. Þetta þurfti að hafa í huga við mat nefndarinnar.

Vitað er að frásagnir fólks byggjast ekki einvörðungu á því sem það varð vitni að eða upplifði heldur líka á upplýsingum, sem það fékk eftir atburðinn.[55] Spilling á minni fólks, sem stundum er nefnt „eftirá-truflun“ (e. “post-event interference”)[56] getur komið fyrir þegar fólk fær nýjar upplýsingar um löngu liðna atburði, s.s. í fjölmiðlum, við samræður við aðra ásakendur, eða við að ræða ásakanir sínar við þriðja aðila sem gefur sitt álit á frásögninni.[57] Hættan á spilltu minni eða „eftirá-truflun“ getur verið meiri ef um hugsanlegar skaðabætur er að ræða, ef mikil fjölmiðlaumræða á sér stað eða ef samræður milli þeirra sem upplifðu atburðinn og samræður þeirra við aðra sem áhuga hafa á málinu eiga sér stað.

Áhrif upplýsinga, sem berast fólki eftir að það verður vitni að atburði, á minni þess, hafa töluvert verið rannsökuð. Fyrsta rannsókn á þessu fyrirbæri sem vitað er um var gerð í Þýskalandi árið 1896 af Albert von Shrenck-Notzing.[58] Í sálfræðinni hefur þetta verið kallað „spilliáhrif“ (e. „contamination effect“) eða „áhrif villandi upplýsinga“ (e. „misinformation effect“) og á sér a.m.k. þrjár skýringar: 1) nýjar upplýsingar má út upphaflega minningu um atburð, 2) nýjar upplýsingar fylla upp í eyður í minningu um atburð og 3) þótt nýjar upplýsingar mái ekki endilega út þær sem fyrir eru þá verða þær meira áberandi í minningunni. Komið hefur í ljós að vitni eru viðkvæmust fyrir þessum áhrifum þegar langur tími líður á milli atburðar og upprifjunar og þegar nýjar upplýsingar í millitíðinni koma frá fólki í áhrifastöðu.[59] Það ber þó að taka fram, eins og kemur fram í álitsgerð Gísla, að minniháttar ósamræmi í frásögnum einstaklinga af löngu liðnum atburðum eru ekki áreiðanleg vísbending um ótrúverðugleika.[60]

Í öðru lagi er vakin athygli á því í fyrri álitsgerð Gísla til nefndarinnar að langflestir fyrrverandi vistmanna Breiðavíkurvistheimilisins lýstu neikvæðri reynslu sinni af dvölinni þar og margir gáfu tilfinningahlaðnar lýsingar á reynslu sinni. Slíkt getur gert

---

[55] Loftus: *Eyewitness Testimony,* 1979; Schooler og Loftus: *Multiple Mechanisms Mediate Individual Differences in Eywitness Accuracy and Suggestibility*, 1993; Davies: *Evidence: Psychological Perspective*, 1999.
[56] Loftus: *Eyewitness Testimony,* 1979.
[57] Gísli Guðjónsson: *Psychology of Interrogations, Confessions and Testimony,* 1992, *Psychology of Interrogations and Confessions,* 2003.
[58] Davies: *Evidence: Psychological Perspective,* 1995; Guðjónsson og Haward: *Forensic Psychology. A guide to practice*, 1998.
[59] Davies: *Evidence: Psychological Perspective,* 1999.
[60] Vrij: *Criteria-based content analysis. A qualitative review of the first 37 studies,* 2005.

það að verkum að erfiðara er að greina á áreiðanlegan hátt á milli sannra og falskra endurminninga þeirra af vistinni.[61]

Í þriðja lagi er að því vikið í álitsgerðinni að um mjög takmarkaðar upplýsingar er að ræða sem styðja frásagnir fyrrverandi vistmanna, s.s. eins og upplýsingar um að þeir hafi á þeim tíma er atburðir áttu sér stað skýrt einhverjum starfsmanna frá þeim, en nánar verður fjallað um þýðingu þessa atriðis í kafla 10.4.3. hér síðar. Örfá dæmi eru um þetta og eru þau mjög almenns eðlis. Þó virðist sem einhver umræða hafi verið á meðal vistmanna um alvarlega atburði, s.s. kynferðislega misnotkun, á þeim tíma er þeir gerðust.

Í fjórða lagi bendir Gísli á að margar af ásökunum fyrrverandi vistmanna snerta illa meðferð og kynferðislega misnotkun af hálfu annarra vistmanna. Sumir af þeim vistmönnum, sem komu til viðtals við nefndina, kunna að hafa verið gerendur frekar en eða jafnt sem þolendur illrar meðferðar og kynferðislegs ofbeldis. Það kann að hafa haft áhrif á frásagnir þeirra.

Þá er vísað til þess að þótt sumir fyrrverandi vistmenn Breiðavíkurheimilisins skýri hvorki frá illri meðferð né ofbeldi á meðan á dvöl þeirra stóð þarf það ekki að draga úr trúverðugleika þeirra sem skýra frá slíkum atburðum. Það geta verið ýmsar ástæður fyrir því að menn skýra ekki frá reynslu sinni af illri meðferð eða misnotkun, jafnvel þótt þeir hafi upplifað hana eða orðið vitni að henni. Skýringarnar geta verið þær að viðkomandi hafi gleymt þessum atburðum, honum þyki of erfitt eða sársaukafullt að rifja upp og ræða það sem gerðist, viðkomandi man vel eftir því sem gerðist en vill ekki skýra frá til þess að vernda sjálfan sig og aðra sem hlut eiga að máli (t.d. þar sem viðkomandi var gerandi), sjá nánar umfjöllun í næsta kafla skýrslunnar.

Í síðari álitsgerð Gísla, dags. 31. desember 2007, á greiningu á viðtölum við fyrrverandi starfsmenn Breiðavíkur kemst Gísli að þeirri niðurstöðu að flest þeirra séu trúverðug, starfsmennirnir hafi greinilega lagt sig fram við að rifja upp það sem þeir urðu vitni að á Breiðavík. Svo virðist sem flestir þeirra hafi skýrt frá minningum sínum í góðri trú þótt tveir þeirra hafi þó virst vera í mikilli vörn og dregið upp óþarflega já-kvæða mynd af Breiðavík. Þá sé ekki að undra þótt einhverjir hafi átt erfitt með að rifja upp, langt sé liðið síðan þeir störfuðu þar.

Flestir starfsmannanna sögðust hvorki hafa orðið vitni að líkamlegu né kynferðis-legu ofbeldi gegn vistmönnum, en nokkrir þeirra sögðu þó ekki ómögulegt að það gæti hafi komið fyrir án þess að þeir yrðu þess varir. Nokkrir starfsmannanna sögðust hafa orðið vitni af einelti eldri vistmanna gagnvart yngri vistmönnum og nokkrir skýrðu frá ofsafengnum skapsmunum eins forstöðumannsins. Gísli bendir á að samræmi sé á milli

[61] Howe: *Children's emotional false memories,* 2007.

þessara frásagna fyrrverandi starfsmanna Breiðavíkurheimilisins og styðji þær frásagnir fyrrverandi vistmanna. Hann segir að þótt ekki komi fram skýrar frásagnir starfsmanna af kynferðislegri misnotkun vistmanna á öðrum vistmönnum þýði það alls ekki að slíkt hafi ekki gerst, bæði geti það hafa farið fram hjá þeim eða að þeir lokuðu augunum fyrir því sem þeir urðu vitni að.

Gísli telur líklegt að þótt fyrrverandi starfsmenn hafi orðið vitni að alvarlegu líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi gagnvart vistmönnum geti þeir verið tregir til að skýra frá því nú eftir allan þennan tíma. Það gæfi til kynna að þeir hefðu horft fram hjá því þegar það gerðist og þar með hylmt yfir ólöglegt athæfi og þess vegna ættu þeir á hættu að verða gagnrýndir fyrir að hafa ekki skýrt frá því á þeim tíma. Þá bendir Gísli á að gera megi ráð fyrir að frásagnir fyrrverandi starfsmanna þjóni fyrst og fremst hagsmunum þeirra sjálfra (og fjölskyldna þeirra) og einhverjir þeirra geti hafa reynt að draga úr því neikvæða sem gerðist í Breiðavík, annaðhvort vegna þess að þeir vilji ekki horfast í augu við það sem gerðist eða afleiðingarnar af því að skýra frá því nú en ekki þegar það gerðist. Þetta þurfi að hafa í huga þegar mat er lagt á trúverðugleika frásagna þeirra.

Niðurstaða Gísla er sú að frásagnir fyrrverandi starfsmanna Breiðavíkurheimilisins breyti ekki fyrri niðurstöðu hans sem byggðar voru á mati hans á viðtölum nefndarinnar við fyrrverandi vistmenn þess, sem kom fram í fyrri álitsgerð hans, dags. 7. desember 2007.

Í köflum 10.5-10.13 hér síðar verður fjallað um ályktanir og niðurstöður nefndarinnar um hvort telja verði, þegar á heildina er litið, að meiri líkur en minni séu á því að vistmenn hafi sætt illri meðferð og/eða ofbeldi á starfstíma Breiðavíkurheimilisins. Við þá athugun hefur nefndin þurft að leggja mat á frásagnir vistmanna um að kynferðislegt ofbeldi hafi átt sér stað á milli vistmanna og/eða á milli vistmanna og starfsmanna í einhverjum mæli. Kom fram að margir hverjir voru að segja frá slíkri reynslu í fyrsta sinn. Í ljósi þessa telur nefndin rétt að greina áður frá rannsóknum er lúta að því hvort börn segi frá reynslu af kynferðislegu ofbeldi sem þau verða fyrir í æsku.

10.4.3 Rannsóknir er lúta að því hvort börn segi frá reynslu af kynferðislegu ofbeldi

Kynferðislegt ofbeldi gegn börnum felur í sér að gerandi hefur í frammi kynferðislegt atferli gagnvart barni/þolanda. Hér er átt við þukl, klám, munnmök, samfarir eða aðra slíka niðurlægjandi og óviðeigandi hegðun.[62] Rannsóknayfirlit staðfesta að það að segja frá reynslunni, viðbrögð gagnvart því og afleiðingar, eru háð ótal áhrifaþáttum.

[62] Putnam: *Ten–year research update review: Child sexual abuse*, 2003.

Aldur, kyn og tengsl við geranda skipta miklu en einnig samhengi, tíðni og tímabil, og svo margt sem einkennir kynferðislegt ofbeldi gegn börnum, s.s. valdbeiting geranda, umbun hans og hótanir.[63] Er því erfitt að draga af þessu algildar ályktanir. Vísbendingar eru um að það auðveldi börnum að segja frá þegar tækifæri er til þess, þeim finnst það hafa tilgang og aðstæður leyfa það og þá frekast ef öll þessi þrjú skilyrði eru fyrir hendi.[64] Umhverfi og tengsl barnsins við þá fullorðnu virðast geta skipt sköpum um hvort og hvernig barni tekst að segja frá.[65] Þá eru líkur á að yngri börn, þau sem þekkja gerandann og þau sem skortir stuðning segi síður frá reynslu sinni.[66] Í því sambandi er þekkt að bæði reynslan sjálf og togstreitan um að segja frá eða segja ekki frá er börnum tilfinningaleg raun. Þótt þau séu þrúguð af reynslunni velji þau að segja ekki frá af ótta við að þeim verði ekki trúað, þau fái ekki stuðning og muni jafnvel hafa verra af, eða að það muni ekki stöðva ofbeldið.[67] Þekkt varnarviðbrögð þolenda eru afneitun og réttlæting á ofbeldinu.[68]

Þegar bernskureynsla fullorðinna af kynferðislegu ofbeldi er athuguð reynast frásagnir oft ónákvæmar og misvísandi þar sem bæði gleymska og skilningsskortur barns á samhengi atburðanna hefur brenglað minninguna.[69] Rannsóknir benda til að meirihluti fullorðinna, sem búa yfir slíkri reynslu, hafi aldrei sagt neinum frá henni og þá síður karlar en konur.[70] Svo virðist sem skömm karla yfir reynslunni eigi sinn þátt í afneitun eða gleymsku og að sjálfsmynd þeirra bíði öðruvísi hnekki en kvenna sem þegja um reynslu sína eða umbreyta frásögn sinni.[71] Drengir á kynþroskaaldri eiga oft enn erfiðaðra með að tjá sig um reynsluna vegna eigin tilfinninga (örvunar) og þar af leiðandi hugmynda um eigin sök eða sjálfviljugan þátt í athöfninni.[72] Karlmenn sem

---

[63] Whetsell-Mitchell: *The many faces of child sexual abuse*, 1995.
[64] Jensen o.fl.: *Reporting possible sexual abuse: A qualitative study on children's perspectives and the context for disclosure,* 2005.
[65] Staller og Nelson-Gardell: *"A burden in your heart": Lessons of disclosure from female pre-adolescent and adolescent survivors of sexual abuse,* 2005.
[66] Kogan: *Disclosing unwanted sexual experiences: results from a national sample of adolescent women,* 2004; Jonzon & Lindblad: *Disclosure, Reactions, and Social Support: Findings From a Sample of Adult Victims of Child Sexual Abuse,* 2004; Jonzon: *Child sexual abuse: Disclosure, social support and subjective health in adulthood,* 2006.
[67] Jonzon: *Child sexual abuse: Disclosure, social support and subjective health in adulthood,* 2006; Berliner og Conte: *The effects of disclosure and intervention on sexually abused children,* 1995.
[68] Shengold: *Soulmurder. The Effects of Childhood Abuse and Deprivation*, 1989; Miller: *Breaking Down the Wall of Silence. The Liberating Experience of Facing Painful Truth*, 1991; Lew: *Victims No Longer. Men recovering from Incest and other Sexual Child Abuse,* 1990.
[69] Berliner og Conte: *The effects of disclosure and intervention on sexually abused children,* 1995.
[70] London, Bruck, Ceci og Shuman: *Disclosure of Child Sexual Abuse: A review of the contemporary empirical literature,* 2007.
[71] Stefansen og Smette: *"Det var ikke en voldtekt, mer et overgrep". Kvinners fortolkning av sexuelle overgrepserfaringer,* 2006.
[72] Lew: *Victims No Longer. Men recovering from Incest and other Sexual Child Abuse*, 1990.

orðið hafa fyrir kynferðislegri misbeitingu er frekar að finna í fangelsum eða áfengismeðferð en á almennum geðmeðferðarstofnunum.[73]

10.4.4 Ályktunargrundvöllur nefndarinnar

Um aðferðafræði nefndarinnar og grundvöll ályktana um einstaka efnisþætti, þ.á m. um hvort ill meðferð og/eða ofbeldi hafi átt sér stað á einhverjum tíma í sögu vistheimilisins, hefur verið gerð ítarleg grein fyrir í kafla 2.5 í I. hluta skýrslunnar. Í kafla 10.4 í III. hluta skýrslunnar er rakið að við nánari afmörkun á þeirri aðferðafræði sem nefndin hefur lagt til grundvallar í störfum sínum, hafi hún horft til þess að hið afar vandasama verkefni hennar beinist að mati á atvikum og aðstæðum sem gerðust fyrir 29-55 árum í íslensku samfélagi, sem var á þessu tímabili um margt frábrugðið samfélagi nútímans, sjá nánar ítarlega umfjöllun í kafla 4 í *fylgiskjali nr. 2*.

Könnun nefndarinnar beinist samkvæmt lögum nr. 26/2007 og erindisbréfi einkum að því að staðreyna, eins og kostur er, hvort einstaklingar, sem vistaðir voru sem börn á tiltekinni stofnun á vegum ríkisins, hafi sætt illri meðferð eða ofbeldi. Tilgangur könnunarinnar er ekki sá samkvæmt lögum nr. 26/2007 að leggja mat á sannleiksgildi frásagna um dvöl *hvers og eins* þeirra sem vistaðir voru á Breiðavík, enda er slík aðferð, í ljósi fyrirliggjandi gagna, eðli málsins samkvæmt að jafnaði ekki fær þannig að niðurstöður geti talist öruggar eða viðhlítandi. Kemur þar *í fyrsta lagi* til að ýmsir þeir, sem varpað geta ljósi á einstök tímabil í starfsemi Breiðavíkurheimilisins, bæði vistmenn og opinberir starfsmenn, eru látnir. *Í öðru lagi* er ljóst að frásagnir þeirra, sem komu fyrir nefndina, eru mjög misjafnar að efni til að því er varðar upplýsingar um dvölina, enda jafnan verulega langt um liðið síðan þeir voru á Breiðavík. Eins og nánar er rökstutt í ofangreindum álitsgerðum Dr. Gísla H. Guðjónssonar, gætir þannig eðlilega oft verulegs misræmis miðað við fyrirliggjandi gögn um þróun staðhátta í Breiðavík, um veru einstakra starfsmanna á einstökum tímabilum og um veru einstakra vistmanna og vísað er til í frásögnum annarra vistmanna. *Í þriðja lagi* er ljóst af skjallegri gagnaöflun nefndarinnar að einstakar frásagnir um illa meðferð eða ofbeldi fá ekki stuðning í rituðum gögnum frá þessum tíma.

Af þessum sökum hefur nefndin í störfum sínum leitast við að varpa *almennu ljósi* á sannleiksgildi frásagna. Þá er nánar tiltekið átt við að nefndin hefur lagt mat á sannleiksgildi frásagna út frá mælikvarðanum hvort telja verði, *þegar á heildina er litið,* að *meiri líkur en minni* séu á því að ill meðferð eða ofbeldi í þeirri merkingu, sem nánar hefur verið rakin í kafla 10.3. í III. hluta skýrslunnar, hafi átt sér stað á einstökum tímabilum í starfsemi Breiðavíkurheimilisins. Með því er lagt til grundvallar að ekki séu af

[73] Putnam: *Ten–year research update review: Child sexual abuse,* 2003.

hálfu nefndarinnar forsendur til að fjalla sérstaklega um sannleiksgildi *einstakra frásagna* sem mynda þá heild sem ályktunargrundvöllur nefndarinnar er reistur á. Með þessu móti telur nefndin heildarmat hennar og ályktanir af munnlegum framburðum reistar á viðhlítandi forsendum með þeim fyrirvörum sem fyrr hefur verið greint frá, sjá einkum kafla 2.5 í I. hluta skýrslunnar og 10.4.2 hér að framan.

Á grundvelli þeirra skjallegu gagna, sem nefndin hefur undir höndum, er ljóst að rekstur heimilisins hefur verið kaflaskiptur þá tæpu þrjá áratugi sem heimilið var starfandi. Níu forstöðumenn voru starfandi við heimilið og hefur nefndin upplýsingar um að á tímabili hvers forstöðumanns hafi verið starfsmenn sem í flestum tilvikum létu af störfum við ráðningu nýs forstöðumanns. Það einkennir jafnframt frásagnir vistmanna í viðtölum að framsetning þeirra upplýsinga sem þeir hafa veitt nefndinni um dvöl sína á Breiðavíkurheimilinu eru að jafnaði miðaðar við þá einstaklinga sem gegndu forstöðu hverju sinni og þá starfsmenn sem störfuðu undir hans stjórn á hverjum tíma. Það er niðurstaða nefndarinnar að ályktanir um starfsemi Breiðavíkurheimilisins af viðtölum við vistmenn og starfsmenn verði settar fram eftir einstökum tímabilum sem verði skipt eftir því hvaða forstöðumaður var við stjórn heimilisins á hverjum tíma. Enda telur nefndin slíka skiptingu best til þess fallna að varpa ljósi á starfsemi heimilisins á árunum 1952-1979. Eftirfarandi umfjöllun í köflum 10.5-10.13 verður því samkvæmt framangreindu skipt upp sem hér segir:

Tímabilið 1952 - 1953 / Forstöðumaður nr. 1, *Magnús Sigurðsson,* sjá kafla 10.5
Tímabilið 1953 - 1955 / Forstöðumaður nr. 2, *Bergsveinn Skúlason,* sjá kafla 10.6
Tímabilið 1955 - 1956 / Forstöðumaður nr. 3, *Kristján Sigurðsson*, sjá kafla 10.7
Tímabilið 1956 - 1962 / Forstöðumaður nr. 4, *Björn Loftsson*, sjá kafla 10.8
Tímabilið 1962 - 1964 / Forstöðumaður nr. 5, *Hallgrímur Sveinsson*, sjá kafla 10.9
Tímabilið 1964 - 1972 / Forstöðumaður nr. 6, *Þórhallur Hálfdánarson*, sjá kafla10.10
Tímabilið 1972 - 1973 / Forstöðumaður nr. 7, *Bjarni Þórhallsson*, sjá kafla 10.11
Tímabilið 1973 - 1977 / Forstöðumaður nr. 8, *Georg H. Gunnarsson*, sjá kafla 10.12
Tímabilið 1977 - 1979 / Forstöðumaður nr. 9, *Jónas H. Jónsson*, sjá kafla 10.13

10.5 Tímabilið 1952-1953 / Forstöðumaður nr. 1

Á vordögum 1952 hófst rekstur Breiðavíkurheimilisins undir stjórn forstöðumanns nr. 1. Jörðin hafði þá um árabil verið eyðijörð og þau mannvirki sem á henni stóðu í lélegu ástandi. Þrátt fyrir að allur aðbúnaður til reksturs slíks heimilis væri með þeim hætti, var tekin sú ákvörðun að hefja rekstur heimilisins á vordögum 1952. Við komu starfsfólks og vistmanna var þegar hafist handa við að byggja hentug mannvirki fyrir slíka starfsemi og lagfæra þau sem þegar voru til staðar á jörðinni. Segja má að rekstur heimilisins hafi byrjað áður en mannvirki til reksturs slíkrar starfsemi hafi verið til staðar eða önnur sú aðstaða verið fyrir hendi sem slík starfsemi krafðist. Þeir drengir,

sem komu til dvalar á Breiðavík í tíð forstöðumanns nr. 1, dvöldu sumarlangt á vistheimilinu. Um haustið 1952 var tekin sú ákvörðun að vista drengina á sveitaheimilum þar sem mannvirki þau sem þá voru til staðar eða voru í byggingu, þóttu ekki henta til vetrardvalar.

Á tímabilinu 1952-1953, í tíð forstöðumanns nr. 1, voru sjö drengir vistaðir á Breiðavík. Af þeim sjö drengjum sem nefndin hefur upplýsingar um að hafi dvalið á Breiðavík í tíð forstöðumanns nr. 1, hefur nefndinni eingöngu tekist að afla upplýsinga frá stjórnvöldum um fimm og þar af er einn lifandi. Vistmennirnir fimm voru á aldrinum 11–14 ára þegar þeir dvöldu á vistheimilinu. Eini núlifandi einstaklingurinn úr hópi vistmanna mætti til viðtals við nefndina og veitti henni upplýsingar um dvöl sína. Þeir starfsmenn sem nefndinni er kunnugt um að hafi þá starfað á heimilinu, eru allir látnir.

Vistmaðurinn greindi frá því að hafa verið í hópi þeirra sjö drengja sem fyrstir komu til dvalar á Breiðavík um vorið 1952 og að hafa verið sendur um haustið til vetrardvalar á sveitaheimili. Frásögn viðkomandi einkennist af jákvæðri upplifun af dvölinni á Breiðavík í tíð forstöðumanns nr. 1. Greindi hann frá því að daglegt líf hafi verið mjög gott og matur góður og nægur. Aðbúnaður hafi verið frekar bágborinn, hluti vistmanna hafi sofið í tjöldum og að torfbær sem þá var til staðar á jörðinni hafi verið notaður til matseldar. Í huga vistmannsins er sú minning ekki neikvæð og telur hann þrátt fyrir að aðbúnaður hafi verið með þeim hætti, sem lýst hefur verið, að vistin hafi verið ánægjuleg og að að því marki sem unnt hafi verið hafi starfsfólk hugsað vel um vistmenn. Í viðtalinu komu hvorki fram frásagnir um beitingu ofbeldis né illa meðferð, hvorki af hálfu vistmanna né starfsmanna.

Í álitsgerðum Dr. Gísla H. Guðjónssonar, dags. 7. desember 2007 og 31. desember 2007, *sjá fylgiskjal nr. 3*, er rakin sú niðurstaða hans að ekki sé tilefni til að ályktað meiri líkur en minni séu á því að vistmenn hafi þurft að sæta illri meðferð og/eða ofbeldi á þessu tímabili. Nefndin telur í ljósi þess að eingöngu er um að ræða frásögn eins einstaklings og ekki hefur verið unnt að fá til viðtals einstaklinga úr hópi starfsmanna, sem vitað er um, þar sem þeir eru allir látnir, að gæta verði varfærni þegar dregnar eru ályktanir af upplýsingum vistmannsins varðandi þau atriði sem nefndinni er ætlað að kanna. Telur nefndin ekki unnt að draga ályktanir á þessum grundvelli einum um starfsemi Breiðavíkurheimilisins á árunum 1952-1953 og jafnframt að ekki hafi komið fram vísbendingar um að ill meðferð eða ofbeldi í þeirri merkingu sem rakin er í kafla 10.3 í III. hluta skýrslunnar, hafi átt sér stað af hálfu starfsfólks og/eða vistmanna á ofangreindu tímabili.

10.6 Tímabilið 1953-1955 / Forstöðumaður nr. 2

Á tímabilinu 1953-1955, í tíð forstöðumanns nr. 2, voru þrettán drengir vistaðir á Breiðavík á aldrinum 11-15 ára. Til viðtals við nefndina komu sex einstaklingar sem vistaðir voru á tímabilinu þar af sá vistmaður sem einnig dvaldi á Breiðavík í tíð forstöðumanns nr. 1 og þrír sem dvöldu áfram á vistheimilinu þegar forstöðumaður nr. 3 tekur til starfa. Úr hópi þeirra þrettán, sem dvöldu á vistheimilinu, eru sex látnir og einn veitti nefndinni ekki kost á viðtali. Þeir starfsmenn sem nefndinni er kunnugt um að hafi þá starfað á heimilinu, eru allir látnir.

Þrír einstaklingar af þeim sem nefndin tók viðtal við, lýstu því að þeir hefðu verið ánægðir með dvölina og aðbúnað í tíð forstöðumanns nr. 2 og að líðan þeirra hafi almennt verið góð. Tveir þeirra dvöldu einnig á heimilinu í tíð annarra forstöðumanna, annar í tíð forstöðumanns nr. 1 og hinn í tíð forstöðumanns nr. 3, og ekki er að merkja af frásögn þeirra að dvölin hafi tekið neikvæðum breytingum við komu nýrra forstöðumanna. Í viðtölunum komu ekki fram frásagnir um beitingu ofbeldis og/eða illa meðferð, hvorki af hálfu starfsmanna né vistmanna.

Frásagnir hinna þriggja höfðu á sér nokkuð annan blæ. Áttu þær sammerkt að vistmennirnir greindu á töluvert neikvæðan hátt frá dvöl sinni á vistheimilinu. Í frásögnum tveggja kemur meðal annars fram að vistmenn hafi þurft að inna af hendi vinnu við byggingu íbúðarhúss, skurðgröft, skepnuhirðingu og önnur tilfallandi störf. Greindu þeir báðir frá því að vistmenn hafi verið látnir vinna óhóflega og að brugðist hafi verið hart við af hálfu starfsfólks ef vistmenn stunduðu ekki vinnu með þeim hætti sem ætlast var til. Annar þeirra greindi frá því að ef hann neitaði að stunda þau störf sem fyrir hann voru lögð hafi hann verið lokaður inni klefa, sem staðsettur hafi verið í kjallara einnar byggingar vistheimilisins, slegið hafi verið til hans eða hann sviptur fæði í tiltekinn tíma. Sambærileg frásögn kom fram í viðtali við þriðja vistmanninn sem greindi á neikvæðan hátt frá dvöl sinni. Greindi hann frá því að borið hafi á að líkamlegum refsingum á borð við innilokun í klefa hafi verið beitt, slegið hafi verið til drengja og þeir rassskelltir.

Eingöngu í frásögn eins vistmanns af þeim sex sem komu til viðtals við nefndina var vikið að ofbeldi innbyrðis hjá vistmönnum. Greindi hann frá því að hópur eldri og kynþroska drengja hafi beitt hann líkamlegu ofbeldi og greindi vistmaðurinn frá því að hafa orðið fyrir kynferðislegu áreiti en vildi hann ekki greina frá því hvort það hafi verið af hálfu starfsmanna eða vistmanna. Vistmaðurinn dvaldi einnig á Breiðavík í tíð forstöðumanns nr. 3 og af viðtalinu við vistmanninn er ljóst að minningar hans frá dvölinni á Breiðavík eru að einhverju leyti á reiki að því er varðar frá hvaða tímabili má rekja þær.

Í álitsgerðum Dr. Gísla H. Guðjónssonar, dags. 7. desember 2007 og 31. desember 2007, *sjá fylgiskjal nr. 3,* telur hann að ekki sé tilefni til að ályktа að meiri líkur en minni séu á því að vistmenn hafi þurft að sæta illri meðferð og/eða ofbeldi á þessu tímabili. Í mati sínu tekur nefndin fram að þeir starfsmenn, sem nefndin hefur upplýsingar um að störfuðu á Breiðavík á því tímabili sem hér er til umfjöllunar, eru nú allir látnir og eru frásagnir fyrrverandi vistmanna einu upplýsingarnar sem henni er unnt að byggja mat sitt á, að því er varðar þau atriði sem nefndinni er ætla að kanna. Telur nefndin ljóst að gæta verður verulegrar varfærni þegar dregnar eru almennar ályktanir af þessum upplýsingum. Fjórir einstaklingar af þeim sex sem tekið var viðtal við dvöldu einnig á vistheimilinu í tíð annarra forstöðumanna. Af viðtölum við vistmennina er ljóst að tímasetningar minninga þeirra frá dvölinni eru að einhverju leyti á reiki. Þá verður einnig að gæta þess að um er að ræða atburði sem áttu sér stað fyrir rúmlega hálfri öld og sem viðmælendur upplifðu á barnsaldri. Þótt ekki sé í sjálfu sér ástæða að mati nefndarinnar til að draga almennt séð frásagnir ofangreindra einstaklinga í efa telur nefndin samkvæmt ofansögðu og með hliðsjón af niðurstöðu Dr. Gísla H. Guðjónssonar að ekki sé tilefni til að ályktа á þeim grundvelli einum að meiri líkur en minni séu á því að þeir, sem dvöldu á Breiðavíkurheimilinu á árunum 1953-1955, hafi sætt illri meðferð og/eða ofbeldi í þeirri merkingu sem rakin er í kafla 10.3 í III. hluta skýrslunnar.

10.7 Tímabilið 1955-1956 / Forstöðumaður nr. 3

Á tímabilinu 1955-1956 voru átján drengir vistaðir á Breiðavík á aldrinum 8-15 ára. Til viðtals við nefndina komu tólf einstaklingar sem vistaðir voru á tímabilinu, þar af þrír, sem dvöldu einnig í tíð forstöðumanns nr. 2 og ellefu einstaklingar sem dvöldu áfram á vistheimilinu þegar forstöðumaður nr. 4 tók til starfa. Úr hópi þeirra átján, sem dvöldu á vistheimilinu á tímabilinu, eru fjórir einstaklingar látnir, einn býr erlendis og einn veitti nefndinni ekki kost á viðtali. Til viðtals við nefndina kom einnig forstöðumaður heimilisins.

Þrír af þeim tólf sem veittu nefndinni upplýsingar um dvöl sína á Breiðavík í tíð forstöðumanns nr. 3 lýstu því að hún hafi almennt séð verið góð og báru þeir starfsfólki góða sögu. Að þeirra mati var umönnun vistmanna almennt séð góð og andleg líðan þeirra góð á meðan á dvölinni stóð. Í frásögnum þeirra var nokkuð vikið að refsingum starfsmanna gagnvart vistmönnum. Voru þeir allir með lýsingar á refsingum á borð við innilokun í klefa sem staðsettur var í einni af byggingum vistheimilisins og greindi einn frá því að í einu tilviki hafi rassskellingu verið beitt. Af frásögn eins vistmannsins um refsingu með innilokun í klefa er ekki unnt að greina hvort henni hafi verið beitt í tíð forstöðumanns nr. 3 eða nr. 4. Vistmaðurinn dvaldi á Breiðavík í tíð þeirra beggja og er

minning hans um innilokun í klefa á reiki hvað varðar þann tíma sem hann telur henni hafa verið beitt. Greindu allir einstaklingarnir þrír frá því að samskipti vistmanna innbyrðis hafi verið góð og urðu þeir ekki varir við illa meðferð og/eða ofbeldi innbyrðis á milli vistmanna.

Frásögn hinna níu sem veittu nefndinni upplýsingar um dvöl sína á Breiðavík var töluvert frábrugðin. Greindu nánast allir frá því að dvölin á vistheimilinu hafi verið erfið. Töluvert bar á frásögnum af erfiðum samskiptum vistmanna innbyrðis. Greindu margir frá því að á heimilinu hafi dvalið hópur drengja á mismunandi aldri sem hafi leitt til erfiðleika í samskiptum vistmanna. Fram komu frásagnir af því að hluti eldri og kynþroska drengja hafi kúgað þá yngri og pínt þá með margvíslegum hætti. Fjórir einstaklingar greindu frá því að hafa ítrekað verið beittir kynferðislegu ofbeldi á tímabilinu af hálfu tiltekins vistmanns úr hópi eldri drengja. Í frásögnum margra kom fram að eftirlit starfsfólks hafi að einhverju leyti brugðist og greindu fáeinir frá því að hafa leitað til starfsfólks vegna ofbeldis sem þeir þurftu að þola af hálfu eldri drengja, en að það hafi ekki leitt til viðbragða af hálfu starfsfólks. Þrátt fyrir frásagnir um að starfsfólk hafi að einhverju leyti brugðist vistmönnum báru flestir starfsfólki og forstöðumanninum góða sögu.

Um helmingur vistmanna greindi frá því að líkamlegar refsingar af hálfu tiltekins starfsmanns hafi átt sér stað í eitt tilgreint skipti og fáeinar aðrar frásagnir voru af illri meðferð og/eða ofbeldi annarra starfsmanna gagnvart vistmönnum. Fela þær m.a. í sér lýsingar á borð við kynferðislegt ofbeldi tiltekins starfsmanns gagnvart vistmönnum og líkamlegar refsingar, eins og að höfði drengja hafi verið dýpt ofan í ílát með vatni og að vistmenn hafi verið flengdir. Í frásögnum vistmanna af illri meðferð og/eða ofbeldi af hálfu starfsmanna á þessu tímabili gætti töluverðs misræmis að mati nefndarinnar.

Í viðtölum við vistmenn var töluvert vikið að klefa sem staðsettur var í kjallara í einni af byggingu vistheimilisins. Meirihluti vistmanna greindi frá því að umræddur klefi í kjallara hússins hafi verið notaður við refsingar og að drengir hafi verið lokaðir þar inni í lengri eða skemmri tíma. Tveir einstaklingar greindu frá því að klefi í kjallara hússins hafi aldrei verið notaður við refsingar og einn einstaklingur greindi frá því að klefinn hafi verið rifinn. Í frásögnum vistmanna af tilvist klefa og notkun hans gætti töluverðs misræmis að mati nefndarinnar.

Til viðtals við nefndina kom forstöðumaður heimilisins á því tímabili sem hér er til umfjöllunar. Telur hann af og frá að starfsmenn hafi beitt vistmenn ofbeldi og/eða illri meðferð. Slíku hafi hann aldrei orðið vitni að og að vegna mikilla samskipta sinna við starfsfólk hefði hann orðið þess var, hefði það átt sér stað. Frásagnir á borð við innilokun í klefa telur forstöðumaðurinn vera rangar. Kveðst hann hafa látið rífa klefa sem

staðsettur var í einni af byggingum vistheimilisins skömmu eftir komu sína á Breiðavík og að refsingum hafi aldrei verið beitt, hvorki með innilokun í klefa né með öðrum hætti. Kveðst hann hafa verið meðvitaður um þá ábyrgð sem á honum hvíldi sem forstöðumanni heimilisins. Kveðst hann hafa reynt, eftir því sem honum frekast var unnt, að hugsa vel um vistmenn og sýna þeim nærgætni.

Undir forstöðumanninn voru bornar frásagnir vistmanna af líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi eldri drengja gagnvart yngri drengjum. Greindi hann frá því að á Breiðavík hafi verið vistaðir drengir á ólíkum aldri. Kveðst hann hafa talið slíkt vera óeðlilegt og skapa hættu á neikvæðum áhrifum innbyrðis hjá vistmönnum. Kveðst hann hafa gert sér grein fyrir því að í hópi drengja, á aldrinum frá 8 ára upp í 15 ára væri alltaf sú hætta fyrir hendi að eldri drengir kúguðu þá yngri. Telur hann hugsanlegt að ill meðferð og/eða ofbeldi hafi getað átt sér stað innbyrðis á milli vistmanna án þess að hann yrði þess var. Telur forstöðumaðurinn að dvöl vistmanna á Breiðavík hafi haft neikvæðar afleiðingar fyrir þá. Breiðavík hafi verið afskekktur og einangraður staður, utan menningar og möguleikar vistmanna á tengslum við utanaðkomandi einstaklinga verið litlir.

Í álitsgerðum Dr. Gísla H. Guðjónssonar, dags. 7. desember 2007 og 31. desember 2007, *sjá fylgiskjal nr. 3,* telur Gísli að meiri líkur en minni séu á því að vistmenn hafi þurft að sæta illri meðferð og/eða ofbeldi af hálfu annarra vistmanna á þessu tímabili. Þá telur hann einnig meiri líkur en minni á því að vistmenn hafi þurft að sæta minniháttar líkamlegum refsingum af hálfu starfsmanna.

Eins og fyrr er getið varð nefndin vör við töluvert misræmi í frásögnum vistmanna af illri meðferð og/eða ofbeldi af hálfu starfsmanna. Ber þeim í mörgum atriðum ekki saman að því er varðar geranda, aðferð sem beitt var og afleiðingar einstakra verknaða og telur nefndin sökum þess að gæta verði varfærni þegar dregnar eru ályktanir af frásögnum um illa meðferð og/eða ofbeldi af hálfu starfsmanna. Sama gildir um einstakar frásagnir um tilvist klefa og notkun hans við refsingar enda gætti þar töluverðs misræmis á milli frásagna. Sökum þessa telur nefndin sig ekki hafa nægar forsendur til að ályktа á sama veg og Dr. Gísli H. Guðjónsson um að meiri líkur en minni séu á því að vistmenn sem dvöldu á Breiðavíkurheimilinu á árunum 1955-1956 hafi sætt illri meðferð og/eða ofbeldi af hálfu starfsmanna í þeirri merkingu sem rakin er í kafla 10.3 í III. hluta skýrslunnar. Á hinn bóginn telur nefndin ekki að framhjá því verði litið að frásagnir vistmanna af illri meðferð og/eða ofbeldi tiltekinna vistmanna eru, þegar á heildina er litið trúverðugar, töluvert samræmi er í frásögnum þeirra og forstöðumaður vistheimilisins hefur greint nefndinni frá því að á vistheimilinu hafi aldursbil vistmanna verið óheppilegt og skapað hættu á erfiðum samskiptum innbyrðis á milli vistmanna.

Styðst það einnig við þau frumgögn sem nefndin hefur undir höndum um vistunarákvarðanir á þessum tíma og þær athugasemdir um óhóflegt aldursbil á milli yngstu og elstu drengjanna, sem fram komu af hálfu Dr. Símonar Jóhannesar Ágústssonar, sálfræðings, í fyrstu eftirlitsskýrslum hans á árunum 1959-1962, sem áður hefur verið vikið að og nánar verða raktar í kafla 11.2.2. hér síðar í þessum hluta skýrslunnar. Í ljósi þessa telur nefndin tilefni til að álykta svo að meiri líkur en minni séu á því að sumir vistmenn, sem dvöldu á Breiðavíkurheimilinu á árunum 1955-1956, hafi sætt illri meðferð og/eða ofbeldi af hálfu annarra vistmanna í þeirri merkingu sem rakin er í kafla 10.3 í III. hluta skýrslunnar.

10.8 Tímabilið 1956-1962 / Forstöðumaður nr. 4

Á tímabilinu 1956-1962 voru fimmtíu og níu drengir vistaðir á Breiðavík á aldrinum 7-15 ára. Til viðtals við nefndina komu þrjátíu einstaklingar sem vistaðir voru á tímabilinu, þar af ellefu sem dvöldu einnig í tíð forstöðumanns nr. 3 og sex einstaklingar sem dvöldu áfram á Breiðavík þegar forstöðumaður nr. 5 tók til starfa. Úr hópi þeirra fimmtíu og níu sem dvöldu á vistheimilinu eru tólf einstaklingar látnir, sex búa erlendis og ellefu einstaklingar veittu nefndinni ekki kost á viðtali eða hafa ekki fundist þrátt fyrir eftirgrennslan nefndarinnar. Til viðtals við nefndina komu fimm starfsmenn sem störfuðu á vistheimilinu á tímabilinu.

Á grundvelli þeirra skjallegu gagna sem nefndin hefur undir höndum um starfsemi þess tímabils, sem hér er til umfjöllunar, og af viðtölum við vistmenn og þá opinberu starfsmenn sem nefndin kallaði til viðtals, tók starfsemi vistheimilisins töluverðum breytingum í tíð forstöðumanns nr. 4. Samtímis honum komu til starfa töluverður fjöldi nýrra starfsmanna, sem einkum má rekja til þess að þá hófust framkvæmdir við byggingu nýrra mannvirkja sem stóðu yfir að mestu leyti þann tíma sem forstöðumaður nr. 4 starfaði á vistheimilinu. Það einkennir frásagnir þeirra vistmanna sem einnig dvöldu á heimilinu í tíð forstöðumanns nr. 3, að þeir nánast án undantekninga líta svo á að með komu forstöðumanns nr. 4 og hinna nýju starfsmanna hafi nýr kafli í sögu vistheimilisins hafist.

Til viðtals við nefndina komu ellefu einstakingar sem dvöldu á Breiðavík þegar forstöðumaður nr. 4 tók til starfa. Í viðtölum, sem tekið var við þrjá þeirra, virðast minningar þeirra eingöngu vera að rekja til dvalar þeirra í tíð forstöðumanns nr. 3. Samkvæmt þeim skjallegu gögnum sem nefndin hefur undir höndum dvöldu tveir í nokkra mánuði eftir að forstöðumaður nr. 4 tekur til starfa og einn einungis í fáeina daga. Þar sem nánast engar frásagnir eru af dvöl þeirra, sem hægt er að tengja við tímabilið sem forstöðumaður nr. 4 gegndi störfum á vistheimilinu, verða þær ekki

hafðar til hliðsjónar við mat á þeim atriðum sem nefndinni er ætlað að kanna á því tímabili sem hér er til umfjöllunar.

Fjórir af þeim þrjátíu fyrrverandi vistmönnum, sem veittu nefndinni upplýsingar um dvöl sína á Breiðavík í tíð forstöðumanns nr. 4, lýstu því að hún hafi almennt séð verið góð og báru þeir starfsfólki yfirleitt góða sögu. Að þeirra mati var andleg líðan þeirra góð á meðan á dvölinni stóð og aðbúnaður almennt séð góður. Í viðtölum við tvo þeirra kom fram að dæmi hafi verið um að líkamlegar refsingar hafi átt sér stað og að borið hafi á því að vistmenn hafi verið beittir hótunum af einhverju tagi. Greindu þeir frá því að tiltekinn starfsmaður hafi átt það til að slá drengi með belti eða beita þá hótunum á borð við innilokun í klefa sem staðsettur var í einni af byggingum vistheimilisins og greindi einn frá því að vistmaður hafi verið lokaður í klefa í eitt tilgreint skipti. Í viðtölum við ofangreinda fjóra einstaklinga komu ekki fram frásagnir af illri meðferð og/eða ofbeldi innbyrðis á milli vistmanna, en einn greindi frá því að samskipti drengja hafi að einhverju leyti verið erfið.

Frásögn annarra vistmanna, sem nefndin tók viðtal við, var töluvert frábrugðin. Greindu þeir nánast án undantekninga frá því að dvölin á Breiðavík í tíð forstöðumanns nr. 4 hafi verið erfið og að þeir hafi fundið fyrir vanlíðan á meðan á dvölinni stóð m.a. sökum illrar meðferðar og/eða ofbeldis sem hafi átt sér stað á vistheimilinu af hálfu tiltekinna einstaklinga úr hópi starfsmanna og/eða tiltekinna einstaklinga úr hópi vistmanna.

Í viðtölum við töluverðan hluta vistmanna kemur fram að tilteknir einstaklingar, sem gegndu öðrum störfum en þeim sem lutu beint að uppeldi og umönnun vistmanna, hafi beitt vistmenn illri meðferð og/eða ofbeldi. Algengar voru frásagnir af líkamlegum refsingum þeirra af ýmsum toga. Ítrekað voru nefndar refsingar á borð við innilokun í klefa sem staðsettur var í kjallara í einni af byggingum vistheimilisins, barsmíðar með belti, að höfði drengja hafi verið stungið ofan í ílát með vatni og að í einhverjum tilfellum hafi drengir verið settir í strigapoka. Auk frásagna af líkamlegu ofbeldi voru algengar frásagnir af því að hluti ofangreindra starfsmanna hafi beitt drengi kynferðislegu ofbeldi. Í þeim viðtölum, þar sem greint var frá kynferðislegu ofbeldi af þeirra hálfu, var því m.a. lýst að þeir hafi í töluverðum mæli sóst eftir kynferðislegum samskiptum við drengi, bæði þá sem eldri voru og yngri. Var því lýst að starfsmennirnir hafi þvingað drengi til kynferðislegra athafna af ýmsum toga og frásagnir voru af því að þeir hafi í einhverjum tilfellum þvingað drengi til samræðis.

Í viðtölum við marga vistmenn kom fram að forstöðumaður heimilisins og meirihluti starfsfólks hafi almennt séð hugsað vel um vistmenn og báru fjölmargir vistmenn tilteknu starfsfólki mjög góða sögu. Á hinn bóginn var einkennandi í frásögnum þeirra

að forstöðumaður heimilisins hafi ekki sinnt eftirlitsskyldu sinni gagnvart vistmönnum með þeim hætti sem nauðsynlegt hafi verið og hluti þeirra greindi frá því að forstöðumanninum hefði ekki átt að dyljast það ofbeldi sem átti sér stað af hálfu tiltekinna starfsmanna. Einnig greindu nokkrir frá því að hafa reynt að upplýsa forstöðumanninn um að líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi gagnvart vistmönnum ætti sér stað af hálfu tiltekinna starfsmanna en það hafi ekki leitt til viðbragða af hans hálfu.

Um helmingur vistmanna greindi frá því að samskipti vistmanna innbyrðis hafi almennt séð verið mjög góð og að sjaldan hafi borið á erfiðleikum í samskiptum þeirra. Greindu þeir frá því að komið hafi fyrir að drengjum hafi lent saman en að slíkt hafi ekki verið óeðlilegt og að því er virðist eru minningar þeirra af samskiptum við aðra drengi ekki neikvæðar.

Aðrir vistmenn greindu frá því að samskipti vistmanna hafi að mörgu leyti verið mjög erfið. Þannig greindu nokkrir frá því að á Breiðavík hafi verið vistaðir drengir á ólíkum aldri og að einkum eldri drengir hafi reynt að kúga þá yngri og stjórna með ýmsum hætti. Greindu margir frá því að hafa lent utangarðs og að hafa átt erfitt uppdráttar félagslega. Þeir hafi reynt að leita skjóls hjá starfsfólki en lítill skilningur hafi verið á líðan þeirra. Auk frásagna af einelti og útilokun komu fram frásagnir af því að tilteknir vistmenn hafi beitt aðra drengi líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi af margvíslegum toga. Greindu nokkrir vistmenn frá því að hafa verið þvingaðir til að taka þátt í kynferðislegum athöfnum af ýmsu tagi og að hafa ítrekað verið nauðgað af eldri drengjum. Hluti þeirra greindi frá því að þeir væru í fyrsta skipti að upplýsa að þeir hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi á Breiðavík er þeir komu til viðtals við nefndina. Að mati nefndarinnar voru frásagnir vistmanna um kynferðislegt ofbeldi afar trúverðugar. Í ljósi ofangreinds telur nefndin rétt að greina frá því að kynferðislegt ofbeldi innbyrðis hjá vistmönnum virðist hafa verið tengt tilteknum einstaklingum á vistheimilinu.

Til viðtals við nefndina komu fimm starfsmenn sem störfuðu á Breiðavík á því tímabili sem hér er til umfjöllunar. Eiga frásagnir þeirra sammerkt að enginn þeirra kveðst hafa orðið vitni að því að ill meðferð og/eða ofbeldi ætti sér stað, hvorki af hálfu starfsfólks né innbyrðis hjá vistmönnum. Upplýsti einn starfsmaður nefndina um það að klefi hafi verið staðsettur í einni af byggingum vistheimilisins. Aðspurður um notkun hans greindi starfsmaðurinn frá því að í eitt tilgreint skipti hafi vistmaður verið lokaður þar inni. Ástæða þess hafi verið að vistmaðurinn hafi reynt að leggja til annars vistmanns með hníf og að forstöðumaðurinn hafi talið nauðsynlegt að fjarlægja vistmanninn áður en skaði hlytist af hegðun hans. Greindi starfsmaðurinn frá því að vistmaðurinn hafi verið lokaður inni í klefanum í um tvær klukkustundir og hafi forstöðumaðurinn setið við hurð klefans þann tíma. Starfsmaðurinn tók fram að hann

teldi þá ráðstöfun ekki hafa verið illa meðferð eða ofbeldi. Upplýsti starfsmaðurinn að þetta hafi verið eina skiptið sem vistmaður hafi verið lokaður inni í klefa þau tvö ár sem hann gegndi starfi á Breiðavík. Einn starfsmaður vakti athygli nefndarinnar á því að á Breiðavík hafi verið vistaðir drengir sem margir hverjir hafi átt við erfið vandamál að stríða. Drengirnir hafi verið sendir til vistar á Breiðavík sem var afar einangraður staður og að hans mati þá hafi það kallað á töluverð vandamál, t.d. hafi möguleikar vistmanna á tengslum við utanaðkomandi einstaklinga, t.a.m. fjölskyldur sínar verið afar takmarkaðir. Minnist hann þess að erfiðleikar hafi verið innbyrðis á milli drengjanna og að eldri drengir hafi í einhverjum mæli kúgað þá yngri. Kveðst hann ekki hafa orðið var við að eldri drengir væru að beita þá yngri ofbeldi, eins og lýst hefur verið, hvorki líkamlegu né kynferðislegu en telur ekki útilokað að slíkt hafi getað átt sér stað án hans vitundar. Frásagnir hinna fjögurra af því er varðar samskipti vistmanna innbyrðis voru af svipuðum toga. Minnast þeir þess að erfiðleikar hafi verið í samskiptum drengjanna innbyrðis. Greindu þeir frá því að borið hafi á stríðni og/eða einelti innbyrðis hjá vistmönnum en ólíklegt væri að ofbeldi, á þann hátt sem lýst hefur verið, hafi átt sér stað innbyrðis hjá þeim. Á hinn bóginn upplýstu þeir nefndina um að ekki væri útilokað að slíkt hefði átt sér stað án þeirrar vitundar.

Í álitsgerðum Dr. Gísla H. Guðjónssonar, dags. 7. desember 2007 og 31. desember 2007, *sjá fylgiskjal nr. 3,* telur hann tilefni til að álykta svo að meiri líkur en minni séu á því að vistmenn hafi þurft að sæta illri meðferð og/eða ofbeldi af hálfu starfsmanna og af hálfu annarra vistmanna á þessu tímabili. Við mat sitt hefur nefndin horft til þess að meirihluti þeirra vistmanna, sem rætt var við, og dvaldi á Breiðavík á því tímabili sem hér er til umfjöllunar, hefur greint frá því að átt hafi sér stað ill meðferð og/eða ofbeldi, bæði af hálfu tiltekinna starfsmanna og/eða tiltekinna vistmanna í þeirri merkingu, sem rakin er í kafla 10.3 í III. hluta skýrslunnar. Á móti kemur að þeir starfsmenn, sem nefndin kallaði til viðtals, hafa greint frá því að hafa ekki orðið varir við að vistmenn væru beittir illri meðferð og/eða ofbeldi á meðan þeir dvöldu á heimilinu, hvorki af hálfu starfsmanna né vistmanna. Nefndin telur almennt séð ekki ástæðu til að draga trúverðugleika frásagna fyrrverandi starfsmanna í efa. Á hinn bóginn telur nefndin ekki að framhjá því verði litið að framburðir vistmanna eru þegar á heildina er litið trúverðugir, mikið samræmi er í frásögnum þeirra og ber þeim saman í aðalatriðum um einstakar frásagnir af illri meðferð og/eða ofbeldi af hálfu tiltekinna starfsmanna og tiltekinna vistmanna. Hvað varðar kynferðislegt ofbeldi, sem vistmenn greindu frá, hefur nefndin í þessu sambandi einnig horft til þeirra fræðilegu sjónarmiða, sem nánar eru rakin í kafla 10.4.3. hér að framan, um að rannsóknir sýni að börn, sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi, greini almennt séð ekki frá slíkum atburðum. Framburðir

starfsmanna um að þeir hafi ekki haft vitneskju um að kynferðislegt ofbeldi ætti sér stað á milli yngri og eldri vistmanna eða eftir atvikum starfsmanna geta því ekki að mati nefndarinnar dregið úr trúverðugleika framburða vistmanna, sem að framan eru raktir, þar sem slíkar frásagnir koma fram. Í ljósi þessa og að virtum niðurstöðu Dr. Gísla H. Guðjónssonar á athugun hans á framburðum vistmanna og starfsmanna á þessu tímabili telur nefndin tilefni til að álykta svo að þegar á heildina sé litið verði talið að meiri líkur en minni séu á því að sumir vistmenn sem dvöldu á Breiðavíkurheimilinu á árunum 1956-1962 hafi sætt illri meðferð og/eða ofbeldi af hálfu starfsmanna og/eða vistmanna í þeirri merkingu sem rakin er í kafla 10.3 í III. hluta skýrslunnar.

10.9 Tímabilið 1962-1964 / Forstöðumaður nr. 5

Á tímabilinu 1962-1964 voru tuttugu og þrír drengir vistaðir á Breiðavík á aldrinum 7-15 ára. Til viðtals við nefndina komu fjórtán einstaklingar sem vistaðir voru á tímabilinu. Af þeim dvöldu sex einnig í tíð forstöðumanns nr. 4 og sjö einstaklingar dvöldu áfram á Breiðavík þegar forstöðumaður nr. 6 tók til starfa. Úr hópi þeirra tuttugu og þriggja sem dvöldu á vistheimilinu á tímabilinu er einn látinn, þrír búa erlendis, fjórir einstaklingar veittu nefndinni ekki kost á viðtali og einn hefur ekki fundist þrátt fyrir eftirgrennslan nefndarinnar. Til viðtals við nefndina kom einn starfsmaður sem starfaði á heimilinu og tekið var símaviðtal við forstöðumann vistheimilisins.

Frásagnir þeirra vistmanna, sem dvöldu á Breiðavík í tíð forstöðumanns nr. 5, eru að flestu leyti sambærilegar að því er varðar reynslu þeirra af dvölinni í hans tíð. Þegar forstöðumaður nr. 5 kemur til starfa voru flestir þeir einstaklingar sem störfuðu á vistheimilinu í tíð forstöðumanns nr. 4 hættir störfum og nýir starfsmenn teknir við.

Í viðtölum við þá vistmenn sem dvöldu einnig á Breiðavík í tíð forstöðumanns nr. 4 kemur fram að við komu forstöðumanns nr. 5 hafi dvölin tekið jákvæðum breytingum. Á tímabilinu verða að því er virðist jákvæðar breytingar í rekstri heimilisins, aðbúnaði og umönnun vistmanna, sem að mestu leyti má rekja til komu forstöðumannsins og þeirra starfsmanna sem hófu störf í hans tíð.

Í viðtölum við vistmenn bera þeir að flestu leyti forstöðumanninum og starfsfólki góða sögu. Greindu flestir frá því að aðbúnaður hafi verið þokkalegur og að forstöðumaðurinn hafi stuðlað að því að líðan vistmanna væri góð. Í viðtölum við vistmenn voru hlutfallslega fáar frásagnir af beitingu ofbeldis af hálfu starfsfólks og um óljósar og mjög fáar frásagnir var að ræða. Nokkuð var vikið að kynferðislegu ofbeldi tiltekins starfsmanns gagnvart tilteknum vistmanni. Ber þeim frásögnum í aðalatriðum saman að því er varðar gerandann og þolandann, en þeir einstaklingar sem greindu frá því að það hefði átt sér stað, urðu hvorki fyrir því persónulega né vitni að slíkum atvikum, heldur

greindu þeir frá því að hafa heyrt um að það ætti sér stað og er af þeim sökum ekki unnt að líta til þeirra frásagna við mat á þeim atriðum sem nefndinni er ætlað að kanna.

Þrátt fyrir að frásagnir vistmanna sem dvöldu á Breiðavík í tíð forstöðumanns nr. 5 séu að flestu leyti jákvæðar að því er varðar samskipti við forstöðumanninn og starfsfólk greindu þeir nánast allir frá að hafa fundið fyrir vanlíðan á meðan á dvölinni stóð. Greindi hluti vistmanna frá því að hafa verið með mikla heimþrá, fundið til einsemdar og að hafa upplifað einangrun staðarins á mjög neikvæðan hátt. Nánast án undantekninga er í viðtölum við vistmennina greint frá því að samskipti vistmanna innbyrðis hafi verið mjög slæm. Í meirihluta viðtala við vistmenn sem dvöldu á Breiðavík á tímabilinu kemur fram að líkamlegt og andlegt ofbeldi innbyrðis á milli vistmanna hafi verið mjög algengt. Eldri drengir hafi kúgað þá yngri og beitt þá ýmiskonar líkamlegu ofbeldi og þá oftast að starfsfólki fjarstöddu. Mikið ber á frásögnum af kynferðislegu ofbeldi eldri drengja gagnvart yngri drengjum. Er því marglýst að tilteknir eldri drengir hafi ítrekað nauðgað yngri drengjum. Þeir vistmenn sem greindu nefndinni frá því að hafa verið þolendur slíks ofbeldi greindu allir frá því að hafa ekki greint starfsfólki frá því að þetta ætti sér stað.

Til viðtals við nefndina kom forstöðumaður vistheimilisins. Greindi hann frá því að hafa aldrei orðið vitni að illri meðferð og/eða ofbeldi þann tíma sem hann var forstöðumaður á Breiðavík, hvorki af hálfu starfsmanna né á milli vistmanna innbyrðis á þann hátt sem lýst hefur verið. Greindi hann á hinn bóginn frá því að borið hafi á því að samskipti vistmanna innbyrðis væru að mörgu leyti erfið. Um stóran hóp drengja hafi verið að ræða á mismunandi aldri og kveðst hann hafa verið meðvitaður um þær hættur sem skapast geta þegar vistaðir eru saman drengir á mismunandi aldri. Upplýsti hann nefndina um að borið hafi á einelti og að einhverjir vistmenn hafi verið einangraðir félagslega og kúgaðir af hálfu eldri drengja. Forstöðumaðurinn kveðst hafa reynt eftir fremsta megni að taka á slíkum vandamálum. Minnist hann þess ekki að til hans hafi leitað vistmenn með frásagnir af illri meðferð og/eða ofbeldi, hvorki af hálfu starfsmanna né annarra vistmanna.

Frásögn starfsmannsins sem mætti til viðtals við nefndina var með svipuðum hætti og frásögn forstöðumannsins. Greindi hann frá því að hann hefði aldrei orðið vitni að ofbeldi, hvorki af hálfu starfsmanna né innbyrðis hjá vistmönnum. Á hinn bóginn greindi starfsmaðurinn frá því að fjöldi drengja hafi verið vistaðir á Breiðavík og að útilokað hafi verið fyrir svo fátt starfsfólk sem á þeim tíma starfaði á Breiðavík að fylgjast náið með drengjunum og öllu því sem þeir tóku sér fyrir hendur. Kveðst starfsmaðurinn töluvert hafa orðið var við einelti og stríðni og að eldri drengir hafi að

einhverju marki kúgað þá yngri en að ekki hafi verið um að ræða illa meðferð og/eða ofbeldi með þeim hætti sem lýst hefur verið.

Eins og fyrr greinir komu sex einstaklingar til viðtals við nefndina sem voru einnig vistaðir á Breiðavík áður en forstöðumaður nr. 5 tók til starfa. Greindu flestir frá því að þrátt fyrir að dvölin yrði að mörgu leyti jákvæðari hafi það ofbeldi, sem tíðkaðist innbyrðis hjá vistmönnum í tíð forstöðumanns nr. 4 og greint var frá í kafla 10.8, engum breytingum tekið og að misþyrmingar og kynferðislegt ofbeldi hafi áfram verið algengt og þá aðallega gagnvart yngri drengjum. Frásögn þeirra vistmanna sem komu til dvalar á Breiðavík eftir að forstöðumaður nr. 5 tók til starfa var áþekk þeirra sem dvöldu á Breiðavík við komu hans. Greindu þeir frá því að dvölin hafi á margan hátt verið jákvæð og starfsfólkið yfirleitt gott. Á hinn bóginn greindu þeir flestir frá því að hafa fundið fyrir vanlíðan, að líkamlegt ofbeldi innbyrðis hjá vistmönnum hafi átt sér stað og einnig hafi töluvert borið á kynferðislegu ofbeldi innbyrðis hjá vistmönnum.

Forstöðumaður heimilisins og sá starfsmaður sem rætt var við urðu ekki varir við ofbeldi, hvorki af hálfu starfsmanna né vistmanna, en greindu þeir báðir frá því að ef slíkt hefði átt sér stað, þá hefði það farið afar leynt. Sú fullyrðing forstöðumannsins og starfsmannsins á sér að mörgu leyti stoð í frásögnum vistmanna. Greindu þeir frá því að ofbeldi innbyrðis hjá vistmönnum, bæði andlegt, líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi hefði farið að flestu leyti leynt og þeir þolendur kynferðislegs ofbeldis sem rætt var við hafa allir greint frá því að hafa ekki sagt starfsfólki frá því að slíkt ætti sér stað.

Í álitsgerðum Dr. Gísla H. Guðjónssonar, dags. 7. desember 2007 og 31. desember 2007, *sjá fylgiskjal nr. 3,* telur hann af athugun sinni tilefni til að álykta svo að meiri líkur en minni séu á því að vistmenn hafi þurft að sæta illri meðferð og/eða ofbeldi af hálfu annarra vistmanna. Í þessu sambandi tekur nefndin fram að afar fáar frásagnir hafa komið fram um illa meðferð og/eða ofbeldi af hálfu starfsfólks og fá þær enga stoð í frásögnum annarra, hvorki vistmanna né starfsmanna. Telur nefndin ekki hægt að álykta sem svo að meiri líkur en minni séu á því að vistmenn hafi verið beittir illri meðferð og/eða ofbeldi af hálfu starfsmanna á því tímabili sem hér um ræðir í þeirri merkingu sem rakin er í kafla 10.3 í III. hluta skýrslunnar. Á hinn bóginn eru frásagnir vistmanna nánast án undantekninga samsvarandi varðandi illa meðferð og/eða ofbeldi innbyrðis á milli vistmanna. Þegar á heildina er litið eru frásagnir trúverðugar, mikils samræmis gætir á milli einstakra frásagna og í tiltölulega fáum tilvikum hefur nefndin orðið þess vör að misræmis gæti að því er varðar einstakar frásagnir af samskiptum vistmanna innbyrðis. Þá ítrekar nefndin þau sjónarmið, sem að framan eru rakin hvað varðar kynferðislegt ofbeldi, sem vistmenn greina frá, hefur nefndin í þessu sambandi horft til þeirra fræðilegu sjónarmiða, sem nánar eru rakin í kafla 10.4.3. hér að framan, um að

rannsóknir sýni að börn, sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi, greini almennt séð ekki frá slíkum atburðum. Framburðir forstöðumannsins og starfsmannsins um að þeir hafi ekki haft vitneskju um að kynferðislegt ofbeldi ætti sér stað á milli yngri og eldri vistmanna geta því ekki að mati nefndarinnar dregið úr trúverðugleika framburða vistmanna, sem að framan eru raktir, þar sem slíkar frásagnir koma fram. Í ljósi þessa og að virtum niðurstöðum Dr. Gísla H. Guðjónssonar telur nefndin tilefni til að álykta svo að þegar á heildina sé litið verði að telja að meiri líkur en minni séu á því að sumir vistmenn, sem dvöldu á Breiðavík á árunum 1962-1964, hafi sætt illri meðferð og/eða ofbeldi af hálfu annarra vistmanna í þeirri merkingu sem rakin er í kafla 10.3 í III. hluta skýrslunnar.

10.10 Tímabilið 1964-1972 / Forstöðumaður nr. 6

Á tímabilinu 1964-1972 voru fimmtíu og fimm drengir vistaðir á Breiðavík á aldrinum 9-14 ára. Til viðtals við nefndina komu þrjátíu og einn einstaklingur sem vistaðir voru á tímabilinu og óskaði einn einstaklingur eftir að skila inn skriflegri greinargerð um dvöl sína á vistheimilinu. Af þeim dvöldu sjö einnig í tíð forstöðumanns nr. 5. Úr hópi þeirra fimmtíu og fimm sem dvöldu á vistheimilinu á tímabilinu er tíu látnir, tveir búa erlendis en annar þeirra hafði tök á að koma til viðtals við nefndina og tólf einstaklingar veittu nefndinni ekki kost á viðtali eða fundust ekki þrátt fyrir eftirgrennslan nefndarinnar. Til viðtals við nefndina komu níu einstaklingar sem störfuðu á vistheimilinu.

Frásagnir þeirra vistmanna sem dvöldu á Breiðavík í tíð forstöðumanns nr. 6 eru að flestu leyti sambærilegar að því er varðar reynslu þeirra af dvölinni í hans tíð. Greindu nánast allir einstaklingarnir frá því að dvölin á Breiðavík hafi verið mjög erfið og töluverður hluti vistmanna greindi frá því að hafa fundið fyrir vanlíðan á meðan á dvölinni stóð. Hluti vistmanna greindi frá því að vanlíðan hafi meðal annars stafað af aðskilnaði við fjölskyldur þeirra og litlum samskiptum við þær þar sem forstöðumaðurinn og hluti annarra starfsmanna hafi að einhverju leyti komið í veg fyrir þau með því að ritskoða bréf og hlýða á símtöl vistmanna við fjölskyldur og vegna mikillar einangrunar vistheimilisins. Ennfremur vegna mikils aga sem þá tíðkaðist og agaviðurlaga sem beitt var, einkum í formi líkamlegs og andlegs ofbeldis af hálfu forstöðumannsins.

Einkennandi fyrir frásagnir þeirra einstaklinga sem einnig dvöldu á Breiðavík í tíð forstöðumanns nr. 5 er að við komu forstöðumanns nr. 6 hafi dvölin á Breiðavík tekið töluverðum neikvæðum breytingum, einkum vegna harðari aga og agaviðurlaga sem forstöðumaður nr. 6 beitti vistmenn. Greindu þeir frá því að forstöðumaðurinn hafi lagt

ríka áherslu á að vistmenn fylgdu þeim reglum sem vistmenn áttu að fylgja og beitt hörðum agaviðurlögum þegar út af var brugðið, t.a.m. hafi algert bann verið lagt við því að fara á blautum sokkum inn í íbúðarhúsið, neyta ekki eða klára ekki fæði sem var á borðum á matmálstímum, ganga ekki til náða eða fara á fætur þegar slíkt var fyrirskipað eða sinna ekki öðrum þeim skyldum sem á vistmenn voru lagðar.

Allir þeir einstaklingar, sem veittu nefndinni upplýsingar um dvöl sína og voru vistaðir á vistheimilinu á tímabilinu, greindu frá því að hafa verið vitni og/eða þolendur ofbeldis og/eða illrar meðferðar forstöðumannsins gagnvart vistmönnum vegna brota þeirra á agareglum og var því einnig lýst af hluta vistmanna að forstöðumaðurinn hafi átt það til að beita vistmenn ofbeldi af handahófi fyrir litlar sakir sem engar. Án undantekninga var því lýst að hörðum agaviðurlögum hafi verið beitt ef vistmenn fóru ekki að reglum vistheimilisins. Hluti vistmanna greindi frá því að reglur vistheimilisins hafi verið óljósar og að þær hafi jafnvel breyst frá degi til dags. Greindu þeir einnig frá því að mikil óvissa hafi jafnan ríkt hjá vistmönnum, þeir hafi yfirleitt ekki vitað til hvers var af þeim ætlast og að slík óvissa hafi skapað mikla vanlíðan. Meðal lýsinga vistmanna á meintu ofbeldi og/eða illri meðferð forstöðumannsins er innilokun í klefa sem staðsettur var í kjallara einnar byggingar vistheimilisins, spörk, löðrungar, hnefahögg og niðrandi ummæli um vistmenn og fjölskyldur þeirra.

Frásagnir af illri meðferð og/eða ofbeldi af hálfu annarra starfsmanna, með þeim hætti sem vistmenn greindu frá að forstöðumaðurinn hafi beitt þá, voru hlutfallslega fáar. Á hinn bóginn greindu fjórir vistmenn frá því að hafa þurft að sæta kynferðislegu ofbeldi af hálfu tiltekinna starfsmanna. Hluti vistmanna greindi frá því að tilteknir starfsmenn hafi átt það til að sýna vistmönnum vanvirðandi meðferð af ýmsum toga, til að mynda verið með vanvirðandi athugasemdir um vistmenn og fjölskyldur þeirra.

Nefndin telur rétt í ljósi ofangreinds að taka sérstaklega fram að frásagnir vistmanna af neikvæðum samskiptum við starfsfólk eiga eingöngu við hluta þeirra starfsmanna sem gegndu störfum á Breiðavík í tíð forstöðumanns nr. 6. Frásagnir vistmanna af samskiptum við töluverðan hluta starfsfólks eru flestar hlutlausar, þ.e. hvorki er greint frá illri meðferð og/eða ofbeldi af þeirra hálfu, né að samskipti við það starfsfólk hafi verið jákvæð. Í viðtölum við vistmenn sem dvöldu á Breiðavíkurheimilinu á því átta ára tímabili í sögu þess sem hér er til umfjöllunar komu jákvæðar frásagnir af samskiptum við fáa starfsmenn sem störfuðu á tímabilinu.

Fáar frásagnir voru af illri meðferð og/eða ofbeldi innbyrðis hjá vistmönnum á tímabili forstöðumanns nr. 6. Þær frásagnir sem fram komu um slík tilvik voru flestar frá einstaklingum sem dvöldu einnig á Breiðavík í tíð forstöðumanns nr. 5. Frásagnir þeirra eru að einhverju leyti á reiki af því er varðar hvenær þeir atburðir sem greint er

frá hafi hugsanlega átt sér stað. Við nánari könnun á frásögnum þeirra kemur í ljós að þeir vistmenn sem greint er frá að hafi verið gerendur dvöldu flestir á vistheimilinu í tíð forstöðumanns nr. 5 og einhverjir hugsanlega einungis skamman tíma eftir að forstöðumaður nr. 6 tók til starfa. Að þeim frásögnum frátöldum eru fáar frásagnir af illri meðferð og/eða ofbeldi innbyrðis hjá vistmönnum sem eingöngu dvöldu á Breiðavík í tíð forstöðumanns nr. 6.

Í viðtölum við vistmenn kemur víða fram að þeir hafi lifað við ógn og mikinn ótta við forstöðumanninn og viðbrögð hans við óæskilegri hegðun þeirra eða brotum á agareglum. Vistmenn hafi verið meðvitaðir um að erfið samskipti vistmanna innbyrðis gætu leitt til neikvæðra viðbragða af hálfu forstöðumannsins og því hafi lítið borið á samskiptaerfiðleikum innbyrðis hjá þeim. Greindi hluti vistmanna frá því að þeir hafi að einhverju leyti leitað skjóls hver hjá öðrum vegna vanlíðunar á Breiðavík sökum þess andrúmslofts sem þar ríkti. Þær frásagnir sem fram komu af illri meðferð og/eða ofbeldi innbyrðis hjá vistmönnum í tíð forstöðumanns nr. 6 eru tiltölulega fáar eins og fyrr greinir og telur nefndin sökum þess að gæta verði varfærni þegar dregnar eru ályktanir af frásögnum um illa meðferð og/eða ofbeldi af hálfu vistmanna.

Til viðtals við nefndina komu níu fyrrverandi starfsmenn heimilisins, þar af fimm einstaklingar sem tengdir eru forstöðumanninum fjölskylduböndum. Þeir einstaklingar sem tengjast forstöðumanninum fjölskylduböndum greindu frá því að hafa aldrei orðið vitni að ofbeldi og/eða illri meðferð starfsfólks gagnvart vistmönnum eða innbyrðis hjá vistmönnum. Greindu þeir frá því að samskipti hafi almennt verið góð á Breiðavík, vistmönnum hafi verið vel sinnt og að frásagnir af illri meðferð og/eða ofbeldi sem lýst hefur verið væru ósannar.

Frásagnir hinna fjögurra eru með öðrum blæ en ber samt sem ekki saman að því er varðar frásagnir af illri meðferð og/eða ofbeldi annars vegar af hálfu starfsfólks og hins vegar af hálfu vistmanna. Þannig greina tveir af þeim frá því að hafa aldrei orðið vitni að illri meðferð og/eða ofbeldi starfsfólks gagnvart vistmönnum. Telja þeir ólíklegt að slíkt hafi getað átt sér stað án sinnar vitundar en þeim ber saman um að forstöðumaður heimilisins hafi haldið uppi ströngum aga og að hafa brugðist við agabrotum en ekki með ofbeldi af neinu tagi. Hann hafi átt það til að taka í öxl á drengjum og ræða við þá ef þörf var á vegna óæskilegrar hegðunar þeirra. Frásögnum þeirra ber saman um að samskipti vistmanna hafi að einhverju leyti verið erfið. Borið hafi á stríðni og einelti og þá sérstaklega gagnvart nýjum vistmönnum. Komið hafi fyrir að drengir hafi pínt hver annan með einhverjum hætti, til dæmis hafi drengir útbúið gapastokk sem drengir hafi verið lokaðir í.

Frásögn hinna tveggja starfsmannanna var töluvert frábrugðin. Minnast þeir þess ekki að samskipti vistmanna innbyrðis hafi verið erfið. Greindu þeir báðir frá því að í einhver skipti hafi vistmenn átt í deilum en ekki meiri en eðlilegt getur talist og að tekið hafi verið á slíkum vandamálum þegar þau komu upp. Starfsmenninir upplýstu nefndina báðir um að forstöðumaður nr. 6 hafi viðhaft mikinn aga, til dæmis varðandi matmálstíma, fótaferða- og háttatíma og minntist annar þeirra sérstaklega að óheimilt hafi verið að koma inn í íbúðarhúsið á blautum sokkum. Greindi hann nefndinni frá því að hafa fundist margar reglur heimilisins óþarflega strangar og að hans mati hafi oft verið brugðist harkalegar við en hann taldi ástæðu til. Til dæmis hafi drengir verið lokaðir inni í herbergi e.t.v. í hálfan dag fyrir að koma á blautum sokkum inn í íbúðarhúsið. Aðspurður um samskipti vistmanna við starfsfólk á vistheimilinu greindi hann frá því að þau hafi almennt séð verið góð fyrir utan samskipti vistmanna við forstöðumanninn. Kveðst hann hafa orðið þess áskynja að samskipti vistmanna við hann væru óeðlileg. Greindi hann frá því að hafa tvisvar sinnum orðið vitni að því þegar forstöðumaðurinn beitti vistmenn líkamlegu ofbeldi. Í annað skiptið hafi forstöðumaðurinn tekið í handlegg drengs og snúið upp á hann og í hitt skiptið hafi hann slegið dreng í andlitið með lyklakippu. Minnist hann þess að drengir hafi í einhverjum mæli rætt við hann um erfið samskipti við forstöðumanninn en frásagnir vistmanna af ofbeldi hafi á þeim tíma verið frekar óljósar og ekki leitt til viðbragða af hans hálfu.

Frásögn hins starfsmannsins var með áþekkum hætti. Upplýsti hann nefndina um að mikill agi og strangar reglur hafi tíðkast á heimilinu, til dæmis í matmálstímum og varðandi fótaferða- og háttatíma. Aðspurður um samskipti starfsmanna við vistmenn greindi hann nefndinni frá því að þau hafi yfirleitt verið mjög yfirborðskennd og að lítil tengsl hafi að jafnaði verið á milli vistmanna og starfsfólks og að samskipti forstöðumannsins við vistmenn hafi verið óeðlileg. Hann hafi sýnt vistmönnum mikinn aga og kveðst hann hafa sjálfur upplifað ofbeldi forstöðumannsins gagnvart vistmönnum í tvö tilgreind skipti. Í annað skiptið hafi forstöðumaðurinn misþyrmt dreng og dregið hann eftir göngum vistheimilisins en kveðst hann ekki vita af hverju það hafi átt sér stað. Kveðst hann hafa séð töluverða áverka á drengnum. Í hitt skiptið kveðst hann hafa orðið vitni að því að drengur kom grátandi og með áverka í andliti út úr húsakynnum starfsfólks eftir fund með forstöðumanninum. Í viðtali við starfsmanninn kom fram að drengirnir á vistheimilinu hafi almennt séð verið afskiptalausir. Starfsfólk hafi yfirleitt ekki sýnt þeim athygli og hlýju og að hann hafi orðið vitni af því að starfsfólkið hafi frekar talað niðrandi til drengjanna en á uppbyggilegan hátt. Til dæmis kveðst hann hafa orðið vitni að því þegar starfsmaður lét dreng, sem hafði vætt rúm sitt, ganga um ganga vistheimilisins með blautt lakið og hafi

látið niðrandi ummæli falla um drenginn á leiðinni í þvottahúsið. Fjölmargir hafi orðið vitni að þessum atburði og að hann hafi verið mjög niðurlægjandi fyrir viðkomandi vistmann.

Í álitsgerð Dr. Gísla H. Guðjónssonar, dags. 7. desember 2007 og 31. desember 2007, *sjá fylgiskjal nr. 3,* telur hann á grundvelli greiningar sinnar á ofangreindum framburðum vistmanna og starfsmanna tilefni til að álykta svo að meiri líkur en minni séu á því að vistmenn hafi þurft að sæta illri meðferð og/eða ofbeldi af hálfu starfsmanna á þessu tímabili. Á hinn bóginn telur Gísli að kúgun og kynferðislegt ofbeldi af hálfu vistmanna hafi minnkað umtalsvert frá því sem tíðkaðist á tímabili forstöðumanns nr. 5. Ástæður þess telur hann hugsanlega vera að vistmenn hafi verið í meiri þörf fyrir stuðning hvers annars vegna harðari aga og kúgunar sem vistmenn voru beittir á því tímabili sem hér er til umfjöllunar.

Nefndin ítrekar að 55 vistmenn voru vistaðir á Breiðavík í tíð forstöðumanns nr. 6, þar af komu 31 einstaklingur til viðtals við nefndina og einn einstaklingur óskaði eftir því að afhenda skriflega skýrslu um reynslu sína af dvölinni á vistheimilinu. Frásagnir allra voru nánast samhljóða af því er varðar lýsingar á illri meðferð og/eða ofbeldi af hálfu forstöðumannsins, flestar sambærilegar varðandi samskipti við annað starfsfólk á vistheimilinu og samskipti vistmanna innbyrðis. Að einhverju leyti eru sumar frásagnir ýktar og einhvers misræmis gætir í frásögnum af einstökum verknuðum starfsmanna að því er varðar þolendur, staðsetningu og/eða tímasetningu tiltekinna verknaða. Nefndin telur frásagnir fyrrverandi vistmanna almennt séð trúverðugar að því er varðar illa meðferð og/eða ofbeldi af hálfu starfsfólks og vakti það sérstaka athygli nefndarinnar hversu samhljóða frásagnirnar voru þar að lútandi. Á hinn bóginn er ljóst að frásagnir vistmanna af illri meðferð og/eða ofbeldi af hálfu annarra vistmanna eru flestar frá einstaklingum sem dvöldu einnig á vistheimilinu í tíð forstöðumanns nr. 5 og eiga að flestu leyti við einstaklinga sem höfðu lokið dvöl sinni þegar forstöðumaður nr. 6 tekur til starfa eða voru hugsanlega einungis í mjög skamman tíma eftir að hann tekur til starfa. Nánast engar frásagnir um illa meðferð og/eða ofbeldi af hálfu vistmanna komu fram í viðtölum við þá einstaklinga sem eingöngu dvöldu á vistheimilinu í tíð forstöðumanns nr. 6.

Sjö starfsmenn af þeim níu sem komu til viðtals við nefndina greindu frá því að hafa aldrei orðið vitni að illri meðferð og/eða ofbeldi af hálfu forstöðumannsins eða annars starfsfólks. Við mat nefndarinnar á þessum framburðum hefur hún eðli málsins samkvæmt og í ljósi greiningar Dr. Gísla H. Guðjónssonar á þeim, tekið mið af því að fimm þeirra starfsmanna, sem veittu nefndinni upplýsingar, tengjast forstöðumanni heimilisins á þessum tíma nánum fjölskylduböndum. Þá telur nefndin þýðingarmikið að

tveir starfsmenn töldu að samskipti vistmanna við forstöðumanninn hafi að einhverju leyti verið erfið og greindu þeir sérstaklega frá því að hafa persónulega orðið vitni að ofbeldi af hálfu forstöðumannsins og hafa haft vitneskju um að samskipti vistmanna almennt við hann hafi verið óeðlileg. Tveir aðrir starfsmenn greindu nefndinni frá því að hafa haft vitneskju um að samskipti drengja væru að einhverju leyti erfið og að borið hafi á stríðni, einelti og að jafnvel pyntingar með einhverjum hætti hafi tíðkast. Nefndin telur almennt séð ekki ástæðu til að draga sannleiksgildi frásagna þeirra í efa en telur á þeim grundvelli einum ekki unnt að álykta um að meiri líkur en minni séu á því að vistmenn hafi sætt illri meðferð og/eða ofbeldi af hálfu annarra vistmanna. Á hinn bóginn, í ljósi alls ofangreinds og með hliðsjón af niðurstöðum Dr. Gísla H. Guðjónssonar, telur nefndin tilefni til að álykta svo að þegar á heildina sé litið verði að telja að meiri líkur en minni séu á því að sumir vistmenn sem dvöldu á Breiðavík á árunum 1964-1972 hafi orðið fyrir illri meðferð og/eða ofbeldi af hálfu starfsmanna í þeirri merkingu sem rakin er í kafla 10.3. í III. hluta skýrslunnar.

10.11 Tímabilið 1972-1973 / Forstöðumaður nr. 7

Verulegrar óvissu gætir um nákvæman fjölda þeirra vistmanna sem dvöldu á vistheimilinu í tíð forstöðumanns nr. 7 og hverjir það hafa verið. Samkvæmt þeim skjallegu gögnum sem nefndin hefur undir höndum eru vísbendingar um að ellefu einstaklingar hafi verið vistaðir á Breiðavík á árunum 1972 og 1973 og hefur nefndin eingöngu viðhlítandi skjallegar upplýsingar um upphaf og lok vistunar eins einstaklings úr þeim hópi. Líklegt er að hluti þeirra hafi lokið dvöl sinni áður en forstöðumaðurinn tekur til starfa í september 1972 og að hluti þeirra hafi ekki verið komnir til dvalar í júlí 1973 þegar hann lætur af störfum.

Til viðtals við nefndina komu forstöðumaður vistheimilisins og einn fyrrverandi starfsmaður þess. Greindi forstöðumaðurinn frá því að á því tímabili sem hann gegndi starfi forstöðumanns hafi einungis fjórir drengir verið vistaðir en kveðst hann ekki muna nöfn þeirra eða lengd vistunar en greindi hann nefndinni frá því að þeir hafi verið vistmenn þegar hann tók til starfa í september 1972. Starfsmaðurinn greindi nefndinni frá því að á því tímabili sem hann var við störf á vistheimilinu hafi þrír drengir verið þar vistaðir. Í ljósi þeirra upplýsinga sem forstöðumaðurinn og starfsmaðurinn veittu nefndinni um fjölda vistmanna og þeirra skjallegu gagna sem nefndin hefur undir höndum gætir verulegrar óvissu um fjölda vistmanna og lengd vistunar á því tímabili sem forstöðumaður nr. 7 var við stjórn vistheimilisins.

Til viðtals við nefndina komu tveir einstaklingar sem greindu frá því að hafa verið vistmenn á Breiðavík þegar forstöðumaður nr. 7 var við stjórn. Nefndinni var þegar

kunnugt um vistun annars þeirra á því tímabili, en upplýsingar sem hinn veitti nefndinni um dvöl sína voru ekki í samræmi við skjalleg gögn sem nefndin hafði undir höndum um vistun hans og ekki í samræmi við upplýsingar sem fyrrverandi starfsmaður vistheimilisins veitti nefndinni um nöfn þeirra einstaklinga sem voru þar vistaðir þegar hann var þar starfsmaður. Þar sem verulegrar óvissu gætir um vistun þess einstaklings, verður við mat á þeim atriðum sem nefndinni er ætlað að kanna ekki litið til frásagnar hans.

Sá vistmaður sem nefndin hafði viðhlítandi upplýsingar um að hafi dvalið á vistheimilinu greindi frá því að dvölin hafi að mörgu leyti verið erfið en að minningar hans frá dvölinni væru að einhverju leyti á reiki. Kvaðst hann minnast þess að hafa fundið töluvert fyrir einangrun vistheimilisins og fundið til mikillar einsemdar. Vistmaðurinn greindi frá því að hafa í eitt tilgreint skipti orðið vitni að því þegar forstöðumaðurinn beitti annan vistmann ofbeldi. Greindi hann einnig frá því að gestkomandi einstaklingur hafi áreitt hann kynferðislega í eitt tilgreint skipti.

Starfsmaðurinn sem kom til viðtals við nefndina greindi henni frá því að á vistheimilinu hafi verið vistaðir þrír drengir, eins og fyrr greinir, og að samskipti hans og annars starfsfólks við vistmennina hafi verið mjög mikil einkum vegna þess hversu fáir drengir voru vistaðir á tímabilinu. Greindi hann frá því að samskipti starfsmanna og vistmanna hafi almennt séð verið góð og að samskipti vistmanna innbyrðis hafi verið með álíkum hætti. Starfsmaðurinn varð ekki var við að vistmenn væru beittir illri meðferð og/eða ofbeldi af hálfu starfsmanna og varð hann ekki var við erfiðleika í samskiptum vistmannana innbyrðis. Greindi hann frá því að forstöðumaður heimilisins hafi haldið uppi töluverðum aga en að hann hafi ekki haft vitneskju um eða orðið vitni að því að forstöðumaðurinn hafi beitt vistmann illri meðferð og/eða ofbeldi á þann hátt sem lýst hefur verið.

Í álitsgerðum Dr. Gísla H. Guðjónssonar, dags. 7. desember 2007 og 31. desember 2007, *sjá fylgiskjal nr. 3,* telur hann ekki tilefni til að ályktað að meiri líkur en minni séu á því að vistmenn hafi þurft að sæta illri meðferð og/eða ofbeldi, einkum vegna takmarkaðra upplýsinga um vistun einstaklinga á vistheimilinu á tímabilinu. Nefndin telur ekki ástæðu til að draga í efa sannleiksgildi frásagnar ofangreinds vistmanns en þar sem einungis er um frásögn eins einstaklings að ræða, telur nefndin að gæta verði varfærni þegar dregnar eru ályktanir af upplýsingum hans varðandi þau atriði sem nefndinni er ætlað að kanna. Telur nefndin ekki unnt að draga ályktun á þeim grundvelli einum að meiri líkur en minni séu á því að ill meðferð og/eða ofbeldi í þeirri merkingu sem rakin er í kafla 10.3 í III. hluta skýrslunnar, hafi átt sér stað af hálfu starfsfólks og/eða vistmanna á tímabilinu 1972-1973.

10.12 Tímabilið 1973-1977 / Forstöðumaður nr. 8

Á tímabilinu 1973-1977 voru að öllum líkindum tuttugu og fjórir einstaklingar vistaðir á Breiðavík á aldrinum 10-16 ára, bæði drengir og stúlkur. Til viðtals við nefndina komu tíu einstaklingar sem vistaðir voru á tímabilinu. Nefndin hefur vísbendingar um að einhverjir einstaklingar úr þeim hópi hafi dvalið á vistheimilinu þegar forstöðumaður nr. 8 tók til starfa og vísbendingar eru um að þrír einstaklingar hafi dvalið áfram á Breiðavík þegar forstöðumaðurinn lét af störfum árið 1977. Úr hópi þeirra tuttugu og fjögurra sem dvöldu á vistheimilinu á tímabilinu eru fjórir látnir, þrír búa erlendis en tekið var símaviðtal við annan þeirra að hans ósk. Átta einstaklingar veittu nefndinni ekki kost á viðtali eða hafa ekki fundist þrátt fyrir eftirgrennslan hennar. Til viðtals við nefndina komu tveir starfsmenn vistheimilisins en forstöðumaður þess mætti ekki þrátt fyrir ítrekaðar kvaðningar þess efnis.

Frásagnir þeirra vistmanna sem dvöldu á Breiðavík í tíð forstöðumanns nr. 8 eru að flestu leyti sambærilegar að því er varðar reynslu þeirra af dvölinni í hans tíð. Bera flestir starfsfólki góða sögu og upplýstu flestir nefndina um að starfsfólkið hafi nánast án undantekninga hugsað vel um vistmenn. Greindu nánast allir einstaklingarnir frá því að ill meðferð og/eða ofbeldi hafi ekki átt sér stað, hvorki af hálfu starfsfólks eða innbyrðis hjá vistmönnum. Þær frásagnir sem fram komu um illa meðferð og/eða ofbeldi af hálfu starfsmanna og vistmanna voru tiltölulega fáar og frekar óljósar að mati nefndarinnar.

Á hinn bóginn vakti athygli nefndarinnar að flestir þeir sem rætt var við greindu frá því að hafa fundið fyrir töluverðri vanlíðan á meðan á dvölinni stóð. Áberandi voru frásagnir af því að Breiðavík hafi verið einangraður staður, möguleikar vistmanna til að tengjast öðrum en vistmönnum og starfsfólki hafi verið afar litlar og að Breiðavík hafi að mörgu leyti hentað illa sem vistheimili fyrir unglinga sem áttu við andlegan og félagslegan vanda að stríða. Þeir einstaklingar, sem dvöldu fyrstu árin í tíð forstöðumanns nr. 8, greindu nefndinni frá því að á þeim árum hafi svokölluð „hippamenning“ verið allsráðandi og að starfsemi vistheimilisins hafi borið þess greinileg merki. Starfsfólkið hafi verið mjög ungt, flest rúmlega tvítugt að aldri og töluvert frjálslegt í uppeldisaðferðum vistmanna. Til að mynda hafi frekar lítil festa verið hvað varðaði matmálstíma, agi og reglur ekki miklar og að unglingarnir hafi lifað við töluvert frjálsræði á margan hátt. Greindi hluti vistmanna frá því að unglingarnir hafi átt kynferðisleg samskipti og að slíkt hafi ekki verið litið alvarlegum augum hjá starfsfólki. Töluvert margir vistmenn líta svo á að vistheimilið hafi verið notað sem neyðarúrræði til vistunar

erfiðra unglinga, það hafi verið notað til að taka unglinga af götunni, eins og margir komust að orði, til lengri eða skemmri tíma.

Greindu flestir frá því að dvölin á Breiðavík hafi í sjálfu sér ekki verið slæm en að vistheimilið hafi ekki gagnast sem stofnun eins og henni var ætlað að gera. Allir þeir einstaklingar sem rætt var við greindu frá því að eftir að dvölinni á Breiðavík lauk hafi staða þeirra verið svipuð því sem hún var þegar þeir voru vistaðir á Breiðavík. Þeir hefðu ekki fengið þá aðstoð og menntun sem þörf var á og að andleg og félagsleg staða þeirra hafi eftir dvölina verið erfið og flestir greindu frá því að hafa lent í óreglu um árabil eftir dvölina á Breiðavík.

Til viðtals við nefndina komu tveir starfsmenn sem störfuðu á heimilinu á tímabilinu. Staðfestu þeir í meginþáttum það sem áður hafði komið fram í viðtölum við vistmenn. Urðu þeir aldrei vitni að því að vistmenn væru beittir illri meðferð og/eða ofbeldi, hvorki af hálfu starfsfólks né vistmanna en þeir staðfestu að starfsemi heimilisins hafi verið frjálsleg að mörgu leyti.

Í álitsgerðum Dr. Gísla H. Guðjónssonar, dags. 7. desember 2007 og 31. desember 2007, *sjá fylgiskjal nr. 3,* telur hann ekki tilefni til að álykta að meiri líkur en minni séu á því að vistmenn hafi þurft að sæta illri meðferð og/eða ofbeldi á þessu tímabili, en á hinn bóginn bendir Gísli á að agaleysi virðist hafa ríkt á vistheimilinu. Í viðtölum við þá einstaklinga sem nefndin ræddi við og dvöldu á Breiðavík á tímabilinu komu fram fáar frásagnir af illri meðferð og/eða ofbeldi af hálfu starfsmanna og/eða vistmanna. Þær frásagnir voru að mörgu leyti óljósar og fá ekki stuðning nema að litlu leyti í frásögnum annarra, hvorki vistmanna né starfsmanna. Þótt ekki sé í sjálfu sér ástæða að mati nefndarinnar til að draga almennt séð frásagnir ofangreindra einstaklinga í efa telur nefndin samkvæmt ofansögðu að ekki sé tilefni til að álykta á þeim grundvelli einum að meiri líkur en minni séu á því að þeir, sem dvöldu á Breiðavíkurheimilinu á árunum 1973-1977, hafi sætt illri meðferð og/eða ofbeldi í þeirri merkingu sem rakin er í kafla 10.3 í III. hluta skýrslunnar.

10.13 Tímabilið 1977-1979 / Forstöðumaður nr. 9

Verulegrar óvissu gætir um fjölda þeirra vistmanna sem dvöldu á vistheimilinu í tíð forstöðumanns nr. 9, hver nöfn þeirra eru og hvort einhverjir úr þeim hópi kunni að vera látnir. Er það einkum vegna skorts á fullnægjandi gagnavörslu í kjölfar þess að Breiðavíkurheimilinu var formlega lokað árið 1979. Nefndin hefur undir höndum skjalleg gögn um sex einstaklinga sem dvöldu á Breiðavík í tíð forstöðumanns nr. 9. Í viðtali sem nefndin átti við forstöðumanninn kom fram að á því tímabili sem hann gegndi forstöðu hafi 15 einstaklingar dvalið á heimilinu, þar af þrír sem þegar voru vistaðir

þegar hann tekur til starfa 1. mars 1977 og veitti hann upplýsingar um að tveir einstaklingar af þeim sem dvöldu á vistheimilinu á tímabilinu væru látnir.

Úr hópi þeirra fimmtán sem forstöðumaðurinn veitti nefndinni upplýsingar um var nefndinni þegar kunnugt um að tíu þeirra hafi dvalið á Breiðavíkurheimilinu en nefndin hafði eingöngu undir höndum fullnægjandi upplýsingar varðandi upphaf og lok vistunar sex þeirra. Komu þeir til viðtals við nefndina og veittu henni upplýsingar um að þeir hafi dvalið á vistheimilinu í tíð forstöðumanns nr. 9.

Á fundi nefndarinnar 2. desember 2007 var tekin sú ákvörðun að nefndin myndi ekki að eigin frumkvæði hafa samband við þá einstaklinga sem forstöðumaðurinn veitti henni upplýsingar um. Var sú ákvörðun tekin á þeirri forsendu í fyrsta lagi að nefndin hefði engin gögn undir höndum að því er varðar vistun þessara einstaklinga eða aðrar persónuupplýsingar sem að notum gætu komið til þess að unnt væri að veita viðkomandi aðilum kost á að koma til viðtals við nefndina. Í öðru lagi að samkvæmt lögum nr. 26/2007 væri fyrrverandi vistmönnum ekki skylt að veita nefndinni upplýsingar. Í þriðja lagi að upplýsingar um störf nefndarinnar hefðu á undanförnum mánuðum komið fram í fjölmiðlum og þar af leiðandi væri þeim sem óskaði eftir viðtali við nefndina mögulegt án mikillar fyrirhafnar að hafa að eigin frumkvæði samband við nefndina og óska eftir viðtali.

Frásagnir þeirra vistmanna sem dvöldu á Breiðavík í tíð forstöðumanns nr. 9 voru að flestu leyti sambærilegar að því er varðar reynslu þeirra af dvölinni í hans tíð. Báru þeir starfsfólki yfirleitt góða sögu og greindu flestir frá því að hugsað hafi verið vel um vistmenn. Greindu nánast allir frá því að ill meðferð og/eða ofbeldi hafi ekki átt sér stað, hvorki af hálfu starfsfólks né innbyrðis hjá vistmönnum. Þær frásagnir sem fram komu um illa meðferð og/eða ofbeldi af hálfu starfsmanna og vistmanna voru tiltölulega fáar og frekar óljósar að mati nefndarinnar.

Á hinn bóginn telur nefndin rétt að vekja athygli á því að flestir þeir sem rætt var við greindu frá því að hafa fundið fyrir vanlíðan á meðan á dvölinni stóð. Frásagnir þeirra vistmanna sem dvöldu á Breiðavík í tíð forstöðumanns nr. 9 eru að flestu leyti sambærilegar við frásagnir þeirra sem dvöldu á vistheimilinu í tíð forstöðumanns nr. 8. Greindu flestir frá því að vanlíðan þeirra hafi stafað af einangrun vistheimilisins og lítillar faglegrar aðstoðar sem þeir nutu á meðan á dvölinni stóð.

Til viðtals við nefndina kom forstöðumaður nr. 9 og einnig fyrrverandi starfsmaður vistheimilisins. Greindu þeir nefndinni frá því að frá árinu 1977 er þeir hófu störf við heimilið hafi mikil óvissa verið um framtíð vistheimilisins og áframhaldandi rekstur þess. Sú óvissa hafi að mörgu leyti sett mark sitt á rekstur vistheimilisins, stöðugt hafi blasað við að rekstri vistheimilisins yrði hætt og að slík staða hafi skapað

töluverða óvissu meðal vistmanna og starfsmanna um dvöl þeirra á vistheimilinu. Einnig hafi fjármagn til reksturs vistheimilisins verið af skornum skammti að þeirra mati og möguleikar á rekstri staðarins með þeim hætti sem æskilegt hefði verið hafi ekki verið til staðar. Greindu starfsmennirnir frá því að þrátt fyrir að rekstur staðarins hafi ekki verið með þeim hætti sem æskilegt hefði verið, hafi þeir reynt eftir fremsta megni að annast vistmenn vel og að þeir hefðu aldrei orðið vitni að eða haft vitneskju um að ill meðferð og/eða ofbeldi ætti sér stað, hvorki af hálfu starfsmanna né vistmanna.

Í álitsgerðum Dr. Gísla H. Guðjónssonar, dags. 7. desember 2007 og 31. desember 2007, *sjá fylgiskjal nr. 3,* telur hann ekki tilefni til að álykta að meiri líkur en minni séu á því að vistmenn hafi þurft að sæta illri meðferð og/eða ofbeldi á þessu tímabili. Í viðtölum við þá einstaklinga sem nefndin ræddi við og dvöldu á Breiðavík á tímabilinu komu fram fáar frásagnir af illri meðferð og/eða ofbeldi af hálfu starfsmanna og vistmanna. Þær frásagnir eru að mörgu leyti óljósar og njóta ekki stuðnings í frásögnum annarra, hvorki vistmanna né starfsmanna. Þótt ekki sé í sjálfu sér ástæða að mati nefndarinnar að draga almennt séð frásagnir ofangreindra einstaklinga í efa telur nefndin samkvæmt ofansögðu að ekki sé tilefni til að álykta á þeim grundvelli einum að meiri líkur en minni séu á því að þeir, sem dvöldu á Breiðavíkurheimilinu á árunum 1977-1979, hafi sætt illri meðferð og/eða ofbeldi í þeirri merkingu sem rakin er í kafla 10.3 í III. hluta skýrslunnar.

11. Var eftirlit með vistun barna á Breiðavík af hálfu hins opinbera fullnægjandi?

11.1 Almenn atriði um opinbert eftirlit með starfsemi Breiðavíkurheimilisins

Í kafla 7 í III. hluta skýrslunnar eru ítarlega rakin fyrirmæli barnaverndarlaga nr. 29/1947 og laga nr. 53/1966 um hlutverk og verkefni barnaverndaryfirvalda, en þau giltu á þeim tíma sem Breiðavíkurheimilið var starfandi á árunum 1952-1979.

Menntamálaráðuneytið hafði á hendi yfirstjórn við framkvæmd laga nr. 29/1947 og laga nr. 53/1966. Í því fólst almenn stefnumótun í málaflokknum sem ráðuneytið gat innleitt með reglugerðarfyrirmælum á grundvelli heimilda í lögunum og í krafti yfirstjórnunarheimilda gagnvart Barnaverndarráði og barnaverndarnefndum. Þá var það verkefni menntamálaráðuneytis að tryggja að framkvæmd áðurnefndra ákvæða 37. gr. laga nr. 29/1947 og 39. gr. laga nr. 53/1966 væri í samræmi við efnisreglur og markmið gildandi barnaverndarlaga, t.d. hvað varðaði aðbúnað á hæli fyrir börn og ungmenni sem þar voru vistuð, fjölda starfsmanna og menntun þeirra.

Barnaverndarráð hafði yfirumsjón með starfi barnaverndarnefnda. Samkvæmt 49. gr. laga nr. 29/1947 bar ráðinu að veita barnaverndarnefndum hvers konar leiðbeiningar um starfa þeirra, skilning á lagaákvæðum, er þær varða o.s.frv. Ef Barnaverndarráð varð þess víst að barnaverndarnefnd rækti ekki störf þau, sem henni voru falin í lögum, bar ráðinu að krefja nefndina skýrslna og halda að henni að rækja skyldu sína, sbr. 50. gr. sömu laga. Ef Barnaverndarráði þótti ástæða til, gat það tekið mál í umdæmi barnaverndarnefndar til meðferðar, hvort sem hún hafði áður um það fjallað eða ekki, sbr. 51. gr. Samkvæmt 52. gr. bar Barnaverndarráði að heimta ársskýrslur frá barnaverndarnefndum og gefa út útdrátt úr þeim ásamt skýrslu um störf sín ekki sjaldnar en annað hvert ár og gat beitt dagsektum ef barnaverndarnefnd vanrækti að standa skil á fyrirskipuðum skýrslum.

Í 53. gr. laga nr. 29/1947 var sérstaklega tekið fram að Barnaverndarráð hefði yfirumsjón með öllum barnahælum og uppeldisstofnunum á landinu og „beint eftirlit með hælum þeim og uppeldisstofnunum, sem ætlað [væru] til viðtöku börnum og unglingum hvaðanæva af landinu“. Skyldi það fela einum ráðsmanna eða sérstökum fulltrúa að vitja til eftirlits hvers hælis eða stofnunar svo oft sem þurfa þætti og eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Var forráðamanni stofnunar, sem í hlut átti, skylt að greiða fyrir eftirliti og veita eftirlitsmanni færi á að rannsaka börn og ungmenni, sem þar voru vistuð, húsakynni þeirra, þrif, heilsufar, eldi, aðbúnað og þroska, veita honum aðgang að skýrslum, bókum og reikningum stofnunarinnar o.s.frv.

Með lögum nr. 53/1966 voru ofangreind verkefni Barnaverndarráðs og barnaverndarnefnda í meginatriðum áréttuð í grundvallaratriðum, eins og nánar er rakið í kafla 7.3 í II. hluta skýrslunnar. Á árinu 1958 var sett reglugerð um Breiðavíkurheimilið nr. 88/1958 um vistheimilið Breiðavík. Þar var stjórn heimilisins sett í hendur þriggja manna nefndar, sem ráðherra skipaði, auk þess sem forstöðumaður heimilisins var skipaður af ráðherra að fengnum tillögum stjórnarnefndarinnar. Auk eftirlits stjórnarnefndarinnar var mælt svo fyrir í síðari málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar að forstöðumaðurinn skyldi hafa „eftirlit með hegðun og háttsemi drengjanna utan heimilis sem innan“. Í því samhengi var stjórnarnefndinni og forstöðumanni skylt að setja reglur um hegðun og umgengni vistmanna og heimilisaga, sbr. 11. gr. reglugerðarinnar. Skyldu reglurnar bornar undir menntamálaráðuneytið til staðfestingar og sæi forstöðumaður um að reglunum yrði framfylgt.

Á árinu 1973 var gerð breyting á stjórnskipulagi Breiðavíkurheimilisins með reglugerð nr. 225/1973 um skólaheimilið í Breiðavík, en um efnisinntak reglugerðarinnar vísast að öðru leyti til kafla 7.6 í II. hluta í skýrslunni.

Af þessum laga- og reglugerðarfyrirmælum, sem í gildi voru á starfstíma Breiðavíkur, verður að mati nefndarinnar ekki annað ráðið en að löggjafinn hafi efnislega gert ráð fyrir raunhæfu og virku eftirliti barnaverndaryfirvalda með starfsemi uppeldisstofnana og þá ekki síst þeirra á borð við Breiðavíkurheimilið, þar sem börn voru í sumum tilvikum vistuð gegn vilja foreldris og á grundvelli þess að þau höfðu framið lögbrot eða væru á annan hátt á glapstigum. Þá var með reglugerð nr. 88/1958 gert ráð fyrir sérstakri stjórnarnefnd, sem hafði eftirlitshlutverki að gegna með starfsemi Breiðavíkur ásamt forstöðumanni. Í framhaldi af gildistöku reglugerðar nr. 225/1973 tók hin sérskipaða nefnd, þar sem sátu meðal annars þriggja manna stjórn Upptökuheimilis ríkisins, sbr. 1. gr. reglugerðarinnar, við stjórnarhlutverkinu.

Lög nr. 29/1947 og lög nr. 53/1966 kváðu þannig á um þá meginreglu á sviði barnaverndarmála að hinu opinbera var falin virk umsjón með líkamlegri og andlegri velferð þeirra barna sem voru tekin af heimili og vistuð meðal annars á uppeldisstofnunum á borð við Breiðavík, hvort sem tilefni vistunar voru atvik eða aðstæður sem vörðuðu barnið sjálft, heimili þess eða foreldra. Af þessu verður að draga þá ályktun að mati nefndarinnar að við mat á hvort eftirlit hins opinbera með starfsemi Breiðavíkurheimilisins hafi verið fullnægjandi verði að horfa til þess hvernig skipulag eftirlitskerfisins og framkvæmd var háttað á starfstíma heimilisins, en um það verður einkum að draga ályktanir af þeim skjallegum gögnum sem nefndin hefur undir höndum auk þess að líta til munnlegrar upplýsingagjafar í formi viðtala nefndarinnar við vistmenn og skýrslutöku af opinberum starfsmönnum.

Þegar nánar er litið til þeirra krafna sem gerðar voru til hins opinbera eftirlits með starfsemi Breiðavíkur samkvæmt lögum á starfstíma heimilisins, verður í upphafi að líta til þess að inntak opinbers eftirlits með uppeldisstofnunum á sviði barnaverndarmála var breytilegt. Varð það hverju sinni að taka mið af eðli og uppbyggingu viðkomandi uppeldisstofnunar, staðsetningu hennar, þeim hópi barna sem átti að sinna á slíkri stofnun, kröfum til faglegrar þekkingar, menntunar og annarra eiginleika sem gera varð til starfsmanna, ytri og innri aðbúnaði stofnunarinnar og loks þeim markmiðum sem viðkomandi vistun var ætlað að ná.

Þá verður við mat á hvort opinbert eftirlit með starfsemi Breiðavíkurheimilisins hafi verið fullnægjandi og í samræmi við lög að gera annars vegar greinarmun á því sem kalla má *ytra eftirlit* af hálfu þeirra stjórnvalda á sviði barnaverndarmála, sem að lögum og reglum var falið að hafa umsjón og eftirlit með líðan og velferð barna, sem vistuð voru á uppeldisstofnunum á borð við Breiðavík. Þar undir fellur í fyrsta lagi yfirstjórnunarhlutverk menntamálaráðuneytisins með framkvæmd barnaverndarlaga, í öðru lagi almennt eftirlit Barnaverndarráðs með störfum barnaverndarnefnda og stjórnar-

nefndar Breiðavíkurheimilisins, og í þriðja lagi eftirlit stjórnarnefndar heimilisins með dvöl vistmanna á Breiðavík. Hins vegar verður að meta hvernig háttað var skipulagi og framkvæmd þess þáttar, sem kalla má *innra eftirlit* með starfsemi Breiðavíkur, þ.e. umsjónar- og eftirlitsskyldna sem hvíldu á herðum forstöðumanns og eftir atvikum annarra starfsmanna undir hans stjórn, sem þar voru við störf.

Með ofangreind sjónarmið að leiðarljósi verður nú fjallað um mat nefndarinnar á því hvort opinbert eftirlit með Breiðavíkurheimilinu hafi verið fullnægjandi.

11.2 Ályktanir af skjallegum gögnum og framburðum vistmanna og starfsmanna – niðurstöður nefndarinnar

11.2.1 Um undirbúning og forsendur ákvörðunar um stofnun Breiðavíkurheimilisins

Við mat sitt á því hvort opinbert eftirlit með starfsemi Breiðavíkurheimilisins hafi verið fullnægjandi hefur nefndin leitast við að draga ályktanir af þeim gögnum, sem henni hafa verið afhent við könnun sína, auk þess að horfa til þeirra upplýsinga sem fram hafa komið í viðtölum við vistmenn og starfsmenn. Í upphafi telur nefndin þó rétt að fara nokkrum orðum um þær ályktanir sem hún telur fært að draga af fyrirliggjandi gögnum um upphaflega ákvörðun um að stofna til uppeldisstofnunar í merkingu þágildandi 37. gr. laga nr. 29/1947 á Breiðavík í Rauðasandshreppi, enda telur nefndin, eins og nánar verður rakið hér síðar, að sú örlagaríka ákvörðun hafi verulega þýðingu þegar lagt er heildarmat á þennan þátt könnunarinnar.

Þegar litið er til umfjöllunar um aðdraganda og stofnun Breiðavíkurheimilisins í 5. kafla í II. hluta skýrslunnar telur nefndin verulegan vafa leika á því að upphafleg ákvörðun stjórnvalda, um staðarval á Breiðavík í Rauðasandshreppi, fyrir uppeldisstofnun í merkingu 37. gr. laga nr. 29/1947, hafi verið nægilega byggð á haldbærum forsendum og rökum. Er þá einkum lagt mat á þá atburðarás í ljósi lagareglna sem giltu á þeim tíma um starfsemi uppeldisstofnana og þeirra krafna um tilvist raunhæfs og virks umsjónar- og eftirlitskerfis hins opinbera sem lögboðið var.

Ítreka verður að fram komu málefnalegar og vel rökstuddar athugasemdir af hálfu sjö helstu sérfræðinga um málefni barna og barnavernd í upphafi sjötta áratugar síðustu aldar um að ákvörðun um staðarval gæti leitt til hættu á að velferð barna, sem þar yrðu vistuð, væri stefnt í voða. Ekki verður af þeim gögnum sem fyrir nefndinni liggja ráðið að þessar efnislegu og rökstuddu athugasemdir hafi fengið fullnægjandi meðferð af hálfu menntamálaráðherra eða af hálfu Barnaverndarráðs. Fyrir liggur í gögnum svarbréf formanns framkvæmdanefndar um stofnun vistheimilisins Breiðavíkur, Gísla Jónssonar alþingismanns, sem ítarlega er rakið í 5. kafla í II. hluta skýrslunnar. Þar er

athugasemdum sjömenninganna hafnað án þess að séð verði að nægur gaumur hafi verið gefinn þeim faglegum röksemdum sem settar höfðu verið fram. Ljóst er að mati nefndarinnar að sagan hefur leitt í ljós að sjömenningarnir höfðu í grundvallaratriðum rétt fyrir sér um þann vanda og þá hættu fyrir líkamlega og andlega velferð barna og ungmenna, sem vistun á jafn einangruðum stað og Breiðavík, gat skapað.

11.2.2 Um tímabilið 1952-1972

Nefndin hefur að öðru leyti við mat sitt á því hvort opinbert eftirlit með starfsemi Breiðavíkurheimilisins hafi verið fullnægjandi skipt athugun sinni upp eftir tímabilinu 1952-1972, sbr. og reglugerð nr. 88/1958, og hins vegar tímabilinu 1973-1979, þegar breyting var gerð á stjórnskipulagi starfseminnar með reglugerð nr. 225/1973, sjá nánar kafla 7.6 í II. hluta skýrslunnar. Verður í þessum kafla vikið að fyrra tímabilinu og þá fyrst árunum 1952-1958 og síðar í kaflanum árunum 1959-1972.

Af þeim gögnum, sem fyrir nefndinni liggja, verður ekki dregin önnur ályktun en að rekstur Breiðavíkurheimilisins á árunum 1952-1958 hafi næstum alfarið verið á könnu forstöðumannsins og þeirra starfsmanna sem voru honum til aðstoðar í daglegum rekstri. Í skýrslu, sem forstöðumaður heimilisins á árunum 1955-1956 gaf fyrir nefndinni, kemur fram að fulltrúar í Barnaverndarráði, barnaverndarnefndum eða úr stjórnarnefnd heimilisins hafi ekki komið á vettvang til eftirlits. Þá hafi engin skipulögð læknisrannsókn verið á drengjunum á þessum árum, en að farið hafi verið með drengi á Patreksfjörð ef á þurfti að halda. Að sögn skólastjóra heimilisins á árunum 1956-1958 var eftirlit með heimilinu af hálfu opinberra aðila ekkert. Minnist hann þess ekki að fulltrúar Barnaverndarráðs eða barnaverndarnefnda hafi komið á Breiðavík. Þá tók hann fram að kerfisbundið heilbrigðiseftirlit með drengjunum hefði ekki tíðkast, en hann minnist þess að hafa farið með dreng til læknis á Patreksfjörð.

Af hálfu nefndarinnar var framkvæmd ítarleg og kerfisbundin athugun á fundargerðum Barnaverndarráðs á Þjóðskjalasafni og öðrum heimildum um störf ráðsins á þessum árum sem þar var að finna. Af athuguninni verður ekki dregin önnur ályktun en að á árunum 1952-1959 hafi Barnaverndarráð vart litið á eftirlit með starfseminni á Breiðavík sem veigamikið hlutverk ráðsins, a.m.k. ef litið er til þeirra viðfangsefna sem rædd voru á formlegum fundum ráðsins, sem bókað er um í fundargerðarbókum þess. Einu vísbendingarnar á þessu tímabili um aðkomu Barnaverndarráðs að starfsemi Breiðavíkurheimilisins eru annars vegar að árið 1955 er lögð fram á fundi ráðsins 13. apríl þ.á. skýrsla framkvæmdanefndar heimilisins yfir reksturinn fyrir árið 1954. Þá liggur fyrir bréf Barnaverndarráðs til menntamálaráðuneytisins, dags. 7. júní 1955, um þessa sömu skýrslu. Í bréfinu kemur m.a. fram „að formaður ráðsins og ráðunautur [hafi

farið] í eftirlitsferð til Breiðavíkur 20. apríl [1955 og hafi þeim litist] vel á heimilið“. Hin eftirlitsferðin, sem farin var á tímabilinu, er bókuð í fundargerð 29. október 1958. Annað í fundargerðum Barnaverndarráðs á tímabilinu 1952-1959 bendir að mati nefndarinnar til þess að ráðið hafi ekki talið það í sínum verkahring að grípa til ráðstafana þótt tilefni hafi hugsanlega skapast, t.d. í kjölfar slyss, sbr. bókun dags. 16. ágúst 1956, heldur hafi eftirlitsskyldan hvílt frekar á menntamálaráðuneytinu. Þá virðist eftirlit að eigin frumkvæði ráðsins vera ábótavant svo sem sjá má af viðbrögðum þess við fyrirspurn um hvort heimilinu hafi verið skipuð stjórn, sbr. bókun ráðsins frá 8. ágúst 1958. Við mat á þessum niðurstöðum telur nefndin þó nauðsynlegt að hafa í huga að heimildir benda til þess að Þorkell Kristjánsson hafi gegnt hlutverki „eftirlitsmanns“ ráðsins á sjötta áratugnum og að hluti launa hans hafi verið greiddur af Barnaverndarráði. Það sama virðist hafa átt við um Magnús Sigurðsson, sem var aðalmaður í Barnaverndarráði frá 1957 og varamaður fram til þess tíma. Báðir sátu í framkvæmdanefnd heimilisins og heimildir benda til að þeir hafi báðir komið oft í Breiðavík á tímabilinu án þess að það sé bókað í gerðabók ráðsins.

Í áðurgreindri skýrslu sem forstöðumaður á heimilinu á árunum 1955-1956 gaf fyrir nefndinni kom fram að hann muni ekki til þess að þá hafi verið búið að skipa stjórn heimilisins. Styðst hin síðarnefnda frásögn forstöðumannsins við gögn málsins, en samkvæmt því, sem fyrir liggur, var stjórnarnefnd Breiðavíkurheimilisins fyrst skipuð á árinu 1958. Forstöðumaðurinn tók þó fram í skýrslu sinni að hann telji sig muna að Símon Jóhannes Ágústsson sálfræðingur hafi komið á Breiðavíkurheimilið á þessum árum og talað við alla drengina, en nefnd samkvæmt lögum nr. 26/2007 hefur ekki gögn undir höndum um þessa heimsókn. Eins og nánar er rakið hér síðar hófust árlegar eftirlitsheimsóknir Símonar Jóhannesar á vegum barnaverndaryfirvalda ekki fyrr en á árinu 1959.

Í skýrslu sem forstöðumaður á árunum 1962-1964 gaf fyrir nefndinni kom fram að eftirlit með heimilinu hafi ekki verið mikið að undanskildum tveimur heimsóknum Símonar Jóhannesar Ágústssonar, sem vikið verður að hér síðar. Í skýrslu forstöðumannsins er tekið fram að stjórnarnefndin hafi falið honum sem forstöðumanni að mestu leyti um að sjá um rekstur heimilisins og hafi ekki haft mikil bein afskipti, því síður eftirlit með heimilinu.

Í skýrslu forstöðumanns á árunum 1972-1973, en hann hafði áður starfað á Breiðavík sem bústjóri á árunum 1964-1966, kom fram hann teldi sig muna að stjórnarnefnd Breiðavíkurheimilisins hefði komið á staðinn, en engir fulltrúar frá Barnaverndarráði eða barnaverndarnefndum, að undanskildum eftirlitsheimsóknum Símonar Jóhannesar Ágústssonar. Í skýrslu starfsmanns, sem starfaði á Breiðavík að sumri til á árunum

1966, 1967, 1968 og 1970, kom hins vegar fram að barnaverndarráð hafi komið einu sinni á Breiðavík. Af athugun nefndarinnar á fundargerðum Barnaverndarráðs verður ekki séð að slíkrar ferðar fulltrúa í ráðinu til Breiðavíkur sé þar getið.

Á árinu 1959 hófust árlegar heimsóknir Símonar Jóhannesar Ágústssonar, sálfræðings. Eins og rakið er í kafla 8.1 í II. hluta skýrslunnar hefur nefndin undir höndum skýrslur Símonar Jóhannesar sem taka til heimsókna hans frá 1959 og allt til ársins 1972, að báðum árum meðtöldum. Eru þær allar merktar sem „trúnaðarmál“. Í skýrslunum er fjallað um einstaka drengi auk þess sem í skýrslunum fyrir árin 1959-1963 koma fram ýmsar almennar athugasemdir um einstök atriði er varða aðbúnað heimilisins og uppeldi drengjanna. Rétt er að mati nefndarinnar að gera nokkuð ítarlega grein fyrir umfjöllun Símonar Jóhannesar og helstu niðurstöðum, enda varpa þær ljósi á *samtímamat* eins helsta sérfræðings þjóðarinnar á þeim tíma á sviði barnaverndarmála á aðbúnaði og velferð vistmanna á Breiðavík.

Í skýrslu Símonar Jóhannesar vegna fyrstu heimsóknarinnar á árinu 1959 er í upphafi rakið að eftir viðtal við Ásgeir Pétursson, fulltrúa í menntamálaráðuneyti, Ágúst Pétursson, formann stjórnarnefndar Breiðavíkurheimilisins og þáverandi forstöðumann þess, hafi hann farið á Breiðavík að „athuga andlega heilbrigði, hegðun, líðan og geðheilsu drengjanna þar, svo og uppeldislegan rekstur heimilisins, eins og gert [væri] ráð fyrir í reglugerð þess, sem sett var 25. júlí 1958“. Er þessu næst lýst ferðum Símonar Jóhannesar og gagnaöflun hans í formi viðtala og skjallegra gagna á meðan á heimsókn hans stóð. Í kafla II. í skýrslu sálfræðingsins er síðan lýst athugun hans á einstökum drengjum og dregnar fram upplýsingar um bakgrunn hvers og eins, hegðun í vistinni og greiningu hans á andlegu ástandi þeirra og eiginleikum. Kafli III. í skýrslu hans ber yfirskriftina: „Nokkrar athuganir á vistheimilinu og tillögur um uppeldislegan rekstur þess“. Þar er að finna yfirlit yfir fjölda starfsfólks á heimilinu veturinn 1958 og þá um sumarið 1959. Þá er tekið sérstaklega fram að vistheimilið sé að „ýmsu leyti rekið við hinar örðugustu aðstæður“. Beri þar fyrst að nefna „staðsetningu þess á svo afskekktum stað, þar sem aðdrættir [séu] mjög erfiðir, fyrirhafnarsamir og kostnaðarsamir, einkum að vetrarlagi“. Þá auki lega heimilisins „vandkvæði á að fá hæft og nægilega fast starfsfólk að því“. Um þetta segir Símon Jóhannes síðan eftirfarandi:

> Sakir þessa má ennfremur kallast ógerningur að veita því sérfræðilega þjónustu, sem þar þarfnast, svo sem þjónustu sálfræðings og geðlæknis. Svipuðu máli gegnir um aðra læknisþjónustu og heilsugæzlu, t.d. eru engin tök á því, að tannviðgerðir á drengjunum fari fram.
>
> Vegna þess, hve heimilið er afskekkt og samgöngur erfiðar við það, er nær útilokað, að drengirnir fái nokkrar heimsóknir foreldra eða vandamanna, né þeir

> fari sjálfir í heimsóknir til þeirra. Er þessi einangrun afarmikið og ísjárvert álag á þá drengi, sem eru þar langdvölum, tvö ár eða jafnvel lengur. Býst ég við, að heilbrigðir og vel gerðir drengir á þessum aldri, sem eiga ekki við nein hegðunarvandkvæði að stríða, myndu taka sér slíka einangrun frá foreldrum og vandamönnum mjög nærri. Sakir fjarlægðar og einangrunar er einnig nær ókleift fyrir forstöðumann að kynnast foreldrum og vandamönnum piltanna og hafa samvinnu við þá um uppeldi þeirra og framtíð.

Þessu næst víkur Símon Jóhannes að aldri drengjanna á Breiðavík og tekur fram að hann hafi skilið það þannig að upphaflega hafi verið ætlunin að hafa þar erfiða pilta á aldrinum 13, 14-18 ára. Síðan tekur hann fram:

> Þetta hefur hins vegar þróast svo, að flestir piltarnir eru innan við kynþroskaskeið. Eldri piltar eru miklu áþrifameiri, ódælli, eiga að ýmsu leyti við önnur vandamál að glíma en hinir yngri, og er það skoðun mín, að í Breiðavík eigi framvegis að vera drengir á svipuðum aldri og þeir eru nú, þ.e. ca. 14 – 15 ára aldurs. Var það og líka álit forstöðumanns heimilisins, að varasamt væri að hafa þar 15 pilta hóp á aldrinum 14 – 18 ára, nema gæslulið yrði stóraukið. Brýn þörf er á öðru uppeldisheimili fyrir eldri drengi, en það verður að staðsetja tiltölulega nálægt Reykjavík.

Í skýrslu sinni fjallar Símon Jóhannes einnig um húsnæðið á Breiðavík, sem hann telur „algerlega ófullnægjandi bæði fyrir starfsfólk og drengina“. Drengirnir séu 3 í flestum herbergjum, sem eru svo lítil, að hvorki [sé] unnt að koma þar fyrir stól né borði, enginn skápur [sé] þar né hilla, sem drengirnir geta haft fyrir muni sína; föt sín [verði] þeir að leggja á gólfið eða á rúmgaflana um nætur“. Tekur hann fram að „[sakir] hinna miklu húsnæðisþrengsla [sé] aðbúð drengjanna langt frá því að vera viðunandi og [torveldi] mjög uppeldisstarfið“. Þá skorti „tilfinnanlega starfslið að heimilinu til þess að sinna drengjunum“. Kennari hafi starfað þar einungis sex mánuði á ári tvö árin þar á undan. Forstöðumaður hafi einnig sinnt nokkurri kennslu, enda þurfi að skipta drengjunum í tvo flokka eftir aldri og námsgetu. Tekur Símon Jóhannes fram að „[enginn] maður [komi] í stað kennarans, þegar kennsla [hætti], til þess að hafa eftirlit og umsjón með drengjunum og stjórna þeim við vinnu og leiki“. Setur hann fram ábendingar sínar um nauðsynlegan fjölda starfsmanna og orðar síðan afstöðu sína um aðbúnað og vinnuskilyrði forstöðumanns með eftirfarandi hætti:

> [Hann] má aldrei frjálsri hendi um höfuð strjúka, er þrautupptekinn frá morgni til kvölds, en kemst þó ekki yfir þau störf, sem á honum hvíla, enda er hann bústjóri jafnframt og hefur því alla forsögn verka við búið. Honum er einum ætlað að vinna a.m.k. þriggja manna starf. Um sumarleyfi er ekki að tala. Þar sem fá störf reyna meira á lipurð, geðjafnvægi og skapstillingu en uppeldisstarf á þvílíku

> heimili, er nauðsynlegt að gæta þess, geðheilsu þessara manna vegna, að ofbjóða þeim ekki með of miklu og löngu daglegu starfi og sjá til þess, að þeir fái hæfilega langt leyfi frá starfi á ári hverju. Áhrif ofþreytu og args segja brátt til sín: geðjafnvægið fer úr skorðum, menn verða uppstökkir, önugir, meiri og minni vanstilling gerir vart við sig með þeim, og kemur allt þetta fram í umgengni við aðra og í uppeldisstarfinu.

Í framhaldi af ofangreindum athugasemdum tekur Símon Jóhannes þó fram að þegar tekið sé tillit til aðstæðna, sem séu að ýmsu leyti óhagstæðar, virðist honum rekstur heimilisins vera í „eins góðu lagi og framast [sé] unnt að búast við“. Allt starfsfólkið virðist rækja störf sín vel, matur sé ágætur, enda drengirnir yfirleitt „þroskagóðir og [líti] vel út“. Forstöðumaður sé vel starfi sínu vaxinn og svo virðist sálfræðingnum sem drengjunum þyki vænt um hann og beri virðingu fyrir honum. Þó þurfi forstöðumaðurinn að hafa „miklu rýmri tíma en hann [hafi] til þess að gegna ýmsum veigamiklum þáttum í uppeldislegum rekstri heimilisins, sem nú verða út undan“. Þurfi forstöðumaðurinn meðal annars samkvæmt 7. gr. reglugerðar nr. 88/1958 að halda dagbók um hegðun drengjanna og spjaldskrá um þá. Þessum þáttum í rekstri heimilisins sé sinnt á ófullnægjandi hátt sakir anna forstöðumanns. Tekur Símon Jóhannes fram að engar skýrslur hafi hann fundið á heimilinu um drengi, sem höfðu verið þar áður en forstöðumaðurinn, sem var við stjórn á árinu 1959, tók við. Um þetta segir svo í skýrslu Símonar Jóhannesar:

> E.t.v. er nú ógerningur að grafa upp, hvaða drengir hafa verið á heimilinu frá því að það var stofnað, hve lengi þeir hafa verið þar, hvernig þeir hafa hegðað sér þar og hvernig þeim hefur farnast síðar. Slík óreiða er óhæfileg framvegis.
>
> Þá vil ég vekja athygli á, að ekki má vanrækja að fylgja vel ákvæðum 3. gr. reglugerðar heimilisins, um það, að stjórnarnefndin gangi ríkt eftir því við barnaverndarnefnd þá, er í hlut á, að hún láti rannsaka rækilega heilsufar drengs, sem hún ráðstafar á heimilið, og sömuleiðis láti hún sálfræðing athuga hann, ef þess er nokkur kostur, og sendi eftirrit af umsögnum þessarra sérfræðing, svo og umsögn barnaverndarnefndar (ráðs) sjálfrar um drenginn til forstöðumanns heimilisins. Á þessu hefur orðið misbrestur.

Í lok skýrslu Símonar Jóhannesar vegna fyrstu heimsóknar hans á Breiðavík á árinu 1959 dregur hann ofangreind efnisatriði saman í 9. töluliðum.

Áður er rakið að Símon Jóhannes fór árlega til Breiðavíkur í athugunarheimsókn frá og með árinu 1959 og allt til ársins 1972. Í öllum skýrslunum er að finna lýsingu og greiningu sálfræðingsins á einstökum drengjum, bakgrunni þeirra, hegðun í vistinni, og á andlegu og líkamlegu ástandi og eiginleikum. Þá er eins og í upphaflegri skýrslu frá

árinu 1959, sem að framan hefur ítarlega verið rakin, fjallað með almennum hætti um athuganir Símonar Jóhannesar á Breiðavíkurheimilinu og settar iðulega fram tillögur um úrbætur.

Í skýrslunni fyrir árið 1960 er gerð grein fyrir starfsmannahaldi og að tannlæknir og tannsmiður hafi verið „á ferðinni, þegar [Símon Jóhannes] var að fara frá Breiðavík“. Hafi þeir gert við tennur í öllum drengjunum og einn fengið falskar tennur. Þá er tekið fram að „meiri fjölbreytni [hafi að ýmsu leyti verið] í uppeldisstarfinu þetta ár og meira gert fyrir drengina en áður. [Lagist] hegðun þeirra þar mikið og þeir [uni] sér vel“. Setur Símon Jóhannes síðan fram tillögur í 9 töluliðum sem um margt eru efnislega samsvarandi þeim sem fram koma í upphaflegri skýrslu hans fyrir árið 1959. Er meðal annars ítrekað að enn hafi verið „mikill misbrestur“ á því að barnaverndarnefndir, sem hafi ráðstafað drengjum á heimilið, hafi sent fullnægjandi greinargerð með þeim. Með sumum þeirra „hafi alls ekki [verið] skrifað“. Áréttar hann að stjórnarnefndin þurfi að ganga betur eftir því að ákvæðum 3. gr. reglugerðar nr. 88/1958 sé fylgt fram. Þá ætti stjórnarnefndin að „krefjast rannsóknar sálfræðings á drengjum þar sem því [verði] komið við, áður en þeir [séu] teknir á heimilið, og fá öll plögg um þá til athugunar, svo sem umsögn barnaverndarnefndar, læknis og skólastjóra áður en vist þeirra er ákveðin á heimilinu“. Einnig vekur hann athygli á nauðsyn þess að ráðinn sé „[kunnáttumaður, sem vinni] í sambandi við Breiðavíkurheimilið, til þess að hafa á hendi eftirhjálp (aftercare) við drengi þá, sem þar eru vistaðir, hvaðan sem þeir eru af landinu. Kynnti hann sér námshæfi þeirra, starfshæfi og áhugamál og kæmi sérhverjum pilti til náms eða starfs við hans hæfi með fjárhagsaðstoð og annarri nauðsynlegri fyrirgreiðslu bæjarfélags þess eða sveitarfélags, sem hlut á að máli, og væri drengjunum á allan hátt til fulltingis“. Þar sem mikill meirihluti drengjanna væri frá Reykjavík væri „áríðandi, að Reykjavíkurbær [tæki] mál þetta betri tökum en hingað til og leiti fleiri úrræða“. Tekur Símon Jóhannes fram að hann telji tímabært að „Reykjavíkurbær komi upp fósturheimili, fyrst og fremst fyrir þá unglinga, sem verið hafa á Breiðavík, en eiga svo gölluð heimili að hverfa að, að framtíð þeirra [megi] teljast í voða, ef þeir dveljast þar“. Að öðru leyti vísar Símon Jóhannes til tillagna sinna um rekstur Breiðavíkurheimilisins sem fram koma í ofangreindri skýrslu frá 1959.

Í grundvallaratriðum er í skýrslum Símonar Jóhannesar fyrir árin 1961 og 1962 vísað til sömu athugasemda og tillagna, og ítarlega er lýst að framan úr skýrslum hans fyrir árin 1959 og 1960, varðandi „uppeldislegan rekstur heimilisins“. Í skýrslu hans fyrir árið 1963 er meðal annars rakið að héraðslæknir hafi mælt og vegið drengina, eins og fyrir sé mælt í reglugerð nr. 88/1958. Þá er vikið að aðgerðum á húsnæði og húsbúnaði og tekur Símon Jóhannes fram að við þær hafi „allur aðbúnaður drengjanna

tekið gagngerðum breytingum til hins betra, svo og starfsfólks, „svo langt sem það [nái]“. Þó tekur hann fram að „langt [sé] frá því að húsnæðismálum [Breiðavíkur] sé komið í lag“. Í lok skýrslu sinnar fyrir árið 1963 tekur Símon Jóhannes fram að hann muni ekki gera fleiri tillögur varðandi rekstur heimilisins, en „vísa í því efni til fyrri skýrslna [sinna]“. Að endingu vilji hann þó árétta það álit sitt að ráða verði fljótt fram úr húsnæðismálum vistheimilisins því að á því velti hvort unnt sé að fá hæft starfsfólk að því og jafnvel hvort „unnt verði á einhvern hátt að halda rekstri þess áfram“. Er þannig í skýrslum hans fyrir árin 1964 og 1965 einkum vikið að sömu atriðum varðandi skort á starfsfólki og eftirfylgni barnaverndarnefnda með börnum, sem vistuð hafa verið. Í síðari skýrslunni tekur Símon Jóhannes þó sérstaklega fram að hann telji allan rekstur heimilisins nú vera „í ágætu lagi“. Forstöðumaðurinn, sem hafði þá ári áður tekið við starfinu, láti sér mjög annt um drengina og hafi gott lag á þeim. Hann sé fullur áhuga, stjórnsamur og harðduglegur og hafi góða skipan á öllum störfum og framkvæmdum. Fjölskylda hans sé samhent, kona hans sinni mikið drengjunum og sonur hans sé laginn við þá og þeir hændir að honum. „Vistheimilið [beri] nú meiri blæ af fjölskylduheimili en stofnun“, eins og segir í skýrslunni.

Í skýrslum Símonar Jóhannesar fyrir árin 1966-1972 er notuð sambærileg aðferðafræði við úrvinnslu gagna og í fyrri skýrslum. Í hverri skýrslu er gerð grein fyrir einstökum drengjum á skipulegan hátt. Sem fyrr er að jafnaði tekið fram að gögn hafi ekki borist með dreng, sem vistaður hefur verið af hálfu barnaverndarnefndar utan Reykjavíkur. Þó má ráða að gögn hafi í einhverjum slíkum tilvikum borist eftir ítrekaðar beiðnir þess efnis. Þá er lýst með almennum hætti sýn Símonar Jóhannesar á stöðu mála á heimilinu, sem er í megindráttum jákvæð á þessum árum. Verður ráðið af umfjöllun hans að hann hafi talið að með tilkomu þáverandi forstöðumanns á árinu 1964 og fjölskyldu hans hafi heimilið í auknum mæli frekar borið með sér „blæ af fjölskylduheimili en stofnun, eftir því sem [hafi getað orðið] á heimili, þar sem dvöl drengja [hafi verið] tímabundin og fáir þeirra lengur en 2–3 ár og sumir skemur“, eins og það er orðað í skýrslu hans fyrir árið 1966. Leggur Símon Jóhannes jafnan áherslu á það í skýrslum sínum á þessum árum að hann telji það „mjög mikilvægt að njóta áfram starfskrafta forstöðuhjónanna“, enda sé „vafalaust, að happasælast [sé] að samhent hjón veiti slíku uppeldisheimili forstöðu, þegar þess [sé] nokkur kostur“.

Í skýrslum Símonar Jóhannesar er ekki að finna neikvæðar lýsingar eða athugasemdir varðandi starfs- og uppeldisaðferðir forstöðumannsins eða annarra starfsmanna, eða sett fram gagnrýni á innra skipulag í uppeldisstarfinu á þessum árum. Að jafnaði er því lýst að drengirnir líti vel út og að þeir sýnist ánægðir á heimilinu. Á hinn bóginn heldur Símon Jóhannes áfram að gera meðal annars verulegar athugasemdir við skort á

því að barnaverndarnefndir leggi grunn að skipulegri eftirfylgni með drengjunum að lokinni vistun.

Í lokaskýrslu Símonar Jóhannesar fyrir árið 1972 setur hann fram „[lokaorð] og hugleiðingar um rekstur Breiðavíkurheimilisins í framtíðinni“, en óþarfi er að rekja þessi atriði í heild sinni. Samandregið tekur Símon Jóhannes fram að ekki komi til mála að hans mati að leggja niður starfrækslu heimilisins í Breiðavík „þótt það sé afskekkt og staðsetning þess hafi marga ókosti, meðan ekki sé völ betri og nægilegri úrræða til bjargar og viðreisnar vanræktum drengjum með alls konar hegðunarvandkvæði“. Rekur hann síðan þær breytingar á stjórnskipulagi barnaverndarmála sem voru að taka gildi, einkum með tilkomu Upptökuheimilis ríkisins og aukinni sérmenntun starfsmanna hjá barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Leggur hann til að heiti Breiðavíkurheimilisins verði breytt úr vistheimili í „heimavistarskóla“. Ekki væri einungis um nafnbreytingu að ræða heldur hefði hún jafnframt í för með sér breytingu á rekstri heimilisins. Þessu næst víkur hann að aldursdreifingu barna, sem vistuð yrðu á Breiðavík í framhaldi af slíkri kerfisbreytingu og ítrekar andstöðu sína við að ungir drengir á aldrinum 10-12 ára séu með eldri drengjum á aldrinum 16 og 17 ára. Það hafi ekki gefist vel í starfsemi Breiðavíkurheimilisins. Loks áréttar hann mikilvægi þess að vel takist til með ráðningu hæfs starfsfólks. Þá víkur hann að stjórnskipulagi og eftirliti nýrrar stofnunar og bendir á að náið samstarf þurfi einkum að vera með barnaverndarnefnd Reykjavíkur, sem hafi nokkru sérhæfðu starfsliði á að skipa, og stjórnarnefnd Breiðavíkurheimilisins, sérstaklega að því er varðar val drengja á heimilið.

Samkvæmt ákvæðum 53. gr. laga nr. 29/1947 og 55. gr. laga nr. 53/1966 bar Barnaverndarráði í krafti eftirlitshlutverks síns með uppeldisstofnunum að fela einum ráðsmanni eða sérstökum fulltrúa að vitja til eftirlits hverrar stofnunar svo oft sem þurfa þætti og eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Til samræmis við þetta var mælt svo fyrir í síðasta málsl. 5. gr. reglugerðar nr. 88/1958 um vistheimilið Breiðavík að stjórnarnefnd heimilisins væri skylt, er þörf krefði, að fá sérmenntaðan mann í uppeldisfræði eða sálfræði til þess að athuga andlegt heilbrigði, líðan og hegðun drengjanna. Í tíð reglugerðar nr. 225/1973 skyldi Upptökuheimili ríkisins senda eftirfarandi starfsmenn til Breiðavíkur: Sálfræðing fjórum sinnum á ári, lækni tvisvar á ári, og sérkennara tvisvar á ári.

Ekki verður annað lagt til grundvallar að mati nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 en að ofangreindar athuganir Símonar Jóhannesar Ágústssonar, sálfræðings, á Breiðavíkurheimilinu á árunum 1959-1972 hafi verið í samræmi við lágmarksskyldur Barnaverndarráðs samkvæmt 53. gr. laga nr. 29/1947 og 55. gr. laga nr. 53/1966 og fullnægt þeim efniskröfum, sem þar var mælt fyrir um. Nefndin hefur þannig ekki

forsendur til þess að telja annað en að eftirlitsheimsóknir Símonar Jóhannesar hafi sem slíkar verið í samræmi við þágildandi lagareglur um athugun sérmenntaðs manns á andlegu og líkamlegu heilbrigði vistmanna. Hvað sem því líður telur nefndin að við mat á hvort opinbert eftirlit með starfseminni hafi verið fullnægjandi verði að horfa til þess hvernig skýrslur Símonar Jóhannesar voru nýttar af hálfu menntamálaráðuneytisins annars vegar, sem hafði á hendi yfirstjórnunarhlutverk samkvæmt lögunum frá 1947 og lögunum frá 1966 og Barnaverndarráðs og stjórnarnefndar Breiðavíkurheimilisins hins vegar, sem báru umsjónar- og eftirlitsskyldu með starfsemi Breiðavíkur og þeim börnum, sem þar voru vistuð.

Af þeirri athugun á fundargerðum Barnaverndarráðs á Þjóðskjalasafni, og öðrum heimildum um starfsemi ráðsins, sem unnin var fyrir nefndina, verður ráðið að á tímabilinu 1959-1972 hafi aðeins 5 af ofangreindum 14 eftirlitsskýrslum Símonar Jóhannesar Ágústssonar verið sérstaklega bókaðar sem framlagðar á fundum Barnaverndarráðs. Aldrei er hins vegar færð til bókar umræða um efni skýrslnanna á fundum ráðsins, þótt í þeim sé, eins og fyrr greinir, að finna fjölmargar ábendingar og tillögur um það sem betur mætti fara í starfseminni. Ef frá eru taldar áðurnefndar 5 eftirlitsheimsóknir Símonar Jóhannesar verður af fundargerðum Barnaverndarráðs enn fremur ráðið að aðeins ein önnur eftirlitsheimsókn fulltrúa Barnaverndarráðs hafi verið sérstaklega bókuð á þessu fjórtán ára tímabili, þ.e. 18. september 1963. Þessu til viðbótar má þó nefna nokkur dæmi um að Barnaverndarráð hafi uppi viðhaft ráðstafanir sem flokka má að mati nefndarinnar sem lið í eftirliti ráðsins, sbr. bókun ráðsins frá 28. ágúst 1962 um fund með menntamálaráðherra, þar sem krafist var úrbóta á aðbúnaði, bókanir ráðsins um meint skírlífisbrot drengja frá mars og apríl 1963 og heimsókn ráðsins til Breiðavíkur, sbr. bókun ráðsins frá 8. sept. 1963. Þá eru viðræður ráðsins við forstöðumenn heimilisins, sbr. bókanir ráðsins, dags. 7. feb. 1964 og 17. nóv. 1971.

Af framangreindu telur nefndin ekki verða dregnar aðrar ályktanir en þær að af hálfu hins lögbundna eftirlitsaðila, Barnaverndarráðs, hafi hinar efnislegu ábendingar og athugasemdir, sem fram komu í skýrslum Símonar Jóhannesar Ágústssonar, ekki leitt til kerfisbundinna og skipulagðra ráðstafana eða annarra viðbragða af hálfu Barnaverndarráðs á tímabilinu 1959-1972. Raunar verður, eins og fyrr greinir, ekki ráðið af fundargerðum Barnaverndarráðs á þessu tímabili að skýrslurnar hafi sem slíkar verið efnislega ræddar á fundum ráðsins, þótt 5 þeirra hafi verið bókaðar sem framlagðar á fundum. Þá tekur nefndin fram að ekki liggi fyrir fundargerðir stjórnarnefndar Breiðavíkurheimilisins eða önnur gögn, sem varpað geta ljósi á það hvort og þá með hvaða hætti eftirlitsaðilar brugðist við þeim athugasemdum sem fram komu í skýrslunum.

Í þessu sambandi telur nefndin *í fyrsta lagi* ljóst að aldursdreifing barna, sem vistuð voru á Breiðavíkurheimilinu, á árunum 1952-1972 hafi með engu móti verið forsvaranleg, þótt mismikill munur hafi verið á milli yngstu og elstu drengja á tímabilinu. Í skýrslum Símonar Jóhannesar var ítrekað bent á þá hættu sem gæti skapast í nánu samneyti ungra drengja annars vegar og eldri drengja, sem væru orðnir kynþroska hins vegar. Að mati nefndarinnar verður að telja að þær frásagnir sem fram hafa komið af hálfu vistmanna, einkum þeirra sem vistaðir voru á Breiðavík á tímabilinu 1955-1964, styðjist að verulegu leyti við þessa staðreynd varðandi hið mikla aldursbil sem var að jafnaði á milli drengja á Breiðavík. Ekki verður séð að opinberir eftirlitsaðilar, og þá einkum Barnaverndarráð, sem hinn miðlægi og almenni eftirlitsaðili með störfum staðbundinna barnaverndarnefnda og stjórnarnefnd Breiðavíkurheimilisins, hafi gert reka að því að færa þessa vistunarframkvæmd í eðlilegt horf. Þannig voru ekki gerðar ráðstafanir af hálfu hinna opinberu eftirlitsaðila sem gætu eftir mætti hafa dregið úr þeirri hættu á kynferðislegri misbeitingu og ofbeldi eldri drengja gagnvart yngri, og kúgunum og hótunum þeirra á milli, sem fram hafa komið í frásögnum vistmanna frá þessu tímabili, sem nefndin hefur fjallað um í köflum 10.7 – 10.9 hér að framan. Í þessu sambandi er jafnframt mikilvægt að mati nefndarinnar að einnig var sérstaklega kannað hvernig háttað hafi verið innra eftirliti af hálfu forstöðumanna og annarra starfsmanna Breiðavíkurheimilisins á þessu tímabili með innbyrðis samskiptum vistmanna. Í skýrslum, sem teknar voru af þeim, sem gegndu störfum forstöðumanna, og af öðrum starfsmönnum kom í öllum tilvikum fram að ekkert kerfisbundið eftirlit af þessu tagi hafi verið á heimilinu, t.d. að nóttu til, en langt framan af þessu tímabili voru vistmenn tveir eða fleiri saman í herbergi.

Í öðru lagi verður ekki ráðið af fyrirliggjandi gögnum að hinir opinberu eftirlitsaðilar á sviði barnaverndarmála hafi gert viðhlítandi ráðstafanir til að tryggja reglubundið eftirlit læknis eða annarra heilbrigðisstarfsmanna með drengjunum á Breiðavík, a.m.k. langt framan af vistunartímanum. Af skýrslum Símonar Jóhannesar virðist mega ráða að það hafi verið með öllu tilviljanakennt hvort drengir fengu reglubundna læknisþjónustu sem væri liður í kerfisbundnu eftirliti með líðan þeirra, þótt farið hafi verið eftir þörfum með drengi á Patreksfjörð. Í þessu sambandi bendir nefndin á að skýrt og fortakslaust var mælt fyrir um það í fyrsta málslið 5. gr. reglugerðar nr. 88/1958 að læknisrannsókn skyldi fara fram á drengjunum, a.m.k. tvisvar á ári. Skyldu þeir þá vegnir og hæðarmældir, er þeir komu á heimilið og er þeir færu þaðan.

Í þriðja lagi telur nefndin rétt að rifja upp að með 11. gr. reglugerðar nr. 88/1958 var stjórnarnefndinni og forstöðumanni falið að setja reglur um hegðun og umgengni vistdrengja og heimilisaga. Skyldu þær bornar undir menntamálaráðuneytið til stað-

festingar. Skrásetning reglna af þessu tagi í samstarfi stjórnarnefndarinnar og forstöðumanns, og síðar með aðkomu ráðuneytisins í formi staðfestingar, hafði það meðal annars að markmiði að draga fram þá almennu og samræmdu stefnu og þau markmið varðandi aga og hegðun drengjanna, sem leggja bar til grundvallar á vistheimili eins og Breiðavík. Þá hefði setning slíkra reglna með formlegum hætti og kynning þeirra fyrir þeim börnum, sem vistuð voru, skapað í ríkari mæli fyrirsjáanleika og festu í samskiptum starfsmanna og vistmanna. Eins og ráðið verður af ályktunum og niðurstöðum nefndarinnar í köflum 10.7 – 10.10 hér að framan er ljóst að veruleg þörf var á því að slík fyrirmæli væru sett og lægju ljós fyrir, m.a. í þágu opinbers eftirlits með starfseminni. Af gögnum þeim, sem nefndin hefur aflað, verður hvorki séð að menntamálaráðuneytið né stjórnarnefnd Breiðavíkurheimilisins hafi gert nokkurn reka að því að tryggja að fylgt væri efnisreglu 11. gr. reglugerðar nr. 88/1958, en samsvarandi ákvæði var ekki tekið upp í reglugerð nr. 225/1973. Styðst þessi ályktun nefndarinnar jafnframt við framburði þeirra sem gegndu forstöðu á heimilinu og gáfu nefndinni upplýsingar, en engir þeirra minnast þess að reglur af þessu tagi hafi nokkurn tímann verið settar.

Í kafla 10 hér að framan eru ítarlega raktar ályktanir og niðurstöður nefndarinnar um hvort vistmenn hafi orðið fyrir illri meðferð eða ofbeldi á meðan á starfstíma Breiðavíkurheimilisins stóð og þá á grundvelli þeirra efnislegu mælikvarða sem nefndin hefur byggt á í störfum sínum. Það er ljóst að ekki gætir samræmis á milli ályktana nefndarinnar að þessu leyti um árin 1959-1972 og athugana Símonar Jóhannesar í skýrslum hans fyrir þessi ár. Að mati nefndarinnar verður þó að hafa hér í huga að Símon Jóhannes kom að Breiðavík einu sinni á ári á ofangreindu tímabili og var forstöðumaðurinn á hverjum tíma upplýstur og með í ráðum um fyrirætlanir sálfræðingsins. Ekki er loku fyrir það skotið að á hafi skort að athuganir Símonar Jóhannesar hafi, eins og atvikum var háttað og þær voru framkvæmdar, nægilega getað leitt í ljós að atburðir af því tagi, sem nánar er fjallað um í köflum 10.7 – 10.10 hér að framan, hafi átt sér stað eða jafnvel verið að eiga sér stað í samskiptum vistmanna innbyrðis eða í samskiptum vistmanna og starfsmanna heimilisins. Í þeim viðtölum sem nefndin átti við fyrrverandi vistmenn Breiðavíkurheimilisins kom ekki fram nokkurt dæmi um að vistmenn hefðu greint Símoni Jóhannesi frá því að þeir eða aðrir vistmenn væru að sæta illri meðferð og/eða ofbeldi.

Fyrr er rakin sú ályktun nefndarinnar að Barnaverndarráð og stjórnarnefnd Breiðavíkurheimilisins hafi með því að koma á árlegum athugunum Símonar Jóhannesar Ágústssonar fullnægt þeim kröfum, sem leiddu af 53. gr. laga nr. 29/1947 og 55. gr. laga nr. 53/1966 á tímabilinu 1959-1972. Hvað sem því líður telur nefndin að draga verði þá ályktun af ákvæðum laga nr. 29/1947 og lögum nr. 53/1966, sem nánar eru

rakin í kafla 11.1 hér að framan, að á Barnaverndarráði og stjórnarnefnd heimilisins hafi hvílt ríkari umsjónar- og eftirlitskyldur sem leiddu til þess að setja bar á laggirnar reglubundnara og kerfisbundnara eftirlit með því hvernig háttað væri líðan og velferð þeirra drengja, sem vistaðir voru á heimilinu, en framkvæmt var með árlegum heimsóknum Símonar Jóhannesar einum saman.

Í þessu sambandi skal ítrekað að samkvæmt 53. gr. laga nr. 29/1947 og 55. gr. laga nr. 53/1966 var Barnaverndarráði skylt að fela einum ráðsmanni eða sérstökum fulltrúa að vitja til eftirlits hvers hælis eða stofnunar *svo oft sem þurfa þótti* og eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Samkvæmt ákvæðinu var árleg heimsókn því lágmarksregla, en Barnaverndarráði skylt að leggja mat á hvort frekari eftirlitsaðgerðir voru nauðsynlegar. Við það mat bar í *fyrsta lagi* að horfa til þess að sökum þeirrar miklu einangrunar, sem leiddi af staðarvali Breiðavíkur, voru samskipti vistmanna og foreldra lítil sem engin í flestum tilvikum. *Í öðru lagi* lá fyrir að fagleg menntun starfsmanna var bágborin mestan hluta starfstímans og fjöldi starfsmanna að jafnaði of lítill til að annast þann fjölda vistmanna sem var á Breiðavík, a.m.k. á árunum 1955-1956 til 1967-1968, eins og ítrekað er rakið í skýrslum Símonar Jóhannesar.[74] *Í þriðja lagi* var, eins og fyrr greinir, ákveðið að vista unga drengi, allt niður í 7-9 ára, með drengjum, sem komnir voru vel á unglingsaldurinn, þ.e. 16-17 ára. Óumdeilt virðist að veruleg hætta á illri meðferð eða ofbeldi í samskiptum vistmanna hafi skapast með þessari lagaframkvæmd. *Í fjórða lagi* bar stjórnvöldum að horfa til þess að þeir drengir, sem vistaðir voru á Breiðavík, voru í meginþorra tilvika börn sem áttu í andlegum eða félagslegum erfiðleikum og því viðkvæm fyrir þeirri miklu röskun á högum þeirra sem fólst í vistun á jafn einangruðum og afskekktum stað eins og Breiðavík.

Allt þetta samanlagt leiðir til þess að mati nefndarinnar að ekki verði önnur ályktun dregin en að á hafi skort að það opinbera eftirlit, sem haft var með starfseminni á árunum 1952-1972, hafi verið fullnægjandi eins og lögum og reglugerðum um Breiðavíkurheimilið var háttað á þessum árum. Í fyrsta lagi verður að telja að á hafi skort að

---

[74] Í F-lið 3. mgr. 32. gr. reglugerðar nr. 105/1970 um vernd barna og ungmenna voru settar fram kröfur til starfsliðs á uppeldisstofnunum. Þar sagði svo í 1. og 2. mgr: „Starfslið barnaheimila skal vera það fjölmennt, að séð verði fyrir líkamlegri og andlegri þroskaþörf barnanna. Starfslið skal hafa skilning á þörfum barna, andlegum og líkamlegum, vera menntað og þjálfað í slíku starfi. Stjórnandi barnaheimilis skal svo sem því verður við komið, hafa aflað sér uppeldisfræðilegrar þekkingar. [...] Skulu allir forstöðumenn og forstöðukonur slíkra heimila hafa starfað áður á sams konar heimilum með góðum árangri.“ Í 38. gr. reglugerðar nr. 105/1970 var ítrekuð sú skylda ríkisstjórnarinnar, sbr. 39. gr. barnaverndarlaga nr. 53/1966, að setja á stofn og reka heimili, þar sem vistuð skyldu börn og ungmenni, sem framið hefðu lögbrot eða væru á annan hátt á glapstigum, eftir því sem fé væri veitt til þess í fjárlögum. Í ljósi þess orðalags, sem var að finna í ofangreindri 1. mgr. 32. gr. reglugerðarinnar, verður að líta svo að hin almennu fyrirmæli þeirrar greinar hafi, eftir því sem við átti, einnig gilt um starfsemi uppeldisstofnana samkvæmt 39. gr. laga nr. 53/1966, þar á meðal Breiðavíkurheimilið. Einnig áttu þau við um Breiðavík eftir að heimilinu var breytt með reglugerð nr. 225/1973 í skólaheimili, sbr. reglugerð nr. 225/1973.

menntamálaráðuneytið hafi á grundvelli yfirstjórnunarhlutverks síns með málaflokknum gætt nægilega að því að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að aðbúnaður, fjöldi og menntun starfsmanna á Breiðavík væri í samræmi við þau sjónarmið sem fram komu í skýrslum Símonar Jóhannesar, en ganga verður út frá því að ráðuneytið hafi verið upplýst um eftirlitsheimsóknir hans og skýrslur hans af því tilefni á árunum 1959-1972, þar sem athugasemdir af því tagi komu ítrekað fram. Í öðru lagi liggur ekki annað fyrir en að skort hafi á skipulagt og kerfisbundið eftirlit Barnaverndarráðs og stjórnarnefndar Breiðavíkurheimilisins, sem hafi tekið nægjanlega mið af eðli starfsemi Breiðavíkur og þeim hópi ungra barna sem þar voru vistuð. Í þessu sambandi leggur nefndin á það áherslu að þótt niðurstaða hennar sé að þessu leyti almenns eðlis, þá er ljóst að þörfin fyrir reglubundnar og viðvarandi eftirlitsaðgerðir á þessu tímabili kunna að hafa verið mismiklar og breytilegar eftir aðstæðum, enda aðbúnaður vistmanna, fjöldi og fagleg hæfni starfsmanna o.s.frv. mismunandi eftir einstökum tímabilum.

11.2.3 Um tímabilið 1973-1979

Samkvæmt 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 225/1973 um skólaheimilið Breiðavík var þeim þremur stjórnarmönnum, búsettum í Vestur-Barðastrandarsýslu, sem mynduðu stjórn heimilisins með þremur stjórnarmönnum Upptökuheimilis ríkisins, falið að „annast reglulega umsjón með umönnun nemenda, starfrækslu heimilisins og búrekstur þess“. Þá bar upptökuheimilinu að senda sálfræðing fjórum sinnum á ári til Breiðavíkur, lækni tvisvar á ári og sérkennara tvisvar á ári, sbr. 4. gr. Samkvæmt 3. gr. bar að sjá nemendum fyrir lögskipaðri fræðslu og skyldi kennslan sniðin eftir getu og andlegu ástandi nemenda.

Í kafla 9.2.2 hér að framan er fjallað um tildrög og forsendur þess að börn voru vistuð á Breiðavík á þessu tímabili. Ljóst er að uppbygging og eðli starfseminnar tók nokkrum breytingum með þeirri stjórnkerfisbreytingu sem innleidd var með reglugerð nr. 225/1973.

Í köflum 10.12 og 10.13 hér að framan hefur nefndin komist að þeirri niðurstöðu að ekki séu forsendur til að draga þá ályktun af framburðum vistmanna og starfsmanna eða skjallegum gögnum að meiri líkur en minni séu á því að vistmenn hafi á tímabilinu 1973-1979 sætt illri meðferð eða ofbeldi, hvort sem er af hálfu starfsmanna eða annarra vistmanna, í þeirri merkingu sem lögð er til grundvallar í kafla 10.3 Á hinn bóginn telur nefndin að skýrar vísbendingar komi fram í framburðum og skjallegum gögnum um að skipulag og rekstur Breiðavíkurheimilisins hafi lengst af þessu tímabili ekki verið með þeim hætti, sem ráðgert hafi verið við setningu reglugerðar nr. 225/1973 og með þeirri stjórnkerfisbreytingu sem reglugerðinni var ætlað að innleiða. Um þau viðhorf sem þar

lágu til grundvallar má annars vegar vísa til þeirra sjónarmiða sem fram koma í eftirlitsskýrslum Símonar Jóhannesar Ágústssonar fyrir árin 1971 og 1972, sjá umfjöllun í kafla 11.2.2 hér að framan. Þá má einnig vísa til svars Magnúsar T. Ólafssonar, menntamálaráðherra, á Alþingi á árinu 1973 við fyrirspurn Ingólfs Jónssonar, alþingismanns.[75]

Í skýrslu fyrrverandi stjórnarformanns Upptökuheimilis ríkisins, sem hann gaf fyrir nefndinni, kemur fram að stjórn Breiðavíkurheimilisins hafi ekki farið oft á staðinn. Taldi hann sig muna að stjórnin hafi farið tvisvar á tímabilinu 1972-1979, þar af einu sinni undir lok starfseminnar og þá í þeim tilgangi að loka heimilinu. Í skýrslu sinni til nefndarinnar tók fyrrverandi stjórnarformaðurinn fram að í stjórninni hafi verið óánægja með starfsemi heimilisins. Stjórnarmönnum hafi fundist Breiðavík of afskekkt og því hafi verið afar erfitt að hafa faglegt eftirlit með heimilinu. Þá hafi fagfólk ekki verið starfandi þar og ekki hægt að fá sálfræðinga til að stýra störfum á heimilinu, en sálfræðingar hjá Upptökuheimili ríkisins hafi farið nokkuð oft til Breiðavíkur. Þá tók hann fram að sú aðferð að vista börn, sem áttu í erfiðleikum, langt frá höfuðborgarsvæðinu hafi verið gengin sér til húðar á þessum tíma.

Af skýrslum, sem starfsmaður á Breiðavíkurheimilinu á árunum 1975-1976, forstöðumaður heimilisins á árunum 1977-1979 og annar starfsmaður, sem þá var einnig við störf á Breiðavík, gáfu fyrir nefndinni verður jafnframt dregin sú ályktun að eftirlits- og leiðbeiningarhlutverki með aðbúnaði og velferð vistmanna hafi lítið verið sinnt af hálfu stjórnar heimilisins, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 225/1973, en frekar hafi verið haft eftirlit með fjárhags- og rekstrarlegum málefnum. Á heimilið hafi hins vegar komið sálfræðingur og forstjóri Upptökuheimilisins ríkisins, a.m.k. tvisvar á ári.

Vart er vafa undirorpið af fyrirliggjandi gögnum að skortur hafi verið á því að meðferðar- og uppbyggingarstarf á Breiðavík hafi verið nægjanlega skipulagt og markvisst á tímabilinu 1973-1979. Þá var reglubundið eftirlit með starfseminni ábótavant og vandséð að það hafi nægjanlega fullnægt kröfum laga nr. 53/1966 og reglugerðar nr. 225/1973. Í framhaldi af ákvörðun um vistun á Breiðavík verður ekki annað séð að mati nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 en að afskipti stjórnar heimilisins, barnaverndarnefndar, þ. á m. félagsmálaráðs Reykjavíkurborgar, sbr. reglugerð nr. 96/1970, og Barnaverndarráðs hafi verið af skornum skammti, a.m.k. þannig að leitt hafi til skipulagðra umbóta og breytinga á velferð og líðan vistmanna. Þó ber að geta þess að samkvæmt gögnum sem fyrir liggja var farin kynnis- og rannsóknarferð á vegum menntamálaráðuneytisins til Breiðavíkur á árinu 1975 og er greinargerð af því tilefni, dags. 6. ágúst 1975. Komu þar fram verulegar athugasemdir við skipulag og ástand mála inni á heimilinu, einkum að um mikinn sóðaskap og óreiðu hafi verið að ræða. Engin gögn

[75] Alþt. 1972-1973, B-deild, bls. 1755-1759.

liggja fyrir um það hvort og þá með hvaða hætti var brugðist við þeim athugasemdum sem fram komu í greinargerðinni. Þá liggur, sem fyrr getur, fyrir skýrsla Símonar Jóhannesar Ágústssonar, sálfræðings, í tilefni af eftirlitsferð hans sumarið 1975 og loks frásögn af ferðum fulltrúa menntamálaráðuneytisins, dags. 22. september 1976. Þess skal getið að fyrir utan skýrslu Símonar er ofangreindra athugana ekki getið í fundargerðum Barnaverndarráðs. Hvað varðar eftirlitsskýrslu Símonar Jóhannesar á árinu 1975, er aðeins bókað í fundargerð Barnaverndarráðs, dags. 17. desember þ.á., að samþykkt hafi verið að láta vélrita skýrsluna og senda hana menntamálaráðuneytinu. Þá er ekkert bókað um starfsemi Breiðavíkur í fundargerðum Barnaverndarráðs á árunum 1976 til lokunar starfseminnar á árinu 1979.

IV. TILLÖGUR NEFNDARINNAR

12. Ályktunargrundvöllur nefndarinnar

12.1 Hlutverk nefndarinnar samkvæmt lögum nr. 26/2007

Í lögum nr. 26/2007 er ekki kveðið á um hvers efnis tillögur nefndarinnar skuli vera í ljósi niðurstaðna af könnun. Þar segir aðeins í d-lið 2. mgr. 1. gr. að nefndin skuli *leggja grundvöll að tillögum til stjórnvalda um frekari viðbrögð ef ástæða þykir til.* Í almennum athugasemdum greinargerðar með frumvarpi því er varð að lögunum er tekið fram að ekki hafi verið talið rétt að mæla í lögunum frekar fyrir um það hvers efnis tillögur nefndarinnar skyldu vera í framhaldi af könnun á starfsemi vist- eða meðferðarheimilis. Nefndin eigi að leggja á það mat hvort og þá hvernig verði brugðist við af hálfu stjórnvalda gagnvart þeim sem kunni að hafa í reynd sætt illri meðferð eða ofbeldi, ef könnun leiðir slíkt í ljós. Verði þá meðal annars að horfa til þeirra lagareglna sem giltu á þeim tíma sem slík atvik kunnu að hafa átt sér stað og eftir atvikum þjóðréttarlegra skuldbindinga.

Í III. hluta skýrslunnar hafa verið raktar ályktanir og niðurstöður nefndarinnar um tildrög vistunar barna á Breiðavík, um hvort vistmenn sem þar dvöldust hafi sætt illri meðferð eða ofbeldi og loks um hvort opinbert eftirlit með starfsemi Breiðavíkurheimilisins hafi verið fullnægjandi. Eins og þar er ítarlega rökstutt hefur könnun nefndarinnar í fyrsta lagi leitt í ljós að annmarkar voru á verklagi og málsmeðferð við töku ákvarðana í barnaverndarnefnd Reykjavíkur um vistun barna stóran hluta þess tímabils sem Breiðavík var starfandi, einkum á árunum 1952 til 1965-1966. Þá eru gögn um störf barnaverndarnefnda í byggðum landsins á þessum tíma af skornum skammti og því harla erfitt að draga ályktanir um störf þeirra í þessu sambandi. Þó má ráða af öðrum gögnum, einkum eftirlitsskýrslum Símonar Jóhannesar Ágústssonar, sálfræðings, sem heimsótti Breiðavík árlega á árunum 1959-1972, að iðulega hafi engin gögn borist með þeim drengjum sem vistaðir voru af hálfu barnaverndarnefnda utan höfuðborgarinnar og að aðeins í sumum tilvikum hafi einhver slík gögn borist til Breiðavíkur eftir ítrekuð tilmæli. Könnun nefndarinnar hefur í öðru lagi leitt til þess að nefndin telur sig geta lagt til grundvallar að á ákveðnum tímabilum í starfi Breiðavíkurheimilisins, einkum á árunum 1955 til 1972, verði að telja meiri líkur en minni á því að sumir vistmenn hafi sætt illri meðferð eða ofbeldi í þeirri merkingu sem lögð hefur verið til grundvallar í skýrslunni, þegar þeir dvöldust á heimilinu, annaðhvort af hálfu annarra vistmanna eða starfsmanna á heimilinu. Í þriðja lagi er það síðan niðurstaða nefndarinnar að opinbert

eftirlit með starfsemi Breiðavíkurheimilisins hafi ekki verið fullnægjandi stærstan hluta þess tímabils sem heimilið var starfandi.

Að framangreindu virtu, og í ljósi d-liðar 2. mgr. 1. gr. laga nr. 26/2007, hefur nefndin lagt ígrundað mat á þær tillögur sem hún telur að til greina komi að setja fram í tilefni af niðurstöðum sínum í III. hluta skýrslunnar. Möguleikar stjórnvalda á að bregðast við niðurstöðum sem þessum eru takmarkaðir í ljósi eðlis þess málefnis sem hér um ræðir og þess langa tíma sem er liðinn frá því að þeir atburðir, sem hér er fjallað um, áttu sér stað. Nefndin hefur við athugun sína meðal annars horft til þess hvernig leitast hefur verið við í nágrannalöndum Íslands, einkum í Noregi og Svíþjóð, að bregðast við sambærilegum niðurstöðum, sem þar hafa verið settar fram í skýrslum opinberra nefnda.

Samandregið er það niðurstaða nefndarinnar að rökrétt sé og eðlilegt að nefndin setji í *fyrsta lagi* fram tillögu er lýtur að hugsanlegum skaðabótagreiðslum til fyrrverandi vistmanna Breiðavíkurheimilisins, öllum eða hluta þeirra, sjá kafla 13, *í öðru lagi* tillögu er lýtur að framhaldi á geðheilbrigðisþjónustu, sjá kafla 14, *í þriðja lagi* tillögu er beinist að gildandi framkvæmd og eftirliti á sviði barnaverndarmála, sjá kafla 15, og *í fjórða lagi* tillögu um framhald á könnun nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007, sjá kafla 16.

Áður en vikið verður nánar að rökstuðningi nefndarinnar fyrir einstökum tillögum telur nefndin rétt að setja fram almenn fræðileg sjónarmið um áhrif illrar meðferðar á stofnunum á börn og unglinga auk þess að draga saman viðhorf sín til áhrifa vistunar á Breiðavík fyrir þá einstaklinga sem þar dvöldu.

12.2 Áhrif illrar meðferðar og ofbeldis á börn og unglinga

Börnin sem vistuð voru á Breiðavík á árunum 1952-1979 voru á aldrinum 7-16 ára. Í viðtölum sögðust flestir vistmenn muna dvölina almennt vel, en sumt betur en annað. Hafa þarf í huga að langt er liðið frá því þeir dvöldu á Breiðavík, eða 29 til 55 ár, og margt getur haft áhrif á minni þeirra, sjá umfjöllun um minni á löngu liðna atburði í kafla 10.4.2. Eins má hafa í huga að bernskan er mönnum almennt misjafnlega minnisstæð. Enda þótt dæmi séu um jákvæða reynslu fyrrverandi vistmanna af dvöl í Breiðavík, benda frásagnir flestra þeirra til að dvölin hafi verið þeim erfið og hafi markað djúpstæð spor í lífsferil þeirra og sjálfsmynd.

12.2.1 Þróun sjálfsmyndar og persónulegrar hæfni á unglingsárum

Stór hluti vistmanna dvaldi á Breiðavík í upphafi unglingsára sinna. Miklar breytingar verða á þroska barna á því aldursskeiði. Þá er ekki aðeins átt við kynþroska

og aukna vitsmunalega hæfni, heldur einnig mótun sjálfsmyndar. Margar og viðamiklar rannsóknir hafa verið gerðar í þeim tilgangi að leita skilnings á því hvernig sjálfsmyndin – eða ýmsar hliðar hennar – þróast á unglingsárum[76] og á tengslum hennar við aðra þætti þroskans og við uppeldisaðferðir og félagslegar aðstæður.

Sjálfsálit er ein hlið sjálfsmyndarinnar og er skilgreint sem tilfinningalegt heildarmat einstaklinga á sjálfum sér. Þeir unglingar sem hafa gott sjálfsálit bera virðingu fyrir sjálfum sér og virðast aðlagast betur tilfinningalega en aðrir, ná betri árangri í námi og sýna meiri hæfni í samskiptum.[77] Margar vísbendingar eru um tengsl milli lélegs sjálfsálits og geðrænna erfiðleika.[78] Jákvæð tengsl við foreldra og upplifun unglinga af viðurkenningu annarra, m.a. félaga, á styrk þeirra og eiginleikum tengist jákvæðu sjálfsáliti.[79] Margar rannsóknir benda til að tengsl séu milli uppeldisaðferða foreldra og sjálfsálits unglinga. Unglingar sem upplifa strangt uppeldi án hlýju sýna slakari félagslega hæfni og minna sjálfstraust en aðrir; meðal þeirra sem hafa búið við vanrækslu eru hegðunarvandkvæði og slakur námsárangur algengari en meðal annarra.[80] Börn sem búa við ástúð, öryggi og traust umönnunaraðila eru líklegri til að þroska með sér dómgreind og siðferðisþroska.[81] Hlýja, skýrar reglur, viðurkenning og samræður virðast verða þeir þættir sem mestu skipta með tilliti til jákvæðrar sjálfsmyndar og víðtækari farsældar, t.d. minni hættu á afbrotahegðun.[82]

Af þessum rannsóknum má ráða að sjálfsálit unglinga tengist persónulegri hæfni þeirra, meðal annars í félagslegum samskiptum, og jafnframt þeim uppeldisaðferðum og félagslegum aðstæðum sem þeir búa við. Einnig sýna þær fram á tengsl innri persónulegra og félagslegra þátta, og má í því sambandi benda á að nýlegar rannsóknir,

---

[76] Sjá m.a. Damon og Hart: *Self-understanding in childhood and adolescence*, 1992; Kroger: *Ego identity status research in the new milleenium,* 2000; Lerner og Steinberg: *Handbook of Adolescent Psycholgy,* 2004.
[77] Damon og Hart: *Self-understanding in childhood and adolescence*, 1992; Harter: *Processes Underlying Adolescent Self-Concept Formation,* 1990; Rosenberg: *Self-concept and psychological well-being in adolescence,* 1985; Steinberg og Morris: *Adolescent Development,* 2001.
[78] Harter: *Relational Self-Worth: Differences in Perceived Worth as a Person across Interpersonal Contexts among Adolescents*. 1998; Kim og Cicchetti: *Longitudinal trajectories of self-system processes and depressive symptoms among maltreated and nonmaltreated children*, 2006.
[79] Bandura: *Social Cognitive Theory: An Agentic Perspective,* 2001; Harter: *Relational Self-Worth: Differences in Perceived Worth as a Person across Interpersonal Contexts among Adolescents,* 1998.
[80] Steinberg, Lamborn, Darling, Mounts og Dornbush: *Over time changes in adjustment and competence among adolescents from authoritative, authoritarian, indulgent and neglectful families,* 1994.
[81] Kjellqvist: *Rött och vitt. Om skam och skamlöshet,* 1993; Sigrún Júlíusdóttir: *Hremmingar. Viðtöl um nauðgun,* 2001.
[82] Sigrún Aðalbjarnardóttir og Kristín Lilja Garðarsdóttir: *Uppeldishættir foreldra og sjálfsálit fólks á aldrinum 14 og 21 árs,* 2004; Steinberg og Morris: *Adolescent Development. Annual Review of Psychology, 52. árgangur,* 2001.

m.a. á íslenskum börnum, hafa staðfest fylgni milli heilsufars, líðanar, fjölskylduaðstæðna og afbrota.[83]

Unglingsárin hafa verið álitin tími mikilla innri átaka og hafa rannsóknir og umfjöllun um þau gjarnan snúist um vandamál unglinga og óæskilega hegðun.[84] Í seinni tíð hafa fræðimenn í auknum mæli lagt áherslu á að þroski unglinga ráðist af gagnvirku samspili einstaklings og umhverfis og að í stað þess að einblína á neikvæða þætti skipti miklu að leitað sé leiða til að kanna og efla þann styrk sem unglingar búa sjálfir yfir.[85] Slök sjálfsmynd tengist ekki einungis neikvæðum hliðum þroskans, heldur tengist jákvæð mynd einstaklingsins af sjálfum sér æskilegum þroska, til dæmis gengi í skóla og góðum tengslum við aðra.

12.2.2 Áhrif illrar meðferðar og ofbeldis

Eins og ráðið verður af niðurstöðum nefndarinnar hér að framan í köflum 10.7 – 10.10 telur nefndin að meiri líkur en minni séu á því að sumir fyrrverandi vistmanna Breiðavíkur hafi á tilgreindum tímabilum í starfsemi Breiðavíkur orðið fyrir illri meðferð eða ofbeldi, sumir kynferðislegu ofbeldi.

Margar rannsóknir hafa verið gerðar í því skyni að auka skilning og þekkingu á þeim afleiðingum sem ill meðferð og ofbeldi hefur á börn. Þær benda almennt til að afleiðingar langvarandi ofbeldis séu miklar og alvarlegar. Meðal annars hefur verið sýnt fram á tengsl við samskiptavanda, árásarhneigð, erfiðleika í námi, geðraskanir og lélegt sjálfsálit.[86] Afleiðingar illrar meðferðar virðast að einhverju leyti tengjast því hvers eðlis hún er; í formi líkamlegs ofbeldis, andlegs ofbeldis, vanrækslu eða kynferðislegs ofbeldis. Stundum getur reyndar verið erfitt að greina slík tengsl þar sem barn sem hefur orðið fyrir einni tegund illrar meðferðar er líklegra en önnur til að hafa orðið fyrir

---

[83] Matthías Halldórsson, Kunst og Köhler: *Socioeconomic inequalities in the health of children and adolescents. A comparative study of the five Nordic countries,* 2001.
[84] Steinberg og Morris: *Adolescent Development,* 2001.
[85] Damon: *What is positive youth development,* 2004; Lerner og Steinberg: *Handbook of Adolescent Psycholgy,* 2004; Ragnhildur Bjarnadóttir: *Hvað telja unglingar sig læra af áhugamálum sem þeir stunda utan skóla?*, 2002; Steinunn Gestsdóttir og Lerner: *Hlutverk sjálfstjórnar í æskilegum þroska barna og unglinga,* 2007.
[86] Bolger, Patterson og Kupersmith: *Peer relationship and self-esteem among children who have been maltreated*, 1998; Briere og Runtz: *Differential adult symptomatology associated with three types of child abuse histories,* 1990; Finkelhor, Ormrod og Turner: *Poly-victimzation: A neglected component in child victimization,* 2007; Kendell-Tackett: *The health effects of childhood abuse: four pathways by which abuse can infuence health,* 2002; Shengold: *Soulmurder. The Effects of Childhood Abuse and Deprivation*, 1989.

öðrum tegundum ofbeldis eða vanrækslu.[87] Margt bendir til að afleiðingarnar séu sérstaklega alvarlegar ef fleiri en ein tegund illrar meðferðar fer saman.[88]

Fjölmargar rannsóknir sýna greinileg tengsl á milli kynferðislegrar misnotkunar og margskonar geð- og hegðunarraskana í æsku og á unglings- og fullorðinsárum.[89] Þolendur kynferðislegrar misnotkunar sýna fleiri merki tilfinningalegra vandamála eins og þunglyndis, kvíðaraskana, áfallastreituröskunar, reiði/árásarhneigðar og lágrar sjálfsvirðingar, en þeir sem ekki hafa verið misnotaðir kynferðislega.[90] Rannsóknir á þolendum kynferðislegrar misbeitingar eins og nauðgunar sýna vísbendingar um langtímaafleiðingar og að ásetningur þess sem nauðgar, m.a. hvað varðar kúgun, grimmd og niðurlægingu, skiptir miklu um líkur á tilfinningalegum skaða.[91] Ógnun við sjálfsvirðingu, endurtekin vanvirða af hendi ofbeldismanns og kúgunaráhrif sem tengjast aðstæðunum auka líkur á persónulegu niðurbroti og hjálparleysi sem lýsir sér meðal annars í stöðugum ótta, tortryggni, hugarvíli og skömm.[92]

Hegðunarvandamál þessa hóps hafa minna verið rannsökuð, en niðurstöður rannsókna gefa til kynna að hegðunarvandi eins og misnotkun áfengis og fíkniefna, óæskileg kynferðisleg hegðun, vændi og kynferðisafbrot, sjálfskaðandi hegðun og sjálfsvígstilraunir, séu mun algengari hjá þeim sem hafa verið misnotaðir kynferðislega en öðrum.[93] Þá hafa rannsóknir sýnt mjög sterk tengsl milli kynferðislegrar misnotkunar

---

[87] Finkelhor o.fl.: *Poly-victimzation: A neglected component in child victimization,* 2007; Saunders: *Understanding children exposed to violence: Toward an integration of overlapping fields,* 2003.

[88] McGee o.fl.: *Multiple maltreatment experiences and adolescent behavior problems: Adolescents' perspectives,* 1999; Finkelhor, Ormrod o.fl.: *Poly-victimzation: A neglected component in child victimization,* 2007; Lagerberg og Sundelin: *Risk och prognos – i socialt arbet med barn. Forskning-smetoder och resultat,* 2000.

[89] Sjá yfirlit yfir rannsóknir hjá Browne og Finkelhor: *Impact of child sexual abuse: A review of the research,* 1986; Kendall-Tackett, Williams og Finkelhor: *Impact of sexual abuse on children: A review and synthesis of recent empirical studies,* 1993; Polusny og Follette: *Long-term correlates of child sexual abuse: Theory and review of the empirical literature,* 1995; Feerick og Snow: *The relationships between childhood sexual abuse, social anxiety, and symptoms of posttraumatic stress disorder in women,* 2005.

[90] Briere og Elliot: *Prevalence and psychological squeal of self-reported childhood physical and sexual abuse in a general population sample of men and women,* 2003; Kendall-Tackett, o.fl.: *Impact of sexual abuse on children: A review and synthesis of recent empirical studies*, 1993; Polusny og Follette: *Long-term correlates of child sexual abuse: Theory and review of the empirical literature,* 1995; Sadowski o.fl.: *Sexually abused girls: patterns of psychopathology and exploration of risk factors,* 2003; Widom: *Posttraumatic Stress Disorder in Abused and Neglected Children Grown Up,* 1999.

[91] Groth: *Män som våldtar*, 1981; Hedlund: *Våldtäktskliniken*, 1983; Sigrún Júlíusdóttir: *Hremmingar. Viðtöl um nauðgun*, 1988.

[92] Dahl: Kvinnerett, 1984.

[93] Briere og Runtz: *Differential adult symptomatology associated with three types of child abuse histories,* 1990; Brown og Finkelhor: Impact of child sexual abuse: *A review of the research,* 1986; Kendall-Tackett, o.fl.: *Impact of sexual abuse on children: A review and synthesis of recent empirical studies,* 1993; Luster og Small: *Sexual abuse history and problems in adolescence: Exploring the effects of moderating variables,* 1997; Polusny og Follette: *Long-term correlates of child sexual abuse: Theory and review of the empirical literature,* 1995; Saunders o.fl.: *Child sexual assault as a risk factor for mental disorders among women: A community survey,* 1992; Stefansen og Mossinge: *Vold og overgreb mot barn og unge kartlagt,* 2007; Widom og Kuhns: *Childhood Victimization and Subsequent Risk for Promiscuity, Prostitution and Teenage Pregnancy: A Prospective Study,* 1996.

og sjálfsvígshugsana og endurtekinna sjálfsvígstilrauna.[94] Tengsl hafa einnig verið staðfest á milli kynferðislegrar misnotkunar og afbrotahegðunar, til dæmis auðgunar- og ofbeldisbrota.[95] Í þessu samhengi má benda á niðurstöður rannsóknar Gísla Guðjónssonar á 71 fyrrverandi vistmanni Breiðavíkurheimilisins frá árinu 1975 um að stór hluti þeirra hafði komist á sakaskrá eftir að hafa dvalið þar.[96]

Úr barnaverndarrannsóknum er þekkt að miklu skiptir hvernig staðið er að ákvörðunum um inngrip í lífi barna hvað snertir upplýsingar, foreldratengsl, eftirlit og eftirfylgd.[97] Skortur á hlýju og öryggiskennd auk hræðslu við framandi aðstæður magnast af umhugsunarbresti (aðstoð, læknishjálp) hinna fullorðnu eða óljósu eftirliti og athugunum stjórnvalda.[98] Ómenntaðir kennarar og óreglulegt skólahald draga úr uppeldisgildi náms (ef ekki kemur annað á móti). Skömmin sem því fylgir að vera illa læs eða skrifandi rýrir sjálfsálit, takmarkar bjargir þeirra og skerðir möguleika til framtíðarlífsgæða. Matarlyst barna og kenjar í því efni endurspegla oft líðan þeirra. Andlegt og líkamlegt hungur fer gjarnan saman og brenglast (sbr. matarhnupl, matarmútur, hungurverkfall) með ófullnægjandi aðbúnaði.[99] Tengslarof eða strjált samband við foreldra eykur jafnan kvíða og öryggisleysi barna við slík skilyrði.[100]

Þrátt fyrir mikinn fjölda rannsókna á afleiðingum ofbeldis, virðist vera mikill breytileiki í því hversu neikvæðar þær eru á þolendur, þ.e. um er að ræða mikinn einstaklingsmun að þessu leyti. Á það jafnt við um hinar ýmsu tegundir ofbeldis og illrar meðferðar. Sumir þolendur virðast þjást af miklum geð- og hegðunarröskunum en aðrir síður eða ekki. Til dæmis eru vísbendingar um að um það bil þriðjungur þeirra

---

[94] Brown, Cohen, Johnson og Smailes: *Childhood abuse and neglect: Specificity of effects on adolescent and young adult depression and suicidality*, 1999; Garnefski og Arends: *Sexual abuse and adolescent maladjustment: differences between male and female victims,* 1998; Luster og Small: *Sexual abuse history and problems in adolescence: Exploring the effects of moderating variables,* 1997; Martin, Bergen, Richardson, Roeger og Allison: *Sexual abuse and suicidality: gender differences in a large community sample of adolescents,* 2004; Martin: *Reported family dynamics, sexual abuse, and suicidal behaviors in community adolescents,* 1996; Inga Dóra Sigfúsdóttir, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, Gísli Guðjónsson og Jón Friðrik Sigurðsson: *A Model of Sexual Abuse, Suicidal Behavior and Delinquency: The Role of Emotions as Mediating Factors*. Væntanlegt í tímaritinu *Journal of Youth and Adolescence 2008*.

[95] Baron: *General strain, street youth and crime: A test of Agnew´s revised theory,* 2004; Garnefski og Arends: *Sexual abuse and adolescent maladjustment: differences between male and female victims,* 1998; Swanston o.fl.: *Juvenile crime, aggression and delinquency after sexual abuse. A longitudinal study,* 2003.

[96] Gudjonsson: *Delinquent Boys in Reykjavik: A Follow-up Study of Boys Sent to an Institution,* 1982.

[97] Backe-Hansen: *Rettferdiggjöring av omsorgsovertakelse. Renbeslutningsteoretisk analyse av barneverntjenstens argumentasjon,* 2001; Dahl: *Barnevern og samfunnsvern. Om stat, vitenskap og prefesjoner under barnevernets oppkomst í Norge,* 1978; Killen: *Omsorgssvikt. en kasusstudie og etterundersökelse av barn í omsorgssviktsituationer,* 1987.

[98] NOU: *Barnehjem og spesialskoler under lupen – nasjonal kartlegging av omsorgssvikt og overgrep i barnevernsinstitusjoner,* 2004.

[99] Shengold: *Soulmurder. The Effects of Childhood Abuse and Deprivation*, 1989; Lagerberg og Sundelin: *Risk och prognos – i socialt arbet med barn. Forskningsmetoder och resultat*, 2000.

[100] Jonsson: *En gång Skå-pojke. En studie av 20 fd Skå–pojkars erfarenheter av barnbyn Skå,* 1990.

sem orðið hafa fyrir kynferðislegu ofbeldi[101] sýni ekki marktækt merkjanleg vandamál og um það bil helmingur þeirra sem hafa orðið fyrir líkamlegu ofbeldi eða vanrækslu sýni ekki marktækt merkjanleg geðræn vandamál.[102]

Ástæður þessa munar á afleiðingum illrar meðferðar og ofbeldis eru ekki fyllilega ljósar en líklega má leita skýringa í mismunandi alvarleika og tímalengd misnotkunarinnar,[103] möguleikum þolandans á sálrænum og félagslegum stuðningi til þess að takast á við og verjast áhrifum misnotkunarinnar og félagslegum aðstæðum hans.[104] Einnig má leita skýringa í því að viðkvæmni barna er mismikil. Á seinustu árum hafa rannsóknir beinst að því að skoða mismunandi seiglu einstaklinga *(e. resilience)* til að takast á við erfiðar aðstæður og bjargráð þeirra sem hafa orðið fyrir ofbeldi *(e. coping-strategies)*. Þær hafa leitt í ljós að sum börn virðast búa yfir hæfni og styrk sem gerir þeim kleift að komast ósködduð frá áföllum sem skaða flest börn.[105] Slík seigla er talin byggja annars vegar á meðfæddum eiginleikum og hins vegar áunnum eiginleikum sem tengjast umönnun foreldra og fleiri uppeldislegum þáttum.

12.2.3 Samantekt um áhrif neikvæðrar reynslu á sjálfsmynd og líðan vistmanna á Breiðavík

Þær rannsóknir á tengslum uppeldisaðferða og þróunar sjálfsmyndar sem hér hefur verið vitnað í beina sjónum einkum að uppeldisaðferðum foreldra, en leiða engu að síður líkur að því hvaða afleiðingar stofnanauppeldi sem einkennist af harðneskju og skorti á viðurkenningu hefur á börn og óharðnaða unglinga. Þá er ljóst af niðurstöðum fjölda rannsókna að áhrif illrar meðferðar og ofbeldis á börn og unglinga geta verið alvarleg og leitt til ýmiss konar hegðunar- og geðrænna vandamála, sem geta birst á mismunandi hátt, verið misjafnlega augljós og langvin.

---

[101] Kendall-Tackett o.fl.: *Impact of sexual abuse on children: A review and synthesis of recent empirical studies,* 1993.
[102] McGloin og Widom: *Resilience among abused and neglected children grown up*, 2001.
[103] Browne og Finkelhor: *Impact of child sexual abuse: A review of the research,* 1986; Kendall-Tackett o.fl.: *Impact of sexual abuse on children: A review and synthesis of recent empirical studies*, 1993; Morrow og Sorell: *Factors affecting self-esteem, depression and negative behaviours in sexually abused female adolescents,* 1989.
[104] Burgess: *Rape and Sexual Assault III*, 1991; Briere og Runtz: *Differential adult symptomatology associated with three types of child abuse histories,* 1990; Kendall-Tackett o.fl.: *Impact of sexual abuse on children: A review and synthesis of recent empirical studies,* 1993; Polusny og Follette: *Long-term correlates of child sexual abuse: Theory and review of the empirical literature,* 1995; Draucker: *Family-of-origin variables and adult female survivors of childhood sexual abuse: A review of the research*, 1996; Luster og Small: *Sexual abuse history and problems in adolescence: Exploring the effects of moderating variables,* 1997; Fassler, Amodeo, Griffin, Clay og Ellis: *Predicting long-term outcomes for women sexually abused in childhood: Contribution of abuse severity versus family environment,* 2005.
[105] Garmecy og Rutter: *Stress, coping and development in children*, 1983; Lagerberg og Sundelin: *Risk och prognos – i socialt arbet med barn. Forskningsmetoder och resultat,* 2000; McGloin og Widom: *Resilience among abused and neglected children grown up,* 2001; Rutter, Quinton og Hill: *Adult outcome of institution-reared children*, 1990; Walsh: *Strengthening Family Resilience*, 2006.

Ekki er nokkur vafi á að dvöl á vistheimilinu á Breiðavík hefur haft mótandi áhrif á sjálfsmynd og persónulegan þroska einstaklinga sem dvöldu þar. Erfitt er þó að greina milli áhrifa Breiðavíkurdvalar og annarra uppeldisáhrifa, en í flestum tilvikum komu fyrrverandi vistmenn Breiðavíkurheimilisins frá heimilum þar sem aðstæður voru slæmar.[106] Í þeim tilvikum hafa börnin væntanlega verið í sérstakri þörf fyrir góða umönnun og aðbúnað eftir að þau voru fjarlægð af heimili sínu og jafnframt verið enn viðkvæmari fyrir illri meðferð.

Að mati nefndarinnar virðast sumir vistmenn á afmörkuðum tímabilum í sögu Breiðavíkurheimilisins hafa orðið fyrir illri meðferð og/eða ofbeldi af hálfu starfsmanna og/eða annarra vistmanna. Bæði í ljósi fyrirliggjandi vitneskju um afleiðingar slíkra atburða, eins og rakið hefur verið hér að framan, og af frásögnum fyrrverandi vistmanna í viðtölum við nefndina, má ráða að margir þeirra hafi orðið fyrir varanlegum neikvæðum áhrifum af dvölinni þar.

13. Skaðabótaskylda hins opinbera – leiðir

Sú ákvörðun Alþingis að samþykkja lög nr. 26/2007 og ákvörðun forsætisráðherra á þeim grundvelli að skipa nefndina var liður í réttmætum og eðlilegum viðbrögðum af hálfu íslensks samfélags nútímans, sem nauðsynlegar voru í tilefni af frásögnum sem fram höfðu komið opinberlega um Breiðavík og önnur vist- og meðferðarheimili. Þessar ráðstafanir ríkisstjórnar og Alþingis höfðu það að markmiði að koma á skipulögðu kerfi sem gæti mögulega varpað ljósi á atburði fortíðarinnar og þá með það í huga að taka afstöðu til þess hvernig hægt væri að bregðast við í upphafi tuttugustu og fyrstu aldar. Það er ljóst að fátt ef nokkuð getur í reynd bætt þann skaða sem margir vistmenn Breiðavíkurheimilisins urðu sýnilega fyrir vegna dvalar sinnar að virtum þeim niðurstöðum nefndarinnar af könnun sinni, sem lýst er í III. hluta skýrslunnar. Að undanskildum hugsanlegum opinberum yfirlýsingum stjórnvalda, þar sem mistök og atburðir liðinna tíma eru viðurkenndir í nútímanum, verða því viðbrögð stjórnvalda í dag að jafnaði einskorðuð við mat á því hvort leitast eigi við að rétta hlut þeirra, sem hafa orðið fyrir ólögmætum athöfnum á meðan þeir hafa dvalist á opinberum stofnunum, með skaðabótum. Í ljósi niðurstaðna nefndarinnar, sem fram koma hér að framan í III. hluta skýrslunnar, hefur hún því talið falla innan verkefnislýsingar sinnar, eins og það er orðað í erindisbréfi og að virtum ákvæðum laga nr. 26/2007, að taka til athugunar hvort og þá að hvaða marki beri að leggja til við forsætisráðherra að brugðist verði við niðurstöðum nefndarinnar með fjárgreiðslum í formi skaðabóta til fyrrverandi vistmanna Breiðavíkurheimilisins, öllum eða hluta þeirra.

---

[106] Sjá t.d. Gísla H. Guðjónsson, 1975.

Eins og nánar er rakið í kafla 2.1 í I. hluta skýrslunnar ákvað nefndin í ljósi þessa að leita til Viðars Más Matthíassonar, prófessors í skaðabótarétti við lagadeild Háskóla Íslands, og óska þess að hann ritaði álitsgerð vegna starfa nefndarinnar. Í verkbeiðni nefndarinnar, dags. 24. október 2007, er rakið að nefndinni beri að leggja mat á hvort og þá hvaða tillögur til stjórnvalda um frekari viðbrögð sé rétt að setja fram í ljósi niðurstaðna af könnun nefndarinnar. Þar komi meðal annars til greina að gera tillögu um að afstaða verði tekin til þess af hálfu forsætisráðherra og ríkisstjórnar, eftir atvikum með aðkomu Alþingis, hvort leitast eigi við að rétta hlut vistmanna, að hluta eða í heild, með fjárgreiðslu, sem líkast til yrði í formi miskabóta. Til að leggja grunn að mati nefndarinnar á því hvort gera ætti slíka tillögu, og þá í hvaða formi, fór nefndin fram á það að Viðar Már ritaði álitsgerð, þar sem tekin yrði afstaða til eftirfarandi atriða, eins og kostur væri.

1. Kemur til greina, og þá að uppfylltum hvaða skilyrðum, að maður, sem var vistaður sem barn á vist- eða meðferðarheimili á vegum ríkisins á árunum 1952-1979, á grundvelli ákvæða í lögum og reglugerðum um barnaverndarmál, eigi skaðabótarétt á hendur ríkinu, einkum til greiðslu miskabóta, þegar:

a. sýnt þykir að ákvarðanir stjórnvalda ríkis, sem falið var samkvæmt lögum og reglugerðum um barnaverndarmál að taka ákvarðanir um vistun barna á vist- eða meðferðarheimilinu gegn vilja foreldris, hafi verið ólögmætar.

2. Kemur til greina, og þá að uppfylltum hvaða skilyrðum, að maður, sem var vistaður sem barn á vist- eða meðferðarheimili á vegum ríkisins á árunum 1952-1979, á grundvelli ákvæða í lögum og reglugerðum um barnaverndarmál, eigi skaðabótarétt á hendur ríkinu, einkum til greiðslu miskabóta, þegar:

a. sýnt þykir að hann hafi á vistunartíma orðið með reglubundnum hætti fyrir líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi í merkingu refsilaga af hálfu annarra vistmanna, sakhæfra eða ósakhæfra, og að sýnt þyki að starfsmenn ríkisins á viðkomandi vistheimili hafi í störfum sínum sýnt almennt eða stórfellt gáleysi vegna skorts á því að rækja umönnunar- og eftirlitsskyldur í samskiptum vistmanna?

b. sýnt þykir að hann hafi á vistunartíma orðið með reglubundnum hætti fyrir líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi í merkingu refsilaga af hálfu starfsmanna ríkisins á viðkomandi vistheimili?

3. Ef svör við 1. og/eða 2. lið eru játandi, er þess óskað, að þú leggir mat á þá valkosti, sem til greina koma, um leiðir sem færar eru eða kynnu að vera fyrir stjórnvöld, eftir atvikum með aðkomu Alþingis, til að leggja mat á og ákvarða greiðslu miskabóta til þeirra einstaklinga, að hluta eða í heild, sem vistaðir voru á Breiðavíkurheimilinu á árunum 1952-1979.

Álitsgerð prófessors Viðars Más Matthíassonar í tilefni af ofangreindri verkbeiðni nefndarinnar er dagsett 7. desember 2007, sjá *fylgiskjal nr. 4*. Í upphafi álitsgerðarinnar er efnistökum lýst. Þar kemur fram að fyrst verði fjallað með almennum hætti um

hvernig háttað var reglum um skaðabótaábyrgð ríkisins á þeim árum, sem hér skipta máli, þ.e. frá 1952 til 1979. Einnig verði í því sambandi gerð grein fyrir því hvaða reglur giltu þá um skaðabótagrundvöllinn, þ.e. um skilyrði þess að til skaðabótaskyldu gæti stofnast. Vegna forsendna, sem fram kæmu í álitsbeiðni nefndarinnar, væri ekki þörf á að fjalla um það lagaumhverfi, sem gilti um vist- og meðferðarheimili í eigu ríkis og sveitarfélaga á framangreindu tímabili. Því næst yrði leitast við að svara þeim spurningum, sem settar eru fram í tölul. 1 og 2 í bréfi nefndarinnar og tilgreindar eru hér að ofan. Loks yrði, í samræmi við efni 3. tölul. í bréfi nefndarinnar, settir fram þeir valkostir, sem til greina kæmu, um leiðir til að leggja mat á og ákvarða greiðslu miskabóta til þeirra einstaklinga, allra eða hluta þeirra, sem vistaðir voru á Breiðavíkurheimilinu á árunum 1952-1979.

Í 5. kafla álitsgerðar Viðars Más Matthíassonar, prófessors, er tekin afstaða til þeirra álitaefna, sem nefndin óskaði eftir að hann fjallaði um. Svar Viðars Más við *spurningu nr. 1* í bréfi nefndarinnar hér að framan er svohljóðandi:

> Eins og spurningin er orðuð, er ekki þörf á því hér, að fjalla um hvort ákvarðanir um vistun hafi verið ólögmætar, því þær forsendur eru gefnar. Í forsendum spurningarinnar er við það miðað, að háttsemi hafi verið ólögmæt, en með því er átt við að ákvörðun um vistun hafi verið brot á skráðum reglum, eða ekki gætt þeirra reglna við undirbúning hennar, sem gera mátti kröfu til. Svo sem fyrr greinir var, og er við mat á saknæmi, litið til þess, hvort háttsemin hafi verið í samræmi við það sem boðið er í skráðum bindandi reglum. Spurningin miðar við að svo hafi ekki verið. Í því felst, miðað við þá aðferðafræði, sem áður er lýst, að háttsemin er saknæm og myndi því leiða til skaðabótaskyldu á grundvelli sakarreglunnar. Svar mitt er því á þann veg, að ákvarðanir stjórnvalda um vistun barna á vist- eða meðferðarheimilum, sem hafa verið ólögmætar og leitt til tjóns fyrir þau börn, sem í hlut áttu, leiði að öðru jöfnu til skaðabótaábyrgðar ríkisins eða þess sveitarfélags, sem stjórnvald kann að hafa heyrt undir. Um nánari skilyrði skaðabótaábyrgðar skal áréttað, að hin ólögmæta ákvörðun þarf að hafa valdið tjóni og að almennt þarf að sýna framá að orsakatengsl séu milli tjónsins og ákvörðunarinnar.

Svar Viðars Más Matthíassonar við *a-lið spurningar nr. 2* í bréfi nefndarinnar hér að framan er svohljóðandi:

> Í forsendum spurningarinnar er miðað við að barn hafi með reglubundnum hætti orðið fyrir líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi í merkingu refsilaga og jafnframt er miðað við þær forsendur að starfsmenn ríkisins á viðkomandi vistheimili hafi í störfum sínum sýnt almennt eða stórkostlegt gáleysi með því að rækja ekki umönnunar- og eftirlitsskyldur í samskiptum vistmanna. Miðað er við að skilyrði sakarreglunnar um saknæmi háttsemi séu fyrir hendi. Svar mitt við þessari spurningu er því einnig jákvætt. Ekki leikur vafi á því að ríkið, sem vinnuveitandi þeirra starfsmanna, sem í hlut eiga hefur borið vinnuveitandaábyrgð á tjóni, sem

valdið er með slíkri háttsemi. Má í þessu sambandi nefna **Hrd. 1959, bls. 719**. Í þeim dómi var íslenzka ríkið dæmt skaðabótaskylt vegna tjóns er drengur, sem vistaður var á Breiðavíkurheimilinu, varð fyrir er annar drengur, sem þar var líka vistaður, skaut ör af boga, sem lenti í auga hins fyrrnefnda. Í rökstuðningi héraðsdómara, sem staðfestur var í dómi Hæstaréttar, er meðal annars á því byggt, að forstöðumaður Breiðavíkurheimilisins hafi ekki sýnt nægilega aðgæzlu við geymslu boga, sem hann vissi að voru til og gætu verið hættulegir í höndum drengja á heimilinu. Í forsendunum segir m.a. svo:

„Að þessu athuguðu og þegar þess er gætt, að foreldar og forráðamenn drengja, sem þarna var komið til dvalar, máttu treysta því, að hafðar væru í frammi nauðsynlegar ráðstafanir um öryggi þeirra, þá þykir verða að leggja á ríkissjóð, sem hafði á hendi rekstur hælisins og forsjá, fébótaábyrgð gagnvart stefnanda á slysi því sem um er að ræða.“

Skilyrðið er, sem fyrr greinir, að barn hafi orðið fyrir tjóni og unnt sé að sýna fram á að það tjón hafi verið orsakað af hinni skaðabótaskyldu háttsemi.

Þá er spurt á sömu forsendum um hugsanlega skaðabótaábyrgð á tjóni barns, og þá með hvaða skilyrðum ef:

b. sýnt þykir að það hafi á vistunartíma orðið með reglubundnum hætti fyrir líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi í merkingu refsilaga af hálfu starfsmanna ríkisins á viðkomandi vistheimili?

Eins og áður segir, bar íslenzka ríkið skaðabótaábyrgð á grundvelli reglunnar um vinnuveitandaábyrgð á tjóni, sem starfsmenn þess ollu, á því tímabili, sem hér um ræðir. Eins og áður hafa verið færð rök fyrir er ástæða til að ætla, að dómstólar hafi á árunum 1952 til 1979, skýrt það þrengra, hvenær tjóni teldist valdið í starfi, en nú er gert. Leikur vart vafi á að miðað við afstöðu dómstóla nú myndi slík háttsemi starfsmanna, sem spurningin miðar við, talin leiða til skaðabótaábyrgðar fyrir ríkið, vinnuveitanda þeirra, sbr. **Hrd. 2000, bls. 2835**. Það er því ekki öruggt, að íslenzka ríkið hefði verið talið bera skaðabótaskyldu á grundvelli reglunnar um vinnuveitendaábyrgð á tjóni, sem einstakur starfsmaður á viðkomandi vistheimili olli í hverju einstöku tilviki, ef talið yrði að það hefði ekkert með starf hans að gera á heimilinu. Á hinn bóginn er ljóst, að þegar miðað er við þær forsendur spurningarinnar, að börn sem vistuð eru á viðkomandi heimili hafi „orðið með reglubundnum hætti fyrir líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi í merkingu refsilaga af hálfu starfsmanna“ að slík háttsemi hefði ekki getað átt sér stað ef eftirlit með starfsmönnum og starfseminni svo og gæzla á börnum hefði verið fullnægjandi. Leggja verður því til grundvallar, að eftirlit og umönnun forstöðumanna hefur brugðist á slíku heimili, ef börn verða þar með reglubundnum hætti fyrir líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi. Er vart vafi á, að í því felst brot á starfsskyldum, sem leiðir til ábyrgðar íslenzka ríkisins á tjóni barna, sem af því leiðir.

Þá tekur Viðar Már fram að svar hans við *spurningu 2 í staflið b* sé því einnig játandi. Um önnur skilyrði vísar hann til þess sem áður segir.

Í kafla 5.3 í álitsgerð sinni fjallar Viðar Már Matthíasson, prófessor, að beiðni nefndarinnar loks um *leiðir sem hann telur færar til að bæta tjón*. Rétt er að taka hér kaflann orðrétt upp:[107]

> *5.3 Leiðir til að bæta tjón*
> Loks er, ef svör við 1. og/eða 2. lið eru játandi, óskað eftir að ég leggi mat á þá valkosti, sem til greina koma, um leiðir sem færar eru eða kynnu að vera fyrir stjórnvöld, eftir atvikum með aðkomu Alþingis, til að leggja mat á og ákvarða greiðslu miskabóta til þeirra einstaklinga, að hluta eða í heild, sem vistaðir voru á Breiðavíkurheimilinu á árunum 1952 – 1979.
>
> Eins og fyrr greinir tel ég að stofnast hafi skaðabótaskylda á tjóni, sem börn er vistuð voru á Breiðavíkurheimilinu á tilgreindu tímabili, hafa orðið fyrir. Ef beitt yrði almennum reglum skaðabótaréttar þarf tjónþolinn að sanna, að hann hafi í raun orðið fyrir tjóni og af hvaða háttsemi það hafi stafað, svo og að það séu orsakatengsl milli þeirrar háttsemi og tjónsins. Jafnvel þótt sú sönnun tækist, er ljóst að miðað við reglur um fyrningu skaðabótakrafna væri krafa tjónþolans á hendur íslenzka ríkinu fyrnd.
>
> Greiðslur íslenzka ríkisins á skaðabótum í þeim tilvikum, sem vistmenn á Breiðavík telja sig hafa orðið fyrir tjóni vegna annarra vistmanna eða starfsmanna og þetta tjón hafi verið skaðabótaskylt, þegar því var valdið, yrðu samkvæmt framansögðu umfram skyldu.
>
> Það er ekki einsdæmi, einkum á síðari árum, að ríkið taki um það ákvörðun að bæta tiltekin tjón, þótt ekki sé um skyldu til þess að ræða. Má sem dæmi nefna lög um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, nr. 69/1995, en með þeim tekur ríkissjóður á sig greiðslu skaðabóta vegna tjóns, sem valdið er með háttsemi, sem felur í sér brot á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940. Bótafjárhæðir í lögunum eru takmarkaðar, sbr. 2. mgr. 7. gr. þeirra, þar sem hámark bóta fyrir það sem nefnt er líkamstjón er kr. 2.500.000 og hámark bóta fyrir miska (skv. 26. gr. skaðabótalaga, nr. 50/1993) er kr. 600.000. Helztu rökin fyrir setningu laganna eru þau, að eðlilegt sé að ríkið tryggi tjónþolum lágmarksbætur í slíkum tilvikum þar sem ætla má að tjónvaldar (hinir skaðabótaskyldu) séu í flestum tilvikum ekki borgunarmenn fyrir skaðabótunum. Í lögunum eru ákvæði um endurkröfurétt ríkisins á hendur þeim, sem tjóni hefur valdið. Einnig má nefna lög um sjúklingatryggingu, nr. 111/2000, en í þeim tekur íslenzka ríkið á sig greiðslu skaðabóta vegna líkamstjóns sjúklinga, sem þeir verða fyrir af völdum heilbrigðisstarfsmanna í þjónustu ríkisins. Ábyrgðin er hlutlæg samkvæmt lögunum, en hún er þó takmörkuð við tjón, sem verða með tilteknum hætti. Fjárhæð skaðabóta samkvæmt lögunum er takmörkuð, en hækkar í janúar ár hvert til samræmis við hækkun neyzluvísitölu. Fjárhæðin er frá janúar 2007 kr. 6.600.000.
>
> Lög nr. 69/1995 og lög nr. 111/2000 eru seinni tíma fyrirbrigði á Íslandi. Þess ber þó að geta að á grundvelli laga um almannatryggingar og laga um félagslega aðstoð stendur ríkið straum af kostnaði við verulegan hluta þeirra bóta, sem

[107] Hér eru ekki teknar upp heimildir sem vísað er til í neðanmálsgreinum í álitsgerð Viðars Más Matthíassonar. Til þess vísast í álitsgerðina í heild sinni sem fylgir með skýrslu þessari sem *fylgiskjal nr. 4*.

einstaklingar eiga kost á vegna líkamstjóns er leiðir af slysum eða sjúkdómum, einkum í tilvikum þar sem ekki er um skaðabótaskyldu að ræða. Jafnframt skal minnt á, að þótt lög um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, nr. 69/1995, hafi ekki verið sett á Íslandi fyrr en 1995, hófust umræður á vettvangi Evrópuráðsins um að slík löggjöf væri þýðingarmikil þegar um 1970. Þá voru í ýmsum löndum Evrópu í gildi lög um þetta efni. Sambærileg lög voru sett í Danmörku 26. maí 1976, þ.e. lög nr. 277 frá því ári.

Ef íslenzka ríkið, umfram skyldu, hyggst bæta þeim, sem orðið hafa fyrir tjóni vegna dvalar á vistheimilinu Breiðavík skaðabætur er líklegt að tvær meginleiðir kæmu til greina.

Annars vegar að leysa úr hverju máli fyrir sig á grundvelli krafna tjónþola. Í því tilviki yrði ríkið að taka afstöðu til þess, hvort það vill bera fyrir sig fyrningu kröfunnar. Taka þyrfti afstöðu til þess hverju sinni, hvort sannað sé, eða leiddar líkur að, ef létta á tjónþola sönnunarbyrði, að vistmaður hafi orðið fyrir tjóni. Meta þyrfti umfang tjóns, hvort það sé fjárhagslegt tjón eða ófjárhagslegt (miski) og hvernig ætti að bæta það. Þá þarf að taka afstöðu til þess, hvort bæta á bæði tímabundið tjón og varanlegt, eða aðeins hið síðarnefnda. Þessi leið myndi því byggjast á kröfugerð hvers og eins af vistmönnunum, sem teldi sig hafa orðið fyrir tjóni, og í samræmi við almennar reglur myndi íslenzka ríkið meta það í hverju tilviki fyrir sig, hvort það ber fyrir sig fyrningu og skort á sönnun og hvaða fjárhæð verður lögð til grundvallar. Um einstaklingsbundna úrlausn hvers máls væri að ræða eftir umfangi þess og alvarleika.

Hins vegar má hugsa sér leið sem felst í því að sett yrðu lög, er heimiluðu að greiddar yrðu bætur til þeirra, sem orðið hefðu fyrir tjóni af völdum annarra vistmanna eða starfsmanna á meðan á dvöl þeirra á vistheimilinu Breiðavík stóð. Nauðsynlegt yrði, að setja almennar reglur um skilyrði til bóta og almennar reglur um aðferð eða viðmiðanir við ákvörðun á fjárhæð bótanna. Setja þyrfti almennar reglur um hvort bætt yrði bæði tímabundið og varanlegt tjón, eða einungis hið síðarnefnda. Taka yrði af skarið um það, hvers konar bætur væri um að ræða, þ.e. hvort leitast eigi við að meta og bæta fjártjón vistmanna, eða hvort greiða eigi bætur vegna miska. Einnig má hugsa sér að bætur yrðu ákveðnar sem meðalhófsbætur, sem í sjálfu sér gætu bæði tekið til miska og fjártjóns. Meðalhófsbætur eru ekki ákveðnar eftir reglum skaðabótaréttar, heldur eru sanngirnisbætur, ákveðnar eins fyrir alla eða eftir einföldum mælikvörðum, t.d. vistunartíma á Breiðavík, svo dæmi sé tekið. Meginatriðið er, ef þessi leið yrði valin, að setja almennar gegnsæjar reglur um skilyrði til skaðabóta og hvernig fjárhæð þeirra yrði ákvörðuð.

Nefndin tekur að meginstefnu undir þau viðhorf sem fram koma í álitsgerð Viðars Más Matthíassonar, prófessors í skaðabótarétti við lagadeild Háskóla Íslands. Þó er ítrekað af hálfu nefndarinnar að við mat á hvort stjórnvöld hafi nægilega sinnt lögbundinni umsjónar- og eftirlitsskyldu gagnvart börnum, sem vistuð eru á vist- eða meðferðarheimili, verði að horfa til þess að ekkert eftirlitskerfi getur eðli málsins samkvæmt útilokað með öllu að upp komi tilvik sem telja má til illrar meðferðar eða

ofbeldis. Á hinn bóginn verði við mat á þessu atriði einkum að taka mið af því hvort sýnt þyki að þau stjórnvöld, sem að lögum hafa eftirlitshlutverki að gegna, hafi með virkum hætti mótað skipulagt og kerfisbundið eftirlit með líðan og velferð vistaðra barna, sem taki hverju sinni nægilega mið af eðli starfseminnar og þeim hópi barna sem vistuð eru á opinberum stofnunum.

Það er tillaga nefndarinnar að stjórnvöld leggi mat á það í ljósi niðurstaðna í skýrslunni hvort og þá að hvaða marki verði leitast við að rétta hlut þeirra einstaklinga sem vistaðir voru á Breiðavíkurheimilinu, öllum eða hluta þeirra, með fjárgreiðslu í formi skaðabóta. Er það jafnframt tillaga nefndarinnar til stjórnvalda að þá verði jafnframt tekin afstaða til þeirra leiða sem raktar eru í álitsgerð Viðars Más Matthíassonar og ítarlega eru reifaðar í skýrslunni. Kann þá jafnframt að vera rétt að hafa til hliðsjónar það fyrirkomulag um greiðslur bóta, sem lagt hefur verið til grundvallar í Noregi, sjá m.a. St.meld. nr. 24 *(2004 – 2005) Erstatningsordningar for barn i barneheimar og spesialskular for barn med åtferdsvanskar* 18. mars 2005.

14. Geðheilbrigðisþjónusta

Á ríkisstjórnarfundi 13. febrúar 2007 var ákveðið að skipa þverfaglegt teymi á geðsviði Landspítalans til að meta þörf þeirra einstaklinga, sem dvöldust á Breiðavík, fyrir aðstoð. Teymið var skipað þremur sérfræðingum, þ.e. geðlækni og tveimur sálfræðingum, þar af öðrum utan geðsviðs Landspítala. Í framhaldi vargeðsviði Landspítala falið að sjá um móttöku þeirra fyrrverandi vistmanna er leituðu eftir aðstoð og hefur miðstöð þjónustunnar verið þar. Í fyrstu var aðstoðin einungis bundin við fyrrverandi vistmenn Breiðavíkurheimilisins og stóð það tilboð til 31. mars 2007, en um miðjan mars var aðstoðin framlengd til 31. maí s.á. og þá jafnframt boðin þeim er dvalið höfðu á öðrum vistheimilum eða stofnunum, sem reknar hafa verið af framlögum ríkis eða sveitarfélaga, og sem töldu sig hafa þurft að þola illa meðferð eða ofbeldi af hálfu starfsmanna eða annarra vistmanna. Í tilkynningu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins þann 16. mars 2007 var tekið fram að úrræði þetta væri tímabundið.

Teymið sem skipað var setti strax í upphafi fram verklagsreglur sem unnið var eftir og ákvað að sjálf þjónustan færi fram utan spítalans hjá sálfræðingum er hefðu reynslu af meðferð samskonar mála. Reyndur starfsmaður á geðsviði var skipaður tengiliður milli þeirra sem leituðu aðstoðar og þeirra sem veittu hana og til að hafa umsjón með þjónustunni. Þeim fyrrverandi vistmönnum, sem virtust vera í þörf fyrir bráðaþjónustu var boðið að koma umsvifalaust á göngudeild geðsviðs, bráða- og ferlideild, við Hringbraut þar sem þeir fengu viðeigandi aðstoð.

Öllum fyrrverandi vistmönnum sem komu á göngudeild geðsviðs eða báðu um aðstoð símleiðis var boðið að koma til viðtals við reyndan sálfræðing á deildinni, sem kannaði m.a. hvernig þeim leið og hversu mikið lá á að þeir fengju aðstoð, þ.e. gert var einfalt áhættumat m.a. með tilliti til sjálfsvígshættu. Í framhaldi var viðkomandi svo boðið upp á meðferð hjá sálfræðingi á einkastofu með upplýsingum um að hún væri viðkomandi að kostnaðarlausu. Þeir sem af einhverjum ástæðum treystu sér ekki til að koma til viðtals á geðdeildina var boðin aðstoð hjá sálfræðingi á einkastofu þegar í stað, millilíðalaust. Í upphafi hefur verið boðið upp á sálfræðimeðferð í allt að 10 skipti fyrir hvern einstakling og að þeim loknum er lagt mat á þörf fyrir frekari aðstoð í samráði við teymið.

Í svari heilbrigðisráðherra við fyrirspurn þingmanns á yfirstandandi löggjafarþingi eru veittar upplýsingar um hversu margir hafa þegið aðstoð af ofangreindu tagi og hvaða vist- eða meðferðarheimilum viðkomandi hafi tengst.[108] Í svarinu kemur fram að 32 fyrrverandi vistmenn Breiðavíkurheimilisins hafi þá fengið meðferð og hafi fjórðungur þeirra lokið meðferð eða teldi sig ekki hafa þörf fyrir frekari meðferð. Auk þeirra hefðu 12 fyrrverandi vistmenn annarra heimila fengið aðstoð og einn lokið meðferð. Þetta væru fyrrverandi vistmenn ýmssa vist- eða meðferðarheimila, svo sem Upptökuheimilisins í Kópavogi (4) og Kumbaravogs (3). Rúmur helmingur (7) mun hafa verið vistaður á nokkrum heimilum en upplýsingar um hvort hinir fimm dvöldu á einu eða fleiri vistheimilum liggja ekki fyrir. Fram kemur í svari heilbrigðisráðherra að geðsvið Landspítala hafi ekki safnað upplýsingum sérstaklega um þetta efni enda hefði sviðinu ekki verið falið það verkefni heldur að tryggja viðkomandi viðeigandi meðferð. Því væru ekki tiltækar tæmandi upplýsingar um á hvaða vistheimilum þeir einstaklingar dvöldu, sem leituðu eftir aðstoð á Landspítala. Væntanlega hefðu slíkar upplýsingar komið fram í meðferðarstarfi en þar væri um trúnaðarupplýsingar að ræða.

Loks segir í svari heilbrigðisráðherra að öllum fyrrverandi vistmönnum stofnana eða vistheimila, sem rekin hafa verið af opinberu fé, sem leitað hafa til geðsviðs Landspítala frá því um miðjan febrúar 2007, hafi því staðið til boða sálfræðiaðstoð. Geðsvið Landspítala hafi skipulagt þessa þjónustu en sálfræðimeðferðin verið veitt utan stofnunarinnar einstaklingunum að kostnaðarlausu. Gera má ráð fyrir að einhverjir þessara skjólstæðinga þurfi á langtímameðferð að halda, þ.e. reglulegum viðtölum í meira en ár, en erfitt sé án ítarlegrar greiningar að gera sér grein fyrir því hversu margir það eru á þessari stundu. Fram kemur í svarinu að af hálfu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis hafi þetta tilboð hvorki tekið til aðstandenda fyrrverandi vistmanna né starfsmanna.

---

[108] Alþt. 132. löggjafarþing 2007 – 2008, þskj. 200 – 186. mál.

Í ljósi niðurstaðna nefndarinnar, sem teknar eru saman í kafla 3 í I. hluta skýrslunnar, telur nefndin brýnt að lagt sé ígrundað mat á hvort og þá hvaða þörf sé á að tryggð verði frekari geðheilbrigðisþjónusta eða önnur sértæk aðstoð fyrir þá einstaklinga sem dvöldu á Breiðavíkurheimilinu og að þá verði tekið mið af þeirri reynslu sem þegar liggur fyrir í þeim efnum og rakin er hér að framan. Þegar lagt er mat á þá valkosti sem koma til greina verður að horfa til þess að úrræði af þessu tagi kann að þurfa að vera fyrir hendi fyrir aðra einstaklinga sem vistaðir voru á opinberum meðferðarstofnunum á árum áður. Það er þó háð þeirri forsendu að fylgt verði þeirri tillögu um framhald á könnunum nefndarinnar, sem nánar er rökstudd í kafla 16 hér síðar, og að slíkar kannanir, ein eða fleiri, leiði til sambærilegra niðurstaðna að hluta eða að öllu leyti og fram koma í skýrslu þessari um starfsemi Breiðavíkurheimilisins.

Við nánara mat og tillögugerð telur nefndin rökrétt og eðlilegt að annaðhvort verði gerðar viðhlítandi ráðstafanir á vettvangi heilbrigðisþjónustunnar til að tryggja að fyrrverandi vistmenn Breiðavíkurheimilisins fái frekari geðheilbrigðisþjónustu eða aðra sértæka aðstoð þeim að kostnaðarlausu, þó þannig að umfang hennar og tímamörk verði skilgreind í samræmi við hlutlæg viðmið. Á hinn bóginn telur nefndin að við mat á hugsanlegri fjárhæð bóta, sem til kæmu ef fylgt væri annarri hvorri þeirra leiða í þeim efnum, sem rökstuddar eru í kafla 13 hér að framan, gæti auk hefðbundinna miskabóta verið ákveðið að greiða vistmönnum tiltekna fjárhæð sem næmi þeim kostnaði sem almennt hlýst af því að veita einstaklingi meðferð af því tagi sem hér um ræðir. Væri þá tekið tillit til þeirrar þjónustu sem tilteknir vistmenn hafi þegar fengið eins og rakið er nánar hér að framan. Ef hin síðarnefnda leið yrði farin félli það í hlut þeirrar nefndar eða starfshóps, sem fengi það verkefni að útfæra nánar tillögu nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 um hugsanlegar greiðslur skaðabóta, sbr. kafla 13 að framan, að taka afstöðu til þess hvort og þá hvernig bæri að afmarka og ákvarða þá fjárhæð sem hluta af þeirri heildargreiðslu skaðabóta sem greidd væri vistmanni.

15. Gildandi framkvæmd og eftirlit á sviði barnaverndarmála

Í almennum athugasemdum greinargerðar með frumvarpi því er varð að lögum nr. 26/2007 er rakið að það sé hlutverk nefndarinnar að fjalla um hvaða lærdóm megi draga af niðurstöðum könnunarinnar og „gera tillögur sem ætlað er að koma í veg fyrir að brotinn verði réttur á börnum í opinberri forsjá“. Hefur nefndin því litið svo á að undir d-lið 2. mgr. 1. gr. laga nr. 26/2007 falli það verkefni nefndarinnar að leggja með almennum hætti mat á hvort niðurstöður hennar í þessari skýrslu gefi tilefni til þess að hugað verði að einstökum þáttum í núgildandi framkvæmd barnaverndarmála, einkum að því er varðar eftirlit með einstökum stofnunum,

Könnun nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 á starfsemi Breiðavíkurheimilisins tekur til ákvarðana og eftirlits með tiltekinni stofnun á sviði barnaverndarmála á árunum 1952-1979, þ.e. fyrir nokkrum áratugum síðan. Hvað sem því líður telur nefndin að niðurstöður könnunarinnar færi heim sanninn um mikilvægi þess að tryggja af fremsta megni að vinnubrögð, sem snerta aðdraganda og ákvörðun um ráðstöfun barns utan heimilis, framkvæmd ráðstöfunar, umsjá barnsins meðan á vistun stendur, undirbúningur og ákvörðun um lok vistunar og eftirfylgd eftir að ráðstöfun lýkur, miði í nútímanum að því að tryggja réttindi barns, þar sem þarfir og hagsmunir þess eru í fyrirrúmi. Með þetta í huga hefur nefndin við könnun sína haft samráð við Barnaverndarstofu um gildandi fyrirkomulag og málsmeðferð á sviði eftirlits með það í huga að leggja mat á hvort ástæða sé til að huga að breytingum eða umbótum á því verklagi sem nú er viðhaft í þessum málaflokki.

Það er mikilvægur þáttur í núgildandi barnaverndarlögum nr. 80/2002 hversu margir koma að ákvörðun um ráðstöfun barns utan heimilis og framkvæmd þeirrar ráðstöfunar þar sem samspil ólíkra aðila vinnur að því að tryggja réttindi barnsins. Í lögunum er reynt að tryggja að allir hafi tilteknu hlutverki að gegna og þarna er um að ræða samspil barns, foreldra, talsmanna og lögmanna eftir atvikum, barnaverndarnefndar, Barnaverndarstofu, stofnunar/meðferðarheimilis og dómstóla eða kærunefndar barnaverndarmála í sumum tilvikum. Hér er um viðamikið kerfi að ræða og gera verður ráð fyrir að einhverjir þessara aðila hafi tækifæri til og séu líklegir til að vekja máls á því ef hagsmunir barns eru fyrir borð bornir eða grunur leikur á broti gegn réttindum barns. Ýmislegt má hins vegar gera að mati nefndarinnar til að styrkja núgildandi kerfi, auka gæði þess starfs sem hér er unnið og bæta réttarstöðu barns á öllum stigum máls. Að höfðu samráði við Barnaverndarstofu telur nefndin að eftirfarandi ætti að setja í forgang í þessu sambandi:

Barnaverndarnefndir og starfsmenn þeirra gegni lykilhlutverki í aðdraganda, ákvörðun um ráðstöfun, framkvæmd hennar og eftirfylgd, auk skipulegrar skráningar, gæðamats og rannsóknartengdrar þróunarvinnu. Sveitarfélög verða að tryggja að barnaverndarnefndir og starfsmenn þeirra hafi nægilegt svigrúm og tíma til að vinna hvert og eitt mál í samræmi við ákvæði laga og reglna. Í því felst að sett séu viðmið um takmörkun málafjölda á hvern sérfræðing og tryggð sé sérhæfð þekking í mati, greiningu, meðferðaráætlun og eftirfylgd. Þá verður að huga sérstaklega að hæfni og reynslu nefndarmanna og stuðla að því að fagfólk á sviðinu geti aflað sér sí- og endurmenntunar. Sveitarfélög verða einnig að tryggja framboð af stuðningsúrræðum til að styrkja börn og fjölskyldur þeirra svo komast megi hjá vistun utan heimilis.

Brýnt er að auka og styrkja menntun rekstraraðila og starfsmanna á meðferðarheimilum og stofnunum fyrir börn. Nauðsynlegt er að stefna að því að rekstraraðilar og sem flestir starfsmenn hafi fjölbreytta menntun og reynslu af uppeldis- og meðferðarmálum til að tryggja faglega framkvæmd og inntak meðferðar. Sérstaklega verður að huga að sí- og endurmenntun þeirra.

Samkvæmt upplýsingum, sem nefndin hefur aflað við könnun sína, vinnur Barnaverndarstofa nú að gerð staðla fyrir vistun eða fóstur barna á vegum barnaverndaryfirvalda. Staðlarnir verða lýsing á því hvernig vel verði staðið að einstökum verkþáttum við vistun barns eða fóstur utan upprunafjölskyldu á vegum barnaverndaryfirvalda. Í þeim verða sérstaklega skilgreind viðvörunarmerki, sem gefa það til kynna að við framkvæmd sé ekki farið eftir gæðakröfum staðlanna. Staðlarnir fjalla m.a. um meginreglur um eftirlit með vistun og fóstri og einnig er verið að vinna sérstakar reglur um framkvæmd eftirlitsins. Þar verði lögð áhersla á að afmarka nánar alla verkþætti við framkvæmd eftirlits, m.a. að móta nýjan feril um kvartanir sem unnt er að bera fram ef einhver telur á sér brotið. Mikilvægt er að mati nefndarinnar að þessari vinnu verði lokið sem allra fyrst og að Barnaverndarstofa tryggi víðtæka kynningu og kennslu í þessum vinnubrögðum á vettvangi barnaverndarnefndanna og meðferðarheimilanna. Þá er mælt með því að Barnaverndarstofa tryggi að með reglubundnum hætti séu fengnir óháðir rannsakendur til að gera úttekt/árangursmat á stofnunum og heimilum fyrir börn.

Nefnd samkvæmt lögum nr. 26/2007 tekur að lokum fram að samkvæmt gildandi barnaverndarlögum nr. 80/2002 ber félagsmálaráðuneytið ábyrgð á stefnumótun og gerð framkvæmdaáætlunar á sviði barnaverndar, auk þess sem ráðuneytið hefur eftirlit með störfum Barnaverndarstofu. Gera verður ráð fyrir að ráðuneytið fylgist með reglubundnum hætti með uppbyggingu og nýtingu stofnana og heimila fyrir börn, fylgist með því hvernig úttektum og eftirliti er háttað með allri starfseminni og leggi mat á hvort fylgt sé ákvæðum laga, reglugerða, reglna og gæðastaðla.

16. Frekari kannanir nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 26/2007 er forsætisráðherra heimilt að setja á fót nefnd til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn. Heimildin tekur hins vegar ekki til þeirra stofnana sem starfandi eru við gildistöku laganna. Í 5. gr. er mælt svo fyrir að forsætisráðherra ákveði skipan nefndarinnar, skipunartíma og þóknun og setji henni erindisbréf þar sem nánar er mælt fyrir um verkefni nefndarinnar. Skuli þar einkum kveðið á um það til hvaða starfsemi könnun nefndarinnar tekur og það tímabil sem könnunin beinist að.

Forsætisráðherra tók þá ákvörðun með útgáfu erindisbréfs til nefndarinnar, dags. 2. apríl 2007, að könnun nefndarinnar tæki í fyrstu til Breiðavíkurheimilisins. Í ljósi ofangreinds lagagrundvallar um störf nefndarinnar telur hún að það sé rétt og eðlilegt að hún láti á þessu stigi við lok fyrstu könnunar í ljósi afstöðu sína til þess hvort og þá hvaða framhald eigi að vera á könnun nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007.

Valkostir í þeim efnum eru þrenns konar: *Í fyrsta lagi* gæti störfum nefndarinnar lokið nú þegar með skýrslu þessari. Að mati nefndarinnar hefur könnun hennar á starfsemi Breiðavíkurheimilisins hins vegar fært heim sanninn um nauðsyn þess að framhald verði á starfi nefndarinnar og þá í samræmi við þær almennu valdheimildir í þeim efnum sem henni eru fengnar með lögum nr. 26/2007, en þau taka efnislega til allra vist- og meðferðarheimila sem starfandi voru á árum áður. Ljóst er af frásögnum sem fram hafa komið opinberlega frá einstaklingum, sem vistaðir voru sem börn á öðrum opinberum stofnunum en Breiðavík, að vísbendingar eru um að samsvarandi atburðir og vandamál og lýst er í þessari skýrslu kunni að hafa gerst og verið fyrir hendi á öðrum stofnunum. Með vísan til þessa telur nefndin að rök standi ekki til þess að láta nú staðar numið með starf nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007. Með þetta í huga kemur *í öðru lagi* til greina að forsætisráðherra gefi nú út nýtt erindisbréf, sbr. 5. gr. laga nr. 26/2007, þar sem nefndinni er falið að kanna starfsemi tilgreindrar opinberrar stofnunar eða stofnana, sem settar voru á laggirnar á grundvelli barnaverndarlaga nr. 29/1947 eða laga nr. 53/1966, og ekki voru starfandi við gildistöku laga nr. 26/2007, sbr. 1. gr. síðastnefndu laganna. Í *þriðja lagi* gæti forsætisráðherra aftur á móti nú gefið út erindisbréf, þar sem nefndinni væri falið að kanna með almennum hætti starfsemi allra þeirra opinberu stofnana sem að lögum höfðu því hlutverki að gegna á árum áður að vista börn á grundvelli barnaverndarlaga. Í því sambandi bendir nefndin á að þessi síðarnefnda leið var farin í Noregi með skipun norsku barnaheimilisnefndarinnar 19. desember 2003, sjá NOU 2004:23 (Nasjonal kartlegging av omsorgssvikt og overgrep i barnevernsinstitusjoner 1945-1980), en nefndin skilaði skýrslu sinni 1. nóvember 2004.

Með vísan til framangreinds leggur nefndin til að forsætisráðherra taki afstöðu til þess hvort nefndinni verði með nýju erindisbréfi, sbr. 5. gr. laga nr. 26/2007, annaðhvort falið að kanna tilgreinda opinbera stofnun eða stofnanir, sem falla undir gildissvið sömu laga, eða að með erindisbréfinu verði nefndinni falið að hefja almenna könnun á starfsemi þeirra opinberu stofnana, sem höfðu því hlutverki að gegna að vista börn samkvæmt barnaverndarlögum nr. 29/1947 og/eða lögum nr. 53/1966, og ekki eru lengur starfandi, sbr. 1. gr. síðastnefndu laganna.

17. Skrá yfir fræðirit og heimildir sem stuðst er við í skýrslunni

Agnar Kl. Jónsson: *Stjórnarráð Íslands 1904-1964, I. bindi*. Sögufélag, Reykjavík 2004 bls. 344.

Ásmundur Helgason og Ómar H. Kristmundsson: *Stjórnarráð Íslands 1964-2004. Skipulag og starfshættir, I. bindi*. Sögufélag, Reykjavík 2004, bls. 265.

Backe-Hansen, E.: *Rettferdiggjöring av omsorgsovertakelse. Renbeslutningsteoretisk analyse av barneverntjenstens argumentasjon*. NOVA 2001.

Bandura, A.: Social Cognitive Theory: An Agentic Perspective. *Annual Review of Psychology, 52. árgangur,* 2001, bls. 1-26.

Baldvin Steindórsson, Gyða Jóhannsdóttir, Margrét Einarsdóttir, Oddi Erlingsson og Þorgeir Magnússon: *Afbrot reykvíska ungmenna*. Óbirt BA-ritgerð við Háskóla Íslands, 1975.

Baron, S. W.: General strain, street youth and crime: A test of Agnew´s revised theory. *Criminology, 42. árgangur*, 2004, bls. 457-483.

Berliner L & Conte J.R.: The effects of disclosure and intervention on sexually abused children. *Child Abuse & Neglect,* 19. árgangur, 1995, bls. 371-384.

Björn Líndal: *„Lögboðin verkefni barnaverndaryfirvalda.“* Barnavernd, fræðslurit nr. 6, Samband íslenskra sveitarfélaga 1985, bls. 8-9.

Bolger, K. E., Patterson, C. J. og Kupersmith, J. B.: Peer relationship and self-esteem among children who have been maltreated. *Child Development,* 69. árgangur, 1998, bls. 1171-1197.

Briere, J. og Runtz, M.: Differential adult symptomatology associated with three types of child abuse histories. *Child Abuse & neglect, 14. árgangur,* 1990, bls. 357-364.

Briere, J. og Elliott, D. M.: Prevalence and psychological squeal of self-reported childhood physical and sexual abuse in a general population sample of men and women. *Child Abuse & Neglect, 27. árgangur,* 2003, bls. 1205-1222.

Browne, A. og Finkelhor, D.: Impact of child sexual abuse: *A review of the research. Psychological Bulletin, 99. árgangur,* 1986, bls. 66-77.

Brown, J., Cohen, P., Johnson, J. G. og Smailes, E. M.: Childhood abuse and neglect: Specificity of effects on adolescent and young adult depression and suicidality. *Journal of the American Academy of Child and Adolescent Psychiatry, 38. árgangur,* 1999, bls. 1490-1496.

Burgess, A.: (Ritstjóri) *Rape and Sexual Assault III*. Garland Publ. Inc. New York, 1991.

Dahl T. S.: *Barnevern og samfunnsvern. Om stat, vitenskap og prefesjoner under barnevernets oppkomst í Norge. Pax, Oslo 1978.*

Dahl T. S.: *Kvinnerett, Universitet Forlaget, Oslo, 1984.*

Damon, W. og Hart, D.: *Self-understanding in childhood and adolescence*. Cambridge University Press, New York 1992.

Damon, W.: What is positive youth development? *The Annals of the American Academy of Political and Social Science, 59. árgangur,* 2004, bls. 13-24.

Davíð Þór Björgvinsson og Nanna K. Sigurðardóttir: *Greinargerð um þvingunarráðstafanir á meðferðarheimili ríkisins fyrir unglinga og eftirlitsskyldur barnaverndaryfirvalda,* Reykjavík 1998.

Davíð Þór Björgvinsson: *„Mannréttindasáttmáli Evrópu. Meginatriði, skýring og beiting“*. Í ritinu Mannréttindasáttmáli Evrópu. Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt, Mannréttindastofnun Háskóla Íslands og Lagadeild Háskólans í Reykjavík, Reykjavík 2005, bls. 31-34.

Davies, G.: *Evidence: Psychological Perspective*. Í Bull, R. og Carson, D. (ritstj.), *Handbook of Psychology in Legal Context*. John Wiley and Sons, Chichester 1995.

Davies, G.: *Contamination og witness memory*. Í Heaton-Armstrong, A., Shepherd, E. og Wolchover, D. (ritstjórar), *Analysing Witness Testimony. A guide for legal practitioners & other professionals*. Blackstone Press Limited, London 1999.

Draucker, C. B.: Family-of-origin variables and adult female survivors of childhood sexual abuse: A review of the research. *Journal of Child Sexual Abuse, 5. árgangur,*, 1996, bls. 35-48.

Fassler, I. R., Amodeo, M., Griffin, M. L., Clay, C. M. og Ellis, M. A.: Predicting long-term outcomes for women sexually abused in childhood: Contribution of abuse severity versus family environment. *Child Abuse & Neglect, 29. árgangur*, 2005, bls. - 269-284.

Feerick, M. M., og Snow, K. L.: The relationships between childhood sexual abuse, social anxiety, and symptoms of posttraumatic stress disorder in women. *Journal of Family Violence, 20. árgangur,* 2005, bls. 409-419.

Finkelhor, D., Ormrod, R. K. og Turner, H. A.: Poly-victimzation: A neglected component in child victimization. *Child Abuse and Neglect,* 31. *árgangur*, 2007, bls. 7-26.

Garmecy, N. og Rutter M.: *Stress, coping and development in children*. McGraw-Hill, New York 1983.

Garnefski, N. og Arends, E.: Sexual abuse and adolescent maladjustment: differences between male and female victims. *Journal of Adolescence, 21. árgangur,* 1998, bls. 99-107.

Georgía M. Kristmundsdóttir og Sigríður Lóa Jónsdóttir: Breiðavíkurrannsóknin. Óbirt BA-ritgerð við Háskóla Íslands 1976.

Gísli H. Guðjónsson: Delinquent boys in Reykjavik: A follow-up study of boys sent to an approved school. Óbirt BA-ritgerð við Brunel University. Englandi/London 1975.

Gísli H. Guðjónsson: *The Psychology of Interrogations, Confessions and Testimony*. Chichester: John Wiley and Sons, Englandi/London 1992.

Gísli H. Guðjónsson og Haward, L.R.C.: *Forensic Psychology. A guide to practice*. Routledge, Englandi/London 1998.

Groth, N.: *Män som våldtar*. Prisma, Stokkhólmur 1981.

Gudjonsson, G. H.: Delinquent Boys in Reykjavik: A Follow-up Study of Boys Sent to an Institution. In J. Gunn and D. P. Farrington (Eds.), *Abnormal Offenders, Delinquency, and the Criminal Justice System*. John Wiley & Sons Ltd., Chichester 1982, bls. 203-212.

Gudjonsson, G. H.: *The Psychology of Interrogations and Confessions*. A Handbook. John Wiley & Sons, Chichester 2003.

Guðrún Erlendsdóttir: *Barnaréttindi*. Tímarit lögfræðinga 1976, bls. 8-24.

Guðrún Erlendsdóttir: *Meðferð úrskurðarmála hjá barnaverndarnefndum*. Samband íslenzkra sveitarfélaga, fræðslurit nr. 6 1985.

Guðrún Erlendsdóttir: *Handbók Barnaverndarráðs Íslands fyrir barnaverndarnefndir,* Reykjavík 1981, bls. 19.

Guðrún Gauksdóttir: „Bann við pyndingum“. *Mannréttindasáttmáli Evrópu. Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt*, Mannréttindastofnun Háskóla Íslands, Lagadeild Háskólans í Reykjavík 2005, bls. 116-117.

Harter, S.: Processes Underlying Adolescent Self-Concept Formation. Í R. Montemayor, G. R. Adams og T. P. Gullotta (ritstj.) *From Childhood to Adolescence. A Transitional Period?* Sage Publications, London 1990.

Harter, S. W.: Relational Self-Worth: Differences in Perceived Worth as a Person across Interpersonal Contexts among Adolescents. *Child Development, 69. árgangur*, 1998, bls. 756-766.

Hedlund, E., Lundmark, B. og Lundmark, G. *Våldtäktskliniken*. Prisma, Stokkhólmur 1983.

Howe, M. L.: Children's emotional false memories. *Psychologial Science. Research, Theory, and Application in Psychology and Related Sciences*, 18. árgangur, 2007, bls. 856-860.

Inga Dóra Sigfúsdóttir, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, Gísli H. Guðjónsson og Jón Friðrik Sigurðsson: A Model of Sexual Abuse, Suicidal Behavior and Delinquency: The Role of Emotions as Mediating Factors. *Journal of Youth and Adolescence,* (í útgáfu).

Jensen, T. K., Gulbrandsen, W., Mossige, S., Reichelt, S., & Tjersland, O.A.: Reporting possible sexual abuse: A qualitative study on children's perspectives and the context for disclosure. *Child Abuse & Neglect*, 29. *árgangur*, 2005, bls. 1395-1413.

Jonsson, B.: *En gång Skå-pojke. En studie av 20 fd Skå–pojkars erfarenheter av barnbyn Skå*. Doktorsritgerð. Rapport nr 49. Stockholms Universitet, Stokkhólmur 1990.

Jonzon E. & Lindblad F.: Disclosure, Reactions, and Social Support: Findings From a Sample of Adult Victims of Child Sexual Abuse. *Child Maltreatment*, 9. *árgangur*, 2004, bls. 190-200.

Jonzon, E.: *Child sexual abuse : Disclosure, social support and subjective health in adulthood*. Doktorsritgerð. Karolinska Institutet, Stokkhólmur 2006.

Jónatan Þórmundsson: *Viðurlög við afbrotum*. Reykjavík, Orator, 1992, bls. 32-33.

Kapardis, A.: *Psychology and Law. A critical introduction*. Cambridge University Press, Cambridge 1997.

Kendell-Tackett, K.: The health effects of childhood abuse: four pathways by which abuse can infuence health. *Child abuse and Neglect,* 26. *árgangur*, 2002, bls. 715-729.

Kendall-Tackett, K. A., Williams, L. M. og Finkelhor, D.: Impact of sexual abuse on children: A review and synthesis of recent empirical studies. *Psychological Bulletin, 113*. árgangur, 1993, bls. 164-180.

Killen K.: *Omsorgssvikt. en kasusstudie og etterundersökelse av barn í omsorgs-sviktsituationer*. Oslo Universitet, Oslo 1987.

Killen K.: *Sveket. Omsorgssvigt er alles ansvar*. Kommuneforlaget, Oslo 1994.

Kim, J. og Cicchetti, D.: Longitudinal trajectories of self-system processes and depressive symptoms among maltreated and nonmaltreated children. *Child Development, 77*. árgangur, 2006, bls. 624-639.

Kjellqvist, E.: *Rött och vitt. Om skam och skamlöshet*. Carlson, Stokkhólmur 1993.

Kogan, S.M.: Disclosing unwanted sexual experiences: results from a national sample of adolescent women. *Child Abuse & Neglect*. 28. árgangur, 2004, bls. 147-165.

Kroger, J.: Ego identity status research in the new milleenium. *International Journal of Behavioral Development, 24*. árgangur, 2000, bls. 145-148.

Lader, M.: *Influence of drugs on testimony*. Í Heaton-Armstrong, A., Shepherd, E. og Wolchover, D. (ritstjórar), *Analysing Witness Testimony. A guide for legal practitioners & other professionals*. Blackstone Press Limited, London 1999.

Lagerberg, D. og Sundelin, C.: *Risk och prognos – i socialt arbet med barn. Forskningsmetoder och resultat*. Goethia, Stokkhólmur 2000.

Lerner, R. M. og Steinberg, L.: *Handbook of Adolescent Psycholgy*. Wiley, New York, 2004.

Lew, M.: *Victims No Longer. Men recovering from Incest and other Sexual Child Abuse*. Harper & Row/ Perennial. Library, New York 1990.

Loftus, E.F.: *Eyewitness Testimony*. Harvard University Press, Cambridge, MA 1979.

London, K., Bruck, M., Ceci, S. J., og Shuman, D.W. *Disclosure of Child Sexual Abuse: A review of the contemporary empirical literature*. Lawrence Erlbaum Associates Publishers, US 2007.

Luster, T. og Small, S. A.: Sexual abuse history and problems in adolescence: Exploring the effects of moderating variables. *Journal of Marriage and the Family, 5. árgangur,* 1997, bls. 131-142.

Martin, G.: Reported family dynamics, sexual abuse, and suicidal behaviors in community adolescents. *Archives of Suicide Research, 2. árgangur*, 1996, bls. 183-195.

Martin, G., Bergen, H. A., Richardson, A. S., Roeger, L. og Allison, S.: Sexual abuse and suicidality: gender differences in a large community sample of adolescents. *Child Abuse & Neglect, 28. árgangur,* 2004, bls. 491-503.

Matthías Halldórsson, Kunst, A. E. og Köhler, L.: Socioeconomic inequalities in the health of children and adolescents. A comparative study of the five Nordic countries. *European Journal of Public Health, 10. árgangur*, 2000, bls. 281-288.

McGee, R. A., Wolfe, D. A. og Wilson, S.: Multiple maltreatment experiences and adolescent behavior problems: Adolescents' perspectives. *Development and Psychopathology, 9. árgangur,* 1999, bls. 131-149.

McGloin, J. M. og Widom, C. S.: (2001). Resilience among abused and neglected children grown up. *Development and Psychopathology, 13. árgangur,* 2001, bls. 1021-1038.

Miller A.: *Breaking Down the Wall of Silence. The Liberating Experinece of Facing Painful Truth*. Penguin Books /Dutton, New York 1991.

Morrow, K. B. og Sorell, G. T.: Factors affecting self-esteem, depression and negative behaviours in sexually abused female adolescents. *Journal of marriage and the family, 51. árgangur*, 1989, bls. 677-686.

NOU (2004).: *Barnehjem og spesialskoler under lupen – nasjonal kartlegging av omsorgssvikt og overgrep i barnevernsinstitusjoner,* Statens forvaltningstjeneste, Informasjonsforvaltning, 23. hefti, Oslo 2004, 1945-1980.

NOU 2004:23.: Nasjonal kartlegging af omsorgssvikt og overgreb i barneverns-institusjoner 1945-1980. Utredning fra et utvalg oppnevnt av Barne- og familiedepartementet 19. desember 2003. Avgitt 1. november 2004.

Polusny, M. A., og Follette, V. M.: Long-term correlates of child sexual abuse: Theory and review of the empirical literature. *Applied & Preventive Psychology, 4. árgangur,* 1995, bls. 143-166.

Putnam, FW.: Ten–year research update review: Child sexual abuse. *Journal of American Academy og Child and Adolescent Psychiatry, 42. árgangur*, 2003, bls. 269-278.

Ragnhildur Bjarnadóttir. Hvað telja unglingar sig læra af áhugamálum sem þeir stunda utan skóla? *Uppeldi og menntun, 11. árgangur*, 2002, bls. 207-226.

Rapport fra Granskingsutvalg oppnevnt av Fylkesmannen i Oslo og Akershus. Avgitt 1. desember 2005.

Rosenberg, M.: *Society and the adolescent self-image*. Princeton University, New Jersey 1965.

Rosenberg, M.: Self-concept and psychological well-being in adolescence. Í R. Leahy (ritstj.), *The development of the self*. Academic Press, New York 1985.
Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*. Bókaútgáfan Codex, Reykjavík 2007, bls. 248-251.
Róbert R. Spanó: „Ákvæði 1. mgr. 68. gr. stjórnarskrárinnar um bann við ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu“. *Lögberg*, rit lagastofnunar Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan, Reykjavík 2003, bls. 644-650.
Rutter, M., Quinton, D. og Hill, J.: Adult outcome of institution-reared children. Í L. Robins og M. Rutter (ritstj.), *Straight and devious pathways fom childhood to adulthood*. Cambridge University Press, Cambridge 1990.
S 2006:05. Delrapport 1 från Utredningen om vanvård i den sociala barnavården, 17. ágúst 2007.
Sadowski, H., Trowell, J., Kolvin, I., Weeramanthri, T., Berelowitz, M. og Gilbert, L. H.: Sexually abused girls: patterns of psychopathology and exploration of risk factors. *European Child & Adolescent Psychiatry, 12. árgangur,* 2003, bls. 221-230.
Sandbæk M.: Children with problems: focusing on everyday life. *Children and Society, 13. árgangur*, 1999, bls. 106-118.
Saunders, B. E. Villeponteaux, L. A., Lipovsky, J. A., Kilpatrick, D. G., og Veronen, L.J.: Child sexual assault as a risk factor for mental disorders among women: A community survey. *Journal of Interpersonal Violence, 7. árgangur,* 1992, bls. 189-204.
Saunders, B. E.: Understanding children exposed to violence: Toward an integration of overlapping fields. *Journal of Interpersonal Violence, 18. árgangur*, 2003, bls. 356-376.
Schooler, J.W. og Loftus, E.F.: *Multiple Mechanisms Mediate Individual Differences in Eywitness Accuracy and Suggestibility*. Í Puckett, J.M. og Reese, H.W. (ritstj.), *Mechanisms of Everyday Cognition*. Lawrence Erlbaum Associates, New York 1993.
Shengold, L.: *Soulmurder. The Effects of Childhood Abuse and Deprivation*. Fawcett Coumbine, New York 1989.
Sigrún Aðalbjarnardóttir og Kristín Lilja Garðarsdóttir: Uppeldishættir foreldra og sjálfsálit fólks á aldrinum 14 og 21 árs. *Uppeldi og menntun, 13. árgangur,* 2004, bls. 9-23.
Sigrún Júlíusdóttir (1988). *Hremmingar. Viðtöl um nauðgun*. M&M, Reykjavík 1988.
Sigrún Júlíusdóttir: *Fjölskyldur við aldahvörf*. Háskólaútgáfan, Reykjavík 2001, bls. 204-210.
Snjólaug Stefánsdóttir, Sveinn Allan Morthen og Iðunn Valgarðsdóttir: Skýrsla um Breiðavík. Óbirt ritgerð við Háskólann í Uppsölum í Svíþjóð 1979.
Staller, K.M. & Nelson-Gardell, D.: “A burden in your heart”: Lessons of disclosure from female preadolescent and adolescent survivors of sexual abuse. *Child Abuse & Neglect*, 29. árgangur, 2005, bls. 1415-1432.
Stefansen K. og Smette, I.: “Det var ikke en voldtekt, mer et overgrep”. Kvinners fortolkning av sexuelle overgrepserfaringer. *Tidskrift for Samfunnsforskning,* 47. *árgangur*, 2006, bls. 33-56.
Stefansen K. og Mossinge, S.: *Vold og overgreb mot barn og unge kartlagt*. NOVA Rapport 20/2007.
Steinberg, L. og Morris, A. S.: Adolescent Development. *Annual Review of Psychology, 52. árgangur*, 2001, bls. 83-110.

Steinberg, L., Lamborn, S. D., Darling, N., Mounts, N. S. og Dornbush, S.M.: Over time changes in adjustment and competence among adolescents from authoritative, authoritarian, indulgent and neglectful families. *Child Development, 65. árgangur,* 1994, bls. 754-770.

Steinunn Gestsdóttir og Lerner, R. M.: Hlutverk sjálfstjórnar í æskilegum þroska barna og unglinga. *Sálfræðiritið, 12. árgangur,* 2007, bls. 35-53.

Swanston, H. Y., Parkinson, P. N., O´Toole, B. I., Plunkett, A. M., Shrimpton, S. and Oates, R. K.: Juvenile crime, aggression and delinquency after sexual abuse. A longitudinal study. *The British Journal of Criminology, 43. árgangur*, 2003, bls. 729-749.

Turner, H. A., Finkelhor, D. og Ormrod, R.: The effect of lifetime victimization on the mental health of children and adolescents. *Social Science & Medicine 62. árgangur,* 2006, bls. 13-27.

Vrij, A.: Criteria-based content analysis. A qualitative review of the first 37 studies. *Psychology, Public Policy, and Law*, *11. árgangur*, 2005, bls. 3-41.

Walsh, F.: *Strengthening Family Resilience*. Guilford Press, New York 2006.

Whetsell-Mitchell, J. The many faces of child sexual abuse. *Issues in comprehensive Pediatric Nursing, 18. árgangur,* 1995, bls. 299-318.

Widom, C. S. og Kuhns, J. B.: Childhood Victimization and Subsequent Risk for Promiscuity, Prostitution and Teenage Pregnancy: A prospective Study. *American Journal of Public Health, 86. árgangur*, 1996, bls. 1607-1612.

Widom, C. S.: Posttraumatic Stress Disorder in Abused and Neglected Children Grown Up. *American Journal of Psychiatry, 156. árgangur*, 1999, bls. 1223-1229.

V. FYLGISKJÖL

1. **Lög nr. 26/2007** um skipan nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn.
2. **Bragi Guðbrandsson**: *Barnavernd og uppeldisstofnanir – Saga stofnana fyrir börn og samfélagsbreytingar um miðja 20. öld*. Greinargerð unnin í tilefni af könnun nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007. Desember 2007.
3. **Gísli H. Guðjónsson**: *Psychological Report*. Ref: Breidavik, dags. 7. desember 2007, og *Psychological Report*. Ref: Breidavik, dags. 31. desember 2007.
   Gísli H. Guðjónsson: *Sálfræðiskýrsla*. Tilv. Breiðavík, dags. 7. desember 2007, og *Sálfræðiskýrsla*. Tilv. Breiðavík, dags. 31. desember 2007 - íslensk þýðing
4. **Viðar Már Matthíasson**: *Álitsgerð um ýmis skaðabótaréttarleg atriði í tilefni af könnun nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 á starfsemi vistheimilisins Breiða¬vík ur á árunum 1952-1979*, dags. 7. desember 2007.
5. **Borgarskjalasafn**: *Greinargerð varðandi gagnaöflun og gagnavörslu vegna Breiðavíkurmáls*, dags. 10. janúar 2008.

FYLGISKJAL NR. 1

Nr. 26 23. mars 2007

LÖG

um skipan nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Forsætisráðherra er heimilt að setja á fót nefnd til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn. Heimild þessi tekur ekki til þeirra stofnana sem starfandi eru við gildistöku laga þessara.

Markmið könnunarinnar og meginverkefni nefndar skulu vera eftirtalin:

a. Að lýsa starfsemi viðkomandi stofnunar, hlutverki hennar í barnaverndar- eða uppeldismálum og tildrögum þess að börn voru vistuð þar á því tímabili sem um ræðir.
b. Að leitast við að staðreyna eins og kostur er hvort og þá í hvaða mæli börn sem vistuð voru á stofnuninni hafi sætt illri meðferð eða ofbeldi meðan á dvölinni stóð.
c. Að lýsa því hvernig opinberu eftirliti með viðkomandi starfsemi var háttað.
d. Að leggja grundvöll að tillögum til stjórnvalda um frekari viðbrögð ef ástæða þykir til.

Nefndin skal skila skýrslu um störf sín til forsætisráðherra sem kynnir Alþingi skýrsluna.

2. gr.

Nefndin skal vera sjálfstæð og óháð í störfum sínum. Skal formaður hennar uppfylla starfsgengisskilyrði héraðsdómara. Nefndinni er heimilt að kalla eftir aðstoð sérfræðinga eða annarri aðstoð við einstaka þætti könnunarinnar.

3. gr.

Nefndin skal hafa frjálsan og óheftan aðgang að öllum gögnum í vörslu stjórnvalda sem varða starfsemi þess vist- eða meðferðarheimilis fyrir börn sem erindisbréf hennar nær til. Þá skulu stjórnvöld, sé þess óskað, taka saman skriflegar greinargerðir um einstaka þætti könnunarinnar.

Nefndinni er heimilt að taka skýrslur af fyrrverandi vistmönnum og hverjum þeim öðrum sem nefndin telur að búi yfir vitneskju sem komi að notum í starfi hennar enda veiti þeir samþykki sitt.

Læknum eða öðru heilbrigðisstarfsfólki og opinberum starfsmönnum, sem ella væru bundnir þagnarskyldu, er skylt að veita nefndinni upplýsingar sé þess óskað, eftir atvikum með því að gefa nefndinni skýrslu. Hið sama gildir um þá sem látið hafa af störfum.

Þeim sem gefur skýrslu fyrir nefndinni er heimilt að skorast undan því að svara spurningu ef ætla má að í svari hans geti falist játning eða bending um að hann hafi framið refsiverðan verknað eða að það gæti orðið honum til mannorðsspjalla.

Sá sem vísvitandi gefur nefndinni rangar eða villandi upplýsingar skal sæta sektum eða fangelsi allt að fjórum mánuðum. Um slík mál skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Fundir nefndarinnar eru lokaðir.

Nefndarmenn og starfsmenn hennar eru bundnir þagnarskyldu um hvaðeina er varðar einkalíf manna sem þeir fá upplýsingar um við störf nefndarinnar. Þagnarskylda um slík atriði helst þegar störfum nefndar er lokið.

Formanni nefndarinnar er heimilt að veita almennar upplýsingar um störf nefndarinnar og verklag meðan hún starfar.

5. gr.

Forsætisráðherra ákveður skipan nefndarinnar, skipunartíma og þóknun og setur henni erindisbréf þar sem nánar er mælt fyrir um verkefni nefndarinnar. Skal þar einkum kveðið á um það til hvaða starfsemi könnun nefndarinnar tekur og það tímabil sem könnunin beinist að. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

6. gr.

Upplýsingalög, nr. 50/1996, gilda ekki um störf nefndarinnar eða um þau gögn sem nefndin aflar sér eða sem hún útbýr eða lætur útbúa. Þá gilda stjórnsýslulög, nr. 37/1993, ekki um störf nefndarinnar.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 23. mars 2007.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Geir H. Haarde.

A-deild – Útgáfud.: 28. mars 2007

FYLGISKJAL NR. 2

Barnavernd og uppeldisstofnanir

Saga stofnana fyrir börn og samfélagsbreytingar um miðja 20. öld

Bragi Guðbrandsson
forstjóri Barnaverndarstofu

Inngangsorð

Síðastliðið sumar fór Róbert Spanó formaður nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn, sbr. lög nr. 26/2007, þess á leit við mig að taka saman yfirlit yfir uppeldisstofnanir og þjóðfélagsaðstæður á árunum eftir stríð og fram á áttunda áratuginn. Ennfremur var þess óskað að ég legði mat á framkvæmd barnaverndarnefnda við ráðstöfun barna í Breiðavík á starfstíma heimilisins. Upphaflega stóð til að um stutta greinargerð yrði að ræða. Fljótlega kom í ljós að erfitt væri að gera efninu skil án nokkuð ítarlegrar athugunar. Saga barnaverndarstofnana á Íslandi hefur aldrei verið rituð og skortur var á aðgengilegum heimildum um barnaverndarstarf fyrr á tímum. Varð það að ráði að ég legði öllu meiri vinnu í verkið en ætlað var í upphafi með það að leiðarljósi að glæða skilning leikra og lærðra á aðstæðum olnbogabarna þjóðarinnar á öldinni sem leið.

Við samningu greinargerðarinnar hef ég leitað til fjölmargra einstaklinga sem veitt hafa mér dýrmætar upplýsingar og holl ráð sem ég vil þakka fyrir og er þeirra getið í heimildaskrá. Ég held að ég halli ekki á neinn þótt ég láti nægja að nefna Svein Ragnarsson, fyrrverandi félagsmálastjóra, sérstaklega í þessu sambandi. Öll ábyrgð á þessari ritsmíð er þó að sjálfsögðu mín.

Reykjavík, desember 2007

Bragi Guðbrandsson

1. kafli
Upphaf skipulags barnaverndarstarfs á Íslandi

Rekja má sögu barnaverndar, í víðtækri merkingu þess orðs, á Íslandi langt aftur í aldir. Fyrstu verndarákvæðin í íslenskum lögum má rekja aftur til Grágásar og síðar Jónsbókar, einkum er varða bann við barnaútburði, framfærsluskyldu gagnvart börnum, skírn og sakhæfi barna. Segja má að þáttaskil verði fyrst árið 1746 með „*Tilskipun um hús-agann á Íslandi*". Samkvæmt húsagatilskipuninni báru foreldrar ábyrgð á uppeldi barna sinna en prestum og hreppstjórum bar að hafa eftirlit með að tilhögun barnauppeldis væri hagað í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar. Hér er um að ræða fyrstu lagareglur sem beinlínis fela í sér heimildir opinberra aðila til að grípa inn í uppeldi barna og jafnvel töku barns af heimili ef svo bar undir.

Fyrstu barnaverndarlögin voru sett á Íslandi árið 1932. Þá hefst hið eiginlega barnaverndarstarf með skipun Barnaverndarráðs Íslands og barnaverndarnefndar Reykjavíkur. Fljótlega tóku til starfa barnaverndarnefndir í kaupstöðum en í minni sveitarfélögum fóru skólanefndir með lögbundið hlutverk barnaverndarnefndar. Óhætt er að fullyrða að lengst af hafi barnaverndarstarf á Íslandi notið forystu barnaverndarnefndar Reykjavíkur sem fljótlega réð í þjónustu sína starfsmenn til að sinna einstökum málum.

Fyrirmyndin að fyrstu íslensku barnaverndarlöggjöfinni var einkum sótt til Noregs, en árið 1896 tóku þar gildi hin svonefndu „*Værgeraadslov*". Sú löggjöf er líklega ein sú elsta í heiminum um barnavernd. Norðmenn og Svíar settu sérstök ákvæði um barnavernd í sína löggjöf fljótlega upp úr aldamótunum, sem síðar voru endurskoðuð rúmum tveimur áratugum síðar. Sú löggjöf var jafnframt höfð til hliðsjónar við samningu fyrstu barnaverndarlaganna hér á landi.

Það voru forystukonur í réttindabaráttu íslenskra kvenna sem höfðu veg og vanda af því að kynna barnavernd til sögunnar á Íslandi. Bríet Bjarnhéðinsdóttir var á meðal þeirra sem fóru þar fremstar í flokki en hún lét uppeldi barna mjög til sín taka í skrifum sínum, m.a. í Kvennablaðinu sem gefið var út í tæpa tvo áratugi frá 1895 til 1919. Það var einmitt í Kvennablaðinu árið 1917 sem fjallað var fyrst um barnavernd

hér á landi í þremur greinum um „Lögverndun barna" en uppistaðan var þýdd frásögn af barnaverndarstarfi í Noregi. Þar kemur m.a. fram hver meginhugsunin að baki norsku laganna sé og var henni lýst með svofelldum hætti:

„Grundvallarhugsun þessara laga er ekki að *hegna* og *hefna*, heldur að *reisa við* og *bjarga*. Og þau gilda ekki einungis fyrir börn, sem drýgt hafa glæpsamleg brot, heldur einnig fyrir *öll vanrækt og hjálpvana börn*, – börn frá heimilum, sem ekki geta skapað góða menn, börn, sem þurfa verndar gegn misþyrmingu og vanrækslu".[1]

Hér eru komnar fram þær tvær meginreglur í barnavernd sem áttu eftir að verða ríkjandi í íslenskri löggjöf um barnavernd allt frá upphafi og til dagsins í dag. Annars vegar er barnaverndarstarfi ætlað að grípa inn í þegar forsjáraðilar barns bregðast uppeldisskyldum sínum, vanrækja barn, tryggja ekki öryggi þess eða beita það ofbeldi með einum hætti eða öðrum. Hins vegar tekur barnaverndarstarf til þess að bregðast við eigin háttsemi barns sem er til þess fallin að ógna velferð þess, t.d. vegna afbrota, andfélagslegrar hegðunar eða neyslu vímugjafa. Þannig lúta barnaverndarmál að barni sem *þolanda* annars vegar og hins vegar sem *geranda*.. Veruleikinn er aftur á móti oftast flóknari, þ.e. að þessir tveir flokkar barnaverndarmála verða í reynd vart aðskildir í vel flestum tilvikum. Loks er höfuðmarkmiðið með íhlutun barnaverndarstarfs fólgið í stuðningi við barnið og fjölskyldu þess þannig að uppvaxtarskilyrði barnsins séu því eins hagfelld og kostur er.

Ofangreindar meginreglur koma skilmerkilega fram í lögunum um barnavernd frá árinu 1932[2]. Þá þegar var barnaverndarstarfi í stórum dráttum sniðinn sá stakkur sem enn er. Á vettvangi sveitarfélaga skulu starfa barnaverndarnefndir sem hafa með höndum framkvæmd barnaverndarstarfs. Barnaverndarnefndir hafa sjálfstæða eftirlitsskyldu með uppeldi barna en jafnframt er kveðið á um tilkynningaskyldu almennings til barnaverndarnefnda þegar ætla má að velferð barns sé fyrir borð borin. Barnaverndarnefndum ber að taka til meðferðar mál sem þeim berast og grípa til viðeigandi ráðstafana þegar könnun máls gefur tilefni til. Almennt ber að grípa til þessara ráðstafana í samráði við foreldra eða aðra forsjáraðila. Náist ekki samvinna við forsjáraðila barns, ber barnaverndarnefndum að grípa til ráðstafana sem duga. Við

[1] *Kvennablaðið* 1917, bls. 70.
[2] *Stjtíð* 1932, bls. 79.

úrlausn mála í slíkum tilvikum hafa nefndirnar heimildir til töku barns af heimili í lengri eða skemmri tíma.

Auk barnaverndarnefnda kveða lögin um barnavernd frá 1932 á um skipun og hlutverk Barnaverndarráðs sem annast yfirumsjón með barnaverndarstarfi allra nefnda landsins. Barnaverndarráði var falið að fara með fullnaðarúrskurðarvald í einstökum barnaverndarmálum en jafnframt hafði ráðið m.a. eftirlit með starfsemi barnaverndarnefnda og heimti frá þeim skýrslur um störf þeirra. Gilti þessi skipan næstum út 20. öldina og var það ekki fyrr en með núgildandi barnaverndarlögum árið 2002 að Barnaverndarráð var lagt niður.

Athyglisvert er að í lögunum um barnavernd frá 1932 er ekki að finna ákvæði sem beinlínis skylda eða heimila barnaverndaryfirvöldum að starfrækja stofnanir fyrir börn.[3] Lögin gera þó ráð fyrir að stofnanir fyrir börn séu starfræktar og hafa þau að geyma sérstök ákvæði um eftirlit með stofnunum. Um hlutverk barnaverndarnefndar í þessum efnum segir að hún skuli hafa „eftirlit með barnahælum og dagheimilum í umdæmi sínu svo og meðferð barna úr kaupstaðnum, sem komið hefur verið fyrir á slíkum stofnunum utan umdæmis hennar. Þá er í lögunum afdráttarlaus heimild til að barnaverndarnefnd láti til sín taka komist hún að því að uppeldi barns sé vanrækt á slíkum stofnunum. Er henni ekki einungis heimilað að taka barn úr vistun heldur einnig „þegar sakir eru miklar" að „banna forsvarsmönnum að taka vandalaus börn framvegis". Í slíkum tilvikum er heimilt að skjóta slíkum ákvörðunum til Barnaverndarráðs. Barnaverndarráði eru enn frekari skyldur lagðar á herðar. Því er samkvæmt lögunum ætlað að hafa „eftirlit með öllum barnahælum landsins og láta einhvern barnaverndarráðsmann eða fulltrúa heimsækja þau, ekki sjaldnar en tvisvar á ári til að kynna sér heimilishætti og meðferð barnanna".

Sú yfirumsjón og eftirlit með uppeldisstofnunum sem Barnaverndarráði var falið með lögunum frá 1932 hélst áfram allt til ársins 1995 þegar Barnaverndarstofa var sett á laggirnar og var falið þetta hlutverk. Eins og fyrr segir gerðu lögin hins vegar hvorki

[3] Í handriti Aðalheiðar Sigurðardóttur, form. nefndarinnar sem samdi frumvarpið að fyrstu barnaverndarlögunum, um heimsókn á uppeldisstofnanir í Danmörku og Noregi frá 1930, kemur m.a. fram að hún telur reynsluna af uppeldisstofnunum þar ekki jákvæða. Ályktun hennar er orðuð með svofelldum hætti: „Það mega vera mjög ljeleg heimili, til þess að þau sjeu ekki betri en jafnvel gott hæli".

ráð fyrir því að ríki eða sveitarfélög hefðu það hlutverk að koma á fót eða reka uppeldisstofnanir. Þannig má ætla að það sjónarmið hefði verið ráðandi að slíkt væri í verkahring einstaklinga og/eða frjálsra félagasamtaka, enda varð sú raunin á. Þess varð þó ekki langt að bíða að talsmenn barnaverndar legðu fram tillögur um að opinberir aðilar öxluðu ábyrgð á því sviði. Á þessum árum höfðu Barnaverndarráð og barnaverndarnefndir raunar ályktað um málið en ekki gekk það þó eftir.[4] Það var ekki fyrr en sérstakar aðstæður sem sköpuðust með hernámi Íslands urðu til þess að svo varð. Framvinda þess reyndist þó ekki verða með þeim hætti sem barnaverndarfólkið óskaði eftir. Að því verður vikið síðar.

[4] ÞÍ. Skjalasafn Barnaverndarráðs. Skýrsla Barnaverndarráðs Íslands 1936 til 1937, bls. 13, og skýrsla 1938-1939, bls. 9 og bls. 14.

2. kafli
Uppeldisstofnanir í árdaga

Fyrstu hugmyndirnar að stofnun uppeldis-og vistheimila fyrir börn voru settar fram fljótlega eftir aldamótin 1900. Að vísu voru fyrr komnar fram hugmyndir um barnaheimili, einkum tillaga Bríetar Bjarnhéðinsdóttur um vinnuheimili barna. Sú tillaga var fólgin í eins konar skóladagheimili þar sem börnin gætu dvalið þann hluta dags sem þau voru ekki í skóla og lært nytsama iðju.[5] Þá er rétt að geta Málleysingjaskólans sem stofnaður var árið 1904 og var ætlaður málhöltum og mállausum börnum. Fljótlega var stofnuð heimavist við skólann svo unnt væri að taka við börnum hvaðanæva af landinu.[6] Skólinn var þar með orðinn að fyrstu stofnun fyrir fötluð börn á Íslandi. Á aukaársfundi Thorvaldsensfélagsins árið 1906 var samþykkt að stofna skyldi sjóð til „að koma á fót uppeldisstofnun fyrir fátæk börn".[7] Barnahælissjóður Reykjavíkurbæjar var stofnaður rúmum áratug síðar í kjölfar nokkurrar umræðu um nauðsyn þess að koma á fót barnahæli, m.a í bæjarstjórn. Var hugsunin að baki þessara sjóða sú að úr þeim rynni fé til reksturs uppeldisstofnana fyrir börn. Á fyrstu tveimur áratugum aldarinnar lutu hugmyndir manna og tilraunir til að skapa úrræði fyrir börn þó ekki síður að gæsluvöllum, sumardvölum í sveit og vöggustofum til dagvistunar ungbarna.

2.1 Vorblómið

Fyrsta uppeldisstofnunin sem sett var á laggirnar fyrir börn á Íslandi var *Vorblómið* sem Þuríður Sigurðardóttir kom á fót á Skólavörðustíg 22 árið 1928. Saga Þuríðar er einstök en hún lét gamlan draum rætast rúmlega fimmtug og fór til Danmerkur og Svíþjóðar í því skyni að starfa við uppeldisstofnanir, gagngert til að undirbúa stofnun heimilis hér á landi. Í upphafi var ætlun Þuríðar að hafa tíu börn en svo mikil var eftirspurnin eftir plássum að hún leitaði fljótt til borgaryfirvalda um stærra húsnæði. Starfsemi Vorblómsins flutti árið 1930 í húsnæði Elliheimilisins Grundar við Kaplaskjólsveg þegar það síðarnefnda var flutt á Hringbraut. Upp frá því voru á milli 20 og 30 börn vistuð á Vorblóminu. Börnin voru á öllum aldri, frá hvítvoðungum til

---

[5] Bríet Bjarnhéðinsdóttir: *Sveitalífið og Reykjavíkurlífið*, bls. 55.
[6] *Saga Alþingis* 4, bls. 188.
[7] *Thorvaldsensfélagið 100 ára*, bls. 52.

unglinga. Ástæður vistunar voru einkum veikindi mæðra og umkomuleysi, en flest börnin voru síðar ættleidd eða þeim komið fyrir í langtímafóstri. Haustið 1934 brunnu húsakynni Vorblómsins og björguðust yngstu börnin naumlega en þau eldri voru í skóla. Vorblómið lenti þá í húsnæðishrakningum, fékk m.a. inni um hríð á Franska spítalanum við Lindargötu og síðar í húsnæði við Reykjavíkurveg í Skerjafirðinum. Starfsemin leið undir lok skömmu eftir lát Þuríðar eða árið 1938.[8] Tókst þá að koma 10 börnum fyrir til bráðabirgða á Sólheimum í Grímsnesi. Haustið 1938 tók til starfa vistheimili og vöggustofa þar sem boðið var upp á sólarhringsvistun í Tjarnarborg á vegum Sumargjafar sem tók við hlutverki Vorblómsins eins og síðar verður vikið að.

2.2 Sólheimar í Grímsnesi

Önnur uppeldisstofnunin sem hóf starfsemi á Íslandi var *Sólheimar í Grímsnesi*. Aðdragandinn að stofnun Sólheima er um margt hliðstæður stofnun Vorblómsins. Stofnandinn, Sesselja Sigmundsdóttir, fór ung til Danmerkur og síðan Sviss til að afla sér þekkingar til að annast umkomulaus börn. Þar kynnist hún kenningum Rudolf Steiner um mannspeki (antroposofi). Sesselja festi kaup á jörðinni Hverakoti í Grímsnesi árið 1930 með tilstyrk Barnaheimilissjóðs Þjóðkirkjunnar og hóf starfsemi þá þegar um sumarið. Frá upphafi tók Sesselja jöfnum höndum á móti ófötluð börnum sem fötluðum og varð starfsemin fljótt umfangsmikil. Í skýrslu fulltrúa Barnaverndarráðs frá árinu 1934 má þannig sjá að börnin eru alls 19, þar af 8 „fávitar" svo notað sé orðfæri þess tíma.[9] Á sumrum voru börnin jafnan fleiri eða um 40 börn.

Árið 1935 voru lögin um fávitahæli samþykkt á Alþingi og í kjölfarið fengu Sólheimar fljótlega löggildingu samkvæmt þeim og nokkurn stuðning til að ljúka við byggingu húss sem rúmað gæti allt að 30 „fávita". Sú blöndun andlegra heilbrigðra barna og þroskaheftra á Sólheimum varð fljótlega að bitbeini á milli Barnaverndarráðs og Sesselju. Barnaverndarráð taldi slíka blöndun mjög óheppilega en Sesselja var afdráttarlaust þeirrar skoðunar að hún kæmi ekki niður á börnunum og að vangefin börn ættu „fullan rétt á að umgangast algefin börn í daglegu lífi manna, og það gerir þeim síðarnefndu engan skaða"[10]. Fleiri ágreiningsmál voru á milli Barnaverndarráðs

[8] ÞÍ. Skjalasafn Barnaverndarráðs. Skýrslur Barnaverndarráðs Íslands árin 1932 til 1937.
[9] Jónína Michaelsdóttir: *Mér leggst eitthvað til. Sagan af Sesselju Sigmundsdóttur...*, bls. 121.
[10] Jónína Michaelsdóttir. *Mér leggst eitthvað til.* bls. 127.

og Sesselju, ekki síst er varðaði mataræði. Lengi vel stóð í járnum og um miðjan fimmta áratuginn úrskurðaði ráðið að svipta skyldi Sesselju rétti til að veita heimilinu forstöðu, en sá úrskurður var ógiltur í Hæstarétti árið 1948. Ágreiningur Barnaverndarráðs og Sesselju jafnaðist og þegar frá leið vistuðust einvörðungu börn með þroskahömlun að Sólheimum og ílentust mörg þeirra þar til fullorðinsára.

2.3 Heimavist Laugarnesskóla, deild fyrir veikluð börn

Upp úr miðjum fjórða áratugnum var komin veruleg hreyfing á aðgerðir manna til að mæta þörfum umkomulausra og vanræktra barna, enda þótt því sé víðsfjarri að mætt hafi verið þeirri gríðarlegu þörf sem fyrir hendi var. Árið 1935 var komið á fót *heimavist eða deild fyrir veikluð börn í barnaskólanum í Laugarneshverfi í Reykjavík*. Hér er um að ræða einu sólarhringsvistun barna á vegum borgaryfirvalda fram yfir stríð. Heimavistin var ætluð fátækum börn á skólaaldri sem þjáðust af næringarefnaskorti, voru vanhirt eða bjuggu við vondan aðbúnað að öðru leyti. Deildin gat tekið við 12 börnum, drengir og stúlkur skiptu með sér skólaárinu þannig að samtals gátu mest dvalið 24 börn hvert skólaár. Ári síðar var starfsemi þessi efld með húsnæði sem byggt var ofan á skólann fyrir starfsemina, en til þeirrar framkvæmdar var notað fé Barnaheimilissjóðs Reykjavíkurborgar sem fyrr var nefndur.[11] Þá gátu 23 börn dvalist til skiptis, drengir annað árið og stúlkur hitt, og var reksturinn með þessum hætti þar til honum lauk árið 1962. Börnin voru flest á aldrinum 7 til 12 ára.[12] Forstöðukona heimavistarinnar í Laugarnesskóla allan starfstíma hennar, eða í 27 ár, var Vigdís Blöndal kennari.

Í þessu sambandi er rétt að nefna að Oddfellowar ráku á þessum tíma, eða frá 1931, hliðstæða starfsemi yfir sumartímann að Silungapolli þar sem um 70 veikluð og fátæk börn dvöldu sér til hressingar í um tvo mánuði og veitti Vigdís Blöndal henni jafnframt forstöðu lengst af. Oddfellowar höfðu gert Reykjavíkurbæ tilboð um að afhenda Silungapoll bænum til eignar gegn því að mannúðar- og líknarstarfsemi yrði þar rekin allt árið. Bæjarstjórnin sá sér ekki fært að þiggja boðið á þessum tíma þrátt fyrir að barnaverndarnefnd og Barnaverndarráð hafi lagt málinu það lið sem þau gátu.[13]

---

[11] Viðtal við Svein Ragnarsson í sept. 2007.
[12] *Mbl.* 17. janúar 1958, bls. 6.
[13] ÞÍ. Skjalasafn Barnaverndarráðs. Skýrsla barnaverndarráðs 1936 til 1937.

2.4 Vistheimili og vöggustofur Sumargjafar

Sá félagsskapur sem mest kvað að í velferðarmálum barna á öðrum og þriðja aldarfjórðungi síðust aldar var *Sumargjöf*. Félagið var stofnað árið 1924 og hafði forystu um margvíslegar umbætur fyrir börn, einkum á sviði sumardvala og dagheimila. Á fjórða áratugnum hófst félagið handa um uppbyggingu dagvistarheimila í Reykjavík, fyrst Grænuborgar 1931 og þá Vesturborgar 1937. Tjarnarborg bættist svo við árið 1941 og síðan Suðurborg eftir að borgaryfirvöld keyptu hús fyrir starfsemina og létu Sumargjöf í té árið 1943. Félagið átti frumkvæði að því að starfrækja *vistheimili*, sólarhringsvistun barna á aldrinum 3 til 11 ára, í Vesturborg árin 1938 til 1941 og samkvæmt sérstökum samningi við Reykjavíkurborg allt til loka árs 1951. Jafnframt var rekin þar *vöggustofa*, sólarhringsstofnun fyrir hvítvoðunga, sumarið 1941. Vöggustofan var síðar rekin í Tjarnarborg 1941 - 1943. Þá var starfsemi hennar flutt í Suðurborg þar sem hún var starfrækt til ársins 1952. Á sama tímabili var vistheimili jafnframt starfrækt í Suðurborg til viðbótar starfseminni í Vesturborg.[14]

Vistheimili Sumargjafar í Vesturborg og Suðurborg tóku að jafnaði um 20 börn hvort um sig en dvalartíminn var mjög misjafn. Ætla má að oftast hafi á milli fimmtíu og eitt hundrað börn vistast árlega á vistheimilin á þeim rúma áratug er þau störfuðu, flest á vegum barnaverndarnefndar Reykjavíkur. Á vöggustofu Sumargjafar vistuðust ungabörn til allt að tveggja ára aldurs og voru rými fyrir 16 börn á hverjum tíma en árlega voru vistuð þar um 35 til 50 börn á tímabilinu.

2.5 Aðrar vöggustofur

Vöggustofa Sumargjafar var raunar ekki fyrsta vöggustofan sem starfrækt var hér á landi. Áður hafði *Helga Níelsdóttir* ljósmóðir rekið „smábarnahæli" samhliða fæðingarstofnun í húsi sínu við Hringbraut sem síðar varð Suðurborg. Þessa vöggustofu rak hún árin 1937 til 1940 og gátu 10 börn dvalist þar. Um tildrög þess að hún hóf starfsemi vöggustofu til viðbótar rekstri fæðingarheimilis hafði Helga þetta að segja: „Það fóru t.d. að hlaðast á mig börn, ef svo má að orði kveða. Allslausar stúlkur, sem hvergi áttu höfði að halla, komu til mín og fæddu hjá mér börn sín. Þegar

[14] Gils Guðmundsson: *Barnavinafélagið Sumargjöf 25 ára.*

þær höfðu jafnað sig eftir fæðinguna, fóru þær, en ætluðu að vitja barna sinna, þegar úr rættist fyrir þeim. Sumar komu aldrei aftur. ... Ég hafði samband við bæjaryfirvöld út af þessum börnum, en lengi vel sinntu þau ekki málum af þessu tagi, þótt það lagaðist seinna" [15].

Eftirspurnin eftir vöggustofum jókst verulega á stríðsárunum. Það varð til þess að *Hjálpræðisherinn* setti á laggirnar vöggustofu sem starfrækt var árin 1941 og fram til haustsins 1943[16]. Þegar mest var urðu börnin 17 á vöggustofu Hjálpræðishersins en komið var með flest þeirra af fæðingardeildinni. Foreldrar þessarar barna voru yfirleitt íslenskar mæður og erlendir hermenn. Flest barnanna voru síðan ættleidd eða ráðstafað í langtímafóstur.[17] Húsnæði vöggustofunnar í Herkastalanum þótti óhentugt og í ýmsu ábótavant og átti það nokkurn þátt í því að starfseminni var hætt.

[15] Gylfi Gröndal: *Þegar barn fæðist. Endurminningar Helgu M. Níelsdóttur ljósmóður*, bls. 173-174.
[16] ÞÍ. Skjalasafn Barnaverndarráðs. Skýrsla Barnaverndarráðs, 1943-1945, bls. 13-14.
[17] Pétur Pétursson: *Með himneskum armi*, bls. 158-9.

3. kafli
Opinberar uppeldisstofnanir koma fram á sjónarsviðið

Stríðsárin ollu straumhvörfum í barnaverndarmálum eins og á öllum öðrum sviðum þjóðlífsins. Hernámið kallaði fram nýjar aðstæður og uppvaxtarskilyrði fyrir börn og unglinga sem að mati stjórnvalda kröfðust markvissra aðgerða. Vöxtur Reykjavíkur varð hraðari en nokkru sinni fyrr með tilheyrandi vaxtaverkjum. Atvinnuleysi kreppuáranna var að baki en húsnæðisleysi, fátækt og menningarleg upplausn skóp nýjan vanda. Borgarsamfélagið í Reykjavík hafði ekki skapað sér þá innviði sem þurfti til að koma til móts við þarfir hins ört vaxandi barnafjölda í höfuðborginni. Stjórnvöld töldu nú óhjákvæmilegt að bregðast við. Tilefnið var sú ógn sem velferð unglingsstúlkna var talin stafa af samskiptum við erlenda hermenn.

Þær uppeldisstofnanir sem settar höfðu verið á laggirnar fyrir stríð var ætlað að mæta umönnunar- og uppeldisþörf „barna sem þolenda", þ.e. ungra barna sem ekki áttu trausta forsjáraðila, t.d. vegna andláts, fátæktar, sjúkdóma, óreglu eða annarra heimiliserfiðleika. Uppeldisstofnanir sem á hinn bóginn höfðu það hlutverk að taka við börnum og ungmennum með hegðunarerfiðleika eða voru á einhvern hátt á „siðferðilegum glapstigum", svo notað sé orðalag þess tíma, höfðu ekki enn séð dagsins ljós. Barnaverndarráð og barnaverndarnefnd Reykjavíkur hafði þó ítrekað vakið athygli á þörf fyrir slíkar stofnanir. Í fyrstu skýrslu Barnaverndarráðs fyrir árin 1932 til 1935 er inngangsorðum segir m.a. að "þjóð vor þarf að eignast fleiri hæli en nú er fyrir ýmis olnbogabörn sín".[18] Þá er sérstaklega fjallað um þörf fyrir „uppeldisheimili fyrir vandræðaunglinga" í skýrslu barnaverndarnefndar Reykjavíkur árið 1937, og greint frá því að það sé "orðinn ógerningur að útvega öllum hinum lakari afbrotaunglingum varanlegan samastað í sveitum landsins".[19] Guðrún Lárusdóttir, alþingismaður og einn flutningsmanna frumvarpsins sem varð að barnaverndarlögum, lagði fram ítarlegt frumvarp árið 1935 um uppeldishæli fyrir vangæf börn og unglinga.[20] Það náði ekki fram að ganga en Guðrún fékk þó samþykkta þingsályktunartillögu vorið 1938 um stofnun uppeldisheimilis fyrir vangæf

[18] ÞÍ. Skjalasafn Barnaverndarráðs. Skýrsla Barnaverndarráðs Íslands 1932-1935, bls. 3.

[19] ÞÍ. Skjalasafn Barnaverndarráðs. Skýrsla Barnaverndarráðs Íslands 1936 til 1937, bls. 13.
[20] ÞÍ. Skjalasafn Barnaverndarráðs. Skýrsla Barnaverndarráðs Íslands 1932-1935, bls. 44-45.

börn og ungmenni, nokkrum mánuðum áður en hún lést með sviplegum hætti.[21] Það var þó ekki fyrir áeggjan barnaverndarfólks sem fyrsta uppeldisstofnunin af þessu tagi var komið á fót enda fóru óvæntir atburðir í hönd.

3.1 Fyrstu uppeldisstofnanir fyrir börn á vegum ríkisins

Strax við hernám Íslands árið 1940 varð mikil umræða um áhrif hersetunnar á siðferði landsmanna. Ekki síst höfðu menn áhyggjur af samgangi hermanna við íslenskar unglingsstúlkur. Fljótlega gengu sögur um að barnungar stúlkur allt frá 12 ára aldri væru í tygjum við dátana. Þá komu vissulega upp alvarleg tilvik sem rannsökuð voru af lögreglu og snertu kynferðisbrot gegn unglingsstúlkum.[22] Árið 1941 ritaði Vilmundur Jónsson landlæknir erindi til dómsmálaráðherra sem átti eftir að valda straumhvörfum. Í erindinu var fjallað um „skækjulifnað" íslenskra kvenna og tillögur lagðar fram um að konur sem stunduðu slíkt líferni yrðu fluttar á „vinnuhæli á afskekktum stað til betrunar". Þá segir í bréfi landlæknis m.a. svo: „Ef lögreglan hefur nokkurn veginn rétt fyrir sér, er framferði stúlkubarna hér í bænum þannig, að Reykjavík má heita ein uppeldisstöð fyrir skækjur, stórum líklegri til áhrifa á framtíðarkonur höfuðstaðarins en allar kirkjur og skólar hans samanlagðar." [23] Af kjarnyrtu orðalagi bréfsins er ljóst að Vilmundur hefur talið óhjákvæmilegt að hreyfa við stjórnvöldum. Í erindi hans til dómsmálaráðherrans eru síðan útfærðar ítarlegar tillögur um hvernig bregðast skuli við. Óhætt er að telja þær afar róttækar, svo ekki sé dýpra tekið í árinni. Þannig segir hann „að full ástæða væri til að flytja öll stúlkubörn 12-16 ára fyrst um sinn burt úr bænum og ráðstafa þeim við góð uppeldisskilyrði utan bæjar, þar sem ekkert setulið er".[24] Vilmundur lætur þó nægja að gera tillögu um að allt að 200 stúlkum verði ráðstafað burt en þær 1000 sem eftir verði í höfuðborginni verði undir eftirliti kvenna undir sameiginlegri yfirstjórn.

Viðbrögð stjórnvalda við erindi landlæknis létu ekki á sér standa. Í kjölfarið var skipuð nefnd þriggja valinkunnra manna, sem jafnan var kölluð „ástandsnefndin" í daglegu tali og var henni falið að rannsaka málið og gera tillögur til úrbóta. Ástandsnefndin skilaði skýrslu um störf sín og var þá ný nefnd skipuð með aðild barnaverndaryfirvalda sem m.a. skyldi ganga frá frumvarpi um aðgerðir. Eftir að álit

[21] ÞÍ. Skjalasafn Barnaverndarráðs. Skýrsla Barnaverndarráðs Íslands 1936-1937, bls. 29.
[22] Sjá t.d. *Mbl.* 13. sept. 1940, bls. 3.
[23] Herdís Helgadóttir: *Úr fjötrum*, bls. 238-239.
[24] Herdís Helgadóttir: *Úr fjötrum*, bls. 239-240.

nefndarinnar lá fyrir gaf ríkisstjórnin út bráðabirgðalög um eftirlit með ungmennum sem tóku gildi í júlí 1942. Samkvæmt lögunum bar barnaverndarnefndum og skólanefndum að hafa eftirlit með uppeldi og hegðun ungmenna innan 18 ára aldurs og var lögreglu gert skylt að aðstoða í þeim efnum. Í Reykjavík var eftirlit stórlega hert og fyrsti kvenlögregluþjónninn ráðinn til starfa (ungmennaeftirlitið). Átti héraðsdómari að dæma í málum samkvæmt lögunum ásamt tveimur meðdómendum (gjarnan nefndur ungmennadómur) sem valdir voru af sveitarstjórn.[25]

Nokkur tímamót urðu í sögu uppeldisstofnana fyrir börn á Íslandi með tilkomu bráðabirgðalaganna. Ríkisvaldinu var með lögunum heimilað að koma á fót sérstökum stofnunum til að vista börn og ungmenni til allt að 18 ára aldurs þegar hegðun þeirra væri „ábótavant, svo sem vegna lauslætis, drykkjuskapar, slæpingsháttar, óknytta eða annarra slíkra lasta", eins og kveðið var á um í lögunum, enda hafi ekki tekist með öðrum ráðstöfunum að leiða þau á rétta braut. Jafnframt var tekið fram að vist á slíkum uppeldisstofnunum geti komið í stað refsivistar, ef framferði ungmennis er refsivert. Með gildistöku laganna um eftirlit með ungmennum o.fl. var lagður grunnur að þeirri verkaskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga sem í stórum dráttum er ennþá í gildi um ráðstöfun barna utan heimilis. Sé tilefni ráðstöfunar utan heimilis eigin háttsemi barns eða unglings (*barn sem gerandi*) er ríkisvaldinu ætlað að sjá til að viðeigandi úrlausn sé tiltæk. Sé tilefnið aftur á móti erfiðar heimilisaðstæður, vanræksla eða ofbeldi (*barn sem þolandi*) skal sveitarfélagið bera ábyrgð á vistuninni.

3.2 Upptökuheimili ríkisins

Fljótlega eftir gildistöku laganna var tekið í notkun *upptökuheimili í gamla sóttvarnahúsinu við Ánanaust* en það starfaði einungis til ársloka 1943. Þá var jafnframt sett á laggirnar *uppeldisheimili fyrir stúlkur að Kleppjárnsreykjum* og varð starfstími þess enn styttri eða tæpt ár. Heimilið að Kleppjárnsreykjum, sem stundum var nefnt vinnuskóli, ásamt upptökuheimilinu í sóttvarnarhúsinu var frumraun í rekstri uppeldisstofnana fyrir börn með hegðunarvanda. Rekstur þessara stofnana var ekki á vegum barnaverndaryfirvalda, enda voru þær settar á laggirnar gagngert sem úrræði fyrir ungmennadóminn og ungmennaeftirlitið sem störfuðu samkvæmt bráðabirgðalögunum um eftirlit með ungmennum. Barnaverndarnefndir gátu þó

[25] Lýður Björnsson: Saga sveitarstjórna á Íslandi, bls. 212-13

ráðstafað ungmennum á þessar stofnanir. Þegar ungmennaeftirlitið var lagt af í lok árs 1944 var þessum stutta kafla lokið þótt sáð hafi verið fræjum sem döfnuðu.

Svo virðist sem á stúlknaheimilinu að Kleppjárnsreykjum hafi aldrei komist á sú starfsemi sem ætlað var á þeim tíu mánuðum sem það starfaði. Stúlkurnar urðu aldrei fleiri en 10 sem vistaðar voru samtímis, en alls voru þær 14 sem vistuðust í lengri eða skemmri tíma. Þegar heimilinu var endanlega lokað voru aðeins fjórar stúlkur vistaðar þar.[26] Reyndist fjöldi vistana því víðs fjarri því sem áætlað hafði verið, hverjar svo sem skýringar á því raunverulega voru. Raunar stóð mikill styr um starfsemi ungmennaeftirlitsins á þessum tíma og voru það ekki síst fulltrúar úr barnaverndarnefnd Reykjavíkur sem gagnrýndu hvernig staðið var að málum, þótt sú gagnrýni hafi ekki orðið opinber fyrr en eftir að ungmennaeftirlitið var lagt af. Einkum voru starfshættir ungmennaeftirlitsins gagnrýndir og samráðsleysi við barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Þannig líkir Guðrún Guðlaugsdóttir, sem var fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í barnaverndarnefnd, starfsháttum ungmennaeftirlitsins við ofsóknir. Jafnframt gaf hún heimilinu á Kleppjárnsreykjum þá einkunn að það hafi verið „nokkurs konar hefndarráðstöfun gagnvart reykvískum stúlkum".[27] Arnfinnur Jónsson, fulltrúi sósíalista í barnaverndarnefnd Reykjavíkur, tók í sama streng og taldi ungmennaeftirlitið hafa farið offari, sýnt ónærgætni og þverbrotið mannréttindi stúlknanna með þeim afleiðingum að það „geti haft ævarandi áhrif á sálarlíf þeirra og gangi glæpi næst".[28] Ljóst er jafnframt að Barnaverndarráði Íslands þótti ekki mikið til starfseminnar að Kleppjárnsreykjum koma svo sem ráða má af skýrslu ráðsins frá 1943-45. Í lok skýrslunnar er aðeins stuttlega sagt frá starfi heimilisins og þess getið að það hafi þótt óheppilega í sveit sett, „við þjóðbraut, húsnæði óhentugt og vinnuskilyrði lítil." Síðan segir „Var starfsemi þessi lögð niður af þessum ástæðum og fleirum" en ljóst má vera að hér báru fæst orð minnsta ábyrgð.[29]

Þótt barnaverndarfólki hafi þótt lítið koma til stúlknaheimilisins að Kleppjárnsreykjum virðist upptökuheimilið í Ánanaustum hafa nýst þörfum barnaverndarstarfs betur. Starfsmaður barnaverndarnefndar hafði þar aðsetur og gegndi m.a. því hlutverki að sinna börnum og unglingum sem þar vistuðust til

[26] *Mbl.* 16. jan. 1945, bls. 5. Viðtal við Jóhönnu Knudsen.
[27] *Mbl.* 26. jan. 1945, bls. 5. Viðtal við Guðrúnu Guðlaugsdóttur.
[28] Þjóðviljinn 27. nóv. 1943. Tilvitnun í bók Herdísar Helgadóttur *Úr fjötrum*, bls. 269-271.
[29] ÞÍ. Skjalasafn Barnaverndarráðs. Skýrsla Barnaverndarráðs Íslands 1943-1945, bls. 34.

bráðabirgða og til að útvega þeim dvalarstað til frambúðar. Þannig taldi barnaverndarnefndin mikið hagræði af starfseminni og var stór hluti vistana á hennar vegum þótt ungmennaeftirlitið og lögreglan hafi verið stærsti vistunaraðilinn. Alls vistuðust 57 börn og unglingar á upptökuheimilinu í lengri eða skemmri tíma. Athygli vekur að upptökuheimilið tók ekki einungis á móti börnum með hegðunarvanda, heldur jafnframt börnum sem fjarlægja þurfti af heimili vegna heimiliserfiðleika, t.d. drykkjuskapar og vanhirðu foreldra. Jafnframt voru dæmi þess að þar dveldu mæður sem urðu að flýja heimili sín með ungum börnum.[30] Strax í upphafi kom þannig fram sá vandi sem síðan hefur fylgt verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga varðandi stofnanarekstur í barnaverndarmálum og fólginn er í því að við framkvæmd barnaverndarmála eru skilin á milli mála þar sem barn er „þolandi" og barn er „gerandi" ekki alltaf ljós. Auk þess átti reynslan eftir að sýna að oft varð að grípa til þeirra ráðstafana sem í boði voru þar sem viðeigandi úrræði reyndust ekki tiltæk.

3.3 Barnaverndarlögin frá 1947 og hugmyndalegur aðdragandi að uppeldisstofnunum fyrir börn á vegum ríkisins

Eins og fyrr segir urðu nokkur umskipti í sögu uppeldisstofnana með setningu bráðabirgðalaganna frá 1942. Hins vegar er óhætt að segja að gildistaka nýrra laga um vernd barna og ungmenna vorið 1947 marki þáttaskil í þeim efnum; verkaskipting á milli ríkis og sveitarfélaga sem bráðabirgðalögin boðuðu var fest í sessi. Í lögunum er annars vegar í 37. gr. kveðið á um rekstur stofnana til að vista börn og ungmenni sem framið hafa lögbrot eða eru á annan hátt á glapstigum, annað handa stúlkum og hitt drengjum. Hins vegar er í lögunum sérstaklega kveðið á um starfrækslu *athugunarstöðvar*. Þannig er í 1. mgr. 36. gr. laganna kveðið á um að áður en barni eða ungmenni sem er líkamlega, andlega eða siðferðilega miður sín sé ráðstafað skuli barnaverndarnefnd eða barnaverndarráð, ef unnt er, láta kunnáttumann rannsaka barnið eða ungmennið og segja til hvernig með skuli fara. Þá er kveðið á um að ríkissjóður skuli „í þessu skyni, eftir því sem fé er veitt í fjárlögum, setja á stofn og reka athugunarstöð eða stöðvar að fengnum tillögum barnaverndarráðs". Í 2. mgr. 36. er hlutverk athugunarstöðvar skilgreint svo: „Á athugunarstöð skulu barnaverndarnefndir hvaðanæva af landinu eiga kost á að vista til bráðabirgða börn og ungmenni, sem framið hafa lögbrot, eða eru á annan hátt á siðferðilegum glapstigum,

[30] ÞÍ. Skjalasafn Barnaverndarráðs. Skýrsla Barnaverndarráðs Íslands, 1943-1945, bls. 10-11.

og önnur börn, sem skyndilega þarf að ráðstafa um stuttan tíma, unz athugun þeirra er lokið og þeim ráðstafað til frambúðar". Þrátt fyrir að hlutverk athugunarstöðva(r) sé í lögunum ekki algjörlega einskorðað við börn og unglinga með hegðunarvanda (börn sem gerendur) er ekki sérstaklega gert ráð fyrir því að börn geti vistast á athugunarstöðinni vegna erfiðra heimilisaðstæðna eða vanrækslu (börn sem þolendur). Frekar verður að telja að orðalagið „og önnur börn, sem skyndilega þarf að ráðstafa um stuttan tíma" sé haft til að skapa nokkuð svigrúm í framkvæmd ekki síst þegar haft er í huga að barnaverndaryfirvöld höfðu t.d. skyldum að gegna gagnvart börnum með margvíslega fötlun, sbr. 5. tölulið 1. gr. laganna.

Óhætt er að slá því föstu að hugmyndafræðingur þessa skipulags hafi verið dr. Símon Jóh. Ágústsson sálfræðingur sem starfaði á þessum árum samhliða sem ráðunautur Barnaverndarráðs og barnaverndarnefndar Reykjavíkur, enda átti hann sæti í nefndinni sem samdi frumvarpið. Árin 1936 til 1938 flutti dr. Símon Jóh. fyrirlestra við Háskóla Íslands og í Ríkisútvarpinu. Fyrirlestrana gaf hann út í bókinni *Þroskaleiðir* árið 1939, en einn þeirra bar heitið „*Barnavernd og uppeldi vandræðabarna*". Í þessum fyrirlestri lagði dr. Símon Jóh. fram umbótatillögur í barnaverndarmálum hér á landi og var ein helsta tillagan sú að stofna þurfi „móttökuheimili" eða eins konar „bráðabirgðaheimili fyrir afbrota- og vandræðabörn". Hugsunin að baki var sú, að dvöl barns á slíku móttökuheimili hafi þann tilgang að skapa skilyrði til að barn verði athugað áður en endanleg ákvörðun er tekin um hvernig því skuli ráðstafað til frambúðar. Við það var miðað að barn eða unglingur ætti ekki að dvelja á slíku heimili lengur en í 6 –9 mánuði, en á þeim tíma ætti „athugun á daglegri hegðun þeirra, hæfileikum og hneigðum að hafa leitt í ljós, hvernig uppeldi þeirra í framtíðinni verði best háttað".[31] Dr. Símon Jóh. lýsir síðan hvaða stofnanir aðrar þurfi að starfrækja til að koma til móts við þarfir barna á þessu sviði, þ.m.t. stofnanir fyrir langtímadvöl vandræðabarna, eitt fyrir stúlkur og tvö fyrir drengi á ólíkum aldri og þykir dr. Símoni Jóh. staðarval slíkra stofnana ákjósanlegt í sveit.

Ljóst má vera að þessar hugmyndir eru sóttar þess hvernig málum þessum var fyrir komið á meginlandi Evrópu þar sem dr. Símon Jóh. hafði stundað nám. Þetta má

[31] Símon Jóh. Ágústsson: *Þroskaleiðir*, bls.121.

einnig sjá af skrifum dr. Matthíasar Jónassonar, ekki síst riti hans „*Uppeldi vandræðabarna í Sviss*", sem gefið var út árið 1940 þar sem hliðstæðu fyrirkomulagi er lýst. [32] Dr. Matthías var öflugur liðsmaður dr. Símonar Jóh. og var kjörinn fyrsti formaður *Barnaverndarfélags Reykjavíkur* sem stofnað var árið 1949. Stofnun uppeldisheimila fyrir börn voru eitt aðal baráttumál þess félags og *Landsambands íslenskra Barnaverndarfélaga* þar sem dr. Matthías gegndi jafnframt formennsku.

Meginatriðin í ofangreindum tillögum dr. Símonar Jóh. urðu fyrirferðamikil í málflutningi þeirra sem beittu sér fyrir uppbyggingu stofnana fyrir börn í mörg ár eftir að þær voru fram settar. Þannig voru þær t.d. kjarninn í ályktunum Uppeldismálaþings Sambands íslenskra barnakennara árið 1949 í barnaverndarmálum, en báðir voru dr. Símon Jóh. og dr. Matthías fyrirlesarar á því þingi. Þá eru þessar hugmyndir ljóslega grundvöllur að skilabréfi ráðherraskipaðrar nefndar til að gera tillögur um stofnun og starfrækslu uppeldisheimila handa vangæfum börnum og unglingum frá janúar 1950 sem vikið verður að síðar.[33] Verður nú fjallað um framkvæmd ríkisins á sviði stofnanareksturs fyrir börn.

3.4 Upptökuheimilið við Elliðahvamm

Upptökuheimilið í Ánanaustum var raunar endurvakið talsvert fyrir lagabreytinguna vorið 1945, einkum að tilmælum Barnaverndarráðs Íslands. Var starfseminni fundinn nýr staður við Elliðahvamm í landi Vatnsenda þá um haustið. ***Upptökuheimilið við Elliðahvamm*** átti eftir að starfa þar allar götur til 1964 en í árslok það ár fluttist starfsemin í starfsmannaíbúð við Kópavogshælið og síðar í ný húsakynni við Kópavogsbraut 17 árið 1971[34]. Svo virðist sem upptökuheimilinu hafi í upphafi verið ætlað að sinna tvöföldu hlutverki, annars vegar að taka á móti börnum í skammtímavistun í bráðatilvikum vegna erfiðra heimilisaðstæðna og hins vegar að vera eins konar móttökustöð fyrir unglinga sem lent höfðu á glapstigum áður en þeim væri ráðstafað annað. Þar sem fyrra hlutverkið var á ábyrgð sveitarfélaga en ekki ríkisins, var leitað til Reykjavíkurbæjar um samvinnu um starfsemi heimilisins árið 1945 en þeirri málaleitan var hafnað.[35] Eftir stóð þá það hlutverk, sem ríkinu var ætlað

[32] Matthías Jónasson: *Uppeldi vandræðabarna í Sviss*, bls. 4.
[33] ÞÍ. Skjalasafn menntamálráðuneytisins. Tillögur um stofnun og starfrækslu uppeldisheimila handa vangæfum börnum og unglingum 1950.
[34] ÞÍ. Skjalasafn Barnaverndarráðs. Skýrsla Barnaverndarráðs Íslands, 1971-972, bls. 29.
[35] ÞÍ. Skjalasafn menntamálaráðun. Bréf borgarstjórans í Reykjavík til menntamálaráðuneytis 1945.

að sinna, vistun ungmennis þegar hegðun þess er ábótavant, svo sem vegna „lauslætis, drykkjuskapar, slæpingsháttar, óknytta eða annarra slíkra lasta" svo vísað sé til þágildandi laga um eftirlit með ungmennum frá 1942.

Sigurði Magnússyni, kennara og löggæslumanni, var falið það verkefni að gera tillögur um á hvern hátt rekstri heimilisins yrði best fyrir komið. Hann varð síðar formaður stjórnar heimilisins, sem ráðherra skipaði í febrúar 1946. Í bréfi hans til ráðherra í apríl árið 1946 segir hann m.a.: „Það er í rauninni óhæfilegt að taka nokkrar meiriháttar ákvarðanir um framtíð þessara barna án þess að búið sé að gera heiðarlega tilraun til að grafast fyrir um hvað að þeim gengur. Enginn læknir leggur sjúkling á skurðarborð án þess að hafa fyrirfram einhverjar rökstuddar grunsemdir um sjúkdóm þann, sem hann ætlar að gera tilraun til að lækna, en þegar andlega og stundum líkamlega veik börn eiga í hlut, er beitt einhverju gamaldags húsráði, en verður því miður alltof oft hrossalækninum til háðungar, börnunum til ógæfu og þjóðfélaginu til byrði og smánar".[36] Af þessum orðum má ráða, að „umbótatillögur" dr. Símonar Jóh. Ágústssonar höfðu þegar öðlast fylgi fyrir samþykkt laganna um vernd barna og ungmenna frá 1947.

Rúmu ári eftir að lögin um vernd barna og unglinga frá árinu 1947 tóku gildi kynnti menntamálaráðuneytið formlega þá ákvörðun að upptökuheimilið að Elliðahvammi skyldi „til bráðabirgða" gegna hlutverki athugunarstöðvar samkvæmt 36. gr. laganna. Stjórnarnefndinni var tilkynnt með bréfi dags. 1. maí 1948 um þessa ákvörðun og átti hún sér nokkurn aðdraganda.[37]

Fljótlega eftir að upptökuheimilið að Elliðahvammi tók til starfa kom í ljós að verulegur þáttur starfseminnar var að veita börnum viðtöku í neyðartilvikum vegna erfiðleika á heimilum, óreglu, veikinda, vanrækslu o.s.frv. Jafnvel voru dæmi um að mæður fengu að dvelja þar ásamt ungum börnum sínum. Ljóst var því að starfsemin varð nokkuð víðtækari en skyldur ríkisins náðu til og að barnaverndarnefnd Reykjavíkur hafði notið hagræðis af tilvist heimilisins við að axla sínar skyldur. Svo virðist sem ekki hafi verið gerðar við þetta athugasemdir af hálfu ráðuneytis fyrst í

[36] ÞÍ. Skjalasafn menntamálaráðun. Bréf Sigurðar Magnússonar til menntamálaráðherra 1946.
[37] ÞÍ. Skjalasafn menntamálaráðuneytisins. Bréf menntamálaráðuneytis til stjórnarnefndar bráðabirgðaheimilisins í Elliðahvammi 1948.

stað að öðru leyti en fólst í erindi ráðuneytisins til Reykjavíkurborgar frá árinu 1945 sem fyrr var nefnt. Í byrjun árs 1948 varð breyting á þegar stjórnarformanni var tilkynnt að útgjöld heimilisins þættu of mikil og því væri ákveðið að leita eftir því við Reykjavíkurborg að greiða tvo þriðju hluta rekstrarkostnaðar. Jafnframt var upplýst að ef borgin féllist ekki á þá málaleitan yrði lagt til að heimilinu yrði lokað.

Stjórnarformaðurinn Sigurður Magnússon brást hart við og ritaði ráðherra ítarlegt bréf þar sem hann leitaðist við að gera grein fyrir mikilvægi starfseminnar, jafnframt því að leggja fram tillögur um frekari þróun og eflingu starfseminnar og vísar í þeim efnum til svonefndra „biðheimila" erlendis.[38] Bréfið varpar mikilvægu ljósi á umfang og eðli starfseminnar að Elliðahvammi. Þar kemur m.a. fram að á árinu 1947 „dvöldust alls 55 vistmenn að Elliðahvammi, þar af tvær konur sem flýðu með börn sín drykkjuskap og óreiðu heimilisfeðranna. Hitt voru börn, það yngsta 3 vikna, en elsta barnið nýlega 16 ára". Þá rekur Sigurður mál tíu barna og unglinga sem eiga heima utan Reykjavíkur og vistuðust að Elliðahvammi á árinu og lýsa þau hryggilegum aðstæðum, illri meðferð og alvarlegum vanda, þ.m.t. kynferðisofbeldi sem barn hafði mátt þola.

Menntamálaráðuneytið leitaði eftir viðræðum við Reykjavíkurborg eins og boðað hafði verið og var hugmyndin sú að reisa heimili „fyrir vandræðabörn og unglinga, sem jafnframt yrði úr garði gerð sem bráðabirgðaheimili fyrir önnur börn er ýmissa atvika vegna þarf að sjá fyrir samastað um stundarsakir". Afstaða Reykjavíkurborgar var hins vegar sú að ekki væri skynsamlegt að ein og sama stofnunin gegndi þessum ólíku hlutverkum. Þannig segir t.d. í bréfi ráðuneytisins til Barnaverndarráðs vegna málsins: „Nú hefur borgarstjóri látið í ljós við ráðuneytið að Reykjavíkurbær telji hentara, að blanda þessu eigi saman. Að fenginni þessari vitneskju um afstöðu bæjaryfirvalda Reykjavíkur verður því eigi við komið að koma upp í einu lagi athugunarstöð og upptökuheimili. Hefur ráðuneytið því ákveðið, að breyta bráðabirgðaheimilinu í Elliðahvammi í athugunarstöð um sinn, unz endanlega verður ráðið fram úr, hvar og með hvaða hætti slík stofnun skuli rekin".[39]

---

[38] ÞÍ. Skjalasafn menntamálaráðuneytisins. Bréf Sigurðar Magnússonar 1948.
[39] ÞÍ. Skjalsafn menntamálaráðun. Bréf til Barnaverndarráðs Íslands 1948.

Svo virðist sem ráðuneytið hafi haft nokkurn hug á að standa myndarlega að rekstri athugunarstöðvar eftir að fyrir lá niðurstaða í ágreiningsmálinu við Reykjavík vorið 1948. Aðeins nokkrum dögum eftir að ráðuneytið hafði tilkynnt um að Elliðahvammur skyldi gegna hlutverki athugunarstöðvar, óskaði ráðuneytið eftir því við Barnaverndarráð, barnaverndarnefnd Reykjavíkur og stjórnarnefnd Elliðahvamms að þessir aðilar legðu fram tillögur „um staðsetning og fyrirkomulag athugunarstöðvar, er til frambúðar megi verða og fullnægi þeim kröfum, er lög nr. 29/1947 um vernd barna og ungmenna, gera í því efni eða æskilegt kann að þykja".[40] Sameiginlegt svar þessara aðila var sent ráðuneytinu rúmum mánuði síðar. [41] Ekki reyndist þó ástæða til bjartsýni. Þvert á móti tók við tímabil óvissu og erfiðleika sem einkenndi starfsemina næstu tvo áratugina.

Sú óvissa sem ríkti um starfsemina í Elliðahvammi kom m.a. fram í ítrekuðum tillögum embættismanna ráðuneytisins um að loka heimilinu, fyrst árið 1948 svo sem fyrr er vikið að. Næst var lokun heimilisins lögð til árið 1950. Eftir viðræður við stjórnarnefndina, Barnaverndarráð og Reykjavíkurborg tók ráðherra þá ákvörðun að starfseminni yrði haldið áfram í nóvember 1952.[42] Aftur var lagt til að heimilinu yrði lokað árið 1954 en horfið frá því eftir hliðstæðar viðræður og áður höfðu farið fram, þótt sú ákvörðun hafi raunar ekki verið tekin formlega fyrr en á árinu 1957.[43] Árið 1958 ritar menntamálaráðuneytið enn til Reykjavíkurborgar og fer fram á aukna þátttöku borgarinnar í rekstrinum, „eða sjái þeim börnum, sem ekki dveljast þar skv. ákvæðum 36. gr. laga nr. 29/1947, fyrir samastað, ef athugunarstöðin yrði lögð niður".[44] Enn hafnar Reykjavíkurborg erindinu og vísar til þess að borgin hafi frá upphafi greitt daggjöld vegna barna á hennar vegum sem ríkið hafi notið góðs af við framkvæmd lagaskyldna sinna.

---

[40] ÞÍ.Skjalasafn menntamálaráðuneytisins. Bréf til Barnaverndarráðs Íslands, dags. 4. maí 1948.
[41] ÞÍ. Skjalasafn menntamálaráðuneytisins. Tillögur frá stjórnarnefnd bráðabirgðaheimilisins í Elliðahvammi, Barnaverndarráði Íslands og barnaverndarnefnd Reykjavíkur til menntamálaráðherra, varðandi bráðabirgðaheimilið í Elliðahvammi og staðsetning og fyrirkomulag væntanlegrar athugunarstöðvar í Reykjavík 1948.
[42] ÞÍ. Skjalasafn menntamálaráðun. Memorandum, nóvember 1950, áritud afgreiðsla máls í nóvember 1952.
[43] ÞÍ. Skjalasafn menntamálaráðun. Skýrsla menntamálaráðuneytisins um rekstur Upptökuheimilisins að Elliðahvammi og minnisblað 1954. Minnisblað um upptökuheimilið að Elliðahvammi 1957.
[44] ÞÍ. Skjalasafn menntamálaráðun. Bréf til bæjarstjórnar Reykjavíkur 1958.

Allt ofangreint tímabil voru fjárveitingar til Elliðahvamms skornar við nögl og árið 1959 þegar upp kom sú staða að ekki reyndist unnt að greiða reikninga vegna starfseminnar sagði stjórnarnefndin af sér störfum.[45] Raunar kom þar fleira til, ítrekaðar tilraunir stjórnarnefndarinnar til að fá stjórnvöld til að finna stofnuninni samastað í betra húsnæði höfðu ekki borið árangur í rúman áratug.

Þegar starfsemin hófst að Elliðahvammi lá fyrir að húsakynni og allar aðstæður væru afar slakar til þess að reka þar upptökuheimili fyrir börn. Í greinargerð Sigurðar Magnússonar, stjórnarformanns, dags. 3. apríl 1946, sem fyrr er vísað til kemur fram að húsakynnin hafi upphaflega verið byggð sem dvalarstaður fyrir starfsfólk Landsímans í helgar- og sumarleyfum. Þá segir í greinargerðinni: „Ber gerð hússins þess ljósan vott að íbúum þess hefir einungis verið ætluð þar stundardvöl og má vera að húsið sé svo úr garði gert að við það mætti notast fyrir starfshópa, sem gerðu takmarkaðar kröfur til þæginda í stundardvöl, en þó er húsið af kunnugum talið svo kalt að naumast er ætlandi að menn eyddu þar ótilneyddir frístundum sínum í hörkum að vetrarlagi. Frá því ríkið keypti húsið munu litlar breytingar eða viðgerðir hafa verið framkvæmdar á því". Þessu næst lýsti Sigurður þrengslum, hættum sem steðja að börnunum, fúa, aðstöðuleysi til þvotta og öðrum ágöllum hússins og leggur fram kröfur um endurbætur í fjölmörgum atriðum ásamt því að byggt verði við húsið og að lagður verði akfær vegur að því. Þótt einhverjar úrbætur í húsnæðismálum stofnunarinnar hafi átt sér stað næstu árin var starfsemin í þessum lélegu húsakynnum í hartnær tvo áratugi.

Eftir að stjórnarnefnd upptökuheimilis sagði af sér var stjórnarnefnd ríkisspítalanna falin stjórn Elliðahvamms.[46] Skrifstofa ríkisspítalanna hafði raunar haft umsjón með starfsmannahaldi, bókhaldi og húseignum frá upphafi. Þegar hér er komið sögu voru uppi áform um flutning starfseminnar í Kópavog þar sem unnt væri að njóta hagkvæmni af návist við Kópavogshælið. Ekkert var þó fast í hendi og þolinmæði barnaverndarfólks á þrotum. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur ræddi málið m.a. á fundi sínum haustið 1963 og taldi húsnæðið svo lélegt að nauðsyn bæri til að fá annað húsnæði eigi síðar en næsta vor.[47] Barnaverndarráð Íslands tók að beita sér í málinu

[45] ÞÍ. Skjalasafn menntamálaráðun. Bréf stjórnarnefndar Elliðahvamms til menntamálaráðuneytis 1959.
[46] ÞÍ. Skjalasafn menntamálaráðun. Bréf til stjórnarnefndar ríkisspítalanna 1959.
[47] Bsk.Fundargerð barnaverndarnefndar Reykjavíkur 1963.

og ályktaði á árinu 1964 að húsnæðið að Elliðahvammi væri „með öllu ónothæft og nauðsyn bæri til að útvega starfseminni annað húsrými án tafar“.[48] Í kjölfar þessarar samþykktar var starfseminni hætt og eftir nokkurra mánaða hlé hófst hún í lok árs 1964 í starfsmannaíbúð Kópavogshælisins. Þar var starfsemin þar til byggingu nýs húss var lokið, en ákvörðun um byggingu upptökuheimilis í Kópavogi á lóð Kópavogshælis og samþykkt teikninga lá fyrir á árinu 1966.[49]

Starfsemi upptökuheimilis ríkisins að Elliðahvammi spannaði tæp 20 ár. Líklega hafa ekki fleiri börn verið innlögð á aðra uppeldisstofnun á Íslandi, ef frá er talinn Silungapollur þegar sumardvalarbörn þar eru með talin. Samkvæmt skýrslum Barnaverndarráðs Íslands voru árlega vistuð 33 til 79 börn í Elliðahvamm, eða líklega á milli 1100 til 1200 börn á starfstíma heimilisins.

Elliðahvammur þjónaði aldrei hlutverki sínu sem athugunarstöð, samkvæmt lögunum frá 1947. Sálfræðingar störfuðu ekki við heimilið enda þótt dr. Símon Jóh. Ágústsson hafi sinnt athugunum á börnum í einhverjum mæli[50]. Eftir gildistöku laganna 1947 var Gunnari Benjamínssyni falið að gegna störfum læknis heimilisins. Rúmum mánuði síðar tilkynnti hann ráðuneytinu að hann sæi sér ekki fært að gegna störfum þar sem “fyrirkomulag heimilisins er ósamræmanlegt þeim kröfum sem jeg tel nauðsynlegar til sálfræðilegrar og uppeldislegrar meðferðar vistmanna þar (þ.e. hygiejnisk, peædagogisk og psychotherapautisk)”.[51] Var Kristín Ólafsdóttir læknir ráðin í hans stað en hún mun hafa gegnt því starfi a.m.k. langt fram á sjötta áratuginn. Hlutverk læknis var fólgið í því að vitja barna þegar starfsfólk taldi tilefni til vegna veikinda, en ekki var um reglulega læknisskoðun að ræða. Svo virðist sem aldrei hafi staðið til að ráða fagfólk beinlínis til starfa á upptökuheimilið, heldur hafi hugsunin verið sú að utanaðkomandi sérfræðingar gerðu þær athuganir á börnunum sem lög kváðu á um.

Afar fá gögn er að finna um athuganir sem gerðar voru á börnum á meðan þau dvöldu í Elliðahvammi. Þaðan af síður er að finna nokkrar vísbendingar um að dvöl barna á athugunarstöðinni hafi gegnt því hlutverki að leiðbeina barnaverndarnefndum við

[48] Bsk. Bréf Barnaverndarráðs Íslands til menntamálaráðuneytis 1964.
[49] ÞÍ. Skjalasafn menntamálaráðun. Bréf menntamálaráðuneytis til stjórnarnefndar ríkisspítalanna 1966.
[50] ÞÍ. Skjalasafn menntamálaráðun. Tillögur frá stjórnarnefnd bráðabirgðaheimilisins í Elliðahvammi, Barnaverndarráði Íslands og barnaverndarnefnd Reykjavíkur 1948.
[51] ÞÍ. Skjalasafn menntamálaraðun. Bréf Gunnars Benjamínssonar 1947.

ákvarðanir í einstökum barnaverndarmálum. Þannig virðist heimilið fyrst og fremst hafa mætt þörf fyrir vistanir í bráðatilvikum, jafnframt því að hafa verið eins konar „biðheimili" í vissum tilvikum með því að veita barnaverndarnefndum svigrúm til að vinna að varanlegri úrlausn. Loks er óhætt að fullyrða að hlutverk heimilisins hafi í reynd aldrei einskorðast við vistun barna og unglinga sem frömdu lögbrot eða voru á annan hátt á siðferðilegum glapstigum, heldur hafi tilefni meirihluta vistana verið erfiðar heimilisaðstæður og vanræksla barna. Þetta skýrir þann stöðuga ágreining sem var á öllum starfstíma heimilisins milli menntamálaráðuneytis og Reykjavíkurborgar um tilhögun rekstrarins og regluleg áform um lokun þess. Í stuttu máli sagt er saga upptökuheimilisins við Elliðahvamm dæmi um framkvæmd sem ekki getur talist í góðu samræmi við áform löggjafans eins og þau koma fram í lögum um vernd barna og ungmenna frá 1947.

3.5 Upptökuheimilið í Kópavogi

Svo sem fyrr er vikið að fluttist starfsemin að Elliðahvammi í starfsmannaíbúð í Kópavogshæli í árslok 1964. Hér var um að ræða bráðabirgðaráðstöfun í neyð og átti að vara þar til framkvæmdum við nýbyggingu að Kópavogsbraut 17 væri lokið. Framkvæmdir drógust og þegar upp var staðið hafði þetta bráðabirgðaúrræði varað í vel á áttunda ár. Starfsemin þar varð aldrei mjög umfangsmikil og takmarkaðist að mestu við lögregluvistanir unglinga í stuttan tíma vegna afbrota. Starfsmenn voru tveir og aðeins völ á að vista þar einn einstakling í einu með góðu móti, svo sem vikið verður að síðar.

Tilkoma upptökuheimilis Reykjavíkurborgar við Dalbraut árið 1966 skapaði nýjar forsendur fyrir bráðavistun barna vegna vanrækslu og erfiðra heimilisaðstæðna. Nú var Reykjavíkurborg orðin sjálfri sér næg um þetta mikilvæga úrræði og áhrifa þessa gætti fljótt. Eins og fyrr greinir hafði upptökuheimilið að Elliðahvammi verið nokkurt bitbein ríkis og borgar og nú sköpuðust forsendur til að leysa þann ágreining.

Árið 1970 gerðu Reykjavíkurborg og menntamálaráðuneytið „samning um upptökuheimili, vistheimili og hjálparstarf fyrir börn og unglinga".[52] Samningurinn fjallaði um að ríkið annist á sinn kostnað rekstur upptökuheimilis fyrir drengi á

[52] ÞÍ. Skjalasafn menntamálaráðun. Samningur um upptökuheimili, vistheimili og hjálparstarf fyrir börn og unglinga, milli menntamálaráðuneytis og Reykjavíkurborgar júlí 1970.

aldrinum 13-16 ára sem gerst hafa brotlegir við lög. Reykjavíkurborg skuldbatt sig hins vegar til að láta barnaverndarnefndum utan Reykjavíkur í té allt að 6 rúm á upptökuheimili sínu að Dalbraut eða öðrum uppeldisheimilum á hennar vegum. Í samkomulaginu var kveðið á um að sveitarfélög greiði daggjöld vegna vistana á þeirra vegum á báðum stofnunum. Jafnframt fól samningurinn í sér að setja ætti á laggirnar þriggja manna nefnd sem tæki ákvarðanir um vistanir á þær stofnanir sem samningurinn fjallaði um. Gert var ráð fyrir að Barnaverndarráð skipaði einn fulltrúa, félagsmálaráð Reykjavíkur annan en menntamálaráðuneytið og félagsmálaráð kæmi sér saman um hinn þriðja og yrði hann formaður. Nefndin var síðan skipuð í febrúar 1972 undir forystu dr. Sigurjóns Björnssonar og var henni samkvæmt skipunarbréfi jafnframt falið að vera stjórnarnefnd hins nýja Upptökuheimilis ríkisins í Kópavogi. Starfsemin hafði þá flust í húsnæðið að Kópavogsbraut 17 sem er fyrsta húsnæðið er ríkið byggir gagngert í þeim tilgangi að þar fari fram rekstur stofnunar fyrir börn.

Fljótlega eftir að stjórnarnefndin var skipuð áformaði menntamálaráðuneytið að fela henni að fara með stjórn drengjaheimilisins í Breiðavík.[53] Þessar fyrirætlanir voru ekki vinsælar hjá „heimastjórninni", þ.e. stjórnarnefnd Breiðavíkurheimilisins sem skipuð var heimamönnum. Var málið leyst með því að fela stjórnarnefnd Upptökuheimilisins faglega þætti starfseminnar en „heimastjórninni" starfrækslu heimilisins að öðru leyti, þ.m.t. búrekstur. Sameiginlega áttu þessir aðilar að taka ákvarðanir er um fjármál, þ.m.t. um ráðningu starfsfólks, gerð fjárlagatillagna og meiri háttar fjárfestingar.[54]

Hin nýja stjórnarnefnd Upptökuheimilis ríkisins frá árinu 1972 bar með sér fersk viðhorf sem endurspeglaði hina miklu gerjun í barnaverndarmálum og félagslegri þjónustu hér á landi á þessum tíma. Í kjölfarið urðu þáttaskil í stofnanasögunni þegar farið var að innleiða „meðferð" undir leiðsögn menntaðra sérfræðinga. Þannig voru ráðnir sálfræðingar og uppeldisfræðingar til starfa við upptökuheimilið í Kópavogi ásamt ráðgefandi barnageðlækni. [55] Þá var Kristján Sigurðsson fyrrverandi kennari og rannsóknarlögreglumaður ráðinn forstöðumaður Upptökuheimilis ríkisins á miðju ári

[53] ÞÍ. Skjalasafn menntamálaráðun. Frásögn 1972.
[54] *Stj.tíð*, B, nr. 225/1973. Reglugerð um skólaheimilið í Breiðavík.
[55] Viðtöl við Svein Allan Morthens og Kristján Sigurðsson fv. forstöðumann, 16. ágúst 2007. Um var að ræða sálfræðingana Jón Karlsson og Gunnar Árnason auk þess sem Jónas Pálsson var ráðgefandi í skólamálum. Sverrir Bjarnason var ráðgefandi barnageðlæknir.

1972. Stjórnarnefndin var mjög virk í þessu breytingastarfi og beitti sér m.a. fyrir að starfsfólk sótti sér fræðslu í sálar- og uppeldisfræðum.

Segja má að nú fyrst, í upphafi 8. áratugarins hafi hugsunin að baki „athugunarstöðvar", sem fyrst var kveðið á um í lögum nr. 29 frá 1947 og síðan í nýrri lögum um vernd barna og ungmenna frá 1966, orðið að veruleika. Hinar nýju áherslur á meðferð og greiningu á vanda þeirra unglinga sem vistuðust á Upptökuheimilið að Kópavogsbraut 17 fóru ekki vel saman við það hlutverk sem heimilinu var jafnframt ætlað að sinna, þ.e að vera skammtímavistun í bráðatilvikum. Þannig gat heimilið teppst vegna unglinga sem voru til dvalar í athugun svo ekki var unnt að sinna eftirspurn eftir neyðarvistun vegna afbrota unglinga. Haustið 1972 ályktaði félagsmálaráð Reykjavíkur og skoraði á menntamálaráðuneytið að leysa úr þessum vanda.[56] Óhjákvæmilegt þótti því að aðgreina þessi verkefni og haustið 1973 var húsið að Kópavogsbraut 9 (jafnan kölluð „Nían") tekið í notkun til að þjóna þessu hlutverki.[57] Þar var sett á laggirnar svonefnd „lokuð deild" þar sem unglingar gátu verið sviptir frelsi sínu í stuttan tíma vegna afbrota eða annarra alvarlegra hegðunarerfiðleika svo sem síðar verður vikið að.

Við lok árs 1973 hafði Upptökuheimili ríkisins tekið á sig þá mynd sem var hélst fram á níunda áratuginn. Undir hatti heimilisins störfuðu þrjár stofnanir eða deildir: Kópavogsbraut 17 sem gegndi hlutverki athugunarstöðvar og meðferðar, Kópavogsbraut 9 sem var skammtímavistun vegna afbrota unglinga og loks skólaheimilið í Breiðavík.

Árið 1978 setti menntamálaráðuneytið reglugerð um „Unglingaheimili ríkisins" og var nafninu þá breytt til samræmis við hana.[58] Þar var augljóslega gert ráð fyrir því að slík heimili gætu verið fleiri en eitt á Reykjavíkursvæðinu og utan þess. Á heimilinu á höfuðborgarsvæðinu skyldu vera tvær deildir, annars vegar lokuð deild til skammtímavistunar og hins vegar rannsóknar- og uppeldisdeild. Hlutverk þessara tveggja deilda var skilgreint í 4. gr. reglugerðarinnar. Var m.a. kveðið á um að innan

[56] ÞÍ. Skjalasafn menntamálaráðun. Bréf Sveins Ragnarssonar, félagsmálastjóra 1992.
[57] Fangelsið í Síðumúla var notað í þessum tilgangi frá febrúar 1973 til hausts vegna skammtímavistunar afbrotaunglinga
[58] *Stjtíð*. B. nr.118/1978.

24 klst. frá vistun unglings á lokaðri deild skyldi liggja fyrir ákvörðun barnaverndarnefndar um áframhaldandi vistun, jafnframt því sem forstöðumanni var gert skylt að láta kanna aðstæður unglings og þörf hans fyrir aðstoð. Samkvæmt reglugerðinni skyldi dvalartími unglinga að jafnaði ekki vera lengri en sex mánuðir. Á fyrstu vikum dvalartímans skyldi eiga sér stað gagnger sálfræðileg, uppeldisfræðileg, læknisfræðileg og félagsleg rannsókn á unglingi og gerð áætlun um uppeldi, aðra aðstoð og ráðstafanir í samráði við vistunaraðila. Þá var heimilinu gert skylt að sjá vistunglingum fyrir viðeigandi kennslu á skólatíma.

3.6 Heimili til að vista börn á glapstigum

Eins og fyrr er vikið að var í lögunum um vernd barna og ungmenna frá árinu 1947 kveðið á um skyldur ríkisins, eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum, til að reka stofnanir í því skyni að vista börn og ungmenni sem framið höfðu lögbrot eða voru á annan hátt á glapstigum, annað handa stúlkum og hitt drengjum. Árið 1952 hófst starfsemi drengjaheimilisins í Breiðavík en stofnun þess var í samræmi við fyrrnefndar skyldur sem lögin lögðu á ríkið. Saga drengjaheimilisins í Breiðavík, að því varðar framkvæmd ríkisins, liggur utan við viðfangsefni þessarar ritgerðar en síðar verður fjallað um tiltekna þætti í starfsemi þess, einkum er lýtur að skjólstæðingahópi heimilisins. Aldrei kom hins vegar til þess að veitt væri fé á fjárlögum til þess að setja á stofn uppeldisstofnun fyrir stúlkur í samræmi við ákvæði laganna. Þykir því rétt að fjalla hér um þá þörf sem var fyrir uppeldisstofnun handa stúlkum og þær aðgerðir sem gripið var til af því tilefni.

Á árunum eftir gildistöku laga um vernd barna og ungmenna 1947 sendi barnaverndarnefnd Reykjavíkur reglulega bréf til stjórnvalda og brýndi þau til að tryggja fé á fjárlögum til að unnt yrði að hrinda fyrirheitum laganna í framkvæmd. Fyrsta bréf nefndarinnar var sent strax eftir að lögin voru afgreidd frá Alþingi eða í maí 1947. Bent er á að nefndin sé ráðþrota í málum barna og unglinga sem eru á glapstigum. Nefndin hafi jafnan reynt að grípa inn í mál þeirra með því að koma þeim fyrir á góðum sveitaheimilum. Hins vegar hafi reynslan sýnt að það dugi ekki: „En oft fer svo að heimilin eru ekki vandanum vaxin, og svo hitt, að þau geta ekki haldið börnunum vegna ofríkis foreldranna, sem sækja börnin með valdi, eða þá að

unglingarnir strjúka".[59] Tveimur árum síðar, í mars 1949, tók barnaverndarnefnd saman ítarlega greinargerð sem send var menntamálaráðuneyti í sama tilgangi. Í henni er m.a. að finna frásögn af háttsemi og aðstæðum 26 ungmenna sem nefndin telur að ekki hafi verið unnt að bjarga vegna úrræðaleysis. Af þessum ungmennum eru mál tólf stúlkna rakin og eru lýsingar á vandræðum þeirra ekki fagrar; ítrekuð og margvísleg afbrot, áfengisdrykkja, lauslæti, ótímabærar þunganir og kynsjúkdómar. Flestar þeirra áttu að baki sögu um ítrekaðar vistanir á sveita- heimili sem ekki réðu við stúkurnar. Niðurstaða nefndarinnar er þessi: „Margar þessar telpur voru myndarleg og efnileg börn, og má telja víst að þær hefðu orðið dugandi mæður, hefði nefndin haft möguleika til þess að taka þær burt úr vondum félagsskap og ólifnaði".[60]

Menntamálaráðherra skipaði hinn 4. nóvember 1949 nefnd til að gera tillögur um ráðstafanir til hjálpar og viðreisnar börnum og unglingum á glapstigum á grundvelli laganna frá 1947. Nefndin skilaði af sér ítarlegum tillögum í janúar 1950[61]. Í þeim var lagt til að fjórar tegundir uppeldisstofnana skyldu settar á laggirnar. Í fyrsta lagi var lögð til stofnun upptökuheimilis sem gegndi hlutverki rannsóknarstöðvar. Í öðru lagi lagði nefndin til að stofnað verði „uppeldisheimili handa drengjum allt að 15 ára gömlum, sem framið hafa lögbrot eða annað misferli". Þriðja stofnunin sem lögð var til var uppeldisheimili fyrir pilta á aldrinum 15-20 ára sem framið hafa lögbrot „eða valda á annan hátt vandræðum með hegðun sinni". Loks var lagt til að fjórða heimilið verði fyrir unglingsstúlkur fram að tvítugsaldri, einkum vegna lauslætis og annars misferlis. Segja má að undirbúningur að stofnun drengjaheimilisins í Breiðavík hafi hafist í beinu framhaldi af þessum tillögum. Ekkert virðist hins vegar hafa verið aðhafst í málefnum stúlkna í kjölfarið.

Framan af sjötta áratugnum voru gerðar ítrekaðar tilraunir til þess að fá stjórnvöld til að aðhafast í málefnum unglingsstúlkna í vanda en þær verða ekki raktar hér. Til tíðinda dró þó árið 1955 þegar samþykkt var breyting á lögunum um vernd barna og ungmenna frá 1947, en með þeirri breytingu var ríkisstjórninni falið að hefjast þegar handa um undirbúning og stofnun vistheimilis fyrir stúlkur og var henni sérstaklega

[59] ÞÍ. Skjalasafn menntamálaráðun. Bréf barnaverndarnefndar Reykjavíkur til heilbrigðis- og félagsmálanefndar Alþingis 1947.
[60] ÞÍ. Skjalasafn menntamálaráðun. Greinargerð Barnaverndarnefndar Reykjavíkur um nauðsyn uppeldisheimila, 1949.
[61] ÞÍ. Skjalasafn menntamálaráðun. Tillögur um stofnun og starfrækslu uppeldisheimila handa vangæfum börnum, nefndarálit 1950.

heimilað að útvega húsnæði til starfseminnar. Stjórnarnefnd vistheimilisins í Breiðavík var í apríl sama ár falið að gera tillögur um undirbúning slíks vistheimilis, þ.m.t. staðarval. Nefndin skilaði af sér greinargerð haustið 1955 og lagði til að sett yrði á stofn heimili fyrir allt að 30 stúlkur. Yrði reist nýtt hús í þessu skyni, t.d. í Grímsnesi, en bent var á að til bráðabirgða mætti nýta skólahúsnæði að Staðarfelli í Dölum.[62] Ekki fékk málið þó framgang þar sem tillögur um fjárveitingar strönduðu í meðförum Alþingis.

Árið 1957 flutti Ragnhildur Helgadóttir þingsályktunartillögu um uppeldisskóla fyrir ungar stúlkur. Í greinargerð með tillögunni kemur skýrt fram sú bjartsýni sem ríkti á þessum tíma á gildi slíkra uppeldisstofnana, ekki síst trú á árangursríkt starf drengjaheimilisins í Breiðavík. Í greinargerð með þingsályktuninni er vísað til hins góða árangurs heimilisins þar sem „aðeins 1 drengur af 18, sem þaðan hafa komið hefur að ráði lent út á afbrotabraut að nýju".[63] Undir lok sama árs skipaði menntamálaráðherra nefnd undir forystu dr. Símonar Jóh. Ágústssonar til þess að gera athugun og tillögur um stofnun, staðsetningu og reksturs vistheimilis fyrir stúlkur sem framið höfðu lögbrot eða voru á annan hátt á glapstigum. Í nefndinni sátu fulltrúar Bandalags kvenna, Kvenréttindafélags Íslands, Kvenfélagasambands Íslands og Áfengisvarnarnefndar kvenna ásamt fulltrúa ráðuneytisins sem var kona. Ekki þarf að koma á óvart að fulltrúar kvennahreyfingarinnar settu svip sinn á nefndina enda höfðu samtök kvenna lengi verið ötul við að berjast fyrir ungar kynsystur sínar í erfiðleikum með mörgum ályktunum og tillögum í þessum efnum. Tillögur nefndarinnar lágu fyrir í nóvember 1958 og var nú lagt til að heimilið yrði fyrir 12 stúlkur og því yrði valinn staður við Úlfarsá. Jafnframt var lagt til að a.m.k. þrjár konur yrðu sendar utan til að afla sér þekkingar og reynslu til að starfa við heimilið. Ekki bar þessi tilraun árangur frekar en þær sem áður höfðu verið gerðar, enda taldi ráðuneytið ekki ástæðu til að „rasa um ráð fram" í þessu máli.

Í febrúar árið 1959 dró til tíðinda þegar sett var á laggirnar *Hjálparnefnd ungra stúlkna* en sú nefnd átti eftir að starfa fram á áttunda áratuginn. Hlutverk nefndarinnar var að kanna hvort möguleikar væru á því að leysa vandræði stúlknanna með því að

[62] ÞÍ. Skjalasafn menntamálaráðun. Bréf Magnúsar Sigurðssonar, Þorkels Kristjánssonar og Gísla Jónssonar 1955.
[63] Tillaga til þingsályktunar um uppeldisskóla fyrir ungar stúlkur, 1957 (77. löggjafarþing).

koma þeim fyrir á viðurkenndum meðferðarstofnunum, skóla-eða vistheimilum erlendis. Líklega hefur mönnum vaxið í augum sá kostnaður sem hlytist af starfrækslu nýs vistheimilis til viðbótar við Breiðavík og Elliðahvamm sem heimildir benda til að ráðuneytinu hafi þótt ærinn fyrir. Rökin fyrir þessari leið voru hins vegar fyrst og fremst þau, að heppilegt væri að rjúfa „óheillasambönd" þau sem stúlkurnar höfðu stofnað til auk þess sem þær gætu átt sér frekar viðreisnar von í umhverfi sem ekkert þekkti til þeirra.

Í nefndinni sátu lengst af þau Magnús Sigurðsson skólastjóri, sr. Auður Eir Vilhjálmsdóttir og Guðlaug Narfadóttir lögreglukona sem var formaður nefndarinnar. Starf nefndarinnar fram til ársins 1968 tók einkum til þess að eiga milligöngu um vistun stúlkna í Danmörku. Jafnframt var leitast við að finna heppileg heimili hér á landi og átti Magnús Sigurðsson mestan þátt í því enda sinnti hann erindrekstri á þessum árum á vegum Barnaverndarráðs um land allt. Hlutverk nefndarinnar breyttist árið 1965 þegar stúlknaheimilið Bjarg tók til starfa. Þegar nefndin sagði af sér í byrjun árs 1968 hafði hún annast milligöngu um vistun 31 stúlku en á síðasta starfsári nefndarinnar höfðu sex stúlkur dvalist á vegum nefndarinnar.[64] Á tímabilinu höfðu alls 19 stúlkur dvalist í Danmörku, ein í Noregi og 11 á einkaheimilum og húsmæðraskólum hér á landi. Nefndarmenn töldu þá hlutverki sínu að mestu lokið enda hafði nefndin þá lítið fjármagn eftir að ríkið lagði fram fé til stofn- og rekstrarkostnaðar stúlknaheimilisins að Bjargi.

Hjálparnefnd stúlkna starfaði samt áfram fram á áttunda áratuginn undir forystu Þóru Einarsdóttur í Vernd. Fljótlega breyttist hlutverk nefndarinnar að því leyti að skjólstæðingahópurinn var ekki lengur á barnsaldri heldur kominn af léttasta skeiði. Um var að ræða fullorðnar drykkfelldar konur sem stofnanir hér á landi höfðu ekki tök á að annast en Norðmenn voru viljugir til að veita liðsinni uns sú þjónusta fékk snöggan endi árið 1973.[65]

Enn ein tilraunin til að knýja ríkisvaldið til að standa við lagaskyldur sínar um rekstur vistheimilis fyrir stúlkur var gerð undir lok sjöunda áratugarins. Viðræður áttu sér stað á milli félagsmálaráðs Reykjavíkurborgar og menntamálaráðuneytisins í byrjun árs

[64] Fundargerð 51. fundar Hjálparnefndar stúlkna 1968.
[65] Þóra Einarsdóttir: *Af lífi og sál*, bls. 108-138.

1969 og í kjölfarið sendi Reykjavíkurborg ráðuneytinu erindi og minnti á ákvæði laganna og krafðist þess að við þau yrði staðið.[66] Ekki hafði Reykjavíkurborg erindi sem erfiði. Lokaorðið átti síðan Barnaverndarráð haustið 1972 þegar ráðið skoraði á ráðherra að hlutast til um að slíku heimili verði þegar komið á fót. Lauk þar með tveggja áratuga tilraunum til að setja á laggirnar uppeldisheimili fyrir stúlkur á glapstigum samkvæmt ákvæðum laga um vernd barna og ungmenna frá 1947 með síðari breytingum sem og lögunum um vernd barna og ungmenna frá 1966.

3.7 Uppeldisstofnanir á vegum Reykjavíkurborgar

Það er fyrst við stríðslok sem borgaryfirvöld í Reykjavík komast að þeirri niðurstöðu að ófullnægjandi sé að treysta á að einstaklingar og félagasamtök leysi vaxandi þarfir fyrir uppeldisstofnanir. Munaðarlausum börnum og börnum sem bjuggu við fátæk og erfið uppvaxtarskilyrði fór mjög ört fjölgandi í kjölfar fólksstreymis af landsbyggðinni til Reykjavíkur. Þá hefst nýr kafli í sögu barnaverndar í Reykjavík þegar komið er á fót uppeldisstofnunum sem reknar eru af borgaryfirvöldum. Á næstu áratugum sem í hönd fóru var þúsundum reykvíska barna ráðstafað á sólarhringsstofnanir til lengri eða skemmri dvalar.

Áherslan á uppbyggingu stofnana hélst fram á seinni hluta sjöunda áratugarins en þá fór að gæta viðhorfsbreytinga í þessum efnum. Líklega náðu vinsældir stofnanalausna í barnaverndarmálum hámarki undir lok sjötta áratugarins, þegar gerðar voru stórkostlegar áætlanir sem fólu í sér að koma á eins konar „vistheimilahverfi" fyrir börn í Reykjavík. Forsaga málsins er sú að Gunnar Thoroddsen, borgarstjóri, skipaði nefnd haustið 1956 til þess að leggja fram tillögur „í barnaheimilismálum bæjarins um byggingu nýrra heimila, stærð þeirra, staðsetningu og gerð".[67] Nefndin sem starfaði undir forystu dr. Símonar Jóh. Ágústssonar skilaði mjög metnaðarfullum tillögum á árinu 1957 og gerðu þær ráð fyrir því að byggt yrði upp vistheimilahverfi fyrir börn sem staðsett yrði í Grafarholti eða við Lambhaga, sem er nokkru fjær. Alls voru lagðar fram tillögur um fimm vistheimili og þrjár heimavistir auk skóla. Þá segir í lokaorðum álitsgerðarinnar: „Alls gæti þá vistheimilahverfi þetta tekið við um 180 börnum, og eru þá ekki talin með þau börn, sem kynni að vera komið í varanlegt

[66] ÞÍ. Skjalasafn menntamálaráðuneytisins. Bréf borgarlögmanns, Páls Líndal 1969.
[67] *Mbl.* 19. okt. 1956, bls. 2

fóstur hjá starfsmönnum stofnana."[68] Rétt er að taka fram að tillögur þessar voru afar vandaðar, og í þeim gætir sjónarmiða sem síðar áttu eftir að fá mikinn byr. Þannig var þörfin fyrir ólíkar gerðir vistheimila vel skilgreind og bent á mikilvægi þess að „heimili þessi séu lítil og að búnaði þeirra og rekstri sé svo fyrir komið að þau verði sem líkust einkaheimilum...á þetta helzt við um munaðarlaus börn, sem alast algerlega upp á vistheimilum".[69]

Tillögurnar endurspegla þau erfiðu uppvaxtarskilyrði sem ríktu um miðjan sjötta áratuginn í höfuðborginni ásamt viðhorfum í uppeldismálum sem nánar verður fjallað um síðar. Þá leituðu foreldrar gjarna eftir liðsinni uppeldisstofnana borgarinnar þegar vandi steðjaði að, t.d. vegna veikinda á heimilum. Árið 1964 kemur t.d. fram í fundargerð barnaverndarnefndar að rædd hafi verið sú hugmynd að grípa til ráðstafana til að draga úr eftirspurn eftir vistun barna „en nokkuð hefur borið á því að börn hafi dvalið lengur á heimilunum vegna þess að það er ódýrara en annars staðar".[70]

Þegar líður á sjöunda áratuginn fer efnahagur batnandi og samhliða verður viðhorfsbreyting sem leiðir til þáttaskila í velferðarþjónustu höfuðborgarinnar. Árið 1967 var ákveðið að koma á heildarskipulagi félagsþjónustu borgarinnar með því að fella alla þætti félagsmálanna undir eina stjórn, félagsmálaráð, og skömmu síðar var Félagsmálastofnun Reykjavíkur stofnsett undir forystu Sveins Ragnarssonar, félagsmálastjóra.[71] Í kjölfar þessara breytinga kemur fagfólk með ný sjónarmið til sögunnar með áherslur á forvarnir og stuðning við fjölskyldur. Samhliða koma fram þau viðhorf að heppilegra sé að ráðstafa börnum í fóstur frekar en á vistheimili ef nauðsynlegt reynist að vista börn utan heimilis. Dr. Björn Björnsson, framkvæmdastjóri barnaverndarnefndar, lýsir því árið 1970 að þessi nýju viðhorf: „hafi leitt til þess, að vistun barna á einkaheimilum hefur víða verið gerð að megin vistunarúrræði, jafnframt því sem mjög lítil barnaheimili, með 5-6 börn, hafa rutt sér rúms, hin svokölluðu fjölskylduheimili".[72] Segja má að með þessari stefnuyfirlýsingu hafi stofnanatímabilinu í íslenskri barnavernd verið lokið.

---

[68] Bsk. Tillögur vistheimilanefndar 1957.
[69] Bsk. Greinargerð með tillögum vistheimilanefndar 1957.
[70] Bsk. Fundargerð 15. fundar barnaverndarnefndar Reykjavíkur 1964.
[71] Sveinn Ragnarsson: „Félagsleg þjónusta undanfarið og framundan", *Félagsleg þjónusta*... bls. 109.
[72] Björn Björnsson: „Vistun barna utan foreldraheimilis – Ný Viðhorf", *Ársskýrsla Félagsmálastofnunar Reykjavíkur* 1970.

3.8 Kumbaravogur við Stokkseyri og Reykjahlíð í Mosfellssveit

Fyrsta uppeldisstofnunin fyrir börn, sem rekin var árið um kring á vegum Reykjavíkurborgar var að *Kumbaravogi* við Stokkseyri. Starfsemin hófst haustið 1945 í kjölfar þess að Stórstúka Íslands (IOGT) hafði boðið Reykjavíkurborg til afnota jörðina að Kumbaravogi ásamt húsakynnum í þessu skyni. Áður, eða sumarið1942, hafði þar verið rekið sumardvalarheimili fyrir fátækar mæður og börn þeirra og var það upphaflegur tilgangur IOGT með kaupum jarðarinnar. Þá var þar og starfrækt drykkjumannahæli sem síðar var flutt að Kaldaðarnesi vorið 1945.

Á Kumbaravog vistuðust í upphafi einkum munaðarlaus börn og börn sem bjuggu við erfiðar heimilisaðstæður, bæði drengir og stúlkur. Frá upphafi var gert ráð fyrir því að tuttugu börn vistuðust að Kumbaravogi á hverjum tíma en á stundum urðu þau raunar fleiri.[73] Heimilið var ætlað börnum á aldrinum 7 til 14 ára en aldur barnanna varð í reynd nokkuð breytilegur enda vistuðust systkin þar oft saman. Flest börnin sóttu Barnaskólann á Stokkseyri. Forstöðukona heimilisins var allan tímann Guðbjörg Árnadóttir hjúkrunarkona. Búskapur var á Kumbaravogi sem sérstakur bústjóri annaðist.[74] Vistheimilið að Kumbaravogi hafði verið starfrækt í ellefu ár þegar ákveðið var að flytja starfsemina vegna þess hversu húsakostur var þá orðinn úr sér genginn, en ekki var talið álitlegt að leggja út í kostnaðarsamar breytingar.[75] Árið 1965 hóf Kristján Friðbergsson rekstur vistheimilis fyrir börn að Kumbaravogi og verður vikið að því síðar.

Starfsemi borgarinnar að Kumbaravogi flutti í lok árs 1956 í *Reykjahlíð í Mosfellssveit* og var í aðalatriðum óbreytt frá því sem verið hafði þó ekki væri þar búskapur. Áfram var skyldi heimilið taka við sama fjölda barna og áður var og aldur barna vera sá sami. Við flutninginn voru 20 börn í vist á aldrinum 7 til 16 ára en undir lok sjöunda áratugarins var rýmum fækkað niður í 13.[76] Þrátt fyrir að leitast væri við að vista ekki börn undir skólaskyldualdri gat aldursdreifingin verið mjög mikil, einkum á fyrri hluta starfstíma stofnunarinnar. Ekki reyndist unnt að sjá börnunum

[73] Bsk. Skýrslur barnaverndar Reykjavíkur 1945 til 1956.
[74] *Mbl.* 14. nóv. 1956, baksíða.
[75] Bsk. Greinargerð um barnaheimili á vegum Reykjavíkur dags. 14. júní 1956, frá fræðslufulltrúa.
[76] *Mbl.* 6. sept. 1956, baksíða og Ársskýrsla barnaverndarnefndar Reykjavíkur 1968.

fyrir kennslu í barnaskóla sveitarinnar og var þeim því kennt sérstaklega í Mæðraheimilinu að Hlaðgerðarkoti og sérstakur kennari var ráðinn til kennslunnar. [77]

Uppeldisheimilið að Reykjahlíð var starfrækt í um 15 ár eða til ársins 1972. Segja má að fjölskylduheimili sem þá hafði tekið til starfa að Tjarnargötu 35 hafi leyst Reykjahlíð af hólmi ásamt upptökuheimilinu að Dalbraut sem hóf rekstur 1966 og fjallað verður um síðar.[78]

3.9 Vöggustofan að Hlíðarenda og Vöggustofa Thorvaldsensfélagsins

Fyrr er vikið að vöggustofu Sumargjafar í Suðurborg sem rekin var fram til ársins 1952. Því fór fjarri að hún fullnægði þeirri eftirspurn sem var fyrir sólarhringsvistun ungabarna. Árið 1949 opnaði Reykjavíkurborg *Vöggustofuna Hlíðarenda* við Sunnutorg. Eins og verið hafði á öðrum vöggustofum var tekið á móti börnunum í sólarhringsvistun allt frá því þau voru nýfædd og var ætlunin að þar gætu þau dvalist til eins og hálfs eða jafnvel tveggja ára aldurs. Alls voru 22 rúm á vöggustofunni en oft vistuðust 60 til 70 börn á ári að Hlíðarenda[79]. Oftast var um að ræða börn ungra, fátækra, einhleypra eða veikra mæðra sem álitið var að gætu ekki alið önn fyrir börnunum. Í sumum tilvikum tóku mæðurnar börnin til sín að nýju þegar þær náðu heilsu eða aðstæður þeirra skánuðu en oft var börnunum ráðstafað í fóstur til frambúðar eða þau ættleidd. Alls munu 510 börn hafa verið innlögð á Vöggustofuna að Hlíðarenda á starfstíma hennar.[80]

Vöggustofa Thorvaldsensfélagsins leysti Hlíðarenda af hólmi þegar félagið afhenti borginni nýja byggingu til rekstrarins árið 1963 að Dyngjuvegi við Sunnutorg. Vandlega var staðið að undirbúningi og fóru m.a. arkitekt hússins, fræðslustjóri Reykjavíkurborgar og væntanleg forstöðukona utan til að kynna sér hliðstæða starfsemi.[81] Barnauppeldissjóður Thorvaldsensfélagsins stóð straum af byggingarkostnaði og hafði söfnun á hans vegum í þessum tilgangi þá staðið yfir í meira en hálfa öld. Í grein í Morgunblaðinu í tilefni þessara tímamóta var komist svo

---

[77] Sjá t.d. *Mbl.* 25. jan. 1958, bls. 9.
[78] Viðtal Sveinn Ragnarsson, fv. félagsmálastjóri
[79] ÞÍ. Skjalasafn Barnaverndarráðs. Ársskýrslur Barnaverndarráðs 1950 til 1962.
[80] *Mbl.* 27. apríl 1967. Ræða borgarstjóra á borgarstjórnarfundi 6. apríl 1967, Jafnframt kom fram að eftir að vöggustofa Thorvaldsenfélagsins tók til starfa og til þess dag, sem ræðan var flutt, höfðu vistast 265 börn þar.
[81] *Mbl.* 27. apríl 1967, bls. 14.

að orði um þær konur sem voru frumkvöðlar að líknarstarfi félagsins: „Fyrir hugskotssjónum félagskvenna sveif þá mynd af fullkomnu barnaheimili, sem reist skyldi hér í Reykjavík fyrir atbeina sjóðsins. Strax haustið 1907 var hafist handa um að safna í sjóðinn, svo þessi draumur gæti orðið að veruleika".[82]

Thorvaldsensfélagið afhenti Reykjavíkurborg vöggustofuna til rekstrar en félagið hafði sjálft umráð yfir 5 plássum fram til ársins 1967. Vöggustofan var deildaskipt í þrjár deildir eftir aldri barnanna, 0-6 mán., 6-12 mán. og 1–2ja ára og voru 10 börn á hverri deild. Með tilkomu hinnar nýju vöggustofu var þannig rýmum fjölgað í 30 eða um 8 frá því sem var á Hlíðarenda. Algengt var að upp undir 100 börnum væri ráðstafað árlega á vöggustofuna fram undir lok sjöunda áratugarins.

Ætla má að sú mynd sem stóð brautryðjendunum fyrir hugskotssjónum um hið „fullkomna barnaheimili" hafi að nokkru leyti snúist upp í martröð eftir því sem þekking manna varð meiri á áhrifum stofnanauppeldis á ungabörn, einkum á sjötta áratugnum. Þá kom fram hörð gagnrýni á starfsemi vöggustofunnar í borgarstjórn og á síðum dagblaðanna þar sem Vöggustofu Thorvaldsenfélagsins var m.a. lýst sem húsi „úr gleri og harðviði til að hraðfrysta mannssálir".[83] Tilefni þessarar gagnrýni voru einkum athuganir dr. Sigurjóns Björnssonar, sálfræðings og borgarfulltrúa, sem lét málefni Vöggustofunnar sérstaklega til sín taka á vettvangi borgarstjórnar. Í þeirri umræðu tók Sigurjón djúpt í árinni og lýsti fyrirkomulagi starfseminnar sem „stórhættulegu" og vöggustofunni sem „gróðrarstíu andlegrar veiklunar".

Dr. Sigurjón var á þessum tíma forstöðumaður geðverndardeildar fyrir börn við Heilsuverndarstöð Reykjavíkur sem tekið hafði til starfa haustið 1960 og síðar verður vikið að. Hann hafði í störfum sínum sérstaklega kannað þroska 14 barna á aldrinum 4 til 13 ára sem öll höfðu dvalið á vöggustofum borgarinnar á 1. og eða 2. aldursári. Við rannsókn barnanna kom í ljós veruleg sköddun á sálarlífi tíu barnanna sem „hlyti að hafa orðið mjög snemma í bernsku". Þá segir Sigurjón í bréfi til borgarstjóra m.a.: „Symptomatologia þessara barna var í góðu samræmi við alþekktar kenningar... Þess háttar ástand skapast nálega einvörðungu við dvöl barna á stofnunum fyrir ungbörn..

[82] *Mbl.* 28. feb. 1961, bls.13. Barnauppeldissjóðurinn veitti raunar fé til ýmissa mála, t.d. greiðslu vistgjalda fyrir fátæk börn á Vesturborg og þá stóð straum af útgáfukostnaði hinnar sívinsælu bókar "Karíus og Baktus" árið 1954.
[83] Valborg Bentsdóttir: „Bænaskrá á barnadaginn". *Tíminn* 25. apríl 1967, bls. 8 og 12.

Erfitt var því að sniðganga þá ályktun, að dvöl hinna 10 barna á vöggustofunni hefði orðið þeim til andlegs meins".[84] Þær kenningar sem Sigurjón vísar hér til voru einkum byggðar á rannsóknum breska læknisins John Bowlby og svissneska læknisins René A. Spitz sem báðir höfðu rannsakað truflanir á geðheilsu barna vegna rofinna geðtengsla og tilfinningalegrar vanrækslu í frumbernsku, einkum vegna aðskilnaðar frá móður. Um þetta efni hafði Sigurjón flutt erindi í mars 1967 og jafnframt bent á æskilegar úrbætur á starfsemi vöggustofa sem reknar eru með sjúkrahúsfyrirkomulagi, líkt og Vöggustofan að Hlíðarenda og síðar Vöggustofa Thorvaldsensfélagsins vissulega voru.

Fróðlegt er að grípa niður í eitt dæmi úr rannsókn Sigurjóns til að varpa ljósi á niðurstöður hans. Dæmið sem hér verður lýst er 11 ára stúlka og var athugunar óskað vegna gruns um seinþroska, kjarkleysis og minnimáttarkenndar:

„Telpan var hjá móður sinni fyrstu þrjá mánuðina, en síðan á vöggustofunni til 18 mánaða aldurs, vegna erfiðra heimilisástæðna. Móðirin gat ekki heimsótt telpuna fyrstu 4 mánuðina, vegna fjarveru úr borginni, en segir að viðbrögð telpunnar þegar hún sá móður sína aftur hafi verið ofsafengin hræðsla. Móðirin segist síðan hafa heimsótt telpuna vikulega en engin tengsl gátu myndast, vegna þess að glerrúða aðskildi móður og barn. Fyrst eftir að telpan kom heim virtist hún vera hrædd við allt og alla, titraði og skalf tímunum saman. Eins sat hún oft og „reri eins og fáviti". Hún var ekkert byrjuð að tala, sagði ekki mamma fyrr en um 2ja ára aldur og varð mjög seint altalandi. Hvorki hrein með þvag né hægðir fyrr en um 3ja ára aldur. Við rannsókn reyndist þessi telpa mjög treggefin og verulega taugaveikluð".[85]

Dæmin sem Sigurjón fjallar um eru mjög hliðstæð því sem að ofan greinir og að sama skapi átakanleg. Þau lýsa verulegum hömlum sem settar voru á samskipti við kynforeldra sem hvorki máttu snerta börnin né hjala við þau. Þá voru heimsóknir takmarkaðar við stuttan tíma einu sinni í viku og aðeins leyft að sjá þau í gegnum gler. Þetta hafði þó breyst árið 1967 þegar forstöðukona Vöggustofunnar tekur fram í ódagsettri greinargerð um starfsemina að heimsóknartímar séu tvisvar í viku og að þá

[84] Bsk. Bréf Sigurjóns Björnssonar til borgarstjóra 1967.
[85] ÞÍ. Skjalasafn menntamálaráðun. Skýrsla Sigurjóns Björnssonar, meðfylgjandi bréfi til stjórnar Heilsugæslustöðvar Reykjavíkur 1967.

fái mæður að vera með börn sín. Jafnframt segir hún það misskilning „að börnin hafi verið sýnd gegnum gler á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins."[86] Ótvíræðar heimildir eru þó fyrir þeim hindrunum sem lýst er í dæmum þeim sem Sigurjón dregur fram. Má þar helst geta stórmerks og áhrifamikils útvarpsþáttar Viðars Eggertssonar þar sem lýst er baráttu móður hans til að endurheimta tvíburabörn sín frá Vöggustofunni að Hlíðarenda en hún varð viðskila við þau frá fæðingu vegna fátæktar.[87]

Gagnrýni Sigurjóns skilaði sér örugglega í umbótum á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins. Á hitt ber að líta að þær umbætur voru að nokkru leyti hafnar ári fyrr þegar Valborgu Sigurðardóttur skólastjóra Fóstruskóla Íslands var falið af Barnaverndarnefnd Reykjavíkur að „annast uppeldislegar leiðbeiningar og eftirlit" með starfseminni á Vöggustofunni jafnframt því að ráðin var fóstra til starfa þar.[88]Á landsfundi íslenskra barnaverndarfélaga, sem haldinn var um haustið 1967 var fjallað um að breyta þyrfti starfsemi Vöggustofunnar í það horf að fóstrur og uppeldisfræðingar önnuðust börnin í stað hjúkrunarfræðinga og lækna. Þá var áhersla lögð á að hver fóstra hugsaði um tiltekinn hóp barna sem staðgengill móður í því skyni að tryggja heimilisbrag.[89] Á næstu árum voru gerðar frekari breytingar á rekstrinum sem m.a. voru fólgnar í því að aukin áhersla var lögð á möguleika mæðra til að heimsækja börn sín og eiga samvistir við þau.

Vöggustofa Thorvaldsensfélagsins var starfrækt til ársins 1973 en var þá breytt í upptökuheimili fyrir 23 börn frá 3 mánaða til 12 ára aldurs og árið 1979 var heimilið lagt niður og sameinað rekstri Upptökuheimilisins við Dalbraut.

3.10 Silungapollur

Fyrr er vikið að tilraunum Barnaverndarráðs á fjórða áratugnum til að fá borgaryfirvöld til að þiggja tilboð Oddfellowa um að afhenda borginni Silungapoll til eignar gegn því að þar yrði rekið heimili fyrir börn. Haustið 1949 leitaði borgarstjóri hins vegar eftir samningum um afnot af Silungapolli til reksturs uppeldisstofnunar en húsnæðið hafði staðið ónotað á vetrum. Féllust Oddfellowar á þá málaleitan gegn því

---

[86] ÞÍ. Skjalasafn menntamálaráðun. Greinargerð Auðar Jónsdóttur hjúkrunarkonu og forstöðumanns árið 1967.
[87] Viðar Eggertsson, "Eins og dýr í búri", útvarpsþáttur 26.04.1993
[88] Bsk. Fundargerð barnaverndarnefndar Reykjavíkur 1966.
[89] *Tíminn* 15. sept. 1967, bls. 3.

skilyrði að áfram yrði þar starfrækt sumardvöl á vegum félagsins eins og gert hafði verið frá 1930 þegar húsið var byggt.[90]

Starfsemin að Silungapolli hófst árið 1950 og stóð til ársins 1969 en upphaflega var leigusamningur gerður til 15 ára, endurgjaldslaust. Nokkrar endurbætur voru gerðar á húsakynnum, m.a. leitt rafmagn í húsið og komið á miðstöðvarhitun. Þegar húsnæðið var tekið í notkun lýsti Jónas B. Jónsson fræðslustjóri húsnæðinu svo: „Eru svefnskálar stúlknanna í austurgafli hússins en drengjanna í vesturgafli. Á efri hæð miðálmunnar eru svo sjúkraherbergi ef til þess þarf að grípa."[91]

Segja má að engin stofnun í sögu barnaverndar á Íslandi hafi tekið á móti jafn mörgum börnum og Silungapollur gerði meðan starfseminni stóð. Frá upphafi var gert ráð fyrir því að á vegum barnaverndar Reykjavíkur myndu vistast 25 til 30 börn allt árið, einkum á aldrinum 3 til 7 ára og af báðum kynjum. Veruleikinn var þó oft annar. Sum börnin komu raunar af vöggustofum og voru þá yngri en 2ja ára.[92] Á stundum reyndist eftirspurn eftir vistun svo mikil að farið var langt fram úr þeim fjölda barna og vikið frá þeim aldursmörkum sem sett höfðu verið. Þannig segir m.a. í greinargerð fræðslufulltrúans í Reykjavík til borgarstjóra um barnaheimili á vegum borgarinnar frá 1956 um Silungapoll: „Að undanförnu hafa verið látin þarna allt að 50 börn til dvalar í einu, og er það allt of mikið miðað við aðstæður. Auk þess eru þar yngri börn en ætlast var til eða allt frá 18 mánaða aldri. Gerir þetta starfsemina alla erfiðari og er í rauninni lítt forsvaranlegt".[93]

Flest börnin voru vistuð vegna erfiðra heimilisástæðna, fátæktar, óreglu og annarra veikinda foreldra. Þessu til viðbótar dvöldu yfirleitt um 60 börn til viðbótar á vegum Oddfellowa eins og verið hafði frá því húsnæðið var tekið í notkun árið 1930.[94] Barnaverndarnefnd Reykjavíkur var raunar ósátt við þá tilhögun og beitti sér fyrir því að breyting yrði þar á þegar frá leið.[95] Dvalatími barnanna sem ráðstafað var af barnaverndarnefnd gat varað frá nokkrum mánuðum til nokkurra ára. Þannig segir

[90] *Mbl.* 4. nóv. 1949 bls. 12.
[91] *Mbl.* 26. júlí 1950, bls. 2.
[92] *Mbl.* 25. janúar 1958, bls. 6. Viðtal við Dagbjörgu Eiríksdóttur forstöðukonu á Silungapolli.
[93] Bsk. Greinargerð fræðslufulltr. Rvík. um barnaheimili á vegum Reykjavíkur 1956.
[94] *Mbl.* 26. júlí 1950 bls. 2. Rekstur sumardvalarheimilisins var á vegum Rauða kross Íslands frá stríðsárunum
[95] Bsk. Sjá t.d. fundargerð barnaverndarnefndar Reykjavíkur frá 4. maí 1960.

Dagbjörg Eiríksdóttir, forstöðukona á Silungapolli, í blaðaviðtali árið 1958: „Börnin dveljast hér misjafnlega lengi, sum eru árum saman, önnur stuttan tíma. Séu börnin alveg munaðarlaus er reynt að koma þeim í fóstur".[96] Sum árin var fjöldi barna sem vistuðust á Silungapoll á vegum nefndarinnar um lengri eða skemmri tíma nærri eitt hundrað.[97] Og yfir sumarmánuðina gátu hæglega verið yfir eitt hundrað börn á Silungapolli á sama tíma.

Með tilkomu uppeldisheimilisins að Silungapolli urðu viss tímamót. Í fyrsta skipti lét barnaverndarnefnd Reykjavíkur í ljósi það álit að nægt framboð væri á stofnanarýmum vegna barna sem „þolenda" þótt öðru máli gegndi er varðaði börn sem „gerendur". Þetta orðaði nefndin með svofelldum hætti: „Hefur því nefndin getað fullnægt að mestu þörfum þeirra, sem erfitt hafa átt, ef um góð börn er að ræða, en afbrotabörnin hafa mátt eiga sig og sýkja út frá sér, en samkvæmt lögum um vernd barna og ungmenna, ber ríkissjóði skylda til að láta reisa hæli fyrir slík börn, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, en það hefur ekki verið gert enn".[98]

3.11 Heimavistarskólarnir að Jaðri og Hlaðgerðarkoti

Enda þótt heimavistarskólar á Íslandi fyrr á árum verði yfirleitt ekki taldir til barnaverndarúrræða, verður þó að telja heimavistarskólana að Jaðri og Hlaðgerðarkoti til slíkra úrræða. Báðir voru reknir af fræðsluyfirvöldum í Reykjavík en þar vistuðust börn ekki síður af félagslegum ástæðum en námslegum. Mörg þeirra höfðu áður verið á uppeldisstofnunum eða voru vistuð á slíkar stofnanir síðar.

Í byrjun árs 1946 tók Reykjavíkurborg á leigu Jaðar í Elliðavatnslandi til reksturs heimavistarskóla fyrir drengi. Jaðar var byggður af Stórstúku Íslands með það fyrir augum að þar kynni að verða „skemmti- og dvalarstaður reykvíska góðtemplara" en ekki voru verkefni fyrir húsnæðið allt árið.[99] Heimavistarskólinn var ætlaður drengjum á aldrinum 7 til 13 ára en flestir þeirra vistuðust vegna erfiðra heimilisástæðna, skróps og vanlíðunar í skóla, t.d. vegna eineltis. Heimavistarskólinn að Jaðri var ætlaður 24 drengjum þótt þeir hafi verið allt að 30 lengst af. Starfsemin

[96] *Mbl.* 25. janúar 1958, bls. 6. Viðtal við Dagbjörgu Eiríksdóttur forstöðukonu á Silungapolli.
[97] Bsk. Skýrslur barnaverndarnefndar Reykjavíkur 1950 til 1969.
[98] ÞÍ. Skjalasafn Barnaverndarráðs. Ársskýrsla Barnaverndarráðs Íslands 1949-1951, bls. 23.
[99] *Landnám Templara að Jaðri* 1938-1948.

hófst í septemberbyrjun og stóð fram í lok maí ár hvert. Dvalartími hvers og eins gat verið frá nokkrum mánuðum og allt að nokkrum skólaárum.

Heimavistaskólinn að Jaðri var rekinn með eins konar fjölskyldufyrirkomulagi. Björgvin Magnússon var skólastjóri lengst af og bjó að Jaðri ásamt eiginkonu sinni Margréti Kristinsdóttur og dóttur undir sama þaki og nemendurnir frá árinu 1955 í átján ár. Í blaðaviðtali við Björgvin frá árinu 1966 lýsir hann starfseminni svo að kennslan hafi verið í tveimur bekkjadeildum, annars vegar fyrir ólæsa drengi og hin fyrir læsa, en snar þáttur starfseminnar snerist um öflugt félags- og tómstundalíf.[100] Björgvin lagði áherslu á að kynnast heimilum drengjanna sem vistuðust að Jaðri og heimsótti foreldra þeirra gjarna áður og á meðan vistun þeirra stóð. Miðað var við að drengirnir færu á heimili sín um helgar. Stundum kom það fyrir að ekki var kostur á því vegna erfiðra fjölskylduaðstæðna þeirra og oft óskuðu drengirnir eftir því að fá að vera um helgar. Var því tekin upp sú regla að þriðjungur drengjanna dvaldi að Jaðri um helgar til skiptis. Með þessu fyrirkomulagi taldi Björgvin tryggt að tengsl drengjanna við eigin fjölskyldu gliðnuðu ekki.[101] Heimavistaskólinn að Jaðri var rekinn til ársins 1973.

Hliðstæður heimavistarskóli fyrir stúlkur var starfræktur að Hlaðgerðarkoti sem byggt var af Mæðrastyrksnefnd með tilstyrk ríkis og borgar og tekinn í notkun árið 1956. Þar var lengi vel rekin sumardvöl fyrir efnalitlar og þreyttar mæður og börn þeirra. Heimavistarskólinn var undir stjórn Karls Benediktssonar, sérkennara, en hann bjó ásamt eiginkonu sinni Helgu St. Hróbjartsdóttur og börnum þeirra hjóna allan starfstíma skólans frá 1965 til 1974 að Hlaðgerðakoti. Alls voru rými fyrir 14-16 stúlkur í Hlaðgerðarkoti og segja má að aðstæður þeirra og ástæður fyrir vistun hafi verið fyllilega hliðstæðar við drengina á Jaðri.

Á heimavistarskólunum að Jaðri og Hlaðgerðarkoti var unnið merkilegt brautryðjendastarf en starfsemi þeirra átti sér ekki stoð í lögum og af því skapaðist óvissa um fjármögnunina. Þessi óvissa kom niður á starfseminni þannig að „skipulag

[100] *Mbl.* 26. apríl 1966, bls. 12.
[101] Viðtal við Björgvin Magnússon, 4. sept. 2007.

allt var laust í reipum og heildarstefna varðandi aðstoð við nemendur með hegðunarafbrigði og geðræna örðugleika lítt mótuð".[102]

3.12 Vistheimilið á Dalbraut og fjölskylduheimili

Vistheimilið á Dalbraut hóf rekstur vorið 1966 en hlutverk þess var fyrst og fremst að taka á móti börnum til skammtímavistunar og rannsóknar vegna erfiðra heimilisaðstæðna. Vistheimilið tók þannig við því hlutverki sem Elliðahvammur hafði annast, a.m.k. að hluta til. Í ræðu borgarstjóra við opnun heimilisins komst hann m.a. svo að orði: „Heimili þessu er ætlað að vera eins konar miðstöð til upptöku og fyrirgreiðslu heimilislausra eða illra staddra barna í borginni. Þetta heimili má helst aldrei vera fullskipað þannig að hér sé rými fyrir börn, sem þurfa snögglega aðhlynningar við".[103]

Áformað var að alls gætu a.m.k. 45 börn dvalist á vistheimilinu samtímis en þær áætlanir gengu ekki eftir. Frá þeim tíma sem byggingaráætlanir voru samþykktar og þar til framkvæmdum var lokið höfðu þegar átt sér stað þó nokkrar viðhorfsbreytingar til stofnanareksturs fyrir börn. Þetta kemur skýrt fram í blaðaviðtali við Guðrúnu Erlendsdóttur, fulltrúa í barnaverndarnefnd Reykjavíkur, aðeins nokkrum dögum fyrir vígslu heimilisins, en fyrirsögn þess var: „Stefnan er að barnaheimili líkist einkaheimilum sem mest".[104] Því var ekki laust við að borgarstjóri hefði nokkrar áhyggjur af stofnanabrag á vistheimilinu við Dalbraut við vígslu heimilisins eins og fram kemur í eftirfarandi orðum hans: „Þetta heimili hlýtur vegna stærðar að hafa á sér nokkurn stofnanabrag..". Borgarstjóri benti á hinn bóginn á að unnt væri að draga úr honum með því að börnin stunduðu skóla í grenndinni ásamt öðrum börnum úr hverfinu og að þau „heimilisbörn hér sem munu dvelja í lengri tíma geta því átt kost á að eignast vini meðal jafnaldra .. og ef til vill komið á heimili þeirra eða boðið þessum vinum heim til sín".[105]

Á vistheimilinu að Dalbraut var áhersla lögð á að sérfræðiþekking væri tiltæk til að greina vanda barnanna og líðan þeirra. Fjöldi rýma varð aldrei meiri en 20 og eftir 1970 fækkaði þeim í 15. Árlega vistuðust þar 60 til 70 börn, en flest voru þau á

[102] Þorsteinn Sigurðsson, *Þættir úr sögu sérkennslunnar*, bls. 80.
[103] *Mbl.* 19. maí 1966, bls. 20.
[104] *Mbl.* 8. maí 1966, bls. 12.
[105] *Mbl.* 19. maí 1966, bls. 20.

aldrinum 4 til 12 ára. Starfsemi þess náði yfir um tvo áratugi og reyndist heimilið viss kjölfesta í barnaverndarstarfi, einkum þegar grípa þurfti til vistana í bráðatilvikum.

Þær viðhorfsbreytingar í barnavernd sem komu til sögunnar á sjöunda áratugnum fólu í sér að aukin áhersla var lögð á litlar heimiliseiningar, svonefnd fjölskylduheimili, þar sem uppeldi barnanna var sem líkast eðlilegu fjölskyldulífi. Fyrsta heimilið sem Reykjavíkurborg stofnaði til með þessum hætti var Skáli, sem var fjölskylduheimili fyrir fimm til átta börn. Hófst starfsemi þess árið 1965 en heimilið var ætlað börnum á aldrinum 6 – 14 ára. Næstu árin fylgdu fleiri í kjölfarið og árið 1973 höfðu fjölskylduheimilið að Ásvallagötu 14 og Tjarnargötu 35 bæst við, en með tilkomu þess síðarnefnda var starfseminni í Reykjahlíð hætt.

3.13 Einkareknar uppeldisstofnanir: Kumbaravogur og Bjarg

Nokkur einkarekin heimili fyrir börn voru rekin á tímabilinu en skilin á milli fósturheimila og vistheimila barna eru ef til vill ekki alltaf skýr. Samkvæmt skýrslum Barnaverndarráðs rak Halldóra Jónsdóttir heimili fyrir börn við Borgarholtsbraut í Kópavogi, en hún tók einkum börn til vistunar á vegum barnaverndarnefnda Hafnarfjarðar og Kópavogs. Heimilið mun hafa verið rekið á árunum 1967 til 1969. Börnunum var yfirleitt ráðstafað á heimilið til skamms tíma vegna erfiðra heimilisaðstæðna á meðan unnið var að varanlegri úrlausn.[106] Árið 1968 komu alls 15 börn við sögu heimilisins en við árslok dvöldu þar þrjú börn. Þá var um hríð starfrækt heimili á Hjalteyri í Arnarneshreppi en barnaverndarnefnd Akureyrar og fleiri nefndir norðanlands munu hafa ráðstafað börnum þangað fyrir og um miðjan áttunda áratuginn. Heimilið mun hafa verið starfrækt af hjónunum Einari og Beverly Gíslason og var fyrirmyndin sótt til Kumbaravogs. Ekki er getið um þessa starfsemi í skýrslum Barnaverndarráðs þótt heimilið hafi raunar verið til umfjöllunar ráðsins í talsverðan tíma. Tilefnið voru athugasemdir barnaverndarnefndar Akureyrar við starfsemina árið 1977 en þá voru 7 börn á heimilinu.[107]

Hér verður einungis fjallað um helstu uppeldisheimilin sem starfrækt voru af öðrum en opinberum aðilum á tímabilinu, Kumbaravog og stúlknaheimilið Bjarg.

---

[106] Viðtal við Ólaf Guðmundsson, fv. skólastjóra og barnaverndarfulltrúa í Kópavogi, nóv. 2007.
[107] ÞÍ. Skjalasafn menntamálaráðun. Greinargerð Jóns Björnssonar um Dvalarheimilið að Hjalteyri 1977.

3.14 „Fjölskylduheimilið" að Kumbaravogi

Vorið 1965 hófu hjónin Kristján Friðbergsson og Hanna Guðrún Halldórsdóttir rekstur fjölskylduheimilis fyrir börn að Kumbaravogi. Hér var líklega um að ræða fyrstu fjölskyldureknu uppeldisstofnunina á Íslandi og var áhersla lögð á kristilegt uppeldi, enda þau hjón mjög trúuð. Í blaðaviðtölum við Kristján frá þessum tíma lagði hann gjarnan áherslu á að um hlýlegt heimili væri að ræða en ekki stofnun. Þetta rekstrarform þykir í dag börnum hagfelldast sem þurfa á langtímameðferð fjarri kynforeldrum sínum að halda. Þannig bjuggu Kristján og Hanna með eigin börnum undir sama þaki og börnin sem barnaverndarnefnd ráðstafaði til þeirra. Á nútíma mælikvarða þætti hins vegar barnafjöldinn sem ráðstafað var á heimilið óhóflegur. Flest urðu börnin 14 sem dvöldu á sama tíma á fjölskylduheimilinu auk eigin barna hjónanna, en alls munu þau hafa verið 17 á starfstímanum.[108] Börnin voru öll vistuð af barnaverndarnefnd Reykjavíkur og var við það miðað að einungis börn sem þyrftu heimili til frambúðar væri ráðstafað að Kumbaravogi.[109] Fæst áttu sér trausta forsjáraðila vegna óreglu eða annarra veikinda. Börnin sem vistuðust á Kumbaravog voru yfirleitt komin á skólaaldur enda þótt á því hafi verið undantekningar, einkum ef um systkin var að ræða. Börnin gengu í barnaskólann á Stokkseyri eins og önnur börn í sveitarfélaginu og var barnahópurinn frá Kumbaravogi því dágott hlutfall af nemendafjölda skólans.[110]

Kristján endurbyggði að verulegu leyti húsakynni gamla heimilisins á Kumbaravogi og byggði síðar nýtt hús, m. a. með fulltingi frá ýmsum félagasamtökum og einstaklingum um allt land.[111] Byggingunni var lokið um mitt ár 1970 og annað heimili sett á laggirnar. Höfðu hjónin Theodór Guðjónsson skólastjóri og Ester Jónsdóttir umsjón með því og nefndist það Knarrarvogur. Alls munu 10 börn hafa vistast þar en starfsemin stóð til ársins 1973 þegar hjónin létu af störfum. Þrjú yngstu börnin tóku hjónin í fóstur til frambúðar.[112] Árið 1975 var sett á laggirnar dvalar- og hjúkrunarheimili fyrir aldraða á Kumbaravogi en börnin voru þá flest uppkomin.

---

[108] *Mbl.* 3. apríl 1992, bls. 42.
[109] *Mbl.*,18. des. 1966, bls. 25. Viðtal við Kristján Friðbergsson.
[110] Mb*l.*,18. des. 1966, bls. 25. Viðtal við Kristján Friðbergsson
[111] Sjá td. Mbl. 17. des. 1969, bls. 21; Mbl.19. júlí 1969 bls. 12 og 6. ágúst 1970, bls. 5. Viðtöl við Kristján Friðbergsson.
[112] Viðtal við Theodór Guðjónsson, 10. okt. 2007.

3.15 Stúlknaheimilið Bjarg

Fyrr er vikið að starfi Hjálparnefndar stúlkna og árangurslausum tilraunum til að fá ríkið til að efna ákvæði laga um vernd barna og ungmenna um starfsemi vistheimilis fyrir stúlkur. Í nefndinni átti sæti sr. Auður Eir Vilhjálmsdóttir en hún hafði jafnframt starfað í kvenlögreglunni í Reykjavík. Hún hafði því góðan skilning á nauðsyn þess að úrræði stæði stúlkum í vanda til boða. Auður hafði árið 1962 vígst sem hermaður í Hjálpræðishernum og orðið þar leiðtogi í æskulýðsstarfi. Auður sá tækifæri til þess á vettvangi hersins að beita sér fyrir raunhæfum aðgerðum í málefnum þessara stúlkna.[113]

Um það verður tæplega deilt að þörfin fyrir stúlknaheimili var fyrir hendi sé tekið mið af skýrslum barnaverndarnefndar Reykjavíkur. Þannig segir m.a. í skýrslu nefndarinnar fyrir árið 1963: „Verst er þó ástandið að því er varðar unglingsstúlkur, sem lent hafa í brotum. Fyrir þær höfum við sem kunnugt er engan samastað..". Þá er rakinn fjöldi þeirra stúlkna sem að mati nefndarinnar væru í vanda staddar og bent á að kvenlögreglan hafði á árinu haft afskipti af 43 stúlkum vegna alvarlegra afbrota og annarra vandamála. Niðurstaða nefndarinnar er sú að þrátt fyrir veikburða tilraunir til að senda þær í sveit og fáeinar til útlanda blasi við að: „Flestar lifa þó lífi sínu áfram, án þess að barnaverndarnefnd eða aðrir fái rönd við reist. Þær, sem verst eru staddar, eru á vergangi á milli stofnana, eins og upptökuheimilisins að Elliðahvammi, Farsóttarhússins og Kleppsspítalans". [114]

Menntamálaráðuneytið féllst á að veita Hjálpræðishernum fjárhagslega fyrirgreiðslu með láni vegna stofnkostnaðar og jafnframt að tryggja daggjöld. Stúlknaheimilið var síðan formlega opnað vorið 1965 að Bjargi á Seltjarnarnesi. Gert var ráð fyrir því að heimilið væri sjálfstæð stofnun sem barnaverndarnefndir alls staðar á landinu hefðu aðgang að fyrir skjólstæðinga sína og hefði Barnaverndarráð eftirlit með starfseminni í samræmi við ákvæði laga. Á heimilinu voru rými fyrir allt að 11 stúlkur auk íbúðar fyrir starfsfólk. Frá upphafi var áhersla lögð á trúarlegt uppeldi jafnframt því sem heimilið var skilgreint sem skólaheimili þar sem nám sæti í fyrirrúmi. Allt starfslið heimilisins var norskt en því veitti forstöðu Anna Ona Hansen, norsk kona sem starfað

---

[113] Umfjöllun um Bjarg byggir að mestu leyti á bók Péturs Péturssonar, *Með himneskum armi*, bls. 183-184.
[114] ÞÍ. Skjalasafn Barnaverndarráðs. Skýrsla Barnaverndarráðs Íslands 1971-1972, bls. 8.

hafði hér á landi um tíma. Í stjórn heimilisins var sr. Auður Eir ásamt deildarstjóra í norska Hjálpræðishernum.

Stúlkurnar að Bjargi urðu að hlíta settum reglum heimilisins, en þær voru hliðstæðar þeim sem giltu á heimilum Hjálpræðishersins í Noregi, en hvorki mun hafa verið leitað staðfestingar þeirra hjá Barnaverndarráði né menntamálaráðuneyti. Þær þóttu afar ítarlegar og strangar og settu þær öllum samskiptum stúlknanna við aðra mjög þröngar skorður, bréf voru ritskoðuð og þær máttu sæta ákúrum ef þær kvörtuðu við foreldra eða aðra um dvöl sína. Fljótlega varð því trúnaðarbrestur á milli foreldra stúlknanna og heimilisins.[115]

Á starfstíma heimilisins 1965 til loka árs 1967 dvöldu alls 18 stúlkur á Bjargi í lengri eða skemmri tíma. Friður ríkti um starfsemina á Bjargi í upphafi en eftir því sem leið á starfstímann kom í ljós vaxandi tortryggni og mótbyr, enda töldu margir ótækt að trúarleg samtök á borð við Hjálpræðisherinn væri falið verkefni af þessu tagi. Upp úr sauð haustið 1967 þegar mál færeyskrar stúlku varð að miklu fjölmiðlamáli og sætti í kjölfarið opinberri rannsókn. Tilefnið var að stúlkan var barnshafandi þegar henni var ráðstafað af færeyskum barnaverndaryfirvöldum á Bjarg en þeim var ekki kunnugt um ásigkomulag stúlkunnar. Þegar í ljós kom að stúlkan var barnshafandi taldi stjórn heimilisins óhjákvæmilegt að senda hana á brott. Framkvæmdin dróst, stúlkan ól barnið og þegar fyrirhugað var að senda hana til Færeyja tókst henni að strjúka. Fór hún huldu höfði um skamma hríð en tjáði fjölmiðlum reynslu sína af því harðræði sem hún taldi sig hafa verið beitta á heimilinu.[116] Á meðan rannsókn málsins stóð fóru flestar stúlknanna á heimilinu til vandamanna sinna sem í raun markaði endalok starfseminnar. Málið varð að pólitísku hitamáli og rekstur heimilisins var tekinn af fjárlögum ársins 1968. Þess má geta að Bjargsmálið ratаði inn í leikhúsbókmenntir þjóðarinnar en leikritið *Fjaðrafok* eftir Matthías Johannessen ritstjóra og skáld er byggt á þessari atburðarás.[117]

---

[115] Pétur Pétursson: *Með himneskum armi*, bls. 188.
[116] Illugi Jökulsson: *Ísland í aldanna rás* 1900-2000, bls. 633-634.
[117] Pétur Pétursson: *Með himneskum armi*, bls. 191.

4. kafli
Samfélagsþróun - uppeldisaðstæður barna á eftirstríðsárunum

Drengirnir sem vistuðust á Breiðavík slitu flestir barnsskónum á fimmta-, sjötta- og sjöunda áratugunum. Til að varpa ljósi á þær forsendur sem lágu til grundvallar starfseminni á Breiðavík og annarra uppeldisstofnana á þessu tímabili verður að beina sjónum að þeirri samfélagslegu grunngerð og uppeldisaðstæðum barna sem þá voru einkennandi.

4.1 Úr bæ í borg

Sagnfræðingar benda gjarna á að stríðsárin marki helst þau tímamót þegar nútímasamfélag heldur innreið sína á Íslandi.[118] Vissulega voru þáttaskil með heimastjórninni, vélbátavæðingu, síðan togaraútgerð og örri þéttbýlismyndun í kjölfarið á fyrstu áratugum aldarinnar. Atvinnuleysi kreppuáranna og samdráttur í útgerð hafði þó dregið úr hröðum vexti bæja við sjávarsíðuna. Á stríðsárunum verður síðan algjör viðsnúningur, ekki síst í Reykjavík. Stríðið færið landið á nýtt stig uppbyggingar og lífskjara vegna aukinna útflutningstekna og samhliða fylgja stórtæk umsvif hinna erlendu herja, einkum í Reykjavík. Margháttaðar framkvæmdir setuliðanna kölluðu á vinnuafl í höfuðborginni. Þessi þróun heldur áfram á eftirstríðsárunum þegar efnahagsávinningi stríðsáranna er varið til fjárfestinga í nýsköpunartogurum ásamt tækniváðingu í fiskvinnslu, iðnaði og landbúnaði. Borgarsamfélagið var komið á skrið og ekki varð aftur snúið. Fólksstraumurinn lá til bæjanna og fyrst og fremst til Reykjavíkur. Á árunum 1940 til 1970 varð íbúaaukning höfuðborgarinnar meiri en fyrr eða síðar. Þannig nærri tvöfaldast íbúafjöldinn og fer úr rúmlega 38 þúsund íbúum árið 1940 í tæplega 72 þúsund árið 1970. Hliðstæð íbúafjölgun verður jafnframt í nágrannasveitarfélögunum, einkum Kópavogi og Hafnarfirði.

Sá mikli hraði í vexti höfuðborgarinnar sem hér hefur verið lýst fólst ekki síst í stórkostlegri fjölgun barna. Það var einkum ungt fólk á barneignaraldri sem lagði land undir fót og leitaði nýrra tækifæra í höfuðborginni. Fæðingartíðnin var mun hærri en nú þekkist og barnafjöldinn því talsvert meiri hjá meðalfjölskyldunni. Þannig náði

[118] Helgi Skúli Kjartansson: *Ísland á 20. öld* , bls. 220.

frjósemi íslenskra kvenna hámarki á sjötta áratugnum og var fjöldi lifandi fæddra barna á ævi hverrar konu um 4.2 börn eða rúmlega helmingi meiri en var undir lok aldarinnar.[119] Reykjavík varð sannkallaður barnabær en hlutfall barna yngri en 16 ára var um þriðjungur íbúafjöldans á sjötta og sjöunda áratugnum í samanburði við minna en fjórðung íbúafjöldans á höfuðborgarsvæðinu nú.

4.2 Fátækt fólk

Þegar fólksstraumurinn til Reykjavíkur hófst á stríðsárunum var stór hluti bæjarbúa fátækt fólk sem var að mörgu leyti þjakað eftir atvinnuleysi kreppuáranna. Þá voru nýbúar Reykjavíkur sem streymdu að alls staðar af landinu yfirleitt ungt og eignalaust fólk sem ekkert átti annað en vinnuafl sitt sem það var tilbúið til að selja á markaði. Þrátt fyrir að eftirspurn eftir vinnuafli væri mikil mátti lítið út af bregða til að afkoma fjölskyldufólks væri í uppnámi. Þróun velferðarkerfa nútímans hafði vart slitið barnsskónum og opinber aðstoð, t.d. vegna framfærslu, var algjört neyðarbrauð. Vissulega fór afkoma alls þorra almennings verulega batnandi á næstu áratugum eftir stríð í kjölfar mikils hagvaxtar og stöðugs atvinnuframboðs mest allt tímabilið svo líkja má við lífskjarabyltingu. Á hinn bóginn er ljóst að ekki áttu allir jafna hlutdeild í þessari lífskjarabyltingu. Stór hluti verkafólks hafði lágar tekjur og þegar við bættust áföll svo sem veikindi, slys, fráfall fyrirvinnu, skilnaður eða tímabundið atvinnuleysi gátu foreldrar hæglega komist í þá aðstöðu að geta ekki brauðfætt börn sín.

Saga afkomutrygginga á Íslandi verður ekki rakin hér. Á það verður einungis minnt að það er ekki fyrr en 1947 sem fyrsta heildstæða löggjöfin um almannatryggingar tók gildi. Þá voru gerðar stórfelldar breytingar á alþýðutryggingarlögunum frá 1936 með því markmiði að „sameina í eitt allsherjar tryggingarkerfi sem flestar tryggingar og ýmsa opinbera forsjá, og nái það til hvers einasta þjóðfélagsþegns frá vöggu til grafar".[120] Vissulega var hér um þáttaskil að ræða í þróun íslenska velferðarkerfisins, bæði komu til nýir bótaflokkar auk þess sem greiðslur voru stórlega hækkaðar frá því sem áður var. Á hinn bóginn var víðs fjarri að almannatryggingakerfið á þessum tímum hafi strax tekið á sig þá mynd sem nú þekkist enda er það afrakstur áratuga þróunar. Þetta á einkum við um svonefndar félagslegar bætur, fjölskyldustuðning í

[119] Gísli Ágúst Gunnlaugsson: „Fólksfjölda- og byggðaþróun 1880-1990", *Íslensk þjófélagsþróun*, bls. 97.
[120] Gils Guðmundsson: *Almannatryggingar á Íslandi*, bls. 101.

formi fjölskyldu- og barnabóta svo og atvinnuleysistryggingar sem komu mun seinna til sögunnar á Íslandi en í nágrannalöndunum. Þannig má t.d. nefna að í almannatryggingalögunum frá 1947 voru teknar upp fjölskyldubætur (barnabætur) en þær voru aðeins greiddar til fjölskyldna með fjögur börn eða fleiri. Þessu var breytt árið 1953 og þá var greitt með öðru og þriðja barni. Árið 1956 voru bæturnar skertar og greiðslur takmarkaðar við þriðja barn og fleiri. Árið 1960 var loks greitt með öllum börnum. Um þessa þróun segir Stefán Ólafsson: „Ferillinn frá 1947 til 1960 lýsir nokkuð vel sparnaðarsjónarmiðum sem ríkjandi voru við framkvæmd almannatryggingalaganna hér á landi"[121] .

Þótt atvinnuástand hafi verið gott á eftirstríðsárunum er ljóst að atvinnuöryggi var á köflum lítið. Tímabundið atvinnuleysi var á stundum og vel þekkt að lausráðnir verkamenn mættu daglega í hópum á eyrina í þeirri von að fá atvinnu, einkum á sjötta áratugnum, oft án árangurs. Atvinnuleysisbætur komu hins vegar ekki til framkvæmda á Íslandi fyrr en árið 1956 í kjölfar harðvítugra stéttaátaka, þrátt fyrir að löggjöfin hafði gert ráð fyrir þeim mun fyrr.[122] Loks er rétt að geta þess í þessu samhengi að almennur réttur mæðra til töku fæðingarorlofs komst ekki til framkvæmda fyrr en með breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingasjóð 1974 en fram að því höfðu aðeins konur sem störfuðu hjá hinu opinbera átt slíkan rétt.

Þegar allt um þraut áttu fátækar barnafjölskyldur ekki annan kost en að leita eftir fjárhagsaðstoð á vegum sveitarfélaganna. Hún var veitt samkvæmt framfærslulögum sem gildi tóku árið 1947 og voru ekki numin úr gildi fyrr en með lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga árið 1991. Andi þeirra framfærslulaga var sá sami og í fyrri lögum, að framfærsluaðstoð væri eins konar ölmusa og neyðarbrauð. Ákvæði um sveitfesti voru enn í fullu gildi og almennt þótti það niðurlæging að þurfa að „segja sig til sveitar" með því að þiggja framfærslustyrk. Fjöldi styrkþega hjá Reykjavíkurborg taldi yfirleitt eitt til tvö þúsund heimili á ári á tímabilinu. Eftir því sem leið á tímabilið dró hins vegar úr beinni fjárhagsaðstoð sem hlutfalli af útgjöldum Reykjavíkur til félagsmálaþjónustu. Þannig var fjárhagsaðstoð fjórðungur af

[121] Stefán Ólafsson: *Íslenska leiðin*, bls. 114-115.
[122] Gils Guðmundsson: *Almannatryggingar á Íslandi*, bls. 157.

framlögum til félagsmálaþjónustu árið 1950 en aðeins um 10% þegar fram kom á níunda áratuginn.[123]

Við þær aðstæður sem að ofan greinir spratt líflegt starf ýmissa líknarfélaga sem raunar voru flest stofnuð á fyrstu áratugum síðustu aldar og starfa sum þeirra enn. Nokkur þessara félagasamtaka lögðu mikið af mörkum til að veita fátækum fjölskyldum stuðning. Má þar einkum nefna Mæðrastyrksnefnd, Vetrarhjálpina og Torvaldsensfélagið. Var stuðningurinn yfirleitt fólginn í matar- og fatagjöfum, þótt fjárframlög kæmu á stundum til.

Ekki verður skilið við umfjöllun um fátækt á eftirstríðsárunum án þess að víkja að hinu „óformlega hjálparkerfi". Eðli þess hefur Jón Björnsson sálfræðingur best lýst: „.. við verðum að píra augun til að taka eftir því. Það er svipað um það eins og fiskana og vatnið, því fiskarnir ku ekki vita af því að þeir séu í vatni fyrr en þeir eru teknir upp úr því. Um óopinbera hjálparkerfið gilda fá skráð lög en mörg óskráð. Þetta hjálparkerfi felst í ættingjum mínum og skylduliði, nágrönnum, vinum, vinnufélögum og náunga mínum, sem víkur að mér góðu þótt ég þekki hann ekki hót. Þetta kerfi gengur ekki fyrir tilskipunum, heldur tilfinningum milli fólks, þar á meðal skyldutilfinningu sem manni eru innrættar í uppeldinu".[124] Hið óopinbera hjálparkerfi hefur vafalaust riðið baggamuninn fyrir margar fjölskyldur. Það skipaði ólíkt mikilvægari sess um miðja síðustu öld en nú. Á hitt er að líta að því voru takmörk sett. Ennfremur er ekki víst að unga fólkið sem fluttist til höfuðborgarinnar á eftirstríðsárunum og tók búsetu fjarri vinum og vandamönnum, hafi haft jafnan aðgang að því og þeir sem rótgrónari voru.

4.3 Uppeldi í braggahverfum

Hraður vöxtur höfuðborgarsvæðisins var ekki sársaukalaus, einkum fyrir fátækar barnafjölskyldur. Gríðarleg eftirspurn eftir húsnæði var að sjálfsögðu óhjákvæmilegur fylgifiskur þessa vaxtar. Ástandið í húsnæðismálum borgarinnar hafði ekki verið gott fyrir. Í skorti kreppuáranna höfðu risið kofabyggðir víða í Reykjavík og fátæktin neytt heilar fjölskyldur til að hírast í stöku kjallaraherbergjum. Í athugun sem gerð var rétt

[123] Eggert Þór Bernharðsson, *Saga Reykjavíkur, Borgin*, 1940 –1990, bls. 8-9.
[124] *Sveitarstjórnarmál*, 3. tbl. 1987, bls. 135. Meðferð barnaverndarmáls. Tilvitnað í Braga Guðbrandsson.

fyrir hernám landsins kom fram að um 1100 börn í Reykjavík áttu heimili sitt í kjöllurum og þar af hátt í helmingur í mjög lélegu eða óhæfu íbúðarhúsnæði.[125] Ástandið átti enn eftir að versna og í könnun sem gerð var 1942 reyndust 2800 Reykvíkingar húsnæðislausir, eða næstum 7% íbúafjöldans.[126] Við þessar aðstæður þarf ekki að undra að herskálar erlendra setuliða urðu að íveruhúsnæði fjölmargra barnafjölskyldna næstu tvo áratugina.

Í bókinni „Undir bárujárnsboga, braggalíf í Reykjavík 1940 til 1970" gerir höfundurinn Eggert Þ. Bernharðsson ítarlega grein fyrir lífskjörum fólks í braggahverfum borgarinnar, ekki síst barna. Þar kemur m.a. fram að árið 1950 bjuggu 980 börn í bröggum og nam sá fjöldi 5.7% allra Reykjavíkurbarna. Það ár voru 43% braggabúa yngri en 16 ára. Framan af sjötta áratugnum fór þeim fjölgandi og náði fjöldinn hámarki árið 1954. Þá voru 1254 börn yngri en 16 ára skráð í bröggum, eða um 55% herskálabúa.[127] Einkenni íbúa braggahverfanna var ekki aðeins barnamergðin heldur jafnframt að íbúarnir voru einkum aðflutt fólk, verkafólk og sjómenn voru í meiri hluta.[128]

Ljóst er að uppvaxtarskilyrði barna voru ekki góð í braggahverfunum. Í opinberri umræðu þessa tíma, t.d. á vettvangi borgarstjórnar og í dagblöðum, má finna mýmörg áköll eftir úrbótum með tilvísun til þeirra aðstæðna sem börnum voru búin frá upphafi til loka braggatímabilsins. Ein kjarnyrtasta lýsing á þeim aðstæðum sem börnunum voru búin í braggahverfunum er frá árinu 1952, en þar segir m.a.: „Í þessum hverfum hefur það opinbera komið fyrir öllu því fólki sem í vandræðum sínum leitar til þess. Þarna er því samankomið drykkjusjúklingar, bæði karlar og konur, hálf geðveikir einstaklingar, vændiskonur... Líf þessa fólks er vonleysi, rangl, oft ölæði og ósæmilegt orðbragð... Það hættulegasta við þessi óhæfu íbúðahverfi er hvernig þetta ógnar líkamlegri hreysti og andlegri velferð barnanna sem við þessi skilyrði búa. Börnin tolla ekki inni við en flækjast um þessi óhugnanlegu hverfi í hópum og leiðast út í alls kyns óknytti og leiki, sem áður en þau vita af eru orðin lagabrot og afbrot. Það þýðir

[125] Helgi Skúli Kjartansson: *Ísland á 20. öld*, bls. 2002.
[126] Jón Rúnar Sveinsson: „Meginþættir húsnæðisstefnu Íslendinga á 20. öld" *Ársskýrsla Fasteignamats ríkisins* 2005, bls. 26.
[127] Eggert Þór Bernharðsson: *Undir bárujárnsboga, braggalíf í Reykjavík* 1940-1970, bls. 141.
[128] Eggert Þór Bernharðsson: *Undir bárujárnsboga*. bls. 146 -155.

ekkert að „predika" yfir þessum börnum þegar umhverfi þeirra má kallast fullkominn skóli í afsiðun."[129]

Enda þótt sannleikskorn búi í ofangreindri lýsingu mun óhætt að fullyrða að hún endurspegli þá fordóma sem voru landlægir gagnvart því fólki sem bjó í braggahverfum borgarinnar. Meginþorri þeirra sem bjuggu í braggahverfunum var fátækt fólk en flest harðduglegt og leit á búsetu sína í bröggum sem bráðabirgðaástand, enda varð sú oftast raunin. Þrátt fyrir að braggarnir væru ekki almennt upp á marga fiska, tókst mörgum að gera sér snyrtileg og notaleg heimili. Hins vegar var ástand braggana oft afar lélegt, húsakynnin köld og hráslagaleg og oft var mikla neyð að sjá á fátækum heimilum. Þótt drykkjuskapur væri vissulega stórt vandamál í sumum braggahverfunum fór því víðs fjarri að hann einskorðaðist við þau. Á það hefur hins vegar verið bent að e.t.v. hafi hann verið sýnilegri þar en í sumum grónum hverfum borgarinnar þar sem áfengisvandamál hefur augljóslega sýnilegri áhrif á lífsafkomu þeirra sem minni auraráð hafa heldur en hinna.[130]

Það var ekki einungis hið bágborna húsnæði herskálanna í sjálfu sér sem hafði áhrif á þroska barnanna. Sá félagslegi stimpill sem fylgdi því að búa í braggahverfi hafði sálræn áhrif á fjölmörg börn sem ólust upp í þessum aðstæðum. Braggabörnin máttu oft þola niðurlægjandi athugasemdir skólafélaganna og fundu til vanmáttar vegna aðstæðna sinna. Því leituðust börnin gjarnan við að halda því leyndu fyrir ókunnugum hvar heimili þeirra var. Þá var þess gætt að velja vina- og félagahóp sem bjó við sömu aðstæður og þau sjálf gerðu. Þetta skapaði samheldni á meðal braggabarna og raunar íbúanna allra sem gat verið styrkur í erfiðri lífsbaráttu. Á hinn bóginn fólst í þessu sú hætta að hópar barna gátu myndast sem töldu sig utangarðs í samfélaginu og ekki eiga samleið með öðrum. Stuðlaði það vissulega enn frekar að erfiðleikum í skólanámi og aðlögun að reglum samfélagsins.

Barnaverndarnefnd Reykjavíkur hafði miklar áhyggjur af uppeldi barna í braggahverfunum og Barnaverndarráð Íslands lét málið til sín taka, t.d. árið 1945 er

[129] Petrína Jakopsson: „Braggahverfunum verður að útrýma" *Þjóðviljinn* 15-16 maí 1952.
[130] Eggert Þór Bernharðsson: *Undir bárujárnsboga*, bls. 108-109.

það varaði yfirvöld við því að ýmsar barnafjölskyldur í Reykjavík byggju „..við svo lélegt húsnæði, að telja verður stórvarhugavert fyrir líkamlega og andlega heilsu".[131]

Bágborin húsakynni, fátækt og óheppilegar uppeldisaðstæður barna í Reykjavík einskorðuðust hins vegar alls ekki við braggahverfin. Víða um borgina var búið í lélegu og heilsuspillandi húsnæði frá árunum fyrir stríðið, t.d. í Pólunum, Höfðaborginni og Skuggahverfinu. Smám saman tóku ný hverfi í borginni að byggjast upp, svo sem Vogar, Smáíbúðahverfið og Fossvogurinn. Þegar komið var fram undir 1960 dróst braggabyggðin í borginni saman en samhliða tók að bera meira á fólki í bröggum sem átti við félagsleg vandamál að stríða. Sjöundi áratugurinn markaði endalok braggatímans og jafnframt margra annarra hverfa þar sem heilsuspillandi húsnæði hafði verið ríkjandi. Þessi þáttaskil urðu einkum í kjölfar kjarasamninga um miðjan áratuginn þegar samið var um byggingu 1250 félagslegra íbúða í Breiðholti en þeim framkvæmdum lauk árið 1974.[132]

4.4 Dagvistarmál og jöfnun á aðstöðumun barna

Valborg Sigurðardóttir skólastjóri Fóstruskólans hefur lýst uppeldislegu gildi dagvistarheimila og leikskóla með svofelldum hætti: „Meginhvati forskólastarfsemi hefur yfirleitt verið trú forvígismannanna á að bein tengsl séu á milli fátæktar og menntunar. Meginmarkmið forskólauppeldis var því oftast að jafna uppeldisstöðu barna í þjóðfélaginu og gera þau betur í stakk búin til þess að stunda skyldunám og sjá sér farborða í lífinu".[133] Þegar mat er lagt á uppeldisskilyrði barna á sjötta og sjöunda áratugi síðustu aldar verður því ekki litið framhjá stöðu dagvistarmála barna, ekki síst í ljósi mikilvægi þeirra fyrir fátækar fjölskyldur.

Fyrr var getið um hið merka framlagi Sumargjafar í málefnum barna og rekstur vistheimila og vöggustofa á vegum félagsins. Mesta brautryðjandastarf Sumargjafar til að bæta uppeldisskilyrði barna er hins vegar óneitanlega uppbygging dagvistarheimila og leikskóla á tímabilinu, enda varð það fljótt aðal verkefni félagsins. Á fjórða áratugnum var starf hafið í Grænuborg (1931) og Vesturborg (1937) en fyrsta heilsárs starfsemin átti sér stað fyrir stríðsárin með tilkomu

[131] Eggert Þór Bernharðsson: *Undir bárujárnsboga*, bls. 208.
[132] Jón Rúnar Sveinsson: „Meginþættir húsnæðisstefnu Íslendinga á 20. öld" *Ársskýrsla Fasteignamats ríkisins* 2005, bls. 32.
[133] Valborg Sigurðardóttir: *Fóstruskóli Íslands*, bls. 102.

Tjarnarborgar (1941) og síðar Suðurborgar (1943). Heimilin voru ekki hreinræktaðir leikskólar (hálfsdagsvistun) eða dagvistarheimili (heilsdagsvistun) heldur voru þessar stofnanir jafnframt sólarhringsstofnanir að hluta eins og fram hefur komið. Í kjölfar hins hraða vaxtar borgarinnar og eftirspurnar eftir vinnuafli í kjölfar stríðsins jókst eftirspurn eftir vistun barna gífurlega frá ári til árs. Uppbygging dagvistarheimila lét hins vegar á sér standa lengi vel.

Árið 1946 lagði barnalæknirinn og alþingismaðurinn Katrín Thoroddsen fram frumvarp til laga um dagheimili fyrir börn innan skólaskyldualdurs. Í greinargerð með frumvarpinu kemur m.a. fram að „uppeldisskilyrði barna eru víða í kaupstöðum, en þó einkum hér í Reykjavík, svo slæm, að lífi, heill og heilbrigði hinnar uppvaxandi kynslóðar er bein hætta búin ef ekki er úr bætt".[134] Frumvarpið náði ekki fram að ganga enda voru viðhorfin til dagvistarheimila á meðal almennings á þessum tíma nokkuð blendin. Margir töldu að með þeim væri verið að draga úr uppeldisáhrifum foreldranna og fjölskyldunnar og að þessar uppeldisstofnanir græfu þannig undan heilbrigðu fjölskyldulífi. Aðrir bentu á nauðsyn þess að styrkja stöðu barna og að líta bæri á leikskólann sem viðbót við uppeldi foreldranna. Þá hefðu dagvistarstofnanir mikilvægu samfélagslegu hlutverki að gegna við að jafna aðstöðumun barna eins og fyrr var vikið að. Eftir því sem útivinna kvenna fór vaxandi varð viðhorfið jákvæðara. Nefnd sem skipuð var á vegum borgarinnar árið 1956 komst svo að orði í nefndaráliti að „leikskólarnir séu *æskilegar* stofnanir en dagheimilin brátt áfram *nauðsynleg*, þegar haft er í huga hlutverk þeirra".[135] Dagheimilin voru einvörðungu ætluð börnum einstæðra mæðra, ekkna og fráskilinna mæðra, svo og þeim börnum sem að mati barnaverndarnefndar bjuggu við erfið uppeldisskilyrði.

Á sjötta áratugnum varð nokkur fjölgun á dagvistar- og leikskólarýmum í borginni og um miðjan sjötta áratuginn voru stofnanirnar orðnar átta með rýmum fyrir samtals 650 börn. Reykjavíkurbörn á þessum aldri voru þá um 3 þúsund þannig að aðeins eitt af hverjum fimm börnum átti þess kost að dvelja á dagvistarstofnunum, a.m.k. hluta úr degi.[136] Því fór víðs fjarri að unnt væri að mæta brýnustu þörfum forgangshópa svo sem sjá má á því að við lok sjötta áratugarins voru rými fyrir 265 börn á dagheimilum

[134] *Alþingistíðindi*, 1946, bls. 216.
[135] Eggert Þór Bernharðsson: *Saga Reykjavíkur, Borgin*, bls. 184.

[136] Eggert Þór Bernharðsson: *Saga Reykjavíkur, Borgin*, bls. 184.

en um miðjan þann áratug voru 1.160 börn sex ára og yngri talin á framfæri einstæðra mæðra.[137] Á sjöunda áratugnum hélt uppbygging dagvistarheimila áfram, ekki síst í kjölfar áætlunar um uppbyggingu dagvistarheimila árið 1963 sem byggði á norrænum stöðlum. Árið 1970 var talið að um 2/3 hlutum af áætlaðri dagheimilisþörf og 3/5 af áætlaðri leikskólaþörf væri fullnægt og enn voru hundruð barna á biðlista.

Dagheimili og leikskólar byggðust nokkuð seinna upp í nágrannasveitarfélögum Reykjavíkur á þessu tímabili og miklu hægar á þéttbýlisstöðum á landsbyggðinni. Víða um land voru það barnaverndarfélög sem voru í forystu um framkvæmdir á þessu sviði, t.d. á Akureyri og Siglufirði, og undirstrikar það þá staðreynd að barnaverndarsjónarmið lágu að stórum hluta til grundvallar í þróun dagvistarmála á þessum tíma[138]. Uppbygging dagvistarheimila var á þessum tíma alfarið á vegum frjálsra félagasamtaka og sveitarfélaga. Það var ekki fyrr en með lögum um hlutdeild ríkisins í byggingu og rekstri dagvistunarheimila frá 1973 sem dagvistarmál voru orðin viðurkenndur þáttur í velferðarkerfi barna og fjölskyldna þeirra.

4.5 Skóli og aðgreining

Í bréfi sem Hinrik Bjarnason, skólastjóri í Breiðavík sendi vini sínum þann 22. janúar 1957 er svo komist að orði: „Ég hef orðið þess vísari, að ógæfu helmings minna manna má rekja til þess, að þeir urðu fyrir erfiðleikum í námi sínu, eða í sambandi við það, lentu úti á þekju, og reyndu að komast inn aftur með dálítið meiri fyrirgangi en kennari telur sig geta liðið í bekk. Þess vegna rak hann þá bara út, og henti töskunni á eftir þeim. Þannig kom upp í hendur þessara ungu manna mikill tími, sem einhvern veginn varð að nota, og var í flestum tilfellum notaður til annars en skyldi".[139]

Í skólamálum urðu viss þáttaskil árið 1946 þegar ný fræðslulög voru sett. Nýju lögin fólu í sér lengingu á skólaskyldu úr sjö árum í átta en hugsunin var sú að greiða götu barna til frekari náms. Lögin höfðu strax áhrif í Reykjavík og flestum þéttbýlisstöðum á landinu. Í sveitunum breyttist minna þar sem skólaganga takmarkaðist yfirleitt við fjóra vetur eins og verið hafði frá fyrstu lögunum um skólaskyldu árið 1907 þegar

[137] Eggert Þór Bernharðsson: *Saga Reykjavíkur*, bls. 186.
[138] ÞÍ. Skjalasafn Barnaverndarráðs. Skýrsla Barnaverndarráðs Íslands 1952-1954 bls. 47-48.

[139] Hinrik Bjarnason: Bréf til vinar, dags 22. janúar, 1957.

skólaskylda var aðeins frá 10 til 14 ára aldurs. [140] Fræðslulögin frá 1946 giltu allar götur fram til 1974. Í kjölfar gildistöku þeirra var gert átak í að byggja upp heimavistarskóla í sveitunum sem smám saman leysti farkennsluna af hólmi. Það var þó ekki fyrr en um og upp úr 1970 sem skólaskyldan kom til framkvæmda í dreifbýli nokkurn veginn til jafns við þéttbýlið.[141] Í bæjunum settu sauðburður og sláturtíð skólaárinu þröng mörk. Þannig byrjuðu eldri bekkir barnaskólans síðar á haustin og lauk fyrr á vorin en á þessu varð breyting árið 1964 þegar skólaárið var lengt. Í Reykjavík voru barnaskólar fjölmennir og yfirleitt tvísetnir, jafnvel þrísetnir, allt það tímabil sem hér um ræðir. Skóladagurinn var þannig sundurslitinn sem gerði talsverðar kröfur til árvekni og fyrirhyggju mæðra, t.d. vegna matmálstíma og eftirlits með skólasókn barnanna. Þetta var einkum erfitt þegar barnahópurinn var stór og börnin komu og fóru í skóla á ólíkum tíma.[142] Algengt var að um 30 nemendum væri kennt í einum bekk, og jafnvel voru dæmi um að bekkjarstærð væri enn meiri. Ekki var við því að búast við slíkar aðstæður að unnt væri að sinna hverjum nemenda í samræmi við einstaklingsbundnar þarfir.

Sú meginregla gilti í skólastarfinu lengst af að sömu námskröfur voru gerðar til allra jafnaldra nemenda, hvort sem námsgeta þeirra var mikil eða lítil. Meginmarkmið almennar menntunar var því að „gera flestum – og helst öllum – *sem til þess hafa hæfileika* kleift að stunda það nám sem þeir óska".[143] Til þess að skera úr um hæfileika nemenda var lögð ofur áhersla á að „læra fyrir próf" en nemendum var yfirleitt raðað í bekki eftir námsárangri. Þannig urðu til „tossabekkir" og nemendur þeirra máttu gjarna þola aula- eða bjánastimpilinn sem ekki beinlínis varð til að auðvelda aðlögun þeirra að skólanum.

Dr. Matthías Jónasson, sálfræðingur og formaður Barnaverndar-félags Reykjavíkur átti frumkvæði að umræðu um mikilvægi þess að skólinn kæmi til móts við þá sem erfitt ættu uppdráttar í skólanum í lok fimmta áratugarins.[144] Það var hins vegar ekki fyrr en upp úr 1960 að aðeins tók að rofa til þegar *Félag kennara til hjálpar afbrigðilegum börnum* var stofnað. Hugtakið „afbrigðileg börn" var á þessum tíma notað sem samheiti yfir börn sem áttu það eitt sameiginlegt að námshæfni þeirra var skert, óháð því hver ástæðan var, líkamleg, sálræn eða erfiðar heimilisaðstæður. Á

[140] Helgi Skúli Kjartansson: *Ísland á 20. öld*, bls. 419.
[141] Ingólfur Á Jóhannesson: *Menntakerfi í mótun*, bls. 75.
[142] Eggert Þór: *Saga Reykjavíkur, Borgin*, bls. 226 -230.
[143] Eggert Þór Bernharðsson: *Saga Reykjavíkur*, bls. 65.
[144] Þorsteinn Sigurðsson: *Þættir úr sögu sérkennslunnar*.

næstu árunum á eftir voru gerðar margar tillögur um sérkennslu í einni mynd eða annarri, t.d. tillögur *Stéttarfélags barnakennara* árið 1964 og *sálfræðideildar skóla* í Reykjavík sama ár.[145] Í kjölfarið var smám saman komið á svonefndum skólaþroskabekkjum og hjálparbekkjum og var blómatími þeirra á árunum 1965 til 1975 en upp úr því fer hugmyndafræðin um blöndun að ryðja sér til rúms og kennslumagn til sérkennslu fer að aukast verulega.[146] Staða sérkennslufulltrúa við fræðsluskrifstofu Reykjavíkur varð fyrst til 1969 og fór þá sérkennslan að taka á sig skipulagða mynd. Það var síðan ekki fyrr en með setningu grunnskólalaganna árið 1974 sem kveðið var á um rétt grunnskólanema til kennslu við sitt hæfi þótt eiginleg framkvæmd hafi ekki komist á skrið fyrr en með gildistöku reglugerðar um sérkennslu árið 1977.[147]

Sálfræðideild skóla var sett á laggirnar í Reykjavík árið 1960 þegar Jónas Pálsson sálfræðingur var ráðinn til starfa. Næstu árin þar á eftir voru ráðnir fleiri sálfræðingar og félagsráðgjafi. Næsta áratuginn voru starfsmenn fáir, oftast 5 – 7 og reyndust verkefnin miklu meiri en hægt var að anna.[148] Þeir fáu sálfræðingar sem þá voru á Íslandi reyndu jafnframt að sinna eins konar farþjónustu í stærstu sveitarfélögunum utan Reykjavíkur, svo sem í Hafnarfirði, Kópavogi og á Akureyri. Einkum var verkefni skólasálfræðinganna fólgið í athugun á einstökum börnum sem áttu við námserfiðleika að stríða og veittu þeir síðan ráðgjöf í framhaldinu. Stundum leituðu barnaverndarnefndir til sálfræðinga vegna barna sem þær höfðu afskipti af. Eftir að sálfræðideild skóla í Reykjavík var stofnuð hafði hún umsjón með vali þeirra nemenda sem vistuðust að Jaðri og Hlaðgerðarkoti. Deildin fór ennfremur með stjórn meðferðarheimilis fyrir taugaveikluð börn á Kleifarvegi en það tók til starfa árið 1972. Ákvæði um sálfræðiþjónustu við skóla komust fyrst í löggjöf með grunnskólalögunum 1974 en raunveruleg uppbygging þjónustunnar á landsvísu tók næstu tíu til tuttugu árin.

Samkvæmt framansögðu voru hugmyndir um „skóla fyrir alla" ekki farnar að ryðja sér til rúms á því tímabili sem hér er fjallað um nema í þeim skilningi að skólanám ætti að standa öllum til boða óháð búsetu. Í fræðslulögunum frá 1946 má sjá að ekki var gert ráð fyrir neinni sérkennslu í almennum skólum. Að mati Jóns Torfa

---

[145] Þorsteinn Sigurðsson: *Þættir úr sögu sérkennslunnar*. bls. 51.
[146] Þorsteinn Sigurðsson: *Þættir úr sögu sérkennslunnar*. bls. 58.
[147] Þorsteinn Sigurðsson: *Þættir úr sögur sérkennslunnar*, bls. 64.
[148] Kristinn Björnsson: *Sálfræðiþjónusta skóla.*

Jónassonar prófessors voru kostirnir tveir: „annaðhvort að börn standi sig vel án sérstakrar aðstoðar í almenna skólakerfinu eða þau eigi heima á sérhæfðri stofnun. ....Stofnanirnar skyldu veita börnunum uppeldi og fræðslu við þeirra hæfi .. Í þessu ljósi ber að skoða stofnanavæðingu uppeldisstoðkerfisins næstu 30-40 árin".[149] Þannig er ljóst að viðleitni barnaskólanna til að glíma við sértæka námserfiðleika barna sem áttu undir högg að sækja var lengst af afar takmörkuð. Nemendum í Reykjavík með hegðunarerfiðleika var þannig beint á heimavistaskólana að Jaðri (drengir) og Hlaðgerðarkoti (stúlkur) eftir því sem unnt var, ásamt Breiðavík, þar til Upptökuheimilið tók til starfa á Kópavogsbraut árið 1972 og skólaathvörfum var komið á fót á miðjum áttunda áratugnum. Eftir því sem heimavistarskólum fjölgaði á landsbyggðinni varð æ algengara að gripið væri til þess úrræðis að senda þangað börn og unglinga sem áttu erfitt uppdráttar í skólum borgarinnar.

4.6 Tómstunda- og æskulýðsmál

Árið 1952 ritaði stjórn Barnaverndarfélags Reykjavíkur bréf til borgarstjórans sem veitir dágóða innsýn í stöðu æskulýðs- og tómstundamála um miðja öldina. Í bréfinu kemur fram m.a. „Fjöldi barna og unglinga býr við húsnæði, sem engin skilyrði veitir til tómstundaiðkana. Af þeim sökum venst margur unglingur á að rangla aðgerðarlaus um göturnar, að sitja á veitingastofum eða drepa tímann á annan hátt, sem óheppilegur er þroska hans. Skortur á hugleiknum viðfangsefnum er ein orsök þess, að unglingar leiðast út í misferli og afbrot. Í menningarlöndum hafa flestar stærri borgir komið sér upp tómstundaheimilum handa unglingum. Að uppeldislegri þýðingu þykja þau standa jafnfætis leikvöllum, dagheimilum og skólum, enda fjölgar þeim nú með hverri menningarþjóð"[150] Barnaverndarfélag Reykjavíkur varð ekki fyrst til að leggja til að komið yrði á skipulegu æskulýðsstarfi eða tómstundaheimilum því umræðan um efnið hafði þá staðið í áratug, einkum í Reykjavík. Fram að stofnun Æskulýðsráð Reykjavíkur árið 1955 fór tómstunda- og æskulýðsstarf á Íslandi nánast eingöngu fram á vegum félagasamtaka, einkum íþróttafélaga, skátahreyfingarinnar, barnastúka IOGT, KFUM og K ásamt ungmennafélaganna um land allt. Aðstaðan til þessa íþrótta- og æskulýðsstarfs var oftast nær afar bágborin en starfið var þó yfirleitt þróttmikið og þúsundir barna á Íslandi voru þátttakendur í því.

---

[149] Jón Torfi Jónasson: Skóli fyrir alla, óbirt handrit 2007
[150] Árni Guðmundsson: *Saga félagsmiðstöðva í Reykjavík*, 1942-1992, bls. 49.

Í kjölfar stofnunar Æskulýðsráðs Reykjavíkur hófst reglulegt tómstundastarf til viðbótar starfi frjálsra félagasamtaka. Fljótlega tókst náin samvinna ráðsins við barnaverndarnefnd Reykjavíkur, ekki síst til að „vekja með unglingum í áhættuhópi áhuga á uppbyggilegum viðfangsefnum".[151] Fyrst í stað hrjáði aðstöðuleysi starfseminni en skemmtanir Æskulýðsráðs fóru fyrstu árin einkum fram í braggahúsnæði Skátaheimilisins við Snorrabraut. Það var ekki fyrr en tæpum áratug síðar, árið 1964, að úr rættist þegar Æskulýðsráð fékk til umráða Fríkirkjuveg 11.

Í byrjun sjötta áratugarins markaði Æskulýðsráð þá stefnu að uppbygging tómstundastarfs skyldi fara sem mest fram á vettvangi skólanna í Reykjavík og var þá fallið frá fyrri hugmyndum um byggingu sérstakra tómstundamiðstöðva í hverfum borgarinnar. Færa má rök að því að þessi áhersla hafi ekki skapað jákvæð skilyrði til að virkja „unglinga í áhættuhópum" í skipulögðu tómstundastarfi, a.m.k. ekki þá sem áttu erfitt uppdráttar í skólanámi, þótt vissulega hafi hún haft ýmsa aðra kosti. Stefnubreyting varð síðan á nýjan leik í byrjun áttunda áratugarins þegar fyrri hugmyndir um félagsmiðstöðvar í hverfum borgarinnar fengu byr undir báða vængi og veruleg uppbygging hefst á því sviði. Árið 1970 tóku fyrstu lögin um æskulýðsmál gildi og í kjölfarið var stofnað Æskulýðsráð ríkisins. Árið 1976 hófst starfsemi útideildar í Reykjavík sem var fyrsta skipulagða tilraunin sem gerð hefur verið til að ná til barna í áhættuhópum á götum borgarinnar.

4.7 Fáeinir þættir í þróun heilbrigðismála

Hér verður aðeins drepið á megindrætti í þeirri mynd sem við blasti í heilbrigðisþjónustu þegar Breiðavíkurdrengir slitu barnsskónum, einum þá þætti sem búast má við að hafi haft sérstaka þýðingu fyrir þá og fjölskyldur þeirra.

Ungbarnadauði á Íslandi var árið 1950 rúmlega 27 börn af hverjum eitt þúsund á fyrsta aldursári og hefur síðan lækkað jafnt og þétt. Árið 1970 hafði dánartalan lækkað um helming eða í rúmlega 13 en til samanburðar má geta þess að ungbarnadauði er nú lægstur í heiminum á Íslandi, eða um 2,5.[152]

---

[151] Árni Guðmundsson: *Saga félagsmiðstöðva í Reykjavík*, bls. 63.
[152] Hagstofa Íslands, Ungbarnadauði og andvana fædd börn 1951-2005.

Meginþorri fæðinga var í heimahúsum fram á fimmta áratuginn. Fæðingardeild við Landspítalann tók til fyrst til starfa árið 1931 með aðeins 12 rúmum[153]. Því fór fjarri að hún annaði eftirspurn og ný fæðingardeild var byggð sem tók til starfa 1949. Fljótlega reyndist hún of lítil og árið 1960 tók til starfa Fæðingarheimili Reykjavíkur við Eiríksgötu. Á þessu tímabili og fram yfir 1970 voru allnokkur fæðingarheimili starfrækt af einstökum ljósmæðrum.[154] Árið 1970 eru heimafæðingar orðnar tiltölulega fáar.

Um miðbik aldarinnar sem leið var enn glímt við ýmsa landlæga smitsjúkdóma og ýmsa aðra sjúkdóma sem rekja má til næringarefnaskorts, t.d beinkröm. Fram yfir stríð var því víðs fjarri að þörf fyrir sjúkrahúsrými væri fullnægt og læknisþjónusta takmörkuð við þéttbýli og tæpast fyrir hendi víða um land. Á fimmta og sjötta áratugnum náðist hins vegar verulegur árangur á sviði heilbrigðisþjónustu barna eins og raunar annarra landsmanna. Veruleg fjölgun lækna verður á seinni hluta aldarinnar en læknaskortur hafði verið viðvarandi vandamál lengi framan af öldinni. Sjúkrahúsrýmum fjölgaði jafnt og þétt á ríkisspítölum og þáttaskil urðu með opnun Borgarspítalans árið 1967. Barnadeild Landspítalans, hin fyrsta sinnar tegundar, var stofnuð á hátíðisdegi kvenna, 19. júní 1957 en Kvenfélagið Hringurinn hafði þá safnað fé til þessa verkefnis í fimmtán ár. Tæpum áratug síðar var Barnaspítali Hringsins stofnaður eða árið 1965.[155] Deildin var ætluð börnum upp að 15 ára aldri og þjónaði öllu landinu. Undir lok sjöunda áratugarins tók göngudeild til starfa og upp úr miðjum áttunda áratugnum tóku barnalæknar deildarinnar við nýburaþjónustu á fæðingardeild jafnframt því að skyndivaktþjónusta var tekin upp á barnadeildinni.

Geðdeild barnaspítala Hringsins tók fyrst til starfa árið 1970 en áður hafði verið starfandi frá árinu 1960 geðverndardeild barna á Heilsuverndarstöð Reykjavíkur. Heilsuverndarstöðin tók til starfa árið 1957 og markaði tímamót í heilbrigðisþjónustu borgarbúa. Á hennar vegum var m.a. mæðravernd, ungbarna- og smábarnavernd og heilsuvernd í skólum.

---

[153] Gunnar M. Magnúss: *Landspítalabókin, Ríkisspítalar*, bls. 166.
[154] *Ljósmæður á Íslandi* II, bls. 269-272.
[155] Gunnar M. Magnúss: *Landspítalabókin*, bls. 118.

Geðverndardeild barna veitti forstöðu dr. Sigurjón Björnsson, sálfræðingur og prófessor en hann varð síðar stjórnarformaður fyrstu stjórnar Upptökuheimilis ríkisins árið 1972 sem jafnframt fór með stjórn Breiðavíkurheimilisins til loka starfstíma þess. Í blaðaviðtali við Sigurjón sem tekið var mánuði eftir opnun deildarinnar lýsir hann því að foreldrar geti leitað til hennar „um leið og fer að brydda á taugaveiklun eða geðveilu hjá börnum þeirra". Sigurjón greinir frá því að jafnvel þótt deildin hafi aðeins starfað í einn mánuð hafi komið í ljós að deildin sé „ekki nema fyrsta skrefið" og að tilfinnanlega vanti „lækningaheimili fyrir alvarlega taugaveikluð og geðveil börn". Sigurjón bætir við að í öðru lagi vanti „litla sjúkradeild fyrir börn sem þarfnast sjúkrahúsvistunar" og í þriðja lagi „dagheimili fyrir afbrigðileg börn".[156] Barnaverndarnefnd Reykjavíkur átti eftir að vísa allmörgum börnum til greiningar á geðverndardeildinni og annaðist hún athugun á nokkrum drengjum sem síðar voru vistaðir í Breiðavík. Verkaskiptingin á milli geðverndardeildarinnar og sálfræðideildar skóla var sú að hin fyrrnefnda þjónaði einkum börnum á forskólaaldri og fjölskyldum þeirra en starf þeirrar síðarnefndu einskorðaðist við skólaskyld börn frá 7 ára aldri.[157] Megináhersla deildarinnar var klínísk ráðgjöf ásamt rannsóknum. Dr. Sigurjón og eiginkona hans Margrét Margeirsdóttir félagsráðgjafi sem starfaði við deildina frá upphafi létu af störfum árið 1967 í kjölfar átakanna um vöggustofurnar. Mátt dró verulega úr starfsemi geðverndardeildarinnar eftir það og að lokum voru verkefni hennar flutt til Barna- og unglingageðdeildar Landspítalans, snemma á áttunda áratugnum.

Barna-og unglingageðdeild Landspítalans var aðeins rekin sem göngudeild fyrsta árið 1970 en legudeild tók þá til starfa. Páll Ásgeirsson barnageðlæknir veitti deildinni forstöðu. Megináherslan var lögð á umhverfismeðferð samhliða fjölskyldumeðferð ásamt greiningu á vanda barns. Starfsemin efldist þegar leið á sjöunda áratuginn og voru þá þrír til fjórir læknar starfandi, þrír félagsráðgjafar og þrír sálfræðingar. Á fyrsta áratugi starfseminnar var um 1600 börnum og unglingum vísað á BUGL og þar af voru ríflega hundrað innlagðir á legudeild.[158] Allnokkur hluti þeirra unglinga sem vistuðust á skólaheimilið í Breiðavík eftir 1972 höfðu áður fengið greiningu á BUGL.

---

[156] *Mbl.* 23. okt. 1960, bls. 9.
[157] Viðtal við dr. Sigurjón Björnsson, 27. sept. 2007.
[158] Gunnar M. Magnúss: *Landspítalabókin*, bls.131-133.

Geðheilbrigðisþjónusta fyrir fullorðna var nánast eingöngu veitt á Kleppspítala allt fram til þess að geðdeild Borgarspítalans tók til starfa í lok sjöunda áratugarins. Þjónusta utan sjúkrahúsa var afar takmörkuð enda fáir geðlæknar starfandi í landinu á þessum tíma. Þrátt fyrir að ný og betri lyf við geðsjúkdómum kæmu til sögunnar á sjötta og sjöunda áratugnum sem vissulega skiptu sköpum fyrir marga, fór meðferð fyrst og fremst fram innan veggja Kleppspítalans. [159] Biðlistar eftir innlögn voru á þessum tíma mjög langir og meðferðin tók miklu lengri tíma heldur en nú þekkist. Geðrænum sjúkdómum fylgdu því yfirleitt veruleg röskun á félagslegri stöðu sjúklingsins, á vinnumarkaði og í fjölskyldulífi.[160] Bið eftir sjúkrahúsdvöl gat verið þungbær fyrir börn og maka ekki síður en sjúklinginn. Sjúkrahúsmeðferð foreldris leiddi gjarnan til langs aðskilnaðar við barn, jafnvel varanlegs, og var vistun barns á stofnun oft þrautarlendingin þegar svo háttaði.[161] Miklir fordómar voru lengst af í garð geðsjúkra sem auðvitað komu jafnframt niður á börnum þeirra. Í bók sinni *Einhvers konar ég*, veitir Þráinn Bertelsson, dýrmæta innsýn í líðan og reynslu barns sem elst upp við þessar aðstæður og má af þeim sökum sæta einelti í skóla: „Mamma þín er brjálæðingur á Kleppi....Þið eruð asnar, sagði ég og reyndi að kyngja klökkvanum sem leitaði upp í hálsinn."[162]

Ástandið í áfengismálum þjóðarinnar má ráða af eftirfarandi lýsingu frá byrjun sjötta áratugarins: „Drykkjumönnum fjölgaði stöðugt, því læknisúrræðin voru engin önnur en að einangra menn meðan af þeim rann; annaðhvort í uppbúnum rúmum sjúkrahúsanna eða í fangaklefum lögreglunnar".[163] Að vísu hafði ýmislegt verið gert fyrr í því skyni að veita drykkjumönnum liðsinni. Á fjórða áratugnum komu fram frumvörp á Alþingi um stofnun drykkjumannahælis en það var ekki fyrr en 1943 sem Stórstúkan hóf rekstur hælis að Kumbaravogi sem ríkið tók síðan yfir. Starfsemin flutti ári síðar að Kaldaðarnesi en lagðist af árið 1947. Hvorugt heimilið sinnti meðferð heldur voru þau eins konar dvalarheimili fyrir karla sem orðið höfðu fórnalömb Bakkusar og þótti árangurinn heldur rýr. Árið 1949 samþykkti Alþingi lög um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra en samkvæmt lögunum var geðveikrahælinu á Kleppi falin yfirstjórn áfengislækninga en hún var einkum fólgin í

[159] Ingólfur Margeirsson: *Sálumessa syndara*, bls. 116.
[160] Sjá t.d. Helga Thorberg: *Minna, "engin venjuleg mamma"*
[161] Sjá t.d. Þráinn Bertelsson: *Einhvers konar ég*
[162] Þráinn Bertelsson: *Einhvers konar ég*, bls. 19
[163] Ingólfur Margeirsson: *Sálumessa syndara*, bls. 120.

afeitrun. Um 1950 var komið á fót leiðbeiningarstöð sem fyrst var starfrækt á elliheimilinu Grund en varð síðan snar þáttur í starfsemi Heilsuverndarstöðvarinnar eftir að hún hóf starfsemi sína. Árið 1954 var komið á fót vinnuhælinu að Gunnarsholti sem rekið var undir hatti ríkisspítalanna og þjónaði öllu landinu. Þar var áhersla lögð á endurhæfingu sem fólst í vinnu eins og nafn heimilisins vísaði til. Vistmenn einskorðuðust nánast við einhleypa karla á ýmsum aldri en dæmi eru um að þeir hafi verið allt niður í 16 ára.[164]

Eiginleg áfengismeðferð stóð fyrst til boða á Íslandi árið 1955 þegar Bláa bandið hóf rekstur sjúkradeildar fyrir alkóhólista að Flókagötu 29. Raunar markaði árið einnig þáttaskil í sögu áfengismála með því að þá voru AA-samtökin stofnuð á Íslandi en það voru einmitt frumkvöðlar AA-samtakanna sem beittu sér fyrir stofnun Bláa bandsins. Starfsemi Bláa bandsins fólst í allt að 3ja vikna meðferð sem byggði á 12 sporum AA-samtakanna og lætur nærri að upp undir 400 manns hafi árlega verið innlagðir á stofnunina. Á sama tíma óx starfsemi AA- samtakanna ásmegin og deildir voru stofnaðar víða um land.[165] Árið 1959 hóf Bláa bandið rekstur Víðiness fyrir alkóhólista sem þörfnuðust langdvalar en áður hafði verið bætt við starfsemina á Flókagötunni með leigu á næsta húsi nr. 31 þar sem starfrækt var kvennadeild og síðar vistheimili fyrir karla sem útskrifuðust af Bláa Bandinu. Árið 1963 lauk þessum kafla í sögu meðferðarmála með yfirtöku Ríkisspítalanna á rekstri Bláa bandsins í kjölfar mikils rekstrarvanda. Með því var ákveðið að afeitrun færi fram á Kleppspítala en starfsemi á Flókagötunni breytt í sjúkradeildir frá spítalanum.

Með lokun sjúkradeildar Bláa bandsins kom til klofnings í AA-samtökunum sem áttu eftir að verða þeim dýrkeyptur og í kjölfarið dró úr starfseminni. Konur áttu frá upphafi erfitt uppdráttar í samtökunum. Þær voru aðeins lítill hluti sjúklinga á Bláa bandinu og tilraun til að stofna sérstaka AA-deild fyrir konur árið 1958 rann út í sandinn eftir nokkurra mánaða starf. Árið 1961 lýsti Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir hinni erfiðu stöðu áfengissjúkra kvenna með svofelldum hætti: „Umhverfið dæmir þær harðar. Þær dæma sjálfa sig harðar... Og einu skyldum við ekki gleyma, að allflestar

[164] Ingólfur Margeirsson: *Sálumessa syndara*, bls. 121.
[165] Ingólfur Margeirsson: *Frumherjarnir, saga AA samtakanna*, bls. 143 og 207-8.

eru þessar konur mæður og undantekningarlítið einstæðingsmæður. Böli barnanna, sem í þessum vandræðum lenda, er ekki hægt að lýsa með orðum.”[166]

Segja má að tilkoma Borgarspítalans seint á sjöunda áratugnum hafi ekki valdið þáttaskilum um þjónustu við áfengissjúka þótt vissulegar hafi geðdeild spítalans og fjölgun rýma aukið möguleika á innlögn. Það er hins vegar ekki fyrr en í kjölfar svonefndra Freeport – ferða um miðjan áttunda áratuginn að algjör tímamót verða í meðferð áfengissjúkra með stofnun SÁÁ og verulegri eflingu AA samtakanna á Íslandi.

[166] Ingólfur Margeirsson: *Frumherjarnir*, bls. 162. (Tilvísun í grein Aðalheiðar Bjarnfreðsdóttur um vandamál drykkjusjúkra kvenna í *Nútíminn* 1961).

5. kafli
Breiðavíkurdrengir

5.1 Gögn um Breiðavíkurheimilið

Tiltæk gögn um börn og unglinga sem vistuðust á Breiðavíkurheimilinu má greina í fimm flokka:

A. Skýrslur dr. Símonar Jóh. Ágústssonar um athuganir hans á „hegðun, líðan og geðheilsu drengjanna þar, svo og uppeldislegan rekstur heimilisins, eins og gert er ráð fyrir í reglugerð .. frá 25. júlí 1958" eins og höfundur lýsir þeim sjálfur. Skýrslur þessar taka til áranna 1959 til 1972 að báðum árum meðtöldum. Í skýrslunum er fjallað um einstaka drengi auk þess sem fram koma almennar athugasemdir um einstök atriði er varða aðbúnað og uppeldi drengjanna.

B. Gögn á Borgarskjalasafni frá barnaverndarnefnd Reykjavíkur um einstaklinga á Breiðavikurheimilinu. Gögn þessi eru aðallega bókanir nefndarinnar og ljósrit af lögregluskýrslum þótt frekari upplýsingar sé að finna í allmörgum málum svo sem síðar verður gerð grein fyrir.

C. Skýrsla Þorkels Kristjánssonar um eftirlit með umkomulausum börnum árið 1952. Skýrslan hefur að geyma nokkrar upplýsingar um fimm fyrstu drengina sem vistuðust á drengjaheimilinu árið 1952. Jafnframt er í skýrslunni viðtal við Magnús Sigurðsson kennara sem hafði umsjón með drengjunum og uppbyggingu staðarins í upphafi.

D. Skýrsla Gísla H. Guðjónssonar: „Delinquent boys in Reykjavík, a follow-up study of boys sent to an approved school". Í skýrslunni eru niðurstöður rannsóknar til BA-honours gráðu við Brunel University árið 1975 og tekur til alls 71 drengs á drengjaheimilinu Breiðavík á árunum 1953 til 1970. Þá liggur fyrir álitsgerð dr. Símonar Jóh. Ágústssonar rituð 1.-15. október 1975 um rannsókn Gísla.

E. Skýrsla Georgíu M. Kristmundsdóttur og Sigríðar Lóu Jónsdóttur: „Breiðavíkurrannsóknin", B.A. ritgerð í sálarfræði við Háskóla Íslands, 1976.

F. Skýrsla Sveins Allans Morthens, Snjólaugar Stefánsdóttur og Iðunnar Valgarðsdóttur um Breiðavík, námsritgerð við Háskólann í Uppsölum, 1979

G. Umfjöllun í bókum, bréfum og greinum sem ýmist vísa almennt til unglinga sem vistuðust á Breiðavík eða tiltekinna einstaklinga

Í upphafi þykir rétt að fara nokkrum almennum orðum um þau gögn sem hér um ræðir, einkum þann skort sem virðist vera á frumgögnum í málum drengjanna sem dvöldu í Breiðavík. Þegar þetta er ritað hefur tekist að afla einhverra frumgagna um ráðstöfun flestra drengja úr Reykjavík í Breiðavík en mjög takmörku gögn um drengi utan Reykjavíkur liggja fyrir. Upplýsingar um þá er fyrst og fremst að finna í eftirlitsskýrslum dr. Símonar Jóh. Ágústssonar. Líklegasta skýringin á þessu er hið veikburða barnaverndarstarf utan Reykjavíkur á tímabilinu svo sem ráða má af skýrslum Barnaverndarráðs Íslands frá þessum tíma. Segja má að allt fram á áttunda áratuginn hafi nánast engin barnaverndarnefnd önnur en sú í Reykjavík haft starfsmann. Í Kópavogi og Hafnarfirði hófu þó fulltrúar störf undir lok sjöunda áratugarins.

Athygli vekur jafnframt hversu frumgögn frá barnaverndarnefnd Reykjavíkur reynast rýr, a.m.k. framan af tímabilinu. Upplýsingar um forsendur, þ.m.t. röksemdir fyrir einstökum ákvörðunum um vistun drengja í Breiðavík, eru yfirleitt ekki fyrir hendi. Raunar er fátt sem varpar ljósi á einstök atriði um hvernig ákvarðanir um ráðstöfun drengja til Breiðavíkur voru teknar, þ.m.t. um afstöðu foreldra eða umsjáraðila barns til ráðstöfunarinnar. Ákvarðanir um vistun barns eru venjulega ekki bókaðar í fundargerð barnaverndarnefndar og er því allt á huldu um hvernig að þeim hefur verið staðið. Að vísu skánar skráning í fundargerðarbækur nokkuð þegar líður á tímabilið. Hvorki er skipulega skráð vistunarsaga hvers einstaklings né upplýsingar um hvort aðrar ráðstafanir eða aðgerðir en vistun í Breiðavík hafi þótt koma til álita í einstaka málum. Þá eru upplýsingar um ástand barns og fjölskylduaðstæður þess yfirleitt ekki að finna í gögnum nefndarinnar framan af tímabilinu þótt á því verði veruleg breyting til batnaðar þegar líður á sjöunda áratuginn. Með stofnun Upptökuheimilis ríkisins í Kópavogi og gildistöku reglugerðar um það árið 1973, verður mikil breyting að þessu leyti. Í henni fólst að unglingum var ekki ráðstafað á heimilið án undangenginnar rannsóknarvistunar á Upptökuheimilinu nema í undantekningartilvikum, svo sem síðar verður vikið að.

Þegar litið er til þeirra ákvæða sem giltu í lögum um vernd barna og ungmenna nr. 29/1947 og nr. 53/1966 hvað varðar skyldur barnaverndarnefndar til að „láta kunnáttumann rannsaka barnið eða ungmennið og segja til, hvernig með skuli fara" (sbr. óbreytt orðalag 1. mgr. 36. gr. laga 29/1947 og 1. mgr. 38. gr. laga 53/1966) verður að telja það athyglisvert að ekki skuli liggja fyrir ítarlegri gögn í skjalasafni barnaverndarnefndar Reykjavík í málum þeirra barna sem vistuðust í Breiðavík á sjötta og framan af sjöunda áratugnum. Það leiðir hugann að því hvort svo geti verið að mikilvæg gögn sem barnaverndarnefnd Reykjavíkur lagði til grundvallar ráðstöfunum sínum á þessu tímabili hafi glatast. Vissulega eru sterkar vísbendingar sem benda til þess þótt annað mæli því á móti. Rétt þykir að fjalla um þetta atriði nokkuð nánar.

Það sem einkum bendir til að mikilvæg gögn hafi farið forgörðum er einkum tvennt, annars vegar rannsóknarskýrsla Gísla H. Guðjónssonar og hins vegar álitsgerð dr. Símonar Jóh. Ágústssonar um ritgerð Gísla. Í skrifum dr. Símonar kemur beinlínis fram að gögn hafi glatast þegar drengjaheimilinu var sett undir Upptökuheimilið árið 1973 og er Símon raunar ómyrkur í máli um þetta atriði. Þannig kemst hann m.a. að orði: „Verður að teljast ákaflega bagalegt, að þvílík gögn frá opinberri stofnun séu látin hverfa, glatast, komast á flæking, ringulreið eða að einhverjir menn haldi þeim í vörslu sinni eftir geðþótta sínum, án leyfis eða vitundar Menntamálaráðuneytisins að því er virðist".[167] Raunar telur dr. Símon Jóh. að þessi gögn hafi verið svo mikilvæg að þau hefðu hugsanlega getað haft áhrif á meginniðurstöður í rannsókn Gísla. Um þetta atriði segir dr. Símon Jóh. m.a.: „Vegna þess að Gísli fékk ekki að færa sér í nyt þessi gögn er ritgerð hans í sumum greinum ekki eins rækileg og traust og hún hefði annars orðið. Í mínum skýrslum eru reyndar upplýsingar, sem styðjast við þessi gögn, en mjög samandregnar og mörgu sleppt eins og vænta mátti, og því ófullnægjandi".[168] Þau gögn sem dr. Símon vísar hér til fundust líklega seinna svo sem vikið verður að síðar.

Ekki verður annað sagt en að skýrsla Gísla Guðjónssonar sé mjög "rækileg" í ljósi þeirra gagna sem nú finnast. Þannig hefur Gísli haft miklu ítarlegri gögn um mál

---

[167] ÞÍ. Skjalasafn Barnaverndarráðs. Álitsgerð dr. Símonar Jóh. Ágústssonar um rannsókn Gísla H. Guðjónssonar, 1975, bls. 3.
[168] ÞÍ. Skjalasafn Barnaverndarráðs. Álitsgerð Sigurjóns Björnssonar, bls.3.

einstakra drengja í Breiðavík heldur en nú hefur tekist að afla. Gísli hafði aðgang að skjalasafni Félagsmálastofnunar Reykjavíkur við gerð rannsóknarinnar, en þar starfaði hann um hríð.[169] Hugsanlegt er að á meðal þeirra gagna hafi verið skýrslur um fjölskyldur einhverra Breiðavíkurdrengja, t.d. vegna framfærsluaðstoðar, en þeirra gagna hefur ekki verið leitað nú. Þá aflaði Gísli upplýsinga með viðtölum við tvo fyrrverandi forstöðumenn Breiðavíkurheimilisins. Í skýrslunni er að finna mjög vandaða greiningu á ýmsum persónulegum og félagslegum einkennum drengjahópsins í Breiðavík sem rétt er að gera hér nokkra grein fyrir.

5.2 „Delinquent Boys" - rannsókn Gísla H. Guðjónssonar frá 1974

Gjarnan er vísað til skýrslu Gísla H. Guðjónssonar, hér eftir nefnd „*Delinquent Boys*" sem könnunar á afdrifum Breiðavíkurdrengja eða jafnvel árangursrannsóknar á starfsemi Breiðavíkurheimilisins. Það er vissulega rétt að megintilgangur rannsóknarinnar var að leiða í ljós hvort dvöl drengjanna í Breiðavík hafi haft áhrif á afbrotahegðun þeirra með samanburði á afbrotaferli þeirra fyrir dvöl og á eftir. Hins vegar er ekki síður áhugaverður sá hluti rannsóknarinnar sem snýr að félagslegum einkennum, þ.m.t. fjölskyldu- og uppeldisaðstæðum drengjanna í Breiðavík. Hann felst í því að rannsakaðar eru tíu þættir sem telja verður fræðilega áhugaverðir með tilliti til áhrifaþátta í uppeldi, þroska og geðheilsu barna. Höfundur fléttar síðan saman niðurstöðurnar við bestu þekkingu sem sál- og félagsfræði þess tíma hafði upp á að bjóða á afar áhugaverðan hátt. Tilgangurinn er sá að varpa ljósi á hugsanlega orsakatengsl afbrotahegðunar og þekktra áhættuþátta.

Afbrotaferill fyrir vistun

Hér verður ekki fjallað um niðurstöður rannsóknarinnar *Delinquent Boys* að öðru leyti en því sem beinlínis varðar þá þætti sem varpa ljósi á afbrotaferil og félagseinkenni Breiðavíkurdrengja þegar ákvörðun var tekin um vistun þeirra í Breiðavík. Vert er að hafa í huga að yfirlýstur tilgangur drengjaheimilisins í Breiðavík, í samræmi við gildandi lög á tímabilinu, var að taka til uppeldis drengi sem höfðu „framið lögbrot eða voru á annan hátt á glapstigum".[170] Ein meginniðurstaða skýrslunnar *Delinquent Boys* er að *79% (56) drengja í Breiðavík höfðu verið tilkynntir til*

[169] Viðtal við dr. Gísla H. Guðjónsson í ágúst 2007.
[170] Lög um vernd barna og ungmenna 1. mgr. 37. gr. laga nr. 29/1947 og Lög um vernd barna og ungmenna 1. mgr. 39. gr. laga nr. 53/1966

barnaverndarnefndar af lögreglunni í Reykjavík vegna meintra afbrota áður en til vistunar þeirra í Breiðavík kom.[171] Algengustu afbrotin voru fólgin í hnupli og þjófnuðum (68%), innbrotum (38%) og skemmdarverkum (31%). Ofbeldisbrot gegn öðrum reyndust afar fátíð (6%).

Þegar litið er til aldurs drengjanna og tíðni brota koma athyglisverðar upplýsingar í ljós. Flestir drengjanna (61%) hefja brotaferil sinn mjög ungir eða 9 ára eða yngri. Algengasti aldur við fyrstu lögregluafskipti er 7 ára. Fjöldi lögregluskýrslna vegna meintra brota er afar mismunandi, frá einni til 39, en rúmlega helmingur á að baki fjórar eða fleiri skýrslur um ætluð brot. Samtals eiga þeir 56 einstaklingar sem rannsóknin tekur til 448 brot.[172] Í flestum tilvikum voru brot framin í félagsskap með öðrum þótt niðurstöður skýrslunnar bendi ekki til að um „klíkur" hafi verið að ræða nema í algjörum undantekningatilvikum.

Þegar litið er til félags- og sálfræðilegra þátta sem *Delinquent Boys* tekur til eru eftirfarandi breytur rannsakaðar: Starfstétt föður, fæðing barns utan hjónabands, fjölskyldugerð, vanræksla, ósamkomulag á heimili, uppeldisaðferðir foreldra, áfengisneysla foreldra, fjölskyldustærð og aldursröð barns við fæðingu, afbrotahegðun í fjölskyldu og loks greindarvísitala barns. Stutt samantekt af helstu niðurstöðum rannsóknarinnar viðvíkjandi hvern þátt fyrir sig eru eftirfarandi:

Starfsstétt föður

Gísli styðst við hér við flokkunarkerfi dr. Sigurjóns Björnssonar í óbirtri rannsókn um faraldsfræði geðraskana á meðal barna frá árinu 1973 sem síðar var gefin út í bókinni „Börn í Reykjavík".[173] Upplýsingar eru fengnar um starfstétt 57 feðra af 71 Breiðavíkurdreng í úrtaki (82%). *Helstu niðurstöður eru þær að drengir í Breiðavík eru meiri en helmingi líklegri til að eiga ófaglærðan föður en önnur börn í Reykjavík og margfalt ólíklegri til að eiga föður í mennta- eða stjórnunarstöðu* (1,4% í samanburði við 17,5% barna í heild).[174]

---

[171] Gísli H. Guðjónsson: Delinquent boys in Reykjavík, a follow-up study of boys sent to an approved school, 1975, bls. 48.
[172] Gísli H. Guðjónsson: Delinquent boys..., bls. 52.
[173] Sigurjón Björnsson: *Börn í Reykjavík*.
[174] Gísli H. Guðjónsson: Delinquent boys... bls. 19.

Fæddir utan hjónabands

Upplýsingar voru fengnar um 65 af 71 dreng (92%). *Helsta niðurstaðan er sú að um 40% drengjanna voru óskilgetnir í samanburði við um 25% á landsvísu miðað við árið 1960.*[175]

Fjölskyldugerð

Fengnar eru upplýsingar um 88% (62) drengjanna. *Meginniðurstaðan er sú að um 42% drengjanna komi frá rofnum fjölskyldum (hjónaskilnaður, sambúðarslit, andlát) en samkvæmt fyrrnefndri rannsókn dr. Sigurjóns Björnssonar er sambærilegt hlutfall 14% fyrir öll börn í Reykjavík. Þá eru 13% drengjanna munaðarlausir eða nærri tífalt hærra hlutfall en á meðal annarra barna.* Þá er að finna upplýsingar um aldur drengjanna við aðskilnað frá öðru eða báðum foreldrum og er helsta niðurstaðan sú að flestir (58%) hafi verið á aldrinum 0 til 3ja ára.[176]

Vanræksla í uppeldi

Fengnar eru upplýsingar um 83% (59) drengjanna. Hér er átt við vísbendingar um að foreldrar sinni vart þörfum barna, einkum fyrir ástúð og umhyggju. *Helstu niðurstöður eru að vísbendingar um vanrækslu séu til staðar í 73% tilvika.* Algengast var um vanrækslu af hálfu beggja foreldra að ræða en í sumum tilvikum var aðeins annað foreldrið til staðar. Vanræksla móður var tilgreind þrisvar sinnum oftar en vanræksla föður sem að mati höfundar endurspeglar líklega frekar hefðbundin kynjahlutverk í uppeldi en raunverulegan mun.[177]

Ósætti og deilur foreldra

Fengnar eru upplýsingar um 83% (59) drengjanna. *Þær sýna að á heimilum tæplega helmings drengjanna, eða 47% þegar vistun þeirra í Breiðavík á sér stað eru vísbendingar um ósætti og deilur á milli foreldra.*[178]

Uppeldisaðferðir

Hér er einkum átt við aðferðir foreldra til að fá barn til að hlýða reglum, þ.e. ögun barns. Flokkarnir eru: „eðlilegar", „slakur agi" (afskiptaleysi), „ágreiningur á milli

[175] Gísli H. Guðjónsson: Delinquent boys... bls.21.
[176] Gísli H. Guðjónsson: Delinquent boys... bls. 25-27.
[177] Gísli H. Guðjónsson: Delinquent boys... bls. 32.
[178] Gísli H. Guðjónsson: Delinquent boys... bls. 33.

foreldra um aga", „ósamkvæmni" og loks „þungum refsingum beitt". Upplýsingar eru fengnar um uppeldisaðferðir foreldra í 75% tilvika (53). *Langflestir foreldranna hafa beitt óheppilegum aðferðum við að aga syni sína, þ.e. einhverjum hinna fjögurra tegunda sem ekki falla undir „eðlilegar" uppeldisvenjur (79%) og var afskiptaleysi þar algengast.*[179]

Misnotkun áfengis

Upplýsingar fengust um áfengisnotkun á heimilum 84% (60) drengjanna á Breiðavík. *Ef einungis er miðað við þau heimili þar sem upplýsingar liggja fyrir um koma 58% drengjanna frá heimilum þar sem drykkjuvandamál er til staðar.* Misnotkun feðra er algengari en mæðra, 58% á móti 25% þeirra sem upplýsingar liggja fyrir um.[180]

Fjölskyldustærð og aldursröð barns

Fengnar eru upplýsingar um 85% (60). Meðalbarnafjöldi í fjölskyldu Breiðavíkurdrengja er 4,3 en algengasti fjöldi barna er þrjú og miðast þessar tölur við fjölda barna við vistun drengjanna. *Meðalstærð heimila er þannig yfir 6 en samkvæmt opinberum tölum var meðalstærð heimila um 4 í Reykjavík árið 1950.* Varðandi aldursröð barna kemur í ljós að flestir þeirra sem vistast á Breiðavík eru fyrsta barn foreldra, eða 43% þeirra sem upplýsingar liggja fyrir um á móti 25% af landsmeðaltali. Höfundur skýrir þetta með tilvísun til hins háa hlutfalls Breiðavíkurdrengja sem eru óskilgetnir. Hins vegar er athyglisvert að á meðan aldursröð annars og þriðja barns liggur nærri landsmeðaltali er fjórða barn tvisvar sinnum algengara en hlutfall á landsvísu (11% og 24%).[181]

Afbrotahegðun í fjölskyldu

Samkvæmt gögnum rannsóknarinnar *hafa 15% (11) drengjanna á Breiðavík átt feður sem hlotið hafa alvarlega refsidóma vegna afbrota á þeim tíma þegar þeir voru vistaðir.* Sumar mæðurnar höfðu komist í kast við lögin en aðallega vegna neyslu áfengis og óláta á opinberum vettvangi. Þá áttu tæplega þriðjungur (30%) drengjanna

[179] Gísli H. Guðjónsson: Delinquent boys... bls. 35.
[180] Gísli H. Guðjónsson: Delinquent boys... bls. 36
[181] Gísli H. Guðjónsson: Delinquent boys... bls. 38-42.

systkini sem höfðu átt í útistöðum við lögreglu. Loks er þess getið að 13% (9) drengjanna áttu bræður sem vistast höfðu í Breiðavík.[182]

Greindarfar

Upplýsingar um greindarmælingu fengust frá 72% (51) drengjahópsins en flestir drengjanna voru greindarprófaðir af dr. Símoni Jóh. á meðan dvöl þeirra í Breiðavik stóð. Meðalútkoma reyndist vera 91 en mörk neðri og efri marka voru frá 61 til 120 stig. Samkvæmt mælingum þessum reyndust 6% vera þroskaheftir (undir 70) en það jafngildir helmingi hærra hlutfalli en er á meðal barna almennt. Á sama hátt mældust um 24% yfir meðaltali í greind sem samkvæmt skilgreiningu er um helmingi minna en reiknast almennt.[183]

5.3 „Breiðavíkurrannsóknin" - rannsókn Georgíu M. Kristmundsdóttur og Sigríðar Lóu Jónsdóttur árið 1976

Þær Georgía M. Kristmundsdóttir og Sigríður Lóa Jónsdóttir gerðu rannsókn á félagseinkennum Breiðavíkurdrengja árið 1976 undir handleiðslu dr. Sigurjóns Björnssonar. Um var að ræða BA verkefni og var markmið rannsóknarinnar skilgreint sem framhald af rannsókninni *Delinquent Boys* annars vegar og rannsókn Baldvins Steindórssonar o.fl. sem nefndist „Afbrot reykvískra ungmenna" hins vegar. Síðarnefnda rannsóknin var um afbrotatíðni reykvískra ungmenna þar sem ýmsar félags-og sálfræðilegar breytur voru skoðaðar. Georgía og Sigríður Lóa nefna rannsókn sína „*Breiðavíkurrannsóknina*" og rannsókn Baldvins Steindórssonar o.fl. „*Reykjavíkurrannsóknina*" og er fordæmi þeirra fylgt í því sem hér fer á eftir.

Úrtakið í *Breiðavíkurrannsókninni* samanstóð af 127 drengjum sem dvalið höfðu í Breiðavík á árunum 1953 til 1972 og tekur rannsóknin því til fleiri einstaklinga en rannsókn Gísla H. Guðjónssonar, enda einskorðaðist sú rannsókn við drengi úr Reykjavík. Athygli vekur að gögnin sem höfundar *Breiðavíkurrannsóknarinnar* styðjast við eru annars vegar athuganir dr. Símonar Jóh. og hins vegar gögn þau „sem send voru til Breiðavíkur. Þessi gögn samanstóðu af umsögnum kennara, skólastjóra, barnaverndarnefnda, sálfræðinga eða lækna sem höfðu afskipti af drengjunum áður en

[182] Gísli H. Guðjónsson: Delinquent boys... bls. 43.
[183] Gísli H. Guðjónsson: Delinquent boys... bls. 44-46.

þeir voru sendir vestur".[184] Líklega er hér um að ræða þau sömu gögn og dr. Símon Jóh. vísar til í bréfi sínu frá 1975 að hafi glatast sem fyrr var getið um. Við gagnaöflun nú hefur ekki tekist að finna þessi gögn.

Breiðavíkurrannsóknin gefur mjög mikilvægar upplýsingar um félagslegan uppruna og fjölskylduaðstæður Breiðavíkurdrengja, sem enn frekar styðja þá greiningu sem fram kemur í rannsókn Gísla H. Guðjónssonar enda að mestu leyti um sömu breytur að ræða. Höfundar vinna með átta frumbreytur sem allar varpa ljósi á félagslegan uppruna og aðstæður en fylgibreytan í könnuninni er afbrotahegðun Breiðavíkurdrengja. Þær frumbreytur sem unnið er með í rannsókninni eru eftirfarandi: fjölskyldugerð, barnafjöldi, starf föður, hjúskaparaðlögun foreldra, áfengisneysla föður, geðheilsa drengs, greindarvísitala og einkunn á barnaprófi.[185]

Drengjunum sem dvalist höfðu í Breiðavík var skipt upp í þrjá hópa eftir því hvort og þá hvers eðlis lögregluafskipti voru miðað við sakaskrá eins og hún var í maí 1976. Samkvæmt þessari flokkun voru hóparnir eftirfarandi:
(i) ekkert misferli, þ.e. drengir sem ekki höfðu komist á sakaskrá en þeir reyndust vera 25% hópsins (32 drengir)
(ii) smávægilegt misferli, drengir sem höfðu komist á sakaskrá en uppfylltu ekki skilgreiningu um alvarleg brot og töldust 29% hópsins (38) og
(iii) alvarleg misferli, drengir sem höfðu brotið a.m.k. tvisvar sinnum gegn ákvæðum hegningarlaga eða framið a.m.k. þrjú brot, þar af minnst eitt gegn ákvæðum hegningarlaga. Taldist síðastnefndi hópurinn 44% af heild (57 drengir).[186] Til samanburðar má geta þess að samkvæmt rannsókn Baldvins Steindórssonar o.fl. „Afbrot reykvískra ungmenna" (SJÁ OFAR), sem byggð var á úrtaki sex hundruð barna sem valin voru af handahófi höfðu 18% barna gerst brotleg við lög og aðeins 3% framið alvarleg afbrot.[187]

Höfundar *Breiðavíkurrannsóknarinnar* prófa þrjár tilgátur í rannsókn sinni. Sú fyrsta er að allir þrír fyrrnefndu hópar Breiðavíkurdrengja hafi sömu einkenni með hliðsjón af þeim frumbreytum sem kannaðar voru. Hvorki tókst að staðfesta né hafna þeirri

[184] Georgía M. Kristmundsdóttir og Sigríður L. Jónsdóttir: Breiðavíkurrannsóknin, bls. 21.
[185] Georgía M. Kristmundsdóttir og Sigríður L. Jónsdóttir: Breiðavíkurrannsóknin, bls. 24-25.
[186] Georgía M. Kristmundsdóttir og Sigríður L. Jónsdóttir: Breiðavíkurrannsóknin, bls. 22-23.
[187] Georgía M. Kristmundsdóttir og Sigríður L. Jónsdóttir: Breiðavíkurrannsóknin, bls. 19.

tilgátu. Í ljós kom t.d. að engan mun á hópunum var að finna varðandi systkinafjölda, greindarvísitölu og einkunn á barnaprófi. Hins vegar kom fram munur í öðrum þáttum, t.d. var ofnotkun áfengis feðra drengja í hópi þrjú meiri en hjá hinum hópunum sem og geðræn sjúkdómseinkenni drengjanna sjálfra. Hins vegar var t.d. fjölskyldugerð drengja í hópum eitt og tvö sundraðri en í hópi þrjú.[188]

Önnur tilgátan var sú að allir hópar Breiðavíkurdrengjanna hefðu önnur einkenni en unglingar í *Reykjavíkurrannsókninni* í samanburði á frumbreytunum. Sú tilgáta er staðfest í öllum aðalatriðum eins og segir í skýrslunni: „M.ö.o. má með mikilli vissu staðhæfa að fjölskyldugerð Breiðavíkurdrengja sé sundraðri en fjölskyldugerð unglinga úr Reykjavík, einnig að þeir komi jafnan úr stærri systkinahópi, að störf feðra séu lakari, að hjúskaparaðlögun foreldra þeirra sé verri, að ofnotkun áfengis sé algengari meðal feðra þeirra, að geðheilsa þeirra, greindarvísitala og einkunn á barnaprófi sé lakari en í tilviljunarúrtaki unglinga úr Reykjavík".[189]

Þriðja tilgátan sem prófuð var í *Breiðavíkurrannsókninni* var sú að einkenni Breiðavíkurdrengjanna séu þau sömu og í hópi þrjú í Reykjavíkurrannsókninni, þ.e. þau börn sem framið höfðu alvarleg afbrot. Hvorki reyndist unnt að staðfesta né hafna þeirri tilgátu þar sem nokkur munur kom fram. Þannig var t.d. ofneysla feðra Breiðavíkurdrengja á áfengi og hjúskaparaðlögun foreldra þeirra verri en í samanburðarhópi, en fjölskyldugerð aftur á móti síður sundruð. Aðrir þættir svo sem barnafjöldi í fjölskyldu og einkunn á barnaprófi voru svipaðir. Höfundar benda hins vegar á að hópur þrjú í *Reykjavíkurrannsókninni* sé svo smár (18 unglingar) að tæplega sé tilefni til að draga miklar ályktanir af upplýsingum um hann.[190]

5.4 Skýrsla um Breiðavík – námsritgerð Snjólaugar Stefánsdóttur, Sveins Allans Morthens og Iðunnar Valgarðsdóttur

Rannsóknirnar *Delinquent Boys* og *Breiðavíkurrannsóknin* sem hér hefur verið fjallað ná yfir skjólstæðingahóp drengjaheimilisins í Breiðavík fyrstu 20 árin í starfseminni. Ein skýrsla var gerð sem hefur upplýsingar að geyma um starfsemina frá 1973 og til loka hennar, þ.e. eftir að stjórn Upptökuheimilis ríkisins hafði verið falin stjórn

[188] Georgía M. Kristmundsdóttir og Sigríður L. Jónsdóttir: Breiðavíkurrannsóknin, bls. 88-89.
[189] Georgía M. Kristmundsdóttir og Sigríður L. Jónsdóttir: Breiðavíkurrannsóknin, bls. 90.
[190] Georgía M. Kristmundsdóttir og Sigríður L. Jónsdóttir: Breiðavíkurrannsóknin, bls. 90-91.

heimilisins og verulegar breytingar höfðu verið gerðar á skjólstæðingahópi og starfsemi Breiðavíkurheimilisins. Árið 1979 unnu þrír fyrrverandi starfsmenn Breiðavíkur námsritgerð við Háskólann í Uppsölum, þau Snjólaug Stefánsdóttir, Sveinn Allan Morthens og Iðunn Valgarðsdóttir. Ritgerðin hefur m.a. að geyma ýmsar upplýsingar um afbrot barna og ungmenna fyrr á árum ásamt umfjöllun um Breiðavíkurheimilið frá upphafi starfstíma þess. Einkum eru áhugaverðar upplýsingar um meðferðarstarfið á heimilinu eftir 1973 og einstaklinga sem þar vistuðust. Þá hafði verið gefin út ný reglugerð um Breiðavík en með henni urðu breytingar á vistun unglinga. Breytingarnar voru einkum fólgnar í því að nú var heimilinu ætlað að taka bæði drengi og stúlkur til vistunar auk þess sem aldursmörk unglinganna voru tilgreind 11 til 14 ár. Þá verður sú mikilvæga breyting í framkvæmd að miðað er við að unglingarnir skuli rannsakaðir á Upptökuheimili ríkisins í Kópavogi áður en dvöl í Breiðavík er ákveðin.

Í námsritgerðinni er fjallað um þá unglinga sem vistaðir voru á tímabilinu 1973 til 1976. Það kann að rýra nokkuð áreiðanleika þeirra upplýsinga sem veittar eru að þær byggjast „fyrst og fremst á reynslu okkar og minni frá þeim tíma er við unnum þar" eins og segir í skýrslunni.[191] Á móti kemur að skýrslan er unnin af starfsmönnum sem bjuggu undir sama þaki og unglingarnir og deildu lífi sínu með þeim í langan tíma. Starfsmennirnir gjörþekktu því viðkomandi einstaklinga og þar sem skýrslan er skrifuð stuttu eftir þessu nánu kynni má ætla að hún sé nokkuð traust heimild.

Alls dvöldu 20 unglingar í Breiðavík á ofangreindu tímabili og telja skýrsluhöfundar sig búa yfir haldgóðum upplýsingum um alla utan einn. Fram kemur að 17 af þeim eru börn úr verkalýðsstétt, þ.e. feður eru ófaglærðir verkamenn eða sjómenn.[192] Þá kemur fram að 13 af þeim 19 unglingum sem vitneskja lá fyrir um komu frá rofnum fjölskyldum. Höfundar telja að þeir geti „fullyrt að töluverðir erfiðleikar hafi verið á heimilum flestra þeirra".[193] Þá kemur fram að allir unglingarnir höfðu dvalið á „öðrum meðferðarheimilum eða stofnunum áður en þeir voru vistaðir í Breiðavík. Þar af höfðu 12 unglingar verið í rannsókn á Upptökuheimilinu í lengri eða skemmri tíma, þrír á

[191] Snjólaug Stefánsdóttir, Sveinn Allan Morthens og Iðunn Valgarðsdóttir: Skýrsla um Breiðavík, bls. 90
[192] Snjólaug Stefánsdóttir: Skýrsla um Breiðavík, bls. 105. Stéttgreining sú sem stuðst er við er skilgreind á bls. 10-11.
[193] Snjólaug Stefánsdóttir: Skýrsla um Breiðavík, bls. 106.

Barnageðdeild Hringsins og tveir á barnaheimilum í meira en þrjú ár."[194] Loks kemur fram að dvalartími flestra nam frá 6 til 24 mánuðum en stærsti hópurinn dvaldi í Breiðavík lengur en eitt ár.

5.5 Greining á fyrirliggjandi frumgögnum

Eins og fyrr er vikið að takmarkast tiltæk frumgögn að mestu við skýrslur dr. Símonar Jóh. annars vegar og skýrslur um einstaklinga frá Borgarskjalasafni hins vegar. Þessu til viðbótar er stutt greinargerð frá Þorkeli Kristjánssyni um þá einstaklinga sem vistuðust í Breiðavík í upphafi starfseminnar 1952. Þá liggja og fyrir upplýsingar frá Upptökuheimili ríkisins um flesta einstaklinga sem vistuðust á árunum 1973-79 í Breiðavík. Þar sem nokkuð ítarleg greining á félags- og sálfræðilegum einkennum Breiðavíkurdrengja liggur fyrir í *Delinquent Boys* og *Breiðavíkurrannsókninni* þykir ekki ástæða til að endurtaka umfjöllun um þau atriði sem fram koma í skýrslunum nema í undantekningatilvikum og þá til frekari skýringa.

Þegar fjallað er um skjólstæðinga Breiðavíkurheimilisins þarf að hafa í huga hinn langa starfstíma heimilisins sem tekur yfir rúmlega aldarfjórðung. Í þessu felst að aldursmunur þeirra sem dvöldu frá upphafi til loka starfseminnar í Breiðavík er afar mikill. Þannig var elstur Breiðavíkurdrengja fæddur árið 1937 en sá yngsti árið 1964. Ljóst er að uppeldisskilyrði og lífsvenjur fólks breyttust verulega á þessu tímabili svo sem þegar hefur verið gerð grein fyrir. Í annan stað er stærð og aldurssamsetning drengjahópsins í Breiðavík ólík frá einum tíma til annars. Lengst af því tímabili sem dr. Símon Jóhannes sinnti eftirliti með starfseminni, árin 1959–1972, eru skjólstæðingarnir mun fleiri og að jafnaði mun yngri en síðar varð. Skjólstæðingar Breiðavíkur eftir 1973 urðu aldrei fleiri en 7 samtímis og voru allir á unglingsaldri. Vistunarsaga skjólstæðinganna var jafnframt mismunandi á ólíkum tímabilum. Drengir úr Reykjavík áttu yfirleitt að baki nokkrar dvalir í sveit og/eða á stofnunum á vegum barnaverndarnefnda. Það á síður við Breiðavíkurdrengi utan af landi. Ráðstöfun drengja í Breiðavík frá upphafi var ekki í samræmi við þá grundvallarhugsun sem finna má í gildandi barnaverndarlögum á þessu tíma um vistun á sérstakri „athugunarstöð" í því skyni að vera barnaverndarnefnd til leiðbeiningar um frekari ákvarðanir í málefnum barns. Sú framkvæmd kemst ekki á

[194] Snjólaug Stefánsdóttir: Skýrsla um Breiðavík, bls..107.

fyrr en árið 1973 í kjölfar mikillar breytingar á Upptökuheimili ríkisins og með tilkomu nýrra ákvæða í reglugerð um Breiðavík þess efnis að unglingar skulu ekki vistast þar fyrr en „að aflokinni rannsókn á Upptökuheimilinu" og jafnframt að fyrir liggi að þeir „eru taldir hafa not af vistuninni í Breiðavík".[195]

Rétt er að fara nokkrum almennum orðum um aðstæður Breiðavíkurdrengja áður en þeim var komið fyrir í Breiðavík, einkum eins og þær birtast í frumgögnum hjá Borgarskjalasafni og skýrslum dr. Símonar Jóh. Reynt verður að draga fram lýsingu sem þykir „dæmigerð" á hinum mismunandi tímum í starfsemi heimilisins. Ástæða er þó til að fjalla sérstaklega um þann hóp drengja sem ráðstafað er til Breiðavíkur af öðrum en barnverndarnefnd Reykjavíkur.

5.5.1 Breiðavíkurdrengir utan Reykjavíkur

Eins og fyrr er vikið að takmarkast upplýsinga um Breiðavíkurdrengi utan Reykjavíkur fram til 1972 að mestu leyti við árlegar eftirlitsskýrslur dr. Símonar Jóh. og er sú fyrsta frá árinu 1959. Alls fjallar hann um 39 drengi á tímabilinu sem vistaðir eru af barnaverndarnefndum utan Reykjavíkur eða tæplega þrjá á ári að jafnaði. Fjöldi þeirra sem ráðstafað er til Breiðavíkur er hins vegar afar mismunandi frá ári til árs. Þessar ráðstafanir eru flestar 7 árið 1960 en t.d. engin árið 1964. Hlutfallslega eru drengir utan Reykjavíkur flestir á árunum 1970-1972. Drengirnir koma úr öllum landsfjórðungum utan Vestfjarða en flestir frá Keflavík (14 drengir) og nágrannasveitarfélögum Reykjavíkur (11 drengir), einkum Hafnarfirði (7 drengir).

Einkennandi er að drengjum utan Reykjavíkur á athugunartímabili dr. Símonar Jóh. fylgja oftast nær engar upplýsingar eða mjög knappar. Stundum verður sálfræðingurinn að reiða sig á frásagnir drengjanna sjálfra varðandi upplýsingar um heimilishagi. Þetta skánar þó þegar líður á tímabilið en lýsir afar frumstæðri framkvæmd í barnaverndarmálum á þessum tíma enda yfirleitt ekkert starfsfólk í þjónustu nefndanna. Þá stendur upp úr að erfiðar heimilisaðstæður eru nánast í öllum tilvikum aðalástæða vistunar þessara drengja. Þannig er gjarnan vísað til óreglu, sambúðarerfiðleika, skilnaða, fátæktar, veikinda og vanrækslu í fjölskyldum

[195] *Stj.tíð*, B, nr. 225/1973, Reglugerð um skólaheimlið í Breiðavík.

drengjanna. Í allnokkrum tilvikum kemur þó fram að um hegðunarerfiðleika og erfiðleika á aðlögun í skóla var að ræða.

Tilvísun til afbrota eða lögregluafskipta takmarkast við fá tilvik og eru þau nánast eingöngu frá nágrannasveitarfélögum Reykjavíkur framan að starfstíma vistheimilisins. Þannig eru tilgreindir þjófnaðir og annað misferli í nokkrum málum. Vera má að þetta endurspegli að nokkru leyti fyrirkomulag lögreglumála í landinu á þessu tímabili. Löggæslan byggðist að verulegu leyti upp um landið á eftirstríðsárunum en áður störfuðu lögregluþjónar a.m.k. í stærstu kaupstöðunum. Hins vegar voru þeir fáir og umdæmin voru oft stór. Starfsaðstæður þeirra voru lengi mjög bágbornar á því tímabili sem hér er til umræðu, t.d. höfðu þeir ekki alls staðar bifreiðar eða aðgang að ritvél til skýrslugerðar.[196] Framhjá því verður þó ekki litið að lögregluþjónar störfuðu í stærstu kaupstöðunum en þaðan komu flestir drengjanna sem bjuggu utan Reykjavíkur.

Nærtækast er að álykta að úrræðaleysi barnaverndarnefnda utan Reykjavíkur hafi valdið því að Breiðavík þótti jafnvel einasti kosturinn þegar þurfti að vista dreng utan heimilis. Engar stofnanir aðrar en þær sem reknar voru fyrir Reykjavíkurbörn voru til ef undan er skilin skammtímavistunin í Elliðahvammi sem tók á móti börnum alls staðar af landinu. En þótt drengirnir utan Reykjavíkur ættu yfirleitt ekki að baki reynslu af lögregluafskiptum áttu þeir þó það sameiginlegt með flestum Reykjavíkurdrengja að heimilisaðstæður þeirra voru bágbornar.

5.5.2 Reykjavíkurdrengir

Ljóst er að í hugum þeirra sem komu að barnaverndarmálum í Reykjavík á því tímabili sem hér er til umræðu er gerður skýrari greinarmunur á milli barna sem „*þolenda*" annars vegar og barna sem „*gerenda*" hins vegar en var annars staðar á landinu. Þetta var gjarna orðað svo að fyrri hópurinn samanstandi af „góðum" börnum sem illa er farið með en síðarnefndi hópurinn tók til „afbrotabarna", „vandræðaunglinga" eða „vangæfra barna".[197] Þegar Reykjavíkurdrengir eru skoðaðir sérstaklega kemur í ljós að þorri þeirra hefur komist í kast við lögin áður en þeim er

[196] Þorsteinn Jónsson og Guðmundur Guðjónsson: *Lögreglan á Íslandi, stéttartal...*, sjá t.d bls. 522.
[197] ÞÍ. Skjalasafn Barnaverndarráðs. Ársskýrsla Barnaverndarráðs Íslands 1949-1951 bls. 23 (tilvísun í bókun barnav.nefnd. Rvík.)

ráðstafað í Breiðavík. Í þeim undantekningatilvikum sem um er að ræða er ástæða vistunar erfið hegðun drengjanna heima fyrir og í skóla, oft vegna þroskafrávika eða geðrænna ástæðna. Eiga þá foreldrar þeirra gjarnan frumkvæði að því að þeir eru sendir í Breiðavík.

Við nánari athugun á málum einstakra drengja má sjá hvað flokkun barna í „*gerendur*"og „*þolendur*", „góð börn" og „afbrotabörn" getur gefið villandi mynd af því sem raunverulega er við að stríða. Veruleikinn er sá að „*gerendurnir*" eru þegar öllu er á botninn hvolft oftast ekki síður *þolendur* en „góðu" börnin og í sumum tilvikum jafnvel í enn meira mæli. Þetta var öllum þeim sem komu nálægt starfseminni í Breiðavík raunverulega ljóst. Athugasemdir um erfiðar heimilisaðstæður eru eins og rauður þráður í öllum skýrslum frá þessum tíma. Þannig segir t.d. í frásögn af heimsókn fulltrúa menntamálaráðuneytisins frá 1962 að forráðamenn heimilisins telji að til slæmra heimilisaðstæðna megi rekja aðalvandkvæði margra drengjanna fremur en skapgerðarbrests þeirra sjálfra.[198] Í öllum eftirlitsskýrslum dr. Símonar Jóh. kemur fram að þeir eru miklu færri sem koma frá heimilum „án áberandi galla" heldur en hinir sem koma frá heimilum sem eru „illa vaxin uppeldishlutverki sínu".

Flestir skjólstæðingar Breiðavíkurheimilisins, raunar frá upphafi starfstímans til loka hans, komu frá fátækum heimilum á þeirra tíma mælikvarða. Frumbernska þeirra einkenndist að auki af áföllum innan fjölskyldu og því fór fjarri að þörfum barnanna í uppvextinum væri sinnt svo að þau mættu dafna og þroskast eðlilega. Áföllin gátu verið af margvíslegum toga: Vanræksla og vanhirða, skortur á ástúð og atlæti, afskiptaleysi, heimilisofbeldi, jafnt tilfinningalegt sem líkamlegt, óöryggi, óvissa og ójafnvægi. Orsakirnar voru augljóslega fjölþættar: Ofdrykkja annars eða beggja foreldra, andleg og líkamleg veikindi eða þroskaskerðing, andlát og munaðarleysi, ósætti á milli foreldra eða höfnun annars eða beggja svo vísað sé til þeirra algengustu. Rétt er þó að draga fram eitt mikilvægt atriði. Málsgögn benda til þess að Breiðavíkurdrengir hafi yfirleitt ekki sætt líkamlegu ofbeldi sjálfir. Margir höfðu orðið vitni að ofbeldishegðun á heimilum sínum, einkum í tengslum við áfengisdrykkju foreldra sinna. Hins vegar eru fá dæmi þess að líkamlegs ofbeldis á

[198] ÞÍ. Skjalasafn menntamálaráðuneytisins. Frásögn af heimsókn í Breiðavík, 1962.

börnum sé getið í skýrslum barnaverndarnefndar. Sú niðurstaða er í samræmi við niðurstöður rannsókna Ásgeirs Karlssonar geðlæknis á tilvist heilkenna barnaofbeldis sem byggir á gögnum barnaverndarnefndar Reykjavíkur á árunum 1960-1970.[199]

Fróðlegt er að bregða upp mynd af dæmigerðum „vandræðaunglingi" sem ráðstafað var í Breiðavík. Breiðavíkurdrengir sem komu úr Reykjavík á sjötta eða sjöunda áratugnum voru gjarnan úr braggahverfum borgarinnar, Skuggahverfinu eða Höfðaborginni. Systkinahópurinn var stór og því þröngbýlt. Uppeldið hvíldi á móðurinni enda ekki ætlast til virkrar þátttöku feðra við umönnun barna á þessum tímum. Flestir feðurnir unnu erfiðisstörf og vinnudagurinn var yfirleitt langur. Margir þeirra höfðu raunar yfirgefið maka sinn og börn, sem raunar gat jafnvel verið börnunum léttir. Þeir trufluðu þá ekki heimilislífið drukknir um helgar. Móðirin gat átt við veikindi að stríða, kannski var henni uppeldi stóra barnahópsins einfaldlega ofviða jafnframt því að láta enda ná saman í heimilisrekstrinum. Var það börnunum fyrir bestu að halda þeim innan þröngra veggja heimilisins í húsnæði sem jafnvel var heilsuspillandi? Var þeim ekki hollara að njóta frjálsræðis til útileikja og samveru með jafnöldrum sínum eins og móðirin hafði sjálf gert í sveitinni í eigin bernsku?

Veröld bernskunnar er tími uppgötvana. Jafningjahópurinn hélt á vit ævintýranna. Hetjur hvíta tjaldsins voru æsi-spennandi, Tívolí, hasarblöð, sælgæti, tóbak, ameríska bifreiðar – allt voru þetta freistandi nýjungar hins uppvaxandi neyslusamfélags. Sá galli var þó á gjöf Njarðar að þessi lífsgæði voru yfirleitt ekki á boðstólum hjá fátækum barnafjölskyldum, nema kannski í afar knöppum mæli. Víst er að börnin skilja oft ekki til fullnustu að eignarétturinn er varinn í stjórnarskránni og líklegt er að margir Breiðavíkurdrengja hafi farið á mis við uppfræðslu í þeim efnum eins og ýmsu öðru.

Afbrotaferill hinna ungu Breiðavíkurdrengja var í flestum tilvikum keimlíkur.[200] Í byrjun gat hann verið fólginn í því að skila ekki söluandvirði dagblaða eða merkja fyrir góðgerðarfélög. Oft var um að ræða að hnupla sælgæti í búð, taka reiðhjól

---

[199] Ásgeir Karlsson: „The Batterd Child Syndrome in Iceland" *Nordisk Psykiatrisk Tidsskrift*, 25,2.
Í samtali við einn fv. starfsmann Breiðavíkurheimilisins frá sjötta áratugnum minnist hann þess að einn drengjanna hafi borið áverka ofbeldis við komuna í Breiðavík. Í málsgögnum drengsins var þessa ekki getið, sem undirstrikar að skýrslur segja að sjálfsögðu ekki alla söguna.

[200] Textinn sem fylgir er byggður á raunverulegum dæmum úr lögregluskýrslum Breiðavíkurdrengja.

ófrjálsri hendi eða lukt af reiðhjóli. Á stundum fól brotið ekki einu sinni í sér efnalegan ávinning, brunaboði gat vakið forvitni og óseðjandi eftirvæntingu ef ýtt væri á hnappinn. En umbunin var sjálfsagt mest ef eitthvað var hægt að fá fyrir sinn snúð, helst peninga. Þá var unnt að láta drauma rætast, taka stöðvarbíl á leigu og aka um bæinn - ný og áður óþekkt lífsreynsla. Tívolí hafði ómótstæðilegt aðdráttarafl, spennandi bíósýningar, gosdrykkir, sælgæti og jafnvel að reyktóbak. Til þess þurfti aukna útsjónarsemi, kannski að finna seðlaveski sem eigandinn hafði gleymt í jakkavasa eða handtösku og orðið viðskila við á meðan hann var upptekinn við vinnu. Á kvöldin gat verið spennandi að skoða skemmur og geymsluskúra, þar mátti gjarnan finna eir eða blý sem hægt var að koma í verð. Kannski lágu þar líka epli eða appelsínur á glámbekk.

Yfirleitt voru Breiðavíkurdrengir félagslyndir og vildu síður stunda iðju sína á eigin spýtur. Ekki svo að skilja að afbrotagengi yrðu til þótt finna megi dæmi þess seint á sjöunda áratugnum og þeim áttunda. Flestir voru í félagsskap vina, sem eins var ástatt um, en sá hópur gat verið nokkuð fljótandi enda búferlaflutningar tíðir. Svo fengu litlu bræðurnir að slást í hópinn ef ekki var hægt að losna við þá. Þýfinu var bróðurlega skipt á milli vina og það var ekkert skilyrði að eiga aðild að framtakseminni. Þetta var líka á þeim tímum þegar tveir fengu gjarnan að sitja saman í sæti fyrir einn miða í bíó.

Þegar líður á tímabil Breiðavíkurheimilisins breytist samsetning hópsins talsvert. Fjölþættari hegðunarvandi verður tíðari og neysla vímuefna kemur til sögunnar í miklu meiri mæli en áður þekktist. Upp úr miðjum sjöunda áratugnum kemur neysla áfengis og „sniffs “ til sögunnar í málsskjölum drengjanna og á áttunda áratugnum önnur vímuefni. Á síðasta skeiði Breiðavíkur er tekið að vista þar stúlkur ásamt drengjum og aldursmörk hækka. Þrátt fyrir þessa breyttu mynd eru eftir sem áður eru sömu undirliggjandi vandræði: vanræksla, óregla foreldra, heimilisofbeldi, sambúðarerfiðleikar, fátækt, þröngbýli og tíðir búferlaflutningar eru áfram einkennandi í uppeldi Breiðavíkurbarnanna. Á áttunda áratugnum kemur kynferðisofbeldi gagnvart barni innan fjölskyldu í fyrsta sinn upp á yfirborðið sem viðfangsefni íslenskra barnaverndarstofnana. Málsmeðferðin rennir stoðum undir þá niðurstöðu að þekkingarskortur og jafnvel afneitun hafi ríkt á þessum tíma þess um

tilvist og afleiðingar kynferðisbrota gegn börnum. Er það í samræmi við reynslu Thelmu Ásdísardóttur eins og henni er lýst í bókinni *Myndin af pabba*.[201]

Í tveimur mikilvægum heimildum frá fyrri árum er að finna lýsingar á bernsku barna sem dvalið hafa í Breiðavík. Í bókinni *Stattu þig drengur* er gefin mjög góð mynd af uppvaxtarárum Sævars Ciesielski en hann dvaldi í Breiðavík frá byrjun árs 1969 til vors 1970.[202] Ekki síður er upplýsandi bókin *Launhelgi lyganna* þar sem höfundurinn lýsir m.a. afleiðingum kynferðisofbeldis sem hún sætti í æsku og dvöl sinni á Upptökuheimili ríkisins og í Breiðavík á áttunda áratugnum.[203] Í báðum heimildum er að finna lýsingu á uppvexti sem er í raun dæmigerður fyrir marga skjólstæðinga Breiðavíkur frá upphafi til loka starfstímabilsins, þ.e. áfengisdrykkja feðra og ofbeldishegðun þeirra, sambúðarerfiðleikar, tíðir búferlaflutningar og fátækt.

5.5.3 Fjöldi vistdrengja

Ekki liggja fyrir örugg gögn um fjölda drengja sem dvöldu samtímis frá byrjun starfseminnar í Breiðavík enda var starfsemin ekki samfelld fyrr en frá hausti 1953. Þó er vitað að 7 komu við sögu árið 1952[204]. Vorið 1954 eru þeir orðnir 8 og síðan fer þeim ört fjölgandi en alls komu 12 drengir til dvalar í Breiðavík það ár.[205]Af gögnum má ráða að fjórtán drengir hefja þar skólanám haustið 1956. Fjöldi drengja sem dvöldu samtíða í Breiðavík nær hámarki árin 1960 en þá voru þar 20 drengir og árið 1961 þegar þeir voru alls 22. Að auki eru þessi ár gjarnan nokkrir drengir til viðbótar yfir sumarmánuðina. Eftir 1961 fækkar heldur og fram til 1969 eru að jafnaði 12 til 14 drengir í Breiðavík eins og upphaflega var að stefnt. Þá tekur að draga verulega úr fjölda þeirra sem ráðstafað var í Breiðavík og á árunum 1969 til 1972 fækkar þeim úr 11 niður í 6. Meginástæða þessa er að vistunum úr Reykjavík fækkar, einkum eftir árið 1968. Allan starfstíma Breiðavíkurheimilisins hafði meirihluti drengjanna komið frá Reykjavík og sum árin voru nánast allir drengirnir þaðan.[206] Árið 1969 fóru hins vegar aðeins fjórir drengir úr Reykjavík að Breiðavík og tveir árin 1970 og 1971. Skýringa er að leita í þeim þáttaskilum í barnaverndarstarfi í Reykjavík sem urðu á síðustu árum sjöunda áratugarins eins og fyrr var vikið að en þá ryðja ný viðhorf sér

[201] Gerður Kristný: *Myndin af pabba, Saga Thelmu.*
[202] Stefán Unnsteinsson: *Stattu þig drengur.*
[203] Baugalín: *Launhelgi lyganna.*
[204] ÞÍ. Skjalasafn menntamálaráðun. Skýrsla framkvæmdanefndar vinnuheimilisins í Breiðavík 1952.
[205] ÞÍ. Skjalasafn Barnaverndarráðs. Umsögn barnaverndarráðs 1955 og Yfirlit 1955.
[206] Skv. skýrslum dr. Símonar Jóh. voru allir drengirnir úr Reykjavík utan einn árin 1964-1966.

rúms samhliða eflingu hins opinbera hjálparkerfis. Tilkoma nýrra úrræða, einkum svonefndra fjölskylduheimila og aukin áhersla á fósturráðstafanir, koma í stað vistana í Breiðavík. Jafnframt er ljóst að forsvarsmenn barnaverndarnefndar Reykjavíkur voru á þessum tíma farnir að hafa áhyggjur af „áhrifum staðsetningar heimilis og mannahaldi".[207]

Þess má geta að svo virðist sem áform hafi verið uppi um verulega stækkun Breiðavíkurheimilisins undir lok sjötta áratugarins. Dr. Símon Jóh. getur þess í eftirlitsskýrslu sinni árið 1959 að honum hafi verið sýndur uppdráttur af húsi „sem tekur 30 pilta". Hann hafnar þessum hugmyndum og lætur það álit í ljós að betra sé „að hafa tvö uppeldisheimili fyrir 15 pilta hvort, en eitt fyrir 30 pilta". [208] Er það í samræmi við sjónarmið sem hann hafði áður sett fram um að æskilegt væri að ríkið ræki tvö heimili til að forðast þá hættu sem fólgin er í að vista saman unga drengi og unglinga á kynþroskaaldri. Í ítrekuðum athugasemdum dr. Símonar Jóh. í skýrslum frá tímabilinu kemur fram það álit að hæfileg stærð heimilis ætti að miðast við 14 til 15 drengi. Ljóst er að árin 1959-1961 var farið verulega fram úr þessum stærðarmörkum.

Í fyrstu eftirlitsskýrslu dr. Símonar árið 1959 kemur skýrt fram að hann telur starfsálag á forstöðumanni og öðru starfsliði óhóflegt. Hann segir að skorti „tilfinnanlega starfslið að heimilinu til að sinna drengjunum" og telur að forstöðumanni sé „ætlað að vinna a.m.k. þriggja manna starf". Dr. Símon bendir á að fá störf „reyna meira á lipurð, geðjafnvægi og skapstillingu en uppeldisstarf á þvílíku heimili" og að ekki megi „ofbjóða.. geðheilsu þessara manna með of miklu og löngu daglegu starfi..". Loks bendir Símon Jóh. á þá hættu sem af þessu skapast: „Áhrif ofþreytu og args segja brátt til sín: geðjafnvægið fer úr skorðum, menn verða uppstökkir, önugir, meiri og minni vanstilling gerir vart við sig með þeim, og kemur allt þetta fram í umgengni við aðra og í uppeldisstarfinu".[209]

Í skýrslu dr. Símonar fyrir árið 1964 kemur fram að „um þriggja mánaða skeið eða frá 1. des. til 1. mars voru starfsmenn einungis tveir, forstöðumaður og bústjóri, þar sem

[207] Viðtal við Svein Ragnarsson, 2. okt. 2007.
[208] ÞÍ. Skjalasafn Barnaverndarráðs. Símon Jóh. Ágústsson: Athugun á visth. í Breiðavík, 1959, bls.17.
[209] ÞÍ. Skjalasafn Barnaverndarráðs. Símon Jóh. Ágústsson. Athugun á visth. í Breiðavík, 1959, bls. 16.

engin stúlka var fáanleg." [210]Á þessum tíma voru alls 13 drengir í Breiðavík samkvæmt sömu skýrslu. Verður að telja með ólíkindum að slíkt hafi getað gengið áfallalaust og er að vonum að sálfræðingurinn telji skort á starfsfólki hafa valdið „erfiðleikum í rekstri heimilisins" þennan vetur.[211] Nefna má annað dæmi úr skýrslu dr. Símonar fyrir árið 1965 sem tekur til fyrsta starfsárs Þórhalls Hálfdánarsonar sem forstöðumanns. Þar kemur fram að starfsfólk hefur aldrei „verið jafnfátt við heimilið, og er það hið allra fæsta sem af verður komist með".[212]

5.5.4 Aldursskipting Breiðavíkurdrengja

Fyrstu drengirnir sem komu í Breiðavík árið 1952 voru alls 7 á aldrinum 10-16 ára, flestir þó táningar. Fljótlega færðist meðalaldurinn niður og á tímabilinu 1959 til 1972 er meðalaldurinn öll árin tæplega 12 ár. Á tímabilinu 1973 til 1979 eru flestir unglingar hins vegar á aldrinum 13 til 15 ára. Aldursdreifing drengjanna í Breiðavík frá upphafi starfseminnar er afar mikil og er að jafnaði tæplega 5 ára aldursmunur á þeim elsta og yngsta. *Sum árin, t.d. frá 1960 til 1962, er aldursmunur á elsta og yngsta dreng í Breiðavík 7 til 8 ár*. Þannig er yngsti drengurinn sem vistast í Breiðavík árið 1960 7 ára en sá elsti 15 ára.

Það var sem betur fer einsdæmi eftir því sem næst verður komið að sjö ára gamalt barn væri vistað í Breiðavík. Sá drengur var úr sjávarbyggð suður með sjó og í gögnum kemur fram að engar upplýsingar fylgdu með drengnum. Trúlega hefði hann verið vistaður á annarri stofnun hefði hann búið í Reykjavík þar sem um fleiri kosti var að ræða. Dr. Símon Jóh. gerði alvarlegar athugasemdir við vistun þessa unga drengs og mælti með fósturráðstöfun, en ekki gekk það eftir. Dr. Símon segir m.a. um hann að „ekkert virðist vera athugavert við hegðun hans og skapferli". Þá lætur hann það álit í ljósi að þetta stríði gegn hlutverki vistheimilisins og dvöl svo ungra drengja geti verið þeim skaðleg. Loks segir sálfræðingurinn: „Yfirleitt ætti ekki að taka yngri drengi en 10 ára í Breiðavík, nema um mjög alvarleg hegðunarvandkvæði þeirra sé að ræða, og þegar hegðun þeirra lagast, ætti að koma þeim á gott einkaheimili eins fljótt og kostur er á."[213]

---

[210] ÞÍ. Skjalasafn Barnaverndarráðs. Símon Jóh. Ágústsson: Athugun á visth. í Breiðavík, 1964, bls. 17.
[211] ÞÍ. Skjalasafn Barnaverndarráðs. Símon Jóh. Ágústsson: Athugun á visth. í Breiðavík, 1964, bls. 19.
[212] ÞÍ. Skjalasafn Barnaverndarráðs. Símon Jóh. Ágústsson: Athugun á visth. í Breiðavík, 1965, bls. 19.
[213] ÞÍ. Skjalasafn Barnaverndarráðs. Símon Jóh. Ágústsson: Athugun á visth. í Breiðavík, 1961, bls. 20.

Tæplega verður sagt að farið hafi verið eftir ofangreindum ráðleggingum dr. Símonar í öllum atriðum. Í a.m.k. tíu tilvikum voru drengir 9 ára við komuna í Breiðavík en mjög algengt var að þeir væru á ellefta ári. Algengast var þó að Breiðavíkurdrengir væru á tólfta eða þrettánda aldursári við vistun. Í skýrslu sinni fyrir árið 1967 telur dr. Símon ástæðu til að ítreka sjónarmiðið um að blanda ekki saman drengjum á svo breiðu aldursbili og segir m.a.: „Komið hafa í ljós eins og vænta má örðugleikar á því að hafa saman unga drengi allt frá 7-9 ára gamla og drengi sem eru 15-16 ára og orðnir eru kynþroska, eru ófyrirleitnir og útfarnir í ýmsum klækjum". Leggur hann enn á ný til að ekki séu teknir á heimilið yngri drengir en 10+ og ekki eldri en 12+[214] Dr. Símon vísar til þessa í skýrslu sinni árið 1971 og segir m.a.: „Hefur þeirri reglu verið fylgt nokkurn veginn síðan og gefist vel".[215] Í síðustu skýrslu sinni árið 1972 ítrekar dr. Símon þetta enn á ný þegar hann veltir vöngum yfir framtíð heimilisins og ræður mönnum eindregið frá því að hafa drengi á ólíkum aldri: „Þetta var reynt fyrstu árin í Breiðavík og gafst ekki vel".[216] Sömu sögu hafði Magnús Sigurðsson, fyrsti forstöðumaður í Breiðavík, að segja eftir aðeins eins árs reynslu af starfseminni.[217]

5.5.5 Dvalartími

Dvalartími í Breiðavík var afar breytilegur frá einum tíma til annars. Almennt var þó miðað við að hann væri tvö ár og beinlínis álitið "vonlaust" að dvalartíminn væri styttri.[218]

Ljóst er að hinn langi dvalartími var dr. Símoni áhyggjuefni enda var hann einn hinna sjö sálfræðinga og uppeldisfræðinga sem andmæltu staðarvali fyrir Breiðavíkurheimilið árið 1952. Einangrun Breiðavíkur hefði m.a. þá afleiðingu að drengirnir rofnuðu úr tengslum við fjölskyldu sína og venslafólk.[219] Augljóslega var meiri hætta á þessu eftir því sem dvalartíminn var lengri. Dr. Símon Jóh. hafði af þessu áhyggjur allan þann tíma sem hann hafði eftirlit með heimilinu og lagði ítrekað fram hugmyndir um hvernig megi halda við fjölskyldutengslum. Þannig leggur hann fram þá tillögu árið 1959 að: „Forstöðumaður eða staðgengill hans færi með drengina

---

[214] ÞÍ. Skjalasafn Barnaverndarráðs. Símon Jóh. Ágústsson: Athugun á visth. í Breiðavík, 1967, bls. 15
[215] ÞÍ. Skjalasafn Barnaverndarráðs. Símon Jóh. Ágústsson: Athugun á visth. í Breiðavík, 1971, bls. 15
[216] ÞÍ. Skjalasafn Barnaverndarráðs. Símon Jóh. Ágústsson: Athugun á visth. í Breiðavík, 1972, bls. 17
[217] ÞÍ. Skjalasafn menntamálaráðun. Skýrsla Þorkels Kristjánssonar, Eftirlit með umkomulausum börnum (Viðtal við Magnús Sigurðsson)
[218] ÞÍ. Skjalasafn menntamálaráðun. Skýrsla Þorkels Kristjánssonar.
[219] ÞÍ. Skjalasafn menntamálaráðun. Bréf frá nokkrum uppeldis- og sálfræðingum, 1952.

til Reykjavíkur í tveimur hópum ...og leyfði þeim að vera um vikutíma hjá foreldrum þeirra og öðrum vandamönnum..”.[220] Sömu tillögu leggur hann fram í síðustu reglulegu skýrslu sinni árið 1972.[221]

[220] ÞÍ. Skjalasafn Barnaverndarráðs. Símon Jóh. Ágústsson: Athugun á visth. í Breiðavík, 1959, bls.19.
[221] ÞÍ. Skjalasafn Barnaverndarráðs. Símon Jóh. Ágústsson: Athugun á visth. í Breiðavík,1972, bls.17.

6. kafli
„Frumbyggjabörn"- kreppa í uppeldismálum á tímum örra samfélagsbreytinga

Að framan hefur verið fjallað um hina öru þéttbýlismyndun á Íslandi í kjölfar stríðsins, einkum í Reykjavík. Íslenskt samfélag var komið á fleygiferð frá kyrrstöðu bændasamfélags til nútímasamfélags. Óhjákvæmilegt var að til átaka kæmi á milli menningar hins hefðbundna samfélags sveitanna og borgarsamfélagsins sem tók að ryðja sér braut. Þessi átök urðu tilefni líflegrar umræðu um uppeldismál á Íslandi á þessum tíma þar sem margir tóku þátt.

Margir fræðimenn hafa fjallað um þann mun sem er á uppeldi barna í borgum og sveitum. Árið 1966 fjallaði t.d. Dr. Wolfgang Edelstein um þessar andstæður með því að benda á hið sjálfsprottna eðli uppeldis í bændasamfélaginu þar sem barnið er hluti af fjölskyldu sem jafnframt er framleiðslueining. Barnið horfir á og tekur síðan vaxandi þátt í daglegum störfum eftir því sem þroski þess eykst. „Barnið kemst að raun um ákveðin orsakasambönd af því einu að lifa með fjölskyldu sinni og sjá verkin allt í kringum sig.... Gagnsætt er milli verka og orða ef svo má að orði kveða".[222] Þetta „þögla" uppeldi er enn styrkt með þriggja-kynslóða-heimili sveitasamfélagsins þar sem „stöðugleiki á milli kynslóða er meiri en breytingar á milli þeirra."[223] Í borgarsamfélaginu horfir þetta öðru vísi við. Heimilislífið er aðskilið frá vinnunni, faðirinn hverfur af vettvangi árla morguns, kemur heim seint að kveldi og móðirin elur önn fyrir fjölskyldunni. Fjölskyldan hefur breyst svo bernskuheimur barnsins verður allur torræðari þegar vettvangur athafna og starfa færist á brott úr nánasta umhverfi þess. Orðræðan á heimilinu á sér ekki lengur samsvörun í reynsluheimi barnsins og það „verður sjálft að tvinna saman hina ólíkustu þætti til þess að gera sér mynd af veröldinni".[224] Samhliða verður fyrir barninu fjöldi jafnaldra og nýtt uppeldisafl verður til – jafningjahópurinn. Nýjar reglur um háttsemi verða til, skapaðar úr nýjum aðstæðum æskunnar og öðlast gildi jafnvel í andstöðu við foreldrana sem eru orðnir fjarlægari en nokkru sinni fyrr.

---

[222] Wolfgang Edelstein: *Skóli- Nám- Samfélag*, bls. 38.
[223] Wolfgang Edelstein: *Skóli-Nám-Samfélag*, bls. 39.
[224] Wolfgang Edelstein: *Skóli-Nám-Samfélag*, bls. 40.

Gamla bændasamfélagið þurfti ekki á neinni „ræðri" uppeldisaðferð að halda þar sem uppeldið var sjálfkrafa afleiðing verka, vinnu og samskipta - öfugt við nútímaþjóðfélagið sem krefst „ræðra" uppeldiskerfa ef börnin eiga ekki að verða afskipt. Og Wolfgang bendir á þann vanda sem foreldrar standa frammi fyrir á þessu mikla breytingarskeiði: „Foreldrarnir ráða ekki enn yfir þessum tækjum, *vegna þess að þeir ólust ekki upp við þau sjálfir*. Foreldrar hafa um aldaraðir endurtekið það sem þeir lifðu í bernsku sinni...En úr því að þetta uppeldi fór að mestu fram án orða, hvernig á þá að ala upp með orðum og atferli við gjörsamlega nýja skipan mála?"[225] Niðurstaða Wolfgang er í stuttu máli sú að orðlaust uppeldi sé nú við breyttar aðstæður afskiptaleysi og leiði til þess að börn alist upp „líkast hinum félagslega afskiptu börnum erlendra lágstétta, *culturally deprived*, snauð að menningu".

Sá vandi sem blasti við í uppeldismálum í kjölfar þessarar öru samfélagsbreytinga hafði verið þeim lengi ljós sem létu sig málefni barna varða. Árið 1939 var t.d. gefið út ritið *Borgarbörn* eftir Aðalstein Sigmundsson kennara þar sem fjallað var um þann vanda sem steðjaði að foreldrum vegna uppeldis barna sinna í breyttum heimi. Ritið er ágæt heimild um þá togstreitu sem hafði þá skapast á milli hinna hefðbundnu gilda sveitasamfélagsins og þessa nýja veruleika í uppeldisaðstæðum barna. Ekki verður annað sagt en að merkilegur samhljómur sé með greiningu Wolfgang Edelstein þegar höfundurinn segir ýmsa hafa „gert sér grein fyrir því að æskulýður landsins, einkum æskulýður Reykjavíkur, sé verr kominn menningarlega en vera ber, jafnvel svo að framtíð þjóðarinnar stafi háski af".[226] Lýsing Aðalsteins á hinum „fjölhöfða barnaskara" sem kennurum í Reykjavík er ætlað að koma til manns er um margt ófögur: Börnin eru að „leikjum á götum úti" eða „standa og ræðast við í þvögum og víkja hvergi fyrir vegfarendum"; strákar „hanga aftan í bílum" og „óp og skrækir yfirgnæfa hér annan götuhávaða". Hann bætir við að algengt sé „að sjá smábörn, nýfarin að ganga, veltast um á götunum, innan um óhreinindi og umferð, eftirlitslaus og ein síns liðs eða með jafnöldrum".[227] Loks fjallar Aðalsteinn um þjófnaði, innbrot, spellvirki barna og „sviksemi við skólann" sem hann telur stærra vandamál en á meðal annarra þjóða.

---

[225] Wolgang Edelstein: *Skóli – nám – samfélag*, bls. 41.
[226] Aðalsteinn Sigmundsson, *Borgarbörn*, bls. 7.
[227] Aðalsteinn Sigmundsson: *Borgarbörn*, bls. 9-10.

Niðurstaða Aðalsteins er sú að börn í Reykjavík og öðrum fjölmennum stöðum landsins „séu villtari, minna tamin og lakar siðuð en gerist í bæjum annarra Norðurlanda".[228] Hver skyldi svo vera skýring Aðalsteins á þessu ástandi? Meginástæðan er sú að: „Börnin sem alast upp nú um sinn á sjávarmöl lands vors eru **frumbyggjabörn**. Sú kynslóð sem nú getur og fæðir og elur upp börn hér í Reykjavík, er fyrsta kynslóðin, sem fóstrar íslensk borgarbörn".[229] Foreldrarnir, sem koma úr sveitinni hvorki þekkja né skilja þann „reginmun sem er á uppeldisskilyrðum og uppeldisþörfum í sveit og borg".

Dr. Símoni Jóh. Ágústssyni var þetta viðfangsefni afar hugleikið og má telja hann á meðal frumkvöðla þessarar umræðu. Í erindum sem hann flutti á þessum tímum fjallar hann um sveitamenningu og borgarmenningu og þann mun sem þar er á uppvaxtarskilyrðum barna. Ein niðurstaða hans er sú að hinn „hraði og óeðlilegi vöxtur" Reykjavíkur leiði til þess ástands að mikill hluti bæjarbúa séu „gamlir sveitamenn, sem kunna hvorki að taka upp né semja sig að uppeldisháttum þeim, er í borgunum henta. Af þessu stafar að miklu leyti það hirðuleysi hér um uppeldi barna og skortur á eftirliti með þeim, af þessu stafar skilningsleysi og tregða forráðamanna bæjarins og almenningsálitsins um að skapa börnunum hér þau uppeldisskilyrði, sem borgarlífið krefst".[230]

Einn merkasti og áhrifamesti talsmaður barna á öðrum aldarfjórðungi tuttugustu aldarinnar var Steingrímur Arason, formaður Sumargjafar frá stofnun árið 1924. Hann var kennari, nam uppeldisfræði í Bandaríkjunum á fullorðinsárum. Árið 1948 kom út bók hans *Mannbætur* sem hafði mikil áhrif í uppeldismálum hér á landi í áraraðir. Enn má finna þann sama skilning og hér hefur verið gerður að umtalsefni. Steingrímur orðar þetta m.a. með svofelldum hætti: „Þegar fólkið fluttist úr sveit í kaupstað, bar það með sér uppeldishugmyndir þær, sem vel höfðu dugað mann fram af manni, en nú bar svo við, að þær voru ekki lengur nothæfar, af því að umhverfið var orðið allt annað".[231] Eftirlitsleysi og athafnaleysi hlýst af og þar sem æskan hefur verið svipt verkefnum, „býr hún sér þau til". Af þessu öllu saman leiddi það að barnaafbrot urðu

---

[228] Aðalsteinn Sigmundsson: *Borgarbörn*, bls. 13.
[229] Aðalsteinn Sigmundsson: *Borgarbörn,* bls.15.
[230] Símon Jóh. Ágústsson*: Þroskaleiðir*, bls. 128.
[231] Steingrímur Arason*: Mannbætur*, bls. 19.

tíð og alvarleg en af þeim höfðu ekki farið sögur á Íslandi fyrr".[232] Fleiri dæmi mætti hér draga fram sem sýna svo ekki verður um villst að menn gerðu sér góða grein fyrir þeim vanda sem við blasti í uppeldismálum samtímans. Spurningin var á hvern hátt skyldi brugðist við?

Þegar við blasti að foreldrar ræktu ekki uppeldishlutverk sitt í breyttu samfélagi varð samfélagið að taka í taumana og bregðast við. Ein viðbrögðin voru augljóslega væntingar um aukin afskipti foreldra – krafa til meiri aga og eftirlits með börnum.[233] Samhliða var gerð sú krafa að samfélagið sjálft hefði eftirlit með því hvernig til tækist og gripi til ráðstafana ef út af bar. Hér á uppruna sinn sú þunga áhersla sem lögð var á eftirlitshlutverk barnaverndarnefnda og leiðbeiningahlutverk þeirra gagnvart foreldrum sem enn eimir eftir af í íslenskri löggjöf um barnavernd.

6.1 Sveitadvalir og sumardvalarheimili

Engan þarf að undra að mörgum frumbyggjum Reykjavíkur, sveitamönnunum, fannst liggja beint við að a.m.k hluti af lausninni hlyti einfaldlega að vera fólginn í því að senda börnin í sveit. Þeir vissu af eigin reynslu að uppeldi í sveitinni var tiltölulega laust við þær freistingar sem urðu á vegi barnanna í borginni. Ekki síður var álitið mikils um vert að börn og unglingar hefðu eitthvað gagnlegt fyrir stafni, en trúin á gildi iðjusemi og vinnu barna lifði góðu lífi vel fram á áttunda áratuginn. Árin 1950 til 1970 voru líklega gullaldartímabil sumardvala barna í sveitum, sérstaklega drengja á unglingsaldri sem þóttu eftirsóknarverður vinnukraftur. Aukin vélvæðing í landbúnaði dró úr þessum möguleikum þegar leið á tímabilið. Yngri börnin áttu hins vegar yfirleitt ekki jafn greiðan aðgang að sveitadvöl. Rekstri sumardvalarheimila í sveitinni var ekki síst ætlað að leysa úr því.

Starfræksla sumardvalarheimila fyrir börn var á meðal fyrstu úrræða sem komu til sögunnar eftir að þéttbýlismyndun hófst. Þau voru einkum rekin af félagasamtökum og voru í upphafi einkum ætluð veikluðum og fátækum börnum. Þáttaskil urðu á stríðsárunum þegar segja má að óttinn við loftárásir Þjóðverja hafi orðið eins og vítamínsprauta fyrir frekari starfsemi á þessu svið. Rauða krossi Íslands var þá falið

[232] Steingrímur Arason: *Mannbætur*, bls. 30
[233] Sjá t.d. Aðalstein Sigmundsson: *Borgarbörn* bls. 20 og Símon Jóh. Ágústsson: *Þroskaleiðir*, bls. 130-133.

að hafa yfirumsjón með þessari starfsemi með stuðningi ríkis og borgar. Á milli 1940 og 1950 störfuðu um 20 sumardvalarheimili á vegum Rauða krossins og hátt í fjögur þúsund börn vistuðust þar á tímabilinu.[234] Þótt nokkuð hafi dregið úr sumardvölum á sjötta og sjöunda áratugnum miðað við það sem var á stríðsárunum héldu þau áfram að vera stór þáttur í uppeldissögu ungra Reykvíkinga. Það er ekki fyrr en undir lok sjöunda áratugarins sem nýrra viðhorfa fer að gæta og réttmæti þessarar starfsemi var dregin í efa. Barnverndarnefnd Reykjavíkur hafði vissa forystu í þeim efnum og beindi t.d. þeim tilmælum til foreldra og annarra uppalenda „að þeir sendi ekki börn yngri en 6-7 ára á sumardvalarheimili nema brýna nauðsyn bæri til".[235] Dvöl í sveit eða á sumardvalarheimili gat aldrei orðið annað en tímabundið úrræði fyrir frumbyggjabörnin í Reykjavík, meira þurfti að koma til.

6.2 Að skapa „borgarmenningu" fyrir börnin

Því fór víðs fjarri að tillögur til úrbóta í uppeldismálum einskorðuðust við aukið eftirlit með börnum, sveitardvölum og starfsemi sumardvalarheimila. Uppeldisfræðingar þjóðarinnar og aðrir sem létu sig hag barna varða beittu sér einkum fyrir tvenns konar úrbótum, *samfélagslegum aðgerðum* annars vegar og *uppfræðslu* hins vegar. Sú fyrri fólst í áherslu á að bæta þyrfti uppeldisskilyrði barna í bæjunum með uppbyggingu margvíslegra úrræða fyrir börnin, svo sem leikvalla, leikskóla, dagheimila, öflugra og víðtækara skólastarfs og síðast en ekki síst uppeldisstofnana fyrir umkomulaus og afvegaleidd börn. Hins vegar beindu þeir sjónum sínum að mikilvægi þess að uppfræða foreldra í uppeldismálum, kenna þeim að bregðast við breyttum samfélagsaðstæðum með því að færa þeim ný tæki til að vinna með að uppeldisstörfum sínum.

Áherslur á samfélagslegar lausnir í uppeldismálum koma fram með ýmsum hætti. Dr. Símon Jóh. Ágústsson orðar þetta með svofelldum hætti: „Þetta, að skapa borgarmenningu Íslands er eitt hið þýðingarmesta vandamál, sem vér höfum átt að ráða fram úr frá því landið byggðist".[236] Þannig þurfa Íslendingar að læra að aðlagast nýjum aðstæðum: „Eina leiðin út úr ógöngunum er sú, að laga borgirnar betur eftir eðli og þörfum mannsins – og þá ekki eingöngu eftir þörfum hinna fullorðnu manna,

[234] Margrét Guðmundsdóttir: *Í þágu mannúðar, saga Rauða kross Íslands*, bls. 180.
[235] Eggert Þór Bernharðsson: *Saga Reykjavíkur*, bls. 144.
[236] Símon Jóh. Ágústsson: *Þroskaleiðir*, bls. 129.

heldur líka eftir þörfum barnanna og unglinganna..".[237] Það er í þessum anda sem Barnaverndarráð Íslands og barnaverndarnefnd Reykjavíkur, að ógleymdum hinum mörgu félagasamtökum svo sem Sumargjöf, starfa í þágu barna á þessu tímabili. Með stofnun Barnaverndarfélags Reykjavíkur undir forystu dr. Matthíasar Jónassonar árið 1949 verða viss þáttaskil. Í kjölfarið fylgir stofnun barnaverndarfélaga á mörgum þéttbýlisstöðum víða um landið sem áttu frumkvæði að ýmsum umbótum í þágu barna næstu áratugina.

Áhersla á uppfræðslu í uppeldismálum kemur ekki síst fram í skrifum bóka og blaðagreina ásamt opinberum erindaflutningi vel fram á sjöunda áratuginn. Bjartsýni og trú á gildi fræðslunnar í uppeldismálum var ótvíræð, a.m.k framan af tímabilinu: „Þá sannfæringu þarf að brenna inn í meðvitund alþjóðar, að uppeldið þarf á sérfræðingum að halda. Allir foreldrar vilja fá börnum sínum betri kennara en þeir áttu sjálfir kost á". [238] Dr. Símon var í þeim efnum afkastamikill ásamt Steingrími Arasyni á meðan hans naut við. Bók dr. Matthíasar Jónassonar, *Athöfn og uppeldi* sem útgefin var árið 1947 olli á vissan hátt straumhvörfum, ekki síst við uppfræðslu kennara og annarra sem störfuðu við uppeldismál.[239] Kennarar voru á þessum tíma boðberar hinnar nýju stefnu í uppeldismálum. Þing Sambands íslenskra barnakennara voru uppeldisráðstefnur þess tíma og ályktanir þess vöktu gjarnan athygli. Á vettvangi skólamála fór fremstur dr. Broddi Jóhannesson, sálfræðingur og síðar rektor, en framlag hans til menntunar kennarastéttarinnar verður seint ofmetið.[240] Viðhorf þeirra, sem hér er getið, til undirstöðu í uppeldi barna, ekki síst er varðar aga og viðurlög við agabrotum, veita okkur nútímafólki upplýsingar um hve langt þekking manna á uppeldismálum náði á þessum tímum og hugsanlega innsýn í hvernig uppeldið fór þá fram.

6.3 Viðhorf til aga og viðurlaga við agabrotum

Þrátt fyrir hið áreynslulausa og „þögla" uppeldi sveitarsamfélagsins þar sem börnin ólust upp á grundvelli gegnsærra athafna, orða og samskipta, kom augljóslega til þess að beita þyrfti börn aga. Í upphafi þessarar ritgerðar var vísað til þeirra merku tímamóta á miðri átjándu öld þegar „*Tilskipun um hús-agann á Íslandi"* tók gildi.

[237] Símon Jóh. Ágústsson: *Þroskaleiðir*, bls. 130.
[238] Steingrímur Arason: *Mannbætur*, bls. 35
[239] Matthías Jónasson: *Athöfn og uppeldi*.
[240] Sjá t.d. *Gefið og þegið. Afmælisrit til heiðurs Brodda Jóhannessyni*.

Ákvæði hennar voru skýr og afdráttalaus og fólu einkum í sér þrjár meginreglur; um guðsótta, hlýðni og iðjusemi (erfiði)[241] Færa má gild rök fyrir því að áhrif húsagatilskipunarinnar hafi verið mikil á daglegt líf og hugmyndir manna á Íslandi um uppeldi vel fram á 20. öldina. Þó að Húsagatilskipunin hafi heimilað líkamlegar refsingar við agabrotum þegar umvöndun bar ekki árangur, setti hún skýr mörk um hversu langt yrði gengið. Þetta var orðað svo að „fremji börn nokkuð ósæmilegt" þá eigi foreldrar að "straffa þau með alvarlegum orðum...ellegar so með hendi og vendi eftir ásigkomulagi yfirsjónarinnar; þó skulu öll höfuðhögg og að slá í höstugri reiði vera hér með öldungis fyrirboðin".[242] Margt bendir til þess að almennt hafi verið leitast við að virða þessi mörk, a.m.k. hafi verið takmörk fyrir því í hve miklum mæli harðræði og ill meðferð á börnum hafi verið liðin. Þannig kemst Hildur Biering sagnfræðingur að þeirri niðurstöðu í rannsókn sinni á barnavernd á 19. öld að „fordæming á illri meðferð á börnum er síst minni í dómabókum 19. aldar en tíðkast í málsskjölum í barnaverndarmálum nútímans" og jafnframt að enda þó börn hafi sætt harðari aga en nú tíðkast, hafi „agi og harðneskja hins vegar ekki verið lögð að jöfnu".[243]

Ljóst er að með upplýsingastefnu 19. aldar koma fram ný og mildari sjónarmið í uppeldismálum, þótt vissulega hafi það tekið sinn tíma að vinna þeim fylgi.[244] Margt bendir þó til þess að þau börn sem ekki nutu umsjár foreldra sinna, t.d. niðursetningar, hafi sætt verri meðferð en önnur börn.[245] Lengi vel voru flengingar viðtekin aðferð til að refsa börnum og var vöndur, oftast úr hrísi, notaður til þess. Heimildir benda til að vöndurinn hafi verið aflagður að mestu í byrjun 20. aldarinnar svo sem ráða má af svörum við spurningum Þjóðháttadeildar Þjóðminjasafns Íslands um uppeldi í upphafi 20. aldar.[246] Eftir það var oft látið duga að „sýna hrísinn", en flengingar tíðkuðust áfram, a.m.k. fram yfir miðja öldina.

Hver voru sjónarmið frumkvöðlanna í barnavernd til líkamlegra refsinga og annarrar valdbeitingar í uppeldismálum? Ætla má að viðhorf þeirra hafi vissulega haft áhrif á mótun og framkvæmd uppeldisaðferða á stofnunum fyrir börn á þessum tíma.

---

[241] Loftur Guttormsson*: Bernska, ungdómur og uppeldi á einveldisöld*, bls. 67.
[242] *Alþingisbækur Íslands* 13, bls. 567.
[243] Hildur Biering: *Barnauppeldisins heilaga skylda*, bls. 85-86
[244] Jóhanna Einarsdóttir o.fl.: *Heimilisofbeldi gegn börnum á Íslandi*, bls. 23-24.
[245] Sjá t.d. Símon Jón Jóhannsson og Bryndís Sverrisdóttir: *Bernskan, líf, leikir...*, bls. 12.
[246] Símon Jón Jóhannsson*: Bernskan, líf leikir...*, bls. 17

Nærtækast er að rýna í rit þeirra þriggja sem voru í forystu fyrir uppbyggingu stofnana handa börnum á þessu tímabili: Formanns Sumargjafar, Steingríms Arasonar, formanns Landsambands Barnaverndarfélaga, dr. Matthíasar Jónassonar og óumdeilds leiðtoga barnaverndarfólks þessa tíma dr. Símonar Jóh. Ágústssonar, til að finna svar við þessari spurningu.

Almennt má segja að í skrifum ofangreindra manna sé að finna atlögu gegn vondum uppeldisháttum, þ.m.t. gegn því að beita líkamlegri refsingu, jafnframt því sem útskýrt er hvaða uppeldisaðferðir séu árangursríkastar og barni fyrir bestu. Steingrímur Arason kemst svo að orði: „Á fáu er meiri nauðsyn en hugarfarsbreytingu alþjóðar til fráhvarfs frá hinum blinda harðstjórnaraga, sem ýmist brýtur viljaþrekið á bak aftur, eða espar til uppreisnar og afbrota".[247] Steingrímur útskýrir að hann sé ekki að boða agaleysi heldur þvert á móti að hin nýja hugsun leggi megináherslu á „nauðsyn agans, en þó aðeins þess aga, sem hver og einn megnar að temja sér af skilningi, fúsum vilja og sjálfsafneitun með aðstoð uppalandans".[248] Dr. Matthías Jónasson fjallar ítarlega um áhrif líkamlegra refsinga og segist t.d. geta skrifað heilt bindi um neikvæðar afleiðingar líkamshegninga. Hann kemst svo að orði: „Enn er ótalinn höfuðgalli líkamshegninga, sem felur í sér og yfirgnæfir alla hina. Höggin þroska ekki siðgæðisvitund barnsins. Þau styrkja það ekki í góðum áformum, heldur lama vilja þess. Þau hvetja það ekki til hreinlyndis og dirfsku, heldur ala upp í því undirferli og heigulshátt".[249] Dr. Símon Jóh. er e.t.v. ekki eins afdráttarlaus í skrifum sínum en engu að síður er hann augljóslega fylgjandi sömu sjónarmiðum. Í bókinni Þroskaleiðir frá 1938 fjallar hann t.d. um hörkuna sem tíðkaðist í uppeldi fyrri alda og barnarefsingar og segir það „sízt að furða, þótt ýmsir hugsandi menn, uppeldisfræðingar og aðrir, risu upp á móti barnarefsingum og vildu ýmist milda þær eða afnema með öllu".[250]

6.4 Stofnanahefð? - Sérstök viðhorf til uppeldis ungra barna

Óhætt er að fullyrða að uppeldi ungra barna lengi fram eftir 20. öldinni hafi einkum einkennst af kristilegum áherslum. Algengt var á bernskuskeiði Reykjavíkur að auglýstir voru opinberir fyrirlestrar um kristinfræðslu og barnauppeldi þar sem prestar

[247] Steingrímur Arason: *Mannbætur*, bls. 91.
[248] Steingrímur Arason: *Mannbætur*, bls. 92.
[249] Matthías Jónason: *Athöfn og uppeldi*, bls. 185.
[250] Símon Jóh. Ágústsson: *Þroskaleiðir*, bls. 59.

veittu foreldrum holl ráð í uppeldismálum. Þegar leið á fjórða áratuginn koma fram sjónarmið á meðal uppalenda að það verði hins vegar vart talið hlutverk skólanna að sinna kristniboði. Þannig sá t.d. Kvenfélagasambandið ástæðu til þess að samþykkja áskorun árið 1932 til „barnakennara og skólastjóra, sem ekki geta aðhyllst kristindómsfræðslu í kennslustarfi sínu, að hafa ekki barnakennslu og barnauppeldi fyrir aðra að lífsstarfi sínu.". Ársþing Sambands íslenskra barnakennara brást hart við þessari ályktun og taldi áskorunina m.a. „móðgandi áreitni" og "ósæmilega árás gegn hugsanafrelsi og samviskufrelsi í landinu.[251]

Blaðaviðtal árið 1935 við Þuríði Sigurðardóttur, stofnanda Vorblómsins, varpar ljósi á hið hefðbundna kristilega uppeldi þessa tíma. Aðspurð hvaða uppeldiskenningakerfi henni falli best svarar hún: „Uppeldisaðferðir þær sem eru trúarlegs eðlis hafa gefist mér best. Jeg segi börnunum, að guð sjái til þeirra, hvað sem þau geri og heyri allt, sem þau segi. Jeg kenni þeim að séu þau góð komist þau til guðs – en sjeu þau óþekk komi ljóti kallinn og taki þau". Loks er Þuríður spurð að því hvernig gangi að fá börnin til að hlýða og er svar hennar á þessa leið, (en rétt er að geta þess að börnin kölluðu hana jafnan ömmu): "Það gengur vel. Þau hlýða ömmu sinni alltaf, eða hjer um bil alltaf, með góðu. Annars hefur mjer gefist best að setja kalt vatn við ennið á börnunum þegar þau hafa orðið fyrir geðshræringu".[252] Sú áhersla sem lögð var á kristilegt uppeldi á stofnunum fyrir yngri börnin virðist hafa verið ríkjandi fram á áttunda áratuginn. Þannig segir t.d. Gyða Sigvaldadóttir, fóstra, frá því að þegar hún starfaði á Silungapolli á sjötta áratugnum hafi það verið venja að fara með bænir á kvöldin áður en gengið var til náða.[253]

Þuríður Sigurðardóttir kaus að láta börnin kalla sig „ömmu" og augljóst er af frásögn hennar að hún lagði áherslu á að veita börnunum tilfinningalegt atlæti og blíðu. Hins vegar eru vísbendingar um að um miðbik aldarinnar hafi margir aðhyllst þá skoðun að hlýja og tilfinningaleg umhyggja í uppeldi gæti jafnvel verið skaðleg barni. Valborg Sigurðardóttir hefur bent á að innan sálfræðinnar voru uppeldiskenningar ættaðar frá atferlisstefnunni þá í sviðsljósinu víða um heim, en í henni gætti efasemda um að

[251] *Mbl*. 25. júní 1932, bls. 3.
[252] *Mbl*. 13. ágúst 1935, bls. 6.
[253] Arna H. Jónsdóttir: „Það þarf að hlúa að sálum...", *Brautryðjendur í uppeldis- og menntamálum*, bls. 58.

foreldrar væru yfirleitt hæfir til að ala upp börn sín.[254] Forvígismaður þessarar stefnu var m.a. J.B. Watson en árið 1944 kom út í íslenskri þýðingu bók hans: *Fyrstu árin: handbók um barnauppeldi og sálræna meðferð ungbarna*. Ágætt dæmi um þær áherslur í barnauppeldi sem þessi stefna boðaði má sjá af eftirfarandi varnaðarorðum: „Mæður vita ekki, að þegar þær kyssa börn sín, hampa þeim, rugga þeim, kjassa þau og hossa á hné sér, eru þær smám saman að móta mann, sem er öldungis óhæfur til lífsbaráttunnar, er bíður hans í heiminum".[255] Ekki verður fullyrt hér hversu víðtæk áhrif sjónarmið atferlissinna hafa haft á Íslandi en víst er um að Halldór Laxness er greinilega undir áhrifum þessara kenninga í inngangsorðum Brekkukotsannáls: „Vitur maður hefur sagt að næst því að missa móður sína sé fátt hollara ungum börnum en missa föður sinn".[256] Hér liggur augljóslega til grundvallar það sjónamið í uppeldismálum að mótlætið sé heilladrjúgt veganesti í lífinu og tilfinningasemi foreldra geti leitt til ofverndunar og dekurs sem kunni ekki góðri lukku að stýra. Ýmislegt bendir raunar til þess að það hafi ekki verið álitið æskilegt að sýna tilfinningar á stofnunum fyrir börn á þessum tíma. Þannig er bernskuminning Sigurðar A. Magnússonar rithöfundar af komu sinni í heimavistina í Laugarnesskólanum á fjórða áratugnum lýst svo að á móti honum hafi tekið kona sem sýndi „hvorki af sér hlýju né kulda, einungis hlutlausa skyldurækni og röggsemi".[257]

Í blaðaviðtali við Þuríður Sigurðardóttir sem fyrr er vísað til var hún innt eftir því hvað hún telji nauðsynlegt að kunna til að geta haft umsjón með barnaheimili og rekið það. Svar hennar er með svofelldum hætti: „Það verður að kunna hjúkrun og aðhlynningu barna á ýmsum aldri, undirstöðu almennrar uppeldisfræði og þekkingu til að sjá hvað hverju einstöku barni er fyrir bestu".[258]

Áherslur í uppeldisstarfi margra stofnana vel fram á sjöunda áratuginn voru á hjúkrun og aðhlynningu, líkamlega umhirðu, næringu og hreinlæti. Þessar áherslur eru vissulega skiljanlegar í ljósi þess ástands sem ríkti í heilbrigðismálum landsmanna, einkum hárrar dánartíðni barna, m.a. af völdum landlægra smitsjúkdóma. Útivist, hreyfing og jafnvel böð virðast hafa verið hluti af dagskrá stofnananna á Silungapolli og í Reykjahlíð svo dæmi séu nefnd.

---

[254] Valborg Sigurðardóttir: *Fóstruskóli Íslands*, bls.
[255] Watson J.B.: *Fyrstu árin: handbók um barnauppeldi og sálræna meðferð ungbarna*, bls. 41.
[256] Halldór Laxness, *Brekkukotsannáll* bls. 7.
[257] Sigurður A. Magnússon: *Undir Kalstjörnu*, bls. 202.
[258] *Mbl*. 13. ágúst 1935, bls. 6.

Metnaður var lagður í að gefa börnunum næga og holla fæðu. Á þessum tíma var jafnvel algengt að árangur stofnana og sumardvalarheimila væri mældur í þyngdar- og hæðaraukningu barnahópsins. „Hef ég hvorki fyrr né síðar komist í önnur eins hold og hlaðið var utaná mig á þrem mánuðum" segir Sigurður A. Magnússon svo enn sé vísað til bernskuminninga hans á heimavistinni í Laugarnesskólanum úr bókinni *Undir kalstjörnu*.[259] Þá voru gjarnan settar reglur sem ætlast var til að börnin hlýddu út í ystu æsar. Svigrúm til frjálsra leikja var þannig takmarkað, t.d lýsir kona úr fyrstu kynslóð menntaðra fóstra á Íslandi þessu svo: „Frelsi barnanna var takmarkað. Þau fengu ekki næg tækifæri til að læra af eigin reynslu, þau gátu lítið valið sjálf, starfsfólkið réði of miklu".[260] Þetta var eitt af því sem hin nýja stétt fóstra beitti sér fyrir að yrði breyting á og sáust þess fljótt merki, ekki síst á stofnunum Sumargjafar.

Vöggustofurnar voru dæmi um ofuráherslur á líkamlega umhirðu á kostnað umhyggju og tilfinningalegs atlætis. Á Hlíðarenda og síðar Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins var skipulag starfseminnar nánast vélrænt og umönnun barnanna laut tiltekinni tímaáætlun, t.d. er varðaði umhirðu og næringu. Því svipaði óneitanlega til fyrirkomulags á sjúkrahúsi en örvun á vitsmuna- og tilfinningaþroska barna var ekki á dagskrá. Athyglisvert er að þær skorður sem foreldrum voru settar varðandi heimsóknir voru mun þrengri en tíðkaðist fyrr, t.d. á vöggustofum Sumargjafar. Þar voru mæður frekar hvattar til heimsókna en lattar.[261] Gæti það bent til að annað en heilbrigðissjónarmið hafi legið að baki þeim skorðum sem settar voru á samneyti foreldra og barna. Líklegt er að heimsókn mæðranna hafi þótt valda börnunum uppnámi sem erfitt væri að kveða niður og undirmannaðar stofnanir vildu forðast. Á hinn bóginn var þekking manna á mikilvægi geðtengslamyndunar barns og uppalanda takmörkuð, a.m.k. vel fram á sjöunda áratuginn.

Fljótlega eftir lok síðari heimstyrjaldarinnar tóku að birtast niðurstöður sálfræðilegra athugana á þroska ungbarna sem aðskilin höfðu verið frá kynforeldrum sínum í stríðinu og alist upp á stofnunum. Einkum var hér um að ræða rannsóknir breska læknisins John Bowlby og svissneska læknisins René A. Spitz en báðir höfðu rannsakað truflanir á geðheilsu barna vegna rofinna geðtengsla og tilfinningalegrar

---

[259] Sigurður A. Magnússon: *Undir Kalstjörnu*, bls. 205.
[260] Svandís Skúladóttir: „Skólastjóri og brautryðjandi" *Leikur og leikgleði*, bls.32.
[261] Viðtal Katrín Hall (Hjaltested), tekið í sept. 2007.

vanrækslu í frumbernsku, einkum vegna aðskilnaðar frá móður. Rit Bowlby *Maternal Care and Mental Health* sem gefið var út árið 1952, hafði fljótlega gríðarleg áhrif á meðal fræðimanna í sálfræði og uppeldismálum um allan heim. Ljóst er að þessara áhrifa gætir mjög fljótlega hér á landi. Dr. Símon Jóhannes Ágústsson fjallar t.d. ítarlega um mikilvægi geðtengsla barns og móður í greininni „Um ættleiðingu barna" sem rituð er árið 1959 og vitnar þar sérstaklega til verka Bowlby.[262] Nokkru síðar hefst dr. Sigurjón Björnsson handa um rannsóknir sínar á börnum sem dvalið höfðu í frumbernsku á vöggustofum í Reykjavík en þær fólust m.a. í því að kanna hvort kenningar Bowlby ættu sér stoð í íslenskum veruleika. Niðurstöður þeirra rannsókna, sem fyrr er getið um, höfðu veruleg áhrif á þróun viðhorfa til umönnunar og uppeldis yngri barna þegar fram í sótti og áttu stóran þátt í því að vöggustofur lögðust af þegar fram kom á áttunda áratuginn.

6.5 Stofnanahefð? - Sérstök viðhorf til uppeldis „vandræðabarna"

Á seinni hluta fjórða áratugarins koma fram kröfur um að setja á stofn hæli fyrir „vangæf" börn og afbrotabörn. Eins og fyrr er vikið að er dr. Símon Jóh. Ágústsson brautryðjandi þeirra sjónarmiða. Af erindum og skrifum hans frá þessum tíma má ráða hvaða áherslum hann taldi að uppeldi vandræðabarna ætti að lúta. Þar kemur skýrt fram það grundvallarsjónarmið að „uppeldi komi í stað refsinga". Hann segir: „Þessi skoðun styðst við óhrekjanlegar staðreyndir: Í flestum betrunarskólum og betrunarstofnunum fyrir vanrækt börn, börn með glæpahneigðir og alls konar ónáttúru, mjög óstýrilát og tornæm börn – vandræðabörn í einu orði – er líkamlegri hegningu örsjaldan beitt og öðrum refsingum jafnlítið og unnt er".[263] Eins og fram kemur í þessum orðum er dr. Símon Jóh. ekki að boða fortakslaust bann við refsingum þótt ljóst sé að þær eru honum ekki að skapi. „Hugsjónin er náttúrulega sú, að afnema refsingar í venjulegri merkingu orðsins úr uppeldissiðum" segir hann en er fremur svartsýnn á að það takist vegna ófullkomleika uppalanda og erfiðs upplags margra barna. Þegar refsingu er beitt á hún „aðeins að vera fólgin í eðlilegri afleiðingu misgerðarinnar" en hún getur ekki verið fólgin í líkamlegri hegningu, heldur óþægindum sem sjálfkrafa stafa að eðli verknaðar. Þannig á barnið að fá tækifæri til

[262] Símon Jóh. Ágústsson: *Álitamál,* bls. 258.
[263] Símon Jóh. Ágústsson: *Þroskaleiðir*, bls. 62.

að læra af mistökunum. Til skýringa vitnar hann til gamals máltækis „Greindur nærri getur, reyndur veit þó betur".[264]

Umfjöllun dr. Símonar um líkamlegar refsingar utan veggja heimilisins, t.d. í skólum eða stofnunum þar sem barnið dvelur í lengri eða skemmri tíma, er afar athyglisverð en hann varar sérstaklega við þeim þar: „Í fjölskyldunni eru hinar vondu afleiðingar líkamlegra refsinga auðveldlega mildaðar með ástaratlotum þeim og blíðu, sem venjulega ríkir á meðal foreldra og barna, með hinu nána persónulega sambandi sem tengir þau saman. En í skólanum er ekkert þvílíkt, sem mýkt geti afleiðingar harðra refsinga... Áhrif skólans á barnið eru miklu ópersónulegri en áhrif fjölskyldunnar á það; refsingarnar, sem hann beitir, eru líka miklu kaldari og ópersónulegri."[265] Skrif þessi lýsa því innsæi sem höfundur hafði í sálarlíf barns og næmni í umhverfi fjarri fjölskyldu þess.

Merkasta heimildin um viðhorf þessa tíma til uppeldisstarfs á stofnunum fyrir vandræðabörn og afbrotabörn er tvímælalaust skýrsla dr. Matthíasar Jónassonar til fræðslumálastjórnarinnar um heimsókn á slíkar stofnanir í Sviss, *Uppeldi vandræðabarna í Sviss*. Í skýrslunni er sérstaklega fjallað um uppeldisstefnu ólíkra stofnana, þ.m.t. aga og agaviðurlaga, auk ýmissa annarra þátta er lúta að starfsemi af þessu tagi. Þar kemur m.a. fram sú áhersla sem lögð er á gildi fjölbreytts náms, en í þeim efnum bendir dr. Matthías á að ekki dugar að líta einungis til hópsins, heldur „verður að gefa hverjum einstaklingi náinn gaum. Einn er e.t.v. hneigður fyrir bóklegt nám, annar fyrir smíðar...".[266] Eins og vænta má skipar gildi vinnunnar háan sess: „Hvergi sér unglingurinn afrek sín og getu greinilegar, en ef þau koma fram í hagnýtu starfi....Einmitt nálæg takmörk og auðsær tilgangur starfsins örva viljann..Í þessu skyni eru landbúnaðarstörf mjög heppileg, af því að tilgangur þeirra er augljós".[267] Þá er fjallað m.a. um mikilvægi þess að uppeldisstofnanir sem þessar "ræki reglulegt heimilislíf" þar sem þær gangi börnunum í heimilisstað, og að „móðir" og „faðir" leitist við að "ná sem innilegustu sambandi við hvert barn og glæða ást og samúð í brjósti þess".[268]

---

[264] Símon Jóh. Ágústsson: *Þroskaleiðir*, bls. 64-65.
[265] Símon Jóh. Ágústsson: *Þroskaleiðir*, bls. 71.
[266] Matthías Jónasson: *Uppeldi vandræðabarna í Sviss*, bls. 12.
[267] Matthías Jónasson*: Uppeldi vandræðabarna í Sviss*, bls. 13.
[268] Matthías Jónasson: *Uppeldi vandræðabarna í Sviss*, bls. 8-9.

Einna athyglisverðastur er sá hluti í skýrslu dr. Matthíasar þar sem hann ber saman uppeldisstefnu ólíkra stofnana, annars vegar þar sem agi er harður og hins vegar þar sem meira frjálsræði ríkir. Hann bendir á að sum uppeldisheimili aðhyllist uppeldisstarf „þar sem ríkir tortryggni gagnvart börnunum og reynt er að halda öllu í skefjum með ströngum aga". Dr. Matthías greinir frá heimsókn sinni á tvö heimili sem hann telur að falli undir þennan flokk og eru bæði ætluð stúlkum. Hann segir frá því að á báðum heimilunum séu starfskonurnar nefndar „gæslukonur" sem honum finnst samsvara þeim anda sem ríkti á þessum heimilum. „Og með líku sniði er hegningin...Fyrir smærri brot líkamsrefsing eða matarsvipting. En við stærri yfirsjónum, t.d. óhlýðni, liggur innilokun í dimmum klefa".[269] Niðurstaða dr. Matthíasar er þessi: „Það eru ekki hæli þessar tegundar, sem gestinum verða hugstæðust. Að mínu áliti skorti hér hið tengjandi band milli menntagjafa og menntaþega: *trúnaðinn*. Það á ekki að ala börnin upp fyrir uppeldisstofnun, heldur fyrir harðan raunveruleika lífsins".[270] Hér á höfundur við að hinn strangi agi sé ekki gott veganesti út í lífið vegna þess að búast megi við að þegar einstaklingurinn losnar undan aganum og eftirlitinu fari fyrir honum „sem fáráðum öreiga sem skyndilega verður stórauðugur: hann kann sér ekki hófs".

Dr. Matthías bendir á að flestar uppeldisstofnanir í Sviss beiti gagnstæðum uppeldisaðferðum við þær sem að ofan greinir þar sem trúnaður og frjálsræði er kjarninn í uppeldisstarfinu: „Frá byrjun er leitast við að vekja skilning unglingsins á nauðsyn vissra framkomuhátta og hlýðni. Honum er sýnt fram á það að frjálsræðið er hlýðninni háð, að hlýðnin er einmitt skilyrði þess".[271] Höfundur fjallar síðan um það á hvern hátt best sé að vinna trúnað unglings svo hann læri að vinna trúnað annarra og hvernig stigvaxandi frjálsræði þroskar hann til undirbúnings undir virka þátttöku í lífi og starfi. Í umfjöllun sinni um afbrotabörn leggur dr. Matthías áherslu á mikilvægi þess að hverjum og einum sé kennt að verða sjálfbjarga, efla siðferðisþroska og vinna á vanmáttarkennd þeirra sem oft hlýst af því að „hann hefur orðið útundan í lífinu og er olnbogabarn þess".[272]

---

[269] Matthías Jónasson: *Uppeldi vandræðabarna í Sviss*, bls. 15.
[270] Matthías Jónasson: *Uppeldi vandræðabarna í Sviss*, bls. 16.
[271] Matthías Jónasson. *Uppeldi vandræðabarna í Sviss*, bls. 16.
[272] Matthías Jónasson: *Uppeldi vandræðabarna í Sviss*, bls. 24-25

Það er utan viðfangsefnis þessarar ritgerðar að leggja mat á þær uppeldisaðferðir sem viðhafðar voru í Breiðavík. Því verður aðeins bent á heimildir sem geta varpað ljósi á vissa þætti uppeldisstarfsins. Eftir því sem best er vitað liggja fyrir a.m.k. tvær bækur,[273] ein háskólaritgerð[274] og ein blaðagrein[275] frá fyrri árum sem hafa að geyma frásagnir og upplýsingar um uppeldisstarf Breiðavíkurheimilisins frá mismunandi tímabilum á starfstíma þess. Að auki eru gagnlegar heimildir fyrir hendi sem varpa skýru ljósi á þá breytingu sem verður á hlutverki Breiðavíkur í samhengi við þær nýju áherslur í uppeldisstarfi sem urðu árið 1972 með stofnun Upptökuheimilis ríkisins í Kópavogi sem fyrr hefur verið vísað til.[276] Rétt þykir hins vegar að fara nokkrum orðum um tvo þætti sem dr. Matthías fjallar um í skýrslu sinni um uppeldisstofnanir í Sviss, sem telja verður sérstaklega mikilvæga þegar starfsemi Breiðavíkurheimilisins og annarra vistheimila frá hliðstæðum tíma er virt. Lýtur annað atriðið að mikilvægi vinnunnar í uppeldisstarfinu og hitt að agaviðurlögum, einkum er varðar innilokun vistbarna.

Iðjusemi var ein af meginreglum *Tilskipunar um hús-agann á Íslandi* svo sem fyrr er vikið af. Virk þátttaka í daglegu brauðstriti var talin gera börnum gott eftir því sem geta þeirra leyfði og iðjuleysi barna í bæjum var gjarnan talin orsök óráðvendni, óknytta og annarrar óæskilegrar háttsemi. Skýrasta dæmið um trú manna á uppeldisgildi vinnu barna og ungmenna er eflaust vinnuskólar á vegum sveitarfélaga. Á fjórða áratugnum voru gerðar tilraunir með starfrækslu vinnuskóla í nokkrum bæjum og frá 1948 hefur t.d. Vinnuskóli Reykjavíkur starfað samfellt. Sumarvinna barna með skóla á sér jafn langa sögu og skólastarfið, bæði til sveita og sjávar. Vinna barna var hins vegar ekki einvörðungu uppeldismál heldur oft talin efnahagsleg nauðsyn. Svo var ástatt t.d. haustið 1958 þegar samtök atvinnurekenda fóru þess á leit við borgarráð Reykjavíkur að skólahaldi í efstu bekkjum barnaskóla yrði frestað með þeim rökum að um helmingur vinnuafls við fiskvinnslu væru skólabörn eldri en 12 ára.[277]. Óhóflegar kröfur um vinnuframlag barna á Íslandi á sér raunar langa sögu. Þannig þótti ástæða til að setja í fyrstu barnaverndarlögin frá 1932 sérstakt ákvæði um eftirlit barnaverndarnefnda með því að börnum sé ekki ofþjakað með "þungri vinnu né

[273] Stefán Unnsteinsson: *Stattu þig drengur* og Baugalín: *Launhelgi lyganna*.
[274] Snjólaug Stefánsdóttir, Sveinn Allan Morthens og Iðunn Valgarðsdóttir: Breiðavík, árið 1979.
[275] *Þjóðviljinn*, 18. júlí 1974, bls. 2. Fangi á Litla-Hrauni skrifar „frá því ég var sjö ára".
[276] Sjá einkum: Bryndís Guðmundsdóttir og Árni St.Jónsson: Óskabörn þjóðarinnar og Erlendur S. Baldursson: Ungdomshjemmet i Kopavogur.
[277] Ólöf Garðarsdóttir: „Working Children in Urban Iceland .." *Industrious Children,* bls. 160.

löngum vinnutíma". Var þetta verndarákvæði gert mun ítarlegra í lögunum frá 1947 og 1966. Þrátt fyrir verndarákvæði í lögum eru margar heimildir um áhyggjur manna af vinnuþrælkun barna. T.d. lét verkamannafélagið Dagsbrún áhyggjur sínar í ljós sumarið 1965 í tilefni þess að stúlkur og drengir niður í 11 ára aldur störfuðu við hafnavinnu í Reykjavík, jafnvel lengur en í 10 klst. á dag.[278]

Í ljósi þess sem að ofan greinir kemur ekki á óvart að frá upphafi var lögð áhersla á að Breiðavíkurdrengir hefðu næg tækifæri til vinnu. Raunar var staðarval heimilisins að talsverðu leyti rökstutt með tilvísun til þeirra möguleika til vinnu sem Breiðavík þótti búa yfir, t.d. mikil ræktunarskilyrði, peningshús fyrir hendi, möguleikar fyrir útræði og réttindi til eggjatöku í Látrabjargi.[279] Og fljótlega eftir að heimilið hóf starfrækslu kemst framkvæmdanefnd vistheimilisins svo að orði í skýrslu sinni: "Nefndinni er að verða það æ ljósara, að Breiðavík er mjög heppilegur staður til þessara nota, einkum þegar svo er komið, að hægt er að beita drengjunum jafnt til vinnu við sjó og land, en að því ber að stefna".[280]

Skal nú vikið að þeim þætti er lýtur að innilokun vistbarna. Fyrr er greint frá frásögn dr. Matthías Jónassonar af vistheimili í Sviss þar sem "innilokun í dimmum klefa" var beitt sem hegningu við stærri yfirsjónum. Höfundur segir frekar um þetta: „Ég fékk að skoða dimma klefann. Hann liggur á hanabjálkalofti, sem annars er notað til geymslu. Gluggalaus er hann og koldimmt inni; hann er að flestu leyti óvistlegur. Þó er þar miðstöðvarofn. Þarna verður sú seka að hírast í 5-6 klukkustundir, að því er okkur var sagt".[281] Fyrir liggur klefi var útbúinn í kjallara hússins í Breiðavík í upphafi. Um það er ekki deilt að hann hafi í upphafi verið útbúinn til þeirrar notkunar að loka af drengi þegar nauðsynlegt þætti. Líklegast er að annað hafi ekki verið talið óhætt en að slík aðstaða væri til staðar af öryggisástæðum, til þess að forða „lífi og limum" ef svo bæri undir. Hins vegar verður ekki útilokað að hann hafi verið notaður í refsiskyni þótt hér verði ekkert um það fullyrt. Benda má á að mörg önnur dæmi eru um herbergi sem hafa verið sérstaklega útbúin til þess að loka af börn á vistheimilum hér á landi.

---

[278] Ólöf Garðarsdóttir: „Working Children in Urban Iceland..." *Industrious Children*, bls. 175.
[279] ÞÍ. Skjalasafn menntamálaráðuneytisins. Bréf barnaverndarnefndar Reykjavíkur dags. 11. apríl 1951. Greinargerð Þorkels Kristjánssonar og Magnúsar Sigurðssonar, ódags., en með vísun í bréf menntamálaráðuneytis 23. júlí 1951.
[280] ÞÍ. Skjalasafn menntamálaráðun. Skýrsla framkvæmdanefndar vinnuheimilisins í Breiðavík, Reykjavík 23. júlí 1952.
[281] Matthías Jónasson: *Uppeldi vandræðabarna í Sviss*, bls. 15.

Upptökuheimilið að Elliðahvammi var starfrækt í tæp tuttugu ár sem eins konar „biðheimili" eða skammtímavistun svo sem þegar hefur verið fjallað um. Á því heimili voru m.a. tvö herbergi þar sem unnt var að loka börn og unglinga af, bæði á efri hæð hússins. Rimlar voru þar fyrir gluggum og herbergin læst að jafnaði. Börnin sem þar voru vistuð fengu mat afhentan í herbergi sín og höfðu engan félagsskap af öðrum en starfsfólki sem sinnti þeim þegar tilefni gafst til. Ljóst er að innilokun barna á Elliðahvammi var ekki í því skyni að stöðva af óæskilega hegðun. Börnin voru alla jafnan róleg þegar komið var með þau. Hins vegar hefur tilgangurinn ugglaust verið sá að koma í veg fyrir strok. Hugsanlega hefur öðrum þræði verið litið á slíka innilokun sem víti til varnaðar og því refsingu. A.m.k. er líklegt að börnin hafi litið svo á og einangrunin var þeim oft þungbær: „Þau áttu oft mjög bágt og sum grétu mikið. Þá reyndum við að sýna þeim blíðu og umhyggju til að hugga þau" tjáði Katrín Hall fyrrverandi forstöðukona þeim sem þetta ritar.[282]

A.m.k. ein rituð samtímaheimild er til sem varpar nokkru ljósi á aðstæður barna sem voru innilokuð að Elliðahvammi. Um er að ræða minnisblað frá Ólafi Gunnarssyni sálfræðingi um 10 ára dreng sem vistaður var vegna þjófnaðarbrots að Elliðahvammi. Honum var síðar ráðstafað til Breiðavíkur. Minnisblaðið sem er frá árinu 1957 segir m.a.: „Drengurinn var lokaður inn í herbergi á annarri hæð hússins og vísaði forstöðukona heimilisins ... okkur til hans. Í herberginu voru engin húsgögn nema rúm og einn kollóttur stóll, þar var mjög sterk þvaglykt. Ég spurði forstöðukonuna hverju þessi lykt sætti en ekki kvaðst hún kunna skil á því; ég get ekki látið hjá líða að lýsa undrun minni á því að forstöðukona barnaheimilis skuli ekki þekkja lykt áðurnefnds vökva".[283]

Yfirleitt varði vistun barnanna á Elliðahvammi í nokkra daga en mjög oft var hún mun lengri, jafnvel nokkra mánuði í einstaka tilvikum. Ljóst er að það var viðtekin venja að svipta börn frelsi sínu á þessum tíma ef þau höfðu framið afbrot og áttu ekki heimili að hverfa til. Talsverðan tíma gat tekið að finna afbrotabarninu nýjan samastað, á sveitaheimili eða annars staðar. Þá mátti reikna með að herbergið með rimlagluggunum yrði dvalarstaður barnsins á meðan.

---

[282] Viðtal við Katrínu Hall (Hjaltested) í sept. 2007.
[283] Bsk. Álitsgerð Ólafs Gunnarssonar vegna eins Breiðavíkurdrengja 1957.

Starfsemin á Elliðahvammi var flutt í starfsmannaíbúð Kópavogshælisins í lok árs 1964 eins og fyrr er getið um. Yfirleitt vistuðust ekki fleiri en eitt til tvö börn á heimilið í einu, einkum eftir að vistheimilið á Dalbraut tók til starfa vorið 1966 og vistun einskorðaðist við afbrotahegðun. Tveir starfsmenn höfðu búsetu á heimilinu. Í sérstökum tilvikum annaðist lögregla gæslu ef álitið var að vistunglingur væri hættulegur eða ef tryggja þurfti að ekki kæmi til stroks, t.d. í alvarlegu sakamálum. Sama verklag var viðhaft þarna og á Elliðahvammi, börnin voru oftast læst inni og mötuðust þar.[284] Í stað rimla í glugga var komið högghelt eða sérstaklega styrkt gler. Starfsemin var í þessu bráðabirgðahúsnæði í u.þ.b. sex ár.

Ekki var um sérstaka aðstöðu til innilokunar að ræða eftir að Upptökuheimilið að Kópavogsbraut 17 tók til starfa árið 1972. Fljótlega kom í ljós að við þær aðstæður treysti starfsfólk sér ekki til að taka á móti unglingum til vistunar ef þeir sýndu mótþróa og komu í lögreglufylgd. Til að ráða bót á þessu voru fest kaup á húsi í nágrenninu, Kópavogsbraut 9 í því skyni að setja þar á laggirnar lokaða deild. Meðan á undirbúningi stóð var gerður samningur við fangelsið í Síðumúla um vistun ósakhæfra unglinga og gilti hann í nokkra mánuði í byrjun árs 1973 þar til húsnæðið á Kópavogsbraut 9 varð tiltækt til þessara nota.

Athyglisvert er að þegar hér er komið sögu gera menn sér grein fyrir þeirri ábyrgð sem fylgir frelsissviptingu barna og unglinga og hvers gæta þarf í slíkum tilvikum. Þannig eru vorið 1973 settar sérstakar reglur um starfsemi skammtímavistunar og hvernig að henni skuli standa. Samkvæmt þeim reglum mátti ekki vista yngri börn en 12 ára nema í algjörum undantekningartilvikum, ætíð skyldu vera gæslumenn með unglingunum í skammtímavistuninni, svefnherbergi ólæst og frjáls umgangur innan veggja hinna lokuðu húsakynna. Jafnframt var kveðið á um hvaða sérfræðiþjónusta, þ.m.t. læknisþjónusta, skuli aðgengileg. [285] Lokuð deild hefur síðan verið starfrækt á vegum Unglingaheimilis ríkisins og er nú á meðferðarheimili ríkisins, Stuðlum. Um vistun þar gilda sérstakar reglur sem tryggja eiga mannréttindi þeirra unglinga sem þar

[284] Viðtal við Ólöfu Þorsteinsdóttur í sept. 2007.
[285] ÞÍ. Skjalasafn menntamálaráðuneytisins. Reglur um skammtímavistun, dags. 8. mars 1973.

vistast.[286] Frelsissvipting barna og ungmenna er að sjálfsögðu ætíð vandasöm og um miðjan tíunda áratuginn varð nokkur umræða um aðferðir sem viðhafðar voru á Unglingaheimili ríkisins nokkrum árum áður í þessum efnum. Að beiðni umboðsmanns barna lét félagsmálaráðherra gera úttekt á framkvæmdinni og liggur fyrir skýrsla um niðurstöður hennar.[287]

Þegar mat er lagt á hugsanlega innilokun Breiðavíkurdrengja í klefa drengjaheimilisins skiptir öllu máli hvernig þá innilokun bar að. Ólíkt þeim stofnunum öðrum þar sem innilokun tíðkaðist var heimilið í Breiðavík jafnframt heimili drengjanna. Hafi klefinn verið notaður í refsingarskyni svo sem vegna agabrota verður að telja að sú aðferð hafi gengið gegn bestu þekkingu þeirra tíma í uppeldismálum, samanber skýrslu dr. Matthíasar Jónassonar sem fyrr er vísað til. Í bókinni *Athöfn og uppeldi* frá 1947 er sama viðhorf áréttað m.a. með þeim rökum að slíkt dragi mjög úr „áhrifum hegningarinnar – ekki síst á óhlýðin börn".[288] Raunar hafði lengi verið varað við skaðlegum áhrifum refsinga af þessu tagi á Íslandi. Bríet Bjarnhéðinsdóttir ritaði t.d. í Kvennablaðinu árið 1895: „Aldrei má hegna börnunum með því að loka þau í dimmu herbergi eða jafnvel ein inni...því þau geta orðið svo hrædd að þau bíði þess aldrei bætur".[289] Á hinn bóginn eru heimildir sem benda til að innilokun barna hafi verið tíðkuð í einhverjum mæli fram eftir 20. öldinni. Valborg Sigurðardóttir hefur t.d. greint frá því að skömmu eftir að kennsla hófst í uppeldisskóla Sumargjafar árið 1946 hafi einn nemandi hennar gefið sig á tal við hana og greint sér frá því að það hefði tíðkast að senda börn í skammarkrókinn með innilokun í dimmu herbergi eða skonsu á því barnaheimili sem konan hafði áður starfað. Var henni brugðið þegar Valborg hafði útskýrt í kennslustund hvaða afleiðingar slíkt gæti haft á þroska barnsins".[290]

Í frásögn fyrrverandi vistdrengja í Breiðavík hefur verið vikið að því að drengjum hafi verið refsað með því að „poka" þá, þ.e. að stinga þeim ofan í strigapoka og binda fyrir. Hafi þessi aðferð verið notuð gengur hún að sjálfsögðu gegn öllum viðhorfum

---

[286] *Reglur um réttindi barna sem dvelja á meðferðarheimilum á vegum Barnaverndarstofu.* Barnaverndarstofa 1. nóvember 1997
[287] Davíð Þór Björgvinsson og Nanna K. Sigurðardóttir: Greinargerð um þvingunarráðstafanir á meðferðarheimilum ríkisins fyrir unglinga og eftirlitsskyldur barnaverndaryfirvalda. 1998.
[288] Matthías Jónasson: *Athöfn og uppeldi*, bls. 191.
[289] Bríet Bjarnhéðinsdóttir: "Nokkur orð um börn", *Kvennablaðið,* 1. árg. 1895, 9.tbl., bls. 66.
[290] Viðtal við Valborgu Sigurðardóttur, sept. 2007

uppeldisfræðinga þessa tíma sem og langt út fyrir þau mörk sem almenn sjónarmið í uppeldismálum leyfðu. Benda má á að umrædd aðferð hafði verið notuð, t.d. af lögreglu allt þar til í desember árið 1949 þegar gefin voru út fyrirmæli frá dómsmálaráðuneytinu um algert bann við því að menn væru „pokaðir". Tilefnið var að á landsmóti Ungmennafélags Íslands, sem haldið var í júlí 1949, hafði lögregla gripið til þessa úrræðis gagnvart ölvuðum mönnum. „Voru þeir settir í ullarballa er smeygt var yfir höfuð þeirra og bundið fyrir undir iljum, og geymdir þannig þar til af þeim var runnið".[291] Urðu nokkur eftirmál vegna þessara atburða og var gerð réttarrannsókn vegna hennar. Við hana kom fram að nokkur brögð höfðu verið að því að þessi aðferð hafði verið notuð annars staðar á landinu við handtöku ölvaðra manna þar sem fangaklefar voru ekki innan seilingar. Ekki er ólíklegt að þessi aðferð hafi verið notuð af gæslumönnum á dansleikjum þegar ölvun og áflog keyrðu úr hófi og þar sem ekki voru tiltækir nægilega margir lögregluþjónar og hefur höfundur heimildir um slíkt frá Patreksfirði. Um mál þessi var talsvert fjallað í dagblöðum í kringum 1950, þ.m.t bann dómsmálaráðuneytisins við „pokun" manna, og hefur forsvarsmönnum í Breiðavík væntanlega verið kunnugt um það.

6.6 Stofnanahefð? - Menntun og reynsla forstöðumanna annarra uppeldisstofnana en Breiðavíkur

Menntun og reynsla þeirra sem völdust til forstöðu fyrir opinberu uppeldisstofnunum gefur sterkar vísbendingar um þann sess sem börnum var skipaður í samfélaginu og af hálfu stjórnvalda. Þá veita upplýsingar um þetta atriði mikilvæga leiðsögn um gæði umönnunar og uppeldisstarfs í gegnum tíðina því ætla má að menntun og reynsla þeirra sem báru mesta ábyrgð á umönnun og uppeldi barnanna hafi orðið ráðandi um áherslur í uppeldisstarfi.

Eins og fram kemur hér á eftir hafa þeir sem stóðu fyrir rekstri uppeldisstofnana frá upphafi leitast við að afla sér þekkingar í umönnun og uppeldi barna eða að sjá til þess að slík þekking væri tiltæk. Þessi regla er hins vegar ekki án undantekningar og verður að telja starfsemi drengjaheimilisins í Breiðavík frá 1964 helsta dæmið um það.

---

[291] Þorsteinn Jónsson og Guðmundur Guðjónsson: *Lögreglan á Íslandi, stéttartal og saga*, bls. 445.

Eins og fyrr hefur verið fjallað um er *Vorblómið* ein elsta uppeldisstofnunin á Íslandi en hún tók til starfa árið 1928. Heimilið stofnaði Þuríður Sigurðardóttir og hafði hún áður farið til Danmerkur til að afla sér þekkingar. Starfaði hún fyrst á uppeldisstofnun í Kaupmannahöfn í hálft ár og síðar í fimm mánuði á heimili fyrir vangefin börn í Ringsted áður en hún kom heim til að láta hugsjón sína rætast.[292]

Saga Sesselju, stofnanda *Sólheima í Grímsnesi*, er öllu þekktari en saga Þuríðar en margt er sameiginlegt með þessum brautryðjendum í barnavernd á Íslandi. Hugsjón Sesselju um að reka barnaheimili á Íslandi vaknar þegar hún dvelur í Sviss árið 1924 og kynnist slíkum stofnunum þar. Árið 1927 gefst henni tækifæri til dvalar í Kaupmannahöfn þar sem hún fær starf við barnaheimili og sækir „námskeið og fyrirlestra sem hún telur koma að gagni við stjórnun og rekstur barnaheimilis". [293] Þá leggur hún leið sína til Hamborgar og „snýr sér þar af fullum þunga að námi sínu" árið 1928. Fyrir tilviljun kemst hún í kynni við hugmyndir antroposófa, fylgjenda mannvinarins Rudolf Steiner. Í kjölfarið stundar hún síðan nám í Waldorfskólanum í Stuttgart og í sjálfri miðstöð antroposófanna, Dornach í Sviss. Þar kynntist hún fólki sem síðar kom til starfa hjá henni á Sólheimum.[294] Hún dvelur þar til ársins 1930 er hún heldur heim til að hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd.

Vigdís G. Blöndal kennari veitti forstöðu *heimavist Laugarnesskóla* sem ætluð var veikluðum börnum frá upphafi árið 1935 og á meðan henni entist starfsorka eða í 27 ár. Eftir að hún lét af störfum var starfsemi heimavistarinnar hætt árið 1962. Vigdís var farkennari eftir að hún lauk námi, rak lítinn einkaskóla á þriðja áratugnum og varð síðar kennari við Austurbæjarskólann áður en hún tók við heimavistinni. Hún starfaði jafnframt við sumardvöl Oddfellowa á Silungapolli 1931 til 1952 að þremur sumrum frátöldum.[295]

Umönnun barna á vöggustofum var að því er virðist án undantekninga í höndum ljósmæðra og hjúkrunarkvenna. Nefna má t.d. *vöggustofu Helgu M. Níelsdóttur* ljósmóður sem fyrr er fjallað um og starfrækt var árin 1937 til 1940. Helga byggði sumarbústað við Lögberg og hafði elstu börnin þar á sumrin. „Ég réði tvær

[292] *Mbl.* 13. ágúst 1935, bls. 6. Viðtal við Þuríði Sigurðardóttur.
[293] Jónína Michaelsdóttir: *Mér leggst eitthvað til*,bls. 40.
[294] Jónína Michaelsdóttir: *Mér leggst eitthvað til*, bls. 66.
[295] *Mbl.* 23. júní 1968, bls. 18.

hjúkrunarkonur til að veita barnaheimilinu forstöðu" segir Helga í viðtalsbók sinni".[296] Og á *vöggustofu Hjálpræðishersins* sem starfrækt var á stríðsárunum störfuðu m.a. systur sem báðar voru ljósmæður.[297]

Mikil áhersla var lögð á menntun og þekkingu á öllum *stofnunum Sumargjafar* frá upphafi. Sumargjöf setti sér fljótlega það markmið að „í framtíðinni skyldi engin stúlka starfa við barnaheimilin nema hún hefði sérstaka menntun til þess".[298] Svo virðist að frá upphafi hafi verið reynt að tryggja að uppeldisstarf væri í höndum fagfólks. Fyrsti forstöðumaður Grænuborgar var t.d. Þorbjörg Árnadóttir hjúkrunarkona og vöggustofum Sumargjafar var stjórnað m.a. af Guðrúnu Árnadóttur hjúkrunarkonu (Tjarnarborg) og Ísafold Teitsdóttur hjúkrunarkonu (Suðurborg).[299] Til að unnt yrði að tryggja markmið Sumargjafar um menntun starfsfólks var settur á stofn „Uppeldisskóli Sumargjafar", síðar Fóstruskóli Íslands, undir forystu Valborgar Sigurðardóttur og hóf hann starfsemi sína 1946.

Á *Vöggustofunni að Hlíðarenda* og síðar *Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins* voru hjúkrunarkonur ráðnar til forstöðu fram yfir miðjan sjötta áratuginn jafnframt því sem læknar voru ráðnir til að hafa eftirlit með líkamlegum þroska barnanna. Lengst af gegndi Ólöf Sigurðardóttir hjúkrunarkona forstöðumannsstarfinu eða frá upphafi starfseminnar og fram yfir 1960. Hún átti jafnframt sæti í stjórn Geðverndarfélagsins um árabil. Árið 1967 verða þáttaskil þegar fóstra er ráðin til að veita Vöggustofunni forstöðu. Skömmu áður hafði Valborg Sigurðardóttir skólastjóri Fóstruskóla Íslands verið ráðin af barnaverndarnefnd sem uppeldislegur ráðgjafi við vöggustofuna svo sem fyrr var vikið að.

Forstöðukona á *Silungapolli* fyrstu fimm árin var Guðrún Hermannsdóttir en hún lauk kennaraprófi 1939. Segja má að Guðrún hafi öðlast ákjósanlegan undirbúning undir starfið því árin 1944 til 1950 starfaði Guðrún hjá Vigdísi G. Blöndal við heimavistina í Laugarnesskóla. Árið 1954 var henni veittur styrkur Barnaverndarfélags Reykjavíkur til náms erlendis til að læra kennslu vangefinna með það að markmiði að taka við

[296] Gylfi Gröndal: *Þegar barn fæðist*, bls. 174.
[297] Pétur Pétursson: *Með himneskum armi*, bls. 159.
[298] Gils Guðmundsson: *Barnavinafélagið Sumargjöf 25 ára*, bls. 45.
[299] Gils Guðmundsson: *Barnavinafélagið Sumargjöf*, bls. 63.

forstöðu Skálatúnsheimilisins í Mosfellssveit[300]. Hún var sett skólastjóri við þá stofnun árið 1957[301] Við Silungapolli tók Gyða Sigvaldadóttir sem var í forystusveit fóstra á Íslandi um árabil en hún var forstöðumaður á Silungapolli frá 1955 til 1956. Gyða hafði áður veitt forstöðu dagvistarheimilum hjá Sumargjöf en síðar varð hún m.a. forstöðukona Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins 1970-1971.[302] Árið 1956 tók Dagbjört Eiríksdóttir fóstra við Silungapolli en hún veitti heimilinu forstöðu til loka starfseminnar. Síðar starfaði hún sem fóstra á Barnageðdeild Landspítalans á Dalbraut 1971 til 1984.[303]

Guðbjörg Árnadóttir sem veitti heimilinu á *Kumbaravogi* forstöðu meðan starfsemin þar varði frá 1945 til 1957 var menntuð hjúkrunarkona. Hún hafði áður starfað sem hjúkrunarkona við Barnaskóla Reykjavíkur í nokkur ár og síðan yfirhjúkrunarkona við Sjúkrahús Vestmannaeyjar frá árinu 1928.[304] Á sjúkrahúsinu var um skeið sérstök stofa fyrir börn með berkla og aðra sjúkdóma og hafði Guðbjörg veg og vanda af starfsemi hennar.[305] Hún varð síðan forstöðukona upptökuheimilisins á Kleppjárnsreykjum sem starfrækt var 1942-1943. Hafði hún því talsverða reynslu af umönnun barna þegar hún tók við forstöðu Kumbaravogs og síðar Reykjahlíðar.

Vistheimilið að *Reykjahlíð* tók við af Kumbaravogi árið 1957 og gegndi Guðbjörg áfram starfi forstöðumanns uns Sigríður María Jónsdóttir sérkennari tók við árið 1961 og stóð hún fyrir heimilinu uns því var lokað 1973. Hún hafði áður starfað sem kennari við Lækjarskóla í Hafnarfirði og á Sólheimum í Grímsnesi í eitt ár.[306]

Við upphaf starfseminnar að *Elliðahvammi* voru hjónin Halldóra Guðmundsdóttir og Haukur Helgason ráðin til að hafa umsjón með rekstrinum. Halldóra var hjúkrunarkona að mennt og hafði m.a. starfað áður við geðhjúkrun á Kleppspítala.[307] Árið 1949 tók önnur hjúkrunarkona Margrét Guðmundsdóttir við starfseminni en hún hafði starfað um hríð með Halldóru á Elliðahvammi. Árið 1950 var Katrín Hjaltested

---

[300] *Mbl.* 25. nóv. 1955 bls. 16.
[301] *Mbl.* 21.sept. 1957, bls. 13.
[302] *Leikskólakennaratal*, bls. 312.
[303] *Leikskólakennaratal*, bls. 202. Sjá jafnframt *Mbl.* 17. jan. 1990, bls. 34.
[304] *Hjúkrunarkvennatal* II.
[305] *Mbl.* 20. des. 1968, bls. 22.
[306] *Kennaratal.*
[307] *Hjúkrunarkvennatal* II.

ljósmóðir ráðin forstöðumaður. Katrín hafði áður m.a. starfað við vistheimili Sumargjafar á Suðurborg og sem starfsmaður að Elliðahvammi. Gegndi Katrín starfi forstöðumanns til ársins 1953 þegar Jóhanna Katrín Pálsdóttir ljósmóðir tók við til ársins 1959. Jóhanna hafði áður en hún tók við forstöðu m.a. starfað við Elliðahvamm í tæp þrjú ár. Síðasti forstöðumaður á Elliðahvammi var Rósa Þorsteinsdóttir en hún hafði áður starfað á barnaheimilum Sumargjafar.[308] Rósa gegndi starfinu fram til ársins 1966 þegar starfsemin var flutt í Kópavoginn. Hún tók þá við fyrsta fjölskylduheimili Reykjavíkurborgar, Skála við Kaplaskjólsveg. Rósa annaðist þau börn sem hún tók til uppeldis á fjölskylduheimilinu til fullorðinsára þeirra fram undir lok sjöunda áratugarins. Rósa hlaut íslensku Fálkaorðuna fyrir störf sín að uppeldismálum.

Á seinna starfstímabili *Kumbaravogs* frá 1965 til 1975 var um að ræða einkarekstur Kristjáns Friðbergssonar og eiginkonu hans Hönnu Halldórsdóttur. Kristján hafði þá starfað sem kennari þótt ekki hefði hann kennarapróf. Áhugi hans á því að reka heimili fyrir börn vaknaði þegar hann starfaði hjá Ungdomsklub Seminarium í Danmörku þar sem hann sótti sér fræðslu með þátttöku í félagsmálanámskeiðum. Auk þess hafði Kristján starfað hjá Æskulýðsráði Reykjavíkur og félagasamtökunum Vernd áður en hann stofnaði uppeldisheimilið.[309]

6.7 Menntun og reynsla forstöðumanna í Breiðavík

Í skýrslu Sigurðar Magnússonar löggæslumanns til fræðslustjórnarinnar *Afbrotaæskan* sem gefin var út árið 1940 kemst hann svo að orði í tengslum við tillögu barnaverndarnefndar Reykjavíkur um stofnun fyrir erfiða vandræðapilta: „Í umræðunum um uppeldishæli má aldrei gleyma einni mikilvægri staðreynd, og hún er sú, að ef allir verstu gallar erlendra uppeldishæla eiga ekki að koma fram hér, verður að velja til forstöðu fyrir hælinu hámenntaðan ágætismann. Það er ósegjanlega örlagaríkt að verða að hafa í sömu stofnun börn og unglinga á ýmsum aldri, sem hafa verið send þangað af hinum ólíkustu ástæðum".[310] Dr. Símon Jóh. Ágústsson er ekki síður meðvitaður um mikilvægi uppalandans þegar hann segir: „Til þess að útrýma refsingu í öllum myndum þarf fyrst og fremst afburða uppalendur, sem standa langt

[308] Viðtal við Ólöfu Þorsteinsdóttur, systur Rósu, 2. okt. 2007.
[309] *Mbl.* 19. júlí 1969.
[310] Sigurður Magnússon: *Afbrotaæskan í Reykjavík*, bls. 37.

fyrir ofan meðallag kennara og foreldra eins og þeir eru í raun og veru. Persónuvald þeirra og mannkostir geta gert refsingar óþarfar".[311] Ekki er víst að allir sem komu að undirbúningi að stofnun og starfrækslu Breiðavíkurheimilisins hafi haft jafn skýran skilning á mikilvægi þess að þekking í uppeldismálum gæti skipt sköpum um hvernig til tækist. Víst er þó að leitast var við að fá reynda og vel menntaða menn til verkefnisins, a.m.k. framan af starfstíma drengjaheimilisins.

Sá er hafði veg og vanda að undirbúningi að starfsemi drengjaheimilisins í Breiðavík og umsjón með framkvæmdum og uppeldisstarfinu árið 1952 var *Magnús Sigurðsson kennari*. Magnús var á margan hátt einn helsti brautryðjandi í barnaverndarmálum á Íslandi. Hann var lengi kennari í Laugarnesskóla og síðar skólastjóri Eskihlíðaskóla. Hann sat í barnaverndarnefnd Reykjavíkur 1950 til 1957, var varamaður í Barnaverndarráði Íslands frá 1948 og aðalmaður frá 1957 til dauðadags árið 1974. Enginn hefur því setið í Barnaverndarráði lengur, hvorki fyrr né síðar. Hann á einna mestan þátt í því að skapa samfélagsvitund í barnverndarmálum á Íslandi því á árunum upp úr 1960 ferðaðist hann um með kvikmyndina „Úr dagbók lífsins" og sýndi á tugum staða um land allt. Í tengslum við sýningu myndarinnar flutti hann fyrirlestra um barnavernd og aflaði fjár til „Hjálparsjóðs æskufólks" sem hann stofnaði til þess að „bæta böl barna og unglinga, sem í raunir rata og flýta fyrir byggingu heimila fyrir afvegaleidda æsku".[312]

Árið 1951 var Magnúsi ásamt Þorkeli Kristjánssyni starfsmanni barnaverndarnefndar Reykjavíkur falið að gera tillögur um staðarval þegar ákveðið hafði verið að hefjast handa um að koma á fót uppeldisstofnun fyrir afbrotabörn og ungmenni á glapstigum í samræmi við ákvæði laganna frá 1947. Var þeim gefin sú forskrift „að heimilið komist fljótt upp, og með sem minnstum tilkostnaði". [313] Þeir litu einkum til Breiðafjarðareyja og staða við Ísafjarðardjúp auk Breiðavíkur sem þeir lögðu til að yrði fyrir valinu. Þessi tillaga sætti gagnrýni eins og fyrr er vikið að. Hún er þó um margt skiljanleg í ljósi þeirra forsendna sem gefnar voru og ekki síður í ljósi þess að hún var í samræmi við þá framkvæmd sem tíðkaðist á öðrum Norðurlöndum á þessum tíma, ekki síst í Noregi. Þá kann að vera að reynslan af upptökuheimilinu fyrir

[311] Símon Jóh. Ágústsson: *Þroskaleiðir,* bls. 62-63.
[312] *Mbl.* 19. janúar 1964, bls. 27. Fréttatilkynning frá Biskupsstofu.
[313] ÞÍ. Skjalasafn menntamálaráðuneytisins. Bréf barnaverndarnefndar Reykjavíkur 1951.

lauslátar stúlku að Kleppjárnsreykjum hafi verið þeim félögum ofarlega í huga en strok stúlknanna þaðan var álitið hafa átt verulegan þátt í því að starfseminni var hætt. Loks má geta þess að Magnús var fæddur á Geirseyri við Patreksfjörð og var því öllum hnútum kunnugur á þessu svæði.

Magnús var skipaður í framkvæmdanefnd til að hafa umsjón með uppbyggingu og starfsemi í Breiðavík og í kjölfarið ráðinn til að annast framkvæmdir. Magnús hóf störf vorið 1952 og vann hörðum höndum við endurbætur húsakynna og aðstöðu ásamt því að sinna uppeldi þeirra sjö drengja sem þá hafði verið ráðstafað til Breiðavíkur.

Árið 1953 var Bergsveinn Skúlason bóndi og fræðimaður frá Skáleyjum ráðinn til að annast bústjórn og rekstur drengjaheimilisins í Breiðavík. *Njáll Þóroddsson kennari* var hins vegar ráðinn til að hafa með höndum uppeldisstarfið en þeir störfuðu báðir fram til loka maímánaðar árið 1955. Þá var starfsfyrirkomulaginu breytt þannig að upp frá því bæri forstöðumaður samhliða ábyrgð á uppeldisstarfi og rekstri heimilisins en skyldi hafa sér til aðstoðar kennara.[314]

Njáll Þóroddsson var búfræðingur frá Hvanneyri og lauk kennaraprófi árið 1946. Hann hafði m.a. verið kennari við Iðnskólann í Vestmannaeyjum og skólastjóri Hrunamannaskóla árin 1948-1950. Árin 1950 til 1952 var hann kennari við Austurbæjarskóla en hélt eftir það til náms í heimspeki í Kaliforníu. Sumarið 1954, samtímis því sem hann gegndi störfum í Breiðavík, fór hann í námsför til að kynna sér rekstur heimila fyrir vandræðaunglinga í Danmörku og Sviss með tilstyrk menntamálaráðuneytis.

Hinn 1. júní árið 1955 var *Kristján Sigurðsson* skipaður forstöðumaður í Breiðavík. Kristján hafði m.a. verið kennari og lögreglumaður áður en hann tók við starfi forstöðumanns og sinnt afbrotamálum unglinga. Kristján átti síðar eftir að starfa lengi hjá Lögreglunni í Reykjavík og Félagsmálastofnun Reykjavíkur. Hann var ráðinn forstöðumaður Upptökuheimilis ríkisins árið 1972 og síðar Unglingaheimilis ríkisins.

---

[314] ÞÍ. Skjalasafn menntamálaráðun. Skýrsla yfir rekstur vistheimilisins í Breiðavík árið 1954.

Ekki reyndist auðvelt að halda í forstöðumenn í Breiðavík fyrstu starfsárin. Kristján lét af störfum eftir eitt ár og árið 1956 tók við stöðunni *Björn Loftsson kennari*. Með honum var ráðinn sérstakur skólastjóri, *Hinrik Bjarnason*, og er það í fyrsta og eina skiptið sem sérstakur skólastjóri var settur við heimilið.

Björn Loftsson var búfræðingur frá Hvanneyri og menntaður handavinnukennari. Áður en hann tók við starfi forstöðumanns hafði hann m.a. verið kennari við Barnaskólann á Hellu um árabil. Björn var forstöðumaður til ársins 1962. Hinrik Bjarnason var skólastjóri til ársins 1958. Hann hafði lokið kennaraprófi árið 1954 og stundaði síðan nám í Leiklistarskóla Lárusar Pálssonar. Hinrik átti eftir að láta mikið að sér kveða í uppeldismálum þjóðarinnar og var m.a. framkvæmdastjóri Æskulýðsráðs Reykjavíkur frá 1971 til 1979.

Við af Birni Loftssyni tók *Hallgrímur Sveinsson kennari*. Hallgrímur hafði áður starfað í eitt ár á heimavistarskólanum á Jaðri og verið flokksstjóri í vinnuskóla Reykjavíkur svo segja má að hann hafi að mörgu leyti verið vel undir það búinn að taka við Breiðavík þrátt fyrir ungan aldur. Hallgrímur varð síðar m.a. skólastjóri á Þingeyri um árabil.

Hallgrímur Sveinsson lét af störfum árið 1964 en þá um haustið tók við forstöðumennsku *Þórhallur Hálfdánarson skipstjóri*. Þórhallur hafði stundað sjómennsku um langan tíma þegar hann lauk prófi frá Stýrimannaskólanum árið 1949. Hann hafði verið stýrimaður og skipstjóri á ýmsum skipum áður en hann kom í Breiðavík.

Telja verður að ráðning Þórhalls hafi brotið blað í sögu uppeldisstofnana á Íslandi frá upphafi. Aldrei fyrr hafði það gerst að ráðinn væri til forstöðu slíkrar stofnunar einstaklingur sem hvorki hafði starfsreynslu við uppeldi barna né menntun á því sviði. Á því tímabili sem Þórhallur veitti heimilinu forstöðu árin 1964 til 1972 starfaði enginn við heimilið með kennaramenntun eða aðra uppeldismenntun, ef undan er skilinn guðfræðinemi sem starfaði nokkur sumur í Breiðavík. Engu að síður var kveðið á um það í reglugerð um vistheimilið í Breiðavík sem gildi tók árið 1958 að kennari skyldi starfa við drengjaheimilið allt árið sem „annist kennsluna og aðstoðaði við uppeldisstörf á heimilinu". Þeir sem gegndu kennarastörfum á tímabilinu, a.m.k.

fimm manns auk forstöðumannsins sjálfs, komu úr ýmsum áttum. Enginn þeirra hafði reynslu af kennslustörfum áður eftir því sem næst verður komist. Rétt er þó að geta þess að tveir þeirra sem önnuðust kennslu veturinn 1970-1971 höfðu lokið stúdentsprófi.

Þess má geta að í lögum um vernd barna og ungmenna frá 1947 og 1966 var kveðið á um að ekki væri heimilt að ráða til forstöðu stofnunar, sem ætluð er til viðtöku börnum hvaðanæva af landinu, aðra en þá sem Barnaverndarráð teldi til þess hæfa. Þessu ákvæði var yfirleitt ekki framfylgt. Þó var ráðning Hallgríms Sveinssonar borin undir ráðið í júlí 1962. Hins vegar var hvorki leitað umsagnar Barnaverndarráðs við ráðningu Þórhalls tveimur árum síðar eða þeirra sem síðar voru ráðnir.

Þegar Þórhallur lét af störfum tók sonur hans Bjarni við stöðunni og gegndi henni um veturinn fram á vor 1973. Bjarni hafði ásamt eiginkonu sinni starfað í tvö ár 1964-1966 hjá föður sínum í Breiðavík sem bústjóri.

Eins og fram hefur komið urðu þáttaskil í starfsemi Breiðavíkurheimilisins árið 1973 þegar uppeldisþáttur starfseminnar og innritun unglinga var felld undir stjórn Upptökuheimilis ríkisins og nýtt fyrirkomulag tók gildi. Menntun forstöðumanns hafði eftir það e.t.v. ekki jafn afgerandi áhrif og fyrr þar sem Upptökuheimilið varð faglegur bakhjarl starfseminnar með beinum og óbeinum hætti. Á Upptökuheimilinu störfuðu sálfræðingar og annað fagfólk sem kom reglulega til Breiðavíkur og m.a. fylgdi skjólstæðingum sínum vestur. Jafnframt fór starfslið Breiðavíkur reglulega í þjálfun á Upptökuheimilið þar sem það naut leiðsagnar innlends sem erlends fagfólks.[315] Sumarið 1973 var Georg H. Gunnarsson ráðinn forstöðumaður skólaheimilisins eins og vistheimilið var nú nefnt. Georg hafði þá starfað í ár á Upptökuheimilinu og þótti hafa staðið sig vel. Georg hafði stundað nám í Verslunarskólanum en hafði ekki sérstaka menntun á sviði uppeldisfræða. Samstarfsmenn hans voru ungir stúdentar að stórum hluta allt tímabilið sem hann gegndi störfum eða til ársins 1977. Þá tóku við hjónin Jónas H. Jónsson og Árnheiður Guðnadóttir en hvorugt þeirra hafði uppeldismenntun að baki.

---

[315] Snjólaug Stefánsdóttir, Sveinn Allan Morthens og Iðunn Valgarðsdóttir: Skýrsla um Breiðavík, bls. 104.

7. kafli
Niðurlagsorð

Í skýrslu þessari hefur verið leitast við að varpa ljósi á þróun barnaverndarstofnana á Íslandi frá upphafi, ólíkan tilgang þeirra og starfsemi. Leitast hefur verið við að tengja umfjöllunina við þá löggjöf sem gilti á mismunandi tímabilum, eftir því sem tilefni hefur gefist til. Fjallað hefur verið um samfélagsaðstæður í kjölfar stríðsins, uppvaxtarskilyrði barna og þróun helstu þátta velferðarkerfisins fram á áttunda áratuginn. Tilgangurinn er sá að leiða fram þá samfélagsgerð sem gaf tilefni til uppbyggingar sólarhringsstofnana fyrir börn á eftirstríðsárunum, einkum til starfsemi vistheimilisins í Breiðavík. Gerð hefur verið grein fyrir félagslegum uppruna og einkennum þess skjólstæðingahóps sem vistaðist í Breiðavík. Þá hefur verið leitast við að varpa ljósi á hugmyndir í uppeldismálum á tímabilinu og í þeim efnum velt við steinum er varða uppeldisstörf barnaverndarstofnana, bæði fyrir yngri börn og þau sem áttu við hegðunarvanda að stríða. Loks er gerð grein fyrir menntun og reynslu þeirra sem tókust á hendur þá ábyrgð að veita þessum stofnunum forstöðu.

Hér verða aðeins dregnar fram fáeinar ályktanir í stuttu máli sem höfundur telur að standi upp úr þegar lagt er mat á starfsemi barnaverndarstofnana frá árunum eftir stríð og fram á áttunda áratuginn, einkum með hliðsjón af starfsemi Breiðavíkur-heimilisins.

1. Við blasir að uppeldisskilyrði fjölmargra barna á Íslandi á umræddu tímabili voru lengst af afar bágborin. Þúsundir barna ólust upp í sárri fátækt, við þröngbýli, heilsuspillandi húsnæði og tíða búferlaflutninga. Mörg þeirra máttu að auki þola ýmis konar vanrækslu og áföll í uppvextinum svo sem vegna fráfalls eða veikinda foreldra, sambúðarerfiðleika, áfengisneyslu eða annarra erfiðleika.

2. Í upphafi þessa tímabils hafði velferðarsamfélagið sem við þekkjum nú hafði vart slitið barnsskónum og í lok þess getur það í besta falli talist hafa náð gelgjuskeiði. Opinber stuðningur við þá samfélagshópa sem höllustum fæti stóðu var afar takmarkaður mest allt tímabilið. Lífsbaráttan gat því verið erfið, einkum fyrir barnmargar og fátækar fjölskyldur. Innviðir hins félagslega

hjálparkerfis, skóla og heilbrigðisþjónustu voru lengst af tímabilsins ekki í stakk búnir til að koma til móts við þarfir barna þegar eitthvað bjátaði á, t.d. vegna erfiðleika á heimilum eða varðandi skólagöngu barna.

3. Hinn hraði vöxtur Reykjavíkur sem varð á tímabilinu 1950 til 1970 fól í sér að til borgarinnar streymdi ungt fólk á barneignaraldri alls staðar af landinu. Fæðingartíðni var há og segja má að höfuðborgin hafi orðið að eins konar barnaborg. Foreldrarnir höfðu gjarnan alist upp í sveit og höfðu því ekki skýrar fyrirmyndir um uppeldi barna í borg. Félagslegir innviðir borgarsamfélagsins voru vanþróaðir og veittu foreldrum sem á þurftu að halda lítinn stuðning í uppeldishlutverki sínu. Afleiðingin stappar nærri ástandi sem telja verður „kreppu" í uppeldismálum, ekki síst á sjötta áratugnum og í byrjun þess sjöunda.

4. Viðbrögðin við þeim uppeldisvanda sem við blasti á þessum tíma voru einkum þrenns konar. Í fyrsta lagi voru sjónarmið „gamla" samfélagsins sem sá vandamálið liggja í frjálsræði og agaleysi borgarsamfélagsins og upphóf uppeldisgildi sveitalífsins. Börnum væri því hollt að dvelja í sveit í lengri eða skemmri tíma, ekki síst þeim sem talin voru á glapstigum. Í öðru lagi voru talsmenn þess að gera þyrfti ríkari kröfur til foreldra í uppeldismálum, ýmist með auknum aga og eftirliti með eigin börnum eða að þeir tileinkuðu sér nýjar uppeldisaðferðir sem hæfðu betur breyttu umhverfi. Loks skal nefna sjónarmið sem fólu í sér kröfur um félagslegar úrlausnir til að bæta uppeldisskilyrði barna. Þær tóku yfir úrbætur t.d. í dagvistarmálum, skólamálum og skipulögðu tómstundastarfi. Af sama meiði voru kröfur um uppbyggingu uppeldisstofnana fyrir börn í vanda sem náðu hámarki undir lok sjötta áratugarins. Þótt ofangreind sjónarmið hafi dregið fram ólíkar lausnir í uppeldismálum, spiluðu þau saman að verulegu leyti í málflutningi talsmanna barnaverndar á þessu tímabili.

5. Enda þótt skipulagt barnaverndarstarf eigi sér sögu aftur til upphafs fjórða áratugarins er ljóst að það var afar veikburða á árunum eftir stríð og raunar allt það tímabil sem hér um ræðir. Skipulagt barnaverndarstarf utan Reykjavíkur var ekki fyrir hendi og starfsmenn barnaverndarnefnda komu ekki fram á

sjónarsviðið fyrr en undir lok tímabilsins. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur hafði aðeins tvo til þrjá starfsmenn í sinni þjónustu fram á sjöunda áratuginn en þá fer hagur nefndarinnar að vænkast að þessu leyti og fagfólk kemur smátt og smátt til starfa. Úrræði barnaverndarnefnda utan stofnanavistunar voru afar fátækleg allt tímabilið.

6. Uppeldisstofnanir á vegum ríkis og sveitarfélaga, sem tóku á móti börnum í samræmi við barnaverndarlög, voru ekki starfræktar fyrr en á eftirstríðsárunum. Áður höfðu einstaklingar og félagasamtök rekið uppeldisstofnanir en þeim var ekki komið á fót sem sérstökum úrræðum í barnaverndarstarfi. Í lögum um vernd barna og ungmenna frá 1947 er fyrst kveðið á um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga í byggingu og rekstri uppeldisstofnana: ríkisvaldið skyldi starfrækja stofnanir fyrir afbrotabörn og börn „á glapstigum" en gert var ráð fyrir að sveitarfélög hefðu úrræði á sínum vegum vegna barna sem þurfti að vista utan heimilis vegna erfiðra heimilisaðstæðna.

7. Uppbygging uppeldisstofnana fyrir börn sem þörfnuðust vistunar utan heimilis vegna erfiðra heimilisaðstæðna einskorðaðist við Reykjavíkurborg og höfðu því barnaverndarnefndir annarra sveitarfélaga ekki aðgang að slíkum vistunarúrræðum. Það var nánast regla að starfræksla uppeldisstofnana hófst í húsnæði sem byggt var upp af félagasamtökum og fyrir áeggjan þeirra. Til dæmis byggði IOGT Kumbaravog og Jaðar, Oddfellowar byggðu Silungapoll og Mæðrastyrksnefnd Hlaðgerðarkot. Vissulega var húsnæði reist í sumum tilvikum með tilstyrk borgarinnar og jafnvel ríkisins, en sjálfstæð fjáröflun og sjálfboðastarf vóg þar þó mest. Reksturinn var hins vegar á vegum Reykjavíkurborgar og heyrðu uppeldisstofnanirnar undir fræðsluskrifstofuna fram að stofnun félagsmálaráðs 1967.

8. Samkvæmt lögum um vernd barna og ungmenna frá 1947 svo og frá 1966, bar ríkinu að stofna og reka tvenns konar uppeldisstofnanir, eftir því sem fé var veitt til á fjárlögum: annars vegar „athugunarstöð" þar sem kunnáttumanni var ætlað að rannsaka barn og veita leiðbeiningar um hvernig með skuli fara. Hins vegar var gert ráð fyrir starfsemi a.m.k. tveggja uppeldisheimila fyrir

börn og ungmenni sem framið höfðu lögbrot eða töldust vera á glapstigum, annað fyrir stúlkur og hitt fyrir drengi.

9. Fljótlega eftir gildistöku fyrri laga um vernd barna og ungmenna frá 1947 fól menntamálaráðuneytið Upptökuheimilinu að Elliðahvammi að gegna hlutverki athugunarstöðvar, en heimilið hafði þá verið starfandi í nokkur ár. Frá árinu 1965 var upptökuheimilið starfrækt „til bráðabirgða" í starfsmannaíbúð Kópavogshælisins fram til ársins 1972. Óhætt er að fullyrða að á þessu tímabili hafi ekki farið fram athuganir eða rannsóknir á börnum sem á heimilið var ráðstafað nema í undantekningartilvikum. Framkvæmd þessara mála var því ekki í samræmi við ákvæði laga fyrr en árið 1973, í kjölfar stofnunar Upptökuheimilis ríkisins í Kópavogi. Þá fyrst var sett reglugerð um starfsemi athugunarstöðvar þrátt fyrir að ákvæði þess efnis hefði verið í lögum frá gildistöku laga um vernd barna og ungmenna árið 1947.

10. Drengjaheimilið í Breiðavík tók til starfa árið 1952 í samræmi við ákvæði laga um vernd barna og ungmenna frá 1947. Ekki var þó komið á fót hliðstæðu uppeldisheimili fyrir stúlkur eins og lögin gerðu ráð fyrir. Breyting á lögum nr. 29/1947 um vernd barna og ungmenna var samþykkt á Alþingi árið 1955, sem fól ríkisstjórn að stofnsetja slíkt heimili, kom heldur ekki til framkvæmda. Stjórnvöld létu nægja að skipa nefnd til að hafa milligöngu um ráðstöfun stúlkna á vistheimili í Danmörku árið 1959. Þeirri starfsemi lauk þegar heimili Hjálpræðishersins fyrir stúlkur, Bjarg, tók til starfa með fjárstyrk frá ríkinu árið 1965 en það starfaði aðeins í tæp tvö ár. Með gildistöku reglugerðar um skólaheimilið í Breiðavík árið 1973 varð sú breyting að heimilt var að vista stúlkur í Breiðavík ekki síður en drengi.

11. Uppbygging og rekstur þeirra tveggja stofnana sem reknar voru á vegum ríkisins samkvæmt lögum um vernd barna og ungmenna, upptökuheimilisins að Elliðahvammi og vistheimilisins í Breiðavík, var allan tímann af vanefnum og viðvarandi óvissa ríkti um starfsemi þeirra. Ítrekað var fjallað um lokun þessara stofnana í menntamálaráðuneytinu vegna fjárskorts. Nefna má sem dæmi að stjórn upptökuheimilisins að Elliðahvammi sagði af sér árið 1959 en þá var ekki unnt að greiða reikninga heimilisins vegna þess að rekstrarfé var

upp urið. Þá var starfsemin að Elliðahvammi í afar slöku og óhentugu húsnæði, sem reist hafði verið sem sumarhús en ekki til heilsársdvalar. Viðhald og endurbætur á húsnæðinu voru jafnan í lágmarki og að lokum varð að hætta starfseminni þar sem húsakynni þóttu óverjandi að mati Barnaverndarráðs Íslands árið 1964. Bráðabirgðahúsnæði var fundið í lítilli og ófullnægjandi starfsmannaíbúð Kópavogshælis þar sem starfsemin var í u.þ.b. 6 ár.

12. Staðarval drengjaheimilisins í Breiðavík réðst ekki síst af takmörkuðum fjárveitingum og gekk gegn áliti helstu sérfræðinga þess tíma. Uppbygging vistheimilisins gekk hægt og tók meira en áratug að koma húsakynnum í viðunandi ástand vegna fjárskorts. Seint og illa var brugðist við athugasemdum og ábendingum eftirlitsmanns, dr. Símonar Jóh. Ágústssonar. Þetta á einkum við um athugasemdir um ástand húsnæðis og ónógt starfslið sem og endurteknar ábendingar um óheppilega aldursdreifingu vistdrengja.

13. Svo virðist sem starfsmannahald í Breiðavík hafi verið mjög erfitt allan starfstímann sem að verulegu leyti má rekja til einangrunar staðarins. Í upphafi ríkti bjartsýni og vel gekk að fá uppeldismenntaða starfsmenn til að annast kennslu og veita heimilinu forstöðu. Hins vegar kom fljótlega í ljós að illa gekk að halda þeim í starfi og voru því skipti á forstöðumönnum og kennurum tíð, ekki síst fyrsta áratuginn í starfsemi heimilisins. Að sama skapi gekk illa að halda í annað starfslið og á stundum var starfsmannaskortur svo mikill að telja má öruggt að hafi skapað hættuástand. Veturinn 1963 til 1964 var ástandið t.d. þannig að aðeins tveir starfsmenn sinntu þrettán vistdrengjum á heimilinu. Dr. Símon Jóh. bendir á nokkrar afleiðingar þessarar undirmönnunar strax í fyrstu eftirlitsskýrslu sinni árið 1959 án þess að séð verði að brugðist hafi verið við.

14. Þrátt fyrir að uppeldisstofnanir fyrir börn hafi oft verið starfræktar af vanefnum, var frá upphafi sú meginregla í heiðri höfð að þeir sem veittu þeim forstöðu hefðu sérstaka menntun og/eða reynslu til slíkra starfa. Með ráðningu forstöðumanns drengjaheimilisins í Breiðavík árið 1964 var brotið blað í sögu uppeldisstofnana á Íslandi þegar ráðinn var maður sem hvorki hafði nokkra

uppeldismenntun né reynslu af uppeldisstarfi með börnum. Ráðningin var ekki borin undir Barnaverndarráð svo sem lög mæltu fyrir um og gert hafði verið við ráðningu fyrirrennara hans. Frá sama tíma og til loka starfstíma heimilisins var kennsla aldrei í höndum menntaðs kennara, eins og verið hafði fram að þeim tíma. Á tímabilinu frá 1964 og fram á áttunda áratuginn starfaði raunar enginn uppeldismenntaður starfsmaður við heimilið. Árið 1973 voru þó gerðar miklar breytingar á starfseminni og Upptökuheimilið varð faglegur bakhjarl þess.

15. Þegar litið er til þeirra viðhorfa til uppeldismála sem ríkjandi voru á meðal forystumanna í barnavernd á tímabilinu verður ekki öðru haldið fram en að þeir hafi verið andvígir líkamlegum refsingum. Þetta á jafnframt við um sjónarmið þeirra varðandi uppeldi „vandræðabarna" á stofnunum. Af þessu leiðir að hafi líkamlegum refsingum verið beitt í uppeldisstarfi í Breiðavík eða öðrum uppeldisheimilum var það í andstöðu við bestu þekkingu þessa tíma í uppeldismálum svo og viðhorf forystumanna í barnavernd frá upphafi tímabilsins. Fortakslaust bann við líkamlegum refsingum á uppeldisstofnunum var síðan lögfest með lögum um vernd barna og ungmenna nr. 53/1966.

16. Um það er ekki deilt að sérstakur klefi var útbúinn í Breiðavík í þeim tilgangi að eiga kost á að loka barn eða ungmenni af ef ástæða þótti til. Slíka klefa var að finna á hliðstæðum stofnunum á öðrum Norðurlöndum á sama tíma og á meginlandi Evrópu. Rökin fyrir tilvist slíkra klefa voru oftast öryggissjónarmið, þ.e. að þær aðstæður gætu skapast að nauðsyn bæri til að loka barn af til að forða lífi og limum. Á Elliðahvammi var innilokun í læstu herbergi með rimlum fyrir gluggum hins vegar regla þegar í hlut áttu börn sem talin voru á glapstigum eða höfðu framið afbrot. Sambærileg aðstaða var fyrir hendi eftir að starfsemin var flutt í íbúð við Kópavogshæli. Lokuð deild var síðan sett á laggirnar á Upptökuheimilinu við Kópavogsbraut 9 og reglur settar um heimildir og framkvæmd vistana þar. Ekki eru til nein gögn sem benda til að reglur hafi verið settar á starfstíma Breiðavíkurheimilisins um það við hvaða aðstæður heimilt væri að loka barn inni í umræddum klefa. Engu að síður voru í reglugerð um Breiðavíkurheimilið nr. 88/1958 ákvæði um að

stjórnarnefnd og forstöðumaður skyldu setja heimilinu reglur sem m.a. tækju til heimilisaga.

17. Fyrirliggjandi gögn svara alls ekki öllum spurningum sem vakna um ráðstafanir barna til Breiðavíkur, einkum fyrir 1973. Bókanir í fundargerðabók barnaverndarnefndar Reykjavíkur eru bæði óljósar og gloppóttar og yfirleitt án rökstuðnings. Gögn í málum drengja sem ráðstafað var af barnaverndarnefnd Reykjavíkur benda þó til þess að í flestum tilvikum hafi vistun drengja í Breiðavík verið í samræmi við lagaskilyrði að því leyti að flestir drengjanna höfðu komist í kast við lögin eða áttu við að stríða hegðunarerfiðleika. Þá er ljóst að heimilisástæður og uppeldisaðstæður þorra þeirra drengja sem vistuðust á Breiðavík voru með þeim hætti að barnaverndarnefnd bar skilyrðislaust að láta mál þeirra til sín taka.

18. Yfirleitt verður hvorki ráðið af fundargerðarbók barnaverndarnefndar Reykjavíkur né öðrum gögnum hver afstaða foreldra til vistunar Breiðavíkurdrengja hafi verið. Fyrir liggur þó að í málum nokkurra drengja hafi foreldrar átt frumkvæði að ráðstöfuninni. Dæmi er ekki að finna í gerðarbók um formlega úrskurði barna á vistheimilið í Breiðavík gegn vilja foreldra. Þá er aðeins vitað um eitt dæmi þess að máli hafi verið skotið til fullnaðarúrskurðar Barnaverndarráðs Íslands. Svo virðist því að foreldrar hafi oftast beygt sig undir vilja nefndarinnar og/eða ekki þekkt réttarstöðu sína, a.m.k. kemur sjaldan fram andstaða þeirra við ráðstafanir í fundargerðarbókum eða öðrum gögnum.

19. Yfirleitt verður ekki ráðið af gögnum máls hvort aðrar ráðstafanir, t.d. fósturráðstafanir eða stuðningur við foreldra, hafi komið til álita við ákvarðanir um ráðstöfun drengja í Breiðavík Annar rökstuðningur en tilvísun til lögregluskýrslna er sjaldgæfur framan af tímabilinu. Á hinn bóginn er ljóst að önnur úrræði en stofnanadvöl voru á þessum tíma afar bágborin. Ef undan eru skilin úrræði á borð við leiðbeiningar og eftirlit með heimilum var ráðstöfun barns á sveitaheimili algeng. Gögn benda til að slíkar ráðstafanir hafi ekki reynst vel þegar börn með hegðunarvanda áttu í hlut. Hin einlæga trú á uppeldisgildi stofnana, sem var ríkjandi á þessum tíma, hefur þó væntanlega

ráðið úrslitum um að ekki þótti ástæða til að velta vöngum yfir öðrum kostum ef stofnandvöl stóð til boða á annað borð.

20. Fyrirliggjandi gögn benda til að barnaverndarnefndir utan Reykjavíkur hafi lengi vel ráðstafað drengjum til Breiðavíkur fyrst og fremst vegna erfiðra heimilisástæðna og í færri tilvikum vegna afbrota eða þess að þau hafi verið álitin "á glapstigum". Líklegt er að ráðstafanir drengja til Breiðavíkur frá sveitarfélögum utan höfuðborgarinnar hafi því oft og tíðum *ekki* verið í samræmi við skilyrði laga á þeim tíma þegar þær voru gerðar fram til ársins 1973. Óhætt er að slá því föstu að þessi framkvæmd hafi fyrst og fremst verið til komin vegna þess að barnaverndarnefndir utan Reykjavíkur höfðu ekki aðgang að öðrum stofnunum eða úrræðum fyrir þennan hóp.

21. Dr. Símon Jóh. kvartar ítrekað í eftirlitsskýrslum sínum yfir ófullnægjandi upplýsingum um drengi sem barnaverndarnefndir höfðu ráðstafað í Breiðavík, einkum þeirra sem heimili áttu utan Reykjavíkur. Sjaldan voru gerðar athuganir á drengjum áður en þeim var ráðstafað vestur eins og lög gerðu ráð fyrir. Ástandið skánar í þessum efnum þegar líða tekur á sjöunda áratuginn í Reykjavík og enn síðar þegar þorri nefnda utan höfuðborgarinnar áttu í hlut. Þá virðist sem skráning upplýsinga um drengina hafi lengst af verið í lágmarki af hálfu barnaverndarnefnda. Skortur á eftirfylgd í kjölfar vistunar í Breiðavík er eitt þeirra atriða sem dr. Símon gerði ítrekaðar athugasemdir við. Engin gögn liggja fyrir um að ábendingum dr. Símonar um gagnaskil eða eftirfylgd hafið verið komið á framfæri við barnaverndarnefndir í landinu eða að þær hafi brugðist við þeim.

22. Rétt þykir að taka fram að það sem að ofan greinir um ráðstafanir drengja í Breiðavík á við fyrir tímabilið fram að gildistöku reglugerðar um skólaheimilið í Breiðavík árið 1973. Með henni var stjórnarnefnd Upptökuheimilis ríkisins falin ábyrgð á starfseminni í Breiðavík er varðar vistun. Þá verður m.a. sú breyting að unglingum var ekki ráðstafað á heimilið án undangenginnar rannsóknarvistunar á Upptökuheimilinu nema í undantekningartilvikum. Ákvarðanir um vistun í Breiðavík voru eftir það

teknar af barnaverndarnefndum að fenginni tillögu Upptökuheimilisins og að höfðu samráði við foreldra.

Saga drengjaheimilisins í Breiðavík og annarra uppeldisstofnana fyrir börn sem komið var á fót á eftirstríðsárunum á sér margar hliðar. Sumar eru bjartar og aðrar dökkar. Lög um vernd barna og ungmenna frá 1947 endurspegla bjartsýni og trú á að skipulegt barnaverndarstarf skipti sköpum fyrir framtíð barna sem bjuggu við óviðunandi uppeldisskilyrði. Lögin voru metnaðarfull og báru vitni um góða þekkingu á því sem börnum er fyrir bestu. Um líkt leyti voru ýmis önnur lög afgreidd frá Alþingi sem boðuðu umbætur í mikilvægum velferðarmálum, t.d. í skólamálum, almannatryggingum og framfærslumálum. Afkoma þjóðarinnar fór batnandi, uppgangur var í atvinnulífi og skammt var frá lýðveldisstofnun. Hugur og bjartsýni ríkti á framtíð hins unga lýðveldis og möguleika þess á öllum sviðum. Fljótlega kom þó í ljós að í barnaverndarmálum var vegferðin þyrnum stráð.

Í greinargerð þessari kemur fram að framkvæmd barnaverndarmála á Íslandi á starfstíma Breiðavíkurheimilisins var í veigamiklum atriðum á skjön við ákvæði laga. Á það bæði við um framkvæmd barnaverndarmála á ábyrgð sveitarfélaga og ríkis. Starfshættir barnaverndarnefnda voru ekki eins og lög gerðu ráð fyrir, starfsskilyrði þeirra slök og úrræði fátækleg, jafnvel á þeirra tíma mælikvarða. Saga uppeldisstofnana og önnur framkvæmd laga á vegum ríkisins á því tímabili sem fjallað er um bendir til að stjórnvöldum hafi hvorki verið fyllilega ljós sú ábyrgð sem felst í því að taka að sér uppeldi barna á viðkvæmu þroskaskeiði né sú ríka skylda til að vernda börn sem þeirri ábyrgð fylgir. Þetta mátti þeim hins vegar vera ljóst með tilliti til þeirrar þekkingar sem tiltæk var í landinu á þessum tíma og ábendingum um það sem betur mátti fara.

Heimildir

Óútgefnar heimildir:

Þjóðskjalasafn Íslands (ÞÍ)
Skjalasafn menntamálaráðuneytisins
Bréf frá borgarstjóra Reykjavíkur, dags. 18. apríl 1945.
Bréf frá barnaverndarnefnd Reykjavíkur dags. 11. apríl 1951.
Bréf frá Barnaverndarráði Íslands dags. 18. mars 1964.
Bréf frá Gunnari Benjamínssyni 1947.
Bréf frá Magnúsi Sigurðss., Þorkeli Kristjánss. og Gísla Jónss., dags. 8. október 1955.
Bréf frá nokkrum uppeldis- og sálfræðingum dags. 25. maí 1952.
Bréf frá Sigurði Magnússyni dags. 3. apríl 1946.
Bréf frá Sigurði Magnússyni dags. 5. janúar 1948.
Bréf frá Páli Líndal borgalögmanni dags. 6. mars 1969.
Bréf frá stjórnarnefnd Elliðahvamms dags. 3. júní 1959
Bréf frá stjórnarnefnd Elliðahvamms dags. 12. september 1959.
Bréf frá Sveini Ragnarssyni félagsmálastjóra dags. 9. nóvember 1992.
Bréf frá Barnverndarnefnd Rvík. til félagsmálanefndar Alþingis dags. 19. maí 1947.

Bréf til Barnaverndarráðs Íslands dags. 1. maí 1948
Bréf til Barnaverndarráðs Íslands dags. 4. maí 1948
Bréf til bæjarstjórnar Reykjavíkur dags. 19. mars 1958
Bréf til stjórnarnefndar bráðabirgðaheimilisins í Elliðahvammi dags. 1. maí 1948.
Bréf til stjórnarnefndar ríkisspítalanna dags. 23. september 1959
Bréf til stjórnarnefndar ríkisspítalanna dags. 24. febrúar 1966.

Frásögn af heimsókn í Breiðavík. Undirrituð með upphafsstöfum tveggja manna, dags. 23. maí 1962.
Frásögn dags. 7. mars 1972.

Greinargerð barnverndarnefndar Reykjavíkur um nauðsyn uppeldisheimila, dags. 18. mars 1949.
Greinargerð Þorkels Kristjánssonar og Magnúsar Sigurðssonar, ódagsett en í greinargerðinni er vísað í bréf menntamálaráðuneytisins dags. 23. júlí 1953.
Greinargerð Auðar Jónsdóttur hjúkrunarkonu og forstöðumanns, ódagsett 1967.

Málsskjöl barna sem ráðstafað var í Breiðavík árin 1973 til 1979.
Memorandum dags. 15. nóvember 1950, áritуð afgreiðsla málsins, nóvember 1952.

Reglur um skammtímavistun, dags. 8. mars 1973.

Samningur um upptökuheimi og hjálparstarf fyrir börn og unglinga milli menntamálaráðuneytisins og Reykjavíkurborgar dags. 22. júlí 1970.

Skýrsla Þorkels Kristjánssonar, Eftirlit með umkomulausum börnum. 1952
Skýrsla um rekstur vistheimilisins í Breiðavík árið 1954. Skýrslan er undirrituð af Gísla Jónssyni f.h. framkvæmdarnefndar vistheimilisins. Ódagsett en mun vera frá árinu 1955.

Skýrsla Sigurjóns Björnssonar, meðfylgjandi bréfi til Heilsugæslustöðvar Reykjavíkur, dags. 5. maí 1967.
Skýrsla menntamálaráðuneytisins um rekstur upptökuheimilisins að Elliðahvammi dags. 11. mars 1954.
Minnisblað um Elliðahvamm 25.mars 1954.
Minnisblað um Elliðahvamm 12. desember 1957.

Tillögur frá stjórnarnefnd bráðabirgðaheimilisins í Elliðahvammi, Barnaverndarráði Íslands og barnaverndar Reykjavíkur varðandi bráðabirgðaheim. í Elliðahvammi og staðsetningu og fyrirkomulag væntanlegrar athugunarstöðvar í Reykjavík, dags. 16. júní 1948.
Tillögur um stofnun og starfsrækslu uppeldisheimila handa vangæfum börnum og unglingum. Nefndarálit dags. 9. janúar 1950.

Skjalasafn Barnaverndarráðs Íslands

Skýrslur Barnaverndarráðs Íslands 1932-1972
Símon Jóh. Ágústsson: Athuganir á vistheimilinu í Breiðavík á árunum 1959 til 1972. 14 skýrslur.
Álitsgerð Símonar Jóh. Ágústssonar um rannsókn Gísla H. Guðjónssonar dags. 1-15 október 1975.
Umsögn Barnaverndarráðs dags. 7. júní 1955 og yfirlit dags. 25. júlí 1955.
Greinargerð Jóns Björnssonar félagsmálastj. um Dvalarheimilið að Hjalteyri, dags. 22. nóvember 1977.

Borgarskjalasafn (Bsk)
Álitsgerð Ólafs Gunnarssonar vegna eins Breiðvíkurdrengja 1957.
Bréf Sigurjóns Björnssonar til borgarstjóra, dags. 6. apríl 1967.
Málsskjöl drengja sem ráðstafað var í Breiðavík á árunum 1952 til 1979.
Fundargerð barnaverndarnefndar Reykjavíkur, dags. 4. maí 1960.
Fundargerð barnaverndarnefndar Reykjavíkur, dags. 2. september 1963.
Fundargerð barnaverndarnefndar Reykjavíkur, dags. 20. apríl 1964.
Fundargerð barnaverndarnefndar Reykjavíkur, dags. 29. apríl 1966.
Greinargerð með tillögum vistheimilanefndar ódagsett frá árinu 1967.
Greinargerð um barnaheimili á vegum Reykjavíkur frá fræðslufulltrúanum í Reykjavík til borgarstjóra, dags. 14. júní 1956.
Skýrslur barnaverndar Reykjavíkur 1945-1969.
Tillögur vistheimilanefndar ódagsett frá árinu 1957.
Greinargerð með tillögum vistheimilanefndar ódagsett frá árinu 1957.

Skjalasafn menntamálaráðuneytisins.
Tillaga til þingsályktunar um uppeldisskóla fyrir ungar stúlkur 1957
Fundargerð 51.fundar Hjáparnefndar stúlkna dags.27. febrúar 1968.

Skjalasafn félagsmálaráðuneytisins
Greinargerð Davíðs Þórs Björgvinssonar og Nönnu K Sigurðardóttur um þvingunarráðstafanir á meðferðarheimilum ríkisins fyrir unglinga og eftirlitskyldur barnaverndaryfirvalda. 1998.

Einkasöfn
Aðalheiður Sigurðardóttir. Óbirt handrit 1932.
Hinrik Bjarnason, bréf til vinar 22. janúar 1957.
Jón Torfi Jónsson, Skóli fyrir alla. Óbirt handrit 2007.

Óútgefnar ritgerðir
Bryndís S. Guðmundsdóttir og Árni St. Jónsson: Óskabörn þjóðarinnar. Athugun á starfi Unglingaheimilisins Kópavogsbraut 17, 1972-1984. BA ritgerð í uppeldisfræði, Háskóli Íslands 1985.

Erlendur S. Baldursson: Ungdomshjemmet i Kopavogur. En studie av problem ungdommer i Island. Hovedoppgave i kriminologi. Universitetet i Oslo 1979.

Georgía M. Kristmundsdóttir og Sigríður L. Jónsdóttir: Breiðavíkurrannsóknin. BA ritgerð í sálarfræði, Háskóli Íslands 1976.

Gísli H. Guðjónsson: Delinquent boys in Reykjavík, a follow-up study of boys sent to an approved school. 1975.

Snjólaug Stefánsdóttir, Sveinn Allan Morthens og Iðunn Valgarðsdóttir: Skýrsla um Breiðavík. Námsritgerð við háskólann í Uppsölum 1979.

Viðtöl

Björgvin Magnússon	september 2007.
Gísli H. Guðjónsson	ágúst 2007.
Hinrik Bjarnason	september og nóvember 2007.
Hallgrímur Sveinsson	september og nóvember 2007.
Jón Björnsson	september til desember 2007.
Katrín Hall	september 2007.
Kristján Sigurðsson	september til desember 2007.
Ólafur Guðmundsson	nóvember 2007.
Ólöf Þorsteinsdóttir	október 2007.
Sigurjón Björnsson	október 2007.
Sveinn Allan Morthens	ágúst 2007.
Sveinn Ragnarsson	september til desember 2007.
Theodór Guðjónsson	október 2007.
Valborg Sigurðardóttir	september 2007.

Útvarpsþáttur
Viðar Eggertsson: „Eins og dýr í búri“ 26. apríl 1993.

Útgefin rit.

Aðalsteinn Sigmundsson: *Borgarbörn*. Reykjavík 1938.

Alþingsbækur Íslands 13-17. Reykjavík 1973-1990.

Alþingistíðindi. Alþingi, Reykjavík 1946.

Arna H. Jónsdóttir: „Það þarf að hlúa að sálum...“ *Brautryðjendur í uppeldis- og menntamálum*. Ritstj. Börkur Hansen, Jóhanna Einarsdóttir og Ólafur H. Jóhannesson. Rannsókarstofnun Kennaraháskóla Íslands. Reykjavík 2004. (Bls. 53-72)

Árni Guðmundsson: *Saga félagsmiðstöðva í Reykjavík* 1942-1992. Hafnarfjörður 2007.

Ásgeir Karlsson: „The Batterd Child Syndrome in Iceland“ *Nordisk Psykiatrisk Tidsskrift* 25,2. Universitetsforlaget, Oslo. (Bls.112-118).
Baugalín: *Launhelgi lyganna*. Mál og menning. Reykjavík 2000.

Björn Björnsson: „Vistun barna utan foreldraheimilis – ný viðhorf“ *Ársskýrsla Félagsmálastofnunar Reykjavíkur*, 1970.

Bragi Guðbrandsson: *Children at risk and in Care*, Council of Europe, 2006

Bríet Bjarnhéðinsdóttir: *Sveitalífið og Reykjavíkurlífið, fyrirlestur sem flutt hefir Bríet Bjarnhéðinsdóttir*. Reykjavík 1894.
Bríet Bjarnhéðinsdóttir: „Nokkur orð um börn“ *Kvennablaðið* 1. árg. 1895, 9. tbl.

Eggert Þór Bernharðsson: *Saga Reykjavíkur, borgin* 1940-1990. Iðunn, Reykjavík 1998. - *Undir bárujárnsboga, braggalíf í Reykjavík* 1940-1970. JPV, Reykjavík 2000.

Gefið og þegið. Afmælisrit til heiðurs Brodda Jóhannessyni sjötugum. Ritstj. Þuríður J. Kristjánsdóttir. Iðunn, Reykjavík 1987.

Gerður Kristný: *Myndin af pabba, saga Thelmu*. Vaka-Helgafell, Reykjavík 2005.

Gils Guðmundsson: *Barnavinafélagið Sumargjöf 25 ára,* 1924 – 11. *apríl* – 1949. Barnavinafélagið Sumargjöf, Reykjavík 1949.
Gils Guðmundsson: *Almannatryggingar á Íslandi, hálfrar aldar saga Tryggingastofnunar ríkisins*. Tryggingastofnun ríkisins, Reykjavík 1992.

Gísli Ágúst Gunnlaugsson: „Fólksfjölgun og byggðarþróun 1880-1990“ *Íslensk þjófélagsþróun* 1880-1990. Ritstj. Guðmundur Hálfdanarson og Svanur Kristjánsson. (Bls. 75-111).

Gunnar M. Magnússon: *Landsspítalabókin*. Ríkisspítalar, Reykjavík 1981.

Gylfi Gröndal: *Þegar barn fæðist, endurminningar Helgu M. Níelsdóttur ljósmóður*. Almenna bókafélagið, Reykjavík 1977.

Hagstofa Íslands. www.hagstofan.is/mannfjoldi/faeddir-og-danir.

Halldór Laxnes: *Brekkukotsannáll*. Vaka-Helgafell. Reykjavík.

Helga Thorberg: *Minna, “engin venjuleg mamma”*, Ísafold, 1988

Helgi Skúli Kjartansson: Ísland á 20. *öld*. Sögufélag, Reykjavík 2002.

Herdís Helgadóttir: *Úr fjötrum, íslenskar konur og erlendur her*. Mál og menning, Reykjavík 2001.

Hildur Biering: *Barnauppeldisins heilaga skylda. Barnavernd á fyrri hluta 19. aldar*. Sögufélag, Reykjavík 2006.

Hjúkrunarkvennatal. Hjúkrunarfélag Íslands, Reykjavík 1988.

Illugi Jökulsson: *Ísland í aldanna rás. Saga lands og þjóðar ár frá ári*. JPV, Reykjavík 2000-2002. 3. bindi.

Ingólfur Á. Jóhannesson: *Menntakerfi í mótun. Barna og unglingafræðslan á Íslandi* 1908-1958. Reykjavík 1983.

Ingólfur Margeirsson: *Sálumessa syndara. Ævi og eftirþankar Esra S. Péturssonar geðlæknis og sálkönnuðar*. Hrísey, Reykjavík 1997.
Ingólfur Margeirsson: *Frumherjar, saga AA samtakanna á Íslandi* 1948-1964. AA útgáfan, Reykjavík 1994.

Jóhanna Einarsdóttir: *Heimilisofbeldi gegn börnum á Íslandi. Höggva-hýða-hirta-hæða-hóta-hafna-hrista-hræða*. Miðstöð heilsuverndar barna og Umboðsmaður barna Reykjavík 2004.

Jón Blöndal og Sverrir Kristjánsson: *Alþingi og félagsmálin*, Alþingissögunefnd, Reykjavík, 1954

Jón Rúnar Sveinsson: „Meginþættir húsnæðisstefnu íslendinga á 20. öld“ *Ársskýrsla Fasteignamats ríkisins*, Reykjavík 2005.

Jónína Michaelsdóttir: *Mér leggst eitthvað til. Sagan af Sesselju Sigmundsdóttur og Sólheimum*. Styrktarsjóður Sólheima 1990.

Kennaratal á Íslandi. Ritstjórn Ólafur Þ. Kristjánsson og Sigrún Harðardóttir. Oddi, Reykjavík 1985-1988. 5 bindi.

Kristinn Björnsson: *Sálfræðiþjónusta skóla. Þáttur hagnýtrar sálfræði*. Háskólaútgáfan og Fræðsluskrifstofa Reykjavíkurumdæmis, Reykjavík 1991.

Lagasafn Íslands. Lög nr. 29/1947 og lög nr. 53/1966

Landnám Templara á Jaðri 1938-1948. Ritnefnd Einar Björnsson og Indriði Indriðason. Reykjavík 1948.

Leikskólakennaratal A-H. Mál og mynd, Reykjavík. 2000.

Ljósmæður á Íslandi. Rit þetta er gefið út í tilefni af 60 ára afmæli Ljósmæðrafélags Íslands 2. maí, 1979. Ljósmæðrafélag Íslands, Reykjavík 1984.

Loftur Guttormsson: *Bernska, ungdómur og uppeldi á einveldisöld*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík 1983.

Lýður Björnsson: Saga sveitarstjórna á Íslandi, síðara bindi, Almenna bókafélagið, Reykjavík, 1979

Margrét Guðmundsdóttir: *Í þágu mannúðar. Saga Rauða kross Íslands* 1924-1999. Mál og mynd, Reykjavík 2000.

Matthías Jónasson: *Uppeldi og vandræðabörn í Sviss. Skýrsla til fræðslumálastjórnarinnar*. Reykjavík 1940.
Matthías Jónasson: *Athöfn og uppeldi*. Hlaðbúð, Reykjavík 1947.

Morgunblaðið, 1932-1990.

Ólöf Garðarsdóttir: „Working Children in Urban Iceland 1930-1990. Ideology og Work, Work-Schools and Gender Relations in Mordern Iceland“ *Industrious Children*. Odense Universitetsforlag, Odense 1997. (Bls. 160-185)

Petrína Jakopsson: „Braggahverfum verður að útrýma“ *Þjóðviljinn* 15-16 maí 1952.

Pétur Pétursson: *Með himneskum armi. Hundrað ára saga Hjálpræðishersins á Íslandi*. Skálholt, Reykjavík 1995.

Reglur um réttindi barna sem dvelja á meðferðaheimilum á vegum Barnaverndarstofu.
Barnaverndarstofa, Reykjavík 1. nóvember 1997.

Símon Jóh. Ágústsson: *Þroskaleiðir*. Ísafold, Reykjavík 1938.
Símon Jóh. Ágústsson: Barnavernd, í *Félagsmál á Íslandi*, ritstj. Jón Blöndal, Félagsmálaráðuneytið, Reykjavík, 1942.
Símon Jóh. Ágústsson: *Mannþekking*, Hlaðbúð, Reykjavík, 1945.
Símon Jóh. Ágústsson: *Álitamál*. Ísafold, Reykjavík 1959.
Símon Jóh. Ágústsson: *Um ættleiðingu*, Almenna bókafélagið, Reykjavík, 1964

Símon Jón Jóhannsson og Bryndís Sverrisdóttir: *Bernskan, líf, leikir og störf barna fyrr og nú*. Örn og Örlygur, Reykjavík 1990.

Sigurður Magnússon: *Afbrotaæskan í Reykjavík. Skýrsla til fræðslumálstjórnarinnar*. Reykjavík 1940.

Sigurður A. Magnússon: *Undir kalstjörnu. Uppvaxtarsaga*. Mál og menning. Reykjavík 1997.

Sigurjón Björnsson: *Börn í Reykjavík.Rannsóknarniðurstöður*. Iðunn, Reykjavík 1980

Stefán Ólafsson: *Íslenska leiðin. Almannatryggingar og velferð í alþjóðlegum samanburði*. Tryggingastofnun ríkisins og Háskólaútgáfan, Reykjavík 1999.

Stefán Unnsteinsson: *Stattu þig drengur. Þættir af Sævari Ciesielski*. Iðunn, Reykjavík 1980

Steingrímur Arason: *Mannbætur*. Ísafold, Reykjavík 1948.

Stjórnartíðindi, 1932
Stjórnartíðindi, B nr. 225/1973 – Reglugerð um skólaheimilið í Breiðavík.
Stjórnartíðindi, B nr. 118/1978

Svandís Skúladóttir: „Skólastjóri og brautryðjandi“ *Leikur og leikgleði. Afmælisrit helgað Valborgu Sigurðardóttur*. Fóstrufélag Íslands, Reykjavík 1992. (Bls. 25-39).

Sveinn Ragnarsson: „Félagsþjónustan undanfarið og framundan“ *Félagsþjónustan undanfarið og framundan*. Ritstj. Bragi Guðbrandsson og Jón Björnsson. Samband íslenskra sveitafélaga, Reykjavík 1985. (Bls.109-122)

Sveitastjórnarmál 3. tbl. 1987.

Thorvaldsensfélagið 100 *ára. Afmælisrit* 1875-1975. Thorvaldsensfélagið, Reykjavík 1980.

Valborg Bentsdóttir: „Bænaskrá á barnadaginn“ *Tíminn* 25. apríl 1967

Valborg Sigurðardóttir: *Fóstruskóli Íslands*. Gott mál, Reykjavík 1998.

Þjóðviljinn, 1943 og 1974.

Þorsteinn Jónsson og Guðmundur Guðjónsson: *Lögreglan á Íslandi, stéttartal og saga*. Byggðir og bú, Reykjavík 1997.

Þorsteinn Sigurðsson: *Þættir úr sögu sérkennslunnar*. Þórsútgáfa, Reykjavík 1993.

Þráinn Bertelsson: *Einhvers konar ég*. JVP útgáfan, Reykjavík, 2004

Watson John B.: *Fyrstu árin. Handbók um barnauppeldi og sálræna meðferð ungbarna*. Heimir, Reykjavík 1944.

Wolfgang Edelstein: *Skóli – nám – samfélag*. Iðunn, Reykjavík 1988.

FYLGISKJAL NR. 3

Gisli H Gudjonsson, B.Sc, M.Sc, Ph.D, C.Psychol, FBPsS

Professor of Forensic Psychology

INSTITUTE OF PSYCHIATRY, KING'S COLLEGE LONDON

PSYCHOLOGICAL REPORT

Ref. Breidavik.

REFERRAL SOURCE: **DATE OF REPORT:** 07.12.2007.

Robert R Spano,
Chairman,
Inquiry into Breidavik,
Hverfisgotu 4a,
150 Reykjavik,
Iceland.

PURPOSE OF ASSESSMENT:

In this report, I have been asked to answer the following questions:

1. Whether on the basis of **overall content** of recent formal interviews of ex-residents by the Inquiry team, it is probable that some of them were subjected **by staff** to emotional, physical or sexual abuse (the word ex-resident is used to refer to children and adolescents who were sent to reside in Breidavik).

2. Whether on the basis of **overall content** of recent formal interviews of ex-residents by the Inquiry team, it is probable that some of them were subjected **by other ex-residents** to emotional, physical or sexual abuse.

3. Whether on the basis of the content of recent formal interviews of ex-residents by the Inquiry team some of the ex-residents' individual allegations of emotional, physical or sexual abuse are related to changes in the management or staff in Breidavik at the time.

4. Whether on the basis of the content of recent formal interviews of ex-residents by the Inquiry team some of the ex-residents' individual allegations of

emotional, physical or sexual abuse of them are likely to be unreliable or untrue in part or whole (i.e. Can some individual accounts be identified as probably unreliable in terms of being seriously distorted, exaggerated, unwittingly or deliberately made up, or minimised?).

The instructions were given in a letter from Professor Robert Spano to the author of this report, dated 2nd October 2007. The documents analysed were provided at the same time. They comprised interview records of 67 ex-residents from Breidavik. Subsequently the interview transcripts of twelve more residents have been provided, bringing the total number of interviews reviewed to 79.

QUALIFICATION OF THE EXAMINER.

I am a Professor of Forensic Psychology at the Institute of Psychiatry, King's College London, and Head of Forensic Psychology Services at the South London and Maudsley NHS Trust. I am a Chartered Clinical and Forensic Psychologist and a Fellow of the British Psychological Society. In 2001 I was awarded an Honorary Doctorate in Medicine from the University of Iceland in recognition for his research in the field of forensic psychiatry and psychology. I have published extensively in the areas of forensic psychology, including violence, psychogenic amnesia, stress, psychological vulnerability, false confession, police interviewing, and recovered memories. I have acted as a consultant in a large number of cases for the police, prosecution, Criminal Cases Review Commission, and defence lawyers, and provided written or oral testimony in many high profile cases, including the Guildford Four, the Birmingham Six, Judith Ward, Engin Raghip, Idris Ali, Donald Pendleton, Andrew Evans, Derek Bentley, Darren Hall, Peter Fell, John Flanagan, Patrick Nolan, Raymond Gilmore, and the UDR 4 and Patrick Kane in Northern Ireland (see Gudjonsson, 2006). I have also testified abroad, including the USA, Norway, Israel, and the Hague. In December 1999, I acted as an expert for the Council of Europe on a CPT inspection visit to Northern Ireland. In 1989 I testified at the arbitration hearing regarding the Zeebrugge disaster on behalf of three of the complainants. I work on about an equal number of cases for the prosecution and defence.

I am the author of "The Psychology of Interrogations and Confessions. A Handbook" (John Wiley & Sons, 2003), "The Gudjonsson Suggestibility Scales Manual" (Psychology Press, 1997), "Forensic Psychology. A Guide to Practice" (Routledge, 1998), jointly written with Lionel Haward), and "The Causes and Cures of Criminality" (Plenum Press), jointly with Hans Eysenck, and a jointly edited book with Anthony Heaton-Armstrong, Eric Shepherd, and David Wolchover, *Witness Testimony. Psychological, Investigative and Evidential Perspectives* (Oxford University Press, 2006).). I co-authored two research reports commissioned by the Royal Commission on Criminal Justice and published by H.M.S.O. ('Persons at risk during interviews in police custody: The identification of vulnerabilities' and 'Devising and piloting a new Notice to Detained Persons').

In 1974 I worked over a period of 6 months in the Social Services Department in Reykjavik. During that period I collected follow-up data on 71 boys who were sent by the Reykjavik Children's Welfare Committee to Breidavik between 1953 and 1970. The study included about 64% of all boys sent to Breidavik during that period. I wrote the study up as a B.Sc. dissertation and copies were made and distributed to the Reykjavik Social Services Department. My understanding is that these copies were stamped 'confidential'. My own copies were never stamped 'confidential'. In 1982 I published a book chapter, which included the main findings. The reference to it is as follows:

Gudjonsson, G. H. (1982). Delinquent Boys in Reykjavik: A Follow-up Study of Boys Sent to an Institution. In J. Gunn and D. P. Farrington (Eds.), *Abnormal Offenders, Delinquency, and the Criminal Justice System*. Chichester: John Wiley & Sons Ltd. Pp. 203-212.

DOCUMENTS SEEN

1. Transcripts of interviews with 79 of the previous ex-residents (See attached Appendix).

2. A copy of the semi-structured questionnaire used to guide the Inquiry team interviewers.

3. A brief summary of comments by the Inquiry team regarding the interviews.

STATEMENT OF COMPLIANCE.

I have given my opinion as a senior clinical psychologist and an academic.

I understand that my duty as an expert is to the Inquiry team. I have complied with that duty and will continue to comply with that duty.

I confirm that insofar as the facts stated in my report are within my own knowledge I have made clear which they are and I believe them to be true, and that the opinions I have expressed represent my true and complete professional opinion.

LIMITATIONS OF THE PRESENT EVALUATION.

There are a number of serious limitations to the present evaluation. These include:

1. I have not personally interviewed or examined any of the men and women who were interviewed by the Inquiry team.

2. I have not been provided with information about the interviewees' medical background apart from that contained in the record of their interviews with the Inquiry team. I have not read any of their medical records. Personal information I had about the individual 'boys' when I conducted my study in 1974 is no longer available to me and the opinions I provide in this report are based entirely on the information from the transcribed interviews.

3. I am not aware of any medical or physical evidence, which can be used to corroborate the ex-residents' allegations of physical and sexual abuse.

4. I am aware that some of the interviewees have been recently provided with psychological treatment, which may have occurred prior to them being interviewed by the Inquiry team. I have not seen any records or notes from these therapy sessions and I have not had access to any information provided to the therapists.

5. I have not been provided with evidence of external corroboration regarding the allegations that the interviewees make during their interviews. The allegations remain **unsubstantiated** apart from consistencies (i.e. the person gives a consistent account during the one interview rather than contradicting himself or the account he/she gives is corroborated by others, either in terms of a specific or general description). Some checking appears to have been done by the Inquiry team (date of admission/discharge; the names of staff at the time of first admission to Breidavik). (Please note that several of the ages of first admission provided at the top of the interview record are wrong. I have corrected these in the Appendix as best I could).

6. I have not seen interviews with any of the staff from Breidavik or reporting of their reactions in the media.

SOME GENERAL COMMENTS.

1. This case is very unusual in terms of:

   a. The ex-residents interviewed by the Inquiry team were in Breidavik between 1952-1977 (i.e. 30-55 years previously). Therefore, all the allegations involve substantially delayed reporting.

   b. There appears to be very little if any corroborative evidence in terms of ex-residents having told somebody about the alleged assaults soon after they occurred, although many claim they told staff and they took no action or even punished the resident concerned. There appears to have been some discussions at the time between some of the boys.

   c. The allegations only appear to have surfaced after a film was being made about Breidavik and extensive publicity in the media. The ex-residents interviewed by the Inquiry team are clearly aware of the negative publicity and several appear to have been in contact with one another and discussed the allegations among themselves. These factors make the risk of contamination in their accounts considerable and this needs to be considered by the Inquiry team when evaluating the likely accuracy of the individual accounts given.

   d. Many of the allegations involve other ex-residents (i.e. that some of the older boys physically and sexually abused some of the younger boys). This means that some of the men interviewed by the Inquiry team may involve perpetrators rather than, or as well as, victims, which may

influence the ex-residents' account of events and their credibility as witnesses.

e. Copies of my B.Sc dissertation were available to the Reykjavik Social Services Department in 1975, but were stamped 'confidential' ('Trunadarmal') by the Social Services Department and were therefore not available to the general public, including the media. The dissertation revealed a highly negative outcome, which should have alerted the Social Services Department and the Government to the possibility that there were potentially serious problems with sending children to Breidavik.

2. Delayed reporting is a problem in that peripheral details are likely to be forgotten and central details may be distorted due to contamination. Please note that minor inconsistencies in accounts within the same interview, or between interviews, is not a reliable indicator of deception or unreliability (Vrij, 2005).

3. In order to ascertain the reliability of the allegations, and possible contamination, it is important to examine carefully the process whereby the allegations came to be made, commencing with the first claim, and finding out how each person was interviewed, how often, who the interviewer was, and how the interviews were recorded. I have not been asked to undertake this task, nor do I have access to sufficient material to do so. Trawling for evidence (i.e. making unsolicited approaches to former ex-residents or patients from institutions who were not known to have made any allegations) in these kinds of cases is a hazardous procedure, which has been recognised by a recent House of Commons Home Affairs Select Committee (HC 836-I and HC 836-II; 31 October 2002).

4. Contamination, which is also know as "post-event interference" (Loftus, 1979), can occur when people are exposed to new information, for example, being subjected to media reports about the case, meetings with other complainants, discussing the allegations with a third party who is offering his or her perspective on the case, the same person interviewing a number of witnesses in the same case and communicating what other witnesses have said, and interviewer bias (Gudjonsson, 1992, 2003). The risks of contamination are greater where there is the possibility of financial compensation, extensive publicity about the case, and when 'witnesses' are discussing their stay in Breidavik and the allegations with other ex-residents and other interested parties.

5. For most of the ex-residents (boys) in Breidavik, the experience appears to have been a very negative one. There appears to be a generally highly negative emotional description of their experiences (See Column 7 in the Appendix), which means that it will be more difficult to distinguish reliably between their true and false memories with regard to their experiences in Breidavik (Howe, 2007).

6. It is important to discriminate between what the ex-residents had experienced, witnessed, or heard from others. Many of the accounts of abuse appear to have been based on what they had heard or been told by somebody. Great caution should be exercised in relying on such accounts.

7. The credibility of the ex-residents' accounts of their experience in Breidavik is not limited to those who allege physical, sexual and emotional abuse. The credibility of those who report no abuse also needs to be considered. There may be good reasons why some ex-resident may not report abuse; even if it happened to them or that they had at the time witnessed it. These include: (1) the event has simply been forgotten; (2) the ex-resident finds it too painful to recall and discuss what actually happened; (3) the ex-resident does recall what happened but does not want to discuss it, because it implicates him or others he wants to protect (e.g. where the ex-resident was a perpetrator and he does not want to reveal this or discuss it).

FALSE ALLEGATIONS VERSUS TRUE ALLEGATIONS.

If any of the allegations against other ex-residents, staff, workmen or visitors are not true, then the question arises as to whether this is due to malicious reporting (e.g. for financial gains, revenge, the complainant being tricked or coerced by a third party into giving an account which is not true) or due to 'false' or 'recovered' memories.

A recovered memory can be defined as the emergence of an apparent recollection of a significant life event of which the person had no previous knowledge. The term is most commonly used in the context of adults reporting the emergence of memories of childhood sexual abuse of which they had no previous knowledge or memory. However, the term can involve 'recovered memories' of events other than childhood sexual abuse, including admissions to criminal offences (Gudjonsson, 2003). The term 'recovered memories' is not to be confused with normal forgetting. It involves a complicated psychological process, which is poorly understood and surrounded in controversy (Davies and Dalgleish, 2001).

There is currently great concern about the potential unreliability of 'recovered memories', the lack of a satisfactory psychological mechanism to explain it and give credence to the phenomenon, and the need to treat such memories with extreme caution (Brandon et al., 1998; Davies and Dalgleish, 2001). There are also serious problems with being able to prosecute defendants successfully in cases that are based primarily on 'recovered memories' of the alleged victim (Gudjonsson, 1997a, 1997b). Unfortunately, at present there is no way of determining for certain the factual truth or falsity of a recovered memory without external evidence.

When recovered memories can be shown to be false they are linked to the term 'false memory syndrome' (Rivera, 1997).

The assumption that is commonly made about recovered memories is that they are caused, or at least facilitated, by suggestions from therapists (e.g. Leo, 1997; Ofshe and Watters, 1994). However, this is clearly not always the case (Brandon et al., 1998, Ost et al., 2001). The belief and memory concerning sexual abuse appear to be internally motivated and generated rather than being the result of suggestion during therapy. There is empirical evidence to support this view (Ost et al., 2001). Allegations of childhood sexual abuse involving recovered memories are commonly retracted (Gudjonsson, 1997a; Ost et al. 2001; Rivera, 1997).

Gudjonsson (1997d) argues that a false belief may be an important precursor for the development of a false memory. Different psychological mechanisms and processes probably elicit a false belief and a false memory. The development of a false belief does not depend greatly on memory ability and it is probably more related to lack of confidence in one's memory. In contrast, a false memory is highly dependent on the individual being able to create or retrieve misinformation.

Imagination plays an important role in producing a false belief and a false memory (Loftus, 2001). For example, Loftus and her colleagues have shown that asking people to imagine that they had experienced a made up event significantly increased the likelihood that the person subsequently believed that the event had taken place. This increased confidence that an event had taken place after having been instructed to imagine the event has been named "imagination inflation" (Garry et al. 1996). There is evidence that individual differences are important in imagination inflation. What are the factors that make people susceptible to imagination inflation? Two different factors have been proposed (Loftus, 2001). First, memory problems and difficulties with reality monitoring (Heaps and Nash, 1999). Secondly, the ability to produce vivid imagery (Horselenberg et al. 2000; Ravilious, 2003).

On the basis of individual case studies, (see Gudjonsson, 2003), I propose a third factor; namely distrust of one's memory. Gudjonsson and MacKeith (1982) proposed the term 'memory distrust syndrome' to explain this phenomenon. This group is not confined to persons with poor memories, although persons prone to memory problems would be particularly susceptible to this syndrome. Individuals with reasonable memories may lack confidence in their memory, or that the confidence they have in their memory is undermined when others challenge the recollection. Confidence in one's memory, although related to the complexity of the task attempted as well as memory skills, is very flexible and may deteriorate following demanding questioning (Saucier and Gaudette, 2000).

The memory distrust syndrome has been closely linked to 'source amnesia' (Lakhan, 2007). Source amnesia refers to difficulties that people have in recalling the specific context surrounding the memory (i.e. the source of the memory, where it came from, did they experience the event or did somebody else?). People may also have genuinely been physically or sexually abused but attribute the abuse mistakenly to the wrong person (perpetrator), wrong place, or wrong time period.

Most of the studies carried out into imagination inflation have shown a change in belief rather than episodic recollection (Loftus, 2001). In one experiment looking at both a false belief and a false memory concerning an event that allegedly took place before the age of three, in about half of the cases the altered belief was accompanied by 'memories' of the event (Mazzoni et al. 1999). The factors that determine whether or not a 'memory' trace accompanies the altered belief are poorly understood. One possible factor seems to be the number of imaginations used in the experiment (Goff and Roediger, 1998); as the number of imaginations increased the greater was the likelihood that the participants reported the actions suggested earlier in the experiment.

Recovered memories are by their nature potentially unreliable and the English Courts are reluctant to accept unsubstantiated allegations based on recovered memories (Gudjonsson, 1997b). Lewis and Mullis (1999) have reviewed the legal problems involved in the prosecution of these cases and provide important guidelines about how such evidence should be evaluated in court. Lewis and Mullis present four legal options referred to as "automatic exclusion", "pre-trial or voire dire reliability assessment", "the identification approach", and "testimony admissible". In view of the absence of scientific consensus about the reliability of recovered memories (see Davies and Dalgleish, 2001, for a detailed review of the issues and controversy), Lewis and Millis conclude that the best approach is the one analogous to identification cases where there is a requirement for supporting evidence in order for a conviction to stand.

Confabulation may be more important in relation to recovered memories than suggestibility (Gudjonsson, 1997c). However, a mention of the possibility of sexual abuse by a therapist, a friend, a police officer, or a lawyer, may act as a trigger for recovered or false memories of sexual abuse in vulnerable individuals. The psychological vulnerabilities associated with recovered memories of childhood sexual abuse are likely to be different to those found in cases of false confession. Cases of recovered memories, unlike the typical cases of false confessions, often involve people from a good educational background, whose intellectual and memory functioning are reasonable (Gudjonsson, 1997a, 1997d) and there is no evidence that they are unduly suggestible (Gudjonsson, 1997d; Leavitt, 1997). Interestingly, findings of good intelligence and memory, and low suggestibility, have been found among children who claim memories of previous life existence (Haraldsson, 1995).

Some of the cases interviewed by the Inquiry team may involve 'recovered' and possibly 'false' memories. Where this seems to be a real possibility from the interview records, I have indicated it in the Appendix.

METHODS FOR DISCRIMINATING BETWEEN TRUE AND FALSE ACCOUNTS.

There are two main psychological methods available for detecting deception among people who claim they have been sexually abused: Statement Validity Assessment (SVA) and Reality Monitoring (Davis, 2001). The SVA is more popular and has been better validated for both child and adult witnesses (Vrij, 2005). The SVA was the method used in the present case to guide the credibility of the analysis of the statements from the ex-Breidavik residents in order to give an overall picture of the allegations and the credibility of the accounts given by the interviewees. The SVA was not used specifically to determine the credibility of each case, although apparent concerns are highlighted in the Appendix, under the heading 'Observations and Comments'.

The Inquiry team should not assume that my evaluation and comments on the credibility of each of the individuals' interviews are necessarily superior to their own. My evaluation of each case should be considered along with other people's observations of the transcripts of interviews. The account given by ex-residents during the interviews also needs to be considered in the light of other material that may be available to the Inquiry team.

The error rate of this method in laboratory studies is about 30% (Vrij, 2005). The error rate in field studies is unknown. Therefore, the method should be used guide an investigation rather than as proof in civil and criminal cases.

Statement Validity Assessment (SVA) involves there major stages (David, 2001; Vrij, 2005):

1. A semistructured interview with the child/adult where a free account of the allegations is expanded with open-ended (non-leading) questions. These are typically audio taped and transcribed.

2. Careful scrutiny of the content of the interview for the presence or absence of 19 criteria which are thought to discriminate between true and false statements (it is known as 'Criteria-based Content Analysis', CBCA). The main hypothesis is that a statement derived from memory is differs in content and quality from fabricated accounts. It is thought that both cognitive and motivational factors influence the CBCA scores. The 19 criteria are grouped into four categories: 'General Characteristics', Specific Contents', Motivation-Related Contents', and 'Offence-Specific Elements.'

3. The outcome of the CBCA is assessed alongside a validity checklist, which includes issues relevant to the child's intellectual functioning, suggestibility, report consistency, which provide additional material relevant to credibility (there is very little information of this additional material in the analysis of the Breidavik cases).

There are at least three types of false allegations that are difficult to detect using the SVA or the Reality Monitoring methods:

1. Where sexual abuse has taken place, but the person either deliberately or unwittingly identifies the wrong perpetrator (e.g. such cases may include much detail and a coherent account) or the wrong context.

2. People may have poor recollection about what actually happened and confuse what happened with an imagined event. Imagined events are often detailed and coherent and may look credible. In this context, caution should be exercised in cases where people are reporting events that are unusually imaginative (this is evident in the account given by some of the ex-Breidavik residents).

3. Well prepared and rehearsed lies about events are hard to detect and discriminate from genuine accounts.

ANSWERS TO THE QUESTIONS TO BE ADDRESSED.

1. Whether on the basis of **overall content** of recent formal interviews of ex-residents by the Inquiry team, it is probable that some of them were subjected **by staff** to emotional, physical or sexual abuse (the word ex-resident is used to refer to children and adolescents sent to reside in Breidavik).

   Answer: On the basis of the interview records I have seen, it is probable that during their stay in Breidavik some of the boys were subjected by some staff to emotional, physical or sexual abuse.

2. Whether on the basis of **overall content** of recent formal interviews of ex-residents by the Inquiry team, it is probable (i.e. more likely than not) that some of them were subjected **by other ex-residents** to emotional, physical or sexual abuse.

   Answer: On the basis of the interview records I have seen, it is probable (i.e. more likely than not) that during their stay in Breidavik some of the younger boys were subjected by older boys to emotional, physical or sexual abuse.

3. Whether on the basis of the content of recent formal interviews of ex-residents by the Inquiry team some of the ex-residents' individual allegations of emotional, physical or sexual abuse are related to changes in the management or staff in Breidavik at the time.

   Answer: It is evident that some of the periods in Breidavik were more negative than others. The first period (1952-1955) appears to have been reasonably positive for the residents (there was one exception, which is suspect). It cannot be positively concluded that physical, sexual and emotional abuse existed at that time.

   During the second period (1955-1956) there was frequent reporting of physical and sexual abuse by older boys against younger boys. There appears to have been poor discipline and supervision. There were apparent difficulties between the boys, with some very difficult older boys, who were poorly supervised, bullying and abusing the younger boys. It is probable that some physical punishment was used by staff against the boys, but these incidents appear to have been quite minor.

   The nature of abuse changed during this third period (1957-1962). The descriptions of the warden were generally positive, but there were a number of other staff, who were said to have subjected the boys to serious physical and sexual abuse. The sexual abuse among the boys continued from the previous period. Several of the accounts seem exaggerated, but overall there appears to have been extensive physical and sexual abuse by staff and by some boys against other boys.

During this period (1962-1964) some of the older boys continued to physically and sexually abuse the younger boys. There is less physical and sexual abuse reported than during the previous period.

The fifth period (1964-1972) was the longest and apparently the most violent as far as staff was concerned. The warden appears to have been hot tempered, impulsive, bullying, controlling, and exercised fierce discipline. He is reported to have frequently used violence towards the boys. There is considerable consistency in the accounts given about the extent and nature of the aggressive and intimidating behaviour by the warden and his sons. Aggressive and sexual behaviour by the older boys towards the younger boys reduced greatly during this period, which may have been due to the fierce discipline and increased cohesiveness among the boys as they were in more need of each others support. There were a number of allegations that the warden's wife, had poor sexual boundaries and in fact sexually abused boys with her husband's support and authority. Some of the sexual allegations may have been exaggerated, but overall the allegations are capable of belief.

There is very little information about the sixth period (1972-1973. The two ex-residents interviewed are negative about the experience, but there is no evidence of physical or sexual abuse by staff during this period.

The last two periods (7 and 8; 1973-1979) were generally positive, although there appeared to be poor discipline; there were some instances of violence by staff, and instances of sexual activity (e.g. two of the female residents report getting pregnant whilst in Breidavik).

4. Whether on the basis of the content of recent formal interviews of ex-residents by the Inquiry team some of the ex-residents' individual allegations of emotional, physical or sexual abuse of them are likely to be unreliable or untrue in part or whole (i.e. Can some individual accounts be identified as probably unreliable in terms of being seriously distorted, exaggerated, unwittingly or deliberately made up, or minimised?).

Answer: There clearly is great variability in the credibility of the accounts given by the ex-residents. Some of the ex-residents' accounts appear to be more credible than those of others and I have identify these in the Appendix.

CONCLUSIONS.

1. In this report I have addressed the many issues that typically arise when evaluating the credibility of witnesses in these kinds of cases. Iceland is not alone in having to face a scandal over a care home and is now being faced with a situation when it has to do something about it.

2. I have evaluated the records of 79 ex-residents from Breidavik.

3. Evaluating the credibility of the ex-residents' accounts of their experience in Breidavik is fundamental to the task of the Inquiry team. It is not an easy task due to a number of complicating factors highlighted in this report. It is easier to determine in broad terms if emotional, physical and sexual abuse took place in Breidavik than deciding on the reliability of abuse in each individual case. Some general trends across periods governed by different wardens are evident. Some periods were clearly more abusive than others.

4. There is little doubt that many of the residents suffered emotional, physical or sexual abuse during their stay in Breidavik at the hands of other (typically older) boys and some staff. It is not just a matter of what happened to them in Breidavik; it is how they experienced these events and it is their subjective interpretation of them that determines how they have subsequently reacted to that life experience. This is what is likely to be reflected in their current descriptions of Breidavik rather than an objective reality. In many instances the impact of that life experience has been negative and deleterious, which probably in part explains their high rate of criminal convictions after returning from Breidavik (Gudjonsson, 1982).

5. A common complaint by many of the ex-residents was the poor schooling they had received whilst in Breidavik.

6. The location of Breidavik and its isolation from the broader community is likely to have been inherently distressing to many of the residents. Many referred to the distressing nature of the isolation and its traumatising elements. What is apparent from the residents' account is that there was an inadequate support system in place to meet their emotional, social, and educational needs. Generally, they did not appear to trust staff and were unable to confide in them. When they did confide in them and disclosed instances of abuse, they appear not to have been believed and supported. Indeed, many describe how their attempts at the time to disclose instances of abuse resulted in punishment and further abuse. This is likely to have been the case.

7. It appears that people in authority did not want to believe that there were potentially serious problems with sending difficult children to Breidavik and ignored warning signs at the time that perhaps should have alerted them to the problems.

8. Some of the residents, particularly in the first and the last two periods, describe some positive experiences in Breidavik. However, the great majority of the interviewees describe their experience in Breidavik in negative terms.

Several ex-residents appear to have found it difficult to talk about their experiences in Breidavik, presumably because they found the experience too painful to talk about and had over the years tried hard to forget it. The extensive publicity in the media is likely to have re-activated traumatic elements of their experience in Breidavik.

9. It is fortunate that the Icelandic Government and the Health Authority are now recognising the problems that existed with Breidavik and are providing support and suitable treatment for those ex-residents, who want help.

10. It is important to try to understand what went wrong with Breidavik as a care home for difficult and psychologically vulnerable children, and to identify the lessons that can now be learned from it. The focus should not be on attributing blame to specific individuals (i.e. there is no point in a 'witch hunt'), but rather to accept that mistakes were made, understand what went wrong, provide appropriate support for the remaining ex-residents, and ensure that similar situations do not arise again in future.

11. It is desirable that the Inquiry team judge Breidavk in accordance to standards that existed at the time the home was operational rather than judging it by present standards.

12. Breidavik is best construed as a systemic failure where many vulnerable children were maltreated and neglected with devastating effects on their lives.

Professor Gisli H. Gudjonsson.

References.

Brandon, S., Boakes, J., Glaser, D. and Green, R. (1998). Recovered memories of childhood sexual abuse. Implications for clinical practice. British Journal of Psychiatry, 172, 296-307.

Brown, D. (1995). Pseudomemories: the standard science and the standard care in trauma treatment. American Journal of Clinical Hypnosis, 37, 1-24.

Davies, G. (2001). Is it possible to discriminate true from false memories? In Graham M Davies and Tim Dalgleish (Eds.), *Recovered Memories. Seeking the Middle Ground*. John Wiley & Sons: Chichester, pp. 153-174.

Davies, G. M. and Dalgleish, T. (2001). Recovered Memories. Seeking the Middle Ground. John Wiley & Sons: Chichester.

Garry, M., Manning, C. G., Loftus, E. F. and Sherman, S. J. (1996). Imagination inflation: imagining a childhood event inflates confidence that it occurred. Psychonomic Bulletin and Review, 3, 208-214.

Goff, L. M. and Roediger, H. L. M. (1998). Imagination inflation. The effects of number of imaginings on recognition and source monitoring. Memory and Cognition, 26, 20-33.

Gudjonsson, G. H. (1982). Delinquent Boys in Reykjavik: A Follow-up Study of Boys Sent to an Institution. In J. Gunn and D. P. Farrington (Eds.), *Abnormal Offenders, Delinquency, and the Criminal Justice System*. Chichester: John Wiley & Sons Ltd. Pp. 203-212.

Gudjonsson, G. H. (1992). The Psychology of Interrogations, Confessions and Testimony. John Wiley & Sons: Chichester.

Gudjonsson, G. H. (1997a). Accusations by adults of childhood sexual abuse: A survey of the members of the British False Memory Society (BFMS). Applied Cognitive Psychology, 11, 3-18.

Gudjonsson, G. (1997b). Members of the British False Memory Society: the legal consequences of the accusations for the families. Journal of Forensic Psychiatry, 8, 348-356.

Gudjonsson, G. H. (1997c). The members of the BFMS, the accusers and their siblings. The Psychologist, 10, 111-115.

Gudjonsson, G. H. (1997d). False memory syndrome and the retractors: Methodological and theoretical issues. Psychological Inquiry, 8, 296-299.

Gudjonsson, G. H. (1992). *The Psychology of Interrogations, Confessions, and Testimony*. Chichester: John Wiley & Sons.

Gudjonsson, G. H. (2003). The Psychology of Interrogations and Confessions. A Handbook. Chichester: John Wiley & Sons.

Gudjonsson, G. H. (2006). Disputed Confessions and Miscarriages of Justice in Britain: Expert Psychological and Psychiatric Evidence in Court of Appeal. *The Manitoba Law Journal*, *31*, 489-521.

Gudjonsson, G. H. and MacKeith, J. A. C. (1982). False confessions: psychological effects of interrogation. A Discussion Paper. In: Reconstructing the Past: The Role of Psychologists in Criminal Trials (Ed. A. Trankell). Kluwer: Deventer, The Netherlands, pp. 253-269.

Gudjonsson, G. H., Kopelman, M. D. and MacKeith, J. A. C.(1999). Unreliable admissions to homicide: A case of misdiagnosis of amnesia and misuse of abreaction technique. British Journal of Psychiatry, 174, 455-459.

Haraldsson, E. (1995). Personality and abilities of children claiming previous life memories. Journal of Nervous and Mental Disorders, 183, 445-451.

Heaps, C. and Nash, M. (1999). Individual differences in imagination inflation. Psychonomic Bulletin and Review, 6, 313-318.

Horselenberg, R., Merckelbach, H., Muris, P. and Rassin, (2000). Imagining fictitious childhood events. Clinical Psychology and Psychotherapy, 7, 128-137.

Howe, M. L. (2007). Children's emotional false memories. *Psychologial Science. Research, Theory, and Application in Psychology and Related Sciences*. 18, 10, 856-860.

Kassin, S. M. (1997). False memories turned against the self. Psychological Inquiry, 8, 300-302.

Kopelman, M. and Morton, J. (2001). Psychogenic amnesias: functional memory loss. In: Recovered Memories. Seeking the Middle Ground. (Eds. G. M. Davies and T. Dalgleish). John Wiley & Sons: Chichester, pp. 219-243.

Lakhan, S. E. (2007). Neuropsychological generation of source amnesia: An episodic memory disorder of the frontal brain. *Journal of Medicine*, *1*, 1-10.

Leavitt, F. (1997). False attribution of suggestibility to explain recovered memory of childhood sexual abuse following extended amnesia. Childhood Abuse and Neglect, 21, 265-271.

Leo, R. A. (1997). The social and legal construction of repressed memory. Law and Social Inquiry, 22, 653-693.

Lewis, P. and Mullis, A. (1999). Delayed criminal prosecutions for childhood sexual abuse: ensuring a fair trial. Law Quarterly Review, 115, 265-295.

Loftus, E. F. (1979). Eyewitness Testimony. Harvard University Press: London.

Loftus, E F. (2001). Imagining the past. The Psychologist, 14, 584-587.

Loftus, E F., Wolchover, & Page, D.(2006). General review of the psychology of witness testimony. In: Heaton-Armstrong, A., Shepherd, E., Gudjonsson, G., and Wolchover, D. (Eds) *Witness Testimony. Psychological, Investigative and Evidential Perspectives*. Oxford. Oxford University press, pp 7-22.

Mazzoni, G. A. L., Loftus, E. F., Seitz, A. and Lynn, S. (1999). Changing beliefs and memories through dream interpretation. Applied Cognitive Psychology, 13, 125-144.

Moss, A., Jones, C., Fokias, D., and Quinn, D. (In Press). The mediating effects of effort upon the relationship between head injury, severity and cognitive functioning. Brain Injury.

Ofshe, R. and Watters, E. (1994). Making Monsters. False Memories, Psychotherapy and Sexual Hysteria. Charles Scribner's Sons: New York.

Ost, J., Costall, A. and Bull, R. (2001). False confessions and false memories: a mode for understanding retractor's experiences of making and repudiating claims of childhood sexual abuse. Journal of Forensic Psychiatry, 12, 549-579.

Pope, S. P. and Brown, L. S. (1996). Recovered Memories of Abuse. Washington DC: American Psychological Association.

Ravilious, K. (2003). Tricks of the mind. The Independent Review, Wednesday 14 May 2003, p. 10.

Rivera, J. (1997). The construction of false memory syndrome: the experience of retractors. Psychological Inquiry, 8, 271-292.

Saucier, D. and Gaudette, N. (2000). Actual memory ability significantly predicts self-evaluations of memory. Expert Evidence, 8, 3-14.

Sigurdsson, E., Gudjonsson, G. H., Kolbeinsson, H., and Petursson, H., (1994). The effects of depression on confabulation, memory processing, and suggestibility. Nordic Journal of Psychiatry, 48, 443-451.

Smith, P. and Gudjonsson, G. H. (1995). The relationship of mental disorder to suggestibility and confabulation among forensic inpatients. Journal of Forensic Psychiatry, 6, 499-515.

Vrij, A. (2005). Criteria-based content analysis. A qualitative review of the first 37 studies. *Psychology, Public Policy, and Law*, *11*, 3-41.

Young, H. F., Bentall, R. P., Slade, P. D. and Dewey, M. E. (1987). The role of brief instructions and suggestibility in the elicitation of auditory and visual hallucinations in normal and psychiatric subjects. Journal of Nervous and Mental Disease, 175, 41-48

FYLGISKJAL NR. 3

Gisli H Gudjonsson, B.Sc, M.Sc, Ph.D, C.Psychol, FBPsS

Professor of Forensic Psychology

INSTITUTE OF PSYCHIATRY, KING'S COLLEGE LONDON

PSYCHOLOGICAL REPORT

Ref. Breidavik.

REFERRAL SOURCE: **DATE OF REPORT:** 31.12.2007.

Robert R Spano,
Chairman,
Inquiry into Breidavik,
Hverfisgotu 4a,
150 Reykjavik,
Iceland.

PURPOSE OF ASSESSMENT:

In this report, I have been asked to evaluate the interviews of 14 previous members of staff from Breidavik and comment on whether they affect the conclusions I had come to with regard to my review of the accounts given by 79 ex-residents from Breidavik. In my report, dated 2nd December 2007, I stated that one of the limitations of the evaluation was that I had not seen transcripts of interviews with any of the staff from Breidavik or reporting of their reactions in the media.

The instruction was given in a letter from Thuridur B Sigurjonsdottir, dated 20th November 2007. The documents provided consisted of 14 transcripts of interviews by the Inquiry Team with ex-staff members from Breidavik. My comments with regard to each of these interviews are attached to this report.

QUALIFICATION OF THE EXAMINER.

I am a Professor of Forensic Psychology at the Institute of Psychiatry, King's College London, and Head of Forensic Psychology Services at the South London and Maudsley NHS Trust. I am a Chartered Clinical and Forensic Psychologist and a Fellow of the British Psychological Society. In 2001 I was awarded an Honorary Doctorate in Medicine from the University of Iceland in recognition for research in the field of forensic psychiatry and psychology. I have published extensively in the areas of forensic psychology, including violence, psychogenic amnesia, stress, psychological vulnerability, false confession, police interviewing, and recovered memories. I have acted as a consultant in a large number of cases for the police, prosecution, Criminal Cases Review Commission, and defence lawyers, and provided written or oral testimony in many high profile cases, including the Guildford Four, the Birmingham Six, Judith Ward, Engin Raghip, Idris Ali, Donald Pendleton, Andrew Evans, Derek Bentley, Darren Hall, Peter Fell, John Flanagan, Patrick Nolan, Raymond Gilmore, and the UDR 4 and Patrick Kane in Northern Ireland (see Gudjonsson, 2006). I have also testified abroad, including the USA, Norway, Israel, and the Hague. In December 1999, I acted as an expert for the Council of Europe on a CPT inspection visit to Northern Ireland. In 1989 I testified at the arbitration hearing regarding the Zeebrugge disaster on behalf of three of the complainants. I work on about an equal number of cases for the prosecution and defence.

I am the author of "The Psychology of Interrogations and Confessions. A Handbook" (John Wiley & Sons, 2003), "The Gudjonsson Suggestibility Scales Manual" (Psychology Press, 1997), "Forensic Psychology. A Guide to Practice" (Routledge, 1998), jointly written with Lionel Haward), and "The Causes and Cures of Criminality" (Plenum Press), jointly with Hans Eysenck, and a jointly edited book with Anthony Heaton-Armstrong, Eric Shepherd, and David Wolchover, *Witness Testimony. Psychological, Investigative and Evidential Perspectives* (Oxford University Press, 2006).). I co-authored two research reports commissioned by the Royal Commission on Criminal Justice and published by H.M.S.O. ('Persons at risk during interviews in police custody: The identification of vulnerabilities' and 'Devising and piloting a new Notice to Detained Persons').

COMMENTS ON THE INTERVIEWS

I have read and reviewed the interview transcript record of the 14 ex-members of staff from Breidavik and my comments are as follows:

1. Most of the accounts given in the interviews appear to be credible (i.e., capable of belief). Most of the ex-staff interviewed seem to try hard to recall to the best of their abilities what they observed and witnessed in Beidavik. I am of the view that most gave their accounts in good faith and it is not surprising that some experienced problems with their recollections after such a long time since they worked in Breidavik.

2. Most claim that they did not witness any physical or sexual abuse, but several of those said that they could not exclude the possibility that it existed at the time without their knowledge. Two of the ex-staff appeared very defensive and they seemed to paint an unduly positive picture of Breidavik.

3. Several of the interviewees observed some bullying taking place by residents (usually the bigger residents bullying the younger and smaller ones). One of the wardens was described by several staff as having a violent temper and on occasions using violence against residents. This was quite consistent and the accounts given are credible and corroborate those of ex-residents. There was also some reporting of sexual abuse by residents (e.g. interfering sexually with animals, other residents being sexually abused), but there is no clear and credible reporting of sexual abuse by staff of residents, which does not mean that it did not take place, either because they were not aware of it or have chosen to turn a blind eye to it (i.e. pretend that it did not happen).

4. Having considered the accounts given by the 14 ex-staff members, I am of the view that the conclusions I came to in my report dated 2nd December 2007 regarding the accounts given by ex-residents still stand.

5. It is likely that if staff had witnessed serious physical and sexual abuse in Breidavik then they would be reluctant to disclose it after all this time, especially since they may be criticised for not addressing it satisfactorily at the time (i.e. it implies a compliancy and collusion with illegal acts). Overall, the statements given by ex-staff should be viewed as being potentially self-serving (i.e. serving the best interest of the interviewee or his/her family). This needs to be taken into account when evaluating the credibility of their recollections.

6. Whereas some ex-residents may, either wittingly or unwittingly, have exaggerated their accusations and what they experienced and witnessed in Breidavik, the motivation of some ex-staff may be to minimise what took place in Breidavik, either because they don't want to face it or the consequences of revealing serious incidents, which they should have done at the time.

7. The general impression from the interviews with ex-staff is that Breidavik was not run effectively as a care home. Staff were not properly trained or experienced for the responsibilities they were taking on. There is a serious question mark over their competence in performing their duties, there was often poor, erratic, or harsh discipline, accompanied by absence of proper supervision and support by outside agencies. There may also have been limited finances provided to be able to run the home satisfactorily as a care home. Some ex-staff claim to have made complaints to outside management, which were not satisfactorily dealt with, although one claimed that this resulted in the Reykjavik Children's Committee not sending any more children to Breidavik). There appear to have been many warning signs about problems going on in Breidavik, but the authorities, including politicians, seem to have ignored it.

Professor Gisli H. Gudjonsson.

FYLGISKJAL NR. 3

Gísli H. Guðjónsson, B.Sc, M.Sc, Ph.D, C.Psychol, FBPsS

Prófessor í réttarsálfræði

INSTITUTE OF PSYCHIATRY, KING'S COLLEGE LONDON

SÁLFRÆÐISKÝRSLA

Tilv. Breiðavík.

TENGILIÐUR: **DAGSETNING SKÝRSLU:** 07.12.07.

Róbert R. Spanó,
formaður,
Rannsókn á Breiðavík
Hverfisgötu 4a,
150 Reykjavík,
Ísland.

TILGANGUR MATS:

Í þessari skýrslu hef ég verið beðinn um að svara eftirfarandi spurningum:

1. Hvort draga megi þá ályktun af framburðum vistmanna í viðtölum að meiri líkur en minni séu á að því að sumir vistmenn hafi á einstökum tímabilum í starfsemi heimilisins mátt þola illa meðferð eða ofbeldi af hálfu starfsfólks, t.d. kynferðislega misnotkun eða áreiti eða annað andlegt og líkamlegt ofbeldi.
2. Hvort draga megi þá ályktun af framburðum einstakra vistmanna í viðtölum að meiri líkur en minni séu á því að sumir vistmenn hafi á einstökum tímabilum í starfsemi heimilisins mátt þola illa meðferð eða ofbeldi af hálfu annarra vistmanna, t.d. kynferðislega misnotkun eða áreiti eða annað andlegt og líkamlegt ofbeldi.
3. Hvort draga megi þá ályktun af framburðum einstakra vistmanna í viðtölum að ill meðferð og/eða ofbeldi, hafi það átt sér stað og hafi tekið breytingum eftir yfirstjórn eða starfsfólki heimilisins á hverjum tíma.
4. Hvort draga megi þá ályktun af framburðum einstakra vistmanna í viðtölum að einstakar frásagnir (og þá hvaða) megi almennt teljast ótrúverðugar eða ósannar að hluta til eða að öllu leyti og eigi þar af leiðandi ekki að koma til skoðunar við mat á því hvort ill meðferð eða ofbeldi hafi átt sér stað.

Fyrirmæli voru gefin í bréfi frá prófessor Róberti Spanó til höfundar skýrslunnar, dagsettu 2. október 2007. Á sama tíma voru afhent skjölin sem voru skoðuð. Skjölin innihéldu endurrit af viðtölum við 67 fyrrverandi vistmenn á Breiðavík. Í framhaldi af því hafa endurrit af viðtölum við tólf vistmenn í viðbót borist, þannig að heildarfjöldi skoðaðra endurrita eru 79.

HÆFNI MATSAÐILA

Ég er prófessor í réttarsálfræði við Institute of Psychiatry, King's College London, og yfirmaður réttarsálfræðiþjónustunnar við Suður-London og Maudsley NHS Trust. Ég er löggiltur klínískur og réttarsálfræðingur og félagi í British Psychological Society (breska sálfræðingafélaginu). Árið 2001 var ég sæmdur heiðursdoktorsnafnbót við læknadeild Háskóla Íslands fyrir störf mín á sviði réttargeðlækninga og sálfræði. Ég hef gefið út mikið af efni á sviði réttarsálfræði, þ. á m. um ofbeldi, minnisleysi af sálrænum toga, streitu, sálfræðilega veikleika, falskar játningar, viðtöl lögreglu og endurheimtar minningar. Ég hef verið ráðgjafi í mörgum málum fyrir lögreglu, ákæruvald, áfrýjunarnefnd sakamála (e. „Criminal Cases Review Commission"), sem og verjendur, og hef gefið bæði skriflegan og munnlegan vitnisburð í mörgum stórum málum, þ. á m. Guildford Four, Birmingham Six, Judith Ward, Engin Raghip, Idris Ali, Donald Pendleton, Andrew Evans, Derek Bentley, Darren Hall, Peter Fell, John Flanagan, Patrick Nolan, Raymond Gilmore og UDR 4 og Patrick Kane í Norður-Írlandi (sjá Gudjonsson, 2006). Ég hef einnig borið vitni í öðrum löndum, þ. á m. í Bandaríkjunum, Noregi, Ísrael og Haag. Í desember 1999 gegndi ég hlutverki sérfræðings í eftirlitsheimsókn á vegum Evrópuráðsins, Evrópunefnd um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu, til Norður-Írlands. Árið 1989 bar ég vitni fyrir gerðardómi vegna Zeebrugge-slyssins fyrir hönd þriggja stefnenda. Ég vinn jöfnum höndum að málum fyrir ákæruvaldið og verjendur.

Ég er höfundur „The Psychology of Interrogations and Confessions. A Handbook" (John Wiley & Sons, 2003), „The Gudjonsson Suggestibility Scales Manual" (Psychology Press, 1997), „Forensic Psychology. A Guide to Practice" (Routledge, 1998), skrifuð ásamt Lionel Haward, og „The Causes and Cures of Criminality" (Plenum Press), skrifuð ásamt Hans Eysenck. Auk þess ritstýrði ég ásamt Anthony Heaton-Armstrong, Eric Shepherd og David Wolchover bókinni *Witness Testimony. Psychological, Investigative and Evidential Perspectives* (Oxford University Press, 2006). Ég var einn höfunda tveggja rannsóknarskýrslna sem voru unnar fyrir tilstuðlan Royal Commission on Criminal Justice og gefnar út af H.M.S.O. („Persons at risk during interviews in police custody: The identification of vulnerabilities" og „Devising and piloting a new Notice to Detained Persons").

Árið 1974 vann ég í 6 mánuði hjá Félagsþjónustunni í Reykjavík. Á því tímabili safnaði ég eftirfylgdargögnum um 71 af þeim drengjum sem sendir voru til Breiðavíkur af barnaverndarnefnd Reykjavíkur frá 1953 til 1970. Rannsóknin náði til u.þ.b. 64% þeirra drengja sem sendir voru til Breiðavíkur á því tímabili. Rannsóknina vann ég sem B.Sc. ritgerð og voru afrit af henni send til Félagsþjónustunnar í Reykjavík. Mér skilst að þessi afrit hafi verið stimpluð sem „trúnaðarmál“. Mín eigin afrit voru aldrei stimpluð sem „trúnaðarmál“. Árið 1982 birti ég bókakafla þar sem aðalniðurstöðurnar birtust. Tilvísun í hann er eftirfarandi:

Gudjonsson, G. H. (1982). Delinquent Boys in Reykjavik: A Follow-up Study of Boys Sent to an Institution. Í J. Gunn og D. P. Farrington (ritstj.), *Abnormal Offenders, Delinquency, and the Criminal Justice System*. Chichester: John Wiley & Sons Ltd. Bls. 203-212.

SKOÐUÐ SKJÖL

1. Endurrit af viðtölum við 79 fyrrverandi vistmenn (sjá meðfylgjandi viðauka).

2. Afrit af hálf-stöðluðum spurningalista sem rannsóknarnefndin hafði til leiðbeiningar.

3. Stutt yfirlit yfir athugasemdir rannsóknarnefndarinnar um viðtölin.

YFIRLÝSING UM SAMÞYKKI

Ég hef gefið álit mitt sem reyndur klínískur sálfræðingur og fræðimaður.

Ég skil að skyldu mína sem sérfræðingur ber ég gagnvart rannsóknarnefndinni. Ég hef fylgt þeirri skyldu og mun halda áfram að fylgja þeirri skyldu.

Ég staðfesti að það sem fram kemur í skýrslu þessari, og ég hef gert skýra grein fyrir, byggist á minni þekkingu og endurspeglar sérfræðilega skoðun mína.

TAKMARKANIR Á NÚVERANDI MATI

Gera verður marga alvarleg fyrirvara á núverandi mati. Þeirra á meðal eftirfarandi:

1. Ég hef ekki sjálfur tekið viðtöl við eða rannsakað þá sem rannsóknarnefndin tók viðtöl við.

2. Ég hef ekki fengið í hendur upplýsingar um sjúkrasögu þeirra sem viðtölin voru tekin við, fyrir utan þær upplýsingar sem er að finna í endurritum af viðtölum þeirra við rannsóknarnefndina. Ég hef ekki lesið neinar af sjúkraskýrslum þeirra. Þær upplýsingar sem ég hafði undir höndum um einstaka „drengi“ þegar ég framkvæmdi rannsókn mína árið 1974 eru mér ekki lengur aðgengilegar og álit mitt í þessari skýrslu byggir eingöngu á þeim upplýsingum sem er að finna í endurritum af viðtölunum.

3. Mér er ekki kunnugt um nein læknisfræðileg eða áþreifanleg sönnunargögn sem geta staðfest ásakanir fyrrverandi vistmanna um líkamlega og kynferðislega misnotkun.

4. Mér er kunnugt um að sumir þeirra sem viðtöl voru tekin við hafa nýlega gengist undir sálfræðimeðferð, og sem gæti hafa átt sér stað áður en rannsóknarnefndin tók viðtölin. Ég hef ekki séð neinar skýrslur eða minnispunkta úr þessum meðferðartímum og hef ekki haft aðgang að neinum þeim upplýsingum sem meðferðaraðilarnir fengu.

5. Ég hef ekki fengið í hendur nein sönnunargögn um utanaðkomandi staðfestingu á ásökununum sem þeir sem viðtölin voru tekin við setja fram í viðtölunum. Ásakanirnar eru enn **órökstuddar** fyrir utan samræmi (þ.e. aðili er samkvæmur sjálfum sér í frásögnum meðan á viðtali stendur, í stað þess að vera í mótsögn við sjálfan sig, eða þá að frásögnin sem hann/hún gefur er staðfest af öðrum, annaðhvort hvað varðar ákveðnar eða almennar lýsingar). Einhverjar athuganir virðast hafa verið gerðar af rannsóknarnefndinni (dagsetning komu/brottfarar; nöfn starfsfólks við fyrstu komu til Breiðavíkur). (Vinsamlegast athugið að aldur við fyrstu komu, sem skráður er efst í viðtalsskýrsluna, er vitlaus í nokkrum tilfellum. Ég hef leiðrétt þetta í viðaukanum eftir bestu getu).

6. Ég hef ekki séð viðtöl við starfsfólk Breiðavíkur eða heyrt af viðbrögðum þeirra í fjölmiðlum.

ALMENNAR ATHUGASEMDIR

1. Þetta mál er mjög óvenjulegt hvað eftirfarandi atriði varðar:

   a. Vistmennirnir fyrrverandi sem rannsóknarnefndin tók viðtöl við dvöldu í Breiðavík á milli 1952-1979 (þ.e. fyrir 30-55 árum). Þar af leiðandi hefur í öllum tilvikum liðið verulegur tími frá því að atburðirnir áttu sér stað og þar til ásakanirnar komu fram.

   b. Lítil eða engin sönnunargögn virðast vera til staðar um að fyrrverandi vistmenn hafi sagt einhverjum frá meintum árásum fljótlega eftir að þær áttu sér stað, þó svo margir haldi því fram að þeir hafi sagt starfsfólki frá sem ekki hafi aðhafst neitt í málinu eða jafnvel refsað þeim vistmönnum sem áttu hlut að máli. Einhverjar umræður virðast hafa átt sér stað milli einhverra drengjanna á sínum tíma.

   c. Svo virðist sem ásakanirnar hafi ekki byrjað að koma fram fyrr en eftir að byrjað var að gera heimildarmynd um Breiðavík og umfangsmikil fjölmiðlaumfjöllun hófst um málið. Vistmennirnir fyrrverandi sem rannsóknarnefndin tók viðtöl við eru bersýnilega meðvitaðir um hið neikvæða umtal og nokkrir virðast hafa verið í sambandi og rætt ásakanirnar sín á milli. Þessir þættir gera hættuna á spilltum frásögnum talsverða og verður rannsóknarnefndin að taka þetta með í reikninginn þegar nákvæmni einstakra frásagna er metin.

d. Margar ásakananna snerta aðra fyrrverandi vistmenn (þ.e. að einhverjir eldri drengjanna hafi misnotað einhverja af yngri drengjunum líkamlega og kynferðislega). Það þýðir að sumir þeirra sem rannsóknarnefndin talaði við kunna að hafa verið gerendur frekar en þolendur, eða jafnvel bæði, og gæti þetta haft áhrif á frásögn þeirra af atburðum og trúverðugleika þeirra sem vitna.

e. Félagsþjónustan í Reykjavík fékk afrit af B.Sc. ritgerðinni minni árið 1975 en þau voru stimpluð „trúnaðarmál“ af félagsþjónustunni og því ekki aðgengileg almenningi, þ.m.t. fjölmiðlum. Niðurstöður ritgerðarinnar voru mjög neikvæðar og hefði það átt að vekja grunsemdir hjá félagsþjónustunni og ríkisstjórninni um að sá möguleiki væri fyrir hendi að hugsanlega fylgdu því alvarleg vandamál að senda börn á Breiðavík.

2. Það er vandamál hversu langur tími leið á milli atburðanna og því að skýrt var frá þeim, þar sem jaðaratriði geta auðveldlega gleymst og aðalatriði geta bjagast vegna spillts minnis. Vinsamlegast hafið í huga að minniháttar ósamræmi í frásögnum innan sama viðtals eða á milli viðtala er ekki áreiðanleg vísbending um blekkingu eða óáreiðanleika (Vrij, 2005).

3. Til að ganga úr skugga um áreiðanleika ásakananna, og það sem kann að hafa spillt þeim, er mikilvægt að skoða vandlega ferlið sem átti sér stað þegar ásakanirnar komu fram, allt frá því að þær komu fram fyrst, og hvernig viðtölin voru tekin við hvern og einn, hversu oft, hver tók viðtölin og hvernig viðtölin voru skráð. Ég hef hvorki verið beðinn um að taka að mér það verkefni, né hef ég fullnægjandi aðgang að gögnum til að gera slíkt. Að leita eftir sönnunum (þ.e. að koma sér í samband við fyrrverandi vistmenn eða sjúklinga á stofnunum að fyrra bragði, sem ekki er vitað til að hafi sett fram ásakanir) í málum sem þessum er varasöm aðferð, eins og viðurkennt hefur verið af nýlegri innanríkismálaþingnefnd í neðri deild breska þingsins (HC 836-I og HC 836-II; 31. október 2002).

4. Spilling, einnig þekkt sem „eftirá-truflun“ (e. „post-event interference“) (Loftus, 1979), getur átt sér stað þegar fólk fær nýjar upplýsingar. Það getur til dæmis gerst í gegnum fjölmiðlaumfjöllun um málið, þegar fólk hittir aðra ásakendur, með því að fólk ræði ásakanirnar við þriðja aðila sem gefur sitt álit á málinu, með því að sami aðili taki viðtöl við mörg vitni í sama málinu og skýri frá því hvað önnur vitni sögðu og ef sá sem tekur viðtalið er hlutdrægur (Gudjonsson, 1992, 2003). Hættan á spilltu minni er meiri ef möguleiki er á skaðabótum, ef mikil fjölmiðlaumræða á sér stað um málið og þegar „vitni“ ræða dvöl sína á Breiðavík og ásakanirnar við aðra fyrrverandi vistmenn og aðra sem áhuga hafa á málinu.

5. Fyrir flesta fyrrverandi vistmenn (drengi) á Breiðavík virðist reynslan hafa verið mjög neikvæð. Frásagnirnar af reynslu þeirra eru almennt mjög neikvæðar og tilfinningaþrungnar (sjá dálk 7 í viðauka), sem þýðir að erfiðara er að greina á áreiðanlegan hátt á milli raunverulegra og falskra minninga hvað varðar reynslu þeirra á Breiðavík (Howe, 2007).

6. Það er mikilvægt að greina á milli þess sem fyrrverandi vistmenn upplifðu, urðu vitni að eða heyrðu frá öðrum. Margar þeirra frásagna sem varða misnotkun virðast

hafa verið byggðar á því hvað þeir heyrðu eða einhver hafði sagt þeim. Ætíð ætti að hafa varann á þegar styðjast á við slíkar frásagnir.

7. Trúverðugleiki frásagna fyrrverandi vistmanna um reynslu þeirra á Breiðavík takmarkast ekki við þá sem segjast hafa orðið fyrir líkamlegri, kynferðislegri og andlegri misnotkun. Einnig þarf að skoða trúverðugleika þeirra sem ekki skýra frá neinni misnotkun. Það gætu verið góðar ástæður fyrir því að sumir fyrrverandi vistmenn greini ekki frá misnotkun, jafnvel þótt þeir hafi orðið fyrir henni eða orðið vitni að henni á sínum tíma. Sem dæmi má nefna: (1) viðkomandi hefur einfaldlega gleymt atburðinum; (2) fyrrverandi vistmanni finnst of sársaukafullt að rifja upp og ræða það hvað gerðist í raun og veru; (3) fyrrverandi vistmaður man hvað gerðist en vill ekki ræða það, þar sem það gæti dregið athyglina að viðkomandi eða öðrum sem hann vill vernda (t.d. ef fyrrverandi vistmaður var gerandi og vill ekki ljóstra því upp eða ræða það).

RANGAR ÁSAKANIR OG RÉTTAR

Ef einhverjar ásakananna gagnvart öðrum fyrrverandi vistmönnum, starfsfólki, vinnufólki eða gestum eru ekki sannar, vakna þær spurningar hvort um sé að ræða viljandi ósannar frásagnir (þ.e. til að græða peninga, vegna hefndar eða vegna þess að kærandi er gabbaður eða þvingaður af þriðja aðila til að segja rangt frá) eða „falskar“ eða „endurheimtar“ minningar.

Hægt er að skilgreina endurheimtar minningar sem tilkomu greinilegra minninga um mikilvægan atburð sem manneskjan hafði enga vitneskju um fyrir. Hugtakið er oftast notað um það að fullorðið fólk skýri frá tilkomu minninga um kynferðislega misnotkun í barnæsku sem það hafði enga vitneskju eða minningar um áður. Hugtakið getur einnig falið í sér „endurheimtar minningar“ af öðrum atburðum en kynferðislegri misnotkun, þ. á m. játningu á lögbrotum (Gudjonsson, 2003). Varast ber að rugla saman hugtakinu „endurheimtar minningar“ við eðlilega gleymsku. Það felur í sér flókið sálfræðilegt ferli sem er illa skilið og mikill ágreiningur er um (Davies og Dalgleish, 2001).

Mikill efi ríkir um áreiðanleika hugtaksins „endurheimtar minningar“, skortur er á fullnægjandi sálfræðilegum skýringum á fyrirbærinu sem gefa því trúverðugt gildi og því er talin nauðsyn að meðhöndla slíkar minningar með ýtrustu varúð (Brandon o.fl., 1998; Davies og Dalgleish, 2001). Einnig er miklum vandkvæðum bundið að sækja fólk til saka eingöngu á grundvelli endurheimtra minninga meints þolanda. (Gudjonsson, 1997a, 1997b). Því miður er sem stendur engin leið að ákvarða með fullri vissu sannleiksgildi endurheimtra minninga án viðbótarsönnunargagna.

Þegar hægt er að sýna fram á að endurheimtar minningar séu falskar eru þær tengdar hugtakinu „false memory syndrome“ (Rivera, 1997).

Algeng ályktun um endurheimtar minningar er sú að þær orsakist, eða a.m.k. að þær komi fram í viðtali við meðferðaraðila (t.d. Leo, 1997; Ofshe og Watters, 1994). Þetta er þó bersýnilega ekki alltaf tilfellið (Brandon o.fl., 1998, Ost o.fl., 2001). Hugmyndir og minningar sem varða kynferðislega misnotkun virðast koma frá fólkinu sjálfu frekar en að vera afleiðing uppástungu meðan á meðferð stendur. Til eru sannanir sem styðja þessa skoðun (Ost o.fl., 2001). Algengt er að ásakanir um

kynferðislega misnotkun, sem fela í sér endurheimtar minningar, séu dregnar til baka (Gudjonsson, 1997a; Ost o.fl. 2001; Rivera, 1997).

Gudjonsson (1997d) heldur því fram að falskar hugmyndir geti verið mikilvægur undanfari þess að fölsk minning myndist. Líklega kalla mismunandi sálfræðilegir hugarferlar fram falskar hugmyndir og falskar minningar. Myndun falskrar hugmyndar hefur lítið með minnisgetu að gera og er líklega tengdari því að bera ekki nógu mikið traust til eigin minnis. Hins vegar er fölsk minning háð því að mörgu leyti að einstaklingur sé fær um að búa til eða taka við röngum upplýsingum.

Ímyndunarafl spilar mikilvægt hlutverk við myndun falskra hugmynda og falskra minninga (Loftus, 2001). Til dæmis hafa Loftus og samstarfsmenn hennar sýnt fram á það að ef fólk er beðið um að ímynda sér að það hafi upplifað skáldaðan atburð, eykur það líkurnar verulega á því að manneskjan trúi því síðar meir að atburðurinn hafi átt sér stað. Þetta fyrirbæri, þ.e.a.s. aukin trú á því að atburður hafi átt sér stað, eftir að viðkomandi hefur verið sagt að ímynda sér hann, hefur á ensku verið nefnt „imagination inflation“ eða „ ímyndunaraukning” (Garry o.fl. 1996). Sannanir eru fyrir því að einstaklingsmunur sé mikilvægur hvað varðar „ ímyndunaraukningu”. Hvaða þættir gera fólk móttækilegt fyrir „ímyndunaraukningu“? Tveir mismunandi þættir hafa verið nefndir til sögunnar (Loftus, 2001). Í fyrsta lagi vandamál í sambandi við minni og erfiðleikar tengdir raunveruleikaskynjun (Heaps og Nash, 1999). Í öðru lagi sá hæfilæki að geta séð hluti ljóslifandi fyrir sér (Horselenberg o.fl., 2000; Ravilious, 2003).

Byggt á ferilsathugunum einstaklinga (sjá Gudjonsson, 2003), set ég fram tilgátu um þriðja þáttinn, vantrausti á eigin minni. Gudjonsson og MacKeith (1982) hafa sett fram hugtakið „memory distrust syndrome“ til að útskýra þetta fyrirbæri. Þessi hópur takmarkast ekki við fólk með lélegt minni, en þó myndu þeir sem eiga við minnisvandamál að stríða vera sérstaklega móttækilegir fyrir slíku. Einstaklingar með sæmilegt minni kunna að vantreysta minni sínu, eða þá að grafið er undan traustinu á eigin minni þegar aðrir véfengja minningar viðkomandi. Þrátt fyrir að traust einstaklings á eigin minnisgetu tengist því hversu erfitt viðkomandi verkefni er, auk færni viðkomandi, er traustið mjög sveigjanlegt og kann að minnka í kjölfarið á erfiðum yfirheyrslum (Saucier og Gaudette, 2000).

„Memory distrust syndrome“ er talið vera nátengt upprunagleymsku (Lakhan, 2007). Upprunagleymska vísar til þess þegar fólk lendir í erfiðleikum við að rifja upp samhengi minningar (þ.e. uppruna minningarinnar, hvaðan hún kom, hvort aðilinn hafi sjálfur upplifað atburðinn eða hvort einhver annar hafi gert það). Fólk getur einnig lent í því að hafa verið beitt líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi en tengja svo misnotkunina óvart rangri manneskju (geranda), röngum stað eða röngu tímabili.

Flestar þær rannsóknir sem gerðar hafa verið á ímyndunaraukningu hafa sýnt fram á breytingar á hugmyndum frekar en atburðaminningum (Loftus, 2001). Í einni tilraun þar sem bæði voru skoðaðar falskar hugmyndir og falskar minningar, sem vörðuðu atburð sem átti sér stað fyrir þriggja ára aldur, fylgdu breyttar hugmyndir minningum af atburðinum í u.þ.b. helmingi tilfella. (Mazzoni o.fl., 1999). Þættir sem ákvarða hvort „minnisspor“ fylgir hinni breyttu hugmynd eða ekki eru mjög á huldu. Einn hugsanlegur þáttur virðist verða fjöldi ímyndanna sem notaður er í tilrauninni (Goff og Roediger, 1998), eftir því sem fjöldi ímyndanna jókst, því líklegra var að þátttakendur skýrðu frá verknaði sem stungið var upp á fyrr í tilrauninni.

Endurheimtar minningar eru í eðli sínu hugsanlega óáreiðanlegar og eru enskir dómstólar tregir til að samþykkja órökstuddar ásakanir sem byggðar eru á endurheimtum minningum (Gudjonsson, 1997b). Lewis og Mullis (1999) hafa skoðað þau lagalegu vandamál sem fylgja því að sækja slík mál og hafa sett fram mikilvægar leiðbeiningar um hvernig meta ætti slík gögn fyrir rétti. Lewis og Mullis kynna fjóra valkosti sem er vísað til, „sjálfkrafa frávísun“, „mat á áreiðanleika áður en réttarhöld eiga sér stað“„sakbending“ („the identification approach“) og „vitnisburður heimill“. Hafandi í huga þann ágreining sem ríkir um áreiðanleika endurheimtra minninga (sjá Davies og Dalgleish, 2001, fyrir ítarlegt yfirlit yfir umræðuefni og ágreiningarmál), álykta Lewis og Millis að besta nálgunin sé sú sem er sambærileg sakbendingu, þar sem krafist er viðbótarsönnunargagna eigi sakfelling að standa.

Íspuni (meðvitaður eða ómeðvitaður tilbúningur) getur verið mikilvægari en sefnæmi þegar um er að ræða endurheimtar minningar (Gudjonsson, 1997c). Samt sem áður getur umtal um kynferðislega misnotkun frá meðferðaraðila, vini, lögregluþjóni eða lögfræðingi komið af stað endurheimtum eða fölskum minningum um kynferðislega misnotkun hjá viðkvæmum einstaklingum. Þeir sálfræðilegu veikleikar sem tengjast endurheimtum minningum af kynferðislegri misnotkun í æsku eru líklegir til að vera af öðrum toga en þeir sem finnast í málum sem varða falskar játningar. Í tilfellum þar sem um er að ræða endurheimtar minningar, ólíkt dæmigerðum málum þar sem falskar játningar eiga í hlut, er oft um að ræða fólk með góða menntun sem virðist hafa eðlilega greind og minnisstarfsemi (Gudjonsson, 1997a, 1997d) og ekkert sem bendir til óþarflega mikillar sefnæmi (Gudjonsson, 1997d; Leavitt, 1997). Það er áhugavert, að mikil greind og gott minni, auk lítils sefnæmis, hefur einnig fundist hjá börnum sem halda því fram að þau muni eftir fyrra lífi (Haraldsson, 1995).

Í sumum tilfellanna sem rannsóknarnefndin þarf að skoða gæti verið um að ræða „endurheimtar“ og hugsanlega „falskar“ minningar. Á þeim stöðum þar sem raunverulegur möguleiki virðist vera á slíku í viðtalsgögnunum hef ég bent á það í viðaukanum.

AÐFERÐIR TIL AÐ GREINA Á MILLI SANNRA OG RANGRA FRÁSAGNA

Tvær sálfræðilegar aðferðir eru helst notaðar til að greina blekkingu hjá fólki sem heldur því fram að það hafi verið kynferðislega misnotað: Réttmætisathugun á framburði, eða *Statement Validity Assessment* (SVA), og Raunveruleikamat eða *Reality Monitoring* (Davis, 2001). Réttmætisathugun á framburði er vinsælli og hefur verið betur staðfest hjá bæði börnum og fullorðnum vitnum (Vrij, 2005). Réttmætisathugun á framburði var notuð í þessu máli til að skoða trúverðugleika greiningarinnar á frásögnum fyrrverandi vistmanna á Breiðavík svo að hægt væri að gefa heildstæða mynd af ásökununum og trúverðugleika frásagna vistmannanna. Réttmætisathugun á framburði var ekki notuð sérstaklega til að ákvarða trúverðugleika einstakra tilfella, en þó eru sýnileg áhyggjuefni auðkennd í viðaukanum, undir fyrirsögninni „Athuganir og athugasemdir“ („Observations and Comments“).

Rannsóknarnefndin ætti ekki að gera ráð fyrir því að mat mitt og athugasemdir við trúverðugleika einstakra viðtala sé endilega betra en þeirra eigin. Mitt mat á hverju tilfelli ætti að skoðast ásamt athugunum annarra á viðtalsgögnunum. Frásagnir

fyrrverandi vistmanna meðan á viðtölum stóð þurfa einnig að skoðast með tilliti til annarra gagna sem rannsóknarnefndin gæti haft aðgang að.

Villuhlutfall þessarar aðferðar í rannsóknum á rannsóknarstofum er u.þ.b. 30% (Vrij, 2005). Villuhlutfall í vettvangsrannsóknum er óþekkt. Þar af leiðandi ætti að nota þessa aðferð til leiðbeiningar í rannsóknum frekar en sem sönnun í einkamálum sem opinberum málum.

Réttmætisathugun á framburði felur í sér þrjú aðalstig (David, 2001; Vrij, 2005):

1. Hálf-staðlað (e. "semi-structured") viðtal við barnið/fullorðna einstaklinginn þar sem ásakanirnar eru útlistaðar nánar með opnum (ekki leiðandi) spurningum. Þessi viðtöl eru venjulega hljóðrituð og skrifuð niður.

2. Innihald viðtalanna er svo grandskoðað með tilliti til hinna 19 viðmiðana sem eru taldar geta greint á milli réttra og rangra staðhæfinga (þetta er þekkt sem viðmiðunarmiðuð innihaldsgreining eða *Criteria-based Content Analysis (CBCA)*). Aðaltilgátan er sú að staðhæfing sem byggir á minningum sé frábrugðin tilbúnum frásögnum bæði hvað varðar innihald og eiginleika. Það er álitið að bæði vitrænir og áhugaþættir hafi áhrif á CBCA-skor. Viðmiðanirnar 19 eru flokkaðar í fjóra flokka: „Almennir eiginleikar", „sérstakt innihald", „áhugatengt innihald" og „þættir sem snerta brot".

3. Útkoman úr CBCA er metin samhliða réttmætisgátlista sem inniheldur atriði sem eru í samræmi við vitræna virkni barnsins, sefnæmi þess og samræmi í frásögn, og er þannig viðbótarefni sem hjálpar til við greina trúverðugleika (mjög litlar upplýsingar eru til staðar um slíkt viðbótarefni í greiningu Breiðavíkurmálanna).

Það eru a.m.k. þrjár tegundir óréttmætra ásakana sem erfitt er að greina með því að nota Réttmætisathugun á framburði eða Raunveruleikamat:

1. Þar sem kynferðisleg misnotkun hefur átt sér stað, en viðkomandi tilgreinir rangan geranda, annaðhvort vísvitandi eða óafvitandi (þ.e. slík mál geta innihaldið mikið af smáatriðum eða samhangandi frásögn), eða rangar aðstæður.

2. Fólk getur munað illa hvað raunverulega gerðist og ruglað því sem gerðist saman við ímyndaðan atburð. Ímyndaðir atburðir innihalda oft mikið af smáatriðum og gætu virst trúverðugir. Í þessu samhengi ætti því að sýna aðgát í málum þar sem fólk segir frá atburðum á óvenju hugmyndaríkan hátt (þetta er augljóst í frásögnum sumra fyrrverandi vistmannanna Breiðavíkurvistheimilisins).

3. Vel undirbúnar og æfðar lygar um atburði er erfitt að finna og greina frá sönnum frásögnum.

SVÖR VIÐ SPURNINGUNUM

1. Hvort draga megi þá ályktun af framburðum fyrrverandi vistmanna í viðtölum, **þegar á heildina er litið,** að meiri líkur en minni séu að því að sumir vistmenn hafi á einstökum tímabilum í starfsemi heimilisins mátt þola illa meðferð eða ofbeldi af hálfu starfsfólks, t.d. kynferðislega misnotkun eða áreiti eða annað andlegt og líkamlegt ofbeldi (með orðinu fyrrverandi vistmaður er átt við börn og unglinga sem send voru til vistunar á Breiðavík).

   Svar: Byggt á viðtalsgögnunum sem ég hef séð er líklegt að einhverjir drengjanna hafi, meðan á dvöl þeirra í Breiðavík stóð, þurft að þola andlega, líkamlega eða kynferðislega misnotkun af hálfu einhvers af starfsfólkinu.

2. Hvort draga megi þá ályktun af framburðum einstakra vistmanna í viðtölum, **þegar á heildina er litið**, að meiri líkur en minni séu á því að sumir vistmenn hafi á einstökum tímabilum í starfsemi heimilisins mátt þola illa meðferð eða ofbeldi af hálfu **annarra fyrrverandi vistmanna**, t.d. kynferðislega misnotkun eða áreiti eða annað andlegt og líkamlegt ofbeldi.

   Svar: Byggt á viðtalsgögnunum sem ég hef séð er líklegt (þ.e. að meiri líkur en minni) að meðan á dvöl þeirra á Breiðavík stóð hafi einhverjir yngri drengjanna mátt þola andlega, líkamlega eða kynferðislega misnotkun frá eldri drengjum.

3. Hvort draga megi þá ályktun af framburðum einstakra vistmanna í viðtölum að ill meðferð og/eða ofbeldi, hafi það átt sér stað, hafi tekið breytingum eftir yfirstjórn eða starfsfólki heimilisins á hverjum tíma.

   Svar: Það er ljóst að sum tímabilin á Breiðavík voru neikvæðari en önnur. Fyrsta tímabilið (1952-1955) virðist hafa verið tiltölulega jákvætt fyrir vistmenn (þar á er ein undantekning sem er vafasöm). Ekki er hægt að ályktа með öruggum hætti að líkamleg, kynferðisleg og andleg misnotkun hafi átt sér stað á því tímabili.

   Á öðru tímabilinu (1955-1956) voru tíðar frásagnir af líkamlegri og kynferðislegri misnotkun eldri drengja á yngri drengjum. Það virðist hafa verið lítill agi og eftirlit. Það voru greinilegir erfiðleikar á milli drengjanna þar sem mjög erfiðir eldri drengir, sem lítið eftirlit var haft með, níddust á og misnotuðu yngri drengi. Það er líklegt að starfsfólk hafi beitt drengina einhverjum líkamlegum refsingum en þau tilvik virðast hafa verið frekar minniháttar.

   Eðli ofbeldisins breyttist á þriðja tímabilinu (1957-1962). Lýsingar á forstöðumanninum voru almennt jákvæðar en nokkuð af öðru starfsfólki var sagt hafa beitt drengina alvarlegu líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi. Kynferðisleg misnotkun á meðal drengjanna hélt áfram frá tímabilinu á undan. Nokkrar frásagnanna virðast vera ýktar en í heild virðist hafa verið mikið um líkamlega og kynferðislega misnotkun af hálfu starfsfólks og einnig einhverra drengjanna á öðrum drengjum.

Á þessu tímabili (1962-1964) héldu einhverjir eldri drengjanna áfram að misþyrma yngri drengjunum bæði líkamlega og kynferðislega. Færri tilvik um líkamlega og kynferðislega misnotkun eru tilkynnt miðað við tímabilið á undan.

Fimmta tímabilið (1964-1972) var það lengsta og virðist hafa verið það ofbeldisfyllsta hvað varðar starfsfólk. Forstöðumaðurinn er sagður hafa verið skapheitur, hvatvís og yfirgangssamur, og virðist hafa haldið uppi ofríki og grimmilegum aga. Hann er sagður hafa beitt drengina oft ofbeldi. Það er töluvert samræmi í frásögnum af umfangi og eðli árásargjarnrar og yfirþyrmandi hegðunar forstöðumannsins og sona hans. Stórlega dró úr árásargjörnu og kynferðislegu atferli eldri drengjanna gagnvart þeim yngri á þessu tímabili, sem gæti verið afleiðing hins grimmilega aga og aukinnar samheldni á meðal drengjanna þar sem þeir þurftu meira á stuðningi hvers annars að halda. Það komu fram nokkrar ásakanir um að eiginkona forstöðumannsins hefði haft lítil kynferðisleg mörk, og hefði í raun misnotað drengi með stuðningi og leyfi eiginmanns síns. Einhverjar af kynferðislegu ásökununum gætu verið ýktar en í heild eru þær trúverðugar.

Það eru mjög litlar upplýsingar um sjötta tímabilið (1972-1973). Þeir tveir fyrrverandi vistmenn sem rætt var við eru neikvæðir í sambandi við reynslu sína en það eru engar sannanir fyrir því að líkamleg eða kynferðisleg misnotkun af hálfu starfsfólks hafi átt sér stað á þessu tímabili.

Síðustu tvö tímabilin (7 og 8; 1973-1979) voru almennt jákvæð, þótt það líti út fyrir að hafa verið lítill agi; einhver dæmi hafi verið um ofbeldi af hálfu starfsfólks og dæmi um að kynferðisleg hegðun hefði átt sér stað (t.d. segjast tveir kvenkyns vistmenn hafa orðið barnshafandi meðan á dvöl þeirra á Breiðavík stóð).

4. Hvort draga megi þá ályktun af framburðum einstakra vistmanna í viðtölum að einstakar frásagnir af andlegu, líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi megi almennt teljast ótrúverðugar eða ósannar að hluta til eða að öllu leyti, þ.e. hvort litið verði á einstakar frásagnir sem óáreiðanlegar þar sem þær séu alvarlega afbakaðar, ýktar, meðvitað eða ómeðvitað upplognar eða greinilega er dregið út því sem átti sér stað.

Svar: Það er greinilega mikill munur á trúverðugleika frásagna fyrrverandi vistmanna. Sumar frásagnirnar virðast vera trúverðugri en aðrar og hef ég bent á þær í viðaukanum.

NIÐURSTÖÐUR

1. Í þessari skýrslu hef ég fjallað um þau vandamál sem gjarnan koma upp þegar meta þarf trúverðugleika vitna í málum sem þessum. Ísland er ekki eina landið þar sem upp kemur hneykslismál í sambandi við vistheimili og stendur nú frammi fyrir þeim aðstæðum að eitthvað þarf að aðhafast í málunum.

2. Ég hef metið skrár 79 fyrrverandi vistmanna Breiðavíkur.

3. Mat á trúverðugleika frásagna fyrrverandi vistmanna um reynslu þeirra á Breiðavík er grundvallaratriði í hlutverki rannsóknarnefndarinnar. Það er alls ekki auðvelt verk sökum ýmissa þátta sem gera slíkt flókið viðfangs og eru undirstrikaðir í þessari skýrslu. Það er auðveldara að ákvarða yfir heildina hvort andleg, líkamleg og kynferðisleg misnotkun átti sér stað á Breiðavík, en að úrskurða um áreiðanleika misnotkunar í hverju tilfelli fyrir sig. Ákveðin mynstur yfir tímabil sem stýrt var af mismunandi forstöðumönnum eru augljós. Sum tímabilin voru bersýnilega verri en önnur.

4. Það leikur lítill vafi á því að margir vistmannanna máttu þola andlegt, líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi frá öðrum (venjulega eldri) drengjum og einhverju af starfsfólkinu, meðan á dvöl þeirra á Breiðavík stóð. Þetta er ekki bara spurning um hvað kom fyrir þá á Breiðavík; málið snýst líka um það hvernig þeir upplifðu þessa atburði og það er þeirra einstaklingsbundna túlkun á hlutunum sem gefur til kynna hvernig þessi lífsreynsla hefur haft áhrif á þá. Þetta endurspeglast líklega í núverandi frásögnum þeirra af Breiðavík, frekar en að þar sé um að ræða hlutveruleika. Í mörgum tilvikum hafa áhrifin af þessari lífsreynslu verið neikvæð og skaðleg sem sennilega útskýrir að hluta til hið háa hlutfall vistmanna sem sakfelldir höfðu verið fyrir afbrot eftir að hafa dvalist á Breiðavík (Gudjonsson, 1982).

5. Algengt umkvörtunarefni hjá mörgum fyrrverandi vistmönnum var hversu litla menntun þeir hlutu meðan þeir dvöldu á Breiðavík.

6. Staðsetning Breiðavíkur og það hversu einangraður staðurinn var frá umheiminum hefur líklega fengið á marga af vistmönnunum. Margir bentu á það hversu erfið og óvægin þessi einangrun var. Það er augljóst af frásögnum vistmannanna að ekki var til staðar fullnægjandi stuðningskerfi til að mæta tilfinningalegum, félagslegum og menntunarlegum þörfum þeirra. Almennt virtust þeir ekki treysta starfsfólkinu og þeir gátu ekki trúað þeim fyrir vandamálum. Í þau skipti sem þeir töluðu við starfsfólkið og skýrðu frá ofbeldisatvikum, virðist þeim ekki hafa verið trúað og þeir hlutu engan stuðning. Reyndar segja margir frá því að tilraunir til að segja frá ofbeldisatvikum hafi endað með refsingu og frekara ofbeldi. Það er líklegt að sú hafi verið raunin.

7. Svo virðist sem yfirvöld hafi ekki viljað trúa því að hugsanlega hafi fylgt því alvarleg vandamál að senda erfið börn til Breiðavíkur og því hafi á sínum tíma verið litið framhjá viðvörunarmerkjum sem hefðu kannski átt opna augu hlutaðeigandi fyrir vandanum.

8. Sumir vistmannanna, sérstaklega frá fyrsta og síðustu tveimur tímabilunum, lýsa einhverjum jákvæðum upplifunum á Breiðavík. Hins vegar lýsir mikill meirihluti þeirra sem talað var við reynslu sinni á Breiðavík á neikvæðan hátt. Nokkrir fyrrverandi vistmannanna virðast hafa átt í erfiðleikum með að ræða reynslu sína á Breiðavík, sennilega vegna þess að þeim þótti það of sársaukafullt og þeir höfðu í gegnum árin reynt mikið að gleyma henni. Hin mikla fjölmiðlaumfjöllun um málið hefur líklega orðið til þess að endurvekja slæmar minningar um reynslu þeirra á Breiðavík.

9. Það er jákvætt að íslenska ríkisstjórnin og heilbrigðisyfirvöld séu nú að viðurkenna vandamálin sem fylgdu Breiðavík og útvega stuðning og viðeigandi aðstoð fyrir þá fyrrverandi vistmenn sem vilja hjálp.

10. Það er mikilvægt að reyna að skilja hvað fór úrskeiðis á Breiðavík sem vistheimilis fyrir erfið og andlega viðkvæm börn, og að koma auga á hvað er hægt að læra af þessari reynslu. Aðalatriðið ætti ekki að vera að kenna ákveðnum einstaklingum um (þ.e. það er enginn tilgangur með „nornaveiðum“), heldur frekar að viðurkenna að mistök áttu sér stað, skilja hvað fór úrskeiðis, útvega viðeigandi stuðning fyrir fyrrverandi vistmenn og tryggja að svipaðar aðstæður komi ekki upp í framtíðinni.

11. Æskilegt er að rannsóknarnefndin dæmi Breiðavík í samræmi við þær kröfur sem áttu við á þeim tíma er heimilið var rekið, í stað þess að dæma það eftir kröfum dagsins í dag.

12. Breiðavík verður best lýst sem mistökum í kerfinu þar sem farið var illa með mörg viðkvæm börn og þau vanrækt sem hafði í för með sér hrikalegar afleiðingar á líf þeirra.

Gísli H. Guðjónsson, prófessor.

Heimildir.

Brandon, S., Boakes, J., Glaser, D. og Green, R. (1998). Recovered memories of childhood sexual abuse. Implications for clinical practice. British Journal of Psychiatry, 172, 296-307.

Brown, D. (1995). Pseudomemories: the standard science and the standard care in trauma treatment. American Journal of Clinical Hypnosis, 37, 1-24.

Davies, G. (2001). Is it possible to discriminate true from false memories? Í Graham M Davies and Tim Dalgleish (ritstj.), *Recovered Memories. Seeking the Middle Ground*. John Wiley & Sons: Chichester, bls. 153-174.

Davies, G. M. og Dalgleish, T. (2001). Recovered Memories. Seeking the Middle Ground. John Wiley & Sons: Chichester.

Garry, M., Manning, C. G., Loftus, E. F. og Sherman, S. J. (1996). Imagination inflation: imagining a childhood event inflates confidence that it occurred. Psychonomic Bulletin and Review, 3, 208-214.

Goff, L. M. og Roediger, H. L. M. (1998). Imagination inflation. The effects of number of imaginings on recognition and source monitoring. Memory and Cognition, 26, 20-33.

Gudjonsson, G. H. (1982). Delinquent Boys in Reykjavik: A Follow-up Study of Boys Sent to an Institution. Í J. Gunn og D. P. Farrington (ritstj.), *Abnormal Offenders, Delinquency, and the Criminal Justice System*. Chichester: John Wiley & Sons Ltd. Bls. 203-212.

Gudjonsson, G. H. (1992). The Psychology of Interrogations, Confessions and Testimony. John Wiley & Sons: Chichester.

Gudjonsson, G. H. (1997a). Accusations by adults of childhood sexual abuse: A survey of the members of the British False Memory Society (BFMS). Applied Cognitive Psychology, 11, 3-18.

Gudjonsson, G. (1997b). Members of the British False Memory Society: the legal consequences of the accusations for the families. Journal of Forensic Psychiatry, 8, 348-356.

Gudjonsson, G. H. (1997c). The members of the BFMS, the accusers and their siblings. The Psychologist, 10, 111-115.

Gudjonsson, G. H. (1997d). False memory syndrome and the retractors: Methodological and theoretical issues. Psychological Inquiry, 8, 296-299.

Gudjonsson, G. H. (1992). *The Psychology of Interrogations, Confessions, and Testimony*. Chichester: John Wiley & Sons.

Gudjonsson, G. H. (2003). The Psychology of Interrogations and Confessions. A Handbook. Chichester: John Wiley & Sons.

Gudjonsson, G. H. (2006). Disputed Confessions and Miscarriages of Justice in Britain: Expert Psychological and Psychiatric Evidence in Court of Appeal. *The Manitoba Law Journal*, *31*, 489-521.

Gudjonsson, G. H. og MacKeith, J. A. C. (1982). False confessions: psychological effects of interrogation. A Discussion Paper. In: Reconstructing the Past: The Role of Psychologists in Criminal Trials (ritstj. A. Trankell). Kluwer: Deventer, Holland, bls. 253-269.

Gudjonsson, G. H., Kopelman, M. D. og MacKeith, J. A. C. (1999). Unreliable admissions to homicide: A case of misdiagnosis of amnesia and misuse of abreaction technique. British Journal of Psychiatry, 174, 455-459.

Haraldsson, E. (1995). Personality and abilities of children claiming previous life memories. Journal of Nervous and Mental Disorders, 183, 445-451.

Heaps, C. og Nash, M. (1999). Individual differences in imagination inflation. Psychonomic Bulletin and Review, 6, 313-318.

Horselenberg, R., Merckelbach, H., Muris, P. og Rassin, (2000). Imagining fictitious childhood events. Clinical Psychology and Psychotherapy, 7, 128-137.

Howe, M. L. (2007). Children's emotional false memories. *Psychologial Science. Research, Theory, and Application in Psychology and Related Sciences*. 18, 10, 856-860.

Kassin, S. M. (1997). False memories turned against the self. Psychological Inquiry, 8, 300-302.

Kopelman, M. og Morton, J. (2001). Psychogenic amnesias: functional memory loss. Í: Recovered Memories. Seeking the Middle Ground. (Ritstj. G. M. Davies og T. Dalgleish). John Wiley & Sons: Chichester, bls. 219-243.

Lakhan, S. E. (2007). Neuropsychological generation of source amnesia: An episodic memory disorder of the frontal brain. *Journal of Medicine*, *1*, 1-10.

Leavitt, F. (1997). False attribution of suggestibility to explain recovered memory of childhood sexual abuse following extended amnesia. Childhood Abuse and Neglect, 21, 265-271.

Leo, R. A. (1997). The social and legal construction of repressed memory. Law and Social Inquiry, 22, 653-693.

Lewis, P. og Mullis, A. (1999). Delayed criminal prosecutions for childhood sexual abuse: ensuring a fair trial. Law Quarterly Review, 115, 265-295.

Loftus, E. F. (1979). Eyewitness Testimony. Harvard University Press: London.

Loftus, E F. (2001). Imagining the past. The Psychologist, 14, 584-587.

Loftus, E F., Wolchover, & Page, D.(2006). General review of the psychology of witness testimony. Í: Heaton-Armstrong, A., Shepherd, E., Gudjonsson, G. og Wolchover, D. (ritstj.) *Witness Testimony. Psychological, Investigative and Evidential Perspectives*. Oxford. Oxford University press, bls. 7-22.

Mazzoni, G. A. L., Loftus, E. F., Seitz, A. og Lynn, S. (1999). Changing beliefs and memories through dream interpretation. Applied Cognitive Psychology, 13, 125-144.

Moss, A., Jones, C., Fokias, D. og Quinn, D. (í prentun). The mediating effects of effort upon the relationship between head injury, severity and cognitive functioning. Brain Injury.

Ofshe, R. og Watters, E. (1994). Making Monsters. False Memories, Psychotherapy and Sexual Hysteria. Charles Scribner's Sons: New York.

Ost, J., Costall, A. og Bull, R. (2001). False confessions and false memories: a model for understanding retractor's experiences of making and repudiating claims of childhood sexual abuse. Journal of Forensic Psychiatry, 12, 549-579.

Pope, S. P. og Brown, L. S. (1996). Recovered Memories of Abuse. Washington DC: American Psychological Association.

Ravilious, K. (2003). Tricks of the mind. The Independent Review, miðvikudagur 14 maí 2003, bls. 10.

Rivera, J. (1997). The construction of false memory syndrome: the experience of retractors. Psychological Inquiry, 8, 271-292.

Saucier, D. og Gaudette, N. (2000). Actual memory ability significantly predicts self-evaluations of memory. Expert Evidence, 8, 3-14.

Sigurdsson, E., Gudjonsson, G. H., Kolbeinsson, H. og Petursson, H., (1994). The effects of depression on confabulation, memory processing, and suggestibility. Nordic Journal of Psychiatry, 48, 443-451.

Smith, P. og Gudjonsson, G. H. (1995). The relationship of mental disorder to suggestibility and confabulation among forensic inpatients. Journal of Forensic Psychiatry, 6, 499-515.

Vrij, A. (2005). Criteria-based content analysis. A qualitative review of the first 37 studies. *Psychology, Public Policy, and Law*, *11*, 3-41.

Young, H. F., Bentall, R. P., Slade, P. D. og Dewey, M. E. (1987). The role of brief instructions and suggestibility in the elicitation of auditory and visual hallucinations in normal and psychiatric subjects. Journal of Nervous and Mental Disease, 175, 41-48

FYLGISKJAL NR. 3

Gísli H. Guðjónsson, B.Sc, M.Sc, Ph.D, C.Psychol, FBPsS

Prófessor í réttarsálfræði

INSTITUTE OF PSYCHIATRY, KING'S COLLEGE LONDON

SÁLFRÆÐSKÝRSLA

Tilv. Breiðavík.

TENGILIÐUR: **DAGSETNING SKÝRSLU:** 31.12.2007.

Róbert R. Spanó,
formaður,
Rannsókn á Breiðavík
Hverfisgötu 4a,
150 Reykjavík,
Ísland.

TILGANGUR MATS:

Ég hef verið beðinn um að meta viðtöl við 14 fyrrverandi starfsmenn á Breiðavík og birta álit mitt á því hvort þau hafi áhrif á þær niðurstöður sem ég komst að varðandi frásagnir 79 fyrrverandi vistmanna á Breiðavík. Í skýrslu minni, dagsettri 2. desember 2007, skýrði ég frá því að ein af takmörkunum álitsgerðarinnar væri sú að ég hefði ekki séð endurrit af viðtölum við starfsfólk Breiðavíkur eða heyrt af viðbrögðum þeirra í fjölmiðlum.

Fyrirmæli voru gefin í bréfi frá Þuríði B. Sigurjónsdóttur, dagsettu 20. nóvember 2007. Skjölin sem ég fékk í hendur samanstóðu af 14 endurritum af viðtölum rannsóknarnefndarinnar við fyrrverandi starfsfólk á Breiðavík. Athugasemdir mínar hvað hvert og eitt þessara viðtala varðar fylgja með þessari skýrslu.

HÆFNI MATSAÐILA

Ég er prófessor í réttarsálfræði við Institute of Psychiatry, King's College London, og yfirmaður réttarsálfræðiþjónustunnar við Suður-London og Maudsley NHS Trust. Ég er löggiltur klínískur og réttarsálfræðingur og félagi í British Psychological Society (breska sálfræðingafélaginu). Árið 2001 var ég sæmdur heiðursdoktorsnafnbót við læknadeild Háskóla Íslands fyrir störf mín á sviði réttargeðlækninga og sálfræði. Ég hef gefið út mikið af efni á sviði réttarsálfræði, þ. á m. um ofbeldi, minnisleysi af sálrænum toga, streitu, sálfræðilega veikleika, falskar játningar, viðtöl lögreglu og endurheimtar minningar. Ég hef verið ráðgjafi í mörgum málum fyrir lögreglu, ákæruvald, áfrýjunarnefnd sakamála (e. "Criminal Cases Review Commission"), sem og verjendur, og hef gefið bæði skriflegan og munnlegan vitnisburð í mörgum stórum málum, þ. á m. Guildford Four, Birmingham Six, Judith Ward, Engin Raghip, Idris Ali, Donald Pendleton, Andrew Evans, Derek Bentley, Darren Hall, Peter Fell, John Flanagan, Patrick Nolan, Raymond Gilmore og UDR 4 og Patrick Kane í Norður-Írlandi (sjá Gudjonsson, 2006). Ég hef einnig borið vitni í öðrum löndum, þ. á m. í Bandaríkjunum, Noregi, Ísrael og Haag. Í desember 1999 gegndi ég hlutverki sérfræðings í eftirlitsheimsókn á vegum Evrópuráðsins, Evrópunefnd um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu, til Norður-Írlands. Árið 1989 bar ég vitni fyrir gerðardómi vegna Zeebrugge-slyssins fyrir hönd þriggja stefnenda. Ég vinn jöfnum höndum að málum fyrir ákæruvaldið og verjendur.

Ég er höfundur „The Psychology of Interrogations and Confessions. A Handbook" (John Wiley & Sons, 2003), „The Gudjonsson Suggestibility Scales Manual" (Psychology Press, 1997), „Forensic Psychology. A Guide to Practice" (Routledge, 1998), skrifuð ásamt Lionel Haward, og „The Causes and Cures of Criminality" (Plenum Press), skrifuð ásamt Hans Eysenck. Auk þess ritstýrði ég ásamt Anthony Heaton-Armstrong, Eric Shepherd og David Wolchover bókinni *Witness Testimony. Psychological, Investigative and Evidential Perspectives* (Oxford University Press, 2006). Ég var einn höfunda tveggja rannsóknarskýrslna sem voru unnar fyrir tilstuðlan Royal Commission on Criminal Justice og gefnar út af H.M.S.O. („Persons at risk during interviews in police custody: The identification of vulnerabilities" og „Devising and piloting a new Notice to Detained Persons").

ATHUGASEMDIR VIÐ VIÐTÖLIN

Ég hef lesið og rannsakað vandlega endurrit af viðtölum við 14 fyrrverandi starfsmenn á Breiðavík og eru athugasemdir mínar eftirfarandi:

1. Flestar frásagnirnar í viðtölunum virðast sannfærandi (þ.e. trúverðugar). Flestir þeir fyrrverandi starfsmenn sem talað var við virðast hafa reynt eftir bestu getu að rifja upp hverju þeir urðu vitni að á Breiðavík. Ég er þeirrar skoðunar að flestir hafi sagt rétt frá og í góðri trú, og að það komi ekki á óvart að sumir þeirra hafi átt í erfiðleikum með að rifja upp eftir allan þann tíma sem er liðinn frá því að viðkomandi starfaði á Breiðavík.

2. Flestir héldu því fram að þeir hefðu hvorki orðið vitni að líkamlegu né kynferðislegu ofbeldi en nokkrir þeirra sögðust ekki geta útilokað að slíkt hefði getað átt sér stað án þeirra vitneskju. Tveir af fyrrverandi

starfsmönnunum virtust í mikilli vörn og virtust draga upp óhóflega jákvæða mynd af Breiðavík.

3. Nokkrir þeirra sem talað var við greindu frá því að hafa orðið varir við að eitthvað var um að eldri vistmenn leggðu yngri vistmenn í einelti, (yfirleitt stærri vistmenn þá sem yngri og minni voru). Einum forstöðumanninum var lýst af nokkrum starfsmönnum sem skapheitum og sögðu þeir að sá hefði annað slagið beitt vistmenn ofbeldi. Samræmi var mikið í þessum frásögnum og þær voru trúverðugar, auk þess sem þær staðfesta það sem fyrrverandi vistmenn hafa haldið fram. Einnig var eitthvað um frásagnir af kynferðislegri misnotkun af hálfu vistmanna (t.d. kynferðisathafnir með dýrum, aðrir vistmenn misnotaðir kynferðislega) en ekki eru neinar skýrar og trúverðugar frásagnir af því að starfsfólk hafi misnotað vistmenn. Það þýðir ekki að slíkt hafi ekki átt sér stað þar sem slíkt gæti hafa gerst án þess að tekið væri eftir, eða þá að viðkomandi hafi kosið að horfa framhjá því (t.d. með því að látast ekki taka eftir því).

4. Eftir að hafa skoðað frásagnir starfsmannanna 14 er ég þeirrar skoðunar að niðurstöður þær sem ég komst að í skýrslu minni dagsettri 2. desember 2007, varðandi frásagnir fyrrverandi vistmanna, skuli standa.

5. Það er sennilegt að hefði starfsfólk orðið vitni að alvarlegu líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi á Breiðavík væri það ófúst að segja frá því eftir svona langan tíma, sérstaklega þar sem hætta yrði á gagnrýni fyrir að hafa ekki brugðist við á viðunandi hátt á sínum tíma (þ.e. að gefa í skyn undanlátsemi eða að hafa þagað um lögbrot). Almennt ætti að hafa það í huga hvað varðar yfirlýsingar fyrrverandi starfsfólks að hugsanlegt er að sá sem talað er við muni setja hagsmuni sína og fjölskyldu sinnar ofar öðru. Þetta þarf að hafa í huga þegar verið er að meta trúverðugleika minninganna.

6. Þar sem sumir fyrrverandi vistmenn gætu, annaðhvort vísvitandi eða óafvitandi, hafa ýkt ásakanirnar og það sem þeir upplifðu og urðu vitni að á Breiðavík, gætu fyrrverandi starfsmenn reynt að draga úr því sem þar átti sér stað, annaðhvort vegna þess að þeir vilja ekki horfast í augu við atburðina sjálfa eða afleiðingarnar af því að ljóstra þeim upp, þar sem slíkt hefði átt að gera á sínum tíma.

7. Almennt virðist vera hægt að draga þá ályktun af viðtölunum við fyrrverandi starfsfólk, að Breiðavík var ekki rekið á viðunandi hátt sem vistheimili. Starfsfólk var hvorki nægilega þjálfað né reynslumikið til að geta borið þá ábyrgð sem það hafði tekið sér á hendur. Það verður að draga það alvarlega í efa að starfsfólk hafi haft hæfni til að sinna störfum sínum, aga var oft ábótavant, hann óviðeigandi eða of mikill, auk þess sem skortur var á viðeigandi eftirliti og stuðningi utanaðkomandi, þar til bærra aðila. Einnig kann að vera að fjármagn hafi ekki verið nægilegt til þess að reka heimilið á viðunandi hátt sem vistheimili. Sumt fyrrverandi starfsfólk heldur því fram að það hafi kvartað við stjórnvöld, en að slíkum kvörtunum hafi ekki verið sinnt á viðunandi hátt (einn starfsmaður heldur því þó fram að þetta hafi leitt til þess að barnaverndarnefnd Reykjavíkur hætti að senda börn til Breiðavíkur). Það

virðast hafa komið fram margar vísbendingar um vandamál á Breiðavík en svo virðist sem yfirvöld, þ.m.t. stjórnmálamenn hafi litið framhjá þeim.

Gísli H. Guðjónsson, prófessor.

FYLGISKJAL NR. 4

Álitsgerð

um ýmis skaðabótaréttarleg atriði í tilefni af könnun nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 á starfsemi vistheimilisins Breiðavík á árunum 1952 til 1979.

1. Beiðni um álitsgerð.

1.1 Inngangur

Með bréfi dags. 24. október 2007, óskaði Róbert Ragnar Spanó, sem er formaður nefndar, samkvæmt lögum nr. 26/2007, um skipan nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn, eftir því við mig að ég ritaði álitsgerð þar sem tekin er afstaða til þeirra álitaefna, sem greinir að neðan.

Í upphafi bréfsins er gerð grein fyrir því, að forsætisráðherra hafi skipað nefnd á grundvelli ofangreindra laga. Segir, að samkvæmt 5. gr. laganna hafi forsætisráðherra sett nefndinni erindisbréf, þar sem nánar sé mælt fyrir um verkefni hennar. Hafi verið ákveðið að nefndin skyldi í fyrstu kanna starfsemi vistheimilisins Breiðavíkur á árunum 1950 til 1980. Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laganna hafi markmið þeirrar könnunar og meginverkefni nefndarinnar verið eftirfarandi:

> a. Að lýsa starfsemi vistheimilisins Breiðavíkur, hlutverki hennar í barnaverndar- eða uppeldismálum og tildrögum þess að börn voru vistuð þar á ofangreindu tímabili.
>
> b. Að leitast við að staðreyna, eins og kostur er, hvort og þá í hvaða mæli börn sem vistuð voru á vistheimilinu Breiðavík hafi sætt illri meðferð eða ofbeldi meðan á dvölinni stóð.
>
> c. Að lýsa því hvernig opinberu eftirliti með vistheimilinu Breiðavík var háttað.
>
> d. Að leggja grundvöll að tillögum til stjórnvalda um frekari viðbrögð ef ástæða þykir til.

Segir í bréfinu að nefndinni sé ætlað að skila skýrslu sinni um könnunina til forsætisráðherra eigi síðar en 1. janúar 2008.

Í bréfinu segir jafnframt, að svo sem tiltekið sé í d – lið að ofan, beri nefndinni að leggja mat á hvort og þá hvaða tillögur til stjórnvalda um frekari viðbrögð sé rétt að setja fram í ljósi niðurstaðna af könnun nefndarinnar. Þar kemur m.a. til greina að gera tillögu um að afstaða verði tekin til þess af hálfu forsætisráðherra og ríkisstjórnar, eftir atvikum með aðkomu Alþingis, hvort leitast eigi við að rétta hlut vistmanna, að hluta eða í heild, með fjárgreiðslu, sem líkast til yrði í formi miskabóta.

1.2 Álitaefnin
Til að leggja grunn að mati nefndarinnar á því hvort gera eigi slíka tillögu, og þá í hvaða formi er þess farið á leit að ég riti álitsgerð um þau atriði, sem tilgreind eru að neðan:

1. Kemur til greina, og þá að uppfylltum hvaða skilyrðum, að maður, sem var vistaður sem barn á vist- eða meðferðarheimili á vegum ríkisins á árunum 1952 – 1979, á grundvelli ákvæði í lögum og reglugerðum um barnaverndarmál, eigi skaðabótarétt á hendur ríkinu til greiðslu miskabóta, þegar:

    a. sýnt þykir að ákvarðanir stjórnvalda ríkis, sem falið var samkvæmt lögum og reglugerðum um barnaverndarmál að taka ákvarðanir um vistun barna á vist- eða meðferðarheimilum gegn vilja foreldris, hafi verið ólögmætar.

2. Kemur til greina, og þá að uppfylltum hvaða skilyrðum, að maður, sem var vistaður sem barn á vist- eða meðferðarheimili á vegum ríkisins á árunum 1952 – 1979, á grundvelli ákvæða í lögum og reglugerðum um barnaverndarmál, eigi skaðabótarétt á hendur ríkinu, einkum til greiðslu miskabóta, þegar:

    a. sýnt þykir að hann hafi á vistunartíma orðið með reglubundnum hætti fyrir líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi í merkingu refsilaga af hálfu annarra vistmanna, sakhæfra eða ósakhæfra, og að sýnt þyki að starfsmenn ríkisins á viðkomandi vistheimili hafi í störfum sínum sýnt almennt eða stórfellt gáleysi vegna skorts á því að rækja umönnunar- og eftirlitsskyldur í samskiptum vistmanna?

    b. sýnt þykir að hann hafi á vistunartíma orðið með reglubundnum hætti fyrir líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi í merkingu refsilaga af hálfu starfsmanna ríkisins á viðkomandi vistheimili?

3. Ef svör við 1. og/eða 2. lið eru játandi, er þess óskað, að lagt sé mat á þá valkosti, sem til greina koma, um leiðir sem færar eru eða kynnu að vera fyrir stjórnvöld, eftir atvikum með aðkomu Alþingis, til að leggja mat á og ákveða greiðslu miskabóta til þeirra einstaklinga, að hluta eða í heild, sem vistaðir voru á Breiðavíkurheimilinu á árunum 1952 – 1979,

2. Efnistök.
Í álitsgerð þessari verður fyrst fjallað með almennum hætti um, hvernig háttað var reglum um skaðabótaábyrgð ríkisins á þeim árum, sem hér skipta máli, þ.e. frá 1952 til 1979. Einnig verður í því sambandi gerð grein fyrir því hvaða reglur giltu þá um skaðabótagrundvöllinn, þ.e. um skilyrði þess, að til skaðabótaskyldu gæti stofnast. Vegna forsendna, sem getur í beiðni um álit er ekki þörf á að fjalla um það lagaumhverfi, sem gilti um vist- og meðferðarheimili í eigu ríkis og sveitarfélaga á framangreindu tímabili. Því næst verður leitast við að svara þeim spurningum, sem settar eru fram í tölul. 1 og 2 í bréfi nefndarinnar og tilgreindar eru að ofan. Loks eru, í samræmi við efni 3. tölul. í bréfi nefndarinnar, settir fram þeir valkostir, sem til greina koma, um leiðir til að leggja mat á og ákvarða greiðslu miskabóta til þeirra einstaklinga, allra eða hluta þeirra, sem vistaðir voru á Breiðavíkurheimilinu á þeim árum, sem hér skipta máli.

3. Reglur um skaðabótaábyrgð hins opinbera á árunum 1952 til 1979.

3.1 Forsendur

Eins og fram kemur í beiðni um álitsgerð starfaði heimilið í Breiðavík frá 1952 til 1979. Sú háttsemi, sem mat á skaðabótaskyldu í þessari álitsgerð tekur til, er því viðhöfð á þessu tímabili. Við mat á skaðabótaábyrgð verður, t.d. við mat á saknæmi og ólögmæti háttsemi, að leggja til grundvallar þær reglur, sem um það giltu á þeim tíma sem hin meinta skaðabótaskylda háttsemi var viðhöfð.[1] Dæmi um beitingu þessarar reglu má finna í dómi Hæstaréttar, sem birtur er í:

Hrd. 1971, bls. 1057.

Í því máli var deilt um skaðabótarétt manns, sem varð fyrir alvarlegu líkamstjóni á hendi vegna bruna, sem hann hlaut af læknismeðferð á handarmeini, er upphaflega fólst í útbrotum. Er tekin var afstaða til skaðabótaskyldu ríkisins í málinu, taldi Hæstiréttur, að við mat á því hvort magn geislunar, sem notað var við tilraunir til að lækna handarmeinið, hefði verið óforsvaranlega mikið, yrði að miða við þá þekkingu, sem var til staðar á meðferðartímanum þ.e. á árunum 1927 – 1932 og á árinu 1937. Á þeim tíma var ekki þekkt sú hætta, sem var samfara því geislamagni, sem notað var. Væri ekki unnt að leggja til grundvallar dómi síðari tíma þekkingu á hættunni af slíku geislamagni. Taldi Hæstiréttur því að sýkna bæri íslenzka ríkið af skaðabótakröfu stefnanda, þar sem háttsemi sú, er tjóni olli, hefði verið forsvaranleg og lögmæt á þeim tíma, sem hún var viðhöfð.

Ljóst er af þessum dómi, að ef háttsemin hefði verið viðhöfð á þeim tíma, sem dómurinn var upp kveðinn, miðað við vitneskju, sem þá lá fyrir, að niðurstaðan hefði að öllum líkindum orðið önnur.

Í álitsgerð þessari er því leitazt við að lýsa þeim reglum, sem giltu um skaðabótaábyrgð hins opinbera á framangreindu tímabili, bæði almennum viðhorfum og reglum um skaðabótagrundvöllinn.

3.2 Hvað er átt við með skaðabótaábyrgð hins opinbera?

Þegar fjallað er um skaðabótaábyrgð hins opinbera í þessari álitsgerð er ekki átt við slíka ábyrgð vegna tjóns, sem valdið er í einkaréttarlegri sýslan þess. Hefur og lengi verið uppi sú afstaða, að á því sviði verði ekki gerður greinarmunur á skaðabótaábyrgð einkaaðilja og hins opinbera. Hér verður eingöngu fjallað um skaðabótaábyrgð ríkis og sveitarfélaga í opinberri sýslan, þ.e. þegar handhafar opinbers valds koma fram á sviði opinberrar sýslunar og allsherjarréttar, þegar þeir fara með stjórnvald, taka bindandi ákvarðanir fyrir borgarna og framfylgja eftir atvikum þeim ákvörðunum, allt á grundvelli laga eða stjórnvaldsreglna.

3.3 Réttarþróun reglna um skaðabótaábyrgð hins opinbera

Skaðabótaábyrgð hins opinbera í ólögfestum tilvikum vegna tjóns, sem valdið er við framkvæmd opinbers valds, er tiltölulega nýtt fyrirbrigði í evrópskri lögfræði.[2] Sem dæmi má nefna, að í Noregi er almennt litið svo á, að straumhvörf verði að þessu leyti fyrst með dómi Hæstaréttar Noregs, sem birtur er í Norsk Retstidende 1952, bls. 535. Í dómi þessum (bls. 539 – 540) er í málatilbúnaði stefnda, norska ríkisins, vísað til mikils fjölda fræðirita og dóma þar sem niðurstöður séu allar á einn veg, þ.e. að það sé grundvallarregla að ríkið geti ekki orðið skaðabótaskylt vegna „underordnede tjenestemenns subjektive tilregnelige, rettsstridige tjenestehandlinger." Þess ber að geta, að í Noregi giltu á þeim tíma nokkur lagaákvæði um skaðabótaábyrgð ríkisins vegna tjóns, sem valdið var í opinberri sýslan, en af þeim var þó ekki unnt að draga þá ályktun að um þetta gilti almenn ólögfest regla í landinu. Þessi viðhorf,

---

[1] Sjá t.d. Peter Lødrup, Lærebok i erstatningsrett, bls. 110.

[2] Viggo Hagstrøm, Offentligrettslig erstatningsansvar, bls. 32. Um gildandi norskan rétt fyrir þennan dóm má t.d. vísa til Frede Castberg, Statens og kommunernes ansvar for tjenestemenn, Förhandlingarna å de femtonde nordiska juristmötet, Bilaga II, bls. 69.

þ.e. að ríkið gæti ekki orðið skaðabótaskylt, nema til þess stæði bein lagaheimild, var arfleið frá tíma einveldisins þar sem konungurinn tók vald sitt frá Guði og þurfti ekki að standa öðrum reikningsskil gerða sinna. Konungurinn verndaði einnig embættismenn sína fyrir kröfum um skaðabætur vegna tjóns, sem þeir ollu við embættisfærslu sína, en af því leiddi að þegnar hans nutu almennt einskis skaðabótaréttar vegna slíks tjóns.[3] Í framangreindum dómi var horfið frá eldri kennisetningum og dómaframkvæmd um ábyrgðarleysi ríkisins og dæmd skaðabótaskylda.

Réttarþróun í Danmörku var með svipuðum hætti, þótt líklega verði að telja að þar hafi nokkru fyrr verið tekið af skarið, a.m.k. í fræðikenningu um að hið opinbera ætti að bera skaðabótaábyrgð á tjóni, sem embættismenn yrðu valdir að í embættisrekstri sínum. Í riti Poul Andersen, eins helzta stjórnlagafræðings Danmerkur á þessum tíma, um skaðabótaábyrgð hins opinbera, sem út kom 1938, setur hann fram þá eindregnu skoðun að ríkið eigi að bera skaðabótaábyrgð á slíku tjóni.[4] Þróunin virðist hafa verið nokkuð hröð í Danmörku, því árið 1983 eru dregnar þær ályktanir að ekki sé eingöngu um það að ræða, að á hinu opinbera skuli hvíla skaðabótaábyrgð, heldur að sú ábyrgð skuli vera metin eftir ströngum saknæmismælikvarða, einkum þegar um munatjón eða líkamstjón er að ræða og það er alvarlegt.[5]

Þegar lagt er mat á afstöðu íslenzks réttar að þessu leyti, verður að hafa í huga, að íslenzk löggjöf og réttarframkvæmd var allt fram á síðari hluta síðustu aldar mjög mótuð af danskri löggjöf og réttarframkvæmd. T.d. voru notaðar danskar lögfræðibækur, með lítils háttar lagfæringum, við lagakennslu hér á landi fram á síðustu ár. Blæbrigðamunur kann þó að hafa verið á danskri og íslenzkri réttarframkvæmd í ýmsum atriðum. Á fimmtánda Norræna lögfræðingaþinginu, sem haldið var í Stokkhólmi 1931, fjallaði norski fræðimaðurinn Frede Castberg um skaðabótaábyrgð ríkis og sveitarfélaga vegna tjóns, sem starfsmenn þeirra yllu. Niðurstaða hans um norskan rétt var sú, að ekki væri um skaðabótaábyrgð ríksins að ræða í ólögfestum tilvikum. Castberg gerði grein fyrir gildandi rétti í nokkrum ríkjum og reisti þá yfirferð í sumum tilvikum á greinargerðum fræðimanna í viðkomandi landi. Um íslenzkan rétt er byggt á upplýsingum frá Einari Arnórssyni, prófessor. Í greinargerð um Ísland kemur fram, eftir Einari Arnórssyni, að utan lögfestra tilvika sé vart unnt að ætla að hið opinbera (ríki og sveitarfélög) geti borið skaðabótaábyrgð á tjóni, sem starfsmenn þess valda við framkvæmd opinberrar sýslunar.[6] Í grein Gizurar Bergsteinssonar, sem rituð er 1940, telur hann, að þótt dómstólar hafi, án beinnar lagastoðar, dæmt ríkið til þess að greiða skaðabætur vegna ólögmætra slita á ráðningu/skipun embættismanna, sé ekki grundvöllur til þess að ályktа svo frá þessum dómum, að í ólögfestum tilvikum gildi almenn regla um skaðabótaábyrgð ríkisins.[7]

Straumhvörf virðast hafa orðið á næstu árum að þessu leyti, því í riti Ólafs Jóhannessonar, Stjórnarfarsréttur, sem út var gefið (1. útg.) 1955, er lýst öðru viðhorfi. Þar segir m.a.:

---

[3] Viggo Hagstrøm, Offentligrettslig erstatningsansvar, bls. 32.
[4] Poul Andersen, Offentligretligt erstatningsansvar, bls. 99 – 100.
[5] Sjá Henning Skovgaard, Offentlige myndigheders erstatningsansvar, bls. 260 og A. Vinding Kruse, Erstatningsretten, 5. útg. bls. 106. Í síðarnefnda ritinu er bent á dóm, sem birtur er í UfR 1983, bls. 1096, sem dæmi um strangt saknæmismat, vegna tjóns sem leiddi af rangri ráðgjöf félagsmálayfirvalda (Socialforvaltningen) til þess sem sótti um aðstoð. Í þeim dómi var um að ræða almennt fjártjón.
[6] Frede Castberg, Statens og kommunernes ansvar for tjenestemenn, Förhandlingarna å det femtonde nordiska juristmötet, Bilaga II, bls. 28.
[7] Gizur Bergsteinsson, Nokkrar hugleiðingar um fébótaábyrgð ríkisins, Afmælisrit helgað Einari Arnórssyni, bls. 76 - 102, hér einkum bls. 102.

„Samkvæmt framansögðu má nú orðið telja það viðurkennda meginreglu í íslenzkum rétti, að dómstólar geti án sérstakrar heimildar í settum lögum, er efnisrök liggja til, dæmt hið opinbera fébótaskylt vegna misferlis starfsmanna þess í opinberri sýslu. Regla þessi er þó engan veginn fullmótuð ennþá. Hafa dómstólar því allfrjálsar hendur, meðan löggjafinn lætur það eigi meir til sín taka, og eigi er við fleiri fordæmi að styðjast.

Eins og málum er nú háttað, er því dómstólum talið heimilt að leggja fébótaábyrgð á hið opinbera án sérstakrar lagaheimildar vegna aðgerða opinberra starfsmanna, er þeir telja slíkt við eiga, og ábyrgðin byggist á efnisástæðum. En um hið nánara efni slíkrar fébótareglu er varlega fullyrðandi að svo vöxnu máli.“[8]

Skoðanir Ólafs eiga stoð í a.m.k. tveimur dómum Hæstaréttar, þ.e. dómi sem birtur er í **Hrd. 1943, bls. 256**. Málið varðaði skaðabótakröfu manns vegna líkamstjóns, er hann hlaut af meintu harðræði lögreglumanna við handtöku. Um kröfu mannsins og skaðabótaábyrgð ríkissjóðs vegna framgöngu lögreglumannanna segir svo í dómi þessum:

„Réttlátt þykir og eðlilegt, að þjóðfélagið beri ábyrgð á mistökum þessum að því leyti sem þau teljast opinberum starfsmönnum til ógætni, en verða ekki rakin til háttsemi þess aðilja, sem tjónið bíður. Virðist sú meðferð máls leiða til aukins öryggis þjóðfélagsþegnum og miða til varnaðar.“

Einnig byggir hún á dómi, sem birtur er í **Hrd. 1954, bls. 104**, en í þeim dómi er tekizt á um skaðabótaábyrgð ríkisins vegna ófjárhagslegs tjóns er maður taldist verða fyrir vegna ólögmætrar handtöku hans.[9] Í gildi voru lög um skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju, nr. 28/1983, en þau tóku á hinn bóginn ekki til bóta fyrir ólögmæta handtöku. Þrátt fyrir það féllst Hæstiréttur á að dæma skaðabætur með þessum rökum:

„Þau lög (lög nr. 28/1983) höfðu ekki að geyma ákvæði um bætur fyrir handtöku, og á þeim tíma, er þau voru sett, var ekki talið, að ríkið bæri fébótaábyrgð á tjóni af aðgerðum opinberra starfsmanna að öðru leyti en því, sem mælt var í sérstökum lögum. Nú hefur réttarþróunin hins vegar orðið sú, að á þessu sviði hefur verið lögð á ríkið víðtækari ábyrgð en áður var. Þykir aðaláfrýjandi (hinn handtekni) hafa öðlast rétt til bóta úr hendi gagnáfrýjanda vegna hinnar ólögmætu handtöku.“

Af framanrituðu verður sú ályktun dregin, að í upphafi þess tímabils, sem hér skiptir máli, þ.e. frá árinu 1952, hafi verið í gildi almenn ólögfest regla um skaðabótaábyrgð hins opinbera á tjóni, sem það eða starfsmenn þess ollu við framkvæmd opinbers valds, að því gefnu að önnur skilyrði skaðabótaábyrgðar hafi verið fyrir hendi, en að þeim verður vikið síðar. Ljóst er einnig, að síðari tíma réttarþróun hefur eindregið verið í þá átt að auka ábyrgð hins opinbera. Er nú t.d. almennt ekki gerður sérstakur greinarmunur á ábyrgð þess og ábyrgð einkaaðilja, þótt viðurkennt sé að um sumt gildi sérstök sjónarmið og rök að því er varðar skaðabótaábyrgð hins opinbera í ólögfestum tilvikum.[10] Verður nokkur vikið að því síðar. Jafnvel er það svo á ýmsum sviðum, að skaðabótaábyrgð hins opinbera er metin eftir ströngu saknæmismati.

Verður því lagt til grundvallar hér, að á því tímabili, sem vísað er til í beiðni um álitsgerð, þ.e. árunum 1952 til 1979, hafi verið í gildi almenn regla um að hið opinbera ætti að bera skaðabótaábyrgð á tjóni, sem valdið væri í opinberri sýslan þess, á grundvelli sambærilegra reglna og giltu um skaðabótaábyrgð einkaaðilja. Þó verður að hafa hugfast að sérstök sjónarmið geta átt við um ýmis tilvik.

4. Hvaða reglur giltu um skaðabótagrundvöllinn?

---

[8] Ólafur Jóhannesson, Stjórnarfarsréttur, bls. 360.
[9] Þess má geta, að þegar í dómi frá 1936, sem birtur er í Hrd. 1936, bls. 484, er gefið undir fótinn með að til skaðabótaábyrgðar ríkisins geti stofnast, án beinnar lagastoðar. Þannig var þó ekki dæmt í málinu, þar eð ekki var sýnt fram á að embættismaður ríkisins, sem í hlut átti hafi sýnt af sér saknæma háttsemi.
[10] Sjá t.d. Viðar Már Matthíasson, Skaðabótaréttur, bls. 546.

4.1 Hvað er átt við þegar talað er um skaðabótagrundvöll?
Að fenginni þeirri niðurstöðu, að hið opinbera, þ.e. ríki og sveitarfélög geti borið skaðabótaábyrgð í ólögfestum tilvikum, verður að taka afstöðu til þess, hvaða reglur giltu um skaðabótagrundvöllinn og hvaða önnur meginskilyrði þurfi að vera uppfyllt svo til skaðabótaábyrgðar geti komið. Sum þessara skilyrða horfa við með sérstökum hætti hér. Í þessum kafla verður fyrst gerð almenn grein fyrir þeim reglum, sem giltu um skaðabótagrundvöllinn á þeim tíma, sem um ræðir, og getið nokkurra atriða um túlkun þeirra. Þá verður fjallað um helztu skilyrði skaðabótaábyrgðar og reglur um sönnun.

Með orðinu skaðabótagrundvöllur (bótagrundvöllur) er skírskotað til þess hvaða regla er lögð til grundvallar þegar skaðabótaábyrgð er metin vegna tjóns. Almennt hefur verið talið að reglurnar um skaðabótagrundvöllinn í íslenzkum rétti séu fjórar, þ.e. sakarreglan, hlutlægar ábyrgðarreglur, reglan um vinnuveitandaábyrgð og sakarlíkindareglan.

4.2 Yfirlit um reglur um skaðabótagrundvöllinn
Sakarreglan hefur frá upphafi verið meginregla íslenzks réttar um skaðabótagrundvöllinn, en í því felst að ef til álita kemur að háttsemi sé skaðabótaskyld, er það metið á grundvelli sakarreglunnar, nema ljóst sé af einhverjum ástæðum, t.d. vegna settra laga, að aðrar reglur um skaðabótagrundvöllinn eigi við.

Á síðustu áratugum hafa íslenzkir dómstólar ekki dæmt skaðabótaábyrgð á grundvelli hlutlægra ábyrgðarreglna, nema fyrir því hafi verið bein lagastoð. Vegna eðlis þeirra mála, sem hér eru til athugunar, er ólíklegt að á þeim tíma, sem um ræðir myndu íslenzkir dómstólar hafa dæmt hið opinbera skaðabótaskylt á grundvelli ólögfestra hlutlægra ábyrgðarreglna. Er því ekki ástæða til að fjalla nánar um reglur um hlutlæga ábyrgð hér.

Reglan um vinnuveitandaábyrgð er einnig afar mikilvæg og kemur til frekari skoðunar í álitsgerð þessari.

Á hinn bóginn er þess vart að vænta, að sakarlíkindareglan muni skipta máli við mat á skaðabótaábyrgð miðað við þau álitaefni, sem beiðni um álitsgerð tekur til.

4.3 Sakarreglan
Samkvæmt framansögðu var sakarreglan meginreglan um grundvöll skaðabótaábyrgðar í íslenzkum rétti á tímabilinu frá 1952 til 1979, svo sem hún er enn í dag. Samkvæmt sakarreglunni ber maður skaðabótaábyrgð á tjóni, sem hann veldur með saknæmum og ólögmætum hætti, enda sé tjónið sennileg afleiðing af hegðun hans og raskar hagsmunum, sem verndaðir eru með skaðabótareglum. Það er og skilyrði, að sérstakar huglægar afsökunarástæður eigi ekki við um tjónvald, svo sem æska eða skortur á andlegri heilbrigði.[11]

Kjarni reglunnar er sá, að tjóni þarf að hafa verið valdið með saknæmum hætti, þ.e. af ásetningi eða gáleysi. Auk þess þarf háttsemin að vera ólögmæt. Mat á því hvenær tjóni er valdið af ásetningi er sjaldnast vandasamt, en á hinn bóginn er vandasamt að meta hvort tjóni sé valdið af gáleysi. Þar sem gáleysi nægir til skaðabótaábyrgðar, er óþarfi hér að fjalla frekar um ásetning. Mat á því, hvort tjóni hafi verið valdið af gáleysi eða ekki felur það í sér, að verið er að meta, hvort tjóni hafi verið valdið með þeim hætti að tjónvaldur verði sakaður um það, þ.e. unnt sé að segja, að tjónið sé honum að kenna. Ef unnt er að segja að tjón hafi orðið vegna tillitsleysis manns, kæruleysis hans eða því að hann hafi af öðrum ástæðum ekki sinnt

[11] Þetta er sú skilgreining á sakarreglunni, sem notuð hefur verið í íslenzkum og dönskum rétti, sbr. Arnljótur Björnsson, Skaðabótaréttur, kennslubók fyrir byrjendur, bls. 58 og A. Vinding Kruse, Erstatningsretten, bls. 30.

skyldum sínum er talið eðlilegt, að hann beri fjárhagslega ábyrgð á tjóninu. Þetta hefur verið nefnt gáleysi, en það orð á sér mörg samheiti, sem óþarfi er að fjalla um hér.

Við mat á gáleysi hafa dómstólar leitast við að hafa til hliðsjónar einhverja mælikvarða um það, hvernig tjónvaldur hefði átt að hegða sér í stað þess að hegða sér eins og hann gerði. Þeir mælikvarðar, sem dómstólar styðjast fyrst og fremst við í dag eru skráðar reglur, er gilda um þá háttsemi, sem um ræðir. Í því felst, að ef í gildi er lagaregla, eða regla í stjórnvaldsfyrirmælum eða öðrum skráðum bindandi fyrirmælum, sem mælir fyrir um tiltekna háttsemi eða aðferð, þá líta dómstólar almennt svo á, að því beri að fylgja og frávik frá slíkri háttsemi, sem leiða til tjóns, eigi að teljast saknæm (viðhöfð af gáleysi) og að tjónvaldur eigi að bera á þeim skaðabótaábyrgð. Á því tímabili, sem hefur þýðingu í álitsgerð þessari, var þessi aðferð við mat á saknæmi iðulega notuð, þótt það sé gert í enn ríkara mæli í dag. Sem dæmi um beitingu fyrirmæla um háttsemi í skráðum reglum við mat á saknæmi í upphafi þess tímabils, sem hér skiptir máli, má benda á:

Hrd. 1953, bls. 427.
Í máli þessu var deilt um skaðabætur vegna slyss er starfsstúlka í frystihúsi varð fyrir. Stúlkan lenti með hendina í ás og vafðist hendin þar utan um og laskaðist illa. Deilt var um skaðabótaskyldu vinnuveitandans, sem taldi að hann hefði ekki sýnt af sér gáleysi þar sem búnaður hefði verið í lagi og ekki gerðar við hann athugasemdir af hálfu eftirlitsyfirvalda. Í dómi héraðsdóms, sem staðfestur var í Hæstarétti, segir um mat á saknæmi svo: „Svo sem áður er sagt, var fyrrgreindur ás óvarinn. Var það gagnstætt tilvitnuðum fyrirmælum 11. gr. laga nr. 24/1928 og 37. gr. reglugerðar 10/1929 og verður að telja, að stefndi beri ábyrgð á því, að fyrirskipaðs öryggisbúnaðar var ekki gætt. Meginorsök slyssins verður rakin til umrædds vanbúnaðar, og er stefndi því fébótaskyldur gagnvart stefnandi.“

Hrd. 1968, bls. 259 er annað dæmi um slíka aðferðafræði við mat á saknæmi. Vægi þessarar aðferðafræði hefur, eins og áður segir, vaxið mjög á síðustu áratugum með síaukinni regluvæðingu í vestrænum samfélögum, sem veldur því, að sífellt fleiri reglur eru settar um þá háttsemi, sem viðhafa ber, við hinar ýmsu aðstæður, ekki sízt hvers konar framkvæmd vinnu og aðstæður og aðbúnað á vinnustöðum.

Í framangreindu felst, að ef tjóni er valdið við brot á skráðum reglum, sem eru bindandi og einkum er að finna í lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum, má almennt ætla að sú háttsemi yrði talin gáleysisleg og því saknæm. Um ólögmæti slíkrar háttsemi er yfirleitt ekki vafi, enda um að ræða brot á lagareglum, sem fylgja ber. Ef ekki er unnt að finna mælikvarða um þá háttsemi, sem viðhafa ber, verður að leita að slíkum mælikvarða annars staðar. Er stundum unnt að staðreyna venju, eða finna fordæmi í dómsúrlausnum. Loks er unnt að beita þeirri aðferð, að reyna að átta sig á, hvernig góður og skynsamur einstaklingur hefði hegðað sér við hinar tilteknu aðstæður. Þessi mælikvarði (bonus pater familias) hafði meira vægi á því tímabili, sem hér er til umfjöllunar, en hann hefur nú. Verður að hafa það í huga við úrlausn þeirra álitaefna, sem beiðnin tekur til.

Önnur skilyrði sakareglunnar eru, að tjóni þarf að vera valdið á hagsmunum, sem njóta verndar réttarskipunarinnar og getur ekki leikið vafi á, að svo hafi verið í þeim tilvikum sem hér um ræðir, enda felast hagsmunirnir í líkamlegri og andlegri heilsu manna. Hið sama má yfirleitt segja um skilyrðið um sennilega afleiðingu, það er ólíklegt að álitamál geti verið um að tjón sé sennileg afleiðing háttsemi, þ.e. þegar búið er að sýna fram á orsakatengsl milli háttsemi og tjóns. Loks er unnt að miða við, án sérstakrar umfjöllunar að huglægar afsökunarástæður geti ekki átt við í þeim tilvikum, sem hér eru til skoðunar.

4.4 Reglan um vinnuveitandaábyrgð (húsbóndaábyrgðarreglan)
Reglan um vinnuveitandaábyrgð hefur einnig verið afar þýðingarmikil regla um skaðabótagrundvöllinn allt frá því að hún var tekin upp í íslenzkan rétt, en það gerðist í dómum Hæstaréttar á fyrri hluta síðustu aldar og er vart ágreiningur um fræðilegt og hagnýtt gildi hennar í íslenzkum rétti á því tímabili, sem hér skiptir máli.[12]

Inntak reglunnar um vinnuveitandaábyrgð er, að vinnuveitandi eigi að bera skaðabótaábyrgð á tjóni, sem starfsmenn hans valda með saknæmum og ólögmætum hætti. Engu skiptir þótt vinnuveitandinn hafi ekki sjálfur sýnt af sér gáleysi eða aðra saknæma háttsemi. Reglan um vinnuveitandaábyrgð er ekki einskorðuð við vinnuréttarsambönd, þótt það sé helzti vettvangur reglunnar. Hún getur einnig átt við um annars konar réttarsambönd, t.d. um skaðaverk sem kjörnir fulltrúar t.d. sveitarfélaga valda, svo og nefndarmenn í nefndum á vegum ríkis og sveitarfélaga. Hefur t.d. ekki verið talið, að það skilyrði verði sett fyrir beitingu reglunnar um vinnuveitandaábyrgð að sá, er skaðaverk vinnur, þiggi laun frá þeim, sem unnið er fyrir, þótt sú sé oftast raunin, eða hann þiggi a.m.k. einhvers konar umbun, t.d. þóknun fyrir nefndarstörf. Fyrir reglunni um vinnuveitandaábyrgð eru gild rök, enda er starfinn inntur af hendi í þágu vinnuveitandans og yfirleitt nýtur hann ávinningsins af starfanum, en ber tapið, ef um slíkt er að ræða. Háttsemi starfsmannsins er metin eftir sakarreglunni og við það mat eru notaðir sömu mælikvarðar og gert er þegar sakarreglunni er beitt. Má þess vegna um mat á því, hvort tjóni sé valdið með saknæmum og ólögmætum hætti af hálfu starfsmannsins vísa til þess sem segir um sakarregluna að framan.

Vinnuveitandaábyrgðin gildir almennt eingöngu um tjón, sem starfsmaður veldur við framkvæmd starfans. Eitt af álitaefnunum, sem tengjast beitingu reglunnar, er, hvenær tjóni er valdið við framkvæmd starfans og hvenær það hafi verið gert með háttsemi, sem ekki tengist framkvæmd starfans. Framvinda síðustu ára hefur án efa verið á þann veg, að rýmka matið á því hvenær tjóni sé valdið í starfi. Eldri dómar um beitingu reglunnar um vinnuveitanda-ábyrgð bera með sér að nokkur tilhneiging hefur verið til þess að skýra það þröngt, hvenær tjóni sé valdið í starfi og hvenær því sé valdið með háttsemi, sem fellur utan þess, sem telja má starf tjónvalds (starfsmannsins). Má benda á dóm Hæstaréttar frá því tímabili, sem hér skiptir máli, um slíka þrönga skýringu, þ.e. **Hrd. 1956, bls. 94**. Síðari tíma þróun hefur verið á þann veg, að dómstólar sýnast tilbúnir að skýra það rýmri skýringu, hvenær telja má tjóni valdið við framkvæmd starfs, sbr. t.d. **Hrd. 1999, bls. 1698** og **Hrd. 2000, bls. 2835**, en í báðum þessum dómum var um refsiverða háttsemi starfsmanns að ræða, sem olli tjóni. Síðari dómurinn er áhugaverður hér, einkum vegna þess að það mál snýst um kröfu erfingja skjólstæðings Félagsþjónustu Reykjavíkurborgar um skaðabætur á hendur borginni, en starfsmaður Félagsþjónustunnar dró sér fé af reikningi skjólstæðingsins. Í báðum dómunum var talið, að vinnuveitandinn ætti að bera skaðabótaábyrgð á því tjóni, sem starfsmaðurinn olli með hinni saknæmu (refsiverðu) háttsemi. Rökin felast ekki sízt í því, að vinnuveitandanum mátti vera ljóst, að til þess gæti komið að starfsmaðurinn ylli tjóni, eins og því sem varð (sbr. einkum seinni dóminn) og að tjónþolinn mátti gera ráð fyrir að starfsmaðurinn hefði verið að sinna starfi sínu, er tjóninu var valdið (sbr. einkum fyrri dóminn).

Nauðsynlegt er að nefna, að því hefur verið haldið fram, að vinnuveitandaábyrgð hins opinbera á tjóni, sem starfsmenn í þjónustu þess valda, sé eða geti verið þrengri en leiðir af almennum reglum.[13] Kenningar um þetta lúta þó fyrst og fremst að því að þetta eigi við um þann þátt í starfsemi hins opinbera, sem lýtur að lögbundnu eftirliti þess svo sem

---

[12] Sjá t.d. Viðar Már Matthíasson, Skaðabótaréttur, bls. 94 - 96.
[13] Arnljótur Björnsson, Er bótaábyrgð hins opinbera vegna gáleysis starfsmanna þrengri en vinnuveitandaábyrgð almennt?, Afmælisrit Gauks Jörundssonar, bls. 27 – 47.

byggingareftirliti sveitarfélaga, eftirliti með skipum og eftirliti samkvæmt lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980.[14] Sjónarmið og rök, sem þessar kenningar eru reistar á, ættu ekki að skipta máli um þau efni, sem hér eru til úrlausnar.

Þess skal einnig getið, að þótt reglan um vinnuveitandaábyrgð sé á því reist, að tjóni sé valdið með saknæmri og ólögmætri háttsemi starfsmanns, þá hefur það ekki verið skýrt svo að tjónþoli þurfi að geta bent á einhvern einstakan starfsmann, sem tjóninu olli, heldur nægi honum að sýna framá, að einhver starfsmanna hafi verið valdur að tjóninu (reglan um nafnlaus mistök). Það er líka almennur skilningur á reglunni, að ekki eigi að áskilja að öllu tjóni sé valdið af saknæmri og ólögmætri háttsemi eins starfsmanns, heldur nægi að samanlögð háttsemi margra starfsmanna teljist fela í sér saknæma og ólögmæti háttsemi sem veldur tjóni (regla um uppsöfnuð mistök).

Loks skal þess getið, að í íslenzkum rétti hefur verið talið að dæma mætti miskabætur vegna líkamstjóns eftir 264. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sem gilti fram til 1. júlí 1993, og samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga, nr. 50/1993, sem gilti frá síðast greindum degi, á grundvelli reglunnar um vinnuveitandaábyrgð. Er 2. mgr. 26. gr. skaðabótalaga, nr. 50/1993, eina undantekningin frá þessu, en hún skiptir ekki máli hér og tók auk þess ekki gildi fyrr en 1. maí 1999. Sambærileg regla gildir ekki á öllum Norðurlöndunum.

4.5 Samantekt um skaðabótagrundvöllinn

Niðurstaðan af framangreindu er sú, að á því tímabili, sem um ræðir, þ.e. 1952 - 1979, gilti sakarreglan sem meginregla um skaðabótaskyldu einstaklinga, annarra einkaaðilja og ríkis og sveitarfélaga. Mælikvarðar við mat á saknæmi voru þá, eins og nú er sóttir í bindandi fyrirmæli í skráðum hátternisreglum, venjur, fordæmi eða aðra mælikvarða, sem þóttu tækir til að segja fyrir um hvernig tjónvaldur hefði átt að hegða sér á því tímamarki er tjóni var valdið.

Reglan um vinnuveitandaábyrgð gilti einnig á því tímabili, sem um ræðir. Hún gilti með sama hætti um vinnuveitandaábyrgð einkaaðilja og hins opinbera. Á þessu tímamarki má líklega ganga út frá því, að dómstólar hafi skýrt regluna þrengra en nú, að því er lýtur að álitaefninu um, hvort tjóni sé valdið við framkvæmd starfs.

4.6 Ýmis önnur skilyrði

Rétt er að taka fram, að til skaðabótaábyrgðar kemur ekki, nema tjónþoli hafi orðið fyrir tjóni, annað hvort fjárhagslegu tjóni, eða ófjárhagslegu. Tjón getur verið hvers konar skerðing hagsmuna. Það tjón, sem hér skiptir máli, getur falizt í andlegum og líkamlegum afleiðingum hvers konar ofbeldis. Þær afleiðingar geta verið tímabundnar, oft eru þær reyndar mjög skammvinnar, en þær geta einnig verið langvinnar og þess vegna varanlegar, þ.e. háð tjónþola það sem eftir er ævinnar.

Þegar sýnt er fram á tjón, þarf líka að vera ljóst að milli þeirrar háttsemi, sem kann að vera skaðabótaskyld, og tjónsins þurfa að vera orsakatengsl. Það er tjónþolinn, sem þarf að sýna fram á að þau séu fyrir hendi. Ljóst má vera að sönnun á orsakatengslum þegar langt er liðið frá því að hin meinta skaðabótaskylda háttsemi átti sér stað getur orðið tjónþolanum erfið. Hann þarf að sýna framá, að tjónið verði rakið til háttseminnar, en ekki einhvers annars, sem drifið hefur á daga hans, eins og t.d. bágra heimilisástæðna fyrir dvöl og jafnvel eftir dvöl á vist- eða meðferðarheimili, óreglu síðar á lífsleiðinni eða annars konar áfalla. Það þarf þó að

[14] Arnljótur Björnsson, Er bótaábyrgð hins opinbera vegna gáleysis starfsmanna þrengri en vinnuveitandaábyrgð almennt?, Afmælisrit Gauks Jörundssonar, bls. 44 - 46.

vera ljóst, að hin meinta skaðabótaskylda háttsemi þarf ekki að vera eina orsök tjóns, heldur er nóg, að hún sé það sem nefnt er nauðsynlegt skilyrði tjóns, þ.e. aðrar orsakir gætu einnig hafa komið til.

4.7 Fyrning skaðabótakrafna
Kröfur um skaðabætur utan samninga, þar með talið kröfur um skaðabætur vegna líkamstjóns, en til þess telst einnig tjón sem hefur andlegar (geðrænar) afleiðingar, fyrnast á tíu árum, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda, nr. 14/1905. Reglu þessari er t.d. beitt í dómi Hæstaréttar í **Hrd. 1996, bls. 2451**. Upphaf fyrningarfrest er samkvæmt meginreglu miðað við það tímamark er hin skaðabótaskylda háttsemi átti sér stað, sbr. 1. mgr. 5. gr. sömu laga. Í sumum tilvikum kemur tjón ekki fram fyrr en nokkru eftir að hin skaðabótaskylda háttsemi átti sér stað, í einstaka tilvikum löngu síðar. Þess eru dæmi úr íslenzkri réttarframkvæmd að dómstólar hafi miðað við síðara tímamark en það, er hin bótaskylda háttsemi var viðhöfð. Má nefna **Hrd. 1975, bls. 1105**, en þess ber þó að geta að þar var fyrningu ekki haldið fram af hálfu stefnda. Í þeim tilvikum, sem hér eru til athugunar, er ljóst að hin meinta skaðabótaskylda háttsemi var viðhöfð á árabilinu frá 1952 til 1979. Samkvæmt meginreglunni um 10 ára fyrningu hefðu því skaðabótakröfur í síðasta lagi fyrnzt 1989. Þótt ekki sé unnt að útiloka að tjónið hafi komið fram eftir, e.t.v. löngu eftir, að hin skaðabótaskylda háttsemi var viðhöfð, er nánast útilokað að kröfur um skaðabætur vegna háttsemi, sem viðhöfð var fyrir árslok 1979, séu ekki fyrndar. Tekið skal fram, að þótt háttsemi, sem olli tjóni hafi verið refsiverð, og sú aðstaða geti leitt til sérsjónarmiða um fyrningu, sbr. 16. gr. laga nr. 14/1905, þá verður ekki séð að sú regla geti leitt til annarrar niðurstöðu um fyrningu krafna, en að ofan greinir.

5. Afstaða til álitaefna
5.1 Tjón vegna ólögmætra ákvarðana
Fyrsta spurning lýtur að því, hvort til greina komi, og þá að uppfylltum hvaða skilyrðum, að maður, sem var vistaður sem barn á vist- eða meðferðarheimili á vegum ríkisins á árunum 1952 – 1979, á grundvelli ákvæði í lögum og reglugerðum um barnaverndarmál, eigi skaðabótarétt á hendur ríkinu til greiðslu miskabóta, þegar:

> a. sýnt þykir að ákvarðanir stjórnvalda ríkis, sem falið var samkvæmt lögum og reglugerðum um barnaverndarmál að taka ákvarðanir um vistun barna á vist- eða meðferðarheimilum gegn vilja foreldris, hafi verið ólögmætar.

Eins og spurningin er orðuð, er ekki þörf á því hér, að fjalla um hvort ákvarðanir um vistun hafi verið ólögmætar, því þær forsendur eru gefnar. Í forsendum spurningarinnar er við það miðað, að háttsemi hafi verið ólögmæt, en með því er átt við að ákvörðun um vistun hafi verið brot á skráðum reglum, eða ekki gætt þeirra reglna við undirbúning hennar, sem gera mátti kröfu til. Svo sem fyrr greinir var, og er við mat á saknæmi, litið til þess, hvort háttsemin hafi verið í samræmi við það sem boðið er í skráðum bindandi reglum. Spurningin miðar við að svo hafi ekki verið. Í því felst, miðað við þá aðferðafræði, sem áður er lýst, að háttsemin er saknæm og myndi því leiða til skaðabótaskyldu á grundvelli sakarreglunnar. Svar mitt er því á þann veg, að ákvarðanir stjórnvalda um vistun barna á vist- eða meðferðarheimilum, sem hafa verið ólögmætar og leitt til tjóns fyrir þau börn, sem í hlut áttu, leiði að öðru jöfnu til skaðabótaábyrgðar ríkisins eða þess sveitarfélags, sem stjórnvald kann að hafa heyrt undir. Um nánari skilyrði skaðabótaábyrgðar skal áréttað, að hin ólögmæta ákvörðun þarf að hafa valdið tjóni og að almennt þarf að sýna framá að orsakatengsl séu milli tjónsins og ákvörðunarinnar.

5.2 Tjón vegna skaðaverka annarra vistmanna og starfsmanna
Í öðru lagi er spurt, hvort til greina komi, og þá að uppfylltum hvaða skilyrðum, að maður, sem var vistaður sem barn á vist – eða meðferðarheimili á vegum ríkisins á árunum 1952 – 1979, á grundvelli ákvæða í lögum og reglugerðum um barnaverndarmál, eigi skaðabótarétt á hendur ríkinu, einkum til greiðslu miskabóta, þegar:

> a. sýnt þykir að hann hafi á vistunartíma orðið með reglubundnum hætti fyrir líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi í merkingu refsilaga af hálfu annarra vistmanna, sakhæfra eða ósakhæfra, og að sýnt þyki að starfsmenn ríkisins á viðkomandi vistheimili hafi í störfum sínum sýnt almennt eða stórfellt gáleysi vegna skorts á því að rækja umönnunar- og eftirlitsskyldur í samskiptum vistmanna?

Í forsendum spurningarinnar er miðað við að barn hafi með reglubundnum hætti orðið fyrir líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi í merkingu refsilaga og jafnframt er miðað við þær forsendur að starfsmenn ríkisins á viðkomandi vistheimili hafi í störfum sínum sýnt almennt eða stórkostlegt gáleysi með því að rækja ekki umönnunar- og eftirlitsskyldur í samskiptum vistmanna. Miðað er við að skilyrði sakarreglunnar um saknæmi háttsemi séu fyrir hendi. Svar mitt við þessari spurningu er því einnig jákvætt. Ekki leikur vafi á því að ríkið, sem vinnuveitandi þeirra starfsmanna, sem í hlut eiga hefur borið vinnuveitandaábyrgð á tjóni, sem valdið er með slíkri háttsemi. Má í þessu sambandi nefna **Hrd. 1959, bls. 719**. Í þeim dómi var íslenzka ríkið dæmt skaðabótaskylt vegna tjóns er drengur, sem vistaður var á Breiðavíkurheimilinu, varð fyrir er annar drengur, sem þar var líka vistaður, skaut ör af boga, sem lenti í auga hins fyrrnefnda. Í rökstuðningi héraðsdómara, sem staðfestur var í dómi Hæstaréttar, er meðal annars á því byggt, að forstöðumaður Breiðavíkurheimilisins hafi ekki sýnt nægilega aðgæzlu við geymslu boga, sem hann vissi að voru til og gætu verið hættulegir í höndum drengja á heimilinu. Í forsendunum segir m.a. svo:

„Að þessu athuguðu og þegar þess er gætt, að foreldar og forráðamenn drengja, sem þarna var komið til dvalar, máttu treysta því, að hafðar væru í frammi nauðsynlegar ráðstafanir um öryggi þeirra, þá þykir verða að leggja á ríkissjóð, sem hafði á hendi rekstur hælisins og forsjá, fébótaábyrgð gagnvart stefnanda á slysi því sem um er að ræða.“

Skilyrðið er, sem fyrr greinir, að barn hafi orðið fyrir tjóni og unnt sé að sýna fram á að það tjón hafi verið orsakað af hinni skaðabótaskyldu háttsemi.

Þá er spurt á sömu forsendum um hugsanlega skaðabótaábyrgð á tjóni barns, og þá með hvaða skilyrðum ef:

> b. sýnt þykir að það hafi á vistunartíma orðið með reglubundnum hætti fyrir líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi í merkingu refsilaga af hálfu starfsmanna ríkisins á viðkomandi vistheimili?

Eins og áður segir, bar íslenzka ríkið skaðabótaábyrgð á grundvelli reglunnar um vinnuveitandaábyrgð á tjóni, sem starfsmenn þess ollu, á því tímabili, sem hér um ræðir. Eins og áður hafa verið færð rök fyrir er ástæða til að ætla, að dómstólar hafi á árunum 1952 til 1979, skýrt það þrengra, hvenær tjóni teldist valdið í starfi, en nú er gert. Leikur vart vafi á að miðað við afstöðu dómstóla nú myndi slík háttsemi starfsmanna, sem spurningin miðar við, talin leiða til skaðabótaábyrgðar fyrir ríkið, vinnuveitanda þeirra, sbr. **Hrd. 2000, bls. 2835**. Það er því ekki öruggt, að íslenzka ríkið hefði verið talið bera skaðabótaskyldu á grundvelli reglunnar um vinnuveitendaábyrgð á tjóni, sem einstakur starfmaður á viðkomandi vistheimili olli í hverju einstöku tilviki, ef talið yrði að það hefði ekkert með starf hans að gera á

heimilinu. Á hinn bóginn er ljóst, að þegar miðað er við þær forsendur spurningarinnar, að börn sem vistuð eru á viðkomandi heimili hafi „ orðið með reglubundnum hætti fyrir líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi í merkingu refsilaga af hálfu starfsmanna“ að slík háttsemi hefði ekki getað átt sér stað ef eftirlit með starfsmönnum og starfseminni svo og gæzla á börnum hefði verið fullnægjandi. Leggja verður því til grundvallar, að eftirlit og umönnun forstöðumanna hefur brugðist á slíku heimili, ef börn verða þar með reglubundnum hætti fyrir líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi. Er vart vafi á, að í því felst brot á starfsskyldum, sem leiðir til ábyrgðar íslenzka ríkisins á tjóni barna, sem af því leiðir.

Svar mitt við spurningunni í staflið b er því einnig játandi. Um önnur skilyrði vísast til þess, sem áður segir.

5.3 Leiðir til að bæta tjón

Loks er, ef svör við 1. og/eða 2. lið eru játandi, óskað eftir að ég leggi mat á þá valkosti, sem til greina koma, um leiðir sem færar eru eða kynnu að vera fyrir stjórnvöld, eftir atvikum með aðkomu Alþingis, til að leggja mat á og ákvarða greiðslu miskabóta til þeirra einstaklinga, að hluta eða í heild, sem vistaðir voru á Breiðavíkurheimilinu á árunum 1952 – 1979.

Eins og fyrr greinir tel ég að stofnast hafi skaðabótaskylda á tjóni, sem börn er vistuð voru á Breiðavíkurheimilinu á tilgreindu tímabili, hafa orðið fyrir. Ef beitt yrði almennum reglum skaðabótaréttar þarf tjónþolinn að sanna, að hann hafi í raun orðið fyrir tjóni og af hvaða háttsemi það hafi stafað, svo og að það séu orsakatengsl milli þeirrar háttsemi og tjónsins. Jafnvel þótt sú sönnun tækist, er ljóst að miðað við reglur um fyrningu skaðabótakrafna væri krafa tjónþolans á hendur íslenzka ríkinu fyrnd.

Greiðslur íslenzka ríkisins á skaðabótum í þeim tilvikum, sem vistmenn á Breiðavík telja sig hafa orðið fyrir tjóni vegna annarra vistmanna eða starfsmanna og þetta tjón hafi verið skaðabótaskylt, þegar því var valdið, yrðu samkvæmt framansögðu umfram skyldu.

Það er ekki einsdæmi, einkum á síðari árum, að ríkið taki um það ákvörðun að bæta tiltekin tjón, þótt ekki sé um skyldu til þess að ræða. Má sem dæmi nefna lög um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, nr. 69/1995, en með þeim tekur ríkissjóður á sig greiðslu skaðabóta vegna tjóns, sem valdið er með háttsemi, sem felur í sér brot á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940. Bótafjárhæðir í lögunum eru takmarkaðar, sbr. 2. mgr. 7. gr. þeirra, þar sem hámark bóta fyrir það sem nefnt er líkamstjón er kr. 2.500.000 og hámark bóta fyrir miska (skv. 26. gr. skaðabótalaga, nr. 50/1993) er kr. 600.000. Helztu rökin fyrir setningu laganna eru þau, að eðlilegt sé að ríkið tryggi tjónþolum lágmarksbætur í slíkum tilvikum þar sem ætla má að tjónvaldar (hinir skaðabótaskyldu) séu í flestum tilvikum ekki borgunarmenn fyrir skaðabótunum. Í lögunum eru ákvæði um endurkröfurétt ríkisins á hendur þeim, sem tjóni hefur valdið. Einnig má nefna lög um sjúklingatryggingu, nr. 111/2000, en í þeim tekur íslenzka ríkið á sig greiðslu skaðabóta vegna líkamstjóns sjúklinga, sem þeir verða fyrir af völdum heilbrigðisstarfsmanna í þjónustu ríkisins. Ábyrgðin er hlutlæg samkvæmt lögunum, en hún er þó takmörkuð við tjón, sem verða með tilteknum hætti. Fjárhæð skaðabóta samkvæmt lögunum er takmörkuð, en hækkar í janúar ár hvert til samræmis við hækkun neyzluvísitölu. Fjárhæðin er frá janúar 2007 kr. 6.600.000.

Lög nr. 69/1995 og lög nr. 111/2000 eru seinni tíma fyrirbrigði á Íslandi. Þess ber þó að geta að á grundvelli laga um almannatryggingar og laga um félagslega aðstoð stendur ríkið straum af kostnaði við verulegan hluta þeirra bóta, sem einstaklingar eiga kost á vegna líkamstjóns er leiðir af slysum eða sjúkdómum, einkum í tilvikum þar sem ekki er um skaðabótaskyldu að

ræða. Jafnframt skal minnt á, að þótt lög um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, nr. 69/1995, hafi ekki verið sett á Íslandi fyrr en 1995, hófust umræður á vettvangi Evrópuráðsins um að slík löggjöf væri þýðingarmikil þegar um 1970. Þá voru í ýmsum löndum Evrópu í gildi lög um þetta efni. Sambærileg lög voru sett í Danmörku 26. maí 1976, þ.e. lög nr. 277 frá því ári.[15]

Ef íslenzka ríkið, umfram skyldu, hyggst bæta þeim, sem orðið hafa fyrir tjóni vegna dvalar á vistheimilinu Breiðavík skaðabætur er líklegt að tvær meginleiðir kæmu til greina.

Annars vegar að leysa úr hverju máli fyrir sig á grundvelli krafna tjónþola. Í því tilviki yrði ríkið að taka afstöðu til þess, hvort það vill bera fyrir sig fyrningu kröfunnar. Taka þyrfti afstöðu til þess hverju sinni, hvort sannað sé, eða leiddar líkur að, ef létta á tjónþola sönnunarbyrði, að vistmaður hafi orðið fyrir tjóni. Meta þyrfti umfang tjóns, hvort það sé fjárhagslegt tjón eða ófjárhagslegt (miski) og hvernig ætti að bæta það. Þá þarf að taka afstöðu til þess, hvort bæta á bæði tímabundið tjón og varanlegt, eða aðeins hið síðarnefnda. Þessi leið myndi því byggjast á kröfugerð hvers og eins af vistmönnunum, sem teldi sig hafa orðið fyrir tjóni, og í samræmi við almennar reglur myndi íslenzka ríkið meta það í hverju tilviki fyrir sig, hvort það ber fyrir sig fyrningu og skort á sönnun og hvaða fjárhæð verður lögð til grundvallar. Um einstaklingsbundna úrlausn hvers máls væri að ræða eftir umfangi þess og alvarleika.

Hins vegar má hugsa sér leið sem felst í því að sett yrðu lög, er heimiluðu að greiddar yrðu bætur til þeirra, sem orðið hefðu fyrir tjóni af völdum annarra vistmanna eða starfsmanna á meðan á dvöl þeirra á vistheimilinu Breiðavík stóð. Nauðsynlegt yrði, að setja almennar reglur um skilyrði til bóta og almennar reglur um aðferð eða viðmiðanir við ákvörðun á fjárhæð bótanna. Setja þyrfti almennar reglur um hvort bætt yrði bæði tímabundið og varanlegt tjón, eða einungis hið síðarnefnda. Taka yrði af skarið um það, hvers konar bætur væri um að ræða, þ.e. hvort leitast eigi við að meta og bæta fjártjón vistmanna, eða hvort greiða eigi bætur vegna miska. Einnig má hugsa sér að bætur yrðu ákveðnar sem meðalhófsbætur, sem í sjálfu sér gætu bæði tekið til miska og fjártjóns. Meðalhófsbætur eru ekki ákveðnar eftir reglum skaðabótaréttar, heldur eru sanngirnisbætur, ákveðnar eins fyrir alla eða eftir einföldum mælikvörðum, t.d. vistunartíma á Breiðavík, svo dæmi sé tekið. Meginatriðið er, ef þessi leið yrði valin, að setja almennar gegnsæjar reglur um skilyrði til skaðabóta og hvernig fjárhæð þeirra yrði ákvörðuð.[16]

Reykjavík, 7. desember 2007.

Viðar Már Matthíasson,
prófessor við lagadeild Háskóla Íslands.

---

[15] Bernhard Gomard og Ditlev Waad, Erstatning og godtgørelse, efter erstatningsansvarsloven og voldsofferloven, bls. 187.

[16] Um ákvörðun miskabóta, einkum á því tímabili, sem hér um ræðir, má til hliðsjónar vísa til: Guðný Björnsdóttir, Miskabætur fyrir líkamstjón, Tímarit lögfræðinga, 3. heftir 1982, bls. 109 – 166. Greinin er birting niðurstaðna rannsóknar á ákvörðun miskabóta í dómum Hæstaréttar á árunum 1950 til 1981. Um ákvörðun á miskabótum í seinni dómaframkvæmd má vísa til: Ása Ólafsdóttir, Kynferðisbrot og ákvörðun miskabóta, Rannsóknir í félagsvísindum VII, lagadeild, bls. 11 – 59, Reykjavík 2006 og Auður Björg Jónsdóttir, Ákvörðun miskabóta í ærumeiðingarmálum, Rannsóknir í félagsvísindum, VIII, lagadeild, bls. 29 – 60, Reykjavík 2007.

FYLGISKJAL NR. 5

Reykjavíkurborg
Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nefnd til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn
B.t. Róberts R. Spanó, formanns
Hverfisgötu 4a
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. janúar 2008

Efni: Greinargerð varðandi gagnaöflun og gagnavörslu vegna Breiðavíkurmáls

Nefnd til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn hefur óskað eftir greinargerð frá Borgarskjalasafni varðandi gagnaöflun vegna Breiðavíkurmáls og hvernig gagnavörslu sem tengist málinu hafi verið háttað og fylgir hún á eftir.

Gagnaöflun fyrir nefndina:

Gagnaleit fyrir *Nefnd til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn* hófst um miðjan maí 2007, þegar Hildur Biering sagnfræðingur hafði samband við safnið en hún hafði verið ráðin af félagsmálaráðuneyti til að annast gagnaöflun fyrir hönd ráðuneytisins fyrir nefndina. Farið var yfir með Hildi hvað Borgarskjalasafn hefði af skjölum um starfsemi Breiðavíkur og um mál einstaklinga. Hildur fékk afhent afrit skjala sem gætu komið að notum við að koma saman lista með nöfnum allra þeirra einstaklinga sem voru vistaðir á Breiðavíkurheimilinu árin 1952-1976. Nefndin var ekki í beinu sambandi við Borgarskjalasafn heldur fóru samskipti gegnum félagsmálaráðuneyti og barst fyrsta bréfið frá því varðandi gagnaöflun 23. maí sl. þar sem m.a. kom fram að „...telur ráðuneytið liggja fyrir að með 1. mgr. 3. gr. laga nr. 26/2007 sé lögð sú skylda á viðkomandi stjórnvöld að veita nefndinni aðgang að öllum þeim gögnum er varða starfsemi Breiðavíkur og að sá aðgangur taki einnig til nafna þeirra einstaklinga sem þar dvöldust á árunum 1950-1980 án þess að leita þurfi samþykkis þeirra.“

Fljótlega varð ljóst að meirihluti þeirra sem voru vistaðir á Breiðavikurheimilinu voru sendir af barnaverndarnefnd Reykjavíkur og því framundan mikil og tímafrek vinna fyrir starfsmenn Borgarskjalasafns. Með bréfi dags. 19. júní sl. óskaði Borgarskjalasafn eftir nánari upplýsingum félagsmálaráðuneytis um hvaða skjölum frá barnaverndarnefnd væri óskað eftir um starfsemina, hversu nákvæmlega ætti að fara ofan í mál hvers einstaklings sem og um áætlun um meðferð gagnanna að nefndarstörfum loknum og var því svarað með bréfi ráðuneytisins dags. 22. júní. Farið var af stað með upplýsingaöflun um þá 82 einstaklinga frá Reykjavík sem voru á nafnaskrá ráðuneytisins sem þá hafði borist frá Hildi Biering. Félagsmálaráðuneytinu var kynnt bréfleiðis þann 9. júlí hvernig rannsóknarvinnu safnsins yrði háttað og var jafnframt óskað eftir upplýsingum um nöfn og fæðingardaga foreldra viðkomandi einstaklinga, en mál barna hjá barnaverndarnefnd eru/voru oft skráð undir nöfnum/kennitölum foreldra eða forráðamanna. Þann 13. júlí 2007 barst frá félagsmálaráðuneyti nýr listi yfir einstaklinga frá Reykjavík sem hefðu verið í Breiðavík og hafði þeim þá fjölgað í 92 aðila. Jafnframt fylgdu nöfn þeirra foreldra sem var unnt að finna í þeim gögnum sem ráðuneytið hafði undir höndum en töluvert vantaði ennþá af nöfnum foreldra og ekki fylgdu fæðingardagar þeirra. Á þeim tíma voru flestir starfsmenn safnsins í sumarleyfi og lá því vinna niðri næstu þrjár vikur.

Þann 9. ágúst sl. átti Borgarskjalasafn gagnlegan fund með formanni nefndarinnar Róberti R. Spanó og starfsmanni hennar Þuríði Sigurjónsdóttur þar sem komið var á beinum tengslum við nefndina. Á fundinum skýrðist hvaða gögn nefndin sæktist eftir að fá almennt um starfsemina sem og um hversu djúpt ætti að kafa í mál þeirra einstaklinga sem voru sendir til Breiðavíkur. Sama dag samþykkti Þjóðskrá að grafast fyrir um nöfn þeirra foreldra sem vantaði á lista félagsmálaráðuneytis yfir einstaklinga og sömuleiðis fæðingardaga allra foreldranna. Þá leit varð að gera að mestu leyti handvirkt í eldri skjölum Þjóðskrár og var þessi mikla vinna Þjóðskrár ómetanleg svo hægt væri að finna umrædd mál.

Í kjölfarið fór á fullt skrið leit starfsmanna Borgarskjalasafns að upplýsingum og þann 1. september var ráðinn sagnfræðingur sérstaklega til að sinna leit ásamt öðrum starfsmanni safnsins. Afritum af skjölum var skilað reglulega beint til nefndarinnar. Samtals var skilað 2.898 síðum í alls átta afhendingum og fjölluðu þær um 93 einstaklinga og sömuleiðis voru afhent afrit skjala sem fjölluðu almennt um upphaf og starfsemi Breiðavíkurheimilisins. Skráðir tímar starfsmanna við leit að einstökum málum voru 423 talsins. Ekki voru afhent

afrit af skýrslum Símonar Jóh. Ágústssonar sálfræðings þar sem nefndin hafði þær þegar undir höndum. Sér örk var fyrir mál hvers einstaklings.

Misjafnlega mikið var til af skjölum um þá einstaklinga frá Reykjavík sem vistaðir voru í Breiðavík fyrir tilstuðlan barnaverndarnefndar Reykjavíkur (hér eftir nefnd BVN) á árunum 1952-1976. Fer það bæði eftir því hve mikil afskipti BVN hafði af einstaklingum og/eða fjölskyldum þeirra áður en viðkomandi var sendur og hve mikið af gögnum hafa varðveist. Af skýrslum Símonar má ráða að viðkomandi hafi fylgt skjöl um ástæður vistar og jafnvel greiningar, en afrit þeirra skjala hafa ekki alltaf varðveist í skjalasafni BVN.

Upplýsingar um þá einstaklinga frá Reykjavík sem voru vistaðir í Breiðavík er einkum að finna í skjölum BVN. Þó var einnig leitað í skjölum annarra vistheimila og sálfræðideildar skóla og jafnvel fleiri stöðum ef illa gekk að finna upplýsingar um mál. Haft var samráð við fyrrverandi skjalavörð Félagsþjónustunnar í Reykjavík sem og fyrrverandi félagsmálastjóra í Reykjavík um hvernig skjöl hafi verið vistuð á þessum tíma og hvað upplýsingar gæti verið að finna. Tekið skal fram að Borgarskjalasafn hefur ekki fengið afhent skjöl geðverndardeildar Heilsuverndarstöðvarinnar en sumir einræddra einstaklinga höfðu farið í viðtöl þar. Í árslok 2007 barst spjaldskrá einstaklingsmála fyrir árin 1966 til 1990 frá sálfræðideild skóla en hún var ekki fyrir hendi þegar leit var unnin fyrir nefndina.

Nánar um gagnavörslu og leit að upplýsingum í skjölum Barnaverndarnefndar, um þá sem voru vistaðir í Breiðavík:

Eins og fyrr sagði var einkum leitað fanga í eldri skjölum barnaverndarnefndar Reykjavíkur varðandi mál þeirra sem sendir voru til Breiðavíkur. Skjöl nefndarinnar sjálfrar hafa almennt varðveist en misjafnt er hvernig þeim hefur verið raðað eftir tímabilum. Rétt er þó að hafa í huga að starfsemi og ákvarðanataka barnaverndarnefnda og félagsmálayfirvalda var með töluvert öðrum hætti á þessum tíma en tíðkast í dag. Sömuleiðis eru skjöl varðandi einstaklingana ólík eftir því hvort þeir voru sendir til Breiðavíkur vegna fjölskylduaðstæðna eða afskipta af þeim sjálfum. Notast var við nokkra meginskjalaflokka barnaverndarnefndar í Reykjavík við leitina:

Spjaldskrár barnaverndarnefndar eru lykilheimildir að skjölum hennar um málefni einstaklinga. Ekki er til ein heildstæð spjaldskrá yfir barnaverndarmál á tímabilinu heldur er um að ræða nokkrar skrár fram til um 1970. Þær vísa í færslur í gerðabókum BVN, skýrslur

um heimiliseftirlit, lögregluskýrslur sem bárust nefndinni, ástæður afskipta og í sumum tilfellum númer framfærslumála og þeirra úrræða sem gripið var til. Án spjalds eða færslu er næsta ómögulegt að rekja feril barns eða fjölskyldu í gögnum BVN. Tilviljanakennt var hvort málið var skráð á barn, föður, móður eða jafnvel afa eða ömmu. Oft var fæðingardegi sleppt og mál jafnvel skráð á millinafn eða gælunafn viðkomandi barns eða foreldris. Töluverð leit getur því verið að máli.

Gerðabækur BVN veita gott yfirlit yfir barnaverndarmál allt frá því að ábending barst til nefndarinnar og þangað til að úrræði var fundið eða ákvörðun tekin. Lítið er á þeim að græða þegar kemur að því að skoða ástæður inngripa eða ákvarðanatöku nefndarinnar þar sem færslurnar eru stuttar og skrá eingöngu mál tekin fyrir eða ákvarðanir. Því skiptir varðveisla annarra skjala skiptir sköpun varðandi bakgrunn mála nefndarinnar.

Afrit *lögregluskýrslna* voru lögð fram á fundum BVN og voru skráðar í spjaldskránna á nafn viðkomandi brotaaðila og í sumum tilvikum brotaþola. Undantekningarlítið er hægt að finna allar lögregluskýrslur sem bárust nefndinni fram til um 1970.

Svokallaðar *heimiliseftirlitsskýrslur* voru skrifaðar af eftirlitsaðilum barnaverndarnefndar og ná yfir samskipti þeirra við fjölskyldurnar. Þær eru nokkuð ýtarlegar og hafa að geyma mikilvægar upplýsingar um aðstæður viðkomandi fjölskyldna og barna en einnig um aðkomu, afskipti og eftirlit barnaverndarnefndar af þeim. Þær fylla því oft upp í eyður sem eru í öðrum gögnum.

Í *málasafni* eru meðal annars varðveittar árlegar skýrslur Símonar Jóh. Ágústssonar um Breiðavíkurheimilið frá 1959 til 1972 og ein askja merkt „BVN Vistheimilið í Breiðavík 1945-1967: Greinargerðir, nafnalistar, eftirlit með heimilinu o.fl.“. Í þeirri öskju eru almennar upplýsingar um starfsemi og upphaf vistheimilins í Breiðavík en þar má einnig finna sálfræðigreinagerðir og afrit bréfa sem send hafa verið til Breiðavíkur um nokkra drengi þar sem aðstæður þeirra og ástæður vistunar eru tíundaðar.

Leit í ofangreindum skjölum um einstaklinga sem fóru til Breiðavíkur á árunum 1952 og fram til um 1970 er í flestum tilfellum svipuð: Spjald finnst um viðkomandi og/eða foreldra, á því er vísað í staði í fundargerðabók, oft í lögregluskýrslu og/eða heimiliseftirlitsskýrslu. Í amk.

helmingi tilfella finnast einhver bréfaskipti eða greinagerðir um einstaklinginn í öðrum skjölum. Í ákveðnum tilvikum var einnig leitað í skjölum fleiri opinberra aðila.

Um áramótin 1967-1968 fór BVN að heyra undir Félagsmálastofnun Rvk. (FR) en ekki lengur beint undir borgarráð og þá varð breyting á skráningu skjala og hvernig haldið var utan um málin. Spjaldskrárkerfið var lagt af og farið var að halda dagála þar sem öllum gögnum um tiltekið mál haldið saman á einum stað, t.d. bæði varðandi barnaverndarmál og fjárhagsaðstoð. Torveldara er þá að finna færslur um einstaka menn eða málefni í gerðabókum þar sem lykla að þeim vantar eins og gömlu spjaldskrárnar voru. Á móti kemur að málin eru heildstæðari og upplýsingarnar oft ýtarlegri. Nær undantekningalaust voru barnaverndarmál skráð á foreldra eða forráðamenn (oftast móður) og flokkuð í kennitöluröð. Ókostur er að skjölin hafa eingöngu borist Borgarskjalasafni ef sá sem málið er skráð á er látinn eða ef málið hefur ekki hreyfst í þrjú ár og er talið óvirkt. Nokkur mál sem afhent voru til nefndarinnar fundust við leit að virkum málum foreldra einstaklinganna í þjónustumiðstöðvum borgarinnar.

Lokaorð:

Í heild má segja að vel hafi tekist til við leitina og fundust upplýsingar um mál allra þeirra einstaklinga sem óskað var eftir upplýsingum um. Borgarskjalasafn átti prýðilegt samstarf við félagsmálaráðuneytið, nefndina og Þjóðskrá.

Að lokum þá má nefna að hin umfangsmikla leit fyrir nefndina hefur verið lærdómsrík fyrir starfsmenn Borgarskjalasafns og kennt þeim betur á leit í skjalasafni barnaverndarnefndar Reykjavíkur. Í samtölum starfsmanna Borgarskjalasafns við einstaklinga sem voru í Breiðavík hefur komið skýrt fram að það skiptir þá miklu máli að varðveittar hafi verið upplýsingar um mál þeirra og að þeir hafi aðgang að þeim. Þetta sýnir mikilvægi þess að varðveisla skjala sé tryggð, ekki síst á tímum rafrænnar skjalastjórnar og að vel og skipulega sé staðið að skjalavörslu stofnana.

Virðingarfyllst,

Svanhildur Bogadóttir,
borgarskjalavörður
(sign)

684. Svar [333. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Álfheiðar Ingadóttur um heimilislækna á höfuðborgarsvæðinu.

1. *Hversu margir eru án heilsugæslulæknis eða heimilislæknis á starfssvæði Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og hvernig skiptist sá fjöldi eftir starfssvæðum einstakra heilsugæslustöðva og sveitarfélögum? Óskað er sundurliðunar eftir kyni og aldurshópunum 0–5 ára, 6–17 ára, 18–60 ára og eldri en 60 ára.*

Á svæði Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins eru u.þ.b. 196.000 íbúar. Af þeim eru um 40.000 skráðir hjá heilsugæslunni í Salahverfi, í Lágmúla og hjá sjálfstætt starfandi heilsugæslulæknum. Þeir sem eru án heilsugæslulæknis eða heimilislæknis á starfssvæði heilsugæslunnar eru ekki skráðir formlega og því er ekki mögulegt að sundurgreina þann hóp.

Að mati stjórnenda heilsugæslunnar ættu innan við 10.000 manns af þessum 196.000 að vera óskráðir. Þá hefur verið tekið tillit til þess, að nokkuð eru um að fólk sé skráð á fleiri en eina stöð.

Einnig má gera má ráð fyrir að einhver hluti þessa hóps kæri sig ekki um skráningu á heilsugæslustöð, af einhverjum ástæðum, en ótvírætt er hins vegar samkvæmt nýrri reglugerð nr. 787/2007, um heilsugæslustöðvar, sem sett er á grundvelli laga nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu, að hver einstaklingur á rétt á skráningu á heilsugæslustöð í sinni heimabyggð og þá að jafnaði þá stöð sem er næst heimili hans. Skal einstaklingur að jafnaði skráður sem skjólstæðingur tiltekins heilsugæslulæknis á heilsugæslustöð og ber heilbrigðisstofnun sem heilsugæslustöð tilheyrir að leitast við að tryggja það. Í reglugerðinni er jafnframt tekið fram að ef ekki reynist unnt að skrá einstakling sem skjólstæðing tiltekins heilsugæslulæknis á heilsugæslustöð skuli þess þó gætt að hann njóti sams konar þjónustu á stöðinni og aðrir. Miða þessi ákvæði reglugerðarinnar að því að tryggja jafnt aðgengi og jafnræði landsmanna til heilsugæsluþjónustu í sinni heimabyggð.

Í samræmi við framangreint hefur forstjóri Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins nýlega áréttað umrædd réttindi einstaklinga í bréfi til yfirlækna allra heilsugæslustöðva stofnunarinnar.

2. *Hvernig er staðan í samanburði við önnur heilsugæsluumdæmi?*

Það getur gerst tímabundið að einstaka læknastöður utan höfuðborgarsvæðisins séu ekki að fullu mannaðar. Að því slepptu er ekki um að ræða að fólk sé án heimilislæknis í öðrum heilsugæsluumdæmum.

685. Svar [313. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Dýrleifar Skjóldal um leiðsöguhunda.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvað er það sem kemur í veg fyrir að leiðsöguhundar fyrir blinda og daufblinda séu flokkaðir sem hjálpartæki en ekki sem gæludýr?*

2. Stendur til að breyta þessari flokkun?

Árið 2007 gerðu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og Blindrafélagið með sér samkomulag til sex ára um að ráðuneytið styrkti félagið til að kaupa og þjálfa fimm leiðsöguhunda til aðstoðar blindum. Í kjölfar skýrslu sem gefin var út árið 1997 um hvernig þörfum blindra og sjónskertra væri sinnt hér á landi veitti þáverandi ráðherra styrk til að kaupa leiðsöguhund fyrir blindan mann. Verkefnið var tilraunaverkefni og er niðurstaða þess jákvæð. Leiðsöguhundar auka verulega sjálfstæði og ferðafrelsi blindra og um leið lífsgæði þeirra. Er þetta samhljóða reynslu frá öðrum löndum.

Í Noregi er löng hefð fyrir þjálfun og notkun leiðsöguhunda fyrir blinda. Þar í landi, eins og reyndar víðar, eru hundar skilgreindir sem hjálpartæki fyrir blinda sem uppfylla tiltekin skilyrði. Blindrafélagið er í samstarfi við Norðmenn um framangreint sex ára verkefni. Hundarnir eru keyptir þaðan og frumþjálfun þeirra fer þar fram.

Gott samstarf hefur verið milli ráðuneytisins og samtaka blindra og sjónskertra um verkefnið og mun ráðuneytið fylgjast með framvindu þess.

Sú ósk hefur komið fram af hálfu samtaka blindra og sjónskertra að leiðsöguhundar verði skilgreindir sem hjálpartæki fyrir blinda hér á landi. Heilbrigðisráðherra hyggst skoða það mál af fullri alvöru í samstarfi við samtökin.

686. Tillaga til þingsályktunar [430. mál]

um setningu reglna um hámarksmagn transfitusýra í matvælum.

Flm.: Siv Friðleifsdóttir, Kjartan Ólafsson, Kolbrún Halldórsdóttir,
Ásta R. Jóhannesdóttir, Magnús Stefánsson, Bjarni Harðarson,
Huld Aðalbjarnardóttir, Ragnheiður Ríkharðsdóttir,
Álfheiður Ingadóttir, Árni Páll Árnason, Björk Guðjónsdóttir,
Hanna Birna Jóhannsdóttir, Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að fela sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að hefja undirbúning að setningu reglna um að hámarksmagn transfitusýra í matvælum verði tvö grömm í hverjum hundrað grömmum af fitumagni vörunnar.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur mikil umræða skapast um transfitusýrur sem finnast í ýmsum matvælum. Neysla á transfitusýrum eykur líkur á hjarta- og æðasjúkdómum mun meira en neysla á mettaðri fitu, sem þó er vel þekktur áhættuvaldur fyrir slíka sjúkdóma. Þannig valda þær hækkun á LDL-kólesteróli (slæmu kólesteróli) og lækkun á HDL-kólesteróli (því góða). Að auki eykur neysla hertrar fitu/transfitusýra hættu á offitu og sykursýki 2. Líkur á hjarta- og æðasjúkdómum eru taldar aukast um 25% ef neytt er 5 g af hertri fitu á dag. Auðvelt að fá margfalt það magn eingöngu í einni máltíð.

Transfitusýrur myndast þegar olía er hert en hörð fita er notuð til að matvæli fái ákveðna eiginlega sem taldir eru eftirsóknarverðir, svo sem aukið geymsluþol. Einkum er um að ræða matvörur þar sem bökunarsmjörlíki eða djúpsteikingarfeiti sem inniheldur herta fitu er notað við framleiðslu. Þær vörur sem mögulega innihalda transfitusýrur eru t.d. smjörlíki, steik-

ingarfeiti, kökur og kex auk franskra kartaflna. Þá inniheldur djúpsteiktur skyndibitamatur, örbylgjupopp, snakk og sælgæti í mörgum tilvikum umtalsvert magn transfitusýra. Frá náttúrunnar hendi má svo finna transfitusýrur t.d. í rjóma og smjöri. Dæmi eru um að hert fita geti verið allt að 60% af heildarfitumagni í matvöru.

Steen Stender, yfirlæknir á Gentofte Hospital í Danmörku, hefur rannsakað magn transfitusýra í völdum fæðuflokkum, skyndibita, kexi, kökum og örbylgjupoppi, en þar kemur í ljós að Ísland er í 8. sæti á lista 24 þjóða sem rannsóknin náði til. Magnið sem kemur fram í töflunni hér á eftir er meðaltalsmagn í þessum fæðuflokkum og miðast við 100 g:

Ungverjaland	42 g
Tékkland	41 g
Pólland	39 g
Búlgaría	38 g
Bandaríkin	36 g
Kanada	36 g
Perú	36 g
Ísland	35 g
Rúmenía	30 g
Suður Afríka	29 g
Frakkland	25 g
Þýskaland	25 g
Portúgal	24 g
Spánn	24 g
Bretland	24 g
Holland	23 g
Rússland	23 g
Austurríki	22 g
Ítalía	21 g
Noregur	16 g
Svíþjóð	14 g
Finnland	10 g
Sviss	5 g
Danmörk	0,4 g (voru í 30 g árið 2001)

Það vekur óneitanlega athygli að Ísland skuli raða sér á bekk með Austur-Evrópuþjóðum og Bandaríkjamönnum í þessum efnum og tróna á toppnum þegar Norðurlandaþjóðirnar eru skoðaðar. Steen Stender fullyrðir jafnframt út frá rannsóknum sínum að transfitusýrur séu ágætar í skóáburð og koppafeiti en eigi ekkert erindi í matvæli sem ætluð eru til manneldis.

Samkvæmt ráðleggingum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar er æskilegt að neysla transfitusýra fari ekki yfir 2 g á dag. Rannsóknir á neysluháttum Íslendinga gefa til kynna að neysla á transfitusýrum sé hér nokkuð hærri en þau mörk og hærri en sambærilegar neyslutölur hjá mörgum öðrum Evrópuþjóðum. Neysla á transfitusýrum hefur minnkað um tæplega þriðjung á sl. tveimur áratugum. Vegur þar þyngst minni smjörlíkisneysla og það að samsetningu smjörlíkis hefur verið breytt. Enn sem komið er skipa Íslendingar sér þó á bekk með þeim sem neyta mestrar hertrar fitu eða um 3,5 g sem er tæplega tvöföld sú neysla sem mælt er með.

Hérlendis er ekki skylda að merkja matvöru með næringargildismerkingu. Engar reglur eru í gildi um leyfilegt magn hertrar fitu í matvælum og engar reglur eru til um merkingar matvöru varðandi magn þessarar fitu. Neytendum er því ekki gefinn kostur á að forðast transfitusýrur þó að vilji sé fyrir hendi.

Danir settu árið 2003 reglur sem kveða á um að það feitmeti, sem reglurnar ná til, megi ekki innihalda meira en tvö grömm af transfitusýrum per hundrað grömm af fitu. Þessar reglur ná þó ekki til transfitusýra sem eru í vörunni frá náttúrunnar hendi. Evrópusambandið samþykkti reglurnar í upphafi en eftir kæru frá tveimur matvælaframleiðendum, sem töldu þær hindra frítt flæði matvöru innan sambandsins, gerði það athugasemd og óskaði eftir að Danir felldu reglurnar niður þar sem þær kynnu að hindra frítt flæði matvöru innan ESB. Danir neituðu og voru tilbúnir að fara með málið fyrir Evrópudómstólinn en sambandið féll frá málaferlum á hendur Dönum því að sýnt þótti að Danir væru með þessu að sporna við hugsanlegu heilsutjóni þegna sinna af völdum óæskilegs mataræðis, sem felst í neyslu transfitusýra, og að sú niðurstaða byggist á viðurkenndum vísindarannsóknum. Með því hefur Evrópusambandið tekið afstöðu til þess að það beri að lágmarka transfitusýrur í matvælum ekki eingöngu í Danmörku heldur á öllu Evrópusambandssvæðinu.

Danmörk er því fyrsta landið í heiminum til að setja takmarkandi reglur um iðnaðarframleiddar transfitusýrur í matvælum og gilda þær einnig um innflutt matvæli. Brot á reglunum geta kostað tveggja ára fangelsi. Reynsla Dana sjálfra af þessum reglum er sú að enn er mikið magn matvæla flutt inn frá löndum sem ekki hafa sett sér reglur um hámark transfitusýra en í mörgum tilvikum hafa matvælaframleiðendur breytt framleiðsluháttum sínum til að koma til móts við hinar nýju reglur.

Bandaríkjamenn hafa valið þá leið að setja reglugerð um merkingar á matvælum þannig að hlutfall transfitusýra/hertrar fitu komi skýrt og greinilega fram á umbúðum og síðan er neytendum gert að velja það hvort þeir neyta matvælanna eða ekki. Talið er að innleiðing slíkra reglna sé tímafrek, hún kosti eftirlitskerfið mjög mikið auk þess sem innleiðing og upplýsing til alls almennings taki langan tíma og sé erfið í framkvæmd. Þess utan er hægara sagt en gert að afla upplýsinga um innihald matvöru, rýna þarf í innihaldslýsingar og þekkja mismunandi heiti hertrar fitu til að eiga möguleika á að forðast hinar hættulegu transfitusýrur. Best væri þó ef neytendur veldu olíur og mjúka fitu í stað hinnar hertu. Þá benda rannsóknir til þess að lýsisneysla vinni gegn neikvæðum afleiðingum af neyslu transfitusýra. Bandarísku reglurnar ná þó ekki til veitingastaða þar sem maturinn er ekki í umbúðum en heilbrigðisnefnd New York-borgar hefur frá júlí 2007 bannað notkun transfitusýra á veitingastöðum.

Með þingsályktunartillögu þessari er því beint til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að setja reglur, sambærilegar þeim dönsku, enda má ætla að fjölmargir Íslendingar séu í bráðri hættu vegna ofneyslu á transfitusýrum.

687. Frumvarp til laga [431. mál]

um efni og efnablöndur.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er annars vegar að tryggja að meðferð á efnum og efnablöndum valdi ekki tjóni á heilsu manna og dýra eða á umhverfi og hins vegar að tryggja frjálst flæði á efnavörum á markaði. Í því skyni skal byggja á þeirri grundvallarreglu að framleiðendur, innflytjendur og eftirnotendur efna og efnablandna skuli ganga úr skugga um að þau efni sem þeir framleiða, flytja inn eða nota valdi ekki tjóni á heilsu manna eða umhverfi.

2. gr.
Gildissvið.

Lög þessi gilda um efni, hvort sem þau eru hrein, í efnablöndum eða í hlutum. Lögin taka þó ekki til lyfja, sbr. lyfjalög, nr. 93/1994, matvæla, sbr. lög um matvæli, nr. 93/1995, tóbaks, sbr. lög um tóbaksvarnir, nr. 6/2002, vímuefna, sbr. lög um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, snyrtivara, sbr. lög um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52/1988, úrgangs, sbr. lög um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, né til geislavirkra efna, sbr. lög um geislavarnir, nr. 44/2002. Lög þessi taka enn fremur ekki til lækningatækja, sbr. lög um lækningatæki, nr. 16/2001.

3. gr.
Orðskýringar.

Í lögum þessum er merking eftirtalinna orða og orðasambanda sem hér segir:

1. *Birgir:* Framleiðandi, innflytjandi, eftirnotandi eða dreifandi sem setur efni, hvort sem það er hreint, í efnablöndu eða í hlutum, á markað.
2. *Dreifandi:* Einstaklingur eða lögaðili með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu, þ.m.t. smásali, sem einungis geymir og setur á markað efni, hreint eða í efnablöndu.
3. *Efnablanda:* Blanda eða lausn tveggja eða fleiri efna.
4. *Efnastofnun Evrópu:* Efnastofnun Evrópu í Helsinki, sem sett var á fót með reglugerð Evrópusambandsins nr. 1907/2006, frá 30. desember 2006.
5. *Efni:* Frumefni og sambönd þeirra, bæði náttúruleg og manngerð, þ.m.t. aukefni sem eru nauðsynleg til að viðhalda stöðugleika efnisins, og óhreinindi sem verða til í vinnslu, en þó ekki leysiefni sem skilja má frá án þess að það hafi áhrif á stöðugleika efnisins eða breyti samsetningu þess.
6. *Efni í hlut:* Efni sem sett eru á markað í hlut og ætlast er til að losni úr hlutnum við venjubundna notkun. Dæmi um slíkt er blek í prenthylkjum eða pennum.
7. *Eftirnotandi:* Einstaklingur eða lögaðili með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu, annar en framleiðandi eða innflytjandi, sem notar efni, hreint eða í efnablöndu, í iðnaði eða við faglega starfsemi. Dreifandi eða neytandi telst ekki eftirnotandi í þessum skilningi. Sá sem flytur aftur inn efni sem hefur verið skráð hjá Efnastofnun Evrópu og flutt út af Evrópska efnahagssvæðinu telst vera eftirnotandi.

8. *Framleiðandi:* Einstaklingur eða lögaðili með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu sem framleiðir efni innan svæðisins.
9. *Innflutningur:* Flutningur efnis, efnablöndu eða efna í hlutum inn á Evrópska efnahagssvæðið frá ríkjum utan svæðisins.
10. *Innflytjandi:* Einstaklingur eða lögaðili með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu sem er ábyrgur fyrir innflutningi inn á svæðið. Aðili sem flytur inn efni sem þegar hafa verið skráð hjá Efnastofnun Evrópu telst dreifandi en ekki innflytjandi í skilningi laga þessara.
11. *Markaðsleyfi:* Leyfi framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins til markaðssetningar efna sem háð eru sérstökum takmörkunum samkvæmt reglum sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu.
12. *Markaðssetning:* Það að sjá þriðja aðila fyrir vöru sem fellur undir lög þessi eða bjóða hana fram, hvort heldur er gegn greiðslu eða án endurgjalds. Innflutningur telst markaðssetning í skilningi laga þessara.
13. *Öryggismat:* Mat á hættueiginleikum efnis í framleiðslu og við þá notkun sem efnið er ætlað til, að teknu tilliti til eðlilegrar varúðar við framleiðslu og notkun.
14. *Öryggisblöð:* Upplýsingablöð um eiginleika efna eða efnablandna ásamt upplýsingum um meðhöndlun og meðferð þeirra.
15. *Öryggisskýrsla:* Skýrsla þar sem niðurstöður öryggismats eru teknar saman.

4. gr.

Takmarkanir.

Ef heilsu manna og dýra eða umhverfi stafar hætta af má takmarka heimildir til framleiðslu, markaðssetningar og notkunar tiltekinna efna, hvort sem þau eru hrein, í efnablöndum eða í hlutum, binda þær við tiltekin notkunarsvið, kveða á um upplýsingaskyldu um notkunina, kveða á um skyldubundnar merkingar, krefjast þess að efni sem talið er hafa óæskileg áhrif á heilsu manna og dýra eða er talið skaða umhverfið sé skipt út fyrir annað hættuminna efni, krefjast prófunar af hálfu faggiltra prófunaraðila, leyfisbinda markaðssetningu eða notkun eða banna alla notkun.

Ráðherra skal í reglugerð kveða á um takmarkanir skv. 1. mgr. í samræmi við kröfur á Evrópska efnahagssvæðinu.

Ráðherra er heimilt, ef réttmæt ástæða er til að ætla að þörf sé á tafarlausum aðgerðum til að vernda heilsu manna eða umhverfið, að grípa til aðgerða, svo sem banns við markaðssetningu eða annarra takmarkana til verndar þessum hagsmunum. Þetta gildir þó að viðkomandi efni, efnablanda eða efni í hlut sem aðgerðir skv. 1. málsl. beinast að uppfylli kröfur laga þessara eða reglugerða sem settar hafa verið á grundvelli þeirra.

5. gr.

Skráningarskylda.

Framleiðandi eða innflytjandi efnis, hvort sem það er hreint, í efnablöndu eða í hlutum, sem framleitt er eða flutt inn til markaðssetningar á Evrópska efnahagssvæðinu í meira magni en einu tonni á ári, skal skrá efnið hjá Efnastofnun Evrópu. Er framleiðanda og innflytjanda skylt að lúta þeim takmörkunum sem af skráningunni kann að leiða.

Ráðherra setur í reglugerð frekari ákvæði um fyrirkomulag skráningar, tilkynningar, mat á efnum, skyldu til gerðar og endurmats öryggisskýrslu og öryggismats og prófanir sem skal framkvæma í tengslum við skráninguna. Enn fremur er ráðherra heimilt í reglugerð að setja

ákvæði sem nauðsynleg eru vegna aðildar Íslands að Efnastofnun Evrópu, þ.m.t. um gjaldtöku.

Um virk efni í varnar- og sæfiefnum fer samkvæmt lögum um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52/1988.

6. gr.

Markaðsleyfi.

Framleiðandi eða innflytjandi efnis sem háð er markaðsleyfi skal sækja um slíkt leyfi til Efnastofnunar Evrópu. Sama gildir um eftirnotanda ef notkun hans á efninu er ekki innan heimils notkunarsviðs samkvæmt markaðsleyfi sem gefið hefur verið út til handa innflytjanda eða framleiðanda efnisins.

Umhverfisstofnun staðfestir útgefið markaðsleyfi.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um hvaða efni skuli háð markaðsleyfi, um leyfisumsókn, efni leyfis, veitingu þess og staðfestingu Umhverfisstofnunar.

7. gr.

Öryggisblöð og öryggisskýrslur.

Birgjar skulu láta öryggisblað fylgja við afhendingu efnis, hvort sem það er hreint eða í efnablöndu, ef það fellur undir einn eða fleiri af eftirtöldum liðum:

a. Efnið er hættulegt eða eitrað, sbr. lög nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni.
b. Efnið er þrávirkt, safnast fyrir í lífverum eða er eitrað samkvæmt nánari viðmiðunum sem settar verða í reglugerð.
c. Efnið er háð markaðsleyfi skv. 6. gr.

Upplýsingar úr öryggisskýrslum um örugga notkun skulu, þegar við á, fylgja í viðauka við öryggisblað.

Birgjar annarra efna en þeirra sem falla undir 1. mgr. skulu við afhendingu láta fylgja skráningarnúmer efnis og upplýsingar um notkunartakmarkanir ef um þær er að ræða.

Eftirnotendur skulu nota efni og efnablöndur í samræmi við ákvæði öryggisblaða og öryggisskýrslna sem þeim fylgja.

Eftirnotendur skulu tilkynna dreifanda, innflytjanda eða framleiðanda ef notkun þeirra er utan skráðs notkunarsviðs viðkomandi efnis samkvæmt öryggisskýrslu. Ef um er að ræða notkun efna sem skylt er að gera öryggisskýrslu um, utan skráðs notkunarsviðs, er eftirnotanda skylt að gera öryggisskýrslu vegna notkunar sem ekki er tilgreind á öryggisblaði, sé notkunin meiri en sem nemur 1 tonni á ári.

Nánari ákvæði um skyldu til gerðar og endurmats öryggisblaða og um undanþágur þar frá, um efni þeirra og um skyldur birgja og eftirnotenda að öðru leyti skulu sett í reglugerð.

8. gr.

Markaðssetning, framleiðsla og notkun.

Heimilt er að setja á markað efni, hvort sem það er hreint, í efnablöndu eða í hlutum, sem skráð hafa verið hjá Efnastofnun Evrópu með þeim notkunartakmörkunum sem af þeirri skráningu kann að leiða eða markaðsleyfi kveður á um.

Óheimilt er að framleiða, flytja inn, markaðssetja eða nota efni, hvort sem það er hreint, í efnablöndu eða í hlutum, sem ekki hefur verið skráð eða eftir atvikum leyft, né þannig að fari í bága við þær takmarkanir sem settar eru á grundvelli laga þessara og reglugerðum sem settar eru með stoð í þeim, sbr. 4.–7. gr.

9. gr.

Eftirlit og framkvæmd.

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum. Umhverfisstofnun hefur eftirlit með framkvæmd laganna og er ráðherra til ráðgjafar.

Umhverfisstofnun skal upplýsa almenning um hættu tengda efnum og efnanotkun þegar þörf er á til verndar heilsu almennings eða umhverfi. Umhverfisstofnun skal setja á fót rafrænt þjónustuborð þar sem framleiðendum, innflytjendum, birgjum, eftirnotendum og öðrum eru veittar upplýsingar og ráðgjöf um skyldur sínar samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með framleiðslu, innflutningi og markaðssetningu efna, efnablandna og hluta sem falla undir lög þessi. Samhliða eftirliti með starfsleyfisskyldri starfsemi samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og lögum nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, skulu heilbrigðisnefndir sveitarfélaga hafa eftirlit með framkvæmd laga þessara hjá hlutaðeigandi starfsemi í samræmi við fyrirmæli Umhverfisstofnunar. Í þeim tilvikum skal beiting úrræða skv. 10. gr. vera í höndum heilbrigðisnefndar.

Umhverfisstofnun getur haft samstarf við tollayfirvöld um framkvæmd eftirlits samkvæmt lögum þessum við innflutning. Tollayfirvöld skulu veita Umhverfisstofnun upplýsingar um innflutning efna, efnablandna og vara sem falla undir lög þessi sé þess óskað.

Umhverfisstofnun getur með samningi falið öðrum stjórnvöldum eða faggiltum skoðunarstofum, sbr. lög nr. 24/2006, um faggildingu o.fl., einstaka þætti eftirlits samkvæmt lögum þessum. Taka stjórnvaldsákvarðana samkvæmt lögum þessum skal þó ávallt vera í höndum Umhverfisstofnunar, sbr. þó 3. mgr. Skylda má þá sem eftirlit beinist að til að semja um framkvæmd eftirlits við faggiltar skoðunarstofur.

10. gr.

Heimildir eftirlitsaðila.

Eftirlitsaðilum skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þar á meðal til töku sýna og myndatöku, að öllum þeim stöðum sem lög þessi ná til. Eftirlitsaðilar geta krafist þess að birgir veiti eins fljótt og verða má þær upplýsingar um innihald efna, efnablandna og efna í hlutum sem honum er skylt að hafa.

Umhverfisstofnun, eða eftir atvikum heilbrigðisnefnd, sbr. 3. mgr. 9. gr., skal heimilt að stöðva markaðssetningu vöru sem ekki uppfyllir skilyrði laga þessara eða reglugerða settra samkvæmt þeim og leggja hald á slíka vöru. Enn fremur er heimilt að krefjast þess að birgir fargi viðkomandi efni, efnablöndu eða hlut með öruggum hætti eða afturkalli vöruna eða geymi þar til bætt hefur verið úr ágöllum eða hættu afstýrt með viðunandi hætti.

Til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögum þessum getur Umhverfisstofnun, eða eftir atvikum heilbrigðisnefnd, sbr. 3. mgr. 9. gr., veitt viðkomandi aðila áminningu. Jafnframt skal veita hæfilegan frest til úrbóta ef þeirra er þörf. Ef tilmælum er ekki sinnt innan tiltekins frests getur Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefnd ákveðið þeim sem eftirlit beinist að dagsektir þar til úr er bætt. Dagsektir sem Umhverfisstofnun ákveður renna í ríkissjóð en dagsektir sem heilbrigðisnefnd ákveður renna til rekstraraðila heilbrigðiseftirlits. Dagsektir skulu að hámarki nema 500.000 kr. á dag. Kostnað við verkið sem og dagsektir má innheimta með fjárnámi.

11. gr.
Gjaldtaka.

Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefnd er heimilt að taka gjald fyrir eftirlit samkvæmt lögum þessum hjá starfsemi sem háð er starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og lögum nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs. Eftirlit sem tekið er gjald fyrir skal framkvæmt samhliða eftirliti Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefndar með starfseminni samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og lögum um meðhöndlun úrgangs. Upphæð gjaldsins skal byggð á rekstraráætlun þar sem þau atriði eru rökstudd sem ákvörðun gjalds fyrir viðkomandi eftirlit byggist á og má gjaldið ekki vera hærra en sá kostnaður.

12. gr.
Viðurlög.

Fyrir brot gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim skal refsa með sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Nú er brot ítrekað eða stórfellt og getur refsing þá orðið fangelsi allt að tveimur árum. Tilraun eða hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum eru refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

Sektir má ákvarða lögaðila þó að sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann. Einnig má, með sama skilorði, gera lögaðila sekt ef fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðrir einstaklingar sem í þágu hans starfa gerast sekir um brot.

Efni, efnablöndur eða hluti sem flutt eru til landsins, markaðssett eða framleidd þannig að fari í bága við lög þessi má gera upptæk með dómi og einnig ágóða af slíkri ólöglegri starfsemi. Andvirði hins upptæka rennur í ríkissjóð.

13. gr.

Lög þessi taka þegar gildi. Ákvæði 5. gr. taka þó ekki gildi fyrr en 1. júní 2008.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Evrópuþingið og ráðið samþykkti í desember 2006 lokaútgáfu svokallaðrar REACH-reglugerðar, eða reglugerðar um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir á efnum, eftir áralangan undirbúning. Reglugerðin var birt í síðustu útgáfu Stjórnartíðinda EB fyrir áramót og hlaut númerið 1907/2006. Fullt heiti reglugerðarinnar er reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir á efnum (REACH), stofnun Efnastofnunar Evrópu, breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB. Gildistaka reglugerðarinnar innan Evrópusambandsins var 1. júní 2007 en einstakir kaflar taka gildi 1. júní 2008. Samhliða samþykkti Evrópuþingið og ráðið tilskipun 2006/121/EB um breytingu á tilskipun 67/548/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna til að aðlaga þá tilskipun REACH-reglugerðinni.

REACH er stór bálkur, vel á þriðja hundrað síður að lengd með viðaukum. Grundvallarhugsunin sem í REACH felst er að öll efni sem framleidd eru eða sett á markað á EES-svæðinu verði skráð og greind og þau efni sem hafi hættulega eiginleika verði háð notkunartak-

mörkunum af tvíþættum toga. Skráningarskylda er miðuð við magn efnanna og mun magnviðmiðun lækka eftir því sem fram líða stundir. Markmiðið er að öll efni sem eru notuð í þeim mæli að máli skipti séu skráð og einungis notuð á þann hátt að hættulítið sé. Allir þeir sem kaupa efni og nota þau í samræmi við notkunarfyrirmæli eiga þannig að hafa fullt frelsi til þess og viðskipti með efnin eiga að vera frjáls. Þessi aðferðafræði er mjög lík þeirri aðferðafræði sem hefur almennt verið notuð í löggjöf EB á undanförnum árum um vörur og er kennd við nýaðferðafræði. Í stað þess að sett séu fyrirmæli um vörur og gerð þeirra og markaðssetning þeirra sé háð leyfi er öllum heimilt að framleiða vörur á eigin ábyrgð og tilskipanir fela í sér grunnkröfur um að vara sé örugg. Eftirlit á markaði er svo einungis eftirfarandi markaðseftirlit, þar sem gerðar eru úrtaksprófanir og brugðist við kvörtunum sem upp koma og vara þá innkölluð ef hún er ekki í samræmi við grunnkröfur. Ástæða þessarar aðferðafræði er vandað áhættumat sem leitt hefur í ljós að kostnaður atvinnulífs og hins opinbera af veitingu leyfa til markaðssetningar er margfalt meiri en unnt er að réttlæta út frá ávinningnum af leyfisveitingaferlinu.

Í REACH felst að ný Efnastofnun Evrópu (European Chemicals Agency, hér eftir nefnd ECHA) verði sett á fót og hefur henni verið fundinn staður í Helsinki. ECHA mun hafa að aðalverkefni að halda utan um skráningarferli það sem REACH felur í sér. Þannig mun stofnunin athuga skráningar sem sendar verða inn og tryggja að þær séu fullnægjandi. Stofnunin mun gera tillögur um notkunartakmarkanir á efnum til framkvæmdastjórnar EB. Framkvæmdastjórnin verður hins vegar ákvörðunaraðili um notkunartakmarkanir efna í öllum tilvikum.

Almennt um innleiðingarháttu REACH hér á landi.

Fyrir liggur að REACH mun verða hluti af EES-samningnum og er mikilvægt að innleiðingu REACH verði hraðað sem kostur er. Ástæða þess er sú að forskráning efna hefst ári eftir gildistöku reglugerðarinnar og mun aðeins standa í sex mánuði, eða frá 1. júní 2008 til 1. desember 2008. Mikilvægt er að íslensk fyrirtæki geti forskráð sín efni og fengið þannig aðgang að samstarfi við önnur fyrirtæki í Evrópu um skráningu efna og þá gagnaöflun og prófanir sem skráningunni fylgja.

Samkvæmt lauslegri athugun flytja rúmlega fimm hundruð fyrirtæki inn til Íslands efni og efnavörur í meira magni en 1 tonn á ári, þar af um eitt hundrað frá löndum utan EES-svæðisins. Gera má ráð fyrir að töluverður hluti þessara tæplega hundrað fyrirtækja muni þurfa að skrá efni sín hjá Efnastofnun Evrópu samkvæmt ákvæðum frumvarpsins. Til viðbótar eru nokkrir framleiðendur efna starfandi á Íslandi og þurfa þeir einnig að skrá framleiðslu sína sé hún yfir einu tonni á ári.

Stefnt er að því af hálfu stjórnvalda að Ísland verði fullgildur þátttakandi í nýju Efnastofnuninni í Helsinki og aðild Íslands að stofnuninni verði því með sama hætti og aðild aðildarríkja ESB. Efnastofnunin mun í öllum tilvikum semja frumvörp að ákvörðunum framkvæmdastjórnar EB um takmarkanir á efnum sem teljast hafa hættulega eiginleika. Slíkar ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar í framtíðinni um takmarkanir á framleiðslu, setningu á markað og notkun á efnum mun fela í sér viðbætur við viðauka XVII við REACH-reglugerðina.

Frumvarpi því sem hér er lagt fram er ætlað að skapa lagastoð fyrir innleiðingu REACH hér á landi. Lögfestar eru almennar meginreglur og ráðherra veitt heimild til að setja frekari ákvæði um fyrirkomulag skráningarskyldu efna og um takmarkanir á framleiðslu, setningu á markað og notkun á efnum og efnablöndum í reglugerð.

Eins og fyrr segir er REACH lögfest í formi reglugerðar af hálfu Evrópusambandsins. Reglugerðir sambandsins eru ólíkar tilskipunum að því leyti að þær hafa gildi í heild í öllum aðildarríkjum en eru ekki bara bindandi fyrir aðildarríkin að því er varðar efnisreglur og markmið, eins og í tilviki tilskipana. Af því leiðir að lögtaka þarf þá þætti REACH-reglugerðarinnar sem hafa efnislega þýðingu í heild hér á landi. Gert er ráð fyrir að það verði gert með reglugerð.

Eftir því sem skráningu efna vindur fram á samevrópskum vettvangi mun framkvæmdastjórn EB taka nýjar ákvarðanir um takmarkanir framleiðslu, setningu á markað og notkun á efnum. Gert er ráð fyrir því að slíkar notkunartakmarkanir verði leiddar í lög hér á landi með setningu reglugerðar í hvert og eitt skipti og verði þá þeir viðaukar við reglugerðir sem innihalda notkunartakmarkanir á efnum uppfærðir til samræmis við ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar.

Að sinni er gert ráð fyrir að gildandi lög um eiturefni og hættuleg efni haldi gildi sínu enda er þar að finna ákvæði um ýmsa þætti sem ekki er fjallað um í REACH. Hins vegar má gera ráð fyrir að þegar vinna á grundvelli REACH-reglugerðarinnar verður komin í fullan gang þá geti orðið skörun milli ákvæða frumvarpsins annars vegar og laga um eiturefni og hættuleg efni hins vegar. Á þetta t.d. við um notkunartakmarkanir sem framkvæmdastjórn EB leggur til á grundvelli REACH og munu leysa af hólmi notkunartakmarkanir samkvæmt eldri löggjöf sambandsins, sem hingað til hefur verið innleidd með stoð í lögum um eiturefni og hættuleg efni. Af þessum sökum er áætlað að hafist verði þegar handa við endurskoðun þeirra laga og þau samræmd nýju umhverfi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Markmið laganna er efnislega samhljóða markmiðsákvæði REACH-reglugerðar Evrópusambandsins.

Um 2. gr.

Gildissvið laganna er skilgreint rúmt þannig að það nái til allra efna, efnablandna og efna í hlutum en frá því eru þó undantekningar sem eiga rætur sínar að rekja til ákvæða REACH-reglugerðarinnar. REACH gildir um efni sem fara í framleiðslu lyfja og snyrtivara en ekki um fullunna vöru.

Um 3. gr.

Í ákvæðinu er að finna skilgreiningu á helstu hugtökum laganna. Flest byggjast þau á skilgreiningum í REACH-reglugerðinni. Með innflutningi er átt við innflutning frá löndum utan EES-svæðisins. Aðili sem flytur inn efni, efnablöndu eða efni í hlutum sem þegar hafa verið skráð hjá Efnastofnun Evrópu og eru á markaði í Evrópu telst dreifandi en ekki innflytjandi í skilningi frumvarpsins. Í ákvæðinu er skilgreining á efnum í hlutum en þau falla aðeins undir reglur frumvarpsins ef um er að ræða efni sem eiga að losna úr hlutnum við venjubundna notkun. Dæmi um slíkt er blek í prenthylkjum eða pennum, ilmefni úr t.d. strokleðrum og hreinsefni úr blautþurrku ætluð til hreinsunar á gleraugum. Gera má ráð fyrir að það kunni að verða vandasamt í framkvæmd að ákveða hvenær efni í hlut telst falla undir þessa skilgreiningu. Á vegum Efnastofnunar Evrópu verða unnar leiðbeiningar um skýringar á þessum hluta REACH.

Um 4. gr.

Í ákvæðinu er heimild fyrir ráðherra til að takmarka heimildir til framleiðslu, markaðssetningar og notkunar tiltekinna efna, efnablandna eða efna í hlutum ef heilsu manna og dýra eða umhverfi stafar hætta af. Sambærileg heimild hefur verið í lögum um eiturefni og hættuleg efni en þar sem frumvarpið nær til fleiri efna er heimildin rýmri en lög um eiturefni og hættuleg efni. Í ákvæðinu er einnig að finna svokallaða skiptireglu sem er ein af grundvallarreglum REACH og felur það í sér að hættulegum efnum sé skipt út fyrir hættuminni staðgengilsefni sem vitað er að koma að sömu notum. Annað nýmæli er að heimilt verður að krefjast þess að prófanir séu framkvæmdar af faggiltum prófunaraðilum. Gert er ráð fyrir að þær reglugerðir sem byggjast á lögum um eiturefni og hættuleg efni haldi gildi sínu en ný löggjöf frá Evrópusambandinu sem sett verður á grundvelli REACH-kerfisins verði innleidd í íslenskan rétt með stoð í ákvæðum þessa frumvarps. Smám saman munu hinar nýju gerðir leysa þær eldri af hólmi.

Í 3. mgr. er að finna svokallað öryggisákvæði sem heimilar ráðherra, ef réttmæt ástæða er til að ætla að þörf sé á tafarlausum aðgerðum til að vernda heilsu manna eða umhverfið, að grípa til aðgerða svo sem banns við markaðssetningu eða annarra takmarkana til verndar þessum hagsmunum, einnig í þeim tilvikum þegar viðkomandi vara uppfyllir kröfur laganna. Almennt gildir sú regla að ekki sé heimilt að setja sérislenskar reglur til að takmarka innflutning eða markaðssetningu efna sem falla undir REACH. Öryggisákvæðið, sem er að finna í 129. gr. REACH-reglugerðarinnar, er undantekning frá þessu og mundi aðeins vera notað í sérstökum tilvikum. Samkvæmt REACH skal tilkynna framkvæmdastjórn Evrópusambandsins um það þegar EFTA-ríki beitir öryggisákvæðinu. Einnig mundi það tilkynnt Eftirlitsstofnun EFTA, Efnastofnun Evrópu og öllum aðildarríkjum EES-svæðisins með rökstuðningi fyrir ákvörðuninni. Á grunni þeirra röksemda hefur framkvæmdastjórnin 60 daga til að samþykkja aðgerðirnar eða krefjast þess að ríki afturkalli þær.

Um 5. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um skráningarskyldu efna sem er undirstöðuþáttur í REACH-reglugerðinni. Byggt er á því að öll efni sem framleidd eru eða sett á markað á EES-svæðinu verði skráð og greind. Á grundvelli þeirra gagna og athugana sem gerðar eru við skráninguna verði síðan teknar ákvarðanir um það hvaða efni þurfi að sæta sérstökum takmörkunum. Um sum efni munu gilda almennar takmarkanir, sbr. 4. gr. frumvarpsins. Hættulegustu efnin verða hins vegar háð sérstökum leyfum, sbr. 6. gr. frumvarpsins. Skráning samkvæmt REACH verður miðlæg á öllu Evrópska efnahagssvæðinu og annast Efnastofnun Evrópu hana.

Um 6. gr.

Samkvæmt REACH-reglugerðinni verður markaðssetning hættulegustu efnanna háð sérstöku markaðsleyfi. Má þar nefna krabbameinsvaldandi efni, efni sem valda stökkbreytingum eða hafa áhrif á æxlun, sem og þau efni sem safnast fyrir í lífverum, eru þrávirk eða eitruð. Gefur framkvæmdastjórn Evrópusambandsins út slíkt leyfi að fengnum tillögum Efnastofnunar Evrópu til handa fyrirtækjum í aðildarríkjum Evrópusambandsins. Samkvæmt drögum að aðlögunartexta vegna upptöku REACH-reglugerðarinnar í EES-samninginn er gert ráð fyrir að viðeigandi stofnun EFTA-ríkis, hér Umhverfisstofnun, staðfesti öll markaðsleyfi sem gefin eru út af framkvæmdastjórn Evrópusambandsins innan 30 daga frá útgáfu þeirra. Er

þetta fyrirkomulag svipað og innleitt hefur verið í lyfjalög þar sem Lyfjastofnun gefur út viðurkenningu á miðlægum markaðsleyfum Lyfjastofnunar Evrópu.

Um 7. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um þær skyldur sem hvíla á birgjum og eftirnotendum efna varðandi skil á svokölluðum öryggisblöðum og öryggisskýrslum. Um efni þessara skjala verður kveðið á í reglugerð.

Um 8. gr.

Í 1. mgr. er sett fram grundvallarregla REACH-reglugerðarinnar um frjálsan markaðsaðgang efna að undangenginni skráningu, svo fremi að virtar séu þær notkunartakmarkanir sem af skráningunni leiðir. Í 2. mgr. er kveðið á um hina hliðina á þeirri grundvallarreglu, þ.e. að ef ekki er farið að reglum REACH sé framleiðsla, markaðssetning eða notkun viðkomandi vöru óheimil.

Um 9. gr.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að framkvæmd laganna verði í höndum Umhverfisstofnunar. Til einföldunar er lagt til að heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna annist eftirlit með framkvæmd laganna samhliða eftirliti með starfsleyfisskyldri starfsemi sem þær hafa eftirlit með samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og þá samkvæmt fyrirmælum Umhverfisstofnunar. Er þetta gert til að tryggja að ekki verði tvöfalt eftirlit hjá þessum aðilum. Eftirlit með efnum og efnavöru samkvæmt gildandi lögum er í höndum margra aðila, þ.m.t. Umhverfisstofnunar. Gera má ráð fyrir að fyrirkomulag eftirlits verði endurmetið við endurskoðun laga um eiturefni og hættuleg efni. Þar til framtíðarfyrirkomulag eftirlits almennt með efnum og efnavörum hefur verið ákveðið er talið æskilegt að framkvæmd REACH-löggjafarinnar verði á einni hendi, þ.e. Umhverfisstofnunar. Samkvæmt 5. mgr. getur Umhverfisstofnun með samningi falið öðrum stjórnvöldum einstaka þætti eftirlitsins. Þessu til viðbótar er gert ráð fyrir að stofnunin geti falið faggiltum skoðunarstofum framkvæmd eftirlits.

Um 10. gr.

Í greininni er að finna heimildir eftirlitsaðila til aðgangs til skoðunar og eftirlits og ákvæði um stöðvun markaðssetningar, haldlagningu, álagningu dagsekta og aðra þætti vegna framkvæmdar eftirlits. Ákvæði 1. mgr. nær til allra eftirlitsaðila samkvæmt lögunum, þ.e. Umhverfisstofnunar, heilbrigðisnefnda, sbr. 3. mgr. 9. gr., faggiltra skoðunarstofa, sbr. 5. mgr. 9. gr., eða annarra þeirra stjórnvalda sem Umhverfisstofnun semur við um að framkvæma eftirlit, sbr. 5. mgr. 9. gr. Einungis Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga, ef brot á sér stað hjá starfsleyfisskyldri starfsemi, sbr. 3. mgr. 9. gr., geta beitt úrræðum 2. og 3. mgr. ákvæðisins.

Umhverfisstofnun er einungis heimilt að stöðva innflutning efna í tolli ef þau koma frá ríkjum utan EES-svæðisins enda er það eitt markmið laganna að tryggja frjálst flæði á efnavörum á markaði. Eftirliti með efnum sem koma frá EES-svæðinu er hins vegar einungis hægt að sinna á markaði. Áformað er að Umhverfisstofnun geri eftirlitsáætlun til að tryggja að eftirlit sé framkvæmt á markvissan hátt. Við undirbúning að gerð slíkrar eftirlitsáætlunar muni stofnunin framkvæma úttektir til að greina hvaða efnum beri helst að fylgjast með og hvernig. Slík áætlun verði unnin í samráði við eftirlitsaðila, svo sem heilbrigðsnefndir

sveitarfélaga, Vinnueftirlit ríkisins sem m.a. fylgjast með að öryggisblöð séu til staðar á vinnustöðum, atvinnulífið og aðra hagsmunaaðila.

Um 11. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um heimild Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefndar til að taka gjald vegna eftirlits með framkvæmd laganna. Heimildin er bundin við eftirlit hjá starfsemi sem háð er starfsleyfi samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og lögum um meðhöndlun úrgangs en gera má ráð fyrir að það sé sú starfsemi þar sem efni sem falla undir lögin er helst að finna. Gert er ráð fyrir að eftirlitið verði framkvæmt samhliða því eftirliti sem þessir aðilar framkvæma nú þegar hjá hinni starfsleyfisskyldu starfsemi. Þannig á að vera tryggt að kostnaði við eftirlitið verði haldið í lágmarki. Ólíklegt er að mikill viðbótarkostnaður verði af þessu fyrir hið starfsleyfisskylda fyrirtæki þar sem eftirlit með efnavöru er nú þegar hluti af eftirliti samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, t.d. í verslunum. Gjaldtökuheimild Umhverfisstofnunar takmarkast við þá starfsleyfisskyldu starfsemi sem stofnunin hefur beint eftirlit með. Stofnunin mun ekki geta tekið sérstakt gjald fyrir aðra þætti eftirlits stofnunarinnar sem snúa að öðrum aðilum, svo sem eftirlit með innflutningi.

Um 12. gr.

Hér er kveðið á um viðurlög vegna brota á ákvæðum frumvarpsins. Refsiramminn er sá sami og í lögum um eiturefni og hættuleg efni.

Um 13. gr.

Gildistaka laganna er í samræmi við ákvæði REACH-reglugerðarinnar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um efni og efnablöndur.

Markmið frumvarpsins er að tryggja að meðferð á efnum og efnablöndum valdi ekki tjóni á heilsu manna og dýra eða á umhverfi en tryggja um leið frjálst flæði á efnum og efnablöndum innan þeirra notkunartakmarkana sem af undangenginni skráningu leiðir eða markaðsleyfi kveður á um. Frumvarpið byggist á svokallaðri REACH-reglugerð Evrópusambandsins, nr. 1907/2006/EB, og er ætlað að skapa lagastoð fyrir innleiðingu reglugerðarinnar hér á landi.

Samkvæmt frumvarpinu skulu framleiðendur og innflytjendur skrá hjá Efnastofnun Evrópu þau efni sem framleidd eru eða flutt inn til markaðssetningar á EES-svæðinu. Markaðssetning hættulegustu efnanna verður háð sérstöku markaðsleyfi. Umhverfisstofnun skal hafa eftirlit með framkvæmd laganna og skal m.a. annast upplýsingagjöf til almennings um hættu tengda efnum og efnanotkun og koma á fót rafrænu þjónustuborði þar sem aðilum verða veittar upplýsingar og ráðgjöf um skyldur sínar samkvæmt lögunum og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Þá skal stofnunin staðfesta útgefin markaðsleyfi og hafa eftirlit með framleiðslu, innflutningi og markaðssetningu efna sem undir lögin falla. Samhliða eftirliti með

starfsleyfisskyldri starfsemi, samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunar varnir, og lögum nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, skulu heilbrigðisnefndir sveitarfélaga hafa eftirlit með framkvæmd laganna hjá hlutaðeigandi starfsemi í samræmi við fyrirmæli Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefndum verður heimilt að taka gjald fyrir eftirlit með lögum þessum hjá starfsemi sem háð er starfsleyfum samkvæmt fyrrnefndum lögum.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er áætlað að árlegur rekstrarkostnaður Umhverfisstofnunar hækki um 23,3 m.kr. en að frádregnum ferðakostnaði, sem fást mun endurgreiddur eftir að Ísland hefur öðlast formlega aðild að samstarfi REACH, er kostnaðurinn 20,8 m.kr. Munar þar mest um 12 m.kr. vegna tveggja nýrra stöðugilda og 6 m.kr. aðildargjöld vegna samstarfsins frá og með árinu 2009. Stofnkostnaður við upplýsingakerfi er áætlaður 6 m.kr. Á móti kemur að Umhverfisstofnun mun hafa einhverjar tekjur fyrir eftirlit samkvæmt lögunum þótt þar verði líklega ekki um háar fjárhæðir að ræða. Á nýsamþykktum fjárlögum 2008 fékk Umhverfisstofnun 20 m.kr. fjárveitingu til að styrkja starf sitt á sviði EES-mála, þar á meðal vegna innleiðingar REACH- reglugerðarinnar. Er því gert ráð fyrir að kostnaður stofnunarinnar sem leiða mun af lögfestingu frumvarpsins verði látinn rúmast innan núverandi fjárheimilda.

688. Frumvarp til laga [432. mál]

um breytingu á nokkrum lögum á auðlinda- og orkusviði.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

I. KAFLI

Breyting á vatnalögum, nr. 20 31. mars 2006, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir 9. gr. laganna bætist við ný grein, 9. gr. a, svohljóðandi:

Ríki, sveitarfélögum og fyrirtækjum, sem alfarið eru í eigu þeirra, er óheimilt að framselja beint eða óbeint og með varanlegum hætti eignarrétt að vatni sem hefur að geyma virkjanlegt afl umfram 7 MW.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að framselja réttindi til ríkis, sveitarfélags eða félags sem alfarið er í eigu ríkis og/eða sveitarfélaga og sérstaklega er stofnað til að fara með eignarhald þessara réttinda.

Ríki, sveitarfélögum og félögum í þeirra eigu, sbr. 2. mgr., er heimilt að veita tímabundið afnotarétt að réttindum skv. 1. mgr. til allt að 65 ára í senn.

Við ákvörðun um það hverjum skuli veittur afnotaréttur skal gæta jafnræðis. Þá skal gæta þess að ákvörðunin stuðli að hagkvæmri nýtingu auðlinda og fjárfestinga í mannvirkjum.

Forsætisráðherra skal semja um endurgjald (leigu) fyrir afnotarétt réttinda undir yfirráðum ríkisins skv. 3. mgr. Um ráðstöfun og endurgjald fyrir nýtingu réttinda í þjóðlendum fer samkvæmt ákvæðum laga þar að lútandi.

II. KAFLI

Breyting á raforkulögum, nr. 65 27. mars 2003, með síðari breytingum.

2. gr.

Við 1. mgr. 5. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Handhafa virkjunarleyfis, með árlegar rekstrartekjur umfram 2 milljarða kr., er óheimilt að stunda sérleyfisstarfsemi á orkusviði.

3. gr.

1. mgr. 7. gr. laganna orðast svo:

Starfræki vinnslufyrirtæki jarðvarmaorkuver sem bæði vinnur raforku og aðra orku, svo sem heitt vatn eða gufu, skal fyrirtækið í bókhaldi sínu halda reikningum vegna vinnslu raforku aðskildum frá reikningum vegna annarrar vinnslu. Sé hitaveita sem hefur einkaleyfi til starfsemi sinnar háð orkuöflun frá slíku jarðvarmaorkuveri ber því skylda til að afhenda hitaveitu varmaorku í samræmi við þarfir hennar til að sinna skyldum sínum og afkastagetu jarðvarmaorkuversins. Um bókhaldslegan aðskilnað og verðlagningu fyrir afhendingu á slíkri varmaorku fer skv. 41. gr. Rísi ágreiningur um verðlagninguna sker Orkustofnun úr.

4. gr.

Við 1. mgr. 8. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Flutningsfyrirtækið skal ávallt vera að lágmarki að ⅔ hlutum í eigu ríkis, sveitarfélaga og/eða fyrirtækja sem alfarið eru í eigu þessara aðila.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætast þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Dreifiveitu, með árlegar rekstrartekjur umfram 2 milljarða kr., er óheimilt að stunda aðra starfsemi en þá sem henni er nauðsynleg til að geta rækt skyldur sínar samkvæmt sérleyfum og lögum þar að lútandi. Dreifiveitu er þó heimilt að stunda aðra starfsemi sem hefur sambærilega stöðu. Stjórn dreifiveitu skal vera sjálfstæð gagnvart öðrum fyrirtækjum sem stunda vinnslu, flutning eða sölu raforku eftir því sem nánar er ákveðið í samþykktum hennar.
b. Við greinina bætist ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:
   Dreifiveita skal ávallt vera að lágmarki að ⅔ hlutum í eigu ríkis, sveitarfélaga og/eða fyrirtækja sem eru alfarið í eigu þessara aðila.

6. gr.

Við 1. mgr. 18. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Handhafa raforkuviðskiptaleyfis, með árlegar rekstrartekjur umfram 2 milljarða kr., er óheimilt að stunda sérleyfisstarfsemi á orkusviði.

7. gr.

2. mgr. 19. gr. laganna orðast svo:

Sölufyrirtæki sem heimilt er að stunda sérleyfisstarfsemi er óheimilt að niðurgreiða söluna með sérleyfisstarfseminni eða starfsemi sem hefur sambærilega stöðu. Fyrirtæki skulu í bókhaldi sínu halda reikningum vegna sölustarfsemi aðskildum frá annarri starfsemi. Um bókhaldslegan aðskilnað fer að öðru leyti skv. 41. gr.

III. KAFLI

Breyting á lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57 10. júní 1998, með síðari breytingum.

8. gr.

Á eftir 3. gr. laganna bætist við ný grein, 3. gr. a, svohljóðandi:

Ríki, sveitarfélögum og fyrirtækjum, sem alfarið eru í eigu þeirra, er óheimilt að framselja beint eða óbeint og með varanlegum hætti eignarrétt að jarðhita og grunnvatni umfram heimilis- og búsþarfir, sbr. 1. mgr. 10. gr. og 14. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að framselja réttindi til ríkis, sveitarfélags eða félags sem alfarið er í eigu ríkis og/eða sveitarfélaga og sérstaklega er stofnað til að fara með eignarhald þessara réttinda.

Ríki, sveitarfélögum og félögum í þeirra eigu, sbr. 2. mgr., er heimilt að veita tímabundið afnotarétt að réttindum skv. 1. mgr. til allt að 65 ára í senn.

Við ákvörðun um það hverjum skuli veittur afnotaréttur skal gæta jafnræðis. Þá skal gæta þess að ákvörðunin stuðli að hagkvæmri nýtingu auðlinda og fjárfestinga í mannvirkjum.

Forsætisráðherra skal semja um endurgjald (leigu) fyrir afnotarétt réttinda undir yfirráðum ríkisins skv. 3. mgr. Um ráðstöfun og endurgjald fyrir nýtingu réttinda í þjóðlendum fer samkvæmt ákvæðum laga þar að lútandi.

9. gr.

Við 1. mgr. 12. gr. laganna bætist: sbr. þó ákvæði 3. gr. a.

10. gr.

Við 1. mgr. 31. gr. laganna bætist: sbr. þó ákvæði 5. mgr. 3. gr. a.

IV. KAFLI

Breyting á orkulögum, nr. 58 29. apríl 1967, með síðari breytingum.

11. gr.

Við 30. gr. laganna bætast þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Hitaveitu með árlegar rekstrartekjur umfram 2 milljarða kr., sem dreifir heitu vatni eða gufu á grundvelli einkaleyfis, er óheimilt að stunda aðra starfsemi en þá sem henni er nauðsynleg til að geta rækt skyldur sínar samkvæmt einkaleyfi eða öðrum sérleyfum og lögum þar að lútandi. Hitaveitu er þó heimilt að stunda aðra starfsemi sem hefur sambærilega stöðu. Stjórn hitaveitu skal vera sjálfstæð gagnvart öðrum fyrirtækjum sem stunda vinnslu, flutning eða sölu raforku eftir því sem nánar er ákveðið í samþykktum hennar.

12. gr.

Við 31. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Hitaveita skal ávallt vera að lágmarki að ⅔ hlutum í eigu ríkis, sveitarfélaga og/eða fyrirtækja sem eru alfarið í eigu þessara aðila.

V. KAFLI

Breyting á vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, með síðari breytingum.

13. gr.

Við 2. gr. laganna bætast fimm nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Ríki, sveitarfélögum og fyrirtækjum, sem alfarið eru í eigu þeirra, er óheimilt að framselja beint eða óbeint og með varanlegum hætti rétt til umráða og hagnýtingar að vatni sem hefur að geyma virkjanlegt afl umfram 7 MW.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að framselja réttindi til ríkis, sveitarfélags eða félags sem alfarið er í eigu ríkis og/eða sveitarfélaga og sérstaklega er stofnað til að fara með eignarhald þessara réttinda.

Ríki, sveitarfélögum og félögum í þeirra eigu, sbr. 2. mgr., er heimilt að veita tímabundið afnotarétt að réttindum skv. 1. mgr. til allt að 65 ára í senn.

Við ákvörðun um það hverjum skuli veittur afnotaréttur skal gæta jafnræðis. Þá skal gæta þess að ákvörðunin stuðli að hagkvæmri nýtingu auðlindanna og fjárfestinga í mannvirkjum.

Forsætisráðherra skal semja um endurgjald (leigu) fyrir afnotarétt réttinda undir yfirráðum ríkisins skv. 3. mgr. Um ráðstöfun og endurgjald fyrir nýtingu réttinda í þjóðlendum fer samkvæmt ákvæðum laga þar að lútandi.

14. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 2. gr., 3. gr., a-liðar 5. gr., 6. gr., 7. gr. og 11. gr. koma til framkvæmda 1. júlí 2009.

15. gr.

Brottfall annarra laga.

Við gildistöku laga þessara falla brott eftirfarandi lög:

1. Lög nr. 98/1935, um virkjun Fljótaár.
2. Lög nr. 92/1947, um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins.
3. Lög nr. 34/1949, um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins.
4. Lög nr. 12/1951, um ný orkuver og nýja orkuveitu rafmagnsveitna ríkisins.
5. Lög nr. 65/1956, um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins.
6. Lög nr. 111/1970, um virkjun Lagarfoss.
7. Lög nr. 60/1981, um raforkuver.
8. Lög nr. 102/1985, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Kröfluvirkjun í Suður-Þingeyjarsýslu.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þrátt fyrir ákvæði 35. gr. raforkulaga, nr. 65/2003, er heimilt að framselja leyfi til fyrirtækja sem stofnuð eru fram til 1. júlí 2009 til að uppfylla ákvæði 2. gr., a-liðar 5. gr., 6. gr. og 11. gr.

II.

Iðnaðarráðherra skal beita sér fyrir endurskoðun á sérlögum um orkufyrirtæki, þar sem m.a. verði tekið til skoðunar hvort hægt sé að fella þau brott að hluta eða öllu leyti. Við þá

vinnu skal m.a. haft samráð við fjármálaráðherra og eigendur þeirra orkufyrirtækja sem fjallað er um í sérlögum.

III.

Við gildistöku laga þessara skal forsætisráðherra skipa nefnd til að fjalla um fyrirkomulag varðandi leigu á vatns- og jarðhitaréttindum í eigu ríkisins. Nefndin skal í störfum sínum fjalla um leigugjald, leigutíma og hvaða aðgerða sé þörf til að tryggja í senn sjálfbæra og hagkvæma nýtingu auðlindanna. Í störfum sínum skal nefndin m.a. hafa til hliðsjónar reynslu annarra þjóða. Þá skal nefndin huga að því með hvaða hætti verði valið á milli þeirra sem áhuga hafa á að nýta auðlindirnar. Nefndin skal skila tillögum sínum fyrir 1. mars 2009.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið í iðnaðarráðuneytinu. Við undirbúning þess var leitað ráðgjafar hjá Eiríki Tómassyni, prófessor við Háskóla Íslands, Friðriki Má Baldurssyni, prófessor við Háskólann í Reykjavík, Nils-Henrik M von der Fehr, prófessor í Háskólanum í Ósló, og Peter Dyrberg, sérfræðingi í Evrópurétti.

Tilgangur frumvarpsins er að setja reglur um eignarhald auðlinda í opinberri eigu og skýra mörk samkeppnis- og sérleyfisþátta í starfsemi orkufyrirtækja. Er það gert til að tryggja að öll mikilsverðustu vatns- og jarðhitaréttindi sem nú eru í eigu ríkis eða sveitarfélaga, beint eða óbeint, haldist áfram í eigu þessara aðila. Um 75% af allri frumorkunotkun Íslendinga er nú mætt með orku frá innlendum, endurnýjanlegum orkulindum en samkvæmt lögum er heimilt að einskorða leyfi fyrir virkjunum til raforkuvinnslu við endurnýjanlegar orkulindir.

Það er engum vafa undirorpið að skynsamleg nýting orkuauðlindanna hefur mikla efnahagslega þýðingu fyrir Ísland. Raforkukerfi landsins er ekki tengt orkukerfum annarra landa og því er ljóst að byggja þarf að langmestu leyti á nýtingu innlendra orkugjafa fyrir almenna raforkunotendur og fyrirtækin í landinu. Ljóst er að verðmæti og mikilvægi hreinna orkugjafa er stöðugt að aukast, ekki síst með tilliti til mikilvægis þeirra til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í heiminum. Þá hafa íslensk stjórnvöld undirgengist að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda en eitt mikilvægasta tækið í því sambandi eru möguleikar Íslendinga til að nýta endurnýjanlegar orkuauðlindir sínar í því skyni. Ljóst er að miklir þjóðhagslegir og samfélagslegir hagsmunir tengjast eignarhaldi og nýtingu orkuauðlinda landsins og því er mikilvægt að þær verði áfram í samfélagslegri eigu.

Á vegum ríkisstjórnarinnar er nú unnið að gerð Rammaáætlunar um verndun og nýtingu náttúrusvæða þar sem leggja á mat á og flokka virkjunarkosti, jafnt vatnsafls og háhita, og áhrif þeirra á náttúrufar, náttúru- og menningarminjar, meðal annars með tilliti til orkugetu, hagkvæmni og annars þjóðhagslegs gildis. Á grundvelli þeirrar vinnu verður mörkuð stefna um nýtingarhraða og röð virkjunarkosta í þeim tilgangi að stuðla að sjálfbærri nýtingu auðlindanna. Opinbert eignarhald á auðlindum auðveldar framkvæmd slíkrar stefnumörkunar.

Flest orkufyrirtæki landsins stunda bæði samkeppnisstarfsemi og starfsemi sem háð er sérleyfum. Fyrirtækjunum hefur frá gildistöku raforkulaga einungis verið skylt að halda þessum rekstri aðgreindum í bókhaldi. Með frumvarpinu er lagt til að í stað bókhaldslegs aðskilnaðar verði gerð krafa um fyrirtækjaaðskilnað, þ.e. að sérleyfis- og samkeppnisþættir skuli reknir hvor í sínu fyrirtæki. Þetta er í samræmi við þá almennu stefnumörkun sem í gildi er innan Evrópusambandsins. Er þessi stefna mörkuð til að tryggja jafnan aðgang framleiðenda að flutnings- og dreifikerfum raforku og koma í veg fyrir samkeppnishindranir sem kunna að

leiða af því að sérleyfis- og samkeppnisstarfsemi er á sömu hendi. Samkeppniseftirlitið hefur bent á að taka þurfi til umfjöllunar á vettvangi orkufyrirtækja og stjórnvalda að skilja með skýrari hætti milli einkaleyfis- og samkeppnisþátta raforkumarkaðarins, þ.e. flutnings og dreifingar annars vegar og framleiðslu og sölu hins vegar. Að mati Samkeppniseftirlitsins væri í bestu samræmi við markmið samkeppnislaga að skilja að eignarhald samkeppnis- og einkaleyfisþátta, en að lágmarki að skilja þessa starfsemi að í sjálfstæðum félögum. Í frumvarpinu er lagt til að gerð verði krafa um að samkeppnis- og sérleyfisstarfsemi verði rekin í aðskildum fyrirtækjum. Ekki er gerð tillaga um að skilið verði á milli eignarhalds en settar verði reglur um sjálfstæði stjórnar með sambærilegum hætti og gildir um Landsnet.

Í frumvarpinu er lagt til að í þeim tilvikum þar sem starfsemi dreifi- og hitaveitna byggist á sérleyfum verði opinbert meirihlutaeignarhald tryggt. Því er í frumvarpinu miðað við að slík fyrirtæki verði ávallt að ⅔ hlutum eða meira í eigu opinberra aðila, þ.e. ríkis og/eða sveitarfélaga. Ljóst er að starfsemi dreifi- og hitaveitna hér á landi gegnir mjög mikilvægu hlutverki varðandi skilyrði til búsetu og atvinnustarfsemi í landinu öllu. Ísland er fámennt og strjálbýlt, auk þess sem tenging þess við raforkukerfi annarra landa er efnahagslega útilokuð í fyrirsjáanlegri framtíð. Raforkudreifing hefur frá upphafi rafvæðingar landsins verið í höndum ríkis og sveitarfélaga eða fyrirtækja alfarið í þeirra eigu ef frá er talin nýleg aðkoma einkaaðila að Hitaveitu Suðurnesja. Það fyrirkomulag sem hér hefur verið hefur gefist vel og tryggt jafna stöðu notenda raforkukerfisins án tillits til búsetu. Af hálfu stjórnvalda hafa á hverjum tíma verið uppi aðgerðir til að tryggja landsmönnum, eftir því sem við verður komið, raforku á viðráðanlegu verði óháð búsetu. Það hefur verið gert með ýmsu móti, t.d. með niðurgreiðslum á raforku til húshitunar, uppbyggingu á gjaldskrám raforkufyrirtækja, framlögum til jöfnunar kostnaðar við dreifingu raforku í dreifbýli og uppbyggingu dreifikerfa. Íslendingar líta á dreifikerfi raforku og hitaveitna sem meðal mikilvægustu innviða þjóðfélagsins. Því er mikilvægt að áfram verði tryggt opinbert eignarhald að þessari starfsemi sem er háð sérleyfum, þó svo að tekin hafi verið upp samkeppni í framleiðslu og sölu á raforku í samræmi við tilskipun Evrópusambandsins.

Verði frumvarp þetta að lögum tryggir það áframhaldandi opinbert eignarhald orkuauðlinda í opinberri eigu og meirihlutaeigu opinberra aðila að sérleyfisstarfsemi. Engar slíkar kröfur eru settar um eignarhald fyrirtækja sem stunda vinnslu og sölu raforku enda heimila EES-reglur öllum einstaklingum/lögaðilum innan Evrópska efnahagssvæðisins að reisa og reka orkuvirki. Í 1. gr. raforkulaga kemur m.a. fram að markmið laganna sé að skapa forsendur fyrir samkeppni í vinnslu og viðskiptum með raforku. Lögin miða að því að markaðsöflum sé beitt í vinnslu og sölu raforku. Mikilvægt er að hagkvæm orkuframleiðsla hér á landi tryggi lágt raforkuverð til almennings og styrki samkeppnisstöðu almenns atvinnulífs gagnvart fyrirtækjum í öðrum löndum. Aðskilnaður samkeppnis- og sérleyfisþátta, áframhaldandi opinbert eignarhald auðlinda sem nú eru í eigu opinberra aðila og meirihluta eignarhald opinberra aðila yfir fyrirtækjum sem stunda sérleyfisstarfsemi eru grundvallarforsendur þess að unnt sé að halda áfram markaðsvæðingu raforkugeirans.

2. Meginefni frumvarpsins.

Í frumvarpinu er lagt til að gerðar verði breytingar á ýmsum lögum á sviði orku- og auðlindamála í stað þess að setja sérstaka löggjöf um þetta efni. Þau gildandi lög sem um ræðir á sviði auðlindamála eru vatnalög, nr. 15/1923, sem ná til yfirborðsvatns, og lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998, sem ná til grunnvatns og jarðhita. Breyta þarf ákvæðum beggja laga svo breytingarnar nái til vatns- og jarðhitaréttinda. Auk þessa hef-

ur Alþingi samþykkt vatnalög, nr. 20/2006, sem öðlast gildi 1. nóvember 2008. Fyrir gildistöku laganna mun nefnd, sem ætlað er að skoða samræmi nýrra vatnalaga við önnur þau lagaákvæði íslensks réttar sem vatn og vatnsréttindi varða, skila tillögum sínum. Í ljósi þröngra tímamarka er lagt til að sambærilegar breytingar verði gerðar á ákvæðum þessara laga. Þá eru lagðar til breytingar á tvennum lögum á orkusviði, annars vegar orkulögum, nr. 58/1967, og hins vegar raforkulögum, nr. 65/2003.

Þær breytingar sem lagðar eru til á framangreindum lögum fela í sér:

– aðgreiningu samkeppnis- og sérleyfisþátta í rekstri orkufyrirtækja,
– kröfu um opinbert eignarhald fyrirtækja sem stunda sérleyfisstarfsemi,
– bann við varanlegu framsali opinberra aðila á vatns- og jarðhitaréttindum, og
– lögfestingu sjónarmiða er varða atriði tengd leigu afnota að vatns- og jarðhitaréttindum.

Raforkulög, nr. 65/2003, sem byggjast á tilskipun 96/92/EB um innri markað raforku, fólu í sér heildarendurskoðun á löggjöf um vinnslu, flutning, dreifingu og sölu raforku. Í kjölfar setningar laganna er vinnsla og sala raforku rekin á samkeppnisgrundvelli í markaðskerfi með þeim takmörkunum sem nauðsynlegar eru taldar vegna öryggis raforkuafhendingar og annarra almannahagsmuna. Aftur á móti er starfsemi þeirra fyrirtækja er annast flutning og dreifingu á raforku byggð á sérleyfi, enda um náttúrulega einokun að ræða. Af þeim sökum eru settar ítarlegar reglur um flutning og dreifingu til þess að tryggja hagsmuni neytenda annars vegar og jafnrétti þeirra fyrirtækja sem starfa að framleiðslu og sölu á raforku hins vegar. Jafnframt eru þau fyrirtæki er starfa að flutningi og dreifingu háð opinberu eftirliti Orkustofnunar en stjórnvaldsákvarðanir hennar þar að lútandi eru kæranlegar til úrskurðarnefndar raforkumála.

Í tengslum við setningu raforkulaga urðu verulegar breytingar á stjórnsýslu og rekstrarumhverfi orkufyrirtækja, m.a. hvað varðar réttarstöðu, rekstrarform og skipulag. Sem dæmi má nefna að leyfisveitingavald til útgáfu virkjunarleyfa var fært frá Alþingi til iðnaðarráðherra, skyldum og réttindum varðandi undirbúning og rekstur virkjana, raforkusölu og raforkuflutning var aflétt af Landsvirkjun á sama tíma og rekstur flutningskerfisins var færður í sérstakt fyrirtæki. Þá voru allar skattundanþágur orkufyrirtækja afnumdar, sbr. lög nr. 50/2005. Þrátt fyrir að komið hafi verið á samkeppni í framleiðslu og sölu á raforku þá voru öll stærri orkufyrirtæki landsins alfarið í eigu ríkis eða sveitarfélaga fram til ársins 2007. Í kjölfar sölu ríkisins á hlutum þess í Hitaveitu Suðurnesja vorið 2007 eignaðist einkaaðili hlut í fyrirtækinu. Í kjölfar þessa hafa sprottið upp umræður um eignarhald á orkulindum í eigu orkufyrirtækja og eignarhald einkaaðila í þeim hluta orkufyrirtækja sem fer með sérleyfisstarfsemi. Til viðbótar hafa ýmsar spurningar vaknað um umsvif orkufyrirtækja á öðrum sviðum, svo sem í verkefnum og fjárfestingum erlendis, sem kunna að hafa talsverða fjárhagslega áhættu í för með sér. Framangreind álitaefni hafa leitt til þess að settar hafa verið fram spurningar um þá löggjöf sem fyrirtækin starfa eftir.

Með frumvarpi þessu eru gerðar tillögur um lagabreytingar er miða að því að setja almennar reglur um starfsemi og eignarhald þessara fyrirtækja. Það er gert með ákvæðum um eignarhald, aðskilnað samkeppnis- og sérleyfisþátta og reglum um ráðstöfun vatns- og jarðhitaréttinda í eigu opinberra aðila. Í gildi eru sérlög um öll stærri orkufyrirtæki landsins sem þarf að endurskoða í ljósi ákvæða frumvarpsins. Slíkt verður ekki gert nema að höfðu samráði við eigendur fyrirtækjanna og að fyrir liggi meginreglur um rekstur fyrirtækjanna. Þar sem krafa um aðskilnað samkeppnis- og sérleyfisþátta kemur ekki til framkvæmda fyrr en 1. júlí 2009 gefst tími til að endurskoða þessi sérlög.

3. Um orkufyrirtækin.

3.1. Almennt.

Töluverðar breytingar hafa orðið á rekstri íslenskra orkufyrirtækja á undanförnum árum. Mikill fjöldi veitufyrirtækja, bæði stórra og smárra, annast dreifingu á orku hér á landi. Stærri hitaveitur í þéttbýli sem hafa einkaleyfi til starfsemi sinnar eru 22 talsins en auk þeirra starfa um 200 litlar einkahitaveitur sem lagðar eru í dreifbýli og hafa ekki einkaleyfi til starfsemi sinnar.

Á undanförnum árum hefur það orðið æ algengara að rekstur hitaveitna og dreifiveitna rafmagns sé sameinaður í eitt fyrirtæki, eftir atvikum ásamt vatnsveitu og jafnvel fráveitu. Nú eru starfandi sex fyrirtæki sem reka bæði dreifiveitur og hitaveitur: Hitaveita Suðurnesja, Norðurorka, Orkubú Vestfjarða, Orkuveita Húsavíkur, Orkuveita Reykjavíkur og Rarik. Ef undan eru skilin fyrirtæki sem reka smávirkjanir hefur Landsvirkjun verið eina orkufyrirtækið sem stundar eingöngu raforkuframleiðslu. Hins vegar eru dæmi þess að önnur orkufyrirtæki hafi stigið það skref að greina raforkuframleiðslu sína frá annarri starfsemi, svo sem Rarik gerði með stofnun Orkusölunnar. Þá er aðeins eitt fyrirtæki, Rafveita Reyðarfjarðar, sem fyrst og fremst sinnir dreifingu á raforku en framleiðir auk þess raforku í smáum stíl. Loks hefur Landsnet með kaupum fyrirtækisins á flutningskerfum annarra orkufyrirtækja eignast allt raforkuflutningskerfi landsins og annast rekstur þess.

3.2. Eignarhald.

Eins og að framan greinir eru öll stærri orkufyrirtækin, nema Hitaveita Suðurnesja, alfarið í eigu ríkis eða sveitarfélaga. Í hópi þessara fyrirtækja eru allar dreifiveitur landsins. Samkvæmt upplýsingum sem einkum hefur verið aflað úr síðustu ársreikningum starfandi orkufyrirtækja skiptast eignarhlutföll með eftirfarandi hætti:

Fyrirtæki	**Eigendur**
Hitaveita Suðurnesja	Reykjanesbær (34,75%), Geysir Green Energy (32%), Orkuveita Reykjavíkur (16,58%), Hafnarfjarðarbær (15,42%) og aðrir (1,25%).
Landsnet	Landsvirkjun (64,73%), Rarik (22,51%), Orkuveita Reykjavíkur (6,78%) og Orkubú Vestfjarða (5,98%).
Landsvirkjun	Ríkissjóður (99,9%) og Eignarhlutir ehf. (0,1%).
Norðurorka	Akureyrarbær (98,38%), Arnarneshreppur (0,8%), Svalbarðsstrandarhreppur (0,46%), Grýtubakkahreppur (0,18%), Þingeyjarsveit (0,18%).
Orkubú Vestfjarða	Ríkissjóður (100%).
Orkuveita Húsavíkur	Húsavíkurbær (100%).
Orkuveita Reykjavíkur	Reykjavíkurborg (93,539%), Akraneskaupstaður (5,528%) og Borgarbyggð (0,933%).
Rafveita Reyðarfjarðar	Fjarðabyggð (100%).
Rarik	Ríkissjóður (100%).

Auk þessa eru starfandi margar hitaveitur sem hafa einkaleyfi til dreifingar og sölu á heitu vatni til almenningsþarfa. Sumar þessara hitaveitna annast einnig rekstur vatnsveitu. Eftirfarandi hitaveitur eru alfarið í eigu viðkomandi sveitarfélags: Hitaveita Seltjarnarness, Hitaveita Mosfellsbæjar, Hitaveita Drangsness, Hitaveita Húnaþings vestra, Skagafjarðarveitur ehf., Hitaveita Dalvíkur, Hitaveita Reykjahlíðar, Hitaveita Eskifjarðar, Hitaveita Egilsstaða og Fella, Hitaveita Brautarholts, Hitaveita Flúða og nágrennis, Hitaveita Bláskógabyggðar,

Hitaveita Grímsness- og Grafningshrepps og Selfossveitur. Þá er Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar í sameign Orkuveitu Reykjavíkur (79,3%) og ríkissjóðs (20,7%). Einkaaðilar eiga einungis hlut í einni hitaveitu sem starfar á grundvelli einkaleyfis, Hitaveitu Öxarfjarðarhéraðs hf., en hún er að meiri hluta til í eigu notenda veitunnar.

3.3. Dóttur- og hlutdeildarfélög orkufyrirtækja.

Á grundvelli heimilda sinna hafa flest stærri orkufyrirtækin tekið þátt í stofnun félaga um starfsemi af ýmsum toga. Eftirgreindar upplýsingar, sem að mestu hafa verið teknar saman úr ársreikningum fyrirtækjanna, gefa nokkra mynd af þátttöku orkufyrirtækja í atvinnurekstri á ýmsum sviðum:

Fyrirtæki	**Dóttur- og hlutdeildarfélög**
Hitaveita Suðurnesja	Bláa lónið hf. (33,8%), DMM lausnir ehf. (30,4%), Íslensk nýsköpun ehf. (6,6%), Netorka hf. (9,09%), Vistorka hf. (11,3%).
Landsnet	Netorka hf. (35%), Landsnet ehf. (100%).
Landsvirkjun	Fjarski ehf. (100%), Icelandic Power Insurance Ltd. (100%), Íslensk jarðhitatækni ehf. (74%), Landsnet (64,73%), Enex hf. (24,29%), Farice hf. (1,3%), Hecla SAS (30%), Tengir hf. (38,3%), Íslensk orka ehf. (27,1%), Netorka hf. (40%), Baðfélag Mývatnssveitar ehf. (12,5%), Sipenco Gmbh (25%), Þeistareykir ehf. (31,97%), Neyðarlínan hf. (7,9%), Orkusalan ehf. (28%), DMM lausnir ehf. (6,69%), Vistorka hf. (13,6%), HydroKraft Invest (50%).
Norðurorka	Fallorka ehf. (100%), Tengir ehf. (38,25%), Enex hf. (1,48%), Hrafnabjargavirkjun (18,75%), Íslensk orka ehf. (29,22%), Netorka hf. (5%), Ståltak hf. (1,36%), X-orka hf. (5,60%), Þeistareykir ehf. (31,97%).
Orkubú Vestfjarða	Netorka hf. (3%), Aðlöðun hf. (0,32%), Landsnet (5,98%) og Dalsorka ehf. (10%).
Orkuveita Húsavíkur	Þeistareykir ehf. (31,97%), Hrafnabjargavirkjun ehf. (18,75%), X-orka ehf. (8,47%), Netorka hf. (2,73%), Íslensk orka ehf. (20,40%).
Orkuveita Reykjavíkur	Gagnaveita Reykjavíkur ehf. (100%), Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar (79,3%), Hrafnabjargavirkjun (60%), NCI fjarskipti og orka ehf. (100%), Reykjavík Energy Invest (100%), Úlfljótsvatn frítímabyggð ehf. (100%), Enex hf. (24,12%), Enex-Kína ehf. (33,33%), Feyging ehf., Metan hf. (21,28%), Netorka hf. (22,61%), Landsnet (6,78%).
Rarik	Orkusalan ehf. (100%), Héraðsvötn ehf. (50%), Sunnlensk orka ehf. (90%), Íslensk orka ehf. (2,3%), Netorka hf. (16%), DMM lausnir ehf. (4,1%), Sjávarorka ehf. (16,7%), Fossorka ehf. (20%), Húnaþing hf. (0,9%), Landsnet (22,51%), Blåfall Energi (10%).

4. Aðskilnaður sérleyfis- og samkeppnisþátta.

4.1. Almennt.

Með frumvarpi þessu er gerð sú krafa að sérleyfisþættir í starfsemi orkufyrirtækja séu að lágmarki að ⅔ hlutum í eigu opinberra aðila. Til að hægt sé að koma þessu við þarf að gera kröfu um að skilja að samkeppnis- og sérleyfisþætti. Ýmis rök mæla jafnframt með því að gera kröfu um aðskilnað þessara þátta í starfsemi raforkufyrirtækja. Með því fyrirkomulagi ætti t.d. að vera unnt að tryggja að allir raforkuframleiðendur sitji við sama borð í samskipt-

um sínum við þau fyrirtæki sem annast dreifingu á raforku. Þetta er það fyrirkomulag sem komið hefur verið á hvað varðar flutning á raforku en sérstök lög gilda um starfsemi Landsnets og er þeim m.a. ætlað að tryggja jafna stöðu framleiðenda. Þá hefur Samkeppniseftirlitið eins og áður er getið bent á að taka þurfi til umfjöllunar hvort ekki sé rétt að skilja með skýrari hætti milli sérleyfis- og samkeppnisrekstrar í starfsemi raforkufyrirtækja. Tekið er tillit til þessarar ábendingar í frumvarpinu og er þetta jafnframt í samræmi við þau sjónarmið sem fram koma í tilskipun Evrópusambandsins um innri raforkumarkað.

Flutnings- og dreifikerfið býr við það sem kallað er náttúruleg einokun og því koma aðstæður í veg fyrir að samkeppni geti átt sér stað. Vinnsla og sala raforku er hins vegar þess eðlis að þar má koma við samkeppni. Núverandi fyrirkomulag tryggir að viðskiptavinir geta keypt raforku af hvaða raforkuframleiðanda sem er án tillits til landfræðilegrar legu. Þær skyldur eru því lagðar á sérleyfisstarfsemina að hún flytji og dreifi raforku óháð því hver er seljandi og kaupandi orkunnar. Frekari aðgreining þessara sviða tryggir betur jafnræði raforkuframleiðenda.

Í tillögu til þingsályktunar, sem lögð var fram á 122. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu, var m.a. lagt til að a.m.k. skyldi unnið að aðskilnaði vinnslu, flutnings, dreifingar og sölu raforku innan orkufyrirtækjanna. Í frumvarpi til raforkulaga, sem lagt var fram á 126. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu, var lagt til að gerð yrði krafa um aðskilnað samkeppnis- og sérleyfisstarfsemi á orkusviði. Lagt var til að þetta fyrirkomulag næði bæði til flutnings og dreifingar á raforku. Í frumvarpi því sem síðar varð að raforkulögum, nr. 65/2003, var kveðið á um að vinnslufyrirtæki væri heimilt að stunda sérleyfisstarfsemi en óheimilt væri að niðurgreiða vinnsluna með sérleyfisstarfseminni eða starfsemi með sambærilega stöðu. Þá var gerð krafa um að vinnslufyrirtæki skyldu í bókhaldi sínu halda reikningum fyrir vinnslustarfsemi aðskildum frá annarri starfsemi. Hins vegar var kveðið á um að það fyrirtæki sem annaðist flutning raforku mætti ekki stunda aðra starfsemi en þá sem því er nauðsynleg til að geta rækt skyldur sínar samkvæmt raforkulögum. Flutningsfyrirtækinu er þó heimilt að reka raforkumarkað, enda haldi fyrirtækið reikningum vegna hans aðskildum frá reikningum vegna annarrar starfsemi í bókhaldi. Þá er í lögum um flutningsfyrirtækið kveðið á um að stjórn flutningsfyrirtækisins skuli vera sjálfstæð gagnvart öðrum fyrirtækjum sem stunda vinnslu, dreifingu eða sölu raforku.

4.2. Ákvæði raforkutilskipana Evrópusambandsins um aðskilnað.

Löggjöf Evrópusambandsins um raforkumál hefur þróast ört á undanförnum áratug. Einn af grunnþáttum þeirrar löggjafar er sundurgreining samkeppnis- og sérleyfisþátta, til að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði og jafnan aðgang að raforkukerfum. Í tilskipun Evrópusambandsins 96/92/EB, sem var fyrsta tilskipunin um innri markað raforku, var þess krafist að ríki tryggi a.m.k. bókhaldslegan aðskilnað milli sérleyfis- og samkeppnisþátta. Þá var þess krafist að sá er annaðist kerfisstjórnun flutningskerfis væri stjórnunarlega aðskilinn frá annarri starfsemi.

Í annarri tilskipun Evrópusambandsins um innri markað fyrir raforku, 2003/54/EB, er hert á reglum um sjálfstæði flutningskerfisstjóra, auk þess sem gerðar eru ríkari kröfur um sjálfstæði þeirra sem reka dreifikerfi. Í tilskipuninni er að finna undanþáguheimildir fyrir litlar dreifiveitur varðandi kröfur um aðskilnað. Í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2005 er tryggt að Ísland geti, eftir að tilskipunin öðlast gildi, beitt og/eða sótt um allar þær undanþágur sem tilskipunin hefur að geyma, utan sérstakrar undanþágu fyrir einangruð örkerfi vegna ákvæða III. kafla um framleiðslu raforku. Á grundvelli þessa getur Ísland beitt

undanþágu 15. gr. tilskipunarinnar, varðandi aðskilnað framleiðslu og dreifingarþátta, bæði á grundvelli þess að samþætt raforkufyrirtæki landsins þjóni færri en 100.000 tengdum viðskiptavinum og eins að þau þjóni litlum og einangruðum kerfum.

Í tillögum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins frá 19. september 2007 að breytingum á tilskipun 2003/54/EB er lagt til að kröfur varðandi aðskilnað og sjálfstæði þeirra sem annast kerfisstjórnun flutningskerfa verði enn hertar. Hins vegar eru ekki lagðar til breytingar á kröfum um kerfisstjóra dreifikerfa.

4.3. Ákvæði frumvarpsins um aðskilnað.

Sérleyfum til að sinna tiltekinni starfsemi fylgja almennt ríkar skyldur. Samkeppni verður ekki komið við í rekstri dreifiveitna. Til að tryggja hagsmuni þeirra sem njóta þjónustu dreifiveitna gilda reglur um afhendingarskyldu, gjaldtöku vegna þjónustu, opinbert eftirlit með gjaldskrám o.fl. Sem dæmi má nefna að í raforkulögum er ítarlega kveðið á um skyldur dreifiveitna og gjaldskrármálefni. Gera verður kröfu um að þessi fyrirtæki gæti fyllsta hlutleysis og jafnræðis í starfsemi sinni og að rekstur dreifikerfa blandist ekki öðrum þáttum sem ekki tengjast beint þeim skyldum sem á dreifiveitum hvíla. Jafnframt er eðlilegt að tryggt sé að fjárhagsleg afkoma fyrirtækjanna sé ekki sett í hættu með þátttöku í óskyldum og áhættusamari rekstri.

Á þessum sjónarmiðum byggjast ákvæði 5. mgr. 8. gr. raforkulaga og 2. gr. laga nr. 75/2004, um stofnun Landsnets hf., en þar er kveðið á um að flutningsfyrirtækinu sé óheimilt að stunda aðra starfsemi en þá sem því er nauðsynleg til að geta rækt skyldur sínar samkvæmt raforkulögum. Félaginu er þó í lögum heimilað að reka raforkumarkað. Sambærileg ákvæði er ekki að finna í lögum varðandi rekstur dreifiveitna rafmagns, hitaveitna og vatnsveitna. Í ljósi ofangreindra sjónarmiða er í frumvarpinu lagt til að kveðið verði á um aðskilnað samkeppnis- og sérleyfisstarfsemi orkufyrirtækja. Ákvæði frumvarpsins um aðskilnað eru tvíþætt, annars vegar krafa um fyrirtækjaaðskilnað og hins vegar krafa um stjórnunarlegt sjálfstæði.

Í frumvarpinu er lagt til að í raforkulögum og orkulögum verði kveðið á um að dreifi- og hitaveitum sé óheimilt að stunda aðra starfsemi en þá sem nauðsynleg er til að veiturnar geti rækt skyldur sínar samkvæmt sérleyfum og lögum þar að lútandi. Með almennri tilvísun í sérleyfi og lög þar að lútandi felst að áfram verður heimilt að reka alla sérleyfisstarfsemi í einu og sama fyrirtækinu, svo sem dreifiveitu, hitaveitu, vatnsveitu og fráveitu. Þá verður sérleyfisfyrirtækjum heimilt að stunda aðra þá starfsemi sem jafna má við sérleyfisstarfsemi, svo sem rekstur hitaveitna sem ekki hafa einkaleyfi til starfsemi. Hins vegar verður sérleyfisfyrirtækjum óheimilt að stunda alla samkeppnisstarfsemi og verður því að færa þann þátt fyrirtækjanna í sjálfstætt fyrirtæki. Þó er gerð tillaga um að þessi ákvæði verði ekki látin ná til allra minnstu orkufyrirtækjanna og eru mörkin sett við árlegar rekstrartekjur sem eru 2 milljarðar kr. eða minni. Orkufyrirtæki undir þeim mörkum hafa oft fáa starfsmenn og það gæti reynst kostnaðarsamt fyrir slík fyrirtæki að skipta upp starfsemi sinni.

Þá er í frumvarpinu enn fremur gerð krafa um að stjórn dreifiveitu sé sjálfstæð gagnvart öðrum fyrirtækjum sem stunda vinnslu, flutning eða sölu raforku. Þetta er efnislega samhljóða 5. mgr. 8. gr. raforkulaga sem fjallar um flutningsfyrirtæki raforku og felur í sér kröfu um fyrirtækjaaðskilnað og stjórnunarlegt sjálfstæði.

5. Opinbert eignarhald sérleyfisfyrirtækja.

Eins og að framan greinir eru öll stærri orkufyrirtæki landsins að mestu eða öllu í eigu opinberra aðila en um veitustarfsemi þeirra gilda mismunandi reglur. Rekstur vatnsveitu er lögbundið skylduverkefni sveitarfélaga í þéttbýli, en rekstur dreifi- og hitaveitu telst hins vegar ekki til slíkra lögbundinna verkefna.

Í raforkulögum er ekki að finna neinar takmarkanir á eignarhaldi raforkufyrirtækja varðandi rekstur flutnings- eða dreifikerfa. Hins vegar eru dæmi þess að í sérlögum sé að finna ákvæði um eignarhald. Þannig er í 1. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun, kveðið á um að Landsvirkjun sé sameignarfyrirtæki ríkissjóðs og Eignarhluta ehf., sem alfarið er í eigu ríkisins, og í lögum nr. 25/2006, um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins, kveðið á um að öll hlutabréf í félaginu skuli vera eign ríkissjóðs.

Í 30. gr. orkulaga, nr. 58/1967, er kveðið á um að ráðherra sé heimilt að veita sveitarfélögum eða samtökum þeirra einkaleyfi til þess að starfrækja hitaveitur sem annist dreifingu eða sölu heits vatns eða gufu til almenningsþarfa á tilteknu veitusvæði. Í 31. gr. sömu laga er kveðið á um að sveitarfélag geti tímabundið framselt einstaklingum eða félögum einkaleyfi sitt til reksturs hitaveitu. Í lögunum er ekki að finna ákvæði um eignarhald slíkra fyrirtækja.

Í 4. gr. laga nr. 32/2004, um vatnsveitur sveitarfélaga, er kveðið á um að sveitarstjórn sé heimilt að fela stofnun eða félagi, sem að meiri hluta er í eigu ríkis og/eða sveitarfélaga skyldur sínar og réttindi samkvæmt lögunum. Í athugasemdum við 4. gr. frumvarps þess er síðar varð að lögum nr. 32/2004 segir m.a.: „Fyrir slíkri ráðstöfun geta legið gildar ástæður en skýrt er tekið fram í greininni að með henni taki viðkomandi stofnun eða fyrirtæki bæði að sér réttindi og skyldur sveitarfélagsins samkvæmt lögunum. Ákvæði þetta á sér fyrirmynd í 31. gr. orkulaga að því er varðar hitaveitur, en vegna þess að rekstur vatnsveitu telst til skylduverkefna sveitarfélaga þótti ástæða til að takmarka heimild sveitarstjórnar meira en gert er í orkulögum. Er því ekki heimilt að fela einkaaðila eða lögaðila sem ekki er að meiri hluta í opinberri eigu rekstur vatnsveitu.“

Sú þjónusta sem felst í rekstri sérleyfisstarfsemi og rekstri þeirra grunnkerfa, sem undir hana falla, er gríðarlega mikilvæg fyrir alla starfsemi í þjóðfélaginu. Þeir sem hafa leyfi til að reka slíka starfsemi hafa víðtækar skyldur samhliða einokunarrétti til starfseminnar.

Engin þörf er talin á að skilja að slíka sérleyfisstarfsemi en hins vegar er óheppilegt að mismunandi reglur gildi um takmarkanir á eignarhaldi fyrirtækja sem sinna rekstri sem þessum. Því er í frumvarpinu lagt til að tekið verði upp sambærilegt ákvæði og er að finna í lögum um vatnsveitur sveitarfélaga. Hins vegar er gert ráð fyrir að engar slíkar takmarkanir gildi um þá rekstrarþætti sem lúta að samkeppnisstarfsemi.

6. Vatns- og jarðhitaréttindi í eigu opinberra aðila.

Stór hluti af öllum vatns- og jarðhitaréttindum landsins er undir yfirráðum opinberra aðila með einum eða öðrum hætti. Í fyrsta lagi er í 2. gr. laga um afmörkun þjóðlendna, eignarlanda og afrétta, nr. 58/1998, kveðið á um að íslenska ríkið sé eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Óbyggðanefnd hefur í samræmi við ákvæði laganna kveðið upp úrskurði í 32 málum, á svæði sem spannar allt Suðurland og Norðausturland. Meðferð mála á austanverðu Norðurlandi stendur yfir. Stefnt er að því að nefndin ljúki verkinu á árinu 2011.

Í öðru lagi eru ríki og sveitarfélög eigendur margra fasteigna sem vatns- og jarðhitaréttindi fylgja. Í viðauka við greinargerð landbúnaðarráðuneytisins um þjóðjarðir er að finna ítarlega

greinargerð Orkustofnunar um jarðrænar auðlindir á ríkisjörðum. Í skýrslunni eru m.a. taldar upp þær jarðir í ríkiseigu, samkvæmt Jarðaskrá í desember 2003, þar sem helst má telja að séu umtalsverðar jarðrænar auðlindir, m.a. grunnvatn, jarðhiti og vatnsafl.

Í þriðja lagi hefur afnotaréttur vatns- og jarðhitaréttinda komist í hendur ríkisins fyrir samninga við einkaaðila. Má þar sem dæmi nefna vatnsréttindi í neðri hluta Þjórsár og jarðhitaréttindi á hluta Kröflusvæðisins.

Í fjórða lagi eru orkufyrirtæki í eigu opinberra aðila eigendur að langstærstum hluta þeirra réttinda sem fyrirtækin nýta nú til orkuframleiðslu. Þannig er Orkuveita Reykjavíkur eigandi að stórum hluta jarðhitaréttinda á Hellisheiði og Nesjavöllum. Loks eru Landsvirkjun, Orkubú Vestfjarða og Rarik að stærstu leyti eigendur þeirra vatnsréttinda sem fyrirtækin nýta til raforkuframleiðslu.

Orkumálastjóri hefur metið hugsanlega skiptingu á eignarhaldi á háhita. Nefnir hann breið vikmörk í því mati en telur líklegt að 46% háhitans sé í þjóðlendum, 42% í annarri opinberri eign og 12% í einkaeigu. Tekið er fram að mesti óvissuþátturinn í þessu mati sé væntanlega niðurstaða um mörk þjóðlenda á Norðurlandi.

Orkulindir landsins skipta miklu máli fyrir öruggt framboð á orku, en einnig út frá umhverfis- og byggðasjónarmiðum. Kemur þar einkum þrennt til. Í fyrsta lagi er íslenska raforkukerfið einangrað og tenging við önnur raforkukerfi háð vandkvæðum sökum mikillar fjarlægðar. Slíkri tengingu verður því ekki við komið nema með miklum tilkostnaði. Í öðru lagi hafa íslensk stjórnvöld um áratuga skeið stefnt að því að auka nýtingu innlendra endurnýjanlegra orkulinda til orkuframleiðslu til að leysa af hólmi jarðefnaeldsneyti. Þessi stefna hefur leitt til þess að Ísland stendur nú flestum ríkjum framar í nýtingu endurnýjanlegra orkulinda. Þannig eru um 99,9% af allri raforku í landinu framleidd með endurnýjanlegum orkulindum, vatnsafli og jarðvarma, og í kringum 99% af húshitunarþörf er mætt með orku frá endurnýjanlegum orkulindum. Þá er á grundvelli raforkulaga kveðið á um að setja megi skilyrði í virkjunarleyfi um að aðeins séu nýttar endurnýjanlegar orkulindir. Í þriðja lagi hefur nýting jarðvarma til húshitunar mikla þýðingu fyrir íbúa landsins. Stjórnvöld hafa á undanförnum áratugum lagt mikla áherslu á uppbyggingu hitaveitna sem víðast um landið. Er nú svo komið að um 90% af orkuþörf vegna húshitunar er mætt með jarðvarma. Í lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998, er kveðið á um að sveitarstjórnir skuli hafa forgang að nýtingarleyfum vegna jarðhita innan marka sveitarfélagsins vegna þarfa hitaveitu sem rekin er í sveitarfélaginu.

Með skírskotun til þessa er eðlilegt að eignarhald á þessum auðlindum verði að mestu leyti áfram á hendi hins opinbera, þ.e. ríkis og sveitarfélaga, enda tryggir það jafnræði til aðgangs að auðlindunum þegar til lengri tíma er litið. Hins vegar er ljóst að slíkar takmarkanir vekja upp ýmis hagfræðileg álitaefni, svo sem útfærslu, áhrif á samkeppni á orkumarkaði, samræmi við samkeppnislög og áhrif tímabundins afnotaréttar á efnahagslega hvata til endurfjárfestinga og viðhalds á orkumannvirkjum og til sjálfbærrar nýtingar orkuauðlinda. Var leitað til Friðriks Más Baldurssonar prófessors og Nils-Henrik M von der Fehr prófessors um álit á efni frumvarpsins. Í álitinu kemur fram að þær takmarkanir sem felast í frumvarpinu veki upp nokkur hagfræðileg álitaefni, svo sem hvernig skipa eigi eignarréttindum, um áhrif á samkeppni á orkumarkaði og áhrif tímabundins afnotaréttar á efnahagslega hvata til endurfjárfestinga og viðhalds á orkumannvirkjum og til sjálfbærrar nýtingar orkuauðlinda. Í lokaorðum álitsins segir:

Takmörkun á eignarhaldi og framsali auðlinda takmarkar möguleikana á því hver nýtir auðlindirnar og með hvaða hætti það er gert. Slíkar takmarkanir hafa neikvæð áhrif á efna-

hagslegt virði auðlindanna og hagkvæmni í nýtingu þeirra. Hversu víðtæk þessi áhrif eru er háð því hvernig takmörkunum er háttað og hvort og þá hvernig unnið er gegn þessum neikvæðu áhrifum með ákvæðum og samningum um bætur og með reglusetningu um umgengni um auðlindirnar. Þessi niðurstaða felur ekki í sér gagnrýni á ætlaða lagasetningu, en hún þýðir að stjórnvöld verða að huga vandlega að því hvernig hægt er að lágmarka hugsanlegan kostnað sem af henni hlýst.

Líklegt er að setja þurfi nánari ákvæði um framkvæmd laganna í reglugerðir og að leggja þurfi í aðrar aðgerðir til að lögin nái markmiði sínu að fullu. Meðal þess sem líklegt er að skoða þurfi í framhaldinu eru eftirfarandi atriði:

- *Skipan eignarhalds á orkuauðlindum í eigu ríkis og sveitarfélaga, þ.m.t. hvort það er eftirsóknarvert eða nauðsynlegt að breyta þessari skipan, t.d. með því að færa eignarréttindi að öllu leyti eða hluta til sérstaks eignarhaldsfélags.*
- *Reglur um það hvernig ráðstafa á afnotarétti þannig að gætt sé jafnræðis. Hér er hugsanlegt að gera megi greinarmun á þeim auðlindum sem þegar eru nýttar og hinum sem ekki hafa verið nýttar til orkuvinnslu.*
- *Ákvæði leigusamninga, m.a. með það að markmiði að leysa úr skorti á hvötum til fjárfestinga sem skapast undir lok leigutíma og til að stuðla að sjálfbærri nýtingu.*
- *Leiga og skipting hennar milli umsaminna fjárhæða annars vegar og tekju- eða magntengdra greiðslna hins vegar.*
- *Lengd leigutíma, m.a. hvort lengdin skuli vera mismunandi eftir tegund auðlindar, þess hvort auðlindin hafi þegar verið nýtt o.s.frv.*
- *Réttur til endurnýjunar á nýtingarheimild; hvort veita eigi slíkan rétt og þá með hvaða skilyrðum. Jafnframt hvernig eigi að bæta eigandanum þá fastafjármuni sem hann glatar ef nýtingarheimild er ekki endurnýjuð.*

Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða III er gert ráð fyrir að forsætisráðherra skipi nefnd til að gera tillögur um með hvaða hætti verður staðið að leigu þeirra réttinda í eigu ríkisins sem frumvarpið nær til. Í þeirri vinnu verða framangreind álitaefni tekin til umfjöllunar. Jafnframt þarf ríkið að huga að því með hvaða hætti það skipar starfsemi þeirra fyrirtækja sem eru í fullri eigu þess.

7. Efni frumvarpsins og ákvæði stjórnarskrár.

Í vatnalögum, nr. 15/1923, er kveðið á um að landareign hverri fylgi réttur til umráða og hagnýtingar því vatni, straumvatni eða stöðuvatni sem á henni er, á þann hátt sem lögin heimila. Í V. kafla laganna er fjallað um notkun vatnsorku, en þar segir að eiganda landareignar, sem vatnsréttindi fylgja, svo og öðrum, sem heimildir hafa á þeim tekið, sé rétt að nota það vatn, sem um hana rennur, til að vinna úr því orku að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Vatnalög ná aðeins til yfirborðsvatns en í lögum nr. 58/1997, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, er kveðið á um að eignarlandi fylgi eignarréttur að auðlindum í jörðu, en til auðlinda í skilningi laganna teljast bæði grunnvatn og jarðhiti. Í þeim lögum kemur m.a. fram að eignarlandi fylgi eignarréttur að auðlindum í jörðu, þar á meðal grunnvatni og jarðhita.

Í gildandi lögum er ekki að finna takmarkanir á því hver megi eiga auðlindir að undanskildum þeim takmörkunum sem erlendum aðilum eru settar í lögum um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, nr. 19/1966, og lögum fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, nr. 34/1991. Í gildandi lögum er hins vegar að finna ýmsar hömlur á meðferð slíkra réttinda, bæði hvað varðar ráðstöfun og nýtingu. Þannig er t.d. í lögum nr. 57/1998 kveðið á um að ekki megi

undanskilja eignarlandi rétt til jarðhitaréttinda án leyfis ráðherra og eins er nýtingarréttur landeigenda umfram tiltekin mörk háður leyfi iðnaðarráðherra.

Í 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, er mælt fyrir um friðhelgi eignarréttarins. Er þar kveðið á um að engan megi skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir. Í mannréttindasáttmála Evrópu, sem lögfestur hefur verið hér á landi er að finna ákvæði um friðhelgi eignarréttar. Í 1. mgr. 75. gr. stjórnarskrár er mælt fyrir um að atvinnufrelsi megi aðeins setja skorður með lögum, enda krefjist almannahagsmunir þess.

Í ljósi þessara ákvæða og efnis frumvarpsins leitaði iðnaðarráðuneytið álits Eiríks Tómassonar, prófessors og formanns sérfræðinganefndar um endurskoðun stjórnarskrárinnar, hvort efni frumvarpsdraga, einkum 1., 10. og 13. gr., samrýmdist fyrirmælum stjórnarskrárinnar, einkum 72. gr. hennar.

Í álitsgerðinni er fjallað um það hvort það samrýmist stjórnarskrá að takmarka eignarhald með þeim hætti, sem gert í frumvarpsdrögum, en um það segir m.a.:

Öll framangreind lagasjónarmið verður að hafa í huga þegar frumvarpsdrög þau, sem fyrir liggja um breytingu á nokkrum lögum á auðlinda- og orkusviði, eru metin í ljósi stjórnarskrárinnar. Ekki fer á milli mála að reglur frumvarpsins eru almennar samkvæmt efni sínu og beinast jafnt að öllum þeim aðilum, sem þar eru nefndir, þ.e. ríki, sveitarfélögum og fyrirtækjum í meirihlutaeigu hins opinbera. Þá fela þær ekki í sér sviptingu á beinum eða óbeinum eignarráðum og yfirfærslu þeirra til annarra aðila, heldur gera þær ráð fyrir takmörkun á rétti fyrrgreindra aðila til þess að ráðstafa beinum eignarrétti sínum að nánar tilteknum auðlindum á varanlegan hátt.

Í athugasemdum með drögunum eru fyrirhugaðar takmarkanir á eignarrétti metnar svo að þær réttlætist af almannaþörf. Af dómaframkvæmd leiðir að mikið þarf til að koma svo að dómstólar haggi slíku mati löggjafans, sbr. H 27. september 2007 í máli nr. 182/2007 sem reifaður er hér að framan. Samkvæmt því og með vísan til þess, sem að framan segir, er það álit mitt að fyrrgreind ákvæði í frumvarpsdrögunum feli að meginstefnu í sér almenna takmörkun eignarréttar, en ekki eignarnám. Slíka almenna takmörkun á eignarrétti verða þeir, sem fyrir henni verða, almennt að þola bótalaust, eins og að framan greinir. Hvert tilfelli verður þó að skoða í ljósi stjórnskipulegrar meðalhófsreglu og jafnræðisreglu, sbr. 65. gr. stjskr., svo og með tilliti til þeirra aðstæðna sem fyrir hendi eru í hverju tilviki fyrir sig.

Í álitsgerðinni er einnig tekið sérstaklega til skoðunar, hvort það samrýmist fyrirmælum 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrárinnar að leggja bann við framsali sveitarfélaga á eignarréttindum í eigu þeirra sjálfra ellegar stofnana eða fyrirtækja þeirra með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í fyrirliggjandi frumvarpsdrögum. Um þetta segir í álitsgerðinni:

Með vísun til þess, sem að framan segir, verður að telja, eðli máls samkvæmt, að þegar sveitarfélög eiga í hlut geti löggjafinn gengið lengra í þá átt en ella að setja skorður við eignarrétti, enda sé það gert með almennum hætti og fulls jafnræðis gætt gagnvart sveitarfélögunum.

Eins og fram kemur í athugasemdum með fyrirliggjandi frumvarpsdrögum, er tilgangur þeirrar takmörkunar á eignarráðum sveitarfélaga, sem þar er gert ráð fyrir, sá að tryggja til frambúðar aðgang íbúa sveitarfélaga og landsmanna allra að auðlindum í formi heits og kalds vatns og raforku. Hér er um að ræða takmarkaðar auðlindir sem allir þurfa að hafa aðgang að í nútímaþjóðfélagi eigi frumþörfum borgaranna að vera sinnt. Svo sem rakið hefur verið að framan hefur löggjafinn af þessum sökum haft um langa hríð meiri eða minni afskipti af meðferð og ráðstöfun sveitarfélaganna á auðlindum af þessum toga.

Þegar allt það er virt, sem að framan greinir, svo og að sú takmörkun, sem gert er ráð fyrir, myndi aðeins fela í sér bann við að ráðstafa beinum eignarrétti að tilteknum auðlindum í eigu sveitarfélaganna á varanlegan hátt, án þess að þau séu svipt rétti til þess að leyfa afnot af auðlindunum til takmarkaðs tíma, er það álit mitt að slík takmörkun brjóti ekki gegn 1. mgr. 72. gr. stjskr. þannig að það baki ríkinu bótaskyldu. Tel ég að dómstólar muni ekki hrófla við lagasetningu, eins og þessari, sem byggð yrði á fyrrgreindum almannahagsmunum. Styrkja ummæli Hæstaréttar í nýjum dómi, H 27. september 2007 í máli nr. 182/2007, sem reifaður er í kafla II að framan, þetta álit mitt.

Þá er í álitsgerðinni fjallað um það hvernig fyrirhuguð skerðing víkur að einkaaðilum en þar segir m.a.:

Eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpsdrögunum, eru öll veigamestu orkufyrirtæki landsins í eigu hins opinbera, þ.e. ríkis og/eða sveitarfélaga, að undanskilinni Hitaveitu Suðurnesja hf., þar sem 32% hlutafjár eru í eigu Geysir Green Energy ehf. Í H 1964, 573, sem reifaður er hér að framan, kann það að hafa haft áhrif á málsúrslit að sú skerðing á stjórnarskrárvörðum réttindum, sem þar var um að ræða, bitnaði á fáum aðilum. Í ljósi þessa eru nokkrar líkur fyrir því að umrætt einkahlutafélag ætti rétt á bótum úr hendi ríkisins ef fyrrgreind ákvæði yrðu leidd í lög, óbreytt.

Við mat á því hvort félagið muni öðlast bótarétt úr ríkissjóði verður að sjálfsögðu að hafa í huga að takmörkun sú, sem gert er ráð fyrir, myndi ekki bitna á því beint, heldur óbeint. Enn fremur að einungis yrði um að ræða takmörkun á rétti til ráðstöfunar á beinum eignarrétti. Þetta hvort tveggja mælir á móti því að bótaréttur myndi stofnast.

Á hinn bóginn verður ekki litið framhjá þeirri staðreynd að umrætt einkahlutafélag yrði, að því er best verður séð, eini einkaaðilinn sem fyrirhuguð takmörkun á eignarrétti myndi bitna á. Þess vegna má halda því fram, með réttu, að takmörkuninni sé í raun og veru beint gegn einum einkaaðila („kasuistísk“ aðferð við lagasetningu), jafnvel þótt hún sé að formi til hugsuð sem almenn takmörkun á eignarrétti. Þetta atriði kynni að vega þungt við mat á því hvort takmörkunin yrði talin samrýmast 1. mgr. 72. gr. stjskr., án þess að réttur til bóta stofnaðist, eða hvort hún hefði í för með sér bótaskyldu fyrir ríkið.

Þegar litið er til þess sjónarmiðs um jafnræði, sem vísað er til hér að framan, og þeirrar staðreyndar, að fyrirhuguð takmörkun á eignarrétti myndi væntanlega bitna einungis á einum einkaaðila í raun, er það álit mitt að umtalsverður vafi leiki á því að það samrýmist 1. mgr. 72. gr. stjskr., sbr. 65. gr. hennar, að láta takmörkunina taka til fyrirtækja í meiri hluta eigu hins opinbera, eins og gert er ráð fyrir í 1., 10. og 13. gr. fyrirliggjandi frumvarpsdraga.

Í ljósi þessa er í frumvarpinu lagt til að takmarkanir á heimildum til framsals umræddra eignarréttinda verði einungis látnar ná til fyrirtækja sem alfarið eru í eigu ríkis og/eða sveitarfélaga.

8. Efni frumvarpsins og ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningnum) er að finna ákvæði um frjálst flæði fjármagns, staðfesturétt og skipan eignarréttar. Hafa verður þessi ákvæði í huga þegar fjallað er um eignarhald orkufyrirtækja og takmarkanir á heimildum til að ráðstafa vatns- og jarðhitaréttindum. Þá verður að líta til dómaframkvæmdar Evrópudómstólsins og EFTA-dómstólsins. Ráðuneytið leitaði álits Peter Dyrberg, sérfræðings í Evrópurétti, á álitaefnum tengdum þeim ákvæðum frumvarpsins sem varða takmarkanir á heimildum til varanlegs framsals eignarréttinda og eins ákvæðum um meirihlutaeignarhald opinberra aðila

í fyrirtækjum sem sinna sérleyfisstarfsemi. Í álitsgerðinni eru rakin helstu ákvæði samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði og raforkutilskipunar Evrópusambandsins sem tengjast álitaefninu og ásamt þeim dómum Evrópudómstólsins og EFTA-dómstólsins sem varpa ljósi á framkvæmd umræddra ákvæða.

Í álitsgerðinni kemur fram að ríkinu sé heimilt að takmarka heimildir ríkis og/eða sveitarfélaga til ráðstöfunar á réttindum sínum. Á því leiki ekki vafi að heimilt sé samkvæmt EES-samningnum að viðhalda opinberu eignarhaldi. Er vísað til dóms EFTA-dómstólsins í máli E-2/06, þar sem staðfest var að heimilt væri að koma á opinberu eignarhaldi yfir vatnsréttindum svo framarlega sem þetta væri gert á jafnréttisgrundvelli og ekki væri gengið lengra en þörf krefði. Ekkert í efni frumvarpsins bendi til annars en að þessi skilyrði séu uppfyllt.

Álitsgerðin fjallar einnig um takmarkanir á heimildum fyrirtækja í eigu ríkis og sveitarfélaga til að framselja réttindi sín. Komist er að þeirri niðurstöðu að efni EES-samningsins útiloki ekki að lagðar séu hömlur á fyrirtækin, enda hafi ríki og sveitarfélög yfirráð félaganna.

Í álitsgerðinni er loks fjallað um opinbert eignarhald á fyrirtækjum í sérleyfisstarfsemi. Þar kemur fram að slíkt fyrirkomulag brjóti ekki gegn ákvæðum EES-samningsins að uppfylltum tilteknum skilyrðum sem eigi sér stoð í ákvæðum samningsins. Til staðar þurfi að vera fullnægjandi skýringar á að opinbert eignarhald feli í sér nauðsynlega kosti umfram almenna lagasetningu um starfsemi slíkra fyrirtækja. Í 1. kafla athugasemda þessara er að finna rökstuðning fyrir nauðsyn þess að setja þær reglur sem lagðar eru til í frumvarpinu.

9. Brottfall laga.

Í október 2006 samþykkti ríkisstjórnin aðgerðaáætlun um Einfaldara Ísland fyrir árin 2006–2009. Markmið áætlunarinnar er einfaldara og betra opinbert regluverk í þágu atvinnulífs og almennings. Áætlunin er byggð á tillögum starfshóps sem forsætisráðherra skipaði í lok árs 2005 með fulltrúum ráðuneyta, sveitarfélaga og aðila vinnumarkaðarins. Hún beinist bæði að tilurð nýrra opinberra reglna og skipulegri yfirferð yfir gildandi reglur. Í samræmi við aðgerðaáætlunina hefur iðnaðarráðuneytið gert áætlun um einföldun og samræmingu löggjafar á auðlinda- og orkusviði.

Í gildi eru ýmis eldri lög um heimildir ráðherra til að veita leyfi til að reisa og reka virkjanir. Þessi lög má rekja til þess tíma þegar Alþingi veitti virkjunarleyfi. Í mörgum tilvikum var þetta gert með þeim hætti að Alþingi framseldi ráðherra heimildina til að gefa út virkjunarleyfi vegna einstakra virkjana. Í ljósi þess að í raforkulögum er nú kveðið á um að iðnaðarráðherra veiti leyfi til að reisa og reka virkjanir eru umrædd lög óþörf. Því er lagt til að þau verði felld brott.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Stór hluti vatns- og jarðhitaréttinda landsins heyrir undir ríki, sveitarfélög og fyrirtæki sem alfarið eru í eigu þeirra. Ríkið og sveitarfélög eru sem landeigendur eigendur slíkra réttinda auk þess sem dæmi eru um að þau séu eigendur að réttindum sem hafa verið skilin frá fasteignum. Jafnframt er íslenska ríkið eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum sem ekki eru háð einkaeignarrétti, sbr. 2. gr. laga nr. 58/1998. Þá eru orkufyrirtæki í eigu ríkis og sveitarfélaga í mörgum tilvikum eigendur réttinda sem þau nýta til orkuframleiðslu. Í greininni er lagt til að takmarkanir verði settar á heimildir ríkis, sveitarfélaga og fyrirtækja sem alfarið eru í þeirra eigu til ráðstöfunar á vatnsréttindum, hvort sem

komið hefur til nýtingar þeirra eða ekki. Í 8. gr. frumvarpsins er lögð til sambærileg breyting á ákvæðum laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, varðandi jarðhita og grunnvatn.

Í 1. mgr. er lagt til að ríki, sveitarfélögum og fyrirtækjum sem alfarið eru í eigu ríkis og sveitarfélaga verði óheimilt að framselja varanlega eignarrétt að vatni, þ.m.t. jarðhita og grunnvatn. Í 2. gr. vatnalaga, nr. 20/2006, er kveðið á um að lögin taki til alls rennandi eða kyrrstæðs vatns á yfirborði jarðar og neðan jarðar, í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi. Lögin öðlast gildi 1. nóvember 2008. Í gildandi vatnalögum, nr. 15/1923, er ekki að finna ákvæði um gildissvið þeirra laga. Þó er óumdeilt að þeim er einungis ætlað að taka til yfirborðsvatns, enda var vinnsla grunnvatns nánast óþekkt hér á landi við gildistöku laganna.

Þar sem ætlunin er einungis að ná til mikilvægustu vatnsréttinda sem skipta verulegu máli varðandi orkuöflun er lagt til að vatnsföll sem hafa virkjanlegt afl undir 7 MW skuli undanþegin banni við framsali. Virkjanir sem eru 7 MW eða stærri þurfa samkvæmt raforkulögum að tengjast flutningskerfinu beint. Þykir eðlilegt að takmarka heimildir til framsals á vatnsréttindum við svipuð mörk. Í orðunum beint eða óbeint felst að ríki og sveitarfélögum verður með öllu óheimilt að framselja einkaaðilum varanlega slík vatnsréttindi umfram tilgreind mörk. Það sama á við um fasteignir sem vatnsréttindi fylgja og eignarhluti í fyrirtækjum sem eru eigendur slíkra réttinda og alfarið eru í eigu ríkis og sveitarfélaga, nema réttindin hafi áður verið undanskilin.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. frumvarpsins er þó skv. 2. mgr. lagt til að heimilt verði að framselja slík réttindi í ákveðnum tilvikum. Þannig sé ríki heimilt að framselja sveitarfélagi varanlega réttindi sín, sveitarfélagi að framselja ríki eða öðru sveitarfélagi og ríki eða sveitarfélögum heimilt að framselja varanlega réttindi til félaga sem eru alfarið í eigu ríkis og/eða sveitarfélaga enda hafi þessi félög sérstaklega verið stofnuð til að fara með eignarhald slíkra réttinda. Sama á við um réttindi sem eru í eigu orkufyrirtækja sem eru í fullri eigu ríkis og/eða sveitarfélaga, þ.e. þeim er heimilt að framselja varanlega réttindi til ríkis, sveitarfélags eða félags sem alfarið er í eigu ríkis og/eða sveitarfélags og stofnað er til að fara með eignarhald slíkra réttinda.

Í 3. mgr. er lagt til að ríki, sveitarfélögum og félögum sem stofnuð eru skv. 2. mgr. verði heimilt að veita öðrum tímabundinn afnotarétt að vatni, þ.m.t. jarðhita og grunnvatni. Ákvæðið heimilar því leigusamninga um afnotarétt. Rétt er að taka fram að þessi undanþága nær ekki til orkufyrirtækja sem alfarið eru í eigu ríkis eða sveitarfélaga og er þeim því óheimilt að framleigja slík réttindi sín. Engar sérstakar takmarkanir eru á því við hverja slíkir leigusamningar eru gerðir umfram það sem kann að leiða af almennum reglum, svo sem ákvæðum laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri. Í ákvæðinu er lagt til að hámarkstímalengd samninga um afnotarétt verði 65 ár. Nýting þeirra auðlinda sem frumvarpið nær til byggist í flestum tilvikum á miklum fjárfestingum í mannvirkjum, sem hafa langan afskriftatíma. Fjárfestingin skilar sér því á löngum tíma. Hins vegar er nauðsynlegt að setja einhver efri mörk á lengd leigutímans og er lagt til í frumvarpinu að sá tími verði til allt að 65 ára í senn.

Við ákvörðun um afnotarétt verður að horfa til ýmissa lagaákvæða og almennra sjónarmiða. Þannig segir í 1. mgr. 27. gr. raforkulaga að samkeppnislög gildi um atvinnustarfsemi sem lögin ná til. Þá verður að gera ráð fyrir að ákvæði upplýsingalaga, nr. 50/1996, gildi um slíka leigusamninga, sbr. úrskurð úrskurðarnefndar um upplýsingamál í máli A-234/2006. Í 4. mgr. er að finna leiðbeiningar um hvaða sjónarmið beri að leggja til grundvallar við ákvörðun um það hverjum skuli veittur afnotaréttur. Ekki er um tæmandi talningu að ræða

á þeim sjónarmiðum sem lögð verða til grundvallar. Við ákvörðun verður hins vegar ávallt að leggja til grundvallar að ákvörðunin leiði til hagkvæmrar nýtingar auðlinda og fjárfestinga í mannvirkjum. Í ákvæði til bráðabirgða er lagt til að forsætisráðherra skipi nefnd sem falið verður að útfæra nánar hvernig staðið verður að leigu þeirra auðlinda sem frumvarpið tekur til.

Réttindi í eigu ríkisins geta byggst á mismunandi heimildum og forræði eigna að sama skapi heyrt undir mismunandi ráðherra. Samkvæmt reglugerð um Stjórnarráð Íslands fer fjármálaráðuneytið með mál er varða eignir ríkisins nema þær séu lagðar til annars ráðuneytis. Þetta hefur verið gert með lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta þar sem forsætisráðherra er veitt heimild til að ákvarða eða semja um endurgjald fyrir m.a. nýtingu vatns- og jarðhitaréttinda. Þá fer landbúnaðarráðuneytið með mál er varða jarðir í eigu og umsjá ríkisins. Þessu til viðbótar er í auðlindalögum og raforkulögum kveðið á um heimild iðnaðarráðherra til að semja um endurgjald fyrir nýtingu auðlinda í eignarlöndum ríkisins að höfðu samráði við þann aðila sem fer með forræði eignarinnar. Í 5. mgr. er lagt til að kveðið verði á um að forsætisráðherra verði falið að semja um endurgjald fyrir afnotarétt að vatni sem heyrir til ríkisjörðum eða í forsjá ríkisins, öðrum en vatnsréttindum í þjóðlendum.

Um 2. gr.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum frumvarpsins er algengt að sérleyfis- og samkeppnisstarfsemi, þ.e. rekstur dreifi-, hita- og vatnsveitna annars vegar og framleiðsla og sala raforku hins vegar, sé innan sama fyrirtækis. Í 4. gr. raforkulaga er kveðið á um að leyfi ráðherra þurfi til að reisa og reka raforkuver. Slík leyfi eru því grundvöllur raforkuframleiðslu í viðskiptaskyni. Í frumvarpinu er gerð tillaga um að samkeppnis- og sérleyfisstarfsemi verði ekki rekin í sama fyrirtæki. Í samræmi við þessa tillögu er hér lagt til að 5. gr. raforkulaga verði breytt á þá lund að óheimilt verði að veita virkjunarleyfi þeim sérleyfisfyrirtækjum sem hafa árlegar rekstrartekjur yfir 2 milljörðum kr. Handhöfum virkjunarleyfa verður heimilt að eiga áfram hlut í flutningsfyrirtækinu Landsneti, enda gilda reglur um sjálfstæði stjórnar o.fl.

Um 3. gr.

Nokkur dæmi eru um að í sama jarðvarmaorkuveri sé framleidd raforka og heitt vatn í einu samfelldu ferli. Það er vandkvæðum bundið að skipta upp slíkri starfsemi milli vinnslufyrirtækis og hitaveitu. Því er lagt til að vinnslufyrirtækjum verði heimilt að reka slík orkuver og framleiða bæði raforku og heitt vatn. Til að tryggja hagsmuni hitaveitunnar af því að geta uppfyllt skyldur sínar gagnvart þeim sem kaupa heitt vatn til húshitunar er lagt til að kveðið verði á um skyldu vinnslufyrirtækisins til að afhenda hitaveitu varmaorku. Varðandi bókhaldslegan aðskilnað og verðlagningu fyrir afhendingu á varmaorku fer skv. 41. gr. raforkulaga. Í greininni er kveðið á um skiptireglur vegna slíkra jarðvarmaorkuvera. Þá er og lagt til að Orkustofnun verði falið að skera úr ágreiningi vegna verðlagningar á heitu vatni frá slíku jarðvarmaorkuveri.

Um 4. gr.

Landsnet er það fyrirtæki sem annast rekstur raforkuflutningskerfis landsins og kerfisstjórnun. Í samræmi við það sem segir í almennum athugasemdum er hér lagt til að bundið

verði í lög að fyrirtækið skuli ávallt vera a.m.k. að ⅔ hlutum í eigu ríkis og/eða sveitarfélaga eða fyrirtækja sem alfarið eru í eigu þessara aðila.

Um 5. gr.

Í samræmi við það sem segir í almennum athugasemdum er í a-lið greinarinnar lagt til að kveðið verði á um að dreifiveitu, með árlegar rekstrartekjur umfram 2 milljarða kr., sé óheimilt að stunda aðra starfsemi en þá sem henni er nauðsynleg til að geta rækt skyldur sínar samkvæmt sérleyfum og lögum þar að lútandi. Þetta felur í sér að heimilt verður að reka sérleyfisstarfsemi sem annast rekstur annarra grunnkerfa en flutningskerfis raforku í sama fyrirtækinu, svo sem dreifiveitu rafmagns, hitaveitu og vatnsveitu. Þá er lagt til að dreifiveitu verði enn fremur heimilt að stunda aðra starfsemi sem hefur sambærilega stöðu. Dæmi um slíkt er rekstur hitaveitu sem ekki hefur einkaleyfi til starfsemi sinnar skv. 30. gr. orkulaga, nr. 58/1967, eða annar eðlislíkur rekstur sem jafna má við sérleyfisstarfsemi. Í öllum tilvikum er dreifiveitu óheimilt að stunda samkeppnisstarfsemi nema rekstrartekjur séu undir þeim mörkum sem kveðið er á um í ákvæðinu.

Varaaflsstöðvar teljast hluti af flutnings- eða dreifikerfi raforku og því iðulega reknar af dreifiveitunum. Þær teljast ekki til framleiðslueininga og eru ekki leyfisskyldar skv. 4. gr. raforkulaga. Þrátt fyrir kröfu um aðskilnað er gert ráð fyrir að dreifiveitum verði heimilt að reka slíkar varaaflsstöðvar áfram.

Til að tryggja sjálfstæði dreifiveitu er lagt til að kveðið verði á um að stjórn dreifiveitu skuli vera sjálfstæð gagnvart öðrum fyrirtækjum sem stunda vinnslu, flutning eða sölu raforku. Sambærilegt ákvæði er að finna í 5. mgr. 8. gr. raforkulaga varðandi stjórn flutningsfyrirtækisins. Eins og rakið er í almennum athugasemdum frumvarpsins er í tilskipun 2003/54/EB um innri markað raforku þess krafist að sá sem annast dreifikerfisstjórnun sé stjórnunarlega aðskilinn frá annarri starfsemi.

Í b-lið greinarinnar er lagt til að kveðið verði á um að dreifiveitur skuli ávallt vera a.m.k. að ⅔ hlutum í eigu ríkis og/eða sveitarfélaga eða fyrirtækja sem eru alfarið í eigu þessara aðila.

Um 6. gr.

Í 18. gr. raforkulaga er kveðið á um að leyfi ráðherra þurfi til þess að stunda raforkuviðskipti sem skilgreind eru sem kaup og sala raforku. Lagt er til að kveðið verði á um að þeim sem óska leyfis til að stunda raforkuviðskipti og eru með árlegar rekstrartekjur umfram 2 milljarða kr. sé óheimilt að stunda sérleyfisstarfsemi á orkusviði. Þetta er í samræmi við það markmið að skilið sé milli samkeppnis- og sérleyfisþátta.

Um 7. gr.

Í greininni er lagt til að orðalagi ákvæðis 2. mgr. 19. gr. laganna verði breytt til að endurspegla það fyrirkomulag að fyrirtækjum með árlegar rekstrartekjur sem eru 2 milljarðar kr. eða minna verði áfram heimilt að reka samkeppnis- og sérleyfisþætti í einu og sama fyrirtækinu. Ákvæðið er að öðru leyti efnislega óbreytt en þar er kveðið á um bann við því að niðurgreiða sölu með sérleyfisstarfsemi, eða annarri starfsemi sem hefur sambærilega stöðu, auk þess sem gerð er krafa um bókhaldslegan aðskilnað.

Um 8. gr.

Í greininni er lagt til að lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu verði breytt þannig að kveðið verði á um takmarkanir á heimildum ríkis, sveitarfélaga og fyrirtækja sem eru alfarið í eigu þeirra til að framselja eignarrétt að auðlindum í jörðu. Ákvæðið er að þessu leyti efnislega samhljóða 1. gr. frumvarpsins. Þá er í greininni lagt til að réttindi sem kveðið er á um að landeiganda sé heimilt að hagnýta til heimilis- og búsþarfa án nýtingarleyfis verði undanþegin banni við framsali. Í 1. mgr. 10. gr. laga nr. 57/1998 er kveðið á um að landeiganda sé heimilt án leyfis að hagnýta jarðhita í eignarlandi sínu til heimilis- og búsþarfa, þ.m.t. talið til ylræktar, iðnaðar og iðju, allt að 3,5 MW miðað við vermi sem tekið er úr jörðu alls innan eignarlands. Í 14. gr. laganna segir að landeiganda sé heimilt án leyfis að hagnýta grunnvatn í eignarlandi sínu til heimilis- og búsþarfa, þ.m.t. til fiskeldis, iðnaðar og iðju, allt að 70 ltr./sek.

Ákvæðið er að öðru leyti efnislega samhljóða 1. gr. frumvarpsins og um frekari athugasemdir vísast til athugasemda við þá grein.

Um 9. gr.

Í 12. gr. laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, er m.a. kveðið á um að landeigandi megi ekki undanskilja eignarlandi sínu jarðhitaréttindi, nema með sérstöku leyfi ráðherra. Þá er í greininni kveðið á um að um sölu ríkisjarða eða jarða í eigu opinberra stofnana eða sjóða gildi þó ákvæði jarðalaga. Í 40. gr. jarðalaga, nr. 81/2004, er kveðið á um að við sölu ríkisjarða sé landbúnaðarráðherra heimilt að undanskilja jarðefni, rétt til efnistöku umfram búsþarfir og einnig öll vatns- og jarðhitaréttindi. Ætlunin er að ákvæði laga nr. 57/1998 gangi framar ákvæðum jarðalaga sem felur í sér að landbúnaðarráðherra verður skylt að undanskilja vatns- og jarðhitaréttindi við sölu á ríkisjörðum ef þeim fylgja slík réttindi sem eru umfram þau mörk sem lagt er til að verði undanskilin banni við framsali.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Í samræmi við breytingu á raforkulögum í 5. gr. frumvarpsins er hér lagt til að sama regla verði látin gilda um takmarkanir á starfsemi hitaveitna, sjálfstæði stjórnar þeirra og meirihlutaeignarhald opinberra aðila. Um frekari skýringar vísast til athugasemda við þá grein frumvarpsins.

Um 12. gr.

Í samræmi við breytingu á raforkulögum í 5. gr. frumvarpsins er hér lagt til að sama regla verði látin gilda um lágmarkseignarhald opinberra aðila. Um frekari skýringar vísast til athugasemda við þá grein frumvarpsins.

Um 13. gr.

Í greininni er lagt til að kveðið verði á um takmarkanir á heimildum ríkis, sveitarfélaga og fyrirtækja sem alfarið eru í þeirra eigu til framsals á vatnsréttindum. Ákvæðið er efnislega samhljóða 1. gr. frumvarpsins og um frekari athugasemdir vísast til athugasemda við þá grein.

Um 14. gr.

Í greininni er kveðið á um gildistöku laganna. Svo að þeim fyrirtækjum sem hafa með höndum bæði samkeppnis- og sérleyfisstarfsemi gefist tími til að laga sig að þeim breytingum sem frumvarpið felur í sér er lagt til að ákvæði er varða aðskilnað samkeppnis- og sérleyfisþátta komi til framkvæmda 1. júlí 2009. Önnur ákvæði öðlast þegar gildi.

Um 15. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Í 35. gr. raforkulaga er m.a. kveðið á um að leyfi samkvæmt lögunum megi ekki framselja nema með leyfi ráðherra. Í ljósi þess að verið er að leggja til að orkufyrirtækjum með samþætta samkeppnis- og sérleyfisstarfsemi verði gert skylt að aðskilja þessa rekstrarþætti er ekki talin þörf á að afla leyfis ráðherra fyrir framsali sem leiðir af ákvæðum frumvarpsins. Fyrirtæki sem ætlað er að taka við starfsemi verða þó að uppfylla önnur ákvæði laganna.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða III.

Um skýringar vísast til almennra athugasemda.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á nokkrum lögum á auðlinda- og orkusviði.

Markmið frumvarpsins er að setja reglur um eignarhald auðlinda í opinberri eigu og skýra mörk samkeppnis- og sérleyfisþátta í starfsemi orkufyrirtækja. Er það gert til að tryggja að öll mikilverðustu vatns- og jarðhitaréttindi sem nú eru í eigu ríkis eða sveitarfélaga, beint eða óbeint, haldist áfram í eigu þessara aðila. Til að ná þessu markmiði eru lagðar til ýmsar breytingar á lögum á sviði orku- og auðlindamála. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að í þeim tilvikum þar sem starfsemi dreifi- og hitaveitna byggir á sérleyfum verði opinbert eignarhald tryggt þannig að eignarhlutur opinberra aðila verði að minnsta kosti 2/3.

Eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu getur takmörkun á eignarhaldi og framsali auðlinda haft áhrif á það hvernig auðlindirnar eru nýttar með tilliti til efnahagslegs virðis auðlindanna og hagkvæmni nýtingarinnar. Erfitt er þó að meta slík óbein áhrif. Að öðru leyti, verði frumvarpið óbreytt að lögum, verður ekki séð að bein útgjöld ríkissjóðs muni aukast.

689. Svar [379. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Árna Þórs Sigurðssonar um skipan héraðsdómara.

1. *Hversu mörg embætti héraðsdómara hafa verið veitt frá gildistöku núgildandi dómstólalaga?*

Núgildandi lög um dómstóla, nr. 15/1998, tóku gildi 1. júlí 1998 og frá þeim tíma hafa 15 dómarar verið skipaðir.

2. *Hve margir umsækjendur voru um hvert embætti fyrir sig?*
3. *Hvernig var umsækjendum raðað í hæfnisflokka af dómnefnd skv. 12. gr. dómstólalaga og reglum sem gilda um störf nefndarinnar?*

Hér á eftir verður 2. og 3. tölul. svarað saman og fjallað um hverja veitingu fyrir sig. Mjög mismunandi var hve margir umsækjendur voru um hvert embætti.

Dómnefndin studdist fyrst um sinn eftir gildistöku laga um dómstóla, nr. 15/1998, við eldri reglur um mat á á hæfi umsækjenda. Í fyrstu þremur skipununum kom fram í umsögn dómnefndar að skv. 5. gr. reglna nr. 40/1992 skyldi þáverandi nefnd auk sérstakra umsagna, gefa rökstutt álit á því hvern eða hverja af umsækjendunum nefndin teldi hæfasta og gera eftir atvikum samanburð og röðun á þeim eftir hæfni. Þá kemur fram í umsögn nefndarinnar að þar sem nýjar reglur hafi ekki verið gefnar út með heimild í núgildandi lögum taldi nefndin sér skylt að hafa sama hátt á og láta uppi afstöðu sína.

Hinn 29. október 1999 tóku gildi reglur nr. 693/1999 sem settar voru samkvæmt ákvæðum í 4. mgr. 12. gr. laga um dómstóla. Frá gildistöku þeirra hefur nefndin vitnað til b-liðar 1. mgr. 5. gr. reglnanna. Í umsögnum dómnefndar kemur fram að nefndin líti svo á að hún skuli láta í té rökstutt álit á því hvern eða hverja nefndin telur hæfasta og eftir atvikum samanburð og röðun á umsækjendum eftir hæfni. Þá segir í umsögnum að í samræmi við umsagnir fyrri nefndar, sem starfað hafi á grundvelli laga um dómstóla, hafi nefndin í umsögnum sínum um einstaka umsækjendur haft sem viðmiðun orðin ekki hæfur, hæfur, vel hæfur og mjög vel hæfur. Nefndin taldi að þessar lýsingar væru ekki að öllu leyti markvissar, og mundi hún leitast við að gera grein fyrir umsækjendum og síðan raða þeim frekar niður eftir því sem efni mundu standa til.

Eftir að þáverandi dómsmálaráðherra samþykkti verklagsreglur nefndarinnar, hinn 23. mars 2001, á grundvelli 3. mgr. 4. gr. reglna nr. 693/1999 hefur nefndin einnig tekið fram í umsögnum sínum að hún hafi haft hliðsjón af þeim við matið.

Við skipun héraðsdómara í fjórum tilvikum hefur ekki verið farið eftir tillögum nefndarinnar.

Hér á eftir verða veitt embætti talin í tímaröð:

1. Skipaður héraðsdómari við Héraðsdóm Vestfjarða frá 1. október 1998.

Ein umsókn barst og var umsækjandi metinn vel hæfur samkvæmt dómnefnd.

2. Skipaður héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur frá 1. janúar 1999.

Alls bárust 13 umsóknir um embættið. Í umsögn nefndarinnar kom fram að hún treysti sér ekki til að mæla með tveimur umsækjendum. Nefndin taldi að af hinum 11 væru allir umsækjendur vel hæfir og sjö af þeim væru mjög vel hæfir. Þá mælti nefndin sérstaklega með

tveimur umsækjendum sem hún taldi mjög vel hæfa umfram hina og var annar þeirra skipaður héraðsdómari.

3. Skipaður héraðsdómari við Héraðsdóm Suðurlands frá 10. nóvember 1999.

Alls bárust 13 umsóknir um embættið. Nefndin taldi að 12 umsækjendur hefðu hæfni til að gegna embætti héraðsdómara þótt hún teldi tvo þeirra ekki koma til greina í þetta sinn. Af hinum tíu væru níu vel hæfir til að gegna stöðu héraðsdómara og fjóra þeirra taldi nefndin mjög vel hæfa. Af þessum fjórum taldi nefndin að tveir umsækjendur væru næst því að hljóta stöðu héraðsdómara í þetta sinn. Sá sem skipaður var héraðsdómari var ekki annar af þessum tveimur, en var einn af þeim umsækjendum sem voru taldir mjög vel hæfir.

4. Skipaður héraðsdómari við héraðsdóm Vesturlands frá 1. júlí 2001.

Alls bárust sjö umsóknir um embættið. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að einn umsækjenda uppfyllti ekki skilyrði til þess að hljóta embættið. Fjórir umsækjendur voru metnir vel hæfir og tveir umsækjendur voru metnir mjög vel hæfir án þess að nefndin mælti sérstaklega með öðrum þeirra. Sá sem var skipaður í stöðuna var metinn mjög vel hæfur.

5. Skipaður héraðsdómari við Héraðsdóm Austurlands frá 1. september 2002.

Alls bárust fjórar umsóknir um embættið. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að allir umsækjendurnir væru hæfir og einn þeirra væri vel hæfur. Var sá umsækjandi skipaður.

6.–7. Skipaðir tveir héraðsdómarar við Héraðsdóm Reykjavíkur frá 1. september 2004.

Alls bárust sjö umsóknir um embættin. Meginniðurstaða dómnefndarinnar var að allir umsækjendurnir væru hæfir, en nefndin áleit fjóra þeirra mjög vel hæfa, tvo vel hæfa og einn hæfan. Af þeim fjórum sem nefndin áleit mjög vel hæfa mælti hún með þremur sem stæðu næst því að öðlast skipun í embætti héraðsdómara. Þeir umsækjendur sem hlutu skipun voru tveir af þessum þremur.

8. Skipaður héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur frá 1. september 2004.

Alls bárust fjórar umsóknir um embættið. Meginniðurstaða dómnefndarinnar var sú að allir fjórir umsækjendurnir væru hæfir til dómarastarfa í héraði en nefndin áleit þrjá þeirra mjög vel hæfa og einn hæfan. Í hópi þeirra umsækjenda sem voru metnir mjög vel hæfir áleit dómnefndinn að einn þeirra hefði nokkurt forskot og var það niðurstaða þeirra að sá umsækjandi stæði næst því að öðlast skipun í embættið og var hann sá sem hlaut embættið.

9. Skipaður héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur frá 1. september 2004.

Alls bárust fimm umsóknir um embættið. Meginniðurstaða dómnefndarinnar var sú að allir fimm umsækjendurnir væru hæfir til dómarastarfa í héraði, en nefndin áleit þrjá þeirra mjög vel hæfa, einn vel hæfan og einn hæfan. Dómnefndin leit svo á að einn þeirra umsækjanda sem hún áleit mjög vel hæfa hefði forskot á hina. Sá sem var skipaður var metinn mjög vel hæfur en ekki sá sem nefndin mælti sérstaklega með.

10. Skipaður héraðsdómari við Héraðsdóm Austurlands frá 15. september 2005.

Alls bárust fjórar umsóknir um embættið. Meginniðurstaða dómnefndarinnar var sú að allir umsækjendur væru hæfir til dómarastarfa í héraði, en einn var metinn mjög vel hæfur og þrír vel hæfir. Sá umsækjandi sem var metinn mjög vel hæfur var skipaður.

11. Skipaður í héraðsdómari við héraðsdóm Reykjaness frá 1. febrúar 2006.

Alls bárust fimm umsóknir um embættið. Meginniðurstaða dómnefndarinnar var sú að allir umsækjendur væru hæfir, einn var metinn mjög vel hæfur, þrír vel hæfir og einn hæfur. Sá umsækjandi sem var skipaður var metinn mjög vel hæfur.

12. Skipaður í héraðsdómari við Héraðsdóm Suðurlands frá 1. júlí 2006.

Alls bárust sex umsóknir um embættið. Meginniðurstaða dómnefndarinnar var sú að allir umsækjendur væru vel hæfir til dómarastarfa í héraði. Í umsögn nefndarinnar segir að þegar litið sé til allra atriða sé það mat nefndarinnar að tveir af umsækjendunum standi nokkuð jafnfætis og nær því en hin fjögur að hljóta dómaraembætti. Nefndin treysti sér ekki að gera upp á milli þessara tveggja og taldi ekki ástæðu til þess að raða umsækjendum að öðru leyti. Sá umsækjandi sem var skipaður var ekki annar þeirra tveggja umsækjenda sem nefndin mælti sérstaklega með.

13. Skipaður héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur 1. janúar 2007.

Alls bárust sjö umsóknir um embættið. Meginniðurstaða dómnefndarinnar var sú að allir umsækjendur væru hæfir. Nefndin taldi tvo umsækjendur skera sig úr að því er varðaði starfsaldur og reynslu af störfum og mat þá mjög vel hæfa og gerði nefndin ekki upp á milli þeirra. Þrjá umsækjendur mat nefndin vel hæfa og tvo hæfa. Sá sem var skipaður var annar þeirra tveggja umsækjenda sem voru metnir mjög vel hæfir.

14. Skipaður héraðsdómari við Héraðsdóm Vestfjarða frá 1. júlí 2007.

Alls bárust sjö umsóknir um embættið. Meginniðurstaða dómnefndarinnar var sú að allir umsækjendur væru hæfir. Nefndin taldi þrjá vera mjög vel hæfa, einn vel hæfan og þrjá hæfa. Af þeim umsækjendum sem nefndin mat mjög vel hæfa taldi nefndin að einn þeirra væru hæfastur en sá hins vegar ekki ástæðu að gera upp á milli hinna tveggja. Sá umsækjandi sem var skipaður var sá sem nefndin mælti sérstaklega með.

15. Skipaður héraðsdómari við Héraðsdóm Norðurlands eystra og Héraðsdóm Austurlands frá 1. janúar 2008.

Alls bárust fimm umsóknir um embættið. Meginniðurstaða dómnefndarinnar var sú að allir umsækjendur væru hæfir. Dómnefndin áleit þrjá þeirra standa fremsta og vera mjög vel hæfa til að gegna embætti héraðsdómar en sá ekki ástæðu til að gera upp á milli þeirra. Hina tvo umsækjendurna taldi dómnefndin hæfa. Sá sem var skipaður var ekki einn af þeim sem nefndin mat vera mjög vel hæfa.

4. Úr hvaða hæfnisflokki var sá sem hlaut embættið hverju sinni?

Af þessum fimmtán skipunum í embætti héraðsdómara voru umsækjendur sem embættin hlutu í ellefu tilvikum metnir mjög vel hæfir, í þremur tilvikum vel hæfir og einu tilviki hæfur.

690. Fyrirspurn [433. mál]

til heilbrigðisráðherra um tæknifrjóvganir.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hvað líður störfum nefndar sem skipuð var í október og falið var að endurskoða reglugerð um tæknifrjóvganir?
2. Hvað líður undirbúningi þess að heimila einhleypum konum að gangast undir tæknifrjóvgun?

691. Frumvarp til laga [434. mál]

um breytingu á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum.

Flm.: Steinunn Þóra Árnadóttir, Árni Þór Sigurðsson, Álfheiður Ingadóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Kolbrún Halldórsdóttir, Ögmundur Jónasson, Atli Gíslason.

1. gr.

Við 2. mgr. 3. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sveitarstjórn skal taka ákvörðun um hvort heræfingar verði samþykktar á viðkomandi stað.

2. gr.

Á eftir 2. mgr. 27. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Notkun lands til heræfinga, þ.m.t. til lágflugsæfinga, utan varnar- og öryggissvæða er háð framkvæmdaleyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar að fenginni umsögn viðkomandi svæðisskipulagsnefndar. Framkvæmdaleyfi vegna slíkra æfinga skal gefið út til tiltekins tíma þar sem gerð er grein fyrir afmörkun svæðis, upplýsingaskyldu til almennings og hagsmunaaðila á svæðinu, grunnvatnsvernd, æfingatíma og frágangi svæðis.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að nýting lands til heræfinga, þ.m.t. til lágflugsæfinga, verði háð framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar að fenginni umsögn hlutaðeigandi svæðisskipulagsnefndar. Þar er sérstaklega kveðið á um upplýsingaskyldu til almennings og hagsmunaaðila á svæðinu, en mikill misbrestur hefur verið á slíku í tengslum við þær heræfingar sem haldnar hafa verið hér á landi á síðustu árum og áratugum.

Að mati flutningsmanna hafa heræfingar engu jákvæðu hlutverki að gegna fyrir íslenskt samfélag og æskilegast væri að stjórnvöld úthýstu þeim með öllu. Þar til það hefur verið gert

er hins vegar mikilvægt að gera sveitarfélögum og skipulagsyfirvöldum kleift að sporna við helstu hættum sem stafað geta af slíkum æfingum.

Mörg dæmi eru um árekstra milli sveitarstjórna og umsjónaraðila heræfinga. Lágflugsæfingar herþotna hafa margoft valdið umtalsverðu ónæði og skaða. Dæmi eru um stórtjón loðdýraræktenda vegna hávaða af lágflugi og ferðaþjónustuaðilar hafa sömuleiðis lýst andstöðu sinni við slíkar æfingar, ekki síst á hálendinu.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarstrandarhrepps hefur gert harðorðar athugasemdir við að haldnar hafi verið heræfingar í gömlu herstöðinni í Hvalfirði í litlu eða engu samráði við stjórnendur hreppsins. Á það hefur verið bent að slíkar æfingar geti verið afar skaðlegar fyrir ferðaþjónustu, sem leggur áherslu á friðsælt umhverfi og náttúruvernd.

Heræfingar kunna sömuleiðis að ganga gegn þeim samfélagslegu og menningarlegu markmiðum sem einstök sveitarfélög hafa sett sér. Dæmi um þetta er Friðarstofnun Reykjavíkur, sem Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, þáverandi borgarstjóri, beitti sér fyrir að komið væri á fót síðla árs 2006. Að því tilefni sagði borgarstjóri: „Ísland er herlaust land og engin hefð er hér fyrir hernaðaruppbyggingu né herrekstri. Því er Reykjavík einstakur vettvangur til viðræðna um friðsamlega úrlausn margvíslegra alþjóðlegra deilumála.“

Augljóslega samrýmast heræfingar í borgarlandinu ekki þessari stefnu borgaryfirvalda um Reykjavík sem miðstöð friðar.

Markmið frumvarpsins er því öðrum þræði að gefa sveitarstjórnum kost á að standa gegn heræfingum á landi sínu. Reynslan sýnir að sveitarstjórnir hafa ekki talið sér stætt á að andæfa heræfingum. Má í því sambandi nefna heræfingar sem ætlunin var að halda á vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins sumarið 2000 og ætlaðar heræfingar í Hljómskálagarðinum í Reykjavík sumarið 1999, sem íbúar komu í veg fyrir með mótmælum sínum.

Í 1. gr. skipulags- og byggingarlaga kemur fram það markmið laganna að tryggja að þróun byggðar og landnotkunar skuli vera í samræmi við skipulagsáætlanir sem hafi efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir landsmanna, heilbrigði þeirra og öryggi að leiðarljósi. Í ljósi þessara markmiða liggur beint við að ákvæði varðandi heræfingar eigi heima í skipulagslögum.

692. Frumvarp til laga [435. mál]

um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, með síðari breytingum.

Flm.: Steinunn Þóra Árnadóttir, Árni Þór Sigurðsson, Álfheiður Ingadóttir,
Steingrímur J. Sigfússon, Kolbrún Halldórsdóttir,
Ögmundur Jónasson, Atli Gíslason.

1. gr.

Við 12. lið 2. viðauka við lögin bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Heræfingar, þar með talið lágflugsæfingar, utan varnar- og öryggissvæða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Heræfingar hafa verið algengar á undanförnum árum á íslensku landi og lögsögu. Þróun þessa ber að harma og væri íslenskum stjórnvöldum sæmst að taka með öllu fyrir hernaðarbrölt hér á landi. Þar til því markmiði hefur verið náð telja flutningsmenn hins vegar rétt að reynt verði með öllum tiltækum ráðum að takmarka þann skaða sem af slíkum æfingum kann að hljótast.

Í 1. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum er gerð grein fyrir markmiðum laganna. Þar kemur fram að þeim er ætlað að draga eins og kostur er úr neikvæðum áhrifum framkvæmda, stuðla að samvinnu þeirra sem hagsmuna hafa að gæta eða láta sig málið varða og tryggja sem besta upplýsingamiðlun til almennings vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Allir ættu að geta samþykkt ágæti þessara markmiða.

Nú er það kunn staðreynd að starfsemi af hernaðarlegum toga, þ.m.t. heræfingar, getur haft í för með sér mikil og neikvæð umhverfisáhrif. Hernaðarstarfsemi er oftar en ekki afar mengandi, má í því samhengi benda á mengunarsvæði á og við gömlu herstöðina á Miðnesheiði og gömul skotæfingasvæði bandaríska hersins á Reykjanesskaga.

Auk olíu- og þungmálmamengunar geta heræfingar haft í för með sér umtalsvert ónæði og truflun. Dæmi eru um að lágflugsæfingar herþotna hafi raskað ró fólks og komið styggð að dýrum. Mönnum er í fersku minni þegar tvær herþotur í lágflugi fældu allan fugl úr Látrabjargi á varptíma vorið 2002. Einnig hafa aðilar í ferðaþjónustu gagnrýnt harðlega lágflugsæfingar sem skapað hafa stórhættu í hestaferðum með ferðamenn, má nefna gagnrýni framkvæmdastjóra Íshesta í tengslum við heræfingar nokkurra NATO-þjóða hér á landi sumarið 2007. Þá má nefna kvartanir frá hvalaskoðunarfyrirtækjum og aðilum sem láta sér annt um arnarvarp við Breiðafjörð.

Með því að fella heræfingar undir lög um mat á umhverfisáhrifum er tryggt að hagsmunaaðilar á borð við sveitarfélög, landeigendur, ferðaþjónustufyrirtæki og útivistarfólk geti komið að athugasemdum varðandi framkvæmd og staðarval heræfinga og vonandi minnkað líkurnar á skaða vegna þeirra.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að nýjum staflið verði bætt í 12. lið 2. viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum. Færa má rök fyrir því að heræfingar ættu allt eins heima í 11. lið, þar sem m.a. er fjallað um prófunaraðstöðu fyrir vélar og hreyfla og geymslu brotajárns. Niðurstaða flutningsmanna er þó sú að 12. liðurinn, Ferðalög og tómstundir, sé betur lýsandi fyrir stríðsleiki fullorðins fólks.

693. Fyrirspurn [436. mál]

til samgönguráðherra um vegtengingu fyrir vatnsverksmiðju við Hlíðarenda í Ölfusi.

Frá Bjarna Harðarsyni.

Hvaða áform hefur ráðuneytið varðandi vegtengingu fyrir nýstofnaða vatnsverksmiðju við Hlíðarenda í Ölfusi?

694. Fyrirspurn [437. mál]

til samgönguráðherra um nýjan Suðurlandsveg milli Reykjavíkur og Selfoss.

Frá Bjarna Harðarsyni.

Hvenær hefjast verklegar framkvæmdir við nýjan Suðurlandsveg milli Reykjavíkur og Selfoss.

695. Fyrirspurn [438. mál]

til forsætisráðherra um áhrif niðurskurðar þorskkvóta og mótvægisaðgerðir.

Frá Guðna Ágústssyni.

1. Hver er áætlaður tekjusamdráttur fyrirtækja og sveitarfélaga vegna niðurskurðar þorskkvóta á yfirstandandi fiskveiðiári? Svar óskast sundurliðað eftir sveitarfélögum.
2. Hversu mörg störf má áætla að hafi tapast vegna niðurskurðar þorskkvóta á yfirstandandi fiskveiðiári? Svar óskast sundurliðað eftir því hvort um bein eða óbein störf er að ræða og eftir sveitarfélögum.
3. Hversu háar fjárhæðir renna í formi mótvægisaðgerða úr ríkissjóði vegna niðurskurðar þorskkvóta á yfirstandandi fiskveiðiári? Svar óskast sundurliðað eftir sveitarfélögum ásamt yfirliti yfir hvaða framkvæmdir er um að ræða á bak við greiðslurnar, hvaða fjárhæðir er þegar búið að greiða og hvaða fjárhæðir á eftir að greiða, ásamt áætlun yfir hvenær þær greiðslur munu eiga sér stað, einnig er óskað eftir sundurliðun á því hvaða framkvæmdir sem falla undir mótvægisaðgerðir eru nýjar aðgerðir, ákveðnar eftir að ákvörðun um niðurskurð þorskkvótans var tekin, og hverjar eru flýting á framkvæmdum sem þegar hafði verið ákveðið að ráðast í fyrir þann tíma.
4. Hversu mikill hluti boðaðra mótvægisaðgerða verða útboðsskyldar framkvæmdir og hvernig hyggjast stjórnvöld tryggja að tekjur, beinar og óbeinar, af þeim framkvæmdum verði eftir í byggðarlögunum?
5. Til hvaða mótvægisaðgerða hyggjast stjórnvöld grípa ef fram fer sem horfir og frekari loðnuveiðar verða ekki heimilaðar að nýju?

Skriflegt svar óskast.

696. Fyrirspurn [439. mál]

til forsætisráðherra um gjaldmiðilsmál.

Frá Bjarna Harðarsyni.

Hvaða áform hefur ráðuneytið í gjaldmiðilsmálum þjóðarinnar?

697. Fyrirspurn [440. mál]

til viðskiptaráðherra um evruvæðingu efnahagslífsins.

Frá Bjarna Harðarsyni.

Hvaða áform hefur ráðuneytið gagnvart óformlegri evruvæðingu efnahagslífsins?

698. Lög [142. mál]

um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

(Afgreidd frá Alþingi 26. febr.)

I. KAFLI
Markmið og orðskýringar.
1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Allir einstaklingar skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni. Markmiði þessu skal náð m.a. með því að:

a. gæta jafnréttissjónarmiða og vinna að kynjasamþættingu í stefnumótun og ákvörðunum á öllum sviðum samfélagsins,
b. vinna að jöfnum áhrifum kvenna og karla í samfélaginu,
c. bæta sérstaklega stöðu kvenna og auka möguleika þeirra í samfélaginu,
d. vinna gegn launamisrétti og annarri mismunun á grundvelli kyns á vinnumarkaði,
e. gera bæði konum og körlum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf,
f. efla fræðslu um jafnréttismál,
g. greina tölfræðiupplýsingar eftir kyni,
h. efla rannsóknir í kynjafræðum,
i. vinna gegn kynbundnu ofbeldi og áreitni,
j. breyta hefðbundnum kynjaímyndum og vinna gegn neikvæðum staðalímyndum um hlutverk kvenna og karla.

2. gr.
Orðskýringar.

Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Bein mismunun:* Þegar einstaklingur fær óhagstæðari meðferð en annar af gagnstæðu kyni við sambærilegar aðstæður.
2. *Óbein mismunun:* Þegar hlutlaust skilyrði, viðmið eða ráðstöfun kemur hlutfallslega verr við annað kynið nema slíkt sé viðeigandi, nauðsynlegt eða réttlætanlegt vegna hlutlægra þátta óháð kyni.
3. *Kynbundin áreitni:* Hvers kyns ósanngjörn og/eða móðgandi hegðun, sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk og hefur áhrif á sjálfsvirðingu þess sem fyrir henni verður og er haldið áfram þrátt fyrir að gefið sé skýrt í skyn að hegðunin sé óvelkomin. Áreitnin getur verið líkamleg, orðbundin eða táknræn. Eitt tilvik getur talist kynbundin áreitni ef það er alvarlegt.
4. *Kynferðisleg áreitni:* Hvers kyns ósanngjörn og/eða móðgandi kynferðisleg hegðun sem er í óþökk og hefur áhrif á sjálfsvirðingu þess sem fyrir henni verður og er haldið áfram þrátt fyrir að gefið sé skýrt í skyn að hegðunin sé óvelkomin. Áreitnin getur verið líkamleg, orðbundin eða táknræn. Eitt tilvik getur talist kynferðisleg áreitni ef það er alvarlegt.
5. *Kynbundið ofbeldi:* Ofbeldi á grundvelli kynferðis sem leiðir til, eða gæti leitt til, líkamlegs, kynferðislegs eða sálræns skaða eða þjáninga þolanda, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennda sviptingu frelsis, bæði í einkalífi og á opinberum vettvangi.
6. *Kynjasamþætting:* Að skipuleggja, bæta, þróa og leggja mat á stefnumótunarferli þannig að sjónarhorn kynjajafnréttis sé á öllum sviðum fléttað inn í stefnumótun og ákvarðanir þeirra sem alla jafna taka þátt í stefnumótun í samfélaginu.
7. *Sértækar aðgerðir:* Sérstakar tímabundnar aðgerðir sem ætlað er að bæta stöðu eða auka möguleika kvenna eða karla í því skyni að koma á jafnri stöðu kynjanna á ákveðnu sviði þar sem á annað kynið hallar. Þar getur þurft tímabundið að veita öðru kyninu forgang til að ná jafnvægi.
8. *Laun:* Almennt endurgjald fyrir störf og hvers konar frekari þóknun, bein og óbein, hvort heldur er með hlunnindagreiðslum eða með öðrum hætti sem atvinnurekandi greiðir starfsmanni sínum fyrir vinnu hans.
9. *Kjör:* Laun ásamt lífeyris-, orlofs- og veikindaréttindum og hvers konar öðrum starfskjörum eða réttindum sem metin verða til fjár.

II. KAFLI
Stjórnsýsla.

3. gr.
Yfirstjórn.

Félags- og tryggingamálaráðherra fer með framkvæmd laga þessara nema annars sé sérstaklega getið. Jafnréttisstofa er sérstök stofnun sem heyrir undir yfirstjórn ráðherra. Hún annast stjórnsýslu á því sviði sem lögin ná til.

4. gr.

Jafnréttisstofa.

Félags- og tryggingamálaráðherra skipar framkvæmdastjóra Jafnréttisstofu til fimm ára í senn.

Framkvæmdastjóri annast daglega stjórn Jafnréttisstofu og ræður starfsfólk hennar.

Verkefni sem Jafnréttisstofa annast eru m.a. að:

a. hafa eftirlit með framkvæmd laganna,
b. sjá um fræðslu og upplýsingastarfsemi,
c. veita stjórnvöldum, stofnunum, fyrirtækjum, félögum og einstaklingum ráðgjöf í tengslum við jafnrétti kynjanna,
d. koma á framfæri við ráðherra, Jafnréttisráð og önnur stjórnvöld ábendingum og tillögum um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna,
e. koma með tillögur að sértækum aðgerðum,
f. auka virkni í jafnréttismálum, m.a. með aukinni aðild karla að jafnréttisstarfi,
g. fylgjast með þróun jafnréttismála í þjóðfélaginu, m.a. með upplýsingaöflun og rannsóknum,
h. veita jafnréttisnefndum, jafnréttisráðgjöfum og jafnréttisfulltrúum sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja aðstoð,
i. vinna að forvörnum gegn kynbundnu ofbeldi í samstarfi við önnur stjórnvöld og samtök sem sinna slíkum forvörnum sérstaklega,
j. vinna gegn launamisrétti og annarri mismunun á grundvelli kyns á vinnumarkaði,
k. leita sátta í ágreiningsmálum sem Jafnréttisstofu berast og varða ákvæði laga þessara,
l. breyta hefðbundnum kynjaímyndum og vinna gegn neikvæðum staðalímyndum um hlutverk kvenna og karla,
m. vinna önnur verkefni í samræmi við markmið laganna samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

Stofnunum, fyrirtækjum og félagasamtökum er skylt að veita Jafnréttisstofu hvers konar almennar upplýsingar sem nauðsynlegar eru starfsemi hennar.

Hafi Jafnréttisstofa rökstuddan grun um að stofnun, fyrirtæki eða félagasamtök hafi brotið gegn lögum þessum skal hún kanna hvort ástæða sé til að óska eftir því að kærunefnd jafnréttismála taki málið til meðferðar. Hlutaðeigandi stofnun, fyrirtæki eða félagasamtökum er skylt að láta Jafnréttisstofu í té upplýsingar og gögn sem hún telur nauðsynleg til að upplýsa um málsatvik. Verði viðkomandi aðilar ekki við þessari beiðni Jafnréttisstofu innan hæfilegs frests getur hún ákveðið að þeir greiði dagsektir þar til upplýsingarnar og gögnin hafa verið látin í té. Sé það mat Jafnréttisstofu að umræddar upplýsingar og gögn renni frekari stoðum undir að brotið hafi verið gegn ákvæðum laganna skal hún óska eftir því að kærunefnd jafnréttismála taki málið til meðferðar og jafnframt tilkynna hlutaðeigandi stofnun, fyrirtæki eða félagasamtökum skriflega um þá ákvörðun sína.

Jafnréttisstofa skal að beiðni kæranda fylgja því eftir að úrskurðum kærunefndar jafnréttismála sé framfylgt eftir því sem við getur átt. Þegar sá sem úrskurður kærunefndar beinist að fer ekki að úrskurðinum getur Jafnréttisstofa beint þeim fyrirmælum til viðkomandi að gripið verði til viðunandi úrbóta til samræmis við úrskurðinn innan hæfilegs frests. Verði sá sem úrskurður beinist að ekki við fyrirmælum Jafnréttisstofu getur Jafnréttisstofa ákveðið að viðkomandi greiði dagsektir þar til farið verður að fyrirmælunum.

Starfsmönnum Jafnréttisstofu er óheimilt að nota aðstöðu sína til að afla sér annarra upplýsinga eða gagna en þeirra sem eru nauðsynleg eða kunna að vera nauðsynleg í þágu eftir-

litsins skv. 5. mgr. Enn fremur er þeim óheimilt að veita eða afhenda öðrum en aðilum máls og kærunefnd jafnréttismála upplýsingar eða gögn sem aflað er í þágu eftirlitsins skv. 5. mgr., sem starfsmenn kunna að verða áskynja vegna starfa sinna við lausn á ágreiningsmálum skv. k-lið 3. mgr. eða eftirfylgni við úrskurði kærunefndar jafnréttismála skv. 6. mgr.

Ákvörðun um dagsektir skv. 5. og 6. mgr. skal tilkynnt bréflega á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að. Dagsektir geta numið allt að 50.000 kr. hvern dag. Við ákvörðun fjárhæðar dagsekta skal m.a. líta til fjölda starfsmanna fyrirtækis, stofnunar eða félagasamtaka og hversu umsvifamikill viðkomandi atvinnurekstur er.

Dagsektir skulu renna í ríkissjóð.

Þeim sem fyrirmælum Jafnréttisstofu er beint að samkvæmt ákvæði þessu er heimilt að kæra ákvörðun Jafnréttisstofu til félags- og tryggingamálaráðherra. Ákvörðun um dagsektir skv. 6. mgr. fellur niður sé úrskurður kærunefndar borinn undir dómstóla.

Ákvarðanir Jafnréttisstofu um dagsektir eru aðfararhæfar. Kæra til félags- og tryggingamálaráðherra eða málshöfðun fyrir almennum dómstólum frestar aðför.

5. gr.

Kærunefnd jafnréttismála.

Félags- og tryggingamálaráðherra skipar samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar þrjá fulltrúa í kærunefnd jafnréttismála til þriggja ára í senn. Skulu þeir allir vera lögfræðingar og a.m.k. einn þeirra hafa sérþekkingu á jafnréttismálum. Formaður og varaformaður skulu uppfylla skilyrði um embættisgengi héraðsdómara. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Nefndinni er heimilt að kalla sér til ráðgjafar og aðstoðar sérfróða aðila ef hún telur þörf á.

Verkefni kærunefndar jafnréttismála er að taka erindi til meðferðar og kveða upp skriflegan úrskurð um hvort ákvæði laga þessara hafi verið brotin. Niðurstöður kærunefndar sæta ekki kæru til æðra stjórnvalds.

Þegar um er að ræða mál sem ætla má að geti haft stefnumarkandi áhrif á vinnumarkaðinn í heild skal nefndin leita umsagnar frá heildarsamtökum launafólks og atvinnurekenda áður en úrskurður er kveðinn upp.

Úrskurðir kærunefndar eru bindandi gagnvart málsaðilum. Málsaðilum er heimilt að bera úrskurði nefndarinnar undir dómstóla. Að kröfu málsaðila getur nefndin kveðið upp úrskurð um frestun réttaráhrifa úrskurðar telji hún ástæðu til þess. Krafa þess efnis skal gerð eigi síðar en tíu dögum frá birtingu úrskurðar. Frestun á réttaráhrifum úrskurðar skal vera bundin því skilyrði að málsaðili beri málið undir dómstóla innan þrjátíu daga frá birtingu úrskurðar um frestun réttaráhrifa og óski þá eftir að það hljóti flýtimeðferð. Ef beiðni um flýtimeðferð er synjað skal mál höfðað eins fljótt og unnt er eftir að synjun kemur fram og eigi síðar en innan þrjátíu daga frá synjun dómara. Frestun réttaráhrifa úrskurðar fellur úr gildi ef mál er ekki borið undir dómstóla innan þrjátíu daga frá birtingu úrskurðar um frestun réttaráhrifa eða mál er ekki höfðað innan þrjátíu daga frá synjun dómara um flýtimeðferð. Sé mál höfðað vegna úrskurðar nefndarinnar er henni heimilt að fresta afgreiðslu sambærilegra mála sem eru til meðferðar hjá henni þar til dómur gengur í málinu.

Kærunefnd jafnréttismála getur ákveðið að sá sem kæra beinist gegn greiði kæranda kostnað við að hafa kæruna uppi fyrir kærunefndinni enda sé niðurstaða nefndarinnar kæranda í hag.

Ef úrskurður kærunefndar jafnréttismála er kæranda í hag en gagnaðili vill ekki una úrskurði kærunefndar og höfðar mál til ógildingar honum fyrir dómstólum, skal kærandi fá greiddan málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti úr ríkissjóði.

Ef kæra er bersýnilega tilefnislaus að mati kærunefndarinnar getur nefndin úrskurðað kæranda til að greiða gagnaðila málskostnað. Aðför má gera án undangengins dóms til fullnustu málskostnaðar.

Kærunefndin skal birta úrskurði sína.

Kostnaður við starfsemi nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði. Félags- og tryggingamálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um störf kærunefndar og skrifstofuhald.

6. gr.

Málsmeðferð fyrir kærunefnd jafnréttismála.

Einstaklingar, fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök í eigin nafni eða fyrir hönd félagsmanna sem telja að ákvæði laga þessara hafi verið brotin á sér geta leitað atbeina kærunefndar jafnréttismála.

Jafnréttisstofa getur óskað eftir að kærunefnd jafnréttismála taki mál til meðferðar, sbr. 5. mgr. 4. gr.

Erindi skulu berast nefndinni skriflega innan sex mánaða frá því að ætlað brot á lögum þessum lá fyrir, frá því að ástandi sem talið er brot á lögunum lauk eða frá því að sá er málið varðar fékk vitneskju um ætlað brot. Sé leitað rökstuðnings á grundvelli ákvæða stjórnsýslulaga tekur fresturinn að líða þegar sá rökstuðningur liggur fyrir. Kærunefndin getur þegar sérstaklega stendur á ákveðið að taka erindi til umfjöllunar þótt liðinn sé framangreindur frestur, þó aldrei ef liðið er meira en eitt ár. Erindi telst nægjanlega snemma fram komið ef bréf sem hefur það að geyma hefur borist nefndinni eða verið póstlagt áður en fresturinn er liðinn.

Kærunefnd getur að höfðu samráði við kæranda sent mál til sáttameðferðar hjá Jafnréttisstofu.

Nefndin skal kveða upp úrskurð svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en þremur mánuðum eftir að henni berst mál í hendur.

Málsmeðferð fyrir kærunefnd skal að jafnaði vera skrifleg en þó getur nefndin kallað málsaðila eða fulltrúa þeirra á sinn fund. Að öðru leyti fer um málsmeðferð hjá nefndinni samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga og nánari reglum sem ráðherra setur, að fengnum tillögum frá nefndinni.

7. gr.

Upplýsingaöflun fyrir kærunefnd.

Kærunefnd jafnréttismála skal tryggja að aðili máls eigi þess kost að tjá sig um efni máls áður en nefndin kveður upp úrskurð sinn enda telji nefndin að hvorki afstaða hans né rök fyrir henni liggi fyrir í gögnum málsins.

Kærunefnd jafnréttismála getur, að kröfu gagnaðila, krafið aðila um gögn sem nefndin telur að geti haft áhrif á úrlausn máls.

Kærunefnd jafnréttismála getur krafist frekari gagna frá málsaðilum telji hún málið ekki nægjanlega upplýst.

Ef lögð eru fyrir kærunefnd jafnréttismála gögn sem varða laun, önnur starfskjör eða réttindi einstaklinga skal kærunefndin tilkynna hlutaðeigandi að þessar upplýsingar hafi verið veittar nefndinni. Fara skal með slíkar upplýsingar sem trúnaðarmál.

8. gr.

Jafnréttisráð.

Eftir hverjar alþingiskosningar skipar félags- og tryggingamálaráðherra ellefu manna Jafnréttisráð. Ráðherra skipar formann án tilnefningar, tvo fulltrúa sem tilnefndir eru sameiginlega af samtökum launafólks, tvo fulltrúa sem tilnefndir eru sameiginlega af samtökum atvinnurekenda, tvo fulltrúa sem tilnefndir eru sameiginlega af Femínistafélagi Íslands, Kvenfélagasambandi Íslands og Kvenréttindafélagi Íslands, einn fulltrúa sem tilnefndur er sameiginlega af Samtökum um kvennaathvarf og Stígamótum, einn fulltrúa sem tilnefndur er af Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum, einn fulltrúa sem tilnefndur er af Félagi um foreldrajafnrétti og einn fulltrúa sem tilnefndur er af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

9. gr.

Hlutverk Jafnréttisráðs.

Jafnréttisráð skal starfa í nánum tengslum við Jafnréttisstofu og vera félags- og tryggingamálaráðherra og framkvæmdastjóra Jafnréttisstofu til ráðgjafar við faglega stefnumótun í málum er tengjast jafnrétti kynjanna. Sérstök áhersla skal lögð á að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði og samþættingu fjölskyldu- og atvinnulífs.

Jafnréttisráð skal undirbúa jafnréttisþing í samráði við félags- og tryggingamálaráðherra, sbr. 10. gr., og leggja fyrir það skýrslu um störf sín.

Kostnaður við starfsemi ráðsins greiðist úr ríkissjóði. Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um störf Jafnréttisráðs og skrifstofuhald.

10. gr.

Jafnréttisþing.

Félags- og tryggingamálaráðherra skal boða til jafnréttisþings innan árs frá alþingiskosningum og aftur að tveimur árum liðnum.

Á jafnréttisþingi skal fjalla um jafnréttismál en félags- og tryggingamálaráðherra skal leggja fram skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála við upphaf þingsins. Í skýrslu ráðherra skal m.a. koma fram mat á stöðu og árangri verkefna í gildandi þingsályktun um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum, sbr. 11. gr., auk umfjöllunar um stöðu og þróun jafnréttismála á helstu sviðum samfélagsins. Jafnréttisráð skal sjá til þess að umræður þingsins verði teknar saman og skal ráðið afhenda ráðherra samantektina. Önnur verkefni þingsins ákveður félags- og tryggingamálaráðherra hverju sinni að fengnum tillögum Jafnréttisráðs.

Þingið er öllum opið en Jafnréttisráð skal boða alþingismenn, fulltrúa stofnana ríkis og sveitarfélaga, þar á meðal jafnréttisfulltrúa, sem og fulltrúa aðila vinnumarkaðarins og frjálsra félagasamtaka sem hafa jafnréttismál á stefnuskrá sinni.

Seta á þinginu er ólaunuð en annar nauðsynlegur kostnaður af þinghaldinu greiðist úr ríkissjóði samkvæmt ákvörðun félags- og tryggingamálaráðherra.

11. gr.

Þingsályktun um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum.

Félags- og tryggingamálaráðherra leggur fyrir Alþingi, innan árs frá alþingiskosningum, tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára í senn að fengnum tillögum einstakra ráðuneyta, Jafnréttisstofu og Jafnréttisráðs. Enn fremur skal höfð hliðsjón af umræðum jafnréttisþingsins skv. 10. gr. Þingsályktun um framkvæmdaáætlun í

jafnréttismálum skal fela í sér verkefni sem ætlað er að tryggja jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla í íslensku samfélagi, sbr. 1. gr. laganna. Framkvæmdaáform og áætlaðar fjárveitingar til verkefna skulu koma sundurliðuð fram í áætluninni. Skýrsla félags- og tryggingamálaráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála sem lögð er fram á jafnréttisþingi skv. 10. gr. skal fylgja með tillögunni til þingsályktunarinnar.

12. gr.

Jafnréttisnefndir sveitarfélaga.

Sveitarstjórnir skulu að loknum sveitarstjórnarkosningum skipa jafnréttisnefndir sem fjalla um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla innan viðkomandi sveitarfélags. Skulu nefndirnar vera ráðgefandi fyrir sveitarstjórnir í málefnum er varða jafnrétti kynjanna og fylgjast með og hafa frumkvæði að aðgerðum, þar með talið sértækum aðgerðum, til að tryggja jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla innan viðkomandi sveitarfélags.

Hver jafnréttisnefnd skal hafa umsjón með gerð jafnréttisáætlana til fjögurra ára, þar sem m.a. komi fram hvernig unnið skuli að kynjasamþættingu á öllum sviðum ásamt framkvæmdaáætlun um það hvernig leiðrétta skuli mismun á stöðu kvenna og karla innan sveitarfélagsins. Jafnréttisáætlanir skulu lagðar fram til samþykktar í viðkomandi sveitarstjórn eigi síðar en ári eftir sveitarstjórnarkosningar.

Hver nefnd skal annað hvert ár afhenda Jafnréttisstofu skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála innan viðkomandi sveitarfélags.

13. gr.

Jafnréttisfulltrúar.

Í sérhverju ráðuneyti skal starfa jafnréttisfulltrúi sem hefur sérþekkingu á jafnréttismálum. Jafnréttisfulltrúi fjallar um og hefur eftirlit með jafnréttisstarfi á málefnasviði viðkomandi ráðuneytis og stofnana þess, þar á meðal skal hann vinna að kynjasamþættingu á málefnasviði ráðuneytisins. Jafnréttisfulltrúi skal árlega senda Jafnréttisstofu greinargerð um stöðu og þróun jafnréttismála á málefnasviði viðkomandi ráðuneytis.

14. gr.

Jafnréttisráðgjafar.

Félags- og tryggingamálaráðherra er heimilt að ráða jafnréttisráðgjafa sem vinnur tímabundið að jafnréttismálum á tilteknu sviði og/eða á tilteknu landsvæði.

15. gr.

Þátttaka í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum hins opinbera.

Við skipun í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skal þess gætt að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða. Þetta gildir einnig um stjórnir opinberra hlutafélaga og fyrirtækja sem ríki eða sveitarfélag er aðaleigandi að.

Þegar tilnefnt er í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skal tilnefna bæði karl og konu. Tilnefningaraðila er heimilt að víkja frá skilyrði 1. málsl. þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að ekki er mögulegt að tilnefna bæði karl og konu. Skal tilnefningaraðili þá skýra ástæður þess.

Skipunaraðila er heimilt að víkja frá ákvæði 1. mgr. ef undanþáguheimild 2. mgr. á við.

16. gr.

Greining á tölfræðiupplýsingum.

Í opinberri hagskýrslugerð um einstaklinga og í viðtals- og skoðanakönnunum skal greint á milli kynja við söfnun gagna, úrvinnslu þeirra og birtingu upplýsinga nema sérstakar ástæður, svo sem persónuverndarhagsmunir, mæli gegn því.

17. gr.

Kynjasamþætting.

Kynjasamþættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð sem gerð er á vegum ráðuneyta og opinberra stofnana er starfa á málefnasviði þeirra. Hið sama gildir um alla ákvörðunartöku innan ráðuneyta og stofnana eftir því sem við getur átt.

III. KAFLI
Réttindi og skyldur.

18. gr.

Vinnumarkaður.

Atvinnurekendur og stéttarfélög skulu vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði. Atvinnurekendur skulu sérstaklega vinna að því að jafna stöðu kynjanna innan fyrirtækis síns eða stofnunar og stuðla að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf. Sérstök áhersla skal lögð á að jafna hlut kynjanna í stjórnunar- og áhrifastöðum.

Fyrirtæki og stofnanir þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli skulu setja sér jafnréttisáætlun eða samþætta jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu sína. Skal þar m.a. sérstaklega kveðið á um markmið og gerð áætlun um hvernig þeim skuli náð til að tryggja starfsmönnum þau réttindi sem kveðið er á um í 19.–22. gr. Jafnréttisáætlun og jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu skal endurskoða á þriggja ára fresti.

Fyrirtæki og stofnanir skv. 2. mgr. skulu afhenda Jafnréttisstofu afrit af jafnréttisáætlun eða starfsmannastefnu sinni ef jafnréttisáætlun er ekki fyrir hendi ásamt framkvæmdaáætlun þegar Jafnréttisstofa óskar eftir því. Enn fremur skulu fyrirtæki og stofnanir skv. 2. mgr. afhenda Jafnréttisstofu skýrslu um framgang mála þegar Jafnréttisstofa óskar eftir því innan hæfilegs frests.

Hafi fyrirtæki eða stofnun skv. 2. mgr. ekki gert jafnréttisáætlun eða samþætt jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu sína skal Jafnréttisstofa beina þeim fyrirmælum til viðkomandi fyrirtækis eða stofnunar að gerðar séu viðunandi úrbætur innan hæfilegs frests. Hið sama gildir sé það mat Jafnréttisstofu að jafnréttisáætlun fyrirtækis eða stofnunar skv. 2. mgr. sé ekki viðunandi eða að jafnréttissjónarmið hafi ekki verið samþætt í starfsmannastefnu með nægilega skýrum hætti.

Verði fyrirtæki eða stofnun skv. 2. mgr. ekki við fyrirmælum Jafnréttisstofu skv. 4. mgr. getur Jafnréttisstofa ákveðið að viðkomandi fyrirtæki eða stofnun greiði dagsektir þar til farið verður að fyrirmælunum. Hið sama á við þegar fyrirtæki eða stofnun lætur hjá líða að afhenda Jafnréttisstofu afrit af jafnréttisáætlun eða starfsmannastefnu sinni ef jafnréttisáætlun er ekki fyrir hendi ásamt framkvæmdaáætluninni þegar Jafnréttisstofa óskar eftir því eða neitar að afhenda Jafnréttisstofu skýrslu um framgang mála, sbr. 3. mgr. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynnt bréflega á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að.

Dagsektir geta numið allt að 50.000 kr. hvern dag. Við ákvörðun fjárhæðar dagsekta skal m.a. líta til fjölda starfsmanna fyrirtækis eða stofnunar og hversu umsvifamikill viðkomandi atvinnurekstur er.

Dagsektir skulu renna í ríkissjóð.

Þeim sem fyrirmælum Jafnréttisstofu er beint að samkvæmt ákvæði þessu er heimilt að kæra ákvörðun Jafnréttisstofu til félags- og tryggingamálaráðherra.

Ákvarðanir Jafnréttisstofu um dagsektir eru aðfararhæfar. Kæra til félags- og tryggingamálaráðherra eða málshöfðun fyrir almennum dómstólum frestar aðför.

19. gr.

Launajafnrétti.

Konum og körlum er starfa hjá sama atvinnurekanda skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

Með jöfnum launum er átt við að laun skulu ákveðin á sama hátt fyrir konur og karla. Skulu þau viðmið sem lögð eru til grundvallar launaákvörðun ekki fela í sér kynjamismunun.

Starfsmönnum skal ávallt heimilt að skýra frá launakjörum sínum ef þeir kjósa svo.

20. gr.

Laus störf, starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun.

Starf sem laust er til umsóknar skal standa opið jafnt konum og körlum.

Atvinnurekendur skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að konur og karlar njóti sömu möguleika til endurmenntunar, símenntunar og starfsþjálfunar og til að sækja námskeið sem haldin eru til að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings fyrir önnur störf.

21. gr.

Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs.

Atvinnurekendur skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera konum og körlum kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu. Ráðstafanir þær skulu m.a. miða að því að auka sveigjanleika í skipulagningu á vinnu og vinnutíma þannig að bæði sé tekið tillit til fjölskylduaðstæðna starfsmanna og þarfa atvinnulífs, þar með talið að starfsmönnum sé auðveldað að koma aftur til starfa eftir fæðingar- og foreldraorlof eða leyfi úr vinnu vegna óviðráðanlegra og brýnna fjölskylduaðstæðna.

22. gr.

Kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni.

Atvinnurekendur og yfirmenn stofnana og félagasamtaka skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og skjólstæðingar verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað, stofnun, í félagsstarfi eða skólum.

Ef yfirmaður er kærður vegna ætlaðrar kynbundinnar eða kynferðislegrar áreitni verður hann vanhæfur til að taka ákvarðanir í tengslum við starfsskilyrði kæranda á meðan meðferð málsins stendur yfir og skal þá næsti yfirmaður taka slíkar ákvarðanir.

23. gr.

Menntun og skólastarf.

Kynjasamþættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í skóla- og uppeldisstarfi, þar á meðal íþrótta- og tómstundastarfi.

Á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál þar sem m.a. skal lögð áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi.

Kennslu- og námsgögn skulu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað.

Í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólum skulu piltar og stúlkur óháð kyni hljóta fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf.

Efla skal rannsóknir á stöðu kynjanna í íslensku samfélagi, jafnt fræðilegar grunnrannsóknir sem hagnýtar rannsóknir, og miðla niðurstöðum þeirra markvisst innan skólastarfsins og til fjölmiðla.

Menntamálaráðuneytið skal fylgjast með að jafnréttis kynjanna sé gætt í skóla- og uppeldisstarfi sem og í íþrótta- og tómstundastarfi. Enn fremur skal menntamálaráðuneytið fylgjast með þróun jafnréttismála á þessum sviðum samfélagsins.

Jafnréttisráðgjafi skal starfa innan menntamálaráðuneytisins og skal hann fylgja eftir ákvæðum þessarar greinar og veita viðkomandi aðilum ráðgjöf í jafnréttismálum, m.a. um sértækar aðgerðir til að stuðla að jafnrétti kynjanna.

IV. KAFLI
Bann við mismunun á grundvelli kyns.

24. gr.
Almennt bann við mismunun.

Hvers kyns mismunun á grundvelli kyns, hvort heldur bein eða óbein, er óheimil.

Þó teljast sértækar aðgerðir ekki ganga gegn lögum þessum. Sama á við ef gild rök mæla með því að ráða til starfa einstakling af ákveðnu kyni vegna hlutlægra þátta er tengjast starfinu.

Það telst ekki mismunun að taka sérstakt tillit til kvenna vegna meðgöngu og barnsburðar.

25. gr.
Bann við mismunun í kjörum.

Atvinnurekendum er óheimilt að mismuna konum og körlum í launum og öðrum kjörum á grundvelli kyns.

Ef leiddar eru líkur að því að kona og karl sem starfa hjá sama atvinnurekanda njóti mismunandi launakjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf skal atvinnurekandi sýna fram á, ef um launamun er að ræða, að munurinn skýrist af öðrum þáttum en kyni.

26. gr.
Bann við mismunun í starfi og við ráðningu.

Atvinnurekendum er óheimilt að mismuna umsækjendum um starf á grundvelli kyns. Sama gildir um stöðuhækkun, stöðubreytingar, endurmenntun, símenntun, starfsþjálfun, námsleyfi, uppsögn, vinnuaðstæður og vinnuskilyrði starfsmanna.

Óheimilt er að láta fæðingar- og foreldraorlof eða aðrar aðstæður tengdar meðgöngu og barnsburði hafa neikvæð áhrif á ákvarðanir skv. 1. mgr.

Óheimilt er að auglýsa eða birta auglýsingu um laust starf þar sem gefið er í skyn að fremur sé óskað starfsmanns af öðru kyninu en hinu. Þetta ákvæði gildir ekki ef tilgangur auglýsandans er að stuðla að jafnari kynjaskiptingu innan starfsgreinarinnar og skal það þá koma fram í auglýsingunni. Sama á við ef gild rök mæla með því að einungis sé auglýst eftir öðru kyninu.

Ef leiddar eru líkur að því að við ráðningu, setningu eða skipun í starf, stöðuhækkun, stöðubreytingu, endurmenntun, starfsþjálfun, símenntun, námsleyfi, uppsögn, vinnuaðstæður eða vinnuskilyrði hafi einstaklingum verið mismunað á grundvelli kyns, töku fæðingar- og

foreldraorlofs eða annarra aðstæðna í tengslum við meðgöngu og barnsburð skal atvinnurekandi sýna fram á að aðrar ástæður en kyn, fæðingar- og foreldraorlof eða aðrar aðstæður tengdar meðgöngu og barnsburði hafi legið til grundvallar ákvörðun hans.

Við mat á því hvort ákvæði 4. mgr. hafi verið brotið skal taka mið af menntun, starfsreynslu, sérþekkingu eða öðrum sérstökum hæfileikum sem krafa er gerð um í viðkomandi starfi samkvæmt lögum eða reglugerðum eða telja verður annars að komi að gagni í starfinu.

27. gr.

Bann við uppsögn o.fl. vegna kæru eða leiðréttingarkröfu.

Atvinnurekanda er óheimilt að segja starfsmanni upp störfum sökum þess að hann hafi krafist leiðréttingar á grundvelli laga þessara.

Atvinnurekandi skal jafnframt gæta þess að starfsmaður verði ekki beittur óréttlæti í starfi, svo sem með tilliti til starfsöryggis, starfskjara eða mats á árangri, á grundvelli þess að hafa kært eða veitt upplýsingar um kynbundna eða kynferðislega áreitni eða kynjamismunun.

Ef leiddar eru líkur að því að gengið hafi verið gegn ákvæði þessu skal atvinnurekandi sýna fram á að uppsögn eða ætlað óréttlæti grundvallist ekki á leiðréttingarkröfu starfsmanns, kæru eða veitingu upplýsinga um kynbundna eða kynferðislega áreitni eða aðra kynjamismunun. Þetta gildir ekki ef uppsögnin á sér stað meira en einu ári eftir að starfsmaðurinn setti fram leiðréttingarkröfur á grundvelli laga þessara.

28. gr.

Bann við mismunun í skólum og á uppeldisstofnunum.

Í skólum og öðrum mennta- og uppeldisstofnunum er hvers konar mismunun á grundvelli kyns óheimil. Skylt er að gæta þessa í námi og kennslu, starfsháttum og daglegri umgengni við nemendur.

Yfirmaður stofnunar skal gæta þess að nemandi eða skjólstæðingur sé ekki látinn gjalda þess að hafa kært kynbundna áreitni eða kynjamismunun.

29. gr.

Auglýsingar.

Auglýsandi og sá sem hannar eða birtir auglýsingu skulu sjá til þess að auglýsingin sé öðru kyninu ekki til minnkunar, lítilsvirðingar eða stríði gegn jafnri stöðu og jöfnum rétti kynjanna á nokkurn hátt. Óheimilt er að birta slíka auglýsingu í fjölmiðlum eða á öðrum opinberum vettvangi.

30. gr.

Bann við afsali réttar.

Óheimilt er að afsala sér þeim réttindum sem kveðið er á um í lögum þessum.

V. KAFLI

Viðurlög.

31. gr.

Bætur fyrir fjártjón og miska.

Sá sem af ásettu ráði eða vanrækslu brýtur gegn lögum þessum er skaðabótaskyldur samkvæmt almennum reglum. Enn fremur má dæma hlutaðeigandi til að greiða þeim sem misgert er við, auk bóta fyrir fjártjón ef því er að skipta, bætur vegna miska.

32. gr.
Sektir.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim geta varðað sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Sektir renna í ríkissjóð.

Með mál er varða brot á lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim fer að hætti opinberra mála.

VI. KAFLI
Önnur ákvæði.

33. gr.
Reglugerðarheimild.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

34. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 96/2000, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Ákvæði 1. mgr. 4. gr. um skipun framkvæmdastjóra Jafnréttisstofu gildir frá og með fyrstu skipun í starfið eftir gildistöku laga þessara.Við gildistöku laga þessara heldur framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu starfi sínu til loka skipunartíma síns.

II.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal ráðherra skipa nýtt Jafnréttisráð, sbr. 8. gr.

III.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal ráðherra skipa nýja kærunefnd jafnréttismála skv. 5. gr. og fellur þá niður skipun kærunefndar jafnréttismála sem skipuð var samkvæmt lögum nr. 96/2000.

IV.

Félags- og tryggingamálaráðherra skal sjá til þess að þróað verði sérstakt vottunarkerfi á framkvæmd stefnu um launajafnrétti og framkvæmd stefnu um jafnrétti við ráðningar og uppsagnir í samvinnu við samtök aðila vinnumarkaðarins. Verkefninu skal lokið fyrir 1. janúar 2010 og skal þá fara fram endurskoðun á lögum þessum.

V.

Þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. 11. gr. skal félags- og tryggingamálaráðherra leggja fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum í fyrsta skipti á grundvelli ákvæðisins haustið 2008 sem gilda skal til vors 2012. Að öðru leyti gildir ákvæði 11. gr.

699. Lög [307. mál]

um brottfall laga nr. 25 27. júní 1921, um einkaleyfi handa Háskóla Íslands til útgáfu almanaks.

(Afgreidd frá Alþingi 26. febr.)

Samhljóða þskj. 385.

700. Þingsályktun [51. mál]

um varðveislu Hólavallagarðs.

(Afgreidd frá Alþingi 26. febr.)

Samhljóða þskj. 51.

701. Frumvarp til laga [351. mál]

um breytingu á ýmsum lögum vegna flutnings á útgáfu starfsleyfa til landlæknis.

(Eftir 2. umr., 26. febr.)

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 41/2007, um landlækni.

1. gr.

Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: heilbrigðisráðherra.

2. gr.

Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 2. tölul. 3. gr. laganna kemur: landlæknis.

3. gr.

Við 4. gr. laganna bætist nýr stafliður, e-liður, sem orðast svo: að veita starfsleyfi til einstaklinga sem uppfylla skilyrði laga og reglugerða til notkunar starfsheita löggiltra heilbrigðisstétta.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið“ í 4. málsl. 5. mgr. kemur: heilbrigðisráðuneytið; og orðin „Tryggingastofnun ríkisins“ í sama málslið falla brott.

b. Á eftir 4. málsl. 5. mgr. kemur nýr málsliður sem orðast svo: Hið sama gildir um Tryggingastofnun ríkisins.

5. gr.

4. málsl. 2. mgr. 14. gr. laganna fellur brott.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
   Komi áminning landlæknis skv. 14. gr. ekki að haldi getur hann ákveðið að viðkomandi skuli sviptur starfsleyfi að fullu eða tímabundið.
b. Í stað orðanna „Ráðherra getur svipt heilbrigðisstarfsmann starfsleyfi, án undangenginnar áminningar að fenginni tillögu landlæknis“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: Landlæknir getur svipt heilbrigðisstarfsmann starfsleyfi án undangenginnar áminningar.
c. Í stað orðanna „ráðherra heimilt að fenginni tillögu landlæknis“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: landlækni heimilt.
d. 2. málsl. 5. mgr. fellur brott.
e. Í stað orðsins „ráðherra“ í 3. málsl. 5. mgr. kemur: landlæknir.
f. Á eftir 5. mgr. kemur ný málsgrein sem verður 6. mgr. og orðast svo:
   Ákvörðun landlæknis um sviptingu starfsleyfis eða takmörkun starfsleyfis sætir kæru til ráðherra.

7. gr.

Í stað orðsins „ráðherra“ í 1. málsl. 16. gr. laganna kemur: landlæknis.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Ráðherra getur að tillögu landlæknis“ í 1. málsl. kemur: Landlæknir getur.
b. Í stað orðsins „Ráðherra“ í 2. málsl. kemur: Landlæknir.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Komi áminning landlæknis skv. 14. gr. ekki að haldi getur hann ákveðið að svipta viðkomandi lækni eða tannlækni leyfi til þess að ávísa lyfjum, öllum eða einstökum flokkum, enda þyki ekki ástæða til að svipta hann starfsleyfi skv. 15. gr.
b. 3. málsl. 1. mgr. og 2. málsl. 3. mgr. falla brott.
c. Í stað orðsins „ráðherra“ í 3. málsl. 3. mgr. kemur: landlæknir.
d. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Ákvörðun landlæknis um sviptingu réttar til að ávísa lyfjum sætir kæru til ráðherra.

10. gr.

Í stað orðanna „Ráðherra getur að tillögu landlæknis“ í 20. gr. laganna kemur: Landlæknir getur.

11. gr.

Orðið „landlæknis“ í 21. gr. laganna fellur brott.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingu.

12. gr.

Í stað orðsins „heilbrigðisráðherra“ í 7. tölul. 4. gr. laganna, sbr. 17. gr. laga nr. 160/2007, kemur: landlæknis.

III. KAFLI

Breyting á hjúkrunarlögum, nr. 8/1974, með síðari breytingum.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 1. og 2. tölul. 1. mgr. kemur: landlæknis.
b. Í stað orðsins „Ráðherra“ í 2. mgr. kemur: Heilbrigðisráðherra.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Ráðherra“ í 2. mgr. kemur: Landlæknir.
b. 3. mgr. orðast svo:

Ráðherra skipar þrjá menn í hjúkrunarráð til fjögurra ára í senn. Skal einn nefndarmaður tilnefndur af menntamálaráðuneyti, einn af Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga og einn nefndarmaður skipaður án tilnefningar.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „ráðherra“ í 1. mgr. kemur: landlæknis.
b. Í stað orðanna „Hjúkrunarfélag Íslands“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga.

16. gr.

Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 2. málsl. 7. gr. laganna kemur: landlæknis.

17. gr.

Í stað orðsins „Heilbrigðismálaráðherra“ í 9. gr. laganna kemur: Ráðherra.

18. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Starfsleyfi sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur gefið út samkvæmt lögum þessum fyrir 1. mars 2008 halda gildi sínu þrátt fyrir ákvæði 1. og 3. gr. laganna.

IV. KAFLI

Breyting á lögum nr. 40/1976, um sálfræðinga, með síðari breytingum.

19. gr.

Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: landlæknis.

20. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis“ í 1. mgr. kemur: landlæknis.
b. Í stað orðsins „Ráðuneytið“ í 2. mgr. kemur: Ráðherra.

21. gr.

Í stað orðanna „Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti“ í 7. gr. laganna kemur: Heilbrigðisráðherra.

22. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Starfsleyfi sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur gefið út samkvæmt lögum þessum fyrir 1. mars 2008 halda gildi sínu þrátt fyrir ákvæði 1. og 5. gr. laganna.

V. KAFLI

Breyting á lögum nr. 58/1976, um sjúkraþjálfun, með síðari breytingum.

23. gr.

Í stað orðsins „heilbrigðisráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: landlæknis.

24. gr.

Orðin „og landlæknis“ í 2. málsl. 2. gr. laganna falla brott.

25. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „ráðherra“ kemur: landlækni.
b. Orðin „og landlæknir“ falla brott.

26. gr.

Á eftir 3. gr. laganna kemur ný grein sem verður 4. gr. og orðast svo:

Enginn sjúkraþjálfari má kalla sig sérfræðing í sérgrein innan sjúkraþjálfunar nema hann hafi fengið til þess leyfi landlæknis.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um skilyrði fyrir veitingu sérfræðileyfis í sérgreinum sjúkraþjálfunar.

27. gr.

4.–12. gr. laganna verða 5.–13. gr.

28. gr.

Í stað orðsins „Ráðherra“ í 12. gr. laganna kemur: Heilbrigðisráðherra.

29. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Starfsleyfi sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur gefið út samkvæmt lögum þessum fyrir 1. mars 2008 halda gildi sínu þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laganna.

VI. KAFLI
Breyting á lögum nr. 75/1977, um iðjuþjálfun, með síðari breytingum.

30. gr.

Í stað orðsins „heilbrigðisráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: landlæknis.

31. gr.

Í stað orðanna „stjórnar námsbrautar í iðjuþjálfun við Háskóla Íslands og landlæknis“ í 2. málsl. 2. gr. laganna kemur: iðjuþjálfunarbrautar við Háskólann á Akureyri.

32. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „ráðherra“ kemur: landlækni.
b. Í stað orðanna „stjórn námsbrautar í iðjuþjálfun við Háskóla Íslands og landlæknir“ kemur: iðjuþjálfunarbraut við Háskólann á Akureyri.

33. gr.

Í stað orðsins „Ráðherra“ í 12. gr. laganna kemur: Heilbrigðisráðherra.

34. gr.

Ákvæði til bráðabirgða með lögunum orðast svo:

Starfsleyfi sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur gefið út samkvæmt lögum þessum fyrir 1. mars 2008 halda gildi sínu, þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laganna.

VII. KAFLI
Breyting á lögum nr. 18/1978, um þroskaþjálfa, með síðari breytingu.

35. gr.

Í stað orðsins „heilbrigðisráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: landlæknis.

36. gr.

Í stað orðsins „Ráðherra“ í 9. gr. laganna kemur: Heilbrigðisráðherra.

37. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Starfsleyfi sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur gefið út samkvæmt lögum þessum fyrir 1. mars 2008 halda gildi sínu þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laganna.

VIII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 35/1978, um lyfjafræðinga, með síðari breytingum.

38. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 1. og 2. tölul. 1. mgr. kemur: landlæknis.
b. Í stað orðsins „Ráðherra“ í 2. mgr. kemur: Heilbrigðisráðherra.

39. gr.

Í stað orðanna „ráðherra, er sendir þær til umsagnar landlæknis og“ í 2. gr. laganna kemur: landlæknis er sendir þær til umsagnar.

40. gr.

Í stað orðsins „heilbrigðismálaráðherra“ í 4. gr. laganna kemur: landlæknis.

41. gr.

Í stað orðanna „ráðherra, er sendir þær til umsagnar sömu aðilum og taldir eru í 2. gr.“ í 5. gr. laganna kemur: landlæknis er sendir þær til umsagnar Háskóla Íslands skv. 2. gr.

42. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „og 2.–4. mgr.“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: 1. mgr. og 2. og 3. mgr.
b. 2. mgr. fellur brott.

43. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Lyfjaeftirliti ríkisins“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: Lyfjastofnun.
b. Í stað orðsins „lyfjaeftirliti“ í 4. málsl. 1. mgr. kemur: Lyfjastofnun.
c. Í stað orðsins „meinatækna“ í 2. mgr. kemur: lífeindafræðinga.

44. gr.

Í stað orðsins „ráðherra“ í 2. málsl. 14. gr. laganna kemur: landlækni.

45. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Starfsleyfi sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur gefið út samkvæmt lögum þessum fyrir 1. mars 2008 halda gildi sínu þrátt fyrir ákvæði 1., 4. og 15. gr. laganna.

IX. KAFLI

Breyting á lögum nr. 99/1980, um lífeindafræðinga, með síðari breytingum.

46. gr.

Í stað orðsins „heilbrigðisráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: landlæknis.

47. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „ráðherra“ í 3. mgr. kemur: landlæknis.
b. Í stað orðsins „Ráðherra“ í 4. mgr. kemur: Heilbrigðisráðherra.

48. gr.

3. gr. laganna fellur brott.

49. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Starfsleyfi sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur gefið út samkvæmt lögum þessum fyrir 1. mars 2008 halda gildi sínu þrátt fyrir ákvæði 1. gr. og 3. mgr. 2. gr. laganna.

X. KAFLI

Breyting á lögum nr. 17/1984, um sjóntækjafræðinga, með síðari breytingum.

50. gr.

Í stað orðsins „heilbrigðismálaráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: landlæknis.

51. gr.

2. málsl. 2. gr. laganna orðast svo: Leita skal umsagnar læknadeildar Háskóla Íslands og Félags sjóntækjafræðinga áður en leyfið er veitt.

52. gr.

Í stað orðsins „ráðherra“ í 3. gr. laganna kemur: landlækni.

53. gr.

4. gr. laganna fellur brott.

54. gr.

Í stað orðsins „Ráðherra“ í 10. gr. laganna kemur: Heilbrigðisráðherra.

55. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Starfsleyfi sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur gefið út samkvæmt lögum þessum fyrir 1. mars 2008 halda gildi sínu þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laganna.

XI. KAFLI

Breyting á lögum nr. 58/1984, um sjúkraliða, með síðari breytingum.

56. gr.

Í stað orðsins „heilbrigðisráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: landlæknis.

57. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „heilbrigðisráðuneytisins“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: landlæknis.
b. Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: landlæknis.

c. Í stað orðsins „ráðuneytið“ í 3. mgr. kemur: landlæknir.

58. gr.

Í stað orðsins „Ráðherra“ í 8. gr. laganna kemur: Heilbrigðisráðherra.

59. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Starfsleyfi sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur gefið út samkvæmt lögum þessum fyrir 1. mars 2008 halda gildi sínu þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laganna.

XII. KAFLI
Breyting á ljósmæðralögum, nr. 67/1984, með síðari breytingum.

60. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 1. og 2. tölul. 1. mgr. kemur: landlæknis.
b. Í stað orðsins „Ráðherra“ í 2. mgr. kemur: Heilbrigðisráðherra.

61. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „lokið hefur prófi“ í 1. mgr. kemur: í ljósmóðurfræðum frá hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands eða prófi.
b. Í stað orðsins „Ráðherra“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: Landlæknir.
c. Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: heilbrigðisráðherra.
d. Í stað orðanna „Ljósmæðraskóla Íslands“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands.

62. gr.

Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 2. málsl. 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: landlæknis.

63. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Starfsleyfi sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur gefið út samkvæmt lögum þessum fyrir 1. mars 2008 halda gildi sínu þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laganna.

XIII. KAFLI
Breyting á lögum nr. 38/1985, um tannlækningar, með síðari breytingum.

64. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 1. og 2. tölul. 1. mgr. kemur: landlæknis.
b. Í stað orðsins „Ráðherra“ í 2. mgr. kemur: Heilbrigðisráðherra.

65. gr.

Í stað orðsins „ráðherra“ í 2. málsl. 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: landlækni.

66. gr.

Orðin „og landlæknis“ í 5. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna falla brott.

67. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 1. og 2. tölul. 1. mgr. kemur: landlæknis.
b. Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: heilbrigðisráðuneytisins.

68. gr.

Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 2. málsl. 12. gr. laganna kemur: landlæknis.

69. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „skýrir hann ráðherra frá málavöxtum“ í 2. málsl. kemur: skal hann leita álits tannlæknadeildar Háskóla Íslands.
b. 3. málsl. fellur brott.

70. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Starfsleyfi sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur gefið út samkvæmt lögum þessum fyrir 1. mars 2008 halda gildi sínu þrátt fyrir ákvæði 1. og 5. gr. laganna.

XIV. KAFLI

Breyting á læknalögum, nr. 53/1988, með síðari breytingum.

71. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 1. og 2. tölul. 1. mgr. kemur: landlæknis.
b. Í stað orðsins „Ráðherra“ í 2. mgr. kemur: Heilbrigðisráðherra.

72. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 2. mgr. kemur: heilbrigðisráðherra.
b. Orðin „landlæknis og“ í 3. mgr. falla brott.

73. gr.

Í stað orðanna „ráðherra eftir meðmælum landlæknis“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: landlæknir.

74. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 1. og 2. tölul. 1. mgr. kemur: landlæknis.
b. Orðin „landlæknis og“ í 1. málsl. 3. mgr. falla brott.

75. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. laganna orðast svo: Um lyfjaauglýsingar fer samkvæmt lyfjalögum.
b. Orðið „lækningaáhöld“ í 3. mgr. fellur brott.

76. gr.

2. málsl. 26. gr. laganna orðast svo: Landlæknir getur þó, að fenginni umsókn viðkomandi læknis, veitt undanþágu frá þessu ákvæði til eins árs í senn.

77. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæðum til bráðabirgða í lögunum:

a. 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögunum fellur brott.
b. Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Starfsleyfi sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur gefið út samkvæmt lögum þessum fyrir 1. mars 2008 halda gildi sínu þrátt fyrir ákvæði 1. og 5. gr. laganna.

XV. KAFLI

Breyting á lögum nr. 95/1990, um félagsráðgjöf, með síðari breytingum.

78. gr.

Í stað orðsins „heilbrigðisráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: landlæknis.

79. gr.

Í stað orðsins „heilbrigðisráðherra“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: landlæknis.

80. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Starfsleyfi sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur gefið út samkvæmt lögum þessum fyrir 1. mars 2008 halda gildi sínu þrátt fyrir ákvæði 1. og 4. gr. laganna.

XVI. KAFLI

Breyting á lögum nr. 24/1985, um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta, með síðari breytingum.

81. gr.

Í stað orðsins „heilbrigðismálaráðherra“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: heilbrigðisráðherra.

82. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „löggildingu heilbrigðismálaráðherra“ í 1. mgr. kemur: starfsleyfi landlæknis.

b. Í stað orðsins „reglur“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: reglugerð.
c. Orðin „og landlæknis“ í 3. mgr. falla brott.

83. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Rétt til þess að nota hér á landi starfsheiti sem heilbrigðisráðherra ákveður að fella undir lög þessi, sbr. 2. gr., hafa þeir einir sem hlotið hafa til þess starfsleyfi landlæknis.

84. gr.

Í stað orðanna „heilbrigðismálaráðherra hefur veitt löggildingu“ í 5. gr. laganna kemur: landlæknir hefur veitt starfsleyfi.

85. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Starfsleyfi sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur gefið út samkvæmt lögum þessum fyrir 1. mars 2008 halda gildi sínu þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. gr. laganna.

XVII. KAFLI
Gildistaka.

86. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. mars 2008.

702. Nefndarálit [403. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað, nr. 88/1995, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Helga Bernódusson, skrifstofustjóra Alþingis.

Samhliða setningu laga nr. 161/2007, um breytingu á þingskapalögum, sem voru samþykkt í desember sl. var gert samkomulag milli þingflokka um aðgerðir til að bæta starfsaðstöðu þingmanna, einkum þingmanna í stjórnarandstöðu. Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað en breytingarnar taka til hluta fyrrgreinds samkomulags.

Í frumvarpinu er í fyrsta lagi lagt til að alþingismanni verði heimilt að ráða sér aðstoðarmann eftir nánari reglum sem forsætisnefnd Alþingis setur og samkvæmt því sem veitt er fé til á fjárlögum hvers árs. Í upphafi er gert ráð fyrir að formenn stjórnmálaflokka í stjórnarandstöðu eigi rétt á að ráða sér aðstoðarmann í fullt starf, en þingmenn Norðvestur-, Norðaustur- og Suðurkjördæma eigi rétt á að hafa aðstoðarmann í hlutastarfi. Í öðru lagi er lagt til að forsætisnefnd Alþingis setji reglur um starfskjör og starfsaðstöðu aðstoðarmanna. Aðstoðarmenn þeirra alþingismanna sem gegna embætti formanns stjórnmálaflokks munu hafa skrifstofu í húsakynnum Alþingis og fá alla almenna skrifstofuþjónustu eins og starfsmenn

þingsins. Aðrir aðstoðarmenn alþingismanna munu hafa aðstöðu í kjördæmunum. Mun forsætisnefnd Alþingis setja nánari reglur um greiðslur samkvæmt ákvæðum frumvarpsins. Í þriðja lagi er lagt til að annars vegar lög nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og reglur settar samkvæmt þeim og hins vegar 5. gr. laga nr. 139/2003, um tímabundna ráðningu starfsmanna, gildi ekki um aðstoðarmenn alþingismanna.

Allsherjarnefnd ræddi talsvert fyrirkomulag varðandi ráðningu aðstoðarmanna þingmanna. Meiri hluti nefndarinnar leggur áherslu á að boðað hefur verið að hér sé verið að stíga fyrstu skrefin í þá átt að auka aðstoð við þingmenn almennt. Meiri hlutinn telur að sterk rök hnígi í þá átt að útvíkka þetta fyrirkomulag frekar, m.a. þannig að aukin aðstoð nái til allra þingmanna. Meiri hlutinn leggur áherslu á að forsætisnefnd hugi þegar að breytingum í þá veru svo sem með tilliti til fjárlagavinnu fyrir næsta ár.

Meiri hlutinn leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu: Er lagt til að tilvísun í lögunum verði leiðrétt en með frumvarpinu er lagt til að við lögin bætist ný grein og breytist röð annarra greina samkvæmt því. Þá er lagt til að orðalag 1. mgr. efnisgreinar frumvarpsins verði gert skýrara. Nú liggur fyrir samkomulag um að aðstoðarmenn alþingismanna verði, a.m.k. fyrst um sinn, aðeins fyrir þingmenn úr Norðvestur-, Norðaustur- og Suðurkjördæmum og að formenn stjórnmálaflokka í stjórnarandstöðu fái aðstoðarmenn. Þykir því skýrara að kveðið sé á um það í sjálfri frumvarpsgreininni að forsætisnefnd sé heimilt að binda heimild til ráðningar aðstoðarmanns með þessum hætti. Meiri hlutinn leggur einnig til breytingu í þá veru að tekið verði fram í frumvarpstextanum að höfð skuli hliðsjón af 6. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, en þar er fjallað um almenn hæfisskilyrði opinberra starfsmanna. Jafnframt er lagt til að við frumvarpið bætist ný grein í þá veru að taka aftur upp í lögin ákvæði þess efnis að forsætisnefnd ákveði aðrar greiðslur samkvæmt lögunum og setji um þær nánari reglur. Í 13. gr. laga um kjararáð, nr. 47/2006, sem samþykkt voru á Alþingi 3. júní 2006, voru gerðar formbreytingar á nokkrum lögum til samræmis við ákvæði nýrra laga um kjararáð. Í 10. tölul. greinarinnar er kveðið á um að 14. gr. laga um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað, nr. 88/1995, orðist svo: „Kjararáð ákveður þingfararkaup skv. 1. gr., sbr. lög um kjararáð.“ Við þessa breytingu, sem skilgreina má sem afleiðingarbreytingu, þ.e. breytingu á öðrum lögum sem afleiðingu af gildistöku nýrra laga, gerðist það að gildandi ákvæði 2. mgr. 14. gr. þingfararkaupslaganna féll brott. Ljóst er að slíkt getur ekki hafa verið ætlunin. Ákvæði 2. mgr. 14. gr. kvað á um að forsætisnefnd Alþingis ákvæði aðrar greiðslur samkvæmt lögunum, þ.e. aðrar greiðslur en þingfararkaupið, sbr. 1. mgr. 14. gr. laganna. Ef ætlunin hefði verið að breyta því eða að annar aðili ætti að taka við því hlutverki forsætisnefndar hefði verið um efnisbreytingu að ræða. Meiri hlutinn leggur því til að málsgreininni sem féll brott við breytinguna samkvæmt lögum nr. 47/2006 verði skeytt aftur á sinn stað.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Karl V. Matthíasson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 26. febr. 2008.

Birgir Ármannsson, form., frsm.	Ágúst Ólafur Ágústsson.	Sigurður Kári Kristjánsson, með fyrirvara.
Ellert B. Schram.	Siv Friðleifsdóttir.	Ólöf Nordal.

703. Breytingartillögur [403. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað, nr. 88/1995, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar (BÁ, ÁÓÁ, SKK, EBS, SF, ÓN).

1. Við bætist ný grein er verði 1. gr., svohljóðandi:
   Í stað „13. gr.“ í 2. mgr. 5. gr. laganna kemur: 14. gr.
2. Við 1. gr. er verði 2. gr.:
   a. 1. efnismgr. orðist svo:
      Alþingismanni er heimilt að ráða sér aðstoðarmann og skulu greiðslur til hans fara eftir nánari reglum sem forsætisnefnd Alþingis setur og veitt er fé til á fjárlögum hvers árs. Í reglum forsætisnefndar má kveða á um að heimildin sé bundin tilteknum kjördæmum eða tiltekinni stöðu sem alþingismaðurinn hefur í flokki sínum.
   b. Við 1. málsl. 3. efnismgr. bætist: en þó skal hafa hliðsjón af 6. gr. laganna.
3. Við bætist ný grein er verði 3. gr., svohljóðandi:
   Við 14. gr. laganna, er verður 15. gr., bætist ný málsgrein sem orðast svo:
   Forsætisnefnd Alþingis ákveður aðrar greiðslur samkvæmt lögum þessum og setur nánari reglur um þær.

704. Fyrirspurn [441. mál]

til forsætisráðherra um skipulagsbreytingar í Stjórnarráðinu.

Frá Árna Þór Sigurðssyni.

1. Hversu mörg svið hafa verið sett á stofn í einstökum ráðuneytum undanfarin fimm ár?
2. Í hve mörgum tilfellum hafa ný svið verið viðbót í innra skipulagi ráðuneytanna og í hve mörgum tilfellum hafa skrifstofur verið lagðar niður í staðinn?
3. Á grundvelli hvaða lagaheimilda hafa svið ráðuneytanna verið sett á stofn og sviðsstjórar skipaðir?
4. Eru sviðsstjórar að mati ráðherra embættismenn í skilningi laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins?
5. Hver er kostnaður ríkissjóðs vegna framangreindra skipulagsbreytinga undanfarin fimm ár?

Skriflegt svar óskast.

705. Frumvarp til laga [442. mál]

um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

Almennt ákvæði.

Með lögum þessum er mælt fyrir um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands.

Við framkvæmd alþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslands skal tekið mið af stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna og öðrum alþjóðlegum samþykktum um þróunarsamvinnu sem íslensk stjórnvöld hafa skuldbundið sig til að uppfylla.

Meginmarkmið með alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands eru að styðja viðleitni stjórnvalda í þróunarlöndum til að útrýma fátækt og hungri, stuðla að efnahags- og félagslegri þróun, þ.m.t. mannréttindum, menntun, bættu heilbrigði, jafnrétti kynjanna, sjálfbærri þróun og sjálfbærri nýtingu auðlinda. Það heyrir einnig til markmiða þessara að tryggja öryggi á alþjóðavettvangi, m.a. með því að stuðla að friði og gæta hans, vinna að uppbyggingu og gæslu friðar og veita mannúðar- og neyðaraðstoð þar sem hennar er þörf.

2. gr.

Yfirstjórn alþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslands.

Utanríkisráðherra fer með yfirstjórn alþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslands.

Framlög til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu skulu greidd úr ríkissjóði eftir því sem ákveðið er í fjárlögum hvers árs.

3. gr.

Áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu.

Ráðherra leggur annað hvert ár fram tillögu til þingsályktunar á Alþingi um áætlun stjórnvalda um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands til fjögurra ára í senn.

Í áætluninni skal greint frá framlögum til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu og hvernig þau skiptast á grundvelli stefnumiða Íslands í þróunarsamvinnu til lengri og skemmri tíma litið. Þá skal áætlunin fela í sér heildstætt yfirlit yfir það hvernig ráðherra hyggst ná settum markmiðum hennar.

Í áætluninni skal m.a. tiltaka fyrirhugað hlutfall framlaga til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu af vergum þjóðartekjum.

4. gr.

Samstarfsráð um alþjóðlega þróunarsamvinnu.

Ráðherra skipar 15 fulltrúa í samstarfsráð um þróunarsamvinnu til fjögurra ára í senn og jafnmarga til vara. Formaður samstarfsráðsins er skipaður án tilnefningar. Alþingi kýs fimm fulltrúa til setu í ráðinu, en níu eru skipaðir í samráði við eftirtalda aðila:

a. fimm í samráði við samstarfshóp íslenskra mannúðarsamtaka í alþjóðlegu hjálparstarfi og þróunarsamvinnu,
b. tveir í samráði við samstarfsnefnd háskólastigsins,
c. tveir í samráði við aðila vinnumarkaðarins.

Samstarfsráðið er ráðgefandi stjórnsýslunefnd ráðherra við stefnumarkandi ákvarðanatöku, m.a. um áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu, sbr. 3. gr., framlög til þróunarsamvinnu og skiptingu þeirra milli marghliða og tvíhliða samvinnu, forgangsröðun í þróunarsamvinnu, þ.m.t. um þátttöku Íslands í starfi fjölþjóðastofnana, og um val á samstarfslöndum.

Samstarfsráðið kemur saman til fundar að jafnaði tvisvar ár hvert.

Ráðherra setur í reglugerð nánari reglur um hlutverk samstarfsráðsins.

5. gr.

Marghliða þróunarsamvinna.

Utanríkisráðuneytið annast marghliða þróunarsamvinnu Íslands, í samstarfi við alþjóðlegar stofnanir og innlend og alþjóðleg félagasamtök eftir því sem við á, samkvæmt áætlun stjórnvalda um alþjóðlega þróunarsamvinnu, sbr. 3. gr.

6. gr.

Störf í þágu friðar.

Um þátttöku íslenskra stjórnvalda í friðargæsluverkefnum fer samkvæmt ákvæðum laga um íslensku friðargæsluna og þátttöku hennar í alþjóðlegri friðargæslu.

7. gr.

Þróunarsamvinnustofnun Íslands.

Þróunarsamvinnustofnun Íslands er sérstök stofnun sem lýtur yfirstjórn utanríkisráðuneytisins.

Þróunarsamvinnustofnun annast tvíhliða þróunarsamvinnu Íslands í umboði ráðherra í samræmi við áætlun stjórnvalda um alþjóðlega þróunarsamvinnu, sbr. 3. gr., og samkvæmt nánari ákvörðun utanríkisráðuneytisins.

Ráðherra er heimilt að ákveða að umdæmisskrifstofur Þróunarsamvinnustofnunar skuli reka sem sendiráð og fela umdæmisstjórum stofnunarinnar að gegna tímabundið starfi forstöðumanna þeirra auk umdæmisstjórastarfsins samkvæmt lögum nr. 39/1971, um utanríkisþjónustu Íslands, enda taki þeir við beinum fyrirmælum utanríkisráðuneytisins og viðkomandi sendiherra varðandi hefðbundin störf utanríkisþjónustunnar, eftir því sem við á.

Ráðherra skipar framkvæmdastjóra Þróunarsamvinnustofnunar og setur honum erindisbréf. Framkvæmdastjóri skal hafa háskólamenntun og búa yfir þekkingu á verksviði stofnunarinnar. Hann skal taka þátt í starfi utanríkisráðuneytisins um alþjóðlega þróunarsamvinnu eftir því sem ráðherra ákveður. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á daglegri framkvæmd og rekstri stofnunarinnar. Hann ræður annað starfsfólk stofnunarinnar.

Ráðherra setur í reglugerð nánari reglur um hlutverk Þróunarsamvinnustofnunar Íslands og tengsl hennar við utanríkisráðuneytið, sem og um það hlutverk sem umdæmisskrifstofur stofnunarinnar gegna við framkvæmd þróunarsamvinnu, meðferð utanríkismála og gæslu hagsmuna Íslands.

8. gr.

Starfsmenn ríkisins við alþjóðlega þróunarsamvinnu.

Þróunarsamvinnustofnun Íslands er heimilt að ráða starfsmenn til tímabundinna starfa við afmörkuð verkefni í þróunarsamvinnu erlendis, þó ekki lengur en fimm ár í senn. Þróunarsamvinnustofnun getur sagt upp slíkum ráðningarsamningi með þriggja mánaða uppsagnar-

fresti ef verkefninu er hætt, því lýkur fyrr en ætlað var eða starfsmaðurinn getur ekki sinnt starfi sínu vegna aðstæðna í gistiríkinu.

Utanríkisráðuneytinu er heimilt, að höfðu samráði við Þróunarsamvinnustofnun Íslands, að ráða starfsmann Þróunarsamvinnustofnunar tímabundið í starf hjá ráðuneytinu, þó ekki lengur en fimm ár í senn. Telst viðkomandi vera starfsmaður ráðuneytisins og í launalausu leyfi frá Þróunarsamvinnustofnun á meðan hann gegnir starfinu. Við slíka ráðningu er heimilt að víkja frá ákvæðum 7. gr. laga nr. 70/1996. Með sama hætti má veita embættismanni eða fastráðnum starfsmanni ráðuneytisins tímabundið starf hjá Þróunarsamvinnustofnun.

Útsendir starfsmenn ríkisins í þróunarsamvinnu erlendis skulu í störfum sínum hafa í heiðri þær þjóðréttarlegu reglur sem Ísland er skuldbundið af og réttaráhrif hafa gagnvart einstaklingum. Þeim er skylt að gæta þagmælsku um atriði er þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt samningum, lögum, fyrirmælum yfirmanna eða eðli máls. Þagnarskyldan helst eftir að látið er af starfi. Þeir mega ekki taka þátt í stjórnmálastarfi eða mótmælum í því landi sem þeir starfa.

9. gr.

Framkvæmd, eftirlit og úttektir.

Við framkvæmd þróunarsamvinnu skal fylgja viðurkenndum aðferðum, reglum og leiðbeiningum alþjóðasamfélagsins, m.a. þróunarsamvinnunefndar Efnahags- og framfarastofnunarinnar, og þeim kröfum um meðferð og vörslu fjármuna á sviði þróunarsamvinnu sem Ríkisendurskoðun gerir. Framkvæmd áætlunar um alþjóðlega þróunarsamvinnu, sbr. 3. gr., skal háð reglulegu eftirliti og úttektum óháðra aðila.

10. gr.

Skýrslur utanríkisráðherra og upplýsingagjöf til Alþingis.

Utanríkisráðherra gefur Alþingi skýrslu annað hvert ár um framkvæmd áætlunar stjórnvalda um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands, samtímis því sem hann leggur fram tillögu til þingsályktunar skv. 3. gr.

Auk þess sem greinir í 1. mgr. upplýsir ráðherra utanríkismálanefnd og fjárlaganefnd reglulega um framkvæmd alþjóðlegrar þróunarsamvinnu.

11. gr.

Reglugerðarheimildir.

Utanríkisráðherra er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd laganna, meðal annars um hvernig þeirri stjórnsýslu sem undir lögin fellur skuli fyrir komið.

12. gr.

Gildistaka og lagaskil.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 43 26. maí 1981, um Þróunarsamvinnustofnun Íslands.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir starfsmenn Þróunarsamvinnustofnunar Íslands sem þegar eru að störfum erlendis skulu eiga rétt á að halda núverandi starfskjörum skv. 7. gr. laga nr. 43/1981 þar til starfstíma þeirra erlendis samkvæmt núgildandi ráðningarsamningum lýkur.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinir nýju hornsteinar íslenskrar utanríkisstefnu eru mannréttindi, aukin þróunarsamvinna og friðsamleg lausn deilumála. Þróunarsamvinna er vaxandi þáttur í íslenskri utanríkisstefnu og er nú stærsti einstaki útgjaldaliður utanríkisráðuneytisins. Aukin framlög og virkari þátttaka í alþjóðlegri þróunarsamvinnu eru liður í því að uppfylla skyldur Íslands í samfélagi þjóðanna með markvissum hætti.

Frumvarp þetta felur í sér fyrstu heildarlöggjöf um alla opinbera þróunarsamvinnu Íslendinga, jafnt tvíhliða sem marghliða. Með því er lagður grunnur að nýju heildstæðu stjórnkerfi alþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslendinga og um leið gegnsærri og ábyrgari stjórnsýslu málaflokksins. Hin nýja skipan felur í sér stóraukið hlutverk Alþingis á sviði þróunarsamvinnu, hún greiðir götu frjálsra félagasamtaka að samstarfi við stjórnvöld og opnar nýjan vettvang þeirra aðila sem mesta reynslu og þekkingu hafa á þessu sviði til áhrifa á stefnu Íslands.

Áherslur Íslands í þróunarsamvinnu miðast við þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna og aðrar alþjóðlegar skuldbindingar. Með þúsaldarmarkmiðunum er lögð megináhersla á menntun, heilsugæslu, jafnrétti kynjanna og sjálfbæra þróun. Aukin framlög Íslands til þróunaraðstoðar haldast í hendur við framangreind markmið. Sem auðugu ríki ber Íslandi skylda til að stefna markvisst að því að verða í hópi þeirra ríkja sem mest leggja fram til þróunarmála miðað við vergar þjóðartekjur. Fjárveitingar Íslands til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu hafa meira en tvöfaldast frá árinu 2004, úr u.þ.b. 1,5 milljörðum það ár í 3,2 milljarða árið 2007 og margfaldast sé horft fleiri ár aftur í tímann. Á árinu 2007 nam hlutfall fjárveitinga 0,28% af vergum þjóðartekjum, það mun ná 0,31% á þessu ári og 0,35% árið 2009. Sameinuðu þjóðirnar hafa sett sér það markmið að framlög til þróunarsamvinnu skuli nema 0,7% af vergum þjóðartekjum.

Íslendingar búa nú að miklu ríkari þekkingu, sérmenntun og reynslu af störfum á vettvangi í þróunarríkjum en áður þekktist. Háskólakennsla í greinum sem tengjast sviðinu er hafin í landinu og forsendur eru þar með til orðnar fyrir því að utanríkisráðuneytið og stofnanir þess tengist innlendu og alþjóðlegu rannsóknasamfélagi um þróunarmál.

Þegar fjárframlög til þróunarsamvinnu hófust af Íslands hálfu var landið enn sjálft að þiggja þróunaraðstoð og gerði það allar götur til ársins 1976. Í nýjustu skýrslu lífskjaranefndar Sameinuðu þjóðanna er staðfest einstaklega hröð umbreyting Íslands úr þróunarríki sem naut erlendrar aðstoðar lengst af síðustu öld, í ríki sem veitt getur landsmönnum sínum einna best lífskjör. Til þessa árangurs er horft í alþjóðasamfélaginu og vænst öflugs liðsinnis Íslands við að styrkja stöðu þróunarlanda til framtíðar.

Mikilvægt er að virkja þann kraft sem býr í samfélaginu og styrkja það frumkvöðlastarf sem fram fer á vegum félagasamtaka, einstaklinga, viðskiptalífsins og annarra. Frjáls félagasamtök vinna mikilvægt og óeigingjarnt starf á sviði þróunarmála og lögð er áhersla á aukið samstarf við þau. Íslensk fyrirtæki hafa í vaxandi mæli sýnt áhuga á þróunarstarfi og viðskiptum við þróunarríki. Í utanríkisráðuneytinu hefur sérstakur viðskiptaþróunarsjóður verið stofnaður sem fyrirtæki geta sótt í til að fjármagna undirbúning viðskiptatengdra verkefna í þróunarríkjum sem sannanlega geti stuðlað að bættum lífskjörum í viðkomandi landi.

Forustufólk frjálsra félagasamtaka á sviði þróunarsamvinnu og neyðaraðstoðar er sammála um að vakning hafi orðið meðal Íslendinga sem láti sig miklu varða stöðu og hag fólks í þróunarríkjum og vilji bæði leggja fram af eigin fé og að íslensk stjórnvöld gangi myndarlega fram í alþjóðlegri þróunarsamvinnu.

Þróunarsamvinna er árangursríkust þegar hún stendur á sterkum siðlegum grunni og stjórnast sannanlega af tilgangi sínum þ.e. að skapa frelsi, jafnrétti og hagsæld. Í stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna sem Ísland varð aðili að 1946 er kveðið á um að þetta sé eitt meginverkefni þeirra og vandaðir alþjóðlegir stjórnsýsluhættir á þessu sviði eru í sífelldri mótun.

Eins og á öðrum sviðum ríður á að Íslendingar bjóði fram sérþekkingu sína, svo sem um endurnýjanlega orku, sjálfbæra nýtingu sjávarauðlinda og kynjajafnrétti auk fræðslumála.

Í frumvarpinu er að finna skýrari tilvísanir í alþjóðlegar samþykktir á sviði þróunarsamvinnu en áður var. Þetta gefur raunsanna mynd af stjórnsýslu sem er í eðli sínu alþjóðleg og þar sem Íslendingar vilja taka mið af því sem best gerist í vinnubrögðum og skilvirkni.

Aukin framlög til þróunarsamvinnu kalla á að auknar kröfur séu gerðar um fagmennsku. Því hefur verið ákveðið að Ísland gerist aðili að þróunarsamvinnunefnd Efnahags- og framfarastofnunarinnar (Development Assistance Committee, DAC). Með aðildinni verður Ísland virkur þátttakandi í umræðu og stefnumótun um framtíð þróunarsamvinnu. Jafnframt fær Ísland beinan aðgang að þekkingu sem nýtist við mótun stefnu Íslands í þróunarstarfi. Auk þess framkvæmir DAC jafningjaryni á þróunarsamvinnu aðildarlandanna á fjögurra ára fresti. Þetta miðar að því að tryggja gæði þróunaraðstoðar og veitir mikilvægt faglegt aðhald. Þrátt fyrir að Ísland sé enn ekki aðili að þróunarsamvinnunefndinni hafa bæði Þróunarsamvinnustofnun Íslands og utanríkisráðuneytið fylgt, eins og kostur er, þeim viðmiðunarreglum sem þróunarnefndin hefur sett um hvað skuli teljast til þróunaraðstoðar.

Núgildandi lög um þróunarsamvinnu eru frá 1981 og hafa mun takmarkaðra gildissvið en þetta frumvarp. Ábendingar um nauðsyn þess að efla skipulag alþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslands byrjuðu að koma fram snemma á síðasta áratug og á síðustu fimmtán árum hafa verið skrifaðar a.m.k. fjórar skýrslur um þróunarsamvinnu Íslands.

Með þessu frumvarpi er tekið á og bætt úr veikleikum sem skýrsluhöfundar liðinna ára hafa bent á og almennt hafa verið viðurkenndir. Í undirbúningi frumvarpsins var ítarlega farið yfir og kortlagt núverandi starfsumhverfi og vinnubrögð þróunarsamvinnunnar og lögð áhersla á að byggja á því sem vel hefur verið gert.

Markmiðin eru að bæta starfsaðferðir, auka festu í framkvæmd og skýra enn frekar ábyrgð í málaflokki sem er vaxtarbroddur alþjóðasamskipta Íslendinga.

Mikilvægi öflugrar og ígrundaðrar þróunarsamvinnu hefur aldrei verið meira en nú í hnattvæddum heimi þar sem heimsmál eru heimamál og samábyrgð mannkyns á framtíð jarðar skýr og brýnni en nokkru sinni.

Stutt lýsing á meginatriðum frumvarpsins.

Lagaumhverfi þróunarsamvinnu er fólgið í lögum nr. 43/1981, um Þróunarsamvinnustofnun Íslands, og reglugerð nr. 86/1998, sem sett var á grundvelli þeirra, sbr. reglugerð nr. 891/2005 um breytingu á henni. Lögin nr. 43/1981, um Þróunarsamvinnustofnun Íslands, komu í stað laga um aðstoð Íslands við þróunarlöndin, nr. 20/1971. Á síðastliðnu ári voru sett lög um íslensku friðargæsluna og þátttöku hennar í alþjóðlegri friðargæslu, nr. 73/2007.

Undanfarin 26 ár hefur þróunarsamvinna Íslands aukist að umfangi og verklag tekið breytingum. Á síðustu tíu árum hafa orðið umfangsmiklar breytingar á umhverfi alþjóðlegrar þróunarsamvinnu. Þess er krafist að þróunaraðstoð sé löguð að stefnu og áherslum þess lands sem aðstoðina hlýtur, það á hlutdeild í henni, ber ábyrgð og fer með forustuhlutverk að vissu leyti. Frumvarp það sem hér er lagt fram fjallar um heildarskipulag alþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslands. Það byggist á því að undir alþjóðlega þróunarsamvinnu falli marghliða og

tvíhliða þróunarsamvinna, störf í þágu friðar og mannúðar- og neyðaraðstoð. Lögin um Þróunarsamvinnustofnun Íslands og íslensku friðargæsluna, sem áður voru nefnd, lúta fyrst og fremst að einum þætti, þ.e. tvíhliða þróunarsamvinnu. Öðrum þáttum þróunarsamvinnu hefur vissulega verið sinnt af hálfu íslenskra stjórnvalda og í síauknum mæli undanfarin ár, en án þess að til hafi verið heildarlög um framkvæmd hennar. Núgildandi lög um Þróunarsamvinnustofnun Íslands endurspegla ekki þær miklu breytingar sem orðið hafa á þátttöku íslenskra stjórnvalda í alþjóðlegri þróunarsamvinnu. Um íslensku friðargæsluna hafa nýlega verið sett lög og er ekki gert ráð fyrir breytingum á þeim.

Það er nýmæli í frumvarpinu að þróunarsamvinnu er settur skýr lagarammi sem nær í fyrsta sinn til allra þátta hennar og stefnumótunarhlutverk utanríkisráðherra er skýrt skilgreint. Tekið er fram að framlög til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu skuli háð heimild í fjárlögum íslenska ríkisins ár hvert.

Í frumvarpinu er lagt til það nýmæli að utanríkisráðherra leggi annað hvert ár fram tillögu til þingsályktunar á Alþingi um áætlun stjórnvalda um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands til fjögurra ára í senn. Áætlunin greini frá framlögum til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu og skuli m.a. tiltaka í henni fyrirhugað hlutfall framlaga til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu af vergum þjóðartekjum.

Annað nýmæli er ákvæði frumvarpsins um að ráðherra skipi 15 manna samstarfsráð til fjögurra ára í senn sem verði ráðgefandi stjórnsýslunefnd fyrir ráðherra við töku stefnumarkandi ákvarðana. Í samstarfsráðinu sitji fulltrúar kosnir af Alþingi og fulltrúar tilnefndir af samstarfsnefnd háskólasamfélagsins, aðilum vinnumarkaðarins og frjálsum félagasamtökum.

Frumvarpið gerir ráð fyrir aðkomu Alþingis, bæði við stefnumörkun um málefni alþjóðlegrar þróunarsamvinnu og í tengslum við skýrslugjöf utanríkisráðherra til Alþingis og utanríkis- og fjárlaganefnda. Þá er í frumvarpinu fjallað um marghliða þróunarsamvinnu, störf í þágu friðar og Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Einnig er þar að finna ákvæði er heimilar að starfsmenn á sviði alþjóðlegrar þróunarsamvinnu geti flust milli utanríkisþjónustunnar og Þróunarsamvinnustofnunar Íslands. Auk skýrslna til Alþingis um árangur af alþjóðlegri þróunarsamvinnu er í frumvarpinu mælt fyrir um að við framkvæmd þróunarsamvinnu skuli fylgja viðurkenndum aðferðum, reglum og leiðbeiningum alþjóðasamfélagsins, m.a. þróunarsamvinnunefndar Efnahags- og framfarastofnunarinnar og þeim kröfum um meðferð og vörslu fjármuna á sviði þróunarsamvinnu sem Ríkisendurskoðun gerir. Framkvæmd áætlunar um alþjóðlega þróunarsamvinnu skuli háð reglulegu eftirliti og úttektum óháðra aðila.

Almennt um uppbyggingu alþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslands.

a. Yfirstjórn þróunarsamvinnu.

Samkvæmt 15. tölul. 12. gr. reglugerðar nr. 177/2007, um Stjórnarráð Íslands, fer utanríkisráðuneytið með mál er varða þróunarsamvinnu, friðargæslu og neyðarhjálp. Ráðuneytið fer því með yfirstjórn og er samræmingaraðili þróunarsamvinnu Íslands og fer jafnframt með fyrirsvar Íslands að því er varðar samstarf þess við alþjóðastofnanir á þessu sviði, sbr. 7. tölul. 12. gr. reglugerðarinnar. Mikilvægt er að tryggja samræmi í stefnu Íslands á öllum þeim sviðum sem varða þróunarmál. Varhugavert er að skilja einstaka þætti þróunarsamvinnu frá öðrum og að sama skapi er nauðsynlegt að samhljómur sé í áherslum í marghliða og tvíhliða þróunarsamvinnu Íslands og að þær falli að alþjóðlegum skuldbindingum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að utanríkisráðuneytið annist samræmingu allrar þróunarsamvinnu Íslands. Hlutverk stýrihóps, sem starfa mun í utanríkisráðuneytinu, verður að gera tillögur til ráðherra í stefnumótandi málum, að hafa eftirlit með framkvæmd stefnu

ráðherra og ríkisstjórnar í friðar- og þróunarsamvinnumálum og að tryggja skipulag framkvæmdar innra aðhalds og óháðra úttekta á einstaka viðfangsefnum innan þessara málaflokka. Þróunarsamvinnustofnun Íslands annist framkvæmd tvíhliða þróunarsamvinnu í umboði utanríkisráðherra í samræmi við áætlun stjórnvalda um alþjóðlega þróunarsamvinnu og samkvæmt nánari ákvörðun utanríkisráðuneytisins.

Samræming þróunarsamvinnu fer fram samkvæmt eftirfarandi verkferlum sem mikilvægir eru til að hafa yfirsýn og fylgja heildarstefnu í málaflokknum:

1. *Stefnumiðum íslenskra stjórnvalda í þróunarsamvinnu*. Stefnumiðin eru unnin til fjögurra ára í senn og meginlínur lagðar, langtímamarkmið sett og áherslur lagðar í þróunarsamvinnu Íslands.
2. *Fjárlagaramma* samkvæmt fjárlögum hvers árs og innri skiptingu framlaga til marghliða og tvíhliða þróunarsamvinnu og friðargæslu. Skipulagning þróunarverkefna stendur og fellur með fyrirsjáanlegu fjármagni og skuldbindingu til nokkurra ára í senn.
3. *Aðgerðaáætlun* sem unnin er út frá stefnumiðum og áherslum ríkisstjórnarinnar í málefnum þróunarsamvinnu.
4. *Verkefnaáætlun* fyrir komandi ár sem byggð er á fjárlögum og unnin út frá stefnumiðum og áherslum ráðherra.
5. *Verklagsreglum* sem miða að því að auka skilvirkni og gagnsæi í starfi stjórnvalda og fjalla um samstarf við aðra aðila sem vinna að þróunarmálum.
6. *Fjármálastjórn og almennu eftirliti með framlögum til þróunarsamvinnu,* þ.m.t. áætlanagerð, fjárlagagerð og eftirliti með greiðslum og ráðstöfunum fjármuna.
7. *Stöðuskýrslu,* sem tekur til allrar þróunarsamvinnu á vegum íslenska ríkisins, þar sem gerð er grein fyrir því hvernig fjármunum til málaflokksins er varið og því starfi sem fram fer á vegum utanríkisráðuneytisins er lýst.

b. Framlög til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu.

Framlög til þróunarsamvinnu eru ríflega þriðjungur útgjalda utanríkisþjónustunnar og stærsti einstaki útgjaldaliður hennar. Sú stefna hefur verið mörkuð að Ísland verði í hópi þeirra þjóða sem leggja mest fram til þróunarmála miðað við vergar þjóðartekjur.

Árið 2004 ákvað ríkisstjórnin að framlög til þróunarsamvinnu skyldu fara stigvaxandi og nema 0,35% af vergum þjóðartekjum árið 2009. Frá þessum tíma hafa fjárveitingar til málaflokksins meira en tvöfaldast, úr u.þ.b. 1,5 milljörðum kr. árið 2004 í 3,2 milljarða kr. á árinu 2007. Samkvæmt því markmiði ríkisstjórnarinnar að framlög til þróunarsamvinnu skuli nema 0,35% af vergum þjóðartekjum árið 2009 er gert ráð fyrir að 4,6 milljörðum verði veitt til málaflokksins á því ári. Þessi aukning er mikið átak og kallar á skýra sýn og skilning á skipulagi, þörfum og áherslum í málefnum þróunarsamvinnu og að ljóst sé hvernig auknum fjármunum til þróunarsamvinnu verði best varið.

Árið 1970 var samþykkt, á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, að opinber framlög aðildarríkjanna skyldu nema 0,7% af vergum þjóðartekjum. Fimm ríki hafa nú þegar náð því markmiði: Danmörk, Lúxemborg, Holland, Noregur og Svíþjóð. Sex önnur ríki hafa skuldbundið sig til að ná því marki fyrir árið 2015, en þau eru: Belgía, Finnland, Frakkland, Írland, Spánn og Bretland. Evrópusambandið hefur jafnframt sett sér það markmið að 15 ríki sambandsins[1]

[1] Austurríki, Belgía, Bretland, Danmörk, Finnland, Frakkland, Grikkland, Holland, Írland, Ítalía, Lúxemborg, Portúgal, Spánn, Svíþjóð og Þýskaland.

hafi náð 0,7% takmarkinu árið 2015 og að framlög hinna 10 ríkja sambandsins[2] nemi 0,33% af vergum þjóðartekjum sama ár.

c. Stefnumótun Íslands í alþjóðlegri þróunarsamvinnu.

Í utanríkisráðuneytinu er unnið að nýrri markmiðssetningu um opinbera þróunarsamvinnu með þverfaglega nálgun að leiðarljósi til að styrkja markvissa stefnumótun, meta áherslur og gera framkvæmdina skilvirkari ásamt því að efla eftirlit og mat á árangri hennar. Sú vinna verður grundvöllurinn að nýrri aðgerðaáætlun í alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands.

Samhliða auknum framlögum til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu voru mótuð núgildandi heildarstefnumið Íslands í þróunarsamvinnu 2005–2009 og lögð fram á Alþingi jafnhliða því að utanríkisráðherra flutti ræðu sína um alþjóðamál í apríl 2005. Stefnumiðin byggjast á fjórum meginstoðum: 1) mannauði, jafnrétti og efnahagslegri þróun, 2) lýðræði, mannréttindum og stjórnarfari, 3) friði, öryggi og þróun og 4) sjálfbærri þróun.

d. Rétturinn til þróunar.

Væntingar og kröfur um aukin framlög til þróunarsamvinnu og virkara starf á þeim vettvangi koma víða og æ oftar fram á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og annarra alþjóðastofnana. Hluti af umræðunni tengist hinum svokallaða þróunarrétti, þar sem vísað er til skyldna iðnríkja til að leggja fé til þróunaraðstoðar. Annar angi hennar lýtur að stjórnfestu, þ.e. almennri þátttöku, gegnsæi í stjórnarathöfnum, heiðarlegum og ábyrgum stjórnvöldum og lögfestu og sjálfstæði dómstólanna. Hvað sem líður endanlegum niðurstöðum þessara umræðna í þjóðaréttinum liggur ljóst fyrir að iðnríkjum ber a.m.k. siðferðileg og pólitísk skylda til að taka virkan þátt í og veita marktæk framlög til þróunarsamvinnu. Þetta á ekki hvað síst við um stuðning sem leiðir til aukinnar og markvissari framkvæmdar á sviði efnahags-, félags- og menningarlegra réttinda. Ísland hefur um áraraðir stutt og greitt atkvæði á alþjóðavettvangi með stefnumótun af þessu tagi og er ekki nema sjálfsagt að Íslendingar fylgi henni eftir í reynd.

e. Þúsaldaryfirlýsing Sameinuðu þjóðanna. Monterrey-yfirlýsingin. Parísaryfirlýsingin.

Árið 2000 var þúsaldaryfirlýsing Sameinuðu þjóðanna samþykkt á fundi þjóðarleiðtoga. Með yfirlýsingunni taka þjóðir heims höndum saman í baráttunni gegn fátækt. Með yfirlýsingunni voru sett átta meginmarkmið, þúsaldarmarkmiðin, sem miða að því að árið 2015 verði tilteknum áföngum þeirra náð. Þúsaldarmarkmiðin eru skilgreind og mælanleg markmið sem leggja grunninn að öllu þróunarstarfi á alþjóðavettvangi. Þau miða að því að bæta hag íbúa þróunarríkja með því að útrýma fátækt og hungri, bæta heilsufar, vinna að jafnrétti kynjanna, bæta og auka aðgengi að menntun, stuðla að sjálfbærri þróun og stuðla að hnattrænni samvinnu um þróun á öllum sviðum. Á leiðtogafundi Sameinuðu þjóðanna haustið 2005 áréttuðu þjóðarleiðtogar heims vilja sinn til að beita sér af einurð til að þúsaldarmarkmiðin megi nást árið 2015. Í kjölfar þúsaldaryfirlýsingarinnar samþykktu aðildarríki Sameinuðu þjóðanna *Monterrey-yfirlýsinguna* um fjármögnun þróunar árið 2002. Með henni skuldbinda iðnríkin sig til þess að auka framlög til þróunarsamvinnu, vinna að opnu, sanngjörnu og alþjóðlegu viðskiptaumhverfi og draga úr skuldabyrði fátækra ríkja. Þróunarríkin

[2] Eistland, Kýpur, Lettland, Litháen, Malta, Pólland, Slóvakía, Slóvenía, Tékkland og Ungverjaland. Búlgaría og Rúmenía standa utan framangreindra markmiða.

skuldbinda sig á móti til þess að vinna að efnahags- og félagslegum umbótum og bættu stjórnarfari, þar sem lög og reglur eru virt.

Með auknum framlögum er gerð skýr krafa um árangur, skilvirkni og markvissa samhæfingu þess starfs sem fer fram í þróunarríkjum, bæði á vettvangi alþjóðastofnana og með þróunarsamvinnu á milli ríkja. Parísaryfirlýsingin um markvissan árangur í þróunarsamvinnu var samþykkt á vettvangi OECD í mars 2005. Með yfirlýsingunni skuldbinda aðildarþjóðirnar sig til að vinna saman að samræmdu og árangursmiðuðu þróunarstarfi. Flest þróunarlönd, iðnríki, alþjóðastofnanir og borgaraleg samtök hafa undirritað *Parísaryfirlýsinguna* og er Ísland þeirra á meðal.

Hinar alþjóðlegu samþykktir sem nefndar eru hér að framan eru þær samþykktir sem mestu máli skipta í þróunarsamvinnu um þessar mundir. Fleiri slíkar samþykktir munu líta dagsins ljós og mikilvægt er að lagaumhverfi þróunarsamvinnu á Íslandi gefi svigrúm til þess að unnt sé að taka mið af alþjóðasamþykktum framtíðarinnar.

f. Marghliða þróunarsamvinna.

Samkvæmt skilgreiningum DAC felst marghliða þróunarsamvinna í framlögum til stofnunar sem vinnur að þróunarmálum eingöngu eða að hluta, er alþjóðastofnun eða -samtök sem ríkisstjórnir eiga aðild að eða sjóður sem lýtur sjálfstæðri stjórn slíkrar stofnunar og færir framlög í sameiginlegan sjóð, þannig að framlögin verða ekki sundurgreind heldur verða hluti af heildarfjármunum sjóðsins.

Ísland hefur fylgt þeirri stefnu að þátttaka í fjölþjóðlegu samstarfi dreifist ekki á of margar stofnanir, heldur verði lögð áhersla á lykilstofnanir. Aukin þátttaka Íslands í þróunarsamvinnu á fjölþjóðlegum grundvelli felst bæði í því að auka framlög og efla málefnavinnu og stefnumótun alþjóðastofnana.

g. Tvíhliða þróunarsamvinna.

DAC skilgreinir tvíhliða þróunarsamvinnu svo að hún sé bein samvinna milli framlagaríkis og þróunarríkis. Undir tvíhliða þróunarsamvinnu fellur einnig samvinna við innlend og alþjóðleg félagasamtök, sem starfa að þróunarmálum, og önnur innlend samvinna tengd þróunarmálum.

Tvíhliða þróunarsamvinna Íslands, sem byggist á tvíhliða milliríkjasamningum, er að mestu leyti framkvæmd af Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Stofnunin sinnir einnig svæðisbundnum verkefnum.

Þróunarsamvinnustofnun starfar nú í sex ríkjum: Malaví, Mósambík, Namibíu, Úganda, Srí Lanka og Níkaragva. Hver samstarfslöndin eru tekur breytingum frá einum tíma til annars, en val á þeim er háð ákvörðun utanríkisráðherra. Þróunarsamvinnustofnun Íslands hefur gert samstarfssamninga við fjölmarga íslenska aðila, sem m.a. fela í sér að stofnunin getur sótt ráðgjöf og fengið sérfræðinga til ráðgjafarstarfa í samstarfslöndunum.

Þegar framlagi til alþjóðastofnana eða -samtaka er ráðstafað með því skilyrði að það renni til tiltekins móttökuríkis skal líta svo á að framlag sé veitt á tvíhliða grundvelli.

h. Leiðir til að ráðstafa framlögum til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu.

Viðurkennt er í alþjóðlegu samstarfi að stjórnkerfi í þróunarsamvinnu þurfi að vera nógu sveigjanlegt til að mæta mismunandi þörfum og aðstæðum í ríkjum sem fá þróunaraðstoð. Mikilvægt er að íslensk stjórnvöld geti valið þá leið fyrir þróunarsamvinnu sem best hentar

hverju sinni, bæði út frá sjónarmiðum Íslands sem framlagaríkis og sjónarmiðum þeirra aðila sem fá framlag frá Íslandi.

Lagafrumvarpi þessu er ætlað að skapa nauðsynlegt svigrúm til að beita þeim aðferðum sem tryggja að framlögum til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu sé skynsamlega varið og þróunarsamvinnan verði skilvirk og árangursrík. Þær leiðir sem helst eru farnar í alþjóðlegri þróunarsamvinnu og hér er lýst eiga það sameiginlegt að byggjast á hlutdeild, forustu og ábyrgð móttökuríkisins og vera í samræmi við þá stefnu sem samstarfslandið hefur markað sér.

– Verkefnanálgun er stuðningur við einstök og vel afmörkuð verkefni, bæði að því er varðar þann tíma sem vinna skal að hverju verkefni og að hvaða markmiði er stefnt með því.
– Geiranálgun felur í sér heildarstuðning í einum geira eða fleiri í samstarfslandi, t.d. samgöngum, menntamálum eða heilbrigðismálum.
– Fjárlagastuðningur er beint fjárframlag til fjárlaga samstarfslands. Þegar þessi leið er valin í þróunarsamvinnu Íslands þarf að tryggja að framlagið verði örugglega nýtt til verkefna í þróunarsamvinnu og þarf framlagið að vera háð því skilyrði.
– Körfufjármögnun á við sérstaka sjóði sem fleiri en eitt framlagaríki og/eða alþjóðastofnanir og -samtök greiða í og einn aðilanna annast.

Rétt er að taka fram að þessar leiðir hafa þróast á löngum tíma og eru í stöðugri framþróun. Mikilvægt er að íslensk stjórnvöld geti tekið þátt í þróunarsamvinnu sem byggist á öðrum leiðum en hér eru nefndar og ber því að skýra frumvarpið rúmt að þessu leyti.

i. Störf í þágu friðar.

Starf Íslands á sviði friðaruppbyggingar er nátengt langtímamarkmiðum í þróunarsamvinnu og miðar að því að efla stöðugleika þannig að grundvöllur verði lagður að þróun og framförum. Grunnhugmynd að hvers konar friðarstarfi er að bregðast við ófriði eða ófriðarblikum á lofti með margþættum aðgerðum áður en átök brjótast út, á meðan þau standa yfir og eftir að stillt hefur verið til friðar. Í um helmingi þeirra landa þar sem friður hefur komist á hefjast vopnuð átök á nýjan leik innan fimm ára. Umræða á alþjóðavettvangi snýst um það hvernig samhæfa megi hefðbundna friðargæslu og þróunaraðstoð til þess að hámarksárangri verði náð. Ef íbúar lands sjá ekki árangur af friðarferli með bættum lífskjörum eru miklar líkur á að ófriður brjótist út á nýjan leik.

Í því sambandi hafa alþjóðastofnanir og ríki litið í auknum mæli til borgaralegra þátta friðar- og uppbyggingarstarfs. Þátttaka borgaralegra starfsmanna í friðarstarfi á vegum íslenskra stjórnvalda hefur því orðið æ mikilvægari.

Þátttaka í starfi í þágu friðar á vegum NATO verður áfram mikilvægur þáttur í friðarstarfi Íslands, en stefnt er að því að auka þátttöku í samstarfi við stofnanir Sameinuðu þjóðanna verulega, sérstaklega í Mið-Austurlöndum og einnig í Afríku.

Sérstaklega er litið til þess að efla færni heimamanna og verja réttindi kvenna, m.a. með því að stuðla að þátttöku þeirra í friðarstörfum með hliðsjón af ályktun öryggisráðsins nr. 1325 (2000). Horft er til heildstæðrar nálgunar í friðaruppbyggingu sem er forsenda þróunarstarfs.

j. Mannúðar- og neyðaraðstoð.

Mannúðar- og neyðaraðstoð er skilgreind sem aðstoð, sem veitt er öðrum ríkjum tvíhliða eða í samstarfi við alþjóðastofnanir, til að bjarga mannslífum og lina þjáningar vegna lang-

vinns neyðarástands eða skyndilegra hamfara og neyðartilfella. Samhliða auknum framlögum til þróunarmála hefur samstarf við alþjóðastofnanir og frjáls félagasamtök sem starfa að neyðar- og mannúðarmálum aukist.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæði 1. gr. frumvarpsins er almennt ákvæði er lýsir tilgangi lagasetningarinnar og er hugsað sem grundvöllur undir lögskýringu á öðrum ákvæðum frumvarpsins.

Í 1. mgr. er stuttlega greint frá því hvað felist í frumvarpinu, þ.e. fyrirmæli um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands. Hér er með öðrum orðum átt við að frumvarpið feli í sér ákvæði um heildarskipulag þróunarsamvinnu sem íslensk stjórnvöld taka þátt í.

Lög um Þróunarsamvinnustofnun Íslands voru sett árið 1981, en samkvæmt þeim sinnir Þróunarsamvinnustofnun eingöngu tvíhliða þróunarsamvinnu sem byggist á milliríkjasamningum. Alþjóðleg þróunarsamvinna, sem íslensk stjórnvöld taka þátt í, er hins vegar víðtækari en svo og tekur, auk tvíhliða samstarfsverkefna, einnig til marghliða samvinnu, samvinnu innan ramma Íslensku friðargæslunnar og mannúðar- og neyðaraðstoðar. Íslenska löggjöf hefur hins vegar, fram að þessu, skort heildstæð fyrirmæli um þróunarsamvinnu er tækju til allra framangreindra þátta. Úr því er bætt með frumvarpi þessu.

Ákvæði 2. mgr. mælir svo fyrir að við framkvæmd alþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslands skuli taka mið af stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna og öðrum alþjóðlegum samþykktum um þróunarsamvinnu sem íslensk stjórnvöld hafa skuldbundið sig til að uppfylla. Með alþjóðlegri þróunarsamvinnu er átt við aðstoð sem kostuð er úr ríkissjóði og veitt er ríkjum sem skilgreind eru á alþjóðavettvangi sem þróunarríki eða ríki í þróun.

Með þessu ákvæði er lögð áhersla á að grunnurinn að alþjóðlegri þróunarsamvinnu og markmiðum hennar er lagður innan Sameinuðu þjóðanna og stofnana þeirra. Stofnsáttmáli Sameinuðu þjóðanna er þar grundvallarskjal sem byggja verður á og sömuleiðis fjöldamargar aðrar samþykktir sem lúta að þróunarsamvinnu með einum eða öðrum hætti og Ísland hefur skuldbundið sig til að hlíta. Í inngangsorðum stofnsáttmálans segir m.a. að hinar Sameinuðu þjóðir séu staðráðnar í *„að* staðfesta að nýju trú á grundvallarréttindi manna, virðingu þeirra og gildi, jafnrétti karla og kvenna og allra þjóða, hvort sem stórar eru eða smáar, *að* skapa skilyrði fyrir því að hægt sé að halda uppi réttlæti og virðingu fyrir skyldum þeim, er af samningum leiðir og öðrum heimildum þjóðaréttar, og *að* stuðla að félagslegum framförum og bættum lífskjörum án frelsisskerðingar“. Enn fremur segir í inngangsorðunum að hinar Sameinuðu þjóðir ætli *„að* sýna umburðarlyndi og lifa saman í friði, svo sem góðum nágrönnum sæmir, og *að* starfrækja alþjóðaskipulag til eflingar fjárhagslegum og félagslegum framförum allra þjóða“.

Aðrar alþjóðasamþykktir sem þýðingu hafa í þessu samhengi eru Monterrey-samþykktin og Parísaryfirlýsingin sem áður hefur verið vikið að. Helstu alþjóðasamþykktir um sjálfbæra þróun eru niðurstöður leiðtogafundarins um sjálfbæra þróun í Jóhannesarborg sem haldinn var árið 2002, Almaty-aðgerðaáætlunin um landlukt þróunarríki frá árinu 2003 og Barbados-áætlunin um sjálfbæra þróun í smáeyþróunarríkjum frá árinu 1994. Alþjóðasamþykktir um verndun umhverfisins eru m.a. Ríó-yfirlýsingin og dagskrá 21 sem samþykktar voru á heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun árið 1992. Þá má einnig nefna loftslagssamning Sameinuðu þjóðanna frá 1992 og Kýótó-bókunina við hann, samninginn um líffræðilegan fjölbreytileika frá 1992 og samninginn um varnir gegn myndun eyðimarka, 1994.

Ákvæði 3. mgr. lýsir almennum markmiðum með alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands. Sú upptalning er þar greinir byggist að mestu á þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, sem samþykkt voru á leiðtogafundi Sameinuðu þjóðanna árið 2000, auk þess sem störf í þágu friðar og mannúðar- og neyðaraðstoð eru talin til markmiðanna. Með alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands er sérstök áhersla lögð á mannréttindi, menntun, jafnrétti kynjanna, réttindi og velferð barna og heilsugæslu. Þá er lögð áhersla á orku- og auðlindamál, þ.m.t. sjálfbæra nýtingu lifandi auðlinda hafsins og loftslagsbreytingar, og bætt aðgengi og virka þátttöku þróunarríkja í alþjóðaviðskiptum. Enn fremur skal leggja áherslu á friðsamlega lausn deilumála og skjót og örugg viðbrögð alþjóðasamfélagsins við ófyrirséðu neyðarástandi og náttúruhamförum. Efling menningartengsla við þróunarlönd og opinber kynning á málefnum þeirra heyrir sömuleiðis til áherslupunkta í þessu samhengi. Ekki þykir rétt að útlista þetta í frumvarpinu sjálfu, enda eru áherslur af þessu tagi m.a. háðar stjórnarsáttmála ríkisstjórnar hverju sinni og ætti að vera fullnægjandi að áherslur í þróunarsamvinnu séu tilgreindar í áætlun stjórnvalda á fjögurra ára fresti.

Um 2. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um yfirstjórn alþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslands og að framlög til þeirra skuli koma úr ríkissjóði.

Í 1. mgr. utanríkisráðherra falið það hlutverk að fara með yfirstjórn alþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslands. Skv. 15. tölul. 12. gr. reglugerðar nr. 177/2007, um Stjórnarráð Íslands, fer utanríkisráðherra með þróunarsamvinnu, friðargæslu og neyðarhjálp. Ákvæði 1. mgr. þessa ákvæðis er sama efnis. Tekið skal fram að með hugtakinu mannúðar- og neyðaraðstoð í frumvarpi þessu er átt við það sama og með hugtakinu neyðarhjálp í reglugerðinni.

Í 2. mgr. greinir að framlög til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu skuli greidd úr ríkissjóði eftir því sem ákveðið er í fjárlögum hvers árs. Lagt er til að þetta ákvæði eigi sinn stað í frumvarpinu til að taka af allan vafa um að fjármunir til opinberrar þróunarsamvinnu komi úr ríkissjóði. Í þessu felst einnig að skilgreint er að framangreindir fjármunir eru ætlaðir opinberum aðilum til að mæta áætlunum um alþjóðlega þróunarsamvinnu. Heildarframlög hvers árs eru að sjálfsögðu háð því sem ákveðið er með fjárlögum hverju sinni, en við gerð þeirra er óhjákvæmilegt að hafa í huga stefnumið Íslands í þróunarsamvinnu (núgildandi stefnumið ná til ársloka 2009) og áætlanir stjórnvalda þar sem íslensk stjórnvöld hafa sett sér ákveðin markmið sem stefnt er að. Þar eð markmið Íslands í þróunarsamvinnu eru til komin vegna skuldbindinga Íslands á alþjóðavettvangi er mikilvægt að ekki verði vikið frá þessum markmiðum.

Um 3. gr.

Ákvæði 3. gr. fjallar um áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu.

Í 1. mgr. er lagt til að ráðherra leggi annað hvert ár fram á Alþingi áætlun stjórnvalda um alþjóðlega þróunarsamvinnu til fjögurra ára í senn. Áætlunin skal fela í sér markmið íslenskra stjórnvalda í þróunarsamvinnu og hvernig þeim skuli náð. Gert er ráð fyrir því hér að áætlunin verði lögð fram í formi tillögu til þingsályktunar, sem er sambærilegt við samgönguáætlun samkvæmt lögum nr. 71/2002, svo dæmi sé tekið. Með ákvæði 1. mgr. er ætlunin að festa í sessi stefnumörkun til langs tíma og þykir hentugt að miða við fjögurra ára tímabil í þessu sambandi. Því til stuðnings má nefna að stefnumið Íslands í þróunarsamvinnu ná til áranna 2005–2009, en árið áður hafði ríkisstjórnin ákveðið að framlög til þróunarsamvinnu skyldu nema 0,35% af vergum þjóðartekjum árið 2009.

Eins og komið er að síðar er gert ráð fyrir því í 10. gr. frumvarpsins að ráðherra gefi Alþingi skýrslu um alþjóðlega þróunarsamvinnu annað hvert ár, þar sem fjallað er um tveggja ára tímabilið næst á undan. Þessi tvö ákvæði tengjast að því leyti að á tveggja ára fresti fari fram á Alþingi ítarleg umræða um þróunarsamvinnu, stefnu og fjármál. Að öðru leyti er vísað til umfjöllunar um 10. gr. frumvarpsins.

Með 2. mgr. er lagt til að áætlunin feli í sér lýsingu á framlögum til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu og sundurgreiningu á því hvernig framlögin skiptast milli markmiða til skemmri tíma og markmiða til lengri tíma litið. Áætlunin á einnig að hafa að geyma heildaryfirlit yfir hvernig markmiðunum verði náð og hvenær á því tímabili sem áætlunin tekur til.

Í 3. mgr. er lagt til að í áætluninni verði tiltekið fyrirhugað hlutfall framlaga til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu af vergum þjóðartekjum. Í þessu felst að í stefnumörkun ráðherra skuli tiltaka nánar og gera áætlun um hvernig þeim tölulegu markmiðum sem sett hafa verið verði náð og hvenær þeim verði náð á því tímabili sem stefnumörkunin tekur til.

Um 4. gr.

Með ákvæði 4. gr. er kveðið á um samstarfsráð um alþjóðlega þróunarsamvinnu.

Í ákvæði 1. mgr. er lagt til að ráðherra skipi 15 fulltrúa og jafnmarga til vara í samstarfsráð um þróunarsamvinnu til fjögurra ára í senn. Formaður þess verði skipaður án tilnefningar, en að öðru leyti verði skipan þess tvíþætt, þ.e. þingkjörnir fulltrúar og fulltrúar er ráðherra skipar í samráði við þá aðila sem tilgreindir eru í ákvæðinu. Lagt er til að fimm fulltrúar verði kosnir af Alþingi og að ráðherra skipi fimm fulltrúa í samráði við samstarfshóp íslenskra mannúðarsamtaka í alþjóðlegu hjálparstarfi og þróunarsamvinnu, tvo í samráði við samstarfsnefnd háskólastigsins og tvo í samráði við aðila vinnumarkaðarins. Rétt þykir að samstarfshópur íslenskra mannúðarsamtaka eigi fleiri fulltrúa í samstarfsráðinu en aðrir sem samráð verði haft við um skipan ráðsins, þar sem mannúðarsamtökin eru eini aðilinn af þessum sem hefur það meginmarkmið að vinna í alþjóðlegri þróunarsamvinnu. Aðkomu háskólanna og vinnumarkaðarins er hins vegar öðruvísi háttað.

Í 2. mgr. er lagt til að ráðið verði ráðgefandi stjórnsýslunefnd fyrir ráðherra við töku stefnumarkandi ákvarðana um alþjóðlega þróunarsamvinnu. Nefnd eru dæmi um þær stefnumarkandi ákvarðanir sem samstarfsráðið mundi verða ráðherra til ráðgjafar um, þ.e. langtímaáætlanir í þróunarmálum, framlög til þróunarsamvinnu, skiptingu fjárframlaga milli marghliða og tvíhliða samvinnu, forgangsröðun í samvinnu um þróunarmál, svo sem setu og þátttöku í alþjóðlegum stofnunum og um val á nýju samstarfslandi þar sem mikilvægt er að horfa m.a. til ríkjandi stjórnarfars og hvort og hvernig unnið hafi verið að því að bæta það. Ekki er um tæmandi talningu að ræða.

Lagt er til í 3. mgr. að samstarfsráðið komi að jafnaði saman til fundar tvisvar ár hvert og er miðað við að það geti orðið í byrjun árs og í sumarlok. Í lokamálsgrein ákvæðisins er svo lagt til að ráðherra setji í reglugerð nánari reglur um hlutverk samstarfsráðsins. Hér er eingöngu um að ræða reglugerðarheimild til setningar svonefndra valdbærnireglna, þ.e. reglna um hrein stjórnsýsluleg atriði varðandi uppbyggingu og verkaskiptingu innan stjórnsýslunnar. Er löggjafinn almennt talinn hafa rúmar heimildir til að framselja lagasetningarvald sitt að þessu leyti.

Að baki ákvæði 4. gr. býr einkum tvennt. Í fyrsta lagi að tryggja aðkomu allra þeirra aðila sem láta sig þróunarsamvinnu varða með einhverjum hætti. Alþingi kýs, samkvæmt núgildandi lögum um Þróunarsamvinnustofnun Íslands, fulltrúa í stjórn stofnunarinnar sem hefur þá skapað tengsl þingsins við stjórnina. Lagt er til að sami háttur verði hafður á við val af

hálfu Alþingis í samstarfsráðið sem leiðir til þess að stjórnmálaflokkar á þingi hafa færi á að hafa áhrif á stefnumótun í þróunarsamvinnu. Frjáls félagasamtök hér á landi hafa tekið þátt í ýmsu starfi tengdu þróunarsamvinnu, sérstaklega mannúðar- og neyðaraðstoð og þá aðallega í gegnum alþjóðleg systursamtök. Innan háskólasamfélagsins hefur einnig skapast rík þekking á málefnum þróunarsamvinnu sem mikilvægt er að nýta. Aðilar vinnumarkaðarins leggja í starfi sínu áherslu á umhverfis-, jafnréttis- og vinnuréttarmál auk viðskiptafrelsis, og styðja alþjóðlega samvinnu á þessum sviðum og hafa því mikilvæga yfirsýn yfir þessi málefni. Þessir aðilar búa allir yfir þekkingu og reynslu sem mun reynast afar gagnleg við stefnumótun alþjóðlegrar þróunarsamvinnu.

Í öðru lagi þykir nauðsynlegt, vegna aukinna framlaga Íslands til þróunarsamvinnu, að skapa vettvang fyrir framangreinda aðila, sem búa yfir mikilvægri reynslu og þekkingu, til að ræða saman í víðu samhengi um áherslur í þróunarsamvinnu og helstu stefnur og strauma. Þeir geta miðlað af reynslu sinni og þekkingu sem mun án efa hafa umtalsverð áhrif á heildarsýn Íslands á þróunarsamvinnu og þar með stefnumörkun í þessum málaflokki.

Um 5. gr.

Ákvæði 5. gr. fjallar um marghliða þróunarsamvinnu.

Ítarlega er fjallað um þróunarsamvinnu almennt í inngangskafla greinargerðar þessarar. Í ákvæði 5. gr. er lagt til að utanríkisráðuneytið annist marghliða þróunarsamvinnu Íslands í samstarfi við alþjóðlegar stofnanir og innlend og alþjóðleg félagasamtök eftir því sem við á. Utanríkisráðuneytið fer með þennan málaflokk en rétt þykir að taka þetta fram engu að síður í ljósi þeirra ákvæða sem á eftir koma, þ.e. 6. og 7. gr. frumvarpsins. Þau ákvæði lúta að öðrum þáttum alþjóðlegrar þróunarsamvinnu, þ.e. störfum í þágu friðar og tvíhliða þróunarsamvinnu, sem framkvæmd er af Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Vísað er til 3. gr. frumvarpsins um áætlun utanríkisráðherra um alþjóðlega þróunarsamvinnu til að árétta að hún eigi við um marghliða þróunarsamvinnu.

Um 6. gr.

Þegar rætt er um störf í þágu friðar í frumvarpinu er átt við starfsemi íslensku friðargæslunnar. Um hana gilda nýleg lög nr. 73/2007, um íslensku friðargæsluna og þátttöku hennar í alþjóðlegri friðargæslu. Ekki er ætlunin, með frumvarpi þessu, að gera neinar breytingar á íslensku friðargæslunni frá því sem fyrir er mælt í áðurnefndum lögum. Er því vísað til þeirra laga og greinargerðar með frumvarpi til laganna.

Um 7. gr.

Í ákvæði 7. gr. frumvarpsins er fjallað um Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Í 1. mgr. segir að stofnunin sé sérstök stofnun sem lúti yfirstjórn utanríkisráðuneytisins. Með öðrum orðum er ekki gert ráð fyrir breytingu á stöðu Þróunarsamvinnustofnunar Íslands sem undirstofnunar utanríkisráðuneytisins frá því sem gilt hefur hingað til á grundvelli núgildandi laga.

Í 2. mgr. er fjallað um hlutverk Þróunarsamvinnustofnunar, en þar segir að stofnunin annist tvíhliða þróunarsamvinnu Íslands í umboði utanríkisráðherra í samræmi við áætlun stjórnvalda um alþjóðlega þróunarsamvinnu, sbr. 3. gr., og samkvæmt nánari ákvörðun utanríkisráðuneytisins. Hér er lagt til að hlutverk stofnunarinnar verði óbreytt, þ.e. hún sinni eingöngu tvíhliða þróunarsamvinnu. Áréttað er að stofnunin skuli vinna að þróunarsamvinnu í samræmi við það sem ákveðið er í áætlun stjórnvalda skv. 3. gr. og samkvæmt nánari ákvörðun utanríkisráðuneytisins. Með þessu er átt við að stofnunin skuli fylgja áætlun stjórn-

valda og enn fremur er ráðherra veittur sá kostur að taka sérstaklega ákvörðun um annað sem stofnunin skuli vinna að á vettvangi tvíhliða þróunarsamvinnu.

Með 3. mgr. er kveðið á um að utanríkisráðherra sé heimilt að ákveða að umdæmisskrifstofur Þróunarsamvinnustofnunar skuli reka sem sendiráð og að umdæmisstjórum hennar verði tímabundið falið að gegna starfi forstöðumanna þeirra auk umdæmisstjórastarfsins. Hér er lagt til að fest verði í lög fyrirkomulag á rekstri umdæmisskrifstofanna sem hefur verið við lýði um nokkurra ára skeið. Hefur það fyrst og fremst haft þann tilgang að auðvelda starf umdæmisskrifstofanna gagnvart yfirvöldum í samstarfslandi sem eiga aðallega samskipti við annaðhvort sendiráð eða frjáls félagasamtök. Umdæmisskrifstofa opinberrar stofnunar í þróunarsamvinnu hefur verið þeim framandi sem samstarfsaðili og því var farin sú leið fyrir nokkrum árum að gera þær að sendiráðum. Hið tvíþætta hlutverk umdæmisskrifstofa Þróunarsamvinnustofnunar leiðir til þess að eðli máls hverju sinni ræður því hvort sú stofnun gefur umdæmisstjórum fyrirmæli í starfi eða utanríkisráðuneytið.

Í 4. mgr. er gert ráð fyrir að utanríkisráðherra skipi framkvæmdastjóra Þróunarsamvinnustofnunar samkvæmt ákvæðum laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, og setji honum erindisbréf skv. 38. gr. þeirra laga. Áskilið er að framkvæmdastjóri hafi háskólamenntun og búi yfir þekkingu á þróunarsamvinnu. Þá er kveðið á um að framkvæmdastjóri taki þátt í starfi utanríkisráðuneytisins um alþjóðlega þróunarsamvinnu eftir því sem ráðherra ákveði. Með þessu orðalagi er m.a. átt við að framkvæmdastjóri Þróunarsamvinnustofnunar eigi sæti í sérstökum stýrihópi innan utanríkisráðuneytisins, undir stjórn ráðuneytisstjóra, ásamt sviðsstjóra á þróunarsamvinnusviði og skrifstofustjórum á skrifstofum þróunarmála og íslensku friðargæslunnar. Stýrihópnum er ætlað það hlutverk að sinna innra aðhaldi og framkvæmd innra eftirlits með faglegri stefnumótun, daglegri framkvæmd og rekstri.

Tekið er fram í ákvæði 4. mgr. að framkvæmdastjórinn beri ábyrgð á daglegri framkvæmd og rekstri stofnunarinnar. Það liggur í hlutarins eðli að framkvæmdastjóri stofnunar ber þessa ábyrgð, en í ljósi ákvæða frumvarpsins um samstarfsráðið og áforma um að setja á stofn áðurnefndan stýrihóp þykir rétt að taka af skarið um þetta. Tekið er fram í ákvæðinu að framkvæmdastjórinn ráði annað starfsfólk stofnunarinnar. Þótt þetta leiði af ákvæði 2. mgr. 5. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, þykir rétt að árétta þetta vegna ákvæðis 8. gr. frumvarpsins sem vikið er að síðar í greinargerð þessari.

Þá er í lokamálsgrein ákvæðisins gert ráð fyrir að ráðherra setji með reglugerð nánari reglur um hlutverk Þróunarsamvinnustofnunar Íslands og tengsl hennar við utanríkisráðuneytið.

Um 8. gr.

Í 8. gr. frumvarpsins er fjallað um starfsmenn ríkisins við alþjóðlega þróunarsamvinnu.

Í 1. málsl. 1. mgr. er lagt til að heimilt verði að ráða starfsmenn til tímabundinna starfa við afmörkuð verkefni í þróunarsamvinnu erlendis, þó ekki lengur en fimm ár í senn. Með þessu gefst færi til að ráða fólk til starfa í samstarfslöndum Íslands sem býr yfir reynslu úr ýmsum starfsgreinum er þykir eftirsóknarverð fyrir þá þróunarsamvinnu sem Ísland vinnur að í samstarfslöndum hverju sinni. Er hér sérstaklega haft í huga að umdæmisstjórar í samstarfslöndum Íslands verði ráðnir á grundvelli þessa ákvæðis, en þeir veita umdæmisskrifstofum Þróunarsamvinnustofnunar forstöðu. Til þess að markmiðum 1. mgr. verði náð er óhjákvæmilegt að Þróunarsamvinnustofnun geti ráðið starfsfólk tímabundið til lengri tíma en tveggja ára, eins og ráða má af ákvæðum 2. mgr. 41. gr. laga nr. 70/1996 og 5. gr. laga nr.

139/2003, um tímabundna ráðningu starfsmanna, að sé hámark tímabundinnar ráðningar. Brýna nauðsyn ber til, með tilliti til þróunarsamvinnu í samstarfslandi, að stöðugleiki ríki að því er forstöðumenn umdæmisskrifstofu varðar, þ.e. að ekki sé um of tíðar mannabreytingar að ræða. Þess vegna er lagt til í 1. mgr. að ráðningartími verði allt að fimm ár í senn. Skemmri starfstími í samstarfslandi en tvö ár er einfaldlega mjög óhagkvæmt fyrirkomulag, bæði fyrir starfsmanninn og fjölskyldu hans sem og ríkissjóð. Af þeim sökum er nauðsynlegt að gera ráð fyrir því að tímabundnar ráðningar geti varað lengur en tvö ár.

Í 2. málsl. 1. mgr. er enn fremur lagt til að Þróunarsamvinnustofnun verði heimilt að segja upp ráðningarsamningi, sem gerður hefur verið við starfsmann skv. 1. málsl., með þriggja mánaða fyrirvara ef verkefni í þróunarsamvinnu erlendis er hætt eða því lýkur fyrr en ætlað var eða starfsmaðurinn getur ekki sinnt starfi sínu vegna aðstæðna í gistiríkinu. Fyrra tilvikið um lok verkefnis skýrir sig að mestu sjálft, en að baki hinu síðarnefnda býr sú röksemd að Þróunarsamvinnustofnun geti brugðist skjótt við aðstæðum sem skapast í gistiríkinu og gera það að verkum að ekki er unnt að láta starfsmann halda áfram störfum þar til tímabundinn ráðningarsamningur hans rennur skeið sitt á enda. Starfsmenn þeir sem hér um ræðir eru ekki flutningsskyldir og því væri ekki mögulegt að flytja þá milli starfsstöðva með ákvörðun yfirmanns. Sem dæmi um aðstæður í gistiríkinu má nefna að starfsemi Þróunarsamvinnustofnunar er alltaf háð samþykki stjórnvalda í samstarfslandi. Ef stjórnvöld mundu afturkalla samþykki sitt af einhverjum ástæðum er ljóst að starfsmaðurinn getur ekki sinnt starfi sínu frekar og þá þarf að vera hægt að segja upp ráðningarsamningi við hann, en samningurinn er bundinn við verkefni í viðkomandi ríki, sbr. upphafsorð 1. málsl. 1. mgr. Önnur tilvik sem undir þetta gætu fallið eru t.d. að ekki sé unnt að tryggja öryggi starfsmanns í landinu eða hegðun hans þar samrýmist ekki stöðu hans sem fulltrúi Íslands í samstarfslandi.

Þá er lagt til í 2. mgr. að heimilt sé að flytja starfsmenn utanríkisþjónustunnar og Þróunarsamvinnustofnunar Íslands á milli stofnananna tveggja til að vinna að alþjóðlegri þróunarsamvinnu. Hér er lagt til að lögfest verði eins konar vistaskiptafyrirkomulag í því skyni að styrkja tengsl utanríkisþjónustunnar og Þróunarsamvinnustofnunar, enda er alþjóðleg þróunarsamvinna nú einn af hornsteinum utanríkisstefnu Íslands. Í framkvæmd þýðir þetta að starfsmenn utanríkisþjónustunnar og Þróunarsamvinnustofnunar geta verið fluttir milli starfa eða átt þess kost að afla sér starfsreynslu og þekkingar á aðalskrifstofu ráðuneytisins, skrifstofu Þróunarsamvinnustofnunar eða á vettvangi í þróunarlöndum. Umdæmisstjórar Þróunarsamvinnustofnunar þurfa, til dæmis, að geta gegnt því tvíþætta hlutverki að samræma aðgerðir þróunarsamvinnunnar innan móttökulandsins og að vera sendifulltrúar íslenska ríkisins á staðnum. Þeir þurfa að geta haft frumkvæði að því að vinna að framkvæmd þróunarsamvinnu á öllum stjórnsýslustigum og átt samstarf við deildir ýmissa alþjóðastofnana á svæðinu. Slíkur starfsmaður þarf að búa yfir hvoru tveggja, þekkingu og/eða reynslu af starfi á vettvangi þróunarlanda sem og þekkingu á starfsemi utanríkisþjónustunnar.

Til að tilgangi 2. mgr. verði náð verður sú heimild að vera fyrir hendi í lögum að framangreind störf þurfi ekki að auglýsa eins og 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, mælir fyrir um. Þess vegna er lagt til í 2. mgr. ákvæðisins að heimilt verði að víkja frá áðurnefndu ákvæði við flutning starfsmanna milli utanríkisþjónustunnar og Þróunarsamvinnustofnunar. Það er áréttað að þeir starfsmenn, sem koma til greina í vistaskipti af því tagi sem hér er lýst, hafa í upphafi verið ráðnir til utanríkisþjónustunnar eða Þróunarsamvinnustofnunar, eftir atvikum, á grundvelli auglýsingar. Ekki er ætlunin að víkja frá því, heldur eingöngu í þeim tilvikum sem starfsmenn eða embættismenn eru fluttir tímabundið milli stofnananna tveggja.

Með 3. mgr. er lagt til að lögfest verði sú regla að útsendir starfsmenn í þróunarsamvinnu erlendis skuli í störfum sínum erlendis hafa í heiðri þær þjóðréttarlegu reglur sem Ísland er skuldbundið af og réttaráhrif hafa gagnvart einstaklingum. Þá er einnig lagt til að lögfesta reglu um að starfsmönnunum sé skylt að gæta þagmælsku um atriði er þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt samningum, lögum, fyrirmælum yfirmanna eða eðli máls og að sú skylda haldist eftir starfslok. Þá megi þeir ekki taka þátt í stjórnmálastarfi eða mótmælum í því landi sem þeir starfa. Tilgangurinn með þessu ákvæði er að árétta þær grundvallarskyldur útsendra starfsmanna við þróunarsamvinnu að þeir eru fulltrúar íslenskra stjórnvalda í öðru fullvalda ríki og hve mikilvægt það er að þeir virði framangreindar skuldbindingar. Af sama meiði er lokamálsliðurinn, enda samrýmist það ekki stöðu starfsmanna sem fulltrúa íslenskra stjórnvalda að þeir hafi afskipti af stjórnmálastarfi af einhverju tagi í samstarfslandi.

Um 9. gr.

Í ákvæði 9. gr. er fjallað um framkvæmd, eftirlit og úttektir á alþjóðlegri þróunarsamvinnu.

Í ákvæðinu er lagt til að við framkvæmd þróunarsamvinnu skuli fylgja viðurkenndum aðferðum, reglum og leiðbeiningum alþjóðastofnana, m.a. þróunarsamvinnunefndar Efnahags- og framfarastofnunar (DAC), og þeim kröfum um meðferð og vörslu fjármuna sem Ríkisendurskoðun gerir. Þá er lagt til að framkvæmd áætlunar ráðherra skv. 3. gr. sé háð reglulegu eftirliti og úttektum óháðra aðila.

Á alþjóðavettvangi er stuðst við fjölþætt regluverk um framkvæmd þróunaraðstoðar, allt frá undirbúningi og mati á beiðnum um aðstoð til þess hvernig að framkvæmdum skuli staðið, eftirliti, verklokum, úttektum og vörslu og meðferð fjármuna sem og skilgreiningum verkferla og verksviða. Þessar reglur og leiðbeiningar um hvernig að framkvæmdum skuli staðið eru ýmist settar af DAC, alþjóðastofnunum og samtökum, sem Ísland á aðild að, eða af embættum ríkisendurskoðenda í einstökum löndum sem hafa mótað sameiginlegar reglur um hvernig standa skuli að vörslu og meðferð fjármuna og eftir hvaða reglum skuli starfað að sameiginlegum verkefnum.

Ísland á aðild að samvinnu Norðurlandaþjóða og annarra nálægra þjóða á grundvelli Parísaryfirlýsingarinnar um markvissan árangur í þróunarsamvinnu. Hún leiðir til þess að Ísland verður að laga þróunaraðstoð sína að þeim aðferðum, reglum og leiðbeiningum sem þar er starfað eftir, allt frá undirbúningsstigi til framkvæmda, eftirlits með verkferlum og utanaðkomandi úttekta. Þessar reglur og leiðbeiningar ná til allra þátta þróunarsamvinnu. Ríkisendurskoðun vinnur nú að undirbúningi þess í samvinnu við utanríkisráðuneytið að setja sambærilegar starfsreglur um alla þætti þróunarsamvinnu Íslands og fylgt er í öðrum löndum. Þá mun Ísland fá, með aðildinni að DAC, beinan aðgang að reynslu og upplýsingum sem nýtast við mótun stefnu í þróunarstarfi og við skipulagningu þróunarsamvinnunnar. Með ákvæði 9. gr. er gert ráð fyrir því að Ísland fylgi framangreindum reglum og leiðbeiningum eins og þær eru á hverjum tíma. Þetta er nauðsynlegt sérstaklega vegna þess að DAC framkvæmir svokallaða jafningjarýni á framkvæmd þróunarsamvinnu aðildarlanda á fjögurra ára fresti og því er nauðsynlegt að sams konar aðferðum og skilgreiningum sé beitt við framkvæmdina og DAC ætlast til.

Um 10. gr.

Ákvæðið fjallar um skýrslur utanríkisráðherra og upplýsingagjöf til Alþingis.

Með ákvæði 1. mgr. er lagt til að utanríkisráðherra gefi Alþingi skýrslu annað hvert ár um framkvæmd áætlunar sinnar um alþjóðlega þróunarsamvinnu. Þetta ákvæði vísar til 3. gr. frumvarpsins með því að lagt er til að þetta tvennt fari saman, ráðherra leggi fram áætlun sína um alþjóðlega þróunarsamvinnu í formi tillögu til þingsályktunar annað hvert ár og við sama tækifæri gefi hann Alþingi skýrslu um hvað hafi verið gert á þessum vettvangi síðustu tvö árin á undan.

Utanríkisráðherra hefur fram að þessu flutt á Alþingi skýrslu um utanríkismál tvisvar á hverju þingi og hefur ráðherra m.a. fjallað þar um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands. Með ákvæði 1. mgr. yrði sú breyting þar á að utanríkisráðherra mundi, í sérstakri skýrslu, gefa heildstætt yfirlit yfir alla þróunarsamvinnu Íslands, m.a. hvernig fjármunum til þróunarsamvinnu hafi verið ráðstafað, hvað hafi verið gert til að framkvæma áætlun stjórnvalda, hver sé staða einstakra verkefna og yfir árangur af þróunarsamvinnu.

Þá er í 2. mgr. gert ráð fyrir að utanríkisráðherra upplýsi utanríkismálanefnd og fjárlaganefnd Alþingis reglulega um framkvæmd þróunarsamvinnu. Er hér ætlunin að upplýsingagjöf ráðherra til þingnefnda komi til viðbótar við skýrslugjöf ráðherrans til Alþingis annað hvert ár.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir virkri aðkomu Alþingis að þróunarsamvinnu með tvennum hætti. Í fyrsta lagi gegnum samstarfsráðið skv. 4. gr. frumvarpsins, en þar hefur Alþingi áhrif á mótun stefnu í alþjóðlegri þróunarsamvinnu með setu þingkjörinna fulltrúa sinna í samstarfsráðinu. Í öðru lagi á Alþingi virkan þátt í því að líta yfir farinn veg í þróunarsamvinnu samkvæmt því ákvæði sem hér er fjallað um, þ.e. í tengslum við skýrslugjöf ráðherra til þingsins, eins og fyrr getur, og við upplýsingagjöf til utanríkis- og fjárlaganefndar. Hvort tveggja er mikilvægt í ljósi þeirra miklu fjármuna sem veittir eru til þróunarsamvinnu nú þegar og ætlunin er að auka á næstu árum.

Um 11. gr.

Með þessu ákvæði er ráðherra veitt heimild til að setja nánari reglur um framkvæmd laganna. Þær reglur gætu verið í formi reglugerða og er þá gert ráð fyrir að þær reglugerðir sem settar yrðu á grundvelli þessa ákvæðis kæmu til viðbótar reglugerðum sem mælt er fyrir um að ráðherra setji skv. 4. og 7. gr. frumvarpsins. Enn fremur er ráðgert að ráðherra setji verklagsreglur um það hvernig þeirri stjórnsýslu sem undir lögin fellur skuli fyrir komið, meðal annars hvernig unnið skuli að framkvæmd og innra eftirliti með því sem áætlun stjórnvalda um alþjóðlega þróunarsamvinnu mælir fyrir um. Er hér átt við að samkvæmt slíkum verklagsreglum verði heimilt að setja á stofn stýrihópinn sem um getur í athugasemdum við 7. gr. frumvarpsins.

Helstu verkefni stýrihópsins mundu vera annars vegar stefnumótandi verkefni og hins vegar framkvæmda- og rekstrarverkefni. Meðal stefnumótandi verkefna hans verður að undirbúa áætlun utanríkisráðherra um þróunarsamvinnu Íslands til fjögurra ára í senn til samræmis við stefnumið Íslands og forgangsröðun ráðherra. Þá undirbýr stýrihópurinn ákvarðanir ráðherra um hlutfallslega skiptingu fjárveitinga milli marghliða og tvíhliða þróunarsamvinnu, framlög til alþjóðastofnana og um ný samstarfslönd. Þá mun stýrihópurinn taka afstöðu til tillagna um ný verkefni í friðar- og þróunarsamvinnumálum í samræmi við stefnu ráðherra og þróa og gera tillögur að verklagsreglum. Gerð árlegrar skýrslu til DAC og ársskýrslu verður einnig meðal verkefna stýrihópsins. Stýrihópurinn tekur til meðferðar um-

sóknir um fjárveitingar til nýrra verkefna og viðbótarfjárveitingar til eldri verkefna innan ramma fjárlaga sem og beiðnir um aðstoð frá þróunarlöndum. Styrkbeiðnir vegna mannúðarmála og neyðaraðstoðar og aðrar styrkbeiðnir frá stofnunum, frjálsum félagasamtökum og öðrum aðilum koma til umfjöllunar hjá stýrihópnum sem ákveður hvort þær verði afgreiddar af þróunarsamvinnusviði eða Þróunarsamvinnustofnun.

Framkvæmda- og rekstrarverkefni stýrihópsins eru gerð fjárhagsáætlana, starfs-, rekstrar- og greiðsluáætlana, reglubundinna uppgjöra og rekstraryfirlita. Þá tekur stýrihópurinn saman ársyfirlit yfir rekstur alþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslands og annast samningsgerð við stofnanir, frjáls félagasamtök og aðra aðila.

Í núgildandi lögum um Þróunarsamvinnustofnun er mælt svo fyrir í 6. gr. að stjórn stofnunarinnar skuli skipuð sjö mönnum. Sex eru kosnir af Alþingi og einn skipaður af utanríkisráðherra. Stjórnin er skipuð til fjögurra ára í senn og er formaður hennar skipaður af utanríkisráðherra. Ekki er frekar mælt fyrir um hlutverk stjórnarinnar í lögunum, en í reglugerð um stofnunina nr. 86/1998, sbr. breytingar á henni í reglugerð 892/2005, segir í 4. gr. að stjórnin sé utanríkisráðherra til ráðgjafar um stefnu Íslands í þróunarsamvinnumálum bæði á tvíhliða og marghliða grundvelli. Stjórnin fari með yfirumsjón málefna stofnunarinnar í umboði ráðherra og sjái um að skipulag og starfsemi stofnunarinnar sé jafnan í samræmi við starfsáætlanir hennar.

Það er ljóst af lagafrumvarpi þessu að ekki er gert ráð fyrir sérstakri stjórn Þróunarsamvinnustofnunar Íslands, heldur muni þau verkefni stjórnar sem eru framkvæmdalegs eðlis og lúta að innra eftirliti með rekstri, faglegum afgreiðslumálum og skuldbindingum Þróunarsamvinnustofnunar færast til stýrihópsins, eins og lýst hefur verið. Alþingi, sem kosið hefur fulltrúa í stjórn Þróunarsamvinnustofnunar, mun í þess stað eiga fulltrúa í samstarfsráðinu eins og greint er frá í umfjöllun um 4. gr. frumvarpsins.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Með ákvæði til bráðabirgða er tekið af skarið um að gildi ráðningarsamninga starfsmanna, sem þegar eru að störfum í samstarfslandi, verði ekki breytt við gildistöku laganna, nema starfsmaður óski þess sjálfur að gera breytingu þar á. Núverandi starfskjör þessara starfsmanna muni því gilda áfram þar til ráðningarsamningar þeirra eru útrunnir.

Í núgildandi lögum um Þróunarsamvinnustofnun Íslands er í 7. gr. ákvæði um að íslenskir ríkisborgarar, sem stofnunin ráði til starfa í þróunarlöndunum við framkvæmd samstarfsverkefna á hennar vegum, skuli njóta sömu kjara í skattamálum og íslenskir ríkisborgarar er vinna hjá alþjóðlegum stofnunum. Þetta ákvæði hefur í reynd þýtt að starfsmenn Þróunarsamvinnustofnunar hafa engan skatt greitt af tekjum sínum hérlendis eða erlendis. Fyrirhugað er að sú breyting verði gerð á 2. tölul. A-liðar 30. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, að sama gildi um staðaruppbætur útsendra starfsmanna ríkisins í þróunarsamvinnu og staðaruppbætur fastráðinna, settra eða skipaðra starfsmanna við sendiráð Íslands og hjá sendiræðismönnum, þ.e. að þær verði undanþegnar álagningu tekjuskatts. Með þessari breytingu á lögum um tekjuskatt verður unnt að samræma launakjör starfsmanna Þróunarsamvinnustofnunar erlendis við það sem gildir um útsenda starfsmenn utanríkisþjónustunnar. Þeir sem flytjast á milli stofnananna og fara til starfa erlendis munu því, til viðbótar við kjarasamningsbundin

grunnlaun, fá staðaruppbætur eins og aðrir útsendir starfsmenn utanríkisþjónustunnar og fær hvort tveggja sömu skattalegu meðferð og lög standa til.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands.

Markmiðið með frumvarpinu er að setja fram rammalöggjöf um heildarskipulag alþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslands. Með frumvarpinu er m.a. kveðið á um að framlög til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu skulu fjármögnuð af ríkissjóði eftir því sem ákveðið í fjárlögum hvers árs.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki gert ráð fyrir auknum útgjöldum umfram fjárlagaramma utanríkisráðuneytisins.

706. Fyrirspurn [443. mál]

til forsætisráðherra um Ísland sem alþjóðlega fjármálamiðstöð.

Frá Magnúsi Stefánssyni.

Hvernig hefur tillögum nefndar ráðherra um Ísland sem alþjóðlega fjármálamiðstöð verið fylgt eftir?

707. Skýrsla [444. mál]

Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins fyrir árið 2007.

1. Inngangur.

Það sem bar hæst á árinu var einkum fernt. Í fyrsta lagi 10 ára afmæli Vestnorræna ráðsins. Í tilefni þess var gerð tillaga að stofnun afmælissjóðs sem hafi það að markmiði að auka vestnorræn ungmennasamskipti. Í öðru lagi ályktun um aukið samstarf um björgunarmál á Norður-Atlantshafssvæðinu, sem samþykkt var á ársfundi Vestnorræna ráðsins og tekin á dagskrá hjá Norðurlandaráði að frumkvæði Vestnorræna ráðsins á grundvelli samstarfssamnings ráðanna frá árinu 2006. Í þriðja lagi fundur formanna Vestnorræna ráðsins og sendinefndar Evrópuþingsins gagnvart m.a. Norðurlandaráði og þingmannaráðstefnu um norðurskautsmál (SIN-EEA Delegation) á Norðurlandaráðsþingi þar sem Vestnorræna ráðið óskaði eftir formlegu samstarfi við Evrópuþingið. Fundurinn varð til þess að formaður sendinefndarinnar mælti með því við forseta Evrópuþingsins að nefndin sinnti einnig samskiptum

við Vestnorræna ráðið. Í fjórða lagi þemaráðstefna um fríverslun og Vestur-Norðurlöndin. Ráðstefnan var upplýsandi og hvatti til skoðanaskipta um gildi fríverslunar fyrir einstök vestnorræn lönd og sameiginlega hagsmuni svæðisins og var hún liður í því að stofnað var til aukins samráðs milli utanríkisráðherra Íslands og Grænlands.

2. Almennt um Vestnorræna ráðið.

Þjóðþing Færeyinga, Grænlendinga og Íslendinga stofnuðu Vestnorræna þingmannaráðið í Nuuk á Grænlandi hinn 24. september 1985. Með því var formfest samstarf landanna þriggja, sem oft ganga undir nafninu Vestur-Norðurlönd (Vestnorden). Á aðalfundi ráðsins árið 1997 var nafninu breytt í Vestnorræna ráðið þegar samþykktur var nýr stofnsamningur í þjóðþingum aðildarlandanna. Við þær breytingar voru einnig samþykktar nýjar vinnureglur og markmið samstarfsins skerpt.

Markmið ráðsins eru að starfa að hagsmunum Vestur-Norðurlanda, gæta auðlinda og menningar Norður-Atlantshafssvæðisins, fylgja eftir samvinnu ríkisstjórna og landstjórna landanna og vera þingræðislegur tengiliður milli vestnorrænna samstarfsaðila. Vestnorræna ráðið hefur ályktað um ýmis mál, þar á meðal umhverfis-, auðlinda- og samgöngumál, aukið menningarsamstarf og íþrótta- og æskulýðsmál, svo að fátt eitt sé nefnt.

Í Vestnorræna ráðinu sitja átján þingmenn, sex frá hverju aðildarríki. Vestnorræna ráðið kemur saman til ársfundar sem fer með æðsta ákvörðunarvald ráðsins. Þriggja manna forsætisnefnd, skipuð þingmanni frá hverju aðildarríki, stýrir starfi ráðsins á milli ársfunda. Ráðið heldur árlega þemaráðstefnu þar sem sérstakt málefni er tekið fyrir og getur auk þess skipað vinnunefndir um tiltekin mál. Í starfi sínu í Vestnorræna ráðinu leitast þingmenn við að ná fram markmiðum sínum með ályktunum og tilmælum til ríkisstjórna og landstjórna, virkri þátttöku í norrænu samstarfi, samvinnu við norðurheimskautsstofnanir og skipulagningu á ráðstefnum og fundum.

3. Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins.

Í upphafi árs 2007 skipuðu Íslandsdeildina eftirtaldir þingmenn: Halldór Blöndal, formaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Hjálmar Árnason, varaformaður, þingflokki Framsóknarflokks, Guðrún Ögmundsdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, Sigurjón Þórðarson, þingflokki Frjálslynda flokksins, Anna Kristín Gunnarsdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, og Sigurrós Þorgrímsdóttir, þingflokki Sjálfstæðisflokks. Varamenn voru Pétur H. Blöndal, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Helgi Hjörvar, þingflokki Samfylkingarinnar, Þórunn Sveinbjarnardóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, Magnús Stefánsson, þingflokki Framsóknarflokks, Magnús Þór Hafsteinsson, þingflokki Frjálslynda flokksins, og Arnbjörg Sveinsdóttir, þingflokki Sjálfstæðisflokks.

Eftir kosningar til Alþingis 12. maí og kosningu í alþjóðanefndir 31. maí skipuðu eftirtaldir þingmenn Íslandsdeild, sem aðalmenn: Karl V. Matthíasson, þingflokki Samfylkingarinnar, Árni Johnsen, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Guðni Ágústsson, þingflokki Framsóknarflokks, Guðjón A. Kristjánsson, þingflokki Frjálslynda flokksins, Guðbjartur Hannesson, þingflokki Samfylkingarinnar, og Jón Gunnarsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks. Varamenn eru Ásta R. Jóhannesdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, Herdís Þórðardóttir, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Bjarni Harðarson, þingflokki Framsóknarflokks, Jón Magnússon, þingflokki Frjálslynda flokksins, Katrín Júlíusdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, og Kristján Þór Júlíusson, þingflokki Sjálfstæðisflokks. Í upphafi fundar Íslandsdeildar 4. júní var Karl

V. Matthíasson kosinn formaður og Árni Johnsen varaformaður. Í upphafi árs gegndi Arna Gerður Bang starfi ritara Íslandsdeildar en Magnea Marinósdóttir tók við af henni í apríl.

Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins hélt þrjá fundi á árinu. Á fyrri hluta árs bar hæst undirbúningur fyrir þemaráðstefnu um fríverslun og Vestur-Norðurlönd. Fyrir ársfundinn í ágúst lagði Íslandsdeildin fram fjórar ályktunartillögur, sem allar voru samþykktar á fundinum. Á sama tíma tók Ísland við formennsku Vestnorræna ráðsins af Grænlandi.

4. Fundir Vestnorræna ráðsins 2007.

Vestnorræna ráðið hélt að venju þemaráðstefnu í júní og ársfund í ágúst. Auk þess voru haldnir fjórir forsætisnefndarfundir á árinu. Halldór Blöndal, formaður Íslandsdeildar, sat fyrir hönd Íslandsdeildar forsætisnefndarfundi Vestnorræna ráðsins í Kaupmannahöfn 27. febrúar. Karl V. Matthíasson sat forsætisnefndarfundina sem haldnir voru eftir það þann 14. júní samhliða þemaráðstefnu ráðsins um fríverslun, 28. ágúst samhliða ársfundi ráðsins í Nuuk og 29. október samhliða þátttöku forsætisnefndar á Norðurlandaráðsþingi í Osló.

Fundi forsætisnefndar sátu formenn allra landsdeilda að fundinum 29. október undanskildum sem Jonathan Motzfeldt gat ekki sótt vegna veikinda. Auk þess sátu á fundunum ritarar landsdeildanna og framkvæmdastjóri Vestnorræna ráðsins, Þórður Þórarinsson.

Forsætisnefndarfundur 27. febrúar í Kaupmannahöfn.

Fyrsti fundur forsætisnefndar undir forsæti Jonathan Motzfeldt var haldinn í Kaupmannahöfn 27. febrúar. Fyrsta mál á dagskrá voru vestnorrænar áherslur í norrænu samstarfi. Framkvæmdastjórinn, Þórður Þórarinsson, gerði grein fyrir skýrslu sem Norræna ráðherranefndin gaf út árið 2003 þar sem áskoranir, sem Vestur-Norðurlöndin standa frammi fyrir, eru skilgreindar. Í kjölfarið var hugmyndin að samstarfsráðherrar Vestur-Norðurlandanna legðu fram verkefnaáætlun árið 2007 sem svar við þeim áskorunum. Að sögn framkvæmdastjórans hafði það ekki gengið eftir en vonir væru bundnar við samstarfssamning Vestnorræna ráðsins og Norðurlandaráðs frá árinu 2006 til að koma hreyfingu á málið. Formaður Vestnorræna ráðsins, Jonathan Motzfeldt, lagði það til að stofnaður yrði vinnuhópur innan ráðsins sem skoðaði umrædda skýrslu og skilgreindi helstu áskoranir sem Vestur-Norðurlöndin stæðu frammi fyrir og hvernig Norræna ráðherranefndin gæti komið að úrlausn mála í samstarfi við ráðið. Fundurinn samþykkti að veita framkvæmdastjóranum heimild til að undirbúa stofnun slíks vinnuhóps í samvinnu við landsdeildarritara ráðsins. Formaður Íslandsdeildar gerði það að tillögu sinni að Guðrún Ögmundsdóttir tæki sæti í vinnuhópnum fyrir hönd Íslands.

Næst á dagskrá var 10 ára afmælisfundur Vestnorræna ráðsins sem haldinn var í Nuuk á Grænlandi 20.–24. ágúst. Formaður tilkynnti að gefin hefðu verið út frímerki í tilefni afmælisins á öllum Vestur-Norðurlöndunum. Jafnframt var kynnt hugmynd um stofnun afmælissjóðs í samræmi við ályktun ráðsins nr. 4/2006. Markmið sjóðsins yrði að efla ungmennasamskipti á Vestur-Norðurlöndum með reglulegum heimsóknum skólabarna. Sjóðnum mundi svipa til NordPlus Junior-sjóðsins sem rekinn er á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar. Sá sjóður sé opinn ungmennum frá Vestur-Norðurlöndunum en umsækjendur frá Færeyjum, Grænlandi og Íslandi óski oftast eftir að fara til hinna stóru Norðurlanda en sjaldnast til Vestur-Norðurlanda. Drög að fjárhagsáætlun sjóðsins gerðu ráð fyrir að veita þyrfti 240 þúsund dönskum krónum til hans árlega. Komu fram efasemdir um að það mundi nægja og var lagt til að gerð yrði ítarleg fjárhagsáætlun fyrir næsta forsætisnefndarfund. Jafnframt var samþykkt að óska eftir því við aðildarlöndin að hlutur Íslands í framlagi til sjóðsins yrði 50% en hlutur Færeyja og Grænlands 25% hvor. Formaðurinn lagði það til að

drög að reglum fyrir sjóðinn og fjárlög yrðu unnin fyrir næsta forsætisnefndarfund. Tillaga formanns var samþykkt.

Framkvæmdastjórinn greindi frá því að beiðni Vestnorræna ráðsins til Norrænu ráðherranefndarinnar um að hluti upplýsingaefnis á vef ráðherranefndarinnar yrði á færeysku og grænlensku hefði verið vel tekið og væru þýðingar þegar hafnar. Eftir að búið var að yfirfara stöðu ályktana Vestnorræna ráðsins frá árinu 2006 í meðförum þinga Vestur-Norðurlandanna var tillaga framkvæmdastjóra um að bjóða fulltrúum frá öllum skrifstofum samstarfsráðherra Vestur-Norðurlanda (NSK) til ársfundar samþykkt. Markmiðið er að tryggja betur upplýsingaflæði milli þeirra og Vestnorræna ráðsins.

Að lokum var rætt hvernig Hoyvíkur-samningurinn hefði styrkt samband Íslands og Færeyja og formaður ráðsins spurði formann Íslandsdeildar hvort utanríkismálanefnd Alþingis hefði ekki hug á því að koma í heimsókn til Grænlands. Svaraði formaður Íslandsdeildar því til að verið væri að skoða málið.

Þemaráðstefna um fríverslun og Vestur-Norðurlönd 14.–17. júní á Húsavík.

Vestnorræna ráðið hélt árlega þemaráðstefnu sína á Húsavík dagana 14.–17. júní 2007. Vestur-Norðurlönd og fríverslun, fríverslunarsamningur Íslands og Færeyja og möguleg aðild Grænlands að þeim samningi var þema ráðstefnunnar.

Ráðstefnuna sóttu þingmenn landsdeilda Vestnorræna ráðsins auk ráðherra og fyrirlesara, alls um 40 manns. Fyrir hönd Íslandsdeildar sóttu fundinn Karl V. Matthíasson formaður, Árni Johnsen varaformaður, Bjarni Harðarson, varamaður Guðna Ágústssonar, Guðbjartur Hannesson, Jón Gunnarsson og Guðjón A. Kristjánsson.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra, Magni Laksafoss, fjármálaráðherra Færeyja og Aleqa Hammond, ráðherra utanríkismála á Grænlandi, ávörpuðu fundinn.

Fyrirlesarar á fundinum voru dr. Gunnar Haraldsson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, sem fjallaði almennt um alþjóðavæðingu; Herluf Sigvaldsson, forstöðumaður utanríkismáladeildar forsætisráðuneytis Færeyja, sem fjallaði um forsendur og reynsluna af fríverslunarsamningi Íslands og Færeyja; Magnús Árni Magnússon, fyrrum aðstoðarrektor Viðskiptaháskólans á Bifröst, sem gerði grein fyrir tilurð og stofnanagerð ESB; Tore Myhre, forstöðumaður framkvæmdaskrifstofu EFTA í Genf, sem fjallaði um tilurð, stofnanagerð og núverandi hlutverk EFTA; Kristján Andri Stefánsson, sendiherra og fulltrúi Íslands í stjórn Eftirlitsstofnunar EFTA, sem gerði grein fyrir samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, skyldum EFTA-landanna og hlutverki eftirlitsstofnunar EFTA; Mads Helleberg Dorff Christiansen, fulltrúi utanríkismálaskrifstofu Grænlands, sem fjallaði um Grænland og Alþjóðaviðskiptastofnunina; María Erla Marelsdóttir, sendiráðunautur á viðskiptaskrifstofu utanríkisráðuneytisins, sem f.h. Berglindar Ásgeirsdóttur sendiherra gerði grein fyrir fríverslunarsamningum og tvíhliða samningum; og Hermann Oskarsson, forstöðumaður Hagstofu Færeyja, sem ræddi kosti og galla fríverslunar.

Karl V. Matthíasson, formaður Íslandsdeildar, setti fundinn. Í setningarávarpi sínu benti hann á mikilvægi vestnorrænnar samvinnu í ljósi sameiginlegra hagsmuna, sögu og menningar auk áskorana sem Vestur-Norðurlöndin eiga við að glíma. Tók hann vestnorræna fríverslun og áhrif loftslagsbreytinga sem dæmi um sameiginleg hagsmunamál og áskoranir. Karl lýsti yfir ánægju með framtak Jonathans Motzfeldts, formanns Vestnorræna ráðsins, sem í heimsókn sinni til Evrópuþingsins gerði það að tillögu sinni að innan Evrópusambandsins yrði sett á stofn sérstök upplýsingaskrifstofa um norðurskautsmál. Karl lofaði að fylgja því frumkvæði eftir í formennskutíð sinni en Ísland tók við formennsku Vestnorræna ráðsins

af Grænlandi á ársfundi ráðsins í ágúst. Að lokum lagði Karl áherslu á samvinnu og samráð Vestur-Norðurlanda og annarra Norður-Atlantshafsþjóða um öryggis- og björgunarmál á hafi úti sem framtíðarverkefni.

Erindi framsögumanna tóku við af ávarpi formanns. Þar kom fram greinargott yfirlit yfir fríverslun og þær fjölþjóðlegu stofnanir sem að þeim standa. Niðurstaða framsögumanna var sú að fríverslun væri til hagsbóta fyrir viðkomandi ríki og að vestnorrænt fríverslunarsvæði stuðlaði til að mynda að aukinni hagkvæmni í sjávarútvegi eða eins og forstöðumaður Hagstofu Færeyja komst að orði með vísan til þess að 95% af útflutningi Færeyja eru sjávarafurðir: „Það er ekki fiskurinn sem skapar ríkidæmi heldur verslun með fisk.“ Þingmaðurinn Høgni Hoydal gerði það að tillögu sinni að Vestur-Norðurlöndin mundu stofna sambærileg hagsmunasamtök sjávarútvegs á við þau sem OPEC-ríkin eiga um olíu.

Í máli Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur utanríkisráðherra kom fram að Færeyjar væru eitt helsta viðskiptaland Íslands. Auk þess hefði samstarf milli fyrirtækja á vestnorrænu löndunum færst í vöxt. Nefndi hún sem dæmi í því sambandi samstarf Eimskips og Royal Arctic Line um sjóflutninga til og frá Grænlandi og innflutning hreindýrakjöts frá Grænlandi til Húsavíkur. Hvað snerti hugsanlega aðild Grænlands að fríverslunarsamningi Íslands og Færeyja benti utanríkisráðherra á að samkomulag um verslun og viðskipti milli Íslands og Grænlands væri í gildi samkvæmt samkomulagi sem gert var milli Íslands og Danmerkur árið 1985. Árið 1993 hefðu Ísland og Færeyjar gert með sér fríverslunarsamning um ákveðna vöruflokka. Það samkomulag hefði verið útvíkkað með Hoyvíkur-samningnum sem gekk í gildi árið 2006. Um væri að ræða víðtækasta fríverslunarsamning sem Ísland hefur gert þar sem hann tekur til gagnkvæmra réttinda á sviði vöru- og þjónustuviðskipta, fjármagnsflæðis og vinnuafls.

Í máli Alequ Hammond, ráðherra utanríkismála Grænlands, kom fram að hagsmunahópar þeirra, sem m.a. reka fyrirtæki í landinu og sem mörg hver eru í ríkiseigu að hluta eða öllu leyti, teldu að efnahagslíf á Grænlandi væri ekki reiðubúið fyrir aðild að fríverslunarsamningnum að svo stöddu. Kom fram í máli ráðherrans að viss ótta gætti um að fyrirtæki á Grænlandi mundu verða tekin yfir af hinum vestnorrænu löndunum, ekki síst Íslendingum. Það gæti leitt til annars konar nýlenduhlutskiptis Grænlands sem nokkurs konar nýlendu vestnorrænna viðskiptamanna.

Í pallborðsumræðum sem Guðbjartur Hannesson stjórnaði var m.a. bent á að ótti við erlenda yfirtöku í kjölfar aðildar að fríverslunarsamningum væri vel þekktur en í flestum tilvikum ástæðulaus. Fyrirtæki yrðu ekki keypt upp af erlendum aðilum nema ef um arðsaman rekstur eða vænlegan fjárfestingarkost væri að ræða. Magni Laksafoss, fjármálaráðherra Færeyja, lagði áherslu á að Vestur-Norðurlöndin væru ekki eins. Hins vegar væri markmið þeirra allra eitt og hið sama: Að skapa hagvöxt og þar með bæta lífskjör, ekki síst menntun. Lykillinn að því væri að auka samkeppni og einkavæðingu og fjölga fríverslunarsamningum þar sem slíkt opnaði fyrir beina erlenda fjárfestingu sem skilaði sér í uppbyggingu á sviði iðnaðar og auknum vöru- og þjónustuviðskiptum. Slík þróun fæli ekki endilega í sér yfirtöku heldur viðbót við það sem fyrir væri. Hvatti fjármálaráðherrann Grænlendinga til að gerast aðilar að fríverslunarsamningnum sem allra fyrst. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir tók undir orð fjármálaráðherrans þar sem aðild mundi að öllum líkindum styrkja efnahagslífið þar í landi og gera Grænland óháðara Danmörku, samhliða auknum viðskipta- og atvinnutækifærum sem yrði ávinningur fyrir neytendur. Ósk um aðild væri hins vegar undir Grænlendingum sjálfum komið. Í kjölfar umræðunnar óskaði Alequ Hammond eftir því að sá möguleiki yrði kannaður hvort Grænland gæti tekið upp hluta af fríverslunarsamningnum en

verið undanþegið öðrum, a.m.k. til að byrja með, og þannig aðlagað sig að breyttum aðstæðum. Hvatti hún stjórnvöld í öðrum vestnorrænum löndum til að íhuga þann möguleika.

Spurt var út í áhuga Norðmanna á að gerast aðili að fríverslunarsamningi Íslands og Færeyja en gert er ráð fyrir því í samningnum að nágrannaríki Vestur-Norðurlandanna geti gerst aðilar að honum. Herluf Sigvaldsson, forstöðumaður utanríkismáladeildar forsætisráðuneytis Færeyja, svaraði því til að það væri ákvörðun viðkomandi nágrannaríkis og að hvorki hefði verið óskað eftir því við Norðmenn né af Norðmönnum sjálfum að þeir gerðust aðilar að samningnum.

Nokkrir þingmenn vildu fá svar við þeirri spurningu hvort Færeyjar og Grænland gætu fengið aðild að EFTA en það er á dagskrá stjórnmálanna í Færeyjum þrátt fyrir að aðild að Evrópska efnahagssvæðinu sé það ekki. Ástæðan er sá ávinningur sem í því gæti falist fyrir Færeyjar, þar með talið aðild að þeim 51 fríverslunarsamningi sem EFTA hefur gert við þriðja land. Enginn fundarmanna gat veitt óyggjandi svar við spurningunni en Tore Myhre, forstöðumaður framkvæmdaskrifstofu EFTA, benti á að engin formleg umsókn hefði borist frá Færeyjum. Hugsanleg aðild Færeyja að EFTA hefði því ekki verið tekin fyrir með formlegum hætti á ráðherrafundi en hins vegar hefði málið verið rætt óformlega meðal æðstu embættismanna EFTA. Eitt skilyrðanna fyrir aðild væri að viðkomandi umsóknarland væri sjálfstætt ríki, sem Færeyjar og Grænland eru ekki. Það væri hins vegar ekki loku fyrir það skotið að finna lausn fram hjá þeim formlega vanda ef óskað yrði eftir því enda EFTA frekar sveigjanleg stofnun.

Forsætisnefndarfundur 14. júní á Húsavík.

Annar forsætisnefndarfundur ársins var haldinn 14. júní samhliða þemaráðstefnu um Vestur-Norðurlöndin og fríverslun. Í upphafi fundar bauð Jonathan Motzfeldt, formaður Vestnorræna ráðsins, Karl V. Matthíasson, nýkjörinn formann Íslandsdeildar, velkominn. Framkvæmdastjóri kynnti tillögu formanns Vestnorræna ráðsins að ályktun ársfundar ráðsins þar sem skorað yrði á Evrópuþingið og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins að opna upplýsingaskrifstofu um málefni norðurslóða í Brussel.

Framkvæmdastjóri Vestnorræna ráðsins, Þórður Þórarinsson, kynnti því næst drög að reglum um afmælissjóð ráðsins. Henrik Old sagði að vaknað hefðu upp spurningar í þinginu um hvort Vestnorræna ráðið hefði umboð til að stofna sjóð sem kallaði á fjárheimild frá þinginu og jafnframt hver mundi bera ábyrð á sjóðnum. Framkvæmdastjórinn svaraði því til að fyrirmyndin væri sótt til Barna- og unglingabókaverðlauna Vestnorræna ráðsins þar sem fjárframlög til Vestnorræna ráðsins voru hækkuð og eyrnamerkt verðlaunasjóðnum sérstaklega. Vestnorræna ráðið mundi bera ábyrgð á sjóðnum eins og í tilviki Barna- og unglingabókaverðlaunanna. Að tillögu Henriks Olds var samþykkt að framkvæmdastjórinn mundi eiga samráð við nefndasvið Alþingis við að fullvinna reglurnar. Fundurinn ákvað að fresta umræðu um þá hugmynd að stofna til heiðursverðlauna fyrir vestnorræna eldhuga eða einstaklinga sem unnið hafa ötullega að vestnorrænum málefnum og samþykkti því næst endurskoðaða ársreikninga ráðsins. Framkvæmdastjórinn gerði grein fyrir tekjuafgangi upp á tæpa tvær milljónir íslenskra króna sem yrði nýtt á árinu, meðal annars fyrir 10 ára afmælisfund ráðsins á Grænlandi. Samhliða fór forsætisnefndin yfir drög að dagskrá ársfundar og gaf framkvæmdastjóranum og formanni umboð til að gera endanlega dagskrá. Ákveðið var að bíða með umræðu um þema næstu þemaráðstefnu þangað til á ársfundi.

Forsætisnefndarfundur 20. ágúst í Nuuk.

Forsætisnefnd hélt fund 20. ágúst samhliða ársfundi ráðsins í Nuuk á Grænlandi, sem haldinn var 20.–24. ágúst. Framkvæmdastjóri Vestnorræna ráðsins, Þórður Þórarinsson, kynnti ályktunartillögur og tilmæli sem lágu fyrir fundinum. Nýr formaður Vestnorræna ráðsins, Karl V. Matthíasson, lagði áherslu á ályktunartillögu frá Íslandsdeildinni um aukið samstarf um björgunarmál á Norður-Atlantshafssvæðinu. Kom fram í máli hans að mikilvægt væri að ræða um björgunarmál í ljósi aukinnar auðlindanýtingar eins og í tilviki hugsanlegra olíuauðlinda undan austurströnd Grænlands auk síaukinnar kaup- og farþegaskipaumferðar á hafsvæðinu. Að mati Henriks Olds kalla siglingar á Norður-Atlantshafi á gerð reglna um ákveðna skipstjórnarþekkingu og skipagerð og var fundurinn sammála um að ekki væri nægileg björgunargeta til staðar eins og ef skemmtiferðaskip með þúsundir farþega um borð mundi lenda í sjávarháska.

Í umræðu um aðrar ályktunartillögur sem lágu fyrir ársfundinum benti Henrik Old á að ekki væri eining innan raða færeysku landsdeildarinnar um tillögu sem varaformaður Íslandsdeildar, Árni Johnsen, lagði fram um að gera endurbætur á Kirkjubæ í Færeyjum. Málið væri mjög pólitískt viðkvæmt í Færeyjum þar sem Kirkjubær væri nokkurs konar táknrænn höfuðstaður lýðveldssinna sem andstætt sambandssinnum óska eftir því að slíta ríkjasambandinu við Danmörku.

Formaðurinn greindi frá því að nefndasvið Alþingis hefði fengið drög að reglum fyrir afmælissjóð ráðsins til umsagnar. Að lokum fór framkvæmdastjórinn í gegnum dagskrá ársfundarins og tillögu um fjárhagsáætlun fyrir árið 2008 og fundaáætlun fyrir árin 2007–2008.

Því næst voru tekin til afgreiðslu tvö erindi. Í fyrsta lagi erindi Halldórs Pálssonar, eiganda bókaforlagsins Prentleikni, sem gefið hefur út bók um hvert og eitt vestnorrænu landanna í máli og myndum. Bókaútgefandinn hafði farið þess á leit við mennta- og menningarmálaráðherra Vestur-Norðurlandanna að bækurnar um hvert land yrðu þýddar og gefnar út sem námsefni um vestnorræna sögu, menningu og tungumál og fór þess á leit við Vestnorræna ráðið að það lýsti yfir stuðningi við framtakið. Framkvæmdastjórinn benti á að útgáfa á bókunum mundi fela í sér framkvæmd á ályktun ráðsins nr. 5/2006. Fundurinn ákvað að lýsa formlega yfir stuðningi við bókaútgáfuna í bréfi til mennta- og menningarmálaráðherra Vestur-Norðurlandanna. Í öðru lagi var tekið til afgreiðslu erindi frá norrænum leiklistarsamtökum um stuðning við uppsetningu vefsvæðis til að koma norrænum leikurum og leikhúsum betur á framfæri. Fundurinn ákvað að lýsa yfir stuðningi við framtakið og fól framkvæmdastjóra og formanni að undirbúa og undirrita bréf þess efnis. Að lokum var ákveðið að ársfundur Vestnorræna ráðsins árið 2008 færi fram dagana 25.–28. ágúst.

Ársfundur 20.–24. ágúst í Nuuk.

Ársfundur og 10 ára afmælisfundur Vestnorræna ráðsins var haldinn 20.–24. ágúst 2007 í Nuuk, höfuðstað Grænlands. Fundinn sóttu fyrir hönd Íslandsdeildar Karl V. Matthíasson formaður, Árni Johnsen varaformaður, Guðbjartur Hannesson, Guðjón A. Kristjánsson, Valgerður Sverrisdóttir, sem kom í stað Guðna Ágústssonar, og Magnea Marinósdóttir, ritari Íslandsdeildar.

Gestir fundarins voru meðal annarra Aleqa Hammond, samstarfsráðherra Grænlands, Berit Brøby, varaforseti Norðurlandaráðs, Daniel Thorleifsson, ritstjóri bókar um sameiginlega sögu vestnorrænu landanna, Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, ritstjóri greinasafns um velferð á Vestur-Norðurlöndum, Sverrir Hansen, forstöðumaður Vestnorræna sjóðsins (Vestnordenfonden), og Lars Thostrup, forstöðumaður Norrænu Atlantsnefndarinnar (NORA).

Jonathan Motzfeldt, fráfarandi formaður ráðsins, setti fundinn en því næst tók Karl V. Matthíasson við sem formaður Vestnorræna ráðsins og fundarstjóri. Formenn landsdeilda Vestnorræna ráðsins gerðu síðan grein fyrir starfsemi sinna deilda. Karl V. Matthíasson sagði frá breytingum á Íslandsdeildinni í kjölfar alþingiskosninganna 12. maí og því helsta í starfi deildarinnar, þ.m.t. þemaráðstefnunni um fríverslun og Vestur-Norðurlönd sem haldin var á Íslandi um miðjan júní. Kom fram í máli hans að áhyggjur Grænlendinga á fundinum af efnahagslegum áhrifum erlendra aðila við hugsanlega aðild að fríverslunarsamningi Íslands og Færeyja (Hoyvíkur-samningnum) væru skiljanlegar. Svipaðra efasemda hefði gætt hérlendis í aðdraganda þess að Ísland gerðist aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES). Raunin hefði hins vegar orðið sú að samningurinn hefði skapað fjölda tækifæra fyrir Íslendinga sjálfa og orðið ein meginforsenda þeirrar hagsældar sem ríkt hefur á Íslandi síðan. Íslandsdeildin styddi því aðild Grænlands að fríverslunarsamningnum til samræmis við ályktun Vestnorræna ráðsins nr. 1/2006. Hins vegar væri það vissulega Grænlendinga sjálfra að ákveða hvort forsendur fyrir aðild landsins að fríverslunarsamningnum væri fyrir hendi og þá hvenær. Tók hann fram að lokum að Íslandsdeildin styddi ákvörðun Grænlands hver sem hún yrði.

Framkvæmdastjóri Vestnorræna ráðsins, Þórður Þórarinsson, fór því næst yfir starfsemi þess á árinu. Heimsókn formanns Vestnorræna ráðsins, Jonathans Motzfeldts, til Evrópuþingsins þar sem hann hvatti til þess að Evrópusambandið setti á laggirnar upplýsingaskrifstofu um norðurslóðamál bar þar hæst sem og undirritun samstarfssamnings Vestnorræna ráðsins og Norðurlandaráðs. Hvoru tveggja var fagnað sem miklum áfanga í því að skerpa á vestnorrænum áherslum innan evrópsks og norræns samstarfs. Samþykkti ársfundurinn tilmæli til Evrópuþingsins annars vegar og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins hins vegar þar sem frumkvæði Jonathans Motzfeldts er fylgt eftir með formlegum hætti. Fundurinn samþykkti einnig að beina tveimur ályktunum Vestnorræna ráðsins til Norðurlandaráðs á grundvelli hins nýja samstarfssamnings en samstarfssamningurinn er talinn styrkja stöðu vestnorrænu landanna í norrænu samhengi þar sem hann auðveldar þeim að koma forgangsmálum sínum á dagskrá með formlegum hætti.

Ályktunartillögur sem Íslandsdeildin lagði fram fjölluðu um aukið samstarf á sviði öryggis- og björgunarmála milli þjóða við Norður-Atlantshaf; stuðning við aukið samstarf slysavarnafélaga og björgunarsveita á sjó og landi í löndunum þremur; aukna samvinnu um rannsóknir á helstu nytjastofnum innan lögsögu landanna, einkum þeirra sem eru sameiginlegir, og samræmingu rannsóknaraðferða til að auðvelda raunhæfan samanburð milli landanna auk rannsókna á samspili milli stofnstærða annars vegar og umhverfisþátta, afráns og veiða hins vegar; og gerð skyldunámsefnis um ólík kjör og hlutskipti kvenna á norðurslóðum og mannréttindi fyrir nemendur á unglingastigi sem hefði það að markmiði að auka umræðu um jafnréttismál og skilning á því að kvenréttindi eru mannréttindi óháð menningu.

Færeyska landsdeildin lagði fram tillögu um að Norræna ráðherranefndin styddi stofnun norrænna lýðháskóla á Vestur-Norðurlöndunum sem yrðu opnir nemendum frá öllum Norðurlöndunum og Árni Johnsen lagði fram tillögu með fulltingi Jonathans Motzfeldts um endurbætur á Kirkjubæ í Færeyjum. Allar tillögurnar voru samþykktar einróma að undanskildri þeirri síðastnefndu. Færeyska landsdeildin klofnaði í afstöðu sinni til þeirrar tillögu. Lögð var fram breytingartillaga um að forsætisnefndin mundi skipa undirbúningshóp til að kanna forsendur verkefnisins. Var sú tillaga samþykkt með tveimur mótatkvæðum. Ástæða óeiningar í röðum færeysku sendinefndarinnar var að Kirkjubær er pólitískt viðkvæmt mál

ekki síst þar sem bærinn hefur táknrænt gildi jafnt fyrir lýðveldis- og sambandssinna í landinu.

Ályktanirnar sem fundurinn ákvað að beina til Norðurlandaráðs á grundvelli hins nýja samstarfssamnings voru um aukna samvinnu þjóða á sviði öryggis- og björgunarmála í Norður-Atlantshafi og um stofnun norrænna lýðháskóla í vestnorrænu löndunum.

Samhliða samþykkt nýrra ályktana voru 11 af alls 14 eldri ályktunum afskrifaðar. Fundurinn samþykkti einnig þau nýmæli, að tillögu forsætisnefndar, að skipa endurskoðunarnefnd sem í ætti sæti einn fulltrúi frá hverri landsnefnd. Hlutverk nefndarinnar yrði að gera greinargerð þar sem kæmi fram ástæða þess að afskrifa ályktun auk þess sem nefndinni var falið að gera tillögu að einni til tveimur nýjum ályktunum á grundvelli afskrifaðra ályktana ef tilefni væri til. Samþykkt var að forsætisnefnd skipaði endurskoðunarnefndina og að hún mundi hittast einu sinni á milli ársfunda. Að tillögu forsætisnefndar samþykkti fundurinn einnig að fela framkvæmdastjóra ráðsins að óska eftir því við aðildarþing Vestnorræna ráðsins að þau stofni og leggi til fé í afmælissjóð Vestnorræna ráðsins en markmið hans á að vera að auka samskipti milli grunnskólabarna á Vestur-Norðurlöndum á grundvelli gagnkvæmra heimsókna. Fundurinn vísaði í reglur Barna- og unglingabókaverðlauna Vestnorræna ráðsins sem fyrirmynd að reglum sjóðsins.

Sagnfræðingar í vestnorrænu löndunum Danmörku og Noregi hafa unnið að ritun sögu Vestur-Norðurlanda í samræmi við ályktun ráðsins nr. 1/2000. Á ársfundinum gerði Daniel Thorleifsson, ritstjóri verksins, grein fyrir framvindu þess en alls hafa komið út þrjú greinasöfn og fimm ráðstefnur verið haldnar síðan verkið fór af stað árið 2003 með stuðningi ríkisstjórna vestnorrænu landanna. Sagði hann að vinnan gengi vel en nokkuð hægt þar sem verkið væri fjármagnað á grundvelli styrkumsókna en ekki fastra framlaga. Það ylli töfum en stefnt væri að því að útgáfan verði tilbúin eigi síðar en árið 2010. Að lokum greindi hann frá áhuga á stofnun miðstöðvar fyrir sameiginlega sögu og menningu landanna.

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir sagði frá útkomu greinasafns um samanburðarrannsóknir á velferð á Vestur-Norðurlöndum. Kom fram í máli hennar að aðalvandamálið við að fjármagna rannsóknir, sem næðu eingöngu til vestnorrænu landanna, væri að rannsóknarsjóðir gerðu almennt kröfu um hagnýti rannsókna í víðara norrænna samhengi en því væri hins vegar ekki alltaf fyrir að fara í rannsóknum sem næðu til vestnorrænu landanna vegna sérstöðu þeirra.

Í almennum umræðum á fundinum var nokkuð rætt um loftslagsbreytingar og orkumál, m.a. þá hugmynd að stofna loftslagsháskóla á Grænlandi, fyrirhugaða ráðstefnu um norðurslóðagluggann (e. Arctic Window), jarðvarmanýtingu á Íslandi og Grænlandi og stefnu í virkjunar- og vetnismálum á Íslandi þar sem Guðbjartur Hannesson og Valgerður Sverrisdóttir tóku til máls.

Að lokum var ákveðið að næsta þemaráðstefna Vestnorræna ráðsins, sem verður í Færeyjum, yrði um öryggis- og björgunarmál á Norður-Atlantshafssvæðinu dagana 2.–5. júní 2008. Einnig var ákveðið að halda næsta ársfund dagana 25.–29. ágúst í Grundarfirði og samhliða honum þemadag um sögu og menningu Vestur-Norðurlanda.

Forsætisnefndarfundur 29. október í Osló.

Síðasti fundur forsætisnefndar Vestnorræna ráðsins á árinu var haldinn í tengslum við þátttöku forsætisnefndar í Norðurlandaráðsþingi í Osló. Framkvæmdastjóri ráðsins, Þórður Þórarinsson, upplýsti í upphafi fundar að Jonathan Motzfeldt gæti ekki sótt fundinn vegna skyndilegra veikinda og vegna hins skamma fyrirvara var ekki mögulegt að kalla inn vara-

mann fyrir hann. Jonathan hafði engu að síður samþykkt að fundurinn yrði haldinn svo framarlega sem eingöngu yrðu teknar ákvarðanir um þau mál sem fyrir fram var búið að kynna að yrðu á dagskrá fundarins. Að öðrum kosti óskaði hann eftir því að haldinn yrði símafundur svo að hann gæti verið með í ráðum en ekki kom til þess þar sem fundurinn tók eingöngu afstöðu til mála sem voru á dagskrá fundarins.

Fyrsta mál á dagskrá var kynning formanns Vestnorræna ráðsins, Karls V. Matthíassonar, á fundum ráðsins með forsætisnefnd Norðurlandaráðs og ráðherrum Vestur-Norðurlanda á meðan á Norðurlandaráðsþinginu stæði.

Fundurinn ákvað að halda næsta forsætisnefndarfund í upphafi árs 2008, eigi síðar en 10. janúar vegna þingkosninganna sem fram fóru í Færeyjum 19. janúar en þá lét Henrik Old af þingmennsku að eigin ósk.

Í umræðu um ályktanir ráðsins ákvað fundurinn að skipa endurskoðunarnefnd með þátttöku eins nefndarmanns frá hverri landsdeild í samræmi við ákvörðun síðasta ársfundar. Hlutverk nefndarinnar yrði að taka til umfjöllunar þær ályktanir sem afskrifaðar voru á síðasta ársfundi ráðsins og gera tillögu að einni til tveimur nýjum á grundvelli þeirra afskrifuðu ef efni stæðu til. Formaðurinn lagði einnig til að nefndin gerði úttekt á stöðu gildandi ályktana ráðsins í meðförum stjórnvalda og gerði tillögu að því hvernig betur mætti vinna að framgangi þeirra í þeim tilvikum sem það væri nauðsynlegt. Formaðurinn lagði til að Árni Johnsen, varaformaður Íslandsdeildar, yrði í nefndinni fyrir hönd Íslands. Tillaga frá Grænlandi var að skipa Augusta Salling í nefndina. Tillögur frá Færeyjum eiga að koma eftir að úrslit kosninganna 19. janúar 2008 liggja fyrir.

Formaðurinn vék því næst að þátttöku sinni á fundi þingmannaráðstefnu um Norðurskautsmál sem haldinn var 18.–19. október Ottawa í Kanada. Hann sagði að fundurinn hefði m.a. fjallað um björgunarmál, sem þykir mikilvægur málaflokkur á norðurslóðum í ljósi aukinna skipaflutninga og vinnslu náttúruauðlinda eins og olíu. Auk þess var rætt um félagsleg vandamál sem tengdust áfengis- og fíkniefnamisnotkun, sem víðsvegar væri mikið vandamál meðal íbúa norðurskautsins og vísaði í því sambandi í niðurstöður einnar umfangsmestu rannsóknar sem gerð hefur verið á lífsháttum og lífsgæðum fólks á norðurslóðum og stóð yfir um áratugaskeið eða frá 1997–2007 (SLiCA – Survey of Living Conditions in the Arctic).

Að lokum kom formaðurinn með tillögu, sem hlaut jákvæðar undirtektir, um að forsætisnefnd Vestnorræna ráðsins reyndi að hitta forsætisnefnd Norðurlandaráðs oftar en á Norðurlandaráðsþingum, t.d. á sama tíma og hún heldur sinn reglulega fund í Kaupmannahöfn í upphafi hvers árs.

Fundur forsætisnefnda Vestnorræna ráðsins og Norðurlandaráðs 29. október í Osló.

Á fundi forsætisnefnda Vestnorræna ráðsins og Norðurlandaráðs gerði forseti Norðurlandaráðs, Dagfinn Høybråten, grein fyrir niðurstöðu starfshóps þess um stöðu sjálfstjórnarsvæðanna, þ.m.t. Færeyja og Grænlands, innan Norðurlandaráðs og um möguleika á aukinni þátttöku þeirra í starfi ráðsins. Sjálfstjórnarsvæðin eru ekki með fulla aðild að ráðinu heldur takmarkaðan þátttökurétt sem kveðið er á um í Helsinki-samningnum. Í máli forsetans kom fram að ekki hefðu verið lagðar til breytingar á samningnum. Starfshópurinn hefði hins vegar sett fram tillögur að endurbótum í svokölluðu Álandseyjaskjali um hvernig stuðla mætti að aukinni þátttöku þingmanna frá sjálfstjórnarsvæðunum. Kom fram í máli forsetans að forsætisnefnd Norðurlandaráðs styddi tillögur starfshópsins.

Formaður Vestnorræna ráðsins, Karl V. Matthíasson, gerði því næst grein fyrir starfi Vestnorræna ráðsins. Hann sagðist líta björtum augum til aukins samstarfs Vestnorræna ráðsins

og Norðurlandaráðs á grundvelli samstarfssamnings ráðanna frá árinu 2006. Hann gerði grein fyrir starfinu fram undan, sér í lagi þemaráðstefnunni um björgunar- og öryggismál á Norður-Atlantshafi sem haldin verður í Færeyjum dagana 2.–5. júní 2008.

Dagfinn Høybråten sagði að Vestnorræna ráðið hefði haft mikil áhrif á dagskrárgerð og stefnumótun Norðurlandaráðs. Hann vísaði til Jonathans Motzfeldts í þessu sambandi sem átta árum fyrr hefði beint sjónum manna að áhrifum loftslagsbreytinga. Síðan þá hefði orðið mikil vitundarvakning eins og þema Norðurlandaráðsþings að þessu sinni um loftslagsbreytingar bæri vitni um. Það sama væri að eiga sér stað í sambandi við umræðuna um björgunar- og öryggismál á norðurslóðum. Lýsti Høybråten mikilli ánægðu með samstarfssamning ráðanna og sagði að með honum væri orðinn til formlegur vettvangur fyrir samvinnu og nánara samráð. Vísaði hann í því sambandi í ályktun Vestnorræna ráðsins um björgunarmál, sem móttekin hefði verið af Norðurlandaráði og tekin til málsmeðferðar í kerfi þess. Hann greindi einnig frá því að forsætisnefnd Norðurlandaráðs hefði ákveðið að björgunar- og öryggismál yrðu þema á næsta fundi hennar, sem haldinn var 14. desember í Reykjavík.

Fundur forsætisnefndar með ráðherrum Vestur-Norðurlanda dagana 30. október – 1. nóvember í Osló.

Forsætisnefnd átti sérfundi með fagráðherrum Vestur-Norðurlanda og embættismönnum dagana 30. október til 1. nóvember. Fundir voru haldnir með umhverfisráðherrum landanna, sjávarútvegsráðherrum, utanríkisráðherrum, samstarfsráðherrum, og mennta- og menningarmálaráðherrum.

Formaður Vestnorræna ráðsins hóf fundina með því að kynna starfsemi þess og efni ályktana sem samþykktar voru á síðasta ársfundi ráðsins. Almennur stuðningur kom fram hjá fagráðherrunum við starf og ályktanir Vestnorræna ráðsins. Sjávarútvegsráðherra Íslands, Einar K. Guðfinnsson, og Össur Skarphéðinsson samstarfsráðherra tóku vel undir ályktun ráðsins um að auka samstarf á sviði rannsókna á stærð mismunandi fiskstofna, einkum þeirra sem eru sameiginlegir í lögsögum landanna. Íslenski sjávarútvegsráðherrann benti á að stundum væri vísað í þorskstofninn undan ströndum Austur-Grænlands sem Íslandsþorsk sem gæfi mögulegt tilefni til frekari rannsóknarsamvinnu.

Mikill stuðningur kom fram við menntunar- og menningarsamstarf á milli landanna á fundi ráðherra enda ekki síst það sem skapar samkennd og viðheldur tengslum á milli landanna. Embættismaður menningarmálaráðuneytis Færeyja staðfesti að stjórnvöld þar í landi mundu halda áfram að láta fjármagn til samstarfssamnings ríkjanna varðandi menningarmál. Annað sem skipar löndunum saman fyrir utan menningarmál er lega landanna í Norður-Atlantshafi, lífskjör og viðurværi. Í máli utanríkisráðherra Íslands, Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur kom fram að á síðastliðnum þremur árum hafi umræða um hina norðlægu vídd færst mjög í aukana eins og málefnadagskrá fjölþjóðastofnana eins og NATO og ESB bæri vitni um. Samtímis fengi Vestnorræna ráðið aukið vægi og þau málefni sem þar eru sett á oddinn. Alequa Hammond, utanríkisráðherra Grænlands, tók undir orð Ingibjargar. Aukins áhuga á Grænlandi hefði gætt undanfarin ár og til að mynda stæði til að halda ráðstefnu um loftslagsmál á Grænlandi 9.–10. september 2008. Kom fram á fundinum að ráðherrarnir hafa á stefnuskrá sinni að hittast meira og styrkja samvinnu milli Íslands og Grænlands og bauð formaður Vestnorræna ráðsins báðum ráðherrunum á þemaráðstefnu ráðsins árið 2008, um samstarf um björgunarmál á Norður-Atlantshafi, sem haldin verður í Færeyjum.

Fundur formanns forsætisnefndar Vestnorræna ráðsins með formanni og varaformanni sendinefndar Evrópuþingsins gagnvart Sviss, Íslandi og Noregi og aðildarlöndum Evrópska efnahagssvæðisins sem og Norðurlandaráði og þingmannaráðstefnu um norðurskautsmál (SIN-EEA Delegation) 1. nóvember í Osló.

Formaður Vestnorræna ráðsins átti óformlega fundi með formanni sendinefndar Evrópuþingsins á Norðurlandaráðsþinginu frá Búlgaríu, Bilyana Raeva, og varaformanni nefndarinnar, danska Evrópuþingmanninum Jens-Peter Bonde, auk Henriks Olsens sem er embættismaður hjá Evrópuþinginu. Tilefni fundanna var að fylgja eftir frumkvæði Jonathans Motzfeldts og tilmælum Vestnorræna ráðsins til Evrópuþingsins um að bæta upplýsingaflæði til þingmanna um norðurskautsmálefni með því að koma á fót upplýsingaskrifstofu um norðurskautsmálefni innan Evrópuþingsins eða formlegu samstarfi. Formaður og varaformaður sendinefndarinnar tóku vel í tilmælin. Formaðurinn benti á að Evrópuþingið beitti sér fyrir því að hin norðlæga vídd væri samþætt í stefnumótun Evrópusambandsins og að til stæði að halda þingmannafund um norðlægu víddina vorið 2009. Hún greindi einnig frá því að í lok apríl kæmi SIN-EEA sendinefndin til fundar við þingmannanefnd EES á Íslandi. Lagði hún til að stefnt yrði að því að skipuleggja fund þingmanna sendinefndarinnar með Vestnorræna ráðinu á sama tíma til að ræða málið frekar. Því er svo við að bæta að 5. desember sendi Bilyana Raeva bréf til Hans-Gert Pöttering, forseta Evrópuþingsins, þar sem hún mælti með að SIN-EEA nefndin sinni einnig samskiptum við Vestnorræna ráðið þar sem nefndin hafi málefni norðurslóða á sinni könnu.

5. Eftirfarandi ályktanir Vestnorræna ráðsins beint til ríkisstjórna landanna voru samþykktar á ársfundi í Nuuk 20.–25. ágúst 2007.

- Tillaga til þingsályktunar um aukna samvinnu og samráð um öryggis- og björgunarmál milli Vestur-Norðurlandanna og við önnur ríki við Norður-Atlantshaf.
- Tillaga til þingsályktunar um stuðning við aukið samstarf milli slysavarnafélaga og björgunarsveita á sjó og landi í vestnorrænu löndunum.
- Tillaga til þingsályktunar um aukna samvinnu milli vestnorrænu landanna um rannsóknir á helstu nytjastofnum sjávar innan lögsögu þeirra.
- Tillaga til þingsályktunar um gerð skyldunámsefnis fyrir unglinga um ólík kjör og hlutskipti kvenna á norðurslóðum og mannréttindi.
- Tillaga til þingsályktunar um stofnun norrænna lýðháskóla í vestnorrænu löndunum.

Alþingi, 26. febr. 2008.

Karl V. Matthíasson, form.	Árni Johnsen, varaform.	Guðni Ágústsson.
Guðjón A. Kristjánsson.	Guðbjartur Hannesson.	Jón Gunnarsson.

708. Tillaga til þingsályktunar [445. mál]

um aðgerðir til að auðvelda og auka notkun á opnum hugbúnaði og hugbúnaðarstöðlum.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Kolbrún Halldórsdóttir, Steinunn Þóra Árnadóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa þverfaglega nefnd um opinn hugbúnað og hugbúnaðarstaðla. Verkefni nefndarinnar verði að leita leiða til að auka hlut opins hugbúnaðar og hugbúnaðarstaðla í stjórnsýslu og útboðum hins opinbera. Nefndin hafi það að markmiði í störfum sínum að finna leiðir til að draga úr einokun eða fákeppni á hugbúnaðarmarkaði og auka valfrelsi notenda.

Nefndin kanni hvort ríkið og sveitarfélög geti tekið upp samvinnu á þessu sviði, t.d. samnýtt opinn hugbúnað. Einnig hvernig ríkisvaldið getur beitt sér fyrir því að aðrir aðilar, svo sem stofnanir sem ekki eru reknar í ábataskyni en geta haft sameiginlegan hag af því að nýta og þróa opinn hugbúnað, auki samvinnu sína í þessum efnum.

Nefndin skoði möguleika á því að sett verði á fót sérstök miðstöð sem:

a. aðstoði við notkun á opnum hugbúnaði,
b. safni upplýsingum um hvernig opinn hugbúnaður hefur gagnast í stjórnsýslu og rekstri,
c. veiti ráðgjöf við kaup á hugbúnaði, lausnum, rekstri og þjónustu á þessu sviði.

Ríkisstjórnin geri Alþingi grein fyrir framvindu málsins með skýrslu að tveimur árum liðnum.

Greinargerð.

Opinn eða frjáls hugbúnaður, sem hér er einu nafni nefndur opinn hugbúnaður, skilur sig frá hefðbundnum séreignarhugbúnaði fyrst og fremst að því leyti að leyfilegt er að fjölfalda, dreifa og breyta kóðanum í viðkomandi hugbúnaði að vissum skilyrðum uppfylltum. Undanfarin ár hefur farið fram nokkur vinna við stefnumótun hins opinbera hvað varðar opinn hugbúnað. Ber þar hæst nefndartillögu efnahags- og viðskiptanefndar Norðurlandaráðs um opinn hugbúnað og skýrslu sem unnin var af ParX fyrir forsætisráðuneytið „til undirbúnings stefnumótunar stjórnvalda um notkun opins hugbúnaðar“. Brot úr hvoru tveggja fylgir tillögunni. Hér er lagt til að sú vinna verði lögð til grundvallar verkefni um að auðvelda og auka notkun á opnum hugbúnaði og hugbúnaðarstöðlum.

Eins og fram kemur í skýrslunum tveimur einkennist núverandi staða mála af því að einn framleiðandi hefur yfirburðastöðu þegar kemur að stýrikerfum og notendahugbúnaði og aðrir framleiðendur eiga af ýmsum ástæðum erfitt með að komast inn á markaðinn. Má þar nefna að eldri skjöl og skjöl frá öðrum stofnunum eða fyrirtækjum eru á óaðgengilegu sniði, erfitt getur verið að venjast nýjum hugbúnaði, sem og að tölvukennsla fer að öllu jöfnu fram með þeim hugbúnaði sem mestri útbreiðslu hefur náð.

Skýrsluhöfundar ParX telja brýnt að ríkið gerist óháðara gagnvart einstökum birgjum á sviði hugbúnaðarsölu og ryðji í þeim tilgangi úr vegi „hindrunum sem innbyggðar kunna að vera í innkaupaferli og innkaupavenjur sem komið geta í veg fyrir að opinn hugbúnaður sé nægilega vel skoðaður við val á hugbúnaði.“ Í því skyni eru ríkisaðilar hvattir til þess að afla sér og nýta opinn hugbúnað ekki síður en séreignarhugbúnað, allt eftir því hvað henti best hverju sinni. Sams konar áherslur er að finna í tillögu efnahags- og viðskiptanefndar Norðurlandaráðs, þar sem lagt er til „at den offentlige indkøbs- og udbudspolitik vedrørende software tilrettelægges således at der skabes fri konkurrence, uafhængighed og valgfrihed i

relation til produkter og leverandører. Barrierer og indkøbsrutiner der hindrer eller unødigt begrænser den fri konkurrence, skal elimineres“. Sjá: http://www.norden.org/nr/2-6-4-betaenk/betaenk2004/sk/PDF_A-saker/Bet_A1341.pdf.)

Aukin notkun opins hugbúnaðar getur haft ýmsa kosti í för með sér, ekki síst fyrir opinberar stofnanir. Er ekki aðeins um að ræða að nota opinn hugbúnað í sparnaðarskyni heldur getur opinn hugbúnaður í sumum tilvikum verið æskilegri ef uppfæra þarf hugbúnaðinn eða þróa hann áfram til að mæta sérstökum þörfum notenda. Eins og skýrt kemur fram í skýrslu ParX eru þarfir fyrirtækja og stofnana mismunandi og engin ástæða til að ætla að annaðhvort opinn hugbúnaður eða séreignahugbúnaður sé lausnin í öllum tilfellum. Hér er aðeins lagt til að dregið verði úr einokun og fákeppni svo að valfrelsi notenda aukist.

Í skýrslunni er ríkið einnig hvatt til þess að marka sér framtíðarstefnu „um opna staðla og aðgengi að rafrænum upplýsingum og þjónustu“ og leggja þar sérstaka áherslu á „samvirkni og samskiptahæfni við val á hugbúnaði“ í samræmi við hana. Þetta rímar vel við tillögu efnahags- og viðskiptanefndar Norðurlandaráðsins til norrænna ríkisstjórna í febrúar 2004, þar sem mælt er með því „at der udarbejdes nationale IT-strategier, som understøtter brug af åbne standarder i al offentlig elektronisk kommunikation“. Rökin fyrir slíkum stöðlum eru ekki aðeins þau að það stuðli að heilbrigðri samkeppni meðal hugbúnaðarframleiðenda heldur er einnig mikilvægt fyrir opinbera aðila að rafræn samskipti við fyrirtæki, stofnanir og ekki síst almenna borgara hafi ekki óeðlilegan og ónauðsynlegan kostnað í för með sér.

Með tillögunni var fylgiskjal: Samantekt úr skýrslu til undirbúnings stefnumótunar stjórnvalda um notkun opins hugbúnaðar, apríl 2005. Skýrslan var unnin af ParX – viðskiptaráðgjöf IBM. (Birt á vef forsætisráðuneytisins.)

709. Tillaga til þingsályktunar [446. mál]

um Smáríkjastofnun Sameinuðu þjóðanna á Íslandi.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Arnbjörg Sveinsdóttir, Árni Þór Sigurðsson,
Ásta R. Jóhannesdóttir, Bjarni Benediktsson, Ellert B. Schram,
Guðfinna S. Bjarnadóttir, Guðjón A. Kristjánsson, Guðni Ágústsson,
Kolbrún Halldórsdóttir, Kristinn H. Gunnarsson,
Lúðvík Bergvinsson, Magnús Stefánsson.

Alþingi ályktar að fela utanríkisráðherra, í samráði við utanríkismálanefnd Alþingis, að kanna grundvöll þess að Ísland bjóðist til að hafa forustu um að byggja upp og hýsa stofnun um málefni smáríkja á vegum Sameinuðu þjóðanna.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur mátt merkja ákveðna vitundarvakningu um að Ísland eigi í auknum mæli að axla ábyrgð og hafi hlutverki að gegna í alþjóðasamfélaginu. Þessu ber að sjálfsögðu að fagna og það er meira en tímabært að Íslendingar leitist við að leggja sitt af

mörkum í samræmi við aukin efni í stað þess að vera þiggjandi fremur en veitandi í samfélagi þjóðanna. Til marks um þessa viðhorfsbreytingu má nefna að fjárframlög til þróunarsamvinnu eru nú loks tekin að aukast þó að enn þurfi að gera miklu betur í þeim efnum. Virkari þátttaka Íslendinga í margs konar alþjóðasamvinnu, svo ekki sé minnst á framboð til setu í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna, er einnig þróun af sama toga.

Þegar lagðar eru línur um stöðu og hlutverk Íslands í alþjóðasamskiptum er mikilvægt að samþætta sjálfstraust og heilbrigðan metnað fyrir hönd lands og þjóðar án þess að menn ætli sér um of. Ætíð þarf að leggja raunsætt mat á hagsmuni Íslands í samskiptum þess við önnur ríki og ríkjasambönd. Þegar hagsmunir landsins eru gaumgæfðir í samanburði við önnur ríki blasir við að staða þess er dæmigerð fyrir smáríki.

Enginn algildur mælikvarði gildir raunar um hvenær ríki teljast til smáríkja eða til stærri ríkja. Stundum er miðað við að íbúatala smáríkja liggi undir 10 milljónum og teljast þau þá alls vera 116 sem er drjúgur meiri hluti allra sjálfstæðra ríkja. Einnig er rætt um smáríki sem ríki með færri en eina milljón íbúa og nemur fjöldi þeirra þá 44. Ýmsir fræðimenn hafa viljað gera greinarmun á smáríkjum og örríkjum (micro-state) sem hafa mjög fáa íbúa og/eða yfir mjög takmörkuðu landsvæði að ráða. Enda þótt t.d. Möltubúar séu fjórðungi fjölmennari en Íslendingar mundi gjörólíkt flatarmál ríkjanna þannig skipa Möltu á bekk með örríkjum en Íslandi með smáríkjum.

Hvað sem skilgreiningaratriðum líður er ljóst að um Ísland gilda svipuð lögmál og önnur smáríki. Yfirleitt eru þau berskjölduð gagnvart efnahagslegum þvingunum, hvað þá hervaldi, sem stærri ríki, einkum nágrannaríki, geta beitt þau og þurfa á alþjóðastofnunum að halda og skuldbindingum sem þau gangast undir til þess að tryggja öryggi sitt og efnahagslega hagsmuni. Það gefur því auga leið að smáríki hafa mikinn hag af því að gæta sameiginlegra hagsmuna sinna og þurfa að eiga sér viðeigandi vettvang og geta beitt árangursríkum aðferðum til þess.

Ýmsar kenningar hafa verið uppi um almenna stöðu smáríkja í alþjóðasamskiptum. Sameiginleg einkenni smáríkja hafa þó enn sem komið er ekki verið nægilega rannsökuð. Þannig ríkir lítil sátt um hvort ein efnahagsstefna henti smáríkjum almennt séð betur en aðrar, t.d. hvort þau eigi að sérhæfa sig í fáum útflutningsafurðum. Að sama skapi hefur það verið álitamál hversu umsvifamikla utanríkisþjónustu smáríki eigi að reka. Á það hefur verið bent að styrkur smáríkja getur falist í öðru en mætti stórvelda, svo sem í því að vera vel stjórnað, vera öðrum þjóðum góð fyrirmynd í lýðræðislegum stjórnarháttum, umhverfisstefnu og fleiru.

Segja má að aðstæður smáríkja hafi að undanförnu tekið þónokkrum breytingum. Eftir lok kalda stríðsins liðuðust ýmis sambandsríki í sundur og virðist þorri þegna þeirra heldur hafa kosið að lýsa yfir sjálfstæði og stofna smáríki í staðinn, þrátt fyrir þá ókosti sem því getur fylgt. Þannig hefur smáríkjum farið fjölgandi. Að sumu leyti er nú auðveldara fyrir smáríki að standa á eigin fótum en var fyrir einhverjum áratugum síðan. Kemur þar ýmislegt til: Alþjóðastofnanir hafa að mestu leyti staðið ágætlega vörð um rétt og öryggi smáríkja, samgöngur og þar með milliríkjaviðskipti eru orðin auðveldari og smáríkjum er smæðin því minni fjötur um fót.

Nauðsynlegt er að huga vel að þessari margháttuðu þróun. Á undangengnum áratugum hafa sérfræðingar á sviði alþjóðastjórnmála sinnt smáríkjum langtum minna en samskiptum stórvelda. Þó virðast hin fyrrnefndu njóta aukins áhuga stjórnmálafræðinga eins og Rannsóknasetur um smáríki við Háskóla Íslands ber vott um. Með enn meðvitaðri hætti en áður

þyrfti að huga í senn að sameiginlegum hagsmunum smáríkja sem og að auknum rannsóknum á þróun þeirra og tækifærum í breyttum heimi.

Fyrir utan að sinna hagsmunum smáríkja ætti smáríkjastofnun að vera vettvangur til að efla samstarf smáríkja sín á milli. Slíkt samstarf væri ekki aðeins æskilegt vegna þess að smáríki í svipaðri stöðu geta margt lært hvert af öðru, heldur líka vegna þess að í samskiptum smárra ríkja og stærri er hættan alltaf sú að sambandið einkennist af ójafnvægi þar sem hinn stóri nær fram vilja sínum á kostnað þess sem minni er. Samstarf smáríkja mundi á hinn bóginn einkennast af valdajafnvægi sem ekki er alltaf kostur á í öðru alþjóðasamstarfi og betur sameinuð en nú er yrðu smáríkin sterkari í samskiptum út á við.

Eitt af því sem aukið samstarf smáríkja gæti haft í för með sér er sameiginlegar rannsóknir og þekkingarmiðlun á þróun smáríkja víða um heim, ekki síst í efnahagslegu og félagslegu tilliti. Ísland er nú þegar fyrirmynd margra annarra smáríkja. Það eru ekki síst lítil og fátæk eyríki, einkum í Kyrrahafi og Karíbahafi, sem horfa til Íslands eftir ráðgjöf um það hvernig hægt sé að brjótast undan fátækt, gera einhæfan iðnað fjölbreyttari og ná áhrifum á alþjóðavettvangi. Eðli málsins samkvæmt eru mörg lítil eyríki í sömu aðstæðum og við Íslendingar vorum og erum að vissu marki enn; þau nýta fyrst og fremst auðlindir sjávar, og hafa þannig ríkra hagsmuna að gæta í alþjóðlegum hafréttarsamningum, og hafa mun færri valkosti í samgöngumálum og eru mjög háðar flugi um farþegaflutninga og skipasiglingum um þungaflutninga. Ekki þarf að velkjast í vafa um að Íslendingar hefðu margt fram að færa í því samhengi og það væri myndarleg viðbót við það þróunarstarf sem nú þegar fer fram á vegum utanríkisráðuneytisins að bæta við ráðgjöf til lítilla þróunarríkja.

Ekki má gleyma því hlutverki sem Ísland hefur að gegna í samstarfi á norðurslóðum þar sem stofnun Vilhjálms Stefánssonar og Háskólinn á Akureyri eru ásamt stofnunum Heimskautaráðsins, PAME og CAFF, í lykilhlutverki. Nú þegar er starfrækt Rannsóknarþing norðursins sem sinnir rannsóknum er tengjast ýmsum hliðstæðum þáttum og smáríkjastofnun mundi sinna. Má nefna umhverfismál, öryggismál, félagslega stefnumótun og áhrif hnattrænna breytinga á viðkomandi svæðum. Smáríkjastofnun á vegum Sameinuðu þjóðanna væri rökrétt og lofsverð útvíkkun á þessari starfsemi.

Öllum má ljóst vera að í tilviki smáríkja er það viðvarandi og krefjandi verkefni að viðhalda eigin tungumáli og menningu. Engum dylst að á undanförnum árum hefur margbreytileiki tungumála og menningar minnkað vegna yfirgnæfandi áhrifa frá stórum mál- og menningarsamfélögum. Smáríkjastofnun gæti haft það hlutverk m.a. að leita leiða til að varðveita fjölbreytileikann sem fyrirfinnst meðal hinna mörgu smáríkja heims. Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur, alþjóðlegt starf hennar og góður orðstír, leggur nú þegar góðan grunn að þessum þætti.

Það færi vel á því að Ísland, sem lengi vel var smæsta sjálfstæða ríkið sem var fullgildur aðili að Sameinuðu þjóðunum, skipaði sér í fremstu röð og yrði ein af miðstöðvum aukins samstarfs smáríkja. „Smáríkjastofnun Sameinuðu þjóðanna á Íslandi“ gæti t.d. vaxið út úr Rannsóknasetri um smáríki við Háskóla Íslands og orðið sjálfstæð alþjóðastofnun fyrir frumkvæði og með rausnarlegum stuðningi gistilandsins Íslands. Rétt væri að leita samstarfs við sambærilegar stofnanir í öðrum löndum, en af þeim má nefna Rannsóknarstofnunina um eyjar og smáríki (Islands and Small States Institute) við Háskólann á Möltu og Samstarfsnet smárra vanþróaðra eyríkja (Small Island Developing States Network).

Það væri myndarbragur á því ef hér sæti framkvæmdastjóri Smáríkjastofnunar Sameinuðu þjóðanna, sem þess vegna gæti verið einn af aðstoðarframkvæmdastjórum Sameinuðu þjóðanna, og hér færi fram ýmis starfsemi sem tengdist smáríkjum, sjálfsstjórnarsvæðum, minni-

hlutahópum og réttindum þeirra og loks varðveisla tungumála og menningar smáþjóða eða lítilla mál- og menningarsvæða. Þannig gæti Ísland sannarlega lagt sitt af mörkum sem boðberi þeirrar friðsamlegu, lýðræðislegu og lögmætu alþjóðasamvinnu sem smáríki eiga allt undir.

Að lokum er rétt að taka fram að frumkvæði Íslands að slíkri stofnun fengi án nokkurs vafa jákvæð viðbrögð hjá mörgum þjóðum heims, ekki síst þeim fjölmörgu ríkjum sem telja sig til smáríkja. Ætti vinskapur og velvild þessara ríkja að vera markmið í sjálfu sér fremur en til dæmis liður í kosningabaráttunni í tengslum við framboð Íslands til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Hvort sem tillaga af þessu tagi yrði samþykkt eða ekki á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, þá væri flutningur hennar sem slíkur án nokkurs vafa jákvætt innlegg í átt að auknu samstarfi smáríkja innan samtakanna og meiri samstöðu þeirra á meðal.

710. Frumvarp til laga [447. mál]

um friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorkuvopnum og bann við umferð kjarnorkuknúinna farartækja.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Ásta R. Jóhannesdóttir, Ellert B. Schram, Guðjón A. Kristjánsson, Guðni Ágústsson, Huld Aðalbjarnardóttir, Kristinn H. Gunnarsson, Steinunn Þóra Árnadóttir.

1. gr.

Lög þessi gera Ísland að friðlýstu svæði þar sem bannað er að koma fyrir, staðsetja eða geyma, flytja um eða meðhöndla á nokkurn annan hátt kjarnorkuvopn. Umferð kjarnorkuknúinna farartækja er bönnuð á hinu friðlýsta svæði og einnig flutningur eða losun kjarnakleyfra efna og kjarnorkuúrgangs.

2. gr.

Markmið laga þessara er að gera allt íslenskt yfirráðasvæði kjarnorkuvopnalaust, afla hinu friðlýsta svæði alþjóðlegrar viðurkenningar, draga úr hættunni á kjarnorkuóhöppum á Íslandi og í grennd við Ísland og stuðla að afvopnun og friði af Íslands hálfu.

3. gr.

Í lögum þessum merkir „kjarnorkuvopn“ hvers kyns vopn eða sprengju þar sem kjarnorka er leyst úr læðingi við notkun hvort sem það er samsett eða ósamsett að nokkru eða öllu leyti, en tekur ekki til flutningstækja eða útbúnaðar sem koma á sprengjunni eða vopninu í skotmark ef tækið eða búnaðinn má skilja frá sprengjunni eða vopninu.

Í heiti laganna, og annars staðar þar sem annað kemur ekki fram, merkir „Ísland“ íslenskt land, landhelgi, lofthelgi, efnahagslögsögu og landgrunn og allt íslenskt yfirráðasvæði samkvæmt lögum, þjóðarétti og ýtrustu fullveldisréttindum í og á landi, á og yfir hafsbotni, í sjó og ofan sjávar og í lofti.

Hið „friðlýsta svæði“ merkir í lögum þessum allt íslenskt yfirráðasvæði sem lýst er í þessari grein þar sem geymsla, framleiðsla, tilraunir og hvers kyns meðhöndlun eða flutningur kjarnorkuvopna er bannaður, sbr. þó ákvæði 12. gr.

4. gr.

Enginn íslenskur ríkisborgari eða maður sem hefur varanlegt dvalarleyfi á Íslandi, erlendur ríkisborgari sem er í þjónustu íslenska ríkisins eða dvelst innan hins friðlýsta íslenska svæðis má

1. búa til kjarnorkuvopn af neinu tagi, afla sér slíks vopns eða hafa það undir höndum;
2. veita aðstoð, hjálp eða atbeina til þess að nokkur búi til, afli sér eða hafi undir höndum kjarnorkuvopn af neinu tagi.

5. gr.

Bannað er innan hins friðlýsta svæðis að koma fyrir kjarnorkuvopnum af neinu tagi, geyma eða staðsetja þar slík vopn eða meðhöndla þau á nokkurn annan hátt.

6. gr.

Bannað er að flytja kjarnorkuvopn um hið friðlýsta svæði, sbr. þó ákvæði 10. gr.

7. gr.

Allar tilraunir með kjarnorkuvopn eða tilraunir, sem tengjast notkun kjarnorkuvopna, eru óheimilar innan hins friðlýsta svæðis.

8. gr.

Sérhverju því farartæki, sem að einhverju eða öllu leyti er knúið kjarnorku, er bannað að koma inn á hið friðlýsta svæði, sbr. þó ákvæði 10. gr.

9. gr.

Öll umferð farartækja, sem flytja kjarnakleyf efni eða kjarnorkuúrgang, er bönnuð innan hins friðlýsta svæðis, sbr. þó ákvæði 10. gr.

Losun kjarnorkuúrgangs eða annarra geislavirkra efna hvort sem þau teljast hágeislavirk eða lággeislavirk, þar með taldir geislavirkir vökvar, er með öllu óheimil innan hins friðlýsta svæðis.

10. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 6., 8. og fyrri málsgreinar 9. gr. þessara laga er heimilt að veita undanþágu fyrir friðsamlega umferð eða gegnumferð farartækja án óþarfa viðdvalar í eða á sjó eða í lofti á alþjóðlegum leiðum að því marki sem nauðsynlegt er til að fullnægja alþjóðlegum skuldbindingum. Slíkar undanþágur geta þó aldrei tekið til svæðisins innan 12 sjómílna marka og lofthelginnar þar upp af.

11. gr.

Aldrei skal leyfa komu kafbáta, herskipa eða herloftfara inn fyrir 12 sjómílna land- eða lofthelgi eða heimsóknir slíkra farartækja til íslenskra hafna eða flugvalla nema óyggjandi teljist að í því felist ekki brot á friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorkuvopnum samkvæmt lögum þessum. Íslensk yfirvöld skulu í vafatilfellum ætíð leita bestu fáanlegra upplýsinga óháðra aðila, sem völ er á, til að byggja á ákvörðun sína og ríkisstjórn og Alþingi skulu hafa náið samráð sín í milli þegar taka þarf slíkar ákvarðanir.

12. gr.

Íslensk yfirvöld skulu leita með bindandi samningum, grundvölluðum á alþjóðarétti við einstök ríki, samtök ríkja og alþjóðastofnanir, eins víðtækrar alþjóðlegrar viðurkenningar á hinu friðlýsta svæði og kostur er. Skal eftir því leitað að slíkar viðurkenningar feli í sér yfirlýsingar um að hið friðlýsta svæði sé virt og viðurkennt. Einnig skulu yfirvöld leita viðurkenningar á rétti Íslands til að fylgjast með eða láta fylgjast með hinu friðlýsta svæði og til að refsa fyrir eða mótmæla eftir atvikum brotum á friðlýsingu þessari.

13. gr.

Hver sá, sem sekur er fundinn um alvarlegt brot gegn ákvæðum laga þessara, skal sæta fangelsisvist allt að tíu árum.

14. gr.

Framkvæmd laga þessara heyrir undir og er á ábyrgð utanríkisráðherra, en hafa skal hann samráð við Alþingi og utanríkismálanefnd Alþingis um allar meiri háttar ákvarðanir er tengjast framkvæmdinni, sbr. 24. gr. laga nr. 55/1991. Heimilt er utanríkisráðherra að fela samgönguráðherra, umhverfisráðherra eða öðrum ráðherrum, sem aðstæður kunna að mæla með, að fara með einstaka hluta framkvæmdarinnar í samráði við sig.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2009.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er nú flutt á Alþingi í áttunda sinn. Það var síðast flutt á 125. löggjafarþingi, árið 2000, og er nú endurflutt með þeirri breytingu einni að það nær ekki til efnavopna. Sem betur fer hafa Íslendingar nú fullgilt samning um bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna og um eyðingu þeirra sem, eins og nafnið gefur til kynna, felur í sér allar þær skuldbindingar sem friðlýsing landsins fyrir efnavopnum felur í sér.

Þörfin fyrir að Ísland hafi frumkvæði að afvopnun og friðlýsingu fyrir kjarnorkuvopnum hefur því miður fremur aukist en hitt vegna atburða á alþjóðavettvangi. Má þar nefna fregnir um áhuga á þróun kjarnorkuvopna í Íran og Norður-Kóreu og þá staðreynd að kjarnorkuveldin hundsa algerlega þau ákvæði samningsins um bann við frekari útbreiðslu kjarnorkuvopna, NPT-samningsins svonefnda, sem skylda þau til kjarnorkuafvopnunar. En um leið hefur brotthvarf bandaríska hersins og lokun herstöðvarinnar gert að verkum að auðveldara ætti að vera að friðlýsa landið fyrir kjarnorkuvopnum. Það er von flutningsmanna að Alþingi geti nú sameinast um að nýta þetta tækifæri og lögbinda þann yfirlýsta vilja stjórnvalda að Ísland eigi engan þátt í þróun, geymslu eða flutningi kjarnorkuvopna og stuðli þannig að friðvænlegri heimi.

Yfirgnæfandi meiri hluti sveitarfélaga hér á landi hefur lýst því yfir að landsvæði þeirra skuli vera friðlýst fyrir kjarnorkuvopnum. Af 79 sveitarfélögum hafa 74 verið friðlýst fyrir kjarnorkuvopnum, eða 94%, og aðeins tæplega 17.000 manns búa utan friðlýsingar, sem þýðir að 95% Íslendinga eru í friðlýstum sveitarfélögum. Ætla má að þau sveitarfélög sem eftir standa – Reykjanesbær, Vogar, Sandgerði, Skútustaðahreppur og Grímsnes- og Grafningshreppur – hafi enn minni ástæðu til að friðlýsa ekki landsvæði sín nú þegar bandarískt herinn er farinn af landi brott.

Þó er rétt að minna á að yfirlýsingar á sveitarstjórnarstigi hafa auðvitað ekkert lagalegt gildi og almennt veikari stöðu en kjarnorkufriðlýsing landsins alls, lofthelginnar og efnahagslögsögunnar sem með frumvarpinu yrði bundin í lög. En samþykktir þessara sveitarfélaga má líta á sem afgerandi yfirlýsingu frá sveitarfélögum landsins um að friðlýsa beri landið allt og styrkja þannig ákvarðanir sveitarfélaganna. Eftir brottför hersins ætti ekkert að standa í vegi fyrir því að þessi fyrirliggjandi vilji yfirgnæfandi meiri hluta sveitarstjórna verði lögfestur og gildi fyrir landið allt. Því fylgdi svo einnig að afla alþjóðlegrar viðurkenningar annarra ríkja og alþjóðasamtaka, ekki síst kjarnorkuveldanna sjálfra, á því að Ísland sé kjarnorkuvopnalaust svæði.

Nýjustu fréttir af friðlýsingu sveitarfélaga eru þær að Reykjanesbær telur slíkt ekki vera á sínu forræði „þar sem innan bæjarmarkanna er m.a. flugverndarsvæði sem er á forræði utanríkisráðuneytisins“. (Úr bókun bæjarráðs Reykjanesbæjar, 10. janúar 2008.) Reykjanesbær, sem er langstærsta sveitarfélagið af þeim fimm sem ekki eru þegar friðlýst fyrir kjarnorkuvopnum, telur með öðrum orðum að utanríkisráðherra og ríkisstjórnin verði að skera úr um friðlýsingu sveitarfélagsins. Þetta eykur enn á mikilvægi þess að Alþingi taki málið fyrir eins og lagt er til í þessu frumvarpi.

Þróun mála í friðlýsingu annarra landa hefur líka verið friðelskandi fólki mjög í hag undanfarin ár. Í reynd þarf að fara norður fyrir miðbaug til að finna land sem ekki hefur skrifað undir samning um friðlýsingu fyrir kjarnorkuvopnum. Mið- og Suður-Ameríka (Tlatelolco-samningurinn), Suðaustur-Asía (Bangkok-samningurinn), Eyjaálfa og eyjarnar í Suður-Kyrrahafi (Rarotonga-samningurinn) og Suðurskautslandið eru allt svæði sem hafa verið friðlýst fyrir kjarnorkuvopnum. Árið 1996 skrifuðu Afríkuríkin öll undir samning um friðlýsingu álfunnar (Palindaba-samningurinn) og 20 ríki álfunnar hafa staðfest samninginn þótt enn vanti átta staðfestingar upp á að hann taki gildi. Svipað er uppi á teningnum í Mið-Asíu þar sem þau ánægjulegu tíðindi áttu sér stað fyrir tveimur árum að fimm lönd skrifuðu undir slíkan samning og tvö þeirra, Kirgisistan og Úsbekistan, hafa þegar staðfest samninginn. Þá hafa Mongólar tekið það upp á sitt einsdæmi að lýsa yfir friðlýsingu landsins fyrir kjarnorkuvopnum við talsverðan fögnuð annarra ríkja á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Ísland hefur nú tækifæri til að fylgja t.d. þessu ánægjulega fordæmi Mongólíu á alþjóðavettvangi. Slík friðlýsing gæti þar að auki verið fyrsta skrefið í friðlýsingu Norðurlanda, sem lengi hefur verið á dagskrá friðarsinna, en ekki hlotið brautargengi enn sem komið er.

Óhætt er að slá því föstu að meiri hluti allra landa séu friðlýst og að þróunin sé öll í þá átt að friðlýsa stærri og mikilvægari svæði fyrir kjarnorkuvopnum. Á hinn bóginn er því ekki að neita að á undanförnum árum hafa sum kjarnorkuveldi, sér í lagi Indland og Pakistan, fremur verið að bæta við kjarnorkuvopnaútbúnað sinn en að stuðla að eyðingu slíkra vopna. Mestu kjarnorkuveldin, Bandaríkin og Rússland, vinna áfram að þróun kjarnorkuvígbúnaðar sem gengur þvert á ákvæði NPT-samningsins. Langflest ríki viðurkenna þó hættuna sem stafar af slíkum vopnum og hafna kenningunni um gagnkvæmt ógnarjafnvægi sem er löngu orðin úrelt ef hún hefur þá nokkurn tímann átt við.

Í því sambandi má benda á dóm Alþjóðadómstólsins í Haag um beitingu kjarnorkuvopna og ógnun þess. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að ekki aðeins bryti notkun kjarnorkuvopna gegn alþjóðalögum, heldur líka það að ógna eða hóta því að beita þeim gegn öðru ríki. Rökstuðningur dómstólsins er sá að til þess að vopn geti talist lögmætt verði beiting þess að geta beinst að hernaðarlegum skotmörkum eingöngu en ekki óbreyttum borgurum. Eðli kjarnorkuvopna sé hins vegar þannig að beiting þeirra muni ávallt bitna á óbreyttum borgurum, auk þess sem þau hafi neikvæð umhverfisáhrif sem leiðir til enn meiri skaða

óbreyttra borgara. Sams konar rök eru færð á grundvelli þess að ávallt beri að virða hlutlaus svæði, en kjarnorkuvopn séu þess eðlis að aldrei sé hægt að útiloka að beiting þeirra bitni líka á íbúum og umhverfi hlutlausra svæða. Að lokum telur Alþjóðadómstóllinn að þjóðum heims sé skylt að semja um algjöra kjarnorkuafvopnun undir ströngu alþjóðlegu eftirliti.

Fyrir utan það öryggi sem friðlýsing fyrir kjarnorkuvopnum mundi veita okkur Íslendingum er friðlýsingin stórt umhverfismál. Tímabært er að hugað sé að þeim umhverfisógnum sem okkur og heiminum öllum stafar af kjarnorkuvopnum, kjarnorkuknúnum farartækjum og kjarnorkuúrgangi. Sem fiskveiðiþjóð eiga Íslendingar sérstaklega mikið undir því að engin hætta skapist á því að geislavirk efni komist út í lífríki sjávarins í kringum landið. Sjálfsagður liður í þessu er að banna með öllu siglingar eða umferð kjarnorkuknúinna farartækja upp að landinu.

Fylgiskjöl með þessu frumvarpi eru í fyrsta lagi sýnishorn af samningi um friðlýsingu kjarnorkuvopna í rómönsku Ameríku, Tlatelolco-samningurinn svokallaði frá árinu 1967. Í annan stað fylgir með brot úr lokayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna um afvopnunarmál frá 1978. Þar er m.a. hvatt til myndunar kjarnorkulausra svæða á borð við það sem þetta frumvarp kveður á um, og að auki gert ráð fyrir að kjarnorkuveldin skuli „virða að fullu stöðu hins kjarnorkuvopnalausa svæðis“ og „virða bann við beitingu eða hótunum um beitingu kjarnorkuvopna gegn ríkjum á svæðinu.“ Þriðja fylgiskjalið er samningurinn um að dreifa ekki kjarnavopnum (Non-Proliferation Treaty, NPT) sem Ísland og 188 önnur ríki hafa fullgilt (aðeins fjögur ríki standa eftir). Fjórða fylgiskjalið er síðan samningur um bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna og um eyðingu þeirra, sem fullgiltur var árið 1997 af Íslands hálfu. Sá samningur kemur eins og áður segir í stað þess hluta sem fjallaði um efnavopn í fyrri frumvörpum af því tagi sem hér er lagt fram.

Saga frumvarpsins á þingi.

Skylt er að geta þess að þessu máli og öðrum hliðstæðum hefur verið hreyft áður á Alþingi. Að minnsta kosti fjórum sinnum, á 97., 100., 102. og 107. löggjafarþingi, hefur verið flutt tillaga til þingsályktunar um bann við geymslu og notkun kjarnorkuvopna á íslensku yfirráðasvæði. Í tvö fyrstu skiptin voru þar á ferð þingmenn Alþýðubandalagsins, Svava Jakobsdóttir og Magnús Torfi Ólafsson. Á 102. þingi var svipuð tillaga hins vegar flutt af Guðrúnu Helgadóttur og fleiri þingmönnum Alþýðubandalagsins, Alþýðuflokksins og Framsóknarflokksins. Sama tillaga var svo endurflutt á 107. þingi af þingmönnum þessara flokka auk Kvennalistans. Þar að auki hafa verið fluttar margs konar tillögur sem efninu tengjast, svo sem um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum og afvopnun á Norður-Atlantshafi.

Friðlýsing Íslands fyrir kjarnorkuvopnum var fyrst komið í frumvarpsbúning á 109. löggjafarþingi árið 1987 og var þá flutt af þingmönnum Alþýðubandalags, Framsóknarflokks og Kvennalista, þeim Steingrími J. Sigfússyni, Svavari Gestssyni, Páli Péturssyni, Guðrúnu Helgadóttur, Guðrúnu Agnarsdóttur og Hjörleifi Guttormssyni. Frumvarpið var endurflutt á næsta þingi sama árs af þingmönnum Alþýðubandalagsins og Kvennalista, Steingrími J. Sigfússyni og Kristínu Einarsdóttur.

Á 115. löggjafarþingi árið 1991 var frumvarpið aftur lagt fyrir Alþingi af þingmönnum Alþýðubandalagsins, Framsóknarflokksins, Alþýðuflokksins og Kvennalista, þ.e. allra flokka nema Sjálfstæðisflokksins. Flutningsmenn voru þá Steingrímur J. Sigfússon, Steingrímur Hermannsson, Össur Skarphéðinsson, Kristín Einarsdóttir, Páll Pétursson, Gunnlaugur Stefánsson, Kristín Ástgeirsdóttir og Ólafur Ragnar Grímsson.

Frumvarpið var næst flutt á 120. þingi árið 1996 af þingmönnum Alþýðubandalags, Alþýðuflokks, Þjóðvaka og Kvennalista. Flutningsmenn voru þá Steingrímur J. Sigfússon, Össur Skarphéðinsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Bryndís Guðmundsdóttir og Margrét Frímannsdóttir.

Á næsta þingi, 121. löggjafarþingi, árið 1996 var frumvarpið endurflutt, en nokkrar breytingar höfðu þá orðið á þingflokkum og voru flutningsmenn þá úr Alþýðubandalaginu, Þingflokki jafnaðarmanna (þingmenn Alþýðuflokks og Þjóðvaka) og Kvennalista. Þeir voru Steingrímur J. Sigfússon, Guðmundur Árni Stefánsson, Kristín Ástgeirsdóttir, Össur Skarphéðinsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir og Margrét Frímannsdóttir.

Á 122. löggjafarþingi árið 1997 var frumvarpið svo flutt í fimmta sinn af sömu þingmönnum nema að þá kom Kristín Halldórsdóttir í stað Þórunnar Sveinbjarnardóttur sem hafði komið inn sem varamaður árið áður. Sömu þingmenn endurfluttu frumvarpið svo á 123. löggjafarþingi árið 1998.

Þegar frumvarpið var síðast flutt á 125. löggjafarþingi árið 2000 höfðu orðið breytingar á þingflokkaskipan en þá var frumvarpið flutt af þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Samfylkingarinnar, þeim Steingrími J. Sigfússyni, Guðmundi Árna Stefánssyni, Kolbrúnu Halldórsdóttur, Þuríði Backman og Össuri Skarphéðinssyni.

Alls hefur frumvarpið því verið flutt átta sinnum. Ánægjulegt er að í gegnum tíðina hefur náðst góð samstaða um frumvarpið þvert á flokkslínur eins og rakið er hér að framan. Það eru einungis þingmenn Sjálfstæðisflokksins af hinum rótgrónu þingflokkum sem ekki hafa staðið að flutningi frumvarps um friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorkuvopnum. Er það von flutningsmanna nú að þessi samstaða haldist og eflist frekar en hitt þannig að frumvarpið hljóti nú fulla afgreiðslu á Alþingi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. laganna er megintilgangur þeirra skýrður nánar en fram kemur í heiti frumvarpsins.

Um 2. gr.

Þessi lagagrein fjallar um markmið laganna og þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Hér er vikið að skilgreiningum eða merkingu orða að svo miklu leyti sem slíkt var talið nauðsynlegt.

Hugtakið kjarnorkuvopn er hér skilgreint á sama hátt og í flestum hliðstæðum tilfellum, þ.e. þegar verið er að fjalla um eða ákveða hvað skuli teljast „kjarnorkuvopn“ við skilgreiningu hugtaka í sambandi við kjarnorkuvopnalaus svæði, sbr. fylgiskjöl.

Ákvæði um „íslenskt yfirráðasvæði“ og hið „friðlýsta svæði“ skýra sig í raun sjálf. Flutningsmenn telja eðlilegt að friðlýsingin nái til alls þess svæðis sem ýtrustu kröfur Íslands, á grundvelli þjóðaréttar og fullveldisréttar, ná til, sjá einkum lög um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, nr. 41/1979, og hafréttarsamning Sameinuðu þjóðanna, einkum V. hluta, 55.–57. gr., og VI. hluta, 76. gr.

Um 4.–7. gr.

Í 4.–7. gr. eru tíundaðar kvaðir sem fylgja hinu friðlýsta svæði. Þar eru í öllum aðalatriðum á ferðinni atriði sem Íslendingar hafa þegar undirgengist með fullgildingu samningsins

um að dreifa ekki kjarnorkuvopnum, sjá fskj. II, 1. og 2. gr., og samninga um tilraunabann og bann við staðsetningu kjarnorkuvopna á hafsbotni (undirritaður fyrir Íslands hönd 11. febr. 1971). Hér eru hins vegar persónulega lagðar kvaðir á alla íslenska ríkisborgara og erlenda menn í þjónustu ríkisins eða sem dvelja innan svæðisins. Þannig er kjarnorkuvopnabannið í senn bundið ríkinu sem samanstendur af borgurunum, íslensku yfirráðasvæði og öllum íslenskum ríkisborgurum sem einstaklingum, hvar og hvenær sem er. Að öðru leyti vísast til fylgiskjals um skýringar.

Um 8. gr.

Í 8. gr. eru skýr fyrirmæli um að kjarnorkuknúin farartæki megi ekki koma inn á hið friðlýsta svæði nema ferð þeirra falli undir ákvæði 10. gr.

Um 9. gr.

Rétt þykir að taka af öll tvímæli af Íslands hálfu um að losun geislavirks úrgangs eða geislavirkra efna í íslenskri lögsögu er bönnuð hverjum sem er. Í reynd má segja að slíkt bann sé þegar að flestu leyti í gildi með lögum nr. 20/1972, lögum um bann við losun hættulegra efna í sjó, einnig með aðild Íslands að alþjóðasamningum, einkum samningnum um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum, sjá lög nr. 20/1973, og samningnum um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna í það (Lundúnasamningurinn LDZ), sjá lög nr. 53/1973. Flutningar með slík efni skulu lúta sömu takmörkunum og umferð vígvéla og kjarnorkuknúinna farartækja eru sett, en óhjákvæmilegt er að hafa sambærileg ákvæði um rétt til friðsamlegrar umferðar í þessu tilviki, sbr. 23. gr. hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna.

Um 10. gr.

Óhjákvæmilegt er að hafa heimildir til að veita undanþágur vegna alþjóðlegs réttar og skuldbindinga Íslands, en gert er ráð fyrir að einungis bein umferð eða gegnumferð, án óþarfa viðdvalar á alþjóðlegum leiðum, geti verið undanþegin ákvæðum 6., 8. og fyrri málsgreinar 9. gr. og þó aldrei nær landi en að 12 mílna mörkum. Við samningu þessarar greinar var höfð hliðsjón af ákvæðum í lögum um kjarnorkuvopnalaust Nýja-Sjáland, en þetta frumvarp gengur lengra og heimilar engar undanþágur gagnvart íslensku innsævi, íslensku landhelginni (innan 12 mílna marka) og loftrýmisins þar yfir. Frumvarpið byggir því á ýtrustu kröfum um rétt okkar Íslendinga til að friðlýsa án undantekninga land okkar, landhelgi og lofthelgi þar yfir og til að friðlýsa eftir því sem fært er með tilliti til alþjóðlegrar umferðar um efnahagslögsöguna alla, landgrunnið og önnur svæði sem talist geta íslensk yfirráða- eða áhrifasvæði. Að öðru leyti vísast til alþjóðlegs réttar og skuldbindinga Íslendinga á sviði samgöngumála, sérstaklega hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna.

Um 11. gr.

Hér er það skýrt tekið fram að stjórnvöldum sé óheimilt að gefa undanþágur frá ákvæðum um hið friðlýsta svæði, jafnvel þótt um friðsamlegar heimsóknir sé að ræða. Komi upp vafaatriði í þessu sambandi skal ætíð aflað bestu fáanlegra upplýsinga og ríkisstjórn og Alþingi skulu hafa náið samráð um allar ákvarðanir í slíkum tilfellum. Hafa má til hliðsjónar ákvæði samninga risaveldanna um takmörkun kjarnorkuvígbúnaðar, svo sem SALT-samningana, um hvenær farartæki eða stöðvar eru skilgreind sem búin kjarnorkuvopnum.

Um 12. gr.

Greinin leggur þá skyldu á herðar stjórnvöldum að afla hinu friðlýsta svæði alþjóðlegrar viðurkenningar eins og gert hefur verið í hliðstæðum tilfellum og samþykktir Sameinuðu þjóðanna og fleiri alþjóðlegra aðila gera ráð fyrir.

Um 13. gr.

Greinin fjallar um refsiákvæði og er hliðstæð ákvæðinu í nýsjálensku lögunum.

Um 14. gr.

Eðlilegt þykir að framkvæmd laganna heyri undir utanríkisráðherra en honum sé heimilt að fá aðra ráðherra til aðstoðar við sig ef aðstæður mæla með. Náið samráð skal vera milli utanríkisráðherra og Alþingis um framkvæmdina. Í fyrri útgáfum frumvarpsins var tekið mið af nýsjálenska fyrirkomulaginu og framkvæmdin látin heyra undir forsætisráðherra en hér er horfið frá því eins og áður sagði. Ekki er ólíklegt að framkvæmd málsins verði falin fleiri en einum ráðherra, auðvitað fyrst og fremst utanríkisráðherra en einnig samgönguráðherra og e.t.v. umhverfisráðherra. Æskilegt væri að þingnefnd tæki afstöðu til þessara kosta.

Um 15. gr.

Rétt þykir að nokkur tími gefist frá samþykkt laganna til gildistöku þannig að undirbúa megi framkvæmdina sem best.

Með frumvarpinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Samningur um bann við kjarnorkuvopnum í rómönsku Ameríku. (Tlatelolco-samningurinn árið 1967.) Sjá samhljóða fylgiskjal í þskj. 182 (168. mál 115. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 1991– 92, bls. 1605–1606.
II. Úr lokayfirlýsingu aukaþings Sameinuðu þjóðanna um afvopnunarmál 1978. Sjá samhljóða fylgiskjal í þskj. 182 (168. mál 115. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 1991– 92, bls. 1608–1610.
III. Samningur um að dreifa ekki kjarnorkuvopnum. (Auglýsing utanríkisráðuneytisins 23. október 1969.)
IV. Samningur um bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna og um eyðingu þeirra. (Auglýsing utanríkisráðuneytisins 5. maí 1997.)

711. Skýrsla [448. mál]

Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA fyrir árið 2007.

1. Inngangur.

Alþjóðavæðing efnahagslífsins og aukið viðskiptafrelsi verða sífellt mikilvægari fyrir íslenska hagkerfið. Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA) og Evrópska efnahagssvæðið (EES) gegna þar veigamiklu hlutverki sem grunnstoðir íslenskrar utanríkisverslunar. Með aðildinni að EES njóta Íslendingar að langmestu leyti sömu viðskiptakjara og 29 önnur Evrópuríki

með um 500 milljóna manna markað. Auk þess að koma að rekstri EES-samningsins hefur EFTA byggt upp net fríverslunarsamninga við ríki utan ESB eða svonefnd þriðju ríki. Í starfsemi þingmannanefndar EFTA árið 2007 voru tvö mál einkum í brennidepli sem bæði beindust að því að tryggja markaðsaðgang og þar með samkeppnishæfni aðildarríkjanna. Annars vegar fjallaði þingmannanefndin ítrekað um stækkun EES og töfina sem varð á henni og hins vegar um áframhaldandi gerð fríverslunarsamninga EFTA.

Búlgaría og Rúmenía gengu í ESB 1. janúar 2007. Við fyrri stækkanir ESB var EES stækkað samhliða en ekki tókst samkomulag um það á milli EFTA og framkvæmdastjórnar ESB við inngöngu Búlgaríu og Rúmeníu í sambandið. Samningaviðræður EFTA og ESB um stækkun EES voru veigamikið mál á dagskrá þingmannanefndar EFTA og þingmannanefndar EES. Nefndirnar fengu reglulega upplýsingar um gang mála í viðræðum sínum við ráðherra, embættismenn og sérfræðinga, og lögðu áherslu á mikilvægi þess að fá niðurstöðu í stækkunarmálinu þar sem það bryti í bága við samræmi hins sameiginlega markaðar EES að aðilar að ESB og þar með innri markaði sambandsins væru ekki aðilar að EES. Helsta bitbeinið í samningaviðræðunum voru kröfur framkvæmdastjórnar ESB um þróunarstyrki EFTA til handa nýju aðildarríkjunum tveimur til samræmis við það styrkjakerfi sem komið var á fót fyrir stækkun ESB til austurs 1. maí 2004 þegar 8 ný ríki gegnu í sambandið. Samkomulag um stækkun tókst hinn 14. mars og tók aðild Búlgaríu og Rúmeníu að EES gildi 1. ágúst. Niðurstaða samninganna felur í sér að EFTA-ríkin munu fram til loka apríl 2009 auka framlög sín til þróunarsjóðs EFTA um alls 72 milljónir evra sem renna munu til Búlgaríu og Rúmeníu.

Fríverslunarsamningagerð EFTA við ríki utan ESB, svonefnd þriðju ríki, var ofarlega á dagskrá þingmannanefndar EFTA. Með aukinni svartsýni á að árangur náist í Doha-samningalotu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) hafa samtök ríkja og einstök lönd beint sjónum sínum að gerð tvíhliða fríverslunarsamninga. EFTA hefur verið í fararbroddi á þessu sviði og eru gildir fríverslunarsamningar EFTA nú 15 talsins. Þingmannanefnd EFTA hefur á undanförnum árum stutt dyggilega við gerð fríverslunarsamninga samtakanna. Það hefur lengi verið rætt innan þingmannanefndarinnar að beita sendinefndum og þingmannaheimsóknum til þess að kynna og afla stuðnings við gerð fríverslunarsamninga EFTA við ríki utan ESB. Fyrsta heimsókn þessarar tegundar var farin til Kanada í febrúar en þar áttu fulltrúar þingmannanefndarinnar fundi með þeim nefndum kanadíska þingsins sem fara með utanríkisviðskiptamál.

Af öðrum stórum málum sem tekin voru fyrir af þingmannanefndum EFTA og EES árið 2007 má nefna framtíðarstefnu ESB í málefnum sjávar og siglinga, umbótasáttmála ESB, orkumál og loftslagsbreytingar, og framtíðarhorfur EES-samstarfsins.

2. Almennt um þingmannanefnd EFTA og þingmannanefnd EES.

Þingmannanefnd EFTA var stofnuð árið 1977 með það meginhlutverk að vera ráðgefandi fyrir ráðherraráð EFTA. Aðild að EFTA eiga nú Ísland, Noregur, Liechtenstein og Sviss. Þjóðkjörnir fulltrúar þessara ríkja sitja í þingmannanefndinni. Starfsemi nefndarinnar hefur aukist jafnt og þétt, í samræmi við aukin umsvif EFTA, bæði hvað varðar samskipti við ESB og samstarf við svokölluð þriðju ríki, þ.e. ríki utan ESB. Starfssvið nefndarinnar jókst til muna með tilkomu EES-samningsins sem tók gildi 1. janúar 1994. Með gildistöku samningsins varð nefndin að formi til tvískipt þar eð Svisslendingar ákváðu að standa fyrir utan Evrópska efnahagssvæðið. Nefndin skiptist því annars vegar í fjögur ríki sem aðild eiga að EFTA og hins vegar í þrjú aðildarríki EFTA sem aðild eiga að EES. Þingmannanefnd EFTA

fundar þó ávallt í einu lagi, en Svisslendingar sitja sem áheyrnarfulltrúar þegar málefni sem varða EES-samninginn eru tekin fyrir. Hér á eftir verður fjallað um þessar tvær formlegu þingmannanefndir EFTA sem eina heild.

Alþingi á fimm fulltrúa í þingmannanefnd EFTA líkt og önnur aðildarríki. Þingmannanefnd EFTA heldur fundi fjórum til fimm sinnum á ári, og á tveimur fundum sínum á hún auk þess fund með ráðherraráði EFTA. Nefndin fjallar almennt um starfsemi EFTA, málefni EES og ESB, gerð og framkvæmd fríverslunarsamninga og viðskiptamál í víðu samhengi. Nefndin á einnig samstarf við þing þeirra ríkja sem EFTA hefur gert fríverslunar- eða samstarfssamninga við. Þessi þáttur í starfi EFTA vex stöðugt og eru fríverslunarsamningar nú umfangsmikill hluti starfssviðs EFTA.

Framkvæmdastjórn þingmannanefndar EFTA undirbýr starf nefndarinnar og gefur álit á fjárhagsáætlun Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA), auk þess að fjalla um aðkallandi mál. Framkvæmdastjórnin kemur oft fram fyrir hönd þingmannanefndarinnar í samskiptum við þjóðþing þriðju ríkja. Í framkvæmdastjórn mega sitja tveir fulltrúar frá hverju EFTA-ríki, en einungis annar þeirra hefur atkvæðisrétt á fundum. Auk formanns hefur af hálfu Íslandsdeildar einn fulltrúi stjórnarandstöðu sótt fundi framkvæmdastjórnarinnar.

Þingmannanefnd EES var komið á fót skv. 95. gr. EES-samningsins og er hluti af stofnanakerfi hans. Í þingmannanefnd EES eru 24 þingmenn, tólf frá Evrópuþinginu og tólf frá EFTA-ríkjunum sem aðild eiga að EES (EFTA-hluti sameiginlegrar þingmannanefndar EES). Af þessum tólf fulltrúum á Ísland fjóra, Noregur sex og Liechtenstein tvo. Þingmannanefndin fylgist með framkvæmd og þróun EES-samningsins og gefur álit sitt á EES-málum. Nefndin heldur fundi tvisvar á ári en framkvæmdastjórn hennar hittist á milli funda eftir þörfum. Í framkvæmdastjórninni sitja sex fulltrúar, einn frá hverju EES-aðildarríki EFTA og þrír frá Evrópuþinginu. EFTA-hluti hinnar sameiginlegu þingmannanefndar EES og Evrópuþingið skiptast á um formennsku í nefndinni á milli ára.

Þingmannanefnd EES lætur til sín taka á öllum sviðum EES-samstarfsins. Hún tekur ákveðin málefni til skoðunar, skrifar um þau skýrslur og samþykkir ályktanir. Skýrslugerð um mál sem tekið er fyrir er í höndum tveggja framsögumanna, annars úr hópi EFTA-þingmanna og hins úr hópi Evrópuþingsmanna. Skýrsla framsögumanna er alfarið á þeirra eigin ábyrgð, en nefndin samþykkir venjulega ályktun þegar umfjöllun um mál er lokið. Ályktanir nefndarinnar eru sendar til ráðherraráðs EES, sameiginlegu EES-nefndarinnar, Evrópunefnda þjóðþinga ESB, Evrópuþingsins og þjóðþinga EFTA/EES-ríkja. Þingmannanefndin fylgist náið með því hvernig mál sem hún hefur tekið fyrir þróast og þegar hún telur að framvinda mála sé ófullnægjandi tekur hún þau upp aftur. Nefndin beinir einnig sjónum sínum sérstaklega að áhrifum þjóðþinga EFTA-ríkjanna á EES-samninginn og lagasetningu í tengslum við hann. Fulltrúar ráðherraráðs EFTA og embættismenn stofnana EFTA og ESB mæta á fundi nefndarinnar til að skýra frá framvindu mála og svara spurningum nefndarmanna.

3. Skipan Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA.

Í upphafi árs 2007 skipuðu Íslandsdeild eftirfarandi þingmenn: Guðlaugur Þór Þórðarson, formaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Birkir J. Jónsson, varaformaður, þingflokki Framsóknarflokks, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, Bjarni Benediktsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, og Lúðvík Bergvinsson, þingflokki Samfylkingarinnar. Varamenn voru Birgir Ármannsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Jón Gunnarsson, þingflokki Samfylkingarinnar, Dagný Jónsdóttir, þingflokki Framsóknarflokks, Þórunn Svein-

bjarnardóttir, þingflokki Samfylkingarinnar og Sigurður Kári Kristjánsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks.

Í kjölfar alþingiskosninga var ný Íslandsdeild kjörin 31. maí í upphafi 134. þings. Samkvæmt breytingum á þingsköpum gildir sú kosning deildarinnar fyrir allt kjörtímabilið. Þingið getur þó hvenær sem er kosið að nýju ef fyrir liggur beiðni meiri hluta þingmanna þar um. Íslandsdeild skipa Bjarni Benediktsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Katrín Júlíusdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, Árni Þór Sigurðsson, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Arnbjörg Sveinsdóttir, þingflokki Sjálfstæðisflokks, og Illugi Gunnarsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks. Varamenn eru Ármann Kr. Ólafsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Steinunn Valdís Óskarsdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, Katrín Jakobsdóttir, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Ólöf Nordal, þingflokki Sjálfstæðisflokks, og Jón Gunnarsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks. Á fundu Íslandsdeildar hinn 4. júní var Katrín Júlíusdóttir kosin formaður og Bjarna Benediktsson varaformaður deildarinnar. Ritari Íslandsdeildar var Stígur Stefánsson, deildarstjóri alþjóðadeildar.

4. Starfsemi Íslandsdeildar.

Ísland fór með formennsku í þingmannanefnd EFTA og þingmannanefnd EES á starfsárinu 2007. Það er í verkahring formanns að leggja upp drög að fundardagskrám nefndanna og stýra fundum þeirra. Auk þess er formaður fulltrúi nefndanna út á við. Guðlaugur Þór Þórðarson gegndi formennsku í þingmannanefndunum tveimur fram að kosningum 12. maí en eftir að ný Íslandsdeild hafði verið skipuð tók Katrín Júlíusdóttir við formennskunni.

Íslandsdeild var venju samkvæmt mjög virk í starfi þingmannanefnda EFTA og EES á árinu og lét að sér kveða í öllum helstu málum sem komu til umræðu í nefndunum. Bjarni Benediktsson var skýrsluhöfundur einnar af fjórum skýrslum þingmannanefndar EES ásamt breska Evrópuþingmanninum Diana Wallis. Það var ársskýrsla þingmannanefndar EES um framkvæmd EES-samningsins en í henni var m.a. fjallað um töfina á stækkun EES samhliða stækkun ESB og afleiðingar þeirrar tafar. Þá lagði Katrín Júlíusdóttir fram vinnuskýrslu um framtíðarhorfur EES, einnig ásamt Diana Wallis. Í vinnuskýrslunni var fjallað um hvernig breytingar á stofnanauppbyggingu og starfsemi Evrópusambandsins á síðustu 15 árum hafi haft áhrif á framkvæmd EES-samningsins. Í sífellt fleiri málaflokkum væri erfitt að skilja á milli annars vegar innri markaðarins, þar sem EFTA-ríkin eru fullir þátttakendur, og hins vegar annarra sviða sem standa utan EES-samstarfsins. Óljós skil milli innri markaðar og annarra sviða í tilskipunum ESB hafa þau áhrif að erfiðara er að skilgreina hvaða tilskipanir á að taka upp í EES-samninginn og þar með innleiða í EFTA-ríkjunum.

Íslandsdeild hélt fjóra fundi á árinu. Þar var starfsemi Íslandsdeildar skipulögð og þátttaka í fundum þingmannanefnda EES og EFTA undirbúin. Sérstakur fundur var haldinn um fríverslunarmál og var Benedikt Jónsson, skrifstofustjóri á skrifstofu viðskiptasamninga á viðskiptasviði utanríkisráðuneytisins, gestur hans. Benedikt kynnti fríverslunarsamninga og samningagerð Íslands, annars vegar á vettvangi EFTA og hins vegar tvíhliða samninga. Þá gerði Benedikt grein fyrir hversu stór hluti íslenskra utanríkisviðskipta fellur undir virka fríverslunarsamninga, stefnu íslenskra stjórnvalda á þessu sviði og loks horfur í hnattrænum fríverslunarmálum.

Venja er að Íslandsdeild haldi fund með Evrópunefnd þjóðþings þess ríkis sem stendur næst í röðinni til þess að taka við formennsku í ESB, en nýtt formennskuríki tekur við á sex mánaða fresti. Portúgalar tóku við formennsku á miðju ári 2007 og Slóvenar í ársbyrjun 2008. Íslandsdeild átti fund með fulltrúum Evrópunefndar slóvenska þingsins í Ljúblíana 4.

desember. Anton Kokalj, formaður nefndarinnar, gerði grein fyrir helstu áherslumálum í formennskuáætlun Slóvena, svo sem fullgildingarferli umbótasáttmála ESB og áframhaldandi vinnu að markmiðum Lissabon-áætlunarinnar um að auka samkeppnishæfni sambandsins. Einnig verður lögð sérstök áhersla á mótun sameiginlegrar stefnu ESB í orkumálum og stækkun Schengen-svæðisins sem ráðgerð er í mars á næsta ári. Þá verður samstarf ESB við ríki á Balkanskaga aukið. Íslandsdeild kynnti aðkomu Íslands að Evrópusamstarfi með EES-samningnum og þátttöku í Schengen, og afstöðu stjórnmálaflokka til Evrópumála. Í umræðunum sem á eftir fylgdu var m.a. rætt um stöðu Kosóvó og samband ESB við Rússland, stækkunarviðræður ESB við Króatíu og Tyrkland, orkumál og stöðu smáríkja innan stofnana ESB.

5. Yfirlit yfir fundi þingmannanefndar EFTA og þingmannanefndar EES á árinu 2007.

Starfsemi nefndanna var með reglulegum hætti á árinu 2007. Þingmannanefnd EFTA kom saman til fundar fjórum sinnum, þar af tvisvar í tengslum við fundi nefndarinnar með ráðherraráði EFTA og ráðgjafanefnd EFTA, en í henni sitja fulltrúar aðila vinnumarkaðarins. Þá átti þingmannanefnd EFTA fund með utanríkisviðskiptanefnd Evrópuþingsins. Loks áttu fulltrúar þingmannanefndar EFTA fundi með þingnefndum sem fara með utanríkis- og utanríkisviðskiptamál í kanadíska þinginu í samræmi við stefnu sína um að styðja við gerð fríverslunarsamninga EFTA.

Þingmannanefnd EES kom tvisvar saman til fundar á árinu. Fjórar skýrslur voru teknar til umfjöllunar á fundum þingmannanefndar EES og ályktanir samþykktar á grundvelli þeirra. Hér á eftir er gerð grein fyrir fundum þingmannanefnda EFTA og EES á starfsárinu í tímaröð.

Fundir sendinefndar þingmannanefndar EFTA í kanadíska þinginu í Ottawa 6.–7. febrúar 2006.

Dagana 6.–7. febrúar hélt sendinefnd þingmannanefndar EFTA til Kanada og átti fundi um fríverslun með þingnefndum kanadíska þingsins sem fara með utanríkisviðskiptamál og öðrum stofnunum. Guðlaugur Þór Þórðarson, formaður þingmannanefndar EFTA, fór fyrir sendinefndinni en í henni voru Jón Gunnarsson alþingismaður og þingmenn frá Noregi, Sviss og Liechtenstein, auk Stígs Stefánssonar, ritara Íslandsdeildar.

Þingmannanefnd EFTA hefur á undanförnum árum stutt dyggilega við gerð fríverslunarsamninga samtakanna. Það hefur lengi verið rætt innan þingmannanefndarinnar að beita sendinefndum og þingmannaheimsóknum til þess að kynna og afla stuðnings við gerð fríverslunarsamninga EFTA við ríki utan ESB. Fyrirmyndin er það fyrirkomulag sem hefur verið á heimsóknum sendinefnda EFTA-þingmanna til verðandi ESB/EES-ríkja til að kynna EES-samninginn. Heimsóknin til Kanada var sú fyrsta sinnar tegundar.

Markmið fundanna í kanadíska þinginu með utanríkisviðskiptanefnd fulltrúadeildarinnar og utanríkismálanefnd öldungadeildarinnar var því að þrýsta á um jákvæða niðurstöðu í fríverslunarviðræðum EFTA og Kanada sem þá stóðu yfir, og tryggja stuðning kanadískra þingmanna við slíkt samkomulag. Samningaviðræður EFTA og Kanada höfðu staðið í mörg ár en áhyggjur Kanadamanna af skipasmíðaiðnaði sínum stóð helst í vegi fyrir samkomulagi. Kanada er afar háð utanríkisviðskiptum og greiðum aðgangi að erlendum mörkuðum rétt eins og EFTA-ríkin og er fríverslun því mikið hagsmunamál beggja aðila. Enn fremur var rætt um stöðu Doha-samningalotu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og fríverslun almennt. Sendinefndin átti einnig fundi með Peter Milliken, forseta kanadíska þingsins, Marie-Lucie Morin,

aðstoðarráðherra utanríkisviðskipta, og David Plunkett, aðalsamningamanni Kanada í fríverslunarviðræðunum við EFTA.

Á fundunum lagði Guðlaugur Þór Þórðarson áherslu á nauðsyn þess að efla tvíhliða fríverslunarsamninga vegna óvissu um afdrif Doha-samningalotunnar. Fríverslunarsamningur milli EFTA og Kanada mundi skapa ný og spennandi tækifæri í viðskiptum þjóðanna og verða þeim til mikilla hagsbóta. Guðlaugur Þór sagði það kappsmál fyrir Íslendinga að auka viðskiptaleg tengsl við Kanada, land sem Ísland hefur tengst sterkum sögulegum og menningarlegum böndum allt frá fólksflutningunum miklu vestur um haf og stofnun byggða Vestur-Íslendinga.

Sendinefndin heimsótti enn fremur skrifstofu NAFTA í Kanada og fékk þar yfirgripsmikla kynningu á rekstri fríverslunarsvæðis Norður-Ameríku sem komið var á fót af Bandaríkjunum, Kanada og Mexíkó árið 1994. Farið var yfir ávinning Kanada af NAFTA auk þess sem ferlar til þess að útkljá deilumál á milli ríkjanna þriggja voru kynntir sérstaklega.

60. fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA og 85./53. fundur þingmannanefndar EFTA í Brussel 9. mars 2007.

Af hálfu Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA sóttu fundina Guðlaugur Þór Þórðarson, formaður, Lúðvík Bergvinsson og Jón Gunnarsson, auk Stígs Stefánssonar, ritara.

Guðlaugur Þór Þórðarson stýrði fundunum. Á fundi framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA var farið yfir starfsáætlun nefndarinnar fyrir árið 2007 og dagskrár funda þingmannanefndarinnar sem framundan voru. Þá var fjallað um fundaferð sendinefndar þingmannanefndarinnar til Kanada í febrúar 2007 þar sem fundað var um fríverslun með utanríkisviðskiptanefndum fulltrúadeildar og öldungadeildar kanadíska þingsins. Markmið fundanna var að þrýsta á um jákvæða niðurstöðu í yfirstandandi fríverslunarviðræðum EFTA og Kanada, og tryggja stuðning kanadískra þingmanna við slíkt samkomulag. Á fundi framkvæmdastjórnarinnar kom fram mikil ánægja með árangur heimsóknarinnar. Gengið var frá minnisblaði til EFTA-ráðsins um heimsóknina og hvernig þingmannanefndin vill beita sér í framtíðinni til að styðja við og liðka fyrir fríverslunarsamningum. Þá fjallaði framkvæmdastjórnin um Færeyjar sem lýst hafa áhuga á aðild að EFTA. Guðlaugur Þór lagði til að fulltrúa færeyskra stjórnvalda yrði boðið á fund þingmannanefndarinnar til þess að kynna afstöðu Færeyinga. Svissneski þingmaðurinn Eugen David sagði ekkert standa í vegi fyrir því að eiga samræður við Færeyinga og kynna sér afstöðu þeirra en það yrði þó að taka skýrt fram að ekki geti orðið að EFTA-aðild þeirra þar sem Svisslendingar eru ekki hlynntir stækkun EFTA. Norski þingmaðurinn Svein Hansen studdi tillögu Guðlaugs Þórs og sagði Norðmenn jákvæða í garð aðildarumsóknar Færeyinga. Guðlaugur Þór lagði áherslu á sögulega og menningarleg tengsl Íslands og Noregs við Færeyjar og sagði þau ekki ólík tengslum Sviss við Liechtenstein. Það væri því kappsmál að eiga samræður við Færeyinga þó svo að fyrir lægi að Svisslendingar væru ekki hlynntir stækkun EFTA.

Á fundi þingmannanefndar EFTA voru helstu dagskrárliðir samstarf EFTA við þriðju ríki, stækkun EES, samskipti Rússlands og Úkraínu við ESB og EFTA, og tengsl Indlands við ESB og EFTA. Didier Chambovey, aðstoðarframkvæmdastjóri EFTA, gerði grein fyrir þróun samstarfs EFTA við þriðju ríki og gerð fríverslunarsamninga. Nokkuð var rætt um stöðu samningaviðræðna við Kanada. Þá var búist við að formlegar fríverslunarviðræður gætu hafist við Perú og Kólumbíu í apríl. Nokkuð var rætt um Indland og sagði Chambovey lítið hafa þokast í samskiptum EFTA og Indlands að undanförnu en Indland ætti þegar í fríverslunarviðræðum við ESB og Japan. Rætt var um hvernig þingmannanefndin gæti beitt sér og

stutt við fríverslunarviðræður EFTA og taldi Chambovey að Indland væri ríki þar sem pólitískur stuðningur og þrýstingur þingmanna gæti greitt fyrir samningaviðræðum.

Sendiherrar Íslands, Noregs og Liechtenstein gagnvart ESB gengu á fund þingmannanefndarinnar til þess að fjalla um stöðuna í viðræðum EFTA og ESB um stækkun EES. Guðlaugur Þór greindi frá því í upphafsávarpi sínu að þetta væri í fyrsta skipti sem sendiherrarnir væru boðaðir á fund þingmannanefndar EFTA en vaninn væri að þeir sæktu fundi þingmannanefndar EES tvisvar á ári. Staðan í viðræðum um stækkun EES kallaði á þennan fund en þegar Búlgaría og Rúmenía gengu í ESB 1. janúar 2007 tókst ekki að tryggja samhliða stækkun EES. Helsta bitbeinið í samningaviðræðunum hafi verið kröfur framkvæmdastjórnar ESB um svipaða þróunarstyrki til Rúmeníu og Búlgaríu og ákveðnir voru við stækkun ESB árið 2004 þegar þróunarsjóðum EFTA og Noregs var komið á til þess að styðja nýju aðildarríkin auk Grikklands, Portúgals og Spánar. EFTA-ríkin hefðu lagt áherslu á að þau hefðu engar lögbundnar skyldur til að hækka framlög sín en framkvæmdastjórn ESB hefði á móti sagt það óviðunandi að Búlgaría og Rúmenía gengju í EES með verri skilmálum en giltu við stækkunina árið 2004. Guðlaugur Þór vísaði í síðasta fund þingmannanefndarinnar og EFTA-ráðherranna um stækkunarmálin sem haldinn var í Genf 1. desember og bað sendiherrana að gera grein fyrir gangi viðræðnanna síðan þá. Nikulás prins, utanríkisráðherra Liechtenstein, sem fer með formennsku í EFTA, gerði grein fyrir samningaumleitunum og kvaðst bjartsýnn á að samningar um stækkun tækjust í nánustu framtíð þótt ekki væri það enn í hendi. Taldi hann þátttöku EFTA-ríkjanna í áætlunum ESB á sviði vísinda- og menntamála í hættu ef enn yrði langur dráttur á stækkun EES. Oda H. Sletnes, sendiherra Noregs, bjóst einnig við skjótri úrlausn og að komið yrði til móts við kröfur ESB með því að koma á sérstökum þróunarsjóði EFTA fyrir Rúmeníu og Búlgaríu til tveggja ára 2007–2009. Starfstíma sjóðsins mundi þannig ljúka um leið og starfstíma þróunarsjóðsins sem EFTA kom á við stækkun ESB árið 2004. Aðspurðir um hvort frestunin á stækkun EES hefði haft áhrif á framkvæmd EES-samningsins bentu sendiherrarnir á að engar nýjar gerðir hefðu verið teknar upp í EES-samninginn á fundi sameiginlegu EES-nefndarinnar í febrúar.

Sérstök umræða fór fram um samband Indlands við ESB og EFTA og var Ashok Sajjanhar, varafastafulltrúi Indlands gagnvart ESB, gestur fundarins. Guðlaugur Þór greindi frá áherslum EFTA á tvíhliða fríverslunarsamninga í ljósi aukinnar svartsýni á að niðurstaða náist í Doha-samningalotu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Fór Guðlaugur Þór jafnframt yfir þróun fríverslunarnets EFTA á síðustu árum og greindi frá metnaðarfullum áætlunum til framtíðar. Ashok sagði það stefnu indversku ríkisstjórnarinnar að beita sér fyrir fjölþjóðlegum lausnum í viðskiptum á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar enda væru þær gagnsærri og lýðræðislegri en tvíhliða fríverslunarsamningar. Þegar líkur minnkuðu á jákvæðri niðurstöðu Doha-lotunnar hefði ríkisstjórnin þó lagt áherslu á tvíhliða fríverslunarsamninga en Indland gerði sinn fyrsta samning þeirrar tegundar við Srí Lanka árið 2000. Nú ætti Indland í fríverslunarviðræðum við Taíland og fleiri ríki Suðaustur-Asíu. Viðræður stæðu jafnframt yfir við ESB og ljóst er að ef þær leiða til fríverslunarsamnings þá gæti slíkur samningur orðið fyrirmynd að samningi Indlands og EFTA. Loks var rætt um hugsanlega heimsókn sendinefndar þingmannanefndarinnar til Indlands til viðræðna við þær þingnefndir sem fara með utanríkisviðskiptamál.

Í lok fundar greindi Jón Gunnarsson frá því að von væri á skýrslu frá Evrópunefnd forsætisráðherra sem falið hefði verið að kanna framkvæmd EES-samningsins, önnur tengsl Íslands og ESB, sem og ýmis álitamál tengd hugsanlegri aðild Íslands að ESB. Sagði Jón að þar færi umfangsmesta úttekt á stöðu Íslands í Evrópu um langa hríð og að greint yrði frá

niðurstöðum skýrslunnar á næsta fundi þingmannanefndarinnar. Þá greindi Jón frá því að fyrsti formlegi viðræðufundur um fríverslunarsamning Íslands og Kína færi fram í Peking í apríl og að næsti fundur yrði haldinn í Reykjavík í júní. Búist væri við að hægt yrði að klára samningsdrög í fjórum viðræðulotum. Svein Hansen greindi frá meðhöndlun norska þingsins á skýrslu norsku ríkisstjórnarinnar um stöðu Noregs í Evrópu sem út kom vorið 2006. Í febrúar 2007 var skýrslan afgreidd í Stórþinginu og m.a. ákveðið að efna til sérstakrar umræðu um Evrópumál í þinginu tvisvar á ári auk þess sem tillögur voru lagðar fram um að auka umfjöllun fastanefnda þingsins um Evrópumál, styrkja norsku stjórnmálaflokkana til samstarfs við flokkahópa á Evrópuþinginu og efla sérfræðiþekkingu innan Stórþingsins á Evrópumálum.

61. fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA, 86./54. fundur þingmannanefndar EFTA, 28. fundur þingmannanefndar EES, og 36. fundur þingmannanefndar EFTA með ráðherraráði EFTA í Liechtenstein 26.–29. júní 2007.

Af hálfu Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA sóttu fundina Katrín Júlíusdóttir, formaður, Bjarni Benediktsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Árni Þór Sigurðsson og Jón Gunnarsson, auk Stígs Stefánssonar, ritara.

Á fundunum í Liechtenstein tók Katrín Júlíusdóttir við formennsku þingmannanefnda EFTA og EES og stýrði fundum þeirra.

Á fundi framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA var farið yfir starfsáætlun nefndarinnar á síðari árshelmingi 2007. Ákveðið var að efna til fundar þingmannanefndar EFTA og utanríkisviðskiptanefndar Evrópuþingsins í nóvember og að bjóða fulltrúa frá Færeyjum til þess að gera grein fyrir stefnu Færeyja gagnvart EFTA á næsta fundi nefndarinnar. Þá voru drög að starfsreglum þingmannanefndarinnar til umræðu en endanlegri afgreiðslu þeirra var frestað. Þá var rætt um hvernig þingmannanefndin gæti beitt sér í framtíðinni til þess að styðja við og liðka fyrir fríverslunarsamningagerð EFTA við svokölluð þriðju ríki.

Á fundi þingmannanefndar EFTA voru helstu dagskrárliðir stefna EFTA gagnvart þriðju ríkjum og þróun EES. Didier Chambovey, aðstoðarframkvæmdastjóri EFTA, flutti framsögu um samstarf EFTA við þriðju ríki og gerð fríverslunarsamninga. Svartsýni á árangur í Dohasamningalotu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar hefur glætt mjög áhuga ríkja á tvíhliða fríverslunarsamningum og hefur samkeppni um slíka samninga aukist að sama skapi. Chambovey greindi frá stöðu yfirstandandi fríverslunarviðræðna EFTA og gerði m.a. grein fyrir lokum samningaviðræðna EFTA við Kanada 6. júní og að vonast væri eftir því að samningurinn yrði undirritaður fyrir árslok. Samningaviðræður um fríverslun hófust við Kólumbíu í júní og fríverslunarsamningur EFTA og Egyptalands tók gildi í ágúst. Embættismenn frá skrifstofu EFTA, Marius Vahl, Ásta Magnúsdóttir og Gunnar Selvik, fluttu því næst erindi um þróun EES. Ásta Magnúsdóttir ræddi m.a. stöðu þjónustutilskipunar ESB og frjálsra fólksflutninga. Í lok fundar greindi Bjarni Benediktsson frá stjórnarskiptum á Íslandi í kjölfar kosninganna 12. maí og að ný ríkisstjórn hygðist skoða, á grundvelli skýrslu Evrópunefndar, hvernig hagsmunum Íslendinga yrði í framtíðinni best borgið gagnvart Evrópusambandinu. Bjarni kynnti því næst helstu niðurstöður skýrslu Evrópunefndar og lagði áherslu á tillögur nefndarinnar um að styrkja stöðu Alþingis á sviði Evrópumála m.a. með árlegri skýrslu til Alþingis um Evrópumál, aukna upplýsingagjöf ríkisstjórnar til Alþingis um EES-gerðir á mótunarstigi og stofnun sérstakrar Evrópunefndar á Alþingi.

Helstu mál á dagskrá fundar þingmannanefndar EES voru þróun og framkvæmd EES-samningsins og mótun sameiginlegrar sjávar- og siglingamálastefnu ESB. Fulltrúar fram-

kvæmdastjórnar ESB, EES-ráðsins og sameiginlegu EES-nefndarinnar ávörpuðu fundinn og fögnuðu því að tekist hefði samkomulag um stækkun EES með aðild Rúmeníu og Búlgaríu 29. mars en hörmuðu jafnframt að ekki varð af samhliða stækkun ESB og EES þegar ríkin tvö gengu í ESB um áramótin. Afleiðing tafarinnar var sú að fyrstu mánuði ársins gat sameiginlega EES-nefndin ekki tekið ákvarðanir um upptöku nýrra gerða í EES-samninginn og töf varð á þátttöku EFTA-ríkjanna í rannsóknaráætlunum ESB. Í tengslum við umræðuna um þróun EES-samningsins var ársskýrsla þingmannanefndar EES um EES-samninginn lögð fram. Skýrsluhöfundar voru Bjarni Benediktsson frá EFTA-hliðinni og Diana Wallis frá Evrópuþingshliðinni. Í framsögu sinni lagði Bjarni áherslu á að ef EES-samningurinn ætti að eiga sér framtíð þá yrðu samningsaðilar að taka hann alvarlega og samningurinn þyrfti að fá aukið vægi hjá framkvæmdastjórn ESB til þess að virkni hans yrði tryggð. Bjarni harmaði töfina á stækkun EES og vísaði til endurtekinna ályktana þingmannanefndar EFTA um mikilvægi þess að stækkanir ESB og EES færu fram samhliða. Samningaviðræður um stækkun EES hófust í júlí 2006 og ljóst væri að tíminn fram til áramóta var ekki notaður eins vel og vera skyldi. Töf á upptöku nýrra gerða í EES-samninginn og þátttöku EFTA-ríkja í rannsóknaráætlunum ESB væri skaðleg og benti Bjarni sérstaklega á að þrátt fyrir samkomulag um stækkun EES í lok mars hefðu engar ákvarðanir verið teknar um þátttöku í rannsóknaráætlunum fyrr en í byrjun júní. Óskaði hann skýringa á því hverju sú töf sætti eftir að stækkunarvandinn var úr sögunni.

Á sameiginlegum fundi ráðherraráðs og þingmannanefndar EFTA var annars vegar fjallað um samstarf EFTA við þriðju ríki og hins vegar um framkvæmd EES-samningsins. Katrín Júlíusdóttir stjórnaði fundinum og flutti framsögu um EES-samninginn fyrir hönd þingmannanefndarinnar. Gerði hún grein fyrir umræðum þingmannanefndarinnar um töfina á aðild Búlgaríu og Rúmeníu að EES og skaðsemi hennar fyrir samningsaðila. Brýnt væri að EFTA og ESB legðust á eitt til þess að EES-samstarfið gengi snurðulaust fyrir sig enda verulegir hagsmunir í húfi fyrir báða aðila. Þá ræddi Katrín önnur mál sem ágreiningur var um í EES-samstarfinu eins og reglur ESB um frjálsa för fólks sem kveða á um varanlegt dvalarleyfi maka ESB-borgara frá þriðju ríkjum að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Framkvæmdastjórn ESB og EFTA-ríkin hafa deilt um hvort taka skuli reglurnar upp í EES-samninginn. Nokkur umræða fylgdi og tók Bjarni Benediktsson m.a. til máls varðandi frjálsa för fólks á EES-svæðinu og enn fremur um bann ESB við notkun fiskmjöls til dýrafóðurs sem Íslandsdeild hefur ítrekað tekið upp í viðræðum við starfssystkin sín á Evrópuþinginu. Fagnaði Bjarni því sem fram kom í máli ráðherranna að málið væri nú tekið fyrir í þeirra hópi.

Rita Kieber-Beck, utanríkisráðherra Liechtenstein, flutti framsögu um samstarfið við þriðju ríki og gerð fríverslunarsamninga EFTA. Auk þess að gera grein fyrir yfirstandandi fríverslunarviðræðum EFTA greindi Kieber-Beck frá því undirbúningsstarfi sem vonast er til að leiði til formlegra viðræðna við Indland, Indónesíu og Malasíu auk þess sem hún áréttaði gagnkvæman áhuga EFTA-ríkjanna og Rússlands og Úkraínu á fríverslun þegar síðarnefndu ríkin eru gengin í Alþjóðaviðskiptastofnunina. Katrín Júlíusdóttir svaraði fyrir hönd þingmannanefndarinnar og ítrekaði dyggan stuðning nefndarinnar við stefnu EFTA á þessu sviði. Það hefði lengi verið rætt innan þingmannanefndarinnar að beita sendinefndum og þingmannaheimsóknum til þess að kynna og afla stuðnings við gerð fríverslunarsamninga EFTA. Heimsókn EFTA-þingmanna í þessu skyni til Kanada í febrúar þótti heppnast vel og kvað Katrín nefndina tilbúna að beita slíkum heimsóknum til þess að kynna og afla stuðnings við gerð frekari fríverslunarsamninga. Þá greindi Katrín frá fyrirhuguðum fundi þingmanna-

nefndar EFTA og utanríkisviðskiptanefndar Evrópuþingsins um alþjóðaviðskipti og fríverslun og hlutverk þingmanna í því sambandi.

Í lok fundar ráðherraráðsins og þingmannanefndarinnar tók Árni Þór Sigurðsson til máls og greindi frá umræðum á fundi þingmannanefndar og ráðgjafanefndar EFTA um þá hugmynd að koma á sérstakri sveitarstjórnarnefnd innan EFTA. Markmið með stofnun slíkrar nefndar væri að EFTA-ríkin hafi aðgang að Héraðsnefnd ESB og aðkomu að undirbúningi laga og reglugerða Evrópusambandsins sem koma til framkvæmda á sveitarstjórnarstiginu á EES-svæðinu. Spurði Árni Þór ráðherrana hvort málið hefði verið rætt í þeirra hópi og hver afstaða þeirra væri til hugmyndarinnar. Kieber-Beck svaraði því til að málið væri til athugunar og Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra sagði mikilvægt að gera sveitarfélögunum kleift að starfa á þessum vettvangi.

62. fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA, 87./55. fundur þingmannanefndar EFTA og fundur þingmannanefndar EFTA með utanríkisviðskiptanefnd Evrópuþingsins (INTA) í Brussel 8.–9. október 2007.

Af hálfu Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA sóttu fundina Katrín Júlíusdóttir, formaður, Bjarni Benediktsson, varaformaður, Árni Þór Sigurðsson, Ármann Kr. Ólafsson og Ólöf Nordal, auk Sigrúnar Brynju Einarsdóttur, starfandi ritara.

Katrín Júlíusdóttir stýrði fundunum. Á fundi framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA var farið yfir dagskrár og umræðuefni funda og ráðstefna sem framundan voru hjá þingmannanefndinni. Farið var yfir drög að dagskrá fyrir fund þingmannanefndar EES í Evrópuþinginu í Strassborg 13.–15. nóvember og var Henrik Caduff tilnefndur sem framsögumaður skýrslu um opna samræmingaraðferð ESB og áhrif á EES. Einnig upplýsti skrifstofa EFTA að undirbúningur fyrir fundinn og tengda viðburði, svo sem fundi þingmanna EFTA-ríkjanna með flokkahópum í Evrópuþinginu, gengi vel. Þá var rætt um starf nefndarinnar á komandi missirum, m.a. fyrirhugaða ferð þingmannanefndarinnar til Indlands sem farin yrði í því augnamiði að styðja við bakið á umleitunum EFTA-ríkjanna um að efna til samningaviðræðna við Indverja um gerð fríverslunarsamnings. Þá var einnig rætt um starfsemi þingmannanefndarinnar, fjölda funda og efnislega vinnu nefndarinnar. Var ákveðið að á næsta fundi nefndarinnar yrði lagt fram vinnuskjal þar sem reifaðir yrðu möguleikar á að sameina fundi. Undir liðnum önnur mál vakti Katrín Júlíusdóttir máls á því að hugmyndir væru uppi innan EFTA-ráðsins um að sameina fund þingmannanefndarinnar með EFTA-ráðherrum fundi ráðgjafanefndar EFTA með EFTA-ráðherrunum. Væru hugmyndir þessar lagðar fram með það að markmiði að spara tíma. Katrín sagði að þingmannanefndin ætti tvo slíka fundi með ráðherrunum á hverju ári í tengslum við ráðherrafundi EFTA í júní og desember. Báðir þessir fundir væru afar mikilvægir. Katrín sagði hagsmuni þingmannanefndarinnar og ráðgjafanefndarinnar of ólíka til að vel færi á því að sameina nefndirnar á fundi með ráðherrunum. Mikilvægt væri fyrir þingmannanefndina að halda sínum fundum með EFTA-ráðherrunum. Þar sem engin formleg tillaga væri komin fram þyrfti ekki að taka afstöðu til hugmyndarinnar á þessu stigi en þó taldi Katrín rétt að vekja athygli á þessari umræðu og fá óformleg viðbrögð annarra í framkvæmdastjórninni við henni. Í umræðum um þetta mál sagðist fulltrúi Sviss styðja hugmyndir sem fram hefðu komið um sameiningu fundanna. Fulltrúar Liechtenstein og Noregs voru á öndverðum meiði og tóku undir með Katrínu og töldu að halda bæri í það fyrirkomulag sem ríkt hefði þótt eflaust mætti ræða útfærslu fundanna nánar. Voru fundarmenn sammála um að aðhafast ekkert frekar í málinu í ljósi þess að engin formleg tillaga lægi fyrir.

Helstu dagskráratriði á fundi þingmannanefndar EFTA voru þróun og horfur varðandi umbótasáttmála ESB, þróun EES-samstarfsins, frjáls för og samskipti við þriðju ríki. Hans Martens, framkvæmdastjóri European Policy Centre, flutti framsögu um umbótasáttmálann og stækkun ESB. Hann kvað sáttmálann vera mjög nálægt því að vera stjórnarskrá eins og upphaflega var lagt upp með og sagði m.a. að besti tíminn fyrir ný ríki til að ganga í ESB væri áður en hann tæki gildi þar sem best væri að stökkva um borð í lest á hægri ferð. Hann kom einnig inn á málefni fjölskyldunnar og fólksfækkun í Evrópu og hélt því fram að aukin áhersla á fjölskyldustefnu Vestur-Evrópuríkja hefði ekki þau jákvæðu áhrif á fólksfjölgun sem að væri stefnt. Í umræðum um erindi Martens gerði Katrín Júlíusdóttir athugasemdir við skoðanir fyrirlesarans um fjölskyldustefnu og rakti dæmi af íslenska vinnumarkaðnum þar sem fyrir hendi væri sterkt velferðarkerfi, framsýnt fæðingarorlofskerfi og fjölskyldustefna sem hefði haft afar jákvæð áhrif á atvinnuþátttöku kvenna og barneignir sem væru tíðar á Íslandi.

Bergdís Ellertsdóttir, Ásta Magnúsdóttir og Gunnar Selvik frá skrifstofu EFTA gerðu grein fyrir þróun mála undanfarið á Evrópska efnahagssvæðinu. Bergdís sagði helstu mál á döfinni vera orkumál, umhverfismál og loftslagsbreytingar og að nýverið hefði náðst góður árangur varðandi losun gróðurhúsalofttegunda. Ásta talaði m.a. um fiskmjölsmálið sem nýverið hefði náðst sátt í og nefndi einnig að verið væri að ganga frá reglum varðandi lyf annars vegar og vörur hins vegar. Gunnar talaði loks um þróun mála varðandi þjónustu og nefndi sérstaklega bílaleigur þar sem sú undanþága gilti að þær tækju eingöngu til langtímaleigu en ekki leigu til skemmri tíma. Eins minntist Gunnar á félagslega þjónustu og sagði jafnframt frá því að grannt væri fylgst með umræðunni innan ESB um „flexicurity“ á vinnumarkaði, en með því er átt við samþættingu sveigjanleika og öryggis gagnvart starfsmönnum og vinnuveitendum.

Stefán Haukur Jóhannesson, sendiherra fastanefndar Íslands gagnvart ESB, hafði framsögu um tilskipun um frjálsa för sem EFTA-ríkin vildu fá aðlaganir á þar sem þau töldu að ákveðnir hlutar hennar varðandi rétt til dvalar og búsetu féllu utan gildissviðs EES-samningsins. Hann gerði grein fyrir því að miklar tafir hefðu orðið á málinu og að framkvæmdastjórnin hefði sýnt mikla þolinmæði. Nú væri líklegt að málið yrði leyst með sameiginlegri yfirlýsingu þar sem afstaða beggja samningsaðila yrði útskýrð. Stefán Haukur benti á að EES-samningurinn væri bæði flókinn og dýnamískur og að ágreiningsmál varðandi túlkun hans hlytu alltaf að koma upp við og við. Leiðin til að leysa þau væri einfaldlega sú að ríkin ættu virkar viðræður sín á milli. Nokkrar umræður urðu um erindi Stefáns Hauks og vék Katrín Júlíusdóttir að málefnum tilskipunarinnar um frjálsa för fólks og innti sendiherrann eftir því hvaða lærdóm við mættum draga af úrvinnslu þessa máls. Sagði Stefán Haukur EES-samninginn í eðli sínu sérstakan hvað milliríkjasamninga varðar og að aðilar EES þyrftu ætíð að hlúa að þróun samningsins. Í náinni framtíð mundu verða fleiri dæmi um mál sem falla að hluta undir EES-samninginn og að hluta utan hans. Í slíkum gerðum fælust ávallt vandamál og tíma tæki að leysa úr þeim málum milli EES/EFTA-ríkjanna.

Loks ræddi Kåre Bryn, framkvæmdastjóri EFTA, um samskipti við þriðju ríki. Hann sagði að EFTA-ríkin hefðu horft mjög til Asíu undanfarin ár og að breyting þar á væri ekki fyrirsjáanleg. Á döfinni væri að hefja viðræður við Kólumbíu, Perú og Alsír, en einnig væru í deiglunni viðræður eða þreifingar við m.a. Taíland, Indland og Indónesíu. Það væri loksins búið að ganga frá samningi við Egyptaland og samningur við Kanada gæti hugsanlega verið undirritaður í desember. Varðandi efnisatriði fríverslunarsamninga sagði Bryn að ef áhersla hefði verið lögð á að hafa ákvæði um mannréttindi og vinnuréttindi í samningum við mörg

ríki hefði ekki orðið af neinum samningum. Besta leiðin í þessum efnum væri að vísa til samþykkta Alþjóðavinnumálastofnunarinnar þar sem samningsaðilar gætu almennt fellt sig við það.

Eftir að framsögum var lokið skýrði Katrín Júlíusdóttir nefndarmönnum frá helstu umræðum á fundi framkvæmdastjórnarinnar, þar á meðal helstu verkefnum nefndarinnar á næstu missirum. Var m.a. rætt um málþing um mótun sameiginlegrar sjávar- og siglingamálastefnu ESB sem fyrirhugað er að verði haldið vorið 2008, sem og næsta fund þingmannanefndar EES sem er fyrirhugaður á Íslandi í lok apríl 2008. Loks gerðu fulltrúar einstakra landsdeilda grein fyrir þróun mála á þjóðþingum ríkjanna. Bjarni Benediktsson greindi frá því að forsætisráðherra hefði nýverið haldið stefnuræðu sína og að gert væri ráð fyrir verulegum afgangi á ríkissjóði næstu árin. Hann skýrði einnig frá umræðum á Íslandi um einhliða upptöku evrunnar og sterka stöðu krónunnar. Loks ræddi hann stuttlega um öryggis- og varnarmál í ljósi brotthvarfs Bandaríkjahers af Keflavíkurflugvelli og minntist sérstaklega á flug Rússa í nágrenni við íslenska lofthelgi.

Að loknum fundi þingmannanefndarinnar hélt nefndin til fundar við utanríkisviðskiptanefnd Evrópuþingsins (INTA). Var það í fyrsta sinn sem þingmannanefnd EFTA efnir til tvíhliða fundar með málefnanefnd í Evrópuþinginu. Katrín Júlíusdóttir stýrði fundinum ásamt Helmuth Markov, formanni INTA-nefndarinnar. Í inngangsorðum sínum vék Katrín að stöðu mála í Doha-samningalotu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og sagðist ekki sjá mörg sóknarfæri í þeirri stöðu sem upp væri komin. Sagði hún að EFTA-ríkin legðu mikla áherslu á jákvæða niðurstöðu í viðræðunum en að sama skapi hefði EFTA lagað sig að þeim veruleika sem við blasti og væri framsýnt í að stækka fríverslunarnet sitt sem þegar væri víðfeðmt. Sagði Katrín einnig að við gerð fríverslunarsamninga þyrfti að huga að mannréttindum, félagslegum réttindum, menningu og umhverfismálum og í slíkum umræðum væri rödd þingmanna afar mikilvæg. Umræðum á fundinum, sem voru afar líflegar, var skipt í tvo hluta, almennar spurningar og sértækar spurningar. Börge Brende frá Noregi og Cristofer Fjellner, þingmaður á Evrópuþinginu, höfðu framsögu í almenna hlutanum. Þeir ræddu m.a. um tvíhliða og marghliða fríverslunarsamninga, gerð samninganna og aðkomu þjóðþinganna. Börge Brende sagði mikilvægt að Evrópusambandið og EFTA-ríkin gætu borið saman bækur sínar í þessum málum og Cristofer Fjellner ítrekaði að EFTA-ríkin væru meðal mikilvægustu viðskiptaaðila Evrópusambandsins. Í umræðunum varpaði Katrín Júlíusdóttir fram tveimur spurningum. Annars vegar um áhrif umbótasáttmála ESB á störf Evrópuþingsins, og þá aðallega á aðkomu INTA-nefndarinnar að gerð fríverslunarsamninga sem unnir eru af framkvæmdastjórn ESB. Hins vegar spurði Katrín um álit nefndarmanna í INTA á hlutverki ákvæða um mannréttindi, félagsleg réttindi og umhverfisvernd í fríverslunarsamningum. Í ljósi þess að framkvæmdastjórnin fer með forræðið í gerð fríverslunarsamninga fyrir hönd ESB, með sértæku samningsumboði ESB-ráðsins, innti Árni Þór Sigurðsson eftir því hvort möguleiki væri fyrir einstök ESB-ríki að fara hraðar í gerð fríverslunarsamninga en annarra, líkt og dæmi væri um hjá EFTA. Karl Falkenberg, frá utanríkisviðskiptasviði framkvæmdastjórnar ESB, og Kåre Bryn, framkvæmdastjóri EFTA, höfðu framsögu í sértæka hlutanum. Þeir ræddu m.a. um samningaferli við Kóreu, Indland, Kína og Chile, val þeirra málefna sem áhersla væri lögð á í viðræðum og nálgunina með tilliti til mannréttinda og félagslegra réttinda, auk umhverfissjónarmiða. Karl Falkenberg sagði enga möguleika á því að ESB gæti komið á fríverslunarviðskiptum við Kína sem stæði og staða mála gagnvart Kína væri önnur en t.d. gagnvart Indlandi og Kóreu. Í lok fundarins var ákveðið að halda skoðanaskiptum

áfram á þessum vettvangi og stakk Katrín Júlíusdóttir upp á að það yrði næst gert á vettvangi EFTA-ríkjanna.

29. fundur þingmannanefndar EES í Strassborg 14.–15. nóvember 2007.

Af hálfu Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA sóttu fundinn Katrín Júlíusdóttir, formaður, Bjarni Benediktsson, Árni Þór Sigurðsson og Arnbjörg Sveinsdóttir, auk Stígs Stefánssonar, ritara.

Helstu mál á dagskrá voru þróun og framkvæmd EES-samningsins, mótun sameiginlegrar sjávar- og siglingamálastefnu ESB, skýrsla um orkumál og loftslagsbreytingar, og vinnuskjal um framtíðarhorfur EES-samstarfsins.

Fulltrúar framkvæmdastjórnar ESB, sameiginlegu EES-nefndarinnar og Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) ávörpuðu fundinn og ræddu þróun og framkvæmd EES-samningsins. Í máli Stefáns Hauks Jóhannessonar, sendiherra og fulltrúa sameiginlegu EES-nefndarinnar, og Lars Olof Hollner, fulltrúa framkvæmdastjórnar ESB, kom fram að EES-samstarfið gengi vel eftir að Búlgaríu og Rúmeníu fengu aðild að EES-samningnum 1. ágúst. Vel hefði gengið að innleiða þær ESB-tilskipanir í EES-samninginn sem setið höfðu á hakanum fyrstu fimm mánuði ársins á meðan beðið var eftir að samkomulag næðist um stækkunina. Enn fremur gengi vel að vinna upp þá töf sem varð af sömu sökum á þátttöku EFTA-ríkjanna í áætlunum ESB. Þá lýstu þeir yfir bjartsýni um að niðurstaða væri á næsta leiti varðandi innleiðingu tilskipunar ESB um frjálsa för fólks, sem kveður á um að makar ESB-borgara frá ríkjum utan sambandsins geti hlotið varanlegt dvalarleyfi á EES-svæðinu að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Framkvæmdastjórn ESB og EFTA-ríkin hafa lengi deilt um hvort taka skuli tilskipunina upp í EES-samninginn.

Framtíðarstefna ESB í málefnum sjávar og siglinga var næst til umræðu. Joe Borg, sem fer með sjávarútvegsmál í framkvæmdastjórn ESB, var sérstakur gestur fundarins. Katrín Júlíusdóttir minnti á að bæði Ísland og Noregur hefðu sent ítarleg innlegg fyrir vinnslu grænbókar um sjávar- og siglingamálastefnuna sem kom út í júlí 2007 og að þingmannanefnd EES hefði gert skýrslu og samþykkt ályktun um þessi mál á síðasta fundi sínum. Borg sagði framlög Íslands og Noregs mikilvæg í þessu sambandi enda byggðu þessi lönd við hvað sterkasta hefð fyrir siglingum og sjávarútvegi af öllum ríkjum Evrópu. Borg tiltók sérstaklega áherslur Íslands og Noregs á að gæta þyrfti að siglingum á norðurslóðum þar sem loftslagsbreytingar eru hraðar og vistkerfi viðkvæm. Í kjölfar grænbókarinnar mun samráðsferli um sameiginlega stefnu standa yfir til júní 2008. Borg sagðist hafa boðið bæði Íslandi og Noregi að tilnefna fulltrúa í vinnuhóp um mótun stefnunnar og að Noregur hefði þekkst það boð. Árni Þór Sigurðsson tók til máls og sagði viðkvæm höf á norðurslóðum sérlega mikilvæg fyrir Norðmenn og Íslendinga, m.a. með tilliti til mengunarhættu og fiskstofna. Mikil aukning skipaumferðar, sem fyrirsjáanleg er ef nýjar siglingaleiðir opnast yfir norðurskautið, kallar á sameiginlegt átak til að verja svæðið. Þá spurði Árni Þór út í hugmyndir um sameiginlega landhelgisgæslu ESB sem Borg sagði vera út af borðinu vegna dræmra undirtekta aðildarríkjanna.

Orkumál og loftslagsbreytingar voru þá á dagskrá og lögðu Evrópuþingmaðurinn Paul Rübig og norski þingmaðurinn Svein Roald Hansen fram skýrslu og drög að ályktun um þau mál. Hansen sagði tvær helstu áskoranir í orku- og loftslagsmálum felast í því að aukna orku þyrfti til að ná þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um þróun en á sama tíma þyrfti að minnka losun gróðurhúsalofttegunda. Leita þyrfti allra leiða til þess að auka skilvirkni orkunotkunar og mikilvægt væri að reglur gegn ríkisstyrkjum sem trufli samkeppni standi ekki

í vegi fyrir því að ríkisstjórnir geti varið styrkjum til rannsókna á þessu sviði. Árni Þór Sigurðsson lagði til orðalagsbreytingu á drögum að ályktun þannig að loftslagsbreytingar væru nefndar fyrst og orkumál svo til að undirstrika að þetta alvarlegasta úrlausnarefni heimsins í umhverfismálum væri í forgrunni. Þá ræddi Árni Þór kerfi ESB um viðskipti með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda og lagði áherslu á að gæta þyrfti að því að slíkt kerfi verndaði ekki hagsmuni ríkari landa á kostnað þróunarríkjanna. Bjarni Benediktsson lagði fram breytingartillögu við grein ályktunarinnar sem laut að flugsamgöngum sem framkvæmdastjórn ESB leggur til að verði felldar inn í viðskiptakerfið. Flugsamgöngur yrðu þar með háðar losunarkvótum í framtíðinni. Í breytingartillögu Bjarna var kveðið sterkt að orði um að yrði slíkt raunin bæri að taka sérstakt tillit til jaðarsvæða sem vegna legu sinnar væru sérlega háð flugsamgöngum og var Íslands sérstaklega getið í því sambandi. Breytingartillögur Bjarna og Árna Þórs voru samþykktar.

Lengst umræða á fundinum varð um vinnuskjal Katrínar Júlíusdóttur og Evrópuþingmannsins Diana Wallis um framtíðarhorfur EES-samstarfsins. Katrín flutti framsögu og rakti þær umfangsmiklu breytingar sem orðið hafa á Evrópusambandinu, stofnanauppbyggingu þess og starfsemi, síðan EES-samningurinn var gerður fyrir tæpum 15 árum. Á meðal stórra breytinga má nefna þrjár stækkanir ESB með fjölgun aðildarríkja úr 12 í 27, sameiginlegt myntsvæði, aukna samvinnu á sviði öryggismála, nokkrar veigamiklar breytingar á sáttmálum sambandsins og breytt valdajafnvægi á milli Evrópuþingsins, framkvæmdastjórnarinnar og ráðherraráðsins. Katrín sagði þessar breytingar hafa haft neikvæð áhrif á framkvæmd EES-samningsins. Í fyrsta lagi hefðu þær leitt til þess að í sífellt fleiri málaflokkum væri erfitt að skilja á milli annars vegar innri markaðarins, þar sem EFTA-ríkin eru fullir þátttakendur, og hins vegar annarra sviða sem standa utan við hefðbundna skilgreiningu innri markaðarins og þar með utan EES-samstarfsins. Óljós skil milli innri markaðar og annarra sviða í tilskipunum ESB hafa þau áhrif að erfiðara er að skilgreina hvaða tilskipanir á að taka upp í EES-samninginn og þar með innleiða í EFTA-ríkjunum. Þetta kynni að hafa áhrif á framtíðarrekstur EES verði ekkert að gert. Í öðru lagi hafa breytingar á innra skipulagi ESB haft í för með sér að áhrif Íslands og annarra EFTA-ríkja á lagasetningu sambandsins, sem síðar er tekin upp í EES-samninginn, hafa minnkað. Samkvæmt EES-samningnum hafa EFTA-ríkin aðgang að vinnuhópum framkvæmdastjórnar ESB sem vinna drög að tilskipunum sambandsins. Nú hefur hins vegar orðið sú breyting að áhrif ráðherraráðsins og ekki síður Evrópuþingsins hafa aukist verulega á kostnað framkvæmdastjórnarinnar. Drög að tilskipunum taka oft miklum breytingum frá því þau fara frá framkvæmdastjórninni og þar til þau eru endanlega samþykkt af ráðherraráði og Evrópuþinginu án þess að EFTA-ríkin eigi þar formlega aðkomu og áhrif.

Svein Roald Hansen, Bjarni Benediktsson og Árni Þór Sigurðsson töldu allir skýrsluna gefa gott yfirlit yfir þróunina frá því að EES-samningurinn gekk í gildi og Hansen hvatti til þess að henni yrði dreift í þjóðþingunum því að hún væri góður umræðugrundvöllur. Norðmenn stefndu að því að nýta þau tækifæri til áhrifa sem felast í EES-samningnum betur og væru að vinna í því. Bjarni undirstrikaði að EES-samningurinn hefði reynst samningsaðilum mjög hagkvæmur og virkaði enn vel. Þrátt fyrir miklar breytingar á ESB væri hann bjartsýnn á að sveigjanleiki EES-samningsins og vilji samningsaðila til að halda honum gangandi mundi gera þeim kleift að leysa þau vandamál sem upp kynnu að koma. Þá benti Bjarni á að vandi EFTA-ríkjanna væri minni háttar miðað við þau djúpstæðu vandamál sem ESB hefði staðið frammi fyrir, t.d. í stjórnarskrármálinu. Árni Þór sagðist einnig bjartsýnn á horfur EES-samningsins og sagði að vinnuskjalið gæti orðið gott innlegg í fyrirhugaða umræðu um

Evrópumál á Alþingi sem ráðgerð væri í janúar 2008. Þá var nokkuð rætt um mögulega uppfærslu eða endurskoðun á EES-samningnum.

Í fundarlok ákvað nefndin að ræða framtíðarhorfur EES betur á næsta fundi sínum í Reykjavík í apríl 2008 og vinna þar þríþætt tilmæli. Í fyrsta lagi til þjóðþinga EFTA-ríkjanna þar sem þau verða beðin að gera grein fyrir tilhögun EES-vinnu í þingunum í ljósi breytinga á ESB. Í öðru lagi beiðni til Evrópuþingsins um greinargerð um hvort styrkari staða þjóðþinga ESB, sem kveðið er á um í umbótasáttmála sambandsins, geti einnig tekið til þjóðþinga EFTA-ríkjanna í málum sem varða innri markaðinn og þar með EES-samstarfið. Í þriðja lagi verða stjórnvöld EFTA-ríkjanna og framkvæmdastjórn ESB spurð um möguleika á endurskoðun EES-samningsins. Þegar svör liggja fyrir frá þessum aðilum fyrir fund þingmannanefndar EES næsta haust verður skýrslan fullunnin.

63. fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA, 88./56. fundur þingmannanefndar EFTA og 37. sameiginlegi fundur þingmannanefndar og ráðherra EFTA í Genf 3. desember 2007.

Af hálfu Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA sóttu fundina Katrín Júlíusdóttir, formaður, Bjarni Benediktsson, Illugi Gunnarsson, Þuríður Backman og Ólöf Nordal, auk Stígs Stefánssonar, ritara.

Á fundi framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA lagði Katrín Júlíusdóttir fram vinnuskjal um starf þingmannanefndarinnar þar sem ýmsum hugmyndum var hreyft til að efla starf hennar, m.a. að nefndin semji skýrslur og sendi frá sér ályktanir á almennum fundum sínum en það gerir nefndin annars einungis þegar hún sameinast sendinefnd Evrópuþingmanna og myndar sameiginlega þingmannanefnd EES. Enn fremur var lagt til að þingmannanefnd EFTA nýtti betur tækifæri til að setja mál á dagskrá á tveimur árlegum fundum með ráðherrum EFTA án þess þó að það kæmi niður á því frjálsa flæði skoðanaskipta sem einkenna fundina. Einnig var kveðið á um að fækka fundum framkvæmdastjórnar þingmannanefndarinnar í tvo á ári. Framkvæmdastjórnin tók vel í tillögurnar og ákvað að starfa eftir þeim. Þá samþykkti framkvæmdastjórnin nefndarálit um fjárhagsáætlun Eftirlitsstofnunar EFTA, ESA.

Á fundi þingmannanefndar EFTA var fundur með ráðherrum EFTA undirbúinn. Í því skyni gáfu Didier Chambovey og Bergdís Ellertsdóttir, aðstoðarframkvæmdastjórar EFTA, munnlegar skýrslur um samstarf EFTA við þriðju ríki og þróun EES-samstarfsins. Þá var farið yfir starfsáætlun næsta árs og starfshætti þingmannanefndarinnar eins og rætt var á fundi framkvæmdastjórnarinnar.

Á sameiginlegum fundi þingmannanefndarinnar og ráðherra EFTA var annars vegar fjallað um þróun EES og hins vegar þróun í samstarfi EFTA við þriðju ríki og gerð fríverslunarsamninga, en þetta eru fastir dagskrárliðir á fundum þingmanna og ráðherra EFTA. Dag Terje Andersen, viðskipta- og iðnaðarráðherra Noregs, flutti framsögu um samskipti við þriðju ríki. Í máli hans kom fram að mikilvægt væri fyrir EFTA-ríkin að halda áfram að byggja upp net fríverslunarsamninga til þess að tryggja fyrirtækjum sínum samkeppnishæf skilyrði og aðgang að mörkuðum. Andersen sagði niðurstöðu hagkvæmnisathugunar EFTA-ríkjanna og Indlands um gerð fríverslunarsamnings lofa góðu og vonaðist til að hægt yrði að hefja formlegar viðræður á árinu 2008. Þá væri stefnt að undirritun fríverslunarsamnings við Kanada í byrjun árs 2008. Yfirstandandi viðræður við Kólumbíu, Perú, Alsír og Flóabandalagið, samtök sex ríkja við Persaflóa, gengju vel og áformað væri að setjast að samningaborðinu með Albaníu og Serbíu. Enn fremur væri stefnt að því að hefja viðræður við Rúss-

land og Úkraínu um leið og ríkin gerast aðilar að Alþjóðaviðskiptastofnuninni en undirrita ætti samkomulag við Rússa um hagkvæmnisathugun á fríverslunarsamningi. Katrín Júlíusdóttir svaraði framsögu Andersens og minnti á velheppnaða ferð EFTA-þingmanna til Kanada í febrúar til að þrýsta á um niðurstöðu í fríverslunarviðræðum. Hún ítrekaði þann ásetning þingmannanefndarinnar að styðja við gerð fríverslunarsamninga með viðræðum við þingnefndir sem fara með utanríkisverslun í þeim ríkjum sem EFTA á í viðræðum við. Til stæði að sendinefnd EFTA-þingmanna færi til Nýju-Delí í þeim erindagjörðum. Þá greindi Katrín frá fundi þingmannanefndar EFTA og utanríkisviðskiptanefndar Evrópuþingsins um fríverslunarmál sem haldin var í október auk áforma þingmannanefndar EFTA um þátttöku í þingmannastarfi á vegum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

Katrín Júlíusdóttir flutti framsögu um þróun EES-samstarfsins og kynnti vinnuskjal um framtíðarhorfur þess sem hún og Evrópuþingmaðurinn Diana Wallis lögðu fram á fundi þingmannanefndar EES í Strassborg 15. nóvember. Þar kemur fram að breytingar á stofnanauppbyggingu og starfsemi Evrópusambandsins á síðustu 15 árum hafi haft neikvæð áhrif á framkvæmd EES-samningsins. Í sífellt fleiri málaflokkum væri erfitt að skilja á milli annars vegar innri markaðarins, þar sem EFTA-ríkin eru fullir þátttakendur, og hins vegar annarra sviða sem standa utan EES-samstarfsins. Óljós skil milli innri markaðar og annarra sviða í tilskipunum ESB hafa þau áhrif að erfiðara er að skilgreina hvaða tilskipanir á að taka upp í EES-samninginn og þar með innleiða í EFTA-ríkjunum. Þetta hefði gerst þrátt fyrir sveigjanleika EES-samningsins og væri áhyggjuefni. Dæmi um þetta væri tilskipun ESB um frjálsa för fólks, sem kveður á um að makar ESB-borgara frá ríkjum utan sambandsins geti hlotið varanlegt dvalarleyfi á EES-svæðinu að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Framkvæmdastjórn ESB og EFTA-ríkin hafa lengi deilt um hvort taka skuli tilskipunina upp í EES-samninginn og spurði Katrín hver staða málsins væri. Þá greindi Katrín frá skýrslu og ályktun þingmannanefndar EES um orku- og loftslagsmál. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra svaraði fyrir hönd ráðherra EFTA og sagði vinnuskjalið mikilvægt framlag til vinnu ráðherranna við að bregðast við breytingum hjá ESB. Endurskoðun EES-samningsins væri þó ekki á dagskrá enda væri hvorki á því áhugi hjá EFTA né ESB. Þá væri búist við að niðurstaða næðist um að taka tilskipunina um frjálsa för upp í EES-samninginn í desember.

Illugi Gunnarsson greindi frá því að áform væru uppi um að styrkja vinnu við Evrópumál á Alþingi en fréttir höfðu borist af því að norska Stórþingið hefði gert breytingar á þingsköpum sínum til þess að efla eftirlitshlutverk þingnefnda með Evrópumálum og innleiðingu EES-gerða. Í framhaldi af því beindi Illugi fyrirspurn til Dag Terje Andersens um það hvað liði innleiðingu þjónustutilskipunar ESB í Noregi. Andersen svaraði því til að nákvæm tímaáætlun lægi ekki fyrir og að norsku ráðuneytin og lögfræðilegir ráðunautar væru að fara yfir tilskipunina. Bjarni Benediktsson gerði kerfi ESB um viðskipti með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda að umtalsefni en til stendur að EFTA-ríkin gerist aðilar að kerfinu frá 1. janúar 2008. Bjarni sagði að ekki væri ljóst hvernig kerfið mundi þróast og að það væri Íslendingum sérstakt áhyggjuefni ef það yrði útvíkkað til að ná yfir flugsamgöngur og siglingar. Vegna legu sinnar væri Ísland sérlega háð flugsamgöngum og sjávarútvegur skipaði stærri sess í efnahagslífinu en í nokkru öðru Evrópuríki. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir svaraði því til að EFTA mundi tala fyrir sérstöðu Íslands og að í umfjöllun Evrópuþingsins um viðskiptakerfið hefði komið fram vilji til að taka tillit til sérstakra aðstæðna ríkja eins og Íslands. Katrín Júlíusdóttir spurðist fyrir um hvort möguleiki á stofnun sérstakrar sveitarstjórnarnefndar innan EFTA hefði verið ræddur frekar í ráðherrahópnum. Markmið með hugmynd

um stofnun slíkrar nefndar er að EFTA-ríkin hafi aðgang að héraðsnefnd ESB og þar með aðkomu að undirbúningi laga og reglugerða Evrópusambandsins sem koma til framkvæmda á sveitarstjórnarstiginu á EES-svæðinu. Andersen svaraði því til að málið hefði verið rætt en að niðurstaða lægi ekki fyrir.

6. Ályktanir þingmannanefndar EES árið 2007.

- Ályktun um ársskýrslu um framkvæmd EES-samningsins árið 2006, samþykkt í Vaduz 27. júní 2007.
- Ályktun um mótun framtíðarstefnu ESB á sviði sjávar- og siglingamála og áhrif hennar á EES, samþykkt í Vaduz 27. júní 2007.
- Ályktun um opna samræmingaraðferð ESB og áhrif á EES, samþykkt í Strassborg 15. nóvember 2007.
- Ályktun um orkumál og loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á EES, samþykkt í Strassborg 15. nóvember 2007.

Alþingi, 22. febr. 2008.

Katrín Júlíusdóttir, form.	Bjarni Benediktsson, varaform.	Árni Þór Sigurðsson.
Arnbjörg Sveinsdóttir.		Illugi Gunnarsson.

712. Skýrsla [449. mál]

Íslandsdeildar NATO-þingsins fyrir árið 2007.

1. Inngangur.

Íslandsdeild NATO-þingsins var mjög virk á starfsárinu 2007. Viðamesta verkefni deildarinnar var ársfundur NATO-þingsins sem fram fór í Laugardalshöll 5.–9. október 2007 en þar var Íslandsdeildin í hlutverki gestgjafa. Þetta var í fyrsta sinn sem ársfundur NATO-þingsins fer fram hér á landi og jafnframt stærsti fundur alþjóðlegra þingmannasamtaka sem Alþingi hefur haldið. Alls sóttu um 700 þátttakendur frá 48 ríkjum ársfundinn, þar af um 350 þingmenn NATO-ríkjanna og samstarfsríkja bandalagsins auk tignargesta eins og Jaap de Hoop Scheffer, framkvæmdastjóra NATO, og Sali Berisha, forsætisráðherra Albaníu. Ákvörðun um að bjóða Reykjavík fram sem fundarstað var tekin árið 2003 en undirbúningur hófst af fullum þunga að loknum fundi stjórnarnefndar NATO-þingsins í Reykjavík í mars 2005. Íslandsdeild NATO-þingsins og skrifstofa Alþingis höfðu veg og vanda af skipulagningu ársfundarins í samstarfi við skrifstofu NATO-þingsins og fjölmarga aðra samstarfsaðila. Skemmst er frá því að segja að ársfundurinn heppnaðist í alla staði mjög vel.

Á ársfundinum og á öðrum fundum NATO-þingsins tók Íslandsdeildin öryggismál á norðanverðu Atlantshafi og norðurskautssvæðinu upp með kröftugum hætti. Vægi norðurslóða og norðurskautssvæðisins í öryggismálum hefur aukist vegna ríkra náttúruauðlinda og möguleika á nýjum siglingaleiðum. Loftslagsbreytingar og bráðnun íss við norðurskautið hafa í för með sér að miklar olíu- og gaslindir svæðisins eru að verða aðgengilegar og mikil-

vægi þeirra mun einungis vaxa með aukinni áherslu á orkuöryggi. Þá er útlit fyrir að nýjar siglingaleiðir muni opnast sem stytta leiðina milli Evrópu og Asíu um þúsundir kílómetra. Íslandsdeildin hefur bent á að aukin umsvif við auðlindanýtingu og siglingar kalli á aukna öryggissamvinnu NATO-ríkja á þessu svæði, m.a. til að fylla upp í tómarúmið eftir brotthvarf varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli.

Starfsemi NATO-þingsins árið 2007 einkenndist öðru fremur af umræðu um breytingar á hlutverki NATO sem gengur í gegnum róttækt umbreytingaskeið nú, ekki síður en við lok kalda stríðsins. Aðgerðum utan hefðbundins athafnasvæðis NATO hefur fjölgað stórlega og ná yfir fleiri heimsálfur. Mikil eftirspurn er eftir aðstoð NATO enda er það svo að fæst önnur svæðisbundin samtök hafa bolmagn til að taka að sér stór friðargæslu- eða uppbyggingarverkefni. Bandalagið hefur aðlagað sig breyttu öryggisumhverfi og byggt upp sveigjanlega hernaðargetu til að bregðast hratt við nýjum og óhefðbundnum ógnum.

Umfangsmesta verkefni NATO er í Afganistan og er það um leið tákngervingur hinna miklu breytinga hjá bandalaginu. Alþjóðlegu öryggissveitirnar í Afganistan (ISAF) hafa starfað undir stjórn NATO frá því í ágúst 2003. Sveitir NATO taka nú til alls landsins og í þeim eru 43.000 menn frá 26 NATO-ríkjum og 14 samstarfsríkjum. Aðgerðin í Afganistan er fyrsta aðgerð NATO utan Evrópu og sú langfjölmennasta í sögu bandalagsins. Afganistan var því eins og síðustu ár mjög í brennidepli á vettvangi NATO-þingsins árið 2007. Lögðu þingmenn áherslu á að aðgerðin í Afganistan væri prófsteinn á getu bandalagsins til þess að takast á við nýjar ógnir og nýtt öryggisumhverfi og að tryggja þyrfti árangur hennar.

2. Almennt um NATO-þingið.

NATO-þingið er þingmannasamtök sem hafa allt frá árinu 1954 verið vettvangur þingmanna aðildarríkja NATO til að ræða öryggis- og varnarmál. Fram til ársins 1999 bar þingið heitið Norður-Atlantshafsþingið, en heitir síðan NATO-þingið. Á síðustu árum hefur aðildar- og aukaaðildarríkjum NATO-þingsins fjölgað ört og hefur starfssvið þess verið víkkað til móts við þær breytingar sem orðið hafa í ríkjum sem áður tilheyrðu Sovétríkjunum og í ríkjum Mið- og Austur-Evrópu. Tólf lýðræðisríki úr hópi fyrrverandi kommúnistaríkja hafa nú aukaaðild að þinginu (auk hlutlausu Evrópuríkjanna fjögurra Austurríkis, Sviss, Svíþjóðar og Finnlands) sem þýðir að þau geta tekið þátt í störfum og umræðum á þinginu. Störf þingsins beinast í auknum mæli að öryggismálum Evrópu í heild, efnahagslegum og pólitískum vandamálum í ríkjum Mið- og Austur-Evrópu og hinu hnattræna öryggiskerfi. Með Rose Roth-áætluninni styður þingið nú einnig við þróun þingbundins lýðræðis í ríkjum álfunnar og nálægum ríkjum.

Hlutverk og starfssvið þingsins.

Í Atlantshafssáttmálanum 1949 var ekki gert ráð fyrir þinglegri ráðgjafarsamkundu en með tímanum óx þeirri skoðun fylgi að nauðsyn væri á skipulegu samstarfi þjóðþinga í tengslum við og til stuðnings NATO. Þingið hefur ekki formlega stöðu innan bandalagsins en smám saman hefur komist á náin og virk samvinna stofnananna. Meginhlutverk þingsins er að efla samstöðu og samráð þjóðþinga á sviði öryggis- og varnarmála. Þingið kemur saman tvisvar á ári, til vorfundar og ársfundar að hausti.

Starfsemi þingsins fer að mestu fram í fimm málefnanefndum: stjórnmálanefnd, varnar- og öryggismálanefnd, efnahagsnefnd, vísinda- og tækninefnd og nefnd um borgaralegt öryggi. Auk þess fer mikið starf fram á vegum Miðjarðarhafshópsins sem þó hefur ekki stöðu formlegrar málefnanefndar. Þessar nefndir eru meginvettvangur umræðna, þær fjalla um

samtímamál er koma upp á starfssviði þeirra og vinna um þær skýrslur. Nefndarálit eru oftast sett fram í formi tilmæla, yfirlýsinga eða ályktana sem nefndin samþykkir og þingið greiðir síðan atkvæði um. Tilmælum er beint til Norður-Atlantshafsráðsins, sem fer með æðsta ákvarðanavald innan NATO, og í þeim er hvatt til tiltekinna aðgerða. Ályktunum þingsins er hins vegar beint til ríkisstjórna aðildarríkjanna.

Þótt þingið sé óháð NATO hafa samskipti þingsins við bandalagið smám saman tekið á sig fastara form. Á meðal formlegra samskipta má í fyrsta lagi nefna formleg svör við tilmælum þingsins af hálfu framkvæmdastjóra bandalagsins fyrir hönd Norður-Atlantshafsráðsins. Í öðru lagi flytur framkvæmdastjóri bandalagsins ávarp á vorfundum og ársfundum NATO-þingsins og svarar fyrirspurnum þingmanna. Í þriðja lagi koma stjórnarnefnd NATO-þingsins og Norður-Atlantshafsráðið árlega saman til fundar í höfuðstöðvum NATO í Brussel. Að lokum skal nefndur sameiginlegur fundur þriggja nefnda NATO-þingsins í Brussel í febrúarmánuði ár hvert til að greiða fyrir samskiptum við starfsmenn og embættismenn NATO, SHAPE (Supreme Headquarters Allied Powers in Europe – æðstu bækistöðvar bandamanna í Evrópu) og Evrópusambandsins.

Fulltrúar á NATO-þinginu og forustumenn þess.

Á NATO-þinginu eiga sæti 248 þingmenn frá aðildarríkjunum 26. Fjöldi fulltrúa frá hverju landi ræðst að mestu af fólksfjölda. Stærsta sendinefndin er sú bandaríska með 36 þingmenn en Ísland er í hópi þeirra smæstu með þrjá þingmenn. Auk fulltrúanna má hvert þjóðþing tilnefna jafnmarga varamenn sem mega taka þátt í störfum þingsins en hafa ekki atkvæðisrétt. Ráðherrar í ríkisstjórnum mega ekki vera fulltrúar á NATO-þinginu. Alls eiga 72 þingmenn frá 16 aukaaðildarríkjum sæti á NATO-þinginu og taka þeir þátt í nefndarfundum, utan funda stjórnarnefndar, og þingfundum en hafa ekki atkvæðisrétt. Þeir hafa þó rétt til þess að leggja fram breytingartillögur.

Forustumenn þingsins eru sjö og eru sex þeirra, forseti og fimm varaforsetar, kjörnir ár hvert af fulltrúum á þingfundi. Sjöundi embættismaðurinn er gjaldkerinn en hann kýs stjórnarnefndin annað hvert ár. NATO-þinginu er stjórnað af stjórnarnefnd. Í henni eiga sæti forseti, varaforsetar, gjaldkeri og nefndarformenn auk formanna allra landsdeilda aðildarríkja NATO.

3. Íslandsdeild NATO-þingsins.

Í upphafi árs 2007 skipuðu Íslandsdeild NATO-þingsins Össur Skarphéðinsson, formaður, þingflokki Samfylkingarinnar, Einar Oddur Kristjánsson, varaformaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, og Dagný Jónsdóttir, þingflokki Framsóknarflokks. Varamenn voru Ágúst Ólafur Ágústsson, þingflokki Samfylkingarinnar, Kjartan Ólafsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, og Sæunn Stefánsdóttir, þingflokki Framsóknarflokks.

Í kjölfar alþingiskosninga var ný Íslandsdeild kjörin 31. maí í upphafi 134. þings. Samkvæmt breytingum á þingsköpum gildir sú kosning deildarinnar fyrir allt kjörtímabilið. Íslandsdeildina skipa Ragnheiður E. Árnadóttir, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Ásta R. Jóhannesdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, og Magnús Stefánsson, þingflokki Framsóknarflokks. Varamenn eru Arnbjörg Sveinsdóttir, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Ágúst Ólafur Ágústsson, þingflokki Samfylkingarinnar, og Kristinn H. Gunnarsson, þingflokki Frjálslynda flokksins. Á fundi Íslandsdeildar hinn 4. júní var Ragnheiður E. Árnadóttir kosin formaður og Ásta R. Jóhannesdóttir varaformaður. Ritari Íslandsdeildar var Stígur Stefánsson, deildarstjóri alþjóðadeildar.

Skipting Íslandsdeildar í nefndir árið 2007 var þannig:

Stjórnarnefnd:	Össur Skarphéðinsson og Ragnheiður E. Árnadóttir frá 4. júní.
Til vara:	Einar Oddur Kristjánsson og Magnús Stefánsson frá 4. júní.
Stjórnmálanefnd:	Einar Oddur Kristjánsson og Ragnheiður E. Árnadóttir frá 4. júní.
Til vara:	Kjartan Ólafsson og Arnbjörg Sveinsdóttir frá 4. júní.
Varnar- og öryggismálanefnd:	Dagný Jónsdóttir og Ragnheiður E. Árnadóttir frá 4. júní.
Til vara:	Sæunn Stefánsdóttir og Arnbjörg Sveinsdóttir frá 4. júní.
Nefnd um borgaralegt öryggi:	Össur Skarphéðinsson og Ásta R. Jóhannesdóttir frá 4. júní.
Til vara:	Ágúst Ólafur Ágústsson.
Efnahagsnefnd:	Dagný Jónsdóttir og Magnús Stefánsson frá 4. júní.
Til vara:	Sæunn Stefánsdóttir og Kristinn H. Gunnarsson frá 4. júní.
Vísinda- og tækninefnd:	Össur Skarphéðinsson og Magnús Stefánsson frá 4. júní.
Til vara:	Ágúst Ólafur Ágústsson og Kristinn H. Gunnarsson frá 4. júní.
Miðjarðarhafshópur:	Einar Oddur Kristjánsson og Ásta R. Jóhannesdóttir frá 4. júní.

4. Ársfundur NATO-þingsins í Reykjavík.

Ársfundur NATO-þingsins fór fram í Laugardalshöll 5.–9. október 2007. Eins og fyrr sagði var þetta í fyrsta sinn sem ársfundurinn fer fram hér á landi og hann er jafnframt stærsti fundur alþjóðlegra þingmannasamtaka sem Alþingi hefur ráðist í að halda. Alls sóttu um 700 þátttakendur frá 48 ríkjum ársfundinn, þar af um 350 þingmenn NATO-ríkjanna og samstarfsríkja bandalagsins, auk tignargesta eins og Jaap de Hoop Scheffer, framkvæmdastjóra NATO, og Sali Berisha, forsætisráðherra Albaníu. Af hálfu Alþingis sóttu ársfundinn Sturla Böðvarsson, forseti Alþingis, og Íslandsdeild NATO-þingsins skipuð Ragnheiði E. Árnadóttur, formanni, Ástu R. Jóhannesdóttur, varaformanni, og Magnúsi Stefánssyni, auk þingmanna úr utanríkismálanefnd sem höfðu áheyrnaraðild. Af hálfu ríkisstjórnar sóttu ársfundinn Geir H. Haarde forsætisráðherra, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra, Björn Bjarnason dómsmálaráðherra og Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra.

Íslandsdeild NATO-þingsins og skrifstofa Alþingis höfðu veg og vanda af skipulagningu ársfundarins í samstarfi við skrifstofu NATO-þingsins og fjölmarga aðra samstarfsaðila. Ákvörðun um að bjóða Reykjavík fram sem fundarstað var tekin árið 2003 en undirbúningur hófst af fullum þunga að loknum fundi stjórnarnefndar NATO-þingsins í Reykjavík í mars 2005. Verkaskipting milli Alþingis og skrifstofu NATO-þingsins við skipulagningu ársfundarins var í grófum dráttum sú að Alþingi sá um allan ytri ramma fundarins og yfirbragð, fundaraðstöðu, öryggisráðstafanir, túlkakerfi, tæknimál, skrifstofuaðstöðu, prentun, skoðunarferðir og fólksflutninga. Jafnframt sinnti starfsfólk Alþingis flestum þeim almennu störfum sem sinna þurfti í Laugardalshöll meðan á fundinum stóð. Skrifstofa NATO-þingsins sá um framkvæmd og stjórnun allra funda, jafnt nefndarfunda sem þingfundar, útgáfu þingskjala og almennt skrifstofuhald ársfundarins. Í aðdraganda ársfundarins stóð Íslandsdeildin fyrir öflugu kynningarstarfi með fréttamannafundum, viðtölum og greinaskrifum í dagblöð. Ársfundurinn vakti verulega athygli og hlaut mikla umfjöllun í fjölmiðlum.

Ársfundir NATO-þingsins hefjast jafnan á fundum málefnanefnda þingsins. Á þeim fjalla nefndirnar annars vegar um skýrslur sínar og afgreiða drög að ályktunum sem síðar fara fyrir hinn eiginlega þingfund til endanlegrar samþykktar. Hins vegar bjóða nefndirnar til sín gestaræðumönnum, sem gjarnan eru fulltrúar ríkisstjórna, alþjóðastofnana eða fræðasamfélags,

til að fjalla um þau mál sem hæst ber í alþjóðlegri öryggismálaumræðu hverju sinni og svara fyrirspurnum þingmanna. Hinn eiginlegi þingfundur NATO-þingsins er einnig tvískiptur, annars vegar ávarpa tignargestir fundinn og svara fyrirspurnum þingmanna og hins vegar eru ályktanir nefndanna kynntar og lagðar fram til samþykktar auk fjárhags- og starfsáætlunar NATO-þingsins.

Á fundi stjórnmálanefndar var Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra gestur en hefð er fyrir því að utanríkisráðherra gestgjafaríkis ávarpi nefndina. Í ávarpi sínu rakti utanríkisráðherra m.a. nýskipan varnarmála á Íslandi í fjórum liðum, þ.e. grannríkjasamstarf við Noreg, Danmörku og fleiri ríki, samþættingu íslenska loftvarnakerfisins við sameiginlegt loftvarnakerfi NATO, umbreytt öryggissvæði á Keflavíkurflugvelli með búnaði og aðstöðu sem NATO-þjóðir geta nýtt og skipti á upplýsingum milli bandalagsríkja, m.a. með loftvarnakerfinu. Utanríkisráðherra vék að þátttöku Íslands í friðargæsluverkefnum og að framlag Íslands þar yrðu borgaraleg verkefni í endurreisnarskyni. Hún lagði áherslu á að reynslan í Afganistan sýndi nauðsyn hins borgaralega þáttar í friðaruppbyggingu en forsenda árangurs væri stuðningur almennings í hverju landi. Önnur mál á dagskrá stjórnmálanefndarinnar voru m.a. aðgerðir NATO í Afganistan og umbreyting bandalagsins, staðan eftir fimm ára baráttu gegn hryðjuverkum og áhrif þess á bandalagið, og samstarf NATO og Rússlands. Auk þess ávarpaði Antonio Milososki, utanríkisráðherra fyrrum júgóslavneska lýðveldisins Makedóníu, fund stjórnmálanefndar og fjallaði um öryggismál í Suðaustur-Evrópu.

Á fundi nefndar um borgaralegt öryggi hélt Björn Bjarnason dómsmálaráðherra ræðu og beindi sjónum einkum að borgaralegum aðgerðum til að tryggja öryggi á höfunum. Hann vék að eflingu Landhelgisgæslu Íslands, auknum ferðum risaolíu- og gasflutningaskipa við strendur Íslands og öryggi skemmtiferðaskipa. Þá lýsti ráðherrann þáttaskilunum í öryggismálum Íslands á síðasta ári þegar bandaríska varnarliðið hvarf af landi brott. Ráðherrann hvatti til þess að ríki við Norður-Atlantshaf efldu borgaralegt samstarf sín á milli til að tryggja öryggi á höfunum með því að stofna samstarfsvettvang landhelgisgæslu á Norður-Atlantshafi. Nefndin fjallaði enn fremur m.a. um framtíðarstöðu Kosovó og stöðugleika á vestanverðum Balkanskaga, íslam á Kákasussvæðinu og hlutverk NATO í almannavörnum.

Vísinda- og tæknínefnd NATO-þingsins hefur í auknum mæli beint sjónum sínum að orkuöryggi og orkumálum á liðnum árum. Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra var gestur nefndarinnar og flutti ræðu þar sem hann gerði grein fyrir íslensku orkulandslagi sem er einstakt með tilliti til þess hversu stór hlutur vistvænnar orku er í orkubúskap þjóðarinnar. Iðnaðaráðherra greindi frá umfangi jarðvarmanýtingar í íslenskri orkuframleiðslu og tækni til þeirrar vinnslu sem gæti nýst fjölda annarra ríkja. Með djúpborunartækni hefðu mun fleiri ríki en áður möguleika á nýtingu jarðvarma eða alls 144 lönd. Ráðherrann sagði það stefnu stjórnvalda að hlúa að útflutningi íslenskrar tækniþekkingar á þessu sviði og að hún gæti orðið mikilvægt framlag Íslendinga jafnt til umhverfismála sem orkuöryggis samstarfsríkja. Vísinda- og tæknínefnd fjallaði einnig m.a. um skýrslur um loftslagsbreytingar og eldflaugavarnir.

Á fundi öryggis- og varnarmálanefndar flutti Sturla Sigurjónsson sendiherra erindi um öryggis- og varnarmál Íslands. Þá var fjallað um áframhaldandi hlutverk NATO í Afganistan og stöðu Adríahafsríkjanna þriggja sem knýja dyra hjá bandalaginu. Fyrrum júgóslavneska lýðveldið Makedónía, Albanía og Króatía taka öll þátt í aðildaráætlun NATO og vonast eftir formlegu boði um að ganga í bandalagið á leiðtogafundi NATO í Búkarest í apríl 2008. Sérstök umræða var um samstarf NATO og ESB á sviði öryggismála og friðargæslu sem hefur þótt stirt undanfarin ár. Bandarískir fulltrúadeildarþingmaðurinn John Shimkus og Leo Michel

frá National Defence University í Washington fluttu þar framsögur. Shimkus benti á að flest aðildarríki þessara stofnana tilheyra þeim báðum og þar með séu NATO og ESB að gera kröfur um sömu bjargir og sveitir til aðgerða sinna. Hætta væri á samkeppni og tvíverknaði og þörf á að skilgreina og stofnanabinda samstarf þessara aðila. Michel tók undir það og benti á að þótt vel hefði gengið að samræma aðgerðir í Bosníu og Hersegóvínu hefði það gengið verr í Kosovó og beinlínis illa í Afganistan. Vandinn væri of margar bráðabirgðalausnir á samstarfsörðugleikum í stað heildræns samkomulags um hvernig samstarfi skuli háttað. Ragnheiður E. Árnadóttir tók þátt í umræðunni og spurðist fyrir um að hve miklu leyti skriffinnskubákn ESB væri hindrun fyrir samstarfi við NATO og hvort tortryggni á milli regluveldanna hamlaði stjórnendum að taka á vandanum. Ragnheiður lagði út af orðum Michels um nýja stjórn í Frakklandi eftir forsetakosningarnar og áhrif þess á að leysa vandann og spurði hann hvaða áhrif forsetakosningar í Bandaríkjunum í nóvember 2008 kynnu að hafa í þessu tilliti. Shimkus svaraði því til að regluveldin tortryggðu vissulega hvort annað og að það væri hluti vandans. Michel taldi að stríðið í Írak mundi að mörgu leyti takmarka svigrúm nýrra stjórnvalda í Bandaríkjunum til athafna, bæði vegna kostnaðar og líka vegna þreytu sem tekið er að gæta innan hersins. Afleiðing þess yrði að líkindum sú að Bandaríkin munu þrýsta á Evrópuríkin að axla aukna ábyrgð, jafnt innan NATO sem og með því að laga samskipti bandalagsins við ESB.

Í lok fundar varnar- og öryggismálanefndar voru embættismenn nefndarinnar kosnir. Ragnheiður E. Árnadóttir var valinn skýrsluhöfundur undirnefndar um öryggis- og varnarsamstarf yfir Atlantsála sem er önnur af tveimur undirnefndum varnar- og öryggismálanefndar. Ragnheiður tekur við af bandaríska fulltrúadeildarþingmanninum John Shimkus. Hlutverk skýrsluhöfundar er að skrifa skýrslu um það málefni sem undirnefndin kýs að taka til sérstakrar skoðunar og leggja fram drög að ályktun um málið á fundi öryggis- og varnarmálanefndar sem síðar fer fyrir þingfund NATO-þingsins.

Á fundi efnahagsnefndar flutti Þorsteinn Ingi Sigfússon erindi um orkuöryggi frá íslenskum sjónarhóli. Önnur mál á fundi nefndarinnar voru kostnaðarskipting innan NATO, áhrif efnahagsuppgangs í Austur-Asíu á Evrópu og Norður-Ameríku, og efnahagsþróun á Indlandi og hnattræn áhrif hennar. Þá ræddi nefndin hagþróun í Georgíu og Moldóvu.

Sérstakur hádegisverðarfundur um hlutdeild kvenna í þjóðaröryggi og alþjóðlegum öryggismálum fór fram að frumkvæði svissnesku landsdeildarinnar. Erindi fluttu m.a. Annicq Bergmans, formaður nefndar NATO um konur í hersveitum bandalagsins, sem ræddi um nýlegar leiðbeiningar nefndarinnar um samþættingu jafnréttissjónarmiða hjá NATO. Þá fjallaði svissneski þingmaðurinn Barbara Haering um alþjóðlegar aðgerðaáætlanir um innleiðingu á ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um konur, frið og öryggi þar sem sérstaklega er tekið á skipulögðu ofbeldi gegn konum á átakasvæðum. Fram kom á fundinum sterkur vilji til að fundir um öryggismál og málefni kvenna yrðu haldnir reglulega á ársfundum NATO-þingsins.

Þingfundur NATO-þingsins fór fram þriðjudaginn 9. október. Forseti NATO-þingsins, portúgalski þingmaðurinn José Lello, flutti setningarávarp og því næst bauð Sturla Böðvarsson þinggesti velkomna. Í ávarpi sínu fjallaði forseti Alþingis um það hversu alþjóðlegt samstarf verður sífellt fyrirferðarmeira í störfum þingmanna og að þjóðþingin hafi aðlagað sig þeim breytingum. Þá vék forseti að því hvernig breytingar sem orðið hafa í öryggis- og varnarmálum Íslands endurspeglast í störfum Alþingis. Þeirra sæi m.a. stað í nýju fjárlagafrumvarpi sem innihéldi í fyrsta skipti sérstök framlög til varnarmála. Þá fluttu Geir H. Haarde forsætisráðherra, Jaap de Hoop Scheffer, framkvæmdastjóri NATO, og Sali Berisha,

forsætisráðherra Albaníu, ræður og svöruðu að þeim loknum fyrirspurnum þingmanna.

Málefni Afganistan voru mjög í brennidepli á þingfundinum. Umfangsmesta verkefni NATO er í Afganistan en það er um leið tákngervingur hinna miklu breytinga sem eiga sér stað á bandalaginu. Aðgerðin í Afganistan er fyrsta aðgerð NATO utan Evrópu og sú langfjölmennasta í sögu bandalagsins. Alþjóðlegu öryggissveitirnar í Afganistan (ISAF) sem starfa í umboði Sameinuðu þjóðanna hafa verið undir stjórn NATO frá því í ágúst 2003. Frá október 2006 hafa sveitir NATO náð til alls landsins. Í þeim eru um 41.000 manns frá 26 NATO-ríkjum og 12 samstarfsríkjum. Í ræðu sinni á þingfundinum lagði José Lello, forseti NATO-þingsins, áherslu á að aðgerðin í Afganistan væri prófsteinn á getu bandalagsins til þess að takast á við nýjar ógnir og nýtt öryggisumhverfi og að bandalagsríkin yrðu að láta þann liðsafla og tækjabúnað í té sem nauðsynlegur er til að tryggja stöðugleika til uppbyggingar í landinu. Lykilatriði væri að auka þjálfun afganska hersins og lögreglu til að efla þau í baráttunni gegn vígamönnum talíbana. Það væri mikilvægt hlutverk NATO-þingmanna að skýra stöðuna í Afganistan fyrir almenningi í aðildarríkjunum og tryggja stuðning hans við aðgerðirnar. Jaap de Hoop Scheffer, framkvæmdastjóri NATO, sagði að þrátt fyrir erfiða stöðu og árásir vígamanna í sumum hlutum Afganistan gengi vel á öðrum sviðum og að mikilvægt væri að standa vörð um þann árangur. Aðgerðin í Afganistan væri prófraun fyrir samstöðu bandalagsins í því að leggja til hersveitir og búnað. Það væri nauðsynlegt að fleiri bandalagsríki skiptust á að senda sveitir til suðurhluta landsins þar sem bardagar eru harðastir, það væri ekki hægt að ætlast til þess að fjögur ríki bæru hitann og þungann af erfiðustu verkefnunum auk þess sem það kynni að snúa almenningsálitinu í þessum löndum gegn þátttöku í aðgerðunum í Afganistan. Þá skorti enn töluvert á að NATO gæti staðið við skuldbindingar sínar varðandi þjálfun hers og lögreglu í Afganistan þar sem bandalagsríkin hefðu ekki lagt nægilegan mannskap til þeirra mikilvægu verkefna. Kallaði De Hoop Scheffer eftir auknu framlagi ESB og annarra alþjóðastofnana við að byggja upp afgönsku lögregluna.

Málefni norðurslóða voru einnig áberandi á þingfundinum. Í setningarræðu sinni sagði José Lello, forseti NATO-þingsins, ársfundinn í Reykjavík þarfa áminningu um að NATO horfi til norðursvæða sinna. Lello lagði út af ávarpi Ragnheiðar E. Árnadóttur í handbók ársfundarins um aukið mikilvægi norðurslóða í öryggismálum. Loftslagsbreytingar og bráðnun íss við norðurskautið krefðust úrlausna í umhverfismálum en jafnframt fælust þar ný tækifæri. Hinar miklu orkuauðlindir norðurskautssvæðisins verða aðgengilegar og mikilvægi þeirra mun vaxa með aukinni áherslu á orkuöryggi. Þá er útlit fyrir að nýjar siglingaleiðir opnist sem stytta leiðina milli Evrópu og Asíu um þúsundir kílómetra. Geir H. Haarde forsætisráðherra fjallaði einnig um málefni norðurslóða í ræðu sinni og sagði landgrunnskröfur ríkja við norðurskautið og tækniframfarir mundu beina sjónum að aukinni orkuvinnslu og orkuflutningum á svæðinu. Sum bandalagsríki hefðu þegar lagt áherslu á áhrif þessarar þróunar á hernaðarlega þýðingu norðurskautssvæðisins og mikilvægt væri að NATO beindi sjónum sínum í auknum mæli að svæðinu. Í ræðu Jaap de Hoop Scheffer, framkvæmdastjóra NATO, kom fram að horfa þyrfti til norðurslóða í tengslum við orkuöryggi og sagðist De Hoop Scheffer hafa heitið forsætisráðherra að taka hina norðlægu vídd upp innan NATO. Í fyrirspurnatíma að lokinni ræðu framkvæmdastjórans spurði Ragnheiður E. Árnadóttir nánar út í sýn hans á hlutverk NATO á norðurskautssvæðinu í ljósi orkuhagsmuna og annarra öryggishagsmuna og hvort hann teldi að kröfur um lögsögu yfir landgrunni á svæðinu gætu aukið spennu í samskiptum NATO og Rússlands. De Hoop Scheffer svaraði því til að hann yrði að tala varlega, málefni norðurslóða væru í skoðun hjá bandalaginu og umræður um þau rétt að hefjast. Hann legði sig fram um að hlusta á þau bandalagsríki sem mestra hagsmuna

eiga að gæta og nefndi að hann mundi eiga fund með norska utanríkisráðherranum fljótlega um þessi mál.

Auk þess að ræða málefni norðurslóða lýsti Geir H. Haarde forsætisráðherra í ræðu sinni þeim breytingum sem orðið hafa á stefnu og aðstæðum Íslands í öryggismálum eftir brotthvarf Bandaríkjahers. Fjallaði hann um eflingu borgaralegra stofnana sem gegna öryggishlutverki eins og Landhelgisgæslu og lögreglu, umbreytt öryggissvæði á Keflavíkurflugvelli sem býðst til æfinga bandalagsins, tvíhliða samninga við einstök bandalagsríki um samstarf á norðanverðu Atlantshafi, fyrirhugað loftvarnaeftirlit NATO á Íslandi og fyrirhugaða úttekt og endurskoðun á öryggis- og varnarmálum Íslands.

Málefni Kosovó-héraðs voru enn fremur mikið rædd. Sali Berisha, forsætisráðherra Albaníu, lýsti í ræðu sinni stuðningi við áætlun sáttasemjara Sameinuðu þjóðanna, Martti Ahtisaaris, sem miðar að því að Kosovó fái sjálfstæði að réttindum serbneska minni hlutans tryggðum. Berisha lýsti jafnframt umbótum í Albaníu til að greiða fyrir aðild landsins að NATO og ESB.

Samskipti NATO og Rússlands voru til umræðu og voru rússneskir þingmenn ósáttir við ályktunardrög sem þeir töldu fela í sér gagnrýni á Rússland, m.a. með tilliti til stýringar orkusölu til að beita nágrannaríki pólitískum þrýstingi, alþjóðlegra staðla til að meta þing- og forsetakosningar sem stóðu fyrir dyrum í Rússlandi, og málefna Georgíu og Kosovó.

Í síðari hluta þingfundarins voru ályktanir nefnda NATO-þingsins kynntar og afgreiddar. Samþykktar voru ályktanir um eftirfarandi málefni: stöðugleika á vestanverðum Balkanskaga; hlutverk NATO við almannavarnir; áframhaldandi hlutverk NATO í Afganistan; stuðning við aðild Adríahafsríkjanna þriggja að NATO; kostnaðarskiptingu innan Atlantshafsbandalagsins; samskipti NATO og Rússlands; umbreytingu NATO; eldflaugavarnir; og hnattræn viðbrögð við loftslagsbreytingum.

5. Aðrir fundir sem Íslandsdeild sótti á árinu.

NATO-þingið heldur tvo þingfundi árlega, vorfund og svo ársfund að hausti. Á svokölluðum febrúarfundum heldur stjórnarnefndin fund með framkvæmdastjóra NATO og Norður-Atlantshafsráðinu, auk þess sem stjórnmálanefnd, efnahagsnefnd og varnar- og öryggismálanefnd halda sameiginlegan fund. Auk þess kemur stjórnarnefnd þingsins saman til fundar í mars ár hvert. Þá sækir fjöldi NATO-þingmanna árlegan fund um Atlantshafssamstarfið sem fram fer í desember í samstarfi NATO-þingsins og bandarískra Atlantshafsráðsins. Loks halda nefndir og undirnefndir þingsins reglulega málstofur og fundi á milli þingfunda. Á árinu voru enn fremur haldnar tvær Rose Roth-ráðstefnur.

Árið 2007 tók Íslandsdeildin þátt í febrúarfundunum í Brussel, fundi stjórnarnefndar sem haldinn var í Búdapest í mars, vorfundi þingsins í París, ársfundi í Reykjavík sem getið er að framan, og árlegum fundi um Atlantshafssamstarfið í Washington í desember, auk almennra nefndarfunda utan þingfunda.

Hér á eftir fylgja frásagnir af fundum sem Íslandsdeildin sótti, öðrum en ársfundinum í Reykjavík, í tímaröð.

Febrúarfundir.

Dagana 18.–20. febrúar var efnt til svonefndra febrúarfunda NATO-þingsins í Brussel en þeir eru sameiginlegir fundir stjórnmálanefndar, efnahagsnefndar og öryggis- og varnarmálanefndar. Fyrirkomulag fundanna var með venjubundnum hætti, þ.e. að embættismenn Atlantshafsbandalagsins og Evrópusambandsins héldu erindi um afmörkuð málefni og gáfu

svo þingmönnum færi á að beina til þeirra spurningum. Að auki áttu formenn landsdeilda NATO-þingsins fund með Norður-Atlantshafsráðinu og framkvæmdastjóra Atlantshafsbandalagsins. Af hálfu Íslandsdeildar sátu fundina Össur Skarphéðinsson, formaður, Einar Oddur Kristjánsson og Dagný Jónsdóttir, auk Stígs Stefánssonar ritara.

Nokkrum dögum fyrir febrúarfundina sagði Bert Koenders, forseti NATO-þingsins, af sér embætti til þess að taka sæti sem þróunarmálaráðherra í ríkisstjórn Hollands. Starfsreglur NATO-þingsins kveða á um að segi forseti af sér skuli framkvæmdastjórnin útnefna einn af varaforsetunum sem starfandi forseta. Bera skal útnefninguna upp til staðfestingar á næsta fundi stjórnarnefndar NATO-þingsins. Framkvæmdastjórnin kom saman til fundar 18. febrúar og útnefndi portúgalska þingmanninn José Lello sem starfandi forseta með það fyrir augum að stjórnarnefndin staðfesti útnefninguna á fundi sínum í Búdapest 24. mars.

Framtíðarhlutverk og umbreyting NATO var mjög í brennidepli fyrsta fundardaginn. Jamie Shea, yfirmaður stefnumótunarskrifstofu framkvæmdastjóra NATO, og Patrick Hardouin, staðgengill aðstoðarframkvæmdastjóra NATO, fluttu þá framsöguerindi. Þeir dvöldu einkum við framtíð NATO í ljósi ákvarðana leiðtogafundar bandalagsins í Ríga í nóvember 2006 sem sýna að bandalagið þróast hratt í takt við breytt öryggisumhverfi. Aðildarríkin hafa lagt áherslu á að draga úr hefðbundnum liðsstyrk og endurskipuleggja hersveitir með áherslu á hreyfanleika og sveigjanleika og getu til að takast á við margvísleg verkefni á sviði friðargæslu, stjórnunar á hættutímum, aðgerða utan hefðbundins aðgerðasvæðis og til þess að starfa með hersveitum ríkja utan NATO. Mikilvægasti árangur fundarins í Ríga var að 25.000 manna hraðlið NATO var lýst starfshæft auk þess sem framfaraskref voru tekin varðandi sameiginlega kostun aðgerða, uppbyggingu eldflaugavarnakerfis, fjölgun samstarfsríkja, og afnám takmarkana og fyrirvara á beitingu hersveita einstakra aðildarríkja sem leggja til sveitir undir stjórn NATO í Afganistan.

Chris Alexander, varafulltrúi framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna fyrir uppbyggingarverkefni stofnunarinnar í Afganistan, gerði grein fyrir árangri endurreisnarstarfs í landinu. Alexander sagði gríðarlegan árangur hafa náðst þó að ekki hefði verið mikið um jákvæðan fréttaflutning frá landinu í fjölmiðlum. Friður ríkti í meira en ⅔ hlutum landsins, stanslaust væri unnið að uppbyggingu og um 4 milljónir afganskra flóttamanna hefðu snúið heim frá flóttamannabúðum erlendis, mest frá Pakistan. Alexander sagði Íran gegna lykilhlutverki ríkja á svæðinu við að koma á friði í landinu en það skýrist af því að talíbanar eru trúarofstækismenn af meiði súnníta og hafa ofsótt afganska shíta sem einkum búa í vestanverðu landinu og hafa náin samskipti við trúbræður sína í Íran. Pakistanir væru hins vegar ekki eins samvinnuþýðir og ljóst væri að mikill straumur vígamanna og vopna lægi yfir landamæri Pakistan inn í Afganistan.

Össur Skarphéðinsson kvaddi sér hljóðs og spurðist fyrir um hverjar framtíðarhorfur væru á nánara og formlegra samstarfi við ríki utan Evró-Atlantshafssvæðisins sem deila lýðræðisgildum bandalagsins. Fjarlæg ríki eins og Japan, Ástralía, Nýja-Sjáland og Suður-Kórea leggja ríkulega til aðgerða NATO, sérstaklega í Afganistan, og deila gildum NATO-ríkjanna á sviði lýðræðis, réttarríkis og mannréttinda. Vísaði Össur til þess að fyrir nokkrum árum var uppi umræða um hvort jafnvel mætti stækka NATO út fyrir hið hefðbundna Evró-Atlantshafssvæði. Hardouin svaraði því til að ákveðið hefði verið í Ríga að styrkja tengslin við þessi lönd og eiga við þau tíðara samráð í öryggismálum eftir því sem tilefni er til. Ekkert væri hins vegar rætt um hugsanlega upptöku ríkjanna í NATO. Hardouin benti á að erfiðara yrði að framfylgja 5. gr. Atlantshafssáttmálans, sem kveður á um að árás á eitt aðildarríki jafngildi árás á þau öll, ef fjarlæg ríki hlytu aðild og að það gæti veikt bandalagið. Shea benti á

að Ástralía væri með 500 hermenn í liði NATO í Afganistan og Ástralía væri því sérlega mikilvægt samstarfsríki. Í sérstakri pallborðsumræðu fjögurra NATO-sendiherra síðar um daginn sagði Victoria Nuland, fastafulltrúi Bandaríkjanna hjá NATO, það ekkert launungarmál að Bandaríkin legðu áherslu á sterk tengsl við þessi ríki.

Hefðbundinn fundur stjórnarnefndar NATO-þingsins og Norður-Atlantshafsráðsins fór fram í höfuðstöðvum NATO 19. febrúar. Að venju sátu sendiherrar aðildarríkjanna fyrir svörum þingmanna en umræðum stjórnaði Jaap de Hoop Scheffer, framkvæmdastjóri bandalagsins, sem jafnframt flutti inngangserindi. De Hoop Scheffer ræddi ákvarðanir leiðtogafundarins í Ríga en fjallaði auk þess sérstaklega um framtíðarstöðu Kosovó þar sem sveitir NATO eru við friðargæslu. Framkvæmdastjórinn greindi frá nýlegum fundi Norður-Atlantshafsráðsins með Martti Ahtisaari, fyrrverandi forseta Finnlands og sérlegs samningamanns Sameinuðu þjóðanna í Kosovó, og sagði NATO styðja tillögur hans um hvernig ætti að semja um þjóðréttarlega stöðu héraðsins til framtíðar. Nokkuð var rætt um orkuöryggi og framtíðaráætlanir NATO á þeim vettvangi. Nokkur umræða spannst um málið sem sýndi ólíkar áherslur aðildarríkjanna. Franski sendiherrann taldi orkuöryggi fyrst og fremst innri málefni hvers ríkis fyrir sig eða ESB og ekki mikilvægt á borði NATO. Eistneski sendiherrann mótmælti þeim málflutningi og sagði notkun Rússa á orkuvopninu í pólitísku skyni gagnvart Úkraínu og Hvíta-Rússlandi sýna að tryggt framboð á orku sé nauðsynlegt og þar þurfi bæði NATO og ESB að koma að málum. Auk þess var rætt um eldflaugavarnir og ný möguleg aðildarríki en NATO-þingmenn ítrekuðu þar stuðning sinn við framtíðaraðild Georgíu að bandalaginu.

Marsfundur stjórnarnefndar.

Stjórnarnefnd NATO-þingsins kom saman til árlegs marsfundar laugardaginn 24. mars. Fundurinn var haldinn í Búdapest í boði ungversku landsdeildarinnar. Hlutverk stjórnarnefndarinnar er einkum að samræma starf nefnda NATO-þingsins og skipuleggja vorfund og ársfund þingsins. Af hálfu Íslandsdeildar sat fundinn Össur Skarphéðinsson, formaður, auk Stígs Stefánssonar ritara.

Fyrsta mál fundarins var að staðfesta val á nýjum forseta NATO-þingsins. Bert Koenders, sem kosinn var forseti NATO-þingsins á ársfundi þingsins í nóvember 2006, sagði af sér embætti 14. febrúar til þess að taka sæti sem þróunarmálaráðherra í ríkisstjórn Hollands. Framkvæmdastjórn NATO-þingsins kom saman til fundar 18. febrúar og útnefndi portúgalska þingmanninn José Lello sem starfandi forseta. Nokkrar umræður urðu á fundi stjórnarnefndar um túlkun á starfsreglum þingsins í svona tilvikum og því næst var útnefning Lellos staðfest.

Þá var rætt um starfsemi NATO-þingsins á árinu 2007 og m.a. fjallað um ný mál af vettvangi alþjóðastjórnmála sem líklegt þótti að kæmu til kasta þingsins. Simon Lunn, framkvæmdastjóri NATO-þingsins, flutti framsögu og taldi blasa við að málefni Kosovó yrðu mjög á dagskrá NATO eftir að Martti Ahtisaari, fyrrverandi forseti Finnlands og sérlegur samningamaður Sameinuðu þjóðanna í Kosovó, kynnti skýrslu sína um framtíð héraðsins fyrir öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Niðurstaða Ahtisaaris var sú að sjálfstæði sé eini raunhæfi kosturinn fyrir héraðið. Óeining er í öryggisráðinu og innan ESB um tillögur Ahtisaari en sem kunnugt er gæta sveitir NATO friðar í Kosovó-héraði. Lunn nefndi einnig eldflaugavarnir sem mál sem búast má við aukinni umræðu um en Bandaríkjamanna vinna að uppsetningu eldflaugavarnakerfis í samvinnu við Tékka og Pólverja. Þýski þingmaðurinn Marcus Meckel, formaður stjórnmálanefndarinnar, sagði að mikil umræða hefði verið um

eldflaugavarnakerfið í Þýskalandi eftir ræðu Pútíns Rússlandsforseta á öryggisráðstefnunni í München í febrúar 2007 þar sem Pútín var harðorður í garð Vesturlanda. Meckel greindi frá því að eldflaugavarnir yrðu á dagskrá stjórnmálanefndarinnar á næsta fundi hennar. Nokkrar umræður urðu um hvaða nefnd NATO-þingsins væri best til þess fallin að fjalla um eldflaugavarnir og varð niðurstaðan sú að vísinda- og tækninefnd fjallaði um tæknilegan hluta málsins en stjórnmálanefndin fjallaði um hvaða pólitísku afleiðingar eldflaugavarnir gætu haft á samstöðuna innan bandalagsins. Þá var rætt um undirbúning að nýrri varnarstefnu NATO (Strategic Concept) en framkvæmdastjóri bandalagsins, Jaap de Hoop Scheffer, hefur lýst því markmiði að NATO endurskoði núverandi varnarstefnu sína frá árinu 1999 fyrir árið 2009 þegar bandalagið fagnar 60 ára afmæli. Ákveðið var að stjórnmálanefndin kannaði hvernig NATO-þingið gæti komið að mótun nýrrar varnarstefnu bandalagsins.

Starfshættir NATO-þingsins voru til umræðu en umbætur voru gerðar á þeim á síðasta ári. Kanadíski öldungadeildarþingmaðurinn Pierre Claude Nolan, sem jafnframt er einn varaforseta NATO-þingsins, stýrði starfshópi sem mótaði tillögur að umbótunum. Nolan mælti fyrir nokkrum breytingum til viðbótar sem varða þátttöku skýrsluhöfunda í samræmingarfundum við upphaf vor- og ársfundar og takmörk á hversu mörg kjörtímabil nefndarformann mega sitja. Samþykkt var að hér eftir megi þeir leita endurkjörs tvisvar í stað þrisvar áður.

Þá var fyrirkomulag kosninga til varaforseta NATO-þingsins til umræðu. Við stækkun NATO árið 2004 þegar sjö Mið- og Austur-Evrópuríki gengu í bandalagið var varaforsetum NATO-þingsins fjölgað úr fjórum í fimm. Fimmta varaforsetaembættið var sérstaklega frátekið fyrir nýju aðildarríkin þannig að á ársfundum voru tvöfaldar kosningar til varaforseta, einar fyrir „gömlu“ varaforsetana fjóra og aðrar fyrir varaforseta frá nýju aðildarríkjunum. Þegar þessu kerfi var komið á fót var þó ætlunin að um tímabundna ráðstöfun væri að ræða. Stjórnarnefndin ákvað að ekki væri ástæða til þess að viðhalda þessari skipan og að frá næsta ársfundi yrðu varaforsetarnir fimm kosnir samtímis.

Umsóknir Serbíu og Svartfjallalands um aukaaðild að NATO-þinginu voru ræddar og samþykktar í kjölfar þess að á leiðtogafundi NATO í Ríga 28.–29. nóvember 2007 var ákveðið að bjóða Bosníu og Hersegóvínu, Serbíu og Svartfjallalandi aðild að samstarfsáætlun í þágu friðar.

Þá var á fundinum tekin ákvörðun um nýjan framkvæmdastjóra NATO-þingsins eftir að Simon Lunn léti af störfum. David Hoobs, aðstoðarframkvæmdastjóri þingsins, tók við framkvæmdastjórastöðunni 1. janúar 2008.

Í lok fundar var rætt um vorfund NATO-þingsins sem fyrirhugaður var á Madeira í maí og ársfundinn í Reykjavík í október. Hinn nýi forseti NATO-þingsins, José Lello, kynnti stöðu undirbúnings fyrir vorfundinn og Össur Skarphéðinsson kynnti undirbúning ársfundarins í Reykjavík. Össur sagði að Ísland væri hið eina af gömlu aðildarríkjunum í NATO sem ekki hefði haldið slíkan fund og ánægjulegt væri að gera breytingu þar á. Ísland væri sérstaklega vel við hæfi sem fundarstaður fyrir NATO-þingið vegna legu sinnar á Atlantshafshryggnum þar sem flekaskil Ameríku og Evrópu liggja. Að lokum bauð Össur nefndarmenn velkomna til ársfundar í Reykjavík.

Vorfundur.

Árlegur vorfundur NATO-þingsins var haldinn á portúgölsku eyjunni Madeira dagana 25.–28. maí. Fyrir hönd Íslandsdeildar sótti fundinn Katrín Júlíusdóttir, auk Stígs Stefánssonar ritara.

Á vorfundum NATO-þingsins vinna málefnanefndir að skýrslum og eiga fundi með fulltrúum ríkisstjórna og alþjóðastofnana, og sérfræðingum. Þá er þingfundur haldinn þar sem fjallað er um þau mál sem hæst ber í alþjóðlegri öryggis- og varnarmálaumræðu. Á meðal helstu mála á dagskrá vorfundarins á Madeira má nefna áætlun Bandaríkjamanna um að koma upp eldflaugavarnakerfi í Evrópu í samvinnu við Pólverja og Tékka, framtíðarstöðu Kosovó í ljósi yfirstandandi viðræðna í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna, og aðgerðir NATO í Afganistan.

Forseti NATO-þingsins, José Lello, setti þingfundinn. Í ávarpi sínu lagði Lello áherslu á aukið hlutverk þingmanna í öryggis- og varnarmálum. Þjóðþingin hefðu það hefðbundna hlutverk að samþykkja fjárframlög til varnarmála og hafa eftirlit með framkvæmdarvaldinu auk þess sem í sumum ríkjum þyrfti samþykki þings til beitingar herafla. Hið aukna hlutverk þingmanna fælist m.a. í því að skýra breytt öryggisumhverfi fyrir almennum borgurum og draga upp framtíðarsýn fyrir NATO í samvinnu við ríkisstjórnirnar til þess að tryggja áframhaldandi stuðning almennings við bandalagið. Lello hvatti til þess að NATO hæfi vinnu að nýrri varnarstefnu (strategic concept) sem lögð yrði fyrir til samþykktar á leiðtogafundi NATO í tilefni 60 ára afmælis bandalagsins árið 2009. Núverandi varnarstefna er frá árinu 1999 og tekur því ekki til nýrra og breyttra ógna eftir hryðjuverkaárásirnar á Bandaríkin 11. september 2001. Lello boðaði aðkomu NATO-þingsins að vinnu við nýja varnarstefnu og lagði áherslu á að skilgreina þyrfti hvaða öryggisógnum bæri að bregðast við með virkjun 5. gr. Atlantshafssáttmálans sem kveður á um að árás á eitt aðildarríki jafngildi árás á þau öll. Þá væri mikilvægt að skilgreina landfræðileg mörk bandalagsins bæði hvað varðar aðild og samstarfsáætlanir, og koma á skilvirkari samvinnu NATO við aðrar alþjóðastofnanir eins og ESB og Sameinuðu þjóðirnar.

Framkvæmdastjóri NATO, Jaap de Hoop Scheffer, ávarpaði þingfundinn og tók undir mikilvægi þingmanna sem milliliðar á milli bandalagsins og almennra borgara. Þegar 50.000 manns taka þátt í krefjandi aðgerðum og verkefnum undir merkjum NATO væri einkar mikilvægt að almenningur í aðildarríkjunum styddi bandalagið. Stærsta aðgerð NATO væri í Afganistan þar sem tæplega 40.000 manns væru í sveitum bandalagsins. Þrátt fyrir harða bardaga við talíbana í suðurhluta landsins og aukið ofbeldi vígamanna sem oft hefur beinst gegn óbreyttum borgurum kvaðst De Hoop Scheffer bjartsýnn á að sveitir NATO gætu tryggt frið og stöðugleika í landinu. Breiður pólitískur stuðningur væri við aðgerðina í Afganistan eins og nýleg fjölgun í sveitum NATO þar í landi sýndi glöggt. Eitt mikilvægasta verkefni NATO nú væri að þjálfa og vopnbúa afganska herinn til að hann geti axlað aukna ábyrgð á að koma á friði í landinu. Annað forgangsverkefni væri að fá alþjóðasamfélagið og stofnanir þess til að leggja meira af mörkum við uppbyggingu í landinu. De Hoop Scheffer lagði áherslu á að NATO væri ekki þróunar- eða uppbyggingarstofnun og að sérhæfing og sérfræðiþekking bandalagsins lægi ekki á því sviði. NATO gæti tryggt friðvænlegt og stöðugt umhverfi til uppbyggingarstarfs en þá yrðu aðrar stofnanir eins og Evrópusambandið, Sameinuðu þjóðirnar, Alþjóðabankinn og G8-löndin að koma til og aðstoða við endurreisnarstarf í Afganistan. Þá ræddi De Hoop Scheffer samband NATO og Rússlands og harmaði herská ummæli rússneskra ráðamanna um fyrirhugað eldflaugavarnakerfi Bandaríkjamanna í Evrópu og andstöðu við stækkun bandalagsins. Hvatti framkvæmdastjórinn til þess að NATO og Rússland ykju samstarf sitt og efndu til sameiginlegra aðgerða þegar þörf væri á.

Forsætisráðherra fyrrum Júgóslavíulýðveldisins Makedóníu, Nikola Gruevski, og forseti þjóðþings Georgíu, Nino Burjanadze, voru sérstakir gestur fundarins. Bæði lögðu þau í ávörpum sínum áherslu á stefnu landa sinna um aðild að NATO. Makedónía hefur á undan-

förnum árum tekið þátt í aðildaráætlun NATO sem ætlað er að aðstoða ríki við að undirbúa væntanlega aðild. Gruevski lýsti þeim aðgerðum sem stjórnvöld hafa beitt sér fyrir til þess að nútímavæða herafla og tryggja nauðsynlegar umbætur á stjórnkerfi landsins. Vonaðist hann eftir formlegu boði um inngöngu í bandalagið á næsta leiðtogafundi NATO í apríl 2008. Forsætisráðherrann lagði að lokum áherslu á að aðild Balkanríkja að NATO væri lokahnykkurinn í því að tryggja frið og stöðugleika til langs tíma eftir ófriðinn á 10. áratug síðustu aldar.

Öryggis- og varnarmálanefnd og vísinda- og tækninefnd NATO-þingsins stóðu að sameiginlegri málstofu um fyrirhugað eldflaugavarnakerfi Bandaríkjanna í Evrópu. Daniel P. Fata frá bandaríska varnarmálaráðuneytinu og Dennis Mays frá Eldflaugavarnastofnun Bandaríkjanna kynntu áætlunina sem beinist gegn langdrægum eldflaugum sem óttast er að ríki eins og Íran og Norður-Kórea geti komið sér upp. Fata sagði andstöðu Rússa við kerfið á misskilningi byggða þar sem það beindist ekki gegn þeim og hefði einungis varnargildi gegn ríkjum eða hryðjuverkasamtökum sem hafa yfir einni eða örfáum eldflaugum að ráða. Tæknin væri afar flókin og einungis væri gert ráð fyrir um tíu varnarflaugum til að skjóta niður árásareldflaugar. Lögðu frummælendur áherslu á fælingargildi slíkra varna, og sögðu að ef þeir sem hefðu yfir árásareldflaugum að ráða vissu að þær kynnu að verða skotnar niður þá gæti það haft áhrif á ákvörðun um að beita eldflaugunum. Í fyrirspurnatíma lýstu nokkrir þingmenn yfir áhyggjum af að eldflaugavarnakerfið kæmi af stað nýju vopnakapphlaupi.

Á vorfundinum var sérstök málstofa um konur og öryggismál. Svissneski þingmaðurinn Barbara Haering var málshefjandi. Benti hún á að ófriður nútímans innan ríkja hefði fyrst og fremst komið niður á konum og börnum. Nefndi hún sem dæmi að 90% fallinna í fyrri heimsstyrjöld voru hermenn en 90% fórnarlamba stríðsins á Balkanskaga voru almennir borgarar. Í stríðum eru konur og börn fórnarlömb skipulegs og heiftarlegs ofbeldis og stríðsátök festa í sessi það ójafnrétti sem ríkir á milli kynjanna. Konur hafa aðra sýn á öryggismál en karlar og því er aðkoma þeirra að mótun öryggis- og varnarstefnu og friðarviðræðum nauðsynleg. Í friðarviðræðum hefur það sýnt sig að konur eiga auðveldara með að ná samkomulagi við konur úr andstæðum fylkingum og þær bera málefni barna og kvenna fyrir brjósti. Í umræðum um erindi Haering lögðu fundarmenn áherslu á nauðsyn þess að samþætta kynjasjónarmið í auknum mæli inn í stefnumótun ríkisstjórna og þjóðþinga á sviði öryggis- og varnarmála.

Nokkuð var rætt um málefni Kosovó-héraðs og viðræður innan öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um framtíðarstöðu héraðsins. Sveitir NATO hafa gætt friðar í Kosovó frá árinu 1999 og eru þar nú 16.000 manns undir merkjum bandalagsins.

Vorfundi NATO-þingsins lauk með fundi stjórnarnefndar þar sem Katrín Júlíusdóttir gerði grein fyrir stöðu undirbúnings fyrir ársfund NATO-þingsins í Reykjavík 5.–9. október. Ársfundurinn yrði umfangsmesti fundur alþjóðlegra þingmannasamtaka sem Alþingi hefði haldið en Ísland væri eina gamla NATO-ríkið sem ekki hefur haldið slíkan fund. Vegna nýafstaðinna kosninga væri ekki búið að kjósa nýja Íslandsdeild NATO-þingsins eða staðfesta hvaða ráðherrar úr nýrri ríkisstjórn mundu sækja ársfundinn en unnið væri í þeim málum. Katrín sagði allan verklegan undirbúning ganga vel og að fundinum yrði búin góð umgjörð. Þá sagði Katrín það gestgjöfum mikið tilhlökkunarefni að bjóða NATO-þingmönnum á Þingvöll þar sem Alþingi var stofnað og kynna fyrir þeim einstaka jarðfræðilega og menningarlega sögu staðarins sem er á heimsminjaskrá UNESCO, Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna. Að lokum þakkaði Katrín gestrisni Madeira og sagði að þrátt fyrir mikinn mun á loftslagi ættu Ísland og Madeira margt sameiginlegt, þær væru tvær eldfjallaeyjur í

Atlantshafi með svipaða íbúatölu og að ljóst væri að Íslendingar mundu gera sitt besta til að líkja eftir gestrisni Madeirabúa.

„Transatlantic Forum“.

Dagana 10.–11. desember efndi NATO-þingið og Atlantshafsráð Bandaríkjanna, ásamt National Defence University, til árlegs fundar „Transatlantic Forum“ um helstu málefni Atlantshafssamstarfsins í Washington D.C. Fundurinn fór fram í húsakynnum National Defence University (NDU) í McNair-virki í Washington og var þetta í sjötta sinn sem hann var haldinn. Þátttakendur voru þingmenn aðildarríkja og aukaaðildarríkja NATO-þingsins auk embættismanna og sérfræðinga í alþjóðamálum. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildar Ragnheiður E. Árnadóttir, formaður, og Ásta R. Jóhannesdóttir, auk Stígs Stefánssonar ritara.

Megintilgangur „Transatlantic Forum“ er að gera fulltrúum NATO-þingsins kleift að ræða sameiginleg málefni er varða öryggi og varnir Evrópu og Bandaríkjanna við aðila úr bandaríska stjórnkerfinu, fræðasamfélagi, hugveitum og öðrum stofnunum. Þátttaka hefur verið afar góð á þessum fundum og umræður hreinskiptnar og upplýsandi. Fundurinn var skipulagður á þann hátt að nokkur svið alþjóðamála sem hátt hefur borið á undangengnum missirum voru tekin fyrir. Þar má nefna: áherslumál Bandaríkjamanna í aðdraganda leiðtogafundar NATO í Búkarest í apríl 2008; samskipti NATO og Rússlands; fyrirhugað eldflaugavarnakerfi í Evrópu; ástand mála í Mið-Austurlöndum; og komandi forsetakosningar í Bandaríkjunum. Tilhögun fundarins var sú að bandarískir sérfræðingar héldu framsögur um málefnin og svöruðu svo spurningum þingmanna og annarra þátttakenda á fundinum.

Nancy Pelosi, forseti fulltrúadeildar bandarískra þingsins, mætti óvænt á fundinn og bauð þátttakendur velkomna til Washington. Pelosi minntist þess þegar hún starfaði sjálf innan NATO-þingsins og lagði áherslu á mikilvægi aðkomu þingmanna að öryggis- og varnarmálum. Öryggishugtakið tæki til æ fleiri þátta svo sem orku-, umhverfis- og loftslagsmála og því væri þátttaka þingmanna í umræðum og stefnumótun á þessu sviði enn mikilvægari en áður og þar gegndi NATO-þingið lykilhlutverki.

Í umræðum um fyrirhugaðan leiðtogafund NATO í Búkarest 2.–4. apríl nk. flutti Daniel P. Fata frá bandarískra varnarmálaráðuneytinu framsögu. Þar kom fram að Bandaríkin mundu í fyrsta lagi leggja áherslu á að aðildarríkin stæðu við skuldbindingar sínar í aðgerðum í Kosovó og Afganistan. Bush forseti hefði lýst því að hann vænti þess að Kosovó fengi sjálfstæði fyrr en síðar og flest stefndi í þá átt eftir að Serbar og Kosovó-Albanir náðu ekki samkomulagi áður en frestur Sameinuðu þjóðanna til þess rann út 10. desember. Í Afganistan yrði að auka starf til uppbyggingar hers og sér í lagi lögreglu. Þá yrði að þrýsta á alþjóðastofnanir sem sérhæfa sig í þróun til að koma af meiri krafti að endurreisnarstarfi í landinu. Sérsvið NATO væri ekki endurreisnarstarf heldur að tryggja frið og öryggi til þess að slíkt starf gæti farið fram. Í öðru lagi mundu Bandaríkin leggja áherslu á að NATO hefði mikilvægu hlutverki að gegna hvað varðar eldflaugavarnir, orkuöryggi og öryggi fjarskiptakerfa (cyber security). Í þriðja lagi væri stefna Bandaríkjanna að opna bandalagið enn frekar og ná samkomulagi um að bjóða Króatíu, Makedóníu og Albaníu til aðildarviðræðna. Jafnframt væri vilji Bandaríkjanna að bjóða Georgíu og Úkraínu til þátttöku í aðildaráætlun bandalagsins en henni er ætlað að undirbúa ríki fyrir hugsanlega framtíðaraðild.

Rússland og samskipti þess við Vesturlönd voru til umræðu. Thomas H. Graham, fyrrverandi sendiherra og forstöðumaður hjá ráðgjafafyrirtæki Henry Kissingers, og Andrew C. Kuchins, forstöðumaður hjá CSIS (Center for Strategic and International Studies), fluttu framsögur sem lituðust af því að fyrr sama dag hafði Pútín Rússlandsforseti útnefnt Dimitri

Medvedev sem eftirmann sinn. Graham og Kuchins töldu val Medvedevs jákvætt, hann væri frjálslyndur á rússneskan mælikvarða og hefði ekki bakgrunn í KGB eða annarri öryggisþjónustu eins og margir æðstu samstarfsmenn Pútíns. Hins vegar væri óljóst hvaða hlutverk Pútín ætlaði sjálfum sér. Utanríkisstefna Rússlands var til umræðu og hvernig Pútín hefur endurreist mátt Rússlands á alþjóðavettvangi með orkusölu, hernaðaruppbyggingu og andstöðu við Vesturlönd í ákveðnum málum. Í líflegum fyrirspurnatíma sagði Ragnheiður E. Árnadóttir ljóst að hernaðarumsvif Rússa færu vaxandi á norðurslóðum. Sprengjuflugvélar hefðu hafið reglubundið flug að nýju að ströndum Íslands eftir að varnarliðið hvarf frá Keflavíkurstöðinni og nú stæðu fyrir dyrum miklar flotaæfingar Rússa á svæðinu. Ragnheiður benti á aukið vægi norðurslóða og norðurskautssvæðisins í öryggismálum sökum ríkra orkuauðlinda og möguleika á nýjum siglingaleiðum og spurði hvort búast mætti við aukinni spennu á milli Rússa og Vesturlanda á svæðinu og hvort ástæða væri fyrir NATO að bregðast sérstaklega við því. Graham svaraði því til að fyrirsjáanlegt væri að mikilvægi svæðisins mundi aukast í náinni framtíð en það mundi ekki nauðsynlega leiða til aukinnar spennu á milli aðila þó að slíkt gæti hæglega gerst. Hann vonaðist til að hin miklu úrlausnarefni og möguleikar á norðurskautssvæðinu gætu frekar orðið grunnur samvinnu Rússa og Vesturlanda.

Eldflaugavarnir voru þá á dagskrá. Henry A. Obering III frá eldflaugavarnastofnun varnarmálaráðuneytisins og Eline Bunn frá NDU fluttu erindi og bentu á að ríkjum sem hefðu yfir að ráða tækni til smíði langdrægra eldflauga hefði fjölgað mjög á síðustu 20 árum og væru nú 20–30 talsins. Eldflaugavarnir væru ekki einungis til varnar slíkum flaugum heldur hefðu varnirnar fælingargildi gagnvart frekari útbreiðslu þar sem tilvist eldflaugavarna gerði það síður eftirsóknarvert að verða sér út um tækni til smíði langdrægra eldflauga. Norður-Kórea hefur prufuskotið sex langdrægum flaugum en gagnvart slíkum ríkjum, sem hafa getu til að smíða nokkrar flaugar, er varnarkerfinu beint. Andstaða Rússa við uppbyggingu eldflaugavarnakerfis í Evrópu á þeirri forsendu að það gjaldfelldi kjarnorkuherafla Rússlands væri á misskilningi byggð. Kerfið mun geta skotið örfáar flaugar niður sem berast frá hryðjuverkaríkjum eða hópum sem hafa yfir takmörkuðum fjölda flauga að ráða en er engin vörn gegn allsherjarárás frá ríki sem ætti hundruð eða þúsundir flauga eins og Rússland. Þá var rætt um Íran og möguleika landsins til að þróa kjarnorkuvopn í ljósi nýrrar skýrslu frá leyniþjónustustofnunum Bandaríkjanna þar sem fram kom að Íranir væru skemur á veg komnir í þeirri þróun en áður var talið.

Sérfræðingar í málefnum Mið-Austurlanda gerðu þá grein fyrir stöðu mála að loknum fundi deiluaðila í Annapolis í lok nóvember 2007 og þeirri viðræðuáætlun sem þar var samþykkt. Loks spáðu Sid Blumenthal, ráðgjafi Hillary Clinton, og David Frum, sérfræðingur hjá Heritage-stofnuninni og yfirlýstur stuðningsmaður Rudy Giuliani, í spilin fyrir forkosningaslag demókrata annars vegar og repúblikana hins vegar vegna bandarísku forsetakosninganna í nóvember nk.

Nefndarfundir.

Fulltrúar Íslandsdeildar sóttu einnig ýmsa nefndarfundi og ráðstefnur NATO-þingsins á árinu. Ragnheiður E. Árnadóttir tók þátt í heimsókn varnar- og öryggismálanefndar til Georgíu í september þar sem nefndin kynnti sér þann árangur sem landið hefur náð í stjórnsýsluumbótum annars vegar og umbreytingu herafla síns hins vegar með aðild að NATO að markmiði. Þá sótti Ragnheiður fund sömu nefndar í Berlín í nóvember. Ásta R. Jóhannesdóttir tók þátt í kosningaeftirliti við þingkosningarnar í Úkraínu 30. september. Þá sótti Ásta

Rose Roth-ráðstefnu í Belgrad í lok október þar sem sjónum var beint að ástandi mála á vestanverðum Balkanskaga og framtíðarstöðu Kosovó.

Alþingi, 22. febr. 2008.

Ragnheiður E. Árnadóttir, form.	Ásta R. Jóhannesdóttir, varaform.	Magnús Stefánsson.

Fylgiskjal.

Ályktanir NATO-þingsins árið 2007.

Ársfundur í Reykjavík, 5.–9. október:
- Ályktun 359 um stöðugleika á vestanverðum Balkanskaga.
- Ályktun 360 um hlutverk NATO við almannavarnir.
- Ályktun 361 um áframhaldandi hlutverk NATO í Afganistan.
- Ályktun 362 um stuðning við framtíðaraðild Adríahafsríkjanna þriggja að NATO.
- Ályktun 363 um kostnaðarskiptingu yfir Atlantsála.
- Ályktun 364 um samskipti NATO og Rússlands.
- Ályktun 365 um umbreytingu NATO.
- Ályktun 366 um eldflaugavarnir.
- Ályktun 367 um hnattræn viðbrögð við loftslagsbreytingum.

713. Nefndarálit [403. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað, nr. 88/1995, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hluta allsherjarnefndar.

Fyrsti minni hluti telur undirbúning frumvarpsins ekki nægilega vandaðan. Skoðanir þingmanna eru skiptar um það fyrirkomulag sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, hvað sem líður forsögu málsins og því samkomulagi sem fjallað er um í greinargerð með frumvarpinu.

Efni frumvarpsins lýtur að samkomulagi aðstandenda nýrra laga um þingsköp Alþingis, sem sett voru fyrir jól, um að þingmönnum landsbyggðarkjördæmanna þriggja og formönnum stjórnmálaflokka í stjórnarandstöðu verði heimilt að ráða sér aðstoðarmann samkvæmt reglum settum af forsætisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á þremur fundum. Upp hafa vaknað fjöldamörg álitaefni sem þingmenn hafa leitað svara við og hafa þeir einnig velt fyrir sér ýmsum hliðum á því fyrirkomulagi sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Ljóst er að ekki eru allir sannfærðir um ágæti frumvarpsins eins og það liggur fyrir. Telja verður að verði frumvarpið að lögum þá kunni það að hafa afleiðingar sem ekki var stefnt að á upphafsstigum. Svo virðist sem að málið sé ekki hugsað til enda. Má til dæmis nefna að í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að

þingmenn landsbyggðarkjördæma geti ráðið sér aðstoðarmann í 33% starfshlutfall. Þetta verður að telja illframkvæmanlegt, einkum í þeim kjördæmum þar sem flokkur hefur einungis einn þingmann. Í frumvarpinu er ekki skilgreint í hverju verk aðstoðarmanna eiga að felast og fleira er óljóst.

Í umfjöllun nefndarinnar hefur ekki verið leitað umsagna en a.m.k. hefði átt að óska eftir formlegri umsögn frá Félagi starfsmanna Alþingis. Með hliðsjón af framangreindu verður ekki séð að frumvarpið samræmist þeim sjónarmiðum um vandaða frumvarpasmíð sem fram koma í nýútkominni handbók um undirbúning og frágang lagafrumvarpa sem gefin var út af forsætisráðuneyti, dóms- og kirkjumálaráðuneyti og skrifstofu Alþingis.

Hugmyndin um aðstoðarmenn alþingismanna á sér upphaf í loforðum um aðstoð við alþingismenn í hinum víðlendu landsbyggðarkjördæmum sem urðu til 1999. Var hugsunin sú að aðstoðarmaðurinn yrði tengiliður milli kjósenda eða íbúa kjördæmanna og þingmannanna og auðveldaði þeim að rækta starf sitt á víðlendu starfssvæði.

Frumvarpið er flutt af fulltrúum forsætisnefndar að fulltrúa Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs undanskildum. Í greinargerð með frumvarpinu er vísað í samkomulag sem gert var í aðdraganda að setningu laga nr. 161/2007, um breytingu á lögum um þingsköp Alþingis, sem voru samþykkt í desember 2007. Rétt er að taka fram að Vinstri hreyfingin – grænt framboð átti ekki heldur aðild að umræddu samkomulagi.

Þjóðþing Íslendinga er veikt gagnvart framkvæmdarvaldinu og hefur staða þess fremur veikst en hitt undanfarin ár. 1. minni hluti telur mikilvægt að styrkja stöðu þingsins, einkum hvað varðar nefndastarf og þátt stjórnarandstöðu í löggjafarstarfinu. 1. minni hluti telur hlutverk stjórnarandstöðu, eða hvers og eins þingmanns, vera að standa fyrir rökræðum og koma mismunandi sjónarmiðum á dagskrá og koma þeim út í samfélagið. Réttindi stjórnarandstöðu og ákvæði þingskaparlaga verða að virka sem tæki til að tryggja lýðræðisleg skoðanaskipti og umræður, vönduð vinnubrögð og vandaða lagasetningu. Sú hefur því miður ekki orðið raunin.

Það skal ítrekað að frumvarpið og það fyrirkomulag sem gert er ráð fyrir með ákvæðum þess og þeim reglum sem settar verða í kjölfarið virðist ekki hugsað til enda. Við umfjöllun málsins í nefndinni hefur verið fjallað um marga þætt sem þyrfti að fjalla mun vandlegar um.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð getur ekki staðið að afgreiðslu málsins og mun sitja hjá við afgreiðslu þess.

Alþingi, 27. febr. 2008.

Atli Gíslason.

Með álitinu var fylgiskjal: Nefndarálit minni hluta allsherjarnefndar um frv. til l. um breyt. á l. um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, sbr. lög nr. 74/1992, 102/1993, 68/2007 og 102/2007. (Þskj. 524 í 293. máli 135. löggjafarþings.)

714. Nefndarálit [403. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað, nr. 88/1995, með síðari breytingum.

Frá 2. minni hluta allsherjarnefndar.

Annar minni hluti er sammála meiri hlutanum hvað varðar álit hans og tillögu til breytingar á 14. gr. laganna. Rétt er að taka fram að meiri hluti þingflokks Frjálslynda flokksins styður efni frumvarpsins.

Undirritaður gerði þann fyrirvara við umræður um frumvarp til breytinga á þingskapalögum fyrr á þessu þingi (293. mál) að hann teldi að allir þingmenn yrðu að sitja við sama borð og hafa sömu kjör. Ljóst væri að mismunun fælist í því að greiða kostnað fyrir aðstoðarmenn sumra þingmanna eftir kjördæmamörkum en ekki annarra.

Annar minni hluti tekur í fyrsta lagi fram að mikilvægt er að styrkja stöðu stjórnarandstöðu til að hún geti rækt mikilvægt hlutverk sitt í lýðræðisþjóðfélagi. Stjórnarandstaðan verður að hafa sambærilega aðstöðu og ráðherrar til að fylgjast með og njóta nauðsynlegrar aðstoðar til að geta á hverjum tíma kynnt sér mál með viðunandi hætti, haft virkt eftirlit með starfsemi ríkisstjórnar og geta komið fram með málefnalega gagnrýni á störf hennar. Stjórnarandstaðan verður að geta rækt eftirlitshlutverk sitt með viðunandi hætti. Almenningur í lýðræðisþjóðfélagi hefur hagsmuni af því. Af þeim sökum er eðlilegt að formenn þeirra stjórnmálaflokka sem ekki eiga aðild að ríkisstjórn fái aðstoðarmenn.

Í öðru lagi er mikilvægt að efla nefndasvið Alþingis þannig að stjórnarandstaðan geti fengið meiri aðstoð við störf sín þar en nú er. Skrifstofustjóri Alþingis hefur upplýst að nefndasvið verði eflt með ákveðnum og ásættanlegum hætti fyrir stjórnarandstöðu.

Þau atriði sem hér eru nefnd og forseti Alþingis hefur beitt sér fyrir eru af hinu góða. Kemur þá til skoðunar með hvaða hætti þarf að jafna stöðu þingmanna stjórnarandstöðu þannig að hún verði sambærileg við stöðu þingmanna í meiri hluta. Heppilegast hefði verið að gefa stjórnarandstöðuflokkum möguleika á að skipa sérhæft starfsfólk eftir ákveðnum reglum til að vinna að málum sem skipta mestu fyrir löggjafarstarfsemina og mikilvægt eftirlitshlutverk stjórnarandstöðunnar. Í því sambandi skiptir máli og hefur verið viðurkennt í nokkrum nágrannalöndum okkar að mikilvægt sé að styðja sérstaklega þinglega starfsemi lítilla stjórnmálaflokka þar sem starfsþungi er almennt meiri á hvern alþingismann en í stærri flokkunum og mun meiri en venjulegt er með stjórnarþingmenn í fjölmennum þingflokkum. Á það skortir að brugðist sé við þessum atriðum með frumvarpinu þannig að mismunandi staða og starfsþungi þingmanna eftir þessum mismunandi aðstæðum sé skoðaður, skilgreindur og brugðist við með eðlilegum hætti.

Alþingi hefur aukið mjög fjárveitingar til stjórnmálaflokka og starfsemi þingflokka. Það er ávallt spurning hversu langt á að ganga í þeim efnum. Það er ekki æskilegt að annar aðili en Alþingi hafi með þessi mál að gera og gæta þarf þess að ekki sé eða verði um óeðlilega sjálftöku stjórnmálaflokka að ræða. Þá skiptir miklu í því sambandi að ekki sé búinn til aðstöðumunur milli ákveðinna þingmannahópa innbyrðis eða þingmanna annars vegar og annarra áhugamanna um stjórnmálastarfsemi hins vegar. Reglur sem eru miðaðar við einstaka þingmenn styrkja stöðu þeirra í eigin flokkum gagnvart öðru áhugafólki í stjórnmálum. Hætt er við að það auki enn á þaulsetu þingmanna almennt og geti verið til þess fallið að koma í veg fyrir eðlilega endurnýjun á Alþingi.

Annar minni hluti telur mikilvægt að þingmönnum sé ekki mismunað með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu og telur vafa leika á því að það standist jafnræðisreglu íslenskra stjórnskipunarlaga. Með því að láta reglur frumvarpsins ná til þingmanna eftir því í hvaða kjördæmi þeir eru kjörnir er um óeðlilega mismunun að ræða sem ekki er hægt að rökstyðja að standist málefnaleg rök. Alþingismenn eru kjörnir af þjóðinni en ekki af einstökum kjördæmum til að fara með lagasetningarvald. Störf alþingismanna felast í því að setja þjóðinni almenn lög en ekki einstökum hlutum hennar. Alþingismenn eru kjörnir af fólki fyrir fólk en ekki fyrir ferkílómetra, akra eða engi. Sú hugmynd sem komið hefur fram í umræðum um málið að störf alþingismanna í Norðvestur-, Norðaustur- og Suðurkjördæmum séu erfiðari og örðugra fyrir þá að hafa samband við kjósendur sína stenst ekki, sér í lagi þegar það er skoðað að mun færri kjósendur eru að baki hverjum þingmanni í þessum þremur kjördæmum en í Suðvesturkjördæmi og Reykjavíkurkjördæmi norður og suður. Meginatriði þessa máls er samt sem áður að eðlilegra er að líta á stjórnmálaflokk sem heild sem kemur sér saman um baráttu fyrir ákveðin meginmarkmið og sú aðstoð sem veitt er gangi þá til þingflokkanna eða stjórnmálaflokkanna sem slíkra en ekki einstakra þingmanna meðan þeir eru innan vébanda stjórnmálaflokka. Með því að miða aðstoð meira við þingflokka og heildarþarfir þeirra verður um virkari aðstoð að ræða og málefnalegri en frumvarpið gerir ráð fyrir.

Það er hins vegar ljóst að meiri hlutinn vill fara þá leið að einstakir þingmenn ráði sér aðstoðarmann eins og fram kemur í áliti meiri hlutans. Þá er mikilvægt að skýrar lagareglur séu mótaðar þannig að girt sé fyrir geðþóttaákvarðanir þeirra aðila sem ákveða með hvaða hætti það skuli gert og gæta þess að allir þingmenn sitji við sama borð og hafi sömu kjör. Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir því og með þeirri breytingu sem meiri hluti nefndarinnar leggur til er gengið enn lengra en í sjálfu frumvarpinu til að auka vald forsætisnefndar Alþingis til að taka geðþóttaákvarðanir um kjör einstakra þingmanna. Slíkt er með öllu óviðunandi. Lagasetningarvaldið er í höndum Alþingis og mikilvægt er að Alþingi framselji það ekki umfram það sem brýna nauðsyn krefur. Víðtækt framsal lagasetningarvalds er auk heldur óheimilt. Af þeim sökum og einnig vegna þess að um of víðtækt framsal lagasetningarvalds er um að ræða telur annar minni hluti að hafna beri tillögu meiri hlutans.

Annar minni hluti telur að æskilegra hefði verið að fara þá leið að aðstoðarmenn yrðu hluti af starfsliði þingflokks í heild en ekki einstakra þingmanna eins og að framan greinir og þá hefði verið hægt að taka sérstakt tillit til minni flokka og sérstakrar aðstöðu flokka í stjórnarandstöðu en sú er ekki raunin hvað varðar sérstaka aðstoðarmenn þingmanna.

Vakin er athygli á og tekið undir þau sjónarmið sem koma fram í 4. mgr. álits meiri hlutans. Þar eru í raun rakin þau atriði og tekið undir þau sjónarmið sem annar minni hluti gerir sérstaka athugasemd við. Þau sjónarmið sem rakin eru í 4. mgr. og annar minni hluti felst á fyrir sitt leyti er þó ekki að finna í tillögum meiri hlutans. Í a-lið 2. tölul. þeirra breytingartillagna sem meiri hluti nefndarinnar leggur til er í lagt til að forsætisnefnd sé heimilt að kveða á um að heimild til ráðningar aðstoðarmanna sé bundin tilteknum kjördæmum eða tiltekinni stöðu sem alþingismaður hefur í flokki sínum. Eðlilegra væri að áliti annars minni hluta að kveðið væri skýrt á um þetta í lögum. Sú skýring kom fram að með orðalaginu „tiltekinni stöðu sem alþingismaður hefur í flokki sínum“ sé átt við formenn flokkana og heimild þeirra til að ráða sér sérstaka aðstoðarmenn. Sé það sú viðmiðun sem við er átt og ekkert annað, þá er nauðsynlegt að það komi fram í umræðum um frumvarpið til að fyrir liggi ákveðið lögskýringargagn sem tekur af öll tvímæli í því efni. Þá stendur eftir heimild forsætisnefndar til að binda ráðningu aðstoðarmanns við ákveðið kjördæmi sem er óeðlileg

regla og óeðlilegt framsal löggjafarvalds líkt og rakið er hér að framan og er vísað til þess.

Með vísan til þess sem tekið hefur verið fram varðandi vilja meiri hlutans og það sem fram kemur í 4. mgr. í áliti meiri hlutans væri rökrétt niðurstaða að meiri hlutinn hefði staðið að því með öðrum minni hluta að flytja neðangreindar breytingartillögur við frumvarpið. Þær breytingar sem hér eru lagðar til á frumvarpinu eru til að tryggja að lögin standist jafnræðisreglu íslensku stjórnarskrárinnar í framtíðinni og til að gera ákvæðið skýrara. Þá er lagt til að við frumvarpið bætist ákvæði til bráðabirgða um að á árinu 2008 nái sú heimild sem mælt er fyrir um í frumvarpinu um ráðningu aðstoðarmanna einungis til alþingismanna sem sitji í Norðvestur- Norðaustur og Suðurkjördæmum. Samkvæmt þessu munu þingmönnum annarra kjördæma, þ.e. Reykjavíkurkjördæmis norður, Reykjavíkurkjördæmis suður- og Suðvesturkjördæmis, vera heimilt að ráða sér aðstoðarmenn frá 1. janúar 2009.

Annar minni hluti leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Á eftir orðunum „ráða sér aðstoðarmann“ í 1. efnismgr. 1. gr. komi: og skulu greiðslur til hans fara.
2. Við bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   Þrátt fyrir ákvæði 1. efnismgr. 1. gr. skal heimild til ráðningar aðstoðarmanns þingmanns á árinu 2008 einungis ná til þingmanna sem kjörnir eru í Norðvestur-, Norðaustur- og Suðurkjördæmi.

Alþingi, 26. febr. 2008.

Jón Magnússon.

715. Skýrsla [450. mál]

Íslandsdeildar þingmannaráðstefnu um norðurskautsmál fyrir árið 2007.

1. Inngangur.

Af þeim málum sem fjallað var um á vettvangi þingmannanefndar um norðurskautsmál á árinu 2007 má segja að þrjú meginefni hafi helst verið í brennidepli en þau hafa öll verið rædd á vettvangi þingmannanefndarinnar undanfarin ár.

Í fyrsta lagi voru umhverfismál og sérstaklega loftslagsbreytingar að venju mjög áberandi í umræðunni. Kynntar voru rannsóknir sem sýna að gríðarlega hraðar loftslagsbreytingar hafa orðið á norðurskautssvæðinu síðustu áratugi og loftslag fer ört hlýnandi. Ekki sér fyrir endann á þessum breytingum og spáð er enn örari þróun í þessa átt á næstu áratugum. Norðurslóðir einkennast af sérlega viðkvæmum vistkerfum og ljóst þykir að þróunin við norðurskaut sé eins konar fyrirboði þess sem verður annars staðar í heiminum.

Í öðru lagi voru umræður um siglingaleiðir og björgunarmál áberandi á árinu. Með minnkandi hafís á norðurskautssvæðinu og auknum þrýstingi alþjóðavæðingar um sífellt stærri flutningaskip má búast við að siglingaleiðir milli Asíu annars vegar og Evrópu og austurstrandar Norður-Ameríku hins vegar opnist á næstu árum. Þar með styttast siglingaleiðirnar verulega, eða um allt að helming. Auknar siglingar um norðurskautið munu hafa veruleg

áhrif á Ísland, sem gæti legið vel við sem umskipunarhöfn fyrir þessa miklu flutninga. Þeim tækifærum sem í þessu felast fylgir einnig nokkur áhætta, m.a. vegna meiri hættu á umhverfisslysum, og verulega auknum verkefnum fyrir landhelgisgæsluna. Einnig hafa Norðmenn hafið mikla olíu- og gasvinnslu í Barentshafi og þykir líklegt að Rússar fylgi í kjölfarið á komandi árum. Hluti þessarar orku verður fluttur með skipum til Norður-Ameríku um íslenska landhelgi.

Í þriðja lagi var áhersla á Alþjóðaár heimskautasvæðanna (e. International Polar Year) sem gekk í garð í mars 2007 og var það haldið í þriðja sinn. Vísindamenn frá yfir 60 löndum taka þátt í rannsóknum alþjóðaársins sem lýkur í mars 2009. Markmiðið með árinu var að leiða til stórátaks í rannsóknum og athugunum á heimskautasvæðum jarðar. Rannsóknir á loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra á umhverfi, lífríki og samfélag voru í brennidepli á rannsóknarárinu en lögð var sérstök áhersla á þverfaglegar rannsóknir. Einnig var mikið rætt um öryggi í orkumálum á árinu og þörfina fyrir aukna notkun orkugjafa sem ekki hafa mengandi áhrif á andrúmsloftið.

2. Almennt um þingmannaráðstefnu um norðurskautsmál.

Fyrsta ráðstefna þingmanna og fulltrúa norðurskautssvæða var haldin í Reykjavík árið 1993, en nokkur samvinna norðurskautsríkja hófst þegar samþykkt var áætlun um umhverfisvernd á norðurslóðum í Rovaniemi í Finnlandi árið 1991. Ráðstefnan í Reykjavík árið 1993 markaði hins vegar upphafið að stofnun þingmannanefndar um norðurskautsmál sem sett var á laggirnar árið 1994. Nefndin er stjórnarnefnd þingmannaráðstefnu um norðurskautsmál sem haldin er á tveggja ára fresti. Á ráðstefnunni kemur saman stór hópur þingmanna frá ríkjunum við norðurskaut, sem og sérfræðingar frá ríkisstjórnum, háskólastofnunum og félagasamtökum er láta sig málefni norðursins varða. Eitt meginviðfangsefni þingmannanefndarinnar er að fylgja eftir samþykktum ráðstefnunnar sem og að fylgjast grannt með störfum Norðurskautsráðsins. Þingmannanefndin fundar að jafnaði þrisvar á ári og einn þingmaður frá hverju aðildarríki situr í nefndinni. Þjóðþing Bandaríkjanna, Kanada, Rússlands og Norðurlanda eiga fulltrúa í nefndinni og auk þess á Evrópuþingið fastan fulltrúa. Almennt má segja að helstu verkefni í norðurskautssamstarfi lúti að sjálfbærri þróun og umhverfismálum. Undanfarin ár hefur sérstök áhersla einnig verið lögð á varðveislu menningararfleifðar og lífshátta þeirra þjóðflokka er byggja landsvæðin við norðurskaut, sem og aukna efnahagslega og félagslega velferð og velmegun íbúa norðursins.

Í fyrstu sneru verkefni þingmannanefndarinnar aðallega að ýmsum málum sem viðkomu stofnun Norðurskautsráðsins árið 1996, en ráðið byggist á sameiginlegri yfirlýsingu og samstarfi ríkisstjórna aðildarríkjanna átta. Nokkur samtök frumbyggja og ólíkra þjóðarbrota á norðurslóðum eiga fasta fulltrúa í ráðinu. Auk þess eiga ýmis ríki, alþjóðasamtök og frjáls félagasamtök áheyrnaraðild að ráðinu. Jafnvel þótt samstarf norðurskautsríkja eigi sér fremur stutta sögu hefur það fætt af sér margvísleg sameiginleg verkefni og stofnanir. Eftirlit með og mat á umhverfi norðurskautssvæðanna hefur frá byrjun verið forgangsverkefni ráðsins. Fjölmargar vandaðar vísindalegar rannsóknir hafa verið gerðar á vegum vinnuhópa ráðsins, m.a. um mengunarhættu, áhrif mengunar á vistkerfi norðurslóða og varðveislu líffræðilegs fjölbreytileika. Á síðari missirum hefur Norðurskautsráðið í auknum mæli sinnt verkefnum sem miða ekki eingöngu að því að vega og meta mengunarhættu, heldur leita leiða við að draga úr mengun á norðurslóðum. Þingmannanefndin hefur á undanförnum árum lagt sérstakan metnað í að hafa frumkvæði að mismunandi verkefnum sem hægt er að leggja fyrir Norðurskautsráðið til framkvæmda.

Undir lok formennskutíðar Íslands árið 2004 var gefin út skýrsla um áhrif loftslagsbreytinga á norðurskautssvæðinu, *Arctic Climate Impact Assessment (ACIA)*. Skýrslan er fyrsta svæðisbundna allsherjarrannsókn á loftslagsbreytingum sem birt hefur verið eftir að samningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar var gerður. Skýrslan vakti mikla athygli og hefur verið til hennar vísað í alþjóðlegri umræðu um loftslagsbreytingar á norðurslóðum.

3. Skipan Íslandsdeildar.

Fram að Alþingiskosningum 12. maí voru aðalmenn Íslandsdeildarinnar Sigurður Kári Kristjánsson, formaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Guðjóni Ólafur Jónsson, varaformaður, þingflokki Framsóknarflokks, og Björgvin G. Sigurðsson, þingflokki Samfylkingarinnar. Varamenn voru Drífa Hjartardóttir, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Valdimar L. Friðriksson, þingflokki Samfylkingarinnar, og Dagný Jónsdóttir, þingflokki Framsóknarflokks.

Ný Íslandsdeild var skipuð 31. maí. Samkvæmt breytingum á þingsköpum gildir sú kosning deildarinnar fyrir allt kjörtímabilið. Þingið getur þó hvenær sem er kosið að nýju ef fyrir liggur beiðni meiri hluta þingmanna þar um. Aðalmenn voru Sigurður Kári Kristjánsson, þingflokki Sjálfstæðisflokksins, Gunnar Svavarsson, þingflokki Samfylkingarinnar, og Jón Bjarnason, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Varamenn voru Illugi Gunnarsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Karl V. Matthíasson, þingflokki Samfylkingarinnar, og Álfheiður Ingadóttir, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Á fundi Íslandsdeildar 4. júní var Sigurður Kári Kristjánsson endurkjörinn formaður og Gunnar Svavarsson varaformaður.

Formaður situr fyrir hönd Íslandsdeildar í þingmannanefndinni, en í forföllum hans situr varaformaður fundi nefndarinnar. Öll Íslandsdeildin sækir ráðstefnuna sem haldin er á tveggja ára fresti. Íslandsdeild kemur saman eftir þörfum og þá gerir formaður grein fyrir starfi þingmannanefndarinnar og fær hún jafnframt upplýsingar um starf Norðurskautsráðsins. Arna Gerður Bang var ritari Íslandsdeildar.

4. Fundir þingmannanefndar 2007.

Þingmannanefndin hélt þrjá fundi á árinu. Sigurður Kári Kristjánsson, formaður Íslandsdeildar, hélt m.a. umræðu um siglingaleiðir og björgunarmál á lofti á fundum nefndarinnar og lagði áherslu á mikilvægi málaflokksins. Sigurður Kári sat fyrir hönd Íslandsdeildar fund nefndarinnar í Brussel í febrúar, en sá fundur var haldinn samhliða ráðstefnu um hina norðlægu vídd, fund í Reykjavík í maí og í Ottawa í október. Arna Gerður Bang, ritari nefndarinnar, sótti fundina ásamt formanni. Hér á eftir verður gerð stutt grein fyrir fundum þingmannanefndarinnar á árinu.

Fundur þingmannanefndar um norðurskautsmál í Brussel 28. febrúar og ráðstefna um hina norðlægu vídd 28. febrúar – 1. mars.

Fyrsta dagskrárefni fundarins var undirbúningur fyrir ráðstefnu um hina norðlægu vídd sem hófst síðar um daginn. Hin norðlæga vídd ESB nær til Norðurlandanna, Norðvestur-Rússlands og Eystrasaltsríkjanna. Meginmarkmið norðlægu víddarinnar er að auka samstarf milli ESB og nágrannalanda þess í Norður-Evrópu, efla svæðasamstarf og stuðla að öryggi og stöðugleika á svæðinu. Rætt var um efnisatriði yfirlýsingar nefndarinnar og mikilvægi þess að í henni væri lögð áhersla á rannsóknir á loftslagsbreytingum norðurskautsins og afleiðingar þeirra fyrir samfélög á norðurslóðum. Rannveig Guðmundsdóttir, fulltrúi Norðurlandaráðs í nefndinni, lagði áherslu á mikilvægi þess að núverandi stofnanir hittust reglulega

til að ræða og fylgjast með framvindu hinnar norðlægu víddar. Hún taldi ekki þörf á að setja á fót nýja stofnun til að fást við hina norðlægu vídd eða önnur málefni norðursins heldur ætti að virkja þær stofnanir sem þegar væru til. Þá tók Diana Wallis, fulltrúi Evrópuþingsins, til máls og kom því skýrt á framfæri að ráðstefnan um hina norðlægu vídd og sá umræðuvettvangur sem þar skapaðist væri ekki upphafið að enn einni stofnuninni heldur vettvangur þar sem núverandi stofnanir geta komið saman og verið leiðbeinandi varðandi stefnu hinnar norðlægu víddar. Hill-Marta Solberg, formaður þingmannanefndarinnar, taldi nauðsynlegt að koma orkumálum að í yfirlýsingunni auk málsgreinar um málefni Barentshafsins. Roy Cullen, fulltrúi Kanada í nefndinni, ræddi einnig um orkumál og taldi afar brýnt að leggja áherslu á öryggi í orkumálum þörfina fyrir fleiri valkosti og fjölbreyttari orkugjafa auk notkunar orkugjafa sem ekki hafa mengandi áhrif á andrúmsloftið.

Kupik Kleist, fulltrúi Danmerkur, kallaði eftir auknum áherslum á samfélögin á norðurskautssvæðinu og mikilvægi þess að styrkja aðlögunarhæfni þeirra við þær nýju aðstæður sem skapast hafa af völdum loftslagsbreytinga. Jonathan Motzfeldt, formaður Vestnorræna ráðsins, tók til máls á fundinum og lagði til að löndin á norðurskautssvæðinu og Evrópusambandið efldu samstarf sitt til muna varðandi leitar- og björgunarmál á hafsvæðum norðurskautsins. Hann bar einnig fram þá hugmynd að Evrópuþingið setti á fót skrifstofu þar sem hægt væri að nálgast upplýsingar um norðurskautið og sendinefnd um norðurskautsmál.

John Richardson, yfirmaður starfshóps um siglingamál hjá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, kom á fund þingmannanefndarinnar og kynnti fyrir fundargestum grænbók framkvæmdastjórnarinnar um framtíðarstefnu Evrópusambandsins í sjávar- og siglingamálum. Richardson sagði loftslagsbreytingar hafa mikil áhrif á úthöfin og að bráðnun hafíssins við norðurskautið opnaði m.a. fyrir nýjar siglingaleiðir frá Rússlandi til Evrópu. Hann taldi skynsamlegt að koma upp sérstöku leitarkerfi fyrir norðurskautssvæðið og tók undir það að björgunarmál á svæðinu væru afar mikilvæg auk verndunar vistkerfisins.

Næsti dagskrárliður fundarins fjallaði um starfsemi þingmannanefndarinnar og málefni norðurskautsins innan einstakra aðildarríkja hennar. Sigurður Kári, formaður Íslandsdeildar, fjallaði um þróun mála á Íslandi. Hann lagði áherslu á mikilvægi norðurskautsins fyrir Ísland og aukna athygli sem málaflokkurinn hefur fengið bæði í fjölmiðlum og í stjórnmálaumræðunni. Sjónum hefur aðallega verið beint að umhverfismálum og loftslagsbreytingum auk eftirlits og björgunar í Norðurhöfum. Vísindasamfélagið á Íslandi hefur sýnt alþjóðaári heimskautasvæðanna 2007 mikinn áhuga og hefur tekið virkan þátt í undirbúningi þess. Í því samhengi vakti Sigurður Kári athygli fundargesta á ráðstefnu á Akureyri sem haldin var 27.–28. mars um siglingaleiðir í Norðurhöfum. Sigurður Kári lagði enn fremur áherslu á þýðingarmikið hlutverk hinnar norðlægu víddar sem samstarfsvettvangs í Norður-Evrópu en benti á að meiri áherslu mætti leggja á norðurskautið í því samstarfi.

Ráðstefna um hina norðlægu vídd ESB var haldin í húsakynnum Evrópuþingsins og stýrði Diana Wallis, varaforseti Evrópuþingsins umræðunni. Á ráðstefnunni var hin nýja norðlæga vídd ESB kynnt fyrir fundargestum og fór fram umræða um framkvæmd hennar. Meginþemu umræðunnar voru stefnumál norðlægu víddarinnar sem beinast að Norðurskauts- og Eystrasaltssvæðunum. Ákveðið var að kanna þann möguleika að halda ráðstefnu sem þessa annað hvert ár og skapa þannig þingræðislegan umræðuvettvang um málaflokkinn.

Fundur þingmannanefndar um norðurskautsmál í Reykjavík 1. júní 2007.

Fyrsta dagskrárefni fundarins var umræða um stöðu og eftirfylgni Kiruna- yfirlýsingarinnar. Hill-Marta Solberg fór yfir stöðu mála og upplýsti fundarmenn um að Evrópuþingið

hefði ákveðið að halda fyrsta fund þingmannasamkundu um hina norðlægu vídd að vori 2009 í Brussel. Tillaga að stofnun þingmannasamkundunnar var lögð fram í yfirlýsingu þingmannanefndarinnar á ráðstefnu um hina norðlægu vídd sem haldin var í Evrópuþinginu 1. mars 2007. Sigurður Kári lagði áherslu á eftirfylgni við grein 40 í Kiruna-yfirlýsingunni þar sem kveðið er á um aukið samstarf ríkjanna á sviði leitar- og björgunarmála. Á komandi árum og áratugum er fyrirsjáanleg opnun nýrra siglingaleiða með aukinni skipaumferð í norðurhöfum og umhverfis Ísland. Í kjölfar þess mun umfang eftirlits- og björgunarstarfs á svæðinu aukast gríðarlega og því mikilvægt að þjóðirnar vinni saman að málaflokknum. Sigurður Kári sagði fundarmönnum frá samkomulagi sem undirritað var af utanríkisráðherra Íslands við Dani og Norðmenn um samstarf á sviði öryggis-, varnar- og björgunarmála í Norður-Atlantshafi og við Ísland á friðartímum.

Robert Kvile, frá skrifstofu Norðurskautsráðsins, kom á fund nefndarinnar og kynnti áherslur formennsku Noregs í ráðinu. Hann sagði loftslagsbreytingar, uppbyggingu ráðsins og nýtingu auðlinda vera meginmálaflokkana og lýsti yfir ánægju með aukinn áhuga á norðurskautssvæðinu, sérstaklega í tengslum við orku- og umhverfismál.

Þórir Ibsen, skrifstofustjóri auðlinda- og umhverfisskrifstofu utanríkisráðuneytisins, hélt erindi um öryggis- og björgunarmál í norðurhöfum út frá sjónarhorni Íslendinga. Þórir sagði málefni hafsins afar mikilvæg Íslendingum og að þeir tækju virkan þátt í alþjóðastarfi um öryggi hafsvæðanna. Hann ræddi um skýrsluna Fyrir stafni haf, tækifæri tengd siglingum á norðurslóðum, sem gefin var út á Íslandi 2005 og fjallar um opnun norðaustursiglingaleiðarinnar. Í skýrslunni eru m.a. metin viðskiptaleg áhrif og umhverfisáhrif af fyrirsjáanlegri opnun alþjóðlegra siglingaleiða fyrir Ísland, ekki síst með tilliti til mögulegrar umskipunarhafnar í landinu. Þórir vitnaði einnig í niðurstöður ráðstefnu sem haldin var á Akureyri í mars 2007 og fjallaði um áhrif og tækifæri með opnun nýrra siglingaleiða um norðurhöf. Hann vildi meina að ný tækni og loftslagsbreytingar gerðu það að verkum að eftir 40–50 ár væri mögulegt fyrir hefðbundin skip að sigla í gegnum ísinn á norðurskautssvæðinu. Fundarmenn samþykktu drög að tillögu við grænbók Evrópusambandsins um stefnu í sjávar- og siglingamálum. Næsti dagskrárliður fundarins var kynning á könnun um lífsskilyrði á norðurskautssvæðinu. Birger Poppel, verkefnisstjóri könnunarinnar, ræddi um framkvæmd hennar og helstu niðurstöður. Könnunin leiddi meðal annars í ljós að níu af hverjum tíu inúítum telja arfteknar hefðir mikilvægar fyrir sjálfsmynd þeirra. Þeir þættir sem vega þyngst þegar innfæddir kjósa að dveljast áfram í heimabyggð sinni eru fjölskyldubönd, félagslegur stuðningur frá öðrum í samfélaginu og arftekin hefð. Einnig kom fram að velferð íbúanna helst í hendur við atvinnumöguleika, aðgengi að fiski og bráð og tilfinningu fyrir því að hafa stjórn á aðstæðum.

Farið var yfir drög að dagskrá næstu ráðstefnu þingmannanefndarinnar sem haldin verður í Fairbanks í Alaska, 11.–14. ágúst 2008. Meginefni ráðstefnunnar verða loftslagsbreytingar, orkumál og hið alþjóðlega heimskautaár. Því næst var rætt um starfsemi þingmannanefndarinnar og málefni norðurskautsins innan einstakra aðildarríkja hennar. Hill-Marta Solberg skýrði frá ferð sinni til Washington og New York þar sem hún hitti öldungadeildarþingmennina Lisu Murkowski og Ted Stevens frá Alaska og ræddi m.a. um ráðstefnu nefndarinnar í Alaska. Hún sagði einnig frá nýjum markmiðum norsku ríkisstjórnarinnar sem hyggst minnka losun gróðurhúsalofttegunda um 30% fyrir árið 2020. Sigurður Kári sagði frá niðurstöðum kosninganna hér á landi og myndun nýrrar ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar.

Fundur þingmannanefndar um norðurskautsmál í Ottawa 18. október 2007.

Fyrsta dagskrárefni fundarins var kynning Bob Mills, þingmanns frá Kanada og meðlims í þingmannanefndinni, á áhersluatriðum ríkisstjórnar Kanada varðandi norðurskautssvæðið. Linda Mortsch frá umhverfisstofu Kanada kynnti starf milliríkjavettvangs um loftlagsbreytingar (The Intergovernmental Panel on Climate Change, IPCC) og framvinduspá um þróun í málaflokknum. Hún sagði nauðsynlegt að umheimurinn lagaði sig að hækkandi lofthita, hækkandi yfirborði sjávar, bráðnun jökla og breytingum á vistkerfinu. Ólík landsvæði mundu upplifa loftslagsbreytingarnar á mismunandi vegu og mikilvægt væri að bregðast hratt og með skilvirkni við þróuninni. Patcik Borbey, aðstoðarráðherra frá skrifstofu málefna norðursins og indíána, ávarpaði fundargesti. Borbey lagði áherslu á auðlegð og aukna eftirspurn eftir náttúrulegum auðlindum eins og olíu, gasi og demöntum.

Yfirmanni skrifstofu Norðurskautsráðsins var boðið til næsta fundar nefndarinnar sem haldinn verður í Rovaniemi í febrúar 2008. Þá fundaði Hill-Marta Solberg fyrir lok árs með formanni ráðsins, Jonas Gahr Store, utanríkisráðherra Noregs, og ræddu þau Kiruna-yfirlýsinguna,

Catherine Carry, yfirmaður rannsókna hjá heilbrigðisstofnun frumbyggja, kynnti nefndarmönnum niðurstöður rannsókna varðandi misnotkun inúíta í Kanada á áfengi, eiturlyfjum og tóbaki. Rannsóknir sýna fram á að frumbyggjarnir neyta áfengis í meira mæli en aðrir íbúar Kanada og vandamál tengd slíkri misnotkun eru algengari meðal þeirra. Nefndarmenn voru sammála um nauðsyn þess að skoða hvers vegna misnotkun áfengis er algengari hjá þessum þjóðfélagshópi og lögðu áherslu á mikilvægi heilbrigðra íbúa til að geta annast og nýtt þau framtíðartækifæri sem norðrið býður upp á. Ákveðið var að nefndarmennirnir Sinikka Bohlin og Lars Anders Baer mundu leggja fram tillögur um hvernig nefndin gæti unnið að málefninu.

Isaac Edwards sagði frá skipulagningu ráðstefnunnar sem haldin verður í Alaska 12.–14. ágúst 2008 þar sem málefni hafs og heilbrigðis verða m.a. á dagskrá. Björn-Willy Robstad, framkvæmdastjóri þingmannanefndarinnar, sagði nefndarmönnum einnig frá heimsókn sinni til Fairbanks þar sem aðstæður og framkvæmd ráðstefnunnar var yfirfarin.

Næsti dagskrárliður fundarins fjallaði um starfsemi þingmannanefndarinnar og málefni norðurskautsins innan einstakra aðildarríkja hennar. Sigurður Kári Kristjánsson, formaður Íslandsdeildar, fjallaði um þróun mála á Íslandi. Hann skýrði fundargestum frá 53. ársfundi þingmannanefndar NATO sem haldinn var í Reykjavík 5.–9. október, þar sem m.a. var rætt um loftslagsbreytingar og orkuöryggi. Sigurður Kári sagði einnig frá nýju meistaranámi í heimskautarétti sem Háskólinn á Akureyri hefur þróað og mun hefjast haustið 2008. Námið mun m.a. leggja áherslu á dreifbýlis- og jaðarsvæði og smáríki sem liggja umhverfis norðurheimskautið. Í tengslum við námið mun Háskólinn á Akureyri vinna náið með háskólunum í Þórshöfn, Nuuk og Rovaniemi, auk þess sem samstarf verður við Háskóla norðurslóða og háskóla í Kanada, Alaska og Rússlandi.

Rætt var um hvar halda ætti ráðstefnu nefndarinnar árið 2010 þar sem öll norðurskautslöndin væru búin að vera gestgjafaland hennar. Hill-Marta Solberg skýrði fundargestum frá því að fulltrúi nefndarinnar frá Evrópuþinginu hefði boðist til að kanna möguleika þess að Evrópuþingið héldi ráðstefnuna 2010. Farið var yfir efni næsta fundar nefndarinnar sem hald-

inn verður í Rovaniemi 29. febrúar 2008, samhliða fundi nefndarinnar með stjórnendum stofnana Háskóla norðurslóða.

Alþingi, 22. febr. 2008.

Sigurður Kári Kristjánsson, form.	Gunnar Svavarsson, varaform.	Jón Bjarnason.

716. Breytingartillögur [351. mál]

við frv. til l. um breyt. á ýmsum lögum vegna flutnings á útgáfu starfsleyfa til landlæknis.

Frá heilbrigðisnefnd.

1. Í stað orðanna „1. mars 2008“ í 18., 22., 29., 34., 37., 45., 49., 55., 59., 63., 70., 77.gr., 80. og 85. gr. frumvarpsins komi: 1. apríl 2008.
2. 86. gr. orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 2008.

717. Frumvarp til laga [183. mál]

um breytingu á lögum nr. 55/1996, um tæknifrjóvgun, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 27. febr.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „frá því að það er frjóvgað“ í 5. mgr. kemur: með sæðisfrumu.
b. Við bætast tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:
   Umframfósturvísir: Fósturvísir sem búinn er til með glasafrjóvgun í æxlunarskyni en nýtist ekki í þeim tilgangi.
   Kjarnaflutningur: Aðgerð þegar kjarni er fjarlægður úr eggfrumu konu og komið þar fyrir kjarna úr líkamsfrumu.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður sem orðast svo: Ráðherra er heimilt að binda slík leyfi sérstökum skilyrðum, m.a. um hæfni og þekkingu starfsmanna rannsóknastofu, eftirlit heilbrigðisyfirvalda, upplýsingagjöf og aðstöðu.
b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:
   Notkun umframfósturvísa til stofnfrumurannsókna skv. 12. gr. og kjarnaflutningur skv. 13. gr. er einungis heimill á rannsóknastofum sem fengið hafa til þess leyfi ráðherra. Skilyrði fyrir útgáfu leyfis er að uppfyllt séu ákvæði laga þessara og reglugerða

sem settar kunna að vera á grundvelli þeirra, að rannsóknastofa sé staðsett hér á landi og að þar sé fullnægjandi aðstaða til varðveislu fósturvísa. Ráðherra getur bundið leyfi frekari skilyrðum, m.a. um hæfni og þekkingu starfsmanna rannsóknastofu, eftirlit heilbrigðisyfirvalda, upplýsingagjöf og aðstöðu. Áður en ráðherra tekur ákvörðun um veitingu leyfis samkvæmt ákvæði þessu skal hann leita umsagnar landlæknis. Brjóti leyfishafi gegn ákvæðum laga þessara eða reglna sem settar eru samkvæmt þeim eða gegn skilyrðum sem sett eru í leyfisbréfi getur ráðherra, eftir atvikum að undangenginni áminningu, svipt leyfishafa leyfi tímabundið, þar til bætt hefur verið úr annmörkum, eða að fullu.

3. gr.

Við 10. gr. laganna bætast fjórar nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2.–4. mgr. er heimilt, að hámarksgeymslutíma liðnum eða þegar skylt er að eyða fósturvísum skv. 3. og 4. mgr., að ráðstafa fósturvísum til aðila sem fengið hafa leyfi til að nota fósturvísa til stofnfrumurannsókna enda liggi fyrir upplýst samþykki beggja kynfrumugjafa til þess. Við ráðstöfun fósturvísa samkvæmt ákvæði þessu skulu upplýsingar um uppruna þeirra dulkóðaðar og kóðinn geymdur hjá ábyrgðarmanni leyfishafa. Ef hagsmunir kynfrumugjafa eða brýnir rannsóknarhagsmunir krefjast þess er heimilt með samþykki vísindasiðanefndar að afkóða upplýsingar um uppruna fósturvísa. Við afkóðun skal þess gætt að einungis þeir starfsmenn leyfishafa sem nauðsynlega þurfa hafi aðgang að upplýsingunum.

Kynfrumugjafi getur hvenær sem er afturkallað samþykki sitt skv. 5. mgr. og skal ábyrgðarmaður leyfishafa þá sjá til þess að fósturvísar frá viðkomandi kynfrumugjafa séu ekki nýttir til rannsókna og þeim eytt án ástæðulausra tafa.

Leyfishafa er óheimilt með öllu að framselja til annarra aðila fósturvísa sem ráðstafað hefur verið til hans.

Heimilt er að taka gjald fyrir ráðstöfun umframfósturvísa til leyfishafa skv. 5. mgr. er nemur kostnaði við ráðstöfunina. Öll gjaldtaka umfram það er óheimil.

4. gr.

11. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Rannsóknir á fósturvísum í tengslum við glasafrjóvgunarmeðferð.

Heilbrigðisstofnun sem fengið hefur leyfi skv. 1. mgr. 2. gr. er heimilt með upplýstu samþykki kynfrumugjafa að gera rannsóknir, tilraunir og aðgerðir á fósturvísum sem verða til við glasafrjóvgunarmeðferð og eru liður í henni eða gerðar til að greina arfgenga sjúkdóma í fósturvísunum sjálfum. Sama á við um rannsóknir sem miða að framförum í meðferð vegna ófrjósemi eða eru ætlaðar til aukins skilnings á orsökum meðfæddra sjúkdóma og fósturláta.

5. gr.

12. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Notkun umframfósturvísa til stofnfrumurannsókna.

Með samþykki vísindasiðanefndar er þeim sem hlotið hafa leyfi skv. 2. mgr. 2. gr. heimilt að nota umframfósturvísa, sem ráðstafað hefur verið til þeirra skv. 5. mgr. 10. gr., til að búa til stofnfrumulínur sem nýst geta til að afla þekkingar í líf- og læknisfræði eða til að bæta heilsu og lækna sjúkdóma. Vísindasiðanefnd leggur mat á það hvort framangreind skilyrði og önnur lögmælt skilyrði um vísindarannsóknir séu uppfyllt.

6. gr.

Á eftir 12. gr. laganna koma tvær nýjar greinar sem orðast svo:

a. (13. gr.)

Leyfishöfum skv. 2. mgr. 2. gr. er heimilt með samþykki vísindasiðanefndar, eggfrumugjafa og þess sem erfðaefni stafar frá að framkvæma kjarnaflutning í þeim tilgangi að búa til stofnfrumulínur sem nýst geta til lækninga eða til að afla þekkingar í líf- og læknisfræði enda sé ekki talið unnt að ná sama árangri eða afla sömu þekkingar með notkun stofnfrumulína sem búnar eru til úr umframfósturvísum eða með öðrum hætti. Vísindasiðanefnd leggur mat á það hvort framangreind skilyrði og önnur lögmælt skilyrði um vísindarannsóknir séu uppfyllt. Óheimilt er að rækta eggfrumu sem kjarnaflutningur hefur verið framkvæmdur á lengur en í 14 daga eða eftir að frumrákin kemur fram. Á öllum stigum er óheimilt að koma eggfrumu sem kjarnaflutningur hefur verið framkvæmdur á fyrir í legi konu.

b. (14. gr.)

Óheimilt er:

a. að rækta eða framleiða fósturvísa eingöngu í þeim tilgangi að gera á þeim rannsóknir,
b. að rækta fósturvísa lengur en í 14 daga utan líkamans eða eftir að frumrákin kemur fram,
c. að koma mannlegum fósturvísum fyrir í dýrum,
d. að framkvæma kjarnaflutning í æxlunarskyni (einræktun).

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. Við bætist nýr stafliður sem verður a-liður og orðast svo: almenn skilyrði fyrir veitingu leyfa skv. 2. gr.
b. Á eftir c-lið kemur nýr stafliður sem orðast svo: ráðstöfun fósturvísa skv. 5. mgr. 10. gr., fyrirkomulag við öflun upplýsts samþykkis kynfrumugjafa og hvert inntak þess skuli vera, hámarksgeymslutíma fósturvísa og eggfrumna sem kjarnaflutningur hefur verið framkvæmdur á hjá rannsóknaraðila, dulkóðun upplýsinga um uppruna fósturvísanna og hvenær heimilt sé að afkóða upplýsingarnar.
c. D-liður orðast svo: rannsóknir á fósturvísum og notkun umframfósturvísa til að búa til stofnfrumulínur skv. 11. og 12. gr.
d. Við bætist nýr stafliður sem orðast svo: kjarnaflutning skv. 13. gr.

8. gr.

Á eftir 1. mgr. 14. gr. laganna kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Brot gegn ákvæði 13. gr. og d-lið 14. gr. varðar sektum eða fangelsi allt að einu ári.

9. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um tæknifrjóvgun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna.**

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

11. gr.

Í stað orðsins „tæknifrjóvgunarlögum“ í 3. mgr. 2. gr. laga nr. 110/2000, um lífsýnasöfn, kemur: lögum um tæknifrjóvgun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna.

718. Frumvarp til laga [196. mál]

um sértryggð skuldabréf.

(Eftir 2. umr., 27. febr.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið.

Lög þessi gilda um útgáfu sértryggðra skuldabréfa.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í lögum þessum merkir:

1. *Útgefandi:* Viðskiptabanki, sparisjóður eða lánafyrirtæki, sem hlotið hefur starfsleyfi samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, sem hefur fengið leyfi til að gefa út sértryggð skuldabréf.
2. *Sértryggt skuldabréf:* Skuldabréf eða önnur einhliða, óskilyrt, skrifleg skuldarviðurkenning sem nýtur sérstaks fullnusturéttar í tryggingasafni útgefanda og gefið er út samkvæmt lögum þessum.
3. *Skuldabréf:* Skrifleg yfirlýsing þar sem útgefandi viðurkennir einhliða og skilyrðislaust skyldu sína til að greiða ákveðna peningagreiðslu.
4. *Tryggingasafn:* Safn skuldabréfa, staðgöngutrygginga og annarra eigna sem færðar hafa verið á skrá skv. VI. kafla og eigendur sértryggðra skuldabréfa og gagnaðilar útgefanda í afleiðusamningum eiga fullnusturétt í samkvæmt ákvæðum þessara laga.
5. *Staðgöngutryggingar:* Eignir skv. 6. gr. sem geta talist með í tryggingasafni og eiga að tryggja að hagsmunum eiganda sértryggðs skuldabréfs sé ekki raskað þótt breyting verði á eignum í tryggingasafni.
6. *Aðildarríki:* Ríki sem er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, aðili að stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjar.
7. *Afleiðusamningur:* Samningur sem gerður er í þeim tilgangi að ná jafnvægi á milli fjárhagslegra skilyrða vegna eigna í tryggingasafni og samsvarandi skilyrða fyrir sértryggð skuldabréf og er milli útgefanda og íslenska ríkisins, aðildarríkja, sveitarfélaga í aðildarríki, seðlabanka í aðildarríki, fjármálafyrirtækja í aðildarríki eða annarra sem Fjármálaeftirlitið telur nægilega trausta til að efna þá skuldbindingu sem felst í samningnum.
8. *Lánaflokkur:* Tegund skuldabréfs í tryggingasafni skv. 1.–4. tölul. 1. mgr. 5. gr.
9. *Flokkur sértryggðra skuldabréfa:* Sértryggð skuldabréf sem gefin eru út af sama útgefanda á grundvelli sama leyfis frá Fjármálaeftirlitinu.

3. gr.

Skilyrði leyfisveitingar.

Fjármálaeftirlitið veitir leyfi til útgáfu sértryggðra skuldabréfa samkvæmt lögum þessum. Leyfi til útgáfu sértryggðra skuldabréfa verður aðeins veitt viðskiptabönkum, sparisjóðum og lánafyrirtækjum.

Skilyrði leyfis til útgáfu sértryggðra skuldabréfa eru:

1. Að útgáfan sé í samræmi við lög þessi.
2. Að fjárhagsáætlun útgefanda, sem staðfest er af löggiltum endurskoðanda, sýni að fjárhagur hans sé svo traustur að hagsmunum annarra kröfuhafa sé ekki stefnt í hættu með útgáfu sértryggðra skuldabréfa.

Fjármálaeftirlitið getur heimilað að áður útgefnum skuldabréfum og öðrum skuldarviðurkenningum, gefnum út til að fjármagna skuldabréf sömu tegundar og heimilt er að hafa í tryggingasafni, sé breytt í sértryggð skuldabréf í samræmi við lög þessi.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að binda leyfi skilyrðum, m.a. um lánaflokka í tryggingasafni sem tilheyra viðkomandi útgáfu, flokka sértryggðra skuldabréfa, tímamörk útgáfu, tímalengd og afborgunarskilmála væntanlegs sértryggðs skuldabréfs. Skilyrði skal tilgreina í leyfi.

4. gr.

Afgreiðsla á umsóknum um leyfi.

Þegar lögð hefur verið fram umsókn um leyfi skal Fjármálaeftirlitið afgreiða hana innan sex mánaða frá móttöku fullbúinnar umsóknar. Verði frekari dráttur á leyfisveitingunni skal Fjármálaeftirlitið tilkynna umsækjanda skriflega um ástæðuna.

II. KAFLI

Eignir í tryggingasafni o.fl.

5. gr.

Skuldabréf í tryggingasafni.

Tryggingasafn skal myndað úr skuldabréfum í eftirfarandi flokkum:

1. Skuldabréfum sem hafa verið gefin út með veði í íbúðarhúsnæði í aðildarríkjum.
2. Skuldabréfum sem hafa verið gefin út með veði í iðnaðar-, skrifstofu- eða verslunarhúsnæði í aðildarríkjum.
3. Skuldabréfum sem hafa verið gefin út með veði í bújörðum og öðrum fasteignum í aðildarríkjum sem notaðar eru til landbúnaðar.
4. Skuldabréfum sem gefin hafa verið út af íslenska ríkinu eða öðru aðildarríki, sveitarfélagi hér á landi eða í öðru aðildarríki eða eru með ábyrgð slíks opinbers aðila.

Fasteignir sem vísað er til í 1.–3. tölul. 1. mgr. skulu skráðar í Landskrá fasteigna.

Séu skuldabréf sem tilgreind eru í 1.–3. tölul. 1. mgr. tryggð með veði í fasteignum í öðru aðildarríki en Íslandi skulu þær skráðar í opinbera gagnagrunna.

6. gr.

Staðgöngutryggingar í tryggingasafni.

Tryggingasafn má innihalda eftirfarandi staðgöngutryggingar:

1. Innstæðu hjá fjármálafyrirtæki sem er laus til útborgunar, án fyrirvara.
2. Innstæðu hjá eða kröfu á aðildarríki eða seðlabanka í aðildarríki.

3. Kröfur á hendur öðrum lögaðilum sem að mati Fjármálaeftirlitsins fela ekki í sér meiri áhættu en þær sem tilgreindar eru í 1.–2. tölul. þessarar málsgreinar.

Fjármálaeftirlitið getur samþykkt sem staðgöngutryggingar eftirfarandi kröfur:

1. Kröfur á hendur sveitarfélögum í aðildarríki.
2. Kröfur á hendur fjármálafyrirtækjum, aðrar en greinir í 1. tölul. 1. mgr., enda sé gjalddagi þeirra innan árs frá útgáfu þeirra.
3. Kröfur á erlenda þróunarbanka sem Fjármálaeftirlitið tilgreinir í reglum sem það setur, sbr. 25. gr.
4. Kröfur á aðra lögaðila, sem ekki fela í sér meiri áhættu en þær staðgöngutryggingar sem tilgreindar eru í 1.–3. tölul. þessarar málsgreinar.

Hámarkshlutdeild staðgöngutrygginga í tryggingasafni má vera 20% af verðmæti þess. Fjármálaeftirlitið getur veitt heimild til að auka hlutdeild staðgöngutrygginga í tryggingasafni í allt að 30% af verðmæti þess.

III. KAFLI
Skuldabréf með veði í fasteignum.

7. gr.
Veðhlutföll og samsetning tryggingasafns.

Skuldabréf, sem falla undir 1.–3. tölul. 1. mgr. 5. gr. og skráð eru í tryggingasafn skulu á þeim degi sem þau eru skráð uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Veðhlutfall af markaðsvirði íbúðarhúsnæðis skal að hámarki nema 80%.
2. Veðhlutfall af markaðsvirði iðnaðar-, skrifstofu- eða verslunarhúsnæðis skal að hámarki nema 60%.
3. Veðhlutfall af markaðsvirði bújarðar eða fasteignar sem skráð er til landbúnaðarstarfsemi skal að hámarki nema 70%. Framleiðsluréttindi, sem úthlutað hefur verið á lögbýli, skulu ekki talin með við útreikning markaðsvirðis.

Óheimilt er að taka á skrá skuldabréf skv. 1.–3. tölul. 1. mgr. 5. gr. í tryggingasafn hafi vanskil staðið í 90 daga eða lengur.

Nú hyggst útgefandi hafa í tryggingasafni fleiri en einn flokk skuldabréfa og skal hann þá geta þess í umsókn um leyfi.

8. gr.
Mat á verðmæti veðsettra fasteigna.

Við mat á markaðsvirði fasteigna skv. 7. gr. skal beita mati er taki mið af söluverði í nýlegum viðskiptum með sambærilegar fasteignir.

Nú liggur markaðsvirði fasteignar skv. 1. mgr. ekki fyrir og skal þá ákvarða það með sérstöku mati. Matið skal vera grundvallað á almennum og viðurkenndum aðferðum við mat á markaðsvirði fasteigna. Er meðal annars heimilt að byggja á gögnum um verðþróun fasteigna frá Fasteignamati ríkisins og annarri skipulagðri öflun upplýsinga um fasteignaverð.

Ef útgefandi metur markaðsvirði fasteignar skv. 1. eða 2. mgr. skal hinn sjálfstæði skoðunarmaður skv. VIII. kafla staðreyna að matið sé byggt á viðurkenndri aðferðafræði. Skal honum heimilt að endurmeta markaðsvirði fasteigna, einnar eða fleiri, ef hann telur það ekki rétt metið.

Mat á markaðsvirði fasteignar skv. 1. og 2. mgr. skal vera skriflegt og skal tilgreint á hvaða aðferð er byggt, hver hafi framkvæmt matið og hvenær það fór fram.

9. gr.

Reglubundið mat á markaðsvirði veðsettra eigna í tryggingasafni.

Útgefandi skal reglulega fylgjast með og láta meta markaðsvirði þeirra fasteigna sem standa til veðtrygginga í tryggingasafni.

Ef markaðsvirði veðtrygginga í tryggingasafni lækkar verulega skal fjárhæð skuldabréfsins í tryggingasafninu færð niður þannig að veðhlutfall takmarkist við það sem tilgreint er í 1.–3. tölul. 1. mgr. 7. gr.

IV. KAFLI
Sérreglur um sveitarfélög.

10. gr.

Skuldabréf og ábyrgðir.

Skuldabréf útgefin af sveitarfélagi, eða með ábyrgð þess skv. 4. tölul. 1. mgr. 5. gr. skulu, á þeim degi sem þau eru skráð í tryggingasafn, uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Sveitarfélagið skal vera með jákvætt eigið fé.
2. Lán skal vera í skilum.
3. Sé um ábyrgð sveitarfélags að ræða skal hún falla innan heimilda þess samkvæmt sveitarstjórnarlögum til að gangast í ábyrgð.

V. KAFLI
Jöfnunarreglur.

11. gr.

Fjárhæð tryggingasafns og sértryggðra skuldabréfa.

Uppreiknuð heildarfjárhæð höfuðstóls skuldabréfa og annarra eigna í tryggingasafni sem stendur til tryggingar tilteknum flokki sértryggðra skuldabréfa skal ávallt nema hærri fjárhæð en sem nemur uppreiknaðri heildarfjárhæð höfuðstóls þess tiltekna flokks.

12. gr.

Mat á tryggingasafni, meðferð þess o.fl.

Skuldabréf, staðgöngutryggingar og aðrar eignir sem útgefandi leggur í tryggingasafn skulu metnar með hliðsjón af gengi gjaldmiðla, vöxtum, vaxtatímabilum og öðru sem þýðingu hefur þannig að hæfilegt jafnvægi haldist milli tryggingasafns og þess flokks sértryggðra skuldabréfa sem tilheyrir viðkomandi tryggingasafni. Útgefanda er heimilt að gera afleiðusamninga í því skyni að ná fram þessu jafnvægi.

Útgefandi skal sjá til þess að afborganir og aðrar greiðslur af eignum í tryggingasafni, svo og af afleiðusamningum, og greiðslur af sértryggðu skuldabréfunum séu með þeim hætti að unnt sé að efna skuldbindinguna gagnvart eigendum sértryggðra skuldabréfa og gagnaðilum afleiðusamninga. Í þessu skyni skal afborgunum og öðrum greiðslum af eignum í tryggingasafni haldið aðgreindum frá öðrum eignum útgefanda, þ.m.t. öðrum tryggingasöfnum, ásamt afborgunum og öðrum greiðslum af þeim.

Útgefandi skal varðveita fjármuni skv. 2. mgr. á sérstökum reikningi og aðgreina þá frá öðrum eignum sínum.

Útgefanda skal óheimilt að veðsetja skuldabréf og aðrar eignir í tryggingasafni.

Skuldabréf og aðrar eignir í tryggingasafni skulu undanþegnar aðför skuldheimtumanna útgefanda.

VI. KAFLI
Skrá.

13. gr.
Skylda til að halda skrá og árita skuldabréf.

Útgefandi skal halda sérstaka skrá yfir sértryggð skuldabréf og tryggingasafnið, auk afleiðusamninga, sé um þá að ræða. Í henni skulu koma fram eftirfarandi upplýsingar:

1. Nafnverð, vaxtaskilmálar og lokagjalddagar sértryggðra skuldabréfa í skuldabréfaflokknum.
2. Flokkar skuldabréfa í tryggingasafni, skv. 1.–4. tölul. 1. mgr. 5. gr.
3. Númer skuldabréfs í tryggingasafni, nafn skuldara, kennitala hans, nafnvirði láns, útgáfudagur, lánstími, afborgunar- og vaxtaskilmálar.
4. Nafn ábyrgðaraðila að skuld ríkis eða sveitarfélags eða stofnana þeirra, sé um slíkan að ræða.
5. Mat á virði veðtrygginga í tryggingasafni, hvenær matið var framkvæmt og forsendur þess.
6. Nú er um staðgöngutryggingar að ræða og skal þá tilgreina þær og þær eignir sem tryggingarnar leysa af hólmi, nafnvirði þeirra, greiðslutíma og vaxtakjör eignanna.
7. Fjármunir og aðrar eignir sem mótteknar hafa verið sem greiðsla af skuldabréfum og öðrum eignum í tryggingasafni og ekki hafa verið greiddar til handhafa sértryggðra skuldabréfa, svo og hvernig geymslu þeirra er háttað.
8. Sé um afleiðusamning, einn eða fleiri, að ræða skal tilgreina tegund hans og númer, gagnaðila, nafnverð, gjaldmiðil, vaxtaskilmála, nettókröfu eða nettóskuld vegna samningsins ásamt upphafs- og lokadagsetningu.

Skuldabréf í tryggingasafni skulu árituð um að þau séu hluti af tryggingasafni og hafi verið færð á skrá samkvæmt þessum kafla. Áritunin skal einnig bera með sér að skuldabréfið standi til fullnustu á tilgreindum flokki sértryggðra skuldabréfa.

VII. KAFLI
Gjaldþrotaskipti á búi útgefanda.

14. gr.
Réttaráhrif úrskurðar um gjaldþrotaskipti.

Nú er bú útgefanda tekið til gjaldþrotaskipta og falla þá sértryggð skuldabréf, sem hann hefur gefið út, ekki í gjalddaga, nema sérstaklega hafi verið um það samið.

15. gr.
Staða í skuldaröð.

Nú er bú útgefanda tekið til gjaldþrotaskipta og skulu þá sértryggð skuldabréf njóta tryggingaréttinda í skuldabréfum og öðrum eignum í tryggingasafni og greiðslum sem mótteknar hafa verið vegna framangreindra eigna, enda hafi eignirnar verið færðar á skrá, sbr. VI. kafla laga þessara. Um eðli tryggingaréttindanna og fullnusturétt á sértryggðum skuldabréfum í eignunum skal farið samkvæmt reglum 111. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl.

Nú leitar útgefandi nauðasamnings við lánardrottna sína og skulu þá sértryggð skuldabréf samkvæmt lögum þessum njóta stöðu í samræmi við reglur 4. tölul. 1. mgr. 28. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl.

16. gr.

Umsýsla eigna.

Skiptastjóri í þrotabúi skal halda skuldabréfum og öðrum eignum í tryggingasafni samkvæmt lögum þessum aðgreindum frá öðrum eignum í þrotabúi útgefanda. Sama gildir um fjármuni og aðrar eignir sem koma í stað skuldabréfa og annarra eigna í tryggingasafni, eða greiðast vegna þeirra. Aðgreiningunni skal haldið þar til kröfur samkvæmt sértryggðum skuldabréfum hafa verið greiddar að fullu.

Skiptastjóri skal einnig halda afleiðusamningum og fjármunum sem greiðast vegna þeirra, eða greiða þarf úr tryggingasafni til gagnaðila að afleiðusamningi, aðgreindum frá öðrum eignum þrotabúsins.

17. gr.

Samningsbundnar greiðslur.

Skiptastjóri og umsjónarmaður við nauðasamningsumleitanir skulu efna skuldbindingar útgefanda samkvæmt sértryggðum skuldabréfum og afleiðusamningum með skuldabréfum og öðrum eignum í tryggingasafni, og greiðslum af þessum eignum, enda séu eignirnar tilgreindar í skrá skv. VI. kafla.

Nú fær útgefandi heimild til greiðslustöðvunar og skal þá aðstoðarmaður við greiðslustöðvun, þrátt fyrir ákvæði IV. kafla laga um gjaldþrotaskipti o.fl., tryggja að efndar séu skuldbindingar samkvæmt sértryggðum skuldabréfum og afleiðusamningum með verðmætum í tryggingasafni, staðgöngutryggingum og greiðslum sem koma til vegna þessara eigna.

18. gr.

Mótteknar greiðslur.

Greiðslur, sem útgefandi tekur við eftir frestdag í samræmi við skilmála skuldabréfa eða annarra eigna í tryggingasafni vegna fullnustu á kröfum, þ.m.t. vegna efnda á afleiðusamningum, skal færa í skrá skv. VI. kafla.

19. gr.

Riftun ráðstafana.

Ráðstafanir útgefanda, hvort sem um er að ræða afhendingu fjármuna í tryggingasafn, afhendingu staðgöngutrygginga í safnið, greiðslur af eignum í safninu eða ráðstöfun fjármuna úr safninu til réttra efnda á skuldabréfi sem sértryggt er í því, eða afleiðusamningi sem gerður hefur verið samkvæmt lögum þessum og tengist safninu, skulu ekki sæta riftun, sbr. XX. kafla laga um gjaldþrotaskipti o.fl. Hið sama á við um greiðslur til útgefanda samkvæmt afleiðusamningum sem hann hefur gert í samræmi við ákvæði laga þessara.

20. gr.

Skiptakostnaður.

Skiptakostnaður, sbr. 110. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., að því leyti sem hann fellur til vegna vinnu skiptastjóra við sértryggð skuldabréf, safn skuldabréfa og annarra eigna sem því eru til tryggingar, greiðslur vegna þessara eigna eða afleiðusamninga sem tengjast tryggingasafni, skal greiddur af eignum í tryggingasafni eða fjármunum sem koma í stað þeirra. Annar skiptakostnaður þrotabús greiðist ekki af eignum í tryggingasafni, nema að undan-

genginni fullnustu á sértryggðu skuldabréfi og efndum á afleiðusamningum sem safninu tengjast, sé um slíka samninga að ræða.

VIII. KAFLI
Eftirlit sjálfstæðs skoðunarmanns.

21. gr.
Sjálfstæður skoðunarmaður.

Útgefandi skal skipa sjálfstæðan skoðunarmann til að hafa eftirlit með útgáfu sértryggðra skuldabréfa sem Fjármálaeftirlitið hefur veitt leyfi fyrir. Fjármálaeftirlitið skal staðfesta skipun hans. Skoðunarmaður skal uppfylla þau hæfisskilyrði sem kveðið er á um í reglum Fjármálaeftirlitsins skv. 8. tölul. 25. gr. Telji Fjármálaeftirlitið að skoðunarmaður uppfylli ekki hæfisskilyrði getur það afturkallað staðfestingu sína.

Þegar leitað er eftir staðfestingu Fjármálaeftirlitsins á skipun skoðunarmanns skal útgefandi gera grein fyrir hugsanlegum tengslum hans við útgefanda og helstu fyrirsvarsmenn hans.

22. gr.
Helstu verkefni skoðunarmanns.

Skoðunarmaður skal fylgjast með því að haldin sé skrá, sbr. VI. kafla laga þessara. Hann skal ganga úr skugga um að mat á veðtryggingum skuldabréfa í tryggingasafni byggist á réttri aðferð.

Skoðunarmaður skal veita Fjármálaeftirlitinu upplýsingar sem hann fær í starfi sínu svo oft og í því formi sem það ákveður og umfram það ef sérstök ástæða er til.

23. gr.
Upplýsingaskylda. Þagnarskylda.

Útgefandi skal veita skoðunarmanni allar upplýsingar sem hann óskar eftir og varða útgáfu sértryggðra skuldabréfa og tryggingasafn. Skoðunarmaðurinn hefur rétt til að framkvæma þá athugun á gögnum í húsnæði útgefanda sem hann telur nauðsynlega til að fullnægja skyldum sínum.

Skoðunarmaður er bundinn þagnarskyldu gagnvart öðrum en Fjármálaeftirlitinu um allt sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara. Skoðunarmanni er heimilt að fá aðstoð ef verkefni hans er umfangsmikið. Sá sem er skoðunarmanni til aðstoðar skal einnig bundinn þagnarskyldu.

IX. KAFLI
Eftirlit og heimildir Fjármálaeftirlitsins.

24. gr.
Hlutverk Fjármálaeftirlitsins.

Fjármálaeftirlitið annast eftirlit með lögum þessum, þ.m.t. að útgefandi fylgi ákvæðum þessara laga og annarra reglna sem um starfsemi hans gilda. Um eftirlitið fer samkvæmt ákvæðum laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

25. gr.

Reglur Fjármálaeftirlitsins.

Fjármálaeftirlitið getur gefið út reglur um:

1. Efni áætlunar sem tilgreind er í 2. tölul. 2. mgr. 3. gr.
2. Fasteignir sem tilgreindar eru í 1.–3. tölul. 1. mgr. 5. gr.
3. Aðferð við mat á veðtryggingum skuldabréfa.
4. Staðgöngutryggingar og hverjir geti verið skuldarar að kröfum sem nota má sem staðgöngutryggingar.
5. Hvernig útgefandi skal uppfæra mat á markaðsvirði veðtrygginga.
6. Skilmála og skilyrði fyrir afleiðusamningum og að auki skilyrði fyrir útreikningum á áhættum og vaxtagreiðslum.
7. Skrá sem tilgreind er í VI. kafla.
8. Hæfisskilyrði sjálfstæðs skoðunarmanns, sbr. VIII. kafla, skyldur hans og efni og form skýrslna sem hann gefur Fjármálaeftirlitinu.
9. Ákvörðun kostnaðar sem tilgreindur er í 30. gr.

26. gr.

Afturköllun leyfis til útgáfu sértryggðra skuldabréfa.

Fjármálaeftirlitið skal afturkalla leyfi til að gefa út sértryggð skuldabréf ef útgefandinn:

1. Hefur ekki gefið út hin sértryggðu skuldabréf, sem leyfið gerir ráð fyrir, innan árs frá útgáfu þess.
2. Hefur lýst því yfir að hann muni ekki nýta sér heimild til útgáfu sértryggðra skuldabréfa.

Í stað afturköllunar, sbr. 1. tölul. 1. mgr., getur Fjármálaeftirlitið veitt útgefanda tiltekinn frest til útgáfunnar. Að liðnum fresti er afturköllun heimil, enda hafi útgáfan ekki farið fram.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að afturkalla leyfi til að gefa út sértryggð skuldabréf ef:

1. Forsendur leyfis til útgáfu sértryggðra skuldabréfa breytast á þann veg að Fjármálaeftirlitið telur skilyrðum 2. tölul. 2. mgr. 3. gr. ekki lengur fullnægt.
2. Útgefandi brýtur gegn lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim.

Áður en til afturköllunar skv. 3. mgr. kemur skal útgefanda veittur hæfilegur frestur til úrbóta, sé unnt að koma úrbótum við að mati Fjármálaeftirlitsins.

27. gr.

Afleiðingar afturköllunar.

Þegar leyfi til útgáfu sértryggðra skuldabréfa er afturkallað skal Fjármálaeftirlitið ákveða hvernig binda skuli enda á þá starfsemi útgefanda sem lög þessi taka til. Fjármálaeftirlitinu er meðal annars heimilt að tilnefna nýjan vörsluaðila tryggingasafns eða tryggingasafna útgefanda og grípa til þeirra ráðstafana sem það telur nauðsynlegar til að tryggja réttindi þeirra sem eiga sértryggð skuldabréf útgefin af þeim sem sviptur hefur verið leyfi.

28. gr.

Útgáfa án heimildar.

Nú eru gefin út skuldabréf sem bera sömu einkenni og sértryggð skuldabréf samkvæmt lögum þessum án þess að aflað hafi verið leyfis Fjármálaeftirlitsins og skal það þá mæla fyrir um að slíkri starfsemi verði þegar hætt. Fjármálaeftirlitið getur ákveðið með hvaða hætti skuli bundinn endi á slíka starfsemi.

Slík útgáfa hefur ekki þau réttaráhrif sem mælt er fyrir um í VII. kafla.

29. gr.

Sérgreind tilkynningarskylda og bann við útgáfu.

Ef sá er hefur heimild til útgáfu sértryggðra skuldabréfa hyggst gefa út skuldabréf sem veita kröfuhöfum forgangsrétt til tiltekinna eigna útgefandans, með sambærilegum hætti og um útgáfu sértryggðra skuldabréfa væri að ræða, skal útgefandi, með tveggja mánaða fyrirvara, senda Fjármálaeftirlitinu skýrslu um viðkomandi útgáfu þar sem fram koma sambærilegar upplýsingar og kallað er eftir í lögum þessum í umsókn um leyfi til útgáfu sértryggðra skuldabréfa.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að banna slíka útgáfu ef það álítur hana stofna hagsmunum annarra lánardrottna í hættu.

30. gr.

Kostnaður.

Útgefandi, eða eftir atvikum umsækjandi, skal greiða kostnað Fjármálaeftirlitsins við afgreiðslu umsóknar og útgáfu leyfis samkvæmt lögum þessum eftir gjaldskrá sem samþykkt skal af stjórn Fjármálaeftirlitsins og birt í Stjórnartíðindum.

X. KAFLI

Viðurlög o.fl.

31. gr.

Stjórnvaldssektir.

Fjármálaeftirlitið getur lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gegn:

1. 2. mgr. 7. gr. um að taka ekki á skrá skuldabréf í vanskilum.
2. 9. gr. um reglubundið mat á markaðsvirði veðtryggðra eigna í tryggingasafni.
3. 2.–4. mgr. 12. gr. um meðferð á tryggingasafni.
4. 13. gr. um skyldu til að halda skrá og árita skuldabréf.
5. 1. mgr. 23. gr. um upplýsingaskyldu.
6. Sátt milli Fjármálaeftirlitsins og aðila, sbr. 32. gr.

Sektir sem lagðar eru á útgefanda geta numið frá 50 þús. kr. til 50 millj. kr. Við ákvörðun sekta skal m.a. tekið tillit til alvarleika brots, hvað það hefur staðið lengi, samstarfsvilja hins brotlega aðila og hvort um ítrekað brot er að ræða. Ákvarðanir um stjórnvaldssektir skulu teknar af stjórn Fjármálaeftirlitsins og eru þær aðfararhæfar. Sektir renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtuna. Séu stjórnvaldssektir ekki greiddar innan mánaðar frá ákvörðun Fjármálaeftirlitsins skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

Stjórnvaldssektum verður beitt óháð því hvort lögbrot eru framin af ásetningi eða gáleysi.

32. gr.

Sáttir.

Hafi útgefandi gerst brotlegur við ákvæði laga þessara eða ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins á grundvelli þeirra er Fjármálaeftirlitinu heimilt að ljúka málinu með sátt með samþykki málsaðila. Sátt er bindandi fyrir málsaðila þegar hann hefur samþykkt og staðfest efni hennar með undirskrift sinni. Fjármálaeftirlitið setur nánari reglur um framkvæmd ákvæðisins.

33. gr.
Frestur til að leggja á stjórnvaldssektir.

Heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir samkvæmt lögum þessum fellur niður þegar sjö ár eru liðin frá því að háttsemi lauk.

Frestur skv. 1. mgr. rofnar þegar Fjármálaeftirlitið tilkynnir aðila um rannsókn á meintu broti. Rof frests hefur réttaráhrif gagnvart öllum sem staðið hafa að broti.

34. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

719. Skýrsla [451. mál]

Íslandsdeildar Norðurlandaráðs um norrænt samstarf árið 2007.

1. Inngangur.

Í starfi Norðurlandaráðs árið 2007 var megináhersla lögð á fimm þætti: loftslagsbreytingar, hnattvæðingu, landamærahindranir, stöðu sjálfstjórnarsvæðanna, og öryggismál.

Loftslagsbreytingar og afleiðingar þeirra hafa verið til umfjöllunar hjá Norðurlandaráði á síðustu árum, sér í lagi með tilliti til norðurslóða og norðurskautsins þar sem áhrif þeirra eru hraðari en annars staðar á hnettinum. Ráðið kappkostar einnig að nýta sér ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál, sem haldin verður í Kaupmannahöfn 30. nóvember – 11. desember 2009, til þess að sýna fram á styrkleika Norðurlanda í heild á sviði umhverfis- og loftslagsmála og auka þátttöku og kunnáttu almennings hvað þau varðar.

Hnattvæðingin og þau tækifæri sem hún skapar Norðurlöndum, ekki síst í viðskiptalegu tilliti, hefur verið á dagskrá Norðurlandaráðs frá árinu 2005. Sú vinna sem Norðurlandaráð hleypti þá af stokkunum miðaði að því að Norðurlönd ættu frumkvæði á hnattvæddum vettvangi til að skapa sér sérstöðu og forustu með afurðir sínar. Inntak þeirrar hugmyndafræði sem vinnan hefur byggst á er að árangursríkast sé fyrir Norðurlöndin að markaðssetja sig sem eina heild, eitt svæði, sem neytendur þekki og hafi jákvæða afstöðu til. Samkeppnishæfni Norðurlanda sé best tryggð með því að skilgreina þau sem heild í stað þess að markaðsetja þau á ríkjagrundvelli. Frá og með miðju ári 2007 tók Norræna ráðherranefndin, með forætisráðherrana í fararbroddi, hnattvæðingarvinnuna upp á sína arma. Um haustið skipaði ráðherranefndin starfshópa innan sinna vébanda til að stuðla að auknu norrænu samstarfi um hnattvæðinguna, til að mynda á sviði rannsókna og nýsköpunar.

Eitt af þeim áhersluatriðum sem lúta að því að auka samkeppnishæfni Norðurlanda er að minnka stjórnsýsluhindranir eða svokallaðar landamærahindranir sem eru einstaklingum og fyrirtækjum til trafala við frjálsa för borgara og viðskipta innan Norðurlanda. Dæmi um framför í þessum efnum á árinu er samvinna um rafrænar þjóðskrár sem auðveldar og flýtir fyrir einstaklingum að stofna bankareikninga og eiga viðskipti í öðrum norrænum löndum. Í apríl 2007 beindi forsætisnefnd tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um að koma á fót sérstöku embætti sem yrði helgað vinnunni við að minnka stjórnsýsluhindranir. Ráðherranefndin kynnti síðan um haustið ákvörðun sína um að hópur með fulltrúum allra

Norðurlandaríkjanna undir öflugri forystu eins þeirra leiði starfið við að ryðja hindrunum úr vegi.

Vegna óskar Færeyja um aðild að opinberu norrænu samstarfi á sama grundvelli og norræn ríki var gerð úttekt árið 2006 á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar um stöðu sjálfstjórnarsvæðanna Færeyja, Grænlands og Álandseyja innan samstarfsins. Starfshópur var síðan settur á laggirnar árið 2007 til að kanna hvaða möguleikar væru fyrir hendi til að auka þátttöku svæðanna í samstarfinu. Til þess að sjálfstjórnarsvæðin gætu orðið aðilar að opinberu norrænu samstarfi á sama grundvelli og ríkin þyrfti að breyta Helsinki-sáttmálanum þar sem hann er milliríkjasamningur. Í verklýsingu starfshópsins var hins vegar tilgreint að fjallað skyldi um aukna þátttöku sjálfstjórnarsvæðanna innan ramma samningsins. Starfshópurinn skilaði af sér skýrslu á haustmánuðum, svokölluðu Álandseyjaskjali (Ålandsdokumentet), þar sem lagt er til að fulltrúum sjálfstjórnarsvæða gefist aukin tækifæri til að stýra fundum á vegum ráðherranefndarinnar og eiga fulltrúa í stjórnum norrænna stofnana eins og norræn ríki. Þá er jafnframt lagt til að á vettvangi Norðurlandaráðs geti stjórnvöld sjálfstjórnarsvæðanna svarað fyrirspurnum og tilmælum sem að þeim er beint um þau málefni sem svæðin hafa lögsögu yfir. Norðurlandaráð studdi niðurstöður skjalsins á Norðurlandaráðsþingi en minni hluti þess áleit hins vegar að breyta ætti Helsinki-sáttmálanum til að koma til móts við óskir Færeyinga.

Á Norðurlandaráðsþinginu komu öryggismál til umræðu, sem var nokkur nýlunda frá umræðuhefð fyrri ára. Kveikjan að umræðunni voru samræður og samstarf Norðurlanda um öryggismál á árinu sem og ályktun Vestnorræna ráðsins um samstarf í öryggismálum, sérstaklega björgunarmálum, sem ráðið sendi Norðurlandaráði til umfjöllunar samkvæmt samstarfssamningi ráðanna. Öryggismál voru síðan áfram til umræðu á forsætisnefndarfundi í Reykjavík í desember þar sem Íslandsdeild Norðurlandaráðs hafði frumkvæði að tillögum um leiðir að fjalla í auknum mæli um öryggismál innan ráðsins. Í tillögunum fólst að borgaraleg öryggismál á norðurslóðum yrðu bæði til umfjöllunar á ráðstefnu Norrænu ráðherranefndarinnar um samfélagsöryggi, sem búist er við að haldin verði árið 2008, og að þau yrðu einnig hluti af svörum ráðherranefndarinnar um samfélagslegt öryggi sem ráðið ætlast til að veitt verði í tengslum við þing Norðurlandaráðs í Helsinki í október 2008.

Norðmenn fóru með formennsku í Norðurlandaráði á starfsárinu 2007. Forseti Norðurlandaráðs var Dagfinn Høybråten og varaforseti Berit Brørby.

2. Almennt um Norðurlandaráð.

Norðurlandaráð var stofnað árið 1952 og er samstarfsvettvangur þjóðþinga á Norðurlöndum. Sjálfsstjórnarsvæðin Álandseyjar, Færeyjar og Grænland taka jafnframt þátt í samstarfinu. Alþingi hefur átt aðild að ráðinu frá stofnun þess. Norðurlandaráð kemur saman til þingfundar einu sinni á ári og ræðir og ályktar um norræn málefni. Auk þess kemur Norðurlandaráð saman til nefndafunda þrisvar sinnum á ári. Á vegum Norðurlandaráðs er unnið að margvíslegum norrænum verkefnum sem þingmenn, nefndir eða flokkahópar ráðsins hafa átt frumkvæði að. Norðurlandaráð hefur tillögu- og umsagnarrétt um fjármagn sem er veitt árlega til norrænnar samvinnu og Norræna ráðherranefndin tekur verulegt tillit til þeirra ábendinga.

Í Norðurlandaráði sitja 87 þingmenn, þar af sjö alþingismenn. Hvert hinna landanna fjögurra (ásamt sjálfstjórnarsvæðunum) á 20 þingmenn í Norðurlandaráði. Hvert land skipar forseta Norðurlandaráðs til eins árs í senn á fimm ára fresti. Á árlegum þingfundi Norðurlandaráðs, sem stendur í þrjá til fjóra daga um mánaðamótin október/nóvember, er fjallað um fram

komnar tillögur og sendir þingið frá sér tilmæli til ríkisstjórna landanna eða Norrænu ráðherranefndarinnar. Forsætisráðherrar og utanríkisráðherrar Norðurlanda gefa þinginu skýrslu og samstarfsráðherrar svara fyrirspurnum í sérstökum fyrirspurnatíma. Fjárlög komandi starfsárs eru jafnframt ákveðin á þinginu og skipað í nefndir og trúnaðarstöður. Í Norðurlandaráði starfa fjórir flokkahópar: jafnaðarmenn, miðjumenn, hægrimenn, og vinstrisósíalistar og grænir. Flokkahóparnir móta sameiginlega afstöðu til einstakra mála og velja þingmenn í nefndir. Að öðru leyti byggist starf Norðurlandaráðs á landsdeildum aðildarríkjanna.

Málefnastarf Norðurlandaráðs fer að mestu fram í fimm málefnanefndum auk forsætisnefndar. Á milli þinga stýrir forsætisnefnd starfi ráðsins, vísar tillögum til nefnda eða afgreiðir þær. Forsætisnefnd fer jafnframt með utanríkis- og öryggismál svo og samskipti Norðurlandaráðs við aðrar alþjóðastofnanir. Þá fer eftirlitsnefnd yfir ársreikninga ráðsins og stofnana sem starfa innan Norðurlandasamvinnunnar. Loks kemur kjörnefnd saman til að gera tillögu að skipan í nefndir og trúnaðarstöður á vegum Norðurlandaráðs.

3. Íslandsdeild Norðurlandaráðs.

Skipan Íslandsdeildar Norðurlandaráðs.

Í upphafi starfsársins 2007 skipuðu Íslandsdeildina þau Sigríður Anna Þórðardóttir formaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Jón Kristjánsson varaformaður, þingflokki Framsóknarflokks, Rannveig Guðmundsdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, Ásta R. Jóhannesdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, Drífa Hjartardóttir, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Steingrímur J. Sigfússon, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, og Kjartan Ólafsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks. Varamenn voru Ásta Möller, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Mörður Árnason, þingflokki Samfylkingarinnar, Guðjón Ólafur Jónsson, þingflokki Framsóknarflokks, Arnbjörg Sveinsdóttir, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Katrín Júlíusdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, Kolbrún Halldórsdóttir, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, og Sigurrós Þorgrímsdóttir, þingflokki Sjálfstæðisflokks.

Ný Íslandsdeild var kosin 31. maí við upphaf 134. löggjafarþings. Aðalmenn urðu Árni Páll Árnason, þingflokki Samfylkingarinnar, Helgi Hjörvar, þingflokki Samfylkingarinnar, Kjartan Ólafsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Kolbrún Halldórsdóttir, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Kristján Þór Júlíusson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, þingflokki Sjálfstæðisflokks, og Siv Friðleifsdóttir, þingflokki Framsóknarflokks. Varamenn urðu Steinunn Valdís Óskarsdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, Ólöf Nordal, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Einar Már Sigurðarson, þingflokki Samfylkingarinnar, Steingrímur J. Sigfússon, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Árni Johnsen, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Björk Guðjónsdóttir, þingflokki Sjálfstæðisflokks, og Jón Magnússon, þingflokki Frjálslynda flokksins. Á fundi Íslandsdeildar 4. júní var Árni Páll Árnason kjörinn formaður deildarinnar og Kjartan Ólafsson varaformaður.

Ritari Íslandsdeildar árið 2007 var Lárus Valgarðsson alþjóðaritari.

Nefndaskipan Íslandsdeildar Norðurlandaráðs.

Kosið var í embætti og nefndir fyrir starfsárið 2007 á 58. þingi Norðurlandaráðs sem fram fór í Kaupmannahöfn 31. október til 2. nóvember 2006. Eftir kosningar í nefndir og ráð var nefndarseta fulltrúa Íslandsdeildar Norðurlandaráðs fyrir starfsárið 2007 sem hér segir: Rannveig Guðmundsdóttir sat áfram í forsætisnefnd, Jón Kristjánsson varð formaður velferðarnefndar, Drífa Hjartardóttir var áfram formaður efnahags- og viðskiptanefndar, Steingrímur J. Sigfússon tók sæti í forsætisnefnd, Sigríður A. Þórðardóttir sat áfram í menningar-

og menntamálanefnd, Ásta R. Jóhannesdóttir sat áfram í umhverfis- og náttúruauðlindanefnd og Kjartan Ólafsson sat áfram í borgara- og neytendanefnd sem og í eftirlitsnefnd.

Eftir að ný Íslandsdeild var kosin 31. maí tók Árni Páll Árnason sæti Rannveigar Guðmundsdóttur í forsætisnefnd, Siv Friðleifsdóttir tók við formennsku í velferðarnefnd af Jóni Kristjánssyni, Ragnheiður Ríkharðsdóttir tók sæti Sigríðar Önnu Þórðardóttur í menningar- og menntamálanefnd, Kolbrún Halldórsdóttir tók sæti Steingríms J. Sigfússonar í efnahags- og viðskiptanefnd, Kristján Þór Júlíusson tók sæti Drífu Hjartardóttur í efnahags- og viðskiptanefnd, og Kjartan Ólafsson sat áfram í borgara- og neytendanefnd og eftirlitsnefnd.

Fulltrúar Íslandsdeildar sátu auk þess í vinnuhópum á vegum Norðurlandaráðs og í stjórnum stofnana og voru fulltrúar þess út á við. Rannveig Guðmundsdóttir var áheyrnarfulltrúi Norðurlandaráðs hjá þingmannaráðstefnunni um norðurskautsmál. Sigríður Anna Þórðardóttir átti sæti í ráðningarhóp forsætisnefndar við ráðningu nýs framkvæmdastjóra ráðsins. Sigríður Anna sat einnig í fjárlagahóp forsætisnefndar en Kristján Þór Júlíusson tók sæti hennar í september og síðan Árni Páll Árnason í desember. Árni Páll Árnason var fulltrúi forsætisnefndar í sendinefnd Norðurlandaráðs á ráðstefnu Eystrasaltsþingins í Riga um nágrannastefnu Evrópusambandsins 22.–24. nóvember og fulltrúi forsætisnefndar á málþingi ÖSE í Ósló 10.–11. desember um þingmannasamstarf við Mið-Asíuríki. Siv Friðleifsdóttir var fulltrúi Íslandsdeildar á málþingi í Vilnius 8.–9. október um loftslagsmál og hlutverk þingmanna á breytingatímum, með þátttöku þingmanns og stjórnarandstæðinga frá Hvíta-Rússlandi, auk þingmanna frá Eystrasaltsríkjunum og Norðurlöndunum. Siv var einnig fulltrúi Norðurlandaráðs á leiðtogafundi ráðsins með Eystrasaltsþinginu í Ósló 3.–4. desember. Ásta R. Jóhannesdóttir átti á fyrri hluta árs sæti í upplýsingahópi forsætisnefndar og tók Siv Friðleifsdóttir við af henni á seinni hluta ársins. Arnbjörg Sveinsdóttir sat í stjórn norræna menningarsjóðsins í upphafi árs en síðan tók Rannveig Guðmundsdóttir við af henni í stjórninni. Steingrímur J. Sigfússon sat á árinu í eftirlitsnefnd Norræna fjárfestingarbankans og Þuríður Backman sat í stjórn Norrænu samstarfsmiðstöðvarinnar um málefni fatlaðra.

Starfsemi Íslandsdeildar Norðurlandaráðs.

Íslandsdeild Norðurlandaráðs kom saman til fundar tólf sinnum á árinu. Að venju var undirbúin þátttaka í fundum og þingi Norðurlandaráðs en þar að auki voru fjöldamörg mál á dagskrá, svo og gagnkvæm upplýsingaskipti meðlima Íslandsdeildar um stöðu mála í einstökum nefndum og starfshópum Norðurlandaráðs.

Á fyrri hluta árs var með hefðbundnum hætti fjallað um tilmæli Norðurlandaráðs 2007 og þau send fastanefndum Alþingis til upplýsingar og eftirfylgni í löggjafarstarfi eftir því sem við átti, en meðlimir Íslandsdeildar hafa það hlutverk að fylgja tilmælunum eftir í sínum fastanefndum. Í febrúar var haldinn samráðsfundur með samstarfsráðherra Norðurlanda, Jónínu Bjartmarz, þar sem skipst var á upplýsingum um þau mál sem efst voru á baugi hjá ráðherranefndinni og ráðinu. Í mars skipulagði Íslandsdeild fund dómnefndar bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs í Reykjavík þar sem tilkynnt var um handhafa verðlaunanna 2007. Í apríl funduðu nýir ráðgjafar velferðarnefndar og efnahags- og viðskiptanefndar Norðurlandaráðs með formönnum nefndanna í Reykjavík til undirbúnings aprílfundum í Kaupmannahöfn.

Íslandsdeildin úthlutaði fréttamannastyrkjum Norðurlandaráðs 2007 í maí, samtals 90.000 d.kr. Eftirtaldir hlutu styrk: Edda Jóhannsdóttir 5.000 d.kr, Guðrún Helga Sigurðardóttir 20.000 d.kr, Héðinn Halldórsson 20.000 d.kr., Magnús Halldórsson 5.000 d.kr., Sigmundur Ernir Rúnarsson 20.000 d.kr. og Þorbjörg Eva Erlendsdóttir 20.000 d.kr. Í júnímánuði hélt

menningar- og menntamálanefnd Norðurlandaráðs sumarfund sinn á nefndasviði Alþingis í boði Íslandsdeildar. Nefndin heimsótti einnig Norræna húsið og kynnti sér starfsemi þess.

Á haustmánuðum voru málefni skrifstofu Norðurlandaráðs til umræðu hjá Íslandsdeildinni. Meðlimir Íslandsdeildar lýstu í september yfir áhyggjum af þeirri stöðu að enginn íslenskur ráðgjafi væri starfandi hjá skrifstofunni og enginn þýðandi í íslensku væri fastráðinn við upplýsingadeildina. Þá fjallaði Íslandsdeildin í október um nýtingu lóðar í grennd við Norræna húsið, en samkvæmt deiliskipulagi mun einkahlutafélag um Vísindagarða Háskóla Íslands reisa nokkur fjögurra hæða hús og eitt tíu hæða hús bak við Norræna húsið. Gestir Íslandsdeildar á fundi hennar um þetta mál voru Margrét Þormar, arkitekt skipulagsstjóra Reykjavíkurborgar, Max Dager, forstjóri Norræna hússins, og Þorvaldur S. Þorvaldsson, formaður Norræna félagsins í Reykjavík. Formaður Íslandsdeildar, Árni Páll Árnason, átti og fund með Eiríki Hilmarssyni, framkvæmdastjóra einkahlutafélagsins um Vísindagarða Háskóla Íslands. Í kjölfarið ritaði Íslandsdeildin bréf til borgarstjóra, Dags B. Eggertssonar, í desember þar sem hún lýsti þeirri skoðun að það væri óásættanlegt ef byggingaráform á svæðinu þrengdu svo að Norræna húsinu að það skaðaði ásýnd þess. Í október átti Íslandsdeildin samráðsfund með samstarfsráðherra Norðurlanda, Össuri Skarphéðinssyni, í aðdraganda Norðurlandaráðsþings og í nóvember var Jan-Erik Enestam, nýr framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs, gestur hennar á fundi þar sem fjallað var um áherslur og skipulag í norrænu samstarfi í framtíðinni. Í desember skipulagði Íslandsdeildin forsætisnefndarfund Norðurlandaráðs í Reykjavík sem haldinn var í Norræna húsinu. Í tilefni af umfjöllun um öryggismál á norðurslóðum á fundinum tók Íslandsdeildin frumkvæði og lagði til hvernig meðferð málsins skyldi háttað innan ráðsins.

4. Starfsemi nefnda Norðurlandaráðs.

Forsætisnefnd.

Í forsætisnefnd sátu Rannveig Guðmundsdóttir og Steingrímur J. Sigfússon af hálfu Íslandsdeildar fyrst á starfsárinu. Steingrímur hætti í forsætisnefnd í apríl og tók sæti í efnahags- og viðskiptanefnd. Í júní tók Árni Páll Árnason sæti Rannveigar í nefndinni.

Forsætisnefnd er skipuð forseta og tólf fulltrúum sem kosnir eru á þingi Norðurlandaráðs. Allar landsdeildir á Norðurlöndunum og allir flokkahópar skulu eiga fulltrúa í forsætisnefnd. Forsætisnefnd annast víðtæk pólitísk og stjórnunarleg málefni og hefur yfirumsjón með öllum málum í sambandi við Norðurlandaráðsþingið. Forsætisnefnd fjallar um norrænu fjárlögin en sérstakur vinnuhópur á vegum nefndarinnar tók þá vinnu sérstaklega að sér árið 2007, líkt og áður hafði verið gert. Þá sér forsætisnefnd um tengsl og samstarf við svæðisbundnar og alþjóðlegar stofnanir. Forsætisnefnd fjallar um tillögur sem til hennar er beint og vísar öðrum tillögum sem lagðar eru fyrir ráðið til viðeigandi málefnanefnda. Forsætisnefnd fer með æðsta vald Norðurlandaráðs á milli þinga og hefur vald til þess að samþykkja tillögur fyrir hönd þingsins í sérstökum tilvikum og taka til afgreiðslu ákveðin málefni sem ekki þykir fært að bíði næsta þings.

Forsætisnefnd fundaði sex sinnum á árinu. Helstu umfjöllunarefni hennar voru þau sömu og ráðsins í heild, þ.e. loftslagsbreytingar, hnattvæðing, landamærahindranir, staða sjálfstjórnarsvæðanna og öryggismál. Á fundum frá janúar til Norðurlandaráðsþings í október samþykkti nefndin sex tilmæli til norrænna ríkisstjórna, um aðgerðir gegn geislamengun Eystrasaltsins og grannsvæða Norðurlanda, um áherslu á geislamengun í starfi HELCOM (The Helsinki Commission, samstarfsstofnun þeirra ríkja sem liggja að Eystrasalti um málefni innhafsins) og ESB, um fulltrúa til að samræma aðgerðir gegn landamærahindrunum á

Norðurlöndum, um stjórnun Eystrasaltsins, um geðheilbrigðisþjónustu á Norðurlöndum, og um heimilisofbeldi gegn konum og börnum (tilmæli nr. 1–6/2007).

Forsætisnefnd ákvað á fundi sínum í janúar að ráða Jan-Erik Enestam frá Finnlandi nýjan framkvæmdastjóra Norðurlandaráðs. Hann tók við í ágúst af Fridu Nokken frá Noregi sem hafði gegnt stöðunni síðan 1999. Enestam, sem er 59 ára, hafði setið á þingi síðan 1991 og verið einn af reyndustu ráðherrum Finnlands. Hann var ráðherra frá 1995–2006, síðast umhverfisráðherra og samstarfsráðherra Norðurlanda, og auk þess formaður Sænska þjóðarflokksins frá 1998–2006.

Á fundi forsætisnefndar í Reykjavík í desember voru öryggismál á norðurslóðum, þ.e. á Norður-Atlantshafi og við norðurskaut, helst til umræðu. Gestir fundarins voru Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra, Karl V. Matthíasson formaður Vestnorræna ráðsins og Sturla Sigurjónsson, ráðgjafi í utanríkismálum hjá forsætisráðuneyti. Utanríkisráðherra ávarpaði fundinn og fjallaði um breyttar aðstæður í öryggis- og varnarmálum á norðurslóðum, sérstaklega um viðbrögð við breyttum aðstæðum í kjölfar heimkvaðningar varnarliðsins. Jafnframt fjallaði hún um nýja stefnumótun í öryggis- og varnarmálum. Í kjölfar inngangs utanríkisráðherra hófust umræður. Árni Páll Árnason, formaður Íslandsdeildar Norðurlandaráðs, lagði á fundinum fram tillögur fyrir hönd Íslandsdeildarinnar um hvernig umfjöllun um öryggismál á norðurslóðum yrði í framhaldinu háttað innan ráðsins. Innlegg íslensku landsdeildarinnar kom í kjölfar þess að Vestnorræna ráðið hafði lagt fram ályktun frá ársfundi sínum 2007 um öryggis- og björgunarmál á Norður-Atlantshafi til umfjöllunar í Norðurlandaráði, á grundvelli samstarfssamnings sem Norðurlandaráð og Vestnorræna ráðið gerðu með sér árið 2006. Íslandsdeildin lagði til að unnið yrði að greiningu á stöðu öryggis- og björgunarmála á norðurslóðum, að þau yrðu tekin fyrir á ráðstefnum og að fjallað yrði um tengslin milli loftslagbreytinga og öryggismála á svæðinu. Í framsögu ítrekaði Árni Páll að loftslagsbreytingar hefðu áhrif á öryggismál. Mikilvægt væri að umræða um öryggismál á norðurslóðum yrði langtímaverkefni í norrænu samstarfi, enda ljóst að nýjar hættur á norðurslóðum hefðu veruleg samfélagsleg áhrif alls staðar á Norðurlöndunum. Að tillögu Dagfinns Høybråten, forseta Norðurlandaráðs, ályktaði forsætisnefndin eftirfarandi um borgaralegt samstarf um öryggismál: Í fyrsta lagi studdi nefndin ályktun ársfundar Vestnorræna ráðsins nr. 3/2007 um aukið samstarf Norðurlanda um borgaralega samvinnu um öryggismál á Norður-Atlantshafi, og vildi að könnuð yrðu tengslin milli loftslagsbreytinga og öryggismála. Í öðru lagi lýsti nefndin sig sammála hugmyndum Íslandsdeildar Norðurlandaráðs og óskaði eftir því við Norrænu ráðherranefndina að ráðstefna hennar um samfélagsöryggi sem búist var við að haldin yrði árið 2008 tæki sérstaklega til umfjöllunar hugmyndir um aukið borgaralegt samstarf um öryggismál. Í þriðja lagi samþykkti nefndin að Norðurlandaráð færi þess á leit við Norrænu ráðherranefndina að greining á borgaralegu öryggi á Norður-Atlantshafi og við norðurskaut yrði hluti af skýrslu ráðherranefndarinnar um samfélagsöryggi sem lögð verður fyrir Norðurlandaráðsþing í Helsinki í október 2008.

Sumarfundur forsætisnefndar var haldinn í Tromsø og á Svalbarða þar sem helsta umfjöllunarefnið var loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á norðurslóðir.

Menningar- og menntamálanefnd.

Á fyrri hluta árs var Sigríður Anna Þórðardóttir fulltrúi Íslandsdeildar í menningar- og menntamálanefnd, en í júní tók Ragnheiður Ríkharðsdóttir við af henni.

Menningar- og menntamálanefnd annast málefni sem varða menningu og listir á Norðurlöndum og á alþjóðavísu, fjölmenningarleg Norðurlönd, kvikmyndir og fjölmiðla, tungumál,

íþróttir, óháð félagasamtök, menningu barna og unglinga, grunnmenntun, framhaldsmenntun, fullorðinsfræðslu, rannsóknir, menntun vísindamanna og fræðimannaskipti.

Ofarlega á baugi í umfjöllun mennta- og menningarmálanefndar á árinu voru málefni sem tengjast þeirri áherslu sem ráðið leggur á hnattvæðingu og loftslagsbreytingar. Nefndinni fannst umræðu um hlut menningar og menntunar skorta í hnattvæðingarvinnunni. Hún lagði fram tvær tillögur sem ráðið samþykkti sem tilmæli á Norðurlandaráðsþingi, annars vegar um stefnu ráðherranefndar norrænu menntamálaráðherranna á sviði mennta og rannsókna 2008–2010 (tilmæli 11/2007), og hins vegar um aukið norrænt samstarf á sviði rannsókna (tilmæli 12/2007).

Menningar- og menntamálanefnd heimsótti í september nýja samræmingarskrifstofu norræns menningarsamstarfs, Kulturkontakt Nord, í Sveaborg í Finnlandi og sumarfundur hennar var haldinn í Reykjavík í júní.

Efnahags- og viðskiptanefnd.

Fulltrúar Íslandsdeildar í efnahags- og viðskiptanefnd á fyrri hluta árs voru Drífa Hjartardóttir og Steingrímur J. Sigfússon, Drífa frá janúar til maí og Steingrímur frá apríl til maí. Drífa gegndi jafnframt stöðu formanns nefndarinnar. Í júní tóku Kristján Þór Júlíusson og Kolbrún Halldórsdóttir sæti Drífu og Steingríms í nefndinni.

Efnahags- og viðskiptanefnd annast málefni sem varða efnahags- og framleiðsluskilyrði, atvinnulíf, innri markað Norðurlanda, frjálsa fólksflutninga, afnám landamærahindrana, viðskipti, byggðastefnu, atvinnumál og vinnumarkað, vinnuvernd, innra skipulag, samgöngur og upplýsingatækni.

Sjónarhorn nefndarinnar árið 2007 á helstu áhersluþætti ráðsins lutu helst að landamærahindrunum og hvernig þær standa í vegi fyrir betri árangri Norðurlanda í samkeppni á heimsvísu. Ein tillaga nefndarinnar var samþykkt sem tilmæli á Norðurlandaráðsþingi, um ný norræn matvæli – viðskipta- og landamærahindranir á sviði matvælaiðnaðar (tilmæli 16/2007).

Sumarfundur efnahags- og viðskiptanefndar var haldinn á Svalbarða þar sem nefndin kynnti sér meðal annars námugröft.

Umhverfis- og náttúruauðlindanefnd.

Ásta R. Jóhannesdóttir var fulltrúi Íslandsdeildar í umhverfis- og náttúruauðlindanefnd í byrjun ársins. Helgi Hjörvar tók við af Ástu í nefndinni eftir nýskipan Íslandsdeildar í maí.

Umhverfis- og náttúruauðlindanefnd annast málefni er varða umhverfismál, landbúnað og skógrækt, sjávarútveg, sjálfbæra þróun og orkumál.

Á starfsárinu hélt nefndin áfram umfjöllun sinni frá árinu áður um tvö aðalmál: málefni Eystrasaltsins og loftslagsbreytingar. Nefndin fékk framfylgt mörgum tillögum sínum sem voru samþykktar sem tilmæli. Þar má nefna tillögu um aðgerðir gegn geislamengun Eystrasaltsins og grannsvæða Norðurlanda (tilmæli 1/2007), um áherslu á geislamengun í starfi HELCOM og ESB (tilmæli 2/2007), um stjórnun Eystrasaltsins (tilmæli 4/2007), um aðgerðir í loftslagsmálum á Norðurlöndum og á alþjóðlegum vettvangi (tilmæli 7/2007), um hagkvæmni í orkunotkun og nýtingu endurnýjanlegrar orku í opinberum byggingum (tilmæli 8/2007), og um endurnýjanlega orku og eflingu baltnesks-norræns raforkunets (tilmæli 9/2007).

Sumarfundur umhverfis- og náttúruauðlindanefndar var haldinn í Færeyjum, þar sem meðal annars var sóttur heim Bogi Hansen, sem fékk náttúru- og umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs árið 2006.

Velferðarnefnd.

Fulltrúar Íslandsdeildar í velferðarnefnd á starfsárinu 2007 voru Jón Kristjánsson frá janúar til maí, og Siv Friðleifsdóttir frá júní til ársloka. Bæði gegndu formennsku í nefndinni.

Velferðarnefnd sinnir velferðar- og tryggingamálum, félagsþjónustu- og heilbrigðismálum, málefnum fatlaðra, bygginga- og húsnæðismálum, fjölskyldumálum, málefnum barna og unglinga og baráttu gegn misnotkun vímuefna.

Nefndin lauk á árinu umfjöllun um geðheilbrigðimál og varð tillaga hennar um þau að tilmælum um geðheilbrigðisþjónustu á Norðurlöndum (tilmælum 5/2007). Í tengslum við áherslu ráðsins á hnattvæðingu átti velferðarnefnd frumkvæði að umfjöllun ráðsins um starfsfólk í heilbrigðisstéttum sem flyst milli landa, sem varð að samþykktum tilmælum á Norðurlandaráðsþingi um ráðningu heilbrigðisstarfsmanna frá þróunarlöndum (tilmæli 14/2007). Þá hóf nefndin á árinu umfjöllun um siðferðislegar hliðar fósturskimunar.

Sumarfundur velferðarnefndar var í Murmansk þar sem nefndin kynnti sér meðal annars heilbrigðisaðstæður fanga.

Borgara- og neytendanefnd.

Fulltrúi Íslandsdeildar í borgara- og neytendanefnd Norðurlandaráðs á starfsárinu 2007 var Kjartan Ólafsson.

Borgara- og neytendanefnd annast málefni sem varða lýðræði, mannréttindi, borgararéttindi, jafnrétti, neytendamál, hollustu matvæla, baráttu gegn skipulagðri glæpastarfsemi, löggjöf, innflytjendur, flóttafólk og baráttu gegn kynþáttafordómum.

Mikilvæg umfjöllunarefni borgara- og neytendanefndar 2007 voru mansal, glæpir og ofbeldi, líkt og árið áður. Tvær tillögur nefndarinnar urðu að tilmælum ráðsins. Annars vegar um heimilisofbeldi gegn konum og börnum (tilmæli 6/2007) og hins vegar um baráttu gegn mansali (tilmæli 15/2007).

Sumarfundur var haldinn í Haag þar sem nefndin kynnti sér starfsemi Europol, Eurojust og Alþjóðlega glæpadómstólsins (ICC).

Eftirlitsnefnd.

Kjartan Ólafsson var fulltrúi Íslandsdeildar í eftirlitsnefnd Norðurlandaráðs árið 2007.

Eftirlitsnefndin fylgist fyrir hönd Norðurlandaráðsþings með starfsemi sem fjármögnuð er úr sameiginlegum sjóðum Norðurlandanna. Nefndin hefur einnig umsjón með málefnum sem snerta túlkun samninga um norræna samvinnu, vinnutilhögun Norðurlandaráðs og önnur innri málefni. Hluti af fastri starfsemi nefndarinnar er að fara yfir skýrslur dönsku ríkisendurskoðunarinnar um ársreikninga Norðurlandaráðs, Norrænu ráðherranefndarinnar og Norræna menningarsjóðsins.

Eftirlitsverkefni nefndarinnar árið 2007 voru norrænu upplýsingaskrifstofurnar sem Norræna ráðherranefndin fjármagnar í Eystrasaltslöndunum og Rússlandi. Rannsóknin var unnin af utanaðkomandi aðila og leiddi í ljós að skrifstofurnar hafa töluverðu hlutverki að gegna þrátt fyrir að Eystrasaltslöndin hefðu gerst aðilar að Evrópusambandinu, ekki síst við tengslamyndun við Rússland.

Í tilefni af eftirlitsverkefninu heimsótti nefndin norrænu upplýsingaskrifstofuna í Pétursborg í september og kynnti sér starfsemi hennar.

5. Verðlaun Norðurlandaráðs.

Verðlaun Norðurlandaráðs eru fern, þ.e. bókmenntaverðlaun, tónlistarverðlaun, náttúru- og umhverfisverðlaun, og kvikmyndaverðlaun. Þau eru að upphæð 350 þúsund danskar krónur. Verðlaunin fyrir árið 2007 voru afhent við hátíðlega athöfn í Gamle Logen þann 31. október í tengslum við 59. þing Norðurlandaráðs í Ósló.

Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs.

Bókmenntaverðlaunum Norðurlandaráðs hefur verið úthlutað á hverju ári frá 1962. Þau eru veitt fyrir fagurbókmenntir sem skrifaðar eru á einu af norrænu tungumálunum. Til greina koma skáldsögur, leikrit, ljóða-, smásagna- eða ritgerðasöfn og önnur bókmenntaverk. Verðlaunaverkin skulu hafa mikið listrænt og bókmenntalegt gildi. Markmið verðlaunaveitingarinnar er að auka áhuga Norðurlandabúa á bókmenntum og tungumálum nágrannalandanna og á sameiginlegri menningararfleifð Norðurlanda.

Sænski rithöfundurinn Sara Stridsberg hlaut bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs árið 2007 fyrir skáldsöguna Draumadeildin (Drömfakulteten). Tilkynnt var um verðlaunahafann eftir fund dómnefndar í Norræna húsinu í Reykjavík í mars. Í rökstuðningi dómnefndar sagði: „Draumadeildin er brennandi og margslungin frásögn. Sagan fjallar um Valerie Solanas, táknmynd hins róttæka femínista, og sorgleg örlög hennar. Sara Stridsberg blandar saman heimildum og skáldskap svo úr verður hrífandi verk. Draumadeildin ber undirtitilinn „framlag til kynjafræðanna“ og sagan er átakanlegt uppgjör við ólíkar kúgunaraðferðir í samfélaginu. Þrátt fyrir alvarlegt viðfangsefni er Draumadeildin einstaklega kraftmikil skáldsaga með leikandi tungutaki.“

Tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs.

Tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs voru fyrst veitt árið 1965 og fram til ársins 1988 voru þau afhent annað hvert ár. Frá 1990 hafa þau verið veitt árlega, annað hvert ár til tónskálds og hitt árið til tónlistarflytjenda. Tónlistarverðlaununum er ætlað að vekja athygli á tónlistarsköpun og tónlistarflutningi sem telst hafa mikið listrænt gildi.

Kammerkór Erics Ericsons frá Stokkhólmi hlaut tónlistarverðlaunin árið 2007 og var það í fyrsta sinn í sögu Tónlistarverðlaunanna sem kórar voru tilnefndir og kór hlaut verðlaunin. Í umsögn dómnefndar kom eftirfarandi fram: „Kammerkór Erics Ericsons gegnir mikilvægu hlutverki og er fyrirmynd kóra í Svíþjóð, á Norðurlöndum og um allan heim vegna framúrskarandi listrænnar tjáningar og frábærra gæða. Með háþróuðum hljómi sínum er Kammerkór Erics Ericsons nánast orðinn samheiti fyrir „norræna hljóminn“. Hæfileiki kórsins til að draga fram, lifa sig inn í og blása lífi í verk sem spanna bilið frá endurreisnartímanum til vorra daga, er einstakur.“

Náttúru- og umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs.

Náttúru- og umhverfisverðlaunum Norðurlandaráðs var komið á fót árið 1995. Verðlaunin eru veitt fyrirtæki, stofnun, samtökum eða einstaklingi sem skilað hefur sérstöku framlagi til náttúru- og umhverfisverndar.

Þemað fyrir náttúru- og umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs 2007 var umhverfislega sjálfbært bæjarfélag. Það var bæjarfélagið Albertslund í Danmörku sem hlaut verðlaunin. Albertslund er nágrannasveitarfélag Kaupmannahafnar með um 30 þúsund íbúa, og stór hluti þeirra er innflytjendur. Í umsögn dómnefndar sagði: „Albertslund hlýtur verðlaunin fyrir þrautseiga vinnu við að láta borgara og fyrirtæki tileinka sér umhverfisvæn viðhorf. Sveitarfélaginu

hefur tekist að minnka útblástur koldíoxíðs hjá sér um næstum helming, meðal annars með því að heimsækja þá aðila sveitarfélagsins sem eyða mikilli orku. Einnig hafa konur sem eru innflytjendur hlotið menntun til þess að kenna öðrum að minnka orkunotkun. Ef öll sveitarfélög á Norðurlöndum færu að dæmi Albertslund yrðu Norðurlönd í fararbroddi í hinni alþjóðlegu baráttu gegn loftslagsbreytingum.“

Kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs.

Norðurlandaráð veitti kvikmyndaverðlaun í fyrsta sinn á 50 ára afmælisþingi sínu árið 2002. Frá 2005 hafa þau verið veitt árlega til handritshöfunda, leikstjóra og framleiðenda og skipst jafnt milli þeirra. Til þess að hljóta verðlaunin verður viðkomandi að hafa gert kvikmynd sem á rætur í norrænni menningu, hefur til að bera listrænan frumleika og sameinar alla þætti myndarinnar í heilsteyptu verki.

Danska kvikmyndin Listin að gráta í kór (Kunsten at græde i kor) hlaut kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs árið 2007. Verðlaunin skiptust á milli Peter Schønau Fog leikstjóra, Bo hr. Hansen handritshöfundar og Thomas Stenderup framleiðanda. Kvikmyndin er byggð á skáldsögu eftir Erling Jepsen. Rökstuðningur dómnefndarinnar var svohljóðandi: „Kvikmyndin Listin að gráta í kór er sýnd með augum lítils drengs. Með lágværri kímni er brugðið upp mynd af fáránleika en líka ógnum fjölskyldulífsins. Áhorfendum er skemmt en þeir verða líka hrærðir þar sem fjallað er um jafn vandmeðfarið efni og misnotkun á börnum á beinskeyttan en þó mannúðlegan hátt. Þrúgandi öfl undir gljáandi yfirborði kaupstaðarlífsins eru afhjúpuð af hreinskilni.“

6. Sameiginlegir fundir Norðurlandaráðs.

Norðurlandaráð kom saman til samhliða nefndafunda þrisvar sinnum árið 2007, í janúar, apríl og september, eins og það gerir að jafnaði. Markmiðið með fundunum er að vinna þær tillögur og þau mál sem lögð eru fyrir Norðurlandaráðsþing á haustin. Í tengslum við nefndafundina fara fram stuttir sameiginlegir fundir alls ráðsins þar sem ákveðin efni eru tekin fyrir, auk þess sem ein eða fleiri nefndir í samstarfi standa fyrir málstofum um málefni sem eru til umfjöllunar hjá nefndunum.

Janúarfundir Norðurlandaráðs í Helsinki.

Janúarfundir Norðurlandaráðs voru haldnir í Ríkisdeginum í Helsinki dagana 29.–30. janúar. Af hálfu Íslandsdeildar sóttu fundina Sigríður A. Þórðardóttir formaður, Jón Kristjánsson varaformaður, Rannveig Guðmundsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Drífa Hjartardóttir, Kjartan Ólafsson og Ásta R. Jóhannesdóttir, auk Lárusar Valgarðssonar ritara.

Loftslagsbreytingar voru efni sameiginlegs fundar í Helsinki undir yfirskriftinni „Norræn orkustefna sem svar við hnattrænum áskorunum á sviði loftslagsmála“. Dagfinn Høybråten, forseti Norðurlandaráðs, sagði við setningu fundarins að ríkari hluti heimsins, þ.m.t. Norðurlöndin, væri valdur að mestri losun gróðurhúsalofttegunda og taldi að ríku löndin ættu að ganga á undan með góðu fordæmi og minnka losun. Høybråten benti á að þekkingin og fjármagnið væri til staðar en spurning væri um pólitískan vilja og getu. Hann sagði að þörf væri fyrir norræna samþættingu sem gæti gert Norðurlöndin að róttæku afli í alþjóðlegum loftslagsviðræðum. Með þessu gaf forsetinn tóninn fyrir eitt helsta umfjöllunarefni ráðsins á árinu.

Bogi Hansen, prófessor og rithöfundur frá Færeyjum, tók til máls, en hann fékk náttúru- og umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs árið 2006 þegar verðlaunin voru tileinkuð loftslags-

breytingum. Hansen sagði engan vafa leika á að hækkun meðalhita vegna losunar gróðurhúsalofttegunda væri af manna völdum. Á næstu 100 árum væri spáð hækkun hitastigs um eina og hálfa til sex gráður í heiminum, og meiri sveiflum í veðurfari með fleiri hitabylgjum, stormum og flóðum, þar á meðal á Norðurlöndum. Eftir því sem Hansen segir er losun gróðurhúsalofttegunda stærsta stjórnlausa tilraunin sem mannkynið hefur staðið fyrir. Hann sagði á fundinum að ekki væri hægt að stöðva loftslagsbreytingarnar en það væri mögulegt að draga úr þeim til lengri tíma litið. Því væri nauðsynlegt fyrir stjórnmálamenn að bregðast við nú þegar, en ekki eftir 20–30 ár, og vinna að alþjóðlegum samningum til að minnka áhrifin og koma í veg fyrir stóráföll.

Finnsku þingmennirnir Tarja Cronberg og Martin Saarikangas fluttu einnig erindi. Cronberg taldi að Norðurlöndin gætu haft áhrif til að minnka losun gróðurhúsaloftegunda á tvennan hátt. Annars vegar með því að sjá til þess að sameiginlegur norrænn raforkumarkaður virkaði sem skyldi, en þar væru flöskuhálsar í dreifingu og einkaleyfi til trafala. Hins vegar með því að beita áhrifum innan ESB. Saarikangas sagði að iðnaður í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð krefðist mikillar orku og að landbúnaður og samgöngur væru helstu sökudólgarnir hvað varðaði losun gróðurhúsalofttegunda. Hann taldi að gera ætti núverandi kjarnorkuver skilvirkari og efla orkusparnað á Norðurlöndum með hugarfarsbreytingu og betri einangrun mannvirkja.

Þá talaði einnig Martina Krüger frá Greenpeace. Í máli hennar kom fram að þörf væri á samræmdum alþjóðlegum aðgerðum í orkumálum. Á Norðurlöndum væru helstu orkugjafar af ólíkum toga en hægt væri til dæmis að minnka notkun kjarnorku og auka notkun vindorku. Hún taldi enn fremur að safna ætti og kynna sameiginlegar upplýsingar um orkumál á Norðurlöndum.

Eftir framsöguerindin spunnust nokkrar umræður. Steingrímur J. Sigfússon tók þátt í þeim og sagði að vandamálin yrðu ekki leyst með því að skipta einungis um orkugjafa svo lengi sem gegndarlaus neysla vesturlandabúa héldi áfram að aukast hömlulaust með tilheyrandi álagi á auðlindir jarðarinnar. Draga þyrfti úr óþarfa neyslu, og sömuleiðis þyrfti að setja óþarfa flutningum og ferðalögum skorður.

Auk sameiginlega fundarins stóðu borgara- og neytendanefnd og velferðarnefnd fyrir málstofu um baráttu gegn heimilisofbeldi í samstarfi við velferðarnefnd og laga- og öryggisnefnd Eystrasaltsþingsins. Sænska þingkonan Carina Hägg sagði frá því að herferð Evrópuráðsins gegn heimilisofbeldi mundi setja svip á alþjóðlegan baráttudag kvenna 8. mars. Árásir sem ættu sér stað í almenningsgörðum væru yfirleitt kærðar en heimilisofbeldi sjaldnast tilkynnt til lögreglu og nauðsynlegt væri að kortleggja umfang þess ofbeldis sem ekki væri kært. Kristin Skjørten, afbrotafræðingur frá Noregi, sem tók þátt í rannsóknaverkefni Norrænu ráðherranefndarinnar „Kynferði og ofbeldi á Norðurlöndum“ á árunum 2000–2005, tók einnig til máls. Skjørten taldi að horfa bæri á vandann út frá kynferði og völdum, en kynferði og völd eru annað af tveimur meginþemum í norrænni jafnréttisáætlun fyrir árin 2006–2010. Norrænar rannsóknir sýna að margar konur sæta ofbeldi af hendi maka eða fyrrverandi maka.

Aprílfundir Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn.

Aprílfundir Norðurlandaráðs voru haldnir í Eigtveds Pakhus í Kaupmannahöfn dagana 23.–25. apríl. Af hálfu Íslandsdeildar sóttu fundina Jón Kristjánsson varaformaður, Rannveig Guðmundsdóttir, Drífa Hjartardóttir og Ásta R. Jóhannesdóttir, auk Lárusar Valgarðssonar ritara.

Hnattvæðing og samkeppnishæfni Norðurlanda á heimsvísu voru ofarlega á baugi á sameiginlegum fundum í apríl. Fyrst hélt hnattvæðingarhópur forsætisnefndar (globaliseringsgruppen) opinn fund með dönskum samstarfsráðherra Norðurlandanna, Connie Hedegaard. Hedegaard sagði að með sameiginlegri markaðsvinnu Norðurlanda á heimsvísu yrði áherslubreyting í norrænu samstarfi. Ráðherrann kynnti þrjár hugmyndir sínar í þeim efnum. Í fyrsta lagi að taka fyrir ákveðnar landamærahindranir einstaklinga og fyrirtækja á Norðurlöndum og leysa þær innan ákveðinna tímamarka til að styrkja Norðurlöndin sem markað. Í öðru lagi að styrkja þau svið sem gefa Norðurlöndum möguleika á að vera í fararbroddi á heimsvísu, þ.e. orkumál, umhverfismál og loftslagsmál. Í þriðja lagi að gera áætlanir um alþjóðlega markaðssetningu Norðurlanda, t.d. með sameiginlegri markaðssetningu á heimssýningunni í Sjanghæ árið 2010. Í fyrirspurnatíma benti Rannveig Guðmundsdóttir á að við síðustu heimssýningu í Japan árið 2005 hefði verið meiri áhugi á velferðarmálum, fyrst og fremst samræmingu fjölskyldulífs og atvinnuþátttöku, heldur en nýsköpun. Aðrir meðlimir ráðsins tóku í sama streng og lögðu til að meiri áhersla yrði lögð á velferðar- og menningarafurðir við sameiginlega markaðssetningu Norðurlanda.

Þá hélt Norðurlandaráð sameiginlegan fund um hnattvæðingu þar sem gestir fundarins voru Kalle Moene, hagfræðiprófessor við Óslóarháskóla, og Bendt Bendtsen, viðskiptaráðherra Danmerkur. Moene lýsti því hvernig samspil velferðarsamfélags og atvinnulífs í norrænum samfélögum styrkti stöðu Norðurlandanna í alþjóðahagkerfi, og Bendtsen gerði grein fyrir störfum og áherslum danska hnattvæðingarráðsins, sem var sett á fót til að þróa markaðssetningu Danmerkur á heimsvísu. Í umræðum á fundinum var m.a. rætt um markaðssetningu Norðurlandanna í tengslum við ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál í Kaupmannahöfn árið 2009.

Velferðarnefnd stóð fyrir málstofu um ungdómshúsið á Norðurbrú í Kaupmannahöfn sem ungt fólk neitaði að láta af hendi eftir að Kaupmannahafnarborg seldi húsið og starfsemi þar fyrir ungt fólk var lögð niður. Þeim viðskiptum lauk með því að húsið var rifið snemma á árinu 2007 eftir kröftug mótmæli unga fólksins. Í málstofunni tóku til máls fulltrúar borgarinnar, ungdómshússins, fyrirtækja í hverfinu og lögreglu, auk félagsfræðingsins Rene Karpanschof. Markmiðið með málstofunni var að afla upplýsinga um ólík sjónarmið í málinu en ekki að ályktun um það af hálfu Norðurlandaráðs.

Velferðarnefnd stóð einnig, ásamt borgara- og neytendanefnd, fyrir málþingi um ofbeldi sem tengist hugmyndum um fjölskylduheiður. Frummælendur voru Tine Gudrun Jensen, Anja Bredahl, Farwha Nielsen, Emre Güngör, Anas Osman og Mohammed Aoudi. Á málþinginu kom m.a. fram að í umræðu um fjölskylduheiður væru áherslur mismunandi eftir löndum. Fjallað var um ráðgjöf til kvenna sem leita til kvennaathvarfa vegna ofbeldis og aðgerðir ungra manna sem eru afkomendur innflytjenda til að breyta hugmyndum um heiður og koma í veg fyrir ofbeldi.

Septemberfundir Norðurlandaráðs í Gautaborg.

Septemberfundir Norðurlandaráðs voru haldnir í Svenska Mässan í Gautaborg dagana 24.–25. september. Af hálfu Íslandsdeildar tóku þátt í fundunum Árni Páll Árnason, formaður, Kjartan Ólafsson, varaformaður, Helgi Hjörvar, Kolbrún Halldórsdóttir, Kristján Þór Júlíusson, Ragnheiður Ríkharðsdóttir og Siv Friðleifsdóttir, auk Lárusar Valgarðssonar ritara.

Enginn sameiginlegur fundur var haldinn í Gautaborg en forsætisnefnd og efnahags- og viðskiptanefnd stóðu í sameiningu fyrir málstofu um landamærahindranir, einnig nefndar

stjórnsýsluhindranir. Kari-Ann Kristiansen, ráðgjafi hjá Norrænu nýsköpunarmiðstöðinni (Nordisk InnovationsCenter) kynnti skýrsluna „Frá landamærahindrunum og vandamálum til einföldunar og markaðsmöguleika“ sem hún ritstýrði á vegum stofnunarinnar. Í skýrslunni er lagðar fram tillögur með það að markmiði að búa sem best í haginn fyrir skilvirkan innri markað á Norðurlöndum. Í fyrsta lagi að fjarlægja núverandi hindranir, koma í veg fyrir að nýjar verði til og hvetja til aukinnar samkeppni yfir landamærin. Í öðru lagi að beina athyglinni að einföldun og markaðsmöguleikum í stað hindrana og vandamála, sýna fram á hagkvæmni opnari markaða með kostnaðarútreikningum og hampa dæmum um velgengni í þessum efnum til að auka skilning stjórnvalda og atvinnulífs. Í þriðja lagi að ryðja lagalegum hindrunum úr vegi með því að gera lagabreytingar á skattasviði og fyrirtækjasviði. Í umræðum að loknum fyrirlestri Kristiansen sætti skýrsla nýsköpunarmiðstöðvarinnar nokkurri gagnrýni á málþinginu af hálfu þingmanna ráðsins sem töldu hana hafa lítið nýtt fram að færa. Árni Páll Árnason spurði hvort miðstöðin hefði rannsakað sérstaklega innleiðingu Norðurlandanna á ESB- og EES-reglugerðum, þar sem samstarf á því sviði væri mikilvæg til að koma í veg fyrir að nýjar landamærahindrarnir mynduðust. Kristiansen var sammála Árna Páli um að á þessu sviði þyrftu Norðurlöndin að eiga meira samstarf, til að mynda hvað varðaði lagasetningu um fyrirtæki.

Í tengslum við septemberfundina var einnig skipulögð skoðunarferð í Norræna lýðheilsuháskólann (Nordiska högskolan för folkhälsovetenskap) í Gautaborg til að kynnast starfsemi hans. Norræni lýðheilsuháskólinn býður upp á meistara- og rannsóknamenntun í lýðheilsufræðum, auk eftir- og símenntunar fyrir starfsfólk heilbrigðisstofnana á Norðurlöndum. Einnig eru haldin þar norræn og alþjóðleg námskeið og vinnustofur. Skólinn hefur sérhæft sig á þremur sviðum: heilbrigðisstjórnun, heilbrigðiseflingu og félagslegri velferð. Til þeirra sviða heyra meðal annars geðheilsa, hreyfihömlun, heilbrigði barna og unglinga og þverfaglegt samstarf.

7. 59. þing Norðurlandaráðs.

Norðurlandaráðsþing 2007 var haldið í Stórþinginu í Ósló dagana 30. október – 1. nóvember, þar sem Noregur gegndi formennsku í ráðinu á árinu. Á þinginu komu saman rúmlega áttatíu norrænir þingmenn, rúmlega fjörutíu norrænir ráðherrar, og norrænir þingforsetar. Auk þeirra sótti þingið fjöldi gesta frá þingmannasamtökum ríkja við Eystrasalt, Rússlandi, Vestur-Norðurlöndum og norðurskautssvæðinu. Af hálfu Íslandsdeildar Norðurlandaráðs sóttu þingið Árni Páll Árnason, formaður, Kjartan Ólafsson, varaformaður, Kolbrún Halldórsdóttir, Kristján Þór Júlíusson, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Siv Friðleifsdóttir og Steinunn Valdís Óskarsdóttir, auk Stígs Stefánssonar deildarstjóra alþjóðadeildar og Lárusar Valgarðssonar alþjóðaritara.

Í samræmi við áherslur í starfi ráðsins á árinu voru helstu mál á dagskrá Norðurlandaráðsþingsins í Ósló loftslagsbreytingar, hnattvæðing, og staða sjálfstjórnarsvæðanna Færeyja, Grænlands og Álandseyja í opinberu norrænu samstarfi og utanríkis- og öryggismál.

Skoðanakannanir sem Norðurlandaráð hefur látið gera í aðdraganda síðustu tveggja þinga hafa sýnt að mikill samhljómur er milli þess sem almenningur á Norðurlöndum telur að norrænt samstarf eigi að fjalla um og þeirra mála sem efst hafa verið á baugi í norrænni samvinnu. Má í þessu sambandi nefna að í könnun sem gerð var í september og október 2007 kom í ljós að 94% Norðurlandabúa töldu mikilvægt eða mjög mikilvægt að norrænt samstarf fjallaði um loftslags- og umhverfismál. Hlutfall þeirra sem töldu að mikilvægt eða mjög mikilvægt væri að Norðurlöndin legðust á eitt um að ná fram nýjum hnattrænum loftslags-

samningi þegar Kyoto-bókuninni sleppir var einnig hátt eða 91%. Hlutfall Íslendinga í þessu sambandi var hins vegar lægst Norðurlandabúa eða 77% á móti um 95% annars staðar á Norðurlöndunum.

Á Norðurlandaráðsþinginu í Ósló voru loftslagsbreytingar til umfjöllunar undir tveimur dagskrárliðum. Annars vegar í umræðum forsætisráðherra Norðurlandaríkjanna og leiðtoga stjórnarandstöðu, svokölluðum norrænum leiðtogafundi, og hins vegar sem sér dagskrárliður.

Þátttakendur frá Íslandi í leiðtogafundinum voru Geir H. Haarde forsætisráðherra og Steingrímur J. Sigfússon, sem formaður stærsta stjórnarandstöðuflokksins. Forsætisráðherra sagði í ræðu sinni að staða Norðurlandanna hvað varðaði endurnýjanlega orku og loftslagsvæna tækni væri afar sterk. Þau væru í forustu í heiminum í þessum efnum, hvert á sínu sviði. Styrkur Íslands og framlag til úrlausna í loftslagsmálum lægi í útflutningi á tækni og þekkingu, ekki síst í jarðhitamálum. Hann taldi einnig að Norðurlöndin hefðu sóknarfæri í sameiningu, bæði til að kynna umheiminum hagnýtar lausnir og til þess að stuðla að nýjum samningi í lofslagsmálum sem vonandi yrði undirritaður á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál í Kaupmannahöfn 2009. Steingrímur J. Sigfússon fjallaði í ræðu sinni um tengslin milli hnattvæðingar og loftslagsbreytinga. Hnattvæðingin sem slík væri ekki sjálfbær eins og málum væri háttað í dag. Hann setti spurningarmerki við hversu umhverfisvæn og sjálfbær hin norrænu samfélög væru í raun þegar þau, sem hluti af hinum vestræna heimi, stuðluðu að aukinni neyslu og þar með aukinni notkun á auðlindum jarðarinnar, sem stuðlaði á sinn hátt að loftslagsbreytingum. Steingrímur hvatti til þess að Norðurlöndin tækju sig á og hreinsuðu til í eigin ranni, þá fyrst gætu þau í raun verið öðrum fyrirmynd. Leiðin til þess væri að fylgja áætlun Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Í seinni dagskrárliðnum um loftslagsmál voru meðal annars til umfjöllunar tillögur um norræna eftirfylgni á tillögum sem fram koma í svokallaðri Stern-skýrslu, um sameiginlegar norrænar aðgerðir um framkvæmd tilskipunar Evrópusambandsins um orkunotkun hins opinbera, um sjálfbæra orkustefnu án kjarnorku, og um norrænar aðgerðir vegna alþjóðlegrar ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál í Kaupmannahöfn 2009. Síðastnefnda tillagan fjallaði um hvernig standa mætti að undirbúningi ráðstefnunnar sem haldin verður 30. nóvember – 11. desember 2009, með það að markmiði að kynna loftslagsbreytingar fyrir almenningi og nemendum, og draga í leiðinni fram styrkleikaþætti norrænu landanna. Vonir standa til að á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn takist að klára nýja alþjóðlega samþykkt sem tekur við af Kyoto-bókuninni eftir árið 2012. Tillagan fól til að mynda í sér að norrænir orkusérfræðingar yrðu til ráðgjafar um markmið í orkumálum, að samhliða ráðstefnunni yrði kynning á endurnýjanlegri orku og stöðu Norðurlandanna í orku- og umhverfismálum, og að sett yrði upp síða á netinu þar sem nemendur og ungt fólk gæti sótt upplýsingar um loftslagsbreytingar og áhrif þeirra. Kolbrún Halldórsdóttir lýsti yfir stuðningi við tillöguna og undirstrikaði hversu mikilvægt það væri að almenningur tæki þátt í umræðunni um loftslagsmál, t.d. innan menntastofnana og frjálsra félagasamtaka. Markmiðið væri að koma í veg fyrir stríð og fátækt sem afleiðingu loftslagsbreytinga.

Hnattvæðing var á dagskrá þingsins í Ósló, meðal annars í formi umfjöllunar um skýrslu Norrænu ráðherranefndarinnar um aðgerðir til að fylgja eftir hnattvæðingarvinnunni. Af þeim aðgerðum ber helst að nefna að efla norrænar hágæðarannsóknir á loftslagsbreytingum, að gera úttekt á möguleikum á að opna samnorrænar nýsköpunarmiðstöðvar í Asíu, að Norðurlöndin standi saman að orkusýningu í tengslum við ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn 2009 og að efna til hringborðsumræðna sérfræðinga í loftslagsmálum til að greina

úrlausnarefni við gerð nýs alþjóðlegs samnings um loftslagsmál í því skyni að styðja sendinefndir Norðurlandanna við gerð slíks samnings.

Tillaga tengd hnattvæðingu sem lá fyrir Norðurlandaráðsþinginu snerist um að Norðurlöndin skyldu eiga frumkvæði að alþjóðlegum samningi sem ætlað væri að draga úr ásókn norrænna heilbrigðisstofnana í menntað starfsfólk frá fátækari ríkjum, með það fyrir augum að mannauður í heilbrigðisstéttum haldist í auknum mæli í þróunarríkjunum. Siv Friðleifsdóttir, formaður velferðarnefndar, mælti fyrir tillögunni. Í máli hennar kom fram að ef Norðurlöndin vildu bera af á heimsvísu þyrftu þau að vera sjálfum sér nóg um starfsfólk í heilbrigðisgeiranum. Staða mála væri orðin þannig að samfara aukinni þörf fyrir heilbrigðisstarfsfólk á Norðurlöndum þá fækkaði heilbrigðisstarfsfólki í fátækum ríkjum. Af þeim sökum þyrfti að hafa frumkvæði að alþjóðlegum samningi sem drægi úr ráðningu starfsfólks í heilbrigðisstéttum frá þróunarríkjum, og gerði þess í stað ráð fyrir auknu samstarfi um menntun heilbrigðisstarfsfólks í þróunarríkjum. Slíkum aðgerðum væri ætlað að stuðla að því að þróunarríki héldu í heilbrigðisstarfsfólk sitt. Norðurlönd ættu að vera í fararbroddi í málinu.

Siv Friðleifsdóttir tók einnig til máls í fyrirspurnatíma norrænu samstarfsráðherranna. Hún spurði færeyska samstarfsráðherrann Jógvan á Lakjuni hvort athygli beindist að því í Færeyjum, í ljósi þess að gengið yrði til þingkosninga í janúar 2008, að einungis 9% þingmanna í færeyska þinginu væru konur? Hún spurði að auki til hvaða aðgerða hefði verið gripið til í Færeyjum til að auka þátttöku kvenna í stjórnmálum. Jógvan á Lakjuni svaraði á þann veg að nefnd hefði verið starfandi á vegum landsstjórnarinnar í tvö ár til þess að auka þátttöku kvenna í stjórnmálum. Hún hefði haft áhrif á umræðuna um jafnréttismál, m.a. á uppröðun á lista stjórnmálaflokka fyrir kosningarnar í janúar, og hann var bjartsýnn á að vinnan mundi skila fleiri konum á þing eftir kosningarnar.

Hvað varðar stöðu sjálfstjórnarsvæðanna Færeyja, Grænlands og Álandseyja í opinberu norrænu samstarfi, þá lágu fyrir þinginu ein skýrsla um stöðu þeirra, eitt nefndarálit forsætisnefndar um þingmannatillögu og ein yfirlýsing ráðsins. Málið um stöðu sjálfstjórnarsvæðanna snýst nú um hvort breyta eigi Helsinki-sáttmálanum þannig að sjálfstjórnarsvæðin geti gerst sjálfstæðir aðilar að honum, en sáttmálinn, sem er grundvöllur opinbers norræns samstarfs, er samningur milli norrænu ríkjanna fimm. Það eru fordæmi fyrir að breyta honum og voru t.a.m. gerðar breytingar á samningnum árin 1971 og 1983 sem tryggði sjálfstjórnarsvæðunum aukna þátttöku í samstarfinu þar sem fulltrúum þeirra var gert kleift að taka þátt í samstarfinu, þingmönnum í ráðinu var fjölgað og svæðunum veittur réttur til að mynda landsdeildir.

Í tillögu frá árinu 2005 lagði hópur færeyskra og danskra fulltrúa í Norðurlandaráði til að Norræna ráðherranefndin tæki til gagngerrar umfjöllunar óskir Færeyinga frá árinu 2003 um að verða fullgildir aðilar að opinberu norrænu samstarfi, þ.e.a.s. Norrænu ráðherranefndinni og Norðurlandaráði, og setti á fót nefnd til að fjalla um þær óskir. Í apríl 2007 settu samstarfsráðherrar Norðurlanda á fót starfshóp til að gera tillögur um aukna þátttöku sjálfstjórnarsvæðanna í opinberu norrænu samstarfi. Í umboði starfshópsins kom fram að það skyldi gert innan ramma Helsinki-sáttmálans. Starfshópurinn skilaði skýrslu í september 2007 með niðurstöðum sínum, svokölluðu Álandseyjaskjali (Ålandsdokumentet). Helstu tillögur í skjalinu voru að sjálfstjórnarsvæðin gætu framvegis tekið þátt í starfi norrænna stofnana á sama grundvelli og norrænu ríkin, að fulltrúar sjálfstjórnarsvæðanna gætu stýrt fundum hjá ráðherranefndum og embættismannanefndum Norrænu ráðherranefndarinnar, og að í Norðurlandaráði verði mögulegt að beina fyrirspurnum og tilmælum til landsstjórna sjálf-

stjórnarsvæðanna varðandi þá málaflokka sem þau hafa yfirtekið. Ósamræmi er milli vinnureglna Norðurlandaráðs, sem leyfa að spurningum sé beint til sjálfstjórnarsvæðanna, og Helsinki-sáttmálans, þar sem aðeins er getið um möguleika á að beina tilmælum eða öðrum erindum til ríkisstjórna landa eða Norrænu ráðherranefndarinnar. Í fyrirliggjandi yfirlýsingu Norðurlandaráðs kom fram að ráðið styddi þær tillögur sem komu fram í Álandseyjaskjalinu og að túlka bæri ákvæði Helsinki-sáttmálans um fyrirspurnir og tilmæli til sjálfstjórnarsvæðanna þannig að þeim gæti verið beint til þeirra í þeim málaflokkum sem þau hefðu yfirtekið innan ramma sjálfstjórnar. Yfirlýsingin var samþykkt með afgerandi hætti.

Í nefndaráliti forsætisnefndar kom fram að þar sem ekki væri einhugur meðal norrænu landanna um að breyta Helsinki-sáttmálanum legði hún til að ekki yrði aðhafst frekar í málinu. Í minnihlutaáliti var hins vegar lagt til að breyta samningnum til að koma til móts við óskir Færeyja. Mikil skoðanaskipti urðu um málið. Komið hafði fram á forsætisnefndarfundi daginn fyrir þingið að danska landsdeildin og flokkahópur vinstrisósíalista og grænna styddu minnihlutaálit forsætisnefndar. Í kjölfar niðurstöðu dönsku landsdeildarinnar ræddi Íslandsdeild Norðurlandaráðs stöðu mála. Var einhugur meðal íslensku fulltrúanna um að styðja minnihlutaálitið, í ljósi þess að einhugur hafði myndast innan dönsku landsdeildarinnar í málinu. Í umræðunni um nefndarálitið voru þingmenn Færeyja, Danmerkur, flokkahóps vinstrisósíalista og grænna áberandi en einnig tóku þátt í henni sænskir og íslenskir þingmenn. Kjartan Ólafsson kynnti sameiginlega niðurstöðu íslensku landsdeildarinnar þess efnis að hún hefði gegnum tíðina stutt þátttöku sjálfstjórnarsvæðanna í opinberu norrænu samstarfi að því marki sem það væri gerlegt. Á sama tíma vildi hún ekki blanda sér í innanríkismál einstakra landa hvað viðviki stjórnarskrárlegri stöðu sjálfstjórnarsvæðanna. Þar sem danska landsdeildin hefði nú lýst yfir stuðningi við að breyta Helsinki-sáttmálanum til að koma til móts við óskir Færeyinga, þá gerði íslenska landsdeildin það líka. Kolbrún Halldórsdóttir tók til máls og lýsti eftir hinum pólitísku rökum sem finnski, sænski og norski samstarfsráðherrann hefðu gegn því að breyta Helsinki-sáttmálanum í þá veru að þátttaka sjálfstjórnarsvæðanna í Norrænu ráðherranefndinni yrði á þeim sviðum þar sem þau hafa löggjafarvald. Engin svör bárust frá samstarfsráðherrunum. Atkvæðagreiðslan fór svo að 37 studdu nefndarálit meirihluta forsætisnefndar um að aðhafast ekki frekar og 20, þar á meðal íslensku þingmennirnir, studdu minnihlutaálit um að breyta Helsinki-sáttmálanum. Minnihlutaálitið var því fellt.

Norrænt samstarf í öryggismálum var meðal þeirra utanríkismála sem rædd voru á Norðurlandaráðsþinginu. Fyrir því voru tvær ástæður. Annars vegar að stuttu fyrir þingið hittust utanríkisráðherrar Noregs, Svíþjóðar og Finnlands til að ræða öryggismál og hins vegar umfjöllun Norðurlandaráðs um ályktun Vestnorræna ráðsins 3/2007 um samstarf Íslands, Grænlands og Færeyja í öryggismálum, sérstaklega hvað varðar björgunarmál.

Á fundi utanríkisráðherranna þriggja í aðdraganda þingsins var rætt um þríhliða samstarf um viðbrögð við áskorunum í öryggismálum langt í norðri, nefnt „High North“. Fréttir af þessum viðræðum urðu tilefni fyrirspurna á Norðurlandaráðsþinginu frá Ole Stavad, formanni Danmerkurdeildar Norðurlandaráðs, til Jonas Gahr Støre, utanríkisráðherra Noregs. Stavad lýsti áhyggjum af þróuninni og spurði hvort slíkt samstarf landanna þriggja væri líka opið Danmörku og Íslandi. Støre kvað svo vera og sagði einnig að þrátt fyrir að Norðurlöndin innbyrðis legðu ef til vill mismiklar áherslur á svæði eftir landfræðilegri legu, þá væri ekki um það að ræða að endurskilgreina Norðurlönd sem einungis þrjú lönd. Norræna samstarfið sem svæðisbundið samstarf væri gott akkeri og gæfi tækifæri í þessu samhengi.

Árni Páll Árnason, formaður Íslandsdeildar Norðurlandaráðs, var talsmaður flokkahóps jafnaðarmanna í utanríkismálaumræðunni. Hann sagði að sú umræða sem fram fór á þinginu um öryggismál hefði verið óhugsandi fyrir tuttugu árum. Ástæðan væri sú að umræðuhefðin hefði breyst. Það væri enn fremur full ástæða til að þróa hana enn frekar í ljósi þeirra öru breytinga sem ættu sér stað samfara loftslagsbreytingum og hnattvæðingu. Þessar breytingar hefðu einnig áhrif á öryggismál. Árni Páll nefndi í þessu sambandi hvernig nýjar aðstæður við norðurskautið og í norðurhöfum vegna bráðnandi íss sköpuðu nýjar áskoranir sem full ástæða væri til að ræða á vettvangi norrænnar samvinnu, einnig með þátttöku almennra borgara. Hér léki Norðurlandaráð mikilvægt hlutverk og fundur forsætisnefndar ráðsins í Reykjavík í desember væri kjörinn vettvangur til að halda þeirri umræðu áfram.

Kveikjan að umfjöllun forsætisnefndar um öryggismál á fundi hennar í Reykjavík var að Vestnorræna ráðið hafði sent Norðurlandaráði til umfjöllunar ályktun Vestnorræna ráðsins 3/2007 þar sem hvatt er til aukins samstarfs Íslands, Grænlands og Færeyja varðandi öryggi í Norður-Atlantshafi, sérstaklega hvað varðar björgunarmál. Ástæðan fyrir því að Vestnorræna ráðið sendi Norðurlandaráði ályktunina var sú að ráðin gerðu með sér samstarfssamning árið 2006 þar sem fram kemur að Vestnorræna ráðið getur sent Norðurlandaráði ályktanir sínar í því augnamiði að Norðurlandaráð fjalli um þær og sú umfjöllun leiði hugsanlega til tilmæla Norðurlandaráðs til norrænna ríkisstjórna. Karl V. Matthíasson, formaður Vestnorræna ráðsins, var gestur Norðurlandaráðsþingsins í Ósló. Hann tók þátt í utanríkismálaumræðunni og fylgdi ályktun Vestnorræna ráðsins um öryggismál úr hlaði. Karl taldi að auka þyrfti og styrkja samstarf Íslands, Grænlands og Færeyja í björgunarmálum með aukinni samræmingu og sameiginlegum æfingum. Hér lægju tvær ástæður til grundvallar. Annars vegar sú staðreynd að Bandaríkjamenn hefðu að miklu leyti dregið björgunarlið sitt frá Vestur-Norðurlöndum og hins vegar að skipaumferð á svæðinu væri að stóraukast vegna nýrra samgönguleiða í kjölfar bráðnandi íss.

Kjartan Ólafsson gerði björgunarmál á Norður-Atlantshafi einnig að umfjöllunarefni í ræðu sinni um velferðarmál. Tilefnið var niðurstaða borgara- og neytendanefndar um að leggja ekki til að Scandinavian-Star-slysið á Eystrasalti árið 1990 yrði rannsakað frekar þrátt fyrir tillögu þar um. Slysið hefði vissulega verið áminning um þörfina fyrir að vera viðbúin slysum af því tagi og því væri vert að gefa gaum aukinni þörf fyrir viðbúnað í Norður-Atlantshafi vegna aukinnar skipaumferðar þegar norðurskautsísinn bráðnaði. Norðurlandaráð gæti hér leikið hlutverk sem vettvangur umfjöllunar um þessi mál og knúið á um breytingar. Því væri gleðilegt að Norðurlandaráð væri í þann mund að taka til umfjöllunar ályktun Vestnorræna ráðsins og fróðlegt yrði að fylgjast með hver framvindan yrði.

Finnar fara með formennsku í Norðurlandaráði árið 2008. Í lok þingsins í Ósló var Erkki Tuomioja kosinn forseti Norðurlandaráðs fyrir árið og Christina Gestrin varaforseti. Næsta þing Norðurlandaráðs verður í Helsinki 27.–29. október 2008.

Eftir kosningar í nefndir og ráð er nefndarseta fulltrúa Íslandsdeildar Norðurlandaráðs sem hér segir: Árni Páll Árnason situr áfram í forsætisnefnd og kjörnefnd, Siv Friðleifsdóttir er áfram formaður velferðarnefndar, Helgi Hjörvar er áfram í umhverfis- og náttúruauðlindanefnd, Ragnheiður Ríkharðsdóttir situr áfram í menningar- og menntamálanefnd, Kristján Þór Júlíusson er áfram í efnahags- og viðskiptanefnd, Kolbrún Halldórsdóttir tekur sæti í umhverfis- og náttúruauðlindanefnd og Kjartan Ólafsson situr áfram í borgara- og neytendanefnd sem og í eftirlitsnefnd.

8. Starfsáætlun og áherslur árið 2008.

Norðurlandaráð.

Starf Norðurlandaráðs árið 2008 verður framhald af árinu á undan og meginstef verða á svipuðum nótum og árið 2007. Þó verða hnattvæðingin og áhersluatriði sem tengjast henni meira áberandi en önnur atriði og margir áhersluþættir undir hennar formerkjum, til að mynda loftslags- og umhverfismál. Langtímaáhersluatriði á borð við upprætingu landamærahindrana verða áfram til staðar en nýrri atriði eins og nýsköpun verða fyrirferðarmeiri.

Hnattvæðingarvinna síðustu ára í Norðurlandaráði heldur áfram og verður viðameiri. Þar ber fyrst að nefna starf sem miðar að því að viðhalda og skerpa ímynd Norðurlanda á alþjóðavettvangi sem forustusvæði í umhverfismálum. Norðurlandaráð mun einbeita sér að undirbúningi ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál í Kaupmannahöfn 2009 og vinna að því að tryggja að samkomulag náist þar um aðgerðir í umhverfis- og loftslagsmálum. Einnig mun ráðið vinna að því að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis og auka þróun og nýtingu umhverfisvænna og endurnýjanlegra orkugjafa, sem og að halda áfram samstarfi við ríki við Eystrasalt um umhverfismál innhafsins.

Áhersla á samkeppnishæfni Norðurlanda er önnur hlið á hnattvæðingarvinnunni. Í því sambandi verða tengsl atvinnulífsins og annara þátta norrænna samfélaga í brennidepli, til að mynda tengsl við rannsóknarstarf og velferðarkerfið. Norðurlandaráð telur mikilvægt að norrænt atvinnulíf og rannsóknastofnanir búi yfir hæfni á heimsmælikvarða, en þar er átt við þekkingu og reynslu af nýjum hæfniskröfum, viðskiptaháttum, aðferðum í efnahagslífi og samskiptum ólíkra menningarheima. Þá telur ráðið skipta sköpum fyrir Norðurlönd að nýsköpunarstarf þróist enn frekar og að ný og eldri fyrirtæki fái auðveldari aðgang að stofn- og þróunarfjármagni. Vegna samhengis milli góðrar lýðheilsu og efnahags- og félagslegs stöðugleika telur Norðurlandaráð að framfarir í heilbrigðis-, efnahags- og félagsmálum ráði miklu um hvernig Norðurlöndum reiðir af í hnattrænni samkeppni.

Til viðbótar við áherslur sem eru felldar undir hnattvæðingarvinnuna telur Norðurlandaráð að í auknu alþjóðasamstarfi verði Norðurlöndin að leggja aukna áherslu á svæðasamstarf. Því hyggst ráðið halda áfram virku samstarfi við Eystrasalt, á Vestur-Norðurlöndum, við norðurskaut og við Barentshaf, auk þess að hleypa nýju lífi í samstarfi við Evrópuþingið.

Íslandsdeild Norðurlandaráðs.

Á árinu 2008 mun Íslandsdeild Norðurlandaráðs halda áfram að fylgja eftir þeim málum sem hún hefur tekið fyrir árið 2007 og fylgja nýjum úr hlaði. Þar ber helst að nefna öryggismál annars vegar og fjárlagagerð Norrænu ráðherranefndarinnar hins vegar.

Íslandsdeildin leggur áherslu á kraftmikla vinnu af hálfu skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar í samræmi við tillögu forsætisnefndar Norðurlandaráðs um öryggis- og björgunarmál á norðurslóðum frá því í desember 2007. Það var sameiginleg stefnumörkun allra fulltrúa í Íslandsdeildinni að leggja til að öryggis- og björgunarmál á norðurslóðum yrðu sett á dagskrá í norrænu samstarfi og átti hún frumkvæði að tillögum um leiðir til að fjalla um efnið innan ráðsins. Niðurstaða forsætisnefndar var að kalla eftir að ráðherranefndin felldi efnið inn í ráðstefnu um samfélagsöryggi sem til stendur að halda á árinu og jafnframt að fjallað yrði um það í skýrslu ráðherranefndarinnar til Norðurlandaráðsþings haustið 2008. Íslandsdeildin telur mikilvægt að Íslendingar þrýsti á að þetta forgangsmál gleymist ekki í stofnanakerfi norræns samstarfs.

Í framhaldi af ákvörðun forsætisráðherra Norðurlandanna um að veita 60 milljónir danskra króna af svo til óbreyttum fjárlögum Norrænu ráðherranefndarinnar til hnattvæðingarvinn-

unnar er ljóst að nokkurrar togstreitu mun gæta á árinu 2008 milli ráðherranefndarinnar og Norðurlandaráðs um hvaða niðurskurði skuli beitt í fjárlögum 2009 til að mæta þessari þörf. Ráðið hefur umsagnar- og tillögurétt um fjárlagavinnuna og Íslandsdeildin mun taka þátt í þeirri umfjöllun á árinu. Í því sambandi mun hún fara fram á að áherslumál í fjárhagsramma ráðherranefndarinnar verði sett skipulega fram og upplýst verði um áhersluverkefni í tengslum við hnattvæðingarvinnuna, svo og að sett verði fram heildstætt yfirlit yfir þau verkefni sem ætlunin er að skera niður á móti. Áður en það liggi fyrir sé ekki unnt að taka afstöðu til þess hvort öll svið norrænnar samvinnu skuli sæta sama niðurskurði vegna hnattvæðingarvinnunnar. Íslandsdeild Norðurlandaráðs hefur gagnrýnt harðlega fyrirætlanir ráðherranefndarinnar að hætta fjárveitingum til norrænna svæðaupplýsingaskrifstofa á Norðurlöndum, en þær gegna mikilvægu hlutverki og nýta vel hófleg framlög. Ein þessara skrifstofa er á Akureyri. Vonir standa til að ráðherranefndin endurskoði þessar fyrirætlanir. Íslandsdeildin telur mikilvægt að hafa í huga að norrænt menningarsamstarf skapar mikilvæg tengsl milli almennings og opinbers norræns samstarfs. Einstakir fulltrúar hennar í málefnanefndum ráðsins munu fylgjast náið með niðurskurðartillögum á einstökum málefnasviðum.

Til samræmis við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að leggja áherslu á norrænt samstarf, sem ítrekuð hefur verið í skýrslu utanríkisráðherra um utanríkismál, er það er einnig skoðun Íslandsdeildarinnar að auka beri framlög norrænu ríkjanna til Norrænu ráðherranefndarinnar og Norðurlandaráðs. Íslandsdeild Norðurlandaráðs telur að af yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að leggja áherslu á norrænt samstarf hljóti að leiða að stjórnvöld og Alþingi vilji að norrænar stofnanir hafa burði til að sinna verkefnum sínum.

Alþingi, 27. febr. 2008.

Árni Páll Árnason, form., frsm.	Kjartan Ólafsson, varaform.	Helgi Hjörvar.
Kolbrún Halldórsdóttir.	Kristján Þór Júlíusson.	Ragnheiður Ríkharðsdóttir.

Siv Friðleifsdóttir.

Fylgiskjal.

Tilmæli Norðurlandaráðs árið 2007.

Tilmæli frá forsætisnefnd janúar–október 2007.

- Tilmæli 1/2007: Aðgerðir gegn geislamengun Eystrasaltsins og grannsvæða Norðurlanda (A 1379/miljö).
- Tilmæli 2/2007: Áhersla á geislamengun í starfi HELCOM og ESB (A 1379/miljö).
- Tilmæli 3/2007: Norrænn samræmingaraðili vegna landamærahindrana (A 1407/presidiet).
- Tilmæli 4/2007: Stjórnun Eystrasaltsins (A 1405/miljö).
- Tilmæli 5/2007: Geðheilbrigðisþjónusta á Norðurlöndum (A 1409/välfärd).
- Tilmæli 6/2007: Ofbeldi gegn konum og börnum í nánum samböndum (A 1415/medborger).

Tilmæli samþykkt á 59. þingi Norðurlandaráðs.

- Tilmæli 7/2007: Aðgerðir í loftslagsmálum á Norðurlöndum og á alþjóðlegum vettvangi (A 1410/miljø).
- Tilmæli 8/2007: Hagkvæmni í orkunotkun og nýting endurnýjanlegrar orku í opinberum byggingum (A 1414/miljø).
- Tilmæli 9/2007: Endurnýjanleg orka og efling baltnesks-norræns raforkunets (A 1419/miljø).
- Tilmæli 10/2007: Norrænar aðgerðir fyrir loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn árið 2009 (A 1421/præsidiet).
- Tilmæli 11/2007: Stefna MR-U á sviði mennta og rannsókna 2008–2010 (B 249/kultur).
- Tilmæli 12/2007: Aukið norrænt samstarf á sviði rannsókna (A 1413/kultur).
- Tilmæli 13/2007: Norrænt samstarf vegna lítilla handverks- og menningargreina (A 1425/miljø).
- Tilmæli 14/2007: Ráðning heilbrigðisstarfsmanna frá þróunarlöndum (A 1412/velferd).
- Tilmæli 15/2007: Barátta gegn mansali (A 1427/medborger).
- Tilmæli 16/2007: Ný norræn matvæli – viðskipta- og landamærahindranir á sviði matvælaiðnaðar (A 1408/næring).
- Tilmæli 17/2007: Fjárlög Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árið 2008 (B 248/presidiet).

720. Svar [381. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Árna Þórs Sigurðssonar um skipan héraðsdómara við Héraðsdóm Norðurlands eystra og Héraðsdóm Austurlands.

1. *Hvenær var ráðherra settur til að gegna embætti dómsmálaráðherra við skipan héraðsdómara við Héraðsdóm Norðurlands eystra og Héraðsdóm Austurlands?*

Á ríkisstjórnarfundi þann 18. desember 2007 lagði forsætisráðherra fram og kynnti tillögu til forseta Íslands, dagsetta sama dag, um sætisvikningu dóms- og kirkjumálaráðherra vegna skipunar héraðsdómara. Gerði hann tillögu um að fjármálaráðherra yrði falið að fara með málið og taka ákvörðun í því.

2. *Hvenær fékk settur dómsmálaráðherra málið til meðferðar?*

Um hádegi þann 18. desember 2007 eftir ríkisstjórnarfundinn fór fjármálaráðherra í dóms- og kirkjumálaráðuneytið og fékk öll gögn er vörðuðu málið afhent.

3. *Hvaða gögn fékk settur dómsmálaráðherra afhent til að byggja ákvörðun sína á?*

Öll gögn sem á málið voru skráð, þ.e. umsóknir ásamt fylgigögnum, álit dómnefndar og önnur bréf tengd málinu og auk þess eldri umsóknir umsækjenda og fylgigögn, sem fyrir lágu í ráðuneytinu.

4. *Aflaði settur dómsmálaráðherra sér nýrra gagna í málinu og ef svo er, hverra?*

Settur dómsmálaráðherra aflaði sér ekki nýrra gagna.

5. *Hversu langan tíma var málið til meðferðar hjá settum dómsmálaráðherra og hvaða gögn eru því til staðfestingar?*

Málið var til meðferðar hjá settum dómsmálaráðherra frá hádegi þann 18. desember 2007 til dagsloka þann 20. desember 2007.

6. *Hversu lengi var málið til meðferðar hjá dómnefnd skv. 12. gr. laga nr. 15/1998, um dómstóla?*

Þann 7. nóvember 2007 voru dómnefnd sendar til umsagnar umsóknir og önnur gögn umsækjenda með vísun til 4. mgr. 12. gr. laga um dómstóla. Þann 29. nóvember 2007 barst ráðuneytinu svar dómnefndar ásamt umsögn um umsækjendur.

7. *Hvenær var umsækjendum sent rökstutt álit dómnefndar um hæfni þeirra og hversu langan tíma fengu þeir til að bregðast við því með athugasemdum?*

Umsækjendum var sent álit dómnefndar þann 11. desember 2007 og fengu þeir frest til 17. desember 2007 til að bregðast við þeim með athugasemdum.

8. *Leitaði settur dómsmálaráðherra til meðmælenda einstakra umsækjenda og ef svo er, hvenær var það gert? Hvaða áhrif er talið að meðmæli hafi haft á ákvörðun ráðherrans?*

Settur dómsmálaráðherra leitaði ekki til meðmælenda en skrifleg meðmæli sem fyrir lágu í málinu höfðu áhrif á ákvörðun ráðherrans.

721. Svar [394. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Rósu Guðbjartsdóttur um tollamál íslenskra ferðamanna.

1. *Hversu margir Íslendingar voru teknir með of mikinn varning við komu til landsins á árinu 2007, en samkvæmt reglugerð mega ferðamenn sem búsettir eru á Íslandi hafa með sér tollfrjálsan varning fyrir allt að 46.000 kr. og verðmæti hvers hlutar má ekki vera meira en 23.000 kr.?*

Samkvæmt upplýsingum frá tollstjóranum á Akureyri, tollstjóranum í Reykjavík, tollstjóranum á Suðurnesjum og tollstjóranum á Seyðisfirði var heildarfjöldi Íslendinga sem stöðvaðir voru með varning umfram tollfrjálsar heimildir 2.459 á árinu 2007. Fimm íslenskir ferðamenn voru stöðvaðir í umdæmi tollstjórans á Akureyri, 56 í umdæmi tollstjórans á Seyðisfirði, enginn í umdæmi tollstjórans í Reykjavík og 2.398 á Keflavíkurflugvelli í umdæmi tollstjórans á Suðurnesjum.

Það skal tekið fram að í tölvukerfi tollstjóra er ekki hægt að greina á milli þeirra ferðamanna sem stöðvaðir eru með ólöglega vöru og þeirra sem stöðvaðir eru með varning umfram tollfrjálsar heimildir og eru því þeir aðilar sem stöðvaðir voru með ólöglega vöru einnig inni í heildarfjöldanum.

2. *Hve háar upphæðir greiddu viðkomandi í virðisaukaskatt annars vegar og sektir hins vegar?*

Í tölvukerfi tollstjóra er ekki hægt að greina á milli Íslendinga og útlendinga hvað varðar fjárhæð sekta.

Heildarfjárhæð sekta einstaklinga sem stöðvaðir voru í grænu hliði með varning umfram tollfrjálsar heimildir eða með ólöglega vöru nam 27.056.288 kr. en heildarfjárhæð greiddra

aðflutningsgjalda vegna varnings sem var umfram tollfrjálsar heimildir en var ekki gerður upptækur nam 4.986.132 kr.

722. Skýrsla [452. mál]

Össurar Skarphéðinssonar samstarfsráðherra Norðurlanda um störf Norrænu ráðherranefndarinnar 2007.

(Lögð fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

SKÝRSLA SAMSTARFSRÁÐHERRA UM STÖRF NORRÆNU RÁÐHERRANEFNDARINNAR 2007

1. Inngangur

Forsætisráðherrar Norðurlanda komu til árlegs sumarfundar í Punkaharju í Finnlandi í júní 2007 og samþykktu þar stefnuyfirlýsingu fyrir samstarf Norðurlanda (sjá fylgiskjal 1). Samkvæmt henni verða aðgerðir til að styrkja Norðurlönd í því nýja umhverfi sem hnattvæðingin hefur í för með sér settar í fyrirrúm. Meginmarkmiðið er að auka þekkingu, rannsóknir og nýsköpun, gera löndin sýnilegri út á við og efla þar velmegun. Hún var höfð að leiðarljósi í allri starfsemi ráðherranefndarinnar síðari hluta árs. Helstu áherslumál Finna sem fóru með formennsku í ráðherranefndinni 2007 voru í sömu veru og yfirlýsing forsætisráðherranna því þar var forgangsmálið að auka möguleika landanna á að svara áskorunum hnattvæðingarinnar.

Á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar var stunduð fjölbreytt starfsemi og margvíslegur árangur náðist. Meðal þess var eftirfarandi:

Viðbrögð við Punkaharju-yfirlýsingu forsætisráðherranna var veigamesta viðfangsefni ársins. Grunnur var lagður að þeim átta verkefnum sem forsætisráðherrarnir báðu um að hraðað yrði, en þau snúa að loftslags- og umhverfismálum, rannsóknum og nýsköpun, menntamálum og því að auka sýnileika Norðurlanda út á við. Þá var hafinn undirbúningur að hnattvæðingarþingi sem haldið verður í Riksgränsen í Norður-Svíþjóð í apríl 2008, en fyrirhugað er að forsætisráðherrar landanna boði árlega til slíkra umræðuþinga um viðbrögð við hnattvæðingunni.

Ákvörðun var tekin um sérstakan vettvang um stjórnsýsluhindranir til að hleypa nýju lífi í vinnuna við að rjúfa laga- og stjórnsýslulegar hindranir á för borgaranna og búferlaflutningum milli landanna. Starfsemin, sem hófst í byrjun árs 2008, á jafnframt að beinast að hindrunum sem snúa að atvinnulífinu.

Unnið var að undirbúningi sameiginlegrar gáttar um almannatryggingar á Norðurlöndum sem opnuð verður árið 2008.

Í svonefndu Álandseyjaskjali sem samþykkt var á árinu var ákveðið að styrkja stöðu sjálfstjórnarlandanna í samstarfinu.

Norræna vísindasamstarfið er í meginatriðum skipulagt með aðstoð NordForsk stofnunarinnar sem hóf störf 2005. Þar er lögð rík áhersla á að nýta fjármunina þannig að samlegðaráhrif skapist og laðaðir séu til starfa framsæknustu aðilar í vísindum til að ná fram sem sterkustum áhrifum á alþjóða mælikvarða. Sett hafa verið á stofn norræn öndvegissetur á fimm

sviðum sem snúa að hug- og félagsvísindum, velferðarsamfélaginu, hnattrænum breytingum, læknisfræðilegri sameindalíffræði, matvælum, næringu og heilsu. Í tengslum við öndvegissetrin eru starfræktir norrænir rannsóknarnámsskólar og skipulagt netsamstarf rannsóknarnámsskóla á Norðurlöndum.

Til að efla samstarf háskóla á Norðurlöndum og hinn sameiginlega norræna menntamarkað á þeim sviðum þar sem Norðurlönd eru faglega sterk ákváðu menntamálaráðherrarnir að styrkja samstarf háskóla á Norðurlöndum til að setja upp og bjóða fram sameiginlega norræna meistaragráðu. Stefnt er að því að starfsemin hefjist á árinu 2008.

Gagngerri endurskipulagningu á menningarsamstarfinu lauk á árinu. Hið nýja skipulag einkennist af því að starfsemin fer nú fram samkvæmt tímabundnum áætlunum og öll yfirbygging hefur verið einfölduð mikið.

Ákveðið var að sameina fjórar stofnanir, sem allar starfa á félags- og heilbrigðismálasviði í eina, þ.e. Norrænu samstarfsmiðstöðina um málefni fatlaðra (NSH), Norrænu menntamiðstöðina á sviði daufblindu (NUD), Norrænu samstarfsmiðstöðina um þróun félagslegrar þjónustu (NOPUS) og Norrænu rannsóknarnefndina á sviði vímuefna (NAD).

Til að styrkja starfsemi þá sem snýr að erfðavísum plantna og búpenings voru norrænu genbankarnir fyrir nytjaplöntur og búpening og Norræna frænefndin í skógrækt sameinuð í eina stofnun, NordGen, sem verður norræn þekkingarmiðstöð um lífbreytileika nytjategunda.

Í samstarfinu við Norðvestur-Rússland hefur aðaláherslan beinst að því að stofna til tengslaneta m.a. á sviði menntunar, rannsókna, félags- og heilbrigðismála, umhverfismála, lýðræðisþróunar og landamærasamstarfs. Gerður var samstarfssamningur við borgaryfirvöld í St. Pétursborg um samstarf á sviði jafnréttis-, félags- og heilbrigðismála þar sem aðgerðir gegn mansali og félagslegum vandamálum eru í fyrirrúmi.

Forgangsmálið í samstarfinu við Eystrasaltsríkin er frekari þróun þeirra tengslaneta sem fyrir eru, þar á meðal Nordplus rammaáætlunarinnar. Þá var gerður samningur við þau um upplýsingatæknirannsóknir og komið á laggirnar samstarfi á sviði nýsköpunar um stofnun klasa á vettvangi atvinnulífsins.

Ráðherranefndin styrkir eins og síðastliðin ár, í samstarfi við framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (ESB), hvítrússneska útlagaháskólann European Humanities University (EHU) sem starfræktur er í Vilníus þar sem u.þ.b. 500 hvítrússneskir stúdentar stunda nám.

Ákveðið var að hraða vinnu við að samræma málefni norræna raforkumarkaðarins.

Unnið var að því að gera löndin að sameiginlegu svæði hvað varðar nýsköpun og hafin vinna við verkefni á því sviði, sem snúa meðal annars að skapandi atvinnugreinum, mikro- og nanotækni og neytendastýrðri nýsköpun.

Starfsemi sjóðsins Norrænar orkurannsóknir (NEF) var styrkt til muna á árinu með auknum fjárframlögum. Eitt stærsta verkefni sem sjóðurinn hefur fjármagnað lýtur að rannsóknum á áhrifum loftslagsbreytinga á endurnýjanlega orkugjafa, en því er stýrt af Vatnamælingum Orkustofnunar.

2. Samstarf forsætisráðherra Norðurlanda

Forsætisráðherrar landanna komu með nýjum og afgerandi hætti að starfsemi ráðherranefndarinnar á fundi sínum 18.–19. júní í Finnlandi með því að setja samstarfinu nýja dagskrá. Það var gert í formi yfirlýsingar sem kennd er við fundarstaðinn, Punkaharju.

Í yfirlýsingunni kemur fram sú fyrirætlan ráðherranna að Norðurlönd nýti þau tækifæri og mæti þeim áskorunum sem falist geta í hnattvæðingunni með því að þróa áfram norræna

líkanið þar sem velmegun íbúa, samkeppnishæfni fyrirtækja, atvinnusköpun og hagvöxtur, sameiginleg menning og sjálfbær þróun skipa mikilvægan sess.

Forsætisráðherrarnir telja í því sambandi áríðandi að beita öflugu menntakerfi landanna, sérfræðiþekkingu og rannsóknum, upplýsingatækni og sköpunargáfu til nýsköpunar. Með þessum rökum hleyptu þeir af stað hinni nýju norrænu áherslu á hnattvæðinguna og viðbrögð við henni.

Yfirlýsingin felur í sér aðgerðaráætlun í 12 liðum sem forsætisráðherrarnir fólu samstarfsráðherrunum að hrinda í framkvæmd í samráði við Norðurlandaráð. Auk þess var vísað til skýrslu með fjölmörgum tillögum sem framkvæmdastjóri ráðherranefndarskrifstofunnar hafði lagt fyrir þá.

Samkvæmt Punkaharju-yfirlýsingunni er gert ráð fyrir að framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar gefi forsætisráðherrunum skýrslu um framvindu hnattvæðingaráherslunnar á hvorum þeirra tveggja funda sem þeir halda árlega. Var slík skýrsla lögð fyrir þá í fyrsta sinn á fundi þeirra í tengslum við Norðurlandaráðsþingið í Ósló um mánaðamótin október/nóvember.

Í umræðum forsætisráðherranna kom fram að ekki væri útilokað að hnattvæðingarátakið leiddi til þess að nauðsynlegt væri að endurskipuleggja starfsemi ráðherranefndarinnar og að það félli í skaut Svía sem færu með formennsku í ráðherranefndinni árið 2008 að leiða athugun á þörf þess.

Forsætisráðherrarnir tóku ásamt leiðtogum stjórnarandstöðunnar í löndunum þátt í svokölluðum leiðtogafundi í upphafi þings Norðurlandaráðs í Ósló um viðbrögð Norðurlanda við loftslagsbreytingunum. Þar kom fram í máli forsætisráðherra Íslands að staða Norðurlanda á sviði endurnýjanlegrar orku og loftslagsvænnar tækni væri ákaflega góð. Svíar og Finnar væru framarlega í framleiðslu á lífrænu eldsneyti, Danir leiðandi á sviði vindorku, Íslendingar í jarðvarma og Norðmenn brautryðjendur í niðurdælingu koldíoxíðs. Hann kvað vissulega ástæðu til að vekja athygli umheimsins á þessu, því heimsbyggðin þyrfti ekki eingöngu nýtt samkomulag um loftslagsmál, heldur ekki síður praktískar lausnir á vandanum. Og einmitt hér ættu Norðurlönd að koma sterk inn, ekki bara hvert um sig heldur einnig sameiginlega. Þess vegna væri hnattvæðingaráherslan svo mikilvæg, þar væri andrúmsloftið, orkan og umhverfið sett í forgang og norrænt samstarf um þau mál bæði heima og á alþjóðavettvangi væri forgangsmál.

Í umræðunum um málefni Sameinuðu þjóðanna kom fram að löndin leggja öll mikla áherslu á að hagræðingarferlið beri árangur og Norðurlönd hafa sömu afstöðu til framkominna tillagna nema hvað varðar öryggisráðið. Áhyggjuefni væri hins vegar hve starfinu miðaði hægt.

Ráðherrarnir lýstu sem fyrr stuðningi við framboð Íslands til setu í öryggisráðinu og kváðust leggja sitt af mörkum til að afla framboðinu fylgis.

Ráðherrarnir áréttuðu að brýnt væri að sátt næðist um nýjan samning eftir að gildistíma Kyoto-bókunarinnar lyki, að nýr samningur gengi lengra en sá sem nú er í gildi og að fleiri ríki gerðust aðilar að honum. Fram kom að líkur væru á að skilningur Bandaríkjanna á mikilvægi málsins væri að aukast. Í umræðum um loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn 2009 var lögð rík áhersla á að Norðurlönd störfuðu saman að undirbúningnum til að stuðla að hagfelldri niðurstöðu þar.

Sérstaklega var bent á þróunaraðstoð í formi tækniþekkingar sem leið til að minnka kolefnislosunina í heiminum, en Ísland hefur, með það að markmiði, flutt út þekkingu á sviði jarðvarma til þróunarlanda.

Varðandi stöðu mála á vettvangi ESB kom fram að fjölgun aðildarlandanna væri helsta ástæða þess hve nauðsynlegt væri að gera ákvarðanatökuferlið markvissara. Nýju stjórnarskrárdrögin sem felld hefðu verið í þjóðaratkvæðagreiðslum í Frakklandi og Hollandi árið 2005 hefðu átt að taka á því. Síðan þá hefði ríkt hálfgerð kreppa í starfsemi sambandsins þar til nú er hreyfing væri komin á málið. Lausnin fælist líklega í nýjum samningsdrögum sem gengju ekki eins langt í að innleiða meirihlutaákvarðanir og fyrri drög. Það væri þó vissum vandkvæðum bundið að finna lausn því þau lönd sem samþykkt hefðu fyrri drög vildu eftir sem áður ganga lengra. Að því tilskildu að staðfestingarferlinu í löndunum lyki á árinu 2008 gæti nýja stjórnarskráin gengið í gildi árið 2009.

Á fundi forsætisráðherranna með stjórnarleiðtogum sjálfstjórnarlandanna lýstu allir leiðtogarnir yfir ánægju með þann árangur sem náðst hefði með niðurstöðum Álandseyjaskjalsins um að bæta stöðu sjálfstjórnarlandanna í norrænu samstarfi.

Þar var einnig á dagskrá ráðstefna sú sem ráðherranefndin efnir til á Grænlandi í september 2008 um málefni Norðurskautsins. Hún verður haldin í samstarfi við ESB, Norðurskautsráðið (AC), Rússland, Kanada og Bandaríkin.

Ráðherrarnir áttu að venju fundi í tengslum við Norðurlandaráðsþingið í Ósló með bæði forsætisráðherrum Eystrasaltsríkjanna og forsætisnefnd Norðurlandaráðs. Þar var rætt um þau mál sem hæst bar á norrænum og alþjóðlegum vettvangi.

3. Störf samstarfsráðherra Norðurlanda

Hlutverk.

Meginstefnan í norrænu samstarfi er mótuð af forsætisráðherrunum ásamt samstarfsráðherrum Norðurlanda (MR-SAM). Samstarfsráðherrunum ber samkvæmt Helsingforssamningnum að stuðla að auknu norrænu samstarfi og samræmingu starfsemi hinna ýmsu fagsviða, en samstarfið fer fram innan 11 fagráðherranefnda. Auk þess bera samstarfsráðherrarnir ábyrgð á ýmsum þverfaglegum samstarfsmálefnum. Má þar nefna áætlunina um sjálfbæra þróun, afnám stjórnsýsluhindrana, aðgengismál fatlaðra, málefni barna og ungmenna, málefni norðurskautsins, samstarf við grannlönd og -svæði (sjá nánar kafla 15 um samstarf við nágrannasvæðin), alþjóðlegt samstarf, kynningarmál og upplýsingamiðlun. Norrænu fjárlögin, sem unnin eru í samráði við Norðurlandaráð, eru ákveðin af samstarfsráðherrunum. Þeir bera ábyrgð á að skipting fjárveitinga á fagsvið sé í samræmi við þau pólitísku markmið sem ákveðin eru fyrir samstarfið hverju sinni þannig að lesa má út úr fjárlögunum meginstefnu og áherslur þess.

Alþjóðlegt samstarf skipar ríkan sess í starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar, en undir það fellur samstarfið við Norðvestur-Rússland, Eystrasaltsríkin, Hvíta-Rússland og ESB. Af sama toga eru reglulegir samráðsfundir ráðherranefndarinnar með Eystrasaltsráðinu og Barentsráðinu sem og samstarfið við Norðurskautsráðið en ráðherranefndin styrkir mikilvæg verkefni sem unnin eru á vegum þess.

Norræna samstarfsnefndin (NSK) starfar í umboði samstarfsráðherranna, og undirbýr fundi þeirra. Samstarfsnefndin er jafnframt í hlutverki stjórnarnefndar fyrir aðalskrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar sem hefur aðsetur í Kaupmannahöfn.

Fjárlög Norrænu ráðherranefndarinnar.

Norrænu fjárlögin 2007 voru samtals 858,572 millj. d.kr. á verðlagi þess árs. Að raunvirði var fjárhagsramminn óbreyttur frá árinu áður. Sem fyrr segir má lesa úr fjárlögunum þær pólitísku áherslur sem ber hvað hæst í samstarfinu hverju sinni.

Hæstu framlögin runnu til samstarfs á sviði menntunar, rannsókna og nýsköpunar. Einnig má sjá í tillögunni að eftirfylgni við skýrsluna „Norðurlönd – sigursvæði á heimsvísu“ og framtíð norræna velferðarkerfisins vega þungt í norrænu samstarfi í framtíðinni. Menningin er áfram í forgrunni samstarfsins og styrkum stoðum rennt undir Norræna menningarsjóðinn. Samstarf á norrænum landamærum er og áfram mikilvægt og afnám stjórnsýsluhindrana milli landanna talið skipta miklu fyrir aðdráttarafl Norðurlanda sem sameiginlegs markaðssvæðis.

Út úr fjárlögum ársins 2007 má jafnframt lesa að norðurskautssamstarfið heldur áfram að færast ofar á verkefnalista ráðherranefndarinnar, en það er þróun sem staðið hefur yfir undanfarin ár. Jafnframt sýna fjárveitingar ársins að Norðurlönd ætla að gera sig gildandi á Alþjóðlega heimskautaárinu 2007–2009, en þar skipa loftslagsmálin mikilvægan sess. Árið var fyrsta starfsár verkefnisins „Ný norræn matvæli“ sem var formlega kynnt á þingi Norðurlandaráðs í Ósló haustið 2006. Tilgangur þess er að auka norrænt samstarf í matvælaframleiðslu og matreiðslu auk þess að tengjast verkefnum á sviði ferðaþjónustu, heilbrigðis, byggðaþróunar og viðskipta. Evrópska sjónarhornið, samstaðan í Norður-Evrópu og á Eystrasaltssvæðinu skiptir æ meira máli í starfsemi ráðherranefndarinnar. Hugsunin er að norrænt samstarf nýtist til að styrkja stöðu Norðurlanda í sameinaðri Evrópu.

Fjárlögin sýna einnig þær breytingar sem eru að eiga sér staða varðandi samstarfið við Eystrasaltsríkin og Norðvestur-Rússland. Um leið og fjárveitingar til starfsemi í Norðvestur-Rússlandi voru auknar, var jafnframt dregið úr framlögum til verkefna í Eystrasaltsríkjunum. Þessi stefna var mörkuð með inngöngu Eistlands, Lettlands og Litháens í ESB en markmiðið er að samstarfið við ríkin þrjú verði á fjárhagslegum jafnræðisgrundvelli. Starfsemi í Hvíta-Rússlandi er nýtt áherslusvið, en litið er á aðkomu ráðherranefndarinnar að rekstri útlagaháskólans European Humanities University í Vilnius sem sameiginlegt framlag Norðurlanda til lýðræðisuppbyggingar í Hvíta-Rússlandi.

Við gerð fjárlaga 2007 ákváðu samstarfsráðherrarnir að skapa ákveðið fjárhagslegt svigrúm til þess að bregðast við pólitískt mikilvægum forgangsverkefnum. Þannig var unnt að ráðstafa 20,4 millj. d.kr. innan ramma fjárlaganna. Þau verkefni sem fengu aukaframlög voru rannsóknir og nýsköpun (12 millj. d.kr.), samstarf við grannlönd og -svæði (5 millj. d.kr.), norðurskautssamstarfið (2 millj. d.kr.) og samstarf á norrænum landamærum (1,4 millj. d.kr.).

Viðbrögð Norðurlanda við hnattvæðingunni: áskoranir og tækifæri.

Í Punkaharju-yfirlýsingunni er því beint til samstarfsráðherranna að þeir, ásamt fagráðherrum innan Norrænu ráðherranefndarinnar, sjái til þess að hnattvæðingaráformin komi til framkvæmda. Ráðherranefndinni er jafnframt uppálagt að tryggja að allt að 60 millj. d.kr. verði til ráðstöfunar á árinu 2008 til þess að sinna hnattvæðingarverkefnum auk þess sem leysa þurfi fjárþörf vegna þeirra á komandi árum.

Yfirlýsing forsætisráðherranna hafði að vonum mikil áhrif á norrænt samstarf á árinu og jafnframt varð ljóst að hún myndi hafa mikil áhrif á norrænt samstarf til frambúðar. Eftir sumarfundinn vann ráðherranefndarskrifstofan í Kaupmannahöfn að nánari útfærslu á yfirlýsingunni ásamt því að finna til nauðsynlega fjármuni til að koma verkefnum sem allra fyrst í framkvæmd. Fljótlega voru skilgreind nokkur verkefni sem voru sett í forgang hvað varðar upphaf framkvæmda.

Um er að ræða eftirfarandi verkefni:

Efling norrænna hágæðarannsókna á loftslagsbreytingum, umhverfi og hreinni orku og heilbrigðis- og velferðarmálum. Hafinn var undirbúningur við gerð sérstakrar rannsóknar-

áætlunar á sviði loftslags-, umhverfis- og orkumála sem lögð verður fyrir fund forsætisráðherranna sumarið 2008. Norræna rannsóknastofnunin NordForsk stendur að gerð áætlunarinnar í samráði við fagaðila frá löndunum og norrænu stofnanirnar Nordisk Innovationscenter (NICe) og Nordisk Energiforskning (NEF). Áhersla er lögð á að starfsemi sú sem áætluð er verði ekki bara kostuð af norrænum fjárveitingum heldur einnig frá löndunum beint og atvinnulífinu.

Vinnan við gerð áætlunar um eflingu rannsókna á sviði heilbrigðis- og velferðarmála hefst síðar og verður þá byggt á fenginni reynslu af gerð nú umræddrar áætlunar.

Úttekt á möguleikum þess að opna samnorrænar nýsköpunarmiðstöðvar í Asíu. Finnar og Danir hafa þegar stofnað nýsköpunarmiðstöðvar í Asíu og víðar. Starfsemi þeirra er mjög mismunandi, allt frá því að vera eins konar samstarfssamningar um rannsóknir á afmörkuðum sviðum og yfir í að taka til víðtækrar starfsemi á sviði fjárfestinga, útflutnings á nýsköpun og hátækni og tengingu við atvinnulífið og vísindaumhverfið á staðnum. Oft eru miðstöðvarnar reknar í tengslum við sendiráð eða sendiskrifstofur landanna.

Samstarfsráðherrarnir settu vinnuhóp í málið sem var einnig falið að skoða kynningu og markaðsfærslu á Norðurlöndum sem einu svæði. Gert er ráð fyrir að hópurinn skili niðurstöðum fyrri hluta árs 2008.

Norræn nýsköpunarverðlaun. Norrænu atvinnumálaráðherrarnir tóku vel í hugmyndir forsætisráðherranna um að stofnað yrði til norrænna nýsköpunarverðlauna. Ef af verður verða verðlaunin afhent í fyrsta sinn á Norræna hnattvæðingarþinginu í Reykjavík 2009. Málið er nú til skoðunar í samráði við Norðurlandaráð, en taka verður tillit til þeirra norrænu verðlauna sem þegar eru fyrir hendi, þ.e.a.s. bókmenntaverðlaunin, tónlistarverðlaunin, kvikmyndaverðlaunin og umhverfisverðlaunin. Ætlunin er að leggja tillögu um málið fyrir Norðurlandaráðsþing haustið 2008.

Orkusýning – Energiexpo. Í tengslum við leiðtogafundinn um loftslagsmál í Kaupmannahöfn í desember 2009 er í yfirlýsingunni lagt til að Norðurlönd standi saman að sýningu, Energiexpo, þar sem ný tækni og sjálfbær orkunotkun verða í brennidepli. Áhersla er lögð á að móta og kynna ímynd Norðurlanda sem það svæði sem stendur fremst í flokki hvað varðar umhverfisvæna orkunotkun og -framleiðslu og beina sjónum að öflugu vísindaumhverfi landanna á þessu sviði. Áhersla er lögð á að atvinnulífinu verði þar búinn góður vettvangur til að kynna sig og styrkja í sessi.

Fram eru komnar tillögur um að þemað verði „Japanskur garður“ sem byggir á samspili manns og náttúru, ró, jafnvægi, fegurð og einfaldleika. Áherslan yrði lögð á mold (lífmassa og jarðgas), vatn (vatns- og gufuafl), eld og stein (olía og gas) og loft (vindafl og vetni). Hugmyndin er að sama þema megi nota víðar þar sem Norðurlönd kynna sig sameiginlega t.d. í Bandaríkjunum og Kanada og á heimssýningunni í Sjanghæ, ef þar verður um samstarf að ræða milli landanna.

Heimssýningin í Sjanghæ 2010. Ekki stendur til að byggja sameiginlegan norrænan skála á heimssýningunni í Sjanghæ eins og var í Japan 2005. Hins vegar eru uppi hugmyndir um að löndin sameinist um einhverja viðburði undir meginþema sýningarinnar „Better City – Better Life“. Norrænu atvinnumálaráðherrarnir munu kanna hvort áhugi sé fyrir því meðal þeirra sem skipuleggja þátttöku landanna að sýningarsalir landanna verði nýttir fyrir samnorræna viðburði eða sýningar.

Norrænt hnattvæðingarþing – Nordiskt globaliseringsforum. Tímasetning fyrsta hnattvæðingarþingsins er 8.–9. apríl 2008 og verður það haldið í Riksgränsen í Norður-Svíþjóð.

Þingið á að vera árlegur viðburður þar sem skipst verður á skoðunum og hugmyndum um viðbrögð við þeim áskorunum sem felast í hnattvæðingunni.

Meginþema þingsins 2008 verður loftslag og orka með sérstöku tilliti til samkeppnisfærni. Fjöldi þátttakenda er takmarkaður en það sækja fulltrúar atvinnulífsins, vísindageirans, stjórnmálamanna og frjálsra félagasamtaka. Auk þess verður sérstökum gestum utan Norðurlanda boðið til þingsins.

Aðgerðir til að stuðla að árangursríkri niðurstöðu í samningum um nýjan loftslagssamning eftir 2012 – Norrænar hringborðsumræður um loftslagsbreytingar 2008. Kyoto-samningurinn rennur út 2012. Forsenda þess að staðfestur samningur verði í höfn fyrir 2013 er að samstaða náist um nýjan samning á leiðtogafundinum um loftslagsmál í Kaupmannahöfn í lok árs 2009. Til að stuðla að því er lagt til að efnt verði til þriggja hringborðsumræðna þar sem leitast verður við að greina ákveðin vandamál sem upp geta komið í samningaviðræðunum um nýja samninginn og leita mögulegra lausna sem nýst gætu sendinefndum landanna í viðræðunum. Hugmyndin er að þátttakendur verði sérfræðingar í loftslagsmálum og að þemu umræðnanna verði ákveðin með tilliti til niðurstaðna aðildarríkjafundarins á Balí í desember sl.

Um stofnun *samstarfsvettvangs um afnám stjórnsýsluhindrana á Norðurlöndum – Grenshindersforum* – er fjallað í sérstökum kafla hér á eftir.

Við þetta bætast svo þau verkefni sem voru ekki sérstaklega tímasett, en verður hleypt af stokkunum í byrjun árs 2008:

Áætlun um NORIA – Nordic Research and Innovation Area. Árið 2004 samþykktu rannsókna- og atvinnumálaráðherrarnir ályktun um að gera Norðurlönd að framúrskarandi svæði á sviði rannsókna og nýsköpunar. Í Punkaharju-yfirlýsingu forsætisráðherranna kemur fram eindregin ósk um að þessu ferli verði hraðað og því gefið aukið vægi í samstarfinu. Markmiðið er að styrkja samkeppnisfærni Norðurlanda á heimsvísu með því gera NORIA að veruleika og búa þannig til opinn og sameiginlegan markað fyrir rannsóknir og nýsköpun á Norðurlöndum.

Áætlun um að efla æðri menntun á Norðurlöndum. Í yfirlýsingu forsætisráðherranna er undirstrikað mikilvægi þess að efla tengslin milli norrænna háskólastofnana og að gera Norðurlönd að aðlaðandi svæði til þess að stunda nám og rannsóknir á æðri stigum. Markmiðið er að efla Norðurlönd hvað þetta varðar og styrkja sameiginlega ímynd þeirra á sviði mennta og vísinda.

Verkefnaáætlun um bætta menntun fyrir ungmenni og fullorðna. Markmiðið er að fá fleiri ungmenni en nú er tilfellið til að afla sér menntunar eftir grunnskóla og að afla aukinnar vitneskju um hvernig best sé að haga lestrar- og skriftarkennslu fyrir fullorðna.

Áætlun um að kynna Norðurlönd sem miðstöð fyrir skapandi atvinnugreinar. Á Norðurlöndum er mikil gróska í skapandi atvinnugreinum en þrátt fyrir það eru miklir þróunarmöguleikar í þeim efnum vannýttir og skortur er á samræmingu í aðgerðum milli landanna. Markmiðið er að þróa og markaðssetja Norðurlönd sem sjálfbært svæði þar sem skapandi atvinnugreinum er gert hátt undir höfði.

Áform um að gera úttekt á áhrifum loftslagsbreytinga á náttúruauðæfi Norðurlanda. Markmiðið er að varpa ljósi á þær afleiðingar sem loftslagsbreytingarnar hafa í för með sér fyrir frumvinnslugreinarnar, þ.e. landbúnað, sjávarútveg, skógrækt og matvælaiðnað. Einnig er það markmið með verkefninu að skilgreina hvernig Norðurlönd geta brugðist við loftlagsbreytingunum með tilliti til þessara atvinnugreina.

Samræming norræna raforkumarkaðarins. Nánara og öflugra orkusamstarf á Norðurlöndum var eitt af því sem forsætisráðherrarnir tóku sérstaklega upp á fundi sínum í Punkaharju. Markmiðið er að norræni raforkumarkaðurinn verði enn skilvirkari og sjálfbærari en hann er í dag þannig að unnt verði að afgreiða rafmagn með öruggum hætti um öll Norðurlönd. Eins og staðan er nú eru of margir flöskuhálsar í dreifikerfinu, verðmunur milli landanna of mikill og flutningsgetan of takmörkuð.

Álandseyjaskjalið – sjálfstjórnarlöndin í norrænu samstarfi.

Staða Færeyja, Grænlands og Álandseyja í norrænu samstarfi hefur verið til umfjöllunar í hópi samstarfsráðherranna með hléum frá því í lok árs 2002. Seint á árinu 2005 var skipaður norrænn starfshópur sérfræðinga á sviði lögfræði og þjóðréttarfræði sem var falið að kortleggja á hlutlausan hátt hina raunverulegu stöðu sjálfsstjórnarlandanna gagnvart föðurlöndunum, norrænum samningum sem og reglugerðum og starfsháttum bæði Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar. Úttekt sérfræðinganna var kynnt samstarfsráðherrunum í júní 2006 og var fjallað um hana á nokkrum fundum þeirra á því ári. Í febrúar sl. ákváðu samstarfsráðherrarnir síðan að skipa starfshóp sem fékk það verkefni að móta tillögur um hvernig unnt væri að bæta stöðu sjálfstjórnarlandanna í samstarfinu innan þess ramma sem Helsingforssamningurinn markar því.

Meðlimir Norrænu samstarfsnefndarinnar tóku sæti í starfshópnum og hélt hann fyrsta fund sinn í apríl. Hópurinn kynnti tillögur sínar á fundi samstarfsráðherranna sem haldinn var á Álandseyjum í byrjun september sl. en málið var einnig kynnt á þingi Norðurlandaráðs í Ósló. Samstarfsráðherrarnir gerðu tillögurnar að sínum með því að samþykkja þær á Álandseyjafundinum, en þær eru settar fram í Álandseyjaskjalinu (Ålandsdokument).

Samkvæmt tillögunum er m.a. gert ráð fyrir að:

– færeyskir og grænlenskir ráðherrar og embættismenn geti leitt norræna fundi fyrir hönd Danmerkur og að sama skapi geti ráðherrar og embættismenn Álandseyja gert slíkt hið sama fyrir hönd Finnlands.
– sjálfstjórnarlöndin geti tekið þátt í stjórnun og stefnumótun samnorrænna stofnana á sömu forsendum og norrænu ríkin.
– eftirleiðis muni sjálfstjórnarlöndin svara fyrirspurnum og ályktunum Norðurlandaráðs þegar um er að ræða málefni sem þau hafa sjálf lögsögu yfir.

Tekið skal fram að *Færeyingar* telja að þessar tillögur séu ágætar svo langt sem þær ná, en Álandseyjaskjalið fullnægir ekki þeim kröfum sem þeir gera um þátttöku sína í norrænu samstarfi – ekkert nema full aðild gerir það. Færeyingar líta svo á að umsókn þeirra frá 2003 um aðild að Norrænu ráðherranefndinni og Norðurlandaráði standi enn og að ekki hafi verið tekin afstaða til hennar.

Samstarfsvettvangur um afnám stjórnsýsluhindrana á Norðurlöndum – Grenshindersforum.

Eftir að hinu svokallaða Schlüter-ferli lauk í byrjun árs 2006 var það mat samstarfsráðherranna að rétt væri að nota tækifærið til að söðla um og taka upp nýjar starfsaðferðir við afnám stjórnsýsluhindrana á Norðurlöndum. Síðla árs 2006 tóku til starfa svokallaðir „pådrivere“, eða erindrekar, annar á sviði atvinnulífsins og hinn á sviði félags- og heilbrigðismála. Þeirra hlutverk var að greina stjórnsýsluhindranir, hver á sínu sviði, og ýta á um úrbætur við þar til bær stjórnvöld.

Á vormánuðum 2007 sendi Norðurlandaráð frá sér ályktun þar sem mælst var til þess við Norrænu ráðherranefndina að skipaður yrði norrænn samræmingaraðili – „samordnare“ –

sem hefði það hlutverk að vinna að hagsmunum þeirra norrænu borgara og fyrirtækja sem vilja flytjast búferlum eða stofna til viðskipta í öðru norrænu landi. Á sumarfundi forsætisráðherranna voru stjórnsýsluhindranir ræddar sem hluti af sameiginlegum viðbrögðum Norðurlanda við áskorunum hnattvæðingar (sjá nánar kaflann hér að framan). Á fundinum var kveðið fastar að því en oft áður að það þyrfti að neyta allra tiltækra ráða til að ryðja úr vegi óþarfa hindrunum sem kæmu í veg fyrir frjálsa för borgara og viðskipti innan Norðurlanda. Finnar brugðust skjótt við og skipuðu þriggja manna sendinefnd sem fór í yfirreið um öll löndin í ágúst sl. til að kanna hvaða hindranir væri hægt að losna við með tiltölulega einföldum aðgerðum ef til þess stæði pólitískur vilji. Samhliða þessu vann skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn að tillögum um hvernig ætti að skipuleggja þetta starf á næstu árum. Tillögurnar voru samþykktar af forsætisráðherrunum á fundi þeirra í tengslum við þing Norðurlandaráðs í Ósló sl. haust.

Í samræmi við tillögurnar var um áramót stofnuð nefnd eða *samstarfsvettvangur um afnám stjórnsýsluhindrana á Norðurlöndum*. Á sama tíma létu erindrekarnir af störfum. Löndin 5 tilnefna hvert um sig sinn fulltrúa í nefndina – einnig er sjálfstjórnarsvæðunum boðið að eiga þar sína fulltrúa. Finninn Ole Norrback, sendiherra og fyrrverandi ráðherra er formaður nefndarinnar. Norrback starfar samkvæmt sérstöku umboði norrænu forsætisráðherranna og ekki sem fulltrúi Finnlands – Finnar tilnefna sérstakan fulltrúa fyrir sig. Aðrir sem eiga sæti í nefndinni eru Larserik Häggman, Finnlandi, Pia Kinhult, Svíþjóð, Bjarne Mörk Eidem, Noregi, Thomas Börner, Danmörku, Guðríður Sigurðardóttir, Íslandi og Gunnar Westerholm, Álandseyjum. Grænlendingar og Færeyingar ákváðu að taka ekki þátt í störfum nefndarinnar. Framkvæmdastjóri ráðherranefndarinnar tekur einnig sæti í nefndinni. Gert er ráð fyrir að nefndin komi saman 4 sinnum á ári, en hlutverk hennar verður í stuttu máli að fara yfir tilkynningar um stjórnsýsluhindranir, greina og forgangsraða málum og setja í farveg í hverju landi til þess að unnt sé að finna úrlausnir.

Starfsemi í Eystrasaltsríkjunum, Norðvestur-Rússlandi og Hvíta-Rússlandi.

Starfsemi ráðherranefndarinnar í Eystrasaltsríkjunum, Norðvestur-Rússlandi og Hvíta-Rússlandi var talsverð á árinu. Norrænar skrifstofur eru reknar í höfuðborgum Eystrasaltsríkjanna og auk þess er ráðherranefndin með skrifstofu í St. Pétursborg og Kaliningrad. Þá eru reknar upplýsingaskrifstofur í Arkhangelsk, Murmansk og Petrozavodsk. Árið var fyrsta eiginlega starfsár verkefnisins um þekkingaruppbyggingu og myndun tengslaneta í Rússlandi (sjá einnig skýrslu samstarfsráðherra 2006, bls. 11) og annað starfsár áætlunar ráðherranefndarinnar um stuðning við frjáls félagasamtök í Rússlandi, Hvíta-Rússlandi og Eystrasaltsríkjunum (sjá skýrslu samstarfsráðherra 2006, bls. 9).

Stuðningur við útlagaháskólann European Humanities University hélt áfram á árinu og var skipuð stjórnarnefnd fyrir háskólann, en formaður hennar er Per Unckel, lénshöfðingi í Stokkhólmi og fyrrverandi framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar. Auk framlaga frá ráðherranefndinni hefur fjárstuðningur við EHU hingað til einkum komið frá ESB, Finnlandi, Svíþjóð og ýmsum samtökum. Síðla árs hófst svo undirbúningur að stofnun styrktarsjóðs fyrir EHU, en Norræna ráðherranefndin mun sjá um það verkefni.

Nánar er fjallað um starfsemi ráðherranefndarinnar í grannlöndum og -svæðum í kafla 15.

Ráðstefna um málefni Norðurskautsins 2008 – stefna ESB í málefnum Norðurskautsins.

Á árinu var hafist handa við að undirbúa ráðstefnu sem haldin verður á Grænlandi 9.–11. september 2008 um málefni Norðurskautsins. Allt kapp verður lagt á að fá fleiri aðila til að

koma að ráðstefnunni, þ.e. ESB, Norðurskautsráðið, Frakkland, sem fer með formennsku í ESB á síðari helmingi næsta árs, Rússland, sem er aðili að Norðlægu víddinni auk Bandaríkjanna og Kanada, sem eiga bæði áheyrnarfulltrúa að Norðlægu víddinni. Ráðstefnan tekur upp þráð annarrar ráðstefnu um sama málefni, „Conference on the Northern Dimension and Arctic Window“, sem var haldin á Grænlandi 2002.

Svo sem við er að búast eru Grænlendingar áhugasamir um að halda „Norðurskautsglugga“ Norðlægu víddarinnar opnum í norrænu umræðunni og hafa þeir verið helstu hvatamenn að því að halda ráðstefnuna. Jafnframt var ákveðið að í tengslum við ráðstefnuna yrði gerð úttekt á stefnu ESB í málefnum Norðurskautsins og því hvernig unnið er að þeim málum innan stjórnkerfis ESB, en Danir og Grænlendingar hafa m.a. hvatt ESB til að setja á laggirnar sérstaka skrifstofu um málefni Norðurskautsins. Eins og staðan er nú er hvergi að finna heildstætt yfirlit yfir starfsemi ESB á Norðurskautinu, hversu miklu fjármagni er veitt til þeirrar starfsemi né heldur hver stefna sambandsins er í þessum málaflokki. Auk ráðherranefndarinnar munu Svíar, sem fara með formennsku 2008, og Grænlendingar sjá um að undirbúa ráðstefnuna. Jafnframt hefur verið skipaður norrænn undirbúningshópur til að sjá um faglegt innihald hennar. Einnig verða fulltrúar landanna í Norðurskautsráðinu í ráðgjafahlutverki gagnvart undirbúningsaðilum ráðstefnunnar.

Óformlegt samstarf.

Á fjárlögum ársins var svokallaður aðlögunarsjóður, en honum var ætlað að auðvelda aðlögun þeirra ráðherranefnda sem lagðar voru niður með þeim skipulagsbreytingum á Norrænu ráðherranefndinni sem tóku gildi í upphafi árs 2006. Sá hluti norræns samstarfs sem þá varð óformlegur átti þess kost að sækja um fjármuni í aðlögunarsjóðinn til þess að standa straum af kostnaði við samstarfsverkefni sín. Á árinu var veitt rúmlega 4,5 millj. d.kr. úr aðlögunarsjóði, einkum til samstarfsverkefna á sviði neytendamála. Aðlögunarsjóðurinn var lagður niður í árslok en frá 2008 verður hægt að sækja um fjármuni í formennskusjóð til að kosta óformleg samstarfsverkefni.

Samstarf við Norðurlandaráð.

Norræna ráðherranefndin leggur mikið upp úr góðu samstarfi og samráði við Norðurlandaráð um norrænt samstarf almennt og sérstaklega um norrænu fjárlögin enda afar mikilvægt að góð sátt ríki um þau þegar þau eru endanlega afgreidd á þingi Norðurlandaráðs. Ráðherranefndin hefur komið sér upp föstum starfsreglum í þessu sambandi þar sem haldnir eru samráðsfundir með Norðurlandaráði í upphafi fjárlagavinnunnar, um miðbik hennar og skömmu fyrir þing ráðsins sem haldið er í lok október/byrjun nóvember hvert ár. Auk þess gefst Norðurlandaráði kostur á að koma með skriflegar ábendingar og athugasemdir á öllum stigum fjárlagavinnunnar. Í tengslum við fjárlög 2007 lagði ráðið sérstaka áherslu á málefni Norðurskautsins, á eftirfylgni við skýrsluna „Norðurlönd – sigursvæði á heimsvísu“ og á norræna félagsmála- og heilbrigðissamstarfið. Komið var til móts við óskir ráðsins með því að veita aukalega samtals 12,2 millj. d.kr. til þessara málaflokka.

Sem endranær beindi Norðurlandaráð tilmælum sínum til Norrænu ráðherranefndarinnar og til ríkisstjórna landanna. Kemur það í hlut skrifstofunnar í Kaupmannahöfn og landsskrifstofu þess lands sem fer með formennsku í ráðherranefndinni hverju sinni að afla gagna frá löndunum og samræma svör sem eru síðan send ráðinu í skýrsluformi í lok júní ár hvert. Árið 2007 voru tilmæli Norðurlandaráðs 33 talsins, af þeim voru 18 samþykkt á þingi ráðsins haustið 2006 en 15 voru frá fyrri árum.

Formennskuáætlun Svíþjóðar 2008.

Yfirskrift formennskuáætlunar Svíþjóðar 2008 er „Samtakamáttur“ og byggir hún á eftirfarandi 4 leiðarstefjum:

– Konkurrenskraft – samkeppnishæfni: undir það heyrir starfið gegn stjórnsýsluhindrunum og hnattvæðingaráherslan,
– Klimat – loftslagsmál: þar hafa Svíar hugsað sér að vinna að því að Norðurlönd verði leiðandi svæði í baráttunni við loftslagsbreytingar,
– Kreativitet – sköpunargáfa: þá er átt við nýsköpun og atvinnugreinar framtíðarinnar,
– Koordinering – samhæfing: hér vísa Svíar til þess að önnur fjölþjóðleg samtök eru starfandi í Norður-Evrópu, s.s. Barentsráðið, Eystrasaltsráðið og Norðurskautsráðið. Nauðsynlegt er að Norræna ráðherranefndin ásamt þessum samtökum samræmi betur aðgerðir sínar á svæðinu til að varast tvítekningu og nýta fjármuni betur.

Á formennskuári Svía verður áfram unnið að verkefnum sem ýtt var úr vör í formennskutíð annarra þjóða. Má þar nefna breytingar og nútímavæðingu á norrænu samstarfi, einkum hjá norrænum stofnunum, samþættingu jafnréttissjónarmiða hjá ráðherranefndinni, framkvæmdaáætlunina „Hönnun fyrir alla“, en hún miðar að því að auka aðgengi fatlaðra í þjóðfélaginu. Á árinu verður norræna stefnumótunin um sjálfbæra þróun endurskoðuð, en áformað er að ný áætlun taki gildi 2009.

Auk þessa mun hin nýja áhersla um tækifæri og áskoranir hnattvæðingar og sameiginleg viðbrögð Norðurlanda við þeim setja svip sinn á formennskuár Svía, en það kemur í þeirra hlut að halda fyrsta hnattvæðingarþingið, auk þess að fylgja eftir öðrum hnattvæðingarverkefnum sem nánar er lýst í sér kafla.

Formennskuáætlun Svíþjóðar 2008 er að finna á slóðinni http://www. regeringen.se/sb/d/9708.

4. Norðurlandasamstarf utanríkisráðuneytisins

Reglulegir fundir utanríkisráðherra Norðurlanda voru haldnir í júní og lok október en óformlegur fundur ráðherranna er einnig að jafnaði haldinn í september við upphaf allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna. Októberfundurinn er haldinn í tengslum við þing Norðurlandaráðs og utanríkisviðskiptaráðherrar Norðurlanda funda við sama tækifæri. Auk þess var haldinn sameiginlegur fundur utanríkisráðherra Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna (NB8) í ágústmánuði. Samstarf NB8 á sviði utanríkismála hefur eflst á undanförnum árum og einnig í Eystrasaltsráði, Barentsráði og Norðurskautsráði og er komið í fastan farveg á stigi ráðherra og embættismanna auk þess sem aukið samráð er milli fastanefnda hjá öðrum alþjóðastofnunum og milli sendiráða erlendis eftir atvikum. Utanríkisráðherrar Norðurlanda funduðu einnig með ráðherrum nokkurra Afríkuríkja, sem er orðinn fastur liður í samstarfinu.

Á formennskuári Finnlands í ráðherranefndinni hafði finnska utanríkisráðuneytið frumkvæði að því að kortleggja alla norræna og NB8-embættismannafundi á vegum utanríkisráðuneytanna. Eru þar taldir 40 norrænir embættismannafundir á ári á hinum ýmsu sviðum, þar á meðal í öryggis- og varnarmálum, þróunarsamvinnu, friðargæslu og umhverfis- og auðlindamálum. Þar er einng talið norrænt samráð hjá Sameinuðu þjóðunum og undirstofnunum þeirrra og hjá öðrum fjölþjóðlegu stofnunum. Þá er náið samráð í rekstrar- og ræðismálum og er þar ótalið reglubundið samráð norrænna sendiráða erlendis. Gefur þetta nokkra mynd af umfangi og mikilvægi norræna samstarfsins í utanríkismálum, sem grundvallast á mikilvægum sameiginlegum hagsmunum og áþekkri afstöðu í alþjóðamálum. Þetta samstarf, eins og annað norrænt samstarf, sækir ekki síst styrk sinn í það að vera gagnsætt og óformlegt.

Embættismannafundir NB8 eru um 20 talsins á hverju ári. Að frumkvæði Finnlands voru ræddar hugmyndir um það hvort Eystrasaltsríkin ættu, eða vildu, koma nánar að norrænu samstarfi í utanríkismálum með aukinni þátttöku í embættismannafundum þess. Vilji er til að fjölga sameiginlegum embættismannafundum NB8 og óformlegum fundum hjá alþjóðastofnunum og sendiráðum erlendis á sama hátt og tíðkast hefur meðal norrænu landanna um áratuga skeið. Undirstrikað var mikilvægi hins óformlega þáttar við samráð, þar sem tekið er mið af málefnum, nauðsyn og gagnsemi. Lögð var áhersla á þróun norræns samstarfs um langt skeið, sem leitt hefur til málefnalegrar samstöðu í þjóðfélags- og menningarmálum og mikilvægustu málaflokkum á alþjóðavettvangi. Hins vegar megi líta á samstarf NB8 sem ákveðinn virðisauka. Niðurstaða utanríkisráðherra Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna á fundi þeirra í Túrkú í ágústmánuði var á þá leið að Eystrasaltsríkin væru velkomin að taka aukinn þátt í samstarfinu þegar báðir aðilar telji það gagnlegt og nauðsynlegt, án þess þó að það leiði til breytinga á kjarnasamstarfi Norðurlanda á sviði utanríkismála eða því óformlega ferli sem einkennir samstarfið.

Í aprílmánuði sl. var undirritað annars vegar tvíhliða rammasamkomulag Íslands og Noregs um samstarf á sviði öryggismála, varnarmála, viðbúnaðar og leitar og björgunar og hins vegar sameiginleg yfirlýsing Íslands og Danmerkur um samstarf um öryggis- og varnarmál og almannavarnir. Í samkomulaginu og yfirlýsingunni er vísað til aðildar Íslands, Noregs og Danmerkur að Atlantshafsbandalaginu og þeirra skuldbindinga sem af henni leiða og áhersla lögð á þá viðleitni ríkjanna að stuðla að auknu öryggi og stöðugleika á Atlantshafi. Unnið er að því að útfæra nánar einstök verkefni og skilgreina samstarfsfleti enn frekar. Litið er á þetta verkefni sem viðbót við aðra varnarsamvinnu og framlag Íslands til sameiginlegs öryggis nágrannaþjóða.

Á fundi utanríkisráðherra Norðurlanda í Helsingfors þann 8. júní sl. leiddi Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra umræður um loftslagsmálin og voru ráðherrarnir sammála um að norrænu löndin ættu að gegna lykilhlutverki í að raunhæf og metnaðarfull niðurstaða náist á ráðherrafundi Loftslagssamningsins sem haldinn verður í Kaupmannahöfn árið 2009. Ráðherrarnir ræddu einnig um svæðisbundið samstarf, norðurslóðamál (Norðlægu víddina) og málefni Eystrasaltsráðsins og hvernig efla megi þann vettvang. Norðlæga víddin, en svo nefnist rammasamkomulag ESB, með aðild Íslands, Noregs og Rússlands, nær yfir samstarf ESB við Rússland á Eystrasaltssvæðinu og norðurskautssvæðinu og er ætlað að taka sérstaklega á aðstæðum þar. Samkomulagið er byggt á frumkvæði Finnlands frá árinu 1997 og tók gildi frá ársbyrjun 2007. Fengist er við verkefni á víðtæku sviði umhverfis- og auðlindamála, efnahags- og viðskiptamála, kjarnorkuöryggis, menningar- og vísindamála og heilbrigðismála. Þá voru rædd orkumál Rússlands og áhrif þeirra á grannsvæðin auk umfjöllunar um helstu alþjóðamálin, Miðausturlönd, Afríku og Vestur-Balkanskaga.

Fundur utanríkisráðherra Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna (NB8) var haldinn i Turku í Finnlandi 16.–17. ágúst sl. Ráðherrarnir ræddu Eystrasaltssamstarfið á víðum grundvelli, bæði hvað varðar hið skilgreinda NB8-samstarf og aðkomu ESB að Eystrasaltssamstarfinu með sæti þess í Eystrasaltsráðinu. Ráðherrarnir samþykktu fyrirliggjandi tillögur um eðli og útfærslu NB8-samstarfsins, sem fjallað er um að framan. Af hálfu ESBríkjanna á fundi ráðherranna kom fram að vaxandi áhuga gæti innan ESB á svæðissamstarfi við Miðjarðarhaf, Svartahaf og Visegrad. Hins vegar hafi ESB sýnt Eystrasaltssamstarfinu fekar lítinn áhuga. Þörf væri á því að þau Eystrasaltslönd, sem eiga aðild að ESB, hefðu sterkara frumkvæði að því að koma málum svæðisins ofar á dagskrá ESB. Ekki væri skortur á stofnunum á Eystrasaltssvæðinu en efla þyrfti tengingu þeirra við hagsmuna- og félagasamtök, samhæfa starf-

semi þeirra og komast hjá tvíverknaði þar sem verkefni skarast. Mikilvægt væri að Eystrasaltsríkin hafi frumkvæði að því að móta stefnu ESB um svæðið og láti öðrum það verkefni ekki eftir. ESB getur verið lykilaðili við aðkomu að mikilvægum úrlausnarefnum á Eystrasaltssvæðinu vegna lagagrundvallar, fjárhagslegs styrkleika og stefnumörkunar þess, sérstaklega með tilliti til þess að verkefni stofnana á svæðinu eru að mestu leyti fjármögnuð af frjálsum framlögum.

Í umfjöllun um helstu alþjóðamál á dagskrá og málefni Sameinuðu þjóðanna skýrði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra frá heimsókn sinni til Miðausturlanda skömmu áður og hafði framsögu um fund um loftslagsmál í tengslum við 62. allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna í septembermánuði og almennar umræður á þinginu í aðdraganda að ráðherrafundinum í Bali um loftslagsbreytingar, sem haldinn var í desember sl. Enn fremur var rætt um stuðning við framboð Íslands til öryggisráðsins.

Á fundi utanríkisráðherra Norðurlanda í tengslum við þing Norðurlandaráðs þann 31. október sl. var haldið áfram ítarlegri umræðu um samstarfsumhverfið á norðurslóðum. Ráðherrarnir voru sammála um að vaxandi stuðningur væri meðal almennings við norrænt samstarf. Norður-Evrópa sé orðinn vettvangur margs háttar samstarfs og stofnana, sem nauðsynlegt sé að samhæfa betur og gera skilvirkari. Eystrasaltsráðið er vettvangur allra ríkja á norðursvæðinu og tillögur um endurskoðun ráðsins verða lagðar fram í júní 2009. Norðurlönd hafi mikið fram að færa í þessu samstarfi og ekki síst er varðar lýðræði, mannréttindi og réttaröryggi. Einnig verði að festa í sessi samstarf ESB við svæðisstofnanir á norðurslóðum og er í þeim efnum litið til formennsku Svíþjóðar í ESB árið 2009. Finnland og Svíþjóð íhuga að setja fram sérstaka Eystrasaltsstefnu í utanríkismálum sínum til að efla og hnitmiða samstarfið enn frekar. Norðlæga víddin er mikilvæg í þessu samhengi og vægi Barentsráðsins eykst með hverju ári vegna aukinna umsvifa í orkumálum, en um Barentshafið fer vaxandi fjöldi rússneskra skipa yfir á Atlantshaf. Norðurlönd eru mikilvæg brú milli allra svæðasamtaka á norðurslóðum þar sem Norðlæga víddin getur verið milkilvæg undirstaða.

Fjallað var um nýtt samstarfsform norrænu landanna á sviði öryggis- og varnarmála og í friðargæslu án tillits til aðildar þjóðanna að fjölþjóðasamtökum eins og Atlantshafsbandalaginu (NATO) og ESB. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir skýrði frá rammasamningi Íslands og Noregs og yfirlýsingu Íslands og Danmerkur um öryggis-, varnar- og björgunarmál. Spáð er auknum skipaferðum vegna opnunar nýrra siglingaleiða í norðri og auknum eldsneytisflutningum yfir Atlantshafið sem hefur beint athygli alþjóðasamfélagsins í auknum mæli að Norður-Atlantshafi og kalli á aukið samstarf Norðurlandaþjóðanna allra.

Noregur, Svíþjóð og Finnland hafa stofnað til þríhliða samráðs um öryggismál landamæra norðursvæða Skandinavíu (Nordkalotten) og Noregur og Danmörk eiga tvíhliða samstarf er varðar Grænland og Spitsbergen. Finnland og Svíþjóð hafa einnig átt með sér tvíhliða samstarf í varnarmálum frá fornu fari. Varnarmálaráðherrar Norðurlanda funda tvisvar á ári og norrænu löndin eiga einnig marghliða samstarf við ESB um norðurslóðamál. Landfræðilegur veruleiki veldur því að blanda tvíhliða og þríhliða samstarfs norrænu þjóðanna fimm í öryggismálum er hagkvæmt og gagnlegt. Ekkert norrænu landanna er hins vegar útilokað frá beinni þátttöku í þessum verkefnum og getur komið að hverju þeirra að vild. Lögð var áhersla á að samstarfið er opið og gagnsætt.

Noregur, Svíþjóð og Finnland eru með sameiginleg friðargæsluverkefni, í Afghanistan og í Súdan vinna Svíþjóð og Noregur saman við mjög erfiðar aðstæður og Finnland og Svíþjóð eru að undirbúa samvinnu í Tjad. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir áréttaði að Ísland legði sitt af

mörkum með borgaralegri friðargæslu og þar sem Ísland haldi ekki úti eigin her, hljóti framlagið í Afghanistan og annars staðar að vera á borgaralegum nótum.

Að venju sátu utanríkisráðherrarnir fyrir svörum á hádegisverðarfundi forsætisnefndar Norðurlandaráðs og haldin var opin ráðstefna með ráðherrunum í Ósló um alþjóðavæðinguna.

Utanríkisráðherra Íslands átti fund með Vestnorræna ráðinu í tengslum við Norðurlandaráðsþingið og átti einkafund með Aleqa Hammond, sem fer með utanríkismál í grænlensku landsstjórninni.

5. Menningarmál

Norræna ráðherranefndin um menningarmál (MR-K), sem í situr af hálfu Íslands Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra, ásamt embættismannanefndinni (EK-K) vann á árinu að því að koma í framkvæmd þeirri endurskipulagningu á menningarsamstarfinu, sem hefur átt sér stað á síðastliðnum tveim árum. Menningarsamstarfið byggir nú annars vegar á pólitískum áherslum ráðherranna sem fram koma í þriggja ára samstarfsáætlunum (kulturstrategi) og tímabundnum framkvæmdaáætlunum (programmer) og hins vegar þörfum aðila á menningarsviðinu sem hægt er að ná fram í gegnum Norræna menningarvettvanginn (Nordisk kulturforum) hins vegar. Á árinu var farið að huga að framtíðarstarfi embættismannanefndarinnar m.a. hvað varðar þau pólitísku viðfangsefni sem mikilvægust eru í samskiptum Norðurlanda, um hvernig samvinnu, samstarfi og eftirliti með starfsemi stofnana á vegum ráðherranefndarinnar verði háttað og hvernig staðið verði að samstarfi utan Norðurlanda. Stjórnunarlega er menningarsamstarfið nú samansett úr fjórum þáttum: Ráðherranefndinni, embættismannanefndinni, menningardeild ráðherranefndarskrifstofunnar og Norrænu menningargáttinni (Kulturkontakt Nord) sem hefur aðsetur í Sveaborg í Finnlandi. Gerður var árangursstjórnunarsamningur við stofnunina á árinu en hún fer með umsýslu nær allra þeirra framkvæmdaáætlana sem Norræna ráðherranefndin hefur ákveðið að standa að. Þessar framkvæmdaáætlanir eða verkefni eru: ferða- og dvalarstyrkir (Mobilitets- og residensprogram), lista- og menningarstyrkir (Kunst- og kulturprogram) og tölvuleikjastyrkir (Nordic Game). Sænskt fyrirtæki annast umsýslu síðasttalda verkefnisins. Framkvæmdastjóri Norrænu menningargáttarinnar var ráðinn á árinu og fyrir valinu varð Bergljót Jónsdóttir sem lengi var stjórnandi Listahátíðarinnar í Bergen. Á árinu var í fyrsta sinn úthlutað samkvæmt hinu nýja skipulagi á framkvæmd styrkveitinga til ferða- og dvalarstyrkja listamanna, til lista- og menningarverkefna og til verkefna sem ætlað er að styrkja tölvuleikjagerð og samstarf á því sviði á Norðurlöndum. Embættismannanefndin mun taka til skoðunar þá vankanta á nýja fyrirkomulaginu sem komið hafa í ljós við úthlutun á fyrsta árinu.

Aðrar menningarstofnanir á vegum ráðherranefndarinnar eru: Norræna húsið í Reykjavík, Norræna stofnunin í Finnlandi, Norræna stofnunin á Álandseyjum, Norðurlandahúsið í Færeyjum og Norræna upplýsinga- og fjölmiðlarannsóknarstofnunin. Ísland fer með formennsku í stjórn Norrænu stofnunarinnar á Álandseyjum (NIPÅ) og er Guðrún Ögmundsdóttir stjórnarformaður. Menningardagskrá stofnunarinnar á ári hverju hefur verið afar fjölbreytt, þótt ekki sé stofnunin stór í sniðum. Á árinu bar hæst sýning á hönnun frá Álandseyjum, en hún var m.a. í Norræna húsinu sl. sumar. Sýningin hefur ferðast milli norrænu landanna og hlotið mikið lof. Íslenskur hönnuður, Steinunn (steinunn.com), kynnti hönnun sína á Álandseyjum og stóð jafnframt fyrir umræðum um stöðu hönnunar. Á árinu voru viðburðir á vegum stofnunarinnar sem tengdust tónlist, leikhúsi, bókmenntum og barnamenningu svo eitthvað sé nefnt. Mánaðarlegar fyrirlestraraðir „Norrænar raddir“ eru fastir liðir í starfinu. Meðal

fyrirlesara í ár var t.d. Bogi Hansen, Norðurlandaverðlaunahafi frá Færeyjum. Einnig eru menningarhádegi með listamönnum haldin nokkrum sinnum yfir vetrartímann og ýmis námskeið eru í boði hjá Norrænu stofnuninni á Álandseyjum. Stofnunin hefur fasta samstarfsaðila og hefur átt afar gott samstarf við stofnanir og félög vegna þeirra verkefna sem í boði eru hverju sinni. Á næsta ári er margt nýstárlegt og fjölbreytilegt á döfinni. Má þar nefna „Mord i Norden“ en ráðgert er að fá norræna glæpasagnarithöfunda til Álandseyja til að kynna bækur sínar. Einnig verður sýndur „Hellisbúinn“, Baltneskir músikdagar verða haldnir, Norræn sagnakvöld o.fl. Það er ætlun stofnunarinnar að styrkja verulega stöðu sína í samfélaginu á Álandseyjum og verða mun sýnilegri. Flytja á stofnunina í nýtt húsnæði í hjarta miðbæjar Maríuhafnar.

Samstarf við Eystrasaltsríkin á sviði menningarmála hefur verið mikið í allmörg ár. Að frumkvæði Finna sem fóru með formennsku í ráðherranefndinni á árinu var byrjað að undirbúa þátttöku Eistlands, Lettlands og Litháen í ferða- og dvalarstyrkjaáætluninni. Samstarf við Rússland hefur einnig farið vaxandi á undanförnum árum.

Markmið Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðsins er að efla kvikmyndagerð á Norðurlöndum með því að taka þátt í lokafjármögnun framleiðslu á leiknum kvikmyndum, leiknu sjónvarpsefni, stuttmyndum og listrænum heimildarmyndum. Til að hljóta styrk verða verkefni að hafa fengið brautargengi heima fyrir með styrk úr kvikmyndasjóði eða fjármögnun og staðfestu vilyrði um sýningu í sjónvarpsstöð sem er aðili að sjóðnum. Þá þurfa myndirnar að vera líklegar til að hljóta dreifingu og höfða til áhorfenda á Norðurlöndum. Sjóðnum er einnig ætlað að efla kvikmyndagerð með styrkjum til þróunar á einstökum verkefnum, til dreifingar í kvikmyndahús sem hefur verið gert með sérstökum styrkjum til dreifingarfyrirtækja, til kynningar og þýðingar á önnur norræn tungumál. Sjóðurinn ráðstafar jafnframt fjárframlögum Norrænu ráðherranefndarinnar til menningarlegra viðburða í tengslum við kvikmyndir, t.d. kvikmyndahátíða og námskeiða fyrir norrænt fagfólk. Við veitingu styrkja úr sjóðnum er lagt mat á verkið sjálft út frá listrænum og markaðslegum forsendum, en ekki er um kvóta að ræða eða um ákveðið hlutfall á milli þjóðanna né hvernig þeim er skipað í lið lista- og tæknifólks sem að verkinu kemur. Sérstakur gaumur er gefinn að barna- og unglingamyndum.

Eftirtaldar íslenskar kvikmyndir fengu styrk úr sjóðnum: Zik Zak: „The Good Heart“, leikstjóri Dagur Kári; Frontier films: „Lifting the Veil of Autism/Hulunni svipt af einhverfu“, leikstjóri Friðrik Þór Friðriksson; Sögn og Spiral films: „Reykjavík-Rotterdam“, leikstjóri Óskar Jónasson; Zik Zak og Vesturport: „Brim/Undercurrents“, leikstjóri Árni Óli Ásgeirsson; Tröllakirkja/Ergis: „At the Edge of the World/Syndir feðranna“, leikstjórar Bergsteinn Björgólfsson og Ari Alexander Ergis Magnússon; Tröllakirkja: „Hidden People/Huldufólk“, leikstjóri Jóhann Sigmarsson. Að auki fékk kvikmyndahátíðin í Reykjavík, Reykjavík International Film Festival, styrk úr sjóðnum.

Tilgangur Norræna menningarsjóðsins er að styrkja menningarsamstarf Norðurlanda með því að veita styrki til ákveðinna menningarverkefna á Norðurlöndum og til norrænna verkefna í öðrum löndum. Stjórn sjóðsins skipa þrettán fulltrúar, tveir frá hverju norrænu landanna fimm, annar tilnefndur af Norðurlandaráði og hinn af Norrænu ráðherranefndinni, auk eins fulltrúa frá hverju sjálfstjórnarlandanna þriggja: Færeyjum, Grænlandi og Álandseyjum. Fulltrúar Íslands nú eru þau Rannveig Guðmundsdóttir fyrrverandi alþingismaður og Stefán Baldursson óperustjóri.

Norræna barna- og ungmennanefndin (NORDBUK), sem hefur leyst af hólmi norrænu æskulýðsnefndina sem áður féll undir menningarráðherrana, heyrir nú undir samstarfsráð-

herrana en menningarskrifstofa ráðherranefndarinnar annast umsýslu hennar og því þykir rétt að geta stuttlega starfsemi hennar. Í starfi nefndarinnar hefur mikil áhersla m.a. verið lögð á að ná til jaðarhópa barna og ungmenna, bæði þeirra sem eru af erlendum uppruna og þeirra sem búa á jaðarsvæðunum. Tölvutæknin hefur verið eitt sterkasta vopnið í að brjóta niður þá einangrun sem þessi börn og ungmenni eru oft í og hefur nefndin styrkt norskt verkefni í því sambandi sem heitir EtNorden. Verkefninu er ætlað að skapa norræna vitund meðal minnihlutahópa á Norðurlöndum og leita nýrra leiða til að ná til þessa hóps.

Á árinu hefur umtalsverð vinna verið lögð í að halda utan um æskulýðsrannsóknir á Norðurlöndum og er unnið að því að fá betra yfirsýn yfir þær.

Samstarfið í menningarmálum er stærsta einstaka samstarfssviðið innan Norrænu ráðherranefndarinnar en þar að auki fer einnig fram ágætt samstarf milli ráðuneyta menningarmála á Norðurlöndum í þeim málaflokkum sem norræna samstarfið nær ekki yfir, svo sem á sviði höfundaréttarmála, fjölmiðla, íþrótta og menningararfs.

Allt frá árinu 1996 hefur verið í gildi samstarfssamningur milli Íslands, Grænlands og Færeyja um mennta-, menningar- og vísindamál. Hinn 29. nóvember sl. undirrituðu Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra, Jógvan á Lækjuni menntamálaráðherra Færeyja og Tommy Marø menntamálaráðherra Grænlands hér á landi endurnýjaðan samning sem gildir til næstu þriggja ára. Markmiðið með samningnum er að styrkja og þróa menningarsamskipti milli vestnorrænu landanna þriggja. Árið 2008 verður helgað verkefnum á sviði handverks og hönnunar. Með þeim verkefnum er verið að undirstrika þýðingu handverks og hönnunar og að skapa þessum listformum fastan sess innan listasköpunar. Þessi listgrein er mikilvæg atvinnulífinu, menningartengdri ferðaþjónustu og ekki síst þeirri listrænu þróun sem á sér stað í dag í vestnorrænu löndunum. Í löndunum eru skýr tengsl milli hefðar og nýsköpunar. Handverk og hönnun stendur föstum fótum í menningararfinum, en þangað sækja ungir listamenn innblástur og hugmyndir. Það er nauðsynlegt að styrkja þekkingu og vitneskju innan þessara greina til að tryggja gæði og afkomu þeirra. Einkum verður horft til hönnuða og handverksfólks af yngri kynslóðinni í þessu vestnorræna átaki. Árið 2009 verður áherslan á óformlegar menntunarleiðir í sjálfbærri þróun. Nýting auðlinda verður að byggja á sjálfbærum grundvelli og um leið grundvallast sjálfbært samfélag einnig á virðingu fyrir menningu og menningararfi þjóða. Vestnorrænu löndin hafa því ákveðið að auka samstarf sín á milli og fræðslu í sjálfbærri þróun, með formlegum hætti í skólum og menntastofnunum sem og á óformlegan hátt með útbreiðslu þekkingar. Með því að deila reynslu sinni geta þjóðirnar bætt við sig fleiri hagnýtum verkefnum í löndunum þremur og um leið getur það verið framlag til áætlunar um menntun á sviði sjálfbærrar þróunar og þar með virkt framlag til að minnast 10 ára afmælis samþykktar Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Árið 2010 verður efnt til sumarnámskeiða fyrir ungt fólk á Vestur-Norðurlöndum. Með verkefninu verður ungmennum frá Íslandi, Grænlandi og Færeyjum gert kleift að kynnast hvert öðru sem færir þeim meiri þekkingu á löndum hvers annars og að mynda tengslanet milli ungmenna á Vestur-Norðurlöndum, sem skapar skilning á þýðingu samstarfs milli landanna. Ætlunin er að styrkja tengsl og samstarf milli vestnorrænu landanna og annarra norrænna landa ásamt því að efla áhuga grannlandanna á tungumáli, sögu, menningu, umhverfi og auðlindum á Vestur-Norðurlöndum.

6. Jafnréttismál

Samstarfsáætlun norræns jafnréttissamstarfs ber yfirskriftina „Með áherslu á kyn er stefnt að jafnréttissamfélagi“. Samkvæmt samstarfsáætluninni verða tvö meginsvið í fyrirrúmi, þ.e.

kyn og völd og kyn og æska. Auk þess verður lögð áhersla á umfjöllun um menningu og miðlun út frá sjónarhorni kynferðis.

Ráðherrafundur.

Fundur í Norrænu ráðherranefndinni um jafnréttismál (MR-Ligestilling) var haldinn í Helsingfors þann 15. október sl. Eitt meginumræðuefni fundarins var fyrirkomulag og reynsla af fæðingarorlofi á Norðurlöndum. Önnur umræðuefni voru konur og völd og jafnréttismál og unga fólkið. Kynntar voru rannsóknir sem sýna að fyrirtæki með konur í forystu skila meiri hagnaði en önnur.

Félagsmálaráðherra gerði grein fyrir fæðingarorlofslögunum á Íslandi og greindi frá þeirri stefnumótun ríkisstjórnarinnar að lengja fæðingarorlofið í áföngum á kjörtímabilinu. Jafnréttisráðherra Finnlands taldi niðurstöðu fundarins vera að íslenska leiðin, þ.e. að réttindi feðra séu bundin og óyfirfæranleg, sé mikilvæg til að auka þátttöku feðra (www.norden.org/webb/news/news. asp?lang=5&id=7233#). Miklar umræður eru á Norðurlöndum um aðgerðir til að fá feður til að taka fæðingarorlof, meðal annars með lagabreytingum og sérstökum aðgerðum með auglýsingum og fræðsluefni.

Ráðherrarnir voru sammála um að fæðingarorlofið á Norðurlöndum væri til fyrirmyndar og til athugunar sé hvernig hægt væri að miðla reynslu þjóðanna á alþjóðavettvangi. Mikilvægt væri að gera sér ljóst að fæðingarorlofið yki samkeppnishæfni Norðurlandaþjóðanna í þeirri hnattvæðingu sem nú á sér stað.

Skiptar skoðanir voru á fundinum um hvaða leiðir væru færar til að auka hlut kvenna í stjórnum fyrirtækja, stofnana og ráðuneyta. Jafnréttisráðherrarnir samþykktu að setja á laggirnar viðamikið norrænt rannsóknarverkefni á næsta ári um kyn og völd.

Á fundinum kynnti framkvæmdastjóri Norrænu kvenna- og kynjarannsóknarstofnunarinnar (NIKK) niðurstöður rannsóknar sem lögð var fram í september sl. en hún sýnir að fjöldi kvenna í stjórnum fyrirtækja í Finnlandi hefur áhrif á afkomu fyrirtækjanna. Rannsóknin sem unnin var á vegum Finnsku atvinnulífsnefndarinnar (EVA) sýnir að fyrirtæki undir stjórn kvenna skila 10% meiri arði en fyrirtæki undir stjórn karla. Rannsóknin náði til 14.000 fyrirtækja, þ.e. allra fyrirtækja með fleiri en tíu starfsmenn (wo.uio. no/as/WebObjects/avis. woa/wa/visArtikkel?id=40525&del=nikk).

Rannsóknarverkefni og ráðstefnur.

Ýtt var úr vör rannsóknarverkefni sem ber heitið „Vændi á Norðurlöndum“. Markmiðið er að fá yfirlit yfir vændi og mansal til kynlífsþjónustu út frá jafnréttissjónarmiði. Einnig að kortleggja viðhorf karla og kvenna til kaupa á kynlífsþjónustu. Rannsóknarverkefninu er ætlað að afla upplýsinga og þekkingar til að efla möguleika á að grípa til samnorrænna aðgerða gegn vændi og mansali.

Verkefninu „Karlar og jafnrétti“ lauk á árinu með ráðstefnu í Ósló þar sem kynntar voru niðurstöður verkefna sem unnin voru á tímabilinu 2004–2006. Ráðstefnan „Kyn og unga fólkið – efni til aðgerða“ var haldin í Finnlandi. Ráðstefnan „Margbreytileiki og nýsköpun“ var haldin í Kaupmannahöfn í samstarfi við Rannsóknar- og nýsköpunarmiðstöðina í Danmörku og Norrænu kvenna- og kynjarannsóknarstofnunina (NIKK). Haldin var ráðstefna um jafnréttismál Sama. Ráðstefna undir heitinu „Priset på att få ett barn – kostnader för familjeledigheter och jämställdhet“ var haldin í Helsingfors. Á ráðstefnunni voru rædd mismunandi regluverk um fæðingarorlof í norrænu löndunum.

Í samstarfi við Eystrasaltsríkin voru haldnar þrjár ráðstefnur. Sú fyrsta bar heitið „Pol-E-Quality in Diversity“ og var í samstarfi við tengslanet norrænna og baltneskra kvenlögregluþjóna. Í samvinnu við félagsmálaráðuneytið í Vilníus var haldin ráðstefnan „Is Gender Mainstreaming the Key to Future Society?“ og svo var ráðstefnan „Stay at home? The Rights of Parents to Parental Leave and Benefits“ haldin í samstarfi við félagsmálaráðuneytið í Eistlandi.

Á 51. fundi kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna í New York í febrúar stóðu norrænu jafnréttisráðherrarnir fyrir sérstökum fundi um fæðingarorlof á Norðurlöndum undir heitinu „The Nordic Father: Role Model for a Caring Male“.

7. Málefni dómsmálaráðuneytisins

Norrænt samstarf dómsmálaráðuneytanna um löggjafarmálefni byggir að meginstefnu til annars vegar á samstarfsáætlun og hins vegar formennskuáætlunum sem gefnar eru út ár hvert.

Norrænir dómsmálaráðherrar (MR-Lov) hittast árlega. Að öðru leyti á samstarfið sér stað undir yfirstjórn norrænu embættismannanefndarinnar um löggjafarsamstarf (EK-Lov). Unnið er að samræmingu samstarfsins, sameiginleg hagsmunamál rædd og ný eða væntanleg löggjöf og styrkir veittir til einstakra norrænna verkefna. Um einstök réttarsvið eða álitaefni er fjallað í vinnuhópum, sem skipaðir eru embættismönnum eða sérfræðingum í ráðuneytunum. Þá kemur fyrir að embættismannanefndin setji á fót vinnuhópa.

Dómsmálaráðherrarnir starfa samkvæmt samstarfsáætlun sem samþykkt var árið 2005. Í áætluninni koma fram megináherslur norræns löggjafarsamstarfs og þær meginreglur sem það byggir á. Samstarfið miðar m.a. að því að styrkja lýðræði í ákvarðanatökuferli á Norðurlöndum og auka réttaröryggi þeirra sem búa eða dveljast þar. Í áætluninni kemur fram að löggjafarsamstarfið eigi að miða við „norrænt notagildi“. Stefnt skuli að samræmingu löggjafar, þó ekki þannig að reglur eigi endilega að vera þær sömu. Umfang, nauðsyn og eðli samstarfs um löggjöf á Norðurlöndum geti verið mismikið á hinum ýmsu sviðum réttarins. Á sviði einkamálaréttar hafi verið hefð fyrir að ná sérlega víðtækri samræmingu löggjafar og því samstarfi beri að halda áfram og þróa frekar. Auk þess sé vaxandi þörf fyrir norrænt samstarf á sviði refsiréttar og löggæslu. Á þeim réttarsviðum þar sem ekki megi búast við samræmingu löggjafar, t.d. vegna mismunandi siðferðislegs gildismats eða munar á stjórnskipun, geti eigi að síður verið gagnlegt að skiptast á upplýsingum og miðla reynslu. Loks er í samstarfsáætluninni fjallað um hlutverk norræns löggjafarsamstarfs í evrópsku og öðru alþjóðlegu samhengi, en það er í stuttu máli að láta að sér kveða þegar tækifæri gefst og ástæða er til.

Helstu áhersluatriði er varðar löggjafarsamvinnu á formennskuári Finna snéru meðal annars að því að beina sjónum að evrópskri lagahefð og norrænni sýn á betri lagasetningu, norrænum refsirétti og sakfræði og norrænum verkefnum gegn ofbeldi.

Árlegur fundur dómsmálaráðherranna var haldinn 20. júní sl. í Koli í Finnlandi. Björn Bjarnason, dóms- og kirkjumálaráðherra, sat fundinn fyrir Íslands hönd. Voru málefni tengd vernd barna og efni refsireglna í því skyni helsta umræðuefnið. Rætt var um leiðir til að hindra, að netið sé notað til að lokka börn til kynferðislegs sambands og hvernig unnt sé að bregðast við hættum af þessum toga með refsireglum. Ákveðið var, að ríkislögreglustjórar landanna skyldu ræða sameiginlegar aðgerðir gegn misnotkun á netinu gegn börnum á næsta fundi sínum og leggja til grundvallar skýrslu frá norska dómsmálaráðuneytinu um varnaráðstafanir í þágu barna.

Meðal annarra umræðuefna á fundinum voru ákvarðanir dómsmála- og innanríkisráðherra ESB þann 12. júní sl. um aukið lögreglusamstarf á grundvelli Prüm-samningsins. Ákváðu norrænu ráðherrarnir að nánara lögreglusamstarf ríkja þeirra skyldi rætt í ljósi þessarar þróunar. Einnig var rætt um flutning dæmdra manna og möguleika á að auka samstarf Norðurlanda við grannríki sín í þessu sambandi, þannig að erlendir fangar afpláni refsivist sína í auknum mæli í heimalandi sínu.

Þá bauð norski dómsmálaráðherrann til aukafundar 4. desember sl. í Ósló til að ræða aðgerðir gegn barnaklámi á netinu. Björn Bjarnason, dóms- og kirkjumálaráðherra, sat fundinn fyrir Íslands hönd. Norðmenn hafa verið brautryðjendur í norrænu samstarfi á þessu sviði og hafa lagt á ráðin um formlegt norrænt lögreglusamstarf um netvörslu í þágu barna og ungmenna. Þá kynnti norski ráðherrann reynslu Norðmanna af sérstöku hegningarlagaákvæði gegn nettælingu gagnvart börnum eða því, sem nefnt er „grooming“ á alþjóðamáli.

Á fundinum var lýst áhuga á því að nýta sér reynslu Norðmanna af svonefndri „Virtuell politistasjon“ eftir því sem lög einstakra landa leyfðu. Aðeins er unnt að halda uppi eftirliti og síu lögreglu á netinu í náinni samvinnu við netþjónustuaðila. Hér á landi hefur embætti ríkislögreglustjóra stofnað til slíks samstarfs. Norrænn gagnagrunnur í samvinnu við gagnagrunna Europol og Interpol er talinn geta auðveldað þetta forvarnar- eða eftirlitsstarf lögreglu.

Á fundinum voru menn sammála um að stuðla að frekari norrænum rannsóknum um þá hættu, sem steðjar að börnum við notkun þeirra á netinu, til þess að frekar verði unnt að verja þau gegn árásum í netheimum.

Þá voru áherslumál rædd að venju í eftirtöldum óformlegum starfshópum sem ekki fá fjárveitingu af norrænum fjárlögum: sérfræðingahópi um sifjarétt, starfshópi ráðuneytanna um refsirétt og starfshópi um endurskoðun norrænna reglna um fullnustu refsidóma (sbr. lög um fullnustu refsidóma, sem kveðnir hafa verið upp í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð o.fl. nr. 69 12. desember 1963).

Einnig var að störfum starfshópur um samvinnu Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna og er hans helsta hlutverk að undirbúa fundi dómsmálaráðherra þessara ríkja sem að jafnaði eru haldnir árlega. Að þessu sinni var haldinn fundur í Levi í Finnlandi. Á fundinum var fjallað um nauðsyn á skýru og skilmerkilegu málfari í lagatexta, uppbyggilega réttvísi, upplýsingaskipti milli landa varðandi bann við stofnun fyrirtækis vegna refsiverðra brota fyrirsvarsmanns og notkun tæknilegra sönnunargagna og réttarfræðilegra sérfræðiálita í sakamálum. Í áðurnefndri samstarfsáætlun norrænu dómsmálaráðherranna segir að samstarfið við Eystrasaltsríkin hafi áður fyrr miðað að því að stuðla að þróun í átt að lýðræði í Eystrasaltsríkjunum og efla sameiginlegt réttarfar, en það hafi þróast í þá átt að vera samstarf átta jafnréttháttra ríkja (NB8) í ljósi þess að áframhaldandi og náið samstarf á svæðinu sé mikilvægt í stækkuðu ESB og gagnvart ríkjum utan ESB. Þá var samþykkt á fundinum að auka vægi samvinnu ríkjanna á vettvangi mála sem unnin eru innan ESB.

Málefni flóttamanna og annarra útlendinga.

Fundur norrænna ráðherra, sem fara með útlendingamál og málefni flóttamanna, var haldinn í Reykholti í júní undir forystu Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra. Jafnframt var haldinn fundur samráðsnefndar háttsettra embættismanna um málefni flóttamanna (NSHF) sem fjallar um stefnumótun í málum flóttamanna og innflytjenda en Ísland tók við formennsku nefndarinnar í fyrsta sinn um mitt ár 2006. Síðari fundur samráðsnefndarinnar var svo haldinn undir danskri formennsku í árslok.

Upphaflega var á þessum vettvangi eingöngu fjallað um málefni hælisleitenda og flóttamanna, en fljótlega þróaðist samstarfið í að verða alhliða samstarfsvettvangur ráðuneyta sem að útlendingamálum koma á Norðurlöndum. Fara þar einnig fram upplýsingaskipti milli stjórnvalda um málefni útlendinga almennt, þar á meðal um móttöku flóttamanna, um breytingar á framkvæmd mála er varða flóttamenn, ákvarðanatöku í slíkum málum, heimflutning, tölfræðiupplýsingar o.fl. Samstarf er einnig um öflun upplýsinga vegna aðstæðna í löndum þaðan sem flóttamenn koma, m.a. með miðlun skýrslna sem sendinefndir einstakra landa gera. Þá er haft samráð um ýmis atriði er varða útlendingaeftirlit, m.a. með hliðsjón af norræna vegabréfasambandinu og Schengen-samstarfinu og þar með atriði er varða framkvæmd svonefnds Dyflinnarsamstarfs um málsmeðferð í málefnum hælisleitenda. Þá hafa verið rædd á fundunum atriði sem varða verslun með konur og um innflutning vinnuafls. Undir nefndinni starfa vinnuhópar um ýmis þessara mála.

Björgunarsamstarf.

Norræn samvinna um björgunarsamstarf (NORDRED) tekur til samstarfs yfir landamæri og miðar að því að koma í veg fyrir eða takmarka tjón á mönnum, eignum eða umhverfi vegna slysa eða óhappa. Markmiðið er að veita gagnkvæma aðstoð og auðvelda að hjálparlið og búnaður komist sem allra fyrst á vettvang. Ísland hefur tekið þátt í þessu samstarfi undanfarin ár en það byggir á rammasamningi um björgunarþjónustu frá árinu 1989 milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar. Ísland er formlegur aðili samningsins.

Almannavarnadeild ríkislögreglustjórans fer með samstarf í leitar- og björgunarmálum er leiðir af aðild Íslands. Samnorræn framkvæmdanefnd er vettvangur reglulegra funda fulltrúa Norðurlanda og stýrir hún samstarfinu. Sjá nánar á www.nordred.org.

Löndin skiptast á um formennsku til þriggja ára í senn og lýkur hverju tímabili með því að haldin er norræn björgunarráðstefna og gjarnan æfing tengd henni.

Norræna ráðherranefndin styrkir NORDRED björgunarráðstefnurnar og æfingarnar.

8. Menntun og rannsóknir

Samstarf á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar um menntamál og rannsóknir (MR-U) tekur til grunn- og framhaldsskólastigs, fullorðinsfræðslu, háskóla og rannsókna. Samstarfið felst einkum í verkefnum og styrkjakerfum sem stjórnað er af ráðgjafarnefndum, sem hafa m.a. umsjón með faglegum vinnuhópum sem starfa tímabundið. Ráðherranefnd menntamála og rannsókna heldur þrjá fundi árlega.

Fastar ráðgjafanefndir.

Norræna embættismannanefndin um menntamál og rannsóknir (EK-U) undirbýr ráðherrafundi auk annarra verkefna sem henni eru falin af ráðherranefndinni. Á vegum ráðherranefndarinnar um menntamál og rannsóknir starfa auk þess þrjár ráðgjafanefndir, ein sér um samstarf um skólamál (NSS), önnur um æðri menntun (HÖGUT) og sú þriðja um fullorðinsfræðslu (SVL). Auk stjórnarnefndanna starfa vinnuhópar að tilteknum tímabundnum verkefnum.

Samstarf um skólamál.

Verksvið ráðgjafarnefndarinnar um samstarf um skólamál (NSS) nær til leik-, grunn- og framhaldsskóla. Tilgangurinn með starfi nefndarinnar er að stuðla að því að bæta skólastarf

á Norðurlöndum og því tekur nefndin til umfjöllunar þau mál sem efst eru á baugi á hverjum tíma og miðlar upplýsingum um skóla og skólastarf til þeirra sem í hlut eiga.

Á formennskuári Finna var á sviði skólamála m.a. lögð hersla á líðan nemenda í skólum, gæði í skólastarfi, starfsmenntun og samvinnu við Norðvestur-Rússland.

Á sviði skólamála lögðu Finnar ríka áherslu á líðan nemenda í grunn- og framhaldsskólum og kynntu hvað væri verið að gera í Finnlandi í þeim málum. Haldin var ráðstefna þar sem fyrirlesarar alls staðar að á Norðurlöndum kynntu rannsóknir og verkefni og fólki gafst tækifæri til að bera saman bækur sínar.

Á síðastliðnum þremur árum hefur nefndin einbeitt sér að því að skoða lestrarfærni grunnskólaskólanemenda á Norðurlöndum. Í því skyni var stofnaður norrænn vinnuhópur sem m.a. hélt málstofu með helstu sérfræðingum Norðurlanda í lestrarmálum og fyrir stuttu kom út skýrsla um málstofuna og niðurstöður hennar. Einnig kom út skýrsla sem unnin var fyrir nefndina þar sem m.a. brýnum samstarfsverkefnum á sviði lestrarkennslu er forgangsraðað.

Haldið var áfram með ýmis verkefni tengd gæðum í skólastarfi. Þá var unnið áfram með verkefni tengd starfsmenntun á Norðurlöndum. Einnig var haldinn fundur með SVL um m.a. samvinnu milli NSS og SVL.

Háskólasamstarf.

Stjórnarnefndin um æðri menntun (HÖGUT) hefur umsjón með samstarfi um æðri menntun á vettvangi ráðherranefndarinnar. Helsta hlutverk stjórnarnefndarinnar er að stuðla að eflingu norræns samstarfs um æðri menntun m.a. með athugunum, verkefnum, ráðstefnum og samráði við háskóla. Vegvísar í starfi HÖGUT í formennskuáætlun Finna voru: „Möjligheternas Norden – Nära dig“.

Á árinu var haldið áfram að undirbúa Nordplus-rammaáætlunina sem tekur gildi árið 2008. Með rammaáætluninni er verið að samþætta ólíkar menntaáætlanir Norrænu ráðherranefndarinnar undir einn hatt og auka þannig samlegðaráhrif milli verkefna á ólíkum skólastigum.

Nordplus-áætlunin er mikilvægasta verkfæri stjórnarnefndarinnar til að auka og efla samstarf háskóla á Norðurlöndum með nemenda- og kennaraskiptum. Við val á verkefnum fyrir 2007 var lögð áhersla á náttúruvísindi, sameiginlegar prófgráður og samstarf háskóla svo og virka þátttöku Eystrasaltsríkjanna.

Undir Nordplus-áætlun Norrænu ráðherranefndarinnar var í fyrsta sinn auglýst eftir umsóknum um styrki til að setja upp sameiginlegar háskólagráður (Nordic Master) meðal norrænna háskóla. Sex umsóknir fengu styrki og eru íslenskir háskólar þátttakendur í þremur þeirra. Slíkir styrkir verða boðnir í þrjú ár en þá verður gerð úttekt á árangri verkefnisins.

Norræn ráðstefna um kennaramenntun á Norðurlöndum var haldin í mars sl. í Ósló. Markmiðið með ráðstefnunni var að bera saman stöðu kennaramenntunar í norrænu löndunum. Í kjölfarið er stefnt að því að gera samanburðarrannsókn á menntun kennara milli landanna.

Ráðstefna sem haldin var í desember sl. á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar undir formennsku Finna bar heitið: „Developing joint programmes and degrees in Nordic and Baltic countries“.

Fullorðinsfræðsla.

Stjórnarnefnd um fullorðinsfræðslu (SVL) fjallar um þau málefni er varða menntun fullorðinna sem efst eru á baugi hverju sinni að undanskildum þeim málefnum er falla undir verksvið háskólanefndarinnar. Grundvallarmarkmiðið í norrænu samstarfi um fullorðins-

fræðslu er að stuðla að og þróa skilning á fjölbreytileika og samkennd á þessu sviði á Norðurlöndum og efla norðlæga vídd á alþjóðavettvangi.

Stjórnarnefndin fól Fræðslumiðstöð atvinnulífsins að vera íslenskur tengiliður í norrænu samstarfsneti um fullorðinsfræðslu (NVL) í fjögur ár frá upphafi árs 2005. Norræna netinu er ætlað að vera fullorðinsfræðsluaðilum til stuðnings, fanga nýjar hugmyndir og eiga frumkvæði að nýjum verkefnum sem eru til þess fallin að vinna að á norrænum vettvangi. Þá á netið að afla og miðla upplýsingum um norrænt samstarf á sviði fullorðinsfræðslu.

Í ársbyrjun 2008 hófst ný áætlun Nordplus Junior sem styður við verkefni á sviði símenntunar og fullorðinsfræðslu og stuðlar að hreyfanleika og myndun samstarfsneta milli Norðurlandaþjóðanna á þessu sviði. Alþjóðaskrifstofa háskólastigsins veitir upplýsingar og aðstoð vegna þátttöku í norrænum samstarfsáætlunum í menntamálum.

Vísindasamstarf.

Norrænt vísindasamstarf er nú í meginatriðum skipulagt með aðstoð NordForsk sem tók til starfa í ársbyrjun 2005 sem sjálfstæð stofnun undir skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar, en Norræna vísindastefnuráðið (FPR) og Norræna stofnunin um vísindamenntun (NorFA) voru lögð niður á sama tíma. Stjórn NordForsk er skipuð fulltrúum rannsóknarráðanna í ríkjunum fimm, tveimur fulltrúum norrænna háskóla tilnefndum af samstarfi háskóla á Norðurlöndum (NUS) og einum fulltrúa atvinnulífs tilnefndum af ráðherranefnd iðnaðar- og atvinnumála. Af hálfu Íslands situr formaður vísindanefndar Vísinda- og tækniráðs og formaður Rannsóknasjóðs í stjórninni. Rannís hefur með höndum starfræn tengsl við NordForsk og annast upplýsingamiðlun þar að lútandi.

Í fyrstu starfsáætlun NordForsk, sem unnið verður eftir árin 2006–2009, skilgreinir stofnunin framtíðarsýn og starfsaðferðir sínar. Lögð er sérstök áhersla á að byggja samstarf landanna á innri styrk Norðurlanda og þeim þjóðfélagslegu gildum sem einkenna löndin fimm og beita samstarfinu í hnattrænu samhengi. NordForsk leitast við að marka áherslusvið sem rannsóknarráðin og fjármögnunaraðilar rannsókna í aðildarlöndunum telja mikilvæg og leggja sjálf til fjármagn að verulegu leyti. Fjármunir NordForsk eru fyrst og fremst ætlaðir til að tengja áherslusvið landanna sem best til að skapa samlegðaráhrif. Stofnunin rekur að þessu leyti ekki sjálfstæða stefnu í vali á áherslum en tekur mið af áherslum aðildarlandanna. Við mat á samstarfsverkefnum sem stofnunin tekst á hendur er lögð rík áhersla á alþjóðlega samkeppnishæfni rannsóknarverkefna á grundvelli vísindalegra gæða um leið og tekið er mið af þjóðfélagslegum þörfum.

Starfsaðferðir NordForsk byggjast á því að laða til samstarfs framsæknustu aðila í vísindum á Norðurlöndum til að ná fram sem sterkustu áhrifum í alþjóðlegu samhengi og gera árangurinn sýnilegan. Efnt er til samkeppni um hugmyndir og samstarfsverkefni. Sett hafa verið á laggirnar norræn öndvegissetur (Nordic Centers of Excellence, NCoE) á eftirfarandi sviðum:

- Matvæli, næring og heilsa.
- Velferðarsamfélagið.
- Hnattrænar breytingar.
- Læknisfræðileg sameindalíffræði.
- Hug- og félagsvísindi.

Starfræktir eru norrænir rannsóknarnámsskólar í tengslum við norrænu öndvegissetrin og skipulagt netsamstarf rannsóknarnámsskóla í aðildarlöndunum. Einnig hefur verið efnt til samstarfs milli öndvegissetra í aðildarlöndunum á sviðum sameindalíffræði, barnasálfræði

og norrænna samanburðarmálvísinda. Þá heldur NordForsk utan um þemasamstarf milli stofnana á Norðurlöndum á sviði faraldsfræðilegra rannsókna, hafveðurfræðirannsókna og er bakhjarl Nordunet 3, sem er samstarf norrænna háskólaneta um þróun háhraðatenginga milli Norðurlanda og við umheiminn á grundvelli tenginets sem NorduNet AS starfrækir og RH-net er aðili að fyrir Íslands hönd.

9. Vinnumál og vinnuverndarmál

Á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar um vinnumál og vinnuverndarmál (MR-A) var á árinu undirbúinn ráðherrafundur þar sem fjalla átti um áhrif stækkunar ESB á norræna vinnumarkaðinn. Einnig voru undirbúnar umræður í ráðherraráði ESB um sveigjanleika með öryggi (flexicurity) og var vísað til grænbókar ESB um umbætur á reglum sem gilda á vinnumarkaði í aðildarríkjunum.

Vinnuhópur ráðherranefndarinnar um flutning starfsmanna frá nýjum aðildarríkjum ESB til norrænu landanna lauk á árinu við skýrslu sem fyrirhugað var að kynna á ráðherrafundinum. Í henni kemur fram að frá stækkun ESB árið 2004 hafi straumur fólks á vinnufærum aldri frá Eystrasaltsríkjunum og Póllandi til Norðurlanda stóraukist. Á því tímabili sem skýrslan tekur til hófu 150 þúsund nýir starfsmenn frá þessum löndum störf í einhverju norrænu landanna og 75 þúsund fengu leyfi sín endurnýjuð í þeim tilvikum sem það var nauðsynlegt. Við þetta bætast starfsmenn sem dvöldu í löndunum vegna tímabundinna verkefna eða voru óskráðir. Vinnuhópurinn telur að sá hópur sé jafn stór ef ekki stærri en sá fyrrnefndi. Þetta hefur haft ýmsar afleiðingar ekki síst fyrir þau ríki sem hafa þurft að sjá á bak þessu vinnuafli en hér er fyrst og fremst um að ræða ungt og í flestum tilvikum vel menntað starfsfólk. Flutningur þess til annarra landa hefur skapað vandamál heima fyrir, einkum hefur skortur á hæfu fólki verið tilfinnanlegur og hamlað framförum í atvinnulífi og staðið í vegi efnahagslegra framfara.

Fyrirhugað var að norrænu vinnumálaráðherrarnir skiptust á skoðunum um stöðu nokkurra mála á vettvangi ESB. Endurskoðun á vinnutímatilskipun sambandsins, sem að stofni til er frá árinu 1993, er vandasöm. Á sínum tíma tókst sumum aðildarríkjum ESB, einkum Bretum, að tryggja sér undanþáguheimildir í tilskipuninni. Það hefur valdið óánægju annarra aðildarríkja sem annað hvort vilja fella þessar heimildir niður eða að þær verði látnar taka til allra ríkjanna. Einnig er ágreiningur um það hvernig fara skuli með bakvaktir þegar vinnutími er reiknaður. Nefna má áhuga sumra aðildarríkja ESB á því að settar verði samræmdar Evrópureglur um starfsemi starfsmannaleiga. Norrænu löndin eru ekki samstíga í afstöðunni til þessa málefnis.

Árlegur fundur Norrænu ráðherranefndarinnar um vinnumál og vinnuverndarmál (MR-A) féll hins vegar niður vegna ónægrar þátttöku ráðherra, eftir að hann hafði verið undirbúinn.

Embættismannanefndin.

Norræna embættismannanefndin um vinnumál og vinnuverndarmál (EK-A) hélt fundi í apríl og október. Meginviðfangsefni nefndarinnar er að undirbúa fundi norrænu vinnumálaráðherranna.

Á fundum nefndarinnar eru lagðar fram til umræðu skýrslur ríkjanna um helstu viðfangsefni stjórnvalda vinnumála. Í þeim eru birtar hagtölur t.d. að því er varðar ný störf, atvinnuleysi og útgáfu atvinnuleyfa til erlendra starfsmanna. Sérstök áhersla er lögð á kynningu á nýjum áætlunum eða nýrri löggjöf um félags- og vinnumál. Skýrslurnar gefa oft tilefni til gagnlegra skoðanaskipta. Á árinu vöktu einkum athygli tillögur Svía um aðgerðir til að gera

ýmsa hópa sem hafa staðið utan vinnumarkaðarins að virkum þátttakendum í atvinnulífinu.

Alþjóðavæðing efnahags- og atvinnulífs hefur verið forgangsverkefni Norrænu ráðherranefndarinnar. Umræðan hefur þó ekki verið eins umfangsmikil og ætla mætti í embættismannanefndinni um atvinnulíf og vinnuumhverfi þar sem athygli ráðherranefndarinnar hefur beinst að afleiðingum alþjóðavæðingar á ýmsa umhverfisþætti eins og breytingum á loftslagi og áhrifum þess á veðurfar. Þó er ein af afleiðingum alþjóðavæðingar flutningurinn á framleiðslu og þjónustu frá iðnríkjum til ríkja þar sem minni virðing er borin fyrir grundvallarréttindum í atvinnulífinu. Hættan á því sem nefnt er félagsleg undirboð fer vaxandi.

Til umræðu var að ráðast í endurskoðun Norðurlandasamningsins um vinnuumhverfi frá 1989 eða að gerð verði við hann bókun sem feli í sér uppfærslu á þeim ákvæðum hans sem þykja úrelt. Hugmyndin mætti andstöðu Svía og var málið tekið af dagskrá nefndarinnar.

Á fundi nefndarinnar var gerð grein fyrir drögum að skýrslu vinnuhóps sem var falið að taka saman yfirlit yfir veikindaforföll í atvinnulífinu á Norðurlöndum. Þetta er töluvert og vaxandi vandamál sem hefur verið Norðmönnum hugleikið.

Málefni innflytjenda hafa síðustu missirin fengið minni athygli á vettvangi ráðherranefndarinnar en áður var. Það er að breytast og er ljóst að með breyttri stefnu varðandi aðgang að norræna vinnumarkaðnum munu málefni innflytjenda fá aukna þýðingu í starfi ráðherranefndarinnar. Kynnt var skýrsla og tillögur starfshóps um aðlögun innflytjenda og samþykkt var að fela vinnumarkaðsnefndinni að fara nánar yfir þær. Gert er ráð fyrir að vinnumarkaðsnefndin skili síðan embættismannanefndinni tillögum um frekari sameiginleg norræn verkefni á þessu sviði.

Núverandi samstarfsáætlun á sviði vinnu- og vinnuverndarmála gildir árin 2005–2008. Embættismannanefndin samþykkti á árinu að stofna starfshóp til að endurskoða samstarfsáætlunina og semja drög að nýrri áætlun sem gildi fyrir árin 2009–2011. Starfshópurinn leggur til að samstarfsáætlunin taki til fjögurra ára og gildi til ársins 2012.

Nefnd um vinnurétt (NAU).

Nefnd um vinnurétt hélt tvo fundi á árinu. Á fundunum kom meðal annars fram sameiginleg þörf ríkjanna fyrir fleira fólk til starfa á vinnumarkaði til að gegna ósérhæfðum sem og sérhæfðum störfum. Í því sambandi var rætt almennt um nauðsyn þess að fá ungt fólk út á vinnumarkaðinn sem og að halda eldra fólki sem lengst á vinnumarkaði. Enn fremur var rætt um vinnu við breytingar á löggjöf ríkjanna, meðal annars í tengslum við mismunun, leyfi erlendra ríkisborgara til atvinnuþátttöku og minni álögur á atvinnulífið. Töluverð umræða varð um eftirfylgnina við stækkun ESB til austurs og skiptust nefndarmenn á upplýsingum um þær aðgerðir sem einstök ríki hafa gripið til í kjölfar stækkunarinnar. Þá skiptust nefndarmenn á upplýsingum í sambandi við innleiðingu ríkjanna á ESB-tilskipunum og farið var yfir þau mál á hendur ríkjunum er liggja fyrir Evrópudómstólnum, Mannréttindadómstólnum, Alþjóðavinnumálastofnuninni og hjá embættismannanefnd er starfar á grundvelli félagsmálasáttmála Evrópu.

Norræna vinnumarkaðsnefndin.

Vinnumarkaðsnefndin er vettvangur fyrir umræðu um atvinnumál, vinnumarkaðsmál og vinnumarkaðsrannsóknir. Verkefni nefndarinnar tengdust samstarfsáætlun ráðherranefndarinnar á vinnumálasviðinu 2005–2008. Áætlunin hefur m.a. að markmiði að stuðla að áframhaldandi þróun samstarfsins, miðlun reynslu og framkvæmd verkefna.

Í starfi sínu leggur nefndin m.a. áherslu á að allar vinnufúsar hendur hafi verk að vinna. Enn fremur er áhersla á:

– Að samþætta samstarfsverkefni ráðherranefndarinnar við starf vinnumarkaðsnefndarinnar auk þess að fylgja eftir ákvörðunum á vegum ráðherranefndarinnar svo og embættismannanefndarinnar.
– Að auka hreyfanleika vinnuafls milli Norðurlanda og innan landanna á milli svæða og atvinnugreina með það að leiðarljósi að tekið sé mið af síbreytilegum aðstæðum á vinnumarkaðnum. Innflytjendamál verða einnig hluti af starfssviði vinnumarkaðsnefndarinnar.
– Aðgerðir sem beinast gegn stjórnsýsluhindrunum og fylgjast með hnattvæðingu vinnumarkaðar með það að markmiði að vinnumarkaðurinn starfi á sem eðlilegastan hátt.
– Að þróa upplýsingalíkön og miðla upplýsingum um vinnumarkaðsstefnuna, þ.m.t. vinnumarkaðsaðgerðir og skipulag þeirra.

Undir formennsku Finna var lögð áhersla á:

– Aukna skilvirkni vinnumálayfirvalda.
– Rannsókn á ástæðum fyrir vaxandi tíðni veikindaforfalla frá vinnu.
– Stækkun ESB og áhrif á norrænt samstarf.
– Greið samskipti á vinnumarkaði og samráð við samtök aðila vinnumarkaðarins.

Norrænt atvinnuleysistryggingamót var haldið í Færeyjum í júní sl. þar sem m.a. var fjallað um mismun á réttindum og lög og reglur sem torvelda launafólki að flytjast á milli norrænu landanna í atvinnuskyni.

Sérfræðingar frá Danmörku, Svíþjóð, Noregi og Finnlandi ræddu um það hvernig ríkin mæta auknum skorti á vinnuafli með því að styrkja vinnumiðlunar/ráðningarsamstarf svo og samstarf við atvinnurekendur.

Ákveðið hefur verið að leysa af hólmi norræna nefnd um málefni innflytjenda á vinnumarkaðnum en verkefni hennar voru falin vinnumarkaðsnefndinni. Framkvæmdaáætlun fyrir tímabilið 2009–2012 var samþykkt og kom í stað áætlunarinnar 2005–2008.

Nefndin gaf út:

– Skýrslu um reynslu norrænu landanna af aðlögun innflytjenda og flóttamanna að vinnumarkaðnum.
– Skýrslu um aðlögun fólks með litla menntun að vinnumarkaðnum og áhrif atvinnuleysisbóta (samanburðarrannsókn í þremur norrænum löndum).
– Skýrslu um sameiginlegan norrænan vinnumarkað 1954–2004.
– Skýrslu frá ráðstefnu um alþjóðavæðingu vinnumarkaðar.

Eftirfarandi verkefni eru í vinnslu:

– Hreyfanleiki á norrænum vinnumarkaði.
– Atvinnugreinar þar sem skortur er á vinnuafli.
– Frá skóla til þátttöku í atvinnulífinu í einstökum norrænum löndum að því er varðar val á menntun eða starfsbrautum.

Atvinnuskipti ungs fólks.

Umfangsmikið norrænt samstarfsverkefni á sviði vinnumála er Nordjobb, sem byggir á atvinnuskiptum ungs fólks milli norrænu landanna. Upphaflega var það hluti af starfi opinberu vinnumiðlunarinnar í norrænu ríkjunum að Íslandi undanskildu en hér var starfsemin á vegum Norræna félagsins. Þróunin hefur orðið sú að hún hefur nú einnig færst til Norrænu félaganna í öðrum norrænum löndum. Á árinu komu 93 ungmenni til starfa á Íslandi en 67

ungmenni fóru héðan til starfa á Norðurlöndum. Einnig var unnið að menningartengdu verkefni um ungmennaskipti sem nefnist Snorraverkefnið. Í því felst að tekið er á móti börnum Vestur-Íslendinga til sumardvalar á Íslandi en síðastliðið sumar dvöldu 30 vestur-íslensk ungmenni hér. Í samstarfi við Íslendingafélögin á „Nýja-Íslandi“ í Manitoba fóru 10 íslensk ungmenni til sumardvalar í Kanada.

Samstarfshópur um upplýsingamiðlun um vinnumarkaðsmál (NIAL).

Samstarfshópurinn miðlar upplýsingum á vinnumálasviði en undir það falla vinnumarkaðs-, vinnuumhverfis- og vinnuréttarmál. Haldnir voru tveir fundir.

Gefin voru út þrjú tölublöð af „Arbejdsliv i Norden“ (AiN) og eitt af „Nordic Labour Journal“ (NLJ). Þema fyrsta tölublaðs AiN var „Arbetsmiljön – företagens dolda kapital“. Í öðru tölublaði var þemað „På vei til den første jobben“ og í því þriðja „Klimatkrisen skapar nya gröna jobb“. Í NLJ var þemað „The hunt for manpower is on – is labour import the solution?“

Norræna samstarfsnefndin um vinnuvernd.

Árið 2007 var fyrsta heila starfsár norrænu samstarfsnefndarinnar um vinnuvernd, sem snýr bæði að almennu vinnuverndarstarfi og að rannsóknum á sviði vinnuverndar. Nefndin hélt tvo fundi á árinu.

Fram kom ósk finnsku formennskunnar um að norræna vinnuverndarsamþykktin frá 1989 (Arbeidsmiljökonvensjonen) yrði tekin til endurskoðunar með það markmið að gera hana að fullu virka og skilgreina leiðir þar að lútandi. Ekki náðist þó full samstaða um endurskoðun.

Nefndin skilgreindi kjarnaverkefni sín sem eru:

– Að bæta vinnuumhverfi, heilsu, velferð og framleiðni í atvinnulífinu á Norðurlöndum.
– Öflugt samstarf með samstarfsverkefnum og öðrum aðgerðum til að styðja vinnuverndarstarf og stefnumótun í löndunum.
– Umfjöllun um mikilvæg viðvangsefni og vandamál sem kalla á pólitísk viðbrögð embættismannanefndarinnar og norrænu vinnumálaráðherranna.

Byggt á þessu og með tilvísun í samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar kallaði nefndin eftir því að áherslur í vinnuverndarverkefnum á Norðurlöndum, sem yrðu styrkt af nefndinni, væru á eftirfarandi sviðum:

– Sálfélagslegt vinnuumhverfi, varnir gegn sjúkdómum í hreyfi- og stoðkerfi og varnir gegn vinnuslysum.
– Markmið og áhrif stefna í vinnuverndarmálum á Norðurlöndum.
– Fækkun veikindafjarvista og atvinna fyrir alla.
– Erlent vinnuafl, vinnuumhverfi, félagsleg undirboð og efling samstarfs stjórnvalda á þessu sviði.
– Staðlar á vinnuverndarsviði á innri markaði EU.

Teknar voru fyrir umsóknir um styrki til vinnuverndarstarfs á Norðurlöndum. Fáar umsóknir bárust á sviði vinnuverndarrannsókna. Ástæðan gæti verið að sænska rannsóknarstofnunin á sviði vinnuverndar hafi verið lögð niður, drifkraftur í norrænu rannsóknarsamstarfi þar með orðið fyrir tjóni og grundvöllur fyrir samvinnuverkefnum því mun lakari en áður. Af alls 19 umsóknum voru fimm umsóknir um samstarfsverkefni frá Íslandi en þrjú þeirra voru samþykkt:

– Verkefni um vinnuaðstæður og líkamsbeitingu/líkamlegt álag; samræmingu milli eftirlitsstofnana.

– Verkefni um samvinnu á efnasviði milli eftirlitsstofnana.
– Norræn vinnueftirlitsráðstefna sem haldin verður á Íslandi 2.–4. júní nk. og mun fjalla um áhrif hnattvæðingar og áskoranir í vinnuverndarstarfi.

Auk þess voru veittir styrkir til sex þemafunda til viðbótar þar sem fulltrúar Íslands verða virkir þátttakendur. Auk þess taka Íslendingar þátt í tveimur rannsóknarverkefnum.

Samráðsfundir um vinnuvernd.

Fulltrúar Íslands tóku þátt í fjórum samráðsfundum um vinnuverndarmál. Þeir voru á eftirfarandi sviðum:

– Bygginga- og mannvirkjagerð. Fjallað var um reglugerðir, leiðbeiningar, aðferðir og stöðu vinnuverndar í byggingariðnaði á Norðurlöndum. Löndin upplýstu m.a. um nýjungar sem eru í farvatninu á sviði reglugerða og nálgun í eftirliti. Á fundinum kom fram hugmynd um að löndin fimm finni góðar fyrirmyndir á sviði vinnuverndar í byggingariðnaði og skoði hvort hjá þeim séu sameiginlegar áherslur sem megi miðla sem norrænu módeli.
– Vinnuaðstæður og álag á hreyfi- og stoðkerfið í vinnu. Tekið hefur verið saman yfirlit yfir gildandi reglur og leiðbeiningar á þessu sviði sem gilda á Norðurlöndum til að auðvelda samræmingu milli landanna. Farið var yfir aðferðir sem prófaðar hafa verið til að meta líkamlegt álag við að handleika byrðar en þeirri vinnu verður fram haldið á næsta ári. Dagana 11.–13. ágúst nk. verður haldin norræn vinnuvistfræðiráðstefna, NES2008, í Reykjavík.
– Eftirlit með sálfélagslegum þáttum í vinnuumhverfinu. Fjallað var um mismunandi aðferðir í eftirliti með sálfélagslegu vinnuumhverfi og átaksverkefni sem löndin hafa unnið að. Bornar voru saman bækur og reynsla reifuð en öll löndin leggja nú ríka áherslu á að hafa þennan þátt með í eftirlitinu þó að nálgunin sé mismunandi. Umræða og upplýsingamiðlun gagnast hérlendis í áframhaldandi þróun aðferða.
– Staðlamál. Fjallað var um samvinnu milli landanna um staðla á ólíkum sviðum vinnuverndar, s.s. byggingavara, persónuhlífa, véla/tæknilegs búnaðar og þrýstibúnaðar. Áhersla mun á næstunni beinast að markaðseftirliti með vörum.

Íslendingar tóku þátt í verkefni um stefnu á sviði vinnuverndar og í verkefni um samspil vinnuumhverfis og aukinna krafna um framleiðni í heilbrigðiskerfinu. Seinna verkefnið er á byrjunarstigi. Tvö önnur verkefni sem Íslendingar hafa tekið þátt í nálgast nú lokastig, annað þeirra lýtur að áhrifum af vaktavinnu og óreglulegum vinnutíma á starfsmenn en hitt lýtur að öryggishegðun á byggingarvinnustöðum.

Stjórn norrænu stofnunarinnar um menntun á sviði vinnuverndar (NIVA).

NIVA fagnaði á árinu 25 ára afmæli sínu. Námskeiðshald var með hefðbundnu sniði. Tilraun var gerð með svokallaðan NAM-NIVA sumarskóla, þ.e. sameiginlegan sumarskóla NIVA og NAM (Nordisk Arbejds Miljömöte), en ekki reyndist vera vilji fyrir áframhaldi þar sem hlutur NIVA í námskeiðinu yfirgnæfði nokkuð hlut NAM. Stjórn NIVA á fyrst og fremst að vera stefnumótandi um almennt innihald námskeiða og umfang. Áfram er lögð áhersla á að námskeiðin nýtist sérfræðingum og verðandi sérfræðingum á sviði vinnuverndar. Þá er lögð meiri áhersla á að ná til stjórnenda og þeirra sem starfa að vinnuvernd í fyrirtækjum sem og þeirra sem vinna hjá vinnueftirlitsstofnunum. Á árinu 2008 er gert ráð fyrir u.þ.b. sama umfangi starfseminnar með alls 12 námskeiðum sem þegar eru ákveðin. Þá er gert ráð fyrir meiri sveigjanleika í framtíðinni þannig að koma má á fót námskeiði á sviði vinnuverndar

með stuttum fyrirvara. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu stofnunarinnar www.niva.org.

10. Atvinnumál, orkumál og byggðamál

Á fundi sínum í júní sl. ákváðu forsætisráðherrar Norðurlanda að nýta þau sóknarfæri sem felast í hnattvæðingunni. Í samþykkt þeirra frá fundinum eru margar og ólíkar tillögur sem allar miða þó að því að bregðast við hnattvæðingunni á þann hátt að nýta styrkleika Norðurlanda til sóknar. Í því samhengi er einkum horft til menntunar, nýsköpunar, loftslagsmála, umhverfismála og orkumála. Stór hluti þessara málaflokka heyrir undir ráðherranefndina um atvinnu-, orku- og byggðamál (MR-NER), sérstaklega embættismannanefndina um atvinnu- og orkumál (EK-NE). Þetta verkefni breytir á ýmsan hátt dagskrá Norrænu ráðherranefndarinnar og einstakra embættismannanefnda. Í lok ársins var búið að skilgreina og vinna verklýsingar fyrir þau verkefni sem byrjað verður á að vinna í hnattvæðingarvinnunni. Ráðherranefndin um atvinnu-, orku- og byggðamál á beina aðild að flestum þessara verkefna og ber ýmist fulla ábyrgð á þeim eða ábyrgð að hluta. Verkefnin eru þessi: 1) hágæðarannsóknir, 2) athugun á möguleikum þess að setja á fót starf nýsköpunarfulltrúa í Asíu, 3) norræn nýsköpunarverðlaun, 4) EnergiExpo (sýning), 5) Expo 2010 í Shanghæ (sýning), 6) norrænt hnattvæðingarþing, 7) samvinna við samningagerð vegna útblásturs gróðurhúsalofttegunda eftir 2012 og 8) samstarfsvettvangur um afnám stjórnsýsluhindrana.

Því má gera ráð fyrir nokkuð breyttum áherslum í störfum nefndanna.

Frá því að ákvörðun forsætisráðherranna lá fyrir í júní má segja að vinna embættismannanefndanna hafi að miklu leyti snúist um úrvinnslu á þeim verkefnum sem fyrir lágu í hnattvæðingarvinnunni. Áform eru uppi um að setja á fót vinnuhópa, með fulltrúum frá hverju landi, í flestum ef ekki öllum þeim verkefnum sem upp eru talin hér að framan sem mun kalla á töluverð umsvif. Í desember var óskað eftir tilnefningum í stýrihóp um hágæðarannsóknir og af Íslands hálfu tilnefndu embættismannanefndir um orkumál og atvinnumál sameiginlega einn fulltrúa með sérfræðiþekkingu á orkumálum.

Fundur í ráðherranefndinni um atvinnu-, orku- og byggðamál var haldinn í Helsingfors 19.–20. september sl. Nánar er fjallað um þann fund hér á eftir undir hverjum málaflokki.

Formlega starfa tvær embættismannanefndir um viðkomandi málaflokka, embættismannanefndin um byggðamál (EK-R) og embættismannanefndin um atvinnu- og orkumál (EK-NE). Þó um eina embættismannanefnd sé að ræða á sviði orku- og atvinnumála, er þó oftast fundað aðskilið um málaflokkana, þ.e. EK-NE/Næring og EK-NE/Energi og byggir umfjöllunin hér á eftir á því fyrirkomulagi.

Haldinn var einn fundur þar sem saman komu embættismenn allra ofangreindra málaflokka (EK-NER) en tveir fundir voru haldnir þar sem fjallað var um atvinnu- og orkumál (EK-NE). Nefndirnar héldu auk þess fundi hver fyrir sig.

Atvinnumál.

Á árinu hafði ákvörðun forsætisráðherra Norðurlanda í hnattvæðingarmálum mikil áhrif á störf embættismannanefndar um atvinnumál (EK-NE/ Næring) og snérist vinnan í nefndinni að miklu leyti um hinar nýju tillögur.

Á ráðherrafundinum í september sl. voru hnattvæðingarmálin rædd en einnig önnur mál á sviði atvinnumála. Rætt var um að stuðla þyrfti að frekari samvinnu stofnana á Norðurlöndum sem vinna að nýsköpun enda gæti slíkt tengslanet verið til þess fallið að styrkja starfsemi þessara aðila. Samvinna stofnananna og upplýsingamiðlun þeirra á milli er einnig

talin mikilvæg í ljósi þeirrar miklu áherslu sem liggur á nýsköpun í hnattvæðingarvinnunni. Í framhaldinu var undirbúinn sameiginlegur fundur með fulltrúum frá stofnunum sem vinna með nýsköpun í öllum löndunum fimm og er hann áformaður í ársbyrjun 2008.

Ráðherrarnir ræddu einnig stöðu áhættufjármagns á Norðurlöndum. Talsvert starf hefur verið unnið á þessu sviði að frumkvæði embættismannanefndarinnar. Undir stjórn Norrænu nýsköpunarmiðstöðvarinnar (NICe) voru vinnuhópar að störfum á árinu 2006 sem skiluðu af sér þremur skýrslum um stöðu þessara mála á Norðurlöndum. Þá var einnig haldin ráðstefna um málið í árslok 2006. Í framhaldi af þeirri vinnu var ákveðið á ráðherrafundinum að setja saman vinnuhóp með fulltrúum frá öllum norrænu löndunum sem hefur það verkefni að greina frekar þarfirnar á þessu sviði og meta hvort ástæða sé til að mæla með breytingum á reglum. Ísland á fulltrúa í þessum hópi sem hóf störf í október sl. og áformað er að skili af sér í apríl nk.

Ráðherrarnir ræddu einnig ferðamál, m.a. nýsköpun á sviði ferðamála. Svíar munu á formennskuári sínu 2008 leggja áherslu á ferðamál og embættismannanefndin um atvinnumál hefur ákveðið að styrkja tveggja til þriggja daga málþing um ferðamennsku á norðlægum slóðum (arktisk turisme) sem haldið verður á árinu 2008. Norræna nýsköpunarmiðstöðin hefur í samvinnu við fulltrúa Grænlendinga í embættismannanefndinni haft með höndum undirbúning málþingsins. Með þessu er verið að fylgja eftir ákvörðunum ráðherranefndarinnar frá árunum 2003 og 2004 um sjálfbæra ferðamennsku á norðlægum slóðum.

Þrátt fyrir að hnattvæðingarmálin hafi tekið mikinn tíma nefndarinnar var öðrum verkefnum þó sinnt samhliða. Megináherslur í störfum nefndarinnar eru þríþættar þ.e. 1) greining og afnám stjórnsýsluhindrana í atvinnulífi, 2) nýsköpun í atvinnurekstri og 3) áhættufjármagn. Áhersla á aðgerðir gegn stjórnsýsluhindrunum er áfram mikil og sérstakur starfsmaður (pádriver) sem ráðinn var til að sinna þessu verkefni var að störfum allt árið. Starfshópur um aðgerðir gegn stjórnsýsluhindrunum á byggingavörumarkaði var einnig að störfum allt árið. Verkefnið nær til Norðurlanda, Eystrasaltsríkjanna og Póllands. Til stóð að verkefninu lyki á árinu en óskað hefur verið eftir framlengingu á því.

Orkumál.

Samstarf um orkumál á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar byggir á aðgerðaáætlun fyrir árin 2006–2009 (Handlingsplan for det nordiske energisamarbejde 2006–2009). Helstu áherslurnar eru á orkumarkaðinn, sjálfbær orkukerfi og norræn orkumál í alþjóðlegu samhengi. Í samræmi við þessar áherslur hafa verið starfandi 4 vinnuhópar sem fjalla um raforkumarkaðinn, orkuhagkvæmni, endurnýjanlega orkugjafa og orkuöflun á dreifbýlum svæðum. Ísland hefur tekið þátt í síðastnefnda vinnuhópnum en þar er lögð áhersla á að finna sjálfbærar orkulausnir fyrir dreifbýl svæði sem standa utan nettengingar. Einkum er um að ræða Grænland, Færeyjar og nyrstu svæði Noregs. Á þessum vettvangi hefur einnig verið lögð áhersla á að ná samstarfi við nágranna okkar í vestri, þ.e. Austur-Kanada og Hjaltlandseyjar, en þar hefur komið fram mikill áhugi á samstarfi á sviði orkumála. Á haustdögum var haldin ráðstefna á Hjaltlandseyjum þar sem fjallað var um þau vandamál sem steðja að dreifbýlum svæðum varðandi endurnýjanlega orku. Iðnaðarráðuneytið styrkti ráðstefnuna.

Ísland tók einnig þátt í afmörkuðu verkefni á vegum vinnuhóps um endurnýjanlega orkugjafa.

Norrænar orkurannsóknir (NEF) leika stórt hlutverk í norrænu samstarfi á sviði orkumála. Sjóðurinn er fjármagnaður beint af löndunum auk þess sem hann fær fjármuni af norrænum fjárlögum. Nokkur íslensk verkefni hafa fengið styrk úr sjóðnum. Eitt stærsta verkefni sem

sjóðurinn hefur fjármagnað lýtur að rannsóknum á áhrifum loftslagsbreytinga á endurnýjanlega orkugjafa. Verkefninu hefur verið stýrt af Vatnamælingum Orkustofnunar.

Á fundi norrænu orkumálaráðherranna í september var mest áhersla lögð á málefni raforkumarkaðarins og samræmingu á honum. Þrátt fyrir að hinn norræni raforkumarkaður sé fyrirmynd varðandi samrekstur á slíkum markaði er ljóst að enn er margt sem betur má fara. Áhersla var lögð á mikilvægi þess að halda áfram þeirri vinnu sem fram hefur farið á þeim vettvangi. Raforkuhópnum, sem starfar í umboði embættismannanefndarinnar, var falið að útfæra tillögu ráðherranna um sameiginlegan kerfisstjóra (TSO). Hópurinn á að leggja fram tillögur fyrir næsta ráðherrafund að ári.

Einnig var rætt um mikilvægi þess að auka enn hlut endurnýjanlegra orkugjafa og að norrænu löndin mörkuðu sér sameiginlega stefnu og markmið í loftslagsmálum og leiðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Fimm fundir voru haldnir á árinu í embættismannanefndinni um orkumál (EK-NE/E). Einnig voru haldnir tveir fundir þar sem fjallað var um Evrópumál og áhrif ESB á norrænt orkusamstarf.

Mörg þeirra verkefna sem vinna á að á næstu árum í samræmi við nýjar áherslur forsætisráðherranna snúa beint að orkumálum. Embættismannanefndin hefur farið yfir tillögurnar og gert athugasemdir varðandi þá þætti sem snúa beint að starfsemi nefndarinnar, en sjónarmið nefndarinnar hafa að nokkru stangast á við þá framkvæmdaáætlun sem lögð hefur verið fram í hnattvæðingarmálunum.

Byggðamál.

Starfið á árinu byggðist á samstarfsáætlun sem gildir fyrir árin 2005– 2008 (Nordisk regionalpolitisk samarbeidsprogram 2005–2008) svo og formennskuáætlun Finna.

Starfsemi. Aðalatriðin í formennskuáætlun Finna hvað byggðamálum viðvíkur voru:

– að bæta samkeppnishæfni og efla nýsköpun,
– að tryggja grunnþjónustu,
– að auka samstarfið við Eystrasaltsríkin með því að styrkja Norðlægu víddina,
– að hrinda í framkvæmd nýrri stefnu varðandi svæðasamstarf yfir landamæri,
– að efla rannsóknir og miðla upplýsingum m.a. á vegum Nordregio.

Á árinu hélt embættismannanefndin um byggðamál (EK-R) fimm fundi. Að venju voru nokkrar nefndir starfandi á vegum embættismannanefndarinnar til að vinna að einstökum málum.

Aukið samstarf við Eystrasaltsríkin. Finnar lögðu mikla áherslu á það í formennskuáætlun sinni að auka samstarfið við Eistland, Lettland og Litháen. Til að undirstrika þann vilja var fyrsti fundur embættismannanefndarinnar á árinu haldinn í Tallinn í Eistlandi og þangað boðið fulltrúum allra landanna. Þrátt fyrir góðan vilja til samstarfs hefur ekki orðið af því eins og Finnar vonuðust til. Stafar það af því að stjórnkerfi landanna ræður ekki við aukin verkefni og fjármunir eru ekki til. Undantekning þar á er að löndin hafa tekið þátt í einstökum verkefnum á vegum norrænu fræðslustofnunarinnar í skipulags- og byggðamálum (Nordregio). Í skoðun er að efna til sameiginlegs ráðherrafundar um byggðamál á næsta ári.

Svæðasamstarf yfir landamæri. Svæðisbundið samstarf fer fram á 8 svæðum á Norðurlöndum. Á árinu var unnið eftir þeirri stefnu sem mótuð var árið 2006 varðandi úthlutun fjár til svæðasamstarfsins. Mismikil ánægja er með hið nýja fyrirkomulag eins og verða vill. Sú breyting hefur verið gerð að frá og með árinu 2008 fær Norræna Atlantsnefndin (NORA) sérstaka úthlutun í fjárlögum Norrænu ráðherranefndarinnar undir byggðamálum. Breytingar

varðandi fjármögnun svæðasamstarfsins hafa ekki áhrif á fjárveitingar til Norrænu Atlantsnefndarinnar. Enn fremur fær nefndin frá árinu 2007 beinan fjárstuðning frá þátttökulöndunum til viðbótar við fjárveitingar af norrænum fjárlögum. Svæðasamstarf yfir landamæri fær stærstan hluta þess fjár sem embættismannanefndin um byggðamál ráðstafar.

Starfsnefndir. Nokkrar tímabundnar starfsnefndir voru að störfum á vegum embættismannanefndarinnar. Ein þeirra á að gera úttekt á landshlutamiðaðri nýsköpunarstefnu en það er samstarfsverkefni með embættismannanefndinni um atvinnu- og orkumál (EK-NE) og unnið í samstarfi við norrænu fræðslustofnunina í skipulags- og byggðamálum (Nordregio) og Norrænu nýsköpunarmiðstöðina (NICe).

Verkefninu er ætlað að skoða nýsköpunarstefnu með hliðsjón af mismunandi svæðum, en því á að ljúka snemma árs 2008. Nefnd um markmiðs- og árangursstýringu í byggðamálum er að ljúka störfum og skilar af sér um áramótin. Embættismannanefnd um borgarstefnu lauk störfum sl. vor en fyrirhugað er að ýta úr vör framhaldsverkefni sem nefnt er framtíðarborgin. Nefnd um bætta samræmingu á stefnu stjórnvalda í byggðamálum tók til starfa í samræmi við ákvörðun ráðherrafundar í Bodø haustið 2006.

Nordregio, rannsóknarverkefni og ráðstefnur. Stór hluti ráðstöfunarfjár embættismannanefndarinnar rennur til Nordregio en um þá stofnun er fjallað sérstaklega. Þá styrkti nefndin ýmis rannsóknarverkefni og ráðstefnur, m.a. ráðstefnu um frumkvöðlastarf kvenna og byggðaþróun og verkefni um byggðapólitískar afleiðingar lífrænnar orku.

Ný samstarfsáætlun. Sú samstarfsáætlun sem unnið er eftir í dag gildir til ársloka 2008. Hafin er vinna við að semja nýja áætlun og er stefnt að því að þeirri vinnu ljúki síðsumars 2008 svo hægt verði að leggja nýja áætlun, sem nær til áranna 2009–2012, fyrir fund ráðherra byggðamála haustið 2008.

Norræna Atlantsnefndin (Nordisk Atlantsamarbejde – NORA) er samstarfsvettvangur Íslands, Færeyja, Grænlands og norður- og vesturhluta Noregs. Nefndin heyrir undir Norrænu ráðherranefndina og er hluti af norrænu samstarfi á sviði byggðamála og svæðasamstarfs. Aðalskrifstofa nefndarinnar er í Þórshöfn í Færeyjum en Byggðastofnun hefur umsjón með starfinu á Íslandi. Ísland á þrjá fulltrúa í stjórn nefndarinnar en löndin skiptast á um formennsku. Stærstur hluti tekna nefndarinnar kemur frá Norrænu ráðherranefndinni, en einnig koma framlög frá þátttökulöndunum.

Norræna Atlantsnefndin veitir styrki til verkefna sem stuðla að eflingu atvinnulífs og byggða með auknu samstarfi atvinnulífs, einstaklinga og stofnana á milli landanna, m.a. með áherslu á auðlindir sjávar, ferðamál, upplýsingatækni og eflingu fámennra byggðarlaga. Áhersla er lögð á samstarf við aðra aðila sem vinna að hliðstæðum og tengdum verkefnum innan samstarfssvæðisins og á miðlun reynslu og þekkingar í byggða- og atvinnumálum milli landanna. Verkefni innan nefndarinnar hafa skilað góðum árangri, ekki síst hvað varðar þekkingarmiðlun, rannsóknir, samstarf og markaðssókn. Styrkfjárhæðir geta numið allt að 500 þús. d.kr. á ári. Ekki er greitt fyrir meira en 50% af heildarkostnaði verkefnis og skilyrði er að um samstarfsverkefni á milli aðildarlandanna sé að ræða. Jafnframt er sóst eftir samstarfi við lönd við Norður-Atlantshaf, s.s. Skotland, Hjaltlandseyjar, Orkneyjar og austurströnd Kanada.

Tvívegis var úthlutað verkefnastyrkjum. Í júní sl. var úthlutað 35 millj. ísl. kr. til 23 verkefna og eru Íslendingar þátttakendur í 17 þeirra. Í desember sl. var úthlutað um 37 millj. ísl.kr. til 13 verkefna, en Íslendingar taka þátt í 9 þeirra. Íslensk þátttaka í verkefnum NORA er því mjög góð. Á heimasíðu Byggðastofnunar (www.byggdastofnun.is) er að finna yfirlit yfir verkefnin.

Norræna Atlantsnefndin tekur jafnframt þátt í Norðurslóðaáætlun ESB (NPP) en það er ein af fimm svæðaáætlunum Interreg IV.

Þann 1. ágúst sl. lét Kaspar Lytthans af störfum sem framkvæmdastjóri og við tók Lars Thostrup. Eitt af hans fyrstu embættisverkum var heimsókn til Íslands, m.a. til að kynna starfsemina.

Nordregio. Nordregio er norræn fræðslustofnun í skipulags- og byggðamálum. Hún var stofnuð árið 1997 á grunni eldra samstarfs á sviðinu og er staðsett í Stokkhólmi. Í lok ársins störfuðu 37 manns hjá stofnuninni.

Hlutverk stofnunarinnar er að stunda rannsóknir á sviði skipulags- og byggðamála auk þess að þróa og miðla þekkingu um byggða- og skipulagsmál til viðeigandi stofnana innan þessara málaflokka á Norðurlöndum. Áhersla stofnunarinnar á byggðamál í Evrópu, sem og í málum tengdum Eystrasaltsríkjunum, hefur farið vaxandi undanfarin ár.

Heildarvelta Nordregio á árinu 2006 var alls 31,9 milljónum s.kr. Í stjórn sitja aðalfulltrúar frá norrænu ríkjunum fimm og áheyrnarfulltrúar frá Færeyjum, Álandseyjum og Grænlandi. Þá sitja í fagráði stofnunarinnar 21 einstaklingur, þrír frá hverju norrænu landanna og tveir frá hverju sjálfstjórnarlandanna.

Á árinu stóð Nordregio fyrir alls 27 námskeiðum og ráðstefnum og voru þátttakendur í þeim alls 550.

Stofnunin gefur út tímaritið „Journal of Nordregio“ sem kemur út ársfjórðungslega. Því er dreift ókeypis til áskrifenda, en einnig má sækja það af vefsíðu Nordregio (www.nordregio.se). Einnig heldur stofnunin úti rafræna fréttabréfinu „Bifröst“ og „European Journal of Spatial Development“ sem er rafrænt tímarit um skipulagsmál og svæðaþróun.

Á árinu gaf Nordregio út 4 stórar rannsóknaskýrslur og 4 vinnuskýrslur, sem er nokkru færri en árið áður. Vísindamenn stofnunarinnar birtu alls 11 ritrýndar greinar í fræðitímaritum og 28 aðrar greinar, auk 45 fræðigreina og bókarkafla.

Norræna nýsköpunarmiðstöðin (NICe).

Norræna nýsköpunarmiðstöðin vinnur á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar að framgangi nýsköpunar og atvinnustarfsemi sem grundvölluð er á þekkingu og færni. Skrifstofa miðstöðvarinnar er í Ósló og eru starfsmenn 17 og koma alls staðar að á Norðurlöndum. Velta miðstöðvarinnar var rúmlega 110 millj. n.kr. á árinu, þar af 24 millj. frá Evrópusambandsstyrkjum.

Norræna nýsköpunarmiðstöðin vinnur að því að Norðurlönd verði virkur innri markaður án landamæra þar sem ekkert kemur í veg fyrir frjálsan flutning hæfni, hugmynda, fjármagns, fólks eða afurða. Að þessu er unnið með tengslamyndun, upplýsingaöflun, dreifingu upplýsinga og fjárstuðningi við samstarfsverkefni. NICe er því í lykilstöðu við uppbyggingu á þekkingu í stefnumótun við nýsköpun.

Skilyrði fyrir þátttöku NICe í verkefnum er að fulltrúar a.m.k. þriggja norrænu landanna eigi aðild að verkefnunum og að verkefnin muni skipta máli fyrir samkeppnishæfni norræns atvinnulífs. Enn fremur er hvatt til þess að fulltrúar frá Eystrasaltsríkjunum og Norðvestur-Rússlandi taki þátt í verkefnunum.

NICe er á hverjum tíma með nokkur áherslusvið, sem breytast ár frá ári. Þannig eru 3–4 ný áherslusvið auglýst og sama fjölda sviða lýkur á ári hverju.

Í árslok voru áherslusviðin þessi:

– Innri markaðir – stjórnsýsluhindranir og aðgerðir gegn þeim.
– Norræn nýsköpunarstefna (svæðisbundin nýsköpun, neytendastýrð nýsköpun).

– Nýr norrænn matur.
– Nýsköpun í byggingariðnaði.
– Skapandi atvinnugreinar.
– Umhverfistækni.
– Örtækni.

Auk þess er NICe þátttakandi í Evrópuverkefnum um matvælaöryggi, nýsköpun og myndun samvinnukjarna í Eystrasaltsríkjunum. Fulltrúar allra sviða atvinnulífsins eru hvattir til að sækja um stuðning við áhugaverð verkefni þótt þau séu utan áherslusviðanna.

Miðstöðin styður nú við 122 verkefni og samstarfsnet með þátttakendum af öllum sviðum atvinnulífsins. Þegar er mörgum verkefnum lokið sem hafa haft mikla þýðingu fyrir samvinnu og framþróun í atvinnulífi Norðurlanda. Íslendingar taka þátt í verkefnum innan allra áherslusviðanna og eru virkir í 60–70% af samstarfsverkefnunum sem styrkt eru af NICe. Þegar Ísland á ekki fulltrúa í verkefninu er ævinlega leitast við að tryggja að niðurstöðurnar sem til verða innan verkefnisins skili sér til tengiliða í íslensku samfélagi.

NICe gefur út fjölda skýrslna og upplýsingarita sem greina frá niðurstöðum verkefna og kynna verkefni sem verið er að vinna að. Tímaritið „Innovate“ er gefið út fjórum sinnum á ári en auk þess komu út á árinu 62 skýrslur um niðurstöður verkefna og 8 kynningabæklingar. Allt útgefið efni má nálgast á heimasíðu miðstöðvarinnar www.nordicinnovation.net. Heimsóknir á heimasíðuna eru 6–7000 á mánuði.

NICe skipuleggur fjölmarga fundi og ráðstefnur á sviði nýsköpunar og atvinnuþróunar fyrir íbúa Norðurlanda og nærliggjandi svæða. Fulltrúar NICe héldu kynningar á u.þ.b. 300 fundum og ráðstefnum og voru í áberandi hlutverki á 26 ráðstefnum. Fjöldi gesta á fundunum voru um 9000 talsins. Finnar stóðu á formennskuári sínu fyrir ráðstefnu í Oulu í nóvember sl. um „Nýjar stefnur í norrænni nýsköpun“, þar sem fyrirlesarar voru úr hópi framsækinna og áhrifamikilla einstaklinga úr alþjóðlegum fyrirtækjarekstri og leiddir voru saman fulltrúar stjórnmála og atvinnulífs til umræðu um hvernig best yrði staðið að uppbyggingu sterks og skapandi atvinnulífs á Norðurlöndum.

11. Heilbrigðis- og félagsmál

Ráðherrafundir.

Dagana 11.–12. júní var árlegur fundur heilbrigðis- og félagsmálaráðherra Norðurlanda (MR-S) haldinn í Lathis í Finnlandi. Ráðherrarnir fjölluðu um skýrslu og tillögur um breytingar á skipulagi norrænna stofnana á sviði heilbrigðis- og félagsmála. Ákveðið var að gefa embættismannanefndinni umboð til þess að vinna áfram að málinu og ráðherranefndin myndi síðar taka afstöðu til málsins á haustdögum fyrir þing Norðurlandaráðs í Ósló. Ráðherrarnir fjölluðu sömuleiðis um áfengisstefnu norrænu ríkjanna, viðbrögð við hugsanlegum heimsfaraldri inflúensu, stjórnsýsluhindranir á Norðurlöndum og kjarnaverkefni norræns samstarfs á sviði heilbrigðis- og félagsmála. Þemaumræða fundarins snerist um samanburð á fjármögnunar- og þjónustukerfum í heilbrigðisþjónustu norrænu landanna. Í þeim umræðum var gerð grein fyrir áformum íslensku ríkisstjórnarinnar um að breyta fjármögnun heilbrigðisstofnana í þá átt að fjármagn fylgi sjúklingum í auknum mæli. Á fundinum voru norrænu lýðheilsuverðlaunin veitt danska lækninum og fyrrum þingmanni Kirsten Lee fyrir störf sín og baráttu fyrir bættri lýðheilsu í Kaupmannahöfn.

Að beiðni Íslands var 1. nóvember haldinn aukafundur norrænu heilbrigðisráðherranna í Ósló í tengslum við þing Norðurlandaráðs. Umræðuefnið var sameiginlegur norrænn heilsu- og lyfjamarkaður. Ákveðið var að koma á laggirnar sérfræðingahópi sem einkum myndi

beina athygli sinni að stöðu minni markaðssvæða á Norðurlöndum. Tillögur eiga að liggja fyrir á fundi ráðherranna í byrjun júní 2008.

Embættismannanefndin.

Norræna embættismannanefndin á sviði heilbrigðis- og félagsmála (ÄKS) hélt fjóra fundi á árinu. Á fundi nefndarinnar í mars sl. var m.a. fjallað um formennskuáætlun Finna, skipulag norrænna stofnana, samstarf varðandi heilsuvá, framtíðar samstarf um lyfjamál, stjórnsýsluhindranir og þverfaglegt samstarf og samvinnu við Eystrasaltsríkin og Norðvestur-Rússland. Embættismannanefndin hélt aukafund um væntanlegar breytingar á skipulagi stofnana í september sl. Var þar einkum tekist á um hvort sameina ætti allar stofnanir á félags- og heilbrigðissviði eða halda skipan heilbrigðisstofnananna en sameina stofnanir á félagsmálasviði. Á fundi embættismannanefndarinnar í október sl. var áfram fjallað um stofnanirnar og farið yfir umsóknir um styrki til verkefna. Síðasti fundur embættismanna á árinu var í Tammerfors í nóvember. Þar fékkst loksins niðurstaða varðandi skipulag norrænu stofnananna sem var lögð skriflega fyrir heilbrigðis- og félagsmálaráðherrana og síðan var hún send til samstarfsráðherranna til endanlegrar ákvörðunar. Niðurstaðan er sú að Norræni lýðheilsuháskólinn (NHV), Norræna tannlækningastofnunin (NIOM), Norræna hagskýrslunefndin á sviði félagsmála (NOSOSKO) og Norræna heilbrigðistölfræðinefndin (NOMESKO) starfa áfram í sem næst óbreyttu formi. En Norræna samstarfsmiðstöðin um málefni fatlaðra (NSH), Norræna menntamiðstöðin á sviði daufblindu (NUD), Norræna samstarfsmiðstöðin um þróun félagslegrar þjónustu (NOPUS) og Norræna rannsóknarnefndin á sviði vímuefna (NAD) munu sameinast og lúta sameiginlegri stjórn. Hver stofnun fyrir sig verður þó a.m.k. fyrst um sinn á sama stað og þær hafa verið undanfarin ár.

Norræni lýðheilsuháskólinn (NHV).

Norræni lýðheilsuháskólinn er samnorræn menntastofnun fyrir æðri menntun og rannsóknir í lýðheilsufræði. Háskólinn er staðsettur í Gautaborg í Svíþjóð og starfar samkvæmt sérstökum samningi við Norrænu ráðherranefndina sem gerður er til þriggja ára í senn. Megináherslan er á nám til meistara- eða doktorsgráðu í lýðheilsufræðum en einnig er hægt að sækja þar einstök námskeið. Nám við skólann er byggt upp á námskeiðum sem yfirleitt standa í tvær vikur í senn, auk mikillar verkefna- og rannsóknarvinnu.

Um 700 einstaklingar stunduðu nám við skólann og voru langflestir þeirra frá Norðurlöndum en einnig voru þar nokkrir einstaklingar frá Eystrasaltsríkjunum. Þá hélt skólinn áfram uppbyggingarstarfi varðandi nám í lýðheilsufræðum í Norðvestur-Rússlandi.

Mikil umræða hefur farið fram innan skólans um framtíðarhlutverk hans og hvernig hann getur gagnast norrænu löndunum sem best. Hefur þar m.a. haft áhrif sú uppbygging á námi í lýðheilsufræðum á Norðurlöndum, þ.m.t. á Íslandi, sem átt hefur sér stað á undanförnum árum. Stjórn og starfsmenn skólans eru sammála um að Norræni lýðheilsuháskólinn sé og verði í framtíðinni í lykilhlutverki varðandi það að bregðast við þörf fyrir menntun heilbrigðisstarfsfólks sem erfitt er fyrir einstök lönd að koma á fót án mikils fyrirvara. Þannig hóf Norræni lýðheilsuháskólinn á árinu t.d. nám í sóttvörnum og var aðsókn að því námi mun meiri en hægt var að mæta.

Lögð var aukin áhersla á rannsóknir og kennslu á geðheilbrigði, heilsu á heimsvísu, heilsueflingu, sóttvarnir og heilsu innflytjenda og flóttamanna. Í því samhengi hafa verið settir á fót sérfræðihópar þar sem Ísland á í öllum tilvikum sinn fulltrúa.

Norræni lýðheilsuháskólinn gerði mikið á þessu ári til að styrkja samstarf við Ísland og voru stjórnendur og kennarar í ákveðnu samstarfi við þá háskóla hér á landi sem kenna lýðheilsufræði og ýmsar stofnanir hér sem tengjast þeirri fræðigrein.

Norræna tannlækningastofnunin (NIOM).

Norræna tannlækningastofnunin er samnorrænt og heimsþekkt rannsóknar- og þekkingarsetur sem rannsakar og fylgist með gæðum og öryggi efna á norrænum markaði sem eru notuð til tannlækninga og dreifir upplýsingum til heilbrigðisyfirvalda, tannheilsustétta og almennings.

Starfsemi stofnunarinnar hefur verið með hefðbundnu sniði á árinu hvað varðar rannsóknir á gæðum og öryggi efna til tannlækninga. Ísland gegndi formennsku í stjórninni og hefur lagt áherslu á aukið upplýsingastarf stofnunarinnar. Meðal nýjunga í starfseminni er að tannheilsustéttir hafa verið hvattar til að senda stofnuninni fyrirspurnir um ýmis álitamál eins og öryggi og endingu efna sem eru notuð við tannlækningar. Svörin eru síðan birt í öllum almennum fagtímaritum tannlæknafélaga á Norðurlöndum, þ.m.t. Tannlæknablaðinu á Íslandi. Sömuleiðis hefur vinnu við norræna gagnagrunninn um tannfyllingarefni og önnur efni sem eru notuð við tannlækningar (Nordisk Databas för Dentala Biomaterialer) verið haldið áfram. Vefurinn er nýlega aðgengilegur öllum á heimasíðu NIOM (www. niom.no).

Norræna rannsóknarnefndin á sviði vímuefna (NAD).

Norræna rannsóknarnefndin á sviði vímuefna hefur undanfarin ár haft það sem markmið að efla og þróa þverfaglega samvinnu á sviði áfengis- og vímuefnarannsókna. Samstarfið hefur verið gott á öllum sviðum og tveir fundir voru haldnir á árinu. Kynnt var útgáfa á 50. hefti NAD en það hefti er samantekt á ensku um sögulega þróun í áfengis- og vímuefnameðferð á Norðurlöndum. Á fundunum er að jafnaði farið yfir umsóknir sem borist hafa til nefndarinnar um fjárstyrk. Þá er farið yfir stöðu verkefna sem þegar hafa hlotið styrki og önnur málefni er varða málaflokkinn.

Fyrirhugaðar breytingar á fyrirkomulagi stofnana og félagasamtaka á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar voru fyrirferðarmiklar í starfseminni. Fyrir liggur að sett verða á fót tvenn heildarsamtök eða stofnanir, ein á sviði heilbrigðismála og önnur á sviði samfélagsmála. Norræna rannsóknarnefndin á sviði vímuefna mun halda starfseminni áfram óbreyttri út árið 2008 en verður við áramótin hluti af þeirri stofnun sem snýr að samfélagsmálum.

Nefndin er í samstarfi við ritið NAT (Nordisk Alkohol og Narkotikatidsskrift) og fréttasíðuna Nosam.net. Tvisvar á ári eru fréttapistlar frá Íslandi í NAT og fréttir á Nosam.net þegar tilefni þykir. Nefndin stendur reglulega fyrir ráðstefnum, vísindadögum og vinnustofum ætluðum fagfólki. Á þessu ári var m.a. haldin ráðstefna um þróun áfengismála á veitingastöðum og voru flutt tvö íslensk erindi. Nefndin stóð fyrir málstofu á NordAN ráðstefnu í Reykjavík í október sl. en NordAN er samstarfsvettvangur félagasamtaka á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum þremur sem starfa að forvörnum. Þá var haldin ráðstefna í Helsingfors um vímuefnameðferð í norrænum fangelsum. NAD er aðili að stóru Evrópuverkefni, „Building the Capacity“, um stefnumótun í áfengismálum. Ísland er einnig sjálfstætt starfandi í sama verkefni. Verið er að vinna að þemahefti undir vinnuheitinu „Krár, veitingahús og áfengisvenjur ungs fólks á Norðurlöndum“.

Norræna samstarfsmiðstöðin um málefni fatlaðra (NSH).

Eitt meginverkefna Norrænu samstarfsmiðstöðvarinnar um málefni fatlaðra er að stuðla að því að norræn markmið um jafnrétti og fulla þátttöku fatlaðra verði að veruleika. Auðvelt aðgengi að þeim tækifærum sem upplýsingasamfélagið býður upp á er eitt þeirra lykilatriða sem lögð er áhersla á.

Samstarfsmiðstöðin kom á árinu að samstarfi um fjölda verkefna, m.a. má þar nefna kynningu og umræðu um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fólks með fötlun og verkefni til að bæta stöðu fatlaðra barna í Norðvestur-Rússlandi. Sérstöku verkefni var ýtt úr vör þar sem staða fatlaðra og fjölskyldna þeirra á Vestur-Norðurlöndum er í brennidepli. Í þessu samstarfi taka þátt sveitarfélög í Norður-Noregi, Norska miðstöðin fyrir fjarlækningar í Tromsø (NST), Færeyjar, Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Austurlandi, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins ásamt Grænlendingum. Í þessu verkefni verður horft til þess á hvern hátt hægt er að veita sérhæfða leiðsögn og stuðning við fatlaða í fjölskyldum í hinum dreifðu byggðum á þessum svæðum.

Á vettvangi NSH og þriggja annarra stofnana hefur verið opnuð norræn vefgátt um velferðarmál, www.nordically.org. Þar má lesa um heilsu, félagsmál, menntun og starfsemi á Norðurlöndum. Umræða um nýja skipan stofnana í skipulagi innan heilbrigðis- og félagsmála var einnig umfangsmikil á árinu.

Norræna menntamiðstöðin á sviði daufblindu (NUD).

Markmiðið með starfsemi stofnunarinnar er að vinna að framgangi og þróun norrænnar samvinnu á sviði daufblindu. Hún á jafnframt að styrkja faglega þróun starfsfólks á umræddu sviði og þeirra stofnana eða samtaka sem starfsfólkið tengist.

Hlutverk menntamiðstöðvarinnar er að bjóða norræna menntun á sviði daufblindu sem bætir upp menntunartilboð landanna. Í fyrsta lagi með því að safna og þróa þekkingu á sviði daufblindu og að byggja upp og viðhalda þekkingar- og samstarfsneti bæði á norrænum vettvangi og alþjóðlega; í öðru lagi að miðla þekkingu t.d. með fréttabréfum, ritum, bókasafnsþjónustu og sérfræðingum frá NUD sem eiga samstarf við sviðið í einstökum löndum og með fjarfundum. Auk þess er unnið að því að skrá norræna þekkingu á sviði daufblindu.

Tvö grunnnámskeið voru haldin, fimm þemanámskeið og fjórar málstofur/námsstefnur fyrir valda þátttakendur. Sjö norrænir fundir voru haldnir í menntamiðstöðinni um ýmis þróunarverkefni á starfssviði stofnunarinnar s.s. fundur í vinnuhóp um síðdaufblindu, fundur um málefni tengd kuðungsígræðslu og ýmsir skipulagsfundir. Auk þess voru gefin út tvö norræn fréttabréf og eitt á ensku. Af öðru útgefnu efni má nefna að NUD gaf út tvo CNUS-texta (Communication Network Update Series) og tvö vísindarit. Af alþjóðlegu samstarfi NUD er vert að nefna þátttöku í meistaranámi í Hollandi á sviði tjáskipta og meðfæddrar daufblindu.

Norræna heilbrigðistölfræðinefndin (NOMESKO).

Meginmarkmið NOMESKO er að vinna að samræmingu og söfnun tölfræðilegra upplýsinga um ýmsa þætti heilbrigðisþjónustunnar, sjúkdóma, dánarorsakir ásamt tengdum þáttum.

Starf þetta fer að töluverðu leyti fram með því að samræma skilgreiningar, skráningu og afmörkun einstakra þátta til þess að tryggja að upplýsingar verði sem best sambærilegar milli landanna.

NOMESKO kemur niðurstöðum sínum á framfæri í meginriti sínu „Health Statistics in the Nordic Countries“ en einnig í sérútgáfum og öðrum upplýsingum sem eru birtar á heima-

síðu nefndarinnar (www.nom-nos.dk). Í ársbók nefndarinnar er í viðbæti fjallað um geðheilbrigðisþjónustu á Norðurlöndum.

Helstu verkefni sem unnið var að á árinu voru athugun á mannafla og fjármagni í heilbrigðisþjónustunni, staðtölur fyrir sjúklinga sem ekki eru lagðir inn, flokkun dánarorsaka, upplýsingar um lyfjanotkun og gæðamat á flokkun aðgerða.

Undanfarin ár hefur heilbrigðistölfræðinefndin átt mikið samstarf við Eystrasaltsríkin og hefur m.a. unnið að útgáfumálum og námskeiðshaldi fyrir þau lönd. Áfram er unnið á því sviði.

Norræna stofnunin um flokkanir í heilbrigðisþjónustu í Uppsölum er í nánu samstarfi við NOMESKO. Samræming flokkunarkerfa og DRG (Diagnostic Related Groups) hefur í auknum mæli verið unnin af stofnuninni en hún er viðurkennd af WHO sem samstarfsstofnun.

Norræna hagskýrslunefndin á sviði félagsmála (NOSOSKO).

Meginverkefni NOSOSKO er að vinna að samanburðarhæfri skýrslugerð um velferðarmál á Norðurlöndum og gefa árlega út skýrslu um það efni. Af öðrum verkefnum má nefna að nefndinni ber að fylgjast með alþjóðlegu samstarfi í hagskýrslugerð og vinna að samræmingu upplýsinga sem koma frá þátttökulöndunum. Öll norrænu ríkin fimm eru aðilar að samvinnu Evrópulanda á sviði hagskýrslugerðar, Eurostat, vegna aðildar sinnar að ESB eða EES. Eurostat vinnur að bættri hagskýrslugerð á sviði heilbrigðis- og félagsmála og sundurliðun útgjalda eftir svonefndri ESSPROS-flokkun.

Meðal helstu mála sem fjallað var um á fundum nefndarinnar má nefna breytingar á skipulagi norrænna stofnana, skipulag og framsetningu tölulegra upplýsinga í löndunum, samstarfið við ESB og EUROSTAT, umfjöllun um ársskýrslu nefndarinnar, innihald og framsetningu upplýsinga á heimasíðu nefndarinnar, útgáfu á skýrslu um lífeyriskerfi landanna, samstarf við Eystrasaltsríkin og verkefni um norræna velferðarríkið.

Norræna samstarfsmiðstöðin um þróun félagslegrar þjónustu (NOPUS).

NOPUS er norræn miðstöð fyrir hugmynda- og reynslumiðlun ásamt því að bjóða upp á sí- og endurmenntun á sviði félagslegrar þjónustu á Norðurlöndum. Markhópurinn er starfsfólk sem starfar við stjórnun eða eru lykilaðilar innan félagsþjónustunnar á Norðurlöndum og í nágrannalöndum þeirra. Markmiðið er að styrkja samstarf Norðurlanda með því að taka þátt í og standa að norrænum ráðstefnum og þróunarstarfi af ýmsu tagi og miðla viðeigandi upplýsingum á sviði félagsþjónustunnar.

Á fundum stjórnarinnar var mikil umræða um hugmyndir um breytt stofnanaskipulag á sviði heilbrigðis- og félagsmála í norrænu samstarfi. Verkefnisstjóri var ráðinn til að skoða og greina starfsemi stofnana á þessu sviði og leggja fram hugmyndir um framtíðarskipulag.

Miðstöðin hefur fengið framlengdan þjónustusamning við Norrænu ráðherranefndina um eitt ár. Helstu áherslur fyrir árið 2008 snúa m.a. að matskerfi innan félagslegrar þjónustu, að þróa hugmyndir um notendastýrða þjónustu (kundval) og kenna verklag í fagþróun innan félagsþjónustunnar. Jafnframt er áhersla á þróun hugmynda á sviði sjálfboðaliðastarfa.

Norræni vinnuhópurinn um almannatryggingar.

Markmið vinnuhópsins er að fylgjast með framkvæmd landanna á sameiginlegum alþjóðlegum reglum um almannatryggingar, sérstaklega Norðurlandasamningnum um almannatryggingar. Vinnuhópurinn á að ræða almenna framkvæmd samningsins og einstök mál tengd

honum og jafnframt að vera ríkjunum ráðgefandi um almannatryggingar. Skal vinnuhópurinn meta hvort þörf er á að endurskoða ákvæði samningsins vegna breytinga á löggjöf eða reglum í ríkjunum. Þá skal vinnuhópurinn einnig fylgjast með vandamálum sem tengjast stjórnsýsluhindrunum á Norðurlöndum og leggja til lausnir til að koma í veg fyrir slíkar hindranir.

Norræni vinnuhópurinn um almannatryggingar hefur það hlutverk að upplýsa um Norðurlandasamninginn um almannatryggingar og vinna að ráðgjöf um upplýsingastarfsemi og menntun á sviði samningsins. Vinnuhópurinn ræðir spurningar sem upp koma um EES-samstarf á félagslega sviðinu í eðlilegu framhaldi af Norðurlandasamningnum um almannatryggingar. Einnig ræðir hópurinn önnur sameiginleg mál sem tengjast almannatryggingum og getur skipað starfshópa til þess að kryfja tiltekin mál.

Vinnuhópurinn um almannatryggingar hélt tvo fundi. Helstu málefni eru undirbúningur að norrænum vef með upplýsingum um almannatryggingar fyrir þá sem vinna eða flytja milli norrænu landanna og norrænn bæklingur um almannatryggingar við flutning milli landanna en starfshópar hafa verið skipaðir til að vinna þessi verkefni. Þá hafa málefni námsmanna verið rædd, svo og þörf á endurskoðun Norðurlandasamningsins vegna væntanlegrar gildistöku nýrra EES-reglna um almannatryggingar milli landanna. Vinnuhópurinn hefur einnig farið yfir skýrslur frá fundum norrænna samskiptastofnana í ýmsum málaflokkum, s.s. líf-eyrismálum og fjölskyldubótum, svo og frá reglulegum fundi norrænna samskiptastofnana á sviði almannatrygginga sem haldinn var á vegum Tryggingastofnunar ríkisins.

Norðurlandasamningur um sameiginlegan norrænan vinnumarkað fyrir ákveðnar heilbrigðisstéttir og dýralækna.

Samningurinn fjallar um gagnkvæmar viðurkenningar prófskírteina ákveðinna starfsstétta innan heilbrigðis- og dýralæknaþjónustunnar og á að tryggja aðgang norrænna ríkisborgara að norrænum vinnumarkaði á þessum sviðum. Samningurinn nær nú í heild til 22 faghópa en Ísland er einungis aðili að 19 hópum. Eftirlitsnefnd samningsins tekur saman upplýsingar um flutning heilbrigðisstarfsmanna milli norrænu landanna, svo og um fjölda innritaðra og útskrifaðra nemenda á þeim sviðum er undir samninginn heyra. Nefndin fylgist auk þess með framkvæmd á tilkynningarskyldu vegna sviptingar eða takmarkana starfsleyfa á Norðurlöndum.

Haldnir voru tveir fundir á árinu. Haldið var áfram umræðu um framkvæmd norræna samningsins með tilliti til stækkunar ESB, stöðu og áhrif nýrrar tilskipunar ESB á starfsréttindi heilbrigðisstétta og áhrif þjónustutilskipunar ESB á starfsréttindin. Af Íslands hálfu var gerð grein fyrir þeim breytingum sem hafa verið gerðar á lögum og reglum er varða stöðu og réttindi heilbrigðisstétta á Íslandi.

12. Efnahags- og fjármál

Ráðherrafundir.

Fjármálaráðherrar Norðurlanda (MR-Finans) héldu tvo fundi á árinu. Sá fyrri var haldinn í Helsingfors þann 19. júní í tengslum við svokallaða Eystrasaltsráðstefnu, þar sem fjármálaráðherrar ríkja við Eystrasaltið hittast og ársfund Norræna fjárfestingarbankans, NIB. Seinni fundurinn var haldinn í Ósló við upphaf þings Norðurlandaráðs. Eitt meginumfjöllunarefni ráðherrafundanna, auk hefðbundinna umræðna um efnahagsmál, skattamál og mál tengd ESB og EES, var samstarf ríkjanna í málefnum svokallaðra skattaparadísa. Að undanförnu hefur verið unnið sameiginlega að gerð upplýsingaskiptasamninga við slík svæði og á fundinum í Ósló var fyrsti samningurinn undirritaður, við eyna Mön. Allan Bell, fjármálaráðherra

Manar, undirritaði samninginn fyrir hennar hönd. Ráðherrarnir fjölluðu á árinu um allmargar rannsóknarskýrslur sem unnar hafa verið fyrir ráðherranefndina. Má þar nefna skýrslu um samspil peningamála- og ríkisfjármálastjórnar, sem unnin var að frumkvæði Íslands og skýrslu um samstarf fjármálastofnana við Eystrasaltið. Fjallað hefur verið um vinnumarkað á Norðurlöndum, orkuverð og hlut skattlagningar í því, skattlagningu ökutækja og eldsneytis og aðbúnað rannsóknarstarfsemi svo nokkuð sé nefnt.

Helstu nefndir, skýrslur o.fl.

Embættismannanefndin og ýmsir vinnuhópar. Norrænu embættisnefndina um efnahags- og fjármál (EK-Finans) skipa háttsettir embættismenn í fjármálaráðuneytum landanna, einn frá hverju landi. Verkefni hennar eru fjölþætt. Meginverkefnið er að undirbúa ráðherrafundi og vera ráðgefandi í öllum málefnum sem varða starf ráðherranna á norrænum vettvangi. Nefndin hefur þannig yfirumsjón með skýrslugerð og greinargerðarskrifum fyrir ráðherrafundina. Jafnframt hafa gjarnan starfað vinnuhópar á vegum nefndarinnar til að sinna ákveðnum verkefnum.

Eftirtaldir vinnuhópar voru að störfum:

1. *Norræna efnahagsnefndin (Nordisk konjunkturgrupp).* Helsta verkefni þessarar nefndar er að fjalla um ástand og horfur í efnahagsmálum, einkum á Norðurlöndum. Auk þess hefur nefndin iðulega fjallað um afmörkuð verkefni á sviði efnahagsmála sem eru ofarlega á baugi hverju sinni. Nefndin hittist tvisvar á ári og hana skipa embættismenn úr fjármálaráðuneytum landanna. Á hverju hausti skilar nefndin skýrslu (Ekonomiska utsikter i Norden) um efnahagsmál til fjármálaráðherranna sem síðan er gefin út á vegum Norðurlandaráðs. Á síðustu árum hefur tilgreind skýrsla legið fyrir þegar fjármálaráðherrar Norðurlanda hafa mætt til reglulegs haustfundar.
2. *Vinnuhópur á sviði umhverfis- og efnahagsmála (Miljø- og økonomigruppen).* Á vegum þeirra embættismannanefnda sem fjalla um efnahagsmál (EK-Finans) og umhverfismál (EK-Miljø) starfar vinnuhópur en meginverkefni hans eru almenn skoðanaskipti um umhverfismál út frá hagrænu sjónarmiði og notkun á hagrænum stjórntækjum í umhverfismálum. Nefndin hittist alla jafna tvisvar á ári. Starfsemin byggir að mestu á því að sérfræðingar eru fengnir til að skrifa skýrslur um tiltekin málefni á verkefnaskrá þessa samstarfs. Á árinu var meðal annars unnið að verkefnum á sviði orkumarkaðar á Norðurlöndum; þjóðhagfræðilegu mati í umhverfismálum; möguleikum á að beita hagrænum stjórntækjum til að stýra notkun skaðlegra efna og efnasambanda og hagrænni umfjöllun um Gautaborgarsamþykktina.
3. *Athugun á auknu samstarfi norrænna kauphalla.* Áfram er unnið að samvinnu um innleiðingu EU-tilskipana á fjármálasviði og að öðru sem stuðlar að aukinni hagræðingu á norrænum verðbréfamörkuðum.
4. *Nefnd norrænna skattahagfræðinga.* Verkefni þessarar nefndar er að fjalla um skattamál á Norðurlöndum, sérstaklega þau sem eru ofarlega á baugi hverju sinni. Haldinn var einn fundur.
5. *Norræna launa- og starfsmannanefndin (Löne- och personalutskottet).* Nefndin er ráðgefandi fyrir ráðherranefndina (samstarfsráðherra Norðurlanda) og stjórnarnefnd Norðurlandaráðs í launa-, ráðningar- og lífeyrismálum þeirra starfsmanna sem starfa við norrænar stofnanir ráðherranefndarinnar svo og starfsmanna á skrifstofum Norðurlandaráðs og ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn. Nefndin fær þessi mál til umfjöllunar frá starfsmannadeild skrifstofunnar í Kaupmannahöfn en hún getur einnig að eigin frum-

kvæði skotið málum varðandi ráðningar- og starfskjör til ráðherranefndar og stjórnarnefndar. Enn fremur á nefndin að tryggja að um málefni er varða stofnanirnar fari eftir 5. gr. sáttmála þjóðanna frá 9. desember 1988 um réttarstöðu norrænna stofnana og að starfsmannafélög njóti umsagnarréttar áður en ákvörðun er tekin. Haldnir voru þrír fundir á árinu. Hinn 13. desember sl. tóku gildi nýjar starfsmannareglur, sem lengi hafa verið í undirbúningi hjá nefndinni og gilda fyrir starfsmenn Norrænu ráðherranefndarinnar og starfsmenn Norræna menningarsjóðsins. Nefndin fjallaði einnig um stjórnarlaun stofnananna á nýju ári, laun forstöðumanna norrænna stofnana og hvernig bæta megi samkeppnisstöðu fulltrúa annarra Norðurlandaþjóða en Dana svo auka megi hlutfall þeirra hjá Norrænu ráðherranefndinni.

6. *Norræn starfsmannaskipti (nordisk tjenestemandsudveksling).* Markmiðið með norrænu starfsmannaskiptunum er að auka norræna samvinnu en Norræna ráðherranefndin hefur haft forgöngu um að gera ríkisstarfsmönnum á Norðurlöndum kleift að stunda tímabundið störf eða nám á starfsvettvangi sínum hjá ríkisstofnunum í öðrum norrænum löndum. Starfsmannaskiptin hafa verið möguleg allt frá árinu 1979. Á árinu var hlutdeild Íslendinga 8% af heildarfjárveitingu ráðherranefndarinnar. Styrkþegar voru níu og hlutu þeir styrki allt frá einum mánuði til tíu mánaða dvalar auk greiðslu ferðakostnaðar. Flestir fóru sem fyrr til Danmerkur eða sex. Tveir fóru til Finnlands og einn til Svíþjóðar. Upplýsingar um starfsmannaskiptin er að finna á heimasíðu fjármálaráðuneytisins.
7. *Samstarf yfirmanna skattamála í fjármálaráðuneytum á Norðurlöndum.* Tilgangur samstarfsins er að skapa vettvang til upplýsingamiðlunar og skoðanaskipta milli landanna um þróun í skattamálum. Samstarfið er fólgið í árlegum fundi yfirmanna skattamála og á milli þeirra er upplýsingum miðlað meðal annars með því að send eru milli ráðuneytanna frumvörp og skýrslur um skattamál. Á fundinum í ár var gerð grein fyrir helstu breytingum á skattalögum í hverju landi fyrir sig á síðustu tólf mánuðum. Auk þess var rætt um breytingar í skattamálum innan ESB, einkum með tilliti til áhrifa þeirra á norrænu löndin, en sú umræða er orðin fastur liður á þessum fundum. Einnig var rætt um OECD-samstarfið. Að lokum er á þessum fundum almennt fjallað um einstök stærri mál á sviði skatta, sem einstök lönd óska eftir að ræða.
8. *Norrænn stýrihópur um gerð upplýsingaskiptasamninga við lágskattaríki.* Norræna ráðherranefndin ákvað í júní 2006 að setja á laggirnar stýrihóp sem ynni að gerð upplýsingaskiptasamninga við lágskattaríki. Ráðinn var verkefnisstjóri og hófst vinna innan stýrihópsins sama haust. Stýrihópurinn hélt fjóra formlega vinnufundi auk þess sem fulltrúar stýrihópsins sátu undirbúningsfundi með fulltrúum frá Mön, Guernsey, Jersey, Aruba og Hollensku Antillaeyjum. Norðurlöndin undirrituðu tvíhliða upplýsingaskiptasamning við Mön í tengslum við þing Norðurlandaráðs í október sl.
9. *Norræna skattrannsóknarráðið.* Markmið skattrannsóknarráðsins er að stuðla að skattrannsóknum í lögfræði og hagfræði. Ráðið heldur fund árlega auk þess sem haldin er ráðstefna í einhverju aðildarlandanna þar sem tekin eru fyrir mismunandi rannsóknarverkefni á sviði skattamála. Þá gefur ráðið út árbók þar sem birtir eru fyrirlestrar og skýrslur frá ráðstefnu ársins. Ráðstefnan í ár var haldin í nóvember og var umfjöllunarefnið skattlagning launa- og fjármagnstekna og hvort stefna ætti að meira eða minna jafnræði á skattlagningu þessarra tekna.
10. *Norrænn embættismannafundur í skattamálum.* Nefndin ræðir málefni er varða norræna tvísköttunarsamninginn frá 1996 og þau vandamál er upp koma hverju sinni við túlkun samningsins og samræmir túlkun hans sín á milli. Einn fundur var haldinn og náðist

samkomulag um breytingar á samningnum. Stefnt er að undirritun hins nýja viðauka við norræna tvísköttunarsamninginn á fyrri helmingi ársins 2008.

11. *Samstarf fjárlagastjóra norrænu landanna.* Fjárlagastjórar, þ.e. forstöðumenn þeirra skrifstofa í fjármálaráðuneytum norrænu landanna sem hafa umsjón með fjárlögum, hittast alla jafna tvisvar á ári. Fjallað er um þau málefni sem eru efst á baugi í fjárlagagerð landanna hverju sinni. Enn fremur eru tiltekin mál tekin til umræðu sem hafa áhrif á fjárlagagerðina, stjórn ríkisfjármála, ríkisreksturinn og ákvörðun útgjaldaramma til lengri eða skemmri tíma. Tekin eru fyrir ákveðin áherslumál í ríkisrekstri hjá hverju ríki sem efst eru á baugi hverju sinni. Samstarfið er mikilvægur vettvangur fyrir miðlun upplýsinga og reynslu af breytingum í ríkisfjármálum auk þess að auðvelda samskipti milli fjármálaráðuneyta ríkjanna.
12. *Sérfræðinganefnd um norræn fjárlög (Budgetexpertgruppen).* Hlutverk nefndarinnar er að skila faglegri umsögn um tillögu samstarfsráðherra um frumvarp til norrænu fjárlaganna, bæði tæknilegri og efnislegri. Nefndin tekur einnig til umfjöllunar afmörkuð mál sem samstarfsráðherrar vísa til hennar. Farið var yfir fjárlagafrumvarp ráðherranefndarinnar, sérstaklega í ljósi þeirra breytinga sem voru gerðar á fjárlagavinnu og framsetningu ráðherranefndarinnar. Nefndin lagði áherslu á að uppsafnað eigið fé ætti að notast til að lækka innborganir til ráðherranefndarinnar á næsta ári. Einnig að svokölluð „globaliseringssatsning“ eða áhersluverkefni í hnattvæðingu ættu að fjármagnast með breyttum forgangi innan ramma fjárlaga ráðherranefndarinnar.
13. *FUT-nefndin (delegationen mot felaktiga utbetalinger)* rannsakar umfang bóta- og tryggingasvika á Norðurlöndum svo og viðhorf til þeirra og aðgerðir gegn þeim. Nefndin mun skila skýrslu til ráðherranefndarinnar í apríl n.k. Fulltrúi fjármálaráðuneytisins tók þátt í vinnunni fram í ágústmánuð en þá tók fulltrúi Tryggingastofnunar ríkisins við.
14. *Framleiðni í starfsemi hins opinbera*. Á ráðstefnu um framleiðnimælingar í opinberum rekstri, sem haldin var í október sl., var kynnt hvað gert hefur verið varðandi framleiðnimælingar á Norðurlöndum, farið yfir aðferðarfræði og niðurstöður verkefna kynntar. Fulltrúi Íslands fór stuttlega yfir stöðu mála á Íslandi og fór yfir hugmyndir um framleiðnimælingar á menntunarmálum. Litið var á ráðstefnuna sem grundvöll fyrir tengslaneti en ekki var ákveðið neitt um formlegt framhald.

Önnur starfsemi á vegum fjármálaráðherra.

1. *Eystrasaltsnefndin (Baltikumudvalget).* Fjárfestingaráætlun fyrir Eystrasaltsríkin miðar að því að hjálpa litlum og meðalstórum fyrirtækjum og koma á fót sérstökum fjárfestingarbönkum í þessum ríkjum með árlegum fjárframlögum frá Norðurlöndum. Hlutverk nefndarinnar var að hafa eftirlit og yfirumsjón með þessu verkefni, m.a. í nánu samstarfi við fulltrúa Norræna fjárfestingarbankans (NIB), Evrópubankans í London (EBRD) og Norræna verkefnaútflutningssjóðsins (Nopef). Þessari áætlun lauk formlega árið 2000 en nefndin hefur þó áfram fylgst með einstökum þáttum hennar eftir því sem þörf er á.
2. *Norrænu-baltnesku ráðgjafanefndirnar.* Tvær embættismannanefndir eru starfandi til að tengja samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna við fulltrúaskrifstofu þeirra í stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Nefndirnar eru skipaðar fulltrúum frá fjármálaráðuneytum og seðlabönkum landanna. Önnur nefndin, norræna-baltneska fjármálanefndin (e. Nordic-Baltic Monetary and Financial Committee), er skipuð ráðuneytisstjórum og bankastjórum. Hin nefndin, norræna-baltneska fulltrúanefndin (e. Nordic-Baltic Monetary and Financial Committee Alternates), er undirnefnd þeirrar fyrri og í henni sitja

fulltrúar þeirra efnahags- og alþjóðaskrifstofa sem sinna málefnum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Þessar tvær nefndir tóku við því starfi sem áður hafði verið sinnt af ráðgjafarnefnd um fjármál (NFU) og annarri, óformlegri nefnd sem var skipuð norrænum og baltneskum embættismönnum. Helsta verkefni nefndanna er að móta sameiginlega afstöðu Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna til mála í stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og leggja þá afstöðu í hendur fulltrúa landanna í stjórninni. Þá undirbýr hún aðkomu landanna að ársfundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og fundi í fjárhagsnefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (IMFC). Einnig er nefndunum ætlað að skoða hvernig megi efla starf norrænu-baltnesku skrifstofunnar í Washington og gera tengsl hennar við stjórnvöld heima fyrir markvissari.

Auk þeirra verkefna sem hér hafa verið nefnd er rétt að vekja athygli á að fjármálaráðherrar Norðurlanda hafa um árabil haft náin samráð á vettvangi ýmissa alþjóðastofnana. Þannig hafa ráðherrarnir samráð fyrir fundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eins og áður hefur verið minnst á. Enn fremur má nefna hliðstætt samráð vegna funda á vegum OECD. Meginlínurnar eru gjarnan lagðar á norrænum ráðherrafundum og þeim er fylgt eftir á hinum ýmsu fundum innan OECD, jafnt ráðherrafundum sem öðrum. Þá má nefna aðild ráðherranna að Eystrasaltsráðinu, ásamt fjármálaráðherrum Þýskalands, Póllands, Rússlands og Eystrasaltsríkjanna, en þessir aðilar halda að jafnaði einn fund á ári.

13. Umhverfismál

Samstarf norrænu umhverfisráðherranna (MR-M) byggir á framkvæmdaáætlunum sem endurskoðaðar eru á fjögurra ára fresti. Sú áætlun sem nú er í gildi var unnin undir formennsku Íslands árið 2004 og gildir til ársloka 2008.

Eftirtalin fjögur meginefni eru í brennidepli í áætluninni:

- Umhverfi og heilbrigðismál.
- Hafið.
- Náttúruvernd.
- Sjálfbær framleiðsla og neysla.

Loftslagsmál eru samþætt efni allra ofangreindra kafla í áætluninni og er því unnið að þeim með einum eða öðrum hætti í tengslum við efni kaflanna.

Framkvæmdaáætlunin er leiðsögurit fyrir samstarfið á norrænum vettvangi svo og á vettvangi annarra alþjóðlegra stofnana eins og t.d. ESB og Sameinuðu þjóðanna og einnig gagnvart svæðisbundnum samtökum eins og t.d. Norðurskautsráðinu. Framkvæmdaáætlunina má finna á heimasíðu Norrænu ráðherranefndarinnar: www.norden.org/pub/miljo/miljo/sk/ANP2004796.pdf.

Með því að velja framangreind efni vilja umhverfisráðherrarnir leggja áherslu á mikilvægi þess að samþætta stefnumótun og ákvarðanir um umhverfismál við önnur svið samfélagsins. Í kaflanum um umhverfi og heilbrigðismál er lögð áhersla á þörf fólks og rétt til að búa í hreinu og heilbrigðu umhverfi. Í kaflanum um hafið er lýst mikilvægi auðlinda hafsins fyrir öll Norðurlönd og sett fram markmið um vistkerfisnálgun í því skyni að tryggja sjálfbæra nýtingu hafsins og varðveita fjölbreytni í lífríki þess. Þriðji málaflokkurinn tekur til náttúru, menningarminja og útivistar og er þar lögð áhersla á líffræðilega fjölbreytni og aðgengi að náttúrunni. Í fjórða kaflanum um sjálfbæra framleiðslu og neyslu er fjallað um tengslin milli álags á umhverfið og hagvaxtar og mikilvægi þess að leita leiða til að rjúfa þau.

Vegna þeirra miklu og margháttuðu áhrifa sem talið er að hlýnun jarðar muni hafa á norðurskautssvæðin ákváðu norrænu umhverfisráðherrarnir að setja fram sérstaka stefnu

varðandi heimskautssvæði til hliðar við framkvæmdaáætlunina í umhverfismálum. Markmiðið með þeirri stefnu er að leita leiða til að takmarka útblástur gróðurhúsalofttegunda á norðurslóðum og draga úr mengun frá hættulegum efnum. Stefnuna um málefni norðurskautsins er að finna á slóðinni: www.norden.org/pub/miljo/miljo/sk/ANP2006788.pdf. Á árinu var gerð úttekt á framkvæmd umhverfisáætlunarinnar. Niðurstöður sýna að unnið er að allflestum þeim markmiðum sem sett eru fram í áætluninni og er um þessar mundir unnið að rúmlega 200 verkefnum til að fylgja henni eftir.

Auk þeirrar forgangsröðunar sem fram kemur í umhverfisáætluninni fjalla umhverfisráðherrarnir og taka ákvarðanir um ýmis önnur mál sem eru ofarlega á baugi á alþjóðavettvangi eða á Norðurlöndum hverju sinni.

Umræða um loftslagsmál var ofarlega á baugi á öllum fundum umhverfisráðherranna á árinu. Ráðherrarnir eru sammála um að ná þurfi samstöðu um harðari aðgerðir á alþjóðavísu til að minnka losun gróðurhúsalofttegunda eftir árið 2012. Samstaða er um að mikilvægustu aðgerðirnar til að draga úr losun koltvísýrings út í andrúmsloftið séu aukin notkun endurnýjanlegra orkugjafa, minni orkunotkun og þróun nýrrar tækni. Norrænu löndin munu leggjast á eitt um sameiginlegar aðgerðir og stefnumótun varðandi loftslagsmálin og er þegar hafin vinna við sameiginleg verkefni í tengslum við fyrirhugaðan samningafund Loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn árið 2009.

Í tengslum við ársfund Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNEP) í febrúar gaf Norræna ráðherranefndin út og dreifði upplýsingaefni um kvikasilfur. Sjá: www.norden.org/kemikaliegruppen/sk/Hg_English_LOW.pdf.

Upplýsingunum var m.a. ætlað að styðja tillögu sem Noregur, Ísland og fleiri lönd fluttu á fundinum um að hafin verði vinna við að gera alþjóðlegan skuldbindandi samning um kvikasilfur. Jafnframt hafa umhverfisráðherrarnir unnið að því innan vébanda Stokkhólmssamningsins svokallaða um takmörkun á losun þrávirkra lífrænna efna að fleiri efni verði tekin inn í hann en þau tólf sem hann tekur til nú.

Norræna embættismannanefndin um umhverfismál (EK-M) hefur það hlutverk að fylgjast með framkvæmd áætlunarinnar auk þess sem hún undirbýr ráðherrafundi og fylgir eftir ýmsum verkefnum sem ráðherranefndin felur henni.

Á vegum ráðherranefndarinnar starfa auk þess fimm fastir vinnuhópar og fimm þverfaglegir vinnuhópar sem hafa það hlutverk að fylgja eftir markmiðum umhverfisáætlunarinnar. Vinnuhóparnir gefa út skýrslur og efna til ráðstefna og málþinga um ýmis fagleg málefni sem tengjast starfssviðum þeirra. Skýrslur og niðurstöður frá ráðstefnum og fundum hópanna nýtast við stefnumótun í löndunum og sem sameiginlegt framlag Norðurlanda m.a. í samningaviðræðum á alþjóðavettvangi svo og í vinnu við innleiðingu gerða ESB. Vinnuhóparnir halda fundi tvisvar til þrisvar á ári til að móta starf sitt og fylgja eftir verkefnum. Sjá nánar síðar um störf einstakra vinnuhópa.

Á árinu 2008 hefst vinna við að semja nýja umhverfisáætlun fyrir tímabilið 2009–2013.

Norræna umhverfismerkið Svanurinn.

Norræna umhverfismerkið Svanurinn hefur verið við lýði á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar síðan 1989 sem opinbert umhverfismerki Norðurlanda. Svanurinn hefur skapað sér ótvíræðan sess sem mikilvægasta og áreiðanlegasta umhverfismerkið á Norðurlöndum. Á liðnum árum hefur vörum með Svaninum fjölgað á Íslandi og nokkur fyrirtæki hafa öðlast leyfi til að merkja vörur sínar eða þjónustu með Svaninum.

Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO).

Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið heyrir undir Norrænu ráðherranefndina um umhverfismál (sjá nánar um NEFCO í kafla 17.2).

Norræn áætlun um sjálfbæra þróun.

Í nóvember 1998 gáfu norrænu forsætisráðherrarnir út sameiginlega yfirlýsingu um sjálfbær Norðurlönd. Í kjölfar yfirlýsingarinnar samþykktu þeir áætlun um sjálfbæra þróun á Norðurlöndum. Ytri rammi áætlunarinnar nær til ársins 2020 en meginmarkmið hennar eru endurskoðuð á fjögurra ára fresti án þess að hróflað sé við langtímamarkmiðunum. Í áætluninni er lögð áhersla á samþættingu meginhugtakanna þriggja í sjálfbærri þróun, þ.e. umhverfismála, efnahagsmála og félagsmála. Á núgildandi tímabili sem nær til ársloka 2008 eru eftirtalin þverfagleg svið í brennidepli: Sjálfbær neysla og framleiðsla, félagsmál, loftslagsmál, líffræðileg fjölbreytni, hafið, efni og efnavörur og öryggi matvæla. Stýrihópur með fulltrúum allra landanna fylgist með framkvæmd stefnunnar og fylgir henni eftir. Stefnuna um sjálfbæra þróun er að finna á eftirfarandi slóð: www.norden.org/pub/ovrigt/baeredygtig/sk/ANP2004781.pdf.

Ríkisstjórnir norrænu landanna bera meginábyrgð á að fylgja eftir þeim markmiðum og verkefnum sem eru í brennidepli á hverju tímabili en fagráðherranefndir á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar bera einnig ábyrgð á framkvæmd hennar og móta því starf sitt með hliðsjón af þeim áherslum sem koma fram í áætluninni. Umhverfissviðið gegnir mikilvægu hlutverki við að fylgja stefnunni eftir og mótast allt starf vinnuhópanna af því. Á árinu var unnin stöðuskýrsla um framkvæmd áætlunarinnar. Skýrslan var unnin á Íslandi og sýnir m.a. að umhverfissviðið hefur lagt mikið af mörkum við að fylgja áætluninni eftir.

Í skýrslunni eru ábendingar og tillögur um áframhaldandi starf að sjálfbærri þróun á Norðurlöndum og mun hún verða nýtt sem grunnur að vinnu við samninga milli landanna um nýtt tímabil (2009–2013). Stöðuskýrsluna er að finna á slóðinni: norden.org/pub/miljo/miljo/sk/ANP2007749.pdf.

Fastir vinnuhópar á vegum umhverfisráðherra Norðurlanda.

Á vegum norrænu umhverfisráðherranna starfa fimm fastir vinnuhópar og fimm þverfaglegir hópar sem starfa með öðrum fagsviðum á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar. Vinnuhóparnir gegna mikilvægu hlutverki við framkvæmd norrænu umhverfisáætlunarinnar og áætlunarinnar um sjálfbæra þróun. Á þeirra vegum eru unnar skýrslur um ýmis málefni og eru skýrslurnar nýttar til að undirbyggja stefnumörkum í löndunum en oftar en ekki eru slíkar skýrslur sameiginlegt framlag Norðurlanda á alþjóðavettvangi, t.d. í samningaviðræðum eða innan ESB. Einnig standa vinnuhóparnir fyrir ráðstefnum og málþingum um ýmis efni. Skýrslur vinnuhópanna um starfið á undanförnum árum er að finna á slóðinni: www.norden.org/pub/sk/index.asp?vis=alle&subject=Milj%F8&publang=&lang=&p_id=928.

Vinnuhópur um umhverfi hafs og lofts.

Innan ramma norrænu áætlunarinnar í umhverfismálum 2005–2008 vinnur hópurinn að verkefnum sem stuðla að aukinni þekkingu sem getur nýst sem norrænt framlag til stefnumótunar í alþjóðlegum stofnunum og samningum er lúta að mengun hafs og andrúmslofts. Meðal alþjóðlegra samninga sem starf hópsins tengist má nefna samninginn um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa (Convention on Long-Range Transboundary Air Pollution, LRTAP), samninginn um verndun Norðaustur-Atlantshafsins (Convention for the Protection

of the Marine Environment of the North-East Atlantic, OSPAR), Helsingforssamninginn um vernd Eystrasaltsins (HELCOM) og Stokkhólmssamninginn um þrávirk lífræn efni. Þá hefur hópurinn einnig samvinnu við AMAP (Arctic Monitoring and Assessment Programme) sem er einn af vinnuhópum Norðurskautsráðsins. Helstu verkefni sem tengjast ESB varða loftgæði og tilskipanir um útblástur, mótun evrópskrar stefnu um málefni hafsins og framkvæmd rammatilskipunar um vatn. Unnið verður að 16 verkefnum á árinu 2008, þar af eru 13 ný. Meðal þessara verkefna eru fimm verkefni sem varða loftmengun, fjögur verkefni um ofauðgun af völdum næringarefna og fjögur verkefni varðandi þrávirk lífræn mengunarefni.

Vinnuhópur um efni og efnavörur.

Vinnuhópurinn um efni og efnavörur er í forsvari fyrir norrænu samstarfi á sviði eiturefna og hættulegra efna. Markmið starfsins er að notkun efna hafi ekki í för með sér óæskileg áhrif á heilsu og umhverfi og að losun skaðlegra efna verði stöðvuð.

Flest verkefni hópsins nýtast í alþjóðlegu samstarfi einkum í tengslum við löggjöf ESB. Verkefnin eru fjölbreytt en beinast m.a. að því að safna upplýsingum um efni og gera þær aðgengilegar, þróa aðferðir til að meta áhættu og vinna að ráðstöfunum til að draga úr notkun hættulegra efna. Á liðnum árum hefur mikil áhersla verið lögð á verkefni er tengjast nýrri efnalöggjöf í Evrópu (REACH) og væntanlegri löggjöf um samræmdar alþjóðlegar merkingar á eiturefnum og hættulegum efnum og efnavörum sem innihalda slík efni (GHS, Globally Harmonized System of Classification and Labelling of Chemicals).

Efnt var til ráðstefnu um nanóefni sem eru nýtt viðfangsefni í hópnum.

Á vegum hópsins starfa ráðgefandi verkefnahópar og átti Ísland fulltrúa í flestum þeirra. Niðurstöður úr verkefnum vinnuhópanna hafa verið gefnar út sem skýrslur, fræðsluefni og prófunaraðferðir. Gagnabankar sem unnið er að gegna æ mikilvægara hlutverki fyrir sérfræðinga á Norðurlöndum, í Evrópu og víðar enda eru þeir mikilvæg verkfæri fyrir stjórnvöld og aðra sem þurfa að afla upplýsinga um notkunarsvið og áhrif af notkun efna. Mikilvægustu gagnabankarnir eru SPIN (um efni í vörum á markaði á Norðurlöndum), N-klass og H-klass um hættuflokkun og áhættumat á efnum sem eru skaðleg fyrir umhverfi og heilsu og eru notuð í löndum ESB. Gagnabankarnir eru aðgengilegir á veraldarvefnum. Birt var skýrsla með samanburði á skráningu efnavara í Skandinavíu og efnaskráningu vegna REACH. Einnig var gefið út upplýsingarit um kvikasilfur og um ósoneyðandi efni og áhættu vegna aukinnar útfjólublárrar geislunar.

Vinnuhópur um náttúruvernd, útivist og menningarumhverfi.

Norrænt samstarf að umhverfismálum á rætur að rekja til starfs á sviði náttúruverndar, líffræðilegrar fjölbreytni og útivistar. Vinnuhópurinn um náttúruvernd, útivist og menningarumhverfi gegnir lykilhlutverki við að fylgja eftir áherslum umhverfisáætlunarinnar varðandi líffræðilega fjölbreytni og náttúruvernd. Meginverkefni hópsins eru:

– Að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni, þ.m.t. erfðaauðlinda.
– Að vinna að samþættingu náttúruverndar og menningarumhverfis, þ.m.t. landslags.
– Að standa vörð um möguleika fólks og þá sérstaklega barna til útivistar með heilsuverndarsjónarmið og almannarétt að leiðarljósi.

Af þeim verkefnum sem lokið var á árinu má nefna verkefni um uppblástur og ofbeit sem m.a. var kynnt á ráðstefnu í tilefni af 100 ára afmæli landgræðslu á Íslandi. Þá lauk verkefni um ástand sjófuglastofna í Atlantshafi. Unnið er að tveimur verkefnum sem miða að því að koma í veg fyrir frekari hnignun líffræðilegrar fjölbreytni. Í öðru þeirra verkefna eru norræn

sveitarfélög þátttakendur, m.a. íslensk, og er markmið verkefnisins að skilgreina hvað sveitarfélög geta lagt af mörkum til að koma í veg fyrir hnignun líffræðilegrar fjölbreytni. Hitt verkefnið mun kynna ástand ýmissa stofna dýra og plantna og greina hvað hefur skilað árangri og hvað hefur tekist miður vel.

Vinnuhópurinn hefur veitt fjárstuðning til að skipuleggja stutt námskeið um vernd menningarminja. Hefur eitt slíkt námskeið verið haldið hér á landi og var það skipulagt af Fornleifavernd ríkisins.

Auk þess sem hér er nefnt stýrir vinnuhópurinn fjölda verkefna bæði á sviði náttúruverndar og útivistar og má þar sem dæmi nefna verkefni sem tengjast útivist barna, landslagsverkefni og verkefni um notkun lífrænna orkugjafa og áhrif þeirra á umhverfið.

Vinnuhópur um vörur og úrgang.

Verkefni hópsins lúta að umhverfisvænni vöruþróun, hreinni framleiðslutækni og meðferð úrgangs. Vinna í hópnum fer að miklu leyti fram í verkefna- og tengiliðahópum sem stýra tilteknum verkefnum og miðla upplýsingum innan málaflokksins. Þá tekur vinna nefndarinnar mið ef EES-samningnum. Nefndin hefur m.a. unnið að verkefnum er lúta að umhverfisstjórnun, bestu fáanlegu tækni og umhverfismálum í litlum samfélögum. Á árinu var unnið áfram að verkefni um umhverfisstjórnun í dreifðum byggðum og var verklegum þætti verkefnisins ýtt úr vör á Íslandi, í Færeyjum og á Álandseyjum. Á Íslandi taka 6 framleiðslufyrirtæki þátt í fyrsta hluta verkefnisins um umhverfisstjórnun í litlum fyrirtækjum. Undir lok árs var hafinn undirbúningur að næsta þætti verkefnisins og nokkur fyrirtæki á Íslandi hafa lýst áhuga á að vera með.

Lokið var við verkefni um sorphirðuáætlanir í höfnum. Verkefnið var unnið hér á landi og náði til Íslands, Færeyja og Norður-Noregs og var í framhaldi af því gefinn út bæklingur um sorphirðuáætlanir fyrir hafnir og úrgang frá skipum. Efnt var til ráðstefnu í Færeyjum síðla árs um úrgang frá skipum og móttöku úrgangs í höfnum. Í lok október var haldin málstofa í Hafnarfirði um störf starfshópsins um umhverfismál í litlum samfélögum. Málstofuna sóttu fulltrúar frá Íslandi, Færeyjum, Álandseyjum, Norður-Noregi og Norður-Finnlandi. Markmið ráðstefnunnar var að fara yfir starfið hingað til, að móta tillögur um áherslur á næstu misserum og þróa hugmyndir og tillögur sem gætu nýst í næstu norrænu umhverfisáætlun fyrir árin 2009–2012.

Málstofa um spilliefni og norræna samvinnu á því sviði var haldin í Noregi í september með fulltrúum allra Norðurlanda. Þar var m.a. farið yfir verklega þætti Baselsamningsins um flutning úrgangs milli landa. Mikil umræða er um flokkun á notuðum rafmagnsvörum og rafmagnsvöruúrgangi. Ákveðið var að setja á laggirnar sérfræðingahóp til eins árs með fulltrúum frá hverju landi þar sem ljóst er að þetta er sameiginlegt verkefni sem mikilvægt er að ræða á norrænum vettvangi. Loks var farið yfir hugmyndir vinnuhópsins um áherslur í næstu umhverfisáætlun með hliðsjón af forgangsröðun verkefna innan nefndarinnar.

Vinnuhópur um umhverfisvöktun og meðferð gagna.

Vinnuhópurinn leggur höfuðáherslu á þrjá málaflokka; líffræðilega fjölbreytni, þrávirk lífræn efni (POPs) og verkefni sem tengjast rammatilskipun ESB um vatn. Verkefnunum má skipta í þrjá flokka: 1) undirbúningsvinnu til að greina þörf fyrir ný vöktunarverkefni m.a. með rannsóknum á útbreiðslu, 2) vöktun, en í henni felst m.a. þróun aðferða og gæðastjórnun vöktunargagna og 3) samhæfingu vöktunaraðferða, úrvinnslu og nýtingu gagna með því að þróa umhverfisvísa sem notaðir eru til að miðla upplýsingum um niðurstöður vöktunarverk-

efna auk gerð líkana og sviðsmynda þar sem vöktunargögn eru notuð til þess að segja fyrir um þróun.

Verkefni vinnuhópsins er m.a. að mynda þekkingarnet varðandi ágengar tegundir, að kortleggja vistgerðir og vakta þær, að greina áhættu vegna efna- og lyfjanotkunar í sjávareldi, að efla notkun landfræðilegra upplýsingakerfa við flokkun strandsvæða, að meta aðferðir og vöktunargögn vegna lífrænna efna í lofti og úrkomu og að gera samanburðarúttekt á þrávirkum lífrænum efnum og afleiðum þeirra í lífríki á Norðurlöndum.

Vinnuhópurinn er ábyrgur fyrir samræmingu á langtímavöktun á Norðurlöndum og styður sambærileg verkefni á grannsvæðunum. Öll verkefni vinnuhópsins skulu unnin í samstarfi við aðra vinnuhópa á umhverfissviðinu eða vera verkefni sem ráðherranefndin eða embættismannanefndin óskar sérstaklega eftir að verði unnin.

Þverfaglegir vinnuhópar – samstarf við önnur svið: Vinnuhópur um loftslagsmál.

Í samstarfshópnum um loftslagsmál sitja fulltrúar frá bæði umhverfis- og orkugeiranum. Hópurinn vinnur að verkefnum sem varða stefnumörkun og því að greiða fyrir framkvæmd Loftslagssamningsins og Kyoto-viðaukans. Einnig leggur hópurinn áherslu á stefnumótun á sviði loftslagsmála eftir að Kyoto-tímabilinu lýkur í árslok 2012. Gefnar voru út sex skýrslur á síðastliðnu ári. Auk þeirra hafa fjórar skýrslur verið samþykktar til birtingar og unnið er að fjórum skýrslum til viðbótar. Nefndin hefur einnig staðið fyrir málstofum um tiltekin málefni.

Vinnuhópur um umhverfis- og efnahagsmál.

Vinnuhópur starfar á vegum ráðherranefndanna um umhverfismál annars vegar og efnahagsmál hins vegar (sjá nánar um vinnuhópinn í kafla 12).

Vinnuhópur um fiskveiðar og umhverfismál.

Vinnuhópurinn er skipaður tveimur fulltrúum frá hverju norrænu landanna, frá umhverfis- og sjávarútvegsyfirvöldum. Hlutverk hópsins er að ræða nýjungar, stefnumótun og samstarf á þessu sviði og stýra verkefnum sem miða að því að styrkja þátt umhverfismála í sjávarútvegi og við vernd hafsvæða.

Megináherslur í starfi nefndarinnar undanfarið ár hafa tekið mið af stefnumótun í umhverfismálum, sjáfbærri nýtingu og líffræðilegri fjölbreytni og sjávarútvegi. Helstu verkefni hafa verið á sviði auðlindanýtingar, líffræðilegrar fjölbreytni, betri tækni, verndar viðkvæmra hafsvæða, mengunar- og heilbrigðismála í sjávarútvegi auk alþjóðlegs samstarfs um þessi málefni.

Vinnuhópur um umhverfi, landbúnað og skógrækt.

Hópurinn er skipaður tveimur fulltrúum frá hverju norrænu landanna, frá umhverfisyfirvöldum og úr landbúnaðar- og skógræktargeiranum. Hlutverk nefndarinnar er að ræða nýjungar, stefnumótun og samstarf á þessu sviði og stuðla að verkefnum sem miða að því að styrkja samþættingu umhverfismála í landbúnaði og skógrækt.

Megináherslur í starfi nefndarinnar undanfarin ár hafa tekið mið af stefnumótun í umhverfismálum, sjálfbærri þróun og landbúnaðar- og skógræktarmálum. Helstu verkefni hafa verið á sviði auðlindanýtingar, líffræðilegrar fjölbreytni, jarðvegseyðingar, nýrra framleiðsluaðferða, menningarlandslags og alþjóðlegs samstarfs.

Vinnuhópur um framleiðslumiðaða stefnumótun í umhverfismálum.

Vinnuhópurinn er þverfaglegur samstarfsvettvangur aðila sem starfa að umhverfismálum, neytendamálum og málefnum atvinnulífsins. Neytendasjónarmið eru til umfjöllunnar í nefndinni á sama hátt og verið hefur þrátt fyrir að þau mál hafi ekki sömu stöðu innan Norrænu ráðherranefndarinnar og áður.

Meginmarkmiðið með starfi nefndarinnar er að draga úr þeim neikvæðu áhrifum sem framleiðsla á vörum og þjónustu getur haft á umhverfi og heilsu manna. Áherslur í starfi nefndarinnar á árinu beindust að vistvænum innkaupum, umhverfisupplýsingum og sjálfbærum lífsstíl svo og umhverfistækni.

Meðal annars var unnið verkefni sem miðaði að því að styrkja stöðu norræna umhverfismerkisins Svansins. Ísland átti frumkvæðið að þessu verkefni og var það fjármagnað sameiginlega af Norrænu ráðherranefndinni og Umhverfisstofnun en kannanir höfðu sýnt að hlutfallslega færri Íslendingar þekktu Svaninn en íbúar annars staðar á Norðurlöndum. Verkefnið nýtist einnig til almennrar kynningar á Svaninum á Norðurlöndum og í nágrannalöndum. Um þessar mundir tekur hópurinn þátt í verkefni um endurskoðun á Svansmerkinu.

Lokið var við verkefni um umhverfisupplýsingar í ársreikningum og verkefni með góðum dæmum um sjálfbæra neyslu. Efnt var til málstofu í Kaupmannahöfn fyrir raftækjageirann og var þar aðallega fjallað um græna markaði og hreinni tækni.

14. Sjávarútvegur, landbúnaður, matvælamál og skógrækt

Starfið innan Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir sjávarútveg, landbúnað, matvælamál og skógrækt (MR-FJLS) er nú óðum að taka á sig fastmótaða mynd en það hefur á umliðnum árum verið endurskipulagt. Um leið voru sameinaðar þær aðgreindu ráðherranefndir sem fyrir voru og allar embættismannanefndirnar undir ráðherranefndinni sameinaðar í eina deildskipta embættismannanefnd (EK-FJLS).

Í formennskuáætlun Finna kemur fram að leitast skuli við að styrkja möguleika Norðurlanda á að svara alþjóðlegum áskorunum. Í áætluninni er lögð áhersla á að tryggð verði virkni norræna líkansins. Sérstaklega er rætt um þörfina á áframhaldandi þróun samkeppnishæfni og velferðar; menntun, menningu, félags- og heilbrigðisþjónustu ásamt jafnrétti. Samhliða því er lögð áhersla á að auka sýnileika Norðurlanda á alþjóðavettvangi. Þá er einnig fjallað um norræna orkustefnu, loftslagsbreytingar, aðgerðir gegn stjórnsýsluhindrunum á Norðurlöndum auk þess sem lögð er áhersla á frjálsa för fólks milli norrænu landanna. Þá er sérstaklega fjallað um ástand Eystrasaltsins.

Árlegur sumarfundur ráðherranefndarinnar var haldinn í Björneborg (Pori) í Finnlandi þann 28. júní og í tengslum við hann voru ráðstefnur og fundir. Á ráðherrafundinum var almenn umræða um ástand þorskstofnsins í Eystrasalti, um markaðsfærslu matvæla gagnvart börnum og ungmennum og um lífrænt eldsneyti. Fjallað var um stefnumótun á eftirfarandi sviðum: Almenn þróunaráætlun fyrir dreifbýlissvæði, endurskipulagning samstarfs um erfðaauðlindir, nýr norrænn matur og svokölluð kjarnaviðfangsefni ráðherranefndarinnar, einkum þar sem fyrir dyrum stendur að semja nýja starfsáætlun fyrir ráðherranefndina fyrir tímabilið 2009–2012.

Sjávarútvegsmál.

Starfið innan sjávarútvegsdeildarinnar var með mjög hefðbundnum hætti. Sérstök málefni sem upp voru tekin sneru fyrst og fremst að áhersluatriðum í formennskuáætlun Finna en samkvæmt henni var athyglinni beint mjög eindregið að ástandi mála í Eystrasalti, samanber

umræðu um ástand þorskstofnsins sem greint er frá hér framar. Efnt var til ráðstefnu um seli í Eystrasalti þar sem offjölgun þeirra er farin að valda skaða á lífríkinu. Selurinn er einnig farinn að gera sig mjög heimakominn á svæðum þar sem hann sást ekki áður, s.s. baðsvæðum og skynjar að því er virðist enga ógn af manninum. Unnið var að því að móta stefnu deildarinnar gagnvart samstarfinu um erfðaauðlindir en sjávarútvegsdeildin er nú orðin hluti af þeim samstarfsvettvangi.

Landbúnaður.

Sameining Norræna genabankans fyrir nytjaplöntur (NGB), Norræna genabankans fyrir búpening (NGH) og Norrænu frænefndarinnar í skógrækt (NFPR) í eina stofnun, þ.e. „Nordisk genresurscenter – NordGen“ var stærsta viðfangsefni innan landbúnaðardeildar ráðherranefndarinnar á árinu en á sumarfundinum var endanlega gengið frá áætlun um sameininguna. Þessi ákvörðun á sér langan aðdraganda en mikilvægir þættir í ferlinu voru unnir undir formennsku Noregs árið 2006. Gengið hefur verið frá skipun bráðabirgðastjórnar yfir hinni nýju stofnun og ráðinn forstjóri sem tók til starfa 1. janúar sl. Starfið í landbúnaðardeildinni var að öðru leyti með hefðbundnum hætti.

Matvælamál.

Markmiðið með samstarfinu í matvælamálum er að vernda heilbrigði neytenda, koma í veg fyrir villandi merkingar og að hvetja til neyslu hollra matvæla. Samstarfinu er ætlað að stuðla að því að varðveita og þróa fagþekkingu og vísindalega sérfræðikunnáttu á sviði matvæla. Fulltrúar yfirvalda á Norðurlöndum sem fara með matvælamál hittast reglulega á vettvangi norrænu embættismannanefndarinnar um matvæli. Nefndin fjallar um fjölmörg álitamál sem snerta matvæli, matvælaeftirlit og löggjöf og ákveður hvaða verkefni eigi að styrkja. Áherslur nefndarinnar beinast meðal annars í auknum mæli að velferð barna og ungmenna og hvernig má koma í veg fyrir vaxandi offituvandamál í þessum aldurshóp.

Ísland hefur tekur þátt í starfi allra fastanefnda matvælanefndarinnar svo og undirnefnda og verkefnahópa. Vinnunefndirnar hafa að jafnaði fundað tvisvar á ári og hefur þátttaka í norrænum verkefnahópum ávallt verið talin mjög mikilvægur þáttur í starfi íslenskra matvælayfirvalda. Með samstarfinu hefur myndast gott tengslanet við starfsmenn norænna matvælastofnana sem nýst hefur vel við lausn sameiginlegra vandamála varðandi matvælalöggjöf, eftirlit, áhættumat o.fl.

Á vegum nefndarinnar komu út fjölmargar skýrslur sem birtar eru á heimasíðu Norrænu ráðherranefndarinnar:

- Markaðssetning matvara og offita barna.
- Greining, tíðni og eituráhrif amínósýra (ß-metýlamínóalanín).
- Flutningur sláturdýra.
- Samanburður á kostnaði og eftirliti í sláturhúsum á Norðurlöndum.
- Merkingar matvæla.
- Samræmdar aðferðir við rannsóknir á díoxíni í matvælum.

Skógrækt.

Skógræktardeildin hélt fjóra fundi á árinu. Á fundunum gerðu löndin grein fyrir starfi er lýtur að skógræktarmálum hjá hverju þeirra. Helstu atriði sem nefndin fjallaði um voru eftirfarandi:

Niðurstaða ráðstefnu á vegum norrænu skógarmálaráðherranna árið 2005 og eftirfylgni hennar. Fyrst og fremst var um að ræða eftirtalið:

– Að efla samræðu um skóga á hverjum stað, meðal íbúa, yfirvalda, skógareigenda, atvinnulífs og félagasamtaka, m.a. til þess að gera staðbundin og svæðisbundin verðmæti skóga sýnilegri og með því að hvetja sveitarfélög til þess að taka ábyrgð á gildum skógarins innan þeirra marka sem lögsaga þeirra nær til. Til að framfylgja þessu er samnorræn nefnd að störfum.
– Að þróa frekar möguleika sveitarfélaga til þess að færa sér í nyt skóga til útivistar og til þess að fegra umhverfi þeirra, bæta þjónustu sveitarfélaga í skógunum, þróa enn frekar möguleika almennings til að njóta útiveru, m.a. með hliðsjón af þörfum ólíkra hópa í hverju samfélagi.

Þá var rætt um skipulag norrænnar samvinnu um erfðaauðlindir. Einnig var fjallað um lífræna orku, hvernig megi auka hlut hennar og hvaða hlutverki skógarnir gegna þar að lútandi. Á fundunum var á dagskrá samstarf við Eystrasaltsríkin en það er að aukast og vilji fyrir hendi af þeirra hálfu til að efla það enn frekar.

Ákveðið hefur verið að haldin verði á Íslandi ráðstefna norrænu skógarmálaráðherranna á árinu 2008 svipuð ráðstefnunni sem haldin var árið 2005. Fulltrúar Íslands og Svíþjóðar, sem fer þá með formennsku í ráðherranefndinni, munu annast undirbúning hennar og framkvæmd í samstarfi við skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar.

15. Samstarf við nágrannasvæðin

Í *Norðvestur-Rússlandi* hefur Norræna ráðherranefndin lagt áherslu á uppbyggingu tengslaneta á sviði menntunar og rannsókna, félags- og heilbrigðismála, umhverfismála, landamærasamstarfs og þróunar lýðræðis. Áætlun um þekkingaruppbyggingu og myndun tengslaneta er farin vel af stað. Borgarstjórn St. Pétursborgar og Norræna ráðherranefndin hafa gert með sér samstarfssamning á sviði jafnréttismála og félags- og heilbrigðismála, þar sem áhersla er lögð á aðgerðir gegn mansali og félagslegum vanda. Samstarfið við stjórnmálamenn og frjáls félagasamtök er ekki síður mikilvægt enda hefur Norðurlandaráð lagt á það mikla áherslu.

Eftir inngöngu *Eistlands, Lettlands og Litháen* í ESB fer samstarfið við þau lönd fram á jafnræðisgrundvelli og á sér nú einungis stað á þeim sviðum sem allir aðilar hafa hag af.

Norræna ráðherranefndin hefur á árinu lagt áherslu á að þróa sameiginleg skiptidvalarkerfi, ekki síst NordPlus rammaáætlunina sem Norðurlandaráð samþykkti á þingi sínu sl. haust. Samningur hefur verið gerður um rannsóknir á sviði upplýsingatækni. Norræna ráðherranefndin og Eystrasaltsríkin eiga aðild að tengslaneti um nýsköpun á Eystrasaltssvæðinu, svokölluðu BSR INNOnet verkefni, sem hefur það að markmiði að þróa sameiginlega klasa á sviði atvinnulífsins. Rannís er fulltrúi Íslands í verkefninu.

Bæði Norðurlönd og Eystrasaltsríkin hafa margsinnis lýst yfir vilja til að sameinast um að efla Eystrasaltssvæðið til að það geti mætt áskorunum alþjóðavæðingarinnar.

Ný stefna Norrænu ráðherranefndarinnar um *samstarf við frjáls félagasamtök á Eystrasaltssvæðinu* hefur hleypt lífi í samstarfið milli frjálsra félagasamtaka á Norðurlöndum, í Póllandi, Eystrasaltsríkjunum, Norðvestur-Rússlandi og Hvíta-Rússlandi. Stefnan virðist vera árangursríkt tæki til að styrkja borgaralegt samfélag þar.

Í samstarfi við framkvæmdastjórn ESB veitir ráðherranefndin áfram fjármagn til að mennta 550 hvítrússneska námsmenn við *útlagaháskólann European Humanities University* (EHU) í Vilnius og í styrkjakerfi fyrir unga Hvítrússa sem eru við nám í Úkraínu og geta af

pólitískum ástæðum ekki lokið námi í heimalandinu. Norðurlönd vilja leggja sitt af mörkum til að EHU geti einnig í framtíðinni boðið ungum Hvítrússum upp á nám sem byggir á evrópsku gildismati. Samstarfið við framkvæmdastjórn ESB og ESB-löndin auk bandarískra og annarra styrktaraðila er afgerandi fyrir þátttöku Norrænu ráðherranefndarinnar í starfseminni. Í lok árs voru lagðar fram tillögur um að stofna styrktarsjóð fyrir styrkveitingarnar til EHU.

Í samstarfi við Eystrasaltsráðið og framkvæmdastjórn ESB vinnur Norræna ráðherranefndin að tveimur verkefnum sem hafa sem markmið að styrkja *landamærasamstarf* á Eystrasaltssvæðinu. Baltic Euroregional Network East (BEN-EAST), sem stofnað var til í maí sl., vinnur að því að laða að rússneska og hvítrússneska samstarfsaðila. Ráðherranefndin hefur og ákveðið að styrkja framhald BEN-verkefnisins, sem var ýtt úr vör í samvinnu við Eystrasaltsráðið og framkvæmdastjórn ESB fyrir tveimur árum. Markmið beggja verkefna er að stuðla að landamærasamstarfi.

Hlutverk Norrænu Atlantsnefndarinnar (NORA) hefur verið styrkt með því að setja fjárveitingar til starfseminnar undir sérstakan fjárlagalið á norrænum fjárlögum. Hlutverk nefndarinnar er að samræma þá vinnu sem fer fram um þverfagleg stefnumótandi verkefni til hagsbóta fyrir *Vestur-Norðurlönd* (sjá nánar um NORA í kafla 10).

Á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar er unnið að því að breikka samstarfið við önnur svæðisbundin ráð og samtök til að komast hjá tvíverknaði í starfsemi þeirra. Samstarf er hafið við *Barentsráðið* um sameiginleg verkefni til stuðnings samíska samfélaginu í Rússlandi og um að rannsaka afleiðingar veðursfarsbreytinga á vistkerfi Barentssvæðisins. Í samstarfi við *Eystrasaltsráðið* hefur ráðherranefndin ákveðið að koma á samvinnu við háskólann í Pskov, sem verður hluti af samstarfi háskóla á Eystrasaltssvæðinu (Eurofaculty). Markmiðið er að taka þátt í að nútímavæða menntun á háskólastiginu, en Rússar fagna því framtaki og styrkja fjárhagslega.

Samstarf við *Norðurskautsráðið* fer fram samkvæmt norðurskautsáætlun ráðherranefndarinnar, sem styrkti um 20 verkefni með u.þ.b. 8 millj. d.kr. á árinu til stuðnings alþjóðlega heimskautaárinu 2007–2009. Meðal þeirra verkefna sem unnið er að eru verkefni á sviði loftslagsrannsókna á norðurskautssvæðinu. Starfsemi ráðherranefndarinnar á norðurskautssvæðinu var metin og niðurstaðan var jákvæð.

Ráðherranefndin hefur á árinu einnig haft samráð við Visegrad-löndin, Bandaríkin, Kanada o.fl. þar sem áhersla er lögð á málefni norðurskautsins. Samstarf við ESB hefur verið eflt á mörgum sviðum, m.a. varðandi nýsköpun, sjálfbæra þróun, menntun og rannsóknir.

16. Norrænar stofnanir á Íslandi

16.1 Norræna húsið

Starfsemi Norræna hússins var með fremur óhefðbundnum hætti á árinu. Nýr forstjóri, Max Dager frá Svíþjóð tók til starfa í janúar. Hann tók við starfinu af Gro Kraft frá Noregi sem gegnt hafði stöðunni sl. fjögur ár.

Nýr forstjóri hússins hefur verið ötull við að kynna Norræna húsið og norrænt samstarf fyrir ýmsum menningarstofnunum og samtökum bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni. Það hefur m.a. leitt af sér að ýmsir stórir menningarviðburðir hafa farið fram í Norræna húsinu. Sem dæmi um þátttöku forstjórans í menningarstarfsemi á landsbyggðinni má nefna „Sænska daga“ á Húsavík sl. sumar og fyrirlestur á vegum Menningarmiðstöðvar Austurlands á Egilsstöðum um norrænt samstarf.

Norræna húsinu var lokað í tvo mánuði vegna viðgerða. Salerni og pípulagnir voru orðin úr sér gengin enda ekki verið endurnýjuð síðan húsið var opnað árið 1968. Húsið var því lokað á tímabilinu 17. júní – 18. ágúst. Að loknum viðgerðum var húsið opnað að nýju með níu daga norrænni menningarhátíð.

Tónleikar og sýningar.

Tónleikar: Að vanda var haldinn fjöldi tónleika. Margir voru á vegum aðila sem leigðu aðstöðu í húsinu, bæði innlendra og erlendra. Að auki halda ýmsar stofnanir og tónlistarsamtök fundi og tónleika í húsinu, s.s. Hádegistónleikar Háskóla Íslands, 15:15 tónleikaröðin, Tónlistarskólinn í Reykjavík, Suzuki tónlistarskólinn, Listaháskóli Íslands, Wagner samtökin o.fl.

Eftirfarandi norrænir tónlistarmenn héldu tónleika:

- „Edith Söndergran – Ég stend á sól“. Iris Ensemble frá Finnlandi fluttu verk finnsku skáldkonunnar Edith Söndergran í tónum og tali.
- Tónlistarhópurinn „Lava“, þrír ungir tónlistarmenn frá Noregi og Íslandi.
- „Myrkir músikdagar“. Michael Clarke og Þórarinn Stefánsson píanóleikari.
- Danski píanóleikarinn Anne Öland hélt tónleika í mars.
- Í apríl hélt íslensk-færeyska tríóið „Trisfo“ útgáfutónleika.
- „Mosjöen Mannskor“ frá Helgeland í Noregi hélt tónleika í apríl.
- Sumartónleikar „Vox Borealis“, kórs ungmennadeildar Norræna félagsins.
- „Karis“ kórinn frá Finnlandi ásamt kvennakvartettinum „Alla Breve“ héldu tónleika í júní.
- Söngtónleikarnir „Í skugga Griegs“ voru haldnir í september. Flytjendur voru norski tenórsöngvarinn Harald Björköy og Selma Guðmundsdóttir píanóleikari. Tónleikarnir voru samvinnuverkefni Griegakademíunnar í Björgvin, Norræna hússins og Laugarborgar í Eyjafirði.
- „Ung Nordisk Musikk 2007“ héldu tónleika í byrjun september. Fluttur var fjöldi nýrra verka eftir ung norræn tónskáld.
- Í október hélt Kvennakórin Embla tónleika þar sem flutt var tónlist eftir Edvard Grieg.

Sýningar: Flestar listsýningar sem haldnar eru í húsinu eru í sýningarsölum í kjallaranum eða í anddyri hússins.

- Í byrjun ársins hélt finnski ljósmyndarinn Susanna Majuri sýningu sem hún nefndi: „Þið þessi norrænu“.
- Ljósmyndarar alls staðar að á Norðurlöndum tóku þátt í ljósmyndasýningunni „City-borderlands – Nordic Art Photography“ sem haldin var á tímabilinu janúar–mars. Norðurlöndin í fókus styrkti.
- Margaretha Sandström og Peter De Wit eru silfur- og gullsmiðir sem búsettir eru í Svíþjóð. Þessir tveir listamenn hafa haldið sýningar víða um heim og hafa sýningar þeirra hvarvetna vakið mikla athygli. Þau sýndu listmuni sína í Norræna húsinu í mars og apríl.
- „List án landamæra“ stóð yfir í apríl/maí. Að baki listahátíðinni standa Landssamtökin Þroskahjálp, Fjölmennt, Átak, Öryrkjabandalag Íslands og Hitt Húsið.
- Samtímalistsýningin „[náttúrulega]“ var haldin í húsinu í september. Sýningunni var hleypt af stokkunum í Norðurlandahúsinu í Færeyjum sl. sumar. Sautján rótgrónir listamenn frá Færeyjum, Danmörku, Noregi, Grænlandi og Íslandi áttu verk á sýningunni.

Þema sýningarinnar var náttúran og voru listamennirnir hvattir til að gera því skil frá öllum hugsanlegum sjónarhornum. Norðurlöndin í fókus styrkti.

– Sýningin „form.ax“ frá Álandseyjum var haldin í sambandi við menningarhátíðina Reyfi. Markmið sýningarinnar er að gefa heildstæða mynd af álenskri hönnun, gæðum hennar og nýsköpun. Sýningin er farandsýning sem hefur verið sett upp í öllum norrænu löndunum nema Danmörku og auk þess í Eistlandi. Norræna stofnunin á Álandseyjum, Norræni menningarsjóðurinn, landstjórn Álandseyja og Sænski menningarsjóðurinn styrktu.
– Sýningin „Handverkshefð í hönnun“ á vegum Heimilisiðnaðarfélags Íslands var haldin í september/október. Félagið gegnir formennsku í samtökum norrænna heimilisiðnaðarfélaga og héldu samsýningu á hönnun ungra nemenda frá íslenskum og dönskum skólum.
– Sýning á myndum norska ljósmyndarans Ove Aalo var haldin í október/ nóvember. Sýning þessi er liður í menningarsamstarfi Vesterålen í Norður-Noregi og menningarsamtaka á Austurlandi. Ljósmyndarinn dvaldi að Skriðuklaustri meðan á myndatökunum stóð. Allar myndirnar á sýningunni eru teknar á Íslandi og sýna íslenska náttúru og dýralíf.
– Sýning Kristínar Scheving „Rythmi“ var í anddyri hússins í nóvember. Sýningin er blanda af vídeóverkum, málverkum og gömlum ljósmyndum.

Aðrir viðburðir:

Astrid Lindgren, dagskrá í tilefni af aldarafmæli. Í samvinnu við sænska sendiráðið var efnt til málþings og pallborðsumræðna í tilefni aldarafmælis Astrid Lindgren. Umræðan bar yfirskriftina „Réttur barna til foreldra“. Inngangsorð hélt Madeleine Ströje Wilkens sendiherra Svíþjóðar. Frummælendur voru: Frú Vigdís Finnbogadóttir, Lena Nyberg umboðsmaður barna í Svíþjóð, Ingibjörg Rafnar umboðsmaður barna á Íslandi, Vigdís Erlendsdóttir forstöðumaður Barnahúss og Kristín Helga Gunnarsdóttir rithöfundur. Sýnd var kvikmyndin „Till landet i fjärran“, kvikmynd sem fjallar um Astrid Lindgren og hugmyndir hennar um réttindi barna. Að auki var dagskrá fyrir börn sem byggð var á frásögum um Astrid Lindgren. Lesið og sungið var úr bókum hennar og sýnd var kvikmynd um eina af hennar vinsælustu skáldsagnarpersónum.

Reyfi – Menningargnægð. Níu daga norræn menningarhátíð „Reyfi“ var fyrsti viðburðurinn þegar húsið var opnað að nýju 18. ágúst. Hátíðin var formlega sett við opnun Menningarnætur Reykjavíkur sem fór fram við Norræna húsið. Unnið hafði verið að undirbúningi hátíðarinnar frá því um vorið og m.a. með aðstoð ungs fólk frá Norðurlöndum sem vann á landinu á vegum Nordjobb.

Allir listamennirnir sem fram komu á hátíðinni voru frá Norðurlöndum. Flestir listamannanna eru þekktir og viðurkenndir listamenn í sínum heimalöndum. Samtals voru haldnir rúmlega 30 tónleikar og flutt var mjög fjölbreytileg tónlist. Þá voru kvikmynda- og leiksýningar, myndlistasýningar og gjörningar. Skapandi verkstæði var fyrir börn og unglinga, ásamt dans- og fjölleikasýningum. Kynning var á norrænum rithöfundum og verkum þeirra. Þá voru fyrirlestrar um hönnun og arkitektúr, að ógleymdri kynningu á norrænni matargerð. Við gerð dagskrárinnar var lögð mikil áhersla á að allir aldurshópar fyndu eitthvað við sitt hæfi.

Leigður var 700 fermetra glerskáli frá Hollandi til að hýsa stærri viðburði hátíðarinnar og fyrir þann fjölda gesta sem áætlað var að myndu sækja hátíðina. Minni viðburðir fóru fram

í Norræna húsinu. Dagskráin hlaut mikla athygli í öllum fjölmiðlum. U.þ.b. 17000 gestir sóttu hátíðina. Norðurlöndin í fókus styrkti.

Bókmenntahátíð í Reykjavík. Alþjóðlega bókmenntahátíðin í Reykjavík 2007 var haldin í Iðnó og Norræna húsinu í september sl. 21 erlendur og 10 íslenskir höfundar komu fram á hátíðinni auk þess sem fjölda erlendra þýðenda var boðið. Norrænu rithöfundarnir Kirsten Hammann, Carl Johan Jensen, Jonas Hassen Khemiri, Tapio Koivukari, Morten Ramsland og Hanne Örstavik lásu úr verkum sínum í Norræna húsinu. Meðal annarra þekktra rithöfunda sem voru gestir hátíðarinnar má nefna: Ayaan Hirsi Ali, Jung Chang, Roddy Doyle og J.M. Coetzee sem hlaut Bókmenntaverðlaun Nóbels árið 2003.

Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík. Alþjóðleg kvikmyndahátíð var haldin í lok september og byrjun nóvember. Meðal gesta á hátíðinni var finnski leikstjórinn Aki Kaurismäki. Í Norræna húsinu voru sýndar allar helstu kvikmyndir þýska leikstjórans Rainer Werner Fassbinder. Sýning á veggspjöldum af kvikmyndum leikstjórans var sett upp í anddyri hússins. Þýska leikkona Hanna Schygulla sem leikið hefur í flestum myndum leikstjórans sótti Norræna húsið heim meðan á hátíðinni stóð. Þá var einnig haldið námskeið, „Talent Campus“, fyrir íslenska og erlenda nemendur í kvikmyndagerð. Japanska sendiráðið stóð fyrir kvikmyndasýningum fyrir börn.

Iceland Airwaves – alþjóðleg tónlistarhátíð í Reykjavík. Í október var hluti af „Iceland Airwaves“, alþjóðlegu tónlistarhátíðinni, í fyrsta skipti haldinn í Norræna húsinu. Allir tónleikar með norrænum tónlistarmönnum og hljómsveitum fóru fram í húsinu. Sent var út beint frá nokkrum tónleikanna á Rás 2. Settar voru upp tvær ljósmyndasýningar, ásamt kvikmyndasýningu í anddyrinu hússins. Útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar (Iceland Music Export) stóð fyrir „Speed Meeting Event 2007“. Norræna menningargáttin (Kulturkontakt Nord) styrkti.

Ýmsir aðrir viðburðir.

- Þýðingarstemma milli íslensku og finnsku tungumálanna var haldin í febrúar. Hingað komu finnsku rithöfundarnir Tapio Konivukari, Anja Snellman og Maria Antas sem héldu fyrirlestra og kynntu finnskar bókmenntir.
- Reykjavik Documentary Workshop, Kvikmyndamiðstöð Íslands, námsbraut í hagnýtri menningarmiðlun við Háskóla Íslands og Norræna húsið hafa í samvinnu staðið fyrir mánaðarlegum kvikmyndasýningum í Norræna húsinu. Á sýningarnar hafa mætt erlendir leikstjórar og kynnt verk sín.
- Árlega standa kennarar í sænsku og norsku fyrir kvikmyndaviku, þar sem sýndar eru sænskar og norskar kvikmyndir. Sýningarnar eru fyrir nemendur í grunn- og framhaldsskólum.
- Í febrúar tók Norræna húsið þátt í Safnanótt. Að þessu sinni var yfirskriftin „Pourquoi pas? – Franskt vor á Íslandi“, sem var viðamikil frönsk menningarveisla. Fleiri hundruð gestir heimsóttu Norræna húsið þetta kvöld og nutu frábærrar sýningar franska listahópsins Parques Majeures frá París. Norðurlöndin í fókus styrkti.
- Dómnefnd bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs hélt blaðamannafund í Norræna húsinu, þar sem tilkynnt var að rithöfundurinn Sara Stridsberg hefði hlotið verðlaunin.
- Í tilefni af opnun sendiskrifstofu Færeyja á Íslandi voru haldnir tónleikar í Glerskálanum við Norræna húsið. Á tónleikunum komu fram færeysku tónlistamennirnir Jensina Olsen, Budam, Jógvan Hansen og Ízafold. Kynnir á tónleikunum var rithöfundurinn Carl Johan Jensen. Tónleikarnir voru í boði sendifulltrúa Færeyja á Íslandi, Norðurlanda-

hússins í Færeyjum og Norræna hússins í Reykjavík. Norðurlöndin í fókus styrkti.
- Í september var haldið málþing: „Kapphlaupið á Norðurpólinn – breytingar á stöðu Íslands og Norðurlanda í varnar- og öryggismálum“. Málþingið var haldið í Glerskálanum við Norræna húsið. Fyrirlestrar á ráðstefnunni voru í samvinnu við Excercise Northern Challenge Partnership for Peace. Ávörp fluttu utanríkisráðherra Íslands Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, dr. Guðni Th. Jóhannesson, Lars Möller Pedersen flotaforingi frá Konunglega danska flotanum og Claes Wolgast ofursti frá sænska hernum. Norðurlöndin í fókus styrkti.
- Fyrirlestrar undir yfirskriftinni „Auðlindir og umhverfi“ voru haldnir í september. Þeir voru samstarfsverkefni Norræna hússins, Landgræðslunnar, Land- og ferðamálafræðiskorar Háskóla Íslands, Lagastofnunar Háskóla Íslands og Rannís. Fyrirlesarar voru: Prófessor Roger Crofts, fyrrverandi forstjóri Náttúruverndarsamtaka Skotlands og núverandi formaður Evrópunefndar IUCN um vernduð svæði, Andrew Campell forstjóri ráðgjafafyrirtækisins Triple Helix Consulting sem starfar á sviði sjálfbærni og dr. Ian Hannam frá University of New England sem starfar fyrir Australian Centre for Agriculture and Law. Sýnd var líka heimildarmyndin „The Thin Green Line“. Norðurlöndin í fókus styrkti.
- Í september var haldin dagskrá í minningu Stefáns Karlssonar handritafræðings á vegum Dansk-íslenska félagsins í samvinnu við stofnun Árna Magnússonar.
- Í haust var opnað nýstárlegt kaffihús, „prjónakaffi“, í kjallara bókasafnsins í sambandi við sýninguna „Handverkshefð og hönnun“.
- Í október fór fram þriðja alþjóðlega ljóðahátíð Nýhils. Haldin voru tvö málþing um ljóðlist. Norðurlöndin í fókus styrkti.
- Höfundar barnabókanna „Barnbok över gränserna“, Áslaug Jónsdóttir, Rakel Helmsdal (Færeyjum) og Kalle Güettler (Svíþjóð) héldu fyrirlestur og spjölluðu um samvinnuna og hugmyndirnar að baki þessum margverðlaunuðu bókum.
- Stúdentaleikhúsið sýndi leikritið „Lífið liggur við“ undir stjórn Hlínar Agnarsdóttur í sýningarsalnum í kjallara hússins. Samtals voru 12 sýningar.
- Strengjaleikhúsið undir stjórn Messíönu Tómasdóttur sýndi verkið „Spor regnbogans“. Þetta er flautu- og brúðuleikhús án orða um tónlist. Verkið er fyrir börn á leikskólaaldri.
- Norræna húsið var með vandaða aðventudagskrá í desember. Daglega var opnaður gluggi í jóladagatali hússins. Ýmsir þekktir listamenn leyndust bak við hvern glugga og stóðu fyrir stuttri dagskrá eða uppákomu. Um helgar var barnadagskrá í bókasafninu þar sem lesið var úr þýddum bókum eftir norræna höfunda. Íslenskur og norskur barnakór sungu norræn jólalög. Strengjaleikhúsið undir stjórn Messíönu Tómasdóttur sýndi verkið „Litla trommuleikarann“. Um helgar var jólamarkaður hönnuða og handverksfólks í sýningarsalnum í kjallaranum. Jólahlaðborð með girnilegum norrænum jólakræsingum var í veitingasölunni, „Alvar A – matur og drykkur“.
- Fundur forsætisnefndar Norðurlandaráðs var haldinn í Norræna húsinu 14. desember.
- Norrænu sendiráðin, að danska sendiráðinu undanskildu, héldu þjóðhátíðardaga sína hátíðlega í Norræna húsinu.

Bókasafn.

Starfsemi bókasafnsins var með hefðbundnum hætti fyrri helming ársins. Að venju var það vel sótt af heimamönnum, fólki af skandinavísku bergi brotnu sem hér dvelur um lengri

eða skemmri tíma og erlendum nemendum við Háskóla Íslands, en auk þessara hópa fer fjölgandi erlendum ferðamönnum sem sækja safnið heim.

Bókasafnið var opnað eins og húsið á „Menningarnótt“ 18. ágúst og hófst þar með menningarhátíðin „Reyfi“ sem stóð yfir í níu daga. Safnið var opið lengur daglega meðan á hátíðinni stóð.

Vaxandi eftirspurn eftir þjónustu er frá grunnskólum landsins og hefur starfsfólk safnsins reynt að verða við henni m.a. með því að taka á móti nemendum. Þeim er sýnt bókasafnið og húsið og saga þess rakin. Frá því bókasafnið var opnað í ágúst hafa yfir tvöhundruð grunnskólanemendur komið í kynnisferðir.

Grunnskólanemum sem hafa valið sænsku sem annað tungumál var boðið á bókasafnið í „Norrænu bókasafnsvikunni“ í nóvember.

Veitingasalan – Alvar A matur og drykkur.

Veitingasalan í húsinu fylgir nú stefnu Norrænu ráðherranefndarinnar um „nýja norræna matargerð“. Danskur matreiðslumaður sér um að henni sé framfylgt. Töluverðar endurbætur hafa verið gerðar á veitingasölunni m.a. hefur hluti húsgagnanna verið endurnýjaður.

Norrænir lektorar.

Norrænu lektorarnir sem kenna við Háskóla Íslands hafa skrifstofur og kennsluaðstöðu í Norræna húsinu.

16.2. Norræna eldfjallasetrið (NORDVULK)

Meginmarkmið Norræna eldfjallasetursins (Nordisk Vulkanologisk Center) er að efla norrænt samstarf í eldfjallafræði og skyldum greinum, hvað varðar rannsóknir og menntun sem og þjálfun ungra norrænna jarðvísindamanna. Lykilþáttur í starfseminni eru fimm tímabundnar stöður fyrir unga norræna jarðvísindamenn sem veittar eru til árs í senn, þar sem nemendur eða nýdoktorar, gjarnan annars staðar að á Norðurlöndum, koma og vinna að rannsóknarverkefnum í samvinnu við rannsóknarhóp Norræna eldfjallasetursins. Ísland er notað sem „tilraunastofa“ og rannsóknirnar beinast að því að skilja grundvallareðli þeirra ferla sem eiga sér stað við myndun og mótun jarðskorpunnar. Rannsóknirnar nýtast þannig almennt til að skilja gerð og eðli fornrar jarðskorpu sem mótast hefur af eldvirkni, líkt og sums staðar annars staðar á Norðurlöndum. Áhersla er lögð á alþjóðlegt samstarf og að Norræna eldfjallasetrið sé sýnilegt á alþjóðlegum vettvangi sem sameiginleg norræn miðstöð eldfjallarannsókna.

Norræna eldfjallasetrið er hluti af Jarðvísindastofnun Háskólans, samkvæmt samningi á milli Norrænu ráðherranefndarinnar og Háskóla Íslands, sem gerður var með fulltingi menntamálaráðuneytisins árið 2004. Upphaflegur samningur þess efnis gilti til ársloka 2007, en á síðastliðnu ári var unnið að framlengingu hans. Ákveðið var að framlengja samninginn um eitt ár, með sambærilegri fjármögnun árið 2008 og 2007. Fjármögnun starfseminnar er þannig tryggð út árið 2008. Á núverandi ári er miðað við að úttekt verði gerð á starfseminni og meðal annars á grundvelli hennar verði tekin ákvörðun um nýjan samning til lengri tíma.

Fjármögnun til starfsemi Norræna eldfjallasetursins kemur af norrænum og íslenskum fjárlögum. Þannig fékk starfsemin 4,95 millj. d.kr. af norrænum fjárlögum árið 2007, en árið áður hafði þessi upphæð verið 7,27 millj. d.kr. Þessi lækkun á fjárframlögum af norrænum fjárlögum er í samræmi við samnorrænt samkomulag um að færa ábyrgð á rekstri samnorrænna vísindastofnana til þeirra landa sem þær eru staðsettar í. Jarðvísindastofnun Háskólans, sem nú starfrækir Norræna eldfjallasetrið, er jafnframt ein af undirstofnunum Raun-

vísindastofnunar Háskólans. Í samræmi við ofangreindan norrænan niðurskurð fjármagns fékk Raunvísindastofnun Háskólans 20 millj. kr. hækkað rekstrarframlag á fjárlögum 2007 til að mæta lækkandi tekjum frá Norrænu ráðherranefndinni.

Jarðvísindastofnun Háskólans, sem varð til við samruna Norrænu eldfjallastöðvarinnar við jarðvísindahópa Háskóla Íslands árið 2004, er ung stofnun og skipulag enn í mótun. Eldfjallarannsóknir á stofnuninni eru leiddar áfram af vísindamönnum í svoköllum þemahóp í eldfjallafræði, en í honum voru 20 manns við árslok. Þemahópurinn er alþjóðlegur og ungir norrænir jarðvísindamenn sem dvelja á Norræna eldfjallasetrinu eru hluti af hópnum. Rannsóknir hópsins falla undir verkefnaáætlun sem kölluð er „Understanding volcanoes – a thematic programme in volcanology“, eins og sjá má á: www. earthice.hi.is/page/ies_ understanding_volcanoes.

Þemahópur í eldfjallafræði á Jarðvísindastofnun Háskólans sér jafnframt um rekstur Norræna eldfjallasetursins, þannig að öll aðstaða og þekking Jarðvísindastofnunar Háskólans nýtist nú að fullu fyrir unga norræna vísindamenn sem koma til setursins. Umsjónarmaður Norræna eldfjallasetursins og hópstjóri þemahóps í eldfjallafræði er Freysteinn Sigmundsson.

Norræn verkefni og samstarf.

Norræn verkefnanefnd, skipuð einum jarðvísindamanni frá hverju norrænu landanna, veitir Jarðvísindastofnun Háskólans ráðgjöf um hvernig tryggja megi best norræna vídd og norrænan áhuga á starfsemi Norræna eldfjallasetursins. Einn þátturinn er val norrænna styrkþega sem dvelja við Norræna eldfjallasetrið. Fimm nýir styrkþegar hófu störf. Tveir nýdoktorar, einn sem lauk Ph.D. námi við háskólann í Árósum og annar sem lauk Ph.D. gráðu frá háskólanum í Lundi, bættust í rannsóknarhóp Norræna eldfjallasetursins. Þá bættust tveir doktorsnemendur við, einn sem nýtir vinnu sína við eldfjallasetrið sem hluta af doktorsnámi við háskólann í Luleå í Svíþjóð og hinn sem nýtir vinnu við eldfjallasetrið sem hluta af doktorsnámi við háskólann í Helsingfors. Fimmti styrkþeginn sem hóf störf er frá Íslandi og að auki var veittur viðbótarstyrkur til dansks nemanda sem er að mestu kostaður af doktorsstyrk frá Háskólasjóði Eimskipafélags Íslands. Styrkþegar eldfjallasetursins voru þannig sex á árinu.

Alþjóðleg verkefni.

Í ágúst sl. stóð Norræna eldfjallasetrið fyrir alþjóðlegum sumarskóla í eldfjallafræði þar sem saman komu um 50 vísindamenn og nemendur alls staðar að á Norðurlöndum, ásamt þátttakendum frá Bretlandi, Írlandi, Bandaríkjunum og Suður-Afríku. Sumarskólinn fjallaði um samspil jarðskorpuhreyfinga og eldvirkni. Undirbúningsnefnd var skipuð aðilum frá Jarðvísindastofnun Bandaríkjanna, Háskólanum í Ósló, Pennsylvania State University ásamt Norræna eldfjallasetrinu. Norræn aðkoma að sumarskólanum og þátttaka norrænna nemenda var kostuð að mestu af sérstökum styrk frá NordForsk. Skólinn fór fram við Mývatn, þar sem haldnir voru fyrirlestrar, veggspjaldakynningar og umræður, ásamt því sem farið var í rannsóknarferðir um norðurgosbelti Íslands. Norræna eldfjallasetrið hefur staðið fyrir sumarskólum sem þessum að jafnaði annað hvert ár frá 1995 með góðum árangri. Þar gefst lengra komnum norrænum nemendum í jarðvísindum tækifæri til að kynnast hópi alþjóðlegra vísindamanna og nemenda. Fjallað er ítarlega um valið efni hverju sinni sem ofarlega er á baugi í eldfjallafræði.

Alþjóðleg rannsóknarverkefni voru fjölmörg og niðurstöður rannsókna birtust í um 15 tímaritsgreinum í virtum vísindatímaritum. Þannig birtust t.d. niðurstöður þróana á nýjum

aðferðum til að meta jarðskorpuhreyfingar með nákvæmri úrvinnslu gervitunglamynda sem unnar voru í samstarfi við Stanford háskóla í Kaliforníu.

Íslensk verkefni og samstarf.

Á árinu birtust ýmsar niðurstöður rannsókna á íslenskum eldfjöllum, m.a. um myndunarhætti kviku undir Heklu fyrir fyrri tíma stórgos í fjallinu, ásamt því sem kynntar voru niðurstöður á umhverfisáhrifum Heklugosa 1991 og 2000. Þá tekur Norræna eldfjallasetrið þátt í viðamiklum mælingum á flekahreyfingum og jarðskorpuhreyfingum á íslenskum eldfjöllum, sem eru hluti af umhverfisvöktun sem unnin er í samstarfi við íslenskar jarðvísindastofnanir. Einnig hefur verið fylgst með landbreytingum vegna minnkandi jökla á landinu. Þannig rís land við jaðar Vatnajökuls nú yfir 2 sentímetra á ári vegna minnkandi jökulfargs og þau áhrif móta nú mikið aðstæður í jarðskorpu og möttli. Hreyfingarnar eru nú hraðari en flekarekið sjálft um Ísland sem er tæpir 2 sentímetrar á ári. Þessum hreyfingum, sem eru fyrst og fremst lóðréttar, fylgja spennur í jarðskorpunni sem mótað geta virkni í eldstöðvum undir jöklum landsins. Þá má nefna að Norræna eldfjallasetrið tók, líkt og fyrri ár, þátt í starfi vísindamannaráðs Almannavarnardeildar ríkislögreglustjóra við ráðgjöf á hættum af náttúruvá, m.a. við túlkun jarðskjálfta og jarðskorpuhreyfinga.

17. Norrænar lánastofnanir

17.1 Norræni fjárfestingarbankinn (NIB)

Fyrstu átta mánuðir ársins einkenndust af miklum sveiflum á alþjóðlegum fjármálamarkaði. Á fyrri helmingi ársins var framboð lánsfjár mikið og áhættusækni var ríkjandi. Í júlímánuði jókst óróleiki á mörkuðum sem einkum var rakinn til aðsteðjandi vandamála á bandarískum markaði með húsnæðisskuldabréf. Áhættutaka minnkaði verulega ásamt því að umtalsvert dró úr framboði fjármagns á millibankamarkaði og vaxtamunur jókst verulega. Þessar aðstæður höfðu áhrif á starfsemi Norræna fjárfestingarbankans líkt og annarra fjármálafyrirtækja.

Afkoma Norræna fjárfestingarbankans á tímabilinu var engu síður góð. Eftirspurn eftir lánum bankans breyttist lítið á tímabilinu en á hinn bóginn stækkuðu fjárhæðir nýrra lána að jafnaði umtalsvert. Vaxtamunur bankans fyrstu átta mánuði ársins nam 11,2 milljörðum króna (123 milljónir evra) samanborið við 10,9 milljarða króna (120 milljónir evra) á sama tímabili á fyrra ári. Hagnaður bankans á tímabilinu lækkaði hins vegar lítillega, einkum vegna aðlögunar í eignaskráningu þar sem tekið var mið af markaðsaðstæðum. Hagnaðurinn á tímabilinu janúar til ágúst var 7,3 milljarðar króna (80 milljónir evra) en var 8,1 milljarðar króna (90 milljónir evra) á sama tímabili árið 2006.

Niðurstöðutala efnahagsreiknings bankans í lok ágúst var 1.730 milljarðar króna (19 milljarðar evra) í samanburði við 1.638 milljarða króna við áramótin 2006/2007 (18 milljarða evra). Á tímabilinu fengu eigendur bankans greidda fjóra og hálfan milljarð króna (50 millj. evra) arð af hagnaði ársins 2006.

Afar mikil aukning varð í útlánum bankans á tímabilinu janúar til ágúst. Umsamin ný útlán námu 117 milljörðum króna (1.291 millj. evra) en útgreidd lán fyrstu átta mánuði ársins námu 145 milljörðum króna (1.598 millj. evra). Til samanburðar námu útgreiðslur á sama tímabili 2006 um 807 milljónum evra eða 73 milljörðum króna. Heildarútlánasafn bankans 31. ágúst sl. nam 1.098 milljörðum króna (12.065. millj. evra).

Á tímabilinu gaf bankinn út 56 flokka skuldabréfa í 8 mismunandi myntum, samtals að fjárhæð 230 milljörðum króna (2.528 milljónum evra). Í aprílmánuði gaf bankinn út í fyrsta

sinn alþjóðlegan flokk skuldabréfa í japönskum jenum til 10 ára að fjárhæð 50 milljarðar jena (307 milljónir evra). Bankinn gaf þrisvar sinnum á árinu út skuldabréf í íslenskum krónum, samtals að fjárhæð 18 milljarðar króna (200 milljónir evra), hvert um sig til eins árs. Þar af var fyrsta útgáfan í íslenskum krónum hin stærsta til þessa, eða 10 milljarðar. Þær tvær útgáfur sem komu í kjölfarið, önnur að fjárhæð 3 milljarðar og sú síðasta, 5 milljarðar, voru til marks um mikla eftirspurn eftir bréfunum. Bandaríkjadalur var sem fyrr mikilvægasti lántökugjaldmiðill bankans. Útlána- og eignasafn bankans er áfram í hæsta gæðaflokki. Engin framlög voru á sértækan afskriftarreikning til að mæta útlánatöpum.

Útlán innan Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna.

Á fyrstu átta mánuðum ársins var fjöldi nýrra lána svo að segja óbreyttur frá sama tímabili fyrra árs. Þrjátíu og tvö lán voru veitt til aðildarlandanna allra á tímabilinu, þar af fjögur til Íslands. Hins vegar tvöfölduðust fjárhæðir einstakra lána bankans til Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna að jafnaði. Samþykkt lán til aðildarlandanna námu í heild um 100 milljörðum króna (1.104 millj. evra) en námu um 44 milljörðum króna eða 484 milljónum evra á sama tímabili 2006. Stærstur hluti útlána í heild var til iðnaðarmála, eða 28%. Jafnstór hluti eða 28%, var lánaður til orkumála, m.a. til Landsnets á Íslandi og Statnett í Noregi, en það síðarnefnda stendur fyrir lagningu um 580 km rafmagnskapals neðansjávar, frá Noregi til Hollands. Var það jafnframt stærsta einstaka verkefnið á því sviði á árinu. Um 12% útlána var til banka og fjármálafyrirtækja og sama hlutfall var veitt til samgöngu- og fjarskiptamála.

Útlán utan aðildarríkja.

Samþykkt lán utan aðildarríkja námu 17 milljörðum króna (187 milljónum evra) samanborið við 364 milljónir evra á sama tímabili á árinu 2006. Hins vegar eru horfur á að í lok ársins verði útlánin talsvert meiri, þar sem nokkur fjöldi lána hafði enn ekki hlotið formlegt samþykki bankastjórnar í lok ágúst sl. Stærstu lántökusvæðin voru sem fyrr Asía og Austur-Evrópa. Alþjóðalán bankans eru oftast veitt til opinberra framkvæmda með ábyrgð hins opinbera. Hins vegar hefur aukinn hluti lánanna á undanförnum árum runnið til einkaaðila, einkum til einkavæddra innviða á sviði orkumála og fjarskipta en einnig til pappírsiðnaðar svo dæmi sé tekið. Á fyrstu átta mánuðum ársins voru til dæmis veitt lán til fjármögnunar samgönguverkefna í Serbíu og Taílandi, þróunarbanka í Slóvakíu, ýmissa umbótaverkefna á sviði umhverfismála í Kína og hollenskra hreinsistöðva fyrir úrgangsefni.

Umhverfislán.

Bankinn hefur þá yfirlýstu stefnu að veita fjármagn til umhverfisverkefna með lánastarfsemi sinni en einnig að bæta félagslegar aðstæður á einstökum svæðum. Bankinn hefur unnið eftir umhverfisstefnu sem sett var árið 2001, en á árinu 2007 var unnið að nýrri umhverfisstefnu bankans og er áformað að leggja hana til samþykktar í stjórn bankans í byrjun árs 2008. Byggir stefnan á samspili efnahagslegs vaxtar, ábyrgðar gagnvart umhverfi og félagslegri uppbyggingu.

Á tímabilinu samþykkti bankinn umhverfislán samtals að fjárhæð 30,7 milljarðar króna (337 millj. evra). Þau lán, sem sérstaklega voru veitt til verkefna eða verkefnisþátta og voru álitin hafa jákvæð áhrif á umhverfið, námu 26% af heildarútlánum bankans á tímabilinu. Meðal verkefna má nefna jarðhitaorkuver, vindorkuver, upphitun íbúðarhúsnæðis, umhverfisvænar fjárfestingar í landbúnaði og minnkun útblásturs í pappírsiðnaði.

Norræni fjárfestingarbankinn gegnir mikilvægu hlutverki í Northern Dimension Partnership (NDEP) sem er samstarf ESB, Rússlands, NIB, Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu, Evrópska fjárfestingarbankans, Alþjóðabankans og einstakra landa um fjármögnun brýnna umhverfisframkvæmda á Eystrasaltssvæðinu, Barentshafi og í Norðvestur-Rússlandi. Verkefnin varða m.a. hreinsun á efnaúrgangi, fjármögnun á hreinum orkugjöfum og hreinsun kjarnorkuúrgangs. NIB hefur forystu fyrir undirbúningi, skipulagningu og fjármögnun sjö af fimmtán umhverfisverkefnum á vegum NDEP. Heildarfjárhæð verkefna á áætlun NDEP nemur meira en 2 milljörðum evra.

Í samræmi við stefnu sína hyggst bankinn á komandi árum beina sjónum sínum enn frekar að umhverfistengdum verkefnum og sérstaklega þeim sem varða sjálfbæra þróun, hagkvæmari orkunýtingu og minnkun gróðurhúsalofttegunda.

NIB á Íslandi.

Útistandandi lán til íslenskra lántaka námu um 66 milljörðum króna (726 milljónum evra) eftir fyrstu átta mánuði ársins. Þetta samsvarar um 7,2% af heildarlánveitingum bankans til lántaka meðal aðildarlanda bankans á þessu tímabili.

Útborguð ný lán til verkefna á Íslandi námu tæplega 13,9 milljörðum króna (153 milljónum evra) en það er svipað og árið áður. Lánað var til 6 verkefna á árinu. Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis var veitt um 2,3 milljarða króna lán og 1,7 milljörðum var veitt til Byggðastofnunar í sérstaka lánaramma. Þá var Lánasjóði sveitarfélaga veitt 1,8 milljarða króna lán til fjölbreyttra verkefna. Fjármögnun banka, sparisjóða og lánasjóða á borð við þá sem að framan greinir hefur verið snar þáttur í lánveitingum NIB til Íslands, þar sem tilgangurinn er m.a. sá að beina útlánum til smárra og meðalstórra fyrirtækja. Með þessu móti getur fjármögnun bankans nýst fleiri fyrirtækjum og verkefnin þar með orðið fjölbreyttari.

Á undanförnum árum hefur Norræni fjárfestingarbankinn verið áberandi þátttakandi í fjármögnun íslenskra virkjanaframkvæmda og annarra orkumannvirkja. Á árinu veitti bankinn fé til fjármögnunar þriggja slíkra verkefna. Akureyrarbæ var veitt 800 milljónir króna lán sem endurlánað var til Norðurorku vegna jarðvarmaverkefna í Eyjafirði. Einnig var RARIK veitt um 2,7 milljarða lán til endurnýjunar á dreifiveitum og byggingar Lagarfossvirkjunar. Þá var Landsneti veitt 3,1 milljarða króna lán til fjárfestinga í dreifineti fyrirtækisins.

Í samræmi við stefnu bankans hafa umhverfisáhrif allra lánaverkefnanna verið metin. Umfang slíks umhverfismats fer jafnan eftir eðli og stærð verkefnanna hverju sinni. Bankinn hefur á undanförnum árum tekið þátt í fjármögnun einstakra verkefna ásamt öðrum lánastofnunum, sem ekki hafa sett slík skilyrði fyrir lánveitingum sínum. Má því segja að bankinn hafi haft víðtækari áhrif en ella á framkvæmd verkefnanna með tilliti til umhverfisverndar. Talsvert hefur verið lagt í að kynna stefnu bankans á þessu sviði á undanförnum árum og eru merki þess að aðrar bankastofnanir hafi tekið umhverfismál á dagskrá sína í tengslum við lánaveitingar.

Lykiltölur NIB (í milljónum evra)

	1/1 – 31/8 2007	1/1 – 31/8 2006	1/1 – 31/12 2006
Hreinar vaxtatekjur	123	120	179
Hagnaður	80	90	137
Útborguð lán	1.598	807	1.605
Samningsbundin lán	1.291	848	2.616
Tekin lán (ný)	2.528	1.929	2.689
Hagnaður/eigið fé (%)	5,8	6,8	6,9

	31/8/2007	31/8/2006	31/12/2006
Útistandandi lán	12.065	11.455	11.559
Niðurstaða efnahagsreiknings	18.912	17.970	17.988
Handbært fé	3.404	2.961	3.224

17.2 Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO)

Umhverfisráðherrar Norðurlanda stofnuðu Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið árið 1990. Félagið hefur aðsetur í Helsingfors og stjórn félagsins er skipuð einum fulltrúa frá hverju norrænu landanna.

Meginmarkmiðið með stofnun NEFCO var að vinna að verkefnum sem bæta umhverfið í löndum Austur- og Mið-Evrópu að því tilskildu að þau hafi jafnframt jákvæð áhrif á umhverfið á Norðurlöndum. Á fyrstu starfsárunum var megináhersla lögð á verkefni í Eystrasaltsríkjunum en eftir inngöngu þeirra í ESB árið 2004 hefur verið lögð meiri áhersla á verkefni í öðrum löndum á svæðinu eins og t.d. í Norðvestur-Rússlandi, Úkraínu, Póllandi, Tékklandi, Slóvakíu og Hvíta-Rússlandi.

Stuðningur NEFCO við verkefni er í formi lána eða hlutafjár í fyrirtækjum eða hjá opinberum aðilum á starfssvæði félagsins. Félagið vinnur ýmist á eigin vegum, með öðrum alþjóðlegum fjármálastofnunum eða svæðisbundnum samtökum eins og t.d. Eystrasaltsráðinu og Norðurskautsráðinu og innan hinnar Norðlægu víddar ESB.

Í öllu starfi NEFCO er lögð áhersla á arðsemi þess að leysa mengunarvandamál svæðisbundið og hafa sérfræðingar sjóðsins þróað aðferðafræði til að nota sem mælistiku á umhverfisáhrif verkefna áður en ákveðið er að fjárfesta í þeim. Útreikningar þeirra hafa m.a. sýnt að allt að tíu sinnum ódýrara getur reynst að taka á umhverfisvanda þar sem rótin liggur í héraði en að takast á við afleiðingarnar þegar þeirra verður vart á Norðurlöndum.

Verkefni sem NEFCO tekur þátt í að fjármagna beinast einkum að því að innleiða umhverfisvænni tækni, bæta mengunarvarnir og hreinsa frárennsli, bæta meðferð úrgangs og veita ráðgjöf á sviði umhverfismála. Orkumál eru einnig mikilvægur liður í starfinu og er þar megináhersla lögð á hreinni og endurnýjanlega orku og betri orkunýtni. Íslensku orkufyrirtækin Virkir-Orkint og Orkuveita Reykjavíkur vinna að jarðhitaverkefnum í Slóvakíu í samstarfi við NEFCO. Í Eistlandi og víðar hefur félagið tekið þátt í að byggja vindmyllur og í Rússlandi hefur kolaverum verið lokað og lífmassi tekinn upp í staðinn. Þá hefur NEFCO stutt fjölda skóla, barnaheimila og sjúkrahúsa í Norðvestur-Rússlandi og víðar við að bæta orkunýtni sína. Öll þessi verkefni eiga þátt í að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda.

Nokkrar umræður fóru fram um nýjar áherslur í starfi NEFCO á næstu árum og mótuð hefur verið sérstök upplýsingastefna fyrir sjóðinn og starfsemi hans. Áfram verður unnið að meginverkefnum sem tengjast vatni, loftmengun og loftslagsmálum en aukin áhersla lögð á ný svið eins og t.d. þrávirk lífræn efni og þungmálma. Má í því sambandi nefna að NEFCO studdi leiðangur sem farinn var sl. haust í Franz Josef Land til að leggja mat á hættulegan úrgang (olíu, PCB, o.fl.) sem rússnesk hermálayfirvöld skildu þar eftir í miklu magni þegar þau yfirgáfu eyjarnar upp úr 1990. Verkefnið er eitt af forgangsverkefnum alþjóðlega heimskautaársins enda mikið í húfi að þessi efni berist ekki út í hafsvæði á norðlægum slóðum. Á næstu árum er ætlunin að hreinsa svæðið og má reikna með að NEFCO taki þátt í því.


Unnið var að tilraunaverkefni í samvinnu við yfirvöld umhverfismála í Kína með það fyrir augum að nota þá hugmyndafræði sem NEFCO byggir á til að vinna að umhverfisbætandi verkefnum í Kína. Drög að samningi liggja fyrir og er ráðgert að hann verði undirritaður í upphafi ársins 2008. Samstarf við Kína getur haft talsverða þýðingu fyrir norðurskautssvæðin sem eru afar viðkvæm fyrir mengun sem berst þaðan.

Stofnfé Norræna umhverfisfjármögnunarfélagsins er um 114 millj. evrur og er unnið að rúmlega 250 litlum og meðalstórum verkefnum með stuðningi NEFCO.

Auk þeirrar daglegu starfsemi sem snertir meginviðfangsefni NEFCO hefur sjóðnum verið falið að hafa umsýslu með ýmsum öðrum sjóðum sem taka þátt í fjármögnun umhverfisverkefna. Má þar m.a. nefna verkefnasjóð Norðurskautsráðsins og sjóð sem opinberir aðilar og einkaaðilar á Norðurlöndum og í Þýskalandi hafa stofnað til að annast kaup og sölu á losunarkvótum í tengslum við sameiginlega framkvæmd Kyoto-bókunarinnar. Loks má geta þess að fulltrúi félagsins tók sl. haust sæti í stýrihópi umhverfisstarfsins innan Norðlægu víddarinnar (Northern Dimension Environental Partnership) sem stofnað var til af ESB árið 2001 með það meginmarkmið að sameina kraftana til að leysa sem fyrst alvarlegustu mengunarvandamálin í Norðvestur-Rússlandi.

Sjá nánar á: www.nefco.org.

Tölulegar upplýsingar um NEFCO:



Norræni umhverfisþróunarsjóðurinn (NMF).

Norræni umhverfisþróunarsjóðurinn var stofnaður af Norrænu ráðherranefndinni og umhverfisráðherrum Norðurlanda árið 1996. Sjóðurinn er stofnaður í því skyni að veita hagstæð lán eða styrki til að vinna að umhverfisbætandi verkefnum í Austur-Evrópu sem hafa mikla þýðingu fyrir umhverfið á viðkomandi svæði en uppfylla ekki þau fjárhagslegu skilyrði sem sett eru fyrir lánum frá NEFCO eða öðrum fjármálastofnunum. Eftir inngöngu

Eystrasaltsríkjanna í ESB var starfsemi sjóðsins í þeim löndum hætt en aukin áhersla lögð á verkefni í Norðvestur-Rússlandi, Úkraínu og Hvíta-Rússlandi. Árlegt framlag norrænu landanna til sjóðsins nemur um 14,2 millj. d.kr. og af fjárlögum Norrænu ráðherranefndarinnar renna árlega rúmlega 10 millj. d.kr. í sjóðinn. Stjórn NEFCO er einnig stjórn Norræna umhverfisþróunarsjóðsins.

17.3 Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn (Nopef)

Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn hefur það að markmiði að efla alþjóðlega samkeppnishæfni norrænna fyrirtækja og stuðla að þátttöku þeirra í verkefnum á alþjóðavettvangi. Sjóðurinn sinnir hlutverki sínu með því að styðja við útflutning fyrirtækja á skilgreindum verkefnum og með stuðningi við fyrirtæki sem vilja koma á fót starfsemi erlendis. Þau verkefni sem sjóðurinn kemur að verða að liggja utan EFTA- og ESB-landanna.

Stuðningur sjóðsins felst m.a. í að kosta að hluta for- og hagkvæmniathuganir, gerð viðskiptaáætlana, lögfræðiaðstoð, samningagerð m.m. Lán til alþjóðavæðingar geta numið allt að 40% af viðurkenndum kostnaði og venjulega er láninu breytt í styrk þegar fyrir liggur skýrsla um árangur verkefnisins og samþykkt kostnaðaruppgjör. Lán vegna verkefnaútflutnings eru 40% af samþykktum kostnaði og greiðast til baka verði af sölu verkefnisins en lánin eru vaxtalaus. Misheppnist verkefnið er hægt að sækja um niðurfellingu á láninu og breytist það þá í styrk.

Samkvæmt ákvörðun Norrænu ráðherranefndarinnar hefur Nopef hætt að styrkja verkefni í nýjustu aðildarlöndum ESB í Austur-Evrópu, en undantekning gilti um þau lönd til ársloka 2007. Þó munu verkefni í Búlgaríu og Rúmeníu vera lánshæf til ársloka 2010. Frá og með árinu 2008 verður landfræðileg áhersla Nopef mun breiðari en áður og skilgreinir sjóðurinn hana nú einfaldlega þannig að stuðningur sjóðsins nái til landa sem standa utan EFTA og ESB.

Forsendur fyrir stuðningi frá Norræna verkefnaútflutningssjóðnum eru eftirfarandi:

- að verkefnið sé vel skilgreint og byggt á viðskiptalegum grunni,
- að verkefnið tengist löndum utan ESB og EFTA,
- að norrænir hagsmunir liggi að baki verkefninu,
- að raunhæf fjárhagsáætlun vegna verkefnisins liggi fyrir.

Stjórn sjóðsins er skipuð fimm fulltrúum, einum frá hverju norrænu landanna. Nopef er systurstofnun Norræna fjárfestingarbankans, Norræna þróunarsjóðsins og Norræna umhverfisfjármögnunarfélagsins. Þessar stofnanir eru allar með aðsetur í Helsingfors. Upplýsingar um starfsemi sjóðsins er að finna á vefsíðu hans, www.nopef.com.

Stjórnin hélt fjóra fundi. Á milli stjórnarfunda eru verkefnafundir, þar sem starfsmenn, framkvæmdastjóri og formaður stjórnar taka fyrir þær umsóknir sem borist hafa og afgreiða þær í samræmi við þær heimildir sem sjóðsstjórnin hefur samþykkt. Niðurstaðan er síðan formlega staðfest á næsta stjórnarfundi á eftir. Þessi vinnuregla á að bæta þjónustu sjóðsins við viðskiptavinina og stytta tímann frá því að umsókn berst þar til svar liggur fyrir. Fulltrúi Noregs er nú formaður sjóðsins, en íslenski fulltrúinn er varaformaður.

Í apríl var haldin kynningarfundur um Nopef á Íslandi í samvinnu við Útflutningsráð. Þar kynntu framkvæmdastjóri sjóðsins og svæðisstjórinn fyrir Ísland starfsemi Norræna verkefnaútflutningssjóðsins.

Verkefni.

Sjóðnum bárust 201 umsókn á árinu, sem er nokkru fleiri en markmið sjóðsins var, 175 umsóknir. Umsóknir frá Íslandi voru 6, en hafa oftast verið um 2 á ári. Heildarfjöldi umsókna árið 2006 var 135, 200 árið 2005 og 220 árið 2004.

Samþykktar umsóknir voru samtals um 114 á árinu, þar af ein til íslensks fyrirtækis. Árið 2006 voru þær 96, 122 árið 2005 og 132 árið 2004.

17.4. Norræni þróunarsjóðurinn (NDF)

Norræni þróunarsjóðurinn er í eigu landanna fimm, Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar. Sjóðurinn hefur aðsetur við hlið Norræna fjárfestingarbankans í Helsingfors og nýtur að mörgu leyti samrekstrar með honum og öðrum norrænum stofnunum í borginni.

Markmið sjóðsins er að styrkja efnahagslegar og félagslegar framfarir í fátækustu þróunarríkjunum í samvinnu við aðrar lánastofnanir. Lánakjörin eru með þeim bestu sem þekkjast: lán eru til 40 ára, afborganalaus fyrstu 10 árin, vaxtalaus, en bera 0,75% þjónustugjald á ári fyrir þann hluta láns sem er útgreiddur og 0,5% staðfestingargjald fyrir þann hluta láns, sem ekki hefur verið greiddur. Lánin eru jafnan veitt til ríkissjóða viðkomandi landa, en til afmarkaðra verkefna í samstarfi við aðrar alþjóðlegar lánastofnanir. Helstu samstarfsaðilar Norræna þróunarsjóðsins eru Alþjóðabankinn í Washington, þróunarbankarnir í Ameríku (IADB), Asíu (AsDB) og Afríku (AfDB), auk tvíhliða þróunarstofnana á Norðurlöndum, þar á meðal Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ).

Stofnfé sjóðsins, sem greiðist samkvæmt norræna deililyklinum, er 515 millj. SDR og 330 millj. evra, eða alls um 930 millj. evra (um 84 milljarða ísl.kr.). Norræni þróunarsjóðurinn tók upp evruna (EUR) sem mynteiningu í ársbyrjun 2001. Engin lán til nýrra verkefna voru samþykkt á árinu. Tvö viðbótarlán til útistandandi verkefna voru veitt á láninu fyrir samtals 2,55 milljónir SDR.

Frá upphafi hefur Norrænu þróunarsjóðurinn veitt lán að fjárhæð 912 millj. evra til 163 verkefna á vegum hins opinbera. 54 þessara verkefna voru útistandandi í lok ársins. Fjöldi verkefna með einkaðilum frá stofnun eru 27 og eru 10 þeirra útistandandi.

Frá stofnun sjóðsins hefur hann veitt lán að fjárhæð 980 millj. evra (um 88,2 milljarða ísl.kr.) til 190 verkefna í 39 þróunarlöndum. Um 50% lánsfjárins hefur farið til landa í Afríku, 33% til Asíu og 17% til Rómönsku Ameríku.

Alþjóðastofnanir flokka þróunarlöndin eftir vergri þjóðarframleiðslu á íbúa og er yfirleitt miðað við bandaríkjadali á ári. Um 43% lána Norræna þróunarsjóðsins hafa farið til fátækustu landanna (LLDC, <380 bandaríkjadalir/ári), 41% til lágtekjulanda (LIC, <760 bandaríkjadalir/ári) og 16% til lægri meðaltekjulanda (LMC, 761-3030 bandaríkjadalir/ári). Þjóðarhagur hefur sem betur fer batnað í allmörgum lántökulöndum sjóðsins frá fyrstu árum hans og hafa þau ekki lengur möguleika á að taka lán hjá sjóðnum. Árið 2001 samþykkti stjórn sjóðsins að takmarka lán næstu árin við um tuttugu samstarfslönd. Áður var miðað við um 30 samstarfslönd.

Stærstu lántakendur sjóðsins eru Mósambík, Senegal, Úganda, Ghana, Malaví, Laos, Nepal, Bólivía og Níkaragúa. NDF tekur fullan þátt í að létta lánabyrðir skuldsettustu lántökulanda sinna í samræmi við ramma og reglur sem alþjóðlegar lánastofnanir setja til aðstoðar fátækustu ríkjum heims. Sjóðurinn hefur þegar tekið á sig slíkar skuldbindingar vegna Bólivíu, Eþíópíu, Ghana, Malaví, Mósambík, Níkaragúa, Senegal, Tansaníu og Úganda.

Heildarkostnaður sjóðsins vegna skuldbindinganna er áætlaður 26 millj. evra (um 2,1 milljarða króna).

Norræna ráðherranefndin breytti samþykktum Norræna þróunarsjóðsins árið 2001 og sjóðurinn getur nú veitt áhættulán til einkafyrirtækja í lántökulöndum án ríkisábyrgðar. Slík lán skulu þó aðeins vera lítill hluti heildarlána sjóðsins á hverju ári. Áhættulánin eru veitt á þrenna vegu: 1) beint til fjárfestingarverkefna; 2) með lánaramma í samstarfi við þróunarbanka; 3) með eignaraðild að áhættulánasjóðum í viðkomandi löndum. Þessi lán munu væntanlega auka möguleika íslenskra útrásarfyrirtækja á samstarfi við fyrirtæki í þróunarlöndunum. Sjóðurinn starfar með norrænu áhættulánasjóðunum, þeirra á meðal Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins, en einnig með áhættulánasjóðum alþjóðlegu þróunarbankanna. NDF á jafnframt eignaraðild að áhættulánasjóðum í Afríku (African Infrastructure Fund, Aureos West Africa Fund og Aureos Southern Africa Fund), í Asíu (Mekong Enterprise Fund, sem starfar í Víetnam, Laos og Kambódíu) og í Mið-Ameríku (Central American Small Enterprise Investment Fund).

Frá stofnun sjóðsins hafa sjö lán verið undirrituð þar sem íslensk fyrirtæki eiga beinna hagsmuna að gæta. Þeirra á meðal eru fimm fiskveiðiverkefni (í Malaví, Mósambík, Namibíu, Grænhöfðaeyjum og Úganda). Fiskveiðiverkefnin á Grænhöfðaeyjum, í Malaví og Mósambík voru í samvinnu við Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Heildarlán til verkefna með beinum íslenskum hagsmunum eru u.þ.b. 17 millj. SDR (tæpir 2 milljarðar ísl.kr.). Íslensk fyrirtæki hafa gert samninga sem nema um 1,1% af heildarfjárhæð samninga við norræn fyrirtæki sem sjóðurinn hefur fjármagnað frá stofnun. Hlutdeild Íslands í fjármögnun sjóðsins er 1,1%. Auk þess hefur sjóðurinn í nokkrum tilvikum keypt íslenska sérfræðiþjónustu til að undirbúa verkefni og annast eftirlit.

Stjórn sjóðsins hélt áfram undirbúningsvinnu vegna niðurlagningar sjóðsins og er stefnt að því að leggja niðurstöður þeirrar vinnu fyrir Norrænu ráðherranefndina fyrir lok ársins 2008. Í stjórn Norræna þróunarsjóðsins sitja fulltrúar landanna fimm. Starfsmenn sjóðsins eru 12.

17.5. Lánasjóður Vestur-Norðurlanda

Útlán.

Lánasjóðurinn lánar fé til fjárfestinga fyrirtækja í Færeyjum og á Grænlandi. Einnig til íslenskra fyrirtækja, að því tilskildu að um sé að ræða samstarfsverkefni íslensks og annað hvort færeysks eða grænlensks fyrirtækis. Þetta er í samræmi við samþykktir frá árinu 1998. Sjóðurinn greiddi á árinu út sex lán, eitt til Færeyja og fimm til Grænlands, samtals að upphæð 9,5 millj. d.kr.

Rekstur.

Samkvæmt ársreikningum var eigið fé sjóðsins um áramót 2006/2007 119,7 millj. d.kr. og á sama tíma námu útlán samtals 102,1 millj. d.kr.

Breytingar á samþykktum er tóku gildi um áramótin 1997/98 kveða svo á um að Lánasjóður Vestur-Norðurlanda skuli af hagnaðinum styrkja Norrænu Atlantsnefndina (NORA) um allt að 1,5 millj. d.kr. á ári.

Í ársreikningnum fyrir árið 2006 er hagnaðurinn rúmlega 98 þús. d.kr., sem er styrkur sjóðsins til NORA árið 2007.

Stjórn.
Stjórn Lánasjóðs Vestur-Norðurlanda skipa sjö menn, einn frá hverju aðildarlandi og hefur hver þeirra einn varamann. Stjórnarmaður og varamaður hvers aðildarlands eru skipaðir af ríkisstjórn þess. Aðild að Lánasjóði Vestur-Norðurlanda eiga Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur, Svíþjóð, Færeyjar og Grænland.

Nánari upplýsingar má finna á slóðinni www.vestnorden.is.

Fylgiskjal I.

Punkaharju-yfirlýsing forsætisráðherra Norðurlanda 19. júní 2007
Norrænir forsætisráðherrar í Punkaharju vilja auka hæfni, sýnileika og velferð á Norðurlöndum

Norðurlönd tækifæranna – svör við áskorunum hnattvæðingar.

Forsætisráðherrar Norðurlanda komu saman til árlegs sumarfundar í Punkaharju í Finnlandi dagana 18.–19. júní 2007. Þeir voru á einu máli um að fagna þeim nýju tækifærum og áskorunum sem Norðurlöndum bjóðast með hnattvæðingunni og vilja bregðast við þeim með því að þróa áfram norræna samfélagsskipan þar sem velferð íbúanna, samkeppnishæfni atvinnulífsins, atvinna og hagvöxtur, sameiginleg menning og áhersla á sjálfbæra þróun er í fyrirrúmi.

Forsætisráðherrar Norðurlanda vilja halda áfram að styrkja þá þætti þar sem þjóðirnar eru sterkar fyrir, háþróuð og yfirgripsmikil menntakerfi landanna, sérfræðikunnáttu þeirra og rannsóknarstarf, leikni í að nota upplýsingatækni og sköpunarkraft til nýsköpunar.

Því hafa forsætisráðherrarnir ákveðið að gefa rásmerki fyrir ný norræn samstarfsverkefni á sviði hnattvæðingar. Leitast skal við að ná samlegðaráhrifum með því starfi sem unnið er í þessum efnum á evrópskum vettvangi og í samstarfi við grannsvæðin. Nánara samstarf við Eystrasaltsríkin styrkir samkeppnishæfni á öllu Eystrasaltssvæðinu og eykur möguleika á að færa sér hnattvæðinguna í nyt.

Unnið verður að eftirfarandi verkefnum og markmiðum til þess að auka hæfni, sýnileika og velferð á Norðurlöndum. Að þessum verkefnum og markmiðum verður unnið á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar sem og annars staðar þar sem ríkisstjórnir Norðurlanda vinna saman:

Meiri hæfni á Norðurlöndum.

1. Auka ber áherslu á að efla norrænt þekkingar- og nýsköpunarsvæði á evrópskum vettvangi. Í samráði við viðskipta-, menntamála-, og rannsóknarráðherrana mun Norræna ráðherranefndin móta tillögu fyrir sumarið 2008 um leiðir til að styrkja norrænar hágæðarannsóknir. Í því sambandi verður höfð náin samvinna við atvinnulífið, en jafnframt unnið að því að efla tengslanet þeirra sem vinna að hágæðarannsóknum og þeirra sem fást við nýsköpun. Brýnt er meðal annars að huga að eftirgreindum áhersluatriðum: loftslagsmálum, orku- og umhverfismálum auk velferðarrannsókna og heilbrigðismála.
2. Efling samstarfs á sviði æðri menntunar er til þess fallin að auka samskipti norrænna menntastofnana og aðdráttarafl Norðurlanda sem ákjósanlegra námslanda. Rannsóknir og nýsköpun verða efld með því að samræma milli landanna rannsókna- og nýsköpunar-

verkefni og með því að stuðla að samvinnu þeirra aðila í löndunum sem fjármagna rannsóknir.

3. Ríkisstjórnir Norðurlanda munu í sameiningu kanna möguleikann á því að setja á fót sameiginlegar norrænar nýsköpunarskrifstofur á vaxandi markaðssvæðum í Asíu. Niðurstöður þeirrar könnunar verða kynntar fyrir norrænu samstarfsráðherrunum sumarið 2008.
4. Forsætisráðherrar Norðurlanda leggja til við Norðurlandaráð að stofnað verði til norrænna nýsköpunarverðlauna fyrir norræn gæði frá árinu 2008, en tilgangurinn er að gera verðlaunastefnu Norðurlanda margþættari.

Meiri sýnileiki á Norðurlöndum.

5. Norðurlönd sem eitt svæði verða markaðssett. Mótuð verður tillaga um norrænt samstarf á sviði markaðssetningar og útflutnings á markaðssvæðum sem eru í vexti, og þá sérstaklega utan Evrópu. Tillagan á að ná til sviða þar sem sameiginlegt norrænt átak hefur kosti fram yfir það að löndin geri átak ein og sér, þetta á t.d. við um notkun á endurnýjanlegri orku, bættri orkunýtingu og umhverfisvernd.
6. Í samvinnu við Norðurlandaráð verður lagt mat á tillögu þess efnis að haldin verði árleg norræn stefna eða þing (forum) – í fyrsta sinn árið 2008 – þar sem Norðurlönd móta sameiginlega svör við þeim möguleikum og áskorunum sem hnattvæðingin hefur í för með sér. Auk forsætisráðherranna taki þar þátt fulltrúar atvinnulífs, rannsókna, stjórnmála og frjálsra félagasamtaka.

Meiri velferð á Norðurlöndum.

7. Norrænt orkumálasamstarf verður eflt. Ráðist verður í að samræma norræna raforkumarkaðinn auk fjárfestinga í dreifikerfi og framleiðslu. Markmiðið er að raforkumarkaðurinn verði landamæralaus, skilvirkur og sjálfbær og stuðli þannig að góðu afkomuöryggi á Norðurlöndum.
8. Norðurlönd eiga að vera í fararbroddi við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Norðurlönd búa einnig yfir afburðaþekkingu á sviði umhverfisverndar, orkunýtingar, endurnýjanlegrar orku og takmörkunar koltvísýrings. Sameiginlegt átak verður gert til þess að meta tæknimöguleikana og afmarka þá sem best eru fallnir til norræns samstarfs. Sérstök áhersla er lögð á sameiginlega hnattræna markaðssetningu á framangreindum styrkleikasviðum.
9. Ríkisstjórnir Norðurlanda munu láta gera yfirlit yfir raunhæfar aðgerðir til að ryðja úr vegi þeim stjórnsýsluhindrunum sem þar er enn að finna og hefta bæði frjálsa för íbúanna og starfsemi fyrirtækja. Með öllum tiltækum ráðum verður leitast við að liðka sem mest fyrir samgangi milli norrænna borgara. Skýrsla um þær stjórnsýsluhindranir sem enn eru til staðar ásamt aðgerðum sem ráðist hefur verið í – eða eru fyrirhugaðar – til að ryðja þeim úr vegi verður gefin reglulega á haustfundum forsætisráðherranna frá og með 2007.

Eftirfylgni og fjármögnun.

10. Samstarfsráðherrar Norðurlanda, ásamt viðkomandi fagráðherranefndum, munu sjá til þess að verkefnin komi til framkvæmda – reglulegt samráð verður haft við Norðurlandaráð. Jafnframt þróar Norræna ráðherranefndin starfsemi sína og aðlagar bæði fjárlög sín og innra skipulag að þverfaglegu samstarfi svo unnt verði að ná hinum sameiginlegu

markmiðum á sviði hnattvæðingar. Stöðuskýrslu um framvindu verkefnanna skal kynnt fyrir forsætisráðherrunum í fyrsta sinn á 59. þingi Norðurlandaráðs í Ósló haustið 2007.

11. Forsætisráðherrarnir taka einnig mið af mjög athyglisverðum hugmyndum sem framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar kynnti á fundinum. Þær eru mjög gott innlegg í þá umræðu sem fram mun fara í hópi samstarfsráðherranna um útfærslu á hnattvæðingaráformunum.
12. Því er beint til samstarfsráðherranna að þeir ákveði að allt að 60 millj. d.kr. af norrænu fjárlögunum fyrir árið 2008 renni til fjármögnunar á hnattvæðingarverkefnunum og til þeirra norrænu stofnana sem munu gegna lykilhlutverki við að gera þau að veruleika. Jafnframt skipi Norræna ráðherranefndin sérstakan fjármögnunarhóp sem fari yfir mögulegar fjármögnunarleiðir vegna hnattvæðingaráformanna; einkum verði forgangsröðun í fjárlögum Norrænu ráðherranefndarinnar endurskoðuð þannig að úr þeim megi lesa þann forgang sem norræna hnattvæðingarsamstarfið nýtur. Haustið 2007 gefur vinnuhópurinn samstarfsráðherrunum skýrslu um hnattvæðingarfjárveitingar Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árið 2008 sem og um frekari fjármögnunarleiðir til framtíðar á árinu 2008.

Fylgiskjal II.

Styttingar	
AC	The Arctic Council – Norðurskautsráðið
AfDB	African Development Bank
AMAP	Arctic Monitoring and Assessment Programme
AsDB	Asian Development Bank
BEN-EAST	Baltic Euroregional Network East
EBRD	The European Bank for Reconstruction and Development – Evrópubankinn
EHU	European Humanities University
EK-A	Nordisk embedsmandskomité for arbejdsmarkeds- og arbejdsmiljøpolitik – Norræna embættismannanefndin um vinnumál og vinnuverndarmál
EK-Finans	Nordisk embedsmandskomité for økonomi- og finans politik – Norræna embættismannanefndin um efnahags- og fjármál
EK-FJLS	Nordisk embedsmandskomité for fiskeri og havbrug, jordbrug, levnedsmidler og skovbrug – Norræna embættismannanefndin fyrir sjávarútveg, landbúnað, matvælamál og skógrækt
EK-K	Nordisk embedsmandskomité for kulturelt samarbejde – Norræna embættismannanefndin um menningarmál
EK-Ligestilling	Nordisk embedsmandskomité for ligestilling – Norræna embættismannanefndin um jafnréttismál
EK-LOV	Nordisk embedsmandskomité for lovsamarbejde – Norræna embættismannanefndin um löggjafarsamstarf
EK-M	Nordisk embedsmandskomité for miljøspørgsmål – Norræna embættismannanefndin um umhverfismál
EK-NE	Nordisk embedsmandskomité for erhvervs- og energi politik – Norræna embættismannanefndin um atvinnu- og orkumál
EK-NE/Energi	Nordisk embedsmandskomité for energipolitik – Norræna embættismannanefndin um orkumál
EK-NE/Næring	Nordisk embedsmandskomité for erhvervspolitik – Norræna embættismannanefndin um atvinnumál

EK-R	Nordisk embedsmandskomité for regionalpolitik – Norræna embættismannanefndin um byggðamál
EK-S	Nordisk embedsmandskomité for social- og sundhedsspørgsmål – Norræna embættismannanefndin um félags- og heilbrigðismál
EK-U	Nordisk embedsmandskomité for undervisning og forskning – Norræna embættismannanefndin um menntamál og rannsóknir
ESB	Evrópusambandið
EUROSTAT	Statistical Office of the European Communities
GHS	Globally Harmonized System of Classification and Labelling of Chemicals
HELCOM	The Helsinki Commission – Helsingforssamningurinn um vernd Eystrasaltsins
HÖGUT	Rådgivningsgruppen för nordiskt samarbete inom högre utbildning – Stjórnarnefndin um æðri menntun
IABD	Inter-American Development Bank
IMFC	The International Monetary and Financial Committee – Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn
LRTAP	Convention on Long-Range Transboundary Air Pollution – Samningur um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa
MR-A	Nordisk Ministerråd for Arbejdsliv – Norræna ráðherranefndin um vinnumál og vinnuverndarmál
MR-Finans	Nordisk Ministerråd for Økonomi- og Finanspolitik – Norræna ráðherranefndin um efnahags- og fjármál
MR-FJLS	Nordisk Ministerråd for Fiskeri og Havbrug, Jordbrug, Levnedsmidler og Skovbrug – Norræna ráðherranefndin fyrir sjávarútveg, landbúnað, matvælamál og skógrækt
MR-K	Nordisk Ministerråd for Kulturelt Samarbejde – Norræna ráðherranefndin um menningarmál
MR-Ligestilling	Nordisk Ministerråd for Ligestilling – Norræna ráðherranefndin um jafnréttismál
MR-LOV	Nordisk Ministerråd for Lovsamarbejde – Norræna ráðherranefndin um löggjafarsamstarf
MR-M	Nordisk Ministerråd for Miljø – Norræna ráðherranefndin um umhverfismál
MR-NER	Nordiskt Ministerråd för Erhvervs-, Energi- og Regionalpolitik – Norræna ráðherranefndin um atvinnu-, orku- og byggðamál
MR-S	Nordisk Ministerråd for Social- og Sundhedspolitik – Norræna ráðherranefndin um heilbrigðis- og félagsmál
MR-SAM	De nordiske samarbejdsministren – Samstarfsráðherrar Norðurlanda
MR-U	Nordisk Ministerråd for Uddannelse og Forskning – Norræna ráðherranefndin um menntamál og rannsóknir
NAD	Nordisk nævn for alkohol- og narkotikaforskning – Norræna rannsóknarnefndin á sviði vímuefna
NAT	Nordisk Alkohol og Narkotikatidskrift
NATO	North Atlantic Treaty Organization – Atlantshafsbandalagið
NAU	Nordisk arbejdsretsudvalg – Norræn nefnd um vinnurétt
NB8	Norrænir/baltneskir ráðherrafundir
NCoE	Nordic Centers of Excellence – Norræn öndvegissetur
NDEP	Northern Dimension Partnership
NDF	Nordic Development Fund – Norræni þróunarsjóðurinn
NEF	Nordisk energiforskning – Norrænar orkurannsóknir
NEFCO	Nordic Environment Finance Corporation – Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið
NHV	Nordiska högskolan för folkhälsovetenskap – Norræni lýðheilsuháskólinn
NIAL	Nordisk Informationsgruppe for Arbejdslivsspørgsmål – Samstarfshópur um upplýsingamiðlun um vinnumarkaðsmál
NIB	Nordisk Investeringsbank – Norræni fjárfestingarbankinn
NICe	Nordisk InnovationsCenter – Norræna nýsköpunarmiðstöðin
NIKK	Norræna kvenna- og kynjarannsóknarstofnunin
NIOM	Nordisk Institutt for Odontologiske Materialer – Norræna tannlækningastofnunin
NIPÅ	Nordens Institut på Åland – Norræna stofnunin á Álandseyjum

NIVA	Nordiska institutionen för videreutbilding inom arbetsmiljöområdet – Norræna stofnunin um menntun á sviði vinnuverndar
NMF	Nordiska miljöutvecklingsfonden – Norræni umhverfisþróunarsjóðurinn
NOMESKO	Nordisk medicinalstatistikkomité – Norræna heilbrigðistölfræðinefndin
Nopef	Nordiska Projektexportfonden – Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn
NOPUS	Nordisk Uddannelsesprogram for Udvikling af Social Service – Norræna samstarfsmiðstöðin um þróun félagslegrar þjónustu
NORA	Nordisk Atlantsamarbejde – Norræna Atlantsnefndin
NORDBUK	Nordisk Børne- og ungdomskomité – Norræna barna- og ungmennanefndin
NordGen	Nordiskt Genresurscenter
NORDRED	Nordisk redningstjenestesamarbejde – Norræn samvinna um björgunarsamstarf
Nordregio	Nordic Centre of Spatial Development – Norræn fræðslustofnun í skipulags- og byggðamálum
NORDVULK	Nordisk Vulkanologisk Center – Norræna eldfjallasetrið
NORIA	Nordic Research and Innovation Area
NOSOSKO	Nordisk socialstatistikkomité – Norræna hagskýrslunefndin á sviði félagsmála NPP Northern Periphery Programme – Norðurslóðaáætlun ESB
NSH	Nordiska samarbetsorganet för handikappsfrågor – Norræna samstarfsmiðstöðin um málefni fatlaðra
NSHF	Nordisk samrådsgruppe i flygtningespørgsmål – samráðsnefnd um málefni flóttamanna
NSK	Nordisk Samarbejdskomité – Norræna samstarfsnefndin
NSS	Rådgivningsgruppen for nordisk skolesamarbejde – Norræn ráðgjafarnefnd um samstarf um skólamál
NUD	Nordisk Uddannelsescenter for Døvblindepersonale – Norræna menntamiðstöðin á sviði daufblindu
NVL	Nordisk netværk for voksnes læring – Norrænt samstarfsnet um fullorðinsfræðslu
OSPAR	Convention for the Protection of the Marine Environment of the North-East Atlantic – Samningur um verndun Norðaustur-Atlantshafsins
REACH	European Community Regulation on Registration, Evaluation, Authorisation and Restriction of Chemical substances – Reglugerð ESB um skráningu, mat, leyfisveitingar og takmarkanir á notkun efna
SVL	Styregruppen for voksnes læring – Stjórnarnefnd um fullorðinsfræðslu
UNEP	United Nations Environment Programme – Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna
ÞSSÍ	Þróunarsamvinnustofnun Íslands

723. Fyrirspurn [453. mál]

til utanríkisráðherra um fullgildingu bókunar við alþjóðasamning gegn pyndingum.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

Hvað líður fullgildingu Íslands á valfrjálsri bókun við alþjóðasamning gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu?

724. Fyrirspurn [454. mál]

til heilbrigðisráðherra um stöðu samninga við sérfræðinga í heilbrigðisþjónustu.

Frá Þuríði Backman.

1. Hvernig standa samningaviðræður við hjartalækna, tannlækna og talmeinafræðinga?
2. Standi samningaviðræður yfir, hvenær er stefnt að þeim ljúki?
3. Hvernig er staðið að samningagerð fyrir hönd ráðuneytisins fram að þeim tíma að fyrirhuguð innkaupastofnun heilbrigðisþjónustu tekur til starfa?
4. Hvaða áhrif telur ráðherra núverandi stöðu, þ.e. að ákveðnir hópar sérfræðinga innan heilbrigðisþjónustunnar eru án samninga, hafi á:
   a. aðgengi sjúklinga og almennings að þjónustu þeirra,
   b. stöðu annarra sérfræðistétta,
   c. þróun sjálfstætt starfandi sérfræðinga?
5. Mun ráðherra beita sér fyrir að teknir verði upp samningar við fleiri sérfræðinga innan heilbrigðisþjónustunnar en gert hefur verið fram til þessa?

Skriflegt svar óskast.

725. Skýrsla [455. mál]

Íslandsdeildar VES-þingsins fyrir árið 2007.

1. Inngangur.

Í umræðum VES-þingsins árið 2007 var að vanda lögð megináhersla á sameiginleg öryggis- og varnarmál álfunnar. Af þeim fjölmörgu málum sem fjallað var um á árinu má nefna þrjú málefni sem voru sérstaklega í brennidepli.

Í fyrsta lagi var ítarlega fjallað um skýrslu stjórnmálanefndar þingsins um öryggi á norðurslóðum. Lykilatriði skýrslunnar voru loftslagsbreytingar og bætt orkuöryggi. Skýrsluhöfundar ræddu um mikilvægi þess að sjónum væri beint að norðurskautinu þar sem loftslagsbreytingar sem þar verða geta haft áhrif víða. Norðurslóðir og norðurskautssvæðið hafa fengið aukið vægi í umræðunni um öryggismál, m.a. sökum ríkra orkuauðlinda og möguleika á nýjum siglingaleiðum með bráðnun hafíss. Annað mál sem fékk mikla athygli á árinu var umræða um athæfi hryðjuverkamanna á landamærum Tyrklands og Írak. Ákafar umræður sköpuðust um alvarleika ástandsins og aðgerðir Verkamannaflokks Kúrda (PKK) sem hefur bækistöðvar í fjallgörðum Íraks við landamæri Tyrklands. Í þriðja lagi varð áframhald á lífseigri umræðu um framtíðarhorfur VES-þingsins og um stofnanatengsl Vestur-Evrópusambandsins við Evrópusambandið (ESB) og Atlantshafsbandalagið en sem kunnugt er hafa miklar og örar breytingar átt sér stað á sviði öryggis- og varnarmála í Evrópu síðustu ár. Eitt helsta baráttumál VES-þingsins undanfarin ár og missiri hefur verið aukin þátttaka og hlutur þjóðþinga í lýðræðislegu eftirliti með öryggis- og varnarmálastefnu ESB, og var hún fyrirferðarmikil í umræðunni á árinu 2007.

VES-þingið hefur verið mikilsverður þátttakandi í umræðunni um hvernig staðið verði að evrópsku þingi er hafi öryggis- og varnarmál til umfjöllunar. Hin sameiginlega öryggis- og varnarmálastefna ESB lýtur ekki framkvæmdastjórn bandalagsins sem slíks heldur er um milliríkjamálefni að ræða. Er þetta grundvallaratriði og hafa fulltrúar VES-þingsins því lagt mikla áherslu á að það séu þjóðþing aðildarríkjanna sem hafi eftirlit með þessum málaflokki en ekki Evrópuþingið. Í allri slíkri vinnu er það grundvallaratriði að fjölþjóðlegar þingmannasamkundur sem hafa bein tengsl við umbjóðendur, þ.e. kjósendur í aðildarríkjunum, endurspegli mikilvæg milliríkjamálefni. Reynslan af slíkum þingmannasamkundum hafi verið afar farsæl og nægi þar að nefna, auk VES-þingsins, NATO-þingið, Evrópuráðsþingið og þing Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu.

2. Almennt um Vestur-Evrópusambandið og Vestur-Evrópuþingið.

Vestur-Evrópusambandið (VES) er varnarbandalag Vestur-Evrópuríkja og var stofnað með Brussel-sáttmálanum árið 1948. VES-þingið var stofnað árið 1954 og kom fyrst saman ári síðar þegar verulegar breytingar voru gerðar á stofnsáttmála VES, m.a. til að veita Ítalíu og Þýskalandi aðild að sambandinu. VES-þingið sitja um 400 þingmenn frá 39 þjóðþingum og fer fjöldi þingmanna eftir íbúafjölda viðkomandi aðildarríkis. Ríki, sem eiga aðild að NATO og/eða ESB, geta átt aðild að VES. Alls eiga 28 ríki aðild að VES með mismunandi hætti og 11 ríki til viðbótar hafa aðgang að þinginu. Tíu ríki eiga það sameiginlegt að vera bæði NATO- og ESB-ríki og eru með fulla aðild að VES-þinginu. Þau eru Belgía, Bretland, Frakkland, Holland, Lúxemborg, Ítalía og Þýskaland auk Grikklands, Portúgals og Spánar sem gerðust aðildarríki árið 1990. Ísland, Noregur og Tyrkland, sem eiga aðild að NATO en ekki ESB, eru með aukaaðild (e. associate members). Alls 10 NATO- og ESB-ríki eru með sambandsaðild (e. affiliate members), sem nokkurn veginn jafngildir fullri aðild. Króatía og fyrrum Júgóslavíulýðveldið Makedónía, sem bæði hafa sótt um aðild að NATO og ESB, eru með aukasambandsaðild (e. affiliate associate partners). Fimm ESB-ríki hafa fasta áheyrnaraðild (e. permanent observers) og tvö sambandsáheyrnaraðild (e. affiliate permanent observers), þ.e. Malta og Kýpur. Þá hafa fulltrúar þjóðþinga Rússlands og Úkraínu stöðu fastagesta (e. permanent guests) á VES-þinginu og sérstakir gestir (e. special guests) eru þingmenn frá Albaníu, Bosníu og Hersegóvínu, Serbíu og Svartfjallalandi.

VES-þingið hefur aðsetur í París. Tveir þingfundir eru haldnir árlega, oftast í júní og desember. Hlutverk þingsins er að fjalla um málefni er falla undir starfssvið VES, þ.e. öryggis- og varnarmál álfunnar. Þingið fjallar auk þess um ársskýrslu VES og fjárhagsáætlun. Það fjallar um málefni sem eru efst á baugi í nefndum þingsins, ályktar um skýrslur nefnda, gerir tillögur til ráðherraráðs VES og beinir fyrirspurnum til þess. Skjöl þingsins eru gefin út á ensku og frönsku en umræður fara fram á tungumálum aðildarríkjanna. Málefnanefndir VES-þingsins eru sex: varnarmálanefnd, stjórnmálanefnd, tækni- og geimvísindanefnd, fjármála- og stjórnsýslunefnd, þingskapanefnd og nefnd um almannatengsl. Íslandsdeild á eitt sæti í hverri nefnd. Á þinginu starfa, auk málefnanefnda, forsætisnefnd (Presidential Committee) og stjórnarnefnd (Standing Committee). Þessar nefndir taka ákvarðanir á milli þinga, sú fyrrnefnda einkum hvað varðar skipulagningu og stjórn þingsins, sú síðarnefnda á pólitíska sviðinu. Venja er að formenn landsdeilda sitji í þessum nefndum. Í forsætisnefnd sitja enn fremur forseti þingsins, tíu varaforsetar þess (einn frá hverju aðildarríkjanna), nefndaformenn og þeir fyrrverandi forsetar þingsins sem enn kunna að eiga þar sæti. Í stjórnarnefnd sitja allt að þrír fulltrúar til viðbótar frá hverju aðildarríki, alls 30 manns til viðbótar við forsætisnefnd. Ísland á einn fulltrúa í hvorri nefnd.

Starfsemi og umræður á VES-þinginu má greina í þrjá meginflokka. Í fyrsta lagi er þingið vettvangur þingmannavíddar Vestur-Evrópusambandsins og skv. 9. gr. endurskoðaða Brussel-sáttmálans frá 1954 er VES-þingið ráðherraráði VES innan handar og ráðgefandi. VES-þingið hefur eftirlit með framkvæmd sameiginlegra varnarskuldbindinga sem kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í 9. gr. sáttmálans kemur fram að „ráðherraráð Vestur-Evrópusambandsins skal birta árlega skýrslu um starfsemi sína [...] til þingmannasamkundu sem samanstendur af fulltrúum aðildarríkja Brussel-sáttmálans [...]“. Starfsemi VES-þingsins er þannig bundin í milliríkjasáttmála og er það því ein þriggja evrópskra þingmannasamkundna sem slíkt á við um. Hinar tvær eru Evrópuráðsþingið og Evrópuþingið. Í öðru lagi hefur VES-þingið haft það hlutverk, í kjölfar yfirtöku Evrópusambandsins á verkefnum VES árið 2000, að vera tímabundið öryggis- og varnarmálaþing Evrópu og vettvangur þinglegrar meðferðar á sameiginlegri stefnu ESB í öryggis- og varnarmálum. Í þriðja lagi hefur VES-þingið eftirlit með milliríkjasamstarfi á sviði hergagnaframleiðslu og rannsókna- og þróunarstarfs í hergögnum sem sinnt er af WEAG og WEAO, tveimur fjölþjóðastofnunum sem starfa undir væng VES.

Þrátt fyrir umfangsmiklar stofnana- og skipulagsbreytingar í Evrópu á undanförnum árum er VES-þingið enn sem komið er eina evrópska þingmannasamkundan sem gefur þjóðkjörnum þingmönnum færi á að fylgjast með og ræða sameiginleg öryggis- og varnarmál álfunnar. Þingið er vettvangur sem leiðtogar Evrópuríkja nýta til að skýra frá stefnumiðum sínum. Þá viðheldur VES-þingið nánum tengslum við rússnesku dúmuna og býður jafnframt þingmönnum frá Albaníu, Bosníu og Hersegóvínu, Serbíu og Svartfjallalandi, Makedóníu og Úkraínu til funda.

3. Skipan Íslandsdeildar.

Samkvæmt starfsreglum VES-þingsins (gr. 17.1) á Alþingi í krafti aukaaðildar sinnar rétt á að senda þrjá fulltrúa á fundi þingsins. Aukaaðilar geta tekið ríkan þátt í störfum þess og hafa málfrelsi á þingfundum. Þeir njóta þó ekki fullra réttinda og hafa ekki atkvæðis- eða tillögurétt á þingfundum. Sú hefð hefur hins vegar skapast að fulltrúar aukaaðildarríkja geta lagt fram tillögur og breytingartillögur í þinginu, að því gefnu að fulltrúar aðildarríkja skrifi einnig undir þær. Á hinn bóginn hafa aukaaðilar rétt til að taka til máls og greiða atkvæði í nefndum og gera breytingartillögur. Þannig geta aukaaðilar haft áhrif á þær tillögur og skýrslur sem ræddar eru á þingfundum þegar þær eru í mótun. Aukaaðilar geta einnig beint fyrirspurnum til ráðherraráðs.

Fram að alþingiskosningum 12. maí voru aðalmenn Íslandsdeildar Guðjón Hjörleifsson, formaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Gunnar Örlygsson, varaformaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, og Einar Már Sigurðarson, þingflokki Samfylkingarinnar. Varamenn voru Kjartan Ólafsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Guðmundur Hallvarðsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, og Björgvin G. Sigurðsson, þingflokki Samfylkingarinnar.

Ný Íslandsdeild var skipuð 31. maí. Skv. breytingum á þingsköpum gildir sú kosning deildarinnar fyrir allt kjörtímabilið. Þingið getur þó hvenær sem er kosið að nýju ef fyrir liggur beiðni meiri hluta þingmanna þar um. Aðalmenn voru Ármann Kr. Ólafsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Einar Oddur Kristjánsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, og Kristinn H. Gunnarsson, þingflokki Frjálslynda flokksins. Varamenn voru Björk Guðjónsdóttir, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Ólöf Nordal, þingflokki Sjálfstæðisflokks, og Höskuldur Þórhallsson, þingflokki Framsóknarflokks. Á fundi Íslandsdeildar hinn 4. júní var Ármann Kr. Ólafsson kosinn formaður og Einar Oddur Kristjánsson varaformaður deildarinnar. Eftir fráfall

Einars Odds tók Birgir Ármannsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, sæti hans í Íslandsdeild. Á fundi Íslandsdeildar 11. október var Birgir Ármannsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, kjörinn varaformaður. Arna Gerður Bang gegndi starfi ritara Íslandsdeildar á starfsárinu.

4. Yfirlit yfir fundi.

VES-þingið kemur sem fyrr segir saman tvisvar á ári til reglulegs þingfundar. Nefndir þingsins halda auk þess fundi nokkrum sinnum á ári. Á árinu tók Íslandsdeild þátt í báðum hlutum þingfundarins.

Fyrri hluti 53. fundar VES-þingsins, 4.–6. júní, París.

Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildar Kristinn H. Gunnarsson og Ólöf Nordal, auk Örnu Gerðar Bang, ritara deildarinnar. Umræða um öryggi á norðurslóðum, orrustufylki Evrópusambandsins og skuldbindingar Evrópu í Afganistan voru öðrum málum fyrirferðarmeiri á júnífundinum. Þá var meðal annars rætt um skýrslur um stöðugleika og öryggi í Evrópu, Evrópusambandið og öryggi í Suðaustur-Evrópu og starfsemi evrópska landgönguliðsins erlendis. Forseti þingsins, Jean-Pierre Masseret, ávarpaði fundargesti og stýrði umræðum. Í ræðu sinni lagði hann áherslu á mikilvægi geimvarna og framtíð Evrópu með það í huga að hagsmunir Evrópu og Bandaríkjanna færu ekki alltaf saman. Þingið væri samkunda þar sem skipst er á skoðunum og hugmyndum um varnar- og öryggismál og mikilvægt væri að horfa til hlutverks álfunnar á 21. öld með gagnrýnum augum.

Georgi Pirinski, forseti búlgarska þingsins, og Christian Schmidt, ráðuneytisstjóri þýska varnarmálaráðuneytisins, ávörpuðu þingið. Schmidt talaði fyrir hönd Þýskalands sem fór með formennsku í Evrópusambandinu og Vestur-Evrópusambandinu frá ársbyrjun til 1. júlí 2007. Hann lýsti áherslum formennskunnar og ræddi um mikilvægi þróunar evrópsku öryggis- og varnarstefnunnar og hversu brýnt væri að auka getu sambandsins á sviði herstjórnarlegrar skipulagningar.

Teodor Melescanu, varnarmálaráðherra Rúmeníu, sagði inngöngu í Evrópusambandið hafa opnað fjölmargar nýjar leiðir fyrir landið, m.a. til að auka framlag þess til þróunar öryggis- og varnarstefnu sambandsins. Hann ræddi um góðan árangur sambandsins sem unnið hefur ötullega að markmiðum sínum og lagði áherslu á hagsæld, lýðræði og opin samfélög sem megineinkenni aðildarríkjanna. Evrópusambandið hefði stuðlað að öryggi og stöðugleika í álfunni og mikilvægt væri að vinna áfram röggsamlega að þróun hagsældar og öryggis utan Evrópu sem innan.

Skýrsluhöfundarnir Pedro Agramunt Font De Mora frá Spáni og Odd Einar Dorum frá Noregi kynntu skýrslu stjórnmálanefndar þingsins um öryggi á norðurslóðum, og er það í fyrsta sinn sem skýrsla um loftslagsbreytingar er tekin til umfjöllunar á þinginu. De Mora sagði meginatriði skýrslunnar vera loftslagsbreytingar og bætt orkuöryggi, auk þess sem hún fjallaði um mögulegar afleiðingar uppbyggingar herflota Rússa sem gæti raskað valdajafnvæginu. De Mora sagði mikilvægt að sjónum væri beint að norðurskautinu þar sem loftslagsbreytingar sem þar verða geta haft áhrif víða. Hann benti einnig á að bráðnun hafíss geti opnað nýjar leiðir fyrir hernaðarumsvif og flutninga á olíu og gasi, sérstaklega um Barentshaf. Norðurskautið búi yfir miklum olíu- og gasauðlindum og geti orðið framtíðarorkusvæði fyrir Evrópu. Því væri afar mikilvægt að móta sameiginlega stefnu um verndun loftslags og orkuöryggi, með áherslu á að tryggja að norðurskautið verði áfram skilgreint sem átakalaust svæði í heiminum. Liv Stubholt, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytis Noregs, ávarpaði þingið

og sagði rússneska flotann ekki hernaðarlega ógn fyrir Noreg og lagði áherslu á mikilvægi þess að ekki væri stuðlað að nýju „köldu stríði“ á norðurskautssvæðinu.

Í umræðu um skýrslu Gerd Höfer um Evrópusambandið og öryggi í Suðaustur-Evrópu kom fram að bæði Serbía og Bosnía og Hersegóvína eru mjög áfram um að bæta möguleika sína til að fá inngöngu í Evrópusambandið. Embættismenn í Serbíu gera ráð fyrir að viðræður um aðild geti hafist árið 2008 sem gæti leitt til inngöngu árið 2012. Höfer sagði hernaðarlegt ástand í ríkjunum stöðugt og mögulegt að huga að brotthvarfi herafla af svæðinu, að því tilskildu að öllum skuldbindingum verði fullnægt. Þar á meðal eru lagalegar og stjórnskipulegar endurbætur. Hann sagði svæðið eiga langt í land með að uppfylla skilyrði Evrópusambandsins um inngöngu og nefndi í því samhengi dómskerfið í Kosóvó.

Manuel Lobo Antunes, ráðuneytisstjóri í Evrópumálaráðuneyti Portúgals, kynnti áherslur formennsku Portúgals í Evrópusambandinu og VES, frá 1. júlí 2007. Í ræðu sinni lagði Antunes áherslu á málefni Kosóvó, Afganistans, Miðjarðarhafssvæðisins og Mið-Austurlanda og sagði þau meðal forgangsverkefna formennskunnar. Hvað Afríku varðar vonaðist hann eftir að mál þokuðust áfram að loknum seinni hluta leiðtogafundar ESB og Afríku sem framundan var í Lissabon, í formennskutíð Portúgals.

Síðari hluti 53. fundar VES-þingsins, 3.–5. desember, París.

Fundinn sóttu fyrir hönd Alþingis Ármann Kr. Ólafsson, formaður Íslandsdeildar, Kristinn H. Gunnarsson og Björk Guðjónsdóttir, auk Örnu Gerðar Bang, ritara deildarinnar. Í upphafi þings var Einars Odds Kristjánssonar, þingmanns og fulltrúa í Íslandsdeild VES, minnst. Umræðum á þingfundum í desember má skipta í þrennt. Í fyrsta lagi má nefna undirbúning fyrir starf VES-þingsins árið 2008, með kosningu yfirmanna þess og umræðum um fjármál þingsins og ráðherrahliðarinnar. Í öðru lagi ávörp ráðherra, fulltrúa þeirra og boðsgesta. Í þriðja lagi kynningar, umræður og kosningar um skýrslur og tillögur sem lagðar eru fram á þinginu. Endurkjör Jean-Pierre Masseret sem forseta VES-þingsins bar hæst vegna undirbúnings fyrir 54. VES-þingið sem fram fer árið 2008. Starfssamningur Colins Cameron, framkvæmdastjóra þingsins, var framlengdur um fimm ár, auk þess voru tíu varaforsetar kjörnir fyrir sama tímabil. Forseti, varaforsetar og framkvæmdastjóri nutu einróma stuðnings þingheims.

Umræða um takmörkun á útbreiðslu kjarnorkuvopna, athæfi hryðjuverkamanna á landamærum Tyrklands og Írak, eftirlit með landamærum að sjó í Evrópu, friðargæsluverkefni í Mið-Austurlöndum og möguleg samvinna við Kína um varnarmál voru öðrum málum fyrirferðarmeiri á desemberfundinum. Forseti þingsins, Jean-Pierre Masseret, ávarpaði fundargesti og stýrði umræðum. Í ræðu sinni lagði hann áherslu á mikilvægi þess að viðhalda og varðveita þann umræðuvettvang sem starfræktur hefur verið milli þinga aðildarríkjanna að tryggja lýðræðislega rannsókn og skoðanaskipti um þróun stefnu í öryggis- og varnarmálum álfunnar (ESDP). Forsetinn ræddi um þá gagnrýni sem ógnar tilvist VES-þingsins og lagði jafnframt áherslu á að það væri ekki til að bjarga tilvist þingsins sem kraftar þess væru virkjaðir, heldur til að bregðast við þörf fyrir evrópskan þingræðislegan umræðuvettvang um varnarmál.

Mira Gomes, ráðherra sjávar- og varnarmála í Portúgal, ávarpaði þingið og kynnti áherslur formennsku Portúgals í Evrópusambandinu og Vestur-Evrópusambandinu og svaraði spurningum fundargesta. Andrej Ster, utanríkisráherra Slóveníu, gerði grein fyrir formennsku Slóveníu í Evrópusambandinu og Vestur-Evrópusambandinu frá ársbyrjun til 1. júlí 2008. Slóvenía verður þar með fyrst ríkjanna tíu sem gengu í ESB árið 2004 til þess að fara með

formennsku í sambandinu. Hann sagði áherslur formennskunnar m.a. þær að styðja við frekari stækkun ESB í samræmi við stækkunarstefnu sambandsins og að halda aðildarviðræðum við Króatíu og Tyrkland áfram með von um jákvæða þróun. Horft verður sérstaklega til þess að efla samstarf ESB við hin ríkin á Vestur-Balkanskaga en aukið samstarf við þau ríki verður helsta áherslumál Slóvena auk þess sem Slóvenía mun beita sér fyrir því að efla svæðisbundið samstarf og þróun á Balkanskaga.

Skýrsluhöfundurinn Robert Walter frá Bretlandi kynnti skýrslu stjórnmálanefndar þingsins um athæfi hryðjuverkamanna á landamærum Tyrklands og Íraks. Nýlegar árásir Verkamannaflokks Kúrda (PKK) á Tyrki við landamærin höfðu skapað eldfimt og hættulegt ástand á svæðinu. Vecdi Gönul, varnarmálaráðherra Tyrklands, ávarpaði fundinn að lokinni kynningu skýrsluhöfunda en svaraði ekki spurningum fundargesta og vakti það mikla óánægju. Mowafak Abboud, sendiherra frá Írak, ræddi um ástandið við landamærin og svaraði spurningum fundargesta.

Í skýrslu sem lögð var fram af nefnd þingsins um almannatengsl benti skýrsluhöfundurinn Paul Wille (Belgíu) á að frá því að hryðjuverkin 11. september áttu sér stað hefði áhersla á að tryggja gagnsæi og aukin mannréttindi vikið fyrir þörfinni fyrir bætta og árangursríka leyniþjónustu. Hann sagði slíka þróun geta stofnað í hættu ávinningi síðustu áratuga um gildi lýðræðislegrar rannsóknar á störfum leyniþjónustunnar. Patricia Santers, framkvæmdastjóri skrifstofu eldflaugavarnarmála Bandaríkjanna, ávarpaði einnig þingið og svaraði fyrirspurnum um skýrslu stjórnmálanefndar þingsins um verkefni í öryggismálum handan Atlantshafs.

Alþingi, 8. febr. 2008.

Ármann Kr. Ólafsson, form.	Birgir Ármannsson.	Kristinn H. Gunnarsson.

Fylgiskjal.

Tilmæli og tilskipanir VES-þingsins árið 2007.

Fyrri hluti 53. þingfundar, 4.–6. júní:

1. tilmæli nr. 795 um ESDP: vegur framtíðar – niðurstöður ráðstefnunnar í Berlín – svar við ársskýrslu ráðherraráðsins,
2. tilskipun nr. 131 um þingræðislega rannsókn á ytri aðgerðum,
3. tilmæli nr. 796 um öryggi á norðurslóðum,
4. tilmæli nr. 797 um orrustufylki Evrópusambandsins,
5. tilmæli nr. 798 um Evrópusambandið og öryggi í Suðaustur-Evrópu,
6. tilmæli nr. 799 um landgöngulið Evrópu í aðgerðum erlendis,
7. tilmæli nr. 800 um stöðugleika og öryggi í Evrópu,
8. tilmæli nr. 801 um áfrýjunarnefnd og starfsreglur varðandi áfrýjun,
9. tilmæli nr. 802 um hlutverk herafla Evrópu í sendisveitum NATO í Afganistan,
10. tilmæli nr. 803 um varnarmálaskrifstofu Evrópu eftir tvö ár,
11. tilmæli nr. 804 um geimvarnir: annar hluti,
12. tilmæli nr. 805 um flugskeytavörn – sameiginleg afstaða í Evrópu?

Síðari hluti 53. þingfundar, 3.–5. desember:

1. tilmæli nr. 806 um eftirlit með landamærum að sjó í Evrópu – svar við ársskýrslu ráðherraráðsins,
2. tilmæli nr. 807 um umleitanir Georgíu til að samþættast stofnunum Evrópu og handan Atlantshafs,
3. tilmæli nr. 808 um framtíð takmörkunar á útbreiðslu kjarnorkuvopna,
4. tilmæli nr. 809 um áskoranir í öryggismálum handan Atlantshafs,
5. tilmæli nr. 810 um Evrópu og friðargæsluverkefni í Mið-Austurlöndum,
6. tilmæli nr. 811 um athæfi hryðjuverkamanna á landamærum Tyrklands og Íraks,
7. tilmæli nr. 812 um umbótasáttmála ESB og varnir og öryggi Evrópu – svar við ársskýrslu ráðherraráðsins,
8. tilskipun nr. 126 um umbótasáttmála ESB og varnir og öryggi Evrópu – svar við ársskýrslu ráðherraráðsins,
9. tilmæli nr. 813 um fjárhagsáætlun ráðherraráðs VES fyrir árið 2007,
10. tilmæli nr. 814 um hermenn framtíðar: framtakssemi Evrópu,
11. tilmæli nr. 815 um mögulegt samstarf við Kína um varnarútbúnað,
12. tilskipun nr. 132 um fjármögnun ytri starfsemi: hlutverk þjóðþinga,
13. tilskipun nr. 133 um leyniþjónustu og nákvæma rannsókn þinga – svar við ársskýrslu ráðherraráðsins.

726. Skýrsla [456. mál]

Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins fyrir árið 2007.

1. Inngangur.

Fjölmörg mál voru til umræðu á vettvangi Evrópuráðsþingsins á árinu 2007. Þau fjögur málefni sem segja má að hafi verið í brennidepli standa öll í sambandi við grundvallarhlutverk Evrópuráðsþingsins um að standa vörð um lýðræði, mannréttindi og meginreglur réttarríkisins.

Í fyrsta lagi varð áframhald á umræðu síðasta árs um aðgerðir í baráttunni gegn hryðjuverkum. Evrópuráðsþingið var fyrsta alþjóðastofnunin til að hefja rannsókn í lok árs 2005 í kjölfar fréttaflutnings af meintum ólöglegum fangaflutningum og leynifangelsum bandarísku leyniþjónustunnar CIA í lögsögu Evrópuríkja. Svissneski þingmaðurinn Dick Marty hefur verið í forsvari fyrir þeirri rannsókn og gefið út tvær skýrslur. Fyrsta skýrslan, sem kom út 2006, leiddi m.a. í ljós að meintir hryðjuverkamenn hefðu verið handteknir af útsendurum bandarísku leyniþjónustunnar og fluttir með borgaralegum flugvélum milli landa í Evrópu. Önnur skýrslan sem kom út í júní 2007 leiddi í ljós að föngunum hefði verið haldið í leynilegum fangelsum í Póllandi og Rúmeníu og hugsanlega fleiri löndum á árunum 2002 til 2005. Þessar handtökur, fangaflutningar og varðhald án dóms og laga fóru fram með vitund eða samvinnu öryggisstofnana í sumum aðildarríkjum Evrópuráðsins. Almennt var skýrslunni fagnað sem skrefi í þá veru að tryggja mannréttindi og virðingu fyrir meginreglum réttarríkisins en aðferðir bandarískra stjórnvalda og samstarfslanda þeirra fordæmdar enda liður í því að grafa undan mannréttindum og réttarríkinu.

Annað mál sem mikið var í umræðunni var hlutverk þingsins, fjármál og starfssemi. Á vorfundi Evrópuráðsþingsins var í fyrsta sinn í sögu þess lögð fram ársskýrsla um stöðu

mannréttinda og lýðræðis í Evrópu. Skýrslan var að hluta til einnig gagnrýni á þau aðildarríki Evrópuráðsins sem eiga aðild að Evrópursambandinu (ESB) fyrir að kom á fót Stofnun ESB um grundvallarmannréttindi (e. Agency of Fundamental Rights). Gagnrýni Evrópuráðsþingsins lýtur að því að stofnunin grafi undan hlutverki þingsins með því að standa í beinni samkeppni við það um tilgang og verkefni. Samkomulag milli Evrópuráðsins og Evrópusambandsins frá því í maí um verkaskiptingu milli stofnana náði ekki að lægja mestu gagnrýnisraddirnar, sem bentu á að eftir sem áður væru fjárframlög til Evrópuráðsþingsins helmingi minni en til hinnar nýju stofnunar ESB. Það skjóti skökku við þar sem Evrópuráðsþingið taki til mun fleiri landa eða 47 í samburði við 27 ríki ESB. Með það að markmiði að bæta starfsemi þingsins voru á stjórnarnefndarfundi 23. nóvember samþykktar breytingar á fundarsköpum og að gildistaka þeirra yrði á fyrsta fundi Evrópuráðsþingsins árið 2008. Markmiðið með breyttum fundarsköpum er að bæta þátttöku þingmanna, t.d. í atkvæðagreiðslum um mál, á reglulegum fundum og nefndarfundum Evrópuráðsþingsins með því að gera verklag þingsins skilvirkara. Markmiðið er einnig að jafna hlut karla og kvenna í embætti á vegum þingsins og láta þingið þar með endurspegla betur grunngildi Evrópuráðsins.

Í þriðja lagi fór fram mikil umræða um Mannréttindadómstól Evrópu. Fjölgun aðildarríkja Evrópuráðsins eftir lok kalda stríðsins hefur leitt af sér gríðarlega fjölgun mála sem vísað er til dómstólsins. Um 90 þúsund mál bíða þess að verða tekin til afgreiðslu, sem jaðrar við ófremdarástand vegna þess mikilvæga hlutverks sem dómstóllinn gegnir í því að standa vörð um mannréttindi í Evrópu. Fyrir sjö árum var samþykkt að setja af stað umbótaferli til að tryggja skilvirkni Mannréttindasáttmála og Mannréttindadómstóls Evrópu. Niðurstaða þeirrar vinnu var viðauki 14 við Mannréttindasáttmála Evrópu. Haustið 2006 höfðu öll aðildarríki Evrópuráðsins fullgilt viðaukann að Rússlandi undanskildu.

Að lokum var mikið rætt um framtíðarstöðu Kosovo-héraðs í Serbíu sem hefur verið undir stjórn Sameinuðu þjóðanna síðan árið 1999. Martti Ahtisaari, fyrrverandi forseti Finnlands og sérlegur samningamaður Sameinuðu þjóðanna í málum Kosovo-héraðs, var gestur Evrópuráðsþingsins í janúar. Var það mál manna að þingið ætti ekki að taka opinbera afstöðu í málinu á undan öryggisráði Sameinuðu þjóðanna um framtíðarstöðu Kosovo-héraðs. Í ályktun sem þingið samþykkti var því ekki að finna tilvísun í hugsanlegt sjálfstæði Kosovo-héraðs en hins vegar bent á að alþjóðasamfélagið gæti þurft að úrskurða um og setja niður deiluna ef deiluaðilum tækist það ekki.

2. Almennt um Evrópuráðið og Evrópuráðsþingið.

Hlutverk Evrópuráðsins er að standa vörð um grundvallarhugsjónir aðildarríkjanna um mannréttindi, lýðræði og réttarríkið, auk þess að stuðla að efnahagslegum og félagslegum framförum í þeim öllum. Til þess beitir ráðið sér fyrir samningu og samþykkt bindandi fjölþjóðasáttmála. Ályktanir Evrópuráðsins og fjölþjóðasáttmálar sem þar eru samþykktir hafa haft víðtæk áhrif í álfunni allri. Fjölmargir sáttmálar ráðsins á ýmsum sviðum þjóðlífsins eru mikilvægar mælistikur fyrir þjóðir sem eru að koma á lýðræði og réttarríki, en mælistikur Evrópuráðsins gilda einnig fyrir aðrar fjölþjóðastofnanir og alþjóðleg samtök. Þar ber hæst Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, og Félagsmálasáttmála Evrópu.

Frá lokum kalda stríðsins hefur Evrópuráðið m.a. gegnt því veigamikla hlutverki að styðja við lýðræðisþróun í nýfrjálsum ríkjum Mið- og Austur-Evrópu, m.a. með laga-, stjórnsýslu- og tækniaðstoð og kosningaeftirliti. Aðildarríkjum ráðsins hefur fjölgað ört síðan Berlínarmúrinn féll og eru þau nú 47 talsins. Svartfjallaland, sem sleit ríkjasambandi við Serbíu eftir þjóðaratkvæðagreiðslu í maí 2006, varð aðili að Evrópuráðinu í maí 2007. Þar með mynda

ríki Evrópuráðsins eina órofa pólitíska heild í álfunni – aðeins að Hvíta-Rússlandi undanskildu.

Evrópuráðsþingið er vettvangur fulltrúa þjóðþinga 47 aðildarríkja Evrópuráðsins og gegnir veigamiklu hlutverki í starfsemi þess sem hugmyndabanki stofnunarinnar. Á þinginu sitja 318 fulltrúar og jafnmargir til vara. Ólíkt ráðherranefndinni þar sem hvert ríki hefur eitt atkvæði fer fjöldi fulltrúa á þinginu eftir stærð þjóðar. Þingið starfar í tíu málefnanefndum og 24 undirnefndum þeirra en einnig starfa í þinginu fimm flokkahópar. Þá sitja forseti, 20 varaforsetar, formenn málefnanefnda og formenn flokkahópa í framkvæmdastjórn þingsins, sem hefur umsjón með innri málefnum þess, og sami hópur skipar stjórnarnefnd þingsins ásamt formönnum landsdeilda. Þingið kemur saman ársfjórðungslega, eina viku í senn, að jafnaði í lok janúar, apríl, júní og september. Stjórnarnefnd kemur saman til fundar á sama tíma og þing eru haldin og á milli þingfunda. Loks kemur sameiginleg nefnd þingsins með ráðherranefnd Evrópuráðsins saman í hvert sinn sem Evrópuráðsþingið kemur saman. Evrópuráðsþingið er umræðuvettvangur fyrir stjórnmál, efnahagsmál, félagsmál, mannréttindamál, umhverfis- og orkumál, menningar- og menntamál.

Mikilvægi þingsins felst einkum í því að:

– eiga frumkvæði að aðgerðum og beina tillögum til ráðherranefndarinnar,
– hafa eftirlit með efndum fjölþjóðlegra skuldbindinga og þrýsta á um skjótar aðgerðir í þeim tilvikum sem misbrestur er þar á og
– vera vettvangur fyrir skoðanaskipti og samráð þingmanna aðildarríkjanna og styrkja þannig lýðræðismenningu og efla tengsl þjóðþinga.

Á þingfundum Evrópuráðsþingsins eru skýrslur málefnanefnda ræddar og ályktað á grundvelli þeirra. Ályktunum, tilmælum eða álitum er því næst vísað til ráðherranefndarinnar sem fjallar um þau og bregst við ef þurfa þykir, annaðhvort með beinum aðgerðum eða lagasetningu í þjóðþingum. Evrópuráðsþingið á því oft frumkvæði að samningu fjölþjóðlegra sáttmála sem eru lagalega bindandi fyrir aðildarríkin.

Evrópuráðsþingið er eina samevrópska fjölþjóðastofnunin þar sem þingmenn Vestur-, Mið- og Austur-Evrópu starfa saman á jafnréttisgrundvelli. Ólíkt Evrópuþinginu eru fulltrúar á Evrópuráðsþinginu þjóðkjörnir þingmenn og hafa störf þingsins því beina skírskotun til starfa þjóðþinganna sjálfra. Þingfundir Evrópuráðsþingsins, þar sem menn starfa saman á jafnræðisgrundvelli og bera saman bækur sínar og skiptast á hugmyndum, eru því afar mikilvægt framlag til löggjafarstarfsins. Hefur þetta farsæla samstarf hraðað mjög og stutt við þá öru lýðræðisþróun sem átt hefur sér stað í Mið- og Austur-Evrópu á undangengnum árum. Þá hefur reynslan sýnt að þjóðir sem hafa skýr markmið í störfum sínum innan þingsins og kappkosta að ná þeim geta haft áhrif langt umfram stærð og pólitískt bolmagn. Sú staðreynd varpar skýru ljósi á mikilvægi og ekki síður möguleika Evrópuráðsþingsins fyrir íslenska hagsmuni.

3. Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins.

Í upphafi árs 2007 á 133. þingi voru aðalmenn Íslandsdeildar Birgir Ármannsson, formaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Kristinn H. Gunnarsson, varaformaður, þingflokki Framsóknarflokks, og Margrét Frímannsdóttir, þingflokki Samfylkingar. Varamenn voru Einar Oddur Kristjánsson, heitinn, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Jónína Bjartmarz, þingflokki Framsóknarflokks, og Guðrún Ögmundsdóttir, þingflokki Samfylkingar. Hinn 12. febrúar tilkynnti forseti Alþingis að Dagný Jónsdóttir, þingflokki Framsóknarflokks, tæki sæti Kristins H. Gunnarssonar. Hún tók jafnframt við sem varaformaður Íslandsdeildar.

Ný Íslandsdeild var kjörin 31. maí í upphafi 134. þings í kjölfar kosninga til Alþingis 12. maí. Á fyrsta fundi Íslandsdeildar 4. júní var Guðfinna S. Bjarnadóttir, þingflokki Sjálfstæðisflokks, kosin formaður, Ellert B. Schram, þingflokki Samfylkingar, kosinn varaformaður, en auk þeirra er Steingrímur J. Sigfússon, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, aðalmaður Íslandsdeildar. Varamenn eru Birgir Ármannsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Árni Páll Árnason, þingflokki Samfylkingar, og Kristinn H. Gunnarsson, þingflokki Frjálslynda flokksins. Í upphafi árs var Stígur Stefánsson ritari Íslandsdeildar en Magnea Marinósdóttir tók við í apríl.

Skipting Íslandsdeildarinnar í nefndir Evrópuráðsþingsins í lok árs 2007 var sem hér segir:

Sameiginleg nefnd með ráðherranefnd:	Guðfinna S. Bjarnadóttir
Til vara:	Birgir Ármannsson
Stjórnarnefnd:	Guðfinna S. Bjarnadóttir
Til vara:	Birgir Ármansson
Stjórnmálanefnd:	Guðfinna S. Bjarnadóttir
Til vara:	Birgir Ármannsson
Laga- og mannréttindanefnd:	Ellert B. Schram
Til vara:	Árni Páll Árnason
Jafnréttisnefnd:	Steingrímur J. Sigfússon
Til vara:	Kristinn H. Gunnarsson
Efnahags- og þróunarmálanefnd:	Guðfinna S. Bjarnadóttir
Til vara:	Birgir Ármannsson
Umhverfis- og landbúnaðarnefnd:	Steingrímur J. Sigfússon
Til vara:	Kristinn H. Gunnarsson
Þingskapanefnd:	Ellert B. Schram
Til vara:	Árni Páll Árnason
Menningar-, mennta- og vísindanefnd:	Guðfinna S. Bjarnadóttir
Til vara:	Birgir Ármannsson
Félags- og heilbrigðismálanefnd:	Ellert B. Schram
Til vara:	Árni Páll Árnason
Nefnd um fólksflutninga og málefni flóttamanna:	Steingrímur J. Sigfússon
Til vara:	Kristinn H. Gunnarsson

4. Fundir Íslandsdeildar 2007.

Íslandsdeild hélt þrjá fundi á árinu. Þann 13. febrúar var boðaður fundur til að kjósa nýjan varaformann í stað Kristins H. Gunnarssonar, þann 4. júní var haldinn fundur þar sem formaður og varaformaður nýrrar Íslandsdeildar voru kosnir og 7. júní var fundur haldinn þar sem þingmönnum Íslandsdeildar var skipað í málefnanefndir Evrópuráðsþingsins og umræða um fund Evrópuráðsþingsins 25.–29. júní fór fram. Að lokum hélt Guðfinna S. Bjarnadóttir formaður fund 17. október með fulltrúum líffræðiskorar raunvísindadeildar Háskóla Íslands. Tilefnið var ályktun Evrópuráðsþingsins þar sem varað er við að kenna sköpunarkenninguna sem vísindi í stað þróunarkenningarinnar í skólum.

5. Fundir Evrópuráðsþingsins 2007.

Þingfundir Evrópuráðsþingsins fara fram í Evrópuhöllinni í Strassborg og eru þeir haldnir fjórum sinnum á ári, að jafnaði í lok janúar, apríl, júní og september. Auk þess kemur stjórnarnefnd Evrópuþingsins saman til funda á milli þinga og afgreiðir mál sem æðsta vald Evrópuráðsþingsins.

Fyrsti fundur Evrópuráðsþingsins.

Dagana 22.–26. janúar var fyrsti þingfundur Evrópuráðsþingsins árið 2007 haldinn. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildar Birgir Ármannsson formaður, Kristinn H. Gunnarsson varaformaður og Margrét Frímannsdóttir auk Stígs Stefánssonar ritara.

Í upphafi þingfundar var René van der Linden endurkjörinn forseti Evrópuráðsþingsins. Í ávarpi sínu til þingsins ræddi hann m.a. áherslur í starfsemi þess á árinu 2007. Sérstök umræða um stöðu mannréttinda og lýðræðis í Evrópu á vorþinginu, sem á að vera árlegur viðburður, voru nýmæli sem hann kynnti. Jafnframt talaði hann um áframhald á herferð Evrópuráðsins gegn dauðarefsingum. Að hans mati hafði aftaka Sadam Husseins snúið almenningsáliti víða um heim gegn slíkum refsingum. Innan Evrópu væru það einungis Rússar sem yrðu að breyta sínum hegningarlögum með fullgildingu viðauka 6 við mannréttindasáttmála Evrópu til þess að dauðarefsing yrði aflögð í álfunni á friðartímum. Að síðustu ræddi van der Linden um Stofnun ESB um grundvallarréttindi og ítrekaði nauðsyn þess að komið yrði í veg fyrir tvíverknað þannig að hin nýja stofnun seildist ekki inn á starfssvið Evrópuráðsins. Hann gagnrýndi að þau ríki sem yllu mestum erfiðleikum við gerð fjárhagsáætlunar Evrópuráðsins væru þau sömu og tilbúin væru til að verja tugmilljónum evra til að byggja upp nýja stofnun sem mun starfa á svipuðu málefnasviði og Evrópuráðið.

Mesta hitamál á janúarfundinum var framtíðarstaða Kosovo. Lord Russel-Johnston, skýrsluhöfundur stjórnmálanefndar, lagði fram skýrslu og drög að ályktun um framtíðarstöðu héraðsins. Skýrsluna átti upphaflega að leggja fram á undangengnum haustfundi en hafði verið frestað þar til í janúar vegna meints formgalla á afgreiðslu hennar úr stjórnmálanefndinni. Í drögum að ályktun kom fram að framtíðarstaða Kosovo hefði verið óljós frá því að Sameinuðu þjóðirnar tóku við stjórn svæðisins árið 1999. Íbúar Kosovo væru 2 milljónir og 90% þeirra Albanir sem kalli eftir sjálfstæði Kosovo. Á móti vildu Serbar að Kosovo yrði sjálfstjórnarsvæði innan Serbíu og höfnuðu alfarið hugmyndum um aðskilnað héraðsins frá serbneska ríkinu. Þessi óljósa staða kæmi í veg fyrir félagslegar og efnahagslegar framfarir í Kosovo þar sem ástandið væri mjög bágborið og ótækt til lengdar. Í drögunum sagði að ólíklegt væri að deiluaðilar næðu samkomulagi en sjálfstætt Kosovo væri sú lausn sem helst gæti tryggt varanlegan frið og stöðugleika í héraðinu og á Balkanskaga í heild. Næðist ekki samkomulag kváðu drögin jafnframt á um það að alþjóðasamfélagið gæti þurft að úrskurða um og framfylgja lausn deilunnar ef í nauðir ræki. Martti Ahtisaari, fyrrverandi forseti Finnlands og sérlegur samningamaður Sameinuðu þjóðanna í Kosovo, var gestur Evrópuráðsþingsins. Hann greindi frá áætlun sinni um að leggja tillögur sínar um framtíð héraðsins fyrir deiluaðila 2. febrúar og á grundvelli viðbragða þeirra mundi hann síðan leggja lokaskýrslu sína fyrir öryggisráð Sameinuðu þjóðanna. Ahtisaari gat ekki greint nánar frá stöðu mála en sagði að markmið lausnar í málum Kosovo hlyti að vera fjölmenningarlegt samfélag þar sem ólík þjóðarbrot mundu lifa saman í friði og að réttindi serbneska minni hlutans væru tryggð. Ahtisaari taldi að þörf yrði fyrir uppbyggingarsveitir og friðargæsluliða alþjóðasamfélagsins í Kosovo í mörg ár til viðbótar en sveitir NATO hafa gætt friðar í héraðinu. Hart var deilt um ályktunardrög stjórnmálanefndar og var tímasetningin m.a. gagnrýnd. Ályktun ætti um Kosovo beint ofan í serbnesku þingkosningarnar, sem fóru fram 21. janúar og rétt áður en Ahtisaari lagði tillögur sínar fyrir öryggisráð Sameinuðu þjóðanna. Rangt væri að Evrópuráðsþingið mundi taka afstöðu í málefnum Kosovo áður en Sameinuðu þjóðirnar gerðu slíkt. Þá gagnrýndu margir þingmenn orðalag ályktunarinnar um sjálfstætt Kosovo og fjöldi breytingartillagna var lagður fram. Að lokum fór svo að tilvísanir í sjálfstæði Kosovo voru naumlega felldar úr ályktuninni en hins vegar var naumur stuðningur fyrir umdeildu orðalagi um að

alþjóðasamfélagið gæti þurft að úrskurða um og setja niður deiluna ef deiluaðilum tækist það ekki.

Stýring orkuframboðs og orkusölu til að beita pólitískum þrýstingi var til umræðu á þinginu. Orkuöryggi hefur verið fyrirferðarmikið í almennri öryggismálaumræðu undanfarið. Umræðan snýr að því að tryggja öryggi orkulinda, orkuframboð, orkudreifingarkerfi, samgönguæðar til orkuflutninga o.s.frv. Aðgerðir Rússlands gegn Úkraínu í janúar 2006 þegar skyndilega var lokað fyrir útflutning á rússnesku gasi vöktu athygli fyrir það hvernig ríki þar sem orkugeirinn er að mestu í ríkiseign geta notað orkuútflutning sem pólitískt vopn. Nýlegar deilur Rússlands og Hvíta-Rússlands um olíuviðskipti milli ríkjanna höfðu enn frekar vakið áhyggjur víða í Evrópu sem er mjög háð orkukaupum frá Rússlandi. Í umræðunni kom fram að eining væri innan stjórnmálanefndar þingsins um að óásættanlegt væri að ríki notuðu orkusölu í pólitískum tilgangi. Í ályktun þingsins var hvatt til að komið yrði á stöðugu orkukerfi í Evrópu sem byggðist á gagnkvæmum skuldbindingum, langtímasamningum og gagnsæjum samkeppnisreglum. Þá var lýst stuðningi við yfirstandandi vinnu ESB við mótun nýrrar orkustefnu. Lýst var áhyggjum af einokunarstöðu Gazprom á rússneskum orkumarkaði og kallað eftir því að Rússland fullgilti alþjóðlega orkumálasáttmálann (e. Energy Charter Treaty).

Brýn utandagskrárumræða (e. urgent procedure debate) fór fram um ógnir sem steðja að lífi og tjáningarfrelsi blaðamanna. Bakgrunnur umræðunnar var morð á tyrknesk-armenska blaðamanninum Hrant Dink og rússnesku blaðakonunni Anna Politkovskaya. Þingið áréttaði mikilvægi 10. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu um verndun fjölmiðlafrelsis í Evrópu og hvatti þjóðþing aðildarríkjanna til að hefja rannsókn á óupplýstum árásum, hótunum og morðum á blaðamönnum og grípa til aðgerða til að tryggja öryggi þeirra.

Önnur utandagskrárumræða (e. current affairs debate) fór fram um svokallaðan viðauka 14 við mannréttindasáttmála Evrópu sem snýr að umbótum á starfsemi Mannréttindadómstóls Evrópu. Fjölgun aðildarríkja Evrópuráðsins eftir lok kalda stríðsins hefur leitt af sér gríðarlega fjölgun mála sem vísað er til dómstólsins en nú bíða um 90 þúsund mál þess að verða tekin fyrir. Fyrir sex árum var samþykkt að setja af stað umbótaferli. Sérfræðinganefnd var sett á fót til að gera tillögur um nauðsynlegar úrbætur á starfsemi Mannréttindadómstólsins. Niðurstaða þeirrar vinnu var viðauki 14 sem kveður á um ný vinnubrögð hjá dómstólnum til að fækka þeim kærumálum sem vísað er til hans. Haustið 2006 höfðu öll aðildarríki Evrópuráðsins fullgilt viðaukann nema Rússland en í desember brá svo við að fullgildingar var synjað í atkvæðagreiðslu í neðri deild rússneska þingsins, dúmunni. Í umræðunni lögðu rússneskir þingmenn Evrópuráðsþingsins áherslu á að margir þingmenn dúmunnar hefðu setið hjá því þeim var ekki fyllilega ljóst hverjar afleiðingar viðaukans væru. Viðaukinn væri enn til meðhöndlunar í dúmunni. Landsdeild Rússlands á Evrópuráðsþinginu ynni að því að afla viðaukanum stuðnings og sögðust þingmenn vongóðir um að hægt yrði að greiða atkvæði um hann aftur innan tíðar og fá hann samþykktan.

San Marínó tók við formennsku ráðherranefndar Evrópuráðsins um áramótin og gegndi henni fram á vor. Fiorenzo Stolfi, utanríkisráðherra landsins, ávarpaði þingfundinn og gerði grein fyrir helstu áherslumálum í formennsku San Marínó. Forgangsmál væri að fá viðauka 14 samþykktan til þess að tryggja skilvirkni mannréttindasáttmála og Mannréttindadómstóls Evrópu. Önnur forgangsmál væru annars vegar samband Evrópuráðsins og Evrópusambandsins og hins vegar samræður á milli menningarheima.

Af öðrum málefnum sem rædd voru á Evrópuráðsþinginu má m.a. nefna alnæmi og aðgerðir til þess að hefta útbreiðslu sjúkdómsins meðal barna og ungra kvenna í Evrópu, notkun

ólöglegs vinnuafls í landbúnaði og réttindaleysi þess, og ofbeldi gegn börnum og aðgerðir til þess að vernda börn gegn ofbeldi og misnotkun.

Eftirfarandi tignargestir ávörpuðu m.a. þingfundinn: Bartólómeó I. patríarki af Istanbúl; Karólína prinsessa af Hannóver, forseti heimssamtakanna vinir barnsins; Guy Verhofstadt, forsætisráðherra Belgíu; Martti Ahtisaari, fyrrverandi forseti Finnlands og sérlegur samningamaður Sameinuðu þjóðanna í Kosovo; og Kostas Karamanlis, forsætisráðherra Grikklands.

Annar fundur Evrópuráðsþingsins.

Dagana 16.–20. apríl fór vorfundur Evrópuráðsþingsins fram í Strassborg. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildar Dagný Jónsdóttir og Guðrún Ögmundsdóttir, sem varamaður fyrir Margréti Frímannsdóttur, auk Magneu Marinósdóttur ritara.

Sérstakur þemadagur og umræða um stöðu mannréttinda og lýðræðis í Evrópu og útkoma fyrstu ársskýrslu Evrópuráðsþingsins var það sem bar hæst á vorfundinum. Í tilefni þemadagsins fluttu m.a. forsvarsmenn mannréttindasamtakanna Amnesty International og Human Rights Watch ávörp.

Skýrslan og umræðan um stöðu mannréttinda og lýðræðis í Evrópu var liður í því að minna á stöðu og hlutverk Evrópuráðsins. Stóð sú umræða í beinu sambandi við umræðu um Stofnun ESB um grundvallarréttindi og drög að samkomulagi milli Evrópuráðsins og Evrópusambandsins (ESB) um verkaskiptingu milli þeirra. Stofnun ESB um grundvallarréttindi tók til starfa 1. mars og hefur þingið ítrekað lýst yfir áhyggjum þess efnis að verkefnasvið hinnar nýju stofnunar og ráðsins mundu skarast þrátt fyrir yfirlýsingar ESB um hið gagnstæða. Kom fram í máli forseta Evrópuráðsþingsins, René van der Linden, að þau 27 ríki sem eiga aðild bæði að Evrópuráðinu og ESB ynnu að hagsmunum Evrópusambandsins á kostnað Evrópuráðsins. Máli sínu til stuðnings vísaði hann til þess að 30 milljónir evra hafi verið settar í rekstur hinnar nýju stofnunar ESB á sama tíma og verið væri að skerða framlög til Evrópuráðsins. Þetta ætti ekki síst við um þingið sem á síðasta fjárhagsári fékk úthlutað um 15 milljónum evra. Auk þess væri Mannréttindadómstóll Evrópu í fjárhagsþröng, sem þau 90 þúsund mál sem bíða afgreiðslu dómstólsins eru m.a. til vitnis um. Forsetinn benti á að reynt hefði verið að rétta þann halla af með því að skera niður til þingsins. Sá niðurskurður væri hins vegar farinn að vega að grundvallarstarfsemi þingsins og getu þess til að ráða hæft starfsfólk. Þegar svo væri komið yrði að réttlæta frekari niðurskurð með málefnalegum hætti. Á sameiginlegum fundi stjórnarnefndar þingsins og ráðherranefndarinnar benti þýski sendiherrann á að hluti vandans væri að fjárframlög til Evrópuráðsins væru á könnu utanríkisráðuneyta en verkefni ráðsins væru hins vegar að meiri hluta til á verkefnasviði annarra ráðuneyta, t.d. dóms- og félagsmálaráðuneyta. Ávinningur af starfi Evrópuráðsins væri því utanríkisráðuneytum ekki eins sýnilegur og síðarnefndu ráðuneytunum. Fiorenzo Stolfi, utanríkisráðherra San Marínó og formaður ráðherranefndarinnar, hafði beint þeim tilmælum til þingsins að hreyfa helst ekki við texta samningsdraganna þar sem hann væri afrakstur tveggja ára samningaviðræðna. Tilmæli formanns ráðherranefndarinnar voru harðlega gagnrýnd af þinginu og bent á að með því að óska eftir áliti í orði en ekki á borði væri ráðherranefndin að vega að hlutverki og virðingu þingsins. Einnig var bent á að beiðni ráðherranefndarinnar um álit þingsins væri sú fimmta í röðinni og að í hvert sinn væri um nýjan texta að ræða. Forsetinn fór fram á að tekið yrði tillit til breytingartillagna þingsins að þessu sinni. Að öðrum kosti yrði samþykkt að sendinefnd frá þinginu annars vegar og ráðherranefndinni hins vegar mundu hittast og ná samkomulagi um drögin fyrir næsta fund Evrópuráðsins og ESB þann 26. apríl næstkomandi. Breski sendiherrann var meðal þeirra sem var mótfallinn hugmynd forsetans

og taldi að hlutverki þingsins væri lokið. Niðurstaða fundarins varð hins vegar sú að formaður ráðherranefndarinnar bauð samráð við forseta þingsins. Að lokum hvöttu þingmenn hver annan til að vekja máls á stöðu Evrópuráðsþingsins heima fyrir og fóru fram á það við sendiherrana að koma áhyggjum af stöðu mála áleiðis.

Forsætisráðherra Úkraínu, Viktor Janúkóvitsj, ávarpaði þingið á öðrum degi. Tekið var fram að heimsókn hans hefði verið ákveðin löngu áður en stjórnlagakreppan skall á í heimalandi hans 2. apríl en þá leysti forseti landsins, Viktor Júsjenkó, þingið upp með forsetaskipun og boðaði til kosninga 27. maí. Í brýnni utandagskrárumræðu kom fram að stjórnlagakreppan væri áfall fyrir þá sem bundu miklar vonir við kosningarnar árið 2006 í kjölfar appelsínugulu byltingarinnar svonefndu. Ekki væri hægt að segja um hver bæri sökina á núverandi ástandi, en meiri hluti þings og ríkisstjórn Úkraínu hafa haldið því fram að forsetaskipunin sé brot á stjórnarskrá landsins. Í kjölfarið var málinu vísað til stjórnlagadómstóls landsins. Afstaða Evrópuráðsþingsins var sú að styðja það að málinu yrði vísað til stjórnlagadómstóls landsins og jafnframt var lagaleg ráðgjöf Feneyjanefndar Evrópuráðsins boðin. Þingmenn voru flestir sammála þessari afstöðu Evrópuráðsþingsins, að nokkrum undanskildum sem bentu á að stjórnlagadómstóllinn væri spilltur og hliðhollur forsetanum, hefði verið óstarfhæfur síðastliðna 18 mánuði og að meiri hluti landsmanna vantreysti honum. Stjórnlagadómstóllinn væri því ekki í stakk búinn til að skera úr um í málinu, ekki síst í ljósi þess takmarkaða tíma sem væri til stefnu fyrir boðaðar aukakosningar. Forsetaskipunin gilti samkvæmt stjórnarskránni og eina skynsamlega og réttmæta leiðin væri því að halda kosningar og láta kjósendur ákvarða um málið. Skilaboðin frá Evrópuráðsþinginu voru eftir sem áður þau að málið yrði að leysa af stjórnlagadómstólnum og aðstoð Feneyjanefndarinnar áréttuð.

Svissneski þingmaðurinn og formaður laga- og mannréttindanefndar Evrópuþingsins, Dick Marty, var upphafsmaður utandagskrárumræðu um hörmungarástandið í Darfur-héraði í Súdan. Kallaði hann eftir afstöðu Evrópuráðsþingsins. Áheyrnarfulltrúi Kanada, Goldstein, setti fram tillögur um aðgerðir, m.a. þá að þjóðir heims mundu sniðganga Ólympíuleikana í Kína árið 2008, en Kína er stærsti erlendi olíuvinnsluhafinn í Súdan.

Drögum að sáttmála Evrópuráðsins um verndun barna gegn kynferðislegu ofbeldi og misnotkun var fagnað sem miklu framfaraskrefi. Athugasemdir voru hins vegar gerðar við undanþágur sem ríki geta fengið áður en þau fullgilda sáttmálann með lögum. Drögin voru síðasta mál á dagskrá á lokadegi þingsins og kom fram gagnrýni á það á þingfundinum hversu seint málið var á dagskrá í ljósi mikilvægis þess og hversu fámennt var í þingsalnum. Í málsvörn sinni benti forseti þingsins á að öll mál væru jafnmikilvæg óháð því hvar þau væru sett á dagskrá og benti einnig á að fyrirvarinn, sem þinginu var gefinn af ráðherranefndinni til að veita álit sitt, hefði verið skammur.

Laga- og mannréttindanefnd lagði fram tillögu um undanþáguheimild að settum ströngum skilyrðum frá þeirri reglu að framboðslistar til Mannréttindadómstóls Evrópu væru skipaðir a.m.k. einum frambjóðanda af því kyni sem væri í minni hluta í dómstólnum, þ.e. konum. Tillagan kom í kjölfar þess að Malta hafði í tvígang skilað lista eingöngu með nöfnum karlkynsframbjóðenda. Nokkur umræða spannst um málið. Þingmenn bentu á að slík undanþága gæti skapað slæmt fordæmi. Það væri heldur ekki réttlætanlegt að veita slíka undanþágu þegar ríki er heimilt að skipa á lista sinn kvenkynsframbjóðanda frá öðru ríki en sínu eigin að uppfylltum hæfnisskilyrðum ef ekki finnst hæfur kvenkynsframbjóðandi í heimalandinu. Tillagan um undanþáguna var felld í samræmi við álit jafnréttisnefndar.

Í umræðu um aðildarumsókn Svartfjallalands að Evrópuráðinu var henni fagnað og mælt með því að ráðherranefndin mundi bjóða Svartfjallalandi að verða 47. aðildarríki Evrópuráðs-

ins. Svartfjallaland hefur reyndar verið aðildarríki síðan árið 2003 en sem hluti af sambandsríkinu Serbíu-Svartfjallalandi. Í framsögum á þinginu var vísað í þann sterka vilja sem stjórnvöld og stjórnmálaflokkar í Svartfjallalandi þóttu hafa sýnt til að koma til móts við tilmæli Evrópuráðsins á sviði mannréttinda, lýðræðis og réttarfars. Sérstaklega var tekið fram samþykki stjórnvalda í Svartfjallalandi fyrir að innleiða sjö meginreglur í stjórnarskrá landsins, sem enn er í smíðum, að tillögu Evrópuráðsins. Þingmenn frá Serbíu samglöddust Svartfellingum en bentu á mikilvægi þess að vernda réttindi þjóðernisminnihluta með vísan í serbneska minni hlutann, sem er um 30% íbúa Svartfjallalands. Að lokinni umræðu flutti forseti löggjafarþings Svartfjallalands, Ranko Krivopapić, stutt ávarp þar sem hann þakkaði veittan stuðning og hlýhug.

Í umræðu um skýrslu eftirlitsnefndar þingsins um framfylgni Aserbaídsjan við skuldbindingar sínar sem aðildarríkis Evrópuráðsins var bent á að því miður féllu mörg framfaraskref í skuggann af því sem ámælisvert væri. Tilvist samviskufanga í landinu, einkum úr röðum stjórnarandstæðinga og fréttamanna, var nefnd sérstaklega. Þingið fagnaði því að einn fulltrúi stjórnarandstöðunnar væri í sendinefnd Aserbaídsjan að þessu sinni en gagnrýndi samtímis að annar hefði ekki komist á þingið þar sem hann fékk ekki útgefið vegabréf til fararinnar.

Í brýnni utandagskrárumræðu um stöðu mála í Miðausturlöndum buðu fulltrúar löggjafarþings Palestínu Evrópuráðsþinginu að koma að lausn deilunnar. Einungis ríkisstjórn Noregs hefur tekið upp hefðbundið stjórnmálasamband við heimastjórn Palestínumanna eftir að Hamas-hreyfingin komst til valda. Norskir þingmenn hvöttu önnur ríki til að gera slíkt hið sama. Talsmenn Ísraels bentu á að erfitt væri að ná saman um tveggja ríkja lausn á meðan Hamas væri í stjórn og héldi sig við þá yfirlýstu stefnu sína að neita tilvistarrétti heimalands gyðinga, Ísrael.

Önnur mál sem voru tekin til umræðu voru m.a. um réttláta málsmeðferð meintra njósnara og uppljóstrara ríkisleyndarmála; framleiðslu og sölu vörueftirlíkinga, þ.m.t. á lyfjum, sem í auknum mæli eru orsök ótímabærra dauðsfalla, og var kallað eftir gerð alþjóðlegs sáttmála til að taka á því vandamáli; og verklagsreglur fyrir stjórnmálaflokka, sem nokkrum þingmönnum fannst bera vott um forræðishyggju þar sem stjórnmál snerust um innihald en ekki form.

Eftirfarandi tignargestir ávörpuðu m.a. þingfundinn: Ranko Krivokapić, forseti löggjafarþings Svartfjallalands; Viktor Janúkóvitsj, forsætisráðherra Úkraínu; Fiorenzo Stolfi, utanríkisráðherra San Marínó; Louise Arbour, mannréttindafulltrúi Sameinuðu þjóðanna; Thomas Hammarberg, mannréttindafulltrúi Evrópuráðsins; Jean-Paul Costa, forseti Mannréttindadómstóls Evrópu; Irene Khan, framkvæmdastjóri Amnesty International; og Kenneth Roth, framkvæmdastjóri Human Rights Watch.

Þriðji fundur Evrópuráðsþingsins.

Dagana 25.–29. júní fór sumarfundur Evrópuráðsþingsins fram í Strassborg. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildar Guðfinna Bjarnadóttir formaður, Ellert B. Schram varaformaður og Steingrímur J. Sigfússon auk Magneu Marinósdóttur ritara.

Alls voru 19 mál tekin til umræðu og afgreidd á fundi Evrópuráðsþingsins. Önnur skýrsla svissneska þingmannsins, Dick Marty, um hlutdeild aðildarríkja Evrópuráðsins í leynilegum aðgerðum bandarísku leyniþjónustunnar CIA (e. Central Intelligence Agency) á sviði hryðjuverkavarna var það mál sem bar hæst.

Fyrsta skýrsla þingmannsins sem gefin var út 12. júní 2006 greindi frá meintu ólöglegu fangaflugi bandarísku leyniþjónustunnar með grunaða hryðjuverkamenn innan lofthelgi aðildarríkja Evrópuráðsins. Í framsögu skýrsluhöfundar kom fram að tilvist fangaflugsins

hefði að hluta til verið staðfest af forseta Bandaríkjanna í september 2006 þegar hann gerði opinbert að bandarísk stjórnvöld hefðu í haldi meinta hryðjuverkamenn (e. high-value detainees). Önnur skýrslan fjallaði um áfangastaði fangaflugsins – hvert hinir meintu hryðjuverkamenn voru fluttir og hafðir í haldi á árunum 2002–2005. Í skýrslunni segir að þeim hafi verið haldið í leynifangelsum bandarísku leyniþjónustunnar í Póllandi og Rúmeníu. Bandarísk stjórnvöld höfðu áður neitað tilvist slíkra fangelsa, að því er kom fram í máli þingmannsins, sem útilokaði ekki að slík fangelsi væri víðar að finna. Þingmenn frá Póllandi og Rúmeníu vísuðu á bug öllum ásökunum. Þeir héldu fram skorti á sönnunum og gagnrýndu að skýrsluhöfundur hefði afþakkað boð stjórnvalda um að kynna sér mál frá fyrstu hendi. Andsvar skýrsluhöfundar var að heimsókn hefði þjónað litlum tilgangi þar sem spurningum sem hann sendi stjórnvöldum hefði aldrei verið svarað. Skýrsluhöfundur gerði síðan sérstaka grein fyrir aðferðafræðinni við gerð skýrslunnar vegna mikilvægis aðferðafræði við gagnasöfnun fyrir alhæfingargildi skýrslunnar. Mikil umræða varð að lokum um þátt NATO. Í skýrslunni kom m.a. fram að áætlun um varnir gegn hryðjuverkum, sem lögð var fram af bandarískum stjórnvöldum til samþykktar á fundi 4. október árið 2001 hjá Norður-Atlantshafsráðinu, æðsta stjórnvaldi NATO, hafi veitt bandarísku leyniþjónustunni það svigrúm sem nauðsynlegt var til að geta rekið leynifangelsi. Skýrsluhöfundur benti sérstaklega á að samþykktin hefði ekki gert ráð fyrir sameiginlegum varnaraðgerðum í anda 5. gr. stofnsáttmála NATO heldur einhliða aðgerðum. Samþykkt Norður-Atlantshafsráðsins er trúnaðarskjal sem skýrsluhöfundi var neitað um aðgang að. Skýrslan styðst þess í stað við opinbera yfirlýsingu framkvæmdastjóra NATO en samkvæmt lagalegum ráðgjafa bandalagsins og vitnað er til í skýrslunni inniheldur yfirlýsingin ekki allar þær ákvarðanir sem teknar voru á fundi Norður-Atlantshafsráðsins umræddan dag.

Hlutdeild NATO auk leyndarinnar um áætlunina í krafti trúnaðarreglna hjá stofnuninni olli mikilli umræðu á þinginu þar sem Steingrímur J. Sigfússon tók m.a. til máls. Taldi hann mikilvægt að fylgja skýrslunni eftir með aðgerðum, ekki síst í ljósi upplýsinga um NATO-samþykktina. Gagnrýndi Steingrímur NATO-ríkin fyrir að neita öllum ásökunum um meint fangaflug og fangelsi og viðhalda leynd um stöðu mála. Engin afsökun væri til fyrir því að starfa ekki í samræmi við alþjóðasáttmála um mannréttindi og mannúðarlög. Almennt var skýrslunni fagnað sem lið í því að tryggja virðingu fyrir mannréttindum í baráttunni gegn hryðjuverkum. Bent var á að Bretar beittu ekki sömu aðferðum og bandarísk stjórnvöld hafa verið sökuð um. Fordæmdi þingið aðferðir sem fælu í sér mannréttindabrot og græfu undan réttarríkinu í stað þess að standa vörð um það enda jafngiltu slíkar aðferðir sigri hermdarverkamanna.

Í ávarpi aðalsaksóknara Alþjóðlega stríðsglæpadómstólsins vegna fyrrum Júgóslavíu, Carla Del Ponte, kom fram að 48 manns hefðu hlotið dóm fyrir stríðsglæpi, glæpi gegn mannkyni og/eða þjóðarmorð frá stofnun dómstólsins. Dómstóllinn mun ljúka störfum árið 2010 og ekki verður réttað í öðrum málum en þeim sem koma til afgreiðslu hans fyrir árslok 2008. Saksóknarinn taldi það mjög alvarlegt mál að meðal meintra stríðsglæpamanna sem enn gengju lausir væru þeir sem talið er að beri ábyrgð á verstu þjóðernishreinsunum eftir lok seinni heimstyrjaldar – þeim ódæðum sem framin voru árið 1995 í Srebrenica. Þeir sem um ræðir eru Ratko Mladićž, hershöfðingi þjóðernissinnaðra Serba í Bosníu (her lýðveldis Serba, Srpska), og Radovan Karadžić, stjórnmálaleiðtogi þeirra. Skoraði aðalsaksóknarinn á serbnesk stjórnvöld að vera samvinnuþýðari og hvatti alþjóðasamfélagið til þess að halda áfram þrýstingi sínum á ríki fyrrum Júgóslavíu. Í máli þingmanna frá Serbíu kom m.a. fram að margir teldu að dómstóllinn hefði verið settur á stofn til höfuðs Serbum. Sá þrýstingur sem

Serbía væri beitt, sér í lagi frá ESB, væri talinn ósanngjarn þar sem ábyrgð á handtöku meintra stríðsglæpamanna væri ekki eingöngu Serbíu heldur einnig Bosníu, Bandaríkjanna og NATO. Ef réttlætanlegt væri að refsa Serbíu fyrir að finna ekki Mladićž þá ætti að refsa Bandaríkjunum fyrir að finna ekki Osama bin Laden. Auk þess hefði því verið heitið af hálfu bandarískra stjórnvalda við undirritun Dayton-samkomulagsins að Karadžić mundi njóta friðhelgi.

Næst tók til máls yfirmaður Flóttamannaaðstoðar Sameinuðu þjóðanna í tilefni umræðu um stöðu hálfrar milljónar flóttamanna í Suðaustur-Evrópu. Var hann sammála áliti skýrsluhöfundar þess efnis að viðvarandi lausn á flóttamannavandanum væri fyrst og fremst pólitískt viðfangsefni en ekki á ábyrgð stofnana eins og Flóttamannaaðstoðarinnar að leysa einar og sér. Hvatti hann stjórnvöld til að vinna að úrlausn í málum flóttamanna.

Í umræðu um ályktanir sem sneru að landbúnaði, fæðuöryggi og Félagsmálasáttmála Evrópuráðsins kom fram ákveðinn samhljómur um nauðsyn félagslegrar alþjóðavæðingar. Yfirmaður Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, Jacques Diouf, og kanslari Austurríkis, Alfred Gusenbauer, töldu að stefnumótun alþjóðlegra efnahagsstofnana, ekki síst stefnumótun í landbúnaðarmálum og reglur um aðgang að alþjóðamörkuðum, þyrfti að taka mið af mannréttindum og félagslegu réttlæti. Rétturinn til lífs væri grundvallarréttur og þar með fæðuöryggi. Sérstaklega var rætt um Alþjóðaviðskiptastofnunina og Alþjóðabankann í þessu sambandi. Kanslari Austurríkis mælti með því að þingmannasamkundur væru settar á fót innan þessara stofnana, auk Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Sameinuðu þjóðanna. Svipuð áhersla kom fram í umræðu um Félagsmálasáttmála Evrópu. Evrópuráðið hefði verið fyrsta fjölþjóðlega stofnunin sem gerði sáttmála sem hefði það að markmiði að koma í veg fyrir að alþjóðavæðing græfi undan félagslegum réttindum í Evrópu eða ylli félagslegri upplausn í löndum þar sem hagvöxtur væri hraður. Félagsleg ábyrgð fyrirtækja væri mikilvæg í þessu sambandi og aðkallandi verkefni að auka vitund og þekkingu á Félagsmálasáttmála Evrópu. Sú tillaga kom fram að stofnaður yrði vinnuhópur sem hefði það hlutverk að fylgjast með framfylgni sáttmálans. Einnig að Evrópuráðið ynni með Alþjóðavinnumálastofnuninni að gerð alþjóðlegra reglna um félagsleg réttindi þar sem sáttmálinn væri hafður að leiðarljósi ásamt norrænum lögum og reglum sem þykja til fyrirmyndar.

Jean Lemierre, forseti Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu, ávarpaði þingið í tilefni af umræðu um starf bankans í Austur- og Suðaustur-Evrópu. Meðal annars var rætt um samvinnu bankans og Evrópuráðsins við lýðræðisuppbyggingu. Samvinnan byggist á kerfi gagnkvæmra skuldbindinga bankans og Evrópuráðsins annars vegar og viðtökulandsins hins vegar þar sem stjórnvöld í viðtökulandi skuldbinda sig til að tryggja tiltekin lýð- og mannréttindi gegn því að fá stuðning bankans. Jafnframt kom fram að undanfarin ár hefur bankinn í auknum mæli beint sjónum sínum til Mið-Asíu eins og aðrar alþjóðastofnanir. Í upphafi árs 2006 hóf bankinn einnig átak sem miðar að því að auka fjárfestingar í grænni orku og tækni þar að lútandi en alls eru 27 ríki háð jarðefnaeldsneyti frá Rússlandi. Um 18% af núverandi fjárfestingum bankans hefur verið varið í sjálfbæra orkugeirann í samanburði við 5% fyrir tveimur árum. Samvinna bankans og Evrópuráðsins þykir til fyrirmyndar og kom fram almenn ánægja og stuðningur við aðgerðir bankans sem undanfarin tvö ár hefur skilað hagnaði.

Hans-Gert Pöttering, forseti Evrópuþingsins, ávarpaði þingið og lýsti m.a. yfir stuðningi við tillögu forseta Evrópuráðsþingsins, René van der Linden, um að undirrita formlegt samkomulag um samvinnu þessara tveggja þinga svipað því og undirritað var 23. maí á milli Evrópuráðsins og Evrópusambandsins.

Steingrímur J. Sigfússon fjallaði um ályktun um ímynd kvenna í auglýsingum fyrir hönd flokkahóps vinstrimanna í þinginu. Fagnaði hann ályktuninni sem einu skrefi af mörgum í jafnréttisbaráttu kynjanna. Því miður væri of mikið um auglýsingar sem væru niðurlægjandi fyrir konur, en í ályktuninni er gagnrýnt hvernig auglýsingar viðhalda einhæfri ímynd af konum sem kynverum sem sé á skjön við veruleikann og ýti undir vanvirðingu og ofbeldi gagnvart konum.

Brýn utandagskrárumræða var á þinginu um varnir gegn árásum á tölvu- og upplýsingakerfi (e. cybercrime). Tilefnið voru árásir á upplýsinga- og tölvukerfi ríkisstofnana, fjölmiðla og póst- og fjármálastofnana í Eistlandi í apríl og maí. Árásirnar voru mjög vel skipulagðar og sýndu með óyggjandi hætti hvernig hægt er að skapa glundroða og ógna þjóðaröryggi ríkis á upplýsingaöld en slíkar árásir er hægt að skipuleggja á skömmum tíma hvaðanæva úr heiminum. Árið 2001 var gerður Evrópusamningur um varnir gegn slíkum árásum. Gekk hann í gildi árið 2004 en eingöngu 21 ríki hefur fullgilt hann, þ.m.t. Bandaríkin, Japan og Suður-Afríka, en ríki utan Evrópuráðsins er heimilt að gerast aðili að samningum enda kalla varnir gegn slíkum árásum og rannsókn þeirra á alþjóðlega samvinnu. Skýrsluhöfundur hvatti ríki til að gerast aðilar sem fyrst. Kom fram í umræðunni að sérfræðinganefnd um hryðjuverk væri að rannsaka árásina í Eistlandi. Niðurstöður þeirrar rannsóknar mundu leiða í ljós hvort uppfæra þyrfti samninginn til að geta mætt þeim áskorunum sem við er að eiga.

Eftirfarandi tignargestir ávörpuðu þingfundinn: Vuk Jeremić, utanríkisráðherra Serbíu og formennskuríkis Evrópuráðsins; Alfred Gusenbauer, kanslari Austurríkis; Jacques Diouf, yfirmaður Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna; Hans-Gert Pöttering, forseti Evrópuþingsins; Jean Lemierre, forseti Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu; António Guterres, yfirmaður Flóttamannaaðstoðar Sameinuðu þjóðanna; og Carla Del Ponte, aðalsaksóknari Alþjóðlega stríðsglæpadómstólsins vegna fyrrum Júgóslavíu.

Fjórði fundur Evrópuráðsþingsins.

Dagana 1.–5. október fór fjórði þingfundur Evrópuráðsþingsins fram í Strassborg. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildar Guðfinna Bjarnadóttir formaður, Ellert B. Schram varaformaður og Kristinn H. Gunnarsson sem varamaður Steingríms J. Sigfússonar, auk Magneu Marinósdóttur ritara.

Í upphafi fundar var gerð grein fyrir niðurstöðum kosningaeftirlits Evrópuráðsþingsins í Tyrklandi og Kasakstan. Kosningaþátttaka í Tyrklandi var tæplega 85% og þóttu kosningarnar hafa farið mjög vel fram. Óháð framkvæmd kosninganna var gagnrýnt að stjórnmálaflokkar ættu ekki möguleika á þingsæti nema þeir hlytu 10% atkvæða á landsvísu sem er langt fyrir ofan viðmið Evrópuráðsins sem telur 3– 5% þröskuld vera hámark. Kasakstan er ekki aðildarríki Evrópuráðsins en sótti um áheyrnaraðild árið 1999. Þingkosningarnar þar í landi þóttu að skipulagi og framkvæmd hafa tekið framförum frá árinu 2004. Það sem er hins vegar talið hamla lýðræðinu í landinu almennt er hversu víðtækar valdheimildir forseta landsins eru á kostnað annarra lýðræðislegra stofnana. Stjórnarskrárbreytinga sé þörf til að leiðrétta þann halla.

Nokkurs konar þema þingsins voru fólksflutningar innan ramma hins alþjóðlega hagkerfis og samspil þeirra við mannréttindi og félagsleg réttindi. Framkvæmdastjóri Alþjóðafólksflutningastofnunarinnar (e. International Organization for Migration, IOM), Brunson McKinley, og framkvæmdastjóri Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD), Angel Gurría, fögnuðu skýrslum þingsins um þessi mál. Í umræðunni kom fram að OECD hefur í auknum mæli beint sjónum sínum að samspili alþjóðlegra fólksflutninga og hagvaxtar. Stofnunin hefur hvatt

ríki til að draga úr hömlum á fólksflutningum milli landa með það að markmiki að auka sveigjanleika á vinnumarkaði til að mæta eftirspurn. Ólögleg búseta og atvinnuþátttaka fólks í Evrópu var rædd í þessu sambandi. Fjöldinn allur af ólöglegum innflytjendum, eða um 13,5 milljón manns að því talið er, hefur hvorki réttindi né skyldur annarra þjóðfélagsþegna þrátt fyrir búsetu og þátttöku á vinnumarkaði í löndum Evrópu til fjölda ára. Sá mikli fjöldi réttindalauss fólks er af mörgum talið vera öfugmæli í ljósi mikillar eftirspurnar á vinnumarkaði innan Evrópusambandsins (ESB), eða um 20 milljón manns næstu tíu árin samkvæmt spám ESB. Hugmyndir um fólksflutningareglugerðarkerfi sem tæki á málum í samræmi við ástæður þess að fólk flyst á milli landa og mannréttindi voru kynntar í þessu sambandi og stofnun móttökustöðva (e. transit and processing centers) innan Evrópu, eða löndum ESB til að byrja með. Einnig komu svonefndir hringfólksflutningar (e. circular migration) til tals. Það hugtak felur í sér að fólk geti fengið tímabundið dvalar- og atvinnuleyfi óháð þeim tíma sem viðkomandi leyfishafi dvelur við störf í öðru landi en sínu heimalandi. Með því megi slá tvær flugur í einu höggi, þ.e. mæta eftirspurn á vinnumarkaði og gera fólki kleift að vinna löglega í öðru landi en heimalandi sínu og jafnvel í fleira en einu landi. Samtímis felur hugtakið í sér að fólk snúi að lokum aftur til síns heima í stað þess að taka upp varanlega búsetu í öðru landi. Í umræðunni kom einnig fram nauðsyn þess að tryggja og vernda mannréttindi og félagsleg réttindi á tímum alþjóðlegra fólksflutninga. Vísað var í sveigjanleg félagsleg réttindi (e. flex security) í þessu samhengi eins og er við lýði í Danmörku til að vega upp á móti því að tímabundnir fólksflutningar milli landa grafi undan réttindum á almennum vinnumarkaði.

Mannréttindadómstóll Evrópu kom mikið við sögu á þinginu vegna kosningar dómara til setu í honum, skýrslu um skyldur aðildarríkja Evrópuráðsins um samvinnu við dómstólinn og vegna brýnnar utandagskrárumræðu um stöðu mála hjá dómstólnum. Kosning 12 dómara fór fram á þinginu. Kjósa átti í 17 sæti en listum fimm ríkja var hafnað og kosningu dómara frá þeim ríkjum frestað til næsta þingfundar eftir að viðkomandi ríki væru búin að leggja fram nýja lista með nöfnum frambjóðenda. Í umræðu um dómstólinn kom fram mikil og hörð gagnrýni á neðri deild rússneska þingsins, dúmuna, sem er eina þjóðþingið sem hefur ekki fullgilt viðauka 14 við Mannréttindasáttmála Evrópuráðsins, en fullgilding rússneska þingsins er forsenda þess að hægt sé að gera endurbætur á starfsemi dómstólsins. Eins og stendur getur dómstólinn ekki sinnt þeim fjölda mála sem bíða afgreiðslu hans, sem eru um 90 þúsund mál, þar af fjöldi mála frá Rússlandi.

Sumir þingmenn settu umræðuna um dómstólinn í samhengi við val á næsta forseta Evrópuráðsþingsins. René van der Linden mun láta af störfum í janúar 2008 og samkvæmt samkomulagi á milli flokkahópa þingsins átti næsti forseti þingsins að koma úr röðum flokkahóps hægrimanna og hafði flokkahópurinn útnefnt rússneska þingmanninn Mikhail Margelov. Nokkrir þingmenn sögðu að ekki væri hægt að lofa stuðningi við frambjóðendur frá Rússlandi til embættis forseta Evrópuráðsþingsins nema rússneska þingið fullgildi viðaukann. Tveir tignargestir þingsins, Abdullah Gül forseti Tyrklands og Vojislav Kostunica utanríkisráðherra Serbíu hvöttu einnig Rússland til að fullgilda viðaukann.

Mannréttindafulltrúi Evrópuráðsins var gestur fundarins. Embættið var stofnað árið 1999. Í lok árs 2008 munu liggja fyrir stöðuskýrslur um ástand mannréttinda í öllum 47 aðildarríkjum ráðsins. Með vísan til framtíðarstarfsemi embættisins greindi hann frá vinnu við aðgerðaáætlun sem mun m.a. fela í sér að embættið stofni til formlegs vinnusambands við umboðsmenn mannréttinda, eins og umboðsmann Alþingis á Íslandi, auk mannréttindasamtaka og stofnana; gefi út skýrslur um ákveðin mannréttindaþemu eins og búseturéttindi í aðildarlöndum Evrópuráðsins; og veiti ráðgjöf um hvernig megi koma til móts við athugasemdir sem

komið er á framfæri við stjórnvöld einstakra landa og snúa að mannréttindum eins og misbeitingu lögregluvalds. Kom fram að skrifstofa mannréttindafulltrúa Evrópuráðsins þurfi meira fjármagn til starfsemi sinnar þrátt fyrir að stefna sé að vera áfram fámenn en afkastamikil.

Í umræðu um ástand mála í Darfur-héraði í Súdan kom fram að það væri ekki síst í verkahring Vesturlanda að reyna að stöðva þær mannlegu hörmungar sem eiga sér stað í héraðinu í ljósi aðkomu Vesturlanda að gerð friðarsamninganna árið 2005 sem bundu enda á átökin milli stjórnarhersins og sveitir uppreisnarmanna í Suður-Súdan. Í þeim friðarsamningum var ákveðið að taka Darfur ekki með í reikninginn þar sem óttast var að slíkt mundi stefna samningunum í tvísýnu. Þess í stað áttu friðarsamningarnir að vera fyrirmynd að sams konar samningum milli stjórnvalda í Súdan og uppreisnarsveita í Darfur. Það gekk ekki eftir heldur braust út það stríð sem enn stendur yfir. Samþykkt var ályktun sem fól í sér nokkurs konar stuðningsyfirlýsingu við friðarviðræður milli stjórnvalda og uppreisnarmanna með milligöngu Sameinuðu þjóðanna og Afríkusambandsins sem fyrirhugað var að mundi hefjast 27. október.

Hugtakið fyrirbyggjandi stríð (e. preemptive war) og afleiðingar þess fyrir alþjóðakerfið kom einnig til umræðu á þinginu. Skýrsluhöfundur tók fram að hann væri hlynntur verndarskyldunni (e. the responsiblity to protect) þar sem ríki grípa til aðgerða gegn öðru ríki á grundvelli mannúðarsjónarmiða eins og í tilviki þjóðarmorðs. Öðru máli gegni um Íraksstríðið og forsendur þess. Fyrirhugað eldflaugavarnarkerfi Bandaríkjamanna í Evrópu væri áhyggjuefni í þessu sambandi þar sem ríkin, sem munu falla undir kerfið, væru í raun búin að fyrirbyggja gagnárás á sig. Þar með sé kerfið til þess fallið að lækka þröskuldinn fyrir fyrirbyggjandi stríð á við Íraksstríðið. Það sé verulegt umhugsunarefni í ljósi til að mynda spennunnar í samskiptum Bandaríkjanna og Írans.

Á þinginu var afgreidd ályktun þar sem varað er við að sköpunarkenningin sé kennd sem vísindi í stað þróunarkenningarinnar í skólum á vegum hins opinbera. Guðfinna S. Bjarnadóttir tók til máls sem talskona flokkahóps hægrimanna. Í máli hennar kom fram að hún væri efnislega sammála meginmáli skýrslunnar. Hins vegar væri afstaða hennar sú að vísindasamfélaginu í viðkomandi löndum, fjölmiðlum og stjórnvöldum væri treystandi til að grípa til viðeigandi aðgerða í þeim tilvikum sem varað væri við í skýrslunni. Evrópuráðsþingið væri því ekki rétti vettvangurinn til að ályktа um málið. Þess í stað ætti það að einblína á mál sem lúta að grundvallarhlutverki Evrópuráðsþingsins, þ.e. að standa vörð um mannréttindi, lýðræði og meginreglur réttarríkisins.

Önnur mál á dagskrá voru meðal annars afstaða til vændis en tilgangur skýrslunnar var að kynna mismunandi leiðir sem ríki Evrópuráðsins hafa farið til að eiga við vændi. Stöðuskýrsla um baráttuherferð Evrópuráðsþingsins gegn heimilisofbeldi var einnig kynnt.

Eftirfarandi tignargestir ávörpuðu fundinn: Filip Vujanović, forseti Svartfjallalands, Brunson McKinley, framkvæmdastjóri Alþjóðafólksflutningastofnunarinnar, Vojislav Kostunica, forsætisráðherra Serbíu og Vuk Jeremic, utanríkisráðherra Serbíu, en Serbía fer með formennsku í Evrópuráðinu. Báðir ráðherrar fengu margar spurningar um stöðu samningaviðræðna stjórnvalda við leiðtoga Kosovo-Albana. Kom fram í máli þeirra beggja að allar einhliða aðgerðir að hálfu Kosovo-Albana væru brot á alþjóðalögum og yrðu ekki liðnar af serbneskum stjórnvöldum. Ráðherrarnir vöruðu önnur ríki við því að styðja einhliða yfirlýsingu leiðtoga Kosovo-Albana um sjálfstæði héraðsins en samningaviðræðum undir forustu fyrrverandi forseta Finnlands, Martti Ahtisaari, lauk 10. desember án árangurs.

Abdullah Gül, forseti Tyrklands, greindi frá því hvernig Tyrkland hefur unnið að lagalegum endurbótum í landinu. Að loknu erindi sínu fékk forsetinn spurningar m.a. um stöðu

fjölmiðla- og málfrelsis í landinu í ljósi þess að 59 blaðamenn og rithöfundar hafa verið ákærðir og vefgáttir lokaðar að kröfu forsætisráðherra landsins. Forsetinn sagði að málfrelsi væri virt. Blaðamenn yrðu hins vegar að sýna tilhlýðilega virðingu í umfjöllun sinni um menn og málefni en blaðamennirnir eru ákærðir af stjórnvöldum fyrir ærumeiðingar í sinn garð eða stuðning við ofbeldisverk eins og hryðjuverk. Hann benti á að ekki væri um brot á mannréttindum að ræða og að málin færu fyrir óvilhalla dómstóla. Málefni Tyrklands komu aftur til umræðu þegar skýrsla um misbeitingu ærumeiðingarákvæða í lögum leiddu til innri ritskoðunar og hömluðu mál- og ritfrelsi og mikilvægi siðareglna fyrir blaðamenn í stað fangelsisdóma.

Patríarkinn yfir rússnesku rétttrúnaðarkirkjunni í Moskvu, öllu Rússlandi og erlendis, Alexis II, sem þekktur er alþjóðlega fyrir friðarboðskap sinn, ávarpaði þingið. Einnig Agung Ladsono, forseti þingsins í Indónesíu og verðandi forseti þingmannasamtaka Asíu en samtökin sækja fyrirmynd sína til Evrópuráðsþingsins. Stendur til að auka samskipti þessara tveggja stofnana í framtíðinni og var forseta Evrópuráðsþingsins, René van der Linden, boðið á næsta aðalfund þingmannasamtaka Asíu sem haldinn var í Teheran í nóvember.

Fundur stjórnarnefndar Evrópuráðsþingsins í Bratislava.

Þann 23. nóvember var stjórnarnefndarfundar Evrópuráðsþingsins haldinn í Bratislava í Slóvakíu. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildar Guðfinna S. Bjarnadóttir formaður og Magnea Marinósdóttir, ritari Íslandsdeildar, en alls sátu fundinn formenn 25 af 47 landsdeildum.

René van der Linden, forseti Evrópuráðsþingsins, og Göran Lindblad varaforseti stjórnuðu fundi. Í upphafi fundar var samþykkt yfirlýsing í tilefni alþjóðadags Sameinuðu þjóðanna þann 25. nóvember um afnám alls ofbeldis gegn konum þar sem skorað er á karlmenn að taka þátt í því að uppræta ofbeldi gegn konum.

Forseti þingsins í Slóvakíu, Pavol Paška, ávarpaði fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Utanríkisráðherra Slóvakíu og formaður ráðherranefndar Evrópuráðsins, Ján Kubiš, gerði því næst grein fyrir forgangsverkefnum ráðsins í formennskutíð Slóvakíu. Það er í fyrsta lagi að efla borgaralegt samfélag. Í öðru lagi að stuðla að gegnsærra og skilvirkara Evrópuráði í samvinnu við aðrar alþjóðastofnanir. Hann greindi frá því að sjötti samráðsfundur Evrópuráðsins og Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu yrði haldinn næsta vor og á fundi sem haldinn yrði 16.–17. maí yrði endurskoðun samstarfssamnings Evrópuráðsins og Evrópusambandsins á dagskrá. Í þriðja lagi mun verða unnið að því að auka virðingu fyrir mannréttindum, lýðræði og meginreglum réttarríkisins og efla Mannréttindadómstól Evrópu. Ráðherrann greindi frá því að til stæði að opna upplýsingaskrifstofu Evrópuráðsins í Hvíta-Rússlandi og lagði mikla áherslu á að styrkja Mannréttindadómstólinn, sem væri mikilvægasta stofnun ráðsins fyrir þegna aðildarlanda Evrópuráðsins. Til greina kæmi að ganga á varasjóð Evrópuráðsins til að auka fjárheimildir til hans. Forseti Evrópuráðsþingsins lagði áherslu á að fjárhagur hverrar stofnunar Evrópuráðsins fyrir sig, þ.e. ráðherranefndarinnar, þingsins og dómstólsins, væri aðskilinn ólíkt því sem nú væri til að koma í veg fyrir að fjárhagsvandi Mannréttindadómstólsins væri leystur með því að skerða framlög til þingsins.

Eftir afgreiðslu kjörbréfa nýrra þingmanna Evrópuráðsþingsins og breytinga í einstökum landsdeildum og nefndum Evrópuráðsþingsins flutti Hanne Severinsen skýrslu þingsins um kosningaeftirlit í Úkraínu 30. september síðastliðinn. Hún lagði áherslu á að kosningarnar hefðu farið fram í samræmi við alþjóðlegar reglur og endurbætta kosningalöggjöf landsins frá árinu 2006. Hins vegar væru sumar breytingar sem gerðar hefðu verið á kosningalöggjöfinni skref afturábak og ekki í samræmi við viðmiðanir Evrópuráðsins um lýðræðislegar kosningar.

Auk þess væru gæði kjörskrár og framkvæmd utankjörstaðakosninga ábótavant. Nefndi hún sem dæmi að um 570 þúsund manns, sem höfðu ekki verið í landinu tveimur mánuðum fyrir kosningar, hefðu verið teknir af kjörskrá. Því væri enn þörf fyrir frekari endurbætur á kosningalöggjöfinni og stjórnarskránni auk þess sem styrkja þyrfti lýðræðislegar stofnanir í landinu eins og stjórnlagadómstólinn.

Að skýrslu þingmannsins lokinni hófst afgreiðsla á þeim skýrslum og drögum að ályktunum, álitum og tilmælum sem fyrir fundinum lágu. Sérstakur gestur fundarins var stjórnarformaður Þróunarbanka Evrópuráðsins, Lars Kolte, en bankinn sinnir einkum verkefnum sem snúa að flóttamönnum. Kom fram almenn ánægja með starfsemi og stefnu bankans. Mesta umræðan varð hins vegar um innri málefni Evrópuráðsþingsins í tengslum við tillögur sem lagðar voru fram um breytingar á fundarsköpum, innleiðingu nokkurs konar hvatakerfis fyrir þingmenn til að efla þátttöku þeirra á reglulegum fundum og nefndarfundum Evrópuráðsþingsins og leiðir til að jafna hlut karla og kvenna í embættum á vegum þingsins. Markmiðið með tillögunum er að gera fundi og starf á vegum þingsins skilvirkara og láta það endurspegla frekar grunngildi Evrópuráðsins en t.d. þykir ójöfn kynjaskipting í embætti á vegum þingsins koma niður á trúverðugleika þess.

6. Nefndarfundir utan þinga.

Fulltrúar Íslandsdeildar sóttu nokkra nefndarfundi á árinu. Margrét Frímannsdóttir sótti kvennafund Sameinuðu þjóðanna dagana 26. febrúar til 1. mars í New York sem fulltrúi í jafnréttisnefnd Evrópuráðsþingsins. Á kvennafundinum voru á dagskrá mál sem voru efst á baugi í jafnréttisnefndinni eins og ofbeldi gegn konum, en Margrét var jafnframt sérstakur tengiliður Alþingis og Evrópuráðsþingsins varðandi herferð Evrópuráðsþingsins gegn kynbundu ofbeldi. Steingrímur J. Sigfússon tók 4. júní við sæti Margrétar í jafnréttisnefnd og varð jafnframt tengiliður við herferðina. Ellert B. Schram sótti fund laga- og mannréttindanefndar í París 11. september og 12. nóvember og Guðfinna S. Bjarnadóttir formaður sótti fund stjórnmálanefndar 13. september í París.

7. Annað starf.

Formaður tilnefndi í samráði við aðra fulltrúa Íslandsdeildar þrjá frambjóðendur til setu fyrir hönd Íslands í nefnd Evrópuráðsins um varnir gegn pyntingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Nefndin byggir á samnefndum Evrópusamningi en kjörtímabil núverandi fulltrúa rann út 19. desember. Listinn með nöfnum frambjóðenda í stafrófsröð var sendur 12. nóvember til framkvæmdastjórna Evrópuráðsþingsins, Mateo Sorinas Balfegó. Þann 13. desember hélt undirnefnd laga- og mannréttindanefndar Evrópuráðsþingsins um mannréttindi fund þar sem faglegt mat var lagt á frambjóðendur og sendi nefndin síðan listann með nöfnum íslensku frambjóðendanna í forgangsröð aftur til framkvæmdastjórnar Evrópuráðsþingsins. Endanlegt val á fulltrúa fór síðan fram á fundi ráðherranefndar Evrópuráðsins 30. janúar 2008 að undanfarinni umfjöllun undirnefndar ráðherranefndarinnar um mannréttindi daginn áður.

Alþingi, 28. febr. 2008.

Guðfinna S. Bjarnadóttir, form.	Ellert B. Schram. varaform.	Steingrímur J. Sigfússon.

Fylgiskjal.

Ályktanir, álit og tilmæli Evrópuráðsþingsins árið 2007.

Eftirfarandi ályktanir, álit og tilmæli til ráðherranefndar Evrópuráðsins voru samþykkt á þingfundum og stjórnarnefndarfundum Evrópuráðsþingsins árið 2007:

Fyrsti hluti þingfundar, 22.–26. janúar:

- tilmæli 1777 um kynferðislegar árásir sem tengjast „nauðgunarlyfjum“,
- tilmæli 1778 um börn sem fórnarlömb, stöðvun ofbeldis og misnotkunar á börnum,
- ályktun 1530 um börn sem fórnarlömb, stöðvun ofbeldis og misnotkunar á börnum,
- tilmæli 1779 um hættuna á að orkuframboð sé notað sem tæki til að beita pólitískum þrýstingi,
- ályktun 1531 um hættuna á að orkuframboð sé notað sem tæki til að beita pólitískum þrýstingi,
- ályktun 1532 um hvernig Armenía hefur staðið við skyldur sínar og skuldbindingar,
- tilmæli 1780 um ástandið í Kosovo,
- ályktun 1533 um ástandið í Kosovo,
- tilmæli 1781 um landbúnað og ólöglegt vinnuafl í Evrópu,
- tilmæli 1782 um stöðu farandverkafólks á vegum starfsmannaleigna,
- ályktun 1534 um stöðu farandverkafólks á vegum starfsmannaleigna,
- tilmæli 1783 um ógnir gegn lífi og tjáningarfrelsi blaðamanna,
- ályktun 1535 um ógnir gegn lífi og tjáningarfrelsi blaðamanna,
- tilmæli 1784 um HIV/alnæmi í Evrópu,
- ályktun 1536 um HIV/alnæmi í Evrópu,
- ályktun 1537 um framtíð fyrir HIV/alnæmissmituð börn og munaðarleysingja,
- ályktun 1538 um hvernig Albanía hefur staðið við skyldur sínar og skuldbindingar,
- tilmæli 1785 um útbreiðslu HIV/alnæmisfaraldursins á meðal kvenna og stúlkna í Evrópu,
- tilmæli 1786 um stefnu um ábyrga matarneyslu,
- tilmæli 1787 um varúðarráðstafanir og ábyrga áhættustjórnun.

Stjórnarnefndarfundur 16. mars:

- ályktun 1539 um Bandaríkin og alþjóðalög,
- ályktun 1540 um bætt verklag við val á frambjóðendum til setu í Evrópunefnd um varnir gegn pyntingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu,
- ályktun 1541 um hlutverk siðferðis og samkenndar við ákvarðanir um fjármögnun og neyslu og áhrif þess á félagslega samheldni,
- ályktun 1542 um rafrænan úrgang og umhverfið,
- ályktun 1543 um meðhöndlun heimilissorps í Evrópu,
- ályktun 1544 um aðstæður kvenna í Suður-Kákasuslýðveldunum,
- tilmæli 1788 um Bandaríkin og alþjóðalög,
- tilmæli 1789 um faglega menntun og þjálfun blaðamanna,
- tilmæli 1790 um aðstæður kvenna (2007) í Suður-Kákasuslýðveldunum.

Annar hluti þingfundar 16.–20. apríl:

- álit 261 um aðild Svartfjallalands að Evrópuráðinu,
- álit 262 um drög að samkomulagi milli Evrópuráðsins og Evrópusambandsins,
- álit 263 um drög að sáttmála um verndun barna gegn kynferðislegu ofbeldi og misnotkun,

- álykun 1545 um framfylgni Aserbaídsjan við skuldbindingar sínar sem aðildarríkis Evrópuráðsins,
- álykun 1546 um verklagsreglur fyrir stjórnmálaflokka,
- álykun 1547 um stöðu mannréttinda og lýðræðis í Evrópu,
- tilmæli 1791 um stöðu mannréttinda og lýðræðis í Evrópu,
- álykun 1548 um virkni eftirlits Evrópuráðsþingsins með aðildarríkjum,
- álykun 1549 um virkni lýðræðislegra stofnana í Úkraínu,
- álykun 1550 um ástandið í Miðausturlöndum,
- álykun 1551 um réttláta málsmeðferð í málum meintra njósnara og uppljóstrara ríkisleyndarmála,
- tilmæli 1792 um réttláta málsmeðferð í málum meintra njósnara og uppljóstrara ríkisleyndarmála,
- tilmæli 1793 um nauðsyn Evrópuráðssáttmála um aðgerðir gegn framleiðslu og sölu vörueftirlíkinga,
- tilmæli 1794 um gæði lyfja í Evrópu.

Stjórnarnefndarfundur 24. maí:
- álit 264 um fjárlög Evrópuráðsins fyrir árið 2008,
- álit 265 um útgjöld Evrópuráðsþingsins fyrir árið 2008,
- álykun 1552 um kolefnisbindingu sem leið til að stemma stigu við loftslagsbreytingum,
- álykun 1553 um horfna einstaklinga í Armeníu, Aserbaídsjan og Georgíu vegna átakanna yfir Nagorno-Karabakh, Abkhasia og Suður-Ossetia héraðanna,
- álykun 1554 um hagsmunaárekstra,
- álykun 1555 um hag íbúa bresku sjálfstjórnarsvæðanna Akrotiri og Dhekelia,
- tilmæli 1705 um eftirlit með skuldbindingum um félagsleg réttindi,
- tilmæli 1796 um hag eldri borgara í Evrópu,
- tilmæli 1797 um horfna einstaklinga í Armeníu, Aserbaídsjan og Georgíu vegna átakanna yfir Nagorno-Karabakh, Abkhasia og Suður-Ossetia héraðanna,
- tilmæli 1798 um virðingu fyrir meginreglunni um jafnrétti kynjanna í einkamálarétti.

Þriðji hluti þingfundar 25.–29. júní:
- álykun 1556 um stefnu í landbúnaðar- og dreifbýlismálum við Miðjarðarhaf,
- álykun 1557 um ímynd kvenna í auglýsingum,
- álykun 1558 um kvenvæðingu fátæktar,
- álykun 1559 um félagsmálavídd Evrópu: almenn fullgilding endurskoðaðs Félagsmálasáttmála Evrópu og mat á nýjum vinnureglugerðum og lágmarkslaunum,
- álykun 1560 um hvatningu aðildarríkja Evrópuráðsins um alþjóðlegt bann við dauðarefsingum,
- álykun 1561 um stöðu Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu í Austur- og Suðaustur-Evrópu,
- álykun 1562 um leynifangelsi og ólöglega fangaflutninga og hlutdeild aðildarríkja Evrópuráðsins,
- álykun 1563 um aðgerðir gegn gyðingahatri í Evrópu,
- álykun 1564 um glæpi sem falla undir lögsögu Alþjóðlega stríðsglæpadómstólsins vegna málefna fyrrum Júgóslavíu,
- álykun 1565 um hvernig koma megi í veg fyrir árásir á tölvu- og upplýsingakerfi ríkisstofnana í aðildar- og áheyrnarríkjum Evrópuráðsins,

- álykun 1566 um að framfylgd skuldbindinga Mónakó,
- álykun 1567 um þörf á alþjóðlegum viðbrögðum við kjarnorkuáætlun Írans,
- tilmæli 1799 um ímynd kvenna í auglýsingum,
- tilmæli 1800 um kvenvæðingu fátæktar,
- tilmæli 1801 um leynifangelsi og ólöglega fangaflutninga og hlutdeild aðildarríkja Evrópuráðsins,
- tilmæli 1802 um stöðu flóttamanna í Suðaustur-Evrópu,
- tilmæli 1803 um glæpi sem falla undir lögsögu Alþjóðlega stríðsglæpadómstólsins í málefnum fyrrum Júgóslavíu,
- tilmæli 1804 um ríki, trú, afhelgun og mannréttindi,
- tilmæli 1805 um guðlast, árásir og hatursáróður gegn einstaklingum á grundvelli trúarsannfæringar.

Fjórði hluti þingfundar 1.–5. október:

- álykun 1568 um reglugerðarkerfi fyrir innflytjendur,
- álykun 1569 um mat á fólksflutningamóttökustöðvum til að greina á milli innflytjenda og flóttamanna,
- álykun 1570 um hörmungarástandið í Darfur-héraði,
- álykun 1571 um skyldu aðildarríkja um samvinnu við Mannréttindadómstól Evrópu,
- álykun 1572 um framfylgd skuldbindinga Moldóvu,
- álykun 1573 um að skapa bæði hagvöxt og tryggja félagsleg vernd í Evrópu á tímum alþjóðavæðingar,
- álykun 1574 um Efnahags- og framfarastofnun Evrópu og alþjóðahagkerfið 2007,
- álykun 1575 um pólitískar víddir fjárlaga Evrópuráðsins,
- álykun 1576 um Evrópusáttmála um lýðheilsustefnu á sviði fíkniefnavarna,
- álykun 1577 um afnám fangelsisvistunar vegna ærumeiðinga,
- álykun 1578 um hugtakið fyrirbyggjandi stríð og afleiðingar þess fyrir alþjóðakerfið,
- álykun 1579 um hvaða afstöðu eigi að taka til vændis,
- álykun 1580 um hættuna af sköpunarhyggju í kennslu,
- álykun 1581 um mannréttindafulltrúa Evrópu – stöðumat og sjónarhorn,
- álykun 1582 um samátak þingmanna í baráttu gegn heimilisofbeldi – stöðumat,
- tilmæli 1806 um starfsemi Alþjóðafólksflutningastofnunarinnar,
- tilmæli 1807 um reglugerðarkerfi fyrir innflytjendur,
- tilmæli 1808 um mat á fólksflutningamóttökustöðvum til að greina á milli
- innflytjenda og flóttamanna,
- tilmæli 1809 um skyldu aðildarríkja um samvinnu við Mannréttindadómstól Evrópu,
- tilmæli 1811 um svæðamyndun í Evrópu,
- tilmæli 1812 um pólitískar víddir fjárlaga Evrópuráðsins,
- tilmæli 1813 um Evrópusáttmála um lýðheilsustefnu á sviði fíkniefnavarna,
- tilmæli 1814 um að afnám fangelsisvistunar vegna ærumeiðinga,
- tilmæli 1815 um hvaða afstöðu eigi að taka til vændis,
- tilmæli 1816 um mannréttindafulltrúa Evrópu – stöðumat og sjónarhorn,
- tilmæli 1817 um samátak þingmanna í baráttu gegn heimilisofbeldi – stöðumat.

Stjórnarnefndarfundur 23. nóvember:

- álit 266 um drög að sáttmál Evrópuráðsins um ættleiðingar (endurskoðuð),
- álykun 1583 um að bæta þátttöku þingmanna á fundum og í nefndarstarfi þingsins,

- álykun 1584 um beitingu og breytingu ákvæða þingskapa Evrópuráðsþingsins,
- álykun 1585 um meginreglur um jafnan hlut karla og kvenna í starfi Evrópuráðsþingsins,
- álykun 1586 um viðbrögð Evrópu við mannlegum hörmungum,
- álykun 1587 um stöðu barna á fyrrum átakasvæðum á Balkanskaganum,
- álykun 1588 um geislavirkan úrgang og verndun umhverfisins,
- álykun 1589 um samvinnu milli Evrópuráðsþingsins og samstarfsvettvangs óháðra félagasamtaka,
- álykun 1590 um leynilega atkvæðagreiðslu – Evrópskar reglur um leynilegar atkvæðagreiðslur meðal annars leiðbeiningar fyrir stjórnmálamenn, eftirlitsmenn og kjósendur,
- álykun 1590 um utankjörstaðakosningar,
- álykun 1592 um reglur um þjóðaratkvæðagreiðslur,
- álykun 1593 um stuðning við tilmæli um jafnréttisverðlaun Evrópuráðsþingsins,
- álykun 1594 um meginreglur réttarríkisins,
- tilmæli 1818 um starfsemi og stefnu Þróunarbanka Evrópuráðsins,
- tilmæli 1819 um jafnréttisverðlaun Evrópuráðsþingsins,
- tilmæli 1820 um samvinnu milli Evrópuráðsþingsins og samráðsvettvangs óháðra félagasamtaka,
- tilmæli 1821 um reglur um þjóðaratkvæðagreiðslu.

727. Skýrsla [457. mál]

Íslandsdeildar ÖSE-þingsins fyrir árið 2007.

1. Inngangur.

Kosningaeftirlit og umræða um það var áberandi á árinu. Nokkur ágreiningur hefur ríkt um aðferðafræði við kosningaeftirlit sem og forsvar, samvinnu og verkaskiptingu milli ÖSE-þingsins og lýðræðis- og mannréttindastofnunar ÖSE (ODHIR) sem sér um kosningaeftirlit. Samkomulag var gert milli þeirra árið 1997 en þrátt fyrir það er togstreita enn til staðar. Það kom nokkuð berlega í ljós þegar lýðræðis- og mannréttindastofnun ÖSE hætti við þátttöku sína í eftirliti með þingkosningunum í Rússlandi 2. desember. Ákvörðun ÖSE kom til vegna skilyrða sem rússnesk stjórnvöld settu og gerðu það að verkum að ÖSE taldi sig ekki geta framkvæmt eftirlit sitt með viðunandi hætti. Það var nokkuð gagnrýnt að ÖSE-þingið skyldi ekki gera slíkt hið sama og hætta við þátttöku sína. Í þessu sambandi er hins vegar vert að geta þess að í samræmi við hefðbundna verkaskiptingu á milli stofnananna þá sinnir lýðræðis- og mannréttindastofnun ÖSE kosningaeftirliti til lengri tíma en ÖSE-þingið til skamms tíma, aðallega á kjördag. Skilyrði rússneskra stjórnvalda komu þannig ekki í veg fyrir þátttöku ÖSE-þingsins og annarra sem sinntu eftirliti til skamms tíma. Það átti við um sendinefndir frá Evrópuráðsþinginu og Norðurlandaráði sem tóku þátt í eftirlitinu ásamt ÖSE-þinginu og gáfu út sameiginlega yfirlýsingu að kosningum loknum.

Annað sem setti svip sinn á starfsemi ÖSE-þingsins var viðleitni til að auka þátttöku þingmannasendinefnda frá löndum Mið-Asíu sem eru fimm talsins, þ.e. Kasakstan, Túrkmenistan, Úsbekistan, Kirgistan og Tadsjikistan. Á ársfundi ÖSE-þingsins í Kænugarði í júlí var haldinn sérstakur hliðarfundur um Mið-Asíu með þátttöku sendinefnda frá löndum Mið-Asíu auk sendinefndar frá Afganistan sem mætti í fyrsta sinn á fund ÖSE-þingsins með áheyrnaraðild. Mikill áhugi hefur verið á því í ÖSE-þinginu, einkum í röðum norrænna þingmanna, að ríki Mið-Asíu eigi aukið svæðisbundið samstarf sín á milli um sameiginleg hagsmunamál eins og orkumál og taki Norðurlandaráð sér til fyrirmyndar í því sambandi. Hinn 9. desember var fyrsta skrefið stigið í þá veru þegar málþing á vegum ÖSE-þingsins og Norðurlandaráðs um svæðisbundna samvinnu á sviði orku- og umhverfismála var haldið með þátttöku norrænna þingmanna í landsdeildum ÖSE-þingsins og Norðurlandaráðs ásamt þingmönnum landsdeilda Mið-Asíu til ÖSE-þingsins.

Að lokum var Pétur H. Blöndal virkur í starfi sínu sem sérlegur fulltrúi forseta ÖSE-þingsins í fjárreiðum ÖSE. Í krafti embættis síns átti hann fund með ríkisendurskoðun Noregs sem sér um endurskoðun ársreikninga ÖSE, sótti fund vinnuhóps fastafulltrúa ÖSE um fjárlagatillögu fyrir árið 2008, átti fundi með formanni ráðherranefndar ÖSE og framkvæmdastjóra ÖSE, og heimsótti starfsstöð ÖSE í Albaníu.

2. Almennt um ÖSE-þingið.

Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE (áður ráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu, RÖSE, eða til ársins 1995) starfar á grundvelli Helsinkisáttmálans (e. Helsinki Final Act) frá árinu 1975. Markmið ÖSE er að stuðla að friði, öryggi, lýðræði og samvinnu á starfssvæði sínu og standa vörð um virðingu fyrir mannréttindum og meginreglum réttarríkisins. ÖSE sinnir hlutverki sínu m.a. með baráttu gegn hryðjuverkum, mansali, þjóðernisofstæki, eiturlyfjasmygli og ólöglegri vopnasölu.

Á leiðtogafundi ÖSE vorið 1990 var Parísarsáttmálinn samþykktur (e. Charter of Paris for a New Europe) sem m.a. kvað á um að stofna skyldi formlegan vettvang fyrir þingmenn til að koma saman einu sinni á ári. ÖSE-þingið og ÖSE eru þannig greinar af sama meiði en ólíkt öðrum fjölþjóðlegum stofnunum liggur enginn hefðbundinn stofnsáttmáli (e. charter) þeim til grundvallar.

Fyrsti fundur ÖSE-þingsins var haldinn í júlí 1992. Aðild að ÖSE-þinginu eiga þjóðþing 56 ríkja Evrópu, Norður-Ameríku og Mið-Asíu. Þingið er skipað 320 fulltrúum og þar af á Alþingi þrjá. Hlutverk ÖSE-þingsins er að hafa áhrif á stefnumótun og áherslur í starfi ÖSE og að hafa eftirlit með og meta árangurinn af starfi ÖSE. Til að sinna hlutverki sínu eru á ársfundum þess rætt og ályktað um málefni ÖSE. Unnið er að undirbúningi ályktana í málefnanefndum þingsins og þær síðan afgreiddar á ársfundi og komið á framfæri til ráðherraráðs ÖSE (e. ministerial council), sem er vettvangur utanríkisráðherra aðildarríkjanna, og fastaráðs ÖSE (e. permanent council) en þar eiga sæti sendiherrar eða fastafulltrúar aðildarlandanna gagnvart ÖSE sem funda vikulega í Vín. Í samspili við ÖSE virkar þingið sem hugmyndabanki fyrir áherslur í starfi ÖSE auk þess sem þingið veitir ÖSE bæði stuðning og aðhald. ÖSE ber þó hvorki skylda til að fylgja eftir ályktunum þingsins né svara fyrirspurnum þingmanna strangt til tekið. Þá tekur ÖSE-þingið þátt í því að þróa leiðir til að koma í veg fyrir ágreining milli ríkja og stuðla að eflingu lýðræðislegra stofnana á því svæði sem ÖSE tekur til. Að lokum hefur kosningaeftirlit verið eitt helsta verkefni þingsins frá upphafi og hefur sú starfsemi aukist mjög að umfangi síðustu ár í samvinnu við lýðræðis- og mannréttindastofnun ÖSE og aðrar fjölþjóðastofnanir.

ÖSE-þingið kemur saman til ársfundar í júlí í allt að fimm daga. Aðildarríkin taka að sér að halda ársfundi til skiptis. Hvað viðvíkur formlegum samskiptum ÖSE-þingsins og ÖSE þá ávarpar formaður ráðherranefndar ÖSE (e. Chairman-in-office) þingið og gefur skýrslu um verkefni sem unnið er að hjá ÖSE. Þá geta þingfulltrúar beint fyrirspurnum til ráðherrans.

Málefnanefndir ÖSE-þingsins eru þrjár, þ.e. nefnd um stjórn- og öryggismál (1. nefnd), um efnahags-, vísinda-, tækni-, og umhverfismál (2. nefnd) og um lýðræðis- og mannréttindamál (3. nefnd). Auk þeirra starfar stjórnarnefnd (e. Standing Committee) og framkvæmdastjórn (e. Bureau).

Málefnanefndir þingsins koma saman á ársfundinum og á vetrarfundi sem haldinn er í Vín í febrúar ár hvert þar sem þingmenn fá tækifæri til að hlýða á framlag fastafulltrúa og embættismanna ÖSE. Samhliða haustfundinum fer einnig fram árleg málefnaráðstefna ÖSE-þingsins.

Formaður, varaformaður og skýrsluhöfundur hverrar málefnanefndar eru kjörnir af viðkomandi nefnd í lok hvers ársfundar. Skýrsluhöfundur nefndar velur málefni sem tekið er fyrir í nefndinni það árið í samráði við formann og varaformann og undirbýr skýrslu sem lögð er fyrir nefndina ásamt drögum að ályktun. Auk þess getur forseti þingsins skipað tímabundið sérstaka fulltrúa (e. special representative) og þingið aukanefndir til að kanna og taka afstöðu til aðkallandi mála og vera ráðgefandi um þau eins og stjórnmálaástandið í Hvíta-Rússlandi og jafnréttismál ÖSE svo dæmi séu tekin. Oftar en ekki hefur starf sérnefndanna og sérstöku fulltrúanna skilað miklum árangri við að upplýsa mál og kynna þau fyrir almenningi og fá deiluaðila að samningaborðinu.

3. Íslandsdeild ÖSE-þingsins.

Aðalmenn Íslandsdeildar voru í upphafi árs 2007 Pétur H. Blöndal formaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Sæunn Stefánsdóttir varaformaður, þingflokki Framsóknarflokks, og Jó-

hanna Sigurðardóttir, þingflokki Samfylkingar. Varamenn voru Guðlaugur Þór Þórðarson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Kristinn H. Gunnarsson, þingflokki Framsóknarflokks og Ásta R. Jóhannesdóttir, þingflokki Samfylkingar.

Ný Íslandsdeild var kjörin 31. maí í upphafi 134. þings í kjölfar kosninga til Alþingis þann 12. maí. Aðalmenn Íslandsdeildar eru Einar Már Sigurðarson, þingflokki Samfylkingar, Pétur H. Blöndal, þingflokki Sjálfstæðisflokks og Valgerður Sverrisdóttir, þingflokki Framsóknarflokks. Varamenn eru Lúðvík Bergvinsson, þingflokki Samfylkingar, Björk Guðjónsdóttir, þingflokki Sjálfstæðisflokks og Birkir J. Jónsson, þingflokki Framsóknarflokks. Á fundi Íslandsdeildar 4. júní var Einar Már Sigurðarson kosinn formaður og Pétur H. Blöndal varaformaður. Í upphafi árs var Arna Gerður Bang ritari nefndarinnar en Magnea Marinósdóttir tók við í lok júní.

Þrjár málefnanefndir starfa á vegum ÖSE-þingsins. Skipting Íslandsdeildar í nefndir árið 2007 var þannig:

1. Nefnd um stjórnmál og öryggismál:	Pétur H. Blöndal.
Til vara:	Björk Guðjónsdóttir.
2. Nefnd um efnahagsmál, vísindamál, tæknimál og umhverfismál:	Valgerður Sverrisdóttir.
Til vara:	Birkir J. Jónsson.
3. Nefnd um lýðræði og mannréttindamál:	Einar Már Sigurðarson.
Til vara:	Lúðvík Bergvinsson.

4. Lýðræðislegt eftirlit með fjármálum ÖSE.

Pétur H. Blöndal, þáverandi formaður Íslandsdeildar, var skipaður sérlegur fulltrúi forseta ÖSE-þingsins um fjárreiður ÖSE í september 2006. Á aukastjórnarfundi ÖSE-þingsins í nóvember á Möltu sama ár kynnti Pétur H. Blöndal starfsáætlun sína fyrir þingmönnum og framkvæmdastjóra ÖSE. Gerð er grein fyrir starfsáætluninni í ársskýrslu Íslandsdeildar ÖSE-þingsins frá árinu 2006.

Alls átti Pétur sjö sérfundi og heimsóknir og skilaði af sér fjórum skýrslum á árinu. Fyrsta heimsókn Péturs í embætti var til ríkisendurskoðunar Noregs í Ósló 10. janúar. Ríkisendurskoðunin hefur borið ábyrgð á endurskoðun fyrir ÖSE síðan í mars 2006 og mun gera það fram til mars 2009. Hlutverk ríkisendurskoðunarinnar er að hafa eftirlit með fjárhag allra stofnana ÖSE og verkefna á vegum þeirra á tímabilinu. Það er m.a. framkvæmt með eftirlitsferðum sem farnar eru með skömmum fyrirvara til að taka út stöðuna hjá ÖSE í einstökum aðildarlöndum. Ríkisendurskoðunin skilar síðan stöðuskýrslu til höfuðstöðva ÖSE í Vín. Um er að ræða trúnaðarskýrslur sem öðrum en ÖSE og utanríkisráðherra viðkomandi aðildarríkis er meinaður aðgangur að.

Á fundi stjórnarnefndar ÖSE-þingsins 23. febrúar í Vín lagði Pétur fram skýrslu frá fundi sínum með ríkisendurskoðun Noregs. Niðurstaða skýrslunnar var sú að eftirlit ríkisendurskoðunar væri faglega gott. Hins vegar var það gagnrýnt að aðgangur að skýrslunum væri takmarkaður við ÖSE og utanríkisráðherra þess ríkis, sem eftirlitið lyti að. Sú takmörkun stæði í vegi þess að hægt væri að hafa lýðræðislegt eftirlit með því hvernig fjármunum til starfsemi ÖSE væri varið. Að lokum var bent á það að þrátt fyrir að eftirlit ríkisendurskoðunar væri faglega gott þá fæli það ekki í sér mat á árangri af starfi ÖSE með hliðsjón af markmiðum ÖSE eins og t.d. í baráttunni gegn mansali enda ekki hlutverk ríkisendurskoðunar. Það væri hins vegar eftirlit sem ÖSE-þingið gæti í meiri mæli sinnt.

Daginn fyrir fund stjórnarnefndar 23. febrúar átti Pétur upplýsingafund með sendiherranum og framkvæmdastjóra ÖSE, Marc Perrin de Brichambaut. Þar fékk Pétur nánari upplýsingar um fjármál ÖSE og eftirlit með þeim auk eintaks af fjárlagatillögu ÖSE (e. Program Outline for the OSCE Budget) fyrir árið 2008.

Fyrir ársfund ÖSE-þingsins í Kænugarði, sem stóð frá 5.– 9. júlí, fór Pétur á fund vinnuhóps um fjárlagatillögu ÖSE fyrir árið 2008 með fastafulltrúum ÖSE í Vínarborg sem haldinn var 3. júlí og átti fund með formanni ráðherranefndar ÖSE, Carlos Sanchez de Boado y de la Vàlgoma, utanríkisráðherra Spánar.

Á ársfundi ÖSE-þingsins í Kænugarði lagði Pétur síðan fram skýrslu þar sem var að finna greiningu á því að hve miklu leyti fjárlagatillaga ÖSE fyrir árið 2008 kæmi heim og saman við ályktanir þingsins frá síðasta ársfundi. Í skýrslunni er lýst ánægju með það hversu mikils samræmis gætti þar á milli en einnig bent á hvað betur mætti fara og framfylgni við jafnréttisáætlun ÖSE frá árinu 2004 nefnd í því sambandi. Auk þess átti Pétur fund með framkvæmdastjóra ÖSE og með fastafulltrúa Finnlands en Finnar tóku við formennsku ÖSE af Spánverjum í lok árs. Á báðum fundunum kom fram skilningur á starfi Péturs og áhugi á því að ÖSE og ÖSE-þingið ynnu saman að því að efla fjárhag og starf ÖSE á vettvangi.

Eftir ársfundinn hélt Pétur í heimsókn til starfsstöðvar ÖSE í Albaníu 9.–12. júlí. Tilgangur heimsóknarinnar var að fá innsýn inn í starf ÖSE á vettvangi og reyna að meta árangur þess upp að því marki sem eftirlit ríkisendurskoðunar Noregs með fjárhag stofnunarinnar nær ekki til, þ.e. hvort starfið væri að skila árangri í samræmi við sett markmið, hvernig samstarfi við heimamenn, aðrar stofnanir og félagasamtök væri háttað, og hversu vel fjármunir og kraftar starfsmanna væru nýttir. Útgangspunkur heimsóknarinnar voru aðgerðir ÖSE til að stemma stigu við mansali.

Í skýrslu sem Pétur lagði fram á stjórnarnefndarfundi 30. september var helsta niðurstaðan sú að starfsemi á vegum ÖSE væri faglega mjög sterk sem og nýting fjármuna og mannauðs. Samhæfing milli mismunandi deilda gerði það að verkum að verkefni á vegum einnar deildar styddu við verkefni annarra deilda án þess að um tvíverknað væri að ræða. Sem dæmi benti hann á hvernig verkefni, sem miðar að því að setja upp skilvirkt manntalskerfi eða þjóðskrá styddi við það verkefni að uppræta mansal þar sem erfiðara væri að gera einstakling, sem er skráður með nafni og kennitölu í þjóðskrá, að fórnarlambi mansals heldur en einstakling sem hvergi er til samkvæmt opinberum skrám. Það ætti ekki síður við í þeim tilvikum sem fyrrum fórnarlömb mansals snúa aftur til síns heima. Samstarf við yfirvöld og félagasamtök væri einnig í góðum farvegi og samráð við aðrar alþjóðastofnanir til fyrirmyndar. Það sem var einna helst gagnrýnt var að stundum gætti misræmis á milli greiningar á vandamálum og lausnum. Sem dæmi var tekið það mat að þriðjungur af fórnarlömbum mansals væru sígaunar, sem flestir hafa litla sem enga menntun og því ólæsir. Á sama tíma væri upplýsingaflæði um mansal að mestu í formi ritmáls í stað myndmáls eða útvarpsefnis sem væri betri leið til að ná til þeirra sem eru ólæsir. Í beinu samhengi við þá gagnrýni var talið að skortur á kerfisbundnu mati á árangri af starfi ÖSE, t.d. í baráttunni gegn mansali, kæmi í veg fyrir að hægt væri að meta almennilega árangur af herferðum ÖSE gegn mansali meðal almennings og/eða hugsanlegra fórnarlamba. Einnig var það talið ámælisvert að ÖSE starfaði ekki með neinum félagasamtökum sígauna sjálfra. Sú gagnrýni var sett í samhengi við verklag ÖSE við val á félagasamtökum til að starfa með við framkvæmd ákveðinna verkefna. Það ferli væri ekki opið nema upp að vissu marki sem gæti gert það að verkum að faglega hæf samtök væri útilokuð frá því að fá samstarfssamning við ÖSE, sem aftur á móti gæti stuðlað að verri

nýtingu fjármuna og ýtt undir spillingu eða ásakanir um spillingu sem gæti skaðað starfsemi og trúverðuleika ÖSE.

Framkvæmdastjóri ÖSE þakkaði Pétri fyrir skýrsluna um leið og hann kynnti drög að fjárlagatillögu stofnunarinnar fyrir árið 2008. Í kynningu hans kom fram að eitt þeirra nýmæla, sem kæmi til framkvæmda árið 2008, væri að meta starf ÖSE ekki eingöngu út frá verkefnum og fjármunum heldur árangri (e. Performance Based Budget Proposal). Samhliða hinni nýju nálgun yrðu teknar upp árangursmælingar sem kæmu til framkvæmda á næsta ári. Pétur þakkaði framkvæmdastjóranum fyrir kynninguna og fagnaði nýmælunum sem kæmu á móts við gagnrýni sem hann hefði sett fram í skýrslu sinni eftir fund sinn með ríkisendurskoðun Noregs um mikilvægi þess að meta ekki eingöngu hvernig fjármunum væri varið heldur hvort settum markmiðum væri náð með þeim verkefnum sem fjármunum væri veitt til. Að lokum lagði Pétur fram á stjórnarnefndarfundinum 30. september skýrslu af fundi vinnuhóps um fjárlagagerð ÖSE fyrir árið 2008 sem Pétur sótti með fastafulltrúum ÖSE í Vínarborg 3. júlí. Í skýrslunni er samstöðureglan við ákvarðanatöku (e. principle of consensus-minus-one) og eins árs tímarammi fjárlaga ÖSE gagnrýnt upp að því marki sem hvort um sig leiðir til stöðnunar eða kemur í veg fyrir heildstæða stefnumótun til langs tíma. Sú tillaga var gerð að kanna með lengri tímamörk ÖSE-verkefna á vettvangi allt frá 5 til 15 árum að gefnu samþykki viðkomandi samstarfsríkis. Með þeim hætti megi tryggja í meiri mæli en nú að tilteknum markmiðum sé náð að ákveðnum tíma liðnum. Samhliða var gerð tillaga um það að fjármagn til slíkra langtímaverkefna yrði tryggt.

5. Kosningaeftirlit.

Kosningaeftirlit og umræða um það var áberandi á árinu. Tveir þingmenn tóku þátt í kosningaeftirliti á vegum ÖSE-þingsins. Pétur H. Blöndal fór til Kasakstan þar sem þingkosningar fóru fram 18. ágúst og Valgerður Sverrisdóttir fór til Rússlands og tók þátt í eftirliti með kosningum 2. desember til neðri deildar þingsins, dúmunnar.

Eitt mikilvægasta starf ÖSE er að hafa eftirlit með og aðstoða aðildarríkin við að uppfylla skuldbindingar sínar á sviði mannréttinda og lýðræðis. ÖSE-þingið og lýðræðis- og mannréttindastofnun ÖSE (ODHIR) hafa átt samstarf um kosningaeftirlit síðan 1993. Nokkur ágreiningur hefur ríkt um hvernig samvinnu og verkaskiptingu á milli þeirra skuli vera háttað. Hefur sá ágreiningur verið nokkuð fyrirferðarmikill í umræðum á fundum ÖSE-þingsins. Ágreininginn má að vissu leyti rekja til þess að um er að ræða tvær stofnanir sem hvor um sig gerir sterkt tilkall til þessa hlutverks enda vægi kosningaeftirlits mikið vegna þeirrar víðtæku landfræðilegu skírskotunar sem báðar stofnanir hafa í krafti aðildar 56 landa í Evrópu, Mið-Asíu og Norður-Ameríku að ÖSE, sem eru bæði rótgróin lýðræðisríki eða ríki á vegferð í átt að lýðræðislegu stjórnarfari. Frá upphafi hefur því ríkt nokkur samkeppni milli hinna tveggja stofnana um kosningaeftirlit. Samkomulag var gert á milli þeirra árið 1997 en þrátt fyrir það er togstreita enn til staðar. Hún kom nokkuð berlega í ljós þegar lýðræðis- og mannréttindastofnun ÖSE hætti við að taka þátt í eftirliti með kosningunum í Rússlandi 2. desember vegna skilyrða sem rússnesk stjórnvöld settu og var frávik frá hinni almennu vinnureglu sem gildir samkvæmt Parísarsáttmálanum frá 1990 um skilyrðislaust boð ríkis til ÖSE um kosningaeftirlit. Olli það nokkrum titringi að ÖSE-þingið skyldi ekki að sama skapi hætta við þátttöku sína í eftirlitinu. Þess ber hins vegar að geta að í samræmi við hefðbundna verkaskiptingu á milli ÖSE og ÖSE-þingins kom ákvörðun lýðræðis- og mannréttindastofnunar ÖSE til vegna þeirra skilyrða sem rússnesk stjórnvöld settu og gerðu það að verkum að stofnunin gat ekki sinnt hefðbundnu eftirliti sínu til lengri tíma á meðan skil-

yrði stjórnvalda komu ekki í veg fyrir að ÖSE-þingið gæti sinnt hefðbundnu kosningaeftirliti sínu til skamms tíma, þ.e. á kjördag með allt að viku viðveru í landinu. Það sama gilti um sendinefndir frá Evrópuráðsþinginu og Norðurlandaráði sem tóku þátt í eftirlitinu ásamt ÖSE-þinginu og gáfu út sameiginlega yfirlýsingu að kosningum loknum.

Á vegum ÖSE-þingsins fara sendinefndir þingmanna til kosningaeftirlits á kjördag en tíminn sem þeir eru í viðkomandi ríki er allt að ein vika eins og fyrr segir. Lýðræðis- og mannréttindastofnun ÖSE sendir tvenns konar teymi á vettvangi kosninga. Í fyrsta lagi hóp sérfræðinga sem sendur er á vettvang í allt að 2–3 mánuði til að gera úttekt á kosningalögum, kjörskrám, aðgengi stjórnmálaflokka að fjölmiðlum og fleiru sem lýtur að kosningum. Í öðru lagi hóp kosningaeftirlitsmanna sem ekki eru sérfræðingar en koma til eftirlitsstarfa allt að þremur vikum fyrir kosningar. Þingmenn þykja gegna sérstaklega mikilvægu hlutverki við kosningaeftirlit á starfssvæði ÖSE þar sem þeir eru lýðræðislega kjörnir fulltrúar þjóða sinna og hafa sjálfir gengið í gegnum kosningar. Þrátt fyrir mikilvægi góðs samstarfs á sviði kosningaeftirlits hefur ágreiningur ríkt um það frá upphafi eins og fyrr segir og árið 2006 skipaði formaður ráðherraráðs ÖSE sérstakan fulltrúa sinn til þess að hafa eftirlit með samskiptum stofnananna við kosningaeftirlit.

6. Fundir ÖSE-þingsins.

ÖSE-þingið kemur saman til reglulegra fundahalda þrisvar sinnum árlega. Til ársfundar að sumri, og haust- og vetrarfundar. Nokkrar breytingar urðu á skipan Íslandsdeildar ÖSE-þingsins vegna kosninga til Alþingis 12. maí sem komu nokkuð niður á þátttöku þingmanna í reglubundnu starfi ÖSE-þingsins á árinu. Sérlegur fulltrúi forseta ÖSE-þingsins í fjárreiðum ÖSE, Pétur H. Blöndal, átti engu að síður sjö fundi og heimsóknir vegna embættis síns og skilaði fjórum skýrslum um starf sitt til forseta ÖSE-þingsins. Einnig tóku tveir nefndarmenn, Pétur H. Blöndal og Valgerður Sverrisdóttir, þátt í kosningaeftirliti á vegum ÖSE-þingsins og Valgerður flutti erindi á málþingi um svæðisbundið samstarf á sviði orku- og umhverfismála sem haldið var í Ósló 9. desember á vegum ÖSE-þingsins og Norðurlandaráðs með þátttöku þingmanna frá öllum Norðurlöndunum og fjórum af fimm löndum Mið-Asíu.

Vetrarfundur stjórnarnefndar og málefnanefnda í Vínarborg.

Dagana 22.–23. febrúar komu málefnanefndir ÖSE-þingsins og stjórnarnefnd þess saman til funda í Vínarborg. Var þetta í sjötta sinn sem efnt var til svonefndra vetrarfunda ÖSE-þingsins eftir ákvörðun stjórnarnefndar þar að lútandi í febrúar árið 2001. Fundunum er aðallega ætlað að gefa fulltrúum ÖSE-þingsins, sem sæti eiga í málefnanefndum þingsins, færi á að auka samskiptin við embættismenn ÖSE. Metþátttaka var á fundinum og sóttu hann 250 þingmenn frá 53 aðildarríkjum ÖSE, auk ýmissa samstarfsaðila. Af hálfu Íslandsdeildar sátu fundinn Pétur H. Blöndal formaður og Jóhanna Sigurðardóttir auk Örnu Gerðar Bang, ritara Íslandsdeildar.

Átök milli ÖSE-þingsins og lýðræðis- og mannréttindastofnunar ÖSE (ODHIR) settu mark sitt á nær allar umræður vetrarfundarins. Hlutverk ÖSE-þingsins við kosningaeftirlit hefur valdið nokkrum ágreiningi undanfarin ár milli þess og ODHIR, sem er sú stofnun framkvæmdarvaldsins sem kemur að kosningaeftirliti. ODHIR hefur viljað takmarka þátt þingsins og gagnrýnt aðferðir þess við eftirlit. Stofnunin hefur að undanförnu ítrekað brotið gegn samstarfssamningi sínum og ÖSE-þingsins um samstarf við kosningaeftirlit að mati þingsins. Í viðleitni til þess að draga úr þessum ágreiningi var árið 2006 skipaður sérstakur eftirlits-

maður til þess að fylgjast með kosningaeftirliti beggja stofnana. Miklar umræður urðu um málið og var lögð rík áhersla á mikilvægi þess að sættir næðust þar sem deilan hefði skaðleg áhrif á trúverðugleika ÖSE-þingsins og ÖSE í heild sinni.

Fund stjórnarnefndarinnar ávörpuðu Göran Lennmarker, forseti ÖSE-þingsins, Jerry Grafstein, gjaldkeri þess, og Spencer Oliver, framkvæmdastjóri ÖSE-þingsins. Lennmarker fór í upphafsorðum sínum yfir embættisverk sín undanfarna mánuði og lagði áherslu á að kosningaeftirlit væri einn mikilvægasti þáttur í starfsemi stofnunarinnar. Hann fjallaði sérstaklega um starf ÖSE-þingsins við kosningaeftirlit í Serbíu í janúarmánuði þar sem hann stýrði eftirlitinu. Niðurstaða eftirlitsins var að kosningarnar hefðu farið heiðarlega fram og fagmannlega í alla staði. Í framhaldi af þeirri umræðu ræddi Lennmarker um mikilvægi þess að leysa deilu ÖSE-þingsins og ODHIR eins fljótt og auðið væri þar sem hún gagnaðist aðeins þeim ríkjum sem væru andsnúnar kosningaeftirliti og styrkti stöðu þeirra. Í máli sínu lagði hann áherslu á að skýra þyrfti hlutverk ÖSE-þingsins og ODHIR þannig að verkferlin lægju ljós fyrir.

Í kjölfar tölu forsetans kynnti gjaldkeri þingsins skýrslu sína. Þar kom fram að ÖSE-þingið starfaði innan fjárhagsáætlunar árið 2006 líkt og undanfarin ár. Stefna gjaldkerans væri að ÖSE-þingið ætti í sjóðum fjármuni sem næmu árlegum starfskostnaði þess og hefur það gengið eftir undanfarin ár. Framkvæmdastjóri ÖSE-þingsins fór því næst yfir starf skrifstofu þingsins og sagði að undirbúningur fyrir ársfund ÖSE-þingsins sem fór fram í Kænugarði í júlí hefði gengið mjög vel. Auk þess ræddi Oliver um mikilvægi þess að efla ásýnd ÖSE-þingsins í fjölmiðlum og kynna starfsemina betur fyrir umheiminum. Hann lagði áherslu á að fundin yrði lausn á deilu ÖSE-þingsins og ODHIR og í því sambandi ætti að hafa samstarfssamning sem gerður var á milli deiluaðila árið 1997 að leiðarljósi. Varðandi niðurstöður kosningaeftirlits lagði Oliver áherslu á tvö atriði. Í fyrsta lagi væri afar brýnt að þær niðurstöður sem birtar væru opinberlega væru skýrar og á skilmerkilegu máli sem ekki byðu upp á misskilning eða mistúlkun. Í öðru lagi mætti persónulegt mat eftirlitsaðila ekki undir neinum kringumstæðum hafa áhrif á niðurstöður þeirra. Hlutleysis yrði að vera gætt til hins ýtrasta og samræmis milli verkferla og niðurstaðna eftirlitsmanna ÖSE-þingsins og ODHIR.

Síðasti liður á dagskrá stjórnarnefndarinnar voru umræður um skýrslur sérnefnda og sérstakra fulltrúa forseta ÖSE-þingsins. Vegna tímaskorts varð að sleppa framsögum við þennan lið en skýrslur um málin voru lagðar fram. Pétur H. Blöndal, formaður Íslandsdeildar, var skipaður sérstakur fulltrúi forseta ÖSE-þingsins varðandi fjármál ÖSE í september 2006. Hann lagði fram skýrslu um málið til forseta ÖSE-þingsins og var henni dreift til fundargesta. Þar reifaði hann m.a. starf sitt fyrstu mánuðina og fór yfir niðurstöður fundar með ríkisendurskoðun í Ósló 10. janúar. Ríkisendurskoðun Noregs ber ábyrgð á endurskoðun fyrir ÖSE frá mars 2006 til þriggja ára. Markmið endurskoðunarinnar væri að kanna allar stofnanir og öll verkefni á vegum ÖSE-stofnunarinnar á árunum þremur. Starfsmenn norsku ríkisendurskoðunarinnar færu reglulega í eftirlitsferðir til aðildarríkjanna með stuttum fyrirvara til að taka út stöðu landanna. Í framhaldinu væri ÖSE eingöngu gefin skýrsla um stöðu mála og öðrum meinaður aðgangur að upplýsingunum, að utanríkisráðherra viðkomandi lands undanskildum ef viðkomandi óskaði eftir skýrslunni. Pétur gagnrýndi þetta verklag en taldi eftirlit Norðmanna að öðru leyti sterkt og gott þó að erfitt hafi reynst að mæla hluti eins og baráttuna gegn mansali, vopnasmygl og smygl fíkniefna eða aðgerðir til að stuðla að friði.

Á næstu mánuðum kvaðst Pétur ætla að leggja áherslu á að kortleggja ákvarðanatökuferlið varðandi fjármál ÖSE-stofnunarinnar með það að markmiði að bæta aðkomu þingsins að því. Auk þess stefndi hann að því að auðvelda þinginu að fá heildarmynd yfir fjárhag ÖSE-stofnunarinnar og meta hvort fjármunum þeim sem veitt væri til hennar, væri varið í samræmi við markmið. Pétur hafði ítrekað óskað eftir fundi með Marc Perrin de Brichambaut, framkvæmdastjóra ÖSE, en hann hafði verið tregur til að veita nánari upplýsingar um fjármál stofnunarinnar. Að morgni 22. febrúar var staðfestur fundur með Pétri og framkvæmdastjóranum þar sem fjármál ÖSE og eftirlit með þeim yrðu rædd. Fundurinn var upplýsandi og gagnlegur og áttu sér stað góðar umræður. Í lok fundarins afhenti Brichambaut Pétri fjárlagatillögu ÖSE fyrir árið 2008.

Á sameiginlegum fundi allra málefnanefnda hélt Josep Borrell, sérlegur fulltrúi formanns ráðherraráðs ÖSE og utanríkisráðherra Spánar, framsöguerindi og svaraði spurningum fundarmanna. Borrell ræddi um aukið vægi ÖSE-þingsins og hvernig það styrkti starf ÖSE-stofnunarinnar með hvatningu og nýjum hugmyndum, auk hins þingræðislega stuðnings. Næst tóku til máls Barbara Prammer, þingforseti Austurríkis, og Marc Perrin de Brichambaut, framkvæmdastjóri ÖSE. Brichambaut lagði í ræðu sinni áherslu á að kosningaeftirlit væri meginviðfangsefni ÖSE-stofnunarinnar og ÖSE-þingið gegndi þar lykihlutverki. Í framhaldinu urðu snarpar umræður um deilu ÖSE-þingsins og ODHIR þar sem þung áhersla var lögð á að lausn yrði fundin hið snarasta. Tilkynnt var að ársfundur ÖSE-þingsins árið 2008 yrði haldinn í Kasakstan. Þá lýsti Kassym-Jomart Tokayev, forseti öldungadeildar þingsins í Kasakstan, því yfir að hann vonaðist til að Kasakstan tæki við formennsku í ÖSE árið 2009.

Allar þrjár málefnanefndir ÖSE-þingsins héldu fundi í tengslum við vetrarfundinn. Á fundum nefndanna þriggja var rætt um þau málefni sem tekin verða fyrir á ársfundi þingsins í júlí. Á fundi 1. nefndar um stjórn- og öryggismál ræddi Hans Raidel, varaformaður nefndarinnar, um mikilvægi þess að alþjóðastofnanir ynnu saman og kynnu skil á verkefnum hverrar annarrar með það að leiðarljósi að koma í veg fyrir tvíverknað og skörun. Slíkt hefur verið nokkuð áberandi að undanförnu og hefur skapað neikvæða umræðu í kringum stofnanirnar og mikilvægi þeirra. Kristian Phil Lorentzen skýrsluhöfundur kynnti meginviðfangsefni skýrslu sinnar um öryggi í orkumálum og þróun lýðræðis í Hvíta-Rússlandi. Í 2. nefnd um efnahags-, vísinda-, tækni- og umhverfismál var aðallega fjallað um orkuöryggi og mikilvægi endurnýtanlegra orkuauðlinda. Einnig var rætt um málefni innflytjenda m.a. út frá áhrifum á þróun samfélaga, bæði félagslega og efnahagslega. Fund 3. nefndar um lýðræði, mannréttindi og mannúðarmál ávörpuðu þeir Christian Stohal, sendiherra og forstöðumaður ODIHR-stofnunarinnar, og Miklos Haraszti, fulltrúi ÖSE á sviði eftirlits með frelsi fjölmiðla (RFOM). Auk þess ræddi Jesús López-Medel um hugmyndir að skýrslu sinni sem birt verður á ársfundinum í Kænugarði.

Ársfundur ÖSE þingsins.

Dagana 5.–9. júlí 2007 fór 16. ársfundur ÖSE-þingsins fram í Kænugarði í Úkraínu. Til hliðar við dagskrá ársfundarins var sérstakur fundur um málefni Mið-Asíu. Af hálfu Íslandsdeildar sat fundinn Pétur H. Blöndal varaformaður auk Magneu Marinósdóttur ritara.

Ársfundurinn hófst formlega með fundi stjórnarnefndar. Göran Lennmarker, forseti ÖSE-þingsins, Spencer Oliver framkvæmdastjóri og Jerry Grafstein, fráfarandi gjaldkeri, lögðu fram skýrslur og ávörpuðu fundinn. Einnig gerðu sérlegir fulltrúar ÖSE-þingsins grein fyrir starfi sínu. Pétur H. Blöndal, sérlegur fulltrúi ÖSE-þingsins um fjárreiður ÖSE, lagði fram

skýrslu. Í skýrslunni var að finna greiningu á því að hve miklu leyti fjárlagatillaga ÖSE (e. Program Outline for the OSCE Budget) fyrir árið 2008 kæmi heim og saman við ályktanir þingsins frá síðasta ársfundi. Lýsti Pétur ánægju sinni með það hversu mikils samræmis gætti þar á milli almennt en benti einnig á það sem betur mætti fara eins og að fylgja jafnréttisáætlun ÖSE frá árinu 2004 betur eftir. Pétur gerði einnig grein fyrir starfi sínu fram til þessa og fyrirhugaðri heimsókn til vettvangsskrifstofu ÖSE í Albaníu en markmið heimsóknarinnar væri að kynna sér frá fyrstu hendi starfsemi og rekstur á vegum ÖSE. Að lokum lagði Pétur H. Blöndal fjórar spurningar varðandi fjármál ÖSE fyrir Marc Perrin de Brichambaut, framkvæmdastjóra ÖSE, í umræðum á þinginu og átti síðar sérstakan fund með framkvæmdastjóranum og fastafulltrúa Finnlands en Finnar taka næst við formennsku eftir Spánverjum.

Í máli forseta þingsins bar hæst heimsókn hans og Miguel Angel Moratinos, utanríkisráðherra Spánar og formennskuríkis ÖSE (e. Chairman-in-Office), til Armeníu og Aserbaídsjan. ÖSE hefur leitt friðarviðræður milli ríkjanna tveggja í deilum þeirra um svæðið Nagorno-Karabakh síðan 1992 undir merkjum Minsk-hópsins svonefnda. Forsetinn, sem hefur tekið þátt í starfi hópsins undanfarin fjögur ár, var bjartsýnn á að lausn á þeim átökum væri í sjónmáli. Kom fram í máli hans að mikið starf væri óunnið við að leysa „frosin átök“ og taldi heimsóknina vera dæmi um gott samstarf á milli ÖSE-þingsins og ÖSE-stofnunarinnar í þeim efnum. Lofaði forsetinn einnig þá vinnu sem fer fram í þinginu og á vettvangsskrifstofum ÖSE, sem hann sagði vera kjarnann í starfi ÖSE auk kosningaeftirlitsins, sem fer fram á vegum ÖSE-þingsins annars vegar og lýðræðis- og mannréttindastofnunar ÖSE (ODHIR) hins vegar. Mikil togstreita hefur ríkt undanfarin ár milli þessara tveggja stofnana. Kom sú togstreita til umræðu í þinginu þegar ályktun um hlutverk og stöðu ÖSE-þingsins fór fram. Var m.a. spurt út í það fyrirkomulag sem Spánn hefur viðhaft í formennskutíð sinni hjá ÖSE-stofnuninni, þ.e. að senda sérlegan fulltrúa formennskuríkis á vettvang kosninga til eftirlits með kosningaeftirliti stofnananna. Í svari Migual Angel Moratinos, utanríkisráðherra Spánar, kom fram að sérlegur fulltrúi formennskuríkis ÖSE þjónaði því hlutverki að vera nokkurs konar tengiliður milli ÖSE-þingsins og ODHIR vegna samstarfsörðugleikanna milli þeirra. Mikil umræða varð um málið og m.a. talað um nauðsyn þess að virða samkomulagið frá 1997 um samstarf þessara stofnana eða gera nýtt þar sem hlutverk hvors um sig væri vel skilgreint. Mikilvægt væri að hafa í huga að báðar stofnanirnar væru greinar af sama meiði og ósamkomulagið á milli þeirra skaðaði trúverðugleika ÖSE sem heildar. Í sambandi við umræðu um trúverðugleika stofnunarinnar lagði jafnréttisfulltrúi ÖSE-þingsins, Tone Tingsgaard, áherslu á fjölgun kvenna við kosningaeftirlit til samræmis við markmið ÖSE.

Þróun mála í austri, ekki síst í Úkraínu, Hvíta-Rússlandi, á Kákasus-svæðinu og í löndum Mið-Asíu, er talin vera mjög mikilvæg. Sú ákvörðun að óska eftir því að halda ársfundinn í Kænugarði var ekki síst tilkomin af því og þakkaði forseti ÖSE-þingsins þeim Viktor Júsjenkó, forseta Úkraínu, og Oleksandr Moroz, forseta úkraínska þingsins, sérstaklega. Í ávörpum þeirra endurspeglaðist stjórnmálakreppan sem hefur ríkt í landinu síðan forseti landsins leysti upp þingið 2. apríl þar sem þeir vörpuðu ábyrgðinni á kreppunni hvor á annan. Vonast var til að boðaðar þingkosningar 30. september yrðu til þess að finna lausn á stjórnmálavanda landsins svo að það gæti haldið áfram lýðræðislegri vegferð sinni.

Ársfundurinn afgreiddi alls 11 skýrslur og ályktanir sem málefnanefndir þingsins höfðu unnið. Var einhugur um öll mál í meginatriðum að undanskilinni skýrslu fyrstu nefndar um stjórn- og öryggismál. Skýrslan, sem var í tveimur hlutum, fjallaði annars vegar um orkuöryggi og hins vegar um Hvíta-Rússland. Varð umræða um stöðu Hvíta-Rússlands fyrirferðarmikil á þinginu þar sem sendinefnd Hvíta-Rússlands með stuðningi m.a. frá Aserbaídsjan,

Bosníu–Hersegóvínu og Rússlandi mótmælti því eindregið að eitt ríki væri tekið fyrir með þeim hætti sem þarna væri gert og vildi að sá hluti skýrslunnar yrði tekinn út. Var skýrslan samþykkt í heild í þinginu þrátt fyrir andmælin.

Sérstakur fundur var haldinn um Mið-Asíu til hliðar við ársfundinn. Fundurinn var settur af sérlegum fulltrúa ÖSE-þingsins í málefnum Mið-Asíu, finnska þingmanninum Kimmo Kiljunen sem hefur sinnt stöðunni síðan í maí með þrennt að markmiði. Í fyrsta lagi að vinna að því að auka þátttöku þingmanna frá Mið-Asíu í starfi ÖSE-þingsins en ríki Mið-Asíu eru Kasakstan, Túrkmenistan, Úsbekistan, Kirgistan og Tadsjikistan. Í öðru lagi að auka svæðisbundna samvinnu á milli þjóðþinga í Mið-Asíu. Að lokum að auka samstarf þeirra við þjóðþing annarra ÖSE-ríkja, sér í lagi þjóðþing Norðurlandanna. Auk Kimmo Kiljunen fluttu ávörp á fundinum þeir Göran Lennmark, forseti ÖSE-þingsins, og Marc Perrin de Brichambaut, framkvæmdastjóri ÖSE, formenn landsnefnda Kasakstan, Tadsjikistan, Túrkmenistan og Afganistan, og sendiherrar ÖSE í Kasakstan og Túrkmenistan. Formenn sendinefndanna og sendiherrar ÖSE gerðu grein fyrir stöðu efnahags- og stjórnmála í viðkomandi ríki en svæðið sem heild er ríkt af náttúruauðlindum, einkum olíu og gasi, auk vatns. Meðal þess sem lagt var til á fundinum var í fyrsta lagi að ríki Mið-Asíu hefðu með sér aukna samvinnu um sameiginleg hagsmunamál eins og orkumál. Skref í þá átt væri að auka samskipti á milli þjóðþinga Mið-Asíu, Afganistan þar með talið. Var Norðurlandaráð nefnt sem fyrirmynd í því sambandi. Í öðru lagi mætti auka hæfni þinganna til að sinna stjórnarskrárbundnu hlutverki sínu. Í því sambandi gerði Kimmo Kiljuna það að tillögu sinni að koma á bæði marg- og tvíhliða samstarfi á milli þjóðþinga í Mið-Asíu og á Norðurlöndunum í formi heimsókna, funda og námskeiða. Markmiðið væri að miðla þekkingu og reynslu og þar með aðstoða ríki Mið-Asíu við að styrkja löggjafarvaldið. Stefna ætti að því að halda sérstakan fund næsta haust um slíkt svæðisbundið þingmannasamstarf. Í þriðja lagi var rætt um að halda fundi og atburði á vegum ÖSE og ÖSE-þingsins í auknum mæli í löndum Mið-Asíu. Þegar væri búið að ákveða að halda næsta ársfund ÖSE-þingsins í Kasakstan og verið væri að kanna forsendur þess að Kasakstan taki við formennsku ÖSE árið 2009. Þingkosningar fóru fram í landinu 18. ágúst og sendi ÖSE-þingið sendiefnd, sem m.a. Pétur H. Blöndal var í, til að taka þátt í kosningaeftirliti. Sendinefndirnar frá ríkjum Mið-Asíu tóku allar mjög vel í hugmyndina um aukið samstarf við Norðurlöndin og kom fram á fundinum að löggjafarþing Svíþjóðar hafði þegar boðið þingmannasendinefnd frá Túrkmenistan í heimsókn.

Sendinefnd frá Afganistan var í fyrsta sinn stödd á ársfundi ÖSE-þingsins. Í máli formanns sendinefndarinnar kom fram sterkt ákall um að veita stjórnvöldum í Afganistan áframhaldandi stuðning við að tryggja öryggi í landinu þar sem öryggi væri forsenda alls annars, efnahagslegra framfara og stjórnmálalegs stöðugleika. Sú spurning vaknaði hvaða hlutverk ÖSE gæti tekið að sér í Afganistan. ODHIR studdi við kosningar í landinu fyrir um tveimur árum en annað starf hefur ekki farið fram á vegum ÖSE í landinu. Framkvæmdastjóri ÖSE sagði frá því að hann hefði nýverið verið á ferð í Afganistan til að kynna sér aðstæður og í máli utanríkisráðherra formennskuríkis ÖSE á þinginu kom fram að ÖSE væri að íhuga að leggja meira af mörkum í Afganistan. Liður í því væri að skilgreina hlutverk fyrir nágrannaríki þess í Mið-Asíu.

Stjórnarnefndarfundur og málefnaráðstefna ÖSE-þingsins 30. september.

Stjórnarnefndin fundaði 30. september í Portorož í Slóveníu. Fundinn sótti fyrir hönd Íslandsdeildar Pétur H. Blöndal varaformaður, ásamt Magneu Marinósdóttir ritara.

Forseti ÖSE-þingsins, Göran Lennmarker, setti fundinn og formaður landsdeildar Slóveníu til ÖSE-þingsins bauð fundarmenn velkomna. Fyrsta mál á dagskrá var að fara yfir helstu niðurstöðu málþings sem haldið var dagana 29.–30. september um forsendur stöðugleika og öryggis í Suðaustur-Evrópu. Tilefni málþingsins var að gildistími stöðugleikasáttmála Suðaustur-Evrópu (e. Stability Pact for South Eastern Europe) rann út í lok árs 2007 og við tók svæðisbundna samstarfsráðið (e. Regional Cooperation Council). Það er samvinnuáætlun sem ráðamenn í Suðaustur-Evrópu hafa unnið að mestu sjálfir öfugt við stöðugleikasáttmálann sem unninn var af alþjóðasamfélaginu til að skapa forsendur friðar í lok átakanna á Balkanskaga.

Fjöldi fyrirlesara hélt erindi á málþinginu undir þremur liðum, þ.e. valddreifingu, menntun og svæðisbundinni samvinnu um orkumál. Í umræðunni um valddreifingu var rætt um mikilvægi þess að auka valddreifingu og styrkja sveitarstjórnarstigið og þar með færa ákvarðanatöku nær þegnunum og mæta betur þörfum mismunandi hópa í Suðaustur-Evrópu. Í umræðunni um menntun kom hins vegar fram annars konar sjónarmið. Aida Premilovac, hjá vettvangsskrifstofu ÖSE í Bosníu–Hersegóvínu, varaði við því í erindi sínu að eftirláta stefnumótun á sviði menntamála einstökum sveitarfélögum í stað ríkisins. Hélt hún því fram að valddreifing á sviði menntamála þar í landi væri þvert á móti ógn við öryggi og stöðugleika til langs tíma. Skólar væru einsleitir þar sem börn sem tilheyra mismunandi þjóðernishópum, þ.e. Bosníumenn, Króatar og Serbar, sæktu ekki sama skóla eða sæktu sama skóla undir kjörorðinu „tveir skólar undir sama þaki“, þ.e. börn sem tilheyra tveimur þjóðernishópnum væru í skóla í sömu byggingunni en notuðu ekki sama inngang, fengju mismunandi kennslu, kennara og þar fram eftir götunum. Börn mynduðu þar af leiðandi ekki þjóðernislega samkennd hvert með öðru heldur aðgreindu sig frá hvert öðru. Þetta hafi komið hvað best í ljós þegar flóttamenn hófu að snúa aftur til síns heima. Enn fremur væri námsefni á þjóðernislegum nótum þar sem saga „hinna“ væri ekki sögð. Slíkt námsefni félli ekki að framtíðarsýn um frið og sátt milli mismunandi þjóðernishópa. Tilraunir hefðu verið gerðar til þess að útbúa námsefni með áherslu á mannréttindi sem hefði það að markmiði að auka þekkingu og skilning eins þjóðernishóps á t.d. trúarbrögðum og sögu annarra hópa og stuðla þar með að umburðarlyndi og friði. Hins vegar hafi verið erfitt að útbúa og kenna það námsefni vegna skorts á miðstýringu þar sem framboð á námsefni væri á hendi hvers sveitarfélags frekar en ríkisins. Í sveitarfélögunum væru mismunandi þjóðernishópar í meiri hluta, sem hver um sig hefur mest um það að segja hvers konar námsefni væri á boðstólum í skólum. Í raun væru því 14 menntamálaráðuneyti í landinu í stað eins. Þetta fyrirkomulag viðhéldi aðgreiningu á milli hópa og væri dæmi um neikvæðar afleiðingar valddreifingar á sviði menntunar þar sem ekki væri verið að byggja upp eina þjóð heldur margar innan landamæra sama ríkis.

Í umfjöllun um orkuöryggi var rætt um mikilvægi sameiginlegs orkumarkaðaðar fyrir rafmagn og gas (e. South-East European Regional Energy Market) á grundvelli sáttmála (e. Energy Community Treaty) frá 25. október 2005 sem tengir innri markað Evrópusambandsins við markaði í löndum Suðaustur-Evrópu, Grikklandi og Tyrklandi. Gert væri ráð fyrir að Úkraína, sem hefur aukaaðild að sáttmálanum, og Noregur gerðust aðilar að sáttmálanum. Aðild að samningum gerir það að verkum að ríki aðstoða hvert annað við að mæta orkuþörf ef truflun verður á framleiðslu og/eða framboði á markaði. Samningurinn þjónar sem slíkur mikilvægu hlutverki við að tryggja orkuöryggi.

Eftir umræðu um niðurstöður málþingsins gerði gjaldkeri ÖSE-þingsins, Hans Raidel, grein fyrir fjármálastöðu ÖSE-þingsins. Fjárhagur þingsins stendur vel og er með því besta

sem gerist hjá alþjóðastofnunum, allt væri innan ramma fjárlaga og árgjöld til þingsins að fullu greidd með tveimur undantekningum.

Framkvæmdastjóri ÖSE-þingsins, Spencer Oliver, tók næstur til máls. Hann gerði grein fyrir fundi sínum og forseta ÖSE-þingsins með formanni ráðherranefndar ÖSE, Miguel Angel Moratinos, um samstarf um kosningaeftirlit en um það hefur ríkt nokkur ágreiningur. Framkvæmdastjórinn lagði fram skýrslu um kosningaeftirlit í Kasakstan og aðra starfsemi þingsins, þar með talda starfsemina fram undan.

Sérlegir fulltrúar ÖSE-þingsins og starf þeirra var rætt á fundinum. Greindi framkvæmdastjórinn frá því að Anne Marie Lizin, sérlegur fulltrúi ÖSE-þingsins í málefnum Guantánamo og forseti efri deildar þjóðþings Belgíu, væri fyrsti þingmaðurinn frá Evrópu sem hefði hlotið leyfi til að kynna sér aðstæður í Guantánamo-fangelsinu þar sem meintir hryðjuverkamenn eru í haldi bandarískra stjórnvalda. Sú staðreynd bæri vitni um mikilvægt starf þingmanna ÖSE-þingsins. Einnig var tilkynnt um ákvörðun forseta ÖSE-þingsins frá því í september um útnefningu tveggja sérlegra fulltrúa, þ.e. bandarísku öldungadeildarþingkonunnar Hilda Solis til að taka alþjóðlega fólksflutninga til skoðunar og ítalska þingmannsins Carlo Vizzini til að fjalla um baráttuna gegn alþjóðlegri og skipulagðri glæpastarfsemi. Pétur H. Blöndal, sérlegur fulltrúi ÖSE-þingsins um fjárreiður ÖSE, lagði fram skýrslu um fund sinn 3. júlí í Vín með vinnuhóp fastafulltrúa ÖSE um fjárlagatillögu ÖSE og heimsókn sína til vettvangsskrifstofu ÖSE í Albaníu 9.–12. júlí.

Finnski þingmaðurinn Kimmo Kiljunen, sérlegur fulltrúi um Mið-Asíu, greindi frá málþingi um orku- og umhverfismál með þingmönnum frá Mið-Asíu og Norðurlöndunum, þ.e. landsdeildum ÖSE-þingsins og Norðurlandaráðs, auk sendiherra ÖSE í löndum Mið-Asíu sem haldið var 9. desember í Ósló. Málþingið var fyrsta skrefið í því að auka samvinnu milli þjóðþinga í Mið-Asíu sem sækti fyrirmynd sína til svæðisbundins samstarfs Norðurlandanna í Norðurlandaráði.

Framkvæmdastjóri ÖSE-stofnunarinnar, Marc Perrin de Brichambaut, tók næstur til máls og gerði grein fyrir fjárlagatillögu ÖSE fyrir árið 2008, sem lá fyrir að samþykkja 21. desember. Hann skýrði frá nýrri nálgun stofnunarinnar við fjárhagsáætlunargerð sem kennd er við árangursmiðaða nálgun. Samhliða hinni nýju nálgun yrðu teknar upp árangursmælingar sem kæmu til framkvæmda árið 2008. Framkvæmdastjórinn gerði grein fyrir því hvernig fjárlagagerð stofnunarinnar gengi fyrir sig og hvernig fjármunum væri varið. Kom fram í máli hans að 22% hefðu farið í rekstur skrifstofu ÖSE á síðasta ári, 67% til starfsemi á vettvangi og 11% til stofnana ÖSE. Landfræðilega hefðu fjármunir sem fóru til starfsemi á vettvangi farið að 5% hluta til Austur-Evrópu, 65% til Suðaustur-Evrópu, 14% til Mið-Asíu og 16% til Kákasus-svæðisins. Framkvæmdastjórinn lagði áherslu á að þörf væri á stuðningi þingmanna til að tryggja fjármagn frá þjóðþingum til starfsemi ÖSE en undanfarið hefði þurft að grípa til um 10–15% niðurskurðar á sumum sviðum vegna fjárskorts, sem þrengdi verulega að starfseminni. Framkvæmdastjórinn var spurður á móti hvort hann mundi beita sér fyrir því að vernda hagsmuni ÖSE-þingsins sem þykir ekki ætíð njóta sannmælis af hálfu ÖSE og bent á togstreituna um kosningaeftirlit og áherslur ÖSE í sambandi við gerð stofnskrá (e. convention) fyrir ÖSE. Framkvæmdastjórinn vildi lítið tjá sig um málið.

Í kjölfar ræðu framkvæmdastjóra ÖSE gafst þingmönnum tækifæri til þess að tjá skoðanir sínar á fjárlagatillögu fyrir árið 2008 og leggja spurningar fyrir framkvæmdastjórann. Pétur H. Blöndal þakkaði framkvæmdastjóranum fyrir kynninguna og vísaði í skýrslu sína um fund sinn með vinnuhóp um fjárlög ÖSE 3. júlí í Vín til að árétta skoðun þingsins.

Að lokum staðfesti stjórnarnefndarfundur útnefningu nýs aðstoðarframkvæmastjóra þingsins frá og með 1. janúar 2008. Vitaly Evsseyev frá Rússlandi, sem hafði gegnt stöðu aðstoðarframkvæmdastjóra sl. 14 ár, lét af störfum og við tók Gustavo Pallarés frá Spáni, fyrrum verkefnastjóri og ráðgjafi forseta ÖSE-þingsins um 12 ára skeið.

Málþing um svæðisbundið samstarf á sviði orku- og umhverfismála með þátttöku þingmanna frá Norðurlöndunum og löndum Mið-Asíu 9. desember í Ósló.

Málþing um svæðisbundið samstarf á sviði orku- og umhverfismála var haldið í Ósló 9. desember á vegum ÖSE-þingsins og Norðurlandaráðs með þátttöku þingmanna frá Norðurlöndunum og löndum Mið-Asíu. Fyrir hönd Íslandsdeilda ÖSE-þingsins og Norðurlandaráðs sóttu fundinn Valgerður Sverrisdóttir og Árni Páll Árnason, formaður Íslandseildar Norðurlandaráðs. Valgerður flutti framsögu á fundinum um reynslu Íslands af nýtingu vatnsorku og jarðvarma, mikilvægi þess að vega og meta kosti út frá hagkvæmnis-, umhverfis- og verndunarsjónarmiðum, og að nýta náttúruauðlindir í þágu almannahags í samræmi við áherslu norræna velferðarmódelsins um samþættingu markaðshagkerfis og félagshyggju sem lið í því að undirbyggja stjórnmálalegan stöðugleika og þar með hagsæld og velferð til frambúðar.

Alþingi, 19. febr. 2008.

Einar Már Sigurðarson, form.	Pétur H. Blöndal, varaform.	Valgerður Sverrisdóttir.

Fylgiskjal.

Ályktanir og skýrslur ÖSE-þingsins árið 2007.

Eftirfarandi ályktanir og skýrslur voru samþykktar á ársfundi ÖSE-þingsins árið 2007:

- Ályktun um hlutverk og stöðu ÖSE-þingsins gagnvart ÖSE.
- Ályktun um lausn átaka innan ÖSE-svæðisins.
- Ályktun um konur og öryggi.
- Ályktun um bann við klasasprengjum.
- Ályktun um ólöglegan flutning smávopna og skotfæra með flugförum.
- Ályktun um öryggisstefnu í umhverfismálum.
- Ályktun um aukið viðskiptafrelsi beggja vegna Atlantsála.
- Ályktun um aukið samstarf ÖSE við mannréttindafrömuði og mannréttindastofnanir.
- Ályktun um að styrkja aðgerðir gegn mansali í aðildarlöndum ÖSE.
- Ályktun um baráttu gegn gyðingahatri, kynþáttahatri, og annars konar andúð og fordómum, þar með talið gegn múslimum og sígaunum.
- Skýrsla stjórn- og öryggismálanefndar um orkuöryggi og stöðu mála í Hvíta-Rússlandi
- Skýrsla nefndar um efnahagsmál, tækni, vísindi og umhverfismál.
- Skýrsla nefndar um lýðræði, mannréttindi og mannúðarmál um lýðræði sem siðferðilega skuldbindingu, frelsi í stjórnmálum, lýðræðislegar kosningar og kosningaeftirlit, borgaralega þátttöku, gegnsæi og baráttuna gegn spillingu, alþjóðlega fólksflutninga, verndun minnihlutahópa og trúarbragðafrelsis og um þróunarsamvinnu.

728. Fyrirspurn [458. mál]

til forsætisráðherra um skýrslu Vestfjarðanefndar.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hvenær er þess að vænta að tillögur Vestfjarðanefndar forsætisráðherra frá apríl 2007 verði að fullu komnar til framkvæmda?
2. Hvers vegna hefur u.þ.b. helmingi tillagna nefndarinnar verið frestað og fjármagn skorið niður um helming, eins og fram kemur í samþykkt atvinnumálanefndar Vesturbyggðar frá 5. febrúar sl.?

729. Fyrirspurn [459. mál]

til fjármálaráðherra um sölu á Breiðafjarðarferjunni Baldri.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hvers vegna var Breiðafjarðarferjan Baldur ekki auglýst til sölu í ljósi þess að Sæferðir ehf. gátu fest kaup á skipi í stað hennar innan fárra vikna frá sölu Baldurs til Sæferða ehf.?
2. Hvaða ákvæði samnings Vegagerðarinnar við Sæferðir ehf. frá 3. október 2005 meina ríkinu að selja Baldur án samþykkis Sæferða ehf.?
3. Hverjir voru þeir aðilar sem mátu verðmæti Baldurs annars vegar við sölu skipsins og hins vegar við lok samningstímans í árslok 2010, hvert var mat þeirra og hvenær var það gert? Hver var kostnaður ríkisins við verðmatið?
4. Hverjir voru ráðgjafar ráðuneytisins við söluna á Baldri og hvað var þeim greitt fyrir ráðgjöfina?
5. Hvert var söluverð Baldurs til Sæferða ehf., sbr. samning frá 31. janúar 2006, hverjir voru greiðsluskilmálar og önnur ákvæði, svo sem um ráðstöfun hagnaðar Sæferða ehf. af sölu Baldurs, hver var afhendingardagur skipsins og aðrir afhendingarskilmálar?
6. Hvaða upplýsingar hafði ráðuneytið um áform Sæferða ehf. um sölu á Baldri úr landi þegar gengið var frá samningnum 31. janúar 2006 og um mögulegt verð á skipinu við endursöluna? Lá þá fyrir hvaða skip Sæferðir ehf. hugðust kaupa?
7. Kom ríkið að einhverju leyti að sölu Sæferða ehf. á Baldri eða kaupum fyrirtækisins á annarri ferju og ef svo er, þá hvernig?
8. Hvert var verð Baldurs við söluna úr landi, hverjum var selt og hvenær, hver var afhendingardagur skipsins, hverjir voru greiðsluskilmálar og hver var hlutur ríkissjóðs í söluverðinu? Hverjir eru þeir aðilar sem fengu greitt fyrir sölu skipsins?
9. Hvert var eigið fé Sæferða ehf. samkvæmt síðasta ársreikningi fyrir sölu Baldurs til Sæferða ehf.?
10. Hvers vegna fól ráðuneytið Vegagerðinni að innheimta hlut ríkissjóðs í söluhagnaði Sæferða ehf. á Baldri og hvaða fyrirmæli, leiðbeiningar eða umboð gaf ráðuneytið við þá

innheimtu? Hvers vegna féllst ráðuneytið á það að skuldin yrði vaxtalaus frá söludegi til uppgjörsdags, í um 15 mánuði?

11. Hvert var það samráð sem ráðuneytið hafði við samgönguráðuneytið og Vegagerðina þegar ákveðið var að ganga til samninga við Sæferðir ehf. um sölu á ferjunni Baldri, sbr. fréttatilkynningu ráðuneytisins frá 26. febrúar 2008?

Skriflegt svar óskast.

730. Fyrirspurn [460. mál]

til samgönguráðherra um Breiðafjarðarferjuna Baldur.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hvaða ákvæði í samningi Vegagerðarinnar við Sæferðir ehf. frá 3. október 2005 gera ríkinu ókleift að selja Baldur á samningstímanum án samþykkis leigutaka, sbr. fréttatilkynningu fjármálaráðuneytisins, dags. 26. febrúar 2008?
2. Hvert var verðmat ráðuneytisins og Vegagerðarinnar á Baldri við sölu skipsins til Sæferða ehf. og hvert var verðmatið talið vera við lok leigutímans í árslok 2010? Hverjir voru ráðgjafar ofangreindra aðila og hvert var verðmat þeirra á skipinu bæði við sölu og við lok samningstímans og hvenær var það verðmat gert?
3. Hvers vegna tók Vegagerðin að sér innheimtu hagnaðar af sölu Baldurs úr landi fyrir fjármálaráðuneytið ? Hvaða fyrirmæli, leiðbeiningar eða umboð gaf fjármálaráðuneytið til Vegagerðarinnar eða samgönguráðuneytisins varðandi innheimtu kröfunnar og samninga um fjárhæð til greiðslu?
4. Hvers vegna var krafan lækkuð um 2 millj. kr. og hver voru rök Sæferða ehf. fyrir því að krefja Vegagerðina um greiðslu fyrir undirbúning Sæferða ehf. á siglingum til Vestmannaeyja og tengja þann kostnað við sölu á Baldri? Hvers vegna voru ekki greiddir vextir af skuld fyrirtækisins við ríkissjóð frá söludegi til uppgjörsdags, í um 15 mánuði?
5. Hvert var samráð fjármálaráðuneytisins við samgönguráðuneytið og Vegagerðina þegar það ákvað að ganga til samninga við Sæferðir ehf. um sölu ríkisins á Baldri, sbr. fréttatilkynningu fjármálaráðuneytisins, dags. 26. febrúar 2008?
6. Kom samgönguráðuneytið eða Vegagerðin að einhverju leyti að kaupum Sæferða ehf. á öðru skipi í stað Baldurs? Hvað var þessum aðilum kunnugt um varðandi fyrirhuguð kaup Sæferða ehf. þegar sala ferjunnar Baldurs var í undirbúningi?

Skriflegt svar óskast.

731. Breytingartillögur [351. mál]

við frv. til l. um breyt. á ýmsum lögum vegna flutnings á útgáfu starfsleyfa til landlæknis.

Frá Ástu Möller.

1. Við 20. gr. Í stað orðsins „Ráðherra“ í b-lið komi: Heilbrigðisráðherra.
2. A-liður 42. gr. orðist svo: 2. málsl. 1. mgr. orðist svo: Auk þess gilda ákvæði 1.–5. tölul. 1. mgr. 3. gr. og 2. og 3. mgr. sömu greinar.
3. Á eftir 53. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Í stað orðsins „Ráðherra“ í 2. mgr. 5. gr. laganna kemur: Heilbrigðisráðherra.

732. Tillaga til þingsályktunar [461. mál]

um aðlögunarstuðning við lífrænan landbúnað.

Flm.: Þuríður Backman, Atli Gíslason, Álfheiður Ingadóttir, Árni Þór Sigurðsson, Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Steinunn Þóra Árnadóttir, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir aðgerðum til að veita bændum sérstakan aðlögunarstuðning við lífrænan landbúnað sambærilegan þeim stuðningi sem veittur er á Norðurlöndum, þannig að ná megi því markmiði að lífrænt vottaðar vörur nemi 15% landbúnaðarframleiðslu árið 2020.

Greinargerð.

Tillaga áþekk þessari var flutt á 125., 126.,128., 132. og 133. löggjafarþingi en varð ekki útrædd.

Í þingsályktun um aðlögun að lífrænum landbúnaði, sem samþykkt var á Alþingi 4. júní 1998, skoraði Alþingi á ríkisstjórnina að undirbúa viðeigandi breytingar á landbúnaðarlöggjöfinni til þess að unnt yrði að veita bændum stuðning við aðlögun búskapar að lífrænum búskaparháttum. Í 6. gr. búnaðarlaga, nr. 70/1998, sem einnig voru samþykkt á Alþingi 4. júní 1998, er m.a. lýst því markmiði að stuðla beri að framþróun lífrænna búskaparhátta. Landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, og Bændasamtök Íslands gerðu samning 5. mars 1999 um verkefni samkvæmt búnaðarlögum og framlög ríkisins til þeirra. Í samningnum er Bændasamtökum Íslands heimilað með tilvísun í 6. gr. búnaðarlaga að veita stuðning til lífrænnar ræktunar árin 1999–2003, nánar tiltekið til endurræktunar lands. Stuðningur mætti vera að hámarki 25.000 kr. á ha lands og 250 kr. á fermetra í gróðurhúsi. Um eingreiðslur er að ræða. Farið var að veita slíkan stuðning árið 1999 og er hann enn veittur í allt að tvö ár í senn á seinni árum. Þótt þessar greiðslur stuðli að lífrænni ræktun og búskap eru þær ekki sambærilegar þeim stuðningi sem bændur sem laga búskap sinn að lífrænum landbúnaði njóta annars staðar á Norðurlöndum og í Evrópusambandinu. Hér er

greitt í tvö ár mest en þar eru greiddir styrkir um nokkurra ára skeið. Hér á landi er eðlilegt að reikna með 5–10 ára aðlögunartíma og væri æskilegt að miða greiðslurnar við það.

Samkvæmt ályktun búnaðarþings frá 1996 starfaði vinnuhópur með fulltrúum frá VOR, – verndun og ræktun – félagi framleiðenda í lífrænum búskap, og Bændasamtökum Íslands. Hann skilaði áliti til Bændasamtaka Íslands í nóvember það ár þar sem voru gerðar tillögur um stuðning við aðlögun að lífrænum búskap og tilgreint hvernig það yrði best gert að teknu tilliti til aðstæðna hérlendis.

Búnaðarþing ályktaði aftur um stuðning við lífrænan búskap árið 1999 og taldi að stefna bæri að því að stærri hluti landbúnaðarframleiðslunnar yrði vottaður lífrænn, m.a. vegna möguleika á útflutningi lífræns dilkakjöts. Svipaðar skoðanir komu fram í skýrslu nefndar um útflutning dilkakjöts sem landbúnaðarráðherra skipaði sumarið 1999. Í skýrslunni, sem er frá 8. nóvember 1999, er greint frá því að náðst hafi allt að 25% hærra skilaverð til bænda fyrir lífrænt vottaða framleiðslu í útflutningi árin 1998 og 1999. Leggur nefndin til að í sjö ár verði veittar allt að 20 millj. kr. í fjárlögum hvers árs til þróunar og aðlögunarverkefna hjá bændum sem hefja lífræna framleiðslu dilkakjöts, einkum til útflutnings. Við endurskoðun á búnaðarlagasamningi hafa styrkirnir verið hækkaðir nokkuð en eru fjarri því að vera fullnægjandi enda aðeins til tveggja ára.

Íslensk stjórnvöld hafa á árum áður skipulagt tvö átaksverkefni til þess að kynna og styðja við lífræna framleiðslu. Er þar um ÁFORM frá 1995 að ræða og Lífræna miðstöð við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri. Hundruðum milljóna króna var varið til beggja átaksverkefna án þess þó að tilætluðum árangri, þ.e. aukinni lífrænni ræktun, hafi verið náð. Það er því álit flutningsmanna þessarar tillögu að ekki beri að efla slíka ræktun með sams konar átaki heldur að efla aðlögunarstuðning verulega og til langframa.

Umhverfismengun og heilsufarsvandamál henni tengd eru sífellt að verða mönnum ljósari. Ýmis eiturefni og önnur efni sem notuð eru í iðnvæddum búskap eða stórbúskap eru meðal þeirra þátta sem þekktastir eru. Neytendur gera því æ ríkari kröfur um heilnæm matvæli, umhverfisvernd og sjálfbæra landbúnaðarstefnu. Ljóst er að markaður fyrir lífrænt vottaðar vörur eykst stöðugt í iðnvæddum löndum. Í fyrstu var einkum um að ræða grænmeti, ávexti og kornmeti en á seinni árum búfjárafurðir á borð við mjólk, egg og kjöt af ýmsum gripum og þessu til viðbótar eykst krafa um umhverfisvænar og vottaðar neysluvörur af öllum toga. Þessi áhugi telst núorðið vart vera meiri erlendis en hér á landi. Stóraukinn innflutningur á lífrænt vottuðum matvælum auk ýmissa vörutegunda sem flokkast undir heilsuvörur ber vott um vitundarvakningu og breytt viðhorf íslenskra neytenda. Því er víðast hvar lögð stóraukin áhersla á bætta umgengni, verndun umhverfisins og náttúru. Þetta tvennt stuðlar að neyslu lífrænt ræktaðrar matvöru, þ.e. matvöru sem framleidd er með aðferðum sem uppfylla strangustu kröfur um umhverfisvernd og er jafnframt líkleg til að stuðla að betri heilsu fólks. Því hefur verið haldið fram að engar markaðsforsendur séu fyrir því að auka hlut lífrænnar ræktunar á Íslandi. En á sama tíma og innflutningur á lífrænt vottuðum vörum hingað hefur stóraukist er allt útlit fyrir að verð á kjarnfóðri og áburði fyrir hefðbundna ræktun muni stórhækka á komandi mánuðum án þess að útlit sé fyrir að þær vörur muni aftur lækka í verði. Í kjölfarið er ljóst að afurðir af hefðbundinni ræktun muni hækka hér í verði og þannig draga úr muninum á lífrænni og hefðbundinni ræktun. Hinn stóraukni innflutningur á lífrænum vörum ætti enn fremur að vera íslenskum bændum hvatning til þess að skipta yfir í lífræna ræktun.

Matarsýkingum af ýmsum uppruna hefur fjölgað á undanförnum árum, svo sem af völdum kampýlóbakter og salmonellu. Flutningur matvæla milli heimsálfa getur því verið varasamur

með tilliti til þessa, bæði vegna þess hve flutningur og geymsla sýktra matvæla getur aukið hættu á matarsýkingum og eins vegna dreifingar sýkingarinnar um stór svæði og heimshluta. Fjölónæmar bakteríur hafa valdið alvarlegum veikindum hjá fjölda manns, fleira fólk sýkist en áður og alvarlegir faraldrar hafa orðið. Bakteríustofnar eru fjölbreyttari og sumir ónæmir fyrir hefðbundnum sýklalyfjum. Þetta breytta umhverfi hefur leitt til þess að fleiri eru meðvitaðir um hollustu þess sem þeir neyta og áhugi á lífrænt ræktuðum matvælum hefur aukist að sama skapi. Líklegt er að umhverfis- og náttúruvernd, stóraukin áhersla á heilbrigt líferni og neysla lífrænt ræktaðrar matvöru verði það sem einkenni samfélagsþróunina á Vesturlöndum næstu árin. Þar við bætist mikil andstaða neytenda gegn erfðabreyttum lífverum í landbúnaði. Danir hafa tekið þessi mál föstum tökum og stefnir í að Danmörk verði fyrirmyndarland á sviði lífrænna landbúnaðarafurða. Danskar matvörur þykja ekki aðeins góðar heldur hafa danskir neytendur breytt matarvenjum sínum og kaupa lífrænar landbúnaðarvörur í stórauknum mæli. Í Danmörku er markaðshlutdeild lífrænnar mjólkur um 30%, egg, ýmsar kornvörur og gulrætur hafa yfir 10% af markaðnum en kjötvörur hafa minni hlutdeild. Lífrænt ræktaðar matvörur hafa náð fótfestu á breskum matvörumarkaði og taka undir sig æ meira pláss í hillum stórmarkaða og sömu sögu er að segja í Mið- og Suður-Evrópu.

Á Íslandi eru lífrænt vottaðar afurðir tæplega 1% af allri landbúnaðarframleiðslu og eru langt frá því að fullnægja þörfum markaðarins. Sterkar líkur má leiða að því að sama þróun verði á neysluvenjum fólks hér á landi og erlendis. Þess vegna er mikilvægt að nú þegar verði bændur hvattir og studdir til að breyta búskaparháttum svo að íslenskar lífrænt vottaðar afurðir verði á boðstólum til að mæta vaxandi eftirspurn. Í þessu sambandi er rétt að fram komi að í sauðfjársamningi eru engin ákvæði um stuðning við lífræna framleiðslu sauðfjárafurða. Sá samningur hefði verið tilvalinn til að stuðla að eflingu lífrænnar framleiðslu og búa sauðfjárbændur undir að verða við kröfum ört vaxandi eftirspurnar eftir lífrænt vottuðum vörum. Verð á matvöru, ásamt trausti á vörunni, hefur hvað mest áhrif á val neytenda og því skiptir máli að bændur sem stunda lífræna ræktun séu samkeppnisfærir á matvörumarkaðnum við bændur sem stunda hefðbundinn búskap. Þá er vitað að Whole Food í Bandaríkjunum vill að a.m.k. hluti þess dilkakjöts sem þangað er flutt sé lífrænt vottað.

Framleiðslukostnaður við lífræna ræktun er nokkuð meiri en við hefðbundna framleiðslu enda er oft reiknað með minni uppskeru á fyrstu árum aðlögunar. Þó nær jarðræktarland aftur jafnvægi og uppskera kemst í sumum greinum nálægt því að vera svipuð og jafnvel meiri en með hefðbundnum ræktunaraðferðum. Þannig hafa lengi verið kunn dæmi þess, t.d. á Indlandi, að uppskera hefði stóraukist í kjölfar þess að skipt hefði verið yfir í lífræna ræktun. Skýringin er oft sú að með lífrænum ræktunaraðferðum tekst að byggja aftur upp náttúrulega frjósemi jarðvegsins, með miklu af moldarefnum og ríkulegu lífi í jarðveginum. Einnig vegur á móti þessum aukna framleiðslukostnaði hæsta afurðaverð. Lífrænn landbúnaður er vaxtarbroddur nýsköpunar sem hefur mjög jákvæða ímynd enda eru slíkir búskaparhættir í góðu samræmi við sjálfbæra þróun og virðingu fyrir jarðvegi, gróðri og búfé. Með meiri hvatningu og stuðningi gæti lífrænn landbúnaður jafnframt stuðlað að eflingu byggðar í sveitum landsins og eflt úrvinnsluiðnað. Nú vantar lífrænt dilkakjöt til útflutnings og innan lands er markaður fyrir grænmeti og fleiri lífrænar vörur. Því verður að teljast eðlilegt að aðlögunarstuðningur við þessa grein landbúnaðar verði a.m.k. jafnmikill og í öðrum norrænum ríkjum og ætti að vera liður í búvörusamningunum sem kveða m.a. á um stuðningsgreiðslur í nokkrum veigamiklum búgreinum.

Eðlilegt væri að Ísland líti til Norðmanna og stefnumörkunar þeirra í þessum efnum. Þar eð bæði ríkin standa utan ESB njóta þau ekki styrkjakerfis bandalagsins í landbúnaði og geta

því hagað stuðningi við lífræna framleiðslu eftir eigin höfði. Þó verða þau sem aðilar að EES að fylgja reglum ESB um aðferðir, merkingar og markaðssetningu lífrænna afurða. Ólíkt Íslendingum álíta Norðmenn lífræna framleiðslu vera einn meginsóknarkostinn í landbúnaði og stefna því að því að vottað lífrænt ræktarland nemi 15% alls landbúnaðarlands í Noregi en það felur í sér fjórföldun lífrænnar ræktunar. Aðlögunarstyrkir Norðmanna til lífrænnar ræktunar teljast vera þeir hæstu á öllum Norðurlöndunum.

Athuganir hér á landi benda til þess að lífrænar ræktunaraðferðir henti einkum litlum og meðalstórum búum, eins og þau eru hér algengust. Minni arðsemi megi aftur á móti vænta á stórum eða sérhæfðum búum. Með fjölgun lífrænna búa er viðbúið að ýmiss konar framleiðslukostnaður lækki, svo sem við móttöku lífrænna efna, vinnslu þeirra og markaðssetningu, enda dregur það ekki úr kostnaði að framboð á lífrænum afurðum skuli vera lítið fyrir, framleiðendur dreifðir og flutningsleiðir langar.

Vottunarstofan Tún kom á fót starfshópi með Byggðastofnun og Staðardagskrárverkefni Sambands sveitarfélaga til að gera úttekt á lífrænni framleiðslu á Íslandi, kanna kosti lífrænna aðferða fyrir umhverfi og samfélag og gera tillögur um hagnýtingu þeirra. Þingsályktunartillögunni til stuðnings er vísað til nýútkominnar skýrslu starfshópsins: *Lífræn framleiðsla – ónotuð tækifæri í atvinnulífi landsbyggðarinnar*.

Á heimasíðu Staðardagskrár 21 segir í frétt 28. ágúst 2006 eftirfarandi:

„Í skýrslunni […] er farið yfir stöðu lífrænnar framleiðslu hérlendis í samanburði við grannþjóðirnar, lýst helstu hindrunum og hvötum sem eru á vegi lífrænnar þróunar, kortlagðar þær greinar atvinnulífs sem geta hagnýtt sér lífrænar aðferðir, og gerðar tillögur um ráðstafanir til að skapa slíkri nýsköpun frjórra umhverfi, einkum af hálfu ríkis og sveitarfélaga. […]

Í skýrslunni kemur fram að lífrænar aðferðir eru í mikilli sókn víða um heim í framleiðslu matvæla, snyrtivara, vefnaðarvara og hvers konar náttúruafurða. Stjórnvöld flestra Evrópuríkja vinna markvisst að því að hagnýta slíkar aðferðir til sóknar í byggða- og umhverfismálum. Þessi þróun hefur hins vegar að mestu farið fram hjá Íslendingum.

Til marks um stöðu lífrænnar framleiðslu hér á landi má nefna, að hér er hlutfall vottaðs lífræns nytjalands einungis 0,3%. Þetta hlutfall er 4% í löndum ESB og á bilinu 6–15% í þeim löndum sem lengst eru komin.“ Því er augljóst hversu aftarlega á merinni Íslendingar sitja í þessum efnum. Engin landfræðileg rök ættu þó að vera fyrir því: „Nokkur hundruð norrænna bænda stunda lífræna ræktun mun norðar á hnettinum en Ísland, þar sem einungis 25 býli er skráð með vottun. […]

Evrópusambandið og einstök ríki Evrópu hafa um nokkurt skeið stutt ríkulega upptöku lífrænna aðferða, m.a. sem þátt í byggðastefnu. Stjórnvöld horfa til lífrænnar þróunar sem leið til að uppfylla fjölþjóðlegar skuldbindingar um sjálfbæra þróun og líffræðilega fjölbreytni. Opinber stuðningur við lífræna aðlögun er liður í markvissari hagnýtingu fjármuna til sjálfbærrar atvinnuþróunar í stað framleiðslutengdra styrkja.

Skýrslan bendir á nauðsyn þess að Ísland leiti inn á sömu braut. Hún rekur styrkleika í íslensku umhverfi, markaðsaðstæðum og viðhorfum sem hagnýta beri í því skyni, svo sem frábæran árangur nokkurra bænda og fyrirtækja í ræktun, úrvinnslu og markaðssetningu; dæmi um jákvæð áhrif lífrænnar vottunar á útflutningsmöguleika; gríðarlega aukningu eftirspurnar; traust vottunarkerfi á alþjóðlegum grunni; og jákvæð viðhorf almennings og stjórnmálamanna til lífrænnar framleiðslu.“

Fylgiskjal I.

Lífræn framleiðsla. Ónotað tækifæri í atvinnulífi landsbyggðarinnar.
(Úr skýrslu starfshóps um stöðu og möguleika
lífrænnar framleiðslu á Íslandi, júní 2006.)

Í nóvember 1998 samþykktu forsætisráðherrar Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, auk pólitískra leiðtoga sjálfstjórnarsvæðanna (Álandseyja, Færeyja og Grænlands), yfirlýsingu um sjálfbær Norðurlönd. Nú er í gildi ný endurskoðuð áætlun fyrir árin 2005–2008, sem byggir á yfirlýsingunni og hefur verið samþykkt af stjórnvöldum allra norrænu ríkjanna. Í nýju áætluninni er langtímamarkmiðum sjálfbærrar þróunar lýst til ársins 2020, ásamt markmiðum og verkefnum fram til ársins 2008. Í 11. kafla áætlunarinnar, sem fjallar um landbúnað, kemur m.a. fram að á árunum 2005–2008 muni Norðurlöndin „í sameiningu efla lífrænan landbúnað og halda áfram norrænum aðgerðum til að auka hann með markvissu starfi í öllum hlekkjum framleiðslukeðjunnar frá frumframleiðslu og gegnum framleiðsluferlið til neyslu.“

Framlög norska ríkisins til lífrænnar framleiðslu árið 2006.

Styrkþættir	Millj. NKR	Millj.ÍKR	%
Landbúnaður – styrkir til bænda*)	79,7	866	56
Markaðs- og vöruþróun	32,0	348	22
Rannsóknir og ráðgjöf	14,0	152	10
Vottunarþjónusta og félagasamtök	17,2	187	12
Samtals	***142,9***	***1.553***	***100***

*) Styrkir til bænda	*Aðlögunar-styrkur 1 & 2 ár Kr/ha/ár*	*Fram-halds-styrkur Kr/ha/ár*	*Stuðningur við lífræna búfjárrækt Mishár eftir svæðum Kr/dýr/ár* Sv 1-4	Sv 5-7
Kornrækt, grænmetisræktun, ávextir	81.450	27.150		
Jarðvegsbætur m. lífr. efnum (grønngjødsling)	81.450	59.730		
Heimahagar	0	5.973		
Annað ræktunarland	81.450	5.973		
Mjólkurkýr, kálfeldiskýr			6.842	9.557
Aðrir nautgripir			2.063	3.041
Sauðfé (eldra en árs gamalt)			1.086	1.412
Geitur			760	977
Svín til undaneldis (Avlsgris)			2.715	2.715
Sláturgrísir			434	434

Heimildir: Emil Mohr, Norska landbúnaðarráðuneytinu – Statens Landbruksforvaltning.
Upphæðir í íslenskum krónum reiknaðar á miðgengi 22.3.2006: 1 NKR = 10,86 IKR.

Noregur og Ísland eiga það sameiginlegt að standa utan ESB en vera aðilar að EES. Þessar þjóðir njóta því ekki styrkjakerfis ESB í landbúnaði, og er þeim í sjálfsvald sett hvernig þær styðja lífræna framleiðslu. Á hinn bóginn þurfa þær að lúta reglum ESB um aðferðir, merkingar og markaðssetningu lífrænna afurða.[1] Landbúnaður ríkjanna á margt sameiginlegt og bæði byggja þau á ríkri hefð fyrir miklum opinberum útgjöldum til styrktar landbúnaði almennt. Stefnumótun stjórnvalda í málefnum lífrænnar framleiðslu er hins vegar með mjög ólíkum hætti.

Í Noregi er litið á lífræna framleiðslu sem einn meginsóknarkostinn í norskum landbúnaði og unnið er eftir opinberri framkvæmdaáætlun sem miðar að því að fjórfalda lífræna ræktun á næstu tíu árum þannig að vottað lífrænt nytjaland verði 15% alls landbúnaðarlands árið 2015. Umtalsvert fjármagn er veitt í fjárlögum norska ríkisins til uppbyggingar framleiðslu, þjónustu og markaðsþróunar í þessari grein (sjá töflu 6).

Auk aðildar að áætlun Norðurlandanna um sjálfbæra þróun áttu íslensk stjórnvöld aðild að gerð skýrslu um það mál þar sem lýst var því markmiði að efna beri til samnorræns átaks um að auka lífræna ræktun. Íslensk stjórnvöld stóðu einnig að samþykkt norrænna matvælaráðherra árið 2001 um að efla skuli lífræna framleiðslu.[2]

Íslensk stjórnvöld hafa unnið með hagsmuna- og sérfræðiaðilum að setningu viðeigandi lagareglna um framleiðslu, merkingar og eftirlit með lífrænni framleiðslu, fyrst með setningu laga og reglugerðar 1994–1995, og nú síðast með því að innleiða reglugerð ESB þar um í formi reglugerðar nr. 74/2002. Þau hafa hins vegar ekki gert framkvæmdaáætlun eða markað stefnu um þróun og uppbyggingu lífrænnar framleiðslu og engin markmið hafa verið sett þar að lútandi, ólíkt því sem stjórnvöld flestra ríkja Vestur-Evrópu hafa gert.

Aðlögunarstyrkir til lífrænnar ræktunar, sambærilegir þeim sem fáanlegir eru í flestum nágrannalöndum okkar, standa íslenskum framleiðendum ekki til boða. Þó má greina vísi að slíkum stuðningi í reglum um fjárframlög til þróunarverkefna og jarðabóta samkvæmt búnaðarlagasamningi sem kveða á um þrenns konar stuðning við lífræna ræktun:

a. Stuðning við endurræktun túna og akra, sem sett hafa verið í lífræna aðlögun, 30.000 kr. á hvern ha lands í allt að tvö ár á aðlögunartímanum (25.000 kr. á árunum 1999–2002),
b. stuðning við lífræna aðlögun gróðurhúsaræktunar, 300 kr. á hvern fermetra gróðurhúss í allt að tvö ár á aðlögunartímanum (250 kr. á árunum 1999–2002),
c. stuðning við kostnað vegna eftirlits og vottunar í eitt ár, 40.000 kr. (frá árinu 2006).

Stuðningur þessi virðist hvorki nægur né skilgreindur þannig að hann hvetji bændur til að taka upp lífrænar aðferðir. Framlög til þessa liðar á undanförnum árum hafa verið lág og lækkuðu raunar úr 8 millj. kr. á ári í 5 millj. kr. vegna þess hve fáir sóttust eftir stuðningi, en að jafnaði hafa aðeins sex bændur hlotið styrk á ári hverju. Á síðustu fimm árum hefur einungis þriðjungur frátekins fjármagns verið notaður (sjá töflu 7).

---

[1] Reglugerð ESB nr. 2092/91 um lífræna landbúnaðarframleiðslu fellur undir svonefnd staðlamál innan ESB og tilheyrir þar með II. viðauka samningsins um Evrópskt efnahagssvæði (EES). Ísland og Noregur verða þess vegna að vinna samkvæmt henni og hefur sérstök reglugerð verið sett hér á landi því til staðfestingar (nr. 74/2002).

[2] Sjá yfirlýsingu leiðtoga ríkis- og landsstjórna Norðurlandanna, „Sjálfbær Norðurlönd“, sem undirrituð var í Ósló 9. nóvember 1998; Norræna ráðherranefndin (2001), Sjálfbær Þróun – Ný stefna fyrir Norðurlönd, bls. 501, og endurskoðuð útgáfa sömu skýrslu (2005); og yfirlýsing matvælaráðherra Norðurlandanna á fundi þeirra á Grænlandi 2001.

Líklegt er að við skilgreiningu aðlögunarstyrkja þurfi að skýra mun nánar í hverju aðlögun felst og gera ráð fyrir lengri aðlögunartíma fyrir nytjaland hér á landi samanborið við lönd með hlýrra veðurfar. Af þeirri ástæðu má færa fyrir því gild rök að styrkja þurfi lífræna aðlögun í 3–5 ár í stað 1–2 ára eins og gert er ráð fyrir í gildandi reglum.

Að frátöldum framlögum samkvæmt búnaðarlagasamningi þurfa framleiðendur lífrænna afurða að keppa um fjármagn úr almennum sjóðum, sem ekki leggja sérstaka áherslu á lífræna ræktun. Þannig veitir Framleiðnisjóður landbúnaðarins styrki til nýsköpunar eða markaðsmála í landbúnaði, en megináhersla hans er á verkefni sem stuðla að aukinni framleiðni eða búháttabreytingum (þ.e. upptöku nýrra búgreina).

Framlög til lífrænnar ræktunar 2001–2005.*

Þróunar og jarðabótastyrkir skv. búnaðarlagasamningi 1998 og 2002.

Ár	Frátekið fjármagn *(m.kr.)*	Notað fjármagn *(m.kr.)*	Nýtingar-hlutfall *(%)*	Fjöldi styrkþega *n*
2001	8,0	2,8	35	6
2002	8,0	1,0	13	7
2003	5,0	2,3	46	8
2004	5,0	3,3	66	6
2005	5,0	0,5	10	3
Samtals	31,0	9,9	32	-

ATH.: Skv. búnaðarlagasamningi 2005 fyrir tímabilið 2006-2010 er frátekið fjármagn til þessa málaflokks kr. 5,0 milljónir á ári.

Heimild: Borgar P. Bragason/Bændasamtök Íslands, febrúar 2006.

* Tölurnar fyrir 2006 eru sem hér segir (heimild: Gylfi Orrason/Bændasamtök Íslands, febrúar 2008):
  – Frátekið fjármagn (m.kr.): 5,0
  – Notað fjármagn (m.kr.): 0,26
  – Nýtingarhlutfall (%): 5
  – Fjöldi styrkþega n: 1

  Samtals 2001–2006:
  – Frátekið fjármagn (m.kr.): 36,0
  – Notað fjármagn (m.kr.): 10,16
  – Nýtingarhlutfall (%): 29,2
  – Fjöldi styrkþega n: –

Fylgiskjal II.

Norskir bændur í lífrænum búskap þéna meira.
(Bændasamtök Íslands, 11. des. 2006.)

Kúabændur sem stunda lífrænan búskap þéna meira en hefðbundnir starfsbræður þeirra. Þetta sýna hagfræðitölur frá norsku landbúnaðarrannsóknarstöðinni.

Þetta er í fyrsta sinn sem bændur er stunda lífrænan búskap og hefðbundnir bændur eru bornir saman í Noregi á þennan hátt. Niðurstaðan sýnir að bú þar sem lífræn ræktun er stunduð eru auðsjáanlega með betri fjárhagsniðurstöður og að meðaltali með um 120.000 kr. aukalega í vasann yfir árið.

Reiknuð var upphæðin sem bændurnir áttu eftir þegar vinnuframlag og eigið fjármagn var búið að reikna frá kostnaði. Fyrir hvert ársverk reiknaðist að meðaltali um 1.851.000 kr. fyrir lífrænu bændurna en 1.729.000 kr. fyrir hina.

Rannsóknarmennirnir voru hissa á því að svo virðist sem lífrænu kúabændurnir eyði færri vinnustundum í störf sín en hefðbundnir bændur.

Sauðfjárbændur sem stunda lífræna ræktun voru rannsakaðir í Hordaland í Noregi yfir fjögurra ára tímabil. Þar var niðurstaðan sú sama, þ.e. sauðfjárbændur sem stunduðu lífræna ræktun höfðu það best fjárhagslega og nokkrir þeirra höfðu það virkilega gott.

Fylgiskjal III.

Norsk stjórnvöld verða að fjórfalda framlög til lífræns landbúnaðar.
(Bændasamtök Íslands, 28. des. 2006.)

Norska ríkisstjórnin verður á næstu árum að fjórfalda styrki til lífræns landbúnaðar. Þetta staðfestir vinnuhópur á vegum landbúnaðar- og matvælaráðherra landsins, Terje Riis-Johansen. Vinnuhópurinn hefur mælt með nauðsynlegum leiðum fyrir ríkisstjórnina til að ná markmiðum sínum sem fela í sér 15% lífræna matvælaframleiðslu fyrir árið 2015.

Í dag er um 100 millj. norskra kr. ráðstafað í styrki til lífræns landbúnaðar en ef ríkisstjórnin ætlar að ná fyrrgreindum markmiðum verða þeir að punga út til samans 425 millj. kr. í lífræn framlög árið 2015.

Nú eru aðeins 4,2% af öllu landbúnaðarsvæði í Noregi í lífrænni ræktun og hlutfall húsdýra sem alin eru samkvæmt skilyrðum um lífræna framleiðslu á milli 0,1–4,8%. Þó að ríkið megi reikna með að borga út hlutfallslega meiri framlög en í dag er lítið aukalega sem fer til hvers bónda. Samanlagðri framlagstölu, sem verður nærri hálfur milljarður norskra króna, verður deilt á fleiri bændur sem stunda lífrænan búskap.

Nokkrir af framleiðsluþáttunum, t.d. mjólk og sauðfé, fengu mikinn meðbyr á þessu ári. Vinnuhópurinn leggur nú til örlitla aukningu fyrir hvern bónda, sérstaklega fyrir þá sem rækta grænmeti, ávexti og ber. Bændur sem stunda lífrænan búskap en fara aftur í hefðbundinn búskap sleppa við að borga til baka greiðslu vegna breytinga. Það verða þeir að greiða í dag ef þeir hafa stundað lífræna ræktun í minna en sjö ár.

Fylgiskjal IV.

Stefnumótun í lífrænum landbúnaði á Íslandi.
Úr kafla 4: Stefnumörkun – áætlun.
(Lífræn miðstöð Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri, 9. okt. 2002.)

Þrátt fyrir frumkvæði Landbúnaðarráðuneytisins með stofnun Áforms – átaksverkefnis og stofnun Lífrænnar miðstöðvar, hefur Landbúnaðarráðuneytið ekki lýst yfir sérstökum áhuga á lífrænni framleiðslu, á sama hátt og á Norðurlöndunum, Bretlandi og Þýskalandi. Þetta hefur trúlega þau áhrif að lífrænn landbúnaður nýtur ekki viðurkenningar innan landbúnaðargeirans almennt.

Áhugi stjórnvalda og ráðunautaþjónustu á lífrænum landbúnað getur m.a. haft jákvæð áhrif á eftirspurn eftir íslenskum lífrænum framleiðsluafurðum, umhverfisvænni búrekstrarform og að færa vísindalega þekkingu á hefðbundnum búrekstri yfir í umhverfisvænni farveg þar sem hvorki eru nýtt plöntuverndarefni, né tilbúinn áburður. Á margan hátt geta þessi búrekstrarform bætt hvort annað upp, svo sem til að bæta nýtingu búfjáráburðar, finna hagkvæmari og betri sjúkdómsmeðferðir, tækni til endurræktunar sem skerðir sem minnst frjósemi jarðvegs o.s.frv. Benda þarf á að lífrænn búrekstur og lífrænar afurðir eru valmöguleikar sem íslenskur landbúnaður býður upp á.

Mikilvægt er að gera grein fyrir góðum áhrifum lífræns landbúnaðar á umhverfið, velferð dýra, gæði og öryggi matvæla og byggðastefnu. Reynslan hefur sýnt að þar sem ráðamenn kynna þennan valmöguleika hefur viðhorf almennings orðið vinsamlegt gagnvart landbúnaði almennt og fólk fúsara til að greiða sanngjarnt verð fyrir framleiðsluna. Landbúnaðurinn mun því hagnast og verð hefðbundinna landbúnaðarafurða til bænda mun síður falla. […]

Stuðningur við lífræna búskaparhætti.

Aðlögunarstyrkir ættu að hvetja til þróunar á lífrænni landbúnaðarframleiðslu í öllum landshlutum. Sá stuðningur þarf að tengjast aðlögun búfjár og nytjalands. Markmið með slíkum styrkjum er að hvetja til lífrænnar ræktunar og að ná þannig að uppfylla spurn eftir lífrænum afurðum. Aðlögunarstyrkirnir eiga að geta jafnað þann aukna kostnað og þá uppskerurýrnun sem á sér stað fyrstu árin við aðlögun. Almennt þarf að hvetja til fjölbreyttari ræktunar, meiri endurræktunar og gerð sáðskipta- og landnýtingaráætlana. […]

Við aðlögun að lífrænum vottunarreglum þurfa framleiðendur að endurskoða húsakynni sín og aðstöðu. Gerð er m.a. krafa um meira rými á hvern grip og daglega útivist og í grænmetisframleiðslu sérstakrar aðstöðu fyrir pökkun og vinnslu. Þetta hefur haft í för með sér fjárfestingar sem annars hefði ekki komið til.

733. Nefndarálit [271. mál]

um frv. til l. um upprunaábyrgð á raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum o.fl.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðjón Axel Guðjónsson og Lárus M.K. Ólafsson frá iðnaðarráðuneytinu, Elínu Smáradóttur frá Orkustofnun, Kristján Halldórsson frá Landsneti og Unni Maríu Þorvaldsdóttur frá Landsvirkjun. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá Landsneti hf., Landsvirkjun, Norðurorku hf., Orkuveitu Reykjavíkur, Samorku – samtökum orku- og veitufyrirtækja, Samtökum atvinnulífsins og Umhverfisstofnun. Einnig hafa borist tilkynningar frá Orkustofnun, Orkusölunni ehf., Sveinbirni Björnssyni og Eyþingi – sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum.

Í þessu frumvarpi er Landsneti hf. falið að annast útgáfu upprunaábyrgða sem framleiðendur endurnýjanlegrar raforku geta óskað eftir í þeim tilgangi að selja þær aðilum innan Evrópska efnahagssvæðisins sem sjá sér hag í að styrkja endurnýjanlega orkuframleiðslu. Um leið miðar frumvarpið að því að innleiða efni tilskipunar nr. 2001/77/EB sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/2005.

Markmið tilskipunarinnar er að stækka markaðshlutdeild endurnýjanlegrar orku á evrópskum raforkumarkaði með því að tryggja aðgang framleiðenda að raforkukerfi innri markaðarins og jafnframt að gefa þeim færi á að auðkenna uppruna orkunnar til hagsbóta fyrir notendur og umhverfið. Aðildarríkin eru hvött til þess að setja sér markmið varðandi hlutfall endurnýjanlegrar orku í heildarorkunotkun undir eftirliti framkvæmdastjórnarinnar sem jafnframt er ætlað að fylgjast með því hvernig aðildarríkin veita styrki í þágu umhverfisvæns orkuiðnaðar.

Á fundum nefndarinnar kom fram að Orkustofnun hefði við undirbúning virkjana hér á landi lagt til grundvallar sín eigin viðmið við mat á því hvort þær væru sjálfbærar og að samþykkt frumvarpsins mundi ekki hafa þær afleiðingar að slegið yrði af þeim kröfum.

Einnig ræddi nefndin ástæður þess að Landsneti hf. yrði falin umsjón með útgáfu upprunaábyrgða en því til stuðnings var vísað til skilvirknissjónarmiða og þess að annars staðar á Norðurlöndum væri sams konar fyrirkomulag við lýði. Kom fram sá skilningur að með frumvarpinu stæði ekki til að fela Landsneti hf. vald til töku stjórnvaldsákvörðunar heldur væri útgáfa ábyrgðar komin undir staðfestingu Orkustofnunar sem jafnframt yrði falið að staðfesta þær viðmiðanir sem útgáfa ábyrgðar væri reist á. Þar af leiðandi má gera ráð fyrir að synjun stofnunarinnar um staðfestingu á útgáfu ábyrgðar sæti kæru til iðnaðarráðuneytis samkvæmt almennum reglum stjórnsýsluréttar, sbr. 26. gr. laga nr. 37/1993.

Nefndin bendir á að þær röksemdir sem búa að baki tilskipuninni eigi ekki nema öðrum þræði við um Ísland þar sem íslenska raforkukerfið er ekki samtengt hinum evrópska innri markaði og að auki vegna þeirrar sérstöðu sem Ísland hefur í framleiðslu endurnýjanlegrar orku. Nefndin tekur þó fram að umsagnir sem henni hafa borist hafi verið jákvæðar.

Nefndin leggur til nokkrar breytingar og varðar hin veigamesta rýmkun á tímamörkum sem um er getið í 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins. Nefndin tekur ekki undir ýtrustu óskir í umsögnum varðandi lengd tímamarka en telur mikilvægt að þau verði endurskoðuð í ljósi reynslunnar ef þörf krefur og með hliðsjón af hagsmunum orkufyrirtækja. Nefndin vekur

einnig athygli á því að tillögur hennar til breytinga á 3. gr. eru til þess fallnar að bæta samræmi milli einstakra ákvæða frumvarpsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Steingrímur J. Sigfússon skrifar undir álitið með fyrirvara.

Alþingi, 27. febr. 2008.

Katrín Júlíusdóttir, form., frsm.	Guðni Ágústsson.	Ragnheiður E. Árnadóttir.
Grétar Mar Jónsson.	Ólöf Nordal.	Ellert B. Schram.
Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.	Ragnheiður Ríkharðsdóttir.	Kjartan Ólafsson.

734. Breytingartillögur [271. mál]

við frv. til l. um upprunaábyrgð á raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum o.fl.

Frá iðnaðarnefnd.

1. Við 2. gr. Í stað orðsins „hefðbundnir“ í 3. tölul. komi: óendurnýjanlegir.
2. Við 3. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo:
      Landsnet hf. annast útgáfu upprunaábyrgða á raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum.
   b. Í stað tilvísananna „1. mgr.“ og „2. mgr.“ í 3. mgr. komi: 4. gr., og: 6. gr.
3. Við 4. gr.
   a. Í stað orðanna „Staðlaðar upprunaábyrgðir“ í 1. mgr. komi: Upprunaábyrgðir.
   b. 2. mgr. falli brott.
   c. Í stað orðsins „rafmagns“ í 3. mgr. komi: raforku.
   d. Í stað orðanna „eitt ábyrgðarskírteini“ 4. mgr. komi: eina upprunaábyrgð.
4. Við 5. gr. Í stað orðanna „30 dögum“ í 1. mgr. komi: 90 dögum.

735. Skýrsla [462. mál]

Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins fyrir árið 2007.

1. Inngangur.

Af þeim fjölmörgu og margþættu málum sem fjallað var um á vettvangi Alþjóðaþingmannasambandsins (IPU) á árinu 2007 vill Íslandsdeildin leggja áherslu á eftirfarandi atriði, en þau tengjast öll markmiðum sambandsins, þ.e. að vinna að friði og samstarfi meðal þjóða og treysta lýðræði og þjóðkjörin fulltrúaþing í sessi.

Fyrst ber að nefna breytingar sem hafa orðið á skipulagi funda IPU, en á vorþingi 2007 var fyrirkomulagi haustþinga sambandsins breytt í þá veru að lögð verður áhersla á störf nýrrar nefndar IPU um málefni Sameinuðu þjóðanna. Haustfundir fastanefnda IPU fá í þess stað minna vægi og leggja áherslu á opnar umræður og samræður við sérfræðinga til undirbúnings umræðu fastanefndanna á komandi vorþingum. Þá var einnig ákveðið að lengja fundi ráðsins á haustþingum, m.a. til að auka áhrif þingmanna á ákvarðanir um starfsemi IPU.

Í öðru lagi má nefna umræðu um friðsamlega sambúð ólíkra trúarbragða, en segja má að sjaldan hafi verið meiri þörf á umræðum og skoðanaskiptum á milli menningarheima en nú. 1. fastanefnd IPU um frið og alþjóðleg öryggismál lagði fram skýrslu um málið og var ályktun samþykkt á grundvelli hennar. Segja má að IPU sé eini vettvangurinn þar sem þingmenn frá nær öllum ríkjum heims geta rætt saman, skipst á skoðunum og reynt að ná sameiginlegri niðurstöðu um málefni. Á slíkum fundum takast kynni með fólki frá ólíkum þingum og mikilsverð tækifæri til að efla tengsl og samvinnu við þing frá öðrum menningarsvæðum.

Í þriðja lagi ber að nefna starf IPU til að efla lýðræði. Mörg aðildarþing sambandsins eru ekki lýðræðislega kjörin og í sumum fer ekkert eiginlegt löggjafarstarf fram. Þingmenn frá slíkum þingum kynnast lýðræðislegum vinnubrögðum á þingum IPU, en jafnframt vinnur sambandið mjög mikilvægt starf í þessa veru á milli þinga. Námskeið eru haldin fyrir þing sem eru að feta sig áfram á lýðræðisbraut um ýmsa þætti þingstarfsins, stundum í samvinnu við viðeigandi stofnun Sameinuðu þjóðanna eða aðra alþjóðastofnun. Sem dæmi um námskeið sem haldin voru árið 2007 má nefna námsstefnu í Burkina Faso fyrir þjóðþing í frönskumælandi Afríku um hlutverk þjóðþinga við innleiðingu alþjóðlegra og svæðisbundinna mannréttinda, námsstefnu fyrir asísk þjóðþing um sjálfbæra þróun sem haldin var í Laos og svæðisbundið málþing um úrræði þinga á sviði barnaverndar í Suðaustur-Asíu sem haldið var í Pakistan. IPU veitir jafnframt einstökum þingum tæknilega aðstoð og þjálfun.

Af öðrum stórum málum sem tekin voru til umfjöllunar á þingum IPU árið 2007 má nefna atvinnusköpun og atvinnuöryggi á tímum hnattvæðingar, umræðu um hvernig stuðla megi að fjölbreytni og jafnrétti með sameiginlegum lýðræðis- og kosningastöðlum og brýna nauðsyn þess að stöðva víðtæk mannréttindabrot í Myanmar og koma aftur á lýðræðislegum réttindum í landinu.

2. Almennt um IPU.

Aðild að IPU eiga nú 147 þing en aukaaðilar að sambandinu eiga sjö svæðisbundin þingmannasamtök. Hlutverk IPU er að stuðla að skoðanaskiptum þingmanna frá öllum heimshornum og hlúa að samstarfi þeirra. IPU fjallar um alþjóðamál og samþykkir ályktanir um þau og vinnur að framgangi mannréttindamála sem eins grundvallarþáttar lýðræðis og þingræðis. Þá vinnur IPU að styrkingu þjóðþinga og aðstoðar við þróun lýðræðislegra vinnu-

bragða innan þeirra. Sambandið styður starfsemi Sameinuðu þjóðanna og á margvíslegt samstarf við stofnanir þeirra. Höfuðstöðvar sambandsins eru í Genf, en sambandið rekur jafnframt skrifstofu í New York.

IPU heldur tvö þing á ári, eitt stærra þing að vori sem haldið er í einu af aðildarríkjum sambandsins og eitt minna þing að hausti sem haldið er í Genf nema annað sé ákveðið sérstaklega. Auk þess heldur sambandið nokkrar alþjóðlegar ráðstefnur og málstofur á ári hverju, oftast um málefni sem eru efst á baugi innan Sameinuðu þjóðanna hverju sinni og þá gjarnan í tengslum við tiltekna ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. Þá eru haldnar námsstefnur fyrir þjóðþing sem óska eftir slíku um ýmsa þætti löggjafarstarfsins og eflingu lýðræðis.

Þrjár fastanefndir starfa innan Alþjóðaþingmannasambandsins:

1. nefnd: friðar- og öryggismálanefnd,
2. nefnd: nefnd um sjálfbæra þróun, efnahags- og viðskiptamál,
3. nefnd: nefnd um lýðræði og mannréttindamál.

Ráð IPU, sem í eiga sæti þrír fulltrúar frá hverri landsdeild (fulltrúum fækkar í tvo ef sendinefnd samanstendur ekki af fulltrúum beggja kynja), markar stefnu samtakanna og hefur umsjón með starfi nefnda og vinnuhópa. Á milli funda hefur sautján manna framkvæmdastjórn umsjón með daglegum rekstri samtakanna, undirbýr fundi ráðsins og fylgir eftir ákvörðunum þess. Auk fastanefnda sambandsins skila nefndir og vinnuhópar sem starfa innan sambandsins skýrslum til ráðsins til afgreiðslu, en um er að ræða nefnd um málefni Sameinuðu þjóðanna, nefnd um mannréttindi þingmanna, nefnd um málefni Miðausturlanda, vinnuhóp um málefni Kýpur, nefnd til að auka virðingu fyrir alþjóðlegum mannúðarlögum, undirbúningsnefnd kvennafundar IPU og vinnuhóp um samstarf kynjanna. Nefnd um mannréttindi þingmanna vinnur mikið starf á milli þinga og gefur út skýrslu fyrir hvert þing IPU þar sem hún fer yfir mál þingmanna sem mannréttindi hafa verið brotin á, hvort sem um er að ræða fangelsun, hótanir, barsmíðar, mannshvarf eða dauðsfall. Nefndin heimsækir viðkomandi lönd, ræðir við málsaðila og aflar gagna. Málum er fylgt eftir, oft árum saman, þar til einhver niðurstaða fæst. Ráð IPU samþykkir á hverju þingi ályktanir sem grundvallast á skýrslu nefndarinnar.

Ályktanir IPU eru ekki bindandi fyrir þjóðþing aðildarríkjanna. Þær endurspegla hins vegar umræðu um mikilvæg málefni sem hinar ýmsu þjóðir glíma við. Vegna virkrar þátttöku þingmanna í umræðum á þingum IPU og ólíkra sjónarmiða þeirra hafa alþjóðastofnanir lagt áherslu á að fylgjast vel með ályktunum IPU, enda hafa þær iðulega bent á nýjar leiðir og nýjar hugmyndir að lausn mála.

3. Skipan Íslandsdeildar.

Fram að Alþingiskosningum 12. maí voru aðalmenn Íslandsdeildarinnar Ásta Möller formaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Kristján L. Möller, þingflokki Samfylkingar og Hjálmar Árnason varaformaður, þingflokki Framsóknarflokks. Varamenn voru Bjarni Benediktsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Jóhann Ársælsson, þingflokki Samfylkingar og Guðjón Ólafur Jónsson, þingflokki Framsóknarflokks. Ný Íslandsdeild var kosin 31. maí. Samkvæmt breytingum á þingsköpum gildir sú kosning deildarinnar fyrir allt kjörtímabilið. Þingið getur þó hvenær sem er kosið að nýju ef fyrir liggur beiðni meiri hluta þingmanna þar um. Aðalmenn voru Ásta Möller, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Ágúst Ólafur Ágústsson, þingflokki Samfylkingar og Þuríður Backman, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Varamenn voru Birgir Ármannsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Lúðvík Bergvinsson, þingflokki Samfylkingar og Atli Gíslason, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns fram-

boðs. Á fundi Íslandsdeildar 4. júní var Ásta Möller kosin formaður og Ágúst Ólafur varaformaður.

Fyrri hluta árs var Belinda Theriault ritari Íslandsdeildar en frá miðjum júlí tók Arna Gerður Bang við sem ritari deildarinnar. Íslandsdeildin hélt fimm fundi á árinu, en á þeim fór aðallega fram undirbúningur fyrir þátttöku í þingum IPU.

4. Starfsemi Íslandsdeildar og yfirlit yfir fundi.

Íslandsdeildin var venju samkvæmt mjög virk í starfi IPU á árinu og lét að sér kveða í öllum helstu málum sem komu til umræðu í nefndum og á þingum sambandsins. Hér á eftir verður gerð grein fyrir fundum á árinu og starfsemi Íslandsdeildar.

Tólfplús-hópurinn.

Venja er að daginn fyrir upphaf þings hittist Tólfplús-hópurinn, sem er samstarfsvettvangur vestrænna lýðræðisríkja. Hópurinn hittist síðan á fundum flesta morgna meðan þing stendur til að fara yfir öll helstu mál þingsins og samræma afstöðu eins og hægt er. Á þeim fundum eru jafnframt fulltrúar hópsins í embætti og störf á vegum IPU valdir. Tveir þingmenn frá aðildarríkjum hópsins hafa seturétt á fundunum.

Á vorþinginu náðist samstaða um að styðja breytingar á starfi IPU sem voru til afgreiðslu á fundi ráðs IPU, en þær gengu m.a. út á að gera nokkrar breytingar á fyrirkomulagi haustþingsins og stofna sérstaka nefnd innan IPU um málefni Sameinuðu þjóðanna. Þá var síðari hluta vikunnar mikil umræða um utandagskrárumræðuefni þingsins og í því sambandi störf forseta indónesíska þingsins, sem hafði samkvæmt hefð verið kjörinn forseti IPU-þingsins á Balí. Töldu fulltrúar Tólfplús-hópsins þingforsetann ekki vinna samkvæmt reglum IPU við afgreiðslu á neyðarályktun þingsins.

Á haustþinginu voru Serbar boðnir velkomnir en þeir eru nýir meðlimir Tólfplús-hópsins. Formaður upplýsti fundarmenn um að forseti namibíska þingsins, Theo-Ben Gurirab, hafi verið tilnefndur sem eftirmaður forseta IPU-þingsins, en kosningar fara fram í október 2008. Kynnt var fjárhagsáætlun IPU fyrir 2008 og rætt um skýrslu um fjármál sambandsins. Ásta Möller lagði fram spurningu um frjáls framlög til samtakanna og hvers vegna markmiðum varðandi þau hafi ekki verið náð fyrir síðasta ár. Svarið var að búið væri að skilgreina sérverkefnin áður en farið væri af stað með fjáröflun og því erfitt að áætla hversu vel fjáröflunin gengi.

Finn Martin Vallersnes, formaður norsku landsdeildarinnar, situr í ráðgjafarnefnd um nýja nefnd um málefni Sameinuðu þjóðanna (SÞ) og fræddi hann fundargesti um helstu markmið nefndarinnar. Hann lagði áherslu á mikilvægi þess að styrkja sambandið milli SÞ og þjóðþinga í gegnum starfsemi IPU. Ráðgjafarnefndin hafði komist að samhljóða niðurstöðu um fjögur málefni sem nefndin leggur áherslu á. Í fyrsta lagi friðargæslu SÞ og hlutverk þjóðþinga við enduruppbyggingu eftir stríðsátök. Í öðru lagi skýrslu aðalritara SÞ um kerfisbundið samræmi í störfum stofnana SÞ hvar sem er í heiminum. Í þriðja lagi þúsaldarmarkmiðin séð út frá þingræðislegu sjónarmiði, og í fjórða lagi fjármagn SÞ við gerð þróunarskýrslna, staðfestingu og framkvæmd mannréttindasáttmála og dreifingu upplýsinga, sérstaklega sem snerta fjárhagsáætlanir.

Framkvæmdastjóri IPU, Anders Johnson, sat fyrir svörum á fundi hópsins og fór yfir breytingar á starfsreglum þingsins og fjárhagsáætlun næsta árs. Formaður hópsins, John Austin, óskaði eftir tilnefningum í sérstakan hóp sem hefði það hlutverk að meta þær breyt-

ingar sem samþykktar höfðu verið á síðasta haustþingi sambandsins og komu til framkvæmda í fyrsta sinn á umræddu þingi. Hópurinn var skipaður og mun gefa skýrslu að ári.

Kosningar fóru fram um eftirmann Austin í stöðu Tólfplús-hópsins í framkvæmdastjórn IPU. Tveir þingmenn voru í framboði, þeir Donald Oliver frá Kanada og Robert del Picchia, franskur öldungadeildarþingmaður. Leynileg kosning fór fram á morgunfundi hópsins og var del Picchia kjörinn fulltrúi hópsins í framkvæmdastjórninni og tók við eftir lok þingsins í Genf. Þess má geta að íslensku þingmennirnir studdu del Picchia, en hvert aðildarríki hefur tvö atkvæði í hópnum.

Norrænt samstarf.

Tveir norrænir samráðsfundir eru haldnir árlega til að fara yfir málefni komandi þings og samræma afstöðu Norðurlanda eins og hægt er. Norðurlönd skiptast á að fara með stjórn norræna hópsins og voru Íslendingar í forustu á árinu. Fyrri fundurinn var haldinn í Reykjavík 20. mars og sá síðari í Stykkishólmi 5. september 2007. Ásta Möller, formaður Íslandsdeildar og Hjálmar Árnason sóttu fundinn í Reykjavík auk Belindu Theriault ritara. Fundinn í Stykkishólmi sóttu Ágúst Ólafur Ágústsson varaformaður, Þuríður Backman og Björk Guðjónsdóttir auk Örnu Gerðar Bang, ritara Íslandsdeildar og Magneu Marinósdóttur alþjóðaritara.

116. þings IPU í Nusa Dua 28. apríl–4.maí.

Af hálfu Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins sóttu þingið Hjálmar Árnason varaformaður, Drífa Hjartardóttir og Jón Gunnarsson auk Belindu Theriault ritara. Við setningu þingsins fluttu eftirfarandi aðilar ávörp: H.R. Agung Laksono, forseti indónesíska þingsins, P. Casini, forseti IPU, S. Kakakhel, aðstoðarframkvæmdastjóri umhverfisáætlunar Sameinuðu þjóðanna og dr. Susilo Bambang Yudhoyono, forseti Indónesíu. Síðar á þinginu fluttu utanríkisráðherra Indónesíu, Hassan Wirayudha, og fjármálaráðherra Indónesíu, dr. Budiono, erindi. Tvær pallborðsumræður fóru fram á þinginu, annars vegar um loftslagsbreytingar og hins vegar um ofbeldi gegn börnum.

Fastanefndirnar þrjár tóku fyrir fram ákveðin mál til umfjöllunar. Ályktanir nefndanna voru síðan afgreiddar á þingfundi. Jón Gunnarsson tók þátt í störfum 1. nefndar um frið og alþjóðleg öryggismál, en þar var rætt um friðsamlega sambúð ólíkra trúarbragða. Drífa Hjartardóttir tók þátt í störfum 2. nefndar um sjálfbæra þróun, efnahags- og viðskiptamál. Nefndin fjallaði um atvinnusköpun og atvinnuöryggi í hnattvæddum heimi. Jón tók jafnframt þátt í störfum 3. nefndar um lýðræði og mannréttindi, en hún fjallaði um hvernig mætti stuðla að fjölbreytni og jafnrétti með sameiginlegum lýðræðis- og kosningastöðlum. Þá fóru fram almennar stjórnmálaumræður á þinginu um loftslagsbreytingar; ástandið tíu árum eftir samþykkt Kyoto-bókunarinnar. Hjálmar Árnason tók þátt í umræðunum og fjallaði í ræðu sinni um mikilvægi endurnýjanlegrar orku til þess að stemma stigu við loftslagsbreytingum, stöðu Íslands á þessu sviði og leiðir til að auka notkun endurnýjanlegrar orku á heimsvísu. Yfirlýsing um loftslagsbreytingar var samþykkt á þinginu.

Nokkrar tillögur um neyðarályktun eða utandagskrárefni voru lagðar fram fyrir upphaf þingsins, en aðeins er hægt að taka fyrir eitt mál utan dagskrár á hverju þingi samkvæmt reglum IPU. Nokkrir drógu tillögur sínar til baka, en samstaða náðist um að sameina líkar tillögur og fjalla um alþjóðlegt samstarf til að berjast gegn hryðjuverkum, rótum þeirra og fjármögnun. Aðrar tillögur voru dregnar til baka, þar á meðal tillaga frá Íran um að ræða Írak. Það gerðist síðan að nefnd sem var sett saman til að vinna ályktun um utandagskrármálið setti inn málsgreinar um Írak og er þar m.a. farið fram á að allur erlendur her fari tafarlaust

frá landinu en að Sameinuðu þjóðirnar taki við friðargæslu þar eftir þörfum. Framkvæmdastjóri IPU benti á að ekki væri rétt að taka Íraksmálið fyrir í ályktuninni þar sem það hefði ekki verið samþykkt af þinginu. Aðeins mætti taka eitt mál fyrir samkvæmt reglum þingsins og annað efni hefði verið valið. Forseti IPU studdi þessa túlkun á reglum IPU og kom þeim skilaboðum til forseta þingsins, sem var indónesíski þingforsetinn, að ályktunin væri ekki tæk til afgreiðslu með Írakshlutann innan borðs. Forseti IPU þurfti því miður að yfirgefa þingið snemma og gat því ekki fylgt málinu eftir, en stjórnarnefnd þingsins tók í sama streng. Afstaða Indónesa til málsins var nokkurn veginn á þá leið að embætti forseta þingsins væri í þeirra höndum og því gætu þeir gert það sem þeim sýndist. Tólfplús-hópurinn átti þrjá fulltrúa í nefndinni og lögðust þeir gegn því að Íraksmálið væri tekið fyrir í ályktuninni á grundvelli þess að það hefði ekki verið samþykkt af þinginu. Danskur þingmaður sem sat í nefndinni tók t.d. fram að hann hefði ávallt verið andvígur Íraksstríðinu, en afstaða hans til málsins réðist af því að hann vildi fylgja reglum IPU. Fulltrúar Tólfplús-hópsins gerðu margar tilraunir til að ná fram einhverri málamiðlun og lögðu áherslu á að afstaða þeirra grundvallaðist á reglum þingsins en ekki efnislegri afstöðu til Íraksstríðsins, en fulltrúar annarra ríkja voru fastir fyrir og ályktunin var afgreidd úr nefndinni með umfjöllun um Íraksstríðið innan borðs. Tólfplús-hópurinn gaf út yfirlýsingu á síðasta degi þingsins þar sem hann harmaði það að nefndin sem undirbjó ályktun utan dagskrár hefði ekki farið að ráðum framkvæmdastjóra IPU sem benti á að ályktunin væri ekki unnin í samræmi við reglur IPU. Bent var á að forseti IPU væri sammála framkvæmdastjóranum og að stjórnarnefnd ráðstefnunnar hefði tekið undir með þeim. Þá var því lýst yfir að ef forseti ráðstefnunnar fengist ekki til að fara eftir tilmælum forseta IPU og lýsti ályktunina ótæka til afgreiðslu í óbreyttu formi tækju aðildarríki Tólfplús-hópsins ekki þátt í afgreiðslu hennar. Skemmst er frá því að segja að ályktunin var samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu á þinginu, en aðildarríki Tólfplús-hópsins tóku ekki þátt í afgreiðslu hennar.

Ráðsfundir í tengslum við 116. þing.

Ráð IPU kom tvisvar saman á þinginu og afgreiddi fjölda mála. Þingið í Afganistan fékk inngöngu í IPU og Úsbekistan var vikið úr sambandinu vegna vangoldinna árgjalda. Þá var ákveðið að víkja Fídjí-eyjum úr IPU þar sem þing landsins var leyst upp eftir valdarán hersins.

Breytingar á starfi IPU voru samþykktar sem ganga aðallega út á breytt fyrirkomulag á haustþingi sambandsins. Þá var samþykkt fjögurra ára áætlun um samstarf IPU og UNICEF. Stofnanirnar hafa unnið saman að ýmsum verkefnum en nú þótti tímabært að gera samstarfið formlegt. Markmið samstarfsins er að auka þekkingu þingmanna á barnaverndarmálum og fjölga þeim úrræðum sem þingmenn geta beitt í þágu málstaðarins, að auka aðgengi þingmanna að nýjustu upplýsingum og rannsóknum um barnaverndarmál, að auka þátttöku þingmanna í aðgerðum til barnaverndar og styrkja framkvæmd barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Meðal verkefna verður að stofna ráðgjafarhóp þingmanna á sviði barnaverndar, halda svæðisbundnar námsstefnur fyrir þingmenn og auka aðkomu þeirra að lagagerð á sviði barnaverndar, fylgja eftir skýrslu Sameinuðu þjóðanna um ofbeldi gegn börnum með ýmsum aðgerðum og vinna að afnámi umskurðar kvenna með því að virkja betur þingmenn í þágu málstaðarins.

Nefnd um mannréttindi þingmanna kynnti á ráðsfundinum skýrslur um brot gegn mannréttindum þingmanna og samþykkti ráð IPU fjölmargar ályktanir á grundvelli þeirra. Ríkin sem í hlut áttu eru Bangladess, Hvíta-Rússland, Búrúndí, Kólumbía, Ekvador, Erítrea,

Hondúras, Líbanon, Malasía, Mongólía, Búrma, Pakistan, Palestína/Ísrael, Filippseyjar, Rúanda, Sri Lanka, Tyrkland og Simbabve.

Þess má geta að 26,5% þingfulltrúa á 116. þingi IPU voru konur, sem er lakari staða en á 115. þingi (30,5%) og á 114. þingi (28,4%). Fimmtán sendinefndir, eða 14% sendinefnda með fleiri en einn fulltrúa, voru einungis skipaðar körlum, en síðast voru þær 11, eða 9,4%.

117. þing IPU í Genf 7.–10. október.

Fyrir hönd Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins sóttu þingið Ásta Möller formaður, Ágúst Ólafur Ágústsson varaformaður og Þuríður Backma auk Örnu Gerðar Bang, ritara Íslandsdeildar. Við setningu þingsins flutti forseti IPU, Pier Ferdinando Casini, ræðu en Christine Egerszgei-Obrist, forseti svissneska þingsins, J. Somavia, framkvæmdastjóri Alþjóðavinnumálastofnunar (ILO) og A. Steiner, framkvæmdastjóri Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNEP) ávörpuðu einnig þingið.

Þrjár tillögur um neyðarályktun eða utandagskrárefni voru lagðar fram fyrir upphaf þingsins, en aðeins er hægt að taka fyrir eitt mál utan dagskrár á hverju þingi samkvæmt reglum IPU. Íranska sendinefndin lagði fram tillögu um ástandið í Írak, Indónesar lögðu til að fjallað yrði um ástandið í Myanmar og Bretar lögðu fram tillögu um loftslagsbreytingar en drógu hana síðan til baka til að styðja tillögu indónesísku sendinefndarinnar. Því voru greidd atkvæði á milli tveggja tillagna. Ákveðið var í Tólfplús-hópnum að styðja tillögu Indónesíu og var hún samþykkt með meiri hluta atkvæða. Ásta Möller tók þátt í umræðu um neyðarályktunina og lagði áherslu á mikilvægi þess að alþjóðasamfélagið og sérstaklega nágrannaríki Myanmar legði sitt af mörkum til að stöðva þau mannréttindabrot sem þar ættu sér stað. Þingið samþykkti samhljóða ályktun er ber yfirskriftina: Brýn nauðsyn þess að stöðva víðtæk mannréttindabrot í Myanmar og koma aftur á lýðræðislegum réttindum í landinu. Stjórnvöld í Myanmar eru eindregið hvött til að láta strax af frekari brotum og ofbeldi gegn mótmælendum og íbúum landsins sem eiga fullan rétt á að nota málfrelsi sitt friðsamlega.

Ný nefnd um málefni Sameinuðu þjóðanna tók til starfa á þinginu og var skýrsla G. Versnick (Belgía) um samband SÞ og þjóðþinga samþykkt sem formlegt stefnumótunarskjal IPU. D. Costea, sendiherra frá Rúmeníu og forseti mannréttindaráðs SÞ, gaf yfirlit yfir helstu tækifæri og áskoranir sem horfðu við nýskipaðri nefnd og ræddi um leiðir sem þing aðildarríkjanna gætu farið til aukins samstarfs við stofnanir SÞ. Skýrsla Finn Martin Vallersnes (Noregur) af fundi ráðgjafarhóps nefndarinnar vakti djúpa umræðu um störf og hagnýti nefndarinnar í framtíðinni. Niðurstöður og hugmyndir umræðunnar voru útfærðar af tillögunefnd stýrðri af Ben Gurirab (Namibía) og var Vallersnes skipaður skýrsluhöfundur hennar. Eftir miklar og gagnlegar umræður í nefndinni var skýrsla nefndarinnar samþykkt á þinginu við lof viðstaddra.

Breyting á starfi fastanefnda IPU var gerð á vorþingi 2007 og felst í því að nefndirnar munu ekki lengur flytja skýrslur og samþykkja ályktanir á grundvelli þeirra á hverju þingi heldur einungis á vorþingi. Umræður um skýrslur fastanefndanna þriggja fóru því í fyrsta sinn fram sem pallborðsumræður þar sem efni skýrslnanna var kynnt af skýrsluhöfundum og sérfræðingum og í framhaldinu tóku þingmenn þátt í umræðum um málefnin. Í 1. nefnd, um frið og alþjóðleg öryggismál, var rætt um hlutverk þinga við að ná jafnvægi milli þjóðaröryggis, öryggi þegnanna og frelsi einstaklingsins, ásamt því að koma í veg fyrir að lýðræði sé ógnað. Skýrsluhöfundar skýrðu fundargestum frá framgangi vinnu nefndarinnar við undirbúning skýrslunnar sem flutt verður á vorþinginu í Cape Town. Sérfræðingar frá SÞ og Amnesty International héldu fyrirlestra um samspil öryggis og frelsis einstaklingsins og

bentu á viðurkenndar aðgerðir sem þingmenn gætu tileinkað sér til að ábyrgjast að virðing sé borin fyrir mannréttindum samhliða því að þjóðaröryggi sér tryggt. Í 2. nefnd, um sjálfbæra þróun, efnahags- og viðskiptamál, var fjallað um þingræðislega umsjón með stefnu stjórnvalda varðandi þróunaraðstoð. Í umræðu um drög að skýrslu nefndarinnar var lögð áhersla á gæði og magn aðstoðarinnar og mikilvægt hlutverk þingmanna við umsjón með framlögunum. Í 3. nefnd, um lýðræði og mannréttindi, voru tekin fyrir mál innflytjenda, mansal, útlendingahatur og mannréttindi. Sérfræðingar frá skrifstofu SÞ um eiturlyf og glæpi (UNODC) og alþjóðastofnun innflytjenda (IOM) héldu fyrirlestra og fræddu fundarmenn um stöðu mála varðandi innflytjendur og mansal og bentu á leiðir til að bæta kjör þeirra.

Ráðsfundir í tengslum við 117. þing.

Ráð IPU kom þrisvar saman á þinginu og afgreiddi fjölda mála. Gíneu var vikið úr IPU vegna vangoldinna árgjalda. Nýrri handbók fyrir þingmenn um sáttmála um réttindi fatlaðra og siðareglur var dreift til fundargesta. Bókin ber yfirskriftina *Frá útilokun til jafnréttis: að skilja réttindi fatlaðra.* Unnu IPU og SÞ að gerð og útgáfu hennar. Hægt er að nálgast bókina rafrænt á slóðinni: (www.ipu.org/English/handbks.org). Ráðið hélt sérstaklega upp á tíu ára afmæli alþjóðlegrar yfirlýsingar um lýðræði sem samþykkt var á þingi IPU í Kaíró 1997. Að því tilefni ávörpuðu þingið, auk forseta og framkvæmdastjóra IPU, þingforsetar Suður-Afríku og Georgíu. Í ræðum sínum fóru þeir yfir þær framfarir sem náðst hafa síðan yfirlýsingin var samþykkt og lögðu áherslu á mikilvægi þess að halda efni hennar á lofti, ekki síst hvað varðar lýðræðislegar kosningar.

Nefnd um mannréttindi þingmanna kynnti skýrslur um brot gegn mannréttindum þingmanna og samþykkti ráð IPU fjölmargar ályktanir á grundvelli þeirra. Ríkin sem í hlut áttu eru Bangladess, Hvíta-Rússland, Búrúndí, Kólumbía, Ekvador, Erítrea, Hondúras, Líbanon, Malasía, Mongólía, Búrma, Pakistan, Palestína/Ísrael, Filippseyjar, Rúanda, Sri Lanka, Tyrkland og Simbabve. Þess má geta að 31,1% þingfulltrúa á 117. þingi IPU voru konur, sem er betri staða en á 116. þingi (26,5%).

5. Ályktanir IPU árið 2007.

Ályktanir 116. þings IPU vörðuðu eftirfarandi efni:

1. Að tryggja gagnkvæma virðingu og friðsamlega sambúð samfélaga með ólík trúarbrögð í hnattvæddum heimi.
2. Atvinnusköpun- og öryggi á tímum hnattvæðingar.
3. Að stuðla að fjölbreytni og jafnrétti með sameiginlegum lýðræðis- og kosningastöðlum.

Ályktanir 117. þings IPU vörðuðu eftirfarandi efni:

1. Brýna nauðsyn þess að stöðva víðtæk mannréttindabrot í Myanmar og koma aftur á lýðræðislegum réttindum í landinu.

Alþingi, 27. febr. 2008.

Ásta Möller, form.	Ágúst Ólafur Ágústsson, varaform.	Þuríður Backman.

736. Svar [399. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Guðbjarts Hannessonar um landupplýsingar.

1. *Er til yfirlit yfir stafræn kort og aðrar landupplýsingar, svo sem loftmyndir og gervitunglamyndir, í eigu ríkisins og sveitarfélaga?*

Landmælingar Íslands hafa um nokkurra ára skeið í samvinnu við LÍSA, samtök um landupplýsingar á Íslandi, rekið lýsigagnavefinn Landlýsingu (http://landlysing.lmi.is/). Þar er hægt að nálgast upplýsingar um margvísleg gagnasöfn á sviði landupplýsinga frá um 25 opinberum aðilum. Lýsigagnavefurinn er þó langt frá því að vera tæmandi enda er opinberum aðilum ekki skylt að skrá gagnasöfn sín þar og oft eru slíkir aðilar mjög tregir til að skrá gögnin. Mörg dæmi eru um að upplýsingum um loftmynda- og kortaeign sveitarfélaga sé mjög ábótavant og erfitt er að fá aðgang að gögnum sem þessir opinberu aðilar hafa þegar fest kaup á.

Í lögum um landmælingar og grunnkortagerð, nr. 103/2006, segir að Landmælingar Íslands skuli sjá um skráningu og miðlun upplýsinga um landfræðileg gagnasöfn af Íslandi. Stofnunin vinnur nú að undirbúningi þess verkefnis og er sérstaklega horft til INSPIRE-tilskipunar[1] Evrópusambandsins þar sem mikil áhersla er lögð á skráningu upplýsinga um landfræðileg gagnasöfn og aðgengi að þeim. Það er mat Landmælinga Íslands og ráðuneytisins að hagkvæmt sé að vinna samkvæmt evrópskum lögum og reglum á þessu sviði.

Líklegt er að gera þurfi breytingar á lögum til að tryggja að upplýsingar frá stofnunum og sveitarfélögum verði komið á framfæri við skráningaraðila og að gögnin verði gerð aðgengileg sem flestum sem á þurfa að halda, ekki síst öðrum opinberum stofnunum og sveitarfélögum.

2. *Hverjir sjá um kaup á slíkum gögnum fyrir ríkið og sveitarfélögin?*

Einstakar stofnanir og sveitarfélög sjá oftast sjálf um innkaup á landfræðilegum upplýsingum en því miður eru slík verkefni sjaldan boðin út á vegum opinberra aðila t.d. með milligöngu Ríkiskaupa þar sem horft er til lengri tíma og hugað að sameiginlegum hagsmunum.

Landmælingar Íslands hafa á undanförnum árum haft forustu um innkaup á gervitunglamyndum í samstarfi við fleiri stofnanir og sveitarfélög og hefur sá háttur sparað háar fjárhæðir. Sú góða reynsla er mikil hvatning til þess að opinberar stofnanir taki upp slík vinnubrögð og sameinist um kaup á landfræðilegum gögnum sem nýtast mörgum. Reynsla Ríkiskaupa af gerð rammasamninga er einnig mikilvæg fyrirmynd í þessu sambandi.

INSPIRE-tilskipunin er einnig hvatning til þess að opinberir aðilar samnýti gögn og sjái til þess að notkunarheimildir gagna séu fyrir allt opinbera kerfið. Landmælingar Íslands eru stofnun sem getur haft forustu á þessu sviði en það krefst góðs vilja og samstarfs milli stofnana.

---

[1] Þann 15. maí síðastliðinn tók gildi í Evrópusambandinu ný tilskipun um notkun og miðlun landupplýsinga sem nefnist INSPIRE. Tilskipunin mun væntanlega verða tekin upp hér á landi á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Landmælingar Íslands, ásamt fulltrúum umhverfisráðuneytisins, hafa undanfarin missiri kynnt og metið þessa tilskipun. Ljóst er að með því að fylgja hugmyndafræði INSPIRE geta falist mikil tækifæri til umbóta hér á landi varðandi skráningu, miðlun og notkun stafrænna kortagrunna og annarra landupplýsinga hjá ríkisstofnunum og sveitarfélögum. Heimasíða INSPIRE er http://www. ec-gis.org/inspire/.

Að öllum líkindum þarf að gera lagabreytingar til að tryggja hámarkshagkvæmni í innkaupum landfræðilegra gagna og til þess að tryggja að við innkaup sé litið á þarfir opinberra aðila í heild og að lágmarksstöðlum og gæðakröfum sé fylgt.

3. *Hverjar eru þarfir opinberra aðila á þessu sviði og er til skýr stefnumörkun um þau mál?*

Ljóst er að þarfir opinberra aðila fyrir góð landfræðileg gögn munu aukast hratt á næstu árum, sérstaklega á sviði umhverfis- og skipulagsmála. Íslensk stjórnvöld hafa miklar skyldur við að vakta og kortleggja náttúru Íslands og umhverfið og því er mikilvægt að reglulega sé aflað upplýsinga sem nýtast sem flestum. Slík gagnaöflun er í eðli sínu dýr og því mjög mikilvægt að fylgt sé ákveðinni stefnu til langs tíma. Dæmi um gagnaöflun er reglubundin loftmyndataka af Íslandi og öflun grunnkorta fyrir skráningu lóða, landa og annarra fasteigna.

Íslenska ríkið og sveitarfélög á Íslandi þurfa að móta heildarstefnu í þessum málaflokki til að nýta betur opinbert fé og koma í veg fyrir tvíverknað. Með væntanlegri innleiðingu INSPIRE-tilskipunarinnar á Íslandi er þörf á yfirsýn yfir málaflokkinn með skýrri stefnumótun. Einnig er krafa um að komið sé á skýrri grunngerð landupplýsinga þar sem hlutverk og verkefni opinberra aðila eru vel skilgreind, en á ensku er slíkt kallað National Spatial Data Infrastructure (NSDI).

4. *Hversu miklir fjármunir fara til innkaupanna?*

Ekki er til yfirlit um hve miklum fjármunum er varið til innkaupa á landfræðilegum gögnum hér á landi enda eru slík innkaup á vegum margra ráðuneyta og sveitarfélaga. Því er ljóst að til að svara þessari spurningu þarf að gera talsvert viðamikla úttekt. Líklegt er að opinberar stofnanir og sveitarfélög séu árlega að nota nokkur hundruð milljónir af opinberu fé í þessi gögn og notkun þeirra. Ljóst er að með aukinni samvinnu við opinbera aðila væri hægt að nýta betur þá fjármuni sem nú eru notaðir til kaupa á gögnum. Einnig er ljóst að til þess að komast jafnfætis t.d. öðrum Norðurlöndum á þessu sviði þarf að auka fjárveitingar í málaflokkinn.

5. *Væri hugsanlegt að líta til nágrannaríkja eins og Noregs með það að leiðarljósi að breyta núverandi fyrirkomulagi og samræma innkaup og notkun opinberra aðila á landupplýsingum?*

Norðmenn eru meðal fremstu ríkja heims í innkaupum og notkun landfræðilegra upplýsinga en þar í landi hefur korta- og fasteignastofnunin Statens Kartverk leitt uppbyggingu á þessu sviði með verkefni sem nefnist Norge Digitalt. Undir forustu Statens Kartverk hefur í nokkur ár verið starfrækt nokkurs konar samlag opinberra aðila á þessu sviði vegna sameiginlegrar fjármögnunar, innkaupa og samnýtingar. Þetta fyrirkomulag Norðmanna hefur vakið mikla athygli og er INSPIRE-tilskipun Evrópusambandsins meðal annars byggð á mjög svipaðri hugmyndafræði. Dæmi um verkefni sem unnin eru með þessum hætti er reglubundin loftmyndataka af öllum Noregi úr flugvélum.

Vinnuaðferðir Norðmanna á þessu sviði eru til fyrirmyndar og eru Landmælingar Íslands í góðu samstarfi við Statens Kartverk um þessi mál. Sameiginleg innkaup á gervitunglamyndum af Íslandi er fyrsta skrefið sem stigið hefur verið í þessa átt hér á landi en reynsla af því verkefni er mjög góð. Því er ljóst að Íslendingar geta lært mikið af því að taka Norðurlandaþjóðirnar sér til fyrirmyndar.

737. Frumvarp til laga [463. mál]

um brottfall laga nr. 14/1942, um læknaráð.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

Lög nr. 14/1942, um læknaráð, falla úr gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í heilbrigðisráðuneytinu að fenginni umsögn landlæknis, dóms- og kirkjumálaráðuneytis, ríkissaksóknara og ríkislögmanns.

Með frumvarpi þessu er lagt til að lög nr. 14/1942, um læknaráð, verði felld brott og þar með verði læknaráð lagt niður. Læknaráð hefur starfað í óbreyttri mynd frá árinu 1942 þegar samþykkt var á Alþingi frumvarp til laga um læknaráð. Í greinargerð með frumvarpinu sem samþykkt var árið 1942 kemur fram að talið var að ýmsar nýjungar í heilbrigðislöggjöf hefðu orðið þess valdandi að dómsmálum sem snertu lækna og læknisfræðileg efni færi fjölgandi. Töldu menn að lítt væri séð fyrir endann á þeirri þróun. Erfitt væri fyrir ólæknisfróða dómara að skera úr um slík mál á viðhlítandi hátt og því væri nauðsynlegt ráð læknisfróðra manna. Reglugerð um starfsháttu læknaráðs, nr. 192/1942, var sett með stoð í lögunum. Hvorki lögunum né reglugerð hefur verið breytt frá því þau voru sett.

Starfshættir læknaráðs samkvæmt gildandi löggjöf.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 14/1942, um læknaráð, eiga þar sæti níu læknar. Þeir eru landlæknir, sem er forseti, kennarar í réttarlæknisfræði, heilbrigðisfræði og lyfjafræði við Háskóla Íslands, yfirlæknir lyflæknisdeildar og handlæknisdeildar Landspítalans, yfirlæknar geðveikrahælis ríkisins og Tryggingastofnunar ríkisins og formaður Læknafélags Íslands. Samkvæmt þessu er það starfsskylda þeirra sem skipaðir eru í fyrrnefndar stöður að vera í læknaráði. Hlutverk læknaráðs er að láta dómstólum, ákæruvaldi og stjórn heilbrigðismálanna í té sérfræðilegar umsagnir varðandi læknisfræðileg efni og skal ráðið ekki láta önnur mál til sín taka en þau sem borin hafa verið undir það og af þeim aðilum sem lögin tilgreina.

Samkvæmt reglugerð um starfsháttu læknaráðs skal það starfa í þremur þriggja manna deildum, réttarmáladeild, heilbrigðismáladeild og siðamáladeild.

Réttarmáladeild er skipuð kennara í réttarlæknisfræði við háskólann, sem er formaður deildarinnar, yfirlækni geðveikrahælis ríkisins og yfirlækni handlæknisdeildar Landspítalans. Deildin fjallar um réttarmál, þ.e. mál frá dómstólum eða ákæruvaldi. Á undanförnum árum hefur réttarmáladeild læknaráðs komið saman milli 5–10 sinnum á ári.

Í heilbrigðismáladeild eiga sæti landlæknir, sem er formaður, kennari í heilbrigðisfræði við háskólann og yfirlæknir lyflæknisdeildar Landspítalans. Heilbrigðismáladeild skal fjalla um heilbrigðismál en hún hefur ekki komið saman síðan árið 1948.

Í siðamáladeild eiga sæti læknaráðsmaður sem er sérstaklega kjörinn af læknaráði og er hann formaður, kennari í réttarlæknisfræði við háskólann og formaður Læknafélags Íslands. Siðamáladeild skal fjalla um mál varðandi hegðun eða framkomu lækna og annarra heil-

brigðisstarfsmanna. Fá mál hafa borist til siðamáladeildar síðustu tíu ár. Helsta ástæðan fyrir því er sú að landlæknir er mun betur í stakk búinn til að taka á kvörtunum og kærum en hér áður.

Þegar deild læknaráðs hefur lokið afgreiðslu máls endursendir hún forseta ráðsins málsskjöl ásamt álitsgerð. Þar skal rekja málsatvik þannig að stutt en glöggt yfirlit fáist yfir öll atriði sem máli skipta þegar meta skal niðurstöðu álitsgerðarinnar.

Niðurstaða réttarmáladeildar og heilbrigðismáladeildar hvorrar um sig um mál telst fullnaðarniðurstaða læknaráðs nema læknaráðsmaður krefjist að málið sé borið undir læknaráð í heild. Siðamáladeild gerir á hinn bóginn einungis tillögu til læknaráðs um afgreiðslu máls. Þetta merkir að læknaráð í heild fjallar um öll mál sem siðamáladeild hefur áður gert tillögur um afgreiðslu á og önnur mál ef læknaráðsmaður krefst þess að tillaga deildar fari fyrir læknaráð.

Tilefni frumvarpsins.

Lögin um læknaráð frá árinu 1942 eru komin til ára sinna og voru þau sett í allt öðru lagaumhverfi en nú gildir og mikið af þeirri þekkingu sem þá var til í læknisfræði mátti sækja til þeirra sem skipuðu læknaráð. Ljóst er að breyttar áherslur hafa orðið í málsmeðferð stjórnsýslunnar frá því að lögin um læknaráð voru sett. Ber helst að nefna þær breytingar sem urðu á málsmeðferð með gildistöku stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Jafnframt hefur læknisfræðin tekið miklum framförum, sérfræðingum fjölgað sem og sérgreinum innan læknisfræðinnar. Það hefur líka mátt greina nú um nokkurn tíma að dómstólar sæju tormerki á því að afla sérfræðilegs álits læknaráðs í einkamálum. Má enn fremur nefna að Hæstiréttur Íslands virðist hættur að óska eftir umsögnum læknaráðs en gefur málsaðilum þess í stað færi á að afla matsgerðar dómkvaddra matsmanna. Við þessar aðstæður virðast lögin ekki þjóna tilgangi sínum.

Litið hefur verið svo á að hæfisreglur stjórnsýslunnar taki að hluta til starfsemi læknaráðs, eða þegar siðamáladeild gerir tillögu um umsögn læknaráðs í máli sem beint er til ráðsins af heilbrigðisyfirvöldum, en slík umsögn getur verið þáttur í undirbúningi íþyngjandi stjórnvaldsákvörðunar. Þegar umsagnar læknaráðs er hins vegar leitað í tengslum við dómsmál, þá var lengi einungis hæfisregla 5. gr. læknaráðslaga talin gilda. Í greininni er kveðið á um að læknaráðsmaður eigi ekki atkvæðisrétt um mál sem varða hann sjálfan eða umbjóðanda hans eða mál sem hann hefur persónulega eða í embættisnafni tekið afstöðu til áður. Eins og ákvæðið ber með sér felur það ekki í sér matskennda hæfisreglu. Hæstiréttur hefur þá slegið því föstu í dómi sínum frá 3. september 2002 (máli nr. 270/2002) að meðlimir læknaráðs hafi stöðu matsmanna í dómsmáli og þar af leiðandi gildi hæfisreglur um dómkvadda matsmenn sem fram koma í 3. mgr. 61. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, jafnframt um þá. Með hliðsjón af þeim hæfisreglum sem gilda um ráðsmenn læknaráðs má draga þá ályktun að vafasamt sé að þeir ráðsmenn læknaráðs sem koma frá Landspítala séu hæfir til að fjalla um þau mál er varða Landspítalann, enda má gera ráð fyrir að uppi séu aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni viðkomandi í efa. Þessu til stuðnings má benda á dóm Mannréttindadómstóls Evrópu, dags. 5. júlí 2007, í máli Söru Lindar Eggertsdóttur gegn íslenska ríkinu en þar komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að stefnandi hefði með réttu getað óttast að læknaráð væri ekki með öllu hlutlaust í umfjöllun sinni um málið fyrir Hæstarétti í ljósi þess að fjórir þeirra sem sátu í læknaráði störfuðu hjá Landspítalanum. Dómstóllinn taldi því að brotið hefði verið gegn 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sem kveður á um

rétt manna til málsmeðferðar fyrir sjálfstæðum og óvilhöllum dómstóli, og dæmdi stefnanda bætur og málskostnað.

Eins og fram kemur hér á undan eru ekki lengur fyrir hendi þær forsendur sem voru árið 1942 fyrir starfsemi læknaráðs sem helgast aðallega af því að dómstólar hafa nú greiðari aðgang að sérfræðingum en þá. Með það í huga er talið eðlilegra að leysa úr ágreiningi um læknisfræðileg álitaefni með aðstoð dómkvaddra matsmanna og sérfróðra meðdómenda. Verulega hefur dregið úr starfsemi læknaráðs og reyndin er sú að fundir í læknaráði hafa verið haldnir að meðaltali einu sinni til þrisvar á ári undanfarin ár. Hæstiréttur hefur í dómum sínum gert athugasemdir við starfsemi læknaráðs og afgreiðsla ráðsins hefur í mörgum tilfellum ekki verið talin standast stjórnsýslulög. Dómur Mannréttindadómstóls Evrópu, sem greint er frá hér að framan, rennir jafnframt stoðum undir það að starfshættir læknaráðs í dag standist ekki reglur um hæfi og með tilliti til þess er brýnt að fella brott lög nr. 14/1942, um læknaráð.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um brottfall laga nr. 14/1942, um læknaráð.

Með frumvarpinu er lagt til að lög nr. 14/1942, um læknaráð, verði felld brott og læknaráð þar með lagt niður. Ekki er gert ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs aukist með samþykkt frumvarpsins en á undanförnum árum hefur árlegur kostnaður við læknaráð numið um 2,5 m.kr., en hann fellur niður við gildistöku laganna.

738. Frumvarp til laga [464. mál]

um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

Á eftir 10. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna kemur nýr töluliður sem orðast svo: Umfjöllun um umsóknir og útgáfa lyfsöluleyfa skv. VII. kafla, innflutnings- og heildsöluleyfa skv. XII. kafla og framleiðsluleyfa skv. XIII kafla.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 20. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætast þrír nýir málsliðir sem orðast svo: Þó er heimilt að selja nikótín- og flúorlyf, sem ekki eru lyfseðilsskyld, í öðrum verslunum en lyfjabúðum. Um sölu nikótín- og flúorlyfja fer skv. 1. mgr. og 7. mgr. 8. gr. laga um tóbaksvarnir og 2. mgr. 62. gr. reglugerðar um lyfsöluleyfi og lyfjabúðir. Um eftirlit, þvingunarúrræði og viðurlög fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

b. Í stað orðsins „ráðherra“ í 1. mgr., 2. mgr., 1. og 3. málsl. 3. mgr., 5. mgr. og 6. mgr. kemur í viðeigandi beygingarfalli: Lyfjastofnun.
c. 4. mgr. orðast svo:
   Áður en starfsemi lyfjabúðar er hafin skal liggja fyrir að húsnæði, búnaður og starfslið fullnægi kröfum Lyfjastofnunar.
d. Orðin „og skal samþykki Lyfjastofnunar liggja fyrir áður en starfsemi hennar er hafin“ í 1. málsl. 6. mgr. falla brott.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 21. gr. laganna:
a. 7. málsl.1. mgr. fellur brott.
b. 8. málsl. 1. mgr. orðast svo: Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um skilyrði og framkvæmd póstverslunar með lyf og póstsendingar lyfja í reglugerð um lyfsöluleyfi og lyfjabúðir.
c. Í stað orðsins „ráðherra“ í 1. og 3. málsl. 2. mgr. kemur í viðeigandi beygingarfalli: Lyfjastofnun.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 22. gr. laganna:
a. Orðin „að fenginni umsögn Lyfjastofnunar“ í 2. tölul. 1. mgr. falla brott.
b. Í stað orðsins „ráðherra“ í 2. mgr. kemur: Lyfjastofnun.

5. gr.

Í stað orðsins „heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu“ í 1. málsl. 2. mgr. 24. gr. laganna kemur: Lyfjastofnun.

6. gr.

Í stað orðanna „þriggja ára“ í 2. málsl. 2. mgr. 27. gr. laganna kemur: þrjátíu ára.

7. gr.

Í stað orðsins „ráðherra“ í 1. málsl. 29. gr., 1. mgr. 32. gr., 2. og 3. málsl. 2. mgr. 33. gr. og 1. og 3. málsl. 1. mgr. 34. gr. laganna kemur í viðeigandi beygingarfalli: Lyfjastofnun.

8. gr.

Í stað orðanna „Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 3. málsl. 1. mgr. 31. gr. laganna og í stað orðsins „ráðherra“ í 4. málsl. 1. mgr. og 1. málsl. 2. mgr. sömu greinar kemur: Lyfjastofnun.

9. gr.

40. gr. laganna orðast svo:

Lyfjanefnd heilbrigðisstofnunar skal gefa út lyfjalista með þeim lyfjum sem nota skal á viðkomandi stofnun. Í slíkri nefnd skal vera a.m.k. einn starfandi lækna stofnunarinnar og einn starfandi lyfjafræðingur í þjónustu stofnunarinnar. Lyfjanefnd skal gefa út eða birta lyfjalista sem gildir fyrir stofnunina. Þess skal gætt þegar völ er á fleiri en einu lyfi að velja til notkunar á heilbrigðisstofnunum þau lyf sem ódýrari eru að teknu tilliti til virkni, gæða og öryggis.

10. gr.

Við 42. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Verð lyfseðilsskyldra lyfja skal vera það sama um land allt, en lyfjaheildsalar, lyfjaframleiðendur og umboðsmenn þeirra eða smásöluaðilar sem vilja selja lyf á lægra verði en hámarksverð segir til um skulu tilkynna lækkað verð til lyfjagreiðslunefndar sem birtir þau í næstu útgáfu lyfjaverðskrárinnar.

11. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Lyfsöluleyfi, innflutnings- og heildsöluleyfi og framleiðsluleyfi sem heilbrigðisráðherra hefur gefið út samkvæmt lögum þessum fyrir 1. október 2008 halda gildi sínu þrátt fyrir ákvæði 20., 32. og 34. gr. laganna.

12. gr.

Lög þessi hafa verið tilkynnt í samræmi við ákvæði tilskipunar 98/34/EB sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra reglna.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 2008.

Ákvæði til bráðabirgða.

Um óafgreiddar umsóknir vegna lyfsöluleyfa, innflutnings- og heildsöluleyfa og framleiðsluleyfa sem borist hafa heilbrigðisráðuneytinu fyrir gildistöku laga þessara fer samkvæmt ákvæðum þeirra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í heilbrigðisráðuneytinu. Með því er lagðar til nokkrar breytingar á gildandi lögum sem miða að því að efla samkeppni og auka þjónustu við neytendur með því að fella brott bann við póstverslun með lyf og heimila sölu nikótín- og flúorlyfja utan lyfjabúða. Í því skyni að ná niður lyfjaverði og halda lyfjakostnaði stofnana í lágmarki er lagt til að verð á lyfseðilsskyldum lyfjum verði það sama um allt land og að lyfjanefndir sjúkrahúsi gefi út bindandi lista um notkun á lyfjum á viðkomandi stofnun. Þá er lagt til að eftirlit og eftirfylgni með lyfjaávísunum og aukaverkunum lyfja verði styrkt með því að lengja varðveislutíma gagna í lyfjagagnagrunni landlæknis úr þremur árum í 30 ár. Þá er lögð til einföldun á stjórnsýslu með því að flytja leyfisveitingar á sviði lyfjamála frá ráðuneytinu til Lyfjastofnunar.

Efnisatriði frumvarpsins eru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi er með 3. gr. frumvarpsins lagt til að horfið verði frá banni gildandi laga um póstverslun með lyf og að slík verslun verði heimil að uppfylltum nánari skilyrðum sem kveðið skal á um í reglugerð.

Í öðru lagi er með 2. gr. frumvarpsins lögð til sú breyting að sala nikótín- og flúorlyfja verði heimiluð utan lyfjabúða.

Í þriðja lagi er með 9. gr. lögð til breyting á ákvæði gildandi laga um lyfjanefndir sjúkrahúsa og hlutverk þeirra. Lagt er til að vægi þeirra verði aukið og að nefndirnar gefi út bindandi lista með þeim lyfjum sem nota skal á viðkomandi stofnun.

Í fjórða lagi er með 10. gr. frumvarpsins lagt til að lyfjaverð verði það sama um land allt. Í stað afsláttar frá verði lyfseðilsskyldra lyfja sem lyfjagreiðslunefnd ákveður geti lyfja-

heildsalar, lyfjaframleiðendur og umboðsmenn þeirra eða smásöluaðilar tilkynnt lægra verð sem birt verður í lyfjaverðskrá.

Í fimmta lagi er með 6. gr. frumvarpsins lagt til að varðveislutími gagna í lyfjagagnagrunni landlæknis verði lengdur úr þremur árum í 30 ár.

Í sjötta lagi er með 1. gr. frumvarpsins gerð sú breyting á gildandi lögum að umfjöllun um umsóknir og útgáfu lyfsöluleyfa, innflutnings- og heildsöluleyfa og framleiðsluleyfa er flutt frá heilbrigðisráðuneytinu til Lyfjastofnunar. Þessi breyting er í samræmi við einföldunaráætlun ráðuneytisins í tengslum við aðgerðaáætlun um Einfaldara Ísland sem samþykkt var í ríkisstjórn 17. október 2006. Þar var gert ráð fyrir að hvert ráðuneyti setti sér langtímaáætlun um einföldun opinberra reglna og stjórnsýslu. Heilbrigðisráðuneytið setti sér slíka áætlun til tveggja ára og miðast hún við 1. október 2007 – 1. október 2009. Helstu rökin fyrir því að flytja umfjöllun og útgáfu leyfa á þessum sviðum til Lyfjastofnunar eru þau að hér er um að ræða stjórnsýslu sem telja verður að eigi frekar heima á verksviði stofnunar en ráðuneytis. Fram til þessa hefur ráðuneytið ávallt aflað umsagnar Lyfjastofnunar um umsóknir um lyfsöluleyfi, innflutnings- og heildsöluleyfi og framleiðsluleyfi. Með þessari breytingu er því um að ræða einföldun á málsmeðferð og styttingu málsmeðferðartíma. Þá verður að telja að þessi breyting sé ákjósanleg út frá sjónarmiðum um réttaröryggi því umsækjandi um framangreind leyfi getur borið ákvörðun Lyfjastofnunar undir ráðuneytið og þannig fengið fjallað um mál sitt á tveimur stjórnsýslustigum. Er nokkrum ákvæðum gildandi laga breytt til samræmis við framangreindan verkefnaflutning.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með ákvæðinu er lagt til að Lyfjastofnun verði falið það hlutverk að fjalla um umsóknir og gefa út lyfsöluleyfi, innflutnings- og heildsöluleyfi og framleiðsluleyfi en samkvæmt gildandi lögum er þessi umsýsla í höndum ráðuneytisins. Ávallt hefur verið aflað umsagnar Lyfjastofnunar við útgáfu framangreindra leyfa enda er þar fyrir hendi mikilvæg fagleg sérþekking á þessu sviði. Því þykir eðlilegt og hagkvæmt að umsýsla með þessi leyfi verði alfarið í höndum Lyfjastofnunar. Það fyrirkomulag einfaldar og hraðar málsmeðferð við veitingu þessara leyfa. Við þessa breytingu skapast kæruleið til ráðuneytisins, sbr. 4. mgr. 49. gr. gildandi laga.

Um 2. gr.

Um a-lið.

Markmiðið með greininni er að fjölga sölustöðum nikótínlyfja þannig að þau verði valkostur í stað tóbaks þar sem það er selt. Nikótínlyf sem seld eru í lausasölu eru í formi tyggigúmmís, plásturs- og innsogs- og nefúðalyfs. Ákvæðið tekur einungis til nikótínlyfja sem ekki eru lyfseðilsskyld. Hins vegar eru til nikótíntöflur sem einungis fást gegn framvísun lyfseðils og verður ekki gerð breyting á því með þessu frumvarpi. Frumvarpið felur í sér að unnt verður að kaupa nikótín- og flúorlyf m.a. á bensínstöðvum, á veitingastöðum, í stórmörkuðum og í söluturnum. Verði frumvarpið að lögum má búast við að samkeppni aukist og að verð slíkra lyfja lækki. Nikótínlyf geta hjálpað reykingamönnum að hætta að reykja og því má færa rök fyrir því að slík lyf skuli vera jafnaðgengileg og tóbak. Markmiðið með greininni er einnig að auðvelda aðgengi að flúorlyfjum sem ekki eru lyfseðilsskyld. Flúortannkrem er nú þegar selt á flestum fyrrgreindum sölustöðum og önnur form flúorlyfja, svo sem flúorskol, flúortyggigúmmí og flúortöflur, ættu að vera aðgengileg á sama hátt. Notkun

flúorlyfja er ein áhrifamesta og hagkvæmasta vörn gegn tannskemmdum sem völ er á og ættu þau að vera jafnaðgengileg almenningi og gosdrykkir og sætindi. Þá er lagt til að ákvæði 1. mgr. 8. gr. laga um tóbaksvarnir, þar sem kveðið er á um að hvorki megi selja né afhenda tóbak einstaklingi yngri en 18 ára, og 7. mgr. sömu greinar, þar sem kveðið er á um að þeir einir sem orðnir eru 18 ára megi selja tóbak, gildi um sölu nikótín- og flúorlyfja. Þá er með tilvísun í 2. mgr. 62. gr. reglugerðar um lyfjabúðir og lyfsöluleyfi tryggt að sú regla, sem gildir um sölu lausasölulyfja í lyfjabúðum, að ekki sé heimilt að hafa lausasölulyf í sjálfvali gildi einnig um nikótín- og flúorlyf. Lyfjastofnun hefur samkvæmt gildandi lögum eftirlit með sölu lyfja í lyfjabúðum. Eftirlit Lyfjastofnunar nær ekki til eftirlits með annarri smásöludreifingu. Hér er gert ráð fyrir að eftirlit með sölu nikótín- og flúorlyfja í öðrum verslunum en lyfjabúðum sé í höndum heilbrigðisnefnda sveitarfélaga á hverjum stað, líkt og á við um eftirlit með sölu tóbaks, í samræmi við lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum, og að öll þvingunarúrræði og viðurlög þeirra laga gildi um þá aðila sem selja nikótín- og flúorlyf utan lyfjabúða.

Um b-lið.

Sú breyting sem hér er lögð til er í samræmi við þá breytingu sem felst í 1. gr. frumvarpsins að útgáfa leyfa til lyfsölu, heildsölu og framleiðslu lyfja færist frá heilbrigðisráðuneytinu til Lyfjastofnunar.

Um c-lið.

Hér er lögð til orðalagsbreyting á 4. mgr. 20. gr. laganna í samræmi við þær breytingar sem frumvarpið felur í sér um flutning leyfisveitinga frá ráðuneytinu til Lyfjastofnunar. Eftir sem áður þarf að liggja fyrir að húsnæði, búnaður og starfslið uppfylli kröfur Lyfjastofnunar.

Um d-lið.

Hér er lagt til að felldur berði brott texti úr 6. mgr. 20. gr. laganna um að samþykki Lyfjastofnunar þurfi að liggja fyrir áður en starfsemi lyfjabúðar hefst. Í samræmi við þær breytingar sem frumvarpið felur í sér um flutning leyfisveitinga frá ráðuneytinu til Lyfjastofnunar verður að telja þetta óþarft.

Um 3. gr.

Um a-lið.

Með ákvæðinu er 7. málsl. 1. mgr. 21. gr. laganna þar sem segir „Póstverslun með lyf er óheimil“ felldur brott. Þessi breyting er gerð með það að markmiði að efla samkeppni og auka þjónustu við neytendur. Gert er ráð fyrir að póstverslunin verði bundin lyfsöluleyfum og sé í tengslum við starfandi apótek til þess að þessi verslun falli að þeirri umgjörð sem búin er lyfjaverslun í landinu og á Evrópska efnahagssvæðinu.

Um b-lið.

Með b-lið 3. gr. frumvarpsins kveðið á um heimild ráðherra til að útfæra slík skilyrði nánar í reglugerð um lyfsöluleyfi og lyfjabúðir. Gert er ráð fyrir að þar verði einnig fjallað um gæða- og öryggiskröfur til póstsendinga lyfja. Þar skulu m.a. koma fram kröfur til pökkunar, merkingar, flutnings, afhendingar og rekjanleika lyfjanna. Ekki er gert ráð fyrir að lyf sem flokkast undir ávana- og fíknilyf séu send með pósti. Greinin heimilar ekki netverslun með lyf sem er án formlegs lyfsöluleyfis hér á landi eða í löndum Evrópska efnahagssvæðisins.

Um c-lið.

Sú breyting sem hér er lögð til er í samræmi við þá breytingu sem felst í 1. gr. frumvarpsins að útgáfa leyfa til lyfsölu, heildsölu og framleiðslu lyfja færist frá heilbrigðisráðuneytinu til Lyfjastofnunar.

Um 4. og 5. gr.

Um greinarnar vísast til athugasemdar við c-lið 3. gr.

Um 6. gr.

Með ákvæðinu er lögð til sú breyting á 27. gr. lyfjalaga að varðveislutími persónugreinanlegra dulkóðaðra gagna í lyfjagagnagrunni landlæknis verði framlengdur úr þremur árum í 30 ár. Á undanförnum missirum hefur komið í ljós hve dýrmæt og einstök gögn lyfjagagnagrunnur landlæknis hefur að geyma. Afar mikilvægt er að landlæknir hafi áfram yfir að ráða tölfræðilegum og persónugreinanlegum gögnum sem nýtist stjórnvöldum til faraldsfræðilegra rannsókna, rannsókna á öryggi lyfja og stefnumótunar á sviði heilbrigðismála. Gögnin í lyfjagagnagrunninum hafa reynst vera afar nauðsynleg til gæðastýringar og rannsókna á sviði lyfja- og heilbrigðismála í landinu. Þriggja ára eyðingarákvæðið stendur því fyrir þrifum að hægt sé að bæta gæði lyfjanotkunar með gæða- og rannsóknaverkefnum, t.d. er ómögulegt að fylgjast með aukaverkunum, rannsaka áhrif lyfja á þjóðina og rekja hugsanlegan skaða sem sjúklingar geta hafa orðið fyrir vegna lyfja. Auk þess hefur landlæknir, Lyfjastofnun, Rannsóknastofnun í lyfjafræði við Háskóla Íslands og fleiri aðilar eindregið hvatt til þess að geymslutíminn verði lengdur. Þrjátíu ár eru valin með hliðsjón af tveimur tilskipunum EB sem nýverið hafa verið innleiddar, en önnur þeirra, „tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/61/EB um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/98/EB að því er varðar kröfur um rekjanleika og tilkynningar um alvarlegar aukaverkanir og alvarleg meintilvik“, er um rekjanleika, ef upp koma alvarleg tilvik varðandi blóð og blóðafurðir, en hin er „tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2004/23/EB frá 31. mars 2004 um setningu gæða- og öryggiskrafna um gjöf, öflun, prófun, vinnslu, varðveislu, geymslu og dreifingu vefja og frumna úr mönnum“ en í henni segir: „… vefjamiðstöðvar skulu tryggja rekjanleika á öllum stigum frá gjafa til þega og þega til gjafa. Rekjanleiki skal einnig tryggður hvað varðar afurðir og efni sem frumur og vefir komast í snertingu við á öllum stigum meðhöndlunar. Gögn, sem þarf til að tryggja fullan rekjanleika, skulu varðveitt í 30 ár hið minnsta.“ Komi upp alvarlegar aukaverkanir lyfja verður að telja að um sambærileg tilvik sé að ræða og þegar upp koma alvarlegar aukaverkanir við notkun blóðs eða blóðafurða eða vefja og frumna úr mönnum og því er varðveislutíminn talinn hæfilegur 30 ár til samræmis við innleiddar tilskipanir EB.

Um 7. og 8. gr.

Þær breytingar sem hér eru lagðar til eru í samræmi við þá breytingu sem felst í 1. gr. frumvarpsins að útgáfa leyfa til lyfsölu, heildsölu og framleiðslu lyfja færist frá heilbrigðisráðuneytinu til Lyfjastofnunar.

Um 9. gr.

Með ákvæðinu er lögð til breyting á 40. gr. laganna um lyfjanefndir á sjúkrahúsum sem miðar að því að auka vægi og styrkja stöðu þeirra við gerð lyfjalista. Samkvæmt gildandi lögum eru lyfjanefndir stofnana ráðgefandi um lyfjaval inni á viðkomandi stofnun. Hér er lögð til grundvallarbreyting á hlutverki slíkra lyfjanefnda því gert er ráð fyrir að lyfjanefndir stofnana gefi út fyrirmæli um val og notkun lyfja inni á viðkomandi stofnun. Eftir sem áður geta læknar stofnunarinnar ávísað öðrum lyfjum en þeim sem eru á lyfjalista stofnunarinnar að fengnu samþykki lyfjanefndarinnar, t.d. ef um ofnæmi er að ræða fyrir því lyfi sem valið hefur verið á lyfjalistann. Markmið þessa ákvæðis er að halda lyfjakostnaði í lágmarki og því

er mikilvægt svo að því markmiði sé náð að á hverri heilbrigðisstofnun sé ávallt í gildi lyfjalisti sem samþykktur hefur verið af lyfjanefnd fyrir val og meðferð lyfja á viðkomandi stofnun.

Um 10. gr.

Afslættir lyfjabúða eins og þeir birtast sjúklingum í dag mismuna þeim eftir búsetu, enda eru þeir flóknir og ógagnsæir og hvetja ekki til notkunar ódýrra lyfja. Afslættir leiða oft til ávísunar og afgreiðslu stærri skammta eða dýrari lyfja en þörf er á. Upplýsingar um afslætti hafa ekki verið aðgengilegar og í raun hafa afslættir í sumum tilfellum komið í veg fyrir samkeppni jafnt á heildsölu- sem smásölustigi. Að auki virka afslættir sem inngönguhindrun fyrir nýja aðila og auka enn frekar á fákeppni á þessum markaði sem gerir hann óskilvirkari. Til að koma í veg fyrir mismunun er því lagt til að sama verð gildi um land allt. Þetta felur í sér jafnræði og skilvirkni sem er mikilvæg í verslun með lyf eins og í annarri heilbrigðisþjónustu. Til að auka gagnsæi lyfjaverðlagningar og tryggja réttláta samkeppni er lagt til að fyrirtæki sem vilja gefa afslætti, hvort sem er á heildsölu- eða smásölustigi, geri það með því að tilkynna lækkun á verði til lyfjagreiðslunefndar. Lyfjaheildsölum, lyfjaframleiðendum, umboðsmönnum þeirra eða smásöluaðilum er gert auðveldara að keppa í verði í lyfjaverðskrá með einfaldri tilkynningu til lyfjagreiðslunefndar. Með smásöluaðila er átt við lyfjabúð(ir), sem rekin er undir einni og sömu kennitölu. Ákvæðið kemur ekki í veg fyrir afslætti á verði vegna útboða á lyfjum fyrir heilbrigðisstofnanir.

Um 11. gr.

Lagt er til að í ákvæði til bráðabirgða í lögunum verði kveðið á um að leyfi sem heilbrigðisráðherra hefur gefið út samkvæmt lögunum fyrir 1. október 2008 haldi gildi sínu. Þeir aðilar sem hafa lyfsöluleyfi, innflutnings- og heildsöluleyfi og framleiðsluleyfi í gildi, útgefin af heilbrigðisráðherra, þurfa því ekki að sækja um leyfi á ný þótt útgáfa þeirra flytjist til Lyfjastofnunar.

Um 12. gr.

Samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 733/2000 um tilkynningar á tæknilegum reglum um vörur og fjarþjónustu, sem sett er á grundvelli laga nr 57/2000, um skipti á upplýsingum um tæknilegar reglur um vörur og fjarþjónustu, er nauðsynlegt að vísa í texta laga eða reglugerða sem tilkynntur hefur verið í gegnum tæknilegan tilkynningarferil í tilskipun 98/34/EB sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða. Er því lagt til að þessi tilvisun komi fram í lagatextanum.

Um 13. gr.

Samkvæmt greininni er gert ráð fyrir að gildistaka laganna miðist við 1. október 2008. Sá tími er lagður til sökum þess að frumvarpið þarf að fara í tæknilegan tilkynningarferil innan Evrópusambandsins í samræmi við tilskipun 98/34/EB sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða eins og hún hefur verið innleidd með lögum nr. 57/2000, um skipti á upplýsingum um tæknilegar reglur um vörur og fjarþjónustu. Í slíkum tilkynningarferli skapast þriggja mánaða biðtími sem er sá tími sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, Evrópusambandsríkin og Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, hafa til að gera athugasemdir við ákvæði er fela í sér tæknilega reglur. Tilkynningarskyldan er víðtæk og nær m.a. til krafna sem gerðar eru til eiginleika vöru, öryggis hennar, framleiðsluferils

og markaðssetningar eða fela í sér stýringu á neyslu eða notkun vöru. Því þarf að gæta að því að verði frumvarpið að lögum taki það ekki gildi fyrr en þessum þriggja mánaða biðtíma liðnum. Þá er einnig mikilvægt að tími vinnist til að bregðast við hugsanlegum athugasemdum. Því er lagt til að gildistakan miðist við 1. október 2008. Þá helst þetta í hendur við aðrar aðgerðir ráðherra í lyfjamálum sem miða að því að auka aðgengi að ódýrum lyfjum í landinu.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Hér er lagt til að um umsóknir sem borist hafa heilbrigðisráðuneytinu vegna lyfsöluleyfa, innflutnings- og heildsöluleyfa og framleiðsluleyfa við gildistöku laganna fari samkvæmt ákvæðum þessa frumvarps og verði þær því afgreiddar af Lyfjastofnun. Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir neinum efnislegum breytingum á þeim skilyrðum sem þarf að uppfylla til að öðlast framangreind leyfi og því er talið eðlilegt að hafa þennan háttinn á við afgreiðslu umsókna.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lagðar til ýmsar ráðstafanir sem miða að því að efla samkeppni á lyfjamarkaði, auka þjónustu við neytendur og einfalda stjórnsýslu á sviði lyfjamála. Er m.a. lagt til að flytja leyfisveitingar á sviði lyfjamála frá heilbrigðisráðuneyti til Lyfjastofnunar en meginþunginn af vinnu við útgáfu leyfanna hefur verið í höndum stofnunarinnar. Þá er lagt til að fellt verði brott bann við póstverslun með lyf og heimiluð sala nikótín- og flúorlyfja utan lyfjabúða. Enn fremur gerir frumvarpið ráð fyrir að lyfjanefndir sjúkrahúsa gefi út bindandi lista um notkun á lyfjum á viðkomandi stofnun í þeim tilgangi að halda kostnaði í lágmarki. Í frumvarpinu er lagt til að verð söluaðila á lyfseðilsskyldu lyfi verði það sama um allt land. Loks gerir frumvarpið ráð fyrir að eftirlit og eftirfylgni með lyfjaávísunum og aukaverkunum lyfja verði styrkt með því að lengja varðveislutíma gagna í lyfjagagnagrunni landlæknis úr þremur árum í 30. Í heild miðar frumvarpið því fyrst og fremst að því að skapa skilyrði til að efla samkeppni á lyfjamarkaði í þeim tilgangi að lækka verð lyfja og þar með að draga úr auknum lyfjaútgjöldum ríkisins og neytenda.

Ekki verður séð að frumvarpið leiði til teljandi breytinga á útgjöldum einstakra stofnana ríkisins eða ríkissjóðs í heild.

739. Nefndarálit [326. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um matvæli, nr. 93/1995.

Frá sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sigrúnu Ágústsdóttur frá umhverfisráðuneyti og Baldur Erlingsson frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti.

Umsagnir um málið bárust frá landlæknisembættinu, Samtökum verslunar og þjónustu, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra, Félagi íslenskra stórkaupmanna, Matvælastofnun, Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis, Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis, Samtökum iðnaðarins og Neytendasamtökunum.

Markmið frumvarpsins er að tryggja rekjanleika umbúða og annarra efna og hluta sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli á öllum stigum. Auk þess gerir frumvarpið ráð fyrir varúðarreglu um heimildir eftirlitsaðila til að takmarka eða stöðva dreifingu vöru ef nýjar upplýsingar eða endurmat á fyrirliggjandi upplýsingum sýna fram á heilsuspillandi áhrif umbúða.

Frumvarpið felur í sér innleiðingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins um efni og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli. Nefndin telur að í vissum tilvikum geti sá rekjanleiki verið jafnmikilvægur fyrir neytendur með tilliti til öryggis matvæla og rekjanleiki matvælanna sjálfra. Gildissvið reglnanna nær m.a. yfir umbúðir sem framleiðendur pakka matvælum í sem og umbúðir eða hluti sem ætlaðir eru fyrir matvæli og neytendur kaupa sjálfir.

Á fundum nefndarinnar kom fram að matvælaeftirlit er að aukast á vettvangi Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins og að fyrir liggur innleiðing á Evrópusambandslöggjöf um rekjanleika matvæla, en markmiðið með reglunum er að vöruskiptin innan svæðisins gangi vel.

Á fundum sínum ræddi nefndin það ákvæði frumvarpsins sem heimilar eftirlitsaðila að stöðva eða takmarka dreifingu vöru ef um heilsuspillandi áhrif er að ræða. Nefndin leggur áherslu á að ákvæðið er sértækt öryggisákvæði sem einungis er heimilt að nota í undantekningatilfellum og áréttar enn fremur að ef því er beitt beri að tilkynna það æðra stjórnvaldi, þ.e. Matvælastofnun, sbr. ákvæði laganna. Til þess að leggja enn frekari áherslu á þennan skilning leggur nefndin til þá breytingu á ákvæðinu að einungis verði heimilt að beita ákvæðinu þegar rökstudd ástæða er til að ætla að heilbrigði manna sé stefnt í hættu.

Þá leggur nefndin auk þess til orðalagsbreytingu sem hún telur að samræmist betur íslenskri lagahefð.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr.

a. Á eftir orðunum „Þegar eftirlitsaðili hefur“ í 2. mgr. komi: rökstudda.
b. Í stað orðanna: „þrátt fyrir að umbúðir og önnur efni eða hlutir uppfylli ákvæði laga og reglugerða“ í 2. mgr. komi: þrátt fyrir að viðeigandi ráðstafanir um öryggi vörunnar hafi verið gerðar.

Karl V. Matthíasson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 27. febr. 2008.

Arnbjörg Sveinsdóttir, form., frsm.	Gunnar Svavarsson, með fyrirvara.	Atli Gíslason.
Kjartan Ólafsson.	Helgi Hjörvar.	Sigfús Karlsson.
Jón Gunnarsson.		Grétar Mar Jónsson, með fyrirvara.

740. Fyrirspurn [465. mál]

til menntamálaráðherra um fjárveitingar til þjóðlegra greina við Háskóla Íslands.

Frá Katrínu Júlíusdóttur.

1. Hvernig hafa þær 40 millj. kr. verið nýttar sem veittar voru á fjárlögum fyrir árið 2007 á liðnum 02-201-1.01 til að „styðja við þjóðlegar greinar“ við Háskóla Íslands?
2. Hvaða greinar hafa notið fjárins og hvernig hefur því verið varið í hverri grein um sig?
3. Telur ráðherra frekari þörf á að styðja umræddar greinar við Háskóla Íslands?

741. Svar [414. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Sivjar Friðleifsdóttur um ökklabönd og farbann.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Telur ráðherra koma til greina að taka upp notkun svokallaðra ökklabanda til að tryggja betur farbann grunaðra sakamanna?

Dómsmálaráðuneytið telur að kanna eigi til hlítar hvernig best yrði staðið að því að nýta rafræn eftirlitskerfi til að framfylgja farbanni eða fullnustu refsinga. Rafræn ökklabönd hafa verið í notkun með góðum árangri víðs vegar í heiminum, m.a. í Bandaríkjunum, Bretlandi og Svíþjóð svo að dæmi séu nefnd. Rafræn ökklabönd er hægt að nýta við afplánun vægari refsinga, t.d. vararefsingar fésekta, og með þeim yrði einnig unnt að hafa betra eftirlit með kynferðisafbrotamönnum sem fá reynslulausn.

Með hinum rafræna tæknibúnaði má skilgreina „heita reiti“, þ.e. svæði sem sakamaður má ekki fara til, svo sem flugvelli, hafnir o.s.frv. Nálgist sakamaður með rafrænt ökklaband

„heitan reit“ sendir tækið frá sér viðvörunarmerki til stjórnstöðvar sem kemur boðum áleiðis til réttra yfirvalda.

742. Frumvarp til laga [403. mál]

um breytingu á lögum um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað, nr. 88/1995, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 4. mars.)

1. gr.

Í stað „13. gr.“ í 2. mgr. 5. gr. laganna kemur: 14. gr.

2. gr.

Við III. kafla laganna bætist ný grein, 10. gr., og breytist röð annarra greina samkvæmt því. Hin nýja grein ásamt fyrirsögn orðast svo:

Aðstoðarmenn alþingismanna.

Alþingismanni er heimilt að ráða sér aðstoðarmann og skulu greiðslur til hans fara eftir nánari reglum sem forsætisnefnd Alþingis setur og veitt er fé til á fjárlögum hvers árs. Í reglum forsætisnefndar má kveða á um að heimildin sé bundin tilteknum kjördæmum eða tiltekinni stöðu sem alþingismaðurinn hefur í flokki sínum.

Laun aðstoðarmanns skulu fylgja þingfararkaupi hverju sinni og vera tilgreint hlutfall þess. Forsætisnefnd Alþingis setur reglur um starfskjör og starfsaðstöðu aðstoðarmanna.

Lög nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og reglur settar samkvæmt þeim gilda ekki um aðstoðarmenn alþingismanna, en þó skal hafa hliðsjón af 6. gr. laganna. Þá gilda ákvæði 5. gr. laga nr. 139/2003, um tímabundna ráðningu starfsmanna, ekki um aðstoðarmenn alþingismanna.

3. gr.

Við 14. gr. laganna, er verður 15. gr., bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Forsætisnefnd Alþingis ákveður aðrar greiðslur samkvæmt lögum þessum og setur nánari reglur um þær.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

743. Lög [351. mál]

um breytingu á ýmsum lögum vegna flutnings á útgáfu starfsleyfa til landlæknis.

(Afgreidd frá Alþingi 4. mars.)

I. KAFLI
Breyting á lögum nr. 41/2007, um landlækni.

1. gr.

Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: heilbrigðisráðherra.

2. gr.

Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 2. tölul. 3. gr. laganna kemur: landlæknis.

3. gr.

Við 4. gr. laganna bætist nýr stafliður, e-liður, sem orðast svo: að veita starfsleyfi til einstaklinga sem uppfylla skilyrði laga og reglugerða til notkunar starfsheita löggiltra heilbrigðisstétta.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið“ í 4. málsl. 5. mgr. kemur: heilbrigðisráðuneytið; og orðin „Tryggingastofnun ríkisins“ í sama málslið falla brott.
b. Á eftir 4. málsl. 5. mgr. kemur nýr málsliður sem orðast svo: Hið sama gildir um Tryggingastofnun ríkisins.

5. gr.

4. málsl. 2. mgr. 14. gr. laganna fellur brott.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
   Komi áminning landlæknis skv. 14. gr. ekki að haldi getur hann ákveðið að viðkomandi skuli sviptur starfsleyfi að fullu eða tímabundið.
b. Í stað orðanna „Ráðherra getur svipt heilbrigðisstarfsmann starfsleyfi, án undangenginnar áminningar að fenginni tillögu landlæknis“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: Landlæknir getur svipt heilbrigðisstarfsmann starfsleyfi án undangenginnar áminningar.
c. Í stað orðanna „ráðherra heimilt að fenginni tillögu landlæknis“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: landlækni heimilt.
d. 2. málsl. 5. mgr. fellur brott.
e. Í stað orðsins „ráðherra“ í 3. málsl. 5. mgr. kemur: landlæknir.
f. Á eftir 5. mgr. kemur ný málsgrein sem verður 6. mgr. og orðast svo:
   Ákvörðun landlæknis um sviptingu starfsleyfis eða takmörkun starfsleyfis sætir kæru til ráðherra.

7. gr.

Í stað orðsins „ráðherra“ í 1. málsl. 16. gr. laganna kemur: landlæknis.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Ráðherra getur að tillögu landlæknis“ í 1. málsl. kemur: Landlæknir getur.
b. Í stað orðsins „Ráðherra“ í 2. málsl. kemur: Landlæknir.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Komi áminning landlæknis skv. 14. gr. ekki að haldi getur hann ákveðið að svipta viðkomandi lækni eða tannlækni leyfi til þess að ávísa lyfjum, öllum eða einstökum flokkum, enda þyki ekki ástæða til að svipta hann starfsleyfi skv. 15. gr.
b. 3. málsl. 1. mgr. og 2. málsl. 3. mgr. falla brott.
c. Í stað orðsins „ráðherra“ í 3. málsl. 3. mgr. kemur: landlæknir.
d. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ákvörðun landlæknis um sviptingu réttar til að ávísa lyfjum sætir kæru til ráðherra.

10. gr.

Í stað orðanna „Ráðherra getur að tillögu landlæknis“ í 20. gr. laganna kemur: Landlæknir getur.

11. gr.

Orðið „landlæknis“ í 21. gr. laganna fellur brott.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingu.

12. gr.

Í stað orðsins „heilbrigðisráðherra“ í 7. tölul. 4. gr. laganna, sbr. 17. gr. laga nr. 160/2007, kemur: landlæknis.

III. KAFLI

Breyting á hjúkrunarlögum, nr. 8/1974, með síðari breytingum.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 1. og 2. tölul. 1. mgr. kemur: landlæknis.
b. Í stað orðsins „Ráðherra“ í 2. mgr. kemur: Heilbrigðisráðherra.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Ráðherra“ í 2. mgr. kemur: Landlæknir.

b. 3. mgr. orðast svo:
Ráðherra skipar þrjá menn í hjúkrunarráð til fjögurra ára í senn. Skal einn nefndarmaður tilnefndur af menntamálaráðuneyti, einn af Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga og einn nefndarmaður skipaður án tilnefningar.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:
a. Í stað orðsins „ráðherra“ í 1. mgr. kemur: landlæknis.
b. Í stað orðanna „Hjúkrunarfélag Íslands“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga.

16. gr.

Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 2. málsl. 7. gr. laganna kemur: landlæknis.

17. gr.

Í stað orðsins „Heilbrigðismálaráðherra“ í 9. gr. laganna kemur: Ráðherra.

18. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Starfsleyfi sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur gefið út samkvæmt lögum þessum fyrir 1. apríl 2008 halda gildi sínu þrátt fyrir ákvæði 1. og 3. gr. laganna.

IV. KAFLI
Breyting á lögum nr. 40/1976, um sálfræðinga, með síðari breytingum.

19. gr.

Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: landlæknis.

20. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:
a. Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis“ í 1. mgr. kemur: landlæknis.
b. Í stað orðsins „Ráðuneytið“ í 2. mgr. kemur: Heilbrigðisráðherra.

21. gr.

Í stað orðanna „Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti“ í 7. gr. laganna kemur: Heilbrigðisráðherra.

22. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Starfsleyfi sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur gefið út samkvæmt lögum þessum fyrir 1. apríl 2008 halda gildi sínu þrátt fyrir ákvæði 1. og 5. gr. laganna.

V. KAFLI

Breyting á lögum nr. 58/1976, um sjúkraþjálfun, með síðari breytingum.

23. gr.

Í stað orðsins „heilbrigðisráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: landlæknis.

24. gr.

Orðin „og landlæknis“ í 2. málsl. 2. gr. laganna falla brott.

25. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „ráðherra“ kemur: landlækni.
b. Orðin „og landlæknir“ falla brott.

26. gr.

Á eftir 3. gr. laganna kemur ný grein sem verður 4. gr. og orðast svo:

Enginn sjúkraþjálfari má kalla sig sérfræðing í sérgrein innan sjúkraþjálfunar nema hann hafi fengið til þess leyfi landlæknis.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um skilyrði fyrir veitingu sérfræðileyfis í sérgreinum sjúkraþjálfunar.

27. gr.

4.–12. gr. laganna verða 5.–13. gr.

28. gr.

Í stað orðsins „Ráðherra“ í 12. gr. laganna kemur: Heilbrigðisráðherra.

29. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Starfsleyfi sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur gefið út samkvæmt lögum þessum fyrir 1. apríl 2008 halda gildi sínu þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laganna.

VI. KAFLI

Breyting á lögum nr. 75/1977, um iðjuþjálfun, með síðari breytingum.

30. gr.

Í stað orðsins „heilbrigðisráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: landlæknis.

31. gr.

Í stað orðanna „stjórnar námsbrautar í iðjuþjálfun við Háskóla Íslands og landlæknis“ í 2. málsl. 2. gr. laganna kemur: iðjuþjálfunarbrautar við Háskólann á Akureyri.

32. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „ráðherra“ kemur: landlækni.
b. Í stað orðanna „stjórn námsbrautar í iðjuþjálfun við Háskóla Íslands og landlæknir“ kemur: iðjuþjálfunarbraut við Háskólann á Akureyri.

33. gr.

Í stað orðsins „Ráðherra“ í 12. gr. laganna kemur: Heilbrigðisráðherra.

34. gr.

Ákvæði til bráðabirgða með lögunum orðast svo:

Starfsleyfi sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur gefið út samkvæmt lögum þessum fyrir 1. apríl 2008 halda gildi sínu þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laganna.

VII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 18/1978, um þroskaþjálfa, með síðari breytingu.

35. gr.

Í stað orðsins „heilbrigðisráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: landlæknis.

36. gr.

Í stað orðsins „Ráðherra“ í 9. gr. laganna kemur: Heilbrigðisráðherra.

37. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Starfsleyfi sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur gefið út samkvæmt lögum þessum fyrir 1. apríl 2008 halda gildi sínu þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laganna.

VIII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 35/1978, um lyfjafræðinga, með síðari breytingum.

38. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 1. og 2. tölul. 1. mgr. kemur: landlæknis.
b. Í stað orðsins „Ráðherra“ í 2. mgr. kemur: Heilbrigðisráðherra.

39. gr.

Í stað orðanna „ráðherra, er sendir þær til umsagnar landlæknis og“ í 2. gr. laganna kemur: landlæknis er sendir þær til umsagnar.

40. gr.

Í stað orðsins „heilbrigðismálaráðherra“ í 4. gr. laganna kemur: landlæknis.

41. gr.

Í stað orðanna „ráðherra, er sendir þær til umsagnar sömu aðilum og taldir eru í 2. gr.“ í 5. gr. laganna kemur: landlæknis er sendir þær til umsagnar Háskóla Íslands skv. 2. gr.

42. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Auk þess gilda ákvæði 1.–5. tölul. 1. mgr. 3. gr. og 2. og 3. mgr. sömu greinar.
b. 2. mgr. fellur brott.

43. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Lyfjaeftirliti ríkisins“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: Lyfjastofnun.
b. Í stað orðsins „lyfjaeftirliti“ í 4. málsl. 1. mgr. kemur: Lyfjastofnun.
c. Í stað orðsins „meinatækna“ í 2. mgr. kemur: lífeindafræðinga.

44. gr.

Í stað orðsins „ráðherra“ í 2. málsl. 14. gr. laganna kemur: landlækni.

45. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Starfsleyfi sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur gefið út samkvæmt lögum þessum fyrir 1. apríl 2008 halda gildi sínu þrátt fyrir ákvæði 1., 4. og 15. gr. laganna.

IX. KAFLI

Breyting á lögum nr. 99/1980, um lífeindafræðinga, með síðari breytingum.

46. gr.

Í stað orðsins „heilbrigðisráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: landlæknis.

47. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „ráðherra“ í 3. mgr. kemur: landlæknis.
b. Í stað orðsins „Ráðherra“ í 4. mgr. kemur: Heilbrigðisráðherra.

48. gr.

3. gr. laganna fellur brott.

49. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Starfsleyfi sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur gefið út samkvæmt lögum þessum fyrir 1. apríl 2008 halda gildi sínu þrátt fyrir ákvæði 1. gr. og 3. mgr. 2. gr. laganna.

X. KAFLI

Breyting á lögum nr. 17/1984, um sjóntækjafræðinga, með síðari breytingum.

50. gr.

Í stað orðsins „heilbrigðismálaráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: landlæknis.

51. gr.

2. málsl. 2. gr. laganna orðast svo: Leita skal umsagnar læknadeildar Háskóla Íslands og Félags sjóntækjafræðinga áður en leyfið er veitt.

52. gr.

Í stað orðsins „ráðherra“ í 3. gr. laganna kemur: landlækni.

53. gr.

4. gr. laganna fellur brott.

54. gr.

Í stað orðsins „Ráðherra“ í 2. mgr. 5. gr. laganna kemur: Heilbrigðisráðherra.

55. gr.

Í stað orðsins „Ráðherra“ í 10. gr. laganna kemur: Heilbrigðisráðherra.

56. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Starfsleyfi sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur gefið út samkvæmt lögum þessum fyrir 1. apríl 2008 halda gildi sínu þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laganna.

XI. KAFLI
Breyting á lögum nr. 58/1984, um sjúkraliða, með síðari breytingum.

57. gr.

Í stað orðsins „heilbrigðisráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: landlæknis.

58. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „heilbrigðisráðuneytisins“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: landlæknis.
b. Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: landlæknis.
c. Í stað orðsins „ráðuneytið“ í 3. mgr. kemur: landlæknir.

59. gr.

Í stað orðsins „Ráðherra“ í 8. gr. laganna kemur: Heilbrigðisráðherra.

60. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Starfsleyfi sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur gefið út samkvæmt lögum þessum fyrir 1. apríl 2008 halda gildi sínu þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laganna.

XII. KAFLI
Breyting á ljósmæðralögum, nr. 67/1984, með síðari breytingum.

61. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 1. og 2. tölul. 1. mgr. kemur: landlæknis.
b. Í stað orðsins „Ráðherra“ í 2. mgr. kemur: Heilbrigðisráðherra.

62. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „lokið hefur prófi“ í 1. mgr. kemur: í ljósmóðurfræðum frá hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands eða prófi.
b. Í stað orðsins „Ráðherra“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: Landlæknir.
c. Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: heilbrigðisráðherra.

d. Í stað orðanna „Ljósmæðraskóla Íslands“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands.

63. gr.

Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 2. málsl. 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: landlæknis.

64. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Starfsleyfi sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur gefið út samkvæmt lögum þessum fyrir 1. apríl 2008 halda gildi sínu þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laganna.

XIII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 38/1985, um tannlækningar, með síðari breytingum.

65. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 1. og 2. tölul. 1. mgr. kemur: landlæknis.
b. Í stað orðsins „Ráðherra“ í 2. mgr. kemur: Heilbrigðisráðherra.

66. gr.

Í stað orðsins „ráðherra“ í 2. málsl. 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: landlækni.

67. gr.

Orðin „og landlæknis“ í 5. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna falla brott.

68. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 1. og 2. tölul. 1. mgr. kemur: landlæknis.
b. Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: heilbrigðisráðuneytisins.

69. gr.

Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 2. málsl. 12. gr. laganna kemur: landlæknis.

70. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „skýrir hann ráðherra frá málavöxtum“ í 2. málsl. kemur: skal hann leita álits tannlæknadeildar Háskóla Íslands.
b. 3. málsl. fellur brott.

71. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Starfsleyfi sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur gefið út samkvæmt lögum þessum fyrir 1. apríl 2008 halda gildi sínu þrátt fyrir ákvæði 1. og 5. gr. laganna.

XIV. KAFLI
Breyting á læknalögum, nr. 53/1988, með síðari breytingum.

72. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 1. og 2. tölul. 1. mgr. kemur: landlæknis.
b. Í stað orðsins „Ráðherra“ í 2. mgr. kemur: Heilbrigðisráðherra.

73. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 2. mgr. kemur: heilbrigðisráðherra.
b. Orðin „landlæknis og“ í 3. mgr. falla brott.

74. gr.

Í stað orðanna „ráðherra eftir meðmælum landlæknis“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: landlæknir.

75. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 1. og 2. tölul. 1. mgr. kemur: landlæknis.
b. Orðin „landlæknis og“ í 1. málsl. 3. mgr. falla brott.

76. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Um lyfjaauglýsingar fer samkvæmt lyfjalögum.
b. Orðið „lækningaáhöld“ í 3. mgr. fellur brott.

77. gr.

2. málsl. 26. gr. laganna orðast svo: Landlæknir getur þó, að fenginni umsókn viðkomandi læknis, veitt undanþágu frá þessu ákvæði til eins árs í senn.

78. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæðum til bráðabirgða í lögunum:

a. 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögunum fellur brott.
b. Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Starfsleyfi sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur gefið út samkvæmt lögum þessum fyrir 1. apríl 2008 halda gildi sínu þrátt fyrir ákvæði 1. og 5. gr. laganna.

XV. KAFLI

Breyting á lögum nr. 95/1990, um félagsráðgjöf, með síðari breytingum.

79. gr.

Í stað orðsins „heilbrigðisráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: landlæknis.

80. gr.

Í stað orðsins „heilbrigðisráðherra“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: landlæknis.

81. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Starfsleyfi sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur gefið út samkvæmt lögum þessum fyrir 1. apríl 2008 halda gildi sínu þrátt fyrir ákvæði 1. og 4. gr. laganna.

XVI. KAFLI

Breyting á lögum nr. 24/1985, um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta, með síðari breytingum.

82. gr.

Í stað orðsins „heilbrigðismálaráðherra“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: heilbrigðisráðherra.

83. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „löggildingu heilbrigðismálaráðherra“ í 1. mgr. kemur: starfsleyfi landlæknis.
b. Í stað orðsins „reglur“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: reglugerð.
c. Orðin „og landlæknis“ í 3. mgr. falla brott.

84. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Rétt til þess að nota hér á landi starfsheiti sem heilbrigðisráðherra ákveður að fella undir lög þessi, sbr. 2. gr., hafa þeir einir sem hlotið hafa til þess starfsleyfi landlæknis.

85. gr.

Í stað orðanna „heilbrigðismálaráðherra hefur veitt löggildingu“ í 5. gr. laganna kemur: landlæknir hefur veitt starfsleyfi.

86. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Starfsleyfi sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur gefið út samkvæmt lögum þessum fyrir 1. apríl 2008 halda gildi sínu þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. gr. laganna.

XVII. KAFLI

Gildistaka.

87. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 2008.

744. Lög [196. mál]

um sértryggð skuldabréf.

(Afgreidd frá Alþingi 4. mars.)

Samhljóða þskj. 718.

745. Fyrirspurn [466. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um uppsjávarafla.

Frá Herdísi Þórðardóttur.

1. Hver hefur árlegur afli Íslendinga af uppsjávarfiski verið frá árinu 1997 og hvernig skiptist hann milli einstakra tegunda?
2. Hvert hefur árlegt útflutningsverðmæti aflans verið, skipt eftir tegundum og reiknað á núgildandi verðlagi?

Skriflegt svar óskast.

746. Fyrirspurn [467. mál]

til menntamálaráðherra um stúdenta frá Menntaskólanum Hraðbraut.

Frá Pétri H. Blöndal.

1. Hversu stórt hlutfall nemenda í Menntaskólanum Hraðbraut útskrifaðist 18 ára eða yngri með stúdentspróf árin 2005, 2006 og 2007?
2. Hvert var hlutfall kvenna af stúdentum frá skólanum á þessum árum?
3. Á hvaða aldri útskrifast nemendur skólans almennt með stúdentspróf og hvert hefur hlutfall kvenna verið?

747. Frumvarp til laga [468. mál]

um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (einföldun reglna um greiðslu hlutafjár í öðru en reiðufé o.fl.).

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

Lög um hlutafélög, nr. 2/1995, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir 6. gr. laganna koma þrjár nýjar greinar, 6. gr. a – 6. gr. c, sem orðast svo:

a. (6. gr. a.)

Stofnendur eða stjórn getur ákveðið að ekki skuli gera sérfræðiskýrslu skv. 1.–3. tölul. 1. mgr. 6. gr. eða 1. mgr. 37. gr. vegna greiðslu hlutafjár með verðbréfi eða peningamarkaðsskjali sem tekið hefur verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði enda miðist verð bréfsins eða skjalsins við vegið meðaltal á þeim markaði síðustu sex mánuði fyrir greiðslu hlutafjárins.

Ef verðmæti verðbréfs eða peningamarkaðsskjals hefur af sérstökum ástæðum breyst verulega á þeim tíma er nota skal það til greiðslu á hlutafé skulu stofnendur eða stjórn endurmeta verðmæti greiðslunnar og skal þá gerð sérfræðiskýrsla skv. 1.–3. tölul. 1. mgr. 6. gr. eða 1. mgr. 37. gr.

b. (6. gr. b.)

Stofnendur eða stjórn getur ákveðið að ekki skuli gera sérfræðiskýrslu skv. 1.–3. tölul. 1. mgr. 6. gr. eða 1. mgr. 37. gr. vegna greiðslu hlutafjár með öðrum verðmætum en reiðufé ef verðmæti greiðslunnar kemur beint fram í endurskoðuðum, lögmæltum ársreikningi fyrir síðasta reikningsár og eignfærsla fer fram samkvæmt ársreikningalögum.

Ef nýjar aðstæður leiða til þess að verðmæti greiðslu skv. 1. mgr. hefur breyst verulega á þeim tíma er inna skal hana af hendi til félagsins skulu stofnendur eða stjórn endurmeta verðmæti greiðslunnar og skal þá gerð sérfræðiskýrsla skv. 1.–3. tölul. 1. mgr. 6. gr. eða 1. mgr. 37. gr.

Ef ekki fer við hlutafjárhækkun fram endurmat skv. 2. mgr. geta hluthafar, sem ráða yfir minnst 5% hlutafjár þegar ákvörðun um hlutafjárhækkun er tekin, krafist þess að verðmæti greiðslu sé endurmetið og gerð sé sérfræðiskýrsla skv. 1. mgr. 37. gr. Slíka kröfu má gera þar til greiðslan hefur verið innt af hendi til félagsins ef hluthafarnir, sem að kröfu standa, réðu yfir minnst 5% hlutafjárins þegar ákvörðun um hlutafjárhækkun var tekin.

c. (6. gr. c.)

Ef ekki hefur verið gerð sérfræðiskýrsla skv. 6. gr. a og 6. gr. b skulu stofnendur eða stjórn í þess stað útbúa greinargerð sem skal geyma eftirfarandi:

1. Lýsingu á greiðslu.
2. Verðmæti greiðslunnar, grundvöll verðmætamats og aðferð við matið.
3. Yfirlýsingu um að verðmæti greiðslunnar svari a.m.k. til nafnverðs þeirra hluta sem gefa skal út að viðbættu hugsanlegu álagi vegna yfirverðs.
4. Yfirlýsingu um að ekki séu komnar upp nýjar aðstæður sem skipta máli varðandi upprunalegt verðmætamat.

Við stofnun skal greinargerð fylgja stofnsamningi. Við hlutafjárhækkun skal greinargerðin vera í boðun til hluthafafundar eða fylgja henni. Greinargerðin skal send hlutafélagaskrá innan mánaðar frá því að greiðsla var innt af hendi til félagsins og birt skv. 151. gr.

Taki stjórn ákvörðun um hlutafjárhækkun samkvæmt umboði frá hluthafafundi telst greiðslan ekki greiðsla á hlutafé fyrr en hlutafélagaskrá hefur verið send tilkynning um það hvenær ákvörðun um hlutafjárhækkun var tekin, svo og upplýsingar skv. 1.–4. tölul. 1. mgr. Birta skal tilkynninguna skv. 151. gr. Greinargerð skv. 1. mgr. má í slíku tilviki takmarka þannig að aðeins verði tilkynnt að ekki hafi komið upp nýjar aðstæður sem skipti máli varðandi verðmætamat.

2. gr.

Við 3. mgr. 8. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Gætt skal ákvæða 6. gr. a – 6. gr. c eftir því sem við á.

3. gr.

2. tölul. 2. mgr. 9. gr. laganna orðast svo: Í hvaða sveitarfélagi hér á landi félagið skal teljast hafa heimilisfang.

4. gr.

2. málsl. 1. mgr. 10. gr. laganna orðast svo: Gögn þau sem um ræðir í 6. gr., sbr. þó 6. gr. a – 6. gr. c, skulu einnig fylgja áskriftarskrá.

5. gr.

2. málsl. 1. mgr. 37. gr. laganna orðast svo: Ákvæði 5.–6. gr., 6. gr. a – 6. gr. c og 7.–8. gr. skulu gilda um þetta eftir því sem við á.

6. gr.

Í stað orðanna „átján mánaða“ í 2. málsl. 2. mgr. 55. gr. laganna kemur: fimm ára.

7. gr.

Í stað orðanna „6.–8. gr.“ í 2. mgr. 133. gr. laganna kemur: 6., 7. og 8. gr.

8. gr.

Í stað orðanna „2. mgr. 6. gr.“ í 1. tölul. 3. mgr. 148. gr. laganna kemur: 2. mgr. 6. gr., sbr. þó 6. gr. a – 6. gr. c.

Lög um einkahlutafélög, nr. 138/1994, með síðari breytingum.

9. gr.

Á eftir 6. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, 6. gr. a og 6. gr. b, sem orðast svo:

a. (6. gr. a.)

Stofnendur eða stjórn getur ákveðið að yfirlýsing löggilts endurskoðanda eða lögmanns, þess efnis að skýrsla skv. 2. mgr. 5. gr. sé rétt, þurfi ekki að fylgja stofnsamningi, sbr. 1. mgr. 6. gr., eða gögnum um hlutafjárhækkun, sbr. 2. mgr. 26. gr., þegar hlutafé er greitt með verðbréfi eða peningamarkaðsskjali enda sé bréfið eða skjalið metið á meðaltalsverði á skipulegum verðbréfamarkaði síðustu sex mánuði fyrir greiðslu hlutafjárins.

Ef verðmæti verðbréfs eða peningamarkaðsskjals hefur af sérstökum ástæðum breyst verulega á þeim tíma er nota skal það til greiðslu á hlutafé skulu stofnendur eða stjórn endurmeta verðmæti greiðslunnar. Skal þá gerð skýrsla skv. 2. mgr. 5. gr. og yfirlýsing löggilts endurskoðanda eða lögmanns fylgja henni.

b. (6. gr. b.)

Stofnendur eða stjórn getur ákveðið að yfirlýsing löggilts endurskoðanda eða lögmanns, þess efnis að skýrsla skv. 2. mgr. 5. gr. sé rétt, þurfi ekki að fylgja stofnsamningi, sbr. 1. mgr. 6. gr., eða gögnum um hlutafjárhækkun, sbr. 2. mgr. 26. gr., þegar hlutafé er greitt með öðrum verðmætum en reiðufé ef verðmæti greiðslunnar kemur beint fram í endurskoðuðum, lögmæltum ársreikningi fyrir síðasta reikningsár og eignfærsla fer fram samkvæmt ársreikningalögum.

Ef nýjar aðstæður leiða til þess að verðmæti greiðslu skv. 1. mgr. hefur breyst verulega á þeim tíma er inna skal hana af hendi til félagsins skulu stofnendur eða stjórn endurmeta verðmæti greiðslunnar. Skal þá gerð skýrsla skv. 2. mgr. 5. gr. og yfirlýsing löggilts endurskoðanda eða lögmanns fylgja henni.

Ef ekki fer við hlutafjárhækkun fram endurmat skv. 2. mgr. geta hluthafar, sem ráða yfir minnst 5% hlutafjár þegar ákvörðun um hlutafjárhækkun er tekin, krafist þess að verðmæti greiðslu sé endurmetið og gerð sé skýrsla skv. 2. mgr. 5. gr. sem yfirlýsing löggilts endurskoðanda eða lögmanns fylgi. Slíka kröfu má gera þar til greiðslan hefur verið innt af hendi til félagsins ef hluthafarnir, sem að kröfu standa, réðu yfir minnst 5% hlutafjárins þegar ákvörðun um hlutafjárhækkun var tekin.

10. gr.

2. tölul. 2. mgr. 7. gr. laganna orðast svo: Í hvaða sveitarfélagi hér á landi félagið skal teljast hafa heimilisfang.

11. gr.

2. málsl. 1. mgr. 26. gr. laganna orðast svo: Ákvæði 5.–6. gr., svo og 6. gr. a og 6. gr. b, skulu gilda um þetta eftir því sem við á.

12. gr.

2. málsl. 1. mgr. 107. gr. laganna orðast svo: Ákvæði 6. gr., 6. gr. a – 6. gr. c og 7.–8. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, gilda eftir því sem við á.

13. gr.

Með lögum þessum er tekið mið af óbindandi ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/68/EB frá 6. september 2006 um breytingu á tilskipun ráðsins 77/91/EBE um stofnun hlutafélaga og tilskilið hlutafé þeirra og breytingar á því.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lagafrumvarpi þessu, sem samið hefur verið í viðskiptaráðuneytinu, er stefnt að því að breyta til einföldunar reglum í lögum um hlutafélög (hfl.) og jafnframt að nokkru leyti í

lögum um einkahlutafélög (ehfl.) viðvíkjandi greiðslu hlutafjár í öðru en reiðufé o.fl. við stofnun eða hlutafjárhækkun án þess þó að slíkt dragi úr vernd hluthafa og lánardrottna. Jafnframt eru reglur rýmkaðar um eigið fé hlutafélaga. Er þá tekið mið af óbindandi ákvæðum í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/68/EB frá 6. september 2006 um breytingu á tilskipun ráðsins 77/91/EBE um stofnun hlutafélaga og tilskilið hlutafé þeirra og breytingar á því (annarri félagaréttartilskipuninni, hlutafjártilskipuninni), sbr. fylgiskjal I. Jafnframt var tækifærið nýtt til að einfalda kröfur um heimili félags í samþykktum þess.

Tilskipunin var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 95 frá 6. júlí 2007. Við samningu frumvarpsins var höfð hliðsjón af drögum að norsku lagafrumvarpi um sama efni.

Einföldun reglnanna felst aðallega í því að ekki er í sérstökum tilvikum krafist sérfræðiskýrslu þegar hlutir í hlutafélögum eru greiddir í formi verðbréfs eða peningamarkaðsskjals eða verðmæti greiðslu fyrir hluti kemur beint fram í endurskoðuðum, lögmæltum ársreikningi. Geta ákvæðin einfaldað meðferð mála í hlutafélögum, lækkað kostnað og aukið samkeppnishæfni.

Í lögum um einkahlutafélög eru ekki gerðar sömu kröfur og í lögum um hlutafélög, þ.e. ekki er krafist sérfræðiskýrslu, þannig að reglur frumvarpsins hafa minna gildi hvað einkahlutafélög snertir.

Ákvæði 1.–8. gr. frumvarpsins gera ráð fyrir breytingu á lögum um hlutafélög, nr. 2/1995, með síðari breytingum. Í 9.–12. gr. eru síðan ákvæði um breytingu á lögum um einkahlutafélög, nr. 138/1994, með síðari breytingum. Loks er í 13. gr. gerð grein fyrir EES-heimild ákvæða frumvarpsins en 14. gr. geymir gildistökuákvæði.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að á eftir 6. gr. hfl. komi þrjár nýjar greinar, 6. gr. a – 6. gr. c.

Almennt þarf sérfræðiskýrslu til að staðfesta verðmæti annarra eigna en reiðufjár þegar hlutafé er greitt með slíkum eignum. Er þá ætlunin að tryggja að raunverulega sé verið að leggja félaginu til eignir sem eru jafnverðmætar og hlutafé. Í 1. mgr. a-liðar þessarar greinar frumvarpsins, sem yrði 6. gr. a í hfl., er gert ráð fyrir einföldun reglna við stofnun hlutafélaga. Þarf þá ekki að gera sérfræðiskýrslu, sem unnin er af einum eða fleirum sérfróðum mönnum, annaðhvort löggiltum endurskoðendum eða lögmönnum ellegar öðrum sérfróðum mönnum sem dómkvaddir á heimilisvarnarþingi félagsins. Nánar tiltekið þarf ekki að gera sérfræðiskýrslu skv. 1.–3. tölul. 1. mgr. 6. gr. hfl. varðandi stofnun eða 1. mgr. 36. gr. hfl. varðandi hlutafjárhækkun ef greiðsla hlutafjár fer fram með verðbréfi eða peningamarkaðsskjali sem tekið hefur verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði enda miðist verð bréfsins eða skjalsins við vegið meðaltal á þeim markaði síðustu sex mánuði fyrir greiðslu hlutafjárins. Skv. b-lið 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfaviðskipti, merkja peningamarkaðsskjöl þá flokka fjármálagerninga sem viðskipti fara venjulega fram með á peningamarkaði, svo sem ríkisvíxla, innlánsskírteini og viðskiptabréf að undanskildum greiðsluskjölum.

Eins og fram kemur í ákvæðum 1. mgr. a-liðar er það skilyrði að verð peningamarkaðsskjalsins miðist við vegið meðaltal á skipulegum verðbréfamarkaði síðustu sex mánuði fyrir greiðslu hlutafjárins. Þykir rétt að miða við það tímabil en ríki ráða lengd tímabilsins samkvæmt framangreindri tilskipun. Í 2. mgr. a-liðar greinar þessarar er hins vegar gert ráð fyrir undanþágu frá 1. mgr. Skal endurmeta verðmæti greiðslunnar ef verðmæti verðbréfs eða pen-

ingamarkaðsskjals hefur af sérstökum ástæðum breyst verulega á þeim tíma er nota skal það til greiðslu á hlutafé. Skulu stofnendur eða stjórn endurmeta verðmæti greiðslunnar og skal þá gerð sérfræðiskýrsla.

Í 1. mgr. b-liðar greinarinnar er kveðið á um aðra undanþágu frá því að gera sérfræðiskýrslu. Við stofnun hlutafélags ellegar við hlutafjárhækkun þarf m.ö.o. ekki að gera sérfræðiskýrslu þegar hlutafé er greitt með öðrum verðmætum en reiðufé ef verðmæti greiðslunnar kemur beint fram í endurskoðuðum, lögmæltum ársreikningi fyrir síðasta reikningsár og eignfærslan fer fram samkvæmt ársreikningalögum. Er í raun verið að leggja endurskoðun að jöfnu við sérfræðiskýrslu hvað varðar viðkomandi eign. Skilyrði er að verðmætin séu færð til eignar samkvæmt ársreikningalögum. Hér hafa verðmæti verið staðfest í endurskoðuðum ársreikningi greiðanda og er talinn óþarfi að endurtaka staðfestinguna í sérfræðiskýrslu.

Samkvæmt 2. mgr. b-liðar þarf að fara fram endurmat á verðmæti greiðslu og gera sérfræðiskýrslu ef nýjar aðstæður leiða til þess að verðmæti greiðslu skv. 1. mgr. b-liðar hefur breyst verulega á þeim tíma er inna skal hana af hendi til félagsins. Þetta er sams konar öryggisákvæði og í 2. mgr. a-liðar.

Í 3. mgr. b-liðar eru síðan sérstakar reglur um endurmat við hlutafjárhækkun.

Í 1. mgr. c-liðar greinarinnar er kveðið á um það að, í þeim tilvikum þegar ekki hefur verið nauðsynlegt að gera sérfræðiskýrslu skv. a- og b-lið greinarinnar, sé samt sem áður útbúin greinargerð þar sem m.a. kemur fram lýsing á greiðslu, verðmætamat og yfirlýsingu um að ekki séu komnar upp nýjar aðstæður sem skipta máli varðandi upprunalegt verðmætamat.

Í 2. mgr. c-liðar eru nánari ákvæði um framlagningu greinargerðarinnar og sendingu hennar til hlutafélagaskrár.

Í 3. mgr. c-liðar eru sérstök ákvæði um að skylt sé að tilkynna hlutafélagaskrá um ákvörðunardag hlutafjárhækkunar og gefa henni upplýsingar skv. 1. mgr. auk ákvæða um birtingu tilkynningarinnar.

Um 2. gr.

Með hliðsjón af breytingu á 10. gr. annarrar félagaréttartilskipunarinnar með tilskipun 2006/68/EB er slakað svolítið á kröfum 8. gr. hfl. vegna öflunar umtalsverðra verðmæta á fyrstu tveimur árum eftir skráningu hlutafélags. Ákvæði, sem samsvara 8. gr. hfl., er ekki að finna í lögum um einkahlutafélög.

Um 3. gr.

Greinin felur í sér breytingu á 9. gr. hfl. þannig að tekið yrði upp ákvæði úr lögum um hlutafélög frá árinu 1978 þess efnis að nægilegt sé að taka fram í hvaða sveitarfélagi félag teljist hafa heimilisfang. Ekki þarf þá að taka fram götunafn og númer þótt það sé heimilt. Að gefnu tilefni er og tekið fram að átt sé við sveitarfélög hér á landi.

Breytingar í þessum tölulið leiðir ekki af framangreindri EES-gerð en þykja vera til einföldunar þar eð samþykktum verður einungis breytt á hluthafafundum. Þarf eftirleiðis ekki að halda slíka fundi ef breyting verður á aðsetri félagsins innan sama sveitarfélags og þá heldur ekki senda hlutafélagaskrá nýjar samþykktir en slíkt kostar fé og fyrirhöfn.

Um 4. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir tæknilegum breytingum á ákvæðum 2. málsl. 1. mgr. 10. gr. hfl. um gögn sem fylgja skulu áskriftarskrá. Almenna reglan er að sérfræðiskýrsla skv. 6. gr.

skuli fylgja áskriftarskránni sé hún gerð. Gæta þarf þó nýrra ákvæða í 6. gr. a – 6. gr. c, þ.e. ekki þarf að leggja fram sérfræðiskýrslu ef undanþága er veitt á grundvelli 6. gr. a og 6. gr. b en greinargerð skv. 6. gr. c þyrfti þá að fylgja.

Um 5. gr.

Í greininni, sem varðar hækkun hlutafjár, er kveðið á um tæknilega breytingu á 2. málsl. 1. mgr. 37. gr. hfl. Er breytt tilvísun í þær ákveðnu greinar sem snerta sérfræðiskýrslu vegna greiðslu á hlutafé með öðrum verðmætum en reiðufé.

Um 6. gr.

Í greininni, sem snertir eigin hluti, er breytt ákvæðum í 2. málsl. 2. mgr. 55. gr. hfl. þannig að heimild hluthafafundar til handa félagsstjórn til að eignast eigin hluti má veita til lengri tíma en nú er, þ.e. til fimm ára í stað átján mánaða. Getur þetta auðveldað starf félagsstjórnar en hluthafafundur getur að sjálfsögðu afturkallað heimildina.

Um 7. gr.

Hér er breytt tilvísun í greinar í 2. mgr. 133. gr. hfl. en sú grein fjallar um skiptingu hlutafélaga. Af þessari breytingu, ef samþykkt verður, leiðir að ekki verður varðandi skiptingu slakað á kröfum um sérfræðiskýrslu fremur en slakað verður á kröfum um sérfræðiskýrslu við samruna, sbr. 2. mgr. 37. gr. hfl. og 1. mgr. a-liðar 1. gr. frumvarps þessa. Samsvarandi niðurstaða var í drögum að norsku frumvarpi sem litið var til við samningu frumvarps þessa.

Um 8. gr.

Í greininni, sem fjallar um tilkynningu til hlutafélagaskrár, er breytt tilvísun í 1. tölul. 3. mgr. 148. gr. hfl. í samræmi við fyrirhugaðar breytingar með frumvarpi þessu.

Um 9. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að unnt sé að fara einfaldari leið í einkahlutafélögum eins og í hlutafélögum við greiðslu hlutafjár með verðbréfi eða peningamarkaðsskjali, svo og við greiðslu með verðmætum samkvæmt ársreikningi, eftir því sem við á. Tekið er mið af mismunandi kröfum hfl. og ehfl. Samkvæmt ehfl. er ekki krafist sérfræðiskýrslu en hins vegar er gert ráð fyrir því að löggiltur endurskoðandi eða lögmaður skuli votta að skýrsla skv. 5. gr. ehfl., sem endurskoðandi eða lögmaður þurfa ekki að vinna, sé rétt. Ákvæði þessi gilda um greiðslu hlutafjár með öðrum verðmætum en reiðufé við stofnun og jafnframt við hlutafjárhækkun.

Um 10. gr.

Ákvæði greinarinnar fela í sér einföldun, sbr. athugasemdir við 3. gr.

Um 11. gr.

Í greininni er breytt tilvísun í lagaákvæði vegna breytinga með frumvarpi þessu.

Um 12. gr.

Þessi grein, sem fjallar um breytingu einkahlutafélags í hlutafélag, felur í sér breytingu á tilvísun 2. málsl. 1. mgr. 107. gr. ehfl. í vissar greinar laga nr. 2/1995, um hlutafélög, þ.e. um að viss ákvæði hfl. skuli gilda um breytingu einkahlutafélags í hlutafélag eftir því sem

við á. Tilvísunin í ákvæði hlutafélagalaganna um sérfræðiskýrslu, þegar greitt er með öðru en reiðufé, tekur nú einnig til nýrri ákvæða samkvæmt frumvarpi þessu.

Um 13. gr.

Í greininni er getið EES-heimildar fyrir ákvæðum frumvarps þessa.

Um 14. gr.

Greinin geymir gildistökuákvæði.

Fylgiskjal I.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2006/68/EB

frá 6. september 2006

um breytingu á tilskipun ráðsins 77/91/EBE að því er varðar stofnun hlutafélaga og tilskilið hlutafé þeirra og breytingar á því

(Texti sem varðar EES)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 44. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í annarri tilskipun ráðsins 77/91/EBE frá 13. desember 1976 um samræmingu verndarráðstafana, sem ætlað er að vera jafngildar í Bandalaginu og aðildarríki krefjast þegar almenningshlutafélög eru stofnuð og um tilskilið hlutafé og breytingar á því í skilningi annarrar málsgreinar 58. gr. sáttmálans, til að vernda hagsmuni félagsmanna og annarra ([3]), eru settar fram kröfur varðandi nokkrar ráðstafanir sem slík félög gera í tengslum við hlutafé.

2) Í orðsendingu sinni til ráðsins og Evrópuþingsins frá 21. maí 2003 sem nefndist „Að færa félagarétt til nútímahorfs og bæta stjórnarhætti í fyrirtækjum í Evrópusambandinu – Áætlun um þróun“ kemst framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að einföldun og nútímavæðing tilskipunar 77/91/EBE myndi stuðla verulega að meiri skilvirkni fyrirtækja og samkeppnishæfni án þess að rýra vernd hluthafa og lánveitenda. Þessi markmið hafa forgang en breyta engu um þörfina á að hefjast þegar í stað handa við almenna athugun á hagkvæmni annarra aðferða við að viðhalda eigin fé sem myndi veita hagsmunum lánveitanda og hluthöfum í hlutafélögum [ɔ: almenningshlutafélögum] viðunandi vernd.

3) Aðildarríki skulu eiga þess kost að heimila hlutafélögum að afhenda hlutabréf gegn öðru

([1]) Stjtíð. ESB C 294, 25.11.2005, bls. 1.

([2]) Álit Evrópuþingsins frá 14. mars 2006 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 24. júlí 2006.

([3]) Stjtíð. EB L 26, 31.1.1977, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 2003.

endurgjaldi en reiðufé án þess að félögin þurfi að fá sérstakt verðmat sérfræðings, í tilvikum þar sem viðmiðun fyrir slíkt endurgjald er skýr. Engu að síður skal tryggja rétt minnihluta hluthafa til að krefjast þess háttar mats.

4) Hlutafélögum skal heimilt að afla eigin hlutabréfa eftir því sem varasjóðir þeirra leyfa og tímabilið, þegar hluthafafundur getur heimilað slíka eignaöflun, skal lengt í því skyni að auka sveigjanleika og létta stjórnunarálagi af félögum sem þurfa að bregðast hratt við markaðsþróun sem hefur áhrif á verð hlutabréfa í þeim.

5) Aðildarríkin skulu eiga kost á að heimila hlutafélögum að veita fjárhagsaðstoð til kaupa þriðja aðila á hlutabréfum í þeim eftir því sem varasjóðir þeirra leyfa til að auka sveigjanleika að því er varðar breytingar á hlutafjársamsetningu félaga. Þessi möguleiki skal vera með fyrirvara um verndarráðstafanir að teknu tilliti til markmiðsins með þessari tilskipun að vernda bæði hluthafa og þriðju aðila.

6) Í þeim tilgangi að auka staðlaða vernd lánveitanda í öllum aðildarríkjunum skulu lánveitendur eiga kost á að hefja dómsmál eða málarekstur á sviði stjórnsýslu, samkvæmt tilteknum skilyrðum, ef líkur eru á að þeir nái ekki fram kröfum sínum vegna lækkunar á hlutafé hlutafélags.

7) Til að hindra markaðssvik skulu aðildarríkin, við framkvæmd þessarar tilskipunar, taka tillit til ákvæða tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB frá 28. janúar 2003 um innherjasvik og markaðsmisnotkun (markaðssvik) ([4]), reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2273/2003 frá 22. desember 2003 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB að því er varðar undanþágur fyrir endurkaupaáætlanir og verðjöfnun fjármálagerninga ([5]) og tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2004/72/EB frá 29. apríl 2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB að því er varðar viðurkenndar markaðsvenjur, skilgreiningu á innherjaupplýsingum í tengslum við afleidd verðbréf, tilkynningu um viðskipti stjórnenda og tilkynningu um grunsamleg viðskipti ([6]).

8) Því ber að breyta tilskipun 77/91/EBE til samræmis við þetta.

9) Í samræmi við 34. lið samstarfssamningsins milli stofnana um betri lagasetningu ([7]), eru aðildarríkin hvött til að taka saman, fyrir sig og í þágu Bandalagsins, eigin töflur sem sýna, eftir því sem við verður komið, samsvörun milli þessarar tilskipunar og ráðstafananna til að lögleiða hana og að birta þær,

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun 77/91/EBE er breytt sem hér segir:

1. Í stað 21. undirliðar í 1. mgr. 1. gr. komi eftirfarandi:

„– í Ungverjalandi:

nyilvánosan működő részvénytársaság;“,

2. Eftirfarandi greinar bætist við:

„10. gr. a

1. Aðildarríkin geta ákveðið að beita ekki 1. 2. og 3. mgr. 10. gr. ef framseljanleg verðbréf, eins og þau eru skilgreind í 18. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga (*), eða peningamarkaðsgerningar, eins og þeir eru skilgreindir í 19. lið 1. mgr. 4. gr. þeirrar tilskipunar, eru, samkvæmt ákvörðun stjórnar eða framkvæmdastjórnar, lögð fram sem endurgjald í öðru en reiðufé og þessi verðbréf eða peningamarkaðsgerningar eru metin á vegnu meðalverði í viðskiptum með verðbréfin eða gerningana á einum eða fleiri skipulegum mörkuðum, eins og þeir eru skilgreindir í 14. lið 1. mgr. 4. gr. þeirrar reglugerðar, á nægilega löngu tímabili sem ákvarðast skal samkvæmt landslögum settum fyrir þann dag sem viðkomandi endurgjald í öðru en reiðufé er lagt fram.

([4]) Stjtíð. ESB L 96, 12.4.2003, bls. 16.
([5]) Stjtíð. ESB L 336, 23.12.2003, bls. 33.
([6]) Stjtíð. ESB L 162, 30.4.2004, bls. 70.
([7]) Stjtíð. ESB C 321, 31.12.2003, bls. 1.

Hafi sérstakar aðstæður, sem hafa í för með sér verulega breytingu á verðmæti eignarinnar þann dag sem hún er lögð fram, hins vegar haft áhrif á þetta verð, þ.m.t. markaðsaðstæður sem gera slík verðbréf eða peningamarkaðsgerninga óinnleysanlega, skal fara fram endurmat að frumkvæði og á ábyrgð stjórnar eða framkvæmdastjórnar. Við þetta endurmat gilda 1., 2. og 3. mgr. 10. gr.

2. Aðildarríki geta ákveðið að beita ekki 1., 2. og 3. mgr. 10. gr. ef eignir, aðrar en framseljanleg verðbréf og peningamarkaðsgerningar sem um getur í 1. mgr., eru, samkvæmt ákvörðun stjórnar eða framkvæmdastjórnar, lagðar fram sem endurgjald annað en reiðufé, ef viðurkenndur, óháður sérfræðingur hefur metið þær á gangvirði og eftirfarandi skilyrðum hefur verið fullnægt:

a) gangvirði er ákvarðað eigi fyrr en sex mánuðum fyrir þann dag sem eignin er í raun lögð fram,

b) matið hefur farið fram í samræmi við almennt viðurkennda matsstaðla og -reglur í aðildarríkinu sem eiga við um þá gerð eigna sem leggja á fram.

Komi upp nýjar, fullgildar aðstæður, sem hefðu í för með sér verulega breytingu á gangvirði eignarinnar þann dag sem eignin er í raun lögð fram, skal fara fram endurmat að frumkvæði og á ábyrgð stjórnar eða framkvæmdastjórnar. Við þetta endurmat gilda 1., 2. og 3. mgr. 10. gr.

Fari slíkt endurmat ekki fram getur einn hluthafi eða fleiri, sem eiga samtals a.m.k. 5% af skráðu hlutafé félagsins þann dag sem ákvörðun um aukningu hlutafjár er tekin, krafist mats óháðs sérfræðings og gilda þá 1., 2. og 3. mgr. 10. gr. Slíkir hluthafar geta lagt fram slíka kröfu allt fram að þeim degi sem eignin er í raun lögð fram, að því tilskildu að á þeim degi, sem krafan er lögð fram, nemi hlutaféð, sem viðkomandi hluthafar fara með, enn a.m.k. 5% af skráðu hlutafé félagsins eins og það var daginn sem ákvörðunin um hlutafjáraukningu var tekin.

3. Aðildarríki geta ákveðið að beita ekki 1., 2. og 3. mgr. 10. gr. ef aðrar eignir en framseljanleg verðbréf og peningamarkaðsgerningar, sem um getur í 1. mgr., eru, samkvæmt ákvörðun stjórnar eða framkvæmdastjórnar, lagðar fram sem endurgjald annað en reiðufé og gangvirði þeirra má rekja til einstakrar eignar í lögboðnum reikningsskilum fyrra fjárhagsárs, að því tilskildu að lögboðnu reikningsskilin hafi verið endurskoðuð í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB frá 17. maí 2006 um lögboðna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikningsskila (**).

Annar og þriðji undirliður 2. mgr. skulu gilda að breyttu breytanda.

10. gr. b

1. Ef annað endurgjald en reiðufé, eins og um getur í 10. gr. a, er látið í té án skýrslu sérfræðings, sem um getur í 1., 2. og 3. mgr. 10. gr., skal, að viðbættum kröfunum sem fram koma í hlið 3. gr. og innan eins mánaðar frá þeim degi sem eignin er í raun lögð fram, birta tilkynningu þar sem fram kemur:

a) lýsing á því endurgjaldi, sem er í öðru en reiðufé, sem um ræðir,

b) verðmæti þess, hver hefur séð um matið og, ef við á, matsaðferðin,

c) yfirlýsing um hvort tilgreint virði svari í það minnsta til fjölda, nafnverðs eða, ef nafnverð er ekki tiltekið, til bókfærðs verðs og, ef við á, yfirverðs á hlutabréfunum sem á að gefa út vegna slíks endurgjalds,

d) yfirlýsing um að engar nýjar, fullgildar aðstæður hafi komið upp að því er varðar upphaflega matið.

Birtingin skal fram fara á þann hátt sem mælt er fyrir um í lögum hvers aðildarríkis í samræmi við 3. gr. tilskipunar 68/151/EBE.

2. Ef leggja á fram annað endurgjald en reiðufé án skýrslu sérfræðings, sem um getur í 1., 2. og 3. mgr. 10. gr., í tengslum við aukningu hlutafjár, sem fara skal fram skv. 2. mgr. 25. gr., skal birta auglýsingu með dagsetningunni þegar ákvörðunin um aukninguna var tekin og birta upplýsingarnar, sem skráðar eru í 1. lið, á þann hátt, sem mælt er fyrir um í lögum hvers aðildarríkis, í samræmi við 3. gr. tilskipunar 68/151/EBE, áður en eignin, sem lögð er fram sem annað endurgjald en reiðufé, er afhent. Í því tilviki takmark-

ast tilkynningin skv. 1. lið við yfirlýsinguna um að engar nýjar, fullgildar aðstæður hafi komið upp frá því að fyrrgreind auglýsing var birt.

3. Hvert aðildarríki skal sjá til þess að fyrir hendi séu fullnægjandi verndarráðstafanir til að tryggja að málsmeðferðinni, sem fram kemur í 10. gr. a og í þessari grein. sé fylgt ef lagt er fram annað endurgjald en reiðufé án skýrslu sérfræðings sem um getur í 1., 2. og 3. mgr. 10. gr.

(*) Stjtíð. ESB L 145, 30.4.2004, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2006/31/EB (Stjtíð. ESB L 114, 27.4.2006, bls. 60).

(**) Stjtíð. ESB L 157, 9.6.2006, bls. 87.“

3. Fyrsta undirlið í 1. mgr. 11. gr. er breytt sem hér segir:

a) „í stað „10. gr.“ komi „1., 2. og 3. mgr. 10. gr.“,

b) eftirfarandi málsliður bætist við:

„Ákvæði 10. gr. a og 10. gr. b skulu gilda að breyttu breytanda.“

4. Í stað 1. mgr. 19. gr. komi eftirfarandi:

„1. Með fyrirvara um meginregluna um jafna meðferð allra hluthafa sem hafa sömu stöðu og með fyrirvara um tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB frá 28. janúar 2003 um innherjasvik og markaðsmisnotkun (markaðssvik) (*) geta aðildarríki heimilað félagi að afla eigin hlutabréfa, hvort sem það er í nafni félagsins eða fyrir milligöngu einstaklings sem kemur fram í eigin nafni en fyrir hönd félagsins. Að því marki sem slík eignaöflun er heimil skulu aðildarríki sjá til þess að hún sé háð eftirfarandi skilyrðum:

a) á hluthafafundi skal heimild fengin sem ákvarðar skilmála og skilyrði slíkrar eignaöflunar, einkum þó hámarksfjölda hlutabréfa þeirra sem afla skal, tímabil það sem heimildin gildir, en hámarkslengd þess skal ákvarðast af landslögum, en þó ekki vera lengri en fimm ár, og hámarks- og lágmarksendurgjald þegar um er að ræða eignaöflun gegn endurgjaldi. Stjórn og framkvæmdastjórn skulu ganga úr skugga um að skilyrðum b- og c-liðar sé fullnægt á þeim tíma sem hver heimiluð eignaöflun tekur gildi,

b) eignaöflunin, þ.m.t. á hlutabréfum sem félagið hefur áður aflað og á enn, svo og hlutabréf, sem einstaklingar kaupa sem koma fram í eigin nafni en fyrir hönd félagsins, má ekki verða til þess að lækka verðgildi hreinnar eignar niður fyrir þá fjárhæð sem tilgreind er í a- og b-lið 1. mgr. 15. gr.,

c) aðeins má nota hlutabréf, sem eru greidd að fullu, í þessum viðskiptum.

Enn fremur geta aðildarríki sett eftirfarandi skilyrði fyrir eignaöflun, í skilningi fyrsta undirliðar:

i) að nafnverð eða, ef nafnverð er ekki tiltekið, bókfært verð hlutabréfanna sem aflað er, þ.m.t. hlutabréf sem félagið hefur áður aflað og á enn, svo og hlutabréf, sem einstaklingar kaupa sem koma fram í eigin nafni en fyrir hönd félagsins, megi ekki fara yfir mörk sem aðildarríkin ákvarða. Þessi mörk mega ekki vera lægri en 10% af skráðu hlutafé,

ii) að í samþykktum eða stofnsamningi félagsins sé mælt fyrir um heimild félagsins til að afla eigin hlutabréfa í skilningi fyrsta undirliðar, hámarksfjölda hlutabréfa sem á að afla, lengd þess tímabils sem heimildin gildir og hámarks- og lágmarksendurgjald,

iii) að félagið uppfylli viðeigandi tilkynninga- og upplýsingaskyldur,

iv) að gerð kunni að verða krafa, að ákvörðun aðildarríkja, um að tiltekin félög afsali sér hlutabréfum sem þau hafa aflað, að því tilskildu að fjárhæð sem er jöfn nafnvirði hlutabréfanna, sem þau afsala sér, verði sett í varasjóð sem ekki er unnt að úthluta úr til hluthafa nema lækkun verði á skráðu hlutafé. Þennan varasjóð má aðeins nota til að auka skráð hlutafé með eignfærslu varasjóða,

v) að eignaöflunin hafi ekki áhrif á það að kröfur lánveitanda verði uppfylltar.

(*) Stjtíð. ESB L 96, 12.4.2003, bls. 16.“

5. Í 3. mgr. 20. gr. komi orðin „a- og b-lið 1. mgr. 15. gr.“ í stað orðanna „a-lið 1. mgr. 15. gr.“

6. Í stað 1. mgr. 23. gr. komi eftirfarandi:

„1. Þegar aðildarríki heimilar félagi, annaðhvort beint eða óbeint, að leggja fram fé, að veita lán eða að setja tryggingu, með það í huga að þriðji aðili afli hlutabréfa í því, skulu þau gera þess háttar viðskipti háð skilyrðunum sem sett eru fram í öðrum, þriðja, fjórða og fimmta undirlið.

Viðskiptin skulu fara fram á ábyrgð stjórnar eða framkvæmdastjórnar við sanngjarnar markaðsaðstæður, einkum með tilliti til vaxta sem félagið fær greidda og með tilliti til tryggingar sem er lögð er fram til félagsins vegna þeirra lána og fyrirframgreiðslna sem um getur í fyrsta undirlið. Lánsfjárstaða þriðja aðila eða, þegar um er að ræða marghliða viðskipti, sérhvers aðila að viðskiptunum skal hafa verið rannsökuð til hlítar.

Stjórn eða framkvæmdastjórn skal leggja viðskiptin fyrir hluthafafund til fyrirframsamþykkis og skal hluthafafundurinn fara að reglum um ályktunarhæfi og meirihluta sem mælt er fyrir um í 40. gr. Stjórn eða framkvæmdastjórn skal leggja skriflega skýrslu fyrir hluthafafundinn þar sem tilgreindar eru ástæður fyrir viðskiptunum, hagsmunir félagsins af því að vera aðili að slíkum viðskiptum, skilyrði fyrir því að félagið gerist aðili að viðskiptunum, áhættan sem felst í viðskiptunum að því er varðar greiðsluhæfi og gjaldþol félagsins og verðið sem þriðji aðili á að greiða fyrir hlutabréfin. Þessa skýrslu skal leggja inn til skráningar til birtingar í samræmi við 3. gr. tilskipunar 68/151/EBE.

Heildarfjárhagsaðstoð, sem þriðju aðilum er veitt, má aldrei leiða til lækkunar á hreinni eign niður fyrir þá fjárhæð sem tilgreind er í a- og b-lið 1. mgr. 15. gr., þegar jafnframt er tekið tillit til lækkunar á hreinni eign sem kann að hafa átt sér stað þegar félagið sjálft eða þriðji aðili fyrir hönd þess aflaði eigin hlutabréfa í samræmi við 1. mgr. 19. gr. Félagið skal færa varasjóð, sem er ekki til úthlutunar, að fjárhæð sem nemur heildarfjárhagsaðstoðinni, á skuldahlið efnahagsreikningsins.

Ef þriðji aðili aflar, með fjárhagsaðstoð frá félagi, hluta í því félagi í skilningi 1. mgr. 19. gr. eða skráir sig fyrir hlutum sem gefnir eru út við aukningu á skráðu hlutafé, skal slík eignaöflun eða skráning fara fram á sanngjörnu verði“

7. Eftirfarandi grein bætist við:

„23. gr. a

Í tilvikum þar sem einstaklingar í stjórn eða framkvæmdastjórn félagsins, sem er aðili að viðskiptum sem um getur í 1. mgr. 23. gr., eða í stjórn eða framkvæmdastjórn móðurfyrirtækis, í skilningi 1. gr. tilskipunar ráðsins 83/349/EBE frá 13. júní 1983 um samstæðureikninga (*), eða slíkt móðurfyrirtæki sjálft eða einstaklingar, sem koma fram í eigin nafni en fyrir hönd aðila í slíkum fyrirtækjum eða fyrir hönd slíks fyrirtækis, eru mótaðilar í slíkum viðskiptum, skulu aðildarríkin gera fullnægjandi verndarráðstafanir til að tryggja að slík viðskipti stríði ekki gegn hagsmunum félagsins.

(*) Stjtíð. EB L 193, 18.7.1983, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2006/43/EB.“

8. Í stað annars undirliðar í 2. mgr. 27. gr. komi eftirfarandi:

„Beita skal 2. og 3. mgr. 10. gr. og 10. gr. a og 10. gr. b.“

9. Í stað 1. mgr. 32. gr. komi eftirfarandi:

„1. Ef um er að ræða lækkun á skráðu hlutafé, skulu a.m.k. lánveitendur þeir sem eiga kröfur frá því fyrir birtingu ákvörðunarinnar um lækkunina, eiga rétt á að fá a.m.k tryggingu fyrir kröfum sem hafa ekki fallið í gjalddaga á þeim birtingardegi. Aðildarríkin mega ekki sniðganga þennan rétt nema lánveitandinn hafi gert fullnægjandi verndarráðstafanir eða slíkar verndarráðstafanir séu ónauðsynlegar með tilliti til eigna félagsins.

Aðildarríkin skulu fastsetja skilyrði fyrir nýtingu þess réttar sem kveðið er á um í fyrsta undirlið. Aðildarríkin skulu í öllum tilvikum tryggja að lánveitendur hafi heimild til að fara þess á leit við viðeigandi stjórnsýslu- eða dómsmálayfirvald að það geri fullnægjandi verndarráðstafanir, að því tilskildu að þeir geti með trúverðugum hætti sýnt fram á að kröfur þeirra séu í hættu vegna lækkunar á hlutafé sem þeir hafa skráð sig fyrir og fullnægjandi verndarráðstafanir hafi ekki verið gerðar hjá félaginu.“

10. Í stað 1. mgr. 41. gr. komi eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin mega gera undanþágu frá 9. gr. (1. mgr.), 19. gr. (fyrsta málslið a-liðar í 1. mgr.) og 25., 26. og 29. gr. að svo miklu leyti sem slíkar undanþágur eru nauðsynlegar fyrir samþykkt eða beitingu ákvæða sem ætlað er að hvetja til þátttöku starfsmanna eða annarra hópa einstaklinga sem skilgreindir eru í landslögum, í kaupum á hlutafé fyrirtækja.“

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 15. apríl 2008.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 6. september 2006.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
J. BORRELL FONTELLES	P. LEHTOMÄKI
forseti.	*forseti.*

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (einföldun reglna um greiðslu hlutafjár í öðru en reiðufé o.fl.).

Markmið frumvarpsins er að gera ýmsar breytingar til einföldunar á núgildandi lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög. Jafnframt eru reglur rýmkaðar um eigið fé hlutafélaga. Einföldun reglnanna felst einkum í því að ekki er í sérstökum tilvikum krafist sérfræðiskýrslu þegar hlutir í hlutafélögum eru greiddir í formi verðbréfs eða peningamarkaðsskjals eða þegar verðmæti greiðslu fyrir hluti kemur beint fram í endurskoðuðum lögmæltum ársreikningi.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

748. Fyrirspurn [469. mál]

til iðnaðarráðherra um umhverfisáhrif Nesjavallavirkjunar.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hvernig er afrennsli frá Nesjavallavirkjun háttað og í hve miklum mæli rennur vatn frá virkjuninni út í umhverfið?

2. Eru taldar líkur á tengslum milli afrennslis frá Nesjavallavirkjun og aukins magns kvikasilfurs í urriðanum í Þingvallavatni?
3. Hvernig er háttað vöktun á umhverfisáhrifum Nesjavallavirkjunar, þar á meðal hita- og efnamengun, og hyggja stjórnvöld á einhverjar aðgerðir til úrbóta?

749. Fyrirspurn [470. mál]

til menntamálaráðherra um lán til greiðslu skólagjalda innan lands.

Frá Merði Árnasyni.

1. Hversu mikið hefur verið lánað úr Lánasjóði íslenskra námsmanna til greiðslu skólagjalda í íslenskum skólum árin 2001–2007, í heild og eftir árum?
2. Til hvaða skóla hafa þessi skólagjöld runnið, í heild og eftir árum?
3. Til náms í hvaða greinum í stórum dráttum, t.d. miðað við deildaskiptingu helstu skóla, hafa þessi lán verið veitt, í heild og eftir árum?
4. Hvaða reglur hafa á þessum tíma gilt um skólagjaldalán innan lands?

Skriflegt svar óskast.

750. Frumvarp til laga [471. mál]

um stofnun opinbers hlutafélags um rekstur Keflavíkurflugvallar o.fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

Heimild til að stofna opinbert hlutafélag.

Samgönguráðherra er heimilt að stofna opinbert hlutafélag um rekstur Keflavíkurflugvallar og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Í því skyni er heimilt að leggja til félagsins eignir, réttindi, skuldir og skuldbindingar eftir því sem nánar greinir í lögum þessum. Ytri mörk flugvallarsvæðisins (svæði A), öryggissvæðisins á Keflavíkurflugvelli (svæði B) og þróunarsvæðis (svæði C) eru afmörkuð í uppdrætti sem er fylgiskjal með auglýsingu sem forsætisráðherra birtir á grundvelli 1. mgr. 1. gr. laga nr. 176/2006.

Við stofnun félagsins skal allt hlutafé þess vera í eigu íslenska ríkisins og skal sala þess og ráðstöfun óheimil. Ákvæði laga um hlutafélög gilda um félagið ef ekki er kveðið á um annað í lögum þessum.

2. gr.

Forræði á hlutafé ríkisins.

Samgönguráðherra skal fara með hlut ríkisins í félaginu og framkvæmd laga þessara, sbr. þó 2. mgr. 5. gr. og 7. gr.

3. gr.

Stjórn félagsins.

Stjórn félagsins skal við stofnun þess skipuð fimm mönnum og jafnmörgum til vara. Þeir skulu kosnir á aðalfundi ár hvert.

4. gr.

Tilgangur félagsins.

Tilgangur félagsins er að annast rekstur, viðhald og uppbyggingu Keflavíkurflugvallar og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, þ.m.t. rekstur verslana með tollfrjálsar vörur á flugvallarsvæðinu, starfsemi sem er í beinum tengslum við flugrekstur, rekstur flugvalla og flugstöðvar og aðra starfsemi sem nauðsynlegt er að sé innan haftasvæðis flugverndar.

Félaginu skal vera heimilt að standa að stofnun annarra félaga og fyrirtækja og gerast eignaraðili að öðrum félögum og fyrirtækjum, þ.m.t. er þátttaka í félagi sem ætlað er að annast atvinnuuppbyggingu á nærsvæði flugvallarins. Félaginu skal vera heimilt að gera hvers konar samninga við aðra aðila til að ná tilgangi sínum á sem hagkvæmastan hátt. Tilgangi félagsins skal nánar lýst í samþykktum þess.

5. gr.

Samningar ríkisins við félagið.

Samgönguráðherra er heimilt að gera samninga við félagið um uppbyggingu og rekstur flugvallarsvæðis Keflavíkurflugvallar og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar til að tryggja að uppbygging, rekstur og þjónusta á þessum sviðum sé í samræmi við markmið stjórnvalda og stefnumótun í samgöngumálum á hverjum tíma.

Utanríkisráðherra er heimilt að gera samning við félagið um not þess af öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli og mannvirkjum í eigu Atlantshafsbandalagsins. Í samningnum er heimilt að kveða á um boðleiðir og framkvæmd samskipta við liðsafla Bandaríkjahers, Atlantshafsbandalagsins eða annarra ríkja sem kunna að hagnýta aðstöðuna á öryggissvæðinu í boði íslenskra stjórnvalda.

6. gr.

Þjóðréttarlegar skuldbindingar o.fl.

Samgönguráðherra er heimilt að fela félaginu að fara með réttindi íslenska ríkisins og annast skuldbindingar þess samkvæmt alþjóðlegum skuldbindingum og samningum við önnur ríki, enda samræmist slíkt tilgangi félagsins. Félaginu er skylt að fara að fyrirmælum hér að lútandi, sem og öðrum fyrirmælum er varða framkvæmd og efndir slíkra samninga og annarra þjóðréttarlegra skuldbindinga.

7. gr.

Öryggis- og varnarmál.

Félaginu ber í starfsemi sinni að virða og standa við þær þjóðréttarlegu skuldbindingar á sviði öryggis- og varnarmála sem íslensk stjórnvöld hafa undirgengist og kunna síðar að undirgangast og varða flugvallarsvæðið og Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Utanríkisráðherra er heimilt að beina fyrirmælum til félagsins er varða hagnýtingu flugvallarsvæðisins í þágu varnartengdrar starfsemi og framkvæmd og efndir alþjóðasamninga og þjóðréttarlegra skuldbindinga ríkisins á sviði öryggis- og varnarmála.

8. gr.

Skipulagsmál.

Samgönguráðherra skipar sex menn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar. Þrír skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu sveitarfélaganna Garðs, Reykjanesbæjar og Sandgerðis. Einn skal skipaður samkvæmt tilnefningu Skipulagsstofnunar, einn samkvæmt tilnefningu umhverfisráðherra og einn án tilnefningar og skal sá gegna formennsku. Ef atkvæði falla jöfn í nefndinni ræður atkvæði formanns úrslitum.

Félagið kostar og annast gerð deili- og aðalskipulagstillagna fyrir flugvallarsvæðið og leggur fyrir nefndina til afgreiðslu. Samþykki nefndarinnar við deili- eða aðalskipulagstillögu fyrir flugvallarsvæðið telst fullnaðarafgreiðsla málsins á sveitarstjórnarstigi.

Samgönguráðherra setur nefndinni starfsreglur. Ákvæði skipulagslaga og reglugerða settra samkvæmt þeim eiga að öðru leyti við um störf nefndarinnar eftir því sem við getur átt.

Utanríkisráðherra fer með yfirstjórn skipulags- og mannvirkjamála á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli en er heimilt að gera þjónustusamning um framkvæmd slíkra verkefna. Utanríkisráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði um framkvæmd þessarar málsgreinar í reglugerð.

Heimilt er skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar vegna flugvallarsvæðis og utanríkisráðherra vegna öryggissvæðis að taka þátt í gerð svæðisskipulags ásamt nærliggjandi sveitarfélögum í samræmi við ákvæði skipulagslaga.

Við gerð svæðisskipulags á Suðurnesjum samkvæmt skipulagslögum eru hlutaðeigandi skipulagsyfirvöld bundin af samþykktu aðalskipulagi flugvallarsvæðisins.

Við framkvæmd 1. og 4. mgr. þessarar greinar skulu utanríkisráðherra og skipulagsnefnd skv. 1. mgr. hafa samráð sín á milli.

9. gr.

Lóðamál, innheimta gatnagerðargjalds o.fl.

Félagið annast úthlutun og innheimtir lóðarleigugjald á flugvallarsvæðinu í samræmi við lóðarleigusamning þess við fjármálaráðuneytið.

Félagið annast innheimtu gatnagerðargjalds af lóðum og/eða mannvirkjum á flugvallarsvæðinu og ráðstafar því til gatnagerðar þar í samræmi við ákvæði laga um gatnagerðargjald. Félagið skal setja sér samþykkt um gatnagerðargjald sem birt skal í B-deild Stjórnartíðinda. Í samþykktinni skal m.a. kveðið á um álagningu gjaldsins, undanþágur frá því og afslætti, gjalddaga og eindaga, greiðslufyrirkomulag og annað er varðar innheimtu þess.

Félagið skal fara með heimildir og skyldur sveitarfélags á flugvallarsvæðinu samkvæmt lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 32/2004, X. kafla vatnalaga, nr. 15/1923 (holræsi), og 8. gr. a laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, og er félaginu heimilt að innheimta gjöld samkvæmt lögunum.

Ákvarðanir félagsins um álagningu gjalda skv. 2. og 3. mgr. sæta stjórnsýslukæru í samræmi við almennar reglur laga.

Félaginu er heimilt, að fengnu samþykki samgönguráðherra, að semja við sveitarfélag eða byggðasamlag um að hafa með höndum eitthvert þeirra verkefna sem tilgreind eru í 1., 2. eða 3. mgr.

10. gr.

Gjaldskrá.

Stjórn félagsins skal setja þjónustugjaldskrá fyrir félagið.

Félagið skal auglýsa gjaldskrár sínar og efnislegar breytingar á þeim á heimasíðu sinni. Jafnframt skal birta þar uppfærða útgáfu gjaldskráa og samþykkta um gjöld skv. 2. og 3. mgr. 9. gr.

11. gr.

Upphaf rekstrar félagsins.

Félagið skal hefja rekstur 1. júní 2008.

12. gr.

Gildistaka og brottfall laga.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Með lögum þessum eru frá og með 1. júní 2008 felld úr gildi lög um Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar, nr. 34/2006, og lög um stofnun hlutafélags um Flugstöð Leifs Eiríkssonar, nr. 76/2000, með síðari breytingum.

13. gr.

Brottfall og breyting lagaákvæða.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. Skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997, með síðari breytingum: 61. gr. laganna fellur brott.
2. Lög um loftferðir, nr. 60/1998, með síðari breytingum:
   a. 3. málsl. 1. mgr. 71. gr. a, sbr. 3. gr. laga nr. 34/2006, fellur brott.
   b. 2. málsl. 1. mgr. 71. gr. b, sbr. 3. gr. laga nr. 34/2006, fellur brott.
3. Lög um ráðstafanir í kjölfar samnings við Bandaríkin um skil á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli, nr. 176/2006: Á eftir orðinu „fylgiskjali“ í 1. mgr. 1. gr. komi orðin: sem forsætisráðherra birtir með auglýsingu.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Stofnun hlutafélags.

Á stofnfundi hlutafélags skv. 1. gr., sem haldinn skal fyrir 1. júní 2008, skipar samgönguráðherra stjórn sem starfar fram að fyrsta aðalfundi, sbr. 3. gr. Á stofnfundi skal leggja fram til afgreiðslu drög að stofnyfirlýsingu og samþykktum fyrir félagið. Í stofnyfirlýsingunni skal mælt fyrir um þau atriði sem áskilið er að fram komi í stofnsamningi samkvæmt lögum um hlutafélög að öðru leyti en því sem getið er um í lögum þessum.

Samgönguráðherra er heimilt í samráði við fjármálaráðherra að leggja til hlutafélags skv. 1. gr. eignir, búnað, skuldir og skuldbindingar sem tilheyra rekstri Flugmálastjórnar Kefla-

víkurflugvallar og Flugstöð Leifs Eiríkssonar ohf., þ.e. flugstöðina sjálfa ásamt öllu því sem henni fylgir, eignir, viðskiptavild, réttindi, skuldir og skuldbindingar. Fjármálaráðherra er heimilt að leggja til félagsins aðrar eignir ríkisins á flugvallarsvæðinu.

Meta skal eignir, búnað, réttindi, skuldir og skuldbindingar skv. 2. mgr. þessa ákvæðis og láta leggja mat á hvert stofnhlutafé opinbera hlutafélagsins skuli vera miðað við 1. júní 2008. Ríkisendurskoðandi skal staðfesta mat á eignum og skuldum félagsins. Heimilt er að stofna félagið með hlutafé að fjárhæð 10 millj. kr. sem greiðist úr ríkissjóði. Þegar endanlegt mat eigna skv. 2. mgr. þessa ákvæðis liggur fyrir skal hlutafé aukið til samræmis á framhaldsstofnfundi og eignir lagðar til félagsins sem stofnhlutafé.

Eftir að lög um Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar, nr. 34/2006, og lög um stofnun hlutafélags um Flugstöð Leifs Eiríkssonar, nr. 76/2000, falla úr gildi, 1. júní 2008, sbr. 2. mgr. 12. gr., yfirtekur hlutafélag skv. 1. gr. rekstur og starfsemi Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða III, og rekstur Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar ohf. Ákvæði XIV. kafla laga um hlutafélög gilda ekki um yfirtöku félagsins á Flugstöð Leifs Eiríkssonar ohf. Samhliða yfirtökunni telst Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar lögð niður og starfsemi Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar ohf. slitið, í skilningi 1. mgr. 127. gr. laga um hlutafélög, og réttindi þess og skyldur runnar í heild sinni til hins nýja hlutafélags skv. 1. gr. Stjórn hins nýja félags skal tilkynna hlutafélagaskrá um yfirtökuna í samræmi við ákvæði 128. gr. laga um hlutafélög. Yfirtakan veitir samningsaðilum, sem breytingin varðar, ekki heimild til uppsagnar fyrirliggjandi samningssambanda.

II.
Réttindi starfsmanna.

Þegar Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar og Flugstöð Leifs Eiríkssonar ohf. verða lagðar niður, frá og með 1. júní 2008, fer um réttindi og skyldur starfsmanna Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar eftir lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum, en auk þess gilda lög nr. 72/2002, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, eftir því sem við á.

Hlutafélag skv. 1. gr. skal bjóða starfsmönnum Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar ohf. störf, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða III.

Um biðlaunarétt, sem kann að hafa fylgt störfum einstakra starfsmanna Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar, gilda ákvæði laga nr. 70/1996.

Starfsmaður Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar sem hefur áunnið sér rétt til lífeyrisgreiðslna skv. 24. gr. laga nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og ræðst til starfa hjá hlutafélagi skv. 1. gr. með minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti í hálft starf eða meira, getur ekki hafið töku lífeyris fyrr en hann lætur af því starfi.

III.
Réttindi starfsmanna flugleiðsöguþjónustu.

Við niðurlagningu á starfsemi Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar 1. júní 2008 er samgönguráðherra heimilt að fela Flugstoðum ohf., sem fara með flugleiðsöguþjónustu og flugvallarrekstur skv. 1. gr. laga nr. 102/2006, að fara með þá flugleiðsöguþjónustu sem var áður á hendi Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar. Hið opinbera hlutafélag skal bjóða störf þeim starfsmönnum sem störfuðu við flugleiðsöguþjónustu hjá Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar. Um réttindi þessara starfsmanna gilda að öðru leyti ákvæði 1., 3. og 4. mgr. ákvæðis til bráðabirgða II, eftir því sem við getur átt.

IV.
Lóðamál og innheimta gjalda.

Þangað til hlutafélag skv. 1. gr. hefur rekstur annast Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar úthlutun lóða og innheimtu gjalda skv. 9. gr.

V.
Skipulags- og mannvirkjamál.

Þangað til hlutafélag skv. 1. gr. hefur rekstur gegnir Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar því hlutverki, á sviði skipulagsmála, sem félaginu er falið skv. 8. gr. Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar og síðar hlutafélag skv. 1. gr. annast stjórnsýslu byggingarmála (mannvirkjamála) á flugvallarsvæðinu samkvæmt skipulagslögum uns annað verður ákveðið með lögum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Með frumvarpinu er stefnt að setningu heildstæðrar löggjafar um rekstur Keflavíkurflugvallar.

Með lögum nr. 176/2006 var kveðið á um skipan mála til bráðabirgða á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli í kjölfar samnings um skil Bandaríkjanna á svæðinu til íslenskra stjórnvalda. Samkvæmt lögunum skiptist varnarsvæðið í þrjú svæði, þ.e. flugvallarsvæði (svæði A) sem er starfssvæði Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar, öryggissvæði (svæði B) sem heyrir undir utanríkisráðherra og er ætlað til varnarþarfa, þ.m.t. heræfinga og eftir atvikum friðargæsluæfinga, og starfssvæði (svæði C) Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf.

Lög nr. 176/2006 voru sett til að taka af öll tvímæli um réttarstöðuna á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli eftir að því hafði verið skilað. Með þeim var mælt fyrir um óbreytta stjórnsýslu á svæðinu, undir yfirstjórn utanríkisráðherra, fyrst um sinn en síðan gert ráð fyrir að svæðinu yrði í áföngum komið í önnur not. Var þannig talið unnt að ganga skipulegar til verks þegar stjórnsýslan á svæðinu yrði færð til samræmis við það sem er annars staðar í landinu.

Í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 176/2006 segir m.a. að utanríkisráðherra fari með yfirstjórn mála á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli þar til forsætisráðherra gefur út auglýsingu um að landsvæðið í hluta eða heild hafi verið tekið til annarra nota. Með auglýsingu forsætisráðherra nr. 38/2007, sem birtist í B-deild Stjórnartíðinda 19. janúar 2007, var tilkynnt að starfssvæði Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar (svæði C) hefði verið tekið í borgaraleg not og teldist ekki lengur varnarsvæði. 21. desember 2007 gaf forsætisráðherra út auglýsingu með gildistöku 1. janúar 2008 um að flugvallarsvæðið væri ekki lengur varnarsvæði, en þó færi utanríkisráðherra með skipulagsmál, gatnagerð, sorphirðu og veitumál á því svæði uns annað yrði ákveðið.

Eftir stendur að öryggissvæðið er enn varnarsvæði þar til kveðið hefur verið á um breytta skipan í þeim efnum.

II. Tillögur nefndar um yfirfærslu Keflavíkurflugvallar.

Með 2. mgr. 2. gr. laga nr. 176/2006 var fimm manna sérfræðinganefnd falið að undirbúa snurðulausa færslu á stjórnun og rekstri Keflavíkurflugvallar yfir til samgönguyfirvalda. Nefndin skilaði utanríkisráðherra 12. febrúar 2007 skýrslu með tillögum um framkvæmd yfirfærslunnar.

Í skýrslunni voru nefndar nokkrar grundvallarforsendur varðandi eignarhald, rekstur og stjórnsýslu á Keflavíkurflugvelli sem hafa yrði í huga, þ.e. eign íslenska ríkisins á landsvæðinu á og við flugvöllinn, að ýmis mannvirki þar eru á eignaskrá Atlantshafsbandalagsins (NATO) og að hluti búnaðar flugvallarins er í eigu Bandaríkjanna. Þá gegnir flugvöllurinn tvíhliða hlutverki sem afkastamesta samgönguvirki þjóðarinnar og herflugvöllur.

Nefndin benti m.a. á að flugvallarsvæðið á sér ekki hliðstæðu á Íslandi hvað varðar þarfir og rekstrarforsendur á sviði skipulagsmála. Á sambærilegum flugvöllum, t.d. á Norðurlöndunum, eru ríkishagsmunir látnir ganga framar staðbundnum sérhagsmunum. Þá sé tvískipting í rekstri flugvallarsvæðisins milli Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar ohf. ekki í samræmi við rekstrarfyrirkomulag alþjóðaflugvalla í Evrópu.

Frumvarp þetta byggist að nokkru á tillögum nefndarinnar en hún lagði til að Keflavíkurflugvöllur yrði rekinn sem sjálfstætt rekstrarfélag, þ.e. sem hlutafélag er yrði dótturfélag Flugstoða ohf. Nefndin benti á að með þessu móti yrði íslenska flugsamgöngukerfið rekið sem ein heild sem til framtíðar litið gæti stuðlað að sjálfbærni þess.

Nefndin lagði ríka áherslu á að Keflavíkurflugvöllur yrði rekinn með sem sjálfbærustum hætti, þ.e. að tekjur nýttust í uppbyggingu og rekstur flugvallarins. Þá benti nefndin á að þessi leið hefur verið farin varðandi rekstur flestra alþjóðaflugvalla í Evrópu, m.a. Gardermoen-flugvallar í Noregi, og þykir hafa gefist vel. Í frumvarpi þessu hefur verið vikið frá tillögum nefndarinnar um að félagið verði dótturfélag Flugstoða ohf. Gerð er nánari grein fyrir þeim breytingum síðar í greinargerðinni.

III. Tillögur starfshóps um málefni Keflavíkurflugvallar.

Í ágúst 2007 ákvað ríkisstjórnin að setja á fót starfshóp sem í áttu sæti Páll Þórhallsson, lögfræðingur forsætisráðuneyti, Veturliði Þór Stefánsson, lögfræðingur utanríkisráðuneyti, Þórhallur Arason, skrifstofustjóri fjármálaráðuneyti, Karl Alvarsson, skrifstofustjóri samgönguráðuneyti, og Þórður H. Hilmarsson, forstöðumaður Fjárfestingastofu, fulltrúi iðnaðarráðuneytis. Var starfshópnum falið að undirbúa löggjöf um Keflavíkurflugvöll með hliðsjón af tillögum nefndar á grundvelli laga nr. 176/2006 um yfirfærslu flugvallarins til samgönguráðuneytis og tillögum PricewaterhouseCoopers um atvinnuþróun á svæðinu.

Að mati starfshópsins er einkum tvennt sem hafa verður í huga við löggjöf um flugvöllinn, í fyrsta lagi að flugvöllurinn geti til frambúðar þjónað sem best borgaralegu millilandaflugi að teknu tilliti til hlutverks hans á sviði varnarmála og í öðru lagi að forsendur séu skapaðar til að nýta tækifærin til atvinnuþróunar í næsta nágrenni flugvallarins til hagsbóta fyrir nærliggjandi sveitarfélög og þjóðina alla. Einkum er mikilvægt í því sambandi að tengja saman ólíka hagsmuni og tryggja samræmi í skipulagsmálum.

Lagt er til í þessu ljósi að Flugstöð Leifs Eiríkssonar ohf. og Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar verði sameinuð í eitt opinbert hlutafélag í eigu íslenska ríkisins og fari samgönguráðherra með hlutabréf íslenska ríkisins í félaginu. Starfsmönnum beggja stofnana verði boðið starf hjá hinu sameinaða félagi nema hvað heimilt verði að færa flugleiðsöguþjónustu til Flugstoða ohf. Utanríkisráðherra verði heimilt að beina fyrirmælum til félagsins er varðar hagnýtingu flugvallarsvæðisins í þágu varnartengdrar starfsemi.

Hvað skipulagsmál áhrærir leggur starfshópurinn til að á flugvallarsvæðinu (svæði A) verði sett á fót sameiginleg nefnd þar sem sitji fulltrúar Garðs, Reykjanesbæjar og Sandgerðis auk þriggja fulltrúa sem skipaðir eru af samgönguráðherra, þar af tveir samkvæmt tilnefningu. Gert er ráð fyrir áframhaldandi yfirstjórn utanríkisráðherra í skipulags- og mannvirkjamálum á öryggissvæðinu (svæði B). Starfshópurinn leggur til að forsætisráðherra verði

heimilað með auglýsingu að breyta mörkum svæða á fyrrverandi varnarsvæði í kjölfar þarfagreiningar fyrir flugvallarsvæðið annars vegar og öryggissvæðið hins vegar.

Til viðbótar við nauðsynlega lagasetningu leggur starfshópurinn til að leitað verði leiða til að skapa til frambúðar samstarfsvettvang ríkis og sveitarfélaga um þróun og atvinnuuppbyggingu á svæðinu. Hugað verði í þessu sambandi að umbreytingu Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf. með beinni eignaraðild sveitarfélaga og aðkomu flugvallarfélagsins.

IV. Forsendur þessa lagafrumvarps.

Frumvarp þetta byggist að meginstefnu til á tillögum þeim sem reifaðar eru hér að framan í II. og III. kafla. Valin hefur verið sú leið að leggja til setningu heildstæðrar löggjafar um rekstur Keflavíkurflugvallar þar sem rekstur Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar ohf. er sameinaður og færður á hendi eins rekstraraðila, þ.e. opinbers hlutafélags í eigu íslenska ríkisins. Með hliðsjón af mikilvægi Keflavíkurflugvallar sem samgöngumannvirkis og til að tryggja samfellu í rekstri flugvallarsvæðisins þykir hagkvæmast að setja sem fyrst heildstæða löggjöf um reksturinn.

Við samningu frumvarpsins hefur verið höfð hliðsjón af nýlegri löggjöf um hlutafélagavæðingu ríkisrekstrar, einkum þó lögum nr. 102/2006, um stofnun hlutafélags um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstur Flugmálastjórnar Íslands.

Í frumvarpinu er m.a. tekið mið af þeim forsendum varðandi Keflavíkurflugvöll sem lýst er í II. og III. kafla hér að framan og þeirri áherslu stjórnvalda á að stuðla að uppbyggingu og atvinnuþróun á Suðurnesjum. Þá hefur m.a. verið tekið mið af þeim þjóðréttarlegu skuldbindingum á sviði varnar- og öryggismála sem áfram hvíla á íslenska ríkinu varðandi Keflavíkurflugvöll, á grundvelli varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna og vegna samninga við Atlantshafsbandalagið.

V. Meginatriði lagafrumvarpsins.

Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir helstu nýmælum og breytingum samkvæmt frumvarpinu:

1. *Stofnun opinbers hlutafélags, forræði á hlutafé og stjórn.* Með lögunum er samgönguráðherra heimilað að stofna opinbert hlutafélag um rekstur flugvallarsvæðis Keflavíkurflugvallar og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Gert er ráð fyrir að félagið verði allt í eigu ríkisins og sala þess óheimil. Samgönguráðherra fari fyrir hönd ríkisstjórnarinnar með hlut ríkisins í félaginu. Gert er ráð fyrir að stjórn félagsins sé skipuð fimm mönnum. Fjallað er um framkvæmdina við stofnun félagsins í ákvæði til bráðabirgða I. Er þar m.a. gert ráð fyrir að ríkissjóður leggi félaginu til eignir og skuldir Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar ohf. Einnig mun fjármálaráðherra gera lóðarleigusamning við félagið um það landsvæði flugvallarsvæðisins sem félagið fær til afnota vegna rekstrarins.
2. *Tilgangur félagsins.* Félaginu er ætlað að annast rekstur, viðhald og uppbyggingu flugvallarsvæðis Keflavíkurflugvallar og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, þ.m.t. rekstur verslana með tollfrjálsar vörur á flugvallarsvæðinu, og starfsemi sem er í beinum tengslum við flugrekstur, rekstur flugvalla og flugstöðvar og aðra starfsemi sem nauðsynlegt er að sé innan haftasvæðis flugverndar. Félaginu verður heimilt að standa að stofnun og gerast eignaraðili að öðrum félögum og fyrirtækjum, þ.m.t. talið er þátttaka í félagi sem ætlað er að annast atvinnuuppbyggingu á nærsvæði flugvallarins, og gera samninga við aðra aðila til að ná tilgangi sínum á sem hagkvæmastan hátt.

3. *Samningar ríkisins við félagið.* Samgönguráðherra er heimilað að gera þjónustusamning við félagið um uppbyggingu og rekstur flugvallarsvæðisins og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Þá er utanríkisráðherra heimilað að gera samning við félagið um not þess af öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli og mannvirkjum Atlantshafsbandalagsins.
4. *Skuldbindingar ríkisins samkvæmt alþjóðasamþykktum o.fl.* Samgönguráðherra er heimilað að fela félaginu að fara með réttindi og alþjóðlegar skuldbindingar íslenska ríkisins enda samræmist slíkt tilgangi félagsins. Félaginu er skylt að fara að fyrirmælum stjórnvalda varðandi framkvæmd og efndir slíkra þjóðréttarlegra skuldbindinga.
5. *Öryggis- og varnarmál.* Í starfsemi sinni er félaginu gert skylt að virða og standa við þjóðréttarlegar skuldbindingar Íslands á sviði varnar- og öryggismála varðandi flugvallarsvæðið og Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Tekið er fram að utanríkisráðherra geti beint fyrirmælum til félagsins varðandi framkvæmd og efndir slíkra þjóðréttarlegra skuldbindinga.
6. *Gjaldskrá.* Félaginu er skylt að setja sér þjónustugjaldskrá og samþykkt um innheimtu gatnagerðargjalds. Félaginu ber að auglýsa gjaldskrár sínar á heimasíðu sinni og birta þar einnig uppfærðar útgáfur gjaldskráa og samþykkta.
7. *Skipulags- og mannvirkjamál.* Frumvarpið mælir fyrir áframhaldandi sérstöðu í skipulagsmálum innan flugvallarsvæðisins. Gert er ráð fyrir að starfrækt sé sérstök sex manna skipulagsnefnd varðandi málefni flugvallarsvæðisins, skipuð af samgönguráðherra. Þar af tilnefna sveitarfélögin Garður, Reykjanesbær og Sandgerði hvert um sig einn fulltrúa í nefndina auk fulltrúa sem tilnefndir eru af umhverfisráðherra og Skipulagsstofnun. Félagið mun kosta og annast gerð deili- og aðalskipulagstillagna fyrir flugvallarsvæðið og leggja fyrir nefndina til afgreiðslu. Frumvarpið gerir ráð fyrir að utanríkisráðherra fari með yfirstjórn skipulags- og mannvirkjamála á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli (svæði B). Þá er gert ráð fyrir að skipulagsnefndin geti tekið þátt í gerð svæðisskipulags með nærliggjandi sveitarfélögum, þ.e. Reykjanesbæ, Sandgerði, Garði, Grindavík og Vogum, í samræmi við ákvæði skipulagslaga. Sama gildir um utanríkisráðherra varðandi öryggisvæðið. Í ákvæði til bráðabirgða V er fjallað um framkvæmd skipulags- og mannvirkjamála þar til félagið og síðar Byggingarstofnun, sbr. frumvarp umhverfisráðherra á þskj. 617 (375. mál), hefja starfsemi.
8. *Lóðamál, innheimta gjalda o.fl.* Félaginu er ætlað að annast lóðaúthlutun og innheimtu lóðarleigugjalds á flugvallarsvæðinu í samræmi við lóðarleigusamning sem það gerir við fjármálaráðuneytið. Þá annast félagið innan flugvallarsvæðisins innheimtu gatnagerðargjalda og veitutengdra gjalda. Ákvarðanir félagsins um álagningu gjalda sæti stjórnsýslukæru í samræmi við almennar reglur. Þá er félaginu heimilað að gera þjónustusamning við sveitarfélög eða byggðasamlag um að annast fyrir félagið lóðamál eða innheimtu gjalda. Í ákvæði til bráðabirgða IV er fjallað um tilhögun lóðamála og gjaldainnheimtu fram að því tímamarki að félagið hefur rekstur.
9. *Upphaf rekstrar félagsins.* Gert er ráð fyrir að félagið hefji starfsemi 1. júní 2008 og yfirtaki þá rekstur flugvallarsvæðisins á Keflavíkurflugvelli og rekstur Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Frá og með 1. júní 2008 falli jafnframt úr gildi lög um starfsemi Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar ohf.
10. *Gildistaka laganna og breytingar á öðrum lögum.* Lögunum er ætlað að taka þegar gildi svo að nægt ráðrúm gefist til að undirbúa yfirtöku félagsins á rekstri Keflavíkurflugvallar og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Kveðið er á um breytingar á öðrum lögum sem

einnig er ætlað að öðlast þegar gildi. Þar á meðal er breyting á núgildandi skipulags- og byggingarlögum varðandi skipulagsvald á Keflavíkurflugvelli.

11. *Réttindi starfsmanna.* Í ákvæðum til bráðabirgða II og III er félaginu gert skylt að bjóða starfsmönnum Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar ohf. störf. Heimilt er þó að undanskilja starfsmenn flugleiðsöguþjónustu Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar en ef sú heimild er nýtt ber Flugstoðum ohf. að bjóða þeim aðilum störf. Jafnframt er kveðið á um biðlaunarétt og lífeyrismál starfsmanna.
12. *Flugleiðsöguþjónusta.* Í ákvæði til bráðabirgða III er heimilað að flytja starfsemi Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar á sviði flugleiðsöguþjónustu yfir til Flugstoða ohf.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er að finna heimild samgönguráðherra til að stofna opinbert hlutafélag um rekstur Keflavíkurflugvallar og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Starfssvæði félagsins verður landfræðilega afmarkað í uppdrætti sem birtur verður með auglýsingu á grundvelli laga nr. 176/2006. Tekið er fram í ákvæðinu að allt hlutafé þess skuli vera í eigu íslenska ríkisins og sala þess og ráðstöfun óheimil.

Gert er ráð fyrir að félaginu verði lagðar til eignir og réttindi sem nú tilheyra umræddri starfsemi, þ.m.t. Flugstöð Leifs Eiríkssonar, en jafnframt taki félagið yfir skuldir og skuldbindingar sem henni tilheyra, eftir því sem nánar er kveðið á um í ákvæði til bráðabirgða I.

Þá er tekið fram að ákvæði laga um hlutafélög gildi um félagið ef ekki er kveðið á um annað í lögum þessum. Af þessu leiðir m.a. að þar sem félaginu er falið stjórnsýsluhlutverk, sbr. ákvæði um innheimtu gjalda og meðferð skipulags- og byggingarmála, gilda meginreglur stjórnsýsluréttar, stjórnsýslulaga og ákvæði upplýsingalaga um félagið.

Um 2. gr.

Samgönguráðherra er hér falið að fara með hlut ríkisins í félaginu. Í greininni segir að samgönguráðherra fari með framkvæmd laganna, sbr. þó 2. mgr. 5. gr. og 7. gr. Tilgreind frávik helgast af því að öryggissvæðið á Keflavíkurflugvelli er á forræði utanríkisráðherra, sbr. 3. gr. laga nr. 176/2006.

Um 3. gr.

Í greininni er fjallað um skipun og fjölda stjórnarmanna félagsins. Þrátt fyrir að kveðið sé á um að stjórnarmenn séu fimm, við stofnun félagsins, geta aðstæður í framtíðinni leitt til þess að ástæða verður talin til að fjölga eða fækka stjórnarmönnum. Verður það gert með breytingu á samþykktum félagsins í samræmi við ákvæði hlutafélagalaga.

Um 4. gr.

Í 1. mgr. er tilgreint að tilgangur félagsins sé m.a. sá að annast rekstur, viðhald og uppbyggingu flugvallarsvæðis Keflavíkurflugvallar og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, þ.m.t. rekstur verslana með tollfrjálsar vörur á flugvallarsvæðinu. Með ákvæðinu er m.a. lögfest sérstök heimild félagsins til að starfrækja tollfrjálsar verslanir í skilningi 101. gr. gildandi tollalaga, nr. 88/2005. Lýtur félagið eftirliti fjármálaráðherra að því er rekstur slíkra verslana varðar. Í þeim tilvikum þegar félagið veitir með gerð rekstrarleyfissamninga nánar tilgreindum samningshöfum umboð til að reka tollfrjálsar verslanir, í skilningi 101. gr. tollalaga, innan flugstöðvarinnar, starfa slíkir samningshafar í umboði og á ábyrgð félagsins. Ákvæði

1. mgr. er efnislega að mestu samhljóða 7. gr. laga, nr. 76/2000, um stofnun hlutafélags um Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Þó er hér gerð sú áherslubreyting að tilgangur félagsins skal samkvæmt ákvæðinu aðallega vera að sinna starfsemi sem er í beinum tengslum við flugrekstur, rekstur flugvalla og flugstöðvar og aðra starfsemi sem talið er nauðsynlegt að sé innan haftasvæðis flugverndar. Hugtakið haftasvæði flugverndar (e. Security Restricted Area) er skilgreint með eftirfarandi hætti í 3. gr. reglugerðar um flugvernd nr. 361/2005: „Flugsvæði flugvallar þar sem eftirlit er haft með aðgangi til að tryggja flugvernd í almenningsflugi. Þessi svæði ná að jafnaði m.a. yfir öll brottfararsvæði farþega á milli skimunarstaða og loftfars, hlaðs, flokkunarsvæða farangurs, farangursskála, póststöðva og athafnasvæða fyrir ræstingar og flugvistir.“

Til að ná tilgangi sínum á sem hagkvæmastan hátt er gert ráð fyrir því í 2. mgr. að félaginu sé heimilt að gera hvers konar samninga við aðra aðila og því sé heimilt að standa að stofnun fyrirtækja og gerast eignaraðili í öðrum félögum, þ.m.t. talið er þátttaka í félagi sem ætlað er að annast atvinnuuppbyggingu á nærsvæði Keflavíkurflugvallar. Þessi heimild er sambærileg við ákvæði 5. gr. laga nr. 102/2006 (Flugstoðir ohf.) og tekur mið af niðurstöðum og tillögum starfshóps sem reifaðar eru í III. kafla almennra athugasemda.

Þá er gert ráð fyrir að tilgangi félagsins verði nánar lýst í samþykktum félagsins á hverjum tíma, en nauðsynlegt kann að vera, til að tryggja sveigjanleika gagnvart breytingum í framtíðinni, að tilgangi félagsins verði að einhverju leyti breytt frá því sem kveðið er á um við stofnun þess, og verða slíkar breytingar þá gerðar á hluthafafundi í félaginu í samræmi við ákvæði hlutafélagalaga um breytingar á samþykktum.

Um 5. gr.

Ákvæði 1. mgr. tekur mið af þeirri staðreynd að sökum mikillar viðhaldsþarfar, og endurnýjunar á tækjabúnaði, munu tekjur af flugvallarrekstri fyrstu árin í starfsemi félagsins sennilega ekki standa undir kostnaði. Rekstur Keflavíkurflugvallar er eftir sem áður einn mikilvægasti þátturinn í flugöryggi og uppbyggingu samgangna hér á landi. Því gert ráð fyrir að íslenska ríkið muni fela félaginu að annast rekstur Keflavíkurflugvallar á grundvelli uppbyggingar- og þjónustusamnings sem taki á hverjum tíma mið af stefnumótun og markmiðum í samgöngumálum hér á landi.

Í 2. mgr. er utanríkisráðherra heimilað að gera samning við félagið um not þess af öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli og mannvirkjum í eigu Atlantshafsbandalagsins sem utanríkisráðuneytið ber ábyrgð á.

Um 6. gr.

Samgönguráðherra er hér heimilað að fela félaginu að fara með réttindi og annast skuldbindingar íslenska ríkisins samkvæmt alþjóðlegum skuldbindingum og samningum við önnur ríki, enda samræmist slíkt tilgangi félagsins. Gert er ráð fyrir því að félaginu verði skylt að fara eftir fyrirmælum samgönguráðherra varðandi framkvæmd og efndir slíkra samninga. Er áhersla á þetta lögð þar sem um skuldbindingar íslenska ríkisins er að ræða. Grein þessi er að mestu samhljóða 11. gr. laga nr. 102/2006, um stofnun hlutafélags um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstur Flugmálastjórnar Íslands.

Um 7. gr.

Í 1. mgr. er félaginu gert skylt að virða í starfsemi sinni og standa við þjóðréttarlegar skuldbindingar Íslands á sviði varnar- og öryggismála varðandi flugvallarsvæðið og Flugstöð

Leifs Eiríkssonar. Þar á meðal telst varnarsamningur Íslands og Bandaríkjanna, sbr. lög nr. 110/1951, og samkomulag Íslands og Bandaríkjanna frá 26. ágúst 1983 varðandi aðgang og afnot Bandaríkjanna af Flugstöð Leifs Eiríkssonar á Keflavíkurflugvelli á ófriðartímum og í neyðartilvikum. Sem dæmi um aðrar þjóðréttarlegar skuldbindingar sem skipta hér máli eru þær kvaðir sem hvíla á Keflavíkurflugvelli vegna samninga við Atlantshafsbandalagið.

Í 2. mgr. er áréttað fyrirsvarshlutverk utanríkisráðherra varðandi hagnýtingu flugvallarsvæðisins í þágu varnartengdrar starfsemi. Í samræmi við það er utanríkisráðherra heimilt að beina fyrirmælum til félagsins er varða framkvæmd þjóðréttarlegra skuldbindinga á sviði öryggis- og varnarmála.

Um 8. gr.

Þessu ákvæði er ætlað er að koma í stað 61. gr. núgildandi skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997. Þar er kveðið um þá sérstöðu að utanríkisráðherra fari með yfirstjórn í skipulags- og byggingarmálum innan auglýstra varnarsvæða. Tillaga þessa frumvarps tekur mið af þeirri staðreynd að flugvallarsvæðið liggur innan marka þriggja sveitarfélaga þ.e. Garðs, Reykjanesbæjar og Sandgerðis. Sökum séreðlis Keflavíkurflugvallar sem stærsta samgöngumannvirkis þjóðarinnar, eignarhalds ríkisins á öllu landi innan flugvallarsvæðisins og til að tryggja hagsmuni ríkisins varðandi rekstur og uppbyggingu Keflavíkurflugvallar þykir rétt að mæla hér fyrir um áframhaldandi sérfyrirkomulag í skipulagsmálum. Geta ber þess að í 59.–68. gr. laga nr. 60/1998, um loftferðir, eru fjölmörg ákvæði um skipulag innan og utan flugvalla. Auk þess er samgönguráðherra heimilt að setja skipulagsreglur fyrir flugvelli sem ætlaðir eru til almennrar notkunar. Í skipulagsreglum er gert ráð fyrir að kveðið verði á um skipulag innan flugvallarsvæðis auk fyrirmæla um það svæði utan flugvallar þar sem rétt er að setja takmörkun á hæð mannvirkja og annarra hluta, t.d. húsa, stanga og trjáa, eða takmörkun á meðferð fasteigna eða hluta, t.d. að því er varðar leiðslur eða atvinnurekstur, enda séu slíkar kvaðir nauðsynlegar í þágu almenns öryggis.

Í 1. mgr. greinarinnar er kveðið á um sex manna skipulagsnefnd fyrir flugvallarsvæðið skipaða af samgönguráðherra samkvæmt tilnefningu þeirra þriggja sveitarfélaga sem fara með sveitarstjórnarvald á svæðinu, þ.e. sveitarfélaganna Sandgerðis, Garðs og Reykjanesbæjar, auk tilnefningar frá umhverfisráðherra og Skipulagsstofnun. Einn fulltrúa skipar samgönguráðherra án tilnefningar sem jafnframt er formaður. Ef atkvæði falla jöfn í nefndinni ræður atkvæði formanns úrslitum. Tekið er fram í ákvæðinu að samþykktar deili- eða aðalskipulagstillögur fyrir flugvallarsvæði teljist fullnaðarafgreiðslur á stjórnsýslustigi Af þessu leiðir að ekki þarf að leggja þær sérstaklega fyrir sveitarstjórnir sveitarfélaganna til samþykktar.

Í 2. mgr. er félaginu gert að annast og kosta gerð deili- og aðalskipulagstillagna fyrir flugvallarsvæðið. Með því er leitast við að nýta sérfræðiþekkingu félagsins varðandi rekstur flugvallarsvæðisins og þær sérhæfðu alþjóðlegu kröfur sem gerðar er til skipulags flugvalla.. Tekið er fram í ákvæðinu að samþykktar deili- eða aðalskipulagstillögur fyrir flugvallarsvæði teljist fullnaðarafgreiðslur á stjórnsýslustigi. Af þessu leiðir að ekki þarf sérstaklega að leggja þær fyrir sveitarstjórnir sveitarfélaganna til samþykktar.

Í 3. mgr. er samgönguráðherra veitt heimild til að setja nefndinni starfsreglur.

Í 4. mgr. segir að utanríkisráðherra fari með yfirstjórn skipulags- og mannvirkjamála á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli. Þetta er í samræmi við núverandi efni 61. gr. skipulags- og byggingarlaga og leiðir af yfirstjórnarhlutverki utanríkisráðherra á öryggissvæðinu, sbr. 3. gr. laga nr. 176/2006. Utanríkisráðherra er hér heimilað að gera þjónustusamning um

framkvæmd skipulags- og mannvirkjamála á öryggissvæðinu. Um er að ræða þjónustusamning í skilningi 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997. Af hagkvæmnisástæðum þykir rétt að hafa þessa heimild í lögunum. Þá er utanríkisráðherra heimilað að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd ákvæðisins. Er greinin að mestu leyti samhljóða ákvæði 2. málsl. 3. mgr. núgildandi 61. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Í 5. mgr. er gert ráð fyrir að skipulagsnefndin geti tekið þátt í gerð svæðisskipulags með nærliggjandi sveitarfélögum, þ.e. Reykjanesbæ, Sandgerði, Garði, Grindavík og Vogum, í samræmi við ákvæði skipulagslaga. Sama gildir um utanríkisráðherra varðandi öryggisvæðið.

Í 6. mgr. kveðið á um að við gerð svæðisskipulags á Suðurnesjum samkvæmt skipulagslögum séu hlutaðeigandi skipulagsyfirvöld bundin af samþykktu aðalskipulagi flugvallarsvæðisins. Af þessu leiðir að samþykktu aðalskipulagi flugvallarsvæðisins verður ekki breytt með gerð svæðisskipulags.

Í 7. mgr. er tekið fram að við framkvæmd 1. og 4. mgr. beri skipulagnefnd skv. 1. mgr. og utanríkisráðherra að hafa samráð sín á milli. Sú tilhögun er í samræmi við gildandi ákvæði 61. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Um 9. gr.

Í 1. mgr. ákvæðisins segir að félagið annist úthlutun og innheimti lóðarleigugjald á flugvallarsvæðinu í samræmi við lóðarleigusamning þess við fjármálaráðuneytið. Þetta er í samræmi við núgildandi framkvæmd en Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar hefur annast úthlutun lóða og gerð lóðarleigusamninga á flugvallarsvæðinu í umboði utanríkisráðuneytisins. Gert er ráð fyrir að afmörkun svæðisins sem félagið fær til umráða með lóðarleigusamningi við fjármálaráðuneytið taki mið af þörfum félagsins og tilgangi þess skv. 4. gr. frumvarpsins.

Með ákvæði 2. mgr. er félaginu falið að annast innheimtu gatnagerðargjalds af lóðum og/eða mannvirkjum á flugvallarsvæðinu og ráðstafa því til gatnagerðar þar í samræmi við ákvæði laga um gatnagerðargjald. Félaginu er hér falið ákveðið stjórnsýsluhlutverk og innheimta lögbundinna gjalda. Þetta fyrirkomulag er í samræmi þá framkvæmd sem tíðkast hefur um árabil í starfsemi Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli. Samkvæmt 8. gr. núgildandi gjaldskrár nr. 479/2004 fyrir gatnagerðargjöld á varnarsvæðum innheimtir flugvallarstjórinn á Keflavíkurflugvelli gatnagerðargjald á flugvallarsvæðinu og annast ráðstöfun þess.

Samkvæmt 3. mgr. skal félagið fara með heimildir og skyldur sveitarfélags á flugvallarsvæðinu samkvæmt lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, X. kafla vatnalaga og ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir um fráveitur og er félaginu heimilt að innheimta gjöld samkvæmt lögunum. Þetta fyrirkomulag tekur mið af þeirri staðreynd að veitukerfi innan flugvallarsvæðisins er að meginstefnu til í eigu ríkisins og hafa verið rekin af Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar um árabil.

Með ákvæði 4. mgr. er kveðið með skýrum hætti á um það að ákvarðanir félagsins um álagningu gjalda skv. 2. og 3. mgr. greinarinnar sæta stjórnsýslukæru til æðra stjórnvalds í samræmi við almennar reglur laga.

Ákvæði 5. mgr. heimilar félaginu að gera þjónustusamninga við nærliggjandi sveitarfélög eða byggðasamlög á þeirra vegum varðandi þau verkefni sem félaginu eru falin skv. 1., 2. og 3. mgr. greinarinnar. Mikilvægt er að félagið hafi slíka heimild varðandi verkefni sem falla vel að starfsemi sveitarfélaga ef sýnt þykir á síðari stigum að slík samningagerð horfi til hagræðis og umbóta í rekstri. Um er að ræða þjónustusamning í skilningi 30. gr. laga um

fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, og á það ákvæði við um gerð slíks samnings að breyttu breytanda. Af niðurlagi ákvæðisins leiðir að slík samningagerð er háð endanlegu samþykki samgönguráðherra.

Um 10. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að stjórn félagsins setji því þjónustugjaldskrá.

Í 2. mgr. er félaginu gert skylt að auglýsa gjaldskrár sínar og efnislegar breytingar á þeim á heimasíðu sinni. Þá ber félaginu einnig að birta þar uppfærðar útgáfur gjaldskráa og samþykkta um gjöld skv. 2. og 3. mgr. 9. gr.

Um 11. gr.

Hér er kveðið á um hvenær hið nýja félag skuli hefja rekstur en nauðsynlegt er að stofna félagið nokkru áður til að undirbúa upphaf starfseminnar. Í mörg horn er að líta við slíka tilfærslu sem hér er kveðið á um og mikilvægt að nægur tími gefist til þess. Með því að kveða á um það, í ákvæði til bráðabirgða I, að stofnun skuli vera lokið fyrir 1. júní 2008 ætti að gefast nægur tími til undirbúnings.

Um 12. gr.

Þótt gildistökuákvæðið í 1. mgr. frumvarpsins kveði á um að lögin taki þegar gildi þarf, eins og áður segir, að ætla stofnun félagsins og ráðningu framkvæmdastjóra þess ákveðinn tíma. Ganga þarf formlega frá ráðningum félagsins á starfsmönnum Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar ohf., sbr. ákvæði til bráðabirgða II, auk annars undirbúnings við sameininguna. Því er við það miðað að lög um Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar, nr. 34/2006, og lög um stofnun hlutafélags um Flugstöð Leifs Eiríkssonar, nr. 76/2000, með síðari breytingum, falli úr gildi frá og með 1. júní 2008.

Um 13. gr.

Í 1. tölul. er kveðið á um brottfall 61. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, með síðari breytingum. Með þessu er fellt niður ákvæði um skipulags- og byggingarnefnd varnarsvæða enda er sérstakri skipulagsnefnd skv. 1. mgr. 8. gr. frumvarpsins ætlað að taka við hluta þessa hlutverks. Í ákvæði til bráðabirgða V í frumvarpinu er m.a. fjallað um framkvæmd byggingamála (mannvirkjamála) þar til Byggingarstofnun, sbr. frumvarp umhverfisráðherra á þskj. 617 (375. mál), hefur störf.

Í 2. tölul. er að finna tillögu að breytingu á tveimur ákvæðum laga um loftferðir, nr. 60/1998. Með þeim breytingum eru felldar út tvær tilvísanir til Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar sem teljast óþarfar.

Í 3. tölul. er að finna tillögu til breytinga á lögum um ráðstafanir í kjölfar samnings við Bandaríkin um skil á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli, nr. 176/2006. Breytingin gerir ráð fyrir að uppdráttur sem sýnir ytri mörk og skiptingu varnarsvæðisins á Keflavíkurflugvelli í svæði A, B og C, verði framvegis birtur með auglýsingu forsætisráðherra í stað þess að slíkur uppdráttur hafi lagagildi líkt og nú er raunin.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Ákvæði 1. og 2. mgr. fjalla um stofnun hlutafélags skv. 1. gr. og þær eignir og skuldir Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar ohf. sem heimilt er að láta ganga til hins nýja félags. Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að leggja til félagsins aðrar eignir á flugvallarsvæðinu. Þar kæmu helst til álita byggingar sem hafa verið nýttar í þágu flugvallarstarfseminnar auk annarra bygginga, t.d. flugskýli sem verið hafa í eigu varnarliðsins. Þá leiðir það af ákvæði 9. gr. frumvarpsins að fjármálaráðuneytið mun gera lóðarleigusamning við félagið um það landsvæði flugvallarsvæðisins sem félagið fær til umráða. Mælt er fyrir um að stofnfund félagsins skuli halda fyrir 1. júní 2008.

Samkvæmt 5. mgr. yfirtekur félagið rekstur flugvallarsvæðis Keflavíkurflugvallar og rekstur Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar ohf., ásamt tilheyrandi réttindum og skyldum, svo sem þær verða ákvarðaðar skv. 3. mgr. 1. júní 2008. Samhliða er gert ráð fyrir að Flugmálastjórn Keflavíkur hætti starfsemi og lög um stofnunina falli úr gildi. Einnig hættir Flugstöð Leifs Eiríkssonar ohf. starfsemi frá sama tíma og fellur umboð stjórnar félagsins jafnframt úr gildi um leið og lög um stofnun félagsins falla úr gildi. Þar sem starfsemi Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar ohf. er yfirtekin af hinu nýja hlutafélagi er miðað við að starfsemi félagsins teljist slitið við samrunann í skilningi 1. mgr. 127. gr. hlutafélagalaga. Þó er mælt fyrir um það í ákvæðinu að XIV. kafli laganna gildi ekki um framkvæmd samrunans enda réttindi allra kröfuhafa tryggð þótt reksturinn sé fluttur til nýs lögaðila. Í niðurlagi greinarinnar er tekið fram að umrædd breyting veiti viðsemjendum þessara tveggja aðila sem lagðir eru niður ekki sérstaklega heimild til að segja upp fyrirliggjandi samningssamböndum og er þá m.a. átt við verk- og þjónustusamninga sem í gildi eru vegna þeirrar starfsemi sem flyst til hlutafélagsins. Um réttarstöðu starfsmanna fer hins vegar samkvæmt því sem kveðið er á um í ákvæðum til bráðabirgða II og III.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að samgönguráðherra láti meta framangreindar eignir og réttindi, skuldir og skuldbindingar í samræmi við ákvörðun skv. 2. mgr. Það mun síðan koma í hlut ríkisendurskoðanda að staðfesta mat á eignum og skuldum félagsins. Við það mat er gert ráð fyrir að hafðar verði til hliðsjónar 5. og 6. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, varðandi mat á verðmætum, öðrum en reiðufé, sem félag tekur við frá stofnanda. Gert er ráð fyrir að staðfesting á stofnhlutafé félagsins liggi fyrir þegar félagið tekur til starfa en heimilt er að stofna félagið áður, sbr. ákvæði 1. mgr. Lagt er til að félagið verði stofnað með hlutafé að fjárhæð 10 millj. kr. sem greiðist úr ríkissjóði. Framhaldsstofnfundur verði síðan haldinn þegar mat eigna liggur fyrir.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Í þessu ákvæði er mælt fyrir um réttindi starfsmanna Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar ohf. þegar starfsemi þessara tveggja lögaðila verður lögð niður. Tilgangur ákvæðisins er að réttindi starfsmannanna verði við breytinguna tryggð með eðlilegum hætti og sambærileg öðrum tilvikum sem þessum. Um réttarstöðu starfsmanna á þessum tímamótum gilda almenn ákvæði starfsmannalaga og eftir atvikum aðilaskiptalaga. Starfsmannalögin hafa þýðingu að því er varðar starfslok í þjónustu ríkisins, þ.e. hvort ríkisstarfsmaður geti átt rétt á biðlaunum ef hann fer ekki að vinna hjá hlutafélaginu. Taka ber fram að starfsmannalögin gilda ekki um starfsmenn Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar ohf. þar sem þeir teljast ekki ríkisstarfsmenn. Aðilaskiptalögin hafa þá þýðingu að aðilaskipti ein sér geta ekki verið ástæða uppsagnar starfsmanna lögaðilanna tveggja. Óheimilt er að segja starfsmanni upp störfum vegna aðilaskipta nema efnahagslegar, tæknilegar eða skipu-

lagslegar ástæður hafi í för með sér breytingar á starfsmannahaldi fyrirtækisins. Einnig færast réttindi og skyldur samkvæmt ráðningarsamningi eða ráðningarsambandi sem fyrir hendi er á þeim degi sem aðilaskipti eiga sér stað yfir til hins nýja félags. Virða skal áfram launakjör og starfsskilyrði samkvæmt kjarasamningi þar til kjarasamningi verður sagt upp eða hann rennur út eða þar til annar kjarasamningur öðlast gildi eða kemur til framkvæmda. Í 2. mgr. ákvæðisins er gert ráð fyrir að öllum starfsmönnunum, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða III, verði boðið starf hjá hinu nýja félagi.

Samkvæmt 3. mgr. fer um biðlaunarétt starfsmanna Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar eftir lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Ríkisstarfsmenn eiga í sumum tilvikum rétt til biðlauna sé starf þeirra lagt niður. Um biðlaunarétt annarra starfsmanna en embættismanna gildir 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 70/1996. Í ákvæðinu er vísað til 34. gr. þeirra laga um nánari skýringu á biðlaunarétti. Samkvæmt þeirri grein sætir biðlaunaréttur sérstökum takmörkunum. Biðlaunaréttur fellur niður ef starfsmaður hafnar öðru sambærilegu starfi, óháð því hvort það er á vegum ríkisins eða annars aðila, og laun þau er starfsmaður fær á biðlaunatíma fyrir starf sem hann tekur við í þjónustu ríkisins eða annars aðila skulu koma til frádráttar biðlaunagreiðslum.

Að lokum er lagt til í 4. mgr. að komið verði í veg fyrir að starfsmenn Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar, sem eiga aðild að B-deild LSR og nýta rétt sinn til að þiggja starf hjá hinu nýja hlutafélagi, geti nýtt sér rétt til að hefja töku lífeyris meðan þeir eru fastráðnir hjá félaginu. Ef ekki er sett sérstakt lagaákvæði þar um geta starfsmenn, sem þetta á við, hafið töku lífeyris samhliða starfi sínu hjá félaginu. Slíkt er í ósamræmi við það sem almennt gildir um sjóðfélaga í B-deild er starfa hjá ríkinu. Fyrrverandi ríkisstarfsmenn geta almennt ekki átt áframhaldandi aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins (LSR) eftir að þeir eru komnir í starf hjá öðrum launagreiðanda en ríkinu. Starfsmenn í B-deild LSR eiga þó rétt á áframhaldandi aðild sem einstaklingar, sbr. 2. mgr. 30. gr. laga nr. 1/1997. Viðkomandi einstaklingar bera þá ábyrgð á greiðslum til sjóðsins, þ.e. 4% eigin iðgjaldi og 6% mótframlagi félagsins. Ríkissjóður ber bakábyrgð á skuldbindingum deildarinnar að því leyti sem vaxtatekjur hrökkva ekki til. Þá geta starfsmenn í A-deild LSR, með samþykki stjórnar lífeyrissjóðsins, fengið áframhaldandi aðild enda liggi fyrir samþykki hlutafélagsins fyrir aðildinni og skuldbindingum sem henni fylgja. Í þessum tilvikum er það skilyrði að viðkomandi sé félagsmaður í aðildarfélagi BHM, BSRB, KÍ eða öðrum félögum utan bandalaga sem semja á grundvelli laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Um ákvæði til bráðabirgða III.

Með greininni er kveðið á um það að samgönguráðherra sé heimilt, samfara niðurlagningu á starfsemi Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar, að fela Flugstoðum ohf., sem fara með flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstur Flugmálastjórnar Íslands skv. 1. gr. laga nr. 102/2006 (Flugstoðir ohf.), að fara með þá flugleiðsöguþjónustu sem var áður á hendi Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar. Með þeirri tilhögun yrði flugleiðsöguþjónusta á Íslandi færð á eina hendi. Með flugleiðsöguþjónustu er hér átt við flugumferðar-, fjarskipta- og ratsjárþjónustu, veðurþjónustu fyrir flugleiðsögu og flugupplýsingaþjónustu, auk tækjabúnaðar og annarrar stoðþjónustu, þ.m.t. daglegur rekstur tækja og viðhald sem er á hendi tæknideildar flugvallarins. Deildin sinnir einnig ýmsum öðrum verkefnum og tæknibúnaði sem nauðsynlegur er vegna rekstrar flugvallarins. Nauðsynlegt er að nánari greining fari fram á starfseminni áður en ákveðið er hvort hentugra sé að vista einstaka þætti þjónustunnar hjá rekstraraðila flugvallarins eða Flugstoðum ohf. Í ákvæðinu er Flugstoðum ohf. gert skylt að bjóða

starf þeim starfsmönnum sem störfuðu við flugleiðsöguþjónustu hjá Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar, að því marki sem heimildin verður nýtt. Um réttindi þessara starfsmanna fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum 1., 3. og 4. mgr. ákvæðis til bráðabirgða II.

Um ákvæði til bráðabirgða IV.

Með ákvæðinu er Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar heimilað að annast lóðamál og innheimtu gjalda skv. 9. gr. frumvarpsins þar til hlutafélag skv. 1. gr. hefur rekstur.

Um ákvæði til bráðabirgða V.

Hér er mælt fyrir um það að Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar gegni tímabundið því hlutverki, á sviði skipulagsmála, sem félaginu er falið skv. 8. gr. Þessi tilhögun þykir nauðsynleg þar sem frumvarpið gerir ráð fyrir að lögin öðlist þegar gildi en félaginu er ekki ætlað að hefja rekstur fyrr en 1. júní 2008. Þá gerir ákvæðið ráð fyrir því að Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar og síðar félagið, þegar það hefur starfsemi, annist stjórnsýslu mannvirkjamála á flugvallarsvæðinu þar til annað verður ákveðið með lögum.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp laga um stofnun opinbers hlutafélags um rekstur flugvallarsvæðis Keflavíkurflugvallar o.fl.

Meginmarkmiðið með þessu frumvarpi er að stofna opinbert hlutafélag um rekstur flugvallarsvæðis Keflavíkurflugvallar (svæði A) og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Gert er ráð fyrir að félagið verði allt í eigu íslenska ríkisins og er sala þess óheimil. Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins er heimilt að leggja til hlutafélagsins eignir, búnað, skuldir og skuldbindingar sem tilheyra rekstri Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar og Flugstöð Leifs Eiríkssonar ohf., þ.e. flugstöðina sjálfa ásamt öllu því sem henni fylgir, eignir, viðskiptavild, réttindi, skuldir og skuldbindingar. Ekkert formlegt mat liggur fyrir um verðmæti þeirra en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ríkisendurskoðandi muni staðfesta mat á verðmæti þeirra eigna sem lagðar eru til hlutafélagsins. Slík staðfesting skal liggja fyrir áður en félagið tekur til starfa. Þegar endanlegt mat liggur fyrir skal á framhaldsstofnfundi hlutafélagsins hlutafé aukið til samræmis og eignir lagðar til félagsins sem stofnhlutafé. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að hlutafélaginu sé gert skylt að setja sér þjónustugjaldskrá og jafnframt sérstaka samþykkt fyrir gatnagerðargjald. Einnig kemur fram í frumvarpinu, í ákvæðum II og III til bráðabirgða, að hlutafélaginu er skylt að bjóða öllum starfsmönnum Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar ohf. áframhaldandi störf. Undanskildir eru þó starfsmenn flugleiðsöguþjónustu Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar en Flugstoðum ohf. ber að bjóða þeim aðilum störf.

Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf. hefur verið rekin á undanförnum árum sem sjálfbært hlutafélag í eigu ríkisins án framlags frá ríkissjóði. Á síðastliðnum árum hefur verið jákvæð afkoma af rekstri Flugstöðvarinnar, en hagnaður ársins 2006 nam í kringum 22 m.kr. sem er reyndar talsverður viðsnúningur frá árinu 2005 þar sem hagnaður var í kringum 1.000 m.kr. Þess ber þó að geta að samkvæmt árshlutareikningi fyrir fyrstu sex mánuði síðasta árs er hagnaður þess tímabils 1.266 m.kr. Umsvif Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar hefur auk-

ist eftir brottflutning varnarliðsins, en allir flugtengdir rekstrarþættir er voru áður í höndum varnarliðsins færðust í þeirra hendur. Í fjárlagafrumvarpi 2008 er gert ráð fyrir að kostnaður vegna reksturs Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar sé 2.811 m.kr. en þar af eru 290 m.kr. vegna tímabundins stofnkostnaðar. Fjármögnun ríkisins er á þann veg að 1.590,8 m.kr. eru greiddar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 1.220,2 m.kr. eru innheimtar af ríkistekjum. Ef tekið er mið af ofangreindum forsendum er ljóst að framlag úr ríkissjóði til félagsins á grundvelli þjónustusamnings verður til að byrja með a.m.k. 1.000 m.kr. á ári vegna stofnunar á hinu nýja hlutafélagi, þ.e.a.s. með hliðsjón af hagnaðartölum fyrri ára hjá Flugstöð Leifs Eiríkssonar ohf.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi aukin útgjöld í för með sér fyrir ríkissjóð. Þess ber þó að geta að ríkissjóður mun leggja til 10 m.kr. í stofnframlag til eignfærslu á efnahagsreikning ríkissjóðs.

751. Skýrsla [114. mál]

iðnaðarráðherra um kostnað við Kárahnjúkavirkjun, samkvæmt beiðni.

(Lögð fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

Inngangur.

Með beiðni (á þskj. 115) frá Álfheiði Ingadóttur og fleiri alþingismönnum er þess óskað að iðnaðarráðherra flytji skýrslu um kostnað við Kárahnjúkavirkjun. Óskað er eftir að í skýrslunni komi fram:

1. Tölulegar upplýsingar um áætlaðan heildarkostnað við framkvæmdirnar við Kárahnjúka. Fram komi samanburður við upphaflega verksamninga sem gerðir voru um framkvæmdirnar í kjölfar útboða haustið 2002 og við áætlun um aðra þá kostnaðarþætti sem ekki voru gerðir sérstakir verksamningar um eftir að framkvæmdir hófust.
2. Upplýsingar, þ.e. listi yfir alla verksamninga sem nema hærri fjárhæð en 10 millj. kr. og framkvæmdaraðili hefur gert vegna undirbúnings, rannsókna og framkvæmda við Kárahnjúkavirkjun. Fram komi í yfirliti þessu upplýsingar um fjárhæð, mynt og gengi hvers verksamnings fyrir sig ásamt því hversu há fjárhæð var ætluð til greiðslu ófyrirséðs kostnaðar í viðkomandi samningi.
3. Upplýsingar um niðurstöðutölu viðkomandi verksamnings við lok hvers verks og verkþáttar, þ.e. hvort og þá hversu mikið frávik var frá umsaminni fjárhæð í hverju tilviki. Ef breyting er meiri en nemur því sem ætlað var til greiðslu ófyrirséðs kostnaðar fylgi skýringar.
4. Tölulegar upplýsingar um öll aukaverk, þar á meðal viðbótarsamninga sem framkvæmdaraðili hefur gert vegna krafna (claims) verktaka ásamt upplýsingum um útistandandi og óumsamdar kröfur verktaka. Hér er m.a. átt við viðbótarverk sem til komu vegna endurhönnunar stíflna og annarra mannvirkja, dráttar sem orðið hefur á framkvæmdum þess vegna, vatnsaga í göngum, aukins flutningskostnaðar vegna sölu rafmagns frá öðrum virkjunum þar til verklok verða við Kárahnjúka o.s.frv.
5. Upplýsingar um kostnað og framkvæmdaáætlun vegna mótvægisaðgerða samkvæmt ákvörðun umhverfisráðherra.

6. Upplýsingar um ógreiddan kostnað samkvæmt áætlun Landsvirkjunar um verklok.
7. Upplýsingar um áætlaðar tekjur áranna 2007 og 2008 samkvæmt upphaflegri áætlun Landsvirkjunar um raforkusölu til Alcoa Fjarðaáls og til samanburðar rauntekjur af orkusölunni það sem af er árinu 2007 og endurskoðaða tekjuáætlun út árið og fyrir næsta ár.

Upplýsingaöflun og framsetning.

Þar sem umbeðnar upplýsingar og gögn lágu ekki fyrir í iðnaðarráðuneytinu var leitað upplýsinga hjá Landsvirkjun um fyrrgreind atriði. Þrátt fyrir að fjármálaráðherra fari með eignarhald ríkisins í Landsvirkjun veitti fyrirtækið fulltrúum iðnaðarráðuneytis aðgang að öllum gögnum er tengjast framkvæmdum við Kárahnjúkavirkjun og aðstoðaði við að taka saman upplýsingar í skýrsluna.

Framkvæmdin er, eins og fram kemur í greinargerð með skýrslubeiðni, stærsta framkvæmd Íslandssögunnar. Um framkvæmdina gildir fjöldi samninga og fyrir liggur mikið magn gagna. Við samanburð fjárhæða ber að hafa í huga að í sumum tilvikum eru þær á mismunandi verðlagi. Þá er framkvæmdum við Kárahnjúkavirkjun ekki lokið auk þess sem viðræður hafa að undanförnu staðið yfir við verktaka um uppgjör þeirra verkþátta sem lokið er. Af þeirri ástæðu liggja ekki fyrir endanlegar niðurstöður varðandi einstök verk og verkþætti.

Í greinargerð með skýrslubeiðni segir m.a. að óskað sé eftir að fá greinargott yfirlit yfir heildarkostnað við stærstu framkvæmd Íslandssögunnar. Skýrslunni er ætlað að gefa slíkt yfirlit þótt ekki sé í skýrslunni að finna allar upplýsingar sem óskað er eftir í 4. tölul. skýrslubeiðninnar. Mörg hundruð aukaverk hafa verið framkvæmd og gerðir fjölmargir viðbótarsamningar vegna ófyrirsjáanlegra tafa og breytinga á framkvæmdinni. Vegna umfangs og þeirra tímamarka sem skýrslugerð þessari eru sett telur Landsvirkjun ógerlegt að verða við beiðni um tölulegar upplýsingar um sérhvert aukaverk og viðbótarsamning þar sem slík vinna tæki marga mannmánuði. Kostnaður af aukaverkum og viðbótarsamningum er hins vegar hluti af endanlegum kostnaði umfram samningsverð sérhvers verksamnings. Þá hefur Landsvirkjun samið um útistandandi kröfur við alla verktaka nema Impregilo, en viðræður um lokauppgjör við verktakann standa yfir. Í ljósi þess sá Landsvirkjun sér ekki fært að gefa upp frekari upplýsingar um útistandandi kröfur.

Skýrslunni er skipt í sex hluta:

- heildarkostnað vegna Kárahnjúkavirkjunar,
- verksamninga og ófyrirséðan kostnað,
- viðbótarsamninga og aukaverk,
- kröfur og annan viðbótarbótarkostnað,
- kostnað og framkvæmdaáætlun vegna mótvægisaðgerða, og
- tekjur af Kárahnjúkavirkjun.

Þá fylgja skýrslunni þrjú fylgiskjöl: um áætlun, samningsupphæðir og áætlaðan lokakostnað Kárahnjúkavirkjunar, samantekt varðandi framkvæmdir og kostnað við Kárahnjúkastíflu og aðrennslisgöng og mat á arðsemi Kárahnjúkavirkjunar.

Heildarkostnaður við Kárahnjúkavirkjun.

Landsvirkjun áætlar að heildarkostnaður við Kárahnjúkavirkjun án vaxta verði um 123,9 milljarðar kr. á verðlagi september 2007, en 133,3 milljarðar kr. að meðtöldum fjármagnskostnaði sem áætlaður er alls um 9,4 milljarðar kr. á byggingartímanum.

Í lok september 2007 var bókfærður heildarkostnaður Landsvirkjunar rúmlega 111,4 milljarðar kr., en áætlun fyrirtækisins frá þeim tíma til verkloka gerir ráð fyrir kostnaði upp á tæplega 21,9 milljarða kr. Í þeirri áætlun er gert ráð fyrir 4 milljörðum kr. í viðbótarkostnað vegna breytinga og uppgjörs á kröfum. Helstu verk sem á eftir að ljúka eru göng frá Jökulsá í Fljótsdal inn að aðrennslisgöngum virkjunarinnar frá Hálslóni, Ufsarstífla og göng, stíflur og skurðir á Hraunum austan við Jökulsá í Fljótsdal. Ýmis frágangsvinna er einnig eftir en framkvæmdum mun ljúka að mestu seint á þessu ári og að fullu sumarið 2009.

Kostnaður við Kárahnjúkavirkjun samkvæmt upphaflegum verksamningum var rúmlega 84 milljarðar kr. en flestir verksamningar voru gerðir á árunum 2003–2006. Í þessari fjárhæð er gert ráð fyrir áætluðum ófyrirséðum kostnaði en ekki er tekið tillit til verðbóta, gengisbreytinga eða viðbótarkostnaðar og hafa verksamningsfjárhæðir ekki verið uppfærðar. Grunnkostnaðaráætlun Landsvirkjunar hefur hins vegar verið uppfærð. Samkvæmt áætlun frá því í desember 2002 var gert ráð fyrir að heildarkostnaður við Kárahnjúkavirkjun, án vaxta, yrði rúmlega 85,5 milljarðar kr. Ýmsar vísitölur liggja til grundvallar við útreikning á greiðslum á verðbótum í verksamningum en sú sem vegur þyngst er íslenska byggingarvísitalan. Því hefur grunnkostnaðaráætlun verið uppfærð miðað við byggingarvísitölu sem tekur mið af bæði innlendum og erlendum verðbreytingum, svo og gengisbreytingum að nokkru leyti. Sumar erlendu vísitölurnar hafa sveiflast gríðarlega og nokkrar hækkað um allt að 70% síðustu missirin, t.d. unnið stál, kopar o.fl. Samkvæmt uppfærðri grunnkostnaðaráætlun með byggingarvísitölu á verðlagi í september 2007 er heildarkostnaður við virkjunina 115,6 milljarðar kr. án vaxta og fjármagnskostnaðar.

Kárahnjúkavirkjun.
Heildaryfirlit.
Kostnaður án vaxta á byggingartíma.

			Heildar-	Samningar		
	Áætlun[1] des. 02	Áætlun sept. 07	kostnaður sept. 07	Verksamn-	Ófyrirséð	
Kostnaðarþættir	m.kr.	m.kr.	m.kr.	ingar m.kr.	m.kr.	Alls m.kr.
Undirbúningskostnaður	1.342	1.814	2.118	1.705	69	1.775
Verktakakostnaður[2]	73.744	99.707	96.146	62.384	9.729	72.113
Verkkaupakostnaður	10.437	14.112	19.534	3.908		3.908
Annar verkkaupakostnaður			6.102	6.529		6.529
Samtals	85.523	115.633	123.899	74.527	9.798	84.325

[1] Lögð til grundvallar þegar ákvörðun var tekin um byggingu Kárahnjúkavirkjunar.

[2] Ófyrirséður kostnaður innifalinn í áætlun.

Í fylgiskjali I er að finna töflu sem m.a. sýnir áætlanir, samningsupphæðir og áætlaðan lokakostnað Kárahnjúkavirkjunar, sundurliðað á einstaka verksamninga

Grunnkostnaðaráætlun hefur einnig verið endurskoðuð af hönnunarráðgjöfum. Þar kemur fram að ef miðað er við breytingar sem orðið hafa á verðlagsforsendum til desember 2007, en óbreyttar forsendur varðandi hönnun og magntölur, er kostnaður við Kárahnjúkavirkjun 118,8 milljarðar kr. án vaxta á verðlagi í desember 2007.

Verksamningar og ófyrirséður kostnaður.

Að baki framkvæmdum við Kárahnjúkavirkjun liggur mikill fjöldi verksamninga. Í fylgiskjali I er að finna lista yfir samninga sem nema hærri fjárhæð en 10 millj. kr. sem ýmist lúta

að undirbúningi, rannsóknum eða framkvæmdum við Kárahnjúkavirkjun. Í listanum kemur fram fjárhæð, mynt og gengi hvers verksamnings auk áætlaðs heildarkostnaðar á verðlagi í september 2007.

Í verksamningum kemur ekki fram hversu há fjárhæð er ætluð til greiðslu ófyrirséðs kostnaðar en til að mæta breyttum aðstæðum, nauðsynlegum breytingum á hönnun og ýmiss konar óvissu í verkefnum af þessu tagi er ávallt gert ráð fyrir verulegum ófyrirséðum kostnaði í áætlun. Í tilfelli Kárahnjúkavirkjunar er hann af stærðargráðunni 10–20%, mismunandi eftir verkþáttum og hönnunarstigi. Í fylgiskjali I koma fram upplýsingar um ófyrirséðan kostnað. Þrátt fyrir að hafa slegið varnagla í kostnaðaráætlunum hvað varðar ófyrirséðan kostnað hefur hann ekki nægt til að mæta kostnaðarhækkun framkvæmdanna. Tilboð reyndust hins vegar flest lægri en upphaflegar kostnaðaráætlanir gerðu ráð fyrir og það hefur dregið úr áhrifum hækkana.

Ekki er unnt að birta niðurstöðutölur allra verka þar sem hluta þeirra er ekki lokið og eins á eftir að ganga frá uppgjöri sumra verkþáttanna. Í fylgiskjali I er sýnd áætlun um lokakostnað verksamninga sem byggist á þegar greiddum kostnaði og áætlun um ógreiddan kostnað. Þegar sá kostnaður er borinn saman við samningsverð ber að hafa í huga að langflestir samningarnir eru með verðbótaákvæðum. Greiddur kostnaður felur því í sér, auk greiðslna samkvæmt samningsverðum, bæði viðbótarkostnað og verðbætur.

Viðbótarkostnaður umfram verksamningsupphæðir hefur orðið töluverður, fyrst og fremst vegna jarðfræðilegra aðstæðna og erfiðleika við Kárahnjúkastíflu (KAR-11) og aðrennslisgöng virkjunarinnar (KAR-14). Einnig hafa orðið ýmsar breytingar á hönnun mannvirkja og aðlögun að aðstæðum. Langmestur hluti þessa kostnaðarauka er vegna stærsta verksamningsins um aðrennslisgöng. Í fylgiskjali II er gerð nánari grein fyrir ástæðum tafa við þessa verkþætti.

Viðbótarsamningar og aukaverk.

Heildarframkvæmdatími Kárahnjúkavirkjunar verður um sjö ár. Það er eðli stórra og tímafrekra framkvæmda að ekki er hægt að fullklára hönnun né nákvæmar tímaáætlanir áður en hafist er handa. Stöðugt þarf að bregðast við aðstæðum með breytingum á hönnun og verklagi, magni eða verktíma. Þá hafa tafir einstakra verka áhrif á önnur verk. Þannig höfðu tafir á gerð aðrennslisganga í för með sér kostnaðaraukningu á öðrum stórum verksamningum, einkum samningum um ráðgjöf, hönnun og eftirlit. Af þessari ástæðu hefur svonefndur verkkaupakostnaður hækkað verulega frá upphaflegri áætlun. Þar er um að ræða hækkun á hönnunar- og eftirlitskostnaði sem rekja má til framangreindra aðstæðna og lengingar á framkvæmdatíma. Þá töfðust aðrir verksamningar í kjölfar tafa á aðrennslisgöngum þar sem aðrir verktakar komust ekki í uppsetningu og prófanir á búnaði á umsömdum tíma.

Mörg hundruð aukaverk hafa verið framkvæmd og gerðir fjölmargir viðbótarsamningar vegna ófyrirsjáanlegra tafa og breytinga á framkvæmdinni. Vegna umfangs og þeirra tímamarka sem skýrslugerð þessari eru sett taldi Landsvirkjun ógerlegt að verða við beiðni um tölulegar upplýsingar um sérhvert aukaverk og viðbótarsamning. Kostnaðurinn af þeim er hins vegar hluti af endanlegum kostnaði.

Kröfur og annar viðbótarkostnaður.

Landsvirkjun hefur samið um útistandandi kröfur við alla verktaka nema Impregilo, en viðræður um lokauppgjör standa yfir. Í ljósi þess telur Landsvirkjun ekki eðlilegt að gefa upp frekari upplýsingar um útistandandi kröfur.

Fyrirsjáanlegt er að ýmis annar kostnaður hækkar umfram áætlun. Þannig stefnir raforkukostnaður vegna framkvæmdanna í 870 millj. kr., en þar er á hinn bóginn um að ræða tekjur Landsvirkjunar og Landsnets af framkvæmdinni.

Í greinargerð með skýrslubeiðni er m.a. óskað eftir að fá upplýsingar um hugsanlega kröfu Alcoa Fjarðaáls um skaðabætur samkvæmt raforkusamningi fyrirtækjanna, vegna dráttar á framkvæmdinni. Í raforkusamningi Landsvirkjunar og Alcoa Fjarðaáls er kveðið á um hversu mikið rafmagn Landsvirkjun beri að hafa tiltækt á hverjum tíma handa álveri Fjarðaáls frá og með föstum afhendingardegi sem var 1. október 2007. Þegar fyrir lá að tafir yrðu á framkvæmdum við aðrennslisgöng Kárahnjúkavirkjunar og Kárahnjúkastíflu var gripið til ýmissa aðgerða til að draga úr tjóni af völdum tafanna. Þannig voru Alcoa tryggð 100 MW úr landskerfinu frá 1. apríl 2007 en þann dag átti Alcoa að geta hafið gangsetningu kerja samkvæmt samningi. Þrátt fyrir að ýmsir framkvæmdaliðir væru á tímabili 6–9 mánuðum á eftir áætlun var virkjunin reiðubúin til fullrar rafmagnsframleiðslu 23. nóvember sl. Það er sjö vikna seinkun fram yfir fyrsta fastan afhendingardag á raforkuafhendingu til álversins. Landsvirkjun og Alcoa hafa rætt þessi mál en engar kröfur hafa verið gerðar vegna frávika frá raforkusamningi aðila.

Í áætluðum heildarkostnaði er gert ráð fyrir að kröfur vegna vatnsréttinda umfram grunnkostnaðaráætlun nemi 824 millj. kr. Er þar miðað við niðurstöðu meiri hluta matsnefndar sem ákvað heildarbætur vegna vatnsréttinda Kárahnjúkavirkjunar 1.634.395.767 kr. Þetta er mun hærri fjárhæð en Landsvirkjun gerði ráð fyrir og miðaði við eldri fordæmi fyrir virkjanir til stóriðju. Í samningi um matsnefndina var gert ráð fyrir að aðilar gætu skotið úrskurði hennar um bætur vegna vatnsréttinda til dómstóla. Landsvirkjun bauð öllum vatnsréttarhöfum greiðslu í samræmi við niðurstöðu matsnefndar en tilkynnti um leið að yrði málinu skotið til dómstóla áskildi fyrirtækið sér allan rétt til að láta reyna á niðurstöðu matsnefndar fyrir sitt leyti. Alls tilkynntu eigendur 43 jarða við Jökulsá á Dal um málskot og eigendur þriggja jarða við Jökulsá í Fljótsdal og við Kelduá. Fara þessir aðilar með um þriðjung þeirra vatnsréttinda sem um var fjallað í matsmálinu. Aðrir vatnsréttarhafar ákváðu að una niðurstöðu matsnefndar, en stór hluti þeirra vatnsréttinda sem þar er um að ræða er í eigu íslenska ríkisins eða telst vera innan þjóðlendu. Í ljósi þess að mál þessi eru til meðferðar fyrir dómstólum er óeðlilegt að verið sé að spá fyrir um endanlegar greiðslur til landeigenda fyrir vatnsréttindi.

Kostnaður og framkvæmdaáætlun vegna mótvægisaðgerða.

Frá árinu 2002 hefur Landsvirkjun varið um 214 millj. kr. vegna rannsókna á náttúrufari og vöktunar vegna mótvægisaðgerða. Þá hefur fyrirtækið varið um 217 millj. kr. í áfoksrannsóknir og mótvægisaðgerðir. Loks greiðir Landsvirkjun Fljótsdalshéraði og Fljótsdalshreppi 350 millj. kr. til uppgræðslu og landbóta vegna taps á gróðurlendi sem fer undir miðlunarlón Kárahnjúkavirkjunar. Upphæðirnar eru á verðlagi í september 2007.

Rannsóknir á náttúrufari beinast að því að rannsaka og skrá ýmsa náttúrufarsþætti til þess að grunnástand þeirra liggi fyrir áður en Kárahnjúkavirkjun tekur til starfa og að rannsaka og gera tilraunir vegna væntanlegra mótvægisaðgerða við Hálslón. Einnig hafa sérstaklega verið rannsökuð ýmis náttúrufyrirbrigði og minjar sem ekki er hægt að nálgast eða komast að á auðveldan hátt eftir að Kárahnjúkavirkjun tekur til starfa. Landsvirkjun hefur frá árinu 2002 einnig látið framkvæma margvíslegar rannsóknir til viðbótar við þær rannsóknir sem settar voru sem skilyrði í úrskurði ráðherra.

Einungis á eftir að uppfylla fjögur skilyrði í úrskurði umhverfisráðherra um mat á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar en þau verða uppfyllt á næstu mánuðum. Umrædd fjögur skilyrði eru eftirfarandi:

1. Skilyrði númer 4 fjallar um skyldur Landsvirkjunar til þess að minnka jarðvegsrof og áfok úr Hálslóni. Frá árinu 2003 hefur Landsvirkjun staðið fyrir umfangsmiklum rannsóknum og tilraunum varðandi mótvægisaðgerðir í samvinnu við Landgræðslu ríkisins, Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri og Verkfræðistofuna Vatnaskil. Nú liggur fyrir aðgerðaáætlun fyrir árið 2008 sem verður endurskoðuð í haust á grundvelli þeirrar reynslu sem fæst í sumar. Búið er að leggja veg inn með austurströnd Hálslóns og grafa gryfju sem hindrar að hugsanlegt áfok berist inn á Vesturöræfi.
2. Skilyrði númer 9 fjallar um vöktun á völdum fuglastofnum við Lagarfljót, á Úthéraði og á Héraðssandi. Sérstakur samningur var gerður við Náttúrufræðistofnun um vöktunarrannsóknir á árunum 2004–2008. Þessi samningur verður endurnýjaður næsta vetur að teknu tilliti til nauðsynlegra breytinga sem leiðir af fyrri rannsóknum.
3. Skilyrði númer 15 fjallar um vöktun botndýralífs í Héraðsflóa. Rannsókn á botndýralífi fór fram árið 2002 og aftur árið 2006 til að finna grunnástand en vöktunarrannsókn er fyrirhuguð árið 2010.
4. Skilyrði númer 17 fjallar um viðbótarvöktun hreindýra. Nú eru í gildi tveir samningar við Náttúrustofu Austurlands, annars vegar um kortlagningu burðarsvæða og hins vegar um gróðurvöktun á Vesturöræfum með fjarkönnun. Að auki annast Verkfræðistofnun Háskóla Íslands í samvinnu við Náttúrustofu Austurlands talningar á hreindýrum á Vesturöræfum með myndatöku úr flugvél, sem farið hafa fram árlega allt frá árinu 1993.

Í rekstraráætlun Kárahnjúkavirkjunar er gert ráð fyrir að 140 millj. kr. sé árlega varið til mótvægisaðgerða við Hálslón og vöktunarrannsókna.

Tekjur af Kárahnjúkavirkjun.

Upphaflegar áætlanir Landsvirkjunar gerðu ráð fyrir að tekjur af raforkusölu til Fjarðaáls mundu nema 3.857 millj. kr. á árinu 2007 og 7.124 millj. kr. á árinu 2008. Nokkur seinkun varð á afhendingu á raforku til Fjarðaáls á síðasta ári sem hafði í för með sér að afhent magn varð minna en ráð var fyrir gert og tekjur ársins 2007 námu 1.161 millj. kr. Áætlanir Landsvirkjunar gera ráð fyrir að tekjur af raforkusölu til Fjarðaáls muni nema 8.643 millj. kr. á yfirstandandi ári. Vert er að geta þess að í áætluninni er ekki gert ráð fyrir að álverið starfi á fullum afköstum allt árið 2008.

Landsvirkjun hefur uppfært arðsemismat vegna Kárahnjúkavirkjunar (sjá fylgiskjal III) sem stuðst var við þegar ákvörðun var tekin í árslok 2002 um samninga við Alcoa og byggingu virkjunarinnar. Fyrri endurskoðun á arðsemismatinu sem fram fór árið 2006 leiddi í ljós að heldur hafði dregið úr arðsemi verkefnisins þótt það stæðist áfram arðsemiskröfur eigenda Landsvirkjunar. Ný endurskoðun leiðir í ljós að arðsemin er meiri en fyrri athuganir hafa sýnt. Meginskýringin er sú að tekjur reiknast hærri en gert var ráð fyrir og vegur þar þyngst hærra álverð.

Helstu niðurstöður arðsemismatsins eru:

- Vænt arðsemi eigin fjár reiknast nú 13,4%, en upphaflegt mat gerði ráð fyrir 11,9% arðsemi.
- Jákvætt núvirði framkvæmdarinnar umfram arðsemiskröfur eigenda er samkvæmt matinu 15,5 milljarðar kr., þetta er 8,9 milljarða kr. hækkun frá upphaflegri áætlun.
- Árlegur hagnaður fyrir skatta af Kárahnjúkavirkjun er áætlaður að meðaltali 4.220 millj. kr. á verðlagi ársins 2008.

Fylgiskjal I. **Kárahnjúkavirkjun. Áætlun, samningsupphæðir og áætlaður lokakostnaður.**

		Áætlanir			Verksamningar		
Verksamningar		Grunn-kostnaðar-áætlun m. ófyrirséðum kostn. m.kr.	Grunn-kostnaðar-áætlun m. ófyrirséðum kostn. Uppfærð til sept. 2007 m.kr.	Áætlaður heildar-kostnaður á verðlagi sept. 2007 m.kr.	Samnings-upphæð á upphafl. verðlagi m.kr.	Ófyrirséð á upphafl. verðlagi samnings m.kr.	Samnings-upphæð með ófyrirséðum kostnaði á upphafl. verðlagi samnings m.kr.
UNDIRBÚNINGSVERK , AÐSTÖÐUSKÖPUN OG FRÁGANGUR							
KAR-04a	Vegagerð og rannsóknir austan Jökulsár á Dal			197	137	-	137
KAR-04b	Slitlag og styrking vega			324	197	-	197
KAR-04d	Brú á Jökulsá á Dal ofan Kárahnjúka			40	27	-	27
KAR-04f	Brú yfir Jökulsá í Fljótsdal			19	13	-	13
KAR-04g	Vegur Valþjófsstaður – stöðvarhús			27	20	-	20
KAR-04i	Múlavegur um Langhús			16	13	-	13
KAR-04j	Hálsvegur, Sandfell – Litla Sauðá			109	85	-	85
KAR-05	Aflspennar 36 / 11 kV			63	17	-	17
KAR-06	Innkaup rafstrengja 36 kV			139	106	13	119
KAR-06b	Innkaup rafstrengja 11 kV			31	24	-	24
KAR-06c	Innkaup rafstrengja 11 kV, Jökulsárveita			35	25	-	25
KAR-07b	Plæging og tenging rafstrengs			94	38	-	38
KAR-07d	Plæging og tenging vegna Jökulsárveitu			17	11	-	11
KAR-07e	Strengplæging fyrir Hraunaveitu			21	13	17	30
KAR-08a	Rofabúnaður 36 kV			53	41	-	41
KAR-08b	Rofabúnaður 12 kV			24	13	-	13
KAR-09	Hús fyrir rofabúnað			46	21	-	21
KAR-10	Tilraunagöng við Kárahnjúkavirkjun			3	24	-	24
KAR-10c	Borun rannsóknarhola v. Kárahnjúka 2004			6	13	-	13
KAR-10d	Ufsarstífla og Hraunaveita – Borun rannsóknarhola			21	19	-	19
KAR-90	Vinnubúðir eftirlits			213	195	-	195
KAR-91	Jarðvinna og uppsetning vinnubúða í Fljótsdal			27	22	-	22
KAR-92	Vinnubúðir í Fljótsdal			23	17	-	17
KAR-11a	Forverk og rannsóknir á vesturbakka			96	101	8	110
KAR-11b	Aðgöng undir stíflustæði			284	210	26	236
KAR-11c	Borun í stíflustæði fyrir ísteypingu			34	18	-	18
KAR-14a	Aðstöðugerð við aðgöng			49	50	5	55
Önnur verkefni og samningar undir 10 MISK				107	235	-	235
Samtals:		**1.342**	**1.814**	**2.118**	**1.705**	**69**	**1.775**

				Áætlanir			Verksamningar		
Verksamningar		Gengi	Skipting gjaldmiðla	Grunn-kostnaðar-áætlun m. ófyrirséðum kostn.	Grunn-kostnaðar-áætlun m. ófyrirséðum kostn. Uppfærð til sept. 2007	Áætlaður heildar-kostnaður á verðlagi sept. 2007	Samnings-upphæð á upphafl. verðlagi	Ófyrirséð á upphafl. verðlagi samnings	Samnings-upphæð með ófyrirséðum kostnaði á upphafl. verðlagi samnings
VERKTAKAKOSTNAÐUR				m.kr.	m.kr.	m.kr.	m.kr.	m.kr.	m.kr.
VERKSAMNINGAR, BYGGINGARVINNA, VÉL OG RAFBÚNAÐUR									
KAR-11	Kárahnjúkastífla	1 EUR = 85,81 ISK	EUR 61% ISK 39%	18.042	24.395	23.401	15.499	2.421	17.920
KAR-12	Sauðárdalsstífla			1.609	2.176	814	573	279	852
KAR-13	Desjarárstífla			2.646	3.577	2.083	1.337	420	1.756
KAR-14	Aðrennslisgöng og nafarholuð Jökulsárgöng	1 EUR = 85,81 ISK	EUR 75% ISK 25%	21.501	29.070	39.462	23.193	2.188	25.381
KAR-15	Stöðvarhús	1 EUR = 85,7 ISK	EUR36 % ISK 64 %	5.918	8.001	7.667	6.680	795	7.475
KAR-16	Frárennslisskurður			187	253	197	193	28	221
KAR-17	Stjórnhús og verkstæði			542	732	367	280	80	360
KAR-19	Stöðvarhlað í Fljótsdal					78	112	-	112
KAR-21	Ufsarveita, inntak, Jökulsárgöng og Hraunavegur			5.165	6.983	3.203	1.535	933	2.468
KAR-22	Ufsarstífla			1.723	2.329	1.546	969	309	1.278
KAR-22a	Ufsarstífla, botnrásarstokkur – gröftur					81	77	-	77
KAR-23	Hraunaveita stíflur			2.562	3.464	1.504	1.096	459	1.555
KAR-24	Hraunaveita göng			-	-	1.042	772	-	772
KAR-30	Vélar og rafbúnaður	1 EUR = 85,7 ISK	EUR 91% ISK 9%	8.190	11.074	8.218	5.601	976	6.576
KAR-31	Vélarspennar			885	1.196	758	510	106	616
KAR-32	Háspennustrengir	1 EUR = 87,56 ISK	EUR 83% ISK 17%	772	1.044	249	207	100	308
KAR-33	Lokur og ristar	1 EUR = 88,3 ISK	EUR 84% ISK 16%	627	848	728	590	99	689
KAR-35	Lokur og ristar fyrir Jökulsárveitu	1 EUR = 78,87 ISK	EUR 97% ISK 3%	245	331	361	302	42	345
KAR-36	Stálfóðrun fallgangna	1 EUR = 85,7 ISK	EUR 93% ISK 7%	3.122	4.222	3.720	2.297	494	2.791
KAR-37	Húskerfi			-	-	665	561	-	561
Önnur verkefni og samningar undir 10 MISK				9	12	1			
Samtals:				**73.744**	**99.707**	**96.146**	**62.384**	**9.729**	**72.113**

				Áætlanir			Verksamningar		
Verksamningar	Gengi	Skipting gjaldmiðla	Grunn-kostnaðar-áætlun m. ófyrirséðum kostn.	Grunn-kostnaðar-áætlun m. ófyrirséðum kostn. Uppfærð til sept. 2007	Áætlaður heildar-kostnaður á verðlagi sept. 2007	Samnings-upphæð á upphafl. verðlagi	Ófyrirséð á upphafl. verðlagi samnings	Samnings-upphæð með ófyrirséðum kostnaði á upphafl. verðlagi samnings
VERKKAUPAKOSTNAÐUR			m.kr.	m.kr.	m.kr.	m.kr.	m.kr.	m.kr.
VERKSAMINGAR, RÁÐGJÖF, EFTIRLIT OG HÖNNUN								
KAR-60 Ráðgjafarþjónusta	1 CHF=59,58 ISK, 1 USD = 102,98 ISK	ISK 75%, CHF 9%, USD 16%			2.907	1.153		1.153
KAR-61 Ufsarstífla og Hraunaveita, ráðgjafarþjónusta					287	85		85
KAR-65 Eftirlit Hálslón stíflur, aðrennslisgöng, Jökulsárgöng	1 EUR = 85,5 ISK, 1 GBP = 123 ISK	ISK 60%, EUR 14%, GBP 26%			4.105	1.677		1.677
KAR-66 Eftirlit – Fljótsdalur	1 EUR = 87,52 ISK	EUR 74% ISK 26%			1.386	586		586
KAR-67 Eftirlit, Ufsarstífla, Hraunaveita					295	301		301
KAR-81 Hydraulic Model Tests of Kárahnjúkar Bottom Outlet					24	18		18
ÝMSIR SAMNINGAR								
KAR-50c Girðing Jökulsá á Dal, viðbætur					55	20		20
KAR-52a Dælustöð í Fljótsdal					22	17		17
KAR-54 Sauðfjárvarnargirðing Fljótsdalshreppi					40	39		39
KAR-55 Handrið á ölduvegg Kárahnjúkastíflu					12	12		12
Annar verkaupakostnaður[1]					10.401	6.529		6.529
Samtals:			**10.437**	**14.112**	**19.534**	**10.437**		**10.437**
Raforkukostnaður vegna framkvæmdanna					870			
Eldri rannsóknir Orkustofnunar					408			
Kröfur v. vatnsréttinda umfram grunnkostnaðaráætlun					824			
Hugsanlegar viðbótarkröfur					4.000			
Samtals:					**6.102**			
Samtals (án vaxta)			**85.523**	**115.633**	**123.899**	**74.527**	**9.798**	**84.325**
Fjármagnskostnaður					**9.407**			
Áætlaður heildarkostnaður					**133.307**			

[1] Upphaflega áætlaður kostnaður

Kárahnjúkavirkjun
Heildaryfirlit
Kostnaður án vaxta á byggingartíma

Kostnaðarþættir	Áætlun[1] des.02 m.kr.	Áætlun sep.07 m.kr.	Heildarkostnaður sep.07 m.kr.	Samningar[4] Verksamningar m.kr.	Ófyrirséð m.kr.	Alls m.kr.
Undirbúningskostnaður	1.342	1.814	2.118	1.705	69	1.775
Verktakakostnaður[2]	73.744	99.707	96.146	62.384	9.729	72.113
Verkkaupakostnaður[3]	10.437	14.112	19.534	3.908		3.908
Annar verkkaupakostn.			6.102	6.529		6.529
Samtals	**85.523**	**115.633**	**123.899**	**74.527**	**9.798**	**84.325**

1) Lögð til grundvallar þegar ákvörðun var tekin um byggingu Kárahnjúkavirkjunar
2) Ófyrirséður kostnaður innifalinn alls 9.340 m.kr
3) Áætlaður sem hlutfall af verktakakostnaði
4) Samningsupphæðir á verðlagi við opnun tilboða

Fylgiskjal II.

Landsvirkjun:

Kárahnjúkavirkjun.
Samantekt varðandi framkvæmdir og kostnað
við Kárahnjúkastíflu og aðrennslisgöng.

1. Almennt.

Eðli málsins samkvæmt eru það jarðfræðilegar aðstæður sem eru stærstu óvissuþættirnir hvað varðar tíma og kostnað fyrir mannvirkjagerð af þessu tagi. Endanleg hönnun og magntölur eru þannig að mjög miklu leyti háðar jarðfræðinni. Í upphaflegri kostnaðaráætlun fyrir Kárahnjúkavirkjun var reiknað með um 10–20% fyrir ófyrirséðum kostnaði vegna framkvæmdanna, mismunandi fyrir hina ýmsu verkhluta.

Stærstu verkþættir virkjunarinnar eru Kárahnjúkastífla og aðrennslisgöngin en samanlagt var áætlaður kostnaður við þessa tvo verkþætti tæplega 50% af heildarkostnaði virkjunarinnar. Að neðan er stuttlega gerð grein fyrir þeim vandamálum sem komu upp við framkvæmd þessara verkþátta og hvernig tekið var á þeim af hálfu verkkaupa.

2. Kárahnjúkastífla, verksamningur KAR-11.

Skrifað var undir verksamning við ítalska fyrirtækið Impregilo þann 18. mars 2003 eftir langar og flóknar samningaviðræður. Kostnaðaráætlun á grunnverði desember 2002 nam 20.978 milljónum íslenskra króna án VSK. Tilboð Impregilo nam um 79,0% af upphaflegri kostnaðaráætlun hönnuða. Tilboð næsta bjóðenda var um 43,6% hærra en frávikstilboð Impregilo.

2.1 Helstu vandamál við byggingu Kárahnjúkastíflu.

Á verktímanum komu upp ýmis vandamál aðallega tengd jarðfræðilegum aðstæðum. Þau helstu voru:

- **Yfirfall.**
  Samkvæmt útboðsgögnum var gert ráð fyrir að frá yfirfalli yrði vatninu veitt um jarðgöng. Frekari rannsóknir sumarið 2003 leiddu í ljós að bergið á jarðgangaleiðinni var mjög lélegt. Því var hönnun breytt og yfirfalli breytt í opna rennu.
- **Gröftur á hægri bakka utan í Kárahnjúknum.**
  Gröftur niður á fast undir stíflustæði var miklu umfangsmeiri en gert var ráð fyrir. Bent skal á að ekki fékkst leyfi frá Umhverfisstofnun á undirbúningsstigi til að bora könnunarholur við stífluendann í sjálfum Kárahnjúknum.
- **Veiting Jöklu gegnum hjáveitugöng.**
  Eftir borun ganga fyrir framhjáhlaup árinnar kom í ljós að bergveggur milli ganga við útrásina var mjög sprunginn og veikgerður. Þetta kallaði á umfangsmiklar styrkingaraðgerðir.
- **Gröftur í gljúfri.**
  Eftir veitingu árinnar kom í ljós að gröftur niður á fast í gljúfurbotni var mun umfangsmeiri en gögn gerðu ráð fyrir. Fastur bergbotn var allt að 12 metrum neðan við árbotn.
- **Táveggur.**
  Við gröft undir távegg kom í ljós misgengissprunga sem var mun breiðari og umfangsmeiri en gert var ráð fyrir. Sprungan var talin hugsanlega virk og yngri en 4000 ára. Þetta leiddi til endurhönnunar á távegg. Járnbending var margfölduð, hreyfimöguleikar byggðir inn með sérstökum samsetningum, þéttingar auknar o.s.frv.
- **Stíflutá á vinstri bakka.**
  Vegna sprungna sem komu í ljós við gröft undir steypta stíflutá þurfti að gera sérstakar ráðstafanir til að meðhöndla viðkomandi sprungur og byggja inn hreyfimöguleika í stíflutána.
- **Botnrásargöng.**
  Módelprófanir leiddu til ýmissa breytinga á hönnun.
- **Steypukápa.**
  Vegna bilana sem fram hafa komið í steyptum kápum nýlegra stíflna í Brasilíu og Suður-Afríku voru gerðar sérstakar ráðstafanir til öryggis fyrir kápuna í Kárahnjúkastíflu. Má þar nefna þykkingu á steypukápu á miðju stíflunnar, aukin járnbending, breytt samskeyti með eftirgefanlegum þéttingum, sérstakan þéttidúk, fyllingu fínefna á neðsta hluta kápunnar o.fl.
- **Yfirfall.**
  Vegna lélegs bergs næst gljúfrinu þurfti að endurhanna neðsta hluta yfirfallsrennunnar. Þetta olli verulegum töfum og erfiðleikum á lúkningu þessara verkhluta.

2.2 Áhrif á verktíma.


Ofangreind ófyrirséð vandamál ollu því að verkinu seinkaði þegar í byrjun verks um marga mánuði. Þannig var vinna við távegg orðin 6 mánuðum eftir áætlun haustið 2004 og vinna við steypukápu var um tíma 9 mánuðum á eftir áætlun.

Verkkaupi ákvað strax sumarið 2004 að semja við verktakann um sanngjarnar tímaframlengingar og kostnaðarauka sem þessi vandamál höfðu sannanlega í för með sér. Samhliða þessu var leitað allra leiða til að vinna upp tafir sem orðið höfðu. Samið var við verktakann um að vinna við uppsteypu á távegg og stíflutá allan veturinn 2004 til 2005. Þá var leyft að breyta vinnu við stíflufyllingu þannig að neðri hluti fyllingar, loftmegin, héldi áfram meðan að unnið væri við steypu á távegg, sbr. Mynd 1 að neðan. Loks voru innleiddir einir 9 skila-

dagar með ákveðnum bónusgreiðslum, til hvatningar fyrir verktakann, og til að standa straum af aukakostnaði vegna vetrarráðstafana o.s.frv. Skrifað var undir viðauka nr. 2 við verksamning þann 21. desember 2004. Þá var skrifað undir viðauka nr. 3 við verksamning þann 27. september 2006 til að leysa ófrágengin mál sem upp komu á tímabilinu.

Áfram var lögð áhersla á að finna lausnir til að hægt væri að byrja að safna vatni í lónið haustið 2006. Þannig var t.d. steypuáföngum breytt fyrir steypukápu. Unnið var við steypuvinnu allan veturinn 2005 til 2006. Þessi áætlun tókst og þrátt fyrir að verkið væri á tímabili 9 mánuðum á eftir áætlun hófst fylling vatns í Hálslón þann 28. september 2006 aðeins 27 dögum seinna en upphaflega var áætlað. Lónið var svo orðið fullt rúmu ári síðar eða 20. október 2007 og var þá yfirfalli einnig lokið.

Mynd 1. Breytt framkvæmdaröð stíflufyllingar vegna seinkunar á távegg.



3. Aðrennslisgöng, verksamningur KAR-14.

Skrifað var undir verksamning við ítalska fyrirtækið Impregilo þann 18. mars 2003 eftir langar og flóknar samningaviðræður. Kostnaðaráætlun á grunnverði desember 2002 hljóðaði upp á 21.501 milljónir króna án VSK. Bent skal á að frávikstilboð verktakans nam um 90,2% af upphaflegri kostnaðaráætlun hönnuða. Tilboð næsta bjóðanda var um 53,1% hærra en frávikstilboð Impregilo.

3.1 Helstu vandamál við gerð aðrennslisganga.

Á verktímanum hafa komið upp ýmsir erfiðleikar við göngin fyrst og fremst vegna jarðfræðilegra aðstæðna eins og mjög erfið misgengi og ekki síst vegna mikils vatnsrennslis inn í göngin. Helstu vandamál sem leiddu til seinkunar gangagerðar og kostnaðarauka voru:

3.1.1 Gangahluti 1.


- **Seinkun á upphafi borunar.**

  Borarnir voru afhentir í eftirfarandi röð: TBM3 kom fyrstur, svo TBM2 og loks TBM1. Borun með TBM1 hófst 20. september 2004 í stað 1. júní 2004 eða um 3,5 mánuðum á eftir samningsbundinni verkáætlun. Bæði var um að kenna seinkun á afhendingu borsins til landsins en einnig tók það verktakann lengri tíma en hann hafði áætlað að

setja borinn saman, koma upp færibandakerfi og koma borun af stað. Framleiðandi boranna, Robbins í Ohio, Bandaríkjunum lenti í erfiðleikum með afhendingu vélhluta frá undirverktökum sínum. Þá hafði framleiðandinn reiknað með að flytja borana til landsins með skipum gegnum Mikluvötn og Lawrence fljót, en það tókst ekki áður en vötnin frusu og varð því að flytja borhlutana landleiðina til austurstrandar Bandaríkjanna og þaðan með skipum. Vegna þessa tafðist flutningurinn verulega. Loks takmörkuðu brýr á Austurlandi og Bessastaðabrekkan leyfilegan hámarksþunga einstakra hluta borsins við um 75 tonn.

Á mynd 2 er sýnt hvaða leiðir TBM borarnir fóru við gangagerðina.

Mynd 2. Yfirlit yfir framkvæmd borunar aðrennslisganga.



- **Jarðfræðilegar aðstæður.**
  Þrátt fyrir að bergið væri nokkuð gott í þessum gangahluta lenti borinn þó í erfiðum kafla, um 1600 m, löngum þar sem voru þykk rauðleit sandsteinslög. Á þeim kafla þurfti að koma fyrir stálbogum og bæta við bergstyrkingum. Einnig var verulegt vatnsinnrennsli á nokkrum stöðum. Þetta tafði að sjálfsögðu framvindu borsins.
- **Frágangsvinna.**
  Verktaki kaus að skilja eftir endanlegar bergstyrkingar, grjótgildrur og botnsteypur þar til borun var endanlega lokið. Þá var fjöldi drenhola margfaldaður af hálfu hönnuða. Bor 1 „sló í gegn“ í átt að aðgöngum 2 þann 9. september 2006. Frágangsvinnan reyndist verktakanum mun erfiðari og seinlegri en hann hafði áætlað. Vatnsinnrennsli í göngin


gerðu honum erfitt fyrir. Þá voru allir aðdrættir mjög seinlegir enda um 15 km milli munna aðkomuganga.

- **Ný lóðrétt jöfnunargöng.**
  Eftir módelprófanir og frekari útreikninga taldi hönnuður nauðsynlegt að bæta við lóðréttum jöfnunar/sveiflugöngum. Þessi göng eru um 192 m há og 5 m í þvermál og ná frá aðrennslisgöngum upp á yfirborð. Þessari vinnu seinkaði vegna erfiðra jarðfræðilegra aðstæðna og bilana í togbor þannig að það olli einnig seinkunum hjá Impregilo.

3.1.2 Gangahluti 2.

- **Seinkun á upphafi borunar.**
  Borun með TBM2 hófst 26. júlí 2004 í stað 16. júní 2004 eða um 6 vikum á eftir samningsbundinni verkáætlun.
- **Jarðfræðilegar aðstæður.**
  Í apríl 2005 lenti bor 2 í þremur samliggjandi misgengjum sem einnig voru vatnsleiðandi, sjá mynd 3 að neðan. Í tvígang þurfti að bakka 10 metra með borinn, rífa niður stálboga aftan við borhaus og steypa tappa upp í göngin framan við borinn. Þessi gríðarlega erfiða vinna tók rúma 6 mánuði sem er u.þ.b. sá tími sem afhendingu ganganna seinkaði af hálfu verktakans.

Mynd 3. Misgengin þrjú þar sem TBM2 lenti í vandræðum.



- **Mikill vatnsagi í göngum.**
  Vatnsinnrennsli í göngin var margfalt meiri en útboðsgögnin gerðu ráð fyrir eða yfir 900 l/s mestallan verktímann. Þetta hafði mikil áhrif á framvindu og kostnað.
- **Frágangsvinna.**
  Heilfóðra þurfti göngin á um 50 metra kafla þar sem misgengissvæðin voru og styrkja bergið í kring. Þessi vinna var bæði erfið og seinleg. Þá tóku botnsteypur langan tíma vegna mikils vatnsaga.

3.1.3 Gangahluti 3.

- **Seinkun á upphafi borunar.**
  Borun með TBM3 hófst 24. apríl 2004 í stað 9. febrúar 2004 eða um 11 vikum á eftir samningsbundinni verkáætlun. Gerð er grein fyrir ástæðum þessa að ofan í kafla 3.1.1 Gangahluti 1.
- **Jarðfræðilegar aðstæður.**
  Borun TBM3 gekk mjög vel framan af eða þar til í desember 2004. Þá jókst vatnsleki inn í göngin mjög skyndilega og fór yfir 1000 l/s. Gripið var til þess ráðs að stemma stigu við vatnsinnrennslinu með því að þétta bergið fyrir framan borhausinn. Þetta er gert með því að bora krans með 25 metra löngum borholum inn í bergið og dæla inn í það sementsefju. Boraðir voru 22 slíkir kransar á um 6 mánaða tímabili. Þetta er mjög tímafrekt þar sem sementsefjan þarf að ná að harðna áður en borun getur haldið áfram. Afköst borsins duttu því niður í um 30% af fyrri framvindu.
  Þann 8. júlí 2005 þegar eftir voru um 1.119 m af göngunum í átt að inntaki ákvað verkkaupi að snúa bor 3 við. Borinn var tekinn út úr göngum, honum snúið, bakkað inn og látinn svo bora til móts við bor 2. Verkkaupi lét jafnframt bora tvær lóðréttar borholur niður í göngin sem notaðar voru til að dæla um 400 l/s upp úr göngunum. Þá ákvað verkkaupi að gera ný 400 metra löng aðgöng 4 til að vinna upp tafir í þessum gangahluta.
  Eins og áður sagði var bor 3 látinn bora til móts við bor 2. Síðustu 1000 metrana áður en hann „sló í gegn“ 5. desember 2006 lenti borinn í erfiðu, flögóttu andesit bergi sem krafðist mikilla bergstyrkinga og olli verulegum töfum á verkinu.
- **Frágangsvinna.**
  Þessi vinna reyndist verktakanum gríðarlega erfið og seinleg vegna umfangsmikillar botnsteypu í miklum vatnsaga. Þá voru bergstyrkingar mjög umfangsmiklar, m.a. á andesit svæðinu.

3.2 Áhrif á verktíma.

Vatnsvandamálin; misgengin, rauðu sandsteinslögin og annað, sem drepið er á hér að framan ollu því að verkið var um tíma um 9 mánuðum á eftir áætlun. Verkkaupi tók strax á þessum málum við verktakann. Gengið var frá viðauka nr. 2 við verksamning þann 21. desember 2004. Skrifað var undir viðauka nr. 3 við verksamning þann 27. september 2006. Í þeim viðauka var verktaka veitt tímaframlenging en jafnframt innleiddar bónusgreiðslur fyrir lúkningu aðrennslisganga þann 1. maí 2007 til að hvetja verktakann til dáða.

Eins og kunnugt er tókst verktaka ekki að standa við þessa dagsetningu. Þá voru gerðar ýmsar ráðstafanir til að reyna að flýta verkinu. Þannig voru loftunarholur nýttar til að koma steypu og sprautusteypu niður í göngin. Botnsteypu í göngunum var á vissum köflum skipt út fyrir grjóthnullunga. Loks ákvað verkkaupi, að vatnsfylla neðri hluta ganganna, þ.e. gangahluta 1 þann 28. júlí 2007 til að prófanir gætu hafist á vélbúnaði með lekavatni. Þannig var hægt að stytta prófunartíma hvers hverfils um u.þ.b. 3 vikur. Göngin voru loks öll vatnsfyllt 17. október 2007.

Full rafmagnsframleiðsla frá 5 hverflum var til reiðu handa Alcoa þann 23. nóvember 2007. Bent skal á að það er aðeins 7 vikum síðar en í upprunalegum samningi við Alcoa.

Fylgiskjal III.

Landsvirkjun:

Mat á arðsemi Kárahnjúkaverkefnisins.

Landsvirkjun hefur uppfært arðsemismat vegna Kárahnjúkaverkefnisins. Það samanstendur af Kárahnjúkavirkjun og flutningsvirkjum. Við arðsemismatið er notuð sama aðferðafræði og í upprunalegu arðsemismati sem og uppfærðu arðsemismati frá árinu 2006.

Ný endurskoðun núna leiðir í ljós að arðsemin er meiri en fyrri athuganir hafa sýnt. Meginskýringin er sú að tekjur reiknast hærri en gert var ráð fyrir og vegur þar þyngst hærra álverð.

Helstu niðurstöður arðsemismatsins.

- Vænt arðsemi eiginfjár reiknast nú 13,4%, en upphaflegt mat gerði ráð fyrir 11,9% arðsemi.
- Jákvætt núvirði framkvæmdarinnar umfram arðsemiskröfur eigenda er samkvæmt matinu 15,5 milljarðar króna, þetta er 8,9 milljarða hækkun frá upphaflegri áætlun.
- Árlegur hagnaður fyrir skatta af Kárahnjúkavirkjun er áætlaður að meðaltali 4.220 m.kr. á verðlagi ársins 2008.

Helstu forsendur matsins.

Framkvæmdum er nú að mestu lokið og eru í matinu notaðar upplýsingar um áfallinn kostnað við framkvæmdirnar ásamt áætlunum um kostnað sem á eftir að falla til. Forsendur um rekstrarliði hafa verið endurskoðaðar. Jafnframt eru notuð uppfært framvirkt verð og greiningar á álverði og gengi gjaldmiðla, miðað við stöðu 1.1.2008.

Matið var unnið með sambærilegum hætti og áður, þ.e.a.s. byggt er á núvirtu fjárstreymi frá verkefninu og eru helstu forsendur eftirfarandi:

1. Stofnkostnaður.
2. Raforkusala.
3. Álverð og þróun þess.
4. Gengi Bandaríkjadals.
5. Rekstrarkostnaður.
6. Líftími virkjunar.
7. Fjármagnskostnaður.

Hér á eftir verður farið yfir hvern lið fyrir sig

1. Stofnkostnaður.


Áfallinn stofnkostnaður að meðtöldum vöxtum á byggingartíma vegna framkvæmda tengdum Kárahnjúkavirkjun var alls 111.433 m.kr. 30. september 2007 Áfallinn stofnkostnaður vegna framkvæmda við flutningsvirki var á sama tíma 12.033 m.kr. Áætlaður kostnaður við lúkningu á Kárahnjúkaverkefninu, virkjun og flutningsvirkjum, er 22.590 m.kr.

2. Raforkusala.

Reiknað er með að seldar verði 4.660 GWst á ári til Fjarðaáls eins og gert var í upphaflega matinu.

3. Álverð og þróun þess.

Álverð og langtímaþróun þess er ein mikilvægasta forsendan í arðsemismatinu. Í upphaflegu mati var stuðst við spá sérfræðinga og leitast við að búa til leitnilínu til lengri tíma. Á myndinni sjást upphaflegar forsendur um álverð í samanburði við raunverulega þróun og endurskoðað langtímaverð.



Í endurskoðuðu arðsemismati eru notað framvirkt verð á áli á virkum markaði til næstu fimm ára og eftir það er gert ráð fyrir 0,45% árlegri raunlækkun á álverði á líftíma virkjunarinnar. Ástæðurnar fyrir þessari breytingu eru eftirfarandi:

- Framleiðslukostnaður á áli hefur hækkað umtalsvert frá árinu 2002 til ársins 2007. Samkvæmt upplýsingum frá CRU var kostnaðurinn (e. BOC) um $1,027/t árið 2002 en var $1,754/t árið 2007. Hækkunin kemur fyrst og fremst til vegna hækkunar á súráli og orku en einnig hafa aðrir framleiðsluþættir hækkað. Ekki er ástæða til að ætla að þessir liðir lækki að nýju á næstunni en þeir koma vissulega til með að sveiflast eins og álverðið sjálft.
- Eftirspurn eftir áli hefur aukist mikið og munar þar helst um aukna eftirspurn í Kína. Eftirspurninni hefur verið mætt með aukinni framleiðslu og þá einkum í Kína en framleiðslukostnaðurinn hefur þó að jafnaði verið að hækka.
- Aðgengi að auðlindum verður að öllum líkindum erfiðara en verið hefur og einnig verður kostnaður við að nýta nýjar auðlindir töluvert hár. Gera má ráð fyrir að olía, kol, súrál og önnur hráefni verði áfram dýr.

Ástæðan fyrir því að gert er ráð fyrir raunlækkun sem nemur 0,45% á ári er eftirfarandi:

- Ef litið er á söguna (frá 1980) þá sýnir leitnilína að verð á áli hefur verið að lækka um rúmlega 1% á ári að raunverði. Líklegasta skýringin á þessari lækkun eru almennar tækninýjungar og hagkvæmari álver sem leiðir til aukinnar framleiðni og þ.a.l. lægra álverðs. Gert er ráð fyrir að enn sé svigrúm til slíkra lækkana en ekki í sama mæli og áður. Í þessu sambandi má geta þess að sumir markaðsaðilar eru þeirrar skoðunar að verð á áli og öðrum hrávörum muni framvegis fylgja almennum verðlagsbreytingum að fullu.

4. Gengi Bandaríkjadals.

Þar sem tekjur af orkusölusamningi eru í dollurum hefur gengi dollars gagnvart krónu mikil áhrif á arðsemi verkefnisins. Í upprunalegu arðsemismati var gert ráð fyrir að jafnvægisgengi Bandaríkjadals gagnvart krónu væru 87,5 kr./USD, í endurskoðuðu mati árið 2006 var talið að jafnvægisgengi væri 78 kr./USD. Í nýju arðsemismati er gert ráð fyrir því að jafnvægisgengi náist á þremur árum og verði 69 kr./USD. Í þessu felst að gengi dollars verði áfram lágt miðað við helstu gjaldmiðla og að krónan verði áfram nokkuð sterk. Til samanburðar er gengi Bandaríkjadals í dag um 65 kr./USD og þriggja ára framvirkt gengi er um 82 kr./USD.

Samband álverðs og Bandaríkjadals.

Þegar álverð hefur hækkað í gegnum tíðina hefur dollar veikst gagnvart flestum myntum, þar á meðal krónu. Ekki er hægt að fullyrða um að þetta samband haldi öllum stundum en fylgnin er nokkuð afgerandi sé horft til lengri tíma. Forsendur endurskoðaðs arðsemismats um álverð og gengi endurspeglar þetta samband þar sem lágt gengi dollars og hærra álverð fara saman.



Á myndinni má sjá margfeldi gengis USD/ISK og álverðs, rauntölur og spá auk samanburðar við upphaflegar forsendur. Endurskoðaðar forsendur þessa margfeldis sýna hærri tölur en í fyrri áætlunum.

5. Rekstrarkostnaður.

Rekstrarkostnaður og gjaldfærður viðhaldskostnaður hefur verið endurmetinn í ljósi þess rekstrar sem hafinn er. Hann er áætlaður 780 m.kr. á ári. Kostnaðurinn er heldur lægri en upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir. Þar er m.a. gert ráð fyrir 140 m.kr. árlega vegna umhverfismála.

6. Líftími virkjunar.

Eins og í upphaflega arðsemismatinu er gert ráð fyrir því að með eðlilegu viðhaldi sé hægt að reka virkjunina til ársins 2070. Gert er ráð fyrir að virkjunin verði verðlaus í lok tímabilsins þó svo að líklegt sé að líftími virkjunarinnar reynist mun lengri.

7. Fjármagnskostnaður.

Í upphaflegu arðsemismati var gert ráð fyrir 5,50% nafnvöxtum og er þá meðtalið 0,25% ábyrgðargjald og 0,10% álag á USD Libor vexti. Í endurskoðuðu mati frá árinu 2006 var fjármagnskostnaður reiknaður með þeim hætti að skoðað var hvert líklegt álag Landsvirkjunar á Libor vexti væri ef ekki nyti ríkisábyrgðar. Niðurstaðan var sú að gera ráð fyrir 0,60% álagi ofan á USD 10 ára skiptivexti. Framangreind forsenda er hér áfram notuð í uppfærðu arðsemismati og þar sem 10 ára skiptivextir eru 4,56% er reiknað með 5,16% nafnvöxtum (4,56% + 0,60%).

Fskj.

Minnisblað frá Capacent.

Dagsetning:	10. janúar 2008
Til:	Einars Kristjánssonar
Frá:	Sigurði Harðarsyni, Sigurði Jóni Björnssyni og Hermanni Baldurssyni
Afrit:	Stefán Pétursson, Kristján Gunnarsson, Ármann Jónsson
Viðfangsefni:	**Uppfært arðsemismat Kárahnjúkavirkjunar**

Verkefnið

Að beiðni fjármálasviðs Landsvirkjunar hefur Capacent yfirfarið uppfært arðsemismat fjármálasviðs Landsvirkjunar vegna Kárahnjúkavirkjunar. Helstu verkefni Capacent fólust í eftirfarandi:

- Rýni arðsemislíkans fjármálasviðs Landsvirkjunar.
- Skoðun á helstu forsendum arðsemismatsins.
- Rýni helstu ákvæða orkusölusamnings Landsvirkjunar og Fjarðaáls.

Vinnan stóð yfir frá desember 2007 fram í janúar 2008.

Arðsemislíkan

Aðferðarfræði

Aðferðafræði Landsvirkjunar við mat á arðsemi Kárahnjúka er byggð á núvirtu sjóðsflæði (e. Cash flow) á líftíma virkjunarinnar að gefinni veginni ávöxtunarkröfu (e. WACC). Bókfærður stofnkostnaður virkjunarinnar í lok árs 2007 er síðan dreginn frá núvirtu sjóðsflæði til að leiða fram verðmæti fjárfestingarinnar.

Aðferðafræðin sem notuð er í reiknilíkaninu er hefðbundin aðferðafræði við mat á fjárfestingum. Ekki er um að ræða frávik frá aðferðafræðinni og telur Capacent þar af leiðandi að nálgun Landsvirkjunar sé trúverðug.

Skoðun

Prófanir Capacent á reiknilíkaninu leiddu ekki í ljós villur í útreikningum. Líkanið virðist byggt upp á skipulegan hátt og rekjanleiki er góður.

Forsendur

Stofnkostnaður, rekstrarkostnaður og líftími virkjunar

- Þar sem megnið af stofnkostnaði við framkvæmdirnar er þegar áfallinn, ríkir lítil óvissa um þennan þátt arðsemismatsins.

- Í ljósi þess að rekstur virkjunar er nú þegar hafinn og rekstrarliðir þekktir, þykir ekki vera tilefni til sérstakrar umfjöllunar um rekstrarkostnaðinn enda er hann í takt við fyrri spár Landsvirkjunar.

- Í uppfærðu arðsemismati Landsvirkjunar er ekki vikið frá þeirri viðmiðun að áætla líftíma virkjunarinnar 63 ár, þ.e. að virkjunin verði í rekstri fram til ársins 2070, en samningur Landsvirkjunar við Fjarðaál rennur út 2047.

  Ekki er dregið í efa að kaupandi mun fást að framleiðslunni eftir að samningstímabili lýkur og má raunar áætla að líftími virkjunar, og þar með sjóðsflæðis, verði töluvert lengri en 63 ár þegar höfð er hliðsjón af líftíma annarra vatnsaflsvirkjana. Sé til að mynda gert ráð fyrir 100 ára líftíma með

tilheyrandi fjárfestingum vegna viðhalds, hækkar núvirt sjóðsflæði um 8 milljarða króna, að öðrum forsendum óbreyttum.

Raforkusala

Í arðsemismati er miðað við árlega raforkusölu til Fjarðaáls upp á 4.660 GWst. Þetta er nokkuð minna magn raforku en kveðið er á um í samningi Landsvirkjunar og Fjarðaáls þar sem samningurinn kveður á um 4.704 GWst. Landsvirkjun hefur unnið að endurskoðun á áætlunum um vatnsbúskap og bendir flest til þess að virkjunin muni í raun geta framleitt meira en ákvæði samnings segja til um. Hvert prósentustig í aukinni framleiðslu skilar um 2 milljörðum króna í núvirði fjárfestingarinnar.

Samningur Landsvirkjunar við Fjarðaál kveður á um endurskoðun orkuverðs að 20 árum liðnum. Í ljósi þróunar undanfarinna ára og horfa á mörkuðum, eru meiri líkur heldur en minni að orkuverð hækki umfram verðlag til lengri tíma litið. Að því gefnu að orkuverð hækki um u.þ.b. 1% á ári umfram verðlag gæti skapast tækifæri til u.þ.b. 20% hækkunar orkuverðs þegar til endurskoðunar verðákvæðis samningsins kemur. Slík hækkun orkuverðs frá árinu 2028 hækkar núvirði fjárfestingarinnar um 14 milljarða.

Álverð og gengi

Í endurskoðuðu arðsemismati bendir Landsvirkjun á að þegar bandaríkjadollar veikist þá hækkar álverð og hið gagnstæða á einnig við að þegar dollari styrkist gagnvart helstu myntum lækkar verð á áli. Þetta er almennt samhengi gengi dollars og verðlagningar allrar hrávöru á mörkuðum. Í umfjöllun sinni sýnir Landsvirkjun hvernig þróun álverðs, talið í íslenskum krónum, hefur verið undanfarinn áratug og hvernig það samsvarar þeim forsendum sem lagðar voru til grundvallar ákvörðun um framkvæmd í upphaflegu arðsemismati. Af þessari greiningu Landsvirkjunar má draga þá ályktun að upphaflegar forsendur standist miðað við núverandi stöðu gengis og álverðs.

Uppfært arðsemismat Landsvirkjunar gerir ráð fyrir nokkurri veikingu krónu gagnvart dollar á næstu árum án þess að komi til lækkunar álverðs í dollurum. Framvirkt gengi og framvirkt álverð styðja þessar forsendur og Landsvirkjun hefur því tækifæri til þess að tryggja tekjustreymi sitt til skamms tíma eða 3ja til 5 ára á þessum grundvelli. Veiking krónu gagnvart dollar án samsvarandi lækkunar álverðs felur í sér forsendu um að krónan sé að veikjast gagnvart helstu myntum frekar en að dollar sé að styrkjast gagnvart helstu myntum.

Landsvirkjun gerir ráð fyrir að krónan nái jafnvægi í 69 kr/usd á næstu árum. Sé við það miðað að vænt jafnvægisgengi krónu sé á bilinu 125 – 130 sbr. spár greiningaraðila felur þessi forsenda Landsvirkjunar í sér minniháttar styrkingu dollars gagnvart helstu myntum. Þrátt fyrir það almenna samhengi um gengi dollars og verð hrávöru sem lýst er hér að ofan er slík minniháttar styrking dollars að okkar mati ekki í mótsögn við að nota framvirkt álverð í arðsemismatinu.

Arðsemismat Landsvirkjunar gerir ráð fyrir að raunlækkun álverðs um 0,45% á ári að fimm árum liðnum, þ.e. eftir að framvirkum verðum á áli nýtur ekki lengur við. Þessi forsenda stendur óbreytt frá því sem gert var ráð fyrir í upphaflegu arðsemismati og í ljósi þróunar álverðs á undanförnum árum er ekki ástæða til að gera athugasemd við þessa forsendu.

Fjármögnun og fjármagnskostnaður

Í upphaflegu arðsemismati var miðað við 75% fjármögnun framkvæmda með lánsfé og 25% fjármögnun með eigin fé, og er tekið mið af sömu skiptingu nú. Fjármagnsskipan við arðsemismat miðast ætíð við markaðsvirði eigin fjár og lánsfjár. Sú fjármagnsskipan sem arðsemismatið gerir ráð fyrir er sambærileg því sem gerist hjá orkufyrirtækjum í Bandaríkjunum en sambærileg evrópsk orkufyrirtæki eru að öllu jöfnu mun minna skuldsett. Ekki er ástæða til að gera athugasemdir við forsendur Landsvirkjunar um fjármagnsskipan á grundvelli ofangreindra viðmiðana.

Landsvirkjun metur lánsfjárkostnað 5,16% nafnvexti, út frá 4,56% grunnvöxtum með 60 punkta álagi. Við teljum eðlilegt að taka ekki tillit til ríkisábyrgðar Landsvirkjunar við lánsfjármögnun vegna þessarar fjárfestingar við mat á arðsemi verkefnisins, þar sem góðar venjur við verðmöt miðast við ávöxtunarkröfu og fjármagnsskipan sem eðlileg telst á markaði. Ríkisábyrgð á lánum vegna slíkra framkvæmda er ekki hin almenna regla heldur undantekning.

Þegar litið er til reynslu Landsvirkjunar af lánsfjármögnun teljum við að 60 punkta álag sé ríflegt en þó í samræmi við þau lánakjör sem eðlileg geta talist. Tíu punkta lækkun á álagi jafngildir rúmlega 2 milljörðum króna í hækkun núvirðis.

Eiginfjárkrafa

Eiginfjárkrafa var 11% í upphaflegu arðsemismati, og við mat á veginni ávöxtunarkröfu nú styðst Landsvirkjun áfram við sömu kröfu. Nú hillir undir lok framkvæmda og sú áhætta, sem alla jafna er reiknuð inn í ávöxtunarkröfu við upphaf framkvæmda og þrýstir henni upp á við, er ekki lengur fyrir hendi. Við hefðum því talið eðlilegt að endurskoða þessa forsendu til lækkunar.

Niðurstaða

Við teljum að uppfært arðsemismat Landsvirkjunar á fjárfestingu í Kárahnjúkavirkjun sé almennt vel grundað og að samræmis hafi verið gætt við upphaflegt arðsemismat. Matið er unnið samkvæmt viðurkenndri aðferð og helstu forsendur eru skilmerkilega fram settar. Í umfjöllun okkar hér að framan höfum við farið yfir forsendur arðsemismatsins sem við teljum í nokkrum tilvikum óþarflega varfærnar. Einkum má benda á forsendur um raforkusölu, bæði magn og verð. Ekki er gerð athugasemd um forsendu um veikingu krónunnar gagnvart helstu myntum en ljóst er að arðsemismatið er viðkvæmt fyrir væntri þróun gengis dollars gagnvart krónu.

FORSENDA	MÖGULEG FRÁVIK FRÁ NÚVIRÐI
• Stofnkostnaður	Liggur fyrir
• Raforkusala	Hugsanlega varfærin
• Álverð og gengi	Í samræmi við spár
• Líftími	Mögulega vanmetinn
• Fjármagnsskipan	Eðlileg
• Lánsfjárkostnaður	Hugsanlega varfærin
• Eiginfjárkrafa	Eðlilegt að endurskoða

Sé litið til heildaráhrifa þessara athugasemda, sem og annarra, teljum við að matið gefi eftir sem áður raunsæja mynd af væntri arðsemi Kárahnjúkavirkjunar.

752. Fyrirspurn [472. mál]

til umhverfisráðherra um vegi og slóða á miðhálendi Íslands.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

1. Er rétt að kortlagningu vega og slóða miðhálendisins sé lokið, eins og fram kemur í nýlegu svari ráðherra í þingskjali 653? Ef svo er ekki, hvenær er áætlað að þeirri vinnu ljúki?
2. Er áætlað að hafa samráð við ferða- og útivistarhópa og -samtök, svo sem Ferðafélag Íslands, Útivist, Ferðaklúbbinn 4x4, mótorhjólasamtök og samtök hestamanna, áður en

lagðar verða fram tillögur um hvaða vegum og slóðum á hálendinu skuli halda opnum? Ef svo er, með hvaða hætti yrði slíkt samráð og hvenær hæfist það?
3. Hvenær er áætlað að taka ákvörðun um hvaða slóðum og vegum á miðhálendinu eigi almennt að halda opnum fyrir ferða- og útivistarhópa og -samtök?

Skriflegt svar óskast.

753. Fyrirspurn [473. mál]

til fjármálaráðherra um Fasteignamat ríkisins.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hvers vegna hefur verið ákveðið að loka skrifstofum Fasteignamats ríkisins í Borgarnesi og á Egilsstöðum og fjölga þannig störfum stofnunarinnar í Reykjavík en fækka störfum á landsbyggðinni?
2. Hver verða áhrif breytinganna á launakostnað stofnunarinnar?

754. Fyrirspurn [474. mál]

til heilbrigðisráðherra um fæðubótarefni.

Frá Lúðvík Bergvinssyni.

1. Hvernig er háttað heimildum Lyfjastofnunar til að meina matvöruverslunum að selja fæðubótarefni eftir að stofnunin hefur flokkað það sem lyf, eins og glucosamine sem hefur verið selt í matvöruverslunum í hátt í tuttugu ár?
2. Hvaða reglur gilda um mat á því hvort efni flokkast sem lyf eða fæðubótarefni?
3. Hvað er átt við þegar talað er um lyfjavirk efni í fæðubótarefnum?
4. Eru dæmi þess að Lyfjastofnun banni jurt, t.d. salvíu, sem fæðubótarefni en leyfi hana sem krydd?

Skriflegt svar óskast.

755. Nefndarálit [353. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 44/2002, um geislavarnir.

Frá heilbrigðisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðrúnu W. Jensdóttur, Hólmfríði Grímsdóttur og Vilborgu Hauksdóttur frá heilbrigðisráðuneyti, Sigurð M. Magnússon, Sigurð E. Pálsson og Guðlaug Einarsson frá Geislavörnum ríkisins, Harald Briem frá landlæknisembættinu, Jónínu Guðjónsdóttur frá Félagi geislafræðinga og Eyrúnu Linnet frá Landsneti. Jafnframt bárust nefndinni 14 umsagnir.

Í lögum um geislavarnir sem tóku gildi 7. maí 2002 er kveðið á um að eftirlitsþáttur laganna skuli endurskoðaður innan fimm ára frá gildistöku. Frumvarp þetta felur fyrst og fremst í sér tillögur um að einfalda og draga úr tæknilegu eftirliti Geislavarna ríkisins, m.a. með innflutningi, uppsetningu og breytingum á geislatækjum sem gefa frá sér jónandi geisla. Lögð er áhersla á aukna ábyrgð notenda, virk gæðakerfi og mat á geislaálagi sjúklinga. Eru þessar breyttu áherslur til þess fallnar að stuðla að því að notkun geislunar sé sem árangursríkust og geislun á fólk sé sem minnst. Einnig tekur frumvarpið mið af breyttum áherslum í geislavörnum innan Evrópusambandsins og er með því haldið áfram aðlögun íslenskrar löggjafar á sviði geislavarna að tilskipunum Evrópusambandsins um geislavarnir og framkvæmd þeirra.

Geislunarviðbúnaður á Íslandi miðaðist við að geta brugðist við kjarnorku- og geislaslysum og tók ekki sérstakt mið af glæpsamlegri beitingu geislavirkra efna. Eftir hryðjuverkin í Bandaríkjunum árið 2001 og í kjölfar mikillar umræðu, m.a. á vettvangi Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar, hafa viðhorf til viðbúnaðar breyst og er áhersla nú lögð á að viðbúnaður taki einnig mið af vísvitandi misbeitingu geislavirkra og kjarnkleyfra efna. Mikilvægt er að lagarammi viðbúnaðar Geislavarna ríkisins taki einnig mið af breyttum aðstæðum og því leggur nefndin til breytingar á 5. tölul. 2. gr. og 9. tölul. 1. mgr. 5. gr. þess efnis að viðbúnaður Geislavarna ríkisins taki m.a. einnig til ógnar af völdum glæpsamlegrar beitingar geislavirkra efna og samhæfingar geislunarlegs viðbúnaðar til uppfyllingar alþjóðlegum viðmiðum í þeim efnum. Hér er þó ekki vísað til þátta sem eru faldir öðrum lögum samkvæmt, t.d. almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og sóttvarnalækni, þegar um alvarlegt ástand er að ræða sem getur ógnað lífi og heilsu manna. Til einföldunar er jafnframt í sömu greinum felld út tilvísun í kjarnorkuvá en hugtakið geislavá sem eftir stendur felur það í sér.

Aukin áhersla á ábyrgð Geislavarna ríkisins á viðbrögðum við ógnunum sem geta hlotist af hugsanlegri glæpsamlegri beitingu geislavirkra efna kallar á bættan tækjakost stofnunarinnar til að Ísland uppfylli viðmið Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar. Stofnkostnaður vegna þessa er metinn á um 27,5 millj. kr. og er þess vænst að nauðsynlegra mælitækja og búnaðar verði aflað á árunum 2009–2010. Telur nefndin brýnt að fjárveitingar til þessa verði tryggðar. Aukinn tækjakostur til að bæta viðbúnað við geislavá nýtist einnig í annarri reglubundinni starfsemi stofnunarinnar, m.a. eftirliti með notkun geislavirkra efna á sjúkrahúsum.

Í a-lið 5. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á orðanotkun í 1. og 2. mgr. 10. gr. gildandi laga þar sem talað er um eiganda tækis. Slíkt getur verið villandi á tímum rekstrarleigu og fjölbreytilegra rekstrarforma. Með ákvæðinu er því lagt til að í stað þess að tala um að „eigandi“ sé ábyrgur fyrir notkun geislavirkra efna og geislatækja sé það „leyfishafi“. Til að gæta samræmis leggur nefndin til að sama breyting verði gerð á 8. tölul. 3. gr., 2. mgr. 12. gr., 1.

mgr. 18. gr. og 19. gr. núgildandi laga. Jafnframt leggur nefndin til að nýr töluliður bætist við 3. gr. laganna þar sem hugtakið leyfishafi verði skilgreint.

Nefndin aflaði sér sérstaklega upplýsinga um áhrif rafsegulsviða á menn og hvernig eftirliti er háttað með ójónandi geislum. Eftir að hafa kynnt sér upplýsingar þess efnis komst nefndin að þeirri niðurstöðu að eftirlit með því sé traust. Þá hafi ekki tekist að sýna fram á með rannsóknum að rafsegulsvið hafi óæskileg áhrif á heilsu manna.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Guðjón A. Kristjánsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 6. mars 2008.

Ásta Möller, form., frsm.	Ágúst Ólafur Ágústsson.	Pétur H. Blöndal.
Árni Páll Árnason.	Siv Friðleifsdóttir.	Ellert B. Schram.
Þuríður Backman.	Álfheiður Ingadóttir.	

756. Breytingartillögur [353. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 44/2002, um geislavarnir.

Frá heilbrigðisnefnd.

1. Á undan 1. gr. komi tvær nýjar greinar sem orðist svo:
   a. (1. gr.)
      5. tölul. 2. gr. laganna orðast svo: Geislunarlegan þátt viðbúnaðar við hvers kyns geislavá.
   b. (2. gr.)
      Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:
      a. Við bætist nýr töluliður, 8. tölul., svohljóðandi: *Leyfishafi:* Aðili sem hefur fengið leyfi Geislavarna ríkisins til notkunar geislavirkra efna eða geislatækja sem gefa frá sér jónandi geislun.
      b. Í stað orðsins „eiganda“ í 8. tölul., sem verður 9. tölul., kemur: leyfishafa.
2. Við 1. gr., sem verði 3. gr., bætist nýr stafliður, a-liður, svohljóðandi: 9. tölul. 1. mgr. orðast svo: Geislunarlegan þátt viðbúnaðar við hvers kyns geislavá, m.a. greiningu á ógn af hennar völdum, samhæfingu viðbúnaðar við alþjóðleg viðmið, rekstur viðbúnaðar- og geislamælikerfa og annað því tengt.
3. Á eftir 5. gr., sem verði 7. gr., komi þrjár nýjar greinar sem orðist svo:
   a. (8. gr.)
      1. Í stað orðsins „eiganda“ í lokamálslið 2. mgr. 12. gr. laganna kemur: leyfishafa.
   b. (9. gr.)
      Í stað orðsins „Eigendur“ í 1. mgr. 18. gr. laganna kemur: Leyfishafar.

c. (10. gr.)
Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. laganna:
a. Í stað orðsins „eigandi“ í 1. málsl. kemur: leyfishafi.
b. Í stað orðanna „sbr. 7., 9. og 20. gr.“ í 1. málsl. kemur: sbr. 7. og 9. gr.

757. Tillaga til þingsályktunar [475. mál]

um uppbyggingu þekkingarmiðstöðvar um uppeldismál.

Flm.: Huld Aðalbjarnardóttir, Birkir J. Jónsson, Guðbjartur Hannesson,
Einar Már Sigurðarson, Þuríður Backman, Árni Þór Sigurðsson,
Kristinn H. Gunnarsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að hefja uppbyggingu þekkingarmiðstöðvar um uppeldismál í samvinnu við Háskólann á Akureyri.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur mikil umræða skapast um líðan, aga og agavandamál ungmenna í skólum landsins. Gripið hefur verið til margvíslegra aðgerða í því skyni að styðja starfsfólk í skólum til að taka á slíkum málum þar sem ljóst er að góð líðan er forsenda fyrir náms- og félagslegum árangri. Helst er litið til fyrirbyggjandi leiða til að takmarka þann fjölda nemenda sem nær ekki að fóta sig í skólakerfinu og auka jafnframt lífsgæði barna og þar með fjölskyldna þeirra. Einnig er það vel þekkt staðreynd að bestu forvarnir gegn ýmiss konar fíkn og misnotkun eru árangursríkar uppeldisleiðir. Því er mikilvægt að styrkja þekkingu og rannsóknir á því sviði.

Menntasvið Reykjavíkur fól Rannsóknarstofnun Kennaraháskólans að vinna rannsókn á hegðunarvanda í grunnskólum borgarinnar skólaárið 2005–2006. Í skýrslunni kemur fram að vandinn er minnstur þar sem jákvæður skólabragur er, virðing ríkir milli nemenda og starfsfólks og samstarf er við foreldra. Einnig kemur fram að nemendur séu almennt kurteisir og samstarfsfúsir, en 10–15% nemenda eigi við alvarleg hegðunarvandamál að stríða og 67% kennara telja að þeim einstaklingum fari fjölgandi. Ýmislegt hefur verið gert til að bregðast við þeim vanda. Jafningjastuðningur er algengur meðal kennara, svo og stuðningur frá skólastjórnendum, námsráðgjöfum, sálfræðingum og kennsluráðgjöfum. Á síðustu árum hafa einnig verið innleiddar heildstæðar uppeldisleiðir með það að markmiði að bæta samskipti og styrkja jákvætt hegðunarmynstur. Erlendar rannsóknir sýna að með slíkum leiðum megi fjölga þeim sem vel gengur í skólakerfinu og að sama skapi fækka í hópi þeirra sem teljast vera með alvarleg hegðunarvandamál. Í skýrslunni er lögð áhersla á að fylgjast vel með þróun slíkra aðferða og hvort og hvernig árangri þær skila. Enn fremur kemur fram að víða er unnið mikið og gott þróunarstarf hvað þennan málaflokk varðar en sárlega vanti að safna saman og miðla þeirri þekkingu sem myndast. Auk þess benda höfundar skýrslunnar á að efla mætti þekkingu og skilning skólafólks á eðli og orsökum hegðunarvandkvæða, sem og á þeim úrræðum sem duga og tiltæk eru. Þá er vitnað í skýrslu Kristjáns Más Magnússonar sálfræðings um þjónustu við börn og unglinga með geðraskanir. Þar kemur fram að brýnt sé að þróa forvarnir, sem m.a. beinast að samstarfi og þjónustu við foreldra barna með hegðun-

arraskanir, mun fyrr en nú er gert. Að lokum er lögð áhersla á að efla rannsóknir á hegðun og samskiptum í skólum á Íslandi en þær eru af skornum skammti.

Af framangreindu má ljóst vera að mikil þörf er fyrir rannsóknir og öflun upplýsinga um uppeldis- og forvarnamál. Hér á landi er snúið að nálgast upplýsingar um árangursríkar uppeldis- og forvarnaleiðir. Tilfinnanlega vantar aðila eða stofnun sem getur gefið faglegar og hlutlausar ráðleggingar um hvaða aðferð henti best fyrir mismunandi aðstæður og veitt starfsfólki í skólum og meðferðaraðilum handleiðslu og fræðslu. Einnig er mikilvægt að samtök foreldra geti leitað eftir fræðslu um uppeldismál foreldrum til handa þar sem þeir hafa meginhlutverk í uppeldi barnanna. Þá er brýnt að faglegt mat fari fram á þeim leiðum sem notaðar eru. Þar sem margir skólar hafa of lítinn markhóp þarf að safna upplýsingum saman af stærra svæði til að rannsóknir verði marktækar og hægt verði að nota niðurstöðurnar til jákvæðrar þróunar.

Norðmenn hafa farið þá leið að fela *Atferdssentret* í Ósló að halda utan um þekkingu, rannsóknir og fræðslu á uppeldisleiðum sem miða að jákvæðari hegðun og leiðum til að takast á við hegðunarvandamál. Þar er lögð áhersla á að þeir sem veita fræðsluna vinni að hluta til með börnum og foreldrum. Með því náist betri tenging við aðstæðurnar sem um er rætt. Slík leið tryggir öllum aðgengi að þekkingunni og rannsóknir verða skilvirkar og leiða til möguleika á umbótum á landsvísu. Vert væri að líta til norsku leiðarinnar við uppbyggingu þekkingarmiðstöðvar um uppeldismál.

Við Háskólann á Akureyri er skólaþróunarsvið sem hefur m.a. það hlutverk að vera ráðgefandi við hvers konar þróunar- og umbótastarf í skólum, kynna nýjungar á sviði skóla- og kennslumála og standa fyrir rannsóknum á skólastarfi og fræðslu til starfandi kennara. Við Háskólann á Akureyri er jafnframt starfrækt Rannsóknasetur forvarna sem stendur fyrir reglubundnum rannsóknum á líðan, hegðun og lífskjörum íslenskra grunnskólanema í samanburði við jafnaldra þeirra á Vesturlöndum. Þekkingarmiðstöð um uppeldismál á vel heima í þessu umhverfi og styrkir stoðir Háskólans á Akureyri enn frekar.

Þingsályktunartillaga þessi er í anda stefnu allra stjórnmálaflokkanna um málefni barna og eflingu forvarna. Með henni er því beint til menntamálaráðherra að hefja uppbyggingu á þekkingarmiðstöð um uppeldismál í samvinnu við Háskólann á Akureyri, enda mikilvægt að auka lífsgæði fjölskyldna og hlúa þannig að mannauðnum í landinu.

758. Frumvarp til laga [476. mál]

um breytingu á lögum nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Seðlabanki Íslands tekur við innlánum frá reikningsstofnunum sem aðild eiga að verðbréfamiðstöð og annast efndalok greiðslufyrirmæla í greiðslukerfi vegna viðskipta með rafbréf í íslenskum krónum.
b. Í stað 2. og 3. mgr. koma þrjár nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Uppgjör greiðslufyrirmæla vegna viðskipta með rafbréf sem skráð eru í erlendum gjaldmiðli í verðbréfamiðstöð hér á landi fer fram fyrir milligöngu verðbréfamiðstöðvar.

Verðbréfamiðstöð skal gera samning um slíkt uppgjör og skal það uppgjörskerfi sem samið er um háð samþykki Fjármálaeftirlitsins að fenginni umsögn Seðlabanka Íslands og uppfylla jafngildar kröfur og gerðar eru í lögum nr. 90/1999, um öryggi greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum. Tryggt skal að uppgjörskerfið hafi öruggan aðgang að viðkomandi gjaldmiðli þannig að tryggð séu örugg og skilvirk efndalok viðskiptanna. Verðbréfamiðstöð er skylt að halda þeim fjármunum sem hún tekur við frá reikningsstofnunum vegna uppgjörs sérgreindum frá eigin fjármunum sem vörslufé.

Verðbréfamiðstöð skal setja reglur um uppgjör viðskipta með rafbréf og skulu reglurnar hljóta samþykki Fjármálaeftirlitsins að höfðu samráði við Seðlabanka Íslands.

Skipa skal samráðsnefnd verðbréfamiðstöðva, kauphalla, Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands og skipar hver aðili einn fulltrúa í nefndina. Seðlabanki Íslands fer með formennsku í nefndinni. Hlutverk samráðsnefndar er að fjalla um samskipti verðbréfamiðstöðva, kauphalla og Seðlabankans í tengslum við frágang viðskipta.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 19. desember 2007 skipaði viðskiptaráðherra nefnd til að fara yfir lagaákvæði er varða uppgjör innlends hlutafjár sem skráð er í erlendri mynt.

Í nefndina voru skipuð Jón Sigurðsson, fyrrverandi bankastjóri Norræna fjárfestingabankans, formaður, Björg Finnbogadóttir, lögfræðingur í viðskiptaráðuneytinu, Einar Sigurjónsson, framkvæmdastjóri Verðbréfaskráningar Íslands hf., Guðmundur Kr. Tómasson, staðgengill framkvæmdastjóra fjármálasviðs Seðlabanka Íslands, Helgi Sigurðsson, framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Kauphings, Jónas Fr. Jónsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, og Sigríður Logadóttir, aðallögfræðingur Seðlabanka Íslands.

Nefndin skilaði áliti sínu og tillögum til viðskiptaráðherra 27. febrúar 2008 og er frumvarp þetta byggt á tillögum hennar.

Í skipunarbréfi nefndarinnar segir að hlutverk hennar sé að fara yfir lagaákvæði er varða uppgjör innlends hlutafjár sem skráð er í erlendri mynt. Hlutafélagalög, nr. 2/1995, heimila hlutafélögum sem fengið hafa samþykki fyrir skráningu á skipulegum verðbréfamarkaði að ákveða hlutafé sitt í erlendum gjaldmiðli. Sama gildir um önnur hlutafélög sem fengið hafa heimild ársreikningaskrár til að færa bókhald og semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðli. Ákvörðun um það hvort hlutafé skuli skráð í erlendri mynt er í lögunum falið hluthafafundi. Hlutafé má samkvæmt lögunum ákveða í eftirtöldum gjaldmiðlum auk íslensku krónunnar: evru, bresku pundi, danskri, norskri og sænskri krónu, Bandaríkjadal, japönsku jeni og svissneskum franka. Ákveði hlutafélag að skrá hlutafé sitt í erlendum gjaldmiðli kveður 2. mgr. 27. gr. hlutafélagalaganna á um innköllun útgefinna hlutabréfa og útgáfu nýrra bréfa í þeirra stað í hinum nýja gjaldmiðli. Greinin kveður beinlínis á um að sambærilegar breytingar skuli gera sé um rafræna skráningu á hlutum að ræða. Því verður ekki annað séð en að ekkert sé því til fyrirstöðu að hlutabréf megi skrá í erlendum gjaldmiðli í íslenskri verðbréfamiðstöð. Í öðrum lögum er ekki að finna neina takmörkun á því í hvaða gjaldmiðli skuldabréf eða önnur verðbréf skuli gefin út. Í lögum nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa, er heldur ekki að finna ákvæði sem takmarka skráningu verðbréfa við ákveðinn gjaldmiðil í íslenskri verðbréfamiðstöð. Það er því ekki skráningin sem veldur vanda hvað varðar viðskipti með verðbréf sem skráð eru í erlendum gjaldmiðli hjá íslenskri verðbréfamiðstöð heldur hvar og hvernig peningalegt uppgjör slíkra viðskipta skuli fara fram

þannig að fyllsta öryggis sé gætt. Nefndin var þess vegna sammála um að fjalla um uppgjör allra rafrænt skráðra verðbréfa í erlendum gjaldmiðli í einu lagi.

Í frumvarpinu er lagt til að gera peningalegt uppgjör verðbréfa sem skráð eru í erlendum gjaldmiðlum í íslenskri verðbréfamiðstöð mögulegt með því að bæta ákvæðum um þá uppgjörsleið inn í 15. gr. laga nr. 131/1997, að verðbréfamiðstöð hafi milligöngu um uppgjör slíkra verðbréfa.

Samkvæmt 1. mgr. 15. gr. laga nr. 131/1997 er Seðlabanka Íslands falið að annast efndalok, þ.e. endanlegt greiðsluuppgjör, rafbréfaviðskipta reikningsstofnana sem aðild eiga að verðbréfamiðstöð. Í greininni eru verðbréf skráð í erlendum gjaldmiðli ekki nefnd sérstaklega. Eðlilegt virðist að skilja lagaákvæðið þannig að það eigi fyrst og fremst við uppgjör viðskipta með verðbréf í íslenskum krónum. Þannig er eyða í íslenskri löggjöf hvað varðar uppgjör verðbréfa sem skráð eru í erlendri mynt sem veldur óvissu og tefur framgang viðskipta með slík verðbréf hér á landi. Þar sem allmörg íslensk hlutafélög sem skráð eru á verðbréfamarkaði Kauphallar Íslands hafa þegar fengið heimild hluthafafunda til þess að ákveða hlutafé sitt í erlendum gjaldmiðli og við því er búist að fleiri bætist í hópinn er brýnt að setja sem fyrst ákvæði í íslensk lög um uppgjör viðskipta með verðbréf sem skráð eru í erlendum gjaldmiðlum svo að slík viðskipti geti farið skipulega og örugglega fram með milligöngu íslenskra verðbréfamiðstöðva.

Til að eyða sem fyrst óvissu um það hvaða reglur gilda um uppgjör íslenskra verðbréfa sem skráð eru í erlendri mynt eru í frumvarpinu gerðar tillögur um þær lágmarksbreytingar á 15. gr. laga nr. 131/1997 sem gera þarf til þess að tryggt sé að tilhögun uppgjörs á slíkum viðskiptum uppfylli ströngustu íslenskar og alþjóðlegar kröfur um öryggi greiðslufyrirmæla og greiðslukerfa og jafnframt að sá aðili sem vera skal bakhjarl endanlegs greiðsluuppgjörs hafi öruggan aðgang að fjármunum í skráningargjaldmiðli verðbréfanna sem um er að ræða hverju sinni. En ljóst er að þörf er á víðtækri skoðun og samræmingu á ákvæðum íslenskra laga um uppgjör og efndalok verðbréfaviðskipta á næstunni vegna breyttra aðstæðna í slíkum viðskiptum vegna alþjóðavæðingar og tæknibreytinga.

Í frumvarpinu er lagt til að tvær efnislegar breytingar verði gerðar á 15. gr. laga nr. 131/1997. Annars vegar að skýrt sé tekið fram að fyrsta málsgrein greinarinnar eigi eingöngu við um verðbréf í íslenskum krónum. Hins vegar að bætt verði við nýrri málsgrein í greinina sem kveði á um öruggan farveg fyrir fullnaðaruppgjör viðskipta með verðbréf sem skráð eru í erlendri mynt. Þessi tilhögun verði háð samþykki Fjármálaeftirlitsins að fenginni umsögn Seðlabanka Íslands og uppfylli jafngildar kröfur og gerðar eru í lögum nr. 90/1999, um öryggi greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum. Einnig er gerð tillaga um skýr ákvæði um eignarhald viðskiptaaðila á fjármunum í vörslu verðbréfamiðstöðva og um setningu reglna um uppgjör verðbréfaviðskipta og um samráðsnefnd fyrirtækja og stofnana á sviði verðbréfaviðskipta til þess að fjalla um málefni tengd uppgjöri og frágangi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin felur í sér tvær efnislegar breytingar.

Í fyrsta lagi er lagt til að efndalok rafbréfa í íslenskum krónum verði með óbreyttum hætti, þ.e. fari fram með tilstuðlan stórgreiðslukerfis Seðlabanka Íslands. Bætt verði inn í 1. málsl. 1. mgr. orðunum „greiðslufyrirmæli í greiðslukerfi vegna viðskipta … í íslenskum krónum“.

Í öðru lagi er lagt til að bætt verði inn nýrri málsgrein sem verði 2. mgr. 15. gr. Til að gera peningalegt uppgjör verðbréfa skráð í erlendum gjaldmiðlum mögulegt er farin sú leið að

verðbréfamiðstöð hafi milligöngu um uppgjörið. Gert er ráð fyrir því að verðbréfamiðstöðin semji við samstarfsaðila um tilhögun greiðsluuppgjörs og semji um uppgjörskerfi sem efndalok fari fram í. Þessi tilhögun skal háð samþykki Fjármálaeftirlitsins að fenginni umsögn Seðlabanka Íslands. Mjög mikilvægt er að greiðslukerfi sem um er samið uppfylli annars vegar kröfur laga nr. 90/1999, um öryggi greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum, þ.e. samevrópskar réttarreglur um það hvenær greiðslufyrirmæli og greiðslujöfnun eru bindandi gagnvart þriðja manni þrátt fyrir að bú þátttakanda sé tekið til gjaldþrotaskipta og hins vegar tilmæli Alþjóðagreiðslubankans og Alþjóðasamtaka verðbréfaeftirlitsstofnana (e. Bank for International Settlements – BIS) og International Organization of Securities Commissions – IOSCO um verðbréfauppgjörskerfi (e. Recommendations for securities settlement systems, November 2001).

Mismunandi leiðir eru mögulegar til að annast efndalok peningalegs uppgjörs verðbréfaviðskipta. Það fyrirkomulag sem nú er notað við peningalegt uppgjör verðbréfaviðskipta í íslenskum krónum er að Seðlabanki Íslands tekur við innborgunum (innlánum) á reikninga þeirra reikningsstofnana sem aðild eiga að verðbréfauppgjörinu (sbr. 1. mgr. 15 gr.). Seðlabankinn annast síðan peningalegt uppgjör milli reikningsstofnana á grundvelli greiðslufyrirmæla frá verðbréfamiðstöð en þau greiðslufyrirmæli grundvallast á staðfestum verðbréfaviðskiptum reikningsstofnana. Samtímis því sem peningalegt uppgjör undirliggjandi verðbréfaviðskipta fer fram annast verðbréfamiðstöð millifærslu þeirra verðbréfa sem um ræðir af verðbréfareikningum seljenda hjá verðbréfamiðstöð (VS-reikningum) yfir á VS-reikninga kaupanda. Þetta fyrirkomulag felur í sér að hvorki peningar né rafbréf eru í uppgjörsferlinu vistuð á reikningum á nafni verðbréfamiðstöðvar. Peningar og verðbréf eru hér ávallt aðskilin fjárhagslegri stöðu verðbréfamiðstöðvar.

Annað fyrirkomulag sem notað er við peningalegt uppgjör verðbréfaviðskipta er að þær reikningsstofnanir sem í hlut eiga leggi fram fjármuni til verðbréfamiðstöðvar er mikilvægt að þeim fjármunum sé haldið aðgreindum frá eigin fjármunum verðbréfamiðstöðvarinnar og á sérstökum vörslureikningum. Slíkt uppgjörsfyrirkomulag felur í sér að reikningsstofnanir (nettókaupendur verðbréfa) leggja tilskilda fjárhæð inn á sérstakan uppgjörsreikning á nafni verðbréfamiðstöðvar. Verðbréfamiðstöð annast síðan útborgun þessara fjármuna til nettóseljanda verðbréfanna samtímis því sem verðbréfamiðstöð millifærir verðbréfin af VS-reikningum seljenda yfir á VS-reikninga kaupenda. Í þessu tilviki eru peningar sem kaupendur eiga að greiða seljendum vistaðir um skamma hríð á reikningi sem skráður er sem eign verðbréfamiðstöðvar. Þessir fjármunir verða hins vegar aldrei eign viðkomandi verðbréfamiðstöðvar, þar sem þeir eiga alfarið að renna til seljanda þeirra verðbréfa sem um ræðir hverju sinni. Nauðsynlegt er að taka af allan vafa í þessu efni og ber verðbréfamiðstöð sem aðild á að slíku peningalegu uppgjörsferli að halda þessum fjármunum aðgreindum frá eigin fé.

Í greininni er lagt til að bætt verði við nýrri málsgrein sem verði 3. mgr. 15. gr. samþykkt. Í málsgreininni er lagt til að verðbréfamiðstöð skuli setja nánari reglur um uppgjör viðskipta með rafbréf sem Fjármálaeftirlitið samþykkir að höfðu samráði við Seðlabankann. Verðbréfamiðstöðvar eru eftirlitsskyldir aðilar gagnvart Fjármálaeftirlitinu en Seðlabankinn setur reglur um greiðslukerfi og hefur yfirsýn yfir öll kerfislega mikilvæg greiðslukerfi. Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með innra skipulagi hjá einstökum þátttakendum greiðslukerfa og framkvæmd þeirra á reglum sem gilda um greiðslu- og uppgjörskerfi. Seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið hafa gengið frá sérstökum samstarfssamningi þar sem m.a. hlutverkaskipti þessara eftirlitsaðila eru skilgreind nánar og kveðið á um miðlun upplýsinga.

Lögð er til breyting á núgildandi 2. mgr. 15. gr. Á grundvelli 2. mgr. 15. gr. gildandi laga starfar samráðsnefnd fulltrúa verðbréfamiðstöðva, kauphalla og Seðlabanka Íslands. Hlutverk nefndarinnar er að fjalla um samskipti verðbréfamiðstöðva, kauphalla og Seðlabanka Íslands í tengslum við frágang viðskipta. Með vísan til eftirlitshlutverks Fjármálaeftirlitsins er lagt til að það eigi jafnframt fulltrúa í þessari nefnd.

Að lokum er lagt til í greininni að 3. mgr. 15. gr. falli brott en hún er þess efnis að Seðlabankinn geti beitt reikningsstofnanir viðurlögum skv. 41. gr. laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, sé ákvörðunum bankans í þessum efnum ekki hlítt. Lög nr. 36/2001 hafa leyst af hólmi eldri lög um Seðlabankann.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

Í frumvarpinu eru lagðar til tvær efnislegar breytingar á 15. gr. laga nr. 131/1997. Annars vegar að skýrt sé tekið fram að fyrsta málsgrein greinarinnar eigi eingöngu við um verðbréf í íslenskum krónum. Hins vegar að bætt verði við nýrri málsgrein í greinina sem kveði á um öruggan farveg fyrir fullnaðaruppgjör viðskipta með verðbréf sem skráð eru í erlendri mynt. Þá er lagt til að verðbréfamiðstöð hafi milligöngu um uppgjör slíkra bréfa.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum mun það ekki hafa áhrif á tekjur eða gjöld ríkissjóðs.

759. Frumvarp til laga [477. mál]

um breytingu á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Í stað lokamálsliðar 1. mgr. koma þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Eigi síðar en 1. apríl ár hvert skal veiðikortshafi skrá og skila þar til gerðri skýrslu um undangengið veiðiár sem telst frá 1. janúar til 31. desember. Ef veiðiskýrslu frá fyrra veiðitímabili hefur ekki verið skilað er útgáfa nýs veiðikorts óheimil. Ef veiðiskýrsla berst eftir lögmæltan skiladag hækkar gjald fyrir útgáfu nýs veiðikorts í 5.000 kr.
b. Fyrsti málsliður 3. mgr. orðast svo: Gjald fyrir veiðikort skal vera 3.500 kr. fyrir hvert veiðiár.

2. gr.

Á eftir 2. málsl. 9. mgr. 14. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Í því skyni er Umhverfisstofnun rétt að halda námskeið fyrir þá sem vilja gerast leiðsögumenn með hreindýraveiðum. Er Umhverfisstofnun heimil gjaldtaka vegna kostnaðar sem stendur í eðlilegum tengslum við sérhvert slíkt námskeið.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að gerðar verði tilteknar breytingar á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994.

Fyrsta breytingin lýtur að því að skerpa á þeirri skilaskyldu veiðiskýrslna sem nú er kveðið á um í 1. mgr. 11. gr. laganna. Þýðingarmikið þykir að skylda þessi sé ótvíræð og afdráttarlaus vegna þess upplýsinga- og rannsóknagildis sem veiðiskýrslur geta haft og hafa fyrir ástand og stofnstærð villtra fugla og dýra, og þar með skynsamlega upplýsta stjórn og skipulag veiða samkvæmt lögunum. Í gildandi lögum er hins vegar hvorki að finna sérstaka hvata né önnur úrræði til framfylgdar þessari skyldu til skýrsluskila. Til þess að ákvæðið megi verða virkt og skilaskylda raunhæf er því lagt til að Umhverfisstofnun sé skylt að leggja 1.500 kr. á sérhverja leyfisgjaldsupphæð ef skýrsluskil hlutaðeigandi veiðikortshafa verða ekki innan lögmæltra tímamarka. Í samræmi við meðalhófssjónarmið og vandaða stjórnsýsluhætti er og ráð fyrir því gert að Umhverfisstofnun auglýsi áskoranir með hæfilegum fyrirvara svo að leyfishafar þurfi síður að greiða aukagjald þetta vegna skiladráttar.

Önnur breytingin er í því fólgin að hækka þá upphæð sem nú er lögmælt í 3. mgr. 11. gr. laganna vegna útgáfu nýs veiðikorts til samræmis við vísitölu og verðlagsþróun en einnig vegna rannsóknaþarfa, en síðast var gerð breyting á upphæðinni árið 2003.

Þriðja breytingin snýr að lögfestingu heimildarákvæðis fyrir Umhverfisstofnun til að halda leiðsögumannanámskeið í sambandi við hreindýraveiðar, svo og gjaldtökurétt stofnunarinnar vegna kostnaðar við slíkt námskeiðahald.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Gerð hefur verið grein fyrir meginefni greinarinnar í almennum athugasemdum.

Hækkun sú sem nú er mælt fyrir um í 3. mgr. 11. gr. laganna er úr 2.200 kr. í 3.500 kr. Meginrökin að baki hækkuninni eru þau að auknar tekjur þarf til að standa undir þeim kostnaði sem óhjákvæmilega hlýst af rannsóknum sem nauðsynlegar má telja fyrir skipulag og stjórn á friðun og veiðum villtra spendýra og fugla. Til þess að hvetja veiðikortshafa til skilvísi á veiðiskýrslum er mælt svo fyrir að gjald fyrir útgáfu nýs veiðikorts hækki í 5.000 kr. ef skiladráttur verður.

Um 2. gr.

Ekki er kveðið á um námskeið fyrir leiðsögumenn með hreindýraveiðum í gildandi lögum. Umhverfisstofnun hefur haldið slík námskeið en talið vafa leika á um heimild til slíks námskeiðahalds, svo og gjaldtöku til að standa undir slíku. Gild rök má færa fyrir nauðsyn slíkra námskeiða og samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum gætir sívaxandi áhuga meðal manna til að afla sér leiðsögumannaleyfa. Með breytingu þessari er ætlunin að taka af allan vafa um

heimild Umhverfisstofnunar til slíks námskeiðahalds, svo og um réttmæti gjaldtöku til að standa undir þeim kostnaði er af hlýst.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er mælt fyrir um hækkun gjalds fyrir veiðikort. Gjaldið hækkar úr 2.200 kr. í 3.500 kr. en hafi veiðiskýrslu fyrir undangengið veiðiár ekki verið skilað fyrir lögmæltan skiladag verður gjaldið 5.000 kr. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að um sé að ræða hækkun til samræmis við vísitölu og verðlagsþróun en einnig vegna rannsóknaþarfa ásamt því að skapa hvata til að bæta skil á veiðiskýrslum.

Á árinu 2006 skilaði gjald fyrir veiðikort 22 m.kr. tekjum. Miðað við óbreyttan fjölda útgefinna veiðikorta og 3.500 kr. gjald má gera ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs af gjaldi fyrir veiðikort hækki um 13 m.kr. á heilu ári. Því til viðbótar má reikna með einhverjum tekjuauka vegna 5.000 kr. gjaldsins. Sé miðað við að vanskil á veiðiskýrslum verði helmingi minni en þau eru nú má ætla að sá tekjuauki geti orðið um 1 m.kr. á ári. Í frumvarpinu einnig mælt fyrir um heimild Umhverfisstofnunar til námskeiðahalds fyrir leiðsögumenn með hreindýraveiðum og gjaldtöku til að standa undir kostnaði við slík námskeið. Ekki er því gert ráð fyrir að ríkissjóður hafi kostnað af þessum námskeiðum.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum má því ætla að tekjur ríkissjóðs af gjaldi fyrir veiðikort hækki um 14 m.kr. á heilu ári og verði 36 m.kr. Samkvæmt lögunum skal tekjunum varið til rannsókna, vöktunar og stýringar á stofnum villtra dýra, auk þess að kosta útgáfu kortanna.

760. Svar [411. mál]

félags- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Hönnu Birnu Jóhannsdóttur um húsnæðismál einstæðra foreldra.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Er vitað hve margir einstæðir foreldrar á höfuðborgarsvæðinu búa í leiguhúsnæði annars vegar og eigin húsnæði hins vegar? Ef svo er, hve margir?

Leitað var til ríkisskattstjóra varðandi upplýsingar um þá framteljendur sem voru einstæðir foreldrar álagningarárið 2007 og voru þeir greindir niður á þá sem áttu fasteign og þá sem ekki áttu fasteign. Í töflu 1 sést skiptingin eftir sveitarfélögum.

Tafla 1. Einstæðir foreldrar á höfuðborgarsvæðinu flokkaðir eftir sveitarfélagi, kyni og því hvort þeir töldu fram fasteign álagningarárið 2007.
(Heimild: Ríkisskattstjóri.)

Sveitarfélag	Eiga ekki fasteign			Eiga fasteign			Samtals
	Karlar	Konur	Samtals	Karlar	Konur	Samtals	
Reykjavíkurborg	125	2.161	2.286	187	2.707	2.894	**5.180**
Sveitarfélagið Álftanes	5	31	36	2	42	44	**80**
Garðabær	6	85	91	20	137	157	**248**
Hafnarfjörðarkaupstaður	33	378	411	46	554	600	**1.011**
Kópavogsbær	21	380	401	51	566	617	**1.018**
Mosfellsbær	10	102	112	23	158	181	**293**
Seltjarnarneskaupstaður		29	29	7	83	90	**119**
Samtals	**200**	**3.166**	**3.366**	**336**	**4.247**	**4.583**	**7.949**

Af þeim 7.949 einstæðu foreldrum sem töldu fram til skatts á höfuðborgarsvæðinu álagningarárið 2007 áttu 4.583 eigin fasteign. Eins og sjá má í töflu 1 áttu 4.247 einstæðar mæður á höfuðborgarsvæðinu fasteign eða rúmlega 57%. Sambærilegt hlutfall einstæðra feðra er tæp 63%. Gera má ráð fyrir að viðkomandi einstaklingar og fjölskyldur þeirra búi í því húsnæði sem þeir eiga.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um húsnæðisaðstæður þeirra einstæðu foreldra á höfuðborgarsvæðinu sem ekki áttu fasteign samkvæmt skattframtali 2007. Leitað var til sveitarfélaga og sýnir tafla 2 fjölda einstæðra foreldra sem fengu húsaleigubætur í desember 2007. Athygli er vakin á því að viðmiðunarár fyrir greiðslur sveitarfélaga til húsaleigubóta er árið 2007 en upplýsingar frá ríkisskattstjóra miða við tekjuárið 2006.

Tafla 2. Fjöldi einstæðra foreldra á höfuðborgarsvæðinu sem fengu húsaleigubætur í desember 2007.
(Heimild: Sveitarfélögin.)

Sveitarfélag	Fjöldi einstæðra foreldra með húsaleigubætur
Reykjavíkurborg	1.214
Kópavogsbær	117
Hafnarfjörðarkaupstaður	178
Garðabær	25
Mosfellsbær	41
Seltjarnarneskaupstaður	11
Sveitarfélagið Álftanes	9
Samtals	**1.595**

Samkvæmt upplýsingum sem fram koma í töflu 2 fengu 1.595 einstæðir foreldrar greiddar húsaleigubætur í desember 2007 eða um 20% þeirra einstæðu foreldra sem töldu fram á höfuðborgarsvæðinu og um 50% þeirra sem ekki áttu eigin fasteign undangengið ár. Ekki eru fyrirliggjandi upplýsingar um búsetuaðstæður annarra einstæðra foreldra og fjölskyldna þeirra, þ.e. þeirra tæplega 1.600 einstæðu foreldra sem hvorki áttu fasteign né fengu húsaleigubætur.

761. Svar [422. mál]

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um útflutning á óunnum þorski.

1. *Hve mikið var flutt úr landi af óunnum þorski síðustu fimm heilu fiskveiðiárin, skipt eftir árum, og hversu hátt hlutfall er það af leyfðum þorskafla hverju sinni?*
2. *Hve mikið hefur verið flutt út af óunnum þorski á yfirstandandi fiskveiðiári og hversu hátt hlutfall er það af veiddum þorski á sama tíma? Hve mikill telur ráðherra að útflutningurinn verði orðinn í lok fiskveiðiársins?*

Útflutt magn óunnins þorsks 1.9.2002–20.2.2008.

(Magn í tonnum slægt, sölutölur, Fiskistofa 26. febrúar 2008. – Ekki er lagt mat á það hver heildarútflutningurinn getur orðið undir lok fiskveiðiársins.)

Fiskveiðiár	Magn	Úthlutað aflamark*	Hlutfall
02/03	5.181	150.363	3,4%
03/04	7.664	175.002	4,4%
04/05	8.019	170.286	4,7%
05/06	8.657	164.501	5,3%
06/07	6.083	157.821	3,9%
1.9.2007–20.2.2008	2.509	47.888	5,2%

* Veiddur þorskafli fiskveiðiársins 2007/2008 í febrúar 2008.

3. *Hvernig skiptist útflutningurinn hvert ár eftir verstöðvum, skráningarhöfnum skipa og útgerðum? Óskað er eftir því að sundurliðunin nái til a.m.k. ⅔ útflutningsins.*

Útflutt magn óunnins þorsks eftir löndunarhöfnum/verstöðvum 1.9.2002–20.2.2008.

(Magn í tonnum slægt, sölutölur, Fiskistofa 26. febrúar 2008.)

Nr.	Löndunarhöfn	02/03	03/04	04/05	05/06	06/07	07/08
1	Vestmannaeyjar	1.518	2.186	2.164	2.556	2.073	821
11	Þorlákshöfn	23	31	132	67	92	8
13	Grindavík	226	447	394	863	582	123
17	Sandgerði	80	159	85	266	1	13
20	Helguvík				1		
21	Keflavík	25	19	5	8	9	
23	Njarðvík	0	35	1	5	3	3
27	Hafnarfjörður		12	84	203	139	10
31	Kópavogur	1			2		
33	Reykjavík	263	227	195	113	96	83
35	Akranes		69	40	0	0	
38	Arnarstapi		1	8			2
42	Rif	0		7			
43	Ólafsvík	8	103	140	66	3	
45	Grundarfjörður	791	882	1.114	1.414	1.065	569
47	Stykkishólmur					1	
56	Haukabergsvaðall		3				
57	Patreksfjörður	52	137	44	20	10	2
59	Tálknafjörður	52	5		12	2	
61	Bíldudalur	11	7			2	3
63	Þingeyri		3	3			
65	Flateyri	91	12	4	38	25	

Nr.	Löndunarhöfn	02/03	03/04	04/05	05/06	06/07	07/08
67	Suðureyri	2	42				
69	Bolungarvík	14	34	32	34	1	
73	Ísafjörður		23	42	11	60	164
75	Súðavík			63	59	14	22
77	Norðurfjörður		139				
79	Drangsnes	16	24	56	7		
83	Hvammstangi	1	0	7			
85	Blönduós				1		
87	Skagaströnd	33	37	5	75	11	0
89	Sauðárkrókur		3	52	25	3	2
91	Hofsós			7	15		
93	Siglufjörður		10	67	14	4	
95	Ólafsfjörður			9			
97	Grímsey		64	1	1		
99	Hrísey		0	5	0		
101	Dalvík	56	13	16	47	30	22
102	Árskógssandur			14	77	10	
103	Árskógssandur	71		63	2		
107	Akureyri		13	1			0
115	Húsavík	16	119	18	75	24	22
117	Kópasker			4		1	1
119	Raufarhöfn		0	7			
121	Þórshöfn	38	0	51	2		1
125	Vopnafjörður			6	10	0	2
129	Borgarfjörður eystri			9		21	
131	Seyðisfjörður	113	203	547	502	529	131
135	Neskaupstaður	28	18	159	200	280	9
137	Eskifjörður	2	260	348	472	180	154
139	Reyðarfjörður			28	83	163	214
141	Fáskrúðsfjörður	1	47	23	13	34	
143	Stöðvarfjörður	115	91	38	2	2	3
145	Breiðdalsvík			28	103	10	
147	Djúpivogur			2	6	8	
149	Hornafjörður	3	88	33	21	76	25
150	Ýmsir staðir			61	81	106	12
159	Gámur/Sigling	359	360	110		1	
999	Hafnarheiti vantar	1.176	1.736	1.688	1.079	413	90
	Samtals	**5.181**	**7.664**	**8.019**	**8.664**	**6.083**	**2.509**

Útflutt magn óunnins þorsks eftir heimahöfnum skipa 1.9.2002–20.2.2008.

(Magn í tonnum slægt, sölutölur, Fiskistofa 27. febrúar 2008.)

Nr.	Löndunarhöfn	02/03	03/04	04/05	05/06	06/07	07/08
1	Vestmannaeyjar	1.647	2.558	2.482	3.139	2.400	1.211
5	Stokkseyri		2	40	113	165	27
11	Þorlákshöfn	628	800	711	740	72	
13	Grindavík	31	34	1	171	10	27
17	Sandgerði	120	152	156	111	81	7
19	Garður	194	252	12	1	1	1
21	Keflavík	34	78	276	125	36	5
23	Njarðvík		3		9		
25	Vogar	20	23	0			
27	Hafnarfjörður	28	40	103	171	18	25

Nr.	Löndunarhöfn	02/03	03/04	04/05	05/06	06/07	07/08
31	Kópavogur		3	119	408	422	47
33	Reykjavík	577	676	625	308	314	69
35	Akranes		79	76	0	1	0
37	Borgarnes		19				
38	Arnarstapi			2			2
41	Hellissandur	78	99	35			
42	Rif	0	33	1			
43	Ólafsvík	7	213	270	96	2	
45	Grundarfjörður	775	900	1.082	1.090	946	523
47	Stykkishólmur				0	1	
55	Brjánslækur	12	58	6	2		
56	Haukabergsvaðall		12				
57	Patreksfjörður	58	86	39	22	9	2
59	Tálknafjörður	167	5	10	49	21	
61	Bíldudalur	13	20	10		2	2
63	Þingeyri	3	24	2	9	5	
65	Flateyri	8	16	1			
67	Suðureyri	4	13	13	1		
69	Bolungarvík		24	68	61	58	57
71	Hnífsdalur		0	6	11	1	74
73	Ísafjörður		25	85	1	15	63
75	Súðavík			38	58	14	22
78	Djúpavík		31				
79	Drangsnes	16	35	59	8		
83	Hvammstangi	1	18	14			0
85	Blönduós	20	3	14	20		
87	Skagaströnd				4		
89	Sauðárkrókur		13	26			
91	Hofsós			10	31	3	5
92	Haganesvík		6				
93	Siglufjörður		12	91	3		
95	Ólafsfjörður	15					
97	Grímsey		70	1	1		
99	Hrísey			45	45		
101	Dalvík	45	59	167	212	41	22
103	Árskógssandur	54					
107	Akureyri	0	53	31	83		1
109	Svalbarðsströnd					4	
111	Grenivík	263	418	377	725	577	126
115	Húsavík	39	103	33	75	32	18
117	Kópasker			1	15	3	1
119	Raufarhöfn	1	27	27	48		
121	Þórshöfn	38	6	72	13		7
123	Bakkafjörður			11	6		
125	Vopnafjörður			1	0	0	
129	Borgarfjörður eystri			13		21	
131	Seyðisfjörður	113	191	419	276	345	99
133	Mjóifjörður				5		
135	Neskaupstaður	27	18	139	195	313	9
137	Eskifjörður	1		18	35	11	15
141	Fáskrúðsfjörður	112	92	29	13	34	
143	Stöðvarfjörður	14	60	34	22		3
145	Breiðdalsvík			28	103	10	
147	Djúpivogur			2	6		

Nr.	Löndunarhöfn	02/03	03/04	04/05	05/06	06/07	07/08
149	Hornafjörður	3	132	71	18	87	25
999	Hafnarheiti vantar	14	67	14	0	9	14
	Alls	**5.181**	**7.664**	**8.019**	**8.657**	**6.083**	**2.509**

Útflutt magn óunnins þorsks eftir útgerðum skipa 1.9.2002–20.2.2008.

(Magn í tonnum slægt, sölutölur, Fiskistofa 27. febrúar 2008.)

Nafn eiganda	02/03	03/04	04/05	05/06	06/07	07/08
Bergur-Huginn ehf.	420	542	418	374	480	376
Soffanías Cecilsson hf.	509	436	482	393	372	256
Ós ehf.		422	629	765	447	121
Guðmundur Runólfsson hf.	260	404	417	572	408	254
Gjögur ehf.	263	217	223	725	577	126
Dala-Rafn ehf.	290	492	362	406	318	5
Frár ehf.	249	324	326	328	236	84
Skipaþjónusta Suðurlands hf.	564	792	165			
Gullberg ehf.	113	191	419	276	345	99
Fiskverkun I.G. ehf.	269	199	191	206	223	45
Hafliði ehf.			465	570	70	
Bergur ehf.				421	408	173
Stígandi ehf.	143	340	173		32	98
Einstaklingur	9	4	95	244	133	177
Sæhamar ehf.	182	209	154			
Síldarvinnslan hf.		18	139	96	266	9
Einstaklingur			87	408	9	
Sæból ehf.	27	54	119	125	161	13
I D Fiskur					412	47
Útgerðarfélagið Frigg ehf.	176	156	69			
Útgerðarfélagið Glófaxi ehf.	27	59	73	191	37	2
SG-export ehf.			236	118	10	
Valafell ehf.		82	218	51		
Hásteinn ehf.		2	40	113	165	27
Ufsaberg ehf.					143	151
Ocean Direct ehf.		1	87	164	15	25
Samherji hf.	8	9	75	141	31	22
Grandvar ehf.	104	127	23			
Laxi ehf.	11	140	88			
Skipeyri ehf.		118	103	15	2	
Nesfoss ehf.	78	99	35			
Verslunarfélagið Ábót ehf.	12	12	51	71	60	4
Flóki ehf.	15	85	27	31	32	18
Dóri ehf.	136	60	4	0		
Bakkalá ehf.			105	80	10	
Narfi ehf.	27	61	31	28	30	11
Stakkavík ehf.		0		171		12
Ísfélag Vestmannaeyja hf.	43	22	61	18	30	2
Nesfiskur ehf.	47	98	21	1	1	1
Hraðfrystihúsið-Gunnvör hf.		0	8	11	7	136
Ístún hf.	159					
Gæfa ehf.	24	2	52	42	31	1
Kæja ehf.	2	3	59	84	1	2
Pétursey ehf.		36	28	70	16	0
Emel ehf.				100	47	

Nafn eiganda	02/03	03/04	04/05	05/06	06/07	07/08
Meirihlíð ehf.		24	56	61		
Fossvík ehf.			28	103	8	
Benóný ehf.	9	39	45	32	11	
Geir ehf.	38	6	72	13		7
Skútuklöpp ehf.	110	23				
Þorbjörn tálkni ehf.	99		22			
Vinnslustöðin hf.	16	17	43	32	7	4
Steinunn hf.		87	31			
Dúddi ehf.				117		
Stórfiskur ehf.	28	60	11	16	1	
Birnir ehf.					58	57
HH útgerð ehf.	26	31	23	26	9	
Fish4u ehf.			92	22		
Krossey ehf.	2	72	21	3		
Ísfoss ehf.	34	36	25			
Einstaklingur	14	67	14			
Ari ehf.				56	14	22
Dufþakur ehf.	10	32	48	1		
Ferskt og frosið ehf.	1	28	46	13	4	
ÚA hf.			28	61		
Rif ehf.			44	45		
Ingimundur hf.		26	56			
Loðnuvinnslan hf.		14	20	13	34	
Vestri ehf.	15	36	27			2
Blámann ehf.		0	14	43	13	4
Brim hf.		64	1			5
Þorbjörn hf.	48	19	3			
Bestfiskur ehf.			2		66	
IceExport ehf.			46	12	4	3
Dynjandi ehf. útgerð	11	38	14			
ST 2 ehf.		4	51	7		
Máni ehf.					44	15
Fiskeldistækni ehf.				38	19	
Brimvík		31	16	8	2	
Sólrún ehf.	54					
Kolsvík ehf.	23	24	7			
Kópur ke 8 ehf.				51		
Útnaust ehf.	49	1				
Fresh ehf.				48		
Kjöggur ehf. Stöðvarhreppi	6	37	4			
Víkurver ehf.		46				
Uggi fiskverkun ehf.				45		
Brattur ehf.		25	20			
Aðalbjörg sf.	18	0		24	0	2
FISK-Seafood hf.			43			0
Skinney-Þinganes hf.	0	0	0		17	25
Skeljahöllin ehf.		39	2			
Oddi hf.	26	15				
Farsæll ehf.			41			
Búhamar ehf.		13	16	7	5	1
Auðbjörg ehf.	0	1	37		2	
Litlimúli ehf.				31	3	5
Einstaklingur	15	6	7	8	3	
Eskja hf.				10	11	15

Nafn eiganda	02/03	03/04	04/05	05/06	06/07	07/08
Einstaklingur		35	0			
Boðasteinn ehf.	24	11				
Gullmar ehf.		35				
Farsæll ehf.		34				
Skálará ehf.	11	17	2	4		
Ylmir ehf.	8	17	8			
Einstaklingur	33					
Hafgull ehf.			32			
Gymir ehf.	0	31				
Gummi El ehf.		31				
Fiskkaup hf.	6	6	13		6	
Hjalteyrin útgerðarfélag				29		
Frostfiskur ehf.	29					
Ebbi-útgerð ehf.		20	8			
Stakkar ehf.				28		
Einstaklingur	1	14	11	0		
FiskAri ehf.			24	2		
Leó ehf.				21	5	
Lundey ehf.			26			
Lukka ehf.			20	2		3
Haukafell ehf. Hornafirði		25				
Hjallanes ehf.			8	17		
ET fiskur ehf.					20	5
Sjófiskur ehf.					22	3
Útgerðarfélagið Einhamar ehf.					10	14
Atlantic Prime Seafood Icel ehf.					9	14
Siglfirðingur ehf.		10	12			
Marberg ehf.			22			
Útgerðarfélagið Már ehf.	6	2	14			
Kári Borgar ehf.					21	
Nýhús ehf.	1		12	5	3	
Ísþorskur ehf.	16		5			
Jóhannes Sigurður Ólafsson ehf.		4	17			
HB Grandi hf.			19	0	1	0
Útgerðarfélagið Saga ehf.	19					
Bjarg ehf.		14	3	0	3	0
Einstaklingur		19				
G&M ehf.		4	15			
Einstaklingur		19				
Vesturholt ehf.				18		
Einstaklingur		16	2			
Ís 47 ehf.		1	9		8	1
Einstaklingur	3	13	1			
Grillir ehf.		15	2			
Einstaklingur		17				
ASDF ehf.					17	
ES.-útgerð ehf.	3	11	2			
Manni ehf.	14			3		
Sandvík ehf.		16				
Hafsbrún ehf.		12	4			
Sjávarmál ehf.				16		
Skálavík ehf.		12	4			
Sjóvá-Almennar tryggingar	15					
Einstaklingur	5	6		4	0	

Nafn eiganda	02/03	03/04	04/05	05/06	06/07	07/08
Vör ehf.			15			
Sólbakki ehf.		15				
Hektor ehf.		12	3			
Einstaklingur	1		0	14		
Áratog ehf.		13	1			
Perlufiskur ehf.				9	5	
Hamrafell ehf.	14					
Einstaklingur	14					
InterSeafood Íslandi hf.			11	2	1	
Þórsberg ehf.				12	2	
Gærdbo ehf.			13			
Jói Blakk ehf.				13		
Brimhóll ehf.	2	11	0			
Fiskverkun Kalla Sveins ehf.			13			
Ýmir ehf. Bíldudal	13					
Útgerðarfélagið Þytur ehf.		13				
Ós sf.		13				
Guðjón Theódórsson ehf.		12				
Útgerðarfélagið Arnarborg BA 999 ehf.		12				
Happi hf.		9	3			
Sæörn ehf.		12				
Einstaklingur		9	3			
Gef ehf.				12		
Írafell ehf.	6		6			
Síldey ehf.			11			
Einstaklingur	11					
Einstaklingur	3	4	1	3		
Einstaklingur			10	1		
Balcan sjávarafurðir ehf.					11	
Hraunshorn ehf.		11				
Vaðhorn ehf.		11				
Norðurborg ehf. fiskverkun		11				
Fuglberg ehf.		8		2		
Einstaklingur		10				
Magnel ehf.		7	3	0		
Einstaklingur				10		
Þórður Jónsson ehf.		10				
Einstaklingur	10					
Bílddælingur ehf.		10				
Boðó ehf.		1	2	6		
Ægir ehf.			10			
Sólborg ehf.	2	8				
Skarfaklettur ehf.			5	4		
Útgerðarfélagið Einbúi ehf.	1	5	2	2		
Guðjón M. Kjartansson ehf.					9	
Miðnes ehf.		1	8			
Útgerðarfélagið Leifur Heppni ehf.				9		
Kögunarás ehf.	7	2				
Útgerðarfélagið Gummi ehf.		9				
Ólafur ehf.			8			
Einstaklingur	8					
Grís ehf.		8				
Einstaklingur	8					
Ósnes ehf.			2	6		

Nafn eiganda	02/03	03/04	04/05	05/06	06/07	07/08
Sæbyr ehf.			8			
Einstaklingur	7	1				
Norðurströnd ehf./Dalvík		4	2	2		
Útgerðarfélag Ólafsvíkur ehf.			8			
Hafsæll ehf.		6	2			
Hafbyggi ehf. útgerðarfélag	0	7				
Einstaklingur	7		1			
Einstaklingur		7				
Útgerðarfélagið Ískrókur ehf.			7			
Útgerðarfélagið Þorri ehf.	5	2				
Hraunútgerðin ehf.	3	4				
Eldhugi ehf.		7				
Tólv ehf.		7				
Einstaklingur	7					
Einstaklingur			7			
GS Fiskur ehf.					7	
Einstaklingur				7		
Einstaklingur			7			
Geitahlíð ehf.			7			
Garraútgerðin sf.	2	4				
Sigurður Ólafsson ehf.		6				
Róður ehf.			2		2	2
Márus ehf.		6				
Akravík ehf.			6			
Hafvör ehf.	5	1				
Fanney ehf.		6				
Einstaklingur		6				
Fiskvinnslan Drangur ehf.		3	2	1		
Landsbanki Íslands Höfuðstöðvar		6				
Marinó Jónsson ehf.				6		
Útgerðar/fiskvfél Bergeyjan ehf.			6			
Sigurður Pálmason ehf.				6		
Rekavík ehf.			6			
Einstaklingur	5					
Þristur BA-5 ehf.		5				
Álfsfell ehf.			5			
Þrítindar ehf.		5				
Nastar ehf.				3	3	0
Íspró ehf.			5			
Plastverk-Framleiðsla ehf.		5				
A.Ó.A. útgerð ehf.			5			
Anný SU-71 ehf.				5		
Ísver ehf.					5	
Árni Jónsson ehf.			5			
Útgerðarfélagið Haukur hf.				2	2	
Íslandsþorskur ehf.		5				
Einstaklingur		5				
Einstaklingur	0		3	1		
Keilir ehf.			4			
G.B.Magnússon ehf.		1	4			
Einstaklingur	1	2	1	0	0	
Einstaklingur		4				
Felix-útgerð ehf.		4	0			
Fiskvon ehf.		4				

Nafn eiganda	02/03	03/04	04/05	05/06	06/07	07/08
Vísir hf.	4					
Útgerðarfélag Íslands ehf.		4				
Hafblik fiskverkun ehf.					4	
Fine-Ice ehf.			4			
Útgerðarfélagið Ósk ehf.				4		
Sælind ehf.		3				
Rebekkarut ehf.			3			
Milla ehf.			3			
Einstaklingur		3				
Godthaab í Nöf ehf.			3			
Útgerðarfélagið Rún sf.	0	3				
Litli Tindur ehf.		3				
Skálaberg ehf.	3					
Einstaklingur			3			
Elías Ketilsson ehf.			3			
Bláland ehf.		3			0	
Breiðavík ehf.		3				
Gullfell ehf.	3					
Einstaklingur		3				
Mónes ehf.	3					
Norðurlind ehf.	1	2				
Guðrún María ehf.				3		
Reykjaborg ehf.	2	0		1		
Vélsmiðja Suðureyrar ehf.			3			
Einstaklingur			3			
Peð ehf.			3			
Einstaklingur				3		
Fjarðarey ehf.				2	0	0
Norðlendingur ehf.				2		
Einstaklingur	2					
Einstaklingur		2				
Sigurhæð ehf.		2				
Einstaklingur	2					
Fiskbúð Húsavíkur		1	1			
Reynir Þór ehf.			2			
Sandvíkingur ehf.			2			
Einstaklingur		2				
Abba ehf.			2			
Miðós ehf.			2			
Fanney SH-248 ehf.						2
Útgerðarfélag Siglufjarðar ehf.			2			
Einstaklingur	2					
Leifi-útgerð ehf.		1	0			
Haraldur Böðvarsson hf.		2				
Skallanes ehf.			2			
Öldusteinn ehf.			2			
Flesjar ehf.		2				
Útgerðarfélag Vestmannaeyja hf.	2					
Einstaklingur		1	1			
Ferskfiskur ehf.					2	
Rauðafell ehf.	1	0				
Vákur ehf. Eyrarsveit			2			
Útvík ehf.				2		
Rákir ehf.					0	1

Nafn eiganda	02/03	03/04	04/05	05/06	06/07	07/08
Krosshamar ehf.			1			
Einstaklingur		1				
Ikan ehf.		1				
Einstaklingur			1			
Útgerð Arnars ehf.					1	
Einstaklingur					1	
M200 útgerð ehf.			1			
Sjóferðir Arnars ehf.			1		0	
IceMar ehf.				1		
Þrídrangar ehf.	1	0				
Kotvík ehf.	1					
Útgerðarfélagið Sámur ehf.		1				
Tandraberg ehf.			1			
Ebba ehf.			1			
Útgerðarfélagið Öngull ehf.				1		
Hólmi NS 56 ehf.			1			
Rafn ehf.			1			
Festi Fiskvinnsla ehf.					1	
Túi ehf.			1			
Gulltog ehf.				0	1	0
Einstaklingur				0	0	
Einir SU 7 ehf.				1		
Hafgúan ehf.					1	
Síli ehf.	1					
Sæbjörg ehf.				1		
Áshóll ehf.			1			
Festi ehf.		1				
S & R ehf.				1		
Gildran ehf.						1
Einstaklingur				1		
Tóti ehf.		1				
Blikaból ehf.			1			
Sælingur ehf.	1					
Einstaklingur					1	
Einstaklingur			1			
Konni-Matt ehf.		0				
Gaui Braga ehf.		0				
Seaflower Ísland ehf.				0		
Hviða ehf.		0				
Snuddi ehf.			0			
G. Ingason hf. útflutningur			0			
Eljuberg ehf.	0					
Ölduós ehf.			0			
Rammi hf.			0			
Sæmanda ehf.					0	
Vestralind ehf.						0
Útgerðarfélagið Hvammur hf.				0		
Keflavíkurbjarg ehf.	0					
Einstaklingur		0				
Ísstoð ehf. bt/Berglind Svavarsdóttir		0				
Stella Nk-12 ehf.				0		
Þensla ehf.				0		
Einstaklingur	0					
Margull ehf.		0				

Nafn eiganda	02/03	03/04	04/05	05/06	06/07	07/08
K. Steingrímsson ehf.				0		
Sæfell hf.				0		
Seafood Union ehf.				0		
Hraðfrystihús Hellissands hf.	0					
Una útgerðarfélag ehf.	0					
Alls	**5.181**	**7.664**	**8.019**	**8.657**	**6.083**	**2.509**

4. *Hvert var útflutningsálagið samtals í tonnum talið hvert fiskveiðiár og hvernig skiptist það eftir skipum?*

Útflutningsálag einstakra skipa í þorski fiskveiðiárin 2002/2003–2006/2007.

(Magn í tonnum slægt – Fiskistofa 27. febrúar 2008.)

Nr. skips	Heiti	Einkennisstafir	02/03	03/04	04/05	05/06	06/07
2020	Þórunn Sveinsdóttir	VE 401		-42	-67	-72	-48
1664	Dala Rafn	VE 508	-32	-46	-37	-40	-33
2433	Smáey	VE 144	-9	-54	-43	-37	-33
1674	Sóley	SH 124	-40	-34	-33	-23	-27
1595	Frár	VE 78	-25	-32	-34	-32	-25
1042	Vörður	ÞH 4	-15	-22	-18	-34	-27
1039	Oddgeir	EA 600		-20	-20	-39	-27
2017	Helgi	SH 135	-10	-18	-27	-21	-20
2677	Bergur	VE 44				-46	-37
1473	Hringur	SH 535	-14	-24	-14	-20	
2422	Stígandi	VE 77	-19	-29	-17		
1019	Sigurborg	SH 12	-11	-9	-15	-15	-11
2025	Bylgja	VE 75	-1	0	-10	-24	-13
1838	Freyja	RE 38	-21	-16	-7		
1622	Þorvarður Lárusson	SH 129			-12	-12	-16
2685	Hringur	SH 153				-15	-22
1751	Hásteinn	ÁR 8		0	-4	-11	-17
1622	Smáey	VE 144	-30				
102	Kristinn Friðrik	GK 58	-10	-11	-4		
968	Glófaxi	VE 300				-19	-4
1039	Gjafar	VE 600	-18				
1035	Heimaey	VE 1	-4	-2	-6	-2	-3
2444	Vestmannaey	VE 444					-17
2466	Guðni Ólafsson	VE 606	-16				
968	Glófaxi	VE 300	-3	-6	-7		
964	Narfi	VE 108	-1	-6	-3	-3	-3
1178	Gæfa	VE 11	-2	0	-5	-4	-3
2747	Gullberg	VE 292					-15
2101	Portland	VE 97	0	0	-6	-8	0
1170	Páll á Bakka	ÍS 505		-2	-6	-6	
1476	Björgúlfur	EA 312	-1			-9	-2
2342	Víkurröst	VE 70	-3	-3	-2	-3	-1
158	Oddgeir	ÞH 222	-11				
1738	Hafnarey	SF 36	0	-7	-2	0	
978	Svanur	EA 14			-5	-4	
2449	Helga	RE 49		-3	-6		
1639	Dalaröst	ÞH 40			-1	-3	-3
2558	Binni í Gröf	VE 38	-1	-2	-2	-2	0
102	Kristinn Friðrik	SI 5		-1	-7		
1937	Björgvin	EA 311			-4	-1	-1

Nr. skips	Heiti	Einkennisstafir	02/03	03/04	04/05	05/06	06/07
2464	Sólborg	ÞH 270		-4	-2	-4	
795	Fönix	VE 24	-13	-6			
1546	Frú Magnhildur	VE 22				-5	-2
236	Haukur	EA 76		-3		-3	
1277	Ljósafell	SU 70		0	-2	0	-3
102	Siggi Bjarna	GK 5	-6				
1622	Björn	RE 79		-4	-1		
1321	Bjarmi	BA 326	-3		-1	0	-1
2454	Siggi Bjarna	GK 5		-4	0		
185	Þorvarður Lárusson	SH 129		-4			
78	Ísborg	ÍS 250		-2	-2		
1686	Gunnbjörn	ÍS 302					-4
2408	Geir	ÞH 150			-3	-1	
1278	Bjartur	NK 121			-1		-3
1265	Haukur	ÍS 847			-4		
2740	Vörður	EA 748					-4
1645	Þuríður Halldórsdóttir	GK 94	-2	-2			
1056	Arnar	ÁR 55	-11	-53	-4		0
2048	Drangavík	VE 80	0	0	-1	-2	0
243	Guðrún	VE 122	-11	-4	-15	0	-55
2371	Stapin	EA 171				-4	
1743	Sigurfari	GK 138	0	-3	0	-1	
795	Drífa	RE 400			-1	-2	
795	Gréta Jó	RE 400			-3		
1430	Birta	VE 8	-1	-1	0	0	
1100	Strákur	SK 126				-3	0
2430	Benni Sæm	GK 26		-3	0	-7	-1
1351	Akureyrin	EA 110			-3		
67	Óli Hall	HU 14			-1	-2	
1652	Baldur Karlsson	ÁR 6			-3		
2433	Björn	RE 79	-3				
1612	Sturla	GK 12	-3				
2372	Lundi	VE 205	0	-1	-1		
1664	Stígandi	VE 77					-2
795	Narfi	VE 108	-2				
1275	Jón Vídalín	ÁR 1	-2	0	-59	0	
7184	Sporður	VE 9	-56		-1	-1	0
5741	Þrasi	VE 20	-2	-1			
185	Sigþór	ÞH 100	-2				
120	Kambaröst	SU 200				-2	
6776	Þrasi	VE 20			-1	-1	0
1143	Sæberg	HF 224				0	-2
964	Gissur hvíti	HU 35	-2				
1321	Bjarmi	SU 326			-2		
2394	Birta Dís	ÍS 135	0	-1	-9	0	
2403	Hvanney	SF 51					-2
102	Sindri	ÞH 400				-2	0
1092	Frú Magnhildur	VE 22		-48	-1	-37	
6896	Glaður	VE 270	0	-1		0	-36
2313	Örn	KE 14		-1			
1686	Gunnbjörn	ÍS 307					-1
1451	Stefnir	ÍS 28			-1	-1	-1
1636	Farsæll	GK 162		-1			
7455	Hlöddi	VE 98			-1	-84	

Nr. skips	Heiti	Einkennisstafir	02/03	03/04	04/05	05/06	06/07
163	Jóhanna Margrét	HU 130			-1		
1968	María Pétursdóttir	VE 14	0	-1			
1420	Keilir	SI 145			-1		
1890	Brekey	BA 236	-1				
7454	Mardís	VE 236		-1	0		
256	Kristrún	RE 177			-1		
1752	Brynjólfur	VE 3				-1	0
1487	Númi	KÓ 24			-1		
892	Fönix	VE 21	-1				
177	Eykon	RE 19		-1	0		
2335	Petra	VE 35		0	0	-1	
1459	Breki	VE 61	0	-1			
1143	Sæberg	SH 424				-1	
1511	Pétursey	VE 6		-1	-55		
163	Jóhanna Margrét	SI 11			-1		
1968	Aldan	ÍS 47					-1
6229	Uggi	VE 272		0	0	0	
168	Sigurður G. S. Þorleifsson	SH 443			-1		
1852	Sjöfn	VE 37	-1	-9	-82		
464	Þorri	VE 50	-1	0			
84	Gandí	VE 171		-1	-3	-67	-57
173	Sigurður Ólafsson	SF 44		-1			
1487	Valdimar	SH 106	-1				
2744	Bergey	VE 544					-1
795	Drífa	SH 400					-1
158	Baldur Árna	ÞH 222			0		
2462	Gunnar Bjarnason	SH 122				0	0
1976	Barði	NK 120			0		
1159	Kristbjörg	ÁR 82			0		
1481	Sóley Sigurjóns	GK 200		-4	0	-48	-21
6158	Hlöddi	VE 98		0			
1905	Berglín	GK 300		0	0	-49	-7
93	Brynjólfur	ÁR 3		0	-27		
2462	Ósk	KE 5			-56	0	
1459	Breki	KE 61			0	-21	
6100	Uggi	VE 272	0	-26			
137	Þórdís	BA 74		0			
1275	Jón Vídalín	VE 82				0	-9
2381	Fagranes	NS 121				0	
6549	Sævaldur	VE 360	0	0	-16		
2462	Rúna	RE 150	-18	0			
7268	Bonnie	VE 10		0			
2381	Hlöddi	VE 98					0
619	Fanney	HU 83	0	0			
127	Kristbjörg II	HF 75			0		
2332	Hólmatindur	SU 1					0
6061	Byr	VE 150		0			
1149	Ingi	GK 148	0				
2449	Steinunn	SF 10				0	-46
1156	Sólfari	SU 16			0		
2325	Reykjaborg	RE 25	0				
2464	Sólborg	RE 76		0			
1435	Haraldur Böðvarsson	AK 12		0			
1578	Ottó N. Þorláksson	RE 203			0	-5	-1

Nr. skips	Heiti	Einkennisstafir	02/03	03/04	04/05	05/06	06/07
1143	Sæberg	BA 224		0			
6944	Adda	VE 282	0	-49			
1433	Dala Rafn	VE 508	0				
1909	Gísli	KÓ 10		0			
1291	Arnar	SH 157					0
1320	Svanborg	VE 52	0				
6282	Einfari	VE 308		0			
7205	Portland	VE 197				0	
1062	Kap	VE 4			-96		
1254	Arnar	RE 400	-22	-73			
2061	Sunna	KE 60				-2	-9
1527	Brimnes	BA 800		-84			
1955	Höfrungur	BA 60		-74			
2325	Reykjaborg	KE 6			-72		
2019	Aldan	ÍS 47		-66			
1262	Guðbjörg	GK 517			-64		
7268	Tóti	RE 355		-63			
1195	Álftafell	ÁR 100	-58				
1585	Sturlaugur H Böðvarsson	AK 10			-1	-2	-55
2403	Happasæll	KE 94		-39			
1337	Sléttanes	ÍS 808				-38	
1887	Bresi	AK 101			-32		
1226	Hlýri	VE 172		-31			
2383	Dögg	SF 18			-26		
1274	Páll Pálsson	ÍS 102				-1	-23
84	Gandi	VE 7	-1	-19			
1279	Brettingur	NS 50				-16	-2
1590	Freyja	VE 260			-9		
2040	Þinganes	SF 25	-3	-1	-4		
7249	Svanur	VE 90			-6		
1813	Auðbjörg	ÞH 13		-5			
1159	Kristbjörg	VE 82			-3		
973	Jón Steingrímsson	RE 7				-2	
1315	Eydís	ÁR 26		-2			
363	Þórunn	GK 97			-1		
1237	Una	SU 89	-1				
1379	Erlingur	SF 65		-1			
1509	Ásbjörn	RE 50				-1	
	Samtals		**-330**	**-446**	**-475**	**-544**	**-437**

5. *Hvernig skiptist útflutningurinn eftir löndum hvert fiskveiðiár og á yfirstandandi fiskveiðiári, hvar er þorskurinn vigtaður og hvernig er vigtun og eftirliti með viktuninni háttað í hverju landi?*

Útflutt magn óunnins þorsks eftir löndum og vigtunaraðferð 1.9.2002–20.2.2008.

(Magn í tonnum slægt, sölutölur, Fiskistofa 28. febrúar 2008.)

Vigtað á Íslandi	02/03	03/04	04/05	05/06	06/07	07/08
Belgía	61	22	9	29		
Bretland	1.429	2.606	3.090	3.098	1.698	273
Danmörk	101	108	47	5	10	9
Frakkland	379	358	174	41	32	5
Færeyjar			11	10	18	
Holland	0				3	

Vigtað á Íslandi		**02/03**	**03/04**	**04/05**	**05/06**	**06/07**	**07/08**
	Pólland			0			
	Þýskaland	2	16	4	5		
	Samtals	**1.972**	**3.110**	**3.337**	**3.187**	**1.762**	**287**

Vigtað erlendis		**0203**	**0304**	**0405**	**0506**	**0607**	**0708**
	Bretland	3.162	4.510	4.672	5.469	4.319	2.231
	Frakkland	9					
	Þýskaland	38	44	10	2	2	0
	Samtals	**3.210**	**4.554**	**4.682**	**5.470**	**4.321**	**2.231**
	Heildarmagn	**5.181**	**7.664**	**8.019**	**8.657**	**6.083**	**2.519**

Fiskistofa hefur viðurkennt fjóra erlenda uppboðsmarkaði til þess að endurvigta og selja afla íslenskra skipa sem ekki hefur verið endanlega vigtaður á Íslandi. Þeir eru í Hull og Grimsby í Bretlandi, Bremerhaven í Þýskalandi og Toftum í Færeyjum. Mjög lítið er flutt af óvigtuðum þorski til Þýskalands og ekkert til Færeyja.

Fiskur sem fluttur er óunninn úr landi er ýmist endanlega vigtaður á Íslandi eða hann fer til endurvigtunar á einhverjum þeirra erlendu uppboðsmarkaða sem Fiskistofa hefur viðurkennt sem vigtunarstaði. Þegar vigtun á afla sem fluttur er út óunninn er lokið hér á landi er aflinn úrtaksvigtaður samkvæmt reglum um úrtaksvigtun. Sé um endurvigtun hjá erlendum uppboðsmarkaði að ræða er fiskurinn brúttóvigtaður eftir tegundum á hafnarvog á Íslandi. Þegar fiskurinn kemur á uppboðsmarkað erlendis er hann stærðarflokkaður, vigtaður og skráður og þær upplýsingar sendar Fiskistofu.

Eftirliti með vigtun er þannig háttað að Fiskistofa hefur eftirlitsmenn í sinni þjónustu í Hull og Grimsby í Bretlandi sem fylgjast með því að vigtun, skráning og sala afla af íslenskum skipum fari fram í samræmi við reglur. Ekki er sérstakur eftirlitsmaður á vegum Fiskistofu í Þýskalandi. Starfsmenn Fiskistofu fara í eftirlitsferðir til Englands og Þýskalands tvisvar til þrisvar á hverju ári og taka þá út vigtunarbúnað og vigtunaraðferðir og hafa eftirlit með því á hverjum stað að vigtun og sala afla ásamt upplýsingagjöf til Íslands sé í samræmi við reglur.

Þegar afli sem fluttur er óunninn úr landi er endanlega vigtaður á Íslandi er eftirlit með vigtun hans hluti af daglegum eftirlitsverkefnum veiðieftirlitssviðs Fiskistofu.

6. *Hvers konar athugun fer fram á fiski sem flytja á úr landi óunninn til sölu erlendis til þess að staðreyna ástand fisksins, magn og tegund?*

Skipstjóra fiskiskips ber að senda Fiskistofu upplýsingar um áætlað aflamagn og tegundir sem flytja á út 24 klukkustundum áður en afli fer um borð í farmskip. Þær upplýsingar birtast á heimasíðu Fiskistofu. Einnig sendir skipstjóri upplýsingar um áætlað aflamagn og tegundir til viðkomandi löndunarhafnar. Eftirlitsmenn Fiskistofu fylgjast með lestun fjölda gáma á löndunarstað á hverju ári (fylgst var með lestun 399 gáma árið 2006 og 381 árið 2007). Er þá fylgst með því hvaða fisktegundir eru settar í gámana og magni hverrar tegundar. Einnig hefur komið til þess að afli hafi verið tekinn út úr gámum eftir lestun til að skoða innihald þeirra. Raunverulegt innihald gámanna er borið saman við uppgefnar upplýsingar skipstjóra.

Eftirlitsmenn Fiskistofu í Hull og Grimsby fylgjast einnig með flokkun og vigtun aflans á mörkuðunum og senda upplýsingar um þau atriði til Fiskistofu. Umboðsmenn útgerðanna á mörkuðunum senda einnig upplýsingar um vigtun á afla einstakra skipa til Fiskistofu. Allar þessar upplýsingar eru bornar saman í eftirlitsskyni.

762. Nefndarálit [292. mál]

um frv. til l. um samgönguáætlun.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur frá samgönguráðuneyti, Jón Rögnvaldsson og Gunnar Gunnarsson frá Vegagerðinni, Ólaf Bjarnason frá Reykjavíkurborg, Hermann Guðjónsson frá Siglingastofnun og Signýju Sigurðardóttur frá Samtökum verslunar og þjónustu.

Umsagnir um málið bárust frá Slysavarnaskóla sjómanna, Siglingastofnun Íslands, Vegagerðinni, Grindavíkurbæ, Reykjavíkurborg, Flóahreppi, Samtökum verslunar og þjónustu, Hafnasambandi Íslands, Bláskógabyggð, Dalvíkurbyggð, rannsóknarnefnd umferðarslysa, Vestmannaeyjabæ, Byggðastofnun, Sveitarfélaginu Álftanesi, Sveitarfélaginu Skagafirði, Ferðamálastofu, Landssamtökum hjólreiðamanna, Landhelgisgæslu Íslands, Eyþingi – Sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, ríkislögreglustjóra, Slysavarnafélaginu Landsbjörg, Landssambandi björgunarsveita, Bændasamtökum Íslands, Vopnafjarðarhreppi, Sveitarfélaginu Árborg, Umhverfisstofnun og Ásahreppi.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á framkvæmd samgönguáætlunar. Í fyrsta lagi er ætlunin að gera skýrara að samgönguáætlun er í raun ein áætlun til tólf ára og að hver fjögurra ára áætlun er nánari sundurliðun á viðkomandi tímabili innan hennar. Í öðru lagi er lagt til að við upphaf vinnu samgönguráðs hafi ráðherra sett fram stefnumið sín og fjárhagsramma. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að heimilað verði að endurskoða samgönguáætlun oftar en á fjögurra ára fresti. Í fjórða lagi er leitast við að skapa skýrari ramma um samgönguáætlun og þau markmið sem unnið er að með henni. Í fimmta lagi gefst möguleiki á annars konar framsetningu samgönguáætlunar en með þeirri kaflaskiptingu sem nú er. Í sjötta lagi verði tryggt að forstöðumenn allra samgöngustofnana sem heyra undir samgönguráðuneytið eigi sæti í samgönguráði ef breytingar verða á því hvaða stofnanir það eru.

Á fundum nefndarinnar kom fram að samgönguáætlun er rammaáætlun og að hver fjögurra ára áætlun er framkvæmdaáætlun innan hennar en það er áherslubreyting frá gildandi lögum. Telur nefndin það markmið eðlilegt en getur ekki fallist á að unnt sé að binda hendur löggjafans þannig að Alþingi sé óheimilt að samþykkja fjögurra ára áætlun án þess að tólf ára áætlun hafi verið samþykkt, sbr. 2. málsl. 6. gr. frumvarpsins, og leggur því til að sá málsliður falli brott.

Þá ræddi nefndin á fundum sínum um samgönguáætlun en þar skal mörkuð stefna og markmið fyrir allar greinar samgangna næstu 12 árin. Með vísan til aukinnar áherslu á almenningssamgöngur þykir nefndinni ástæða til að telja þær sérstaklega upp innan samgöngugreinanna í 2. mgr. 2. gr. og leggur til breytingu á frumvarpinu vegna þess. Þá telur nefndin einnig rétt vegna aukinnar áherslu á umhverfismál að geta umhverfismála sérstaklega í greininni og leggur til breytingar á frumvarpinu þar að lútandi.

Þá kom fram að litið er á samgöngugreinarnar sem eina heild og samkvæmt því er í frumvarpinu gert ráð fyrir að samgönguáætlun verði ekki lengur kaflaskipt eftir einstökum greinum heldur svæðum. Telur nefndin að það geti verið til einföldunar í framkvæmd.

Loks ræddi nefndin um skipan samgönguráðs og telur nefndin rétt að fram fari endurskoðun á skipan ráðsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Á undan orðinu „hafnamála“ í 1. málsl. 2. mgr. 2. gr. komi: almenningssamgangna.
2. Í stað orðanna „og öryggismála“ í 1. málsl. 2. mgr. 2. gr. komi: öryggismála og umhverfismála.
3. 2. málsl. 6. gr. falli brott.

Guðni Ágústsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 6. mars 2008.

Ólöf Nordal, varaform., frsm.	Karl V. Matthíasson.	Árni Þór Sigurðsson.
Árni Johnsen.	Valgerður Bjarnadóttir.	Björk Guðjónsdóttir.
Ármann Kr. Ólafsson.	Guðjón A. Kristjánsson.	

763. Nefndarálit [410. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 100/2007, og lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999, með síðari breytingum.

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sturlaug Tómasson frá félags- og tryggingamálaráðuneyti, og Sigríði Lillý Baldursdóttur og Ágúst Þór Sigurðsson frá Tryggingastofnun ríkisins. Einnig hafa nefndinni borist sjö umsagnir um málið.

Hinn 1. janúar sl. fluttust málefni aldraðra og almannatryggingar frá heilbrigðisráðuneyti til félags- og tryggingamálaráðuneytis, sbr. lög nr. 109/2007, um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969. Frumvarp þetta er í meginatriðum byggt á tillögum verkefnisstjórnar sem skipuð var af félags- og tryggingamálaráðherra og yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um fyrstu aðgerðir til að bæta kjör aldraðra og öryrkja frá 5. desember 2007. Verkefnisstjórnin vinnur áfram að heildarendurskoðun almannatryggingalöggjafarinnar og á að skila tillögum 1. nóvember nk.

Í frumvarpinu er kveðið á um að frítekjumark vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega á aldrinum 67–70 ára verði hækkað í 100 þús. kr. á mánuði. Megintilgangur þess er að stuðla að aukinni atvinnuþátttöku og gera ellilífeyrisþegum kleift að afla sér aukinna tekna af atvinnu án þess að bætur frá Tryggingastofnun ríkisins skerðist. Gert var ráð fyrir í greinargerð með frumvarpinu að lagðar yrðu fram tillögur sem tryggðu örorkulífeyrisþegum sama frítekjumark eða ígildi þess. Nefndin gerir ráð fyrir að tillögur berist frá örorkumatsnefnd forsætisráðherra á vorþinginu þannig að hægt verði að afgreiða þá lagasetningu fyrir gildistöku 1.

júlí nk. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að bæta kjör aldraða og öryrkja er kveðið á um að ríkissjóður tryggi ellilífeyrisþegum lífeyri að lágmarki 25 þús. kr. á mánuði frá lífeyrissjóði eða sambærilega réttarbót með öðrum hætti fyrir 1. júlí nk. Í verkefnisstjórn félagsmálaráðherra var lagt til að greiðslur þessar yrðu inntar af hendi af hálfu Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda. Ekki er gert ráð fyrir þessum greiðslum í frumvarpi þessu þar sem lífeyrissjóðir heyra undir fjármálaráðuneyti, sem mun leggja fram sérstakt frumvarp um greiðslurnar. Nefndin telur mikilvægt að þeirri vinnu verði hraðað svo bæta megi stöðu tekjulægstu hópa ellilífeyrisþega í landinu.

Athugasemdir komu fram á fundi nefndarinnar varðandi fjárhæð vasapeninga í 6. gr. frumvarpsins þar sem segir að hún sé allt að 28.951 kr. á mánuði en í greinargerð kemur fram að hún muni hækka úr 30.000 kr. í 36.755 kr. Ástæða þessa er sú að fjárhæðum í almannatryggingalögum er ekki breytt í lagatextanum sjálfum heldur með reglugerð.

Nefndinni bárust ábendingar þess efnis að heppilegra væri að nota orðið íbúi í stað vistmanns í lögunum og óskar eftir að það verði haft í huga við heildarendurskoðun almannatryggingalaganna.

Nefndin gerir einungis tvær orðalagsbreytingar. Annars vegar leggur hún til að orðið „ellilífeyrisþegi“ verði notað í 2. gr. í stað „einstaklings“ til samræmis við orðalag 3. gr. frumvarpsins. Hins vegar telur nefndin rétt að nota orðið „greiðslur“ í stað orðsins „bætur“ í f-lið 1. gr. og f-lið 9. gr. frumvarpsins.

Nefndin leggur áherslu á að afgreiðslu málsins verði hraðað svo að þau ákvæði frumvarpsins sem taka eiga gildi 1. apríl nk. komi til framkvæmda á réttum tíma.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 12. mars 2008.

Guðbjartur Hannesson, form., frsm.	Ármann Kr. Ólafsson.	Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.
Kristinn H. Gunnarsson.	Pétur H. Blöndal, með fyrirvara.	Jón Gunnarsson.
Valgerður Bjarnadóttir.	Árni Johnsen.	Birkir J. Jónsson.

764. Breytingartillögur [410. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 100/2007, og lögum um málefni aldraða, nr. 125/1999, með síðari breytingum.

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

1. Í stað orðanna „sambærilegar bætur“ í f-lið 1. gr. og f-lið 9. gr. komi: sambærilegar greiðslur.
2. Í stað orðsins „einstaklinga“ í a-lið 2. gr. komi: ellilífeyrisþega.

765. Frumvarp til laga [478. mál]

um skipun rannsóknarnefndar til að gera úttekt á misferli tengdu fiskveiðiheimildum innan íslensks sjávarútvegs.

Flm.: Grétar Mar Jónsson, Guðjón A. Kristjánsson, Kristinn H. Gunnarsson.

1. gr.

Alþingi skal kjósa sjö manna rannsóknarnefnd til að gera úttekt á misferli tengdu fiskveiðiheimildum innan íslensks sjávarútvegs. Nefndin skal í störfum sínum kanna umfang brota á lögum og reglum sem varða fiskveiðiheimildir og greina hvaða aðferðum hefur verið beitt við framkvæmd þeirra. Jafnan skal nefndin leggja mat sitt á ástæður brotanna og hverjar afleiðingar þau geta eða hafa haft fyrir þjóðarbúið í heild, sem og nytjastofna sjávar. Rannsókn nefndarinnar skal ná aftur til ársins 1991.

Nefndinni er ekki ætlað að fjalla um sekt eða sakleysi þeirra sem á fund hennar koma eða koma á framfæri við ákæruvaldið grunsemdum um refsivert athæfi.

2. gr.

Nefndin skal skipuð fulltrúum allra flokka á Alþingi. Nefndin kýs formann úr hópi nefndarmanna og ræður afl atkvæða.

3. gr.

Skrifstofa Alþingis skal sjá nefndinni fyrir fundaraðstöðu og einum starfsmanni. Nefndinni skal heimilt að kalla eftir aðstoð óháðra sérfræðinga til að láta skoða einstök atriði sem að gagni koma í störfum hennar.

4. gr.

Nefndinni er heimilt að kalla á sinn fund hvern þann sem starfar eða starfað hefur við sjávarútveg, þ.m.t. sjómenn, skipstjórnarmenn, útgerðarmenn, fiskverkendur og flutningsaðila. Starfsmönnum hins opinbera er skylt að svara spurningum nefndarinnar varðandi atriði sem eru á málefnasviði hennar óháð þagnarskyldu. Hið sama gildir um fyrrverandi opinbera starfsmenn.

Upplýsingar sem þeir sem koma fyrir nefndina veita má ekki nota til sakfellingar í opinberu máli.

5. gr.

Nefndin skal hafa óheftan aðgang að öllum gögnum í vörslu stjórnvalda sem snerta starfssvið hennar og án tillits til upplýsingalaga, nr. 50/1996. Þá getur nefndin krafið einstök fyrirtæki sem starfa við sjávarútveg eða samtök þeirra um upplýsingar sem nefndin telur að nýtast muni í starfi hennar.

6. gr.

Nefndarmenn og aðrir sem inna af hendi störf í þágu nefndarinnar eru bundnir þagnarskyldu um viðkvæm einkamálefni, þ.m.t. upplýsingar sem varða einstaka refsiverða verknaði. Þagnarskylda helst eftir að störfum lýkur.

Upplýsingalög, nr. 50/1996, gilda ekki um störf nefndarinnar. Nöfn þeirra sem koma fyrir nefndina skulu ekki birt.

7. gr.

Nefndin skal gera Alþingi grein fyrir rannsókn sinni og niðurstöðu í sérstakri skýrslu eigi síðar en 1. mars 2009. Skulu þar gerðar tillögur um úrbætur eða aðrar lyktir eftir því sem tilefni þykir til.

8. gr.

Nefndin skal setja sér verklagsreglur.

Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Allt frá því að svokallað kvótakerfi var tekið upp í íslenskum sjávarútvegi hefur verið rætt um misferli í kerfinu. Í frumvarpinu er því lagt til að komið verði á fót sérstakri rannsóknarnefnd til að fjalla um umfang brota á lagaákvæðum sem varða fiskveiðiheimildir hvar sem þau er að finna í fiskveiðistjórnarlöggjöfinni. Mætti í því sambandi helst nefna lög um fiskveiðistjórn, nr. 116/2006, lög um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 79/1997, lög um umgengni um nytjastofna sjávar, nr. 57/1996, og lög um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, nr. 151/1996, og reglur settar á grundvelli þeirra.

Vegna þeirra takmarka sem kerfið setur útgerðarmönnum og sjómönnum hefur verið reynt að komast framhjá kerfinu eða undan ákveðnum þáttum þess, til að auka möguleika til tekjuöflunar og betri afkomu. Um fátt hefur verið deilt meira í þjóðfélaginu en íslenska kvótakerfið og hafa margir haldið því fram að um stórfellt misferli hafi verið að ræða, í fjölmörgum tilfellum, við framkvæmd þess. Má t.d. nefna staðhæfingar um brottkast á fiski, löndun fram hjá vigt, rangar nýtingarprufur, rangar upplýsingar um tegundir, misnotkun á leyfi til heimavigtunar og ranga úrtaksvigtun. Margt fleira mætti tína til úr umræðunni um misferli í kerfinu.

Á umliðnum árum hefur frekar lítið verið gert úr umfangi þessa misferlis og t.d. hefur Hafrannsóknastofnunin gert mjög lítið úr brottkasti á fiski, telur það reyndar svo lítið að undrun sætir hjá sjómönnum, sem hafa tjáð sig um málið. Forsendur Hafrannsóknastofnunarinnar um ástand fiskstofna hafa m.a. tekið mið af áliti stofnunarinnar á brottkastinu og gefa þannig kolranga mynd, að því er margir fiskimenn telja.

Flutningsmenn þessa frumvarps telja að rétt sé og nauðsynlegt að reyna að komast sem næst sannleikanum í þessu máli og vilja að Alþingi kjósi sjö manna nefnd sem í sé hið minnsta einn fulltrúi frá hverjum þingflokkanna, og freisti nefndin þess að leiða sannleikann í ljós og hreinsa andrúmsloftið. Nefndin skal hafa ótakmarkaðan aðgang að gögnum í vörslu stjórnvalda sem snerta verkefnið, án tillits til upplýsingalaga, nr. 50/1996. Þá getur nefndin krafið einstök fyrirtæki sem starfa við sjávarútveg eða samtök þeirra um upplýsingar sem nefndin telur að nýtast muni í starfi hennar.

Gert er ráð fyrir að einstaklingar, t.d. sjómenn, útgerðarmenn, skipstjórnarmenn, fiskverkendur og flutningsaðilar, komi á fund nefndarinnar og láti henni í té vitneskju sína um málið.

Nefndinni er þó alls ekki ætlað að skera úr um sekt eða sakleysi þeirra sem veita upplýsingar eða koma á framfæri grunsemdum við ákæruvaldið um refsivert athæfi.

Vilji flutningsmanna er reyndar sá að litið verði á nefnd þessa sem eins konar sannleiksnefnd vegna þess rangláta kerfis sem leitt hefur til meira óréttlætis og deilna í þjóðfélaginu, í nær aldarfjórðung, en dæmi eru um í Íslandssögunni. Til þess að árangur náist í starfi nefndarinnar þarf að afla vitneskju hjá mörgum sem vita um eða jafnvel hafa tekið þátt í misferli af því tagi sem frumvarpið tekur til. Er þess vegna lagt til í frumvarpinu að upplýsingarnar sem nefndin fær megi ekki nota til sakfellingar í opinberu máli.

766. Lög [403. mál]

um breytingu á lögum um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað, nr. 88/1995, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 12. mars.)

Samhljóða þskj. 742.

767. Fyrirspurn [479. mál]

til iðnaðarráðherra um orkusparnað.

Frá Árna Þór Sigurðssyni.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir átaki til orkusparnaðar og betri orkunýtingar? Ef svo er, með hvaða hætti verður það gert?

768. Fyrirspurn [480. mál]

til samgönguráðherra um vistakstur.

Frá Árna Þór Sigurðssyni.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir aukinni fræðslu um vistakstur og hvetja til hans? Ef svo er, með hvaða hætti verður það gert?

769. Fyrirspurn [481. mál]

til samgönguráðherra um umferð á stofnbrautum.

Frá Jóni Gunnarssyni.

1. Hve mikil umferð er nú á Reykjanesbraut við Fífuhvammsveg í Kópavogi annars vegar og við Kauptún í Garðabæ hins vegar (fjöldi bíla á sekúndu)?
2. Hve mikið mun umferð á Reykjanesbraut aukast:
   a. við uppbyggingu atvinnusvæðis á landi Gusts í Kópavogi,
   b. við uppbyggingu atvinnusvæðis í Kauptúni í Garðabæ,
   c. við væntanlega íbúðarbyggð í Urriðakotslandi,
   d. við uppbyggingu íþrótta- og atvinnusvæðis við Vetrarmýri í Garðabæ,
   e. við uppbyggingu íbúðar- og atvinnusvæðis á Völlum í Hafnarfirði á árunum 2005–2010?
3. Hvaða ár er áætlað að nauðsynlegt verði að þrefalda Reykjanesbraut vegna aukinnar umferðar?
4. Hvenær er áætlað að hefja framkvæmdir við svokallaðan Hlíðarfót í ljósi fyrirhugaðrar uppbyggingar í Vatnsmýri og hvar er áætluð tenging hans inn á stofnbrautakerfið í Kópavogi?

Skriflegt svar óskast.

770. Fyrirspurn [482. mál]

til samgönguráðherra um stuðning við frjáls félagasamtök.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

Hvernig hefur stuðningi samgönguráðuneytis við frjáls félagasamtök verið háttað árin 2002–2007? Óskað er eftir því að í svarinu komi fram til hvers konar verkefna styrkir hafa verið veittir, hversu háir styrkir og hverjir ábyrgðaraðilar verkefnanna hafa verið, sundurliðað eftir fjárlagaliðum og árum.

Skriflegt svar óskast.

771. Fyrirspurn [483. mál]

til umhverfisráðherra um stuðning við frjáls félagasamtök.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

Hvernig hefur stuðningi umhverfisráðuneytis við frjáls félagasamtök verið háttað árin 2002–2007? Óskað er eftir því að í svarinu komi fram til hvers konar verkefna styrkir hafa verið veittir, hversu háir styrkir og hverjir ábyrgðaraðilar verkefnanna hafa verið, sundurliðað eftir fjárlagaliðum og árum.

Skriflegt svar óskast.

772. Fyrirspurn [484. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stuðning við frjáls félagasamtök.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

Hvernig hefur stuðningi sjávarútvegsráðuneytis og landbúnaðarráðuneytis við frjáls félagasamtök verið háttað árin 2002–2007? Óskað er eftir því að í svarinu komi fram til hvers konar verkefna styrkir hafa verið veittir, hversu háir styrkir og hverjir ábyrgðaraðilar verkefnanna hafa verið, sundurliðað eftir fjárlagaliðum og árum.

Skriflegt svar óskast.

773. Fyrirspurn [485. mál]

til iðnaðarráðherra um stuðning við frjáls félagasamtök.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

Hvernig hefur stuðningi iðnaðarráðuneytis, þ.m.t. Byggðastofnunar, við frjáls félagasamtök verið háttað árin 2002–2007? Óskað er eftir því að í svarinu komi fram til hvers konar verkefna styrkir hafa verið veittir, hversu háir styrkir og hverjir ábyrgðaraðilar verkefnanna hafa verið, sundurliðað eftir fjárlagaliðum og árum.

Skriflegt svar óskast.

774. Frumvarp til laga [486. mál]

um ráðstafanir í efnahagsmálum.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Atli Gíslason, Álfheiður Ingadóttir,
Árni Þór Sigurðsson, Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir,
Steinunn Þóra Árnadóttir, Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

1. gr.

Markmið laga þessara er að grípa til ráðstafana til að endurheimta efnahagslegan stöðugleika, ná verðbólgu á nýjan leik inn fyrir viðmiðunarmörk Seðlabankans, skapa forsendur til að vaxtalækkunarferli geti hafist, tryggja kaupmátt umsaminna launa og treysta undirstöður atvinnulífs og íslensks þjóðarbúskapar almennt.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, í því skyni að styrkja stöðu Seðlabanka Íslands, að auka gjaldeyrisvaraforða bankans um allt að 80 milljarða kr. og styrkja eigið fé hans þar til viðbótar um allt að 40 milljarða kr. með innlendu skuldafjárútboði.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt árin 2008 og 2009 að bjóða út á innlendum markaði sérstök sparnaðarskuldabréf til almennrar sölu að hámarki 2 millj. kr. á hvern einstakling til minnst fimm ára í senn og verði vaxtatekjur undanþegnar fjármagnstekjuskatti.

4. gr.

Til að mæta erfiðleikum byggðarlaga, sem horfa fram á tekjubrest vegna samdráttar í þorskveiðum eða erfiðleika í landbúnaði og til að bæta fjárhagsstöðu illa settra sveitarfélaga, er heimilt að verja úr ríkissjóði árin 2008 og 2009 allt að 5 milljörðum kr. gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga samkvæmt nánari reglum sem settar verði. Á sama tímabili verði tekjuskipting ríkis og sveitarfélaga endurskoðuð með það að markmiði að breikka og styrkja tekjuöflunarmöguleika sveitarfélaganna.

5. gr.

Til að draga úr misvægi í framkvæmdastigi og umsvifum milli landshluta og jafna aðstöðu landsmanna án tillits til búsetu er heimilt að verja úr ríkissjóði aukalega allt að 5 milljörðum kr. árin 2008 og 2009 til sérstakra jöfnunaraðgerða í formi aukinna framkvæmda og aðstöðujöfnunar. Aðstoðin skal einkum beinast að þeim byggðarlögum og landshlutum sem að undanförnu hafa búið við eða horfur eru á að muni á ofangreindu tímabili búa við neikvæðan hagvöxt. Sérstaklega skal hugað að aðgerðum sem skapa störf fyrir konur og bæta aðstæður þeirra á viðkomandi svæðum og sem geta nýst til að vinna gegn kynbundnum launamun og kyngreindum búferlaflutningum.

6. gr.

Í því skyni að örva nýsköpun og auka fjölbreytni í atvinnumálum er á árunum 2008 og 2009 heimilt að verja aukalega úr ríkissjóði allt að 1 milljarði kr. til Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, allt að 1 milljarði kr. til Tækniþróunarsjóðs, allt að 500 millj. kr. til atvinnu-

þróunarfélaga, allt að 250 millj. kr. til aukins markaðsstarfs á sviði ferðamála og allt að 250 millj. kr. til umhverfisaðgerða og uppbyggingar þjóðgarða.

7. gr.

Heimilt er að verja úr ríkissjóði árin 2008 og 2009 allt að 100 millj. kr. til að efla sérstaklega starfsemi Fjármálaeftirlitsins einkum á sviði áhættugreiningar og áhættuprófana fjármálafyrirtækja.

8. gr.

Í því skyni að stöðva um nokkurt árabil og síðan hafa stjórn á og tímasetja stórframkvæmdir er ríkisstjórninni heimilt, á grundvelli samninga þar um, að greiða fyrirtækjum sem undirbúið hafa stóriðju- eða stórframkvæmdir hluta af útlögðum kostnaði falli þau frá fjárfestingaráformum sem ekki eru talin rúmast innan hagkerfisins. Einnig er ríkisstjórninni heimilt í sama tilgangi að kaupa rannsóknarniðurstöður af orkufyrirtækjum.

Sé talið nauðsynlegt til að endurheimta og viðhalda efnahagslegum stöðugleika er ríkisstjórninni heimilt, þrátt fyrir ákvæði viðeigandi sérlaga, að stöðva innan tilgreindra tímamarka og í allt að fjögur ár leyfisveitingar þegar um leyfisskyldan stóratvinnurekstur er að ræða.

Samhliða ofangreindum ráðstöfunum verði vinnu við gerð rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma hraðað sem kostur er, nauðsynlegum náttúruverndaraðgerðum flýtt og lagður grunnur að sjálfbærri þróun í orkubúskap landsmanna. Til að ljúka gerð rammaáætlunar til brýnna náttúruverndaraðgerða og til að leggja grunn að sjálfbærri þróun í orkumálum er heimilt að verja aukalega úr ríkissjóði allt að 200 millj. kr. árin 2008 og 2009.

9. gr.

Á árunum 2008 og 2009 skal starfa stjórnvöldum til ráðuneytis sérstakt þjóðhagsráð, skipað af forsætisráðherra með einum fulltrúa frá hverjum þingflokki á Alþingi, einum fulltrúa frá hverjum aðila um sig; Samtökum atvinnulífsins, Samtökum fjármálafyrirtækja, Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Sambandi lífeyrissjóða. Ráðið skal vera undir forustu formanns sem bankastjórn Seðlabanka Íslands skipar. Tilnefna skal til setu í ráðinu í hverju tilviki bæði karl og konu og skal forsætisráðherra hlutast til um að fullt kynjajafnvægi ríki í endanlegri samsetningu ráðsins.

Meðal verkefna þjóðhagsráðs skal vera að veita stjórnvöldum ráðgjöf, meta framvindu og horfur í þjóðarbúskapnum og gefa mánaðarlega álit um stöðu mála. Skal þjóðhagsráð einnig taka til skoðunar hvort ástæða sé til að endurreisa Þjóðhagsstofnun eða stofnun í hliðstæðri mynd sem sjálfstæða fagstofnun er starfi í skjóli Alþingis. Einnig skal ráðið skoða hvernig styrkur lífeyrissjóðanna megi best nýtast innan hagkerfisins, t.d. í samhengi við framtíðarskipan húsnæðismála og til að virkja innlendan skuldabréfamarkað, en þó þannig að lífeyrissparnaður landsmanna sé ætíð tryggður eins og best er mögulegt.

Þjóðhagsráði er heimilt að ráða sér starfsmenn og kaupa sér sérfræðiþjónustu eftir þörfum og greiðist kostnaðurinn úr ríkissjóði.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Í framhaldi af setningu laga þessara skal fjármálaráðherra leggja fyrir Alþingi frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2008 sem aflar með hefðbundnum hætti fjárheimilda til að standa straum af útgjöldum ríkissjóðs á árinu samkvæmt lögunum.

Greinargerð.

Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hefur á undanförnum þingum flutt ítarlegar þingsályktunartillögur um aðgerðir til að endurheimta efnahagslegan stöðugleika (fyrsta tillagan: þskj. 1014, 666. mál 131. löggjafarþings). Upphaf tillöguflutningsins má rekja til þess ójafnvægis sem tók að gera vart við sig í efnahagslífinu snemma á síðasta kjörtímabili, einkum er leið á árið 2004. Einnig voru varnaðarorð aðila eins og Seðlabanka Íslands, greiningardeilda innlendra banka og erlendra ráðgjafastofnana um það sem fram undan væri að óbreyttu höfð til hliðsjónar. Talsmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs vöruðu frá upphafi við efnahagslegum ruðningsáhrifum stóriðjuframkvæmdanna allt frá því að ljóst var að ráðist yrði samtímis í gríðarmiklar framkvæmdir bæði á Austurlandi og á suðvesturhorninu. Á slík varnaðarorð var ekki hlustað frekar en að tekið væri tillit til þeirra sem báðu náttúrunni griða. Nú er herkostnaður stóriðju- og útrásarþenslutímabilsins kominn fram, öllum ljós og hvílir á herðum almennings, heimila og fyrirtækja í formi verðbólgu, himinhárra vaxta og stóraukinna erlendra skulda þjóðarbúsins. Dýrmætur tími hefur farið til spillis sökum þess að bæði fyrrverandi og núverandi ríkisstjórn hafa neitað að horfast í augu við vandann og ekkert aðhafst. Alla samstillingu hefur vantað í hagstjórn milli Seðlabanka og ríkisstjórnar og gerir enn, en forsætisráðherra hefur nýlega upplýst Alþingi um að engar viðræður um efnahagsmál séu í gangi milli bankans og ríkisstjórnar.

Þeir þættir sem ollu mestum áhyggjum á árunum 2004 og 2005 voru ört vaxandi viðskiptahalli, sterkt gengi krónunnar sem veikti stöðu útflutningsgreina, vaxandi þensla í byggingariðnaði, hækkandi fasteignaverð, sprenging í bílainnflutningi og ekki síst undirliggjandi og vaxandi verðbólguþrýstingur. Lágir vextir erlendis og aukinn aðgangur að lánsfé, innkoma bankanna á fasteignalánamarkað og margt fleira lagðist á eitt og hefðu allar þessar viðvörunarbjöllur átt að nægja til að vekja stjórnvöld af dvala. Það gerðist þó ekki því miður. Við slíkar aðstæður hefði ríkisstjórn auðvitað átt að beita sér fyrir aðgerðum til að „kæla“ hagkerfið. Það var ekki gert heldur þvert á móti haldið fast við þensluhvetjandi aðgerðir eins og flata lækkun tekjuskatts og afnám hátekjuskatts, boðuð var lækkun á virðisaukaskatti í stjórnarsáttmála og fleiri aðgerðir sem gengu í sömu átt, þ.e. að ýta undir þenslu fremur en hitt. Þá hófst undirbúningur fyrir gríðarmiklar nýjar stóriðjuframkvæmdir, stækkun í Straumsvík, álver í Helguvík og á Bakka við Húsavík og áform um frekari stóriðjuuppbyggingu og ýmsar stórframkvæmdir voru stanslaust til umræðu með viðeigandi væntingaáhrifum. Varað var við aðgerðum ríkisstjórnarinnar, til að mynda af Seðlabanka Íslands, en í inngangi að síðasta ársfjórðungsriti Seðlabankans um peningamál á árinu 2004 segir: „Áform um skattalækkanir hafa nú verið staðfest í frumvarpi til fjárlaga. Lækkun skatta mun auka enn á ráðstöfunartekjur almennings og hvetja til aukinnar einkaneyslu. Aðhald í útgjöldum hins opinbera er því brýnt. Áform þar um í fjárlögum eru nokkuð metnaðarfull. Í ljósi þeirra umsvifa sem framundan eru verður aðhaldið þó ekki fullnægjandi, jafnvel þótt áformin næðu fram að ganga.“

Í meginumfjöllun Seðlabankans um versnandi verðbólguhorfur var síðan sagt að: „Frá því júníspáin var gerð hefur ýmislegt orðið til þess að kynda undir vexti eftirspurnar. Stóriðjuáformin hafa enn færst í aukana, á sama tíma og aðgangur almennings að lánsfé hefur orðið

mun greiðari en áður og vextir verðtryggðra húsnæðisveðlána til langs tíma lækkað. Einnig hefur verið boðað að áformum um lækkun skatta á næstu árum verði framfylgt, sem enn frekar munu auka ráðstöfunartekjur almennings og hvetja til aukinnar einkaneyslu.“

Tæplega ári síðar kvað við harðan tón hjá Seðlabankanum en þá var orðið ljóst að ríkisstjórnin ætlaði hvergi að hvika frá fyrrnefndum þensluhvetjandi aðgerðum. Í ársfjórðungsriti haustið 2005 var sagt: „Ójafnvægi í þjóðarbúskapnum hefur aukist verulega“. Þetta var þrátt fyrir viðleitni bankans til að reyna að slá á þenslu með því að hækka stýrivexti til að draga úr gríðarlegri lánveitingu til heimila og fyrirtækja í landinu. Færa má gild rök fyrir því að á þessum tímapunkti hafi ríkisvaldið og Seðlabankinn ekki verið samhent í að vinna gegn ójafnvæginu í hagkerfinu. Á meðan ríkið fór allt of geyst í frekari þensluhvetjandi aðgerðir var Seðlabankinn að reyna að vinna gegn meiri þenslu. Af þeim sökum reyndust skjótar vaxtahækkanir bankans ekki skilvirkar og var raunar grafið undan þeim með skattalækkunum og frekari vilyrði fyrir uppbyggingu stóriðju.

Glötuð tækifæri til aðgerða.

Tillögur þingflokks Vinstri grænna sem fyrst voru fluttar á útmánuðum 2005 miðuðu að því að koma böndum á ástandið með því að gefa m.a. skýr skilaboð til efnahagslífsins. Tillögurnar fólust m.a. í eftirfarandi:

– að slá frekari stóriðjuframkvæmdum á frest í a.m.k. fimm ár,
– að slá almennum skattalækkunum á frest eða falla frá þeim,
– að beina þeim tilmælum til Fjármálaeftirlitsins að huga vandlega að áhættumati í bankakerfinu,
– að beina þeim tilmælum til Seðlabanka Íslands að íhuga að beita aukinni bindiskyldu hjá innlánsstofnunum og huga að öðrum mögulegum aðgerðum,
– að leita eftir samstarfi í anda þjóðarsáttar við aðila vinnumarkaðarins, samtök bænda, öryrkja, aldraða og fleiri um frekari aðgerðir til að koma á stöðugleika.

Því miður náðu þessar tillögur Vinstri grænna ekki fram að ganga. Forustumenn ríkisstjórnarinnar neituðu með öllu að horfast í augu við vandann. Þess ber þó að geta að fyrir síðustu alþingiskosningar, í maí 2007, virtist vera vaxandi skilningur meðal stjórnmálaflokka á að hlé yrði að gera á stóriðjuframkvæmdum. Núverandi iðnaðarráðherra, Össur Skarphéðinsson, skrifaði til að mynda á heimasíðu sína skömmu fyrir kosningar að: „Í bili skiptir hins vegar ekki síðra máli að frekari stórframkvæmdir séu í takt við þenslu og hagsveiflu. Davíð Oddsson, seðlabankastjóri, lýsti því með dramatískum hætti, að frekari stóriðja kæmi í veg fyrir að hægt yrði að ná niður verðbólgu og viðskiptahalla, og hún græfi því undan genginu til langs tíma. Orð hans hafa hugsanlega riðið baggamuninn í kosningunni í Firðinum, og líklega kann Geir H. Haarde kvalara sínum litlar þakkir. Sérstaklega í ljósi orða seðlabankastjóra er óráð að ana út í öll þau ótrúlegu áform sem stjórnarliðar hafa sett fram um stóriðju í Straumsvík, Helguvík, Þorlákshöfn, og víðar á landinu. Við eigum við núverandi aðstæður að slá stóriðju á frest, taka okkur tíma til að hrinda í framkvæmd stefnu Samfylkingarinnar um Fagra Ísland …“

Slík sjónarmið reifuðu einnig núverandi utanríkisráðherra og formaður Samfylkingarinnar, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, sem og núverandi umhverfisráðherra, Þórunn Sveinbjarnardóttir. Þessar áhyggjur náðu meira segja inn í raðir Sjálfstæðisflokksins í formi hægri grænna málsvara eins og Illuga Gunnarssonar og Guðlaugs Þórs Þórðarsonar. Sem sagt, áður en núverandi ríkisstjórn var mynduð lá stóriðjustefnan ekki eingöngu undir ámæli vegna þeirra

umhverfisfórna sem hún leiðir af sér heldur reyndist einnig vaxandi skilningur á óæskilegum áhrifum hennar á efnahagslífið.

Áhyggjur manna hafa samt ekki reynst meiri en þær að enn liggur ekki fyrir heildararðsemismat á stóriðju- og stórvirkjanaframkvæmdum fyrir þjóðarbúið þrátt fyrir tillögur þingflokks Vinstri grænna þess efnis sem og endurteknar ábendingar OECD (Efnahags- og framfarastofnun Evrópu). Í Íslandsskýrslu OECD frá því sumarið 2006 komu fram ríkar efasemdir um arðsemi stóriðjuframkvæmda (sjá OECD Policy Brief, júlí 2006, Economic Survey of Iceland).

„Stórfjárfestingar í áltengdri starfsemi fara vaxandi með hverri nýrri umferð (cycle to cycle) á Íslandi. Ríkisstjórnin hvetur til slíkra fjárfestinga til að koma í notkun miklum endurnýjanlegum orkuauðlindum landsins og eru nú þrjú slík verkefni á undirbúningsstigi og það áður en yfirstandandi framkvæmdum er lokið. Til samans eru þessi þrjú nýju verkefni allt að einum og hálfum sinnum stærri en þau sem nú standa yfir sem aftur voru mun tröllvaxnari en verkefni á 10. áratugnum. Frá sjónarhóli stöðugleikamarkmiða er tímasetning hvers og eins af slíkum verkefnum, afgerandi. Ný stór fjárfestingaverkefni ættu ekki að hefjast fyrr en tekist hefur að komast fyrir ójafnvægi í hagkerfinu og dregið hefur úr verðbólguþrýstingi. Það sem meira er ef öll þessi nýju verkefni fara af stað mun hlutur álframleiðslu í heildarvöruútflutningi landsins líklega fara yfir 50% sem þýðir afturhvarf til þess ástands þegar sjávarvörur voru yfirgnæfandi hluti útflutnings á Íslandi. Þó hlutdeild álframleiðslunnar í heildarverðmætasköpun nú verði að vísu mun minni. Þetta þýðir að taka þarf til skoðunar áhrifin af frekari stækkun áliðnaðarins á viðkvæmni (hviklyndi; óstöðugleika) hagkerfisins (volatility). Að síðustu vaknar spurningin um heildarhagkvæmni slíkra verkefna. (Finally there is a question as to the overall net benefits of such projects.) Eins og stungið var upp á í síðustu úttekt ætti að meta frekari aukningu orkufreks iðnaðar á breiðum grunni með gagnsærri hagkvæmnisgreiningu (cost benefit framework) þar sem teknir eru til greina þættir eins og hæfilegt endurgjald fyrir nýtingu náttúruauðlinda, umhverfisáhrifin og áhættan og áhrifin á hagkerfið og framvindu þess. Hingað til hefur slík víðtæk úttekt, sem mundi gera mögulegt að meta hvort verkefnin eru hagkvæm fyrir landið og í þau eigi að ráðast, ekki verið gerð …“

Staðan nú.

Allt fram til þessa dags hafa bæði fyrrverandi og núverandi ríkisstjórnir hundsað þau fjölmörgu og sterku aðvörunarorð sem uppi hafa verið frá ólíkum aðilum, innlendum sem erlendum, allt frá árinu 2004. Reyndar hafa margar aðgerðir og ráðstafanir stjórnvalda virkað eins og olía á eld verðbólgu, viðskiptahalla og jafnvægisleysis í þjóðarbúskapnum. Staða efnahagsmála er því vægast sagt tvísýn um þessar mundir og ákaflega vandasöm sigling fram undan á sviði hagstjórnar. Andvaraleysi og mistökum af því tagi sem gerð hafa verið allt frá árinu 2004 og til þessa dags verður nú að linna. Í því frumvarpi sem hér er lagt fram er kveðið á um viðamiklar aðgerðir til að vinda ofan af jafnvægisleysinu í hagkerfinu, styrkja undirstöður hagkerfisins, einkum með því að efla Seðlabankann og takast á við innra ójafnvægi í landinu, einkum á sviði atvinnu- og byggðaþróunar. Gerð er grein fyrir einstökum efnisþáttum þeirra aðgerða sem frumvarpið boðar í athugasemdum um einstakar greinar, en í reynd tala ákvæði frumvarpsins að mestu leyti fyrir sig sjálf.

Aðgerðir núverandi ríkisstjórnar fram að þessu hafa verið fálmkenndar og hikandi. Þótt það sé vissulega mikilvægt að samningar, sem nú eru til afgreiðslu, tókust milli aðila á almennum vinnumarkaði og ríkisstjórnin hafi þar lagt nokkuð af mörkum þá eru þeir bundnir

því að verðbólga náist þannig niður á næstu mánuðum að kaupmáttur haldist. Ef ekki, þá eru samningarnir lausir að ári. Eins er ósamið við opinbera starfsmenn og því er áfram talsverð óvissa um stöðuna í kjaramálum. Mótvægisaðgerðir ríkisstjórnarinnar vegna niðurskurðar þorskafla sem litu seint um síðir dagsins ljós síðasta haust voru gagnrýndar frá byrjun. Þær þóttu ómarkvissar og ekki ná til þeirra sem í mestri þörf væru. Gefið hefur verið í skyn að endurskoðun þeirra sé í gangi, en ekkert liggur fyrir um hvað út úr því kemur.

Þegar litið er til helstu hagstærða um þessar mundir og staðan metin má segja að eftirfarandi einkenni ástandið:

- Verðbólga virðist föst á bilinu 6–8% sem er langt yfir þeim 2,5%, viðmiðunarmörkum sem Seðlabankinn vinnur eftir. Ekki er útlit fyrir að óbreyttu að verðbólgan hjaðni á næstunni. Búast má við verulegum hækkunum matvælaverðs bæði á innfluttri matvöru og þeirri sem framleidd er innan lands, áframhaldandi hækkun olíuverðs er allt eins líkleg og lækkun, minna virðist hafa dregið úr almennri neyslu en gert var ráð fyrir, a.m.k. enn sem komið er og gengi krónunnar er líklegra til að lækka en hitt.
- Skuldir heimilanna eru meðal þeirra hæstu í heimi en nú eru þær um rúmlega 240% af ráðstöfunartekjum. Þetta hlutfall var 80% árið 1990, 140% árið 1998 og 200% árið 2005. Skuldaaukningin hefur því verið gríðarlega hröð og mikil sem undirstrikar þá staðreynd að svokallað góðæri megi að drjúgum hluta rekja til aðgangs fólks að lánsfé og aukinnar skuldsetningar.
- Uppsöfnun erlendra skulda þjóðarbúsins í heild hefur einnig verið mjög hröð. Á síðastliðnum fjórum árum (2004 til og með 2007) hafa hreinar erlendar skuldir, að áhættufjármagni slepptu, farið úr um 100% í vel yfir 200% af vergri landsframleiðslu.
- Mikið vantar upp á innra jafnvægi í hagkerfinu. Mikill hagvöxtur og umsvif hafa verið á höfuðborgarsvæðinu og tímabundin ofþensla gekk yfir miðsvæði Austurlands en flest önnur svæði á landsbyggðinni hafa upplifað neikvæðan hagvöxt. Um þetta má fræðast nánar í nýlegri skýrslu frá Háskóla Íslands.
- Stýrivextir Seðlabankans eru 13,75% og eru þar með þeir hæstu sem þekkjast í þróuðum hagkerfum. Seðlabankinn metur það svo að forsendur skorti til að vaxtalækkunarferli geti hafist.
- Þótt viðskiptahallinn hafi dregist nokkuð saman milli áranna 2006 og 2007 er hann þó enn allt of mikill og skuldasöfnun erlendis heldur áfram. Árið 2006 varð algert metár í viðskiptahalla en þá var hann nálægt 26% af vergri landsframleiðslu eða um 300 milljarðar kr. Viðskiptahallinn var þar með af svipaðri stærðargráðu og fjárlög ríkisins, þjóðarbúið vantaði fjórðu hverja krónu til að eiga fyrir fjárfestingum sínum og neyslu gagnvart útlöndum, við lifðum á erlendum lánum í þrjá mánuði af tólf.
- Sveiflur á gengi krónunnar reynast viðskiptalífinu og heimilunum að sjálfsögðu alltaf erfiðar. Þessar sveiflur eru þó miklu fremur afleiðingar hagstjórnarmistaka en að gjaldmiðillinn sé orsök eða vandamál í sjálfu sér. Krónan er ekki orsök erfiðleika hagkerfisins heldur tæki sem sveiflast vegna ójafnvægis innan þess. Einhliða upptaka evru hefur nú verið slegin út af borðinu sem kostur í stöðunni og evran er ekki lausnarorðið við þeim vanda sem við blasir, líkt og þingmennirnir Bjarni Benediktsson og Illugi Gunnarsson, bentu á í grein sinni í Morgunblaðinu nýverið: „Nokkuð hefur borið á umræðu um að innganga í ESB og upptaka evru geti leyst þann vanda sem nú er fyrirsjáanlegur í fjármálageiranum. Augljóst er að svo er ekki. Innganga í ESB tæki nokkur ár, þjóðaratkvæðagreiðsla þyrfti að fara fram og allsendis óvíst hvernig slík atkvæðagreiðsla færi og má benda á reynslu Norðmanna í þeim efnum. Jafnframt tæki einhver ár að komast

í myntsamstarfið eftir inngöngu. Umræða um ESB og evru er því einungis flótti frá því verkefni sem við stöndum nú frammi fyrir.“

– Loks er rétt að nefna gerbreytta stöðu á fjármálamörkuðum. Hlutabréf erlendis, líkt og hér, hafa hríðfallið í verði og er ekki ljóst hvenær vænta má hækkana aftur á mörkuðum. Fyrrverandi seðlabankastjóri Bandaríkjanna, Alan Greenspan, sagði nýverið að lækkanir á mörkuðum nú væru vísbending um enn dýpri kreppu en menn hafa upplifað til að mynda árið 2001. Bakslag á mörkuðum hefur einnig takmarkað framboð af ódýru lánsfé og finna íslenskar fjármálastofnanir fyrir þeim breytingum enda hafa þær farið geyst undir formerkjum íslensku útrásarinnar. Alveg eins og rétt er að vara við því að kenna gjaldmiðli landsins um ófarir í efnahagsmálum, þá er ekki hægt að grípa til þess að kenna núverandi óhagstæðum ytri skilyrðum alfarið um stöðu innlendra efnahagsmála. Hér skal undirstrikað að sterkar vísbendingar og síðan sannanir fyrir ójafnvægi í efnahagsmálum og grafalvarlegri þróun komu fram löngu áður en samdráttur á alþjóðlegum fjármálamörkuðum hófst í nóvember 2007. Hátt olíuverð, hækkandi matvælaverð og óróleiki á alþjóðlegum fjármálamörkuðum hafa sín áhrif og við það verður að glíma. Efnahags- og hagstjórnarvandi Íslendinga nú um stundir er hins vegar djúptækari, löngu fyrr til kominn, að verulegu leyti heimatilbúinn og innlendur og á þeim grunni verður að takast á við hann. Ímyndarherferðir á erlendri grundu munu ekki lagfæra innra ójafnvægi, svo sem mismunandi hagvöxt eftir landshlutum, ekki verða okkur til bjargar ef við endurtökum leikinn og dælum ofvöxnum stóriðjuframkvæmdum inn í hagkerfið, ekki ná niður fyrir okkur stýrivöxtunum og ekki lækka verðbólgu né stöðva vöxt erlendra skulda. Íslenskt samfélag með sterkum innviðum sínum hefur alla burði til að vinna sig í gegnum núverandi erfiðleika og það mun auðvitað takast. En, því fyrr sem farið verður af alvöru að horfast í augu við vandann, viðurkenna mistök undangenginna ára og læra af þeim og snúa sér að því að ná tökum á ástandinu, því betra.

Kostnaður ríkissjóðs vegna aðgerða.

Kostnað ríkissjóðs vegna aðgerða sem leiða mundu af frumvarpinu er erfitt að áætla með fullri nákvæmni. Líta ber á þann kostnað sem yrði samfara aðgerðum til að styrkja stöðu Seðlabankans og dýpka innlendan skuldabréfamarkað sem langtímafjárfestingu er skila mundi góðum arði bæði í formi sterkari Seðlabanka með traustan fjárhag og í heilbrigðara efnahagslífi almennt. Svipaðar röksemdir má reyndar færa fram fyrir ráðstöfunum á grundvelli frumvarpsins í heild, enda er að uppistöðu til um fjárfestingar að ræða. Heimildir til beinna tölusettra útgjalda samkvæmt frumvarpinu eru upp á 14,3 milljarða kr. árin 2008 og 2009 og skiptast með eftirfarandi hætti:

– 5 milljarðar kr. til sveitarfélaga,
– 5 milljarðar kr. til framkvæmda og jöfnunaraðgerða innan lands,
– 3 milljarðar kr. til að auka fjölbreytni og örva nýsköpun í atvinnumálum,
– 100 milljónir kr. til eflingar Fjármálaeftirlitsins,
– 200 milljónir kr. til umhverfisaðgerða.

Auk þessa hlytist einhver kostnaður af starfsemi þjóðhagsráðs og eftir atvikum einnig af undirbúningi og framkvæmd aðgerðanna að öðru leyti en þar yrði um óverulegar viðbótarupphæðir að ræða. Það er skoðun flutningsmanna að leitun sé á betri fjárfestingarkosti um þessar mundir fyrir ríkissjóð og þjóðarbúið allt en að grípa til skynsamlegra ráðstafana sem endurheimt geti og tryggt til frambúðar efnahagslegan stöðugleika. Sala skuldabréfa innan lands og aukinn sparnaður mundi samkvæmt aðgerðunum binda mun meira fé en færi í um-

ferð í formi framkvæmda og jöfnunaraðgerða og er því ekki ástæða til að óttast þensluáhrif af völdum aðgerðanna heldur þvert á móti. Ríkissjóður stendur vel og nú er tvímælalaust þörf fyrir að beita styrk hans á jákvæðan hátt í þágu brýnna hagstjórnaraðgerða.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. eru skýrð markmið og megintilgangur þeirra aðgerða sem frumvarpið felur í sér. Verðbólga hefur verið yfir viðmiðunarmörkum Seðlabankans síðan á miðju ári 2004 og er enn allt of mikil, þrátt fyrir hina gríðarlega háu stýrivexti. Eitt af forgangsatriðum allra hagstjórnaraðgerða hlýtur því að vera að ná henni niður. Ákvæði kjarasamninga milli Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins gera ráð fyrir að þeir verði endurskoðaðir í febrúar á næsta ári og verða þeir aðeins framlengdir ef tökum verður náð á verðbólgunni. Tíminn fram að endurskoðun er stuttur og því brýnt að ráðast í markvissar aðgerðir svo ekki komi til uppsagnar kjarasamninga. Þess ber líka að geta að enn er ósamið við opinbera starfsmenn en sannfærandi aðgerðaáætlun um að koma á jafnvægi í þjóðarbúskapnum gæti reynst mikilvægur liður í að liðka fyrir þeim samningum. Önnur birtingarform jafnvægisleysisins, svo sem gríðarmikill viðskiptahalli, óstöðugt gengi krónunnar, hin óhemjulega vaxtabyrði atvinnulífs og heimila vegna hárra vaxta á innlendum skuldum og almenn óvissa og óstöðugleiki eru allt samhangandi vandamál sem vinna verður bug á.

Um 2. gr.

Umtalsverð styrking gjaldeyrisforðans er skynsamleg og í raun nauðsynleg aðgerð til að verja krónuna fyrir óæskilegum sveiflum og auka tiltrú manna á gjaldmiðlinum. Þó er ljóst að aðstæður á erlendum mörkuðum eru þannig um þessar mundir að slík umtalsverð erlend lántaka gæti orðið nokkuð kostnaðarsöm. Vakin er athygli á því að hér er um heimildarákvæði að ræða sem að sjálfsögðu er skynsamlegt að nýta eftir því sem aðstæður leyfa. Með 80 milljarða kr. aukningu gjaldeyrisvaraforðans yrði hann kominn í nálægt 250 milljarða kr. og hefði þá þrefaldast á fáeinum árum. Ef öll þessi aukning gjaldeyrisvaraforðans og 40 milljarða kr. innlent skuldafjárútboð að auki yrði nýtt til að auka eigið fé Seðlabankans væri þar orðið um mjög mynduga aðgerð að ræða sem sýndi einbeittan vilja af hálfu stjórnvalda til að treysta undirstöður fjármálastofnana, gjaldmiðilsins og hagkerfisins í heild með öflugum Seðlabanka sem bakhjarli. Hinn megintilgangur skuldabréfaútgáfu innan lands, fyrir utan að afla fjár til að auka eigið fé Seðlabankans, er að dýpka innlendan skuldabréfamarkað.

Um 3. gr.

Almennur sparnaður í íslenska hagkerfinu er tiltölulega lítill og hefur farið lækkandi. Þjóðhagslegur sparnaður eru kominn um eða undir 10% af VLF. Vissulega skiptir lögbundinn og frjáls lífeyrissparnaður gríðarlega miklu máli en engu að síður er mikilvægt fyrir þjóðarbúið í heild að almennur sparnaður aukist þar til viðbótar. Útgáfa sparnaðarskuldabréfa af þessu tagi mundi vissulega verða til þess að ríkissjóður yrði af einhverjum skatttekjum og að sjálfsögðu er þess ekki að vænta að öll sala slíkra bréfa kæmi fram sem hreinn viðbótarsparnaður. Engu að síður er æskilegt að hvetja til aukins almenns sparnaðar og skattfrelsi fjármagnstekna ætti að verka umtalsvert hvetjandi í þeim efnum. Til lengri tíma liggja hagsmunir ríkissjóðs í því að hægt sé að ná tökum á efnahagsástandinu eins og aðgerðir af þessu tagi stuðla að. Þó að ríkissjóður beri af því einhvern kostnað að dýpka skuldabréfamarkaðinn

og fjölga sparnaðarmöguleikum með þessum hætti þá er það örugglega góð fjárfesting í formi heilbrigðara ástands í framtíðinni.

Um 4. gr.

Afkoma og skuldastaða margra sveitarfélaga er algjörlega óviðunandi enda hafa þau þurft að taka við nýjum verkefnum frá ríkinu án þess að nægar tekjur hafi fylgt með auk þess sem kröfur um þjónustu aukast og ný verkefni bætast við, svo sem á sviði umhverfismála. Sveitarfélög, einkum á landsbyggðinni, hafa einnig glímt við fólksfækkun sem þýðir tekjumissi fyrir þau án þess að þjónustuútgjöld og rekstrarkostnaður minnki sem nokkru nemi. Ofan á þetta bætist nú samdráttur í þorskafla og fyrirsjáanlegir erfiðleikar í landbúnaði. Nýlegar mótvægisaðgerðir ríkisstjórnarinnar tóku ekki á stöðu sveitarfélaganna svo neinu næmi en það verður auðvitað að gera og sveitarfélögin eru eðlilegasta og nærtækasta tækið þegar koma þarf aðstoð til viðkomandi svæða og íbúa þeirra.

Um 5. gr.

Til að takast á við innra ójafnvægi í hagkerfinu er nauðsynlegt að grípa til sértækra aðgerða á þeim svæðum sem hafa orðið út undan í auknum hagvexti síðustu ára. Afar brýnt er að snúa þeirri neikvæðu þróun við og jafna lífskjör og aðstæður landsmanna án tillits til búsetu. Greinin gerir ráð fyrir því að ríkisvaldið grípi til allumfangsmikilla aðgerða til að auka framkvæmdir á samdráttarsvæðum og geti einnig sett fjármuni í jöfnunaraðgerðir, svo sem að jafna flutningskostnað, aðgengi að menntun og annarri opinberri þjónustu, lækka húshitunarkostnað á köldum svæðum og fleira þvíumlíkt. Þá er ekki síst mikilvægt að beina uppbyggingu að störfum sem nýtast konum einkum og sér í lagi og aðgerðum sem gagnast mega til að vinna á kynbundnum launamun um leið og spornað er við kyngreindum búferlaflutningum innan lands.

Um 6. gr.

Samkvæmt greininni er gert ráð fyrir að umtalsverðum fjármunum verði varið til að auka fjölbreytni og örva nýsköpun í atvinnumálum um allt land á árunum 2008 og 2009. Áherslan verði færð frá fáum og risavöxnum stóriðjuverkefnum með tilheyrandi umróti, bæði svæðisbundið og í efnahagslegu tilliti á landsvísu, yfir í fjölbreytta nýsköpun. Að öðru leyti skýrir greinin sig sjálf.

Um 7. gr.

Í samræmi við aukin umsvif og stærð fjármálafyrirtækja í íslenskum þjóðarbúskap og þar með aukna ábyrgð Fjármálaeftirlitsins er gert ráð fyrir sérstöku framlagi úr ríkissjóði til að efla starfsemi þess. Einkum verði þá hugað að því að efla fagþekkingu og burði Fjármálaeftirlitsins til að meta áhættu og greina getu fjármálafyrirtækja til að standast áföll.

Um 8. gr.

Greinin skýtur lagalegum stoðum undir frestun frekari stóriðjufjárfestinga og síðan til að stjórna og eftir atvikum tímasetja slíkar framkvæmdir í takt við rými fyrir stórframkvæmdir og stórfjárfestingar í hagkerfinu. Í krafti laganna gætu stjórnvöld gengið til samninga við aðila sem undirbúið hafa slíkar framkvæmdir og samið við þau um að fresta framkvæmdum eða falla frá þeim og greiða einhvern hluta áfallins kostnaðar. Sama ætti við um útlagðan kostnað vegna virkjunarrannsókna sem ríkið gæti þá orðið eigandi að, a.m.k. um sinn, féllust

viðkomandi aðilar ekki á að geyma sínar undirbúningsrannsóknir. Einnig yrði stjórnvöldum heimilt að fresta útgáfu leyfa þegar leyfisskyld starfsemi á í hlut. Samtímis yrði ýmsum aðgerðum á sviði umhverfismála hraðað.

Um 9. gr.

Þörf er á víðtæku samstarfi allra helstu burðarása íslensks þjóðarbúskapar til að glíma við þau viðfangsefni sem við blasa í efnahagslífinu. Til að slíkt þjóðarsáttarandrúmsloft skapist og samræmdur taktur náist í hagstjórn þarf víðtækt samráð og samvinnu allra stjórnmálaflokka og helstu hagsmunaaðila á vinnumarkaði, í atvinnulífi og á fjármálamarkaði. Því er lagt til að skapa, næstu tvö árin a.m.k., slíkan samráðsvettvang, þjóðhagsráð, þar sem fulltrúar stærstu hagsmunaaðila landsins vinni með stjórnvöldum, veiti ráðgjöf og fylgist með framvindu aðgerða sem miði að því að endurheimta efnahagslegan stöðugleika.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæðið skýrir sig í raun sjálft. Eðlilegast er að í kjölfar setningar sérlaga af þessu tagi verði fjárheimildir færðar yfir á hefðbundið form með fjáraukalögum fyrir árið 2008 og síðan verði þær að sjálfsögðu hluti fjárlaga ársins 2009. Í fjáraukalögum og síðan fjárlögum má þá eftir atvikum setja nánari reglur um meðferð fjárveitinganna en hér er gert.

Fylgiskjal I.

Úr Hagvísum Seðlabanka Íslands.

(Febrúar 2008.)

Yfirlit efnahagsmála.

Verðbólga jókst í febrúar. Tólf mánaða verðbólga mældist 6,8% eftir hækkun vísitölu neysluverðs um 1,38% frá fyrri mánuði. Hafa ber í huga að mæling fer nú fram um miðjan hvern mánuð (sjá skýringar). Mest áhrif á vísitöluna hafði hækkun kostnaðar vegna eigin bifreiðar um 2,5% (vísitöluáhrif 0,36%). Helmingur hækkunarinnar skýrist af hækkun bensínverðs og afgangurinn að mestu leyti af verðhækkun nýrra bifreiða. Verð á fötum og skóm hækkaði um 9% vegna útsöluloka (áhrif 0,35%). Verðlag dagvöru hækkaði um 0,9% (áhrif 0,12%). Hækkun kostnaðar vegna eigin húsnæðis um 1% hafði 0,2% áhrif til hækkunar vísitölunnar. Þar af skýrast 0,15% af hækkun vaxta og 0,05% af hækkun markaðsverðs húsnæðis. **Kjarnavísitölur 1 og 2** hækkuðu báðar um 1,3% og hafa hækkað um 6,4% og 6,6% sl. tólf mánuði. Hagstofa Íslands birti í febrúar í fyrsta sinn **kjarnavísitölu 3** sem er kjarnavísitala 2 án áhrifa breytinga raunvaxta á húsnæðislið vísitölunnar. Kjarnavísitala 3 án skattaáhrifa er mælikvarði á **undirliggjandi verðbólgu** og hefur hækkað um tæp 8% sl. tólf mánuði. **Vísitala neysluverðs án húsnæðis** hækkaði um 1,55% frá fyrri mánuði og hefur hækkað um 3,9% sl. tólf mánuði. Að áhrifum skattalækkunar undanskildum var verðbólga án húsnæðis 6,4%.

Vísbendingar um eftirspurn í janúar benda flestar til töluverðs en þó hægari vaxtar en á fjórðungnum á undan. Ársvöxtur **dagveruveltu** nam 12½% að raunvirði í janúar en 13½% á síðasta fjórðungi ársins 2007. **Greiðslukortavelta** einstaklinga innanlands jókst um 7½%

að raungildi í janúar frá sama tíma í fyrra, en hafði aukist um 11½% á fjórðungnum á undan. Hægari vöxtur skýrist nær eingöngu af samdrætti í debetkortaveltu (2%) en kreditkortavelta jókst um 15½%. **Nýskráningum bifreiða** fjölgaði töluvert meira milli ára í janúar en á fjórðungnum á undan, eða um 60%, en þeim hafði fjölgað um tæplega 40% á síðasta fjórðungi ársins 2007. Slæmt tíðarfar skýrir líklega heldur minni (4%) **sementssölu** í janúar en á sama tíma í fyrra.

Væntingavísitala Gallup lækkaði töluvert í febrúar eftir að hafa nánast staðið í stað frá því í nóvember sl. Tiltrú neytenda á núverandi ástandi í efnahags- og atvinnumálum minnkaði verulega frá fyrri mánuði. Væntingavísitalan lækkaði mest á meðal fólks í tekjulægsta hópnum.

Vöruviðskipti við útlönd voru óhagstæð um 9½ ma.kr. í desember. Verðmæti **vöruinnflutnings** án skipa og flugvéla jókst um 26% á föstu gengi frá sama mánuði í fyrra og verðmæti **vöruútflutnings**, einnig án skipa og flugvéla, um rúmlega 31%. **Vöruviðskiptahallinn** nam tæplega 88 ma.kr. á síðasta ári sem er rúmlega 40% minni halli en árið á undan reiknað á föstu gengi. Án skipa- og flugvélaviðskipta var hallinn 17% minni. Heildarverðmæti vöruinnflutnings á föstu gengi stóð nánast í stað milli ára en verðmæti vöruútflutnings jókst um rúmlega fjórðung. Að magni til dróst innflutningur saman um 3%, sem einkum skýrist af 12% samdrætti innfluttrar fjárfestingarvöru og 9% samdrætti innfluttra flutningatækja. Innflutningur mat- og neysluvöru jókst hins vegar um 8%. Innflutningur hrá- og rekstrarvöru stóð nánast í stað milli ára. Heildarmagn vöruútflutnings jókst um 22% á árinu og skýrist að mestu af 46% meiri útflutningi áls undir lok ársins. Útflutningur sjávarafurða dróst saman um 4%.

Útflutningsverðmæti sjávarafurða árið 2007 jókst um 4,4% milli ára á föstu gengi, þrátt fyrir 3,1% samdrátt aflaverðmætis. Útflutningur áls jókst um 47% að magni til milli ára í fyrra og útflutningsverðmæti þess á föstu gengi um 43%. Álverð hefur hækkað það sem af er ári og var 13% hærra fyrstu 3 vikur febrúar en að meðaltali í janúar. Á sama tíma var olíuverð á alþjóðamarkaði um 2% hærra.

Vísbendingar af **vinnumarkaði** benda til að eftirspurn eftir vinnuafli sé enn nokkur. **Nýskráningar starfsmanna** hjá Vinnumálastofnun voru heldur fleiri í janúar en í desember og einnig fleiri en á sama tíma í fyrra. Það sama á við um fjölda endurskráninga hjá stofnuninni. **Atvinnuleysi** að teknu tilliti til árstíðarsveiflu stóð í stað milli mánaða í janúar og var 0,8%. **Launavísitala** fyrir vinnumarkaðinn í heild hækkaði um 1,3% í janúar og nam árshækkun vísitölunnar 6,2%. Þrátt fyrir að vera minnsta árshækkun frá desembermánuði 2004 er þetta ekki vísbending um kólnun á vinnumarkaði heldur stafar af því að meirihluti starfsmanna á almennum vinnumarkaði fékk ekki launahækkun 1. janúar sl. þar sem nýjir kjarasamningar voru ekki undirritaðir fyrr en um miðjan febrúar. Launahækkanir þeirra kjarasamninga munu koma fram í vísitölunni á næstu mánuðum.

Reglulegur **tekjuafgangur ríkissjóðs**, án eignasölu og óreglulegra liða nam 63 ma.kr. og var 3 ma.kr. minni að raungildi á árinu 2007 en árið á undan. **Útgjöld** jukust um 10% milli ára að raungildi en höfðu aukist um ½% árið á undan. Útgjöld vegna fjárfestingar og viðhalds jukust mest, eða um 55%. Ársvöxtur útgjalda var heldur meiri á síðasta þriðjungi ársins en á árinu öllu eða um 15½%. Reglulegar rauntekjur ríkissjóðs jukust um 6½% milli ára sem er jafn mikil aukning og var árið á undan. Tekjur af **virðisaukaskatti** hækkuðu nokkru meira að raungildi milli ára á síðasta ársþriðjungi (13%) en á árinu öllu (10%) ef leiðrétt er fyrir lækkun skatthlutfallsins í mars. Án leiðréttingar hækkuðu rauntekjur af virðisaukaskatti um rúm 5% árið 2007. Tekjur af **fjármagnstekjuskatti** jukust umtalsvert á árinu 2007 eða um

rúm 44% að raungildi. Hins vegar jukust tekjur af **tekjusköttum** einstaklinga og tryggingagjaldi einungis um 1½% umfram neysluverð á árinu 2007 en þær drógust saman um 4% á seinni hluta ársins. Bæði vaxtagjöld (65%) og -tekjur (51%) hækkuðu umfram verðlag vegna lánveitinga og eignakaupa.

Í janúar hækkaði **staðgreiðsluverð íbúðarhúsnæðis** á höfuðborgarsvæðinu um 1,1% að teknu tilliti til árstíðarsveiflu og nam árshækkunin 14%. Á undanförnum þremur mánuðum hefur mátt greina minnkandi veltu á íbúðamarkaði á höfuðborgarsvæðinu eftir að tekið hefur verið tillit til árstíðarsveiflu.

Útlán innlánsstofnana án áætlaðrar gengis- og verðuppfærslu jukust í janúar um tæplega 43% frá fyrra ári.

Raunstýrivextir miðað við liðna verðbólgu voru einni prósentu lægri í febrúar en í janúar og 0,4 prósentum lægri miðað við verðbólguálag ríkisbréfa hinn 22. febrúar miðað við janúarlok eða 11%. **Vaxtamunur** þriggja mánaða millibankavaxta við útlönd minnkaði um 0,4 prósentur á sama tíma. **Ávöxtunarkrafa verðtryggðra** íbúðabréfa var 0,1 til 0,6 prósentum lægri fyrstu þrjár vikur febrúar en í janúar og lækkaði ávöxtunarkrafa stystu bréfanna mest. Á sama tíma stóð **ávöxtunarkrafa óverðtryggðra** ríkisbréfa í stað eða lækkaði lítillega. Mest lækkun varð á bréfi á gjalddaga í desember 2008 eða 0,5%. **Framvirkir vextir** á markaði hafa lækkað lítillega frá síðustu útgáfu Hagvísa. **Skuldatryggingar** íslensku bankanna á alþjóðamarkaði hafa hækkað það sem af er febrúarmánuði sem og vísitala evrópskra banka. **Framvirk gjaldeyrisstaða** bankanna var að meðaltali 10 ma.kr. meiri fyrstu þrjár vikur febrúarmánaðar samanborið við mánuðinn á undan. Á sama tíma var vísitala meðalgengis miðað við víða vöruviðskiptavog rúmlega 3½% hærri. **Úrvalsvísitala hlutabréfa** var að meðaltali 7% lægri fyrstu þrjár vikur febrúar en í janúar. Er það meiri lækkun en varð á sameiginlegri vísitölu allra hlutabréfamarkaða Norðurlandanna (0,9%), á Nikkei 225 (4,1%), á evrusvæðinu (5,4%), á FTSE 350 (2,3%) og á MSCI hlutabréfavísitölu helstu nýmarkaðsríkja (2,8%).

Verðbólga hefur aukist töluvert í flestum viðskiptalöndunum að undanförnu vegna hækkunar matvæla- og olíuverðs. Verðbólga jókst í Bandaríkjunum úr 4,1% í 4,4% í janúar og á evrusvæðinu jókst verðbólga um 0,1 prósentu í 3,2%. Verðbólga í Kína var 7,1% í janúar. Frá síðustu útgáfu Hagvísa hefur Seðlabanki Bandaríkjanna lækkað **stýrivexti** sína um 0,5 prósentur og sá breski um 0,25 prósentur en seðlabankar Svíþjóðar, Ástralíu og Tékklands hafa hækkað stýrivexti um 0,25 prósentur og seðlabanki Póllands hefur tvívegis hækkað stýrivexti sína um 0,25 prósentur.

Í Hagvísum er notast við talnagögn sem tiltæk voru 27. febrúar 2008.

Fylgiskjal II.

Samantekt og tillögur úr skýrslu OECD um Ísland 2008.

(Janúar 2008.)

Útdráttur.

Í kjölfar mikilvægra skipulagsbreytinga og erlendrar fjárfestingar hefur íslenska hagkerfið gengið í gegnum skeið mikils hagvaxtar sem leiddi af sér umtalsvert innra og ytra ójafnvægi. Þótt nýlega hafi hægt á hagvexti og dregið úr ójafnvæginu hefur aðlögunin verið ójöfn en launaþróun, betri fjármögnunarskilyrði og aðgerðir stjórnvalda kyntu aftur undir eftirspurn

og verðbólguþrýstingi á árinu 2007. Hagkerfið er sveigjanlegt en áfram viðkvæmt fyrir viðhorfi erlendra fjárfesta eins og sveiflur í gengi og verði hlutabréfa nýlega eru til marks um. Það er því höfuðverkefni stjórnvalda að endurheimta stöðugleika með því að tryggja að áfram muni draga úr ójafnvægi. Því til viðbótar er nauðsynlegt að efla getu bæði peningamála- og ríkisfjármálastjórnarinnar til að draga úr sveiflum í hagkerfinu og koma í veg fyrir að meiri háttar ójafnvægi skjóti aftur upp kollinum. Til lengri tíma litið eru horfur á útgjaldaþrýstingi á mörgum sviðum og því er það eitt höfuðverkefna stjórnvalda að endurskoða heilbrigðiskerfið. Þótt opinber fjármál séu á heildina litið í góðu lagi eru heilbrigðismál (sem eru að miklu leyti fjármögnuð af hinu opinbera) uppspretta mikils útgjaldaþrýstings. Heilbrigðisástand er mjög gott, en kerfið er dýrt sem bendir til að auka þurfi hagkvæmni í ráðstöfun fjármuna. Aðalefni þessarar skýrslu er sem hér segir:

Koma þarf fljótt á stöðugleika.

- Það þarf að koma skýrt fram að Seðlabankinn hiki ekki við að herða aðhald í peningamálum enn frekar ef nauðsyn krefur til að halda verðbólguvæntingum við verðbólgumarkmiðið. Til að styðja við trúverðugleika peningastefnunnar væri það hjálplegt ef aðilar í ríkisstjórn virtu sjálfstæði Seðlabankans við að marka stefnuna.
- Á meðan eftirspurnar- og verðbólguþrýstingur er fyrir hendi er mikilvægt að forðast þensluhvetjandi aðgerðir í ríkisfjármálum. Eftir því sem tök eru á er einnig mikilvægt að stóriðjufjárfestingar verði innleiddar í hægum skrefum. Í öllu falli ættu þær ekki að eiga sér stað án undangengins mats sem bæði er gegnsætt og heildstætt og tekur til kostnaðar og ábata (og innifelur umhverfisáhrif).

Styrkja þarf þjóðhagslega stefnumörkun.

- Þegar dregið hefur úr sveiflum í verðbólgu er nauðsynlegt að styrkja rammagerð fjárlaga með því að nota útgjaldaþak á nafnverði til margra ára í samræmi við verðbólgumarkmið. Innleiða þarf samskonar fjármálareglur fyrir sveitarfélög, með útgjaldatakmörkunum. Þetta myndi auka framlag fjármálastefnunnar til þjóðhagslegs jafnvægis og styrkja hlutdeild stjórnvalda í að ná verðbólgumarkmiðinu.
- Þegar verðbólga er komin á markmið er æskilegt að laga umgjörð verðbólgumarkmiðsins (svo sem með breytingu á vísitölu markmiðsins).
- Endurskoða þarf Íbúðalánasjóð sem nú skekkir dreifingu fjármuna og dregur úr skilvirkni peningamálastefnunnar og eykur þar með þjóðhagslegt ójafnvægi. Í hið minnsta ætti sjóðurinn að greiða gjald fyrir ríkisábyrgð. Einnig þarf að aðskilja félagsleg markmið sjóðsins og heildsölustarfsemi hans, og nota stefnubeindar tilfærslur til að ná félagslegum markmiðum.

Bæta þarf hagkvæmni í ráðstöfun fjármuna í **heilbrigðisgeiranum.**

- Greiða þarf fyrir aukinni þátttöku einkageirans sem nú nær aðeins yfir fjórðung af þeirri heilbrigðisþjónustu sem fjármögnuð er af hinu opinbera. Opna þarf heilbrigðisgeirann fyrir samkeppni. Þar með yrði skilvirkni aukin og valkostum sjúklinga fjölgað. Huga þarf að aukinni kostnaðarþátttöku sjúklinga til að koma í veg fyrir að samkeppni milli þjónustuaðila, í umhverfi þar sem kostnaður sjúklings er lítill sem enginn, leiði til ofneyslu heilbrigðisþjónustu. Þessar aðgerðir ættu einnig að draga úr þrýstingi á opinber fjármál.

- Styrkja þarf hlutverk ríkisins sem kaupanda heilbrigðisþjónustu, koma þarf á útgjaldaþaki fyrir hið opinbera, gera þarf átak í kostnaðarskilvirkni á helstu þjónustusviðum og koma þarf á verktengdum fjármögnunarleiðum.
- Draga þarf úr notkun á dýrri spítalaþjónustu og auka skilvirkni hennar. Aðgerða er þörf til að minnka hinn mikla kostnað af lyfjum með því að hvetja til notkunar samheitalyfja.

Áratugur mikils hagvaxtar hefur bætt lífskjör en kynt undir ójafnvægi.

Þjóðarbúskapur Íslendinga býr við velmegun og sveigjanleika. Þjóðartekjur á mann hafa vaxið tvöfalt hraðar en að meðaltali í OECD-ríkjunum allt frá miðjum síðasta áratug og skipa landinu nú fimmta sæti aðildarþjóðanna, meira en fjórðungi hærri en meðaltal OECD. Þennan markverða árangur má rekja til þess að efnahagslífið hefur tekið miklum breytingum. Höft hafa verið afnumin og hagkerfið opnað, en það hefur aftur leitt til öflugrar sóknar einkaframtaks, sem m.a. hefur komið fram í mikilli útrás íslenskra fyrirtækja á erlendri grund. Aukinn hagvöxtur hefur haft í för með sér spennu og ójafnvægi í efnahagslífinu. Aukið frelsi á fjármálamarkaðinum hefur bætt aðgang að lánsfé og lækkað lánakostnað. Það hefur aftur leitt til þess að heildareftirspurn hefur í auknum mæli farið fram úr framleiðslugetu þrátt fyrir verulegan innflutning á erlendu vinnuafli. Því hefur verðbólga og halli á viðskiptajöfnuði aukist hröðum skrefum. Erlendar skuldir eru hinar hæstu innan OECD. Þetta hefur gert efnahagslífið viðkvæmt fyrir breytingum á áliti erlendra fjárfesta, sér í lagi í samhengi við hið brothætta ástand á alþjóðlegum fjármálamörkuðum.

Meginverkefnið á næstunni er að koma á stöðugleika að nýju.

Vegna aukins aðhalds efnahagsstefnunnar og loka stóriðjuframkvæmda hægði verulega á hjólum efnahagslífsins og hverfandi hagvöxtur mældist á fyrsta ársfjórðungi 2007. Eftir það lifnaði aftur yfir sökum launaþróunar, betri skilyrða á fjármagnsmarkaði og þensluhvetjandi stjórnaraðgerða. Eftirspurn tók að aukast á ný og verðbólguþrýstingur um leið. Lækkun tekjuskatts einstaklinga og neysluskatta, aðgerðir sem kynntar höfðu verið með fyrirvara, töfðu fyrir stöðugleika til skemmri tíma, þótt tilgangur skattabreytinganna hefði verið sá að auka skilvirkni. Lánakjör Íbúðalánasjóðs voru einnig bætt skömmu fyrir Alþingiskosningarnar í maí, en voru aftur hert eftir kosningar. Skilyrði á fjármagnsmarkaði versnuðu aftur í kjölfar alþjóðlegs óróa í ágúst 2007, og aðhald í peningamálum var hert enn frekar um haustið þegar verðbólguhorfur versnuðu. Afleiðingin er að nú er búist við hægari gangi efnahagslífsins á næstunni og fram eftir árinu 2009. Á þessu tímabili er ætlað að framleiðsluslaki myndist sem ætti að draga úr verðbólgu og færa hana niður að markmiðinu um leið og draga ætti úr halla á viðskiptajöfnuði. Þessi mynd af komandi þróun er þó ekki laus við áhættu og óvissu, m.a. vegna komandi kjarasamninga og viðkvæmni landsins fyrir utanaðkomandi truflunum, eins og skýrt kemur fram í óstöðugleika gengisins. Því er það eitt höfuðverkefni stjórnvalda til skemmri tíma að vinna að minni innri og ytri óstöðugleika.

Peningamálastefnan verður að bera höfuðbyrðina.

Verðbólga hefur mælst umfram opinbera 2½% markmiðið allt frá miðju ári 2004. Þótt stefnan í húsnæðismálum hafi grafið undan árangri peningamálastefnunnar (sjá neðar), er hægt að færa rök fyrir því að Seðlabankinn hafi á stundum hikað of mikið við að hækka vexti. Almenningstengslastefna Seðlabankans hefur batnað mikið. Bankinn gefur nú út vaxtaferil sem er í samræmi við þá ætlun að ná verðbólgumarkmiðinu. Eftir á að hyggja er ljóst að peningamálastefnan brást of seint við nýjum upplýsingum og mat á verðbólguhorfum var

of bjartsýnt. Peningamálastefnan stóð að mestu í stað 2007 þar til hún fór að herða að síðar á því ári. Þetta endurspeglast í ofmati á hjöðnun umsvifa ásamt óvissu um umtalsverðan niðurskurð í aflaheimildum svo og áhrif af þróun á alþjóðlegum fjármálamarkaði. Frá miðju ári komu fram merki um að eftirspurn heimilanna og verðbólga væri að aukast á ný. Þróunin erlendis hefur orðið til þess að bæði nafnvextir og raunvextir til lengri tíma hafa hækkað upp á síðkastið. Engu að síður er *nauðsynlegt að rekin verði aðhaldssöm peningamálastefna þar til verðbólguvæntingar verða komnar vel í takt við verðbólgumarkmiðið.* Þetta hefur úrslitaþýðingu til að lágmarka frekari áhrif af launahækkunum eða gengislækkun. *Þá er það hjálplegt að stjórnvöld virði sjálfstæði Seðlabankans í stefnumörkun, en það styður við trúverðugleika og virkni peningastefnunnar.*

Þótt fjármálakerfið hafi staðist erfiðleika markaðarins er nauðsynlegt að fylgjast vel með því.

Alþjóðlega lausafjárkreppan hefur aukið óvissu um framvindu efnahagslífsins því markaðir verða líklega sveiflukenndir í fyrirsjáanlegri framtíð. Hingað til hafa íslenskar fjármálastofnanir staðið af sér óróann, þótt aukin áhættufælni hafi hækkað lántökukostnað íslenskra banka. Þótt hraður vöxtur bankanna hafi skapað áhyggjur varðandi fjármálalegan stöðugleika, er það álit lánshæfisfyrirtækja og eftirlitsstofnana að fjármálakerfið sé á heildina litið traust. Álagspróf gefa til kynna að bankarnir búi yfir nægu fjármagni til að standa af sér umtalsverð lánsfjár- og markaðsáföll. Þess ber þó að gæta að slík próf taka ekki óbein áhrif af slíkum áföllum með í reikninginn. Því *verða stjórnvöld að að halda áfram þeirri viðleitni sinni að bæta áhættumat og eftirlit með fjármálakerfinu.*

Stjórn ríkisfjármála ætti að styðja betur við stjórn peningamála.

Eftir á að hyggja er ljóst að skattalækkanirnar snemma árs 2007 hafi dregið úr aðhaldi ríkisfjármála of fljótt. Þótt jöfnuður á fjármálum hins opinbera sé enn jákvæður, virðist hann hafa slaknað kringum 2 hundraðshluta af VLF árið 2007 (niður í u.þ.b. 4%). Fjárlagafrumvarpið fyrir 2008 ber með sér að afgangurinn minnki enn frekar (niður í um 1% af VLF) þar sem áformað er að útgjöld aukist um 8% að raungildi. Þetta þýðir að fjárfesting hins opinbera mun aukast um fjórðung og fjárfesting ríkissjóðs tvöfaldast. Þessi hraða aukning í útgöldum býður þeirri hættu heim að hagkvæmni í ráðstöfun fjármuna til fjárfestinga minnki og þær verði umfram framkvæmdagetu efnahagslífsins. *Því er æskilegt að draga úr áformum um opinberar fjárfestingar.* Að því marki sem auknum útgjöldum er ætlað að vera til mótvægis gegn niðurskurði aflaheimilda í sjávarplássum virðist fjárfesting í mannauði (svo sem með endurmenntun) vera viðeigandi. *Mikilvægt er að halda aftur af hækkun launakostnaðar í opinbera geiranum í komandi kjarasamningum og forðast ný útgjaldatilefni.*

Ákvarðanir um fjárfestingarverkefni hafa afgerandi þýðingu.

Stóriðjuverkefni tengd áli skipta máli, bæði fyrir stöðugleika og velmegun til lengri tíma. Slík verkefni eru að hluta orsök núverandi ójafnvægis og hætta er á að ný slík verkefni hefjist áður en efnahagsjafnvægi er náð. Ný ríkisstjórn hefur lofað að tímasetja slík verkefni þannig að þau samræmist jafnvægi í efnahagslífinu. Hún hefur líka tilkynnt að engin ný stóriðjuverkefni hefjist fyrr en búið er að ganga frá nýju „heildarskipulagi“ fyrir framtíðarorkunotkun. Þetta hlé nær samt ekki til verkefna sem þegar hafa hlotið rannsóknarleyfi og önnur leyfi og nær það aðeins til „ósnerts lands“. Jákvætt mat Skipulagsstofnunar gefur til kynna að vinna við eitt verkefni (sem felur í sér fjárfestingu sem samsvarar 10% af landsfram-

leiðslu) geti brátt hafist. Eftir því sem hægt er, *er æskilegt ný stóriðjuverkefni hefjist eftir að jafnvægi hefur aftur komist á í efnahagslífinu*. Það á einnig almennt við að slíkar stórframkvæmdir eru í eðli sínu áhættusamar. Jafnvel þótt þær virðist ábatasamar, geta þær stofnað til talsverðrar skuldaábyrgðar fyrir ríkissjóð. Skortur á gagnsæi gerir ókleift að greina hvort orkufyrirtæki nái inn ásættanlegum arði af notkun náttúruauðæfa, umhverfiskostnaði og þeirri áhættu sem þau taka. *Ekki er ráð að leggja út í nýjar stóriðjuframkvæmdir, þ.m.t. þær sem þegar eru á áætlunarstigi, nema að farið hafi fram gagnsætt heildarmat á kostnaði og afrakstri (þ.m.t. umhverfisáhrif og áhrif á komandi kynslóðir).*

Endurskoða þarf stefnuna í húsnæðismálum.

Stefnan í húsnæðismálum hefur valdið óstöðugleika í efnahagslífinu. Betri lánskjör og breytt stefna í fjármögnun Íbúðalánasjóðs, sem er í opinberri eigu, leiddi til samkeppni við einkabanka um miðjan áratuginn. Það leiddi til lækkunar veðlánsvaxta á sama tíma og Seðlabankinn var að reyna að þrengja peningaástandið með hækkun stýrivaxta. Á miðju ári 2006, þegar órói gekk yfir markaðinn og gengið féll hratt, voru lánakjör Íbúðalánasjóðs hert. Það skref var stigið til baka fyrir þingkosningarnar 2007 með ákvörðun stjórnvalda, en sú ákvörðun var fljótlega dregin til baka. *Íbúðalánasjóður þarf að starfa í friði fyrir inngripum stjórnvalda og á ekki að taka ákvarðanir sem torvelda peningastefnunni að viðhalda stöðugleika.* Í grundvallaratriðum kemur tilvera Íbúðalánasjóðs, sem getur tekið lán á lægri vaxtakjörum vegna ríkisábyrgðar, í veg fyrir jafna samkeppni og bjagar ráðstöfun fjármuna með niðurgreiðslu íbúðafjárfestinga. Endurskoðun á stefnunni í húsnæðismálum má ekki bíða lengur. *Til að gera samkeppniskjör jafnari, væri rétt að ríkisábyrgð á skuldabréfum Íbúðalánasjóðs yrði afnumin eða gjald lagt á Íbúðalánasjóð til að standa undir kostnaði ríkisábyrgðarinnar.* Hægt er að vinna að félagslegum markmiðum Íbúðalánasjóðs á gegnsærri og hagkvæmari hátt með markmiðsbundnum tilfærslum.

Hægt verður að skoða breytingar á ramma verðbólgumarkmiðs þegar stöðugleika hefur verið náð.

Verðbólgumarkmið Seðlabankans og stefna hans í upplýsingamiðlun er á margan hátt besta mögulega aðferðin á þessu sviði. Engu að síður eru ýmsir þættir í markmiðssetningu bankans sem hægt er að bæta með tímanum til að taka óstöðugleika íslensks efnahagslífs með í reikninginn og hjálpa þannig til við að komast hjá ónauðsynlegum sveiflum í atvinnu og framleiðslu. Vissulega er það svo, að ef leikreglum væri nú breytt, áður en verðbólgumarkmiðinu hefur verið náð, gæti það haft neikvæðar afleiðingar. Breytingar á fyrirkomulaginu gætu hins vegar verið til góðs þegar verðbólgumarkmiðinu hefur verið náð. Sér í lagi þyrfti að leggja meiri áherslu á verðbólguvæntingar, en þær eru lykillinn að því að hafa áhrif á langtímavexti. *Tilkynningar Seðlabankans ættu að leggja meiri áherslu á mikilvægi verðbólguvæntinga, en þær þurfa ávallt að eiga sér fastan sess, jafnvel þótt verðbólga hviki frá markmiði. Önnur breyting væri einnig æskileg, þ.e. að endurskoða aðferðina sem notuð er við að reikna kostnað við eigið húsnæði í þeirri verðmælingu sem markmiðið byggist á.* Eins og málum er háttað nú, eru veðlánavextir reiknaðir inn í kostnað við eigið húsnæði. Hækkun veðlánavaxta hefur því þau óheppilegu áhrif að kalla á meira aðhald í peningamálum og hækka mælingu verðbólgu. Erfitt verður að nota aðferð leigujafngildis fyrir eigið húsnæði þar eð leigumarkaðurinn á Íslandi er frekar lítill. Samt verður að taka á þessu máli, e.t.v. í samhengi við hliðstæða vinnu í Evrópusamstarfinu. Ef verðmælingunni verður breytt, leiðir það auðvitað til þess að endurskoða verður sjálft verðbólgumarkmiðið.

Styrking á umgjörð ríkisfjármála gæti dregið úr hagsveiflum.

Ísland hefur stuðst við heildarútgjaldaþak við rammafjárlagagerð frá því snemma á síðasta áratug. Á síðari árum hafa langtímaáætlanir í ríkisfjármálum verið gefnar út með spá og leiðbeiningu um raunvöxt útgjalda. Samt hefur það ekki komið í veg fyrir skrið í útgjaldagrunninum sem hefur takmarkað sveiflujöfnunarhlutverk ríkisfjármálastefnunnar. Því er skýr nauðsyn á að styrkja umgjörð ríkisfjármála. Stjórnvöld viðurkenna nauðsyn þessa og hyggjast leggja tillögur fyrir Alþingi þar að lútandi á vorþingi. Samkvæmt upplýsingum frá Ríkisendurskoðun hafa mörg ráðuneyti og ríkisstofnanir farið fram úr árlegum fjárveitingum án nokkurra afleiðinga, þrátt fyrir gildandi reglur. Ein ástæða fyrir því er að rammafjárlagagerð er ekki framfylgt yfir fleiri en eitt ár, en það myndi taka á þeim vanda að grunnur fjárveitinga skríði til. Að því marki sem langtímaáætlanir hafa verið til staðar, hafa þær í reynd verið meira í ætt við spá en tæki til að hamla útgjöldum. Þar að auki eru útgjaldamarkmiðin sett fram í heild og leyfa umframeyðslu á hlaupandi verðlagi, oft í tengslum við kjarasamninga. *Ef stjórnvöld myndu færa stjórn ríkisfjármála í þá átt að setja fram útgjaldaþak til lengri tíma á nafnverði fyrir hvert ráðuneyti, myndi það auka útgjaldaaga, sveiflujafnandi áhrif ríkisfjármála og samræmi þeirra við verðbólgumarkmiðið.* Útgjaldamörk á nafnverði væru í samræmi við verðbólgumarkmið Seðlabankans og myndu auka gagnsæi og þar með gera fjármálareglur virkari; einnig myndu þau auka þýðingu hins opinbera markmiðs að hafa hemil á verðbólgu. *Æskilegt er að sjálfvirk sveiflujöfnun í tekjum ríkisins fái að halda áfram, en opinber fjárfesting sem tæki virðist vera illa nýtileg til eftirspurnarstjórnunar.* Heldur ætti að nota opinbera fjárfestingu til að auka hagvaxtarmöguleika þjóðarbúsins. Alþjóðleg sem og íslensk reynsla sýnir að vandamál við tímasetningu og framkvæmdir gera það að verkum að opinber fjárfesting nýtist illa til sveiflujöfnunar. Frekar en að reyna að fínstilla opinbera fjárfestingu við væntar hagsveifluþarfir, ætti að fjárfesta á grundvelli áætlana til nokkurra ára sem byggja á varfærnum og sjálfstæðum kostnaðar- og ábatagreiningum. *Lækkun beinna skatta í framtíðinni sem telja má æskilega af hagkvæmniástæðum (en ekki lækkun á óbeinum sköttum) ætti einnig að vera hluti af langtímaáætlun, sem ætti að fela í sér töluleg markmið um tekjujöfnuð ríkissjóðs (svo sem afgang yfir langt tímabil) eða hæfilegt hlutfall opinberra skulda af landsframleiðslu.*

Fjármálareglur ættu einnig að gilda fyrir sveitarfélög.

Nauðsynlegt er að styrkja fjármálareglur hjá sveitarfélögum. Sveitarfélög ná yfir þriðjung af heildarútgjöldum hins opinbera og meira en helming af heildarfjárfestingu hins opinbera. Þótt skattprósenta útsvars sveitarfélaganna sé takmörkun háð, hækka fjárveitingar úr Jöfnunarsjóði sjálfkrafa í takt við tekjur ríkissjóðs. Sveitarfélög hafa sýnt enn minna aðhald en ríkið er þau hafa beint óvæntum tekjuauka til útgjalda á uppgangstímum. Ríkið hefur hafið samningaviðræður við sveitarfélög til að mæta þessum vanda. Í skiptum fyrir upptöku þaks á skuldir og raunvöxt útgjalda (þ.m.t. til fjárfestinga) hefur ríkið boðist til yfirtöku skulda og aukinna fjárveitinga til Jöfnunarsjóðsins. *Sömu fjármálareglur ættu að gilda fyrir ríki og sveitarfélög. Með því væri hægt að ná markmiðum í útgjöldum hins opinbera og efnahagslegum stöðugleika.* Sveitarfélög eru mismunandi, sérstaklega hvað varðar samsetningu á íbúum þeirra. Þetta verður að taka með í reikninginn, svo og kostnað sem hlýst af nýjum lögum ríkisins.

Útgjaldaþrýstingur á ríkið krefst þess að heilbrigðiskerfið verði endurskoðað.

Þrátt fyrir aukningu á útgjöldum hins opinbera undanfarin ár, eru fjármál hins opinbera í betra lagi en í mörgum öðrum löndum. Opinberar skuldir eru lágar í alþjóðlegum samanburði (þótt ríkið búi við mjög háa skilyrta bakábyrð í alþjóðlegum samanburði) og uppsafnaðar eignir lífeyrissjóða, atvinnuvega og hins opinbera, sem standa að fullu undir lífeyrisskuldbindingum, munu milda áhrif öldrunar þjóðarinnar. Samt er það svo að á sumum sviðum verður útgjaldaþrýstingur mikill, sérstaklega á heilbrigðissviðinu, en þar eru útgjöld að mestu borin uppi af hinu opinbera. Þetta bendir til þess að stjórnvöld eigi að hafa það að markmiði að skila afgangi í rekstri sínum. Útgjöld til heilbrigðismála á mann hafa aukist hraðar en sem nemur meðaltali OECD-landa, og vöxtur heilbrigðisútgjalda hefur farið langt fram úr vexti þjóðartekna á mann. Þótt áætlanir til lengri tíma séu umvafðar töluverðri óvissu, þá benda þær til þess að öldrun þjóðarinnar og kostnaðarþrýstingur á heilbrigðissviði muni ýta útgjöldum hins opinbera til heilbrigðismála í 15% af VLF um miðja þessa öld ef ekki verður gripið til hemjandi aðgerða. Ísland er vissulega auðugt land sem hefur efni á miklum heilbrigðisútgjöldum. En þótt verg landsframleiðsla Íslands á mann sé um fjórðungi ofan við meðaltal OECD-landa, að því gefnu að heilbrigðisútgjöld einkageirans eru lítil, þá eru opinber útgjöld á mann til heilbrigðismála um 40% yfir OECD-meðaltalinu þrátt fyrir hagstæða aldurssamsetningu þjóðarinnar. *Það er nauðsynlegt fyrir stjórnvöld að kanna möguleika á að auka kostnaðarskilvirkni á sviði heilbrigðismála, þar sem útlit er fyrir að útgjöld til heilbrigðismála muni aukast með tilheyrandi afleiðingum fyrir þróun opinberra útgjalda.*

Góð heilsa þjóðarinnar …

Vissulega verður að gæta þess að viðhalda þarf hágæða heilbrgiðisþjónustu landsins og hinu öfundsverða heilbrigðisástandi þjóðarinnar. Lífslíkur eru með þeim mestu í heiminum. Barnsdauði er með því lægsta og dauði mæðra við fæðingu nær óþekktur. Íslendingar mega búast við að vera heilbrigðir nær 90% af þeirra (löngu) ævi. Nýlegir vísar um gæði þjónustunnar (t.d. hundraðshlutar þeirra sem lifa tiltekna sjúkdóma af og dauðsföll á sjúkrahúsum) eru Íslandi mjög í hag. Hins vegar sýna reynslutölur byggðar á víðtækum heilbrigðisvísum að útgjöld til heilbrigðismála bera vott um minnkandi jaðarafrakstur, og frekari heilsuávinningar gætu kostað mikið. Hins vegar eru horfur á að hægt verði að halda uppi núverandi heilbrigði með minni kostnaði. Þótt landslag og byggðadreifing þjóðarinnar réttlæti e.t.v. fleiri starfsmenn í heilbrigðisþjónustu en meðaltalinu nemur, virðast starfsfólkshlutföll of há í alþjóðlegum samanburði.

… gæti fengist með minni kostnaði.

Fyrir hendi eru nokkrir möguleikar til að styrkja kostnaðarskilvirkni heilbrigðisgeirans. Afnema ætti hömlur á þjónustu einkaaðila, en hlutur hans nemur um fjórðungi í heilbrigðisþjónustu sem fjármögnuð er af opinberum aðilum. Opna ætti heilbrigðisgeirann fyrir samkeppni. En þegar þjónustu er úthýst til einkageirans, verða stjórnvöld að búa yfir nauðsynlegri sérfræðisþekkingu og mönnun til að geta sett upp viðeigandi þjónustusamninga og til að fylgjast með árangri. Til að koma í veg fyrir að að aukinir valkostir sjúklinga verði til þess að hvetja til eftirspurnar eftir þjónustu, ætti að koma á kostnaðarþátttöku á sviðum þar sem hún er ekki fyrir hendi nú og hún verði endurskoðuð á þeim sviðum þar sem hún hvetur ekki til nægilegs sparnaðar (t.d. á sviði lyfja). Þetta myndi minnka kostnaðarþrýstinginn á hið opinbera. Annar möguleiki er sá að koma upp einskonar dyravarðakerfi þar sem sjúklingum

er beint í réttan farveg. Fjármögnun spítala á grundvelli verkefna, en spítalar taka til sín stóran hluta af heilbrigðisútgjöldum á Íslandi, ætti að efla og fylgja fram af varfærni. Verði komið á öflugu regluverki, myndu greiðslukerfi grundvölluð á unnum verkum hvetja heilbrigðisþjónustuaðila til að halda kostnaði í lágmarki án þess að skaða þjónustu við sjúklinga, svo lengi sem tengt verðlag er rétt sett og haldið er uppi gæðastaðli. Stjórnvöld nýta sér ekki til fulls þann möguleika sem felst í mikilli miðlægri stýringu til að auka skilvirkni. Greinileg þörf er á forgangsröðun í heilbrigðisútgjöldum sem grundvölluð er á kostnaðar-skilvirknigreiningu á hinum ýmsu sviðum þjónustu. Ríkið verður einnig að nota afl sitt sem aðalkaupandi heilbrigðisþjónustu til að lækka kostnað, með því að beita þrýstingi á kostnað eða færa þjónustu til ódýrari aðila. Endurbætur í þessa veru ættu að ná langt til að útrýma hinum sýnilega skorti á skilvirkni í heilbrigðisþjónustu landsins.

Einnig þarf að beina athyglinni að öðrum sviðum stefnumörkunar.

Hægt er að fá meira fyrir peningana á sviði menntunar. Þar sem Ísland eyðir meiru á nemanda en önnur OECD-lönd, eru það vonbrigði að frammistaða í PISA könnunum skuli ekki vera betri. Það sem meira er, þá hefur slíkur árangur dregist aftur úr með tímanum, miðað við OECD-viðmið. Svo sem bent hefur verið á í fyrri skýrslum OECD, *verður stefnan í menntamálum að beinast frekar að gæðum kennara en fjölda þeirra.*

Þessu til viðbótar eru nokkrar undantekningar á hinni almennu leitni til markaðsvæðingar, sérstaklega á sviðum landbúnaðar og orku. Stuðningur við landbúnað er sá hæsti meðal OECD-landa og er þröskuldur í vegi fyrir kerfisbreytingum. *Minnka ætti stuðning við landbúnað til að draga úr hinni þungu byrði á neytendur og skattgreiðendur. Þess í stað ætti að beina sjónum að þeim greiðslum til bænda sem mest skekkja myndina, og draga ætti enn frekar úr markaðsvernd.*

Mest af raforkuframleiðslu landsins er í höndum Landsvirkjunar sem er í ríkiseigu. Orkugeirinn er verndaður fyrir erlendum fjárfestum. *Æskilegt væri að selja orkuframleiðslu Landsvirkjunar, bæði til að jafna möguleika á sviði orkuframvindu og draga úr áhættu skattgreiðenda í tengslum við stóriðjufjárfestingu.* Svo sem fyrr hefur verið vikið að, þá hefur stóriðjufjárfesting markverð áhrif á umhverfið, og útblástur frá álverum er ekki lítill, jafnvel þótt þau noti endurnýjanlega orku. Því *ætti að athuga það vandlega hvort Ísland ætti að krefjast viðbótarundarþága fyrir stóriðju ef samþykki næst fyrir framhaldi á Kyoto bókuninni.*

775. Nefndarálit [325. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 90/2003, um tekjuskatt, lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur og lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og skattanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Maríönnu Jónasdóttur og Ingibjörgu Helgu Helgadóttur frá fjármálaráðuneyti, Skúla Eggert Þórðarson, Ingvar Rögnvaldsson og Guðmund Guðbjarnason frá ríkisskattstjóra, Völu Valtýsdóttur frá Deloitte, Elísabetu Guð-

björnsdóttur frá PriceWaterhouseCoopers hf., Sigurjón Högnason frá KPMG endurskoðun hf., Guðlaug Stefánsson frá Samtökum atvinnulífsins, Guðjón Rúnarsson og Braga Gunnarsson frá Samtökum fjármálafyrirtækja. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá Alþýðusambandi Íslands, Byggðastofnun, Deloitte, Félagi löggiltra endurskoðenda, Kauphöll Íslands, OMX Nordic Exchange, KPMG Endurskoðun hf., PriceWaterhouseCoopers hf., ríkisskattstjóra, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum fjármálafyrirtækja, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Seðlabanka Íslands, skattrannsóknarstjóra ríkisins, skattstjóranum í Reykjavík, skattstjóra Suðurlandsumdæmis, Samtökum verslunar og þjónustu og Viðskiptaráði Íslands. Einnig hafa borist tilkynningar frá Félagi íslenskra stórkaupmanna og Ríkisendurskoðun.

Meginefni frumvarpsins er tvíþætt. Eru þar lagðar til breytingar annars vegar á reglum um skattlagningu söluhagnaðar og hins vegar skattaumsýslu stórfyrirtækja. Þá eru í frumvarpinu lagðar til minni háttar breytingar á virðisaukaskattslögum.

Í frumvarpinu er vísað til eldri lagabreytingar á tekjuskattslögunum, sbr. lög nr. 95/1998, en tilgangur þeirra var öðrum þræði að milda áhrif tvísköttunar á hagnað þegar arður er greiddur úr einu hlutafélagi í annað. Ef móttakandi arðs var hlutafélag var honum heimilt að draga arðgreiðslur frá skattskyldum tekjum sínum fyrir álagningu skatts. Í athugasemdum umræddra breytingalaga var rætt hvort sams konar regla ætti að gilda um söluhagnað af hlutabréfum en ákveðið var að gera ekki þá breytingu þar sem söluhagnaður byggist á nokkuð öðrum grunni en arðgreiðslur. Í því augnamiði að gera skattlagningu á söluhagnað rökréttari og stuðla að áframhaldandi fjárfestingu í hlutabréfum var hlutafélögum gefinn kostur á að fresta skattlagningu söluhagnaðar með því að fjárfesta í öðrum hlutabréfum innan tveggja ára frá sölu.

Í frumvarpinu sem nefndin hefur til umfjöllunar er lagt til að sambærileg regla verði tekin upp varðandi skattlagningu söluhagnaðar af hlutabréfum og skattlagningu arðs þegar hluthafinn uppfyllir viss skilyrði félagsforms. Til stuðnings þessari breytingu er vísað til breyttra efnahagsaðstæðna, aukinnar alþjóðavæðingar og skattalegrar samkeppni milli ríkja og eins þess að frestun á skattlagningu hefur verið nýtt mikið. Því hafa tekjur ríkissjóðs af þessum skattstofni verið minni en ætla mætti. Af sjálfu leiðir að samfara skattfrelsi söluhagnaðar í formi frádráttar frá skattskyldum tekjum verður ekki lengur þörf fyrir sérstaka frestunarheimild. Frumvarpið gerir því ráð fyrir að heimildin skuli afnumin. Enn fremur er lagt til að reistar verði skorður við frádráttarbærni kostnaðar sem varðar umræddan söluhagnað.

Við umfjöllun nefndarinnar komu fram ábendingar um að regla frumvarpsins um frádráttarbærni kostnaðar vegna söluhagnaðar væri óskýr. Óljóst væri hvaða kostnaður félli þar undir og álitamál hvort sú tilhögun að fela ráðherra að útfæra það nánar stæðist stjórnarskrá. Þá var gagnrýnt að afnám frestunarheimildar mundi ekki aðeins taka til þeirra aðila sem samkvæmt frumvarpinu fá notið frádráttarbærni söluhagnaðar heldur einnig annarra rekstrarforma, svo sem einstaklingsreksturs og sameignarfélaga. Þá komu fram tilmæli í umsögnum um að láta meginreglu frumvarpsins um frádrátt söluhagnaðar taka til afleiðuviðskipta þar sem undirliggjandi verðmæti eru hlutabréf.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að ákvæði 2. mgr. b-liðar 2. gr. frumvarpsins um takmörkun á frádráttarbærni kostnaðar vegna söluhagnaðar verði breytt og þann kostnað sem þar er tilgreindur verði heimilt að draga frá öðrum tekjum. Meiri hlutinn telur að óbreyttu að ákvæðið geti valdið vandkvæðum í skattframkvæmd þar sem erfitt getur reynst að greina kostnað vegna söluhagnaðar frá öðrum kostnaði á söluári, til að mynda kostnað vegna arðgreiðslna. Meiri hlutinn telur jafnframt æskilegt og í anda frumvarpsins að kveða skýrt á um það að ekki sé heimilt að draga söluhagnað frá skattskyldum tekjum fyrr en yfirfæranlegt

rekstrartap hefur verið jafnað út, þ.m.t. tap sem myndast hefur á tekjuárinu, einnig að ekki sé heimilt að draga tap umfram hagnað af sölu hlutabréfa frá tekjum eða mynda með þeim hætti yfirfæranlegt tap.

Meiri hlutinn fellst á að rök séu fyrir því að láta meginreglu frumvarpsins um frádráttarbærni söluhagnaðar taka einnig til afleiðuviðskipta sem byggjast á hlutabréfum enda sé um ígildi hlutabréfaviðskipta að ræða og leggur meiri hlutinn því til samsvarandi orðalagsbreytingu á 1. og 2. gr. frumvarpsins.

Meiri hlutinn vekur sérstaka athygli á að heimild frumvarpsins til að draga söluhagnað frá rekstrartekjum er óháð eignarhaldstíma. Á fundum nefnarinnar kom fram að þetta mundi leiða til mikillar einföldunar í skattframkvæmd og eyða óvissu um hvernig fara ætti með skattlagningu á veltuhlutabréfum.

Meiri hlutinn undirstrikar mikilvægi þess að gildistökuákvæði frumvarpsins verði ekki látin gilda afturvirkt í þeim tilvikum þar sem þau kunna að leiða til íþyngjandi niðurstöðu. Meiri hlutinn hefur í því sambandi sérstaklega í huga afnám frestunarheimilda þeirra rekstraraðila sem ekki fá notið frádráttarbærni söluhagnaðar en einnig það hvernig haga skuli meðferð áður frestaðs söluhagnaðar.

Meiri hlutinn fagnar loks þeirri tilhögun sem frumvarpið gerir ráð fyrir, að komið verði á fót sérhæfðri stjórnsýslueiningu hjá embætti skattstjórans í Reykjavík til að annast skattaumsýslu lögaðila sem eru yfir tilteknum stærðarmörkum. Slík sérhæfing sé nauðsynleg til að geta brugðist hratt og faglega við örum breytingum sem verða á alþjóðlegum markaði og hún muni skila atvinnugreininni betri þjónustu.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Bjarni Benediktsson og Steinunn Þóra Árnadóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. mars 2008.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Ellert B. Schram.	Gunnar Svavarsson.
Magnús Stefánsson.	Ragnheiður E. Árnadóttir.	Lúðvík Bergvinsson.

776. Breytingartillögur [325. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 90/2003, um tekjuskatt, lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, og lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðar breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og skattanefndar (PHB, EBS, GSv, MS, REÁ, LB).

1. 1. gr. orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna:
   a. Á eftir orðinu „hlutabréfa“ í 1. mgr. kemur: og afleiðusamninga sem seldir eru á skipulegum verðbréfamörkuðum, þar sem undirliggjandi verðmæti eru eingöngu hlutabréf.

b. Á eftir orðinu „hlutabréfa“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: og afleiðusamninga sem seldir eru á skipulegum verðbréfamörkuðum, þar sem undirliggjandi verðmæti eru eingöngu hlutabréf.
c. 5. mgr. fellur brott.

2. 2. gr. orðist svo:
Eftirfarandi breytingar verða á 31. gr. laganna:
a. 1. og 3. mgr. 5. tölul. falla brott.
b. Við 4. málsl. 9. tölul. bætist: eða aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.
c. Á eftir 9. tölul. kemur nýr töluliður er verður 9. tölul. A, svohljóðandi: Hagnað af sölu hlutabréfa og afleiðusamninga sem seldir eru á skipulegum verðbréfamarkaði, þar sem undirliggjandi verðmæti eru eingöngu hlutabréf, samkvæmt lögum þessum hjá félögum sem falla undir 1. og 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. af hlutabréfum í félögum er greinir í 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. Sama gildir um hagnað sem félög í sömu félagaformum sem eru skattskyld skv. 7. tölul. 3. gr. og eru heimilisföst í öðru aðildarríki á Evrópska efnahagssvæðinu hafa fengið af sölu hlutabréfa. Ákvæði þessa töluliðar tekur einnig til hagnaðar af sölu hlutabréfa í félögum sem skráð eru erlendis ef seljandi sýnir fram á að hagnaður af starfsemi hins erlenda félags hafi verið skattlagður með sambærilegum hætti og gert er hér á landi. Frádráttur skv. 3. málsl. er bundinn því skilyrði að það skatthlutfall sem lagt er á hagnað hins erlenda félags sé eigi lægra en almennt skatthlutfall í einhverju aðildarríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París (OECD), aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.

Tap umfram hagnað af sölu hlutabréfa og afleiðusamninga sem seldir eru á skipulegum verðbréfamarkaði, þar sem undirliggjandi verðmæti eru eingöngu hlutabréf, heimilast ekki sem frádráttur frá tekjum og myndar ekki yfirfæranlegt tap.

Frádráttur samkvæmt þessum tölulið er því aðeins heimill að yfirfæranlegt rekstrartap hafi verið jafnað, þar með talið tap sem myndast hefur á tekjuárinu.

Fjármálaráðherra skal setja nánari reglur um framkvæmd þessara ákvæða.

3. 9. gr. orðist svo:
Ákvæði 1. og 2. gr. öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 2009 vegna söluhagnaðar sem myndast á árinu 2008, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða.
Ákvæði 3.–7. gr. öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. janúar 2009.
Ákvæði 8. gr. öðlast gildi 1. janúar 2008.

4. Við bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
Ákvæði 5. mgr. 18. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skulu halda gildi sínu um hagnað félaga skv. 3.–5. tölul. 1. mgr. 2. gr. sömu laga og einstaklinga í atvinnurekstri af sölu hlutabréfa sem féll til fyrir gildistöku laga þessara. Ákvæði þetta skal einnig halda gildi sínu um frestaðan söluhagnað félaga skv. 1. og 2. tölul. 2. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, á árunum 2006 og 2007.

777. Tillaga til þingsályktunar [487. mál]

um að efla sjálfstæði landlæknisembættisins.

Flm.: Álfheiður Ingadóttir, Kolbrún Halldórsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Kristinn H. Gunnarsson, Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna kosti þess að landlæknisembættið heyri beint undir Alþingi eins og Ríkisendurskoðun og umboðsmaður Alþingis.

Greinargerð.

Hinn 1. september 2007 tóku gildi lög um landlækni, nr. 41/2007. Voru þau sett samhliða nýjum lögum um heilbrigðisþjónustu en fram að þeim tíma hafði embætti landlæknis starfað samkvæmt ákvæðum í ýmsum lögum, svo sem lögum um heilbrigðisþjónustu, lögum um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta, læknalögum og öðrum sérlögum um heilbrigðisstéttir. Markmið lagasetningarinnar var að kveða skýrar á um hlutverk landlæknis og ekki síst til að styrkja og skerpa á hlutverki embættisins sem eftirlits- og stjórnsýslustofnunar á sviði heilbrigðismála. Lögin takmarka þó faglegt valdsvið og sjálfstæði landlæknisembættisins á ýmsan hátt og embættið lýtur eftir sem áður yfirstjórn heilbrigðisráðherra. Það kann að orka tvímælis þar sem augljósir hagsmunaárekstrar geta átt sér stað milli landlæknis, sem ber ábyrgð á hinni faglegu hlið heilbrigðisþjónustunnar, og ráðherrans, sem fulltrúa framkvæmdarvaldsins. Lögin kveða t.d. á um að heilbrigðisráðherra hafi vald til að breyta áliti landlæknis og að ráðherra sé heimilt að veita leyfi til rekstrar á sviði heilbrigðisþjónustu þótt landlæknir synji.

Eitt meginhlutverk landlæknis er að tryggja gæði heilbrigðisþjónustunnar og stuðla að heilbrigði landsmanna, m.a. með gerð áætlunar um gæðaþróun sem miði að því að efla gæði og öryggi og stuðla að framþróun í heilbrigðisþjónustu. Með þessu ákvæði er landlækni ætlað að vera fulltrúi og talsmaður almennings gagnvart framkvæmdarvaldinu en embættið hefur þó stöðu undirstofnunar og lýtur yfirstjórn sama framkvæmdarvalds, þ.e. heilbrigðisráðherra. Landlækni er einnig falið að hafa eftirlit með heilbrigðisstarfsmönnum, en fagleg fyrirmæli hans um vinnulag, aðgerðir og viðbrögð af ýmsu tagi sem heilbrigðisstarfsmönnum er skylt að fylgja, sem og fyrirmæli um skráningu heilbrigðisupplýsinga, skulu lögð fyrir ráðherra til staðfestingar.

Sömu sögu er að segja um eftirlit landlæknis með heilbrigðisþjónustu, en embættinu er ætlað að meta hvort fyrirhuguð heilbrigðisþjónusta uppfylli faglegar kröfur laga og reglugerða. Erfitt er að sjá hvernig embættið getur gegnt hlutverki sínu með fullnægjandi hætti, þar sem ráðherra hefur ævinlega síðasta orðið. Leggist landlæknir gegn því að viðkomandi rekstraraðili fái rekstrarleyfi er ráðherra heimilt að úrskurða á annan veg og heimila viðkomandi rekstur þvert á faglegt mat landlæknis.

Að lokum skal nefnt það hlutverk landlæknis að sinna kvörtunum vegna meintrar vanrækslu og mistaka og ótilhlýðilegrar framkomu heilbrigðisstarfsmanna en kærum er varða samskipti almennings og heilbrigðisþjónustunnar fer fjölgandi. Kvartanir almennings til landlæknisembættisins vegna heilbrigðisþjónustu á árinu 2007 voru 274, en árið 2003 voru kvartanirnar 220. Augljóst er hversu mikilvægt það er að tryggja óhlutdrægni þegar rannsaka skal meint mistök heilbrigðisstarfsmanna að beiðni sjúklinga. Miklar umræður hafa orðið í kjölfar slíkra kærumála. Á það hefur verið bent að landlæknisembættið geti ekki vegna

veikrar stöðu sinnar gætt hagsmuna almennings/sjúklinga eins og nauðsyn krefur, þar sem báðir aðilar, þ.e. viðkomandi heilbrigðisstofnun og/eða heilbrigðisstarfsmaður og landlæknisembættið, eru jafnt settir gagnvart ráðherra. Hefur verið bent á ýmsar leiðir til úrbóta, m.a. þá að setja á stofn sérstakt embætti umboðsmanns sjúklinga.

Hinn 4. mars sl. voru samþykkt á Alþingi lög um breytingu á ýmsum lögum vegna flutnings á útgáfu starfsleyfa til landlæknis. Samkvæmt lögunum flyst útgáfa starfsleyfa til handa heilbrigðisstéttum frá heilbrigðisráðuneyti til landlæknis. Helstu rökin eru að um sé að ræða stjórnsýslu sem telja verði að eigi frekar heima á verksviði stofnunar en ráðuneytis. Breytingin sé ákjósanleg út frá sjónarmiðum um réttaröryggi en samkvæmt lögunum getur umsækjandi um starfsleyfi borið ákvörðun landlæknis undir ráðuneytið. Þá sé um að ræða einföldun á málsmeðferð og styttri málsmeðferðartíma. Flutningsmenn þingsályktunartillögu þessarar telja lögin til bóta enda hníga þau til sömu áttar og þingsályktunartillaga þessi, þ.e. að styrkja stöðu landlæknisembættisins sem stjórnsýslustofnunar og skýra mörk milli embættisins og ráðuneytisins.

Flutningsmenn telja veigamikil rök standa til þess að efla faglegt sjálfstæði landlæknis enn frekar. Embættið á með réttu að hafa aðra og styrkari stöðu en það nú hefur gagnvart heilbrigðisstofnunum og heilbrigðisstarfsmönnum sem það á að hafa faglegt og stjórnsýslulegt eftirlit með. Með því móti má koma í veg fyrir hagsmunaárekstra, auka réttaröryggi og draga úr vantrú á eftirlit embættisins og rannsóknir þess á kvörtunum sjúklinga. Því er þingsályktunartillaga þessi flutt en sama fyrirkomulag hefur gefist vel hvað varðar sjálfstæði Ríkisendurskoðunar og umboðsmanns Alþingis.

778. Tillaga til þingsályktunar [488. mál]

um endurbætur björgunarskipa.

Flm.: Jón Gunnarsson, Gunnar Svavarsson, Árni Þór Sigurðsson,
Guðjón A. Kristjánsson, Magnús Stefánsson.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að beita sér fyrir því að ráðist verði í markvissar endurbætur björgunarskipa á árunum 2009–2014. Einnig ályktar Alþingi að könnuð verði þörf og möguleikar á að fá enn öflugri skip á tiltekna staði á landinu.

Greinargerð.

Árið 2002 var markvisst byrjað á því að endurnýja og efla björgunarskipaflota Slysavarnafélagsins Landsbjargar og hefur bæst við skipaflotann síðan þá. Nú eru björgunarskip Landsbjargar 14 talsins og eru þau staðsett þar sem slysahætta er talin mest vegna sjósóknar. Útbreiðsla björgunarskipanna er því nú orðin mjög ásættanleg og lætur nærri að dekkun á A1-hafsvæðinu náist á um 5–6 timum eftir útkall (sjá fylgiskjal 1).

Ljóst er að þörfin fyrir björgunarskipin er mikil en á árinu 2006 voru 96 útköll skráð á landsvísu eða tæplega sjö á hvert skip. Það eru eingöngu útköll þar sem hætta eða vá er talin vera fyrir hendi. Þar að auki sinna björgunarskipin ótal öðrum verkefnum og æfingum, m.a. með þyrlum og varðskipum Landhelgisgæslunnar. Lætur nærri að keyrslutími á hvert skip sé 200–300 stundir á ári. Árið 2005 var gerður samningur milli Slysavarnafélagsins Lands-

bjargar, Landhelgisgæslu Íslands og dómsmálaráðuneytisins um nýtingu Landhelgisgæslunnar á björgunarskipunum til eftirlitsstarfa. Starfsmenn Landhelgisgæslunnar hafa þegar haldið námskeið fyrir hluta af áhöfnum björgunarskipanna til að uppfylla þau skilyrði sem Landhelgisgæslan setur.


Þau skip sem Slysavarnafélagið Landsbjörg notar nú eru svokölluð ARUN-björgunarskip sem eru talin mjög örugg og hafa reynst afar vel við íslenskar aðstæður. Þessi skip voru keypt notuð af konunglegu bresku sjóbjörgunarsamtökunum í mjög góðu ásigkomulagi. Skipin höfðu reglulega farið í skipulagt viðhald, svokallaða klössun, en nú er svo komið að þrjú til fjögur elstu skipin þurfa að fara í slíka klössun. M.a. þarf að skipta um vélar þar sem þær eru orðnar of gamlar og slitnar en erfitt er að fá varahluti í þær. Með nýjum og öflugri vélum fengist meiri ganghraði, meiri langdrægni og rekstraröryggi ásamt því að eldsneytiseyðsla, og þar með rekstrarkostnaður, mundi lækka umtalsvert.

Búast má við að öll önnur skip í skipaflotanum þurfi jafnframt slíka klössun á næstu árum. Einnig eru tæki og búnaður að einhverju leyti úrelt en gríðarleg þróun hefur orðið í siglinga- og leiðsögutækjabúnaði síðustu ár og því er nauðsynlegt að endurnýja hann. Þar sem skrokkur og yfirbygging skipanna er í mjög góðu ástandi er talið hagkvæmt að fara í slíkar aðgerðir þar sem skipin endist þá a.m.k. í 15 ár til viðbótar. Líklegt er að kostnaður sé u.þ.b. 20 millj. kr. á skip án virðisaukaskatts en líklega mundi nýsmíði á samsvarandi skipi ekki kosta undir 150 millj. kr.

Slysavarnafélagið Landsbjörg skipaði fyrir nokkru nefnd í samstarfi við Landhelgisgæsluna sem falið var að skoða staðsetningu björgunarskipanna og athuga einnig hvort ástæða væri til að fá stærri og öflugri skip, sem rekin væru á sama grunni og núverandi skip, á staði þar sem aðstæður í hafinu geta verið erfiðari. Nefndina skipuðu skólastjóri Slysavarnaskóla sjómanna og skipherra hjá Landhelgisgæslunni auk fyrrverandi yfirmanns tilkynningarskyldunnar. Niðurstaða þessa hóps liggur fyrir og full ástæða er til að skoða málið nánar.

Fylgiskjal.

Útbreiðsla björgunarskipa.



779. Tillaga til þingsályktunar [489. mál]

um siglingaleiðir við norðan- og vestanvert Ísland.

Flm.: Árni Þór Sigurðsson, Kristján Þór Júlíusson, Valgerður Sverrisdóttir, Guðjón A. Kristjánsson, Álfheiður Ingadóttir, Jón Gunnarsson, Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra, í samráði við umhverfisráðherra og utanríkisráðherra, að semja reglur um siglingaleiðir við norðan- og vestanvert Ísland, m.a. í tengslum við Norður-Íshafssiglingar, og afla staðfestingar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar á þeim. Markmið reglnanna verði að afmarka siglingaleiðir vestur og norður af landinu í því skyni að treysta öryggi siglinga, auka öryggi sjófarenda og draga úr líkum á óhöppum og alvarlegum afleiðingum slysa fyrir hið viðkvæma umhverfi og lífríki, enn fremur að stýra og/eða koma í veg fyrir siglingar um sérlega viðkvæm hafsvæði og tryggja viðbúnað vegna mengunarslysa.

Greinargerð.

Siglingar hafa verið Íslendingum mikilvægar allt frá landnámi og eru enn. Sem eyþjóð eigum við Íslendingar mikið undir traustum og öruggum siglingum til og frá landinu. Enda þótt siglingar séu ekki lengur eini samgöngumátinn til og frá landinu varða þær okkur miklu og mun gera um ófyrirsjáanlega framtíð.

Auðlindir sjávar hafa verið og eru þjóðinni dýrmætar og ljóst að siglingar geta vissulega haft umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér fyrir haf og strendur og þar með lífríki, bæði til lands og sjávar, með geigvænlegum afleiðingum. Því er sérstaklega brýnt að við hugum vel að öllum umhverfis- og öryggisþáttum að því er varðar siglingar í íslenskri lögsögu.

Aukin skipaumferð.

Talsvert hefur verið rætt um vaxandi skipaumferð í kringum landið og um íslenska efnahagslögsögu. Almennir flutningar til og frá landinu hafa aukist um nálægt 15% á fimm ára tímabili, 2001–2005, og halda áfram að aukast. Umferð skemmtiferða- og farþegaskipa hefur vaxið gríðarlega á undanförnum árum. Fyrir um 15–20 árum var fjöldi skemmtiferðaskipa sem hingað kom í kringum 20 ár hvert og farþegafjöldinn um 8–12 þúsund. Árið 2005 komu um 80 farþegaskip hingað til lands með um 55–60 þúsund farþega og því er spáð að þessi umferð eigi enn eftir að aukast. Töluvert er um að skemmtiferðaskip leggi leið sína um Norðurhöf, milli Grænlands, Íslands, Færeyja og Norður-Noregs.

Umferð olíuflutningaskipa hefur aukist nýlega. Til skamms tíma lögðu ekki önnur olíuflutningaskip leið sína um íslenskt hafsvæði nema þau sem komu hingað með þá olíu sem landsmenn nota, auk olíu til herstöðvarinnar í Keflavík. Þessi staða er nú gerbreytt og hefur breyst á tiltölulega skömmum tíma. Í áfangaskýrslu starfshóps um leiðastjórnun skipa o.fl. frá apríl 2007 segir m.a.: „Stór olíuflutningaskip sigla nú um efnahagslögsögu Íslands í talsverðum mæli á leið frá höfnum við Hvítahaf vestur um haf til Norður-Ameríku. Þessi breyting á olíuflutningaleiðum stafar af því að Rússar eiga miklar olíulindir á norðurslóðum, einkum í Norðvestur-Rússlandi, og líkur eru á að innan 5 til 10 ára verði allt að 50 milljónir tonna af hráolíu fluttar frá Norðvestur-Rússlandi til Bandaríkjanna með stórum olíuflutningaskipum. Leið þeirra liggur um íslensku efnahagslögsöguna og fara skip á þessari leið ýmist austan og sunnan við landið eða norðan og vestan við það. Flest þeirra fara utan þess svæðis sem AIS-kerfi Siglingastofnunar nær til þannig að lítið er vitað um ferðir þeirra.“[1]

Engum blöðum er því um það að fletta að umferð á íslensku hafsvæði hefur vaxið undanfarin ár og mun enn vaxa á komandi árum.

Norður-Íshafssiglingaleiðin.

Hlýnun sjávar hefur m.a. haft í för með sér að siglingaleiðin milli Kyrrahafs og Atlantshafs, um Norður-Íshaf, hefur opnast, a.m.k. að hluta til. Íslensk stjórnvöld stóðu á síðasta ári fyrir alþjóðlegri ráðstefnu, „Ísinn brotinn“, um þróun norðaustursvæðisins og sjóflutninga og var hún haldin á Akureyri. Í samantekt ráðstefnunnar segir m.a.: „Loftslagsbreytingar um allan heim, ásamt því að hafís á norðurskautssvæðinu hefur hörfað undanfarin 50 ár, sem á sér vart fordæmi, hafa leitt til þess að hafskip geta nú siglt um hafsvæði norðurskautsins í ríkari mæli en áður. Rannsóknargögn sýna að ís yfir hafsvæðum minnkar stöðugt og nýlegt líkan gefur til kynna að Norður-Íshafið kunni að verða íslaust með öllu stuttan tíma að sumri

---

[1] *Áfangaskýrsla starfshóps um leiðastjórnun skipa, neyðarhafnir og varnir gegn mengun frá siglingum*, Siglingastofnun, apríl 2007. Vefslóð: http://sigling.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=3365.

(í september) frá 2040 að telja eða fyrr. Norðurskautssvæðið gefur vísbendingu um loftslag jarðarinnar í framtíðinni – 10 ár breytinga á norðurskautssvæðinu jafngilda nokkurn veginn 25 árum sjáanlegra breytinga annars staðar á jörðinni.“[2]

Það er afar líklegt að á komandi árum og áratugum verði siglingaleiðin um Norður-Íshaf í æ ríkari mæli nýtt fyrir hvers kyns flutninga, enda styttir hún flutningaleiðina milli Evrópu og Asíu umtalsvert. Um leið verður að teljast líklegt að flutningar aukist um Norður-Atlantshaf og þá um hafsvæðin innan íslensku efnahagslögsögunnar. Einkum hefur verið bent á olíuútflutning Rússa í þessu efni og kom það m.a. fram á umræddri ráðstefnu. Um það segir m.a. í ráðstefnuskýrslunni: „Siglingar á innri norðausturleiðinni munu vafalaust stóraukast á næstu árum vegna olíuútflutnings og efnahagsþróunar strandsvæða Síberíu, burtséð frá því hvort siglingaskilyrði vegna loftslagsbreytinga batna. Olíuútflutningur Rússa eftir þessari leið vex hröðum skrefum og er því spáð að innan fárra ára kunni Múrmansk jafnvel að verða mesta olíuútflutningshöfn heims.“[3]

Enda þótt hlýnun sjávar leiði til bráðnunar íss og að sjóleiðin um Norður-Íshaf opnist er augljóst að eftir sem áður stafar sjófarendum talsverð hætta af ís, einkum borgarísjökum, á þessum slóðum. Með aukinni umferð um þessi hafsvæði verður því enn brýnna en áður að til séu skýrar reglur um siglingaleiðir og stjórnvöld hafi yfir að ráða stjórntækjum til að treysta öryggi siglinga og vernda viðkvæmt umhverfi og lífríki.

Leiðastjórnun skipa fyrir Suður- og Suðvesturlandi.

Síðla árs 2006 skipaði þáverandi samgönguráðherra nefnd til að gera tillögur um það hvernig stuðla mætti að því „…að fyrirbyggja slys og mengun á sjó og draga úr áhrifum þeirra á umhverfi sjávar og stranda, efnahagslífið og heilbrigði íbúanna.“ Nefndinni voru í erindisbréfi falin viðamikil verkefni, m.a. að greina umfang siglinga í efnahagslögsögu Íslands og líklega þróun, gera tillögu að skipulagi skipaumferðar, svo sem afmörkun siglingaleiða, gera áætlun um neyðarhafnir o.fl.

Í kjölfar strands flutningaskipsins Wilson Muuga í desember 2006 fól samgönguráðherra nefndinni frekari umfjöllunarefni, m.a. að gera tillögu að afmörkun öruggra siglingaleiða skipa og fá alþjóðlega viðurkenningu á siglingaleiðum. Nefndin gerði í apríl 2007 tillögur til samgönguráðherra, m.a. að því er lýtur að leiðastjórnun skipa fyrir Suður- og Suðvesturlandi. Þær tillögur fengust síðar staðfestar af Alþjóðasiglingamálastofnuninni og taka gildi þann 1. júlí næstkomandi. Í umfjöllun sinni um tillögurnar segir nefndin m.a. um markmiðin með leiðastjórnunarráðstöfunum: „Annars vegar er stefnt að því að draga úr hættu vegna mengunar hafs og stranda af völdum skipaumferðar með því að takmarka för stórra skipa og skipa sem flytja hættulegan og mengandi varning um hinar mikilvægu uppeldisstöðvar fiska og annarra sjávarlífvera fyrir suðvesturlandi þar sem helstu nytjastofnar Íslendinga klekjast út og eru veiddir […] Hins vegar er það markmið með leiðastjórnunarráðstöfununum að beina skipum frá siglingahættum á þeim svæðum sem þær ná yfir og á þær siglingaleiðir sem teljast öruggastar.“

Þessi markmið eiga að sjálfsögðu við um allt hafsvæðið í kringum Ísland þótt formlegar reglur hafi aðeins verið settar um siglingaleiðir fyrir Suður- og Suðvesturlandi.

---

[2] *Ísinn brotinn*, Utanríkisráðuneytið, mars 2007. Vefslóð: http://www.utanrikisraduneyti.is/media/Utgafa/Isinn_brotinn.pdf.

[3] *Fyrir stafni haf*, Utanríkisráðuneytið, febrúar 2005. Vefslóð: http://www.utanrikisraduneyti.is/media/Utgafa/vef_skyrsla.pdf.

Næstu skref – lokaorð.

Siglingastofnun hefur verið með til skoðunar hvernig standa eigi að stýringu skipaumferðar á öðrum svæðum en fyrir Suður- og Suðvesturlandi. Hefur þar m.a. verið um samráð að ræða við yfirvöld umhverfismála eins og eðlilegt er. Hins vegar er full ástæða fyrir Alþingi að láta þetta ríka hagsmunamál til sín taka og fjalla um reglur um siglingaleiðir í kringum landið. Í framhaldi af miklum umræðum um auknar siglingar í Norðurhöfum og flutninga milli Rússlands og Norður-Ameríku, m.a. með hættulegan varning, er sérlega mikilvægt að mótaðar verði reglur um siglingar og leiðastjórnun við norðan- og vestanvert Ísland.

Flutningsmönnum er ljóst að mál af þessum toga krefst mikils og vandaðs undirbúnings og kallar á staðfestingu Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar. Þó er ástæða til að kanna hver réttarstaða íslenskra stjórnvalda er til að taka einhliða ákvarðanir um siglingaleiðir í íslenskri lögsögu og er sjálfsagt að samgönguráðherra geri það í samráði við utanríkisráðuneytið.

Lagt er til að samgönguráðherra verði falið, að höfðu samráði við umhverfisráðherra og utanríkisráðherra, að semja reglur um siglingaleiðir við norðan- og vestanvert landið. Markmiðið er að afmarka öruggar siglingaleiðir vestur og norður af landinu í því augnamiði að treysta öryggi siglinga, auka öryggi sjófarenda og draga úr líkum á óhöppum og alvarlegum afleiðingum slysa sem kunna að verða fyrir hið viðkvæma umhverfi og lífríki á svæðinu. Enn fremur að stýra og/eða koma í veg fyrir siglingar um sérlega viðkvæm hafsvæði og tryggja viðbúnað vegna mengunarslysa. Það er mikið í húfi fyrir Íslendinga og því brýnt að hraða eins og kostur er þeirri vinnu og í þeim tilgangi er þessi tillaga flutt.

780. Frumvarp til laga [410. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, og lögum um málefni aldraða, nr. 125/1999, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 13. mars.)

I. KAFLI
Breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:

a. 1. málsl. a-liðar 2. mgr. orðast svo: Tekjur umfram 90.000 kr. á ári skv. C-lið 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skulu metnar að 50 hundraðshlutum við útreikning á elli- og örorkulífeyri, örorkustyrk og tekjutryggingu skv. 17.–19. gr. og 22. gr. þessara laga.
b. B-liður 2. mgr. orðast svo: Tekjur lífeyrisþega af atvinnu skulu hafa áhrif við útreikning á fjárhæð tekjutryggingar skv. 22. gr., sbr. þó 4. mgr. Ellilífeyrisþegi getur valið að hafa 1.200.000 kr. frítekjumark vegna atvinnutekna eða telja 60% af atvinnutekjum til tekna við útreikning tekjutryggingar. Örorkulífeyrisþegi getur valið að hafa 300.000 kr. frítekjumark vegna atvinnutekna eða telja 60% af atvinnutekjum til tekna við útreikning tekjutryggingar.
c. C-liður 2. mgr. orðast svo: Við útreikning á fjárhæð bóta skv. III. kafla laga þessara og vasapeninga skv. 48. gr. skal ekki reikna með tekjum maka, sbr. þó a-lið þessarar málsgreinar.

d. D-liður 2. mgr. fellur brott.
e. Orðin „húsaleigubætur samkvæmt lögum um húsaleigubætur“ í 3. mgr. falla brott.
f. 4. mgr. orðast svo:
   Þegar um er að ræða tekjutryggingu skv. 22. gr. teljast ekki til tekna þrátt fyrir 2. mgr. bætur samkvæmt lögum þessum og lögum um félagslega aðstoð, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, greiðslur úr séreignarlífeyrissparnaði og sambærilegar greiðslur frá ríkjum sem Ísland hefur gert samninga við skv. 68. gr. Þá teljast ekki til tekna atvinnutekjur 70 ára og eldri.
g. 11. mgr. orðast svo:
   Tryggingastofnun ríkisins er heimilt, að ósk lífeyrisþega, að dreifa eigin tekjum lífeyrisþegans sem stafa af fjármagnstekjum sem leystar hafa verið út í einu lagi á allt að 10 ár. Ekki er heimilt að dreifa slíkum tekjum oftar en einu sinni á hverju tímabili.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 17. gr. laganna:
a. 1. málsl. orðast svo: Ellilífeyri skal skerða ef tekjur ellilífeyrisþega skv. 2. og 3. mgr. 16. gr. eru hærri en 2.056.404 kr. á ári og um framkvæmd fer skv. 16. gr.
b. Í stað hlutfallstölunnar „30%“ í 2. málsl. kemur: 25%.

3. gr.

1. málsl. 5. mgr. 18. gr. laganna orðast svo: Örorkulífeyri skal skerða ef tekjur örorkulífeyrisþega skv. 2. og 3. mgr. 16. gr. eru hærri en 2.095.501 kr. á ári og um framkvæmd fer skv. 16. gr.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 21. gr. laganna:
a. Orðin „og 5. mgr. 18. gr.“ í 3. málsl. 1. mgr. falla brott.
b. 2. mgr. orðast svo:
   Fjárhæð mánaðarlegrar aldurstengdrar örorkuuppbótar, sbr. 1. mgr., skal vera hlutfall af óskertum mánaðarlegum örorkulífeyri skv. 18. gr. og miðast við fæðingardag, sbr. eftirfarandi:

18 til og með 24 ára	100%
25 ára	95%
26 ára	90%
27 ára	85%
28 og 29 ára	75%
30 og 31 árs	65%
32 og 33 ára	55%
34 og 35 ára	45%
36 og 37 ára	35%
38 og 39 ára	25%
40 til og með 45 ára	15%
46 til og með 50 ára	10%
51 til og með 55 ára	7,5%
56 til og með 60 ára	5%
61 til og með 66 ára	2,5%

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 22. gr. laganna:

a. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Greiðslur úr skyldubundnum atvinnutengdum lífeyrissjóðum undir 300.000 kr. á ári skulu þó ekki skerða tekjutryggingu samkvæmt þessari málsgrein.
b. 5. mgr. fellur brott.

6. gr.

8. mgr. 48. gr. laganna orðast svo:

Þegar lífeyrir og bætur honum tengdar falla niður skv. 5. mgr. er heimilt að greiða elli- og örorkulífeyrisþega sem dvelst á sjúkrahúsi hér á landi vasapeninga allt að 28.951 kr. á mánuði. Við útreikning á fjárhæð vasapeninga skulu tekjur skerða vasapeninga um 65%. Vasapeningar falla alveg niður við tekjur sem nema 641.146 kr. á ári. Með tekjum er átt við tekjur eins og þær eru skilgreindar í 16. gr. og um tekjuútreikning fer samkvæmt sömu grein. Ef tekjur hlutaðeigandi eru af vinnu á stofnuninni og telja má vinnuna þátt í endurhæfingu er heimilt að ákveða að tekjurnar hafi ekki skerðingaráhrif á vasapeningana svo framarlega sem þær fara ekki yfir 680.350 kr. á ári og sama gildir um tekjur í formi hlunninda og annarra greiðslna en peninga. Tekjur vegna vinnu á stofnun, sbr. 5. málsl. þessarar málsgreinar, umfram 680.350 kr. á ári skerða vasapeninga í samræmi við skerðingarhlutfall 2. málsl.

7. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

10. Á tímabilinu 1. apríl 2008 til og með 31. desember 2009 er hægt að óska eftir því hjá Tryggingastofnun ríkisins að gerður verði samanburður á útreikningi elli- og örorkulífeyris og tekjutryggingar fyrir og eftir gildistöku þessara laga. Ef samanburðurinn leiðir til hærri bóta samkvæmt eldri lögum skal stofnunin greiða hærri bæturnar á því tímabili.

II. KAFLI

Breyting á lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999, með síðari breytingum.

8. gr.

3. tölul. 2. mgr. 22. gr. laganna fellur brott.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 26. gr. laganna:

a. 1. málsl. a-liðar 1. mgr. orðast svo: Tekjur umfram 90.000 kr. á ári skv. C-lið 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skulu metnar að 50 hundraðshlutum við útreikning á vistunarframlagi skv. 21. gr., sbr. og 22. gr. þessara laga.
b. Í stað „300.000 kr.“ í 2. málsl. b-liðar 1. mgr. kemur: 1.200.000 kr.
c. 3. málsl. b-liðar 1. mgr. fellur brott.
d. C-liður 1. mgr. orðast svo: Við útreikning á fjárhæð vistunarframlags skv. 21. gr., sbr. og 22. gr., skal ekki reikna með tekjum maka, sbr. þó a-lið þessarar málsgreinar.
e. D-liður 1. mgr. fellur brott.
f. 2. mgr. orðast svo:

Þrátt fyrir 1. mgr. teljast ekki til tekna bætur frá lífeyristryggingum almannatrygginga samkvæmt lögum um almannatryggingar, bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, greiðslur úr séreignarlífeyrissparnaði og sambæri-

legar greiðslur frá ríkjum sem Ísland hefur gert samninga við skv. 68. gr. laga um almannatryggingar, nr. 100/2007. Þá teljast ekki til tekna atvinnutekjur 70 ára og eldri.

g. Á eftir 9. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt, að ósk vistmanns, að dreifa eigin tekjum vistmannsins sem stafa af fjármagnstekjum sem leystar hafa verið út í einu lagi á allt að 10 ár. Ekki er heimilt að dreifa slíkum tekjum oftar en einu sinni á hverju tímabili.

10. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Vegna útreiknings á vistunarframlagi skv. 21. gr. laganna er hægt að óska eftir því hjá Tryggingastofnun ríkisins á tímabilinu 1. apríl 2008 til og með 31. desember 2009 að gerður verði samanburður á útreikningi vistunarframlags fyrir og eftir gildistöku þessara laga. Ef samanburðurinn leiðir til aukinnar kostnaðarþátttöku vistmanns samkvæmt eldri lögum skal leiðrétta vistunarframlag vegna framangreinds tímabils.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 2008.

Ákvæði a-liðar 1. gr. og a-liðar 9. gr. koma til framkvæmda við endurreikning bóta og vistunarframlags ársins 2007.

Ákvæði b-liðar 1. gr., b-liðar 4. gr., a-liðar 5. gr. og b-liðar 9. gr. koma til framkvæmda 1. júlí 2008.

Ákvæði f- og g-liðar 1. gr. og f-liðar 9. gr. koma til framkvæmda 1. janúar 2009.

781. Lög [410. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, og lögum um málefni aldraða, nr. 125/1999, með síðari breytingum

(Afgreidd frá Alþingi 13. mars.)

Samhljóða þskj. 780.

782. Fyrirspurn [490. mál]

til samgönguráðherra um lengingu flugbrautar á Bíldudal.

Frá Jóni Bjarnasyni.

1. Hvað er flugbrautin á Bíldudal löng og hver er afkastageta vallarins við núverandi aðstæður?
2. Liggja fyrir áform um lengingu flugbrautarinnar?
3. Hvað mundi kosta að lengja flugbrautina um 250–300 metra og eru einhverjar tæknilegar hindranir fyrir því?

4. Hvaða áhrif hefði lengingin á afkastagetu og þjónustustig flugvallarins?
5. Hvaða áhrif gæti lenging brautarinnar haft fyrir aukna ferðamennsku og sjóstangveiði vestra og útflutning sjávarfangs þaðan?
6. Kæmi til greina að lenging flugbrautarinnar yrði sértæk flýtiaðgerð til að skjóta styrkari stoðum undir samgöngur og auka samkeppnishæfni þjónustu og atvinnulífs á sunnanverðum Vestfjörðum?

783. Fyrirspurn [491. mál]

til iðnaðarráðherra um flutningskerfi Landsnets á Vestfjörðum.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Verður ráðist í að styrkja flutningskerfi Landsnets á Vestfjörðum á þessu kjörtímabili til þess að auka áreiðanleika orkuafhendingar?
2. Hver er afstaða ráðherra til þeirra fjögurra leiða sem kynntar eru í áfangaskýrslu Landsnets frá desember 2007 um flutningskerfi Vestfjarða?
3. Er ráðherra reiðubúinn að láta skoða þann möguleika að styrkja flutningskerfið með hringtengingu um Vestfirði þannig að lína lægi frá Ísafirði um Ísafjarðardjúp yfir í Strandasýslu og þaðan suður að Hrútatungu?

784. Tillaga til þingsályktunar [492. mál]

um skáksetur helgað afrekum Bobbys Fischers og Friðriks Ólafssonar.

Flm.: Guðni Ágústsson, Einar Már Sigurðarson, Ellert B. Schram, Guðfinna S. Bjarnadóttir, Guðjón A. Kristjánsson, Huld Aðalbjarnardóttir, Kristinn H. Gunnarsson, Magnús Stefánsson, Ólöf Nordal, Steingrímur J. Sigfússon, Illugi Gunnarsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa starfshóp til að útfæra hugmyndir um alþjóðlegt skáksetur í Reykjavík sem helgað yrði skákafrekum stórmeistaranna Friðriks Ólafssonar annars vegar og Bobbys Fischers hins vegar.

Greinargerð.

Skákmenningu Íslendinga má rekja langt aftur í aldir. Af fornum bókum má sjá að Íslendingar tefldu talsvert fyrr á öldum og um það eru ýmsar heimildir. Í Búalögum um árið 1500 er þess getið að það kosti 12 álnir að kenna að tefla.

Til þess að ná langt í skák þarf fjölþætta hæfileika. Snilli skákmeistarans er samofin úr mörgum eiginleikum hugarflugs og rökhyggju. Skákin á sér kröfu sem er sameiginleg öðrum listum, kröfu um sköpunargáfu, samræmi, einbeitingu, ástríðu, frumleika og viljastyrk.

Friðrik Ólafsson stendur föstum fótum í íslenskri skákmenningu. Hann byggir á reynslu og afrekum þeirra íslensku skákmanna sem fóru fremstir í flokki á undan honum. Snillingar

festa rætur þar sem menning og hefð eru með blóma. Rósir vaxa ekki af sjálfsdáðum á eyðisöndum. Frægðarferill Friðriks við skákborðið er langur. Vert er að sýna dálítið brot til þess að minna á hversu glæsilegur ferillinn er. Hann varð Íslandsmeistari 1952, 17 ára gamall, skákmeistari Norðurlanda 1953 og þá sá yngsti sem því marki hafði náð. Eitt kunnasta afrek Friðriks Ólafssonar er þegar hann náði efsta sæti í Hastings ásamt Kortsnoj 1955–56. Þetta var aðeins upphafið og Friðrik átti síðar eftir að vinna marga frækna sigra á skáksviðinu. Friðrik var útnefndur stórmeistari í skák 1958, fyrsti Íslendingurinn sem náði þeim titli. Þá fór mikil hrifningaralda um íslenskt þjóðfélag. Friðrik Ólafsson hefur ritað bækur um skák, m.a. um heimsmeistaraeinvígið 1972 með Freysteini Jóhannssyni. Haft var eftir Bobby Fischer að skýringar Friðriks við skákirnar frá einvíginu 1972 séu þær bestu sem gerðar hafa verið.

Friðrik Ólafsson var kosinn forseti Alþjóðaskáksambandsins, FIDE, og Ísland varð þannig áhrifaland í skáklífi heimsins. Viðbrögð skákheimsins við kjöri Friðriks voru almenn ánægja. Fyrst og fremst var kjörið viðurkenning á einstaklingnum Friðriki Ólafssyni og lýsti trausti á honum og sýndi vinsældir hans. Í annan stað var kjörið viðurkenning á skákhefð Íslendinga. Ísland var orðið þungamiðja í skáklífi heimsins. Það er sama hversu marga og sterka skákmeistara Íslendingar eignast, Friðrik verður alltaf Friðrik. Yfir nafni hans og ferli verður alltaf einhver ævintýrablær. Ekki ólíkt og með Bobby Fischer þó að mennirnir geti varla verið ólíkari.

Robert James Fischer, best þekktur sem Bobby Fischer, varð heimsmeistari í skák 1. september 1972 eftir einvígi við Boris Spasskí í Reykjavík. Það einvígi var oft nefnt einvígi aldarinnar og endurspeglaðist baráttan í andrúmslofti kalda stríðsins sem stóð þá sem hæst. Flestir munu á einu máli um að afrek Fischers þá verði aldrei endurtekið, þær aðstæður sem ríktu þá í heiminum muni aldrei koma aftur.

Fischer varð yngsti stórmeistari sögunnar og framlag hans til skáklistarinnar var einstakt. Hann var fyrirmynd heillar kynslóðar skákmanna þannig að enginn gat komist hjá því að dá hann. Frægt varð er Fischer á árunum 1970–71 sigraði með miklum yfirburðum hvern andstæðing sinn á fætur öðrum í áskorendaeinvígjum um réttinn til að tefla við ríkjandi heimsmeistara. Þrátt fyrir langa fjarveru frá skákiðkun eftir einvígið við Boris Spasskí var hann ávallt dáður sem einn af mestu meisturum skáksögunnar.

Fischer bjó í Reykjavík síðustu æviár sín, eftir að góðir vinir hans, sem mynduðu stuðningshóp RJF, beittu sér fyrir að honum yrði veittur íslenskur ríkisborgararéttur. Þeir sem mynduðu hópinn voru Einar S. Einarsson, Garðar Sverrisson, Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, Guðmundur G. Þórarinsson, Helgi Ólafsson, Hrafn Jökulsson, Ingvar Ásmundsson, Magnús Skúlason og Sæmundur Pálsson. Mun liðveisla Alþingis og ríkisstjórnar Íslands í því máli, með Davíð Oddsson forsætisráðherra í broddi fylkingar, seint gleymast.

Fischer lést eftir baráttu við alvarleg nýrnaveikindi og var jarðsettur í kyrrþey að eigin ósk í kirkjugarði Laugardæla í Flóa hinn 21. janúar 2008.

Meðan skák er tefld á jörðinni mun nafn Bobby Fischers lifa. Skákir hans verða tefldar aftur og aftur, ungum og öldnum til gleði og ánægju. Það er vert að minnast skákafreka Fischers hér á Íslandi, svo samofin er þau minningu meistarans. Þar eigum við Íslendingar ríkar skyldur við umheiminn.

Alþjóðlegt skáksetur í Reykjavík yrði auglýsing fyrir land og þjóð og verðugur bautasteinn um glæstan árangur íslenskra skákmanna í þeirri hugans íþrótt sem skákin er. Skáksetur þetta mundi ekki stangast á við starfsemi fyrirhugaðrar Skákakademíu Reykjavíkur

heldur mundi það þvert á móti falla vel að því verðuga og metnaðarfulla markmiði að Reykjavík standi undir nafni sem skákhöfuðborg heimsins árið 2010.

785. Svar [426. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Álfheiðar Ingadóttur um olíuhreinsunarstöð.

1. *Hver er aðkoma ríkisstjórnarinnar að athugun á byggingu olíuhreinsunarstöðvar á Vestfjörðum?*

Í júní 2007 óskuðu forsvarsmenn Íslensks hátækniiðnaðar ehf. eftir fundi með iðnaðarráðuneytinu til að kynna hugmyndir sínar um olíuhreinsunarstöð á Vestfjörðum. Í framhaldi hans vísaði ráðuneytið málinu til Fjárfestingarstofu sem hefur það hlutverk að veita erlendum fjárfestum upplýsingar um íslenskt viðskiptaumhverfi. Fjárfestingarstofan aðstoðaði m.a. við að skipuleggja kynnisferð fyrir sveitarstjórnarmenn á Vestfjörðum til Hollands og Þýskalands í júlí 2007.

Fjórðungssamband Vestfirðinga hefur einnig vakið máls á verkefninu við ráðuneytið sem kom á samstarfi þeirra við Fjárfestingastofuna. Iðnaðarráðuneytið hefur að öðru leyti ekki haft afskipti af því.

2. *Hve miklu fé hefur þegar verið varið til þessarar athugunar og hversu stór er hlutur ríkissjóðs?*

Fjárfestingarstofan hefur bókfært 1.604.841 kr. kostnað vegna verkefnisins á árinu 2007 og það sem af er þessu ári. Þar sem um ófyrirséðan kostnað var að ræða lagði ráðuneytið 1 millj. kr. til stofunnar upp í útlagðan kostnað.

Samkvæmt bréfi Fjórðungssambands Vestfirðinga, 27. september 2007, til fjárlaganefndar Alþingis var áætlaður heildarkostnaður fjórðungssambandsins vegna staðarvalsathugunar 8,5 millj. kr. án vsk. Fjárlaganefnd Alþings veitti 5 millj. kr. í fjáraukalögum 2007 til verkefnisins.

Engar upplýsingar liggja fyrir um hve miklu fé aðrir hafa varið til þessara athugana.

3. *Hvaða fjárfestar, innlendir og erlendir, koma að verkefninu og hverjar eru viðskiptalegar forsendur þess?*

Forsvarsmenn Íslensks hátækniiðnaðar hafa opinberlega upplýst um að baki verkefninu standi rússneskir og bandarískir fjárfestar úr olíuiðnaði í báðum löndum. Þeir hafa ekki verið nafngreindir og ráðuneytið hefur ekki vitneskju um hverjir þeir eru.

Um viðskiptalegar forsendur segir svo í bréfi Íslensks hátækniiðnaðar, 9. apríl 2007, til nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum:

„Þegar kannað var fyrir nokkrum áratugum, hvort forsendur væru fyrir starfrækslu olíuhreinsistöðvar á Íslandi, kom fram að það yrði varla hagkvæmt nema landið yrði í framtíðinni í flutningaleið óunninnar olíu. Þessi tími er nú runninn upp, eins og alkunna er af fréttum um vaxandi siglingar olíuflutningaskipa við strendur landsins bæði norðan og sunnan. Nyrðri siglingaleið þessara olíuflutningaskipa kemur næst landinu út af Vestfjarðakjálkanum. Undirritaðir hafa um skeið haft sérstakan áhuga á málum er snerta hugsanlega byggingu nýtízku olíuhreinsistöðvar hér á landi og unnið ýmsa undirbúningsvinnu. Við höfum verið í sambandi

við reynda og virta erlenda aðila sem eru þaulkunnugir olíuiðnaðinum á norðurhveli og hafa um árabil átt virkan þátt í að koma á samstarfi milli þekktra vestrænna fyrirtækja og forystufyrirtækja í olíuframleiðslulöndum A-Evrópu. Hafa þeir m.a. tekið beinan þátt í byggingu olíuhreinsistöðva. Það er eindregin skoðun þessara samstarfsaðila, svo og undirritaðra, að nú sé rétti tíminn til að reisa olíuhreinsistöð á Íslandi.“

Enn fremur segir í bréfinu:

„Framleiðslugeta olíuhreinsunarstöðva í heiminum fullnægir ekki heimseftirspurn eftir unninni olíu. Síaukið magn jarðolíu fæst í norðurhluta Rússlands og í Norðursjó. Óunnin olía er flutt framhjá Íslandi til hreinsunar í Evrópu og N-Ameríku. Staðsetning Íslands er miðs vegar milli meginlands Evrópu og N-Ameríku – tveggja mikilvægra markaða fyrir hreinsaðar olíuafurðir.“

4. *Hversu afkastamikil er olíuhreinsunarstöð sú sem nú er til athugunar?*

Eftir því sem ráðuneytið kemst næst eru athuganir ekki komnar á það stig að fyrir liggi niðurstaða um framleiðslutækni eða afköst. Forsvarsmenn Íslensks hátækniiðnaðar hafa í kynningum sínum á verkefninu rætt um stöð, sem unnið gæti úr 8 milljón tonna af hráolíu á ári.

5. *Hversu mikið losar slík stöð af gróðurhúsalofttegundum og hversu hátt hlutfall er það af losun á Íslandi viðmiðunarárið 1990?*

Samkvæmt kynningu forsvarsmanna Íslensks hátækniiðnaðar á málþingi á Vestfjörðum 23. og 24. febrúar 2008 eru gróðurhúsalofttegundir aðallega koltvíoxíð (CO_2), og er gert ráð fyrir að stöð, sem árlega vinnur úr 8 milljón tonnum af hráolíu, losi um 560.000 tonn af koltvíoxíði á ári. Viðmiðunarárið 1990 var heildarlosun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi talin vera um 3.450.000 milljón tonn (sbr. Stefnumörkun í loftslagsmálum, umhverfisráðuneytið febrúar 2007). Hlutfall losunar frá olíuhreinsunarstöðinni miðað við heildarlosunina 1990 væri því 16,23%.

6. *Hversu mikið magn jarðolíu er unnið á viku í olíuhreinsunarstöð af þessari stærð og hvað krefst sú vinnsla mikillar skipaumferðar, þ.e. aðflutninga á sjó og flutninga afurða frá stöðinni?*

Byggt á upplýsingum sem fram koma í svari við 4. spurningu gæti framleiðsla stöðvarinnar verið nærri 150.000 tonn af hreinsaðri olíu á viku. Engar upplýsingar liggja fyrir um skipaumferð og skipastærðir. Samkvæmt upplýsingum frá Siglingastofnun er talið að 225 olíuskip hafi farið yfir Norður-Atlantshafið frá Rússlandi til austurstrandar Bandaríkjanna árið 2006. 80% þeirra var af stærð 30–75.000 tonn og 20% með burðargetu 75–125.000 tonn.

Sé gert ráð fyrir að olía komi frá Rússlandi með ísstyrktum flutningaskipum af fullkomnustu gerð með 100.000 tonna burðargetu má búast við um 80 skipum á ári til landsins. Olíuflutningar frá landinu mundu að öllum líkindum eiga sér stað með minni skipum og skipaferðir héðan því fleiri en 80 á ári.

7. *Hvaða föst og fljótandi úrgangsefni verða einkum til við slíka framleiðslu og í hve miklu magni?*

Á kynningarfundi um olíuhreinsunarstöð á Ísafirði 22. maí 2007 kom fram í erindi Línuhönnunar, verkfræðiráðgjafa Íslensks hátækniiðnaðar ehf., að úrgangsefni frá 8 milljón tonna olíuhreinsunarstöð gætu verið eftirfarandi:

Loftkennd efni:	Koltvíoxíð	CO_2:	560 þús. tonn/ári
	Brennisteinsoxíð	SO_x:	1136 tonn/ári
	Rokgjörn lífræn efni	VOC:	616 tonn/ári
	Ýmis nituroxíð	NO_x:	410 tonn/ári
	Agnir, ryk, sót o.þ.h.	PM:	45 tonn/ári
Í frárennsli:	Brennisteinsvetni	H_2S:	<0,5 mg/l
	Niturvetni	NH_x:	<10 mg/l
	Fenól		<0,1 mg/l
	Olía		<5 mg/l

Engar upplýsingar um magn eða eðli fasts úrgangs liggja fyrir, en að sögn forráðamanna Íslensks hátækniiðnaðar og verkfræðiráðgjafa þeirra er í nútímalegum erlendum olíuhreinsunarstöðvum slíkur úrgangur endurunninn og nýttur eins og kostur er á staðnum, þannig að lítið verður eftir.

Iðnaðarráðuneytið hefur engar forsendur til að staðfesta eða vefengja framagreindar upplýsingar.

8. *Hefur verið gert áhættumat vegna rekstrar olíuhreinsunarstöðvar á Vestfjörðum með tilliti til mengunar á landi og olíuflutninga á sjó?*

Samkvæmt upplýsingum frá Siglingastofnun hefur henni ekki borist beiðni um áhættumat vegna olíuflutninga á sjó í tengslum við þetta verkefni. Olíuhreinsunarstöðvar eru matsskyldar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, viðauka 1. Gera má ráð fyrir að áhættumat með tilliti til mengunar á landi og olíuflutninga á sjó af völdum olíuhreinsunarstöðvarinnar þurfi að fara fram í tengslum við mat á umhverfisáhrifum.

9. *Fara áform um að reisa olíuhreinsunarstöð á Vestfjörðum saman við loftslagsstefnu Íslands?*

Þrátt fyrir að ekki liggi fyrir haldgóðar upplýsingar hver losun gróðurhúsalofttegunda gæti verið frá olíuhreinsunarstöð svipaðri þeirri sem hér er til umfjöllunar, er ljóst að losunin rúmast ekki innan losunarheimilda samkvæmt skuldbindingum Íslands fyrir árin 2008–2012. Því þyrfti annað tveggja að koma til, förgun/nýting koltvísýrings eða aðkeypt losunarheimild erlendis frá af hálfu framkvæmdaraðila.

786. Svar [466. mál]

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Herdísar Þórðardóttur um uppsjávarafla.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver hefur árlegur afli Íslendinga af uppsjávarfiski verið frá árinu 1997 og hvernig skiptist hann milli einstakra tegunda?*
2. *Hvert hefur árlegt útflutningsverðmæti aflans verið, skipt eftir tegundum og reiknað á núgildandi verðlagi?*

Umbeðnar upplýsingar koma fram í eftirfarandi töflum.

1. Árlegur afli íslenskra skipa af uppsjávarfiski á tímabilinu 1997–2007, tonn.

Ár	Síld	Loðna	Spærlingur	Kolmunni	Makríll	Samtals
1997	291.180	1.319.746		10.464	931	**1.622.337**
1998	278.483	750.390		68.783	288	**1.097.977**
1999	298.044	704.199		160.425	144	**1.162.830**
2000	288.386	892.981		259.161	0	**1.440.534**
2001	178.780	923.532	160	365.103	1	**1.467.577**
2002	223.206	1.083.119	253	286.429	53	**1.593.061**
2003	250.093	680.291		501.499	122	**1.432.005**
2004	224.580	524.516		422.078	0	**1.171.174**
2005	264.657	604.509		265.887	363	**1.135.416**
2006	291.372	184.494		314.767	4.222	**794.856**
2007	319.885	307.705		237.854	36.518	**901.963**

2. Verðmæti útflutts uppsjávarafla 1997–2007.

Skýringar: Vegna breytinga á tollskrárnúmerum og fleiri orsökum er erfitt að rekja allan útfluttan uppsjávarafla niður á fisktegundir.

FOB-verð þús. kr. á verðlagi hvers árs

	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
Síld	3.938.658	3.339.069	2.020.668	1.738.575	4.863.624	4.161.087	2.968.595	4.685.407	7.199.999	9.823.628	9.413.178
Loðna	15.920.303	15.960.682	10.328.761	10.765.875	15.403.514	20.467.428	11.794.494	9.365.479	9.324.809	6.340.557	9.877.599
Kolmunni		91.200	61.589	190.157	376.272	41.410	1.049.611	3.444.906	1.780.754	3.414.136	2.708.626
Makríll	37.975	6.177	4.736	2		959	2.303		3.515	10.955	4.210
Annar uppsjávarfiskur	118	1.581	127.748	338.291	499.302	412.705	537.602	193.975	91.272	158.767	22.045
Uppsjávarafli samtals	*19.897.054*	*19.398.709*	*12.543.502*	*13.032.900*	*21.142.711*	*25.083.591*	*16.352.605*	*17.689.766*	*18.400.348*	*19.748.042*	*22.025.658*
Síldarsamflök[1)]						1.950.000	900.000	1.380.000			
Óflokkað fiskimjöl[2)]	253.249	302.127	275.260	304.817	595.094	1.452.438	4.763.286	5.307.903	4.053.710	2.887.287	2.768.561
Uppsjávarafli og annað óflokkað	***20.150.303***	***19.700.836***	***12.818.762***	***13.337.717***	***21.737.805***	***26.536.028***	***21.115.890***	***22.997.669***	***22.454.059***	***22.635.329***	***24.794.218***
Þús. kr. Reiknað á verðlag febrúarmánaðar 2008 með vísitölu neysluverðs[3)]	31.985.672	30.760.388	19.349.841	19.172.550	29.290.772	34.117.751	26.587.628	28.055.980	26.326.717	24.858.907	25.926.581
Vísitala neysluverðs, meðaltal árs	180,3	183,3	189,6	199,1	212,4	222,6	227,3	234,6	244,1	260,6	273,7
VNV-febrúar 2008 286,2											

Heimild Hagstofa Íslands

[1)] Vegna breytinga á tollskrárnúmerum var stór hluti þess sem skráður er árin 2002–2004 sem 'annað fryst sjávarfang' í flokknum 'annar botnfiskur, samtals', sjófryst síldarflök hér er settur áætlaður hluti síldarsamflaka samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands.

[2)] Fiskimjöl sem er blandað lendir að hluta í flokknum 'annar afli' þ.e. ekki er hægt að heimfæra á eina fisktegund, stærstur hluti er mjöl úr uppsjávartegundum.

[3)] Ekki er einboðið hvaða vísitölu eigi að nota til að umreikna á núgildandi verðlag. Vísitala uppsjávarafla sem er undirvísitala framleiðsluverðsvísitölu er ekki til nema frá árinu 2006. Fyrir þann tíma eru til einstakir flokkar afurða innan uppsjávarafla, en ekki heild. Hér notuð vísitala neysluverðs.

787. Tillaga til þingsályktunar [493. mál]

um fullgildingu Palermó-samnings gegn fjölþjóðlegri skipulagðri glæpastarfsemi.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning gegn fjölþjóðlegri skipulagðri glæpastarfsemi sem samþykktur var af allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í New York 15. nóvember 2000.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar á samningi gegn fjölþjóðlegri skipulagðri glæpastarfsemi sem samþykktur var af allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í New York 15. nóvember 2000. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með tillögu þessari.

Með ályktun allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna nr. 53/111 frá 9. desember 1998 var sett á fót sérstök milliríkjanefnd sem var falið að semja alþjóðasamning gegn fjölþjóðlegri skipulagðri glæpastarfsemi og undirbúa jafnframt alþjóðlega gerninga sem vörðuðu baráttu gegn mansali kvenna og barna, baráttu gegn ólöglegri framleiðslu á og verslun með skotvopn, íhluti í þau og skotfæri og baráttu gegn ólöglegum innflutningi á fólki land-, sjó- og loftleiðis. Þessir þrír gerningar urðu síðar að bókunum við samninginn. Hvatinn að ályktun allsherjarþingsins var viðurkenning alþjóðasamfélagsins á því að fjölþjóðleg skipulögð glæpastarfsemi væri orðin umfangsmikið vandamál. Glæpasamtök sem hana stunda höfðu tekið upp nýjar samstarfsaðferðir og nýttu sér hnattvæðingu hagkerfa og framþróun samgangna og samskiptatækni. Milliríkjanefndin kom saman tíu sinnum í Vínarborg á tímabilinu 19. janúar 1999 til 28. júlí 2000. Lokið var við bókanir við samninginn á 11. fundi nefndarinnar 2.–28. október 2000. Fulltrúar meira en 100 ríkja voru viðstaddir flesta fundi nefndarinnar og sýnir það hversu útbreitt vandamál fjölþjóðlegir skipulagðir glæpir eru og almennan vilja ríkja til að taka á því.

Samningurinn var lagður fram til undirritunar á ráðstefnu í Palermó á Ítalíu 12.–15. desember 2000 og lá frammi til undirritunar í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York til 12. desember 2002. Hann var undirritaður fyrir Íslands hönd 13. desember 2000 en öðlaðist gildi 29. september 2003, að liðnum níutíu dögum frá því að fertugasta ríkið hafði fullgilt samninginn. Hinn 26. febrúar sl. höfðu 138 ríki fullgilt samninginn.

Megintilgangur samningsins er að stuðla að samvinnu á milli ríkja með það markmið í huga að berjast gegn fjölþjóðlegri skipulagðri glæpastarfsemi með skilvirkari hætti en áður hefur tíðkast, sbr. 1. gr. samningsins. Til þess að því markmiði verði náð þarf annars vegar að draga úr mismun á réttarkerfum sem hefur torveldað samstarf ríkja og hins vegar að gera lágmarkskröfur til landsréttar aðildarríkjanna til þess að efla alþjóðlegt samstarf. Í þessu skyni miðar samningurinn meðal annars að því að samhæfa stefnumörkun aðildarríkjanna, lagalegar heimildir þeirra og aðferðir fullnustuvaldhafa gagnvart þeim sem skipuleggja fjölþjóðlega glæpi þannig að sameiginlegar aðgerðir ríkja til að koma böndum yfir þá verði árangursríkari.

Samningurinn miðar einnig að bættri samvinnu aðildarríkja um málefni á borð við framsal, gagnkvæma dómsmálaaðstoð, meðferð sakamála og sameiginlega rannsókn þeirra. Unnið skal að því að hlífa löglegri markaðsstarfsemi við áhrifum og aðkomu skipulagðra glæpasam-

taka og kveðið er á um vernd vitna og fórnarlamba. Einnig skulu aðildarríki veita þróunarlöndum tækniaðstoð og auðvelda þeim að gera nauðsynlegar ráðstafanir og ná fram getu til þess að takast á við skipulagða glæpastarfsemi.

Í 2. gr. samningsins eru tíu grundvallarhugtök skilgreind. Þar er hugtakið „skipulögð glæpasamtök“ skýrt sem samhæfð samtök þriggja eða fleiri manna, sem fyrirfinnast á ákveðnu tímabili og starfa í þeim tilgangi að fremja einn eða fleiri alvarlega glæpi eða brot sem gerð eru refsiverð samkvæmt samningnum, í því skyni að hagnast fjárhagslega eða efnislega með öðrum hætti á beinan eða óbeinan hátt. Þetta mun vera í fyrsta skipti sem hugtak þetta er skilgreint í alþjóðasamningi. Þá viðleitni má rekja til þess að skortur á slíkri skilgreiningu gerði það nokkuð erfitt fyrir alþjóðasamfélagið að gera sér nægjanlega grein fyrir umfangi skipulagðrar glæpastarfsemi þar sem mikill munur getur verið á réttarfars- og refsilöggjöf á milli landa sem og kerfisbundnum afbrotaskráningaraðferðum lögreglu og ákæruvalds. „Samhæfð samtök“ eru skilgreind á neikvæðan hátt sem samtök sem ekki eru mynduð með tilviljunarkenndum hætti til að fremja brot þegar í stað. Hlutverkaskipting meðlima þarf ekki að vera formlega ákveðin, þátttaka í þeim varanleg eða uppbygging fastmótuð. Hugtakið „alvarlegur glæpur“ er háttsemi sem er brot og varðar frelsissviptingu í allt að fjögur ár eða þyngri refsingu.

Með fullgildingu samningsins skuldbinda ríki sig til þess að gera refsiverða í landsrétti sínum þátttöku í skipulögðum glæpasamtökum (5. gr.), þvætti ávinnings af glæp (6. gr.), spillingu (8. gr.) og hindrun á framgangi réttvísinnar (23. gr.).

Samningurinn gildir um varnir gegn, rannsókn á og saksókn vegna framangreindra brota, svo og alvarlegra glæpa, séu brotin liður í fjölþjóðlegri glæpastarfsemi þar sem skipulögð glæpasamtök koma við sögu, sbr. 3. gr. Fjögur tilvik geta leitt til þess að brot teljist liður í fjölþjóðlegri glæpastarfsemi, sbr. 2. mgr. 3. gr. Það brotaheiti á við ef brotið er framið í fleiri ríkjum en einu, það er framið í einu ríki en er að verulegu leyti undirbúið og skipulagt og því stjórnað eða því stýrt frá öðru ríki, það er framið í einu ríki en tengist skipulögðum samtökum sem stunda glæpastarfsemi í fleiri ríkjum og ef það er framið í einu ríki en hefur veruleg áhrif í öðru.

Til þess að þátttaka í starfsemi skipulagðra glæpasamtaka teljist refsiverð skv. 5. gr. verður hún að byggjast á ásetningi. Þátttaka telst vera skipulagning brots, stjórnun þess, aðstoð við það og hvatning til þess. Í 6. gr. er sú skylda lögð á aðildarríki að gera refsivert að þvætta ávinning af glæp. Í 7. gr. eru tilgreindar lagalegar ráðstafanir sem aðildarríki skulu gera til þess að sporna við peningaþvætti. Gríðarlegur ágóði af fjölþjóðlegri glæpastarfsemi er þvættaður í lögmætum rekstri fyrirtækja eða komið fyrir á „öruggum“ reikningum. Sé þetta torveldað má ætla að rekstur glæpasamtaka verði erfiðari en ella. Orðið „peningaþvætti“ tekur til alls ávinnings af glæpum þó að hann kunni að vera annar en lausafé, sbr. orðalag 6. gr. Til þess að koma upp um peningaþvætti skal sett á laggirnar heildstætt reglu- og eftirlitskerfi. Stefnt skal að samvinnu yfirvalda á lands- og alþjóðavísu.

Í sumum ríkjum hefur skipulögð glæpastarfsemi þrifist í skjóli landlægrar spillingar. Refsiverð spilling skv. 8. gr. eru mútur eða boð um slíkar greiðslur til opinberra starfsmanna í því skyni að fá þá til að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert í tengslum við skyldustörf sín. Sama á við um opinbera starfsmenn sem sækjast eftir eða þiggja mútur. Í 9. gr. er lögð sú skylda á aðildarríki að þau geri ráðstafanir til að stuðla að heiðarleika á meðal opinberra starfsmanna og koma í veg fyrir, koma upp um og refsa fyrir spillingu.

Í 23. gr. segir að aðildarríki skuli lýsa refsiverða þá háttsemi að hindra framgang réttvísinnar. Í hugtakinu felst beiting ofbeldis eða ógnana, að bjóða eða veita ólögmætan ávinning

til þess að fá fram rangan vitnisburð fyrir rétti eða koma í veg fyrir að vitni beri fyrir rétti eða að sönnunargögn séu lögð fram. Sama gildir um ofbeldi eða ógnanir sem beinast að opinberum starfsmanni sem vinnur við framkvæmd laga eða embættismanni réttarkerfisins og er ætlað að hindra hann við skyldustörf í tengslum við brot sem samningurinn tekur til.

Það er nýmæli í þjóðréttarsamningi að aðildarríki séu skylduð til að láta lögaðila sæta ábyrgð fyrir hlutdeild í alvarlegum glæpum sem lýstir skulu refsiverðir samkvæmt samningnum og þar sem skipulögð glæpasamtök koma við sögu eins og gert er í 10. gr. Í 11. gr. kemur fram skylda ríkja til þess að beita hæfilegum og virkum viðurlögum og tryggja langan fyrningarfrest til málshöfðunar vegna þeirra brota sem samningurinn tekur til.

Með 12. gr. samningsins er aðildarríkjum gert skylt að samþykkja ráðstafanir, að því marki sem frekast er unnt, til að gera upptækan ávinning af refsiverðri háttsemi, sem leiddur er af þeim brotum sem samningurinn tekur til, eða eign sem svarar til slíks ávinnings og eignir, búnað eða önnur gögn sem notuð eru eða ætluð eru til notkunar við að fremja brot sem samningurinn tekur til, sbr. 1. mgr. 12. gr. Hafi ávinningi af refsiverðu broti verið breytt eða skipt í aðra eign, að hluta eða að öllu leyti, skal vera unnt að gera hana upptæka í stað ávinningsins, sbr. 3. mgr. 12. gr. Hafi ávinningi af glæp verið blandað saman við eignir, sem hefur verið aflað með lögmætum hætti, skal vera unnt að gera þær eignir upptækar allt að matsverði þess ávinnings sem blandað var við þær, sbr. 4. mgr. 12. gr. Þá skal vera unnt að gera upptækar tekjur og annan hagnað af ávinningi af glæp, af eignum sem ávinningi hefur verið breytt eða skipt í og af eignum sem ávinningi hefur verið blandað saman við, sbr. 5. mgr. 12. gr. samningsins. Aðildarríki samningsins skuldbinda sig til að veita dómstólum og stjórnvöldum heimild til þess að úrskurða að banka-, fjármála- eða viðskiptagögn skuli látin í té eða hald á þau lagt, sbr. 6. mgr. 12. gr. Ákvæði 13. gr. gera ráð fyrir samstarfi aðildarríkja í upptökumálum og 14. gr. kveður á um ráðstöfun ávinnings af glæp eða eignar sem gerður eða gerð er upptæk.

Samkvæmt 4. gr. skal við framkvæmd samningsins gæta meginreglunnar um jafnræði fullvalda ríkja. Ekkert í samningnum veitir aðildarríki rétt til þess að beita lögsögu sinni á yfirráðasvæði annars aðildarríkis. Um refsilögsögu er að öðru leyti ítarlega fjallað í 15. gr. Þar segir í 1. mgr. að aðildarríki skuli gera ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynlegar til að afla sér lögsögu vegna brota sem samningurinn lýsir refsiverð þegar brotið er framið á yfirráðasvæði þess, um borð í skipi sem siglir undir fána þess eða í loftfari sem skráð er samkvæmt lögum þess. Samkvæmt 2. mgr. 15. gr. getur aðildarríki einnig, með fyrirvara um ákvæði 4. gr., fellt brot undir lögsögu sína beinist það gegn ríkisborgara þess eða sé það framið af ríkisborgara þess eða ríkisfangslausum manni sem hefur fasta búsetu á yfirráðasvæði þess. Sama á við um ákveðnar tegundir brota sem gerð skulu refsiverð skv. 5. og 6. gr., þegar brotið er framið utan yfirráðasvæðis ríkis í því skyni að fremja brot innan yfirráðasvæðis þess.

Í 3. mgr. 15. gr. er kveðið á um skyldu aðildarríkis til að gera ráðstafanir sem nauðsynlegar kunna að vera til að afla sér lögsögu þegar það framselur ekki meintan brotamann sem staddur er á yfirráðasvæði þess af þeirri ástæðu að hann er ríkisborgari þess. Í slíkum tilfellum er aðildarríki skuldbundið til þess að saksækja einstaklinginn, sbr. 10. mgr. 16. gr. Í 4. mgr. 15. gr. er að finna heimild aðildarríkis til þess að tryggja sér lögsögu vegna meintra brotamanna sem það framselur ekki vegna annarra ástæðna. Ákvæði 5. mgr. 15. gr. kveður á um samstarf aðildarríkja sem hafa sama brot til rannsóknar eða meðferðar. Í 6. mgr. 15. gr. segir loks að samningurinn útiloki ekki beitingu sérhverrar þeirrar refsiréttarlögsögu sem aðildarríki ber samkvæmt landslögum sínum, sbr. þó reglur þjóðaréttar.

Ákvæði samningsins um framsal og gagnkvæma dómsmálaaðstoð eru svipuð ákvæðum annarra þjóðréttarsamninga um það efni. Vegna þess hversu mörg ríki hafa fullgilt samninginn mun milliríkjasamstarf vegna framsals og dómsmálaaðstoðar verða víðtækara en fyrir tíð samningsins. Ákvæði 16. gr. um framsal gilda jafnt um þau fjögur brot sem lýst eru refsiverð samkvæmt samningnum og um aðra alvarlega glæpi þar sem skipulögð glæpasamtök koma við sögu, sbr. skilgreiningu 3. gr. Samkvæmt 7. mgr. 16. gr. skal framsal háð þeim skilyrðum sem landslög aðildarríkis sem framsalsbeiðni er beint til eða viðeigandi framsalssamningar kveða á um. Slík skilyrði geta til dæmis verið skilyrði um lágmarksrefsingu. Í 14. mgr. kemur fram að aðildarríki skuli ekki skylt að framfylgja framsalsskyldu hafi það ástæðu til að ætla að beiðni sé lögð fram í því skyni að saksækja mann eða refsa honum vegna kynferðis hans, kynþáttar, trúar, þjóðernis, uppruna eða stjórnmálaskoðana eða ef framsal mundi að öðru leyti veikja stöðu hans vegna framangreindra aðstæðna. Samkvæmt 17. mgr. 16. gr. skulu aðildarríki leitast við að koma á fyrirkomulagi til framkvæmdar á framsali eða til að auka virkni þess.

Í 17. gr. segir að aðildarríki geti metið þann kost að koma á fyrirkomulagi um flutning manna sem dæmdir hafa verið til frelsissviptingar vegna brota sem samningurinn tekur til inn á yfirráðasvæði sín til afplánunar refsingar.

Samkvæmt 1. mgr. 18. gr. er dómsmálasamvinnan mjög víðtæk því að aðstoð skal veitt hafi aðildarríki sem leggur fram beiðni rökstuddan grun um að brot sé fjölþjóðlegs eðlis og að skipulögð glæpasamtök tengist brotinu. Gagnkvæmri aðstoð verður því beitt við rannsókn á því hvort brot falli undir samninginn. Í 3. mgr. 18. gr. kemur fram að óska megi gagnkvæmrar dómsmálaaðstoðar í þeim tilgangi að afla sönnunargagna eða taka skýrslur af mönnum, birta skjöl, framkvæma leit, leggja hald á eða kyrrsetja muni, til þess að rannsaka muni og vettvang, afla upplýsinga, sönnunargagna og sérfræðilegs mats, skjala og gagna, bera kennsl á eða rekja tilurð ávinnings af glæp eða aðra hluti sem nota má til sönnunarfærslu og til þess að greiða fyrir því að menn komi af frjálsum vilja fyrir rétt í því aðildarríki sem leggur fram beiðni. Að lokum kemur fram að óska megi hvers kyns aðstoðar sem brýtur ekki í bága við landslög þess aðildarríkis sem beiðni er beint til. Yfirvöld aðildarríkis geta ákveðið að senda öðru ríki upplýsingar um brotamál án þess að þeirra hafi verið óskað, telji þau þær upplýsingar geta gagnast við meðferð máls, sbr. 4. mgr. 18. gr. Í 8. mgr. 18. gr. er tekið fram að ekki megi hafna því, á grundvelli bankaleyndar, að gagnkvæm dómsmálaaðstoð sé veitt.

Í 6. mgr. 18. gr. kemur fram að ákvæði 18. gr. skuli ekki hafa áhrif á skuldbindingar samkvæmt öðrum alþjóðasamningum sem gilda eða munu gilda um gagnkvæma aðstoð. Samkvæmt 7. mgr. gilda 9.–29. mgr. 18. gr. um beiðnir um aðstoð séu hlutaðeigandi aðildarríki ekki bundin af alþjóðasamningi um gagnkvæma dómsmálaaðstoð. Gildi slíkur samningur hafa ákvæði hans forgang nema ríkin verði ásátt um að beita ákvæðum 18. gr. í þeirra stað. Ákvæðin mæla m.a. fyrir um heimildir ríkja til að synja beiðni um aðstoð, heimildir til og skilyrði þess að grunaður eða dæmdur einstaklingur verði fluttur á milli ríkja vegna málsmeðferðar, tilnefningu umsjónarstjórnvalds, form og innihald beiðna um gagnkvæma aðstoð, viðbrögð við beiðni, greiðslu kostnaðar og meðferð veittra upplýsinga og gagna.

Til viðbótar við hefðbundin ákvæði þjóðréttarsamninga um dómsmálaaðstoð er í þessum samningi gert ráð fyrir að réttarhöld megi fara fram í formi myndfundar ef sérstaklega stendur á og vitni eða sérfræðingur sem gefa þarf skýrslu getur ekki verið í því landi þar sem réttarhöldin fara fram. Með þessu úrræði er dregið úr kostnaði og einnig gert kleift að yfirheyra fleiri vitni sem vegna aldurs, heilsu eða af öðrum ástæðum geta ekki ferðast. Samningurinn gerir ráð fyrir margvíslegri annarri samvinnu aðildarríkjanna, svo sem sameiginlegum

rannsóknarnefndum til þess að fjalla um mál sem eru til meðferðar í einu eða fleiri ríkjum (19. gr.). Einnig má taka upp samstarf um óhefðbundnar rannsóknaraðferðir sem landslög hvers ríkis heimila, svo sem afhendingu undir eftirliti og rafrænt eftirlit (20. gr.). Ákvæði 21. gr. heimilar ríkjum að flytja málsmeðferð sín á milli vegna brota sem samningurinn tekur til, þjóni það réttarvörsluhagsmunum betur. Samkvæmt 22. gr. geta aðildarríki tekið tillit til sakfellinga í öðrum ríkjum við meðferð sakamáls sem samningurinn tekur til. Enn fremur gerir 27. gr. ráð fyrir því að aðildarríki vinni náið saman að því að auka skilvirkni aðgerða til að framfylgja lögum og stöðva brot sem samningurinn tekur til. Koma skal á samskiptaleiðum, samstarfi um rannsókn brota og bregðast við nýrri tækni sem glæpasamtök færa sér í nyt.

Samkvæmt 24. gr. skal veita vitnum í sakamálum vernd gegn hefndum eða ógnunum. Verndin skal ná til einstaklinga sem nákomnir eru vitnum, sé þörf á. Ákvæði 25. gr. veitir brotaþolum sambærilega vernd, en þeim skal að auki tryggður aðgangur að bótum. Aðildarríki skulu gera ráðstafanir sem hvetja menn sem eru eða hafa verið í skipulögðum glæpasamtökum til þess að veita um þau upplýsingar og aðstoða við rannsókn máls skv. 26. gr. Aðildarríki geta mildað refsingu eða fellt niður saksókn gegn einstaklingi sem veitir mikilvæga aðstoð. Skal honum veitt vernd sambærileg vitnum og brotaþolum.

Í 28. gr. er mælst til þess að aðildarríkin safni og miðli upplýsingum um eðli skipulagðrar glæpastarfsemi á yfirráðasvæði sínu. Samkvæmt 29. gr. skulu aðildarríki þróa áætlanir um þjálfun einstaklinga sem starfa við að framfylgja lögum eða koma í veg fyrir, koma upp um eða berjast gegn brotum sem samningurinn tekur til. Stuðla skal að þjálfun og tækniaðstoð sem auðveldar framsal og gagnkvæma dómsmálaaðstoð. Ákvæði 30. gr. leggur þá skyldu á aðildarríki að þau stuðli að sem bestri framkvæmd samningsins. Í því skyni skal auka samstarf og aðstoð við þróunarlönd. Samkvæmt 31. gr. skulu aðildarríki leitast við að koma í veg fyrir fjölþjóðlega skipulagða glæpastarfsemi. Meðal annars skal komið í veg fyrir að ávinningur af slíkum glæpum verði notaður í löglegri markaðsstarfsemi og sakfelldir einstaklingar skulu aðlagaðir samfélaginu að nýju. Almenningur skal einnig vakinn til vitundar um tilvist vandans.

Í 32.–41. gr. eru ákvæði um ráðstefnu aðildarríkja sem ætlað er að auka getu aðildarríkja til þess að berjast gegn fjölþjóðlegri skipulagðri glæpastarfsemi og stuðla að og endurskoða framkvæmd samningsins. Einnig eru þar ákvæði um rétta framkvæmd samningsins og eftirfylgni við hann, lausn deilumála, undirritun, fullgildingu, tengsl við bókanir, gildistöku, breytingar, uppsögn, vörsluaðila og tungumál.

Samningurinn er uppbyggður sem móðursáttmáli, en einstökum efnisatriðum er aukið við hann með sjálfstæðum bókunum. Í samningnum eru settar fram grundvallarráðstafanir sem nauðsynlegar eru í forvörnum gegn og baráttu við alþjóðlega skipulagða glæpastarfsemi en í bókununum eru útfærðar sérstakar ráðstafanir í baráttunni gegn sérstökum tegundum glæpa. Ætíð skal lesa og túlka bókanirnar í samræmi við samninginn. Þessu fyrirkomulagi fylgir sá sveigjanleiki að hverju ríki er gefinn kostur á að fullgilda allar bókanir, sumar eða enga þeirra, í samræmi við sína hagsmuni. Ekki er útilokað að gerðar verði fleiri bókanir við samninginn en þær þrjár sem þegar hafa verið gerðar:

– Bókun um að koma í veg og refsa fyrir mansal, einkum kvenna og barna. Bókunin var undirrituð af Íslands hálfu 13. desember 2000, sama dag og samningurinn sjálfur var undirritaður.
– Bókun gegn ólöglegum innflutningi fólks land-, sjó- og loftleiðis var einnig undirrituð fyrir Íslands hönd 13. desember 2000.

– Bókun gegn ólöglegri framleiðslu á og verslun með skotvopn, hluta þeirra og íhluti og skotfæri. Bókunin var undirrituð fyrir Íslands hönd 15. nóvember 2001.

Unnið er að undirbúningi fullgildingar tveggja fyrstnefndu bókananna og er m.a. til skoðunar hvort fullgilding þeirra kalli á lagabreytingar hér á landi.

Gera þarf breytingar á nokkrum ákvæðum almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, með síðari breytingum, til þess að Ísland geti staðið við þær skuldbindingar sem samningur Sameinuðu þjóðanna gegn fjölþjóðlegri skipulagðri glæpastarfsemi leggur aðildarríkjum á herðar. Dóms- og kirkjumálaráðherra hefur þegar lagt fram frumvarp til slíkra breytinga.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA GEGN FJÖLÞJÓÐLEGRI SKIPULAGÐRI GLÆPASTARFSEMI

1. gr.
Tilgangur.

Tilgangurinn með samningi þessum er að stuðla að samvinnu um að koma í veg fyrir og berjast gegn fjölþjóðlegri skipulagðri glæpastarfsemi með skilvirkari hætti en áður.

2. gr.
Notkun hugtaka.

Í samningi þessum hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér greinir:

a) „skipulögð glæpasamtök“ merkir samhæfð samtök þriggja eða fleiri manna, sem fyrirfinnast á ákveðnu tímabili og starfa í þeim tilgangi að fremja einn eða fleiri alvarlega glæpi eða brot, sem gerð eru refsiverð samkvæmt samningi þessum, í því skyni að hagnast fjárhagslega eða efnislega með öðrum hætti á beinan eða óbeinan hátt,

b) „alvarlegur glæpur“ merkir háttsemi sem er brot er varðar frelsissviptingu í allt að fjögur ár eða þyngri refsing liggur við,

c) „samhæfð samtök“ merkir samtök sem eru ekki mynduð með tilviljunarkenndum hætti til að fremja brot þegar í stað og þar sem hlutverkaskipting meðlima slíkra samtaka þarf ekki að vera formlega ákveðin eða þátttaka í þeim varanleg eða uppbygging þeirra fastmótuð,

d) „eign“ merkir verðmæti af öllu tagi, efnisleg eða óefnisleg, lausafé eða fasteignir, áþreifanleg eða óáþreifanleg, og skjöl eða gögn sem að lögum sýna eignarrétt á slíkum eignum eða réttindi til þeirra,

e) „ávinningur af glæp“ merkir hverja þá eign sem beint eða óbeint er leidd af eða fengin með því að fremja brot,

UNITED NATIONS CONVENTION AGAINST TRANSNATIONAL ORGANIZED CRIME

Article 1
Statement of purpose

The purpose of this Convention is to promote cooperation to prevent and combat transnational organized crime more effectively.

Article 2
Use of terms

For the purposes of this Convention:

(a) “Organized criminal group” shall mean a structured group of three or more persons, existing for a period of time and acting in concert with the aim of committing one or more serious crimes or offences established in accordance with this Convention, in order to obtain, directly or indirectly, a financial or other material benefit;

(b) “Serious crime” shall mean conduct constituting an offence punishable by a maximum deprivation of liberty of at least four years or a more serious penalty;

(c) “Structured group” shall mean a group that is not randomly formed for the immediate commission of an offence and that does not need to have formally defined roles for its members, continuity of its membership or a developed structure;

(d) “Property” shall mean assets of every kind, whether corporeal or incorporeal, movable or immovable, tangible or intangible, and legal documents or instruments evidencing title to, or interest in, such assets;

(e) “Proceeds of crime” shall mean any property derived from or obtained, directly or indirectly, through the commission of an offence;

f) „frysting“ eða „haldlagning“ merkir tímabundið bann við yfirfærslu, umbreytingu, ráðstöfun eða flutningi á eign eða töku eignar í tímabundna vörslu eða umsjá samkvæmt ákvörðun dómstóls eða annars lögbærs yfirvalds,

g) „upptaka“, sem tekur, þar sem við á, einnig til þess að eign sé fyrirgert, merkir varanlega sviptingu eignar samkvæmt ákvörðun dómstóls eða annars lögbærs yfirvalds,

h) „frumbrot“ merkir hvert það brot sem leitt hefur til þess að myndast hefur ávinningur er getur orðið frumlag brots sem er skilgreint í 6. gr. samnings þessa,

i) „afhending undir eftirliti“ merkir þá starfsaðferð að hindra ekki að ólöglegar eða grunsamlegar sendingar fari frá, um eða inn á yfirráðasvæði eins eða fleiri ríkja með vitund og undir eftirliti lögbærra yfirvalda þeirra í því skyni að rannsaka brot og bera kennsl á þá menn sem eru þátttakendur í því að fremja það,

j) „svæðisstofnun um efnahagssamvinnu“ merkir stofnun sem fullvalda ríki á tilteknu svæði standa að og fengið hefur framselt vald frá aðildarríkjum sínum, að því er varðar þau málefni sem samningur þessi gildir um, og sem fengið hefur fullt umboð samkvæmt eigin verklagsreglum til að undirrita, fullgilda, staðfesta, samþykkja eða gerast aðili að samningi þessum, tilvísanir til „aðildarríkja“ í samningi þessum skulu gilda um slíkar stofnanir innan þeirra marka sem valdsviði þeirra eru sett.

(f) “Freezing” or “seizure” shall mean temporarily prohibiting the transfer, conversion, disposition or movement of property or temporarily assuming custody or control of property on the basis of an order issued by a court or other competent authority;

(g) “Confiscation”, which includes forfeiture where applicable, shall mean the permanent deprivation of property by order of a court or other competent authority;

(h) “Predicate offence” shall mean any offence as a result of which proceeds have been generated that may become the subject of an offence as defined in article 6 of this Convention;

(i) “Controlled delivery” shall mean the technique of allowing illicit or suspect consignments to pass out of, through or into the territory of one or more States, with the knowledge and under the supervision of their competent authorities, with a view to the investigation of an offence and the identification of persons involved in the commission of the offence;

(j) “Regional economic integration organization” shall mean an organization constituted by sovereign States of a given region, to which its member States have transferred competence in respect of matters governed by this Convention and which has been duly authorized, in accordance with its internal procedures, to sign, ratify, accept, approve or accede to it; references to “States Parties” under this Convention shall apply to such organizations within the limits of their competence.

3. gr.
Gildissvið.

1. Sé ekki annað tekið fram í samningi þessum skal hann gilda um varnir gegn, rannsókn á og saksókn vegna:

a) þeirra brota sem gerð eru refsiverð skv. 5., 6., 8. og 23. gr. samnings þessa, og

b) alvarlegra glæpa sem eru skilgreindir í 2. gr. samnings þessa,

sé brotið liður í fjölþjóðlegri glæpastarfsemi þar sem skipulögð glæpasamtök koma við sögu.

2. Að því er varðar 1. mgr. þessarar greinar telst brot vera liður í fjölþjóðlegri glæpastarfsemi sé það:

a) framið í fleiri ríkjum en einu,

b) framið í einu ríki en hafi að verulegu leyti verið undirbúið og skipulagt og því stjórnað eða stýrt í öðru ríki,

c) framið í einu ríki en tengist skipulögðum samtökum sem stunda glæpastarfsemi í fleiri ríkjum en einu, eða

Article 3
Scope of application

1. This Convention shall apply, except as otherwise stated herein, to the prevention, investigation and prosecution of:

(a) The offences established in accordance with articles 5, 6, 8 and 23 of this Convention; and

(b) Serious crime as defined in article 2 of this Convention;

where the offence is transnational in nature and involves an organized criminal group.

2. For the purpose of paragraph 1 of this article, an offence is transnational in nature if:

(a) It is committed in more than one State;

(b) It is committed in one State but a substantial part of its preparation, planning, direction or control takes place in another State;

(c) It is committed in one State but involves an organized criminal group that engages in criminal activities in more than one State; or

d) framið í einu ríki en hefur veruleg áhrif í öðru.

(d) It is committed in one State but has substantial effects in another State.

4. gr.
Fullveldisvernd.

1. Aðildarríki skulu framkvæma skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum þannig að samræmist meginreglunum um jafnræði fullvalda ríkja og friðhelgi yfirráðasvæða þeirra og meginreglunni um bann við afskiptum af innanríkismálum annarra ríkja.

2. Ekkert í samningi þessum veitir aðildarríki rétt til að beita lögsögu á yfirráðasvæði annars aðildarríkis og gegna þar hlutverkum sem landslög þess síðarnefnda fela yfirvöldum þess einum.

Article 4
Protection of sovereignty

1. States Parties shall carry out their obligations under this Convention in a manner consistent with the principles of sovereign equality and territorial integrity of States and that of non-intervention in the domestic affairs of other States.

2. Nothing in this Convention entitles a State Party to undertake in the territory of another State the exercise of jurisdiction and performance of functions that are reserved exclusively for the authorities of that other State by its domestic law.

5. gr.
Þátttaka í starfsemi skipulagðra glæpasamtaka gerð refsiverð.

1. Hvert aðildarríki skal setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, í því skyni að gera refsivert, þegar um ásetning er að ræða:

a) annað eftirfarandi eða hvort tveggja sem hegningarlagabrot frábrugðin þeim er fela í sér tilraun til þess glæpsamlega athæfis er um ræðir eða fullkomnun þess:
   i) að sammælast, ásamt einum eða fleiri mönnum, um að fremja alvarlegan glæp þar sem tilgangurinn tengist því, beint eða óbeint, að hagnast fjárhagslega eða efnislega með öðrum hætti og, kveði landslög á um það, þar sem um er að ræða verknað eins þátttakanda samkomulaginu til framkvæmdar eða að skipulögð glæpasamtök komi við sögu,
   ii) háttsemi manns sem, vitandi annaðhvort um markmið og glæpastarfsemi skipulagðra glæpasamtaka almennt eða þann ásetning þeirra að fremja þá glæpi er um ræðir, tekur virkan þátt í:
      a. glæpastarfsemi hinna skipulögðu glæpasamtaka,
      b. annarri starfsemi hinna skipulögðu glæpasamtaka vitandi að þátttaka hans muni stuðla að því að hinu glæpsamlega markmiði, sem er lýst hér að framan, verði náð,

b) að skipuleggja það, stjórna því, aðstoða við það, hvetja til þess, stuðla að því eða leggja á ráðin um það að alvarlegur glæpur sé framinn með þátttöku skipulagðra glæpasamtaka.

Article 5
Criminalization of participation in an organized criminal group

1. Each State Party shall adopt such legislative and other measures as may be necessary to establish as criminal offences, when committed intentionally:

(a) Either or both of the following as criminal offences distinct from those involving the attempt or completion of the criminal activity:
   (i) Agreeing with one or more other persons to commit a serious crime for a purpose relating directly or indirectly to the obtaining of a financial or other material benefit and, where required by domestic law, involving an act undertaken by one of the participants in furtherance of the agreement or involving an organized criminal group;
   (ii) Conduct by a person who, with knowledge of either the aim and general criminal activity of an organized criminal group or its intention to commit the crimes in question, takes an active part in:
      a. Criminal activities of the organized criminal group;
      b. Other activities of the organized criminal group in the knowledge that his or her participation will contribute to the achievement of the above-described criminal aim;

(b) Organizing, directing, aiding, abetting, facilitating or counselling the commission of serious crime involving an organized criminal group.

2. Ályktanir um hvort vitneskja, ásetningur, markmið, tilgangur eða samkomulag, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, sé fyrir hendi má draga af hlutlægum og raunverulegum málavöxtum.
3. Aðildarríki, sem í landslögum sínum gera ráð fyrir þátttöku skipulagðra glæpasamtaka er um ræðir þau brot sem gerð eru refsiverð skv. i-lið a-liðar 1. mgr. þessarar greinar, skulu sjá til þess að landslög þeirra taki til allra alvarlegra glæpa þar sem skipulögð glæpasamtök koma við sögu. Aðildarríki þessi, svo og þau aðildarríki sem í landslögum sínum gera ráð fyrir að verknaður sé framinn til framkvæmdar því samkomulagi sem fjallar um þau brot sem gerð eru refsiverð skv. i-lið a-liðar 1. mgr. þessarar greinar, skulu tilkynna aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna um það þegar þau undirrita samning þennan eða afhenda skjöl sín um fullgildingu hans, staðfestingu eða samþykki eða aðild að honum til vörslu.

2. The knowledge, intent, aim, purpose or agreement referred to in paragraph 1 of this article may be inferred from objective factual circumstances.

3. States Parties whose domestic law requires involvement of an organized criminal group for purposes of the offences established in accordance with paragraph 1 (a) (i) of this article shall ensure that their domestic law covers all serious crimes involving organized criminal groups. Such States Parties, as well as States Parties whose domestic law requires an act in furtherance of the agreement for purposes of the offences established in accordance with paragraph 1 (a) (i) of this article, shall so inform the Secretary-General of the United Nations at the time of their signature or of deposit of their instrument of ratification, acceptance or approval of or accession to this Convention.

6. gr.
Þvætti ávinnings af glæp gert refsivert.

1. Hvert aðildarríki skal, í samræmi við meginreglur landslaga sinna, setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að unnt sé að gera eftirtalin brot refsiverð þegar um ásetning er að ræða:

a) i) að umbreyta eign eða yfirfæra, vitandi að um ávinning af glæp er að ræða, í því skyni að leyna eða dylja ólöglegan uppruna hennar eða að aðstoða mann, sem á þátt í því að fremja frumbrotið, við að komast hjá lögfylgjum gerðar sinnar,

ii) að leyna eða dylja raunverulegt eðli, uppruna, staðsetningu, ráðstöfun eða flutning eignar eða eignarrétt á henni eða réttindi henni tengd vitandi að slík eign er ávinningur af glæp,

b) með fyrirvara um grundvallarhugtök réttarkerfis þess:
i) að afla sér eignar, hafa hana í vörslu eða nýta hana vitandi, þegar við henni var tekið, að um ávinning af glæp var að ræða,
ii) að eiga aðild að einhverjum þeim brotum sem gerð eru refsiverð samkvæmt þessari grein, tengjast þeim, sammælast við aðra um þau, gera tilraun til þeirra og aðstoða við, hvetja til, stuðla að eða leggja á ráðin um þau.

2. Að því er varðar að framkvæma eða beita ákvæðum 1. mgr. þessarar greinar:

Article 6
Criminalization of the laundering of proceeds of crime

1. Each State Party shall adopt, in accordance with fundamental principles of its domestic law, such legislative and other measures as may be necessary to establish as criminal offences, when committed intentionally:

(a) (i) The conversion or transfer of property, knowing that such property is the proceeds of crime, for the purpose of concealing or disguising the illicit origin of the property or of helping any person who is involved in the commission of the predicate offence to evade the legal consequences of his or her action;

(ii) The concealment or disguise of the true nature, source, location, disposition, movement or ownership of or rights with respect to property, knowing that such property is the proceeds of crime;

(b) Subject to the basic concepts of its legal system:

(i) The acquisition, possession or use of property, knowing, at the time of receipt, that such property is the proceeds of crime;

(ii) Participation in, association with or conspiracy to commit, attempts to commit and aiding, abetting, facilitating and counselling the commission of any of the offences established in accordance with this article.

2. For purposes of implementing or applying paragraph 1 of this article:

a) skal hvert aðildarríki gera sér far um að beita ákvæðum 1. mgr. þessarar greinar gagnvart frumbrotum í víðasta skilningi,
b) skal hvert aðildarríki líta á alla alvarlega glæpi, samanber skilgreiningu í 2. gr. samnings þessa, og þau brot sem gerð eru refsiverð skv. 5., 8. og 23. gr. hans sem frumbrot. Hjá þeim aðildarríkjum sem setja fram skrá í löggjöf sinni um tiltekin frumbrot skal slík skrá að minnsta kosti sýna allt það svið brota sem tengjast skipulögðum glæpasamtökum,

c) skulu brot, sem eru framin jafnt innan lögsögu viðkomandi aðildarríkis sem utan, talin til frumbrota að því er varðar ákvæði b-liðar. Brot, framin utan lögsögu aðildarríkis, skulu þó því aðeins talin frumbrot að sú háttsemi sem um ræðir sé refsiverð samkvæmt landslögum þess ríkis þar sem hún er höfð uppi og myndi teljast refsiverð samkvæmt landslögum þess aðildarríkis sem beitir eða hrindir ákvæðum þessarar greinar í framkvæmd, hefði hún verið höfð þar uppi,

d) skal hvert aðildarríki láta aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna í té texta laga sinna ákvæðum þessarar greinar til framkvæmdar og texta allra síðari breytinga á þeim lögum eða lýsingu á þeim,
e) er heimilt að kveða svo á, sé krafa gerð þar um samkvæmt meginreglum landslaga aðildarríkis, að þau brot sem frá er greint í 1. mgr. þessarar greinar séu þeim mönnum er frömdu frumbrotið óviðkomandi,
f) er heimilt að draga ályktanir um þekkingu, ásetning eða tilgang, sem er nauðsynleg forsenda brots sem frá er greint í 1. mgr. þessarar greinar, af hlutlægum og raunverulegum málavöxtum.

7. gr.

Ráðstafanir gegn peningaþvætti.

1. Hvert aðildarríki skal:
a) koma á, eins og það hefur heimildir til, heildstæðu reglu- og eftirlitskerfi innanlands er þjóni bönkum og öðrum fjármálastofnunum og, eftir því sem við á, öðrum stofnunum, sem eru sérstaklega viðkvæmar fyrir peningaþvætti, í því skyni að koma í veg fyrir og koma upp um peningaþvætti í hvaða mynd sem er og skal með slíku kerfi leggja áherslu á kröfur því viðvíkjandi að bera kennsl á viðskiptavini, kröfur á svið bókhalds og kröfur um að gert sé viðvart um grunsamleg viðskipti,
b) sjá til þess, með fyrirvara um ákvæði 18. og 27. gr. samnings þessa, að yfirvöld á sviði stjórnsýslu og eftirlits og yfirvöld sem framfylgja lög-

(a) Each State Party shall seek to apply paragraph 1 of this article to the widest range of predicate offences;
(b) Each State Party shall include as predicate offences all serious crime as defined in article 2 of this Convention and the offences established in accordance with articles 5, 8 and 23 of this Convention. In the case of States Parties whose legislation sets out a list of specific predicate offences, they shall, at a minimum, include in such list a comprehensive range of offences associated with organized criminal groups;
(c) For the purposes of subparagraph (b), predicate offences shall include offences committed both within and outside the jurisdiction of the State Party in question. However, offences committed outside the jurisdiction of a State Party shall constitute predicate offences only when the relevant conduct is a criminal offence under the domestic law of the State where it is committed and would be a criminal offence under the domestic law of the State Party implementing or applying this article had it been committed there;
(d) Each State Party shall furnish copies of its laws that give effect to this article and of any subsequent changes to such laws or a description thereof to the Secretary-General of the United Nations;
(e) If required by fundamental principles of the domestic law of a State Party, it may be provided that the offences set forth in paragraph 1 of this article do not apply to the persons who committed the predicate offence;
(f) Knowledge, intent or purpose required as an element of an offence set forth in paragraph 1 of this article may be inferred from objective factual circumstances.

Article 7

Measures to combat money-laundering

1. Each State Party:
(a) Shall institute a comprehensive domestic regulatory and supervisory regime for banks and non-bank financial institutions and, where appropriate, other bodies particularly susceptible to money-laundering, within its competence, in order to deter and detect all forms of money-laundering, which regime shall emphasize requirements for customer identification, record-keeping and the reporting of suspicious transactions;

(b) Shall, without prejudice to articles 18 and 27 of this Convention, ensure that administrative, regulatory, law enforcement and other authorities

um og önnur yfirvöld, sem heyja baráttu gegn peningaþvætti (þar með talin dómsmálayfirvöld þar sem það á við samkvæmt landslögum), geti unnið saman og skipst á upplýsingum á lands- og alþjóðavísu með þeim skilyrðum sem landslög kveða á um og skulu, í því skyni, íhuga að koma á fót upplýsingastofnun á sviði fjármála er gegni því hlutverki á landsvísu að safna, vinna úr og miðla upplýsingum um hugsanlegt peningaþvætti.

2. Aðildarríki skulu íhuga að gera raunhæfar ráðstafanir til að koma upp um og fylgjast með flutningi á peningum og viðeigandi viðskiptabréfum yfir landamæri sín, að því tilskildu að þess sé gætt að upplýsingar séu notaðar með réttum hætti og án þess að flutningur á lögmætu fjármagni sé á nokkurn hátt hindraður. Sem dæmi um slíkar ráðstafanir má nefna kröfu um að einstakir menn og fyrirtæki tilkynni um flutning á umtalsverðum peningaupphæðum og viðeigandi viðskiptabréfum yfir landamæri.

3. Aðildarríki eru hvött til þess, þegar komið er á heildstæðu reglu- og eftirlitskerfi innanlands samkvæmt skilmálum þessarar greinar og með fyrirvara um ákvæði allra annarra greina samnings þessa, að nýta sér, sem viðmiðun, viðeigandi frumkvæði svæðisstofnana, millisvæðastofnana og fjölþjóðlegra stofnana í baráttunni gegn peningaþvætti.

4. Aðildarríki skulu leitast við að koma á og efla alþjóðlega og svæðisbundna samvinnu, samvinnu innan svæða og tvíhliða samvinnu milli dómsmálayfirvalda, yfirvalda sem framfylgja lögum og yfirvalda á sviði fjármálaeftirlits í því skyni að berjast gegn peningaþvætti.

dedicated to combating money-laundering (including, where appropriate under domestic law, judicial authorities) have the ability to cooperate and exchange information at the national and international levels within the conditions prescribed by its domestic law and, to that end, shall consider the establishment of a financial intelligence unit to serve as a national centre for the collection, analysis and dissemination of information regarding potential money-laundering.

2. States Parties shall consider implementing feasible measures to detect and monitor the movement of cash and appropriate negotiable instruments across their borders, subject to safeguards to ensure proper use of information and without impeding in any way the movement of legitimate capital. Such measures may include a requirement that individuals and businesses report the cross-border transfer of substantial quantities of cash and appropriate negotiable instruments.

3. In establishing a domestic regulatory and supervisory regime under the terms of this article, and without prejudice to any other article of this Convention, States Parties are called upon to use as a guideline the relevant initiatives of regional, interregional and multilateral organizations against money-laundering.

4. States Parties shall endeavour to develop and promote global, regional, subregional and bilateral cooperation among judicial, law enforcement and financial regulatory authorities in order to combat money-laundering.

8. gr.

Spilling gerð refsiverð.

1. Hvert aðildarríki skal setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að unnt sé að gera eftirtalin brot refsiverð þegar um ásetning er að ræða:

a) að lofa, bjóða eða veita, með beinum eða óbeinum hætti, opinberum starfsmanni óréttmætan ávinning, honum eða öðrum manni eða aðila til handa, í því skyni að hann hafi uppi tiltekna háttsemi eða láti eitthvað ógert í tengslum við skyldustörf sín,

b) ef opinber starfsmaður falast eftir eða þiggur óréttmætan ávinning, með beinum eða óbeinum hætti, sjálfum sér eða öðrum manni eða aðila til handa, í því skyni að hann hafi uppi tiltekna háttsemi eða láti eitthvað ógert í tengslum við skyldustörf sín.

2. Hvert aðildarríki skal íhuga að setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að unnt sé að gera þá háttsemi

Article 8

Criminalization of corruption

1. Each State Party shall adopt such legislative and other measures as may be necessary to establish as criminal offences, when committed intentionally:

(a) The promise, offering or giving to a public official, directly or indirectly, of an undue advantage, for the official himself or herself or another person or entity, in order that the official act or refrain from acting in the exercise of his or her official duties;

(b) The solicitation or acceptance by a public official, directly or indirectly, of an undue advantage, for the official himself or herself or another person or entity, in order that the official act or refrain from acting in the exercise of his or her official duties.

2. Each State Party shall consider adopting such legislative and other measures as may be necessary to establish as criminal offences conduct referred to

sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar og varðar erlendan opinberan starfsmann eða starfsmann alþjóðastofnunar refsiverða þegar um ásetning er að ræða. Á sama hátt skal hvert aðildarríki íhuga að gera önnur birtingarform spillingar refsiverð brot.
3. Hvert aðildarríki skal enn fremur samþykkja ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að hlutdeild í broti, sem gert er refsivert samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, geti talist refsivert brot.
4. Í 1. mgr. þessarar greinar og 9. gr. samnings þessa merkir „opinber starfsmaður“ opinberan starfsmann eða mann sem veitir þjónustu á vegum hins opinbera eins og það hugtak er skilgreint í landslögum og notað í hegningarlögum aðildarríkisins þar sem viðkomandi innir starf sitt af hendi.

in paragraph 1 of this article involving a foreign public official or international civil servant. Likewise, each State Party shall consider establishing as criminal offences other forms of corruption.

3. Each State Party shall also adopt such measures as may be necessary to establish as a criminal offence participation as an accomplice in an offence established in accordance with this article.
4. For the purposes of paragraph 1 of this article and article 9 of this Convention, “public official” shall mean a public official or a person who provides a public service as defined in the domestic law and as applied in the criminal law of the State Party in which the person in question performs that function.

9. gr.

Ráðstafanir gegn spillingu.

1. Hvert aðildarríki skal, til viðbótar þeim ráðstöfunum sem kveðið er á um í 8. gr. samnings þessa og að því marki sem við á og samræmist réttarkerfi þess, setja lagaákvæði og samþykkja ráðstafanir á sviði stjórnsýslu eða aðrar skilvirkar ráðstafanir til að stuðla að heiðarleika og koma í veg fyrir, koma upp um og refsa fyrir spillingu meðal opinberra starfsmanna.
2. Hvert aðildarríki skal gera ráðstafanir til að tryggja að yfirvöld þess grípi til áhrifaríkra aðgerða til þess að fyrirbyggja, koma upp um og refsa fyrir spillingu opinberra starfsmanna, meðal annars með því að veita yfirvöldum nægilegt sjálfstæði til að hamla gegn óeðlilegum áhrifum á gjörðir þeirra.

Article 9

Measures against corruption

1. In addition to the measures set forth in article 8 of this Convention, each State Party shall, to the extent appropriate and consistent with its legal system, adopt legislative, administrative or other effective measures to promote integrity and to prevent, detect and punish the corruption of public officials.

2. Each State Party shall take measures to ensure effective action by its authorities in the prevention, detection and punishment of the corruption of public officials, including providing such authorities with adequate independence to deter the exertion of inappropriate influence on their actions.

10. gr.

Ábyrgð lögaðila.

1. Hvert aðildarríki skal samþykkja ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, sem eru í samræmi við meginreglur landslaga þeirra, til að unnt sé að gera lögaðila ábyrga fyrir hlutdeild í alvarlegum glæpum, þar sem skipulögð glæpasamtök koma við sögu, og fyrir þau brot sem gerð eru refsiverð skv. 5., 6., 8. og 23. gr. samnings þessa.
2. Ábyrgð lögaðila getur, með fyrirvara um ákvæði meginreglna landslaga aðildarríkis, lotið að refsi- eða einkamálarétti eða verið stjórnsýslulegs eðlis.
3. Slík ábyrgð hefur engin áhrif á refsiábyrgð þeirra einstaklinga sem hafa framið brotin.

4. Hvert aðildarríki skal sjá til þess sérstaklega að lögaðilar, sem gerðir eru ábyrgir í samræmi við ákvæði þessarar greinar, sæti virkri, hæfilegri og letjandi refsingu eða séu beittir öðrum viðurlögum, þar með talið sektum.

Article 10

Liability of legal persons

1. Each State Party shall adopt such measures as may be necessary, consistent with its legal principles, to establish the liability of legal persons for participation in serious crimes involving an organized criminal group and for the offences established in accordance with articles 5, 6, 8 and 23 of this Convention.
2. Subject to the legal principles of the State Party, the liability of legal persons may be criminal, civil or administrative.
3. Such liability shall be without prejudice to the criminal liability of the natural persons who have committed the offences.
4. Each State Party shall, in particular, ensure that legal persons held liable in accordance with this article are subject to effective, proportionate and dissuasive criminal or non-criminal sanctions, including monetary sanctions.

11. gr.

Saksókn, dómsálagning og viðurlög.

1. Hvert aðildarríki skal gera þá háttsemi að fremja brot, sem gert er refsivert skv. 5., 6. 8. og 23. gr. samnings þessa, háða viðurlögum þar sem tekið er tillit til þess hversu alvarlegt brotið er.

2. Hvert aðildarríki skal leitast við að tryggja að sérhverjum heimildum samkvæmt landslögum, er varða saksókn manna vegna brota sem samningur þessi tekur til, sé beitt þannig að ráðstafanir til þess að framfylgja lögum verði sem virkastar, að því er þau brot varðar, og að eðlilegt tillit sé tekið til nauðsynjar þess að koma í veg fyrir að slík brot séu framin.

3. Hvert aðildarríki skal, að því er varðar brot sem gert er refsivert skv. 5., 6., 8. og 23. gr. samnings þessa, gera viðeigandi ráðstafanir, í samræmi við landslög sín og með hæfilegu tilliti til réttinda sakbornings til að halda uppi vörnum, til að reyna að tryggja að í skilyrðum, sem eru sett fyrir því að leysa sakborning úr haldi meðan réttarhalda er beðið eða málið er til meðferðar fyrir áfrýjunardómstóli, sé tekið tillit til nauðsynjar þess að tryggja nærveru sakbornings við meðferð sakamáls sem fer fram síðar.

4. Hvert aðildarríki skal ábyrgjast að dómstólar þess eða önnur lögbær yfirvöld taki tilliti til þess hversu alvarlegs eðlis þau brot eru sem samningur þessi tekur til þegar hugsanleg lausn eða reynslulausn þeirra sem hafa verið sakfelldir fyrir slík brot kemur til álita.

5. Hvert aðildarríki skal, þar sem við á, setja ákvæði í landslög sín um langan fyrningarfrest til málshöfðunar vegna brota, sem samningur þessi tekur til, og lengri frest þegar meintur brotamaður hefur komið sér undan málshöfðun.

6. Ekkert í samningi þessum skal skerða gildi þeirrar meginreglu að um lýsingu á brotum þeim sem gerð eru refsiverð samkvæmt samningi þessum og á viðeigandi vörnum eða öðrum meginreglum laga, sem skera úr um það hvort tiltekin háttsemi sé lögleg, skuli farið að landslögum aðildarríkis og að saksótt skuli fyrir brotin og fyrir þau refsað samkvæmt þeim lögum.

Article 11

Prosecution, adjudication and sanctions

1. Each State Party shall make the commission of an offence established in accordance with articles 5, 6, 8 and 23 of this Convention liable to sanctions that take into account the gravity of that offence.

2. Each State Party shall endeavour to ensure that any discretionary legal powers under its domestic law relating to the prosecution of persons for offences covered by this Convention are exercised to maximize the effectiveness of law enforcement measures in respect of those offences and with due regard to the need to deter the commission of such offences.

3. In the case of offences established in accordance with articles 5, 6, 8 and 23 of this Convention, each State Party shall take appropriate measures, in accordance with its domestic law and with due regard to the rights of the defence, to seek to ensure that conditions imposed in connection with decisions on release pending trial or appeal take into consideration the need to ensure the presence of the defendant at subsequent criminal proceedings.

4. Each State Party shall ensure that its courts or other competent authorities bear in mind the grave nature of the offences covered by this Convention when considering the eventuality of early release or parole of persons convicted of such offences.

5. Each State Party shall, where appropriate, establish under its domestic law a long statute of limitations period in which to commence proceedings for any offence covered by this Convention and a longer period where the alleged offender has evaded the administration of justice.

6. Nothing contained in this Convention shall affect the principle that the description of the offences established in accordance with this Convention and of the applicable legal defences or other legal principles controlling the lawfulness of conduct is reserved to the domestic law of a State Party and that such offences shall be prosecuted and punished in accordance with that law.

12. gr.

Upptaka og haldlagning.

1. Aðildarríki skulu, að því marki sem frekast er unnt innan réttarkerfa sinna, samþykkja ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til að gera megi upptæk:

a) ávinning af glæp, sem leiddur er af brotum sem samningur þessi tekur til, eða eign sem að verðmæti svara til slíks ávinnings,

Article 12

Confiscation and seizure

1. States Parties shall adopt, to the greatest extent possible within their domestic legal systems, such measures as may be necessary to enable confiscation of:

(a) Proceeds of crime derived from offences covered by this Convention or property the value of which corresponds to that of such proceeds;

b) eignir, búnað eða önnur gögn sem eru notuð eða ætluð til notkunar við að fremja brot sem samningur þessi tekur til.

2. Aðildarríki skulu samþykkja ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að unnt sé að bera kennsl á, rekja, frysta eða leggja hald á einhverja þá hluti sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar til þess að gera þá síðar upptæka.

3. Hafi ávinningi af glæp verið breytt eða skipt í aðra eign, að hluta eða til fulls, má ráðstafa henni í stað ávinningsins með sama hætti og fjallað er um í grein þessari.

4. Hafi ávinningi af glæp verið blandað saman við eignir, sem aflað hefur verið með lögmætum hætti, má, án þess þó að neinn réttur til frystingar eða haldlagningar sé skertur, gera þær eignir upptækar allt að matsverði þess ávinnings sem blandað var saman við þær.

5. Tekjum eða öðrum hagnaði af ávinningi af glæp, eignum, sem ávinningi af glæp hefur verið breytt eða skipt í, eða eignum, sem ávinningi af glæp hefur verið blandað saman við, má ráðstafa með sama hætti og að sama marki og fjallað er um í grein þessari um ávinning af glæp.

6. Hvert aðildarríki skal, að því er varðar ákvæði greinar þessarar og 13. gr. samnings þessa, veita dómstólum sínum eða öðrum lögbærum yfirvöldum heimild til þess að úrskurða að banka-, fjármála- eða viðskiptagögn skuli látin í té eða hald á þau lagt. Aðildarríki skulu ekki neita að aðhafast samkvæmt ákvæðum greinar þessarar sakir bankaleyndar.

7. Aðildarríki geta metið þann kost að krefjast þess að brotamaður sýni fram á lögmæti uppruna meints ávinnings af glæp eða annarrar eignar, sem hvort tveggja má gera upptækt, að því marki sem slík krafa er í samræmi við meginreglur landslaga þeirra og stríðir ekki gegn eðlilegri dómsmeðferð og málsmeðferð af öðru tagi.

8. Eigi skal túlka ákvæði greinar þessarar til skerðingar á rétti grandalausra þriðju aðila.

9. Grein þessi skerðir í engu þá meginreglu að skilgreina beri og beita þeim aðferðum sem hún fjallar um í samræmi við og með fyrirvara um ákvæði landslaga aðildarríkis.

13. gr.

Alþjóðleg samvinna í upptökumálum.

1. Aðildarríki, sem hefur veitt viðtöku beiðni annars aðildarríkis, sem hefur lögsögu vegna brots sem samningur þessi tekur til, um upptöku ávinnings af glæp, eignar, búnaðar eða annarra gagna sem um

(b) Property, equipment or other instrumentalities used in or destined for use in offences covered by this Convention.

2. States Parties shall adopt such measures as may be necessary to enable the identification, tracing, freezing or seizure of any item referred to in paragraph 1 of this article for the purpose of eventual confiscation.

3. If proceeds of crime have been transformed or converted, in part or in full, into other property, such property shall be liable to the measures referred to in this article instead of the proceeds.

4. If proceeds of crime have been intermingled with property acquired from legitimate sources, such property shall, without prejudice to any powers relating to freezing or seizure, be liable to confiscation up to the assessed value of the intermingled proceeds.

5. Income or other benefits derived from proceeds of crime, from property into which proceeds of crime have been transformed or converted or from property with which proceeds of crime have been intermingled shall also be liable to the measures referred to in this article, in the same manner and to the same extent as proceeds of crime.

6. For the purposes of this article and article 13 of this Convention, each State Party shall empower its courts or other competent authorities to order that bank, financial or commercial records be made available or be seized. States Parties shall not decline to act under the provisions of this paragraph on the ground of bank secrecy.

7. States Parties may consider the possibility of requiring that an offender demonstrate the lawful origin of alleged proceeds of crime or other property liable to confiscation, to the extent that such a requirement is consistent with the principles of their domestic law and with the nature of the judicial and other proceedings.

8. The provisions of this article shall not be construed to prejudice the rights of bona fide third parties.

9. Nothing contained in this article shall affect the principle that the measures to which it refers shall be defined and implemented in accordance with and subject to the provisions of the domestic law of a State Party.

Article 13

International cooperation for purposes of confiscation

1. A State Party that has received a request from another State Party having jurisdiction over an offence covered by this Convention for confiscation of proceeds of crime, property, equipment or other

getur í 1. mgr. 12. gr. samnings þessa og eru staðsett á yfirráðasvæði þess, skal, að því marki sem frekast er unnt innan réttarkerfis þess:

a) leggja beiðnina fyrir lögbær innlend yfirvöld sín til þess að fá heimild til upptöku og fylgja þeirri heimild eftir, sé hún veitt, eða

b) leggja fyrir lögbær yfirvöld sín upptökuheimild, sem dómstóll á yfirráðasvæði þess aðildarríkis sem beiðni leggur fram gefur út í samræmi við 1. mgr. 12. gr. samnings þessa, í því skyni að verða við henni að því marki sem um er beðið og að því leyti sem hún varðar ávinning af glæp, eign, búnað eða önnur gögn sem um getur í 1. mgr. 12. gr. og staðsett eru á yfirráðasvæði þess aðildarríkis sem beiðni er beint til.

2. Er annað aðildarríki, sem hefur lögsögu vegna brots sem samningur þessi tekur til, hefur lagt fram beiðni skal aðildarríkið, sem tekur við beiðninni, gera ráðstafanir til að bera kennsl á, rekja og frysta eða leggja hald á ávinning af glæp, eignir, búnað eða önnur gögn, sem um getur í 1. mgr. 12. gr. samnings þessa, í því skyni að upptaka þeirra verði síðar heimiluð, annaðhvort af því aðildarríki sem leggur fram beiðnina eða, að fram kominni beiðni skv. 1. mgr. þessarar greinar, af því aðildarríki sem beiðninni er beint til.

3. Ákvæði 18. gr. samnings þessa gilda um ákvæði greinar þessarar að breyttu breytanda. Í beiðni, sem lögð er fram samkvæmt grein þessari, skal, auk þeirra upplýsinga sem greinir í 15. mgr. 18. gr., vera:

a) varði beiðnin ákvæði a-liðar 1. mgr. greinar þessarar, lýsing á eign þeirri sem gera skal upptæka og málavöxtum þeim sem það aðildarríki sem beiðni leggur fram telur nægja til að það aðildarríki sem beiðni er beint til geti leitað heimildarinnar samkvæmt landslögum sínum,
b) varði beiðnin ákvæði b-liðar 1. mgr. þessarar greinar, löggilt endurrit upptökuheimildar þeirrar sem það aðildarríki sem beiðni leggur fram hefur gefið út og styður beiðni sína við, málavaxtalýsing og upplýsingar um að hvaða marki beðist er framkvæmdar á upptökuheimildinni,

c) varði beiðnin ákvæði 2. mgr. greinar þessarar, lýsing á þeim málavöxtum sem byggt er á af hálfu þess aðildarríkis sem beiðni leggur fram og lýsing á þeim aðgerðum sem um er beðið.

4. Aðildarríkið, sem beiðni er beint til, skal taka ákvarðanir og grípa til aðgerða, sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. þessarar greinar, í samræmi við og með fyrirvara um ákvæði landslaga sinna og réttarfarsreglna eða hvers þess tvíhliða eða marghliða al-

instrumentalities referred to in article 12, paragraph 1, of this Convention situated in its territory shall, to the greatest extent possible within its domestic legal system:

(a) Submit the request to its competent authorities for the purpose of obtaining an order of confiscation and, if such an order is granted, give effect to it; or
(b) Submit to its competent authorities, with a view to giving effect to it to the extent requested, an order of confiscation issued by a court in the territory of the requesting State Party in accordance with article 12, paragraph 1, of this Convention insofar as it relates to proceeds of crime, property, equipment or other instrumentalities referred to in article 12, paragraph 1, situated in the territory of the requested State Party.

2. Following a request made by another State Party having jurisdiction over an offence covered by this Convention, the requested State Party shall take measures to identify, trace and freeze or seize proceeds of crime, property, equipment or other instrumentalities referred to in article 12, paragraph 1, of this Convention for the purpose of eventual confiscation to be ordered either by the requesting State Party or, pursuant to a request under paragraph 1 of this article, by the requested State Party.

3. The provisions of article 18 of this Convention are applicable, mutatis mutandis, to this article. In addition to the information specified in article 18, paragraph 15, requests made pursuant to this article shall contain:

(a) In the case of a request pertaining to paragraph 1 (a) of this article, a description of the property to be confiscated and a statement of the facts relied upon by the requesting State Party sufficient to enable the requested State Party to seek the order under its domestic law;
(b) In the case of a request pertaining to paragraph 1 (b) of this article, a legally admissible copy of an order of confiscation upon which the request is based issued by the requesting State Party, a statement of the facts and information as to the extent to which execution of the order is requested;
(c) In the case of a request pertaining to paragraph 2 of this article, a statement of the facts relied upon by the requesting State Party and a description of the actions requested.

4. The decisions or actions provided for in paragraphs 1 and 2 of this article shall be taken by the requested State Party in accordance with and subject to the provisions of its domestic law and its procedural rules or any bilateral or multilateral treaty,

þjóðasamnings, samnings eða fyrirkomulags sem það kann að vera bundið af gagnvart því aðildarríki sem beiðnina leggur fram.
5. Hvert aðildarríki skal láta aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna í té endurrit texta laga og reglugerða sinna, sem gera ákvæði greinar þessarar virk, og texta allra síðari breytinga á þeim lögum og reglugerðum eða lýsingu á þeim.
6. Kjósi aðildarríki að setja það skilyrði fyrir þeim ráðstöfunum er um getur í 1. og 2. mgr. greinar þessarar að til sé viðeigandi alþjóðasamningur skal það líta svo á að samningur þessi sé nauðsynlegur og fullnægjandi grundvöllur undir slíkum alþjóðasamningi.
7. Aðildarríki getur hafnað því að eiga aðild að samvinnu samkvæmt ákvæðum greinar þessarar fjalli samningur þessi ekki um það brot sem beiðnin tekur til.
8. Eigi skal túlka ákvæði greinar þessarar þannig að þau skerði rétt grandalausra þriðju aðila.

9. Aðildarríki skulu íhuga að ganga frá tvíhliða eða marghliða alþjóðasamningum, samningum eða fyrirkomulagi í því skyni að auka skilvirkni samvinnu þjóða í milli sem fer fram samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

14. gr.
Ráðstöfun ávinnings af glæp eða eignar sem gerður eða gerð er upptæk.

1. Aðildarríki skal ráðstafa ávinningi af glæp eða eign, sem það gerir upptækan eða upptæka samkvæmt ákvæðum 12. gr. eða 1. mgr. 13. gr. samnings þessa, í samræmi við landslög sín og stjórnsýslureglur.
2. Þegar gerðar eru ráðstafanir vegna beiðni annars aðildarríkis skv. 13. gr. samnings þessa skulu aðildarríki, að því marki sem landslög þeirra heimila og sé um það beðið, íhuga fyrst og fremst að skila aðildarríkinu, sem leggur fram beiðni, þeim ávinningi af glæp eða eign, sem gerður eða gerð hefur verið upptæk, til þess að það geti afhent brotaþolum bætur eða skilað fyrrnefndum ávinningi af glæp eða eign réttum eigendum.
3. Þegar gerðar eru ráðstafanir vegna beiðni annars aðildarríkis skv. 12. og 13. gr. samnings þessa skal aðildarríki íhuga sérstaklega að ganga frá samningum eða fyrirkomulagi þess efnis:

a) að leggja andvirði ávinningsins af glæp eða eignarinnar eða það fé, sem fæst við sölu þeirra, eða hluta þess, inn á reikning þann sem er stofnaður skv. c-lið 2. mgr. 30. gr. samnings þessa og veita því til milliríkjastofnana sem sérhæfa sig í bar-

agreement or arrangement to which it may be bound in relation to the requesting State Party.

5. Each State Party shall furnish copies of its laws and regulations that give effect to this article and of any subsequent changes to such laws and regulations or a description thereof to the Secretary-General of the United Nations.
6. If a State Party elects to make the taking of the measures referred to in paragraphs 1 and 2 of this article conditional on the existence of a relevant treaty, that State Party shall consider this Convention the necessary and sufficient treaty basis.

7. Cooperation under this article may be refused by a State Party if the offence to which the request relates is not an offence covered by this Convention.

8. The provisions of this article shall not be construed to prejudice the rights of bona fide third parties.
9. States Parties shall consider concluding bilateral or multilateral treaties, agreements or arrangements to enhance the effectiveness of international cooperation undertaken pursuant to this article.

Article 14
Disposal of confiscated proceeds of crime or property

1. Proceeds of crime or property confiscated by a State Party pursuant to articles 12 or 13, paragraph 1, of this Convention shall be disposed of by that State Party in accordance with its domestic law and administrative procedures.
2. When acting on the request made by another State Party in accordance with article 13 of this Convention, States Parties shall, to the extent permitted by domestic law and if so requested, give priority consideration to returning the confiscated proceeds of crime or property to the requesting State Party so that it can give compensation to the victims of the crime or return such proceeds of crime or property to their legitimate owners.
3. When acting on the request made by another State Party in accordance with articles 12 and 13 of this Convention, a State Party may give special consideration to concluding agreements or arrangements on:
(a) Contributing the value of such proceeds of crime or property or funds derived from the sale of such proceeds of crime or property or a part thereof to the account designated in accordance with article 30, paragraph 2 (c), of this Conven-

áttunni gegn skipulagðri glæpastarfsemi,

b) að skipta slíkum ávinningi af glæp eða eign eða því fé sem fæst við sölu slíks ávinnings eða eignar með öðrum aðildarríkjum, reglubundið eða í hverju tilviki fyrir sig, samkvæmt landslögum sínum eða stjórnsýslureglum.

15. gr.
Lögsaga.

1. Hvert aðildarríki skal samþykkja ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til að það geti fellt undir lögsögu sína þau brot sem gerð eru refsiverð í samræmi við ákvæði 5., 6., 8. og 23. gr. samnings þessa, þegar:

a) brotið er framið á yfirráðasvæði þess, eða

b) brotið er framið um borð í skipi sem siglir undir fána þess eða loftfari sem er skráð samkvæmt lögum þess þegar brotið er framið.

2. Aðildarríki getur og, með fyrirvara um ákvæði 4. gr. samnings þessa, fellt hvert slíkt brot undir lögsögu sína þegar:

a) brotið beinist gegn ríkisborgara þess,

b) brotið er framið af ríkisborgara þess eða ríkisfangslausum manni sem hefur fasta búsetu á yfirráðasvæði þess, eða

c) brotið er:

i) eitt þeirra brota sem gert er refsivert skv. 1. mgr. 5. gr. samnings þessa og er framið utan yfirráðasvæðis þess í því skyni að fremja alvarlegan glæp innan yfirráðasvæðis þess,

ii) eitt þeirra brota sem gert er refsivert skv. ii-lið b-liðs 1. mgr. 6. gr. samnings þessa og er framið utan yfirráðasvæðis þess í því skyni að fremja brot, sem gert er refsivert skv. i- eða ii-lið a-liðar eða i-lið b-liðar 1. mgr. 6. gr. samnings þessa, innan yfirráðasvæðis þess.

3. Hvert aðildarríki skal, að því er varðar ákvæði 10. mgr. 16. gr. samnings þessa, samþykkja ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að það geti fellt undir lögsögu sína þau brot sem samningur þessi tekur til þegar meintur brotamaður er staddur á yfirráðasvæði þess og það framselur hann ekki af þeirri ástæðu einni að hann er ríkisborgari þess.

4. Hvert aðildarríki getur einnig gert ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að það geti fellt undir lögsögu sína þau brot sem samningur þessi

tion and to intergovernmental bodies specializing in the fight against organized crime;

(b) Sharing with other States Parties, on a regular or case-by-case basis, such proceeds of crime or property, or funds derived from the sale of such proceeds of crime or property, in accordance with its domestic law or administrative procedures.

Article 15
Jurisdiction

1. Each State Party shall adopt such measures as may be necessary to establish its jurisdiction over the offences established in accordance with articles 5, 6, 8 and 23 of this Convention when:

(a) The offence is committed in the territory of that State Party; or

(b) The offence is committed on board a vessel that is flying the flag of that State Party or an aircraft that is registered under the laws of that State Party at the time that the offence is committed.

2. Subject to article 4 of this Convention, a State Party may also establish its jurisdiction over any such offence when:

(a) The offence is committed against a national of that State Party;

(b) The offence is committed by a national of that State Party or a stateless person who has his or her habitual residence in its territory; or

(c) The offence is:

(i) One of those established in accordance with article 5, paragraph 1, of this Convention and is committed outside its territory with a view to the commission of a serious crime within its territory;

(ii) One of those established in accordance with article 6, paragraph 1 (b) (ii), of this Convention and is committed outside its territory with a view to the commission of an offence established in accordance with article 6, paragraph 1 (a) (i) or (ii) or (b) (i), of this Convention within its territory.

3. For the purposes of article 16, paragraph 10, of this Convention, each State Party shall adopt such measures as may be necessary to establish its jurisdiction over the offences covered by this Convention when the alleged offender is present in its territory and it does not extradite such person solely on the ground that he or she is one of its nationals.

4. Each State Party may also adopt such measures as may be necessary to establish its jurisdiction over the offences covered by this Convention when the

tekur til þegar meintur brotamaður er staddur á yfirráðasvæði þess og það framselur hann ekki.
5. Hafi aðildarríki, sem beitir lögsögu skv. 1. eða 2. mgr. þessarar greinar, verið tilkynnt um að eitt eða fleiri aðildarríki rannsaki sömu háttsemi, lögsæki fyrir hana eða að þar fari fram dómsmeðferð vegna hennar eða verði þess áskynja á annan hátt skulu lögbær yfirvöld hlutaðeigandi aðildarríkja ráðgast um, eftir því sem við á, hvernig þau megi samræma aðgerðir sínar.
6. Samningur þessi útilokar ekki, samanber þó reglur almenns þjóðaréttar, að beitt sé sérhverri þeirri refsiréttarlögsögu sem aðildarríki ber samkvæmt landslögum sínum.

16. gr.
Framsal.

1. Ákvæði þessarar greinar gilda um brot, sem samningur þessi tekur til, eða í þeim tilvikum þegar skipulögð glæpasamtök eiga aðild að broti sem um ræðir í a- eða b-lið 1. mgr. 3. gr. og sá maður sem farið er fram á að verði framseldur er staddur á yfirráðasvæði þess aðildarríkis sem beiðninni er beint til, enda sé brotið, sem farið er fram á framsal vegna, refsivert, bæði samkvæmt landslögum þess aðildarríkis sem leggur fram beiðni og aðildarríkisins sem henni er beint til.
2. Sé um framsalsbeiðni að ræða, sem tekur til margra og aðskilinna alvarlegra glæpa og ákvæði þessarar greinar gilda ekki um einhver þeirra, getur aðildarríkið, sem beiðninni er beint til, einnig beitt ákvæðum þessarar greinar að því er síðarnefndu brotin varðar.
3. Líta ber svo á að hvert það brot sem ákvæði þessarar greinar gilda um teljist framsalsbrot í skilningi ákvæða þeirra framsalssamninga sem í gildi eru milli aðildarríkja. Aðildarríkin skuldbinda sig til þess að telja fyrrnefnd brot meðal framsalsbrota í hverjum þeim framsalssamningi sem kann að verða gerður milli þeirra.
4. Taki aðildarríki, sem gerir það að skilyrði fyrir framsali að fyrir hendi sé alþjóðasamningur þar um, við framsalsbeiðni frá öðru aðildarríki, sem það hefur ekki framsalssamning við, getur það litið á samning þennan sem lagalegan grundvöll að framsali með tilliti til brots sem ákvæði greinar þessarar gilda um.
5. Aðildarríki, sem gera það að skilyrði fyrir framsali að fyrir hendi sé alþjóðasamningur þar um, skulu:

a) tilkynna aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, þegar þau afhenda skjöl sín um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki samnings þessa eða aðild að honum, hvort þau muni nota samning þennan sem lagalegan grundvöll að

alleged offender is present in its territory and it does not extradite him or her.
5. If a State Party exercising its jurisdiction under paragraph 1 or 2 of this article has been notified, or has otherwise learned, that one or more other States Parties are conducting an investigation, prosecution or judicial proceeding in respect of the same conduct, the competent authorities of those States Parties shall, as appropriate, consult one another with a view to coordinating their actions.
6. Without prejudice to norms of general international law, this Convention does not exclude the exercise of any criminal jurisdiction established by a State Party in accordance with its domestic law.

Article 16
Extradition

1. This article shall apply to the offences covered by this Convention or in cases where an offence referred to in article 3, paragraph 1 (a) or (b), involves an organized criminal group and the person who is the subject of the request for extradition is located in the territory of the requested State Party, provided that the offence for which extradition is sought is punishable under the domestic law of both the requesting State Party and the requested State Party.
2. If the request for extradition includes several separate serious crimes, some of which are not covered by this article, the requested State Party may apply this article also in respect of the latter offences.

3. Each of the offences to which this article applies shall be deemed to be included as an extraditable offence in any extradition treaty existing between States Parties. States Parties undertake to include such offences as extraditable offences in every extradition treaty to be concluded between them.

4. If a State Party that makes extradition conditional on the existence of a treaty receives a request for extradition from another State Party with which it has no extradition treaty, it may consider this Convention the legal basis for extradition in respect of any offence to which this article applies.
5. States Parties that make extradition conditional on the existence of a treaty shall:

(a) At the time of deposit of their instrument of ratification, acceptance, approval of or accession to this Convention, inform the Secretary-General of the United Nations whether they will take this Convention as the legal basis for cooperation on

samvinnu um framsal við önnur aðildarríki að samningi þessum og

b) noti þau ekki samning þennan sem lagalegan grundvöll að samvinnu um framsal, kappkosta, eftir því sem við á, að ganga frá framsalssamningum við önnur ríki, sem eiga aðild að samningi þessum, í því augnamiði að ákvæði þessarar greinar komi til framkvæmda.

6. Aðildarríki, sem setja ekki það skilyrði fyrir framsali að samningur þar um sé fyrir hendi, skulu sín á milli viðurkenna þau brot sem ákvæði greinar þessarar gilda um sem framsalsbrot.

7. Framsal skal háð þeim skilyrðum sem landslög þess aðildarríkis sem framsalsbeiðni er beint til kveða á um eða viðeigandi framsalssamningar, meðal annars má nefna skilyrði um lágmarkskröfur um refsingu til þess að til framsals geti komið og um ástæður þess að aðildarríkið, sem beiðni er beint til, megi synja framsals.

8. Aðildarríki skulu, með fyrirvara um ákvæði landslaga sinna, leitast við að hraða málsmeðferð við framsal og einfalda kröfur um sönnunarfærslu við þá málsmeðferð vegna allra brota sem ákvæði greinar þessarar gilda um.

9. Aðildarríkið, sem beiðni er beint til, getur, með fyrirvara um ákvæði landslaga sinna og þeirra framsalssamninga sem það hefur gert og þegar það hefur gengið úr skugga um að aðstæður réttlæti það og séu brýnar, hneppt mann, sem leitað er framsals á og staddur er á yfirráðasvæði þess, í gæslu að beiðni aðildarríkisins, sem leggur fram beiðni, eða gert aðrar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja nærveru hans við málsmeðferð vegna framsalsins.

10. Hittist meintur brotamaður fyrir á yfirráðasvæði aðildarríkis og sé hann ekki framseldur vegna brots, sem ákvæði greinar þessarar gilda um, á þeirri forsendu einni að hann er ríkisborgari þess skal hlutaðeigandi aðildarríki, að beiðni þess aðildarríkis sem fer fram á framsal, leggja málið fyrir lögbær yfirvöld sín til saksóknar. Skulu þau yfirvöld taka ákvörðun og haga málsmeðferð sinni með sama hætti og sé um önnur alvarleg brot að ræða samkvæmt landslögum fyrrnefnds aðildarríkis. Hlutaðeigandi aðildarríki skulu vinna saman, einkum að því er varðar þætti er lúta að málsmeðferð og sönnunarfærslu, í því skyni að tryggja skilvirka framkvæmd slíkrar saksóknar.

11. Í þeim tilvikum er landslög aðildarríkis heimila því að framselja eigin ríkisborgara eða afhenda hann með öðrum hætti, með því skilyrði að hann verði sendur aftur til fyrrnefnds aðildarríkis til þess að afplána þar þá refsingu sem honum er ákvörðuð að afloknu réttarhaldi eða málsmeðferð sem framsals eða afhendingar hans var óskað vegna og að fyrrnefnt

extradition with other States Parties to this Convention; and

(b) If they do not take this Convention as the legal basis for cooperation on extradition, seek, where appropriate, to conclude treaties on extradition with other States Parties to this Convention in order to implement this article.

6. States Parties that do not make extradition conditional on the existence of a treaty shall recognize offences to which this article applies as extraditable offences between themselves.

7. Extradition shall be subject to the conditions provided for by the domestic law of the requested State Party or by applicable extradition treaties, including, inter alia, conditions in relation to the minimum penalty requirement for extradition and the grounds upon which the requested State Party may refuse extradition.

8. States Parties shall, subject to their domestic law, endeavour to expedite extradition procedures and to simplify evidentiary requirements relating thereto in respect of any offence to which this article applies.

9. Subject to the provisions of its domestic law and its extradition treaties, the requested State Party may, upon being satisfied that the circumstances so warrant and are urgent and at the request of the requesting State Party, take a person whose extradition is sought and who is present in its territory into custody or take other appropriate measures to ensure his or her presence at extradition proceedings.

10. A State Party in whose territory an alleged offender is found, if it does not extradite such person in respect of an offence to which this article applies solely on the ground that he or she is one of its nationals, shall, at the request of the State Party seeking extradition, be obliged to submit the case without undue delay to its competent authorities for the purpose of prosecution. Those authorities shall take their decision and conduct their proceedings in the same manner as in the case of any other offence of a grave nature under the domestic law of that State Party. The States Parties concerned shall cooperate with each other, in particular on procedural and evidentiary aspects, to ensure the efficiency of such prosecution.

11. Whenever a State Party is permitted under its domestic law to extradite or otherwise surrender one of its nationals only upon the condition that the person will be returned to that State Party to serve the sentence imposed as a result of the trial or proceedings for which the extradition or surrender of the person was sought and that State Party and the State

aðildarríki og aðildarríkið, sem framsals eða afhendingar beiddist, fallist á þennan valkost og aðra skilmála sem þau kunna að telja við eiga, skal slíkt skilyrt framsal eða afhending nægja til að sinna þeirri skyldu sem er lýst í 10. mgr. þessarar greinar.

12. Ef synjað er um framsal, sem beiðst er til fullnustu refsingar, vegna þess að sá sem leitað er framsals á er ríkisborgari þess aðildarríkis sem beiðninni er beint til skal það aðildarríki, ef landslög þess heimila það og eftir því sem þau lög kveða á um, taka til athugunar, að beiðni þess aðildarríkis sem leggur fram beiðni, að koma fram þeirri refsingu sem lögð hefur verið á samkvæmt landslögum þess aðildarríkis sem leggur fram beiðni eða því sem eftir stendur af henni.

13. Hverjum manni, sem sætir málsmeðferð vegna brota sem ákvæði greinar þessarar gilda um, skal tryggð sanngjörn meðferð á öllum stigum málsmeðferðar, meðal annars skal hann njóta allra þeirra réttinda og öryggis sem landslög þess aðildarríkis sem á yfirráðasvæði þar sem hann er staddur kveða á um.

14. Ekkert í samningi þessum skal túlka þannig að uppfylla beri framsalsskyldu hafi aðildarríkið, sem beiðni er beint til, ríka ástæðu til að ætla að beiðnin sé lögð fram í því skyni að saksækja mann eða refsa honum vegna kynferðis hans, kynþáttar, trúar, þjóðernis, uppruna eða stjórnmálaskoðana eða ef orðið yrði við beiðninni myndi það veikja stöðu hans af einhverri þeirri ástæðu sem fyrr greinir.

15. Aðildarríkjum er óheimilt að hafna framsalsbeiðni á þeirri forsendu einni að brotið sé einnig talið varða skattamál.

16. Aðildarríki, sem beiðni er beint til, skal, áður en synjað er um framsal og þegar við á, ráðgast við aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, í því skyni að gefa því gott færi til að láta álit sitt í ljós og veita upplýsingar er varða ásökun þess.

17. Aðildarríki skulu leitast við að koma á tvíhliða og marghliða samningum eða fyrirkomulagi til framkvæmdar á framsali eða til að auka virkni þess.

Party seeking the extradition of the person agree with this option and other terms that they may deem appropriate, such conditional extradition or surrender shall be sufficient to discharge the obligation set forth in paragraph 10 of this article.

12. If extradition, sought for purposes of enforcing a sentence, is refused because the person sought is a national of the requested State Party, the requested Party shall, if its domestic law so permits and in conformity with the requirements of such law, upon application of the requesting Party, consider the enforcement of the sentence that has been imposed under the domestic law of the requesting Party or the remainder thereof.

13. Any person regarding whom proceedings are being carried out in connection with any of the offences to which this article applies shall be guaranteed fair treatment at all stages of the proceedings, including enjoyment of all the rights and guarantees provided by the domestic law of the State Party in the territory of which that person is present.

14. Nothing in this Convention shall be interpreted as imposing an obligation to extradite if the requested State Party has substantial grounds for believing that the request has been made for the purpose of prosecuting or punishing a person on account of that person's sex, race, religion, nationality, ethnic origin or political opinions or that compliance with the request would cause prejudice to that person's position for any one of these reasons.

15. States Parties may not refuse a request for extradition on the sole ground that the offence is also considered to involve fiscal matters.

16. Before refusing extradition, the requested State Party shall, where appropriate, consult with the requesting State Party to provide it with ample opportunity to present its opinions and to provide information relevant to its allegation.

17. States Parties shall seek to conclude bilateral and multilateral agreements or arrangements to carry out or to enhance the effectiveness of extradition.

17. gr.

Flutningur dæmdra manna.

Aðildarríki geta metið þann kost að koma á tvíhliða eða marghliða samningum eða fyrirkomulagi um flutning manna, sem hafa verið dæmdir til fangelsisvistar eða annarrar frelsissviptingar fyrir brot sem samningur þessi tekur til, inn á yfirráðasvæði sín, í því skyni að gefa þeim kost á að afplána refsingu sína þar.

Article 17

Transfer of sentenced persons

States Parties may consider entering into bilateral or multilateral agreements or arrangements on the transfer to their territory of persons sentenced to imprisonment or other forms of deprivation of liberty for offences covered by this Convention, in order that they may complete their sentences there.

18. gr.

Gagnkvæm dómsmálaaðstoð.

1. Aðildarríki skulu veita hvert öðru alla þá dómsmálaaðstoð sem við verður komið við rannsókn, saksókn og dómsmeðferð vegna brota sem samningur þessi tekur til, samanber ákvæði 3. gr., og veita hvert öðru sams konar aðstoð hafi aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, rökstuddan grun um að brot það er um getur í a- eða b-lið 1. mgr. 3. gr. sé fjölþjóðlegs eðlis, meðal annars að brotaþola, vitni, ávinning, gögn eða sannanir sé að finna í aðildarríkinu, sem beiðni er beint til, og að skipulögð glæpasamtök tengist brotinu.

2. Veita ber gagnkvæma dómsmálaaðstoð, að því marki sem frekast er unnt, samkvæmt viðeigandi lögum þess aðildarríkis sem beiðni er beint til og alþjóðasamningum, samningum og fyrirkomulagi, sem það er aðili að, í tengslum við rannsókn, saksókn og dómsmeðferð vegna brota sem lögaðili kann að verða kallaður til ábyrgðar fyrir í aðildarríkinu, sem leggur fram beiðni, í samræmi við ákvæði 10. gr. samnings þessa.

3. Um gagnkvæma dómsmálaaðstoð, sem veitt skal samkvæmt grein þessari, má biðja í eftirfarandi tilgangi:

a) til að afla sönnunargagna eða taka skýrslur af mönnum,
b) til að birta skjöl,
c) til að framkvæma leit og haldlagningu og frystingu,
d) til að rannsaka muni og vettvang,
e) til að afla upplýsinga, sönnunargagna og sérfræðilegs mats,
f) til að afla frumrita eða staðfestra endurrita af viðeigandi skjölum og gögnum, þar með töldum skjölum stjórnvalda, banka og fyrirtækja og bókhalds- og viðskiptagögnum,
g) til að bera kennsl á eða rekja ávinning af glæp, eignir, gögn eða aðra hluti sem nota má til sönnunarfærslu,
h) til að greiða fyrir því að menn komi af frjálsum vilja fyrir rétt í aðildarríkinu sem leggur fram beiðni,
i) um hvers kyns aðra aðstoð sem brýtur ekki í bága við landslög þess aðildarríkis sem beiðni er beint til.

4. Lögbær yfirvöld í aðildarríki geta, með fyrirvara um ákvæði landslaga og án þess að um það sé beðið fyrir fram, sent lögbærum yfirvöldum í öðru aðildarríki upplýsingar um brotamál telji þau að slíkar upplýsingar geti gagnast þeim við rannsókn og meðferð sakamáls eða við að leiða rannsókn og slíka málsmeðferð til lykta með þeim hætti að tilætluðum

Article 18

Mutual legal assistance

1. States Parties shall afford one another the widest measure of mutual legal assistance in investigations, prosecutions and judicial proceedings in relation to the offences covered by this Convention as provided for in article 3 and shall reciprocally extend to one another similar assistance where the requesting State Party has reasonable grounds to suspect that the offence referred to in article 3, paragraph 1 (a) or (b), is transnational in nature, including that victims, witnesses, proceeds, instrumentalities or evidence of such offences are located in the requested State Party and that the offence involves an organized criminal group.

2. Mutual legal assistance shall be afforded to the fullest extent possible under relevant laws, treaties, agreements and arrangements of the requested State Party with respect to investigations, prosecutions and judicial proceedings in relation to the offences for which a legal person may be held liable in accordance with article 10 of this Convention in the requesting State Party.

3. Mutual legal assistance to be afforded in accordance with this article may be requested for any of the following purposes:

(a) Taking evidence or statements from persons;
(b) Effecting service of judicial documents;
(c) Executing searches and seizures, and freezing;
(d) Examining objects and sites;
(e) Providing information, evidentiary items and expert evaluations;
(f) Providing originals or certified copies of relevant documents and records, including government, bank, financial, corporate or business records;
(g) Identifying or tracing proceeds of crime, property, instrumentalities or other things for evidentiary purposes;
(h) Facilitating the voluntary appearance of persons in the requesting State Party;
(i) Any other type of assistance that is not contrary to the domestic law of the requested State Party.

4. Without prejudice to domestic law, the competent authorities of a State Party may, without prior request, transmit information relating to criminal matters to a competent authority in another State Party where they believe that such information could assist the authority in undertaking or successfully concluding inquiries and criminal proceedings or

árangri verði náð eða geti leitt til þess að síðarnefnda aðildarríkið setji fram beiðni samkvæmt ákvæðum samnings þessa.

5. Miðlun upplýsinga skv. 4. mgr. þessarar greinar skal ekki hafa áhrif á rannsókn eða meðferð sakamáls í því ríki þar sem fyrrnefnd lögbær yfirvöld, sem upplýsingarnar veita, eru. Lögbær yfirvöld, sem taka við upplýsingunum, skulu verða við beiðni um að farið sé með þær sem trúnaðarmál, jafnvel tímabundið, eða um að notkun þeirra sé takmörkunum háð. Það skal þó ekki koma í veg fyrir að viðtökuaðildarríkið opinberi, í málarekstri sínum, upplýsingar sem hreinsa sakborning af ákæru. Ef þannig háttar til skal viðtökuaðildarríkið gera aðildarríkinu, sem upplýsingarnar sendir, viðvart áður en þær eru gerðar opinberar og ráðgast við það sé þess óskað. Ef ekki reynist unnt, í undantekningartilviki, að senda tilkynningu fyrir fram skal viðtökuaðildarríkið greina aðildarríkinu, sem upplýsingarnar sendir, frá því, án tafar, að upplýsingarnar hafi verið gerðar opinberar.

6. Ákvæði þessarar greinar skulu ekki hafa áhrif á skuldbindingar samkvæmt neinum öðrum alþjóðasamningi, tvíhliða eða marghliða, sem gildir eða mun gilda um gagnkvæma dómsmálaaðstoð í heild eða að hluta.

7. Ákvæði 9. til 29. mgr. þessarar greinar gilda um beiðnir, sem lagðar eru fram samkvæmt þeim, séu hlutaðeigandi aðildarríki ekki bundin af alþjóðasamningi um gagnkvæma dómsmálaaðstoð. Ef fyrrnefnd aðildarríki eru bundin af slíkum alþjóðasamningi skulu samsvarandi ákvæði hans gilda nema aðildarríkin séu sammála um að beita ákvæðum 9. til 29. mgr. þessarar greinar í þeirra stað. Aðildarríki eru eindregið hvött til þess að beita ákvæðum fyrrnefndra málsgreina auðveldi það samvinnu milli þeirra.

8. Aðildarríki skulu ekki hafna því, á grundvelli bankaleyndar, að gagnkvæm dómsmálaaðstoð sé veitt samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

9. Aðildarríki geta hafnað því að gagnkvæm dómsmálaaðstoð sé veitt samkvæmt ákvæðum þessarar greinar á þeirri forsendu að um glæpsamlegt athæfi sé ekki að ræða í báðum aðildarríkjum. Aðildarríkið, sem beiðni er beint til, getur þó, telji það slíkt viðeigandi, veitt aðstoð, að því marki sem það ákveður sjálft, hvort sem sú háttsemi sem um ræðir telst refsiverð samkvæmt landslögum þess eður ei.

10. Mann, sem er í gæslu eða afplánar refsingu á yfirráðasvæði eins aðildarríkis, er heimilt að flytja til annars aðildarríkis sé nærveru hans óskað þar sakir staðfestingar, vitnisburðar eða annarrar aðstoðar við að afla sönnunargagna í tengslum við rannsókn, sak-

could result in a request formulated by the latter State Party pursuant to this Convention.

5. The transmission of information pursuant to paragraph 4 of this article shall be without prejudice to inquiries and criminal proceedings in the State of the competent authorities providing the information. The competent authorities receiving the information shall comply with a request that said information remain confidential, even temporarily, or with restrictions on its use. However, this shall not prevent the receiving State Party from disclosing in its proceedings information that is exculpatory to an accused person. In such a case, the receiving State Party shall notify the transmitting State Party prior to the disclosure and, if so requested, consult with the transmitting State Party. If, in an exceptional case, advance notice is not possible, the receiving State Party shall inform the transmitting State Party of the disclosure without delay.

6. The provisions of this article shall not affect the obligations under any other treaty, bilateral or multilateral, that governs or will govern, in whole or in part, mutual legal assistance.

7. Paragraphs 9 to 29 of this article shall apply to requests made pursuant to this article if the States Parties in question are not bound by a treaty of mutual legal assistance. If those States Parties are bound by such a treaty, the corresponding provisions of that treaty shall apply unless the States Parties agree to apply paragraphs 9 to 29 of this article in lieu thereof. States Parties are strongly encouraged to apply these paragraphs if they facilitate cooperation.

8. States Parties shall not decline to render mutual legal assistance pursuant to this article on the ground of bank secrecy.

9. States Parties may decline to render mutual legal assistance pursuant to this article on the ground of absence of dual criminality. However, the requested State Party may, when it deems appropriate, provide assistance, to the extent it decides at its discretion, irrespective of whether the conduct would constitute an offence under the domestic law of the requested State Party.

10. A person who is being detained or is serving a sentence in the territory of one State Party whose presence in another State Party is requested for purposes of identification, testimony or otherwise providing assistance in obtaining evidence for investiga-

sókn eða dómsmeðferð vegna brota, sem samningur þessi tekur til, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

a) maður sá veiti upplýst samþykki sitt fyrir því af fúsum og frjálsum vilja,
b) lögbær yfirvöld í báðum aðildarríkjum samþykki það með þeim skilyrðum sem þau aðildarríki kunna að telja rétt að setja.

11. Að því er varðar ákvæði 10. mgr. þessarar greinar:

a) hefur aðildarríkið, sem maðurinn er fluttur til, heimild og ber skylda til að hafa hinn flutta í haldi, nema aðildarríkið, sem hann var fluttur frá, fari fram á eða heimili annað,

b) skal aðildarríkið, sem maðurinn er fluttur til, uppfylla þá skyldu sína tafarlaust að skila honum í gæslu aðildarríkisins, sem hann var fluttur frá, samkvæmt fyrirframgerðu samkomulagi, eða eins og samið er um með öðrum hætti, milli lögbærra yfirvalda í báðum aðildarríkjum,

c) aðildarríkið, sem maðurinn er fluttur til, skal ekki krefjast þess að aðildarríkið, sem hann var fluttur frá, hefji málsmeðferð vegna framsals til að honum verði skilað aftur,

d) sá tími sem hinn flutti er í haldi í ríkinu, sem hann er fluttur til, skal koma til frádráttar afplánun refsingar í ríkinu sem hann var fluttur frá.

12. Maður, sem til stendur að flytja frá aðildarríki í samræmi við ákvæði 10. og 11. mgr. þessarar greinar, skal ekki, nema aðildarríkið samþykki það, sæta saksókn, gæslu, refsingu eða neinni annarri skerðingu á persónufrelsi sínu á yfirráðasvæði þess ríkis sem hann er fluttur til vegna athafna, athafnaleysis eða sakfellinga, sem áttu sér stað áður en hann yfirgaf yfirráðasvæði þess ríkis sem hann var fluttur frá, og gildir einu af hvaða þjóðerni hann er.

13. Hvert samningsríki tilnefni umsjónarstjórnvald sem bera skal ábyrgð á og hafa heimild til að veita viðtöku beiðnum um gagnkvæma dómsmálaaðstoð og annaðhvort verða við þeim eða framsenda lögbærum yfirvöldum til framkvæmdar. Fyrirfinnist innan aðildarríkis sérstakt hérað eða yfirráðasvæði með aðskilið fyrirkomulag gagnkvæmrar dómsmálaaðstoðar getur aðildarríkið tilnefnt sérlegt umsjónarstjórnvald er gegni sama hlutverki fyrir héraðið eða svæðið. Umsjónarstjórnvöld skulu sjá til þess að orðið sé við beiðnum, sem veitt er viðtaka, með fljótvirkum og réttum hætti. Framsendi umsjónar-

tions, prosecutions or judicial proceedings in relation to offences covered by this Convention may be transferred if the following conditions are met:

(a) The person freely gives his or her informed consent;
(b) The competent authorities of both States Parties agree, subject to such conditions as those States Parties may deem appropriate.

11. For the purposes of paragraph 10 of this article:

(a) The State Party to which the person is transferred shall have the authority and obligation to keep the person transferred in custody, unless otherwise requested or authorized by the State Party from which the person was transferred;
(b) The State Party to which the person is transferred shall without delay implement its obligation to return the person to the custody of the State Party from which the person was transferred as agreed beforehand, or as otherwise agreed, by the competent authorities of both States Parties;
(c) The State Party to which the person is transferred shall not require the State Party from which the person was transferred to initiate extradition proceedings for the return of the person;
(d) The person transferred shall receive credit for service of the sentence being served in the State from which he or she was transferred for time spent in the custody of the State Party to which he or she was transferred.

12. Unless the State Party from which a person is to be transferred in accordance with paragraphs 10 and 11 of this article so agrees, that person, whatever his or her nationality, shall not be prosecuted, detained, punished or subjected to any other restriction of his or her personal liberty in the territory of the State to which that person is transferred in respect of acts, omissions or convictions prior to his or her departure from the territory of the State from which he or she was transferred.

13. Each State Party shall designate a central authority that shall have the responsibility and power to receive requests for mutual legal assistance and either to execute them or to transmit them to the competent authorities for execution. Where a State Party has a special region or territory with a separate system of mutual legal assistance, it may designate a distinct central authority that shall have the same function for that region or territory. Central authorities shall ensure the speedy and proper execution or transmission of the requests received. Where the central authority transmits the request to a competent

stjórnvald lögbæru yfirvaldi beiðnina til þess að það geti orðið við henni skal umsjónarstjórnvaldið hvetja fyrrnefnt yfirvald til þess að gera það með skjótum og réttum hætti. Tilkynna skal aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna um umsjónarstjórnvald það sem er tilnefnt í þessu skyni samtímis því að hvert aðildarríki afhendir skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki samnings þessa eða aðild að honum. Senda ber beiðnir um gagnkvæma dómsmálaaðstoð og allar orðsendingar þar að lútandi þeim umsjónarstjórnvöldum sem aðildarríkin hafa tilnefnt. Krafa þessi hefur ekki áhrif á rétt aðildarríkis til þess að krefjast þess að slíkar beiðnir og orðsendingar verði sendar því eftir diplómatískum leiðum og, ef brýnar ástæður eru til og verði aðildarríkin ásátt um það, fyrir milligöngu Alþjóðasambands sakamálalögreglu, ef unnt er.

14. Beiðnir skal leggja fram skriflega eða, verði því komið við, með einhverjum þeim hætti sem getur af sér ritað skjal og á tungumáli sem aðildarríkið, sem beiðni er beint til, samþykkir og við skilyrði sem gera því kleift að ganga úr skugga um að beiðnin sé upprunaleg. Tilkynna skal aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna um það eða þau tungumál sem hvert aðildarríki samþykkir jafnhliða því að það afhendir skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki samnings þessa eða aðild að honum. Séu brýnar ástæður til og komi aðildarríkin sér saman um það má bera beiðnir fram munnlega, en þegar skal þá staðfesta þær skriflega.

15. Í beiðni um gagnkvæma dómsmálaaðstoð skal koma fram:

a) hvert það yfirvald er sem beiðnina ber fram,
b) efni og eðli rannsóknarinnar, saksóknarinnar eða dómsmeðferðarinnar sem beiðnin varðar og nafn og starfssvið þess yfirvalds sem annast rannsóknina, saksóknina eða dómsmeðferðina,
c) samantekt um málsatvik nema ef beiðnin er borin fram til að fá dómsskjöl birt,
d) hvernig aðstoðar er beiðst og hvernig aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, óskar að málsmeðferð skuli hagað í einstökum atriðum, eftir því sem við á,
e) þar sem unnt er, hverjir þeir menn eru sem beiðnin varðar, hvar þeir eru og hvert ríkisfang þeirra er, og
f) hver sé tilgangur þess að sönnunargagna, upplýsinga eða aðgerða er óskað.

16. Aðildarríkið, sem beiðni er beint til, getur óskað frekari upplýsinga þegar slíkt virðist nauðsynlegt til að verða við beiðninni samkvæmt landslögum þess eða þegar það getur greitt fyrir framkvæmd hennar.

authority for execution, it shall encourage the speedy and proper execution of the request by the competent authority. The Secretary-General of the United Nations shall be notified of the central authority designated for this purpose at the time each State Party deposits its instrument of ratification, acceptance or approval of or accession to this Convention. Requests for mutual legal assistance and any communication related thereto shall be transmitted to the central authorities designated by the States Parties. This requirement shall be without prejudice to the right of a State Party to require that such requests and communications be addressed to it through diplomatic channels and, in urgent circumstances, where the States Parties agree, through the International Criminal Police Organization, if possible.

14. Requests shall be made in writing or, where possible, by any means capable of producing a written record, in a language acceptable to the requested State Party, under conditions allowing that State Party to establish authenticity. The Secretary-General of the United Nations shall be notified of the language or languages acceptable to each State Party at the time it deposits its instrument of ratification, acceptance or approval of or accession to this Convention. In urgent circumstances and where agreed by the States Parties, requests may be made orally, but shall be confirmed in writing forthwith.

15. A request for mutual legal assistance shall contain:

(a) The identity of the authority making the request;
(b) The subject matter and nature of the investigation, prosecution or judicial proceeding to which the request relates and the name and functions of the authority conducting the investigation, prosecution or judicial proceeding;
(c) A summary of the relevant facts, except in relation to requests for the purpose of service of judicial documents;
(d) A description of the assistance sought and details of any particular procedure that the requesting State Party wishes to be followed;
(e) Where possible, the identity, location and nationality of any person concerned; and
(f) The purpose for which the evidence, information or action is sought.

16. The requested State Party may request additional information when it appears necessary for the execution of the request in accordance with its domestic law or when it can facilitate such execution.

17. Orðið skal við beiðni í samræmi við landslög aðildarríkisins sem henni er beint til og, eftir því sem unnt er og að því leyti sem það fer ekki í bága við landslög þess, skal fylgja þeirri málsmeðferð sem tilgreind er í beiðninni.

18. Sé einstaklingur staddur á yfirráðasvæði aðildarríkis og dómsmálayfirvöld í öðru aðildarríki þurfa nauðsynlega að yfirheyra hann sem vitni eða sérfræðing getur fyrrnefnda aðildarríkið, ávallt þegar því verður komið við og í samræmi við meginreglur landslaga, heimilað, að ósk þess síðarnefnda, að réttarhald fari fram í formi myndfundar sé viðkomandi einstaklingi ekki unnt, eða sé ekki æskilegt fyrir hann, að koma í eigin persónu inn á yfirráðasvæði aðildarríkisins sem leggur fram beiðni. Aðildarríki geta komið sér saman um að dómsmálayfirvald í aðildarríkinu, sem leggur fram beiðni, stýri réttarhaldi og að dómsmálayfirvald í aðildarríkinu, sem beiðni er beint til, sé viðstatt.

19. Aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, skal hvorki senda frá sér né nota upplýsingar eða sönnunargögn, sem aðildarríkið, sem beiðni er beint til, veitti, til annarrar rannsóknar, saksóknar eða dómsmeðferðar en þeirrar sem tilgreind var í beiðninni, nema aðildarríkið, sem beiðni er beint til, samþykki það fyrir fram. Ekkert í málsgrein þessari skal koma í veg fyrir að aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, opinberi, við meðferð málsins hjá sér, upplýsingar eða sönnunargögn sem hreinsa sakborning af ákæru. Í síðarnefnda tilvikinu skal aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, senda aðildarríkinu, sem beiðni er beint til, tilkynningu áður en fyrrnefndar upplýsingar eða sönnunargögnin eru gerð opinber og ráðgast við síðarnefnda aðildarríkið sé þess óskað. Reynist, í undantekningartilviki, ekki unnt að senda tilkynningu fyrir fram skal aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, tilkynna aðildarríkinu, sem beiðni er beint til, um slíka birtingu án tafar.

20. Aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, getur óskað þess að aðildarríkið, sem beiðni er beint til, haldi beiðninni leyndri og efni hennar að öðru leyti en því sem nauðsynlegt er til þess að verða við henni. Geti aðildarríkið, sem beiðni er beint til, ekki sinnt ósk um leynd skal það þegar tilkynna aðildarríkinu, sem leggur fram beiðni, um það.

21. Synja má um gagnkvæma dómsmálaaðstoð:

a) ef beiðnin er ekki borin fram í samræmi við ákvæði greinar þessarar,
b) ef aðildarríkið, sem beiðni er beint til, telur að framkvæmd beiðninnar sé líkleg til að hafa áhrif til skerðingar á fullveldi þess, öryggi, allsherjarreglu eða öðrum meginhagsmunum,
c) ef landslög aðildarríkisins, sem beiðni er beint til, myndu ekki heimila að yfirvöld þess gripu til umbeðinna aðgerða vegna sambærilegs brots, ef

17. A request shall be executed in accordance with the domestic law of the requested State Party and, to the extent not contrary to the domestic law of the requested State Party and where possible, in accordance with the procedures specified in the request.

18. Wherever possible and consistent with fundamental principles of domestic law, when an individual is in the territory of a State Party and has to be heard as a witness or expert by the judicial authorities of another State Party, the first State Party may, at the request of the other, permit the hearing to take place by video conference if it is not possible or desirable for the individual in question to appear in person in the territory of the requesting State Party. States Parties may agree that the hearing shall be conducted by a judicial authority of the requesting State Party and attended by a judicial authority of the requested State Party.

19. The requesting State Party shall not transmit or use information or evidence furnished by the requested State Party for investigations, prosecutions or judicial proceedings other than those stated in the request without the prior consent of the requested State Party. Nothing in this paragraph shall prevent the requesting State Party from disclosing in its proceedings information or evidence that is exculpatory to an accused person. In the latter case, the requesting State Party shall notify the requested State Party prior to the disclosure and, if so requested, consult with the requested State Party. If, in an exceptional case, advance notice is not possible, the requesting State Party shall inform the requested State Party of the disclosure without delay.

20. The requesting State Party may require that the requested State Party keep confidential the fact and substance of the request, except to the extent necessary to execute the request. If the requested State Party cannot comply with the requirement of confidentiality, it shall promptly inform the requesting State Party.

21. Mutual legal assistance may be refused:

(a) If the request is not made in conformity with the provisions of this article;
(b) If the requested State Party considers that execution of the request is likely to prejudice its sovereignty, security, ordre public or other essential interests;
(c) If the authorities of the requested State Party would be prohibited by its domestic law from carrying out the action requested with regard to

rannsókn, saksókn eða dómsmeðferð vegna þess hefði farið fram innan þeirra eigin lögsögu,

d) ef það væri andstætt réttarkerfi þess aðildarríkis sem beiðni er beint til að því er varðar gagnkvæma dómsmálaaðstoð, að fallast á beiðnina.

22. Aðildarríkjum er óheimilt að hafna beiðni um gagnkvæma dómsmálaaðstoð á þeirri forsendu einni að brotið sé einnig talið varða skattamál.

23. Tilgreina skal ástæður fyrir synjun á beiðni um gagnkvæma dómsmálaaðstoð.

24. Aðildarríkið, sem beiðni um gagnkvæma dómsmálaaðstoð er beint til, skal verða við henni eins fljótt og auðið er og virða að fullu, eftir því sem unnt er, hvern þann frest sem aðildarríkið, sem leggur fram beiðnina, gerir tillögu um og færir rök fyrir, helst í beiðninni sjálfri. Aðildarríkið, sem beiðni er beint til, skal koma til móts við eðlilegar kröfur aðildarríkisins, sem leggur fram beiðni, um það hvernig staðið skal að meðferð beiðninnar. Aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, skal án tafar skýra aðildarríkinu, sem beiðni er beint til, frá því þegar umbeðinnar aðstoðar er ekki lengur þörf.

25. Aðildarríkið, sem beiðni er beint til, getur frestað gagnkvæmri dómsmálaaðstoð á þeirri forsendu að hún myndi trufla rannsókn, saksókn eða dómsmeðferð sem stendur yfir.

26. Aðildarríkið, sem beiðni er beint til, skal, áður en það hafnar beiðni skv. 21. mgr. þessarar greinar eða frestar því að verða við henni skv. 25. mgr. þessarar greinar, ráðgast við aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, um það hvort unnt sé að veita aðstoð samkvæmt þeim skilmálum og skilyrðum sem það telur nauðsynleg. Ef aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, þiggur aðstoð með þeim skilyrðum skal það uppfylla þau.

27. Vitni, sérfræðingur eða annar maður, sem að ósk aðildarríkisins, sem leggur fram beiðni, fellst á að gefa skýrslu þegar mál er til meðferðar eða að aðstoða við rannsókn, saksókn eða dómsmeðferð á yfirráðasvæði þess, skal, með fyrirvara um ákvæði 12. mgr. þessarar greinar, ekki sæta saksókn, gæslu, refsingu eða neinni annarri skerðingu á persónufrelsi sínu á því yfirráðasvæði vegna athafnar, athafnaleysis eða sakfellinga sem áttu sér stað áður en hann yfirgaf yfirráðasvæði þess aðildarríkis sem beiðni er beint til. Grið þessi skulu haldast þar til vitnið, sérfræðingurinn eða maðurinn hefur samfellt í fimmtán daga, eða í þann tíma sem aðildarríkin verða ásátt um, eftir að því eða honum hefur verið opinberlega tilkynnt að dómsmálayfirvöld geri ekki lengur kröfu um nærveru þess eða hans, haft tækifæri til brottfarar en hefur eigi að síður dvalið um kyrrt, af fúsum og frjálsum vilja, á yfirráðasvæði þess aðildarríkis sem leggur fram beiðni eða snúið þangað aftur að eigin

any similar offence, had it been subject to investigation, prosecution or judicial proceedings under their own jurisdiction;

(d) If it would be contrary to the legal system of the requested State Party relating to mutual legal assistance for the request to be granted.

22. States Parties may not refuse a request for mutual legal assistance on the sole ground that the offence is also considered to involve fiscal matters.

23. Reasons shall be given for any refusal of mutual legal assistance.

24. The requested State Party shall execute the request for mutual legal assistance as soon as possible and shall take as full account as possible of any deadlines suggested by the requesting State Party and for which reasons are given, preferably in the request. The requested State Party shall respond to reasonable requests by the requesting State Party on progress of its handling of the request. The requesting State Party shall promptly inform the requested State Party when the assistance sought is no longer required.

25. Mutual legal assistance may be postponed by the requested State Party on the ground that it interferes with an ongoing investigation, prosecution or judicial proceeding.

26. Before refusing a request pursuant to paragraph 21 of this article or postponing its execution pursuant to paragraph 25 of this article, the requested State Party shall consult with the requesting State Party to consider whether assistance may be granted subject to such terms and conditions as it deems necessary. If the requesting State Party accepts assistance subject to those conditions, it shall comply with the conditions.

27. Without prejudice to the application of paragraph 12 of this article, a witness, expert or other person who, at the request of the requesting State Party, consents to give evidence in a proceeding or to assist in an investigation, prosecution or judicial proceeding in the territory of the requesting State Party shall not be prosecuted, detained, punished or subjected to any other restriction of his or her personal liberty in that territory in respect of acts, omissions or convictions prior to his or her departure from the territory of the requested State Party. Such safe conduct shall cease when the witness, expert or other person having had, for a period of fifteen consecutive days or for any period agreed upon by the States Parties from the date on which he or she has been officially informed that his or her presence is no longer required by the judicial authorities, an opportunity of leaving, has nevertheless remained voluntarily in the territory of the requesting State

vild hafi það eða hann yfirgefið yfirráðasvæðið.

28. Aðildarríkið, sem beiðni er beint til, skal bera venjulegan kostnað af því að verða við beiðni nema hlutaðeigandi aðildarríki komi sér saman um annað. Sé nauðsynlegt að leggja út í verulegan eða óvenjulegan kostnað til að fullnægja beiðninni skulu aðildarríkin ráðgast um hvernig ákvarða skuli skilmála og skilyrði fyrir framkvæmd hennar og á hvern hátt kostnaðurinn skuli greiddur.

29. Aðildarríki sem beiðni er beint til:

a) skal láta aðildarríkinu, sem leggur fram beiðni, í té endurrit gagna, skjala eða upplýsinga hins opinbera sem eru í vörslu þess og almenningi aðgengileg samkvæmt landslögum þess,
b) getur, að eigin ákvörðun, látið aðildarríkinu, sem leggur fram beiðni, í té endurrit gagna, skjala eða upplýsinga hins opinbera, sem eru í vörslu þess og almenningi aðgengileg samkvæmt landslögum þess, í heilu lagi, að hluta eða með þeim skilyrðum sem það telur við eiga.

30. Aðildarríki skulu, eftir því sem nauðsyn krefur, íhuga að ganga frá tvíhliða eða marghliða samningum eða fyrirkomulagi er þjóni markmiðum ákvæða þessarar greinar, stuðli að skilvirkni þeirra eða auki á áhrif þeirra.

19. gr.

Sameiginleg rannsókn.

Aðildarríki skulu íhuga að ganga frá tvíhliða eða marghliða samningum eða fyrirkomulagi sem heimilar hlutaðeigandi lögbærum yfirvöldum að koma á fót sameiginlegum rannsóknarnefndum er fjalli um mál sem eru viðfang rannsóknar, saksóknar eða dómsmeðferðar í einu eða fleiri ríkjum. Sé slíkum samningum eða fyrirkomulagi ekki fyrir að fara getur sameiginleg rannsókn farið fram samkvæmt samningi í hverju tilviki um sig. Hlutaðeigandi aðildarríki skulu tryggja að fullveldi aðildarríkis, þar sem slík rannsókn skal fara fram, sé virt í einu og öllu.

20. gr.

Óhefðbundnar rannsóknaraðferðir.

1. Heimili meginreglur landslaga slíkt skal hvert aðildarríki, eins og því er frekast unnt og samkvæmt þeim skilyrðum sem landslög þess mæla fyrir um, gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að heimila lögbærum yfirvöldum sínum á yfirráðasvæði sínu að færa sér í nyt, með viðeigandi hætti, afhendingu undir eftirliti og, þar sem það telur við eiga, að beita öðrum óhefðbundnum rannsóknaraðferðum, t.d. rafrænu eða annars konar eftirliti og leynilegum aðgerðum, í því skyni að ná árangri í baráttu gegn skipulagðri glæpastarfsemi.

Party or, having left it, has returned of his or her own free will.

28. The ordinary costs of executing a request shall be borne by the requested State Party, unless otherwise agreed by the States Parties concerned. If expenses of a substantial or extraordinary nature are or will be required to fulfil the request, the States Parties shall consult to determine the terms and conditions under which the request will be executed, as well as the manner in which the costs shall be borne.

29. The requested State Party:

(a) Shall provide to the requesting State Party copies of government records, documents or information in its possession that under its domestic law are available to the general public;
(b) May, at its discretion, provide to the requesting State Party in whole, in part or subject to such conditions as it deems appropriate, copies of any government records, documents or information in its possession that under its domestic law are not available to the general public.

30. States Parties shall consider, as may be necessary, the possibility of concluding bilateral or multilateral agreements or arrangements that would serve the purposes of, give practical effect to or enhance the provisions of this article.

Article 19

Joint investigations

States Parties shall consider concluding bilateral or multilateral agreements or arrangements whereby, in relation to matters that are the subject of investigations, prosecutions or judicial proceedings in one or more States, the competent authorities concerned may establish joint investigative bodies. In the absence of such agreements or arrangements, joint investigations may be undertaken by agreement on a case-by-case basis. The States Parties involved shall ensure that the sovereignty of the State Party in whose territory such investigation is to take place is fully respected.

Article 20

Special investigative techniques

1. If permitted by the basic principles of its domestic legal system, each State Party shall, within its possibilities and under the conditions prescribed by its domestic law, take the necessary measures to allow for the appropriate use of controlled delivery and, where it deems appropriate, for the use of other special investigative techniques, such as electronic or other forms of surveillance and undercover operations, by its competent authorities in its territory for the purpose of effectively combating organized crime.

2. Aðildarríki eru hvött til þess, í þágu rannsóknar þeirra brota sem samningur þessi tekur til, að ganga frá, er nauðsyn krefur, viðeigandi tvíhliða eða marghliða samningum eða fyrirkomulagi um notkun slíkra óhefðbundinna rannsóknaraðferða þegar um samstarf á alþjóðavettvangi er að ræða. Ganga ber frá slíkum samningum eða fyrirkomulagi og hrinda í framkvæmd í fullu samræmi við meginregluna um jafnræði fullvalda ríkja og skal framkvæmdin að öllu leyti vera í samræmi við skilmála þeirra samninga eða fyrirkomulags.
3. Sé samningi eða fyrirkomulagi ekki fyrir að fara, eins og sett er fram í 2. mgr. þessarar greinar, skal taka ákvarðanir um að beita slíkum óhefðbundnum rannsóknaraðferðum á alþjóðavettvangi í hverju tilviki um sig og geta slíkar ákvarðanir fjallað, ef nauðsyn krefur, um fjárhagsráðstafanir og sameiginlegan skilning á því með hvaða hætti hlutaðeigandi aðildarríki beita lögsögu sinni.
4. Í ákvörðunum um að færa sér í nyt afhendingu undir eftirliti á alþjóðavettvangi getur falist, með samþykki hlutaðeigandi aðildarríkja, að beita aðferðum eins og að stöðva á miðri leið varning og leyfa áframhaldandi flutning hans ósnerts eða að fjarlægja hann eða skipta honum út í heilu lagi eða að hluta.

2. For the purpose of investigating the offences covered by this Convention, States Parties are encouraged to conclude, when necessary, appropriate bilateral or multilateral agreements or arrangements for using such special investigative techniques in the context of cooperation at the international level. Such agreements or arrangements shall be concluded and implemented in full compliance with the principle of sovereign equality of States and shall be carried out strictly in accordance with the terms of those agreements or arrangements.
3. In the absence of an agreement or arrangement as set forth in paragraph 2 of this article, decisions to use such special investigative techniques at the international level shall be made on a case-by-case basis and may, when necessary, take into consideration financial arrangements and understandings with respect to the exercise of jurisdiction by the States Parties concerned.
4. Decisions to use controlled delivery at the international level may, with the consent of the States Parties concerned, include methods such as intercepting and allowing the goods to continue intact or be removed or replaced in whole or in part.

21. gr.
Flutningur meðferðar sakamáls.

Aðildarríki skulu íhuga að flytja málsmeðferð sín á milli vegna saksóknar fyrir brot, sem samningur þessi tekur til, í þeim tilvikum þar sem talið er að það þjóni betur réttarvörsluhagsmunum, einkum í málum þar sem fleiri en einn aðili fer með lögsögu og í því augnamiði að beina saksókn á einn stað.

Article 21
Transfer of criminal proceedings

States Parties shall consider the possibility of transferring to one another proceedings for the prosecution of an offence covered by this Convention in cases where such transfer is considered to be in the interests of the proper administration of justice, in particular in cases where several jurisdictions are involved, with a view to concentrating the prosecution.

22. gr.
Staðfesting brotaferils.

Hvert aðildarríki getur sett lagaákvæði eða samþykkt aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til að unnt sé, samkvæmt þeim skilmálum og í þeim tilgangi sem það telur hæfa, að taka tillit til fyrri sakfellingar meints brotamanns í öðru ríki í því skyni að nota slíka vitneskju við meðferð sakamáls sem samningur þessi tekur til.

Article 22
Establishment of criminal record

Each State Party may adopt such legislative or other measures as may be necessary to take into consideration, under such terms as and for the purpose that it deems appropriate, any previous conviction in another State of an alleged offender for the purpose of using such information in criminal proceedings relating to an offence covered by this Convention.

23. gr.
Að hindra framgang réttvísinnar gert refsivert.

Hvert aðildarríki skal setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að unnt sé að gera eftirtalin brot refsiverð þegar um ásetning er að ræða:

Article 23
Criminalization of obstruction of justice

Each State Party shall adopt such legislative and other measures as may be necessary to establish as criminal offences, when committed intentionally:

a) að beita líkamlegu ofbeldi, hótunum eða ógnunum eða lofa, bjóða eða veita óréttmætan ávinning í því skyni að fá fram rangan vitnisburð eða hindra að vitni geti borið fyrir rétti eða að sönnunargögn séu lögð fram við málsmeðferð vegna brota sem samningur þessi tekur til,

b) að beita líkamlegu ofbeldi, hótunum eða ógnunum í því skyni að hindra embættismann réttarkerfisins eða opinberan starfsmann, sem vinnur við að framfylgja lögum, við skyldustörf í tengslum við brot sem samningur þessi tekur til. Ekkert í málsgrein þessari skerðir rétt aðildarríkja til þess að hafa löggjöf sem verndar aðra hópa opinberra starfsmanna.

(a) The use of physical force, threats or intimidation or the promise, offering or giving of an undue advantage to induce false testimony or to interfere in the giving of testimony or the production of evidence in a proceeding in relation to the commission of offences covered by this Convention;

(b) The use of physical force, threats or intimidation to interfere with the exercise of official duties by a justice or law enforcement official in relation to the commission of offences covered by this Convention. Nothing in this subparagraph shall prejudice the right of States Parties to have legislation that protects other categories of public officials.

24. gr.

Vitnavernd.

1. Hvert aðildarríki skal gera viðeigandi ráðstafanir, eftir bestu getu, til að veita þeim sem bera vitni við meðferð sakamáls, sem samningur þessi tekur til, virka vernd gegn hugsanlegum hefndum eða ógnunum og, eftir atvikum, skyldmennum þeirra og öðrum nákomnum.

2. Þær ráðstafanir, sem eru fyrirhugaðar skv. ákvæðum 1. mgr. þessarar greinar, geta m.a. verið fólgnar í eftirfarandi, með fyrirvara um réttindi sakbornings, meðal annars rétt hans til sanngjarnar málsmeðferðar:

a) að koma á tilhögun sem er ætlað að veita slíku fólki líkamlega vernd, nefna má, að því marki sem nauðsyn krefur og er gerlegt, að finna því ný heimkynni og að heimila, þegar við á, að upplýsingum um hverjir eigi í hlut sé haldið leyndum svo og upplýsingum um dvalarstað þeirra eða að aðgangur að slíkum upplýsingum sé takmarkaður,

b) að setja reglur um sönnunarfærslu sem heimila vitnaleiðslu með þeim hætti að öryggi vitna sé tryggt, til dæmis að heimilt sé að bera vitni með aðstoð samskiptatækni á borð við myndræn fjarskipti eða með því að beita öðrum ráðum sem duga.

3. Aðildarríki skulu íhuga að ganga frá samningum við önnur ríki um eða koma á tilhögun þess að finna mönnum, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, ný heimkynni.

4. Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um brotaþola að því marki sem þeir eru vitni.

Article 24

Protection of witnesses

1. Each State Party shall take appropriate measures within its means to provide effective protection from potential retaliation or intimidation for witnesses in criminal proceedings who give testimony concerning offences covered by this Convention and, as appropriate, for their relatives and other persons close to them.

2. The measures envisaged in paragraph 1 of this article may include, inter alia, without prejudice to the rights of the defendant, including the right to due process:

(a) Establishing procedures for the physical protection of such persons, such as, to the extent necessary and feasible, relocating them and permitting, where appropriate, non-disclosure or limitations on the disclosure of information concerning the identity and whereabouts of such persons;

(b) Providing evidentiary rules to permit witness testimony to be given in a manner that ensures the safety of the witness, such as permitting testimony to be given through the use of communications technology such as video links or other adequate means.

3. States Parties shall consider entering into agreements or arrangements with other States for the relocation of persons referred to in paragraph 1 of this article.

4. The provisions of this article shall also apply to victims insofar as they are witnesses.

25. gr.

Aðstoð við brotaþola og vernd þeirra.

1. Hvert aðildarríki skal gera viðeigandi ráðstafanir, eftir bestu getu, til að veita brotaþolum, sem

Article 25

Assistance to and protection of victims

1. Each State Party shall take appropriate measures within its means to provide assistance and protection

samningur þessi tekur til, aðstoð og vernd, einkum gegn hótunum um hefndir eða ógnunum.

2. Hvert aðildarríki skal koma á viðeigandi verklagi til þess að tryggja þolendum brota, sem samningur þessi tekur til, aðgang að fébótum og skaðabótum.

3. Hvert aðildarríki skal, með fyrirvara um ákvæði landslaga sinna, sjá til þess að unnt sé að koma sjónarmiðum brotaþola og málum, sem á þeim hvíla, á framfæri og fjalla um þau á viðeigandi stigum meðferðar sakamála, sem eru höfðuð gegn brotamönnum, með þeim hætti að réttindi varnaraðila séu ekki skert.

26. gr.
Ráðstafanir til að efla samstarf við yfirvöld sem framfylgja lögum.

1. Hvert aðildarríki skal gera viðeigandi ráðstafanir til að hvetja menn sem eru eða hafa verið í skipulögðum glæpasamtökum:

a) til að veita lögbærum yfirvöldum upplýsingar sem koma að gagni við rannsókn og sönnunarfærslu viðvíkjandi:
   i) því að bera kennsl á skipulögð glæpasamtök, átta sig á eðli þeirra, samsetningu, uppbyggingu og staðsetningu eða starfsemi þeirra,
   ii) tengslum við önnur skipulögð glæpasamtök, meðal annars alþjóðlegum tengslum,
   iii) brotum sem skipulögð glæpasamtök hafa framið eða kunna að fremja,
b) til að veita lögbærum yfirvöldum raunverulega og hagnýta aðstoð sem kann að stuðla að því að unnt sé að svipta skipulögð glæpasamtök tilföngum eða ávinningi af glæpum.

2. Hvert aðildarríki skal íhuga, þegar við á, að milda refsingu sakbornings sem veitir mikilvæga aðstoð við rannsókn eða saksókn vegna brots sem samningur þessi tekur til.

3. Hvert aðildarríki skal íhuga þann kost, í samræmi við meginreglur landslaga sinna, að maður, sem veitir mikilvæga aðstoð við rannsókn eða saksókn vegna brots sem samningur þessi tekur til, sé undanþeginn saksókn.

4. Slíkir menn skulu njóta verndar eins og kveðið er á um í 24. gr. samnings þessa.

5. Sé maður, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar og staddur er í einu aðildarríki, fær um að veita lögbærum yfirvöldum í öðru aðildarríki mikilvæga aðstoð geta hlutaðeigandi aðildarríki íhugað að ganga frá samningum eða fyrirkomulagi, í samræmi við landslög sín, þess efnis að síðarnefnda aðildarríkið veiti viðbótaraðstoð. Hvert aðildarríki skal koma á viðeigandi verklagi til þess að tryggja þolendum brota, sem samningur þessi tekur til, aðgang að fébótum og skaðabótum.

2. Each State Party shall establish appropriate procedures to provide access to compensation and restitution for victims of offences covered by this Convention.

3. Each State Party shall, subject to its domestic law, enable views and concerns of victims to be presented and considered at appropriate stages of criminal proceedings against offenders in a manner not prejudicial to the rights of the defence.

Article 26
Measures to enhance cooperation with law enforcement authorities

1. Each State Party shall take appropriate measures to encourage persons who participate or who have participated in organized criminal groups:

(a) To supply information useful to competent authorities for investigative and evidentiary purposes on such matters as:
   (i) The identity, nature, composition, structure, location or activities of organized criminal groups;
   (ii) Links, including international links, with other organized criminal groups;
   (iii) Offences that organized criminal groups have committed or may commit;
(b) To provide factual, concrete help to competent authorities that may contribute to depriving organized criminal groups of their resources or of the proceeds of crime.

2. Each State Party shall consider providing for the possibility, in appropriate cases, of mitigating punishment of an accused person who provides substantial cooperation in the investigation or prosecution of an offence covered by this Convention.

3. Each State Party shall consider providing for the possibility, in accordance with fundamental principles of its domestic law, of granting immunity from prosecution to a person who provides substantial cooperation in the investigation or prosecution of an offence covered by this Convention.

4. Protection of such persons shall be as provided for in article 24 of this Convention.

5. Where a person referred to in paragraph 1 of this article located in one State Party can provide substantial cooperation to the competent authorities of another State Party, the States Parties concerned may consider entering into agreements or arrangements, in accordance with their domestic law, concerning

ríkið veiti þá meðferð sem sett er fram í 2. og 3. mgr. þessarar greinar.

27. gr.

Samvinna um að framfylgja lögum.

1. Aðildarríki skulu vinna náið saman, í samræmi við landslög og stjórnsýsluhætti hvers og eins, að því að auka skilvirkni aðgerða til að framfylgja lögum og stöðva brot sem samningur þessi tekur til. Hvert aðildarríki skal einkum samþykkja skilvirkar ráðstafanir til að:

a) bæta og, þar sem nauðsyn krefur, koma á samskiptaleiðum milli lögbærra yfirvalda sinna, embætta og stofnana í því skyni að greiða fyrir öruggum og hröðum upplýsingaskiptum um alla þætti þeirra brota sem samningur þessi tekur til, meðal annars, telji hlutaðeigandi aðildarríki það viðeigandi, tengsl við aðra glæpastarfsemi,

b) eiga samstarf við önnur aðildarríki um að rannsaka brot, sem samningur þessi tekur til, þar sem rannsókn beinist að:
   i) því að bera kennsl á menn, sem eru grunaðir um að vera þátttakendur í slíkum brotum, að komast að dvalarstað þeirra og því við hvað þeir fást eða hvar aðrir menn, er hlut eiga að máli, halda sig,
   ii) flutningi ávinnings af glæp eða eigna sem eru til komnar með því að fremja slík brot,
   iii) flutningi eigna, búnaðar eða annarra gagna sem eru notuð eða til stendur að nota við að fremja slík brot,

c) útvega, þegar við á, nauðsynlega muni eða efni í nægilegu magni til greiningar eða rannsóknar,

d) greiða fyrir því að lögbær yfirvöld þeirra, embætti og stofnanir geti með skilvirkum hætti samræmt aðgerðir sínar og stuðla að starfsmanna- og sérfræðingaskiptum, meðal annars, með fyrirvara um tvíhliða samninga eða fyrirkomulag milli hlutaðeigandi aðildarríkja, því að koma fyrir samstarfsfulltrúum,

e) skiptast á upplýsingum við önnur aðildarríki um sértækar aðferðir og úrræði, sem skipulögð glæpasamtök beita, meðal annars og eftir því sem við á um leiðir og farartæki og notkun falskra nafna, breyttra eða falsaðra skjala eða um aðrar aðferðir þeirra til að dylja starfsemi sína,

f) skiptast á upplýsingum og samræma stjórnvaldsaðgerðir og aðrar ráðstafanir sem gripið er til, eftir því sem við á, í því skyni að uppgötva sem fyrst þau brot sem samningur þessi fjallar um.

the potential provision by the other State Party of the treatment set forth in paragraphs 2 and 3 of this article.

Article 27

Law enforcement cooperation

1. States Parties shall cooperate closely with one another, consistent with their respective domestic legal and administrative systems, to enhance the effectiveness of law enforcement action to combat the offences covered by this Convention. Each State Party shall, in particular, adopt effective measures:

(a) To enhance and, where necessary, to establish channels of communication between their competent authorities, agencies and services in order to facilitate the secure and rapid exchange of information concerning all aspects of the offences covered by this Convention, including, if the States Parties concerned deem it appropriate, links with other criminal activities;

(b) To cooperate with other States Parties in conducting inquiries with respect to offences covered by this Convention concerning:
   (i) The identity, whereabouts and activities of persons suspected of involvement in such offences or the location of other persons concerned;
   (ii) The movement of proceeds of crime or property derived from the commission of such offences;
   (iii) The movement of property, equipment or other instrumentalities used or intended for use in the commission of such offences;

(c) To provide, when appropriate, necessary items or quantities of substances for analytical or investigative purposes;

(d) To facilitate effective coordination between their competent authorities, agencies and services and to promote the exchange of personnel and other experts, including, subject to bilateral agreements or arrangements between the States Parties concerned, the posting of liaison officers;

(e) To exchange information with other States Parties on specific means and methods used by organized criminal groups, including, where applicable, routes and conveyances and the use of false identities, altered or false documents or other means of concealing their activities;

(f) To exchange information and coordinate administrative and other measures taken as appropriate for the purpose of early identification of the offences covered by this Convention.

2. Aðildarríkin skulu, í því augnamiði að hrinda ákvæðum samnings þessa í framkvæmd, íhuga að ganga frá tvíhliða eða marghliða samningum eða fyrirkomulagi þess efnis að beint samstarf sé milli embætta þeirra, sem gegna því hlutverki að framfylgja lögum, og séu slíkir samningar eða fyrirkomulag þegar fyrir hendi, að gera breytingar á þeim eða því. Séu slíkir samningar milli hlutaðeigandi aðildarríkja eða fyrirkomulag ekki fyrir hendi geta þau litið á samning þennan sem grundvöll að gagnkvæmu samstarfi um að framfylgja lögum er um þau brot ræðir sem samningur þessi tekur til. Aðildarríki skulu, ætíð þegar það á við, nýta sér til fulls samninga eða fyrirkomulag, meðal annars alþjóðastofnanir eða svæðisstofnanir, í því skyni að efla samstarf milli embætta sinna sem gegna því hlutverki að framfylgja lögum.

3. Aðildarríki skulu leitast við að vinna saman að því, eftir bestu getu, að bregðast við fjölþjóðlegri skipulagðri glæpastarfsemi þar sem beitt er nútímatækni.

2. With a view to giving effect to this Convention, States Parties shall consider entering into bilateral or multilateral agreements or arrangements on direct cooperation between their law enforcement agencies and, where such agreements or arrangements already exist, amending them. In the absence of such agreements or arrangements between the States Parties concerned, the Parties may consider this Convention as the basis for mutual law enforcement cooperation in respect of the offences covered by this Convention. Whenever appropriate, States Parties shall make full use of agreements or arrangements, including international or regional organizations, to enhance the cooperation between their law enforcement agencies.

3. States Parties shall endeavour to cooperate within their means to respond to transnational organized crime committed through the use of modern technology.

28. gr.

Söfnun, gagnkvæm miðlun og úrvinnsla upplýsinga um eðli skipulagðrar glæpastarfsemi.

1. Hvert aðildarríki skal íhuga að lýsa, í samráði við vísindastofnanir og háskóla, þróun skipulagðrar glæpastarfsemi á yfirráðasvæði sínu, þeim aðstæðum sem skipulögð glæpastarfsemi fer fram við, þeim samtökum sem fást við slíka iðju og þeirri tækni sem er beitt.

2. Aðildarríki skulu íhuga að treysta sérfræðiþekkingu til skilningsauka á skipulagðri glæpastarfsemi og miðla slíkri þekkingu sín á milli og fyrir milligöngu alþjóðastofnana og svæðisstofnana. Setja ber fram sameiginlegar skilgreiningar, viðmiðanir og aðferðafræði í þessu skyni og beita eftir því sem við á.

3. Hvert aðildarríki skal íhuga að hyggja að stefnumiðum sínum og aðgerðum í baráttu gegn skipulagðri glæpastarfsemi og meta árangur af þeim og skilvirkni þeirra.

Article 28

Collection, exchange and analysis of information on the nature of organized crime

1. Each State Party shall consider analysing, in consultation with the scientific and academic communities, trends in organized crime in its territory, the circumstances in which organized crime operates, as well as the professional groups and technologies involved.

2. States Parties shall consider developing and sharing analytical expertise concerning organized criminal activities with each other and through international and regional organizations. For that purpose, common definitions, standards and methodologies should be developed and applied as appropriate.

3. Each State Party shall consider monitoring its policies and actual measures to combat organized crime and making assessments of their effectiveness and efficiency.

29. gr.

Þjálfun og tækniaðstoð.

1. Hvert aðildarríki skal, að því marki sem nauðsyn krefur, koma af stað, þróa eða betrumbæta sértækar áætlanir um þjálfun þeirra starfsmanna sinna sem vinna við að framfylgja lögum, meðal annars saksóknara, rannsóknardómara og þeirra sem starfa við tollgæslu, og annarra starfsmanna sem er falið að koma í veg fyrir brot, sem samningur þessi tekur til, koma upp um þau og sporna gegn þeim. Slíkar áætlanir geta meðal annars tekið til þess að færa starfsmenn til í starfi tímabundið til þess að þeir geti gegnt sérstökum skyldustörfum og starfsmannaskipta.

Article 29

Training and technical assistance

1. Each State Party shall, to the extent necessary, initiate, develop or improve specific training programmes for its law enforcement personnel, including prosecutors, investigating magistrates and customs personnel, and other personnel charged with the prevention, detection and control of the offences covered by this Convention. Such programmes may include secondments and exchanges of staff. Such programmes shall deal, in particular and to the extent permitted by domestic law, with the following:

Fyrrnefndar áætlanir skulu, einkum og að því marki sem landslög heimila, taka til eftirtalinna þátta:

a) aðferða sem er beitt við að koma í veg fyrir brot, sem samningur þessi tekur til, þess að koma upp um þau og sporna gegn þeim,
b) leiða og aðferða sem menn, er grunaðir eru um að vera þátttakendur í brotum sem samningur þessi tekur til, nota, meðal annars í gegnumferðarríkjum, og til viðeigandi gagnaðgerða,
c) eftirlits með flutningi smyglvarnings,
d) þess að koma upp um og fylgjast með flutningi ávinnings af glæp, eigna, búnaðar eða annarra gagna og til aðferða, sem er beitt við að yfirfæra, leyna eða dylja þess háttar ávinning, eignir, búnað eða önnur gögn, og til aðferða sem er beitt í baráttu gegn peningaþvætti og öðrum fjármálabrotum,
e) þess að afla sönnunargagna,
f) aðferða við eftirlit á fríverslunarsvæðum og í fríhöfnum,
g) nútímatækjabúnaðar og aðferða við að framfylgja lögum, nefna má rafrænt eftirlit, afhendingu undir eftirliti og leynilegar aðgerðir,
h) aðferða sem er beitt í baráttu gegn fjölþjóðlegri skipulagðri glæpastarfsemi þar sem notast er við tölvur, fjarskiptanet eða nútímatækni í annarri mynd og
i) aðferða sem er beitt í því skyni að vernda brotaþola og vitni.

2. Aðildarríki skulu aðstoða hvert annað við að skipuleggja og framkvæma rannsóknir og þjálfunaráætlanir, sem miða að sameiginlegri nýtingu sérfræðiþekkingar á þeim sviðum er um getur í 1. mgr. þessarar greinar, og skulu þau einnig, þegar við á, nýta svæðisbundnar og alþjóðlegar ráðstefnur og málstofur í því skyni að treysta samvinnu og örva umræður um sameiginleg viðfangsefni, meðal annars sérstök viðfangsefni og þarfir gegnumferðarríkja.

3. Aðildarríki skulu stuðla að þjálfun og tækniaðstoð sem munu auðvelda framsal og gagnkvæma dómsmálaaðstoð. Í slíkri þjálfun og tækniaðstoð getur falist þjálfun í notkun tungumála, tilfærsla manna í starfi tímabundið til þess að þeir geti gegnt sérstökum skyldustörfum og skipti á starfsmönnum umsjónarstjórnvalda eða embætta sem sinna verkefnum á því sviði sem hér um ræðir.

4. Ef í gildi eru tvíhliða eða marghliða samningar eða fyrirkomulag skulu aðildarríki vinna að því, að því marki sem nauðsyn krefur, að sem mestar framkvæmdir og þjálfunarstarf geti farið fram innan alþjóðastofnana og svæðisstofnana og innan ramma annarra viðeigandi tvíhliða og marghliða samninga eða fyrirkomulags.

(a) Methods used in the prevention, detection and control of the offences covered by this Convention;
(b) Routes and techniques used by persons suspected of involvement in offences covered by this Convention, including in transit States, and appropriate countermeasures;
(c) Monitoring of the movement of contraband;
(d) Detection and monitoring of the movements of proceeds of crime, property, equipment or other instrumentalities and methods used for the transfer, concealment or disguise of such proceeds, property, equipment or other instrumentalities, as well as methods used in combating money-laundering and other financial crimes;
(e) Collection of evidence;
(f) Control techniques in free trade zones and free ports;
(g) Modern law enforcement equipment and techniques, including electronic surveillance, controlled deliveries and undercover operations;
(h) Methods used in combating transnational organized crime committed through the use of computers, telecommunications networks or other forms of modern technology; and
(i) Methods used in the protection of victims and witnesses.

2. States Parties shall assist one another in planning and implementing research and training programmes designed to share expertise in the areas referred to in paragraph 1 of this article and to that end shall also, when appropriate, use regional and international conferences and seminars to promote cooperation and to stimulate discussion on problems of mutual concern, including the special problems and needs of transit States.

3. States Parties shall promote training and technical assistance that will facilitate extradition and mutual legal assistance. Such training and technical assistance may include language training, secondments and exchanges between personnel in central authorities or agencies with relevant responsibilities.

4. In the case of existing bilateral and multilateral agreements or arrangements, States Parties shall strengthen, to the extent necessary, efforts to maximize operational and training activities within international and regional organizations and within other relevant bilateral and multilateral agreements or arrangements.

30. gr.
Aðrar ráðstafanir: Framkvæmd samningsins fyrir tilverknað hagþróunar og tækniaðstoðar.

1. Aðildarríki skulu, eftir því sem við verður komið og með samvinnu þjóða í milli, gera ráðstafanir sem stuðla að því að samningur þessi komi til framkvæmda eins og best verður á kosið og taka mið af þeim neikvæðu áhrifum sem skipulögð glæpastarfsemi hefur á samfélagið í heild, einkum á sjálfbæra þróun.

2. Aðildarríki skulu leitast við, á raunsannan hátt og eftir því sem við verður komið og í samstarfi sín á milli og við alþjóðastofnanir og svæðisstofnanir:

a) að efla samstarf sitt á ýmsum stigum við þróunarlönd í því skyni að auka getu þeirra til þess að koma í veg fyrir og berjast gegn fjölþjóðlegri skipulagðri glæpastarfsemi,
b) að efla fjárhagslega og efnislega aðstoð til stuðnings þeirri viðleitni þróunarlanda að ná árangri í baráttu gegn fjölþjóðlegri skipulagðri glæpastarfsemi og að aðstoða þau við að framkvæma samning þennan á skilvirkan hátt,
c) að veita þróunarlöndum og löndum, þar sem umskipti eru að eiga sér stað í efnahagslífi, tækniaðstoð sem geri þeim kleift að hrinda ákvæðum samnings þessa í framkvæmd. Aðildarríki skulu leitast við, í þessu skyni, að leggja, af fúsum og frjálsum vilja, nægilegar fjárhæðir reglulega í sjóð sem er sérstaklega auðkenndur í fyrrnefndum tilgangi innan sjóðakerfis Sameinuðu þjóðanna. Aðildarríki geta og íhugað sérstaklega, í samræmi við landslög sín og ákvæði samnings þessa, að leggja í fyrrnefndan sjóð tiltekinn hundraðshluta þeirra peninga eða tilsvarandi verðmætis ávinnings af glæpum eða eigna sem eru gerð upptæk í samræmi við ákvæði samnings þessa,
d) að hvetja önnur ríki og fjármálastofnanir, eftir atvikum, og fá þau til þess að ganga til liðs við sig einkum í þeirri viðleitni sem fjallað er um í þessari grein, að sjá þróunarlöndum fyrir meiri þjálfun og nútímalegum búnaði í þeim tilgangi að aðstoða þau við að ná markmiðum þessa samnings.

3. Fyrrnefndar ráðstafanir skulu, að því marki sem frekast er unnt, engin áhrif hafa á gildandi skuldbindingar um aðstoð við erlend ríki eða annað tvíhliða, svæðisbundið eða alþjóðlegt fyrirkomulag samvinnu á sviði fjármála.

4. Aðildarríki geta gert tvíhliða eða marghliða samninga eða gengið frá fyrirkomulagi er lýtur að efnislegri aðstoð og aðstoð á sviði skipulagningar flókinna fyrirbæra, þar sem tillit er tekið til fjár-

Article 30
Other measures: implementation of the Convention through economic development and technical assistance

1. States Parties shall take measures conducive to the optimal implementation of this Convention to the extent possible, through international cooperation, taking into account the negative effects of organized crime on society in general, in particular on sustainable development.

2. States Parties shall make concrete efforts to the extent possible and in coordination with each other, as well as with international and regional organizations:

(a) To enhance their cooperation at various levels with developing countries, with a view to strengthening the capacity of the latter to prevent and combat transnational organized crime;
(b) To enhance financial and material assistance to support the efforts of developing countries to fight transnational organized crime effectively and to help them implement this Convention successfully;
(c) To provide technical assistance to developing countries and countries with economies in transition to assist them in meeting their needs for the implementation of this Convention. To that end, States Parties shall endeavour to make adequate and regular voluntary contributions to an account specifically designated for that purpose in a United Nations funding mechanism. States Parties may also give special consideration, in accordance with their domestic law and the provisions of this Convention, to contributing to the aforementioned account a percentage of the money or of the corresponding value of proceeds of crime or property confiscated in accordance with the provisions of this Convention;
(d) To encourage and persuade other States and financial institutions as appropriate to join them in efforts in accordance with this article, in particular by providing more training programmes and modern equipment to developing countries in order to assist them in achieving the objectives of this Convention.

3. To the extent possible, these measures shall be without prejudice to existing foreign assistance commitments or to other financial cooperation arrangements at the bilateral, regional or international level.

4. States Parties may conclude bilateral or multilateral agreements or arrangements on material and logistical assistance, taking into consideration the financial arrangements necessary for the means of

hagslegra ráðstafana sem eru nauðsynlegar til að meðul alþjóðlegrar samvinnu, sem kveðið er á um í samningi þessum, verði áhrifarík og stuðli að því að koma í veg fyrir, koma upp um og sporna gegn fjölþjóðlegri skipulagðri glæpastarfsemi.

31. gr.
Forvarnarstarf.

1. Aðildarríki skulu leitast við að semja og leggja mat á landsáætlanir og að koma á og stuðla að bestu starfsvenjum og framgangi stefnumiða til að koma í veg fyrir fjölþjóðlega skipulagða glæpastarfsemi.

2. Aðildarríki skulu leitast við, í samræmi við meginreglur landslaga sinna, að aftra skipulögðum glæpasamtökum, í nútíð og framtíð, frá því að nota ávinning af glæpum til þátttöku í löglegri markaðsstarfsemi með því að beita viðeigandi aðferðum á sviði löggjafar og stjórnsýslu og öðrum aðferðum í því augnamiði að:

a) efla samvinnu milli embætta, sem gegna því hlutverki að framfylgja lögum, eða saksóknara og viðkomandi einkaaðila, meðal annars innan atvinnulífsins,

b) stuðla að því að mótaðar verði viðmiðunarreglur og starfsaðferðir til þess að tryggja ráðvendni opinberra aðila og viðkomandi einkaaðila og siðareglur fyrir viðkomandi starfsgreinar, einkum lögmenn, lögbókendur, skattaráðgjafa og bókhaldara,

c) koma í veg fyrir að skipulögð glæpasamtök misnoti reglur um útboð á vegum stjórnvalda og styrki og leyfi sem stjórnvöld veita vegna atvinnustarfsemi,

d) koma í veg fyrir að lögaðilar séu misnotaðir af skipulögðum glæpasamtökum, en slíkar ráðstafanir geta falist í því að:

i) koma á opinberri skráningu lögaðila og einstaklinga sem fást við að stofnsetja lögaðila, að hafa umsjón með þeim og að útvega þeim fé,

ii) unnt sé, með dómsúrskurði eða eftir öðrum færum leiðum og til hæfilega langs tíma, að gera menn, sem hafa verið sakfelldir fyrir brot sem samningur þessi tekur til, vanhæfa til þess að starfa sem stjórnendur lögaðila sem hafa verið stofnsettir innan lögsagnarumdæmis þeirra,

iii) koma innanlands á skráningu þeirra manna sem hafa verið gerðir vanhæfir til að starfa sem stjórnendur lögaðila, og

iv) skiptast á upplýsingum, sem skrárnar, sem um getur í i- og iii-lið d-liðar þessarar málsgreinar, hafa að geyma, við lögbær yfirvöld í öðrum aðildarríkjum.

international cooperation provided for by this Convention to be effective and for the prevention, detection and control of transnational organized crime.

Article 31
Prevention

1. States Parties shall endeavour to develop and evaluate national projects and to establish and promote best practices and policies aimed at the prevention of transnational organized crime.

2. States Parties shall endeavour, in accordance with fundamental principles of their domestic law, to reduce existing or future opportunities for organized criminal groups to participate in lawful markets with proceeds of crime, through appropriate legislative, administrative or other measures. These measures should focus on:

(a) The strengthening of cooperation between law enforcement agencies or prosecutors and relevant private entities, including industry;

(b) The promotion of the development of standards and procedures designed to safeguard the integrity of public and relevant private entities, as well as codes of conduct for relevant professions, in particular lawyers, notaries public, tax consultants and accountants;

(c) The prevention of the misuse by organized criminal groups of tender procedures conducted by public authorities and of subsidies and licences granted by public authorities for commercial activity;

(d) The prevention of the misuse of legal persons by organized criminal groups; such measures could include:

(i) The establishment of public records on legal and natural persons involved in the establishment, management and funding of legal persons;

(ii) The introduction of the possibility of disqualifying by court order or any appropriate means for a reasonable period of time persons convicted of offences covered by this Convention from acting as directors of legal persons incorporated within their jurisdiction;

(iii) The establishment of national records of persons disqualified from acting as directors of legal persons; and

(iv) The exchange of information contained in the records referred to in subparagraphs (d) (i) and (iii) of this paragraph with the competent authorities of other States Parties.

3. Aðildarríki skulu gera sér far um að stuðla að því að menn, sem hafa verið sakfelldir fyrir brot sem samningur þessi tekur til, verði aðlagaðir samfélaginu að nýju.
4. Aðildarríki skulu leitast við að yfirfara reglulega gildandi og viðeigandi lagagerninga og stjórnsýsluframkvæmd í því skyni að ganga úr skugga um hvort þar sé að finna tækifæri til misbeitingar af hálfu skipulagðra glæpasamtaka.
5. Aðildarríki skulu leitast við að efla vitund almennings um tilvist fjölþjóðlegrar skipulagðrar glæpastarfsemi, ástæður hennar og þá hættu og þá ógn sem slíkri starfsemi fylgir. Upplýsingum má dreifa gegnum fjölmiðla þegar við á, meðal annars um aðferðir til að auka þátttöku almennings í forvarnarstarfi og baráttu gegn fyrrnefndum glæpum.
6. Hvert aðildarríki skal skýra aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna frá nafni og aðsetri þess yfirvalds eða þeirra yfirvalda sem geta liðsinnt öðrum aðildarríkjum við að móta aðferðir til að sporna gegn fjölþjóðlegri skipulagðri glæpastarfsemi.
7. Aðildarríki skulu, eftir því sem við á, vinna saman innbyrðis, og með hlutaðeigandi alþjóðastofnunum og svæðisstofnunum, að því að koma á og móta þær aðferðir sem um getur í þessari grein. Um ræðir, meðal annars, þátttöku í alþjóðlegum verkefnum sem miða að því að koma í veg fyrir fjölþjóðlega skipulagða glæpastarfsemi, til dæmis með því að aflétta ástandi sem gerir jaðarhópa í félagslegu tilliti viðkvæma fyrir slíkri starfsemi.

32. gr.
Ráðstefna samningsaðila.

1. Hér með er komið á fót ráðstefnu samningsaðila í því augnamiði að auka getu aðildarríkja til þess að berjast gegn fjölþjóðlegri skipulagðri glæpastarfsemi og stuðla að og endurskoða framkvæmd samnings þessa.
2. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal boða til ráðstefnu samningsaðila eigi síðar en einu ári eftir að samningur þessi öðlast gildi. Ráðstefna samningsaðila setur sér starfsreglur og reglur um þær aðgerðir sem er lýst í 3. og 4. mgr. þessarar greinar (meðal annars reglur um greiðslu kostnaðar vegna þeirra).

3. Á ráðstefnunni skulu samningsaðilar koma sér saman um leiðir til að ná þeim markmiðum sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, meðal annars leiðir til að:
a) auðvelda aðgerðir aðildarríkja skv. 29., 30. og 31. gr. samnings þessa, meðal annars með því að hvetja til frjálsra framlaga,

3. States Parties shall endeavour to promote the reintegration into society of persons convicted of offences covered by this Convention.

4. States Parties shall endeavour to evaluate periodically existing relevant legal instruments and administrative practices with a view to detecting their vulnerability to misuse by organized criminal groups.

5. States Parties shall endeavour to promote public awareness regarding the existence, causes and gravity of and the threat posed by transnational organized crime. Information may be disseminated where appropriate through the mass media and shall include measures to promote public participation in preventing and combating such crime.
6. Each State Party shall inform the Secretary-General of the United Nations of the name and address of the authority or authorities that can assist other States Parties in developing measures to prevent transnational organized crime.
7. States Parties shall, as appropriate, collaborate with each other and relevant international and regional organizations in promoting and developing the measures referred to in this article. This includes participation in international projects aimed at the prevention of transnational organized crime, for example by alleviating the circumstances that render socially marginalized groups vulnerable to the action of transnational organized crime.

Article 32
Conference of the Parties to the Convention

1. A Conference of the Parties to the Convention is hereby established to improve the capacity of States Parties to combat transnational organized crime and to promote and review the implementation of this Convention.
2. The Secretary-General of the United Nations shall convene the Conference of the Parties not later than one year following the entry into force of this Convention. The Conference of the Parties shall adopt rules of procedure and rules governing the activities set forth in paragraphs 3 and 4 of this article (including rules concerning payment of expenses incurred in carrying out those activities).
3. The Conference of the Parties shall agree upon mechanisms for achieving the objectives mentioned in paragraph 1 of this article, including:

(a) Facilitating activities by States Parties under articles 29, 30 and 31 of this Convention, including by encouraging the mobilization of voluntary contributions;

b) greiða fyrir því að aðildarríki geti, með gagnkvæmum hætti, miðlað upplýsingum um mynstur og þróun fjölþjóðlegrar skipulagðrar glæpastarfsemi og um árangursríkar aðferðir til að berjast gegn slíkri starfsemi,
c) vinna með hlutaðeigandi alþjóðastofnunum, svæðisstofnunum og frjálsum félagasamtökum,

d) endurskoða reglulega framkvæmd samnings þessa,
e) mæla fyrir um hvernig betrumbæta megi samning þennan og framkvæmd hans.

4. Ráðstefna samningsaðila skal, að því er varðar ákvæði d- og e-liðar 3. mgr. þessarar greinar, afla sér nauðsynlegrar þekkingar á þeim aðferðum sem aðildarríki beita til þess að hrinda ákvæðum samnings þessa í framkvæmd og erfiðleikum því samfara með því að nýta sér þær upplýsingar sem aðildarríkin láta í té og þá aukalegu endurskoðun sem ráðstefna samningsaðila kann að ákveða.

5. Hvert aðildarríki skal láta ráðstefnu samningsaðila í té upplýsingar um áætlanir sínar, fyrirætlanir og starfshætti og lagaákvæði og ráðstafanir á sviði stjórnsýslu samningi þessum til framkvæmdar, eins og ráðstefnan kann að gera kröfu um.

(b) Facilitating the exchange of information among States Parties on patterns and trends in transnational organized crime and on successful practices for combating it;

(c) Cooperating with relevant international and regional organizations and non-governmental organizations;
(d) Reviewing periodically the implementation of this Convention;
(e) Making recommendations to improve this Convention and its implementation.

4. For the purpose of paragraphs 3 (d) and (e) of this article, the Conference of the Parties shall acquire the necessary knowledge of the measures taken by States Parties in implementing this Convention and the difficulties encountered by them in doing so through information provided by them and through such supplemental review mechanisms as may be established by the Conference of the Parties.

5. Each State Party shall provide the Conference of the Parties with information on its programmes, plans and practices, as well as legislative and administrative measures to implement this Convention, as required by the Conference of the Parties.

33. gr.
Skrifstofan.

1. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal sjá ráðstefnu samningsaðila fyrir nauðsynlegri skrifstofuþjónustu.
2. Skrifstofan skal:
a) aðstoða ráðstefnu samningsaðila við að hrinda þeim aðgerðum sem er lýst í 32. gr. samnings þessa í framkvæmd og gera ráðstafanir og veita nauðsynlega þjónustu vegna funda ráðstefnu samningsaðila,
b) aðstoða aðildarríki, komi fram beiðni þar um, við að láta ráðstefnu samningsaðila í té upplýsingar eins og gert er ráð fyrir skv. 5. mgr. 32. gr. samnings þessa, og
c) tryggja nauðsynlegt samræmi við aðgerðir skrifstofa hlutaðeigandi alþjóðastofnana og svæðisstofnana.

Article 33
Secretariat

1. The Secretary-General of the United Nations shall provide the necessary secretariat services to the Conference of the Parties to the Convention.
2. The secretariat shall:
(a) Assist the Conference of the Parties in carrying out the activities set forth in article 32 of this Convention and make arrangements and provide the necessary services for the sessions of the Conference of the Parties;
(b) Upon request, assist States Parties in providing information to the Conference of the Parties as envisaged in article 32, paragraph 5, of this Convention; and
(c) Ensure the necessary coordination with the secretariats of relevant international and regional organizations.

34. gr.
Framkvæmd samningsins.

1. Hvert aðildarríki skal gera nauðsynlegar ráðstafanir, meðal annars á sviði lagasetningar og stjórnsýslu, í samræmi við meginreglur landslaga sinna til þess að tryggt sé að það standi við skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum.
2. Brot, sem gerð eru refsiverð skv. 5., 6., 8. og 23. gr. samnings þessa, skulu gerð refsiverð samkvæmt landslögum hvers samningsríkis óháð því hvort þau

Article 34
Implementation of the Convention

1. Each State Party shall take the necessary measures, including legislative and administrative measures, in accordance with fundamental principles of its domestic law, to ensure the implementation of its obligations under this Convention.
2. The offences established in accordance with articles 5, 6, 8 and 23 of this Convention shall be established in the domestic law of each State Party

eru fjölþjóðleg eða framin með þátttöku skipulagðra glæpasamtaka, eins og um getur í 1. mgr. 3. gr. samnings þessa, nema að því leyti sem gert yrði ráð fyrir þátttöku skipulagðra glæpasamtaka skv. 5. gr. samnings þessa.

3. Hvert aðildarríki getur samþykkt ákveðnari eða strangari ráðstafanir en kveðið er á um í samningi þessum í því skyni að koma í veg fyrir og berjast gegn fjölþjóðlegri skipulagðri glæpastarfsemi.

35. gr.
Lausn deilumála.

1. Aðildarríki skulu leitast við að leysa deilur um túlkun eða beitingu ákvæða samnings þessa með samningaviðræðum.
2. Deila milli tveggja eða fleiri aðildarríkja um túlkun eða beitingu ákvæða samnings þessa, sem ekki er unnt að leysa með samningaviðræðum innan hæfilegs tíma, skal lögð í gerð að ósk annars eða eins þeirra. Hafi fyrrnefnd aðildarríki ekki komið sér saman um hvernig gerðardómsmeðferð skuli hagað, sex mánuðum eftir að gerðar er óskað, getur hvort eða hvert þeirra vísað deilunni til Alþjóðadómstólsins í Haag með beiðni samkvæmt stofnsamþykkt hans.

3. Hvert aðildarríki getur, við undirritun samnings þessa, eða þegar það fullgildir, staðfestir eða samþykkir samninginn eða gerist aðili að honum, lýst því yfir að það telji sig óbundið af ákvæðum 2. mgr. þessarar greinar. Önnur aðildarríki skulu ekki bundin af ákvæðum 2. mgr. þessarar greinar gagnvart aðildarríki sem gert hefur slíkan fyrirvara.
4. Aðildarríki, sem hefur gert fyrirvara í samræmi við ákvæði 3. mgr. þessarar greinar, getur hvenær sem er afturkallað hann með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

36. gr.
Undirritun, fullgilding, staðfesting, samþykki og aðild.

1. Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu allra ríkja í Palermó á Ítalíu frá 12. til 15. desember 2000 og eftir það í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York fram til 12. desember 2002.
2. Samningur þessi skal einnig liggja frammi til undirritunar af hálfu svæðisstofnana um efnahagssamvinnu að því tilskildu að minnst eitt aðildarríki slíkrar stofnunar hafi undirritað samning þennan í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar.
3. Samningur þessi er með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki. Skjöl um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki skulu afhent aðal-

independently of the transnational nature or the involvement of an organized criminal group as described in article 3, paragraph 1, of this Convention, except to the extent that article 5 of this Convention would require the involvement of an organized criminal group.
3. Each State Party may adopt more strict or severe measures than those provided for by this Convention for preventing and combating transnational organized crime.

Article 35
Settlement of disputes

1. States Parties shall endeavour to settle disputes concerning the interpretation or application of this Convention through negotiation.
2. Any dispute between two or more States Parties concerning the interpretation or application of this Convention that cannot be settled through negotiation within a reasonable time shall, at the request of one of those States Parties, be submitted to arbitration. If, six months after the date of the request for arbitration, those States Parties are unable to agree on the organization of the arbitration, any one of those States Parties may refer the dispute to the International Court of Justice by request in accordance with the Statute of the Court.
3. Each State Party may, at the time of signature, ratification, acceptance or approval of or accession to this Convention, declare that it does not consider itself bound by paragraph 2 of this article. The other States Parties shall not be bound by paragraph 2 of this article with respect to any State Party that has made such a reservation.
4. Any State Party that has made a reservation in accordance with paragraph 3 of this article may at any time withdraw that reservation by notification to the Secretary-General of the United Nations.

Article 36
Signature, ratification, acceptance, approval and accession

1. This Convention shall be open to all States for signature from 12 to 15 December 2000 in Palermo, Italy, and thereafter at United Nations Headquarters in New York until 12 December 2002.

2. This Convention shall also be open for signature by regional economic integration organizations provided that at least one member State of such organization has signed this Convention in accordance with paragraph 1 of this article.
3. This Convention is subject to ratification, acceptance or approval. Instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Secre-

framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til vörslu. Svæðisstofnun um efnahagssamvinnu getur afhent skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki til vörslu hafi að minnsta kosti eitt aðildarríki hennar gert það. Slík stofnun skal, í fyrrnefndu skjali sínu um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki, lýsa yfir hvert valdsvið hennar er í þeim málum sem samningur þessi tekur til. Enn fremur skal slík stofnun tilkynna vörsluaðila um hverja þá breytingu sem verður á valdsviði hennar og skiptir máli.

4. Samningur þessi skal liggja frammi til aðildar fyrir öll ríki eða svæðisstofnanir um efnahagssamvinnu ef að minnsta kosti eitt aðildarríki slíkrar stofnunar er aðili að samningi þessum. Aðildarskjöl skulu afhent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til vörslu. Svæðisstofnun um efnahagssamvinnu skal, jafnhliða aðild, lýsa yfir hvert valdsvið hennar er í þeim málum sem samningur þessi tekur til. Enn fremur skal slík stofnun tilkynna vörsluaðila um hverja þá breytingu sem verður á valdsviði hennar og skiptir máli.

37. gr.

Tengsl við bókanir.

1. Gera má eina eða fleiri bókanir við samning þennan honum til fyllingar.

2. Til að gerast aðili að bókun verður ríki eða svæðisstofnun um efnahagssamvinnu einnig að vera aðili að samningi þessum.

3. Aðildarríki að samningi þessum er ekki bundið af bókun nema það gerist aðili að henni í samræmi við ákvæði hennar.

4. Túlka ber hverja bókun við samning þennan í samhengi við samning þennan, að teknu tilliti til þess tilgangs sem bókunin þjónar.

38. gr.

Gildistaka.

1. Samningur þessi öðlast gildi á nítugasta degi eftir þann dag er fertugasta skjalið um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild er afhent til vörslu. Að því er varðar þessa málsgrein skal ekki litið svo á að skjal, sem svæðisstofnun um efnahagssamvinnu afhendir til vörslu, komi til viðbótar þeim skjölum sem aðildarríki slíkrar stofnunar hafa afhent til vörslu.

2. Að því er varðar ríki eða svæðisstofnun um efnahagssamvinnu, sem fullgildir, staðfestir eða samþykkir samning þennan eða gerist aðili að honum eftir afhendingu fertugasta skjalsins um slíka athöfn til vörslu, skal samningur þessi öðlast gildi á þrítugasta degi eftir þann dag er hlutaðeigandi ríki eða slík stofnun afhendir viðeigandi skjal til vörslu.

tary-General of the United Nations. A regional economic integration organization may deposit its instrument of ratification, acceptance or approval if at least one of its member States has done likewise. In that instrument of ratification, acceptance or approval, such organization shall declare the extent of its competence with respect to the matters governed by this Convention. Such organization shall also inform the depositary of any relevant modification in the extent of its competence.

4. This Convention is open for accession by any State or any regional economic integration organization of which at least one member State is a Party to this Convention. Instruments of accession shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations. At the time of its accession, a regional economic integration organization shall declare the extent of its competence with respect to matters governed by this Convention. Such organization shall also inform the depositary of any relevant modification in the extent of its competence.

Article 37

Relation with protocols

1. This Convention may be supplemented by one or more protocols.

2. In order to become a Party to a protocol, a State or a regional economic integration organization must also be a Party to this Convention.

3. A State Party to this Convention is not bound by a protocol unless it becomes a Party to the protocol in accordance with the provisions thereof.

4. Any protocol to this Convention shall be interpreted together with this Convention, taking into account the purpose of that protocol.

Article 38

Entry into force

1. This Convention shall enter into force on the ninetieth day after the date of deposit of the fortieth instrument of ratification, acceptance, approval or accession. For the purpose of this paragraph, any instrument deposited by a regional economic integration organization shall not be counted as additional to those deposited by member States of such organization.

2. For each State or regional economic integration organization ratifying, accepting, approving or acceding to this Convention after the deposit of the fortieth instrument of such action, this Convention shall enter into force on the thirtieth day after the date of deposit by such State or organization of the relevant instrument.

39. gr.
Breytingar.

1. Aðildarríki getur, eftir að fimm ár eru liðin frá gildistöku samnings þessa, gert tillögu til breytinga á honum og lagt fyrir aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna sem að svo búnu skal framsenda breytingartillöguna aðildarríkjunum og ráðstefnu samningsaðila til umfjöllunar og ákvörðunar. Ráðstefna samningsaðila skal leitast við af fremsta megni að afgreiða hverja breytingu með samhljóða samþykki. Hafi allar tilraunir til að samþykkja breytingartillöguna með samhljóða samþykki reynst árangurslausar og hafi samkomulag ekki náðst er, sem síðasta úrræði, gerð krafa um að tillagan verði samþykkt með atkvæðum tveggja þriðju hluta þeirra aðildarríkja sem eiga fulltrúa sem eru viðstaddir og greiða atkvæði á fundi á ráðstefnu samningsaðila.
2. Svæðisstofnanir um efnahagssamvinnu skulu, í málum sem eru á valdsviði þeirra, neyta atkvæðisréttar síns, samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, með sama fjölda atkvæða og fjöldi aðildarríkja að þeim, sem eru aðilar að samningi þessum, segir til um. Slíkar stofnanir skulu ekki neyta atkvæðisréttar síns neyti aðildarríki þeirra síns eigin atkvæðisréttar og öfugt.
3. Breyting, sem er samþykkt í samræmi við ákvæði 1. mgr. þessarar greinar, er með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki aðildarríkja.
4. Breyting, sem er samþykkt í samræmi við ákvæði 1. mgr. þessarar greinar, öðlast gildi gagnvart aðildarríki níutíu dögum eftir þann dag þegar aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna er afhent skjal um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki slíkrar breytingar til vörslu.
5. Er breyting öðlast gildi er hún bindandi fyrir þau aðildarríki sem hafa lýst sig samþykk því að vera bundin af henni. Önnur aðildarríki eru eigi að síður bundin af ákvæðum samnings þessa og fyrri breytingum sem þau hafa fullgilt, staðfest eða samþykkt.

Article 39
Amendment

1. After the expiry of five years from the entry into force of this Convention, a State Party may propose an amendment and file it with the Secretary-General of the United Nations, who shall thereupon communicate the proposed amendment to the States Parties and to the Conference of the Parties to the Convention for the purpose of considering and deciding on the proposal. The Conference of the Parties shall make every effort to achieve consensus on each amendment. If all efforts at consensus have been exhausted and no agreement has been reached, the amendment shall, as a last resort, require for its adoption a two-thirds majority vote of the States Parties present and voting at the meeting of the Conference of the Parties.
2. Regional economic integration organizations, in matters within their competence, shall exercise their right to vote under this article with a number of votes equal to the number of their member States that are Parties to this Convention. Such organizations shall not exercise their right to vote if their member States exercise theirs and vice versa.
3. An amendment adopted in accordance with paragraph 1 of this article is subject to ratification, acceptance or approval by States Parties.
4. An amendment adopted in accordance with paragraph 1 of this article shall enter into force in respect of a State Party ninety days after the date of the deposit with the Secretary-General of the United Nations of an instrument of ratification, acceptance or approval of such amendment.
5. When an amendment enters into force, it shall be binding on those States Parties which have expressed their consent to be bound by it. Other States Parties shall still be bound by the provisions of this Convention and any earlier amendments that they have ratified, accepted or approved.

40. gr.
Uppsögn.

1. Aðildarríki getur sagt upp samningi þessum með skriflegri tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna. Uppsögnin tekur gildi einu ári eftir þann dag þegar aðalframkvæmdastjórinn veitir tilkynningunni viðtöku.
2. Aðild svæðisstofnunar um efnahagssamvinnu að samningi þessum lýkur þegar öll aðildarríki hennar hafa sagt honum upp.
3. Uppsögn samnings þessa, í samræmi við ákvæði 1. mgr. þessarar greinar, hefur í för með sér uppsögn bókunar eða bókana við hann.

Article 40
Denunciation

1. A State Party may denounce this Convention by written notification to the Secretary-General of the United Nations. Such denunciation shall become effective one year after the date of receipt of the notification by the Secretary-General.
2. A regional economic integration organization shall cease to be a Party to this Convention when all of its member States have denounced it.
3. Denunciation of this Convention in accordance with paragraph 1 of this article shall entail the denunciation of any protocols thereto.

41. gr.
Vörsluaðili og tungumál.

1. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna er tilnefndur vörsluaðili samnings þessa.
2. Frumrit samnings þessa, en textar þess á arabísku, ensku, frönsku, kínversku, rússnesku og spænsku eru jafngildir, skal afhent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til vörslu.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað samning þennan.

Article 41
Depositary and languages

1. The Secretary-General of the United Nations is designated depositary of this Convention.
2. The original of this Convention, of which the Arabic, Chinese, English, French, Russian and Spanish texts are equally authentic, shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations.

IN WITNESS WHEREOF, the undersigned plenipotentiaries, being duly authorized thereto by their respective Governments, have signed this Convention.

788. Frumvarp til laga [494. mál]

um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Flm.: Jón Bjarnason.

1. gr.

Á eftir 1. málsl. 1. mgr. 53. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Sami aðili getur að hámarki verið handhafi réttar til beingreiðslna sem svara til 1% af heildargreiðslumarki. Einkahlutafélag getur því aðeins verið handhafi réttar til beingreiðslna samkvæmt greiðslumarki að ábúandi á viðkomandi lögbýli eigi að minnsta kosti 10% hlutafjár og fari með að minnsta kosti 50% atkvæða í félaginu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var síðast lagt fram á 133. þingi (192. mál) en hlaut ekki afgreiðslu. Því fylgdi svohljóðandi greinargerð:

Á árunum 1996–2004 fækkaði kúabúum á Íslandi úr 1.291 í 854 eða um 34%. Meðalframleiðsla á bú jókst á sama tíma um 67%. Þessari þróun hefur fylgt mikil tilfærsla á greiðslumarki í mjólkurframleiðslu og verð á greiðslumarki hefur að sama skapi hækkað gífurlega á síðustu árum. Mesta hreyfingin á greiðslumarkinu er hjá stærri búunum, eins og sést á því að í árslok 2003 voru þau 140 kúabú sem höfðu hvorki keypt né selt greiðslumark frá árinu 1992 að meðaltali með rúmlega 65.000 lítra, sem er rétt rúmlega helmingur af framleiðslu meðalbúsins árið 2003. Þá var enn um fjórðungur kúabænda í landinu með greiðslumark innan við 100.000 lítra. Af þessu sést greinilega að það eru stærri búin sem stækka mest.

Margar ástæður eru fyrir samþjöppun undanfarinna 10–12 ára á greiðslumarki í mjólk. Þar má nefna kröfur um hagræðingu, ný viðhorf til aðbúnaðar búfjár, auknar gæðakröfur til mjólkurframleiðenda, fólksfækkun í sveitum, fækkun mjólkursamlaga, vélvæðingu í búskap og, síðast en ekki síst, hið geysiháa verð á greiðslumarki og hækkandi verð á bújörðum á frjálsum markaði.

Á hinn bóginn verður ekki fram hjá því litið að réttur til beingreiðslna vegna mjólkurframleiðslu er takmörkuð auðlind. Mikil eftirspurn og hátt verð hafa að undanförnu breytt miklu um möguleika þeirra sem vilja starfa við kúabúskap til að hasla sér völl í greininni. Ekki er einungis að nýliðun sé nær útilokuð, svo mikið fjármagn þarf til að bæta verulega við greiðslumark hvers starfandi bús að sífellt færri eiga þess kost nema með mikilli skuldsetningu. Þróunin minnir því óneitanlega sífellt meir á framvindu mála í sjávarútvegi eftir að verslun með aflamark var gefin frjáls. Ekki þarf að tíunda hér þær harðvítugu deilur sem urðu um eignarhald á veiðiheimildum í sjávarútvegi og eru í raun enn óleystar.

Ljóst er að viðlíka ástand í landbúnaði mundi gerbreyta viðhorfum landsmanna til stuðnings við innlenda framleiðslu. Sú bærilega sátt sem hefur til þessa ríkt um íslenskan landbúnað vegna atvinnu-, byggða- og öryggissjónarmiða hvílir fyrst og síðast á þeim grunni að framleiðslan sé á höndum fjölskyldubúa en ekki verksmiðjubúa, sem þekkt eru frá öðrum löndum.

Jafnframt liggur í augum uppi að þróun mjólkurframleiðslunnar í átt til færri og stærri búa fylgir vaxandi áhætta eftir því sem hún gengur lengra. Áföll af einhverju tagi hjá örfáum stórframleiðendum geta sett framboð á innlendum mjólkurvörum í uppnám þegar einstök bú standa undir mjög stórum hluta mjólkurframleiðslunnar í landinu.

Hér er lagt til að sami handhafi geti að hámarki farið með 1% af heildargreiðslumarki. Velta má fyrir sér hversu hátt slíkt hlutfall á að vera. Markmið frumvarpsins er að takmarka samþjöppun á rétti til beingreiðslna og koma í veg fyrir að hátt verð á greiðslumarki geri minni framleiðendum ókleift að stækka við sig. Enn fremur að stuðla að því að þeir fjármunir sem ætlaðir eru til að treysta undirstöður búvöruframleiðslunnar, byggð og atvinnulíf í dreifbýli skili sér til starfandi bænda en séu ekki teknir til annarra nota af kaupsýslumönnum.

Þessi mál hafa mjög verið til umræðu meðal bænda og má í því sambandi benda á erindi Búnaðarsambands Skagfirðinga og Svínaræktarfélags Íslands til búnaðarþings árið 2004. Búnaðarþing ályktaði þá sérstaklega um ákveðna þætti þessa máls. Landssamband sauðfjárbænda og búnaðarþing ályktuðu einnig um málið vorið 2005, sbr. fylgiskjöl.

Með frumvarpinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Erindi til búnaðarþings. Búnaðarsamband Skagfirðinga. (Janúar 2004.)
II. Erindi til búnaðarþings. Svínaræktarfélag Íslands.(Mars 2004.)
III. Ályktun um framleiðsluöryggi í íslenskum landbúnaði. Búnaðarþing 2004. (Mars 2004.)
IV. Úr samþykkt aðalfundar Landssamtaka sauðfjárbænda, 7.–8. apríl 2005.
V. Samþjöppun á eignarhaldi bújarða og greiðslumarks. Ályktun búnaðarþings 6.–10. maí 2005.

789. Frumvarp til laga [495. mál]

um breytingu á jarðalögum, nr. 81/2004.

Flm.: Jón Bjarnason, Þuríður Backman.

1. gr.

Við 10. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Óheimilt er hverjum þeim sem fyrir á jörð eða jarðarhluta að ⅕ eða meira að kaupa, þiggja að gjöf eða taka sem greiðslu skuldar aðra jörð eða hluta annarrar jarðar ef stysta loftlína milli íbúðarhúsa á viðkomandi jörðum er lengri en hámarksvegalengd sem ráðherra ákveður með reglugerð. Óheimilt er hverjum þeim sem fyrir á ⅕ hluta í fleiri en þremur jörðum að kaupa, þiggja að gjöf eða taka sem greiðslu skuldar jörð eða jarðarhluta.

2. gr.

Á eftir 10. gr. laganna kemur ný grein sem verður 10. gr. a og orðast svo:

Hlutafélagi er því aðeins heimilt að kaupa jörð eða jarðarhluta að einstaklingur sem á að lágmarki 10% hlutafjár hafi fasta búsetu á viðkomandi jörð og uppfylli önnur ákvæði þessara laga um aðilaskipti að jörðum, og að hann fari með að lágmarki 50% atkvæða í félaginu.

3. gr.

Við 35. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Þegar selja á ríkisjörð öðrum en ábúendum skal sveitarfélag, sem viðkomandi jörð er í, hafa forkaupsrétt að jörðinni.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 131., 132. og 133. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga.

Á síðustu árum hafa fjársterkir aðilar keypt bújarðir um allt land í ört vaxandi mæli. Ljóst er að í mörgum tilfellum eru jarðirnar fyrst og fremst keyptar í því augnamiði að selja þær á hærra verði síðar meir. Sums staðar hefur búskap verið haldið áfram eða búrekstur af mörgum jörðum sameinaður á einni jörð og greiðslumark fært til að sama skapi. Eftir standa jarðir, sem áður voru vel setnar, í eyði og sumar jafnvel komnar í niðurníðslu eftir fáein ár.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um þau áhrif sem slík uppkaup hafa á byggð í viðkomandi sveitum. Í hvert einasta sinn sem jörð fer úr ábúð, búskapur leggst af og fólk flytur á brott stendur samfélagið veikara eftir. Þegar slíkt gerist fyrir tilstilli kaupsýslumanna sem hugsa fyrst og fremst um að fjárfesta í jörðum en horfa til búrekstrar sem aukagetu eða líta á hann einungis sem leið til að fá fyrr arð af fjárfestingunni, verður að spyrna við fæti. Þetta er líka alvarlegt mál fyrir sveitarfélögin sem hafa ekki bolmagn til að kaupa jarðirnar í því skyni að halda þeim í byggð þar eð útsvarstekjur þeirra minnka yfirleitt vegna þessa. Á hinn bóginn er ekki hægt að áfellast þá sem jarðirnar selja. Það er skiljanlegt að bændur eigi erfitt með að hafna því þegar þeim eru boðnar háar fjárhæðir fyrir jarðir með öllu því sem þeim fylgir, bæði eignum og skuldum. Þar geta líka lífeyrismál fólks haft sitt að segja.

Hluti af þeirri sátt sem ríkt hefur um landbúnað á Íslandi í seinni tíð á rætur í þeirri sýn að bændur séu eins konar vörslumenn landsins sem nytji það til framleiðslu á hollum matvælum. Jarðnæði á Íslandi er í dreifðri eign og víðast hvar hefur sambúð landeigenda og þeirra sem vilja ferðast um landið, skoða það og njóta útivistar, verið góð. Uppkaup fjársterkra aðila á jörðum vítt og breitt um landið stefna þessari stöðu mála í voða.

Samþjöppun jarðeigna á fáar hendur mun augljóslega gerbreyta ásýnd sveitanna í mörgu tilliti. Fyrir liggur að það verður afar erfitt, ef ekki útilokað, að snúa til baka ef þessi uppkaup halda áfram með sama hætti og verið hefur. Verð á bújörðum og greiðslumarki, sem nú eru orðin eins og hver önnur markaðsvara, er þannig að ólíklegt er að búskapur verði endurreistur á jörðum þar sem hann hefur einu sinni verið lagður af í tengslum við þau viðskipti sem hér eru til umfjöllunar.

Markmið þeirra lagabreytinga sem hér eru lagðar til er að koma í veg fyrir að einstakir lögaðilar safni að sér jarðeignum víða um land og láti jafnvel reka þar fyrir sig bú án þess að koma þar að sjálfir. Hins vegar er ekki ætlunin að hindra að bændur geti sameinað aðliggjandi jarðir eða stundað heildstæðan búrekstur á fleiri en einni jörð ef þær jarðir liggja það nærri hver annarri að slíkt sé mögulegt og önnur skilyrði fyrir eignarhaldi og slíkum rekstri eru uppfyllt.

Við gerð frumvarpsins voru höfð til hliðsjónar nokkur ákvæði dönsku jarðalaganna. Danir hafa nokkuð aðra skipan á þessum málum en tíðkast hefur hér á landi eins og rakið er í meðfylgjandi grein Ernu Bjarnadóttur sem birtist í Bændablaðinu 11. janúar 2005.

Með frumvarpinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Hvaða reglur eiga að gilda um viðskipti með bújarðir? Erna Bjarnadóttir. (Bændablaðið 11. janúar 2005.)
II. Sjálfseignarbóndi eða réttlaus leiguliði. Jón Bjarnason. (Morgunblaðið 3. nóvember 2004.)
III. Ásókn auðmanna í bújarðir hefur víðtæk áhrif. Fjársterkir aðilar safna hlunnindajörðum. Sunna Ósk Logadóttir. (Morgunblaðið, innlendar fréttir, 10. mars 2006.)

790. Frumvarp til fjáraukalaga [496. mál]

fyrir árið 2008.

Flm.: Jón Bjarnason, Atli Gíslason og Álfheiður Ingadóttir.

	Skv. fjárl. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **06-310 Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu**			
1.01 Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu	2.970,0	200,0	3.170,0
Greitt úr ríkissjóði	*2.912,1*	*200,0*	*3.112,1*

2. Við bætist nýr fjárlagaliður:
06-492 Efling almennrar löggæslu hjá sýslumannsembættum

1.01 Efling almennrar löggæslu hjá sýslumannsembættum, þ.m.t. tollgæslu og landamæraeftirlits	0,0	400,0	400,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*400,0*	*400,0*

Greinargerð.

Hér er lagt til að auknum fjármunum verði varið til eflingu almennrar löggæslu, annars vegar á höfuðborgarsvæðinu og hins vegar á landsbyggðinni, ekki síst á Suðurnesjum. Sams konar tillaga var sett fram í breytingartillögu þriggja þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs við fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2008, en var þá felld af þingmönnum ríkisstjórnarflokkanna.

Flutningsmenn telja að þetta frumvarp leiðrétti mistök sem gerð voru við fjárlagagerðina, enda var upphaflega breytingartillagan lögð fram á sínum tíma vegna staðfestra frétta af fjársvelti lögreglunnar og niðurskurði í rekstri hennar. Ástandið hefur því miður ekki skánað og stöðugar fréttir hafa borist af manneklu og skerðingu löggæslu, ekki síst á Suðurnesjum.

Fjársvelti og skipulagsleysi af hendi stjórnvalda háir almennri löggæslu í landinu.

Algjört öngþveiti er að skapast hjá löggæslunni í landinu vegna fjárskorts og skipulagsleysis. Sameinuð tollgæsla, öryggisvarsla og flugvernd lögreglu og landamæragæsla á Suðurnesjum hefur gefist vel að mati þeirra sem þar starfa. Þessum verkefnum á nú að sundra á hin ýmsu ráðuneyti í sparnaðarsyni og án þess að nokkur greining á málinu hafi farið fram. Félög löggæslumanna hafa mótmælt þessum vinnubrögðum harðlega

Mikið fjársvelti háir allri löggæslu á Suðurnesjum. Þörfin hefur m.a. aukist í tengslum við vaxandi umferð fólks og síaukna vöruflutninga um flugvöllinn og vegna aukins eftirlits með innflutningi fíkniefna. Engu að síður hefur starfsfólki í þessum störfum verið fækkað.

Víða hefur sameining lögregluumdæma á landinu ekki reynst vel og hún hefur leitt til skertrar löggæslu á stórum landssvæðum. Það er því bæði fjárskortur og skipulagsleysi sem setur nú almenna löggæslu í uppnám og ógnar öryggi fólks á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og um allt land. T.d. fækkaði lögreglumönnum á höfuðborgarsvæðinu úr 347 í 339 frá 1. feb. 2005 til 1. feb. 2007. Svipaða sögu er að segja um þróun löggæslu á Suðurnesjum og á öðrum landsvæðum. Meðfylgjandi fylgiskjöl sýna stöðu mála og að þetta ófremdarástand var fyrirsjáanlegt við gerð fjárlaga sl. haust. Þá eru og birtar áskoranir frá samtökum sveitarfélaga, stéttarfélögum og fleiri aðilum um úrbætur í þessum málum þegar í stað. Þess vegna flytjum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs þetta frumvarp til fjáraukalaga þar sem tekið er á brýnasta fjárhagsvanda löggæslunnar í landinu.

Fylgiskjal I.

Bókun stjórnar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjun.

(14. mars 2008.)

Stjórn SSS lýsir yfir þungum áhyggjum vegna fjárhagsvanda sem blasir við embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum.

Stjórn SSS minnir á að þegar sameining lögregluembættanna á Suðurnesjum var kynnt átti hún að styrkja og efla löggæslu á Suðurnesjum. Frá þeim tíma hefur fækkað verulega í lög-

regluliðinu og útlit er fyrir enn meiri niðurskurð ef ekkert verður að gert til að treysta rekstrargrundvöll embættisins.

Stjórn SSS vekur enn á ný athygli á mikilli aukningu á umsvifum í kringum flugstarfsemi á Keflavíkurflugvelli og öryggisgæslu ásamt örri fjölgun íbúa á svæðinu.

Þá er einnig vísað til ályktunar aðalfundar SSS frá 10. nóvember sl. um löggæslumál þar sem m.a. er vakin athygli á rekstrargrundvelli og húsnæðismálum embættis lögreglustjórans á Suðurnesjum.

Stjórn SSS treystir því að stjórnvöld bregðist nú þegar við þessum mikla vanda og eyði þeirri óvissu sem löggæslan á Suðurnesjum býr við í dag.

Fylgiskjal II.

Bókun bæjarstjórnar Grindavíkur.

(12. mars 2008.)

Bæjarstjórn Grindavíkur hefur miklar áhyggjur af stöðu löggæslumála í Grindavík og á Suðurnesjum og skorar á dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra að tryggja fjárframlög til löggæslu á svæðinu. Þannig megi tryggja að fjöldi lögreglumanna verði að minnsta kosti sá sami og var við sameiningu lögregluembættanna þann 1. janúar 2007.

Það er algjörlega óásættanlegt að lögreglumönnum hafi fækkað um allt að 20 frá sameiningu embættanna.

Fylgiskjal III.

Fundur tollvarða á Suðurnesjum.

(Frétt á ruv.is, 27. mars 2008.)

Tollverðir á Suðurnesjum hittust á fjölmennum fundi í kvöld til að ræða fyrirhugaðar breytingar á meðal annars lög- og tollgæslu á Keflavíkurflugvelli. Í lok fundar var samþykkt ályktun þar sem meðal annars kemur fram að tollverðir óttist að fíkniefnaeftirlit, tolleftirlit, eftirlit með innflutningi á vopnum og öðrum ólöglegum varningi versni í kjölfar breytinganna.

Í ályktuninni er líka lýst yfir stuðningi við Jóhann Benediktsson, lögreglustjóra. Kári Gunnlaugsson, aðaldeildarstjóri tollgæslunnar á Suðurnesjum segir að það hafi skipt sköpum um þann árangur sem tollurinn á svæðinu hafi sýnt á undanförnum árum að hafa Jóhann sem yfirmann.

Fundurinn óskaði eftir því að dómsmálaráðherra endurskoðaði ákvörðun sína, enda sjá tollverðir engar efnislegar eða fjárhagslegar ástæður fyrir þessari ákvörðun dóms- og kirkjumálaráðherra. Þeir óttast að breytingarnar verði til þess að hin áratuga langa og góða samvinna löggæsluaðila á Suðurnesjum muni minnka.

IV. fylgiskjal var: Það er stórhættulegt að svelta almenna löggæslu í landinu, grein eftir Jón Bjarnason og Atla Gíslason. (Morgunblaðið, 25. mars 2008.)

Fylgiskjal V.

Atli Gíslason og Jón Bjarnason:

Stórefla þarf almenna löggæslu.

(Óbirt grein.)

Allt frá voðaatburðunum í New York 11. september 2001 hafa mannréttindi, réttindi borgaranna, einstaklingsfrelsi okkar, verið skert eða takmörkuð í þágu svokallaðrar baráttu gegn hryðjuverkum. Yfirlýst markmið hryðjuverkamanna í árásum á Bandaríkin og önnur lönd var og er að grafa undan vestrænum lýðræðis- og mannréttindagildum. Þeim hefur því miður orðið býsna ágengt. Stefna Bush-stjórnarinnar er gjaldþrota og henni verður að andmæla harðlega á Íslandi sem annars staðar.

Það hefur aldrei gefist vel að mæta ofbeldi með ofbeldi en upp á hvað horfum við: Natóhernaður í Afganistan, innrás í Írak, milljarða stuðningur við árásarstefnu Ísraels gegn Palestínumönnum og þannig mætti lengi telja. Ofbeldi fæðir af sér ofbeldi og vítahringnum vex fiskur um hrygg. Í Bandaríkjunum hefur æ meira fjármagni verið varið til hermála á kostnað annarra samfélagsþátta, og ýmsar aðrar þjóðir endurtaka þau sömu mistök. Afleiðingarnar hafa þegar komið fram í auknu ofbeldi og hryðjuverkum.

Fetað í fótspor Bush-stjórnarinnar.

Fjárframlög ríkisstjórnar Íslands til löggæslu í þágu almennings, til grenndargæslu, til allrar löggæslu sem mestu máli skiptir í þágu borgaranna hafa almennt staðið í stað eða verið skert þrátt fyrir stóraukin verkefni. Staðan hefur í raun versnað eftir nýlega sameiningu lögreglustjóraembætta. Aðkoma Samfylkingarinnar að ríkisstjórn hefur því miður engu breytt.

Á sama tíma hefur embætti ríkislögreglustjóra þanist út og útgjöld hækkað ár frá ári um hundruð milljóna. Sífellt fleiri og jafnframt ný verkefni hafa verið færð til miðstýrðrar ráðstjórnar ríkislögreglustjóra. Þar ber mest á verkefnum sem lúta að svokölluðum öryggismálum, að meintri en alls óskilgreindri hryðjuverkaógn í kjölfar hörmunganna í Bandaríkjunum 11. september 2001. Árið 2003 voru 18 manns í sérsveit ríkislögreglustjóra en nú starfar þar á sjöunda tug sérsveitarmanna án þess að nokkur fagleg þarfagreining hafi farið fram. Sama gildir um svonefnda greiningardeild og aðra leyniþjónustustarfsemi ríkislögreglustjóra, eftirlit með einstaklingum.

Æðstu yfirmenn hjá embætti ríkislögreglustjóra viðurkenna reyndar að Íslendingum stafi lítil sem engin ógn af hryðjuverkamönnum og vita sem er að fíkniefnabölið og umferðarslys taka óásættanlegan mannlífstoll af þjóðinni.

Öfugsnúin forgangsröðun.

Í fjáraukalögum fyrir árið 2007 og í fjárlögum fyrir árið 2008 voru ætlaðir 2,3 milljarðar til hernaðar eða hernaðartengdra mála. Fyrirhugað er að stofna svokallaða Varnarmálastofnun og þar stefnir í tveggja milljarða útgjöld á ári. Á sama tíma skellir ríkisstjórnin skollaeyrum við ítrekuðum áskorunum sveitarstjórna, sambanda sveitarfélaga, félögum lög- og tollgæslumanna og fleiri um að stjórnvöld bregðist þegar í stað við þeim mikla fjárhagsvanda sem almenn löggæsla býr við og eyði þeirri óvissu sem nú ríkir.

Sýnu verst er ástandið á Suðurnesjum. Það liggur fyrir að verkefni lögreglu og tollgæslu á Suðurnesjum hafa margfaldast. Það er því nöturlegt að fá fregnir af því að nýleg sameining lögregluembætta á Suðurnesjum hafi leitt til þess að lögreglumenn eru 18 færri en fyrir sam-

einninguna. Í Grindavík, Sandgerði, Garði og Vogum er staðan þannig að lögreglumenn eru að verða jafn sjaldséðir og hvítir hrafnar. Sama staða er reyndar uppi í öllu Suðurkjördæmi og um land allt.

Þessi samdráttur í löggæsluþjónustu skapar óöryggi fyrir íbúa og er ávísun á aukin afbrot. VG lagði til við fjárlagagerð fyrir árið 2008 að fjárveitingar til almennrar löggæslu yrðu auknar verulega en þær tillögur voru allar felldar af Samfylkingar- og Sjálfstæðisþingmönnum ríkisstjórnarinnar. Ríkisstjórnin gefur ekki bara vitlaust í þessum málaflokki, hún er á dapurlegum villigötum. Það verður að stórefla löggæsluþjónustu við allan almenning og hverfa af braut hernaðarhyggju. VG mun halda áfram baráttu sinni fyrir því.

791. Frumvarp til laga [497. mál]

um breytingu á lögum nr. 86/1997, um Ríkisendurskoðun.

Flm.: Kristinn H. Gunnarsson, Gunnar Svavarsson, Höskuldur Þórhallsson, Steingrímur J. Sigfússon, Steinunn Valdís Óskarsdóttir, Guðjón A. Kristjánsson, Helgi Hjörvar, Ögmundur Jónasson, Ellert B. Schram, Siv Friðleifsdóttir.

1. gr.

1. málsl. 2. gr. laganna orðast svo: Alþingi kýs forstöðumann stofnunarinnar til sex ára í senn og nefnist hann ríkisendurskoðandi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpinu er lagt til að Alþingi kjósi ríkisendurskoðanda í stað þess að forsætisnefnd Alþingis ráði hann. Yrði þá ráðning ríkisendurskoðanda færð til sama horfs og gilt hefur frá upphafi varðandi umboðsmann Alþingis.

Fyrstu lögin um umboðsmann Alþingis eru frá 1987 og var þá þegar lögfest að Alþingi kysi umboðsmann. Í greinargerð með frumvarpinu segir um þetta atriði að þetta sé sama fyrirkomulag og viðhaft sé í Danmörku og að ætla megi að það sé til þess fallið að auðvelda umboðsmanni störf sín ef hann sækir umboð sitt beint til meiri hluta þess þings sem situr hverju sinni. Flutningsmaður frumvarpsins var þáverandi forsætisráðherra, Steingrímur Hermannsson, og vísaði sérstaklega hann til þessa rökstuðnings í framsöguræðu sinni fyrir frumvarpinu.

Með lögum nr. 12/1986 var Ríkisendurskoðun flutt undir vald Alþingis. Rökstuðningurinn vísaði einkum til þess að stjórnarskráin færði Alþingi vald í hendur til þess að ákveða fjárveitingar. Því væri það rökrétt að á vegum löggjafans færi fram endurskoðun á því hvernig framkvæmdarvaldið, sem annast framkvæmd fjárlaga, hafi nýtt fjárlagaheimildir Alþingis og svo hvort farið hafi verið út fyrir þær. Var þá ákveðið að forsetar Alþingis réðu í sameiningu forstöðumann Ríkisendurskoðunar. Á þeim tíma voru forsetarnir þrír, einn fyrir neðri deild, annar fyrir efri deild og sá þriðji fyrir sameinað Alþingi.

Lögunum var breytt 1997 til samræmis við breytingar sem urðu 1991 á skipulagi Alþingis, þegar deildaskiptingin var afnumin og ákveðið að Alþingi starfaði aðeins í einni málstofu. Í stað forseta Alþingis var ráðningarvaldið fært til forsætisnefndar Alþingis, sem samanstendur af forseta Alþingis og varaforsetum þess. Hafa ber í huga að skv. 10. gr. þingskapalaganna frá 1991 sker forseti úr ef ágreiningur verður í forsætisnefndinni. Þetta þýðir að í raun er það vilji forseta sem ávallt ræður, því að þótt allir varaforsetar séu á einu máli dugir það ekki til ef ágreiningur er við forseta Alþingis.

Sérstök ástæða er til þess að vekja athygli á því að ríkisendurskoðanda verður ekki vikið úr störfum nema með samþykki Alþingis rétt eins og gildir varðandi umboðsmann Alþingis. Verður að telja eðlilegt í ljósi þessa og í fullu samræmi við löggjöf um umboðsmann Alþingis að gera þá breytingu á lögunum um Ríkisendurskoðun að ríkisendurskoðandi verði kosinn af Alþingi.

792. Tillaga til þingsályktunar [498. mál]

um staðfestingu bókunar um breytingu á samningi um takmörkun ábyrgðar á sjóréttarkröfum.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta bókun, sem gerð var í London 2. maí 1996, um breytingu á samningi um takmörkun ábyrgðar á sjóréttarkröfum sem gerður var í London 19. nóvember 1976.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta bókun, sem gerð var í London 2. maí 1996, um breytingu á samningi um takmörkun ábyrgðar á sjóréttarkröfum sem gerður var í London 19. nóvember 1976. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal I með þessari tillögu, en bókunin sem fylgiskjal II.

Líkt og samningurinn sem hún breytir var bókunin gerð á vegum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO). Samningurinn tilgreinir hverjum er heimilt að takmarka ábyrgð sína vegna sjóréttarkrafna svo og til hvaða krafna heimild til takmörkunar ábyrgðar tekur. Með samningnum er skipaeigendum og björgunarmönnum veitt heimild til að takmarka fjárhæð skaðabótaábyrgðar vegna krafna er varða m.a. manntjón, líkamstjón, eignamissi og eignatjón, sem verða í ákveðnum tilvikum, svo og tjón sem hlýst sökum tafa á sjóflutningum farms, farþega eða farangurs þeirra eða brota á öðrum rétti en samningsrétti.

Hlutverk bókunarinnar er að hækka þær fjárhæðir, sem tilgreindar eru í samningnum, þar sem verðgildi þeirra hefur rýrnað verulega frá 1976. Að auki er útreikningi bóta breytt og einfaldari málsmeðferð við að breyta takmörkunarfjárhæðunum síðar meir komið á. Í samningnum frá 1976 og bókuninni við hann frá 1996 eru takmörkunarfjárhæðir reiknaðar á grundvelli stærðar skips mældri í brúttótonnum í stað brúttólesta eins og alþjóðasamþykkt um takmörkun á ábyrgð eigenda skipa sem á sjó sigla frá 1957 kvað á um.

Ísland hefur ekki gerst aðili að samningnum frá 1976 en hefur hins vegar fullgilt samninginn frá 1957. Í 4. mgr. 17. gr. samningsins frá 1976 er kveðið á um að samningurinn skuli leysa af hólmi alþjóðasamþykktina frá 1957. Samkvæmt 2. mgr. 9. gr. bókunarinnar getur ríki gerst aðili að bókuninni án þess að hafa fyrst gerst aðili að samningnum frá 1976 og skal

þá vera bundið af ákvæðum samningsins, með áorðnum breytingum samkvæmt bókuninni, gagnvart aðildarríkjum að henni en skal óbundið af ákvæðum samningsins gagnvart ríkjum sem eru einungis aðilar að samningnum. Samkvæmt 1. mgr. sömu greinar skulu aðildarríki að bókuninni skilja og túlka hana og samninginn innbyrðis eins og þau væru eitt skjal. Þrátt fyrir að Ísland væri ekki aðili að samningnum frá 1976 voru íslensk siglingalög, nr. 34/1985, löguð að ákvæðum hans, sbr. IX. kafla laganna um ábyrgð útgerðarmanns og takmörkun ábyrgðar.

Í 7. gr. bókunarinnar frá 1996 segir að við 1. mgr. 18. gr. samningsins bætist eftirfarandi texti:

„1. Sérhvert ríki getur, við undirritun, fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild, eða hvenær sem er eftir það, áskilið sér rétt til að:

a) undanskilja beitingu d- og e-liðar 1. mgr. 2. gr.,
b) undanskilja kröfur vegna tjóns í skilningi alþjóðasamþykktar um ábyrgð og bætur fyrir tjón í tengslum við flutning hættulegra og skaðlegra efna á sjó frá 1996, eða breytinga eða bókana við hana.“

Í athugasemdum við frumvarp það sem varð að lögum nr. 159/2007 kom m.a. fram að heildarendurskoðun siglingalaga er hafin og gæti hún leitt til frekari breytinga á IX. kafla laganna um ábyrgð útgerðarmanns og takmörkun ábyrgðar. Vegna þeirrar vinnu og til þess að hafa ákveðið svigrúm til ákvarðanatöku er nauðsynlegt að nýtt verði framangreind heimild til að gera fyrirvara.

Fyrri fyrirvarinn, þ.e. a-liður 1. mgr. 18. gr. samningsins, varðar ábyrgðartakmarkanir vegna krafna um að bjarga, flytja á brott, eyða eða gera skaðlaust skip sem hefur sokkið, brotnað, strandað eða er yfirgefið og krafna um að flytja á brott, eyða eða gera skaðlausan farm skips. Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að þótt þær bótatakmörkunarfjárhæðir sem getið er í siglingalögum, eins og þeim var breytt með lögum nr. 159/2007, geti eftir atvikum dugað til að bæta það tjón sem orðið hefur er raunin ekki alltaf sú. Þau ríki sem gerast aðilar að bókuninni geta áskilið sér rétt til að ákveða sjálf hvaða bótareglur skuli gilda um þessar kröfur. Ef slíkur fyrirvari er gerður getur viðkomandi ríki t.d. ákveðið að láta útgerðarmenn bera ótakmarkaða ábyrgð á slíkum kröfum eða miða ábyrgðina við hærri fjárhæðir en þær sem eru tilgreindar í bókuninni.

Seinni fyrirvarinn, þ.e. b-liður 1. mgr. 18. gr. samningsins, varðar tjón sem fellur undir alþjóðasamþykkt um ábyrgð og bætur fyrir tjón í tengslum við flutning hættulegra og skaðlegra efna á sjó (HNS-samninginn) frá 3. maí 1996. HNS-samningurinn skilgreinir ábyrgð útgerða og eigenda skipa og mun gera það mögulegt að borga fórnarlömbum óhappa þar sem hættuleg og skaðleg efni koma við sögu allt að 250 milljónir SDR (um 320 milljónir USD). Þó að Ísland sé ekki aðili að þessum samningi er nauðsynlegt að framangreindur fyrirvari sé gerður svo að hægt verði við heildarendurskoðun siglingalaga að taka afstöðu til þess hvort ákvæði bókunarinnar frá 1996 skuli einnig gilda um flutning hættulegra eða skaðlegra efna eða hvort Ísland skuli gerast aðili að HNS-samningnum.

Öll hin norrænu ríkin eru aðilar að framangreindum samningi og bókun. Íslensk stjórnvöld telja rétt að fylgja fordæmi þeirra enda felur aðild að bókuninni í sér verulegar réttarbætur fyrir tjónþola.

Á yfirstandandi löggjafarþingi voru samþykkt lög nr. 159/2007, um breytingu á siglingalögum, nr. 34 19. júní 1985, með síðari breytingum, og taka þau gildi 1. janúar 2009. Þau gera það að verkum að Ísland getur staðið við þær skuldbindingar sem bókunin leggur þeim ríkjum, sem hana staðfesta, á herðar.

Fylgiskjal I.

Samningur um takmörkun ábyrgðar á sjóréttarkröfum, 1976.

(London 19. nóvember 1976)

AÐILDARRÍKIN AÐ SAMNINGI ÞESSUM,

SEM VIÐURKENNA að æskilegt er að setja með samningi tilteknar samræmdar reglur um takmörkun ábyrgðar á sjóréttarkröfum,

HAFA ÁKVEÐIÐ að gera samning í þessum tilgangi og hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

I. KAFLI
RÉTTUR TIL TAKMÖRKUNAR

1. gr.
Aðilar sem hafa rétt til ábyrgðartakmörkunar.

1. Skipaeigendur og björgunarmenn, eins og þeir eru hér eftir skilgreindir, mega takmarka ábyrgð sína í samræmi við reglur þessa samnings og að því er varðar kröfurnar í 2. gr.
2. Hugtakið „skipaeigandi“ merkir eiganda, leigutaka, framkvæmdastjóra og útgerðarmann hafskips.
3. „Björgunarmaður“ merkir hvern þann aðila sem býður þjónustu í tengslum við björgunarstörf. Í björgunarstörfum felast einnig aðgerðir sem um getur í d-, e- og f-lið 1. mgr. 2. gr.
4. Ef kröfur, sem mælt er fyrir um í 2. gr., eru gerðar á hendur aðila, sem vegna gerða sinna, vanrækslu eða vanefnda gerir skipaeigandann eða björgunarmanninn ábyrgan, skal sá aðili eiga rétt á að bera fyrir sig þeirri takmörkun ábyrgðar sem kveðið er á um í þessum samningi.
5. Í þessum samningi felur ábyrgð skipaeigandans í sér ábyrgð í málssókn gegn skipinu sjálfu.

6. Vátryggjandi ábyrgðar á kröfum, sem eru háðar takmörkun í samræmi við reglur þessa samnings, skal eiga rétt á bótum samkvæmt þessum samningi að sama marki og vátryggði.
7. Sá gjörningur að bera fyrir sig takmörkun ábyrgðar skal ekki fela í sér viðurkenningu á ábyrgð.

2. gr.
Kröfur með fyrirvara um takmörkun.

1. Með fyrirvara um 3. og 4. gr. eru eftirfarandi kröfur, hver svo sem grundvöllur ábyrgðar kann að vera, með fyrirvara um takmörkun ábyrgðar:
a) kröfur að því er varðar manntjón eða líkamstjón eða eignamissi eða eignatjón (þ.m.t. tjón á

Convention on Limitation of Liability for Maritime Claims, 1976

(London, 19 November 1976)

THE STATES PARTIES TO THIS CONVENTION,

HAVING RECOGNIZED the desirability of determining by agreement certain uniform rules relating to the limitation of liability for maritime claims,

HAVE DECIDED to conclude a Convention for this purpose and have thereto agreed as follows:

CHAPTER I:
THE RIGHT OF LIMITATION

Article 1
Persons entitled to limit liability

1. Shipowners and salvors, as hereinafter defined, may limit their liability in accordance with the rules of this Convention for claims set out in Article 2.

2. The term “shipowner” shall mean the owner, charterer, manager and operator of a seagoing ship.
3. Salvor shall mean any person rendering services in direct connexion with salvage operations. Salvage operations shall also include operations referred to in Article 2, paragraph 1(d), (e) and (f).
4. If any claims set out in Article 2 are made against any person for whose act, neglect or default the shipowner or salvor is responsible, such person shall be entitled to avail himself of the limitation of liability provided for in this Convention.

5. In this Convention the liability of a shipowner shall include liability in an action brought against the vessel itself.
6. An insurer of liability for claims subject to limitation in accordance with the rules of this Convention shall be entitled to the benefits of this Convention to the same extent as the assured himself.
7. The act of invoking limitation of liability shall not constitute an admission of liability.

Article 2
Claims subject to limitation

1. Subject to Articles 3 and 4 the following claims, whatever the basis of liability may be, shall be subject to limitation of liability:
(a) claims in respect of loss of life or personal injury or loss of or damage to property (including dam-

hafnarmannvirkjum, höfnum, vatnaleiðum og leiðsögutækjum) sem verður um borð eða í beinu sambandi við starfsemi skipsins eða björgunarstörf og tjón sem hlýst þar af,

b) kröfur að því er varðar tjón sem hlýst sökum tafa á sjóflutningum farms, farþega eða farangurs þeirra,
c) kröfur að því er varðar annað tjón sem hlýst af broti á öðrum rétti en samningsrétti og verður í beinu sambandi við starfsemi skipsins eða björgunarstörf,
d) kröfur um að bjarga, flytja á brott, eyða eða gera skaðlaust skip sem hefur sokkið, brotnað, strandað eða er yfirgefið, þ.m.t. allt sem er eða hefur verið um borð í slíku skipi,
e) kröfur um að flytja á brott, eyða eða gera skaðlausan farm skipsins,
f) kröfur aðila annars en þess sem ber ábyrgð á ráðstöfunum í því skyni að afstýra eða draga úr tjóni, sem ábyrgur aðili getur takmarkað ábyrgð sína á samkvæmt þessum samningi, og frekara tjón sem hlýst af þessum ráðstöfunum.

2. Kröfurnar, sem mælt er fyrir um í 1. mgr., skulu vera með fyrirvara um takmörkun ábyrgðar jafnvel þótt þær séu settar fram með fyrirvara um endurkröfu eða skaðabætur samkvæmt samningi eða með öðrum hætti. Þó skulu kröfur samkvæmt d-, e- og f-lið 1. mgr. ekki vera háðar takmörkun ábyrgðar að því marki sem þær tengjast þóknun samkvæmt samningi við aðilann sem ber ábyrgð.

age to harbour works, basins and waterways and aids to navigation), occurring on board or in direct connexion with the operation of the ship or with salvage operations, and consequential loss resulting therefrom;
(b) claims in respect of loss resulting from delay in the carriage by sea of cargo, passengers or their luggage;
(c) claims in respect of other loss resulting from infringement of rights other than contractual rights, occurring in direct connexion with the operation of the ship or salvage operations;
(d) claims in respect of the raising, removal, destruction or the rendering harmless of a ship which is sunk, wrecked, stranded or abandoned, including anything that is or has been on board such ship;
(e) claims in respect of the removal, destruction or the rendering harmless of the cargo of the ship;
(f) claims of a person other than the person liable in respect of measures taken in order to avert or minimize loss for which the person liable may limit his liability in accordance with this Convention, and further loss caused by such measures.

2. Claims set out in paragraph 1 shall be subject to limitation of liability even if brought by way of recourse or for indemnity under a contract or otherwise. However, claims set out under paragraph 1(d), (e) and (f) shall not be subject to limitation of liability to the extent that they relate to remuneration under a contract with the person liable.

3. gr.

Kröfur undanþegnar takmörkun.

Reglur þessa samnings gilda ekki um:

a) kröfur vegna björgunar eða framlags til sameiginlegs sjótjóns,
b) kröfur vegna tjóns af völdum olíumengunar í skilningi alþjóðasamnings um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar frá 29. nóvember 1969 eða hvers kyns breytingar á honum eða bókun við hann sem er í gildi,
c) kröfur með fyrirvara um hvers kyns alþjóðasamning eða innanlandslöggjöf sem stýrir eða bannar takmörkun ábyrgðar á tjóni af völdum kjarnorku,
d) kröfur gagnvart skipaeiganda kjarnorkuskips vegna tjóns af völdum kjarnorku,
e) kröfur af hálfu þjónustumanna skipaeiganda eða björgunarmanns með skyldur tengdar skipinu eða björgunarstörfum, þ.m.t. kröfur erfingja þeirra, þeirra sem eru á framfæri þeirra eða annarra aðila sem eiga rétt á að gera slíkar kröfur, ef skipaeigandanum eða björgunarmanninum er

Article 3

Claims excepted from limitation

The rules of this Convention shall not apply to:

(a) claims for salvage or contribution in general average;
(b) claims for oil pollution damage within the meaning of the International Convention on Civil Liability for Oil Pollution Damage, dated 29 November 1969 or of any amendment or Protocol thereto which is in force;
(c) claims subject to any international convention or national legislation governing or prohibiting limitation of liability for nuclear damage;

(d) claims against the shipowner of a nuclear ship for nuclear damage;
(e) claims by servants of the shipowner or salvor whose duties are connected with the ship or the salvage operations, including claims of their heirs, dependants or other persons entitled to make such claims, if under the law governing the contract of service between the shipowner or

ekki heimilt að takmarka ábyrgð sína hvað varðar slíkar kröfur samkvæmt lögum um samningsbundna þjónustu milli skipaeiganda eða björgunarmanns og slíkra þjónustumanna eða ef honum er samkvæmt slíkum lögum aðeins heimilt að takmarka ábyrgð sína við fjárhæð sem er hærri en sú sem kveðið er á um í 6. gr.

4. gr.

Hegðun sem útilokar takmörkun.

Aðili, sem ber ábyrgð, skal ekki eiga rétt á að takmarka ábyrgð sína ef sannað þykir að tjónið megi rekja til verknaðar hans eða vanrækslu, í því skyni að valda slíku tjóni, eða kæruleysis og ef viðkomandi hefði mátt vita að slíkt tjón hlytist af.

5. gr.

Gagnkröfur.

Ef aðili, sem á rétt á takmörkun ábyrgðar samkvæmt reglum þessa samnings, á kröfu á hendur kröfuhafa, sem leiðir af sömu atvikum, skal jafna kröfur þeirra upp og skulu ákvæði þessa samnings gilda um mismuninn ef einhver er.

II. KAFLI

ÁBYRGÐARMÖRK

6. gr.

Almenn mörk.

1. Ábyrgðarmörk vegna krafna, annarra en þeirra sem um getur í 7. gr. og sem leiðir af tilteknum atvikum, skal reikna með eftirfarandi hætti:

a) að því er varðar kröfur vegna manntjóns eða líkamstjóns,
   i. 333.000 reiknieiningar fyrir skip sem að tonnatölu er 500 tonn eða minna,
   ii. fyrir skip sem er stærra en það að tonnatölu bætist eftirfarandi fjárhæð við þá sem getið er um í i. lið:
   fyrir hvert tonn frá 501 til 3.000 tonna, 500 reiknieiningar,
   fyrir hvert tonn frá 3.001 til 30.000 tonna, 333 reiknieiningar,
   fyrir hvert tonn frá 30.001 til 70.000 tonna, 250 reiknieiningar, og
   fyrir hvert tonn umfram 70.000 tonn, 167 reiknieiningar,
b) að því er varðar hvers kyns aðrar kröfur,
   i. 167.000 reiknieiningar fyrir skip sem að tonnatölu er 500 tonn eða minna,
   ii. fyrir skip sem er stærra en það að tonnatölu bætist eftirfarandi fjárhæð við þá sem getið er um í i. lið:
   fyrir hvert tonn frá 501 til 30.000 tonna, 167 reiknieiningar,

salvor and such servants the shipowner or salvor is not entitled to limit his liability in respect of such claims, or if he is by such law only permitted to limit his liability to an amount greater than that provided for in Article 6.

Article 4

Conduct barring limitation

A person liable shall not be entitled to limit his liability if it is proved that the loss resulted from his personal act or omission, committed with the intent to cause such loss, or recklessly and with knowledge that such loss would probably result.

Article 5

Counterclaims

Where a person entitled to limitation of liability under the rules of this Convention has a claim against the claimant arising out of the same occurrence, their respective claims shall be set off against each other and the provisions of this Convention shall only apply to the balance, if any.

CHAPTER II:

LIMITS OF LIABILITY

Article 6

The general limits

1. The limits of liability for claims other than those mentioned in Article 7, arising on any distinct occasion, shall be calculated as follows:

(a) in respect of claims for loss of life or personal injury,
   (i) 333,000 Units of Account for a ship with a tonnage not exceeding 500 tons,
   (ii) for a ship with a tonnage in excess thereof, the following amount in addition to that mentioned in (i):
   for each ton from 501 to 3,000 tons, 500 Units of Account;
   for each ton from 3,001 to 30,000 tons, 333 Units of Account;
   for each ton from 30,001 to 70,000 tons, 250 Units of Account; and
   for each ton in excess of 70,000 tons, 167 Units of Account,
(b) in respect of any other claims,
   (i) 167,000 Units of Account for a ship with a tonnage not exceeding 500 tons,
   (ii) for a ship with a tonnage in excess thereof the following amount in addition to that mentioned in (i):
   for each ton from 501 to 30,000 tons, 167 Units of Account;

fyrir hvert tonn frá 30.001 til 70.000 tonna, 125 reiknieiningar, og
fyrir hvert tonn umfram 70.000 tonn, 83 reiknieiningar.

2. Ef fjárhæðin, sem er reiknuð í samræmi við a-lið 1. mgr., nægir ekki til að greiða að fullu kröfurnar sem þar greinir skal fjárhæðin, sem reiknuð er út í samræmi við b-lið 1. mgr., vera til reiðu til greiðslu ógreidds mismunar krafna samkvæmt a-lið 1. mgr. og skal sá ógreiddi mismunur vera hlutfallslega sambærilegur við kröfur sem greinir í b-lið 1. mgr.

3. Með fyrirvara um kröfurétt fyrir manntjón eða líkamstjón í samræmi við 2. mgr. getur aðildarríki þó kveðið á um í landslögum sínum að kröfur að því er varðar skemmdir á hafnarmannvirkjum, höfnum, vatnaleiðum og leiðsögutækjum skuli ganga fyrir öðrum kröfum samkvæmt b-lið 1. mgr. svo sem kveðið er á um í þeim lögum.

4. Ábyrgðarmörk fyrir björgunarmann, sem starfar ekki frá skipi, eða fyrir björgunarmann, sem starfar einvörðungu á eða í tengslum við skipið sem hann veitir björgunarþjónustu, skulu reiknuð út í samræmi við tonnatöluna 1.500 tonn.

5. Í þessum samningi skal tonnatala skipsins vera brúttótonn reiknuð út í samræmi við tonnamælingarreglurnar í I. viðauka alþjóðasamningsins um mælingar skipa frá 1969.

for each ton from 30,001 to 70,000 tons, 125 Units of Account; and
for each ton in excess of 70,000 tons, 83 Units of Account.

2. Where the amount calculated in accordance with paragraph 1(a) is insufficient to pay the claims mentioned therein in full, the amount calculated in accordance with paragraph 1(b) shall be available for payment of the unpaid balance of claims under paragraph 1(a) and such unpaid balance shall rank rateably with claims mentioned under paragraph 1(b).

3. However, without prejudice to the right of claims for loss of life or personal injury according to paragraph 2, a State Party may provide in its national law that claims in respect of damage to harbour works, basins and waterways and aids to navigation shall have such priority over other claims under paragraph 1(b) as is provided by that law.

4. The limits of liability for any salvor not operating from any ship or for any salvor operating solely on the ship to, or in respect of which he is rendering salvage services, shall be calculated according to a tonnage of 1,500 tons.

5. For the purpose of this Convention the ship's tonnage shall be the gross tonnage calculated in accordance with the tonnage measurement rules contained in Annex I of the International Convention on Tonnage Measurement of Ships, 1969.

7. gr.
Takmörk krafna farþega.

1. Að því er varðar kröfur, sem leiðir af tilteknum atvikum vegna manntjóns eða líkamstjóns í tilviki farþega með skipi, skal ábyrgðarmark skipaeiganda þar að lútandi vera fjárhæð, sem nemur 46.666 reiknieiningum, margfölduð með fjölda farþega, sem heimilt er að flytja með skipinu samkvæmt skírteini þess, en ekki umfram 25 milljónum reiknieininga.

2. Að því er þessa grein varðar merkir „kröfur vegna manntjóns eða líkamstjóns í tilviki farþega með skipi“ allar slíkar kröfur sem eru lagðar fram af hálfu eða fyrir hönd sérhvers aðila sem fluttur er með því skipi:

a) samkvæmt samningi um farþegaflutninga, eða
b) sem, með samþykki flytjanda, ferðast með farartæki eða lifandi dýr sem samningur um vöruflutninga nær til.

Article 7
The limit for passenger claims

1. In respect of claims arising on any distinct occasion for loss of life or personal injury to passengers of a ship, the limit of liability of the shipowner thereof shall be an amount of 46,666 Units of Account multiplied by the number of passengers which the ship is authorized to carry according to the ship's certificate, but not exceeding 25 million Units of Account.

2. For the purpose of this Article “claims for loss of life or personal injury to passengers of a ship” shall mean any such claims brought by or on behalf of any person carried in that ship:

(a) under a contract of passenger carriage, or
(b) who, with the consent of the carrier, is accompanying a vehicle or live animals which are covered by a contract for the carriage of goods.

8. gr.
Reiknieining.

1. Reiknieiningin, sem um getur í 6. og 7. gr., er sérstök dráttarréttindi (SDR) samkvæmt skilgreiningu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Fjárhæðirnar, sem um getur í 6. og 7. gr., ber að umreikna í innlendan

Article 8
Unit of Account

1. The Unit of Account referred to in Articles 6 and 7 is the Special Drawing Right as defined by the International Monetary Fund. The amounts mentioned in Articles 6 and 7 shall be converted into the

gjaldmiðil ríkisins, þar sem leitað er eftir takmörkun, á verðmætagrunni gjaldmiðilsins á þeim degi sem takmörkunarsjóður skal hafa verið stofnaður, greiðsla er innt af hendi eða trygging lögð fram sem jafngildir slíkri greiðslu samkvæmt lögum þess ríkis. Verðmæti innlenda gjaldmiðilsins, með tilliti til hinna sérstöku dráttarréttinda, í aðildarríki, sem er aðili að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, skal reiknað út í samræmi við það verðmætamat sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn styðst við í viðskiptum sínum og er í gildi á viðkomandi degi. Verðmæti innlends gjaldmiðils, með tilliti til hinna sérstöku dráttarréttinda, í aðildarríki, sem ekki er aðili að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, skal reiknað út á þann hátt sem viðkomandi aðildarríki ákvarðar.

2. Ríki, sem eru ekki aðilar að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og hafa ekki heimild samkvæmt landslögum sínum til að beita ákvæðum 1. mgr., mega þó, við undirritun án fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki eða við fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild eða hvenær sem er þar á eftir, lýsa því yfir að ábyrgðarmörkin, sem kveðið er á um í þessum samningi og beitt er á yfirráðasvæðum þeirra, skuli fastákveðin sem hér segir:

a) að því er varðar a-lið 1. mgr. 6. gr., fjárhæð sem nemur:
   i. 5 milljónum gjaldmiðilseininga fyrir skip sem að tonnatölu er 500 tonn eða minna,
   ii. fyrir skip að tonnatölu umfram þessa tölu bætist eftirfarandi fjárhæð við þá sem getið er um í i. lið:
   fyrir hvert tonn frá 501 til 3.000 tonna, 7.500 gjaldmiðilseiningar,
   fyrir hvert tonn frá 3.001 til 30.000 tonna, 5.000 gjaldmiðilseiningar,
   fyrir hvert tonn frá 30.001 til 70.000 tonna, 3.750 gjaldmiðilseiningar, og
   fyrir hvert tonn umfram 70.000 tonn, 2.500 gjaldmiðilseiningar, og
b) að því er varðar b-lið 1. mgr. 6. gr., fjárhæð sem nemur:
   i. 2,5 milljónum gjaldmiðilseininga fyrir skip sem að tonnatölu er 500 tonn eða minna,
   ii. fyrir skip að tonnatölu umfram þessa tölu bætist eftirfarandi fjárhæð við þá sem getið er um í i. lið:
   fyrir hvert tonn frá 501 til 30.000 tonna, 2.500 gjaldmiðilseiningar,
   fyrir hvert tonn frá 30.001 til 70.000 tonna, 1.850 gjaldmiðilseiningar, og
   fyrir hvert tonn umfram 70.000 tonn, 1.250 gjaldmiðilseiningar, og

national currency of the State in which limitation is sought, according to the value of that currency at the date the limitation fund shall have been constituted, payment is made, or security is given which under the law of that State is equivalent to such payment. The value of a national currency in terms of the Special Drawing Right, of a State Party which is a member of the International Monetary Fund, shall be calculated in accordance with the method of valuation applied by the International Monetary Fund in effect at the date in question for its operations and transactions. The value of a national currency in terms of the Special Drawing Right, of a State Party which is not a member of the International Monetary Fund, shall be calculated in a manner determined by that State Party.

2. Nevertheless, those States which are not members of the International Monetary Fund and whose law does not permit the application of the provisions of paragraph 1 may, at the time of signature without reservation as to ratification, acceptance or approval or at the time of ratification, acceptance, approval or accession or at any time thereafter, declare that the limits of liability provided for in this Convention to be applied in their territories shall be fixed as follows:

(a) in respect of Article 6, paragraph 1(a) at an amount of:
   (i) 5 million monetary units for a ship with a tonnage not exceeding 500 tons,
   (ii) for a ship with a tonnage in excess thereof, the following amount in addition to that mentioned in (i):
   for each ton from 501 to 3,000 tons, 7,500 monetary units;
   for each ton from 3,001 to 30,000 tons, 5,000 monetary units;
   for each ton from 30,001 to 70,000 tons, 3,750 monetary units; and
   for each ton in excess of 70,000 tons, 2,500 monetary units; and
(b) in respect of Article 6, paragraph 1(b), at an amount of:
   (i) 2.5 million monetary units for a ship with a tonnage not exceeding 500 tons,
   (ii) for a ship with a tonnage in excess thereof, the following amount in addition to that mentioned in (i):
   for each ton from 501 to 30,000 tons, 2,500 monetary units;
   for each ton from 30,001 to 70,000 tons, 1,850 monetary units; and
   for each ton in excess of 70,000 tons, 1,250 monetary units; and

c) að því er varðar 1. mgr. 7. gr., fjárhæð sem nemur 700.000 gjaldmiðilseiningum margfölduðum með fjölda farþega sem heimilt er að flytja með skipinu samkvæmt skírteini þess, en ekki umfram 375 milljónir gjaldeyriseininga.

Ákvæði 2. og 3. mgr. 6. gr. gilda með sama hætti og a- og b-liður þessarar málsgreinar.

3. Gjaldmiðilseiningin, sem um getur í 2. mgr., samsvarar sextíu og fimm og hálfu millígrammi gulls sem er að 900/1000 hlutum skíragull. Umreikningur gjaldmiðilseiningarinnar, sem um getur í 2. mgr., í innlendan gjaldmiðil skal vera í samræmi við lög viðkomandi ríkis.

4. Útreikningurinn, sem um getur í síðasta málslið 1. mgr. og umreikningurinn sem um getur 3. mgr., skal vera þannig að raungildi innlenda gjaldmiðilsins í aðildarríkinu gefi til kynna, eftir því sem unnt er, sama raungildi fjárhæðanna í 6. og 7. gr. sem er tilgreint þar í reiknieiningum. Aðildarríki skulu gera vörsluaðila grein fyrir útreikningsaðferðinni samkvæmt 1. mgr. eða niðurstöðu umreiknings 3. mgr., eftir því sem við á, við undirritun, án fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki, eða þegar skjal, sem um getur í 16. gr., er afhent til vörslu og hvenær sem breyting kann að verða á öðru hvoru.

(c) in respect of Article 7, paragraph 1, at an amount of 700,000 monetary units multiplied by the number of passengers which the ship is authorized to carry according to its certificate, but not exceeding 375 million monetary units.

Paragraphs 2 and 3 of Article 6 apply correspondingly to sub-paragraphs (a) and (b) of this paragraph.

3. The monetary unit referred to in paragraph 2 corresponds to sixty-five and a half milligrammes of gold of millesimal fineness nine hundred. The conversion of the amounts referred to in paragraph 2 into the national currency shall be made according to the law of the State concerned.

4. The calculation mentioned in the last sentence of paragraph 1 and the conversion mentioned in paragraph 3 shall be made in such a manner as to express in the national currency of the State Party as far as possible the same real value for the amounts in Articles 6 and 7 as is expressed there in units of account. States Parties shall communicate to the depositary the manner of calculation pursuant to paragraph 1, or the result of the conversion in paragraph 3, as the case may be, at the time of the signature without reservation as to ratification, acceptance or approval, or when depositing an instrument referred to in Article 16 and whenever there is a change in either.

9. gr.

Samtala krafna.

1. Ábyrgðarmörk, sem ákvörðuð eru í samræmi við 6. gr., skulu gilda um samtölu allra krafna sem leiðir af tilteknum atvikum:

a) á hendur aðilanum eða aðilunum, sem um getur í 2. mgr. 1. gr., og sérhverjum þeim aðila sem hann eða þeir bera ábyrgð á vegna gerða þess aðila, vanrækslu eða vanefnda, eða

b) á hendur eiganda skips, sem veitir björgunarþjónustu frá því skipi, og björgunarmanni eða björgunarmönnum, sem starfa frá slíku skipi, og sérhverjum þeim aðila sem hann eða þeir bera ábyrgð á vegna gerða þess aðila, vanrækslu eða vanefnda, eða

c) á hendur björgunarmanninum eða björgunarmönnunum, sem starfa ekki frá skipi eða starfa eingöngu á skipinu sem veitt er björgunarþjónusta, eða björgunarþjónusta er veitt vegna, og sérhverjum þeim aðila sem hann eða þeir bera ábyrgð á vegna gerða þess aðila, vanrækslu eða vanefnda.

2. Ábyrgðarmörk, sem ákvörðuð eru í samræmi við 7. gr., skulu gilda um samtölu allra krafna, sem miðast við þau og kunna að leiða af tilteknum atvikum, á hendur aðila eða aðilum, sem um getur í 2. mgr. 1. gr., þegar um ræðir það skip sem um getur í 7. gr. og

Article 9

Aggregation of claims

1. The limits of liability determined in accordance with Article 6 shall apply to the aggregate of all claims which arise on any distinct occasion:

(a) against the person or persons mentioned in paragraph 2 of Article 1 and any person for whose act, neglect or default he or they are responsible; or

(b) against the shipowner of a ship rendering salvage services from that ship and the salvor or salvors operating from such ship and any person for whose act, neglect or default he or they are responsible; or

(c) against the salvor or salvors who are not operating from a ship or who are operating solely on the ship to, or in respect of which, the salvage services are rendered and any person for whose act, neglect or default he or they are responsible.

2. The limits of liability determined in accordance with Article 7 shall apply to the aggregate of all claims subject thereto which may arise on any distinct occasion against the person or persons mentioned in paragraph 2 of Article 1 in respect of the

hvern þann aðila sem hann eða þeir bera ábyrgð á vegna gerða þess aðila, vanrækslu eða vanefnda.

10. gr.
Takmörkun ábyrgðar án þess að stofnaður sé takmörkunarsjóður.

1. Enda þótt takmörkunarsjóðurinn, sem um getur í 11. gr., hafi ekki verið stofnaður má bera fyrir sig takmörkun ábyrgðar. Þó má aðildarríki kveða á um í landslögum sínum, sé mál höfðað fyrir dómi þess til að knýja fram kröfu sem er háð takmörkun, að aðili, sem ber ábyrgð, geti því aðeins borið fyrir sig réttinn til að takmarka ábyrgð að takmörkunarsjóður hafi verið stofnaður í samræmi við ákvæði þessa samnings eða sé stofnaður þegar skírskotað er til réttarins til að takmarka ábyrgð.
2. Sé skírskotað til takmarkaðrar ábyrgðar án þess að stofnaður sé takmörkunarsjóður skulu ákvæði 12. gr. gilda með sama hætti.
3. Sé málsmeðferð vafa undirorpin samkvæmt ákvæðum þessarar greinar skal ákvörðun tekin í samræmi við landslög aðildarríkisins þar sem málshöfðunin á sér stað.

III. KAFLI
TAKMÖRKUNARSJÓÐUR

11. gr.
Stofnun sjóðsins.

1. Aðili, sem talinn er bera ábyrgð, má stofna sjóð í vörslu dómstóls eða annars lögbærs yfirvalds í aðildarríki þar sem mál er höfðað í tengslum við kröfur háðar takmörkun. Við stofnun sjóðsins skal hann nema samtölu allra fjárhæðanna, sem mælt er fyrir um í 6. og 7. gr., og eiga við um kröfur sem sá aðili kann að vera ábyrgur fyrir ásamt vöxtum frá því að atburðurinn, sem varð tilefni ábyrgðarinnar, átti sér stað og fram til sjóðsstofnunarinnar. Sérhver sjóður, sem stofnaður er með þessum hætti, skal einungis nýttur til greiðslu krafna þegar hægt er að skírskota til takmörkunar ábyrgðar.

2. Sjóðinn má stofna með því að leggja fram fjárhæðina til vörslu eða með því að leggja fram tryggingu sem er viðurkennd samkvæmt löggjöf aðildarríkisins þar sem sjóðurinn er stofnaður og dómstóllinn eða annað lögbært yfirvald telur fullnægjandi.
3. Sjóður, sem aðilinn, sem um getur í a-, b- eða c-lið 1. mgr. eða 2. mgr. 9. gr., stofnar eða vátryggjandi hans, skal teljast stofnaður af öllum þeim aðilum sem um getur í a-, b- eða c-lið 1. mgr. eða 2. mgr., eftir því sem við á.

ship referred to in Article 7 and any person for whose act, neglect or default he or they are responsible.

Article 10
Limitation of liability without constitution of a limitation fund

1. Limitation of liability may be invoked notwithstanding that a limitation fund as mentioned in Article 11 has not been constituted. However, a State Party may provide in its national law that, where an action is brought in its Courts to enforce a claim subject to limitation, a person liable may only invoke the right to limit liability if a limitation fund has been constituted in accordance with the provisions of this Convention or is constituted when the right to limit liability is invoked.
2. If limitation of liability is invoked without the constitution of a limitation fund, the provisions of Article 12 shall apply correspondingly.
3. Questions of procedure arising under the rules of this Article shall be decided in accordance with the national law of the State Party in which action is brought.

CHAPTER III:
THE LIMITATION FUND

Article 11
Constitution of the fund

1. Any person alleged to be liable may constitute a fund with the Court or other competent authority in any State Party in which legal proceedings are instituted in respect of claims subject to limitation. The fund shall be constituted in the sum of such of the amounts set out in Articles 6 and 7 as are applicable to claims for which that person may be liable, together with interest thereon from the date of the occurrence giving rise to the liability until the date of the constitution of the fund. Any fund thus constituted shall be available only for the payment of claims in respect of which limitation of liability can be invoked.
2. A fund may be constituted, either by depositing the sum, or by producing a guarantee acceptable under the legislation of the State Party where the fund is constituted and considered to be adequate by the Court or other competent authority.
3. A fund constituted by one of the persons mentioned in paragraph 1(a), (b) or (c) or paragraph 2 of Article 9 or his insurer shall be deemed constituted by all persons mentioned in paragraph 1(a), (b) or (c) or paragraph 2, respectively.

12. gr.
Úthlutun úr sjóðnum.

1. Með fyrirvara um ákvæði 1., 2. og 3. mgr. 6. gr. og í 7. gr. skal kröfuhöfum úthlutað úr sjóðnum í réttu hlutfalli við framlagðar kröfur þeirra á hendur sjóðnum.
2. Hafi aðilinn, sem ber ábyrgð eða vátryggjandi hans, gert upp kröfu á hendur sjóðnum áður en úthlutað er úr sjóðnum skal sá aðili öðlast, allt að þeirri fjárhæð sem hann hefur greitt, með kröfuhafaskiptum þann rétt sem aðilinn, sem fékk bæturnar, myndi hafa notið samkvæmt þessum samningi.
3. Réttinn til kröfuhafaskiptanna, sem kveðið er á um í 2. mgr., mega aðrir aðilar en þeir sem eru tilgreindir þar einnig nýta sér að því er varðar fjárhæð bótanna sem þeir kunna að hafa greitt en aðeins að því marki sem slík kröfuhafaskipti eru heimiluð samkvæmt viðeigandi landslögum.
4. Ef aðilanum, sem ber ábyrgð, eða einhverjum öðrum aðila verður ljóst að honum kunni að vera skylt að greiða, á tilgreindum síðari degi, að fullu eða að hluta, hverja slíka bótafjárhæð, sem sá hinn sami hefði átt rétt á með kröfuhafaskiptum samkvæmt 2. og 3. mgr. ef bæturnar hefðu verið greiddar áður en úthlutað var úr sjóðnum, má dómstóllinn eða annað lögbært yfirvald í ríkinu, þar sem sjóðurinn hefur verið stofnaður, úrskurða að nægilega há fjárhæð skuli lögð til hliðar til bráðabirgða til að gera þeim aðila kleift, á síðari stigum, að gera kröfu á hendur sjóðnum.

Article 12
Distribution of the fund

1. Subject to the provisions of paragraphs 1, 2 and 3 of Article 6 and of Article 7, the fund shall be distributed among the claimants in proportion to their established claims against the fund.
2. If, before the fund is distributed, the person liable, or his insurer, has settled a claim against the fund such person shall, up to the amount he has paid, acquire by subrogation the rights which the person so compensated would have enjoyed under this Convention.
3. The right of subrogation provided for in paragraph 2 may also be exercised by persons other than those therein mentioned in respect of any amount of compensation which they may have paid, but only to the extent that such subrogation is permitted under the applicable national law.
4. Where the person liable or any other person establishes that he may be compelled to pay, at a later date, in whole or in part any such amount of compensation with regard to which such person would have enjoyed a right of subrogation pursuant to paragraphs 2 and 3 had the compensation been paid before the fund was distributed, the Court or other competent authority of the State where the fund has been constituted may order that a sufficient sum shall be provisionally set aside to enable such person at such later date to enforce his claim against the fund.

13. gr.
Vernd gegn annarri lögsókn.

1. Hafi takmörkunarsjóður verið stofnaður í samræmi við 11. gr. skal hverjum þeim aðila sem hefur borið fram kröfu gegn sjóðnum gert ókleift að nýta sér hvers kyns rétt með tilliti til slíkrar kröfu í aðrar eignir aðila sem sjóðurinn var stofnaður til hagsbóta fyrir.
2. Eftir að takmörkunarsjóður hefur verið stofnaður, í samræmi við 11. gr., má fella niður, með úrskurði dómstóls eða annars lögbærs yfirvalds, kyrrsetningu eða löggeymslu, sem framkvæmd hefur verið innan lögsögu aðildarríkis, gagnvart skipi eða annarri eign aðila, sem sjóðurinn var stofnaður til hagsbóta fyrir, eða leysa tryggingu sem lögð er fram fyrir kröfu sem kann að vera gerð á hendur sjóðnum. Þó skal ætíð úrskurða um slíka niðurfellingu ef takmörkunarsjóðurinn hefur verið stofnaður:

a) á hafnarstað þar sem atburðurinn átti sér stað eða, ef hann átti sér stað utan hafnarinnar, í fyrstu viðkomuhöfn þar á eftir, eða
b) í landgönguhöfn hvað varðar kröfur fyrir manntjón eða líkamstjón, eða

Article 13
Bar to other actions

1. Where a limitation fund has been constituted in accordance with Article 11, any person having made a claim against the fund shall be barred from exercising any right in respect of such claim against any other assets of a person by or on behalf of whom the fund has been constituted.
2. After a limitation fund has been constituted in accordance with Article 11, any ship or other property, belonging to a person on behalf of whom the fund has been constituted, which has been arrested or attached within the jurisdiction of a State Party for a claim which may be raised against the fund, or any security given, may be released by order of the Court or other competent authority of such State. However, such release shall always be ordered if the limitation fund has been constituted:

(a) at the port where the occurrence took place, or, if it took place out of port, at the first port of call thereafter; or
(b) at the port of disembarkation in respect of claims for loss of life or personal injury; or

c) í losunarhöfn að því er varðar tjón á farmi, eða

d) í ríkinu þar sem kyrrsetning fer fram.

3. Reglurnar í 1. og 2. mgr. eiga aðeins við ef kröfuhafi má láta reyna á kröfu gegn takmörkunarsjóðnum fyrir dómstólnum, sem fer með vörslu þess sjóðs, og að unnt sé í raun að ganga að sjóðnum og ráðstafa úr honum til að greiða kröfuna.

14. gr.

Gildandi lög.

Með fyrirvara um ákvæðin í þessum kafla skulu reglurnar um stofnun og úthlutun úr takmörkunarsjóði og allar reglur um málsmeðferð í tengslum við þá gerninga lúta lögum aðildarríkisins þar sem sjóðurinn er stofnaður.

IV. KAFLI

GILDISSVIÐ

15. gr.

1. Samningur þessi gildir hvenær sem aðili, sem um getur í 1 gr., freistar þess að takmarka ábyrgð sína fyrir dómstóli í aðildarríki eða leitar eftir því að kyrrsetning skips eða annarrar eignar hans verði felld niður eða hvers kyns trygging, sem gefin er innan lögsögu slíks ríkis, verði leyst. Samt sem áður má aðildarríki undanskilja, að öllu leyti eða að hluta, hvern þann aðila sem um getur í 1. gr. frá gildissviði þessa samnings og sem á þeim tíma þegar skírskotað er til reglna þessa samnings fyrir dómstólum þess ríkis hefur hvorki fasta búsetu né aðalstarfsstöð sína í aðildarríki eða hvert það skip sem tengist því að skírskotað er til réttar til takmörkunar eða leitað er eftir því að kyrrsetning þess sé felld niður og sem siglir ekki undir fána aðildarríkis á þeim tíma sem tilgreindur er hér að framan.

2. Aðildarríki má innleiða sérákvæði í landslög sín um kerfi takmörkunar ábyrgðar sem beitt er gagnvart skipum sem eru:

a) samkvæmt lögum þess ríkis skip ætluð til siglinga á skipgengum vatnaleiðum,

b) skip undir 300 tonnum.

Aðildarríki, sem nýtir sér þann kost sem kveðið er á um í þessari málsgrein, skal tilkynna vörsluaðila um þau ábyrgðarmörk sem samþykkt eru í landslögum eða um að engin slík séu fyrir hendi.

3. Aðildarríki má innleiða sérákvæði í landslög sín um kerfi takmörkunar ábyrgðar sem beita á vegna krafna sem koma fram í málum þar sem hagsmunir aðila, sem eru ríkisborgarar annarra aðildarríkja, eru ekki í húfi.

4. Dómstólar aðildarríkis skulu ekki beita ákvæðum þessa samnings gagnvart skipum sem eru smíðuð eða breytt til nota við borun:

(c) at the port of discharge in respect of damage to cargo; or

(d) in the State where the arrest is made.

3. The rules of paragraphs 1 and 2 shall apply only if the claimant may bring a claim against the limitation fund before the Court administering that fund and the fund is actually available and freely transferable in respect of that claim.

Article 14

Governing law

Subject to the provisions of this Chapter the rules relating to the constitution and distribution of a limitation fund, and all rules of procedure in connexion therewith, shall be governed by the law of the State Party in which the fund is constituted.

CHAPTER IV:

SCOPE OF APPLICATION

Article 15

1. This Convention shall apply whenever any person referred to in Article 1 seeks to limit his liability before the Court of a State Party or seeks to procure the release of a ship or other property or the discharge of any security given within the jurisdiction of any such State. Nevertheless, each State Party may exclude wholly or partially from the application of this Convention any person referred to in Article 1 who at the time when the rules of this Convention are invoked before the Courts of that State does not have his habitual residence in a State Party or does not have his principal place of business in a State Party or any ship in relation to which the right of limitation is invoked or whose release is sought and which does not at the time specified above fly the flag of a State Party.

2. A State Party may regulate by specific provisions of national law the system of limitation of liability to be applied to vessels which are:

(a) according to the law of that State, ships intended for navigation on inland waterways

(b) ships of less than 300 tons.

A State Party which makes use of the option provided for in this paragraph shall inform the depositary of the limits of liability adopted in its national legislation or of the fact that there are none.

3. A State Party may regulate by specific provisions of national law the system of limitation of liability to be applied to claims arising in cases in which interests of persons who are nationals of other States Parties are in no way involved.

4. The Courts of a State Party shall not apply this Convention to ships constructed for, or adapted to, and engaged in, drilling:

a) þegar það ríki hefur sett hærra ábyrgðarmark samkvæmt landslögum sínum en það sem annars er kveðið á um í 6. gr., eða
b) þegar það ríki hefur gerst aðili að alþjóðasamningi sem kveður á um kerfi ábyrgðar sem tekur til slíkra skipa.

Í þeim tilvikum sem ákvæði a-liðar gilda skal það aðildarríki tilkynna vörsluaðila um það.

5. Þessi samningur tekur ekki til:
a) loftpúðafarartækja (svifnökkva),
b) fljótandi palla sem smíðaðir eru til að kanna eða nýta náttúruauðlindir hafsbotnsins eða botnlaga hans.

(a) when that State has established under its national legislation a higher limit of liability than that otherwise provided for in Article 6; or
(b) when that State has become party to an international convention regulating the system of liability in respect of such ships.

In a case to which sub-paragraph (a) applies that State Party shall inform the depositary accordingly.

5. This Convention shall not apply to:
(a) air-cushion vehicles;
(b) floating platforms constructed for the purpose of exploring or exploiting the natural resources of the sea-bed or the subsoil thereof.

V. KAFLI
LOKAÁKVÆÐI

16. gr.
Undirritun, fullgilding og aðild.

1. Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar í aðalstöðvum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (hér eftir nefnd „stofnunin“) frá 1. febrúar 1977 til 31. desember 1977 og eftir það til aðildar.

2. Öll ríki geta gerst aðilar að samningi þessum með:
a) undirritun án fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki, eða
b) undirritun með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki og eftirfarandi fullgildingu, staðfestingu eða samþykki, eða
c) aðild.

3. Fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild skal fara fram með því að afhenda framkvæmdastjóra stofnunarinnar (hér eftir nefndur „framkvæmdastjóri“) skjal þar um til vörslu.

CHAPTER V:
FINAL CLAUSES

Article 16
Signature, ratification and accession

1. This Convention shall be open for signature by all States at the Headquarters of the Inter-Governmental Maritime Consultative Organization (hereinafter referred to as “the Organization”) from 1 February 1977 until 31 December 1977 and shall thereafter remain open for accession.

2. All States may become parties to this Convention by:
(a) signature without reservation as to ratification, acceptance or approval; or
(b) signature subject to ratification, acceptance or approval followed by ratification, acceptance or approval; or
(c) accession.

3. Ratification, acceptance, approval or accession shall be effected by the deposit of a formal instrument to that effect with the Secretary-General of the Organization (hereinafter referred to as “the Secretary-General”).

17. gr.
Gildistaka.

1. Samningur þessi öðlast gildi á fyrsta degi þess mánaðar sem kemur eftir eitt ár frá þeim degi sem tólf ríki hafa annaðhvort undirritað hann án fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki eða hafa afhent tilskilin skjöl sín um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki hans til vörslu.

2. Að því er varðar ríki, sem afhendir skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild að samningi þessum til vörslu eða undirritar hann án fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki, eftir að skilyrðum fyrir gildistöku hefur verið fullnægt en fyrir gildistökudag, skal fullgilding, staðfesting, samþykki, aðild eða undirritun án fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki öðlast gildi á gildistökudegi samningsins eða á fyrsta

Article 17
Entry into force

1. This Convention shall enter into force on the first day of the month following one year after the date on which twelve States have either signed it without reservation as to ratification, acceptance or approval or have deposited the requisite instruments of ratification, acceptance, approval or accession.

2. For a State which deposits an instrument of ratification, acceptance, approval or accession, or signs without reservation as to ratification, acceptance or approval, in respect of this Convention after the requirements for entry into force have been met but prior to the date of entry into force, the ratification, acceptance, approval or accession or the signature without reservation as to ratification, acceptance or approval, shall take effect on the date of entry into

degi þess mánaðar sem kemur eftir nítugasta dag frá þeim degi sem skjalið er undirritað eða afhent til vörslu, eftir því hvor dagsetningin kemur síðar.

3. Hvað varðar ríki, sem verður síðar aðili að samningi þessum, skal samningurinn öðlast gildi á fyrsta degi þess mánaðar sem kemur eftir að níutíu dagar eru liðnir frá þeim degi þegar það ríki afhenti skjal sitt til vörslu.
4. Að því er varðar tengsl milli ríkja, sem fullgilda, staðfesta eða samþykkja samning þennan eða gerast aðilar að honum, skal samningur þessi koma í stað og fella úr gildi alþjóðasamning um takmörkun ábyrgðar eigenda hafskipa, sem gerður var í Brussel 10. október 1957, og alþjóðasamning um samræmingu nokkurra reglna um takmörkun á ábyrgð eigenda hafskipa sem var undirritaður 25. ágúst 1924.

force of the Convention or on the first day of the month following the ninetieth day after the date of the signature or the deposit of the instrument, whichever is the later date.
3. For any State which subsequently becomes a Party to this Convention, the Convention shall enter into force on the first day of the month following the expiration of ninety days after the date when such State deposited its instrument.
4. In respect of the relations between States which ratify, accept, or approve this Convention or accede to it, this Convention shall replace and abrogate the International Convention relating to the Limitation of the Liability of Owners of Sea-going Ships, done at Brussels on 10 October 1957, and the International Convention for the Unification of certain Rules relating to the Limitation of Liability of the Owners of Sea-going Vessels, signed at Brussels on 25 August 1924.

18. gr.
Fyrirvarar.

1. Sérhvert ríki getur, við undirritun, fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild, áskilið sér rétt til að undanskilja beitingu d- og e-liðar 1. mgr. 2. gr. Óheimilt er að gera frekari fyrirvara við efnisleg ákvæði samnings þessa.

2. Fyrirvarar, sem gerðir eru við undirritun, eru með fyrirvara um áréttingu við fullgildingu, staðfestingu eða samþykki.
3. Hvert það ríki sem hefur gert fyrirvara við samning þennan má afturkalla hann hvenær sem er með tilkynningu til framkvæmdastjórans. Slík afturköllun öðlast gildi á viðtökudegi tilkynningar. Ef greint er frá því í tilkynningunni að afturköllun fyrirvara skuli öðlast gildi á degi sem tilgreindur er í henni og ef sá dagur er eftir að framkvæmdastjórinn tekur við tilkynningunni skal uppsögnin öðlast gildi þann síðari dag.

Article 18
Reservations

1. Any State may, at the time of signature, ratification, acceptance, approval or accession, reserve the right to exclude the application of Article 2 paragraph 1(d) and (e). No other reservations shall be admissible to the substantive provisions of this Convention.
2. Reservations made at the time of signature are subject to confirmation upon ratification, acceptance or approval.
3. Any State which has made a reservation to this Convention may withdraw it at any time by means of a notification addressed to the Secretary-General. Such withdrawal shall take effect on the date the notification is received. If the notification states that the withdrawal of a reservation is to take effect on a date specified therein, and such date is later than the date the notification is received by the Secretary-General, the withdrawal shall take effect on such later date.

19. gr.
Úrsögn.

1. Þessi samningur er uppsegjanlegur af hálfu aðildarríkis að liðnu einu ári frá þeim degi sem hann öðlaðist gildi fyrir það ríki.
2. Úrsögn fer fram með því að afhenda framkvæmdastjóranum úrsagnarskjal til vörslu.
3. Úrsögn öðlast gildi á fyrsta degi þess mánaðar sem kemur eftir að eitt ár er liðið frá þeim degi þegar það ríki afhenti skjal sitt til vörslu eða síðar ef það er tilgreint í skjalinu.

Article 19
Denunciation

1. This Convention may be denounced by a State Party at any time one year from the date on which the Convention entered into force for that Party.
2. Denunciation shall be effected by the deposit of an instrument with the Secretary-General.
3. Denunciation shall take effect on the first day of the month following the expiration of one year after the date of deposit of the instrument, or after such longer period as may be specified in the instrument.

20. gr.
Endurskoðun og breytingar.

1. Stofnunin getur boðað til ráðstefnu í því skyni að endurskoða samning þennan eða breyta honum.

2. Stofnunin skal boða til ráðstefnu aðildarríkja að samningi þessum í því skyni að endurskoða hann eða breyta honum ef minnst þriðjungur aðildarríkja fer þess á leit.
3. Eftir gildistökudag breytinga á samningi þessum skal sérhvert skjal um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild, sem afhent er til vörslu, gilda um samninginn með áorðnum breytingum nema ásetningur um hið gagnstæða komi fram í skjalinu.

Article 20
Revision and amendment

1. A Conference for the purpose of revising or amending this Convention may be convened by the Organization.
2. The Organization shall convene a Conference of the States Parties to this Convention for revising or amending it at the request of not less than one-third of the Parties.
3. After the date of the entry into force of an amendment to this Convention, any instrument of ratification, acceptance, approval or accession deposited shall be deemed to apply to the Convention as amended, unless a contrary intention is expressed in the instrument.

21. gr.
Endurskoðun fjárhæða takmarkana og reiknieininga eða gjaldmiðilseininga.

1. Þrátt fyrir ákvæði 20. gr. skal stofnunin, í samræmi við 2. og 3. mgr. þessarar greinar, boða til ráðstefnu í þeim tilgangi einum að breyta fjárhæðunum sem tilgreindar eru í 6. og 7. gr. og 2. mgr. 8. gr. eða til að skipta báðum einingunum, sem skilgreindar eru í 1. og 2. mgr. 8. gr., út fyrir aðrar einingar. Fjárhæðunum skal því aðeins breytt að verulegar breytingar verði á raungildi þeirra.

2. Stofnunin skal boða til slíkrar ráðstefnu að beiðni minnst fjórðungs aðildarríkja.

3. Ákvörðun um að breyta fjárhæðunum eða að skipta einingum út fyrir aðrar reiknieiningar skal samþykkt af tveimur þriðju hluta aðildarríkja sem hafa fyrirsvar á slíkri ráðstefnu og greiða atkvæði.
4. Ríki, sem leggur fram skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild sitt að samningnum eftir að breyting hefur öðlast gildi, skal beita samningnum með áorðnum breytingum.

Article 21
Revision of the limitation amounts and of Unit of Account or monetary unit

1. Notwithstanding the provisions of Article 20, a Conference only for the purposes of altering the amounts specified in Articles 6 and 7 and in Article 8, paragraph 2, or of substituting either or both of the Units defined in Article 8, paragraphs 1 and 2, by other units shall be convened by the Organization in accordance with paragraphs 2 and 3 of this Article. An alteration of the amounts shall be made only because of a significant change in their real value.
2. The Organization shall convene such a Conference at the request of not less than one fourth of the States Parties.
3. A decision to alter the amounts or to substitute the Units by other units of account shall be taken by a two-thirds majority of the States Parties present and voting in such Conference.
4. Any State depositing its instrument of ratification, acceptance, approval or accession to the Convention, after entry into force of an amendment, shall apply the Convention as amended.

22. gr.
Vörsluaðili.

1. Samningur þessi skal vera í vörslu framkvæmdastjórans.
2. Framkvæmdastjórinn skal:
a) senda öllum ríkjum, sem boðið var að sækja ráðstefnuna um takmörkun ábyrgðar á sjóréttarkröfum og öllum öðrum ríkjum sem hafa gerst aðilar að samningi þessum, staðfest rétt endurrit af samningi þessum,
b) tilkynna öllum ríkjum, sem hafa undirritað eða gerst aðilar að samningi þessum, um:
   i. hverja nýja undirskrift og hverja afhendingu skjals til vörslu og fyrirvara sem kunna að verða gerðir, ásamt dagsetningu þeirra,

Article 22
Depositary

1. This Convention shall be deposited with the Secretary-General.
2. The Secretary-General shall:
(a) transmit certified true copies of this Convention to all States which were invited to attend the Conference on Limitation of Liability for Maritime Claims and to any other States which accede to this Convention;
(b) inform all States which have signed or acceded to this Convention of:
   (i) each new signature and each deposit of an instrument and any reservation thereto together with the date thereof;

ii. gildistökudag samnings þessa eða breytinga sem kunna að verða gerðar á honum,
iii. hverja úrsögn að því er samning þennan varðar og hvenær hún öðlast gildi,
iv. breytingar sem kunna að verða gerðar í samræmi við 20. og 21. gr.,
v. allar orðsendingar sem kallað er eftir samkvæmt einhverri af greinum þessa samnings.

3. Þegar samningur þessi öðlast gildi skal framkvæmdastjórinn senda skrifstofu Sameinuðu þjóðanna staðfest rétt endurrit af honum til skráningar og birtingar skv. 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

(ii) the date of entry into force of this Convention or any amendment thereto;
(iii) any denunciation of this Convention and the date on which it takes effect;
(iv) any amendment adopted in conformity with Articles 20 or 21;
(v) any communication called for by any Article of this Convention.

3. Upon entry into force of this Convention, a certified true copy thereof shall be transmitted by the Secretary-General to the Secretariat of the United Nations for registration and publication in accordance with Article 102 of the Charter of the United Nations.

23. gr.
Tungumál.

Samningur þessi er gerður í einu frumriti á ensku, frönsku, rússnesku og spænsku og eru allir textarnir jafngildir.

Article 23
Languages

This Convention is established in a single original in the English, French, Russian and Spanish languages, each text being equally authentic.

GJÖRT Í LONDON 19. nóvember 1976.

DONE AT LONDON this nineteenth day of November one thousand nine hundred and seventy-six.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned being duly authorized for that purpose have signed this Convention.

Fylgiskjal II.

Bókun frá 1996 um breytingu á samningnum um takmörkun ábyrgðar á sjóréttarkröfum frá 19. nóvember 1976.

(London 2. maí 1996)

Protocol of 1996 to amend the Convention on Limitation of Liability for Maritime Claims of 19 November 1976

(London, 2 May 1996)

AÐILDARRÍKIN AÐ BÓKUN ÞESSARI,

THE PARTIES TO THE PRESENT PROTOCOL,

SEM TELJA að æskilegt sé að breyta samningnum um takmörkun ábyrgðar á sjóréttarkröfum, sem var gerður í London 19. nóvember 1976, í þeim tilgangi að hækka bætur og að koma á einfaldaðri málsmeðferð til að uppfæra takmörkunarfjárhæðirnar,

CONSIDERING that it is desirable to amend the Convention on Limitation of Liability for Maritime Claims, done at London on 19 November 1976, to provide for enhanced compensation and to establish a simplified procedure for updating the limitation amounts,

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTT um eftirfarandi:

HAVE AGREED as follows:

1. gr.
Í bókun þessari hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér greinir:

Article 1
For the purposes of this Protocol:

1. „Samningur“ merkir samninginn um takmörkun ábyrgðar á sjóréttarkröfum frá 1976.
2. „Stofnunin“ merkir Alþjóðasiglingamálastofnunina.
3. „Framkvæmdastjóri“ merkir framkvæmdastjóra stofnunarinnar.

2. gr.

Eftirfarandi texti komi í stað a-liðar 3. gr. samningsins:

a) kröfur vegna björgunar, þ.m.t., ef við á, hvers kyns kröfur um sérstakar bætur samkvæmt 14. gr. alþjóðasamþykktar um björgun frá 1989, með áorðnum breytingum, eða vegna framlags til sameiginlegs sjótjóns,

3. gr.

Eftirfarandi texti komi í stað 1. mgr. 6. gr. samningsins:

1. Ábyrgðarmörk vegna annarra krafna en þeirra sem um getur í 7. gr. sem leiðir af tilteknum atvikum skal reikna með eftirfarandi hætti:

a) að því er varðar kröfur vegna manntjóns eða líkamstjóns,
   i. 2 milljónir reiknieininga fyrir skip sem að tonnatölu er 2.000 tonn eða minna,
   ii. fyrir skip sem er stærra en það að tonnatölu bætist eftirfarandi fjárhæð við þá sem getið er um í i. lið:
   fyrir hvert tonn frá 2.001 til 30.000 tonna, 800 reiknieiningar,
   fyrir hvert tonn frá 30.001 til 70.000 tonna, 600 reiknieiningar, og
   fyrir hvert tonn umfram 70.000 tonn, 400 reiknieiningar,
b) að því er varðar hvers kyns aðrar kröfur,
   i. 1 milljón reiknieininga fyrir skip sem að tonnatölu er 2.000 tonn eða minna,
   ii. fyrir skip sem er stærra en það að tonnatölu bætist eftirfarandi fjárhæð við þá sem getið er um í i. lið:
   fyrir hvert tonn frá 2.001 til 30.000 tonna, 400 reiknieiningar,
   fyrir hvert tonn frá 30.001 til 70.000 tonna, 300 reiknieiningar, og
   fyrir hvert tonn umfram 70.000 tonn, 200 reiknieiningar.

4. gr.

Eftirfarandi texti komi í stað 1. mgr. 7. gr. samningsins:

1. Að því er varðar kröfur, sem leiðir af tilteknum atvikum vegna manntjóns eða líkamstjóns í tilviki farþega með skipi, skal ábyrgðarmark skipaeiganda þar að lútandi vera fjárhæð, sem nemur 175.000

1. "Convention" means the Convention on Limitation of Liability for Maritime Claims, 1976.
2. "Organization" means the International Maritime Organization.
3. "Secretary-General" means the Secretary-General of the Organization.

Article 2

Article 3, subparagraph (a) of the Convention is replaced by the following text:

(a) claims for salvage, including, if applicable, any claim for special compensation under Article 14 of the International Convention on Salvage 1989, as amended, or contribution in general average;

Article 3

Article 6, paragraph 1 of the Convention is replaced by the following text:

1. The limits of liability for claims other than those mentioned in Article 7, arising on any distinct occasion, shall be calculated as follows:

(a) in respect of claims for loss of life or personal injury,
   (i) 2 million Units of Account for a ship with a tonnage not exceeding 2,000 tons,
   (ii) for a ship with a tonnage in excess thereof, the following amount in addition to that mentioned in (i):
   for each ton from 2,001 to 30,000 tons, 800 Units of Account;
   for each ton from 30,001 to 70,000 tons, 600 Units of Account; and
   for each ton in excess of 70,000 tons, 400 Units of Account,
(b) in respect of any other claims,
   (i) 1 million Units of Account for a ship with a tonnage not exceeding 2,000 tons,
   (ii) for a ship with a tonnage in excess thereof, the following amount in addition to that mentioned in (i):
   for each ton from 2,001 to 30,000 tons, 400 Units of Account;
   for each ton from 30,001 to 70,000 tons, 300 Units of Account; and
   for each ton in excess of 70,000 tons, 200 Units of Account.

Article 4

Article 7, paragraph 1 of the Convention is replaced by the following text:

1. In respect of claims arising on any distinct occasion for loss of life or personal injury to passengers of a ship, the limit of liability of the shipowner thereof shall be an amount of 175,000 Units of Ac-

reiknieiningum, margfölduð með fjölda farþega sem heimilt er að flytja með skipinu samkvæmt skírteini þess.

5. gr.

Eftirfarandi texti komi í stað 2. mgr. 8. gr. samningsins:

2. Ríki, sem eru ekki aðilar að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og hafa ekki heimild samkvæmt landslögum sínum til að beita ákvæðum 1. mgr., mega þó, við undirritun án fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki eða við fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild eða hvenær sem er þar á eftir, lýsa því yfir að ábyrgðarmörkin, sem kveðið er á um í þessum samningi og beitt er á yfirráðasvæðum þeirra, skuli fastákveðin sem hér segir:

a) að því er varðar a-lið 1. mgr. 6. gr., fjárhæð sem nemur:
   i. 30 milljónum gjaldmiðilseininga fyrir skip sem að tonnatölu er 2.000 tonn eða minna,
   ii. fyrir skip sem er stærra en það að tonnatölu bætist eftirfarandi fjárhæð við þá sem getið er um í i. lið:
   fyrir hvert tonn frá 2.001 til 30.000 tonna, 12.000 gjaldmiðilseiningar,
   fyrir hvert tonn frá 30.001 til 70.000 tonna, 9.000 gjaldmiðilseiningar, og
   fyrir hvert tonn umfram 70.000 tonn, 6.000 gjaldmiðilseiningar, og
b) að því er varðar b-lið 1. mgr. 6. gr. fjárhæð sem nemur:
   i. 15 milljónum gjaldmiðilseininga fyrir skip sem að tonnatölu er 2.000 tonn eða minna,
   ii. fyrir skip sem er stærra en það að tonnatölu bætist eftirfarandi fjárhæð við þá sem getið er um í i. lið:
   fyrir hvert tonn frá 2.001 til 30.000 tonna, 6.000 gjaldmiðilseiningar,
   fyrir hvert tonn frá 30.001 til 70.000 tonna, 4.500 gjaldmiðilseiningar, og
   fyrir hvert tonn umfram 70.000 tonn, 3.000 gjaldmiðilseiningar, og
c) að því er varðar 1. mgr. 7. gr., fjárhæð sem nemur 2.625.000 gjaldmiðilseiningum, margfölduð með fjölda farþega sem heimilt er að flytja með skipinu samkvæmt skírteini þess.

Ákvæði 2. og 3. mgr. 6. gr. gilda með sama hætti og a- og b-liðir þessarar málsgreinar.

6. gr.

Eftirfarandi texti bætist við sem málsgrein 3*bis* í 15. gr. þessa samnings:

3*bis*. Þrátt fyrir ábyrgðarmarkið, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 7 gr., má aðildarríki innleiða, með sér-

count multiplied by the number of passengers which the ship is authorized to carry according to the ship's certificate.

Article 5

Article 8, paragraph 2 of the Convention is replaced by the following text:

2. Nevertheless, those States which are not members of the International Monetary Fund and whose law does not permit the application of the provisions of paragraph 1 may, at the time of signature without reservation as to ratification, acceptance or approval or at the time of ratification, acceptance, approval or accession or at any time thereafter, declare that the limits of liability provided for in this Convention to be applied in their territories shall be fixed as follows:

(a) in respect of Article 6, paragraph 1(a), at an amount of
   (i) 30 million monetary units for a ship with a tonnage not exceeding 2,000 tons;
   (ii) for a ship with a tonnage in excess thereof, the following amount in addition to that mentioned in (i):
   for each ton from 2,001 to 30,000 tons, 12,000 monetary units;
   for each ton from 30,001 to 70,000 tons, 9,000 monetary units; and
   for each ton in excess of 70,000 tons, 6,000 monetary units; and
(b) in respect of Article 6, paragraph 1(b), at an amount of:
   (i) 15 million monetary units for a ship with a tonnage not exceeding 2,000 tons;
   (ii) for a ship with a tonnage in excess thereof, the following amount in addition to that mentioned in (i):
   for each ton from 2,001 to 30,000 tons, 6,000 monetary units;
   for each ton from 30,001 to 70,000 tons, 4,500 monetary units; and
   for each ton in excess of 70,000 tons, 3,000 monetary units; and
(c) in respect of Article 7, paragraph 1, at an amount of 2,625,000 monetary units multiplied by the number of passengers which the ship is authorized to carry according to its certificate.

Paragraphs 2 and 3 of Article 6 apply correspondingly to subparagraphs (a) and (b) of this paragraph.

Article 6

The following text is added as paragraph 3*bis* in Article 15 of the Convention:

3*bis* Notwithstanding the limit of liability prescribed in paragraph 1 of Article 7, a State Party

ákvæði í landslög sín, kerfi ábyrgðar sem beita á þegar kröfur eru gerðar vegna manntjóns eða líkamstjóns í tilviki farþega með skipi, að því tilskildu að ábyrgðarmarkið sé ekki lægra en það sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 7. gr. Aðildarríki, sem nýtir sér þann kost sem kveðið er á um í þessari málsgrein, skal tilkynna framkvæmdastjóra um þau ábyrgðarmörk sem samþykkt eru eða um að engin slík séu fyrir hendi.

7. gr.

Eftirfarandi texti komi í stað 1. mgr. 18. gr. samningsins:

1. Sérhvert ríki getur, við undirritun, fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild, eða hvenær sem er eftir það, áskilið sér rétt til að:

a) undanskilja beitingu d- og e-liðar 1. mgr. 2. gr.,

b) undanskilja kröfur vegna tjóns í skilningi alþjóðasamþykktar um ábyrgð og bætur fyrir tjón í tengslum við flutning hættulegra og skaðlegra efna á sjó frá 1996, eða breytinga eða bókana við hana.

Óheimilt er að gera frekari fyrirvara við efnisleg ákvæði samnings þessa.

8. gr.

Breyting á ábyrgðarmörkum.

1. Að ósk helmings, en í engu tilviki færri en sex, aðildarríkja að bókun þessari, skal framkvæmdastjóri dreifa öllum breytingartillögum um ábyrgðarmörkin, sem tilgreind eru í 1. mgr. 6. gr., 1. mgr. 7. gr. og 2. mgr. 8. gr. samningsins, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun þessari, til allra aðila að stofnuninni og allra samningsríkja.

2. Öllum breytingartillögum, sem lagðar eru fram og dreift sem að framan greinir, skal vísað til laganefndar stofnunarinnar (laganefndarinnar) til umfjöllunar sex mánuðum eftir þann dag sem þeim er dreift.

3. Öll aðildarríki að samningnum, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun þessari, hvort sem þau eru aðilar að stofnuninni eða ekki, hafa rétt til að taka þátt í málsmeðferð laganefndarinnar þegar fjallað er um breytingar eða þær samþykktar.

4. Breytingar skulu samþykktar af tveimur þriðju hlutum aðila að samningnum, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun þessari, sem hafa fyrirsvar og greiða atkvæði í stækkaðri laganefnd, eins og kveðið er á um í 3. mgr., að því tilskildu að a.m.k. þriðjungur aðildarríkja að samningnum, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun þessari, hafi fyrirsvar þegar gengið er til atkvæða.

may regulate by specific provisions of national law the system of liability to be applied to claims for loss of life or personal injury to passengers of a ship, provided that the limit of liability is not lower than that prescribed in paragraph 1 of Article 7. A State Party which makes use of the option provided for in this paragraph shall inform the Secretary-General of the limits of liability adopted or of the fact that there are none.

Article 7

Article 18, paragraph 1 of the Convention is replaced by the following text:

1. Any State may, at the time of signature, ratification, acceptance, approval or accession, or at any time thereafter, reserve the right:

(a) to exclude the application of Article 2, paragraphs 1(d) and (e);

(b) to exclude claims for damage within the meaning of the International Convention on Liability and Compensation for Damage in Connection with the Carriage of Hazardous and Noxious Substances by Sea, 1996 or of any amendment or protocol thereto.

No other reservations shall be admissible to the substantive provisions of this Convention.

Article 8

Amendment of limits

1. Upon the request of at least one half, but in no case less than six, of the States Parties to this Protocol, any proposal to amend the limits specified in Article 6, paragraph 1, Article 7, paragraph 1 and Article 8, paragraph 2 of the Convention as amended by this Protocol shall be circulated by the Secretary-General to all Members of the Organization and to all Contracting States.

2. Any amendment proposed and circulated as above shall be submitted to the Legal Committee of the Organization (the Legal Committee) for consideration at a date at least six months after the date of its circulation.

3. All Contracting States to the Convention as amended by this Protocol, whether or not Members of the Organization, shall be entitled to participate in the proceedings of the Legal Committee for the consideration and adoption of amendments.

4. Amendments shall be adopted by a two-thirds majority of the Contracting States to the Convention as amended by this Protocol present and voting in the Legal Committee expanded as provided for in paragraph 3, on condition that at least one half of the Contracting States to the Convention as amended by this Protocol shall be present at the time of voting.

5. Þegar tekin er afstaða til tillögu um að breyta ábyrgðarmörkum skal laganefndin hafa hliðsjón af reynslu af atvikum, einkum umfangi tjóns sem hlýst af þeim, breytingum á verðgildi gjaldmiðils og áhrifum breytingartillagnanna á vátryggingakostnað.

6. a) Óheimilt er að taka fyrir breytingar á þeim mörkum er um getur í þessari grein fyrr en að fimm árum liðnum frá þeim degi sem bókun þessi var lögð fram til undirritunar eða fyrr en að fimm árum liðnum frá þeim degi sem fyrri breyting samkvæmt þessari grein öðlast gildi.
   b) Óheimilt er að hækka mörk þannig að þau fari yfir þá fjárhæð sem svarar til markanna, sem mælt er fyrir um í samningnum, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun þessari, hækkuð um sex af hundraði á ári reiknað út á uppsöfnuðum grunni frá þeim degi sem bókun þessi var lögð fram til undirritunar.
   c) Óheimilt er að hækka mörk þannig að þau fari yfir fjárhæð sem samsvarar mörkunum, sem mælt er fyrir um í samningnum, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun þessari.

7. Stofnunin skal tilkynna öllum samningsríkjum um sérhverja breytingu sem samþykkt er í samræmi við 4. mgr. Breyting telst hafa hlotið staðfestingu við lok átján mánaða tímabils eftir dagsetningu tilkynningar, nema minnst fjórðungur þeirra ríkja sem voru samningsríki þegar breytingin var samþykkt hafi tilkynnt framkvæmdastjóranum, á fyrrnefndu tímabili, að þau staðfesti ekki breytinguna sem þýðir að henni er hafnað og hefur engin áhrif.

8. Breyting, sem telst hafa hlotið staðfestingu í samræmi við 7. mgr., öðlast gildi átján mánuðum eftir að hún er staðfest.

9. Öll samningsríki skulu bundin af breytingunni nema þau segi bókun þessari upp í samræmi við 1. og 2. mgr. 12. gr., a.m.k. sex mánuðum áður en breytingin öðlast gildi. Slík úrsögn öðlast gildi á gildistökudegi breytingarinnar.

10. Hafi breyting verið samþykkt áður en átján mánaða fresturinn vegna staðfestingar hennar er liðinn skal ríki, sem gerist samningsríki á því tímabili, vera bundið af breytingunni öðlist hún gildi. Ríki, sem gerist samningsríki eftir að þetta tímabil er liðið, skal vera bundið af breytingu sem hefur verið staðfest í samræmi við 7. mgr. Í þeim tilvikum sem getið er um í þessari málsgrein verður ríki bundið af breytingu þegar sú breyting öðlast gildi eða þegar bókun þessi öðlast gildi gagnvart því ríki, ef það gerist síðar.

5. When acting on a proposal to amend the limits, the Legal Committee shall take into account the experience of incidents and, in particular, the amount of damage resulting therefrom, changes in the monetary values and the effect of the proposed amendment on the cost of insurance.

6. (a) No amendment of the limits under this Article may be considered less than five years from the date on which this Protocol was opened for signature nor less than five years from the date of entry into force of a previous amendment under this Article.
   (b) No limit may be increased so as to exceed an amount which corresponds to the limit laid down in the Convention as amended by this Protocol increased by six percent per year calculated on a compound basis from the date on which this Protocol was opened for signature.
   (c) No limit may be increased so as to exceed an amount which corresponds to the limit laid down in the Convention as amended by this Protocol multiplied by three.

7. Any amendment adopted in accordance with paragraph 4 shall be notified by the Organization to all Contracting States. The amendment shall be deemed to have been accepted at the end of a period of eighteen months after the date of notification, unless within that period not less than one-fourth of the States that were Contracting States at the time of the adoption of the amendment have communicated to the Secretary-General that they do not accept the amendment, in which case the amendment is rejected and shall have no effect.

8. An amendment deemed to have been accepted in accordance with paragraph 7 shall enter into force eighteen months after its acceptance.

9. All Contracting States shall be bound by the amendment, unless they denounce this Protocol in accordance with paragraphs 1 and 2 of Article 12 at least six months before the amendment enters into force. Such denunciation shall take effect when the amendment enters into force.

10. When an amendment has been adopted but the eighteen-month period for its acceptance has not yet expired, a State which becomes a Contracting State during that period shall be bound by the amendment if it enters into force. A State which becomes a Contracting State after that period shall be bound by an amendment which has been accepted in accordance with paragraph 7. In the cases referred to in this paragraph, a State becomes bound by an amendment when that amendment enters into force, or when this Protocol enters into force for that State, if later.

9. gr.

1. Aðildarríki að bókun þessari skulu skilja og túlka samninginn og bókun þessa innbyrðis eins og um eitt stakt skjal sé að ræða.
2. Ríki, sem er aðili að bókun þessari en ekki að samningnum, skal vera bundið af ákvæðum samningsins, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun þessari, gagnvart aðildarríkjum að henni en skal óbundið af ákvæðum samningsins gagnvart ríkjum sem eru einungis aðilar að samningnum.
3. Samningurinn, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun þessari, skal einungis gilda um kröfur sem leiðir af atvikum sem verða eftir að bókun þessi öðlast gildi gagnvart hverju ríki sem gerist aðili að henni.
4. Ekkert í bókun þessari skal hafa áhrif á skyldur ríkis, sem er bæði aðili að samningnum og bókun þessari, gagnvart ríki sem er aðili að samningnum en ekki að bókun þessari.

Article 9

1. The Convention and this Protocol shall, as between the Parties to this Protocol, be read and interpreted together as one single instrument.
2. A State which is Party to this Protocol but not a Party to the Convention shall be bound by the provisions of the Convention as amended by this Protocol in relation to other States Parties hereto, but shall not be bound by the provisions of the Convention in relation to States Parties only to the Convention.
3. The Convention as amended by this Protocol shall apply only to claims arising out of occurrences which take place after the entry into force for each State of this Protocol.

4. Nothing in this Protocol shall affect the obligations of a State which is a Party both to the Convention and to this Protocol with respect to a State which is a Party to the Convention but not a Party to this Protocol.

LOKAÁKVÆÐI

10. gr.

Undirritun, fullgilding, staðfesting, samþykki og aðild.

1. Þessi bókun skal liggja frammi til undirritunar af hálfu allra ríkja í aðalstöðvum stofnunarinnar frá 1. október 1996 til 30. september 1997.
2. Ríki getur lýst sig samþykkt því að vera bundið af bókun þessari með:
a) undirritun án fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki, eða
b) undirritun með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki og eftirfarandi fullgildingu, staðfestingu eða samþykki, eða
c) aðild.
3. Fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild fer fram með því að afhenda framkvæmdastjóranum skjal þar um til vörslu.
4. Sérhvert skjal um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild, sem afhent er til vörslu eftir gildistöku breytingar á samningnum, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun þessari, skal gilda um samninginn þannig breyttan, eins og hann er endurgerður með slíkum breytingum.

FINAL CLAUSES

Article 10

Signature, ratification, acceptance, approval and accession

l. This Protocol shall be open for signature at the Headquarters of the Organization from 1 October 1996 to 30 September 1997 by all States.
2. Any State may express its consent to be bound by this Protocol by:
(a) signature without reservation as to ratification, acceptance or approval; or
(b) signature subject to ratification, acceptance or approval followed by ratification, acceptance or approval; or
(c) accession.
3. Ratification, acceptance, approval or accession shall be effected by the deposit of an instrument to that effect with the Secretary-General.
4. Any instrument of ratification, acceptance, approval or accession deposited after the entry into force of an amendment to the Convention as amended by this Protocol shall be deemed to apply to the Convention so amended, as modified by such amendment.

11. gr.

Gildistaka.

1. Bókun þessi öðlast gildi níutíu dögum eftir þann dag sem tíu ríki hafa lýst sig samþykk því að vera bundin af henni.
2. Að því er varðar hvert ríki, sem lýsir sig samþykkt því að vera bundið af bókun þessari eftir að skilyrðum 1. mgr. hefur verið fullnægt, skal bókun

Article 11

Entry into force

1. This Protocol shall enter into force ninety days following the date on which ten States have expressed their consent to be bound by it.
2. For any State which expresses its consent to be bound by this Protocol after the conditions in paragraph 1 for entry into force have been met, this Pro-

þessi öðlast gildi níutíu dögum eftir að slík yfirlýsing um samþykki hefur verið gefin út.

12. gr.
Úrsögn.

1. Sérhvert aðildarríki getur sagt upp bókun þessari hvenær sem er eftir að hún öðlast gildi gagnvart því.

2. Úrsögn fer fram með því að afhenda framkvæmdastjóranum úrsagnarskjal til vörslu.

3. Úrsögn öðlast gildi tólf mánuðum eftir að úrsagnarskjalið er afhent framkvæmdastjóranum til vörslu eða síðar ef það er tilgreint í skjalinu.

4. Úrsögn aðildarríkis að bókun þessari, sem tekur til samningsins skv. 19. gr. hans, skal eigi túlka, í samskiptum milli aðila að bókuninni, með neinum hætti sem úrsögn sem tekur til samningsins með áorðnum breytingum samkvæmt bókun þessari.

13. gr.
Endurskoðun og breytingar.

1. Stofnunin getur boðað til ráðstefnu í því skyni að endurskoða bókun þessa eða breyta henni.

2. Stofnunin skal boða til ráðstefnu aðildarríkja að bókun þessari í því skyni að endurskoða hana eða breyta henni ef þriðjungur þeirra fer fram á það.

14. gr.
Vörsluaðili.

1. Bókun þessi, ásamt öllum breytingum, sem samþykktar eru samkvæmt 8. gr., skal afhenda framkvæmdastjóra til vörslu.
2. Framkvæmdastjórinn skal:
a) tilkynna öllum ríkjum, sem hafa undirritað bókun þessa eða gerst aðilar að henni, um:
   i. hverja nýja undirritun eða afhendingu skjals til vörslu ásamt viðeigandi dagsetningu,
   ii. hverja yfirlýsingu og orðsendingu skv. 2. mgr. 8. gr. samningsins, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun þessari, og 4. mgr. 8. gr. samningsins,
   iii. gildistökudag bókunar þessarar,
   iv. allar tillögur um breytt mörk, sem hafa verið gerðar, í samræmi við 1. mgr. 8. gr.,
   v. allar breytingar sem hafa verið samþykktar í samræmi við 4. mgr. 8. gr.,
   vi. allar breytingar sem teljast hafa verið staðfestar skv. 7. mgr. 8, gr. og þann dag sem breytingarnar skulu öðlast gildi í samræmi við 8. og 9. mgr. þeirrar greinar,

tocol shall enter into force ninety days following the date of expression of such consent.

Article 12
Denunciation

1. This Protocol may be denounced by any State Party at any time after the date on which it enters into force for that State Party.
2. Denunciation shall be effected by the deposit of an instrument of denunciation with the Secretary-General.
3. A denunciation shall take effect twelve months, or such longer period as may be specified in the instrument of denunciation, after its deposit with the Secretary-General.
4. As between the States Parties to this Protocol, denunciation by any of them of the Convention in accordance with Article 19 thereof shall not be construed in any way as a denunciation of the Convention as amended by this Protocol.

Article 13
Revision and amendment

1. A conference for the purpose of revising or amending this Protocol may be convened by the Organization.
2. The Organization shall convene a conference of Contracting States to this Protocol for revising or amending it at the request of not less than one-third of the Contracting States.

Article 14
Depositary

1. This Protocol and any amendments adopted under Article 8 shall be deposited with the Secretary General.
2. The Secretary-General shall:
(a) inform all States which have signed or acceded to this Protocol of:
   (i) each new signature or deposit of an instrument together with the date thereof;
   (ii) each declaration and communication under Article 8, paragraph 2 of the Convention as amended by this Protocol, and Article 8, paragraph 4 of the Convention;
   (iii) the date of entry into force of this Protocol;
   (iv) any proposal to amend limits which has been made in accordance with Article 8, paragraph 1;
   (v) any amendment which has been adopted in accordance with Article 8, paragraph 4;
   (vi) any amendment deemed to have been accepted under Article 8, paragraph 7, together with the date on which that amendment shall enter into force in accordance with para-

vii. afhendingu allra skjala um úrsögn, sem tekur til bókunar þessarar, til vörslu og um afhendingardag og hvenær úrsögn tekur gildi,

b) senda öllum undirritunarríkjum staðfest rétt endurrit af bókun þessari, ennfremur öllum ríkjum sem gerast aðilar að henni.

3. Þegar bókun þessi öðlast gildi skal framkvæmdastjórinn senda skrifstofu Sameinuðu þjóðanna staðfest rétt endurrit af henni til skráningar og birtingar skv. 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

15. gr.
Tungumál.

Bókun þessi er gerð í einu frumriti á arabísku, ensku, frönsku, kínversku, rússnesku og spænsku og eru allir textarnir jafngildir.

GJÖRT í London 2. maí 1996.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað bókun þessa.

graphs 8 and 9 of that Article;

(vii) the deposit of any instrument of denunciation of this Protocol together with the date of the deposit and the date on which it takes effect;

(b) transmit certified true copies of this Protocol to all Signatory States and to all States which accede to this Protocol.

3. As soon as this Protocol enters into force, the text shall be transmitted by the Secretary-General to the Secretariat of the United Nations for registration and publication in accordance with Article 102 of the Charter of the United Nations.

Article 15
Languages

This Protocol is established in a single original in the Arabic, Chinese, English, French, Russian and Spanish languages, each text being equally authentic.

DONE at London this second day of May one thousand nine hundred and ninety-six.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned, being duly authorized by their respective Governments for that purpose, have signed this Protocol.

793. Tillaga til þingsályktunar [499. mál]

um fullgildingu þriggja Haag-samninga á sviði réttarfars.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um einkamálaréttarfar frá 1. mars 1954, samning um birtingu erlendis á réttarskjölum og utanréttarskjölum í einkamálum og verslunarmálum frá 15. nóvember 1965 og samning um öflun sönnunargagna erlendis í einkamálum og verslunarmálum frá 18. mars 1970. Samningar þessir voru allir gerðir í Haag.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar á þremur samningum um einkamálaréttarfar, birtingu erlendis á réttarskjölum og utanréttarskjölum í einkamálum og verslunarmálum (hér eftir nefndur ,,birtingarsamningurinn“) og öflun sönnunargagna erlendis í einkamálum og verslunarmálum. Samningurinn um einkamálaréttarfar er prentaður sem fylgiskjal I með tillögu þessari, birtingarsamningurinn sem fylgiskjal II og samningurinn um öflun sönnunargagna erlendis í einkamálum og verslunarmálum sem fylgiskjal III.

Þessir þrír samningar komu í stað samnings um einkamálaréttarfar sem gerður var á vegum Haag-ráðstefnunnar 17. júlí 1905. Síðastnefndi samningurinn var fullgiltur af hálfu Danmerkur 24. apríl 1909 og öðlaðist við það einnig gildi að því er Ísland varðar.

Meginmarkmið samninganna er að efla samvinnu milli ríkja til að greiða fyrir rekstri dómsmála. Stefnt er að því að ryðja úr vegi hindrunum milli ríkja vegna ólíkra réttarkerfa og jafnframt að efla réttaröryggi þegar dómsmál varða aðila og hagsmuni í fleiri ríkjum.

I. Samningurinn um einkamálaréttarfar.

Í I. hluta samnings um einkamálaréttarfar frá 1. mars 1954 er fjallað um birtingu réttarskjala og utanréttarskjala í einkamálum og verslunarmálum fyrir mönnum sem dveljast erlendis. Samkvæmt 1. gr. samningsins skal birting fara fram að beiðni ræðismanns þess ríkis sem beiðni kemur frá og skal henni beint að því yfirvaldi er það ríki tilnefnir sem skjalið er sent til. Það yfirvald skal síðan senda ræðismanninum staðfestingu þess að birting hafi farið fram eða tilgreina þær ástæður sem komu í veg fyrir hana. Í stað þess að beiðni um birtingu sé komið á framfæri af ræðismanni geta samningsríkin með tilkynningu til annarra samningsríkja lýst því yfir að beiðni skuli senda eftir diplómatískum leiðum, sbr. 3. mgr. 1. gr. samningsins. Þá gerir samningurinn ráð fyrir að samningsríki geti komið sér saman um að heimila bein samskipti milli hlutaðeigandi yfirvalda þeirra, sbr. 4. mgr. sömu greinar.

Samkvæmt 2. gr. samningsins er viðkomandi yfirvaldi heimilt að birta skjal með því að afhenda það viðtakanda sem veitir því fúslega viðtöku. Að öðrum kosti skal birting fara fram eftir þeim reglum sem gilda þar sem skjal er birt eða með sérstakri aðferð, enda fari hún ekki í bága við lög viðkomandi ríkis, sbr. 2. mgr. 3. gr. samningsins. Þá verður beiðni um birtingu aðeins hafnað ef ríki telur að um sé að ræða íhlutun í fullveldi þess eða öryggi, sbr. 4. gr. samningsins.

Í 6. gr. samningsins er gert ráð fyrir heimild til að koma skjölum á framfæri með því að senda þau í pósti til viðtakanda. Einnig er gert ráð fyrir að hlutaðeigandi sem vill fá skjal birt

geti snúið sér beint til yfirvalda þar sem birting fer fram, auk þess sem ríki geti látið sendierindreka eða ræðiserindreka birta skjöl erlendis. Þetta er bundið því að samningsríki andmæli ekki birtingu með þessu móti. Þó geta samningsríkin ekki andmælt birtingu sem fer fram þvingunarlaust fyrir ríkisborgara þess ríkis er beiðni kemur frá.

Birting réttarskjala skal vera án endurgreiðslu gjalda eða kostnaðar af einhverju tagi. Þó er heimilt ef ekki er á annan veg samið að krefja það ríki sem beiðni kemur frá um kostnað vegna þjónustu starfsmanns dómstóls eða við að birta skjal með sérstakri aðferð, sbr. 7. gr. samningsins.

Í II. hluta samningsins er fjallað um réttarbeiðnir í einkamálum og verslunarmálum til að fram fari sönnunarfærsla eða önnur dómsathöfn innan lögsögu annars samningsríkis. Samkvæmt 9. gr. samningsins skulu réttarbeiðnir sendar af ræðismanni þess ríkis sem beiðnin kemur frá til yfirvalds sem er tilnefnt af því ríki þar sem beiðnin verður framkvæmd. Það yfirvald skal síðan senda ræðismanni staðfestingu á því að réttarbeiðnin hafi verið framkvæmd eða upplýsa hvað hafi hindrað það. Í stað þess að réttarbeiðni sé komið á framfæri af ræðismanni geta samningsríkin með tilkynningu til annarra samningsríkja lýst því yfir að beiðni skuli senda eftir diplómatískum leiðum, sbr. 3. mgr. 9. gr. Þá gerir samningurinn ráð fyrir að samningsríki geti komið sér saman um að heimila bein samskipti milli hlutaðeigandi yfirvalda þeirra, sbr. 4. mgr. sömu greinar.

Samkvæmt 11. gr. samningsins skal það dómsmálayfirvald sem beiðni er send til vera skuldbundið til að verða við henni með sömu þvingunarúrræðum og eiga við um framkvæmd fyrirmæla frá yfirvöldum í eigin ríki eða beiðni frá aðila að máli sem þar væri rekið fyrir dómi. Þó er ekki nauðsynlegt að beita þeim þvingunarúrræðum vegna þingsóknar málsaðila. Réttarbeiðni verður aðeins synjað þegar vafi leikur á áreiðanleika skjals, framkvæmd beiðni fellur ekki undir valdsvið dómstóla í því ríki sem henni er beint til eða viðkomandi ríki telur beiðnina íhlutun í fullveldi sitt eða öryggi.

Þegar réttarbeiðni er framkvæmd skal dómsmálayfirvald sem hefur það með höndum beita lögum síns ríkis við málsmeðferðina. Þó má beita sérstökum málsmeðferðarreglum ef það yfirvald sem beiðni kemur frá óskar þess og það fer ekki í bága við lög þar sem beiðni verður framkvæmd, sbr. 14. gr. samningsins.

Samkvæmt 15. gr. kemur samningurinn ekki í veg fyrir að ríki láti sendierindreka eða ræðiserindreka sína framkvæma réttarbeiðni milliliðalaust, enda sé það heimilt samkvæmt samningi viðkomandi ríkja eða það ríki þar sem beiðni verður framkvæmd andmælir því ekki. Framkvæmd réttarbeiðni skal vera án endurgreiðslu gjalda eða kostnaðar af einhverju tagi. Þó er heimilt nema á annan veg sé samið að krefjast endurgreiðslu þóknunar til vitna eða sérfræðinga og kostnaðar sem til fellur vegna nauðsynlegrar þjónustu starfsmanns dómstóls vegna þess að vitni mættu ekki sjálfviljug eða vegna tilmæla um sérstaka málsmeðferð, sbr. 16. gr. samningsins.

Í III. hluta samningsins er að finna ákvæði um málskostnaðartryggingu. Samkvæmt 17. gr. samningsins gildir sú regla að ríkisborgurum samningsríkis, sem búsettir eru í einhverju þeirra, verður ekki gert að leggja fram málskostnaðartryggingu vegna þess að þeir eru útlendingar eða án fastrar búsetu í því landi þar sem mál er höfðað. Þegar málsaðili hefur verið undanþeginn skyldu til að leggja fram málskostnaðartryggingu samkvæmt þessu skal ákvörðun um skyldu hans til greiðslu málskostnaðar eða réttargjalda vera fullnægt án kostnaðar af þar til bæru yfirvaldi í öðru samningsríki, sbr. 18. gr. samningsins. Jafnframt skulu slíkar ákvarðanir vera aðfararhæfar án undangengins málflutnings, en dómþoli skal þó hafa rétt til

að fá slíka ákvörðun endurskoðaða í samræmi við löggjöf í því ríki þar sem fullnustu er leitað, sbr. 19. gr. samningsins.

Í IV. hluta samningsins er fjallað um ókeypis réttaraðstoð. Samkvæmt 20. gr. hans gildir sú regla að ríkisborgarar samningsríkjanna skulu hafa sama aðgang að réttaraðstoð og ríkisborgarar í því samningsríki þar sem réttaraðstoðar er leitað í samræmi við löggjöf þess ríkis. Á það einnig við þegar réttaraðstoð er veitt í stjórnsýslumálum. Um málsmeðferðina vegna réttaraðstoðar er síðan fjallað nánar í 21.–24. gr. samningsins.

Þá eru í V. hluta samningsins ákvæði um heimild fyrir efnalitla ríkisborgara samningsríkis til að fá vottorð úr opinberum skrám á sama veg og ríkisborgarar viðkomandi ríkis. Enn fremur er í VI. hluta samningsins girt fyrir að frelsissviptingu verði beitt sem nauðungarúrræði til að skapa varnaðaráhrif gagnvart útlendingum sem eru ríkisborgarar samningsríkis í tilvikum þar sem frelsissviptingu verður ekki beitt gagnvart borgurum viðkomandi ríkis. Loks eru í VII. hluta lokaákvæði um undirritun, fullgildingu, gildistöku og uppsögn samningsins.

II. Birtingarsamningurinn.

Samningur um birtingu erlendis á réttarskjölum og utanréttarskjölum í einkamálum og verslunarmálum frá 15. nóvember 1965 leysti af hólmi I. hluta samningsins um einkamálaréttarfar frá 1. mars 1954. Í aðfaraorðum samningsins er tekið fram að markmið hans sé að bæta skipulag gagnkvæmrar aðstoðar í dómsmálum með einfaldari og skjótari framkvæmd.

Samkvæmt 1. gr. samningsins gildir hann um öll einkamál og verslunarmál þar sem senda þarf réttarskjöl eða utanréttarskjöl til birtingar í öðru ríki. Sá fyrirvari er þó gerður að samningurinn gildir ekki þegar heimilisfang viðtakanda er óþekkt. Um birtingu á réttarskjölum er síðan fjallað í I. kafla samningsins og utanréttarskjölum í II. kafla.

Í 2. gr. samningsins er sú skylda lögð á samningsríkin að tilnefna miðlægt stjórnvald til að annast birtingu skjala frá öðrum samningsríkjum. Um það hvernig haga skuli birtingu réttarskjala eru síðan nánari ákvæði í 3.–6. gr.

Samkvæmt 3. gr. samningsins skal beiðni um birtingu frá ríki send miðlægu stjórnvaldi viðtökuríkis í samræmi við formála sem er að finna í viðauka með samningnum og á skjal til birtingar eða afrit þess að fylgja beiðninni. Miðlæga stjórnvaldið sem fær skjalið til birtingar annast hana síðan sjálft eða hlutast til um að skjalið verði birt af viðeigandi stofnun, sbr. 1. mgr. 5. gr. Birtingunni skal hagað í samræmi við lög viðkomandi ríkis eða með þeirri sérstöku aðferð sem óskað er eftir að verði viðhöfð, enda stríði hún ekki gegn lögum þar sem birtingin fer fram, sbr. a- og b-liði 1. mgr. 5. gr. Þegar ekki er óskað eftir að birting fari fram með sérstakri aðferð er ávallt heimilt að birta skjal með því að afhenda það viðtakanda sem tekur fúslega við því, sbr. 2. mgr. sömu greinar. Að lokinni birtingu skal það stjórnvald sem annaðist hana fylla út vottorð í samræmi við formála í viðauka með samningnum. Í vottorðinu skal koma fram að skjalið hafi verið birt, hvar, hvenær og með hvaða aðferð og hverjum það hafi verið afhent. Ef birting fór ekki fram skal tilgreina í vottorðinu hvað kom í veg fyrir hana, sbr. 6. gr. samningsins. Einnig skal beiðanda þegar tilkynnt ef miðlægt stjórnvald telur að beiðni um birtingu samræmist ekki ákvæðum samningsins og ber þá að tilgreina rök fyrir því, sbr. 4. gr. samningsins.

Í stað þess að skjal sé birt af stjórnvöldum í því ríki þar sem birting fer fram getur samningsríki falið sendierindrekum eða ræðiserindrekum sínum að birta réttarskjöl milliliðalaust fyrir mönnum erlendis, ef ekki er beitt þvingun af neinu tagi. Samningsríki getur hins

vegar lýst yfir andmælum sínum við slíkri birtingu innan yfirráðasvæðis síns nema þegar birting fer fram fyrir ríkisborgurum þess ríkis sem skjal kemur frá, sbr. 8. gr. samningsins.

Ef því hefur ekki verið sérstaklega andmælt er heimilt skv. 10. gr. samningsins að senda réttarskjöl í pósti beint til þeirra sem eru erlendis, sbr. a-lið, að birta skjal með milliliðalausum samskiptum þeirra sem bærir eru til að birta í ríki sem beiðni kemur frá og í ríki þar sem birt er, sbr. b-lið, og að sá sem óskar eftir birtingu snúi sér beint til þeirra sem annast birtingu í viðkomandi ríki, sbr. c-lið. Einnig geta tvö eða fleiri ríki komið sér saman um að heimila aðrar boðleiðir til að birta réttarskjöl, sbr. 11. gr. samningsins.

Birting réttarskjala skal vera án greiðslu eða endurgreiðslu gjalda eða kostnaðar þess ríkis sem beiðni er send til. Þó skal beiðandi greiða eða endurgreiða kostnað af þjónustu starfsmanns dómstóls eða annars sem er valdbær samkvæmt lögum þess ríkis sem beiðni er send til eða vegna sérstakrar aðferðar sem er viðhöfð.

Þegar fullnægt er skilyrðum samningsins verður beiðni um birtingu ekki synjað nema ríki sem beiðni er send til telji framkvæmd hennar íhlutun í fullveldi sitt eða öryggi. Verður beiðni um birtingu ekki synjað af þeirri ástæðu einni að sakarefnið eigi samkvæmt lögum aðeins undir dómstóla viðkomandi ríkis eða að málsókn af þessu tagi sé ekki heimil samkvæmt lögum ríkisins, sbr. 13. gr. samningsins.

Í samningnum er að finna ákvæði sem miða að því að þrengja heimild til að dómur gangi þegar stefndi sækir ekki dómþing í málinu. Samkvæmt 1. mgr. 15. gr. samningsins skal útivistardómur ekki kveðinn upp nema stefna hafi verið birt í samræmi við lög þess ríkis þar sem birting fór fram eða stefna hafi í raun verið afhent stefnda eða á heimili hans í samræmi við samninginn. Einnig er gerður sá áskilnaður að stefna hafi verið afhent svo tímanlega að stefnda hafi verið kleift að taka til varna, sbr. niðurlag sömu greinar. Í 2. mgr. 15. gr. samningsins er að finna heimild fyrir samningsríkin til að lýsa því yfir að dómur geti allt að einu gengið í máli þótt ekki liggi fyrir að stefna hafi verið birt og ekki sé sótt þing af hálfu stefnda ef ákveðnum skilyrðum er fullnægt. Þessi skilyrði eru í fyrsta lagi að stefna hafi verið send með einhverjum þeim aðferðum sem kveðið er á um í samningnum. Í öðru lagi þarf hæfilegur frestur að vera liðinn að mati dómara frá því að stefna var send, þó ekki skemmri frestur en sex mánuðir. Í þriðja lagi gildir loks það skilyrði að ekki hafi borist vottorð af neinu tagi um birtinguna, þótt allt hafi verið gert til að afla þess sem með sanngirni má ætlast til. Ef útivistardómur hefur gengið í máli þegar birta hefur þurft stefnu erlendis er gert ráð fyrir því í 16. gr. samningsins að unnt sé að undanþiggja dómþola frá áhrifum þess að liðinn sé frestur til að leita endurskoðunar dóms. Skilyrði þess eru að dómþola hafi sér að ósekju hvorki verið kunnugt um málshöfðunina svo tímanlega að hann gæti tekið til varna né fengið vitneskju um dóm svo tímanlega að hann gæti leitað endurskoðunar og dómþoli hafi efnislegar varnir sem við fyrstu sýn virðist á rökum reistar. Þessa heimild geta samningsríkin þó takmarkað með því að setja tiltekinn frest sem þó skal ekki vera skemmri en eitt ár frá dómsuppkvaðningu.

Í II. kafla samningsins þar sem ákvæði eru um utanréttarskjöl segir það eitt að slík skjöl, sem koma frá stjórnvöldum eða starfsmönnum dómstóla í samningsríki, megi senda til birtingar í öðrum ríkjum með þeirri aðferð sem kveðið er á um í samningnum og í samræmi við fyrirmæli hans.

Loks er í III. kafla samningsins að finna ákvæði um undirritun, fullgildingu, fyrirvara og uppsögn.

III. Samningurinn um öflun sönnunargagna erlendis í einkamálum og verslunarmálum.

Samningur um öflun sönnunargagna erlendis í einkamálum og verslunarmálum frá 18. mars 1970 kemur í stað II. hluta samningsins um einkamálaréttarfar frá 1. mars 1954. Í aðfaraorðum segir að markmið samningsins sé að auðvelda sendingu og framkvæmd réttarbeiðna og greiða fyrir mismunandi aðferðum sem ríki beita í því skyni. Einnig er tekið fram að samningsríkin vilji bæta samvinnu á sviði einkamála og verslunarmála.

Samningurinn miðar við að sönnunargagna verði aflað með tvennu móti. Annars vegar er um að ræða að gagnaöflun fari fram með réttarbeiðni, en um það eru nánari ákvæði í I. kafla samningsins. Hins vegar er gert ráð fyrir að sönnunargagna verði aflað fyrir milligöngu sendierindreka, ræðiserindreka eða sérstaklega tilnefndra manna, en ákvæði þar að lútandi eru í II. kafla samningsins.

Samkvæmt 1. gr. samningsins getur dómsmálayfirvald í samningsríki óskað eftir því með réttarbeiðni að aflað verði sönnunargagna í öðru samningsríki. Sönnunargagna verður ekki aflað með réttarbeiðni nema þau séu ætluð fyrir dómsmál sem hefur verið höfðað eða er fyrirhugað. Jafnframt er unnt að gera fyrirvara skv. 23. gr. samningsins um að réttarbeiðnum verði ekki fylgt eftir til að afla sönnunargagna af því tagi sem í „common law“ réttarkerfum er þekkt sem „pre-trial discovery of documents“. Að auki er kleift með réttarbeiðni að fara þess á leit að önnur dómsathöfn verði framkvæmd. Með orðtakinu ,,önnur dómsathöfn“ er þó ekki átt við birtingu réttarskjala eða aðgerðir til að fullnægja dómi eða hrinda í framkvæmd fyrirmælum eða aðgerðum til bráðabirgða eða verndar.

Til að koma réttarbeiðnum á framfæri við þau dómsmálayfirvöld sem framkvæma þær skulu samningsríkin tilnefna miðlægt stjórnvald í samræmi við eigin löggjöf. Skulu réttarbeiðnir sendar því stjórnvaldi án milligöngu annarra yfirvalda í viðkomandi ríki, sbr. 2. gr. samningsins.

Í 3. og 4. gr. samningsins eru nánari ákvæði um hvernig réttarbeiðni skuli úr garði gerð og á hvaða tungumáli hún skuli rituð. Ef réttarbeiðni fullnægir ekki kröfum samningsins skal það þegar tilkynnt því yfirvaldi sem sendi beiðnina, sbr. 5. gr. samningsins.

Samkvæmt 7. gr. samningsins skal því yfirvaldi, sem beiðni kemur frá, tilkynnt um hvar og hvenær réttarbeiðni verði tekin fyrir svo málsaðilar og umboðsmenn þeirra geti verið viðstaddir. Einnig getur samningsríki lýst því yfir að starfsmenn dómstóla samningsríkis, sem beiðni kemur frá, megi vera viðstaddir þegar réttarbeiðni er framkvæmd, en áskilja má þó undanfarandi heimild viðkomandi ríkis, sbr. 8. gr. samningsins.

Við framkvæmd réttarbeiðni skal dómsmálayfirvald fara að lögum síns ríkis um þá málsmeðferð sem fylgt er. Þó má beita sérstakri málsmeðferð ef það yfirvald sem beiðni kemur frá óskar þess, svo framarlega sem það brýtur ekki í bága við lög í ríkinu þar sem beiðnin er framkvæmd eða er ómögulegt vegna réttarframkvæmdar eða örðugleika í framkvæmd. Þá skal réttarbeiðni afgreidd án tafar, sbr. 9. gr. samningsins. Það yfirvald sem framkvæmir beiðni skal beita viðeigandi þvingunarúrræðum í sömu tilvikum og að sama marki og gert er ráð fyrir í lögum viðkomandi ríkis þegar framfylgt er fyrirmælum frá yfirvöldum eða beiðni aðila að innlendu dómsmáli, sbr. 10. gr. samningsins.

Í 11. gr. samningsins er að finna heimild fyrir þann einstakling sem afla á sönnunargagna frá til að neita að veita atbeina sinn. Getur viðkomandi einstaklingur skorast undan að láta í té sönnunargögn ef honum er það heimilt eða skylt samkvæmt lögum þess ríkis þar sem beiðnin er framkvæmd eða samkvæmt lögum þess ríkis sem beiðni kemur frá.

Samkvæmt 12. gr. samningsins verður réttarbeiðni aðeins hafnað ef meðferð hennar er ekki á verksviði dómstóla í því ríki þar sem hún verður framkvæmd eða viðkomandi ríki telji

framkvæmd hennar fela í sér íhlutun í fullveldi sitt eða öryggi. Verður réttarbeiðni ekki synjað af þeirri ástæðu einni að sakarefnið eigi samkvæmt lögum aðeins undir dómstóla þess ríkis þar sem beiðni verður framkvæmd eða að beiðni varði málsókn sem ekki er heimil samkvæmt lögum þess.

Þegar réttarbeiðni hefur verið afgreidd skal senda því yfirvaldi sem hún barst frá skjöl um framkvæmd hennar eftir sömu leiðum og hún barst upphaflega. Þá skal í öllum tilvikum þegar beiðni er ekki framkvæmd tilkynna það því yfirvaldi sem hún barst frá og tilgreina ástæður þess, sbr. 13. gr. samningsins.

Samkvæmt 14. gr. samningsins gildir sú meginregla að réttarbeiðni skuli afgreiða án endurgreiðslu gjalda og kostnaðar af einhverju tagi. Þó má krefjast endurgreiðslu kostnaðar vegna þóknunar til sérfræðinga og þýðenda og kostnaðar sem leiðir af því að viðhöfð er sérstök málsmeðferð að beiðni ríkis sem beiðni kemur frá.

Samkvæmt II. kafla samningsins getur sendierindreki eða ræðiserindreki samningsríkis aflað án þvingunar sönnunargagna á starfssvæði sínu vegna dómsmáls á yfirráðasvæði annars samningsríkis frá ríkisborgurum þess ríkis sem hann er í fyrirsvari fyrir. Þó getur samningsríki lýst því yfir að þetta megi aðeins gera samkvæmt heimild sem veitt er eftir umsókn, sbr. 15. gr. samningsins. Einnig er gert ráð fyrir því í 16. gr. samningsins að sönnunargagna verði aflað með þessu móti frá ríkisborgurum þess ríkis þar sem sendierindrekinn eða ræðiserindrekinn starfar eða frá ríkisborgurum þriðja ríkis vegna dómsmáls sem rekið er í því ríki sem hann er í fyrirsvari fyrir samkvæmt leyfi viðkomandi ríkis og að gættum þeim skilyrðum sem kunna að verða sett. Þá er að finna heimild í 17. gr. samningsins fyrir löglega tilnefndan mann til að afla án þvingunar sönnunargagna á yfirráðasvæði annars samningsríkis að fengnu leyfi og samkvæmt settum skilyrðum.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið verður ekki beitt þvingunarúrræðum þegar sendierindreki, ræðiserindreki eða sérstaklega tilnefndur maður aflar sönnunargagna. Þó getur samningsríki lýst því yfir skv. 18. gr. samningsins að óska megi viðeigandi aðstoðar frá til þess bæru yfirvaldi. Skal þá sömu þvingunarúrræðum beitt og eiga við lögum samkvæmt í dómsmáli sem rekið er í viðkomandi ríki.

Ef ríki hefur gefið leyfi sitt fyrir sönnunarfærslu skv. 15.–17. gr. eða fallist á umsókn skv. 18. gr. um að þvingunarúrræðum verði beitt getur yfirvald þess ríkis sem í hlut á sett þau skilyrði sem það telur efni til, þar á meðal um hvar og hvernig gagna verði aflað. Einnig getur yfirvaldið gert þá kröfu að því verði tilkynnt með hæfilegum fyrirvara hvenær gagna verði aflað og á þá fulltrúi þess rétt á að vera viðstaddur, sbr. 19. gr. samningsins.

Um málsmeðferðina þegar sendierindreki, ræðiserindreki eða sérstaklega tilnefndur maður afla sönnunargagna er fjallað í 21. gr. samningsins. Þar er því nánar lýst hvaða gagna verður aflað og hvernig haga ber kvaðningu til manns um að mæta og láta í té sönnunargögn, auk þess sem mælt er fyrir um heimild til að skorast undan því.

Þegar ekki tekst að afla sönnunargagna skv. II. kafla samningsins vegna synjunar manns um að láta þau í té er unnt með réttarbeiðni að afla gagnanna eftir reglum I. kafla, sbr. 22. gr. samningsins.

Loks er í III. kafla að finna ákvæði um undirritun, fullgildingu, fyrirvara og uppsögn samningsins.

IV. Athugasemdir varðandi fullgildingu samninganna.

Til þess að Ísland geti staðið við þær skuldbindingar sem samningarnir leggja samningsríkjunum á herðar þarf að gera nokkrar breytingar á lögum um meðferð einkamála, nr.

91/1991. Dóms- og kirkjumálaráðherra hefur á yfirstandandi löggjafarþingi lagt fram lagafrumvarp þar að lútandi. Að gerðum þessum breytingum eru engar hindranir í vegi fyrir því að samningarnir verði fullgiltir af Íslands hálfu. Þess má geta að fjöldi ríkja á aðild að samningunum, þar á meðal flest ríki Evrópu.

Rétt er að huga að nokkrum atriðum sem snerta fyrirhugaða fullgildingu Íslands á samningunum. Samkvæmt birtingarsamningnum frá 1965 og samningnum um öflun sönnunargagna frá 1970 skulu samningsríkin tilnefna miðlæg stjórnvöld til að sinna þeim málefnum sem falla undir samningana. Hvað Ísland varðar er gert ráð fyrir að dóms- og kirkjumálaráðuneytið fari með þetta hlutverk. Eftir atvikum gæti dóms- og kirkjumálaráðuneytið falið öðru stjórnvaldi að sinna ákveðnum viðfangsefnum á sviði samninganna, sbr. 1. mgr. 6. gr. samningsins frá 1965 og 1. mgr. 24. gr. samningsins um öflun sönnunargagna frá 1970.

Í samningnum um einkamálaréttarfar frá 1954 er í 3. tölul. 6. gr. að finna heimild fyrir ríki til að láta sendierindreka eða ræðiserindreka sína milliliðalaust annast birtingu skjala erlendis. Þó má samningsríki skv. 2. mgr. sömu greinar lýsa yfir andmælum við slíkri birtingu gagnvart öðrum en ríkisborgurum þess ríkis sem beiðni kemur frá. Í 8. gr. birtingarsamningsins frá 1965 er að finna hliðstætt ákvæði sem heimilar sendierindrekum og ræðiserindrekum að birta skjöl milliliðalaust án þvingunar. Samningsríki getur jafnframt lýst yfir andmælum við slíkri birtingu þegar í hlut eiga aðrir en ríkisborgarar þess ríkis sem skjal kemur frá. Við fullgildingu þessara samninga er ekki gert ráð fyrir að nýtt verði heimild til að lýsa yfir slíkum andmælum, enda verður ekki talið varhugavert að birting geti farið fram með þessu móti. Má nefna að andmælum við þessu var ekki lýst yfir af hálfu Danmerkur, Finnlands eða Svíþjóðar. Aftur á móti hefur Noregur haft uppi andmæli skv. 8. gr. birtingarsamningsins.

Í b- og c-liðum 10. gr. birtingarsamningsins er gert ráð fyrir, ef því er ekki andmælt, að þeir sem birta skjöl í einu ríki eða málsaðilar geti snúið sér beint til þeirra sem annast birtingu í öðru ríki með ósk um birtingu í stað þess að hún fari fram fyrir milligöngu miðlægs stjórnvalds. Heppilegra þykir að dóms- og kirkjumálaráðuneytið sem miðlægt stjórnvald komi fram af Íslands hálfu og er því miðað við að nýtt verði heimild til að andmæla birtingu af þessu tagi. Má geta þess að öll hin Norðurlandaríkin hafa að einhverju leyti haft uppi andmæli gegn þessu ákvæði samningsins.

Svo sem áður segir er í 15. gr. birtingarsamningsins að finna ákvæði sem miða að því að þrengja heimild til að dómur gangi þegar stefndi sækir ekki dómþing í máli. Hverju samningsríki er þó rétt að lýsa því yfir að unnt sé að kveða upp dóm þótt ekki hafi borist vottorð um birtingu, enda sé nánar tilgreindum skilyrðum fullnægt. Ástæðulaust þykir að Ísland taki á sig frekari þjóðréttarlegar skuldbindingar að þessu leyti en nauðsynlegt er til að samningurinn verði fullgiltur með því að útiloka að þessarar heimildar verði neytt. Er því fyrirhugað að slík yfirlýsing verði gefin af Íslands hálfu. Á það skal bent að Danmörk og Noregur hafa gefið slíka yfirlýsingu en það hafa Finnland og Svíþjóð hins vegar ekki gert.

Samkvæmt 16. gr. birtingarsamningsins skal heimilt að leita endurskoðunar dóms þótt frestur til þess sé liðinn ef birta hefur þurft stefnu erlendis og stefnda var sér að ósekju hvorki kunnugt um skjalið svo tímanlega að hann gæti tekið til varna né fékk vitneskju um dóm svo tímanlega að hann gæti leitað endurskoðunar, enda hafi hann uppi efnislegar varnir sem við fyrstu sýn virðast á rökum reistar. Samningsríki getur skv. 3. mgr. sömu greinar takmarkað þessa heimild með því að setja tiltekinn frest sem þó skal ekki vera skemmri en eitt ár frá dómsuppkvaðningu. Hér á landi er ekki heimilt að áfrýja dómi sem gengið hefur í máli þar sem útivist hefur orðið af hálfu stefnda. Hins vegar er hægt að óska eftir endurupptöku málsins samkvæmt reglum XXIII. kafla laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991. Frestur til að

beiðast endurupptöku getur að hámarki verið eitt ár skv. 1. og 2. mgr. 137. gr. laganna. Að þessu gættu þykir rétt að yfirlýsing verði gefin af Íslands hálfu skv. 3. mgr. 16. gr. samningsins þannig að frestur til að leita endurupptöku, sem telja verður hliðstætt úrræði og áfrýjun, geti ekki verið lengri en eitt ár frá dómsuppkvaðningu. Danmörk hefur gefið yfirlýsingu um sama frest en í yfirlýsingu Noregs er miðað við þrjú ár. Finnland og Svíþjóð hafa ekki gefið yfirlýsingu hvað þetta varðar.

Samkvæmt 4. gr. samningsins um öflun sönnunargagna frá 1970 gildir sú meginregla að réttarbeiðni skal vera rituð á tungumáli þess yfirvalds sem óskað er að framkvæmi beiðnina en að öðrum kosti skal fylgja þýðing yfir á það tungumál. Samningsríki skal þó taka við beiðni sem rituð er á ensku eða frönsku eða hefur verið þýdd á annað hvort þessara tungumála. Þó má gera fyrirvara við þetta, sbr. 33. gr. samningsins. Af hálfu Íslands er gert ráð fyrir að fyrirvari verði gerður þannig að réttarbeiðnir verði ekki ritaðar á frönsku.

Í II. kafla samningsins um öflun sönnunargagna frá 1970 er fjallað um öflun sönnunargagna hjá sendierindrekum, ræðiserindrekum eða sérstaklega tilnefndum mönnum. Samningurinn gerir ráð fyrir að ríki hafi nokkurt svigrúm til að ákveða í hvaða mæli þau heimili sönnunarfærslu af þessu tagi. Hvað þetta varðar er til þess að líta að hér á landi eru dómstólar skilvirkir og aðgangur að þeim mjög greiður. Þá verður að hafa í huga að réttaröryggi verður hvergi betur tryggt en með sönnunarfærslu fyrir dómi. Jafnframt má slá því föstu að sönnunargildi gagna sem þar er aflað er ríkara en þeirra gagna sem aflað er með öðru móti. Má í því sambandi benda á að rangur framburður fyrir dómi varðar þungum refsingum skv. 142. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Samkvæmt efni sínu getur það ákvæði ekki átt við um vitnisburð hjá fulltrúum erlendra ríkja og er reyndar álitamál að slík háttsemi geti yfir höfuð verið refsinæm. Það kann þó að koma til greina í einhverjum tilvikum, sbr. til að mynda 147. gr. almennra hegningarlaga. Með hliðsjón af þessu þykir rétt að nýtt verði heimild í 33. gr. samningsins til að gera fyrirvara við II. kafla hans. Sama yrði einnig gert samkvæmt hliðstæðri heimild í 15. gr. samningsins um einkamálaréttarfar frá 1954. Þyrfti því í öllum tilvikum að sækja um sérstaka heimild til að sendierindrekar, ræðiserindrekar eða sérstaklega tilnefndir menn öfluðu sönnunargagna hér á landi. Að þeim sjónarmiðum virtum sem hér hafa verið rakin er jafnframt miðað við að slík heimild verði almennt ekki veitt nema í undantekningartilvikum þegar gild rök mæla með því að gagna sé aflað með því móti. Við það mat hefur meðal annars áhrif það málefni sem er til úrlausnar og hjá hverjum gagna verður aflað. Þannig væri fremur efni til að fallast á beiðni af þessu tagi þegar sakarefnið snerti ekki með nokkru móti íslenska hagsmuni og ef eingöngu ættu í hlut borgarar þess ríkis sem réttarbeiðni kemur frá. Þá má slá því föstu að varla kemur til greina að fallist yrði á beiðni skv. 18. gr. samningsins um öflun sönnunargagna um að beitt verði þvingunarúrræðum þegar gagna er aflað af fulltrúum erlendra ríkja. Í öllu falli yrðu gerðar mjög ríkar kröfur svo fallist yrði á slíka beiðni.

Loks er fyrirhugað að gerður verði fyrirvari af Íslands hálfu skv. 23. gr. samningsins þannig að hér á landi mun ekki verða framfylgt réttarbeiðnum til að afla sönnunargagna af því tagi sem í „common law“ réttarkerfum er þekkt sem „pre-trial discovery of documents“. Hafa öll hin Norðurlandaríkin gert fyrirvara við gagnaöflun af því tagi.

Fylgiskjal I.

SAMNINGUR
um einkamálaréttarfar.

(1954)

Ríki þau sem undirrita samning þennan,
sem óska, í ljósi reynslunnar, að bæta samninginn frá 17. júlí 1905 um einkamálaréttarfar,

hafa í því augnamiði ákveðið að gera nýjan samning og hafa orðið ásátt um eftirfarandi ákvæði:

I. **Birting réttarskjala og utanréttarskjala.**

1. gr.

Í samningsríkjunum skal birting skjala í einkamálum eða verslunarmálum fyrir mönnum sem dveljast erlendis fara fram að beiðni ræðismanns þess ríkis sem beiðnin kemur frá og beinast að því yfirvaldi er það ríki tilnefnir sem beiðni er send til. Í beiðni skulu koma fram upplýsingar um það yfirvald sem skjalið kemur frá, nöfn aðila og stöður, heimilisfang viðtakanda og tegund skjals, sem skal vera á máli þess yfirvalds sem beiðni er send til. Það yfirvald skal senda ræðismanninum staðfestingu þess að birting hafi farið fram eða upplýsingar um ástæður sem komið hafa í veg fyrir birtingu.

Öll vandkvæði sem geta komið upp vegna beiðni ræðismannsins skal leysa eftir diplómatískum leiðum.

Með tilkynningu til annarra samningsríkja getur hvert samningsríki lýst því yfir að senda skuli eftir diplómatískum leiðum beiðni þess efnis sem getur í 1. mgr. um birtingu skjala á yfirráðasvæði þess.

Framangreind ákvæði hindra ekki að tvö samningsríki komi sér saman um að heimila bein samskipti milli hlutaðeigandi yfirvalda þeirra.

2. gr.

Birting skjala skal framkvæmd af því yfirvaldi sem til þess er bært samkvæmt lögum þess ríkis sem beiðni er send til. Að frátöldum þeim tilvikum sem nefnd eru í 3. gr., getur það yfirvald framkvæmt birtingu skjals með því að afhenda það viðtakanda, sem er fús til að veita því viðtöku.

CONVENTION
ON CIVIL PROCEDURE

(Concluded March 1st, 1954)

The States signatory to the present Convention;
Desiring to make in the Convention of 17th July 1905, on civil procedure, the improvements suggested by experience;
Have resolved to conclude a new Convention to this effect, and have agreed upon the following provisions –

I. COMMUNICATION OF JUDICIAL AND EXTRAJUDICIAL DOCUMENTS

Article 1

In civil or commercial matters, the service of documents addressed to persons abroad shall be effected in the Contracting States on request of a consul of the requesting State, made to the authority which shall be designated by the State addressed. The request, specifying the authority originating the document forwarded, the names and capacities of the parties, the address of the addressee, and the nature of the document in question, shall be in the language of the requested authority. This authority shall send to the consul the certificate showing service or indicating the fact which prevented it.

All difficulties which may arise in connection with the consul's request shall be settled through diplomatic channels.

Any Contracting State may declare, in a communication addressed to the other Contracting States, that it intends that requests for service to be effected on its territory, giving the specifications mentioned in the first paragraph, be addressed to it through diplomatic channels.

The foregoing provisions shall not prevent two Contracting States from agreeing to allow direct communication between their respective authorities.

Article 2

Service shall be effected by the authority which is competent according to the laws of the State addressed. That authority, except in the cases mentioned in Article 3, may confine itself to serving the document by delivery to an addressee who accepts it voluntarily.

3. gr.

Með beiðni skal senda í tvíriti skjal til birtingar.

Þegar skjal til birtingar er ritað á máli þess yfirvalds sem beiðni er send til eða á því máli sem hlutaðeigandi tvö ríki hafa komið sér saman um eða ef meðfylgjandi er þýðing á öðru hvoru þessara tungumála skal yfirvaldið sem beiðni er send til, samkvæmt ósk í beiðninni, framkvæma birtingu eftir því sem segir í lögum þess ríkis um birtingu samsvarandi tilkynninga eða með sérstakri aðferð, enda brjóti hún ekki í bága við þau lög. Þegar slík ósk er ekki sett fram skal það yfirvald sem beiðni er send til í fyrstu reyna að afhenda skjalið með þeim hætti sem segir í 2. gr.

Þegar ekki er um annað samið skal sú þýðing sem um getur í 2. mgr. vera staðfest rétt af sendierindreka eða ræðiserindreka þess ríkis sem beiðnin kemur frá eða af eiðsvörnum þýðanda í því ríki sem beiðni er send til.

4. gr.

Beiðni um birtingu skv. 1., 2. og 3. gr. verður ekki hafnað nema ríkið þar sem birting á að fara fram telji framkvæmd hennar íhlutun í fullveldi sitt eða öryggi.

5. gr.

Birtingu skal sanna með dagsettri og löggiltri móttökukvittun viðtakanda eða vottorði yfirvalds í því ríki sem beiðni er send til með upplýsingum um hvaða dag og með hvað hætti birting fór fram.

Móttökukvittunin eða vottorðið skal vera rituð á annað eintak birta skjalsins eða fest við það.

6. gr.

Framangreind ákvæði koma ekki í veg fyrir að:

1. skjöl verði send með pósti beint til hlutaðeigandi sem er erlendis;

2. hlutaðeigandi geti milliliðalaust látið starfsmenn dómstóla eða til þess bæra opinbera starfsmenn þess lands sem beiðni er send til annast birtinguna;
3. hvert ríki geti látið sendierindreka eða ræðiserindreka sína milliliðalaust annast birtingar skjala fyrir þeim sem er erlendis.

Heimild til birtingar skjala með þeim hætti sem greinir í 1. mgr. er þó háð því að hún sé heimil samkvæmt samningum milli viðkomandi ríkja, eða, þegar ekki er um slíkan samning að ræða, að ríkið þar sem birting á að fara fram andmæli henni ekki.

Article 3

The request shall be accompanied by the document to be served in duplicate.

If the document to be served is written, either in the language of the requested authority, or in the language agreed on between the two States concerned, or if it is accompanied by a translation into one of those languages, the requested authority, should the desire be expressed in the request, shall have the document served by a method prescribed by its internal legislation for effecting similar service, or by a special method, unless it is contrary to that law. If such a desire is not expressed, the requested authority shall first seek to effect delivery in accordance with Article 2.

Unless there is agreement to the contrary, the translation provided for in the preceding paragraph shall be certified as correct by the diplomatic officer or consular agent of the requesting State or by a sworn translator of the State addressed.

Article 4

Where a request for service complies with Articles 1, 2 and 3, the State on the territory of which it has to be effected may refuse to comply therewith only if it deems that compliance would infringe its sovereignty or security.

Article 5

Service shall be proved by either a dated and legalised receipt from the addressee or a certificate from the authority of the State addressed, establishing the fact, method and date of the service.

The receipt or the certificate should appear on one of the two copies of the document served, or be annexed thereto.

Article 6

The provisions of the foregoing Articles shall not interfere with –

(1) the freedom to send documents, through postal channels, directly to the persons concerned abroad;
(2) the freedom of the persons concerned to have service effected directly through the judicial officers or competent officials of the country of destination;
(3) the freedom of each State to have service effected directly by its diplomatic or consular agents of documents intended for persons abroad.

In each of these cases, the freedom mentioned shall only exist if allowed by conventions concluded between the States concerned or if, should there be no convention, the State on the territory of which service must be effected does not object. That State

Það ríki getur ekki andmælt birtingu skv. 3. tl. 1. mgr., sem fer fram þvingunarlaust fyrir ríkisborgara þess ríkis sem beiðnin kemur frá.

7. gr.

Birting réttarskjala skal vera án endurgreiðslu gjalda eða kostnaðar af einhverju tagi.

Þegar ekki er um annað samið er þó því ríki sem beiðni er send til heimilt að krefja það ríki sem beiðnin kemur frá um endurgreiðslu kostnaðar vegna þjónustu starfsmanns dómstóls, eða þegar birting hefur farið fram með sérstakri aðferð, sbr. 3. gr.

may not object when, in the cases mentioned in subparagraph 3 of the above paragraph, the document is to be served without any compulsion on a national of the requesting State.

Article 7

The service of judicial documents shall not give rise to reimbursement of taxes or costs of any nature.

However, should there be no agreement to the contrary, the State addressed will have the right to require from the requesting State the reimbursement of the costs occasioned by the employment of a judicial officer or by the use of a particular method of service in the cases mentioned in Article 3.

II. **Réttarbeiðnir.**

8. gr.

Í einkamálum eða verslunarmálum getur dómsmálayfirvald í samningsríki, í samræmi við fyrirmæli í eigin löggjöf, snúið sér með réttarbeiðni til þar til bærs yfirvalds í öðru samningsríki með ósk um sönnunarfærslu eða aðra dómsathöfn innan lögsögu sinnar.

II. LETTERS OF REQUEST

Article 8

In civil or commercial matters a judicial authority of a Contracting State may, in accordance with the provisions of the law of that State, apply, by means of a Letter of Request, to the competent authority of another Contracting State to request it, within its jurisdiction, to obtain evidence, or to perform some other judicial act.

9. gr.

Réttarbeiðnir skulu sendar af ræðismanni þess ríkis sem beiðnin kemur frá til yfirvalds tilnefndu af því ríki þar sem beiðni verður framkvæmd. Það yfirvald skal senda ræðismanni staðfestingu þess að réttarbeiðnin hafi verið framkvæmd eða upplýsa hvað hafi hindrað það.

Öll vandkvæði sem geta komið upp vegna þeirrar sendingar skal leysa eftir diplómatískum leiðum.

Með tilkynningu til annarra samningsríkja getur hvert samningsríki lýst því yfir að senda skuli eftir diplómatískum leiðum réttarbeiðnir, sem á að framkvæma á yfirráðasvæði þess.

Framangreind ákvæði hindra ekki að tvö samningsríki komi sér saman um að heimila beina sendingu réttarbeiðna milli viðkomandi yfirvalda sinna.

Article 9

Letters of Request shall be transmitted by the consul of the requesting State to the authority which shall be designated by the State of execution. That authority shall send to the consul the document establishing the execution of the Letter of Request or indicating the fact which prevented its execution.

Any difficulties which may arise in connection with the transmission shall be settled through diplomatic channels.

Any Contracting State may declare, by a communication addressed to the other Contracting States, that it intends that Letters of Request to be executed on its territory be transmitted through diplomatic channels.

The foregoing provisions shall not prevent two Contracting States agreeing to allow the direct transmission of Letters of Request between their respective authorities.

10. gr.

Þegar ekki er um annað samið skal réttarbeiðni vera rituð á tungumáli þess yfirvalds sem beiðni er send til eða á máli sem hlutaðeigandi tvö ríki hafa komið sér saman um en ella verður að fylgja þýðing á annað hvort þessara tungumála staðfest rétt af sendierindreka eða ræðiserindreka þess ríkis sem beiðnin kemur frá eða af eiðsvörnum þýðanda í því ríki þar sem beiðni verður framkvæmd.

Article 10

Unless there is agreement to the contrary, the Letter of Request must be written either in the language of the requested authority, or in the language agreed between the two States concerned, or else it must be accompanied by a translation, done in one of those languages and certified as correct by a diplomatic officer or consular agent of the requesting State of origin or by a sworn translator of the State of execution.

11. gr.

Það dómsmálayfirvald sem réttarbeiðni er send til skal vera skuldbundið til að verða við henni með sömu þvingunarúrræðum og eiga við um framkvæmd fyrirmæla frá yfirvöldum í eigin ríki eða beiðni frá aðila að innlendu dómsmáli. Þó er ekki nauðsynlegt að beita þeim þvingunarúrræðum vegna þingsóknar málsaðila.

Samkvæmt ósk þess yfirvalds sem beiðni kemur frá skal því tilkynnt um stað og stund þegar framfylgja skal beiðninni svo að viðkomandi aðila gefist færi á að vera viðstaddur.

Réttarbeiðni verður aðeins synjað þegar svo stendur á:

1. vafi leikur á áreiðanleika skjals;
2. framkvæmd beiðninnar fellur ekki undir valdsvið dómstóla í því ríki þar sem framkvæma á beiðnina;
3. það ríki þar sem framkvæma á beiðnina telur það íhlutun í fullveldi sitt eða öryggi.

12. gr.

Nú er það yfirvald sem réttarbeiðni er send til ekki bært til þess að framfylgja henni og skal þá beiðnin sjálfkrafa framsend því yfirvaldi í ríkinu sem til þess er bært samkvæmt ákvæðum laga.

13. gr.

Í öllum tilvikum þegar réttarbeiðni er ekki framkvæmd af því yfirvaldi sem beiðni er send til skal þegar í stað senda því yfirvaldi sem beiðni kemur frá tilkynningu þess efnis og upplýsa, í þeim tilvikum sem 11. gr. á við, ástæður þess að beiðninni var hafnað, og í þeim tilvikum sem 12. gr. á við, hvaða yfirvaldi hefur verið framsend beiðnin.

14. gr.

Það dómsmálayfirvald sem framkvæmir réttarbeiðni skal beita lögum eigin ríkis um þá málsmeðferð sem fylgt er.

Þó má beita sérstökum málsmeðferðarreglum ef það yfirvald sem beiðnin kemur frá óskar þess, svo framarlega sem það brýtur ekki í bága við lög í því ríki þar sem beiðni verður framkvæmd.

15. gr.

Framangreind ákvæði útiloka ekki rétt hvers ríkis til að láta sendierindreka eða ræðiserindreka sína framkvæma réttarbeiðnir milliliðalaust, enda sé það heimilt samkvæmt samningi viðkomandi ríkja eða

Article 11

The judicial authority, to which the Letter of Request is addressed, shall be obliged to comply with it using the same measures of compulsion as for the execution of orders issued by the authorities of the State of execution or of requests made by parties in internal proceedings. These measures of compulsion shall not necessarily be employed where the appearance of the parties to the case is involved.

The requesting authority shall, if it so requests, be informed of the date and place of execution of the measure sought, so that the party concerned may be able to be present.

The execution of the Letter of Request may be refused only –

(1) if the authenticity of the document is not established;
(2) if, in the State of execution, the execution of the Letter does not fall within the functions of the judiciary;
(3) if the State, on the territory of which the execution is to be effected, considers that its sovereignty or its security would be prejudiced thereby.

Article 12

If the authority to whom a Letter of Request has been transmitted is not competent to execute it, the Letter shall be automatically sent to the authority in the same State which is competent to execute it in accordance with the provisions of its own law.

Article 13

In all cases where the Letter of Request is not executed by the requested authority, the latter shall immediately so inform the requesting authority, indicating, in the case of Article 11, the reasons why execution of the Letter was refused and, in the case of Article 12, the authority to which the Letter has been transmitted.

Article 14

The judicial authority which executes a Letter of Request shall apply its own law as to the methods and procedures to be followed.

However, it will follow a request of the requesting authority that a special method or procedure be followed, provided that this is not contrary to the law of the State of execution.

Article 15

The provisions of the foregoing Articles shall not exclude the right of each State to have Letters of Request executed directly by its diplomatic officers or consular agents, if that is allowed by conventions

það ríki þar sem beiðni verður framkvæmd andmælir því ekki.

16. gr.

Framkvæmd réttarbeiðni skal vera án endurgreiðslu gjalda eða kostnaðar af einhverju tagi.

Þegar ekki er um annað samið hefur þó það ríki þar sem beiðni verður framkvæmd rétt til að krefja það ríki sem beiðni kemur frá um endurgreiðslu á þóknun sem greidd er vitnum eða sérfræðingum og kostnaði sem fellur til af nauðsynlegri þjónustu starfsmanns dómstóls vegna þess að vitni mættu ekki sjálfviljug eða vegna tilmæla skv. 2. mgr. 14. gr.

III. **Málskostnaðartrygging.**

17. gr.

Ríkisborgarar samningsríkis, sem búsettir eru í einhverju þeirra og höfða mál eða gerast meðalgönguaðilar að því fyrir dómstólum í öðru samningsríki, verður ekki gert að leggja fram geymslufé eða annars konar tryggingu vegna þess að þeir eru útlendingar eða án heimilisfestis eða fastrar búsetu í landinu.

Sama gildir um greiðslu sem stefnandi eða meðalgönguaðili krefst sem tryggingar fyrir réttargjöldum.

Allir samningar milli samningsríkja um að ríkisborgarar þeirra án tillits til búsetu þurfi ekki að setja tryggingu fyrir málskostnaði eða greiða réttargjöld skulu halda gildi sínu.

18. gr.

Nú hefur stefnandi eða meðalgönguaðili verið gert í samningsríki að greiða málskostnað eða réttargjöld, en verið undanþeginn skyldu til að leggja fram tryggingu, geymslufé eða greiðslu skv. 1. eða 2. mgr. 17. gr., eða samkvæmt lögum í því ríki þar sem mál er höfðað, og skal þeirri ákvörðun þá fullnægt án kostnaðar af þar til bæru yfirvaldi í öðru samningsríki, berist krafa þess efnis eftir diplómatískum leiðum.

Sama gildir um dómsúrlausnir sem síðar kveða á um málskostnað.

Framangreind ákvæði hindra ekki að tvö samningsríki komi sér saman um að beiðni um aðför verði sett fram beint af viðkomandi málsaðila.

concluded between the States concerned or if the State on the territory of which the Letter is to be executed does not object.

Article 16

The execution of Letters of Request shall not give rise to reimbursement of taxes or costs of any nature.

However, unless there is agreement to the contrary, the State of execution shall have the right to require the State of origin to reimburse the fees paid to witnesses or experts, and the costs occasioned by the employment of a judicial officer, rendered necessary because the witnesses did not appear voluntarily, or the costs resulting from any application of the second paragraph of Article 14.

III. SECURITY FOR COSTS

Article 17

No security, bond or deposit of any kind, may be imposed by reason of their foreign nationality, or of lack of domicile or residence in the country, upon nationals of one of the Contracting States, having their domicile in one of these States, who are plaintiffs or parties intervening before the courts of another of those States.

The same rule shall apply to any payment required of plaintiffs or intervening parties as security for court fees.

All conventions under which Contracting States have agreed that their nationals will be exempt from providing security for costs or for payment of court fees regardless of domicile shall continue to apply.

Article 18

Orders for costs and expenses of the proceedings, made in one of the Contracting States against the plaintiff or party intervening exempted from the provision of security, deposit or payment under the first and second paragraphs of Article 17, or under the law of the State where the proceedings have been instituted, shall, upon request made through diplomatic channels, be rendered enforceable without charge by the competent authority, in each of the other Contracting States.

The same rule shall apply to the judicial decisions whereby the amount of the costs of the proceedings is subsequently fixed.

Nothing in the foregoing provisions shall prevent two Contracting States from agreeing that applications for enforcement may also be made directly by the interested party.

19. gr.

Ákvarðanir um málskostnað eða réttargjöld skulu vera aðfararhæfar án undangengis málflutnings, en dómþoli hefur þó rétt til þess síðar að fá slíka ákvörðun endurskoðaða í samræmi við löggjöf í því ríki þar sem fullnustu er leitað.

Það yfirvald sem bært er til að taka ákvörðun um aðfararbeiðni skal sjálft kanna:

1. hvort endurrit dómsúrlausnar sé staðfest í samræmi við lög þess ríkis þar sem dómur var kveðinn upp;
2. hvort dómsúrlausn hafi bindandi áhrif (res judicata) samkvæmt sömu lögum;
3. hvort niðurstaða dómsúrlausnar sé á tungumáli þess yfirvalds sem beiðni er send til eða á því tungumáli sem hlutaðeigandi tvö ríki hafa komið sér saman um eða hvort meðfylgjandi sé þýðing á öðru hvoru þessara tungumála og hvort hún sé staðfest rétt af sendierindreka eða ræðiserindreka þess ríkis sem beiðnin kemur frá eða af eiðsvörnum þýðanda þess ríkis sem beiðni er send til, nema um annað sé samið.

Til staðfestingar því að skilyrðum skv. 1. og 2. tl. 2. mgr. sé fullnægt er nægilegt að fyrir liggi yfirlýsing frá til þess bæru yfirvaldi þess ríkis sem beiðnin er frá um að dómsúrlausnin hafi bindandi áhrif (res judicata) að lögum eða fyrir liggi tilskilin staðfest skjöl sem sýna að hún hafi bindandi áhrif (res judicata) að lögum. Heimild framangreinds yfirvalds skal, nema um annað sé samið, staðfest af æðsta embættismanni dómsmálayfirvalda í því ríki sem beiðnin kemur frá. Yfirlýsingin og staðfestingin skal vera rituð eða þýdd í samræmi við fyrirmæli 3 tl. 2. mgr.

Þegar hlutaðeigandi aðili krefst þess samtímis skal það yfirvald sem bært er til að taka ákvörðun um aðfararbeiðni ákveða kostnað vegna vottunar, þýðingar og staðfestingar sem getið er í 3. tl. 2. mgr. Sá kostnaður skal talinn til málskostnaðar.

IV. **Ókeypis réttaraðstoð.**

20. gr.

Í einkamálum eða verslunarmálum skulu ríkisborgarar samningsríkjanna hafa sama aðgang að ókeypis réttaraðstoð í öllum hinum samningsríkjunum og ríkisborgarar viðkomandi ríkja njóta, í samræmi við löggjöf þess ríkis þar sem leitað er eftir ókeypis réttaraðstoð.

Í þeim ríkjum þar sem ókeypis réttaraðstoð er veitt í stjórnsýslumálum gilda ákvæði 1. mgr. með

Article 19

The order for costs and expenses shall be rendered enforceable without a hearing, but subject to subsequent appeal by the losing party in accordance with the legislation of the country where enforcement is sought.

The authority competent to decide on the request for enforcement shall itself examine –

(1) whether, under the law of the country where the judgment was rendered, the copy of the judgment fulfils the conditions required for its authenticity;
(2) whether, under the same law, the decision has the force of *res judicata*;
(3) whether that part of the judgment which constitutes the decision is worded in the language of the authority addressed, or in the language agreed between the two States concerned, or whether it is accompanied by a translation, in one of those languages and, unless there is agreement to the contrary, certified as correct by a diplomatic officer or consular agent of the requesting State or by a sworn translator of the State addressed.

To satisfy the conditions laid down in the second paragraph, sub-paragraphs 1 and 2, it shall be sufficient either for there to be a statement by the competent authority of the State of origin establishing that the judgment has the force of *res judicata*, or for duly legalised documents to be presented showing that the judgment has the force of *res judicata*. The competence of the authority mentioned above shall, unless there is agreement to the contrary, be certified by the highest official in charge of the administration of justice in the requesting State of origin. The statement and the certificate just mentioned must be worded or translated in accordance with the rule laid down in the second paragraph, sub-paragraph 3.

The authority competent to decide on the request for enforcement shall assess, provided the party concerned so requests at the same time, the amount of the cost of attestation, translation and legalisation referred to in sub-paragraph 3 of the second paragraph. Those costs shall be considered to be costs and expenses of the proceedings.

IV. FREE LEGAL AID

Article 20

In civil and commercial matters, nationals of the Contracting States shall be granted free legal aid in all the other Contracting States, on the same basis as nationals of these States, upon compliance with the legislation of the State where the free legal aid is sought.

In the States where legal aid is provided in administrative matters, the provisions of the preceding

sama hætti um þau mál sem til meðferðar koma hjá dómstólum með lögsögu á því sviði.

21. gr.

Vottorð eða yfirlýsing um nauðsyn aðstoðar skal í öllum tilvikum gefin eða móttekin af yfirvöldum þar sem útlendingurinn er búsettur eða, ef ekki af þeim, af yfirvöldum á dvalarstað hans. Ef þau yfirvöld tilheyra ekki samningsríki, og hvorki veita viðtöku né gefa út staðfestingar eða yfirlýsingar af þessu tagi, er nægjanlegt að slík beiðni eða yfirlýsing sé sett fram eða móttekin af sendierindreka eða ræðiserindreka þess ríkis sem hinn erlendi maður er frá.

Þegar beiðandi er ekki staddur í því landi þar sem réttaraðstoðar er leitað skal beiðnin eða yfirlýsingin um nauðsyn aðstoðar staðfest án gjaldtöku af sendierindreka eða ræðiserindreka þess ríkis þar sem skjal skal leggja fram.

22. gr.

Það yfirvald sem er bært til að staðfesta eða taka við yfirlýsingu um nauðsyn aðstoðar getur aflað sér upplýsinga um fjárhagslegar aðstæður umsækjanda hjá yfirvöldum í hinum samningsríkjunum.

Því yfirvaldi sem afgreiða skal beiðni umsækjanda um ókeypis réttaraðstoð er heimilt innan valdmarka sinna að staðreyna þær staðfestingar, yfirlýsingar og upplýsingar, sem lagðar eru fyrir það og afla frekari upplýsinga til skýringar.

23. gr.

Nú dvelur efnalítill umsækjandi í öðru landi en því sem hann leitar ókeypis réttaraðstoðar og má þá senda beiðni hans um réttaraðstoð, auk vottorðs eða yfirlýsingar um nauðsyn aðstoðar, og eftir atvikum önnur gögn sem greiða fyrir athugun á beiðni hans, fyrir milligöngu ræðismanns frá landi umsækjanda til þess yfirvalds sem er bært til að taka ákvörðun um beiðnina, eða til yfirvalds tilnefnt af því ríki þar sem fjallað skal um beiðnina.

Ákvæði 2., 3. og 4. mgr. 9. gr. og 10. og 12. gr. varðandi réttarbeiðnir skulu gilda um sendingu beiðna um ókeypis réttaraðstoð og fylgigagna þeirra.

24. gr.

Þegar ríkisborgara samningsríkis hefur verið veitt ókeypis réttaraðstoð skulu birtingar varðandi mál hans sem fara fram í öðru samningsríki, án tillits til þess hvernig birting fer fram, ekki valda því að það ríki sem beiðni er send til geti krafist endurgreiðslu kostnaðar frá því ríki sem beiðni kemur frá.

paragraph shall also apply to cases brought before the courts or tribunals competent in such matters.

Article 21

In all cases, the certificate or declaration of need must be issued or received by the authorities of the habitual residence of the foreigner, or, if not by them, by the authorities of his current residence. Should the latter authorities not belong to a Contracting State and not receive or issue certificates or declarations of that kind, it will be enough to have a certificate or a declaration issued or received by a diplomatic officer or consular agent of the country to which the foreigner belongs.

If the petitioner does not reside in the country were the request is made, the certificate or declaration of need shall be legalised free of charge by a diplomatic officer or consular agent of the country where the document is to be produced.

Article 22

The authority competent to issue the certificate or receive the declaration of need may obtain information about the financial position of the petitioner from the authorities of the other Contracting States.

The authority responsible for deciding on the application for free legal aid shall retain, within the limits of its powers , the right to verify the certificates, declarations and information given to it and to secure for purposes of further clarification, additional information.

Article 23

When the indigent person concerned is in a country other than that in which the free legal aid is to be sought, his application for legal aid, accompanied by certificates, declarations of need and, where necessary, other supporting documents which would facilitate examination of the application, may be transmitted by the consul of his country to the authority competent to decide on that application, or to the authority designated by the State where the application is to be examined.

The provisions in Article 9, paragraphs 2, 3 and 4, and in Articles 10 and 12 above, concerning Letters of Request, shall apply to the transmission of applications for free legal aid, and their annexes.

Article 24

If the benefit of legal aid has been granted to a national of one of the Contracting States, service of documents relating to his case in another Contracting State, regardless of the method to which it is to be effected, shall not give rise to any reimbursement of costs by the State of origin to the State addressed.

Sama gildir um réttarbeiðnir að undanskilinni þóknun sem greidd er sérfróðum mönnum.

V. **Ókeypis vottorð úr opinberum skrám.**

25. gr.

Efnalitlir ríkisborgarar samningsríkis geta fengið vottorð úr opinberum skrám endurgjaldslaust með sama hætti og ríkisborgarar viðkomandi ríkis. Þau skjöl sem nauðsynleg eru vegna hjónavígslu skulu staðfest endurgjaldslaust af sendierindreka eða ræðiserindreka samningsríkjanna.

VI. **Frelsissvipting.**

26. gr.

Í einkamálum og verslunarmálum er óheimilt að beita frelsissviptingu sem nauðungarúrræði eða til þess eins að skapa varnaðaráhrif gagnvart útlendingum, sem eru ríkisborgarar samningsríkis, í tilvikum þar sem frelsissviptingu verður ekki beitt gagnvart borgurum viðkomandi ríkis. Atvik sem heimilisfastur ríkisborgari þess ríkis getur borið fyrir sig til þess að fá frelsissviptingu hrundið, skal hafa sömu áhrif að því er varðar ríkisborgara annars samningsríkis, jafnvel þótt það atvik hafi gerst erlendis.

VII. **Lokaákvæði.**

27. gr.

Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu þeirra ríkja sem áttu fulltrúa á sjöunda fundi ráðstefnunnar um alþjóðlegan einkamálarétt.

Hann skal fullgiltur og skulu fullgildingarskjöl afhent utanríkisráðuneyti Hollands.

Halda skal skrá þar sem getið er um sérhverja afhendingu fullgildingarskjala og staðfest endurrit skrárinnar skal sent, eftir diplómatískum leiðum, hverju ríki sem undirritað hefur samninginn.

28. gr.

Samningur þessi öðlast gildi á sextugasta degi eftir að fjórða fullgildingarskjalið hefur verið afhent, sbr. 2. mgr. 27. gr.

Gagnvart hverju ríki, sem undirritað hefur samninginn og fullgildir hann síðar, öðlast hann gildi á sextugasta degi eftir þann dag er fullgildingarskjal hefur verið afhent.

29. gr.

Milli þeirra ríkja sem fullgilt hafa samning þennan kemur hann í staðinn fyrir samninginn um einka-

The same shall apply to Letters of Request, with the exception of the fees paid to experts.

V. FREE ISSUE OF EXTRACTS FROM CIVIL STATUS RECORDS

Article 25

Indigent persons who are nationals of one of the Contracting States may obtain on the same terms as nationals of the State concerned extracts from civil status records, without charge. The documents necessary for their marriage shall be legalised without cost by the diplomatic officers or consular agents of the Contracting States.

VI. PHYSICAL DETENTION

Article 26

Physical detention, either as a means of enforcement, or as a merely precautionary measure, shall not, in civil or commercial matters, be employed against foreigners, belonging to one of the Contracting States, in circumstances where it cannot be employed against nationals of the country concerned. A fact, which may be invoked by a national domiciled in such a country, to obtain release from physical detention, may be invoked with the same effect by a national of a Contracting State, even if the fact occurred abroad.

VII. FINAL CLAUSES

Article 27

This Convention shall be open for signature by the States represented at the Seventh Session of the Conference on Private International Law.

It shall be ratified and the instruments of ratification shall be deposited with the Ministry of Foreign Affairs of the Netherlands.

A record shall be made of every deposit of instruments of ratification, and a certified copy of that record shall be sent through diplomatic channels to each of the signatory States.

Article 28

This Convention shall enter into force on the sixtieth day after the deposit of the fourth instrument of ratification as provided in the second paragraph of Article 27.

For each signatory State subsequently ratifying the Convention, it shall enter into force on the sixtieth day after the day of deposit of its instrument of ratification.

Article 29

The present Convention shall replace, in relations between the States which have ratified it, the Con-

málaréttarfar, sem undirritaður var í Haag 17. júlí 1905.

30. gr.

Samningur þessi gildir á heimalandsvæði samningsríkjanna.

Óski samningsríki þess að samningurinn öðlist gildi á öllum eða sumum annarra landsvæða, í alþjóðlegum samskiptum sem viðkomandi ríki ber ábyrgð á, skal það tilkynna slík áform sín með skjali sem afhent skal utanríkisráðuneyti Hollands. Ráðuneytið skal senda hverju samningsríki, eftir diplómatískum leiðum, staðfest endurrit af skjalinu.

Að liðnum sex mánuðum frá tilkynningu þessari gengur samningurinn í gildi gagnvart þeim ríkjum sem ekki hafa andmælt því og gagnvart því landsvæði eða þeim landsvæðum sem tilkynningin varðar og viðkomandi ríki ber ábyrgð á.

31. gr.

Ríki, sem ekki átti aðild að sjöunda fundi ráðstefnunnar, getur gerst aðili að samningi þessum nema eitt eða fleiri ríki, sem fullgilt hafa samninginn, andmæli því innan sex mánaða frá því að hollenska ríkisstjórnin tilkynnti um aðildina. Aðildin stofnast með þeim hætti sem getur í 2. mgr. 27. gr.

Aðild þessi getur ekki stofnast fyrr en eftir gildistöku samningsins skv. 1. mgr. 28. gr.

32. gr.

Hvert samningsríki getur við undirritun, fullgildingu eða þegar það gerist aðili að samningi þessum gert fyrirvara um að takmarka gildissvið 17. gr. við ríkisborgara samningsríkjanna, sem búsettir eru þar.

Ríki, sem gerir fyrirvara skv. 1. mgr., getur einungis krafist þess að önnur samningsríki beiti 17. gr. til hagsbóta fyrir ríkisborgara sína, sem eru búsettir í því samningsríki þar sem þeir koma fyrir dóm sem stefnendur eða meðalgönguaðilar.

33. gr.

Samningur þessi gildir í fimm ár frá þeim degi sem getið er í 1. mgr. 28. gr. samningsins.

vention on Civil Procedure signed at The Hague on 17th July 1905.

Article 30

The present Convention shall apply by law in the metropolitan territories of the Contracting States.

If a Contracting State desires it to be put into force in all or certain of the other territories, for the international relations of which it is responsible, it shall give notice of its intention to that effect in a document which shall be deposited with the Netherlands Ministry of Foreign Affairs. The latter shall send, through diplomatic channels, a certified copy to each of the Contracting States.

The Convention shall enter into force in relations between the States which have not raised an objection in the six months following that communication and the territory or territories for the international relations of which the State in question is responsible, and in respect of which the said notice has been given.

Article 31

Any State not represented at the Seventh Session of the Conference may accede to the present Convention, unless a State or several States which have ratified the Convention object, within a period of six months from the date of the notification by the Netherlands Government of that accession. Accession shall be by the method indicated in the second paragraph of Article 27.

It is understood that the accessions shall not be able to take place until after the entry into force of the present Convention, by virtue of the first paragraph of Article 28.

Article 32

Each Contracting State, on signing or ratifying this Convention or on acceding to it, may reserve the right to limit the application of Article 17 to the nationals of Contracting States having their habitual residence in its territory.

A State availing itself of the right mentioned in the preceding paragraph shall be able to claim application of Article 17 by the other Contracting States only on behalf of its nationals who have their habitual residence within the territory of the Contracting State before the court of which they are plaintiffs or intervening parties.

Article 33

The present Convention shall remain in force for five years from the date indicated in the first paragraph of Article 28 of the Convention.

Þetta tímabil hefst jafnframt frá sama degi gagnvart ríkjum sem síðar fullgilda eða gerast aðilar að samningnum.

Samningurinn framlengist sjálfkrafa um fimm ár í senn sé honum ekki sagt upp. Uppsögn skal tilkynna minnst sex mánuðum fyrir lok tímabilsins til utanríkisráðuneytis Hollands, sem tilkynnir öllum hinum samningsríkjunum um hana.

Uppsögn má takmarka við landsvæði eða einstök þeirra landsvæða sem getið er í tilkynningu skv. 2. mgr. 30. gr.

Uppsögn hefur aðeins gildi gagnvart því ríki sem hefur tilkynnt um hana. Samningurinn heldur gildi sínu milli annarra samningsríkja.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð hlutaðeigandi ríkisstjórna, undirritað samning þennan.

Gjört í Haag 1. mars 1954 í einu eintaki, sem varðveitt skal í skjalasafni ríkisstjórnar Hollands, og staðfest endurrit skal sent eftir diplómatískum leiðum til hvers ríkis sem átti aðild á sjöundu fundi Haagráðstefnunnar um alþjóðlegan einkamálarétt.

This period shall start to run as from that date, even for States which shall have ratified it or acceded to it subsequently.

The Convention shall be renewed tacitly every five years, unless denounced. Denunciation must, at least six months before expiry of the period, be notified to the Ministry of Foreign Affairs of the Netherlands, which shall inform all the other Contracting States of it.

The denunciation may be limited to the territories or to certain of the territories indicated in a notification, given in accordance with the second paragraph of Article 30.

The denunciation shall only take effect in respect of the State which has notified it. The Convention shall remain in force for the other Contracting States.

In witness whereof, the undersigned, being duly authorised by their respective Governments, have signed this Convention.

Done at The Hague, on the first day of March, 1954, in a single copy, which shall be deposited in the archives of the Government of the Netherlands and of which a certified copy shall be sent through diplomatic channels to each of the States represented at the Seventh Session of the Hague Conference on Private International Law.

Fylgiskjal II.

SAMNINGUR
um birtingu erlendis
á réttarskjölum og utanréttarskjölum
í einkamálum og verslunarmálum.

(1965)

Ríki þau sem undirrita samning þennan,

sem vilja koma á viðeigandi tilhögun til að tryggja að réttarskjöl og utanréttarskjöl, sem birta skal erlendis, komist tímanlega til vitundar viðtakanda,

sem vilja í þeim tilgangi að bæta skipulag gagnkvæmrar aðstoðar í dómsmálum með einfaldari og skjótari framkvæmd,

hafa í því augnarmiði ákveðið að gera samning og hafa orðið ásátt um eftirfarandi ákvæði:

1. gr.

Samningur þessi gildir um öll einkamál og verslunarmál þar sem senda skal réttarskjöl eða utanréttarskjöl til birtingar erlendis.

Samningur þessi gildir ekki þegar heimilisfang viðtakanda er óþekkt.

I. KAFLI – **Réttarskjöl.**

2. gr.

Hvert samningsríki skal tilnefna miðlægt stjórnvald sem tekur við beiðnum um birtingu frá öðrum samningsríkjum og framkvæmir hana í samræmi við 3.–6. gr.

Hvert ríki skal skipa miðlægt stjórnvald í samræmi við eigin löggjöf.

3. gr.

Það yfirvald eða sá starfsmaður dómstóls sem til þess er bær samkvæmt lögum þess ríkis sem skjöl koma frá skal senda miðlægu stjórnvaldi viðtökuríkisins beiðni í samræmi við formála í viðauka með samningi þessum, án þess að krafist sé löggildingar eða annarra sambærilegra formsatriða.

Skjal til birtingar eða afrit þess skal fylgja beiðninni. Beiðnin og skjalið skulu vera í tvíriti.

CONVENTION ON THE SERVICE ABROAD OF JUDICIAL AND EXTRAJUDICIAL DOCUMENTS IN CIVIL OR COMMERCIAL MATTERS

(Concluded November 15, 1965)

The States signatory to the present Convention,

Desiring to create appropriate means to ensure that judicial and extrajudicial documents to be served abroad shall be brought to the notice of the addressee in sufficient time,

Desiring to improve the organisation of mutual judicial assistance for that purpose by simplifying and expediting the procedure,

Have resolved to conclude a Convention to this effect and have agreed upon the following provisions:

Article 1

The present Convention shall apply in all cases, in civil or commercial matters, where there is occasion to transmit a judicial or extrajudicial document for service abroad.

This Convention shall not apply where the address of the person to be served with the document is not known.

CHAPTER I – JUDICIAL DOCUMENTS

Article 2

Each Contracting State shall designate a Central Authority which will undertake to receive requests for service coming from other Contracting States and to proceed in conformity with the provisions of Articles 3 to 6.

Each State shall organise the Central Authority in conformity with its own law.

Article 3

The authority or judicial officer competent under the law of the State in which the documents originate shall forward to the Central Authority of the State addressed a request conforming to the model annexed to the present Convention, without any requirement of legalisation or other equivalent formality.

The document to be served or a copy thereof shall be annexed to the request. The request and the document shall both be furnished in duplicate.

4. gr.

Þegar miðlægt stjórnvald telur að beiðni samræmist ekki ákvæðum samnings þessa skal það þegar tilkynna beiðanda og tilgreina andmæli sín við beiðninni.

5. gr.

Miðlægt stjórnvald þess ríkis sem beiðni er send til skal sjálft birta skjal eða hlutast til um að það verði birt af viðeigandi stofnun, annaðhvort:

a. með þeirri aðferð sem kveðið er á um í lögum viðkomandi ríkis um birtingu skjala fyrir mönnum á yfirráðasvæði þess í málum sem rekin eru þar, eða
b. með þeirri sérstöku aðferð sem beiðandi óskar, nema hún sé ósamrýmanleg lögum þess ríkis sem beiðni er send til.

Að frátöldum þeim tilvikum sem greinir í b-lið 1. mgr. er ávallt heimilt að birta skjal með afhendingu þess til viðtakanda sem er fús til að taka við því.

Nú fer birting skjals fram skv. 1. mgr. og getur þá miðlægt stjórnvald þess ríkis sem beiðni er send til gert kröfu um að skjalið sé ritað eða þýtt á opinbert tungumál ríkisins eða eitthvert af opinberum tungumálum þess.

Með skjali skal birta þann hluta beiðni sem rituð er samkvæmt formála í viðauka með samningi þessum og hefur að geyma samantekt skjals til birtingar.

6. gr.

Miðlægt stjórnvald þess ríkis sem beiðni er send til eða annað yfirvald sem það kann að hafa tilnefnt í því skyni skal fylla út vottorð í samræmi við formála í viðauka með samningi þessum.

Í vottorðinu skal koma fram að skjalið hafi verið birt og með hvaða aðferð, hvar og hvenær birting fór fram og hverjum skjalið var afhent. Hafi birting ekki farið fram skal tilgreina hvað komið hafi í veg fyrir hana.

Beiðandi getur farið fram á að vottorð sem ekki er ritað af miðlægu stjórnvaldi eða dómsmálayfirvaldi verði staðfest af öðru hvoru þeirra.

Vottorðið skal sent beint til beiðanda.

7. gr.

Almennir skilmálar formála í viðauka með samningi þessum skulu ávallt ritaðir á frönsku eða ensku. Einnig má rita þá á opinberu tungumáli eða einu af

Article 4

If the Central Authority considers that the request does not comply with the provisions of the present Convention it shall promptly inform the applicant and specify its objections to the request.

Article 5

The Central Authority of the State addressed shall itself serve the document or shall arrange to have it served by an appropriate agency, either –

a) by a method prescribed by its internal law for the service of documents in domestic actions upon persons who are within its territory, or

b) by a particular method requested by the applicant, unless such a method is incompatible with the law of the State addressed.

Subject to sub-paragraph *(b)* of the first paragraph of this Article, the document may always be served by delivery to an addressee who accepts it voluntarily.

If the document is to be served under the first paragraph above, the Central Authority may require the document to be written in, or translated into, the official language or one of the official languages of the State addressed.

That part of the request, in the form attached to the present Convention, which contains a summary of the document to be served, shall be served with the document.

Article 6

The Central Authority of the State addressed or any authority which it may have designated for that purpose, shall complete a certificate in the form of the model annexed to the present Convention.

The certificate shall state that the document has been served and shall include the method, the place and the date of service and the person to whom the document was delivered. If the document has not been served, the certificate shall set out the reasons which have prevented service.

The applicant may require that a certificate not completed by a Central Authority or by a judicial authority shall be countersigned by one of these authorities.

The certificate shall be forwarded directly to the applicant.

Article 7

The standard terms in the model annexed to the present Convention shall in all cases be written either in French or in English. They may also be writ-

opinberum tungumálum þess ríkis sem skjölin koma frá.

Viðeigandi eyður skulu útfylltar annaðhvort á opinberu tungumáli þess ríkis sem beiðni er send til eða á frönsku eða ensku.

8. gr.

Hverju samningsríki er rétt að fela sendierindrekum eða ræðiserindrekum sínum að birta réttarskjöl milliliðalaust fyrir mönnum erlendis, ef ekki er beitt þvingun af neinu tagi.

Hvert ríki getur lýst yfir andmælum við slíkri birtingu innan yfirráðasvæðis síns, nema birta skuli fyrir ríkisborgara þess ríkis sem skjal kemur frá.

9. gr.

Hverju samningsríki er einnig rétt að senda skjöl til birtingar fyrir milligöngu ræðismanns til þeirra yfirvalda annars samningsríkis sem það síðarnefnda tilnefnir í því skyni.

Þegar sérstakar ástæðu eru fyrir hendi getur samningsríki sent skjöl í sama tilgangi eftir diplómatískum leiðum.

10. gr.

Hafi andmæli ekki verið höfð uppi af því ríki sem beiðni er send til kemur samningur þessi ekki í veg fyrir að:

a. réttarskjöl séu send með pósti beint til þeirra sem eru erlendis,
b. starfsmenn dómstóla, opinberir starfsmenn eða aðrir sem eru bærir til að birta réttarskjöl í því ríki sem skjöl koma frá láti birta beint fyrir milligöngu starfsmanna dómstóla, opinberra starfsmanna eða annarra sem til þess eru bærir í því ríki sem beiðni er send til,
c. hver sem hefur hagsmuni af máli birti réttarskjöl beint fyrir milligöngu starfsmanna dómstóla, opinberra starfsmanna eða annarra sem til þess eru bærir í því ríki sem beiðni er send til.

11. gr.

Samningur þessi skal ekki hindra að tvö eða fleiri samningsríki komi sér saman um að leyfa aðrar boðleiðir til birtingar réttarskjala en hér hefur verið kveðið er á um og tekur það sérstaklega til beinna samskipta milli hlutaðeigandi yfirvalda þeirra.

ten in the official language, or in one of the official languages, of the State in which the documents originate.

The corresponding blanks shall be completed either in the language of the State addressed or in French or in English.

Article 8

Each Contracting State shall be free to effect service of judicial documents upon persons abroad, without application of any compulsion, directly through its diplomatic or consular agents.

Any State may declare that it is opposed to such service within its territory, unless the document is to be served upon a national of the State in which the documents originate.

Article 9

Each Contracting State shall be free, in addition, to use consular channels to forward documents, for the purpose of service, to those authorities of another Contracting State which are designated by the latter for this purpose.

Each Contracting State may, if exceptional circumstances so require, use diplomatic channels for the same purpose.

Article 10

Provided the State of destination does not object, the present Convention shall not interfere with –

a) the freedom to send judicial documents, by postal channels, directly to persons abroad,
b) the freedom of judicial officers, officials or other competent persons of the State of origin to effect service of judicial documents directly through the judicial officers, officials or other competent persons of the State of destination,

c) the freedom of any person interested in a judicial proceeding to effect service of judicial documents directly through the judicial officers, officials or other competent persons of the State of destination.

Article 11

The present Convention shall not prevent two or more Contracting States from agreeing to permit, for the purpose of service of judicial documents, channels of transmission other than those provided for in the preceding Articles and, in particular, direct communication between their respective authorities.

12. gr.

Birting réttarskjala frá samningsríki skal vera án greiðslu eða endurgreiðslu gjalda eða kostnaðar vegna þjónustu þess ríkis sem beiðni er send til.

Beiðandi skal greiða eða endurgreiða kostnað sem leiðir af:

a. þjónustu starfsmanns dómstóls eða annars manns sem er valdbær samkvæmt lögum þess ríkis sem beiðni er send til,
b. notkun sérstakrar aðferðar til birtingar.

13. gr.

Þegar fullnægt er skilyrðum þessa samnings verður beiðni um birtingu ekki hafnað nema ríki sem beiðni er send til telji framkvæmd hennar íhlutun í fullveldi sitt eða öryggi.

Beiðni verður ekki synjað af þeirri ástæðu einni að sakarefni eigi samkvæmt lögum aðeins undir dómstóla þess ríkis sem beiðni er send til eða beiðni varði málssókn sem ekki sé heimil í lögum þess.

Nú er beiðni synjað og skal þá miðlægt stjórnvald þegar tilkynna það beiðanda og greina frá ástæðum þess.

14. gr.

Vandkvæði sem geta komið upp vegna sendingar réttarskjala til birtingar skal leysa eftir diplómatískum leiðum.

15. gr.

Þegar senda hefur þurft stefnu eða samsvarandi skjal úr landi til birtingar samkvæmt ákvæðum þessa samnings og stefndi hefur ekki sótt þing skal dómur ekki kveðinn upp nema leitt sé í ljós að:

a. skjalið hafi verið birt í samræmi við lög þess ríkis sem beiðni var send til um birtingu skjala fyrir mönnum á yfirráðasvæði þess í málum sem rekin eru þar, eða

b. skjalið hafi í raun verið afhent stefnda eða á heimili hans með annarri aðferð sem kveðið er á um í samningi þessum,

og í hvoru þessara tilvika hafi birting eða afhending farið fram svo tímanlega að stefnda hafi verið kleift að taka til varna.

Hverju samningsríki er rétt að lýsa því yfir að dómari geti þrátt fyrir 1. mgr. kveðið upp dóm jafnvel þótt vottorð um birtingu eða afhendingu hafi ekki borist, ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

a. skjalið hefur verið sent með einhverjum þeim aðferðum sem kveðið er á um í samningi þessum,

Article 12

The service of judicial documents coming from a Contracting State shall not give rise to any payment or reimbursement of taxes or costs for the services rendered by the State addressed.

The applicant shall pay or reimburse the costs occasioned by-

a) the employment of a judicial officer or of a person competent under the law of the State of destination,
b) the use of a particular method of service.

Article 13

Where a request for service complies with the terms of the present Convention, the State addressed may refuse to comply therewith only if it deems that compliance would infringe its sovereignty or security.

It may not refuse to comply solely on the ground that, under its internal law, it claims exclusive jurisdiction over the subject-matter of the action or that its internal law would not permit the action upon which the application is based.

The Central Authority shall, in case of refusal, promptly inform the applicant and state the reasons for the refusal.

Article 14

Difficulties which may arise in connection with the transmission of judicial documents for service shall be settled through diplomatic channels.

Article 15

Where a writ of summons or an equivalent document had to be transmitted abroad for the purpose of service, under the provisions of the present Convention, and the defendant has not appeared, judgment shall not be given until it is established that –

a) the document was served by a method prescribed by the internal law of the State addressed for the service of documents in domestic actions upon persons who are within its territory, or
b) the document was actually delivered to the defendant or to his residence by another method provided for by this Convention,

and that in either of these cases the service or the delivery was effected in sufficient time to enable the defendant to defend.

Each Contracting State shall be free to declare that the judge, notwithstanding the provisions of the first paragraph of this Article, may give judgment even if no certificate of service or delivery has been received, if all the following conditions are fulfilled-

a) the document was transmitted by one of the methods provided for in this Convention,

b. liðinn er hæfilegur frestur að mati dómara, þó ekki skemmri en sex mánuðir, frá þeim degi er skjalið var sent,

c. ekki hafi borist vottorð af neinu tagi þótt allt hafi verið gert til öflunar þess, sem með sanngirni má ætlast til, fyrir millligöngu þar til bærra yfirvalda í því ríki sem beiðni var send til.

Þrátt fyrir framangreindar málsgreinar getur dómari gefið fyrirmæli um bráðabirgða- og verndarráðstafanir, ef brýna nauðsyn ber til.

16. gr.

Nú hefur þurft að senda stefnu eða samsvarandi skjal úr landi til birtingar samkvæmt ákvæðum þessa samnings, og dómur gengið á hendur stefnda, sem sótti ekki þing, og skal dómara þá heimilt að undanþiggja stefnda frá áhrifum þess að liðinn sé frestur til að leita endurskoðunar dóms ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

a. stefnda var, sér að ósekju, hvorki kunnugt um skjalið svo tímanlega að hann gæti tekið til varna né fékk vitneskju um dóm svo tímanlega að hann gæti leitað endurskoðunar, og
b. stefndi hefur uppi efnislegar varnir sem við fyrstu sýn virðast á rökum reistar.

Beiðni um undanþágu verður að leggja fram innan hæfilegs tíma frá því er stefndi fékk vitneskju um dóm.

Samningsríki getur lýst því yfir að slík beiðni verði ekki tekin til meðferðar ef hún er lögð fram að liðnum þeim fresti sem tilgreindur skal í yfirlýsingunni, en sá frestur skal þó aldrei vera skemmri en eitt ár frá dómsuppkvaðningu.

Þessi grein gildir ekki um dóma er varða réttarstöðu eða hæfi manna.

II. KAFLI – **Utanréttarskjöl.**

17. gr.

Utanréttarskjöl, sem koma frá stjórnvöldum eða starfsmönnum dómstóla í samningsríki, má senda til birtingar í öðru samningsríki með þeirri aðferð sem kveðið er á um í samningi þessum og í samræmi við fyrirmæli hans.

III. KAFLI – **Almennar reglur.**

18. gr.

Hvert samningsríki getur tilnefnt önnur yfirvöld til viðbótar miðlægu stjórnvaldi og skal ákveða valdsvið þeirra.

Beiðanda er þó ávallt rétt að senda beiðni sína beint til miðlæga stjórnvaldsins.

b) a period of time of not less than six months, considered adequate by the judge in the particular case, has elapsed since the date of the transmission of the document,
c) no certificate of any kind has been received, even though every reasonable effort has been made to obtain it through the competent authorities of the State addressed.

Notwithstanding the provisions of the preceding paragraphs the judge may order, in case of urgency, any provisional or protective measures.

Article 16

When a writ of summons or an equivalent document had to be transmitted abroad for the purpose of service, under the provisions of the present Convention, and a judgment has been entered against a defendant who has not appeared, the judge shall have the power to relieve the defendant from the effects of the expiration of the time for appeal from the judgment if the following conditions are fulfilled –

a) the defendant, without any fault on his part, did not have knowledge of the document in sufficient time to defend, or knowledge of the judgment in sufficient time to appeal, and
b) the defendant has disclosed a *prima facie* defence to the action on the merits.

An application for relief may be filed only within a reasonable time after the defendant has knowledge of the judgment.

Each Contracting State may declare that the application will not be entertained if it is filed after the expiration of a time to be stated in the declaration, but which shall in no case be less than one year following the date of the judgment.

This Article shall not apply to judgments concerning status or capacity of persons.

CHAPTER II – EXTRAJUDICIAL DOCUMENTS

Article 17

Extrajudicial documents emanating from authorities and judicial officers of a Contracting State may be transmitted for the purpose of service in another Contracting State by the methods and under the provisions of the present Convention.

CHAPTER III – GENERAL CLAUSES

Article 18

Each Contracting State may designate other authorities in addition to the Central Authority and shall determine the extent of their competence.

The applicant shall, however, in all cases, have the right to address a request directly to the Central Authority.

Sambandsríkjum er rétt að tilnefna fleiri en eitt miðlægt stjórnvald.

19. gr.

Samningur þessi kemur ekki í veg fyrir að lög samningsríkis heimili að skjöl erlendis frá séu send með öðrum hætti en kveðið er á um í framangreindum ákvæðum til birtingar innan yfirráðasvæði þess.

20. gr.

Samningur þessi kemur ekki í veg fyrir að tvö eða fleiri samningsríki geri með sér samkomulag um að víkja frá:

a. að senda beri skjöl í tvíriti skv. 2. mgr. 3. gr.,

b. áskilnað um tungumál í 3. mgr. 5. gr. og 7. gr.,

c. ákvæði 4. mgr. 5. gr.,

d. ákvæði 2. mgr. 12. gr.

21. gr.

Við afhendingu fullgildingar- eða aðildarskjals eða síðar skal hvert samningsríki skýra utanríkisráðuneyti Hollands frá eftirfarandi:

a. tilnefningu yfirvalda skv. 2. gr. og 18. gr.,

b. tilnefningu yfirvalds sem bært er til að fylla út vottorð skv. 6. gr.,

c. tilnefningu yfirvalds sem bært er til að taka við skjölum sendum fyrir milligöngu ræðismanna skv. 9. gr.

Hvert samningsríki skal með sama hætti eftir því sem við á skýra ráðuneytinu frá eftirfarandi:

a. andmælum við sendingaraðferð skv. 8. og 10. gr.,

b. yfirlýsingum skv. 2. mgr. 15. gr. og 3. mgr. 16. gr.,

c. öllum breytingum á ofangreindum tilnefningum, andmælum og yfirlýsingum.

22. gr.

Milli ríkja sem eiga aðild að samningi þessum og einnig öðrum eða báðum samningunum um einkamálaréttarfar, sem undirritaðir voru í Haag 17. júlí 1905 og 1. mars 1954, skal samningur þessi koma í stað 1.–7. gr. fyrri samninganna.

Federal States shall be free to designate more than one Central Authority.

Article 19

To the extent that the internal law of a Contracting State permits methods of transmission, other than those provided for in the preceding Articles, of documents coming from abroad, for service within its territory, the present Convention shall not affect such provisions.

Article 20

The present Convention shall not prevent an agreement between any two or more Contracting States to dispense with –

a) the necessity for duplicate copies of transmitted documents as required by the second paragraph of Article 3,

b) the language requirements of the third paragraph of Article 5 and Article 7,

c) the provisions of the fourth paragraph of Article 5,

d) the provisions of the second paragraph of Article 12.

Article 21

Each Contracting State shall, at the time of the deposit of its instrument of ratification or accession, or at a later date, inform the Ministry of Foreign Affairs of the Netherlands of the following –

a) the designation of authorities, pursuant to Articles 2 and 18,

b) the designation of the authority competent to complete the certificate pursuant to Article 6,

c) the designation of the authority competent to receive documents transmitted by consular channels, pursuant to Article 9.

Each Contracting State shall similarly inform the Ministry, where appropriate, of –

a) opposition to the use of methods of transmission pursuant to Articles 8 and 10,

b) declarations pursuant to the second paragraph of Article 15 and the third paragraph of Article 16,

c) all modifications of the above designations, oppositions and declarations.

Article 22

Where Parties to the present Convention are also Parties to one or both of the Conventions on civil procedure signed at The Hague on 17th July 1905, and on 1st March 1954, this Convention shall replace as between them Articles 1 to 7 of the earlier Conventions.

23. gr.

Samningur þessi hefur hvorki áhrif á beitingu 23. gr. samningsins um einkamálaréttarfar, sem undirritaður var í Haag 17. júlí 1905, né 24. gr. samningsins um einkamálaréttarfar, sem undirritaður var í Haag 1. mars 1954.

Þessi ákvæði gilda þó aðeins ef notaðir eru sömu samskiptahættir og kveðið er á um í samningi þessum.

Article 23

The present Convention shall not affect the application of Article 23 of the Convention on civil procedure signed at The Hague on 17th July 1905, or of Article 24 of the Convention on civil procedure signed at The Hague on 1st March 1954.

These Articles shall, however, apply only if methods of communication, identical to those provided for in these Conventions, are used.

24. gr.

Viðbótarsamningar milli ríkja sem eiga aðild að samningunum frá 1905 og 1954 skulu einnig taldir eiga við um þennan samning, nema annað hafi verið ákveðið.

Article 24

Supplementary agreements between Parties to the Conventions of 1905 and 1954 shall be considered as equally applicable to the present Convention, unless the Parties have otherwise agreed.

25. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 22. og 24. gr. skal samningur þessi ekki gilda um samninga sem hafa að geyma ákvæði um málefni sem þessi samningur tekur til og samningsríki eru eða verða síðar aðilar að.

Article 25

Without prejudice to the provisions of Articles 22 and 24, the present Convention shall not derogate from Conventions containing provisions on the matters governed by this Convention to which the Contracting States are, or shall become, Parties.

26. gr.

Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu þeirra ríkja sem áttu fulltrúa á tíunda fundi Haagráðstefnunnar um alþjóðlegan einkamálarétt.

Hann skal fullgiltur og skulu fullgildingarskjöl afhent utanríkisráðuneyti Hollands.

Article 26

The present Convention shall be open for signature by the States represented at the Tenth Session of the Hague Conference on Private International Law.

It shall be ratified, and the instruments of ratification shall be deposited with the Ministry of Foreign Affairs of the Netherlands.

27. gr.

Samningur þessi skal öðlast gildi á sextugasta degi eftir að þriðja fullgildingarskjalið hefur verið afhent, sbr. 2. mgr. 26. gr.

Gagnvart hverju ríki, sem undirritað hefur samninginn og fullgildir hann síðar, öðlast hann gildi á sextugasta degi eftir að fullgildingarskjal hefur verið afhent.

Article 27

The present Convention shall enter into force on the sixtieth day after the deposit of the third instrument of ratification referred to in the second paragraph of Article 26.

The Convention shall enter into force for each signatory State which ratifies subsequently on the sixtieth day after the deposit of its instrument of ratification.

28. gr.

Ríki sem ekki átti aðild að tíunda fundi Haagráðstefnunnar um alþjóðlegan einkamálarétt getur gerst aðili að samningi þessum eftir að hann hefur öðlast gildi í samræmi við 1. mgr. 27. gr. Aðildarskjal skal afhent utanríkisráðuneyti Hollands.

Samningurinn öðlast gildi gagnvart slíku ríki nema ríki sem fullgilt hefur samninginn fyrir afhendinguna hafi uppi andmæli við utanríkisráðuneyti

Article 28

Any State not represented at the Tenth Session of the Hague Conference on Private International Law may accede to the present Convention after it has entered into force in accordance with the first paragraph of Article 27. The instrument of accession shall be deposited with the Ministry of Foreign Affairs of the Netherlands.

The Convention shall enter into force for such a State in the absence of any objection from a State, which has ratified the Convention before such de-

Hollands innan sex mánaða frá þeim degi er ráðuneytið tilkynnir því um aðildina.

Komi ekki fram slík andmæli skal samningurinn öðlast gildi gagnvart ríki sem gerist aðili að honum á fyrsta degi næsta mánaðar eftir að síðasta fresti lýkur samkvæmt næstu málsgrein hér á undan.

29. gr.

Við undirritun, fullgildingu eða aðild getur ríki lýst því yfir að samningur þessi taki í alþjóðlegum samskiptum til allra svæða sem viðkomandi ríki ber ábyrgð á, eða til eins þeirra eða fleiri. Slík yfirlýsing skal taka gildi á þeim degi er samningurinn öðlast gildi gagnvart viðkomandi ríki.

Eftir það skal tilkynna um slíka útfærslu til utanríkisráðuneytis Hollands.

Gagnvart þeim svæðum sem útfærsla tekur til skal samningurinn öðlast gildi sextíu dögum eftir tilkynningu sem getur í næstu málsgrein hér á undan.

30. gr.

Samningur þessi gildir í fimm ár frá þeim degi er hann öðlast gildi skv. 1. mgr. 27. gr., og gildir það einnig gagnvart ríkjum sem síðar fullgilda eða gerast aðilar að samningnum.

Ef samningnum hefur ekki verið sagt upp framlengist hann sjálfkrafa um fimm ár í senn.

Uppsögn skal tilkynna utanríkisráðuneyti Hollands eigi síðar en sex mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins.

Takmarka má hana við ákveðin landsvæði sem samningurinn tekur til.

Uppsögn hefur aðeins gildi gagnvart því ríki sem hefur tilkynnt um hana. Samningurinn heldur gildi sínu milli annarra samningsríkja.

31. gr.

Utanríkisráðuneyti Hollands skal tilkynna þeim ríkjum sem getur í 26. gr., og ríkjum sem gerst hafa aðilar skv. 28. gr., um:

a. undirritanir og fullgildingar skv. 26. gr.,

b. gildistökudag samnings þessa skv. 1. mgr. 27. gr.,

posit, notified to the Ministry of Foreign Affairs of the Netherlands within a period of six months after the date on which the said Ministry has notified it of such accession.

In the absence of any such objection, the Convention shall enter into force for the acceding State on the first day of the month following the expiration of the last of the periods referred to in the preceding paragraph.

Article 29

Any State may, at the time of signature, ratification or accession, declare that the present Convention shall extend to all the territories for the international relations of which it is responsible, or to one or more of them. Such a declaration shall take effect on the date of entry into force of the Convention for the State concerned.

At any time thereafter, such extensions shall be notified to the Ministry of Foreign Affairs of the Netherlands.

The Convention shall enter into force for the territories mentioned in such an extension on the sixtieth day after the notification referred to in the preceding paragraph.

Article 30

The present Convention shall remain in force for five years from the date of its entry into force in accordance with the first paragraph of Article 27, even for States which have ratified it or acceded to it subsequently.

If there has been no denunciation, it shall be renewed tacitly every five years.

Any denunciation shall be notified to the Ministry of Foreign Affairs of the Netherlands at least six months before the end of the five year period.

It may be limited to certain of the territories to which the Convention applies.

The denunciation shall have effect only as regards the State which has notified it. The Convention shall remain in force for the other Contracting States.

Article 31

The Ministry of Foreign Affairs of the Netherlands shall give notice to the States referred to in Article 26, and to the States which have acceded in accordance with Article 28, of the following –

a) the signatures and ratifications referred to in Article 26;

b) the date on which the present Convention enters into force in accordance with the first paragraph of Article 27;

c. aðild skv. 28. gr. og hvenær hún öðlast gildi,

d. útfærslu skv. 29. gr. og hvenær hún öðlast gildi,

e. tilnefningar, andmæli og yfirlýsingar skv. 21. gr.,

f. uppsagnir skv. 3. mgr. 30. gr.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Haag 15. nóvember 1965 á ensku og frönsku, og eru báðir textar jafngildir, í einu eintaki, sem varðveitt skal í skjalasafni ríkisstjórnar Hollands, og staðfest endurrit skal sent eftir diplómatískum leiðum til hvers ríkis sem átti aðild að tíunda fundi Haagráðstefnunnar um alþjóðlegan einkamálarétt.

c) the accessions referred to in Article 28 and the dates on which they take effect;

d) the extensions referred to in Article 29 and the dates on which they take effect;

e) the designations, oppositions and declarations referred to in Article 21;

f) the denunciations referred to in the third paragraph of Article 30.

In witness whereof the undersigned, being duly authorised thereto, have signed the present Convention.

Done at The Hague, on the 15th day of November, 1965, in the English and French languages, both texts being equally authentic, in a single copy which shall be deposited in the archives of the Government of the Netherlands, and of which a certified copy shall be sent, through the diplomatic channel, to each of the States represented at the Tenth Session of the Hague Conference on Private International Law.

FORMÁLAR (BEIÐNI OG VOTTORÐ)
SAMANTEKT SKJALS TIL BIRTINGAR

(viðaukar fyrir 3., 5., 6. og 7. gr.)

VIÐAUKI VIÐ SAMNINGINN

Formálar.

REQUEST FOR SERVICE ABROAD OF JUDICIAL OR EXTRAJUDICIAL DOCUMENTS

Convention on the Service Abroad of Judicial and Extrajudicial Documents in Civil or Commercial Matters, signed at The Hague, the 15th of November 1965.

Identity and address of the applicant	Address of receiving authority

The undersigned applicant has the honour to transmit – in duplicate – the documents listed below and, in conformity with Article 5 of the above-mentioned

FORMS (REQUEST AND CERTIFICATE)
SUMMARY OF THE DOCUMENT TO BE SERVED

(annexes provided for Articles 3, 5, 6 and 7)

ANNEX TO THE CONVENTION

Forms

REQUEST FOR SERVICE ABROAD OF JUDICIAL OR EXTRAJUDICIAL DOCUMENTS

Convention on the Service Abroad of Judicial and Extrajudicial Documents in Civil or Commercial Matters, signed at The Hague, the 15th of November 1965.

Identity and address of the applicant	Address of receiving authority

The undersigned applicant has the honour to transmit – in duplicate – the documents listed below and, in conformity with Article 5 of the above-mentioned

Convention, requests prompt service of one copy thereof on the addressee, *i.e*,
(identity and address)

a) in accordance with the provisions of sub-paragraph *(a)* of the first paragraph of Article 5 of the Convention*.
b) in accordance with the following particular method (sub-paragraph *(b)* of the first paragraph of Article 5)*:

c) by delivery to the addressee, if he accepts it voluntarily (second paragraph of Article 5)*.

The authority is requested to return or to have returned to the applicant a copy of the documents – and of the annexes* – with a certificate as provided on the reverse side.

List of documents

Done at . . . . . , the . . . . . .

Signature and/or stamp.

* Delete if inappropriate.

Reverse of the request

CERTIFICATE

The undersigned authority has the honour to certify, in conformity with Article 6 of the Convention,

1) that the document has been served*
– the (date)
– at (place, street, number)
– in one of the following methods authorised by Article 5:
a) in accordance with the provisions of sub-paragraph *(a)* of the first paragraph of Article 5 of the Convention*.
b) in accordance with the following particular method*:

c) by delivery to the addressee, who accepted it voluntarily*.

The documents referred to in the request have been delivered to:
– (identity and description of person)

Convention, requests prompt service of one copy thereof on the addressee, *i.e*,
(identity and address)

a) in accordance with the provisions of sub-paragraph *(a)* of the first paragraph of Article 5 of the Convention*.
b) in accordance with the following particular method (sub-paragraph *(b)* of the first paragraph of Article 5)*:

c) by delivery to the addressee, if he accepts it voluntarily (second paragraph of Article 5)*.

The authority is requested to return or to have returned to the applicant a copy of the documents – and of the annexes* – with a certificate as provided on the reverse side.

List of documents

Done at . . . . . , the . . . . . .

Signature and/or stamp.

* Delete if inappropriate.

Reverse of the request

CERTIFICATE

The undersigned authority has the honour to certify, in conformity with Article 6 of the Convention,

1) that the document has been served*
– the (date)
– at (place, street, number)
– in one of the following methods authorised by Article 5:
a) in accordance with the provisions of sub-paragraph *(a)* of the first paragraph of Article 5 of the Convention*.
b) in accordance with the following particular method*:

c) by delivery to the addressee, who accepted it voluntarily*.

The documents referred to in the request have been delivered to:
– (identity and description of person)

– relationship to the addressee (family, business or other):

2) that the document has not been served, by reason of the following facts*:

In conformity with the second paragraph of Article 12 of the Convention, the applicant is requested to pay or reimburse the expenses detailed in the attached statement*.

Annexes

Documents returned:

In appropriate cases, documents establishing the service:

Done at . . . . . , the . . . . . .

Signature and/or stamp.

* Delete if inappropriate.

SUMMARY OF THE DOCUMENT TO BE SERVED

Convention on the Service Abroad of Judicial and Extrajudicial Documents in Civil or Commercial Matters, signed at The Hague, the 15th of November 1965.

(Article 5, fourth paragraph)

Name and address of the requesting authority:

Particulars of the parties*:

JUDICIAL DOCUMENT**

Nature and purpose of the document:

Nature and purpose of the proceedings and, where appropriate, the amount in dispute:

Date and place for entering appearance**:

Court which has given judgment**:

Date of judgment**:

– relationship to the addressee (family, business or other):

2) that the document has not been served, by reason of the following facts*:

In conformity with the second paragraph of Article 12 of the Convention, the applicant is requested to pay or reimburse the expenses detailed in the attached statement*.

Annexes

Documents returned:

In appropriate cases, documents establishing the service:

Done at . . . . . , the . . . . . .

Signature and/or stamp.

* Delete if inappropriate.

SUMMARY OF THE DOCUMENT TO BE SERVED

Convention on the Service Abroad of Judicial and Extrajudicial Documents in Civil or Commercial Matters, signed at The Hague, the 15th of November 1965.

(Article 5, fourth paragraph)

Name and address of the requesting authority:

Particulars of the parties*:

JUDICIAL DOCUMENT**

Nature and purpose of the document:

Nature and purpose of the proceedings and, where appropriate, the amount in dispute:

Date and place for entering appearance**:

Court which has given judgment**:

Date of judgment**:

Time-limits stated in the document**:

EXTRAJUDICIAL DOCUMENT**

Nature and purpose of the document:

Time-limits stated in the document**:

* If appropriate, identity and address of the person interested in the transmission of the document.
** Delete if inappropriate.

Time-limits stated in the document**:

EXTRAJUDICIAL DOCUMENT**

Nature and purpose of the document:

Time-limits stated in the document**:

* If appropriate, identity and address of the person interested in the transmission of the document.
** Delete if inappropriate.

Fylgiskjal III.

SAMNINGUR
um öflun sönnunargagna erlendis í einkamálum og verslunarmálum.

(1970)

Ríki þau sem undirrita samning þennan,

sem vilja auðvelda sendingu og framkvæmd réttarbeiðna og greiða fyrir mismunandi aðferðum sem þau beita í því skyni,

sem vilja bæta samvinnu á sviði einkamála og verslunarmála,

hafa í því augnamiði ákveðið að gera samning og hafa orðið ásátt um eftirfarandi ákvæði:

I. KAFLI – **Réttarbeiðnir.**

1. gr.

Í einkamálum og verslunarmálum getur dómsmálayfirvald í samningsríki, í samræmi við lög þess ríkis, með réttarbeiðni gagnvart viðeigandi dómsmálayfirvalds í öðru samningsríki, óskað eftir að aflað verði sönnunargagna eða að önnur dómsathöfn verði framkvæmd.

Réttarbeiðni skal ekki senda til að afla sönnunargagna sem ekki eru ætluð vegna dómsmáls, sem hefur verið höfðað eða er fyrirhugað.

Með orðtakinu „önnur dómsathöfn“ er ekki átt við birtingu réttarskjala eða aðgerðir til að fullnægja dómi eða hrinda í framkvæmd fyrirmælum eða aðgerðir til bráðabirgða eða verndar.

2. gr.

Samningsríki skal tilnefna miðlægt stjórnvald sem tekur við réttarbeiðnum frá dómsmálayfirvöldum í öðru samningsríki og framsendir því yfirvaldi sem bært er til að framkvæma þær. Hvert ríki skal skipa miðlægt stjórnvald samkvæmt eigin löggjöf.

Réttarbeiðnir skulu sendar miðlægu stjórnvaldi þess ríkis sem framkvæmir hana án milligöngu annarra yfirvalda í því ríki.

3. gr.

Í réttarbeiðni skal greina:

a. það yfirvald sem óskar eftir framkvæmd hennar og það yfirvald sem óskað er að framkvæmi hana, ef því yfirvaldi sem beiðni kemur frá er kunnugt um það yfirvald,

CONVENTION ON THE TAKING OF EVIDENCE ABROAD IN CIVIL OR COMMERCIAL MATTERS

(Concluded March 18, 1970)

The States signatory to the present Convention,

Desiring to facilitate the transmission and execution of Letters of Request and to further the accommodation of the different methods which they use for this purpose,

Desiring to improve mutual judicial co-operation in civil or commercial matters,

Have resolved to conclude a Convention to this effect and have agreed upon the following provisions:

CHAPTER I – LETTERS OF REQUEST

Article 1

In civil or commercial matters a judicial authority of a Contracting State may, in accordance with the provisions of the law of that State, request the competent authority of another Contracting State, by means of a Letter of Request, to obtain evidence, or to perform some other judicial act.

A Letter shall not be used to obtain evidence which is not intended for use in judicial proceedings, commenced or contemplated.

The expression “other judicial act” does not cover the service of judicial documents or the issuance of any process by which judgments or orders are executed or enforced, or orders for provisional or protective measures.

Article 2

A Contracting State shall designate a Central Authority which will undertake to receive Letters of Request coming from a judicial authority of another Contracting State and to transmit them to the authority competent to execute them. Each State shall organize the Central Authority in accordance with its own law.

Letters shall be sent to the Central Authority of the State of execution without being transmitted through any other authority of that State.

Article 3

A Letter of Request shall specify–

a) the authority requesting its execution and the authority requested to execute it, if known to the requesting authority;

b. nöfn og heimili málsaðila og umboðsmenn þeirra, ef við á,
c. um hvers konar mál er að ræða sem umbeðin sönnunargögn eru ætluð fyrir, ásamt öllum nauðsynlegum upplýsingum þar að lútandi,
d. hvaða sönnunargagna skuli aflað eða hvaða dómsathöfn framkvæmd.

Þar sem við á skal meðal annars tilgreina í beiðni:

e. nöfn og heimil þeirra sem á að yfirheyra,
f. þær spurningar sem leggja á fyrir þá sem á að yfirheyra eða yfirlýsingu um það efni sem yfirheyra á þá um,
g. þau skjöl eða aðrar eignir, fasteignir eða lausafé, skoða skal,
h. hvort þess sé óskað að sönnunargögn verði gefin með eiði eða þau staðfest og hvort gæta beri sérstakra formsatriða,
i. hvort gæta beri sérstakra aðferða eða málsmeðferðar skv. 9. gr.

Í beiðni má einnig greina nauðsynlegar upplýsingar til að 11. gr. verði beitt.

Ekki skal gerð krafa um löggildingu eða önnur formsatriði af því tagi.

4. gr.

Réttarbeiðni skal vera rituð á tungumáli þess yfirvalds sem óskað er að framkvæmi hana en annars skal fylgja þýðing yfir á það tungumál.

Samningsríki skal þó taka við beiðni sem rituð er á ensku eða frönsku, eða í þýðingu á annað hvort þessara tungumála, hafi það ekki gert fyrirvara samkvæmt heimild í 33. gr.

Nú getur samningsríki með fleiri en eitt opinbert tungumál vegna eigin laga ekki fallist á fyrir allt sitt yfirráðasvæði beiðni, sem rituð er á annað hvort þessara tungumála, og skal þá með yfirlýsingu tilgreina það tungumál sem beiðni eða þýðing hennar skal vera rituð á svo hún verði framkvæmd í ákveðnum hlutum yfirráðasvæðisins. Ef slíkri yfirlýsingu er ekki fylgt án réttmætrar ástæðu skal kostnaður af þýðingu yfir á áskilið tungumál greiddur af því ríki sem beiðni kemur frá.

Samningsríki getur með yfirlýsingu tilgreint eitt eða fleiri tungumál, önnur en þau er getur í málsgrein næst á undan, sem senda má beiðni til miðlægs stjórnvalds þess.

Þýðing sem fylgir beiðni skal staðfest rétt af sendierindreka eða ræðiserindreka, eða af eiðsvörnum þýðanda eða öðrum sem löggiltur er til þess í öðru hvoru ríkinu.

b) the names and addresses of the parties to the proceedings and their representatives, if any;
c) the nature of the proceedings for which the evidence is required, giving all necessary information in regard thereto;
d) the evidence to be obtained or other judicial act to be performed.

Where appropriate, the Letter shall specify, *inter alia* –

e) the names and addresses of the persons to be examined;
f) the questions to be put to the persons to be examined or a statement of the subject-matter about which they are to be examined;
g) the documents or other property, real or personal, to be inspected;
h) any requirement that the evidence is to be given on oath or affirmation, and any special form to be used;
i) any special method or procedure to be followed under Article 9.

A Letter may also mention any information necessary for the application of Article 11.

No legalization or other like formality may be required.

Article 4

A Letter of Request shall be in the language of the authority requested to execute it or be accompanied by a translation into that language.

Nevertheless, a Contracting State shall accept a Letter in either English or French, or a translation into one of these languages, unless it has made the reservation authorized by Article 33.

A Contracting State which has more than one official language and cannot, for reasons of internal law, accept Letters in one of these languages for the whole of its territory, shall, by declaration, specify the language in which the Letter or translation thereof shall be expressed for execution in the specified parts of its territory. In case of failure to comply with this declaration, without justifiable excuse, the costs of translation into the required language shall be borne by the State of origin.

A Contracting State may, by declaration, specify the language or languages other than those referred to in the preceding paragraphs, in which a Letter may be sent to its Central Authority.

Any translation accompanying a Letter shall be certified as correct, either by a diplomatic officer or consular agent or by a sworn translator or by any other person so authorized in either State.

5. gr.

Ef miðlægt stjórnvald telur að beiðni fullnægi ekki kröfum samningsins skal það þegar tilkynna því yfirvaldi í ríkinu sem sendi réttarbeiðnina og tilgreina andmæli sín við beiðninni.

Article 5

If the Central Authority considers that the request does not comply with the provisions of the present Convention, it shall promptly inform the authority of the State of origin which transmitted the Letter of Request, specifying the objections to the Letter.

6. gr.

Nú er það yfirvald sem réttarbeiðni er send til er ekki bært til þess að framfylgja henni og skal þá beiðnin þegar framsend því yfirvaldi í ríkinu sem til þess er bært samkvæmt ákvæðum laga.

Article 6

If the authority to whom a Letter of Request has been transmitted is not competent to execute it, the Letter shall be sent forthwith to the authority in the same State which is competent to execute it in accordance with the provisions of its own law.

7. gr.

Eftir ósk þess yfirvalds sem beiðni kemur frá skal tilkynna því hvar og hvenær réttarbeiðni verður tekin fyrir svo málsaðilar og umboðsmenn þeirra, ef við á, geti verið viðstaddir. Upplýsingar þar að lútandi skulu sendar beint til aðila eða umboðsmanna þeirra ef yfirvald þess ríkis sem beiðni kemur frá fer þess á leit.

Article 7

The requesting authority shall, if it so desires, be informed of the time when, and the place where, the proceedings will take place, in order that the parties concerned, and their representatives, if any, may be present. This information shall be sent directly to the parties or their representatives when the authority of the State of origin so requests.

8. gr.

Samningsríki getur lýst því yfir að starfsmenn dómstóla hjá yfirvaldi annars samningsríkis sem beiðni kemur frá megi vera viðstaddir þegar réttarbeiðni er framkvæmd. Krefjast má undanfarandi heimildar frá til þess bæru yfirvaldi sem tilnefnt er af því ríki sem gefur yfirlýsinguna.

Article 8

A Contracting State may declare that members of the judicial personnel of the requesting authority of another Contracting State may be present at the execution of a Letter of Request. Prior authorization by the competent authority designated by the declaring State may be required.

9. gr.

Það dómsmálayfirvald sem framkvæmir réttarbeiðni skal fara að lögum eigin ríkis um þá málsmeðferð sem fylgt er.

Þó má beita sérstakri málsmeðferð ef það yfirvald sem beiðni kemur frá óskar þess, svo framarlega sem það brýtur ekki í bága við lög í því ríki þar sem beiðnin er framkvæmd eða er ómögulegt vegna réttarframkvæmdar eða örðugleika í framkvæmd.

Réttarbeiðni skal framkvæmd án tafar.

Article 9

The judicial authority which executes a Letter of Request shall apply its own law as to the methods and procedures to be followed.

However, it will follow a request of the requesting authority that a special method or procedure be followed, unless this is incompatible with the internal law of the State of execution or is impossible of performance by reason of its internal practice and procedure or by reason of practical difficulties.

A Letter of Request shall be executed expeditiously.

10. gr.

Þegar réttarbeiðni er framkvæmd skal það yfirvald sem hún er send til beita viðeigandi þvingunarúrræðum í sömu tilvikum og að sama marki og gert er ráð fyrir í lögum ríkisins þegar framfylgt er fyrirmælum frá yfirvöldum þess eða beiðnum aðila að innlendu dómamáli.

Article 10

In executing a Letter of Request the requested authority shall apply the appropriate measures of compulsion in the instances and to the same extent as are provided by its internal law for the execution of orders issued by the authorities of its own country or of requests made by parties in internal proceedings.

11. gr.

Þegar réttarbeiðni er framfylgt getur sá einstaklingur sem á í hlut neitað að veita atbeina sinn að því marki sem honum er heimilt eða skylt að skorast undan að láta í té sönnunargögn samkvæmt:

a. lögum ríkis þar sem beiðni er framkvæmd, eða
b. lögum ríkis sem beiðni kemur frá, ef heimild eða skylda til að skorast undan að láta í té sönnunargögn hefur verið tilgreint í beiðni eða það er staðfest af því yfirvaldi sem beiðni kemur frá að frumkvæði yfirvalds sem beiðni er send til.

Samningsríki getur enn fremur lýst því yfir að það muni virða rétt og skyldu sem er fyrir hendi samkvæmt lögum annarra ríkja en ríkisins sem beiðni kemur frá og ríkisins sem framfylgir beiðni að því marki sem tilgreint er í yfirlýsingunni.

12. gr.

Réttarbeiðni verður aðeins synjað að því marki sem:

a. meðferð hennar er ekki á verksviði dómstóla í því ríki þar sem hún verður framkvæmd, eða

b. það ríki sem beiðni er send til telur framkvæmd hennar fela í sér íhlutun í fullveldi sitt eða öryggi.

Réttarbeiðni verður ekki synjað af þeirri ástæðu einni að sakarefnið eigi samkvæmt lögum aðeins undir dómstóla þess ríkis þar sem beiðni verður framkvæmd eða beiðni varði málsókn sem ekki sé heimil í lögum þess.

13. gr.

Það yfirvalds sem beiðni er send til skal senda eftir sömu leiðum og beiðnin barst því yfirvaldi sem beiðni kemur frá skjöl sem leiða í ljós að beiðnin hefur verið framkvæmd.

Í öllum tilvikum þegar réttarbeiðni er ekki framfylgt að einhverju leyti eða öllu skal tilkynna því yfirvaldi sem beiðni kemur frá eftir sömu leiðum og beiðnin barst og greina frá ástæðum þess.

14. gr.

Framkvæmd réttarbeiðni skal vera án endurgreiðslu gjalda eða kostnaðar af einhverju tagi.

Þó hefur það ríki þar sem beiðni verður framkvæmd rétt til að krefja ríkið sem beiðni kemur frá um endurgreiðslu á þóknun til sérfræðinga og þýðenda og þeim kostnaði sem leiðir af sérstakri málsmeðferð að ósk þess ríkis sem beiðni kemur frá, sbr. 2. mgr. 9. gr.

Nú leggja lög hjá því yfirvaldi sem beiðni er send til þá skyldu á aðila að afla sjálfir sönnunargagna, og þeim aðila sem á í hlut er það ókleift, og getur þá

Article 11

In the execution of a Letter of Request the person concerned may refuse to give evidence in so far as he has a privilege or duty to refuse to give the evidence –

a) under the law of the State of execution; or
b) under the law of the State of origin, and the privilege or duty has been specified in the Letter, or, at the instance of the requested authority, has been otherwise confirmed to that authority by the requesting authority.

A Contracting State may declare that, in addition, it will respect privileges and duties existing under the law of States other than the State of origin and the State of execution, to the extent specified in that declaration.

Article 12

The execution of a Letter of Request may be refused only to the extent that –

a) in the State of execution the execution of the Letter does not fall within the functions of the judiciary; or
b) the State addressed considers that its sovereignty or security would be prejudiced thereby.

Execution may not be refused solely on the ground that under its internal law the State of execution claims exclusive jurisdiction over the subject-matter of the action or that its internal law would not admit a right of action on it.

Article 13

The documents establishing the execution of the Letter of Request shall be sent by the requested authority to the requesting authority by the same channel which was used by the latter.

In every instance where the Letter is not executed in whole or in part, the requesting authority shall be informed immediately through the same channel and advised of the reasons.

Article 14

The execution of the Letter of Request shall not give rise to any reimbursement of taxes or costs of any nature.

Nevertheless, the State of execution has the right to require the State of origin to reimburse the fees paid to experts and interpreters and the costs occasioned by the use of a special procedure requested by the State of origin under Article 9, paragraph 2.

The requested authority whose law obliges the parties themselves to secure evidence, and which is not able itself to execute the Letter, may, after hav-

viðkomandi yfirvald tilnefnt hæfan mann í því skyni að fengnu samþykki þess yfirvalds sem beiðni kemur frá. Þegar leitað er eftir slíku samþykki skal það yfirvald sem beiðni er send til upplýsa um áætlaðan kostnað sem leiðir af þessari tilhögun. Ef það yfirvald sem beiðni kemur frá veitir samþykki sitt skal það endurgreiða allan kostnað sem til fellur, en án samþykkis ber yfirvaldið ekki ábyrgð á kostnaði.

ing obtained the consent of the requesting authority, appoint a suitable person to do so. When seeking this consent the requested authority shall indicate the approximate costs which would result from this procedure. If the requesting authority gives its consent it shall reimburse any costs incurred; without such consent the requesting authority shall not be liable for the costs.

II. KAFLI – **Öflun sönnunargagna með sendierindrekum, ræðiserindrekum eða sérstaklega tilnefndum mönnum.**

15. gr.

Í einkamálum og verslunarmálum getur sendierindreki eða ræðiserindreki samningsríkis án þvingunar aflað sönnunargagna á yfirráðasvæði annars samningsríkis og á starfssvæði sínu frá ríkisborgurum þess ríkis sem hann er í fyrirsvari fyrir vegna dómsmáls sem rekið er í því ríki.

Samningsríki getur lýst því yfir að sendierindreki eða ræðiserindreki megi aðeins afla sönnunargagna samkvæmt heimild sem veitt er eftir umsókn sem lögð er fram af honum eða á hans vegum hjá viðeigandi yfirvaldi tilnefndu af því ríki sem gefur yfirlýsinguna.

16. gr.

Sendierindreki eða ræðiserindreki samningsríkis getur einnig án þvingunar aflað sönnunargagna á yfirráðasvæði annars samningsríkis og á starfssvæði sínu frá ríkisborgurum þess ríkis þar sem hann starfar eða ríkisborgurum þriðja ríkis vegna dómsmáls sem rekið er í því ríki sem hann er í fyrirsvari fyrir, ef:

a. þar til bært yfirvald tilnefnt af því ríki þar sem hann starfar hefur gefið leyfi sitt, annaðhvort almennt eða í ákveðnu tilviki, og

b. hann gætir þeirra skilyrða sem til þess bæra yfirvaldið hefur sett í leyfinu.

Samningsríki getur lýst því yfir að sönnunargagna megi afla samkvæmt þessari grein án þess að það gefi leyfi sitt fyrirfram.

17. gr.

Í einkamálum eða verslunarmálum getur maður, sem löglega er tilnefndur í því skyni, án þvingunar aflað sönnunargagna á yfirráðasvæði samningsríkis vegna dómsmáls sem rekið er í öðru samningsríki, ef:

CHAPTER II – TAKING OF EVIDENCE BY DIPLOMATIC OFFICERS, CONSULAR AGENTS AND COMMISSIONERS

Article 15

In civil or commercial matters, a diplomatic officer or consular agent of a Contracting State may, in the territory of another Contracting State and within the area where he exercises his functions, take the evidence without compulsion of nationals of a State which he represents in aid of proceedings commenced in the courts of a State which he represents.

A Contracting State may declare that evidence may be taken by a diplomatic officer or consular agent only if permission to that effect is given upon application made by him or on his behalf to the appropriate authority designated by the declaring State.

Article 16

A diplomatic officer or consular agent of a Contracting State may, in the territory of another Contracting State and within the area where he exercises his functions, also take the evidence, without compulsion, of nationals of the State in which he exercises his functions or of a third State, in aid of proceedings commenced in the courts of a State which he represents, if –

a) a competent authority designated by the State in which he exercises his functions has given its permission either generally or in the particular case, and

b) he complies with the conditions which the competent authority has specified in the permission.

A Contracting State may declare that evidence may be taken under this Article without its prior permission.

Article 17

In civil or commercial matters, a person duly appointed as a commissioner for the purpose may, without compulsion, take evidence in the territory of a Contracting State in aid of proceedings commenced in the courts of another Contracting State, if –

a. þar til bært yfirvald tilnefnt af því ríki þar sem afla á sönnunargagna hefur gefið leyfi sitt, annaðhvort almennt eða í ákveðnu tilviki, og

b. hann gætir þeirra skilyrða sem til þess bæra yfirvaldið hefur sett í leyfinu.

Samningsríki getur lýst því yfir að sönnunargagna megi afla samkvæmt þessari grein án þess að það gefi leyfi sitt fyrirfram.

18. gr.

Samningsríki getur lýst því yfir að sendierindreki, ræðiserindreki eða sérstaklega tilnefndur maður, sem hafa heimild til að afla sönnunargagna eftir 15.–17. gr., geti sótt um viðeigandi aðstoð frá til þess bæru yfirvaldi tilnefndu af því ríki sem gefur yfirlýsinguna til að afla sönnunargagna með þvingunarúrræðum. Yfirlýsingin má hafa að geyma þau skilyrði sem ríkið sem hana gefur telur rétt að setja.

Ef yfirvaldið fellst á slíka beiðni skal það beita þeim þvingunarúrræðum sem eiga við lögum samkvæmt í innlendu dómsmáli.

19. gr.

Þegar til þess bært yfirvald hefur veitt leyfi skv. 15.–17. gr. eða fallist á umsókn skv. 18. gr., getur það sett þau skilyrði sem það telur rétt að setja, þar á meðal um hvar og hvenær sönnunargagna verði aflað. Einnig getur yfirvaldið gert þá kröfu að því verði tilkynnt með hæfilegum fyrirvara um hvenær og hvar sönnunargagna verði aflað og á þá fulltrúi þess rétt á að vera viðstaddur þegar það er gert.

20. gr.

Þegar sönnunargagna er aflað samkvæmt þessum kafla mega hlutaðeigandi aðilar hafa lögmann sér til aðstoðar.

21. gr.

Þegar sendierindreka, ræðiserindreka eða sérstaklega tilnefndum manni er heimilt að afla sönnunargagna skv. 15–17. gr.:

a. getur hann aflað hvers konar sönnunargagna sem ekki eru ósamrýmanleg lögum þess lands þar sem þeirra er aflað eða andstæð leyfi sem kann að hafa verið veitt samkvæmt ákvæðum hér á undan, en innan þeirra marka hefur hann vald til að eiðfesta eða taka við staðfestingu,

b. skal kvaðning til manns um að mæta eða láta sönnunargögn í té vera á tungumáli þess staðar þar sem gagna er aflað eða henni fylgja þýðing

a) a competent authority designated by the State where the evidence is to be taken has given its permission either generally or in the particular case; and

b) he complies with the conditions which the competent authority has specified in the permission.

A Contracting State may declare that evidence may be taken under this Article without its prior permission.

Article 18

A Contracting State may declare that a diplomatic officer, consular agent or commissioner authorized to take evidence under Articles 15, 16 or 17, may apply to the competent authority designated by the declaring State for appropriate assistance to obtain the evidence by compulsion. The declaration may contain such conditions as the declaring State may see fit to impose.

If the authority grants the application it shall apply any measures of compulsion which are appropriate and are prescribed by its law for use in internal proceedings.

Article 19

The competent authority, in giving the permission referred to in Articles 15, 16 or 17, or in granting the application referred to in Article 18, may lay down such conditions as it deems fit, *inter alia*, as to the time and place of the taking of the evidence. Similarly it may require that it be given reasonable advance notice of the time, date and place of the taking of the evidence; in such a case a representative of the authority shall be entitled to be present at the taking of the evidence.

Article 20

In the taking of evidence under any Article of this Chapter persons concerned may be legally represented.

Article 21

Where a diplomatic officer, consular agent or commissioner is authorized under Articles 15, 16 or 17 to take evidence –

a) he may take all kinds of evidence which are not incompatible with the law of the State where the evidence is taken or contrary to any permission granted pursuant to the above Articles, and shall have power within such limits to administer an oath or take an affirmation;

b) a request to a person to appear or to give evidence shall, unless the recipient is a national of the State where the action is pending, be drawn

yfir á það tungumál, nema viðtakandi sé ríkisborgari þess ríkis þar sem dómsmál er rekið.

c. skal í kvaðningu greina viðkomandi frá því að hann megi hafa lögmann sér til aðstoðar, og í ríki sem hefur ekki gefið yfirlýsingu skv. 18. gr. skal jafnframt greint frá því að viðkomandi sé ekki skylt að mæta eða láta í té sönnunargögn,
d. má afla gagnanna með því móti sem gert er ráð fyrir í lögum um þann dómstól þar sem mál er rekið svo framarlega sem sú framkvæmd er ekki bönnuð samkvæmt lögum þess ríkis þar sem sönnunargagna er aflað.
e. getur sá maður sem beðinn er um að láta sönnunargögn í té borið fyrir sig rétt sinn eða skyldu til að skorast undan að lát þau í té eins og getur í 11. gr.

22. gr.

Þótt ekki hafi tekist að afla sönnunargagna eftir reglum þessa kafla vegna synjunar manns á að láta þau í té kemur það ekki í veg fyrir að í kjölfarið sé sett fram beiðni um öflun sönnunargagna eftir reglum I. kafla.

III. KAFLI – **Almennar reglur.**

23. gr.

Samningsríki getur við undirritun, fullgildingu eða aðild lýst því yfir að það muni ekki framfylgja réttarbeiðnum sem eru sendar til að afla sönnunargagna af því tagi sem í „common law“ réttarkerfum er þekkt sem „pre-trial discovery of documents“.

24. gr.

Samningsríki getur tilnefnt önnur yfirvöld til viðbótar miðlægu stjórnvaldi og skal ákvarða valdsvið þeirra. Réttarbeiðnir má þó ávallt senda til miðlæga stjórnvaldsins.

Sambandsríkjum er rétt að tilnefna fleiri en eitt miðlægt stjórnvald.

25. gr.

Samningsríki, sem hefur fleiri en eitt réttarkerfi, getur tilnefnt yfirvald fyrir hvert þessara réttarkerfa og er það þá eitt bært til að framkvæma réttarbeiðnir samkvæmt samningi þessum.

26. gr.

Ef nauðsynlegt er vegna stjórnlaga getur samningsríki krafið það ríki sem beiðni kemur frá um endurgreiðslu þóknunar eða kostnaðar vegna framkvæmdar réttarbeiðni, birtingar kvaðningar fyrir

up in the language of the place where the evidence is taken or be accompanied by a translation into such language;
c) the request shall inform the person that he may be legally represented and, in any State that has not filed a declaration under Article 18, shall also inform him that he is not compelled to appear or to give evidence;
d) the evidence may be taken in the manner provided by the law applicable to the court in which the action is pending provided that such manner is not forbidden by the law of the State where the evidence is taken;
e) a person requested to give evidence may invoke the privileges and duties to refuse to give the evidence contained in Article 11.

Article 22

The fact that an attempt to take evidence under the procedure laid down in this Chapter has failed, owing to the refusal of a person to give evidence, shall not prevent an application being subsequently made to take the evidence in accordance with Chapter I.

CHAPTER III – GENERAL CLAUSES

Article 23

A Contracting State may at the time of signature, ratification or accession, declare that it will not execute Letters of Request issued for the purpose of obtaining pre-trial discovery of documents as known in Common Law countries.

Article 24

A Contracting State may designate other authorities in addition to the Central Authority and shall determine the extent of their competence. However, Letters of Request may in all cases be sent to the Central Authority.

Federal States shall be free to designate more than one Central Authority.

Article 25

A Contracting State which has more than one legal system may designate the authorities of one of such systems, which shall have exclusive competence to execute Letters of Request pursuant to this Convention.

Article 26

A Contracting State, if required to do so because of constitutional limitations, may request the reimbursement by the State of origin of fees and costs, in connection with the execution of Letters of Request,

manni svo honum verið gert að mæta til að láta í té sönnunargögn, mætingar þess manns og fyrir endurrit vegna öflunar sönnunargagna.

Hafi ríki krafist endurgreiðslu samkvæmt næstu málsgrein hér á undan getur annað samningsríkið krafið það um endurgreiðslu samsvarandi þóknunar og kostnaðar.

27. gr.

Ákvæði samnings þessa koma ekki í veg fyrir að samningsríki:

a. lýsi því yfir að réttarbeiðnir megi senda dómsmálayfirvöldum þess eftir öðrum leiðum en þeim sem getur í 2. gr.,
b. heimili í löggjöf eða í réttarframkvæmd að úrræðum sem kveðið er á um í samningi þessum séu sett vægari skilyrði,
c. heimili í löggjöf eða réttarframkvæmd að sönnunargagna sé aflað með öðrum hætti en kveðið er á um í samningi þessum.

28. gr.

Samningur þessi kemur ekki í veg fyrir að tvö eða fleiri samningsríki geri með sér samkomulag um að víkja frá:

a. ákvæðum 2. gr. um aðferðir til að senda réttarbeiðnir,
b. ákvæðum 4. gr. um þau tungumál sem nota má,
c. ákvæðum 8. gr. um viðveru starfsmanna dómstóla þegar beiðni er framkvæmd,
d. ákvæðum 11. gr. um heimild eða skyldu vitna til að skorast undan að láta í té sönnunargögn,
e. ákvæðum 13. gr. um aðferðir til að senda því yfirvaldi sem beiðni kemur frá skjöl sem leiða í ljós að beiðnin hefur verið framkvæmd,
f. ákvæðum 14. gr. um þóknun og kostnað,
g. ákvæðum II. kafla.

29. gr.

Milli aðila að samningi þessum sem einnig eru aðilar að öðrum eða báðum samningunum um einkamálaréttarfar, sem undirritaðir voru í Haag 17. júlí 1905 og 1. mars 1954, skal samningur þessi koma í stað 8.–16. gr. fyrri samninganna.

30. gr.

Samningur þessi hefur ekki áhrif á beitingu 23. gr. samningsins frá 1905 eða 24. gr. samningsins frá 1954.

for the service of process necessary to compel the appearance of a person to give evidence, the costs of attendance of such persons, and the cost of any transcript of the evidence.

Where a State has made a request pursuant to the above paragraph, any other Contracting State may request from that State the reimbursement of similar fees and costs.

Article 27

The provisions of the present Convention shall not prevent a Contracting State from –

a) declaring that Letters of Request may be transmitted to its judicial authorities through channels other than those provided for in Article 2;
b) permitting, by internal law or practice, any act provided for in this Convention to be performed upon less restrictive conditions;
c) permitting, by internal law or practice, methods of taking evidence other than those provided for in this Convention.

Article 28

The present Convention shall not prevent an agreement between any two or more Contracting States to derogate from –

a) the provisions of Article 2 with respect to methods of transmitting Letters of Request;
b) the provisions of Article 4 with respect to the languages which may be used;
c) the provisions of Article 8 with respect to the presence of judicial personnel at the execution of Letters;
d) the provisions of Article 11 with respect to the privileges and duties of witnesses to refuse to give evidence;
e) the provisions of Article 13 with respect to the methods of returning executed Letters to the requesting authority;
f) the provisions of Article 14 with respect to fees and costs;
g) the provisions of Chapter II.

Article 29

Between Parties to the present Convention who are also Parties to one or both of the Conventions on Civil Procedure signed at The Hague on the 17th of July 1905 and the 1st of March 1954, this Convention shall replace Articles 8–16 of the earlier Conventions.

Article 30

The present Convention shall not affect the application of Article 23 of the Convention of 1905, or of Article 24 of the Convention of 1954.

31. gr.

Viðbótarsamningar milli ríkja sem eiga aðild að samningunum frá 1905 og 1954 skulu einnig taldir eiga við um þennan samning, nema annað hafi verið ákveðið.

32. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 29. og 31. gr. skal samningur þessi ekki gilda um samninga sem hafa að geyma ákvæði um málefni sem þessi samningur tekur til og samningsríki eru eða verða síðar aðilar að.

33. gr.

Við undirritun, fullgildingu eða aðild getur ríki undanskilið að einhverju leyti eða öllu ákvæði 2. mgr. 4. gr. og II. kafla. Aðrir fyrirvarar verða ekki gerðir.

Samningsríki getur hvenær sem er afturkallað fyrirvara sem það hefur gert og skal fyrirvarinn þá falla úr gildi á sextugasta degi eftir að tilkynnt hefur verið um afturköllun hans.

Þegar ríki hefur gert fyrirvara getur annað ríki, sem fyrirvarinn hefur áhrif á, beitt sömu reglu gagnvart því ríki sem gert hefur fyrirvarann.

34. gr.

Ríki getur hvenær sem er afturkallað eða breytt yfirlýsingu.

35. gr.

Þegar samningsríki afhendir fullgildingar- eða aðildarskjal sitt eða síðar skal það skýra utanríkisráðuneyti Hollands frá tilnefningu yfirvalda af sinni hálfu skv. 2., 8., 24. og 25. gr.

Samningsríki skal jafnframt þegar það á við skýra ráðuneytinu frá eftirfarandi:

a. tilnefningu yfirvalda sem tilkynna ber, unnt er að afla leyfi frá og leita má aðstoðar hjá þegar sendierindrekar eða ræðiserindrekar afla sönnunargagna skv. 15., 16. eða 18. gr.,

b. tilnefningu yfirvalda sem getur gefið leyfi til að sérstaklega tilnefndur maður afli sönnunargagna skv. 17. gr. og þeirra sem veitt geta aðstoð skv. 18. gr.,

c. tilkynningum skv. 4., 8., 11, 15., 16., 17., 18., 23. og 27. gr.,

d. sérhverri afturköllun og breytingu á ofangreindum tilnefningum og yfirlýsingum,

e. afturköllun á fyrirvörum.

Article 31

Supplementary Agreements between Parties to the Conventions of 1905 and 1954 shall be considered as equally applicable to the present Convention unless the Parties have otherwise agreed.

Article 32

Without prejudice to the provisions of Articles 29 and 31, the present Convention shall not derogate from conventions containing provisions on the matters covered by this Convention to which the Contracting States are, or shall become Parties.

Article 33

A State may, at the time of signature, ratification or accession exclude, in whole or in part, the application of the provisions of paragraph 2 of Article 4 and of Chapter II. No other reservation shall be permitted.

Each Contracting State may at any time withdraw a reservation it has made; the reservation shall cease to have effect on the sixtieth day after notification of the withdrawal.

When a State has made a reservation, any other State affected thereby may apply the same rule against the reserving State.

Article 34

A State may at any time withdraw or modify a declaration.

Article 35

A Contracting State shall, at the time of the deposit of its instrument of ratification or accession, or at a later date, inform the Ministry of Foreign Affairs of the Netherlands of the designation of authorities, pursuant to Articles 2, 8, 24 and 25.

A Contracting State shall likewise inform the Ministry, where appropriate, of the following –

a) the designation of the authorities to whom notice must be given, whose permission may be required, and whose assistance may be invoked in the taking of evidence by diplomatic officers and consular agents, pursuant to Articles 15, 16 and 18 respectively;

b) the designation of the authorities whose permission may be required in the taking of evidence by commissioners pursuant to Article 17 and of those who may grant the assistance provided for in Article 18;

c) declarations pursuant to Articles 4, 8, 11, 15, 16, 17, 18, 23 and 27;

d) any withdrawal or modification of the above designations and declarations;

e) the withdrawal of any reservation.

36. gr.

Öll vandkvæði sem komið geta upp milli samningsríkja vegna framkvæmdar samningsins skal leysa þau eftir diplómatískum leiðum.

37. gr.

Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu þeirra ríkja sem áttu fulltrúa á ellefta fundi Haagráðstefnunnar um alþjóðlegan einkamálarétt.

Hann skal fullgiltur og skulu fullgildingarskjöl afhent utanríkisráðuneyti Hollands.

38. gr.

Samningur þessi skal öðlast gildi á sextugasta degi eftir að þriðja fullgildingarskjalið hefur verið afhent, sbr. 2. mgr. 37. gr.

Gagnvart hverju ríki, sem undirritað hefur samninginn en fullgildir hann síðar, öðlast hann gildi á sextugasta degi eftir að fullgildingarskjal hefur verið afhent.

39. gr.

Ríki sem ekki átti aðild að ellefta fundi Haagráðstefnunnar um alþjóðlegan einkamálarétt, en á aðild að þessari ráðstefnu eða að Sameinuðu þjóðunum eða sérstofnunum þeirra eða er aðili að samþykktum Alþjóðadómstólsins, getur gerst aðili að samningi þessum eftir að hann hefur öðlast gildi í samræmi við 1. mgr. 38. gr.

Aðildarskjal skal afhent utanríkisráðuneyti Hollands.

Samningurinn öðlast gildi gagnvart ríki sem gerist aðili að honum á sextugasta degi eftir afhendingu aðildarskjals þess.

Aðildin hefur aðeins áhrif á samskipti þess ríkis sem gerist aðili og þeirra samningsríkja sem lýst hafa yfir samþykki sínu við aðildinni. Slíkar yfirlýsingar skulu afhentar utanríkisráðuneyti Hollands til vörslu og skal ráðuneytið framsenda hverju samningsríki, eftir diplómatískum leiðum, staðfest endurrit þeirra.

Samningurinn skal öðlast gildi milli ríkis sem gerist aðili að honum og ríkis sem lýst hefur yfir samþykki sínu við aðildinni á sextugasta degi eftir afhendingu yfirlýsingar um samþykki.

Article 36

Any difficulties which may arise between Contracting States in connection with the operation of this Convention shall be settled through diplomatic channels.

Article 37

The present Convention shall be open for signature by the States represented at the Eleventh Session of the Hague Conference on Private International Law.

It shall be ratified, and the instruments of ratification shall be deposited with the Ministry of Foreign Affairs of the Netherlands.

Article 38

The present Convention shall enter into force on the sixtieth day after the deposit of the third instrument of ratification referred to in the second paragraph of Article 37.

The Convention shall enter into force for each signatory State which ratifies subsequently on the sixtieth day after the deposit of its instrument of ratification.

Article 39

Any State not represented at the Eleventh Session of the Hague Conference on Private International Law which is a Member of this Conference or of the United Nations or of a specialized agency of that Organization, or a Party to the Statute of the International Court of Justice may accede to the present Convention after it has entered into force in accordance with the first paragraph of Article 38.

The instrument of accession shall be deposited with the Ministry of Foreign Affairs of the Netherlands.

The Convention shall enter into force for a State acceding to it on the sixtieth day after the deposit of its instrument of accession.

The accession will have effect only as regards the relations between the acceding State and such Contracting States as will have declared their acceptance of the accession. Such declaration shall be deposited at the Ministry of Foreign Affairs of the Netherlands; this Ministry shall forward, through diplomatic channels, a certified copy to each of the Contracting States.

The Convention will enter into force as between the acceding State and the State that has declared its acceptance of the accession on the sixtieth day after the deposit of the declaration of acceptance.

40. gr.

Við undirritun, fullgildingu eða aðild getur ríki lýst því yfir að samningur þessi taki í alþjóðlegum samskiptum til allra svæða sem viðkomandi ríki ber ábyrgð á, eða til eins þeirra eða fleiri. Slík yfirlýsing skal taka gildi á þeim degi er samningurinn öðlast gildi gagnvart viðkomandi ríki.

Eftir það skal tilkynna um slíka útfærslu til utanríkisráðuneytis Hollands.

Gagnvart þeim svæðum sem útfærsla tekur til skal samningurinn öðlast gildi sextíu dögum eftir tilkynningu sem getur í næstu málsgrein hér á undan.

Article 40

Any State may, at the time of signature, ratification or accession, declare that the present Convention shall extend to all the territories for the international relations of which it is responsible, or to one or more of them. Such a declaration shall take effect on the date of entry into force of the Convention for the State concerned.

At any time thereafter, such extensions shall be notified to the Ministry of Foreign Affairs of the Netherlands.

The Convention shall enter into force for the territories mentioned in such an extension on the sixtieth day after the notification indicated in the preceding paragraph.

41. gr.

Samningur þessi gildir í fimm ár frá þeim degi er hann öðlast gildi skv. 1. mgr. 38. gr., og gildir það einnig gagnvart ríkjum sem síðar fullgilda eða gerast aðilar að samningnum.

Ef samningnum hefur ekki verið sagt upp framlengist hann sjálfkrafa um fimm ár í senn.

Uppsögn skal tilkynna utanríkisráðuneyti Hollands eigi síðar en sex mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins.

Takmarka má hana við ákveðin landsvæði sem samningurinn tekur til.

Uppsögn hefur aðeins gildi gagnvart því ríki sem hefur tilkynnt um hana. Samningurinn heldur gildi sínu milli annarra samningsríkja.

Article 41

The present Convention shall remain in force for five years from the date of its entry into force in accordance with the first paragraph of Article 38, even for States which have ratified it or acceded to it subsequently.

If there has been no denunciation, it shall be renewed tacitly every five years.

Any denunciation shall be notified to the Ministry of Foreign Affairs of the Netherlands at least six months before the end of the five year period.

It may be limited to certain of the territories to which the Convention applies.

The denunciation shall have effect only as regards the State which has notified it. The Convention shall remain in force for the other Contracting States.

42. gr.

Utanríkisráðuneyti Hollands skal tilkynna þeim ríkjum sem getur í 37. gr., og ríkjum sem gerst hafa aðilar skv. 39. gr., um:

a. undirritanir og fullgildingar skv. 37. gr.

b. gildistökudag samnings þessa skv. 1. mgr. 38. gr.,

c. aðild skv. 39. gr. og hvenær hún öðlast gildi,

d. útfærslu skv. 40. gr. og hvenær hún öðlast gildi,

e. tilnefningar, fyrirvara og yfirlýsingar skv. 33. og 35. gr.,

f. uppsagnir skv. 3. mgr. 41. gr.

Article 42

The Ministry of Foreign Affairs of the Netherlands shall give notice to the States referred to in Article 37, and to the States which have acceded in accordance with Article 39, of the following –

a) the signatures and ratifications referred to in Article 37;

b) the date on which the present Convention enters into force in accordance with the first paragraph of Article 38;

c) the accessions referred to in Article 39 and the dates on which they take effect;

d) the extensions referred to in Article 40 and the dates on which they take effect;

e) the designations, reservations and declarations referred to in Articles 33 and 35;

f) the denunciations referred to in the third paragraph of Article 41.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Haag 18. mars 1970 á ensku og frönsku, og eru báðir textar jafngildir, í einu eintaki, sem varðveitt skal í skjalasafni ríkisstjórnar Hollands, og staðfest endurrit skal sent eftir diplómatískum leiðum til hvers ríkis sem átti aðild að ellefta fundi Haagráðstefnunnar um alþjóðlegan einkamálarétt.

In witness whereof the undersigned, being duly authorized thereto, have signed the present Convention.

Done at The Hague, on the 18th day of March, 1970, in the English and French languages, both texts being equally authentic, in a single copy which shall be deposited in the archives of the Government of the Netherlands, and of which a certified copy shall be sent, through the diplomatic channel, to each of the States represented at the Eleventh Session of the Hague Conference on Private International Law.

794. Frumvarp til lokafjárlaga [500. mál]

fyrir árið 2006.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

Fjárveitingar í A-hluta vegna frávika ríkistekna

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á fjárheimildum árið 2006 vegna frávika ríkistekna frá áætlun fjárlaga, sbr. sundurliðun 1:

m.kr.	Rekstrar-grunnur	Sjóðs-hreyfingar
Æðsta stjórn ríkisins	0,2	0,2
Forsætisráðuneyti	5,2	6,0
Menntamálaráðuneyti	172,1	184,8
Utanríkisráðuneyti	173,8	144,5
Landbúnaðarráðuneyti	365,7	346,8
Sjávarútvegsráðuneyti	-13,9	-29,7
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	27,5	29,1
Félagsmálaráðuneyti	-651,4	-659,7
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	-44,9	-45,7
Fjármálaráðuneyti	143,4	102,8
Samgönguráðuneyti	215,1	182,9
Iðnaðarráðuneyti	126,3	151,3
Viðskiptaráðuneyti	49,0	51,3
Hagstofa Íslands	25,0	25,1
Umhverfisráðuneyti	369,5	261,5
Vaxtagjöld ríkissjóðs	0,0	0,0
Samtals	**962,6**	**751,2**

Niðurfelld staða fjárveitinga í A-hluta

2. gr.

Eftirfarandi afgangsheimildir og umframgjöld í árslok 2006 falla niður, sbr. sundurliðun 2:

m.kr.	Rekstrar-grunnur	Sjóðs-hreyfingar
Æðsta stjórn ríkisins	-6,5	-6,5
Forsætisráðuneyti	45,0	45,0
Menntamálaráðuneyti	-78,4	-78,4
Utanríkisráðuneyti	-64,4	-64,4
Landbúnaðarráðuneyti	-122,7	-122,7
Sjávarútvegsráðuneyti	-6,3	-6,3
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	-195,1	-195,1
Félagsmálaráðuneyti	-450,1	-450,1
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	3.458,2	3.458,2
Fjármálaráðuneyti	-7.444,4	578,8
Samgönguráðuneyti	0,0	0,0
Iðnaðarráðuneyti	-16,3	-16,3
Viðskiptaráðuneyti	0,0	0,0
Hagstofa Íslands	0,0	0,0
Umhverfisráðuneyti	-131,5	-131,5
Vaxtagjöld ríkissjóðs	-607,1	0,0
Samtals	**-5.619,6**	**3.010,7**

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og er ríkisreikningur fyrir árið 2006 þar með staðfestur, sbr. 45. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins.

m.kr.

Sundurliðun 1

Fjárveitingar í A-hluta vegna frávika ríkistekna

00 Æðsta stjórn ríkisins

00-201 Alþingi

Almennur rekstur:	
1.06 Almennur rekstur	0,2
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	0,2

00 Æðsta stjórn ríkisins, gjöld umfram tekjur	**0,2**
Greitt úr ríkissjóði	**0,0**
Innheimt af ríkistekjum	**0,2**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

01 Forsætisráðuneyti

01-902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum

Almennur rekstur:	
1.01 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	5,2
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	6,0
Viðskiptahreyfingar	-0,8
01 Forsætisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**5,2**
Greitt úr ríkissjóði	**0,0**
Innheimt af ríkistekjum	**6,0**
Viðskiptahreyfingar	**-0,8**

m.kr.

02 Menntamálaráðuneyti

02-201 Háskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Háskóli Íslands 14,4

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 14,4

02-202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum

Almennur rekstur:
1.01 Tilraunastöð Háskólans að Keldum 3,6

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 3,3
Viðskiptahreyfingar 0,3

02-210 Háskólinn á Akureyri

Almennur rekstur:
1.01 Háskólinn á Akureyri ..... -6,5

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... -6,5

02-215 Kennaraháskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Kennaraháskóli Íslands ..... -12,5

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... -12,5

02-301 Menntaskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Menntaskólinn í Reykjavík 0,2

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 0,2

m.kr.

02-302 Menntaskólinn á Akureyri

Almennur rekstur:
1.01 Menntaskólinn á Akureyri 0,9

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 0,9

02-303 Menntaskólinn að Laugarvatni

Almennur rekstur:
1.01 Menntaskólinn að Laugarvatni . . . . . -0,3

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum . . . . . -0,3

02-304 Menntaskólinn við Hamrahlíð

Almennur rekstur:
1.01 Menntaskólinn við Hamrahlíð 11,6

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 11,6

02-305 Menntaskólinn við Sund

Almennur rekstur:
1.01 Menntaskólinn við Sund 0,3

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 0,3

02-306 Menntaskólinn á Ísafirði

Almennur rekstur:
1.01 Menntaskólinn á Ísafirði . . . . . -2,2

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum . . . . . -2,2

		m.kr.
02-307	**Menntaskólinn á Egilsstöðum**	
	Almennur rekstur:	
	1.01 Menntaskólinn á Egilsstöðum	2,2
	Fjármögnun:	
	Innheimt af ríkistekjum	2,2
02-308	**Menntaskólinn í Kópavogi**	
	Almennur rekstur:	
	1.01 Menntaskólinn í Kópavogi	3,5
	Fjármögnun:	
	Innheimt af ríkistekjum	3,5
02-309	**Kvennaskólinn í Reykjavík**	
	Almennur rekstur:	
	1.01 Kvennaskólinn í Reykjavík	0,2
	Fjármögnun:	
	Innheimt af ríkistekjum	0,2
02-350	**Fjölbrautaskólinn í Breiðholti**	
	Almennur rekstur:	
	1.01 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	36,0
	Fjármögnun:	
	Innheimt af ríkistekjum	36,0
02-351	**Fjölbrautaskólinn Ármúla**	
	Almennur rekstur:	
	1.01 Fjölbrautaskólinn Ármúla	60,8
	Fjármögnun:	
	Innheimt af ríkistekjum	60,8

m.kr.

02-352 Flensborgarskóli

Almennur rekstur:
1.01 Flensborgarskóli 1,6

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 1,6

02-353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Almennur rekstur:
1.01 Fjölbrautaskóli Suðurnesja 9,9

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 9,9

02-354 Fjölbrautaskóli Vesturlands

Almennur rekstur:
1.01 Fjölbrautaskóli Vesturlands 0,2

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 0,2

02-355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Almennur rekstur:
1.01 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum 0,9

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 0,9

02-356 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra

Almennur rekstur:
1.01 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra 2,9

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 2,9

m.kr.

02-357 Fjölbrautaskóli Suðurlands

Almennur rekstur:
1.01 Fjölbrautaskóli Suðurlands 3,8

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 3,8

02-358 Verkmenntaskóli Austurlands

Almennur rekstur:
1.01 Verkmenntaskóli Austurlands 3,7

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 3,7

02-359 Verkmenntaskólinn á Akureyri

Almennur rekstur:
1.01 Verkmenntaskólinn á Akureyri 17,4

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 17,4

02-360 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ

Almennur rekstur:
1.01 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ 15,5

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 15,5

02-361 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu

Almennur rekstur:
1.01 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu 1,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 1,0

		m.kr.
02-362	**Framhaldsskólinn á Húsavík**	
	Almennur rekstur:	
	1.01 Framhaldsskólinn á Húsavík	0,7
	Fjármögnun:	
	Innheimt af ríkistekjum	0,7
02-363	**Framhaldsskólinn á Laugum**	
	Almennur rekstur:	
	1.01 Framhaldsskólinn á Laugum	0,4
	Fjármögnun:	
	Innheimt af ríkistekjum	0,4
02-365	**Borgarholtsskóli**	
	Almennur rekstur:	
	1.01 Borgarholtsskóli	8,6
	Fjármögnun:	
	Innheimt af ríkistekjum	8,6
02-367	**Fjölbrautaskóli Snæfellinga**	
	Almennur rekstur:	
	1.01 Fjölbrautaskóli Snæfellinga	0,6
	Fjármögnun:	
	Innheimt af ríkistekjum	0,6
02-514	**Iðnskólinn í Reykjavík**	
	Almennur rekstur:	
	1.01 Iðnskólinn í Reykjavík	13,7
	Fjármögnun:	
	Innheimt af ríkistekjum	13,7

	m.kr.
02-516 Iðnskólinn í Hafnarfirði	
Almennur rekstur:	
1.01 Iðnskólinn í Hafnarfirði	0,3
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	0,3
02-564 Listdansskólinn	
Almennur rekstur:	
1.01 Kennsla	6,5
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	6,5
02-804 Kvikmyndaskoðun	
Almennur rekstur:	
1.01 Kvikmyndaskoðun	-4,5
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-4,0
Viðskiptahreyfingar	-0,5
02-971 Ríkisútvarpið	
Almennur rekstur:	
1.10 Ríkisútvarpið, afnotagjöld	-20,5
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-7,2
Viðskiptahreyfingar	-13,3
02-977 Höfundarréttargjöld	
Almennur rekstur:	
1.11 Höfundaréttargjöld til samtaka höfundaréttarfélaga	-8,7
1.13 Fylgiréttargjald í Myndhöfundarsjóð Íslands - Myndstef	5,0
1.15 Höfundarréttargjald vegna flutnings tónverka við jarðarfarir	0,9
Almennur rekstur samtals	-2,8
Gjöld samtals	**-2,8**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-3,6
Viðskiptahreyfingar	0,8
02 Menntamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**172,1**
Greitt úr ríkissjóði	**0,0**
Innheimt af ríkistekjum	**184,8**
Viðskiptahreyfingar	**-12,7**

m.kr.

03 Utanríkisráðuneyti

03-201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli

Almennur rekstur:	
1.10 Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli	17,0
1.20 Löggæsla á Keflavíkurflugvelli	-13,2
Almennur rekstur samtals	3,8
Gjöld samtals	**3,8**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-17,5
Viðskiptahreyfingar	21,3

03-211 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli

Almennur rekstur:	
1.10 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli, ríkistekjur	148,1
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	148,1

03-611 Útflutningsráð Íslands

Almennur rekstur:	
1.10 Útflutningsráð Íslands	21,9
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	13,9
Viðskiptahreyfingar	8,0

03 Utanríkisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**173,8**
Greitt úr ríkissjóði	**0,0**
Innheimt af ríkistekjum	**144,5**
Viðskiptahreyfingar	**29,3**

m.kr.

04 Landbúnaðarráðuneyti

04-234 Landbúnaðarstofnun

Almennur rekstur:
1.01 Landbúnaðarstofnun ..... -27,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... -30,8
Viðskiptahreyfingar 3,8

04-262 Landbúnaðarháskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Landbúnaðarháskóli Íslands 32,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 33,4
Viðskiptahreyfingar ..... -1,4

04-271 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal

Almennur rekstur:
1.01 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal 7,9

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 7,9

04-311 Landgræðsla ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Landgræðsla ríkisins 5,7

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 5,7

04-321 Skógrækt ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Skógrækt ríkisins 5,5

	m.kr.
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	5,5

04-801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu

Almennur rekstur:	
1.11 Verðtilfærslugjald á mjólk	33,8
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	33,8

04-818 Búnaðarsjóður

Almennur rekstur:	
1.10 Búnaðarsjóður	26,5
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	44,0
Viðskiptahreyfingar	-17,5

04-824 Verðmiðlun landbúnaðarvara

Almennur rekstur:	
1.10 Verðmiðlun landbúnaðarvara	3,0
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	2,8
Viðskiptahreyfingar	0,2

04-827 Fóðursjóður

Almennur rekstur:	
1.10 Fóðursjóður	11,4
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-21,5
Viðskiptahreyfingar	32,9

04-831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins

Stofnkostnaður:	
6.20 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins	261,3

	m.kr.
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	260,4
Viðskiptahreyfingar	0,9
04-843 Fiskræktarsjóður	
Almennur rekstur:	
1.10 Fiskræktarsjóður	5,6
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	5,6
04 Landbúnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**365,7**
Greitt úr ríkissjóði	**0,0**
Innheimt af ríkistekjum	**346,8**
Viðskiptahreyfingar	**18,9**

m.kr.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

05-204 Fiskistofa

Almennur rekstur:
1.01 Fiskistofa ..... -9,7

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... -8,2
Viðskiptahreyfingar ..... -1,5

05-207 Verkefnasjóður sjávarútvegsins

Almennur rekstur:
1.10 Verkefnasjóður sjávarútvegsins ..... -4,2

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... -21,5
Viðskiptahreyfingar 17,3

05 Sjávarútvegsráðuneyti, gjöld umfram tekjur ..... -13,9
Greitt úr ríkissjóði 0,0
Innheimt af ríkistekjum ..... -29,7
Viðskiptahreyfingar 15,8

m.kr.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

06-102 Birting laga og stjórnvaldsfyrirmæla

Almennur rekstur:	
1.01 Birting laga og stjórnvaldsfyrirmæla	33,5
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	35,1
Viðskiptahreyfingar	-1,6

06-106 Þjóðskrá

Almennur rekstur:	
1.01 Þjóðskrá	-8,2
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-8,2

06-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.10 Fastanefndir	5,0
1.24 Eftirlitsnefnd félags fasteignasala	-0,4
Almennur rekstur samtals	4,6
Gjöld samtals	**4,6**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	4,6

06-251 Persónuvernd

Almennur rekstur:	
1.01 Persónuvernd	-5,0
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-5,0

06-303 Ríkislögreglustjóri

Almennur rekstur:	
1.01 Ríkislögreglustjóri	0,1

	m.kr.
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	0,1
06-311 Lögreglustjórinn í Reykjavík	
Almennur rekstur:	
1.01 Lögreglustjórinn í Reykjavík	0,3
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	0,3
06-395 Landhelgisgæsla Íslands	
Almennur rekstur:	
1.90 Landhelgisgæsla Íslands	2,2
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	2,2
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**27,5**
Greitt úr ríkissjóði	**0,0**
Innheimt af ríkistekjum	**29,1**
Viðskiptahreyfingar	**-1,6**

m.kr.

07 Félagsmálaráðuneyti

07-331 Vinnueftirlit ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Vinnueftirlit ríkisins 38,8

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 30,5
Viðskiptahreyfingar 8,3

07-982 Ábyrgðasjóður launa

Almennur rekstur:
1.01 Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota ..... -33,2

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... -33,2

07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður

Almennur rekstur:
1.11 Atvinnuleysisbætur ..... -788,8

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... -788,8

07-989 Fæðingarorlof

Almennur rekstur:
1.11 Fæðingarorlofssjóður 131,8

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 131,8

07 Félagsmálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur ..... **-651,4**
Greitt úr ríkissjóði **0,0**
Innheimt af ríkistekjum ..... **-659,7**
Viðskiptahreyfingar **8,3**

m.kr.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

08-208 Slysatryggingar

Almennur rekstur:	
1.16 Kaup og aflahlutur sjómanna	-58,5
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-57,7
Viðskiptahreyfingar	-0,8

08-301 Landlæknir

Almennur rekstur:	
1.01 Landlæknir	-2,0
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-2,0

08-305 Lýðheilsustöð

Almennur rekstur:	
1.90 Forvarnasjóður	1,6
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	1,5
Viðskiptahreyfingar	0,1

08-327 Geislavarnir ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Geislavarnir ríkisins	1,9
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	3,0
Viðskiptahreyfingar	-1,1

08-373 Landspítali - háskólasjúkrahús

Almennur rekstur:	
1.01 Landspítali - háskólasjúkrahús	13,5

	m.kr.
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	13,5
08-397 Lyfjastofnun	
Almennur rekstur:	
1.01 Lyfjastofnun	-1,4
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-4,0
Viðskiptahreyfingar	2,6
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**-44,9**
Greitt úr ríkissjóði	**0,0**
Innheimt af ríkistekjum	**-45,7**
Viðskiptahreyfingar	**0,8**

m.kr.

09 Fjármálaráðuneyti

09-201 Ríkisskattstjóri

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 30,7

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 23,5
Viðskiptahreyfingar 7,2

09-250 Innheimtukostnaður

Almennur rekstur:
1.10 Ýmis innheimtukostnaður 4,1

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 4,1

09-262 Tollstjórinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Tollstjórinn í Reykjavík 11,5

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 11,5

09-402 Fasteignamat ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Fasteignamat ríkisins 77,4

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 61,9
Viðskiptahreyfingar 15,5

09-984 Fasteignir ríkissjóðs

Almennur rekstur:
1.11 Rekstur fasteigna 19,7

	m.kr.
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	1,8
Viðskiptahreyfingar	17,9
09 Fjármálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**143,4**
Greitt úr ríkissjóði	**0,0**
Innheimt af ríkistekjum	**102,8**
Viðskiptahreyfingar	**40,6**

m.kr.

10 Samgönguráðuneyti

10-101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa ..... -1,5

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... -1,3
Viðskiptahreyfingar ..... -0,2

10-211 Rekstur Vegagerðarinnar

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 4,7

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 4,7

10-251 Umferðarstofa

Almennur rekstur:
1.01 Umferðarstofa ..... -1,7

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... -1,7

10-335 Siglingastofnun Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 23,4

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 19,0
Viðskiptahreyfingar 4,4

10-471 Rekstur Flugmálastjórnar

Almennur rekstur:
1.01 Flugmálastjórn 92,3

	m.kr.
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	91,6
Viðskiptahreyfingar	0,7

10-472 Framkvæmdir Flugmálastjórnar

Stofnkostnaður:	
6.41 Framkvæmdir	174,1
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	170,0
Viðskiptahreyfingar	4,1

10-512 Póst- og fjarskiptastofnunin

Almennur rekstur:	
1.01 Póst- og fjarskiptastofnunin	-77,8
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-101,0
Viðskiptahreyfingar	23,2

10-651 Ferðamálastofa

Almennur rekstur:	
1.01 Ferðamálastofa	1,6
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	1,6

10 Samgönguráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**215,1**
Greitt úr ríkissjóði	**0,0**
Innheimt af ríkistekjum	**182,9**
Viðskiptahreyfingar	**32,2**

m.kr.

11 Iðnaðarráðuneyti

11-102 Einkaleyfastofan

Almennur rekstur:
1.01 Einkaleyfastofan 63,2

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 57,7
Viðskiptahreyfingar 5,5

11-245 Samtök iðnaðarins

Almennur rekstur:
1.10 Samtök iðnaðarins 56,5

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 88,6
Viðskiptahreyfingar ..... -32,1

11-299 Iðja og iðnaður, framlög

Almennur rekstur:
1.19 Staðlaráð 6,6

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 5,0
Viðskiptahreyfingar 1,6

11 Iðnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur **126,3**
Greitt úr ríkissjóði **0,0**
Innheimt af ríkistekjum **151,3**
Viðskiptahreyfingar ..... **-25,0**

m.kr.

12 Viðskiptaráðuneyti

12-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.20 Icepro-nefnd	0,9
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	0,7
Viðskiptahreyfingar	0,2

12-402 Fjármálaeftirlitið

Almennur rekstur:	
1.01 Fjármálaeftirlitið	24,6
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	21,4
Viðskiptahreyfingar	3,2

12-421 Neytendastofa

Almennur rekstur:	
1.01 Neytendastofa	56,9
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	54,2
Viðskiptahreyfingar	2,7

12-811 Flutningssjóður olíuvara

Almennur rekstur:	
1.10 Flutningssjóður olíuvara	-33,4
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-25,0
Viðskiptahreyfingar	-8,4

12 Viðskiptaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**49,0**
Greitt úr ríkissjóði	**0,0**
Innheimt af ríkistekjum	**51,3**
Viðskiptahreyfingar	**-2,3**

m.kr.

13 Hagstofa Íslands

13-101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.50 Þjóðskráin	25,0
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	25,1
Viðskiptahreyfingar	-0,1
13 Hagstofa Íslands, gjöld umfram tekjur	**25,0**
Greitt úr ríkissjóði	**0,0**
Innheimt af ríkistekjum	**25,1**
Viðskiptahreyfingar	**-0,1**

m.kr.

14 Umhverfisráðuneyti

14-211 Umhverfisstofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Umhverfisstofnun	67,9
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	75,6
Viðskiptahreyfingar	-7,7

14-287 Úrvinnslusjóður

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	5,9
1.10 Úrvinnslusjóður	142,8
Almennur rekstur samtals	148,7
Gjöld samtals	**148,7**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	72,7
Viðskiptahreyfingar	76,0

14-289 Endurvinnslan hf.

Almennur rekstur:	
1.10 Endurvinnslan hf., skilagjald og umsýsluþóknun	141,0
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	101,3
Viðskiptahreyfingar	39,7

14-310 Landmælingar Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Landmælingar Íslands	11,9
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	11,9

	m.kr.
14 Umhverfisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**369,5**
Greitt úr ríkissjóði	**0,0**
Innheimt af ríkistekjum	**261,5**
Viðskiptahreyfingar	**108,0**

m.kr.

Sundurliðun 2

Niðurfelld staða fjárveitinga í A-hluta

00 Æðsta stjórn ríkisins

00-301 Ríkisstjórn

Almennur rekstur:	
1.01 Ríkisstjórn	-8,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-8,4

00-401 Hæstiréttur

Almennur rekstur:	
1.01 Hæstiréttur	1,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1,9

00 Æðsta stjórn ríkisins, gjöld umfram tekjur	**-6,5**
Greitt úr ríkissjóði	**-6,5**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

01 Forsætisráðuneyti

01-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.12 Handverk, hönnunarmiðstöð heimilis- og listiðnaðar	-16,7
1.13 Saga Íslands, Hið íslenska bókmenntafélag	22,2
Almennur rekstur samtals	5,5
Viðhaldsverkefni:	
5.25 Viðhald á stafkirkju í Vestmannaeyjum	-0,5
Gjöld samtals	**5,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	17,6
Gjöld umfram tekjur	**22,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	22,6

01-231 Norræna ráðherranefndin

Almennur rekstur:	
1.61 Framlag til norrænu ráðherranefndarinnar	3,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3,4

01-253 Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn

Almennur rekstur:	
1.01 Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn	19,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	19,0

01 Forsætisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**45,0**
Greitt úr ríkissjóði	**45,0**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

02 Menntamálaráðuneyti

02-211 Tækniháskóli Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Tækniháskóli Íslands	-123,7
1.02 Rannsóknastarfsemi	28,5
Almennur rekstur samtals	-95,2
Gjöld samtals	**-95,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	91,3
Gjöld umfram tekjur	**-3,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-3,9

02-884 Jöfnun á námskostnaði

Almennur rekstur:	
1.01 Jöfnun á námskostnaði	-48,1
1.10 Skólaakstur	79,2
Almennur rekstur samtals	31,1
Gjöld samtals	**31,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	31,1

02-985 Alþjóðleg samskipti

Almennur rekstur:	
1.91 Aðildargjöld ESB	-105,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-105,6

02 Menntamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**-78,4**
Greitt úr ríkissjóði	**-78,4**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

03 Utanríkisráðuneyti

03-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.24 Samningur um eftirlit með tæknilegum viðskiptahindrunum	6,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	6,2

03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi

Almennur rekstur:	
1.11 Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO	-2,3
1.12 Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNDP	3,1
1.13 Alþjóðabarnahjálparstofnunin, UNICEF	3,1
Almennur rekstur samtals	3,9
Gjöld samtals	**3,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3,9

03-401 Alþjóðastofnanir

Almennur rekstur:	
1.10 Sameinuðu þjóðirnar, UN	-33,2
1.15 Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA	-6,9
1.16 Alþjóðaviðskiptastofnunin, WTO	-8,0
1.19 Alþjóðabankinn, Íslenski ráðgjafasjóðurinn (WB)	1,3
1.35 Norðurskautsráðið, Eystrasaltsráðið, Barentsráðið	-17,6
1.39 Evrópuráðið	-13,2
1.40 Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunin, OECD	-21,9
1.41 Atlantshafsbandalagið, NATO	11,4
1.70 Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA	4,6
1.71 Eftirlitsstofnun EFTA, ESA	-6,0
1.72 EFTA-dómstóllinn	5,0
1.75 Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE	10,7
1.81 Samningur um bann við tilraunum með kjarnavopn	-0,7
Almennur rekstur samtals	-74,5
Gjöld samtals	**-74,5**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-74,5
03 Utanríkisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**-64,4**
Greitt úr ríkissjóði	**-64,4**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

04 Landbúnaðarráðuneyti

04-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.51 Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO ..... -0,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -0,4

04-801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu

Almennur rekstur:
1.01 Beinar greiðslur til bænda 44,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 44,1

04-805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu

Almennur rekstur:
1.01 Beinar greiðslur til bænda ..... -18,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -18,3

04-840 Lán til fiskeldis

Almennur rekstur:
1.01 Lán til fiskeldis ..... -72,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -72,7

04-851 Greiðslur vegna riðuveiki

Almennur rekstur:
1.90 Greiðslur vegna riðuveiki ..... -75,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -75,4

	m.kr.
04 Landbúnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**-122,7**
Greitt úr ríkissjóði	**-122,7**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

05-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.46 Könnun leiða til fiskveiðistjórnunar og eftirlits	1,9
1.49 Úrskurðarnefndir	-0,1
1.51 Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðið, NAMMCO	-1,6
1.52 Alþjóðahafrannsóknir (ICES, NAFO, NEAFC, ICCAT)	-1,2
1.54 Alþjóðahvalveiðiráðið, IWC	-5,3
Almennur rekstur samtals	-6,3
Gjöld samtals	**-6,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-6,3

05 Sjávarútvegsráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**-6,3**
Greitt úr ríkissjóði	**-6,3**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

06-102 Birting laga og stjórnvaldsfyrirmæla

Almennur rekstur:
1.01 Birting laga og stjórnvaldsfyrirmæla ..... -21,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -21,8

06-111 Kosningar

Almennur rekstur:
1.10 Kosningar ..... -1,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -1,3

06-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.40 Alþjóðasamstarf 0,5

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,1

Gjöld umfram tekjur **0,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 0,4

06-231 Málskostnaður í opinberum málum

Almennur rekstur:
1.10 Málskostnaður í opinberum málum ..... -124,9

Sértekjur:
Sértekjur 120,3

Gjöld umfram tekjur ..... **-4,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -4,6

	m.kr.
06-232 Opinber réttaraðstoð	
Almennur rekstur:	
1.10 Opinber réttaraðstoð	-88,7
1.15 Réttaraðstoð við einstaklinga til að leita nauðasamninga	1,3
Almennur rekstur samtals	-87,4
Gjöld samtals	**-87,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	19,9
Gjöld umfram tekjur	**-67,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-67,5
06-235 Bætur brotaþola	
Almennur rekstur:	
1.10 Bætur brotaþola	-188,6
Sértekjur:	
Sértekjur	54,3
Gjöld umfram tekjur	**-134,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-134,3
06-490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta	
Almennur rekstur:	
1.30 Kostnaður skv. lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs	41,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	41,7
06-701 Þjóðkirkjan	
Almennur rekstur:	
1.12 Sérþjónustuprestur vegna áfengis- og vímuefnavandans	-1,5

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-1,5
06-705 Kirkjumálasjóður	
Almennur rekstur:	
1.10 Kirkjumálasjóður	-5,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-5,5
06-735 Sóknargjöld	
Almennur rekstur:	
1.10 Sóknargjöld til þjóðkirkjunnar	-0,7
1.20 Sóknargjöld til annarra trúfélaga	0,1
Almennur rekstur samtals	-0,6
Gjöld samtals	**-0,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-0,6
06-736 Jöfnunarsjóður sókna	
Almennur rekstur:	
1.10 Jöfnunarsjóður sókna	-0,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-0,1
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**-195,1**
Greitt úr ríkissjóði	**-195,1**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

07 Félagsmálaráðuneyti

07-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Almennur rekstur:	
1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, lögbundin framlög	-1.077,8
1.11 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, sérstök viðbótarframlög	820,0
Almennur rekstur samtals	-257,8
Gjöld samtals	**-257,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-257,8

07-981 Vinnumál

Almennur rekstur:	
1.13 Kjararannsóknarnefnd	-0,9
1.81 Alþjóðavinnumálastofnunin, ILO	2,4
Almennur rekstur samtals	1,5
Gjöld samtals	**1,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1,5

07-982 Ábyrgðasjóður launa

Almennur rekstur:	
1.01 Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota	-94,5
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-94,5

07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður

Almennur rekstur:	
1.11 Atvinnuleysisbætur	-410,7
1.25 Styrkir til fiskvinnslustöðva	-42,9
1.35 Námskeiðahald, átaksverkefni og önnur úrræði	49,3
1.41 Framlög og styrkir	17,1
1.45 Starfsmenntasjóður	-6,2

	m.kr.
1.51 Rekstur úthlutunarnefnda	9,1
1.81 Vaxtatekjur	-96,1
Almennur rekstur samtals	-480,4
Gjöld samtals	**-480,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	354,4
Gjöld umfram tekjur	**-126,0**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-126,0

07-987 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga

Almennur rekstur:	
1.10 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga	1,7
Sértekjur:	
Sértekjur	8,9
Gjöld umfram tekjur	**10,6**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	10,6

07-989 Fæðingarorlof

Almennur rekstur:	
1.11 Fæðingarorlofssjóður	9,2
1.13 Foreldrar utan vinnumarkaðar	-10,7
Almennur rekstur samtals	-1,5
Gjöld samtals	**-1,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-10,7
Innheimt af ríkistekjum	9,2

07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:	
1.10 Kostnaður skv. 15. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga	17,6

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	17,6
07 Félagsmálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**-450,1**
Greitt úr ríkissjóði	**-249,4**
Innheimt af ríkistekjum	**-200,7**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

08-203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð

Almennur rekstur:	
1.11 Mæðra- og feðralaun	52,7
1.15 Umönnunargreiðslur	-26,6
1.21 Makabætur og umönnunarbætur	-6,9
1.25 Dánarbætur	4,4
1.31 Endurhæfingarlífeyrir	189,6
1.35 Barnalífeyrir vegna menntunar	28,6
1.41 Heimilisuppbót	146,6
1.51 Frekari uppbætur	40,0
1.55 Uppbætur vegna bifreiðakaupa	159,5
Almennur rekstur samtals	587,9
Gjöld samtals	**587,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	587,9

08-204 Lífeyristryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Ellilífeyrir	241,8
1.15 Örorkulífeyrir	57,1
1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega	1.116,2
1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega	657,5
1.26 Tekjutryggingarauki ellilífeyrisþega	206,1
1.27 Tekjutryggingarauki örorkulífeyrisþega	91,9
1.28 Vasapeningar ellilífeyrisþega	30,5
1.29 Vasapeningar örorkulífeyrisþega	11,0
1.31 Örorkustyrkur	18,8
1.35 Barnalífeyrir	224,9
1.91 Annað	-511,2
Almennur rekstur samtals	2.144,6
Gjöld samtals	**2.144,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	3,6
Gjöld umfram tekjur	**2.148,2**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2.148,2

08-206 Sjúkratryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Lækniskostnaður	61,7
1.15 Lyf	68,9
1.21 Hjálpartæki	65,8
1.25 Hjúkrun í heimahúsum	8,9
1.31 Þjálfun	72,5
1.35 Tannlækningar	54,4
1.41 Sjúkraflutningar og ferðir innan lands	-2,4
1.45 Brýn meðferð erlendis	-141,2
1.51 Sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis	29,2
1.55 Sjúkradagpeningar	29,2
1.91 Annað	0,2
Almennur rekstur samtals	247,2
Gjöld samtals	**247,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	247,2

08-208 Slysatryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Bætur vegna læknis- og sjúkrakostnaðar	-8,2
1.15 Bætur til framfærslu	45,9
1.16 Kaup og aflahlutur sjómanna	44,8
1.21 Stjórnunarkostnaður	-26,3
Almennur rekstur samtals	56,2
Gjöld samtals	**56,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	39,7
Gjöld umfram tekjur	**95,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	95,9

m.kr.

08-209 Sjúklingatryggingar

Almennur rekstur:
1.11 Sjúklingatryggingar 21,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 21,7

08-214 Eftirlaunasjóður aldraðra

Almennur rekstur:
1.10 Eftirlaunasjóður aldraðra 8,5

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -7,1

Gjöld umfram tekjur **1,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1,4

08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:
1.42 Kostnaður samkvæmt lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi 15,4
1.43 Viðbúnaður gegn sýklahernaði . . . . . -10,5
1.71 Norræni lýðheilsuháskólinn 1,9
1.81 Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO . . . . . -0,5
Almennur rekstur samtals 6,3

Gjöld samtals **6,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 6,3

08-401 Öldrunarstofnanir, almennt

Almennur rekstur:
1.09 Ný hjúkrunarrými 121,3
1.13 Óskipt framlag til minni öldrunarstofnana 13,0
Almennur rekstur samtals 134,3

	m.kr.
Viðhaldsverkefni:	
5.21 Viðhald	33,4
Gjöld samtals	**167,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-256,4
Gjöld umfram tekjur	**-88,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-88,7

08-405 Hrafnista, Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	86,7
1.11 Dvalarrými	83,1
Almennur rekstur samtals	169,8
Gjöld samtals	**169,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	169,8

08-406 Hrafnista, Hafnarfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	-41,8
1.11 Dvalarrými	28,7
1.15 Dagvist	-2,0
Almennur rekstur samtals	-15,1
Gjöld samtals	**-15,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-15,1

08-407 Grund, Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	41,2
1.11 Dvalarrými	39,7
Almennur rekstur samtals	80,9
Gjöld samtals	**80,9**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	80,9

08-408 Sunnuhlíð, Kópavogi

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	0,5
1.15 Dagvist	-1,2
Almennur rekstur samtals	-0,7
Gjöld samtals	**-0,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-0,7

08-409 Hjúkrunarheimilið Skjól

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	3,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3,7

08-410 Hjúkrunarheimilið Eir

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	-2,9
1.15 Dagvist	4,0
Almennur rekstur samtals	1,1
Gjöld samtals	**1,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1,1

08-411 Garðvangur, Garði

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	11,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	11,1

m.kr.

08-412 Hjúkrunarheimilið Skógarbær

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	-0,9
1.71 Endurhæfingardeild	0,3
Almennur rekstur samtals	-0,6
Gjöld samtals	**-0,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-0,6

08-413 Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	49,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	49,1

08-414 Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	-0,2
1.11 Dvalarrými	-3,5
Almennur rekstur samtals	-3,7
Gjöld samtals	**-3,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-3,7

08-415 Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	-0,4
1.11 Dvalarrými	-0,5
1.15 Dagvist	-0,2
Almennur rekstur samtals	-1,1
Gjöld samtals	**-1,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-1,1

	m.kr.
08-416 Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	3,3
1.11 Dvalarrými	-0,1
1.15 Dagvist	-0,2
Almennur rekstur samtals	3,0
Gjöld samtals	**3,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3,0
08-417 Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	8,3
1.11 Dvalarrými	10,4
1.15 Dagvist	2,9
Almennur rekstur samtals	21,6
Gjöld samtals	**21,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	21,6
08-418 Seljahlíð, Reykjavík	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	1,5
1.11 Dvalarrými	14,6
Almennur rekstur samtals	16,1
Gjöld samtals	**16,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	16,1
08-419 Sólvangur, Hafnarfirði	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	46,2

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	46,2
08-421 Víðines	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	-19,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-19,7
08-423 Höfði, Akranesi	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	-17,0
1.11 Dvalarrými	2,6
1.15 Dagvist	2,6
Almennur rekstur samtals	-11,8
Gjöld samtals	**-11,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-11,8
08-424 Dvalarheimili aldraða Borgarnesi	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	0,1
1.11 Dvalarrými	8,2
Almennur rekstur samtals	8,3
Gjöld samtals	**8,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	8,3
08-425 Dvalarheimili aldraða Stykkishólmi	
Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	0,5
1.11 Dvalarrými	5,8
Almennur rekstur samtals	6,3
Gjöld samtals	**6,3**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	6,3

08-426 Fellaskjól, Grundarfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	15,8
1.11 Dvalarrými	2,4
Almennur rekstur samtals	18,2
Gjöld samtals	**18,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	18,2

08-427 Jaðar, Ólafsvík

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	5,1
1.11 Dvalarrými	7,2
1.15 Dagvist	0,5
Almennur rekstur samtals	12,8
Gjöld samtals	**12,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	12,8

08-428 Fellsendi, Búðardal

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	53,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	53,6

08-429 Barmahlíð, Reykhólum

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	-0,3
1.11 Dvalarrými	-0,6
Almennur rekstur samtals	-0,9
Gjöld samtals	**-0,9**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-0,9

08-433 Dalbær, Dalvík

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	-0,2
1.11 Dvalarrými	1,9
1.15 Dagvist	-0,2
Almennur rekstur samtals	1,5
Gjöld samtals	**1,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1,5

08-434 Samningur við Akureyrarbæ um öldrunarþjónustu

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	81,6
1.11 Dvalarrými	3,0
1.15 Dagvist	-1,7
Almennur rekstur samtals	82,9
Gjöld samtals	**82,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	82,9

08-436 Uppsalir, Fáskrúðsfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	-3,4
1.11 Dvalarrými	-2,2
Almennur rekstur samtals	-5,6
Gjöld samtals	**-5,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-5,6

m.kr.

08-437 Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um öldrunarþjónustu

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	-1,6
1.11 Dvalarrými	13,6
1.15 Dagvist	-0,8
1.81 Sjúkrarými og fæðingar	1,1
Almennur rekstur samtals	12,3
Gjöld samtals	**12,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	12,3

08-438 Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	0,5
1.11 Dvalarrými	-0,6
1.15 Dagvist	0,7
Almennur rekstur samtals	0,6
Gjöld samtals	**0,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	0,6

08-439 Hjallatún, Vík

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	-0,7
1.11 Dvalarrými	-1,7
Almennur rekstur samtals	-2,4
Gjöld samtals	**-2,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-2,4

08-440 Kumbaravogur, Stokkseyri

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	2,8

	m.kr.
1.11 Dvalarrými	28,0
Almennur rekstur samtals	30,8
Gjöld samtals	**30,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	30,8

08-441 Ás/Ásbyrgi, Hveragerði

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	-0,4
1.11 Dvalarrými	-3,7
1.17 Geðrými	17,8
Almennur rekstur samtals	13,7
Gjöld samtals	**13,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	13,7

08-442 Hraunbúðir, Vestmannaeyjum

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	-12,2
1.11 Dvalarrými	18,8
1.15 Dagvist	1,2
Almennur rekstur samtals	7,8
Gjöld samtals	**7,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	7,8

08-443 Holtsbúð, Garðabæ

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	4,1
1.15 Dagvist	-0,2
Almennur rekstur samtals	3,9
Gjöld samtals	**3,9**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 3,9

08-444 Vífilsstaðir, Garðabæ

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 0,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 0,2

08-447 Sóltún, Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými . . . . . -141,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -141,0

08-460 Dvalarrými aldraðra, önnur

Almennur rekstur:
1.11 Dvalarrými aldraðra, önnur 30,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 30,9

08-470 Vesturhlíð, Reykjavík

Almennur rekstur:
1.10 Vesturhlíð, Reykjavík 14,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 14,1

08-472 Hlíðabær, Reykjavík

Almennur rekstur:
1.10 Hlíðabær, Reykjavík . . . . . -12,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -12,2

	m.kr.
08-473 Lindargata, Reykjavík	
Almennur rekstur:	
1.10 Lindargata, Reykjavík	-7,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-7,1
08-474 Dagvist og endurhæfingarstöð MS-sjúklinga	
Almennur rekstur:	
1.10 Dagvist og endurhæfingarstöð MS-sjúklinga	-10,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-10,0
08-475 Múlabær, Reykjavík	
Almennur rekstur:	
1.10 Múlabær, Reykjavík	-27,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-27,3
08-476 Fríðuhús, Reykjavík	
Almennur rekstur:	
1.10 Fríðuhús, Reykjavík	-8,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-8,6
08-477 Dagvistun aldraðra, aðrar	
Almennur rekstur:	
1.10 Dagvistun aldraðra, aðrar	5,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5,6
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**3.458,2**
Greitt úr ríkissjóði	**3.458,2**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

09 Fjármálaráðuneyti

09-212 Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld

Almennur rekstur:	
1.05 Gæða- og þjónustumál skattstofa	24,3
1.30 Þungaskattur	9,7
Almennur rekstur samtals	34,0
Gjöld samtals	**34,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	34,0

09-250 Innheimtukostnaður

Almennur rekstur:	
1.10 Ýmis innheimtukostnaður	-49,9
Sértekjur:	
Sértekjur	3,4
Gjöld umfram tekjur	**-46,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-46,5

09-381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun

Almennur rekstur:	
1.01 Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	-4.112,3
1.04 Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga	-1.094,7
1.06 Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands	-210,6
1.07 Eftirlaun fyrrum bankastjóra Útvegsbanka Íslands	-0,5
1.09 Lífeyrissjóðir sveitarfélaga vegna samrekstrarstofnana	74,8
1.10 Eftirlaun ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara	-619,5
1.91 Aðrar lífeyrisskuldbindingar og eftirlaun	195,5
Almennur rekstur samtals	-5.767,3
Gjöld samtals	**-5.767,3**
Fjármögnun:	
Viðskiptahreyfingar	-5.767,3

m.kr.

09-405 Fasteignagjöld af húsnæði ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Fasteignagjöld af húsnæði ríkisins ..... -3,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -3,2

09-481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum

Stofnkostnaður:
6.01 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum ..... -147,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -147,2

09-711 Afskriftir skattkrafna

Almennur rekstur:
1.11 Afskriftir skattkrafna ..... -2.445,8

Fjármögnun:
Viðskiptahreyfingar ..... -2.445,8

09-721 Fjármagnstekjuskattur

Almennur rekstur:
1.11 Fjármagnstekjuskattur 277,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 277,0

09-811 Barnabætur

Almennur rekstur:
1.11 Barnabætur 428,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 428,9

	m.kr.
09-821 Vaxtabætur	
Almennur rekstur:	
1.11 Vaxtabætur	38,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	38,7
09-973 Tapaðar kröfur og tjónabætur	
Stofnkostnaður:	
6.11 Tapaðar kröfur	189,9
6.15 Tjónabætur	3,4
Stofnkostnaður samtals	193,3
Gjöld samtals	**193,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3,4
Viðskiptahreyfingar	189,9
09-981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	
Stofnkostnaður:	
6.91 Ýmsar fasteignir skv. 6. gr. fjárlaga	-9,4
Sértekjur:	
Sértekjur	9,3
Gjöld umfram tekjur	**-0,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-0,1
09-989 Launa- og verðlagsmál	
Almennur rekstur:	
1.90 Launa- og verðlagsmál	114,2
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,2
Gjöld umfram tekjur	**112,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	112,0

	m.kr.
09-999 Ýmislegt	
Almennur rekstur:	
1.10 Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið	-13,7
1.14 Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum	-21,7
1.31 Lífeyrissjóður bænda	29,9
1.60 Dómkröfur	-135,7
1.75 Aðstoð vegna jarðskjálfta á Suðurlandi	-0,3
1.81 Verðjöfnunargjöld vegna útflutnings	3,0
1.92 Rekstrarkostnaður biðreikninga í Útvegsbanka Íslands	-0,1
1.93 Kaup á hlut sveitarfélaga í Landsvirkjun	-3,1
Almennur rekstur samtals	-141,7
Gjöld samtals	**-141,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	23,5
Gjöld umfram tekjur	**-118,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-118,2
09 Fjármálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**-7.444,4**
Greitt úr ríkissjóði	**578,8**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**-8.023,2**

m.kr.

11 Iðnaðarráðuneyti

11-373 Niðurgreiðslur á húshitun

Almennur rekstur:
1.11 Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis ..... -26,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -26,6

11-375 Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku

Almennur rekstur:
1.11 Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku 10,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 10,3

11 Iðnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur ..... **-16,3**
Greitt úr ríkissjóði ..... **-16,3**
Innheimt af ríkistekjum **0,0**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

14 Umhverfisráðuneyti

14-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.40 Alþjóðastofnanir 7,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 7,2

14-281 Styrkir til fráveitna sveitarfélaga

Stofnkostnaður:
6.51 Styrkir til fráveitna sveitarfélaga . . . . . -138,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -138,7

14 Umhverfisráðuneyti, gjöld umfram tekjur . . . . . -131,5
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -131,5
Innheimt af ríkistekjum 0,0
Viðskiptahreyfingar 0,0

m.kr.

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

19-801 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Almennur rekstur:	
1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs	-607,1
Fjármögnun:	
Viðskiptahreyfingar	-607,1
19 Vaxtagjöld ríkissjóðs, gjöld umfram tekjur	**-607,1**
Greitt úr ríkissjóði	**0,0**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**-607,1**

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur. Frumvarp þetta er til staðfestingar á niðurstöðum ríkisrekstrarins í ríkisreikningi fyrir árið 2006. Í því eru einnig lagðar til breytingar á fjárheimildum vegna frávika í ríkistekjum stofnana frá áætlun fjárlaga og fjáraukalaga 2006 og gerðar tillögur um niðurfellingar á stöðu fjárheimilda í lok ársins. Í fylgiskjali 1 með frumvarpinu er yfirlit yfir ónotaðar fjárveitingar í árslok sem færast til ársins 2007 og gjöld umfram heimildir sem koma til lækkunar á fjárheimildum þess árs. Við samningu frumvarpsins var stuðst við sömu vinnureglur um uppgjör fjárheimilda og markaðra tekna og í fyrri lokafjárlögum. Með frumvarpinu eru lagðar fyrir Alþingi niðurstöður um afgangsheimildir og umframgjöld í rekstri ríkissjóðs á árinu 2006 og er vísað til greinargerðar í fjárlögum og fjáraukalögum og skýringa í ríkisreikningi fyrir árið 2006 um framvindu ríkisfjármála það ár. Þá liggur fyrir skýrsla Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings 2006.

Í fylgiskjali 2 með frumvarpinu er yfirlit yfir talnagrunn frumvarpsins. Yfirlitið sýnir uppruna allra fjárheimilda ársins 2006 bæði fyrir ríkissjóð í heild og einstök viðfangsefni. Þar er um að ræða fluttar stöður fjárheimilda frá fyrra ári, fjárlög, fjáraukalög, millifærðar heimildir innan ársins og breytingar á fjárheimildum vegna frávika ríkistekna samkvæmt þessu frumvarpi. Því næst eru tilfærð útgjöld samkvæmt ríkisreikningi og loks fjárheimildastaða í árslok, þ.e. mismunur fjárheimilda og reikningsfærðra útgjalda. Heildarfjárheimildir ársins 2006 nema 353.007,8 m.kr. en útgjöld samkvæmt reikningi urðu 340.170,3 m.kr. og er staða fjárheimilda í árslok því jákvæð um 12.837,5 m.kr. Taflan hér á eftir sýnir heildarsamtölur fyrir uppruna fjárheimilda og árslokastöðu samkvæmt fylgiskjali 2.

Rekstrargrunnur, m.kr.	M.kr.
Flutt frá fyrra ári	17.408,9
Fjárlög	315.059,3
Fjáraukalög	19.577,4
Millifært	-0,4
Lokafjárlög	962,6
Alls heimildir	353.007,8
Reikningur	340.170,3
Staða í árslok	**12.837,5**

Lagagreinar og sundurliðanir. Í 1. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á fjárheimildum stofnana og verkefna vegna frávika markaðra tekna frá áætlun fjárlaga og fjáraukalaga. Nánar tiltekið er hér leitað eftir heimild Alþingis fyrir ráðstöfun ríkistekna stofnana og verkefna, ýmist í samræmi við það hverjar tekjurnar urðu samkvæmt uppgjöri eða hver metin fjárþörf við skil ríkistekna reyndist vera. Slíkar breytingar á fjárheimildum ríkisaðila og ráðstöfun ríkistekna verður að ákvarða með lögum á Alþingi á sama hátt og gert er í fjárlögum og fjáraukalögum. Byggt er á eftirfarandi vinnureglum í þessari tillögugerð:

1. Almennt er miðað við að mismunur á álögðum tekjum stofnana samkvæmt ríkisreikningi og áætluðum tekjum fjárlaga og fjáraukalaga leiði til jafn mikillar breytingar á fjárheimildum ársins.
2. Í nokkrum tilvikum, þar sem lög ákvarða útgjöld óháð tekjum, er breyting fjárheimildar þó miðuð við skil teknanna frá ríkissjóði til stofnana, enda hefur þá verið lagt mat á fjárþörfina innan ársins við skil ríkissjóðs á mörkuðum tekjum. Sú regla á t.d. við um útgjöld vegna atvinnuleysisbóta, útgjöld Fæðingarorlofssjóðs og útgjöld Ábyrgðasjóðs launa. Í slíkum tilvikum kann fjárþörf að hafa verið metin meiri eða minni heldur en álagðar tekjur ársins.
3. Í ákveðnum tilvikum eru ekki lagðar til breytingar á fjárheimildum frá því sem ákveðið var af Alþingi í fjárlögum og fjáraukalögum þótt markaðar tekjur hafi reynst vera meiri eða minni en áætlað var. Hér er yfirleitt um að ræða tilvik þar sem ekki er beint samband milli útgjaldaþarfar stofnunar og fjármögnunar á þann hátt að sveiflur í tekjum hafi beinlínis áhrif á kostnað eða að útgjaldaheimildir eru ákvarðaðar út frá verkefnum án tillits til hugsanlegra breytinga í fjármögnum með ríkistekjum. Þar má t.d. nefna framlög til vegagerðar og annarra stofnkostnaðarverkefna og þau tilvik þegar tekjustofnar hafa verið skertir með lögum eða fjárlög ekki heimilað að tekjunum væri að fullu ráðstafað til gjaldahliðar eins og fram kemur í viðskiptahreyfingum á tekjuliðum í séryfirlitum 3 og 4 í fjárlögum eða fjáraukalögum.

Í sundurliðun 1 er nánara yfirlit yfir einstaka fjárlagaliði ráðuneyta þar sem lagðar eru til breytingar á fjárveitingum vegna frávika á ríkistekjum samkvæmt 1. gr. frumvarpsins, ýmist til hækkunar eða lækkunar.

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að stöður fjárheimilda í árslok verði felldar niður og flytjist því ekki yfir á næsta ár. Getur þar bæði verið um að ræða afgangsheimildir og útgjöld umfram fjárheimildir. Stuðst er við þá meginreglu að í þeim tilvikum þegar útgjöld ráðast með beinum hætti af öðrum lögum en fjárlögum, svo sem útgjöld almannatrygginga, er staðan ekki flutt yfir til næsta árs heldur felld niður. Sama gildir um stöður fjárlagaliða þar sem útgjöld ráðast af hagrænum breytingum, svo sem vaxtagjöld og lífeyrisskuldbindingar, eða ef útgjöld fjárlagaliðar eru ekki þáttur í rekstri tiltekins ábyrgðaraðila, svo sem útgjöld á sameiginlegum launa- og verðlagslið fjárlaga. Eins er lagt til að stöður verkefna sem er lokið verði felldar niður. Þessi afgreiðsla er með sama hætti og verið hefur um langt árabil. Í sundurliðun 2 er nánara yfirlit yfir stöður fjárheimilda á einstökum fjárlagaliðum ráðuneyta sem lagt er til að falli niður samkvæmt 2. gr. frumvarpsins, annars vegar umframgjöld, þ.e. fjárhæðir með neikvæðu formerki, og hins vegar afgangsheimildir, þ.e. fjárhæðir með engu formerki.

Samanburður á árslokastöðu fjárheimilda í lokafjárlögum og ríkisreikningi. Með lokafjárlögum er ákvarðað hvaða árslokastöður fjárheimilda falla niður og hverjar flytjast til næsta árs. Með lokafjárlögum 2005 var alls 17.408,9 m.kr. fjárheimildastaða flutt til ársins

2006. Í séryfirliti 5 í ríkisreikningi 2006 er birt yfirlit yfir heildarfjárheimildir ársins hjá ráðuneytum og stofnunum. Samkvæmt yfirlitinu er í heildina flutt 17.413 m.kr. jákvæð fjárheimildastaða frá fyrra ári til ársins 2006 en það er um 4 m.kr. hærri staða en ákvörðuð var í lokafjárlögum 2005. Mest munar um misræmi í eftirtöldum fimm tilvikum. Í fyrsta lagi er flutt betri staða í ríkisreikningi en lokafjárlögum á lið *04-821 Framleiðnisjóður landbúnaðarins* þar sem fluttur er 45,4 m.kr. afgangur í reikningi á móti 3,4 m.kr. afgangi í lokafjárlögum. Það stafar að mestu leyti af því að innifalið í yfirfærðri stöðu reikningsins er 41,9 m.kr. höfuðstóll sem sjóðurinn tók með sér er hann var fluttur úr C-hluta í A-hluta árið 2005. Fjárheimild vegna þessa var hins vegar ekki veitt fyrr en í fjáraukalögum 2006 og er því ekki tekin inn í fjárheimildagrunn lokafjárlaga fyrr en í þessu frumvarpi. Í öðru lagi er fluttur 164,4 m.kr. halli í ríkisreikningi á lið *05-202 Hafrannsóknastofnunin* en 273,2 m.kr. halli í lokafjárlögum og stafar munurinn að mestu leyti af millifærslu á 108,5 m.kr. af framlagi til eignarmyndunar yfir á höfuðstól vegna niðurfærslu og afskriftar á hlutafjáreign stofnunarinnar. Fjárheimild vegna þessa var hins vegar ekki veitt fyrr en í fjáraukalögum 2006 og er því ekki tekin inn í fjárheimildagrunn lokafjárlaga fyrr en í þessu frumvarpi. Í þriðja lagi er fluttur 61,3 m.kr. halli í ríkisreikningi á lið *06-102 Birting laga og stjórnvaldsfyrirmæla* en 72,4 m.kr. halli í lokafjárlögum og stafar munurinn af því að í reikningi er fjárheimildastaða liðarins oftalin sem nemur 11,1 m.kr. sértekjum umfram gjöld á fjárlögum 2005. Í fjórða lagi er flutt 83,7 m.kr. betri staða í ríkisreikningi en lokafjárlögum yfir á árið 2006 á fjárlagaliðum öldrunarstofnana hjá heilbrigðisráðuneyti, eða alls 1.624,3 m.kr. á móti 1.540,6 m.kr. Á móti kemur svo í fimmta lagi að á liðum *10-471 Rekstur Flugmálastjórnar*, *10-472 Framkvæmdir Flugmálastjórnar* og *10-473 Alþjóðaflugþjónustan* er flutt samtals 263,1 m.kr. betri staða í lokafjárlögum en ríkisreikningi yfir á árið 2006, eða 766,6 m.kr., samanborið við 503,5 m.kr. Munar þar mest um 283 m.kr. hærri fjárheimildastöðu lokafjárlaga vegna mismunandi framsetningar í fjárlögum og ríkisreikningi á 622 m.kr. fjárveitingum sem veittar voru vegna framkvæmda við Reykjavíkurflugvöll umfram markaðar tekjur af flugvallagjaldi á fjárlögum og fjáraukalögum 2000 til 2003. Vísast til athugasemda í frumvörpum til lokafjárlaga fyrir árin 2004 og 2005 þar um. Gert er ráð fyrir að þetta misræmi verði að fullu horfið árið 2009. Önnur frávik í fluttum fjárheimildastöðum einstakra fjárlagaliða frá fyrra ári eru smærri.

Í flestum tilvikum gildir að höfuðstóll stofnana í árslok samkvæmt ríkisreikningi er jafn fjárheimildastöðu í árslok samkvæmt frumvarpinu. Undantekningar frá því eru einkum af tvennum toga. Annars vegar í þeim tilvikum þegar fjárheimildum stofnana er ekki breytt í frumvarpinu þótt frávik séu milli reikningsfærðra ríkistekna og ríkistekna stofnana í fjárlögum og fjáraukalögum og hins vegar þegar rekstrarafkoma ársins er flutt á bundið eigið fé í ríkisreikningi. Sé litið á þann hátt á fjárheimildastöður frumvarpsins í árslok 2006 og þær bornar saman við höfuðstól í árslok samkvæmt ríkisreikningi þá er í nokkrum tilvikum munur þar á. Eins og áður hefur komið fram er heildarstaða fjárheimilda í árslok 2006 í frumvarpinu jákvæð um 12.837,5 m.kr. Samkvæmt séryfirliti 3 í ríkisreikningi er höfuð-

stólsstaða stofnana í árslok 2006 hins vegar jákvæð um 14.739 m.kr. og er því rétt rúmlega 1.900 m.kr. betri. Munar þar mest um 1.864,9 m.kr. hærri höfuðstól á lið *08-402 Lífeyristryggingar* vegna reikningsfærðra ríkistekna umfram fjárheimildir, en eins og í fyrri lokafjárlögum er fjárheimild liðarins vitaskuld ekki breytt í frumvarpinu frá því sem ákveðið var við mat á fjárþörf í fjárlögum og fjáraukalögum þótt fjármögnun almannatrygginga með tryggingagjaldi reynist vera meiri eða minni en áætlað var. Þessi mismunur flyst þó ekki áfram milli ára því staða liðarins fellur niður um hver áramót. Sama er að segja um mun á núll stöðu höfuðstóls í ríkisreikningi og 126 m.kr. neikvæðri fjárheimildastöðu í árslok samkvæmt frumvarpinu á liðnum *07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður* og núll stöðu höfuðstóls í ríkisreikningi og 94,5 m.kr. neikvæðri fjárheimildastöðu í árslok á liðnum *07-982 Ábyrgðasjóður launa* að öðru leyti en því að í frumvarpinu miðast breytingar á fjárheimildum þessara liða við skil á mörkuðum tekjum en í ríkisreikningi miðast tekjurnar við álagðar tekjur auk þess sem afkoma ársins er þar flutt á bundið eigið fé og kemur því ekki fram í höfuðstól.

Af öðru misræmi milli fjárheimildastöðu í árslok samkvæmt frumvarpinu og höfuðstól í árslok samkvæmt ríkisreikningi má nefna áðurnefnda 263,1 m.kr. betri stöðu í frumvarpinu en reikningi á fjárlagaliðum Flugmálastjórnar en það er óbreytt frá fyrra ári, sbr. umfjöllun þar um fyrr í þessum kafla. Í öðru lagi má nefna 120 m.kr. betri stöðu í frumvarpinu en ríkisreikningi á fjárlagalið *02-201 Háskóli Íslands* sem skýrist af því að Happdrætti Háskóla Íslands greiddi 120 m.kr. lægra framlag til framkvæmda skólans en ákvarðað var á fjárlögum að greitt skyldi, eða 485 m.kr. í stað 605 m.kr. Tekjur skólans í ríkisreikningi miðast við greitt framlag en fjárheimildastaða hans í frumvarpinu miðast við ákvörðun fjárlaga og er því betri sem þessum mun nemur. Sama er að segja um fjárlagalið *02-238 Tækjasjóður* nema hvað þar er staða sjóðsins 40 m.kr. betri í ríkisreikningi en frumvarpinu sem stafar af því að í ríkisreikningi er tekjufært hjá sjóðnum 150 m.kr. greitt einkaleyfisgjald frá Happdrætti Háskóla Íslands en staða sjóðsins í frumvarpinu miðast við ákvörðun fjárlaga um að happdrættið skyldi greiða sjóðnum 110 m.kr. einkaleyfisgjald. Í þriðja lagi má nefna alls 84 m.kr. betri stöðu í ríkisreikningi en í frumvarpinu á fjárlagaliðum öldrunarstofnana og hjúkrunarheimila, sem er sem næst óbreytt frá fyrra ári, sbr. ofangreinda umfjöllun um fluttar fjárheimildastöður frá 2005. Það misræmi flyst þó ekki áfram til næsta árs því samkvæmt frumvarpinu falla fjárheimildastöður þessara stofnana í árslok niður að því undanskildu að 271 m.kr. af afgangsheimild á fjárlagaviðfangi *08-401-1.01 Hjúkrunarheimili, almennt*, flyst áfram til ársins 2007 enda var hún millifærð út á einstök heimili á fjáraukalögum 2007 til að koma til móts við uppsafnaðan rekstrarhalla. Í fjórða lagi má nefna 39 m.kr. betri stöðu í ríkisreikningi en í frumvarpinu á liðnum *05-202 Hafrannsóknastofnunin* og munar þar mest um að í ríkisreikningi er framlag ríkissjóðs oftalið um 38,6 m.kr., eða 1.345,8 m.kr. í stað 1.307,2 m.kr. Í fimmta lagi má svo loks nefna 35,8 m.kr. betri stöðu í ríkisreikningi en í frumvarpinu á fjárlagaliðum *10-211 Rekstur Vegagerðarinnar* og *10-212 Framkvæmdir Vegagerðarinnar*. Það misræmi stafar

af því að í ríkisreikningi 2006 eru 75,2 m.kr. fluttar af bundnu eigin fé yfir á höfuðstól á móti kostnaði vegna afskrifta markaðra tekna og verðbóta á ferjulán. Í fjárlögum var veitt 54 m.kr. fjárveiting vegna þessara kostnaðarliða og munar því 21,2 m.kr. þar á. Sá munur bætist við 14,6 m.kr. mun af sama toga frá árinu 2005 þannig að í árslok 2006 er misræmi af þessum sökum milli stöðu reiknings og lokafjárlaga orðinn 35,8 m.kr. Annað misræmi í fjárheimildastöðum einstakra fjárlagaliða í árslok er smærra og getur í sumum tilvikum stafað af afrúningi sem myndast við það að í fjárheimildagrunni lokafjárlaga eru allar fjárhæðir settar fram í milljónum króna með einum aukastaf eins og í fjárlögum en í talnagrunni ríkisreiknings eru tekjur, gjöld og fjárheimildir í heilum krónum.

Staða fjárheimilda í árslok. Í fylgiskjali 2 með frumvarpinu er lögð fram heildarskrá yfir fjárheimildastöður ríkisaðila í A-hluta, bæði þeirra sem áttu afgang á fjárheimildum og þeirra þar sem útgjöld voru umfram fjárheimildir ársins. Eins og áður hefur komið fram er staða fjárheimilda í árslok samtals jákvæð um 12.837,5 m.kr., en það svarar til 3,6% af heildarfjárheimildum ársins. Staðan skiptist þannig að afgangsheimildir eru 28.251,4 m.kr. en umframgjöld eru 15.413,9 m.kr. Í töflunni hér á eftir kemur fram hvernig fjárheimildastaða fjárlagaliða í árslok skiptist í afgangsheimildir og umframgjöld eftir ráðuneytum.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Afgangs-heimildir	Umfram-gjöld	Staða í árslok
00 Æðsta stjórn ríkisins	237,5	-8,4	229,1
01 Forsætisráðuneyti	479,7	0,0	479,7
02 Menntamálaráðuneyti	3.153,8	-1.672,9	1.480,9
03 Utanríkisráðuneyti	1.816,0	-280,2	1.535,8
04 Landbúnaðarráðuneyti	1.438,0	-362,7	1.075,3
05 Sjávarútvegsráðuneyti	823,9	-124,1	699,8
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	1.541,7	-756,4	785,3
07 Félagsmálaráðuneyti	709,0	-535,6	173,4
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	6.356,9	-1.950,1	4.406,8
09 Fjármálaráðuneyti	2.559,7	-8.415,3	-5.855,6
10 Samgönguráðuneyti	5.946,7	-497,3	5.449,4
11 Iðnaðarráðuneyti	948,9	-26,6	922,3
12 Viðskiptaráðuneyti	263,8	0,0	263,8
13 Hagstofa Íslands	0,0	-14,4	-14,4
14 Umhverfisráðuneyti	1.975,8	-162,8	1.813,0
19 Vaxtagjöld ríkissjóðs	0,0	-607,1	-607,1
Samtals	**28.251,4**	**-15.413,9**	**12.837,5**

Afgangsheimildir og umframgjöld í ofangreindri töflu eru samanlagðar árslokastöður allra fjárlagaliða frumvarpsins, annars vegar fjárlagaliða sem hafa jákvæða fjárheimildastöðu í árslok og hins vegar liða sem hafa neikvæða stöðu í árslok. Yfirleitt eru það fjárlagaliðirnir, þ.e.a.s. stofnanirnar eða verkefnin sjálf, sem horft er á við skoðun á því hvort aðilar hafi farið fram úr fjárheimildum eða haldið sig innan þeirra. Sé hins vegar litið á árs-

lokastöður fjárheimilda eftir einstökum viðfangsefnum undir fjárlagaliðunum þá eru afgangsheimildir samtals 40.882,4 m.kr. og umframgjöld 28.044,9 m.kr. Heildarfjárhæðir afgangsheimilda og umframgjalda eru þannig 12.631 m.kr. hærri en hrein staða er sú sama. Hærri samtölur eftir stöðum viðfangsefna stafa af því að innan einstakra fjárlagaliða eru stöður viðfangsefna ýmist jákvæðar eða neikvæðar og þenja því út umfangið. Sem dæmi um það má taka fjárlagaliðinn *02-981 Kvikmyndamiðstöð Íslands* en fjárheimildastaða hans í árslok er jákvæð um 151,3 m.kr. Sú staða skiptist niður á tvö viðfangsefni með 747,6 m.kr. heimildir umfram bókfærð útgjöld á öðru þeirra og 596,3 m.kr. bókfærð útgjöld umfram heimildir á hinu. Reikningshaldi um þennan lið hefur þannig ekki verið skipt á þann veg sem gert er ráð fyrir í fjárlögum. Annað dæmi er á fjárlagaliðnum *03-201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli* en staða liðarins í árslok er neikvæð um 149,6 m.kr. Sú staða skiptist niður á fimm viðfangsefni með samtals 723,2 m.kr. heimildir umfram bókfærð útgjöld á þremur þeirra og 872,8 m.kr. bókfærð útgjöld umfram heimildir á tveimur. Mikilvægt er að stemma stigu við að slík frávik myndist milli fjárveitinga og útgjalda á viðfangsefnum innan einstakra fjárlagaliða. Í því sambandi þarf að gæta þess að bókhaldi sé hagað þannig að kostnaður verkefna sé gjaldfærður á þau viðfangsefni sem fjárheimild var veitt á fyrir útgjöldunum.

Sé litið til þess hvaða fjárlagaliðir það eru þar sem frávik milli fjárheimilda og útgjalda eru hvað mest, kemur í ljós að oft eru það vissir stofnkostnaðarliðir og ýmsir tilfærsluliðir og óreglulegir liðir fremur en eiginlegir rekstrarliðir. Útgjöld þessara liða eru oft á tíðum lögbundin, hagræn eða kerfislæg og ráðast því ekki af fjármálastjórn tiltekins aðila og ríkissjóður kemst ekki hjá að greiða eða gjaldfæra útgjöld á árinu. Má sem dæmi nefna útgjöld almannatrygginga, lífeyrisskuldbindingar, afskriftir skattkrafna, og vaxtagjöld. Leitast er við að endurskoða fjárheimildir slíkra liða í fjáraukalögum hvers árs en yfirleitt er um að ræða flókið samspil margra áhrifaþátta sem erfitt getur verið að spá fyrir um eða gjaldfærsla ræðst af ákvörðunum um forsendur reikningshaldslegs uppgjörs eftir að árið er liðið.

Fjárlagaliðir með mestar afgangsheimildir í árslok eru í fyrsta lagi liðurinn *08-204 Lífeyristryggingar* með 2.148,2 m.kr. afgang, að mestu á viðfangsefnum tekjutrygginga elli- og örorkulífeyrisþega. Í öðru lagi er liðurinn *03-401 Alþjóðastofnanir* með 1.687,9 m.kr. inneign og munar þar mest um 1.530,8 m.kr. á viðfangsefninu *1.73 Þróunarsjóður EFTA*, en ákvarðanir um styrkveitingar úr sjóðnum hafa gengið mun hægar fyrir sig en reiknað hafði verið með. Greiðslur úr sjóðnum eru háðar framkvæmdahraða verkanna og því hefur safnast upp ónotuð fjárheimild sem reikna má með að komi til útgreiðslu á næstu árum. Í þriðja lagi er *10-521 Fjarskiptasjóður* með 1.526 m.kr. afgang á fjárheimildum, en framkvæmdir sem sjóðnum er ætlað að fjármagna hafa farið hægar af stað en reiknað var með. Í fjórða lagi eru *10-212 Framkvæmdir Vegagerðarinnar* með 1.088,3 m.kr. afgang, en það er helmingi minna en í árslok 2005. Í fimmta lagi er *10-336 Hafnabótasjóður* með 1.066,9 m.kr. afgang, þar af 1.019,5 m.kr. á viðfangi *6.70 Hafnamannvirki*. Í sjötta lagi er *14-287 Úrvinnslusjóður* með 1.018 m.kr. afgang. Til viðbótar framangreindum liðum með háar

ónotaðar fjárheimildir í árslok má nefna *02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður* með 809,1 m.kr. afgang, *08-401 Öldrunarstofnanir, almennt* með 759,2 m.kr. afgang, en þar af eru stofnkostnaðarheimildir 576,9 m.kr., *10-472 Framkvæmdir Flugmálastjórnar* með 658,5 m.kr. afgang, *04-831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins* með 607,8 m.kr. afgang, *08-700 Heilbrigðisstofnanir* með 588,4 m.kr. afgang, þar af 521,7 m.kr. á viðfangi *6.99 Bygging heilbrigðisstofnana, óskipt*, *08-203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð* með 587,9 m.kr. afgang, *06-396 Landhelgissjóður Íslands* með 529,5 m.kr. afgang, *14-381 Ofanflóðasjóður* með 511,1 m.kr. afgang og *09-811 Barnabætur* með 428,9 m.kr. afgang. Af alls 28.251,4 m.kr. ónotuðum fjárheimildum einstakra fjárlagaliða í árslok 2006 stendur tæplega helmingur, eða 14.015,7 m.kr., á þessum 15 fjárlagaliðum.

Útgjöld umfram heimildir eru mest 5.767,3 m.kr. á liðnum *09-381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun*, en mikil aukning var á gjaldfærslu lífeyrisskuldbindinga á árinu 2006 og ber þar hæst áhrif nýrra lífslíkutaflna sem taka mið af reynslu áranna 2001-2005. Aðrir fjárlagaliðir með mikil útgjöld umfram heimildir eru 2.445,8 m.kr. á *09-711 Afskriftir skattkrafna*, 790,6 m.kr. á *08-373 Landspítali - háskólasjúkrahús* og 607,1 m.kr. á *19-801 Vaxtagjöld ríkissjóðs*. Þannig standa rúmlega 62% umframgjalda á þessum fjórum fjárlagaliðum, eða 9.610,8 m.kr. af 15.413,9 m.kr.

Ekki eru forsendur hér til að gefa skýringar á því fyrir hvern og einn fjárlagalið eða viðfangsefni sem í gegnum árin hafa safnað afgangs fjárheimildum eða gjöldum umfram fjárheimildir á viðkomandi verkefni. Sú staða á að koma fram í höfuðstól í reikningi þeirrar stofnunar eða verkefnis sem í hlut á. Vísað er í endurskoðaða reikninga viðkomandi stofnana til frekari skýringa á stöðunni í árslok. Almennt má þó segja að staðan í árslok í fylgiskjali 2 með frumvarpinu ásamt dálki yfir framlög í fjáraukalögum sýni hvernig viðkomandi ráðuneytum og stjórnendum stofnana hefur tekist til við að fylgja eftir ákvörðunum Alþingis í fjárlögum.

Ráðstöfun á stöðu fjárheimilda í árslok. Eins og áður hefur komið fram er heildarstaða fjárheimilda í árslok 2006 jákvæð um 12.837,5 m.kr. og skiptist staðan í 28.251,4 m.kr. afgangsheimildir og 15.413,9 m.kr. umframgjöld einstakra fjárlagaliða. Í lokafjárlögum eru þessar stöður annað hvort felldar niður eða fluttar yfir til næsta árs. Í samræmi við það er í 2. gr. frumvarpsins lagt til að niður falli alls 5.619,6 m.kr. neikvæð fjárheimildastaða í árslok og skiptist sú staða þannig að niður falla alls 5.120,1 m.kr. afgangsheimildir og 10.739,7 m.kr. umframgjöld einstakra viðfangsefna. Í sundurliðun 2 í frumvarpinu er nánara yfirlit yfir stöður fjárheimilda á einstökum fjárlagaliðum ráðuneyta sem lagt er til að falli niður. Loks er í fylgiskjali 1 með frumvarpinu, í samræmi við ákvæði 37. og 45. gr. fjárreiðulaga, lögð fram skrá yfir fjárheimildir sem flytjast til næsta árs. Gert er ráð fyrir að 18.457,1 m.kr. jákvæð fjárheimildastaða flytjist yfir á árið 2007 og nemur sú staða 5% af fjárveitingum fjárlaga ársins 2007. Yfirfærð staða skiptist þannig að afgangsheimildir einstakra fjárlagaliða nema 23.419,5 m.kr. en umframgjöld 4.962,4 m.kr.

Tilgangur með yfirfærslu á stöðum fjárheimilda milli ára er einkum að hvetja ráðuneyti og stofnanir til aðhalds og styrkari fjármálastjórnar til lengri tíma litið. Gerist það með því móti að útgjöld umfram fjárveitingar eru ekki hvort tveggja í senn heimiluð og felld niður við áramót eins og áður tíðkaðist, heldur koma umframgjöld almennt til lækkunar á fjárveitingum næsta árs. Hafi t.d. meiru verið ráðstafað til rekstrarumsvifa stofnunar en ákveðið var með fjárlögum losnar stofnunin ekki undan þeirri fjárhagsstöðu við áramót, heldur verður að vinna hallann upp af framlögum komandi ára. Á sama hátt er afgangur af framlögum vegna frestunar á framkvæmd verkefna eða hagræðingar í rekstri ekki felldur niður í árslok og nýtist því til verkefna viðkomandi stofnunar á næsta ári. Tilgangur með yfirfærslum er því einnig sá að gera starfsemi ráðuneyta og stofnana sveigjanlegri með því að veita þeim svigrúm til að hnika útgjöldum til í tíma, t.d. þegar fresta þarf framkvæmd verkefna til næsta árs.

Ráðstafanir á stöðu fjárheimilda í árslok byggja á viðmiðunarreglum þar sem einkum er litið til þess hvort útgjöldin eru bundin, t.d. af lagaákvæðum, eða frekar á ábyrgð tiltekins stjórnsýsluaðila. Meginreglan er að afgangsheimildum og umframgjöldum í rekstri stofnana er ráðstafað til næsta árs. Sama gildir um afgangsheimildir til fjárfestingar þegar framkvæmdum er ólokið. Staða fjárheimilda á liðum fyrir tilfærsluframlög, t.d. til almannatrygginga, fellur hins vegar almennt niður enda eru þær greiðslur í flestum tilvikum lög- eða samningsbundnar og verður ekki stýrt nema með breytingum á þeim lögum. Sama gildir um liði þar sem útgjöldin ráðast yfirleitt af hagrænum eða reikningshaldslegum þáttum og lúta ekki fjármálastjórn tiltekins aðila, svo sem lífeyrisskuldbindingar og afskriftir skattkrafna. Heimilda til slíkra niðurfellinga er aflað í lokafjárlögum. Tillögur fjármálaráðuneytis um ráðstöfun á stöðu fjárheimilda í árslok byggja á eftirfarandi vinnureglum:

1. Almennt

1.1. Ráðstöfun á stöðu heimilda er bundin við viðkomandi fjárlagalið og þá skiptingu á viðfangsefni sem þar er gerð. Er því ekki heimilt að ráðstafa afgangi eða umframgjöldum milli ára af einum fjárlagalið á annan eða t.d. frá stofnkostnaði til reksturs.

1.2. Staða fjárheimilda er almennt felld niður í árslok á lög- og samningsbundnum liðum, t.d. vegna tilfærsluframlaga lífeyristrygginga, þar sem útgjöld ráðast fremur af ákvæðum laga en fjármálastjórn í starfsemi eða verkefnum sem lúta ábyrgð tiltekins stjórnsýsluaðila og hægt er að stýra án breytinga á lögum.

1.3. Heimildastaða fellur niður í árslok ef viðkomandi verkefni er lokið. Hins vegar fellur hún ekki niður þegar starfsemi er endurskipulögð, t.d. með samruna stofnana.

1.4. Heimildastaða í árslok sem er innan við 100 þús. kr. fellur niður.

2. Afgangsheimildir

2.1. Afgangsheimild liðar í árslok kemur til viðbótar fjárveitingum næsta árs. Afgangur getur þó einungis færst yfir tvenn áramót við frestun á framkvæmd verkefna.

2.2. Afgangsheimild fellur niður í árslok hafi verulega verið dregið úr þjónustu frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum, vegna breytinga á forsendum eða ef verkefni mun ekki koma til framkvæmda að hluta eða að fullu vegna óvissu um umfang þess.
2.3. Afgangsheimild fellur niður ef sýnt þykir að kostnaður við verkefni hafi verið ofmetinn í fjárlögum.
2.4. Afgangur aukafjárveitingar getur færst til næsta árs þegar um er að ræða afmarkað verkefni sem ekki hefur tekist að ljúka við og gjaldfæra fyrir áramót.

3. Umframgjöld
3.1. Umframgjöld liða í árslok dragast að jafnaði frá fjárveitingum næsta árs nema einhver liðanna í 1.1–1.4 eigi fremur við.
3.2. Umframgjöld falla ekki niður þótt starfsemi færist milli fjárlagaliða eða ráðuneyta.

Í sumum tilvikum kann að vera álitamál hvort eðlilegt sé að fella niður stöður einstakra fjárlagaliða eða flytja þær til næsta árs og við gerð sérhvers lokafjárlagafrumvarps eru þessi tilvik metin sjálfstætt. Niðurstaðan ræðst m.a. af því hvort talið sé að viðhafa megi einhverja stýringu á útgjöldum liðarins þrátt fyrir að tilefni útgjaldanna séu þess eðlis að þau teljist lögbundin. Sem dæmi um slíka liði má nefna *06-231 Málskostnaður í opinberum málum* og *06-232 Opinber réttaraðstoð* en útgjöld þessara liða byggjast í mörgum tilvikum á ákvörðunum og mati þeirra aðila sem fara með forræði viðkomandi mála fyrir hönd ríkisins, t.d. um úthlutun gjafsókna til einstaklinga, fremur en að vera beinlínis fastbundin í tilteknum lagaákvæðum. Staða þessara liða hefur fram til þessa verið felld niður í lokafjárlögum en með hliðsjón af því að gera má ráð fyrir að mögulegt sé að hafa meiri stjórn á útgjöldunum þykir koma til álita að breyta þeirri tilhögun og flytja árslokastöðu þeirra yfir á næsta ár. Sama gildir um fleiri liði fjárlaga þar sem árslokastöður hafa verið felldar niður í lokafjárlögum, svo sem liðinn *08-206 Sjúkratryggingar*, en þar ráðast útgjöld að miklu leyti af samningum um kaup á þjónustu þar sem tilgreint er bæði magn og verð. Ekki er í þessu frumvarpi lagt til að breyting verði á meðhöndlun þessara liða en reikna má með að framvegis verði lögð áhersla á að fækka þeim liðum þar sem staða er nánast sjálfkrafa felld niður, a.m.k. í þeim tilfellum þar sem mögulegt er talið að bregðast megi við frávikum í útgjöldum. Gera verður ráð fyrir að þessi mál séu stöðugt til skoðunar.

Af háum afgangsheimildum sem lagt er til að flytjist til næsta árs munar mest um 1.762,4 m.kr. afgang á liðnum *03-401 Alþjóðastofnanir* en þar af eru 1.530,8 m.kr. á viðfangsefninu *1.73 Þróunarsjóður EFTA* eins og áður hefur verið vikið að, 1.526 m.kr. á *10-521 Fjarskiptasjóður*, 1.088,3 m.kr. á *10-212 Framkvæmdir Vegagerðarinnar*, 1.066,9 m.kr. á *10-336 Hafnabótasjóður*, 1.018 m.kr. á *14-287 Úrvinnslusjóður*, 847,9 m.kr. á *08-401 Öldrunarstofnanir, almennt*, þar af 576,9 m.kr. stofnkostnaðarheimildir og 809,1 m.kr. á *02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður*. Af gjöldum umfram fjárheimildir

sem gert er ráð fyrir að flytjist til næsta árs munar mest um 790,6 m.kr. á *08-373 Landspítali - háskólasjúkrahús*, 497,2 m.kr. á *10-211 Rekstur Vegagerðarinnar*, 355,5 m.kr. á *06-395 Landhelgisgæsla Íslands*, 336,3 m.kr. á *02-210 Háskólinn á Akureyri* og 303,3 m.kr. á *08-506 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu*. Um fjárheimildastöður sem lagt er til að falli niður í árslok er fjallað í athugasemdum um 2. gr. frumvarpsins.

Mismunandi framsetning fjárheimilda í lokafjárlögum og ríkisreikningi. Þegar tölur um fjárheimildir í lokafjárlögum og ríkisreikningi eru skoðaðar þarf að hafa í huga að framsetning þeirra getur verið mismunandi. Í ríkisreikningi 2006 eru fjárheimildir stofnana sýndar með tvenns konar hætti. Annars vegar í ritinu *Ársreikningar ríkisaðila* þar sem aðeins er sýnd fjárheimild ársins samkvæmt fjárlögum, fjáraukalögum og millifærslum, hins vegar í ritinu *Heildaryfirlit* þar sem rekstrarreikningur ríkissjóðs og séryfirlit 2 og 5 tilgreina einnig fluttar fjárheimildir frá fyrra ári. Samkvæmt séryfirliti 5 í ríkisreikningi ársins 2006, *Heildarfjárheimildir ársins hjá ráðuneytum og stofnunum*, námu fluttar fjárheimildir frá fyrra ári alls 17.413 m.kr. Fjárheimildir sem tilgreindar eru í reikningum einstakra A-hluta stofnana í ríkisreikningi eru því lægri sem þessu nemur miðað við heimildir sem tilgreindar eru í rekstrarreikningi ríkissjóðs og séryfirlitum reikningsins. Í fjárlögum, fjáraukalögum og lokafjárlögum eru fjárheimildir einstakra verkefna hins vegar ætíð settar fram sem nánari sundurliðun á heildartölum rekstraryfirlits ríkissjóðs, þ.e. í öllum tilvikum eru innifaldar allar fjárheimildir sem Alþingi veitir. Hafa verður þetta í huga við allan samanburð þegar fjárheimildir einstakra verkefna í lokafjárlögum og ríkisreikningi eru bornar saman. Rekstrarreikningar A-hluta aðila í ríkisreikningi sýna þannig stöðu stofnana gagnvart þeim fjárheimildum sem eru veittar í fjárlögum og fjáraukalögum ársins og draga fram hvort stofnun er að auka eða ganga á eigið fé innan þess árs. Uppsöfnuð staða fjárheimildar í árslok kemur hins vegar fram í höfuðstól stofnunarinnar í efnahagsreikningi. Fjárheimildastöður lokafjárlaga innifela hins vegar heildarfjárheimildir að teknu tilliti til afgangs eða halla frá fyrra ári og breytinga á fjárheimildum ársins vegna frávika í ríkistekjum. Árslokastöður lokafjárlaga eru því ætíð heildarfjárheimildir að frádregnum gjöldum ríkisreiknings og sýna uppsafnaða fjárheimildastöðu stofnana í árslok.

Nýting lántökuheimilda á árinu 2006. Í fjárlögum og fjáraukalögum fyrir árið 2006 var ríkissjóði heimilað að taka að láni 140,3 milljarða króna skv. 1. tölulið 5. gr. og endurlána þar af rúma 93 milljarða skv. 2. tölulið. Samkvæmt ríkisreikningi fyrir árið 2006 námu langtímalántökur 131,2 milljörðum króna og veitt lán 95,5 milljörðum króna. Lántökur voru því 9,1 milljarði króna innan heimilda en veitt lán 2,5 milljörðum umfram heimildir vegna hærra láns til Seðlabanka Íslands en reiknað hafði verið með. Nánari upplýsingar um lánsfjármál og samanburð við heimildir er að finna í skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings 2006 og í ríkisreikningi ársins 2006.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á fjárheimildum stofnana og verkefna vegna frávika ríkistekna frá áætlun fjárlaga og fjáraukalaga. Er þar leitað eftir heimild Alþingis fyrir ráðstöfun markaðra skatttekna og annarra ríkistekna til stofnana og verkefna, ýmist í samræmi við það hverjar tekjurnar urðu samkvæmt reikningsuppgjöri eða hver metin fjárþörf reyndist vera í samræmi við verklagsreglur sem lýst er hér að framan. Gert er ráð fyrir að alls hækki fjárheimildir stofnana um 962,6 m.kr. af þessum sökum. Hækkun á fjárheimildum einstakra viðfangsefna nemur samtals 2.083,8 m.kr. en lækkun á heimildum annarra viðfangsefna er samtals 1.121,2 m.kr.

Tekjufrávik sem leiða til mestrar hækkunar fjárheimilda á einstökum fjárlagaliðum eru í fyrsta lagi 261,3 m.kr. á *04-831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins*, að mestu vegna hærri tekna af sölu ríkisjarða en áætlað var í fjárlögum, í öðru lagi 174,1 m.kr. á *10-472 Framkvæmdir Flugmálastjórnar* vegna tekna af flugvallaskatti og varaflugvallagjaldi, í þriðja lagi 148,7 m.kr. á *14-287 Úrvinnslusjóður* vegna tekna af úrvinnslugjaldi, í fjórða lagi 148,1 m.kr. á *03-211 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli* vegna tekna af lendingargjaldi og öryggisgjaldi og í fimmta lagi 141 m.kr. á *14-289 Endurvinnslan hf.* vegna tekna af skilagjaldi og umsýsluþóknun á einnota drykkjarvöruumbúðir.

Tekjufrávik sem leiða til mestrar lækkunar á fjárheimildum einstakra fjárlagaliða eru í fyrsta lagi 788,8 m.kr. á lið *07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður* í samræmi við skil á mörkuðum tekjum til sjóðsins þar sem fjárþörf hans reyndist minni en reiknað var með í fjárlögum og fjáraukalögum, í öðru lagi 77,8 m.kr. á *10-512 Póst- og fjarskiptastofnunin* vegna lægri ríkistekna stofnunarinnar en áætlað var í fjárlögum og í þriðja lagi 58,5 m.kr. á *08-208 Slysatryggingar* vegna minni tekna en reiknað var með í fjárlögum af slysatryggingaiðgjaldi útgerðamanna vegna sjómanna. Nánara yfirlit um breytingar fjárheimilda vegna frávika ríkistekna er sýnt í sundurliðun 1.

Um 2. gr.

Í 2. gr. eru lagðar til niðurfellingar á stöðum fjárheimilda í árslok. Er þar í flestum tilvikum um að ræða fjárheimildastöður stofnana eða verkefna þar sem útgjöld eru lög- eða samningsbundin og fela í mörgum tilvikum í sér tiltekin bótaréttindi einstaklinga, t.d. vaxtabætur, sem verður ekki stýrt innan ársins með góðu móti nema með breytingum á viðkomandi lögum eða samningum. Sama gildir um liði þar sem útgjöld eru yfirleitt hagrænseða kerfislægs eðlis og lúta ekki fjármálastjórn tiltekins aðila. Einnig geta verið felldar niður stöður einstakra viðhalds- og stofnkostnaðarverkefna að framkvæmdum loknum. Vísað er í viðmiðunarreglur um þessar ráðstafanir sem lýst er hér að framan.

Útgjöld umfram fjárheimildir sem lagt er til að falli niður nema 5.619,6 m.kr., nettó, á rekstrargrunni en á greiðslugrunni falla niður 3.010,7 m.kr. heimildir umfram útgjöld, nettó. Þessi mikli munur í niðurfelldum stöðum milli rekstrargrunns og greiðslugrunns liggur að mestu leyti í niðurfellingu 5.767,3 m.kr. umframgjalda á *09-381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun*, niðurfellingu 2.445,8 m.kr. umframgjalda á *09-711 Afskriftir skattkrafna* og niðurfellingu 607,1 m.kr. umframgjalda á *19-801 Vaxtagjöld* ríkissjóðs en í þessum tilvikum er um að ræða reikningshaldslegar gjaldfærslur sem hafa engin áhrif á greiðslur úr ríkissjóði.

Framangreindar fjárheimildastöður sem falla niður skiptast annars vegar í 5.120,1 m.kr. afgangsheimildir og hins vegar 10.739,7 m.kr. umframgjöld. Af afgangsheimildum sem lagt er til að falli niður munar mest um 2.148,2 m.kr. á *08-204 Lífeyristryggingar* og 587,9 m.kr. á *08-203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð*. Þá falla niður stöður á rekstrarviðfangsefnum öldrunarstofnana hjá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, samtals 349,6 m.kr. heimildir umfram útgjöld, á sama hátt og gert var þegar fjárveitingar til þessara verkefna voru á fjárlagaliðum almannatrygginga og laga um félagslega aðstoð. Er þá undanskilin 271 m.kr. inneign á fjárlagaviðfangi *08-401-1.01 Hjúkrunarheimili, almennt*, sem samþykkt var að nýta í fjáraukalögum 2007. Af útgjöldum umfram fjárheimildir sem lagt er til að falli niður munar mest um áðurnefndar stöður á liðunum *09-381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun*, *09-711 Afskriftir skattkrafna* og *19-801 Vaxtagjöld* ríkissjóðs. Nánari skipting á niðurfelldum fjárheimildastöðum í árslok er sýnd í sundurliðun 2.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Breytingar á fjárveitingum ársins 2007 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2006

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
Samtals öll ráðuneyti		**11.837,1**	**-1.727,6**	**-1.184,7**	**9.532,3**	**18.457,1**
00 Æðsta stjórn ríkisins		*281,6*	*-18,1*	*-22,5*	*-5,4*	*235,6*
00-101	**Embætti forseta Íslands**	**-3,2**	**-0,2**	**5,0**		**1,6**
101-1.01	Almennur rekstur	4,1				4,1
101-1.81	Opinberar heimsóknir	-7,3	-0,2			-7,5
101-5.20	Laufásvegur 72, viðhald			5,0		5,0
00-201	**Alþingi**	**225,2**	**-6,7**	**-27,5**	**-14,9**	**176,1**
201-1.01	Alþingiskostnaður	97,3				97,3
201-1.03	Fastanefndir	-67,8				-67,8
201-1.04	Alþjóðasamstarf	90,2	-2,0			88,2
201-1.06	Almennur rekstur	129,0	-6,0			123,0
201-1.07	Sérverkefni	6,5	1,3			7,8
201-1.10	Rekstur fasteigna	-30,0				-30,0
201-5.20	Fasteignir			-27,5		-27,5
201-6.01	Tæki og búnaður				-14,9	-14,9
00-205	**Framkvæmdir á Alþingisreit**				**7,7**	**7,7**
205-6.50	Nýbygging				7,7	7,7
00-610	**Umboðsmaður Alþingis**	**13,2**	**-1,6**			**11,6**
610-1.01	Umboðsmaður Alþingis	13,2	-1,6			11,6
00-620	**Ríkisendurskoðun**	**46,4**	**-9,6**		**1,8**	**38,6**
620-1.01	Ríkisendurskoðun	46,4	-9,6			36,8
620-6.11	Bifreiðar				-1,2	-1,2
620-6.21	Fasteignir				3,0	3,0

Breytingar á fjárveitingum ársins 2007 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2006

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
01	*Forsætisráðuneyti*	*183,7*	*96,6*	*37,5*	*116,9*	*434,7*
01-101	**Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa**	**120,4**	**7,6**			**128,0**
101-1.01	Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	120,4	7,6			128,0
01-190	**Ýmis verkefni**	**53,8**	**69,7**			**123,5**
190-1.15	Útboðs- og einkavæðingarverkefni	12,4				12,4
190-1.16	Evrópunefnd	6,3	-0,2			6,1
190-1.17	Úrskurðarnefnd upplýsingalaga	2,8				2,8
190-1.18	Stjórnarskrárnefnd	22,1	-0,3			21,8
190-1.19	Efnahagsrannsóknir	19,8	-1,7			18,1
190-1.20	Jafnréttissjóður	0,5	0,5			1,0
190-1.29	Félag um rekstur fyrrverandi varnarsvæða		20,0			20,0
190-1.40	Gjöf Jóns Sigurðssonar	-0,8	4,4			3,6
190-1.90	Ýmis verkefni	-9,3	47,0			37,7
01-199	**Ráðstöfunarfé**		**3,9**			**3,9**
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra		3,9			3,9
01-201	**Fasteignir forsætisráðuneytis**	**-8,1**	**-8,8**	**30,8**		**13,9**
201-1.01	Fasteignir forsætisráðuneytis	-8,1	-8,8			-16,9
201-5.29	Fasteignir forsætisráðuneytis			30,8		30,8
01-203	**Fasteignir Stjórnarráðsins**				**76,7**	**76,7**
203-6.25	Nýbygging á Stjórnarráðsreit				76,7	76,7
01-231	**Norræna ráðherranefndin**	**7,6**	**-0,5**			**7,1**
231-1.01	Norðurlandaskrifstofa forsætisráðuneytis	7,6	-0,5			7,1
01-241	**Umboðsmaður barna**	**2,8**	**2,1**			**4,9**
241-1.01	Umboðsmaður barna	2,8	2,1			4,9

Breytingar á fjárveitingum ársins 2007 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2006

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
01-251	**Þjóðmenningarhúsið**	**6,5**				**6,5**
251-1.01	Þjóðmenningarhúsið	6,5				6,5
01-255	**Minningarsafn um Halldór Laxness á Gljúfrasteini**	**-1,7**		**4,4**	**-2,3**	**0,4**
255-1.01	Minningarsafn um Halldór Laxness á Gljúfrasteini	-1,7				-1,7
255-5.21	Viðhald			4,4		4,4
255-6.21	Framkvæmdir				-2,3	-2,3
01-261	**Óbyggðanefnd**	**4,8**				**4,8**
261-1.01	Óbyggðanefnd	4,8				4,8
01-271	**Ríkislögmaður**	**12,8**				**12,8**
271-1.01	Ríkislögmaður	12,8				12,8
01-303	**Kristnihátíðarsjóður**	**-21,2**	**25,3**			**4,1**
303-1.11	Kristnihátíðarsjóður	-21,2	25,3			4,1
01-902	**Þjóðgarðurinn á Þingvöllum**	**6,0**	**-2,7**	**2,3**	**1,3**	**6,9**
902-1.01	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	6,0	-2,7			3,3
902-5.01	Fasteignir			2,3		2,3
902-6.01	Nýframkvæmdir				1,3	1,3
01-996	**Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verkefni ráðuneyta**				**41,2**	**41,2**
996-6.51	Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verkefni ráðuneyta				41,2	41,2

Breytingar á fjárveitingum ársins 2007 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2006

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
02	*Menntamálaráðuneyti*	*2.491,3*	*-2.016,3*	*-336,9*	*1.421,2*	*1.559,3*
02-101	**Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa**	**-16,4**	**10,3**			**-6,1**
101-1.01	Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	-16,4	10,3			-6,1
02-199	**Ráðstöfunarfé**		**5,1**			**5,1**
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra		5,1			5,1
02-201	**Háskóli Íslands**	**2.203,5**	**-1.741,0**	**-340,0**	**90,3**	**212,8**
201-1.01	Háskóli Íslands	2.413,6	-2.137,0			276,6
201-1.13	Háskólasjóður	-210,1	396,0			185,9
201-5.50	Fasteignir			-340,0		-340,0
201-6.50	Byggingarframkvæmdir og tækjakaup				90,3	90,3
02-202	**Tilraunastöð Háskólans að Keldum**	**35,8**	**-39,3**			**-3,5**
202-1.01	Tilraunastöð Háskólans að Keldum	35,8	-39,3			-3,5
02-203	**Raunvísindastofnun Háskólans**	**103,8**	**-143,1**			**-39,3**
203-1.01	Raunvísindastofnun Háskólans	103,8	-143,1			-39,3
02-204	**Stofnun Sigurðar Nordals**	**21,5**	**-16,6**			**4,9**
204-1.01	Stofnun Sigurðar Nordals	21,5	-16,6			4,9
02-205	**Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi**	**16,3**	**-26,5**			**-10,2**
205-1.01	Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	16,3	-26,5			-10,2
02-206	**Orðabók Háskólans**	**3,8**	**2,5**			**6,3**
206-1.01	Orðabók Háskólans	3,8	2,5			6,3
02-207	**Íslensk málstöð**	**0,6**	**1,3**			**1,9**
207-1.01	Íslensk málstöð	0,6	1,3			1,9

Breytingar á fjárveitingum ársins 2007 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2006

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
02-208	**Örnefnastofnun Íslands**	**2,2**	**-2,4**			**-0,2**
208-1.01	Örnefnastofnun Íslands	2,2	-2,4			-0,2
02-209	**Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum**	**10,5**	**4,0**			**14,5**
209-1.01	Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum	10,5	4,0			14,5
02-210	**Háskólinn á Akureyri**	**-333,3**	**-3,0**			**-336,3**
210-1.01	Háskólinn á Akureyri	-333,3	-3,0			-336,3
02-215	**Kennaraháskóli Íslands**	**-126,0**	**152,2**			**26,2**
215-1.01	Kennaraháskóli Íslands	-126,0	152,2			26,2
02-223	**Námsmatsstofnun**	**-74,7**	**-1,9**			**-76,6**
223-1.01	Námsmatsstofnun	-74,7	-1,9			-76,6
02-227	**Háskólinn í Reykjavík**	**2,9**				**2,9**
227-1.01	Háskólinn í Reykjavík	2,9				2,9
02-228	**Listaháskóli Íslands**	**-1,3**				**-1,3**
228-1.01	Listaháskóli Íslands	-1,3				-1,3
02-231	**Rannsóknamiðstöð Íslands**	**3,9**	**-16,2**			**-12,3**
231-1.01	Rannsóknamiðstöð Íslands	3,9	-16,2			-12,3
02-234	**Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora**	**-0,2**				**-0,2**
234-1.11	Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora	-0,2				-0,2
02-235	**Markáætlun á sviði vísinda og tækni**				**142,0**	**142,0**
235-6.60	Markáætlun á sviði vísinda og tækni				142,0	142,0
02-236	**Rannsóknasjóður**	**166,5**	**-239,4**			**-72,9**
236-1.10	Rannsóknasjóður	166,5	-239,4			-72,9
02-238	**Tækjasjóður**				**349,1**	**349,1**
238-6.60	Tækjasjóður				349,1	349,1

Breytingar á fjárveitingum ársins 2007 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2006

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
02-239	**Rannsóknarnámssjóður**	**-3,8**	**-57,1**			**-60,9**
239-1.01	Rannsóknarnámssjóður	-3,8	-57,1			-60,9
02-269	**Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður**			**47,3**	**86,8**	**134,1**
269-5.21	Viðhald			47,3		47,3
269-6.01	Háskóli Íslands				5,0	5,0
269-6.02	Tilraunastöð Háskólans að Keldum				60,3	60,3
269-6.10	Háskólinn á Akureyri				15,0	15,0
269-6.15	Kennaraháskóli Íslands				2,2	2,2
269-6.21	Stofnkostnaður				-0,7	-0,7
269-6.28	Listaháskóli Íslands				5,0	5,0
02-299	**Háskóla- og rannsóknastarfsemi**	**-46,5**	**41,2**			**-5,3**
299-1.80	Vísindastarfsemi	-3,0	1,8			-1,2
299-1.90	Háskólastarfsemi	-51,5	46,4			-5,1
299-1.91	Háskólar, óskipt	8,0	-7,0			1,0
02-301	**Menntaskólinn í Reykjavík**	**52,7**	**-3,7**			**49,0**
301-1.01	Menntaskólinn í Reykjavík	52,7	-3,7			49,0
02-302	**Menntaskólinn á Akureyri**	**3,0**	**-57,8**			**-54,8**
302-1.01	Menntaskólinn á Akureyri	3,0	-57,8			-54,8
02-303	**Menntaskólinn að Laugarvatni**	**-39,6**	**-0,3**			**-39,9**
303-1.01	Menntaskólinn að Laugarvatni	-39,6	-0,3			-39,9
02-304	**Menntaskólinn við Hamrahlíð**	**44,9**	**-2,0**			**42,9**
304-1.01	Menntaskólinn við Hamrahlíð	44,9	-2,0			42,9
02-305	**Menntaskólinn við Sund**	**31,7**	**-0,1**			**31,6**
305-1.01	Menntaskólinn við Sund	31,7	-0,1			31,6

Breytingar á fjárveitingum ársins 2007 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2006

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
02-306	**Menntaskólinn á Ísafirði**	**-24,9**	**-2,8**			**-27,7**
306-1.01	Menntaskólinn á Ísafirði	-24,9	-2,8			-27,7
02-307	**Menntaskólinn á Egilsstöðum**	**27,1**	**-2,4**			**24,7**
307-1.01	Menntaskólinn á Egilsstöðum	27,1	-2,4			24,7
02-308	**Menntaskólinn í Kópavogi**	**12,1**	**-19,8**			**-7,7**
308-1.01	Menntaskólinn í Kópavogi	12,1	-19,8			-7,7
02-309	**Kvennaskólinn í Reykjavík**	**20,2**	**-2,4**			**17,8**
309-1.01	Kvennaskólinn í Reykjavík	20,2	-2,4			17,8
02-316	**Fasteignir framhaldsskóla**	**155,5**	**-44,1**	**-62,6**		**48,8**
316-1.05	Fasteignir skóla	155,5	-44,1			111,4
316-5.21	Viðhald			-62,6		-62,6
02-318	**Framhaldsskólar, stofnkostnaður**				**-116,5**	**-116,5**
318-6.00	Framhaldsskólar í Reykjavík				-255,9	-255,9
318-6.07	Menntaskólinn á Egilsstöðum				-70,2	-70,2
318-6.08	Menntaskólinn í Kópavogi				7,0	7,0
318-6.52	Flensborgarskóli				-144,1	-144,1
318-6.53	Fjölbrautaskóli Suðurnesja				-101,6	-101,6
318-6.54	Fjölbrautaskóli Vesturlands				14,4	14,4
318-6.57	Fjölbrautaskóli Suðurlands				4,0	4,0
318-6.60	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ				10,0	10,0
318-6.63	Framhaldsskólinn á Laugum				2,8	2,8
318-6.67	Fjölbrautaskóli Snæfellinga				20,0	20,0
318-6.90	Byggingarframkvæmdir, óskipt				362,9	362,9
318-6.95	Tæki og búnaður, óskipt				34,2	34,2

Breytingar á fjárveitingum ársins 2007 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2006

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
02-319	**Framhaldsskólar, almennt**	**546,5**	**-585,1**			**-38,6**
319-1.11	Sameiginleg þjónusta	49,1	-82,4			-33,3
319-1.12	Orlof kennara	47,4	-52,2			-4,8
319-1.13	Forfallakennsla	-32,3	-2,8			-35,1
319-1.14	Sérkennsla	-76,7	84,8			8,1
319-1.15	Prófkostnaður	48,5	-48,4			0,1
319-1.16	Nýjungar í skólastarfi	2,3	7,8			10,1
319-1.17	Námsskrárgerð	82,3	-80,2			2,1
319-1.18	Námsefnisgerð	81,8	-74,6			7,2
319-1.19	Kennslueftirlit	7,9	-9,6			-1,7
319-1.21	Nám tannsmiða	0,4	-0,5			-0,1
319-1.23	Ólympíuleikar í raungreinum	6,7	-9,5			-2,8
319-1.26	Þróunarsjóður	-2,4	23,6			21,2
319-1.27	Íslenskukennsla	46,2	-46,8			-0,6
319-1.28	Mat á skólastarfi	42,9	-62,3			-19,4
319-1.29	Forvarnastarf í skólum	-0,2	4,4			4,2
319-1.30	Endurmenntun	-18,2	18,4			0,2
319-1.34	Myndlistarskólinn í Reykjavík	33,5	-33,3			0,2
319-1.90	Framhaldsskólar, óskipt	227,3	-221,5			5,8
02-350	**Fjölbrautaskólinn í Breiðholti**	**76,5**	**-2,4**			**74,1**
350-1.01	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	76,5	-2,4			74,1
02-351	**Fjölbrautaskólinn Ármúla**	**176,4**	**-81,3**			**95,1**
351-1.01	Fjölbrautaskólinn Ármúla	176,4	-81,3			95,1
02-352	**Flensborgarskóli**	**-64,1**	**-7,3**			**-71,4**
352-1.01	Flensborgarskóli	-64,1	-7,3			-71,4
02-353	**Fjölbrautaskóli Suðurnesja**	**111,8**	**-14,3**			**97,5**
353-1.01	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	111,8	-14,3			97,5

Breytingar á fjárveitingum ársins 2007 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2006

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
02-354	**Fjölbrautaskóli Vesturlands**	**-29,7**	**-1,9**			**-31,6**
354-1.01	Fjölbrautaskóli Vesturlands	-29,7	-1,9			-31,6
02-355	**Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum**	**20,6**	**-1,9**			**18,7**
355-1.01	Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	20,6	-1,9			18,7
02-356	**Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra**	**-39,2**	**-2,3**			**-41,5**
356-1.01	Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	-39,2	-2,3			-41,5
02-357	**Fjölbrautaskóli Suðurlands**	**37,4**	**-9,7**			**27,7**
357-1.01	Fjölbrautaskóli Suðurlands	37,4	-9,7			27,7
02-358	**Verkmenntaskóli Austurlands**	**12,7**	**-10,4**			**2,3**
358-1.01	Verkmenntaskóli Austurlands	12,7	-10,4			2,3
02-359	**Verkmenntaskólinn á Akureyri**	**-39,2**	**-30,3**			**-69,5**
359-1.01	Verkmenntaskólinn á Akureyri	-39,2	-30,3			-69,5
02-360	**Fjölbrautaskólinn í Garðabæ**	**-86,2**	**-11,4**			**-97,6**
360-1.01	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	-86,2	-11,4			-97,6
02-361	**Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu**	**15,7**	**-0,6**			**15,1**
361-1.01	Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	15,7	-0,6			15,1
02-362	**Framhaldsskólinn á Húsavík**	**17,7**	**-1,3**			**16,4**
362-1.01	Framhaldsskólinn á Húsavík	17,7	-1,3			16,4
02-363	**Framhaldsskólinn á Laugum**	**-12,1**	**-0,2**			**-12,3**
363-1.01	Framhaldsskólinn á Laugum	-12,1	-0,2			-12,3
02-365	**Borgarholtsskóli**	**55,6**	**-14,3**			**41,3**
365-1.01	Borgarholtsskóli	55,6	-14,3			41,3
02-367	**Fjölbrautaskóli Snæfellinga**	**-7,8**	**-0,6**			**-8,4**
367-1.01	Fjölbrautaskóli Snæfellinga	-7,8	-0,6			-8,4

Breytingar á fjárveitingum ársins 2007 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2006

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
02-430	**Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra**	**-24,7**	**20,5**			**-4,2**
430-1.01	Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	-24,7	20,5			-4,2
02-441	**Fullorðinsfræðsla fatlaðra**	**-2,0**				**-2,0**
441-1.01	Fullorðinsfræðsla fatlaðra	-2,0				-2,0
02-451	**Símenntun og fjarkennsla**	**37,4**	**-21,9**			**15,5**
451-1.11	Símenntun og fjarkennsla	38,6	-22,0			16,6
451-1.13	FS-net, símenntunarstöðvar	-1,2	0,1			-1,1
02-505	**Fjöltækniskóli Íslands**	**-12,0**				**-12,0**
505-1.01	Fjöltækniskóli Íslands	-12,0				-12,0
02-514	**Iðnskólinn í Reykjavík**	**19,8**	**-22,4**			**-2,6**
514-1.01	Iðnskólinn í Reykjavík	19,8	-22,4			-2,6
02-516	**Iðnskólinn í Hafnarfirði**	**86,5**	**-2,9**			**83,6**
516-1.01	Iðnskólinn í Hafnarfirði	86,5	-2,9			83,6
02-541	**Hússtjórnarskólinn í Reykjavík**	**0,1**				**0,1**
541-1.01	Hússtjórnarskólinn í Reykjavík	0,1				0,1
02-564	**Listdansskólinn**	**-110,9**	**-19,2**			**-130,1**
564-1.01	Kennsla	-76,5	-18,8			-95,3
564-1.02	Annað en kennsla	-34,4	-0,4			-34,8
02-581	**Verslunarskóli Íslands**	**0,2**				**0,2**
581-1.01	Verslunarskóli Íslands	0,2				0,2
02-720	**Grunnskólar, almennt**	**44,9**	**-52,8**			**-7,9**
720-1.31	Sérstök fræðsluverkefni	43,1	-55,1			-12,0
720-1.33	Þróunarsjóður leikskóla	-1,6	4,1			2,5
720-1.35	Samræmd próf		0,9			0,9

Breytingar á fjárveitingum ársins 2007 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2006

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
720-1.37	Endurmenntun	10,4	-5,3			5,1
720-1.70	Greiðslur til samtaka höfundarréttarhafa fyrir ljósritun á	-2,5	2,3			-0,2
720-1.82	Þróunarstarf í grunnskólum	-4,5	0,3			-4,2
02-725	**Námsgagnastofnun**	**18,6**	**0,9**			**19,5**
725-1.01	Námsgagnastofnun	18,6	0,9			19,5
02-804	**Kvikmyndaskoðun**	**-23,6**				**-23,6**
804-1.01	Kvikmyndaskoðun	-23,6				-23,6
02-901	**Fornleifavernd ríkisins**	**-11,3**	**-1,3**			**-12,6**
901-1.01	Fornleifavernd ríkisins	-11,3	-1,3			-12,6
02-902	**Þjóðminjasafn Íslands**	**31,5**	**2,0**	**18,4**		**51,9**
902-1.01	Þjóðminjasafn Íslands	10,0	3,0			13,0
902-1.10	Byggða- og minjasöfn	19,7	-1,0			18,7
902-1.11	Hönnunarsafn Íslands	1,8				1,8
902-5.21	Endurbætur húsa í vörslu Þjóðminjasafnsins			18,4		18,4
02-903	**Þjóðskjalasafn Íslands**	**-16,2**	**16,7**			**0,5**
903-1.01	Þjóðskjalasafn Íslands	-15,7	7,1			-8,6
903-1.11	Héraðsskjalasöfn	-0,5	9,6			9,1
02-905	**Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn**	**-17,9**	**3,1**			**-14,8**
905-1.01	Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	-17,9	3,1			-14,8
02-906	**Listasafn Einars Jónssonar**	**11,9**	**0,4**			**12,3**
906-1.01	Listasafn Einars Jónssonar	11,9	0,4			12,3
02-907	**Listasafn Íslands**	**17,6**	**0,1**			**17,7**
907-1.01	Listasafn Íslands	4,4	0,1			4,5
907-1.02	Listasafn Ásgríms Jónssonar	13,2				13,2

Breytingar á fjárveitingum ársins 2007 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2006

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
02-908	**Kvikmyndasafn Íslands**	**4,4**	**-1,9**			**2,5**
908-1.01	Kvikmyndasafn Íslands	4,4	-1,9			2,5
02-909	**Blindrabókasafn Íslands**	**1,3**	**-0,3**			**1,0**
909-1.01	Blindrabókasafn Íslands	1,3	-0,3			1,0
02-918	**Safnasjóður**	**-3,6**	**11,2**			**7,6**
918-1.10	Safnasjóður	-3,6	11,2			7,6
02-919	**Söfn, ýmis framlög**	**-23,6**	**25,8**		**8,0**	**10,2**
919-1.90	Söfn, ýmis framlög	-8,5	10,3			1,8
919-1.98	Söfn, ýmis framlög menntamálaráðuneytis	-15,1	15,5			0,4
919-6.90	Söfn, ýmis stofnkostnaður				8,0	8,0
02-969	**Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður**				**809,1**	**809,1**
969-6.03	Þjóðskjalasafn Íslands				6,4	6,4
969-6.21	Endurbætur menningarstofnana				116,3	116,3
969-6.23	Undirbúningur að byggingu tónlistarhúss og ráðstefnumiðstöðvar í				-39,1	-39,1
969-6.73	Þjóðleikhúsið				-10,9	-10,9
969-6.95	Menningarhús				738,7	738,7
969-6.96	Byggðasöfn				-2,3	-2,3
02-972	**Íslenski dansflokkurinn**	**22,5**	**-13,5**			**9,0**
972-1.01	Íslenski dansflokkurinn	22,5	-13,5			9,0
02-973	**Þjóðleikhúsið**	**-53,5**	**6,2**			**-47,3**
973-1.01	Þjóðleikhúsið	-53,5	6,2			-47,3
02-976	**Menningarsjóður**	**4,7**	**-0,7**			**4,0**
976-1.01	Menningarsjóður skv. lögum nr. 79/1993	4,7	-0,7			4,0
02-977	**Höfundarréttargjöld**		**-1,0**			**-1,0**
977-1.14	Höfundarréttargjald vegna flutnings tónverka við guðsþjónustur		-1,0			-1,0

Breytingar á fjárveitingum ársins 2007 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2006

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
02-978	**Listasjóðir**	**-34,4**	**128,2**			**93,8**
978-1.01	Listasjóðir skv. lögum nr. 35/1991	-34,4	128,2			93,8
02-979	**Húsafriðunarnefnd**	**-31,1**	**-16,3**		**67,4**	**20,0**
979-1.01	Húsafriðunarnefnd	-31,1	-16,3			-47,4
979-6.10	Húsafriðunarsjóður				67,4	67,4
02-980	**Listskreytingasjóður**				**3,6**	**3,6**
980-6.01	Listskreytingasjóður				3,6	3,6
02-981	**Kvikmyndamiðstöð Íslands**	**-231,3**	**382,6**			**151,3**
981-1.01	Kvikmyndamiðstöð Íslands	-202,8	-393,5			-596,3
981-1.10	Kvikmyndasjóðir	-28,5	776,1			747,6
02-982	**Listir, framlög**	**-83,5**	**270,6**		**4,2**	**191,3**
982-1.15	Þýðingarsjóður	-0,5	18,8			18,3
982-1.16	Bókmenntakynningarsjóður	-32,7	30,5			-2,2
982-1.17	Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar	-3,0	-3,2			-6,2
982-1.24	Starfsemi atvinnuleikhópa	-3,7	14,1			10,4
982-1.25	Tónlistarsjóður	-1,3	14,0			12,7
982-1.27	Tónlist fyrir alla	-7,4	7,6			0,2
982-1.28	Barnamenningarsjóður	-2,8	4,1			1,3
982-1.44	Samningur við sveitarfélög á Vesturlandi um menningarmál	20,0	-10,0			10,0
982-1.45	Menningarsamningar		120,0			120,0
982-1.56	Frönsk menningarkynning á Íslandi	-9,8	3,0			-6,8
982-1.76	Menningarsjóður félagsheimila	-1,0	2,1			1,1
982-1.90	Listir	-35,5	38,3			2,8
982-1.91	Menningarstofnanir, óskipt	-5,8	31,3			25,5
982-6.43	Menningarmiðstöðvar á Austurlandi				4,2	4,2

Breytingar á fjárveitingum ársins 2007 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2006

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
02-983	**Ýmis fræðistörf**	**-73,7**	**99,0**			**25,3**
983-1.10	Fræðistörf	-3,2	6,4			3,2
983-1.11	Styrkir til útgáfumála	0,1	10,3			10,4
983-1.17	Launasjóður höfunda fræðirita	-3,4	4,4			1,0
983-1.20	Iðnsaga Íslands	-39,7	47,2			7,5
983-1.21	Tónlistarsaga Íslands	-24,0	31,2			7,2
983-1.52	Skriðuklaustur	-3,1	-2,7			-5,8
983-1.54	Fornleifasjóður	-0,4	2,2			1,8
02-984	**Norræn samvinna**	**-22,5**	**18,8**			**-3,7**
984-1.90	Norræn samvinna	-22,5	18,8			-3,7
02-985	**Alþjóðleg samskipti**	**-118,7**	**84,5**			**-34,2**
985-1.90	Alþjóðleg samskipti	-118,7	84,5			-34,2
02-988	**Æskulýðsmál**	**-15,7**	**39,1**			**23,4**
988-1.10	Æskulýðsráð ríkisins	-9,4	14,3			4,9
988-1.18	Æskulýðsrannsóknir	-4,2	8,5			4,3
988-1.19	Æskulýðssjóður	-0,2	8,7			8,5
988-1.90	Æskulýðsmál	-1,9	7,6			5,7
02-989	**Ýmis íþróttamál**	**15,9**	**-9,1**		**5,0**	**11,8**
989-1.15	Skólaíþróttir	-0,3	1,2			0,9
989-1.16	Íþróttasjóður	-3,9	14,5			10,6
989-1.17	Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri	3,8	-2,1			1,7
989-1.22	Launasjóður stórmeistara í skák	-4,3				-4,3
989-1.90	Ýmis íþróttamál	20,6	-22,7			-2,1
989-6.56	Skíðamannvirki í Skarðsdal, Siglufirði				5,0	5,0
02-994	**Uppbygging menntunar og menningar á landsbyggðinni**	**34,5**	**-59,3**			**-24,8**
994-1.01	Uppbygging menntunar og menningar á landsbyggðinni	34,5	-59,3			-24,8

Breytingar á fjárveitingum ársins 2007 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2006

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
02-995	**Tungutækni**				**9,8**	**9,8**
995-6.51	Verkefnissjóður tungutækni				9,8	9,8
02-999	**Ýmislegt**	**5,3**	**77,2**		**-37,6**	**44,9**
999-1.11	Forvarnastarf í skólum	-0,6	0,8			0,2
999-1.13	Útvarpsréttarnefnd	5,3				5,3
999-1.43	Skriðuklaustur	1,0	-1,1			-0,1
999-1.51	Fornleifasjóður	-0,3	0,2			-0,1
999-1.90	Ýmis framlög	8,0	4,2			12,2
999-1.98	Ýmis framlög menntamálaráðuneytis	-8,1	73,1			65,0
999-6.90	Ýmis stofnkostnaðarframlög				7,0	7,0
999-6.91	Þróunarmál í upplýsingatækni				-44,6	-44,6
03 Utanríkisráðuneyti		***598,8***	***1.131,9***	***-19,0***	***-111,5***	***1.600,2***
03-101	**Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa**	**35,0**	**-32,3**			**2,7**
101-1.01	Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	148,7	-32,3			116,4
101-1.53	Þýðingamiðstöð	-113,7				-113,7
03-190	**Ýmis verkefni**	**40,6**	**-24,5**			**16,1**
190-1.11	Samskipti við Vestur-Íslendinga	-15,1	15,2			0,1
190-1.13	Þátttaka fulltrúa vinnumarkaðarins í EFTA- og EES-samstarfi	-20,1	17,5			-2,6
190-1.15	Heimssýning í Aichi í Japan	20,0	-16,4			3,6
190-1.21	Starfsemi vegna Sameinuðu þjóðanna á Íslandi	1,4				1,4
190-1.25	Hafréttarstofnun Íslands	35,0	-24,3			10,7
190-1.31	Nefnd um landgrunnsmörk Íslands	-0,1				-0,1
190-1.90	Ýmis verkefni	19,5	-16,5			3,0
03-201	**Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli**	**-148,0**	**-5,6**	**4,0**		**-149,6**
201-1.01	Yfirstjórn	-199,0	-0,2			-199,2
201-1.10	Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli	529,5	-1,2			528,3

Breytingar á fjárveitingum ársins 2007 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2006

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
201-1.20	Löggæsla á Keflavíkurflugvelli	-669,7	-3,9			-673,6
201-1.30	Öryggisverkefni	191,2	-0,3			190,9
201-5.20	Fasteignir			4,0		4,0
03-300	**Sendiráð Íslands**	**43,2**	**-39,3**	**-23,0**	**-111,5**	**-130,6**
300-1.01	Sendiráð Íslands	43,2	-39,3			3,9
300-5.21	Viðhald fasteigna			-23,0		-23,0
300-6.01	Tæki og búnaður				-172,8	-172,8
300-6.25	Sendiherrabústaður í Berlín				61,3	61,3
03-390	**Þróunarsamvinnustofnun Íslands**	**211,5**	**-169,8**			**41,7**
390-1.01	Almennur rekstur	4,4	-32,6			-28,2
390-1.11	Þróunaraðstoð	207,1	-137,2			69,9
03-391	**Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi**	**-121,6**	**179,1**			**57,5**
391-1.10	Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna	20,0	-22,7			-2,7
391-1.15	Sjávarútvegsskóli Sameinuðu þjóðanna		1,5			1,5
391-1.21	Hjálparstarf Sameinuðu þjóðanna fyrir konur í þróunarlöndum, UNIFEM		-1,1			-1,1
391-1.22	Aðstoð Íslands við endurreisnarstarf í Bosníu-Herzegóvínu	-17,2	66,7			49,5
391-1.30	Mannúðarmál og neyðaraðstoð	-127,0	132,3			5,3
391-1.90	Þróunarmál og hjálparstarfsemi, óskipt	2,6	2,4			5,0
03-401	**Alþjóðastofnanir**	**538,1**	**1.224,3**			**1.762,4**
401-1.73	Þróunarsjóður EFTA	20,7	1.510,1			1.530,8
401-1.85	Alþjóðleg friðargæsla	86,9	-77,4			9,5
401-1.87	Íslensk friðargæsla	430,5	-219,9			210,6
401-1.91	Átak í lækkun skulda þróunarríkja		11,5			11,5

Breytingar á fjárveitingum ársins 2007 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2006

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
04	*Landbúnaðarráðuneyti*	*176,5*	*-91,6*	*121,4*	*991,7*	*1.198,0*
04-101	**Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa**	**5,7**	**6,5**			**12,2**
101-1.01	Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	5,7	6,5			12,2
04-190	**Ýmis verkefni**	**38,4**	**-19,0**		**6,5**	**25,9**
190-1.11	Framkvæmd búvörusamnings	17,6	-11,1			6,5
190-1.15	Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða	3,3	-3,2			0,1
190-1.90	Ýmis verkefni	7,4	-8,6			-1,2
190-1.98	Ýmis framlög landbúnaðarráðuneytis	10,1	3,9			14,0
190-6.41	Innleiðing gagnagrunna á lögbýlum				6,5	6,5
04-221	**Veiðimálastofnun**	**-15,8**	**20,2**			**4,4**
221-1.01	Veiðimálastofnun	-15,8	20,2			4,4
04-234	**Landbúnaðarstofnun**	**-44,8**	**5,8**	**28,4**		**-10,6**
234-1.01	Landbúnaðarstofnun	-44,8	5,8			-39,0
234-5.90	Dýralæknisbústaðir			28,4		28,4
04-262	**Landbúnaðarháskóli Íslands**	**-77,1**	**18,7**			**-58,4**
262-1.01	Landbúnaðarháskóli Íslands	-77,1	18,7			-58,4
04-271	**Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal**	**-63,1**	**-9,1**	**22,2**	**43,1**	**-6,9**
271-1.01	Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal	-63,1	-9,1			-72,2
271-5.01	Viðhald fasteigna			22,2		22,2
271-6.20	Fasteignir og lóðir				43,1	43,1
04-311	**Landgræðsla ríkisins**	**-73,7**	**158,6**	**44,0**	**-84,6**	**44,3**
311-1.01	Landgræðsla ríkisins	-74,4	89,3			14,9
311-1.90	Fyrirhleðslur	0,7	69,3			70,0
311-5.01	Viðhald fasteigna			44,0		44,0
311-6.01	Tæki og búnaður				-84,6	-84,6

Breytingar á fjárveitingum ársins 2007 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2006

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
04-321	**Skógrækt ríkisins**	**-266,1**	**155,8**	**26,8**	**87,6**	**4,1**
321-1.01	Skógrækt ríkisins	-228,1	113,2			-114,9
321-1.10	Rannsóknastöðin Mógilsá	-38,0	42,6			4,6
321-5.01	Viðhald fasteigna			26,8		26,8
321-6.20	Fasteignir				87,6	87,6
04-331	**Héraðsskógar**	**114,6**	**-96,6**		**13,3**	**31,3**
331-1.10	Skógræktarátak á Fljótsdalshéraði	114,6	-96,6			18,0
331-6.41	Gagnagrunnur um skógrækt				13,3	13,3
04-343	**Landshlutabundin skógrækt**	**540,1**	**-488,2**			**51,9**
343-1.10	Suðurlandsskógar	173,2	-167,5			5,7
343-1.13	Vesturlandsskógar	111,1	-117,1			-6,0
343-1.15	Skjólskógar, Vestfjörðum	36,1	-39,3			-3,2
343-1.16	Norðurlandsskógar	136,2	-106,2			30,0
343-1.17	Austurlandsskógar	83,5	-58,1			25,4
04-801	**Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu**		**129,6**			**129,6**
801-1.02	Lífeyrissjóður bænda		16,1			16,1
801-1.05	Kynbóta- og þróunarstarfsemi		1,2			1,2
801-1.06	Gripagreiðslur		112,3			112,3
04-805	**Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu**	**-10,3**	**-110,1**			**-120,4**
805-1.02	Lífeyrissjóður bænda		5,0			5,0
805-1.03	Jöfnunargreiðslur		-36,0			-36,0
805-1.04	Álagsgreiðslur vegna gæðastýringar		111,8			111,8
805-1.05	Niðurgreiðslur á ull		-153,1			-153,1
805-1.10	Þjónustu- og þróunarkostnaður	-3,6	-142,1			-145,7
805-1.35	Fagmennska í sauðfjárrækt	-6,7	104,3			97,6

Breytingar á fjárveitingum ársins 2007 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2006

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
04-807	**Greiðslur vegna grænmetisframleiðslu**	**-70,0**	**136,8**			**66,8**
807-1.01	Beinar greiðslur til bænda		21,5			21,5
807-1.05	Niðurgreiðsla á lýsingu í ylrækt	-70,0	65,4			-4,6
807-1.07	Styrkir til úreldingar á gróðurhúsum		25,7			25,7
807-1.08	Framlög til kynninga-, rannsókna-, þróunar- og endurmenntunarverkefna		24,2			24,2
04-821	**Framleiðnisjóður landbúnaðarins**	**55,1**	**-6,1**			**49,0**
821-1.01	Framleiðnisjóður landbúnaðarins	55,1	-6,1			49,0
04-831	**Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins**				**607,8**	**607,8**
831-6.20	Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins				607,8	607,8
04-843	**Fiskræktarsjóður**	**-6,6**	**50,4**			**43,8**
843-1.10	Fiskræktarsjóður	-6,6	50,4			43,8
04-891	**Sérstakar greiðslur í landbúnaði**	**50,1**	**-44,9**		**318,0**	**323,2**
891-1.14	Átak í hrossarækt	50,2	-43,5			6,7
891-1.91	Loðdýrafóður	-0,1	-1,4			-1,5
891-6.92	Bygging reiðhalla, reiðskemma og reiðskála				318,0	318,0
05 Sjávarútvegsráðuneyti		***1.207,8***	***-536,5***		***34,8***	***706,1***
05-101	**Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa**	**27,1**	**-4,1**			**23,0**
101-1.01	Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa	27,1	-4,1			23,0
05-190	**Ýmis verkefni**	**22,3**	**22,1**		**23,6**	**68,0**
190-1.20	Eldi sjávardýra		0,1			0,1
190-1.21	Fiskifélag Íslands, sjóvinnukennsla	9,2	3,0			12,2
190-1.23	Matvælasetur	41,2	-41,1			0,1
190-1.32	Starfsmenntun, markaðsöflun, kynning og tilraunir	19,4	1,1			20,5
190-1.33	Kynning erlendis á nýtingu á auðlindum hafsins	-66,0	65,7			-0,3
190-1.90	Ýmislegt	14,8	-15,7			-0,9

Breytingar á fjárveitingum ársins 2007 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2006

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
190-1.98	Ýmis framlög sjávarútvegsráðuneytisins	3,7	9,0			12,7
190-6.41	Gagnagrunnur um ástand og nýtingu fiskistofna				23,6	23,6
05-199	**Ráðstöfunarfé**	**-0,1**				**-0,1**
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	-0,1				-0,1
05-202	**Hafrannsóknastofnunin**	**-29,5**	**-84,3**			**-113,8**
202-1.01	Hafrannsóknastofnunin	-29,5	-84,3			-113,8
05-203	**Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins**	**-102,6**	**92,7**			**-9,9**
203-1.01	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	-102,6	92,7			-9,9
05-204	**Fiskistofa**	**121,2**	**-0,3**			**120,9**
204-1.01	Fiskistofa	121,2	-0,3			120,9
05-207	**Verkefnasjóður sjávarútvegsins**	**810,3**	**-674,1**			**136,2**
207-1.10	Verkefnasjóður sjávarútvegsins	810,3	-674,1			136,2
05-210	**Sjóður til síldarrannsókna**	**39,7**	**112,5**			**152,2**
210-1.10	Sjóður til síldarrannsókna	39,7	112,5			152,2
05-213	**Verðlagsstofa skiptaverðs**	**18,2**	**-3,8**			**14,4**
213-1.01	Verðlagsstofa skiptaverðs	18,2	-3,8			14,4
05-215	**Gengismunasjóður**	**3,5**	**6,0**			**9,5**
215-1.01	Gengismunasjóður	3,5	6,0			9,5
05-217	**Sjávarspendýrasjóður**	**0,5**	**2,7**			**3,2**
217-1.01	Sjávarspendýrasjóður	0,5	2,7			3,2
05-218	**Veiðarfærarannsóknir**	**1,4**	**3,3**			**4,7**
218-1.01	Veiðarfærarannsóknir	1,4	3,3			4,7
05-219	**Tækjasjóður matvælarannsókna**		**-0,3**			**-0,3**
219-1.01	Tækjasjóður matvælarannsókna		-0,3			-0,3

Breytingar á fjárveitingum ársins 2007 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2006

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
05-272	**Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins**	**24,6**			**11,2**	**35,8**
272-1.01	Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins	24,6				24,6
272-6.10	Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins				11,2	11,2
05-273	**Sjávarútvegshús, undirbúningur**	**104,7**				**104,7**
273-1.01	Sjávarútvegshús, undirbúningur	104,7				104,7
05-274	**Húsbyggingarsjóður**	**111,2**				**111,2**
274-1.01	Húsbyggingarsjóður	111,2				111,2
05-801	**Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs**	**6,7**	**-5,4**			**1,3**
801-1.10	Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs	6,7	-5,4			1,3
05-901	**Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna**	**48,6**	**-3,5**			**45,1**
901-1.01	Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna	48,6	-3,5			45,1
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti		***682,6***	***-125,8***	***-361,4***	***785,0***	***980,4***
06-101	**Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa**	**10,7**	**-9,0**			**1,7**
101-1.01	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa	10,7	-9,0			1,7
06-102	**Birting laga og stjórnvaldsfyrirmæla**	**-79,6**				**-79,6**
102-1.01	Birting laga og stjórnvaldsfyrirmæla	-79,6				-79,6
06-103	**Lagasafn**	**13,7**				**13,7**
103-1.10	Útgáfa lagasafns	13,7				13,7
06-104	**Tölvumiðstöð dóms- og kirkjumálaráðuneytis**	**-62,7**	**-2,0**		**16,3**	**-48,4**
104-1.01	Tölvumiðstöð dóms- og kirkjumálaráðuneytis	-62,7	-2,0			-64,7
104-6.01	Tæki og búnaður				16,3	16,3

Breytingar á fjárveitingum ársins 2007 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2006

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
06-106	**Þjóðskrá**	**-7,9**			**40,0**	**32,1**
106-1.01	Þjóðskrá	-7,9				-7,9
106-6.01	Tæki og búnaður				40,0	40,0
06-190	**Ýmis verkefni**	**-66,7**	**92,7**			**26,0**
190-1.10	Fastanefndir	-10,8	-1,3			-12,1
190-1.11	Námsleyfi lögfræðinga	0,8	-1,9			-1,1
190-1.24	Eftirlitsnefnd félags fasteignasala	-14,1	37,4			23,3
190-1.25	Tilkynningaskylda íslenskra skipa	-53,6	54,4			0,8
190-1.27	Slysavarnafélagið Landsbjörg		0,4			0,4
190-1.45	Mannréttindamál		3,9			3,9
190-1.51	Innheimta meðlaga	-3,4				-3,4
190-1.82	Biblíuþýðingar		0,1			0,1
190-1.90	Ýmislegt	5,9	3,2			9,1
190-1.93	Dómsmál, ýmis kostnaður	8,5	-3,5			5,0
06-201	**Hæstiréttur**	**7,7**	**-0,1**			**7,6**
201-1.01	Hæstiréttur	7,7	-0,1			7,6
06-210	**Héraðsdómstólar**	**50,5**	**-0,2**			**50,3**
210-1.01	Héraðsdómstólar	50,5	-0,2			50,3
06-232	**Opinber réttaraðstoð**		**-4,3**			**-4,3**
232-1.16	Lögfræðiþjónusta neyðarmóttöku vegna nauðgana		-4,3			-4,3
06-251	**Persónuvernd**	**31,0**				**31,0**
251-1.01	Persónuvernd	31,0				31,0
06-301	**Ríkissaksóknari**	**7,8**				**7,8**
301-1.05	Ríkissaksóknari	7,8				7,8

Breytingar á fjárveitingum ársins 2007 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2006

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
06-303	**Ríkislögreglustjóri**	**65,5**	**-13,0**		**-31,6**	**20,9**
303-1.01	Ríkislögreglustjóri	101,5	-12,9			88,6
303-1.11	Rekstur lögreglubifreiða	-36,0	-0,1			-36,1
303-6.01	Tæki og búnaður				-22,8	-22,8
303-6.11	Bifreiðar				-8,8	-8,8
06-305	**Lögregluskóli ríkisins**	**33,8**				**33,8**
305-1.01	Lögregluskóli ríkisins	33,8				33,8
06-311	**Lögreglustjórinn í Reykjavík**	**43,5**	**1,3**			**44,8**
311-1.01	Lögreglustjórinn í Reykjavík	43,5	1,3			44,8
06-325	**Neyðarsímsvörun**	**-1,7**	**-0,7**			**-2,4**
325-1.10	Neyðarsímsvörun	-1,7	-0,7			-2,4
06-341	**Áfengis- og fíkniefnamál**	**24,3**	**0,3**			**24,6**
341-1.25	Átak í löggæslu vegna fíkniefnamála	24,3	0,3			24,6
06-390	**Ýmis löggæslu- og öryggismál**	**46,1**	**-28,4**			**17,7**
390-1.10	Ýmis löggæslukostnaður	44,9	-37,6			7,3
390-1.13	Undirbúningur að smíði varðskips	1,3	-0,8			0,5
390-1.17	Rannsóknamiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði		10,0			10,0
390-1.18	Viðbótartryggingar lögreglumanna	-0,1				-0,1
06-391	**Húsnæði löggæslustofnana**				**15,8**	**15,8**
391-6.21	Fasteignir				15,8	15,8
06-395	**Landhelgisgæsla Íslands**	**36,1**	**-85,5**	**-392,2**	**86,1**	**-355,5**
395-1.90	Landhelgisgæsla Íslands	36,1	-85,5			-49,4
395-5.41	Viðhald skipa og flugfarkosta			-392,2		-392,2
395-6.01	Tæki og búnaður				86,1	86,1

Breytingar á fjárveitingum ársins 2007 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2006

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
06-396	**Landhelgissjóður Íslands**				**529,5**	**529,5**
396-6.41	Landhelgissjóður Íslands				529,5	529,5
06-397	**Schengen-samstarf**	**21,7**	**18,6**			**40,3**
397-1.01	Schengen-samstarf	21,7	18,6			40,3
06-398	**Útlendingastofnun**	**72,3**	**-60,0**			**12,3**
398-1.01	Útlendingastofnun	72,3	-60,0			12,3
06-411	**Sýslumaðurinn í Reykjavík**	**24,8**				**24,8**
411-1.01	Yfirstjórn	24,8				24,8
06-412	**Sýslumaðurinn á Akranesi**	**14,4**	**-0,2**			**14,2**
412-1.01	Yfirstjórn	32,9				32,9
412-1.20	Löggæsla	-18,5	-0,2			-18,7
06-413	**Sýslumaðurinn í Borgarnesi**	**18,4**				**18,4**
413-1.01	Yfirstjórn	-15,6				-15,6
413-1.20	Löggæsla	10,8				10,8
413-1.40	Tollgæsla	23,2				23,2
06-414	**Sýslumaður Snæfellinga**	**8,5**				**8,5**
414-1.01	Yfirstjórn	7,6				7,6
414-1.20	Löggæsla	0,9				0,9
06-415	**Sýslumaðurinn í Búðardal**	**-0,4**				**-0,4**
415-1.01	Yfirstjórn	12,9				12,9
415-1.20	Löggæsla	-13,3				-13,3
06-416	**Sýslumaðurinn á Patreksfirði**	**-2,3**				**-2,3**
416-1.01	Yfirstjórn	7,4				7,4
416-1.20	Löggæsla	-9,7				-9,7

Breytingar á fjárveitingum ársins 2007 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2006

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
06-417	**Sýslumaðurinn í Bolungarvík**	**-1,8**				**-1,8**
417-1.01	Yfirstjórn	0,9				0,9
417-1.20	Löggæsla	-2,7				-2,7
06-418	**Sýslumaðurinn á Ísafirði**	**-0,8**				**-0,8**
418-1.01	Yfirstjórn	-1,4				-1,4
418-1.20	Löggæsla	14,1				14,1
418-1.40	Tollgæsla	-13,5				-13,5
06-419	**Sýslumaðurinn á Hólmavík**	**6,3**				**6,3**
419-1.01	Yfirstjórn	19,1				19,1
419-1.20	Löggæsla	-12,8				-12,8
06-420	**Sýslumaðurinn á Blönduósi**	**17,8**	**11,5**			**29,3**
420-1.01	Yfirstjórn	10,4				10,4
420-1.05	Innheimtumiðstöð sekta og sakarkostnaðar	-1,3	11,5			10,2
420-1.20	Löggæsla	8,7				8,7
06-421	**Sýslumaðurinn á Sauðárkróki**	**2,4**				**2,4**
421-1.01	Yfirstjórn	3,2				3,2
421-1.20	Löggæsla	-4,9				-4,9
421-1.40	Tollgæsla	4,1				4,1
06-422	**Sýslumaðurinn á Siglufirði**	**13,1**				**13,1**
422-1.01	Yfirstjórn	8,3				8,3
422-1.20	Löggæsla	4,8				4,8
06-423	**Sýslumaðurinn á Ólafsfirði**	**7,1**	**-0,2**			**6,9**
423-1.01	Yfirstjórn	24,6	-0,2			24,4
423-1.20	Löggæsla	-17,5				-17,5

Fylgiskjal 1

Breytingar á fjárveitingum ársins 2007 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í ársloK 2006

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
06-424	**Sýslumaðurinn á Akureyri**	**-2,1**	**-1,3**			**-3,4**
424-1.01	Yfirstjórn	101,4	0,5			101,9
424-1.20	Löggæsla	-93,8	-1,8			-95,6
424-1.40	Tollgæsla	-9,7				-9,7
06-425	**Sýslumaðurinn á Húsavík**	**-0,6**	**-0,2**			**-0,8**
425-1.01	Yfirstjórn	43,0	-0,1			42,9
425-1.20	Löggæsla	-43,6	-0,1			-43,7
06-426	**Sýslumaðurinn á Seyðisfirði**	**21,8**				**21,8**
426-1.01	Yfirstjórn	1,8				1,8
426-1.20	Löggæsla	13,3				13,3
426-1.40	Tollgæsla	6,7				6,7
06-428	**Sýslumaðurinn á Eskifirði**	**73,8**				**73,8**
428-1.01	Yfirstjórn	60,4				60,4
428-1.20	Löggæsla	13,4				13,4
06-429	**Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði**	**9,6**	**-0,1**			**9,5**
429-1.01	Yfirstjórn	-6,3				-6,3
429-1.20	Löggæsla	15,9	-0,1			15,8
06-430	**Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal**	**-2,2**				**-2,2**
430-1.01	Yfirstjórn	19,3				19,3
430-1.20	Löggæsla	-21,5				-21,5
06-431	**Sýslumaðurinn á Hvolsvelli**	**17,4**				**17,4**
431-1.01	Yfirstjórn	13,8				13,8
431-1.20	Löggæsla	3,6				3,6
06-432	**Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum**	**11,5**	**-0,2**			**11,3**
432-1.01	Yfirstjórn	0,7	-0,2			0,5

Breytingar á fjárveitingum ársins 2007 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2006

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
432-1.20	Löggæsla	14,9				14,9
432-1.40	Tollgæsla	-4,1				-4,1
06-433	**Sýslumaðurinn á Selfossi**	**23,6**	**-0,1**			**23,5**
433-1.01	Yfirstjórn	5,8	-0,1			5,7
433-1.20	Löggæsla	18,3				18,3
433-1.40	Tollgæsla	-0,5				-0,5
06-434	**Sýslumaðurinn í Keflavík**	**-15,2**	**-0,7**			**-15,9**
434-1.01	Yfirstjórn	-34,0	-0,2			-34,2
434-1.20	Löggæsla	19,4	-0,5			18,9
434-1.40	Tollgæsla	-0,6				-0,6
06-436	**Sýslumaðurinn í Hafnarfirði**	**-0,1**	**-0,2**			**-0,3**
436-1.01	Yfirstjórn	-14,3	-0,1			-14,4
436-1.20	Löggæsla	20,8	-0,1			20,7
436-1.40	Tollgæsla	-6,6				-6,6
06-437	**Sýslumaðurinn í Kópavogi**	**12,7**	**-1,0**			**11,7**
437-1.01	Yfirstjórn	88,3	-0,9			87,4
437-1.20	Löggæsla	-75,6	-0,1			-75,7
06-490	**Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta**	**52,8**	**-1,9**			**50,9**
490-1.10	Ýmis sameiginlegur kostnaður	52,8	-1,9			50,9
06-491	**Húsnæði og búnaður sýslumanna**			**20,3**	**53,3**	**73,6**
491-5.01	Viðhald húseigna			20,3		20,3
491-6.01	Tæki og búnaður				29,2	29,2
491-6.28	Húsnæði sýslumannsins á Eskifirði				24,1	24,1
06-501	**Fangelsismálastofnun ríkisins**	**116,4**	**-32,6**	**10,5**		**94,3**
501-1.01	Fangelsismálastofnun ríkisins	116,4	-32,6			83,8
501-5.01	Viðhald fangelsisbygginga			10,5		10,5

Breytingar á fjárveitingum ársins 2007 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2006

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
06-591	**Fangelsisbyggingar**				**64,3**	**64,3**
591-6.10	Stofnframkvæmdir				64,3	64,3
06-701	**Þjóðkirkjan**	**9,6**	**-10,7**			**-1,1**
701-1.01	Biskup Íslands	9,6	-10,8			-1,2
701-1.16	Langamýri í Skagafirði		0,1			0,1
06-733	**Kirkjugarðar**		**2,4**			**2,4**
733-1.11	Kirkjugarðar		2,4			2,4
06-996	**Íslenska upplýsingasamfélagið**				**11,3**	**11,3**
996-6.51	Íslenska upplýsingasamfélagið				11,3	11,3
07 Félagsmálaráðuneyti		***67,8***	***366,3***	***-174,6***	***364,0***	***623,5***
07-101	**Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa**	**3,8**	**2,7**			**6,5**
101-1.01	Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa	3,8	2,7			6,5
07-190	**Ýmis verkefni**	**87,2**	**-28,3**			**58,9**
190-1.10	Fastanefndir	41,2	-1,5			39,7
190-1.23	Framkvæmdaáætlun um jafnréttismál	17,3	-18,5			-1,2
190-1.90	Ýmislegt	28,7	-8,3			20,4
07-205	**Leiguíbúðir**				**49,8**	**49,8**
205-6.21	Leiguíbúðir				49,8	49,8
07-302	**Ríkissáttasemjari**	**22,3**	**-1,0**			**21,3**
302-1.01	Ríkissáttasemjari	22,3	-1,0			21,3
07-313	**Jafnréttisstofa**	**33,2**	**-23,1**			**10,1**
313-1.01	Jafnréttisstofa	33,2	-23,1			10,1

Breytingar á fjárveitingum ársins 2007 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2006

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
07-331	**Vinnueftirlit ríkisins**	**11,9**	**-2,8**			**9,1**
331-1.01	Vinnueftirlit ríkisins	11,9	-2,8			9,1
07-400	**Barnaverndarstofa**	**55,7**	**-39,2**			**16,5**
400-1.01	Almennur rekstur	-85,2	-33,2			-118,4
400-1.20	Heimili fyrir börn og unglinga	327,0	-3,9			323,1
400-1.50	Meðferðarstöð ríkisins	-186,1	-2,1			-188,2
07-700	**Málefni fatlaðra**	**122,2**	**-98,5**			**23,7**
700-1.01	Stjórnarnefnd málefna fatlaðra	18,3	-8,3			10,0
700-1.50	Laun vegna forfalla, orlofs o.fl.	15,4	-15,2			0,2
700-1.90	Ýmis verkefni	88,5	-75,0			13,5
07-701	**Málefni fatlaðra, Reykjavík**	**-249,5**	**196,3**			**-53,2**
701-1.01	Almennur rekstur	-249,5	187,6			-61,9
701-1.30	Verndaðir vinnustaðir		8,7			8,7
07-702	**Málefni fatlaðra, Reykjanesi**	**-17,8**	**27,4**			**9,6**
702-1.01	Almennur rekstur	-16,1	51,2			35,1
702-1.30	Verndaðir vinnustaðir	-11,6	0,6			-11,0
702-1.61	Dagvistun Keflavík	-4,0				-4,0
702-1.89	Þjónusta á vegum félagasamtaka	13,9	-24,4			-10,5
07-703	**Málefni fatlaðra, Vesturlandi**	**-12,4**	**25,0**			**12,6**
703-1.01	Almennur rekstur	-8,9	20,1			11,2
703-1.30	Dagvist og verndaðir vinnustaðir	-3,5	4,9			1,4
07-704	**Málefni fatlaðra, Vestfjörðum**	**10,4**	**-0,2**			**10,2**
704-1.01	Almennur rekstur	10,4	-0,2			10,2
07-705	**Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra**	**2,0**				**2,0**
705-1.10	Svæðisráð	1,7				1,7
705-1.86	Samningur við Byggðasamlag um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra	0,3				0,3

Breytingar á fjárveitingum ársins 2007 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2006

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
07-706	**Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra**	**-1,7**				**-1,7**
706-1.10	Svæðisráð	-3,3				-3,3
706-1.85	Samningur við héraðsnefnd Þingeyinga um þjónustu við fatlaða	1,6				1,6
07-707	**Málefni fatlaðra, Austurlandi**	**-90,1**	**89,2**			**-0,9**
707-1.01	Almennur rekstur	-111,7	87,3			-24,4
707-1.30	Verndaðir vinnustaðir	20,7	1,9			22,6
707-1.86	Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um þjónustu við fatlaða	0,9				0,9
07-708	**Málefni fatlaðra, Suðurlandi**	**-15,9**	**41,1**			**25,2**
708-1.01	Almennur rekstur	-56,6	77,7			21,1
708-1.72	Skaftholt	40,7	-36,6			4,1
07-750	**Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins**	**4,5**	**-1,6**			**2,9**
750-1.01	Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	4,5	-1,6			2,9
07-795	**Framkvæmdasjóður fatlaðra**	**107,0**	**-42,4**	**-174,6**	**314,2**	**204,2**
795-1.01	Almennur rekstur	107,0	-42,4			64,6
795-5.21	Viðhald fasteigna			-174,6		-174,6
795-6.01	Framkvæmdasjóður fatlaðra				314,2	314,2
07-980	**Vinnumálastofnun**	**91,7**	**-18,3**			**73,4**
980-1.01	Vinnumálastofnun	129,9	-112,4			17,5
980-1.11	Starfsþjálfun ungs fólks í atvinnuleit	-38,2	94,1			55,9
07-981	**Vinnumál**	**-43,4**	**84,6**			**41,2**
981-1.10	Félagsdómur	5,7	-1,1			4,6
981-1.90	Ýmislegt	-49,1	85,7			36,6
07-999	**Félagsmál, ýmis starfsemi**	**-53,3**	**155,4**			**102,1**
999-1.11	Meðlög samkvæmt lögum nr. 76/2003		64,0			64,0
999-1.48	Nýbúamiðstöð á Vestfjörðum	-61,8	62,3			0,5
999-1.49	Móttaka flóttamannahópa	-3,1	2,0			-1,1

Breytingar á fjárveitingum ársins 2007 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2006

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
999-1.60	Ráðgjafastofa um fjármál heimilanna	2,7	-5,8			-3,1
999-1.90	Ýmis framlög	-10,5	20,8			10,3
999-1.98	Ýmis framlög félagsmálaráðuneytis	19,4	12,1			31,5
08	***Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti***	***-55,5***	***235,2***	***-334,0***	***1.102,9***	***948,6***
08-101	**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa**	**-27,2**	**22,6**			**-4,6**
101-1.01	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	-27,2	22,6			-4,6
08-201	**Tryggingastofnun ríkisins**	**-145,4**	**225,6**		**54,6**	**134,8**
201-1.01	Tryggingastofnun ríkisins	-145,4	225,6			80,2
201-6.01	Tæki og búnaður				54,6	54,6
08-301	**Landlæknir**	**64,3**	**-10,8**			**53,5**
301-1.01	Landlæknir	64,3	-10,8			53,5
08-305	**Lýðheilsustöð**	**-701,1**	**715,6**			**14,5**
305-1.01	Lýðheilsustöð	-684,3	457,0			-227,3
305-1.90	Forvarnasjóður	-16,8	258,6			241,8
08-324	**Heyrnar- og talmeinastöð Íslands**	**27,4**	**10,4**		**6,3**	**44,1**
324-1.01	Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	27,4	10,4			37,8
324-6.10	Fasteign				6,3	6,3
08-326	**Sjónstöð Íslands**	**-89,0**	**114,3**			**25,3**
326-1.01	Sjónstöð Íslands	-89,0	114,3			25,3
08-327	**Geislavarnir ríkisins**	**26,2**	**-20,7**			**5,5**
327-1.01	Geislavarnir ríkisins	26,2	-20,7			5,5
08-340	**Málefni fatlaðra**	**-8,1**	**11,4**		**4,7**	**8,0**
340-1.20	Sjálfsbjörg Akureyri		-3,4			-3,4
340-1.30	Sumardvalarheimili í Reykjadal		-0,1			-0,1

Breytingar á fjárveitingum ársins 2007 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2006

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
340-1.80	Gigtarráð	-8,1	11,9			3,8
340-1.90	Ýmis starfsemi		3,0			3,0
340-6.90	Styrkir til ýmissa framkvæmda				4,7	4,7
08-358	**Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri**	**-61,2**	**-0,5**	**-62,9**	**158,1**	**33,5**
358-1.01	Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	-61,2	-0,5			-61,7
358-5.01	Fasteign			-62,9		-62,9
358-6.01	Tæki og búnaður				71,9	71,9
358-6.50	Nýbygging				86,2	86,2
08-373	**Landspítali - háskólasjúkrahús**	**467,7**	**-538,5**	**-374,4**	**-345,4**	**-790,6**
373-1.01	Landspítali - háskólasjúkrahús	467,7	-538,5			-70,8
373-5.60	Viðhald			-374,4		-374,4
373-6.01	Tæki og búnaður				114,6	114,6
373-6.70	Nýframkvæmdir				-460,0	-460,0
08-376	**Bygging hátæknisjúkrahúss á lóð Landspítalans**				**183,8**	**183,8**
376-6.21	Bygging hátæknisjúkrahúss á lóð Landspítalans				183,8	183,8
08-379	**Sjúkrahús, óskipt**	**-99,5**	**148,7**		**62,2**	**111,4**
379-1.01	Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa	-99,5	148,7			49,2
379-6.50	Stofnkostnaður				62,2	62,2
08-383	**Sjúkrahótel**	**1,5**				**1,5**
383-1.01	Sjúkrahótel	1,5				1,5
08-384	**Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn**	**5,5**	**-0,1**			**5,4**
384-1.01	Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn	5,5	-0,1			5,4
08-386	**Vistun ósakhæfra afbrotamanna**	**-11,3**				**-11,3**
386-1.10	Vistun ósakhæfra afbrotamanna	-11,3				-11,3
08-397	**Lyfjastofnun**	**24,8**	**-0,7**			**24,1**
397-1.01	Lyfjastofnun	24,8	-0,7			24,1

Breytingar á fjárveitingum ársins 2007 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2006

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
08-399	**Heilbrigðismál, ýmis starfsemi**	**634,2**	**-520,0**		**63,8**	**178,0**
399-1.10	Samninganefnd heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins	22,7				22,7
399-1.13	Úrskurðarnefnd almannatrygginga	3,3				3,3
399-1.16	Lyfjagreiðslunefnd	6,7				6,7
399-1.17	Vísindasiðanefnd	1,9	-0,1			1,8
399-1.21	Eftirlit með greiðslum almannatrygginga	41,5				41,5
399-1.30	Krabbameinsfélag Íslands, krabbameinsskráning	33,7	-33,5			0,2
399-1.31	Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit	529,4	-525,9			3,5
399-1.38	Félagið Heyrnarhjálp		0,2			0,2
399-1.40	Kostnaður skv. lögum nr. 25/1975	0,4				0,4
399-1.58	Krýsuvíkurskóli, vist- og meðferðarheimili		0,6			0,6
399-1.90	Ýmis framlög	-0,7	23,2			22,5
399-1.95	Kynsjúkdómar, alnæmi	-9,3	9,4			0,1
399-1.98	Ýmis framlög heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis	4,6	6,1			10,7
399-6.91	Upplýsingatæknimál				63,8	63,8
08-401	**Öldrunarstofnanir, almennt**	**271,0**			**576,9**	**847,9**
401-1.01	Hjúkrunarheimili, almennt	271,0				271,0
401-6.15	Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði				47,9	47,9
401-6.17	Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn				8,1	8,1
401-6.25	Bygging hjúkrunarheimila				486,6	486,6
401-6.27	Jaðar, Ólafsvík				30,0	30,0
401-6.38	Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri				4,3	4,3
08-402	**Framkvæmdasjóður aldraðra**	**-9,1**	**-20,2**		**-199,4**	**-228,7**
402-1.10	Rekstur stofnanaþjónustu fyrir aldraða	-9,1	-20,2			-29,3
402-6.21	Stofnkostnaður og endurbætur				-199,4	-199,4
08-500	**Heilsugæslustöðvar, almennt**	**235,8**	**17,1**	**33,2**	**16,1**	**302,2**
500-1.10	Heilsugæslustöðvar, almennt	108,4	17,1			125,5
500-1.13	Afnotagjöld og þjónusta við sjúkraskrárkerfi heilsugæslustöðva	127,4				127,4

Breytingar á fjárveitingum ársins 2007 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2006

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
500-5.01	Viðhald			33,2		33,2
500-6.01	Tæki og búnaður				16,1	16,1
08-501	**Sjúkraflutningar**	**22,4**				**22,4**
501-1.11	Sjúkraflutningar	2,8				2,8
501-1.12	Útvegun og rekstur sjúkrabifreiða	-21,8				-21,8
501-1.15	Sjúkraflug	41,4				41,4
08-505	**Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu**	**0,8**				**0,8**
505-1.01	Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu	0,8				0,8
08-506	**Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu**	**-378,2**	**74,9**			**-303,3**
506-1.01	Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu	-378,2	74,9			-303,3
08-522	**Heilsugæslustöðin Borgarnesi**	**-6,6**	**-0,5**			**-7,1**
522-1.01	Heilsugæslustöðin Borgarnesi	-6,6	-0,5			-7,1
08-524	**Heilsugæslustöðin Ólafsvík**	**1,4**	**-0,3**			**1,1**
524-1.01	Heilsugæslustöðin Ólafsvík	1,4	-0,3			1,1
08-525	**Heilsugæslustöðin Grundarfirði**	**6,7**				**6,7**
525-1.01	Heilsugæslustöðin Grundarfirði	6,7				6,7
08-526	**Heilsugæslustöðin Búðardal**	**-1,3**				**-1,3**
526-1.01	Heilsugæslustöðin Búðardal	-1,3				-1,3
08-551	**Heilsugæslustöðin Ólafsfirði**	**-9,0**				**-9,0**
551-1.01	Heilsugæslustöðin Ólafsfirði	-9,0				-9,0
08-552	**Heilsugæslustöðin Dalvík**	**8,1**				**8,1**
552-1.01	Heilsugæslustöðin Dalvík	8,1				8,1
08-588	**Heilsugæslustöðin í Salahverfi í Kópavogi**	**9,8**				**9,8**
588-1.01	Heilsugæslustöðin í Salahverfi í Kópavogi	9,8				9,8

Breytingar á fjárveitingum ársins 2007 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2006

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
08-700	**Heilbrigðisstofnanir**			**70,1**	**518,3**	**588,4**
700-5.50	Viðhald heilbrigðisstofnana			70,1		70,1
700-6.01	Tæki og búnaður				87,7	87,7
700-6.45	Heilbrigðisstofnunin Blönduósi				-43,8	-43,8
700-6.55	Heilbrigðisstofnunin Siglufirði				-43,1	-43,1
700-6.77	Heilbrigðisstofnun Austurlands				-27,2	-27,2
700-6.87	Heilbrigðisstofnun Suðurlands				76,5	76,5
700-6.91	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja				-53,5	-53,5
700-6.99	Bygging heilbrigðisstofnana, óskipt				521,7	521,7
08-711	**Heilbrigðisstofnunin Akranesi**	**-50,2**				**-50,2**
711-1.01	Heilsugæslusvið	47,9				47,9
711-1.11	Sjúkrasvið	-95,6				-95,6
711-1.21	Hjúkrunarrými	-2,5				-2,5
08-715	**St. Franciskusspítali, Stykkishólmi**	**-1,0**				**-1,0**
715-1.01	Heilsugæslusvið	1,1				1,1
715-1.11	Sjúkrasvið	-49,6				-49,6
715-1.21	Hjúkrunarrými	47,5				47,5
08-721	**Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði**	**-1,3**				**-1,3**
721-1.01	Heilsugæslusvið	0,2				0,2
721-1.11	Sjúkrasvið	5,8				5,8
721-1.21	Hjúkrunarrými	-7,3				-7,3
08-725	**Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ**	**9,1**	**-0,2**			**8,9**
725-1.01	Heilsugæslusvið	120,1				120,1
725-1.11	Sjúkrasvið	-121,4	-0,2			-121,6
725-1.21	Hjúkrunarrými	10,4				10,4

Breytingar á fjárveitingum ársins 2007 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2006

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
08-731	**Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík**	**-5,5**				**-5,5**
731-1.01	Heilsugæslusvið	-22,1				-22,1
731-1.21	Hjúkrunarrými	16,6				16,6
08-735	**Heilbrigðisstofnunin Hólmavík**	**-12,4**				**-12,4**
735-1.01	Heilsugæslusvið	-15,2				-15,2
735-1.11	Sjúkrasvið	7,8				7,8
735-1.21	Hjúkrunarrými	-5,0				-5,0
08-741	**Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga**	**-6,7**				**-6,7**
741-1.01	Heilsugæslusvið	-56,1				-56,1
741-1.11	Sjúkrasvið	61,3				61,3
741-1.21	Hjúkrunarrými	-11,9				-11,9
08-745	**Heilbrigðisstofnunin Blönduósi**	**-1,4**	**-0,1**			**-1,5**
745-1.01	Heilsugæslusvið	-44,3				-44,3
745-1.11	Sjúkrasvið	56,1				56,1
745-1.21	Hjúkrunarrými	-13,2	-0,1			-13,3
08-751	**Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki**	**4,9**				**4,9**
751-1.01	Heilsugæslusvið	-127,7				-127,7
751-1.11	Sjúkrasvið	294,8				294,8
751-1.21	Hjúkrunarrými	-162,2				-162,2
08-755	**Heilbrigðisstofnunin Siglufirði**	**3,4**				**3,4**
755-1.01	Heilsugæslusvið	-50,7				-50,7
755-1.11	Sjúkrasvið	102,5				102,5
755-1.21	Hjúkrunarrými	-48,4				-48,4
08-761	**Heilbrigðisstofnun Þingeyinga**	**-27,9**				**-27,9**
761-1.01	Heilsugæslusvið	315,6				315,6

Breytingar á fjárveitingum ársins 2007 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2006

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
761-1.11	Sjúkrasvið	-571,8				-571,8
761-1.21	Hjúkrunarrými	228,3				228,3
08-777	**Heilbrigðisstofnun Austurlands**	**-3,9**	**-1,0**			**-4,9**
777-1.01	Heilsugæslusvið	138,5	-1,0			137,5
777-1.11	Sjúkrasvið	-10,8				-10,8
777-1.21	Hjúkrunarrými	-131,6				-131,6
08-781	**Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum**	**-28,9**				**-28,9**
781-1.01	Heilsugæslusvið	-25,2				-25,2
781-1.11	Sjúkrasvið	-23,2				-23,2
781-1.21	Hjúkrunarrými	19,5				19,5
08-787	**Heilbrigðisstofnun Suðurlands**	**-73,6**	**-0,1**			**-73,7**
787-1.01	Heilsugæslusvið	-46,6	-0,1			-46,7
787-1.11	Sjúkrasvið	-27,1				-27,1
787-1.21	Hjúkrunarrými	0,1				0,1
08-791	**Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum**	**-25,3**				**-25,3**
791-1.01	Heilsugæslusvið	-413,4				-413,4
791-1.11	Sjúkrasvið	412,2				412,2
791-1.21	Hjúkrunarrými	-24,1				-24,1
08-795	**St. Jósefsspítali, Hafnarfirði**	**-95,4**	**8,3**			**-87,1**
795-1.11	St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	-91,1	8,3			-82,8
795-1.21	Hjúkrunarrými	-4,3				-4,3
08-996	**Íslenska upplýsingasamfélagið**				**2,9**	**2,9**
996-6.51	Íslenska upplýsingasamfélagið				2,9	2,9

Breytingar á fjárveitingum ársins 2007 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2006

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
09	*Fjármálaráðuneyti*	*1.601,6*	*27,7*	*-451,1*	*410,6*	*1.588,8*
09-101	**Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa**	**40,3**	**1,9**			**42,2**
101-1.01	Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa	40,3	1,9			42,2
09-103	**Fjársýsla ríkisins**	**121,1**	**-14,3**		**-14,6**	**92,2**
103-1.01	Almennur rekstur	10,5	-14,3			-3,8
103-1.43	Tekjubókhaldskerfi	34,7				34,7
103-1.47	Fjárhags- og starfsmannakerfi ríkisins	75,9				75,9
103-6.43	Hugbúnaðargerð fyrir tekjubókhaldskerfi				14,8	14,8
103-6.47	Hugbúnaðargerð fyrir fjárhags- og starfsmannakerfi ríkisins				-29,4	-29,4
09-199	**Ráðstöfunarfé**		**9,9**			**9,9**
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra		9,9			9,9
09-201	**Ríkisskattstjóri**	**-27,7**	**-1,0**		**102,3**	**73,6**
201-1.01	Almennur rekstur	-32,7	-6,0			-38,7
201-1.10	Sameiginleg útgjöld ríkisskattstjóra og skattstofa	62,8	5,0			67,8
201-1.41	Skattvinnslukerfi	-57,8				-57,8
201-6.41	Hugbúnaðargerð fyrir skattvinnslukerfi				102,3	102,3
09-202	**Skattstofan í Reykjavík**	**22,5**	**-4,5**			**18,0**
202-1.01	Skattstofan í Reykjavík	22,5	-4,5			18,0
09-203	**Skattstofa Vesturlands**	**-0,7**				**-0,7**
203-1.01	Skattstofa Vesturlands	-0,7				-0,7
09-204	**Skattstofa Vestfjarða**	**7,6**	**-0,1**			**7,5**
204-1.01	Skattstofa Vestfjarða	7,6	-0,1			7,5
09-205	**Skattstofa Norðurlands vestra**	**-1,0**	**-0,2**			**-1,2**
205-1.01	Skattstofa Norðurlands vestra	-1,0	-0,2			-1,2

Breytingar á fjárveitingum ársins 2007 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2006

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
09-206	**Skattstofa Norðurlands eystra**	**25,5**	**-0,5**			**25,0**
206-1.01	Skattstofa Norðurlands eystra	25,5	-0,5			25,0
09-207	**Skattstofa Austurlands**	**3,1**				**3,1**
207-1.01	Skattstofa Austurlands	3,1				3,1
09-208	**Skattstofa Suðurlands**	**2,0**	**-0,2**			**1,8**
208-1.01	Skattstofa Suðurlands	2,0	-0,2			1,8
09-209	**Skattstofa Vestmannaeyja**	**-3,4**				**-3,4**
209-1.01	Skattstofa Vestmannaeyja	-3,4				-3,4
09-211	**Skattstofa Reykjaness**	**16,9**	**-2,1**			**14,8**
211-1.01	Skattstofa Reykjaness	16,9	-2,1			14,8
09-212	**Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld**	**94,9**	**6,8**		**38,7**	**140,4**
212-1.01	Ýmis sameiginleg útgjöld	47,6	6,8			54,4
212-1.10	Skatteftirlit	47,3				47,3
212-6.43	Hugbúnaðargerð fyrir skattkerfið				38,7	38,7
09-214	**Yfirskattanefnd**	**15,6**				**15,6**
214-1.01	Yfirskattanefnd	15,6				15,6
09-215	**Skattrannsóknarstjóri ríkisins**	**1,8**	**-1,2**			**0,6**
215-1.01	Skattrannsóknarstjóri ríkisins	1,8	-1,2			0,6
09-262	**Tollstjórinn í Reykjavík**	**213,0**	**-9,8**		**34,3**	**237,5**
262-1.01	Tollstjórinn í Reykjavík	-419,3	-9,8			-429,1
262-1.45	Tollafgreiðslukerfi	632,3				632,3
262-6.01	Tæki og búnaður				34,3	34,3
09-402	**Fasteignamat ríkisins**	**-45,7**	**-11,7**		**200,9**	**143,5**
402-1.01	Fasteignamat ríkisins	-45,7	-11,7			-57,4
402-6.02	Landskrá fasteigna				200,9	200,9

Breytingar á fjárveitingum ársins 2007 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2006

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
09-901	**Framkvæmdasýsla ríkisins**	**17,1**	**-3,1**			**14,0**
901-1.01	Framkvæmdasýsla ríkisins	17,1	-3,1			14,0
09-905	**Ríkiskaup**	**34,8**	**-5,2**			**29,6**
905-1.01	Ríkiskaup	34,8	-5,2			29,6
09-972	**Lánasýsla ríkisins**	**61,8**	**-2,0**			**59,8**
972-1.01	Lánasýsla ríkisins	61,8	-2,0			59,8
09-980	**Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól**	**67,3**			**-54,0**	**13,3**
980-1.01	Rekstur húsnæðis	126,3				126,3
980-1.05	Rekstur tölvukerfis	-59,0				-59,0
980-6.21	Húsnæði				-100,6	-100,6
980-6.41	Tölvubúnaður				46,6	46,6
09-981	**Ýmsar fasteignir ríkissjóðs**			**53,3**		**53,3**
981-5.21	Viðhald stjórnarráðsbygginga			53,3		53,3
09-984	**Fasteignir ríkissjóðs**	**661,6**	**-0,4**	**-504,4**		**156,8**
984-1.01	Yfirstjórn	460,7	-0,4			460,3
984-1.11	Rekstur fasteigna	200,9				200,9
984-5.21	Viðhald fasteigna			-504,4		-504,4
09-985	**Rekstur fyrrum varnarsvæða við Keflavíkurflugvöll**	**100,0**				**100,0**
985-1.01	Rekstur fyrrum varnarsvæða við Keflavíkurflugvöll	100,0				100,0
09-990	**Ríkisstjórnarákvarðanir**		**74,7**			**74,7**
990-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar		74,7			74,7
09-996	**Íslenska upplýsingasamfélagið**				**58,3**	**58,3**
996-6.51	Íslenska upplýsingasamfélagið				58,3	58,3

Breytingar á fjárveitingum ársins 2007 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2006

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
09-999	**Ýmislegt**	**173,2**	**-9,3**		**44,7**	**208,6**
999-1.12	Greiðslur til samtaka höfundarréttarhafa fyrir ljósritun á	3,3				3,3
999-1.13	Kjarasamningar	40,1	-0,1			40,0
999-1.15	Kjararannsóknir	-0,3				-0,3
999-1.45	Ýmsar nefndir	12,0				12,0
999-1.49	Rekstur fjárlagakerfis ráðuneyta og Alþingis	28,5				28,5
999-1.65	Kjaranefnd	-31,1				-31,1
999-1.66	Yfirfasteignamatsnefnd	-30,3				-30,3
999-1.90	Ýmis verkefni	151,0	-9,2			141,8
999-6.11	Bifreiðar Stjórnarráðsins				-3,1	-3,1
999-6.49	Hugbúnaðargerð fyrir fjárlagakerfi ráðuneyta og Alþingis				32,1	32,1
999-6.91	Hagræðingarmál				15,7	15,7
10	***Samgönguráðuneyti***	***1.363,2***	***-613,1***	***259,0***	***4.440,3***	***5.449,4***
10-101	**Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa**	**70,1**	**-34,1**			**36,0**
101-1.01	Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa	70,1	-34,1			36,0
10-190	**Ýmis verkefni**	**-69,8**	**197,8**		**21,0**	**149,0**
190-1.11	Fastanefndir	-11,1				-11,1
190-1.12	Vetrarsamgöngur og vöruflutningar	0,3	22,9			23,2
190-1.19	Útgáfa ökuskírteina	9,3	-3,3			6,0
190-1.25	Staðsetningarkerfi	19,0	-10,0			9,0
190-1.34	Flugskóli Íslands	-3,1	6,0			2,9
190-1.35	Átak í umferðaröryggismálum	-0,2	39,6			39,4
190-1.36	Athugun á samgöngumiðstöð í Vatnsmýri og Reykjavíkurflugvelli	9,0				9,0
190-1.42	Gestastofur, söfn og markaðsstarf	5,4	-5,2			0,2
190-1.44	Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu	-36,7	72,2			35,5
190-1.47	Markaðssetning Íslands í Norður-Ameríku	-66,3	72,8			6,5
190-1.90	Ýmislegt	-1,4	5,3			3,9

Breytingar á fjárveitingum ársins 2007 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2006

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
190-1.98	Ýmis framlög samgönguráðuneytis	6,0	-2,5			3,5
190-6.42	Ferðamannaaðstaða við ferjuhafnir				21,0	21,0
10-211	**Rekstur Vegagerðarinnar**	**630,2**	**-1.127,4**			**-497,2**
211-1.01	Almennur rekstur	118,3	-0,4			117,9
211-1.05	Umdæmi og rekstrardeildir	534,5	-150,3			384,2
211-1.07	Þjónusta	-295,1	-274,8			-569,9
211-1.11	Styrkir til ferja og sérleyfishafa	191,8	-701,9			-510,1
211-1.13	Styrkir til innanlandsflugs	22,5	22,3			44,8
211-1.21	Rannsóknir	58,2	-22,3			35,9
10-212	**Framkvæmdir Vegagerðarinnar**			**121,0**	**967,3**	**1.088,3**
212-5.10	Viðhald			121,0		121,0
212-6.10	Framkvæmdir				967,3	967,3
10-251	**Umferðarstofa**	**326,9**	**0,4**			**327,3**
251-1.01	Umferðarstofa	326,9	0,4			327,3
10-281	**Rannsóknanefnd umferðarslysa**	**-0,1**				**-0,1**
281-1.01	Rannsóknanefnd umferðarslysa	-0,1				-0,1
10-335	**Siglingastofnun Íslands**	**-54,7**	**183,1**		**153,0**	**281,4**
335-1.01	Almennur rekstur	138,5	-2,7			135,8
335-1.11	Vaktstöð siglinga	-193,2	185,8			-7,4
335-6.60	Vitabyggingar				26,7	26,7
335-6.80	Sjóvarnargarðar				126,3	126,3
10-336	**Hafnabótasjóður**	**157,8**	**-125,5**		**1.034,6**	**1.066,9**
336-1.01	Almennur rekstur	157,8	-125,5			32,3
336-6.70	Hafnamannvirki				1.019,5	1.019,5
336-6.74	Lendingabætur				0,7	0,7
336-6.76	Ferjubryggjur				14,4	14,4

Breytingar á fjárveitingum ársins 2007 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2006

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
10-381	**Rannsóknanefnd sjóslysa**	**12,6**				**12,6**
381-1.01	Rannsóknanefnd sjóslysa	12,6				12,6
10-471	**Rekstur Flugmálastjórnar**	**-77,1**	**315,9**	**60,1**		**298,9**
471-1.01	Flugmálastjórn	53,6	33,3			86,9
471-1.70	Alþjóðaflugþjónusta	58,8				58,8
471-1.81	Framlag Íslands vegna samnings við Alþjóðaflugmálastofnunina, ICAO	-189,5	282,6			93,1
471-5.41	Flugvellir, viðhald			60,1		60,1
10-472	**Framkvæmdir Flugmálastjórnar**			**77,9**	**580,6**	**658,5**
472-5.41	Viðhald			77,9		77,9
472-6.41	Framkvæmdir				580,6	580,6
10-473	**Alþjóðaflugþjónustan**	**105,1**			**143,8**	**248,9**
473-1.01	Alþjóðaflugþjónustan	105,1				105,1
473-6.10	Stofnkostnaður				143,8	143,8
10-481	**Rannsóknanefnd flugslysa**	**0,0**	**2,0**			**2,0**
481-1.01	Rannsóknanefnd flugslysa	0,0	2,0			2,0
10-512	**Póst- og fjarskiptastofnunin**	**114,1**	**-12,9**			**101,2**
512-1.01	Póst- og fjarskiptastofnunin	114,1	-12,9			101,2
10-521	**Fjarskiptasjóður**				**1.526,0**	**1.526,0**
521-6.41	Fjarskiptasjóður				1.526,0	1.526,0
10-651	**Ferðamálastofa**	**148,1**	**-12,4**			**135,7**
651-1.01	Ferðamálastofa	-408,1	50,0			-358,1
651-1.05	Landkynningarskrifstofur erlendis	441,7	76,5			518,2
651-1.11	Ferðamálasamtök landshluta	-9,2	-25,8			-35,0
651-1.15	Samstarfssamningar við Grænland og Færeyjar	0,7	8,6			9,3
651-1.21	Fjölsóttir ferðamannastaðir	123,0	-121,7			1,3

Breytingar á fjárveitingum ársins 2007 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2006

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
10-996	**Íslenska upplýsingasamfélagið**				**14,0**	**14,0**
996-6.51	Íslenska upplýsingasamfélagið				14,0	14,0
11 Iðnaðarráðuneyti		***949,2***	***-10,6***			***938,6***
11-101	**Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa**	**7,7**	**-5,5**			**2,2**
101-1.01	Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	7,7	-5,5			2,2
11-102	**Einkaleyfastofan**	**108,5**	**-1,4**			**107,1**
102-1.01	Einkaleyfastofan	108,5	-1,4			107,1
11-201	**Iðntæknistofnun Íslands**	**478,0**	**-440,1**			**37,9**
201-1.01	Iðntæknistofnun Íslands	478,0	-440,1			37,9
11-203	**Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins**	**101,5**	**-88,6**			**12,9**
203-1.01	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	101,5	-88,6			12,9
11-240	**Iðnaðarrannsóknir og stóriðja**	**-4,9**	**16,3**			**11,4**
240-1.01	Iðnaðarrannsóknir og stóriðja	-4,9	16,3			11,4
11-242	**Tækniþróunarsjóður**	**13,7**	**69,1**			**82,8**
242-1.10	Tækniþróunarsjóður	13,7	69,1			82,8
11-251	**Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi**	**-0,6**	**137,7**			**137,1**
251-1.10	Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi	-0,6	137,7			137,1
11-299	**Iðja og iðnaður, framlög**	**123,1**	**-74,2**			**48,9**
299-1.10	Fastanefndir	7,1	-0,2			6,9
299-1.19	Staðlaráð	-5,8	12,6			6,8
299-1.21	Kostnaður vegna samnings við ÍSAL	2,2	-0,2			2,0
299-1.30	Alþjóðlegt samstarf	84,7	-61,1			23,6
299-1.48	Átak til atvinnusköpunar	-15,1	15,5			0,4
299-1.50	Nýsköpun og markaðsmál	50,0	-40,8			9,2

Breytingar á fjárveitingum ársins 2007 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2006

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
11-301	**Orkustofnun**	**87,5**	**114,0**			**201,5**
301-1.01	Orkustofnun	87,5	114,0			201,5
11-399	**Ýmis orkumál**	**95,4**	**-12,0**			**83,4**
399-1.13	Hafsbotnsrannsóknir	24,8	10,1			34,9
399-1.21	Nýskipan orkumála	39,4	-1,8			37,6
399-1.22	Vistvænir orkugjafar	21,2	-15,9			5,3
399-1.24	Notendur utan samveitna	10,0	-4,4			5,6
11-401	**Byggðaáætlun**	**-60,7**	**274,1**			**213,4**
401-1.10	Byggðaáætlun	-60,7	274,1			213,4
12 Viðskiptaráðuneyti		***239,6***	***24,2***			***263,8***
12-101	**Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa**	**14,9**	**-0,9**			**14,0**
101-1.01	Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa	14,9	-0,9			14,0
12-190	**Ýmis verkefni**	**-6,7**	**26,9**			**20,2**
190-1.10	Neytendasamtökin		0,1			0,1
190-1.15	Fastanefndir	11,4				11,4
190-1.20	Icepro-nefnd	-0,4	2,2			1,8
190-1.90	Ýmis viðskipta- og bankamál	-17,7	24,6			6,9
12-402	**Fjármálaeftirlitið**	**52,3**	**-3,7**			**48,6**
402-1.01	Fjármálaeftirlitið	52,3	-3,7			48,6
12-411	**Samkeppniseftirlitið**	**36,1**	**2,1**			**38,2**
411-1.01	Samkeppniseftirlitið	36,1	2,1			38,2
12-421	**Neytendastofa**	**142,4**	**-0,2**			**142,2**
421-1.01	Neytendastofa	142,4	-0,2			142,2

Breytingar á fjárveitingum ársins 2007 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2006

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
12-425	**Talsmaður neytenda**	**0,6**				**0,6**
425-1.01	Talsmaður neytenda	0,6				0,6
13 Hagstofa Íslands		***-64,9***	***50,5***			***-14,4***
13-101	**Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa**	**-64,9**	**50,5**			**-14,4**
101-1.01	Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa	-208,0	50,5			-157,5
101-1.50	Þjóðskráin	143,1				143,1
14 Umhverfisráðuneyti		***2.113,8***	***-248,0***	***96,9***	***-18,2***	***1.944,5***
14-101	**Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa**	**24,8**	**-1,7**			**23,1**
101-1.01	Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa	24,8	-1,7			23,1
14-190	**Ýmis verkefni**	**283,1**	**-142,5**			**140,6**
190-1.10	Fastanefndir	-6,2	1,0			-5,2
190-1.12	Samvinnunefnd um miðhálendið	-0,3				-0,3
190-1.23	Ýmis umhverfisverkefni	60,3	-62,1			-1,8
190-1.29	Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum	14,0	-19,6			-5,6
190-1.35	Umhverfisvöktun	-24,4	38,0			13,6
190-1.36	Rannsóknir og útrýming á mink	88,2	-26,0			62,2
190-1.41	Skrifstofa um vernd gróður- og dýraríkis á norðlægum slóðum, CAFF	82,0	-81,1			0,9
190-1.42	Skrifstofa Norðurskautsráðsins um varnir gegn mengun hafsins, PAME	15,2	-16,1			-0,9
190-1.54	Rannsóknastöð að Kvískerjum	15,6	-15,0			0,6
190-1.56	Vernd Breiðafjarðar	6,7	-4,5			2,2
190-1.61	Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál	10,5				10,5
190-1.90	Ýmis verkefni	0,3	3,7			4,0
190-1.98	Ýmis framlög umhverfisráðuneytis	21,2	39,2			60,4
14-202	**Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn**	**0,0**	**-0,5**			**-0,5**
202-1.01	Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn	0,0	-0,5			-0,5

Breytingar á fjárveitingum ársins 2007 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2006

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
14-211	**Umhverfisstofnun**	**66,5**	**-126,2**	**96,9**		**37,2**
211-1.01	Umhverfisstofnun	66,5	-136,1			-69,6
211-1.11	Endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna veiða á ref og mink		9,9			9,9
211-5.41	Þjóðgarðar og friðlýst svæði			96,9		96,9
14-287	**Úrvinnslusjóður**	**1.018,4**	**-0,4**			**1.018,0**
287-1.01	Almennur rekstur	140,8	-0,4			140,4
287-1.10	Úrvinnslusjóður	877,6				877,6
14-301	**Skipulagsstofnun**	**-50,4**	**49,6**			**-0,8**
301-1.01	Skipulagsstofnun	-50,4	49,6			-0,8
14-303	**Skipulagsmál sveitarfélaga**	**-1,1**	**59,2**			**58,1**
303-1.11	Endurgreiðslur skipulagsgjalds til sveitarfélaga sem annast sjálf	-0,8	18,3			17,5
303-1.13	Endurgreiðslur á hluta kostnaðar sveitarfélaga við skipulagsmál	-0,3	40,9			40,6
14-310	**Landmælingar Íslands**	**41,5**	**-10,1**			**31,4**
310-1.01	Landmælingar Íslands	41,5	-10,1			31,4
14-321	**Brunamálastofnun ríkisins**	**37,0**	**50,8**			**87,8**
321-1.01	Brunamálastofnun ríkisins	37,0	50,8			87,8
14-381	**Ofanflóðasjóður**	**591,3**	**3,4**		**-83,6**	**511,1**
381-1.01	Almennur rekstur	591,3	3,4			594,7
381-6.60	Ofanflóðasjóður				-83,6	-83,6
14-401	**Náttúrufræðistofnun Íslands**	**-14,5**	**-8,2**			**-22,7**
401-1.01	Yfirstjórn	0,8	0,3			1,1
401-1.02	Setur í Reykjavík	51,3	-7,9			43,4
401-1.03	Setur á Akureyri	-66,6	-0,6			-67,2
14-403	**Náttúrustofur**	**44,6**	**-44,4**			**0,2**
403-1.10	Náttúrustofa Neskaupstað	44,6	-44,4			0,2

Breytingar á fjárveitingum ársins 2007 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2006

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
14-407	**Stofnun Vilhjálms Stefánssonar**	**1,3**	**-1,4**			**-0,1**
407-1.01	Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	1,3	-1,4			-0,1
14-410	**Veðurstofa Íslands**	**71,3**	**-75,6**		**55,4**	**51,1**
410-1.01	Almenn starfsemi	68,1	-75,6			-7,5
410-1.70	Veðurþjónusta fyrir millilandaflug	3,2				3,2
410-6.01	Tæki og búnaður				55,4	55,4
14-996	**Íslenska upplýsingasamfélagið**				**10,0**	**10,0**
996-6.51	Íslenska upplýsingasamfélagið				10,0	10,0

Uppruni fjárheimilda ársins 2006, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
Samtals öll ráðuneyti		**17.408,9**	**315.059,3**	**19.577,4**	**-0,4**	**962,6**	**353.007,8**	**340.170,3**	**12.837,5**
00 Æðsta stjórn ríkisins		***122,8***	***2.855,9***	***23,8***	***-23,3***	***0,2***	***2.979,4***	***2.750,3***	***229,1***
00-101	**Embætti forseta Íslands**	**-7,6**	**177,0**	**0,5**	**-0,8**		**169,1**	**167,5**	**1,6**
101-1.01	Almennur rekstur	3,2	149,8	0,5	-0,8		152,7	148,6	4,1
101-1.81	Opinberar heimsóknir	-15,5	26,2				10,7	18,2	-7,5
101-5.20	Laufásvegur 72, viðhald	4,7	1,0				5,7	0,7	5,0
00-201	**Alþingi**	**102,2**	**1.852,9**	**17,2**	**-13,2**	**0,2**	**1.959,3**	**1.783,2**	**176,1**
201-1.01	Alþingiskostnaður	80,4	718,4	4,6	-6,7		796,7	699,4	97,3
201-1.02	Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka		55,0				55,0	55,0	
201-1.03	Fastanefndir	-75,7	16,9	0,1	-0,1		-58,8	9,0	-67,8
201-1.04	Alþjóðasamstarf	60,5	82,3	8,2	-0,1		150,9	62,7	88,2
201-1.06	Almennur rekstur	112,0	673,6	4,0	-5,8	0,2	784,0	661,0	123,0
201-1.07	Sérverkefni	3,2	30,4	0,1	-0,2		33,5	25,7	7,8
201-1.10	Rekstur fasteigna	-28,6	163,7	0,2	-0,3		135,0	165,0	-30,0
201-5.20	Fasteignir	-31,4	60,0				28,6	56,1	-27,5
201-6.01	Tæki og búnaður	-18,2	52,6				34,4	49,3	-14,9
00-205	**Framkvæmdir á Alþingisreit**		**10,0**				**10,0**	**2,3**	**7,7**
205-6.50	Nýbygging		10,0				10,0	2,3	7,7
00-301	**Ríkisstjórn**		**211,3**	**3,1**	**-4,9**		**209,5**	**217,9**	**-8,4**
301-1.01	Ríkisstjórn		211,3	3,1	-4,9		209,5	217,9	-8,4
00-401	**Hæstiréttur**		**114,9**	**1,7**	**-2,4**		**114,2**	**112,3**	**1,9**
401-1.01	Hæstiréttur		114,9	1,7	-2,4		114,2	112,3	1,9

Uppruni fjárheimilda ársins 2006, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
00-610	**Umboðsmaður Alþingis**	**9,2**	**96,1**	**0,2**	**-0,3**		**105,2**	**93,6**	**11,6**
610-1.01	Umboðsmaður Alþingis	9,2	96,1	0,2	-0,3		105,2	93,6	11,6
00-620	**Ríkisendurskoðun**	**19,0**	**393,7**	**1,1**	**-1,7**		**412,1**	**373,5**	**38,6**
620-1.01	Ríkisendurskoðun	16,0	390,7	1,1	-1,7		406,1	369,3	36,8
620-6.11	Bifreiðar		3,0				3,0	4,2	-1,2
620-6.21	Fasteignir	3,0					3,0		3,0
01 Forsætisráðuneyti		***350,8***	***1.129,1***	***46,7***	***88,1***	***5,2***	***1.619,9***	***1.140,2***	***479,7***
01-101	**Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa**	**92,8**	**242,6**	**0,6**	**7,4**		**343,4**	**215,4**	**128,0**
101-1.01	Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	92,8	242,6	0,6	7,4		343,4	215,4	128,0
01-190	**Ýmis verkefni**	**82,7**	**252,9**	**32,2**	**84,8**		**452,6**	**306,5**	**146,1**
190-1.11	Ritun biskupasögu, Hið íslenska fornritafélag	10,0	14,0				24,0	24,0	
190-1.12	Handverk, hönnunarmiðstöð heimilis- og listiðnaðar	0,8	7,9	0,1	3,3		12,1	11,2	0,9
190-1.13	Saga Íslands, Hið íslenska bókmenntafélag	27,2					27,2	5,0	22,2
190-1.15	Útboðs- og einkavæðingarverkefni		18,0				18,0	5,6	12,4
190-1.16	Evrópunefnd	3,9	12,0				15,9	9,8	6,1
190-1.17	Úrskurðarnefnd upplýsingalaga	1,9	4,2				6,1	3,3	2,8
190-1.18	Stjórnarskrárnefnd	8,8	20,9		-0,1		29,6	7,8	21,8
190-1.19	Efnahagsrannsóknir	4,9	49,9	12,0			66,8	48,7	18,1
190-1.20	Jafnréttissjóður		10,0				10,0	9,0	1,0
190-1.23	Hrafnseyri		5,9				5,9	5,9	
190-1.25	Vesturfarasetrið á Hofsósi		22,0				22,0	22,0	
190-1.27	Þjóðveldisbærinn í Þjórsárdal		2,0				2,0	2,0	
190-1.29	Félag um rekstur fyrrverandi varnarsvæða			20,0			20,0		20,0
190-1.40	Gjöf Jóns Sigurðssonar	5,0	5,5	0,1	-0,1		10,5	6,9	3,6
190-1.42	Grænlandssjóður								

Uppruni fjárheimilda ársins 2006, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-færð	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
190-1.90	Ýmis verkefni	20,7	37,6		81,7		140,0	102,3	37,7
190-1.91	Til stjórnmálaflokka með hliðsjón af nýrri kjör- dæ		40,0				40,0	40,0	
190-5.25	Viðhald á stafkirkju í Vestmannaeyjum	-0,5	3,0				2,5	3,0	-0,5
01-199	**Ráðstöfunarfé**	**2,1**	**5,0**		**-3,2**		**3,9**		**3,9**
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	2,1	5,0		-3,2		3,9		3,9
01-201	**Fasteignir forsætisráðuneytis**	**8,3**	**74,6**		**5,6**		**88,5**	**74,6**	**13,9**
201-1.01	Fasteignir forsætisráðuneytis	-12,6	45,2		2,2		34,8	51,7	-16,9
201-5.29	Fasteignir forsætisráðuneytis	20,9	29,4		3,4		53,7	22,9	30,8
01-203	**Fasteignir Stjórnarráðsins**	**59,2**	**25,0**		**-5,6**		**78,6**	**1,9**	**76,7**
203-6.25	Nýbygging á Stjórnarráðsreit	59,2	25,0		-5,6		78,6	1,9	76,7
01-231	**Norræna ráðherranefndin**	**8,4**	**119,8**	**12,4**	**-0,1**		**140,5**	**130,0**	**10,5**
231-1.01	Norðurlandaskrifstofa forsætisráðuneytis	8,4	27,8		-0,1		36,1	29,0	7,1
231-1.61	Framlag til norrænu ráðherranefndarinnar		92,0	12,4			104,4	101,0	3,4
01-241	**Umboðsmaður barna**	**4,4**	**27,4**	**0,1**	**-0,2**		**31,7**	**26,8**	**4,9**
241-1.01	Umboðsmaður barna	4,4	27,4	0,1	-0,2		31,7	26,8	4,9
01-251	**Þjóðmenningarhúsið**	**7,1**	**81,4**	**0,2**	**-0,4**		**88,3**	**81,8**	**6,5**
251-1.01	Þjóðmenningarhúsið	7,1	81,4	0,2	-0,4		88,3	81,8	6,5
01-253	**Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn**	**17,0**	**7,8**	**1,1**			**25,9**	**6,9**	**19,0**
253-1.01	Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn	17,0	7,8	1,1			25,9	6,9	19,0
01-255	**Minningarsafn um Halldór Laxness á Gljúfrast**	**4,1**	**31,9**				**36,0**	**35,6**	**0,4**
255-1.01	Minningarsafn um Halldór Laxness á Gljúfrasteini	-0,7	24,4				23,7	25,4	-1,7
255-5.21	Viðhald	2,1	2,5				4,6	0,2	4,4
255-6.21	Framkvæmdir	2,7	5,0				7,7	10,0	-2,3

Uppruni fjárheimilda ársins 2006, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
01-261	**Óbyggðanefnd**	**12,9**	**81,6**				**94,5**	**89,7**	**4,8**
261-1.01	Óbyggðanefnd	12,9	81,6				94,5	89,7	4,8
01-271	**Ríkislögmaður**	**10,7**	**54,9**	**0,1**	**-0,2**		**65,5**	**52,7**	**12,8**
271-1.01	Ríkislögmaður	10,7	54,9	0,1	-0,2		65,5	52,7	12,8
01-303	**Kristnihátíðarsjóður**	**7,5**					**7,5**	**3,4**	**4,1**
303-1.11	Kristnihátíðarsjóður	7,5					7,5	3,4	4,1
01-902	**Þjóðgarðurinn á Þingvöllum**	**5,9**	**73,7**			**5,2**	**84,8**	**77,9**	**6,9**
902-1.01	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	5,5	40,7			5,2	51,4	48,1	3,3
902-5.01	Fasteignir	1,5	2,0				3,5	1,2	2,3
902-6.01	Nýframkvæmdir	-1,1	31,0				29,9	28,6	1,3
01-996	**Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verk**	**27,7**	**50,5**				**78,2**	**37,0**	**41,2**
996-6.51	Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verkef	27,7	50,5				78,2	37,0	41,2
02 Menntamálaráðuneyti		***1.697,9***	***41.135,4***	***1.688,7***	***226,7***	***172,1***	***44.920,8***	***43.439,9***	***1.480,9***
02-101	**Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa**	**-13,4**	**553,6**	**11,1**	**2,5**		**553,8**	**559,9**	**-6,1**
101-1.01	Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	-13,4	553,6	11,1	2,5		553,8	559,9	-6,1
02-199	**Ráðstöfunarfé**	**9,8**	**18,0**		**-22,7**		**5,1**		**5,1**
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	9,8	18,0		-22,7		5,1		5,1
02-201	**Háskóli Íslands**	**-107,8**	**5.769,9**	**47,0**	**160,0**	**14,4**	**5.883,5**	**5.670,7**	**212,8**
201-1.01	Háskóli Íslands	33,9	5.056,9	18,9	160,0	14,4	5.284,1	5.007,5	276,6
201-1.13	Háskólasjóður	77,0	108,0	28,1			213,1	27,2	185,9
201-5.50	Fasteignir	-162,0	40,0				-122,0	218,0	-340,0
201-6.50	Byggingarframkvæmdir og tækjakaup	-56,7	565,0				508,3	418,0	90,3

Uppruni fjárheimilda ársins 2006, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
02-202	**Tilraunastöð Háskólans að Keldum**	**17,0**	**140,9**	**3,5**	**6,4**	**3,6**	**171,4**	**174,9**	**-3,5**
202-1.01	Tilraunastöð Háskólans að Keldum	17,0	140,9	3,5	6,4	3,6	171,4	174,9	-3,5
02-203	**Raunvísindastofnun Háskólans**	**-37,2**	**278,4**		**4,1**		**245,3**	**284,6**	**-39,3**
203-1.01	Raunvísindastofnun Háskólans	-37,2	278,4		4,1		245,3	284,6	-39,3
02-204	**Stofnun Sigurðar Nordals**	**8,6**	**24,4**	**-10,9**			**22,1**	**17,2**	**4,9**
204-1.01	Stofnun Sigurðar Nordals	8,6	24,4	-10,9			22,1	17,2	4,9
02-205	**Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi**	**1,2**	**116,1**	**-39,9**	**2,2**		**79,6**	**89,8**	**-10,2**
205-1.01	Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	1,2	116,1	-39,9	2,2		79,6	89,8	-10,2
02-206	**Orðabók Háskólans**	**13,3**	**30,2**	**-14,4**	**-0,2**		**28,9**	**22,6**	**6,3**
206-1.01	Orðabók Háskólans	13,3	30,2	-14,4	-0,2		28,9	22,6	6,3
02-207	**Íslensk málstöð**	**4,5**	**20,2**	**-8,2**	**-0,2**		**16,3**	**14,4**	**1,9**
207-1.01	Íslensk málstöð	4,5	20,2	-8,2	-0,2		16,3	14,4	1,9
02-208	**Örnefnastofnun Íslands**	**-2,6**	**16,2**	**-4,5**	**-0,2**		**8,9**	**9,1**	**-0,2**
208-1.01	Örnefnastofnun Íslands	-2,6	16,2	-4,5	-0,2		8,9	9,1	-0,2
02-209	**Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum**			**78,4**			**78,4**	**63,9**	**14,5**
209-1.01	Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum			78,4			78,4	63,9	14,5
02-210	**Háskólinn á Akureyri**	**-321,0**	**955,1**	**64,6**	**7,3**	**-6,5**	**699,5**	**1.035,8**	**-336,3**
210-1.01	Háskólinn á Akureyri	-321,0	955,1	64,6	7,3	-6,5	699,5	1.035,8	-336,3
02-211	**Tækniháskóli Íslands**	**11,2**					**11,2**	**15,1**	**-3,9**
211-1.01	Tækniháskóli Íslands	-17,3					-17,3	15,1	-32,4
211-1.02	Rannsóknastarfsemi	28,5					28,5		28,5
02-215	**Kennaraháskóli Íslands**	**40,9**	**1.460,7**	**1,5**	**20,9**	**-12,5**	**1.511,5**	**1.485,3**	**26,2**
215-1.01	Kennaraháskóli Íslands	40,9	1.460,7	1,5	20,9	-12,5	1.511,5	1.485,3	26,2

Uppruni fjárheimilda ársins 2006, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
02-223	**Námsmatsstofnun**	**-58,3**	**27,2**	**0,1**			**-31,0**	**45,6**	**-76,6**
223-1.01	Námsmatsstofnun	-58,3	27,2	0,1			-31,0	45,6	-76,6
02-225	**Viðskiptaháskólinn á Bifröst**		**217,2**	**0,5**	**14,2**		**231,9**	**231,9**	
225-1.01	Viðskiptaháskólinn á Bifröst		217,2	0,5	14,2		231,9	231,9	
02-227	**Háskólinn í Reykjavík**		**1.373,6**	**2,9**	**-4,8**		**1.371,7**	**1.368,8**	**2,9**
227-1.01	Háskólinn í Reykjavík		1.373,6	2,9	-4,8		1.371,7	1.368,8	2,9
02-228	**Listaháskóli Íslands**		**506,7**	**1,1**	**20,7**		**528,5**	**529,8**	**-1,3**
228-1.01	Listaháskóli Íslands		506,7	1,1	20,7		528,5	529,8	-1,3
02-231	**Rannsóknamiðstöð Íslands**	**6,3**	**121,5**	**0,1**	**-0,2**		**127,7**	**140,0**	**-12,3**
231-1.01	Rannsóknamiðstöð Íslands	6,3	121,5	0,1	-0,2		127,7	140,0	-12,3
02-234	**Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora**	**0,1**	**126,3**	**25,9**	**-152,5**		**-0,2**		**-0,2**
234-1.11	Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora	0,1	126,3	25,9	-152,5		-0,2		-0,2
02-235	**Markáætlun á sviði vísinda og tækni**	**64,2**	**110,0**				**174,2**	**32,2**	**142,0**
235-6.60	Markáætlun á sviði vísinda og tækni	64,2	110,0				174,2	32,2	142,0
02-236	**Rannsóknasjóður**	**-62,9**	**550,0**				**487,1**	**560,0**	**-72,9**
236-1.10	Rannsóknasjóður	-62,9	550,0				487,1	560,0	-72,9
02-238	**Tækjasjóður**	**336,7**	**110,0**				**446,7**	**97,6**	**349,1**
238-6.60	Tækjasjóður	336,7	110,0				446,7	97,6	349,1
02-239	**Rannsóknarnámssjóður**	**-58,9**	**60,0**				**1,1**	**62,0**	**-60,9**
239-1.01	Rannsóknarnámssjóður	-58,9	60,0				1,1	62,0	-60,9
02-269	**Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkc**	**63,3**	**70,0**	**87,2**			**220,5**	**86,4**	**134,1**
269-5.21	Viðhald	39,9	10,0				49,9	2,6	47,3
269-6.01	Háskóli Íslands		5,0				5,0		5,0

Uppruni fjárheimilda ársins 2006, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
269-6.02	Tilraunastöð Háskólans að Keldum		5,0	87,2			92,2	31,9	60,3
269-6.10	Háskólinn á Akureyri		15,0				15,0		15,0
269-6.15	Kennaraháskóli Íslands		30,0				30,0	27,8	2,2
269-6.21	Stofnkostnaður	23,4					23,4	24,1	-0,7
269-6.28	Listaháskóli Íslands		5,0				5,0		5,0
02-299	**Háskóla- og rannsóknastarfsemi**	**-0,8**	**174,6**		**-61,0**		**112,8**	**118,1**	**-5,3**
299-1.15	Nýsköpunarsjóður		20,0				20,0	20,0	
299-1.73	Reykjavíkurakademían		12,0				12,0	12,0	
299-1.80	Vísindastarfsemi		17,8				17,8	19,0	-1,2
299-1.90	Háskólastarfsemi	-2,2	61,3		-7,2		51,9	57,0	-5,1
299-1.91	Háskólar, óskipt	1,4	63,5		-53,8		11,1	10,1	1,0
02-301	**Menntaskólinn í Reykjavík**	**44,2**	**428,2**	**0,2**	**19,6**	**0,2**	**492,4**	**443,4**	**49,0**
301-1.01	Menntaskólinn í Reykjavík	44,2	428,2	0,2	19,6	0,2	492,4	443,4	49,0
02-302	**Menntaskólinn á Akureyri**	**-52,8**	**362,4**	**0,1**	**34,1**	**0,9**	**344,7**	**399,5**	**-54,8**
302-1.01	Menntaskólinn á Akureyri	-52,8	362,4	0,1	34,1	0,9	344,7	399,5	-54,8
02-303	**Menntaskólinn að Laugarvatni**	**-31,7**	**124,8**	**0,2**	**3,0**	**-0,3**	**96,0**	**135,9**	**-39,9**
303-1.01	Menntaskólinn að Laugarvatni	-31,7	124,8	0,2	3,0	-0,3	96,0	135,9	-39,9
02-304	**Menntaskólinn við Hamrahlíð**	**60,3**	**596,1**	**0,2**	**24,9**	**11,6**	**693,1**	**650,2**	**42,9**
304-1.01	Menntaskólinn við Hamrahlíð	60,3	596,1	0,2	24,9	11,6	693,1	650,2	42,9
02-305	**Menntaskólinn við Sund**	**29,7**	**362,8**	**0,1**	**32,7**	**0,3**	**425,6**	**394,0**	**31,6**
305-1.01	Menntaskólinn við Sund	29,7	362,8	0,1	32,7	0,3	425,6	394,0	31,6
02-306	**Menntaskólinn á Ísafirði**	**-9,7**	**208,7**	**0,2**	**6,4**	**-2,2**	**203,4**	**231,1**	**-27,7**
306-1.01	Menntaskólinn á Ísafirði	-9,7	208,7	0,2	6,4	-2,2	203,4	231,1	-27,7

Uppruni fjárheimilda ársins 2006, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
02-307	**Menntaskólinn á Egilsstöðum**	**24,0**	**218,7**	**0,2**	**-4,1**	**2,2**	**241,0**	**216,3**	**24,7**
307-1.01	Menntaskólinn á Egilsstöðum	24,0	218,7	0,2	-4,1	2,2	241,0	216,3	24,7
02-308	**Menntaskólinn í Kópavogi**	**-41,2**	**631,5**	**0,2**	**40,6**	**3,5**	**634,6**	**642,3**	**-7,7**
308-1.01	Menntaskólinn í Kópavogi	-41,2	631,5	0,2	40,6	3,5	634,6	642,3	-7,7
02-309	**Kvennaskólinn í Reykjavík**	**18,1**	**277,6**	**0,1**	**13,3**	**0,2**	**309,3**	**291,5**	**17,8**
309-1.01	Kvennaskólinn í Reykjavík	18,1	277,6	0,1	13,3	0,2	309,3	291,5	17,8
02-316	**Fasteignir framhaldsskóla**	**97,9**	**70,0**		**149,5**		**317,4**	**268,6**	**48,8**
316-1.05	Fasteignir skóla	76,6	60,0		-1,0		135,6	24,2	111,4
316-5.21	Viðhald	21,3	10,0		150,5		181,8	244,4	-62,6
02-318	**Framhaldsskólar, stofnkostnaður**	**387,7**	**709,0**		**-110,0**		**986,7**	**1.103,2**	**-116,5**
318-6.00	Framhaldsskólar í Reykjavík		150,0				150,0	405,9	-255,9
318-6.01	Menntaskólinn í Reykjavík		50,0		-50,0				
318-6.03	Menntaskólinn á Laugarvatni		20,0		-20,0				
318-6.07	Menntaskólinn á Egilsstöðum	-5,7	55,0		16,0		65,3	135,5	-70,2
318-6.08	Menntaskólinn í Kópavogi		58,0				58,0	51,0	7,0
318-6.52	Flensborgarskóli		95,0				95,0	239,1	-144,1
318-6.53	Fjölbrautaskóli Suðurnesja		92,0				92,0	193,6	-101,6
318-6.54	Fjölbrautaskóli Vesturlands		64,0				64,0	49,6	14,4
318-6.57	Fjölbrautaskóli Suðurlands		4,0				4,0		4,0
318-6.60	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ		10,0				10,0		10,0
318-6.63	Framhaldsskólinn á Laugum		11,0				11,0	8,2	2,8
318-6.67	Fjölbrautaskóli Snæfellinga		20,0				20,0		20,0
318-6.90	Byggingarframkvæmdir, óskipt	352,9	10,0				362,9		362,9
318-6.91	Iðnnemaíbúðir í Reykjavík		20,0				20,0	20,0	
318-6.92	Héraðsskólahúsið á Laugarvatni		40,0		-40,0				
318-6.95	Tæki og búnaður, óskipt	40,5	10,0		-16,0		34,5	0,3	34,2

Uppruni fjárheimilda ársins 2006, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
02-319	**Framhaldsskólar, almennt**	**-56,7**	**892,2**	**250,0**	**-637,3**		**448,2**	**486,8**	**-38,6**
319-1.11	Sameiginleg þjónusta	-17,7	60,5		-35,0		7,8	41,1	-33,3
319-1.12	Orlof kennara	-26,8	144,1		-115,3		2,0	6,8	-4,8
319-1.13	Forfallakennsla	-22,0	65,7		-78,8		-35,1		-35,1
319-1.14	Sérkennsla	-0,1	32,8		-10,1		22,6	14,5	8,1
319-1.15	Prófkostnaður	-1,6	82,8				81,2	81,1	0,1
319-1.16	Nýjungar í skólastarfi		21,6		5,9		27,5	17,4	10,1
319-1.17	Námsskrárgerð	3,7	59,8				63,5	61,4	2,1
319-1.18	Námsefnisgerð	4,4	31,2				35,6	28,4	7,2
319-1.19	Kennslueftirlit	0,7	6,6				7,3	9,0	-1,7
319-1.20	Sjálfsmatskerfi framhaldsskóla		83,9		-83,9				
319-1.21	Nám tannsmiða	0,5	10,8		-8,7		2,6	2,7	-0,1
319-1.23	Ólympíuleikar í raungreinum	-1,9	2,8				0,9	3,7	-2,8
319-1.24	Iðnnemasamband Íslands		5,6				5,6	5,6	
319-1.26	Þróunarsjóður	24,6	17,1		-7,7		34,0	12,8	21,2
319-1.27	Íslenskukennsla	8,6	18,8				27,4	28,0	-0,6
319-1.28	Mat á skólastarfi	-30,1	47,8		4,0		21,7	41,1	-19,4
319-1.29	Forvarnastarf í skólum		5,2				5,2	1,0	4,2
319-1.30	Endurmenntun	-3,0	39,6				36,6	36,4	0,2
319-1.33	Myndlistarskólinn Akureyri		13,5				13,5	13,5	
319-1.34	Myndlistarskólinn í Reykjavík	-3,8	17,8		10,0		24,0	23,8	0,2
319-1.35	Myndlistarskólinn í Kópavogi		5,0				5,0	5,0	
319-1.37	Tónlistarnám	22,8			-22,8				
319-1.38	Menntun á sviði kvikmyndagerðar		18,0				18,0	18,0	
319-1.90	Framhaldsskólar, óskipt	-15,0	101,2	250,0	-294,9		41,3	35,5	5,8
02-350	**Fjölbrautaskólinn í Breiðholti**	**21,8**	**739,2**	**0,1**	**99,4**	**36,0**	**896,5**	**822,4**	**74,1**
350-1.01	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	21,8	739,2	0,1	99,4	36,0	896,5	822,4	74,1

Fylgiskjal 2

Uppruni fjárheimilda ársins 2006, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
02-351	**Fjölbrautaskólinn Ármúla**	**16,4**	**627,7**	**0,2**	**93,2**	**60,8**	**798,3**	**703,2**	**95,1**
351-1.01	Fjölbrautaskólinn Ármúla	16,4	627,7	0,2	93,2	60,8	798,3	703,2	95,1
02-352	**Flensborgarskóli**	**-73,2**	**335,2**	**0,1**	**47,8**	**1,6**	**311,5**	**382,9**	**-71,4**
352-1.01	Flensborgarskóli	-73,2	335,2	0,1	47,8	1,6	311,5	382,9	-71,4
02-353	**Fjölbrautaskóli Suðurnesja**	**63,9**	**534,3**	**0,2**	**38,3**	**9,9**	**646,6**	**549,1**	**97,5**
353-1.01	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	63,9	534,3	0,2	38,3	9,9	646,6	549,1	97,5
02-354	**Fjölbrautaskóli Vesturlands**	**-24,1**	**371,2**	**0,1**	**0,7**	**0,2**	**348,1**	**379,7**	**-31,6**
354-1.01	Fjölbrautaskóli Vesturlands	-24,1	371,2	0,1	0,7	0,2	348,1	379,7	-31,6
02-355	**Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum**	**16,9**	**145,9**	**0,1**	**7,5**	**0,9**	**171,3**	**152,6**	**18,7**
355-1.01	Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	16,9	145,9	0,1	7,5	0,9	171,3	152,6	18,7
02-356	**Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra**	**-47,5**	**257,0**	**0,1**	**24,4**	**2,9**	**236,9**	**278,4**	**-41,5**
356-1.01	Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	-47,5	257,0	0,1	24,4	2,9	236,9	278,4	-41,5
02-357	**Fjölbrautaskóli Suðurlands**	**7,0**	**523,5**	**0,2**	**16,0**	**3,8**	**550,5**	**522,8**	**27,7**
357-1.01	Fjölbrautaskóli Suðurlands	7,0	523,5	0,2	16,0	3,8	550,5	522,8	27,7
02-358	**Verkmenntaskóli Austurlands**	**-19,9**	**153,5**	**0,2**	**16,9**	**3,7**	**154,4**	**152,1**	**2,3**
358-1.01	Verkmenntaskóli Austurlands	-19,9	153,5	0,2	16,9	3,7	154,4	152,1	2,3
02-359	**Verkmenntaskólinn á Akureyri**	**-79,7**	**832,9**	**0,1**	**29,6**	**17,4**	**800,3**	**869,8**	**-69,5**
359-1.01	Verkmenntaskólinn á Akureyri	-79,7	832,9	0,1	29,6	17,4	800,3	869,8	-69,5
02-360	**Fjölbrautaskólinn í Garðabæ**	**-95,2**	**387,4**	**0,2**	**-4,5**	**15,5**	**303,4**	**401,0**	**-97,6**
360-1.01	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	-95,2	387,4	0,2	-4,5	15,5	303,4	401,0	-97,6
02-361	**Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu**	**18,2**	**82,1**	**0,1**	**12,0**	**1,0**	**113,4**	**98,3**	**15,1**
361-1.01	Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	18,2	82,1	0,1	12,0	1,0	113,4	98,3	15,1

Uppruni fjárheimilda ársins 2006, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
02-362	**Framhaldsskólinn á Húsavík**	**4,8**	**120,2**	**0,1**	**-9,0**	**0,7**	**116,8**	**100,4**	**16,4**
362-1.01	Framhaldsskólinn á Húsavík	4,8	120,2	0,1	-9,0	0,7	116,8	100,4	16,4
02-363	**Framhaldsskólinn á Laugum**	**-12,3**	**91,7**	**0,1**	**26,0**	**0,4**	**105,9**	**118,2**	**-12,3**
363-1.01	Framhaldsskólinn á Laugum	-12,3	91,7	0,1	26,0	0,4	105,9	118,2	-12,3
02-365	**Borgarholtsskóli**	**40,6**	**683,0**	**0,1**	**29,2**	**8,6**	**761,5**	**720,2**	**41,3**
365-1.01	Borgarholtsskóli	40,6	683,0	0,1	29,2	8,6	761,5	720,2	41,3
02-367	**Fjölbrautaskóli Snæfellinga**	**-11,8**	**142,8**	**0,3**	**0,6**	**0,6**	**132,5**	**140,9**	**-8,4**
367-1.01	Fjölbrautaskóli Snæfellinga	-11,8	142,8	0,3	0,6	0,6	132,5	140,9	-8,4
02-369	**Menntaskólinn Hraðbraut**		**163,3**		**-0,1**		**163,2**	**163,2**	
369-1.01	Menntaskólinn Hraðbraut		163,3		-0,1		163,2	163,2	
02-430	**Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarske**	**-6,1**	**39,0**	**0,1**	**8,8**		**41,8**	**46,0**	**-4,2**
430-1.01	Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	-6,1	39,0	0,1	8,8		41,8	46,0	-4,2
02-441	**Fullorðinsfræðsla fatlaðra**	**-15,3**	**185,4**		**15,8**		**185,9**	**187,9**	**-2,0**
441-1.01	Fullorðinsfræðsla fatlaðra	-15,3	185,4		15,8		185,9	187,9	-2,0
02-451	**Símenntun og fjarkennsla**	**11,2**	**291,4**		**-1,2**		**301,4**	**285,9**	**15,5**
451-1.10	Fræðslumiðstöð atvinnulífsins		166,1				166,1	166,1	
451-1.11	Símenntun og fjarkennsla	11,2	24,6		-1,2		34,6	18,0	16,6
451-1.13	FS-net, símenntunarstöðvar		11,6				11,6	12,7	-1,1
451-1.21	Símenntunarstöð á Vesturlandi		9,9				9,9	9,9	
451-1.22	Fræðslumiðstöð Vestfjarða		9,9				9,9	9,9	
451-1.23	Farskóli Norðurlands vestra		9,9				9,9	9,9	
451-1.24	Símenntunarstöð Eyjafjarðar		9,9				9,9	9,9	
451-1.25	Fræðslumiðstöð Þingeyinga		9,9				9,9	9,9	
451-1.26	Fræðslunet Austurlands		9,9				9,9	9,9	

Uppruni fjárheimilda ársins 2006, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
451-1.27	Fræðslunet Suðurlands		9,9				9,9	9,9	
451-1.28	Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum		9,9				9,9	9,9	
451-1.29	Fræðslu- og símenntunarstöð Vestmannaeyja		9,9				9,9	9,9	
02-505	**Fjöltækniskóli Íslands**	**-1,5**	**251,9**	**0,1**	**24,1**		**274,6**	**286,6**	**-12,0**
505-1.01	Fjöltækniskóli Íslands	-1,5	251,9	0,1	24,1		274,6	286,6	-12,0
02-514	**Iðnskólinn í Reykjavík**	**-20,6**	**1.096,3**	**0,2**	**29,4**	**13,7**	**1.119,0**	**1.121,6**	**-2,6**
514-1.01	Iðnskólinn í Reykjavík	-20,6	1.096,3	0,2	29,4	13,7	1.119,0	1.121,6	-2,6
02-516	**Iðnskólinn í Hafnarfirði**	**78,4**	**484,6**	**0,2**	**-17,8**	**0,3**	**545,7**	**462,1**	**83,6**
516-1.01	Iðnskólinn í Hafnarfirði	78,4	484,6	0,2	-17,8	0,3	545,7	462,1	83,6
02-541	**Hússtjórnarskólinn í Reykjavík**	**0,1**	**23,6**				**23,7**	**23,6**	**0,1**
541-1.01	Hússtjórnarskólinn í Reykjavík	0,1	23,6				23,7	23,6	0,1
02-551	**Hússtjórnarskólinn Hallormsstað**		**20,0**				**20,0**	**20,0**	
551-1.01	Hússtjórnarskólinn Hallormsstað		20,0				20,0	20,0	
02-564	**Listdansskólinn**	**-91,9**	**34,5**		**0,8**	**6,5**	**-50,1**	**80,0**	**-130,1**
564-1.01	Kennsla	-57,4	27,1			6,5	-23,8	71,5	-95,3
564-1.02	Annað en kennsla	-34,5	7,4		0,8		-26,3	8,5	-34,8
02-581	**Verslunarskóli Íslands**		**744,7**	**0,2**	**5,2**		**750,1**	**749,9**	**0,2**
581-1.01	Verslunarskóli Íslands		744,7	0,2	5,2		750,1	749,9	0,2
02-720	**Grunnskólar, almennt**	**0,9**	**183,5**		**-6,7**		**177,7**	**185,6**	**-7,9**
720-1.31	Sérstök fræðsluverkefni	-13,1	21,7				8,6	20,6	-12,0
720-1.33	Þróunarsjóður leikskóla	4,0	3,0				7,0	4,5	2,5
720-1.35	Samræmd próf	0,9	65,5				66,4	65,5	0,9
720-1.37	Endurmenntun	7,2	39,7		-6,7		40,2	35,1	5,1

Uppruni fjárheimilda ársins 2006, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
720-1.70	Greiðslur til samtaka höfundarréttarhafa fyrir ljósri	-0,2	40,1				39,9	40,1	-0,2
720-1.82	Þróunarstarf í grunnskólum	2,1	13,5				15,6	19,8	-4,2
02-725	**Námsgagnastofnun**	**11,2**	**396,8**	**0,1**	**-0,2**		**407,9**	**388,4**	**19,5**
725-1.01	Námsgagnastofnun	11,2	396,8	0,1	-0,2		407,9	388,4	19,5
02-804	**Kvikmyndaskoðun**	**-22,4**	**9,1**			**-4,5**	**-17,8**	**5,8**	**-23,6**
804-1.01	Kvikmyndaskoðun	-22,4	9,1			-4,5	-17,8	5,8	-23,6
02-872	**Lánasjóður íslenskra námsmanna**		**4.477,0**				**4.477,0**	**4.477,0**	
872-1.01	Lánasjóður íslenskra námsmanna		4.477,0				4.477,0	4.477,0	
02-884	**Jöfnun á námskostnaði**	**9,7**	**533,5**				**543,2**	**512,1**	**31,1**
884-1.01	Jöfnun á námskostnaði	-55,0	486,6				431,6	479,7	-48,1
884-1.10	Skólaakstur	64,7	46,9				111,6	32,4	79,2
02-901	**Fornleifavernd ríkisins**	**-7,0**	**45,2**	**0,1**	**6,9**		**45,2**	**57,8**	**-12,6**
901-1.01	Fornleifavernd ríkisins	-7,0	45,2	0,1	6,9		45,2	57,8	-12,6
02-902	**Þjóðminjasafn Íslands**	**49,6**	**424,8**	**7,2**	**3,7**		**485,3**	**433,4**	**51,9**
902-1.01	Þjóðminjasafn Íslands	-29,8	304,0	0,2	33,8		308,2	295,2	13,0
902-1.10	Byggða- og minjasöfn	34,8	40,9	5,0	-9,2		71,5	52,8	18,7
902-1.11	Hönnunarsafn Íslands	1,0	9,9	2,0			12,9	11,1	1,8
902-5.21	Endurbætur húsa í vörslu Þjóðminjasafnsins	43,6	70,0		-20,9		92,7	74,3	18,4
02-903	**Þjóðskjalasafn Íslands**	**4,9**	**145,9**	**0,1**	**-0,2**		**150,7**	**150,2**	**0,5**
903-1.01	Þjóðskjalasafn Íslands	-3,6	133,0	0,1	-0,2		129,3	137,9	-8,6
903-1.11	Héraðsskjalasöfn	8,5	12,9				21,4	12,3	9,1
02-905	**Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn**	**-56,5**	**505,0**	**0,1**	**19,5**		**468,1**	**482,9**	**-14,8**
905-1.01	Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	-56,5	505,0	0,1	19,5		468,1	482,9	-14,8

Uppruni fjárheimilda ársins 2006, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
02-906	**Listasafn Einars Jónssonar**	**11,3**	**15,4**	**0,1**	**-0,2**		**26,6**	**14,3**	**12,3**
906-1.01	Listasafn Einars Jónssonar	11,3	15,4	0,1	-0,2		26,6	14,3	12,3
02-907	**Listasafn Íslands**	**29,0**	**129,4**	**0,1**	**1,0**		**159,5**	**141,8**	**17,7**
907-1.01	Listasafn Íslands	13,9	124,4	0,1	1,0		139,4	134,9	4,5
907-1.02	Listasafn Ásgríms Jónssonar	15,1	5,0				20,1	6,9	13,2
02-908	**Kvikmyndasafn Íslands**	**11,9**	**34,4**	**0,1**	**-0,1**		**46,3**	**43,8**	**2,5**
908-1.01	Kvikmyndasafn Íslands	11,9	34,4	0,1	-0,1		46,3	43,8	2,5
02-909	**Blindrabókasafn Íslands**	**-0,6**	**68,6**	**0,1**	**-0,1**		**68,0**	**67,0**	**1,0**
909-1.01	Blindrabókasafn Íslands	-0,6	68,6	0,1	-0,1		68,0	67,0	1,0
02-918	**Safnasjóður**	**6,2**	**83,7**				**89,9**	**82,3**	**7,6**
918-1.10	Safnasjóður	6,2	83,7				89,9	82,3	7,6
02-919	**Söfn, ýmis framlög**	**13,9**	**176,8**	**10,0**			**200,7**	**190,5**	**10,2**
919-1.10	Listasafn ASÍ		5,3				5,3	5,3	
919-1.11	Nýlistasafn		7,8				7,8	7,8	
919-1.12	Listasafn Sigurjóns Ólafssonar		7,4				7,4	7,4	
919-1.41	Galdrasýning á Ströndum		5,0				5,0	5,0	
919-1.90	Söfn, ýmis framlög	4,1	14,9		1,2		20,2	18,4	1,8
919-1.98	Söfn, ýmis framlög menntamálaráðuneytis	1,8	10,9		-1,2		11,5	11,1	0,4
919-6.24	Tölvuvæðing bókasafna								
919-6.36	Síldarminjasafnið á Siglufirði		15,0				15,0	15,0	
919-6.45	Víkinganaust í Reykjanesbæ		20,0				20,0	20,0	
919-6.90	Söfn, ýmis stofnkostnaður	8,0	90,5	10,0			108,5	100,5	8,0
02-969	**Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður**	**1.259,2**	**124,7**	**140,0**			**1.523,9**	**714,8**	**809,1**
969-6.03	Þjóðskjalasafn Íslands		20,0				20,0	13,6	6,4
969-6.21	Endurbætur menningarstofnana	194,8	24,7				219,5	103,2	116,3

Uppruni fjárheimilda ársins 2006, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
969-6.23	Undirbúningur að byggingu tónlistarhúss og ráðste	65,7		150,0			215,7	254,8	-39,1
969-6.73	Þjóðleikhúsið		20,0	-10,0			10,0	20,9	-10,9
969-6.95	Menningarhús	998,7	36,0				1.034,7	296,0	738,7
969-6.96	Byggðasöfn		24,0				24,0	26,3	-2,3
02-971	**Ríkisútvarpið**		**2.550,0**	**675,0**		**-20,5**	**3.204,5**	**3.204,5**	
971-1.10	Ríkisútvarpið, afnotagjöld		2.550,0	675,0		-20,5	3.204,5	3.204,5	
02-972	**Íslenski dansflokkurinn**	**9,0**	**93,5**	**0,1**	**3,3**		**105,9**	**96,9**	**9,0**
972-1.01	Íslenski dansflokkurinn	9,0	93,5	0,1	3,3		105,9	96,9	9,0
02-973	**Þjóðleikhúsið**	**-90,8**	**543,4**	**85,2**	**0,8**		**538,6**	**585,9**	**-47,3**
973-1.01	Þjóðleikhúsið	-90,8	543,4	85,2	0,8		538,6	585,9	-47,3
02-974	**Sinfóníuhljómsveit Íslands**		**296,4**				**296,4**	**296,4**	
974-1.01	Sinfóníuhljómsveit Íslands		296,4				296,4	296,4	
02-976	**Menningarsjóður**	**5,8**	**13,0**				**18,8**	**14,8**	**4,0**
976-1.01	Menningarsjóður skv. lögum nr. 79/1993	5,8	13,0				18,8	14,8	4,0
02-977	**Höfundarréttargjöld**	**-1,0**	**99,3**			**-2,8**	**95,5**	**96,5**	**-1,0**
977-1.11	Höfundaréttargjöld til samtaka höfundaréttarfélaga		92,5			-8,7	83,8	83,8	
977-1.13	Fylgiréttargjald í Myndhöfundarsjóð Íslands - Myn		2,6			5,0	7,6	7,6	
977-1.14	Höfundarréttargjald vegna flutnings tónverka við g	-1,0	1,0					1,0	-1,0
977-1.15	Höfundarréttargjald vegna flutnings tónverka við já		3,2			0,9	4,1	4,1	
02-978	**Listasjóðir**	**88,5**	**293,2**				**381,7**	**287,9**	**93,8**
978-1.01	Listasjóðir skv. lögum nr. 35/1991	88,5	293,2				381,7	287,9	93,8
02-979	**Húsafriðunarnefnd**	**24,9**	**174,2**	**0,1**			**199,2**	**179,2**	**20,0**
979-1.01	Húsafriðunarnefnd	-35,8	16,8	0,1			-18,9	28,5	-47,4
979-6.10	Húsafriðunarsjóður	60,7	157,4				218,1	150,7	67,4

Uppruni fjárheimilda ársins 2006, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
02-980	**Listskreytingasjóður**	**3,0**	**7,2**				**10,2**	**6,6**	**3,6**
980-6.01	Listskreytingasjóður	3,0	7,2				10,2	6,6	3,6
02-981	**Kvikmyndamiðstöð Íslands**	**159,1**	**442,0**	**0,1**	**-0,2**		**601,0**	**449,7**	**151,3**
981-1.01	Kvikmyndamiðstöð Íslands	-610,0	69,6	0,1	-0,2		-540,5	55,8	-596,3
981-1.10	Kvikmyndasjóðir	769,1	372,4				1.141,5	393,9	747,6
02-982	**Listir, framlög**	**64,4**	**662,0**	**122,6**	**-10,8**		**838,2**	**646,9**	**191,3**
982-1.14	Bókasafnssjóður höfunda		19,3				19,3	19,3	
982-1.15	Þýðingarsjóður	15,9	12,5				28,4	10,1	18,3
982-1.16	Bókmenntakynningarsjóður	-1,6	10,0				8,4	10,6	-2,2
982-1.17	Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar	-8,5	18,0				9,5	15,7	-6,2
982-1.22	Starfsemi áhugaleikfélaga		18,2				18,2	18,2	
982-1.23	Bandalag íslenskra leikfélaga		5,5				5,5	5,5	
982-1.24	Starfsemi atvinnuleikhópa	10,6	47,0				57,6	47,2	10,4
982-1.25	Tónlistarsjóður	6,5	50,0				56,5	43,8	12,7
982-1.27	Tónlist fyrir alla	0,2	7,0				7,2	7,0	0,2
982-1.28	Barnamenningarsjóður	1,4	2,5				3,9	2,6	1,3
982-1.29	Íslenska tónverkamiðstöðin		10,6				10,6	10,6	
982-1.30	Íslenska óperan		175,6	0,1	-0,1		175,6	175,6	
982-1.40	Samningur við Akureyrarbæ um menningarstarfser		90,0				90,0	90,0	
982-1.43	Samningur við sveitarfélög á Austurlandi um menn		37,0		2,0		39,0	39,0	
982-1.44	Samningur við sveitarfélög á Vesturlandi um menn		15,0				15,0	5,0	10,0
982-1.45	Menningarsamningar			120,0			120,0		120,0
982-1.56	Frönsk menningarkynning á Íslandi				3,0		3,0	9,8	-6,8
982-1.70	Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþir		43,2				43,2	43,2	
982-1.76	Menningarsjóður félagsheimila	2,1	8,7				10,8	9,7	1,1
982-1.80	Listahátíð í Reykjavík		32,0		1,0		33,0	33,0	
982-1.90	Listir	1,8	39,7	2,5			44,0	41,2	2,8

Uppruni fjárheimilda ársins 2006, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
982-1.91	Menningarstofnanir, óskipt	27,5	20,2		-16,7		31,0	5,5	25,5
982-6.43	Menningarmiðstöðvar á Austurlandi	8,5					8,5	4,3	4,2
02-983	**Ýmis fræðistörf**	**27,8**	**157,3**		**39,5**		**224,6**	**199,3**	**25,3**
983-1.10	Fræðistörf	0,5	10,7		0,8		12,0	8,8	3,2
983-1.11	Styrkir til útgáfumála	14,9	13,4				28,3	17,9	10,4
983-1.17	Launasjóður höfunda fræðirita	2,2	11,4				13,6	12,6	1,0
983-1.20	Iðnsaga Íslands	4,6	3,8				8,4	0,9	7,5
983-1.21	Tónlistarsaga Íslands	5,1	4,1				9,2	2,0	7,2
983-1.23	Hið íslenska bókmenntafélag	0,5	15,0				15,5	15,5	
983-1.51	Fræða- og þekkingasetur		66,6		37,2		103,8	103,8	
983-1.52	Skriðuklaustur		16,2		0,4		16,6	22,4	-5,8
983-1.53	Snorrastofa		11,1				11,1	11,1	
983-1.54	Fornleifasjóður		5,0		1,1		6,1	4,3	1,8
02-984	**Norræn samvinna**	**-4,9**	**13,0**				**8,1**	**11,8**	**-3,7**
984-1.90	Norræn samvinna	-4,9	13,0				8,1	11,8	-3,7
02-985	**Alþjóðleg samskipti**	**-25,2**	**409,8**	**48,6**	**-8,4**		**424,8**	**564,6**	**-139,8**
985-1.90	Alþjóðleg samskipti	-25,2	34,3				9,1	43,3	-34,2
985-1.91	Aðildargjöld ESB		361,0	48,6	-8,4		401,2	506,8	-105,6
985-1.95	Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna		14,5				14,5	14,5	
02-988	**Æskulýðsmál**	**18,1**	**162,6**	**10,0**			**190,7**	**167,3**	**23,4**
988-1.10	Æskulýðsráð ríkisins	3,8	3,0				6,8	1,9	4,9
988-1.12	Ungmennafélag Íslands		82,0	10,0			92,0	92,0	
988-1.13	Bandalag íslenskra skáta		22,5				22,5	22,5	
988-1.14	Útilífsmiðstöð skáta Úlfljótsvatni		1,5				1,5	1,5	
988-1.15	Æskulýðsmiðstöð KFUM í Vatnaskógi		1,5				1,5	1,5	
988-1.17	Landssamband KFUM og KFUK		25,0				25,0	25,0	
988-1.18	Æskulýðsrannsóknir	4,7	3,0				7,7	3,4	4,3

Uppruni fjárheimilda ársins 2006, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
988-1.19	Æskulýðssjóður	4,9	10,0				14,9	6,4	8,5
988-1.90	Æskulýðsmál	4,7	14,1				18,8	13,1	5,7
02-989	**Ýmis íþróttamál**	**10,5**	**389,4**		**-1,0**		**398,9**	**387,1**	**11,8**
989-1.10	Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands		108,7				108,7	108,7	
989-1.12	Ólympíunefnd fatlaðra		1,5				1,5	1,5	
989-1.14	Íþróttasamband fatlaðra		21,5				21,5	21,5	
989-1.15	Skólaíþróttir	1,1	2,0				3,1	2,2	0,9
989-1.16	Íþróttasjóður	10,3	18,3				28,6	18,0	10,6
989-1.17	Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri	1,8	3,5				5,3	3,6	1,7
989-1.18	Íþróttamiðstöð Íslands		1,0		-1,0				
989-1.20	Glímusamband Íslands		4,5				4,5	4,5	
989-1.21	Skáksamband Íslands		15,0				15,0	15,0	
989-1.22	Launasjóður stórmeistara í skák	-0,8	11,6				10,8	15,1	-4,3
989-1.25	Skákskóli Íslands	0,2	6,9				7,1	7,1	
989-1.29	Afreksmannasjóður		30,0				30,0	30,0	
989-1.30	Bridgesamband Íslands		12,0				12,0	12,0	
989-1.31	Lyfjaeftirlit		7,0				7,0	7,0	
989-1.90	Ýmis íþróttamál	-2,1	10,9				8,8	10,9	-2,1
989-6.50	Landsmót ungmennafélaga í Kópavogi 2007		20,0				20,0	20,0	
989-6.52	Skíðasvæðið í Tungudal við Skutulsfjörð		5,0				5,0	5,0	
989-6.53	Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri		30,0				30,0	30,0	
989-6.56	Skíðamannvirki í Skarðsdal, Siglufirði		5,0				5,0		5,0
989-6.57	Sparkvellir		25,0				25,0	25,0	
989-6.58	Áhorfendaaðstaða á Laugardalsvelli í Reykjavík		50,0				50,0	50,0	
02-994	**Uppbygging menntunar og menningar á landsby**	**-71,0**			**50,0**		**-21,0**	**3,8**	**-24,8**
994-1.01	Uppbygging menntunar og menningar á landsbygg	-71,0			50,0		-21,0	3,8	-24,8

Uppruni fjárheimilda ársins 2006, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
02-995	**Tungutækni**	**13,5**					**13,5**	**3,7**	**9,8**
995-6.51	Verkefnissjóður tungutækni	13,5					13,5	3,7	9,8
02-999	**Ýmislegt**	**-19,3**	**400,2**	**88,4**	**67,6**		**536,9**	**492,0**	**44,9**
999-1.11	Forvarnastarf í skólum	2,8					2,8	2,6	0,2
999-1.13	Útvarpsréttarnefnd	-0,4	9,6		-0,8		8,4	3,1	5,3
999-1.43	Skriðuklaustur	0,3			-0,4		-0,1		-0,1
999-1.51	Fornleifasjóður	1,0			-1,1		-0,1		-0,1
999-1.90	Ýmis framlög	12,1	65,5	7,4	27,4		112,4	100,2	12,2
999-1.98	Ýmis framlög menntamálaráðuneytis	10,9	55,6	56,0	7,5		130,0	65,0	65,0
999-6.90	Ýmis stofnkostnaðarframlög	5,5	152,5	25,0			183,0	176,0	7,0
999-6.91	Þróunarmál í upplýsingatækni	-51,5	117,0		35,0		100,5	145,1	-44,6
03	***Utanríkisráðuneyti***	***1.488,7***	***7.544,8***	***1.170,6***	***-92,2***	***173,8***	***10.285,7***	***8.749,9***	***1.535,8***
03-101	**Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa**	**-24,1**	**985,8**	**28,9**	**-9,9**		**980,7**	**978,0**	**2,7**
101-1.01	Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	54,4	936,4	28,8	-9,7		1.009,9	893,5	116,4
101-1.53	Þýðingamiðstöð	-78,5	49,4	0,1	-0,2		-29,2	84,5	-113,7
03-190	**Ýmis verkefni**	**24,0**	**28,7**	**25,5**	**-23,5**		**54,7**	**32,4**	**22,3**
190-1.11	Samskipti við Vestur-Íslendinga	2,8	4,9		2,0		9,7	9,6	0,1
190-1.13	Þátttaka fulltrúa vinnumarkaðarins í EFTA- og EE	-3,4	2,5				-0,9	1,7	-2,6
190-1.15	Heimssýning í Aichi í Japan	16,6			-10,9		5,7	2,1	3,6
190-1.21	Starfsemi vegna Sameinuðu þjóðanna á Íslandi		2,3				2,3	0,9	1,4
190-1.24	Samningur um eftirlit með tæknilegum viðskiptahi		6,2				6,2		6,2
190-1.25	Hafréttarstofnun Íslands	15,7	5,8				21,5	10,8	10,7
190-1.31	Nefnd um landgrunnsmörk Íslands	-1,9	7,0				5,1	5,2	-0,1
190-1.90	Ýmis verkefni	-5,8		25,5	-14,6		5,1	2,1	3,0

Uppruni fjárheimilda ársins 2006, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
03-199	**Ráðstöfunarfé**		**5,0**		**-5,0**				
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra		5,0		-5,0				
03-201	**Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli**	**-90,4**	**660,3**	**8,1**	**41,7**	**3,8**	**623,5**	**773,1**	**-149,6**
201-1.01	Yfirstjórn	-119,1	71,0		-0,1		-48,2	151,0	-199,2
201-1.10	Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli	445,8	376,5	0,1	-0,1	17,0	839,3	311,0	528,3
201-1.20	Löggæsla á Keflavíkurflugvelli	-545,9	193,3	0,1		-13,2	-365,7	307,9	-673,6
201-1.30	Öryggisverkefni	125,8	18,5	7,9	41,9		194,1	3,2	190,9
201-5.20	Fasteignir	3,0	1,0				4,0		4,0
03-211	**Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli**		**1.008,5**	**536,5**		**148,1**	**1.693,1**	**1.693,1**	
211-1.10	Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli, ríkistekjur		1.008,5	536,5		148,1	1.693,1	1.693,1	
03-215	**Rekstur fyrrum varnarsvæða við Keflavíkurflu**			**142,0**	**-142,0**				
215-1.01	Rekstur fyrrum varnarsvæða við Keflavíkurflugvöl			142,0	-142,0				
03-300	**Sendiráð Íslands**	**-78,3**	**1.547,0**	**145,9**	**47,7**		**1.662,3**	**1.792,9**	**-130,6**
300-1.01	Sendiráð Íslands	4,7	1.494,0	145,9	35,9		1.680,5	1.676,6	3,9
300-5.21	Viðhald fasteigna	-44,2	30,0				-14,2	8,8	-23,0
300-6.01	Tæki og búnaður	-97,2	23,0		-75,2		-149,4	23,4	-172,8
300-6.25	Sendiherrabústaður í Berlín	58,4			87,0		145,4	84,1	61,3
03-390	**Þróunarsamvinnustofnun Íslands**	**185,6**	**946,7**	**-92,9**	**-0,3**		**1.039,1**	**997,4**	**41,7**
390-1.01	Almennur rekstur	-26,6	76,9	0,2	-0,3		50,2	78,4	-28,2
390-1.11	Þróunaraðstoð	212,2	869,8	-93,1			988,9	919,0	69,9
03-391	**Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi**	**115,0**	**658,9**	**256,7**	**-0,7**		**1.029,9**	**968,5**	**61,4**
391-1.10	Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna	-2,5	114,0	0,2	-0,4		111,3	114,0	-2,7
391-1.11	Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóða		6,5	0,8			7,3	9,6	-2,3
391-1.12	Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNDP		25,0	3,1			28,1	25,0	3,1
391-1.13	Alþjóðabarnahjálparstofnunin, UNICEF		25,0	3,1			28,1	25,0	3,1

Uppruni fjárheimilda ársins 2006, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-færð	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
391-1.15	Sjávarútvegsskóli Sameinuðu þjóðanna	1,7	87,2	0,1	-0,3		88,7	87,2	1,5
391-1.21	Hjálparstarf Sameinuðu þjóðanna fyrir konur í þróu		20,0	2,5			22,5	23,6	-1,1
391-1.22	Aðstoð Íslands við endurreisnarstarf í Bosníu-Herz	49,5					49,5		49,5
391-1.30	Mannúðarmál og neyðaraðstoð	37,5	112,0	13,8			163,3	158,0	5,3
391-1.90	Þróunarmál og hjálparstarfsemi, óskipt	28,8	269,2	233,1			531,1	526,1	5,0
03-401	**Alþjóðastofnanir**	**1.356,9**	**1.400,7**	**109,3**	**-0,2**		**2.866,7**	**1.178,8**	**1.687,9**
401-1.10	Sameinuðu þjóðirnar, UN		24,0	3,0			27,0	60,2	-33,2
401-1.13	Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNE		7,4	0,9			8,3	8,3	
401-1.15	Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA		4,7	0,6			5,3	12,2	-6,9
401-1.16	Alþjóðaviðskiptastofnunin, WTO		3,0	0,3			3,3	11,3	-8,0
401-1.19	Alþjóðabankinn, Íslenski ráðgjafasjóðurinn (WB)		11,2	1,3			12,5	11,2	1,3
401-1.35	Norðurskautsráðið, Eystrasaltsráðið, Barentsráðið		4,7	0,7			5,4	23,0	-17,6
401-1.39	Evrópuráðið		17,4	2,3			19,7	32,9	-13,2
401-1.40	Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunin, OECD		16,4	2,2			18,6	40,5	-21,9
401-1.41	Atlantshafsbandalagið, NATO		54,9	7,4			62,3	50,9	11,4
401-1.70	Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA		41,7	5,7			47,4	42,8	4,6
401-1.71	Eftirlitsstofnun EFTA, ESA		66,7	9,0			75,7	81,7	-6,0
401-1.72	EFTA-dómstóllinn		21,8	3,0			24,8	19,8	5,0
401-1.73	Þróunarsjóður EFTA	1.056,9	435,7	58,7			1.551,3	20,5	1.530,8
401-1.75	Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE		22,9	3,1			26,0	15,3	10,7
401-1.81	Samningur um bann við tilraunum með kjarnavopn		1,3	0,1			1,4	2,1	-0,7
401-1.85	Alþjóðleg friðargæsla	79,5	88,8	10,9			179,2	169,7	9,5
401-1.87	Íslensk friðargæsla	214,0	573,1	0,1	-0,2		787,0	576,4	210,6
401-1.91	Átak í lækkun skulda þróunarríkja	6,5	5,0				11,5		11,5
03-611	**Útflutningsráð Íslands**		**303,2**	**10,6**		**21,9**	**335,7**	**335,7**	
611-1.10	Útflutningsráð Íslands		303,2	10,6		21,9	335,7	335,7	

Uppruni fjárheimilda ársins 2006, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
04	*Landbúnaðarráðuneyti*	*294,9*	*13.046,2*	*976,2*	*10,8*	*365,7*	*14.693,8*	*13.618,5*	*1.075,3*
04-101	**Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa**	**-4,7**	**219,1**	**1,2**	**8,1**		**223,7**	**211,5**	**12,2**
101-1.01	Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	-4,7	219,1	1,2	8,1		223,7	211,5	12,2
04-190	**Ýmis verkefni**	**11,1**	**99,5**	**32,6**	**8,0**		**151,2**	**125,7**	**25,5**
190-1.11	Framkvæmd búvörusamnings	4,2	4,7				8,9	2,4	6,5
190-1.15	Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða	0,4	5,6				6,0	5,9	0,1
190-1.31	Skógræktarfélag Íslands	-2,1	28,6		2,1		28,6	28,6	
190-1.51	Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO		4,6	0,6			5,2	5,6	-0,4
190-1.90	Ýmis verkefni	7,1	35,3		8,0		50,4	51,6	-1,2
190-1.98	Ýmis framlög landbúnaðarráðuneytis		10,7	32,0	-2,1		40,6	26,6	14,0
190-6.41	Innleiðing gagnagrunna á lögbýlum	1,5	10,0				11,5	5,0	6,5
04-199	**Ráðstöfunarfé**		**6,0**		**-6,0**				
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra		6,0		-6,0				
04-221	**Veiðimálastofnun**	**-25,9**	**63,4**	**60,1**	**-0,1**		**97,5**	**93,1**	**4,4**
221-1.01	Veiðimálastofnun	-25,9	63,4	60,1	-0,1		97,5	93,1	4,4
04-234	**Landbúnaðarstofnun**	**-99,8**	**561,7**	**164,3**	**-4,3**	**-27,0**	**594,9**	**605,5**	**-10,6**
234-1.01	Landbúnaðarstofnun	-124,6	557,7	164,3	-4,3	-27,0	566,1	605,1	-39,0
234-5.90	Dýralæknisbústaðir	24,8	4,0				28,8	0,4	28,4
04-262	**Landbúnaðarháskóli Íslands**	**-18,0**	**572,8**	**0,5**	**1,6**	**32,0**	**588,9**	**647,3**	**-58,4**
262-1.01	Landbúnaðarháskóli Íslands	-18,0	572,8	0,5	1,6	32,0	588,9	647,3	-58,4
04-271	**Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal**	**2,3**	**221,4**		**0,2**	**7,9**	**231,8**	**238,7**	**-6,9**
271-1.01	Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal	-58,8	199,2		0,2	7,9	148,5	220,7	-72,2
271-5.01	Viðhald fasteigna	24,0	4,2				28,2	6,0	22,2
271-6.20	Fasteignir og lóðir	37,1	18,0				55,1	12,0	43,1

Uppruni fjárheimilda ársins 2006, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
04-293	**Hagþjónusta landbúnaðarins**	**-0,4**	**21,6**	**0,1**	**-0,2**		**21,1**	**21,1**	
293-1.01	Hagþjónusta landbúnaðarins	-0,4	21,6	0,1	-0,2		21,1	21,1	
04-311	**Landgræðsla ríkisins**	**36,1**	**502,5**	**0,2**	**-0,2**	**5,7**	**544,3**	**500,0**	**44,3**
311-1.01	Landgræðsla ríkisins	46,0	400,2	0,2	-0,2	5,7	451,9	437,0	14,9
311-1.90	Fyrirhleðslur	45,9	52,9				98,8	28,8	70,0
311-5.01	Viðhald fasteigna	39,5	8,0				47,5	3,5	44,0
311-6.01	Tæki og búnaður	-95,3	41,4				-53,9	30,7	-84,6
04-321	**Skógrækt ríkisins**	**19,6**	**235,3**	**0,1**	**-0,2**	**5,5**	**260,3**	**256,2**	**4,1**
321-1.01	Skógrækt ríkisins	-95,9	147,7		-0,1	5,5	57,2	172,1	-114,9
321-1.10	Rannsóknastöðin Mógilsá	3,0	72,3	0,1	-0,1		75,3	70,7	4,6
321-5.01	Viðhald fasteigna	30,1	6,2				36,3	9,5	26,8
321-6.20	Fasteignir	82,4	9,1				91,5	3,9	87,6
04-331	**Héraðsskógar**	**23,7**	**108,0**				**131,7**	**100,4**	**31,3**
331-1.10	Skógræktarátak á Fljótsdalshéraði	11,7	100,0				111,7	93,7	18,0
331-6.41	Gagnagrunnur um skógrækt	12,0	8,0				20,0	6,7	13,3
04-343	**Landshlutabundin skógrækt**	**36,8**	**381,8**				**418,6**	**366,7**	**51,9**
343-1.10	Suðurlandsskógar	-3,7	120,2				116,5	110,8	5,7
343-1.13	Vesturlandsskógar	-1,5	64,7				63,2	69,2	-6,0
343-1.15	Skjólskógar, Vestfjörðum	-4,8	48,7				43,9	47,1	-3,2
343-1.16	Norðurlandsskógar	31,4	109,2				140,6	110,6	30,0
343-1.17	Austurlandsskógar	15,4	39,0				54,4	29,0	25,4
04-801	**Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu**		**4.841,0**	**174,4**		**33,8**	**5.049,2**	**4.875,5**	**173,7**
801-1.01	Beinar greiðslur til bænda		4.135,0	149,0			4.284,0	4.239,9	44,1
801-1.02	Lífeyrissjóður bænda		155,0	16,1			171,1	155,0	16,1
801-1.05	Kynbóta- og þróunarstarfsemi		110,0	3,7			113,7	112,5	1,2

Uppruni fjárheimilda ársins 2006, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
801-1.06	Gripagreiðslur		145,0	5,6			150,6	38,3	112,3
801-1.11	Verðtilfærslugjald á mjólk		296,0			33,8	329,8	329,8	
04-805	**Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu**	**-153,2**	**2.983,0**	**154,5**			**2.984,3**	**3.123,0**	**-138,7**
805-1.01	Beinar greiðslur til bænda		1.638,0	90,0			1.728,0	1.746,3	-18,3
805-1.02	Lífeyrissjóður bænda	5,3	81,0	5,0			91,3	86,3	5,0
805-1.03	Jöfnunargreiðslur	-43,3	78,0	2,8			37,5	73,5	-36,0
805-1.04	Álagsgreiðslur vegna gæðastýringar	901,3	552,0	31,0	-795,8		688,5	576,7	111,8
805-1.05	Niðurgreiðslur á ull	-166,4	284,0	12,2			129,8	282,9	-153,1
805-1.10	Þjónustu- og þróunarkostnaður	-939,1	304,0	12,4	795,8		173,1	318,8	-145,7
805-1.35	Fagmennska í sauðfjárrækt	89,0	46,0	1,1			136,1	38,5	97,6
04-807	**Greiðslur vegna grænmetisframleiðslu**	**48,6**	**355,3**	**8,2**			**412,1**	**345,3**	**66,8**
807-1.01	Beinar greiðslur til bænda	17,6	201,1	-2,4			216,3	194,8	21,5
807-1.05	Niðurgreiðsla á lýsingu í ylrækt	-3,2	97,6	11,0			105,4	110,0	-4,6
807-1.07	Styrkir til úreldingar á gróðurhúsum	34,9	30,8				65,7	40,0	25,7
807-1.08	Framlög til kynninga-, rannsókna-, þróunar- og enc	-0,7	25,8	-0,4			24,7	0,5	24,2
04-811	**Bændasamtök Íslands**		**488,3**	**25,3**			**513,6**	**513,6**	
811-1.11	Ráðgjafaþjónusta og búfjárrækt		373,3	25,3			398,6	398,6	
811-1.13	Þróunarverkefni og markaðsverkefni		115,0				115,0	115,0	
04-818	**Búnaðarsjóður**		**280,0**			**26,5**	**306,5**	**306,5**	
818-1.10	Búnaðarsjóður		280,0			26,5	306,5	306,5	
04-821	**Framleiðnisjóður landbúnaðarins**	**3,4**	**160,0**	**41,9**			**205,3**	**156,3**	**49,0**
821-1.01	Framleiðnisjóður landbúnaðarins	3,4	160,0	41,9			205,3	156,3	49,0
04-824	**Verðmiðlun landbúnaðarvara**		**104,2**	**-17,2**		**3,0**	**90,0**	**90,0**	
824-1.10	Verðmiðlun landbúnaðarvara		104,2	-17,2		3,0	90,0	90,0	

Uppruni fjárheimilda ársins 2006, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
04-827	**Fóðursjóður**		**615,0**			**11,4**	**626,4**	**626,4**	
827-1.10	Fóðursjóður		615,0			11,4	626,4	626,4	
04-828	**Garðávaxtasjóður**								
828-1.10	Garðávaxtasjóður								
04-831	**Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins**	**371,8**	**84,0**			**261,3**	**717,1**	**109,3**	**607,8**
831-6.20	Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins	371,8	84,0			261,3	717,1	109,3	607,8
04-840	**Lán til fiskeldis**							**72,7**	**-72,7**
840-1.01	Lán til fiskeldis							72,7	-72,7
04-841	**Fiskeldisrannsóknir**		**26,2**		**3,9**		**30,1**	**30,1**	
841-1.01	Fiskeldisrannsóknir		26,2		3,9		30,1	30,1	
04-843	**Fiskræktarsjóður**	**47,3**	**17,1**			**5,6**	**70,0**	**26,2**	**43,8**
843-1.10	Fiskræktarsjóður	47,3	17,1			5,6	70,0	26,2	43,8
04-851	**Greiðslur vegna riðuveiki**		**52,0**				**52,0**	**127,4**	**-75,4**
851-1.90	Greiðslur vegna riðuveiki		52,0				52,0	127,4	-75,4
04-891	**Sérstakar greiðslur í landbúnaði**	**-3,8**	**47,0**	**330,0**			**373,2**	**50,0**	**323,2**
891-1.14	Átak í hrossarækt	6,9	25,0				31,9	25,2	6,7
891-1.91	Loðdýrafóður	-10,7	22,0				11,3	12,8	-1,5
891-6.92	Bygging reiðhalla, reiðskemma og reiðskála			330,0			330,0	12,0	318,0
05	***Sjávarútvegsráðuneyti***	***1.128,8***	***2.820,5***	***304,1***	***34,7***	***-13,9***	***4.274,2***	***3.574,4***	***699,8***
05-101	**Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa**	**4,9**	**202,7**	**0,8**	**-3,1**		**205,3**	**182,3**	**23,0**
101-1.01	Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa	4,9	202,7	0,8	-3,1		205,3	182,3	23,0

Uppruni fjárheimilda ársins 2006, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
05-190	**Ýmis verkefni**	**56,0**	**166,2**	**5,2**	**14,0**		**241,4**	**179,7**	**61,7**
190-1.20	Eldi sjávardýra		19,1				19,1	19,0	0,1
190-1.21	Fiskifélag Íslands, sjóvinnukennsla	11,7	11,0				22,7	10,5	12,2
190-1.23	Matvælasetur	0,1	6,6				6,7	6,6	0,1
190-1.32	Starfsmenntun, markaðsöflun, kynning og tilraunir	16,1	38,8		3,0		57,9	37,4	20,5
190-1.33	Kynning erlendis á nýtingu á auðlindum hafsins	0,1	14,1	1,3			15,5	15,8	-0,3
190-1.46	Könnun leiða til fiskveiðistjórnunar og eftirlits	6,0					6,0	4,1	1,9
190-1.49	Úrskurðarnefndir		2,2				2,2	2,3	-0,1
190-1.51	Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðið, NAMMCO		7,7	0,8			8,5	10,1	-1,6
190-1.52	Alþjóðahafrannsóknir (ICES, NAFO, NEAFC, ICC		20,2	2,6			22,8	24,0	-1,2
190-1.54	Alþjóðahvalveiðiráðið, IWC		3,9	0,5			4,4	9,7	-5,3
190-1.90	Ýmislegt	7,6	7,7		1,0		16,3	17,2	-0,9
190-1.98	Ýmis framlög sjávarútvegsráðuneytisins		18,9		10,0		28,9	16,2	12,7
190-6.41	Gagnagrunnur um ástand og nýtingu fiskistofna	14,4	16,0				30,4	6,8	23,6
05-199	**Ráðstöfunarfé**	**-0,1**	**3,0**		**-3,0**		**-0,1**		**-0,1**
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	-0,1	3,0		-3,0		-0,1		-0,1
05-202	**Hafrannsóknastofnunin**	**-273,2**	**1.110,0**	**297,8**	**7,9**		**1.142,5**	**1.256,3**	**-113,8**
202-1.01	Hafrannsóknastofnunin	-273,2	1.110,0	297,8	7,9		1.142,5	1.256,3	-113,8
05-203	**Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins**	**30,6**	**225,4**		**19,5**		**275,5**	**285,4**	**-9,9**
203-1.01	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	30,6	225,4		19,5		275,5	285,4	-9,9
05-204	**Fiskistofa**	**122,1**	**768,4**	**0,1**	**-0,2**	**-9,7**	**880,7**	**759,8**	**120,9**
204-1.01	Fiskistofa	122,1	768,4	0,1	-0,2	-9,7	880,7	759,8	120,9
05-207	**Verkefnasjóður sjávarútvegsins**	**736,3**	**34,6**			**-4,2**	**766,7**	**630,5**	**136,2**
207-1.10	Verkefnasjóður sjávarútvegsins	736,3	34,6			-4,2	766,7	630,5	136,2

Uppruni fjárheimilda ársins 2006, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
05-210	**Sjóður til síldarrannsókna**	**150,1**					**150,1**	**-2,1**	**152,2**
210-1.10	Sjóður til síldarrannsókna	150,1					150,1	-2,1	152,2
05-213	**Verðlagsstofa skiptaverðs**	**9,0**	**25,0**	**0,1**	**-0,2**		**33,9**	**19,5**	**14,4**
213-1.01	Verðlagsstofa skiptaverðs	9,0	25,0	0,1	-0,2		33,9	19,5	14,4
05-215	**Gengismunasjóður**	**18,0**					**18,0**	**8,5**	**9,5**
215-1.01	Gengismunasjóður	18,0					18,0	8,5	9,5
05-217	**Sjávarspendýrasjóður**	**2,9**					**2,9**	**-0,3**	**3,2**
217-1.01	Sjávarspendýrasjóður	2,9					2,9	-0,3	3,2
05-218	**Veiðarfærarannsóknir**	**13,0**					**13,0**	**8,3**	**4,7**
218-1.01	Veiðarfærarannsóknir	13,0					13,0	8,3	4,7
05-219	**Tækjasjóður matvælarannsókna**	**-0,3**					**-0,3**		**-0,3**
219-1.01	Tækjasjóður matvælarannsókna	-0,3					-0,3		-0,3
05-272	**Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins**	**27,6**	**10,4**				**38,0**	**2,2**	**35,8**
272-1.01	Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins	25,0					25,0	0,4	24,6
272-6.10	Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins	2,6	10,4				13,0	1,8	11,2
05-273	**Sjávarútvegshús, undirbúningur**	**96,0**					**96,0**	**-8,7**	**104,7**
273-1.01	Sjávarútvegshús, undirbúningur	96,0					96,0	-8,7	104,7
05-274	**Húsbyggingarsjóður**	**102,0**					**102,0**	**-9,2**	**111,2**
274-1.01	Húsbyggingarsjóður	102,0					102,0	-9,2	111,2
05-801	**Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfa**	**5,5**	**210,0**				**215,5**	**214,2**	**1,3**
801-1.10	Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs	5,5	210,0				215,5	214,2	1,3
05-901	**Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna**	**28,4**	**64,8**	**0,1**	**-0,2**		**93,1**	**48,0**	**45,1**
901-1.01	Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna	28,4	64,8	0,1	-0,2		93,1	48,0	45,1

Uppruni fjárheimilda ársins 2006, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
06	*Dóms- og kirkjumálaráðuneyti*	*650,6*	*17.722,2*	*1.380,1*	*30,2*	*27,5*	*19.810,6*	*19.025,3*	*785,3*
06-101	**Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa**	**4,4**	**297,7**	**3,7**	**19,1**		**324,9**	**323,2**	**1,7**
101-1.01	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa	4,4	297,7	3,7	19,1		324,9	323,2	1,7
06-102	**Birting laga og stjórnvaldsfyrirmæla**	**-72,4**	**-0,5**			**33,5**	**-39,4**	**62,0**	**-101,4**
102-1.01	Birting laga og stjórnvaldsfyrirmæla	-72,4	-0,5			33,5	-39,4	62,0	-101,4
06-103	**Lagasafn**	**15,2**					**15,2**	**1,5**	**13,7**
103-1.10	Útgáfa lagasafns	15,2					15,2	1,5	13,7
06-104	**Tölvumiðstöð dóms- og kirkjumálaráðuneytis**	**4,9**	**171,3**		**9,0**		**185,2**	**233,6**	**-48,4**
104-1.01	Tölvumiðstöð dóms- og kirkjumálaráðuneytis	-60,9	148,8		9,0		96,9	161,6	-64,7
104-6.01	Tæki og búnaður	65,8	22,5				88,3	72,0	16,3
06-106	**Þjóðskrá**			**171,8**	**-26,4**	**-8,2**	**137,2**	**105,1**	**32,1**
106-1.01	Þjóðskrá			131,8	-26,4	-8,2	97,2	105,1	-7,9
106-6.01	Tæki og búnaður			40,0			40,0		40,0
06-111	**Kosningar**		**14,5**				**14,5**	**15,8**	**-1,3**
111-1.10	Kosningar		14,5				14,5	15,8	-1,3
06-190	**Ýmis verkefni**	**22,1**	**208,6**	**21,6**	**5,2**	**4,6**	**262,1**	**235,7**	**26,4**
190-1.10	Fastanefndir	-15,8	24,2			5,0	13,4	25,5	-12,1
190-1.11	Námsleyfi lögfræðinga	1,0	3,4		4,1		8,5	9,6	-1,1
190-1.24	Eftirlitsnefnd félags fasteignasala	11,8	19,0			-0,4	30,4	7,1	23,3
190-1.25	Tilkynningaskylda íslenskra skipa	-0,8	28,0				27,2	26,4	0,8
190-1.26	Almannavarna- og björgunarskóli á Gufuskálum		13,2				13,2	13,2	
190-1.27	Slysavarnafélagið Landsbjörg	7,0	78,1				85,1	84,7	0,4
190-1.40	Alþjóðasamstarf		6,5	0,7			7,2	6,8	0,4
190-1.45	Mannréttindamál	3,2	8,0				11,2	7,3	3,9

Uppruni fjárheimilda ársins 2006, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
190-1.47	Íslensk ættleiðing		6,5				6,5	6,5	
190-1.51	Innheimta meðlaga	1,7	3,8				5,5	8,9	-3,4
190-1.82	Biblíuþýðingar	0,1	0,6				0,7	0,6	0,1
190-1.90	Ýmislegt	11,5			12,0		23,5	14,4	9,1
190-1.93	Dómsmál, ýmis kostnaður	2,4	17,3	20,9	-10,9		29,7	24,7	5,0
06-199	**Ráðstöfunarfé**		**8,0**		**-8,0**				
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra		8,0		-8,0				
06-201	**Hæstiréttur**	**14,3**	**86,4**	**0,2**	**0,2**		**101,1**	**93,5**	**7,6**
201-1.01	Hæstiréttur	14,3	86,4	0,2	0,2		101,1	93,5	7,6
06-210	**Héraðsdómstólar**	**52,9**	**809,0**	**6,6**	**-8,9**		**859,6**	**809,3**	**50,3**
210-1.01	Héraðsdómstólar	52,9	809,0	6,6	-8,9		859,6	809,3	50,3
06-231	**Málskostnaður í opinberum málum**		**332,1**				**332,1**	**336,7**	**-4,6**
231-1.10	Málskostnaður í opinberum málum		332,1				332,1	336,7	-4,6
06-232	**Opinber réttaraðstoð**		**145,6**				**145,6**	**217,4**	**-71,8**
232-1.10	Opinber réttaraðstoð		137,3				137,3	206,1	-68,8
232-1.15	Réttaraðstoð við einstaklinga til að leita nauðasamr		4,0				4,0	2,7	1,3
232-1.16	Lögfræðiþjónusta neyðarmóttöku vegna nauðgana		4,3				4,3	8,6	-4,3
06-235	**Bætur brotaþola**		**40,0**				**40,0**	**174,3**	**-134,3**
235-1.10	Bætur brotaþola		40,0				40,0	174,3	-134,3
06-251	**Persónuvernd**	**33,2**	**62,7**	**0,1**	**-0,2**	**-5,0**	**90,8**	**59,8**	**31,0**
251-1.01	Persónuvernd	33,2	62,7	0,1	-0,2	-5,0	90,8	59,8	31,0
06-301	**Ríkissaksóknari**	**2,8**	**99,6**	**10,8**	**-1,3**		**111,9**	**104,1**	**7,8**
301-1.05	Ríkissaksóknari	2,8	99,6	10,8	-1,3		111,9	104,1	7,8

Uppruni fjárheimilda ársins 2006, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
06-303	**Ríkislögreglustjóri**	**17,7**	**1.042,0**	**79,0**	**4,6**	**0,1**	**1.143,4**	**1.122,5**	**20,9**
303-1.01	Ríkislögreglustjóri	67,7	1.014,5	79,0	4,6	0,1	1.165,9	1.077,3	88,6
303-1.11	Rekstur lögreglubifreiða	-8,5	-67,5		-36,1		-112,1	-76,0	-36,1
303-6.01	Tæki og búnaður	-24,0	27,5				3,5	26,3	-22,8
303-6.11	Bifreiðar	-17,5	67,5		36,1		86,1	94,9	-8,8
06-305	**Lögregluskóli ríkisins**	**31,3**	**171,4**	**0,2**	**-0,3**		**202,6**	**168,8**	**33,8**
305-1.01	Lögregluskóli ríkisins	31,3	171,4	0,2	-0,3		202,6	168,8	33,8
06-311	**Lögreglustjórinn í Reykjavík**	**77,7**	**2.252,3**	**-9,3**	**23,0**	**0,3**	**2.344,0**	**2.299,2**	**44,8**
311-1.01	Lögreglustjórinn í Reykjavík	77,7	2.252,3	-9,3	23,0	0,3	2.344,0	2.299,2	44,8
06-325	**Neyðarsímsvörun**	**3,5**	**95,4**				**98,9**	**101,3**	**-2,4**
325-1.10	Neyðarsímsvörun	3,5	95,4				98,9	101,3	-2,4
06-341	**Áfengis- og fíkniefnamál**	**28,0**	**21,2**		**-24,4**		**24,8**	**0,2**	**24,6**
341-1.25	Átak í löggæslu vegna fíkniefnamála	28,0	21,2		-24,4		24,8	0,2	24,6
06-390	**Ýmis löggæslu- og öryggismál**	**43,4**	**183,6**	**-20,0**	**88,5**		**295,5**	**277,8**	**17,7**
390-1.10	Ýmis löggæslukostnaður	9,0	145,6	-20,0	112,0		246,6	239,3	7,3
390-1.13	Undirbúningur að smíði varðskips	24,7			-23,5		1,2	0,7	0,5
390-1.17	Rannsóknamiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftave	10,0	15,0				25,0	15,0	10,0
390-1.18	Viðbótartryggingar lögreglumanna	-0,3	23,0				22,7	22,8	-0,1
06-391	**Húsnæði löggæslustofnana**	**-20,8**	**10,0**		**26,6**		**15,8**		**15,8**
391-6.21	Fasteignir	-20,8	10,0		26,6		15,8		15,8
06-395	**Landhelgisgæsla Íslands**	**-163,8**	**1.364,1**	**500,1**	**36,5**	**2,2**	**1.739,1**	**2.094,6**	**-355,5**
395-1.90	Landhelgisgæsla Íslands	-22,3	1.257,1	320,1	13,0	2,2	1.570,1	1.619,5	-49,4
395-5.41	Viðhald skipa og flugfarkosta	-145,3	107,0	-40,0			-78,3	313,9	-392,2
395-6.01	Tæki og búnaður	3,8		220,0	23,5		247,3	161,2	86,1

Uppruni fjárheimilda ársins 2006, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
06-396	**Landhelgissjóður Íslands**	**39,4**		**500,0**			**539,4**	**9,9**	**529,5**
396-6.41	Landhelgissjóður Íslands	39,4		500,0			539,4	9,9	529,5
06-397	**Schengen-samstarf**	**38,1**	**100,4**				**138,5**	**98,2**	**40,3**
397-1.01	Schengen-samstarf	38,1	100,4				138,5	98,2	40,3
06-398	**Útlendingastofnun**	**28,4**	**437,0**	**-112,3**	**-146,2**		**206,9**	**194,6**	**12,3**
398-1.01	Útlendingastofnun	28,4	223,0	-44,3	-0,2		206,9	194,6	12,3
398-6.01	Tæki og búnaður		214,0	-68,0	-146,0				
06-411	**Sýslumaðurinn í Reykjavík**	**-0,1**	**282,9**	**28,6**	**1,8**		**313,2**	**288,4**	**24,8**
411-1.01	Yfirstjórn	-0,1	282,9	28,6	1,8		313,2	288,4	24,8
06-412	**Sýslumaðurinn á Akranesi**	**23,7**	**158,3**	**0,2**	**-0,3**		**181,9**	**167,7**	**14,2**
412-1.01	Yfirstjórn	32,9	66,2	0,1	-0,1		99,1	66,2	32,9
412-1.20	Löggæsla	-9,2	92,1	0,1	-0,2		82,8	101,5	-18,7
06-413	**Sýslumaðurinn í Borgarnesi**	**14,7**	**130,4**	**0,3**	**-0,2**		**145,2**	**126,8**	**18,4**
413-1.01	Yfirstjórn	-9,5	47,9	0,1	-0,1		38,4	54,0	-15,6
413-1.20	Löggæsla	7,6	72,4	0,1			80,1	69,3	10,8
413-1.40	Tollgæsla	16,6	10,1	0,1	-0,1		26,7	3,5	23,2
06-414	**Sýslumaður Snæfellinga**	**8,2**	**144,8**	**0,2**	**-0,3**		**152,9**	**144,4**	**8,5**
414-1.01	Yfirstjórn	4,8	61,4	0,1	-0,1		66,2	58,6	7,6
414-1.20	Löggæsla	3,4	83,4	0,1	-0,2		86,7	85,8	0,9
06-415	**Sýslumaðurinn í Búðardal**	**1,2**	**36,2**	**0,2**	**-0,3**		**37,3**	**37,7**	**-0,4**
415-1.01	Yfirstjórn	10,7	22,8	0,1	-0,1		33,5	20,6	12,9
415-1.20	Löggæsla	-9,5	13,4	0,1	-0,2		3,8	17,1	-13,3

Uppruni fjárheimilda ársins 2006, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
06-416	**Sýslumaðurinn á Patreksfirði**	**-1,4**	**77,9**	**0,2**	**-0,4**		**76,3**	**78,6**	**-2,3**
416-1.01	Yfirstjórn	3,4	40,8	0,1	-0,2		44,1	36,7	7,4
416-1.20	Löggæsla	-4,8	37,1	0,1	-0,2		32,2	41,9	-9,7
06-417	**Sýslumaðurinn í Bolungarvík**	**-1,6**	**43,6**		**-0,2**		**41,8**	**43,6**	**-1,8**
417-1.01	Yfirstjórn	0,1	23,8		-0,1		23,8	22,9	0,9
417-1.20	Löggæsla	-1,7	19,8		-0,1		18,0	20,7	-2,7
06-418	**Sýslumaðurinn á Ísafirði**	**2,4**	**174,8**	**0,2**	**2,5**		**179,9**	**180,7**	**-0,8**
418-1.01	Yfirstjórn	-2,5	70,3	0,1	2,1		70,0	71,4	-1,4
418-1.20	Löggæsla	16,3	99,1	0,1	0,4		115,9	101,8	14,1
418-1.40	Tollgæsla	-11,4	5,4				-6,0	7,5	-13,5
06-419	**Sýslumaðurinn á Hólmavík**	**2,2**	**52,1**	**0,2**	**0,3**		**54,8**	**48,5**	**6,3**
419-1.01	Yfirstjórn	15,3	27,7	0,1	-0,1		43,0	23,9	19,1
419-1.20	Löggæsla	-13,1	24,4	0,1	0,4		11,8	24,6	-12,8
06-420	**Sýslumaðurinn á Blönduósi**	**16,7**	**114,3**	**28,5**	**17,0**		**176,5**	**147,2**	**29,3**
420-1.01	Yfirstjórn	11,3	48,5		-0,1		59,7	49,3	10,4
420-1.05	Innheimtumiðstöð sekta og sakarkostnaðar			28,4	17,3		45,7	35,5	10,2
420-1.20	Löggæsla	5,4	65,8	0,1	-0,2		71,1	62,4	8,7
06-421	**Sýslumaðurinn á Sauðárkróki**	**-2,7**	**125,0**	**0,1**	**-0,1**		**122,3**	**119,9**	**2,4**
421-1.01	Yfirstjórn	2,0	51,8				53,8	50,6	3,2
421-1.20	Löggæsla	-6,7	71,1	0,1	-0,1		64,4	69,3	-4,9
421-1.40	Tollgæsla	2,0	2,1				4,1		4,1
06-422	**Sýslumaðurinn á Siglufirði**	**12,2**	**65,2**	**0,1**	**0,1**		**77,6**	**64,5**	**13,1**
422-1.01	Yfirstjórn	10,7	31,7		-0,1		42,3	34,0	8,3
422-1.20	Löggæsla	1,5	33,5	0,1	0,2		35,3	30,5	4,8

Uppruni fjárheimilda ársins 2006, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
06-423	**Sýslumaðurinn á Ólafsfirði**	**3,4**	**43,8**	**0,2**	**-2,7**		**44,7**	**37,8**	**6,9**
423-1.01	Yfirstjórn	18,2	24,8	0,1	-2,6		40,5	16,1	24,4
423-1.20	Löggæsla	-14,8	19,0	0,1	-0,1		4,2	21,7	-17,5
06-424	**Sýslumaðurinn á Akureyri**	**-4,3**	**376,2**	**-1,0**	**1,1**		**372,0**	**375,4**	**-3,4**
424-1.01	Yfirstjórn	82,3	149,7	0,1	0,2		232,3	130,4	101,9
424-1.20	Löggæsla	-82,6	214,4	-1,1	0,9		131,6	227,2	-95,6
424-1.40	Tollgæsla	-4,0	12,1				8,1	17,8	-9,7
06-425	**Sýslumaðurinn á Húsavík**	**4,2**	**154,9**	**0,2**	**-0,3**		**159,0**	**159,8**	**-0,8**
425-1.01	Yfirstjórn	40,8	67,8	0,1	-0,1		108,6	65,7	42,9
425-1.20	Löggæsla	-36,6	87,1	0,1	-0,2		50,4	94,1	-43,7
06-426	**Sýslumaðurinn á Seyðisfirði**	**12,1**	**174,5**	**0,2**	**7,1**		**193,9**	**172,1**	**21,8**
426-1.01	Yfirstjórn	-24,6	70,7	0,1	28,2		74,4	72,6	1,8
426-1.20	Löggæsla	46,2	86,6	0,1	-37,1		95,8	82,5	13,3
426-1.40	Tollgæsla	-9,5	17,2		16,0		23,7	17,0	6,7
06-428	**Sýslumaðurinn á Eskifirði**	**63,5**	**185,4**	**0,2**	**-0,4**		**248,7**	**174,9**	**73,8**
428-1.01	Yfirstjórn	54,9	70,8		-0,1		125,6	65,2	60,4
428-1.20	Löggæsla	8,6	114,6	0,2	-0,3		123,1	109,7	13,4
06-429	**Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði**	**7,2**	**73,0**	**0,2**	**-0,2**		**80,2**	**70,7**	**9,5**
429-1.01	Yfirstjórn	-4,8	31,9	0,1	-0,1		27,1	33,4	-6,3
429-1.20	Löggæsla	12,0	41,1	0,1	-0,1		53,1	37,3	15,8
06-430	**Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal**	**-1,4**	**60,7**	**0,2**	**3,9**		**63,4**	**65,6**	**-2,2**
430-1.01	Yfirstjórn	17,9	26,8	0,1	4,1		48,9	29,6	19,3
430-1.20	Löggæsla	-19,3	33,9	0,1	-0,2		14,5	36,0	-21,5

Uppruni fjárheimilda ársins 2006, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
06-431	**Sýslumaðurinn á Hvolsvelli**	**21,3**	**105,3**	**0,1**	**-0,3**		**126,4**	**109,0**	**17,4**
431-1.01	Yfirstjórn	15,2	53,0		-0,1		68,1	54,3	13,8
431-1.20	Löggæsla	6,1	52,3	0,1	-0,2		58,3	54,7	3,6
06-432	**Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum**	**14,6**	**152,8**	**0,2**	**0,3**		**167,9**	**156,6**	**11,3**
432-1.01	Yfirstjórn	0,9	59,3	0,1	0,1		60,4	59,9	0,5
432-1.20	Löggæsla	19,5	78,1	0,1	0,2		97,9	83,0	14,9
432-1.40	Tollgæsla	-5,8	15,4				9,6	13,7	-4,1
06-433	**Sýslumaðurinn á Selfossi**	**27,2**	**302,1**	**-1,3**	**16,6**		**344,6**	**321,1**	**23,5**
433-1.01	Yfirstjórn	6,0	110,7	0,1	3,3		120,1	114,4	5,7
433-1.20	Löggæsla	22,0	181,3	-1,4	13,3		215,2	196,9	18,3
433-1.40	Tollgæsla	-0,8	10,1				9,3	9,8	-0,5
06-434	**Sýslumaðurinn í Keflavík**	**3,7**	**416,1**	**-2,7**	**28,0**		**445,1**	**461,0**	**-15,9**
434-1.01	Yfirstjórn	-20,5	133,0		27,7		140,2	174,4	-34,2
434-1.20	Löggæsla	24,3	268,5	-2,7	-0,1		290,0	271,1	18,9
434-1.40	Tollgæsla	-0,1	14,6		0,4		14,9	15,5	-0,6
06-436	**Sýslumaðurinn í Hafnarfirði**	**20,8**	**464,2**	**-3,6**	**0,2**		**481,6**	**481,9**	**-0,3**
436-1.01	Yfirstjórn	-9,7	183,6	0,1	0,4		174,4	188,8	-14,4
436-1.20	Löggæsla	39,9	242,2	-3,7	-0,1		278,3	257,6	20,7
436-1.40	Tollgæsla	-9,4	38,4		-0,1		28,9	35,5	-6,6
06-437	**Sýslumaðurinn í Kópavogi**	**19,6**	**375,4**	**-0,5**	**0,7**		**395,2**	**383,5**	**11,7**
437-1.01	Yfirstjórn	69,1	174,3	2,2	0,8		246,4	159,0	87,4
437-1.20	Löggæsla	-49,5	201,1	-2,7	-0,1		148,8	224,5	-75,7
06-490	**Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta**	**21,6**	**164,2**	**15,0**	**-11,9**		**188,9**	**96,3**	**92,6**
490-1.10	Ýmis sameiginlegur kostnaður	21,6	28,8	15,0	-7,2		58,2	7,3	50,9
490-1.30	Kostnaður skv. lögum nr. 88/1991, um aukatekjur r		135,4		-4,7		130,7	89,0	41,7

Uppruni fjárheimilda ársins 2006, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
06-491	**Húsnæði og búnaður sýslumanna**	**39,9**	**24,5**	**23,0**	**-1,7**		**85,7**	**12,1**	**73,6**
491-5.01	Viðhald húseigna	21,8	5,0				26,8	6,5	20,3
491-6.01	Tæki og búnaður	3,6	4,5	23,0	-1,7		29,4	0,2	29,2
491-6.28	Húsnæði sýslumannsins á Eskifirði	14,5	15,0				29,5	5,4	24,1
06-501	**Fangelsismálastofnun ríkisins**	**62,6**	**818,1**	**5,5**	**4,4**		**890,6**	**796,3**	**94,3**
501-1.01	Fangelsismálastofnun ríkisins	61,6	808,1	5,5	4,4		879,6	795,8	83,8
501-5.01	Viðhald fangelsisbygginga	1,0	10,0				11,0	0,5	10,5
06-591	**Fangelsisbyggingar**	**25,9**	**50,0**	**10,0**			**85,9**	**21,6**	**64,3**
591-6.10	Stofnframkvæmdir	25,9	50,0	10,0			85,9	21,6	64,3
06-701	**Þjóðkirkjan**	**9,9**	**1.339,3**	**36,6**	**-28,0**		**1.357,8**	**1.360,4**	**-2,6**
701-1.01	Biskup Íslands	10,3	1.290,2	16,4	-27,8		1.289,1	1.290,3	-1,2
701-1.12	Sérþjónustuprestur vegna áfengis- og vímuefnavan	-0,5	6,9	0,1	-0,1		6,4	7,9	-1,5
701-1.15	Kirkjumiðstöðvar		2,2	20,0			22,2	22,2	
701-1.16	Langamýri í Skagafirði	0,1	1,7				1,8	1,7	0,1
701-1.91	Skálholtsskóli		9,1	0,1	-0,1		9,1	9,1	
701-6.21	Skálholtsstaður		5,4				5,4	5,4	
701-6.22	Hallgrímskirkja		5,4				5,4	5,4	
701-6.23	Hóladómkirkja		5,0				5,0	5,0	
701-6.25	Dómkirkjan í Reykjavík		10,4				10,4	10,4	
701-6.28	Þingeyraklausturskirkja		3,0				3,0	3,0	
06-705	**Kirkjumálasjóður**		**182,3**	**5,4**			**187,7**	**193,2**	**-5,5**
705-1.10	Kirkjumálasjóður		182,3	5,4			187,7	193,2	-5,5
06-707	**Kristnisjóður**	**8,2**	**70,6**	**8,5**			**87,3**	**87,3**	
707-1.10	Kristnisjóður	8,2	70,6	8,5			87,3	87,3	

Uppruni fjárheimilda ársins 2006, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
06-733	**Kirkjugarðar**		**749,5**				**749,5**	**747,1**	**2,4**
733-1.11	Kirkjugarðar		749,5				749,5	747,1	2,4
06-735	**Sóknargjöld**		**1.783,0**	**63,5**			**1.846,5**	**1.847,1**	**-0,6**
735-1.10	Sóknargjöld til þjóðkirkjunnar		1.613,0	48,1			1.661,1	1.661,8	-0,7
735-1.20	Sóknargjöld til annarra trúfélaga		170,0	15,4			185,4	185,3	0,1
06-736	**Jöfnunarsjóður sókna**		**298,4**	**8,9**			**307,3**	**307,4**	**-0,1**
736-1.10	Jöfnunarsjóður sókna		298,4	8,9			307,3	307,4	-0,1
06-996	**Íslenska upplýsingasamfélagið**	**14,8**			**-3,5**		**11,3**		**11,3**
996-6.51	Íslenska upplýsingasamfélagið	14,8			-3,5		11,3		11,3
07 Félagsmálaráðuneyti		***620,0***	***28.747,2***	***540,7***	***394,5***	***-651,4***	***29.651,0***	***29.477,6***	***173,4***
07-101	**Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa**	**-5,2**	**236,9**	**0,7**	**8,4**		**240,8**	**234,3**	**6,5**
101-1.01	Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa	-5,2	236,9	0,7	8,4		240,8	234,3	6,5
07-190	**Ýmis verkefni**	**34,0**	**77,1**		**-3,3**		**107,8**	**48,9**	**58,9**
190-1.10	Fastanefndir	28,7	47,4				76,1	36,4	39,7
190-1.23	Framkvæmdaáætlun um jafnréttismál	-2,0	11,2		-1,3		7,9	9,1	-1,2
190-1.90	Ýmislegt	7,3	18,5		-2,0		23,8	3,4	20,4
07-199	**Ráðstöfunarfé**		**5,0**		**-5,0**				
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra		5,0		-5,0				
07-205	**Leiguíbúðir**	**49,8**	**180,0**				**229,8**	**180,0**	**49,8**
205-6.21	Leiguíbúðir	49,8	180,0				229,8	180,0	49,8
07-207	**Varasjóður húsnæðismála**		**60,0**				**60,0**	**60,0**	
207-6.21	Varasjóður húsnæðismála vegna félagslegra íbúða		60,0				60,0	60,0	

Uppruni fjárheimilda ársins 2006, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
07-302	**Ríkissáttasemjari**	**20,3**	**58,1**	**0,2**	**-0,3**		**78,3**	**57,0**	**21,3**
302-1.01	Ríkissáttasemjari	20,3	58,1	0,2	-0,3		78,3	57,0	21,3
07-313	**Jafnréttisstofa**	**0,5**	**38,8**	**0,1**	**1,2**		**40,6**	**30,5**	**10,1**
313-1.01	Jafnréttisstofa	0,5	38,8	0,1	1,2		40,6	30,5	10,1
07-331	**Vinnueftirlit ríkisins**	**-5,7**	**351,9**	**30,2**	**0,2**	**38,8**	**415,4**	**406,3**	**9,1**
331-1.01	Vinnueftirlit ríkisins	-5,7	351,9	30,2	0,2	38,8	415,4	406,3	9,1
07-400	**Barnaverndarstofa**	**-7,3**	**701,2**	**0,4**	**-0,4**		**693,9**	**677,4**	**16,5**
400-1.01	Almennur rekstur	-104,1	113,9		-0,1		9,7	128,1	-118,4
400-1.20	Heimili fyrir börn og unglinga	272,3	451,3	0,3	-0,5		723,4	400,3	323,1
400-1.50	Meðferðarstöð ríkisins	-175,5	136,0	0,1	0,2		-39,2	149,0	-188,2
07-700	**Málefni fatlaðra**	**21,9**	**106,5**		**-13,6**		**114,8**	**91,1**	**23,7**
700-1.01	Stjórnarnefnd málefna fatlaðra		18,3				18,3	8,3	10,0
700-1.50	Laun vegna forfalla, orlofs o.fl.	7,2	15,0		-22,0		0,2		0,2
700-1.80	Starfsþjálfun		28,8		3,0		31,8	31,8	
700-1.81	Tölvumiðstöð fatlaðra		7,1				7,1	7,1	
700-1.90	Ýmis verkefni	14,7	37,3		5,4		57,4	43,9	13,5
07-701	**Málefni fatlaðra, Reykjavík**	**-5,0**	**1.854,6**	**6,7**	**110,1**		**1.966,4**	**2.019,6**	**-53,2**
701-1.01	Almennur rekstur	-10,7	1.808,1	6,7	107,2		1.911,3	1.973,2	-61,9
701-1.30	Verndaðir vinnustaðir	5,7	46,5		2,9		55,1	46,4	8,7
07-702	**Málefni fatlaðra, Reykjanesi**	**-5,5**	**1.325,5**	**5,7**	**85,7**		**1.411,4**	**1.401,8**	**9,6**
702-1.01	Almennur rekstur	15,7	1.271,3	5,5	82,6		1.375,1	1.340,0	35,1
702-1.30	Verndaðir vinnustaðir	-12,4	25,2	0,1	1,6		14,5	25,5	-11,0
702-1.61	Dagvistun Keflavík	-0,6	19,2	0,1	1,0		19,7	23,7	-4,0
702-1.89	Þjónusta á vegum félagasamtaka	-8,2	9,8		0,5		2,1	12,6	-10,5

Uppruni fjárheimilda ársins 2006, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
07-703	**Málefni fatlaðra, Vesturlandi**	**-5,7**	**216,2**	**0,9**	**13,3**		**224,7**	**212,1**	**12,6**
703-1.01	Almennur rekstur	-3,7	181,2	0,8	11,3		189,6	178,4	11,2
703-1.30	Dagvist og verndaðir vinnustaðir	-2,0	35,0	0,1	2,0		35,1	33,7	1,4
07-704	**Málefni fatlaðra, Vestfjörðum**	**2,8**	**150,2**	**0,7**	**8,2**		**161,9**	**151,7**	**10,2**
704-1.01	Almennur rekstur	2,8	150,2	0,7	8,2		161,9	151,7	10,2
07-705	**Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra**	**1,5**	**250,7**	**1,4**	**21,8**		**275,4**	**273,4**	**2,0**
705-1.10	Svæðisráð	1,2	1,1		0,2		2,5	0,8	1,7
705-1.86	Samningur við Byggðasamlag um málefni fatlaðra	0,3	249,6	1,4	21,6		272,9	272,6	0,3
07-706	**Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra**	**-2,8**	**689,2**	**0,6**	**41,5**		**728,5**	**730,2**	**-1,7**
706-1.10	Svæðisráð	-3,8	1,2		0,1		-2,5	0,8	-3,3
706-1.85	Samningur við héraðsnefnd Þingeyinga um þjónust	1,0	70,3	0,1	4,4		75,8	74,2	1,6
706-1.86	Samningur við Akureyrarbæ um þjónustu við fatlaða		617,7	0,5	37,0		655,2	655,2	
07-707	**Málefni fatlaðra, Austurlandi**	**5,5**	**236,0**	**3,4**	**12,8**		**257,7**	**258,6**	**-0,9**
707-1.01	Almennur rekstur	-18,4	211,4	3,2	11,7		207,9	232,3	-24,4
707-1.30	Verndaðir vinnustaðir	22,9	2,0				24,9	2,3	22,6
707-1.86	Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um þjónu	1,0	22,6	0,2	1,1		24,9	24,0	0,9
07-708	**Málefni fatlaðra, Suðurlandi**	**20,7**	**412,6**	**1,7**	**27,1**		**462,1**	**436,9**	**25,2**
708-1.01	Almennur rekstur	20,1	299,8	1,2	16,7		337,8	316,7	21,1
708-1.72	Skaftholt	0,6	38,3	0,2	2,3		41,4	37,3	4,1
708-1.86	Samningur við Vestmannaeyjabæ um þjónustu við		74,5	0,3	8,1		82,9	82,9	
07-711	**Styrktarfélag vangefinna**		**519,7**	**1,4**	**26,3**		**547,4**	**547,4**	
711-1.01	Styrktarfélag vangefinna		519,7	1,4	26,3		547,4	547,4	
07-720	**Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ**		**272,8**	**0,8**	**12,4**		**286,0**	**286,0**	
720-1.70	Vistheimilið Skálatúni		272,8	0,8	12,4		286,0	286,0	

Uppruni fjárheimilda ársins 2006, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
07-722	**Sólheimar í Grímsnesi**		**199,0**	**0,7**	**9,8**		**209,5**	**209,5**	
722-1.70	Sólheimar í Grímsnesi		199,0	0,7	9,8		209,5	209,5	
07-750	**Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins**	**0,5**	**245,8**	**0,2**	**0,9**		**247,4**	**244,5**	**2,9**
750-1.01	Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	0,5	245,8	0,2	0,9		247,4	244,5	2,9
07-795	**Framkvæmdasjóður fatlaðra**	**384,0**	**298,3**		**29,0**		**711,3**	**507,1**	**204,2**
795-1.01	Almennur rekstur	37,2	3,9				41,1	-23,5	64,6
795-5.21	Viðhald fasteigna	-115,2	70,0				-45,2	129,4	-174,6
795-6.01	Framkvæmdasjóður fatlaðra	462,0	224,4		29,0		715,4	401,2	314,2
07-801	**Jöfnunarsjóður sveitarfélaga**		**8.470,0**	**1.141,0**			**9.611,0**	**9.868,8**	**-257,8**
801-1.10	Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, lögbundin framlög		7.650,0	1.141,0			8.791,0	9.868,8	-1.077,8
801-1.11	Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, sérstök viðbótarframl		820,0				820,0		820,0
07-972	**Bjargráðasjóður**		**10,0**				**10,0**	**10,0**	
972-1.10	Bjargráðasjóður		10,0				10,0	10,0	
07-980	**Vinnumálastofnun**	**34,7**	**168,9**	**11,1**	**-0,1**		**214,6**	**141,2**	**73,4**
980-1.01	Vinnumálastofnun	-15,6	144,4	11,1	-0,1		139,8	122,3	17,5
980-1.11	Starfsþjálfun ungs fólks í atvinnuleit	50,3	24,5				74,8	18,9	55,9
07-981	**Vinnumál**	**4,6**	**123,3**	**0,9**			**128,8**	**86,1**	**42,7**
981-1.10	Félagsdómur	2,9	9,5				12,4	7,8	4,6
981-1.13	Kjararannsóknarnefnd		44,9				44,9	45,8	-0,9
981-1.81	Alþjóðavinnumálastofnunin, ILO		7,8	0,9			8,7	6,3	2,4
981-1.90	Ýmislegt	1,7	61,1				62,8	26,2	36,6
07-982	**Ábyrgðasjóður launa**		**638,1**	**-125,0**		**-33,2**	**479,9**	**574,4**	**-94,5**
982-1.01	Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota		638,1	-125,0		-33,2	479,9	574,4	-94,5

Uppruni fjárheimilda ársins 2006, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-færð	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
07-984	**Atvinnuleysistryggingasjóður**		**3.227,0**	**-450,0**		**-788,8**	**1.988,2**	**2.114,2**	**-126,0**
984-1.11	Atvinnuleysisbætur		3.137,0	-504,0		-788,8	1.844,2	2.236,9	-392,7
984-1.15	Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar		66,0	14,0			80,0	80,0	
984-1.16	Hlutdeild í rekstri svæðisvinnumiðlana Vinnumála		174,0				174,0	174,0	
984-1.25	Styrkir til fiskvinnslustöðva		81,0	40,0			121,0	163,9	-42,9
984-1.35	Námskeiðahald, átaksverkefni og önnur úrræði		112,0				112,0	62,7	49,3
984-1.41	Framlög og styrkir		155,0				155,0	137,9	17,1
984-1.45	Starfsmenntasjóður		60,0				60,0	66,2	-6,2
984-1.51	Rekstur úthlutunarnefnda		65,0				65,0	55,9	9,1
984-1.81	Vaxtatekjur		-623,0				-623,0	-863,3	240,3
07-985	**Félagsmálaskóli alþýðu**		**24,9**				**24,9**	**24,9**	
985-1.10	Félagsmálaskóli alþýðu		20,4				20,4	20,4	
985-1.20	ASÍ, Menningar- og fræðslusamband alþýðu		4,5				4,5	4,5	
07-987	**Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstakling**							**-10,6**	**10,6**
987-1.10	Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga							-10,6	10,6
07-989	**Fæðingarorlof**		**7.041,0**	**-105,0**		**131,8**	**7.067,8**	**7.069,3**	**-1,5**
989-1.01	Umsýslukostnaður Tryggingastofnunar ríkisins		51,0	65,0			116,0	116,0	
989-1.11	Fæðingarorlofssjóður		6.560,0	-200,0		131,8	6.491,8	6.482,6	9,2
989-1.13	Foreldrar utan vinnumarkaðar		430,0	30,0			460,0	470,7	-10,7
07-999	**Félagsmál, ýmis starfsemi**	**76,4**	**557,9**	**11,9**	**8,5**		**654,7**	**535,0**	**119,7**
999-1.10	Kostnaður skv. 15. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþ		30,4				30,4	12,8	17,6
999-1.11	Meðlög samkvæmt lögum nr. 76/2003	39,3	179,5				218,8	154,8	64,0
999-1.34	Geysir, vinnumiðlun fyrir geðfatlaða		21,5				21,5	21,5	
999-1.35	Félag heyrnarlausra		9,2				9,2	9,2	
999-1.36	Félagið Geðhjálp		16,0				16,0	16,0	
999-1.37	Strókur, vinnumiðlun fyrir geðfatlaða		5,0				5,0	5,0	

Uppruni fjárheimilda ársins 2006, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
999-1.40	Kvennaathvarf í Reykjavík		30,9				30,9	30,9	
999-1.41	Stígamót		25,3	1,9			27,2	27,2	
999-1.43	Krossgötur, endurhæfingarheimili		22,2				22,2	22,2	
999-1.44	Byrgið, líknarfélag		28,2				28,2	28,2	
999-1.47	Félagsþjónusta við nýbúa		3,0				3,0	3,0	
999-1.48	Nýbúamiðstöð á Vestfjörðum	1,0	16,3		2,0		19,3	18,8	0,5
999-1.49	Móttaka flóttamannahópa	3,7	33,7	1,0			38,4	39,5	-1,1
999-1.60	Ráðgjafastofa um fjármál heimilanna	-5,9	18,0				12,1	15,2	-3,1
999-1.90	Ýmis framlög	10,3	53,7	9,0			73,0	62,7	10,3
999-1.98	Ýmis framlög félagsmálaráðuneytis	28,0	65,0		6,5		99,5	68,0	31,5
08	***Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti***	***1.686,9***	***126.181,4***	***5.284,7***	***1.426,9***	***-44,9***	***134.535,0***	***130.128,2***	***4.406,8***
08-101	**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskr**	**6,4**	**440,2**	**1,4**	**6,0**		**454,0**	**458,6**	**-4,6**
101-1.01	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifst	6,4	440,2	1,4	6,0		454,0	458,6	-4,6
08-199	**Ráðstöfunarfé**		**8,0**		**-8,0**				
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra		8,0		-8,0				
08-201	**Tryggingastofnun ríkisins**	**-80,6**	**1.010,3**	**165,2**	**2,8**		**1.097,7**	**962,9**	**134,8**
201-1.01	Tryggingastofnun ríkisins	-118,5	948,2	165,2	2,8		997,7	917,5	80,2
201-6.01	Tæki og búnaður	37,9	62,1				100,0	45,4	54,6
08-203	**Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð**		**6.955,0**				**6.955,0**	**6.367,1**	**587,9**
203-1.11	Mæðra- og feðralaun		343,0				343,0	290,3	52,7
203-1.15	Umönnunargreiðslur		988,0				988,0	1.014,6	-26,6
203-1.21	Makabætur og umönnunarbætur		85,0				85,0	91,9	-6,9
203-1.25	Dánarbætur		49,0				49,0	44,6	4,4
203-1.31	Endurhæfingarlífeyrir		1.108,0				1.108,0	918,4	189,6
203-1.35	Barnalífeyrir vegna menntunar		120,0				120,0	91,4	28,6

Uppruni fjárheimilda ársins 2006, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
203-1.41	Heimilisuppbót		2.541,0				2.541,0	2.394,4	146,6
203-1.51	Frekari uppbætur		1.456,0				1.456,0	1.416,0	40,0
203-1.55	Uppbætur vegna bifreiðakaupa		265,0				265,0	105,5	159,5
08-204	**Lífeyristryggingar**		**33.806,4**	**1.934,0**			**35.740,4**	**33.592,2**	**2.148,2**
204-1.11	Ellilífeyrir		7.377,0	208,0			7.585,0	7.343,2	241,8
204-1.15	Örorkulífeyrir		4.949,0	150,0			5.099,0	5.041,9	57,1
204-1.21	Tekjutrygging ellilífeyrisþega		10.333,0	995,0			11.328,0	10.211,8	1.116,2
204-1.25	Tekjutrygging örorkulífeyrisþega		6.197,0	581,0			6.778,0	6.120,5	657,5
204-1.26	Tekjutryggingarauki ellilífeyrisþega		993,7				993,7	787,6	206,1
204-1.27	Tekjutryggingarauki örorkulífeyrisþega		964,7				964,7	872,8	91,9
204-1.28	Vasapeningar ellilífeyrisþega		311,0				311,0	280,5	30,5
204-1.29	Vasapeningar örorkulífeyrisþega		65,0				65,0	54,0	11,0
204-1.31	Örorkustyrkur		167,0				167,0	148,2	18,8
204-1.35	Barnalífeyrir		2.294,0				2.294,0	2.069,1	224,9
204-1.91	Annað		155,0				155,0	662,6	-507,6
08-206	**Sjúkratryggingar**		**15.511,3**	**984,7**	**-6,1**		**16.489,9**	**16.242,7**	**247,2**
206-1.11	Lækniskostnaður		3.666,0	68,0			3.734,0	3.672,3	61,7
206-1.15	Lyf		6.107,0	665,0			6.772,0	6.703,1	68,9
206-1.21	Hjálpartæki		1.644,0	149,2			1.793,2	1.727,4	65,8
206-1.25	Hjúkrun í heimahúsum		108,0				108,0	99,1	8,9
206-1.31	Þjálfun		1.487,3		-6,1		1.481,2	1.408,7	72,5
206-1.35	Tannlækningar		1.303,0				1.303,0	1.248,6	54,4
206-1.41	Sjúkraflutningar og ferðir innan lands		251,0				251,0	253,4	-2,4
206-1.45	Brýn meðferð erlendis		489,0	63,0			552,0	693,2	-141,2
206-1.51	Sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis		112,0	14,5			126,5	97,3	29,2
206-1.55	Sjúkradagpeningar		210,0				210,0	180,8	29,2
206-1.91	Annað		134,0	25,0			159,0	158,8	0,2

Uppruni fjárheimilda ársins 2006, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
08-208	**Slysatryggingar**		**727,9**			**-58,5**	**669,4**	**573,5**	**95,9**
208-1.11	Bætur vegna læknis- og sjúkrakostnaðar		127,9				127,9	136,1	-8,2
208-1.15	Bætur til framfærslu		350,0				350,0	264,4	85,6
208-1.16	Kaup og aflahlutur sjómanna		210,0			-58,5	151,5	106,7	44,8
208-1.21	Stjórnunarkostnaður		40,0				40,0	66,3	-26,3
08-209	**Sjúklingatryggingar**		**90,1**				**90,1**	**68,4**	**21,7**
209-1.11	Sjúklingatryggingar		90,1				90,1	68,4	21,7
08-214	**Eftirlaunasjóður aldraðra**		**100,3**				**100,3**	**98,9**	**1,4**
214-1.10	Eftirlaunasjóður aldraðra		100,3				100,3	98,9	1,4
08-301	**Landlæknir**	**48,2**	**203,0**	**15,1**	**8,1**	**-2,0**	**272,4**	**218,9**	**53,5**
301-1.01	Landlæknir	48,2	203,0	15,1	8,1	-2,0	272,4	218,9	53,5
08-305	**Lýðheilsustöð**	**17,0**	**265,6**	**12,3**	**-0,2**	**1,6**	**296,3**	**281,8**	**14,5**
305-1.01	Lýðheilsustöð	-196,1	179,1	12,3	-0,2		-4,9	222,4	-227,3
305-1.90	Forvarnasjóður	213,1	86,5			1,6	301,2	59,4	241,8
08-324	**Heyrnar- og talmeinastöð Íslands**	**51,3**	**111,5**	**0,1**	**77,4**		**240,3**	**196,2**	**44,1**
324-1.01	Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	46,0	110,5	0,1	77,4		234,0	196,2	37,8
324-6.10	Fasteign	5,3	1,0				6,3		6,3
08-326	**Sjónstöð Íslands**	**-39,7**	**140,9**	**40,3**	**-0,5**		**141,0**	**115,7**	**25,3**
326-1.01	Sjónstöð Íslands	-39,7	140,9	40,3	-0,5		141,0	115,7	25,3
08-327	**Geislavarnir ríkisins**	**3,5**	**67,2**	**0,1**	**-0,2**	**1,9**	**72,5**	**67,0**	**5,5**
327-1.01	Geislavarnir ríkisins	3,5	67,2	0,1	-0,2	1,9	72,5	67,0	5,5
08-340	**Málefni fatlaðra**	**6,6**	**244,9**		**6,7**		**258,2**	**250,2**	**8,0**
340-1.10	Endurhæfingarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatla	2,9	130,3		9,0		142,2	142,2	
340-1.15	Samningur um sjúkraþjálfun fyrir fatlaða	-5,9	36,6				30,7	30,7	

Uppruni fjárheimilda ársins 2006, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-færð	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
340-1.20	Sjálfsbjörg Akureyri	-3,4	6,3				2,9	6,3	-3,4
340-1.30	Sumardvalarheimili í Reykjadal	3,4	19,7				23,1	23,2	-0,1
340-1.40	Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Rey	0,2	22,9				23,1	23,1	
340-1.50	Endurhæfingarstöð Geðverndarfélags Íslands		3,2				3,2	3,2	
340-1.60	Gigtlækningastöð Gigtarfélags Íslands	0,1	6,9				7,0	7,0	
340-1.70	Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Aku	0,1	5,4				5,5	5,5	
340-1.80	Gigtarráð	3,1	4,4				7,5	3,7	3,8
340-1.90	Ýmis starfsemi	1,6	2,2		-0,3		3,5	0,5	3,0
340-6.90	Styrkir til ýmissa framkvæmda	4,5	7,0		-2,0		9,5	4,8	4,7
08-358	**Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri**	**25,1**	**3.354,9**	**120,6**	**99,4**		**3.600,0**	**3.566,5**	**33,5**
358-1.01	Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	-47,6	3.124,9	100,6	85,2		3.263,1	3.324,8	-61,7
358-5.01	Fasteign	-66,3	25,0				-41,3	21,6	-62,9
358-6.01	Tæki og búnaður	57,3	65,0	20,0	14,2		156,5	84,6	71,9
358-6.50	Nýbygging	81,7	140,0				221,7	135,5	86,2
08-373	**Landspítali - háskólasjúkrahús**	**-500,5**	**28.020,2**	**1.039,2**	**623,7**	**13,5**	**29.196,1**	**29.986,7**	**-790,6**
373-1.01	Landspítali - háskólasjúkrahús	152,8	27.541,2	1.039,2	623,7	13,5	29.370,4	29.441,2	-70,8
373-5.60	Viðhald	-280,8	178,0				-102,8	271,6	-374,4
373-6.01	Tæki og búnaður	132,0	201,0				333,0	218,4	114,6
373-6.70	Nýframkvæmdir	-504,5	100,0				-404,5	55,5	-460,0
08-376	**Bygging hátæknisjúkrahúss á lóð Landspítalans**	**330,4**					**330,4**	**146,6**	**183,8**
376-6.21	Bygging hátæknisjúkrahúss á lóð Landspítalans	330,4					330,4	146,6	183,8
08-379	**Sjúkrahús, óskipt**	**120,4**	**139,3**		**-118,3**		**141,4**	**30,0**	**111,4**
379-1.01	Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa	78,0	114,3		-113,3		79,0	29,8	49,2
379-6.50	Stofnkostnaður	42,4	25,0		-5,0		62,4	0,2	62,2
08-383	**Sjúkrahótel**		**72,8**		**-71,3**		**1,5**		**1,5**
383-1.01	Sjúkrahótel		72,8		-71,3		1,5		1,5

Uppruni fjárheimilda ársins 2006, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
08-384	**Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn**	**12,6**	**96,6**		**3,0**		**112,2**	**106,8**	**5,4**
384-1.01	Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn	12,6	96,6		3,0		112,2	106,8	5,4
08-386	**Vistun ósakhæfra afbrotamanna**	**-14,3**	**165,9**	**17,6**	**2,2**		**171,4**	**182,7**	**-11,3**
386-1.10	Vistun ósakhæfra afbrotamanna	-14,3	165,9	17,6	2,2		171,4	182,7	-11,3
08-388	**Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið**		**507,3**		**9,7**		**517,0**	**517,0**	
388-1.10	Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið		507,3		9,7		517,0	517,0	
08-397	**Lyfjastofnun**	**73,8**	**154,7**		**0,3**	**-1,4**	**227,4**	**203,3**	**24,1**
397-1.01	Lyfjastofnun	73,8	154,7		0,3	-1,4	227,4	203,3	24,1
08-399	**Heilbrigðismál, ýmis starfsemi**	**156,3**	**908,1**	**14,9**	**-72,5**		**1.006,8**	**822,5**	**184,3**
399-1.10	Samninganefnd heilbrigðis- og tryggingamálaráðu	12,0	28,1				40,1	17,4	22,7
399-1.13	Úrskurðarnefnd almannatrygginga	4,3	29,6				33,9	30,6	3,3
399-1.16	Lyfjagreiðslunefnd	2,2	28,5				30,7	24,0	6,7
399-1.17	Vísindasiðanefnd	2,0	22,8				24,8	23,0	1,8
399-1.21	Eftirlit með greiðslum almannatrygginga		41,5				41,5		41,5
399-1.30	Krabbameinsfélag Íslands, krabbameinsskráning	0,2	17,2				17,4	17,2	0,2
399-1.31	Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbame	7,2	264,8	3,8			275,8	272,3	3,5
399-1.32	Krabbameinsfélag Íslands, styrkir		13,0				13,0	13,0	
399-1.34	Hjartaheill		4,0				4,0	4,0	
399-1.35	Hjartavernd, rannsóknarstöð	0,7	55,4				56,1	56,1	
399-1.36	Stórstúka Íslands		1,5				1,5	1,5	
399-1.37	Skrifstofa líknarfélaga		5,5				5,5	5,5	
399-1.38	Félagið Heyrnarhjálp	0,2	6,8				7,0	6,8	0,2
399-1.40	Kostnaður skv. lögum nr. 25/1975	0,6	2,7		-0,6		2,7	2,3	0,4
399-1.42	Kostnaður samkvæmt lögum um farsóttir, sóttvarni		81,6	9,0			90,6	75,2	15,4
399-1.43	Viðbúnaður gegn sýklahernaði		50,0				50,0	60,5	-10,5
399-1.55	Niðurgreiðsla hjálpartækja vegna heyrnar- og talme	0,1	85,8		-76,3		9,6	9,6	

Uppruni fjárheimilda ársins 2006, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-færð	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
399-1.58	Krýsuvíkurskóli, vist- og meðferðarheimili	0,6	48,7				49,3	48,7	0,6
399-1.68	Sjúkrahjálp og endurhæfing íþróttamanna		20,0				20,0	20,0	
399-1.71	Norræni lýðheilsuháskólinn		10,0	1,1			11,1	9,2	1,9
399-1.81	Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO		8,1	1,0			9,1	9,6	-0,5
399-1.84	Bætur vegna lifrabólgu C				2,7		2,7	2,7	
399-1.90	Ýmis framlög	13,0	34,1		16,0		63,1	40,6	22,5
399-1.95	Kynsjúkdómar, alnæmi	0,1	5,7		-5,7		0,1		0,1
399-1.98	Ýmis framlög heilbrigðis- og tryggingamálaráðune	38,1	10,2		-8,6		39,7	29,0	10,7
399-6.91	Upplýsingatæknimál	75,0	32,5				107,5	43,7	63,8
08-401	**Öldrunarstofnanir, almennt**	**1.576,1**	**523,5**	**-863,6**	**17,3**		**1.253,3**	**494,1**	**759,2**
401-1.01	Hjúkrunarheimili, almennt	898,7	187,3	-864,0	5,9		227,9	-169,5	397,4
401-1.09	Ný hjúkrunarrými		107,9	5,3	3,6		116,8		116,8
401-1.13	Óskipt framlag til minni öldrunarstofnana	28,8	254,8	21,7	7,8		313,1	317,4	-4,3
401-1.83	Greiðslur frá vistmönnum	-187,4	-190,0				-377,4	-16,4	-361,0
401-5.21	Viðhald		60,0	-26,6			33,4		33,4
401-6.15	Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði		47,9				47,9		47,9
401-6.17	Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn		8,1				8,1		8,1
401-6.25	Bygging hjúkrunarheimila	836,0					836,0	349,4	486,6
401-6.27	Jaðar, Ólafsvík		30,0				30,0		30,0
401-6.38	Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri		17,5				17,5	13,2	4,3
08-402	**Framkvæmdasjóður aldraðra**	**-184,3**	**1.002,0**				**817,7**	**1.046,4**	**-228,7**
402-1.10	Rekstur stofnanaþjónustu fyrir aldraða	-28,9	231,5				202,6	231,9	-29,3
402-5.21	Viðhald fasteigna öldrunarstofnana		188,0				188,0	188,0	
402-6.21	Stofnkostnaður og endurbætur	-155,4	582,5				427,1	626,5	-199,4
08-405	**Hrafnista, Reykjavík**		**1.540,8**	**67,5**	**49,1**		**1.657,4**	**1.487,6**	**169,8**
405-1.01	Hjúkrunarrými		1.268,1	62,5	41,6		1.372,2	1.285,5	86,7
405-1.11	Dvalarrými		272,7	5,0	7,5		285,2	202,1	83,1

Uppruni fjárheimilda ársins 2006, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
08-406	**Hrafnista, Hafnarfirði**		**965,6**	**38,1**	**30,5**		**1.034,2**	**1.049,3**	**-15,1**
406-1.01	Hjúkrunarrými		775,9	38,1	25,4		839,4	881,2	-41,8
406-1.11	Dvalarrými		169,5		4,6		174,1	145,4	28,7
406-1.15	Dagvist		20,2		0,5		20,7	22,7	-2,0
08-407	**Grund, Reykjavík**		**1.080,2**	**47,5**	**34,7**		**1.162,4**	**1.081,5**	**80,9**
407-1.01	Hjúkrunarrými		960,3	47,5	31,5		1.039,3	998,1	41,2
407-1.11	Dvalarrými		119,9		3,2		123,1	83,4	39,7
08-408	**Sunnuhlíð, Kópavogi**		**386,3**	**48,8**	**12,5**		**447,6**	**448,3**	**-0,7**
408-1.01	Hjúkrunarrými		372,4	48,8	12,2		433,4	432,9	0,5
408-1.15	Dagvist		13,9		0,3		14,2	15,4	-1,2
08-409	**Hjúkrunarheimilið Skjól**		**568,1**	**27,9**	**18,6**		**614,6**	**610,9**	**3,7**
409-1.01	Hjúkrunarrými		568,1	27,9	18,6		614,6	610,9	3,7
08-410	**Hjúkrunarheimilið Eir**		**943,1**	**44,0**	**30,6**		**1.017,7**	**1.016,6**	**1,1**
410-1.01	Hjúkrunarrými		895,8	44,0	29,4		969,2	972,1	-2,9
410-1.15	Dagvist		47,3		1,2		48,5	44,5	4,0
08-411	**Garðvangur, Garði**		**215,9**	**38,6**	**7,1**		**261,6**	**250,5**	**11,1**
411-1.01	Hjúkrunarrými		215,9	38,6	7,1		261,6	250,5	11,1
08-412	**Hjúkrunarheimilið Skógarbær**		**450,9**	**26,7**	**14,7**		**492,3**	**492,9**	**-0,6**
412-1.01	Hjúkrunarrými		367,7	26,7	12,1		406,5	407,4	-0,9
412-1.71	Endurhæfingardeild		83,2		2,6		85,8	85,5	0,3
08-413	**Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum**		**435,2**	**46,8**	**14,3**		**496,3**	**447,2**	**49,1**
413-1.01	Hjúkrunarrými		435,2	46,8	14,3		496,3	447,2	49,1

Uppruni fjárheimilda ársins 2006, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
08-414	**Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu**		**145,6**	**26,5**	**4,7**		**176,8**	**180,5**	**-3,7**
414-1.01	Hjúkrunarrými		128,8	16,2	4,2		149,2	149,4	-0,2
414-1.11	Dvalarrými		16,8	10,3	0,5		27,6	31,1	-3,5
08-415	**Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði**		**101,1**	**19,4**	**3,3**		**123,8**	**124,9**	**-1,1**
415-1.01	Hjúkrunarrými		83,4	18,9	2,8		105,1	105,5	-0,4
415-1.11	Dvalarrými		14,7	0,5	0,4		15,6	16,1	-0,5
415-1.15	Dagvist		3,0		0,1		3,1	3,3	-0,2
08-416	**Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði**		**128,8**	**7,2**	**4,1**		**140,1**	**137,1**	**3,0**
416-1.01	Hjúkrunarrými		101,2	5,0	3,4		109,6	106,3	3,3
416-1.11	Dvalarrými		23,0	2,2	0,6		25,8	25,9	-0,1
416-1.15	Dagvist		4,6		0,1		4,7	4,9	-0,2
08-417	**Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn**		**84,4**	**3,2**	**2,7**		**90,3**	**68,7**	**21,6**
417-1.01	Hjúkrunarrými		64,3	3,2	2,1		69,6	61,3	8,3
417-1.11	Dvalarrými		17,1		0,5		17,6	7,2	10,4
417-1.15	Dagvist		3,0		0,1		3,1	0,2	2,9
08-418	**Seljahlíð, Reykjavík**		**172,5**	**29,5**	**5,5**		**207,5**	**191,4**	**16,1**
418-1.01	Hjúkrunarrými		144,2	16,2	4,7		165,1	163,6	1,5
418-1.11	Dvalarrými		28,3	13,3	0,8		42,4	27,8	14,6
08-419	**Sólvangur, Hafnarfirði**		**440,4**	**21,7**	**14,4**		**476,5**	**430,3**	**46,2**
419-1.01	Hjúkrunarrými		440,4	21,7	14,4		476,5	430,3	46,2
08-421	**Víðines**		**185,9**	**9,1**	**6,7**		**201,7**	**221,4**	**-19,7**
421-1.01	Hjúkrunarrými		185,9	9,1	6,7		201,7	221,4	-19,7
08-423	**Höfði, Akranesi**		**297,6**	**24,3**	**9,2**		**331,1**	**342,9**	**-11,8**
423-1.01	Hjúkrunarrými		204,6	22,6	6,7		233,9	250,9	-17,0

Uppruni fjárheimilda ársins 2006, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
423-1.11	Dvalarrými		77,5		2,2		79,7	77,1	2,6
423-1.15	Dagvist		15,5	1,7	0,3		17,5	14,9	2,6
08-424	**Dvalarheimili aldraða Borgarnesi**		**171,1**	**28,7**	**5,2**		**205,0**	**196,7**	**8,3**
424-1.01	Hjúkrunarrými		99,9	10,3	3,3		113,5	113,4	0,1
424-1.11	Dvalarrými		71,2	18,4	1,9		91,5	83,3	8,2
08-425	**Dvalarheimili aldraða Stykkishólmi**		**72,1**	**6,4**	**2,2**		**80,7**	**74,4**	**6,3**
425-1.01	Hjúkrunarrými		49,1	6,4	1,6		57,1	56,6	0,5
425-1.11	Dvalarrými		23,0		0,6		23,6	17,8	5,8
08-426	**Fellaskjól, Grundarfirði**		**63,8**	**2,4**	**2,0**		**68,2**	**50,0**	**18,2**
426-1.01	Hjúkrunarrými		49,1	2,4	1,6		53,1	37,3	15,8
426-1.11	Dvalarrými		14,7		0,4		15,1	12,7	2,4
08-427	**Jaðar, Ólafsvík**		**64,0**	**2,4**	**2,0**		**68,4**	**55,6**	**12,8**
427-1.01	Hjúkrunarrými		48,0	2,4	1,6		52,0	46,9	5,1
427-1.11	Dvalarrými		14,3		0,4		14,7	7,5	7,2
427-1.15	Dagvist		1,7				1,7	1,2	0,5
08-428	**Fellsendi, Búðardal**		**133,0**	**6,6**	**4,4**		**144,0**	**90,4**	**53,6**
428-1.01	Hjúkrunarrými		133,0	6,6	4,4		144,0	90,4	53,6
08-429	**Barmahlíð, Reykhólum**		**66,9**	**3,1**	**2,1**		**72,1**	**73,0**	**-0,9**
429-1.01	Hjúkrunarrými		62,7	3,1	2,0		67,8	68,1	-0,3
429-1.11	Dvalarrými		4,2		0,1		4,3	4,9	-0,6
08-433	**Dalbær, Dalvík**		**177,7**	**5,9**	**5,5**		**189,1**	**187,6**	**1,5**
433-1.01	Hjúkrunarrými		120,4	5,9	4,0		130,3	130,5	-0,2
433-1.11	Dvalarrými		46,4		1,3		47,7	45,8	1,9
433-1.15	Dagvist		10,9		0,2		11,1	11,3	-0,2

Uppruni fjárheimilda ársins 2006, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
08-434	**Samningur við Akureyrarbæ um öldrunarþjónu**		**931,3**	**38,9**	**29,6**		**999,8**	**916,9**	**82,9**
434-1.01	Hjúkrunarrými		767,3	37,7	25,1		830,1	748,5	81,6
434-1.11	Dvalarrými		133,1	1,2	3,7		138,0	135,0	3,0
434-1.15	Dagvist		30,9		0,8		31,7	33,4	-1,7
08-436	**Uppsalir, Fáskrúðsfirði**		**90,0**	**18,1**	**2,8**		**110,9**	**116,5**	**-5,6**
436-1.01	Hjúkrunarrými		64,8	5,9	2,1		72,8	76,2	-3,4
436-1.11	Dvalarrými		25,2	12,2	0,7		38,1	40,3	-2,2
08-437	**Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um öl**		**215,3**	**6,4**	**6,8**		**228,5**	**216,2**	**12,3**
437-1.01	Hjúkrunarrými		130,4	6,4	4,5		141,3	142,9	-1,6
437-1.11	Dvalarrými		29,4		0,8		30,2	16,6	13,6
437-1.15	Dagvist		4,9		0,1		5,0	5,8	-0,8
437-1.81	Sjúkrarými og fæðingar		50,6		1,4		52,0	50,9	1,1
08-438	**Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri**		**94,4**	**4,6**	**3,0**		**102,0**	**101,4**	**0,6**
438-1.01	Hjúkrunarrými		85,2	4,2	2,8		92,2	91,7	0,5
438-1.11	Dvalarrými		8,5	0,4	0,2		9,1	9,7	-0,6
438-1.15	Dagvist		0,7				0,7		0,7
08-439	**Hjallatún, Vík**		**67,5**	**6,0**	**2,2**		**75,7**	**78,1**	**-2,4**
439-1.01	Hjúkrunarrými		52,8	2,8	1,8		57,4	58,1	-0,7
439-1.11	Dvalarrými		14,7	3,2	0,4		18,3	20,0	-1,7
08-440	**Kumbaravogur, Stokkseyri**		**255,2**	**12,9**	**8,1**		**276,2**	**245,4**	**30,8**
440-1.01	Hjúkrunarrými		209,1	11,0	6,9		227,0	224,2	2,8
440-1.11	Dvalarrými		46,1	1,9	1,2		49,2	21,2	28,0
08-441	**Ás/Ásbyrgi, Hveragerði**		**460,2**	**16,2**	**13,3**		**489,7**	**476,0**	**13,7**
441-1.01	Hjúkrunarrými		130,5	11,8	4,3		146,6	147,0	-0,4

Uppruni fjárheimilda ársins 2006, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
441-1.11	Dvalarrými		169,1	4,4	4,6		178,1	181,8	-3,7
441-1.17	Geðrými		160,6		4,4		165,0	147,2	17,8
08-442	**Hraunbúðir, Vestmannaeyjum**		**185,2**	**23,0**	**5,9**		**214,1**	**206,3**	**7,8**
442-1.01	Hjúkrunarrými		142,4	11,4	4,7		158,5	170,7	-12,2
442-1.11	Dvalarrými		35,2	10,8	1,0		47,0	28,2	18,8
442-1.15	Dagvist		7,6	0,8	0,2		8,6	7,4	1,2
08-443	**Holtsbúð, Garðabæ**		**204,7**	**9,7**	**6,7**		**221,1**	**217,2**	**3,9**
443-1.01	Hjúkrunarrými		196,9	9,7	6,5		213,1	209,0	4,1
443-1.15	Dagvist		7,8		0,2		8,0	8,2	-0,2
08-444	**Vífilsstaðir, Garðabæ**		**260,5**	**41,0**	**8,6**		**310,1**	**309,9**	**0,2**
444-1.01	Hjúkrunarrými		260,5	41,0	8,6		310,1	309,9	0,2
08-447	**Sóltún, Reykjavík**		**783,9**				**783,9**	**924,9**	**-141,0**
447-1.01	Hjúkrunarrými		783,9				783,9	924,9	-141,0
08-460	**Dvalarrými aldraðra, önnur**		**485,7**	**66,2**	**13,3**		**565,2**	**534,3**	**30,9**
460-1.11	Dvalarrými aldraðra, önnur		485,7	66,2	13,3		565,2	534,3	30,9
08-470	**Vesturhlíð, Reykjavík**	**8,8**	**11,4**		**0,3**		**20,5**	**6,4**	**14,1**
470-1.10	Vesturhlíð, Reykjavík	8,8	11,4		0,3		20,5	6,4	14,1
08-472	**Hlíðabær, Reykjavík**	**-8,6**	**37,3**		**1,0**		**29,7**	**41,9**	**-12,2**
472-1.10	Hlíðabær, Reykjavík	-8,6	37,3		1,0		29,7	41,9	-12,2
08-473	**Lindargata, Reykjavík**	**-4,8**	**34,7**		**0,9**		**30,8**	**37,9**	**-7,1**
473-1.10	Lindargata, Reykjavík	-4,8	34,7		0,9		30,8	37,9	-7,1
08-474	**Dagvist og endurhæfingarstöð MS-sjúklinga**	**-6,8**	**67,6**		**1,9**		**62,7**	**72,7**	**-10,0**
474-1.10	Dagvist og endurhæfingarstöð MS-sjúklinga	-6,8	67,6		1,9		62,7	72,7	-10,0

Uppruni fjárheimilda ársins 2006, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-færð	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
08-475	**Múlabær, Reykjavík**	**-18,3**	**52,6**		**1,4**		**35,7**	**63,0**	**-27,3**
475-1.10	Múlabær, Reykjavík	-18,3	52,6		1,4		35,7	63,0	-27,3
08-476	**Fríðuhús, Reykjavík**	**-5,8**	**28,1**		**0,8**		**23,1**	**31,7**	**-8,6**
476-1.10	Fríðuhús, Reykjavík	-5,8	28,1		0,8		23,1	31,7	-8,6
08-477	**Dagvistun aldraðra, aðrar**		**225,8**	**7,5**	**6,2**		**239,5**	**233,9**	**5,6**
477-1.10	Dagvistun aldraðra, aðrar		225,8	7,5	6,2		239,5	233,9	5,6
08-478	**Vistheimilið Bjarg**		**42,2**		**1,2**		**43,4**	**43,4**	
478-1.10	Vistheimilið Bjarg		42,2		1,2		43,4	43,4	
08-479	**Hlaðgerðarkot**		**69,9**				**69,9**	**69,9**	
479-1.10	Hlaðgerðarkot		69,9				69,9	69,9	
08-491	**Reykjalundur, Mosfellsbæ**		**1.079,8**		**28,8**		**1.108,6**	**1.108,6**	
491-1.10	Reykjalundur, Mosfellsbæ		1.079,8		28,8		1.108,6	1.108,6	
08-492	**Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands**		**420,5**		**6,2**		**426,7**	**426,7**	
492-1.10	Endurhæfingardeild		175,4		2,6		178,0	178,0	
492-1.15	Almenn deild		245,1		3,6		248,7	248,7	
08-493	**Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnu**		**367,1**		**5,5**		**372,6**	**372,6**	
493-1.10	Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun		362,1		5,5		367,6	367,6	
493-5.21	Viðhald fasteignar		5,0				5,0	5,0	
08-494	**Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða**		**86,8**		**2,1**		**88,9**	**88,9**	
494-1.10	Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða		86,8		2,1		88,9	88,9	
08-500	**Heilsugæslustöðvar, almennt**	**269,2**	**442,7**	**48,5**	**-331,1**		**429,3**	**127,1**	**302,2**
500-1.10	Heilsugæslustöðvar, almennt	138,7	307,7	32,0	-300,3		178,1	52,6	125,5
500-1.13	Afnotagjöld og þjónusta við sjúkraskrárkerfi heilsu	78,4	51,8		-2,5		127,7	0,3	127,4

Uppruni fjárheimilda ársins 2006, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
500-5.01	Viðhald	46,6	31,8		-3,9		74,5	41,3	33,2
500-6.01	Tæki og búnaður	5,5	51,4	16,5	-24,4		49,0	32,9	16,1
08-501	**Sjúkraflutningar**	**114,4**	**623,7**	**4,0**	**-55,6**		**686,5**	**664,1**	**22,4**
501-1.11	Sjúkraflutningar	65,4	458,2		-52,0		471,6	468,8	2,8
501-1.12	Útvegun og rekstur sjúkrabifreiða	-0,4	60,4				60,0	81,8	-21,8
501-1.15	Sjúkraflug	49,4	105,1	4,0	-3,6		154,9	113,5	41,4
08-505	**Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu**		**0,4**	**0,4**			**0,8**		**0,8**
505-1.01	Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu		0,4	0,4			0,8		0,8
08-506	**Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu**	**-221,4**	**3.493,5**	**45,0**	**233,0**		**3.550,1**	**3.853,4**	**-303,3**
506-1.01	Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu	-221,4	3.493,5	45,0	233,0		3.550,1	3.853,4	-303,3
08-515	**Heilsugæslustöðin Lágmúla í Reykjavík**		**124,7**		**1,8**		**126,5**	**126,5**	
515-1.01	Heilsugæslustöðin Lágmúla		124,7		1,8		126,5	126,5	
08-517	**Læknavaktin**		**233,7**		**5,4**		**239,1**	**239,1**	
517-1.01	Læknavaktin		233,7		5,4		239,1	239,1	
08-522	**Heilsugæslustöðin Borgarnesi**	**-12,9**	**104,3**	**0,1**	**25,3**		**116,8**	**123,9**	**-7,1**
522-1.01	Heilsugæslustöðin Borgarnesi	-12,9	104,3	0,1	25,3		116,8	123,9	-7,1
08-524	**Heilsugæslustöðin Ólafsvík**	**-9,8**	**75,9**		**15,1**		**81,2**	**80,1**	**1,1**
524-1.01	Heilsugæslustöðin Ólafsvík	-9,8	75,9		15,1		81,2	80,1	1,1
08-525	**Heilsugæslustöðin Grundarfirði**	**5,9**	**45,6**	**0,1**	**4,1**		**55,7**	**49,0**	**6,7**
525-1.01	Heilsugæslustöðin Grundarfirði	5,9	45,6	0,1	4,1		55,7	49,0	6,7
08-526	**Heilsugæslustöðin Búðardal**	**-7,8**	**70,0**	**2,5**	**15,5**		**80,2**	**81,5**	**-1,3**
526-1.01	Heilsugæslustöðin Búðardal	-7,8	70,0	2,5	15,5		80,2	81,5	-1,3

Uppruni fjárheimilda ársins 2006, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
08-551	**Heilsugæslustöðin Ólafsfirði**	**-0,6**	**43,5**	**0,1**	**5,4**		**48,4**	**57,4**	**-9,0**
551-1.01	Heilsugæslustöðin Ólafsfirði	-0,6	43,5	0,1	5,4		48,4	57,4	-9,0
08-552	**Heilsugæslustöðin Dalvík**	**1,6**	**73,8**		**5,3**		**80,7**	**72,6**	**8,1**
552-1.01	Heilsugæslustöðin Dalvík	1,6	73,8		5,3		80,7	72,6	8,1
08-553	**Samningur við Akureyrarbæ um heilsugæslu**		**399,1**	**0,1**	**14,1**		**413,3**	**413,3**	
553-1.01	Samningur við Akureyrarbæ um heilsugæslu		399,1	0,1	14,1		413,3	413,3	
08-568	**Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um he**		**100,4**		**2,3**		**102,7**	**102,7**	
568-1.01	Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um heilsu		100,4		2,3		102,7	102,7	
08-588	**Heilsugæslustöðin í Salahverfi í Kópavogi**	**19,1**	**132,7**				**151,8**	**142,0**	**9,8**
588-1.01	Heilsugæslustöðin í Salahverfi í Kópavogi	19,1	132,7				151,8	142,0	9,8
08-700	**Heilbrigðisstofnanir**	**495,2**	**407,7**	**134,0**	**-100,7**		**936,2**	**347,8**	**588,4**
700-1.01	Almennur rekstur		50,0		-50,0				
700-5.50	Viðhald heilbrigðisstofnana	31,6	46,6	26,6	-34,2		70,6	0,5	70,1
700-6.01	Tæki og búnaður	48,8	58,1		-16,5		90,4	2,7	87,7
700-6.45	Heilbrigðisstofnunin Blönduósi		15,0				15,0	58,8	-43,8
700-6.55	Heilbrigðisstofnunin Siglufirði		40,0				40,0	83,1	-43,1
700-6.77	Heilbrigðisstofnun Austurlands		98,0				98,0	125,2	-27,2
700-6.87	Heilbrigðisstofnun Suðurlands		100,0				100,0	23,5	76,5
700-6.91	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja							53,5	-53,5
700-6.99	Bygging heilbrigðisstofnana, óskipt	414,8		107,4			522,2	0,5	521,7
08-711	**Heilbrigðisstofnunin Akranesi**	**-18,7**	**1.174,3**	**11,1**	**65,7**		**1.232,4**	**1.282,6**	**-50,2**
711-1.01	Heilsugæslusvið	80,2	137,9	0,2	11,9		230,2	182,3	47,9
711-1.11	Sjúkrasvið	-110,2	916,2	10,8	50,2		867,0	962,6	-95,6
711-1.21	Hjúkrunarrými	11,3	120,2	0,1	3,6		135,2	137,7	-2,5

Uppruni fjárheimilda ársins 2006, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
08-715	**St. Franciskusspítali, Stykkishólmi**		**308,1**	**0,1**	**18,7**		**326,9**	**327,9**	**-1,0**
715-1.01	Heilsugæslusvið		53,2		12,1		65,3	64,2	1,1
715-1.11	Sjúkrasvið		208,3	0,1	5,7		214,1	263,7	-49,6
715-1.21	Hjúkrunarrými		46,6		0,9		47,5		47,5
08-721	**Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði**	**-3,7**	**195,7**	**2,4**	**9,1**		**203,5**	**204,8**	**-1,3**
721-1.01	Heilsugæslusvið	1,6	50,4		3,3		55,3	55,1	0,2
721-1.11	Sjúkrasvið	3,2	55,3	2,2	2,4		63,1	57,3	5,8
721-1.21	Hjúkrunarrými	-8,5	90,0	0,2	3,4		85,1	92,4	-7,3
08-725	**Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ**	**70,8**	**669,6**	**0,5**	**21,5**		**762,4**	**753,5**	**8,9**
725-1.01	Heilsugæslusvið	91,8	173,0	0,1	8,7		273,6	153,5	120,1
725-1.11	Sjúkrasvið	-35,9	354,6	0,3	10,1		329,1	450,7	-121,6
725-1.21	Hjúkrunarrými	14,9	142,0	0,1	2,7		159,7	149,3	10,4
08-731	**Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík**	**-3,7**	**123,5**	**8,5**	**6,3**		**134,6**	**140,1**	**-5,5**
731-1.01	Heilsugæslusvið	-32,9	61,1		4,6		32,8	54,9	-22,1
731-1.21	Hjúkrunarrými	29,2	62,4	8,5	1,7		101,8	85,2	16,6
08-735	**Heilbrigðisstofnunin Hólmavík**	**-16,2**	**111,8**	**16,6**	**10,6**		**122,8**	**135,2**	**-12,4**
735-1.01	Heilsugæslusvið	-6,8	45,9	0,3	7,9		47,3	62,5	-15,2
735-1.11	Sjúkrasvið	-9,1	7,3	16,3	0,5		15,0	7,2	7,8
735-1.21	Hjúkrunarrými	-0,3	58,6		2,2		60,5	65,5	-5,0
08-741	**Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga**	**-20,2**	**216,6**	**18,7**	**12,9**		**228,0**	**234,7**	**-6,7**
741-1.01	Heilsugæslusvið	-66,8	55,3	12,0	2,8		3,3	59,4	-56,1
741-1.11	Sjúkrasvið	53,5	46,6	6,6	6,5		113,2	51,9	61,3
741-1.21	Hjúkrunarrými	-6,9	114,7	0,1	3,6		111,5	123,4	-11,9
08-745	**Heilbrigðisstofnunin Blönduósi**	**-22,4**	**320,8**	**19,3**	**12,8**		**330,5**	**332,0**	**-1,5**
745-1.01	Heilsugæslusvið	-42,8	62,7	19,0	3,1		42,0	86,3	-44,3

Uppruni fjárheimilda ársins 2006, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
745-1.11	Sjúkrasvið	31,3	95,9	0,1	4,6		131,9	75,8	56,1
745-1.21	Hjúkrunarrými	-10,9	162,2	0,2	5,1		156,6	169,9	-13,3
08-751	**Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki**	**37,1**	**668,7**	**0,7**	**30,2**		**736,7**	**731,8**	**4,9**
751-1.01	Heilsugæslusvið	-92,2	82,7	0,1	2,8		-6,6	121,1	-127,7
751-1.11	Sjúkrasvið	198,4	309,1	0,4	18,8		526,7	231,9	294,8
751-1.21	Hjúkrunarrými	-69,1	276,9	0,2	8,6		216,6	378,8	-162,2
08-755	**Heilbrigðisstofnunin Siglufirði**	**-3,0**	**323,6**	**0,2**	**12,2**		**333,0**	**329,6**	**3,4**
755-1.01	Heilsugæslusvið	-41,2	42,1		1,4		2,3	53,0	-50,7
755-1.11	Sjúkrasvið	65,4	139,9	0,1	6,1		211,5	109,0	102,5
755-1.21	Hjúkrunarrými	-27,2	141,6	0,1	4,7		119,2	167,6	-48,4
08-761	**Heilbrigðisstofnun Þingeyinga**	**-88,7**	**703,8**	**72,9**	**46,3**		**734,3**	**762,2**	**-27,9**
761-1.01	Heilsugæslusvið	221,8	226,8	72,3	11,8		532,7	217,1	315,6
761-1.11	Sjúkrasvið	-420,1	362,6	0,5	30,3		-26,7	545,1	-571,8
761-1.21	Hjúkrunarrými	109,6	114,4	0,1	4,2		228,3		228,3
08-777	**Heilbrigðisstofnun Austurlands**	**-64,7**	**1.408,0**	**94,7**	**76,3**		**1.514,3**	**1.519,2**	**-4,9**
777-1.01	Heilsugæslusvið	112,9	541,7	0,4	37,1		692,1	554,6	137,5
777-1.11	Sjúkrasvið	-113,5	583,1	94,1	29,7		593,4	604,2	-10,8
777-1.21	Hjúkrunarrými	-64,1	283,2	0,2	9,5		228,8	360,4	-131,6
08-781	**Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum**	**-72,6**	**526,5**	**51,8**	**27,9**		**533,6**	**562,5**	**-28,9**
781-1.01	Heilsugæslusvið	-15,6	96,5	0,1	3,6		84,6	109,8	-25,2
781-1.11	Sjúkrasvið	30,4	348,1	23,6	21,5		423,6	446,8	-23,2
781-1.21	Hjúkrunarrými	-87,4	81,9	28,1	2,8		25,4	5,9	19,5
08-787	**Heilbrigðisstofnun Suðurlands**	**-104,0**	**1.241,2**	**154,5**	**126,7**		**1.418,4**	**1.492,1**	**-73,7**
787-1.01	Heilsugæslusvið	4,0	612,5	9,2	99,1		724,8	771,5	-46,7
787-1.11	Sjúkrasvið	-113,8	497,3	145,1	24,3		552,9	580,0	-27,1
787-1.21	Hjúkrunarrými	5,8	131,4	0,2	3,3		140,7	140,6	0,1

Uppruni fjárheimilda ársins 2006, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
08-791	**Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum**	**-151,2**	**1.147,9**	**188,1**	**57,0**		**1.241,8**	**1.267,1**	**-25,3**
791-1.01	Heilsugæslusvið	-456,7	323,3	0,3	35,5		-97,6	315,8	-413,4
791-1.11	Sjúkrasvið	329,0	701,8	167,7	19,4		1.217,9	805,7	412,2
791-1.21	Hjúkrunarrými	-23,5	122,8	20,1	2,1		121,5	145,6	-24,1
08-795	**St. Jósefsspítali, Hafnarfirði**	**-81,0**	**593,0**	**95,1**	**30,6**		**637,7**	**724,8**	**-87,1**
795-1.11	St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	-81,0	593,0	95,1	30,6		637,7	720,5	-82,8
795-1.21	Hjúkrunarrými							4,3	-4,3
08-996	**Íslenska upplýsingasamfélagið**	**3,4**					**3,4**	**0,5**	**2,9**
996-6.51	Íslenska upplýsingasamfélagið	3,4					3,4	0,5	2,9
09	***Fjármálaráðuneyti***	***1.052,2***	***31.626,5***	***5.217,3***	***-1.997,3***	***143,4***	***36.042,1***	***41.897,7***	***-5.855,6***
09-101	**Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa**	**37,6**	**547,8**	**1,0**	**6,3**		**592,7**	**550,5**	**42,2**
101-1.01	Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa	37,6	547,8	1,0	6,3		592,7	550,5	42,2
09-103	**Fjársýsla ríkisins**	**51,1**	**1.081,4**	**0,2**	**-0,3**		**1.132,4**	**1.040,2**	**92,2**
103-1.01	Almennur rekstur	-7,2	433,3	0,2	-0,3		426,0	429,8	-3,8
103-1.43	Tekjubókhaldskerfi	16,5	274,6				291,1	256,4	34,7
103-1.47	Fjárhags- og starfsmannakerfi ríkisins	63,3	349,5				412,8	336,9	75,9
103-6.43	Hugbúnaðargerð fyrir tekjubókhaldskerfi	10,6	9,0				19,6	4,8	14,8
103-6.47	Hugbúnaðargerð fyrir fjárhags- og starfsmannakerf	-32,1	15,0				-17,1	12,3	-29,4
09-199	**Ráðstöfunarfé**	**15,2**	**6,0**		**-11,3**		**9,9**		**9,9**
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	15,2	6,0		-11,3		9,9		9,9
09-201	**Ríkisskattstjóri**	**63,5**	**977,3**	**0,1**	**29,3**	**30,7**	**1.100,9**	**1.027,3**	**73,6**
201-1.01	Almennur rekstur	-17,6	538,4	0,1	6,3	30,7	557,9	596,6	-38,7
201-1.10	Sameiginleg útgjöld ríkisskattstjóra og skattstofa	36,2	139,8		5,0		181,0	113,2	67,8

Uppruni fjárheimilda ársins 2006, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
201-1.41	Skattvinnslukerfi	-59,5	271,6		5,0		217,1	274,9	-57,8
201-6.41	Hugbúnaðargerð fyrir skattvinnslukerfi	104,4	27,5		13,0		144,9	42,6	102,3
09-202	**Skattstofan í Reykjavík**	**12,3**	**377,9**	**0,1**	**-0,2**		**390,1**	**372,1**	**18,0**
202-1.01	Skattstofan í Reykjavík	12,3	377,9	0,1	-0,2		390,1	372,1	18,0
09-203	**Skattstofa Vesturlands**	**0,5**	**75,9**	**0,2**	**-0,3**		**76,3**	**77,0**	**-0,7**
203-1.01	Skattstofa Vesturlands	0,5	75,9	0,2	-0,3		76,3	77,0	-0,7
09-204	**Skattstofa Vestfjarða**	**5,7**	**35,8**	**0,2**	**-0,3**		**41,4**	**33,9**	**7,5**
204-1.01	Skattstofa Vestfjarða	5,7	35,8	0,2	-0,3		41,4	33,9	7,5
09-205	**Skattstofa Norðurlands vestra**	**0,8**	**38,4**	**0,2**	**-0,3**		**39,1**	**40,3**	**-1,2**
205-1.01	Skattstofa Norðurlands vestra	0,8	38,4	0,2	-0,3		39,1	40,3	-1,2
09-206	**Skattstofa Norðurlands eystra**	**14,8**	**115,2**	**0,2**	**-0,3**		**129,9**	**104,9**	**25,0**
206-1.01	Skattstofa Norðurlands eystra	14,8	115,2	0,2	-0,3		129,9	104,9	25,0
09-207	**Skattstofa Austurlands**	**0,6**	**51,1**	**0,2**	**-0,3**		**51,6**	**48,5**	**3,1**
207-1.01	Skattstofa Austurlands	0,6	51,1	0,2	-0,3		51,6	48,5	3,1
09-208	**Skattstofa Suðurlands**	**6,1**	**59,7**	**0,1**	**-0,2**		**65,7**	**63,9**	**1,8**
208-1.01	Skattstofa Suðurlands	6,1	59,7	0,1	-0,2		65,7	63,9	1,8
09-209	**Skattstofa Vestmannaeyja**	**-1,6**	**24,2**	**0,1**	**-0,2**		**22,5**	**25,9**	**-3,4**
209-1.01	Skattstofa Vestmannaeyja	-1,6	24,2	0,1	-0,2		22,5	25,9	-3,4
09-211	**Skattstofa Reykjaness**	**14,4**	**231,8**	**0,2**	**-0,3**		**246,1**	**231,3**	**14,8**
211-1.01	Skattstofa Reykjaness	14,4	231,8	0,2	-0,3		246,1	231,3	14,8
09-212	**Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld**	**135,0**	**85,8**		**-36,5**		**184,3**	**9,9**	**174,4**
212-1.01	Ýmis sameiginleg útgjöld	16,5	48,8		-10,5		54,8	0,4	54,4
212-1.05	Gæða- og þjónustumál skattstofa	23,7	1,0				24,7	0,4	24,3

Uppruni fjárheimilda ársins 2006, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
212-1.10	Skatteftirlit	46,0	4,3		-1,5		48,8	1,5	47,3
212-1.30	Þungaskattur	-3,3	20,0				16,7	7,0	9,7
212-6.43	Hugbúnaðargerð fyrir skattkerfið	52,1	11,7		-24,5		39,3	0,6	38,7
09-214	**Yfirskattanefnd**	**20,6**	**104,0**	**0,6**	**-1,0**		**124,2**	**108,6**	**15,6**
214-1.01	Yfirskattanefnd	20,6	104,0	0,6	-1,0		124,2	108,6	15,6
09-215	**Skattrannsóknarstjóri ríkisins**	**-1,2**	**154,5**	**0,2**	**5,2**		**158,7**	**158,1**	**0,6**
215-1.01	Skattrannsóknarstjóri ríkisins	-1,2	154,5	0,2	5,2		158,7	158,1	0,6
09-250	**Innheimtukostnaður**		**276,9**			**4,1**	**281,0**	**327,5**	**-46,5**
250-1.10	Ýmis innheimtukostnaður		276,9			4,1	281,0	327,5	-46,5
09-262	**Tollstjórinn í Reykjavík**	**90,1**	**1.085,1**	**120,2**	**1,1**	**11,5**	**1.308,0**	**1.070,5**	**237,5**
262-1.01	Tollstjórinn í Reykjavík	-315,7	919,6	0,2	1,1	11,5	616,7	1.045,8	-429,1
262-1.45	Tollafgreiðslukerfi	466,8	165,5				632,3		632,3
262-6.01	Tæki og búnaður	-61,0		120,0			59,0	24,7	34,3
09-381	**Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun**		**4.798,0**				**4.798,0**	**10.565,3**	**-5.767,3**
381-1.01	Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins		3.656,0				3.656,0	7.768,3	-4.112,3
381-1.04	Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga		351,0				351,0	1.445,7	-1.094,7
381-1.06	Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands		139,0				139,0	349,6	-210,6
381-1.07	Eftirlaun fyrrum bankastjóra Útvegsbanka Íslands		10,0				10,0	10,5	-0,5
381-1.09	Lífeyrissjóðir sveitarfélaga vegna samrekstrarstofn		142,0				142,0	67,2	74,8
381-1.10	Eftirlaun ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardó		300,0				300,0	919,5	-619,5
381-1.91	Aðrar lífeyrisskuldbindingar og eftirlaun		200,0				200,0	4,5	195,5
09-402	**Fasteignamat ríkisins**	**202,8**	**488,4**		**-0,2**	**77,4**	**768,4**	**624,9**	**143,5**
402-1.01	Fasteignamat ríkisins	31,9	388,4		-0,2	77,4	497,5	554,9	-57,4
402-6.02	Landskrá fasteigna	170,9	100,0				270,9	70,0	200,9

Uppruni fjárheimilda ársins 2006, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
09-405	**Fasteignagjöld af húsnæði ríkisins**		**200,0**	**25,0**	**-228,2**		**-3,2**		**-3,2**
405-1.01	Fasteignagjöld af húsnæði ríkisins		200,0	25,0	-228,2		-3,2		-3,2
09-481	**Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum**		**190,0**		**-337,2**		**-147,2**		**-147,2**
481-6.01	Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum		190,0		-337,2		-147,2		-147,2
09-711	**Afskriftir skattkrafna**		**6.000,0**	**3.000,0**			**9.000,0**	**11.445,8**	**-2.445,8**
711-1.11	Afskriftir skattkrafna		6.000,0	3.000,0			9.000,0	11.445,8	-2.445,8
09-721	**Fjármagnstekjuskattur**		**760,0**	**783,0**			**1.543,0**	**1.266,0**	**277,0**
721-1.11	Fjármagnstekjuskattur		760,0	783,0			1.543,0	1.266,0	277,0
09-811	**Barnabætur**		**6.800,0**				**6.800,0**	**6.371,1**	**428,9**
811-1.11	Barnabætur		6.800,0				6.800,0	6.371,1	428,9
09-821	**Vaxtabætur**		**5.100,0**	**290,0**			**5.390,0**	**5.351,3**	**38,7**
821-1.11	Vaxtabætur		5.100,0	290,0			5.390,0	5.351,3	38,7
09-901	**Framkvæmdasýsla ríkisins**	**15,3**	**2,7**				**18,0**	**4,0**	**14,0**
901-1.01	Framkvæmdasýsla ríkisins	15,3	2,7				18,0	4,0	14,0
09-905	**Ríkiskaup**	**27,8**					**27,8**	**-1,8**	**29,6**
905-1.01	Ríkiskaup	27,8					27,8	-1,8	29,6
09-972	**Lánasýsla ríkisins**	**15,1**	**76,4**	**0,2**	**-0,4**		**91,3**	**31,5**	**59,8**
972-1.01	Lánasýsla ríkisins	15,1	76,4	0,2	-0,4		91,3	31,5	59,8
09-973	**Tapaðar kröfur og tjónabætur**		**210,0**		**-1,3**		**208,7**	**15,4**	**193,3**
973-6.11	Tapaðar kröfur		190,0				190,0	0,1	189,9
973-6.15	Tjónabætur		20,0		-1,3		18,7	15,3	3,4
09-980	**Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarh**	**17,8**	**29,9**				**47,7**	**34,4**	**13,3**
980-1.01	Rekstur húsnæðis	104,7					104,7	-21,6	126,3

Uppruni fjárheimilda ársins 2006, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-færð	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
980-1.05	Rekstur tölvukerfis	-51,4	11,6				-39,8	19,2	-59,0
980-6.21	Húsnæði	-81,9	5,3				-76,6	24,0	-100,6
980-6.41	Tölvubúnaður	46,4	13,0				59,4	12,8	46,6
09-981	**Ýmsar fasteignir ríkissjóðs**	**38,8**	**14,5**		**187,9**		**241,2**	**188,0**	**53,2**
981-5.21	Viðhald stjórnarráðsbygginga	38,8	14,5				53,3		53,3
981-6.91	Ýmsar fasteignir skv. 6. gr. fjárlaga				187,9		187,9	188,0	-0,1
09-984	**Fasteignir ríkissjóðs**	**39,9**				**19,7**	**59,6**	**-97,2**	**156,8**
984-1.01	Yfirstjórn	455,9	67,8	0,1	-0,2		523,6	63,3	460,3
984-1.11	Rekstur fasteigna	122,2	-1.183,2	-0,1	0,2	19,7	-1.041,2	-1.242,1	200,9
984-5.21	Viðhald fasteigna	-538,2	1.115,4				577,2	1.081,6	-504,4
09-985	**Rekstur fyrrum varnarsvæða við Keflavíkurflu**				**100,0**		**100,0**		**100,0**
985-1.01	Rekstur fyrrum varnarsvæða við Keflavíkurflugvöl				100,0		100,0		100,0
09-989	**Launa- og verðlagsmál**		**690,0**	**984,9**	**-1.562,9**		**112,0**		**112,0**
989-1.90	Launa- og verðlagsmál		690,0	984,9	-1.562,9		112,0		112,0
09-990	**Ríkisstjórnarákvarðanir**	**26,7**	**200,0**		**-152,0**		**74,7**		**74,7**
990-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarin	26,7	200,0		-152,0		74,7		74,7
09-996	**Íslenska upplýsingasamfélagið**	**58,3**					**58,3**		**58,3**
996-6.51	Íslenska upplýsingasamfélagið	58,3					58,3		58,3
09-999	**Ýmislegt**	**144,2**	**737,8**	**10,4**	**6,6**		**899,0**	**808,6**	**90,4**
999-1.10	Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið		35,2				35,2	25,4	9,8
999-1.12	Greiðslur til samtaka höfundarréttarhafa fyrir ljósri	2,3	8,0				10,3	7,0	3,3
999-1.13	Kjarasamningar	35,0	33,2		-0,1		68,1	28,1	40,0
999-1.14	Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum		40,0				40,0	61,7	-21,7
999-1.15	Kjararannsóknir	-2,4	10,0	0,1	-0,1		7,6	7,9	-0,3
999-1.18	Styrkur til stjórnmálaflokka í samræmi við heimild		200,0				200,0	200,0	

Uppruni fjárheimilda ársins 2006, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
999-1.20	Endurgreiðslur til sveitarfélaga		30,0				30,0	30,0	
999-1.31	Lífeyrissjóður bænda		75,0				75,0	45,1	29,9
999-1.45	Ýmsar nefndir	1,0	28,1	0,1	-0,1		29,1	17,1	12,0
999-1.49	Rekstur fjárlagakerfis ráðuneyta og Alþingis	24,3	5,4				29,7	1,2	28,5
999-1.60	Dómkröfur		139,3				139,3	275,0	-135,7
999-1.65	Kjaranefnd	-23,4	21,3	0,1	-0,1		-2,1	29,0	-31,1
999-1.66	Yfirfasteignamatsnefnd	-19,9	4,9				-15,0	15,3	-30,3
999-1.75	Aðstoð vegna jarðskjálfta á Suðurlandi							0,3	-0,3
999-1.81	Verðjöfnunargjöld vegna útflutnings		5,0				5,0	2,0	3,0
999-1.90	Ýmis verkefni	93,2	87,6	10,1	11,2		202,1	60,3	141,8
999-1.92	Rekstrarkostn. biðreikn. Útvegsb. Ísl.							0,1	-0,1
999-1.93	Kaup á hlut sveitarfélaga í Landsvirkjun							3,1	-3,1
999-6.11	Bifreiðar Stjórnarráðsins	-8,9	10,0		-4,2		-3,1		-3,1
999-6.49	Hugbúnaðargerð fyrir fjárlagakerfi ráðuneyta og A	27,3	4,8				32,1		32,1
999-6.91	Hagræðingarmál	15,7					15,7		15,7
10 Samgönguráðuneyti		***5.968,7***	***18.100,4***	***1.867,8***	***17,2***	***215,1***	***26.169,2***	***20.719,8***	***5.449,4***
10-101	**Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa**	**47,7**	**277,3**	**1,1**	**18,1**	**-1,5**	**342,7**	**306,7**	**36,0**
101-1.01	Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa	47,7	277,3	1,1	18,1	-1,5	342,7	306,7	36,0
10-190	**Ýmis verkefni**	**127,0**	**442,6**	**135,8**	**-178,9**		**526,5**	**377,5**	**149,0**
190-1.11	Fastanefndir	-11,6	6,5		10,0		4,9	16,0	-11,1
190-1.12	Vetrarsamgöngur og völuflutningar	18,1	9,3				27,4	4,2	23,2
190-1.19	Útgáfa ökuskírteina	17,3	15,4				32,7	26,7	6,0
190-1.23	Slysavarnaskóli sjómanna	16,6	55,1				71,7	71,7	
190-1.25	Staðsetningarkerfi	9,3	6,7		-7,0		9,0		9,0
190-1.34	Flugskóli Íslands	2,4	22,0				24,4	21,5	2,9
190-1.35	Átak í umferðaröryggismálum	39,4	50,0		-50,0		39,4		39,4
190-1.36	Athugun á samgöngumiðstöð í Vatnsmýri og Reyk	13,3		15,0			28,3	19,3	9,0

Uppruni fjárheimilda ársins 2006, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
190-1.41	Ferðamálasamtök Vestur-Norðurlanda	1,0			-1,0				
190-1.42	Gestastofur, söfn og markaðsstarf	5,2	12,2		-2,0		15,4	15,2	0,2
190-1.44	Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu	8,5	150,0	100,0	-128,9		129,6	94,1	35,5
190-1.47	Markaðssetning Íslands í Norður-Ameríku	2,0	47,1	5,8			54,9	48,4	6,5
190-1.52	Samningur um flug milli Íslands og Narssarssuaq á		12,5				12,5	12,5	
190-1.90	Ýmislegt	5,5	18,3				23,8	19,9	3,9
190-1.98	Ýmis framlög samgönguráðuneytis		31,5				31,5	28,0	3,5
190-6.42	Ferðamannaaðstaða við ferjuhafnir		6,0	15,0			21,0		21,0
10-199	**Ráðstöfunarfé**		**5,0**		**-5,0**				
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra		5,0		-5,0				
10-211	**Rekstur Vegagerðarinnar**	**225,4**	**4.241,2**			**4,7**	**4.471,3**	**4.968,5**	**-497,2**
211-1.01	Almennur rekstur	29,0	549,9			4,7	583,6	465,7	117,9
211-1.02	Innheimtukostnaður vegna markaðra tekna		57,1				57,1	57,1	
211-1.05	Umdæmi og rekstrardeildir	280,5					280,5	-103,7	384,2
211-1.07	Þjónusta	59,6	2.732,0				2.791,6	3.361,5	-569,9
211-1.11	Styrkir til ferja og sérleyfishafa	-211,2	643,5				432,3	942,4	-510,1
211-1.13	Styrkir til innanlandsflugs	31,9	145,3				177,2	132,4	44,8
211-1.21	Rannsóknir	35,6	113,4				149,0	113,1	35,9
10-212	**Framkvæmdir Vegagerðarinnar**	**2.169,2**	**8.740,0**	**1.000,0**			**11.909,2**	**10.820,9**	**1.088,3**
212-5.10	Viðhald	152,7	2.834,8				2.987,5	2.866,5	121,0
212-6.10	Framkvæmdir	2.016,5	5.905,2	1.000,0			8.921,7	7.954,4	967,3
10-251	**Umferðarstofa**	**167,4**	**413,0**	**45,0**	**40,0**	**-1,7**	**663,7**	**336,4**	**327,3**
251-1.01	Umferðarstofa	167,4	413,0	45,0	40,0	-1,7	663,7	336,4	327,3
10-281	**Rannsóknanefnd umferðarslysa**		**17,4**				**17,4**	**17,5**	**-0,1**
281-1.01	Rannsóknanefnd umferðarslysa		17,4				17,4	17,5	-0,1

Uppruni fjárheimilda ársins 2006, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
10-335	**Siglingastofnun Íslands**	**198,7**	**745,8**	**0,2**	**-0,3**	**23,4**	**967,8**	**686,4**	**281,4**
335-1.01	Almennur rekstur	96,9	406,0	0,2	-0,3	23,4	526,2	390,4	135,8
335-1.11	Vaktstöð siglinga	-1,3	199,8				198,5	205,9	-7,4
335-6.60	Vitabyggingar	26,5	20,4				46,9	20,2	26,7
335-6.80	Sjóvarnargarðar	76,6	119,6				196,2	69,9	126,3
10-336	**Hafnabótasjóður**	**947,8**	**843,7**				**1.791,5**	**724,6**	**1.066,9**
336-1.01	Almennur rekstur	5,2	11,1				16,3	-16,0	32,3
336-6.70	Hafnamannvirki	930,8	816,8				1.747,6	728,1	1.019,5
336-6.74	Lendingabætur	0,8	7,0				7,8	7,1	0,7
336-6.76	Ferjubryggjur	11,0	8,8				19,8	5,4	14,4
10-381	**Rannsóknanefnd sjóslysa**	**6,0**	**35,4**				**41,4**	**28,8**	**12,6**
381-1.01	Rannsóknanefnd sjóslysa	6,0	35,4				41,4	28,8	12,6
10-471	**Rekstur Flugmálastjórnar**	**220,3**	**1.354,3**	**34,3**	**61,1**	**92,3**	**1.762,3**	**1.463,4**	**298,9**
471-1.01	Flugmálastjórn	72,1	1.252,1	34,3	0,9	92,3	1.451,7	1.364,8	86,9
471-1.70	Alþjóðaflugþjónusta	58,8			0,1		58,9	0,1	58,8
471-1.81	Framlag Íslands vegna samnings við Alþjóðaflugm	89,4	102,2				191,6	98,5	93,1
471-5.41	Flugvellir, viðhald				60,1		60,1		60,1
10-472	**Framkvæmdir Flugmálastjórnar**	**485,1**	**454,4**	**144,0**	**-60,1**	**174,1**	**1.197,5**	**539,0**	**658,5**
472-5.41	Viðhald	109,2	174,1		-60,1		223,2	145,3	77,9
472-6.41	Framkvæmdir	375,9	280,3	144,0		174,1	974,3	393,7	580,6
10-473	**Alþjóðaflugþjónustan**	**61,2**					**61,2**	**-187,7**	**248,9**
473-1.01	Alþjóðaflugþjónustan	27,4	-150,0				-122,6	-227,7	105,1
473-6.10	Stofnkostnaður	33,8	150,0				183,8	40,0	143,8
10-481	**Rannsóknanefnd flugslysa**	**0,5**	**34,4**				**34,9**	**32,9**	**2,0**
481-1.01	Rannsóknanefnd flugslysa	0,5	34,4				34,9	32,9	2,0

Uppruni fjárheimilda ársins 2006, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
10-512	**Póst- og fjarskiptastofnunin**	**237,1**	**234,7**		**-0,3**	**-77,8**	**393,7**	**292,5**	**101,2**
512-1.01	Póst- og fjarskiptastofnunin	237,1	234,7		-0,3	-77,8	393,7	292,5	101,2
10-521	**Fjarskiptasjóður**	**1.000,0**		**500,0**			**1.500,0**	**-26,0**	**1.526,0**
521-6.41	Fjarskiptasjóður	1.000,0		500,0			1.500,0	-26,0	1.526,0
10-651	**Ferðamálastofa**	**61,3**	**261,2**	**7,4**	**142,6**	**1,6**	**474,1**	**338,4**	**135,7**
651-1.01	Ferðamálastofa	-338,5	56,4	0,1	0,9	1,6	-279,5	78,6	-358,1
651-1.05	Landkynningarskrifstofur erlendis	398,4	107,1	5,6	141,7		652,8	134,6	518,2
651-1.11	Ferðamálasamtök landshluta	-20,5	25,0				4,5	39,5	-35,0
651-1.15	Samstarfssamningar við Grænland og Færeyjar	1,2	12,6	1,7			15,5	6,2	9,3
651-1.21	Fjölsóttir ferðamannastaðir	20,7	60,1				80,8	79,5	1,3
10-996	**Íslenska upplýsingasamfélagið**	**14,0**					**14,0**		**14,0**
996-6.51	Íslenska upplýsingasamfélagið	14,0					14,0		14,0
11 Iðnaðarráðuneyti		***1.023,8***	***4.119,7***	***58,7***	***-143,3***	***126,3***	***5.185,2***	***4.262,9***	***922,3***
11-101	**Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa**	**7,3**	**148,6**	**0,8**	**-1,4**		**155,3**	**153,1**	**2,2**
101-1.01	Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	7,3	148,6	0,8	-1,4		155,3	153,1	2,2
11-102	**Einkaleyfastofan**	**87,4**	**126,3**		**-6,0**	**63,2**	**270,9**	**163,8**	**107,1**
102-1.01	Einkaleyfastofan	87,4	126,3		-6,0	63,2	270,9	163,8	107,1
11-199	**Ráðstöfunarfé**		**8,0**		**-8,0**				
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra		8,0		-8,0				
11-201	**Iðntæknistofnun Íslands**	**31,8**	**197,4**				**229,2**	**191,3**	**37,9**
201-1.01	Iðntæknistofnun Íslands	31,8	197,4				229,2	191,3	37,9
11-203	**Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins**	**13,6**	**96,3**				**109,9**	**97,0**	**12,9**
203-1.01	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	13,6	96,3				109,9	97,0	12,9

Uppruni fjárheimilda ársins 2006, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
11-240	**Iðnaðarrannsóknir og stóriðja**	**14,8**	**20,0**				**34,8**	**23,4**	**11,4**
240-1.01	Iðnaðarrannsóknir og stóriðja	14,8	20,0				34,8	23,4	11,4
11-242	**Tækniþróunarsjóður**	**87,8**	**460,0**				**547,8**	**465,0**	**82,8**
242-1.10	Tækniþróunarsjóður	87,8	460,0				547,8	465,0	82,8
11-245	**Samtök iðnaðarins**		**214,3**			**56,5**	**270,8**	**270,8**	
245-1.10	Samtök iðnaðarins		214,3			56,5	270,8	270,8	
11-251	**Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslan**	**227,3**	**75,0**				**302,3**	**165,2**	**137,1**
251-1.10	Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi	227,3	75,0				302,3	165,2	137,1
11-299	**Iðja og iðnaður, framlög**	**41,3**	**165,6**	**26,0**	**3,5**	**6,6**	**243,0**	**194,1**	**48,9**
299-1.10	Fastanefndir	4,6	8,0				12,6	5,7	6,9
299-1.19	Staðlaráð	2,3	41,2			6,6	50,1	43,3	6,8
299-1.21	Kostnaður vegna samnings við ÍSAL	-0,1	7,3				7,2	5,2	2,0
299-1.30	Alþjóðlegt samstarf	20,5	20,7				41,2	17,6	23,6
299-1.45	Kísilgúrsjóður, sjóður til eflingar atvinnulífs í Mýv		5,0				5,0	5,0	
299-1.48	Átak til atvinnusköpunar	0,7	53,4		-3,4		50,7	50,3	0,4
299-1.50	Nýsköpun og markaðsmál	13,3	30,0	26,0	6,9		76,2	67,0	9,2
11-301	**Orkustofnun**	**159,4**	**390,6**	**30,1**	**-0,2**		**579,9**	**378,4**	**201,5**
301-1.01	Orkustofnun	159,4	390,6	30,1	-0,2		579,9	378,4	201,5
11-371	**Orkusjóður**		**32,0**				**32,0**	**32,0**	
371-1.01	Rekstur Orkusjóðs		32,0				32,0	32,0	
11-373	**Niðurgreiðslur á húshitun**		**1.036,0**	**25,0**			**1.061,0**	**1.087,6**	**-26,6**
373-1.11	Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis		1.036,0	25,0			1.061,0	1.087,6	-26,6
11-375	**Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku**		**255,0**	**-25,0**			**230,0**	**219,7**	**10,3**
375-1.11	Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku		255,0	-25,0			230,0	219,7	10,3

Uppruni fjárheimilda ársins 2006, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
11-399	**Ýmis orkumál**	**72,6**	**242,8**		**-3,0**		**312,4**	**229,0**	**83,4**
399-1.13	Hafsbotnsrannsóknir	50,4	13,4		-6,9		56,9	22,0	34,9
399-1.16	Styrking dreifikerfis í sveitum		142,0				142,0	142,0	
399-1.21	Nýskipan orkumála	14,9	43,3		3,9		62,1	24,5	37,6
399-1.22	Vistvænir orkugjafar	1,3	26,1				27,4	22,1	5,3
399-1.23	Þróunarverkefni o.fl.		11,0				11,0	11,0	
399-1.24	Notendur utan samveitna	6,0	7,0				13,0	7,4	5,6
11-401	**Byggðaáætlun**	**280,5**	**314,5**		**-125,2**		**469,8**	**256,4**	**213,4**
401-1.10	Byggðaáætlun	280,5	314,5		-125,2		469,8	256,4	213,4
11-411	**Byggðastofnun**		**337,3**	**1,8**	**-3,0**		**336,1**	**336,1**	
411-1.10	Byggðastofnun		203,9	1,1	-1,8		203,2	203,2	
411-1.11	Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni		133,4	0,7	-1,2		132,9	132,9	
12 Viðskiptaráðuneyti		***125,4***	***1.433,4***	***17,2***	***16,0***	***49,0***	***1.641,0***	***1.377,2***	***263,8***
12-101	**Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa**	**13,2**	**126,6**	**12,4**	**-0,6**		**151,6**	**137,6**	**14,0**
101-1.01	Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa	13,2	126,6	12,4	-0,6		151,6	137,6	14,0
12-190	**Ýmis verkefni**	**15,9**	**39,8**	**4,5**	**14,1**	**0,9**	**75,2**	**55,0**	**20,2**
190-1.10	Neytendasamtökin	-2,0	8,5		3,1		9,6	9,5	0,1
190-1.15	Fastanefndir	2,1	3,8		10,0		15,9	4,5	11,4
190-1.20	Icepro-nefnd	1,0	5,9			0,9	7,8	6,0	1,8
190-1.90	Ýmis viðskipta- og bankamál	14,8	21,6	4,5	1,0		41,9	35,0	6,9
12-199	**Ráðstöfunarfé**		**3,0**		**-3,0**				
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra		3,0		-3,0				

Uppruni fjárheimilda ársins 2006, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
12-302	**Löggildingarstofa**								
302-1.01	Löggildingarstofa								
302-6.01	Tæki og búnaður								
12-402	**Fjármálaeftirlitið**	**-10,5**	**410,5**			**24,6**	**424,6**	**376,0**	**48,6**
402-1.01	Fjármálaeftirlitið	-10,5	410,5			24,6	424,6	376,0	48,6
12-411	**Samkeppniseftirlitið**	**21,7**	**186,7**	**0,1**	**-0,2**		**208,3**	**170,1**	**38,2**
411-1.01	Samkeppniseftirlitið	21,7	186,7	0,1	-0,2		208,3	170,1	38,2
12-421	**Neytendastofa**	**84,5**	**238,0**	**0,2**	**5,7**	**56,9**	**385,3**	**243,1**	**142,2**
421-1.01	Neytendastofa	84,5	238,0	0,2	5,7	56,9	385,3	243,1	142,2
12-425	**Talsmaður neytenda**	**0,6**	**13,0**				**13,6**	**13,0**	**0,6**
425-1.01	Talsmaður neytenda	0,6	13,0				13,6	13,0	0,6
12-811	**Flutningssjóður olíuvara**		**401,0**			**-33,4**	**367,6**	**367,6**	
811-1.10	Flutningssjóður olíuvara		401,0			-33,4	367,6	367,6	
12-902	**Samkeppnisstofnun**								
902-1.01	Samkeppnisstofnun								
902-6.01	Tæki og búnaður								
12-999	**Ýmis viðskiptamál**		**14,8**				**14,8**	**14,8**	
999-1.10	Fjárfestingarstofan, almennt svið		14,8				14,8	14,8	
13 Hagstofa Íslands		***-14,9***	***655,7***	***-52,3***	***0,8***	***25,0***	***614,3***	***628,7***	***-14,4***
13-101	**Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa**	**-14,9**	**655,7**	**-52,3**	**0,8**	**25,0**	**614,3**	**628,7**	**-14,4**
101-1.01	Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa	-133,1	526,1	12,4	0,9		406,3	563,8	-157,5
101-1.50	Þjóðskráin	118,2	129,6	-64,7	-0,1	25,0	208,0	64,9	143,1

Uppruni fjárheimilda ársins 2006, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
14	*Umhverfisráðuneyti*	*1.212,3*	*4.500,9*	*192,1*	*9,8*	*369,5*	*6.284,6*	*4.471,6*	*1.813,0*
14-101	**Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa**	**17,2**	**263,9**	**0,8**	**1,2**		**283,1**	**260,0**	**23,1**
101-1.01	Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa	17,2	263,9	0,8	1,2		283,1	260,0	23,1
14-190	**Ýmis verkefni**	**84,8**	**263,4**	**17,9**	**14,8**		**380,9**	**233,1**	**147,8**
190-1.10	Fastanefndir	17,2	8,5		3,3		29,0	34,2	-5,2
190-1.12	Samvinnunefnd um miðhálendið	-2,5	11,2				8,7	9,0	-0,3
190-1.23	Ýmis umhverfisverkefni	5,6			-12,7		-7,1	-5,3	-1,8
190-1.29	Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum	-3,6	13,3				9,7	15,3	-5,6
190-1.35	Umhverfisvöktun	12,1	28,0				40,1	26,5	13,6
190-1.36	Rannsóknir og útrýming á mink	45,0	46,5				91,5	29,3	62,2
190-1.40	Alþjóðastofnanir		15,9	1,9			17,8	10,6	7,2
190-1.41	Skrifstofa um vernd gróður- og dýraríkis á norðlæg	1,9	8,5				10,4	9,5	0,9
190-1.42	Skrifstofa Norðurskautsráðsins um varnir gegn me	0,1	8,5				8,6	9,5	-0,9
190-1.43	Verndun hafsvæða norðursins gegn mengun frá Rú	2,9			-2,9				
190-1.51	Þjóðgarður Vatnajökuls, undirbúningur	2,2	6,5				8,7	8,7	
190-1.54	Rannsóknastöð að Kvískerjum	1,6	1,1				2,7	2,1	0,6
190-1.56	Vernd Breiðafjarðar	0,4	7,4				7,8	5,6	2,2
190-1.61	Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál	-0,1	26,7	16,0			42,6	32,1	10,5
190-1.90	Ýmis verkefni	2,0	13,5				15,5	11,5	4,0
190-1.98	Ýmis framlög umhverfisráðuneytis		67,8		27,1		94,9	34,5	60,4
14-199	**Ráðstöfunarfé**		**5,0**		**-5,0**				
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra		5,0		-5,0				
14-202	**Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn**	**-3,0**	**14,0**	**0,1**	**-0,1**		**11,0**	**11,5**	**-0,5**
202-1.01	Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn	-3,0	14,0	0,1	-0,1		11,0	11,5	-0,5

Uppruni fjárheimilda ársins 2006, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
14-211	**Umhverfisstofnun**	**12,0**	**624,9**	**11,1**	**-0,1**	**67,9**	**715,8**	**678,6**	**37,2**
211-1.01	Umhverfisstofnun	-98,0	560,8	11,1	-0,1	67,9	541,7	611,3	-69,6
211-1.11	Endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna veiða á ref o	5,5	33,1				38,6	28,7	9,9
211-5.41	Þjóðgarðar og friðlýst svæði	104,5	31,0				135,5	38,6	96,9
14-281	**Styrkir til fráveitna sveitarfélaga**	**-98,4**	**200,0**				**101,6**	**240,3**	**-138,7**
281-6.51	Styrkir til fráveitna sveitarfélaga	-98,4	200,0				101,6	240,3	-138,7
14-287	**Úrvinnslusjóður**	**726,7**	**750,0**			**148,7**	**1.625,4**	**607,4**	**1.018,0**
287-1.01	Almennur rekstur	56,9	55,0			5,9	117,8	-22,6	140,4
287-1.10	Úrvinnslusjóður	669,8	695,0			142,8	1.507,6	630,0	877,6
14-289	**Endurvinnslan hf.**		**780,0**			**141,0**	**921,0**	**921,0**	
289-1.10	Endurvinnslan hf., skilagjald og umsýsluþóknun		780,0			141,0	921,0	921,0	
14-301	**Skipulagsstofnun**	**-0,1**	**142,4**	**0,1**	**-0,2**		**142,2**	**143,0**	**-0,8**
301-1.01	Skipulagsstofnun	-0,1	142,4	0,1	-0,2		142,2	143,0	-0,8
14-303	**Skipulagsmál sveitarfélaga**	**37,8**	**125,0**				**162,8**	**104,7**	**58,1**
303-1.11	Endurgreiðslur skipulagsgjalds til sveitarfélaga sen	-158,0	80,0		181,7		103,7	86,2	17,5
303-1.13	Endurgreiðslur á hluta kostnaðar sveitarfélaga við s	195,8	45,0		-181,7		59,1	18,5	40,6
14-310	**Landmælingar Íslands**	**8,7**	**198,5**	**0,1**	**-0,2**	**11,9**	**219,0**	**187,6**	**31,4**
310-1.01	Landmælingar Íslands	8,7	198,5	0,1	-0,2	11,9	219,0	187,6	31,4
14-321	**Brunamálastofnun ríkisins**	**131,1**	**115,2**		**-0,2**		**246,1**	**158,3**	**87,8**
321-1.01	Brunamálastofnun ríkisins	131,1	115,2		-0,2		246,1	158,3	87,8
14-381	**Ofanflóðasjóður**	**250,6**	**137,2**	**128,5**			**516,3**	**5,2**	**511,1**
381-1.01	Almennur rekstur	297,1	14,2				311,3	-283,4	594,7
381-6.60	Ofanflóðasjóður	-46,5	123,0	128,5			205,0	288,6	-83,6

Uppruni fjárheimilda ársins 2006, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
14-401	**Náttúrufræðistofnun Íslands**	**-30,0**	**248,2**	**23,4**	**-0,1**		**241,5**	**264,2**	**-22,7**
401-1.01	Yfirstjórn	-12,7	16,9	23,3			27,5	26,4	1,1
401-1.02	Setur í Reykjavík	41,8	166,6	0,1	-0,1		208,4	165,0	43,4
401-1.03	Setur á Akureyri	-59,1	64,7				5,6	72,8	-67,2
14-403	**Náttúrustofur**	**0,2**	**93,8**				**94,0**	**93,8**	**0,2**
403-1.10	Náttúrustofa Neskaupstað	0,2	13,4				13,6	13,4	0,2
403-1.11	Náttúrustofa Vestmannaeyjum		13,4				13,4	13,4	
403-1.12	Náttúrustofa Bolungarvík		13,4				13,4	13,4	
403-1.13	Náttúrustofa Stykkishólmi		13,4				13,4	13,4	
403-1.14	Náttúrustofa Sauðárkróki		13,4				13,4	13,4	
403-1.15	Náttúrustofa Sandgerði		13,4				13,4	13,4	
403-1.16	Náttúrustofa Húsavík		13,4				13,4	13,4	
14-407	**Stofnun Vilhjálms Stefánssonar**	**-3,6**	**25,8**		**-0,1**		**22,1**	**22,2**	**-0,1**
407-1.01	Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	-3,6	25,8		-0,1		22,1	22,2	-0,1
14-410	**Veðurstofa Íslands**	**68,3**	**513,6**	**10,1**	**-0,2**		**591,8**	**540,7**	**51,1**
410-1.01	Almenn starfsemi	15,3	493,6	0,1	-0,2		508,8	516,3	-7,5
410-1.70	Veðurþjónusta fyrir millilandaflug	3,1					3,1	-0,1	3,2
410-6.01	Tæki og búnaður	49,9	20,0	10,0			79,9	24,5	55,4
14-996	**Íslenska upplýsingasamfélagið**	**10,0**					**10,0**		**10,0**
996-6.51	Íslenska upplýsingasamfélagið	10,0					10,0		10,0
19 Vaxtagjöld ríkissjóðs			***13.440,0***	***861,0***			***14.301,0***	***14.908,1***	***-607,1***
19-801	**Vaxtagjöld ríkissjóðs**		**13.440,0**	**861,0**			**14.301,0**	**14.908,1**	**-607,1**
801-1.10	Vaxtagjöld ríkissjóðs		13.440,0	861,0			14.301,0	14.908,1	-607,1

795. Svar [389. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Birkis J. Jónssonar um tillögur nefndar um bætta lýðheilsu á Íslandi.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvað líður aðgerðum til að fylgja eftir tillögum nefndar um bætta lýðheilsu sem skilaði af sér skýrslu og tillögum til forsætisráðherra 11. september 2006?

Mótun heilsustefnu (lýðheilsustefnu) íslensku þjóðarinnar og framkvæmd hennar er samvinnuverkefni þar sem fullt tillit er tekið til þeirrar vinnu sem þegar hefur farið fram á vettvangi sveitarfélaga, opinberra aðila og í grasrótinni. Mikil vinna hefur farið fram á vettvangi heilsueflingar á undanförnum árum og margar góðar tillögur verið settar fram. Þessar tillögur eru lagðar til grundvallar í þeirri vinnu sem nú fer fram í mótun heilsustefnu. Hugmyndin er að gera tilraun til að samhæfa reynslu okkar, stefnu og aðgerðir. Vinna að heilsustefnu er nú í fullum gangi í heilbrigðisráðuneytinu. Að því máli starfar stýrinefnd ráðherra undir formennsku dr. Ingu Dóru Sigfúsdóttur. Verkefnisstjóri er Héðinn Unnsteinsson, sérfræðingur í stefnumótun. Stefnan ber með sér andblæ breyttrar hugmyndafræði þar sem áhersla er lögð á þá þætti sem móta heilsu okkar og líðan og er leitast við að vinna að styrkingu þeirra þátta sem efla heilbrigði. Markmiðin eiga að vera mælanleg þannig að á hverjum tíma sé hægt að leggja faglegt mat á útkomuna og leggja línur um framhaldið. Við stefnumörkunina hefur verið leitað fyrirmynda frá Finnlandi, Noregi, Svíþjóð, Danmörku, Bretlandi og víðar. Aðferðafræðin við stefnumótunina miðar að því að leiða aðila ríkis og samfélags að sameiginlegum markmiðum. Aðferðafræði stefnunnar var kynnt með grein heilbrigðisráðherra í Morgunblaðinu þann 29. nóvember sl. og var þeim sem óskuðu eftir því boðið að koma á framfæri athugasemdum á netfanginu: *heilsustefna@hbr.stjr.is.*

Fyrstu drög heilsustefnunnar verða kynnt á vormánuðum. Að því búnu verður stefnan opin til athugasemda í ákveðinn tíma. Í kjölfarið verður kynnt aðgerðaráætlun tengd stefnunni til skemmri tíma, eða út árið 2009. Á sama tíma er gert ráð fyrir að vinna stærri aðgerðaráætlun tengdri stefnunni til ársins 2012.

Tillögur nefndar um bætta lýðheilsu sem skilaði af sér skýrslu og tillögum til forsætisráðherra 11. september 2006 undir yfirskriftinni „Léttara Líf“ hafa verið notaðar í stefnumörkunarferlinu að heilsustefnunni og tillit verður tekið til þeirra við gerð fyrstu framkvæmdaáætlunar heilsustefnunnar.

796. Fyrirspurn [501. mál]

til fjármálaráðherra um skattlagningu á starf björgunarsveita.

Frá Bjarna Harðarsyni.

1. Hverjar voru tekjur ríkissjóðs árið 2007 af beinni og óbeinni skattlagningu á starf björgunarsveita í landinu?

2. Eru áform um breytingar á því fyrirkomulagi að björgunarsveitir verða að greiða umtalsverðar fjárhæðir í gjöld af eldsneyti þegar farið er í útköll, staðgreiðslu af launum björgunarsveitarmanna þegar þeir sinna launuðum verkefnum í fjáröflunarskyni og virðisaukaskatt af rekstrarkostnaði sínum?

Skriflegt svar óskast.

797. Fyrirspurn [502. mál]

til menntamálaráðherra um tónlistarnám á framhaldsskólastigi.

Frá Bjarna Harðarsyni.

1. Hvað réttlætir það fyrirkomulag tónlistarnáms á framhaldsskólastigi sem veldur því að fjölmargir nemendur verða af tónlistarnámi, aðrir þurfa að flytja lögheimili sín til og enn aðrir að greiða námsgjöld sem eru ekki á færi venjulegra launamanna?
2. Hvenær má búast við að aflétt verði átthagafjötrum tónlistarnemenda í landinu?

798. Fyrirspurn [503. mál]

til dómsmálaráðherra um löggæslu á Austurlandi.

Frá Bjarna Harðarsyni.

1. Telur ráðherra að markmið um sparnað og hagræðingu hafi náðst með sameiningu lögregluembætta þvert yfir kjördæmamörk á Austurlandi?
2. Telur ráðherra stöðu löggæslumála í sveitarfélaginu Hornafirði viðunandi eftir þessar breytingar?

Skriflegt svar óskast.

799. Fyrirspurn [504. mál]

til viðskiptaráðherra um jarðskaut.

Frá Arnbjörgu Sveinsdóttur.

1. Hvernig er eftirliti háttað með framkvæmd á reglugerð um raforkuvirki þar sem mælt er fyrir um fyrirkomulag og gerð jarðskauta og jarðskautstauga?
2. Hvert geta neytendur snúið sér með kærur vegna ónógs frágangs á jarðskautum?
3. Hver er ábyrgð hönnuða á því að frágangur jarðbindinga sé í samræmi við reglugerðina?

800. Fyrirspurn [505. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um margfeldisáhrif sjávarútvegs í þjóðarbúskapnum.

Frá Arnbjörgu Sveinsdóttur.

Hefur farið fram athugun á því hver séu margfeldisáhrif sjávarútvegs í þjóðarbúskapnum?

801. Tillaga til þingsályktunar [506. mál]

um takmörkun á losun brennisteinsvetnis af manna völdum í andrúmslofti.

Flm.: Álfheiður Ingadóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Kolbrún Halldórsdóttir, Árni Þór Sigurðsson, Alma Lísa Jóhannsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að setja umhverfismörk fyrir leyfilegum hámarksstyrk brennisteinsvetnis, H_2S, í andrúmslofti. Samhliða þessu er ríkisstjórninni falið að efla rannsóknir á losun H_2S, með því m.a. að tryggja að fram fari ítarlegri mælingar á magni þess í andrúmslofti og á fleiri stöðum. Ríkisstjórninni er jafnframt falið að tryggja að H_2S verði hreinsað úr útblæstri jarðgufuvirkjana og að notuð verði besta fáanleg tækni til að farga eða nýta brennisteinsvetni svo að umhverfi, lífríki og heilsa fólks hljóti engan skaða af.

Greinargerð.

Á Íslandi losna þúsundir tonna af brennisteinsvetni, H_2S, á ári af manna völdum þegar jarðhiti er unninn úr jörðu. Ekki hafa enn verið sett umhverfismörk fyrir leyfilegum hámarksstyrk brennisteinsvetnis i andrúmslofti hérlendis, en í þessari þingsályktunartillögu er því beint til ríkisstjórnarinnar að svo verði gert. Nauðsynlegt er að ákvarða þessi mörk með tilliti til stórefldra rannsókna og nýjustu upplýsinga um loft- og lyktarmengun af völdum H_2S. Gera verður ýtrustu kröfur til að koma í veg fyrir hugsanlega skaðsemi á lífríki og umhverfi, sem og óþægindi, heilsutjón eða skerðingu á almennum lífsgæðum fólks.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO, endurskoðar nú viðmið sín um skaðleysismörk brennisteinsvetnis, en þau hafa hingað til verið gríðarlega há, 150 míkrógrömm í rúmmetra að meðaltali á sólarhring. Á vef Umhverfisstofnunar er bent á að skynsamlegt sé að nota lægri viðmið hér á landi sem miðast við að sem fæstir finni fyrir óþægindum vegna lyktar af brennisteinsvetni, en slíkt er t.a.m. gert í Kaliforníu í Bandaríkjunum.

Losun brennisteinsvetnis hérlendis.

Í svari umhverfisráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur á yfirstandandi þingi (þskj. 383, 193. mál) kemur fram að jarðvarmavirkjanir og borholur í blæstri losuðu 16,76 þús. tonn af H_2S á árinu 2005. Mikið hefur verið borað og blásið síðan þá og enn fleiri holur og virkjanir eru fyrirhugaðar. Þá kemur fram í svarinu að ef Bitruvirkjun og Hverahlíðarvirkjun bætast við stækkun Hellisheiðarvirkjunar á Hengilssvæðinu mun losun H_2S meira en tvöfaldast og verða við svo búið 38 þús. tonn á ári.

Í umsögn sinni um Hverahlíðarvirkjun bendir Umhverfisstofnun á að þegar og ef bæði Hverahlíðarvirkjun og Bitruvirkjun verða reistar verður losun brennisteinsvetnis orðin fimm sinnum meiri en náttúruleg losun frá öllum hverasvæðum landsins. Mikil aukning mælist nú þegar á losun H_2S vegna Hellisheiðarvirkjunar, jafnvel svo að óþægindum veldur. Þá hefur verið varað við nálægð Bitruvirkjunar við Hveragerði en þar á milli eru aðeins 6 km. Skipulags- og byggingarnefnd Hveragerðis hefur lýst áhyggjum og mótmælt fyrirhuguðum framkvæmdum við virkjunina sem nefndin telur að muni hafa veruleg skaðleg áhrif á möguleika Hveragerðis og nágrennis sem íbúðar- og ferðamannasvæðis. Bæjarstjórn Hveragerðis hefur alfarið lagst gegn Bitruvirkjun af sömu ástæðum.

Þetta ítrekar enn mikilvægi þess að sett verði umhverfismörk um magn H_2S í andrúmslofti og að gerð verði krafa um að efnið verði fjarlægt úr útblæstri jarðvarmavirkjana.


Losun 2005	**H_2S (þús. tonn)**
Nesjavellir	8,92
Krafla	5,8
Svartsengi	0,7
Reykjanes	0,01
Hellisheiði	0,44
Hveragerði	0,04
Námafjall	0,85
Samtals	**16,76**
Eftir 2005 og fyrirhugað	
Reykjanesvirkjun	1
Hellisheiði (með stækkun)	11
Bitruvirkjun	8
Hverahlíðarvirkjun	2
Samtals	**22**

Mælingar á brennisteinsvetni.

Íbúar í nágrenni Hellisheiðar hafa orðið varir við ört vaxandi magn af brennisteinsvetni með stóraukinni lyktarmengun eftir því sem framkvæmdir hafa aukist á heiðinni. Ýmsir kalla


þetta hina nýju peningalykt og eru ekki hrifnir af henni frekar en hinni eldri frá fiskmjölsverksmiðjum fyrri tíðar.

Eins og sjá má á eftirfarandi grafi má greina mikinn mun á brennisteinsvetni í andrúmslofti í Reykjavík eftir að Hellisheiðarvirkjun var gangsett (sjá: www.ust.is/mengunarvarnir/loftgaedi/brennisteinsvetni/). Þar sést hvernig styrkur H_2S fer vaxandi frá byrjun september 2006 eða á þeim tíma sem virkjunin var gangsett.



Loftgæði eru mæld með reglubundnum hætti á fimm stöðum á höfuðborgarsvæðinu. Ein mælistöð, þ.e. mælistöðin við Miklatorg, var lögð niður árið 2002 eftir meira en 15 ára mælingar á svifryki. Umhverfis- og heilbrigðisstofa Reykjavíkur rekur nú þrjár loftgæðamælistöðvar samkvæmt samningi við Umhverfisstofnun og fara mælingar fram við Grensásveg og í Húsdýragarðinum, auk þess sem rekin er lítil færanleg mælistöð. Einnig fara fram mælingar á Keldnaholti og á Hvaleyrarholti í Hafnarfirði.

H_2S er meðal þeirra efna sem mælt er við Grensásveg og eins og grafið hér að framan og eftirfarandi graf (sem sýnir niðurstöður mælinga 20.–27. mars 2008) bera með sér eru niðurstöður þeirra mælinga sláandi. Mælst hafa háir toppar og almenn aukning á brennisteinsvetni (og svifryki). Ljóst er að það fer eftir því hvernig vindur stendur af virkjunarsvæðunum hvert mengunin berst og í hve miklu magni (sjá m.a. gröf á heimasíðu Umhverfisstofnunar: http://loft.ust.is/loftgaedi/?dataform=true&dataset=GRE_PM10&dataset=GRE_H2S&avgcodemenu=AV1H&from_day=20&from_month=3&from_year=2008&to_day=27&to_month=3&to_year=2008).



Auk mælinga á Grensásvegi hefur Orkuveita Reykjavíkur fylgst með brennisteinsvetni á Hellisheiði um árabil. Þá fóru fram mælingar m.a. á Nesjavöllum á vegum Orkustofnunar og stóru raforkufyrirtækjanna á síðasta áratug 20. aldar þegar reynt var að leita svara við því hvað yrði um brennisteinsvetnið úr gufunni og einkum hvort það umbreyttist í SO_2.

Nauðsyn ber til að efla mælingar á styrk brennisteinsvetnis í andrúmslofti og brýnt er að setja mælistöð austar í höfuðborginni, t.d. á Norðlingaholti (eins og Umhverfisstofnun hefur gert tillögu um). Einnig er þörf fyrir aðra mælistöð á útivistarsvæði á Hellisheiði og þá þriðju í Hveragerði.

Heilsuspillandi áhrif.

Brennisteinsvetni H_2S er baneitrað efni í miklu magni en helst eru það augu, lungu og öndunarvegur sem eru viðkvæm fyrir efninu eins og öðrum brennisteinssamböndum. Í litlum styrk er efnið fyrst og fremst ertandi fyrir öndunarfæri.

Styrkur efnisins í andrúmslofti í Reykjavík samkvæmt framangreindum mælingum er ekki talinn valda bráðri heilsufarslegri áhættu en eins og bent hefur verið á skortir m.a. mælingar í byggðum nær Hellisheiði og á vinsælum útivistarsvæðum þar. Þá getur það hugsanlega orkað tvímælis að beina ferðamönnum, t.a.m. fjallgöngumönnum, inn á svæðið en slæm áhrif brennisteinsvetnis á lungu aukast við áreynslu.

Litlar rannsóknir liggja fyrir á langtímaáhrifum þess á heilsu fólks að búa við stöðugan styrk brennisteinsvetnis þótt í litlum mæli sé. Sigurður Þór Sigurðarson, læknir og sérfræðingur í lungna-, umhverfis- og atvinnusjúkdómum, sagði í viðtali við Spegilinn hinn 13. nóvember 2007 að H_2S-mengun bitni fyrst og fremst á lungna- og astmasjúklingum. Hann segist einnig hafa af því áhyggjur að börn alist upp í umhverfi þar sem magn brennisteinsvetnis er ávallt til staðar. Sigurður vitnar í erlendar rannsóknir sem sýna að ýmis mengunarefni hafa mjög neikvæð áhrif á lungnaþroska í börnum, en astma- og öðrum öndunarfærissjúkdómum barna vex ásmegin víða um heim.

Sigurður telur rétt að fanga brennisteinsvetnið úr útblæstri jarðgufuvirkjana á Hellisheiði því enda þótt rannsóknir á þessu tiltekna efni sýni ekki slík tengsl hafa menn samt áhyggjur af því að þau geti verið til staðar. Það er því betra að hafa varann á en að komast að því eftir 10–20 ár að þetta hafi verið skaðlegt eins og læknirinn bendir á. Umhverfisstofnun hefur lagt

til að sú leið verði tekin til athugunar og bent á að skoða þurfi vandlega kostnað við slíka hreinsun og hvaða áhrif það hefur á hagkvæmni virkjananna og raforkuverð.

Tækni til að farga H_2S er alþekkt enda eru vandamál af þess völdum mun meiri við jarðgasvinnslu en við jarðhitavinnslu og hefur hreinsun þess því verið úrlausnarefni erlendis um árabil. Mörgum aðferðum er beitt við nýtingu brennisteinsvetnis og förgun, og er það m.a. víða notað til framleiðslu á gifsi. Orkuveita Reykjavíkur vinnur nú að tilraun í Hellisheiðarvirkjun til að fanga brennisteinsvetnið úr jarðgufunni og veita því aftur ofan í jarðhitageyminn um borholur með skiljuvatni frá virkjuninni. Er þetta hluti af koltvísýringsverkefni fyrirtækisins, en í því er reynt að fanga CO_2 og fella út í bergi utan við jarðhitavinnslusvæðið.

Að framansögðu er ljóst að það hlýtur að vera eðlileg krafa að brennisteinsvetni sé hreinsað úr útblæstri jarðvarmavirkjana á Hengilssvæðinu og á öðrum þeim stöðum þar sem losun efnisins getur hugsanlega haft neikvæð áhrif á heilsu fólks.

Stjórnvöld sýni frumkvæði og ábyrgð.

Ekki eru allir sammála um hve mikið magn brennisteinsvetnis veldur skaða, en ýmsir benda réttilega á að hérlendis séum við enn langt undir þeim mörkum sem hingað til hafa verið talin heilsuspillandi. Gera þarf frekari rannsóknir í þessum efnum og frekari mælingar, sbr. framansagt.

Reglan hlýtur hins vegar ávallt að vera sú að fara frekari varfærnari leið heldur en áhættusamari og gera allt sem hægt er til að koma í veg fyrir hvers kyns mengun. Í þeim efnum má m.a. benda á að í Kaliforníu hafa umhverfismörk verið miðuð við næmni fólks fyrir lykt en þar er mikil vínviðarrækt sem er óvenjulega næm fyrir mengun af völdum brennisteinsvetnis. Í Kaliforníu eru mörkin því 42 míkrógrömm í rúmmetra sé miðað við klukkustundarmeðaltal, en rannsóknir sýna að við þann styrk skynja um 80% almennings lyktina. Mælingar frá því í febrúar 2006 til miðjan febrúar 2007 sýndu að styrkur brennisteinsvetnis í Reykjavík fór samtals 48 sinnum yfir umhverfismörk Kaliforníu á mislöngum tímabilum. Af þessum 48 skiptum urðu 45 skipti eftir 1. september 2006, daginn sem Hellisheiðarvirkjun var gangsett.

Í reglugerð um loftgæði nr. 787/1999 er aðeins fjallað um brennisteinsdíoxíð, SO_2, en ekki brennisteinsvetni, H_2S. Með aukinni nýtingu jarðhita á háhitasvæðum gerist þörfin fyrir frekari rannsóknir og aðgerðir vegna H_2S í andrúmslofti enn brýnni en áður og mikilvægt er að ríkisvaldið sýni hér frumkvæði og ábyrgð. Tryggja þarf með öllum tiltækum ráðum að loft- og lyktarmengun sé haldið í lágmarki og þeim náttúru- og lífsgæðum sem felast í hreinu og ómenguðu lofti viðhaldið. Setja þarf skýr umhverfismörk fyrir magn H_2S í andrúmslofti og útblæstri þannig að í starfsleyfi fyrir mengandi atvinnurekstur eins og jarðgufuvirkjanir verði ávallt ákvæði um viðeigandi ráðstafanir til að hamla gegn loftmengun og að beita verði til þess bestu fáanlegu tækni, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 787/1999 um loftgæði.

Með tillögunni voru eftirtalin fylgiskjöl:

I. Umsögn Umhverfisstofnunar, 29. október 2007.
II. Athugasemdir Hveragerðisbæjar við frummatsskýrslu um Bitruvirkjun. (Birt á vef bæjarins, *hveragerdi.is*, 7. nóvember 2007.)
III. Umsögn skipulags- og byggingarnefndar Hveragerðisbæjar um breytingu á aðalskipulagi vegna fyrirhugaðrar Bitruvirkjunar o.fl. (Úr fundargerð 76. fundar skipulags- og byggingarnefndar Hveragerðisbæjar, 4. desember 2007.)

IV. Árétting bæjarstjórnar Hveragerðis um Bitruvirkjun. (Úr fundargerð bæjarstjórnar, 14. febrúar 2008.)
V. VGK Hönnun: Hreinsun brennisteinsvetnis frá jarðgufuvirkjunum á Hengilssvæðinu. (Minnisblað frá 31. janúar 2008.)

802. Fyrirspurn [507. mál]

til samgönguráðherra um brot á verklagsreglum vegna Grímseyjarferju.

Frá Bjarna Harðarsyni.

Með hvaða hætti hefur verið tekið á þeim brotum sem segir í yfirlýsingu frá samgönguráðuneytinu vegna Grímseyjarferju í ágúst sl. að tekið verði á með viðeigandi hætti og í samræmi við góða stjórnsýslu, en í yfirlýsingunni segir að ekki hafi verið fylgt skýrum verklagsreglum ráðuneytisins um verkefnaáætlun, upplýsingar til ráðuneytisstjóra um gang mála og samþykki fyrir verkefnaáætlun?

Skriflegt svar óskast.

803. Fyrirspurn [508. mál]

til samgönguráðherra um fargjöld með Herjólfi.

Frá Bjarna Harðarsyni.

Áformar ráðherra að beita sér fyrir lækkun fargjalda með Herjólfi sem hafa á undanförnum vikum hækkað stórlega vegna vísitöluhækkana?

804. Fyrirspurn [509. mál]

til menntamálaráðherra um áskoranir frá Bandalagi íslenskra listamanna.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

Hvernig hyggst ráðherra bregðast við áskorunum aðalfundar Bandalags íslenskra listamanna 16. febrúar 2008 um að:

a. móta stefnu um uppbyggingu og framþróun menningar og lista á Íslandi,

b. hugverk verði viðurkennd sem eign og falli því undir lagaákvæði um fjármagnstekjuskatt,
c. efla starfslaunasjóði listamanna og endurskoða lög um starfslaun listamanna?

805. Lög [183. mál]

um breytingu á lögum nr. 55/1996, um tæknifrjóvgun, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 31. mars.)

Samhljóða þskj. 717.

806. Frumvarp til laga [271. mál]

um upprunaábyrgð á raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum o.fl.

(Eftir 2. umr., 31. mars.)

I. KAFLI
1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að stuðla að nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa og skapa skilyrði fyrir viðskipti með upprunaábyrgðir á raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum.

2. gr.
Skilgreiningar.

1. *Endurnýjanlegir orkugjafar:* Endurnýjanlegir orkugjafar sem eru ekki jarðefnaeldsneyti (vindorka, sólarorka, jarðvarmaorka, öldu- og sjávarfallaorka, vatnsorka og orka úr lífmassa, hauggasi, gasi frá skólphreinsunarstöðvum og lífgasi).
2. *Lífmassi:* Lífbrjótanlegur hluti afurða, úrgangs og efnaleifa frá landbúnaði (þ.m.t. efni úr bæði jurta- og dýraríkinu), skógrækt og tengdum atvinnugreinum, auk lífbrjótanlegs hluta iðnaðarúrgangs og húsasorps.
3. *Raforka sem er framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum:* Raforka frá orkuverum sem eingöngu nota endurnýjanlega orkugjafa, auk raforku sem er framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum í verum með blandaðri tækni þar sem notaðir eru óendurnýjanlegir orkugjafar auk endurnýjanlegra orkugjafa.
4. *Upprunaábyrgð á raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum:* Staðfesting á að raforka sé framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum, þ.m.t. vindorku, sólarorku, jarðvarmaorku, öldu- og sjávarfallaorku, vatnsorku og orku úr lífmassa, hauggasi, gasi frá skólphreinsunarstöðvum og lífgasi, en ekki orkugjöfum úr jarðefnaeldsneyti.

II. KAFLI

3. gr.

Upprunaábyrgð á raforku sem er framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum.

Landsnet hf. annast útgáfu upprunaábyrgða á raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum.

Landsnet hf. hefur eftirlit með því að raforka, sem það gefur út upprunaábyrgð fyrir, sé í raun framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum í skilningi laga þessara í samræmi við viðmiðanir sem eru hlutlægar, gagnsæjar og án mismununar og hafa hlotið staðfestingu Orkustofnunar.

Upprunaábyrgð, staðfest og gefin út á Evrópska efnahagssvæðinu, í samræmi við 4. gr., skal viðurkennd gagnkvæmt sem sönnun á þeim þáttum eingöngu sem um getur í 6. gr. Synjun þess að viðurkenna upprunaábyrgð sem slíka sönnun, einkum af ástæðum sem tengjast því að koma í veg fyrir svik, verður að byggjast á viðmiðunum sem eru hlutlægar, gagnsæjar og án mismununar.

Landsneti hf. er heimilt með samþykki iðnaðarráðherra að framselja hlutverk sitt til útgáfu upprunaábyrgða samkvæmt lögum þessum.

4. gr.

Útgáfa upprunaábyrgða.

Landsnet hf. gefur út upprunaábyrgð á raforku sem er framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum samkvæmt beiðni framleiðanda raforku frá endurnýjanlegum orkugjöfum. Upprunaábyrgð er heimilt að gefa út skriflega og/eða á rafrænu formi. Upprunaábyrgðir skulu áður hafa hlotið staðfestingu Orkustofnunar um að slíkar upprunaábyrgðir séu í samræmi við ákvæði laga þessara og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/77/EB frá 27. september 2001 um að auka framleiðslu rafmagns með endurnýjanlegum orkugjöfum til notkunar á innri raforkumarkaði.

Upprunaábyrgð er eingöngu heimilt að veita vegna liðinna almanaksmánaða. Upprunaábyrgð getur, samkvæmt vali framleiðanda raforku frá endurnýjanlegum orkugjöfum, verið gefin út vegna nýliðins almanaksmánaðar eða vegna síðustu 3, 6 eða 12 almanaksmánaða.

Gefa skal út eina upprunaábyrgð fyrir hverja MWst sem framleidd er.

5. gr.

Umsókn.

Umsækjandi skal senda Landsneti hf. skriflega beiðni um útgáfu upprunaábyrgðar á raforku sem er framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum í síðasta lagi 90 dögum frá lokum síðasta mánaðar þess tímabils sem upprunaábyrgð skal ná yfir.

Umsækjandi skal veita Landsneti hf. allar upplýsingar sem Landsnet hf. telur nauðsynlegar viðvíkjandi útgáfu upprunaábyrgðar. Landsnet hf. skal gæta jafnræðis við starfrækslu sína og trúnaðar um upplýsingar er varða viðskiptahagsmuni og aðrar upplýsingar sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari.

Landsneti hf. er heimilt að krefja umsækjanda um greiðslu vegna útgáfu upprunaábyrgðar. Fyrirtækið skal setja gjaldskrá um framangreinda þjónustu.

Framleiðanda raforku frá endurnýjanlegum orkugjöfum er heimilt að veita þriðja aðila skriflegt umboð bæði til þess að óska eftir útgáfu upprunaábyrgðar á raforku sem er framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum og til að taka á móti slíkri upprunaábyrgð.

6. gr.

Efni upprunaábyrgðar.

Í upprunaábyrgð skal m.a. tilgreina:

1. Upplýsingar um viðkomandi orkuver.
2. Með hvaða orkugjafa raforka var framleidd.
3. Hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa af heildarframleiðslu raforku í viðkomandi orkuveri í samræmi við það tímabil sem kveðið er á um í 2. mgr. 4. gr.
4. Vinnslugetu orkuversins ef um er að ræða raforku framleidda í orkuveri.
5. Upplýsingar um útgefanda upprunaábyrgðarinnar, útgáfudag og útgáfustað.
6. Upplýsingar um hvað felist í upprunaábyrgð sem og tilvísun til tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/77/EB frá 27. september 2001 um að auka framleiðslu rafmagns með endurnýjanlegum orkugjöfum til notkunar á innri raforkumarkaði.

III. KAFLI

7. gr.

Erlendar upprunaábyrgðir.

Upprunaábyrgðir á raforku sem er framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum, sem gefnar eru út í öðru ríki Evrópska efnahagssvæðisins í samræmi við ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/77/EB frá 27. september 2001 um að auka framleiðslu raforku með endurnýjanlegum orkugjöfum til notkunar á innri raforkumarkaði, skulu viðurkenndar hér á landi. Ber Landsneti hf. að leita staðfestingar á útgáfu upprunaábyrgðar í því landi þar sem ábyrgðin er gefin út, telji fyrirtækið þess þörf.

Landsnet hf. skal veita til þess bærum erlendum útgefendum upprunaábyrgða á raforku sem er framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum upplýsingar varðandi þær ábyrgðir sem fyrirtækið hefur gefið út hér á landi.

Landsnet hf. skal veita Orkustofnun upplýsingar um staðfestingar þær sem um er getið í 1. og 2. mgr.

IV. KAFLI

8. gr.

Stjórnsýsla og eftirlit.

Landsnet hf. skal halda skrá um útgefnar upprunaábyrgðir á raforku sem er framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum. Landsnet hf. skal árlega afhenda Orkustofnun upplýsingar um útgefnar upprunaábyrgðir á því formi sem stofnunin ákveður.

Landsnet hf. skal í samráði við framleiðendur raforku frá endurnýjanlegum orkugjöfum setja reglur um skráningu upplýsinga um útgefnar upprunaábyrgðir á raforku sem er framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum, sbr. 1. mgr., sem Orkustofnun staðfestir.

Landsneti hf. er skylt að veita stjórnvöldum, viðskiptavinum og almenningi upplýsingar sem nauðsynlegar eru við mat á því hvort fyrirtækið fullnægi skyldum sínum samkvæmt lögum þessum. Landsneti hf. er þó heimilt að halda eftir viðskiptaupplýsingum er varða viðskiptahagsmuni og öðrum upplýsingum sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari nema viðskiptavinir veiti skriflegt samþykki.

9. gr.
Viðurlög.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Nú er brot framið í starfsemi lögaðila og má þá gera lögaðilanum fésekt skv. II. kafla A almennra hegningarlaga.

V. KAFLI

10. gr.
Innleiðing á tilskipun.

Lög þessi fela í sér innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/77/EB frá 27. september 2001 um að auka framleiðslu rafmagns með endurnýjanlegum orkugjöfum til notkunar á innri raforkumarkaði.

11. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

12. gr.
Breytingar á öðrum lögum.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. *Raforkulög, nr. 65/2003, með síðari breytingum:* 1. málsl. 5. mgr. 8. gr. laganna orðast svo: Flutningsfyrirtækið má ekki stunda aðra starfsemi en þá sem því er nauðsynleg til að geta rækt skyldur sínar samkvæmt lögum þessum eða samkvæmt öðrum lögum.
2. *Lög um stofnun Landsnets hf., nr. 75/2004:* 1. málsl. 2. gr. laganna orðast svo: Hlutverk Landsnets hf. er að annast flutning raforku og kerfisstjórnun samkvæmt ákvæðum III. kafla raforkulaga, nr. 65/2003, og er því óheimilt að stunda aðra starfsemi en þá sem því er nauðsynleg til að geta rækt skyldur sínar samkvæmt raforkulögum eða öðrum lögum.

807. Frumvarp til laga [326. mál]

um breytingu á lögum um matvæli, nr. 93/1995.

(Eftir 2. umr., 31. mars.)

1. gr.

Við 14. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Rekjanleika umbúða og annarra efna og hluta sem ætlað er að snerta matvæli skal tryggja á öllum stigum. Ráðherra er heimilt með reglugerð að setja nánari ákvæði um skyldu framleiðenda og dreifingaraðila til að hafa kerfi og verklagsreglur sem tryggi rekjanleika umbúða og annarra efna og hluta sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli til að auðvelda eftirlit, innköllun gallaðra vara, miðlun upplýsinga til neytenda og til að ákvarða ábyrgð á hinni gölluðu vöru.

Þegar eftirlitsaðili hefur rökstudda ástæðu til að ætla á grundvelli nýrra upplýsinga eða endurmats á fyrirliggjandi upplýsingum að notkun umbúða og annarra efna eða hluta stofni

heilbrigði manna í hættu, þrátt fyrir að viðeigandi ráðstafanir um öryggi vörunnar hafi verið gerðar, er eftirlitsaðila heimilt að takmarka eða stöðva dreifingu vara.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

808. Frumvarp til laga [353. mál]

um breytingu á lögum nr. 44/2002, um geislavarnir.

(Eftir 2. umr., 31. mars.)

1. gr.

5. tölul. 2. gr. laganna orðast svo: Geislunarlegan þátt viðbúnaðar við hvers kyns geislavá.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Við bætist nýr töluliður, 8. tölul., svohljóðandi: *Leyfishafi:* Aðili sem hefur fengið leyfi Geislavarna ríkisins til notkunar geislavirkra efna eða geislatækja sem gefa frá sér jónandi geislun.
b. Í stað orðsins „eiganda“ í 8. tölul., sem verður 9. tölul., kemur: leyfishafa.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. 9. tölul. 1. mgr. orðast svo: Geislunarlegan þátt viðbúnaðar við hvers kyns geislavá, m.a. greiningu á ógn af hennar völdum, samhæfingu viðbúnaðar við alþjóðleg viðmið, rekstur viðbúnaðar- og geislamælikerfa og annað því tengt.
b. Á eftir 9. tölul. 1. mgr. kemur nýr töluliður, svohljóðandi: Nauðsynlega mælifræði og varðveislu landsmæligrunna vegna notkunar jónandi geislunar á Íslandi.
c. Í stað orðanna „láta stofnuninni í té nauðsynlegar upplýsingar“ í 5. mgr. kemur: veita stofnuninni aðstoð við öflun nauðsynlegra upplýsinga.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „innflutningur“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: útflutningur.
b. 2. og 3. málsl. 3. mgr. orðast svo: Innflytjendur skulu senda Geislavörnum ríkisins tilkynningu eigi síðar en 1. febrúar ár hvert um innflutning og kaupendur tilkynningarskyldra tækja á liðnu ári. Innlendir framleiðendur skulu með sama hætti senda slíka tilkynningu um innlenda kaupendur tilkynningarskyldra tækja.

5. gr.

Fyrirsögn III. kafla laganna verður: **Leyfisveitingar og tilkynningar um innflutning o.fl.**

6. gr.

2. málsl. 1. mgr. 9. gr. laganna orðast svo: Notkun geislavirkra efna sem ekki falla undir 2. mgr. 7. gr. og geislatækja sem gefa frá sér jónandi geislun er háð leyfi Geislavarna ríkisins.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „eigandi“ í 1. mgr. og 1. málsl. 2. mgr. og „eiganda“ í 3. málsl. 2. mgr. kemur í viðeigandi beygingarfalli: leyfishafi.
b. Í stað orðanna „innra eftirliti“ í 3. mgr. og „innra eftirlits“ í 4. mgr. kemur í viðeigandi beygingarfalli: gæðaeftirlit.

8. gr.

Í stað orðsins „eiganda“ í lokamálslið 2. mgr. 12. gr. laganna kemur: leyfishafa.

9. gr.

Í stað orðsins „Eigendur“ í 1. mgr. 18. gr. laganna kemur: Leyfishafar.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „eigandi“ í 1. málsl. kemur: leyfishafi.
b. Í stað orðanna „sbr. 7., 9. og 20. gr.“ í 1. málsl. kemur: sbr. 7. og 9. gr.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 20. gr. laganna:

a. 1. mgr. fellur brott.
b. 2. mgr. orðast svo:

   Viðgerðir og uppsetningar á geislatækjum sem gefa frá sér jónandi geislun mega þeir einir annast sem uppfylla kröfur Geislavarna ríkisins um þekkingu og reynslu. Þeir sem taka að sér uppsetningu slíkra geislatækja skulu tilkynna Geislavörnum ríkisins um uppsetninguna innan fjögurra vikna frá því að henni lýkur.
c. 3. mgr. orðast svo:

   Þeir sem taka að sér að setja upp slík geislatæki eða gera við þau skulu ganga úr skugga um að öryggisbúnaður tækjanna sé í samræmi við lög og reglugerðir eða aðrar reglur settar samkvæmt þeim og tilkynna Geislavörnum ríkisins tafarlaust ef svo er ekki.

12. gr.

Fyrirsögn IX. kafla laganna verður: **Uppsetning og viðgerðir á geislatækjum.**

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2009.

809. Frumvarp til laga [510. mál]

um breytingu á lögum nr. 85/2007, um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

Flm.: Árni Johnsen, Lúðvík Bergvinsson, Guðni Ágústsson, Ólöf Nordal,
Kjartan Ólafsson, Björk Guðjónsdóttir, Grétar Mar Jónsson,
Bjarni Harðarson, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Jón Gunnarsson,
Herdís Þórðardóttir, Alma Lísa Jóhannsdóttir.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. 5. mgr. fellur brott.
b. Í stað orðanna „framkvæmd við útgáfu leyfa, skilyrði fyrir leyfum og innheimtu og ákvörðun löggæslukostnaðar“ í 7. mgr. kemur: framkvæmd við útgáfu leyfa og skilyrði fyrir leyfum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt 33. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996, er meginreglan sú að allur kostnaður af starfsemi lögreglunnar greiðist úr ríkissjóði. Fjárveitingavaldinu ber því að tryggja að nægilegt fé sé veitt til löggæslumála ár hvert svo að unnt sé að halda uppi lögum og allsherjarreglu í landinu. Í 1. mgr. 34. gr. laganna var þar til í fyrra að finna ákvæði sem heimilaði lögreglu að innheimta sérstakan löggæslukostnað af skemmtistöðum ef það væri metið svo að aukinnar löggæslu væri þörf.

Töluverðar deilur hafa oft sprottið af innheimtu sérstaks löggæslukostnaðar og ungmennafélög hafa m.a. verið krafin um háar fjárhæðir vegna landsmóta. Heimild lögreglustjóra til að binda skemmtanaleyfi skilyrðum um aukna löggæslu og greiðslu löggæslukostnaðar byggðist þá á hæpinni lagastoð.

Síðastliðið vor voru samþykkt á Alþingi ný lög um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007, og tóku þau gildi 1. júlí sl. Með 28. gr. laganna var 1. mgr. 34. gr. lögreglulaga felld úr gildi. Í 17. gr. nýju laganna er nú skýrar en áður kveðið á um að leyfi þurfi fyrir skemmtunum og hátíðum og er þar talið upp í dæmaskyni að það gildi um útihátíðir, útitónleika, skóladansleiki og tjaldsamkomur. Aðeins virðist gert ráð fyrir að einkasamkomur falli utan við gildissviðið. Í samræmi við það er í 5. mgr. greinarinnar ákvæði sem heimilar að það skilyrði sé sett fyrir veitingu skemmtanaleyfis að leyfishafi greiði þann kostnað sem leiðir af aukinni löggæslu umfram venjubundna löggæslu á sama tíma. Lagastoð fyrir innheimtu löggæslukostnaðar hefur því verið treyst.

Flutningsmenn telja að meginreglan eigi að vera sú að hið opinbera greiði allan kostnað af þeirri löggæslu sem lögreglan telur nauðsynlega á hverjum tíma. Lögreglustjóri á að meta hversu mikillar löggæslu er þörf og þeir sem standa fyrir samkomum eru ekki í aðstöðu til að meta slíkt eða andmæla mati lögreglustjóra. Ljóst er að greiðsla löggæslukostnaðar kemur illa niður á starfi ungmennasambanda og íþróttafélaga sem hafa reglulega staðið fyrir útihátíðum og tjaldsamkomum á sumrin, að ekki sé minnst á skólaskemmtanir.

Mjög mikillar mismununar gætir í þessum efnum um allt land og segja má að hugdettur ráði oft hvort löggæslugjald er innheimt eða ekki. Til að mynda eru engar gjaldtökur af hálfu ríkisins á stærstu samkomum landsins eins og á stórhátíðum í Reykjavík, Akureyri og reyndar í flestum byggðarlögum landsins sem standa að útihátíðum. Aðeins örfá sýslumannsembætti landsins rukka löggæslukostnað.

Þessi mismunun er óeðlileg og ósanngjörn fyrir utan það að fremur ætti að verðlauna fólk sem vill standa fyrir útihátíðum á Íslandi en refsa því. Þetta bitnar á þeim sem minna mega sín en hinir sleppa. Árið 1998 ákvað fjárlaganefnd Alþingis að leggja til ákveðið fjármagn á ári sem átti að dekka þennan kostnað (þá alls um 7 millj. kr.). Alþingi samþykkti þetta og þannig gekk það fyrir sig í tvö ár, en þá tók dómsmálaráðuneytið til sinna ráða og úthlutaði þessum peningum að eigin geðþótta og síst til þeirra sem voru rukkaðir um löggæslugjald. Þar með hvarf þessi fjárlagaliður inn í heildarpakka ráðuneytisins og þeir sem á brann sátu óbættir hjá garði.

Niðurfelling þessarar gjaldtöku er einfalt réttlætismál. Af þeim sökum er lagt til að heimild lögreglu í 5. mgr. 17. gr. laganna til að krefjast greiðslu löggæslukostnaðar verði felld brott ásamt heimild til að kveða nánar á um framkvæmd við innheimtu og ákvörðun löggæslukostnaðar í reglugerð.

810. Frumvarp til laga [511. mál]

um breytingu á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, með síðari breytingum.

Flm.: Árni Johnsen, Jón Gunnarsson, Guðni Ágústsson, Grétar Mar Jónsson, Herdís Þórðardóttir, Ármann Kr. Ólafsson, Kristján Þór Júlíusson.

Við 15. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Ökumanni sem hyggst beygja til hægri við gatnamót á umferðarljósum er heimilt að beygja á móti rauðu ljósi nema sérstaklega sé tekið fram að það sé óheimilt. Hann skal þó ætíð stöðva ökutæki sitt eins og við stöðvunarskyldu og veita umferð sem kemur úr öðrum áttum forgang.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Áður hafa nokkur þingmál um heimild til hægri beygju á móti rauðu ljósi verið flutt á Alþingi. Á 121. og 122. löggjafarþingi voru fluttar tillögur til þingsályktunar og á 127., 128., 130. og 133. löggjafarþingi hafa slík mál verið flutt í formi lagafrumvarps.

Meginmarkmið frumvarpsins er að heimila ökumönnum að taka hægri beygju á ljósastýrðum gatnamótum gegn rauðu ljósi þar sem það er óhætt, einkum með það fyrir augum að greiða fyrir umferð. Þannig má stytta nokkuð biðtíma við ljósastýrð gatnamót og jafnvel sums staðar draga úr þörf fyrir afreinar. Gert er ráð fyrir að ökumönnum beri ávallt að stöðva ökutæki sitt algerlega eins og um stöðvunarskyldu væri að ræða áður en hægri beygja er tekin gegn rauðu ljósi.

Ef frumvarp þetta verður að lögum mun gilda sú almenna regla að heimilt sé að taka hægri beygju gegn rauðu ljósi nema það sé sérstaklega bannað.

Flutningsmenn telja að þessi leið geti greitt fyrir umferð á vissum stöðum en vekja athygli á að því fylgir ábyrgð að aka gegn rauðu ljósi og að ökumenn sem nýta sér þennan rétt til hagræðis verði að gæta fyllstu varúðar, meta aðstæður og virða almennar umferðarreglur.

811. Tillaga til þingsályktunar [512. mál]

um undirbúning að hönnun og stækkun Þorlákshafnar.

Flm.: Árni Johnsen, Lúðvík Bergvinsson, Guðni Ágústsson, Kjartan Ólafsson, Björk Guðjónsdóttir, Grétar Mar Jónsson, Bjarni Harðarson.

Alþingi ályktar að skora á samgönguráðherra að fela Siglingastofnun að hefja nú þegar undirbúning að hönnun og stækkun Þorlákshafnar þannig að höfnin geti þjónustað 60–80 þús. tonna skip, allt að 225 metra löng.

Greinargerð.

Fyrirhuguð er mikil uppbygging í Þorlákshöfn á næstu árum á sviði iðnaðar, stóriðju og matvælaiðnaðar. Því er mikilvægt að íslensk stjórnvöld hafi á takteinum hugmyndir að stærð og gerð hafnar á næstu missirum. Þorlákshöfn er eina þjónustuhöfnin fyrir allt Suðurlandsundirlendið þar sem mjög mikil uppbygging atvinnurekstrar á sér nú stað.

Árnessýsla og Rangárvallasýsla eru mjög ört vaxandi athafnasvæði og ein hin mesta uppbygging á landinu er í Árnessýslu. Erlend stórfyrirtæki í ýmsum greinum stóriðju standa nú í viðræðum við bæjaryfirvöld í Ölfusi um uppbyggingu þar. Slík uppbygging mun hafa mikla og jákvæða þýðingu fyrir Suðurland og landið allt. Því skiptir miklu máli að geta brugðist við eftirspurninni með stuttum fyrirvara. Nær 100 stór flutningaskip og farþegaskip koma nú þegar árlega til Þorlákshafnar og mikil aukning er fyrirsjáanleg auk alls fiskiskipaflotans sem Þorlákshöfn þjónustar, bæði lítil og stór skip.

812. Tillaga til þingsályktunar [513. mál]

um líkantilraunir vegna stórskipabryggju í Vestmannaeyjum.

Flm.: Árni Johnsen, Lúðvík Bergvinsson, Guðni Ágústsson, Kjartan Ólafsson, Björk Guðjónsdóttir, Grétar Mar Jónsson, Bjarni Harðarson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta nú þegar hefjast handa um líkantilraunir í líkanstöð Siglingastofnunar til að undirbúa gerð stórskipabryggju í Vestmannaeyjum. Kannaðir verði þrír valkostir, norðan Eiðis, innan hafnar og utan hafnar í Skansfjöru gegnt Klettsvík, en þessi þrjú svæði hafa verið til umfjöllunar hjá hafnarstjórn Vestmannaeyja. Mikilvægt er að reikna með a.m.k. tveggja skipa viðleguplássi eða um 500 m kanti.

Greinargerð.

Það liggur ljóst fyrir að á næstu árum verða þær breytingar á flutningaskipaflota Íslendinga að skipin munu stækka og ef ekki verður byggður stórskipakantur í Vestmannaeyjum mun skapast stórkostlegur vandi í stærstu verstöð Íslands þar sem skip eru á ferðinni á öllum tímum sólarhrings til og frá Eyjum. Vestmannaeyjar sem eru með um 10% af öllum afla landsins yrðu hreinlega úr leik. Auk flutningaskipanna er mjög vaxandi umferð stærstu farþegaskipa heims til Íslands og mikilvægt að þriðji mest sótti ferðamannastaður landsins hafi alla möguleika á þeim vettvangi.

Næsta kynslóð gámaskipa á Íslandi verður væntanlega byggð upp á 180–200 m löngum skipum og um 30 m breiðum og reikna þarf með a.m.k. 10 m djúpristu.

Siglingastofnun hefur að beiðni hafnarstjórnar Vestmannaeyja unnið frumathuganir á umræddum þremur valkostum, en mikilvægt er að mati flutningsmanna að öll hönnun og líkantilraunir miði a.m.k. við tveggja skipa stórskipakant. Mikilvægt er að hraða líkantilraunum eins og kostur er því vinda þarf bráðan bug að því að byggja upp stórskipakant í Vestmannaeyjum.

Stórskipakantur utan Eiðis er fýsilegasti kosturinn vegna nálægðarinnar við aðalathafnasvæði Vestmannaeyjahafnar og möguleika til landauka, en Skansfjara er einnig magnaður möguleiki þótt aðgengi inn á hafnarsvæðið sé þar ekki eins auðvelt. Stórskipakantur við Lönguna í Vestmannaeyjahöfn yrði við þröngar aðstæður og gæfi ekki mikið svigrúm til mannvirkjagerðar á landi auk þess að mikil höfuðsynd yrði að byggja að sjálfri Löngunni sem er náttúruparadís í sjálfri Vestmannaeyjahöfn og magnað útivistarsvæði framtíðarinnar. Þar er nú eini staðurinn sem hafið kyssir rætur Heimakletts innan hafnar. Engu að síður er þetta valkostur því að skynsemin verður að ráða.

Miklir möguleikar eru á efnistöku í brimvarnar- og hafnargarða, en reikna má með að a.m.k. 500.000 rúmmetra þurfi í garða hvort sem er utan Eiðis eða til móts við Ystaklett. Möguleikarnir á efnistöku eru austur á Urðum í nýja hrauninu, vestur á Skönsum undir Klifi og svo sjálf hrauntungan sem teygir sig inn í miðjan Vestmannaeyjabæ, um 20 m þykk og þekur 93.000 fermetra, um 1,3 milljónir rúmmetrar að magni, en þessi möguleiki hefur ekki verið ræddur hingað til. Þarna liggur mikið verðmæti bundið og örstutt að flytja það hvort sem er austur á Skansfjöru eða norður fyrir Eiði.

Um 250 stór flutningaskip og farþegaskip koma til Vestmannaeyja á ári þannig að segja má að skip af stærstu gerð séu þar nær daglega. Komur fiskiskipa af öllum stærðum skipta þúsundum í Vestmannaeyjahöfn á hverju ári.

813. Tillaga til þingsályktunar [514. mál]

um stefnumörkun í málefnum kvenfanga og stofnun deildaskipts fangelsis fyrir konur.

Flm.: Alma Lísa Jóhannsdóttir, Álfheiður Ingadóttir, Ögmundur Jónasson, Paul Nikolov.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að móta stefnu í málefnum kvenfanga og undirbúa byggingu deildaskipts fangelsis fyrir konur sem yrði á höfuðborgarsvæðinu.

Greinargerð.

Fangelsismál hafa verið í brennidepli undanfarin ár. Nýverið skilaði nefnd undir forustu Margrétar Frímannsdóttur skýrslu um framtíðarrekstur fangelsis að Litla-Hrauni, en í skýrslunni var einnig komið inn á núverandi aðstöðu kvenfanga og framtíðarsýn fangelsisyfirvalda í þeim efnum.

Niðurstaða nefndarinnar var m.a. sú að það sé mikilvægt að konur eigi möguleika á að afplána refsivist í sérstöku kvennafangelsi. Einnig var talið mikilvægt að móta heildstæða stefnu um vistun kvenfanga. Til þess að bjóða konum sambærileg úrræði og karlföngum þarf að mati nefndarinnar deildaskipt kvennafangelsi, þ.e. konur þurfa að eiga möguleika á vistun eftir eðli brots og ýmist í öryggisgæslu eða almennri fangavist. Jafnframt þarf að tryggja kvenföngum aðstöðu til náms og þroska eins og best verður á kosið meðan á afplánun stendur.

Rannsóknir hafa sýnt að ein helsta ástæðan fyrir þunglyndi kvenna í fangelsi eru áhyggjur og söknuður eftir börnum. Góð samskipti við börn geta verið forsenda betri líðunar og mikilvægur þáttur í allri meðferð í fangelsinu. Skapa verður aðstæður í fangelsum sem gera konum kleift að viðhalda og helst styrkja þessi fjölskyldutengsl á meðan þær eru í afplánun. Því er mikilvægt að konur hafi möguleika á að taka út fangavist eins nálægt heimabyggð og kostur er og því skiptir máli að þær hafi möguleika á vistun á fleiri en einum stað á landinu. Hærra hlutfall kvenna en karla í fangelsum eiga börn og þarf að taka tillit til þess að konur hafa sterk tengsl við fjölskyldur sínar og þurfa á þeim að halda. Það má ekki gleymast að þegar mæður eru dæmdar í fangelsisvistun eru börn að sama skapi dæmd í aðskilnað. Okkur ber því að vanda okkur í þessum málum.

Þarfir kven- og karlfanga eru ólíkar. Konur eru í ýmsum tilvikum verr staddar en karlar vegna andlegra eða líkamlegra sjúkdóma þegar þær koma til vistunar. Sökum þessa eru kvenfangar oftar atvinnulausar áður en þær hefja afplánun. Oft eiga þær einnig í meiri félags- og heilbrigðisvanda en karlarnir. Í mörgum tilvikum hafa þær átt erfiða æsku sem einkennist af líkamlegu og andlegu ofbeldi. Hlúa þarf vel að heilsufari kvenna í fangavist og þar þurfa að vera aðstæður sem bjóða upp á að því sé sinnt á góðan máta.

Yfirlýst stefna Fangelsismálastofnunar er að konum skuli bjóðast sömu tækifæri í afplánun og körlum. Konur eru að meðaltali 6% fanga á hverjum tíma en þær vilja gleymast þrátt fyrir að ákveðnar vísbendingar séu um að konum sem brjóta af sér sé að fjölga. Þetta er í samræmi við alþjóðlega þróun en kvenföngum hefur til að mynda fjölgað um 200% í Kanada á síðasta áratug.

Á undanförnum árum hafa verið 6–7 konur samtímis í fangelsum á Íslandi, flestar 10 í senn. Kvenfangar eru nú vistaðir í fangelsinu í Kópavogi og á Kvíabryggju. Fangelsið við Kópavogsbraut hefur verið rekið sem blandað fangelsi og hafa karlfangar sem þar hafa verið vistaðir verið valdir sérstaklega með tilliti til þess að þeir afplána í kynjablönduðu fangelsi. Til stendur að loka Kópavogsfangelsinu en gert er ráð fyrir aðstöðu fyrir kvenfanga í endurnýjuðu fangelsi á Akureyri.

Í frumteikningum að framtíðarhúsnæði Litla-Hrauns er gert ráð fyrir sérstakri kvennadeild. Samkvæmt þeim hugmyndum verða kvenfangar vistaðir í sama húsi og karlar en á sér gangi. Ekki er gert ráð fyrir nauðsynlegum breytingum á aðstöðu til náms, vinnu, útivistar og líkamsræktar fanga sem taka mið af mismunandi þörfum kvenna og karla. Í skýrslu vinnuhóps um fyrirhugað fangelsi á Hólmsheiði segir í drögum að þarfagreiningu að gera skuli ráð fyrir lítilli íbúðareiningu fyrir kvenfanga með fjórum fangaklefum, en ekki er gert ráð fyrir

að fangelsið á Hólmsheiði verði afplánunarfangelsi til langs tíma, heldur einungis til skemmri tíma vistunar.

Þegar litið er til skipanar mála í löndum sem talin eru framarlega í þessum málum er misjafn hátturinn á. Í Svíþjóð eru kvenfangar vistaðir í sérstökum kvennafangelsum. Danir hafa vistað karla og konur í sameiginlegum fangelsum og það sama á við um Noreg en Norðmenn eru einnig með sérstök kvennafangelsi. Bretar hafa ekki verið með blandaða fangelsisvist né heldur Kanadamenn.

Konur eru að jafnaði dæmdar fyrir önnur brot en karlar. Brot þeirra er ekki eins ofbeldisfull og þær tengjast frekar smávægilegum þjófnaðarbrotum og skjalafalsi en karlar harðari ofbeldisbrotum, ránum og innbrotum. Það sem bæði kynin virðast eiga sameiginlegt eru fíkniefnabrotin en um 30% eru að afplána fangelsisvist fyrir slík brot. Rannsóknir hafa einnig sýnt að mjög hátt hlutfall kvenna neytir fíkniefna fyrir afplánun og hafa þær í mörgum tilvika mun lengri meðferðarsögu á bak við sig en karlar í fangelsum. Konur í fangavist þurfa því góð meðferðarúrræði og í mörgum tilvikum aðstoð frá aðilum eins og Stígamótum og Kvennaathvarfi.

Auðvitað ber að fagna því að tekið hefur verið skref fram á við í jafnréttisbaráttunni með því að bjóða upp á fleiri vistunarmöguleika fyrir konur en áður hafa verið í boði hér á landi. Í starfi nefndarinnar um framtíð Litla-Hrauns kom fram í athugasemdum frá starfsmönnum og sérfræðingum að taka þarf tillit til sérþarfa kvenna við endurskipulagningu fangelsanna. Þær séu aðrar en karla vegna þess m.a. sem er talið upp hér að framan. Flestir þeirra sem nefndin talaði við töldu heppilegra að vista konur í sérstöku kvennafangelsi. Þá var dregið í efa að fyrirhuguð staðsetning kvennadeildar á Litla-Hrauni væri heppileg með tilliti til sérþarfa kvenna. Þetta kemur heim og saman við reynslu margra sérfræðinga erlendis. Svíar hafa til dæmis ekki góða reynslu af sameiginlegri vistun kven- og karlfanga en þar jókst ofbeldi gegn konum innan fangelsisins þegar sú stefna var tekin. Hér á landi hefur sameiginleg vistun gengið vel en hafa ber í huga að karlfangar voru sérvaldir í hvert sinn. Slíkt mun ekki vera möguleiki á Litla-Hrauni sem er á vera öryggisfangelsi fyrst og fremst ætlað körlum. Í ljósi smæðar þjóðarinnar getur sameiginleg vistun kven- og karlfanga haft í för með sér erfiðleika vegna hugsanlegra fyrri tengsla þessara hópa. Í ýmsum tilvikum hafa konurnar einmitt orðið fyrir ofbeldi af hendi þessara sömu manna.

Lengi hefur verið bent á að brýnt sé að veita kvenföngum sömu vistunarúrræði og karlföngum en þrátt fyrir umræður um þetta á Alþingi hefur lítið verið gert. Staðan er þannig nú í málefnum kvenfanga að þau þola enga bið og er því afar mikilvægt að þessi tillaga verði samþykkt svo að hægt sé að hlúa að málefnum kvenfanga á mannsæmandi hátt.

814. Nefndarálit [331. mál]

um frv. til varnarmálalaga.

Frá meiri hluta utanríkismálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þóri Ibsen, Grétar Má Sigurðsson og Veturliða Þór Stefánsson frá utanríkisráðuneyti, Guðrúnu Erlingsdóttur og Jón B. Guðnason frá Ratsjárstofnun, Stefán Pálsson og Einar Ólafsson frá Samtökum hernaðarandstæð-

inga, Harald Johannessen og Jón Bjartmarz frá ríkislögreglustjóra, Jóhann R. Benediktsson og Ellisif Tinnu Víðisdóttur frá embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum og Gunnar Björnsson frá starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins. Umsagnir bárust um málið frá ríkisskattstjóra, Siglingastofnun Íslands, Alþýðusambandi Íslands, tollstjóranum í Reykjavík, Samtökum hernaðarandstæðinga, Ratsjárstofnun, Landhelgisgæslu Íslands, Flugmálastjórn, ríkislögreglustjóra, lögreglustjóranum á Suðurnesjum og Lögreglustjórafélagi Íslands. Auk þess fór nefndin í vettvangsferð á varnarsvæðið á Keflavíkurflugvelli og kynnti sér aðstæður og búnað hjá Ratsjárstofnun.

Í frumvarpinu er lagt til að sett verði á fót ný stofnun, Varnarmálastofnun, sem hafi það hlutverk að fara með framkvæmd þeirra verkefna sem Íslendingar sinna á sviði varnarmála og sinni jafnframt þeim verkefnum sem leiða af loftrýmiseftirliti og loftrýmisgæslu Atlantshafsbandalagsins og rekstri loftvarnakerfis þess hér á landi. Með frumvarpinu er ætlunin að setja afdráttarlausan lagaramma um verkefni íslenskra stjórnvalda á sviði öryggis- og varnarmála og skýrar reglur um aðskilnað þeirra frá öðrum verkefnum stjórnvalda sem eru borgaraleg í eðli sínu, svo sem löggæslu og almannavörnum. Samhliða þessu er gert ráð fyrir mótun heildstæðrar öryggis- og varnarstefnu Íslendinga.

Forsaga málsins er sú að 1. ágúst 2007 skipaði utanríkisráðherra starfshóp til að undirbúa yfirtöku íslenskra stjórnvalda á starfsemi Ratsjárstofnunar og aðlögun að íslenskri stjórnsýslu. 15. ágúst 2007 tóku íslensk stjórnvöld síðan að fullu við rekstri og verkefnum Ratsjárstofnunar af Bandaríkjamönnum, en stofnunin hafði fram að því verið rekin á grundvelli bandarískra reglna og starfsemin kostuð af bandarískum yfirvöldum. Á þessum tímamótum var hugað að endurskipulagningu stofnunarinnar og hagræðingu í rekstri sem fól m.a. í sér að öllum starfsmönnum, sem þá voru 46 talsins, var sagt upp. Ákveðið var að Ratsjárstofnun mundi þó starfa áfram á grundvelli gildandi skipulags frá þessum tíma til að vernda þá fjárfestingu sem liggur í íslenska loftvarnakerfinu og til tryggingar þjóðaröryggishagsmunum Íslands. Jafnframt var það mat stjórnvalda að áframhaldandi rekstur loftvarnakerfisins væri forsenda samstarfs við grannríki á sviði öryggismála og gegndi veigamiklu hlutverki í loftheilgiseftirliti Atlantshafsbandalagsins.

Fjölmörg atriði frumvarpsins komu til umræðu við meðferð málsins í nefndinni. Þar bar hæst umræðu um skil milli borgaralegra og hernaðarlegra verkefna samkvæmt frumvarpinu. Í ljós kom að ekki reyndist auðvelt að draga skýr skil á milli þessara verkefna og því snerist vinna nefndarinnar að töluverðu leyti um þetta atriði og það að skýra samskipti Varnarmálastofnunar við aðrar borgaralegar stofnanir. Einnig ræddi nefndin mikið um málefni starfsmanna Ratsjárstofnunar í tengslum við stofnun Varnarmálastofnunar, heimildir til að ráða starfsmenn tímabundið til starfa hjá Varnarmálastofnun og gildistökuákvæði frumvarpsins. Þá ræddi nefndin jafnframt um þátttöku Alþingis og utanríkismálanefndar í stefnumörkun á sviði varnarmála. Með hliðsjón af þessum atriðum leggur meiri hlutinn til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

Í fyrsta lagi leggur meiri hlutinn til breytingar á 1., 2. og 3. gr. frumvarpsins, sem að mestu eru lagatæknilegar, þess efnis að afmarkað verði á skýrari hátt hvert gildissvið og markmið laganna verður og hvernig yfirstjórn varnarmála verður háttað samkvæmt þeim. Efnismesta breytingin lýtur að því að meiri hlutinn leggur til að tilvísun í 3. gr. frumvarpsins til stefnumótunar af hálfu utanríkisráðherra um framkvæmd varnarmála innan ramma laganna verði felld brott. Þetta helgast af því að fleiri en utanríkisráðherra fara með stefnumótun í málaflokknum. Meiri hlutinn lítur svo á að við framkvæmd stefnumótunar í varnarmálum verði að eiga sér stað samráð við nefndina, sbr. ákvæði 24. gr. laga um þingsköp Alþingis

þar sem segir að utanríkismálanefnd skuli vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um meiri háttar utanríkismál, enda skuli ríkisstjórnin ávallt bera slík mál undir hana. Þá er það skilningur meiri hlutans að ákvæði frumvarpsins um hættumat á sviði varnarmála sé þess eðlis að það útiloki ekki borgaralegar stofnanir, svo sem lögreglu, Fjármálaeftirlitið og embætti sóttvarnalæknis, frá því að sinna hættumati varðandi tiltekna öryggisþætti í samræmi við lögmælt hlutverk sitt.

Hvað varðar hugtakið öryggis- og varnarmál telur meiri hlutinn heppilegt að skilgreina það sérstaklega í lagatextanum sjálfum og leggur því til breytingu þess efnis á 5. gr. frumvarpsins þar sem fram kemur að með hugtakinu sé átt við mál sem snúa að samstarfi Íslands við önnur ríki og alþjóðastofnanir á sviði landvarna sem og varna gegn öðrum hættum og ógnum sem steðjað geta að íslensku þjóðinni og íslensku forráðasvæði, og eiga upptök sín í hinu alþjóðlega samfélagi. Nefndin telur ljóst að notkun hugtaksins öryggismál hér á landi einskorðast ekki við verkefni sem lúta að löggæslu, björgunarmálum og almannavörnum, sbr. t.d. 1. gr. laga um utanríkisþjónustu Íslands, nr. 39/1971, og 10. tölul. 12. gr. reglugerðar um Stjórnarráð Íslands, nr. 177/2007.

Í öðru lagi leggur meiri hlutinn til að bætt verði við 7. gr. frumvarpsins ákvæði um að utanríkisráðherra, í samráði við viðkomandi fagráðuneyti, verði heimilt að tilnefna sérfróðan fulltrúa frá annarri ríkisstofnun en Varnarmálastofnun til þátttöku í starfi nefnda og undirstofnana Atlantshafsbandalagsins þegar um borgaralegt samstarf er að ræða. Þetta helgast m.a. af því að innan bandalagsins fer einnig fram borgaralegt samstarf og má þar t.d. nefna almannavarnanefnd þess. Ríkislögreglustjóri hefur annast þátttöku í þeirri nefnd af hálfu Íslands í umboði utanríkisráðuneytisins. Til að taka af allan vafa um að slík þátttaka fagaðila með sérþekkingu á ákveðnum þáttum verði áfram möguleg í starfi bandalagsins telur nefndin rétt að kveða sérstaklega á um þessa heimild utanríkisráðherra. Á það hefur einnig verið bent að innlendar stofnanir og ýmis fagráðuneyti taka þátt í alþjóðlegu samstarfi á sviði öryggismála með erlendum systurstofnunum sínum. Meiri hlutinn telur mikilvægt að tekið sé af skarið um það í lögum hver fari með yfirstjórn varnarmála, en leggur áherslu á að fyrirsvari utanríkisráðherra á sviði öryggis- og varnarmála skv. 4. gr. frumvarpsins er ekki ætlað að girða fyrir slíkt samstarf íslenskra stofnana við erlendar systurstofnanir og ekki meiningin að breyta neinu þar um. Þá bendir meiri hlutinn á að í frumvarpinu er engin ákvæði að finna um hvaða aðili innan íslenska stjórnkerfisins eigi að annast öryggisgæslu á öryggis- og varnarsvæðinu á Suðurnesjum, en hún var áður fyrr ávallt í höndum lögreglunnar á Keflavíkurflugvelli. Af þessum sökum gengur meiri hlutinn út frá því að verkefnið verði í höndum lögreglunnar á Suðurnesjum.

Í þriðja lagi ræddi nefndin sérstaklega um þau ákvæði frumvarpsins sem snúa að starfsmannamálum, bæði hvað varðar heimild til að flytja embættismenn eða fastráðna starfsmenn utanríkisþjónustunnar tímabundið til starfa hjá Varnarmálastofnun og réttarstöðu fyrrverandi starfsmanna Ratsjárstofnunar. Meiri hlutinn telur þá heimild sem lögð er til í 10. gr. frumvarpsins um tímabundna ráðningu til Varnarmálastofnunar vera of takmarkaða og leggur því til að ákvæðið verði gert almennra og tekið skýrt fram að heimildin nái til ríkisstarfsmanna almennt en einskorðist ekki við starfsmenn utanríkisþjónustunnar. Samkvæmt reglum um auglýsingar á lausum störfum nr. 464/1996, með síðari breytingum, sem fjármálaráðherra hefur sett með stoð í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, er ekki skylt að auglýsa störf m.a. vegna afleysingar, svo sem vegna orlofs, veikinda, barnsburðarleyfis, námsleyfis, leyfis til starfa á vegum alþjóðastofnana o.þ.u.l., enda sé afleysingu ekki ætlað að standa lengur en 12 mánuði samfellt. Regla frumvarpsins er því sérregla sem gengur

framar almennu reglunni samkvæmt starfsmannalögunum og reglum fjármálaráðherra þar sem samkvæmt henni má ráða starfsmann án auglýsingar til allt að tveggja ára í senn. Nefndin telur heppilegast að almenn lög gildi um starfsréttindi opinberra starfsmanna. Hins vegar verður í þessu sambandi jafnframt að horfa til séreðlis utanríkisþjónustunnar á sviði starfsmannamála, en sveigjanleiki í starfsmannamálum og flutningsskylda starfsmanna skipta þar miklu máli. Ákveðin rök eru því fyrir þessari sérreglu frumvarpsins sem nefndin fellst á. Þá eru fordæmi fyrir því að utanríkisráðuneyti séu heimiluð frávik frá auglýsingaskyldunni samkvæmt starfsmannalögunum, sbr. lög um íslensku friðargæsluna og þátttöku hennar í alþjóðlegri friðargæslu, nr. 73/2007. Meiri hlutinn bendir einnig á að ákvæðinu er ætlað að auðvelda til frambúðar öflun sérhæfðrar þekkingar á sviði öryggis- og varnarmála frá aðilum sem ekki eru tilbúnir að yfirgefa aðalstarf sitt. Slík þekkingaröflun er viðvarandi verkefni en ekki tímabundið. Meiri hlutinn telur einnig rétt að orða það afdráttarlaust í bráðabirgðaákvæði frumvarpsins að starfsfólk sem er á uppsagnarfresti hjá Ratsjárstofnun og starfar þar við gildistöku laganna eigi rétt á að vera boðið starf hjá Varnarmálastofnun og leggur því til breytingu á frumvarpinu þess efnis.

Í fjórða lagi ræddi nefndin um gildistökuákvæði frumvarpsins og fyrirhugaða ráðningu forstjóra Varnarmálastofnunar áður en lögin hefðu öðlast gildi. Meiri hlutinn leggur til að gildistöku laganna verði frestað frá 1. apríl 2008 til 31. maí 2008 með hliðsjón af því hversu langt er liðið á vor við afgreiðslu málsins frá nefndinni. Þá verður ekki séð að rök standi til þess að ráða forstjóra Varnarmálastofnunar áður en stofnunin verður til. Réttara þykir að heimila að auglýsa embætti forstjóra laust til umsóknar þegar lögin hafa verið samþykkt og að skipun í embættið miðist við 1. júní 2008. Jafnframt þykir eðlilegt að verðandi forstjóri eigi sæti í þeim starfshópi sem ráðherra felur að undirbúa gildistöku laganna, þ.m.t. ráðningar starfsfólks. Til að taka af allan vafa leggur meiri hlutinn einnig til breytingu á 8. gr. frumvarpsins þess efnis að áskilið verði að forstjóri stofnunarinnar skuli hafa lokið háskólaprófi í stað þess að hann skuli hafa háskólamenntun.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með þeim breytingum sem hér hefur verið gerð grein fyrir og lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Siv Friðleifsdóttir skrifar undir álitið með fyrirvara.

Guðfinna S. Bjarnadóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 31. mars 2008.

Bjarni Benediktsson, form., frsm.	Árni Páll Árnason.	Ragnheiður E. Árnadóttir.
Ásta R. Jóhannesdóttir.	Siv Friðleifsdóttir, með fyrirvara.	Lúðvík Bergvinsson.

Kristinn H. Gunnarsson.

815. Breytingartillögur [331. mál]

við frv. til varnarmálalaga.

Frá meiri hluta utanríkismálanefndar (BjarnB, ÁPÁ, REÁ, ÁRJ, SF, LB, KHG).

1. Við 1. gr.
   a. 2. mgr. falli brott.
   b. Orðin „og markmið“ í fyrirsögn falli brott.
2. 2. gr. orðist svo ásamt fyrirsögn:

Markmið.

Markmið þessara laga eru eftirfarandi:
   a. að afmarka valdheimildir íslenskra stjórnvalda varðandi varnartengd verkefni,
   b. að greina á milli varnartengdra verkefna og borgaralegra verkefna sem lúta að löggæslu og innra öryggi ríkisins,
   c. að greina á milli stefnumótunar og framkvæmdaratriða á sviði varnarmála,
   d. að auðvelda lýðræðislegt eftirlit með varnartengdri starfsemi.
3. 3. gr. orðist svo ásamt fyrirsögn:

Yfirstjórn.

Utanríkisráðherra fer með yfirstjórn varnarmála og framkvæmd laga þessara. Utanríkisráðherra ber ábyrgð á gerð hættumats á sviði varnarmála og mótun og framkvæmd öryggis og varnarstefnu Íslands á alþjóðavettvangi.

Ef brýnir varnarhagsmunir krefjast skal utanríkisráðherra heimilt að víkja frá málsmeðferðarreglum laga þessara eða reglugerða sem eru settar samkvæmt þeim.
4. Við 5. gr. bætist nýr töluliður sem verði 17. töluliður, svohljóðandi: Öryggis- og varnarmál: Mál sem snúa að samstarfi Íslands við önnur ríki og alþjóðastofnanir á sviði landvarna, sem og varna gegn öðrum hættum og ógnum sem steðjað geta að íslensku þjóðinni og íslensku forráðasvæði, og eiga upptök sín í hinu alþjóðlega samfélagi.
5. Við 7. gr. Við 7. tölul. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Einnig er utanríkisráðherra heimilt, að höfðu samráði við viðkomandi fagráðuneyti, að tilnefna sérfróðan fulltrúa frá annarri ríkisstofnun til þátttöku í slíku starfi þegar um borgaralegt samstarf er að ræða.
6. Við 8. gr. Í stað orðanna „Forstjóri skal hafa háskólamenntun“ í 2. málsl. komi: Forstjóri skal hafa lokið háskólaprófi.
7. 10. gr. orðist svo:

Forstjóra Varnarmálastofnunar er heimilt, að höfðu samráði við utanríkisráðuneytið, að ráða án auglýsingar ríkisstarfsmann tímabundið til starfa hjá Varnarmálastofnun, þó ekki lengur en til tveggja ára í senn. Áskilið er að vinnuveitandi viðkomandi samþykki slíka tilhögun. Með sömu skilyrðum má veita starfsmanni Varnarmálastofnunar tímabundið starf hjá utanríkisþjónustunni.

Starfsmaður sem ráðinn er skv. 1. mgr. skal eiga rétt á launalausu leyfi á meðan hann gegnir hinu tímabundu starfi. Slíkt leyfi skerðir ekki réttindi til greiðslu í lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Starfstími í hinu tímabundna starfi telst hluti af starfstíma í föstu starfi viðkomandi.
8. Við 27. gr. Við c-lið bætist: skv. 14. og 15. gr.
9. Við 29. gr. 1. málsl. 1. mgr. orðist svo: Lög þessi öðlast gildi 31. maí 2008.

10. Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:
    1. Bjóða skal því starfsfólki störf hjá Varnarmálastofnun sem við gildistöku laga þessara er á uppsagnarfresti hjá Ratsjárstofnun og starfar þar. Ekki er skylt að auglýsa störf sem ráðið er í samkvæmt þessu ákvæði laus til umsóknar, skv. 7. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.
    2. Þegar lög þessi hafa verið samþykkt er heimilt að auglýsa embætti forstjóra Varnarmálastofnunar laust til umsóknar og skal skipun í embættið miðast við 1. júní 2008. Einnig skal utanríkisráðherra skipa þriggja manna starfshóp sem hafa skal heimild til að undirbúa gildistöku laga þessara þ.m.t. að bjóða starfsfólki störf hjá Varnarmálastofnun skv. 1. tölul. Verðandi forstjóri Varnarmálastofnunar skal eiga sæti í starfshópnum.

816. Frumvarp til laga [515. mál]

um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingu.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

Við 2. mgr. 5. tölul. 1. mgr. 8. gr. laganna bætist: með jafnri fjárhæð á þrjú ár frá og með því reikningsári sem gengishagnaður fellur til.

2. gr.

Við 2. tölul. A-liðar 1. mgr. 30. gr. laganna bætist: eða eru starfsmenn Þróunarsamvinnustofnunar Íslands.

3. gr.

Við 2. mgr. 4. tölul. 1. mgr. 49. gr. laganna bætist: með jafnri fjárhæð á þrjú ár frá og með því reikningsári sem gengistap fellur til.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 68. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðanna „2.415.492“ og „1.207.746“ í 4. mgr. A-liðar kemur: 3.600.000; og: 1.800.000.
b. Í stað hlutfallstalnanna „6%“ og „8%“ í 4. mgr. A-liðar kemur: 5%; og: 7%.
c. Í stað fjárhæðanna „5.273.425“ og „8.437.481“ í 4. mgr. B-liðar kemur: 7.119.124; og: 11.390.599.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 70. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „2., 3. og 7. tölul. 3. gr.“ í 1. málsl. 2. tölul. 1. mgr. kemur: 2. og 3. tölul. 3. gr.

b. Við 2. tölul. 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Tekjuskattur aðila sem um ræðir í 7. tölul. 3. gr. skal nema 10% af tekjuskattsstofni þeirra.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 71. gr. laganna:

a. Í stað hlutfallstölunnar „18%“ í 1. mgr. kemur: 15%.
b. Í stað hlutfallstölunnar „26%“ í 2. mgr. kemur: 23,5%.

7. gr.

Við lögin bætast tvö ný ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

a. (I.)

Þrátt fyrir ákvæði 2. málsl. 1. mgr. A-liðar 67. gr. laganna skulu breytingar á persónuafslætti manna, sem um ræðir í 1. mgr. 66. gr., ákvarðaðar með eftirfarandi hætti:

1. Persónuafsláttur manna sem tekur gildi í upphafi ársins 2009 skal ákvarðaður þannig að við fjárhæð persónuafsláttar sem fundinn er samkvæmt ákvæðum 2. málsl. 1. mgr. A-liðar 67. gr. skal bætt 24.000 kr.
2. Persónuafsláttur manna sem tekur gildi í upphafi ársins 2010 skal ákvarðaður þannig að við fjárhæð persónuafsláttar sem fundinn er samkvæmt ákvæðum 2. málsl. 1. mgr. A-liðar 67. gr. skal bætt 24.000 kr.
3. Persónuafsláttur manna sem tekur gildi í upphafi ársins 2011 skal ákvarðaður þannig að við fjárhæð persónuafsláttar sem fundinn er samkvæmt ákvæðum 2. málsl. 1. mgr. A-liðar 67. gr. skal bætt 36.000 kr.

b. (II.)

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. A-liðar 68. gr. laganna skulu viðmiðunarfjárhæðir sem þar eru tilgreindar sem skerðingarmörk barnabóta vera 2.880.000 og 1.440.000 við álagningu barnabóta á árinu 2008 vegna tekna á árinu 2007.

8. gr.

Ákvæði 1. og 3. gr. öðlast gildi 1. janúar 2009 og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 2010.

Ákvæði 2. gr. öðlast þegar gildi.

Ákvæði a-liðar 4. gr. öðlast gildi 1. janúar 2009 og kemur til framkvæmda við álagningu og greiðslu barnabóta á árinu 2009 vegna tekna á árinu 2008.

Ákvæði b- og c-liðar 4. gr. öðlast gildi 1. janúar 2008 og koma til framkvæmda við álagningu barnabóta og vaxtabóta á árinu 2008 vegna tekna og eigna á árinu 2007.

Ákvæði 5. gr. öðlast þegar gildi og kemur til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 2009.

Ákvæði 6. gr. öðlast gildi 1. janúar 2008 og kemur til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 2009 hjá þeim lögaðilum sem hafa almanaksárið sem reikningsár og hjá þeim sem hafa upphaf reikningsárs 1. febrúar 2008 eða síðar á því ári.

Ákvæði til bráðabirgða í 7. gr. öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda eins og þar greinir.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 17. febrúar sl. kemur fram að stöðugleiki í efnahagsmálum sé meginmarkmið þessarar ríkisstjórnar enda stuðli hann að auknum hagvexti og velferð til langframa. Kjarasamningar til þriggja ára sem grundvallist á hóflegum kauphækkunum og verulegri hækkun lægstu launa stuðli að því að það markmið náist auk þess að stuðla að auknum jöfnuði og því séu stjórnvöld tilbúin til að grípa til víðtækra aðgerða, þ.m.t. á sviði skattamála, í því skyni að greiða fyrir gerð kjarasamninga á almennum markaði. Í því frumvarpi sem hér liggur fyrir er að finna tillögur um ýmsar breytingar á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, sem flestar tengjast yfirlýstum aðgerðum ríkisstjórnarinnar samkvæmt framangreindri yfirlýsingu.

Í fyrsta lagi er lagt til að persónuafsláttur hækki um samtals 7.000 kr. á mánuði eða 84.000 kr. á ársgrundvelli umfram almenna verðuppfærslu í þremur áföngum. Fyrsti áfanginn kemur til framkvæmda í ársbyrjun 2009 þegar persónuafslátturinn við staðgreiðslu tekjuskatts hækkar um 2.000 kr. á mánuði eftir almenna verðlagsuppfærslu, eða um 24.000 kr. samtals á árinu. Sama hækkun verður í öðrum áfanga sem kemur til framkvæmda í ársbyrjun 2010. Í þriðja áfanga er hækkun persónuafsláttar eftir verðlagsuppfærslu 3.000 kr. á mánuði, eða 36.000 kr. samtals á ári, og kemur hún til framkvæmda í ársbyrjun 2011. Áhrif þessara breytinga á persónuafslætti á tekjuhlið ríkissjóðs eru talin nema nálægt 15 milljörðum kr. á ári þegar þær eru að fullu komnar til framkvæmda. Þar af koma um 4,5 milljarðar kr. fram á næsta ári.

Í öðru lagi er lögð til lækkun á tekjuskatti hlutafélaga og einkahlutafélaga úr 18% í 15%. Hlutfall tekjuskatts hjá öðrum lögaðilum, m.a. sameignarfélögum, lækkar samsvarandi, eða úr 26% í 23,5%. Lækkunin tekur gildi frá og með rekstrarárinu 2008 og kemur til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 2009. Ýmsum vandkvæðum er bundið að meta áhrif þessara breytinga á tekjur ríkissjóðs, ekki síst vegna þeirra miklu umbrota sem nú eiga sér stað í íslensku efnahagslífi, en samkvæmt lauslegri áætlun gæti sú fjárhæð numið allt að 5 milljörðum kr. á ári.

Í þriðja lagi eru lagðar til breytingar á barnabótum, sem koma til framkvæmda í tveimur áföngum. Þannig er lagt til að viðmiðunarmörk tekna við álagningu barnabóta á þessu ári vegna tekna á árinu 2007 verði hækkuð úr u.þ.b. 100 þús. kr. á mánuði í 120 þús. kr. fyrir einstæða foreldra og úr 200 þús. kr. á mánuði í 240 þús. kr. fyrir hjón og sambýlisfólk. Auk þess er lagt til að tekjuskerðingarhlutföll vegna annars og þriðja barns verði lækkuð um 1%, þ.e. úr 6% og 8% í 5% og 7%. Sú breyting kemur einnig til framkvæmda á þessu ári. Seinni áfangi breytingarinnar kemur hins vegar til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 2009 vegna tekna ársins 2008, en þá munu tekjuviðmiðunarmörk einstæðra foreldra hækka í 150 þús. kr. á mánuði og hjóna í 300 þús. kr. á mánuði. Heildaráhrif þessara breytinga á útgjaldahlið ríkissjóðs eru talin nema allt að 2 milljörðum kr. á ári, þar af um 1,2 milljörðum kr. á þessu ári.

Í fjórða lagi inniheldur frumvarpið tillögu um 35% hækkun á eignarviðmiðunarmörkum vaxtabóta sem lagt er til að komi til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á þessu ári. Útgjaldaáhrif þeirrar breytingar eru áætluð um 700 millj. kr. á ári.

Þegar allt er lagt saman er reiknað með að þessar breytingar sem fjallað er um hér að framan skerði afkomu ríkissjóðs um allt 23 milljarða kr. á ársgrundvelli þegar þær verða að fullu komnar til framkvæmda. Áhrifin á þessu ári eru talin nema tæpum 2 milljörðum kr.

Í frumvarpinu er einnig að finna tillögu að breytingum á ákvæðum tekjuskattslaganna um skattalega meðferð á gengishagnaði og gengistapi. Samkvæmt gildandi lögum skal færa

gengismismun, þ.e. gengishagnað að frádregnu gengistapi, að fullu til tekna eða gjalda á viðkomandi reikningsári. Tillaga frumvarpsins felur það í sér að gengismismun verði dreift með jafnri fjárhæð á þrjú reikningsár, þ.e. það reikningsár þegar mismunur myndast og næstu tvö þar á eftir. Til lengra tíma litið hefur þessi breyting engin áhrif á tekjuhlið ríkissjóðs, en áhrif milli einstakra ára kunna að verða einhver og þá bæði til hækkunar og lækkunar. Frumvarpið gerir einnig ráð fyrir að afdráttarskattur af arðgreiðslum til erlendra aðila með takmarkaða skattskyldu verði lækkaður úr 15% í 10% til samræmis við innlenda aðila í því skyni að skapa jafnræði á grundvelli EES-samningsins. Þessi breyting er talin hafa óveruleg áhrif á tekjur ríkissjóðs. Að lokum er sú tillaga lögð til að sama regla gildi um staðaruppbætur útsendra starfsmanna Þróunarsamvinnustofnunar Íslands og staðaruppbætur fastráðinna, settra eða skipaðra starfsmanna við sendiráð Íslands og hjá sendiræðismönnum, þ.e. að þær verði frádráttarbærar frá tekjum við álagningu tekjuskatts. Sem stendur eru ákvæði um skattalega meðferð launa hjá umræddum starfsmönnum í lögum nr. 43/1981, um Þróunarsamvinnustofnun Íslands, en þau lög munu falla úr gildi með nýjum lögum um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands. Jafnframt er almenna reglan sú að kveðið sé á um skattalega meðferð hvers kyns tekna í lögum um tekjuskatt en ekki í sérlögum. Áhrif þessarar breytingar á afkomu ríkissjóðs eru óveruleg.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 8. gr. tekjuskattslaganna er m.a. fjallað um skattalega meðferð á gengishagnaði. Hér er lögð til sú breyting að þegar gengistap hefur verið dregið frá gengishagnaði ársins, sbr. 5. tölul. 1. mgr. 8. gr., skuli færa mismuninn til tekna sem gengishagnað með jafnri fjárhæð á þrjú ár frá og með því reikningsári sem gengishagnaður fellur til.

Um 2. gr.

Hér er að finna tillögu um að sama regla gildi um staðaruppbætur útsendra starfsmanna Þróunarsamvinnustofnunar Íslands og staðaruppbætur fastráðinna, settra eða skipaðra starfsmanna við sendiráð Íslands og hjá sendiræðismönnum, þ.e. að þær verði heimilt að draga frá tekjum við álagningu tekjuskatts. Í þeirri breytingu felst samræming á launakjörum starfsmanna Þróunarsamvinnustofnunar, sem staðsettir eru erlendis, við þau sem gilda um útsenda starfsmenn utanríkisþjónustunnar.

Um 3. gr.

Í 49. gr. laganna er m.a. að finna ákvæði um skattalega meðferð á gengistapi. Hér er lögð til sambærileg breyting og í 1. gr. frumvarpsins að þegar gengishagnaður hefur verið dregið frá gengistapi ársins skv. 4. tölul. 1. mgr. 49. gr. skuli færa mismuninn til gjalda sem gengistap með jafnri fjárhæð á þrjú ár frá og með því reikningsári sem gengistap fellur til.

Um 4. gr.

Í a-lið er lögð til hækkun á tekjuskerðingarmörkum barnabóta úr 100 þús. kr. á mánuði fyrir einstaklinga í 150 þús. kr. sem komi til framkvæmda í tveimur áföngum, þ.e. á þessu ári og því næsta, eins og fram kemur í almennum athugasemdum við frumvarpið hér að framan. Sambærilegar fjárhæðir fyrir hjón hækka úr 200 þús. kr. í 300 þús. kr.

Í b-lið er lagt til að tekjuskerðingarhlutföll vegna annars og þriðja barns verði lækkuð um 1% sem komi til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á þessu ári.

Þá er í c-lið lagt til að eignarskerðingarmörk vaxtabóta verði hækkuð um 35% við álagningu opinberra gjalda í ár.

Um 5. gr.

Samkvæmt gildandi lögum sæta innlendir lögaðilar 10% afdrætti fjármagnstekjuskatts við útgreiðslu arðs sem kemur til frádráttar endanlegum tekjuskatti en sé rétthafinn lögaðili með erlent heimilisfesti nemur afdrátturinn 15% þar sem hann hefur ákvarðast af lögum nr. 24/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, þar sem skatthlutfallið er 15%. Þetta misræmi hefur skapað vandkvæði hjá þeim innlendu hlutafélögum sem ber ýmist að halda eftir 10% eða 15% staðgreiðslu við útborgun arðs. Auk þess má benda á að með 4. gr. laga nr. 76/2007, um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, með síðari breytingum, var gerð breyting á 9. tölul. 31. gr. laga um tekjuskatt. Með breytingunni var lögaðilum sem bera takmarkaða skattskyldu skv. 7. tölul. 3. gr. laga um tekjuskatt og eru heimilisfastir í einhverju aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins heimilaður frádráttur sem nemur skattskyldum arðstekjum með sama hætti og innlendum félögum. Í þessari grein er lagt til að afdráttarskattur af arðgreiðslum til erlendra aðila með takmarkaða skattskyldu hér á landi verði lækkaður úr 15% í 10% til samræmis við innlenda aðila í því skyni að skapa jafnræði á grundvelli EES-samningsins.

Um 6. gr.

Í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar þann 17. febrúar 2008 í tengslum við gerð kjarasamninga á almennum markaði er í þessari grein að finna tillögu um lækkun á tekjuskatti þeirra lögaðila er falla undir 1. og 2. tölul. 1. mgr. 2. gr., þ.e. hlutafélaga og einkahlutafélaga, úr 18% í 15%. Þá er lögð til samsvarandi lækkun á tekjuskatti lögaðila er falla undir 3.–5. tölul. 1. mgr. 2. gr., eins og sameignar- og samlagsfélaga, úr 26% í 23,5%. Gert er ráð fyrir því að lækkunin komi til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 2009 vegna rekstrarársins 2008.

Um 7. gr.

Greinin inniheldur tvö ný ákvæði til bráðabirgða um persónuafslátt og barnabætur. Í a-lið er lögð til 7.000 kr. hækkun á persónuafslætti á mánuði, umfram almenna verðuppfærslu, sem kemur til framkvæmda í þremur áföngum. Í ársbyrjun 2009 hækkar persónuafsláttur við staðgreiðslu tekjuskatts um 2.000 kr. á mánuði eftir verðlagsuppfærslu, eða 24.000 kr. á ársgrundvelli. Samsvarandi breyting verður í öðrum áfanga, sem kemur til framkvæmda í ársbyrjun 2010. Þriðji áfangi kemur til framkvæmda í ársbyrjun 2011, þegar persónuafsláttur við staðgreiðslu tekjuskatts hækkar um 3.000 kr. á mánuði eftir verðlagsuppfærslu, eða um 36.000 kr. á árinu.

Í b-lið er gerð tillaga um hækkun á tekjuskerðingarmörkum barnabóta í fyrsta áfanga úr 100 þús. kr. á mánuði fyrir einstaklinga í 120 þús. kr. og úr 200 þús. kr. á mánuði fyrir hjón í 240 þús. kr., sbr. nánari umfjöllun í 4. gr. og almennum athugasemdum við frumvarpið.

Um 8. gr.

Í greininni um gildistöku er m.a. lagt til að sú hækkun barnabóta og vaxtabóta sem kveðið er á um í frumvarpinu ákvarðist við álagningu 2008 á tekjur ársins 2007. Áréttað er að lækkun skatthlutfalls félaga með annað reikningsár en almanaksárið tekur ekki til þeirra félaga sem ljúka því reikningsári sínu á árinu 2008 sem hófst árið 2007. Lækkun á tekjuskattshlut-

falli félaga sem svo háttar til um kemur fyrst til þegar reikningsárið hefst á árinu 2008 og álagning fer fram á árinu 2009 eða síðar vegna þess árs.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu eru lagðar til ýmsar breytingar á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, sem flestar tengjast aðgerðum ríkisstjórnarinnar sem gripið var til í því skyni að greiða fyrir gerð kjarasamninga á almennum markaði. Í fyrsta lagi er lagt til að persónuafsláttur vegna tekjuskatts einstaklinga hækki um samtals 7.000 krónur á mánuði eða 84.000 krónur á ársgrundvelli umfram almenna verðuppfærslu í þremur áföngum. Fyrsti áfanginn kemur til framkvæmda í ársbyrjun 2009 þegar persónuafslátturinn hækkar um 2.000 krónur á mánuði umfram verðlag, eða um 24.000 krónur samtals á árinu. Sama hækkun verður í öðrum áfanga sem kemur til framkvæmda í ársbyrjun 2010. Í þriðja áfanga er hækkun persónuafsláttar umfram verðlag 3.000 krónur á mánuði, eða 36.000 krónur samtals á ári, og kemur hún til framkvæmda í ársbyrjun 2011. Áhrif þessara breytinga á persónuafslætti á tekjuhlið ríkissjóðs er talin nema í kringum 17 milljörðum króna á ári þegar þær eru að fullu komnar til framkvæmda. Þar af koma um 5 milljarðar króna fram á næsta ári.

Í öðru lagi er lögð til lækkun á tekjuskatti hlutafélaga og einkahlutafélaga úr 18% í 15%. Hlutfall tekjuskatts hjá öðrum lögaðilum, m.a. sameignarfélögum, lækkar samsvarandi, eða úr 26% í 23,5%. Lækkunin tekur gildi frá og með rekstrarárinu 2008 og kemur til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 2009. Ýmsum vandkvæðum er bundið að meta áhrif þessara breytinga á tekjur ríkissjóðs, ekki síst vegna þeirra miklu umbrota sem nú eiga sér stað í íslensku efnahagslífi, en samkvæmt lauslegri áætlun gæti sú fjárhæð numið allt að 6 milljörðum króna á ári.

Í þriðja lagi eru lagðar til breytingar á barnabótum, sem koma til framkvæmda í tveimur áföngum. Þannig er lagt til að viðmiðunarmörk tekna við álagningu barnabóta á þessu ári vegna tekna á árinu 2007 verði hækkuð úr u.þ.b. 100 þús. kr. á mánuði í 120 þús. kr. fyrir einstæða foreldra og úr 200 þús. kr. á mánuði í 240 þús. kr. fyrir hjón og sambýlisfólk. Auk þess er lagt til að tekjuskerðingarhlutföll vegna annars og þriðja barns verði lækkuð um 1%, þ.e. úr 6% og 8% í 5% og 7%. Sú breyting kemur einnig til framkvæmda á þessu ári. Seinni áfangi breytingarinnar kemur hins vegar til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 2009 vegna tekna ársins 2008, en þá munu tekjuviðmiðunarmörk einstæðra foreldra hækka í 150 þús. kr. á mánuði og hjóna í 300 þús. kr. á mánuði. Heildaráhrif þessara breytinga á útgjaldahlið ríkissjóðs eru talin nema allt að 2 milljörðum króna á ári, þar af um 1,2 milljörðum króna á þessu ári.

Í fjórða lagi inniheldur frumvarpið tillögu um 35% hækkun á eignarviðmiðunarmörkum vaxtabóta, sem lagt er til að komi til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á þessu ári. Útgjaldaáhrif þeirrar breytingar eru áætluð um 700 m.kr. á ári.

Þegar allt er lagt saman er reiknað með að þessar breytingar sem fjallað er um hér að framan skerði afkomu ríkissjóðs um allt 25 til 26 milljarða króna á ársgrundvelli þegar þær

verða að fullu komnar til framkvæmda. Áhrifin á þessu ári eru talin nema tæpum 2 milljörðum króna. Á móti vega almenn áhrif af auknum efnahagsumsvifum á tekjuhlið ríkissjóðs í kjölfar þessara breytinga sem afar erfitt er að spá fyrir um. Lauslegt mat á grundvelli þjóðhagsspár bendir til að þau áhrif gætu verið í kringum 10 milljarðar króna þegar þau eru komin að fullu fram og gæti því afkoma ríkissjóðs batnað sem því nemur. Miðað við þetta gætu nettóáhrifin af lagabreytingunum falið í sér um 15 milljarða króna skerðingu á afkomu ríkissjóðs.

Í frumvarpinu er einnig að finna tillögu að breytingum á ákvæðum tekjuskattslaganna um skattalega meðferð á gengishagnaði og gengistapi. Samkvæmt gildandi lögum skal færa gengismismun, þ.e. gengishagnað að frádregnu gengistapi, að fullu til tekna eða gjalda á viðkomandi reikningsári. Tillaga frumvarpsins felur það í sér að gengismismun verði dreift með jafnri fjárhæð á þrjú reikningsár, þ.e. það reikningsár þegar mismunur myndast og næstu tvö þar á eftir. Til lengra tíma litið hefur þessi breyting engin áhrif á tekjuhlið ríkissjóðs, en áhrif milli einstakra ára kunna að verða einhver og þá bæði til hækkunar og lækkunar. Frumvarpið gerir einnig ráð fyrir að afdráttarskattur af arðgreiðslum til erlendra aðila með takmarkaða skattskyldu verði lækkaður úr 15% í 10% til samræmis við innlenda aðila í því skyni að skapa jafnræði á grundvelli EES-samningsins. Þessi breyting er talin hafa óveruleg áhrif á tekjur ríkissjóðs. Að lokum er sú tillaga að sama regla gildi um staðaruppbætur útsendra starfsmanna Þróunarsamvinnustofnunar Íslands og staðaruppbætur fastráðinna, settra eða skipaðra starfsmanna við sendiráð Íslands og hjá sendiræðismönnum, þ.e. að þær verði frádráttarbærar frá tekjum við álagningu tekjuskatts. Sem stendur eru ákvæði um skattalega meðferð launa hjá umræddum starfsmönnum í lögum nr. 43/1981, um Þróunarsamvinnustofnun Íslands, en þau lög munu falla úr gildi, með nýjum lögum um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands. Jafnframt er almenna reglan sú að kveðið sé á um skattalega meðferð hvers kyns tekna í lögum um tekjuskatt en ekki í sérlögum. Áhrif þessarar breytingar á afkomu ríkissjóðs eru óveruleg.

Þegar á heildina er litið er ekki gert ráð fyrir að framangreindar breytingar hafi för með sér teljandi útgjöld fyrir skattyfirvöld heldur rúmist þær innan útgjaldaramma fjármálaráðuneytisins.

817. Frumvarp til laga [516. mál]

um ráðstöfun andvirðis vatnsréttinda kristfjárjarðanna Merkis og Arnarhóls.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

Sveitarstjórn Fljótsdalshéraðs er heimilt að ráðstafa andvirði vatnsréttinda kristfjárjarðanna Merkis og Arnarhóls á Jökuldal til félagslegra framkvæmda í sveitarfélaginu.

Ráðstöfun andvirðis vatnsréttindanna skal háð samþykki sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins og vera samræmanleg hinum forna tilgangi kristfjárgjafa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt úrskurði matsnefndar um verðmæti vatnsréttinda sem nýtt verða við Kárahnjúkavirkjun nema samanlagðar bætur vegna vatnsréttinda jarðanna Merkis og Arnarhóls á Jökuldal í Fljótsdalshéraði um 19,7 millj. kr. Landbúnaðarráðuneytið tók við greiðslu bótanna með heimild í fjáraukalögum 2007 og fjallar frumvarp þetta um ráðstöfun þeirra. Að viðbættum vöxtum frá uppkvaðningardegi til greiðsludags nemur fjárhæð bótanna um 20,3 millj. kr.

Jörðin Merki er byggð úr landi Arnheiðarstaða í Fljótsdalshreppi sem hefur verið talin kristfjárjörð svo langt aftur sem skriflegar heimildir ná og má hér vísa til máldaga frá árinu 1367 (Fornbréfasafn III, bls. 240). Gjafabréf jarðarinnar er hins vegar glatað. Jörðin Arnarhóll er nýbýli sem byggt var úr landi Merkis árið 1960 en er nú í eyði. Af þessum sökum eru bæði Merki og Arnarhóll einnig kristfjárjarðir.

Kristfjárjarðir eru sjálfseignarstofnanir eða ígildi þeirra sem gefnar voru í því skyni að fátæklingar mættu njóta afgjalds þeirra. Í greinargerð félagsmálaráðuneytisins um kristfjárjarðir frá 1952 segir að samkvæmt sögn fróðra manna séu Arnheiðarstaðir gefnir sem kristfjárjörð með þeirri kvöð að á eftir gjaldi heimajarðarinnar skuli framfleytt svonefndum hundraðsómaga og eftirgjaldið metið 1 hundrað á landsvísu.

Upphaflega voru kristfjárjarðir í umsjá kirkjunnar en frá því á 19. öld hafa kirkjuleg yfirvöld almennt haft lítil afskipti af þeim. Kirkjumálaráðuneytið, síðar landbúnaðarráðuneytið og loks sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið hafa frá um 1940 haft forræði á Merki og síðar Arnarhól.

Afla verður sérstakrar heimildar til sölu kristfjárjarða þar sem þær eru ígildi sjálfseignarstofnana. Hefur löggjafinn í þeim tilvikum ætíð gert að skilyrði við söluna að söluandvirðinu verði varið í samræmi við fornan tilgang kristfjárgjafarinnar.

Þar sem kristfjárjarðir bera kennimörk löngu liðinna og gerólíkra þjóðlífsháttа er erfitt að greina nákvæmlega hver þau verkefni eru sem fallið geta að tilgangi eignarformsins sem fyrst og fremst er fátækraframfærsla. Sú heimild sem felst í frumvarpi þessu gengur eins langt og kostur er í þessum efnum og byggist um leið á fyrirmynd í lögum nr. 53/2001 um sölu kristfjárjarðanna Arnheiðarstaða og Droplaugarstaða í Fljótsdalshreppi. Í þeim lögum var með líkum hætti og í þessu frumvarpi veitt heimild til sölu jarðanna gegn því að andvirði þeirra yrði varið til félagslegra framkvæmda sem samræmanlegar væru hinum forna tilgangi kristfjárgjafa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um ráðstöfun andvirðis vatnsréttinda kristfjárjarðanna Merkis og Arnarhóls.

Markmið frumvarpsins er að heimila sveitarstjórn Fljótsdalshéraðs að ráðstafa andvirði vatnsréttinda kristfjárjarðanna Merkis og Arnarhóls í Jökuldal til félagslegra framkvæmda í sveitarfélaginu. Samkvæmt úrskurði matsnefndar um verðmæti vatnsréttinda sem nýtt verða

við Kárahnjúkavirkjun nema samanlagðar bætur vegna vatnsréttinda fyrrgreindra jarða um 19,7 m.kr. eða 20,3 m.kr. að viðbættum vöxtum.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa áhrif á afkomu ríkissjóðs.

818. Frumvarp til laga [517. mál]

um Veðurstofu Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.
Yfirstjórn.

Starfrækja skal Veðurstofu Íslands undir yfirstjórn umhverfisráðherra.

2. gr.
Forstjóri.

Við Veðurstofu Íslands skal starfa forstjóri skipaður af ráðherra til fimm ára í senn. Forstjóri skal hafa háskólamenntun sem nýtist í starfi.

Forstjóri ber ábyrgð á stjórn, rekstri og starfsskipulagi Veðurstofu Íslands gagnvart ráðherra og gerir rekstraráætlanir fyrir hana. Forstjóri ræður annað starfsfólk stofnunarinnar.

3. gr.
Verkefni.

Verkefni Veðurstofu Íslands skulu vera sem hér segir:

1. að annast vöktun vegna náttúruvár og gefa út viðvaranir og spár um yfirvofandi hættu af völdum veðurs og veðurtengdra þátta, jarðskjálfta, eldgosa, hlaupa, vatnsflóða og ofanflóða;
2. að sjá um rekstur veðurfræðilegra grunnkerfa og annast veðurþjónustu, sbr. lög um veðurþjónustu;
3. að annast almennar kerfisbundnar vatnamælingar í ám, stöðuvötnum, lónum, strandlónum, strandsjó og grunnvatni, þ.m.t. mælingar á rennsli, vatnshæð, vatnshita, aurburði og öðrum eðlis- og efnafræðilegum eiginleikum vatns;
4. að annast mælingar á snjóalögum og jöklabúskap og kortlagningu á ísalögum fallvatna og stöðuvatna;
5. að annast mælingar á hvers kyns jarðhræringum, jarðspennu, kvikuhreyfingum og hægum jarðskorpuhreyfingum, auk þess að safna upplýsingum um eldgos og öskufall;
6. að gera athuganir og mælingar á mengun í lofti, úrkomu og vatni;
7. að annast langtímarannsóknir á vatnsauðlindinni, eðli hennar og skilyrðum til nýtingar samkvæmt samningi við viðeigandi stjórnvöld;
8. að annast skráningu, varðveislu og miðlun gagna á starfssviði stofnunarinnar;
9. að kortleggja veðurfar landsins og fylgjast með loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra á þá þætti náttúrunnar sem stofnunin á að vakta;
10. að kortleggja stöðuvötn og vatnsfarvegi landsins og gera vatnafars- og flóðakort;

11. að kortleggja jarðskjálftavirkni landsins og fylgjast með breytingum á jarðskjálftavirkni;
12. að sinna verkefnum á sviði ofanflóðavarna, sbr. lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum;
13. að vinna hættumat vegna náttúruhamfara að beiðni almannavarnayfirvalda eða annarra stjórnvalda;
14. að vinna að rannsóknum á starfssviðum stofnunarinnar er hafi það að höfuðmarkmiði að auka þekkingu á ýmsum eðlisþáttum lofts, láðs og lagar, auka þekkingu á vatnafari, veðurfari og jarðskjálftavirkni landsins, bæta þjónustuna og auka hæfni stofnunarinnar til að láta í té upplýsingar í þágu atvinnulífs, öryggismála, sjálfbærrar nýtingar auðlinda og annarra þarfa landsmanna;
15. að annast samskipti við Alþjóðaveðurfræðistofnunina og önnur milliríkjasamskipti innan verkahrings stofnunarinnar;
16. að vera ráðuneytinu og öðrum stjórnvöldum til ráðgjafar um málefni á verksviði stofnunarinnar;
17. önnur verkefni sem ráðherra felur stofnuninni sérstaklega.

4. gr.

Fjármögnun og kostnaðargreining.

Kostnaður við starfrækslu Veðurstofu Íslands greiðist af fjárveitingum úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum. Veðurstofan aflar sér enn fremur tekna með sölu á þjónustu á verksviði stofnunarinnar, sbr. 3. gr., og með þjónustugjöldum fyrir afgreiðslu gagna, svo sem ljósritun eða aðra afritun, fjölföldun, úrvinnslu og dreifingu. Gjaldtaka skal taka mið af kostnaði og byggjast á kostnaðargreiningu, sbr. 3. mgr. Ráðherra setur, að fengnum tillögum Veðurstofunnar, gjaldskrá fyrir veitta þjónustu og afgreiðslu gagna samkvæmt þessari málsgrein og skal hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Þann hluta starfsemi Veðurstofu Íslands sem rekinn er á viðskiptagrundvelli á samkeppnismarkaði skal skilja fjárhagslega frá öðrum þáttum rekstrarins og skal endurgjald vegna hennar taka mið af markaðsverði. Veðurstofan skal setja viðmiðunargjaldskrá um þessi verkefni og gefa hana út. Sala á þjónustu samkvæmt þessari málsgrein skal byggjast á samningum.

Veðurstofa Íslands skal greina kostnað allra verkefna, hvort sem fjármögnun byggist á sértekjum eða framlögum úr ríkissjóði. Kostnaðargreining tekur til alls kostnaðar, þ.m.t. kostnaðar vegna yfirstjórnar, sameiginlegrar þjónustu, húsnæðis, afskrifta og þróunar.

5. gr.

Afhending gagna.

Gögn sem Veðurstofa Íslands aflar fyrir opinbert fé af fjárlögum skulu vera aðgengileg öllum án gjaldtöku enda brjóti afhending þeirra ekki gegn lögvernduðum rétti þriðja aðila eða fari gegn reglum um gjaldtöku sem settar eru af erlendum eiganda gagna. Þó er heimilt að innheimta afgreiðslukostnað, sbr. 1. mgr. 4. gr.

Heimilt er að semja svo um að gögn sem aflað er á grunni samninga skv. 2. mgr. 4. gr. verði ekki gerð opinber eða afhent þriðja aðila nema í samráði við kaupanda þjónustunnar.

6. gr.
Fagráð.

Umhverfisráðherra er heimilt, að tillögu forstjóra Veðurstofu Íslands, að skipa fagráð til að vera forstjóra til ráðgjafar um starfsemi stofnunarinnar. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um skipan og hlutverk fagráðsins.

7. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2009. Frá sama tíma tekur til starfa ný stofnun, Veðurstofa Íslands. Við gildistöku laga þessara er lögð niður stofnun með sama nafni sem starfrækt hefur verið samkvæmt lögum nr. 30/1985, um Veðurstofu Íslands. Einnig er lögð niður starfsemi vatnamælinga Orkustofnunar, sbr. 3. gr. laga nr. 87/2003, um Orkustofnun.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 30/1985, um Veðurstofu Íslands.

8. gr.
Breytingar á öðrum lögum.

1. 3. gr. laga nr. 87/2003, um Orkustofnun, fellur niður.
2. Í stað orðsins „veðurstofustjóri“ í 4. mgr. 6. gr. laga nr. 94/1962, um almannavarnir, kemur: forstjóri Veðurstofu Íslands.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Starfsmönnum vatnamælinga Orkustofnunar og Veðurstofu Íslands sem eru í starfi við gildistöku laga þessara skal boðið starf hjá hinni nýju stofnun með sömu ráðningarkjörum og áður giltu. Ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, gilda ekki um störf sem ráðið er í samkvæmt þessum tölulið.
2. Þrátt fyrir ákvæði 7. gr. skal forstjóri Veðurstofu Íslands skipaður frá 1. ágúst 2008 og skal hann frá þeim tíma vinna að undirbúningi gildistöku laga þessara í samráði við umhverfisráðherra.
3. Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 4. gr. hefur Veðurstofa Íslands frest til 1. júní 2011 til að kostnaðargreina að fullu alla starfsemi stofnunarinnar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í lögum nr. 167/2007, um breytingu á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands, er m.a. kveðið á um stofnun nýrrar stofnunar um verkefni Veðurstofu Íslands og Vatnamælinga Orkustofnunar, sem taki til starfa innan stjórnsýslu umhverfisráðuneytisins eigi síðar en 1. janúar 2009. Var umhverfisráðherra falið að undirbúa sameiningu stofnananna á árinu 2008, m.a. að því er varðar nauðsynlegar lagabreytingar. Fyrsta skref í þeim undirbúningi var að gera greiningu á núverandi starfsemi beggja stofnana, lýsa helstu starfsþáttum, meta mikilvægi þeirra, hagræði af sameiningu og benda á æskileg ný viðfangsefni sameinaðrar stofnunar. Til þessa verks voru fengnir þrír sérfræðingar, Einar Sveinbjörnsson veðurfræðingur, Hákon Aðalsteinsson vatnalíffræðingur og Sveinbjörn Björnsson eðlisfræðingur. Að höfðu samráði við Árna Snorrason, forstöðumann Vatnamælinga Orkustofnunar, og Magnús Jónsson veðurstofustjóra og fleiri starfsmenn stofnananna skilaði sérfræðihópurinn ítarlegri álitsgerð um starfsemi stofnananna og kosti sameiningarinnar.

Í framhaldi af framangreindri greiningarvinnu skipaði umhverfisráðherra starfshóp þann 14. janúar 2008 til að leggja grunn að lagafrumvarpi um hina nýju stofnun. Í starfshópinn voru skipuð: Magnús Jóhannesson, ráðuneytisstjóri í umhverfisráðuneytinu, formaður, Árni Snorrason, forstöðumaður Vatnamælinga, Magnús Jónsson veðurstofustjóri, Hermann Sveinbjörnsson, sérfræðingur í umhverfisráðuneytinu, Ingibjörg Halldórsdóttir, lögfræðingur í umhverfisráðuneytinu, og Þorsteinn Sæmundsson, sérfræðingur í umhverfisráðuneytinu. Sigurður H. Helgason, framkvæmdastjóri Stjórnhátta ehf., starfaði með starfshópnum að verkefninu. Auk þess sátu fundi starfshópsins Matthew J. Roberts, fyrir hönd Starfsmannafélags Veðurstofu Íslands, og Gunnar Sigurðsson, fyrir hönd starfsmanna Vatnamælinga. Starfshópurinn skilaði tillögum sínum í formi greinargerðar til umhverfisráðherra þann 7. mars 2008. Greinargerðin er birt í fylgiskjali við lagafrumvarp þetta. Samhliða vinnu starfshópsins var í umhverfisráðuneytinu unnið að gerð frumvarpsins og er efni þess í samræmi við tillögur starfshópsins.

Núverandi starfsemi Veðurstofu Íslands og vatnamælinga Orkustofnunar er margþætt. Báðar stofnanir reka mælakerfi um allt land og beita svipaðri tækni til að safna gögnum með samtímamælingum og vinna úr þeim langtímaraðir. Sameining mun styrkja mælingastarfsemi og nýta betur þekkingu og sérhæft starfsfólk við öflun gagna og úrvinnslu þeirra. Nánari samvinna vatna- og veðurmælinga getur einnig bætt athuganir þar sem mælingar á afrennsli styðja úrkomumælingar og nýta má veðurfarsupplýsingar til að brúa bil þegar rennslismælingar eru ekki gerlegar. Samstarf Veðurstofu og vatnamælinga Orkustofnunar um vöktun umbrota og flóða hefur skilað góðum árangri og rauntímavöktun eldgosa reynir á helstu fagsvið sameinaðrar stofnunar. Þar sem sólarhringsvöktun er rekin á Veðurstofu Íslands verður öryggisvöktun auðveldari á fleiri sviðum náttúruvár en áður, svo sem sólarhringsvöktun á vatnsflóðum, leysingaflóðum, viðburðaflóðum og eldgosum sem þeim tengjast. Þá getur hin nýja stofnun orðið leiðandi í rannsóknum á loftslagsmálum og nauðsynlegum rannsóknum fyrir vernd vatns og sjálfbæra nýtingu þess.

Í frumvarpinu er á því byggt að öll núverandi verkefni Veðurstofu Íslands og vatnamælinga Orkustofnunar færist yfir til nýrrar stofnunar. Auk fyrra hlutverks Veðurstofu Íslands á sviði veðurathugana, jarðmælinga og öryggisvöktunar mun stofnunin annast almennar rannsóknir á vatnafari og loftslagi og verða miðstöð umhverfisráðuneytisins í vöktun lofts, vatns, jarðar og elds. Með sameiningu Veðurstofu Íslands og vatnamælinga Orkustofnunar er stefnt að hagræðingu í starfi og styrkari samvinnu á öllum sviðum sem lúta að jarðskorpuhreyfingum, veðurfari og vatnafari, vöktun náttúru og viðbrögðum við náttúruvá. Sameinuð stofnun hefur breiðara fagsvið og meiri styrk til að sinna ýmsum verkefnum í náttúru Íslands sem fram til þessa hafa legið utangarðs. Nýja stofnunin mun styrkja umhverfisráðuneytið í umsjón vatnsauðlinda samkvæmt alþjóðasamningum og í alþjóðasamstarfi sem Ísland hefur gerst aðili að, jafnframt því að framfylgja evrópsku vatnatilskipuninni sem tekin hefur verið upp hér á landi og nær til alls fersks vatns og strandsjávar.

Framkvæmd verkefna Veðurstofu Íslands hefur að verulegu leyti verið bundin í lögum og reglugerðum. Helst má nefna lög nr. 30/1985, um Veðurstofu Íslands, lög nr. 142/2004, um veðurþjónustu, og lög nr. 49/1997, um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, auk reglugerða sem settar hafa verið á grundvelli þessara laga. Starfsemi vatnamælinga Orkustofnunar hefur hins vegar að litlu leyti verið bundin í lög. Í frumvarpinu er að finna almenna lýsingu á verkefnum og lögbundnu hlutverki hinnar nýju stofnunar sambærilegt því sem verið hefur í lögum nr. 30/1985, um Veðurstofu Íslands. Ljóst er að á vissum sviðum er æskilegt að sett verði ítarlegri löggjöf um framkvæmd einstakra verkefna, svo sem á sviði vatnafarsrann-

sókna og vöktunar á náttúruvá, annarri en veðurtengdri náttúruvá, með sambærilegum hætti og gert hefur verið í lögum um veðurþjónustu og lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum. Er gert ráð fyrir því að á næstu missirum verði hafist handa við að undirbúa lagasetningu á þessum sviðum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um starfrækslu hinnar nýju stofnunar. Lagt er til að hin nýja stofnun beri heitið Veðurstofa Íslands þó að nafnið lýsi einungis einum af mörgum þáttum í fjölbreyttri starfsemi hinnar nýju stofnunar. Nafn Veðurstofu Íslands á sér langa sögu, er vel þekkt meðal þjóðarinnar og skipar ákveðinn sess í huga hennar. Er því lagt til að nafnið verði varðveitt í heiti nýrrar sameinaðrar stofnunar.

Um 2. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um skipun forstjóra Veðurstofu Íslands og menntun hans, en gert er ráð fyrir að hann hafi formlega lokið háskólaprófi í grein sem nýtist í starfi. Ekki er gert ráð fyrir að sérstök stjórn komi að stjórnun stofnunarinnar en í 6. gr. frumvarpsins er heimild til að skipa sérstakt fagráð forstjóra til ráðgjafar um málefni stofnunarinnar óski hann þess.

Um 3. gr.

Hér er lögbundnum verkefnum stofnunarinnar lýst. Gert er ráð fyrir að stofnunin annist vöktun vegna náttúruvár og gefi út viðvaranir og spár um yfirvofandi hættu. Er gert ráð fyrir auknu vægi þessarar vöktunar. Nú þegar gegnir stofnunin veigamiklu hlutverki á þessu sviði og er í lögum um veðurþjónustu og lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum kveðið nánar á um hvernig þessari vöktun og viðvörunum skal háttað. Auk vöktunar og útgáfu viðvarana vegna yfirvofandi snjóflóðahættu annast Veðurstofan samkvæmt lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum gerð hættumats og rýmingaráætlana. Veðurstofa Íslands vaktar enn fremur hættu af völdum jarðskjálfta og eldgosa og gefur út viðvaranir vegna þeirra þó að henni hafi ekki verið falið það hlutverk með beinum hætti í gildandi lögum. Svipuðu hlutverki hafa vatnamælingar Orkustofnunar enn fremur gegnt vegna hættu af völdum vatnsflóða, einnig án beinnar lagaskyldu. Er hér lagt til að þetta hlutverk verði lögfest. Áformað er að á næstu missirum verði sett sérstök lög um framkvæmd þessara verkefna.

Samkvæmt 2. tölul. skal Veðurstofan annast rekstur veðurfræðilegra grunnkerfa og annast grunnþjónustu á sviði veðurþjónustu, sbr. lög um veðurþjónustu. Ákvæðið er efnislega eins og 1. tölul. 3. gr. gildandi laga um Veðurstofu Íslands. Í 3. og 4. tölul. er lýst verkefnum sem hingað til hefur verið sinnt af vatnamælingum Orkustofnunar. Nýtt er þó að gert er ráð fyrir að stofnunin annist mælingar í strandsjó, en það er í samræmi við gildissvið vatnatilskipunar Evrópusambandsins. Er gert ráð fyrir að stofnunin gegni veigamiklu hlutverki við framkvæmd þeirrar löggjafar þegar hún hefur verið innleidd í íslenskan rétt. Í 7. tölul. er fjallað um það hlutverk sem vatnamælingar Orkustofnunar hafa hingað til annast samkvæmt samningi við Orkustofnun, þ.e. að annast langtímarannsóknir á vatnsauðlindinni, eðli hennar og skilyrðum til nýtingar. Í 9.–11. er fjallað um kortlagningu á sviði stofnunarinnar. Nýtt er það hlutverk stofnunarinnar að fylgjast með loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra á þá þætti sem stofnunin á að vakta.

Um 4. gr.

Fjármögnun vatnamælinga Orkustofnunar annars vegar og Veðurstofu Íslands hins vegar hefur verið mjög ólík. Meiri hluti fjármögnunar Veðurstofunnar hefur komið beint af fjárlögum en aðeins lítill hluti fjármögnunar vatnamælinga. Hins vegar kemur tiltölulega stór hluti fjármögnunar vatnamælinga óbeint af fjárlögum á grundvelli samnings við Orkustofnun. Óbeint hefur Veðurstofan með sama hætti fengið opinberar fjárveitingar á grundvelli þjónustusamnings við Ofanflóðasjóð, en þessir fjármunir eru verkefnatengdir og teljast til sértekna Veðurstofunnar. Báðar stofnanir fá verulegar tekjur af sölu þjónustu. Um 28% fjármögnunar Veðurstofunnar eru vegna seldrar þjónustu og þá fyrst og fremst til Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO). Þessi þjónusta er byggð á samningi Íslands og ICAO frá árinu 1948. Alls nema sértekjur Veðurstofu Íslands um 37% af veltu stofnunarinnar. Um 58% fjármögnunar vatnamælinga eru vegna sölu á þjónustu til orkufyrirtækja og annarra aðila. Hátt hlutfall sértekna hjá vatnamælingum Orkustofnunar hefur þýtt að stofnunin hefur kostnaðargreint starfsemi sína mjög nákvæmlega og verðleggur þjónustu sína á grundvelli slíkrar greiningar. Veðurstofan hefur ekki unnið slíka greiningu nema að hluta, enda er ytri fjármögnun að stærstum hluta bundin tilteknum aðföngum (tækjum og tilteknum mælingum) fremur en afurðum. Lagt er til að fjármögnunin byggist fyrst um sinn á núverandi aðferðum og verði því í upphafi mismunandi eftir viðfangsefnum. Hins vegar er full ástæða til að nýta kosti samningsformsins við fjármögnun, byggða á gagnsærri greiningu kostnaðarþátta og þjónustusamningum með svipuðum hætti og gert hefur verið við vatnamælingar Orkustofnunar og þróa starfsemina í þá átt eftir því sem tök eru á og hentugt þykir.

Í 1. mgr. er að finna gjaldtökuheimild fyrir stofnunina. Er stofnuninni heimilt að leggja á þjónustugjald, annars vegar fyrir veitta þjónustu sem veitt er á grundvelli 3. gr. frumvarpsins og hins vegar fyrir afgreiðslu gagna, enda hafi stofnunin sérstakan kostnað af henni. Þessi gjaldtaka lýtur gjaldskrá sem ráðherra staðfestir. Ef starfsemi sem gjaldtekið er fyrir er rekin á samkeppnismarkaði skal gjaldtakan hins vegar taka mið af markaðsverði, sbr. 2. mgr. Þá skal gerður sérstakur samningur um þjónustuna eða þjónustan veitt á grundvelli gjaldskrár sem stofnunin setur. Í 3. mgr. er síðan ákvæði sem á rætur sínar að rekja til þeirrar aðferðafræði sem hefur verið viðhöfð við rekstur vatnamælinga Orkustofnunar, þ.e. að kostnaðargreina skuli öll verkefni stofnunarinnar. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða er stofnuninni veittur frestur til 1. júní 2011 til að kostnaðargreina öll verkefni nýrrar stofnunar.

Um 5. gr.

Öflun og varðveisla gagna mun verða fyrirferðarmikil í hinni nýju stofnun. Gert er ráð fyrir að frá upphafi verði út frá því gengið að öll þau gögn sem stofnunin aflar fyrir opinbert fé af fjárlögum verði opin fyrir alla og gerð aðgengileg á opnum vef stofnunarinnar. Er það í samræmi við gagnastefnu ríkisstjórnarinnar. Greiðslur komi aðeins til gegn þeim kostnaði sem fer í það að afgreiða eða afhenda gögnin með öðrum hætti og þá að ósk notenda. Þó getur stofnunin þurft að gera fyrirvara um afhendingu gagna í annarra eigu.

Um 6. gr.

Samkvæmt ákvæðinu er umhverfisráðherra heimilt að skipa sérstakt fagráð að ósk forstjóra Veðurstofu Íslands. Þar sem stofnunin er fyrst og fremst rannsóknar- og þjónustustofnun sem þjónar almenningi og stórum hópi viðskiptavina getur verið æskilegt að kalla til aðila utan stofnunarinnar til að koma að stefnumótun varðandi fagleg málefni og vera stofnuninni almennt til ráðgjafar um starfsemi hennar. Einungis er þó um heimildarákvæði að ræða.

Um 7. gr.

Gert er ráð fyrir að lögin taki gildi 1. janúar 2009 sem er í samræmi við ákvæði laga nr. 167/2007, um breytingu á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands. Frá þeim tíma eru vatnamælingar Orkustofnunar lagðar niður og einnig eldri Veðurstofa Íslands sem starfrækt hefur verið samkvæmt lögum nr. 30/1985. Við verkefnum þessara stofnana tekur hin nýja stofnun frá og með gildistöku laganna.

Um 8. gr.

Í ákvæðinu eru lagðar til breytingar á tvennum lögum m.a. vegna færslu verkefna vatnamælinga frá Orkustofnun.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Hér er kveðið á um rétt starfsmanna vatnamælinga Orkustofnunar og Veðurstofu Íslands til starfa hjá hinni nýju stofnun, en við gildistöku laganna leggjast störf þeirra hjá vatnamælingum Orkustofnunar og Veðurstofu Íslands niður. Skv. 2. tölul. er ráðherra veitt heimild til að ráða forstjóra stofnunarinnar frá 1. ágúst 2008 og fela honum að annast undirbúning gildistöku laganna. Um skýringar á 3. tölul. vísast til athugasemda með 4. gr. frumvarpsins.

Fylgiskjal I.

Greinargerð starfshóps:

Sameining starfsemi Veðurstofu Íslands og Vatnamælinga í nýja stofnun.
(Umhverfisráðuneytið, mars 2008.)

1. Inngangur

Í lögum nr. 167/2007 um flutning verkefna innan Stjórnarráðsins, er m.a. kveðið á um stofnun nýrrar stofnunar um verkefni Veðurstofu Íslands og Vatnamælinga, sem taki til starfa innan stjórnsýslu umhverfisráðuneytisins eigi síðar en 1. janúar 2009.

Til að hrinda ofangreindum breytingum í framkvæmd skipaði umhverfisráðherra starfshóp þann 14. janúar 2008 til að leggja grunn að lagafrumvarpi um hina nýju stofnun. Í starfshópinn voru skipuð:

- Magnús Jóhannesson ráðuneytisstjóri, umhverfisráðuneyti, formaður.
- Árni Snorrason forstöðumaður, Vatnamælingar.
- Magnús Jónsson veðurstofustjóri, Veðurstofa Íslands.
- Hermann Sveinbjörnsson sérfræðingur, umhverfisráðuneyti.
- Ingibjörg Halldórsdóttir lögfræðingur, umhverfisráðuneyti.
- Þorsteinn Sæmundsson sérfræðingur, umhverfisráðuneyti.

Sigurður H. Helgason, framkvæmdastjóri Stjórnhátta ehf, starfaði með starfshópnum að verkefninu. Auk þess sátu fundi starfshópsins Matthew J. Roberts, fyrir hönd Starfsmannafélags Veðurstofu Íslands og Gunnar Sigurðsson, fyrir hönd starfsmanna Vatnamælinga. Starfshópurinn hélt 8 fundi og skilaði tillögum sínum til ráðherra þann 7. mars 2008.

Undirbúningur verkefnisins hófst í lok síðasta árs með þarfagreiningu verkefna Veðurstofu og Vatnamælinga sem tók til helstu starfsþátta og mikilvægis þeirra, hagræðis við sameiningu og ábendinga um æskileg ný viðfangsefni sameinaðrar stofnunar. Enn fremur var

fjallað um helstu samstarfsaðila Veðurstofu og Vatnamælinga. Þarfagreiningin er fylgiskjal með þessari greinargerð. Að vinnslu þarfagreiningarinnar unnu þrír sérfræðingar:

- Einar Sveinbjörnsson veðurfræðingur.
- Hákon Aðalsteinsson vatnalíffræðingur.
- Sveinbjörn Björnsson eðlisfræðingur sem jafnframt var formaður hópsins.

Sérfræðihópurinn vann þarfagreininguna í samráði við Árna Snorrason forstöðumann Vatnamælinga Orkustofnunar og Magnús Jónsson veðurstofustjóra. Einnig hafði hópurinn samráð við ýmsa starfsmenn stofnananna og voru drög að álitsgerðinni kynnt starfsmönnum Veðurstofu og Vatnamælinga á fundum í desember 2007. Að fengnum ábendingum og endurbótum að loknum þessum fundum var þarfagreiningunni skilað til umhverfisráðuneytisins 14. desember sl.

Sérfræðihópurinn mælir með því á grundvelli þarfagreiningarinnar að starfsemi Veðurstofu Íslands og Vatnamælinga Orkustofnunar verði sameinuð í nýrri stofnun. Auk þeirra rannsókna og vöktunar sem nú fer fram á vegum þessara stofnana ætti að gera hinni nýju stofnun kleift að stunda rannsóknir á sviði loftslagsmála og verndar vatns og sjálfbærri nýtingu þess. Hópurinn taldi mikilvægt að styrkja lagasetningu um vatnafar og jarðvá til samræmis við lög um veðurþjónustu og snjóflóð og skriðuföll.

Sérfræðihópurinn lagði fram ýmis rök fyrir sameiningu starfsemi Veðurstofu og Vatnamælinga og tekur starfshópurinn undir þau. Margvíslegir kostir fylgja sameiningunni bæði faglegir og rekstrarlegir. Má í þessu samhengi einkum nefna að sameiningin getur:

- Bætt þjónustu og styrkt samvinnu á öllum sviðum sem lúta að vöktun náttúru og viðbrögðum við náttúruvá, þ.m.t. jarðskorpuhreyfingum, veðurfari og vatnafari.
- Breikkað og styrkt faglega hæfni og aukið möguleika til að sinna ýmsum verkefnum varðandi náttúru Íslands sem fram til þessa hafa legið utangarðs.
- Styrkt umhverfisráðuneytið í umsjón vatnsauðlinda samkvæmt alþjóðasamningum og í alþjóðasamstarfi sem Ísland hefur gerst aðili að og jafnframt bætt forsendur til að framfylgja evrópsku vatnatilskipuninni sem tekin hefur verið upp hér á landi og nær til alls fersks vatns og strandsjávar.
- Eflt rannsóknir á loftslags/veðurfarsbreytingum og styrkt faglega ráðgjöf fyrir stjórnvöld á því sviði.
- Tryggt vörslu gagna um vatnafar, veðurfar og jarðskorpuhreyfingar og bætt aðgengi almennings og fyrirtækja að þessum gagnagrunnum.
- Skapað öflugri og áhugaverðari vinnustað og gefið starfsmönnum aukin tækifæri til þróunar í starfi.
- Stuðlað að hagræðingu, t.d. í rekstri mælingakerfa, gagnagrunna og ýmiss konar upplýsingakerfa, auk almennrar hagræðingar í sameiginlegri þjónustu og stjórnun.

2. Hlutverk Veðurstofunnar og Vatnamælinga

Sameinuð stofnun tekur við starfsemi Veðurstofu Íslands og Vatnamælinga. Rétt þykir að minna hér á helstu núverandi hlutverk, verkefni og skyldur þeirra.

2.1 Verkefni Veðurstofu Íslands

Samkvæmt lögum um Veðurstofu Íslands nr. 30/1985 skulu verkefni Veðurstofunnar vera sem hér segir:

1. að sjá um rekstur grunnkerfa og annast grunnþjónustu á sviði veðurþjónustu, sbr. lög um veðurþjónustu;

2. að annast verkefni á sviði ofanflóðavarna, sbr. lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum;
3. að annast jarðskjálftamælingar og úrvinnslu þeirra og safna upplýsingum um jarðskjálfta og hægar jarðskorpuhreyfingar tengdar jarðskjálftum; enn fremur að safna upplýsingum um eldgos og öskufall þegar ástæða þykir til;
4. að gera athuganir og mælingar á mengun í lofti og úrkomu;
5. að fylgjast með framförum og þróun í veðurfræði og öðrum fræðigreinum á starfssviði sínu og vinna að rannsóknum á þeim er hafi það að höfuðmarkmiði að auka þekkingu á veðurfari landsins, bæta veðurþjónustuna og auka hæfni stofnunarinnar til að láta í té upplýsingar í þágu atvinnulífs, öryggismála og annarra þarfa landsmanna;
6. að annast samskipti við Alþjóðaveðurfræðistofnunina, svo og önnur milliríkjasamskipti innan verkahrings Veðurstofunnar;
7. annað það er ráðherra kann að ákveða að falli undir verksvið Veðurstofunnar.

Í reglugerð um Veðurstofu Íslands nr. 367 frá 1996 er nánar kveðið á um útfærslu einstakra verkefna hennar. Þar er helstu verkefnum Veðurstofunnar lýst svo:

1. Veðurstofa Íslands gerir veðurspár fyrir Ísland og skilgreind hafsvæði umhverfis landið og sendir út sérstakar viðvaranir um yfirvofandi óveður. Einnig sér stofnunin um flugveðurþjónustu á flugvöllum og á flugleiðum í samræmi við óskir flugmálayfirvalda og samkvæmt alþjóðlegum reglum og samþykktum. Stofnunin vaktar hættu á snjóflóðum, aurskriðum, jarðskjálftum, eldgosum, sjávarflóðum og ísingu svo og hafísútbreiðslu og sendir út viðvaranir og upplýsingar til að draga úr hættu á manntjóni og öðrum skaða. Stofnunin veitir almenningi, atvinnulífi og stjórnvöldum ráðgjöf og þjónustu þar sem sérþekking hennar kemur að notum, svo sem vegna skipulagsmála, mannvirkjagerðar, ofanflóðavarna og áætlanagerðar. Stofnunin miðlar rauntímaveðurupplýsingum til innlendra notenda og dreifir slíkum upplýsingum til alþjóðanota í samræmi við skuldbindingar gagnvart Alþjóðaveðurfræðistofnuninni.
2. Veðurstofa Íslands aflar veðurfræðilegra gagna með rekstri veðurstöðvakerfis á landi og sjó. Þá annast stofnunin mælingar á ýmsum efnum í andrúmslofti og úrkomu, m.a. vegna alþjóðlegra skuldbindinga og vegna rannsókna á veðurfarsbreytingum, ósoneyðingar og dreifingar þrávirkra lífrænna efna, þungmálma og annarra skaðlegra efna í andrúmslofti.

   Stofnunin skal með rekstri stöðvakerfis mæla jarðhræringar og afla gagna um jarðskjálfta, eldgos og öskufall og sér um sértækar mælingar vegna ofanflóðahættu og söfnun gagna um snjóflóð og skriðuföll. Stofnunin annast þjálfun athugunarmanna á landi og sjó og snjóflóðaeftirlitsmanna með sérstakri kennslu og endurmenntun.
3. Veðurstofa Íslands stundar rannsóknir á veðurfari landsins, ofanflóðum, hegðun hafíss og í veðurfræði almennt, á sviði jarðeðlisfræði og annarra fræðigreina sem eru á starfssviði stofnunarinnar.

   Stofnunin annast gerð hættumats vegna snjóflóðahættu og hættu á jarðskjálftum auk hættumats á hverri þeirri náttúruvá sem stofnuninni er ætlað að vakta.

   Stofnunin vinnur að úrvinnslu- og rannsóknaverkefnum fyrir stjórnvöld, stofnanir, fyrirtæki og einstaklinga auk annarra verkefna sem umhverfisráðherra ákveður að fengnum tillögum eða að höfðu samráði við veðurstofustjóra.

   Stofnunin tekur þátt í alþjóðlegri rannsóknastarfsemi með sérstakri áherslu á veðurþjónustu, hnattræn loftslagsvandamál og eflingu þekkingar innan þeirra greina sem tengjast starfssviði hennar.

Sérstök lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum voru sett árið 1997 og önnur sérlög um veðurþjónustu voru sett árið 2004 og er hlutverki og verkefnum Veðurstofunnar í þessum málaflokkum lýst nokkuð ýtarlega í þessum lögum. Ýmsar reglugerðir hafa síðan verið settar um einstaka þætti ofanflóðamála, svo sem hættumat. Engin sérlög eða reglugerð hafa verið sett um jarðvá, en að því hefur verið stefnt af hálfu stjórnvalda frá því að lög um veðurþjónustu tóku gildi.

2.2 Verkefni Vatnamælinga

Engin sérstök lög hafa verið sett um starfsemi Vatnamælinga en þær hafa frá setningu orkulaga nr. 58/1967 verið deild í Orkustofnun. Í lögum um Orkustofnun nr. 87/2003 segir í 3. gr.:

> Starfsemi vatnamælinga Orkustofnunar skal rekin sem sjálfstæð eining og vera fjárhagslega aðgreind frá annarri starfsemi stofnunarinnar. Skal einingin standa undir þeim kostnaði sem af starfsemi hennar hlýst með sölu á þjónustu.

Í reglugerð um Orkustofnun nr. 308/2004 er helstu verkefnum Vatnamælinga lýst svo í 8. gr.:

1. að annast langtímarannsóknir á vatnafari og rannsóknir á vatnsauðlindinni, eðli hennar og skilyrðum til nýtingar samkvæmt samningi við þá, sem slíkar rannsóknir kosta, þ. á m. orkumálasvið stofnunarinnar, orkufyrirtæki o.fl.,
2. að vinna að sérstökum verkefnum fyrir orkumálasvið, sem miða að því að uppfylla hlutverk þess,
3. aðrar rannsóknir á umhverfis- og auðlindasviði sem fallið geta að hlutverki Vatnamælinga,
4. að markaðsfæra þekkingu Orkustofnunar í vatnafarsrannsóknum, enda sé ekki tekin meiri áhætta en samrýmist fjárhagslegri getu Vatnamælinga,
5. að finna upp, þróa og aðlaga aðferðir og tæki til rannsókna á vatnafari í samræmi við fjárhag Vatnamælinga hverju sinni.

Þessi verkefni rækja Vatnamælingar m.a. með því:

- að hafa í þjónustu sinni hæfa sérfræðinga með nægilega fagþekkingu og viðhalda henni.
- að hafa tiltækan tækjabúnað, sem nauðsynlegur er til að beita fremstu rannsóknartækni, eftir því sem fjárhagur leyfir og við verður komið á hverjum tíma.
- að taka þátt í samstarfi á sviði vatnafræða í umboði orkumálastjóra.

Verkefni sem Vatnamælingar annast, fyrir orkumálasvið sem og aðra, skulu standa undir sér fjárhagslega og verðlagning taka mið af markaðsverði, þegar slíkt á við. Rekstrarafgangi Vatnamælinga skal í samráði við orkumálastjóra ráðstafa til að efla rannsóknarfærni Vatnamælinga.

Auk rannsókna á vatnafari og vatnsauðlindinni með orkunýtingu í huga hafa Vatnamælingar stundað almennar rannsóknir á umhverfis- og auðlindasviði í samvinnu við Veðurstofu Íslands, Háskóla Íslands, orkufyrirtæki, og norrænar vatna- og veðurfræðistofnanir.

3. Hlutverk og verkefni sameinaðrar stofnunar

Með sameiningu Veðurstofunnar og Vatnamælinga er ekki aðeins stefnt að samrekstri núverandi verkefna, heldur einnig að því að móta hlutverk stofnunarinnar með nýjum og heildstæðum hætti, þannig að tryggt sé að starfssvið og verkefni verði samþætt með það að markmiði að efla starfsemina. Jafnframt að styrkja nýjar áherslur og skerpa á eldri verk-

efnum. Hér eru einkum um að ræða rannsóknir og ráðgjöf vegna loftslagsbreytinga og markvissari vöktun og kortlagningu á náttúruvá.

3.1 Hlutverk

Starfshópurinn vann sérstaka lýsingu á tilgangi, hlutverkum, viðfangsefnum, gildum og áherslum sameinaðrar stofnunar, sbr. yfirlit í mynd 1. Hér verður gerð grein fyrir þessum þáttum en ítarlegri lýsingu er að finna í fylgiskjali.


Tilgangur stjórnvalda með starfrækslu stofnunarinnar er að skapa forsendur fyrir öryggi almennings og eigna, samfélagslegri hagkvæmni, sjálfbærri nýtingu náttúrunnar og almennri þekkingaröflun á starfssviði hennar.

Viðfangsefni stofnunarinnar beinast að eðlisþáttum jarðarinnar, þ.e. lofti, vatni, snjó og jöklum, jörð og hafi. Unnið er að fjölbreyttum verkefnum sem tengjast meðal annars veðri, hafís, mengun í lofti og úrkomu, ofanflóðum, jarðskjálftum, eldvirkni, hniki á yfirborði jarðar, vatnafari, jöklabúskap, hlaupum og flóðum.

Hlutverk stofnunarinnar er að vakta eðlisþætti lofts, láðs og lagar með öflun, varðveislu, úrvinnslu og miðlun upplýsinga í formi tímaraða og korta, spáa, viðvarana, almennra ráðlegginga og í tengslum við þjónustu og upplýsingamiðlun. Nánar tiltekið fela þessi hlutverk í sér:

- Öflun upplýsinga þar sem áhersla er á:
  - Kerfisbundnar athuganir og mælingar.
  - Ýmsar sérmælingar og landfræðileg gögn.
  - Erlenda gagnabanka.
  - Fjarkönnunargögn.
- Varðveislu upplýsinga sem miðast við:
  - Skráningu.
  - Samtíma- og langtímagögn.
  - Notkun landupplýsingakerfa.
  - Gagnasöfn og gagnagrunna.
- Úrvinnslu upplýsinga og rannsóknir sem einkum taka til:
  - Greiningu og túlkun gagna.
  - Spáa og viðvarana um náttúruvá og hættuástand.
  - Úrvinnslu gagna vegna skipulags, mannvirkjagerðar, áhættumats og viðbragðsáætlana.
  - Rannsókna.
- Miðlun upplýsinga og þjónusta við notendur sem eru:
  - Almenningur.
  - Stjórnvöld.
  - Viðskiptavinir, svo sem stofnanir og fyrirtæki.
  - Innlendir og erlendir samstarfsaðilar.

Mynd 1. Yfirlit yfir tilgang, hlutverk, viðfangsefni, gildi og áherslur sameinaðrar stofnunar.



Í starfsemi sinni leggur stofnunin áherslu á að starfa á kerfisbundinn og skilvirkan hátt og með viðurkenndum gæðum í þjónustu sinni við stjórnvöld, stofnanir, fyrirtæki og almenning. Skipta má áherslum í fjóra meginþætti:

- Kerfisbundin vinnubrögð.
- Skilvirkni og hagkvæmni.
- Viðurkennd og vottuð gæði.
- Góð þjónusta við notendur.

3.2 Verkefni

Lagt er til að lögbundin verkefni sameinaðrar stofnunar verði sem hér segir:

1. að annast vöktun vegna náttúruvár og gefa út viðvaranir og spár um yfirvofandi hættu af völdum veðurs og veðurtengdra þátta, jarðskjálfta, eldgosa, hlaupa og vatnsflóða;
2. að sjá um rekstur veðurfræðilegra grunnkerfa og annast veðurþjónustu, sbr. lög um veðurþjónustu;
3. að annast almennar kerfisbundnar vatnamælingar í ám, stöðuvötnum, lónum, strandlónum, strandsjó og grunnvatni, þar með talið mælingar á rennsli, vatnshæð, vatnshita, aurburði og öðrum eðlis- og efnafræðilegum eiginleikum vatns, ásamt skráningu og varðveislu slíkra gagna;

4. að annast mælingar á snjóalögum og jöklabúskap og kortlagningu á ísalögum fallvatna og stöðuvatna;
5. að annast mælingar á hvers kyns jarðhræringum, jarðspennu, kvikuhreyfingum og hægum jarðskorpuhreyfingum, auk þess að safna upplýsingum um eldgos og öskufall;
6. að gera athuganir og mælingar á mengun í lofti, úrkomu og vatni;
7. að annast langtímarannsóknir á vatnsauðlindinni, eðli hennar og skilyrðum til nýtingar.
8. að kortleggja veðurfar landsins og fylgjast með loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra á þá þætti náttúrunnar sem stofnunin á að vakta;
9. að kortleggja stöðuvötn og vatnsfarvegi landsins og gera vatnafars- og flóðakort;
10. að kortleggja jarðskjálftavirkni landsins og fylgjast með breytingum á jarðskjálftavirkni;
11. að sinna verkefnum á sviði ofanflóðavarna, sbr. lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum;
12. að vinna hættumat vegna náttúruhamfara að beiðni almannavarnayfirvalda eða annarra stjórnvalda;
13. að vinna að rannsóknum á starfssviðum stofnunarinnar er hafi það að höfuðmarkmiði að auka þekkingu á ýmsum eðlisþáttum lofts, láðs og lagar, auka þekkingu á vatnafari, veðurfari og jarðskjálftavirkni landsins, bæta þjónustuna og auka hæfni stofnunarinnar til að láta í té upplýsingar í þágu atvinnulífs, öryggismála, sjálfbærrar nýtingar auðlinda og annarra þarfa landsmanna;
14. að annast samskipti við Alþjóðaveðurfræðistofnunina og önnur milliríkjasamskipti innan verkahrings stofnunarinnar;
15. að vera ráðuneytinu og öðrum stjórnvöldum til ráðgjafar um málefni á verksviði stofnunarinnar;
16. önnur verkefni sem ráðherra felur stofnuninni sérstaklega.

4. Fjármögnun og rekstur

4.1 Fjármögnun

Fjármögnun Vatnamælinga annars vegar og Veðurstofu hins vegar er mjög ólík eins og fram kemur í töflu 1.[1]

Tafla 1. Fjármögnun Vatnamælinga og Veðurstofu.

Fjármögnun	Veður-stofa	Hlutfall	Vatna-mælingar	Hlutfall	Samtals	Hlutfall
Beinar fjárveitingar	624	63%	31	8%	656	47%
Samningur við aðra ríkisstofnun	72	7%	135	35%	207	15%
Seld þjónusta innanlands	62	6%	188	48%	250	18%
Seld þjónusta erlendis	218	22%	37	9%	255	18%
Styrktarsjóðir o.fl.	20	2%	0	0%	20	1%
Samtals	**996**	**100%**	**391**	**100%**	**1.388**	**100%**
Þar af fjárveitingar	624	63%	31	8%	656	47%
Þar af sértekjur	372	37%	360	92%	732	53%
Upphaflega af fjárlögum	**696**	**70%**	**166**	**42%**	**863**	**62%**

[1] Upplýsingar um fjármögnun koma frá stofnununum og lýsa stöðunni eins og hún var í upphafi árs 2008. Mögulegt er að minniháttar frávik sé milli heildartalna í töflunni og fjárlaga.

Um 63% fjármögnunar Veðurstofunnar kemur beint af fjárlögum en aðeins 8% fjármögnunar Vatnamælinga. Hins vegar kemur tiltölulega stór hluti fjármögnunar Vatnamælinga (um 35%) óbeint frá fjárlögum á grundvelli samnings við Orkustofnun. Samsvarandi fjármögnun Veðurstofunnar á grundvelli samnings við Ofanflóðasjóð er um 7%.

Samtals skiptist fjármögnun stofnananna nokkuð jafnt á milli fjárveitinga og sértekna. Hins vegar er hlutfall fjármögnunar af fjárlögum um 62% þegar bæði er horft til beinna fjárveitinga og fjármuna af fjárlögum sem renna til stofnananna á grundvelli samninga við aðrar ríkisstofnanir.

Báðar stofnanir fá verulegar tekjur af sölu þjónustu. Um 28% fjármögnunar Veðurstofunnar er vegna seldrar þjónustu og þá fyrst og fremst til Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Um 58% fjármögnunar Vatnamælinga er vegna sölu á þjónustu til orkufyrirtækja og annarra aðila.

Hátt hlutfall sértekna hjá Vatnamælingum hefur þýtt að stofnunin hefur kostnaðargreint starfsemi sína mjög nákvæmlega og verðleggur þjónustu sína á grundvelli slíkrar greiningar. Veðurstofan hefur ekki unnið slíka greiningu nema að hluta, enda er ytri fjármögnun að stærstum hluta bundin tilteknum aðföngum (tækjum og tilteknum mælingum) fremur en afurðum.

Ólík fjárhagsleg uppbygging Veðurstofu íslands og Vatnamælinga þýðir að ekki er einfalt að finna eitt rekstrarlíkan sem hentar sameinaðri stofnun. Af þessum ástæðum voru skoðaðir nokkrir valkostir um rekstrarlíkan:

1. Fjármögnun að mestu leyti af fjárlögum. Þetta myndi þýða að hluti núverandi framlaga frá Orkustofnun og Ofanflóðasjóði myndu renna beint til stofnunarinnar. Sértekjur myndu þá nema u.þ.b. þriðjungi af rekstrarumfangi.
2. Fjármögnun sem að mestu byggir á óbreyttum aðferðum. Þetta myndi þýða að aðferðir við fjármögnun yrðu fjölbreyttar og ólíkar eftir viðfangsefnum.
3. Öll fjármögnun stofnunarinnar verði á grundvelli samninga við opinbera aðila eða einkaaðila. Þessi aðferð þýðir að skilgreina verður hvaða aðili er eðlilegur kaupandi að ólíkum tegundum þjónustu.

Ljóst er að þessar aðferðir hafa hver um sig bæði kosti og galla. Að mati starfshópsins er ekki ástæða til þess að hverfa frá núverandi fyrirkomulagi varðandi þann hluta fjármögnunar sem byggir á samningum við aðra ríkisaðila. Hins vegar er einnig ljóst að ekki eru við núverandi aðstæður forsendur til að öll fjármögnun hinnar nýju stofnunar byggi á samningum. Má í þessu sambandi nefna að erfitt er án frekari aðgerða og verkaskiptingar innan stjórnsýslunnar að finna eðlilega fjármögnunaraðila og viðsemjanda fyrir hluta viðfangsefna nýrrar stofnunar. Í dag kemur langstærstur hluti sértekna eða seldrar þjónustu frá opinberum stofnunum, opinberum sjóðum, alþjóðastofnunum eða fyrirtækjum í opinberri eigu.

Niðurstaðan er því sú að fjármögnunin byggi fyrst um sinn á núverandi aðferðum. Hins vegar er full ástæða til að nýta kosti samningsformsins við fjármögnun, byggða á gagnsærri greiningu kostnaðarþátta og þjónustusamningum með svipuðum hætti og gert hefur verið á Vatnamælingum og þróa starfsemina í þá átt eftir því sem tök eru á og hentugt þykir. Telur starfshópurinn að mikil samlegð og hagræðing felist í því að samræma strax alla mælingastarfsemi hinnar nýju stofnunar og samningsforminu við þann rekstur stofnunarinnar. Forsenda þess að þetta sé unnt er að kostnaður allra viðkomandi verkefna verði gerður gagnsær með samræmdum aðferðum. Þetta kallar á kerfisbundna kostnaðargreiningu allra verkefna. Einnig að umsýsla útseldrar þjónustu og þjónustu sem er fjármögnuð af fjárlögum verði sam-

ræmd í þeim mæli sem unnt er. Með þessu móti skapar stofnunin sér forsendur til að auka þátt fjármögnunar með samningum.

4.2 Rekstrarform

Náin tengsl eru milli fjármögnunar og rekstrarforms. Samkvæmt 3. gr. laga nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins skulu ríkisstofnanir sem sinna starfsemi er að stærstum hluta er fjármögnuð af almennum skatttekjum teljast til A-hluta fjárlaga. Því er ótvírætt að sameinuð stofnun verður í A-hluta við núverandi fjármögnun.

Til B-hluta fjárlaga teljast ríkisfyrirtæki er starfa á markaði og standa að öllu eða verulegu leyti undir kostnaði við starfsemi sína með tekjum af sölu á vöru eða þjónustu til almennings og fyrirtækja, hvort sem er í samkeppni eða í skjóli einkaréttar. Verði fjármögnun í auknum mæli á grundvelli samninga og sértekna kunna síðar meir að skapast möguleikar á því að hægt verði að breyta stofnuninni í ríkisfyrirtæki á B-hluta fjárlaga.

4.3 Gagnamál

Öflun og varðveisla gagna mun verða fyrirferðarmikil í hinni nýju stofnun. Það er álit starfshópsins að eðlilegt sé að frá upphafi verði út frá því gengið að öll þau gögn sem stofnunin aflar fyrir opinbert fé af fjárlögum verði opin fyrir alla og greiðslur komi aðeins til gegn þeim kostnaði sem fer í það að afgreiða eða afhenda gögnin hverju sinni. Er þetta í samræmi við gagnastefnu ríkisstjórnarinnar. Þó getur stofnunin þurft að gera fyrirvara um afhendingu gagna í annarra eigu.

4.4 Samstarfsaðilar og viðskiptavinir

Samstarf við ýmsa aðila og viðskiptavini mun verða mikilvægur þáttur í starfsemi hinnar nýju stofnunar. Samstarfið felst einkum í gagnkvæmum skiptum á upplýsingum og þekkingu og samstarfsverkefnum á sviði rannsókna og þróunar. Verulegur hluti tekna stofnunarinnar mun koma frá viðskiptavinum sem kaupa þjónustu á grundvelli samninga.

Innanlands á stofnunin í samstarfi við ýmsar ríkisstofnanir, opinber fyrirtæki og sveitarfélög og í rannsóknasamstarfi við ýmsa háskóla. Helstu viðskiptavinir stofnunarinnar eru opinberar stofnanir, orkufyrirtæki, sveitarfélög, Vegagerðin og ýmsir framkvæmdaaðilar, fjölmiðlar, Ofanflóðasjóður og Alþjóðaflugmálastofnunin.

Meðal erlendra samstarfsaðila má nefna aðrar veðurstofur og vatnafræðistofnanir í Evrópu, háskóla, ýmsar jarðvísindastofnanir, Evrópsku reiknimiðstöðina, ECMWF, Veðurgervihnattastofnun Evrópu, EUMETSAT, Veðurfræðistofnun Evrópu, EUMETNET o.fl. Þá annast stofnunin samskipti við Alþjóðaveðurfræðistofnunina WMO og ýmsar aðrar alþjóðlegar stofnanir sem starfa á verksviði stofnunarinnar.

5. Sameinuð stofnun

5.1 Staða stofnunar og stjórnun

Lagt er til að hin sameinaða stofnun starfi undir yfirstjórn ráðherra og að skipaður verði forstjóri sem beri ábyrgð á stjórn, rekstri og starfsskipulagi stofnunar gagnvart ráðherra. Forstjóri gerir rekstraráætlanir fyrir stofnunina og ræður annað starfsfólk hennar.

Ekki er lagt til að skipuð verði stjórn yfir stofnunina, og er sú afstaða í samræmi við stefnu umhverfisráðuneytisins um stjórnfyrirkomulag A-hluta stofnana. Hins vegar er lagt til að í lögum um stofnunina verði heimildarákvæði sem geri ráðherra kleift að tilnefna, sam-

kvæmt tillögu forstjóra, fagráð sem skuli vera forstjóra til ráðgjafar um starfsemi stofnunarinnar.

5.2 Starfsstöðvar

Höfuðstöðvar Veðurstofunnar eru við Bústaðaveg en Vatnamælingar eru til húsa í Orkugarði í Reykjavík. Unnið er að því að finna starfseminni sameiginlegt húsnæði en slíkt er forsenda fullrar samþættingar og bestu nýtingar á þeim mannauði sem stofnanirnar búa við í dag.

Veðurstofan rekur starfsstöðvar á Akureyri og Ísafirði og hefur starfsemi þeirrar síðarnefndu verið efld á undanförnum árum með umtalsverðum stuðningi stjórnvalda. Stofnunin nýtur einnig starfskrafta veðurathugunarmanna og gæslumanna með jarðskjálftamælum vítt og breitt um landið. Vatnamælingar ráku tímabundna starfsstöð á Egilsstöðum í tengslum við undirbúning og byggingu Kárahnjúkavirkjunar.

Gert er ráð fyrir að hin nýja stofnun verði með starfsstöðvar á Ísafirði og Akureyri en sameining starfseminnar skapar bættar rekstrarlegar forsendur til að efla starfsemina þar og jafnvel reka fleiri starfsstöðvar utan höfuðborgarsvæðisins.

5.3 Heiti nýrrar stofnunar

Ýmis álitamál komu upp í umræðum um heiti hinnar nýju stofnunar og fékk ekkert eitt mál eins mikla umræðu í starfshópnum og það hvað skyldi vera nafn hinnar nýju stofnunar. Í þessu sambandi voru einkum nefnd tvo andstæð sjónarmið:

- Að huga að hefðinni bæði með tilliti til sögunnar og þess að Veðurstofa Íslands er vel þekkt meðal þjóðarinnar og skipar ákveðinn sess í huga hennar. Samkvæmt þessu væri rétt að halda heitinu Veðurstofa Íslands eða Veðurstofa á hinni nýju stofnun.
- Að leggja áherslu á að um nýja stofnun sé að ræða sem fá víðtækara hlutverk og því muni nýtt nafn undirstrika nýja framtíðarsýn með breyttum áherslum og verkefnum. Einnig það sjónarmið að heiti stofnunarinnar skipti máli við sameininguna og geri öllum starfsmönnum kleift að samsama sig nýrri stofnun. Voru lagðar fram ýmsar tillögur að nýju heiti en ekki voru gerðar tillögur að tilteknu heiti.

Starfshópurinn var ekki einhuga um tillögu að heiti stofnunarinnar og vísar því til umhverfisráðherra að ákveða um nafn hinnar nýju stofnunar.

5.4 Undirbúningur og framkvæmd sameiningar

Hin nýja stofnun verður meðal stærri stofnana ríkisins með um 130 starfsmenn auk veðurathugunarmanna og annarra starfsmanna á landsbyggðinni sem er nokkuð á annað hundrað. Rekstrarumfang stofnunarinnar mun í upphafi nema um 1,4 miljörðum króna á ári. Ljóst er að sameining stofnana er vandasamt verkefni og því nauðsynlegt að vel sé vandað til þess. Sérstaklega er mikilvægt að hugað sé vel að stöðu og réttindum starfsmanna og gæta að nauðsynlegu samráði við þá. Lagt er til að réttindi starfsmanna verði tryggð þannig að þeim verði boðin störf við hina nýju stofnun og þeir haldi núverandi kjörum sínum. Þá er mikilvægt að starfsemi hinnar nýju stofnunar geti hafist með vissu og festu í starfsmannahaldi og starfsskipulagi strax í upphafi, þ.e. 1. janúar 2009. Til þess að svo megi verða þarf undirbúningur að hefjast fyrr að ákvörðun starfsskipulags og ráðningu starfsmanna hjá hinni nýju stofnun.

Mynd 2 sýnir helstu þætti undirbúnings og framkvæmdar sameiningar. Gert er ráð fyrir að ferlið taki um hálft ár en hin faglega og rekstrarlega samþætting starfseminnar mun að

sjálfsögðu taka lengri tíma. Tímasetningar einstakra verkefna og áfanga geta breyst í samræmi við áherslur og aðstæður. Lagt er til að í lögum um stofnunina verði ákvæði til bráðabirgða um að forstjóri stofnunarinnar verði skipaður frá 1. ágúst 2008 og skuli hann frá þeim tíma vinna að undirbúningi sameiningarinnar í samráði við umhverfisráðherra. Undirbúningurinn mun m.a. fela í sér:


- Skipun forstjóra.
- Starfsmannamál.
- Fjármálastjórn.
- Gerð og samræming stofnanasamninga.
- Stefnumótun.
- Skipulag.
- Ímyndar- og kynningarmál.
- Húsnæðismál.

6. Frumvarp til laga um hina nýju stofnun

Með hliðsjón af þeim tillögum sem kynntar eru hér að ofan um hlutverk, yfirstjórn og rekstur hinnar nýju stofnunar, hefur umhverfisráðuneytið í samráði við starfshópinn unnið drög að frumvarpi til laga um hina nýju stofnun, sem endurspeglar tillögurnar að svo miklu leyti sem rétt er talið að þær þurfi að koma fram í lögum um stofnunina. Önnur atriði tillagnanna eru sett fram sem tillögur fyrir ráðuneytið og yfirstjórn hinnar nýju stofnunar þegar til framkvæmda kemur.

Auk löggjafar um hina nýju stofnun telur starfshópurinn mikilvægt að styrkja lagasetningu um vatnafarsrannsóknir og vöktun á náttúruvá annarri en veðurtengdri náttúruvá til samræmis við lög um veðurþjónustu og snjóflóð og skriðuföll og vill beina því til umhverfisráðherra að sem fyrst verði hafist handa við að undirbúa lagasetningu á þessum sviðum.

Mynd 2. Undirbúningur og framkvæmd sameiningar.



Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Veðurstofu Íslands.

Frumvarpið mælir fyrir um starfrækslu Veðurstofu Íslands, nýrrar stofnunar sem til verður við sameiningu Veðurstofu Íslands og vatnamælinga Orkustofnunar í samræmi við ákvæði 33. gr. laga nr. 167/2007, um breytingu á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands. Skulu lögin öðlast gildi 1. janúar 2009 og frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 30/1985, um Veðurstofu Íslands og 3. gr. laga nr. 87/2003, um Orkustofnun. Forstjóri nýrrar Veðurstofu Íslands skal skipaður frá 1. ágúst 2008 og vinna að undirbúningi gildistöku laganna.

Lögboðnum verkefnum hinnar nýju stofnunar er lýst í 3. gr. frumvarpsins en flestum þeirra er nú þegar sinnt af Veðurstofu Íslands og vatnamælingum Orkustofnunar. Starfsemi beggja stofnananna er margþætt og báðar reka þær mælakerfi um allt land og beita á margan hátt svipaðri tækni við öflun gagna og úrvinnslu þeirra. Við sameiningu þeirra er gert ráð fyrir jákvæðum samlegðaráhrifum á mörgum sviðum og með henni er einnig stefnt að styrkingu á faglegri hæfni og getu ásamt hagræðingu í rekstri.

Rekstrarumfang Veðurstofu Íslands á fjárlögum yfirstandandi árs er 970,3 m.kr. og rekstrarumfang Vatnamælinga er 446,6 m.kr. Heildarumfang þeirra á fjárlögum er því 1.416,9 m.kr. og þar af eru 786,8 m.kr. fjármagnaðar með sértekjum en 630,1 m.kr. með beinu framlagi úr ríkissjóði. Í greinargerð starfshóps sem umhverfisráðherra skipaði til að undirbúa sameininguna og leggja grunn að lagafrumvarpi um hina nýju stofnun er reiknað með nánast óbreyttu rekstrarumfangi, eða um 1.400 m.kr. og 130 starfsmönnum auk veðurathugunarmanna og annarra starfsmanna á landsbyggðinni. Starfsmönnum vatnamælinga Orkustofnunar og Veðurstofu Íslands skal boðið starf hjá hinni nýju stofnun með sömu ráðningarkjörum og áður giltu. Biðlaunaréttur er til staðar hjá átta starfsmönnum og kjósi þeir allir að nýta sér hann getur sá kostnaður numið allt að 60 m.kr. Gera má ráð fyrir að slíkur réttur verði einungis nýttur að hluta og ætti stofnunin því að geta borið hann á nokkurra ára tímabili.

Ekki liggur fyrir hvernig leyst verður úr húsnæðismálum hinnar nýju stofnunar en í áðurnefndri greinargerð kemur fram að unnið sé að því að finna starfseminni sameiginlegt húsnæði, enda sé slíkt forsenda fullrar samþættingar og bestu nýtingar mannauðs. Gert er ráð fyrir að hin nýja stofnun verði þó áfram með starfsstöðvar á Ísafirði og Akureyri. Reikna má með því að annað hvort verði núverandi húsnæði Veðurstofunnar í Reykjavík stækkað eða öll starfsemin flutt í annað húsnæði. Á móti kemur að hver sem niðurstaðan verður þá losnar til annarra nota núverandi húsnæði annarrar stofnunarinnar eða beggja. Breytingar á húsnæðismálum fyrir starfsemina leiða þó ekki beinlínis af ákvæðum frumvarpsins og ákvarðanir um þau mál verður að taka með hliðsjón af fjárveitingu á fjárlögum.

Niðurstaða þessa kostnaðarmats er því sú að lögfesting frumvarpsins hafi óveruleg áhrif á kostnað ríkissjóðs.

819. Frumvarp til laga [518. mál]

um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.
Markmið.

Tilgangur laga þessara er að mæla fyrir um framkvæmd þvingunaraðgerða sem ákveðnar eru af öryggisráði Sameinuðu þjóðanna á grundvelli 41. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna, af alþjóðastofnunum eða af ríkjahópum til að viðhalda friði og öryggi og/eða til að tryggja virðingu fyrir mannréttindum og mannfrelsi.

2. gr.
Þvingunaraðgerðir öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.

Utanríkisráðherra skal, að höfðu samráði við ríkisstjórn, gera þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til þess að framkvæma ályktanir sem öryggisráð Sameinuðu þjóðanna samþykkir skv. 41. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna og Íslandi er skylt að hlíta vegna aðildar sinnar að þeim. Kynna skal slíkar ráðstafanir með reglulegum hætti fyrir utanríkismálanefnd Alþingis.

3. gr.
Þvingunaraðgerðir alþjóðastofnana eða ríkjahópa.

Að fengnu samþykki ríkisstjórnar og að höfðu samráði við utanríkismálanefnd Alþingis er ráðherra heimilt að gera þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til þess að framkvæma ályktanir alþjóðastofnana eða ríkjahópa um þvingunaraðgerðir sem eru samþykktar til að viðhalda friði og öryggi og/eða til að tryggja virðingu fyrir mannréttindum og mannfrelsi.

4. gr.
Framkvæmd þvingunaraðgerða.

Heimilt er að innleiða fyrirmæli ályktunar um þvingunaraðgerðir skv. 2. og 3. gr. með reglugerð. Í þeim tilgangi getur reglugerð mælt fyrir um:

a. bann við viðskiptum og fjárfestingum,
b. bann við inn- og útflutningi, þ.m.t. á vopnum,
c. frystingu á fjármunum og öðrum eignum,
d. bann við samskiptum, þar á meðal fjarskiptum og menningarsamskiptum,
e. bann við ferðum einstaklinga og farartækja,
f. bann við að veita þjónustu og þjálfun,
g. bann við að veita efnahagsaðstoð og tæknilega aðstoð,
h. bann við starfsemi og þátttöku í atvinnulífi, og
i. aðrar hliðstæðar aðgerðir sem ákveðnar eru til að viðhalda friði og öryggi og/eða til að tryggja virðingu fyrir mannréttindum og mannfrelsi.

Í reglugerð skal taka fram um hvaða ályktun sé að ræða, þær þvingunaraðgerðir sem koma eiga til framkvæmda og gegn hverjum þær beinast.

Nú eru gefnir út listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerðar og er þá heimilt að birta erlendan frumtexta listanna í B-deild Stjórnartíðinda, enda sé það nauðsynlegt til að tryggja virkni þvingunaraðgerðarinnar.

Utanríkisráðuneytið skal halda skrár um þvingunaraðgerðir sem eru í gildi hér á landi og gegn hverjum þær beinast.

5. gr.

Réttindi og skyldur sem fara í bága við þvingunaraðgerðir.

Óheimilt er að efna samninga, eða fullnægja öðrum réttindum og skyldum, sem fara í bága við þessi lög og reglugerðir settar með stoð í þeim. Þetta á við hvort sem þessi réttindi og skyldur stofnuðust fyrir eða eftir gildistöku viðkomandi reglugerðar nema annað sé tekið fram í henni.

Vanefnd á réttindum og skyldum skv. 1. mgr. skal ekki leiða af sér skaðabótaskyldu.

6. gr.

Úrræði gegn aðila sem þvingunaraðgerð beinist gegn.

Heimilt er að hefja rannsókn, samkvæmt ákvæðum laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, á aðila sem þvingunaraðgerð beinist gegn þrátt fyrir að grunur liggi ekki fyrir um refsivert atferli. Markmið rannsóknar er að afla allra nauðsynlegra gagna sem lúta að viðfangi þvingunaraðgerðarinnar, t.d. vopnum, fjármunum og öðrum eignum.

7. gr.

Brottfall ályktunar.

Sé ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, alþjóðastofnunar eða ríkjahóps um þvingunaraðgerðir afturkölluð, fallin úr gildi eða eigi hún ekki lengur við skal ráðherra svo fljótt sem verða má fella úr gildi reglugerð sem kemur ályktuninni til framkvæmda.

8. gr.

Undanþágur frá þvingunaraðgerð.

Ráðherra getur veitt undanþágu frá þvingunaraðgerð sem framkvæmd er með heimild í þessum lögum þegar gildar ástæður eru fyrir hendi. Heimilt er að setja skilyrði fyrir undanþágu til þess að tryggja að með henni sé ekki grafið undan eða komist fram hjá markmiði þvingunaraðgerðarinnar.

9. gr.

Afskráning af lista.

Íslenskir ríkisborgarar, einstaklingar búsettir á Íslandi og lögaðilar sem eru skráðir eða stofnaðir samkvæmt íslenskum lögum, sem telja sig ranglega tilgreinda á lista yfir aðila sem þvingunaraðgerð beinist gegn, geta borið upp við ráðherra rökstutt og skriflegt erindi um að vera fjarlægðir af listanum. Ráðherra skal leiðbeina viðkomandi um þau úrræði sem eru fyrir hendi. Þá getur ráðherra ákveðið að leggja fram beiðni hjá þar til bærum aðilum um að viðkomandi verði fjarlægður af listanum. Við slíka ákvörðun skal ráðherra gæta ákvæða stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

10. gr.
Viðurlög.

Sá sem brýtur gegn boði eða banni sem mælt er fyrir um í reglugerð skv. 1. mgr. 4. gr. skal sæta sektum eða fangelsi allt að fjórum árum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Sé brotið stórfellt varðar það sektum eða fangelsi allt að sex árum.

Hafi brot sem vísað er til í 1. mgr. verið framið af stórfelldu gáleysi varðar það sektum eða fangelsi allt að einu ári.

Þegar brot er framið í starfsemi lögaðila og í þágu hans má gera honum sekt án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á fyrirsvarsmann eða starfsmann lögaðilans. Hafi fyrirsvarsmaður eða starfsmaður gerst sekur um brot má samhliða ákvörðun um refsingu þeirra gera lögaðilanum sekt ef brotið var í þágu hans.

Gera má upptæka hluti, samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sem hafa verið notaðir við brot, hafa orðið til við brot eða með öðrum hætti tengjast framningu brots. Þá má gera upptækan ávinning af broti eða fjárhæð sem svarar til hans í heild eða að hluta.

Tilraun og hlutdeild í brotum á reglugerðum settum samkvæmt lögum þessum eru refsiverðar skv. III. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Hafi ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, alþjóðastofnunar eða ríkjahóps um þvingunaraðgerðir verið afturkölluð eða sé hún fallin úr gildi þegar brot er framið verður refsingu ekki beitt samkvæmt þessum lögum.

11. gr.
Gildissvið.

Lög þessi taka til íslenskra ríkisborgara og útlendinga samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, um refsilögsögu, en gera að auki íslenskum ríkisborgurum refsiábyrgð fyrir verknað sem þeir fremja erlendis þrátt fyrir að verknaðurinn sé ekki refsiverður samkvæmt lögum þess ríkis þar sem brotið var framið.

Lögin gilda gagnvart lögaðilum sem eru skráðir eða stofnaðir samkvæmt íslenskum lögum hvar sem þeir starfa eða eru staðsettir. Nú er lögaðili skráður eða stofnaður erlendis og taka þá lögin til starfsemi hans að því leyti sem hún á sér í stað innan íslenskrar lögsögu.

12. gr.
Nánari reglur.

Utanríkisráðherra fer með framkvæmd laga þessara og er heimilt að setja nánari reglur þar að lútandi.

13. gr.
Gildistaka.

Lög þessi taka þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög um framkvæmd fyrirmæla öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, nr. 5/1969.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Markmið þessa frumvarps er að uppfæra ramma um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða sem hafa það að markmiði að tryggja frið og öryggi og/eða virðingu fyrir mannréttindum og mannfrelsi, og leysa af hólmi gildandi lög um framkvæmd fyrirmæla Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, nr. 5/1969. Með alþjóðlegri þvingunaraðgerð er átt við aðgerð sem samþykkt er af öryggisráði Sameinuðu þjóðanna, alþjóðastofnun eða ríkjahópi í þeim tilgangi að fá aðila til að breyta háttsemi sinni eða til að draga úr getu hans til að ógna friði, öryggi eða virðingu fyrir mannréttindum.

Samkvæmt 1. mgr. 24. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna fela aðildarríkin öryggisráðinu meginábyrgð á varðveislu friðar og öryggis í heiminum. Samkvæmt 41., sbr. 39. gr. sáttmálans, er öryggisráðinu heimilt, telji það að fyrir hendi sé ófriðarhætta, friðrof eða árás, að leggja til eða ákveða að beitt skuli þvingunaraðgerðum, sem eru ekki hernaðarlegar, í því skyni að viðhalda eða koma á friði. Ef um tilmæli er að ræða eru þau ekki bindandi, en hins vegar eru aðildarríki Sameinuðu þjóðanna bundin af þeim ákvörðunum sem öryggisráðið tekur í þessum tilgangi. Aðildarríkjunum ber að koma þeim til framkvæmda, sbr. 25. gr. sáttmálans. Til þess að ákvörðun öryggisráðsins fái réttaráhrif hérlendis verður að innleiða hana í landsrétt, sbr. fyrrgreind lög nr. 5/1969. Ályktun öryggisráðsins víkur til hliðar þjóðréttarlegum skuldbindingum aðildarríkjanna sem stangast á við hana, sbr. 103. gr. sáttmálans.

Á undanförnum árum hefur öryggisráð Sameinuðu þjóðanna beitt þvingunaraðgerðum í auknum mæli. Viss þáttaskil urðu í þessum efnum eftir lok kalda stríðsins og svo aftur í kjölfar hryðjuverkaárása í Bandaríkjunum 11. september 2001.

Þvingunaraðgerðir öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna hafa orðið hnitmiðaðri en áður, einkum eftir að farið var að tilgreina einstaklinga og hópa sem þær beinast gegn, frekar en að þeim sé beint eingöngu gegn ríkjum. Aðgerðir öryggisráðsins hafa einkum verið viðskiptabann, bann við útflutningi á vopnum, ferðabann og frysting fjármuna og annarra eigna, en dæmi eru um fleiri tegundir þvingunaraðgerða. Þvingunaraðgerðir hafa m.a. beinst gegn eftirfarandi ríkjum eða aðilum þar: Afganistan, Austur-Kongó, Angóla, Erítreu og Eþíópíu, Fílabeinsströndinni, Haítí, Írak og Kúveit, Íran, fyrrum Júgóslavíu, Líbanon, Líberíu, Líbýu, Norður-Kóreu, Rúanda, Síerra Leóne, Suður-Ródesíu, Sómalíu, Súdan, Suður-Afríku og Sýrlandi. Þá hefur færst í vöxt að þvingunaraðgerðir beinist gegn einstaklingum eða hópum einstaklinga óháð því landi þar sem þeir finnast. Hér má nefna þvingunaraðgerðir gegn meðlimum Al-Kaída og talibönum, sbr. ályktun 1267 (1999), gegn aðilum grunuðum um sprengjutilræðið í Beirút sem felldi fyrrverandi forsætisráðherra Líbanons, Rafiq Hariri, sbr. ályktun 1636 (2005), og þvingunaraðgerðir gegn aðilum sem tengdust Saddam Hússein, fyrrverandi Íraksforseta, sbr. ályktun 1483 (2003).

Hérlendis hafa fyrirmæli öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna verið innleidd með auglýsingum á grundvelli fyrrgreindra laga nr. 5/1969. Hins vegar hafa breytingar á íslensku stjórnarskránni og önnur réttarþróun undanfarin ár gert nauðsynlegt að styrkja lagarammann sérstaklega hvað varðar refsiheimildir.

Auk öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna hefur Evrópusambandið tekið ákvarðanir um alþjóðlegar þvingunaraðgerðir. Yfirleitt er um að ræða þvingunaraðgerðir sem samþykktar eru af ráðherraráði Evrópusambandsins í beinum tengslum við ályktanir öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Það kemur hins vegar fyrir að ráðherraráðið ákveði þvingunaraðgerðir á grundvelli sjálfstæðs mats án þess að fyrir liggi ályktun frá öryggisráðinu. Sem dæmi má nefna þvingunaraðgerðir gegn Búrma (Mjanmar), Simbabve og Úsbekistan. Ísland hefur tekið undir flestar þeirra þvingunaraðgerða sem Evrópusambandið samþykkir eitt og sér. Er þetta gert

í tengslum við EES-samninginn, nánar tiltekið yfirlýsingu ríkisstjórna aðildarríkja ESB og EES/EFTA-ríkjanna um pólitísk skoðanaskipti. Í framkvæmd er EES/EFTA-ríkjunum boðið að taka undir vissar yfirlýsingar ráðherraráðs ESB á sviði utanríkismála (e. Common Foreign and Security Policy Statements). Sumar þeirra fjalla um þvingunaraðgerðir sem eru yfirleitt í formi sameiginlegrar afstöðu ráðherraráðsins (e. Council Common Positions).

Enn fremur hafa ríki samþykkt að beita þvingunaraðgerðum á öðrum vettvangi en innan Sameinuðu þjóðanna og Evrópusambandsins. Þegar þetta frumvarp er samið er í gildi þvingunaraðgerð Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE) um bann við útflutningi á vopnum til Nagorno-Karabakh frá árinu 1992. Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna hefur mælst til þess að aðildarríkin framfylgi vopnasölubanni til svæðisins, en þau tilmæli eru ekki bindandi.

Íslensk stjórnvöld hafa einu sinni tekið þátt í alþjóðlegum þvingunaraðgerðum þegar ekki náðist samstaða í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Lög nr. 67/1988 kváðu á um bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku og Namibíu. Ástæða þessara sérlaga var m.a. að Norðurlöndunum tókst ekki, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir, að fá öryggisráðið til þess að samþykkja þvingunaraðgerðir gegn Suður-Afríku. Þótt íslensk stjórnvöld hafi ekki talið það nauðsynlegt hafa stjórnvöld hinna norrænu ríkjanna mun oftar sett viðskiptabann á ríki þegar eitt af þeim ríkjum sem eiga fast sæti í öryggisráðinu hefur beitt neitunarvaldi gegn slíkum aðgerðum. Þar má nefna viðskiptabann sem mörg Evrópuríki settu á Íran árið 1980 í kjölfar gíslatökunnar 1979 en þá beittu Sovétríkin neitunarvaldi gegn ályktun um bindandi þvingunaraðgerðir í öryggisráðinu. Sama gerðist með viðskiptabann á Argentínu í Falklandseyjastríðinu 1982, en þá stóðu Sovétríkin einnig í vegi fyrir ályktun frá öryggisráðinu.

Með frumvarpi þessu er lagður til heildarrammi um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða, hvort sem þær stafa frá öryggisráðinu, pólitísku samstarfi við Evrópusambandið eða öðru alþjóðasamstarfi. Eins og gert er í nágrannaríkjunum er lagt til að slíkar aðgerðir verði innleiddar með stjórnvaldsfyrirmælum, enda verður alþjóðasamfélagið að geta brugðist hratt við aðstæðum sem ógna friði og öryggi.

Við smíði frumvarpsins var litið til löggjafar erlendis, m.a. í nágrannaríkjunum, svo og alþjóðlegra skýrslna um efnið. Þar ber að nefna svonefnt Interlaken-ferli sem snerist um efnahagslegar þvingunaraðgerðir og var skipulagt af yfirvöldum í Sviss. Í kjölfar þess ýttu yfirvöld í Þýskalandi úr vör svonefndu Bonn-Berlínar-ferli þar sem fjallað var um vopnabann, ferðabann og takmarkanir á flugi. Þá komu yfirvöld í Svíþjóð af stað svonefndu Stokkhólmsferli sem lagði áherslu á beitingu hnitmiðaðra þvingunaraðgerða. Litið var til þróunar á vettvangi alþjóðlegra þvingunaraðgerða þar sem mikilvægt er að tryggja visst samræmi í framkvæmd þeirra á milli landa, m.a. til þess að koma í veg fyrir að aðilar sem vilja komast hjá alþjóðlegum þvingunaraðgerðum flytji starfsemi sína þangað sem viðurlög við brotum á þeim eru mildari eða eftirlit lítið.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Markmið laganna er að veita stjórnvöldum heimild til þess að framkvæma þvingunaraðgerðir sem eru ákveðnar á alþjóðavettvangi til þess að viðhalda friði og öryggi og/eða tryggja virðingu fyrir mannréttindum og mannfrelsi. Heimildin tekur til ályktana öryggisráðsins sem eru samþykktar á grundvelli 41. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna. Enn fremur tekur hún til þvingunaraðgerða sem beitt er af öðrum alþjóðastofnunum eða ríkjahópum. Lagastoð fyrir slíkum aðgerðum er nauðsynleg þar sem þær geta skert réttarstöðu einstak-

linga og lögaðila. Lagastoð er einnig nauðsynleg til þess að tryggja að einstaklingar og lögaðilar fylgi fyrirmælum stjórnvalda og svo unnt sé að refsa þeim sem gera það ekki.

Um 2. gr.

Samkvæmt 41. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna er öryggisráðinu heimilt að ákveða hvaða aðgerðir, aðrar en hernaðaraðgerðir, skuli viðhafðar til þess að framfylgja ákvörðunum þess. Slíkar aðgerðir eru bindandi fyrir Ísland skv. 25. gr. sáttmálans þar sem segir: „Meðlimir hinna Sameinuðu þjóða eru ásáttir um að fallast á og framkvæma ákvarðanir öryggisráðsins í samræmi við ákvæði þessa sáttmála.“ Ákvæði 2. gr. veitir stjórnvöldum heimild til að standa undir þessari skuldbindingu með því að grípa til þeirra ráðstafana sem eru nauðsynlegar til að framkvæma þvingunaraðgerðir sem öryggisráðið ákveður.

Öryggisráðið mælir fyrir um þvingunaraðgerðir með ályktunum (e. resolutions) en með orðinu „ályktun“ í ákvæðinu er ekki eingöngu átt við eiginlegar ályktanir heldur allar tegundir ákvarðana, hvaða nafni sem þær nefnast, um þvingunaraðgerðir sem öryggisráðið tekur á grundvelli 41. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Algengt er að öryggisráðið setji á stofn undirnefndir til að fylgjast með og sjá um framkvæmd þvingunaraðgerða. Starfssvið þessara nefnda er ákveðið í hvert sinn sem þær eru settar á legg og hefur m.a. falið í sér að fylgjast með því hvernig aðildarríki framfylgja þvingunaraðgerðum, að uppfæra upplýsingar á listum um aðila sem þvingunaraðgerð beinist gegn og taka til athugunar beiðnir um undanþágur frá banni sem þvingunaraðgerð mælir fyrir um. Þessar nefndir eru mikilvægur hluti af starfsemi öryggisráðsins og nær heimild ráðherra samkvæmt þessu ákvæði einnig til ákvarðana þeirra.

Eins og fyrr segir eru þær þvingunaraðgerðir sem öryggisráðið mælir fyrir um á grundvelli 41. gr. sáttmálans bindandi að þjóðarétti og er mikilvægt að framkvæma þær eins fljótt og auðið er. Er því lagt til í frumvarpinu að ráðherra, að höfðu samráði við ríkisstjórn, hafi heimild til að grípa til nauðsynlegra aðgerða í þessu tilviki án þess að ráðfæra sig fyrst við Alþingi. Þær þvingunaraðgerðir sem Ísland framkvæmir á grundvelli þessa ákvæðis skulu hins vegar reglulega kynntar fyrir utanríkismálanefnd, enda varða þær mikilvæg utanríkismál svo sem alþjóðlegt samstarf til að stuðla að friði og öryggi og utanríkisviðskipti íslenskra aðila.

Um 3. gr.

Í þeim tilvikum sem öryggisráð Sameinuðu þjóðanna hefur ekki mælt fyrir um bindandi aðgerðir gætu stjórnvöld viljað taka þátt í samstöðu á meðal ríkja um að grípa til aðgerða, sem ekki eru hernaðarlegar, til að takast á við tiltekna ógn við frið, öryggi og mannréttindi í heiminum. Hér gæti verið um að ræða tilmæli frá öryggisráði Sameinuðu þjóðanna sem eru ekki bindandi eða ályktanir um sameiginlega afstöðu (e. common position) eða sameiginlegar aðgerðir (e. joint actions) í utanríkis- og öryggisstefnu Evrópusambandsins. Þá gæti einnig verið um að ræða ályktun frá Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE) eða tilteknum ríkjahópum eins og Norðurlöndunum um beitingu þvingunaraðgerða. Með ákvæði 3. gr. er lagt til að ráðherra hafi heimild, að fengnu samþykki ríkisstjórnar, til að framkvæma aðgerðir sem eru ákveðnar af alþjóðastofnunum eða ríkjahópum án þess að þau séu tilgreind nánar. Heimildin takmarkast við aðgerðir sem samþykktar eru til að viðhalda friði og öryggi og/eða tryggja virðingu fyrir mannréttindum og mannfrelsi.

Með orðinu „ályktun“ í ákvæðinu er ekki eingöngu átt við eiginlegar ályktanir heldur allar tegundir ákvarðana, hvaða nafni sem þær nefnast, um þvingunaraðgerðir sem alþjóðastofnanir eða ríkjahópar taka.

Í 24. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, segir að utanríkismálanefnd skuli vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um meiri háttar utanríkismál. Þar sem þátttaka Íslands í þvingunaraðgerðum á grundvelli þessa ákvæðis byggist ekki á þjóðréttarlegri skyldu, heldur mati og vilja ráðherra, þykir rétt að hann hafi samráð við utanríkismálanefnd um fyrirætlunina áður en hún er tekin til framkvæmdar. Samráð við utanríkismálanefnd er mikilvægt m.a. vegna þess að við ákvörðun um að taka þátt í alþjóðlegum þvingunaraðgerðum þarf að fara fram ákveðið hagsmunamat þar sem hlusta verður á sjónarmið Alþingis. Veigamiklum viðskiptahagsmunum íslenskra aðila gæti verið ýtt til hliðar til að stuðla að friði og öryggi. Þá getur þvingunaraðgerð haft í för með sér skerðingu á mannréttindum, svo sem eignarrétti, ferðafrelsi og athafnafrelsi. Samráð við Alþingi við slíkar aðstæður er í samræmi við þróun í þá átt að auka þátttöku þjóðþinga í að meta hvort ríki eigi að taka þátt í alþjóðlegum þvingunaraðgerðum. Sem dæmi má nefna að í Svíþjóð þurfa ákvarðanir um þvingunaraðgerðir sem ekki eru bindandi að fá samþykki í þinginu. Í Danmörku er haft samráð við þingið bæði til upplýsinga fyrir þingið og til að heyra sjónarmið þess.

Um 4. gr.

Til þess að þvingunaraðgerð hafi áhrif á þá ógn eða mannréttindabrot sem hún beinist gegn er mikilvægt að ríki framkvæmi hana fljótt. Með þeim hætti má takmarka möguleika viðkomandi aðila til að afla sér vopna, eiga í viðskiptum, fara á milli svæða o.s.frv. Slíkar aðgerðir væru aftur á móti ekki til mikils ef þeir sem þvingunaraðgerð beinist gegn hefðu tíma og tækifæri til að koma eignum sínum undan eftirliti, gætu ferðast óhindrað og þar fram eftir götunum á meðan þjóðir heims væru að leitast við að framkvæma þvingunaraðgerð. Eins og um getur að framan hefur farið fram mikið starf á vegum alþjóðastofnana, ríkja og samtaka í að styrkja beitingu þvingunaraðgerða. Úr þessu starfi hafa komið tilmæli um að ríki noti stjórnvaldsfyrirmæli við framkvæmd á þvingunaraðgerðum þar sem of tímafrekt sé að setja ný lög um hverja ályktun alþjóðasamfélagsins um þvingunaraðgerð. Þessi aðferð er í samræmi við framkvæmd á meðal annarra norrænna ríkja en þau innleiða öll ályktanir um þvingunaraðgerðir með slíkum hætti.

Samkvæmt lögum nr. 5/1969 eru fyrirmæli öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna framkvæmd með auglýsingu. Í þessu frumvarpi er hins vegar lagt til að sett verði reglugerð vegna ályktunar um þvingunaraðgerðir hvort sem um er að ræða ályktun öryggisráðsins, alþjóðastofnunar eða tiltekins ríkjahóps. Þykir reglugerð hentugri en auglýsing þar sem reynslan sýnir að þvingunaraðgerðir geta haft töluverð áhrif á réttarstöðu aðila í lengri tíma. Má sem dæmi nefna að nokkrar af þeim þvingunaraðgerðum sem eru í gildi hjá Sameinuðu þjóðunum eru um tíu ára gamlar. Ekkert er því hins vegar til fyrirstöðu að birta bannlista, t.d. með nöfnum aðila sem þvingunaraðgerð beinist gegn, í auglýsingu til að komast hjá því að taka upp texta allrar reglugerðarinnar í hvert skipti sem breytingar eru gerðar á listanum.

Í reglugerðum sem settar eru með heimild í 1. mgr. ákvæðisins skal taka fram hvaða ályktun um þvingunaraðgerðir sé komið til framkvæmda með þeim. Brýnt er að reglugerðin endurspegli þá ályktun um þvingunaraðgerðir sem liggur að baki þannig að tryggt sé að takmarkanirnar sem gerðar verða gangi ekki lengra en nauðsynlegt er til þess að ná tilætluðu markmiði. Þannig skal tekið fram hvaða þvingunaraðgerðum sé komið til framkvæmda og gegn hverjum þær beinast. Í framkvæmd hafa þvingunaraðgerðir beinst gegn ríkjum og ýms-

um aðilum, eins og samtökum, hópum og einstaklingum. Þegar ráðherra kemur ályktunum öryggisráðsins til framkvæmda er hann bundinn af þeim ramma sem settur er í ályktuninni þó að hann hafi heimild til að túlka ákvæði hennar þannig að hægt sé að framkvæma þau af íslenskum aðilum.

Helstu tegundir þvingunaraðgerða sem heimilt er að koma til framkvæmda með reglugerð.

Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna hefur skv. 41. gr. sáttmálans mjög víðtæka heimild til þess að grípa til þvingunaraðgerða sem það telur við hæfi í hverju tilviki. Í ákvæðinu er talað um aðgerðir sem eru fólgnar í að slíta viðskiptasambandi að nokkru eða öllu leyti og rjúfa samgöngur með járnbrautum, á sjó og í lofti, einnig póst-, síma- og loftskeytasamband, og slíta stjórnmálasambandi. Í framkvæmd er eina takmörkunin á aðgerðum skv. 41. gr. sú að ekki er heimilt að beita hernaðaraðgerðum. Í mörgum löndum eru stjórnvöldum veittar mjög opnar heimildir í lögum til þess að útfæra ályktanir öryggisráðsins í reglugerðum. Við gerð þessa frumvarps var hins vegar valið að telja upp þær athafnir sem banna má með reglugerð, en auk þess verði í reglugerð heimilt að mæla fyrir um hliðstæðar aðgerðir sem hafi þann tilgang að viðhalda friði og öryggi og/eða tryggja virðingu fyrir mannréttindum og mannfrelsi. Upptalningin byggist annars vegar á ákvæðum sáttmála Sameinuðu þjóðanna og hins vegar á framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða síðustu ára. Var þetta gert til að koma til móts við kröfur lögmætisreglunnar um að ekki megi skerða athafnafrelsi manna og gera þeim refsingu nema með lögum. Hér verður þó að líta til þess að um gríðarlega fjölbreytt svið aðgerða er að ræða og er því ómögulegt að telja upp með tæmandi hætti þær þvingunaraðgerðir sem koma til greina. Þvingunaraðgerðir hafa beinst gegn aðilum allt frá ríkisstjórnum til stríðsherra og hryðjuverkamanna. Þær varða ógnir sem geta stafað af gereyðingarvopnum í höndum stjórnvalda eða sveðjum í höndum þjóðarmorðingja. Þeim er ætlað að takast á við ástand vegna stríðsátaka, hættu á stríðsátökum og mannréttindabrota svo eitthvað sé nefnt. Þá leitast alþjóðasamfélagið stöðugt við að finna þær aðgerðir sem eru líklegastar til þess að draga úr ógn og breyta hegðun aðila með sem minnstum áhrifum á saklausa aðila. Vegna þessarar viðleitni og vegna hinna fjölbreyttu aðstæðna sem koma til athugunar við beitingu þvingunaraðgerða má stöðugt búast við nýjum úrræðum. Nauðsynlegt er því að athafnasviðin séu nægilega vítt orðuð í lögunum til þess að lagaheimildin teljist fullnægjandi og ekki þurfi að breyta lögunum í sérhvert sinn sem koma þarf til framkvæmda ályktun með nýjum tegundum af þvingunaraðgerðum.

Þær ályktanir sem mæla fyrir um þvingunaraðgerðir skýra með nokkurri nákvæmni í hverju aðgerðin felst. Svo framarlega sem það er mögulegt væri best að taka upp orðalag ályktunarinnar í reglugerðinni sem kemur henni til framkvæmda. Þannig mun inntak aðgerðar hér á landi best samræmast því sem er ákveðið af öryggisráðinu eða á öðrum alþjóðavettvangi. Slík framkvæmd er einnig hentug þar sem mögulegt er að inntak þvingunaraðgerðar breytist frá einni ályktun til þeirrar næstu, t.d. þannig að öryggisráðið breytir upptalningu þeirra vara sem viðskiptabann nær til í ljósi nýrra upplýsinga um þá aðila sem bannið beinist að eða nýrra upplýsinga um áhrif bannsins á saklausa aðila.

Í sumum tilvikum hafa öryggisráðið, undirnefndir þess og Evrópusambandið leitast við að skilgreina hugtök eins og vörur og vopn í þeim tilgangi að tryggja samræmi í beitingu á þvingunaraðgerðum. Þar sem því sleppir þurfa stjórnvöld að skilgreina hvað í þeim felst. Vegna þess hve þvingunaraðgerðir geta verið síbreytilegar og vegna þeirrar stöðugu vinnu sem á sér í stað við að skilgreina þessi hugtök er ekki leitast við að festa merkingu þeirra í þessum lögum. Þannig verður framkvæmd laganna sveigjanlegri og í meira samræmi við þá

þróun sem á sér í stað á alþjóðavettvangi. Rétt er þó að benda á skilgreiningu Financial Action Task Force (FATF) á því hvað felst í frystingu fjármuna og annarra eigna sem er meðal algengustu þvingunaraðgerða sem nú er beitt:

Frysting fjármuna og annarra eigna merkir það að koma í veg fyrir hvers konar flutning, yfirfærslu, breytingu, notkun á, aðgang að eða viðskipti með fjármuni og aðrar eignir á einhvern hátt sem leiðir til breytinga á magni þeirra, fjárhæð, staðsetningu, eignarrétti, yfirráðum, eðli eða áfangastað, eða annarra breytinga sem gerir notkun fjármagnsins mögulega, þ.m.t. eignastýring.

FATF hefur einnig skilgreint hvað felist í hugtakinu fjármunir og aðrar eignir:

Fjármunir og aðrar eignir merkir fjáreignir, eignir hverjar sem er, áþreifanlegar eða óáþreifanlegar, lausafé eða fasteignir, hvernig sem þeirra hefur verið aflað, og lagaleg skjöl í hvaða formi sem er, meðal annars rafræn eða stafræn, sem sýna fram á eignarrétt yfir þeim eða rétt til þeirra, þar með talið en þó ekki einvörðungu yfirdráttarheimildir, ferðaávísanir, bankaávísanir, peningaávísanir, hlutabréf, verðbréf, skuldabréf, skuldaviðurkenningar eða bankaábyrgðir og allir vextir, arður eða aðrar tekjur af, eða verðmæti sem leiðir af, slíkum fjármunum eða öðrum eignum eða sem þau skapa.

Birting á listum yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerðar.

Með þeirri þróun að gera þvingunaraðgerðir hnitmiðaðri hefur myndast sú framkvæmd að birta lista annars vegar yfir aðila sem aðgerðin beinist gegn og hins vegar yfir hluti, tækni og annað viðfang bannsins. Með frumvarpinu er lagt til að heimilt verði að birta erlendan frumtexta slíkra lista, enda sé það nauðsynlegt til að tryggja virkni þvingunaraðgerðarinnar, en með þeim hætti verður hægt að afrita listana beint í B-deild Stjórnartíðinda. Ein ástæða fyrir þessari heimild er sú að slíkir listar eru oft langir, ítarlegir og taka tíðum breytingum. Má sem dæmi nefna að á lista öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna yfir meðlimi Al-Kaída og talibana eru 482 nöfn með upplýsingum á 65 síðum. Á þessum lista voru gerðar 130 breytingar frá nóvember 2006 til nóvember 2007. Þær upplýsingar sem um ræðir eru erlend nöfn, titlar og fæðingarstaðir sem eru illþýðanlegar. Sama gildir um lista yfir hluti, tækni og annað viðfang þvingunaraðgerðar sem geta verið mjög tæknilegir og snerta mjög takmarkaðan útflutning. Þá er mikilvægt öryggisatriði að listarnir séu hvorki þýddir né umskrifaðir þar sem slíkt felur í sér hættu á innsláttarvillum eða öðrum mistökum. Einn stafur sem misferst getur breytt nafni aðila sem þvingunaraðgerð beinist gegn þannig að það hringir ekki viðvörunarbjöllum þegar nafnið kemur upp t.d. hjá bönkum eða við landamæraeftirlit. Þýðingar eru hér á margan hátt tilgangslausar þar sem ólíklegt er að maður sem þvingunaraðgerð beinist gegn verði auðkenndur af íslenskri þýðingu á persónuupplýsingum um hann. Þýðingar geta enn fremur tafið verulega framkvæmd þvingunaraðgerða sem dregur úr áhrifamætti þeirra.

Fordæmi eru fyrir því í íslenskum rétti að birta erlendan frumtexta gerninga í Stjórnartíðindum. Samkvæmt lögum um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, er heimilt að birta erlendan frumtexta milliríkjasamnings að vissum skilyrðum uppfylltum. Annað dæmi eru lög nr. 170/2006, um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Þótt lagt sé til að sérreglur gildi um birtingu á listunum yrðu allar efnisreglur á íslensku og birtar með venjulegum hætti.

Nýjustu og áreiðanlegustu upplýsingarnar um þá bannlista sem að framan greinir eru á heimasíðu þeirrar alþjóðastofnunar sem heldur utan um þá. Það væri því góð framkvæmd að birta með listunum og öllum breytingum á þeim tilvísun á þá heimasíðu þar sem hægt er að

finna listana uppfærða. Vefsíður utanríkisráðuneytisins eða Stjórnarráðsins ættu jafnframt að vísa á heimasíður þar sem hægt er að fá upplýsingar um þvingunaraðgerðir sem eru í gildi hér á landi og þá lista sem þeim fylgja. Upplýsingar á slíkum síðum mundu ekki teljast birting í skilningi laga nr. 15/2005 heldur væri um að ræða hagkvæmnisatriði þannig að íslenskir aðilar viti hvar hægt sé að nálgast uppfærða lista á aðgengilegan hátt.

Um 5. gr.

Ákvæðið byggist á löggjöf sem var hönnuð í gegnum áðurnefnt Stokkhólmsferli í þeim tilgangi að vera fyrirmynd fyrir ríki sem vildu uppfæra lög sín um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða. Með því er staðfest að alþjóðlegar þvingunaraðgerðir víkja til hliðar réttindum og skyldum sem stofnað er til áður en þær voru innleiddar í íslenskan rétt. Sama gildir um réttindi og skyldur sem stofnað er til eftir að þvingunaraðgerð hefur verið komið til framkvæmda. Þessi fyrirmæli eiga jafnt við um einkaréttarleg og opinber réttindi og skyldur að svo miklu leyti sem þvingunaraðgerð nær til þeirra. Þannig mætti ekki efna samning við aðila sem sætir viðskiptabanni eða greiða tryggingarbætur til aðila ef slíkar eignir viðkomandi hafa verið frystar.

Við beitingu þvingunaraðgerða verður ekki hjá því komist að einhverjir verði fyrir tjóni vegna þeirrar skerðingar sem þvingunaraðgerð hefur á stöðu þeirra. Ákvæði 2. mgr. verndar aðila gegn kröfum um bætur fyrir tjón sem verður til við að vanefna samninga eða önnur réttindi og skyldur sem samræmast ekki þvingunaraðgerð.

Um 6. gr.

Þeir aðilar, sem eru á listum yfir þá sem þvingunaraðgerð beinist gegn, eru menn sem eru taldir ógna friði, öryggi og virðingu fyrir mannréttindum í heiminum. Um er að ræða pólitískt mat ríkja eða alþjóðastofnana sem byggist á upplýsingum, t.d. úr skýrslum Sameinuðu þjóðanna eða athugunum leyniþjónusta aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna. Atferli þessara manna þarf hins vegar ekki að vera refsivert að lögum. Má sem dæmi nefna að fjármögnun hryðjuverka er ekki bönnuð með lögum um heim allan. Þá er ólíklegt er að þær upplýsingar sem liggja fyrir um þá nægi til að höfða sakamál gegn þeim eða að heimilt sé að leggja þær fyrir dóm. Vegna þessa er ekki víst að íslensk yfirvöld geti að óbreyttum lögum gripið til nokkurra öryggisráðstafana eða sambærilegra úrræða ef aðili á bannlista eða eigur hans finnast innan íslenskrar lögsögu. Slík staða gæti mögulega ógnað öryggi landsins og takmarkað getu yfirvalda til að framkvæma þvingunaraðgerð með fullnægjandi hætti. Er því lagt til með þessu ákvæði að heimilt sé að hefja rannsókn samkvæmt ákvæðum laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, án þess að grunur liggi fyrir um að viðkomandi hafi framið brot sem er refsivert samkvæmt íslenskum lögum. Rannsóknin mundi miða að því að afla upplýsinga sem væru nauðsynlegar til að beita þvingunaraðgerð gegn viðkomandi, enda væri ekki ólíklegt að vopn, fjármunir og annað viðfang þvingunaraðgerðarinnar væri falið eða undir fölsku nafni. Ef vísbendingar um að viðkomandi hefði framið refsivert brot kæmu í ljós við rannsókn væri hægt að rannsaka hann frekar og sækja til sakar með heimild í lögum nr. 19/1991.

Um væri að ræða mjög sérstaka stöðu sem hefur ekki komið upp hér á landi en ekki er ólíklegt að komi upp með síauknu flæði fólks og fjármuna í gegnum landið. Sú forvirka aðgerð sem lögð er til með þessu ákvæði felur í sér mjög takmarkað inngrip í réttindi viðkomandi sem verður að teljast réttlætanlegt út frá þeirri hættu sem þjóðir heims telja að stafi af þeim aðila sem rannsóknin beinist að og þeim hagsmunum sem eru í húfi.

Um 7. gr.

Með því að beita þvingunaraðgerðum er unnið að því að draga úr hættu eða ná fram breytingu hjá því ríki, hópum eða einstaklingum sem aðgerðirnar beinast gegn. Til þess að aðgerðirnar hafi einhverja merkingu og til þess að þeim verði ekki beitt umfram brýnustu þörf verður að aflétta þeim þegar markmiðinu með þeim er náð.

Í alþjóðlegum ályktunum um þvingunaraðgerðir eru oft ákvæði um gildistíma ályktunarinnar. Í þeim geta einnig verið endurskoðunarákvæði til þess að tryggja að metið sé tímanlega hvort þörf sé á að framlengja gildistíma ályktunarinnar. Ályktanir þar sem gildistíma þvingunaraðgerða er ekki getið eru felldar úr gildi með nýrri ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, alþjóðastofnunar eða ríkjahóps. Þó að ályktun um þvingunaraðgerð sé með slíkum hætti fallin eða felld úr gildi á alþjóðavettvangi er sú reglugerð sem framkvæmir þvingunaraðgerð enn bindandi fyrir íslenska aðila þar til hún fellur úr gildi samkvæmt ákvæðum reglugerðarinnar eða er felld úr gildi af ráðherra.

Með ákvæðinu er ítrekuð skylda ráðherra til að fella úr gildi, svo fljótt sem verða má, reglugerðir sem innleiða þvingunaraðgerðir sem hafa verið felldar úr gildi. Ráðherra er einnig skylt að fella úr gildi þvingunaraðgerðir sem ekki eru lengur viðeigandi. Slíkt krefst sjálfstæðs mats ráðherra og takmarkast af þjóðréttarskuldbindingum Íslands. Þannig gæti ráðherra ekki fellt úr gildi þvingunaraðgerð sem enn væri í gildi á grundvelli 41. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna án þess að brjóta gegn skuldbindingu Íslands gagnvart Sameinuðu þjóðunum.

Um 8. gr.

Þar sem þvingunaraðgerðir skerða athafnafrelsi aðila og geta þar með haft áhrif á getu þeirra til að afla sér viðurværis geta mannúðarsjónarmið eða aðrar gildar ástæður verið fyrir því að veita undanþágur frá því banni sem þvingunaraðgerð mælir fyrir um. Alþjóðleg framkvæmd tekur tillit til þessa og oft mæla ályktanir um þvingunaraðgerðir fyrir um aðstæður þar sem heimilt er að veita undanþágu. Gott dæmi er ályktun öryggisráðsins 1452 (2002) sem veitir aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna heimild til að gera undanþágur frá skyldunni að frysta fjármuni og aðrar eignir sem tilheyra meðlimum Al-Kaída og talibönum, sbr. ályktun 1267 (1999) og seinni ályktanir öryggisráðsins. Undanþágan nær til útgjalda fyrir grunnþörfum eins og mat og húsaleigu og tilfallandi útgjalda. Hvert og eitt ríki metur hvað fellur undir þær undantekningar sem ályktun 1452 (2002) mælir fyrir um, en verður að tilkynna viðkomandi undirnefnd öryggisráðsins um þá ætlun sína að veita undanþágu og getur fengið boð frá nefndinni um að undantekningin skuli ekki veitt. Heimild ráðherra til að veita undanþágu mun þannig takmarkast af þjóðréttarlegum skuldbindingum Íslands og vera þrengri þegar um ræðir bindandi þvingunaraðgerðir sem framkvæmdar eru á grundvelli 2. gr. laganna en þegar þvingunaraðgerðir eru framkvæmdar skv. 3. gr. laganna.

Heimilt er að setja skilyrði fyrir undanþágu til að tryggja að með henni sé ekki grafið undan eða komist framhjá markmiði viðkomandi þvingunaraðgerðar.

Um 9. gr.

Eins og að framan greinir beinast þvingunaraðgerðir í auknum mæli að einstaklingum og lögaðilum, bæði ásamt og í stað þjóðríkja. Þessi þróun hefur leitt til áleitinna spurninga um hvernig megi tryggja mannréttindi og mannfrelsi þeirra sem þvingunaraðgerð beinist gegn. Þar sem helst brestur er sú skerðing á eignarrétti og athafnafrelsi sem þvingunaraðgerð hefur í för með sér án þess að sá sem fyrir henni verður fái tækifæri til að verja sig. Í ofanálag

hefur viðkomandi takmörkuð úrræði til að fá sig fjarlægðan af alþjóðlegum bannlistum þar sem eingöngu ríki, en ekki einstaklingar eða lögaðilar, hafa aðild til að leggja fram slíka kröfu fyrir öryggisráð Sameinuðu þjóðanna eða annan alþjóðavettvang sem hefur samþykkt þvingunaraðgerð. Þannig myndast staða sem fer í bága við réttinn til sanngjarnrar málsmeðferðar.

Með ályktun öryggisráðsins 1730 (2006) varð sú breyting innan Sameinuðu þjóðanna að einstaklingum og lögaðilum var gert kleift að beina kröfu um að vera fjarlægðir af bannlistum ráðsins til miðstöðvar sem sett var á fót sérstaklega til að vinna úr slíkum kröfum. Þrátt fyrir að einstaklingar eða lögaðilar geti nú beint kröfum sínum til Sameinuðu þjóðanna verða yfirvöld þar sem viðkomandi er með ríkisfang eða heimilisfesti að styðja kröfuna fyrir þeirri undirnefnd öryggisráðsins sem fer með framkvæmd viðkomandi þvingunaraðgerðar. Yfirvöld sem lögðu til upphaflega að viðkomandi yrði beittur þvingunaraðgerðum og meðlimir öryggisráðsins hafa einnig heimild til að styðja slíka beiðni um afskráningu. Ef slíkur stuðningur fæst ekki helst nafnið á listanum. Það er því mikilvægt fyrir íslenskan aðila sem telur sig ranglega á bannlista að geta leitað úrlausnar fyrir stjórnvöldum hér á landi.

Ákvæðið heimilar íslenskum aðila sem telur þvingunaraðgerð sem beinist gegn honum ekki réttlætanlega eða beinast ranglega gegn sér, svo sem vegna þess að hann hefur sama nafn og maður sem er á bannlista, að bera upp slíkt erindi við ráðherra. Erindið skal vera skriflegt og rökstutt. Ráðherra ber að leiðbeina viðkomandi um þau úrræði sem eru fyrir hendi, t.d. að senda kröfu um að vera fjarlægður af bannlista til miðstöðvar Sameinuðu þjóðanna sem sett var á fót á grundvelli ályktunar 1730 (2006). Þá getur ráðherra ákveðið að styðja slíka kröfu og leggja fram beiðni af hálfu íslenskra yfirvalda um að viðkomandi verði fjarlægður af bannlista. Við slíka ákvörðun skal gæta reglna stjórnsýslulaga.

Um 10. gr.

Viðurlagaákvæðið er svokallað eyðuákvæði. Það lýsir ekki sjálft þeim brotum sem talin verða refsiverð heldur fær það efnislegt inntak sitt frá þeim ákvæðum sem það vísar til. Ekki er unnt að sjá fyrir nákvæmlega hvaða athafnir öryggisráð Sameinuðu þjóðanna eða annar alþjóðavettvangur kann að banna og þar með leggja fyrir viðkomandi ríki að þau geri refsiverðar. Því verður að láta nægja að afmarka með lögum þau svið athafna sem heimilt er að banna með reglugerð, sbr. 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins, en hafa nánari útfærslu verknaðarlýsingar í reglugerð. Þess má geta að þessi aðferð uppfyllir kröfur Evrópudómstólsins til skýrleika refsiheimilda. Þar sem þvingunaraðgerðir skila mestum árangri ef framkvæmd þeirra er samræmd þykir skynsamlegt að íslenska aðferðin við að innleiða þvingunaraðgerðir taki mið af þeirri framkvæmd sem tíðkast í Evrópu, einkum annars staðar á Norðurlöndunum.

Lagt er til að refsiramminn verði hækkaður úr tveimur í fjögur ár frá því sem er í lögum nr. 5/1969. Þá er refsing allt að sex árum heimiluð ef brot er stórfellt. Þessi hækkun kemur til af því að vægi þvingunaraðgerða í að tryggja frið, öryggi og virðingu fyrir mannréttindum hefur stóraukist á undanförnum árum. Þá valda hnattvæðing og vaxandi umsvif íslenskra aðila erlendis því að Ísland hefur ríka öryggishagsmuni af því að þvingunaraðgerðir séu virtar og nái markmiðum sínum. Refsingar við því að brjóta gegn banni sem þvingunaraðgerð mælir fyrir um verða að vera í samræmi við þessa þróun og þá hagsmuni sem eru í húfi.

Með ákvæðinu er einnig lagt til að gera lögaðilum refsingu óháð því hvort sekt verði sönnuð á fyrirsvarsmann eða starfsmann hans. Ef fyrirsvarsmaður eða starfsmaður lögaðila er sekur um brot er hægt að gera bæði viðkomandi einstaklingi og lögaðilanum refsingu ef brotið var í þágu lögaðilans.

Sú staða getur komið upp að þrátt fyrir að alþjóðleg ályktun um þvingunaraðgerð sé ekki lengur í gildi sé sú reglugerð sem framkvæmir ályktunina enn bindandi gagnvart íslenskum aðilum. Þetta kemur til af því, eins og getið er að framan, að það þarf sjálfstætt ákvæði í reglugerð eða atbeina ráðherra til að fella reglugerð úr gildi. Refsing verður ekki gerð fyrir brot sem er framið við slíkar aðstæður.

Um 11. gr.

Í ályktunum sínum leggur öryggisráðið á aðildarríki Sameinuðu þjóðanna að framkvæma þvingunaraðgerðir gagnvart öllum ríkisborgurum sínum, hvar sem þeir eru staddir. Ákvæðinu er ætlað að tryggja að þvingunaraðgerðum verði beitt gagnvart íslenskum ríkisborgurum hvort sem þeir eru staddir innan eða utan landamæra Íslands. Þannig verður t.d. hægt að gera þeim refsiábyrgð þó að þeir séu erlendis í ríki sem hefur ekki framkvæmt þvingunaraðgerð eða mælir ekki fyrir um refsingu fyrir að brjóta gegn fyrirmælum hennar. Lögin ná einnig til íslenskra lögaðila með útibú eða starfsemi erlendis. Gildissvið laganna gagnvart erlendum lögaðilum takmarkast við athafnir þeirra hér á landi. Útlendingar eru bundnir af lögunum í samræmi við ákvæði almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Um 12. og 13. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða.

Markmiðið með frumvarpinu er annars vegar að uppfæra gildandi lög um framkvæmd fyrirmæla öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 5/1969 og hins vegar að veita stjórnvöldum nauðsynlega lagaheimild til þessa að framkvæma þvingunaraðgerðir sem eru ákvarðaðar á alþjóðavettvangi. Með frumvarpinu er lagður til heildarrammi um framkvæmd þvingunaraðgerða, hvort sem þær eru komnar frá öryggisráðinu, pólitísku samstarfi við Evrópusambandið eða öðru alþjóðasamstarfi.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

820. Tillaga til þingsályktunar [519. mál]

um viðauka við fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2007–2010.

(Lögð fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

Alþingi ályktar, sbr. lög um samgönguáætlun, nr. 71/2002, að á árunum 2007–2010 skuli unnið að samgöngumálum í samræmi við eftirfarandi áætlun, sem er viðauki við samgönguáætlun 2007– 2010, er samþykkt var sem þingsályktun frá Alþingi 17. mars 2007:

2. FLUGMÁLAÁÆTLUN

2.2 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta, fjármál.

Verðlag fjárlaga 2008 en 2007 á verðlagi þess árs.
Fjárhæðir í millj. kr.

	2007	2008	2009	2010
2.2.1 TEKJUR OG FRAMLÖG				
Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta innan lands				
Markaðar tekjur				
Flugvallaskattur	423	600	636	674
Varaflugvallagjald	569	588	624	661
Markaðar tekjur samtals	**992**	**1.188**	**1.260**	**1.335**
Markaðar tekjur fluttar frá fyrra ári	-361	361		
Beint framlag úr ríkissjóði	707	828	986	986
Beint framlag úr ríkissjóði v/Keflavíkurflugvallar – NA/SV braut		250		
Ríkistekjur	65	65	0	0
Tekjur og framlög alls	**1.403**	**2.692**	**2.245**	**2.321**
Viðskiptahreyfingar				
Lántökur	0	1.406	0	0
Afborganir lána/viðskiptafærsla	-122	-115	-480	-186
Viðskiptahreyfingar samtals	**-122**	**1.291**	**-480**	**-186**
Til ráðstöfunar	**1.281**	**3.983**	**1.765**	**2.135**
Sérstök fjáröflun				
Akureyri – lenging		0	0	0
Keflavíkurflugvöllur – NA/SV braut		0	0	0
Reykjavík – samgöngumiðstöð		0	0	0
Sérstök fjáröflun samtals	**0**	**0**	**0**	**0**
Til ráðstöfunar alls	**1.281**	**3.983**	**1.765**	**2.135**

Verðlag fjárlaga 2008 en 2007 á verðlagi þess árs. *Fjárhæðir í millj. kr.*	**2007**	**2008**	**2009**	**2010**
2.2.2 GJÖLD				
Rekstur og þjónusta				
Samkvæmt þjónustusamningi við Flugstoðir ohf.	1.215	1.462	1.339	1.414
Rekstur samtals	**1.215**	**1.462**	**1.339**	**1.414**
Viðhald og styrkir				
Viðhaldssjóðir, samkvæmt þjónustusamningi	83	409	53	133
Viðhald og styrkir samtals	**83**	**409**	**53**	**133**
Stofnkostnaður				
Flugvellir í grunnneti	225	1.560	247	306
Framkvæmdir fluttar milli ára	-147	147		
Keflavíkurflugvöllur NA/SV braut		250		
Aðrir flugvellir	23	44	10	168
Önnur mannvirki, búnaður og verkefni	96	111	116	114
Stofnkostnaður samtals	**197**	**2.112**	**373**	**588**
GJÖLD ALLS	**1.495**	**3.983**	**1.765**	**2.135**

2.2.3 Sundurliðun einstakra gjaldaliða.
2.2.3.1 Viðhald.

Verðlag fjárlaga árið 2007, millj. kr.	**Breyting 2008**	**Breyting 2009**
Yfirborð brauta og hlaða (bundin yfirborð)	280	-280
Byggingar, búnaður og önnur verkefni		
Ýmis verk vegna flugleiðsögu og tæknibúnaðar		
Samtals viðhald	**280**	**-280**

2.2.3.2.1 Alþjóðaflugvellir í grunnneti.

Verðlag fjárlaga 2007, millj. kr. **Flokkur**	**Staður – verkefnaflokkur**	**Breyting 2008**	**Breyting 2009**
I	Reykjavíkurflugvöllur		
	1. Flugbrautir og flughlöð	515	
	2. Byggingar		
	3. Aðflugs- og öryggisbúnaður		
I	Akureyrarflugvöllur		
	1. Flugbrautir og flughlöð	865	
	2. Byggingar		
	3. Aðflugs- og öryggisbúnaður		
I	Keflavíkurflugvöllur		
	1. Flugbrautir og hlöð		
	2. Byggingar		
	3. Aðflugs- og öryggisbúnaður	250	
	Samtals alþjóðavellir í grunnneti	**1.615**	
	Samtals breytingar	**1.895**	**-280**

3. SIGLINGAMÁLAÁÆTLUN
3.1 Fjármál

Árið 2007 á verðlagi 2007. Árin 2008, 2009 og 2010 á verðlagi fjárlaga 2008, millj. kr.	**2007**	**2008**	**2009**	**2010**	**Samtals**
TEKJUR OG FRAMLÖG					
Markaðar tekjur					
Vitagjald	133	133	133	152	551
Framlag úr ríkissjóði	**1.345**	**2.857,8**	**3.008**	**2.274**	**9.485**
Aðrar ríkistekjur					
Vottorð	2	1,3	2	2	7
Skoðunargjöld skipa	1	1,3	1	1	4
Sértekjur	141	175,5	175	175	667
Tekjur og framlög alls	**1.622**	**3.168,9**	**3.319**	**2.604**	**10.714**
Viðskiptahreyfingar					
Vestmannaeyjaferja, lántaka			0	0	0
Frá Hafnabótasjóði	11	11,8			23
Til ráðstöfunar alls	**1.633**	**3.180,7**	**3.319**	**2.604**	**10.737**
GJÖLD					
Rekstrargjöld					
Hafnamál	20	23,0	25	28	96
Hafnir, líkantilraunir og grunnkort	21	52,0	55	55	183
Rekstur Hafnabótasjóðs	11	12,0	12	12	47
Siglingavernd	15	17,0	19	21	72
Skipamál	62	68,0	68	68	266
Vitar og leiðsögukerfi	131	143,4	140	143	557
Vaktstöð siglinga	213	267,0	267	267	1.014
Skipaeftirlit	89	91,0	91	91	362
Hafnarríkiseftirlit	21	24,0	26	28	99
Rannsóknir og þróun	50	51,0	54	54	209
Áætlun um öryggi sjófarenda	22	22,0	22	22	88
Minjavernd og saga	5	5,0	5	5	20
Þjónustuverkefni	144	178,1	178	178	678
Rekstrargjöld alls	**804**	**953,5**	**962**	**972**	**3.692**
Stofnkostnaður					
Vitar og leiðsögukerfi	19	24,4	32	32	107
Hafnarmannvirki	684	859,8	707,3	552	2.803
Lendingabætur	9	7,3	7	7	30
Ferjubryggjur	9	9,4	10	10	38
Sjóvarnargarðar	108	125,2	137	137	507
Hafnabótasjóður, framlag		200,0	37	37	274
Landeyjahöfn (100% fjármögnun)		835,0	1.416,2	857	3.108
Stækkun tollaðstöðu Seyðisfirði (200 m^2)		62,3	10		72,3
Vestmannaeyjaferja		103,8	0	0	103,8
Stofnkostnaður alls	**829**	**2.227,2**	**2.356,5**	**1.632**	**7.045**
GJÖLD ALLS	**1.633**	**3.180,7**	**3.319**	**2.604**	**10.737**

Gert er ráð fyrir samkvæmt áætlun þessari að byggð verði ný Vestmannaeyjaferja á árunum 2008–2010 sem sigli milli Vestmannaeyja og Landeyjahafnar. Ferjan og rekstur hennar hefur verið boðin út í einkaframkvæmd samkvæmt heimild í samgönguáætlun 2007–2010. Ekki er gert ráð fyrir að ríkissjóður eignist ferjuna að loknum 15 ára samningstíma og því

verði um árlegar þjónustugreiðslur ríkissjóðs að ræða vegna hennar frá og með hausti 2010 í 15 ár. Gert er ráð fyrir að greiðslur þessar verði um 8.800 millj. kr. á tímabilinu miðað við núverandi verðlag. Er þá miðað við 6% vexti á fjárfestingarhlutann. Fjárveitingar til ferjunnar, sem voru á fyrri áætlun 2009 og 2010, eru því felldar niður. Rekstur ferjunnar fjóra síðustu mánuði ársins 2010 er færður á vegáætlun.

3.2 Sundurliðun einstakra gjaldaliða.
3.2.1 Stofnkostnaður.
Tafla 3-1. Hafnarmannvirki, heildarfjárveitingar.

Verðlag fjárlaga 2007, samtölur árin 2008, 2009 og 2010 á verðlagi fjárlaga 2008, millj. kr.	**2007**	**2008**	**2009**	**2010**	**Samtals**
Ríkishluti innan grunnnets með breytingum	1.007,8	662,5	507,6	343,0	**2.521**
Ríkishluti utan grunnnets með breytingum	60,9	59,7	173,8	188,4	**483**
Óbundið fé í ársbyrjun 2007 samkvæmt yfirliti dags. 14. des. 2006	-584,7				**-585**
Verðlagsbreyting, fjárlög 2008		*27,4*	*25,9*	*20,2*	***74***
Landeyjahöfn af liðnum Hafnarmannvirki	**200**	**110,2**			**310**
Hafnarmannvirki, fjárveitingar með breytingum	**684,4**	**859,8**	**707,3**	**551,6**	**2.492,5**
Landeyjahöfn, sérstakur fjárlagaliður		**835,0**	**1.416,2**	**857,0**	**3.108,2**
Stækkun tollaðstöðu á Seyðisfirði (200 m²)		**62,3**	**10,0**		**72,3**
Vestmannaeyjaferja		**103,8**	**0,0**	**0,0**	**103,8**

3.2.1.1 Hafnir í grunnneti ríkisstyrktar.
Tafla 3-2. Fjárveitingar til hafna í grunnneti, ný og breytt verkefni.
Verðlag fjárlaga 2007, millj. kr.

Kjördæmi Hafnir /hafnasamlög	**2007**	**2008**	**2009**	**2010**	**Samtals**
Norðvesturkjördæmi					
Snæfellsbær (Rif, Ólafsvík)	113,6	103,7	18,1	29,9	265,3
Vesturbyggð (Brjánslækur, Patreksfjörður, Bíldudalur)	61,3		69,8	28,3	159,4
Ísafjarðarbær (Ísafjörður)	66,4	25,5	33,0		124,9
Skagaströnd	54,9			21,8	76,7
Norðausturkjördæmi					
Siglufjörður	54,2	15,9	36,5	18,5	125,1
Hafnasamlag Eyjafjarðar (Dalvík, Ólafsfjörður)	46,2	5,7	20,4	16,9	89,2
Hafnasamlag Norðurlands (Akureyri)	86,6		32,8		119,4
Grímsey	38,1	3,9		26,1	68,1
Norðurþing (Húsavík, Raufarhöfn)	8,5		93,5	7,0	109,0
Þórshöfn	58,7	33,7	24,1		116,5
Vopnafjörður	35,9	109,6		5,5	151,0
Djúpivogur				17,5	17,5
Suðurkjördæmi					
Hornafjörður	57,2	29,1	20,2	20,2	126,7
Grindavík	78,3	38,4		45,2	161,9
Óskipt					
Húsavík, undirbúningur rannsókna vegna stækkunar Húsavíkurhafnar		70,0	30,0		100,0
Viðhaldsdýpkanir og viðhald skjólgarða	30,6	41,8	88,9	75,4	236,7

Tafla 3-3. Hafnir í grunnneti, ný og breytt verkefni.
Skýringar við töflu: Frumáætlun Siglingastofnunar um heildarkostnað við framkvæmdir, virðisaukaskattur meðtalinn. Verðlag fjárlaga 2007, millj. kr.

Höfn Verkefni	2007	2008	2009	2010	Hlutur ríkissj.
NORÐVESTURKJÖRDÆMI					
Snæfellsbær					
Rifshöfn:					
Grjótgarður að Tösku og sandfangari (96.000 m³)		128,0	30,0		75%
Grundarfjörður					
Smábátaaðstaða, uppsátur (15x30 m), flotbryggja (10 m), lýsing, vatns- og raflögn		0			
Flotbryggja (20x3m)		7,7			60%
Öldudempandi flái vestan Miðgarðs (70 m, um 1.500 m³)		5,1			75%
Vesturbyggð					
Brjánslækur:					
Ferjubryggja lenging, stálþil (31 m fram, endi 29 m), þekja (500 m²)	46,8		10,8		60%
Patreksfjörður:					
Endurbygging stálþils 1. áfangi, (140 m, dýpi óbr. 4–6 m, þekja 1.400 m²).	80,2		30,0		60%
Ísafjarðarbær					
Ísafjörður:					
Mávagarður, stálþilsbryggja við olíubirgðastöð (60 m, dýpi 9 m) lagnir og þekja (1.400 m² malbik)	62,7		9,3		60%
Mávagarður, tunna á enda garðs (14 m að þvermáli, dýpi 8 m)		23,8			60%
Bátahöfn Olíumúli, endurbygging, stálþil (um 65 m, dýpi 7 m) lagnir og þekja (800 m²)			59,2		60%
Skagaströnd					
Rif og endurbygging Ásgarðs, stálþil (20x50 m, dýpi 7 m)	100,2			23,1	60%
NORÐAUSTURKJÖRDÆMI					
Siglufjörður					
Dýpkun við Óskarsbryggju (35.000 m², dæling)	27,0	12,0			75%
SR-bryggja, niðurrif (um 1.000 m² bryggja)	25,5	18,0			60%
Hafnasamlag Eyjafjarðar					
Dalvík:					
Ferjubryggja, stálþil (40 + 10 m), lagnir og þekja (550 m²)	38,4	11,8	12,2		60%
Hafnasamlag Norðurlands					
Ísbryggja ÚA, stálþil (70 m, dýpi 9 m), lagnir og þekja (2.100 m²)	64,7		35,1		60%
Oddeyrarbryggja, lenging til austurs (stálþil, 65 m, dýpi 10 m)	69,0		33,0		60%
Grímsey					
Skutaðstaða fyrir ferju (pallur 160 m²)	3,0	8,0			60%
Norðurþing					
Húsavík:					
Endurbygging bryggju Suðurgarði, 1. áfangi (150 m þil, dýpi 6 til 6,5 m), lagnir og þekja (2.600 m²)		50,0	129,9		60%

Höfn Verkefni	2007	2008	2009	2010	Hlutur ríkissj.
Langanesbyggð					
Þórshöfn:					
Aðgerð til að draga úr straumsogi (lenging Norðurgarðs, 33.300 m³)	35,0	16,0			75%
Hafskipabryggja endurbygging, stálþil og rif (100 m, dýpi 8 m, þekja 2.750 m²)	63,0	50,0	50,0		60%
Vopnafjörður					
Dýpkun rennu og innan hafnar í -10,0 m (33.000 m³)	57,6	124,4			75%
Seyðisfjörður					
Bryggja við bræðslu, lýsisbryggja breikkuð (100m²) og 2 einbúar		0			60%
Endurbyggja trébryggja við fiskvinnsluhús (20 m bryggja dýpi 6m)		28,0			60%
Djúpivogur					
Smábátaaðstaða, trébryggja endurb. og lengd (5 x 24 m), lagnir og lýsing – verklok				36,4	60%
SUÐURKJÖRDÆMI					
Hornafjörður					
Álaugareyjarbryggja, suðurkantur endurbyggður og lengdur (155 m, dýpi 9 m), lagnir þekja (4.000 m²)	106,0	50,0	42,0		60%
Bryggja við vogarhús endurbygging, harðviðarbryggja (50 m, dýpi 4 m)				42,0	60%
Grindavík					
Nýr hafnsögubátur (togkr. 8–10 t, LOA <15 m) smíðaverð án vsk.	65,0	19,0			75%
Dýpkun og breikkun innri rennu (ca. 25.000 m³ spr./ fleygað og grafið) – frestað 2006				75,0	75%
ÓSKIPT					
Húsavík, undirbúningsrannsóknir vegna stækkunar Húsavíkurhafnar		70,0	30,0		100%
Viðhaldsdýpkanir og viðhald skjólgarða	72,1	69,4	147,6	125,2	75%
Heildarkostnaður samkvæmt samgönguáætlun 2007–2010	2.749,5	1.374,6	558,8	490,8	
Hafnir í grunnneti, breyting		-210,9	471,5	180,5	
Heildarkostnaður í grunnneti með breytingum samtals:	**2.749,5**	**1.163,7**	**1.030,3**	**671,3**	
Þar af VSK:	514,1	211,5	196,9	117,4	

Tafla 3-4. Fjárveitingar til hafna utan grunnnets, breyting.

Verðlag fjárlaga 2007, millj.kr.

Kjördæmi Hafnir/ hafnasamlög	2007	2008	2009	2010	Samtals
Norðvesturkjördæmi					
Ísafjarðarbær (Þingeyri, Flateyri, Suðureyri)	17,1	32,0			49,1

Tafla 3–5. Hafnir utan grunnnets, breytt verkefni.
Skýringar við töflu: Frumáætlun Siglingastofnunar um heildarkostnað við framkvæmdir, virðisaukaskattur meðtalinn. Verðlag fjárlaga 2007, millj. kr.

Höfn Verkefni	2007	2008	2009	2010	Hlutur ríkissj.
NORÐVESTURKJÖRDÆMI					
Ísafjarðarbær					
Flateyri:					
Lengja viðlegubryggju, löndunarkant (stálþil 40 m, dýpi 6 m) lagnir og þekja (800 m²)		0			
Endurnýjun og lenging flotbryggju (50 m)		14,2			60%
Hafnir utan grunnnets, heildarkostnaður samkvæmt samgönguáætlun 2007–2010	134,8	140,4	243,6	262,6	
Hafnir utan grunnnets, breyting		-23,5	38,0		
Áætlaður heildarkostnaður utan grunnnets með breytingu samtals:	**134,8**	**116,6**	**281,6**	**262,6**	
Þar af VSK:	26,5	22,9	55,4	51,7	

4. VEGÁÆTLUN
4.1 Fjármál.
Áætlun um fjáröflun.

Verðlag fjárlaga 2007 fyrir árið 2007. (v.v. 8900)
Verðlag fjárlaga 2008 fyrir árin 2008–2010. (v.v. 9238)

	Fjárhæðir eru í millj. kr.	2007	2008	2009	2010
4.1.1	**Tekjur og framlög**				
1.1	Markaðar tekjur				
	1. Bensíngjald	6.590	7.420	7.495	7.569
	2. Þungaskattur km-gjald	1.000	1.280	1.306	1.332
	3. Olíugjald	4.920	6.030	6.120	6.212
	4. Leyfisgjöld flutninga	4	4	4	4
	5. Leyfisgjöld leigubifreiða	6	6	6	6
	Markaðar tekjur samtals	**12.520**	**14.740**	**14.931**	**15.123**
1.2	Ríkisframlag	2.694	7.882	7.018	4.570
1.3	Ráðstöfun á söluandvirði Símans	1.500	3.842	5.400	4.258
1.4	Framlag til jarðganga	1.750	3.456	4.084	6.005
	Framlag úr ríkissjóði samtals	**5.944**	**15.180**	**16.502**	**14.833**
	Tekjur og framlög samtals	**18.464**	**29.920**	**31.433**	**29.956**
4.1.2	**Viðskiptahreyfingar**				
	Afborganir lána til ríkissjóðs:				
	v/vegtenginga Hvalfjarðarganga	-40	-40		
	v/ferja	-274			
	v/skuldar frá 1999		-140	-180	-180
	Viðskiptahreyfingar samtals	**-314**	**-180**	**-180**	**-180**
4.1.3	**Sérstök fjáröflun**		1.400	4.700	3.100
	TIL RÁÐSTÖFUNAR	**18.150**	**31.140**	**35.953**	**32.876**

Skipting útgjalda.

Verðlag fjárlaga 2007 fyrir árið 2007. (v.v. 8900)
Verðlag fjárlaga 2008 fyrir árin 2008–2010. (v.v. 9238)

Fjárhæðir eru í millj. kr.	**2007**		**2008**		**2009**		**2010**	
GJÖLD								
Rekstur Vegagerðarinnar								
4.1.3 Almennur rekstur								
1. Yfirstjórn				345		414		420
2. Umsýslugjald til ríkissjóðs				62		62		62
3. Upplýsingaþjónusta				97		105		105
4. Umferðareftirlit				88		120		120
Rekstur samtals:		**552**		**592**		**701**		**707**
Önnur starfsemi Vegagerðarinnar								
4.1.4 Almenningssamgöngur								
1. Ferjur og flóabátar				697		700		900
1. Áætlunarferjur			662		680		670	
2. Viðhald ferja			35		20		30	
2. Sérleyfi á landi				210		210		210
3. Áætlunarflug				280		280		280
Almenningssamgöngur samtals:		**908**		**1.187**		**1.190**		**1.390**
4.1.5 Viðhald								
1. Viðhald bundinna slitlaga.				1.575		1.660		1.732
2. Viðhald malarvega				490		522		546
3. Styrkingar og endurbætur				956		1.661		1.868
4. Brýr, varnargarðar og veggöng				406		468		492
5. Viðhald vegmerkinga				631		663		676
6. Samningar við sveitarfélög				385		391		405
7. Viðhaldssvæði				335		344		351
8. Vetrarviðhald				1.309		1.389		1.445
9. Umferðaröryggi				309		322		322
10. Vatnaskemmdir				186		187		187
11. Viðhald girðinga				70		73		78
12. Frágangur gamalla efnisnáma				33		36		36
13. Minjar og saga				15		25		25
Viðhald samtals:		**6.220**		**6.700**		**7.741**		**8.163**
4.1.6 Stofnkostnaður								
1. Grunnnet		8.183		17.373		18.232		15.964
1. Almenn verkefni	571		602		538		538	
2. Verkefni á höfuðborgarsvæði	1.002		3.445		3.335		2.297	
3. Verkefni á landsbyggð	3.300		5.678		4.553		2.804	
Þar af afborganir lána vegna Hvalfj. til ríkissjóðs		-40		-40				
4. Söluandvirði Símans	1.500		3.842		5.400		4.258	
5. Jarðgangaáætlun	1.750		3.456		4.084		6.005	
6. Landsvegir í grunnneti	60		62		62		62	
7. Grímseyjarferja			260		260			
8. Ferjubryggjur			28					
Grunnnet samtals:		**8.143**		**17.333**		**18.232**		**15.964**
2. Tengivegir		640		1.951		1.447		1.550
3. Til brúagerðar		317		545		359		359
1. Brýr 10 m og lengri	287		514		328		328	

Verðlag fjárlaga 2007 fyrir árið 2007. (v.v. 8900)
Verðlag fjárlaga 2008 fyrir árin 2008–2010. (v.v. 9238)

Fjárhæðir eru í millj. kr.	**2007**	**2008**	**2009**	**2010**
2. Smábrýr	30	31	31	31
4. Ferðamannaleiðir	195	204	199	199
5. Þjóðgarðavegir	324	388	519	571
6. Girðingar	75	83	93	99
7. Landsvegir utan grunnnets	119	125	124	124
8. Safnvegir	350	373	371	371
9. Styrkvegir	70	73	75	75
10. Reiðvegir	60	62	62	62
11. Rannsóknir og þróun	117	124	140	142
Utan grunnnets samtals:	**2.267**	**3.928**	**3.389**	**3.552**
Afskrift markaðra tekna	60			
Stofnkostnaður samtals:	**10.470**	**21.261**	**21.621**	**19.516**
GJÖLD	**18.150**	**29.740**	**31.253**	**29.776**
Gjöld samkvæmt sérstakri fjáröflun		**1.400**	**4.700**	**3.100**
Samtals gjöld	**18.150**	**31.140**	**35.953**	**32.876**

Niðurstöður 2008 eru í samræmi við fjárlög.

Tölur fyrir árin 2009 og 2010 eru hækkaðar til verðlags fjárlaga 2008 (v.v. = 9238).

Gert er ráð fyrir að Vaðlaheiðargöng verði byggð í einkaframkvæmd með veggjöldum. Göngin verði þó fjármögnuð að hálfu af ríkissjóði með jöfnum árlegum greiðslum eftir að framkvæmdatíma lýkur árið 2011 í 25 ár.

Gert er ráð fyrir að Suðurlandsvegur frá Hveragerði að sýslumörkum Gullbringusýslu verði gerður í einkaframkvæmd. Vegurinn verður fjármagnaður af ríkissjóði með jöfnum árlegum greiðslum eftir að framkvæmdum lýkur árið 2010 í 25 ár.

4.2 Sundurliðun einstakra gjaldaliða.

4.2.1 Grunnnet.

4.2.1.3 Verkefni á landsbyggð.

Hér er gerð grein fyrir skiptingu flýtifjármagns, viðbótarfjármagns og tilfærslu fjármagns.

Heiti verkefnis **Vegnr. Vegheiti** **Kaflanr. Kaflaheiti**	**2007** **millj. kr.**	**2008** **millj. kr.**	**2009** **millj. kr.**	**2010** **millj. kr.**
Bakkafjöruvegur				
253 Bakkafjöruvegur				
01 Hringvegur–Landeyjahöfn		650		
Suðurstrandarvegur				
427 Suðurstrandarvegur				
12-13 Herdísarvík–Þorlákshöfn		200		
05-11 Festarfjall–Herdísarvík		100	240	260
Snæfellsnesvegur				
54 Snæfellsnesvegur				
10 Um Fróðárheiði		200	300	
Vestfjarðavegur				
60 Vestfjarðavegur				
24 Reykhólasveitarvegur–Þorskafjarðarvegur		130		
33-34 Kjálkafjörður–Vatnsfjörður		300	300	
Strandavegur				
643 Strandavegur				
02 Djúpvegur–Drangsnesvegur		100	130	

Heiti verkefnis Vegnr. Vegheiti Kaflanr. Kaflaheiti	2007 millj. kr.	2008 millj. kr.	2009 millj. kr.	2010 millj. kr.
Norðausturvegur				
85 Norðausturvegur				
14c Fremri Háls–Sævarland		200	40	
14d Raufarhafnarleið		50	180	
Verkefni á landsbyggð, viðbót		**1.930**	**1.190**	**260**
Fé sem losnar vegna flýtinga 2008 og 2009				-550
Verkefni á landsbyggð skv. vegáætlun 17. mars 2007	**3.300**	**3.581**	**3.196**	**2.847**
Verkefni á landsbyggð, verðlagshækkun o.fl.		**167**	**167**	**247**
Verkefni á landsbyggð samtals		**5.678**	**4.553**	**2.804**

4.2.1.4 Söluandvirði Símans.

Heiti verkefnis Vegnr. Vegheiti Kaflanr. Kaflaheiti	2007 millj. kr.	2008 millj. kr.	2009 millj. kr.	2010 millj. kr.
Sundabraut				
450 Sundabraut				
01 Sæbraut – Geldinganes		492	3.700	3.808
Norðausturvegur				
85 Norðausturvegur				
14d Raufarhafnarleið		150		
Söluandvirði Símans, viðbót (breyting)		**-3.358**	**1.700**	**1.808**
Fé sem losnar vegna flýtinga				**-150**
Söluandvirði Símans samkvæmt samgönguáætlun	**1.500**	**7.200**	**3.700**	**2.600**
Söluandvirði Símans samtals		**3.842**	**5.400**	**4.258**

4.2.1.5 Jarðgöng.[1)]

Heiti verkefnis	2007 millj. kr.	2008 millj. kr.	2009 millj. kr.	2010 millj. kr.
Dýrafjarðargöng			100	900
Norðfjarðargöng			600	1.700
Vaðlaheiðargöng		100		
Bolungarvíkurgöng (Óshlíðargöng)[2)]				
Jarðgöng, viðbót		**100**	**700**	**2.600**
Jarðgöng samkvæmt vegáætlun	**1.750**	**3.222**	**3.235**	**3.185**
Jarðgöng, verðlagshækkun o.fl.		**134**	**149**	**220**
Jarðgöng samtals		**3.456**	**4.084**	**6.005**

1) Ekki er gerð grein fyrir Vaðlaheiðargöngum í þessari töflu utan 100 millj. kr. fjárveitingar árið 2008 sem er í samræmi við fjárlög. Gert er ráð fyrir að Vaðlaheiðargöng verði gerð í einkaframkvæmd með veggjöldum. Göngin verði fjármögnuð að hálfu af ríkissjóði með jöfnum árlegum greiðslum eftir að framkvæmdatíma lýkur árið 2011 í 25 ár.

2) Bolungarvíkurgöng (Óshlíðargöng) eru þegar inni í samþykktri samgönguáætlun 2007– 2010 með 3.680 millj. kr. fjárveitingu. Greiðslur vegna framkvæmdanna ná hins vegar til 2011 og verður því gera ráð fyrir fjárveitingu til ganganna að upphæð 850 millj. kr. á því ári.

4.2.2 Utan grunnnets.

4.2.2.1 Tengivegir.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	2007 millj. kr.	2008 millj. kr.	2009 millj. kr.	2010 millj. kr.
939	Axarvegur				
01-02	Hringvegur-Hringvegur			200	400
204	Meðallandsvegur				
02	Fossar–Fljótakrókur		60		
262	Vallarvegur				
01	Fljótshlíðarvegur–Markaskarð		40		
268	Þingskálavegur				
01	Rangárvallavegur–Þingskálar		70		
360	Grafningsvegur efri				
02	Ýrufossvegur–Úlfljótsvatn		30		
504	Leirársveitarvegur				
01	Leirá–Svínadalsvegur		15		
508	Skorradalsvegur				
02	Grund–Hvammur		75		
576	Framsveitarvegur				
01	Snæfellsnesvegur–golfvöllur		10		
643	Strandavegur				
03-04	Bjarnarfjarðarháls–Klúka		65		
722	Vatnsdalsvegur				
04	Hvammur–Hringvegur		70		
752	Skagafjarðarvegur				
02	Hafgrímsstaðir–Sölvanes		15		
815	Hörgárdalsvegur				
01	Brakandi–Björg		20		
816	Dagverðareyrarvegur				
01	Hringvegur–Gásir		40		
833	Illugastaðavegur				
02	Slitlagsendi–Illugastaðir		70		
8490	Knarrarbergsvegur				
01	Veigastaðavegur–Leifsstaðir		10		
94	Borgarfjarðarvegur				
06	Lagarfossvegur–Unaós		50		
925	Hróarstunguvegur				
01	Hringvegur–Blanda		30		
04	Hitaveita–Hringvegur		20		
Bundið slitlag við sveitabæi á Norðausturlandi			10		
Tengivegir, viðbót			**700**	**200**	**400**
Fé sem losnar vegna flýtinga 2008 og 2009					**-50**
Tengivegir samkvæmt vegáætlun		**640**	**1.151**	**1.194**	**1.144**
Tengivegir, verðlagshækkun o.fl.			**100**	**53**	**56**
Tengivegir samtals			**1.951**	**1.447**	**1.550**

4.2.2.4 Þjóðgarðavegir.

Vegnr. Vegheiti Kaflanr. Kaflaheiti	2007 millj. kr.	2008 millj. kr.	2009 millj. kr.	2010 millj. kr.
862 Dettifossvegur				
03 Vesturdalur–Norðausturvegur		100	60	310
Þjóðgarðavegir, viðbót		**100**	**60**	**310**
Þjóðgarðavegir samkvæmt vegáætlun	**324**	**272**	**440**	**240**
Þjóðgarðavegir, verðlagshækkun o.fl**.**		**16**	**19**	**21**
Þjóðgarðavegir samtals		**388**	**519**	**571**

4.2.3 Sérstök fjáröflun.

Heiti verkefnis	2007 millj. kr.	2008 millj. kr.	2009 millj. kr.	2010 millj. kr.
Vaðlaheiðargöng				
Vaðlaheiðargöng		-100	-100	-100
Suðurlandsvegur				
Selfoss-Hafravatnsvegur		-700	700	
Vesturlandsvegur				
Kjalarnes-Borgarnes		-800	800	
Sérstök fjáröflun, minnkun/aukning		**-1.600**	**1.400**	**-100**
Sérstök fjáröflun samkvæmt vegáætlun		**3.000**	**3.300**	**3.200**
Sérstök fjáröflun samtals		**1.400**	**4.700**	**3.100**

Gert er ráð fyrir að Suðurlandsvegur frá Hveragerði að sýslumörkum Gullbringusýslu verði gerður í einkaframkvæmd. Vegurinn verður fjármagnaður af ríkissjóði með jöfnum árlegum greiðslum eftir að framkvæmdum lýkur árið 2010 í 25 ár.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. INNGANGUR

Alþingi samþykkti þann 17. mars 2007 þingsályktun um samgönguáætlun 2007–2010. Á þeim stutta tíma sem liðinn er frá samþykkt þingsályktunartillögunnar hafa orðið afdrifaríkar breytingar í þjóðfélaginu sem leiða til þess að nauðsynlegt er að gera viðauka þennan við þingsályktunina. Þar er sérstaklega að nefna um þriðjungs niðurskurð aflaheimilda í þorskveiði sem kemur hart niður á mörgum byggðarlögum á landsbyggðinni. Því er talið nauðsynlegt að flýta ýmsum framkvæmdum á landsbyggðinni bæði í vega- og flugmálum í því skyni að styrkja innviði byggðanna. Á sama hátt munu ýmsir hafnarsjóðir kjósa að fresta framkvæmdum sem leiðir af tekjusamdrætti hafnarsjóðanna vegna aflasamdráttar. Enn aðrir hafnarsjóðir óska eftir flýtingu eða breytingu á framkvæmdum einmitt vegna breyttra atvinnuhátta.

2. FLUGMÁLAÁÆTLUN

Heildartafla, **2.2.1 Tekjur og framlög**, er á verðlagi 2008 fyrir 2008–2010 en á verðlagi 2007 fyrir það ár. Skýringarnar hér að neðan eru á verðlagi 2007 sem og sundurliðun í töflum **2.2.3.1 Viðhald** og **2.2.3.2.1 Alþjóðaflugvellir í grunnneti.**

Markaðar tekjur.

Áætlun um markaðar tekjur, þ.e. tekjur af flugvallaskatti og varaflugvallagjaldi, hefur verið uppfærð að teknu tilliti til fjölgunar farþega fram á þennan dag. Gert er ráð fyrir 6% árlegri aukningu farþega í innanlands- og millilandaflugi frá 2007–2010. Tekjur munu þannig aukast um 433 millj. kr. Jafnframt er flutt á milli áranna 2007 og 2008 147 millj. kr. sem

féllu til á árinu 2007 og áætlað var að ráðstafa það ár. Vegna frestunar framkvæmda af ýmsum ástæðum verður þeim ráðstafað á árinu 2008, sbr. stofnkostnað í grunnneti. Einnig eru fluttar til ársins 2008 214 millj. kr. sem eru óráðstafaðar markaðar tekjur frá fyrri árum.

Beint framlag úr ríkissjóði.

Gert er ráð fyrir að framlag úr ríkissjóði hækki sem nemur 80 millj. kr. á árinu 2008 sem er samsvarandi fjárhæð og markaðar tekjur voru umfram áætlun á árinu 2007. Tekjum þessum er varið til að mæta vöntun á fjármagni til að uppfylla greiðslur samkvæmt þjónustusamningi á árinu 2007, 65 millj. kr. og 15 millj. kr. sem fara undir stofnkostnað vegna flugvalla í grunnneti.

Viðskiptahreyfingar.

Gert er ráð fyrir að Flugstoðir ohf. taki á árinu 2008 lán hjá ríkissjóði að upphæð 1.406 millj. kr. miðað við verðlag 2008 en 1.387 millj. kr. miðað við verðlag 2007 sem er það verðlag sem sundurliðaðar fjárhæðir eru á í töflum 2.2.3.1 og 2.2.3.2.1 sem eru breytingar á samþykktri samgönguáætlun, en sú áætlun var á verðlagi 2007. Fjárhæðir í töflu 2.1 eru hins vegar á verðlagi 2008 miðað við 3,8% hækkun verðlags milli ára. Tekið lán vegna framkvæmda við lengingu Akureyrarflugvallar og gerð aðflugsbúnaðar við völlinn 651 millj. kr. Er þá tekið tillit til 214 millj. kr. óráðstafaðra markaðra tekna frá fyrri árum. Framkvæmdir verða á árinu 2008. Lánið yrði endurgreitt af flugmálaáætlun á tíu árum, fyrst 2009 70 millj. kr. og 2010 60 millj. kr. Á sama hátt verður tekið lán hjá ríkissjóði að upphæð 280 millj. kr. til flýtingar malbiksyfirlögn á Akureyrarflugvelli. Framkvæmdin verður 2008 og endurgreiðsla lánsins á árinu 2009 af liðnum 2.2.3.1 Viðhald á flugmálaáætlun.

Gert er ráð fyrir að Flugstoðir ohf. taki lán hjá ríkissjóði að upphæð 396 millj. kr. á verðlagi 2007 en 412,7 millj. kr. á verðlagi 2008 vegna flughlaðs við fyrirhugaða samgöngumiðstöð á Reykjavíkurflugvelli. Gert er ráð fyrir að framkvæmdin eigi sér stað á árinu 2008. Áætlaður heildarkostnaður er 440 millj. kr. á verðlagi 2007 en 456,7 millj. kr. á verðlagi 2008 sem fjármagnað yrði með tekjum 2008 44 millj. kr. og lántöku 412,7 millj. kr. Lánið yrði endurgreitt af flugmálaáætlun á tíu árum fyrst 2009 73 millj. kr. og 2010 64 millj. kr.

Gert er ráð fyrir að Flugstoðir ohf. taki lán hjá ríkissjóði að upphæð 60 millj. kr. á verðlagi 2007 eða 62,3 millj. kr. á verðlagi 2008 til framkvæmda vegna viðbótaraðstöðu fyrir innanlandsflug á Reykjavíkurflugvelli. Lánið verður endurgreitt árið 2010.

Sérstök fjáröflun.

Liðurinn sérstök fjáröflun lækkar sem nemur 570 millj. kr. vegna lántöku til lengingar Akureyrarflugvallar og 3.000 millj. kr. vegna breytinga á fjármögnun samgöngumiðstöðvar í Reykjavík á árunum 2008–2009. Jafnframt lækkar liðurinn um 250 millj. kr. vegna Keflavíkurflugvallar NA/SV brautar þar sem gert er ráð fyrir að fjármagna enduropnun brautarinnar með beinu framlagi frá ríkinu.

Stofnkostnaður.

Í liðnum Flugvellir í grunnneti er bætt við fjárhæðir vegna framkvæmda á Akureyrarflugvelli og Reykjavíkurflugvelli, sbr. sundurliðun undir viðskiptahreyfingar hér að framan. Jafnframt er verktíma ýmissa verka hliðrað til að mæta 207 millj. kr. fjárvöntun til að uppfylla þjónustusamning. Er þá tekið tillit til framkvæmda sem fluttar eru milli áranna 2007 og 2008 að fjárhæð 147 millj. kr. Gert er ráð fyrir 15 millj. kr. kostnaði við rannsóknir í tengslum við staðsetningu flugvallar í Reykjavík.

2.2.3.2.1 Stofnkostnaður.
Reykjavíkurflugvöllur.
Flugbrautir og hlöð.
Flughlað verður gert á árinu 2008 við fyrirhugaða samgöngumiðstöð á Reykjavíkurflugvelli.
Viðbótaraðstaða vegna innanlandsflugs.
Gerð verður viðbótaraðstaða fyrir innanlandsflug árið 2008.
Reykjavík samgöngumiðstöð.
Bygging samgöngumiðstöðvar er felld út úr áætluninni þar sem gert er ráð fyrir að hún verði fjármögnuð með öðrum hætti utan samgönguáætlunar og fjárfestingin standi undir sér.

Akureyrarflugvöllur.
Flugbrautir.
Flugbrautin verður lengd um 460 m árið 2008 og núverandi braut verður lögð malbiksyfirlagi.
Endaöryggissvæði (RESA).
Gerð verða endaöryggissvæði árið 2008.
Aðflugs- og leiðsögubúnaður.
Settur verður upp ILS aðflugs- og leiðsögubúnaður árið 2008.

Keflavíkurflugvöllur.
Aðflugs- og leiðsögubúnaður á NA/SV braut
Gert er ráð fyrir að lagfæra ástand brautarinnar og endurnýja ljósa- og rafmagnsbúnað til að hægt verði að taka hana á ný í notkun.

3. SIGLINGAMÁLAÁÆTLUN
Inngangur.
Liður í ákvörðun ríkisstjórnar um mótvægisaðgerðir vegna samdráttar þorskveiðiheimilda var að fresta skyldi gildistöku ákvæða hafnalaga um breytingu á styrkjum til hafnarframkvæmda um tvö ár eða til 1. janúar 2011. Hafnir sem verða fyrir tekjusamdrætti og eru með verkefni inni á gildandi samgönguáætlun eiga því möguleika á að fresta framkvæmdum sem voru á áætlun árin 2007 eða 2008 til áranna 2009 og 2010.

Nokkrar hafnir hafa þegar valið þennan kost í ár og ljóst er að fleiri munu bætast í hópinn á næsta ári. Í fjárlögum fyrir árið 2008 var þess vegna tekin ákvörðun um tímabundna frestun 200 millj. kr. framlags til hafnarmannvirkja. Á grundvelli upplýsinga sem fyrir liggja hjá Siglingastofnun Íslands um stöðu verkefna er gerð tillaga um færslu verkefna fyrir 200 millj. kr. frá árinu 2008 yfir á árin 2009 og 2010.

Frá samþykkt samgönguáætlunar 2007–2010 í mars 2007 hafa komið fram óskir um nokkrar minni háttar breytingar á verkefnum sem falla undir siglingamálakafla áætlunarinnar. Hér er gerð tillaga um breytingar á samgönguáætlun til að mæta þessum óskum. Um er að ræða breytingar á fimm liðum í siglingamálaáætluninni, tvær á rekstrarliðum og þrjár á stofnkostnaðarliðum.

1. Í kjölfar breytinga á atvinnuháttum á landsbyggðinni hefur fjölgað verulega beiðnum frá hafnarstjórnum þar sem óskað er eftir því að Siglingastofnun rannsaki hafnaraðstöðu fyrir nýja atvinnustarfsemi. Því er lagt til að liðurinn Hafnir, líkantilraunir og grunnkort verði hækkaður.

2. Samningur Siglingastofnunar við Neyðarlínuna um rekstur Vaktstöðvar siglinga er vísitölubundinn og hafa greiðslur hækkað verulega umfram verðlagsforsendur fjárlaga undanfarin ár. Einnig er í framhaldi af ákvörðun Flugfjarskipta um að selja land á Rjúpnahæð nauðsynlegt að endurnýja búnað til fjarskipta við skip og koma honum fyrir á nýjum stöðum. Af þessum ástæðum er lagt til að liðurinn Vaktstöð siglinga verði hækkaður.
3. Hafnarmannvirki. Frá samþykkt gildandi samgönguáætlunar 17. mars 2007 hafa komið fram nokkrar óskir um breytingar á einstökum verkefnum í hafnargerð. Hér er lagt til að samþykkt verði breyting á umfangi verkefna í átta sveitarfélögum. Þá hefur sveitarstjórn Norðurþings óskað eftir því að Siglingastofnun hefji hið fyrsta rannsóknir og líkantilraunir vegna nýrrar hafnar á Húsavík. Hér er lagt til að fjármagn fáist til þessara undirbúningsrannsókna á árunum 2008 og 2009. Til að ekki komi til útgjaldaaukningar árið 2008 er lagt til að öðrum verkefnum verið frestað til áranna 2009 og 2010.
4. Í fjárlögum fyrir árið 2008 er framlag til Vestmannaeyjaferju ekki verðbætt frá því sem segir í gildandi samgönguáætlun en hún er á verðlagi ársins 2007. Hér er lagt til að það verði gert.
5. Í fjárlögum fyrir árið 2008 er framlag til tollaðstöðu á Seyðisfirði ekki verðbætt frá því sem segir í gildandi samgönguáætlun en hún er á verðlagi 2007. Hér er lagt til að það verði gert.

3.1 Fjármál.

Verðlagsgrundvöllur.

Samgönguáætlun fyrir árin 2007– 2010 er á verðlagi fjárlaga 2007. Þar eð nú liggur fyrir frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2008 þykir rétt að færa tölur í tekju- og gjaldahlið áætlunarinnar á því ári til samræmis við fjárlagafrumvarpið. Tölur fyrir árin 2009 og 2010 eru einnig færðar til verðlags fjárlaga 2008.

Þetta á einnig við um samtölur í töflu 3–1 Hafnarmannvirki, heildarfjárveitingar, en töflur 3-2, 3-3, 3-4 og 3-5 eru hins vegar á verðlagi fjárlaga 2007.

Tillögur um breyttar fjárveitingar á samgönguáætlun árin 2008, 2009 og 2010.

Breytingar sem gerðar voru með fjárlögum 2008 og þessi tillaga að viðauka við samgönguáætlun 2007–2010 hafa í för með sér eftirfarandi breytingar á fjárveitingum frá því sem segir í upphaflegri samgönguáætlun 2007–2010. Hér að neðan er yfirlit yfir þær breytingar sem ekki er nú þegar búið að gera grein fyrir í fjárlögum 2008:

Rekstrargjöld	2008	2009	2010	Samtals
Hafnir, líkantilraunir og grunnkort				
Hækkun 30 millj. kr./ár.	30	30	30	**90**
Vaktstöð siglinga				
Hækkun 27 millj. kr./ár.	27	27	27	**81**
	57	**57**	**57**	**171**

Stofnkostnaður.

Hafnarmannvirki.

Fjárveitingar hækki árin 2009–2010 um 275 millj. kr. Þar af eru 100 millj. kr. vegna undirbúningsrannsókna fyrir stækkun Húsavíkurhafnar. Hækkuninni verði mætt tímabundið með frestun verkefna. Forsenda frestunar er að hafnalögum var breytt svo að verkefnin verði

áfram styrkhæf árin 2009 og 2010. Á árinu 2008 er gert ráð fyrir tímabundinni frestun fjárveitingar að upphæð 200 millj. kr., sbr. fjárlög.

	2008	2009	2010	Samtals
Breytingar sem koma fram 2008, 2009 og 2010	-86	265	96	**275**
Landeyjahöfn	-114	114		**0**
Stækkun tollaðstöðu Seyðisfirði				
Verðlagsbreyting – ekki í fjárlögum	2,3			**2,3**
Vestmannaeyjaferja				
Verðlagsbreyting – ekki í fjárlögum.	3,8			**3,8**
	-193,9	379	96	**281,1**
Breytingar samtals:	**-136,9**	**436**	**153**	**452,1**

Gert er ráð fyrir samkvæmt áætlun þessari að byggð verði ný Vestmannaeyjaferja á árunum 2008–2010 er sigli milli Vestmannaeyja og Landeyjahafnar. Ferjan og rekstur hennar hefur verið boðin út í einkaframkvæmd samkvæmt heimild í samgönguáætlun 2007–2010. Ekki er gert ráð fyrir að ríkissjóður eignist ferjuna að loknum 15 ára samningstíma og því verði um árlegar þjónustugreiðslur ríkissjóðs að ræða vegna hennar frá og með hausti 2010 í 15 ár. Fjárveitingar til ferjunnar sem voru á fyrri áætlun á árunum 2009 og 2010 eru því felldar niður. Þjónustugreiðslurnar eru sýndar á vegáætlun.

4. VEGÁÆTLUN

Inngangur.

Síðastliðið sumar birti ríkisstjórnin ákvörðun sína um að hluti mótvægisaðgerða vegna samdráttar þorskveiðiheimilda skyldi felast í flýtingu ákveðinna framkvæmda í vegagerð. Sú tillaga um endurskoðun vegáætlunarhluta samgönguáætlunar sem hér er lögð fram tekur fyrst og fremst á þeim breytingum sem nauðsynlegt er að gera á þingsályktun um samgönguáætlun fyrir árin 2007–2010 sem þessi flýting hefur í för með sér.

Nokkrar aðrar breytingar eru lagðar til í þessari tillögu. Ein er um nýjan tengiveg að Landeyjahöfn, en samkvæmt þeim áætlunum sem nú eru uppi um hafnargerð þar þarf að leggja veginn á þessu ári. Önnur breytingin varðar jarðgöng undir Vaðlaheiði og miðast við að framkvæmdir þar geti hafist á árinu 2009 og að framkvæmdir við Suðurlandsveg hefjist 2009. Báðar þessar framkvæmdir verða í einkaframkvæmd. Einnig er lagt til að greitt sé mótframlag vegna endurbóta á ferjuhöfnum á Dalvík og Brjánslæk. Þá er sýnt að ekki verður unnt að vinna að nokkrum verkefnum eins og fyrri áætlun gerði ráð fyrir þar eð undirbúningur hefur tekið lengri tíma en gert var ráð fyrir. Hluti af því svigrúmi sem við það myndast er notað til að auka framkvæmdir við tengivegi. Loks er stofnkostnaður vegna Grímseyjarferju tiltekinn sérstaklega en var áður innifalinn í upphæðinni til ferja og flóabáta.

4.1 Fjármál.

Verðlagsgrundvöllur.

Samgönguáætlun fyrir árin 2007–2010 er á verðlagi fjárlaga 2007. Þar eð nú liggja fyrir fjárlög fyrir árið 2008 þykir rétt að færa tekju- og gjaldahlið áætlunarinnar (áætlun um fjáröflun og skipting útgjalda) til samræmis við fjárlögin fyrir árið 2008. Tölur fyrir árin 2009 og 2010 eru færðar til verðlags fjárlaga 2008. Sundurliðun fjárveitinga til einstakra verkefna eru hins vegar færðar á verðlagi ársins 2007 til samræmis við aðrar tölur til einstakra verkefna í áætluninni til þess að auðveldara sé að bera þær saman.

Gert er ráð fyrir því að á árinu 2008 taki einstakar tölur breytingum í hlutfalli við breytingar á niðurstöðutölum einstakra liða áætlunarinnar sem sjá má í töflunni um skiptingu útgjalda sem breytt hefur verið til samræmis við fjárlögin. Þetta er í samræmi við það sem venja hefur verið að gera í hliðstæðum tilvikum.

Gert er ráð fyrir að allar tölur áætlunarinnar fyrir árin 2009 og 2010 verði endurskoðaðar við næstu reglulegu endurskoðun samgönguáætlunar.

Heildarfjármagn.

Heildarfjármagn til vegamála á árinu 2008 er í samræmi við tölur fjárlaga fyrir það ár.

Gjöld.

Nokkur breyting er gerð á uppsetningu áætlunarinnar frá gildandi áætlun. Breytingar þessar eru í samræmi við fjárlög fyrir árið 2008. Veigamesta breytingin er að liður sem áður nefndist þjónusta er sameinaður liðnum viðhaldi enda um viðhaldsverkefni að ræða og fyrri skipting orðin úrelt og að mörgu leyti beinlínis til trafala. Þetta er ekki í samræmi við uppsetningu fjárlaga en niðurstöðutala er í samræmi við fjárlög þegar þessir liðir eru lagðir saman.

Liðurinn almenningssamgöngur er tekinn út úr liðnum rekstri og þjónustu og færður sem sérstakur kafli og jafnframt sundurliðaður nokkru meira en áður var til að gefa gleggri mynd af ráðstöfun fjárveitinga. Loks er liðurinn rannsóknir færður undir stofnkostnað með heitinu rannsóknir og þróun í samræmi við ný vegalög.

4.1.5 Stofnkostnaður.

Grunnnet.

Lagt er til að skipting fjárveitinga til einstakra verkefnaflokka verði eins og sýnt er á eftirfarandi töflu.

	2007 m.kr.	2008 m.kr.	2009 m.kr.	2010 m.kr.
1. Almenn verkefni	571	602	538	538
2. Verkefni á höfuðborgarsvæði	1.002	3.445	3.335	2.297
3. Verkefni á landsbyggð	3.300	5.678	4.553	2.804
4. Söluandvirði Símans	1.500	3.842	5.400	4.258
5. Jarðgöng	1.750	3.456	4.084	6.005
6. Landsvegir í grunnneti	60	62	62	62
7. Grímseyjaferja		260	260	
8. Ferjubryggjur		28		

Tengivegir.

Lagt er til að fjárveiting til tengivega verði 640 millj. kr. árið 2007, 1.951 millj. kr. árið 2008, 1.447 millj. kr. árið 2009 og 1.550 millj. kr. 2010.

Þjóðgarðavegir.

Lagt er til að fjárveiting til þjóðgarðavega verði 324 millj. kr. 2007, 388 millj. kr. 2008, 519 millj. kr. 2009 og 571 millj. kr. 2010.

3.2 Sundurliðun einstakra gjaldaliða.
4.2.1 Framkvæmdir í grunnneti.
Verkefni á landsbyggð.
Bakkafjöruvegur.

Við undirbúning ferjuhafnar í Landeyjum hefur komið í ljós að æskilegt er að tengja höfnina með nýjum vegi frá hafnarstæðinu upp með Markarfljóti að vestanverðu á Hringveg. Jafnframt er talið nánast nauðsynlegt að vegurinn verði lagður á þessu ári vegna efnisflutninga að höfninni.

Í gildandi áætlun eru 35 millj. kr. fjárveitingar hvort áranna 2009 og 2010 til að tengja höfnina við Bakkaflugvöll, og verður það gert.

Áætlaður kostnaður við gerð hins nýja vegar upp með Markarfljóti, ásamt varnargörðum, er 650 millj. kr. Hér er lagt til að veittar verði 650 millj. kr. til þessa verkefnis á árinu 2008 en fjárþörf síðan endurskoðuð við næstu reglulegu endurskoðun samgönguáætlunar.

Suðurstrandarvegur.

Fjárveiting sem lögð er til á árinu 2008, 2009 og 2010 kemur til viðbótar fjárveitingum af söluandvirði Símans 2008 og 2009. Lagt er til að lokið verði við kaflann milli Festarfjalls og Þorlákshafnar árið 2010.

Snæfellsnesvegur.

Lokið verði við uppbyggingu vegar yfir Fróðárheiði árið 2010.

Vestfjarðavegur.

Þær fjárveitingar sem lagt er til að veittar verði til Vestfjarðavegar koma til viðbótar fjárveitingum af söluandvirði Símans. Með þessu fjármagni á að vera unnt að ljúka endurbyggingu vegarins frá Þorskafirði í Kollafjörð. Vegurinn austan Þorskafjarðar verður lagfærður og lagt á hann bundið slitlag. Unnið verður að endurgerð vegarins milli Vattarfjarðar og Vatnsfjarðar.

Strandavegur.

Lagt verður bundið slitlag á Strandaveg frá Djúpvegi að Drangsnesvegi og því lokið 2009.

Norðausturvegur.

Með þeim fjárveitingum, sem hér er lagt til að komi til Norðausturvegar og eru til viðbótar fjárveitingum af söluandvirði Símans, verður unnt að leggja nýjan veg milli Öxarfjarðar og Þistilfjarðar, gera tengingar til Raufarhafnar og Þórshafnar og ljúka tengingu frá Vopnafirði að Hringvegi.

Söluandvirði Símans.
Sundabraut.

Lagt er til að fjárveiting til Sundabrautar árið 2008 verði 492 millj. kr. sem er 3.508 millj. kr. lækkun frá gildandi vegáætlun. Miðað við stöðu undirbúnings verks þessa eru ekki horfur á að unnt verði að hefja framkvæmdir við það á árinu 2008 nema að mjög takmörkuðu leyti. Gert er ráð fyrir að frestun þessi verði endurgreidd árið 2009 sem nemur 1.700 millj. kr. og verði fjárveiting þá 5.400 millj. kr. og árið 2010 sem nemur 1.808 millj. kr. og verði fjárveiting það ár 4.408 millj. kr.

Norðausturvegur.

Fjárveiting til Norðausturvegar, Raufarhafnarleiðar, 150 millj. kr., sem vera átti 2010 er flutt til ársins 2008 í samræmi við ákvörðun um flýtingu framkvæmda.

Jarðgöng.

Dýrafjarðargöng.

Lagt er til að fjárveitingar verði 100 millj. kr. árið 2009 og 900 millj. kr. árið 2010 og er þá við það miðað að framkvæmdir hefjist 2010 og ætti þá að geta lokið árið 2012.

Norðfjarðargöng.

Lagt er til að fjárveitingar verði 600 millj. kr. 2009 og 1.700 millj. kr. árið 2010. Framkvæmdir hefjast samkvæmt þessu árið 2009 og stefnt að verklokum 2012.

Vaðlaheiðargöng.

Í gildandi samgönguáætlun 2007–2010 er gert ráð fyrir að Vaðlaheiðargöng verði fjármögnuð með sérstakri fjáröflun. Nú liggur fyrir, hver sú fjáröflun er. Göngin verða fjármögnuð í einkaframkvæmd með veggjöldum, sem standa munu undir helmingi kostnaðar. Gert er ráð fyrir að hluti ríkisins í göngunum greiðist með jöfnum árlegum greiðslum eftir að framkvæmdatíma lýkur árið 2011 í 25 ár.

Grímseyjarferja.

Í gildandi vegáætlun fyrir árin 2007–2010 var gert ráð fyrir stofnkostnaði vegna Grímseyjarferju, 260 millj. kr. 2008 og 140 millj. kr. 2009, inni í tölum til ferja og flóabáta í liðnum almenningssamgöngur í rekstrarhluta áætlunarinnar.

Ljóst er orðið að kostnaður við verk þetta verður meiri en fyrrgreindar 400 millj. kr. Að auki eiga þessar fjárveitingar heima með öðrum stofnkostnaði í grunnneti. Í samræmi við það er gerð tillaga um að fjárveitingar verði 260 millj. kr. 2008 og sama upphæð 2009 og verði færðar sem sérstakur liður stofnkostnaðar í grunnneti.

Ferjubryggjur.

Þörf er á betri aðstöðu við ferjubryggjurnar á Brjánslæk og Dalvík. Fé hefur verið veitt úr hafnarbótasjóði til nauðsynlegra framkvæmda við hafnirnar árin 2007 og 2008. Um er að ræða nýja bryggju á Dalvík og lengingu bryggjunnar á Brjánslæk.

Í þessu tilviki er um að ræða mannvirki þar sem líklegt er að viðkomandi sveitarfélag geti ekki fjármagnað sinn hluti. Er þá Vegagerðinni heimilt að sjá um mótframlag og er í því skyni gert ráð fyrir 28 millj. kr. árið 2008.

4.2.2 Framkvæmdir utan grunnnets.

Tengivegir.

Axarvegur.

Lagt er til að hafist verði handa við gerð nýs vegar yfir Öxi. Stefnt er að lokum framkvæmda árið 2011.

Enn fremur er lagt til að kaflar á eftirtöldum vegum verði lagfærðir og styrktir, þar sem þess þarf með, og lagðir bundnu slitlagi:

Meðallandsvegur, Fossar–Fljótakrókur

Vallarvegur, Fljótshlíðarvegur–Markaskarð

Þingskálavegur, Rangárvallavegur–Þingskálar

Grafningsvegur efri, Ýrufossvegur–Úlfljótsvatn
Leirársveitarvegur, Leirá–Svínadalsvegur
Skorradalsvegur, Grund–Hvammur
Framsveitarvegur, Snæfellsnesvegur–golfvöllur
Strandavegur, Bjarnarfjarðarháls–Klúka
Vatnsdalsvegur, Hvammur–Hringvegur
Skagafjarðarvegur, Hafgrímsstaðir–Sölvanes
Hörgárdalsvegur, Brakandi–Björg
Dagverðareyrarvegur, Hringvegur–Gásir
Illugastaðavegur, Slitlagsendi–Illugastaðir
Knarrarbergsvegur, Veigastaðavegur–Leifsstaðir
Borgarfjarðarvegur, Lagarfossvegur–Unaós
Hróarstunguvegur, Hringvegur–Blanda og Hitaveita–Hringvegur
Bundið slitlag við sveitabæi á Norðausturlandi

Þjóðgarðavegir.

Dettifossvegur.

Lögð er til fjárveiting til að ljúka gerð vegarins árið 2010.

Sérstök fjáröflun.

Vaðlaheiðargöng.

Í gildandi áætlun fyrir árin 2007–2010 var gert ráð fyrir að af sérstakri fjáröflun kæmu 100 millj. kr. á ári 2008–2010 til Vaðlaheiðarganga. Nú hefur verið ákveðið með hvaða hætti Vaðlaheiðargöng verða fjármögnuð og lækkar hin sérstaka fjáröflun því um 100 millj. kr. á ári 2008–2010.

Suðurlandsvegur.

Í gildandi áætlun fyrir árin 2007–2010 var gert ráð fyrir að af sérstakri fjáröflun komi 1.400 millj. kr. til tvöföldunar Suðurlandsvegar í Suðurkjördæmi. Af skipulagsástæðum er ekki fyrirsjánlegt að unnt verði að nota alla fjárveitinguna á árinu 2008 og færist hluti hennar því til ársins 2009. Á þessu stigi er gert ráð fyrir að sérstök fjáröflun fyrir Suðurlandsveg frá Hveragerði að sýslumörkum Gullbringusýslu verði í formi einkaframkvæmdar. Vegurinn verður fjármagnaður af ríkissjóði með jöfnum árlegum greiðslum eftir að framkvæmdum lýkur árið 2010 í 25 ár.

Vesturlandsvegur.

Í gildandi áætlun fyrir árin 2007–2010 var gert ráð fyrir að af sérstakri fjáröflun komi 800 millj. kr. til tvöföldunar Vesturlandsvegar á Kjalarnesi. Af skipulagsástæðum er ekki fyrirsjánlegt að unnt verði að nota alla fjárveitinguna á árinu 2008 og færist hluti hennar því til ársins 2009.

821. Frumvarp til laga [520. mál]

um Landeyjahöfn.

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að styrkja samgöngur milli lands og Vestmannaeyja með því að setja reglur um uppbyggingu og rekstur ferjuhafnar í Bakkafjöru á Landeyjum, Rangárþingi eystra, sem hefur hlotið heitið Landeyjahöfn.

2. gr.
Fjármögnun og yfirstjórn.

Samgönguráðherra fer með yfirstjórn málefna Landeyjahafnar nema annað sé ákveðið í öðrum lögum og annast Siglingastofnun Íslands þátt ríkisins samkvæmt lögunum nema lög kveði á um annað.

Landeyjahöfn skal byggð og rekin fyrir framlög úr ríkissjóði eins og þau eru ákveðin í samgönguáætlun og fjárlögum hverju sinni.

3. gr.
Eignarhald og rekstur hafnarinnar.

Landeyjahöfn er að fullu í eigu íslenska ríkisins.

Siglingastofnun Íslands hefur umsjón með byggingu og rekstri Landeyjahafnar, ber ábyrgð á rekstri hennar og fer með verkefni hafnarstjórnar samkvæmt hafnalögum.

Með rekstri hafnarinnar er átt við forræði yfir höfn og hafnarsvæði, þ.m.t. uppbygging hafnarinnar, viðhald og rekstur.

Eignum og tekjum Landeyjahafnar má aðeins verja í viðhald og rekstur hafnarinnar.

Siglingastofnun Íslands er heimilt að gera þjónustusamning um rekstur hafnarinnar og hefur eftirlit með framkvæmd hans. Um hann gilda reglur um þjónustusamninga ríkisins.

4. gr.
Eignarnámsheimild.

Samgönguráðherra er heimilt að ákveða, að fengnum tillögum Siglingastofnunar Íslands, að ríkið taki eignarnámi nauðsynlegt land fyrir Landeyjahöfn, enda komi fullar bætur fyrir.

Landeiganda ber að leyfa efnistöku í landi sínu á því efni sem þarf til hafnargerðarinnar, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, enda komi fullar bætur fyrir. Þá er samgönguráðherra heimilt að ákveða, að fengnum tillögum Siglingastofnunar Íslands, að ríkið taki eignarnámi land er þarf fyrir varnargarða meðfram Markarfljóti og Álunum og sjóvarnargarða, svo og land til þess að gera brautir og vegi er því tengjast.

Samgönguráðherra afhendir Siglingastofnun Íslands þau verðmæti sem tekin eru eignarnámi skv. 1. og 2. mgr.

Það er ekki skilyrði þess að eignarnám skv. 1. eða 2. mgr. geti farið fram að áður hafi verið leitað samninga um land við landeigendur, hvort sem er vegna lands eða efnistöku.

Um framkvæmd eignarnáms og ákvörðun eignarnámsbóta fer eftir lögum nr. 11/1973, um framkvæmd eignarnáms.

5. gr.
Landgræðsla.

Landeiganda er skylt að heimila uppgræðslu sands á Bakkafjöru sem nauðsynleg er að mati Siglingastofnunar Íslands og Landgræðslu ríkisins til að hefta sandfok við Landeyjahöfn og aðkomuvegi að höfninni án þess að til komi bætur. Mörk landgræðslusvæðis eru frá stórstraumsfjöruborði í suðri, Bakkaflugvelli og upp að Álunum í norðri, Markarfljóti í austri og vatnsleiðslu Vestmannaeyjabæjar í vestri.

Landeigandi hefur ekki heimild til að nýta land sem ræktað er samkvæmt ákvæði þessu til beitar eða á nokkurn annan hátt nema með samþykki Landgræðslu ríkisins.

6. gr.
Reglugerðarheimild.

Heimilt er að setja reglugerð um Landeyjahöfn þar sem m.a. mörk hafnarinnar bæði á sjó og landi eru nánar tilgreind, fram koma starfsheimildir hafnarinnar og heimild til umferðar á hafnarsvæðinu auk annarra atriða er varða öryggi, mengunarvarnir og slysavarnir í höfninni.

7. gr.
Gjaldtökuheimild.

Ráðherra er heimilt að setja gjaldskrá til innheimtu gjalda vegna kostnaðar við þjónustu og framkvæmd einstakra verka sem tengjast rekstri Landeyjahafnar. Um gjaldtökuheimild skal taka mið af 17. gr. hafnalaga, nr. 61/2003, eftir því sem við á.

Kostnaður við rekstur hafnarinnar greiðist að öðru leyti af framlögum sem ákvörðuð eru í samgönguáætlun í samræmi við ákvæði fjárlaga hverju sinni.

8. gr.
Gildissvið.

Þar sem lögum þessum sleppir gilda ákvæði hafnalaga, nr. 61/2003, eftir því sem við á.

9. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að byggð verði ferjuhöfn í Bakkafjöru á Landeyjum sem alfarið verður fjármögnuð úr ríkissjóði og rekin af ríkinu. Hér er því lögð til einstök hafnarframkvæmd og er ljóst að þessi höfn fellur ekki að öllu leyti undir hafnalög, nr. 61/2003, með síðari breytingum. Þykir því nauðsynlegt að sett verði sérlög sem gilda um þessa tilteknu ferjuhöfn eingöngu og er frumvarp þetta samið í því skyni. Frumvarpinu er ætlað að ganga framar hafnalögum, en þar sem því sleppir gilda hafnalög eftir því sem við á.

Upphaf málsins um ferjuhöfn í Landeyjum er að rekja til þingsályktunartillögu um rannsóknir á ferjuaðstöðu við Bakkafjöru undan Vestmannaeyjum sem samþykkt var á 126. löggjafarþingi 2000–2001. Flutningsmenn hennar voru Árni Johnsen, Drífa Hjartardóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir, Hjálmar Árnason, Guðmundur Hallvarðsson, Ísólfur Gylfi Pálmason, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Kristján L. Möller og Jón Kristjánsson. Tillagan var svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að hlutast til um við Siglingastofnun Íslands að hún hefji sem fyrst rannsóknir á ferjuaðstöðu við Bakkafjöru og öðrum aðstæðum í tengslum við ferjuleið frá Vestmannaeyjum að Bakkafjöru.“

Í greinargerð með tillögunni kom m.a. fram að slík framkvæmd mundi gjörbylta samgöngum milli lands og Eyja og allri aðstöðu á Suðurlandsundirlendinu. Ferðir yrðu farnar á 30–60 mínútna fresti og siglingatími gæti farið allt niður í 20 mínútur.

Í framhaldinu skipaði þáverandi samgönguráðherra starfshóp til að fjalla um samgöngur til Vestmannaeyja. Starfshópurinn, sem starfaði undir forustu Páls Sigurjónssonar verkfræðings, skilaði lokaskýrslu árið 2006 þar sem m.a. var mælt með þessari leið til að bæta samgöngur milli lands og Eyja.

Þegar niðurstöður starfshópsins lágu fyrir skipaði þáverandi samgönguráðherra, í júlí 2006, stýrihóp til að vinna að forathugun og forhönnun ferjuhafnar í Bakkafjöru á Landeyjasandi sem lið í bættum almenningssamgöngum milli Vestmannaeyja og fastalandsins. Í skipunarbréfi stýrihópsins var miðað við að hin nýja ferja hæfi siglingar milli lands og Eyja árið 2010 ef niðurstöður hans yrðu jákvæðar.

Stýrihópurinn skilaði skýrslu í mars 2007 þar sem kom fram að niðurstöður rannsókna væru mjög jákvæðar. Var það álit stýrihópsins að gerð ferjuhafnarinnar væri góður kostur fyrir almenningssamgöngur milli lands og Eyja um langa framtíð. Stýrihópurinn lagði því til við þáverandi samgönguráðherra að ákveða að ráðast í gerð ferjuhafnarinnar og smíði nýrrar ferju þannig að fljótlega yrði unnt að hefjast handa við frekari undirbúning að gerð hafnarinnar.

Ákveðið hefur verið að fara að tillögum stýrihópsins og hefjast handa við gerð ferjuhafnar sem alfarið skal kostuð úr ríkissjóði og er í samgönguáætlun 2007–2010 og fjárlögum 2008 gert ráð fyrir hafnarframkvæmdum í Bakkafjöru.

Í frumvarpinu er lagður til rammi um framkvæmdir og rekstrarform ferjuhafnarinnar sem lagt er til að nefnist Landeyjahöfn. Gengur frumvarpið framar gildandi hafnalögum, nr. 61/2003, með síðari breytingum, enda ljóst að eðli málsins samkvæmt eiga ýmis ákvæði hafnalaga ekki við um Landeyjahöfn. Þar sem frumvarpinu sleppir er lagt til að hafnalögin gildi, eftir því sem við á.

Frumvarpið fjallar fyrst og fremst um fjármögnun hafnarframkvæmdanna og eignarhald og rekstrarform hafnarinnar að framkvæmdum loknum.

Er lagt til að framkvæmdir við gerð Landeyjahafnar og rekstur verði að öllu leyti fjármagnaðar með framlögum úr ríkissjóði í samræmi við ákvörðun löggjafarvaldsins hverju sinni. Yfirstjórn málefna hafnarinnar verður hjá samgönguráðherra en Siglingastofnun Íslands er falin framkvæmd laganna og verður rekstur og uppbygging hafnarinnar í höndum stofnunarinnar.

Jafnframt er lagt til að Siglingastofnun geti gert þjónustusamning um reksturinn í samræmi við almennar reglur um þjónustusamninga ríkisins.

Til að tryggja það land sem þarf fyrir höfnina hefur frumvarpið að geyma eignarnámsheimild enda er landið forsenda þess að framkvæmdir geti átt sér stað. Eins og fram kemur í 1. gr. frumvarpsins er markmið þess að bæta samgöngur milli lands og Eyja og eru því augljósir almannahagsmunir fólgnir í því að af gerð hafnarinnar verði.

Eignarnámsheimildin er fengin samgönguráðherra fyrir hönd ríkisins en lagt er til að Siglingastofnun Íslands geri tillögur að eignarnáminu enda sér stofnunin um byggingu og framkvæmdir við hafnargerðina og er því best í stakk búin til að gefa leiðbeiningar um hver landþörfin er. Eignarnámsheimildinni, hvað varðar land fyrir höfnina, er ekki ætlað að taka til

meira lands en nauðsynlegt er fyrir höfnina sjálfa og þau mannvirki sem beinlínis tengjast henni.

Þá er sams konar eignarnámsheimild vegna efnis sem þarf til hafnargerðarinnar og er sú heimild óháð eignarnámsheimild vegna landsins enda fyrirliggjandi að efnistaka fer fram annars staðar en á því landi sem er við höfnina. Að auki er lögð til heimild til eignarnáms vegna varnargarða og annars sem tengist hafnargerðinni og er órjúfanlegur hluti hennar.

Þá er lagt til ákvæði þess efnis að ekki þurfi að leita samninga við landeigendur áður en eignarnámið fer fram og helgast það af því að þegar hafa verið fullreyndir samningar við landeigendur um land fyrir höfnina. Engin niðurstaða hefur orðið af þeim samningaviðræðum og ekki við að búast að hún fáist þótt frumvarp þetta verði að lögum. Þykir því ekki ástæða til að framgangur málsins tefjist af þeim sökum.

Um framkvæmd eignarnáms og ákvörðun eignarnámsbóta er síðan lagt til að farið verið að lögum nr. 11/1973, um framkvæmd eignarnáms.

Fyrir liggur að græða þarf upp sanda í Bakkafjöru til að hefta sandfok við höfnina og umhverfi hennar. Samningur er milli Landgræðslunnar og landeigenda í Landeyjum um uppgræðslu sandanna en hins vegar er talið nauðsynlegt að tryggja til frambúðar rétt til að rækta upp mela og sanda til að hefta sandfok, enda má gera ráð fyrir að slík ræktun komi landeigendum jafnframt til góða. Er því lagt til að þeir verði að þola slíka uppgræðslu endurgjaldslaust. Samhliða þykir nauðsynlegt að setja bann við nýtingu uppgrædds svæðis nema að fengnu leyfi Landgræðslunnar sem mun hafa umsjón með uppgræðslunni.

Lagt er til að heimilt verði að setja höfninni reglugerð og að hún hafi sambærilegar gjaldtökuheimildir og aðrar hafnir en þar sem höfnin er að öllu leyti fjármögnuð úr ríkissjóði getur hún ekki niðurgreitt þjónustu sína í samkeppni við aðra.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Landeyjahöfn.

Með frumvarpi þessu er lagt til að byggð verði ferjuhöfn í Bakkafjöru í Landeyjum sem alfarið verði fjármögnuð úr ríkissjóði og rekin af ríkinu.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er gert ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs verði eins og áður hefur verið ákveðið í fjárlögum fyrir árið 2008 og samgönguáætlun. Heildarkostnaður ríkissjóðs við gerð Landeyjahafnar er áætlaður 3.108 m.kr. og skiptist hann þannig að 835 m.kr. falla til árið 2008, 1.416 m.kr. árið 2009 og 857 m.kr. árið 2010.

822. Frumvarp til laga [521. mál]

um breyting á ýmsum lögum vegna breytts fyrirkomulags á skráningu og þinglýsingu skipa.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

I. KAFLI

Breyting á þinglýsingalögum, nr. 39/1978, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað orðsins „rúmlestir“ í 40. gr. laganna kemur: brúttótonn.

2. gr.

Í stað orðsins „rúmlestir“ í 41. gr. laganna kemur: brúttótonn.

3. gr.

2. mgr. 42. gr. laganna orðast svo:

Nú er skrásett skip er þessi kafli laganna tekur til flutt á milli umdæma. Verður þá aðgangur þinglýsingarstjóra í því umdæmi sem skip er flutt til virkur eftir umskráningu skips í aðalskipaskrá. Þinglýst skjöl um skipið skulu vera aðgengileg á tölvutæku formi í skipabók þinglýsingarstjóra.

4. gr.

Fyrirsögn V. kafla laganna verður: **Þinglýsing um skrásett skip, 5 brúttótonn og stærri.**

5. gr.

Í stað orðanna „5 rúmlestir“ í 1. mgr. og 1. málsl. 2. mgr. 43. gr. laganna kemur: 5 brúttótonn.

6. gr.

Í stað orðanna „5 rúmlestir“ í 44. gr. laganna kemur: 5 brúttótonn.

7. gr.

1. mgr. 45. gr. laganna orðast svo:

Nú er skráð skráningarskylt skip innan 5 brúttótonna flutt á milli skráningarumdæma. Verður þá aðgangur þinglýsingarstjóra í því umdæmi sem skip er flutt til virkur eftir umskráningu skips í aðalskipaskrá. Þinglýst skjöl um skipið skulu vera aðgengileg á tölvutæku formi í skipabók þinglýsingarstjóra.

8. gr.

Fyrirsögn VI. kafla laganna verður: **Þinglýsing um skrásett skráningarskyld skip minni en 5 brúttótonn.**

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 115/1985, um skráningu skipa, með síðari breytingum.

9. gr.

3. mgr. 13. gr. laganna orðast svo:

Nú veldur hið nýja heimilisfang því að skip er flutt á milli þinglýsingaumdæma. Verður þá aðgangur í skipabók þinglýsingarstjóra í því umdæmi sem skip er flutt til virkur eftir umskráningu skips í aðalskipaskrá. Réttaráhrif þinglýsingar rofna ekki vegna flutningsins.

III. KAFLI

Breyting á siglingalögum, nr. 34/1985, með síðari breytingum.

10. gr.

Í stað orðanna „5 rúmlestir“ í 3. gr. laganna kemur: 5 brúttótonn.

IV. KAFLI

Breyting á lögum nr. 90/1991, um nauðungarsölu, með síðari breytingum.

11. gr.

Í stað orðsins „rúmlestir“ í 2. mgr. 17. gr. laganna kemur: brúttótonn.

V. KAFLI

Breyting á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, með síðari breytingum.

12. gr.

Í stað orðsins „brúttósmálestum“ í 1. mgr. 16. gr. laganna kemur: brúttótonnum.

VI. KAFLI

Gildistaka.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2008.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fyrir 1. september 2008 skulu sýslumenn hafa skráð og skannað allar gildandi þinglýstar upplýsingar um skip í tölvufært þinglýsingarkerfi. Fram til þess tíma er þinglýsingarstjóra í því umdæmi sem skip er flutt frá þó áfram heimilt að senda þinglýsingarstjóra í umdæmi því sem skip er flutt til öll skjöl sem í gildi eru um skipið, en staðfest endurrit eða ljósrit ef um er að ræða skjöl sem bundin hafa verið í afsals- og veðmálabækur fyrir gildistöku laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er að nokkru byggt á sömu sjónarmiðum og fram komu í frumvarpi um sama efni sem lagt var fram á Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006, en varð ekki að lögum. Frumvarpið er samið í samvinnu samgönguráðuneytisins, Siglingastofnunar Íslands, dóms- og kirkjumálaráðuneytis og Fasteignamats ríkisins.

Með frumvarpi þessu er þó ekki lagt til, eins og í framangreindu frumvarpi, að færsla þinglýsingarbóka skipa og báta verði hjá einu sýslumannsembætti, sýslumanninum á Ísafirði. Þá er það ekki markmið frumvarpsins að framkvæmd nauðungarsölu skipa verði hjá sýslumanninum á Ísafirði. Hins vegar má segja að önnur markmið framangreinds frumvarps séu í samræmi við frumvarp þetta en þau eru einkum:

1. Að taka upp samræmdan þinglýsingargagnagrunn fyrir skip í þinglýsingarkerfi Landskrár fasteigna. Í dag er þinglýsingarbók fyrir skip tölvufærð hjá nokkrum sýslumannsembættum en hjá öðrum embættum er þinglýsingarbókin lausblaðabók. Gert er ráð fyrir að þinglýst skjöl verði aðgengileg á tölvutæku formi í skipaskrá þinglýsingarstjóra. Markmiðið er að tryggja samræmi milli aðalskipaskrár og þinglýstra heimilda um skip. Með þessum breytingum verður skipabók þinglýsingarstjóra tengd aðalskipaskrá Siglingastofnunar Íslands er annast skráningar í aðalskipaskrá. Með því móti er framkvæmd þinglýsinga einfölduð og verður ekki lengur nauðsynlegt að senda tilkynningar um breytta skráningu frá Siglingastofnun til sýslumannsembætta og tilkynningar um þinglýsingar frá sýslumannsembættum til Siglingastofnunar.
2. Með frumvarpi þessu er lagt til að breyta stærðarviðmiðunum skipa í 5 brúttótonn í stað brúttórúmlesta, en ekki er gert ráð fyrir neinni efnisbreytingu á fyrrnefndum reglum og munu þær taka til svipaðs fjölda skipa og verið hefur. Um nánari ástæður þess að breyta úr rúmlestum í brúttótonn vísast til athugasemda við 1. gr. frumvarpsins.

Siglingastofnun Íslands heldur aðalskipaskrá yfir öll skip sem skráð eru samkvæmt lögum nr. 115/1985, um skráningu skipa. Sýslumenn þinglýsa eignarheimildum, veðböndum og kvöðum á skip, hver í sínu umdæmi. Þegar skip er frumskráð hjá Siglingastofnun ber stofnuninni að senda „hlutaðeigandi þinglýsingarstjóra“ tilkynningu um skráninguna og á sama hátt ber stofnuninni að tilkynna síðari breytingar á skráningarumdæmi skips. Á sýslumönnum hvílir einnig tilkynningarskylda til Siglingastofnunar í hvert sinn er breytingar verða á eigendaskráningu skipa. Framkvæmd þessara tilkynninga verður einfaldari nái frumvarpið fram að ganga, eins og áður er komið fram.

Sýslumannsumdæmin eru 25 og heldur hver sýslumaður skipabók yfir þau skip sem skráð eru í umdæminu. Ef skip er selt á milli umdæma þarf að senda „öll skjöl sem í gildi eru“ varðandi skipið frá sýslumanni í eldra umdæmi til sýslumanns í hinu nýja umdæmi. Oft ber aðalskipaskrá Siglingastofnunar og skipabókum sýslumanna ekki saman um eignarheimild svo vikum og mánuðum skiptir. Með því að birta ávallt bæði skráðan eiganda samkvæmt skráningu í skipaskrá og þinglýstan eiganda samkvæmt þinglýsingabók liggur alltaf ljóst fyrir hvar og hvernig í þeirri óvissu liggur ef ekki er samræmi á milli skráðs eiganda og þinglýsts eiganda. Öll skjöl verða kyrr á sama stað verði frumvarp þetta að lögum. Lagt er til með frumvarpi þessu að eignarheimilda- og veðbandaskráning skipa verði hluti af tölvufærðu þinglýsingarkerfi sem sýslumenn nota núna við þinglýsingar vegna fasteigna og bifreiða. Jafnframt er unnið að því á öðrum vettvangi að þinglýsingar annarra eigna, þ.e. lausafjár og loftfara, færist yfir í sama þinglýsingarkerfi, til mikils hagræðis fyrir sýslumenn og aðra hagsmunaaðila. Það er í samræmi við bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins frá 9. september 2005 um bætta virkni þinglýsingarkerfa Landskrár fasteigna í samræmi við átaksverkefni ráðuneytisins í upplýsinga- og fjarskiptatækni (AUFT).

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. og 2. gr.

Ákveðið hefur verið að hætta mælingum skipa eftir mælieiningunni rúmlestir. Reglur nr. 244/1987, um mælingar skipa, kveða á um að frá og með 1. júlí 1987 skuli mæla skip samkvæmt alþjóðasamþykkt um mælingu skipa (International Convention on Tonnage Measurement of Ships) sem undirrituð var í Lundúnum 23. júní 1969 og tók gildi 18. júlí 1982. Í þessum reglum felst að taka þarf upp brúttótonn í stað brúttórúmlesta í mælingum skipa. Vegna mismunandi mælireglna á rýmum í skipum er reiknistuðull fyrir umreikning úr rúm-

lestum í brúttótonn ekki einhlítur. Hér er lagt til að í stað 5 rúmlesta viðmiðunar komi 5 brúttótonna viðmiðun. Samkvæmt aðalskipaskrá eru um 740 skráð skip minni en 5 rúmlestir. Sé miðað við 5 brúttótonn eru 891 skip innan þeirra marka. Skráðum skipum í þessum neðsta flokki fjölgar því nokkuð, en þar sem þetta hefur fyrst og fremst þýðingu varðandi þinglýsingar og ekki þarf að greiða stimpilgjald af skráningu kaupsamninga og afsala er þessi breyting ekki íþyngjandi fyrir þau skip er færast í neðri flokkinn.

Í ljósi framangreinds eru því lagðar til orðalagsbreytingar á ýmsum lögum til þess að tryggja samræmi.

Um 3. gr.

Í 3. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 2. mgr. 42. gr. þinglýsingarlaga, nr. 39/1978, um flutning skipa á milli umdæma. Öll þinglýst skjöl verða skönnuð og við flutning skips á milli umdæma mun ekki lengur þurfa að senda skjöl varðandi skipið til hins nýja þinglýsingarumdæmis heldur verða þau geymd í skjalageymslu hjá því þinglýsingarumdæmi sem skip var skráð áður. Þetta felur í sér mun meira réttaröryggi þar sem pökkun og sending skjala getur leitt til þess að þau misleggist eða týnist. Afrit skjala á löggiltu þinglýstu eintaki verða því geymd í skjalageymslu þess embættis þar sem skip var skráð í upphafi.

Öll sýslumannsembætti munu hafa skoðunaraðgang að skipabókum annarra embætta og geta þar með veitt upplýsingar úr þinglýsingabókum og gefið út þinglýsingarvottorð óháð skráningarumdæmi skips. Hins vegar verður ekki hróflað við ákvæðum 41.gr., 43. gr. og 47.gr. þinglýsingarlaga um það hvar þinglýsing skjala varðandi skip skuli fara fram og mun þinglýsingarkerfið verða aðgangsstýrt þannig að móttaka skjala og þinglýsing mun einskorðast við það umdæmi þar sem skip er skráð.

Um 4.–6. gr.

Sjá athugasemdir við 1. og 2. gr.

Um 7. gr.

Í 7. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 1. mgr. 45. gr. þinglýsingarlaga, nr. 39/1978, um flutning skipa innan 5 brúttótonna á milli umdæma. Eiga hér við sömu rök og þau sem eru að baki 4. gr. frumvarpsins og vísast til athugasemda um þá grein.

Um 8. gr.

Sjá athugasemdir við 1. og 2. gr.

Um 9. gr.

Í 9. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 3. mgr. 13. gr. laga nr. 115/1985, um skráningu skipa. Í greininni er fjallað um skráningu og flutning skips á milli umdæma og kallast efnislega á við ákvæði 4. og 8. gr. frumvarpsins um breytingar á ákvæðum 42. gr. og 47. gr. þinglýsingarlaga, nr. 39/1978.

Lagt er til að við flutning skips á milli umdæma þurfi Siglingastofnun ekki að tilkynna þinglýsingarstjóra í því umdæmi sem það er flutt í um flutninginn, eins og framkvæmdin gerir ráð fyrir, í ljósi þess sem aðgangur að skipabók þinglýsingarstjórans verður virkur við flutninginn. Jafnframt er tekið fram að réttaráhrif þinglýsingar rofni ekki við flutninginn. Eins og fyrr er lýst munu öll þinglýst skjöl verða aðgengileg á tölvutæku formi í skipabók þinglýsingarstjóra og mun því ekki lengur þurfa að senda þinglýst skjöl á milli þinglýsingar-

umdæma við umskráningu skips. Þinglýst eintök skjala munu verða geymd hjá því þinglýsingarembætti þar sem skip var skráð í upphafi. Við umskráningu skips í aðalskipaskrá mun þinglýsingarumdæmi skips breytast sjálfkrafa þannig að við breytingu á skráningarumdæmi skips í aðalskipaskrá mun sjálfkrafa lokast fyrir þinglýsingaraðgang hjá þeim sýslumanni þar sem skip var skráð og opnast fyrir þinglýsingaraðgang hjá sýslumanni í því umdæmi sem skipið flyst til.

Um 10.–12. gr.

Sjá athugasemdir við 1. og 2. gr.

Um 13. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í bráðabirgðaákvæði laganna er lagt til að sýslumönnum verði sett ákveðin tímamörk til þess að hafa lokið innfærslum þinglýstra skjala úr skipabókum embætta í skipabók á rafrænu formi. Á aðalskipaskrá eru í allt ríflega 2000 skip og þar af er stór hluti nú þegar innfærður í eldra rafrænt þinglýsingarkerfi og verður þeim gögnum varpað yfir á hinn nýja þinglýsingargrunn. Það er því álitið að frestur til 1. september sé rúmur tími fyrir sýslumenn til þess að skrá og skanna gögnin og gæti það jafnframt verið tilvalið verkefni fyrir sumarstarfsmenn viðkomandi embætta. Innfærsla úr handfærðum skipabókum í þinglýsingarkerfi Landskrár fasteigna mun fara fram með nánast sama hætti og gert var þegar fasteignabækur sýslumanna voru færðar inn í þinglýsingarhluta Landskrár fasteigna. Þar sem því verkefni er enn ekki að fullu leyti lokið er þekking á verkferlum og vinnulagi við innfærslur nú þegar til staðar hjá sýslumannsembættunum svo ekki ætti að þverða til kostnaðarauki fyrir þá aðila sem að koma, þ.e. sýslumenn og Fasteignamat ríkisins, sérstaklega þar sem ekki er um mörg þinglýsingarandlög að ræða.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á ýmsum lögum vegna breytts fyrirkomulags á skráningu og þinglýsingu skipa.

Markmið frumvarpsins er meðal annars að auka skilvirkni og einfalda kerfi varðandi skráningu og þinglýsingu skráningarskyldra skipa með því að taka upp samræmdan þinglýsingargagnagrunn fyrir skip í þinglýsingarkerfi Landskrár fasteigna hjá Fasteignamati ríkisins og að tryggja samræmi milli aðalskipaskrár og þinglýstra heimilda um skip. Í dag er þinglýsingarbók fyrir skip tölvufærð hjá nokkrum sýslumannsembættum en hjá öðrum embættum er þinglýsingarbókin lausblaðabók. Innfærsla úr handfærðum skipabókum í þinglýsingarkerfi Landskrár fasteigna mun fara fram með nánast sama hætti og viðhafður var þegar fasteignabækur sýslumanna voru færðar í þinglýsingarhluta Landskrár fasteigna.

Samkvæmt áætlun Fasteignamats ríkisins er gert ráð fyrir að stofnkostnaður vegna forritunar og aðlögunar á hugbúnaði verði minni háttar. Þá er gert ráð fyrir að innfærsla gagna og rekstur gagnagrunnsins verði borinn uppi með gjöldum á notendur skrárinnar.

823. Frumvarp til laga [522. mál]

um breytingu á lögum um Póst- og fjarskiptastofnun, nr. 69/2003.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

Við 1. mgr. 5. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Í tengslum við eftirlit og athuganir mála samkvæmt ákvæðum laga um fjarskipti og laga um póstþjónustu sem ekki snúa að fjarskiptafyrirtækjum eða póstrekendum er einstaklingum og lögaðilum skylt að láta Póst- og fjarskiptastofnun í té allar upplýsingar og gögn sem hún telur nauðsynleg.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. Orðin „allir eftir tilnefningu Hæstaréttar“ í 3. málsl. 1. mgr. falla brott.
b. Í stað orðsins „fjögur“ í 5. málsl. 1. mgr. kemur: tvö.
c. Í stað orðsins „átta“ í 2. mgr. kemur: tólf.
d. 3.–5. mgr. orðast svo:

Nú vill aðili ekki una úrskurði nefndarinnar og getur hann þá borið úrskurðinn undir dómstóla, en slíkt mál skal höfða innan þriggja mánaða frá því að viðkomandi fékk vitneskju um úrskurð nefndarinnar. Póst- og fjarskiptastofnun getur borið úrskurð nefndarinnar undir dómstóla. Málshöfðun frestar ekki gildistöku úrskurða nefndarinnar.

Aðili getur borið ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar undir dómstóla án þess að mál sé fyrst borið undir úrskurðarnefnd. Slíkt mál skal höfðað innan þriggja mánaða frá því að viðkomandi fékk vitneskju um ákvörðun stofnunarinnar. Málshöfðun frestar ekki réttaráhrifum ákvarðana stofnunarinnar. Málskot til dómstóla hindrar að úrskurðarnefnd sé heimilt að taka kæru til málsmeðferðar.

Taka skal gjald vegna málskots fjarskiptafyrirtækja og póstrekenda til úrskurðarnefndar og málsmeðferðar fyrir nefndinni. Gjaldið skal miðast við kostnað vegna þóknunar nefndarmanna, reksturs málsins fyrir nefndinni, starfsaðstöðu, sérfræðiaðstoð og gagnaöflun. Úrskurðarnefndin skal kveða á um fjárhæð gjalds í úrskurði sínum. Séu fleiri en eitt fjarskiptafyrirtæki eða póstrekandi aðili að máli skal úrskurðarnefnd skipta kostnaðinum á milli aðila með hliðsjón af niðurstöðu máls að teknu tilliti til heildarveltu viðkomandi fyrirtækja á fjarskipta- eða póstmarkaði. Ekki er heimilt að gera notendum fjarskipta- og póstþjónustu eða Póst- og fjarskiptastofnun að greiða gjald samkvæmt ákvæði þessu. Gjöld samkvæmt þessari grein eru aðfararhæf.

e. Við greinina bætast tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Þóknun úrskurðarnefndar vegna málskots notenda fjarskipta- og póstþjónustu og málsmeðferðar fyrir nefndinni skal ákveðin af ráðherra og greiðist úr ríkissjóði. Úrskurðarnefnd getur að fengnu samþykki samgönguráðherra ráðið nefndinni starfslið, kallað sérfróða menn sér til aðstoðar eða falið sjálfstætt starfandi aðila að sjá um skrifstofuhald fyrir nefndina.

Um starfshætti nefndarinnar, starfsstöð, málsmeðferð, birtingu og aðfararhæfi, frestun réttaráhrifa, útgáfu, málskotsgjöld og kostnað lögaðila o.fl. skal mælt fyrir í reglugerð sem ráðherra setur.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Samgönguráðherra skal skipa úrskurðarnefnd í samræmi við ákvæði 2. gr. laga þessara án ástæðulauss dráttar og eigi síðar en 1. júlí 2008.

Úrskurðarnefnd sem er að störfum fyrir gildistöku laga þessara skal ljúka meðferð þeirra kærumála sem borist hafa nefndinni fyrir gildistöku laganna, enda hafi málsmeðferð vegna þeirra hafist hjá nefndinni. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að bera undir dómstóla úrskurði kærunefndar samkvæmt ákvæði þessu sem falla eftir gildistöku laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu eru í fyrsta lagi lagðar til breytingar á 1. mgr. 5. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun, að því er varðar eftirlitsúrræði Póst- og fjarskiptastofnunar. Ákvæði 5. gr. laganna eiga það sameiginlegt að fjalla aðeins um eftirlit stofnunarinnar með fjarskiptafyrirtækjum og póstrekendum. Það er hins vegar svo að lög um fjarskipti og lög um póstþjónustu hafa að geyma fjölmörg ákvæði sem beinast að öðrum en fjarskiptafyrirtækjum og póstrekendum. Póst- og fjarskiptastofnun hefur skort eftirlitsúrræði gagnvart slíkum aðilum og er hér lagt til að bætt verði úr þeim skorti. Lagt er til að einstaklingum og lögaðilum, öðrum en fjarskiptafyrirtækjum og póstrekendum, sé skylt að láta Póst- og fjarskiptastofnun í té upplýsingar og gögn sem stofnunin metur nauðsynleg í tengslum við eftirlit og athuganir sem tengjast málum sem um er fjallað í ákvæðum laga um fjarskipti og póstþjónustu.

Í frumvarpinu eru einnig lagðar til umtalsverðar breytingar á fyrirkomulagi endurskoðunar ákvarðana Póst- og fjarskiptastofnunar. Ákvæði 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun, eru að stofni til frá árinu 1996 en ljóst er að aðstæður á fjarskiptamarkaði hafa breyst verulega síðan þá. Samkeppni hefur aukist töluvert og ríkissjóður hefur hætt öllum afskiptum af fjarskiptarekstri og selt Landssíma Íslands hf. Ákvarðanir Póst- og fjarskiptastofnunar hafa á undanförnum árum orðið sífellt umfangsmeiri og flóknari og byggjast þær oft á ítarlegum hagfræði,- lögfræði- og tæknilegum greiningum á fjölmörgum undirmörkuðum fjarskiptamarkaðarins. Slíkar ákvarðanir geta verið í vinnslu mánuðum eða jafnvel árum saman og er samráð haft við markaðsaðila og Eftirlitsstofnun EFTA áður en endanleg ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar liggur fyrir. Þessar ákvarðanir eru kæranlegar til úrskurðarnefndar um fjarskipta- og póstmál. Ákvarðanir Póst- og fjarskiptastofnunar sem kærðar voru til úrskurðarnefndar á árum áður voru mun minni og einfaldari í sniðum. Því þykir nú eðlilegt að ákvarðanir sem stofnunin tekur geti gengið beint til dómstóla til endurskoðunar án viðkomu hjá úrskurðarnefnd. Jafnframt hefur kostnaður vegna starfa nefndarinnar aukist verulega og því er nú lagt til að tekið verði upp málskotsgjald vegna kæru lögaðila til nefndarinnar sem standi undir rekstri mála fyrir henni. Um leið er lagt til að skipan nefndarinnar verði breytt og hún taki mið af breyttu umhverfi. Þá er lagt til að Póst- og fjarskiptastofnun geti skotið niðurstöðum úrskurðarnefndarinnar til dómstóla.

Helstu breytingar sem lagt er til að gerðar verði á 13. gr. eru eftirfarandi: Í fyrsta lagi er lagt til að málsaðili geti valið hvort hann beri ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar undir sérstaka úrskurðarnefnd eða beint undir dómstóla. Samkvæmt núgildandi lögum þarf málsaðili að tæma kæruleið innan stjórnsýslunnar áður en til höfðunar dómsmáls getur komið. Í öðru lagi er lagt til að Póst- og fjarskiptastofnun geti skotið úrskurðum úrskurðarnefndar til dómstóla, en sú heimild er ekki fyrir hendi í gildandi lögum. Í þriðja lagi eru lagðar til breyt-

ingar á skipun úrskurðarnefndar þannig að skipunartímabil styttist úr fjórum árum í tvö ár og að samgönguráðherra skipi nefndarmenn án sérstakrar tilnefningar Hæstaréttar eins og verið hefur. Í fjórða lagi er gert ráð fyrir að tekið verði upp gjald vegna kæru lögaðila til nefndarinnar. Þá eru að lokum lagðar til breytingar á málsmeðferðartíma og málshöfðunarfrestum. Lagt er til að hámarksmálsmeðferðartími fyrir úrskurðarnefnd verði lengdur úr átta vikum í tólf vikur og að málshöfðunarfrestur vegna höfðunar dómsmáls verði styttur úr sex mánuðum í þrjá.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 5. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun, er kveðið á um eftirlitsúrræði Póst- og fjarskiptastofnunar. Ákvæði greinarinnar eiga það sameiginlegt að fjalla aðeins um eftirlit stofnunarinnar með fjarskiptafyrirtækjum og póstrekendum. Það er hins vegar svo að lög um fjarskipti og lög um póstþjónustu hafa að geyma fjölmörg ákvæði sem beinast að öðrum en fjarskiptafyrirtækjum og póstrekendum. Póst- og fjarskiptastofnun hefur skort eftirlitsúrræði gagnvart slíkum aðilum og er hér lagt til að bætt verði úr þeim skorti. Lagt er til að einstaklingum og lögaðilum, öðrum en fjarskiptafyrirtækjum og póstrekendum, sé skylt að láta Póst- og fjarskiptastofnun í té upplýsingar og gögn sem stofnunin metur nauðsynleg í tengslum við eftirlit og athuganir sem tengjast málum sem um er fjallað í ákvæðum laga um fjarskipti og póstþjónustu.

Sem dæmi um ákvæði fjarskiptalaga og póstþjónustulaga sem leggja skyldur á aðra aðila en fjarskiptafyrirtæki eða póstrekendur má nefna eftirfarandi lagaákvæði:

1. Ákvæði 7. gr. fjarskiptalaga er kveður á um úthlutun tíðna til útvarpsstöðva og aðila sem starfrækja þráðlausan fjarskiptabúnað til eigin nota (t.d. farstöðvakerfi leigubílastöðva og björgunarsveita).
2. Ákvæði 46. gr. fjarskiptalaga um óumbeðin fjarskipti sem setja tilteknar skorður á aðila sem nota fjarskiptatæknina við beina markaðssetningu.
3. Ákvæði 5. mgr. 47. gr. fjarskiptalaga varðandi þagnarskyldu þess sem fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekur við fjarskiptamerkjum eða hlustar á símtöl er varða annan aðila.
4. Ákvæði 48. gr. fjarskiptalaga er kveður á um fyrirkomulag við hljóðritun símtala.
5. Ákvæði 60. gr. fjarskiptalaga er varðar fyrirkomulag innanhússfjarskiptalagna í húsnæði áskrifenda fjarskiptaþjónustu.
6. Ákvæði 62. gr. fjarskiptalaga er varðar leyfisveitingu Póst- og fjarskiptastofnunar varðandi þráðlausan sendibúnað.
7. Ákvæði 64. gr. varðandi úrræði Póst- og fjarskiptastofnunar gagnvart fjarskiptabúnaði sem truflar önnur fjarskipti eða raskar öryggi fjarskipta.
8. Ákvæði 65. gr. fjarskiptalaga er varðar markaðssetningu einstaklinga eða lögaðila á fjarskiptabúnaði og kröfu um CE-merkingu slíks búnaðar.
9. Ákvæði 66. gr. fjarskiptalaga er varðar markaðseftirlit Póst- og fjarskiptastofnunar með söluaðilum fjarskiptabúnaðar.
10. Ákvæði 68. gr. fjarskiptalaga er varðar heimildir talstöðvavarða og radíóáhugamanna til starfrækslu þráðlauss fjarskiptabúnaðar og útgáfu Póst- og fjarskiptastofnunar á skírteinum þar að lútandi.
11. Ákvæði 69. gr. fjarskiptalaga er varðar heimild fjarskiptafyrirtækja til aðgangs að landi í eigu annarra.

12. Ákvæði 71. gr. fjarskiptalaga um vernd fjarskiptavirkja gagnvart ágangi landeigenda, verktaka og sjófarenda.
13. Ákvæði 25. gr. póstþjónustulaga um skyldu til að flytja póstsendingar.
14. Ákvæði 26. gr. póstþjónustulaga er varða öryggi í póstflutningum.
15. Ákvæði 33. gr. póstþjónustulaga er varða óheimilar póstsendingar.
16. Ákvæði 34. gr. fjarskiptalaga er varða umbúðir póstsendingar.

Um 2. gr.

Í a-lið greinarinnar er fallið er frá því fyrirkomulagi að nefndarmenn í úrskurðarnefnd séu skipaðir eftir tilnefningu Hæstaréttar, eins og nú er, en gert er ráð fyrir að áfram sitji í nefndinni þrír menn sem skipaðir verða af samgönguráðherra og jafnmargir til vara. Skipunarvaldið verður því áfram hjá samgönguráðherra. Í b-lið greinarinnar er síðan kveðið á um að skipunartími nefndarinnar verði styttur úr fjórum árum í tvö.

Tilgangur breytinga þessara eru í fyrsta lagi að skjóta styrkari stoðum undir þá meginreglu íslenskrar stjórnskipunar að ráðherrar, hver á sínu sviði, fari í reynd með æðstu yfirstjórn stjórnsýslunnar og beri ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum í samræmi við 14. gr. stjórnarskrárinnar. Þegar komið er á fót sjálfstæðum stjórnsýslunefndum (úrskurðarnefndum) sviptir löggjafinn ráðherra almennum stjórnunar- og eftirlitsheimildum yfir hlutaðeigandi nefnd. Þetta verður enn augljósara með tilliti til ábyrgðar ráðherra þegar utanaðkomandi aðili tilnefnir þá nefndarmenn sem ráðherra ber að skipa og enn fremur þegar skipunartími er tiltölulega langur. Því er þessi skipan mála undantekning frá almennum stjórnskipunarreglum. (Sjá um þetta greinar um sjálfstæðar stjórnsýslunefndir eftir Pál Hreinsson, Kristján Andra Stefánsson og Sigurð Tómas Magnússon í 4. tbl. Úlfljóts 2000).

Mikilvægt er að hafa í huga tilurð þess fyrirkomulags sem gildir í dag að samgönguráðherra skipi nefndarmenn eftir tilnefningu Hæstaréttar. Úrskurðarnefndin var sett á laggirnar með lögum nr. 147/1996, um Póst- og fjarskiptastofnun, en með þeim lögum var kveðið á um að úrskurðarnefndin heyrði stjórnskipulega undir ráðuneytið en væri sjálfstæð og óháð ráðuneytinu í daglegum störfum sínum. Fram kemur í athugasemdum með frumvarpi til fyrrgreindra laga að sérstök áhersla hafi verið lögð á sjálfstæði nefndarinnar gagnvart stjórnvöldum. Ný lög voru sett um stofnunina árið 1999, sbr. lög nr. 110/1999, um Póst- og fjarskiptastofnun. Úrskurðarnefndin starfar nú samkvæmt lögum nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Þegar úrskurðarnefndin var fyrst skipuð árið 1996 var megintilgangurinn að tryggja sjálfstæði úrskurðaraðilans gagnvart stjórnvöldum en ríkið var þá stærsti eignaraðilinn að hlutabréfum í Landssímanum hf. Fyrirtækið hefur verið selt og þau sjónarmið og þær sérstöku aðstæður sem áður réttlættu þessa tilhögun á skipan nefndarmanna í úrskurðarnefnd eiga ekki alls kostar við lengur varðandi þau ágreiningsmál sem varða fjarskiptamálin, en langflest mál sem komið hafa til kasta úrskurðarnefndar á síðustu árum varða fjarskiptamál. Örfá mál er varða póstinn hafa komið til kasta nefndarinnar á síðustu árum og hafa þau almennt verið minni háttar og tengst kvörtunum notenda póstþjónustu gagnvart Íslandspósti hf.

Tilgangur framangreindra breytinga er í öðru lagi að lækka þann kostnað sem fallið hefur til vegna starfa úrskurðarnefndarinnar og sýna þannig ráðdeild í meðferð ríkisfjármuna. Kostnaður við rekstur nefndarinnar er um 14 millj. kr. vegna áranna 2006 og 2007. Rekstur úrskurðarnefnda er almennt kostnaðarsöm aðferð fyrir ríkissjóð til að leysa úr ágreiningi. Í svari fjármálaráðherra við fyrirspurn þingmanna á árinu 2004 um kostnað við rekstur nefnda árið 2003 kom í ljós að á því ári kostuðu nefndirnar ríkissjóð 336 millj. kr. Til samanburðar hefur verið nefnt að kostnaður vegna Hæstaréttar hafi verið 103 millj. kr. árið 2004. Verði

frumvarpið að lögum er gert ráð fyrir að töluverður kostnaður falli áfram á samgönguráðuneytið vegna kærumála sem fara fyrir úrskurðarnefnd. Hins vegar er hugsanlegt að einhver mál fari beint til dómstóla og að kostnaður ráðuneytisins lækki vegna þess. Gert er ráð fyrir að fyrirkomulag þetta feli í sér nokkurn sparnað fyrir ríkissjóð í heild. Það ætti að skapa nefndarmönnum aukið kostnaðarlegt aðhald að ráðherra skipi nefndarmenn beint án tilnefningar utanaðkomandi aðila og að skipunartíminn sé tiltölulega stuttur. Í riti sínu „Úrskurðarnefndir í stjórnsýslunni“, sem forsætisráðuneytið gaf út árið 2005 skoðaði Friðgeir Björnsson 58 úrskurðarnefndir. Af þessum 58 úrskurðarnefndum eru aðeins 10 nefndir þar sem allir nefndarmenn eru skipaðir af ráðherra eftir tilnefningu utanaðkomandi aðila. Í 27 nefndum tilnefnir utanaðkomandi aðili hluta nefndarmanna. Ráðherra skipar alla nefndarmenn í 21 nefnd án tilnefningar utanaðkomandi aðila. Má þar m.a. nefnda nefndir eins og yfirskattanefnd, óbyggðanefnd, úrskurðarnefnd um upplýsingamál, úrskurðarnefnd raforkumála, áfrýjunarnefnd neytendamála, kærunefnd útboðsmála, úrskurðarnefnd siglingamála og málskotsnefnd LÍN. Samkvæmt þessu er það algengara en ekki að skipun í úrskurðarnefndir fari fram án tilnefningar. Oft er þó hluti nefndarmanna skipaður í kjölfar tilnefningar. Þá ætti sú breyting sem lögð er til á 4. mgr. 13. gr. laganna og grein verður gerð fyrir hér á eftir að draga úr kostnaði við úrskurðarnefnd sem þessa en sú breyting felst í að opna leið fyrir málsaðila að skjóta ákvörðunum Póst- og fjarskiptastofnunar beint til dómstóla og létta þannig álagi af úrskurðarnefnd.

Í c-lið greinarinnar er kveðið á um að úrskurðir nefndarinnar skuli að jafnaði liggja fyrir innan tólf vikna frá því að kæra berst henni, en ekki innan átta vikna eins og gert er ráð fyrir í gildandi lögum um Póst- og fjarskiptastofnun. Hér er því kveðið á um lengdan málsmeðferðartíma úrskurðarnefndar en reynsla síðustu ára hefur sýnt að átta vikna málsmeðferðartími er ekki raunhæfur. Oft er um stór og flókin mál að ræða þar sem úrskurðarnefnd kallar iðulega eftir skriflegri greinargerð frá Póst- og fjarskiptastofnun vegna viðkomandi kæru, ásamt því sem ofast er um munnlegan málflutning að ræða. Málafjöldi hefur stóraukist síðustu ár og ekki er óalgengt að úrskurðarnefnd hafi samtímis 2–3 mál til meðferðar. Þess ber að geta að nefndarmenn í úrskurðarnefndum af þessu tagi sinna þessum störfum langoftast sem hlutastarfi með annarri vinnu. Málsmeðferðartími hjá þeirri nefnd sem starfað hefur síðustu ár hefur í nokkrum málum farið vel fram yfir þær átta vikur sem kveðið er á um í núgildandi lögum og einnig vel fram yfir þær tólf vikur sem hér er lagt til að verði hámarksmálsmeðferðartími. Mikilvægt er hins vegar að mál dragist ekki fyrir úrskurðarnefnd í meira en tólf vikur þar sem fjarskiptageirinn er því marki brenndur að hröð tækniþróun á sér stað og aðstæður geta verið mjög fljótar að breytast.

Í nýrri 3. mgr. 13. gr. er samkvæmt frumvarpinu kveðið á um að aðili máls geti skotið úrskurði úrskurðarnefndar til dómstóla. Málshöfðunarfrestur er þó styttur úr sex mánuðum í þrjá. Telja verður mikilvægt að mál sem varða ágreining um ákvarðanir Póst- og fjarskiptastofnunar komi sem fyrst til kasta dómstóla og er því rétt að kveða á um styttri málshöfðunarfrest þessara mála. Þetta er í samræmi við sjónarmið er fram koma í rammatilskipun ESB (2002/21/EB) og framkvæmdina hjá langflestum ríkjum ESB. Jafnframt verður að telja líklegt að í málum sem þessum verði óskað flýtimeðferðar í samræmi við 123. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála í héraði. Málshöfðunarfrestur þessi er hliðstæður þeim þriggja mánaða fresti sem kveðið er á um varðandi ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins í 18. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, sbr. 9. gr. laga nr. 67/2006 um breytingu á þeim lögum.

Þá er gert ráð fyrir því nýmæli að Póst- og fjarskiptastofnun geti borið úrskurð úrskurðarnefndar undir dómstóla. Mikilvægt er að stofnunin geti, eftir atvikum, varið fyrir dómstólum niðurstöðu ákvarðanna sinna sem úrskurðarnefnd hefur ógilt eða breytt. Slíkt leiðir óneitanlega til jafnræðis aðila máls og ætti að geta leitt til vandaðri úrlausna úrskurðarnefndar ef nefndarmenn eru meðvitaðir um að Póst- og fjarskiptastofnun geti einnig skotið úrskurðum nefndarinnar til dómstóla. Oft er um að ræða stór og mikilvæg mál sem jafnvel hafa verið til meðferðar hjá Póst- og fjarskiptastofnun í nokkur ár, eins og t.d. ákvarðanir sem teknar eru í kjölfar ítarlegra markaðsgreininga á fjölmörgum undirmörkuðum fjarskiptamarkaðarins. Mál þessi er oft stefnumótandi á markaði og er fyrst og fremst ætlað að stuðla að aukinni samkeppni í fjarskiptum, neytendum til hagsbóta. Því er ljóst að mikilvægt er að stofnunin geti borið úrskurði nefndarinnar undir dómstóla.

Samkvæmt meginreglu stjórnsýsluréttar er úrlausn æðra setts stjórnvalds um skýringu á lögum bindandi fyrir lægra sett stjórnvald. Getur hið lægra setta stjórnvald því aðeins hlutast til um að fá úrskurði æðra setts stjórnvalds (t.d. úrskurðarnefndar) hnekkt að til staðar sé ótvíræð lagaheimild fyrir það að skjóta deiluefninu til dómstóla. Sem dæmi um slík lagaákvæði má nefna 18. gr. upplýsingalaga, nr. 50/1996, þar sem stjórnvald getur borið úrskurð úrskurðarnefndar um upplýsingamál undir dómstóla, og lög nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna, eins og þeim var breytt með lögum nr. 140/2004, þar sem stjórn LÍN getur borið úrskurð málskotsnefndar undir dómstóla. Þess má geta að ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins voru fram til ársins 2006 kæranlegar til sérstakrar úrskurðarnefndar. Með lögum nr. 67/2006 var lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, breytt á þann veg að úrskurðarnefndin var lögð niður og kveðið á um beina málskotsheimild til dómstóla. Rætt var um að veita Fjármálaeftirlitinu heimild til að skjóta úrskurðum úrskurðarnefndar til dómstóla en til þess kom ekki þar sem ákveðið var að leggja nefndina niður. Þó fékk Fjármálaeftirlitið í ákvæði til bráðabirgða með umræddum lögum heimild til að skjóta til dómstóla þeim úrskurðum úrskurðarnefndar sem féllu eftir gildistöku breytingarlaganna í málum sem nefndin hafði hafið meðferð á fyrir lagabreytinguna. Telja verður að eftirlit Póst- og fjarskiptastofnunar með fjarskiptamarkaði sé ekki síður mikilvægt en eftirlit Fjármálaeftirlitsins með fjármálamarkaði. Því er æskilegt að öll ágreiningsmál sem varða ákvarðanir Póst- og fjarskiptastofnunar geti komið til meðferðar dómstóla.

Í nýrri 4. mgr. 13. gr. er kveðið á um að aðili geti borið ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar beint undir dómstóla án þess að mál sé fyrst borið undir úrskurðarnefnd. Hér verður málshöfðunarfrestur einnig þrír mánuðir og vísast til röksemda um mikilvægi skjótra úrlausna ágreiningsmála er rísa kunna í tengslum við þennan málaflokk í umfjöllun um 3. mgr. greinarinnar hér að framan. Þá er tekið fram að málskot til dómstóla hindri að úrskurðarnefnd sé heimilt að taka kæru til málsmeðferðar, en óeðlilegt verður að teljast að sama mál sé til meðferðar fyrir dómstólum og innan stjórnsýslunnar.

Eins og að framan greinir er lagt til að málsaðili geti valið hvort hann beri ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar undir sérstaka úrskurðarnefnd eða beint undir dómstóla. Samkvæmt núgildandi lögum þarf málsaðili að tæma kæruleið innan stjórnsýslunnar áður en til höfðunar dómsmáls getur komið. Þessi breyting eykur réttaröryggi borgaranna þar sem nú verður unnt að skjóta ákvörðunum Póst- og fjarskiptastofnunar beint til dómstóla kjósi aðili máls svo. Þessi breyting mundi ekki síst koma fjarskiptafyrirtækjum til góða þegar um stór og flókin mál er að ræða. Reynsla undanfarinna ára hefur sýnt að úrskurðarnefnd hefur ekki náð að úrskurða í slíkum málum innan þess frests sem nefndin hefur og hafa mál tekið allt upp í 9–10 mánuði í meðförum nefndarinnar. Kjósi málsaðili að bera slíka úrskurði undir dómstóla er

ljóst að málsmeðferðartíminn er orðinn alltof langur varðandi mál sem eru almennt þess eðlis að þau þarfnast hraðrar málsmeðferðar.

Fyrirkomulag málskots í fjarskiptamálum er með ýmsum hætti í Evrópu. Í áttundu skýrslu framkvæmdastjórnar ESB um fjarskiptamarkaðinn í Evrópu (e. Eight report from the Commission on the Implementation of the Telecommunications Regulatory Package) kom fram að í flestum aðildarríkjum ESB sé ákvörðunum eftirlitsaðilans skotið beint til dómstóla eða sérstakra stjórnsýsludómstóla. Í Danmörku verður ákvörðunum eftirlitsstofnunar hins vegar skotið til sérstakrar stjórnarnefndar um kvartanir vegna fjarskiptamála. Þá hefur Írland nýlega lagt niður úrskurðarnefnd um fjarskiptamál og Danmörk er því nú eina landið í ESB þar sem ákvörðunum eftirlitsstofnunar verður skotið til sérstakrar úrskurðarnefndar í fjarskiptamálum. Þá verður ákvörðunum breska eftirlitsaðilans (OFCOM) er varða beitingu samkeppnisreglna skotið til samkeppnisyfirvalda. Í Noregi verður ákvörðunum eftirlitsstofnunar skotið til fjarskiptaráðuneytisins. Það er því ljóst að sá háttur sem hafður hefur verið á endurskoðun ákvarðana Póst- og fjarskiptastofnunar heyrir til algjörra undantekninga.

Í ritgerð Friðgeirs Björnssonar um úrskurðarnefndir í stjórnsýslunni sem forsætisráðuneytið gaf út árið 2005 kemur fram að heppilegt kunni að vera í ákveðnum tilvikum að stærri stjórnsýsludeilur séu reknar fyrir dómstólum án þess að þær gangi fyrst til úrskurðarnefnda. Þegar litið er til hlutverks Póst- og fjarskiptastofnunar á fjarskipta- og póstmarkaði verður að telja eðlilegt að ágreiningsmál vegna mikilvægustu starfa þess geti komið til kasta dómstóla hratt og örugglega, án þess að málsaðili þurfi fyrst að leita til úrskurðarnefndar. Hér er því lagt til að aðili máls geti valið hvort hann kjósi dómstólaleiðina strax í upphafi eða fari með mál fyrir úrskurðarnefnd. Það er því ekki lagt til að sérstök úrskurðarnefnd verði lögð niður heldur mun ráðherra skipa nýja nefnd sem hefur mun styttri skipunartíma en samkvæmt gildandi reglum. Hinum almenna borgara verður áfram tryggð ódýr og fljótleg leið til að fá niðurstöðu Póst- og fjarskiptastofnunar endurskoðaða fyrir úrskurðarnefnd, sbr. m.a. 34. gr. tilskipunar ESB nr. 2002/22/EB, um alþjónustu, sem kveður á um að aðildarríkin skuli tryggja að gagnsæ, einföld og ódýr málsmeðferð utan dómstóla sé fyrir hendi til að taka á óleystum deilumálum er varða neytendur. Fjarskiptafyrirtækjum og öðrum fyrirtækjum stendur þessi leið áfram opin. Þá er ekki gert ráð fyrir aðkomu Hæstaréttar varðandi skipun nefndarmanna. Styttri skipunartími og fullkomin ábyrgð samgönguráðherra á skipun nefndarinnar ætti að skapa úrskurðarnefndinni strangara kostnaðarlegt aðhald en nú er raunin. Hin nýja úrskurðarnefnd verður þó algjörlega óháð ráðherra við faglegar úrlausnir mála eins og áður.

Í nýrri 5. mgr. 13. gr. er í frumvarpinu kveðið á um málskotsgjöld og fjármögnun starfsemi hinnar nýju úrskurðarnefndar. Þar er kveðið á um heimild nefndarinnar til að taka gjald vegna málskots fjarskiptafyrirtækja og póstrekenda vegna málsmeðferðar fyrir nefndinni. Gjaldið skuli miðast við kostnað vegna þóknunar nefndarmanna, reksturs málsins fyrir nefndinni, starfsaðstöðu, sérfræðiaðstoð og gagnaöflun. Gert er ráð fyrir að úrskurðarnefndin kveði á um fjárhæð gjalds í úrskurði sínum og að gjaldið verði greitt gegn afhendingu úrskurðar. Séu fleiri fjarskiptafyrirtæki eða póstrekandi aðili að máli er gert ráð fyrir að úrskurðarnefndin skipti kostnaðinum á milli þeirra aðila með hliðsjón af niðurstöðu máls að teknu tilliti til heildarveltu viðkomandi fyrirtækja á fjarskipta- eða póstmarkaði. Tekið er fram að ekki er heimilt að gera notendum fjarskipta- og póstþjónustu eða Póst- og fjarskiptastofnun að greiða gjald samkvæmt ákvæðinu. Þá eru gjöld samkvæmt greininni aðfararhæf.

Í nýrri 6. mgr. 13. gr. er kveðið á um að þóknun úrskurðarnefndar vegna málskots notenda fjarskipta- og póstþjónustu og málsmeðferðar fyrir nefndinni skuli ákveðin af ráðherra

en sá kostnaður greiðist úr ríkissjóði. Þá getur úrskurðarnefnd að fengnu samþykki samgönguráðherra, ráðið nefndinni starfslið, kallað sérfróða menn sér til aðstoðar eða að falið sjálfstætt starfandi aðila að sjá um skrifstofuhald fyrir nefndina.

Í 7. mgr. 13. gr. er samkvæmt frumvarpinu kveðið á um að samgönguráðherra skuli setja reglugerð um starfshætti úrskurðarnefndar, starfsstöð, málsmeðferð, birtingu og aðfararhæfi, frestun réttaráhrifa, útgáfu, málskotsgjöld og kostnað lögaðila o.fl. Greinin þarfnast ekki nánari skýringa.

Um 3. gr. og ákvæði til bráðabirgða.

Gert er ráð fyrir að lögin gangi þegar í gildi.

Í ákvæði til bráðabirgða er kveðið á um lagaskil varðandi aðstæður sem upp geta komið þegar ráðherra skipar nýja úrskurðarnefnd í samræmi við þær breytingar sem mælt er fyrir um í frumvarpi þessu. Fram kemur að samgönguráðherra skuli skipa úrskurðarnefnd án tafar og eigi síðar en 1. júlí 2008. Ef frumvarp þetta verður að lögum er ekki ólíklegt að úrskurðarnefnd sú sem starfar fyrir gildistöku laganna sé með óútkljáð mál til meðferðar. Nefndin skal ljúka meðferð hugsanlegra mála sem berast henni með fyrrgreindum hætti innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í gildandi lögum. Sérstaklega er tekið fram að Póst- og fjarskiptastofnun sé heimilt að bera undir dómstóla þá úrskurði úrskurðarnefndar sem falla eftir gildistöku laga þessara. Varðandi rök fyrir málskotsheimild Póst- og fjarskiptastofnunar vísast til umfjöllunar hér að framan.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun.

Í frumvarpinu eru lagðar til umtalsverðar breytingar varðandi endurskoðun á ákvörðunum Póst- og fjarskiptastofnunar. Þær helstu eru í fyrsta lagi að málsaðili geti valið hvort hann beri ákvörðun stofnunarinnar undir úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála eða beint undir dómstóla, en samkvæmt núgildandi lögum þarf málsaðili að tæma kæruleið innan stjórnsýslunnar áður en til höfðunar dómsmáls getur komið. Í öðru lagi að Póst- og fjarskiptastofnun geti skotið úrskurðum nefndarinnar til dómstóla, en slík heimild er ekki fyrir hendi í gildandi lögum. Því til viðbótar er lögð til stytting á fresti aðila til að skjóta úrskurðum nefndarinnar til dómstóla úr sex mánuðum í þrjá, lenging á hámarks málsmeðferðartíma hjá nefndinni úr átta vikum í tólf, stytting á skipunartíma nefndarmanna úr fjórum árum í tvö og að ráðherra skipi í nefndina án sérstakrar tilnefningar Hæstaréttar. Þá er lagt til að taka skuli gjald vegna málskots fjarskiptafyrirtækja og póstrekenda til úrskurðarnefndar og skal gjaldið miðast við kostnað. Loks er lögð til breyting er varðar eftirlitsúrræði Póst- og fjarskiptastofnunar gagnvart öðrum en fjarskiptafyrirtækjum og póstrekendum.

Áhrif frumvarpsins á kostnað ríkissjóðs eru þau helst að þar sem gera má ráð fyrir að einhverjum kærumálum verði vísað beint til dómstóla fækki málum sem kærð verða til úrskurðarnefndar og þar með dragi úr kostnaði við rekstur nefndarinnar, en hann var 7,3 m.kr. árið 2006 og 6,3 m.kr. árið 2007. Þá skulu fjarskiptafyrirtæki og póstrekendur greiða

gjald á móti kostnaði vegna málskots þessara aðila til úrskurðarnefndar. Á móti kemur að gera má ráð fyrir að einhver kostnaður muni falla til hjá Póst- og fjarskiptastofnun vegna málareksturs fyrir dómstólum. Að öllu virtu er ekki ástæða til að ætla að lögfesting frumvarpsins hafi teljandi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

824. Frumvarp til laga [523. mál]

um breytingu á lögum nr. 81/2003, um fjarskipti, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

Við 3. gr. laganna bætast eftirfarandi orðskýringar í réttri stafrófsröð:

a. *Evrópugjaldskrá:* Gjaldskrá sem er ekki hærri en samræmist hámarksgjaldi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins um reiki á almennum farsímanetum innan bandalagsins.
b. *Reikisímtal í farsímaneti:* Símtal úr farsíma sem reikiviðskiptavinur hringir frá farsímaneti rekstraraðila hér á landi og lýkur í farsímaneti rekstraraðila í öðru ríki eða er móttekið af reikiviðskiptavini með upphaf í almennu símaneti í öðru ríki og lýkur í farsímaneti rekstraraðila hér á landi.

2. gr.

Við 27. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Telji Póst- og fjarskiptastofnun í kjölfar markaðsgreiningar skv. 17. gr. að heildsölukvaðir eða ráðstafanir varðandi forval eða fast forval muni ekki skila tilætluðum árangri við að efla virka samkeppni og tryggja hagsmuni notenda fjarskiptaþjónustu er stofnuninni heimilt að leggja smásölukvaðir á fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk. Slíkar kvaðir geta m.a. falist í að leggja skyldur á fyrirtæki um þak á smásöluverð, kostnaðartengda gjaldskrá og kostnaðarbókhald, að verð miðist við verð á sambærilegum mörkuðum, banni við mismunun milli notenda og banni við að binda mismunandi tegundir fjarskiptaþjónustu í einn heildarpakka skaði það samkeppni.

3. gr.

35. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Hámarksverð í heild- og smásölu fyrir reikisímtöl í farsímanetum.

Fjarskiptafyrirtæki, sem veita reikiþjónustu hér á landi, skulu sjá til þess að heild- og smásöluverð fyrir reikisímtal í farsímaneti, sem á sér upphaf eða lýkur innan Evrópska efnahagssvæðisins, sé ekki hærra en hámarksverð sem þar gildir.

Samgönguráðherra setur reglugerð um reiki í almennum farsímanetum, þar sem m.a. er heimilt að kveða á um eftirfarandi:

a. Hámarksverð í heildsölu fyrir reikisímtöl í farsímanetum.
b. Hámarksverð í smásölu fyrir reikisímtöl í farsímanetum.
c. Hámarksverð fyrir SMS-, MMS-þjónustu og aðra gagnaflutningsþjónustu í farsímanetum.

d. Evrópugjaldskrá.
e. Gagnsæi smásölu- og Evrópugjaldskrár.
f. Viðmiðunargengi og uppgjörsaðferðir sem fjarskiptafyrirtækjum er skylt að nota við myntbreytingar vegna reikiþjónustu í farsímanetum.
g. Skyldur fjarskiptafyrirtækja til þess að verða við óskum reikiviðskiptavina um skipti milli reikigjaldskráa.
h. Upplýsingaskyldu fjarskiptafyrirtækja um viðeigandi reikigjöld.

4. gr.

Við 37. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Fjarskiptafyrirtækjum er skylt að upplýsa notendur sína um þann kostnað sem hlýst af því að hringja úr tal- og farsímaneti þeirra í net annarra fjarskiptafyrirtækja hér á landi. Slíkar upplýsingar skulu uppfærðar eins og þörf krefur.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 38. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „talsímaþjónustu“ í 1. mgr. kemur: tal- og farsímaþjónustu.
b. Í stað orðsins „talsímanetum“ í 3. málsl. 5. mgr. kemur: tal- og farsímanetum.

6. gr.

Í stað orðsins „talsímaþjónustu“ í 1. málsl. 39. gr. laganna kemur: tal- og farsímaþjónustu.

7. gr.

Í stað orðsins „talsímaþjónustu“ í 1. málsl. 51. gr. laganna kemur: tal- og farsímaþjónustu.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 54. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „almenna talsímaþjónustu“ í 1. mgr. kemur: almenna tal- og farsímaþjónustu.
b. Í stað orðanna „almenna talsímanetið og almenna talsímaþjónustan“ í 1. mgr. kemur: almenna tal- og farsímanetið og almenna tal- og farsímaþjónustan.
c. Í stað orðsins „talsímanetinu“ í 2. mgr. kemur: tal- eða farsímanetum.

9. gr.

Fyrirsögn X. kafla laganna verður: **Tal- og farsímaþjónusta.**

10. gr.

Við 1. mgr. 65. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Innflutningur einstaklinga eða lögaðila á notendabúnaði til eigin nota eða í öðrum tilgangi telst markaðssetning í þessu sambandi.

11. gr.

2. mgr. 68. gr. laganna orðast svo:

Ekki er gerð krafa um sérstaka þjálfun þeirra sem starfrækja þráðlausan búnað nema í þeim tilfellum að búnaðurinn gegni öryggishlutverki eða þegar sendiafl er umfram 100 W. Heimilt er að gefa út skírteini talstöðvavarðar sem heimilar handhafa að starfrækja fjarskipta-

búnað í skipum. Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um útgáfu skírteinis talstöðvavarðar og hæfniskröfur í reglugerð.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Hjá samgönguráðuneytinu hefur, í samvinnu við Póst- og fjarskiptastofnun, verið unnið að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 81/2003, um fjarskipti.

Megintilgangur frumvarps þessa er að innleiða ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 717/2007 frá 27. júní 2007, um reiki á almennum farsímanetum innan bandalagsins og um breytingar á tilskipun 2002/21/EB. Þá er ætlunin að styrkja heimildir Póst- og fjarskiptastofnunar til að leggja smásölukvaðir á fjarskiptafyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk í kjölfar markaðsgreiningar, fella niður ákvæði um skyldu fjarskiptafyrirtækja til að veita innanlandsreiki í farsímanetum sem ekki tengist álagningu kvaða í kjölfar markaðsgreiningar, auk þess sem gert er ráð fyrir nokkrum breytingum á gildandi fjarskiptalögum til þess að efla neytendavernd.

Helstu nýmæli og breytingar sem ráðgerðar eru með frumvarpinu:

– Innleiðing reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 717/2007 frá 27. júní 2007, um reiki á almennum farsímanetum innan bandalagsins og um breytingar á tilskipun 2002/21/EB, þar sem m.a. er kveðið á um hámarksverð í heild- og smásölu fyrir símtöl í reiki í farsímanetum.
– Skylda fjarskiptafyrirtækja til að veita innanlandsreiki í almennum farsímanetum skv. 35. gr. laganna fellur brott en ákvæði 28. gr. er fjalla um aðgangskvaðir þykja fullnægjandi í því sambandi.
– Ákvæði sem heimilar Póst- og fjarskiptastofnun að leggja smásölukvaðir á fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk í kjölfar markaðsgreiningar ef stofnunin telur að heildsölukvaðir muni ekki skila tilætluðum árangri í að efla samkeppni.
– Gildissvið ákvæða laganna er fjalla um talsímaþjónustu eru víkkuð út, eftir þörfum, svo að þau nái jafnt yfir tal- og farsímaþjónustu í þeim tilgangi að notendur þeirrar þjónustu njóti, eins og kostur er, sömu réttinda og notendur talsímaþjónustu.

II. Alþjóðlegt reiki.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur um árabil beitt sér fyrir lækkun gjalda fyrir reikiþjónustu með ákveðnum aðgerðum, svo sem tilkynningum til neytenda, með skoðanakönnunum og með tilvísunum í samkeppnislög.

Sökum hins háa verðs sem notendur almennra farsímaneta hafa þurft að greiða fyrir farsímanotkun á ferðalögum erlendis og í ljósi þess að reikiþjónusta er í eðli sínu yfir landamæri þótti þörf á sameiginlegri nálgun til að rekstraraðilar farsímaneta innan aðildarríkja EES geti starfað innan eins samfellds lagaramma sem byggist á viðmiðunum sem sett eru með hlutlægum hætti í þeim tilgangi að lækka verðlagningu á reikiþjónustu innan EES.

Með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 717/2007, um reiki á almennum farsímanetum innan bandalagsins og um breytingar á tilskipun 2002/21/EB (hér eftir nefnt reikireglugerðin), hafa verið settar skýrar reglur á þessu sviði. Markmiðið með reikireglugerðinni er að sameiginlegri nálgun verði beitt innan EES til að tryggja að notendur almennra farsíma-

neta á jörðu niðri á ferðalagi borgi ekki óhóflegt verð fyrir reikiþjónustu innan EES-svæðisins þegar þeir hringja eða taka á móti símtölum í farsímaþjónustu. Þannig eigi að ná fram öflugri neytendavernd og um leið tryggja samkeppni milli rekstraraðila farsímaneta. Tryggja á að smásöluverð fyrir reiki innan bandalagsins endurspegli á sanngjarnari hátt undirliggjandi kostnað, sem felst í að veita þá þjónustu, en raunin hefur verið.

Með reikireglugerðinni er innleidd sérstök *Evrópugjaldskrá* (e. Eurotariff) sem felur í sér tiltekin mörk á það gjald sem rekstraraðilum farsímaneta er heimilt að taka fyrir að veita alþjóðlega reikiþjónustu með upphaf og lúkningu símtala innan EES-svæðisins. Þessi hámarksgjaldskrá, sem öllum reikiviðskiptavinum stendur til boða innan EES, á að endurspegla eðlilega álagningu miðað við heildsölukostnaðinn við að veita reikiþjónustuna samfara því að veita rekstraraðilunum frelsi til samkeppni með því að greina á milli tilboða þeirra og aðlaga verðlagningu þeirra að markaðsaðstæðum og vali neytenda.

Þar sem reikireglugerð Evrópusambandsins er hluti af EES-samningnum, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á IX. viðauka EES-samningsins nr. 143/2007 frá 26. október 2007, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af IX. viðauka, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans, leiða skuldbindingar samkvæmt samningnum til þess að nauðsynlegt er að innleiða reglugerðina í íslensk lög.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að innleiða reglugerð þessa í heild sinni með reglugerð sem ráðherra setur á grundvelli nýs ákvæðis 2. mgr. 35. gr.

III. Aðrar breytingar.

Skylda til innanlandsreikis í almennum farsímanetum fellur brott.

Ákvæði 35. gr. laganna um innanlandsreiki í almennum farsímanetum fellur brott í samræmi við athugasemdir Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA), dags. 28. september 2006. Samkvæmt aðgangstilskipun ESB nr. 2002/19/EB er ekki unnt að leggja aðgangskvaðir á önnur fjarskiptafyrirtæki en þau sem tilnefnd hafa verið sem fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk í kjölfar markaðsgreiningar. Ákvæði 28. gr. fjarskiptalaga fjallar um aðgangskvaðir sem unnt er að leggja á fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk og þykja þær fullnægjandi í þessu sambandi. Almennt ákvæði 24. gr. fjarskiptalaga um samtengingu neta, 25. gr. um samnýtingu aðstöðu o.fl. og ákvæði 26. gr. um meðferð trúnaðarupplýsinga gilda um öll fjarskiptafyrirtæki. Ákvæði 27.–34. gr. laganna gilda aðeins um fjarskiptafyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk. Í samræmi við ofangreint er ljóst að ákvæði 35. gr. leggur skyldur á fjarskiptafyrirtæki á Íslandi sem ekki á sér samsvörun í núgildandi fjarskiptaregluverki ESB og er því lagt til að ákvæðið verði fellt brott.

Smásölukvaðir á fjarskiptafyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk.

Lagt er til að bætt verði nýrri málsgrein við 27. gr. laganna, sem fjallar um kvaðir á fjarskiptafyrirtæki, þar sem kveðið verði á um heimild Póst- og fjarskiptastofnunar til að leggja smásölukvaðir á fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk í kjölfar markaðsgreiningar ef stofnunin telur að heildsölukvaðir muni ekki skila tilætluðum árangri í að efla samkeppni og tryggja hagsmuni notenda fjarskiptaþjónustu. Með breytingu þessari er 17. gr. alþjónustutilskipunar ESB nr. 2002/22/EB innleidd með fullnægjandi hætti í íslensk fjarskiptalög.

Upplýsingaskylda til notenda vegna kostnaðar við að hringja milli kerfa fjarskiptafyrirtækja.

Lagt er til að bætt verði við lögin ákvæði er kveður á um skyldu fjarskiptafyrirtækja til þess að miðla upplýsingum til notenda sinna um þann verðmun sem er því fylgjandi að hringja annars vegar innan kerfis síns fjarskiptafyrirtækis og hins vegar yfir í kerfi annarra fjarskiptafyrirtækja.

Notendur farsímaþjónustu njóti, eins og unnt er, sömu neytendaverndar og notendur talsímaþjónustu.

Í þeim tilgangi að ná fram öflugri neytendavernd og tryggja frekari samkeppni á fjarskiptamarkaði er lagt til að gildissvið helstu ákvæða laganna þar sem kveðið er á um talsímaþjónustu verði víkkað út svo að lögin nái jafnt yfir tal- og farsímaþjónustu.

Markaðssetning á fjarskiptabúnaði.

Lagðar eru til breytingar á 1. mgr. 65. gr. laganna sem fjallar um markaðssetningu fjarskiptabúnaðar. Fram kemur í ákvæðinu að óheimilt sé að setja á markað annan notendabúnað en þann sem uppfyllir tilteknar grunnkröfur og ber CE-merkingu því til staðfestingar. Nokkuð hefur borið á því að einstaklingar telji að innflutningur á fjarskiptabúnaði til eigin nota sé undanþeginn skilyrðum þessum og að með markaðssetningu sé einungis átt við markaðssetningu fjarskiptabúnaðar í atvinnuskyni. Ekki hefur verið talið að unnt væri að leggja svo þröngan skilning í umrætt ákvæði. Ástæða þykir til að taka af öll tvímæli varðandi þetta atriði og mæla svo fyrir að innflutningur einstaklinga eða lögaðila á notendabúnaði til eigin nota eða í öðrum tilgangi teljist markaðssetning í þessu sambandi. Með því að taka af öll tvímæli um að innflutningur einstaklinga til eigin nota eða í öðrum tilgangi teljist markaðssetning er verið að tryggja neytendavernd og jafnræði milli neytenda auk þess sem minni hætta ætti að vera á fjarskiptatruflunum og röskun fjarskiptaöryggis.

Skírteini sem heimila handhafa að starfrækja fjarskiptabúnað í flugvélum (flugmenn).

Að lokum eru í frumvarpinu lagðar til breytingar á ákvæði laganna er fjalla um útgáfu Póst- og fjarskiptastofnunar á skírteinum sem heimila einstaklingum að starfrækja ákveðnar tegundir þráðlauss búnaðar eins og talstöðva. Í ljósi markmiða um einfaldari stjórnsýslu er lagt til að fella niður skilyrðislausa kröfu um skírteini sem hætt er að þjóna tilgangi sínum hvað varðar flugmenn.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 2. gr.

Lagt er til að ný málsgrein bætist við 27. gr. fjarskiptalaga og verði 2. mgr. Í 27. gr. er kveðið á um kvaðir á fjarskiptafyrirtæki í kjölfar markaðsgreiningar. Hér er lögð til heimild Póst- og fjarskiptastofnun til handa til að leggja smásölukvaðir á fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk í kjölfar markaðsgreiningar ef stofnunin telur að heildsölukvaðir muni ekki skila tilætluðum árangri í að efla samkeppni og tryggja hagsmuni notenda fjarskiptaþjónustu. Með breytingu þessari er 17. gr. alþjónustutilskipunar ESB nr. 2002/22/EB innleidd með fullnægjandi hætti í íslensk fjarskiptalög.

Samkvæmt b-lið 1. mgr. 17. gr. alþjónustutilskipunarinnar skal eftirlitsstjórnvald leggja kvaðir á fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk á smásölumarkaði ef það telur að heildsölukvaðir eða forval og fast forval muni ekki leiða til þess að markmið fjarskiptaregluverks ESB náist, sbr. 8. gr. rammatilskipunar 2002/21/EB. Kveðið er á um heildsölukvaðir í 28.–32. gr. fjarskiptalaga.

Kvaðirnar, sem 17. gr. alþjónustutilskipunar heimilar í slíkum tilvikum, fela í sér kröfur um að tilgreind fyrirtæki setji ekki upp of hátt verð eða hamli ekki aðgangi að markaði eða takmarki ekki samkeppni með því að undirverðleggja, veita tilteknum endanlegum notendum ótilhlýðilegan forgang eða binda þjónustu í heildarpakka með óeðlilegum hætti. Innlendu stjórnvaldi er heimilt að beita gagnvart slíku fyrirtæki viðeigandi ráðstöfunum með því að leggja bann við mismunun milli notenda, leggja bann við því að fjarskiptafyrirtæki bindi mismunandi þjónustu í heildarpakka ef slíkt skaðar samkeppni, setja þak á smásöluverð, hafa eftirlit með einstökum gjaldskrám og laga gjaldskrá að kostnaði eða verði á sambærilegum mörkuðum í því skyni að vernda hagsmuni endanlegra notenda en um leið að stuðla að virkri samkeppni. Ef eftirlit er haft með gjaldskrá skal einnig færa kostnaðarbókhald.

Í íslensku fjarskiptalögunum er ekki sérstakt ákvæði um kvaðir af þessu tagi. Þó er getið um það í 2. mgr. 20. gr. að setja megi hámarksverð á alþjónustu og að sama gjaldskrá skuli gilda fyrir alþjónustu alls staðar á landinu, en þær kvaðir eru bundnar við að fyrirtæki sé alþjónustuveitandi. Því verður að telja að alþjónustutilskipun ESB hafi ekki verið innleidd með fullnægjandi hætti í íslensk fjarskiptalög og er hér bætt úr því.

Um 3. gr.

Í ákvæði 35. gr. er kveðið á um skyldu fjarskiptafyrirtækja til þess að semja sín á milli um skilmála aðgangs að almennum farsímanetum annarra fjarskiptafyrirtækja hér á landi, svokallaða samninga um innanlandsreiki. Lagt er til að ákvæðið falli brott í samræmi við athugasemdir Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA), dags. 28. september 2006. ESA lýsti yfir miklum efasemdum um að ákvæði 35. gr. stæðist gagnvart EES-samningnum og afleiddum gerðum hans, sérstaklega 4. mgr. 8. gr. og 12. gr. aðgangstilskipunar ESB nr. 2002/19/EB. Samkvæmt aðgangstilskipuninni er ekki unnt að leggja aðgangskvaðir á önnur fjarskiptafyrirtæki en þau sem tilnefnd hafa verið sem fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk í kjölfar markaðsgreiningar. Ákvæði 28. gr. fjarskiptalaga fjallar um aðgangskvaðir sem unnt er að leggja á fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk. Samkvæmt fjarskiptatilskipunum ESB er því ekki heimilt að leggja aðgangskvaðir á fyrirtæki sem ekki hefur verið tilnefnt sem fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk í kjölfar markaðsgreiningar. Almennt ákvæði 24. gr. fjarskiptalaga um samtengingu neta, 25. gr. um samnýtingu aðstöðu o.fl. og ákvæði 26. gr. um meðferð trúnaðarupplýsinga gilda um öll fjarskiptafyrirtæki. Ákvæði 27.–34. gr. laganna gilda aðeins um fjarskiptafyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk. Í samræmi við ofangreint er ljóst að ákvæði 35. gr. leggur skyldur á fjarskiptafyrirtæki á Íslandi sem ekki á sér samsvörun í núgildandi fjarskiptaregluverki ESB og er því lagt til að ákvæðið verði fellt brott.

Í núgildandi lögum er hins vegar ekki að finna ákvæði um erlent reiki og samninga þar um. Er því lagt til að 35. gr. fjalli um að fjarskiptafyrirtæki hér á landi verði að sjá til þess að heild- og smásöluverð fyrir reikisímtöl í farsímanetum innan EES-svæðisins verði ekki hærra en það hámarksverð sem er í gildi á Evrópska efnahagssvæðinu hverju sinni. Með ákvæði þessu er verið að sjá til þess að fjarskiptafyrirtæki, sem veita reikiþjónustu í farsímanetum hér á landi, uppfylli skilyrði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 717/2007

frá 27. júní 2007, um reiki á almennum farsímanetum innan bandalagsins og um breytingar á tilskipun 2002/21/EB. Þá er lagt til að í annarri málsgrein ákvæðisins verði samgönguráðherra veitt heimild til þess að setja reglugerð um reiki í almennum farsímanetum. Reglugerð þessi mun innleiða ákvæði framangreindrar reikireglugerðar Evrópubandalagsins.

Í reglugerð þessari er hámarksmínútugjald, bæði í heild- og smásölu, fyrir reiki tilgreint sérstaklega í ákveðnum fjárhæðum í evrum. Hugsunin þar að baki er sú að rekstraraðilar farsímaneta, sem veita alþjóðlega reikiþjónustu, geti starfað við áreiðanlegar og fyrirsjáanlegar aðstæður. Það hámarksmeðalmínútugjald í heildsölu, sem reikireglugerðin tilgreinir, tekur tillit til mismunandi þátta sem felast í að hringja reikisímtal innan EES. Einkum varðar þetta kostnað vegna upphafs og lúkningar símtala í farsímanetum, þar með talinn ýmsan óbeinan kostnað og kostnað við merkjasendingar og umflutning símtala í farsímanetum. Samkvæmt reikireglugerðinni þykir hentugasta viðmiðunin fyrir verð fyrir upphaf og lúkningu símtala vera meðallúkningarverð rekstraraðila farsímaneta innan Evrópubandalagsins sem byggist á upplýsingum sem stjórnvöld aðildarríkjanna hafa veitt og framkvæmdastjórnin birt. Hámarksmeðalmínútugjald á heildsölustigi er því ákvarðað að teknu tilliti til meðalverðs fyrir lúkningu símtala í farsímanetum og skal lækka árlega til að taka tillit til lækkana á lúkningarverði símtala í farsímanetum eins og eftirlitsstofnanir aðildarríkjanna kveða á um hverju sinni.

Hámarksverð í smásölu skal tryggja að smásöluverð fyrir reiki innan EES endurspegli á sanngjarnari hátt undirliggjandi kostnað, sem felst í að veita þá þjónustu, en raunin hefur verið. Hugsunin er að hámarkssmásölugjaldskrá, sem reikiviðskiptavinum í Evrópu stendur til boða, skal endurspegla eðlilega álagningu miðað við heildsölukostnaðinn við að veita reikiþjónustu samfara því að veita rekstraraðilum frelsi til samkeppni með því að greina á milli tilboða þeirra og aðlaga verðlagningu þeirra að markaðsaðstæðum og vali neytenda. Þessi nálgun gildir þó ekki um yfirgjaldsþjónustu.

Evrópugjaldskrá, sem gildir fyrir smásölu, skal veita viðskiptavinum reikiþjónustu tryggingu fyrir því að þeir þurfi ekki að borga óhóflegt verð þegar þeir hringja eða taka á móti reikisímtali, sem reikireglugerðin og frumvarp þetta gildir um, en á þó að gefa rekstraraðilum hér á landi nægilegt svigrúm til að greina milli varanna sem þeir bjóða viðskiptavinum sínum.

Til þess að auka gagnsæi smásöluverðs fyrir að hringja og taka móti reikisímtölum innan EES og til að auðvelda reikiviðskiptavinum að taka ákvarðanir um notkun farsíma sinna þegar þeir eru í útlöndum er þeim sem veita farsímaþjónustu gert skylt að gera reikiviðskiptavinum sínum kleift að fá auðveldlega og sér að kostnaðarlausu upplýsingar um reikigjöld sem eiga við um þá þegar þeir hringja eða taka á móti símtali í aðildarríkinu sem heimsótt er. Enn fremur er þjónustuveitendum gert skylt að gefa viðskiptavinum sínum, óski þeir þess og að kostnaðarlausu, viðbótarupplýsingar um mínútugjöld eða gjöld fyrir hverja gagnaeiningu (þ.m.t. virðisaukaskattur) þegar þeir hringja eða taka á móti símtölum og einnig fyrir að senda og taka á móti SMS-skilaboðum, MMS-skilaboðum og vegna annarrar gagnaflarskiptaþjónustu í aðildarríkinu sem heimsótt er. Með gagnsæi er þess einnig krafist að fjarskiptafyrirtæki veiti upplýsingar um reikigjöld, einkum Evrópugjaldskrána og heildarfastagjaldið, ef þau bjóða slíkt, þegar skrifað er undir áskrift og í hvert sinn sem breyting verður á reikigjöldum. Fjarskiptafyrirtæki skulu veita upplýsingar um reikigjöld á viðeigandi hátt, svo sem með reikningum, á netinu, í sjónvarpsauglýsingum eða með markpósti. Fjarskiptafyrirtæki skulu tryggja að öllum reikiviðskiptavinum þeirra sé kunnugt um að þeim bjóðist gjaldskrár sem byggjast á reglum, og þeir skulu senda skýrar og óhlutdrægar tilkynningar til

þessara viðskiptavina þar sem lýst er skilyrðum Evrópugjaldskrárinnar og réttinum til að skipta yfir í hana eða hætta að nota hana.

Til þess að tryggja að allir notendur farsíma geti notið góðs af ákvæðum reikireglugerðarinnar og frumvarps þessa skulu kröfurnar um smásöluverðlagningu gilda hvort sem reikiviðskiptavinir eru með fyrirfram- eða eftirágreiðslusamning við þjónustuveitanda sinn og hvort sem þjónustuveitandinn er með eigið net, rekur sýndarnet eða hann er endurseljandi farsímaþjónustu.

Um 4. gr.

Með fjölgun fjarskiptafyrirtækja undanfarin ár hefur sýnt sig að notendur eru margir hverjir ekki upplýstir um það hvað kostar þá að hringja úr númeri hjá einu fjarskiptafyrirtæki yfir í númer hjá öðru fjarskiptafyrirtæki. Þar sem slík símtöl eru í flestum tilfellum dýrari fyrir notendur er lagt til að bætt verði við ákvæði um skyldu fjarskiptafyrirtækja til þess að sjá til þess að notendur séu upplýstir um hvað kostar þá að hringja á milli kerfa hverju sinni.

Um 5. gr.

Í núgildandi lögum er *almenn talsímaþjónusta* skilgreind sem „þjónusta opin almenningi sem miðlar innlendum og alþjóðlegum símtölum um notendabúnað sem er tengdur föstum nettengipunkti“. Í ljósi þess að vísað er sérstaklega til fasts nettengipunktar útilokar þessi skilgreining það að *farsímaþjónusta* falli undir skilgreininguna almenn talsímaþjónusta þar sem slík þjónusta tengist ekki föstum nettengipunkti. Í 38. gr. núgildandi laga er m.a. kveðið á um rétt áskrifenda til að fá sundurliðaða reikninga. Í þeim tilgangi að styrkja neytendavernd notenda farsímaþjónustu er lagt til að gildissvið ákvæðis 38. gr. verði víkkað út svo að það nái jafnt yfir tal- og farsímaþjónustu. Réttur til þess að fá gjaldfrjálsa sundurliðun reikninga skal þó enn miðast við áskrifendur alþjónustu, þ.e. ekki farsímanotendur.

Samkvæmt gildandi lögum nær heimild Póst- og fjarskiptastofnunar til þess að setja reglur um yfirgjaldsþjónustu aðeins til slíkrar þjónustu í talsíma en í ljósi þess að yfirgjaldsþjónusta er að mestu leyti veitt í farsímanúmerum í dag er þörf á að víkka út heimildina í lögunum svo að hún nái yfir yfirgjaldsþjónustu bæði í tal- og farsímanúmerum.

Um 6. gr.

Lagt er til að í stað „talsímaþjónustu“ í ákvæði 39. gr. komi „tal- og farsímaþjónustu“ svo að notendur þessarar þjónustu njóti sama réttar þegar kemur að aðgerðum fjarskiptafyrirtækja vegna vanskila áskrifenda.

Um 7. gr.

Í 51. gr. núgildandi laga er kveðið á um skyldu fjarskiptafyrirtækja sem reka almenna talsímaþjónustu til að bjóða notendum númerabirtingu í samræmi við ákvæði laga um persónuvernd. Rétt þykir að notendur farsímaþjónustu njóti þessara réttinda jafnt á við notendur talsímaþjónustu. Er því lagt til að í stað „talsímaþjónustu“ í 51. gr. laganna komi „tal- og farsímaþjónustu“.

Um 8. gr.

Í 54. gr. núgildandi laga er kveðið á um verndun talsímanetsins. Í 1. mgr. ákvæðisins kemur fram að fyrirtæki sem bjóða almenna talsímaþjónustu skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir sem miða að því að almenna talsímanetið og almenna talsímaþjónustan, þ.m.t.

neyðarþjónusta, rofni ekki. Í 2. mgr. er kveðið á um að notendum sé óheimilt að valda truflunum eða ónæði í talsímanetinu. Rétt þykir að þau skilyrði og réttindi sem kveðið er á um í ákvæði þessu nái jafnt yfir tal- og farsímanetin og notendur beggja netanna. Er því lagt til að í stað „almenna talsímaþjónustu“ í 1. mgr. komi „almenna tal- og farsímaþjónustu“, í stað „almenna talsímanetið og almenna talsímaþjónustan“ í 1. mgr. komi „almenna tal- og farsímanetið og almenna tal- og farsímaþjónustan“ og í stað „talsímanetinu“ í 2. mgr. komi „taleða farsímanetum“.

Um 9. gr.

Lagt er til að kaflaheiti X. kafla laganna verði breytt úr Talsímaþjónusta í Tal- og farsímaþjónusta í þeim tilgangi að notendur farsímaþjónustu njóti, eins og kostur er, sömu réttinda og notendur talsímaþjónustu.

Um 10. gr.

Lagðar eru til breytingar á 1. mgr. 65. gr. laganna sem fjallar um markaðssetningu fjarskiptabúnaðar. Fram kemur í ákvæðinu að óheimilt sé að setja á markað annan notendabúnað en þann sem uppfyllir tilteknar grunnkröfur, annars vegar um verndun heilsu og öryggis notenda og annarra og hins vegar um að tæki í notkun hafi ekki truflandi áhrif á rafsegulumhverfið, og beri CE-merkingu því til staðfestingar. CE-merki er því til staðfestingar að vara fullnægi öllum skilgreindum grunnkröfum í ESB-gerðum og samhæfðum stöðlum á Evrópska efnahagssvæðinu. Umrætt ákvæði 1. mgr. 65. gr. og fleiri ákvæði XI. kafla fjarskiptalaga voru sett til að innleiða ákvæði tilskipunar ESB nr. 1999/5/EB (R&TTE tilskipun), um þráðlausan búnað og notendabúnað til fjarskipta og gagnkvæma viðurkenningu á samræmi þeirra. Með reglugerð nr. 90/2007, sem ber sama heiti og framangreind tilskipun, voru ákvæði tilskipunarinnar innleidd með fyllri hætti.

Í l-lið 3. gr. reglugerðar nr. 90/2007 er hugtakið „markaðssetning“ skilgreint. Þar kemur fram að markaðssetning felist því í að flytja inn og/eða bjóða fram fjarskiptatæki, gegn greiðslu eða ókeypis, í því skyni að dreifa og/eða nota það á markaði innan Evrópska efnahagssvæðisins. Þá kemur fram að innflutningur til eigin nota teljist markaðssetning um leið og fjarskiptatæki kemur inn á Evrópska efnahagssvæðið. Ákvæði 1. mgr. 65. gr. hefur verið skýrt þannig að það nái til innflutnings einstaklinga og lögaðila til eigin nota eða í öðrum tilgangi en til sölu í atvinnustarfsemi enda truflar ólögmætur fjarskiptabúnaður önnur fjarskipti alveg jafnmikið hvort sem búnaðurinn er keyptur í verslun hér á landi eða t.d. keyptur í gegnum erlendar vefsíður og póstsendur hingað til lands. Því er ekki eðlilegt að gera greinarmun að þessu leyti á því hver flytur fjarskiptabúnað inn eða í hvaða tilgangi. Nokkuð hefur borið á því að einstaklingar hafi haldið því fram að 1. mgr. 65. gr. taki ekki til innflutnings þeirra til eigin nota. Því þykir rétt að hnekkja á þessu til að gera ákvæðið skýrara og fyrirbyggja umræddan misskilning.

Um 11. gr.

Í núgildandi lögum er kveðið á um það í 2. mgr. 68. gr. að Póst- og fjarskiptastofnun gefi út skírteini talstöðvavarða sem heimilar handhafa að starfrækja fjarskiptabúnað í skipum og flugvélum. Skírteinin þessi veita alþjóðleg réttindi og skulu vera í samræmi við alþjóðasamþykktir. Þá kemur fram í ákvæðinu að í skírteininu, sem skal vera tímabundið, skal kveða á um hvaða búnað handhafa er heimilt að starfrækja. Umsækjandi skírteinis skal leggja fram gögn sem sýna fram á að hann hafi fengið þjálfun í notkun þráðlauss búnaðar í viðurkenndum

skóla. Í framkvæmd hafa allir umsækjendur flugskírteina þurft að leita til Póst- og fjarskiptastofnunar um útgáfu talstöðvavarðarskírteinis. Hafa umsækjendur þar framvísað gögnum um nám sitt og á grundvelli þess fengið útgefið talstöðvavarðarskírteini. Ekki hefur tíðkast að prófa eða athuga færni og hæfni umsækjenda hjá Póst- og fjarskiptastofnun. Þá skýtur það skökku við að skírteiniskrafan í ákvæðinu tekur eingöngu til flugvéla og ekki annarra loftfara, svo sem þyrlna o.fl.

Ljóst er að í framkvæmd hefur Póst- og fjarskiptastofnun gefi skírteinið út ótímabundið, sem er ekki í samræmi við ákvæði laganna. Ástæður þessa er að stofnunin hefur litið svo á að radíóskírteini það sem stofnunin gefur út fyrir flugmenn hafi sjálfkrafa ekkert gildi ef almenn flugréttindi þeirra falla niður. Hér má nefna að meðal þeirra skilyrða sem uppfylla verður við framlengingu flugréttinda er færni í að starfrækja fjarskiptabúnað. Þar sem þau skírteini sem gefin eru út af Flugmálastjórn Íslands, sem heyrir undir samgönguráðuneytið líkt og Póst- og fjarskiptastofnun, eiga að taka á færni og hæfni flugmanna til þess að starfrækja fjarskiptabúnað í loftförum verður að telja að ekki sé nauðsynlegt að setja sem skilyrði að flugmenn skulu jafnframt hafa skírteini gefin út af Póst- og fjarskiptastofnun þar sem vottað er um það sama. Þá mun reglugerð um skírteini útgefin af Flugmálastjórn Íslands, sem nú er í endurskoðun, taka til þessarar færni og hæfni (eins og verið hefur) og mögulegt er að bæta við sérstökum athugasemdum í útgáfu allra skírteina frá stofnuninni sem tæki til heimildar til starfrækslu fjarskiptabúnaðar um borð í loftförum. Í ljósi markmiða um einfaldari stjórnsýslu verður því að telja rétt að fella þessa kröfu niður þar sem um er að ræða kröfu um skírteini sem hætt er að þjóna tilgangi sínum hvað varðar flugvélar og skip. Rétt er þó hins vegar að vekja athygli á að í 37. gr. alþjóðaradíóreglugerðar ITU er þess krafist að þeir sem noti alþjóðlegar flugtíðnir séu handhafar „Radiotelephone Operators Certificate“. Á undanförnum árum hefur komið fram í samtölum starfsmanna Póst- og fjarskiptastofnunar við flugstjóra, sem fljúga á fjarlægum slóðum eins og t.d. í Afríku, að þeir hafa talið nauðsynlegt að hafa undir höndum slíkt „radíóskírteini“, þar sem sumar þjóðir taka umræddan texta í fyrrnefndri 37. gr. mjög bókstaflega. Verður því að telja rétt að Póst- og fjarskiptastofnun haldi áfram að gefa þetta skírteini út fyrir þá flugmenn sem óska eftir því sérstaklega.

Hvað varðar skírteini vegna fjarskiptabúnaðar í skipum verður að nefna að Póst- og fjarskiptastofnun hefur á undanförnum árum eingöngu gefið út skírteini fyrir skipstjórnarmenn á skipum með GMDSS-búnaði. Alþjóðlegar reglur IMO gera afdráttarlausar kröfur um að þeir sem starfrækja slíkan fjarskiptabúnað sýni fram á réttindi sín með þar til gerðum skírteinum, sem eru tímabundin í 5 ár. Ekki verður séð að unnt sé að fella niður útgáfu þessara skírteina eða gera það valkvætt á einhvern hátt.

Ekki er krafist radíóskírteinis af skipstjórnarmönnum á smábátum, þar sem eingöngu eru VHF-talstöðvar.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 81/2003, um fjarskipti, með síðari breytingum.

Megintilgangur frumvarpsins er að innleiða ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 717/2007, um reiki á almennum farsímanetum innan Bandalagsins, og um breytingar á tilskipun 2002/21/EB þar sem m.a. er kveðið á um hámarksverð í heild- og smásölu fyrir símtöl í reiki í farsímanetum. Enn fremur eru styrktar heimildir Póst- og fjarskiptastofnunar til að leggja smásölukvaðir á fjarskiptafyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk, felld eru niður ákvæði um skyldu fjarskiptafyrirtækja til að veita innanlandsreiki í farsímanetum, auk nokkurra breytinga til þess að efla neytendavernd.

Ekki verður séð að frumvarpið, verði það óbreytt að lögum, hafi áhrif á kostnað ríkissjóðs.

825. Frumvarp til laga [524. mál]

um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 auk afleiddra gerða.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

I. KAFLI

Breytingar á lögum um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum.

1. gr.

Síðasti málsliður 1. gr. laganna orðast svo: Þessu skal ná með eftirliti, rekjanleika afurða og vara, varúðaraðgerðum, fræðslu, upplýsingamiðlun, rannsóknum og neytendavernd.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Lög þessi taka til framleiðslu og dreifingar matvæla á öllum stigum. Þau taka ekki til frumframleiðslu til einkanota eða til vinnslu, meðferðar eða geymslu á matvælum til einkaneyslu. Lögin ná þó til allra efna og hluta sem ætlað er að koma í snertingu við matvæli á einkaheimilum. Jafnframt ná lögin til fæðubótarefna enda innihaldi þau ekki lyf samkvæmt lyfjalögum.

b. Síðari málsliður 2. mgr. orðast svo: Það sama gildir um plöntur, fyrir uppskeru, sbr. lög um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum, fóður, sbr. lög um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, og lifandi dýr nema þau séu alin til markaðssetningar til manneldis.

3. gr.

Skilgreining á hugtakinu „matvæli“ í 4. gr. laganna fellur brott en jafnframt bætast við eftirfarandi skilgreiningar í viðeigandi stafrófsröð:

1. Eftirlitsaðilar eru Matvælastofnun eða heilbrigðisnefndir sveitarfélaga í samræmi við 6. og 20. gr.
2. Frumframleiðsla er framleiðsla, eldi eða ræktun undirstöðuafurða ásamt uppskeru, mjöltum og eldi dýra fram að slátrun. Frumframleiðsla tekur einnig til dýra- og fiskveiða og nýtingar villigróðurs.
3. Fæðubótarefni eru matvæli sem eru ætluð sem viðbót við venjulegt fæði og eru með hátt hlutfall af vítamínum, steinefnum eða annars konar efnum sem hafa næringar- eða líf-eðlisfræðileg áhrif. Fæðubótarefni mega ekki innihalda lyf samkvæmt lyfjalögum.
4. Markaðssetning er að hafa umráð yfir matvælum með sölu fyrir augum, þ.m.t. að bjóða þau til sölu eða afhendingar í öðru formi, gegn gjaldi eða endurgjaldslaust, og sjálf salan, dreifingin eða önnur form afhendingar.
5. Matvæli eru hvers konar efni eða vörur, hvort sem þau eru fullunnin, unnin að hluta eða óunnin, sem fólki er ætlað að neyta eða sem eðlilegt er að vænta að fólk neyti. Hugtakið „matvæli“ tekur einnig til drykkja, tyggigúmmís og hvers kyns efna, þ.m.t. neysluvatns, sem bætt er af ásettu ráði í matvæli við framleiðslu þeirra, vinnslu eða meðferð, svo og fæðubótarefna.
6. Matvælafyrirtæki er fyrirtæki eða einstaklingur sem rekur starfsemi í tengslum við framleiðslu, vinnslu eða dreifingu matvæla á einhverju stigi, hvort sem það starfar í ágóðaskyni eður ei, og hvort sem það er einkarekið eða opinbert fyrirtæki.
7. Neysluvatn er vatn í upphaflegu ástandi eða eftir meðhöndlun, án tillits til uppruna þess og hvort sem það kemur úr dreifikerfi, tönkum, flöskum eða öðrum ílátum og ætlað er til neyslu eða matargerðar, einnig allt vatn sem notað er í matvælafyrirtækjum, nema unnt sé að sýna fram á að gæði þess vatns sem notað er hafi ekki áhrif á heilnæmi framleiðslunnar.
8. Neytandi er sá sem notar matvæli ekki sem lið í rekstri eða starfsemi matvælafyrirtækis.
9. Rekjanleiki er sá möguleiki að rekja uppruna og feril matvæla, dýra sem gefa af sér afurðir til manneldis og efna sem nota á eða vænst er að verði notuð í eða í snertingu við matvæli í gegnum öll stig framleiðslu, vinnslu og dreifingar.
10. Stjórnandi matvælafyrirtækis er einstaklingur eða lögaðili sem er ábyrgur fyrir því að farið sé að kröfum samkvæmt lögum og stjórnvaldsfyrirmælum um matvæli í matvælafyrirtækjum undir hans stjórn.
11. Smásala er meðhöndlun og/eða vinnsla matvæla og geymsla þeirra á staðnum þar sem þau eru seld eða afhent neytanda, þ.m.t. dreifingarstöðvar, matsölufyrirtæki, mötuneyti starfsfólks, veitingahús og önnur samsvarandi matarþjónusta ásamt verslunum og dreifingarstöðvum stórmarkaða og heildsölumarkaðir.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. A-liður orðast svo: frumframleiðslu.
b. Á eftir a-lið kemur nýr stafliður, svohljóðandi: innflutningi og útflutningi búfjárafurða.
c. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Matvælastofnun hefur yfirumsjón með matvælaeftirliti og skal sjá um að vöktun og rannsóknir vegna þessa eftirlits séu framkvæmdar. Í yfirumsjón felst samræming mat-

vælaeftirlits þannig að framkvæmdin sé með sama hætti á landinu öllu. Í samræmi við þetta gefur stofnunin út leiðbeiningar og viðmiðunarreglur um framkvæmdina sem heilbrigðisnefndum ber að fylgja.

5. gr.

Við IV. kafla laganna bætast þrjár nýjar greinar, 8. gr. a – 8. gr. c, svohljóðandi:

a. (8. gr. a.)

Matvæli sem eru ekki örugg, þ.e. heilsuspillandi eða óhæf til neyslu, er óheimilt að markaðssetja.

Við ákvörðun um hvort matvæli séu örugg skal hafa hliðsjón í fyrsta lagi af því hvernig neytendur nota matvælin venjulega á hverju stigi framleiðslu og dreifingar og í öðru lagi upplýsingum sem neytendum eru veittar, þ.m.t. upplýsingar á merkimiða, eða öðrum upplýsingum sem neytendur hafa almennt aðgang að og þar sem fram kemur hvernig þeir geti forðast tiltekin matvæli eða tiltekinn matvælaflokk sem getur haft skaðleg áhrif á heilsuna.

Við ákvörðun um hvort matvæli séu heilsuspillandi skal hafa hliðsjón í fyrsta lagi af líklegum, bráðum áhrifum og/eða skammtímaáhrifum og/eða langtímaáhrifum þessara matvæla á heilsu þeirra sem neyta þeirra og einnig á næstu kynslóðir, í öðru lagi líklegum, uppsöfnuðum eituráhrifum og í þriðja lagi sérstöku næmi ákveðins hóps neytenda fyrir tilteknum matvælum ef matvælin eru ætluð þeim hópi.

Við ákvörðun um hvort matvæli séu óhæf til neyslu skal hafa hliðsjón af því hvort matvælin séu óviðunandi til neyslu með tilliti til fyrirhugaðrar notkunar eða vegna mengunar eða vegna þess að þau eru rotin, spillt eða skemmd.

b. (8. gr. b.)

Stjórnandi matvælafyrirtækis ber ábyrgð á að uppfylltar séu kröfur laga og stjórnvaldsreglna sem gilda um starfsemi þess á hverjum tíma. Stjórnandi ber ábyrgð á öllum stigum framleiðslu og dreifingar í fyrirtækjum undir hans stjórn og skal sannprófa að þessum kröfum sé fullnægt.

c. (8. gr. c.)

Ef stjórnandi matvælafyrirtækis álítur eða hefur ástæðu til að álíta að matvæli, sem hann hefur flutt inn, framleitt eða dreift, séu ekki í samræmi við kröfur um öryggi matvæla og hann hefur ekki lengur beint forræði yfir þeim skal hann tafarlaust gera ráðstafanir til að taka umrædd matvæli af markaðnum og tilkynna það hlutaðeigandi eftirlitsaðila. Ef varan er komin í hendur neytenda skal stjórnandinn upplýsa þá á skilvirkan og nákvæman hátt um ástæðurnar fyrir því að varan var tekin af markaðnum og, ef nauðsyn krefur, innkalla vörur sem neytendum hafa þegar verið afhentar ef aðrar ráðstafanir nægja ekki til þess að tryggja víðtæka heilsuvernd.

Álíti stjórnandi matvælafyrirtækis eða hafi hann ástæðu til að álíta að tiltekin matvæli, sem hann hefur markaðssett geti verið heilsuspillandi skal hann þegar í stað tilkynna það hlutaðeigandi eftirlitsaðila. Stjórnendur skulu tilkynna yfirvöldum um aðgerðir til að fyrirbyggja hættu fyrir neytandann og jafnframt eiga allt það samstarf við yfirvöld sem dregið getur úr eða eytt áhættu vegna viðkomandi matvæla.

6. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Matvælafyrirtæki skulu hafa starfsleyfi frá viðkomandi eftirlitsaðila, sbr. 20. gr., og skulu þau sækja um starfsleyfi áður en starfsemi hefst. Matvælafyrirtæki sem annast frumframleiðslu matjurta þurfa ekki starfsleyfi en þurfa að tilkynna eftirlitsaðila um starfsemi sína áður en starfsemin hefst. Heimilt er að binda starfsleyfi tilteknum skilyrðum.

Gefa skal út starfsleyfi til tiltekins tíma enda uppfylli starfsemin skilyrði laga og stjórnvaldsreglna sem um hana gilda. Óheimilt er að hefja starfsleyfisskylda starfsemi hafi starfsleyfi fyrir hana ekki verið gefið út. Stjórnanda ber að veita eftirlitsaðila upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á starfsemi sem varðað geta ákvæði starfsleyfis með hæfilegum fyrirvara. Eftirlitsaðila er heimilt að endurskoða starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef breytingar verða á rekstrinum, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um öryggi matvæla eða framkvæmd matvælaeftirlits.

Þrátt fyrir 2. mgr. er heimilt að gefa út starfsleyfi til bráðabirgða þannig að matvælafyrirtæki gefist ráðrúm til nauðsynlegra úrbóta á starfsemi sinni enda sé um smávægilegar athugasemdir eftirlitsaðila að ræða.

Í starfsleyfi skal tilgreina stjórnanda og staðsetningu starfsemi, tegund hennar, skilyrði, gildistíma og endurskoðun starfsleyfis, auk ákvæða um eftirlit, umgengni, hreinlæti og innra eftirlit eftir því sem við á hverju sinni.

Þrátt fyrir skilgreiningu á matvælafyrirtæki í 4. gr. er ráðherra heimilt að undanskilja frá starfsleyfisskyldu aðila sem ekki stunda starfsemi í ágóðaskyni en þeir skulu þó uppfylla önnur skilyrði þessara laga og stjórnvaldsreglna sem settar eru með heimild í þeim.

Í sérlögum er heimilt að kveða á um sérstök skilyrði fyrir útgáfu starfsleyfis fyrir starfsemi einstakra matvælafyrirtækja.

Ef einnig er kveðið á um starfs- eða vinnsluleyfisskyldu í sérlögum fyrir starfsemi sem fellur undir ákvæði þessara laga er eftirlitsaðila heimilt að gefa út eitt starfsleyfi á grundvelli hvorra tveggja laganna.

7. gr.

1. og 2. mgr. 10. gr. laganna orðast svo:

Matvælafyrirtæki skulu haga starfsemi sinni í samræmi við reglur um almenna hollustuhætti og tryggja að matvæli óhreinkist ekki eða spillist á annan hátt.

Stjórnendur matvælafyrirtækja bera ábyrgð á því að sett sé á fót og starfrækt innra eftirlit með starfseminni til þess að tryggja að hún sé í samræmi við ákvæði laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim. Innra eftirlit fyrirtækisins skal miðast við eðli og umfang starfseminnar og byggjast á reglum sem ráðherra ákveður í reglugerð. Starfsfólk, sem starfar við framleiðslu matvæla eða dreifir þeim, skal gæta hreinlætis við störf sín. Það skal hafa þekkingu á meðferð matvæla. Stjórnendur matvælafyrirtækja bera ábyrgð á að fræðsla fari fram fyrir starfsfólkið. Ráðherra er heimilt að setja reglur um að þeir sem starfa við framleiðslu og dreifingu matvæla skuli sækja námskeið um meðferð matvæla þar sem sérstök áhersla er lögð á innra eftirlit og öryggi matvæla. Ef opinberir aðilar annast námskeiðahald er heimilt að taka gjald sem nemur raunkostnaði við það.

8. gr.

Á eftir 13. gr. laganna kemur ný grein sem verður 13. gr. a, svohljóðandi:

Á öllum stigum framleiðslu og dreifingar skal vera fyrir hendi möguleiki á að rekja feril matvæla, dýra sem gefa af sér afurðir til manneldis og hvers kyns efna sem nota á eða vænst er að verði notuð í matvæli.

Stjórnendur matvælafyrirtækja skulu geta tilgreint alla einstaklinga og lögaðila sem hafa afhent þeim matvæli, dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis eða hvers kyns efni sem nota á eða vænst er að verði notuð í matvæli. Einnig skulu stjórnendur geta tilgreint fyrirtæki sem þeir hafa afhent vörur sínar. Í þessu skyni skulu umræddir stjórnendur hafa yfir að ráða kerfum og verklagsreglum til að gera framangreindar upplýsingar aðgengilegar eftirlitsaðilum að beiðni þeirra. Þá skulu matvæli vera merkt og auðkennd á viðeigandi hátt til að auðveldara verði að rekja feril þeirra með aðstoð viðeigandi skjala eða upplýsinga í samræmi við framangreindar kröfur.

9. gr.

Heiti IV. kafla laganna verður: **Matvælaöryggi, framleiðsla, markaðssetning og rekjanleiki.**

10. gr.

Á eftir 18. gr. laganna kemur ný grein sem verður 18. gr. a, svohljóðandi:

Leitast skal við að vernda hagsmuni neytenda og gefa neytendum kost á upplýstu vali með tilliti til matvælanna sem þeir neyta. Þannig skal leitast við að fyrirbyggja framleiðslu og markaðssetningu svikinna matvæla, sviksamlegar eða villandi starfsvenjur og aðrar starfsvenjur sem gætu villt um fyrir neytendum.

Óheimilt er að villa um fyrir neytendum með merkingu, auglýsingu og framsetningu matvæla, þ.m.t. lögun þeirra, útliti eða umbúðum og umbúðaefni, hvernig þeim er fyrir komið og í hvaða umhverfi þau eru sýnd, sem og upplýsingum sem eru veittar um þau.

11. gr.

Heiti VII. kafla laganna verður: **Framkvæmd, neytendavernd og fræðslustarfsemi.**

12. gr.

1. mgr. 20. gr. laganna orðast svo:

Framleiðsla og dreifing matvæla er háð leyfi heilbrigðisnefndar skv. 9. gr. Þegar ákvæði þessi eiga við um starfsemi sem er undir opinberu eftirliti Matvælastofnunar skv. 6. gr. er leyfisveiting í höndum þeirrar stofnunar.

13. gr.

23. gr. laganna orðast svo:

Matvælastofnun er heimilt að fela aðilum sem hlotið hafa faggildingu samkvæmt lögum um faggildingu o.fl. að annast tiltekin verkefni við framkvæmd eftirlits samkvæmt lögum þessum og skal gerður um það sérstakur samningur í hverju tilviki. Þeir skulu bundnir þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd eftirlitsins og leynt á að fara.

Þá er ráðherra heimilt að ákveða að tilteknar rannsóknastofur skuli vera tilvísunarrannsóknastofur.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 24. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Matvælaframleiðendum og dreifendum“ í 1. mgr. kemur: Matvælafyrirtækjum.
b. Í stað orðanna „Eftirlitsaðilar og þeir sem framleiða matvæli eða dreifa þeim“ í 3. mgr. kemur: Heilbrigðisnefnd og matvælafyrirtæki.

15. gr.

25. gr. laganna orðast svo:

Fyrir eftirlit samkvæmt lögum þessum skulu matvælafyrirtæki greiða eftirlitsgjald sem ekki er hærra en raunkostnaður við eftirlitið til að standa straum af eftirtöldum kostnaðarþáttum við matvælaeftirlitið:

a. launum starfsfólks sem sinnir störfum vegna eftirlits,
b. öðrum kostnaði vegna starfsfólks, þ.m.t. vegna aðstöðu, áhalda, búnaðar, þjálfunar, ferðalaga og tengds kostnaðar, svo sem af bókhalds- og verkskráningarkerfi,
c. kostnaði við greiningu á rannsóknastofu og sýnatöku.

Eftirlitsaðili framkvæmir viðbótareftirlit, þar á meðal rannsóknir, með matvælum þegar tiltekin starfsemi matvælafyrirtækis eða matvæli eru ekki talin uppfylla þær almennu og eðlilegu kröfur sem gerðar eru til meðferðar eða heilbrigðis matvæla vegna vísbendinga um smitefni, mengun eða brot gegn heilbrigðis- eða starfsreglum eða skyldra atvika. Raunkostnað af viðbótareftirliti ber matvælafyrirtæki. Framkvæma má viðbótareftirlit þrátt fyrir að afurðir eða vara hafi þegar hlotið heilbrigðisvottun.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um framkvæmd og inntak eftirlits og gefa út gjaldskrá fyrir eftirlitið að fengnum tillögum Matvælastofnunar. Sveitarfélögum er heimilt að gefa út gjaldskrá fyrir eftirlitsskylda starfsemi heilbrigðisnefnda vegna matvælaeftirlits skv. 12. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Gjald fyrir eftirlit skal ekki nema lægri fjárhæðum en fram koma í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) 882/2004, um opinbert eftirlit til að tryggja sannprófun þess að lög um fóður og matvæli og reglur um dýraheilbrigði og velferð dýra séu virtar. Ráðherra skal afla umsagnar hagsmunaaðila og kynna þeim efni og forsendur reglugerðar og/eða gjaldskrár með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara. Hafi umsagnir þeirra ekki borist ráðherra að mánuði liðnum er honum þó heimilt að setja reglugerð og gjaldskrá án umsagna þeirra.

Við gerð reglugerðar og gjaldskrár er ráðherra heimilt að taka tillit til eftirfarandi atriða:

a. hvers konar framleiðslu um er að ræða og viðkomandi áhættuþátta,
b. hagsmuna framleiðanda með litla framleiðslu,
c. hefðbundinna aðferða við framleiðslu, vinnslu og dreifingu,
d. þarfa framleiðenda á svæðum sem líða fyrir tilteknar landfræðilegar takmarkanir.

Eftirlitsgjald skal greiða samkvæmt framlögðum reikningi eftirlitsaðila.

Innheimta má eftirlitsgjaldið með fjárnámi án undanfarins dóms eða sáttar. Eftirlitsaðilum er heimilt að krefjast dráttarvaxta af ógreiddri fjárkröfu vegna eftirlits frá og með gjalddaga fram að greiðsludegi.

Þá getur eftirlitsaðili afturkallað starfsleyfi matvælafyrirtækis skv. 9. gr. hafi fyrirtækið verulega vanefnt greiðslu eftirlitsgjalds eða ef fyrirtækið er ekki greiðslufært.

Ákvæði þessarar greinar gilda eftir því sem við á um innheimtu gjalds fyrir eftirlit á landamærastöðvum með innflutningi frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins.

16. gr.

27. gr. laganna fellur brott.

17. gr.

Við lögin bætast tvær nýjar greinar sem verða 27. gr. a og 27. gr. b, svohljóðandi:

a. (27. gr. a.)

Matvælastofnun er heimil skyndiskoðun og sýnataka til rannsókna á búfjár- og sjávarafurðum sem fluttar eru til Íslands frá ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins enda sé um að ræða rökstuddan grun um að matvælin séu heilsuspillandi, óhæf til neyslu eða geti valdið dýrasjúkdómum.

Viðtakandi slíkra afurða skal halda dagbók yfir mótteknar sendingar og ganga úr skugga um að samræmi sé milli þeirra og meðfylgjandi skjala. Varðveita skal vottorð og önnur skilríki þeim viðkomandi í eitt ár svo að unnt sé að framvísa þeim að kröfu eftirlitsaðila.

b. (27. gr. b.)

Allur innflutningur búfjárafurða, sjávarafurða og lifandi ferskvatns- eða sjávardýra frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins skal fara um landamærastöðvar.

Tilkynna skal Matvælastofnun fyrir fram um slíkan innflutning þar sem getið er um magn, tegund, áfangastað og hvenær áætlað er að sending berist.

Á landamærastöðvum eða í þeim höfnum sem heimild hafa fengið fyrir innflutningi skal fara fram athugun á skjölum og samanburður á þeim og sendingu til að sannreyna uppruna hennar og ákvörðunarstað.

Matvælastofnun skal kanna ástand afurðanna og taka sýni til rannsókna á rannsóknastofu. Skal Matvælastofnun í þeim efnum fylgja gildandi reglum um tíðni skoðana og um sýnatökur. Komi í ljós við skynmat eða rannsókn að þær séu óhæfar til manneldis skal eyða þeim. Heimilt er þó að endursenda afurðina að fengnu leyfi yfirvalda í framleiðslulandi eða að nýta hana í mjöl enda sé hún laus við eiturefni.

Innflytjandi er ábyrgur fyrir þeim kostnaði sem getur fallið til við að endursenda vöru, geyma hana, taka til annarra nota eða eyða henni.

Um innflutning sjávarafurða og lifandi sjávardýra vísast að öðru leyti til 22.–23. gr. og 25.–27. gr. laga nr. 55/1998, um meðferð, dreifingu og vinnslu sjávarafurða. Vegna innflutnings framangreindra afurða gildir að öðru leyti reglugerð (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004.

18. gr.

28. gr. laganna orðast svo:

Í sérstökum tilvikum þar sem mat á fyrirliggjandi upplýsingum leiðir í ljós möguleika á heilsuspillandi áhrifum en vísindaleg óvissa ríkir áfram er ráðherra heimilt að samþykkja nauðsynlegar bráðabirgðaráðstafanir til að tryggja heilsu almennings vegna hugsanlegra heilsuspillandi áhrifa.

Ráðstafanir, sem eru samþykktar á grundvelli 1. mgr., skulu vera í réttu hlutfalli við markmið þeirra og ekki hamla viðskiptum meira en nauðsynlegt er. Ráðstafanirnar skulu endurskoðaðar innan eðlilegs tíma miðað við eðli þeirrar áhættu fyrir líf eða heilsu manna sem greind hefur verið og þá tegund vísindalegra upplýsinga sem þarf til að eyða vísindalegri óvissu og til að framkvæma umfangsmeira áhættumat.

Varúðar- og varnaraðgerðir skv. 1. mgr. geta náð til alls landsins eða hluta þess. Skal ráðherra, eftir því sem við á, hafa samráð við Matvælastofnun áður en til slíkra aðgerða er gripið.

19. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 28. gr. a, svohljóðandi:

Leiki rökstuddur grunur á um að tiltekin matvæli hafi í för með sér áhættu fyrir heilbrigði manna skulu hlutaðeigandi eftirlitsaðilar upplýsa almenning um eðli áhættunnar fyrir heilsu manna. Slíkar ráðstafanir eftirlitsaðila skulu miðast við eðli, alvarleika og umfang þeirrar áhættu sem um er að ræða. Tilgreina skal eins nákvæmlega og unnt er matvælin sem um er að ræða, tegund matvæla, þá áhættu sem kann að vera á ferðum og ráðstafanir sem hafa verið gerðar eða verða gerðar á næstunni til að fyrirbyggja, draga úr eða eyða þessari áhættu.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um opinbera birtingu niðurstaðna vegna eftirlits sem fram fer skv. 1. mgr.

Jafnframt er ráðherra heimilt að setja með reglugerð reglur um birtingu niðurstaðna almenns matvælaeftirlits eða upplýsinga sem falla undir 18. gr. a. Ráðherra getur m.a. ákveðið að kæra fresti ekki réttaráhrifum opinberrar birtingar og jafnframt ákveðið að vissum upplýsingum sé haldið leyndum. Slíkar reglur skulu kveða á um framsetningu og inntak birtingarinnar, m.a. að birtingin sé rafræn og á hvaða tímamarki skuli birta slíkar upplýsingar. Heimilt er að birta niðurstöður eftirlits er varða eitt matvælafyrirtæki eða fleiri eftir atvikum.

20. gr.

29. gr. laganna fellur brott.

21. gr.

Í stað 30. gr. laganna koma fimm nýjar greinar, sem verða 30. gr. og 30. gr. a – 30. gr. d, svohljóðandi:

a. (30. gr.)

Eftirlitsaðila er heimilt að stöðva starfsemi að hluta eða í heild ef rökstuddur grunur er um að matvæli séu heilsuspillandi, óhæf til neyslu eða valdi tjóni á öðrum hagsmunum.

Sama gildir ef um er að ræða starfsemi sem starfar án tilskilins leyfis.

Einnig er eftirlitsaðila heimilt að gefa fyrirmæli um afmengun matvæla, stöðva eða takmarka framleiðslu og markaðssetningu matvæla og leggja hald á þau þegar rökstuddur grunur er um að matvælin uppfylli ekki ákvæði laga þessara eða stjórnvaldsreglna settra samkvæmt þeim. Þegar eftirlitsaðilar leggja hald á matvæli er þeim heimil förgun þeirra sé það talið nauðsynlegt.

Þá getur eftirlitsaðili jafnframt til að knýja á um aðgerðir samkvæmt lögum þessum, stjórnvaldsreglum eða eigin fyrirmælum samkvæmt þessum ákvæðum beitt eftirfarandi aðgerðum:

a. veitt áminningu,
b. veitt áminningu og tilhlýðilegan frest til úrbóta.

Stöðvun starfsemi og förgun á vörum skal því aðeins beitt að um alvarlegt tilvik eða ítrekað brot sé að ræða eða ef aðilar sinna ekki úrbótum innan tiltekins frests og er heimilt að leita aðstoðar lögreglu ef með þarf. Sé um slík brot að ræða getur eftirlitsaðili afturkallað leyfi viðkomandi matvælafyrirtækis til reksturs skv. 9. gr., sbr. 20. gr.

b. (30. gr. a.)

Þegar stjórnandi sinnir ekki fyrirmælum innan tiltekins frests getur eftirlitsaðili ákveðið matvælafyrirtæki dagsektir þar til úrbætur hafa verið framkvæmdar. Dagsektir renna í ríkissjóð og skal hámark þeirra ákveðið í reglugerð sem ráðherra setur. Jafnframt er eftirlitsaðila heimilt að láta vinna verk á kostnað hins vinnuskylda ef fyrirmæli um framkvæmd eru vanrækt og skal kostnaður þá greiddur til bráðabirgða af viðkomandi eftirlitsaðila en innheimtast síðar hjá hlutaðeigandi matvælafyrirtæki. Kostnað og dagsektir má innheimta með fjárnámi án undanfarandi dóms eða sáttar.

c. (30. gr. b.)

Eftirlitsaðila skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þar á meðal töku sýna og myndatöku, að öllum þeim stöðum sem lög þessi og stjórnvaldsreglur ná yfir og er heimilt að leita aðstoðar lögreglu ef með þarf.

Einnig er eftirlitsaðila heimilt að taka sýni þar sem starfsemi fer fram og lög þessi og stjórnvaldsreglur settar samkvæmt þeim ná til.

Stjórnendum er skylt að veita aðstoð við framkvæmd eftirlitsins og veita allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits með framkvæmd laganna og ber þeim endurgjaldslaust að afhenda sýni sem talin eru nauðsynleg vegna eftirlits. Þá getur eftirlitsaðili ákveðið að matvælafyrirtæki skuli greiða allan kostnað vegna þvingunarrúræða sem framkvæmd eru samkvæmt lögum þessum og má innheimta slíkan kostnað með fjárnámi án dóms eða sáttar.

d. (30. gr. c.)

Telji Matvælastofnun svo alvarlega hættu stafa af tiltekinni starfrækslu eða notkun að aðgerð þoli enga bið er henni heimilt til bráðabirgða að stöðva starfsemi eða notkun þegar í stað, með aðstoð lögreglu ef þurfa þykir, en tilkynna skal það hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd.

Matvælastofnun skal sjá um samhæfingu aðgerða þegar upp koma bráðar eða alvarlegar matarsýkingar, matareitranir eða önnur vá svipaðs eðlis. Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga skulu þegar í stað tilkynna Matvælastofnun um slík mál og skal stofnunin að höfðu samráði við viðkomandi heilbrigðisnefnd taka ákvörðun um nauðsynlegar ráðstafanir. Starfsmenn Matvælastofnunar og heilbrigðisnefndir skulu jafnframt tilkynna um slík mál til yfirlæknis viðkomandi heilsugæslu eða sóttvarnalæknis, sbr. 4. og 5. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 11. gr. sóttvarnalaga, nr. 19/1997.

e. (30. gr. d.)

Við meðferð mála skv. 30. gr., 30. gr. a, 30. gr. b og 30. gr. c skal fara eftir ákvæðum stjórnsýslulaga og öðrum reglum stjórnsýsluréttar.

22. gr.

30. gr. a laganna verður 30. gr. e.

23. gr.

Heiti XI. kafla laganna verður: **Varúðarráðstafanir, þvingunarúrræði og valdsvið.**

24. gr.

31. gr. laganna orðast svo:

Brot gegn ákvæðum þessara laga og stjórnvaldsreglum settum samkvæmt þeim varða sekt-

um hvort sem þau eru framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau að auki varða fangelsi allt að fjórum árum.

Sektir má ákvarða lögaðila þó að sök verði ekki sönnuð á stjórnanda eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann. Þó skal lögaðili ekki sæta refsingu ef um óhapp er að ræða. Einnig má, með sömu skilyrðum, gera lögaðila sekt ef stjórnandi eða starfsmenn hans eða aðrir einstaklingar sem í þágu hans starfa gerast sekir um brot.

Mál út af brotum skv. 1. og 2. mgr. skulu sæta meðferð opinberra mála.

25. gr.

Heiti XII. kafla laganna verður: **Viðurlög.**

26. gr.

Á undan 32. gr. laganna kemur ný grein sem verður 31. gr. a, svohljóðandi:

Ráðherra setur nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga með reglugerðum. Þar skal m.a. kveðið nánar á um framleiðslu og markaðssetningu matvæla, hollustuhætti í matvælaiðnaði, rekjanleika matvæla og umbúða, merkingar matvæla, notkun fullyrðinga í merkingum matvæla, efnainnihald matvæla, viðmiðunarmörk fyrir örverufræðilega þætti og aðskotaefni, neysluvatn, umbúðir og pökkun, tilkynningarskyldu þeirra sem framleiða eða flytja inn umbúðir fyrir matvæli og efni eða efnablöndur sem nota á við framleiðslu og dreifingu matvæla, matvælaeftirlit, innra eftirlit matvælafyrirtækja, um sölu framleiðanda af eigin framleiðslu beint til neytenda, um innflutning dýraafurða frá þriðju ríkjum og starfsemi landamærastöðva, hraðviðvörunarkerfi og stjórnun vegna neyðartilvika og skipun ráðgefandi nefndar sem veitir vísindalega ráðgjöf um áhættumat.

Einnig er ráðherra heimilt að innleiða með reglugerð reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002, frá 28. janúar 2002, um almennar meginreglur og kröfur um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar frá 27. október 2007 nr. 134/2007. Reglugerðir EB sem teknar verða upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og fela í sér breytingar eða viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002, frá 28. janúar 2002, er einnig heimilt að innleiða með reglugerð. Sama gildir um reglugerðir sem settar eru með tilvísun í reglugerðina.

Þá er ráðherra heimilt að innleiða með reglugerð reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004, frá 29. apríl 2004, um hollustuhætti í matvælaiðnaði, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004, frá 29. apríl 2004, um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004, frá 29. apríl 2004, um sértækar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004, frá 29. apríl 2004, um opinbert eftirlit til að tryggja sannprófun þess að lög um fóður og matvæli og reglur um dýraheilbrigði og velferð dýra séu virtar, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar frá 27. október 2007 nr. 137/2007. Reglugerðir EB sem teknar verða upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og fela í sér breytingar eða viðbætur við framangreindar reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins (EB) er einnig heimilt að innleiða með reglugerð. Sama gildir um reglugerðir sem settar eru með tilvísun í þessar reglugerðir EB.

Ráðherra er jafnframt heimilt að innleiða með reglugerð tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2005/41/EB frá 21. apríl 2004, um niðurfellingu tiltekinna tilskipana sem

varða hollustuhætti í tengslum við matvælaiðnað og heilbrigðisskilyrði við framleiðslu og markaðssetningu tiltekinna afurða úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis og um breytingu á tilskipunum ráðsins 89/662/EBE og 92/118/EBE og ákvörðun ráðsins 95/408/EB, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar frá 27. október 2007 nr. 137/2007.

27. gr.

Heiti XIII. kafla laganna verður: **Reglugerðarheimild, gildistaka o.fl.**

28. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Ráðherra er heimilt að fresta innleiðingu efnisákvæða reglugerða sem getið er í 3. mgr. 31. gr. a sem varða kjöt, mjólk og egg til 27. október 2009. Sama gildir um hráar afurðir úr þessum matvælategundum og aðrar unnar afurðir úr mjólk.

II. KAFLI
Breytingar á lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, nr. 25/1993, með síðari breytingum.

29. gr.

Við 4. gr. laganna bætist eftirfarandi skilgreining, í stafrófsröð: *Aukaafurðir úr dýrum:* Heil hræ, skrokkar, skrokkhlutar, líffæri eða aðrar afurðir af dýrum sem ekki eru hæfar eða ætlaðar til manneldis.

30. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Til að hindra að dýrasjúkdómar berist til landsins er óheimilt að flytja til landsins eftirtaldar vörutegundir:

a. kjötmjöl, beinamjöl og blóðmjöl,
b. hey og hálm,
c. hvers konar notaðar umbúðir, reiðfatnað, reiðtygi, vélar, tæki, áhöld og annað sem hefur verið í snertingu við dýr, dýraafurðir og dýraúrgang,
d. hvers konar notaðan búnað til stangaveiða.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er Matvælastofnun heimilt að leyfa innflutning á vörum þeim sem taldar eru upp í a–d-lið, enda þyki sannað að ekki berist smitefni með þeim er valda dýrasjúkdómum. Þá getur ráðherra ákveðið með reglugerð að ákvæði 1. mgr. skuli ekki gilda fyrir einstakar vörutegundir sem þar eru taldar upp ef varan sótthreinsast við tilbúning eða sérstök sótthreinsun er framkvæmd fyrir innflutning og vörunni fylgir fullnægjandi vottorð um uppruna, vinnslu og sótthreinsun. Ráðherra er heimilt að banna með auglýsingu innflutning á vörum sem hætta telst á að smitefni geti borist með og hætta telst geta steðjað af varðandi heilbrigði dýra.

Um framkvæmd þessarar greinar fer einnig eftir ákvæðum annarra laga og alþjóðasamninga sem íslenska ríkið er aðili að.

31. gr.

13. gr. laganna orðast svo:

Aukaafurðir dýra, sem ekki eru ætlaðar til manneldis, skal meðhöndla, geyma, flytja, vinna eða eyða á þann hátt að ekki valdi hættu á útbreiðslu smitefna eða annarra skaðlegra

efna. Þeir sem meðhöndla, geyma, flytja eða vinna aukaafurðir dýra skulu sækja um leyfi Matvælastofnunar áður en starfsemin hefst.

Stjórnendur vinnslu-, geymslu-, lífgas- og myltingarstöðva, svo og stöðva fyrir milliefni og líffituefni, sem ætlað er að vinna aukaafurðir úr dýrum, þ.m.t. stöðvar sem annast vinnslu úrgangs úr sjávar- og eldisafurðum, skulu sækja um starfsleyfi hjá Matvælastofnun.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um aukaafurðir dýra sem ekki eru ætlaðar til manneldis, svo sem meðferð slíkra aukaafurða, flokkun og starfsleyfi vegna þeirra, sbr. 29. gr. a.

32. gr.

Við 25. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra er heimilt með reglugerð að skilgreina arfgerðir þeirra líflamba sem má ekki flytja yfir varnarlínur, þegar um er að ræða endurnýjun bústofns eftir niðurskurð vegna riðuveiki.

33. gr.

Á eftir 29. gr. laganna kemur ný grein sem verður 29. gr. a, svohljóðandi:

Heimilt er ráðherra að innleiða með reglugerð reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 frá 3. október 2002 um heilbrigðisreglur um aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til manneldis, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar frá 27. október 2007 nr. 135/2007 og nr. 136/2007. Reglugerðir EB sem teknar verða upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og fela í sér breytingar eða viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 er einnig heimilt að innleiða með reglugerð. Sama gildir um reglugerðir sem settar eru með tilvísun í reglugerðina.

III. KAFLI
Breytingar á lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, nr. 66/1998, með síðari breytingum.

34. gr.

1. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Dýralæknar samkvæmt lögum þessum eru þeir dýralæknar er lokið hafa prófi frá dýralæknaháskóla sem er viðurkenndur af íslenskum stjórnvöldum. Jafnframt teljast þeir dýralæknar sem heimild hafa til að starfa hér á landi undir starfsheiti heimalands síns í samræmi við reglur Evrópska efnahagssvæðisins eða stofnsamning Fríverslunarsamtaka Evrópu. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra setur nánari reglur um leyfisveitingu, menntunarkröfur og viðurkenndar menntastofnanir. Ef um er að ræða próf frá dýralæknaháskóla sem er utan Evrópska efnahagssvæðisins og Sviss skal leita umsagnar dýralæknaráðs áður en leyfi er veitt samkvæmt lögunum skv. 2. mgr.

35. gr.

11. gr. laganna orðast svo:

Matvælastofnun skal hafa sex umdæmisskrifstofur og við hverja þeirra skal héraðsdýralæknir ráðinn til starfa, en einnig er heimilt að ráða dýralækna og aðra eftirlitsmenn til aðstoðar ef þess er þörf vegna eftirlits og sjúkdómavarna. Skrifstofur Matvælastofnunar skulu vera í eftirfarandi umdæmum:

1. *Suðvesturumdæmi:* Garðabær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Kjósarhreppur, Kópavogsbær, Mosfellsbær, Reykjavíkurborg, Seltjarnarneskaupstaður, Sveitarfélagið Álftanes, Grindavíkurbær, Reykjanesbær, Sandgerðisbær, Sveitarfélagið Garður og Sveitarfélagið Vogar.
2. *Vesturumdæmi:* Akranes, Árneshreppur, Bolungarvíkurkaupstaður, Borgarbyggð, Dalabyggð, Eyja- og Miklaholtshreppur, Kaldrananeshreppur, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit, Hvalfjarðarsveit, Ísafjarðarbær, Skorradalshreppur, Snæfellsbær, Stykkishólmsbær, Súðavíkurhreppur, Strandabyggð, Reykhólahreppur, Tálknafjarðarhreppur og Vesturbyggð.
3. *Norðvesturumdæmi:* Akrahreppur, Blönduósbær, Húnaþing vestra, Húnavatnshreppur, Höfðahreppur, Skagabyggð, Sveitarfélagið Skagafjörður og Bæjarhreppur.
4. *Norðausturumdæmi:* Aðaldælahreppur, Akureyrarkaupstaður, Arnarneshreppur, Dalvíkurbyggð, Eyjafjarðarsveit, Fjallabyggð, Grímseyjarhreppur, Grýtubakkahreppur, Hörgárbyggð, Langanesbyggð, Norðurþing, Skútustaðahreppur, Svalbarðshreppur, Svalbarðsstrandarhreppur, Tjörneshreppur og Þingeyjarsveit.
5. *Austurumdæmi:* Borgarfjarðarhreppur, Breiðdalshreppur, Djúpavogshreppur, Fjarðabyggð, Fljótsdalshérað, Fljótsdalshreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður, Sveitarfélagið Hornafjörður og Vopnafjarðarhreppur.
6. *Suðurumdæmi:* Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Hveragerðisbær, Mýrdalshreppur, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, Skaftárhreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Sveitarfélagið Árborg, Sveitarfélagið Ölfus og Vestmannaeyjabær.

Héraðsdýralæknar skulu eingöngu sinna opinberum eftirlitsstörfum og hafa m.a. eftirlit með sláturdýrum, sláturafurðum og afurðastöðvum, eftirlit með heilbrigði, hirðingu, aðbúnaði og aðstöðu nautgripa á búum þar sem framleidd er mjólk til sölu og lyfjanotkun vegna búfjár, sbr. ákvæði 3. mgr. 11. gr. lyfjalaga. Einnig ber þeim að hafa með höndum framkvæmd sóttvarnaaðgerða í sínum umdæmum. Þeir skulu annast eftirlit með velferð búfjár í samræmi við lög um búfjárhald. Þá ber þeim að hafa eftirlit með búfé og öðrum dýrum eftir því sem lög ákveða.

Ráðherra má, þrátt fyrir ákvæði 2. mgr., heimila með reglugerð opinberum eftirlitsdýralæknum að sinna almennri þjónustu við dýraeigendur á tilteknu svæði ef heilbrigði eða velferð dýra er stefnt í hættu enda fáist ekki dýralæknar til að sinna slíkri þjónustu við dýraeigendur á umræddu svæði.

Matvælastofnun getur falið héraðsdýralæknum og öðrum starfsmönnum umdæmisskrifstofa stofnunarinnar að annast önnur eftirlitsverkefni sem stofnuninni eru falin.

Að fengnum tillögum Matvælastofnunar setur ráðherra reglur um gjald sem skal innheimt fyrir eftirlit og skoðanir héraðsdýralækna og annarra dýralækna og eftirlitsmanna sem starfa við umdæmisskrifstofur stofnunarinnar.

36. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Til að tryggja almenna þjónustu við dýraeigendur skal dýralæknir jafnan vera á bakvakt á hverju vaktsvæði, sbr. 3. mgr. Héraðsdýralæknar, hver í sínu umdæmi, skipuleggja bakvaktir í samráði við sjálfstætt starfandi dýralækna sem þar starfa og er heimilt að skipta bakvakt innan sama vaktsvæðis milli fleiri dýralækna samtímis. Við skipulagningu bakvakta er ætlast til að tekið sé mið af vegalengdum og umfangi þjónustu innan viðkomandi vakt-

svæða. Komi upp ágreiningur um skiptingu bakvakta innan vaktsvæða skal leita úrskurðar Matvælastofnunar.

Fyrir bakvaktaþjónustu greiðist samkvæmt samningi Dýralæknafélags Íslands við Matvælastofnun, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti og fjármálaráðuneyti.

Vaktsvæði dýralækna eru sem hér greinir:

1. Akranes, Borgarbyggð, Hvalfjarðarsveit og Skorradalshreppur.
2. Eyja- og Miklaholtshreppur, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit, Snæfellsbær og Stykkishólmsbær.
3. Dalabyggð og Reykhólahreppur.
4. Árneshreppur, Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarbær, Kaldrananeshreppur, Súðavíkurhreppur, Strandabyggð, Tálknafjarðarhreppur og Vesturbyggð.
5. Bæjarhreppur, Blönduósbær, Húnaþing vestra, Húnavatnshreppur, Höfðahreppur og Skagabyggð.
6. Aðaldælahreppur, Grímseyjarhreppur, Langanesbyggð, Norðurþing, Skútustaðahreppur, Tjörneshreppur og Þingeyjarsveit.
7. Borgarfjarðarhreppur, Fjarðabyggð, Fljótsdalshérað, Fljótsdalshreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður og Vopnafjarðarhreppur.
8. Breiðdalshreppur og Djúpavogshreppur.
9. Sveitarfélagið Hornafjörður.
10. Mýrdalshreppur, Skaftárhreppur og Vestmannaeyjabær.

Matvælastofnun skal tryggja og skipuleggja vaktir héraðsdýralækna og annarra starfsmanna stofnunarinnar til að bregðast við málum sem upp kunna að koma vegna opinberra eftirlitsstarfa og sóttvarna. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, að höfðu samráði við fjármálaráðherra, skal setja reglur um greiðslur til Matvælastofnunar vegna þessara vakta.

37. gr.

13. gr. laganna orðast svo:

Í því skyni að tryggja dreifðum byggðum reglubundna dýralæknaþjónustu og bráðaþjónustu skal sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra setja reglugerð um hvernig tryggja skal starfsaðstöðu og greiðslu staðaruppbótar og/eða ferðakostnaðar dýralæknis sem tekur að sér að veita slíka þjónustu. Við ákvörðun um hvar þörf er á opinberum greiðslum fyrir dýralæknaþjónustu skal ráðherra hafa samráð við Dýralæknafélag Íslands, Bændasamtök Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga og Matvælastofnun.

38. gr.

14. gr. laganna orðast svo:

Matvælastofnun skal ráða sérgreinadýralækna, m.a. til að annast störf á sviði sóttvarna, dýraverndar, dýralyfja, alifuglasjúkdóma, fisksjúkdóma, hrossasjúkdóma, nautgripasjúkdóma, sauðfjársjúkdóma, loðdýrasjúkdóma, svínasjúkdóma, heilbrigðiseftirlits sláturdýra og sláturafurða og inn- og útflutningseftirlits búfjárafurða og dýra.

Sérgreinadýralæknar skulu vinna að bættu heilbrigði búfjár og sjúkdómavörnum með sértækum aðgerðum, almennri fræðslu, forvarnastarfi og eftirliti með framkvæmd sóttvarnaaðgerða. Sérgreinadýralæknar skulu hafa frumkvæði að sýnatökum, rannsóknum og öðrum aðgerðum til að stuðla að heilbrigði og velferð dýra og öryggi búfjárafurða.

Sérgreinadýralæknum er óheimilt að stunda ráðgjöf og almennar dýralækningar á sínu sérsviði og á öðrum sviðum þar sem Matvælastofnun sinnir opinberu eftirliti.

39. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Störf héraðsdýralækna hjá Matvælastofnun eru lögð niður við gildistöku þessara laga. Viðkomandi starfsmönnum skulu boðin störf hjá Matvælastofnun. Ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, gildir ekki um störf sem ráðið er í samkvæmt þessu ákvæði.

IV. KAFLI
Breytingar á lögum um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, nr. 96/1997, með síðari breytingum.

40. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 4. gr. a, svohljóðandi:

Lög nr. 93/1995, um matvæli, gilda um slátrun og sláturafurðir. Sama á við um reglugerðir sem settar eru með heimild í þeim lögum.

41. gr.

11. gr. laganna orðast svo:

Heilbrigðisskoðun skal fara fram á öllum sláturdýrum áður en slátrað er. Skoðunina skal framkvæma innan 24 klukkustunda frá komu í sláturhús og innan 24 klukkustunda fyrir slátrun. Þá skal heilbrigðisskoðun á öllum sláturafurðum fara fram í sláturhúsinu áður en frekari vinnsla fer fram eða þær eru afhentar til dreifingar. Að skoðun lokinni skal merkja allar sláturafurðirnar samkvæmt reglugerð er sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra setur um heilbrigðisskoðun og merkingu á sláturafurðum að fengnum tillögum Matvælastofnunar.

Fyrir eftirlit samkvæmt lögum þessum skulu sláturleyfishafar greiða eftirlitsgjald sem ekki er hærra en raunkostnaður við eftirlitið til að standa straum af eftirtöldum kostnaðarþáttum við eftirlitið:

a. launum starfsfólks sem sinnir störfum vegna eftirlits,
b. öðrum kostnaði vegna starfsfólks, þ.m.t. vegna aðstöðu, áhalda, búnaðar, þjálfunar, ferðalaga og tengds kostnaðar, svo sem af bókhalds- og verkskráningarkerfi,
c. kostnaði við greiningu á rannsóknastofu og sýnatöku.

Matvælastofnun framkvæmir viðbótareftirlit, þar á meðal rannsóknir, með sláturafurðum og sláturdýrum þegar tiltekin starfsemi eða afurðir sláturleyfishafa eða framleiðanda eru ekki taldar uppfylla þær almennu og eðlilegu kröfur sem gerðar eru til meðferðar eða heilbrigðis sláturafurða vegna vísbendinga um smitefni, mengun eða brot gegn heilbrigðis- eða starfsreglum eða skyldra atvika. Raunkostnað af viðbótareftirliti ber sláturleyfishafi eða framleiðandi, eftir því hvaða starfsemi sætir viðbótareftirliti. Framkvæma má viðbótareftirlit þrátt fyrir að sláturafurðir hafi þegar hlotið heilbrigðisvottun.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra er heimilt að setja reglugerð um framkvæmd og inntak eftirlits og gefa út gjaldskrá fyrir eftirlitið að fengnum tillögum Matvælastofnunar. Gjald fyrir eftirlit skal ekki nema lægri fjárhæðum en fram koma í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) 882/2004, um opinbert eftirlit til að tryggja sannprófun þess að lög um fóður og matvæli og reglur um dýraheilbrigði og velferð dýra séu virtar. Ráðherra skal kynna Landssamtökum sláturleyfishafa og Bændasamtökum Íslands efni og forsendur reglugerðar og gjaldskrár með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara og óska eftir umsögnum þeirra. Hafi umsagnir þeirra ekki borist ráðherra að mánuði liðnum er honum þó heimilt að setja reglugerð

og gjaldskrá án umsagna þeirra. Miða skal við að gjaldskrá verði gefin út með eins árs millibili og taki mið af rekstraruppgjöri heilbrigðiseftirlits fyrir heilt rekstrarár.

Við gerð reglugerðar og gjaldskrár er ráðherra heimilt að taka tillit til:

a. hvers konar slátrun er um að ræða og viðkomandi áhættuþátta,
b. hagsmuna sláturleyfishafa með litla framleiðslu,
c. hefðbundinna aðferða við framleiðslu, vinnslu og dreifingu,
d. þarfa sláturleyfishafa á svæðum sem líða fyrir tilteknar landfræðilegar takmarkanir.

Eftirlitsgjald skal greiða samkvæmt framlögðum reikningi eftirlitsaðila. Innheimta má eftirlitsgjaldið með fjárnámi án undanfarins dóms eða sáttar. Matvælastofnun er heimilt að krefjast dráttarvaxta af ógreiddri fjárkröfu vegna eftirlits frá og með gjalddaga fram að greiðsludegi.

Þá getur eftirlitsaðili afturkallað starfsleyfi sláturleyfishafa hafi hann verulega vanefnt greiðslu eftirlitsgjalds eða ef hann er ekki greiðslufær.

Einnig er heimilt að taka gjald vegna raunkostnaðar við sýnatöku og rannsóknir á sláturdýrum og afurðum sem slátrað er með heimild í 4. mgr. 5. gr.

Ákvæði þessarar greinar gilda eftir því sem við á um innheimtu gjalds fyrir eftirlit á landamærastöðvum með innflutningi frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins.

42. gr.

13. gr. laganna fellur brott.

43. gr.

Á eftir 17. gr. laganna kemur ný grein, 17. gr. a, svohljóðandi:

Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um meðferð aukaafurða úr sláturdýrum sem skal vera í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002.

44. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um slátrun og sláturafurðir.**

V. KAFLI
Breytingar á lögum um framleiðslu, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, nr. 55/1998, með síðari breytingum.

45. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Skilgreining á „sjávarafurðum“ í 1. mgr. orðast svo: *Sjávarafurðir:* Sjávarafli og fiskafurðir eins og skilgreint er hér að framan.
b. Skilgreining á „neysluvatni“ í 2. mgr. orðast svo: *Neysluvatn:* Vatn í upphaflegu ástandi eða eftir meðhöndlun, án tillits til uppruna þess og hvort sem það kemur úr dreifikerfi, tönkum, flöskum eða öðrum ílátum og ætlað er til neyslu, eða matargerðar, einnig allt vatn sem notað er í matvælafyrirtækjum, nema unnt sé að sýna fram á að gæði þess vatns sem notað er hafi ekki áhrif á heilnæmi framleiðslunnar.
c. Við 2. mgr. bætast eftirfarandi skilgreiningar á hugtökum í viðeigandi stafrófsröð:
   1. *Smásala:* Meðhöndlun og/eða vinnsla sjávarafurða og geymsla þeirra á staðnum þar sem þau eru seld eða afhent neytanda, þ.m.t. dreifingarstöðvar, matsölufyrirtæki, mötuneyti starfsfólks, veitingahús og önnur samsvarandi matarþjónusta ásamt verslunum, dreifingarstöðvum stórmarkaða og heildsölumarkaðir.

2. *Stjórnandi:* Einstaklingur eða lögaðili sem er ábyrgur fyrir því að farið sé að kröfum samkvæmt lögum og stjórnvaldsreglum í fyrirtækjum sem annast meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða undir þeirra stjórn.

46. gr.

Á eftir 4. gr. laganna kemur ný grein, 4. gr. a., svohljóðandi:

Lög nr. 93/1995, um matvæli, gilda um sjávar- og eldisafurðir. Sama á við um reglugerðir sem settar eru með heimild í þeim lögum.

47. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „íslensk yfirvöld“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: lög og stjórnvaldsreglur.
b. Í stað orðanna „af íslenskum yfirvöldum“ í 2. mgr. kemur: í lögum og stjórnvaldsreglum.
c. Í stað orðanna „íslensk yfirvöld heimila“ í 3. mgr. kemur: heimiluð eru í lögum og stjórnvaldsreglum.

48. gr.

1. mgr. 9. gr. laganna fellur brott.

49. gr.

Við 2. málsl. 11. gr. laganna bætist: og skulu merkingar að öðru leyti vera í samræmi við 13. gr. a laga um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum.

50. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. Orðin „framleiðslustöðvar dýrafóðurs úr sjávarafurðum“ í 1. mgr. falla brott.
b. Orðin „og samning við faggilta skoðunarstofu, sbr. 16. gr.“ í 3. mgr. falla brott.

51. gr.

Í stað orðanna „Forsvarsmenn vinnslustöðva“ í 1. málsl. 1. mgr. 15. gr. laganna kemur: Stjórnendur vinnslustöðva, skipa og annarra starfsstöðva.

52. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:

a. Í stað 1.–4. mgr. kemur ein ný málsgrein, svohljóðandi:

   Matvælastofnun er heimilt að fela aðilum sem hlotið hafa faggildingu samkvæmt lögum um faggildingu o.fl. að annast tiltekin verkefni við framkvæmd eftirlits samkvæmt lögum þessum og skal gerður um það sérstakur samningur í hverju tilviki. Þeir skulu bundnir þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd eftirlitsins og leynt á að fara.

b. 7. mgr. orðast svo:

   Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um skilyrði og störf faggiltra skoðunarstofa samkvæmt lögum þessum.

53. gr.

Orðin „eða fóðurs“ í 1. mgr. 20. gr. laganna falla brott.

54. gr.

21. gr. laganna orðast svo:

Matvælastofnun er heimil skyndiskoðun og sýnataka til rannsókna á lifandi fiski og sjávarafurðum sem fluttar eru til Íslands frá ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins enda sé rökstuddur grunur um að fiskurinn eða afurðirnar séu heilsuspillandi eða óhæfar til neyslu.

Viðtakandi slíkra afurða skal halda dagbók yfir mótteknar sendingar og ganga úr skugga um að samræmi sé milli þeirra og meðfylgjandi skjala. Varðveita skal vottorð og önnur skilríki þeim viðkomandi í eitt ár svo að unnt sé að framvísa þeim að kröfu eftirlitsaðila.

55. gr.

22. gr. laganna orðast svo:

Allur innflutningur lifandi fisks og sjávarafurða frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins skal fara um landamærastöðvar.

Tilkynna skal Matvælastofnun fyrir fram um slíkan innflutning þar sem getið er um magn, tegund, áfangastað og hvenær áætlað er að sending berist.

Á landamærastöðvum eða í þeim höfnum sem heimild hafa fengið fyrir innflutningi skal fara fram athugun á skjölum og samanburður á þeim og sendingu til að sannreyna uppruna hennar og ákvörðunarstað.

Matvælastofnun skal kanna ástand afurðanna og taka sýni til rannsókna á rannsóknastofu. Skal Matvælastofnun í þeim efnum fylgja gildandi reglum um tíðni skoðana og um sýnatökur. Komi í ljós við skynmat eða rannsókn að þær séu óhæfar til manneldis skal eyða þeim. Heimilt er þó að endursenda afurðina að fengnu leyfi yfirvalda í framleiðslulandi eða að nýta hana í mjöl enda sé hún laus við eiturefni.

Innflytjandi er ábyrgur fyrir þeim kostnaði sem getur fallið til við að endursenda vöru, geyma hana, taka til annarra nota eða eyða henni.

Vegna innflutnings framangreindra afurða gildir að öðru leyti reglugerð (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004.

56. gr.

Orðin „eða að nýta hana í fiskimjöl“ í 4. málsl. 2. mgr. 26. gr. laganna falla brott.

57. gr.

28. gr. laganna fellur brott ásamt fyrirsögn á undan greininni.

58. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 31. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: M.a. skal ráðherra setja gjaldskrá fyrir útgáfu starfsleyfa og staðfestinga og vottorða vegna framkvæmdar á lögum þessum, svo og fyrir skráningu og móttöku umsókna.
b. 2. mgr. fellur brott.

59. gr.

Á eftir 31. gr. laganna kemur ný grein, 31. gr. a, svohljóðandi:

Fyrir eftirlit samkvæmt lögum þessum skulu framleiðendur greiða eftirlitsgjald sem ekki er hærra en raunkostnaður við eftirlit til að standa straum af eftirtöldum kostnaðarþáttum við eftirlitið:

a. launum starfsfólks sem sinnir störfum vegna eftirlits,
b. öðrum kostnaði vegna starfsfólks, þ.m.t. vegna aðstöðu, áhalda, búnaðar, þjálfunar, ferðalaga og tengds kostnaðar, svo sem af bókhalds- og verkskráningarkerfi,
c. kostnaði við greiningu á rannsóknastofu og sýnatöku.

Eftirlitsaðili framkvæmir viðbótareftirlit með sjávarafurðum, eldisafurðum og aukaafurðum þegar tiltekin starfsemi og afurðir eru ekki taldar uppfylla þær almennu og eðlilegu kröfur sem gerðar eru til meðferðar eða heilbrigðis afurða vegna vísbendinga um smitefni, mengun eða brot gegn heilbrigðis- eða starfsreglum eða skyldra atvika. Raunkostnað af viðbótareftirliti ber framleiðandi eftir því hvaða starfsemi sætir viðbótareftirliti. Framkvæma má viðbótareftirlit þrátt fyrir að afurðir hafi þegar hlotið heilbrigðisvottun.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra er heimilt að setja reglugerð um framkvæmd og inntak eftirlits Matvælastofnunar og faggiltra eftirlitsaðila og gefa út gjaldskrá fyrir eftirlitið að fengnum tillögum Matvælastofnunar. Gjald fyrir eftirlit skal ekki nema lægri fjárhæðum en fram koma í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) 882/2004, um opinbert eftirlit til að tryggja sannprófun þess að lög um fóður og matvæli og reglur um dýraheilbrigði og velferð dýra séu virtar.

Ráðherra skal kynna hagsmunaaðilum efni og forsendur reglugerðar og gjaldskrár með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara og óska eftir umsögnum þeirra. Hafi umsagnir þeirra ekki borist ráðherra að mánuði liðnum er honum þó heimilt að setja reglugerð og gjaldskrá án umsagna þeirra. Við gerð reglugerðar og gjaldskrár er ráðherra heimilt að taka tillit til:

a. hvers konar starfsemi er um að ræða og viðkomandi áhættuþátta,
b. hagsmuna framleiðenda með litla framleiðslu,
c. hefðbundinna aðferða við framleiðslu, vinnslu og dreifingu,
d. þarfa framleiðenda á svæðum sem líða fyrir tilteknar landfræðilegar takmarkanir.

Eftirlitsgjald skal greiða samkvæmt framlögðum reikningi eftirlitsaðila.

Innheimta má eftirlitsgjald með fjárnámi án undanfarins dóms eða sáttar. Eftirlitsaðilum er heimilt að krefjast dráttarvaxta af ógreiddri fjárkröfu vegna eftirlits frá og með gjalddaga fram að greiðsludegi. Þá getur eftirlitsaðili afturkallað starfsleyfi matvælafyrirtækis skv. 9. gr. laga um matvæli hafi hann verulega vanefnt greiðslu eftirlitsgjalds eða ef hann er ekki greiðslufær.

Einnig er heimilt að taka gjald vegna raunkostnaðar við sýnatöku og rannsóknir af afurðum.

Ákvæði þessarar greinar gilda eftir því sem við á um innheimtu gjalds fyrir eftirlit á landamærastöðvum með innflutningi frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Þá skulu ákvæði þessarar greinar einnig gilda eftir því sem við á um eftirlit sem Matvælastofnun felur faggiltum skoðunarstofum að framkvæma samkvæmt lögum þessum, sbr. 16. gr.

60. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um sjávar- og eldisafurðir.**

VI. KAFLI

Breytingar á lögum um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, nr. 22/1994, með síðari breytingum.

61. gr.

Á eftir 2. gr. laganna kemur ný grein, 2. gr. a, svohljóðandi:

Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Eftirlitsaðili* er Matvælastofnun.
2. *Aukaafurðir úr dýrum* eru heil hræ, skrokkar, skrokkhlutar, líffæri eða aðrar afurðir af dýrum sem ekki eru hæfar eða ætlaðar til manneldis.
3. *Aukefni* eru efni eða efnablöndur sem eru notaðar í fóður í því skyni að:
   a. bæta eiginleika dýrafóðurs, fóðurblandna eða dýraafurða eða
   b. bæta frumefnum í fóðrið og stuðla að því að ná tilteknum næringarmarkmiðum eða mæta sérstakri tilfallandi næringarþörf dýra eða
   c. fullnægja næringarþörf dýra eða bæta búfjárframleiðslu, einkum með því að hafa áhrif á örveruflóru meltingarvegarins eða niðurbrotshæfni fóðurs, eða
   d. koma í veg fyrir eða draga úr skaðlegum áhrifum húsdýraáburðar eða bæta umhverfi dýra.
4. *Forblöndur* eru blöndur aukefna í fóðri eða blöndur eins eða fleiri aukefna í fóðri við fóðurefni eða vatn, sem notuð eru sem burðarefni og ekki ætluð til nota beint sem fóður.
5. *Fóður* er hvers konar efni eða vörur, einnig aukefni, hvort sem þau eru fullunnin, unnin að hluta eða óunnin, sem ætluð eru til fóðrunar dýra. Til fóðurs teljast einnig vörur unnar úr fiski eða fiskúrgangi.
6. *Fóður-, áburðar- eða sáðvörufyrirtæki* er fyrirtæki eða einstaklingur sem starfar við framleiðslu, vinnslu, geymslu, flutning eða dreifingu fóðurs, áburðar og sáðvöru, þ.m.t. framleiðsla, vinnsla eða geymsla framleiðanda á slíkum vörum til notkunar á eigin bújörð, hvort sem fyrirtækið er rekið í ágóðaskyni eður ei og hvort sem það er einkarekið eða opinbert fyrirtæki.
7. *Stjórnandi fóður-, áburðar- eða sáðvörufyrirtækis* er einstaklingur og lögaðili sem er ábyrgur fyrir því að farið sé að kröfum samkvæmt lögum og stjórnvaldsfyrirmælum um fóður, áburð eða sáðvöru í fyrirtækjum undir þeirra stjórn.
8. *Neytandi fóðurs* er sá sem notar fóður ekki sem lið í rekstri eða starfsemi fóðurfyrirtækis.
9. *Markaðssetning fóðurs* er að hafa umráð yfir fóðri með sölu fyrir augum, þ.m.t. að bjóða það til sölu eða afhendingar í öðru formi, gegn gjaldi eða endurgjaldslaust, og sjálf salan, dreifingin eða önnur form afhendingar.
10. *Rekjanleiki fóðurs* er sá möguleiki að rekja feril fóðurs, dýra, sem gefa af sér afurðir til manneldis, og efna, sem nota á eða vænst er að verði notuð í fóður og matvæli í gegnum öll stig framleiðslu, vinnslu og dreifingar.

62. gr.

2. mgr. 3. gr. laganna fellur brott

63. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Fóður-, áburðar- eða sáðvörufyrirtæki skulu tilkynna eftirlitsaðila um starfsemi sína áður en starfsemi hefst. Óheimilt er að skrá fóður-, áburðar- eða sáðvörufyrirtæki sem ekki sýna fram á fullnægjandi aðstöðu fyrir þá starfsemi sem tilkynnt er um.

Fóðurfyrirtæki sem nota aukefni eða forblöndur í fóðurvörur eða vinna fóður úr aukaafurðum dýra skulu hafa starfsleyfi frá eftirlitsaðila, og skulu þau sækja um starfsleyfi áður en starfsemi hefst. Heimilt er að skilyrða starfsleyfi.

Gefa skal út starfsleyfi til tiltekins tíma, enda uppfylli starfsemin skilyrði laga og stjórnvaldsfyrirmæla sem um hana gilda. Óheimilt er að hefja starfsleyfisskylda starfsemi hafi starfsleyfi fyrir hana ekki verið gefið út. Stjórnanda ber að veita eftirlitsaðila upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á starfsemi sem varðað geta ákvæði starfsleyfis með hæfilegum fyrirvara. Eftirlitsaðila er heimilt að endurskoða starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef breytingar verða á rekstrinum eða vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um öryggi fóðurs eða framkvæmd fóðureftirlits.

64. gr.

Við lögin bætist ný grein, 6. gr. a, svohljóðandi:

Leiki rökstuddur grunur á að tiltekið fóður, áburður eða sáðvara hafi í för með sér áhættu fyrir heilbrigði manna eða dýra skulu eftirlitsaðilar upplýsa almenning um eðli áhættunnar fyrir heilsu dýra eða manna. Slíkar ráðstafanir eftirlitsaðila skulu miðast við eðli, alvarleika og umfang áhættunnar. Tilgreina skal eins nákvæmlega og unnt er fóður, áburð og sáðvöru sem um er að ræða, tegund vörunnar, þá áhættu sem kann að vera á ferðum og ráðstafanir sem hafa verið gerðar eða verða gerðar á næstunni til að fyrirbyggja, draga úr eða eyða þessari áhættu.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um opinbera birtingu niðurstaðna vegna eftirlits sem fer fram vegna eftirlits skv. 1. mgr.

Jafnframt er ráðherra heimilt að setja með reglugerð reglur um birtingu niðurstaðna almenns eftirlits með fóðri, áburði eða sáðvöru. Ráðherra getur m.a. ákveðið að kæra fresti ekki réttaráhrifum opinberrar birtingar og jafnframt ákveðið að vissum upplýsingum sé haldið leyndum. Slíkar reglur skulu kveða á um framsetningu og inntak birtingarinnar, m.a. að birtingin sé rafræn og á hvaða tímamarki skuli birta slíkar upplýsingar. Heimilt er að birta niðurstöður eftirlits er varða eitt matvælafyrirtæki eða fleiri í senn eftir atvikum.

65. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Til þess að tryggja framkvæmd laga þessara setur ráðherra reglugerðir um atriði sem lög þessi ná til og varða fóður, áburð og sáðvöru. Þar skal m.a. kveðið nánar á um framleiðslu og markaðssetningu, hollustuhætti í framleiðslu, rekjanleika fóðurs, merkingar og vörulýsingar, efnainnihald, sýnatökur, viðmiðunarmörk fyrir örverufræðilega þætti og óæskileg efni, umbúðir og pökkun, eftirlit eftirlitsaðila, innra eftirlit, meðferð aukaafurða dýra, innflutning fóðurs, áburðar og sáðvöru frá þriðju ríkjum og starfsemi landamærastöðva vegna fóðurs, hraðviðvörunarkerfi og stjórnun vegna neyðartilvika.

Ráðherra er heimilt að innleiða með reglugerð reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002, frá 28. janúar 2002, um almennar meginreglur og kröfur um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla, sbr.

ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar frá 27. október 2007 nr. 134/2007. Reglugerðir EB sem teknar verða upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og fela í sér breytingar eða viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002, frá 28. janúar 2002, er einnig heimilt að innleiða með reglugerð. Sama gildir um reglugerðir sem settar eru með tilvísun í reglugerðina.

Ráðherra er heimilt að innleiða með reglugerð reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 183/2005, frá 12. janúar 2005, um hollustuhætti í fóðuriðnaði, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar frá 27. október 2007 nr. 138/2007. Reglugerðir EB sem teknar verða upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og fela í sér breytingar eða viðbætur við framangreinda reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) er einnig heimilt að innleiða með reglugerð. Sama gildir um reglugerðir sem settar eru með tilvísun í reglugerðina.

Ráðherra er heimilt að innleiða með reglugerð reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004, frá 29. apríl 2004, um opinbert eftirlit til að tryggja sannprófun þess að lög um fóður og matvæli og reglur um dýraheilbrigði og velferð dýra séu virtar, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar frá 27. október 2007 nr. 137/2007. Reglugerðir EB sem teknar verða upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og fela í sér breytingar eða viðbætur við framangreindar reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins (EB) er einnig heimilt að innleiða með reglugerð. Sama gildir um reglugerðir sem settar eru með tilvísun í þessar reglugerðir EB.

Heimilt er ráðherra að innleiða með reglugerð reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002, frá 3. október 2002, um heilbrigðisreglur um aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til manneldis, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar frá 27. október 2007 nr. 135/2007 og nr. 136/2007. Reglugerðir EB sem teknar verða upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og fela í sér breytingar eða viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002, er einnig heimilt að innleiða með reglugerð. Sama gildir um reglugerðir sem settar eru með tilvísun í reglugerðina.

66. gr.

Fyrirsögn II. kafla laganna verður: **Skráningarskylda og starfsleyfi, eftirlit og reglugerðarheimild.**

67. gr.

Á eftir 7. gr. laganna kemur nýr kafli, III. kafli, **Reglur um fóður,** með átta nýjum greinum, 7. gr. a – 7. gr. h, svohljóðandi, og breytast önnur kaflanúmer samkvæmt því:

a. (7. gr. a.)

Fóður sem ekki er öruggt skal ekki markaðssetja né gefa dýrum sem gefa af sér afurðir til manneldis. Fóður telst ekki öruggt til fyrirhugaðrar notkunar ef það er álitið heilsuspillandi fyrir menn og dýr eða verða þess valdandi að matvæli af dýrum sem gefa af sér afurðir til manneldis verða óhæf til manneldis. Ef fóður, sem staðfest hefur verið að standist ekki kröfur um öryggi fóðurs, er hluti af framleiðslueiningu, lotu eða sendingu matvæla í sama flokki eða með sömu einkenni skal gert ráð fyrir að ekkert fóður í þeirri framleiðslueiningu, lotu eða sendingu standist kröfurnar nema ítarlegt mat hafi leitt í ljós að engar vísbendingar séu um að afgangurinn af framleiðslueiningunni, lotunni eða sendingunni standist ekki kröfur um öryggi fóðurs.

b. (7. gr. b.)

Dýrapróteín sem unnið er úr aukaafurðum úr dýrum má ekki nota í fóður eða til fóðurgerðar fyrir dýr sem alin eru upp til manneldis. Einungis er heimilt að nota slík dýrapróteín til að framleiða fóður fyrir loðdýr, gæludýr og önnur dýr sem ekki eru alin til manneldis, og þá aðeins ef efnasamsetning, framleiðsluaðferðir, geymsla, flutningur og aðrar sérkröfur vegna þessara aukaafurða er í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 frá 3. október 2002.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að nota dýrapróteín sem búið er til úr fiski sem fóður eða til fóðurgerðar fyrir jórturdýr.

Þó er bannað að fóðra dýr á dýrapróteini sem er unnið úr dýrum eða afurðum dýra af sömu tegund.

Að öðru leyti gildir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 um notkun aukaafurða úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til manneldis til fóðrunar eða fóðurgerðar.

Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um notkun á fóðri og áburði sem búinn er til úr aukaafurðum úr dýrum. Þar er ráðherra heimilt að flokka þessar afurðir í áhættuflokka allt eftir því hversu mikil hætta stafar af þeim varðandi útbreiðslu á smitsjúkdómum, sem og að banna notkun á einstökum flokkum ef slíkt reynist nauðsynlegt til að koma í veg fyrir útbreiðslu smitsjúkdóma.

c. (7. gr. c.)

Stjórnandi fóðurfyrirtækis ber ábyrgð á að uppfylltar séu kröfur laga og stjórnvaldsreglna sem gilda um starfsemi þess á hverjum tíma. Stjórnandi bera ábyrgð á öllum stigum framleiðslu, vinnslu og dreifingar í fyrirtæki undir hans stjórn og skal sannprófa að þessum kröfum sé fullnægt.

d. (7. gr. d.)

Ef stjórnandi fóðurfyrirtækis álítur eða hefur ástæðu til að álíta að fóður, sem hann hefur flutt inn, framleitt, tilreitt, unnið eða dreift, sé ekki í samræmi við kröfur um öryggi fóðurs skal hann tafarlaust gera ráðstafanir til að taka umrætt fóður af markaðnum og tilkynna það hlutaðeigandi eftirlitsaðilum. Í þessum tilvikum eða þar sem framleiðslueiningin, lotan eða vörusendingin stenst ekki kröfur um öryggi fóðurs skal farga fóðrinu nema eftirlitsaðili fallist á aðra lausn. Stjórnandi skal upplýsa notendur fóðursins á skilvirkan og nákvæman hátt um ástæðurnar fyrir því að það var tekið af markaðnum og, ef nauðsyn krefur, innkalla vörur sem þeim hafa þegar verið afhentar ef aðrar ráðstafanir nægja ekki til þess að tryggja víðtæka heilsuvernd.

Stjórnandi fóðurfyrirtækis, sem ber ábyrgð á smásölu eða dreifingarstarfsemi sem hefur ekki áhrif á umbúðir, merkingu, öryggi eða heilleika fóðursins, skal gera ráðstafanir, innan þeirra marka sem ráðast af viðkomandi starfsemi, til að taka vörur af markaðnum ef þær eru ekki í samræmi við kröfur um öryggi fóðurs og stuðla að öryggi matvæla með því að veita þær upplýsingar sem þarf til að rekja feril tiltekins fóðurs í samvinnu við framleiðendur, vinnsluaðila og/eða eftirlitsaðila.

Álíti stjórnandi fóðurfyrirtækis eða hafi hann ástæðu til að álíta að tiltekið fóður, sem hann hefur markaðssett, standist ekki kröfur um öryggi fóðurs skal hann þegar í stað tilkynna það eftirlitsaðila. Stjórnendur skulu tilkynna yfirvöldum um aðgerðir til að fyrirbyggja hættu vegna notkunar þessa fóðurs. Þeir skulu jafnframt eiga allt það samstarf við yfirvöld sem dregið getur úr eða eytt áhættu vegna viðkomandi fóðurs.

e. (7. gr. e.)

Á öllum stigum framleiðslu, vinnslu og dreifingar skal vera fyrir hendi möguleiki á að rekja feril fóðurs dýra sem gefa af sér afurðir til manneldis og hvers kyns efna sem nota á eða vænst er að verði notuð í fóður. Stjórnandi fóðurfyrirtækis skal geta tilgreint alla einstaklinga og lögaðila sem hafa afhent því matvæli, fóður, dýr sem gefur af sér afurðir til manneldis eða hvers kyns efni sem nota á eða vænst er að verði notuð í matvæli eða fóður. Einnig skal stjórnandi geta tilgreint fyrirtæki sem fóðurfyrirtækið hefur afhent vörur sínar. Í þessu skyni skulu umræddir stjórnendur hafa yfir að ráða kerfum og verklagsreglum til að gera framangreindar upplýsingar aðgengilegar eftirlitsaðilum að beiðni þeirra. Þá skulu fóðurvörur vera merktar og auðkenndar á viðeigandi hátt til að auðveldara verði að rekja feril þeirra með aðstoð viðeigandi skjala eða upplýsinga í samræmi við fyrrgreindar kröfur.

f. (7. gr. f.)

Í sérstökum tilvikum þar sem mat á fyrirliggjandi upplýsingum leiðir í ljós möguleika á heilsuspillandi áhrifum fóðurs en vísindaleg óvissa ríkir áfram er ráðherra heimilt að samþykkja nauðsynlegar bráðabirgðaráðstafanir til að tryggja heilsu almennings vegna hugsanlegra heilsuspillandi áhrifa fóðurs.

Ráðstafanir, sem eru samþykktar á grundvelli 1. mgr., skulu vera í réttu hlutfalli við markmiðið og ekki hamla viðskiptum meira en nauðsynlegt er. Ráðstafanirnar skulu endurskoðaðar innan eðlilegs tíma miðað við eðli þeirrar áhættu fyrir líf eða heilsu manna sem greind hefur verið og þá tegund vísindalegra upplýsinga sem þarf til að eyða vísindalegri óvissu og til að framkvæma umfangsmeira áhættumat.

Varúðar- og varnaraðgerðir skv. 1. mgr. geta náð til alls landsins eða hluta þess. Skal ráðherra hafa samráð við Matvælastofnun áður en til slíkra aðgerða er gripið.

g. (7. gr. g.)

Leitast skal við að vernda hagsmuni neytenda og gefa neytendum kost á upplýstu vali með tilliti til fóðurs sem þeir nota. Þannig skal leitast við að fyrirbyggja framleiðslu og markaðssetningu svikins fóðurs, sviksamlegar eða villandi starfsvenjur og aðrar starfsvenjur sem gætu villt um fyrir neytendum.

Óheimilt er að villa um fyrir neytendum með merkingu, auglýsingu og framsetningu fóðurs, þ.m.t. lögun þess, útliti eða umbúðum og umbúðaefni, hvernig þeim er fyrir komið og í hvaða umhverfi það er sýnt sem og upplýsingarnar sem eru veittar um það.

h. (7. gr. h.)

Allur innflutningur fóðurs frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins skal fara um landamærastöðvar.

Tilkynna skal eftirlitsaðila fyrir fram um slíkan innflutning þar sem getið er um magn, tegund, áfangastað og hvenær áætlað er að sending berist.

Á landamærastöðvum eða í þeim höfnum sem heimild hafa fengið fyrir innflutningi skal fara fram athugun á skjölum og samanburður á þeim og sendingu til að sannreyna uppruna hennar og ákvörðunarstað.

Eftirlitsaðili skal kanna ástand fóðursins og taka sýni til rannsókna á rannsóknastofu. Skal hann í þeim efnum fylgja gildandi reglum um tíðni skoðana og um sýnatökur. Komi í ljós við skynmat eða rannsókn að fóðrið sé heilsuspillandi fyrir menn og dýr og verða þess valdandi að matvæli af dýrum sem gefa af sér afurðir til manneldis verða óhæf til manneldis skal eyða

þeim. Heimilt er þó að endursenda afurðina að fengnu leyfi yfirvalda í útflutningslandi eða að nýta hana í mjöl enda sé hún laus við eiturefni.

Innflytjandi er ábyrgur fyrir þeim kostnaði sem getur fallið til við að endursenda vöru, geyma hana, taka til annarra nota eða eyða henni.

68. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Fyrir eftirlit samkvæmt lögum þessum skulu fóður-, áburðar- og sáðvörufyrirtæki greiða eftirlitsgjald sem ekki er hærra en raunkostnaður við eftirlitið til að standa straum af eftirtöldum kostnaðarþáttum við eftirlit með fóðri, áburði eða sáðvöru:

a. launum starfsfólks sem sinnir störfum vegna eftirlits,
b. öðrum kostnaði vegna starfsfólks, þ.m.t. vegna aðstöðu, áhalda, búnaðar, þjálfunar, ferðalaga og tengds kostnaðar, svo sem af bókhalds- og verkskráningarkerfi,
c. kostnaði við greiningu á rannsóknastofu og sýnatöku.

Eftirlitsaðili framkvæmir viðbótareftirlit, þar á meðal rannsóknir, með vöru þegar tiltekin starfsemi eða vara fyrirtækis er ekki talin uppfylla þær almennu og eðlilegu kröfur sem gerðar eru til meðferðar eða heilbrigðis vara vegna vísbendinga um smitefni, mengun eða brot gegn heilbrigðis- eða starfsreglum eða skyldra atvika. Raunkostnað af viðbótareftirliti ber fóður-, áburðar- eða sáðvörufyrirtæki. Framkvæma má viðbótareftirlit þrátt fyrir að afurðir eða vara hafi þegar hlotið heilbrigðisvottun.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um framkvæmd og inntak eftirlits og gefa út gjaldskrá fyrir eftirlitið að fengnum tillögum eftirlitsaðila. Ráðherra skal afla umsagnar hagsmunaaðila og kynna þeim efni og forsendur reglugerðar og/eða gjaldskrár með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara. Hafi umsagnir þeirra ekki borist ráðherra að mánuði liðnum er honum þó heimilt að setja reglugerð og gjaldskrá án umsagna þeirra. Miða skal við að gjaldskrá verði gefin út með eins árs millibili og taki mið af rekstraruppgjöri eftirlitsins fyrir heilt rekstrarár. Við gerð reglugerðar og gjaldskrár er ráðherra heimilt að taka tillit til:

a. hvers konar framleiðslu um er að ræða og viðkomandi áhættuþátta,
b. hagsmuna framleiðanda með litla framleiðslu,
c. hefðbundinna aðferða við framleiðslu, vinnslu og dreifingu
d. þarfa framleiðenda á svæðum sem líða fyrir tilteknar landfræðilegar takmarkanir.

Eftirlitsgjald skal greiða samkvæmt framlögðum reikningi eftirlitsaðila. Innheimta má eftirlitsgjaldið með fjárnámi án undanfarins dóms eða sáttar. Eftirlitsaðilum er heimilt að krefjast dráttarvaxta af ógreiddri fjárkröfu vegna eftirlits frá og með gjalddaga fram að greiðsludegi. Þá getur eftirlitsaðili afturkallað starfsleyfi fóðurfyrirtækis skv. 4. gr. hafi það verulega vanefnt greiðslu eftirlitsgjalds eða ef það er ekki greiðslufært.

69. gr.

Á eftir 8. gr. laganna kemur ný grein, 8. gr. a, svohljóðandi:

Ráðherra skal setja gjaldskrá vegna útgáfu starfsleyfa og vottorða vegna framkvæmdar á lögum þessum, svo og vegna skráningar og móttöku umsókna. Gjaldskrá skal taka mið af kostnaði sem hlýst af útgáfu starfsleyfa og vottorða, skráningu og móttöku umsókna og leyfisveitingum og má ákvörðun gjalds ekki vera hærri en sá kostnaður.

70. gr.

Fyrirsögn III. kafla laganna er verður IV. kafli verður: **Eftirlitsgjald vegna fóðurs, áburðar og sáðvöru.**

71. gr.

Í stað 9. gr. laganna koma fimm nýjar greinar sem verða 9. gr. og 9. gr. a – 9. gr. e, svohljóðandi:

a. (9. gr.)

Eftirlitsaðila er heimilt að stöðva starfsemi að hluta eða í heild ef rökstuddur grunur er um að fóður, áburður eða sáðvara sé heilsuspillandi fyrir menn og dýr og verði þess valdandi að matvæli af dýrum sem gefa af sér afurðir til manneldis verða óhæf til manneldis. Sama gildir ef um er að ræða starfsemi sem starfar án tilskilins leyfis eða hefur ekki sinnt tilkynningarskyldu skv. 4. gr.

Einnig er eftirlitsaðila heimilt að gefa fyrirmæli um afmengun fóðurs, stöðva eða takmarka framleiðslu og markaðssetningu fóðurs, áburðar eða sáðvöru og leggja hald á slíka vöru þegar rökstuddur grunur er um að varan uppfylli ekki ákvæði í vörulýsingu, ákvæðum laga þessara eða reglugerða settra samkvæmt þeim. Þegar eftirlitsaðilar leggja hald á fóður, áburð eða sáðvöru er þeim heimil förgun vörunnar sé það talið nauðsynlegt.

Þá getur eftirlitsaðili jafnframt til að knýja á um aðgerðir samkvæmt lögum þessum, reglugerðum eða eigin fyrirmælum samkvæmt þessum ákvæðum beitt eftirfarandi aðgerðum:

1. veitt áminningu,
2. veitt áminningu og tilhlýðilegan frest til úrbóta.

Stöðvun starfsemi og förgun á vörum skal því aðeins beitt að um alvarlegri tilvik eða ítrekað brot sé að ræða eða ef aðilar sinna ekki úrbótum innan tiltekins frests og er heimilt að leita aðstoðar lögreglu ef með þarf. Sé um slík brot að ræða getur eftirlitsaðili afturkallað leyfi viðkomandi fyrirtækis til reksturs skv. 4. gr.

b. (9. gr. a.)

Þegar stjórnandi sinnir ekki fyrirmælum innan tiltekins frests getur eftirlitsaðili ákveðið fyrirtæki dagsektir þar til úrbætur hafa verið framkvæmdar. Dagsektir renna í ríkissjóð og skal hámark þeirra ákveðið í reglugerð sem ráðherra setur. Jafnframt er eftirlitsaðila heimilt að láta vinna verk á kostnað hins vinnuskylda ef fyrirmæli um framkvæmd eru vanrækt og skal kostnaður þá greiddur til bráðabirgða af viðkomandi eftirlitsaðila en innheimtast síðar hjá hlutaðeigandi fyrirtæki. Kostnað og dagsektir má innheimta með fjárnámi án dóms eða sáttar.

c. (9. gr. b.)

Eftirlitsaðila skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þar á meðal töku sýna og myndatöku, að öllum þeim stöðum sem lög þessi, reglugerðir og samþykktir ná yfir og er heimilt að leita aðstoðar lögreglu ef með þarf.

Einnig er eftirlitsaðila heimilt að taka sýni þar sem starfsemi fer fram og lög þessi, reglugerðir settar samkvæmt þeim og samþykktir ná til.

Stjórnanda er skylt að veita aðstoð við framkvæmd eftirlitsins og veita allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits með framkvæmd laganna og ber þeim endurgjaldslaust að afhenda sýni sem talin eru nauðsynleg vegna eftirlits. Þá getur eftirlitsaðili ákveðið að

fyrirtæki skuli greiða allan kostnað vegna þvingunarrúræða sem framkvæmd eru samkvæmt lögum þessum og má innheimta slíkan kostnað með fjárnámi án dóms eða sáttar.

d. (9. gr. c.)
Telji Matvælastofnun svo alvarlega hættu stafa af tiltekinni starfrækslu eða notkun að aðgerð þoli enga bið er henni heimilt til bráðabirgða að stöðva starfsemi eða notkun þegar í stað, með aðstoð lögreglu ef þurfa þykir.

e. (9. gr. d.)
Við meðferð mála skv. 9. gr., 9. gr. a, 9. gr. b og 9. gr. c skal fara eftir ákvæðum stjórnsýslulaga og öðrum reglum stjórnsýsluréttar.

f. (9. gr. e.)
Brot gegn ákvæðum þessara laga og stjórnvaldsreglum settum samkvæmt þeim varða sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau að auki varða fangelsi allt að tveimur árum.
Sektir má ákvarða lögaðila þó að sök verði ekki sönnuð á stjórnanda eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann. Þó skal lögaðili ekki sæta refsingu ef um óhapp er að ræða. Einnig má, með sömu skilyrðum, gera lögaðila sekt ef stjórnandi eða starfsmenn hans eða aðrir einstaklingar sem í þágu hans starfa gerast sekir um brot.
Mál út af brotum skv. 1. og 2. mgr. skulu sæta meðferð opinberra mála.

72. gr.
Fyrirsögn IV. kafla laganna er verður V. kafli verður: **Þvingunarúrræði og refsiákvæði.**

VII. KAFLI
Staðfesting og gildistaka.

73. gr.
Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd eftirfarandi ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar frá 26. október 2007: nr. 133/2007, nr. 134/2007, nr. 135/2007, nr. 136/2007, nr. 137/2007 og nr. 138/2007.

74. gr.
Lög þessi öðlast gildi 27. apríl 2008 að undanskildum II.–IV. kafla sem öðlast gildi 27. október 2009.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Þann 23. október 2007 heimilaði ríkisstjórnin staðfestingu á sex ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar sem fela í sér breytingar á viðaukum og bókunum við EES-samninginn. Efnislega var um að ræða endurskoðun á undanþágu Íslands frá I. kafla í viðauka I við EES-samninginn og upptöku löggjafar Evrópusambandsins (hér eftir skammstafað ESB) um matvæli og fóður inn í EES-samninginn.
Framangreindar ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar voru staðfestar af nefndinni þann 26. október 2007 með fyrirvara um samþykki Alþingis. Lagafrumvarp þetta kveður á

um þær lagabreytingar sem nauðsynlegar eru vegna framangreindra breytinga á EES-samningnum og innleiðingar fyrrgreindrar EES-löggjafar um matvæli og fóður.

Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar eru eftirfarandi:

a. Ákvörðun nr. 133/2007 sem varðar endurskoðun á þeim undanþágum sem Ísland hefur haft frá I. kafla í viðauka I við EES-samninginn, en þar er að finna þær ESB-gerðir sem taka til heilbrigðis dýra og dýraafurða. Samþykkt þessarar ákvörðunar að því er varðar Ísland hefur í för með sér að Ísland mun framvegis framfylgja reglum ESB-á þessu sviði að því er varðar búfjárafurðir til viðbótar við núverandi framkvæmd á reglunum er snerta sjávarafurðir. Þessar breytingar á EES-samningnum munu auka frelsi til innflutnings búfjárafurða á grundvelli heilbrigðiskrafna.
b. Ákvarðanir nr. 134/2007 og nr. 137/2007 sem varða heildarendurskoðun á matvælalöggjöf ESB. Önnur varðar reglugerð ESB nr. 178/2002/EB um matvælalöggjöf, fæðuöryggi og Matvælaöryggisstofnun Evrópu (EFSA). Hin fjallar um reglugerðir ESB og varðar opinbert eftirlit með matvælum og fóðri og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla. Tekið skal fram að þær ESB-reglugerðir sem hér um ræðir koma í stað tilskipana sem þegar er að finna í EES-samningnum, að undanskildum nýjum skuldbindingum Íslands að því er varðar búfjárafurðir, en þær er þó einnig þegar að finna í EES-samningnum, þar sem Noregur hefur ekki notið þeirra undantekninga sem íslensk stjórnvöld gera. Ýmsar veigamiklar breytingar felast hins vegar í nýrri og endurskoðaðri löggjöf ESB á þessu sviði sem innleiða þarf hér á landi og koma í framkvæmd við eftirlit með matvælum og fóðri.
c. Ákvarðanir nr. 135/2007 og nr. 136/2007 sem fjalla um aukaafurðir eða úrgang frá dýrum sem ekki er ætlaður til manneldis.
d. Ákvörðun nr. 138/2007 sem fjallar um innleiðingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 183/2005, um hollustuhætti í fóðuriðnaði, auk afleiddra gerða.

II. Undanþága Íslands frá kafla I í viðauka I við EES-samninginn – ákvörðun nr. 133/2007.

Í I. kafla í viðauka I við EES-samninginn er að finna þær ESB-gerðir sem taka til heilbrigðis dýra og dýraafurða. Þessar gerðir fjalla um kjöt og kjötafurðir, fisk og fiskafurðir, mjólk, egg og afurðir úr þeim, dýrasjúkdóma, verslun með lifandi dýr, flutning á sæði og erfðavísum milli ríkja og um hormóna. Af heilbrigðisástæðum, einkum í þágu sjúkdómavarna, var á sínum tíma samið um að Ísland hefði undanþágu frá upptöku allra gerða í þessum kafla. Síðar voru reglur varðandi fiskafurðir teknar yfir.

Framkvæmdastjórn ESB setti það sem skilyrði fyrir yfirtöku á nýju matvælalöggjöfinni og þátttöku í Matvælaöryggisstofnun Evrópu (EFSA) að fyrrgreind undanþága varðandi búfjárafurðir yrði endurskoðuð. Meginrökin fyrir þessu voru að ekki yrði lengur hægt að greina á milli búfjárafurða, sjávarafurða og annarra matvæla með sama hætti og áður, eftir að ný matvælalöggjöf ESB öðlast gildi, þar sem þær samræmdu reglur ná yfir matvælakeðjuna í heild sinni, án þess að skilja á milli einstakra tegunda matvæla. Með samþykkt ríkisstjórnarinnar var fallist á að hefja viðræður við ESB um endurskoðun á undanþágu Íslands og lauk þeim með endanlegu samkomulagi á sumarmánuðum 2007. Endurspeglar þessi ákvörðun niðurstöðu þess samkomulags.

Í ákvörðun nr. 133/2007 vegna endurskoðunar á undanþágunni er gert ráð fyrir almennum aðlögunartíma, allt að 18 mánuðum frá gildistöku ákvörðunarinnar, til að innleiða gerðir er varða búfjárafurðir. Helstu atriði ákvörðunar 133/2007 eru eftirfarandi:

A. Frelsi til innflutnings búfjárafurða mun aukast. Búfjárafurðir fá sömu lagalegu stöðu hvað heilbrigðisreglur varðar og fiskur og fiskafurðir hafa haft. Hluti þeirra vörutegunda sem áður hefur verið óheimilt að flytja til landsins eða einungis er heimilt að flytja inn með sérstakri heimild mun verða heimilaður á grundvelli heilbrigðiskrafna EES-löggjafar. Samkvæmt hinni nýju löggjöf verður Ísland hluti af innri markaði ESB hvað matvæli varðar, en ekki þriðja ríki eins og hingað til hefur verið og settar verða upp landamærastöðvar vegna kjöt- og mjólkurvara eins og gert hefur verið með fisk.

B. Á Íslandi verður áfram heimilt að fóðra jórturdýr með fiskimjöli þrátt fyrir gildandi bann þess efnis innan ESB.

C. Ekki verður þörf á að fjarlægja áhættuvefi við slátrun þar sem Ísland er laust við kúariðu.

D. Ísland getur áfram bannað innflutning á beina-, blóð- og kjötmjöli.

E. Ísland þarf að innleiða sérstakar reglur sem varða líflömb á bæi þar sem skorið hefur verið niður vegna riðu.

F. Ekki er gert ráð fyrir að reglur um dýravernd verði teknar yfir, nema hvað varðar aðbúnað og aðferðir við slátrun dýra.

G. Ekki er vikið frá banni Íslands á innflutningi lifandi dýra þar sem enn eru talin standa rök til slíks banns á grundvelli heilbrigðisástæðna.

H. Breytingin hefur engin áhrif á það fyrirkomulag sem er við lýði á innflutningi búfjárafurða að því er varðar tolla.

Íslensk yfirvöld hafa frest til 27. október 2009 til þess að innleiða þær gerðir ákvörðunarinnar sem gilda um búfjárafurðir, kjöt, mjólk og egg. Þennan tíma þarf að nota til að aðlaga ýmis stjórnvaldsfyrirmæli að löggjöf EBS og breyta lagaframkvæmd. Unnið er að því að fá svokallaðar „viðbótartryggingar“ vegna salmonellu sem þýðir að ESB tekur tillit til þess hve salmonellusýkingar eru fátíðar á Íslandi. Slíkar viðbótartryggingar þýða að takmarka má tiltekinn innflutning til að fyrirbyggja útbreiðslu tiltekins sjúkdóms

III. Reglugerð Evrópusambandsins um matvælalöggjöf, fæðuöryggi og Matvælaöryggisstofnun Evrópu (EFSA) – ákvörðun nr. 134/2007.

Ávörðun nr. 134/2007 fjallar um reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 auk afleiddra gerða. Undirbúningur reglugerðar (EB) nr. 178/2002, um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla, átti sér langan aðdraganda hjá ESB. Fyrst var gefin út svokölluð grænbók á árunum 1996–1997 og síðar hvítbók 1999. Þessi skjöl voru send til fjölmargra ríkja til umsagnar, m.a. Íslands. Reglugerðin tók gildi í febrúar 2002 innan ESB, en gildistöku tiltekinna ákvæða hennar var þó frestað fram til 1. janúar 2005.

Með reglugerðinni voru settar heildarreglur um fæðuöryggi frá frumframleiðslu til markaðssetningar matvæla og var einnig kveðið á um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (EFSA). EFSA er ætlað mikilvægt hlutverk, m.a. að gefa út vísindaleg álit og áhættumat um allt er varðar matvæli og heilbrigði dýra.

Með reglugerðinni er leitast við að gera regluverk um framleiðslu matvæla einfaldara og skilvirkara. Gildir reglugerðin á öllum stigum framleiðslu, vinnslu og dreifingar matvæla og fóðurs. Lögð er áhersla á að samræma löggjöf og eftirlit með matvælum „frá hafi og haga til maga“. Skulu sömu reglur gilda um hollustuhætti óháð því hvort um er að ræða framleiðslu eða dreifingu á kjöti, fiski, matjurtum eða unnum matvælum.

Meginmarkmið reglugerðarinnar er að efla fæðuöryggi og tryggja þannig hnökralaus viðskipti með örugg matvæli á innri markaðinum. Hagsmunir neytenda eru settir í öndvegi og munu reglur um rekjanleika matvæla leika stórt hlutverk. Með þeim mun verða mögulegt að rekja feril matvæla á öllum stigum framleiðslu og dreifingar. Ábyrgð framleiðenda og dreifingaraðila gagnvart neytendum matvæla er dregin skýrt fram. Þá er lögð mikil áhersla á skjót viðbrögð í alvarlegum tilfellum, en ESB hefur sætt gagnrýni fyrir seinagang þegar upp hafa komið atvik sem krafist hafa skjótra viðbragða. Með reglugerðinni er reynt að bregðast við því með ýmsu móti. Er m.a. gert ráð fyrir sérstökum neyðarráðstöfunum og almennri áætlun fyrir áfallastjórnun sem nær bæði til matvæla og fóðurs.

Reglugerðin gerir ráð fyrir að ráðstafanir sem aðildarríkin og framkvæmdastjórnin (ESB) samþykkja viðvíkjandi matvælum og fóðri skuli að jafnaði byggjast á áhættugreiningu.

Með reglugerðinni er kveðið á um stofnun EFSA. Stofnun þessi hefur nú starfað í fimm ár, safnað saman upplýsingum frá aðildarríkjunum, samræmt vinnu þeirra, framkvæmt áhættumat og gert tillögur til úrbóta þegar þess var þörf. Stofnunin er ráðgefandi og hefur hvorki löggjafar- né eftirlitshlutverk. Hins vegar er ljóst að bæði framkvæmdastjórn og aðildarríki ESB hafa leitað eftir áliti EFSA og tekið tillit til stofnunarinnar og þess starfs sem þar er unnið. Almennt er talið að stofnunin muni gegna lykilhlutverki á fæðuöryggissviðinu og starf hennar muni hafa mikil áhrif á lagasetningu, starfshætti sem varða eftirlit og einnig framleiðslu og markaðssetningu matvæla í framtíðinni. Ísland mun taka fullan þátt í starfi og stjórn stofnunarinnar.

Rétt er að geta þess að þær reglur sem hér um ræðir, svo og gildandi reglur EES-samningsins, gera ráð fyrir að unnt sé að grípa til neyðarráðstafana undir sérstökum kringumstæðum. Í reglugerð 178/2002/EB er fjallað um slíkar heimildir í 53. og 54. gr. Almenna reglan er að ef upp koma sjúkdómar eða annað hættuástand sem getur haft áhrif á heilsu manna eða dýra er ætlast til að viðkomandi ríki og/eða framkvæmdastjórn ESB grípi strax til viðeigandi varúðarráðstafana. Telji eitthvert ríki á EES-svæðinu að þessar ráðstafanir séu ekki nægilegar til að vernda heilsu manna og dýra getur það gripið til neyðarráðstafana, svo sem að stöðva innflutning á ákveðnum vörum. Skýrt skal tekið fram að við framkvæmd slíkra neyðarráðstafana er rík sönnunarbyrði lögð á viðkomandi ríki að rökstyðja nauðsyn framkvæmdarinnar og skal ákvörðunin byggð á áhættugreiningu. Ef fullnægjandi vísindaleg gögn liggja ekki fyrir er í vissum tilvikum hægt að grípa til tímabundinna varúðarráðstafana, sbr. 7. gr. (varúðarregla), en slíkar ákvarðanir ber að endurskoða eins fljótt og unnt er.

IV. Löggjöf um opinbert eftirlit og um hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla – ákvörðun nr. 137/2007.

Ákvörðunin kveður á um upptöku tveggja reglugerða um hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla og tveggja reglugerða um opinbert eftirlit með fóðri og matvælum. Með þessum reglugerðum var löggjöf ESB á þessu sviði samræmd og einfölduð því gerðirnar koma í stað sautján eldri tilskipana sem felldar voru úr gildi. Löggjöfin tekur til fóðurframleiðslu og til allrar matvælaframleiðslu, þ.m.t. fisks og fiskafurða og nær yfir matvælakeðjuna í heild frá frumframleiðslu til tilbúinna matvæla. Lögð er áhersla á að neytendum séu tryggð örugg matvæli, að matvælaframleiðendur og dreifingaraðilar beri ábyrgð á framleiðslu sinni, eftirlit opinberra aðila byggist á áhættumati, rekjanleiki fóðurs og matvæla sé tryggður og að öll stjórnsýsla sé gegnsæ.

Samkvæmt nýju löggjöfinni verður opinbert fóðureftirlit víðtækara en áður, því nú skal hafa eftirlit með öllum sem framleiða, flytja eða höndla með fóður. Þetta þýðir m.a. að allir

bændur og öll flutningsfyrirtæki falla undir fóðureftirlit Matvælastofnunar, en það er breyting frá því sem nú er.

Nýja löggjöfin mun hafa lítil áhrif varðandi byggingar og búnað mjólkurstöðva, sláturhúsa og kjötpökkunarstöðva því allar mjólkurstöðvar nema ein, langflest sauðfjársláturhús og mörg stórgripasláturhús hafa nú þegar útflutningsleyfi á ESB-markað og hafa því þurft að uppfylla ákvæði þessarar löggjafar hingað til. Áhrif löggjafarinnar verða hins vegar meiri fyrir opinbert eftirlit og verða þau t.d. mikil fyrir heilbrigðisskoðun á sláturafurðum. Það mun hafa í för með sér meiri viðveru kjötskoðunarlækna eða menntaðs aðstoðarfólks og þar með meiri kostnað. Auka þarf heilbrigðisskoðun í alifuglasláturhúsum og bæta verulega menntun aðstoðarfólks við heilbrigðisskoðun í sauðfjársláturhúsum. Í viðbót við núverandi eftirlit Matvælastofnunar með salmonellu í alifugla- og svínakjöti þarf að koma á eftirliti með salmonellu í nautakjöti og eggjum, svo unnt verði að fá viðbótartryggingar vegna salmonellusmits í innfluttum vörum. Jafnframt þarf að auka aðskotaefnaeftirlit með alifuglakjöti og með eggjum. Það liggur ljóst fyrir að aukið eftirlit leiðir til aukins kostnaðar.

Ísland mun þurfa að gera eftirlitsáætlun til fleiri ára í senn (multi annual) fyrir allt opinbert eftirlit með fóðri og matvælum. Þetta er nýmæli hér á landi og mun hafa í för með sér aukinn kostnað. Áætlun þessi skal vera samræmd fyrir allt eftirlit í fæðukeðjunni frá frumframleiðslu til tilbúinna matvæla og skal hún einnig ná til fóðureftirlits.

Samkvæmt löggjöfinni má ekki vera hætta á hagsmunaárekstrum eftirlitsaðila og eftirlitsþola. Margir héraðsdýralæknar sinna í dag bæði opinberu eftirliti og almennri dýralæknaþjónustu og því þarf að breyta lögum um dýralækna þannig að opinberir eftirlitsdýralæknar sinni aðeins eftirliti og ekki dýralæknaþjónustu.

Gert er ráð fyrir að síðar verði samið um að Ísland geti krafist viðbótartrygginga vegna salmonellusmits í innfluttum dýraafurðum (svo sem kjöti og eggjum) þegar Ísland hefur sýnt fram á að það hafi aðgerðaáætlun þar að lútandi. Sérstök yfirlýsing frá íslenskum stjórnvöldum um þetta atriði fylgir ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um upptöku viðkomandi gerða í EES-samninginn.

Íslensk yfirvöld hafa frest til 27. október 2009 til þess að innleiða þær gerðir ákvörðunarinnar sem gilda um búfjárafurðir, kjöt, mjólk og egg. Þennan tíma þarf að nota til að aðlaga lög og stjórnvaldsfyrirmæli að löggjöf ESB og til þess að breyta lagaframkvæmd.

Helstu reglugerðir EB sem ákvörðun nr. 137/2005 fjallar um eru:

Reglugerð nr. 852/2004 frá 29. apríl 2004 um hollustuhætti í matvælaiðnaði.

Reglugerðin fjallar almennt um öll matvæli og er beint að matvælafyrirtækjum og stjórnendum þeirra sem bera frumábyrgð á að tryggja að allar kröfur séu uppfylltar til að tryggja matvælaöryggi í allri matvælakeðjunni frá hafi og haga til maga. Fyrirtæki sem framleiða matvæli úr dýraafurðum verða jafnframt að fara eftir reglugerð (EB) nr. 853/2004.

Hlutverk lögbærs eftirlitsaðila er að sannreyna að fyrirtækið uppfylli kröfur reglugerðarinnar og skal eftirlitsaðili gera það samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 882/2004 og þegar um dýraafurðir er að ræða samkvæmt reglugerð ESB nr. 854/2004 sem fjallað er um hér síðar. Skýrt er tekið fram að innflutt matvæli verða að uppfylla kröfur samkvæmt reglugerð nr. 178/2002 og öðrum ESB-gerðum vegna matvæla.

Gildissvið reglugerðarinnar er frá hafi og haga til maga nema á eftirfarandi sviðum þar sem ætlast er til að ríkin setji sér eigin reglur:

– Frumframleiðslu til eigin nota svo sem fiskur, villibráð, heimaslátrun, berjatínsla og grænmeti.

– Unnum afurðum úr frumframleiðslu til eigin nota.
– Sölu framleiðanda á litlu magni af eigin framleiðslu beint til neytenda eða í litlar verslanir á heimasvæði sem selja beint til neytenda.

Reglugerð nr. 853/2204 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu.

Reglugerðin fjallar um heilbrigðisákvarðanir fyrir fyrirtæki sem framleiða matvæli af dýrauppruna; kjöt, fisk, mjólk og egg. Helsta markmið reglugerðarinnar er að setja ítarlegri reglur fyrir matvæli af dýrauppruna og er hún til fyllingar reglugerð ESB nr. 852/2004 um heilbrigði allra matvæla. Verið er að samþætta og einfalda reglur um framleiðslu matvæla sem nú er að finna í mörgum mismunandi gerðum.

Reglugerð nr. 854/2004 um sérstakar reglur um opinbert eftirlit með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis.

Reglugerðin snýr að yfirvöldum sem hafa eftirlit með framleiðendum matvæla af dýrauppruna. Eftirlit yfirvalda skal ná til allra mikilvægra þátta sem varða heilbrigði fólks og þar sem við á heilbrigði dýra og dýravelferð. Yfirvöld skulu framkvæma sérstakar skoðanir til að tryggja þessa þætti.

Reglugerð nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að tryggja sannprófun þess að lög um fóður og matvæli og reglur um dýraheilbrigði og velferð dýra séu virtar.

Helsta gildissvið er opinbert eftirlit í ESB-löndum með fóðri, dýraheilbrigði og dýravelferð og sambærilegt eftirlit við innflutning til ESB frá þriðju ríkjum. Skoða verður ákvæði þessarar gerðar með hliðsjón af ákvæðum matvælareglugerðar (EB) nr. 178/2002, heilbrigðisreglugerða nr. 852/2004, 853/2004, 854/2004 og reglugerðar EB nr. 183/2005 um fóðurheilbrigði.

V. Aukaafurðir úr matvælum – ákvarðanir nr. 135/2007 og 136/2007.

Ákvörðun nr. 135/2007 innleiðir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 auk afleiddra gerða. Reglugerð (EB) nr. 1774/2002 (Animal by-products) er víðtæk og fjallar um reglur til verndar heilbrigði dýra og manna. Í reglugerðinni er að finna ákvæði um söfnun, flutning, meðhöndlun, markaðssetningu, vinnslu og notkun eða förgun á úrgangi frá dýrum sem ekki er ætlaður til manneldis (aukaafurðir). Jafnframt gilda reglurnar um úrgang sem fellur til við alþjóðlega flutningastarfsemi, sem og almennan eldhúsúrgang.

Með setningu reglugerðar hér á landi um meðferð og nýtingu á slátur- og dýraleifum nr. 820/2007 voru margar af efnisreglum reglugerðar (EB) nr. 1774/2002 innleiddar í íslenskt lagaumhverfi. Regluverkið í gerðinni er þó bæði mun víðtækara og ítarlegra en í reglugerð nr. 820/2007.

Í reglugerð (EB) nr. 1774/2002 er einnig að finna ákvæði sem skylda alla sem senda, flytja eða taka við aukaafurðum úr dýrum að halda skrá yfir sendingarnar. Mikinn fjölda viðskiptaskjala (heilbrigðisvottorða) er að finna í reglugerðinni og ljóst að skjalavinna fyrir hagsmunaaðila og hið opinbera mun aukast umtalsvert hér á landi við innleiðingu þessarar reglugerðar.

Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1774/2002 verða íslensk yfirvöld skuldbundin til þess að farga úrgangi sem tilkominn er vegna riðu með brennslu. Jafnframt verður að álykta svo að

yfirvöldum sé skylt að sjá til þess að slík aðstaða sé fyrir hendi, en svo er ekki hér á landi. Ákvörðun nr. 136/2007 fjallar jafnframt um afleiddar gerðir reglugerðar (EB) nr. 1774/2002.

Íslensk yfirvöld hafa frest til 27. október 2009 til þess að innleiða þær gerðir ákvörðunarinnar sem gilda um búfjárafurðir, kjöt, mjólk og egg. Þennan tíma þarf að nota til að aðlaga stjórnvaldsfyrirmæli að löggjöf ESB og til þess að breyta lagaframkvæmd. Efnisákvæði reglugerðar (EB) nr. 1774/2002 um aukaafurðir vegna fisks og fóðurs öðlast gildi 27. apríl 2008.

VI. Löggjöf um hollustuhætti í fóðuriðnaði – ákvörðun nr. 138/2007.

Ákvörðunin innleiðir í íslenska löggjöf reglugerð nr. 183/2005 frá 12. janúar 2005 um hollustuhætti í fóðuriðnaði.

Reglugerðin fjallar um fóður og er beint að fóðurfyrirtækjum og stjórnendum þeirra sem bera frumábyrgð á að tryggja að allar kröfur séu uppfylltar til að tryggja fóðuröryggi. Fóðuröryggi er grundvöllur matvælaöryggis en dýraheilbrigði hefur stóru hlutverki að gegna í hollustu matvæla. Fóðurfyrirtæki eru tilkynningarskyld til yfirvalda og sum þurfa á starfsleyfi að halda. Þetta er nauðsynlegt m.a. til að tryggja rekjanleika fóðurs á öllum stigum. Reglugerðin nær til fóðurframleiðslu og eftir atvikum til markaðssetningar eða útflutnings fóðurs. Hlutverk lögbærs eftirlitsaðila er að sannreyna að fyrirtækið uppfylli kröfur reglugerðarinnar og skal eftirlitsaðili gera það samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 882/2004. Fóðurfyrirtækjum ber hins vegar að hafa kerfi innra eftirlits með sama hætti og matvælafyrirtæki.

VII. Helstu efnisatriði frumvarpsins eftir köflum.

Í I. og VI. kafla frumvarpsins eru tekin upp ýmis mikilvæg ákvæði reglugerðar (EB) nr. 178/2002 í lög um matvæli, nr. 93/1995, og í lög um fóður, nr. 22/1994. Hér er um að ræða skilgreiningar hugtaka og ákvæði um öryggi matvæla og fóðurs, ábyrgð stjórnenda matvæla- og fóðurfyrirtækja, rekjanleika matvæla og fóðurs, varúðarreglur og upplýsingar til almennings. Í þessum köflum eru gjaldskrárákvæði vegna matvæla og fóðurs í samræmi við ákvæði reglugerðar (EB) nr. 882/2004. Nánar er fjallað um ákvæðum frumvarpsins vegna eftirlitsgjalda í VII. kafla þessara athugasemda. Jafnframt er gert ráð fyrir ákvæði um viðbrögð við matarsýkingum og matareitrunum. Gert er ráð fyrir ítarlegri reglugerðarheimild í frumvarpinu þar sem ráðherra er veitt heimild til þess að innleiða helstu reglugerðir ESB vegna matvæla- og fóðurlöggjafar auk breytingagerða.

Í II. kafla frumvarpsins er fjallað um breytingar á 10. gr. laga um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, nr. 25/1993, með síðari breytingum. Með þessari lagabreytingu er innflutningsbann vegna heilbrigðiskrafna flestra vara sem rekja má til afurða úr dýraríkinu fellt brott. Meginreglan verður sú að heimilt verður að flytja þessar vörur til landsins uppfylli varan skilyrði Evrópusambandsins um heilbrigðisvottun. Jafnframt er í þessum kafla ákvæði um smithættu vegna aukaafurða dýra sem ekki eru ætlaðar til manneldis. Ráðherra er jafnframt veit heimild til þess að setja reglugerðir um flutning líflamba og innleiðing reglugerðar EB nr. 1774/2002.

Í III. kafla er fjallað um breytingar á lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, nr. 66/1998, með síðari breytingum. Í reglugerð (EB) nr. 882/2004 er aðildarríkjum EES gert skylt að tryggja að ekki geti orðið hagsmunaárekstrar við opinbert eftirlit eftirlitsaðila, þar á meðal dýralækna. Frumvarpið gerir því ráð fyrir nauðsynlegum lagabreytingum til að uppfylla kröfur reglugerðarinnar um aðskilnað opinbers eftirlits og faglegrar/klíniskrar þjónustu dýralækna. Í tengslum við þessar breytingar verða verulegar breytingar á starfssvæðum hér-

aðsdýralækna. Ný skipan kallar á breytingar á störfum héraðsdýralækna og endurspegla ákvæði þessa kafla þessar breytingar. Í kaflanum er ákvæði til bráðbirgða sem fjallar um niðurlagningu starfa héraðsdýralækna.

Í IV. kafla frumvarpsins er fjallað um breytingar á lögum um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, nr. 96/1997, með síðari breytingum. Um er að ræða lagabreytingar vegna reglugerðar EB nr. 882/2004 um opinbert eftirlit til að tryggja að uppfylltar séu kröfur laga um fóður og matvæli og um reglur varðandi dýraheilbrigði og dýravernd. Lagabreytingarnar varða fresti vegna heilbrigðisskoðunar í sláturhúsum og gjaldskrárákvæði vegna eftirlits. Í VII. kafla þessara athugasemda er gerð sérstök grein fyrir ákvæðum frumvarpsins vegna eftirlitsgjalda.

Í V. kafla frumvarpsins er fjallað um breytingar á lögum um framleiðslu, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, nr. 55/1998, með síðari breytingum. Lagabreytingarnar fela í sér að ákvæði laganna eru aðlöguð að þeim reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins sem gerð er grein fyrir í almennum athugasemdum og eru tilefni þessa frumvarps, einkum reglugerðum (EB) nr. 178/2002 og 882/2004. Í samræmi við VI. kafla frumvarpsins eru efnisákvæði um fiskimjöl felld út úr lögunum enda munu lög nr. 22/1994, um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, gilda um fiskimjöl, sbr. hér síðar. Einnig er leitast við að tryggja að ákvæði laganna geti einnig gilt um aukaafurðir úr sjávarafurðum og eldisafurðum sem ekki eru ætlaðar til manneldis.

Í VI. kafla frumvarpsins eru ákvæði um breytingar á lögum um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, nr. 22/1994, með síðari breytingum. Lagabreytingarnar fela í sér að ákvæði laganna eru að löguð að þeim reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins sem gerð er grein fyrir í almennum athugasemdum og eru tilefni þessa frumvarps, einkum reglugerðum (EB) nr. 178/2002, 183/2005 og 882/2004. Það nýmæli er í þessum kafla frumvarpsins að fískimjöl er nú skilgreint sem fóður þannig að lög nr. 22/1994, um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, og EES-löggjöf um fóður gildir um fiskimjöl. Núgildandi reglur um fiskimjöl er að finna í lögum um framleiðslu, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, nr. 55/1998.

Einnig er leitast við að tryggja að ákvæði laganna geti gilt um aukaafurðir úr dýraafurðum, sem ekki eru ætlaðar til manneldis, sbr. reglugerð (EB) nr. 1774/2002.

Í VII. kafla frumvarpsins eru ákvæði um heimild ríkisstjórnarinnar til að staðfesta þær ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér eru til umfjöllunar. Umræddar ákvarðanir voru samþykktar af íslenskum stjórnvöldum með stjórnskipulegum fyrirvara vegna þeirra lagabreytinga sem ákvarðanirnar kalla á. Í VII. kafla frumvarpsins er einnig að finna gildistökuákvæði. Lögin munu taka gildi 27. apríl 2008 hvað varðar allar matvælategundir aðrar en kjöt, mjólk og egg. Hvað þessar matvælategundir varðar og afurðir úr kjöti, mjólk og eggjum taka lögin gildi eigi síðar en 27. október 2009. Gildistökuákvæðin miðast við þann tíma sem EB-gerðir þær sem frumvarpinu er ætlað að heimila innleiðingu á, taka gildi hér á landi sem er mismunandi eftir einstökum matvælategundum.

VIII. Gjaldskrárákvæði laga nr. 93/1995, nr. 22/1994, nr. 96/1997 og nr. 55/1998.

Með frumvarpinu er lögð til breyting á gjaldtökuákvæðum 25. gr. laga nr. 93/1995, um matvæli og 11. gr. laga nr. 96/1997, um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum. Frumvarpið gerir ráð fyrir sambærilegu ákvæði í lögum nr. 93/1995, um matvæli, lögum nr. 22/1994, um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, og einnig í lögum nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða.

Gjald er tekið vegna kostnaðar við heilbrigðiseftirlit hjá matvæla- og fóðurfyrirtækjum og í sláturhúsum. Þessi fjögur ákvæði frumvarpsins eru í samræmi við reglugerð EB nr. 882/2004.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra setji gjaldskrá fyrir eftirlitið sem byggist á raunkostnaði við það. Þó er gert ráð fyrir því að sveitarfélögin setji gjaldskrár fyrir matvælaeftirlit viðkomandi heilbrigðisnefndar. Þetta er í samræmi við efnisákvæði 12. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og a-liðar 4. tölul. 27. gr. reglugerðar (EB) 882/2004. Í dag eru eftirlitsgjöld reiknuð með ýmsum hætti. Í tilviki eftirlits með sláturafurðum ákveður Alþingi með lögum þá krónutölu sem greiða skal fyrir eftirlit með hverju kílói innvegins kjöts í sláturhúsi, en sú krónutala hefur verið óbreytt frá árinu 2002.

Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir samræmdu ákvæði um gjaldtöku fyrir landamæraeftirlit með innflutningi frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Með frumvarpinu er nánar tilgreint hvaða kostnaði tekjum af eftirlitsgjaldinu er ætlað að standa undir. Gert er ráð fyrir að sérstakur sjóður sem var í vörslu Landbúnaðarstofnunar, nú Matvælastofnunar, verði lagður niður en að tekjur af gjaldinu renni þess í stað beint til Matvælastofnunar sem sér um eftirlitið í samræmi við framangreint.

IX. Eftirlitsaðilar með matvælum og fóðri.

Matvælastofnun og heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna hafa eftirlit með matvælum samkvæmt lögum nr. 93/1995, um matvæli, sbr. I. kafla frumvarpsins. Matvælastofnun hefur jafnframt eftirlit með matvælum samkvæmt lögum nr. 96/1997, um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, skv. IV. kafla frumvarpsins, og lögum nr. 55/1998, um framleiðslu, vinnslu og dreifingu sjávarafurða.

Matvælastofnun hefur auk eftirlits með matvælum eftirlit með fóðri samkvæmt lögum nr. 22/1994, um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru.

Eftirlit Matvælastofnunar er skilgreint í 6. gr. laga nr. 93/1995, um matvæli. Þar kemur fram að Matvælastofnun hefur með höndum eftirlit með frumframleiðslu matvæla og allt inn- og útflutningseftirlit á matvælum frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins. Annað eftirlit með framleiðslu og dreifingu matvæla en tilgreint er í framangreindri 6. gr. annast heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna skv. 22. gr. sömu laga. Þetta eftirlit heilbrigðisnefndanna er undir yfirumsjón Matvælastofnunar samkvæmt lagagreininni.

Almennt má segja að heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna sinni eftirliti með smásölu matvæla auk eftirlits með tilteknum framleiðslufyrirtækjum á sviði matvæla. Heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna munu samkvæmt frumvarpi þessu sinna eftirfarandi eftirliti auk núverandi matvælaeftirlits:

a. Eftirliti með kjöti, mjólk og eggjum í smásölu sem flutt eru inn frá löndum innan Evrópska efnahagssvæðisins. Ekki verður um að ræða innflutningseftirlit á sama hátt og verið hefur þar sem frelsi er til flutnings þessara vara milli landa innan Evrópska efnahagssvæðisins nema í undantekningartilvikum skv. 17. gr. frumvarpsins.
b. Eftirliti með eggjum eftir að þau yfirgefa framleiðslustað.
c. Eftirliti með smásölu fæðubótaefna en ekki verður um eiginlegt innflutningseftirlit með slíkum matvælum af sömu ástæðu og tilgreint hefur verið í a-lið hér að ofan.

Matvælastofnun mun hins vegar sinna öðrum þáttum matvælaeftirlits vegna a–d-liðar, þar á meðal inn- og útflutningseftirliti með þessum matvælum enda komi þau frá löndum utan hins Evrópska efnahagssvæðis.

Fyrir liggur ítarlegt kostnaðarmat Matvælastofnunar vegna frumvarpsins þar sem farið er yfir kostnaðarþætti sem falla til vegna frumvarpsins.

Matvælastofnun og heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna skulu skv. 15. gr. frumvarpsins innheimta gjöld vegna matvælaeftirlits sem miðast við raunkostnað þess. Ráðherra setur gjaldskrá vegna eftirlits Matvælastofnunar en viðkomandi sveitarfélag setur gjaldskrá fyrir matvælaeftirlit heilbrigðisnefndar. Samkvæmt þessu munu eftirlitsþolar greiða raunkostnað vegna eftirlits og því ætti ekki að falla til aukinn kostnaður á sveitarfélögin vegna breytinga á matvælaeftirliti heilbrigðisnefnda.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Meginmarkmið matvælalöggjafar Evrópusambandsins er matvælaöryggi. Til að ná þessu markmiði er kveðið á um ítarlegt eftirlit með framleiðslu og markaðsetningu matvæla. Jafnframt eru reglur um rekjanleika dýraafurða og annara matvæla auk ákvæða um vernd neytenda matvæla. Yfirvöld geta einnig gripið til varúðar- og varnaraðgerða til að tryggja heilsu almennings vegna hugsanlegra heilsuspillandi áhrifa matvæla. Lagt er til að að síðasti málsliður 1. gr. laganna sem breytt er með 1. gr. frumvarpsins endurspegli þessar áherslur löggjafarinnar og kveði á um rekjanleika afurða og vara og neytendavernd, auk heimildar til varnaraðgerða, enda mikilvæg úrræði til að ná markmiðum laganna.

Um 2. gr.

Orðalagi 1. mgr. 2. gr. laganna er breytt til samræmis við 3. tölul. 1. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002. Síðasti málsliður 1. mgr. er þó óbreyttur frá núgildandi lögum. Í síðasta málslið 2. mgr. 2. gr. er skýrt kveðið á um að lögin gildi ekki um plöntur fyrir uppskeru og lifandi dýr nema þau séu meðhöndluð til markaðssetningar til manneldis. Þetta er í samræmi við b–c-lið 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002. Núgildandi lög um matvæli gilda ekki um fóður. Gert er ráð fyrir því í þessu frumvarpi að svo verði áfram enda þótt reglugerð (EB) nr. 178/2002 gildi bæði um matvæli og fóður. Fóðurlöggjöf reglugerðar (EB) nr. 178/2002 er innleidd með breytingum á lögum nr. 22/1994, um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru. Sérstaklega er tekið fram í ákvæðinu að frumvarpið taki til fæðubótaefna. Núgildandi lög hafa ekki kveðið skýrt á um þetta.

Um 3. gr.

Í ákvæðinu eru skilgreind nokkur hugtök sem notuð eru í frumvarpinu. Hugtakið matvæli er skilgreint upp á nýtt í samræmi við skilgreiningu reglugerðar nr. 178/2002. Fæðubótarefni eru nú skilgreind sem matvæli. Í frumvarpinu er jafnframt skilgreining á því hvað séu fæðubótarefni. Ef fæðubótarefni innheldur efni sem telst lyf samkvæmt lyfjalögum er ekki um fæðubótarefni að ræða og því óheimilt að markaðsetja það sem slíkt. Nauðsynlegt þótti að skilgreina hugtakið „eftirlitsaðili“ sérstaklega og „neysluvatn“, en það er skilgreint eins og í tilskipun (EB) nr. 98/83/EB. Aðrar skilgreiningar frumvarpsins eru samhljóða skilgreiningum í reglugerð (EB) nr. 178/2002. Ekki er talið að aðrar skilgreiningar í núverandi lögum stangist á við hugtök sem notuð eru í matvælalöggjöf Evrópusambandsins.

Um 4. gr.

Hér er a-lið gildandi ákvæðis 6. gr. laganna eins og hann er með þeim breytingum sem gerðar voru á lögunum með lögum nr. 167/2007, um tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs

Íslands, skipt í tvo stafliði til einföldunar og glöggvunar í framkvæmd. Frumframleiðsla er skilgreind í 3. gr. frumvarpsins. Með frumframleiðslu í 4. gr. frumvarpsins er m.a. átt við framleiðslu matjurta og er þá átt við það ferli sem verður frá og með uppskeru og geymslu þar til kemur að pökkun og dreifingu. Pökkun og dreifing matjurta er því samkvæmt þessu háð eftirliti heilbrigðisnefnda sveitarfélaganna. Með frumframleiðslu eggja er átt við ferlið sem verður frá útungun dags gamalla alifugla og við eldi þeirra, svo og tínslu neyslueggja, þvott, flokkun, pökkun og geymslu eggja á framleiðslustað. Egg lúta því eftirliti heilbrigðisnefnda sveitarfélaganna þegar þau yfirgefa framleiðslustað. Varðandi aðrar búfjárafurðir felur hugtakið frumframleiðsla í sér mjöltun og eldi dýra til slátrunar, ásamt flutningi og öðru sem þetta varðar, áður en kemur til frekari vinnslu.

Efnisákvæði 2. mgr. eru samhljóða 2. málsl. 2. mgr. 18. gr. og síðasta málslið 19. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Samkvæmt 22. gr. laga nr. 93/1995, um matvæli, hefur Matvælastofnun yfirumsjón með eftirliti heilbrigðisnefnda sveitarfélaganna. Eðlilegt þykir að skýrt sé hvað við er átt með hugtakinu yfirumsjón. Matvælastofnun skal þannig samræma allt matvælaeftirlit í landinu og gefa út leiðbeiningar og viðmiðunarreglur um framkvæmd matvælaeftirlits almennt sem heilbrigðisnefndinar skulu lúta.

Um 5. gr.

Lagt er til að við lögin bætist þrjú ný ákvæði, 8. gr. a, 8. gr. b og 8. gr. c, í samræmi við 17. og 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002.

Um a-lið (8. gr. a).

Ákvæðið skilgreinir örugg matvæli. Matvæli sem ekki eru örugg skal ekki markaðssetja. Matvæli skulu ekki teljast örugg ef þau eru álitin heilsuspillandi eða óhæf til neyslu. 2.–4. mgr. ákvæðisins gefur nánari leiðbeiningar um það hvað má telja örugg, heilsuspillandi og óneysluhæf matvæli.

Um b-lið (8. gr. b).

Stjórnendur matvælafyrirtækja eins og þeir eru skilgreindir í frumvarpinu bera ábyrgð á því að starfsemin sé í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli. Stjórnanda ber einnig að sannprófa að starfsemin sé í samræmi við lög og reglur sem um reksturinn gilda. Stjórnandi er í bestri aðstöðu til að þróa öruggt kerfi fyrir afhendingu matvæla og til að tryggja að matvæli, sem hann afhendir, séu örugg. Af þessum sökum er eðlilegt að stjórnandi matvælafyrirtækis beri frumábyrgð á öryggi matvæla. Stjórnandi hefur einnig skyldu skv. 8. gr. c til að afturkalla vöru af markaði og láta eftirlitsaðila vita ef hann hefur grun um að matvæli sem hann hefur framleitt, unnið eða dreift séu ekki í samræmi við öryggiskröfur matvæla.

Um c-lið (8. gr. c).

Í ákvæðinu er orðalag núverandi ákvæðis matvælalaga um ábyrgð framleiðenda matvæla lagað að reglugerð EB 178/2002 að því marki sem það er talið nauðsynlegt, sbr. 17. gr. reglugerðarinnar. Talið er að núverandi orðalag ákvæðisins samræmist ákvæði reglugerðarinnar nokkuð vel einnig að teknu tilliti til reglugerða EB sem settar hafa verið í kjölfar hennar svo sem reglugerðar EB nr. 852/2004.

Um 6. gr.

Í ákvæðinu er lögð til sú regla að matvælafyrirtæki skuli hafa starfsleyfi frá viðkomandi eftirlitsaðila, sbr. 20. gr. laganna, og sækja um slíkt leyfi áður en starfsemi hefst. Gert er ráð fyrir að heimilt verði að binda starfsleyfi tilteknum skilyrðum ef eftirlitsaðili telur ástæðu til. Gefa skal út starfsleyfi til tiltekins tíma enda uppfylli starfsemin skilyrði laga og stjórnvalds-

reglna sem um hana gilda. Gert er ráð fyrir að óheimilt sé að hefja starfsleyfisskylda starfsemi hafi starfsleyfi fyrir hana ekki verið gefið út. Enn fremur er gert ráð fyrir að stjórnanda beri að veita eftirlitsaðila upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á starfsemi sem varðað geta ákvæði starfsleyfis með hæfilegum fyrirvara. Þá er gert ráð fyrir að eftirlitsaðila sé heimilt að endurskoða starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef breytingar verða á rekstrinum, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um öryggi matvæla eða framkvæmd matvælaeftirlits. Þá getur eftirlitsaðili afturkallað starfsleyfi matvælafyrirtækis hafi það verulega vanefnt greiðslu eftirlitsgjalds eða ef það er ekki greiðslufært skv. 7. mgr. 25. gr. laganna.

Í greininni er fjallað nánar um þá þætti sem skulu koma fram í starfsleyfi og um leið skilyrði sem sett eru vegna veitingar þeirra. Ákvæði frumvarpsins eru jafnframt talin ná yfir tilvik þar sem eftirlitsaðilar gefa starfsleyfi til skemmri tíma eða til bráðabirgða, t.d. þegar fyrirtæki er að hefja rekstur, en eftirlitsaðili metur það svo að ekki séu öll skilyrði uppfyllt til fulls. Engu að síður sé mögulegt að leyfa fyrirtækinu að hefja rekstur þar sem það sem á vanti varði ekki matvælaöryggi, enda verði úr því bætt innan skamms tíma í samræmi við skilyrði í starfsleyfi. Að þeim tíma liðnum og þegar staðfest er að bætt hafi verið úr verði gefið út fullt starfsleyfi til lengri tíma.

Það er nýmæli hvað frumframleiðslu varðar að tekið sé fram í matvælalögum að öll matvælafyrirtæki skuli hafa starfsleyfi frá viðkomandi eftirlitsaðila. Í samræmi við skilgreiningu 3. gr. frumvarpsins á matvælafyrirtækjum verður að líta svo á að allir þeir sem ala dýr, sem gefa af sér afurðir til manneldis, skuli falla undir þessa skilgreiningu og þar með vera starfsleyfisskyldir. Það sama gildir um þá sem framleiða matjurtir.

Núverandi staða hefur verið sú að nautgripa-, svína- og alifuglarækt eru starfsleyfisskyldar greinar, en sauðfjár- og hrossarækt ekki. Það er ekki viðunandi staða þar sem þessar búgreinar leggja mikið til matvælaframleiðslu landsmanna. Því er lagt til að þeir aðilar sem stunda sauðfjár- og hrossarækt í atvinnuskyni til matvælaframleiðslu skuli vera starfsleyfisskyldir. Þó er gert ráð fyrir því að starfsleyfi þessara aðila verði byggt á niðurstöðum búfjáreftirlits þar sem slíkar niðurstöður liggja fyrir. Ekki er ætlunin að hafa tvöfalt eftirlit með þessum aðilum. Þeir bændur sem sinna ræktun matjurta eru ekki starfsleyfisskyldir heldur þurfa einungis að tilkynna Matvælastofnun um starfsemi sína. Ekki er talin ástæða til þess að krefjast starfsleyfis vegna þessarar ræktunar við núverandi aðstæður.

Í greininni er gert ráð fyrir að ráðherra geti með reglugerð undanskilið frá starfsleyfisskyldu tómstundabændur, þ.e. þá aðila sem ekki halda sauðfé, geitfé og hross í ágóðaskyni heldur sér til ánægju. Þeir verði þó eftir sem áður skyldir til að vera með sín dýr á skrá hjá viðkomandi búfjáreftirliti og lúta öllum öðrum lögum og stjórnvaldsfyrirmælum, svo sem um einstaklingsmerkingar og fleiri atriði sem varða dýraheilbrigði og dýravernd og heilbrigði sláturdýra, kjósi þeir að senda dýr til slátrunar.

Loks er gert ráð fyrir að í sérlögum sé heimilt að kveða á um sérstök skilyrði fyrir útgáfu starfsleyfis fyrir starfsemi einstakra matvælafyrirtækja. Ef einnig er kveðið á um starfs- eða vinnsluleyfisskyldu í sérlögum fyrir starfsemi sem fellur undir ákvæði þessara laga er eftirlitsaðila heimilt að gefa út eitt starfsleyfi á grundvelli hvorra tveggja laganna.

Um 7. gr.

Hugtakið „matvælafyrirtæki“ kemur í stað orðanna „Þeir sem framleiða matvæli og dreifa þeim“. Einnig er hér tekið upp ákvæði um innra eftirlit sambærilegt við það sem nú er í 15. gr. laga nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, þar sem gert er ráð fyrir

að stjórnandi matvælafyrirtækis beri ábyrgð á að sett sé á fót og starfrækt innra eftirlit með framleiðslu og starfsemi matvælafyrirtækja. Þá er þar ákvæði um að matvælafyrirtækjum sé skylt að fara eftir reglum um almenna hollustuhætti en þar er einkum átt við reglugerðir Evrópusambandsins nr. 852/2004, 853/2004 og 854/2004 sem heimilað er að innleiða með 21. gr. frumvarpsins og gerð er grein fyrir í almennum athugasemdum með frumvarpinu. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 8. gr.

Miklu skiptir að hægt sé að rekja feril matvæla. Í þessu skyni gerir matvælalöggjöf Evrópusambandsins ráð fyrir víðtæku kerfi rekjanleika í matvælafyrirtækjum til þess að hægt sé að afturkalla vörur á markvissan og nákvæman hátt eða veita neytendum eða eftirlitsmönnum upplýsingar og komast þannig hjá óþarfa röskun þegar upp koma vandamál í tengslum við öryggi matvæla. Ákvæðið kveður á um grunnreglu reglugerðar (EB) nr. 178/2002 í 18. gr. um rekjanleika matvæla, dýra sem gefa af sér afurðir til manneldis og efna sem notuð eru í matvæli. Stjórnandi eins og hann er skilgreindur þarf að hafa vitneskju um birgja og aðra þá sem útvega hráefni til matvælaframleiðslu eða matvælavinnslu. Þessa vitneskju þarf stjórnandinn að hafa tiltæka ef eftirlitsaðilar óska þessara upplýsinga. Matvælafyrirtæki, að innflytjanda meðtöldum, getur þurft að staðfesta frá hvaða fyrirtæki það hefur fengið tiltekin matvæli, dýr eða efni sem sett eru í matvæli til að tryggja rekjanleika á öllum stigum ef rannsókn fer fram.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Ákvæðið kveður á um hagsmunavernd neytenda matvæla og er samsvarandi 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002. 2. mgr. ákvæðisins er samsvarandi 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 12. gr.

Gert er ráð fyrir að leyfisveitingar verði bæði í höndum Matvælastofnunar og heilbrigðisnefnda sveitarfélaganna og að leyfisveitandi verði sú stofnun sem fer með eftirlit með starfsemi viðkomandi matvælafyrirtækis. Um eftirlit heilbrigðisnefnda sveitarfélaganna og matvælastofnunar gildir 22. gr. laga nr. 93/1995, sbr. 6. gr. sömu laga.

Um 13. gr.

Hér er kveðið á um heimild til að fela faggiltum skoðunarstofum að framkvæma tiltekin verkefni við framkvæmd eftirlits samkvæmt lögunum og einnig að fela rannsóknastofum tiltekin verkefni við rannsóknir samkvæmt lögunum. Gert er ráð fyrir svipuðu ákvæði varðandi eftirlit í 16. gr. laga nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, sbr. 52. gr. frumvarpsins, en rétt þykir að breyta því hlutverki sem faggiltar skoðunarstofur hafa haft við

eftirlit samkvæmt lögunum í samræmi við þau ákvæði sem um þær gilda í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 882/2004.

Í 2. mgr. ákvæðisins er kveðið á um heimild ráðherra til að ákveða að tilteknar rannsóknastofur verði svokallaðar tilvísunarrannsóknastofur. Til að tryggja áreiðanlegar og sambærilegar rannsóknaniðurstöður hvar sem er innan Evrópska efnahagssvæðisins hafa verið settar upp svokallaðar tilvísunarrannsóknastofur þar sem ein slík er útnefnd á hverju sviði til að bera ábyrgð á þróun aðferða og miðlun upplýsinga og tryggja að samræmi sé í niðurstöðum milli landa. Ætlast er til að innan hvers aðildarlands sé sett upp svipað kerfi, þ.e. ein tilvísunarrannsóknastofa í hverju landi sinni sama hlutverki á landsvísu og tilvísunarrannsóknastofa Evrópusambandsins (ESB) sinnir fyrir ESB. Tilvísunarrannsóknarstofur ESB eru ákveðnar sérstaklega af ESB, en yfirvöld í hverju landi fyrir sig ákveða tilvísunarrannsóknastofur á landsvísu og tilkynna ESB. Hvort tveggja er birt með sérstökum ákvörðunum fyrir hvert svið.

Um 14. gr.

24. gr. laga nr. 1995 er breytt í samræmi við hugtakið „matvælafyrirtæki“.

Um 15. gr.

Ákvæðið er í samræmi við meginreglur um gjaldtökuheimildir hér á landi og einnig 27. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004. Byggt er á því að eftirlitsgjöld miðist við raunkostnað við eftirlitið. Þetta er í samræmi við efnisákvæði a-liðar 4. tölul. 27. gr. reglugerðar (EB) 882/2004.

Um 1. mgr.

Í a–c-liðum 1. mgr. er fjallað um þá kostnaðarþætti sem eftirlitsgjaldið skal standa straum af. Stafliðirnir eru nær orðrétt þeir sömu og greinir í VI. viðauka við reglugerð nr. 882/2004 þar sem fjallað er um viðmiðanir sem taka skal tillit til við útreikning gjalda. Einnig má vísa til II. viðauka við reglugerðina þar sem fjallað er um viðmiðanir fyrir þjálfun starfsfólks sem gefur leiðbeiningar um orðið „þjálfun“ í b-lið. Hluti kostnaðar sem tilgreindur er í b-lið verður lagður á öll matvælafyrirtæki eftir hlutfallstölu.

Um 2. mgr.

Í 2. mgr. er fjallað um viðbótareftirlit umfram almennt og eðlilegt matvæla- eða heilbrigðiseftirlit. Hvað fellur undir „almennt og eðlilegt“ matvæla- eða heilbrigðiseftirlit fer eftir því hversu mikið eftirlit er talið nauðsynlegt á hverjum tíma í regluverki sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis og fyrirmælum eða leiðbeiningum Matvælastofnunar. Um það verður ekki fjölyrt hér enda fer það eftir óræðum breytum er einkum varða sjúkdómaástand og sjúkdómavarnir eða aðra starfsemi matvælafyrirtækja. Hér má vísa til V. bálks reglugerðar nr. 882/2004 þar sem fjallað er um eftirlitsáætlanir.

Ákvæðið er í samræmi við fyrirmæli 28. gr. reglugerðar EB nr. 882/2004 um kostnað við opinbert viðbótareftirlit. Í þeirri grein er sú skylda lögð á lögbært yfirvald að innheimta gjald fyrir viðbótareftirlit umfram eðlilega eftirlitsstarfsemi hjá þeim matvælafyrirtækjum sem eru ábyrg fyrir því að ekki er farið að tilskildum ákvæðum eða hjá matvælafyrirtæki sem á eða hefur vörurnar í sinni vörslu þegar viðbótareftirlitinu er sinnt. Í reglugerðinni er eðlileg eftirlitsstarfsemi talin sú venjubundna eftirlitsstarfsemi sem krafist er samkvæmt lögum, þ.e. innlendum lögum eða lögum Evrópusambandsins, og má hér vísa til fyrirmæla um innlendar eftirlitsáætlanir í V. bálki reglugerðarinnar. Opinbert viðbótareftirlit umfram eðlilega eftirlitsstarfssemi skv. 28. gr. reglugerðinnar felur í sér rannsóknarkostnað, m.a. töku og grein-

ingu sýna auk annars eftirlits sem krafist er til að kanna umfang vandamáls, til að sannprófa hvort gerðar hafi verið úrbætur eða til að finna og/eða færa sönnur á að ekki sé farið að tilskildum ákvæðum. Erfitt er að sjá hversu oft ástæða verður til að sinna viðbótareftirliti eða fella kostnað af því á matvælafyrirtæki.

Með fyrirmælum um viðbótareftirlit er tryggt að matvælafyrirtæki (framleiðandi, innflytjandi eða sláturleyfishafi) sem smitefni hefur greinst hjá þarf sjálft að bera þann kostnað sem af viðbótarsýnatökum og prófunum hlýst.

Fyrirkomulagið er til samræmis við þá ábyrgð sem Evrópusambandið leggur á matvælafyrirtæki vegna sjúkdómavarna. Má hér vísa t.d. til 4. þáttar reglugerðar nr. 178/2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla.

Um 3. mgr.

Í 3. mgr. er ráðherra heimilað að setja reglugerð og gjaldskrá til að útfæra nánar framkvæmd eftirlits og innheimtu fyrir það. Slík gjaldskrá mun gilda fyrir eftirlit Matvælastofnunar. Samkvæmt 3. mgr. 12. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, setja sveitarstjórnir gjaldskrá fyrir matvælaeftirlit heilbrigðisnefnda sveitarfélaganna. Samkvæmt þeirri grein bera sveitarfélögin ábyrgð á fjármálum og rekstri heilbrigðiseftirlits á viðkomandi svæði. Mælt er fyrir um eðlilegt samráð sem ráðherra ber að viðhafa við fagaðila í matvælaiðnaði við gerð reglugerðar og gjaldskrár með heimild í frumvarpsgreininni. Jafnframt er vísað til lágmarksgjalda vegna eftirlits. Ákvæðið vísar til efnisreglna reglugerðar (EB) nr. 882/2004.

Um 4. mgr.

Í 4. mgr. eru ráðherra veittar heimildir til að líta til ákveðinna sjónarmiða við gerð reglugerðar og gjaldskrár. Þessi sjónarmið eru tekin upp úr 27. gr. reglugerðar nr. 882/2004.

Rétt er að taka fram að þrátt fyrir að ráðherra kjósi að taka sérstakt tillit til hagsmuna fyrirtækja með litla framleiðslu eða fyrirtækja sem líða fyrir landfræðilega einangrun eru hagsmunir annarra matvælafyrirtækja í samkeppnislegu tilliti tryggðir með a.m.k. tvennum hætti.

Í fyrsta lagi er eftirlitsgjaldið þjónustugjald sem felur í sér að óheimilt verði að fella halla vegna lægri tekna af eftirliti hjá sumum matvælafyrirtækjum á önnur matvælafyrirtæki. Fjármagn til þess að bæta Matvælastofnun tekjutap verði að koma með sérstökum greiðslum úr ríkissjóði eða af fjárlögum stofnunarinnar.

Í öðru lagi er í I. kafla IV. viðauka við reglugerð nr. 882/2004 lagt bann við að innheimt séu lægri eftirlitsgjöld fyrir eftirlit með slátrun en þar greinir. Því getur aldrei komið til þess að eftirlitsgjöld verði felld niður.

Til hliðsjónar er á Norðurlöndunum með ólíkum hætti tekið tillit til hagsmuna smærri matvælafyrirtækja (sláturleyfishafa). Í Danmörku er smáum fyrirtækjum gert að greiða einungis fyrrgreindan lágmarkstaxta en sérstakri fjárveitingu er varið til að greiða það sem eftir stendur. Í Noregi sem dæmi er hins vegar mælt fyrir um tiltekið hámarksgjald vegna kjötskoðunar í smærri sláturhúsum (1 NOK á hvert kíló innvegins kjöts).

Um 5. mgr.

Í 5. mgr. er kveðið á um hvenær skal greiða gjald vegna eftirlits. Matvælafyrirtæki skal greiða gjald vegna eftirlits þegar eftirlitsaðili leggur fram reikning vegna þess.

Um 6. mgr.

Í 6. mgr. er lagt til að heimilað verði að innheimta eftirlitsgjald með fjárnámi án undanfarins dóms eða sáttar. Einnig er heimilað að innheimta dráttarvexti komi til vanefnda. Um

núverandi fyrirkomulag greiðslna má vísa til 5. gr. reglugerðar nr. 336/2005 um innheimtu gjalds vegna heilbrigðiseftirlits með sláturafurðum.

Um 7. mgr.

Í 7. mgr. getur eftirlitsaðili afturkallað starfsleyfi hafi viðkomandi matvælafyrirtæki vanefnt greiðslu eftilitsgjalds eða ef fyrirtæki er ekki greiðslufært. Um verulega vanefnd er að ræða ef t.d. þriggja mánaða dráttur verður á greiðslu.

Um 8. mgr.

Í 8. mgr. er vísað til þess að efnisákvæði greinarinnar gildi eftir því sem við á um gjöld vegna eftirlits á landamærastöðvum.

Um 16. gr.

Í 27. gr. laga nr. 93/1995, um matvæli, er kveðið á um heimild til innheimtu á nauðsynlegum rannsóknarkostnaði hjá framleiðanda eða dreifanda matvæla. Heimild til gjaldtöku þessa kostnaðar er nú í 15. gr. þessa frumvarps, nánar til tekið í 2. mgr. 25. gr. laga um matvæli og því ekki þörf á þessu ákvæði.

Um 17. gr.

Um a-lið (27. gr. a).

Ákvæðið er að mestu samhljóða 21. gr. laga nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða. Þó er 1. málsl. felldur brott úr ákvæðinu en þar sagði: „Innflytjandi sjávarafurða sem fluttar eru til Íslands frá ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins skal tilkynna Fiskistofu um komu sendinga með hæfilegum fyrirvara.“ Þetta ákvæði er ekki í samræmi við meginreglu EES-löggjafarinnar um frjálst flæði vöru innan svæðisins. Eftirlitsaðilum er þannig óheimilt að skylda innflytjanda til að tilkynna um komu sendinga. Eftirlitsaðilum er einungis heimilt að skoða umræddar afurðir í flutningi milli landa þegar um rökstuddan grun er að ræða um óörugg matvæli. Um skýringu á ákvæðinu vísast að öðru leyti til athugasemda við frumvarp til þeirra laga, sbr. Alþingistíðindi, A-deild, 122. löggjafarþing, þskj. 929, 544. mál.

Um b-lið (27. gr. b).

Ákvæðið fjallar um landamærastöðvar og innflutning frá löndum utan EES. Um athugasemdir við greinina vísast til 22., 25. og 26. gr. laga nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, og greinargerðar með frumvarpi til þeirrra laga, sbr. Alþingistíðindi, A-deild, 122. löggjafarþing, þskj. 929, 544. mál.

Um 18. gr.

Lagt er til að varúðarregla 7. gr. reglugerðar (EB) 178/2002 verði lögfest. Rétt þykir að kveðið sé á um það í lögum hvenær heimilt er að grípa til varúðarráðstafana án þess að fyrirliggjandi séu óyggjandi gögn um að viðkomandi vara muni hafa í för með sér heilsuspillandi áhrif. Skilyrði fyrir beitingu reglunnar er þó að slík áhrif séu möguleg. Í sumum tilvikum er vafi um heilsuspillandi áhrif matvæla en þó hætta á heilsutjóni vegna þeirra. Ákvæðið heimilar ráðherra að framkvæma nauðsynlegar ráðstafanir. Ákvæðið tilgreinir ekki heimilar ráðstafanir heldur er sagt að þær skuli vera í réttu hlutfalli við markmið þeirra og ekki hamla viðskiptum meira en nauðsynlegt er. Ráðstafanirnar skulu endurskoðaðar innan eðlilegs tíma enda er um tímabundnar ákvarðanir að ræða. Ákvæði þetta þarf að túlka í samræmi við þá meginreglu matvælalöggjafar EB að markaðshindrandi aðgerðir eða aðgerðir sem leiða til ójafnra samkeppnisskilyrða eru ekki leyfðar nema í sérstökum undantekningartilvikum. Var-

úðarreglan byggist á því að við þessar sérstöku aðstæður sem verða til þegar ekki er hægt að eyða vísindalegri óvissu en hætta er á að matvæli valdi heilsutjóni geti verið nauðsynlegt að gera ráðstafanir til að fyrirbyggja hugsanlega heilsufarsvá fyrir þjóðfélagsþegnana.

Um 19. gr.

Lagt til að lögfest verði í matvælalögum ákvæði í samræmi við 10. gr. reglugerðar EB nr. 178/2002 þar sem kveðið er á um skyldu stjórnvalda til að upplýsa almenning um eðli þeirrar áhættu sem er fyrir hendi. Ákvæðið leggur þá skyldu á herðar eftirlitsaðilum, Matvælastofnun eða heilbrigðisnefndum sveitarfélaganna að upplýsa almenning um tiltekna hættu sem stafar af matvælum.

Í 2. og 3. mgr. ákvæðisins eru ný ákvæði sem heimila ráðherra að setja reglugerð þar sem fram koma nánari reglur um birtingu upplýsinga eða niðurstaðna eftirlits hjá matvælafyrirtækjum eða upplýsinga sem varða neytendur og falla undir 18. gr. a.

2. mgr. fjallar um niðurstöður eftirlits vegna atvika er falla undir 1. gr. Komi upp tilvik við eftirlit þar sem rökstuddur grunur er um að tiltekin matvæli hafi í för með sér áhættu fyrir heilbrigði manna er heimilt að birta slíkar upplýsingar.

Í 3. mgr. er gert er ráð fyrir því að eftirlitsaðilum sé heimilt að birta tilteknar upplýsingar eða allar niðurstöður úr eftirliti þannig að neytendum séu ljósar niðurstöðurnar. Í 18. gr. a eru efnisreglur um neytendavernd og sviksamlegt athæfi. Nauðsynlegt getur reynst að upplýsa almenning um tiltekin tilvik til þess að vernda hagsmuni neytenda og því nauðsynlegt að settar séu reglur um slíkt.

Um 20. gr.

Í 29. gr. laga nr. 93/1995 segir að eftirlitsaðila sé heimilt að stöðva eða takmarka framleiðslu og dreifingu matvæla og leggja hald á þau þegar rökstuddur grunur er um að matvæli uppfylli ekki ákvæði laga þessara eða reglugerða settra samkvæmt þeim. Þetta efnisákvæði er nú 3. mgr. 30. gr.

Um 21. gr.

Með ákvæðinu er lagt til að lögfest verði sambærileg ákvæði um þvingunarúrræði og eru í lögum nr. 7/1998 þar sem þau ákvæði sem nú eru í matvælalögum veita Matvælastofnun ekki sömu heimildir og þau veittu Umhverfisstofnun áður en verkefni hennar við matvælaeftirlit voru flutt til Matvælastofnunar með lögum nr. 167/2007, um tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands. Einnig felst í ákvæðinu að verið er að samræma viðurlagaákvæðin ákvæðum um viðurlög sem fram koma í þeim reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins sem stefnt er að því að mynda grundvöll fyrir innleiðingu á með frumvarpi þessu.

Þá er gert ráð fyrir að Matvælastofnun geti hér í tilteknum bráðatilvikum farið inn á verksvið heilbrigðisnefnda, sbr. 30. gr. c. Loks er í ákvæðinu það nýmæli að eftirlitsaðili getur ákveðið að eftirlitsskyldir aðilar skuli greiða allan kostnað vegna þvingunarrúræða sem framkvæmd eru samkvæmt lögum þessum og má innheimta slíkan kostnað með fjárnámi án undanfarandi dóms eða sáttar. Það er jafnframt nýmæli að stjórnanda matvælafyrirtækis er skylt að veita aðstoð við framkvæmd eftirlitsins. Þykir þetta eðlileg krafa þar sem um umfangsmiklar aðgerðir er að ræða.

Um skýringar við greinina vísast að öðru leyti til athugasemda við 26.–30. gr. í frumvarpi til laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. Alþingistíðindi, A-deild,

1997–98, 122. löggjafarþing, þskj. 197, 194. mál, og eldri laga um sama efni, svo og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004.

Um 22. og 23. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa

Um 24. gr.

Brot gegn ákvæðum laganna geta haft í för með sér mikla hættu og valdið heilsutjóni á mönnum og dýrum, svo og skaðað ýmsa aðra hagsmuni. Er því talið nauðsynlegt að efla varnaðaráhrif laganna með því að leggja til þyngri viðurlög við brotum á þeim. Með ákvæðinu er lagt til að tekið verði upp ákvæði um tiltekin viðurlög við brotum á lögunum og að um meðferð þeirra fari samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála. Um skýringu á ákvæðinu vísast að öðru leyti til athugasemda við 33. gr. í frumvarpi til laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. Alþingistíðindi, A-deild, 122. löggjafarþing 1997–98, þskj. 197, 194. mál.

Um 25. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

.

Um 26. gr.

Orðalag 1. mgr. er lagað að þeim nýmælum sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 178/2002 og afleiddum gerðum.

Jafnframt eru tilvísanir í reglugerð EB nr. 178/2002 og reglugerðir sem settar voru í kjölfar þeirrar reglugerðar, m.a. um hollustuhætti og eftirlit í matvælaiðnaði. Rétt þykir að hafa í lögunum tilvísanir í þessar megingerðir matvælalöggjafar Evrópusambandsins þannig að reglugerðarheimildir verði skýrar hvað þessar tilteknu gerðir varðar. Þessar tilvísanir eru í 2.–3. mgr. 31. gr. a.

Um 27. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 28. gr

Ákvæði til bráðabirgða fjallar um gildistöku en lögin taka gildi 27. apríl 2008 hvað varðar allar matvælategundir aðrar en kjöt, mjólk og egg. Í ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar er sérstakur aðlögunartími fyrir innleiðingu á efnisákvæðum um búfjárafurðir. Hvað þessar matvælategundir varðar, þ.e. kjöt, mjólk, egg og hráar afurðir úr þessum matvælategundum taka lögin gildi 27. apríl 2009. Jafnframt gildir aðlögunartíminn um unnar vörur úr mjólk.

Um 29. gr.

Við 4. gr. laganna bætist skilgreining vegna aukaafurða dýra, sbr. 13. gr. laganna.

Um 30. gr.

Fyrsta málsgrein laganna mun taka allnokkrum breytingum, en þó er ekki lagt til að breytt verði út frá markmiðsskýringu 1. málsl. um ástæður þess að innflutningur er óheimill.

A-liður núgildandi 10. gr. er umskrifaður til samræmis við endurskoðun á undanþágunni sem Ísland hefur haft frá I. kafla I. viðauka EES-samningsins. Rétt þykir að gera nokkra grein fyrir einstökum breytingum sem felldar verða niður, sem og ástæðum þess að ekki er vikið frá núgildandi 10. gr. að öllu leyti.

Megingrundvöllur breytinganna er að flestar vörur sem rekja má til afurða úr dýraríkinu eru felldar brott, enda verður meginreglan sú að heimilt verði að flytja þessar vörur til landsins, uppfylli varan evrópsk skilyrði um heilbrigðisvottun.

Þrátt fyrir framangreinda meginreglu verður áfram óheimill innflutningur á kjötmjöli, beinamjöli og blóðmjöli. Ástæður þess eru að einstökum ríkjum er áfram heimilt að banna innflutning þessara vara samkvæmt undanþágum sem sérstaklega eru samþykktar fyrir Ísland með bókun við breytingu á I. viðauka EES-samningsins. Samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 133/2007 munu Íslendingar áfram verða undanþegnir þeim gerðum í I. viðauka sem varða lifandi dýr, fyrir utan fisk og fiskeldi, ásamt gerðum sem varða fósturvísa, eggfrumur og sæði úr dýrum.

Þótt EB-reglugerðirnar fjalli ekki um vörur óskyldar dýraríkinu þótti rétt að fella úr upptalningu greinarinnar hluti sem hafa lítið raunhæft gildi, svo sem stráteppi og strákörfur. Ákvæðin um bann við innflutningi notaðs reiðfatnaðs, reiðtygja og annars sem notað hefur verið við geymslu og flutninga á dýrum og dýraafurðum, sem og búnað til stangveiða heldur þó gildi sínu.

Um einstakar vörur sem teknar eru út úr greininni munu eftirfarandi reglur gilda:

Alidýraáburður. Áburður fellur eins og annað úr dýraríkinu sem ekki er ætlað til manneldis undir reglugerð EB nr. 1774/2002. Í III. kafla VIII. viðauka með reglugerðinni er áburði almennt skipt upp í tvo flokka, óunninn og unninn. Meginreglan verður áfram sú að óunninn áburð er óheimilt að flytja milli landa, nema samkvæmt nánar greindum þröngum undantekningum. Athygli er þó vakin á því að hrossatað fellur ekki undir flutningsbannið. Unninn húsdýraáburð má flytja milli landa enda hafi hann verið rétt meðhöndlaður og fylgi heilbrigðisvottorð. Sömu reglur gilda um gróðurmold, rotmassa og annað sem áburðurinn hefur verið blandaður við.

Hráar eða lítt saltaðar sláturafurðir og fóðurvörur unnar úr afurðum eða úrgangi spendýra og fugla sem ekki hafa hlotið viðeigandi hitameðferð. Ef sláturafurðirnar fá heilbrigðisvottorð og flokkast sem matvæli falla þær undir meginregluna um tiltölulega frjálst flæði innan Evrópu. Ef þær hins vegar eru ekki til manneldis kveður reglugerð EB nr. 1774/2002 á um nánari reglur um meðferð þeirra. Með nokkurri einföldun má segja að öllum afurðum af dýrum sem annaðhvort eru sjálfsýkt eða grunur leikur á að geti verið sýkt skuli fargað, en falli þær undir a- eða b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar sem hlutar sláturdýra sem megi nota til manneldis eða dýra sem sýni engin merki um sjúkdóma megi nota sláturafurðirnar til vinnslu tæknilegra afurða, svo sem í fóður. Skilyrði er þó að við slíka vinnslu sé gætt viðurkenndra eftirlits- og vinnsluaðferða sem skilgreindar eru í reglugerðinni.

Ósótthreinsuð skinn og húðir, dýrahár, ull, fiður, fjaðrir og dúnn. Meginreglan um að óheimilt sé að flytja inn ósótthreinsuð skinn og húðir mun í sjálfu sér gilda áfram. Hins vegar er lagt til að um innflutning þessarar vöru fari eins og annarrar vöru úr dýraríkinu. Með því er átt að uppfylli vinnsla húðanna kröfur VI. kafla VIII. viðauka reglugerðar EB nr. 1774/2002 verði innflutningur heimill. Er þar nánar mælt fyrir um nokkuð mismunandi meðferð húða og skinna af hóf- og klaufdýrum, veiðidýrum og loðdýrum og á ull, fiðri og burstum úr dýrahárum.

Blóð og blóðafurðir. Um þær er fjallað í tveimur köflum reglugerðar EB nr. 1774/2002, annars vegar um hreinar slíkar vörur og hins vegar ef nota á þær í tæknilegum tilgangi, t.d. vegna lyfja. Um fyrri flokkinn gildir að innflutningur eftir að varan er unnin samkvæmt fyrir fram ákveðnu vinnsluferli er heimill. Innflutningur í tæknitilgangi er einnig heimill, en þarf að hlíta mun strangara eftirliti og vinnslu.

Ógerilsneydd mjólk, vörur unnar úr henni og hrá egg. Svipaðar reglur munu gilda um þessar vörur og flest annað í þessum flokki, þ.e. innflutningur verður einungis leyfður að uppfylltum reglum um uppruna og heilbrigðisvottorð og undir eftirliti. Sérstaklega þarf að huga að salmonelluvörnum í þessu samhengi.

Um 31. gr.

Í þessu lagaákvæði er það áréttað að aukaafurðir dýra, sem ekki eru ætlaðar til manneldis, svo sem hræ dýra, sláturúrgangur og sláturafurðir, skal meðhöndla, geyma, flytja, vinna eða eyða á þann hátt að ekki valdi hættu á útbreiðslu smitefna eða annarra skaðlegra efna. Þeir sem meðhöndla, geyma, flytja eða vinna aukaafurðir dýra skv. 1. mgr. skulu sækja um leyfi Matvælastofnunar áður en starfsemin hefst. Samkvæmt lögunum er það hlutverk Matvælastofnunar að sinna eftirliti með útbreiðslu smitefna sem leynst geta í aukaafurðum dýra og koma í veg fyrir smit slíkra efna.

Í 2. mgr. er ákvæði sem kveður á um starfsleyfisskyldu tiltekinna stöðva sem vinna eða geyma aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til manneldis. Hér er um að ræða stöðvar fyrir milliefni, geymslustöðvar, vinnslustöðvar fyrir efni í 1. og 2. flokki, vinnslustöðvar fyrir líffituefni í 1. og 2. flokki, lífgasstöðvar og myltingarstöðvar og efni í 3. flokki, m.a. úrgang úr sjávar- og eldisafurðum. Ákvæðið byggist á III. kafla reglugerðar EB nr. 1774/2002, sbr. 10.–15. gr. reglugerðarinnar. Um skilgreiningar á umræddum vinnslu- og geymslustöðvum vísast til reglugerðarinnar. Þar sem ákvæði framangreindrar ESB-reglugerðar eru fyrst og fremst sett á grundvelli sjónarmiða um sjúkdómavarnir er gert ráð fyrir að þetta ákvæði verði í lögum nr. 25/1993. Eins og fram hefur komið er gert ráð fyrir að það gildi einnig um stöðvar sem vinna úrgang úr sjávar- og eldisafurðum. Matvælastofnun gefur út leyfi vegna starfsemi fyrrgreindra stöðva. Hafa verður í huga að reglur um eyðingu úrgangs sem á sér stað í brennslustöðvum lýtur valdsviði umhverfisráðuneytisins og eftirliti Umhverfisstofnunar.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að ráðherra setji með reglugerð nánari ákvæði um meðferð aukaafurða dýra, sbr. 29. gr. a, en þar er kveðið á um innleiðingu reglugerðar (EB) nr. 1774/2002.

Um 32. gr.

Með samþykkt ákvörðunar nr. 133/2007 frá 26. október 2007 samþykkti Ísland að innleiða sérstakar reglur sem varða flutning á líflömbum til þeirra bæja þar sem skorið hefur verið niður vegna riðuveiki og sem lokið hafa tveggja ára banni við fjárbúskap eftir niðurskurð. Í reglugerð ESB nr. 999/2001 um riðuveiki koma fram ákvæði sem lúta að þessum þætti varðandi arfgerðir kinda. Ísland fékk samþykktar undanþágur frá flestum þessara ákvæða ef undan eru skilin þau sem varða flutning líflamba sem bera áhættuarfgerðarþáttinn VRQ. Kindur af þessari arfgerð eru taldar næmari fyrir riðusmiti en aðrar arfgerðir. Með ákvæðinu verður ráðherra heimilt að banna flutning á líflömbum sem eru með VRQ-arfgerðarþáttinn. Á undanförnum árum hafa ekki verið teknir inn hrútar á sæðingastöðvar sem bera þessa arfgerð. Þetta mun þýða að rannsaka verður þau líflömb sem ætluð eru til sölu af líflambasvæðum til að tryggja að lömb af þessari arfgerð verði ekki flutt til umræddra bæja. Rannsóknir þessar er unnt að gera hérlendis.

Um 33. gr.

Hér er gert ráð fyrir að ný grein bætist við lögin, sem verður 29. gr. a, þar sem ráðherra verði veitt heimild til að innleiða í heild sinni ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 sem fjallar um meðferð aukaafurða úr dýrum. Þar sem ákvæði fyrrgreindrar EES-reglugerðar eru fyrst og fremst sett á grundvelli sjónarmiða um sjúkdómavarnir er gert ráð fyrir að þetta ákvæði verði í lögum nr. 25/1993. Gert er ráð fyrir að ákvæðið gildi m.a. um sláturhús en einnig um stöðvar sem vinna úrgang úr sjávar- og eldisafurðum.

Um 34. gr.

Ákvæðið fjallar um þá sem teljast dýralæknar samkvæmt íslenskum lögum. Samkvæmt núgildandi lögum mega þeir einir sem lokið hafa prófi frá dýralæknaháskóla sem er viðurkenndur af íslenskum stjórnvöldum kalla sig dýralækna.

Gert er ráð fyrir að ákvæðið taki með skýrum hætti til erlendra dýralækna sem heimild hafa til að starfa hér í samræmi við reglur Evrópska efnahagssvæðisins eða stofnsamning Fríverslunarsamtaka Evrópu og að ráðherra verði veitt heimild til að setja nánari reglur um leyfi slíkra dýralækna hér á landi.

Um 35. gr.

Með lögum nr. 66/1998, um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, voru gerðar viðamiklar skipulagsbreytingar á dýralæknisumdæmum og þeim fækkað úr 31 í 14. Vegna stjórnsýslu- og samkeppnislaga var talið brýnt að skilja að, eins og aðstæður leyfðu, eftirlits- og dýralæknisþjónustu sama aðila. Það var ekki talið samrýmast góðri stjórnsýslu að sami aðili gæfi út starfsleyfi og hefði jafnframt tekjur af þjónustu við hina leyfisskyldu starfsemi. Af þessum sökum var lögfest að héraðsdýralæknar í þremur stærstu umdæmunum, þ.e. í Gullbringu- og Kjósar-, Skagafjarðar- og Eyjafjarðar- og Suðurlandsumdæmum, sinntu eingöngu eftirlitsstörfum, en héraðsdýralæknar í öðrum umdæmum gætu samhliða eftirlitsstörfum sinnt almennri dýralæknisþjónustu, þar með talið vaktþjónustu. Lagt er til með frumvarpi þessu að það skref sem tekið var árið 1998 verði stigið til fulls og umdæmum héraðsdýralækna fækkað úr 16 í 6, svo og að þessir héraðsdýralæknar sinni einvörðungu eftirlitsstörfum. Eftirlitsdýralæknar munu einnig starfa í þessum umdæmum og verða sumir ráðnir í fullt starf sem opinberir eftirlitsmenn, en einnig verður heimilt að ráða þá í hlutastarf sem opinbera eftirlitsaðila undir stjórn og á ábyrgð héraðsdýralækna.

Í kjölfar breytinga á I. viðauka EES-samningsins mun Ísland verða að innleiða í íslenska löggjöf reglugerð Evrópusambandsins (EB) nr. 882/2004 um opinbert eftirlit til að tryggja sannprófun þess að lög um fóður og matvæli og reglur um dýraheilbrigði og velferð dýra séu virtar. Í reglugerðinni er kveðið á um hvaða kröfur eru gerðar til opinbers eftirlits með fóðri, matvörum, dýraheilbrigði og dýravelferð og samkvæmt reglugerðinni er aðildarríkjunum gert skylt að tryggja að ekki geti orðið hagsmunaárekstrar milli þeirra og opinbers eftirlits, sbr. b-lið 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar. Ákvæði reglugerðarinnar eru í samræmi við reglur stjórnsýsluréttar um vanhæfi. Samkvæmt núgildandi lögum sinna héraðsdýralæknar í öllum umdæmum nema í Gullbringu- og Kjósar-, Skagafjarðar- og Eyjafjarðar- og Rangárvalla- og Árnessýslu opinberu eftirliti gagnvart bændum og afurðum þeirra, þ.m.t. eftirliti með aðbúnaði dýra, dýraheilbrigði og dýravernd. Jafnframt selja þessir héraðsdýralæknar bændum þjónustu sína sem almennir dýralæknar, en slíkt býður upp á möguleika á alls kyns hagsmunaárekstrum sem taka verður fyrir.

Samkeppnissjónarmið mæla jafnframt með því að fækka umdæmum og skilja á milli opinbers eftirlits og almennrar dýralæknisþjónustu. Samkvæmt núgildandi skipulagi á verkefnum og umdæmum héraðsdýralækna eru þeir í mörgum tilfellum að bjóða sömu þjónustu og sjálfstætt starfandi dýralæknar. Slíkt skekkir samkeppnisstöðu sjálfstætt starfandi dýralækna þar sem héraðsdýralæknar fá samhliða þjónustugjöldum greidd laun frá hinu opinbera. Kröfur um aðskilnað opinbers eftirlits og faglegrar/klíniskrar þjónustu byggist þannig bæði á skuldbindingum samkvæmt alþjóðasamningum, almennum vanhæfisreglum stjórnsýsluréttarins og samkeppnissjónarmiðum. Fjöldi og stærð umdæma var ákveðinn með eftirfarandi sjónarmið í huga:

a. Næg verkefni séu fyrir héraðsdýralækni í hverju umdæmi.
b. Verkefni þessi séu m.a. eftirlit með:
   1. Sláturhúsum, kjötfrystihúsum og kjötpökkunarstöðvum.
   2. Mjólkur- og kjötframleiðslu.
   3. Svínabúum.
   4. Alifuglabúum.
   5. Fiskeldisstöðvum.
   6. Loðdýrabúum.
   7. Garnaveikibólusetningu.
   8. Sæðingastöðvum.
   9. Einangrunarstöðvum.
   10. Kjötmjölsverksmiðjum.

Enn fremur annist héraðsdýralæknar lögboðna útflutningsskoðun hrossa og sinni dýraverndarmálum og framkvæmd sóttvarnaraðgerða vegna smitsjúkdóma.

c. Landfræðileg skipting milli umdæma sé eðlileg og hagkvæm og samgöngur góðar.
   1. *Suðvesturumdæmi.* Óbreytt umdæmi frá núgildandi fyrirkomulagi.
   2. *Vesturumdæmi.* Þar eru fjögur umdæmi felld saman í eitt. Landfræðileg mörk eru eðlileg og samgöngur góðar nema á Vestfjörðum. Í umdæminu er ekkert sláturhús, talsverður kúabúskapur og sauðfjárrækt, sæðingastöð, einangrunarstöð fyrir frjóegg, bólusett er við garnaveiki í sumum hlutum umdæmisins. Á Vestfjörðum er búskapur frekar dreifður. Þar er sjúkdómastaða góð (ekki riða og ekki garnaveiki) svo að eftirlitsverkefni eru ekki mikil. Verkefni eru fyrir héraðsdýralækni og eftirlitsdýralækna í umdæminu.
   3. *Norðvesturumdæmi.* Felld eru saman tvö umdæmi miðað við núgildandi fyrirkomulag. Landfræðilega er skiptingin eðlileg, samgöngur góðar. Skilin gagnvart Norðurlandsumdæmi eystra ættu að ráðast af því hvernig samgöngur eru bestar. Í umdæminu eru þrjú stór sauðfjársláturhús þar sem einnig er slátrað stórgripum. Sláturhúsin eru öll með útflutningsleyfi og krefjast stöðugrar viðveru eftirlitsdýralæknis í sauðfjársláturtíð og þegar stórgripum er slátrað til útflutnings. Kúabúskapur er allnokkur og mikill sauðfjár- og hrossabúskapur. Riðu- og garnaveikisvæði. Þörf er á héraðsdýralækni og eftirlitsdýralæknum.
   4. *Norðausturumdæmi.* Tvö umdæmi eru felld saman í eitt miðað við núgildandi kerfi. Fjögur sláturhús, mikill kúabúskapur, sauðfjárrækt, svínarækt og alifuglarækt. Verkefni fyrir héraðsdýralækni og eftirlitsdýralækna. Landfræðileg skipting er eðlileg, umdæmið er stórt en samgöngur frekar góðar.
   5. *Austurumdæmi.* Þrjú umdæmi felld saman í eitt. Landfræðilega er þetta stórt umdæmi, samgöngur allgóðar, tvö sláturhús, hreindýrakjötpökkunarstöð, ferjuhöfn,

riðu- og garnaveikibólusetning. Verkefni fyrir héraðsdýralækni og eftirlitsdýralækna.

6. *Suðurumdæmi.* Óbreytt nema Skaftárhreppur fellur undir það. Landfræðilega fellur hann betur að Suðurumdæmi en að Austurumdæmi.

Sérstakt nýmæli er í frumvarpinu, að héraðsdýralæknar skuli hafa eftirlit með heilbrigði búfjár og lyfjanotkun búfjár og annarra dýra. Í 4. mgr. 11. gr. lyfjalaga, nr. 93/1994, er tekið fram að Matvælastofnun skuli hafa eftirlit með ávísunum dýralyfja og ástæða þykir til að tilgreina sérstaklega þá starfsmenn Matvælastofnunar sem annast slíkt eftirlit. Jafnframt er vísað til laga um búfjárhald vegna starfa eftirlitsdýralækna á sviði dýravelferðar.

Jafnframt er það nýmæli að ráðherra er heimilt með reglugerð að leyfa opinberum eftirlitsdýralæknum að sinna almennri þjónustu við dýraeigendur á tilteknu svæði ef heilbrigði eða velferð dýra er stefnt í hættu enda fáist ekki dýralæknar til að sinna slíkri þjónustu við dýraeigendur á umræddu svæði. Hér er um að ræða undantekningu frá þeirri meginreglu að opinberum eftilitsdýralæknum sé óheimilt, vegna hagsmunatengsla, að sinna almennri dýralæknaþjónustu í sínu umdæmi. Eftirfarandi skilyrði eru sett fyrir framangreindri heimild, í fyrsta lagi að heilbrigði eða velferð dýra sé stefnt í hættu, í öðru lagi að dýralæknir fáist ekki til þess að starfa eingöngu við almennar dýralækningar á svæðinu og í þriðja lagi er gert ráð fyrir að heimild ráðherra eigi eingöngu við um starfandi eftirlitsdýralækna sem starfa undir héraðsdýralækni en ekki héraðsdýralækninn sjálfan. Það gefur augaleið að heimild ráðherra tekur einungis til dreifðari byggða landsins.

Um 36. gr.

Í frumvarpinu er lagt til að skilið verði að fullu á milli opinbers eftirlits héraðsdýralækna annars vegar og hins vegar almennrar klíniskrar þjónustu dýralækna svo og að vaktsvæðum almennrar dýralækningarþjónustu verði fækkað úr 15 í 10. Eingöngu er gert ráð fyrir greiðslu fyrir bakvaktir utan venjulegs dagvinnutíma. Á þeim svæðum þar sem lagt er til að leggja niður skipulagða vaktþjónustu hins opinbera, þ.e. í Gullbringu- og Kjósarumdæmi, Skagafirði, Eyjafirði, Rangárvallasýslu og Árnessýslu, er starfrækt öflug dýralæknaþjónusta sem sinnir vaktþjónustu fyrir dýraeigendur. Ekki er því ástæða til að skipuleggja og greiða fyrir slíka þjónustu þar sem starfandi dýralæknar sinna þessari þjónustu nú á markaðslegum forsendum.

Lagt er til að þeim fjármunum sem sparast við niðurlagningu á vaktþjónustu á fyrrnefndum svæðum verði þess í stað varið til að styrkja vaktþjónustu Matvælastofnunar svo að stofnunin geti skipulagt vaktir í öllum umdæmum og á aðalskrifstofu vegna mála sem sinna verður og upp kunna að koma utan venjulegs skrifstofutíma og varða opinber eftirlitsstörf og sóttvarnir. Slík mál varða t.d. dýravernd, innflutning og útflutning dýra og grun um smitsjúkdóma.

Um 37. gr.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að störf héraðsdýralækna, sem sinna bæði opinberu eftirliti og almennri dýralæknaþjónustu, verði lögð niður. Þetta á við um héraðsdýralæknana sem nú eru staðsettir í Borgarnesi, Stykkishólmi, Búðardal, á Ísafirði, Hvammstanga, Blönduósi, Húsavík, Egilsstöðum, Breiðdalsvík, Höfn og á Kirkjubæjarklaustri. Í stað þess koma stærri opinber eftirlitssvæði þar sem Matvælastofnun hefur umdæmisskrifstofur og ákveður stofnunin staðsetningu héraðsdýralækna og annarra eftirlitsaðila sem þar verða ráðnir til opinberra eftirlitsstarfa og sóttvarna. Með þessari breytingu verður jafnframt nauðsynlegt að tryggja almenna dýralæknaþjónustu í dreifðum byggðum landsins með öðrum hætti en verið hefur.

Markmiðið er að tryggja dýraeigendum um allt land nauðsynlega dýralæknaþjónustu og þar með, m.a. af dýraverndarástæðum, að veik og slösuð dýr fái rétta meðhöndlun eins fljótt og kostur er.

Ólíklegt er að dýralæknar fáist til starfa þar sem dýrafjöldi er takmarkaður og verkefni við lækningu dýra fremur fá. Til að ná markmiðum greinarinnar um að tryggja dreifðum byggðum reglubundna dýralæknaþjónustu og bráðaþjónustu verður að stuðla að því að fyrir hendi verði nauðsynleg starfsaðstaða fyrir sjálfstætt starfandi dýralækna á Snæfellsnesi, í Dalasýslu, á Vestfjörðum, í Austur- og Vestur-Húnavatnssýslum, í Suður-og Norður-Þingeyjarsýslum, í Norður- og Suður-Múlasýslum og í Austur- og Vestur-Skaftafellssýslum. Jafnframt þarf hið opinbera að greiða einhverja staðaruppbót og/eða kostnað við ferðir dýralækna á þessum stöðum. Að öðrum kosti er ekki tryggt að dýralæknaþjónustan verði nægileg til að tryggja heilbrigði og velferð dýra.

Þar sem samkvæmt framanrituðu er verið að gera verulegar breytingar á dýralæknakerfinu með því að fækka héraðsdýralæknum sem áður hafa annast þjónustu við dýraeigendur er talið nauðsynlegt að gefin verði út reglugerð um hvernig dýraeigendum í hinum dreifðu byggðum landsins verði tryggð dýralæknaþjónusta. Gert ráð fyrir því að ráðherra skuli hafa samráð við Dýralæknafélag Íslands, Bændasamtök Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga og Matvælastofnun.

Um 38. gr.

Í núgildandi lögum kemur fram að ráða skuli sérmenntaða dýralækna, einn á hverju sérsviði, sem tilgreind eru í lögunum. Í stað þess að tilgreina á hvaða sérsviði viðkomandi dýralæknar starfa er nú lagt til að Matvælastofnun ráði sérgreinadýralækna og hafi tækifæri til breytinga á verkaskiptingu milli þeirra. Starfsskyldur þeirra verða einnig samkvæmt þessum tillögum skilgreindar í starfslýsingum, en ekki í erindisbréfum eins og verið hefur.

Eftir sem áður verða ýmis sérsvið tilgreind í lögunum og reyndar heldur fleiri en áður. Þar er átt við sérsvið eins og sóttvarnir, dýravernd og dýralyf. Starf sóttvarnadýralæknis er afar mikilvægt og má líkja við starf sóttvarnalæknis, nema hvað annað starfið varðar sóttvarnir vegna dýrasjúkdóma og hitt sjúkdóma í mönnum. Aðgerðir vegna fuglaflensu, sem eins og mál standa er fyrst og fremst dýrasjúkdómur, skýra betur en margt annað þörfina fyrir þessi störf. Þá eru dýraverndarmál fjölmörg, geta varðað aðbúnað og velferð búfjár og reynast oft erfið úrlausnar. EES-löggjöf um dýralyf hefur verið innleidd hér á landi og nú er verið að taka inn í íslenska löggjöf nýjar EES-reglur sem varða skráningu á notkun dýralyfja í búfjárrækt, eftirlit með notkun þeirra og útskolun áður en kemur til slátrunar eða annarrar nýtingar afurða vegna matvælavinnslu. Ekki hefur verið unnt að sinna þessum málaflokki sem skyldi og nú bætast við aukin verkefni. Úrbætur eru því nauðsynlegar.

Í þessari grein frumvarpsins eru einnig ákvæði sem varða almenn dýralæknastörf og ráðgjafastörf sem geta, ef þau eru heimil, orðið til þess að sérgreinadýralæknir verður vanhæfur í starfi sínu hjá Matvælastofnun. Vegna þessa er gert ráð fyrir að slík störf verði ekki heimil samhliða sérhæfðu starfi hjá stofnuninni.

Um 39. gr.

Vegna breytinga á umdæmum héraðsdýralækna er gert ráð fyrir að öll núverandi stöðugildi héraðsdýralækna við Matvælastofnun verði lögð niður en þau eru sextán í dag. Hins vegar er kveðið á um að starfsmönnunum skuli boðin störf hjá Matvælastofnun og að ekki þurfi að auglýsa þau störf skv. 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna rík-

isins. Gert er ráð fyrir því að sex dýralæknum verði boðin störf héraðsdýralækna í sex nýjum umdæmum en allt að tíu dýralæknum boðin störf eftirlitsdýralækna.

Um 40. gr.

Í ákvæðinu er sérstaklega tekið fram að lögin um matvæli, nr. 93/1995, gildi um efni laga nr. 96/1997. Í matvælalögum eru mikilvæg ákvæði sem gilda um öll matvæli, þar á meðal skv. 2. gr. laga um matvæli, og gilda þau eftir atvikum um lifandi dýr ef þau eru meðhöndluð til markaðsetningar til manneldis.

Um 41. gr.

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 kveður á um heilbrigðisskoðun innan 24 klukkustunda frá komu í sláturhús og innan 24 stunda fyrir slátrun. Ákvæði um þetta er að finna í I. viðauka, I. þætti, II. kafla, B.1.b) lið reglugerðarinnar. Eldra ákvæði laga nr. 96/1997 kvað á um að slátrun skyldi fara fram innan 12 klukkustunda frá heilbrigðisskoðun og til slátrunar. Í eldra ákvæði var jafnframt kveðið á um undanþágu frá heilbrigðisskoðun ef upplýsingar um eldi, heilbrigði og lyfjagjöf fylgja sláturgrip í sláturhús samkvæmt reglum sem settar eru af Matvælastofnun. Þessi undanþága fellur brott en jafnframt er kveðið á um að Matvælastofnun geti sett nánari reglur um heilbrigðisskoðun sláturdýra sem geta falið í sér undanþágur frá framangreindum tímafresti. Að öðru leyti er 1. mgr. óbreytt.

2.–9. mgr. eru efnislega samhjóða 25. gr. laga nr. 93/1995, um matvæli. Þó er tveimur málsgreinum bætt við ákvæðið í lögum nr. 96/1997.

Annars vegar er bætt við málsgrein sem fjallar um eftirlit vegna slátrunar á býli. Með 8. mgr. er Matvælastofnun heimilað að taka eftirlitsgjald vegna raunkostnaðar við sýnatöku og rannsóknir vegna slátrunar sem framkvæmd er með heimild í 4. mgr. 5. gr. laganna, þ.e. slátrun eigenda lögbýla á eigin búfé til eigin neyslu. Að öðru leyti vísast til athugasemda við 15. gr. þessa frumvarps þar sem fram koma tillögur um efni gjaldtökuákvæðis fyrir eftirlit í 25. gr. laga nr. 93/1995. Hins vegar er bætt við einni málsgrein sem segir að miða skuli við að gjaldskrá verði gefin út með eins árs millibili og taki mið af rekstraruppgjöri heilbrigðiseftirlits fyrir heilt rekstrarár. Slíkt ákvæði er ekki að finna í matvælalögunum.

Um 42. gr.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um brottfall 13. gr. laga nr. 96/1997. Með fyrirmælum 2. mgr. 39. gr. frumvarpsins er lagagrein þessi gerð óþörf, enda er Matvælastofnun heimilað með því ákvæði að framkvæma sérstakt viðbótareftirlit samkvæmt því ákvæði.

Um 43. gr.

Hér er kveðið á um að ráðherra setji reglugerð, m.a. um meðferð aukaafurða úr dýrum sem óhjákvæmilega munu falla til í sláturhúsum og að hún verði í samræmi við ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002.

Um 44. gr.

Oft hefur komið til tals á undanförnum árum að heiti laga nr. 96/1997, um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, með síðari breytingum, sé óþarflega langt og stirt.

Lagt er til að lögin verði þess í stað nefnd lög um slátrun og sláturafurðir. Orðið slátrun er ekki skilgreint í lögum nr. 96/1997 en orðið er þó víða að finna í lögunum. Orðið myndar

einnig orðstofna hugtaka sem skilgreind eru í 3. gr. laganna. Samkvæmt Íslenskri orðabók merkir sögnin að slátra að „lóga, aflífa (og stykkja sundur til matar)“. Þá er tilgangur laganna, sbr. 1. gr. laganna, að tryggja gæði, heilnæmi og hollustu sláturafurða og að þær séu ómengaðar og framleiddar við fullnægjandi aðstæður, metnar og flokkaðar.

Þar sem umfjöllunarefni laganna snýr allt að aðgerðum tengdum slátrun og sláturafurðum þykir hið nýja heiti fela í sér fullnægjandi vísbendingu um efni þeirra.

Um 45. gr.

Í samræmi við fóðurlöggjöf Evrópusambandsins er gerð sú breyting að fiskimjöl lúti íslenskri fóðurlöggjöf en falli ekki undir lög nr. 55/1998. Núverandi fyrirkomulag hefur verið gagnrýnt af Eftirlitsstofnun EFTA sem telur eðlilegt að reglur EES um fóður gildi um fiskimjöl. Í því sambandi er mikilvægt að reglur EES um fóðureftirlit gildi um fiskimjöl. Í samræmi við þetta er skilgreiningu um sjávarafurðir breytt þannig að orðin „vörur unnar úr fiski eða fiskúrgangi“ falli brott úr skilgreiningunni. Á sama hátt breytist skilgreining laga nr. 22/1994 um fóður. Jafnframt eru greinar laga nr. 55/1998 um fóður og fiskimjöl felldar brott úr lögunum, sbr. grein þessa og 50.–52. gr. frumvarpsins.

Þá er í ákvæðinu jafnframt lagt til að breytt verði skilgreiningum á hugtökum í lögum nr. 55/1998 og bætt við nýjum skilgreiningum á hugtökum í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 178/2002 sem fjallað er um í almennum athugasemdum með frumvarpi þessu.

Um 46. gr.

Í ákvæðinu er tekið sérstaklega fram að lögin um matvæli, nr. 93/1995, gildi um efni laga nr. 55/1998. Í matvælalögum eru mikilvæg ákvæði sem gilda um öll matvæli, þar á meðal skv. 2. gr., og gilda þau eftir atvikum um lifandi dýr ef þau eru meðhöndluð til markaðssetningar til manneldis.

Um 47. gr.

Með greininni er leitast við að aðlaga ákvæðið betur að reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002, 852/2004, 853/2004 og 882/2004.

Um 48. gr.

Ákvæði þetta er liður í því að fella brott ákvæði um fiskimjöl og fóður í lögum um sjávar- og eldisafurðir, eins og lagt er til að lög nr. 55/1998 verði nefnd eftir gildistöku laganna, sbr. m.a. athugasemdir við 50.–52. gr.

Um 49. gr.

Hér er verið að samræma ákvæði laganna að því er varðar merkingar umbúða ákvæðum í lögum nr. 93/1995, um matvæli, og með því tryggja að uppfylltar séu kröfur EES-samningsins um það efni. Frumvarp til laga um innleiðingu EES-löggjafar um umbúðir í matvælalögum hefur nú þegar verið lagt fyrir núverandi löggjafarþing, sbr. þskj. 521, 326. mál.

Um 50. gr.

Í ákvæðinu felst hluti af þeim breytingum sem gerðar eru með frumvarp þessu á hlutverki faggiltra skoðunarstofa, sbr. 49. gr., svo og því að fella brott úr ákvæðum laga nr. 55/1998 öll ákvæði sem varða fiskimjöl og fóður. Eins og fram hefur komið er gert ráð fyrir að ákvæði fóðurlaga muni framvegis gilda um fiskimjöl og fóður úr fiskúrgangi.

Um 51. gr.

Með greininni er verið að aðlaga ákvæði laganna betur að reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002. Um skilgreiningu á stjórnanda vísast til 2. gr. laganna, sbr. og 32. gr. þessa frumvarps.

Um 52. gr.

Rétt þykir að breyta því hlutverki sem faggiltar skoðunarstofur hafa haft við eftirlit samkvæmt lögunum í samræmi við þau ákvæði sem um þær gilda í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 882/2004. Samkvæmt gildandi lögum er öllum starfs- og vinnsluleyfishöfum skylt að hafa samning við faggilta skoðunarstofu til að annast framkvæmd eftirlits með starfsemi þeirra en Fiskistofa hefur hins vegar haft yfirumsjón með starfi þeirra. Hér er hins vegar gert ráð fyrir að lögbært stjórnvald, í þessu tilviki Matvælastofnun, geti einungis falið skoðunarstofum tiltekin verkefni við framkvæmd eftirlitsins enda uppfylli þær tiltekin skilyrði til þess. Gert er ráð fyrir að ráðherra setji þessi skilyrði með reglugerð. Heimild til að framselja skoðunarstofum vald til eftirlits er nokkuð þrengri í framangreindri reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 en í gildandi lögum og því óhjákvæmilegt að gera þessar breytingar.

Um 53. gr.

Eins og áður hefur komið fram er í frumvarpinu miðað við að felld verði brott úr ákvæðum laga nr. 55/1998 öll ákvæði um fiskimjöl en gert ráð fyrir að fiskimjöl verði eftir gildistöku laganna skilgreint sem fóður en ekki sjávarafurð. Í 45. gr. er skilgreiningu á sjávarafurðum breytt í samræmi við það og einnig skilgreiningu á fóðri, sbr. 61. gr. Eftir gildistöku laganna er gert ráð fyrir að lög nr. 22/1994 og stjórnvaldsreglur um fóður muni framvegis gilda um fiskimjöl og eru gerðar ráðstafanir til að tryggja það við breytingar á þessum kafla frumvarpsins, m.a. í 53. gr., sem fjallar um breytingar á fyrrgreindum lögum.

Um 54. og 55. gr.

Ákvæði 54. gr. er að mestu samhljóða 21. gr. laganna. Þó er 1. mgr. felld brott úr ákvæðinu en þar sagði: „Innflytjandi sjávarafurða sem fluttar eru til Íslands frá ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins skal tilkynna Matvælastofnun um komu sendinga með hæfilegum fyrirvara.“ Þetta ákvæði er ekki í samræmi við meginreglu EES-löggjafarinnar um frjálst flæði vöru innan svæðisins. Eftirlitsaðilum er þannig óheimilt að skylda innflytjanda til að tilkynna um komu sendinga. Eftirlitsaðilum er einungis heimilt að skoða umræddar afurðir í flutningi milli landa þegar um rökstuddan grun er að ræða um óörugg matvæli.

Ákvæði 55. gr. fjallar um landamærastöðvar og innflutning frá löndum utan EES og er ákvæðið að mestu sambærilegt við 22. gr. gildandi laga.

Að öðru leyti er vakin athygli á að ákvæðin eru að mestu samhljóða ákvæði 17. gr. frumvarpsins þar sem gert er ráð fyrir að sambærileg ákvæði verði lögfest í matvælalögum, nr. 93/1995. Einn er gert ráð fyrir að í 67. gr. (7. gr. h) verði lögfest sambærilegt ákvæði og 55. gr. í lögum nr. 22/1994, um fóður, áburð og sáðvöru.

Að öðru leyti vísast um efni ákvæðanna til frumvarps til laga nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, sbr. Alþingistíðindi, A-deild, 122. löggjafarþing, þskj. 929, 544. mál.

Um 56. gr.

Hér eiga við sömu athugasemdir og fram koma við 53. gr.

Um 57. gr.

Lagt er til að fellt verði brott sérákvæði um gjöld fyrir landamæraeftirlit með afurðum frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins sem nú eru í 28. gr. laganna. Í stað þess er gert ráð fyrir þeim gjöldum í almennu gjaldtökuákvæði fyrir eftirlit samkvæmt lögunum og að ráðherra setji um það gjaldskrá, sbr. nýtt ákvæði sem lagt er til að lögfest verði í 31. gr. a.

Um 58. gr.

Ákvæðið hefur að geyma nánari útfærslu á gjaldtökuheimildum fyrir tiltekna þjónustu Matvælastofnunar og einnig fyrir eftirlit með framkvæmd laganna.

Áréttað er að ráðherra skuli með gjaldskrá setja ákvæði um gjaldtöku fyrir útgáfu vottorða og starfsleyfa, svo og móttöku og skráningu umsókna.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir efnislega sambærilegu ákvæði í 26. gr. laga nr. 93/1995, um matvæli, og 8. gr. a laga nr. 22/1994. Slíkt ákvæði er í 31. gr. laga nr. 55/1998.

Um 59. gr.

Hér er lagt til að nýtt ákvæði bætist við lögin, þ.e. að í nýrri grein, 31. gr. a, verði lögfest sambærilegt ákvæði um gjaldtöku fyrir eftirlit og gert er ráð fyrir að lögfest verði í 25. gr. laga nr. 93/1995, um matvæli. Gert er ráð fyrir að það muni einnig gilda um eftirlit sem Matvælastofnun kann að fela faggiltum skoðunarstofum samkvæmt lögunum, sbr. 16. gr. Um skýringu á ákvæðinu vísast að öðru leyti til 15. gr. þessa frumvarps.

Um 60. gr.

Hér er lagt til að gerðar verði breytingar á heiti laga nr. 55/1998 til að gera ákvæði laganna auðveldari í framkvæmd en sömu ástæður eru fyrir breytingunni og gerð hefur verið grein fyrir í athugasemd við 44. gr. um ástæður fyrir tillögu að breytingu á lögum nr. 96/1997 þar sem eldra heitið hefur þótt óþarflega langt og stirt í framkvæmd.

Um 61. gr.

Í ákvæðinu eru skilgreind nokkur hugtök sem notuð eru í frumvarpinu. Hugtakið fóður er skilgreint upp á nýtt í samræmi við skilgreiningu reglugerðar nr. 178/2002. Fiskimjöl er samkvæmt því skilgreint sem fóður enda segir í skilgreiningunni: „Til fóðurs teljast einnig vörur unnar úr fiski og fiskúrgangi.“ Nauðsynlegt þykir að skilgreina hugtakið „eftirlitsaðili“ sérstaklega.

Aukaafurðir dýra eru skilgreindar í ákvæðinu. Skilgreiningin er byggð á skilgreiningu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002.

Skilgreiningin er víðtæk og er henni ætlað að ná yfir aukaafurðir dýra sem ekki eru ætlaðar til eða eru ekki hæfar til manneldis.

Aðrar skilgreiningar í þessari grein frumvarpsins eru samhljóða skilgreiningum í reglugerð (EB) nr. 178/2002. Ekki er talið að aðrar skilgreiningar í gildandi lögum um þetta efni stangist á við hugtök sem notuð eru í matvælalöggjöf Evrópusambandsins.

Um 62. gr.

Ákvæði fellir niður 2. mgr. 3. gr. en samkvæmt greininni skipaði landbúnaðarráðherra tvær nefndir, annars vegar fóðurnefnd og hins vegar sáðvöru- og áburðarnefnd, til fjögurra ára í senn sem höfðu það hlutverk að vera ráðgefandi um framkvæmd eftirlits samkvæmt lögum. Þar sem þessar nefndir hafa ekki verið starfandi um nokkurn tíma og þar sem EES-löggjöf gildir um fóður, áburð og sáðvöru er ekki talinn tilgangur með áframhaldandi starfi slíkra nefnda.

Um 63. gr.

Ákvæðið kveður á um tilkynningarskylda starfsemi og hvaða fyrirtæki þurfa starfsleyfi. Meginreglan er sú að fóður-, áburðar- og sáðvörufyrirtæki þurfa að tilkynna starfsemi sína til Matvælastofnunar. Þessi fyrirtæki þurfa að sýna fram á fullnægjandi aðstöðu fyrir þá starfsemi sem tilkynnt er um.

Fóðurfyrirtæki sem nota aukefni í fóður þurfa hins vegar starfsleyfi frá Matvælastofnun. Þessi ákvæði eru í samræmi við reglugerð (EB) nr. 882/200. Að öðru leyti vísast til athugasemda við 6. gr. frumvarpsins eftir því sem við á.

Um 64. gr.

Ákvæðið er í samræmi við 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002 og 19. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um skyldu stjórnvalda til að upplýsa almenning um eðli hættu sem er fyrir hendi. Ákvæðið leggur þá skyldu á herðar eftirlitsaðila að upplýsa almenning um tiltekna hættu sem stafar af fóðri.

Í 2. og 3. mgr. ákvæðisins eru ný ákvæði sem kveða á um birtingu upplýsinga eða niðurstaðna vegna eftirlits með fóðri, áburði eða sáðvöru. Ákvæðin eru sambærileg við 2. og 3. mgr. nýrrar 28. gr. a laga nr. 93/1995 í 19. gr. frumvarpsins.

Um 65. gr.

Í ákvæðinu er að finna reglugerðarheimild til að kveða nánar á um framleiðslu og markaðsetningu, hollustuhætti í framleiðslu, rekjanleika fóðurs, merkingar og vörulýsingar, efnainnihald, sýnatökur, viðmiðunarmörk fyrir örverufræðilega þætti og aðskotaefni, umbúðir og pökkun, eftirlit eftirlitsaðila, innra eftirlit, meðferð aukaafurða dýra, innflutning fóðurs, áburðar og sáðvöru frá þriðju ríkjum og starfsemi landamærastöðva vegna fóðurs, hraðviðvörunarkerfi og stjórnun vegna neyðartilvika. M.a. er heimild til að útfæra efnisákvæði um hraðviðvörunarkerfi og stjórnun vegna neyðartilvika í reglugerð í samræmi við efnisákvæði IV. kafla reglugerðar (EB) nr. 178/2002. Orðalag ákvæðisins er öðru leyti lagað að þeim nýmælum sem kveðið er á um í reglugerð EB nr. 178/2002. Einnig er tekið mið af því að í kjölfar reglugerðarinnar verða settar ítarlegar reglur, m.a. um hollustuhætti í fóðuriðnaði. Rétt þykir þó að hafa í lögunum tilvísanir í þær megingerðir fóðurlöggjafar Evrópusambandsins þannig að reglugerðarheimildir verði skýrar hvað þessar tilteknu gerðir varðar. Þessar tilvísanir eru í 2. og 3. mgr. 7. gr. laganna.

Um 66. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 67. gr.

Lagt er til að við lögin bætist nýr kafli með sjö nýjum ákvæðum, 7. gr. a – 7. gr. g.

Um a-lið (7. gr. a).

Ákvæðið skilgreinir öruggt fóður. Fóður sem ekki er öruggt skal ekki markaðssetja. Matvæli skulu ekki teljast örugg ef þau eru álitin heilsuspillandi fyrir menn og dýr.

Um b-lið (7. gr. b).

Ákvæðið er í samræmi við reglur reglugerðar Evópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002. Reglugerðin heimilar í undantekningartilvikum notkun aukaafurða dýra í dýrafóður. Ákvæðið tekur til tiltekinna unninna aukaafurða dýra svo sem fiskimjöls svo dæmi sé tekið.

Um c-lið (7. gr. c).

Stjórnendur fóðurfyrirtækja eins og þeir eru skilgreindir í frumvarpinu bera ábyrgð á því að starfsemin sé í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli. Stjórnendum ber einnig að sannprófa að starfsemin sé í samræmi við lög og reglur sem um reksturinn gilda. Stjórnandi er í bestri aðstöðu til að þróa öruggt kerfi fyrir afhendingu fóðurs og til að tryggja að fóður, sem hann afhendir, sé öruggt. Af þessum sökum er eðlilegt að stjórnandi fóðurfyrirtækis beri frumábyrgð á öryggi fóðurs.

Um d-lið (7. gr. d).

Ákvæðið er að mestu sambærilegt að efni við 8. gr. c sem lagt er til að verði lögfest í lögum um matvæli og kveðið er á um í 5. gr. þessa frumvarps. Um athugasemdir vísast til athugasemda við 5. gr. frumvarpsins.

Um e-lið (7. gr. e).

Miklu skiptir að hægt sé að rekja feril fóðurs eins og matvæla. Í þessu skyni gerir matvælalöggjöf Evrópusambandsins ráð fyrir víðtæku kerfi rekjanleika í fóðurfyrirtækjum til þess að hægt sé að afturkalla vörur á markvissan og nákvæman hátt eða veita neytendum eða eftirlitsmönnum upplýsingar og komast þannig hjá óþarfa röskun þegar upp koma vandamál í tengslum við öryggi fóðurs. Ákvæðið kveður á um grunnreglu reglugerðar (EB) nr. 178/2002 sem þar kemur fram í 18. gr. um rekjanleika fóðurs, dýra sem gefa af sér afurðir til manneldis og efna sem notuð eru í matvæli. Stjórnandi eins og hann er skilgreindur þarf að hafa vitneskju um birgja og aðra þá sem útvega hráefni til fóðurframleiðslu eða vinnslu. Þessa vitneskju þarf stjórnandinn að hafa tiltæka ef eftirlitsaðilar óska þessara upplýsinga. Fóðurfyrirtæki, að innflytjanda meðtöldum, getur þurft að staðfesta frá hvaða fyrirtæki það hefur fengið tiltekið fóður, dýr eða efni sem sett eru í fóður til að tryggja rekjanleika á öllum stigum ef rannsókn fer fram.

Um f-lið (7. gr. f).

Lagt er til að varúðarregla 7. gr. reglugerðar (EB) 178/2002 verði lögfest eins og gert var í 18. gr. þessa frumvarps um matvæli. Rétt þykir að kveðið sé á um það í lögum hvenær heimilt er að grípa til varúðarráðstafana án þess að fyrirliggjandi séu óyggjandi gögn um að viðkomandi vara muni hafa í för með sér heilsuspillandi áhrif. Skilyrði fyrir beitingu reglunnar er þó að slík áhrif séu möguleg. Í sumum tilvikum er vafi um heilsuspillandi áhrif fóðurs en þó hætta á heilsutjóni vegna þeirra. Ákvæðið heimilar ráðherra að framkvæma nauðsynlegar ráðstafanir í slíkum tilvikum. Ákvæðið tilgreinir ekki heimilar ráðstafanir heldur er kveðið á um að þær skuli vera í réttu hlutfalli við markmið þeirra og ekki hamla viðskiptum meira en nauðsynlegt er. Ráðstafanirnar skulu endurskoðaðar innan eðlilegs tíma enda er um tímabundnar ákvarðanir að ræða. Ákvæði þetta þarf að túlka í samræmi við þá meginreglu matvælalöggjafar EB að markaðshindrandi aðgerðir eða aðgerðir sem leiða til ójafnra samkeppnisskilyrða eru ekki leyfðar nema í sérstökum undantekingatilvikum. Var-

úðarreglan byggist á því að við þessar sérstöku aðstæður sem verða til þegar ekki er hægt að eyða vísindalegri óvissu en hætta er á að matvæli valdi heilsutjóni geti verið nauðsynlegt að gera ráðstafanir til að fyrirbyggja hugsanlega heilsufarsvá fyrir þjóðfélagsþegnana.

Um g-lið (7. gr. g).

Ákvæðið kveður á um hagsmunavernd neytenda matvæla og er samsvarandi 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002. 2. mgr. ákvæðisins er samsvarandi 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002.

Um h-lið (7. gr. h).

Ákvæðið er efnislega samhljóða 17. gr. frumvarpsins sem bætir nýju ákvæði við matvælalögin, 27. gr. b. Á sama hátt og gildir um landbúnaðar- og sjávarafurðir frá ríkjum utan EES-svæðisins ber að fara með fóður og fóðurvörur um landamærastöðvar enda er fóðrið innflutt frá ríkjum utan EES-svæðisins.

Um 68. gr.

Hér er lagt til að lögfest verði í lögum nr. 22/1994 sambærilegt ákvæði um gjaldtöku fyrir eftirlit og gert er ráð fyrir að verði lögfest m.a. í 25. gr. laga nr. 93/1995, um matvæli. Um skýringu á ákvæðinu vísast að öðru leyti til 15. gr. þessa frumvarps.

Um 69. gr.

Ákvæðið varðar gjaldtöku vegna starfsleyfa og sérstakrar þjónustu sem hagsmunaaðilar leita eftir, svo sem vegna útgáfu vottorða, staðfestinga eða afgreiðslu umsókna. Efnislega sambærilegt ákvæði er í 26. gr. laga nr. 93/1995, um matvæli.

Um 70. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 71. gr.

Með ákvæðinu er lagt til að lögfest verði sambærileg ákvæði um þvingunarúrræði og eru í lögum nr. 7/1998. Þannig verða þvingunarúrræði vegna fóðureftirlits þau sömu og þvingunarúrræði vegna matvælaeftirlits, sbr. lög um matvæli. Einnig felst í ákvæðinu að verið er að samræma viðurlagaákvæðin ákvæðum um viðurlög sem fram koma í þeim reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins sem stefnt er að því að mynda grundvöll fyrir innleiðingu á með frumvarpi þessu. Þá er það nýmæli að lagt er til að eftirlitsaðili geti ákveðið að eftirlitsskyldir aðilar skuli greiða allan kostnað vegna þvingunarrúræða sem framkvæmd eru samkvæmt lögum þessum og má innheimta slíkan kostnað með fjárnámi án undanfarandi dóms eða sáttar. Það er jafnframt nýmæli að stjórnanda fyrirtækis er skylt að veita aðstoð við framkvæmd eftirlitsins. Þykir þetta eðlileg krafa þar sem um umfangsmiklar aðgerðir er að ræða.

Um skýringar við greinina vísast að öðru leyti til athugasemda við 26.–30. gr. í frumvarpi til laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. Alþingistíðindi, A-deild, 122. löggafarþing 1997–98, þskj. 197, 194. mál.

Þá er lagt til að lögfest verði sambærilegt ákvæði og í 31. gr. laga nr. 93/1995, um matvæli. Brot gegn ákvæðum laganna geta haft í för með sér mikla hættu og valdið heilsutjóni á mönnum og dýrum, svo og skaðað ýmsa aðra hagsmuni. Er því talið nauðsynlegt að efla varnaðaráhrif laganna með því að leggja til þyngri viðurlög við brotum á þeim. Með ákvæðinu er lagt til að tekið verði upp ákvæði um tiltekin viðurlög við brotum á lögunum og að um meðferð þeirra fari samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála. Jafnframt er með þessu

ákvæði leitast við að samræma ákvæði laganna þeim ákvæðum um viðurlög sem fram koma í þeim EB-reglugerðum sem verið er að leggja grundvöll að innleiðingu á með frumvarpi þessu, sbr. almennar athugasemdir hér að framan.

Um 72. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 73. gr.

Ákvæðið fjallar um heimild Alþingis fyrir ríkisstjórnina til staðfestingar á þeim ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér eru til umfjöllunar. Sameignlega EES-nefndin tók umræddar ákvarðanir með fyrirvara um samþykki Alþingis. Eðlilegt þykir að hafa sérstakt ákvæði í frumvarpinu sem kveður á um samþykki Alþingis hvað þessar ákvarðanir varðar.

Um 74. gr.

Tilteknar ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér eru til umfjöllunar heimila íslenskum yfirvöldum að fresta innleiðingu á tilteknum efnisákvæðum ákvarðananna. Þannig fela ákvarðanir nr. 133, 135, 136 og 137 í sér sérstakt 18 mánuða aðlögunartímabil sem nota á m.a. til að innleiða efnisákvæði sem varða búfjárafurðir. Ákvörðun nr. 134/2007 sem varðar innleiðingu reglugerðar EB nr. 178/2002 tekur gildi 27. apríl 2007. Sama gildir um efnisákvæði gerða sem fjalla um sjávarafurðir, unnin matvæli og fóður. Þau taka gildi 27. apríl 2008, þ.e. 6 mánuðum eftir dagsetningu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar frá 27. október 2007. Greinin þarfnast að öðru leyti ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 auk afleiddra gerða.

Í október 2007 heimilaði ríkisstjórnin með fyrirvara um samþykki Alþingis staðfestingu á sex ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar sem fela í sér breytingar á viðauka og bókunum við EES-samninginn. Frumvarp þetta byggist á þeirri samþykkt. Með frumvarpinu er verið að taka inn í íslenska löggjöf gerðir Evrópusambandsins um matvæli og fóður. Það felur annars vegar í sér endurskoðun á undanþágu Íslands frá I. kafla í viðauka I við EES-samninginn og hins vegar upptöku löggjafar Evrópusambandsins um matvæli og fóður inn í EES-samninginn. Verði frumvarp þetta að lögum munu sömu reglur gilda um fæðuöryggi við framleiðslu, eftirlit og dreifingu matvæla á Íslandi og gilda á innri markaði EES-svæðisins. Jafnframt mun samþykkt frumvarpsins þýða að ný löggjöf um matvæli tekur gildi á Íslandi.

Markmið frumvarpsins eru meðal annars að auka frelsi til innflutnings landbúnaðarafurða á grundvelli heilbrigðiskrafna, efla fæðuöryggi og tryggja þannig hnökralaus viðskipti með örugg matvæli á innri markaðinum og gera opinbert fóðureftirlit víðtækara en áður. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að störf héraðsdýralækna, sem sinna bæði opinberu eftirliti og almennri dýralæknaþjónustu, verði lögð niður en þess í stað komi stærri opinber eftirlitssvæði þar sem Matvælastofnun hefur umdæmisskrifstofur. Í frumvarpinu er kveðið á um að starfsmönnunum skuli boðin störf hjá Matvælastofnun og að ekki þurfi að auglýsa þau störf skv. 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Í fjárlögum 2007 var 70 m.kr. fjárveiting veitt vegna upptöku Íslands á gerðum í I. kafla I. viðauka við EES samninginn, um viðskipti með dýraafurðir. Sú fjárveiting skiptist þannig að 15 m.kr. voru vegna skimunar eftir búfjársjúkdómum í lifandi dýrum, 10 m.kr. vegna eftirlits með lifandi dýrum til varnar því að búfjársjúkdómar berist í menn, 25 m.kr. vegna reksturs Súnu-miðstöðvar með tveimur starfsmönnum, 10 m.kr. vegna uppsetningar og reksturs tveggja landamærastöðva til eftirlits með innflutningi og 10 m.kr. vegna þátttökukostnaðar við rekstur samningsins.

Við undirbúning þessa frumvarps hafa Matvælastofnun og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið unnið kostnaðaráætlun um ný og breytt verkefni á þessu sviði. Helstu breytingarnar eru eftirfarandi: Í fyrsta lagi er komið í veg fyrir hagsmunaárekstra eftirlitsaðila og eftirlitsþola. Flestir héraðsdýralæknar sinna í dag bæði opinberu eftirliti og almennri dýralæknaþjónustu við framleiðendur. Samkvæmt frumvarpinu verður að aðskilja þá starfsemi. Þetta kallar á breytingar á umdæmisskrifstofum og aukinn kostnað því samfara. Við þessa breytingu er gert ráð fyrir að umdæmisskrifstofur verði sex talsins, en þær eru nú 14. Jafnframt er gert ráð fyrir að kostnaður af rekstri þeirra falli að fullu á Matvælastofnun en stofnunin greiðir nú hlutdeild í 11 skrifstofum af 14. Einnig er gert ráð fyrir að héraðsdýralæknar verði starfsmenn Matvælastofnunar sem sinni eingöngu opinberum eftirlitsstörfum en með því verða héraðsdýralæknar að hætta einkarekstri. Ekki er gert ráð fyrir að dýralæknum sem starfa fyrir stofnunina fækki við þessar breytingar. Í öðru lagi er gert er ráð fyrir að Ísland þurfi að sækja um viðbótartryggingu vegna salmonellusmits í innfluttum dýraafurðum (svo sem kjöti og eggjum). Til að geta gert það þarf að sýna fram á að salmonella sé fátíð í umræddum afurðum á Íslandi og til þess þarf stofnunin að fá samþykkta eftirlitsáætlun og framkvæma umfangsmiklar rannsóknir byggða á sýnatökum. Jafnframt er gert ráð fyrir gerð gæðahandabókar, vinnu við eftirlits- og sýnatökuáætlanir og gerð innri úttektar á starfsemi Matvælastofnunar, Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og skoðunarstofa. Í þriðja lagi er nú gert ráð fyrir að taka inn í íslenska löggjöf reglur er varða aðskotaefni og lyfjaleifar. Í fjórða lagi er gert ráð fyrir aukinni vinnu við Evrópugerðir og löggjöf vegna á funda fastanefnda og vinnuhópa ESB um fæðukeðjuna og dýraheilbrigði, funda með EFTA og tíðari eftirlitsferða Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) til Íslands. Reiknað er með að viðbótarkostnaður vegna þessara þátta verði um 12 m.kr. á árinu 2008 og 22,8 m.kr. á ári eftir það.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er gert ráð fyrir að kostnaður Matvælastofnunar vegna þess verði 42,1 m.kr. árið 2008, 71,5 m.kr. árið 2009 og 83,7 m.kr. árið 2010. Þar af er tímabundinn stofnkostnaður 8,8 m.kr. árið 2008 og 3 m.kr. árið 2009 eða samtals 11,8 m.kr. Frá og með árinu 2010 er þannig gert ráð fyrir að útgjöld stofnunarinnar aukist varanlega um 83,7 m.kr. Við þá fjárhæð bætist 70 m.kr. fjárveiting sem veitt var í fjárlögum 2007 vegna kostnaðar við upptöku Íslands á gerðum í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn, um viðskipti með dýraafurðir. Samtals munu því útgjöld Matvælastofnunar vegna þessara lagabreytinga verða 153,7 m.kr. á ári þegar þær eru að fullu komnar fram. Gert er ráð fyrir að stöðu-

gildum Matvælastofnunar muni fjölga um 6,5 til viðbótar við tvö stöðugildi sem áður hafði verið gert ráð fyrir. Auk þess er gert er ráð fyrir að útgjöld aðalskrifstofu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis vegna þessara áforma muni aukast um 15 m.kr. á árinu 2008 og 20 m.kr. á ári þar á eftir. Er sá kostnaður vegna ráðningar tveggja sérfræðinga, hagsmunagæslu erlendis, birtingar á gerðum og kynningar innan lands á reglunum. Heildarkostnaður ríkissjóðs vegna frumvarpsins verður því 57,1 m.kr. árið 2008, 91,5 m.kr. árið 2009 og 103,7 m.kr. árið 2010 til viðbótar við 70 m.kr. framlag til þessa verkefna sem veitt var í fjárlögum 2007. Ekki er gert ráð fyrir þeim útgjöldum í fjárveitingum gildandi fjárlaga.

m.kr.	2008	2009	2010
Matvælastofnun	33,3	68,5	83,7
Tímabundinn stofnkostnaður	8,8	3,0	0,0
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	15,0	20,0	20,0
Samtals	**57,1**	**91,5**	**103,7**

826. Frumvarp til laga [525. mál]

um breyting á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, og breyting á lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

I. KAFLI
Breyting á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 147. gr. laganna:

a. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Upplýsingar úr hlutafélagaskrá skal vera unnt að veita með rafrænum hætti.
b. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Heimilt er að senda tilkynningar og fylgiskjöl til hlutafélagaskrár með rafrænum hætti og hefur það sama gildi og tilkynningar sem eru sendar á skriflegu formi.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög, með síðari breytingum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 121. gr. laganna:

a. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Upplýsingar úr hlutafélagaskrá skal vera unnt að veita með rafrænum hætti.
b. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Heimilt er að senda tilkynningar og fylgiskjöl til hlutafélagaskrár með rafrænum hætti og hefur það sama gildi og tilkynningar sem eru sendar á skriflegu formi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram til innleiðingar á ákvæðum um rafræna skráningu upplýsinga í hlutafélagaskrá samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/58/EB frá 15. júlí 2003 um breytingu á tilskipun ráðsins 68/151/EBE (1. félagaréttartilskipunin) að því er varðar birtingarskyldu félaga af tiltekinni gerð. Samkvæmt tilskipuninni skulu stjórnvöld sjá til þess að félög geti valið hvort þau senda skjöl og upplýsingar til hlutafélagaskrár á pappír eða með rafrænum hætti. Einnig skal vera tryggt að hagsmunaaðilar geti fengið endurrit af skjölum og upplýsingum úr skránni hvort heldur er á pappír eða með rafrænum hætti.

Framangreind tilskipun var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 56/2004 frá 23. apríl 2004 og lögð fyrir Alþingi í tillögu til þingsályktunar á 131. löggjafarþingi 2004–2005 (þskj. 642, 436. mál). Aðrir þættir tilskipunarinnar hafa verið innleiddir með lögum nr. 18/2006, um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, og lögum nr. 29/2006, um breytingu á lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög.

Á grundvelli tilskipunarinnar er í frumvarpinu gert ráð fyrir að nýr málsliður bætist við 2. mgr. 147. gr. laga um hlutafélög og 2. mgr. 121. gr. laga um einkahlutafélög sem kveði á um að upplýsingar úr hlutafélagaskrá skuli vera unnt að veita með rafrænum hætti. Slíkar upplýsingar eru meðal annars tilkynningar til hlutafélagaskrár ásamt stofnsamningi og önnur gögn vegna stofnunar félags. Þá er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að nýr málsliður bætist við 3. mgr. 147. gr. laga um hlutafélög og 3. mgr. 121. gr. laga um einkahlutafélög sem kveði á um að heimilt sé að senda tilkynningar ásamt nauðsynlegum fylgiskjölum til hlutafélagaskrár með rafrænum hætti.

Í IX. kafla stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, er fjallað um rafræna meðferð stjórnsýslumála og er gert ráð fyrir því að sá kafli verði hafður til hliðsjónar varðandi nánari skilgreiningu á því hvað telst vera sending með rafrænum hætti.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, og breytingu á lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lagt til að lögfest verði ákvæði um rafræna skráningu og miðlun upplýsinga í hlutafélagaskrá í samræmi við tilskipun frá Evrópuþinginu og ráðinu nr. 2003/58/EB. Samkvæmt tilskipuninni skal gert kleift að hlutafélög og einkahlutafélög geti sent gögn til hlutafélagaskrár með rafrænum hætti og einnig að hagsmunaaðilar geti fengið endurrit af gögnum úr skránni með rafrænum hætti. Slík rafræn miðlun í tengslum við hlutafélagaskrá er þegar fyrir hendi hér á landi og er ekki gert ráð fyrir að samþykkt frumvarpsins leiði til teljandi útgjalda fyrir ríkissjóð.

827. Frumvarp til laga [526. mál]

um endurskoðendur.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Skilgreiningar.

Í lögum þessum merkir:

1. *Endurskoðandi:* Sá sem hefur þekkingu til að gefa hlutlaust og áreiðanlegt álit á reikningsskilum og öðrum fjárhagsupplýsingum, hefur löggildingu til starfa við endurskoðun og fullnægir að öðru leyti skilyrðum laga þessara.
2. *Endurskoðun:* Óháð og kerfisbundin öflun gagna og mat á þeim í þeim tilgangi að láta í ljós rökstutt og faglegt álit endurskoðanda um áreiðanleika þeirra og framsetningu í samræmi við lög, settar reikningsskilareglur eða önnur skilyrði sem fram koma í álitsgerðinni.
3. *Endurskoðunarfyrirtæki:* Fyrirtæki sem fengið hefur skráningu til endurskoðunarstarfa samkvæmt ákvæðum laga þessara.
4. *Endurskoðunarnefnd:* Eins og hún er skilgreind í IX. kafla A laga nr. 3/2006, um ársreikninga.
5. *Samstarfsfyrirtæki endurskoðenda:* Endurskoðendur eða endurskoðunarfyrirtæki sem hafa með sér samstarf sem miðar að hagnaðar- eða kostnaðarskiptingu, sameiginlegu eignarhaldi, sameiginlegum yfirráðum eða stjórn, sameiginlegri stefnu í gæðastjórnun og gæðaaðferðum, sameiginlegri viðskiptastefnu, notar sameiginlegt vörumerki eða samnýtir umtalsverðan hluta faglegra úrræða.
6. *Alþjóðlegir endurskoðunarstaðlar:* Alþjóðlegir staðlar um endurskoðun (ISA) og tengdar yfirlýsingar og staðlar, að því marki sem þeir tengjast endurskoðun, sem framkvæmdastjórn ESB hefur samþykkt í samræmi við 26. gr. tilskipunar 2006/43/EB og teknir hafa verið upp í íslenskan rétt.
7. *Eining tengd almannahagsmunum:*
   a. Lögaðili sem er með skráð lögheimili á Íslandi og hefur verðbréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.
   b. Lífeyrissjóður sem hefur fullgilt starfsleyfi.
   c. Lánastofnun eins og hún er skilgreind í lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.
   d. Félag sem hefur starfsleyfi til að reka vátryggingastarfsemi hér á landi samkvæmt lögum nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi.

II. KAFLI
Réttindi endurskoðenda.

2. gr.

Ráðherra veitir réttindi með löggildingu til endurskoðunarstarfa. Til þess að öðlast löggildingu þarf viðkomandi að fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

1. eiga lögheimili hér á landi, eða vera ríkisborgari aðildarríkis að Evrópska efnahagssvæðinu, aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyja,
2. vera lögráða og hafa haft forræði á búi sínu síðastliðin þrjú ár,
3. hafa óflekkað mannorð, svo sem áskilið er til kjörgengis til Alþingis,
4. hafa lokið meistaranámi í endurskoðun og reikningsskilum sem viðurkennt er af endurskoðendaráði,
5. hafa staðist sérstakt próf, sbr. 5. gr.,
6. hafa starfað að lágmarki í þrjú ár undir handleiðslu endurskoðanda við endurskoðun ársreikninga og annarra reikningsskila hjá endurskoðunarfyrirtæki,
7. hafa starfsábyrgðartryggingu, sbr. 6. gr.

Óski endurskoðandi sem hefur réttindi til endurskoðunarstarfa í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum eftir löggildingu til endurskoðunarstarfa hér á landi skal hann standast sérstakt hæfnispróf í lögum og reglum um skatta- og félagarétt.

Ráðherra getur, að fengnum tillögum endurskoðendaráðs, veitt þeim einstaklingum löggildingu til endurskoðunarstarfa sem sanna að þeir hafi lokið námi og staðist próf erlendis, sem telst samsvara kröfum sem gerðar eru í 4., 5. og 6. tölul. 1. mgr. enda uppfylli þeir ákvæði 2., 3., og 7. tölul. sömu málsgreinar. Slíkir aðilar skulu standast sérstakt hæfnispróf í lögum og reglum um skatta- og félagarétt.

Endurskoðendaráð getur veitt einstaklingum sem lokið hafa öðru háskólanámi með endurskoðun sem kjörsvið undanþágu frá ákvæði 4. tölul. 1. mgr. enda telji endurskoðendaráð sýnt að umsækjandi hafi næga þekkingu á þeim málefnum sem varða endurskoðendur og störf þeirra.

Áður en löggilding er veitt skal umsækjandi vinna drengskaparheit um að hann muni af kostgæfni og samviskusemi í hvívetna rækja það starf sem löggildingin veitir honum rétt til að stunda og hlíta lögum og öðrum reglum sem starfið varða.

3. gr.

Endurskoðunarfyrirtæki.

Endurskoðendum er heimilt að stofna félag um rekstur endurskoðunarfyrirtækis í því formi sem þeir sjálfir kjósa, þar á meðal með takmarkaðri ábyrgð.

Meiri hluti atkvæðisréttar í endurskoðunarfyrirtæki skal vera í höndum endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækja sem hlotið hafa viðurkenningu á Evrópska efnahagssvæðinu eða í aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.

Í endurskoðunarfyrirtæki skal meiri hluti stjórnarmanna vera endurskoðendur eða fulltrúar endurskoðunarfyrirtækja. Ef stjórnarmenn eru tveir skal annar þeirra vera endurskoðandi eða fulltrúi endurskoðunarfyrirtækis.

Endurskoðunarfyrirtæki skal hafa formlegt gæðakerfi.

Endurskoðunarfyrirtæki skal tryggja að nöfn og heimilisföng eigenda fyrirtækisins séu aðgengileg almenningi.

Endurskoðunarfyrirtæki skal að uppfylltum ákvæðum þessarar greinar sækja um réttindi til endurskoðunarstarfa til fjármálaráðuneytisins. Jafnframt ber fyrirtækinu að tilkynna ráðuneytinu án tafar ef það uppfyllir ekki lengur eitthvert þessara ákvæða.

4. gr.

Ráðuneytið birtir opinbera skrá yfir endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki sem fengið hafa réttindi til endurskoðunarstarfa enda séu ákvæði 2. og 3. gr. uppfyllt.

Ráðuneytið setur nánari reglur um skráninguna og hvaða upplýsingar skulu koma þar fram.

Endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki skulu auðkennd með sérstöku númeri í opinberu skránni.

Endurskoðunarfyrirtæki sem hlýtur skráningu skv. 1. mgr. má ekki hafa verið tekið til gjaldþrotaskipta eða beðið verulegan álitshnekki svo draga megi í efa hæfi þess til að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru um endurskoðun í lögum þessum. Endurskoðunarfyrirtæki sem hlotið hefur skráningu skal án tafar tilkynna fjármálaráðuneytinu ef skilyrði þessarar málsgreinar eru ekki uppfyllt.

Endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki skv. 1. mgr. skulu, án ástæðulauss dráttar, tilkynna fjármálaráðuneytinu ef breytingar verða á þeim upplýsingum sem fram koma í skránni.

Öðrum en endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum skv. 1. mgr. er eigi heimilt að nota orðin endurskoðandi eða endurskoðun í starfs- eða firmaheiti sínu. Þá er óheimilt að vekja þá trú að aðili sé endurskoðandi ef hann er það ekki, sbr. 1. mgr., með notkun starfsheitis, firmanafns eða með öðrum misvísandi hætti. Ákvæði þetta nær þó ekki til starfsheitis innri endurskoðenda í fyrirtækjum enda séu störf þeirra hluti af innra stjórnendaeftirliti viðkomandi fyrirtækis.

Ráðherra skal auglýsa löggildingu endurskoðenda og skráningu endurskoðunarfyrirtækja í Lögbirtingablaði og tilkynna endurskoðendaráði og Félagi löggiltra endurskoðenda. Sama á við ef skráning fellur niður, sbr. 10. mgr.

Ráðherra gefur út löggildingarskírteini til handa endurskoðanda.

Fyrir löggildingu skal endurskoðandi greiða gjald í ríkissjóð samkvæmt lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs.

Hafi endurskoðandi lagt inn réttindi sín eða þau verið felld niður skal nafn hans fellt út af skrá, sbr. 1. mgr. Sama á við um endurskoðunarfyrirtæki sem uppfyllir ekki lengur skilyrði 4. mgr. þessarar greinar og/eða skilyrði 3. gr.

5. gr.

Próf og prófnefnd.

Endurskoðendaráð skv. 14. gr. skipar þriggja manna prófnefnd endurskoðenda sem heldur próf fyrir þá sem sækja um löggildingu til endurskoðunarstarfa. Prófnefndin skal skipuð til fjögurra ára í senn.

Próf til öflunar endurskoðendaréttinda skal ná til þeirra greina bóknáms og verkmenntunar sem helst varða endurskoðendur og störf þeirra.

Í reglugerð, sem ráðherra setur að fengnum tillögum endurskoðendaráðs, skal m.a. kveðið nánar á um skilyrði til próftöku, prófgreinar, framkvæmd prófa og lágmarksárangur til að standast þau.

Próf skulu að jafnaði haldin einu sinni ár hvert.

Kostnaður vegna prófa, þ.m.t. þóknun til prófnefndarmanna, greiðist með prófgjaldi sem ráðherra ákveður að fengnum tillögum endurskoðendaráðs.

6. gr.

Starfsábyrgðartrygging.

Endurskoðanda er skylt að hafa í gildi starfsábyrgðartryggingu hjá vátryggingafélagi sem hefur starfsleyfi hér á landi vegna fjárhagstjóns sem leitt getur af ásetningi eða gáleysi í störfum hans eða starfsmanna hans samkvæmt lögum þessum. Tryggingarskyldan fellur niður ef endurskoðandi leggur inn réttindi sín, sbr. 1. mgr. 24. gr.

Ráðherra skal, að fengnum tillögum endurskoðendaráðs, ákveða lágmark á fjárhæð tryggingar skv. 1. mgr. og hámark eigin áhættu vátryggingartaka.

Endurskoðandi skal fyrir 15. janúar ár hvert senda Félagi löggiltra endurskoðenda staðfestingu um að hann hafi í gildi starfsábyrgðartryggingu.

7. gr.

Endurmenntun.

Endurskoðanda er skylt að sækja endurmenntun sem tryggir að hann viðhaldi reglulega fræðilegri þekkingu, faglegri hæfni og faglegum gildum.

Endurmenntunin skal að lágmarki svara til 20 klukkustunda á ári og samtals 120 klukkustunda á hverju þriggja ára tímabili. Endurmenntunartímabil endurskoðanda sem fær löggildingu í fyrsta sinn hefst 1. janúar árið eftir að löggilding er veitt.

Endurmenntun skv. 1. mgr. skal á hverju þriggja ára tímabili ná a.m.k. til eftirtalinna sviða og skal lágmark endurmenntunar á hverju sviði vera:

a. endurskoðun 30 klukkustundir,
b. reikningsskil og fjármál 20 klukkustundir,
c. skatta- og félagaréttur 15 klukkustundir,
d. siðareglur og fagleg gildi 10 klukkustundir.

Endurskoðandi skal halda skrá um endurmenntun sína og skulu a.m.k. 60 klukkustundir vera staðfestanlegar á hverju þriggja ára tímabili.

Ráðherra getur sett nánari ákvæði um endurmenntun endurskoðenda með reglugerð.

III. KAFLI
Starfsemi endurskoðenda.

8. gr.

Endurskoðendur skulu rækja störf sín af kostgæfni og samviskusemi í hvívetna og fylgja ákvæðum þeirra laga og reglna sem gilda um störf þeirra.

Endurskoðandi skal fylgja siðareglum sem settar hafa verið af Félagi löggiltra endurskoðenda.

Endurskoðandi er opinber sýslunarmaður við framkvæmd endurskoðunarstarfa.

9. gr.

Endurskoðandi skal rækja störf sín í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og alþjóðlega staðla um gæðaeftirlit sem teknir hafa verið upp í íslenskan rétt, sbr. 31. gr.

10. gr.

Endurskoðandi samstæðu ber ábyrgð á endurskoðun samstæðureikninga. Endurskoðandi samstæðunnar skal afla gagna og yfirfara vinnu annarra endurskoðenda sem komið hafa að endurskoðun annarra eininga innan samstæðunnar. Þá skal endurskoðandi samstæðu tryggja

aðgang eftirlitsaðila að vinnugögnum annarra endurskoðenda vegna endurskoðunar annarra eininga innan samstæðunnar.

Í þeim tilvikum þar sem endurskoðun tiltekinna eininga innan samstæðu fer fram í landi utan Evrópska efnahagssvæðisins skal endurskoðandi samstæðu varðveita afrit af vinnugögnum viðkomandi endurskoðenda eða tryggja með öðrum hætti aðgang eftirlitsaðila að þeim og afla sér gagna annarra endurskoðenda. Sé endurskoðanda meinaður aðgangur að vinnugögnum skulu vinnuskjöl skjalfesta þær hindranir og ástæður þeirra.

11. gr.

Áritun.

Við lok endurskoðunar skal endurskoðandi árita hið endurskoðaða viðfangsefni með áritun sem inniheldur upplýsingar um endurskoðunina og álit endurskoðandans. Hafi endurskoðunarfyrirtæki verið falin endurskoðun skal áritun undirrituð af a.m.k. þeim endurskoðanda sem ábyrgð bar á endurskoðuninni fyrir hönd endurskoðunarfyrirtækisins. Áritun skal vera í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla.

IV. KAFLI
Félag löggiltra endurskoðenda.

12. gr.

Endurskoðendur skulu hafa með sér fagfélag sem nefnist Félag löggiltra endurskoðenda. Er öllum endurskoðendum skylt að vera þar félagsmenn.

Hlutverk Félags löggiltra endurskoðenda er að stuðla að faglegri framþróun í endurskoðun og skyldum greinum.

Félag löggiltra endurskoðenda setur sér samþykktir. Það skal ekki hafa með höndum aðra starfsemi en þá sem sérstaklega er mælt fyrir um í lögum, sbr. þó 5. mgr.

Félag löggiltra endurskoðenda ber kostnað af þeim störfum sem því eru falin með lögum. Getur félagið lagt árgjald á félagsmenn til að standa straum af þeim kostnaði.

Félagi löggiltra endurskoðenda er heimilt að starfrækja í öðru skyni en að framan greinir sérstaka félagsdeild, eina eða fleiri. Skal fjárhagur slíkra félagsdeilda aðgreindur frá fjárhag félagsins.

13. gr.

Félag löggiltra endurskoðenda kemur fram fyrir hönd endurskoðenda gagnvart dómstólum og stjórnvöldum um þau málefni sem stétt þeirra varða. Auk þess skal félagið hafa með höndum eftirtalin verkefni í samráði við endurskoðendaráð:

1. Að setja siðareglur fyrir endurskoðendur að fenginni staðfestingu ráðherra á reglunum.
2. Að hlutast til um að reglulega séu haldin námskeið sem fullnægja kröfum um endurmenntun, sbr. 7. gr.
3. Að halda skrá yfir endurmenntun endurskoðenda.
4. Að annast gæðaeftirlit með störfum endurskoðenda.
5. Að halda skrá yfir gildandi starfsábyrgðartryggingu endurskoðenda.
6. Að halda skrá um þá starfsmenn sem eru í starfsþjálfun, sbr. 6. tölul. 1. mgr. 2. gr.

V. KAFLI
Endurskoðendaráð.

14. gr.

Ráðherra skipar fimm menn í endurskoðendaráð til fjögurra ára í senn og jafnmarga til vara og skulu þeir hafa þekkingu á sviðum sem tengjast endurskoðun.

Tveir nefndarmenn skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Félags löggiltra endurskoðenda, einn skal skipaður eftir tilnefningu Viðskiptaráðs Íslands og tveir nefndarmenn skulu skipaðir af ráðherra án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður ráðsins. Skal formaður fullnægja skilyrðum til að vera skipaður í embætti héraðsdómara. Eins skal farið að um skipun varamanna. Meiri hluti ráðsins skal skipaður öðrum en þeim sem hafa starfað við endurskoðun á síðustu þremur árum.

15. gr.

Hlutverk endurskoðendaráðs er að hafa eftirlit með því að endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki ræki störf sín í samræmi við ákvæði þessara laga, siðareglur Félags löggiltra endurskoðenda og aðrar reglur sem taka til starfa endurskoðenda.

Endurskoðendaráð skal sérstaklega fylgjast með:

1. að endurskoðandi uppfylli skilyrði til löggildingar,
2. að endurskoðandi uppfylli kröfur um endurmenntun,
3. að reglulegt gæðaeftirlit með störfum endurskoðenda og endurskoðunarfyrirtækja fari fram,
4. að til séu siðareglur og endurskoðunarstaðlar.

Endurskoðendaráð skal hafa samvinnu við lögbær yfirvöld í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, í aðildarríki Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum við eftirlit og rannsókn með störfum endurskoðenda.

16. gr.

Endurskoðendaráð getur tekið mál til meðferðar að eigin frumkvæði ef það hefur ástæðu til að ætla að endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki hafi brotið gegn lögum þessum, siðareglum Félags löggiltra endurskoðenda eða öðrum reglum sem taka til starfa endurskoðenda.

Hver sá sem telur á sér brotið af hálfu endurskoðanda með aðgerðum eða aðgerðaleysi hans getur skotið málinu til endurskoðendaráðs til úrskurðar. Mál skal lagt fyrir endurskoðendaráð með skriflegu erindi og skulu því fylgja nauðsynleg gögn að mati ráðsins.

Endurskoðendaráð úrskurðar um kæru- og ágreiningsefni sem lúta að störfum endurskoðenda samkvæmt lögum þessum.

Endurskoðendaráði er heimilt ef sérstaklega stendur á að skylda málsaðila til að greiða gagnaðila sínum málskostnað vegna rekstrar máls fyrir ráðinu.

Endurskoðendaráð getur með rökstuddu áliti vísað máli til opinberrar rannsóknar.

17. gr.

Endurskoðendaráð skal veita endurskoðendum eða endurskoðunarfyrirtækjum hæfilegan frest til að bæta úr óverulegum annmörkum sem kunna að koma í ljós við eftirlit skv. 15. gr.

Nú telur endurskoðendaráð sýnt að endurskoðandi hafi í störfum sínum brotið gegn lögum þessum svo að ekki verði við unað skal endurskoðendaráð í rökstuddu áliti veita viðkomandi aðila áminningu eða leggja til við ráðherra að réttindi endurskoðandans verði felld niður.

18. gr.

Endurskoðendaráð skal setja sér starfsreglur sem ráðherra samþykkir.

Ákvarðanir endurskoðendaráðs sæta ekki stjórnsýslukæru.

Endurskoðendaráð skal jafnan leita álits sérfróðra manna utan ráðsins um mál sem eru utan við sérfræðisvið þeirra manna er ráðið skipa.

Í hverju máli skal fullskipað endurskoðendaráð úrskurða.

Verði ekki samkomulag í ráðinu um afgreiðslu máls skal þess getið í umsögn, enda hefur sá eða þeir, er ágreining gera, rétt til að gera sérstaka grein fyrir atkvæði sínu.

Endurskoðendaráð lætur dómstólum, ákæruvaldi og stjórnvöldum í té umsagnir varðandi efni á sviði endurskoðunar.

Endurskoðendaráð skal árlega gera skýrslu um störf sín og skal hún opin almenningi. Birta skal opinberlega og rekja alla úrskurði ráðsins skv. 16. gr.

Sérhver endurskoðandi skal greiða í ríkissjóð árlegt gjald að fjárhæð 50.000 kr. til að standa straum af kostnaði við störf endurskoðendaráðs. Gjalddagi gjaldsins er 1. janúar og ef gjaldið er ekki greitt innan 30 daga frá gjalddaga skal greiða dráttarvexti af því skv. III. kafla laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, með síðari breytingum.

VI. KAFLI
Óhæði endurskoðenda.

19. gr.

Í endurskoðunarverkefnum skal endurskoðandi og endurskoðunarfyrirtæki vera óháð viðskiptavini sínum, bæði í reynd og ásýnd. Endurskoðandi skal eigi framkvæma endurskoðun ef einhver þau tengsl eru á milli endurskoðandans og viðskiptavinar hans sem eru til þess fallin að vekja efa um óhæði hans hjá vel upplýstum þriðja aðila, svo sem atvinnutengsl, bein eða óbein fjárhagsleg tengsl eða viðskiptatengsl önnur en leiðir af endurskoðuninni.

Endurskoðanda er óheimilt að taka þátt í ákvörðunum stjórnar eða stjórnenda þess aðila sem hann endurskoðar.

Við mat á óhæði skal endurskoðandi fylgja ákvæðum siðareglna sem Félag löggiltra endurskoðenda hefur sett, sbr. 1. tölul. 13. gr. Skjalfesta skal í vinnuskjölum við endurskoðunina allar alvarlegar ógnanir gagnvart óhæði og tilgreina viðeigandi verndarráðstafanir.

Endurskoðandi einingar tengdrar almannahagsmunum skal á hverju ári:

1. staðfesta skriflega við endurskoðunarnefnd viðkomandi einingar að hann séu óháður hinni endurskoðuðu einingu,
2. greina endurskoðunarnefndinni frá þeirri þjónustu sem einingunni er veitt auk endurskoðunar,
3. ræða við endurskoðunarnefndina um hugsanlega ógnun við óhæði sitt og þær verndarráðstafanir sem gerðar eru til að draga úr slíkri ógnun.

20. gr.

Starfstími endurskoðenda.

Ef ekki er annað áskilið í lögum eða í samþykktum fyrirtækis eða samið er um annað helst starf endurskoðanda samkvæmt lögum þessum þangað til annar endurskoðandi tekur við. Endurskoðandi getur þó látið af starfi áður en ráðningartíma hans lýkur en þá ber honum og eftir atvikum stjórn þess aðila sem í hlut á að tilkynna starfslok endurskoðandans og ástæður þeirra til endurskoðendaráðs. Ekki er hægt að segja upp samningi um endurskoðun vegna ágreinings um reikningsskilareglur eða endurskoðunaraðferðir.

Þegar skipt er um endurskoðanda skal endurskoðandinn sem tekur við snúa sér til fráfarandi endurskoðanda sem ber skylda til að upplýsa um ástæðurnar fyrir starfslokum sínum. Jafnframt skal fyrri endurskoðandinn veita hinum nýja endurskoðanda aðgang að öllum upplýsingum sem máli skipta um fyrirtækið sem endurskoðað er.

Endurskoðandi sem ber ábyrgð á endurskoðun einingar tengdrar almannahagsmunum skal taka sér hlé frá endurskoðun þeirrar einingar í a.m.k. tvö ár samfellt eigi síðar en sjö árum eftir að honum var falið verkið. Sama gildir um endurskoðendur þeirra dótturfélaga sem hafa verulega þýðingu innan samstæðunnar.

Endurskoðanda sem áritar endurskoðuð reikningsskil einingar tengdrar almannahagsmunum er ekki heimilt að taka við lykilstjórnunarstöðu hjá viðkomandi fyrirtæki fyrr en a.m.k. tvö ár eru liðin frá því að hann tók þátt í endurskoðun fyrirtækisins.

21. gr.

Þóknun.

Þóknun fyrir endurskoðun skal við það miðuð að hún geri endurskoðanda kleift að komast að rökstuddri niðurstöðu í samræmi við þær faglegu kröfur sem settar eru fram í lögum þessum og gilda almennt um störf endurskoðenda.

Greiðsla eða fjárhæð þóknunar fyrir endurskoðun má ekki með nokkrum hætti skilyrða eða tengja öðru en endurskoðuninni.

VII. KAFLI
Gæðaeftirlit.

22. gr.

Endurskoðunarfyrirtækjum og endurskoðendum sem þar starfa og sjálfstætt starfandi endurskoðendum er skylt að sæta gæðaeftirliti eigi sjaldnar en á sex ára fresti í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

Endurskoðendur eða endurskoðunarfyrirtæki sem annast endurskoðun eininga tengdra almannahagsmunum skulu þó sæta gæðaeftirliti eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti.

Endurskoðendaráð setur reglur um framkvæmd gæðaeftirlits og val gæðaeftirlitsmanna svo að tryggt sé að þeir séu óháðir þeim sem eftirlitið beinist að.

Endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki sem sætir gæðaeftirliti skal veita þeim sem sinnir gæðaeftirliti nauðsynlega aðstoð og aðgang að upplýsingum sem óskað er eftir við gæðaeftirlitið. Lagaákvæði um þagnarskyldu takmarka ekki skyldu til þess að veita upplýsingar og aðgang að gögnum.

Endurskoðendaráð skal árlega birta upplýsingar um heildarniðurstöðu gæðaeftirlitsins.

VIII. KAFLI
Brottfall endurskoðunarréttinda.

23. gr.

Sá sem hefur löggildingu til endurskoðunarstarfa og fullnægir ekki skilyrðum laga til þess að njóta hennar skal án tafar tilkynna það til endurskoðendaráðs.

24. gr.

Endurskoðandi getur lagt inn réttindi sín og falla þá niður réttindi og skyldur hans sem endurskoðanda nema annað leiði af lögum. Endurskoðandi getur ekki lagt inn réttindi sín ef

mál hans er til meðferðar hjá endurskoðendaráði nema með heimild endurskoðendaráðs enda séu annmarkar óverulegir.

Hafi endurskoðandi lagt inn réttindi sín skal veita honum þau á ný eftir umsókn hans án endurgjalds ef hann fullnægir orðið öllum skilyrðum til að njóta þeirra og sanni að hann hafi uppfyllt endurmenntunarkröfur þriggja ára tímabils.

25. gr.

Réttindi endurskoðanda falla niður eftir ákvörðun ráðherra:

1. Ef endurskoðandi fullnægir ekki skilyrðum til löggildingar.
2. Að tillögu endurskoðendaráðs, sbr. 17. gr.

Hafi réttindi endurskoðanda verið felld niður skv. 1. mgr. getur einstaklingur óskað eftir endurnýjun þeirra, enda fullnægi hann öllum skilyrðum til löggildingar. Skal þá veita honum þau standist hann próf að nýju skv. 5. gr. Ráðherra getur, að fengnum tillögum endurskoðendaráðs, veitt undanþágur frá ákvæðinu.

Endurskoðendaráð getur lagt til við ráðherra að réttindi endurskoðunarfyrirtækis til endurskoðunarstarfa verði felld niður uppfylli það ekki ákvæði laga þessara.

26. gr.

Hafi réttindi endurskoðanda verið felld niður eða þau lögð inn skal löggildingarskírteini skv. 8. mgr. 4. gr. án tafar skilað til fjármálaráðuneytisins.

IX. KAFLI
Skaðabætur og refsingar.

27. gr.

Endurskoðandi ber ábyrgð á tjóni sem hann eða starfsmenn hans valda í störfum sínum, af ásetningi eða gáleysi. Um sakarmat og sönnun gilda reglur skaðabótaréttar.

28. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum til ríkissjóðs, niðurfellingu réttinda eða fangelsi allt að 2 árum, nema þyngri hegning liggi við samkvæmt öðrum lögum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi.

Heimilt er að gera upptækan með dómi beinan eða óbeinan hagnað sem hlotist hefur af broti gegn ákvæðum laga þessara er varða sektum eða fangelsi.

Tilraun til brots eða hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

X. KAFLI
Ýmis ákvæði.

29. gr.

Skýrsla um gagnsæi.

Endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki sem hafa með höndum endurskoðun eininga tengdra almannahagsmunum skulu árlega birta á vefsetri sínu skýrslu um gagnsæi. Skýrslan skal birt eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers reikningsárs.

Í skýrslu endurskoðunarfyrirtækis um gagnsæi skal a.m.k. eftirfarandi koma fram:

a. lýsing á félagsformi og eignarhaldi,

b. lýsing á lagalegu og skipulagslegu fyrirkomulagi samstarfsfyrirtækja endurskoðenda sem það kann að tilheyra,
c. lýsing á stjórnskipulagi þess,
d. lýsing á innra gæðaeftirlitskerfi og yfirlýsing frá stjórn um skilvirkni þess,
e. upplýsingar um hvenær síðasta gæðaeftirlit fór fram, sbr. 22. gr.,
f. skrá yfir einingar tengdar almannahagsmunum sem það hefur annast lögboðna endurskoðun fyrir á næstliðnu fjárhagsári,
g. upplýsingar um óhæðisreglur ásamt staðfestingu um að þeim hafi verið fylgt,
h. upplýsingar um endurmenntunarstefnu, sbr. 7. gr.,
i. upplýsingar um heildarveltu, sundurliðað eftir þóknun fyrir endurskoðun og aðra þjónustu á næstliðnu fjárhagsári,
j. upplýsingar um grundvöllinn fyrir starfskjörum eigenda.

Skýrslan um gagnsæi skal undirrituð af stjórn endurskoðunarfyrirtækis, sbr. 3. gr., eða af viðkomandi endurskoðanda ef hann er sjálfstætt starfandi.

Eftirlit með skýrslum um gagnsæi er í höndum endurskoðendaráðs.

30. gr.

Þagnarskylda.

Endurskoðendur, starfsmenn endurskoðenda, eftirlitsaðilar og hverjir þeir sem taka að sér verk í þágu endurskoðenda eða eftirlitsaðila eru bundnir þagnarskyldu um allt það er þeir kunna að komast að vegna starfa sinna og leynt skal fara samkvæmt lögum eða eðli máls, nema dómari úrskurði að skylt sé að veita upplýsingar fyrir dómi eða lögreglu eða skylda sé til að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er endurskoðendaráði heimilt að láta erlendum eftirlitsaðilum eða lögbærum yfirvöldum erlendis í té upplýsingar að því tilskildu að viðkomandi erlendir aðilar uppfylli kröfur um samsvarandi þagnarskyldu og séu undir eftirliti í sínu heimalandi. Með upplýsingar, sem eftirlitsaðili fær frá framangreindum erlendum aðilum og einkenndar eru sem trúnaðarmál eða eru það eðli máls samkvæmt, skal fara að hætti 1. mgr.

31. gr.

Ráðherra getur sett reglugerð um nánari framkvæmd þessara laga, þar á meðal um innleiðingu alþjóðlegra endurskoðunarstaðla sem samþykktir hafa verið af sameiginlegu EES-nefndinni.

XI. KAFLI
Gildistaka o.fl.

32. gr.

Innleiðing.

Lög þessi eru sett til þess að taka upp í innlendan rétt ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB frá 17. maí 2006 um lögboðna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikninga, um breytingu á tilskipun ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 84/253/EBE eins og hún var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 160/2006.

33. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2009. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 18/1997, um endurskoðendur, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Fyrsta endurmenntunartímabil skv. 7. gr. hefst 1. janúar 2010. Þrátt fyrir 33. gr. halda ákvæði 3. og 4. málsl. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 18/1997, um endurskoðendur, með síðari breytingum, gildi sínu fram að þeim tíma.

II.

Þar til alþjóðlegir endurskoðunarstaðlar hafa verið teknir upp í íslenskan rétt skal endurskoðun skv. 9. gr. fara eftir góðri endurskoðunarvenju. Með góðri endurskoðunarvenju er átt við að endurskoðað sé með viðurkenndum aðferðum í samræmi við leiðbeinandi reglur um endurskoðun (ISA) út gefnar af alþjóðasamtökum endurskoðenda (IFAC) sem Félag löggiltra endurskoðenda er aðili að.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta miðar að því að koma til framkvæmda hér á landi tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB frá 17. maí 2006 um lögboðna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikninga, um breytingu á tilskipun ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 84/253/EBE, hér eftir nefnd 8. félagatilskipun.

Evrópusambandið hefur síðan 1996 markvisst unnið að samræmingu reglna um reikningsskil og endurskoðendur. Í mars 2004 lagði framkvæmdastjórnin fram tillögu að 8. félagatilskipuninni. Hún var svo samþykkt 17. maí 2006 og birt í Stjórnartíðindum EB þann 9. júní 2006.

Tilskipunin var tekin upp í EES-samninginn 8. desember 2006 með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 160/2006. Vegna skuldbindinga okkar að Evrópurétti ber að innleiða 8. félagatilskipun í íslenskan rétt.

Með tilskipuninni er stefnt að mikilli, en þó ekki fullkominni, samræmingu krafna um lögboðna endurskoðun. Aðildarríki sem gerir kröfu um lögboðna endurskoðun er heimilt að setja strangari kröfur nema kveðið sé á um annað í tilskipuninni. Í henni koma fram grunnreglur sem eiga að tryggja það að markmið tilskipunarinnar náist en aðildarríki geta almennt gengið lengra en tilskipunin segir til um.

Einn helsti tilgangur tilskipunarinnar er að tryggja með betri hætti en áður að fjárfestar og aðrir hagsmunaaðilar geti reitt sig á störf endurskoðenda og að koma í veg fyrir fjármálamisferli innan Evrópusambandsins. Í kjölfar fjármálamisferla sem átt hafa sér stað á síðastliðnum árum hefur Evrópusambandið áréttað mikilvægi þess að skýrar og einsleitar reglur gildi um störf endurskoðenda innan sambandsins. Í því skyni er með tilskipuninni m.a. leitast við að skýra skyldur endurskoðenda, reyna eftir fremsta megni að tryggja óhæði þeirra og auka samstarf eftirlitsaðila innan Evrópusambandsins. Jafnframt er með tilskipuninni ráðgert að öll endurskoðun innan Evrópusambandsins, og þar af leiðandi innan Evrópska efnahagssvæðisins, fari fram í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla sem gefnir verða út af framkvæmdastjórn Evrópusambandsins.

Þar sem tilskipunin gengur töluvert lengra í átt að samræmingu en áður hefur verið gert á þessu sviði hafa önnur ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins gert töluverðar breytingar á þeim reglum landsréttar sem taka til starfa endurskoðenda.

Innleiðing tilskipunarinnar í íslenskan rétt kallar á umfangsmikla endurskoðun núgildandi laga og reglna um endurskoðendur en lög nr. 18/1997, um endurskoðendur, hafa nánast staðið óbreytt frá því þau tóku gildi árið 1. júlí 1997. Fyrir gildistöku þeirra tóku lög nr. 67/1976 til starfa endurskoðenda en þau leystu af hólmi lög nr. 89/1953 sem komu í stað fyrstu laga um löggilta endurskoðendur hér á landi, nr. 9 frá 15. júní 1926.

Ráðherra skipaði nefnd 1. september 2006 til að setja fram fullmótaðar tillögur um innleiðingu tilskipunarinnar. Í vinnuhópinn voru skipuð Þórður Reynisson, fjármálaráðuneytinu, formaður, Elmar Hallgríms Hallgrímsson, fjármálaráðuneytinu, Gunnar Sigurðsson, Félagi löggiltra endurskoðenda, Lárus Finnbogason, Deloitte, Margret G. Flóvenz, KPMG, og Ólafur B. Kristinsson, PricewaterhouseCoopers. Einnig störfuðu með nefndinni Ögmundur Hrafn Magnússon og Harpa Theodórsdóttir frá fjármálaráðuneytinu.

Frumvarpið byggist í meginatriðum á tilskipuninni en auk hennar var við samningu frumvarpsins höfð hliðsjón af núgildandi löggjöf og norrænum rétti á sviði endurskoðunar. Innleiðing tilskipunarinnar kallar jafnframt á breytingar á lögum um ársreikninga og því er samhliða frumvarpinu lagt fram frumvarp til breytinga á lögum um ársreikninga, með síðari breytingum.

Helstu breytingar sem felast í frumvarpinu.

Eins og áður hefur komið fram felast í frumvarpinu töluverðar breytingar á núgildandi lögum og reglum um endurskoðendur. Frumvarpið nær til endurskoðenda og starfa þeirra sem felast í endurskoðun eins og hún er skilgreind í lögum þessum. Meðal helstu breytinga sem lagðar eru til í frumvarpinu eru:

1. Að allir endurskoðendur skuli sæta reglubundnu gæðaeftirliti.
2. Að tekin verði upp skylduaðild endurskoðenda að Félagi löggiltra endurskoðenda.
3. Að lögfest verði sú krafa að allir endurskoðendur starfi samkvæmt ítarlegum siðareglum sem Félag löggiltra endurskoðenda setur, að fenginni staðfestingu ráðherra.
4. Hlutverk endurskoðendaráðs breytist og gegnir það eftirlitshlutverki varðandi skráningu endurskoðenda og endurskoðunarfyrirtækja, endurmenntun og reglulegu gæðaeftirliti og að endurskoðandi uppfylli skilyrði til löggildingar.
5. Auknar kröfur um óhæði og þá sérstaklega gagnvart fyrirtækjum tengdum almannahagsmunum.
6. Auknar kröfur til endurmenntunar endurskoðenda.

Ákvæðum frumvarpsins er skipt í ellefu kafla, en greinar þess eru alls þrjátíu og þrjár auk bráðabirgðaákvæða. Hér að aftan verður fjallað nánar um einstakar greinar frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í I. kafla er að finna skýringar á helstu hugtökum sem koma fyrir í frumvarpinu.

Um 1. gr.

Í greininni er að finna orðskýringar þar sem helstu hugtök sem fram koma í frumvarpinu eru skilgreind. Í núgildandi lögum eru hugtök ekki skilgreind sérstaklega en rétt þykir að taka af allan vafa um merkingu nokkurra lykilhugtaka frumvarpsins með greininni.

Í fyrsta lagi er að finna í ákvæðinu skilgreiningu á hugtakinu *endurskoðandi*. Hugtakið er skilgreint með sambærilegum hætti og 1. mgr. 1. gr. núgildandi laga.

Í 2. tölul. er hugtakið *endurskoðun* skilgreint en rétt þótti að skýra það hugtak með hliðsjón af markmiðum laganna.

Í 3. tölul. er hugtakið *endurskoðunarfyrirtæki* skýrt en með því er átt við fyrirtæki sem fengið hefur skráningu til endurskoðunarstarfa samkvæmt ákvæðum laganna. Hugtakið tekur því aðeins til þeirra félaga sem fengið hafa opinbera skráningu til endurskoðunarstarfa en það er nýmæli frá núgildandi lögum.

Um *endurskoðunarnefnd* verður fjallað í IX. kafla A í lögum um ársreikninga, verði frumvarp um það efni samþykkt. Er hér látið nægja að vísa til þess kafla.

Með hugtakinu *samstarfsfyrirtæki endurskoðenda* í 5. tölul. 1. mgr. er átt við enska hugtakið „network“ og er það skilgreint með sams konar hætti og í 7. tölul. 2. gr. 8. félagatilskipunarinnar.

Skilgreiningin á hugtakinu *alþjóðlegir endurskoðunarstaðlar* er í samræmi við skýringu þess hugtaks í 11. tölul. 2. gr. tilskipunarinnar.

Hugtakið *eining tengd almannahagsmunum* hefur ekki áður verið skilgreint í íslenskri löggjöf en með því er átt við einingu (e. entity) sem er í rekstri og sem almennt má telja að sé þjóðhagslega mikilvæg og rétt þykir að gera auknar kröfur um áreiðanleika og óhæði þegar kemur að endurskoðun hennar. Í samræmi við tilskipunina er annars vegar lagt til að hugtakið taki til eininga sem eiga lögheimili hér á landi og eru jafnframt með verðbréf skráð á skipulegan verðbréfamarkað í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum. Hugtakið skipulegur verðbréfamarkaður er skilgreindur í samræmi við lög um kauphallir. Þar er hugtakið skilgreint sem marghliða viðskiptakerfi innan Evrópska efnahagssvæðisins sem leiðir saman kaupendur og seljendur fjármálagerninga, í samræmi við ófrávíkjanlegar reglur þess, þannig að til samninga stofnast um fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta í viðskiptakerfinu. Hins vegar er gert ráð fyrir því að hugtakið taki einnig til lánastofnana eins og þær eru skilgreindar í lögum um fjármálafyrirtæki, en það eru viðskiptabankar, sparisjóðir, lánafyrirtæki og rafeyrisfyrirtæki sem fengið hafa starfsleyfi, og félaga sem hafa starfsleyfi til að reka vátryggingastarfsemi hér á landi. Að auki er lagt til að hugtakið eining tengd almannahagsmunum verði jafnframt látið ná til lífeyrissjóða og er það talið eðlilegt með hliðsjón af eðli og þjóðfélagslegu mikilvægi þeirra.

Um II. kafla.

Í II. kafla er m.a. fjallað um þau skilyrði sem einstaklingur þarf að uppfylla til að geta öðlast löggildingu til endurskoðunarstarfa, hvaða skilyrði félag þarf að uppfylla til að fá skráningu sem endurskoðunarfyrirtæki og próf til öflunar endurskoðunarréttinda. Enn fremur er í kaflanum fjallað um starfsábyrgðartryggingu endurskoðenda og kröfur um endurmenntun endurskoðenda.

Um 2. gr.

Í þessari grein eru talin upp þau skilyrði sem einstaklingur þarf að uppfylla til að öðlast löggildingu til endurskoðunarstarfa.

Í 1. mgr. er fjallað í sjö töluliðum um þau skilyrði sem einstaklingur þarf að uppfylla til að geta öðlast löggildingu sem endurskoðandi. Það sem er frábrugðið frá núgildandi lögum er skilyrði um lögheimili í 1. tölul. og í 4. tölul. er kveðið á um að einstaklingur skal hafa

lokið meistaranámi í endurskoðun og reikningsskilum sem viðurkennt er af endurskoðendaráði. Í núgildandi lögum var miðað við brottfararpróf frá viðskiptadeild Háskóla Íslands með endurskoðun sem kjörsvið. Það brottfararpróf frá Háskóla Íslands sem miðað er við í núgildandi lögum er ekki lengur til en í stað þess hefur komið nám sem lýkur með meistaraprófi í reikningsskilum og endurskoðun. Auk þess eru nú fleiri háskólar sem útskrifa nemendur með sömu prófgráðu og því þykir ekki rétt að binda þetta skilyrði við ákveðin háskóla. Gert er ráð fyrir að við mat endurskoðendaráðs á meistaranámi í endurskoðun og reikningsskilum skuli námið að minnst kosti ná til þeirra greina sem um getur í 1. og 2. tölul. 8. gr. 8. félagatilskipunarinnar.

Í 2. mgr. er fjallað um þau skilyrði sem endurskoðandi sem hefur endurskoðunarréttindi í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum þarf að uppfylla. Skal hann gangast undir og standast sérstakt hæfnispróf í lögum og reglum um skatta- og félagarétt.

Í 3. mgr. er fjallað um þau skilyrði sem endurskoðendur eða einstaklingar þurfa að uppfylla til að fá löggildingu til endurskoðunarstarfa hér á landi ef þeir hafa lokið námi og staðist próf til endurskoðunarréttinda í erlendu ríki sem ekki fellur undir 2. mgr. Gerðar eru ítarlegri kröfur til þeirra aðila sem hafa endurskoðunarréttindi frá öðrum ríkjum en til þeirra sem um getur í 2. mgr. en ráðherra getur að fengnum tillögum endurskoðendaráðs og að nánari skilyrðum uppfylltum veitt þeim aðilum löggildingu til endurskoðunar. Þeir skulu jafnframt gangast undir og standast sérstakt hæfnispróf í lögum og reglum um skatta- og félagarétt.

Með ákvæði 4. mgr. er endurskoðendaráð veitt heimild til að veita einstaklingum undanþágu frá ákvæði 4. tölul. 1. mgr. sem lokið hafa öðru háskólanámi með endurskoðun sem kjörsvið. Þar sem ekki er langt síðan farið var að bjóða upp á meistaranám í endurskoðun og reikningsskilum þykir rétt að veita þeim einstaklingum sem lokið hafa námi sem fullnægir ákvæðum gildandi laga tækifæri til að öðlast löggildingu enda telji endurskoðendaráð sýnt að umsækjandi hafi næga þekkingu á þeim málefnum sem varða endurskoðendur og störf þeirra.

Með 5. mgr. er lögfest sú skipan sem verið hefur í gildi, þ.e. að áður en einstaklingi er veitt löggilding skal hann vinna með undirritun drengskaparheit um að hann muni rækja starfið af kostgæfni og samviskusemi í hvívetna og hlíta lögum og öðrum reglum sem starfið varða.

Um 3. gr.

Greinin fjallar um heimild endurskoðenda til þess að stofna félag um rekstur sinn og þau skilyrði sem slíkt félag þarf að uppfylla. Einstök ákvæði greinarinnar taka mið af 4. gr. 8. félagatilskipunarinnar og núgildandi lögum um endurskoðendur, nr. 18/1997.

1. mgr. er samhljóða 1. mgr. 6. gr. núgildandi laga. Ekki er gerð sérstök krafa til rekstrarforms endurskoðunarfyrirtækja og miðað er við að endurskoðendur geti stofnað félag um rekstur endurskoðunarfyrirtækis í því formi sem þeir sjálfir kjósa, þar á meðal með takmarkaðri ábyrgð. Það breytir þó engu um að endurskoðandi ber alltaf óskerta ábyrgð á tjóni sem hann eða starfsmaður hans veldur öðrum með störfum sínum.

Í 2. mgr. kemur fram að meiri hluti atkvæðisréttar í endurskoðunarfyrirtæki skuli vera í höndum endurskoðenda, sbr. 2. gr., og/eða endurskoðunarfyrirtækja sem viðurkennd eru á Evrópska efnahagssvæðinu eða í aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum. Í núgildandi lögum eru töluverðar takmarkanir á eignarhaldi og rekstri endurskoðunarfyrirtækja en með frumvarpinu er lagt til að þær heimildir verði rýmkaðar

töluvert. Í frumvarpinu er ekki gerð krafa um að rekstur félags skv. 1. gr. takmarkist eingöngu við rekstur endurskoðunarfyrirtækis og eignaraðild er ekki takmörkuð að öðru leyti en því að eftir sem áður er miðað við að skorður séu lagðar við eignarhaldi í endurskoðunarfélögum þannig að meiri hluti atkvæðisréttar í endurskoðunarfyrirtæki skal ávallt vera í höndum endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækis.

Með 3. mgr. eru tekin af öll tvímæli um að meiri hluti stjórnarmanna endurskoðunarfyrirtækja skulu vera endurskoðendur eða fulltrúar endurskoðunarfyrirtækja.

Í 4. mgr. er kveðið á um að endurskoðunarfyrirtæki skuli hafa formlegt gæðakerfi. Þetta ákvæði er í samræmi við ákvæði í 29. gr. 8. félagatilskipunarinnar þar sem kveðið er á um að gæðaeftirlit skuli m.a. beinast að gæðakerfi endurskoðunarfyrirtækja. Með gæðakerfi er átt við formlegar gæðareglur sem taka mið af alþjóðlegum stöðlum sem gefnir eru út af IFAC (the International Federation of Accountants) um gæðaeftirlit, svo sem ISQC (International Standards on Quality Control). Með 5. mgr. er lögð sú skylda á endurskoðunarfyrirtæki að þau tryggi að nöfn og heimilisföng eigenda fyrirtækisins séu aðgengileg almenningi. Slíkt er m.a. hægt að gera með því að birta umræddar upplýsingar á vefsvæðum viðkomandi fyrirtækja.

Þar sem gert er ráð fyrir að hægt sé að veita endurskoðunarþjónustu í nafni endurskoðunarfyrirtækis er gert ráð fyrir að ráðuneytið veiti slíkum fyrirtækjum réttindi til að veita þessa þjónustu að uppfylltum þeim skilyrðum sem fram koma í greininni auk 4. mgr. 4. gr. Jafnframt er lögð sú skylda á endurskoðunarfyrirtæki að það tilkynni án tafar fjármálaráðuneytinu ef það uppfyllir ekki skilyrði greinarinnar.

Um 4. gr.

Með greininni er kveðið á um að ráðuneytið haldi opinbera skrá þannig að þeir sem kaupa endurskoðunarþjónustu og almenningur geti með einföldum hætti séð hverjir hafi réttindi til að veita slíka þjónustu. Ráðuneytið setur nánari reglur um skráninguna en getur falið öðrum aðila, t.d. Félagi löggiltra endurskoðenda, að annast uppfærslu og innskráningu þeirra upplýsinga sem fram koma í skránni.

Í 2. mgr. kemur fram að ráðuneytið setji nánari reglur um skráninguna og hvaða upplýsingar skulu koma þar fram. Gert er ráð fyrir að við setningu reglna samkvæmt þessari málsgrein sé tekið tillit til 16., 17., 19. og 45. gr. 8. félagatilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins.

Í 3. mgr. kemur fram að sérhver endurskoðandi og sérhvert endurskoðunarfyrirtæki fær sérstakt númer og skulu þau auðkennd með þessu númeri í opinberu skránni, sbr. 1. mgr.

Endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki sem fengið hafa réttindi til endurskoðunarstarfa verða að njóta óskoraðs trausts þeirra aðila sem reiða sig á störf þeirra. Þess vegna er mikilvægt að í lögum um endurskoðendur séu ákvæði sem vísa til þess að þeir sem hafa slík réttindi verði að gæta að því að staða þeirra á hverjum tíma gefi til kynna að ekki sé ástæða til þess að draga í efa hæfi þeirra og sjálfstæði í endurskoðunarstörfum. Endurskoðendur þurfa að uppfylla slík skilyrði í 2. og 3. tölul. 1. mgr. 2. gr. til þess að öðlast og halda réttindum sínum. Ákvæði 4. mgr. er ætlað tryggja að endurskoðunarfyrirtæki lúti sömu reglum.

Samkvæmt 5. mgr. bera endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki ábyrgð á að tilkynna fjármálaráðuneytinu, án ástæðulauss dráttar, ef breytingar verða á þeim upplýsingum sem fram eiga að koma í skránni.

Samkvæmt 6. mgr. er öðrum en endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum sem eru skráð á opinberu skrána, sbr. 1. mgr., óheimilt að nota orðin endurskoðandi og endurskoðun

í starfsheitum sínum. Félögum eða einstaklingum sem ekki hafa fengið skráningu samkvæmt greininni verður því óheimilt að selja eða með öðrum hætti að bjóða upp á endurskoðun. Það er þó talið nauðsynlegt að setja undanþáguákvæði um starfsheitið innri endurskoðandi. Ástæða þess er sú að þetta starfsheiti hefur unnið sér sess og á sér erlenda samsvörun í hugtakinu „Internal Auditor“. Þetta starfsheiti er bundið við störf að innri endurskoðun í fyrirtækjum sem hafa innri endurskoðunardeild og víða er kveðið á um slíka innri endurskoðun í lögum. Starfsheitið hefur eingöngu merkingu innan þess fyrirtækis sem viðkomandi starfar en er ekki sjálfstætt að öðru leyti þannig að viðkomandi gefi til kynna að hann taki að sér endurskoðun með þeim hætti sem kveðið er á um í frumvarpinu.

Í ákvæði 7. mgr. kemur fram að ráðherra ber að auglýsa hver hafi fengið löggildingu sem endurskoðandi og skráningu endurskoðunarfyrirtækis í Lögbirtingablaði. Jafnframt ber ráðuneytinu að tilkynna það endurskoðendaráði og Félagi löggiltra endurskoðenda, en nauðsynlegt er að það sé gert þar sem eftirlit er að hluta til hjá þessum aðilum. Það skal áréttað að skyldan til að auglýsa hver hafi fengið löggildingu sem endurskoðandi gildir líka þegar manni er veitt löggilding að nýju, eftir að hann hefur misst hana. Sama fyrirkomulag skal haft við þegar endurskoðunarfyrirtæki er fellt af skrá eða ef endurskoðandi hefur lagt inn réttindi sín eða þau verið felld niður.

Önnur ákvæði greinarinnar þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Greinin fjallar um próf til að öðlast löggildingu sem endurskoðandi. Greinin er svipuð 3. gr. núgildandi laga. Helsta breytingin sem lögð er til frá núgildandi lögum er að endurskoðendaráð skipar prófnefnd til fjögurra ára í senn en ekki ráðherra.

Samkvæmt 3. mgr. skal ráðherra setja reglugerð, að fengnum tillögum endurskoðendaráðs, þar sem nánar skal kveðið á um skilyrði til próftöku, prófgreinar, framkvæmd prófa og lágmarksárangur til að standast þau.

Í 4. mgr. er kveðið á um að prófin skulu haldin einu sinni ár hvert eins og verið hefur.

Kostnaður vegna prófanna greiðist með próftökugjaldi sem ráðherra ákveður að fengnum tillögum endurskoðendaráðs en gjaldið skal ekki vera hærra en kostnaðurinn við gerð og framkvæmd prófanna.

Um 6. gr.

Endurskoðandi ber bótaábyrgð á störfum sínum og starfsmanna sinna samkvæmt almennum reglum og því er lagt til að endurskoðendum verði skylt að hafa í gildi starfsábyrgðartryggingu hjá vátryggingafélagi sem hefur starfsleyfi hér á landi. Ákvæðið er að mestu efnislega samhljóða ákvæði 10. gr. núgildandi laga um endurskoðendur. Sambærileg ákvæði eru almennt í erlendri löggjöf um endurskoðendur og í 8. félagatilskipun er mælt fyrir um tryggingarskyldur endurskoðenda.

Ákvæði 2. mgr. er sams konar og í núgildandi lögum og fjallar um heimild ráðherra til að ákveða lágmark starfsábyrgðartryggingar og hámark eigin áhættu vátryggingartaka. Við slíka ákvörðun skal hann hafa hliðsjón af tillögum endurskoðendaráðs.

Með 3. mgr. er lagt er til að endurskoðandi skuli árlega, fyrir 15. janúar, senda Félagi löggiltra endurskoðenda staðfestingu um að hann hafi í gildi starfsábyrgðartryggingu, en í gildandi lögum ber að senda umrædda tilkynningu til ráðuneytisins.

Um 7. gr.

Krafan um reglubundna endurmenntun er í samræmi við 13. gr. 8. félagatilskipunarinnar.

Lagt er til að reglugerð sem sett verður á grundvelli þessarar greinar taki mið af reglum um endurmenntun sem fram koma í menntunarstaðli IFAC, IES 7 (International Educations Standard for Professional Accountants). Umfang endurmenntunar, þar sem krafist er að hún skuli að lágmarki vera 20 klukkustundir á ári og samtals 120 klukkustundir á hverju þriggja ára tímabili, er í samræmi við 34. gr. þessa menntunarstaðals. Þar er einnig að finna þá kröfu að helmingur þeirrar endurmenntunar sem fram fer á hverju þriggja ára tímabili skal vera staðfestanlegur.

Í 3. mgr. er lagt til að endurmenntunin nái a.m.k. til eftirtalinna sviða: endurskoðunar, reikningsskila og fjármála, skatta- og félagaréttar, svo og siðareglna og faglegra gilda. Í greininni er tiltekinn lágmarkstímafjöldi fyrir hvert svið miðað við hvert þriggja ára tímabil.

Í 4. mgr. er gert ráð fyrir að endurskoðandi annist sjálfur skráningu á þeirri endurmenntun sem hann hefur sinnt og geti gert grein fyrir henni og skulu a.m.k. 60 klukkustundir vera staðfestanlegar á hverju þriggja ára tímabili.

Í 5. mgr. kemur fram að ráðherra hefur heimild til að setja nánari reglur um endurmenntun endurskoðenda.

Um III. kafla.

Í þessum kafla frumvarpsins er fjallað um starfsemi endurskoðenda. Í III. kafla núgildandi laga eru að finna sams konar ákvæði og eru í 1. mgr. 8. gr. og 11. gr. Önnur ákvæði kaflans eru nýmæli sem taka mið af 8. félagatilskipun.

Um 8. gr.

Í 1. mgr. eru settar fram almennar kröfur til starfa endurskoðenda en greinin er efnislega samsvarandi 2. mgr. 7. gr. núgildandi laga um endurskoðendur.

Í 2. mgr. kemur fram að endurskoðandi skuli fylgja siðareglum sem settar eru af Félagi löggiltra endurskoðenda. Í 2. mgr. 15. gr. núgildandi laga er að finna ákvæði um siðareglur fyrir endurskoðendur en það orðalag sem hér lagt er til í greininni er skýrara og afdráttarlausara. Ákvæðið er einnig í samræmi við 21. gr. 8. félagatilskipunarinnar þar sem fram kemur að aðildarríki skulu tryggja að allir endurskoðendur hlíti siðareglum starfsstéttarinnar.

Samkvæmt 3. mgr. er endurskoðandi opinber sýslunarmaður og ber því, eftir atvikum, réttindi og skyldur sem opinber starfsmaður. Sams konar ákvæði var í lögum nr. 67/1976, um endurskoðendur, en féll út við gildistöku núgildandi laga um endurskoðendur, nr. 18/1997. Telja má að þótt ákvæðið sé ekki í núgildandi lögum leiði það af eðli málsins að endurskoðendur geti, eftir atvikum, borið réttindi og skyldur sem opinberir starfsmenn. Til að taka af allan vafa um slíkt þykir rétt að taka það fram með skýrum hætti í frumvarpinu.

Um 9. gr.

Þessi grein er í samræmi við 26. gr. 8. félagatilskipunarinnar þar sem þess er krafist að endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki annist lögboðna endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla sem framkvæmdastjórnin samþykkir.

Í frumvarpinu er ekki gerður greinarmunur á lögboðinni endurskoðun og annarri endurskoðun enda markmiðið eitt og hið sama þó að sumum aðilum sé skylt sé að láta endurskoða reikningsskil sín en ekki öðrum. Ákvæðið í tilskipuninni er lágmarkskrafa og því ekkert sem

kemur í veg fyrir að ákvæði frumvarpsins nái til allrar endurskoðunar hvort sem hún er lögboðin eða ekki.

Í skilgreiningu í 2. gr. 8. tilskipunarinnar kemur fram að með alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum sé átt við ISA (International Statements on Auditing) og tengdar yfirlýsingar og staðla sem varða endurskoðunina. Í endurskoðunarstöðlum ISA er víða vísað í alþjóðlega gæðastaðla ISQC en einnig er gert ráð fyrir því að vísað sé til þessara staðla við gæðaeftirlit. Því er í frumvarpinu gert ráð fyrir að endurskoðandi ræki störf sín í samræmi við alþjóðlega gæðastaðla.

Endurskoðun hefur það að markmiði að endurskoðandi láti í ljós álit á reikningsskilum eða öðrum upplýsingum í sérstakri áritun. Álit endurskoðanda samkvæmt ISA-stöðlum og tengdum yfirlýsingum og stöðlum sem tengjast endurskoðuninni getur falið í sér jákvæða staðfestingu eða neikvæða staðfestingu eftir því hvort um er að ræða endurskoðun eða könnun. Hvort tveggja lýtur að álitsgerð endurskoðanda á reikningsskilum og er því, í samræmi við 8. félagatilskipun, gert ráð fyrir að könnunarstaðlar ISRE (International Standards on Review Engagements) séu hluti alþjóðlegra endurskoðunarstaðla.

Um 10. gr.

Þessi grein kveður á um að endurskoðandi móðurfélags og dótturfélaga þess beri ábyrgð á endurskoðun samstæðureikninga. Tilskipunin kveður á um að endurskoðandi samstæðureikninga beri fulla ábyrgð á áritun samstæðureiknings. Endurskoðandi samstæðunnar skal því yfirfara vinnu endurskoðenda þeirra eininga innan samstæðunnar sem hann endurskoðar ekki sjálfur og skrá þá yfirferð þannig að eftirlitsaðilar geti lagt mat á vinnu hans í þessu samhengi. Í þeim tilvikum þar sem endurskoðun tiltekinna eininga innan samstæðu fer fram í landi utan Evrópska efnahagssvæðisins skal endurskoðandi samstæðu varðveita afrit af vinnugögnum viðkomandi endurskoðenda eða tryggja með öðrum hætti aðgang eftirlitsaðila að þeim og afla sér gagna annarra endurskoðenda. Sé endurskoðanda meinaður aðgangur að vinnugögnum skulu vinnuskjöl skjalfesta þær hindranir og ástæður þeirra.

Um 11. gr.

Með greininni er kveðið á um að sá sem ber ábyrgð á endurskoðuninni skuli staðfesta hana með áritun um að hún innihaldi upplýsingar um endurskoðunina og álit endurskoðandans. Jafnframt skal tekið fram að endurskoðunin sé framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Með greininni er jafnframt verið að innleiða 28. gr. 8. félagatilskipunar. Endurskoðendum er eftir sem áður heimilt að beita góðri endurskoðunarvenju svo fremi sem ekki hafi verið innleiddir alþjóðlegir endurskoðunarstaðlar sem taka til sama efnis, sbr. 31. gr.

Um IV. kafla.

Ákvæði IV. kafla frumvarpsins fjalla um Félag löggiltra endurskoðenda. Með frumvarpinu eru lagðar til verulegar breytingar á lögbundnu hlutverki félagsins og aukið eftirlit með endurskoðendum almennt. Því er lagt til að tekin verði upp skylduaðild endurskoðenda að Félagi löggiltra endurskoðenda.

Um 12. gr.

Í greininni er fjallað um fagfélag endurskoðenda sem nefnist Félag löggiltra endurskoðenda og hlutverk þess. Nýmæli þessarar greinar er m.a. að öllum endurskoðendum er skylt

að vera þar félagsmenn. Skylduaðildin tengist þeim verkefnum sem félaginu er falið að annast, sbr. 13. gr., en verkefnin snúa að öllum sem hafa löggildingu til endurskoðunarstarfa. Þar sem verkefni félagsins, sbr. 13. gr., ná til allra endurskoðenda er talið nauðsynlegt að þeim sé skylt að vera félagar í Félagi löggiltra endurskoðenda. Getur félagið lagt á félagsmenn árgjald til að standa straum af þeim kostnaði sem leiðir af lögbundnum verkefnum félagsins. Jafnframt er félaginu heimilt að starfrækja í öðru skyni en að framan greinir sérstaka félagsdeild, eina eða fleiri, og skal fjárhagur slíkra félagsdeilda aðgreindur frá fjárhag félagsins.

Um 13. gr.

Með greininni er kveðið á um verkefni Félags löggiltra endurskoðenda. Líkt og almennt má segja um fagfélög þá kemur Félag löggiltra endurskoðenda fram fyrir hönd endurskoðenda gagnvart dómstólum og stjórnvöldum um þau málefni sem stétt þeirra varða. Með þessari grein eru Félagi löggiltra endurskoðenda falin tiltekin verkefni sem það skal annast í samráði við endurskoðendaráð. Hér er um að ræða verkefni sem félagið annast nú þegar ýmist í umboði fjármálaráðuneytisins samkvæmt lögum eða reglugerð eða að eigin frumkvæði.

Um V. kafla.

Samkvæmt tilskipuninni skal aðildarríki tilnefna lögbært yfirvald sem ber ábyrgð á eftirliti með endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum. Lagt er til að endurskoðendaráð fari með þetta eftirlit og fjallar V. kafli frumvarpsins um það.

Um 14. gr.

Í þessari grein er fjallað um skipun endurskoðendaráðs en ráðherra skipar fimm menn í ráðið til fjögurra ára í senn og jafnmarga til vara.

Í 2. mgr. er kveðið á um með hvaða hætti skuli skipað í endurskoðendaráðið. Þessu fyrirkomulagi er ætlað að tryggja aðkomu aðila úr viðskiptalífinu við tilnefningu þeirra sem sitja í ráðinu en jafnframt séu þar einstaklingar sem starfa við endurskoðun. Í samræmi við 32. gr. tilskipunarinnar er gert ráð fyrir að meiri hluti þeirra sem sitji í ráðinu séu ekki starfandi endurskoðendur en samkvæmt tilskipuninni skulu þeir sem skipa ráðið hafa þekkingu á sviðum sem tengjast endurskoðun.

Um 15. gr.

Í þessari grein er fjallað um hlutverk endurskoðendaráðs sem er töluvert umfangsmeira en hlutverk þess samkvæmt núgildandi lögum. Lagt er til að meginhlutverk endurskoðendaráðs sé að hafa almennt eftirlit með því að endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki starfi í samræmi við ákvæði þessara laga.

Í 2. mgr. er tekið fram sérstaklega um tiltekin atriði sem falla undir starfssvið endurskoðendaráðs og er það í samræmi við 4. tölul. 32. gr. 8. félagatilskipunarinnar.

Í 3. mgr. kemur fram að endurskoðendaráð skal hafa samvinnu við lögbær yfirvöld aðildarríkjanna sem hafa eftirlit með endurskoðendum í viðkomandi ríki. Í því felst m.a. að endurskoðendaráð skal skiptast á upplýsingum og aðstoða við rannsókn á málum sem tengjast störfum endurskoðenda.

Um 16. gr.

Endurskoðendaráð hefur það hlutverk skv. 15. gr. að hafa eftirlit með því að endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki ræki störf sín í samræmi við ákvæði þessara laga og þær

reglur sem að öðru leyti gilda um störf endurskoðenda og hafa tilvísun í ákvæði laganna. Það er því nauðsynlegt að til viðbótar því sem talið er upp í 15. gr. hafi endurskoðendaráð heimild til þess að taka mál til meðferðar að eigin frumkvæði telji það ástæður til þess. Gert er ráð fyrir að fyrirkomulag þess verði í samræmi við þær starfsreglur sem settar verða skv. 18. gr.

Auk þess sem endurskoðendaráð getur tekið mál til meðferðar að eigin frumkvæði er gert ráð fyrir að hver sá sem telur á sér brotið af hálfu endurskoðanda með aðgerðum eða aðgerðaleysi hans geti skotið málinu til endurskoðendaráðs. Sá sem skýtur máli til endurskoðendaráðs skal þó hafa lögvarða hagsmuni af því að fá úrskurð endurskoðendaráðs í viðkomandi máli.

Endurskoðendaráð úrskurðar um kæru- og ágreiningsefni sem lúta að störfum endurskoðenda samkvæmt lögum þessum.

Í 4. mgr. er lagt til að endurskoðendaráði verði veitt heimild til að skylda málsaðila til að greiða gagnaðila þann kostnað sem hann hefur orðið fyrir vegna reksturs málsins fyrir ráðinu. Þetta er þó undantekning frá meginreglunni og því er endurskoðendaráði aðeins heimilt að leggja slíka skyldu á málsaðila þegar sérstaklega stendur á.

Leiði störf endurskoðendaráðs til þess að fram komi að endurskoðandi hafi brotið af sér með þeim hætti að það geti varðað við hegningarlög eða önnur lög er með 5. mgr. lagt til að ráðið geti með rökstuddu áliti vísað máli til opinberrar rannsóknar.

Um 17. gr.

Greinin fjallar um þau úrræði sem endurskoðendaráð hefur telji það sýnt að endurskoðandi hafi í störfum sínum brotið gegn lögum þessum en í rökstuddu áliti getur endurskoðendaráð veitt viðkomandi aðila áminningu eða lagt til við ráðherra að réttindi endurskoðandans verði felld niður.

Um 18. gr.

Í greininni er m.a. fjallað um málsmeðferð fyrir endurskoðendaráði en sé ekki kveðið á um annað fer málsmeðferð fyrir endurskoðendaráði eftir stjórnsýslulögum.

Í 1. mgr. kemur fram að endurskoðendaráð skuli setja sér starfsreglur sem ráðherra samþykkir.

Í 2. mgr. er kveðið á um að ákvarðanir endurskoðendaráðs séu lokaákvarðanir á stjórnsýslustigi og þær sæti því ekki stjórnsýslukæru. Þetta kemur þó ekki í veg fyrir að aðili geti borið ákvarðanir endurskoðendaráðs undir dómstóla.

Samkvæmt 3. mgr. skal endurskoðendaráð jafnan leita álits hjá sérfróðum aðilum utan ráðsins ef mál eru utan sérfræðisviðs þeirra sem úrskurða í málinu.

Með 4. mgr. er lagt til að fullskipað endurskoðendaráð skuli úrskurða í öllum málum. Er það m.a. gert til að tryggja með sem bestum hætti málsmeðferð fyrir ráðinu en skv. 14. gr. skal skipaður varamaður fyrir hvern nefndarmann.

Í 7. mgr. er lagt til að endurskoðendaráð geri ár hvert skýrslu um störf sín sem skal vera opin almenningi. Í skýrslunni skal rekja alla úrskurði ráðsins á viðkomandi ári.

Með 8. mgr. er lagt til að endurskoðendur standi undir kostnaði við eftirlit með störfum þeirra. Í því skyni er ráðgert að endurskoðendur greiði til ríkissjóðs árlegt gjald að fjárhæð 50.000 kr.

Um VI. kafla.

Kaflinn fjallar um óhæði endurskoðandans en það er einn mikilvægasti þáttur í störfum endurskoðenda. Í 8. félagatilskipuninni er lögð mikil áhersla á óhæði endurskoðanda og endurskoðunarfyrirtækis gagnvart viðskiptavini sínum og er ákvæðum kaflans ætlað að tryggja óhæði með sem bestum hætti.

Um 19. gr.

Í siðareglum endurskoðenda eru mjög ítarleg ákvæði um óhæði endurskoðenda sem hafa það að markmiði að tryggja að endurskoðandi sé ekki háður viðskiptavini sínum hvorki í ásýnd né reynd. Þessum reglum er ætlað að tryggja það nauðsynlega trúnaðarsamband sem þarf að vera á milli endurskoðenda og þeirra sem reiða sig á störf þeirra. Það að endurskoðendur sinna störfum sem varða hagsmuni almennings felur í sér að allur almenningur og stofnanir reiða sig á að störf þeirra séu unnin af kostgæfni. Í þessari grein frumvarpsins eru ekki settar jafnítarlegar reglur um óhæði endurskoðenda og eru í 9. gr. núgildandi laga, en þess í stað vísað til siðareglna sem endurskoðendum ber að fylgja skv. 2. mgr. 8. gr. frumvarpsins.

Um 20. gr.

Markmið 1. mgr. þessarar greinar er að tryggja að endurskoðendum eða endurskoðunarfyrirtækjum sé ekki vikið frá nema af gildum ástæðum. Þetta er í samræmi við 38. gr. 8. félagatilskipunarinnar.

Ákvæði 2. mgr. er í samræmi við 3. tölul. 23. gr. 8. félagatilskipunarinnar.

Til að tryggja óhæði endurskoðenda gagnvart einingu tengdri almannahagsmunum enn frekar er lagt til ákvæði um takmörkun á starfstíma endurskoðanda, sbr. 3. mgr. Endurskoðandi sem áritar reikningsskil einingar tengdrar almannahagsmunum skal hverfa frá endurskoðun hennar í tvö ár að lágmarki, hafi hann sinnt verkinu í sjö ár samfellt eftir að honum var falið verkið. Endurskoðandi telst hafa sinnt verkinu samfellt ef ekki hefur orðið hlé á þeim störfum hans sem varað hafa í a.m.k. tvö ár. Komi endurskoðandinn aftur að endurskoðun félagsins að tveimur árum liðnum hefst nýtt sjö ára tímabil. Endurskoðanda innan sama endurskoðunarfyrirtækis er heimilt að taka við hlutverki þess endurskoðanda sem hverfur frá verkinu. Þetta ákvæði er í samræmi 2. tölul. 42. gr. 8. félagatilskipunarinnar.

Endurskoðanda sem áritar endurskoðuð reikningsskil einingar tengdrar almannahagsmunum er ekki heimilt að taka við lykilstjórnunarstöðu hjá viðkomandi fyrirtæki fyrr en a.m.k. tvö ár eru liðin frá því að hann tók þátt í endurskoðun fyrirtækisins. Ákvæðið er í samræmi við 3. tölul. 42. gr. 8. félagatilskipunarinnar og þarfnast ekki frekari skýringar.

Um 21. gr.

Grein þessi tekur á þóknun fyrir endurskoðun en hún skal miðuð við það að hún geri endurskoðanda kleift að komast að rökstuddri niðurstöðu til þess að láta í ljós álit í samræmi við þær faglegu kröfur sem settar eru fram í þessum lögum og gilda almennt um störf endurskoðenda. Endurskoðandi þarf til að mynda að geta sýnt fram á að þóknun fyrir endurskoðunarstarf nægi miðað við þann tíma og það starfsfólk sem lagt hefur verið til verksins og fyrir að fylgja endurskoðunarstöðlum og öðrum reglum sem um störf hans gilda.

2. mgr. uppfyllir kröfu 25. gr. 8. félagatilskipunarinnar um að ekki er heimilt að krefjast þóknunar fyrir endurskoðun þar sem greiðsla eða fjárhæð þóknunarinnar er með einhverjum hætti skilyrt eða tengd öðru en endurskoðuninni.

Um VII. kafla.

Í kaflanum er fjallað um gæðaeftirlit sem endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki skulu sæta en í samræmi við IV. kafla laganna annast Félag löggiltra endurskoðenda gæðaeftirlitið og greiðir kostnað vegna þess. Í núgildandi lögum er ekki fjallað um gæðaeftirlit en skv. 8. félagatilskipun ber stjórnvöldum að tryggja að allir endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki vinni eftir gæðareglum og að opinbert eftirlit sé haft með því að þeim reglum sé fylgt.

Um 22. gr.

Í greininni er að finna reglur um gæðaeftirlit með endurskoðunarfyrirtækjum, endurskoðendum sem þar starfa og sjálfstætt starfandi endurskoðendum. Ákvæðinu er m.a. ætlað að tryggja innleiðingu á 29. gr. tilskipunarinnar en samkvæmt greininni er framangreindum aðilum skylt að sæta gæðaeftirliti eigi sjaldnar en á sex ára fresti í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

Með 2. mgr. er lagt til að gerðar verði ítarlegri kröfur til þeirra sem annast endurskoðun einingar tengdrar almannahagsmunum á þann hátt að þeim aðilum verði gert skylt að sæta gæðaeftirliti eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti.

Endurskoðendaráð setur reglur um framkvæmd gæðaeftirlits og val gæðaeftirlitsmanna svo að tryggt sé að þeir séu óháðir þeim sem eftirlitið beinist að.

Skal endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki veita þeim sem sinnir gæðaeftirliti nauðsynlega aðstoð og aðgang að upplýsingum sem óskað er eftir. Jafnframt er tekið fram að ákvæði um þagnarskyldu takmarka ekki skyldu þess sem gæðaeftirlitið beinist að til veita þeim sem sinnir gæðaeftirliti upplýsingar og aðgang að gögnum.

Endurskoðendaráð skal árlega birta upplýsingar um heildarniðurstöðu gæðaeftirlitsins.

Um VIII. kafla.

Í kaflanum er fjallað um brottfall endurskoðunarréttinda í fjórum greinum. Töluverður greinarmunur er gerður á því hvort endurskoðandi hefur lagt inn réttindi sín eða hvort þau hafa verið felld niður.

Um 23. gr.

Með greininni er lagt til að það verði á ábyrgð endurskoðandans að tilkynna það endurskoðendaráði ef hann fullnægir ekki skilyrðum laganna til þess að njóta löggildingar sem endurskoðandi.

Um 24. gr.

Í greininni er fjallað um það þegar endurskoðandi leggur inn réttindi sín en endurskoðandi getur almennt alltaf lagt inn endurskoðunarréttindi sín og falla þá niður réttindi og skyldur hans sem endurskoðanda nema annað leiði af lögum. Það á m.a. við kröfur laganna um starfsábyrgðartryggingu og endurmenntun. Endurskoðanda er þó eigi heimilt að leggja inn réttindi sín ef mál hans er til meðferðar hjá endurskoðendaráði. Slík takmörkun er talin nauðsynleg t.d. til að koma í veg fyrir að endurskoðandi geti komist hjá niðurfellingu réttinda með því að leggja inn réttindi sín eftir að málið hefur verið tekið fyrir hjá endurskoðendaráði. Endurskoðendaráð getur þó heimilað að endurskoðandi leggi inn réttindi sín þó að mál viðkomandi endurskoðenda sé til meðferðar hjá ráðinu ef annmarkar eru óverulegir að mati endurskoðendaráðs.

Í 2. mgr. er tekið fram að ef endurskoðandi hefur lagt inn réttindi sín skuli veita honum þau á ný án endurgjalds ef hann sækir um að fá réttindin að nýju og hann fullnægir öllum skilyrðum til að njóta þeirra þegar hann sækir um og uppfylli endurmenntunarkröfur sem jafna má til þriggja ára endurmenntunartímabils, sbr. 7. gr. frumvarpsins.

Um 25. gr.

Greinin fjallar um niðurfellingu á réttindum endurskoðanda en í 1. mgr. er tekið fram að þau falli niður eftir ákvörðun ráðherra ef hann fullnægir ekki skilyrðum laganna til að njóta þeirra eða eftir tillögu þess efnis frá endurskoðendaráði.

Samkvæmt 2. mgr. getur endurskoðandi sem hefur orðið að sæta niðurfellingu réttinda skv. 1. mgr. óskað eftir endurnýjun réttindanna ef hann fullnægir öllum skilyrðum til löggildingar þegar hann sækir um. Honum skulu þá veitt réttindin að nýju ef hann stenst próf til löggildingar til endurskoðunarstarfa skv. 5. gr. frumvarpsins. Ráðherra getur heimilað þeim sem sækir um endurnýjun réttinda undanþágu frá þeirri kröfu að þurfa að standast prófið skv. 5. mgr. ef endurskoðendaráð mælir með því að slík undanþága verði veitt.

Samkvæmt 3. mgr. getur endurskoðendaráð lagt til við ráðherra að réttindi endurskoðunarfyrirtækis verði felld niður ef það uppfyllir ekki skilyrði laganna til að njóta þeirra.

Um 26. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um IX. kafla.

Í þessum kafla eru tvær greinar, annars vegar með ákvæðum um skaðabætur og hins vegar um refsingar. Ákvæði um skaðabætur er ekki í gildandi lögum og er því 23. gr. nýmæli í lögum. Lagt er til að ákvæði 24. gr. um refsingar verði breytt nokkuð frá því sem er í 20. gr. gildandi laga.

Um 27. gr.

Ákvæði um skaðabætur er nýmæli í lögum um endurskoðendur. Ákvæðið á ekki að leiða til breytinga á þeim óskráðu reglum sem gilda um skaðabótaábyrgð endurskoðenda. Um bótagrundvöllinn vegna tjóns sem endurskoðandi veldur í starfi sínu gildir sakarreglan. Jafnframt ber endurskoðandi ábyrgð á tjóni sem starfsmaður hans veldur með saknæmum hætti á grundvelli reglunnar um vinnuveitandaábyrgð. Álíka ákvæði er að finna í lögum um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa og var höfð hliðsjón af þeim við gerð ákvæðisins.

Um 28. gr.

Í greininni er kveðið á um viðurlög varðandi brot gegn lögum þessum og reglum. Í ákvæðinu er lagt til að kveðið verði á um að brot gegn lögum þessi varði refsingu hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi.

Í 2. mgr. er kveðið á um að heimilt sé að gera upptækan með dómi beinan eða óbeinan hagnað sem hlotist hefur af broti gegn ákvæðum laganna er varða refsingu.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að tilraun til brots eða hlutdeild í brotum á ákvæðum laga þessara sé refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

Um X. kafla.

Í þessum kafla eru þrjár greinar. Fjallað er um skýrslu endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækja um gagnsæi en það er nýmæli frá núgildandi lögum. Jafnframt er ítarlegt ákvæði í kaflanum um þagnarskyldu og í lokagrein kaflans er að finna ákvæði um að ráðherra geti sett reglugerð um nánari framkvæmd þessara laga.

Um 29. gr.

Þessi grein kveður á um að endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki sem hafa með höndum endurskoðun eininga tengdra almannahagsmunum skuli, á vefsetri sínu, birta skýrslu um gagnsæi. Skýrslan skal birt eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers reikningsárs endurskoðunarfyrirtækisins.

Í 2. mgr. eru talin upp atriði sem a.m.k. skulu koma fram í skýrslunni. Skýrslan um gagnsæi skal undirrituð af endurskoðanda eða stjórn endurskoðunarfyrirtækis eftir atvikum. Eftirlit með skýrslunum er í höndum endurskoðendaráðs. Ákvæði þessarar greinar eru í samræmi við 40. gr. 8. félagatilskipunar.

Um 30. gr.

Greinin fjallar um þagnarskyldu endurskoðenda, starfsmanna endurskoðenda, eftirlitsaðila og hverra þeirra sem taka að sér verk í þágu endurskoðenda eða eftirlitsaðila. En þeir eru bundnir þagnarskyldu um allt það er þeir kunna að komast að vegna starfa sinna og leynt skal fara samkvæmt lögum eða eðli máls, nema dómari úrskurði að skylt sé að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

Í 2. mgr. er tekið fram að þrátt fyrir 1. mgr. sé endurskoðendaráði heimilt að hafa samvinnu við erlenda eftirlitsaðila eða lögbær yfirvöld erlendis og láta þeim í té upplýsingar að því tilskildu að viðkomandi erlendir aðilar séu undir eftirliti í sínu heimalandi. Þessi málsgrein er í samræmi við 36. gr. tilskipunarinnar.

Um 31. gr.

Ákvæðið mælir fyrir um heimild ráðherra til að setja nánari ákvæði um framkvæmd laganna. Fyrirséð er að Evrópusambandið mun útfæra nánar reglur varðandi ýmis ákvæði tilskipunarinnar, þar á meðal gefa út alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Í ljósi þessa þykir rétt að veita ráðherra heimild til að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna.

Um XI. kafla.

Í XI. kafla laganna eru ákvæði um innleiðingu 8. félagatilskipunar, gildistöku frumvarpsins og fleira.

Um 32. gr.

Í þessari grein kemur fram hvaða tilskipun frumvarpinu er ætlað að innleiða.

Um 33. gr.

Í greininni er lagt til að lögin öðlist gildi 1. janúar 2009. Jafnframt er í ákvæðinu lagt til að núgildandi lög um endurskoðendur, nr. 18/1997, falli úr gildi.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Með ákvæðinu er lagt til að reglur gildandi laga um endurmenntun endurskoðenda haldi gildi sínu þar til núgildandi endurmenntunartímabili lýkur. Ákvæði frumvarpsins um endurmenntun koma því ekki til framkvæmda fyrr en 1. janúar 2010 og er við það miðað að þá hefjist fyrsta þriggja ára endurmenntunartímabil endurskoðenda skv. 7. gr. frumvarpsins.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um endurskoðendur.

Frumvarp þetta miðar að því að koma til framkvæmda hér á landi 8. félagatilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB frá 17. maí 2006 um lögboðna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikninga. Einn helsti tilgangur frumvarpsins er að tryggja með betri hætti en áður að fjárfestar og aðrir hagsmunaaðilar geti reitt sig á störf endurskoðenda. Meðal helstu breytinga sem lagðar eru til í frumvarpinu eru að gerðar verði auknar kröfur til endurskoðenda og eftirlits með störfum þeirra. Lagt er til að tekin verði upp skylduaðild endurskoðenda að Félagi löggiltra endurskoðenda sem heldur skrá yfir endurmenntun endurskoðenda, annast gæðaeftirlit með störfum þeirra og setur siðareglur fyrir endurskoðendur að fenginni staðfestingu ráðherra. Félag löggiltra endurskoðenda ber straum af kostnaði vegna starfa sinna.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að eftirliti með störfum endurskoðenda verði komið þannig fyrir að það fari fram hjá endurskoðendaráði sem skal skipað af fjármálaráðherra. Endurskoðendaráð er sjálfstætt í störfum sínum og úrskurðir þess sæta ekki stjórnsýslukæru. Endurskoðendaráð hefur því stöðu stjórnsýslunefndar á þessu sviði og fer með opinbert eftirlit og stjórnsýsluvald. Endurskoðendaráð á að hafa eftirlit með því að endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki ræki störf sín í samræmi við ákvæði þessara laga og aðrar reglur sem taka til starfa endurskoðenda. Samkvæmt frumvarpinu skal sérhver endurskoðandi greiða í ríkissjóð árlegt gjald að fjárhæð 50.000 kr. til að standa straum af kostnaði við störf endurskoðendaráðs.

Í ljósi þessa fyrirkomulags og með hliðsjón af lögum um fjárreiður ríkisins telur fjármálaráðuneytið að innheimt árgjald og ráðstöfun þess til að mæta kostnaði við eftirlit sem leiða kann af ákvæðum frumvarpsins beri að færa í fjárlög og ríkisreikning á svipaðan hátt og á við um önnur lögþvinguð eftirlitsgjöld og ráðstöfun þeirra. Felur það í sér að í fjárlögum verði veitt fjárheimild jafnhá lögboðna gjaldinu til að heimila ráðstöfun á því til endurskoðendaráðs. Lausleg áætlun ráðuneytisins og Félags löggiltra endurskoðenda bendir til að árlegur kostnaður við starf endurskoðendaráðs gæti numið í kringum 10 m.kr., sem færist þá til gjalda í ríkisreikningi. Á móti komi jafnháar tekjur af eftirlitsgjaldinu.

828. Frumvarp til laga [527. mál]

um breyting á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætist nýr töluliður er orðast svo:

14. *eining tengd almannahagsmunum:* eining samkvæmt skilgreiningu laga um endurskoðendur.

2. gr.

Á eftir IX. kafla laganna kemur nýr kafli, IX. kafli A, **Endurskoðunarnefnd**, með fjórum nýjum greinum, svohljóðandi:

a. (108. gr. a.)

Við einingu tengda almannahagsmunum skal starfa endurskoðunarnefnd.

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á skipun endurskoðunarnefndar. Hún skal skipuð þremur mönnum hið minnsta eigi síðar en mánuði eftir aðalfund.

Nefndarmenn skulu vera óháðir endurskoðanda eða endurskoðendum einingarinnar og meiri hluti nefndarmanna skal jafnframt vera óháður einingunni. Framkvæmdastjóri viðkomandi einingar skal ekki eiga sæti í nefndinni. Nefndarmenn skulu hafa þekkingu og reynslu í samræmi við störf nefndarinnar og skal að minnsta kosti einn nefndarmanna hafa staðgóða þekkingu og reynslu á sviði reikningsskila eða endurskoðunar.

b. (108. gr. b.)

Endurskoðunarnefnd skal meðal annars hafa eftirfarandi hlutverk án tillits til ábyrgðar stjórnar, stjórnenda eða annarra á þessu sviði:

1. Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila.
2. Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits einingarinnar, innri endurskoðun, ef við á, og áhættustýringu.
3. Eftirlit með endurskoðun ársreiknings og samstæðureiknings einingarinnar.
4. Mat á óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis og eftirlit með öðrum störfum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis.
5. Setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki.

c. (108. gr. c.)

Í einingum tengdum almannahagsmunum skal tillaga stjórnar um tilnefningu endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis byggjast á tilmælum frá endurskoðunarnefndinni.

d. (108. gr. d.)

Endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki skal árlega gera endurskoðunarnefnd grein fyrir störfum sínum og óhæði og skila skriflegri skýrslu um mikilvæg atriði sem fram hafa komið við endurskoðunina. Í skýrslunni skal sérstaklega geta um veikleika í innra eftirliti í vinnuferli við gerð reikningsskila.

3. gr.

Innleiðing.

Lög þessi eru sett til þess að taka upp í innlendan rétt ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB frá 17. maí 2006 um lögboðna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikninga, um breytingu á tilskipun ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 84/253/EBE eins og hún var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 160/2006.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2009.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til nýrra laga um endurskoðendur. Frumvarpið miðar að því að koma til framkvæmda hér á landi ákveðnum þáttum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB frá 17. maí 2006 um lögboðna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikninga, um breyting á tilskipun ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 84/253/EBE, hér eftir nefnd 8. félagatilskipun.

Þær breytingar sem hér eru lagðar til eru nauðsynlegar til að tryggja lögleiðingu á framangreindri tilskipun og því þykir rétt að leggja fram frumvarpið nú samhliða frumvarpi til laga um endurskoðendur. Fyrir liggur að gera þarf frekari breytingar á núgildandi lögum nr. 3/2006, um ársreikninga, og hefur ráðuneytið unnið að endurskoðun laganna um nokkurt skeið en þeirri vinnu er ekki lokið. Gert er ráð fyrir að á næstkomandi haustþingi verði lagt fram frumvarp til frekari breytinga á lögum um ársreikninga.

Með 8. félagatilskipun eru kröfur til endurskoðenda og endurskoðunarfyrirtækja auknar töluvert. Eitt helsta markmið tilskipunarinnar er að tryggja með betri hætti en áður að fjárfestar og aðrir hagsmunaaðilar geti reitt sig á gæði fjármálaupplýsinga og störf endurskoðenda. Talið er sérstaklega mikilvægt að tryggja slíkt hjá aðilum tengdum almannahagsmunum enda eru þeir sýnilegri og mikilvægari efnahagslega og í því skyni er lagt til að strangari kröfur gildi um endurskoðun þeirra. Í frumvarpi til laga um endurskoðendur er hugtakið „eining tengd almannahagsmunum“ (e. public interest entities) látið ná til þessara aðila en til nánari skýringar á hugtakinu vísast til frumvarps til laga um endurskoðendur. Með því frumvarpi sem hér um ræðir er lagt til að allar einingar tengdar almannahagsmunum skuli hafa starfandi endurskoðunarnefnd innan einingarinnar. Endurskoðunarnefndin er eftirlitsnefnd og með því að kveða á um skipun slíkrar nefndar er leitast við að tryggja gæði ársreikninga og annarra fjármálaupplýsinga viðkomandi einingar og óhæði endurskoðenda einingarinnar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að bætt verði nýjum tölulið við 2. gr. laganna og orðasambandið eining tengd almannahagsmunum skýrt. Hugtakið er skýrt sérstaklega í frumvarpi til laga um endurskoðendur, sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi, og ekki þótti heppilegt að skýra það einnig í þessu frumvarpi.

Um 2. gr.

Lagt er til að við lögin verði bætt nýjum kafla, IX. kafla A, sem ber heitið endurskoðunarnefnd. Í kaflanum eru fjórar nýjar greinar sem fjalla um skipun og störf endurskoðunarnefndar.

Um a-lið (108. gr. a).

Í 1. mgr. kemur fram að við einingu tengda almannahagsmunum skuli starfa endurskoðunarnefnd.

Í 2. mgr. er fjallað um skipun endurskoðunarnefndar en stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á skipun nefndarinnar.

Í 3. mgr. er fjallað um óhæði þeirra sem sæti eiga í endurskoðunarnefndinni. Nefndarmenn skulu vera óháðir þeim sem endurskoðar einingunа. Jafnframt skal meiri hluti nefndarmanna vera óháður einingunni. Með hliðsjón af verkefnum endurskoðunarnefndarinnar er gerð krafa um að allir nefndarmenn búi yfir þekkingu og reynslu í samræmi við störf nefndarinnar og að minnsta kosti einn nefndarmanna hafi þekkingu og reynslu á sviði reikningsskila eða endurskoðunar.

Um b-lið (108. gr. b).

Í ákvæðinu eru talin upp hlutverk endurskoðunarnefndarinnar og tekið fram að þau hafi ekki áhrif á ábyrgð stjórnar, stjórnenda eða annarra á þessu sviði. Þannig getur endurskoðunarnefndin til að mynda ekki takmarkað ábyrgð stjórnar á reikningsskilum einingarinnar.

Um c-lið (108. gr. c).

Í samræmi við 8. félagatilskipun er með ákvæðinu lagt til að í einingum tengdum almannahagsmunum skuli tillaga stjórnar um tilnefningu endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis byggjast á tilmælum frá endurskoðunarnefndinni.

Um d-lið (108. gr. d).

Ákvæðið þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 3. gr.

Í þessari grein kemur fram hvaða tilskipun frumvarpinu er ætlað að innleiða.

Um 4. gr.

Í greininni er lagt til að lögin taki gildi 1. janúar 2009 til samræmis við frumvarp til laga um endurskoðendur.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga breyting á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga, með síðari breytingum

Frumvarpið er lagt fram samhliða frumvarpi til nýrra laga um endurskoðendur. Með því er lagt til að tilteknir lögaðilar sem taldir eru mikilvægir frá sjónarhóli almannahagsmuna, svokallaðar einingar tengdar almannahagsmunum, skuli hafa starfandi endurskoðunarnefnd.

Þar má m.a. nefna félög sem eru með skráð verðbréf á skipulögðum verðbréfamarkaði og lífeyrissjóði. Með því að kveða á um skipun slíkrar nefndar er leitast við að tryggja gæði ársreikninga og annarra fjármálaupplýsinga viðkomandi einingar og að endurskoðendur einingarinnar séu óháðir.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

829. Frumvarp til laga [528. mál]

um breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 9. gr. laganna:

a. 4. málsl. orðast svo: Heimilt er að segja upp samningi með tveggja mánaða fyrirvara.
b. Við 5. málsl. bætist: enda varði samningur ráðstöfun á skyldubundnu lágmarksiðgjaldi skv. 2. gr.

2. gr.

Við 1. mgr. 11. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Um heimild til endurgreiðslu lífeyrissparnaðar í séreign til erlendra ríkisborgara gilda ákvæði 4. mgr. 19. gr.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Lífeyrissjóði er heimilt að gefa sjóðfélögum kost á að flýta töku lífeyris, enda hefjist taka lífeyris ekki fyrr en sjóðfélagi verður 60 ára, og fresta töku lífeyris en þó ekki lengur en til 75 ára aldurs.
b. Í stað orðanna „Í síðasta lagi sjö árum áður en taka ellilífeyris getur fyrst hafist“ í 2. tölul. 3. mgr. kemur: Áður en taka lífeyris hefst en þó eigi síðar en fyrir 65 ára aldur.

4. gr.

Við 18. gr. laganna bætist ný málsgrein, sem verður 4. mgr., svohljóðandi:

Lífeyrissjóðum er heimilt að skila þeim yfirlitum sem um getur í 2. og 3. mgr. með rafrænum hætti til sjóðfélaga óski sjóðfélagi eftir því.

5. gr.

2. málsl. 28. gr. laganna fellur brott.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Með því að lána verðbréf að uppfylltum skilyrðum 10. mgr.

b. Í stað orðsins „Liechtenstein“ í 2. og 3. málsl. 2. mgr. og 1. málsl. 3. mgr. kemur: ríkja Evrópska efnahagssvæðisins.
c. Við bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
Lífeyrissjóðum er heimilt að lána verðbréf. Verðbréfalán lífeyrissjóðs mega þó ekki nema hærri fjárhæð en 25% af hreinni eign sjóðsins. Gerður skal skriflegur lánasamningur er skilgreini réttindi og skyldur samningsaðila. Lánstími má vera allt að 12 mánuðum en þó er lífeyrissjóðum heimilt að lána verðbréf ótímabundið ef lánasamningur kveður á um heimild til innköllunar með eigi meira en fimm viðskiptadaga fyrirvara. Ef greiddur er út arður eða vextir eða annar hagnaður af lánuðum verðbréfum á lánstímanum skulu samsvarandi greiðslur greiddar sjóðnum samkvæmt nánari skilmálum í lánasamningi. Auk þess skal annað eftirtalinna skilyrða vera uppfyllt:
1. Samningur um verðbréfalán fari fram fyrir tilstilli viðurkenndrar verðbréfamiðstöðvar eða viðurkenndrar kauphallar, eða
2. lántakinn hafi starfsleyfi og lúti eftirliti vegna verðbréfaviðskipta á Evrópska efnahagssvæðinu.

Í tengslum við verðbréfalán skal setja tryggingar sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:
1. Virði tryggingarinnar á samningstímanum skal samsvara að minnsta kosti markaðsverðmæti þeirra fjármálagerninga sem eru lánaðir.
2. Trygging skal vera á formi reiðufjár eða verðbréfa, sem annars vegar eru gefin út með ábyrgð aðildarríkis OECD eða EES-ríkis eða sveitarfélögum þeirra eða alþjóðastofnunum eða hins vegar verðbréfa sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.
3. Trygging skal vera handveð.
4. Séu verðbréf sett sem trygging fyrir láni skal hvað þau varðar fylgja reglum 2.–5. mgr.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu eru gerðar nokkrar breytingar á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Meginbreytingin er sú að lífeyrissjóðum verður heimilt að taka þátt í skipulegum lánamarkaði með verðbréf. Þá eru lagðar eru til nokkrar breytingar sem stefna að auknum sveigjanleika við ráðstöfun lífeyrisréttinda og greiðslu ellilífeyris auk nokkurra smærri breytinga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í a-lið greinarinnar er lagt til að uppsagnarfrestur samnings um viðbótartryggingavernd eða séreignarsparnað verði styttur út sex mánuðum í tvo. Rétt þykir að auka sveigjanleika aðila til ráðstöfunar þess iðgjaldshluta sem er umfram iðgjaldshluta til öflunar lágmarkstryggingaverndar með því að stytta uppsagnarfrestinn.

Samkvæmt núgildandi 5. málsl. 1. mgr. 9. gr. skal sá sem segir upp samningi um viðbótartryggingavernd og séreignarsparnað tilkynna uppsögn til þess lífeyrissjóðs sem ráðstafar iðgjaldi hans til lágmarkstryggingaverndar. Að öðrum kosti tekur uppsögnin ekki gildi. Í b-lið 1. gr. frumvarpsins er lagt til að þessi tilkynningarskylda falli brott ef viðkomandi samningur

varðar einvörðungu ráðstöfun iðgjalds umfram skyldubundið lágmarksiðgjald skv. 2. gr. laganna. Ef samningur varðar hins vegar að einhverju leyti ráðstöfun á iðgjaldi til lágmarkstryggingaverndar er uppsögn hans áfram háð tilkynningu skv. 5. málsl. 1. mgr. 9. gr. laganna.

Um 2. gr.

Í greininni er lagt að tekinn verði af allur vafi um rétt erlendra ríkisborgara til endurgreiðslu iðgjalda vegna öflunar lífeyrisréttinda í séreign þegar þeir flytjast úr landi enda sé slíkt ekki óheimilt samkvæmt milliríkjasamningi sem Ísland á aðild að. Ákvæði þess efnis er í III. kafla laganna þar sem kveðið er á um lífeyrissparnað í sameign. Rétt þykir að sömu endurgreiðsluheimildir gildi um iðgjöld til öflunar lífeyrisréttinda í séreign. Því er lagt til að í II. kafla þar sem fjallað er um lífeyrissparnað í séreign verði vísað til 4. mgr. 19. gr.

Um 3. gr.

Í a-lið er lagt til að svigrúm lífeyrissjóðs til þess að gefa sjóðfélögum kost á að flýta eða fresta töku lífeyris verði aukið úr fimm árum í allt að 10 ár eftir því hvenær sjóðfélagi getur hafið töku lífeyris samkvæmt almennri reglu, þ.e. sjóðfélagi geti í fyrsta lagi hafið töku lífeyris 60 ára og í síðasta lagi þegar hann hefur náð 75 ára aldri. Með þessum hætti geta lífeyrissjóðir boðið sjóðfélögum, sem eiga réttindi í fleiri en einum sjóði, að hefja töku ellilífeyris úr báðum eða öllum sjóðunum á einum tímapunkti.

Í b-lið er lagt til að heimildir sjóðfélaga og maka hans eða eftir atvikum fyrrverandi maka til þess að ákveða með gagnkvæmum hætti að verðmæti uppsafnaðra ellilífeyrisréttinda þeirra skuli allt að hálfu renna til hins verði rýmkaðar þannig að svigrúm til slíkrar ákvörðunar verði aukið. Það er skilyrði í núgildandi lögum að slík ákvörðun liggi fyrir í síðasta lagi sjö árum áður en taka lífeyris getur fyrst hafist. Heimildin hefur verið lítið notuð og það kann að vera vegna þessa tímaskilyrðis. Því er lagt til að heimildin verði rýmkuð þannig að heimildin gildi uns taka lífeyris hefst en þó eigi lengur en til 64 ára aldurs, þ.e. samningur þarf að liggja fyrir áður en 65 ára aldri er náð í síðasta lagi. Með hliðsjón af mikilli atvinnuþátttöku bæði karla og kvenna og að almennt er ekki mikill aldursmunur á hjónum ætti rýmkunin ekki að hafa mikil fjárhagsleg áhrif í raun.

Um 4. gr.

Í greininni er lagt til að lífeyrissjóðir geti boðið sjóðfélögum upp á að afþakka hefðbundin pappírsyfirlit enda miðli lífeyrissjóður viðeigandi upplýsingum til þeirra með sannanlegum og tryggum hætti á lokuðu vefsvæði eða öðrum sambærilegum rafrænum hætti. Upplýsingagjöf lífeyrissjóða til sjóðfélaga í gegnum lokuð vefsvæði hefur stóraukist á síðastliðnum árum og því er lagt til að sjóðfélögum verði veitt heimild til þess að afþakka hefðbundin pappírsyfirlit telji þeir hinn vefræna aðgang fullnægjandi.

Um 5. gr.

Í greininni er lagt til að heimild samtaka lífeyrissjóða til þess að geta tilkynnt breytingar á samþykktum í umboði aðildarsjóða sinna verði felld brott. Reynslan hefur sýnt að ekki er þörf á slíkri heimild.

Um 6. gr.

Í greininni eru lagðar til tvenns konar breytingar á 36. gr. laganna. Annars vegar er lagt til að lífeyrissjóðum verði heimilt að taka þátt í viðskiptum á skipulegum lánamarkaði með

verðbréf og hins vegar að vísað verði til EES-ríkjanna í 2. og 3. mgr. greinarinnar en átta ríki, sem ekki eiga aðild að Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD), hafa fengið inngöngu í Evrópusambandið á undanförnum árum.

Í a- og c-lið greinarinnar er lagt er til að lífeyrissjóðum verði heimilt að taka þátt í skipulegum lánamarkaði með verðbréf. Með því er átt við að lífeyrissjóður geti yfirfært verðbréf tímabundið til annars aðila, þ.e. lántaka, á grundvelli samnings þar um. Er lántaki skuldbundinn til að skila bréfunum til að baka annaðhvort að kröfu lífeyrissjóðs eða að tilteknum tíma liðnum. Rétt þykir að lánveitingar af þessu tagi nemi ekki hærri fjárhæð en sem nemur 25% af hreinni eign lífeyrissjóðs. Í ákvæðinu er mælt fyrir um að verðbréf verði eingöngu lánuð til lántaka sem hafa starfsleyfi eða heimild til þess að stunda verðbréfaskipti á EES-svæðinu eða fyrir tilstilli viðurkenndrar verðbréfamiðstöðvar eða viðurkenndrar kauphallar. Að auki eru sett skilyrði um að fullnægjandi tryggingar séu settar annaðhvort í formi reiðufjár eða annarra verðbréfa. Tryggingar þurfa að lágmarki að vera jafnverðmætar verðmæti þeirra verðbréfa sem eru lánuð. Enn fremur skal trygging vera á formi handveðs og því er ekki hægt að nýta trygginguna til frekari fjárfestinga. Þá er mælt fyrir um að séu verðbréf sett sem trygging fyrir láni skuli hvað þau varðar fylgja reglum 2.–5. mgr. 36. gr. laganna.

Í b-lið er lögð til breyting sem leiðir af samningsskuldbindingum okkar samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningnum). Hún felst í því að tryggja lífeyrissjóðum heimild til að fjárfesta í verðbréfum sem skráð eru eða eftir atvikum gefin út af aðilum í EES-ríkjum með sama hætti og aðilum innan OECD, en ein níu EES-ríki eru ekki aðilar að stofnuninni.

Um 7. gr.

Í greininni er kveðið á um gildistöku laganna.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum. Meginbreytingin er sú að lagt er til að lífeyrissjóðum verði heimilt að taka þátt í skipulegum lánamarkaði með verðbréf. Í því felst að lífeyrissjóður geti yfirfært verðbréf tímabundið til annars aðila, þ.e. lántaka, fyrir þóknun á grundvelli samnings þar um. Þá eru lagðar til nokkrar breytingar sem miða að auknum sveigjanleika við ráðstöfun lífeyrisréttinda og greiðslu ellilífeyris auk nokkurra smærri breytinga.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

830. Frumvarp til laga [529. mál]

um breyting á lögum nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Fasteignaskrá Íslands fer með yfirstjórn fasteignaskráningar samkvæmt lögum þessum og rekstur gagna- og upplýsingakerfis er nefnist fasteignaskrá á tölvutæku formi.

Í fasteignaskrá skal skrá allar fasteignir í landinu. Kjarni fasteignaskrár eru upplýsingar um lönd og lóðir og hnitsett afmörkun þeirra, mannvirki við þau skeytt og réttindi þeim viðkomandi. Fasteignaskrá er grundvöllur þinglýsingabókar fasteigna, mats fasteigna og húsaskrár Þjóðskrár og þannig úr garði gerð að hún nýtist sem stoðgagn í landupplýsingakerfum. Saga breytinga á skráningu fasteignar skal varðveitt í fasteignaskrá.

2. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skipar þrjá menn í stjórn Fasteignaskrár Íslands. Skal einn tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einn af Samtökum fjármálafyrirtækja og einn skipaður án tilnefningar. Skal stjórnin skipuð til fjögurra ára.

Stjórn Fasteignaskrár Íslands mótar starf og innra skipulag stofnunarinnar og hefur eftirlit með starfsemi hennar. Stjórnin gerir tillögur að gjaldskrá stofnunarinnar sem síðan skal staðfest af ráðherra. Við ákvörðun gjaldskrár skal taka mið af kostnaði einstakra rekstrarþátta sem skulu aðgreindir í bókhaldi. Gjaldskrá skal endurskoðuð árlega.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. Í stað orðins „fasteignamatshluta“ í 1. mgr. kemur: matshluta.
b. 1. tölul. 1. mgr. orðast svo: Í stofnhluta eru heiti, auðkenni og hnitsett afmörkun fasteigna sem birt skal í fasteignaskrá á myndrænan hátt.
c. Í stað orðsins „fasteignamatshluta“ í 3. tölul. 1. mgr. kemur: matshluta.

4. gr.

11. gr. laganna orðast svo:

Þær upplýsingar sem sveitarfélög forskrá í stofnhluta fasteignaskrár taka gildi þegar Fasteignaskrá Íslands hefur staðfest þær eða eftir atvikum þinglýsingarstjóri.

Heimilt er Fasteignaskrá Íslands að fela sveitarfélögum að fullskrá upplýsingar í fasteignaskrá.

5. gr.

1. mgr. 12. gr. laganna orðast svo:

Allar fasteignir skulu bera fast auðkenni, fasteignanúmer, sem Fasteignaskrá Íslands úthlutar. Númerið er hlaupandi raðtala og felur ekki í sér aðrar upplýsingar.

6. gr.

14. gr. laganna orðast svo:

Umsókn um stofnun fasteignar í fasteignaskrá skal leggja fram í viðkomandi sveitarfélagi. Stofnun fasteignar getur verið grundvölluð á samruna fasteigna eða skiptingu fasteignar, svo sem fjöleignar eða fjöleignarhúss, sbr. 15. gr. Umsókn skal undirrituð af eiganda eða eigendum upprunafasteignar og þar skal eftirfarandi koma fram:

a. fasteignanúmer þeirra fasteigna sem ný fasteign er mynduð af, sé um samruna að ræða,
b. fasteignanúmer þeirrar fasteignar sem skipta skal sé um slíkt að ræða,
c. afmörkun fasteignar á hnitsettum uppdrætti sem staðfestur hefur verið af skipulagsyfirvöldum, sé um skiptingu eða samruna lands að ræða,
d. auðkenni sameignarlands, sé um það að ræða.

Ef óskað er eftir að breyta fyrirliggjandi upplýsingum um fasteign skal eigandi sækja um breytingu á skráningarupplýsingum um fasteign í fasteignaskrá hjá viðkomandi sveitarfélagi.

7. gr.

1. og 2. mgr. 15. gr. laganna orðast svo:

Við myndun fasteignar í fjöleignarhúsi eða fjöleign skal skrá auðkenni hverrar fasteignar á grundvelli umsóknar um stofnun fasteignar í fasteignaskrá, sbr. 14. gr.

Fasteignir í fjöleign skulu skilgreindar með hlutfallstölu. Fasteignir í fjöleignarhúsum skulu afmarkaðar á grunnteikningum og skráningartöflu húss. Um skráningu fasteigna í fjöleignarhúsum fer samkvæmt lögum um fjöleignarhús.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:

a. Síðari málsliður 1. mgr. fellur brott.
b. 2. mgr. fellur brott.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. 1. mgr. fellur brott.
b. Í stað orðanna „með þinglýsingu stofnskjals“ í 2. mgr. kemur: í fasteignaskrá.

10. gr.

18. gr. laganna orðast svo:

Um þróun fasteignaskráningar og fasteignaskrár skal Fasteignaskrá Íslands hafa samráð við skráningarstjórnvöld og helstu hagsmunaaðila.

11. gr.

Fyrirsögn III. kafla laganna orðast svo: **Fasteignaskrá.**

12. gr.

Í stað orðanna „Fasteignamat ríkisins getur, hvenær sem það“ í 1. mgr. 21. gr. laganna kemur: Fasteignaskrá Íslands getur, hvenær sem hún.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 22. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Skráður eigandi fasteignar er sá sem hefur þinglýsta eignarheimild hverju sinni. Sé fasteign ekki skráð í þinglýsingarhluta fasteignaskrár er fyrrverandi eigandi ábyrgur fyrir tilkynningu til Fasteignaskrár um breytingar á eignayfirráðum yfir skráðri eign sinni.

b. Í stað orðsins „Þinglýsingardómurum“ í 3. mgr. kemur: Þinglýsingarstjórum.

c. Í stað orðsins „fasteignamatsins“ í 4. mgr. kemur: stofnunarinnar.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 24. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist: sbr. 2. mgr. 9. gr.

b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Í gjaldskrá skal m.a. kveða á um:

a. gjald sveitarfélaga fyrir afnot af fasteignamati og kerfi til álagningar fasteignaskatta og fasteignagjalda; skal gjaldið nema tilteknu hlutfalli af heildarfasteignamati í sveitarfélagi 31. desember ár hvert,

b. gjald vátryggingafélaga fyrir afnot af brunabótamati og kerfi því viðkomandi; skal gjaldið nema tilteknu hlutfalli af brunabótamati allra húseigna sem eru í tryggingu hjá vátryggingafélagi í lok hvers mánaðar,

c. gjald fyrir vélrænar fyrirspurnir úr þinglýsingabók,

d. gjald fyrir skráningu nýrrar fasteignar í fasteignaskrá.

15. gr.

1. og 2. mgr. 27. gr. laganna orðast svo:

Skráð matsverð fasteignar skal vera gangverð umreiknað til staðgreiðslu, miðað við heimila og mögulega nýtingu á hverjum tíma, sem ætla má að eignin hefði í kaupum og sölum í febrúarmánuði næst á undan matsgerð, enda taki hún gildi á tímabilinu 31. desember til loka febrúarmánaðar. Taki matsgerð gildi á tímabilinu 1. mars til 30. desember skal miða við febrúarmánuð þar næst á undan matsgerð, sbr. 32. gr. a.

Sé gangverð fasteignar ekki þekkt skal matsverð ákveðið eftir bestu fáanlegri vitneskju um gangverð sambærilegra fasteigna með hliðsjón af tekjum af þeim, kostnaði við gerð mannvirkja, aldri þeirra, legu eignar með tilliti til samgangna, nýtingarmöguleikum, hlunnindum, jarðvegsgerð, gróðurfari, náttúrufegurð og öðrum þeim atriðum sem kunna að hafa áhrif á gangverð eignarinnar.

16. gr.

3. mgr. 31. gr. laganna orðast svo:

Ákvæði 13., 14. og 18. gr. stjórnsýslulaga gilda ekki við meðferð mála samkvæmt þessari grein og 30. gr. laga þessara. Eiganda skal tilkynnt um nýtt eða breytt fasteignamat. Sætti eigandi sig ekki við ákvörðun fasteignamats getur hann gert skriflega og rökstudda kröfu um endurupptöku málsins innan eins mánaðar frá tilkynningu ákvörðunar.

17. gr.

Á eftir 32. gr. laganna kemur ný grein, 32. gr. a, svohljóðandi:

Fasteignaskrá Íslands skal endurmeta skráð matsverð allra fasteigna 31. maí ár hvert. Skal það verð talið fasteignamatsverð frá og með 31. desember þess árs til jafnlengdar næsta árs nema sérstök matsgerð komi til. Frestur eiganda til athugasemda skal vera mánuður frá tilkynningu ákvörðunar. Matsgerðir framkvæmdar á tímabilinu júní til desember skulu taka bæði til skráðs matsverðs og fyrirhugaðs matsverðs.

Fasteignaskrá Íslands ber eigi síðar en í júnímánuði ár hvert að gera hverju sveitarfélagi og hverjum eiganda grein fyrir niðurstöðum endurmats skv. 1. mgr. sem tekur gildi í viðkomandi sveitarfélagi næsta 31. desember.

18. gr.

Orðin „skv. 31. gr.“ í 34. gr. laganna falla brott.

19. gr.

35. gr. laganna fellur brott.

20. gr.

Í stað orðanna „Fasteignamat ríkisins“ í 1. mgr. 7. gr., 8. gr., 3.–8. mgr. 19. gr., 2. mgr. 22. gr., 1. og 2. mgr. 29. gr., 1. mgr. 30. gr., 2. mgr. 31. gr. og 32. gr., orðanna „Fasteignamati ríkisins“ í 2. mgr. 5. gr., 2. mgr. 6. gr., 1. mgr. 16. gr., 1. og 5. mgr. 19. gr., 20. gr., 3. og 4. mgr. 22. gr., 23. gr., 24. gr., 2. og 3. mgr. 29. gr., 1. og 2. mgr. 30. gr. og 32. gr. og orðanna „Fasteignamats ríkisins“ í 2. mgr. 6. gr., 2. mgr. 19. gr. og 1. mgr. 31. gr. laganna kemur í viðeigandi beygingarfalli: Fasteignaskrá Íslands.

21. gr.

Í stað orðanna „Landskrá fasteigna“ í 2. mgr. 3. gr., 1. mgr. 10. gr., 3. mgr. 16. gr., 2. og 4. mgr. 21. gr., 24. gr., 3. mgr. 30. gr., 4. mgr. 31. gr. og 2. mgr. 34. gr. og orðanna „Landskrár fasteigna“ í 2. og 3. mgr. 10. gr. og 25. gr. laganna kemur í viðeigandi beygingarfalli: fasteignaskrá.

22. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „0,007%“ í a-lið ákvæðis til bráðabirgða kemur: 0,006%.

23. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2009 að undanskilinni 22. gr. sem öðlast gildi nú þegar.

24. gr.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. *Lög um bæjanöfn o.fl., nr. 35/1953:* Í stað orðanna „Fasteignamati ríkisins“ í 3. gr. laganna kemur: Fasteignaskrá Íslands.
2. *Lög um framkvæmd eignarnáms, nr. 11/1973, með síðari breytingum:* Í stað orðanna „fasteignamati ríkisins“ í 18. gr. laganna kemur: Fasteignaskrá Íslands.
3. *Lög um stimpilgjald, nr. 36/1978:* Í stað orðanna „Fasteignamat ríkisins“ í 17. gr. laganna kemur: Fasteignaskrá Íslands.

4. *Þinglýsingalög, nr. 39/1978, með síðari breytingum:*
   a. Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 6. gr. laganna:
      i. Orðin „nema um stofnskjal sé að ræða“ í b-lið falla brott.
      ii. C-liður fellur brott.
      iii. Í stað orðsins „fastanúmers“ í d-lið kemur: fasteignanúmers.
      iv. Í stað orðanna „2. mgr. 20. gr.“ í e-lið kemur: fasteignaskrá.
   b. 2., 3. og 4. mgr. 20. gr. laganna falla brott.
   c. Í stað orðanna „þinglýsingar stofnskjals skv. 20. gr.“ í 2. mgr. 24. gr. laganna kemur: stofnunar fasteignar í fasteignaskrá skv. 14. gr. laga nr. 6/2001.
   d. Í stað orðanna „Landskrá fasteigna“ í 2. mgr. 8. gr., 1. mgr. 9. gr., 2. mgr. 13. gr., 2. mgr. 24. gr. laganna og 1.– 4. mgr. ákvæðis til bráðabirgða og orðanna „Landskrár fasteigna“ í 2. mgr. 8. gr. og 1. og 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða kemur í viðeigandi beygingarfalli: fasteignaskrá.
   e. Í stað orðanna „Fasteignamat ríkisins“ í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða við lögin kemur: Fasteignaskrá Íslands.
5. *Lög um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, með síðari breytingum:* 25. tölul. 14. gr. laganna fellur brott.
6. *Lög um fjöleignarhús, nr. 26/1994, með síðari breytingum:* Í stað orðanna „Fasteignamats ríkisins“ í 2. mgr. 17. gr. og orðanna „Fasteignamati ríkisins“ í 4. mgr. 17. gr. laganna kemur í viðeigandi beygingarfalli: Fasteignaskrá Íslands.
7. *Lög um brunatryggingar, nr. 48/1994, með síðari breytingum:*
   a. Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:
      i. Í stað 2. og 3. málsl. 2. mgr. koma þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Ákvæði 13., 14. og 18. gr. stjórnsýslulaga gilda ekki við meðferð mála um ákvörðun brunabótamats. Eiganda skal send tilkynning um nýtt eða breytt brunabótamat. Sætti eigandi sig ekki við ákvörðun brunabótamats getur hann gert skriflega og rökstudda kröfu um endurupptöku málsins innan eins mánaðar frá tilkynningu ákvörðunar.
      ii. 3. og 4. málsl. 10. mgr. falla brott.
      iii. Í stað orðanna „Landskrá fasteigna“ í 1. og 10. mgr. kemur: fasteignaskrá.
   b. Í stað orðanna „Fasteignamat ríkisins“ í 1., 2., 4., 7. og 10. mgr. 2. gr., orðanna „Fasteignamats ríkisins“ í 6. mgr. 2. gr. og 3. mgr. 3. gr. og orðanna „Fasteignamati ríkisins“ í 7. og 10. mgr. 2. gr. laganna kemur í viðeigandi beygingarfalli: Fasteignaskrá Íslands.
8. *Lög um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum:*
   a. Í stað orðanna „Landskrá fasteigna“ í 2. mgr. 2. gr., 1. mgr. 3. gr. og 1. og 4. mgr. 4. gr. laganna kemur: fasteignaskrá.
   b. Í stað orðanna „Fasteignamat ríkisins“ í 2. mgr. 2. gr. og 4. mgr. 4. gr. og orðanna „Fasteignamats ríkisins“ í 3. mgr. 4. gr. laganna kemur í viðeigandi beygingarfalli: Fasteignaskrá Íslands.
9. *Lög um grunnskóla, nr. 66/1995, með síðari breytingum:* Í stað orðanna „Fasteignamati ríkisins“ í 3. mgr. 21. gr. laganna kemur: Fasteignaskrá Íslands.
10. *Lög um Bjargráðasjóð, nr. 146/1995:* Í stað orðanna „Fasteignamat ríkisins“ í a-lið 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: Fasteignaskrá Íslands.
11. *Skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997, með síðari breytingum:*
   a. Orðin „sem skal þinglýsa“ í lokamálslið 1. mgr. 29. gr. laganna falla brott.

b. Í stað orðanna „Fasteignamat ríkisins“ í 2. mgr. 29. gr. og 3. mgr. 35. gr. og orðanna „Fasteignamati ríkisins“ í 3. mgr. 35. gr. laganna kemur í viðeigandi beygingarfalli: Fasteignaskrá Íslands.

12. *Lög um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, nr. 78/2002, með síðari breytingum:*
    a. Í stað orðanna „Landskrá fasteigna“ í 1. mgr. 3. gr. og 8. gr. laganna kemur: fasteignaskrá.
    b. Í stað orðanna „Fasteignamati ríkisins“ í 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: Fasteignaskrá Íslands.
13. *Lög um erfðafjárskatt, nr. 14/2004:* Í stað orðanna „Fasteignamati ríkisins“ í b-lið 3. mgr. 4. gr. laganna kemur: Fasteignaskrá Íslands.
14. *Jarðalög, nr. 81/2004, með síðari breytingum:*
    a. Orðin „ásamt stofnskjali ef við á“ í 3. málsl. 1. mgr. 13. gr. laganna falla brott.
    b. Í stað orðanna „Landskrár fasteigna“ í 1.–3. mgr. 11. gr., 4. mgr. 26. gr. laganna og ákvæði til bráðabirgða III kemur: fasteignaskrár.
    c. Í stað orðanna „Fasteignamat ríkisins“ í 1. mgr. 11. gr. og orðanna „Fasteignamati ríkisins“ í 2. mgr. 11. gr. laganna kemur í viðeigandi beygingarfalli: Fasteignaskrá Íslands.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á haustþingi 135. löggjafarþings, 2007–2008, lagði fjármálaráðherra fram frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna. Frumvarpið fjallaði um tekjustofna til að standa undir hluta kostnaðar við rekstur Fasteignamats ríkisins. Í greinargerð með frumvarpinu kom fram að hafin væri vinna við að útfæra í frumvarpsformi niðurstöður starfshóps sem fjármálaráðherra skipaði samkvæmt tilnefningu ráðuneyta, sveitarfélaga og hagsmunaaðila til að fara heildstætt yfir tilhögun fasteignaskráningar, fasteignamats og brunabótamats og fjármögnun þessara verkefna frá 15. nóvember 2007. Jafnframt var gert ráð fyrir að á vorþingi yrði slíkt frumvarp lagt fram. Frumvarp þetta er afrakstur þeirrar vinnu og í því er að finna útfærslu á flestum þeirra tillagna sem starfshópurinn gerði auk nokkurra annarra breytinga sem að mati Fasteignamats ríkisins þóttu nauðsynlegar til að auðvelda stofnuninni rekstur þeirra verkefna sem henni er með lögum falið að sinna. Frumvarpið inniheldur einnig viðbrögð við þeim breytingum og athugasemdum sem efnahags- og skattanefnd gerði fyrir jól á frumvarpi því sem þá var lagt fram.

Hvað fasteignaskráningu varðar er í frumvarpinu lagt til að Fasteignamat ríkisins fari með yfirstjórn fasteignaskráningar í stað þess að annast fasteignaskráningu eins og kveðið er á um í núgildandi lögum. Markmiðið með þessari breytingu er að færa hlutverk Fasteignamats ríkisins enn frekar í þá átt að annast yfirstjórn og rekstur skrárinnar og verða þar með skráarhaldari og þróunar- og samræmingaraðili frekar en skráningarstofnun. Lagt er til að í lögum verði mælt fyrir um að kjarni fasteignaskráningar verði upplýsingar um lönd og lóðir og hnitsetta afmörkun þeirra, mannvirki við þau skeytt og réttindi þeim viðkomandi. Er það í samræmi við ríkjandi viðmið um hverjar séu kjarnaupplýsingar í fasteignaskrám ríkja. Markmiðið er að ná fram vel afmarkaðri og skilgreindri grunnskrá fasteigna. Við þá grunnskrá verður síðan hægt að tengja þær sérskrár sem nauðsynlegar verða taldar á hverjum tíma. Í frumvarpinu er lagt til að markað verði með skýrari hætti hver sé skráningarskylda skráningaraðila og skráarhaldara svo koma megi á skýrum ábyrgðarskilum milli þessara aðila. Þá eru lagðar til breytingar sem lúta að þróun og einföldun á auðkennisnúmerum fasteigna og verkferlum við skráningu nýrra fasteigna. Sú breyting er jafnframt lögð til á grundvelli

reynslu af núverandi fyrirkomulagi að horfið verði frá því að landeigandi útbúi sérstakt stofnskjal fyrir nýja lóð og láti þinglýsa því. Þess í stað verði tekið upp það fyrirkomulag að landeigandi sæki um skráningu nýrrar fasteignar hjá hlutaðeigandi sveitarfélagi.

Hvað fasteignamat varðar er lagt til í frumvarpinu að árlegt endurmat fasteigna komi í stað árlegs framreiknings. Núverandi aðferð við árlegan framreikning fasteignamats verður að teljast ófullkomin. Hún felur í sér að fasteignamat breytist um sömu prósentu á öllum eða stórum flokkum eigna á tilteknum svæðum óháð breytingu á markaðsverði einstakra eigna eða tegunda eigna. Aðferðin endurspeglar því ekki nægilega vel árlega verðþróun einstakra eigna eða eignaflokka. Endurmat fasteigna byggist hins vegar að stórum hluta á upplýsingum um gangverð á fasteignamarkaði í þinglýstum kaupsamningum og gefur því almennt betri fylgni við gangverð en notkun framreiknistuðla, sem talið var besta mögulega reikniverk fyrir daga tölvu.

Samkvæmt núgildandi lögum tekur fasteignamat gildi 31. desember ár hvert og miðast við gangverð fasteigna í næstliðnum nóvembermánuði. Hið nýja fasteignamat hefur yfirleitt ekki legið fyrir fyrr en í miðjum desembermánuði. Fyrir desemberlok ber sveitarstjórn hins vegar að afgreiða fjárhagsáætlun næsta árs fyrir sveitarsjóð og stofnanir sveitarfélagsins. Tímasetning matsins hefur torveldað vandaða fjárhagsáætlanagerð sveitarfélaga þar sem skattstofninn hefur ekki legið fyrir þegar fjárhagsáætlanagerð stendur sem hæst. Af þessum ástæðum er í frumvarpinu lagt til að nýtt fasteignamat, sem tekur gildi 31. desember ár hvert, skuli gefið út 31. maí ár hvert og miðist við verðlag fasteigna í febrúarmánuði. Þá hafa allir aðilar gott svigrúm til að taka hið nýja fasteignamat með í reikninginn, gera athugasemdir við matið og fá þær afgreiddar áður en matið tekur gildi og skattheimta á grundvelli þess hefst.

Í frumvarpinu er lagt til að gerðar verði aðrar kröfur til málsmeðferðar í málum um frummat og endurmat einstakra fasteigna en leiðir af stjórnsýslulögum nr. 37/1993 á þá leið að ákvæði 13., 14. og 18. gr. stjórnsýslulaga gildi ekki við meðferð þeirra mála. Þessi ákvæði stjórnsýslulaga fjalla um andmælarétt aðila máls, tilkynningu til hans um meðferð máls og heimild hans til að fá máli frestað til þess að kynna sér gögn þess og tjá sig um það. Í frumvarpinu er einnig lögð til sambærileg breyting á lögum um brunatryggingar, nr. 48/1994, þannig að sama málsmeðferð gildi um brunabótamat og fasteignamat. Ákvæði laga um skráningu og mat fasteigna veita hins vegar skýran rétt til að krefjast endurupptöku slíkra ákvarðana, auk þess sem þær eru kæranlegar til æðra stjórnvalds.

Í ljósi þeirrar þróunar sem orðið hefur síðustu ár á skráningu upplýsinga um fasteignir, m.a. með Landskrá fasteigna og auknu skráningarhlutverki viðkomandi stjórnvalda, ásamt hraðfara þróun og nýjum möguleikum í tölvutækni og rafrænni stjórnsýslu, er í frumvarpi þessu lagt til að heiti Fasteignamats ríkisins verði breytt í Fasteignaskrá Íslands. Þykir það heiti lýsa betur hlutverki og starfsemi stofnunarinnar en núverandi heiti sem einungis snýr að matsþætti stofnunarinnar. Jafnframt er talið skýrara að heiti Landskrár fasteigna verði breytt í fasteignaskrá til samræmis við heiti annarra opinberra skráa, svo sem þjóðskrá, ökutækjaskrá, skipaskrá og fyrirtækjaskrá. Í frumvarpinu eru því lagðar til breytingar á lögum nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna, og öðrum lögum þar sem heitin „Fasteignamat ríkisins“ og „Landskrá fasteigna“ koma fyrir.

Í frumvarpi því sem lagt var fram á haustþingi varðandi fjármögnun Fasteignamats ríkisins voru lagðar til breytingar á 24. gr. laga nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna, annars vegar þannig að sveitarfélög greiddu Fasteignamati ríkisins tiltekið gjald, fasteignamatsgjald, fyrir afnot af fasteignamati og kerfi til álagningar fasteignaskatta og fasteignagjalda og hins vegar að húseigendur greiddu Fasteignamati ríkisins tiltekið gjald, brunabótamats-

gjald, fyrir notkun brunabótamats til vátrygginga og annarra trygginga hagsmuna húseigenda. Átti það gjald að koma að hluta til í stað hins svokalla umsýslugjalds sem innheimt hafði verið af húseigendum um árabil en átti að fella niður með frumvarpinu.

Að tillögu efnahags- og skattanefndar var sú breyting gerð á frumvarpinu að ákvæði um gjald sveitarfélaga og húseigenda bættust við lögin sem ákvæði til bráðabirgða og giltu aðeins fyrir árið 2008. Efnahags- og skattanefnd taldi í áliti sínu eðlilegt að leitað yrði leiða sem tryggðu að Fasteignamat ríkisins gæti borið sig sjálft með tekjum af þjónustu við aðila sem helst notuðu upplýsingar úr skránni, til að mynda í þágu atvinnurekstrar, til álagningar opinberra gjalda eða til að skrá hagsmuni sína. Nefndin lagði einnig til að frá og með 2009 legðist ekkert brunabótamatsgjald á húseigendur, sveitarfélög greiddu gjöld í samræmi við þá þjónustu sem þeim yrði veitt og ýmist yrðu gerðir samningar um stór verkefni, t.d. við Samband íslenskra sveitarfélaga, eða sett yrði reglugerð um þjónustugjöld. Til að vega upp á móti skerðingu sem leiðir af niðurfellingu sérstaks brunabótamatsgjalds á húseigendur lagði nefndin til að lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, yrði breytt þannig að tekjur af gjaldi sem nú er innheimt í ríkissjóð á grundvelli 25. tölul. 14. gr. þeirra laga, fyrir vélrænar fyrirspurnir úr þinglýsingabókum, rynnu til Fasteignamats ríkisins í formi þjónustugjalds.

Þær breytingar sem lagðar eru til í þessu frumvarpi eru í samræmi við framangreind sjónarmið. Verði ákvæði þess lögfest fellur brunabótamatsgjald sem húseigendur greiða niður í árslok 2008 og greiða húseigendur ekki gjald til Fasteignaskrár Íslands frá þeim tíma. Í samræmi við niðurstöðu af fundum Fasteignamats ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga er lagt til að kveðið verði á um hlutdeild sveitarfélaga í rekstrarkostnaði Fasteignaskrár Íslands í gjaldskrá. Gjaldið nemi tilteknu hlutfalli af heildarfasteignamati í sveitarfélagi 31. desember ár hvert og skuli gjaldskráin sæta árlegri endurskoðun. Um afgreiðslu gjaldskrár fari skv. 9. gr. laganna, en þar segir að stjórn Fasteignaskrár Íslands, þar sem einn fulltrúi af þremur er tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, móti starf og innra skipulag stofnunarinnar, hafi eftirlit með starfsemi hennar og geri tillögur að gjaldskrá stofnunarinnar sem síðan skuli staðfest af ráðherra. Lagt er til að sambærilegt fyrirkomulag gildi varðandi brunabótamatsþátt stofnunarinnar eftir árið 2008 þegar svokallað umsýslugjald á húseigendur fellur niður. Gjaldið verði þá lagt á þau vátryggingafélög sem nýta brunabótamöt stofnunarinnar við starfsemi sína. Vátryggingafélögin sem tilheyra Samtökum fjármálafyrirtækja eiga einn fulltrúa af þremur í stjórn stofnunarinnar. Í frumvarpinu er lagt til að heimilt verði að innheimta nýtt einskiptisgjald vegna skráningar nýrrar fasteignar í fasteignaskrá. Slíkt gjald byggist m.a. á þeirri vinnu sem fer í stofnun og skráningu eignarinnar í fyrsta sinn og kostnað við viðeigandi upplýsingakerfi. Slíkt gjald á sér samsvörun í skráningu annarra skráningarskyldra eigna í opinberar skrár, eins og t.d. ökutækja, skipa og flugvéla. Jafnframt er í frumvarpinu lagt til að tekjur fyrir rafræn veðbandayfirlit verði ákvarðaðar í gjaldskrá og renni til stofnunarinnar í samræmi við athugasemdir efnahags- og skattanefndar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er lagt til að Fasteignamat ríkisins, sem gerð er tillaga um að nefnist Fasteignaskrá Íslands, fari með yfirstjórn fasteignaskráningar samkvæmt lögum nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna, í stað þess að stofnunin annist fasteignaskráningu eins og nú er kveðið á um. Verður hlutverk stofnunarinnar þannig fært frekar í þá átt að annast yfirstjórn og rekst-

ur skrárinnar og verður þar með skráarhaldari og þróunar- og samræmingaraðili frekar en skráningarstofnun.

Lagt er til að við 2. mgr. sé bætt ákvæðum um að kjarni Landskrár fasteigna, sem lagt er til að nefnist fasteignaskrá, séu upplýsingar um lönd og lóðir og hnitsetta afmörkun þeirra, mannvirki við þau skeytt og réttindi þeim viðkomandi. Er það í samræmi við ríkjandi viðmið um hverjar séu kjarnaupplýsingar í fasteignaskrám ríkja.

Um 2. gr.

Lögð er til breyting á 1. mgr. þess efnis að í stjórn Fasteignaskrár Íslands sé skipaður aðili tilnefndur af Samtökum fjármálafyrirtækja í stað Sambands íslenskra tryggingafélaga, enda hafa þau samtök nú verið lögð niður og tryggingafélög orðin félagar í Samtökum fjármálafyrirtækja. Í 2. mgr. er lagt til að við ákvörðun gjaldskrár skuli taka mið af kostnaði einstakra rekstrarþátta sem skulu aðgreindir í bókhaldi og gjaldskrá skuli endurskoðuð árlega. Hlutverk stjórnar Fasteignaskrár Íslands er hér talsvert víðtækara en almennt gildir um ríkisstofnanir. Ástæða þess er að í stjórn sitja fulltrúar þeirra aðila sem greiða hluta rekstrarkostnaðarins og því þykir eðlilegt að þeir hafi rétt til að móta starf hennar auk þess að sinna ákveðnu eftirlitshlutverks með starfseminni.

Um 3. gr.

Í stað orðsins fasteignamatshluta í 1. mgr. greinarinnar er lagt til að komi matshluti þar sem í þessum hluta fasteignaskrár eru bæði upplýsingar um fasteignamat og brunabótamat. Einnig er lagt til í 1. tölul. sömu málsgreinar að afmörkun fasteigna skuli vera hnitsett og birt í fasteignaskrá á myndrænan hátt. Er það í samræmi við núverandi framkvæmd við afmörkun fasteigna.

Um 4. gr.

Markmið greinarinnar er að ná fram einfaldari og hraðari skráningu fasteigna með því að ætla sveitarfélögum aukið hlutverk við fullnaðarskráningu upplýsinga í fasteignaskrá.

Um 5. gr.

Lagt er til að auðkennisnúmer fasteignar verði fasteignanúmer en ekki ýmist landnúmer, heitinúmer eða fastanúmer eins og nú er. Þau númer sem notuð eru til að auðkenna land, götuheiti og númer og mannvirki munu áfram verða í notkun. Fasteignanúmer verður sjálfstætt og óbreytt allan líftíma fasteignarinnar svo framarlega sem hún sætir ekki breytingum, t.d. með skiptingu í fleiri fasteignir eða við samruna fasteigna.

Um 6. gr.

Lagt er til það nýmæli að skráning nýrrar fasteignar í fasteignaskrá byggist á umsókn sem leggja skal fram í viðkomandi sveitarfélagi í stað þinglýsingar stofnskjals. Með þessu fyrirkomulagi næst fram einföldun við stofnun nýrrar fasteignar þar sem eigandi fasteignar þarf ekki lengur að útbúa stofnskjal og færa til þinglýsingar. Á grundvelli umsóknarinnar forskráir sveitarfélagið upplýsingar um hina nýju fasteign og fara þær upplýsingar rafrænt til Fasteignaskrár Íslands og þinglýsingarstjóra sem ganga úr skugga um að lagalegum skilyrðum sé fullnægt. Þinglýsingarstjóri tryggir að veðbönd og kvaðir sem hvíla á upprunaeign flytjist á hina nýju fasteign og að því búnu staðfestir hann skráningu eignarinnar að öðrum skilyrðum uppfylltum.

Um 7. gr.

Hugtakið fjöleign er í frumvarpi þessu notað yfir afmarkað land sem skiptist í tvo eða fleiri séreignarhluta og geta verið í eigu fleiri en tveggja eigenda og ekki falla undir hugtakið fjöleignarhús. Fjöleignarhúsalögin, nr. 26/1994, fjalla fyrst og fremst um hús og byggingar og hefur vantað reglur um það hvernig eigi að fara með fasteignir þar sem ekki hafa verið byggð hús eða önnur mannvirki. Tilvist mannvirkis þykir ekki heppileg til þess að skera úr um hvort hægt sé að skipta afmörkuðu landi (fasteign) upp í fleiri séreignarhluta.

Um 8. gr.

Hér er lögð til einföldun á skráningu breytts heitis fasteigna með því að afnema skyldu um að þeim þurfi að þinglýsa. Verði frumvarpið að lögum birtist nýtt heiti strax í þinglýsingarhluta og hægt verður að fletta upp á eigninni bæði eftir hinu fyrra heiti og því nýja. Jafnframt er lagt til að felld verði niður tilkynningarskylda til þjóðskrár því hún er með tengingu við fasteignaskrá þar sem allar breytingar á heiti fasteignar birtast jafnóðum og þær eru skráðar.

Um 9. gr.

Í ljósi þeirra breytinga sem lagðar eru til í 7. gr. frumvarpsins verður 1. mgr. 17. gr. laganna óþörf þar sem breytingarnar lúta að því að afnumið verði það fyrirkomulag að fullnaðarskráning nýrrar fasteignar vegna skiptingar lands verði við þinglýsingu stofnskjals.

Um 10. gr.

Lagt er til að Fasteignaskrá Íslands skuli hafa samráð við skráningarstjórnvöld og helstu hagsmunaaðila um þróun fasteignaskrár og fasteignaskráningar. Kemur það í stað fastrar samráðsnefndar. Byggist þessi breyting á reynslu undanfarinna ára þar sem sérstakt samráð hefur tekist með aðilum einstakra verkefna svo sem varðandi þinglýsingar, skráningu mannvirkja, álagningu fasteignaskatta og brunabótamat. Í slíku samráði hafa tekið þátt helstu sérfræðingar á viðkomandi sviði.

Um 11. og 12. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Lagt er til að afnema skyldu eiganda skv. 1. mgr. 22. gr. laganna til að tilkynna Fasteignamati ríkisins um breytingar á umráðum skráðrar fasteignar. Sveitarfélög framkvæma nú álagningu fasteignagjalda í Landskrá fasteigna, sbr. lög nr. 140/2005, um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995. Þykir því eðlilegast að skráning umráðanda fari þar fram af hálfu sveitarfélaga.

Þá er í sömu málsgrein mælt fyrir um að skráður eigandi sé sá sem hefur þinglýsta eignarheimild hverju sinni. Til þessa hefur eigendaskráning farið fram hjá Fasteignamati ríkisins og síðustu ár nær eingöngu á grundvelli þinglýstra eignarheimilda. Þykir tímabært að leggja af eigendaskráningu hjá stofnuninni og nota þinglýstar upplýsingar um eigendur í þinglýsingarhluta skrárinnar þar sem langstærstur hluti allra fasteigna er skráður. Tilkynningar um breytingar á eignaryfirráðum þeirra eigna sem ekki eru skráðar í þinglýsingarhluta fasteignaskrár til Fasteignaskrár Íslands hvílir á fyrrverandi eiganda samkvæmt ákvæðinu en þeim eignum fer óðum fækkandi.

Um 14. gr.

Lagt er til að við greinina bætist ný málsgrein þess efnis að í gjaldskrá skuli kveða á um gjöld sem renni til stofnunarinnar til að standa að hluta straum af kostnaði vegna starfsemi hennar. Um er að ræða gjald sveitarfélaga fyrir afnot af fasteignamati og kerfi til álagningar fasteignaskatta og fasteignagjalda, gjald vátryggingafélaga vegna afnota af brunabótamati stofnunarinnar og kerfi því viðkomandi, gjald vegna rafrænna veðbandayfirlita sem áður rann í ríkissjóð og gjald fyrir skráningu nýrra fasteigna í fasteignaskrá. Breyting varðandi gjald sveitarfélaga til Fasteignaskrár Íslands er í samræmi við sameiginlega niðurstöðu Sambands íslenskra sveitarfélaga og Fasteignamats ríkisins og sjónarmið efnahags- og skattanefndar um greiðslur sveitarfélaga, sbr. nefndarálit um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna, með síðari breytingum, frá yfirstandandi þingi (þskj. 492 í 289. máli 135. löggjafarþings). Stjórn Fasteignaskrár Íslands, þar sem Samband Íslenskra sveitarfélaga hefur einn fulltrúa af þremur, mun því árlega leggja fram tillögu að gjaldskrá sem byggist á rekstrarkostnaði Fasteignaskrár Íslands. Við þá ákvörðun skal taka mið af kostnaði einstakra rekstrarþátta sem skulu aðgreindir í bókhaldi, sbr. 2. gr. frumvarpsins. Lagt er til að hið svonefnda umsýslugjald, sem upphaflega var lagt á húseigendur til að standa undir brunabótamati og síðan til að standa undir uppbyggingu Landskrár fasteigna, verði alfarið fellt niður. Í frumvarpinu er í stað þess lagt til að sérstakt gjald verði lagt á þau vátryggingafélög sem nota brunabótamat stofnunarinnar við rekstur starfsemi sinnar. Gert er ráð fyrir að gjaldið verði ákvarðað með sambærilegum hætti og gjald sveitarfélaga og sæti árlegri endurskoðun.

Lagt er til að heimilt verði að innheimta skráningargjald vegna skráningar nýrrar fasteignar í fasteignaskrá. Slíkt gjald yrði einskiptisgjald og byggðist m.a. á þeirri vinnu sem fer í stofnun og skráningu eignarinnar í fyrsta sinn og kostnaði við viðeigandi upplýsingakerfi. Slíkt gjald á sér samsvörun í skráningu annarra skráningarskyldra eigna í opinberar skrár, t.d. ökutækja, skipa og flugvéla.

Um 15. gr.

Í 1. tölul. er lagt til að gerð verði breyting á tímasetningu við mat fasteigna þannig að árleg breyting fasteignamats miðist við febrúarmánuð í stað nóvembermánaðar þótt gildistökudagur matsins haldist óbreyttur. Í þessu sambandi er vísað til ákvæða 17. gr. frumvarpsins um að árlegt endurmat fasteignamats komi í stað framreiknings þess og niðurstaða nýs fasteignamats liggi fyrir 31. maí ár hvert.

Í 2. tölul. er lagt til að heimilt verði að miða matsverð við tekjur af sambærilegum eignum ef gangverð er ekki þekkt. Það er í samræmi við viðurkenndar alþjóðlegar aðferðir við ákvörðun mats á verðmæti fasteigna.

Um 16. gr.

Fjöldi ákvarðana um fasteignamat er um 25 þúsund talsins á ári hverju. Lagt er til að lögfest verði að aðrar reglur gildi um málsmeðferð í málum um ákvörðun fasteignamats skv. 30. gr., um frummat fasteigna, og 31. gr., um endurmat fasteigna, en leiðir af stjórnsýslulögum, nr. 37/1993. Einhver álitamál hafa risið um það hvort ávallt þurfi að fylgja að öllu leyti ákvæðum stjórnsýslulaga við undirbúing ákvarðana er snúa að frummati og endurmati samkvæmt framangreindum greinum. Vegna séreðlis þessara ákvarðana er með frumvarpinu lagt til að tekin verði af öll tvímæli um að svo sé ekki með því að leggja til að ákvæði 13., 14., og 18. gr. stjórnsýslulaga gildi ekki við meðferð þeirra tilteknu mála. Þessar lagagreinar

stjórnsýslulaga fjalla um andmælarétt aðila máls, tilkynningu til hans um meðferð máls og heimild hans til að fá máli frestað til að kynna sér gögn þess og tjá sig um það.

Ákvörðun um frummat fasteigna skv. 30. gr. er tekin þegar skráningarupplýsingar um nýja eða breytta fasteign berast frá byggingarfulltrúa. Tilkynningar byggingarfulltrúa um nýjar og breyttar fasteignir sem byggðar eru á gögnum sem eigandi hefur lagt fyrir sveitarfélagið til samþykkis. Ákvörðunin er aðallega byggð á ákveðnum hlutlægum þáttum sem liggja fyrir. Fyrsta fasteignamat mannvirkis er ákvarðað við fokheldi byggingar og er alfarið á grundvelli upplýsinga frá byggingarfulltrúa. Ef skoðunar þarf við áður en ákvörðun um fasteignamat er tekin er eiganda gert viðvart og honum gefinn kostur á að vera viðstaddur skoðunina. Það heyrir til undantekninga að athugasemdir komi fram og kærumál eru að sama skapi afar fá.

Beiðnir um endurmat einstakra eigna skv. 31. gr. stafa í flestum tilvikum frá eiganda sjálfum þó einnig komi upp einstök tilvik um endurmat fasteigna án hans beiðni til að tryggja samræmt mat hliðstæðra eigna, t.d. íbúða í sama fjöleignarhúsi. Tilvik geta komið upp þar sem ekki er augljóst hvort um frummat eða endurmat er að ræða eða hvort tveggja í senn. Haganlegt er að sama málsmeðferðarregla taki til allra matsgerða.

Til að gæta hagsmuna eiganda er lagt til að í stað tilkynningar og andmælaréttar verði kveðið á um rúma endurupptökuheimild. Eiganda er send tilkynning um nýtt fasteignamat strax og ákvörðun liggur fyrir þar sem veittar eru leiðbeiningar um rétt hans til að krefjast rökstuðnings fyrir ákvörðuninni í samræmi við ákvæði stjórnsýslulaga og rétt til endurupptöku mats innan eins mánaðar svo og um kæruheimild. Vilji eigandi ekki una breytingu á mati hefur hann eins mánaðar frest til að krefjast endurskoðunar mats og óska breytinga sem gildi frá sama tíma og hin fyrri ákvörðun. Hið endurskoðaða mat Fasteignaskrár Íslands er jafnframt kæranlegt til yfirfasteignamatsnefndar.

Um 17. gr.

Í nýrri grein, 32. gr. a, er lagt til að árleg breyting skráðs matsverðs verði á þá leið að Fasteignaskrá Íslands taki til endurmats allar fasteignir eigi síðar en 31. maí ár hvert og skal það verð talið fasteignamatsverð frá og með 31. desember þess árs, til jafnlengdar næsta árs, nema sérstök matsgerð komi til. Árlegt endurmat komi í stað þess að yfirfasteignamatsnefnd ákveði í hverjum nóvembermánuði framreikningsstuðla fyrir skráð matsverð fasteigna.

Fasteignaskrá Íslands hefur m.a. það hlutverk að safna og halda til haga gögnum sem eru grundvöllur ákvarðanatökunnar. Rannsóknir á kaupsamningum sýna að verðþróun fasteigna getur verið mismunandi eftir stærðarflokkum, t.d. á þann hátt að verð lítilla og miðlungsstórra einbýlishúsa þróist með öðrum hætti en verð íbúða í fjölbýli eða stórra einbýlishúsa á tilteknu tímabili. Rannsóknir sýna einnig að yfirleitt lækkar verðmæti húsa eftir því sem þau verða eldri og því er eðli málsins samkvæmt nauðsynlegt að tekið sé tillit til aldursafskrifta í árlegu endurmati. Þá er byggingarkostnaður og þróun hans einn helsti áhrifavaldur á verðlag fasteigna og mikilvæg vísbending fyrir ákvörðun fasteignamats, einkum á þeim stöðum þar sem upplýsingar um gangverð eru ófullkomnar. Stofnuninni ber að gera sveitarfélögum og eigendum grein fyrir niðurstöðum endurmatsins í júnímánuði ár hvert og gefa þeim kost á að gera grein fyrir athugasemdum sínum innan eins mánaðar. Þannig geti sveitarstjórnir og eigandi vegið og metið niðurstöðu endurmatsins með góðum fyrirvara áður en það tekur gildi og verður grundvöllur álagningar fasteignagjalda. Berist athugasemdir ætti stofnunin að hafa rúman tíma að leysa úr þeim fyrir gildistöku endurmatsins 31. dag desembermánaðar.

Um 18. gr.

Í reynd hefur yfirfasteignamatsnefnd tekið kærur vegna endurmats fasteignamats til meðferðar hvort sem ákvörðunin hefur grundvallast á 31. gr. eða 32. gr. laganna. Hér er lagt til að lögfest verði að eigandi hafi rétt til að skjóta öllum ákvörðunum Fasteignaskrár Íslands um endurmat fasteignamats til æðra stjórnvalds í samræmi við meginreglur stjórnsýslulaga.

Um 19. gr.

Greinin fellur niður þar sem í 17. gr. frumvarpsins er lögð til sú breyting að í stað árlegrar ákvörðunar yfirfasteignamatsnefndar um framreiknistuðla fyrir skráð matsverð fasteignamats skuli Fasteignaskrá Íslands endurmeta skráð matsverð allra fasteigna. Umfjöllun um árlegt endurmat þykir betur eiga heima strax á eftir 31. og 32. gr. laganna en á eftir 35. gr. þar sem báðar hinar fyrrnefndu fjalla um endurmat skráðs matsverðs.

Um 20. og 21. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 22. gr.

Fjárlög fyrir árið 2008 gera ráð fyrir að gjald sveitarfélaga til Fasteignamats ríkisins vegna fasteignamats og kerfis til álagningar fasteignaskatta og fasteignagjalda nemi 259 millj. kr. Í ljósi meiri hækkunar á fasteignamati 31. desember 2007 en gert var ráð fyrir mun gjaldið að óbreyttu skila stofnuninni 300 millj. kr. og er hér því lögð til lækkun á hlutfalli sveitarfélaga af heildarfasteignamati úr 0,007% í 0,006% fyrir árið 2008.

Um 23. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 24. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um breytingar á ýmsum lögum sem leiðir af breytingum sem í frumvarpinu er lagt til að verði gerðar á lögum um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001, og þarfnast þær fæstar skýringa.

Í 4. tölul. eru breytingar á þinglýsingalögum. Breytingu á b- og c-lið 2. mgr. 6. gr. laganna leiðir af 6. gr. frumvarpsins sem kveður á um að í stað skyldu eiganda til að útbúa stofnskjal til stofnunar fasteignar við skiptingu lands verði tilhögunin sú að eigandi sæki um skráningu nýrrar fasteignar í fasteignaskrá til sveitarfélags. Breytingu á d-lið leiðir af 6. gr. frumvarpsins um breytingu á auðkennisnúmerum fasteignar. Breytingin á e-lið verður vegna þess að jafnframt er lagt til að 2. mgr. 20. gr. laganna falli brott en þar er í d-lið kveðið á um að þinglýsing stofnskjals sé bundin því skilyrði að afmörkun lóðar sé á uppdrætti sem staðfestur hefur verið af skipulagsyfirvöldum. Í 6. gr. er gerð sú krafa að með umsókn um stofnun fasteignar í fasteignaskrá fylgi hnitsettur uppdráttur staðfestur af skipulagsyfirvöldum. Með vísun í fasteignaskrá vegna skjala um afmörkun landa og lóða er tryggt að þau séu staðfest af skipulagsyfirvöldum. Niðurfellingu 2., 3. og 4. mgr. 20. gr. laganna sem og breytingu á 24. gr. laganna leiðir af 6. gr. frumvarpsins þar sem ný fasteign mun ekki lengur stofnast með þinglýsingu stofnskjals.

Í 5. tölul. greinarinnar er lagt til að 25. tölul. 14. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs falli brott þar sem gert er ráð fyrir því í frumvarpi þessu að tekjur af gjaldi fyrir vélrænar fyrirspurnir úr þinglýsingabókum renni til Fasteignaskrár Íslands.

Í 7. tölul. eru breytingar á lögum um brunatryggingar. Ákvörðun um matsverð brunabótamats er í mörgum tilvikum tekin samhliða ákvörðun matsverðs fasteignamats og er því nauðsynlegt að sama málsmeðferðarregla gildi um þær ákvarðanir. Hér eiga því við sömu rök og um 16. gr. frumvarpsins. Fjöldi ákvarðana um frummat og endurmat skráðs matsverðs brunabótamats skiptir þúsundum á hverju ári og heyrir til undantekninga að athugasemdir um niðurstöðu þeirra komi fram og kærumál eru enn fátíðari. Í stað tilkynningar um meðferð máls og andmælaréttar er kveðið á um rúma endurupptökuheimild. Eiganda er tilkynnt um nýtt eða breytt brunabótamat strax og ákvörðun liggur fyrir og þar eru gefnar leiðbeiningar um rétt hans til þess að krefjast rökstuðnings með ákvörðuninni og rétt til endurupptöku mats innan eins mánaðar, svo og um kæruheimild.

Í 11. tölul. eru breytingar á skipulags- og byggingarlögum, sem m.a. leiðir af 8. gr. frumvarpsins, um að afnema skyldu til að þinglýsa heitisbreytingu fasteignar, breytinguna sem lögð er til á 1. mgr. 29. gr. laganna.

Í 14. tölul. eru breytingar á jarðalögum, m.a. breyting á 13. gr. laganna sem leiðir af 6. gr. frumvarpsins.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á starfsemi og fjármögnun Fasteignamats ríkisins. Helstu markmið frumvarpsins eru í fyrsta lagi að bæta þær aðferðir sem notaðar eru við skráningu og auðkenni fasteigna auk þess að afmarka betur hlutverk skráningaraðila. Í öðru lagi að starfsemi stofnunarinnar snúi fremur að því að vera skráarhaldari og samræmingaraðili en að vera skráningaraðili. Í því felst meðal annars að sveitarfélögum verði veitt meira svigrúm til að fullskrá upplýsingar í skrána. Í þriðja lagi miðar frumvarpið að því að aðferðum við fasteignamat verði breytt á þann hátt að tekið verði upp árlegt endurmat fasteigna í stað framreiknings þar sem það þykir gefa raunhæfari niðurstöður.

Auk þess eru í frumvarpinu lagðar til breytingar á fjármögnun stofnunarinnar. Fyrsta breytingin er á þá leið að hvert sveitarfélag greiði henni árlegt gjald sem nemi 0,006% af fasteignamati í sveitarfélaginu í stað 0,007% eins og mælt er fyrir um í núgildandi lögum. Þrátt fyrir lækkunina á álagningarprósentunni er áætlað að greiðslur sveitarfélaga til stofnunarinnar nemi um 259 m.kr. á árinu 2008, eins og gert er ráð fyrir í forsendum fjárlaga, í stað u.þ.b. 300 m.kr. sem stefnir í að verði útkoman miðað við núgildandi ákvæði. Þá er lagt til að eftir að bráðabirgðaákvæði um þessa fjármögnun Fasteignamatsins fellur niður í lok þessa árs verði greiðslur sveitarfélaga ákvarðaðar í gjaldskrá sem sæti árlegri endurskoðun. Þannig verður kostnaðarhlutdeild sveitarfélaga í rekstrinum ekki lögfest til frambúðar heldur er gert ráð fyrir að stjórn stofnunarinnar geri árlega tillögur um hlutfallið í gjaldskrá sem endurspegli kostnað einstakra rekstrarþátta, svo sem við fasteignamat og brunabótamat. Markmiðið með þessu fyrirkomulagi er að stuðla að aukinni kostnaðarvitund um rekstrarumfang stofnunarinnar þar sem gjaldskráin sem stjórn hennar setur, en helstu greiðendur eiga aðild að henni, taki mið af mati á kostnaði við verkefni stofnunarinnar.

Í frumvarpinu eru í öðru lagi sambærileg ákvæði um gjald vátryggingafélaga til Fasteignamats ríkisins fyrir afnot af brunabótamati og kerfa því viðkomandi. Skal gjaldið nema tilteknu hlutfalli af brunabótamati allra húseigna sem eru í tryggingu hjá vátryggingafélagi í lok hvers mánaðar. Gjaldið á að ákvarða árlega í gjaldskrá á sama hátt og á við um gjald sveitarfélaga. Áætlað er að greiðsluhlutdeild félaganna gæti verið nálægt 90 m.kr. á næsta fjárhagsári.

Í þriðja lagi er lagt til í frumvarpinu að gjaldskrá stofnunarinnar kveði á um gjald fyrir skráningu nýrra fasteigna í fasteignaskrá. Gjaldið á að taka mið af þeirri vinnu sem fer í skráningu eignarinnar í fyrsta sinn ásamt kostnaði vegna upplýsingakerfa, enda þarf að viðhalda skráningunni og varðveita áratugum eða öldum saman. Slík gjaldtaka á sér samsvörun í skráningu annarra skráningarskyldra eigna í opinberar skrár eins og t.d. ökutækja, skipa og flugvéla. Áætlað er að tekjur af gjaldinu verði um 40 m.kr. á ári.

Í fjórða lagi er í frumvarpinu lagt til að tekjur vegna rafrænna veðbandayfirlita, sem nú renna í ríkissjóð, verði ákvarðaðar í gjaldskrá og renni til stofnunarinnar. Litið er svo á að þessar upplýsingar séu sambærilegar við ýmsar aðrar upplýsingar sem tekið er gjald fyrir úr Landskrá fasteigna og er varið til verkefna stofnunarinnar. Áætlað er að þessar tekjur nemi um 150 m.kr. á ári.

Loks er gert ráð fyrir að ýmsar sértekjur sem stofnunin hefur af sölu upplýsinga úr skránni til aðila sem sækjast eftir þeim verði um 80 m.kr.

Með þessu breytingum á fjármögnunarþáttum stofnunarinnar er gert ráð fyrir að hún verði fjármögnuð að fullu með tekjum sem renna til hennar, sértekjum og mörkuðum ríkistekjum, og að ekki verði um að ræða beint framlag úr ríkissjóði til hennar en það nemur um 165 m.kr. í fjárlögum fyrir árið 2008.

Stefnt er að því að með lögfestingu frumvarpsins verði unnt að lækka útgjöld ríkissjóðs vegna reksturs Fasteignamats ríkisins um 18 m.kr. frá því sem gert er ráð fyrir í fjárlögum 2008, enda er ákvæðum frumvarpsins um aðkomu þeirra sem nýta sér þjónustu stofnunarinnar að stjórn og setningu gjaldskrár ætlað að gefa færi á því að leita leiða til að draga úr kostnaði og gjaldtöku.

831. Frumvarp til laga [530. mál]

um fiskeldi.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

I. KAFLI
Markmið, gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Skal í því skyni leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna.

Við framkvæmd laganna skal þess ávallt gætt að sem minnst röskun verði á vistkerfi villtra fiskstofna og að sjálfbærri nýtingu þeirra sé ekki stefnt í hættu.

2. gr.

Gildissvið.

Lög þessi taka til eldis vatnafiska og nytjastofna sjávar á íslensku forráðasvæði. Við framkvæmd þeirra skal gætt samræmis við framkvæmd laga um lax- og silungsveiði, laga um fiskrækt og laga um varnir gegn fisksjúkdómum.

3. gr.

Skilgreiningar.

Í lögum þessum, reglugerðum og reglum, settum á grundvelli þeirra, er merking hugtaka sem hér segir:

1. *Alifiskur:* Fiskur sem alinn er eða látinn ganga sjálfala í tjörnum eða ílátum.
2. *Eldisdýr:* Lifandi fiskur, krabbadýr eða lindýr frá eldisstöð, óháð þroskastigi, að meðtöldum dýrum sem lifa upprunalega villt en eru ætluð fyrir eldisstöð.
3. *Fiskeldi:* Geymsla, gæsla og fóðrun vatnafiska, annarra vatnadýra og nytjastofna sjávar, klak- og seiðaeldi, hvort sem er í söltu eða ósöltu vatni.
4. *Fiskeldisstöð:* Staður þar sem vatn, sjór, land eða mannvirki er nýtt í þágu fiskeldis.
5. *Fiskrækt:* Hvers konar aðgerðir sem ætla má að skapi eða auki fisk í veiðivatni eða sjó.
6. *Fiskræktarslepping:* Slepping samstofna smáseiða eða gönguseiða í því skyni að auka fiskigengd í veiðivatni eða sjó.
7. *Fiskstofn:* Hópur fiska sömu tegundar sem hrygnir á tilteknum stað og tíma en gerir það ekki í neinum mæli með öðrum hópum á öðrum stað eða tíma.
8. *Fiskur:* Fiskur í merkingu laga þessara tekur til allra tegunda lagardýra sem lifa í vatni og sjó, hvort sem er við náttúrulegar aðstæður eða í eldi.
9. *Geldstofn:* Fiskur sem ekki framleiðir frjóar kynfrumur.
10. *Göngusilungur:* Silungur er gengur úr sjó í ósalt vatn, svo sem sjóbirtingur (urriði) og sjóreyður (bleikja).
11. *Hafbeit:* Sú starfsemi að sleppa seiðum í sjó til að auka afrakstur viðkomandi tegundar.
12. *Heilsárseldi:* Hefðbundið eldi í sjókvíum frá 50 gramma göngustærð upp í markaðsstærð.
13. *Kvíaeldi:* Fiskeldi í netkvíum (netbúrum) í fersku vatni eða söltu.
14. *Kynbætur:* Markvisst val með tilliti til ákveðinna arfgengra eiginleika. Slíkir eiginleikar geta verið mikill vaxtarhraði eða síðbúinn kynþroski. Til undaneldis eru valdir fiskar sem sýna ákjósanlega eiginleika umfram aðra fiska í stofninum. Slíku vali er viðhaldið og það aukið með vali í hverri kynslóð.
15. *Lagardýr:* Öll dýr með kalt blóð sem lifa og geta afkvæmi í sjó eða fersku vatni.
16. *Netlög:* Vatnsbotn 115 metra út frá bakka landareignar að stöðuvatni, svo og sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjöruborði landareignar.
17. *Nytjastofnar:* Fiskar og sjávardýr, svo og sjávargróður, sem nytjuð eru eða kunna að verða nytjuð í íslenskri fiskveiðilandhelgi, íslensku landgrunni eða á landi með eldi.
18. *Sjávarfiskur:* Fiskur sem lifir allan sinn lífsferil í sjó.
19. *Sjókvíaeldi:* Eldi á fiski í netbúrum sem komið er fyrir í sjó eða söltu vatni.
20. *Sjór:* Salt vatn utan árósa.

21. *Skiptieldi:* Eldi á fiski í strandeldi upp í 250-1.000 grömm og framhaldseldi í sjókvíum upp í markaðsstærð.
22. *Strandeldi:* Eldi fiska til slátrunar í tönkum eða kerum á landi.
23. *Straumvatn:* Ósalt vatn, á eða ósasvæði sem í er greinilegur straumur, þá er enginn vöxtur er í, og um stórstraumsfjöru.
24. *Stöðuvatn:* Ósalt vatn sem eigi er í greinilegur straumur annar en sá sem stafar af sjávarföllum, vindi eða aðrennsli í leysingum.
25. *Vatn:* Ósalt vatn með föstu legi eða farvegi, straumvatn eða stöðuvatn.
26. *Vatnadýr:* Öll dýr með kalt blóð sem lifa að hluta eða allan sinn lífsferil í fersku vatni.
27. *Vatnafiskur:* Lax *(Salmo salar),* silungur (urriði *(Salmo trutta),* bleikja *(Salvelinus alpinus)* og regnbogasilungur *(Oncorhynchus mykiss)),* áll *(Anguilla anguilla)* eða annar vatnafiskur ef ræktaður verður.
28. *Vatnasilungur:* Silungur sem elur allan aldur sinn í ósöltu vatni, svo sem vatnaurriði, vatnableikja (reyður), lækjasilungur og murta.
29. *Veiðivatn:* Á eða stöðuvatn sem veiði er í eða mætti í vera ef fiskur væri ræktaður þar.
30. *Villtur fiskstofn:* Fiskstofn þar sem meiri hluti fisks er klakinn í náttúrulegu umhverfi, elst þar upp og er kominn undan villtum foreldrum.
31. *Örmerkingar:* Merkingar á fiski með málmflísum í trjónuna.

II. KAFLI
Stjórnsýsla.

4. gr.
Stjórnsýsla.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum, en framkvæmd stjórnsýslunnar er að öðru leyti í höndum Fiskistofu sem hefur eftirlit með því að ákvæðum laganna sé framfylgt.

Ráðherra skal í samræmi við fyrirmæli einstakra greina laga þessara setja nánari ákvæði um framkvæmd þeirra í reglugerð. Við setningu reglugerða skal ávallt leitað faglegrar umsagnar Fiskistofu, Matvælastofnunar, Veiðimálastofnunar og Hafrannsóknastofnunarinnar.

Allar fiskeldisstöðvar skulu hafa með sér samtök, Landssamband fiskeldisstöðva, sem gæta sameiginlegra hagsmuna fiskeldismanna.

5. gr.
Svæðaskipting fiskeldis.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skal, ef vistfræðileg eða hagræn rök mæla með því, ákveða samkvæmt lögum þessum skiptingu fiskeldissvæða meðfram ströndum landsins. Áður en ákvörðun um slíka svæðaskiptingu er tekin skal ráðherra afla umsagnar umhverfisráðuneytis, Fiskistofu, Matvælastofnunar, Landssambands fiskeldisstöðva, Landssambands veiðifélaga, Veiðimálastofnunar og Hafrannsóknastofnunarinnar.

6. gr.
Staðbundið bann við starfsemi.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra getur, að fenginni umsögn Fiskistofu, Matvælastofnunar, Veiðimálastofnunar og Hafrannsóknastofnunarinnar, takmarkað eða bannað fiskeldi eða ákveðnar eldisaðferðir í einstaka fjörðum, flóum eða á svæðum sem teljast sérlega viðkvæm gagnvart starfsemi þeirri sem fram fer samkvæmt lögum þessum.

Við ákvörðun ráðherra skv. 1. mgr. skal taka mið af því að markmið laga þessara er m.a. að vernda villta nytjastofna, hvort sem um er að ræða ferskvatnsfiska eða sjávarfiska, og hlífa þeim við fisksjúkdómum og öðrum neikvæðum vistfræðilegum áhrifum. Skal í því sambandi m.a. litið til staðsetningar eldisstöðva, stærðar þeirra, fjarlægðar frá veiðiám og veiðiverðmætis á viðkomandi svæði, þ.e. firði eða flóa. Jafnframt skal litið til þess hvort fiskeldissvæði séu á gönguleiðum lax og silungs og hvort straumar geti leitt sleppifisk í ár.

Um skaðabætur vegna tjóns, sem leiðir af banni eða takmörkun samkvæmt grein þessari, fer eftir því sem mælt er fyrir um í 18. gr.

III. KAFLI
Rekstrarleyfi til fiskeldis.

7. gr.
Rekstrarleyfi.

Til starfrækslu fiskeldisstöðva þarf rekstrarleyfi sem Fiskistofa veitir.

Áður en leyfi skv. 1. mgr. er veitt skal Fiskistofa afla umsagnar Matvælastofnunar. Einnig skal stofnunin leita umsagnar Veiðimálastofnunar og Hafrannsóknastofnunarinnar eftir því sem við á um hvort náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu starfssvæði fiskeldisstöðvar eða fyrirhugaðar eldistegundir, eldisstofnar eða eldisaðferðir gefi tilefni til hættu á neikvæðum vistfræði- eða erfðafræðiáhrifum sem leitt getur af leyfisskyldri starfsemi.

Sé um endurnýjun á rekstrarleyfi að ræða telst ekki nauðsynlegt að afla slíkra umsagna enda sé ekki um verulegar breytingar að ræða á eðli og umfangi reksturs.

8. gr.
Umsókn um rekstrarleyfi.

Umsókn um rekstrarleyfi til fiskeldis skal vera skrifleg. Þar skulu m.a. koma fram upplýsingar um eignaraðild að fiskeldisstöð, fagþekkingu umsækjenda rekstrarleyfis á viðkomandi sviði, stærð stöðvar, framleiðslumagn hennar, eldistegundir og eldisaðferðir, matsskyldu vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum og starfsleyfi samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Umsókn skulu fylgja skilríki um heimild til afnota lands, vatns og sjávar. Umsókn skulu einnig fylgja áætlun um fjármögnun mannvirkja og annars búnaðar, rekstraráætlun, leyfi til mannvirkjagerðar, leyfi til starfsemi samkvæmt ákvæðum annarra laga sem varða slíkan atvinnurekstur, svo og önnur gögn sem Fiskistofu eru nauðsynleg til að meta hvort skilyrði til útgáfu rekstrarleyfis séu fyrir hendi.

9. gr.
Málsmeðferð umsóknar.

Við meðferð umsóknar um rekstrarleyfi til fiskeldis skal Fiskistofa leggja mat á sjúkdómstengda og vistfræðilega þætti sem kunna að fylgja starfsemi fiskeldisstöðvar.

Veiti fyrirliggjandi gögn ekki nægilegar upplýsingar til þess að mat verði lagt á þá þætti sem um getur í 1. mgr. getur Fiskistofa lagt fyrir umsækjanda að láta í té frekari upplýsingar áður en rekstrarleyfi er veitt. Í því skyni getur stofnunin lagt fyrir hann að rannsaka á eigin kostnað hvort fyrirhuguð starfsemi fiskeldisstöðvar feli í sér aukna hættu á fisksjúkdómum eða hvort um neikvæð vistfræðileg áhrif geti orðið að ræða.

Rannsóknir umsækjanda skv. 2. mgr. geta m.a. falist í merkingum á fiski, samantekt á veðurfars- og haffræðilegum upplýsingum, samantekt um aðra hagsmuni í veiðimálum og

fiskeldi á svæðinu, mat á stöðu fiskstofna í helstu ám á svæðinu og mat á göngu laxfiska í nágrenni fyrirhugaðrar eldisstöðvar. Ráðherra getur í reglugerð mælt nánar fyrir um þau atriði sem rannsókn lýtur að.

10. gr.

Efni og útgáfa rekstrarleyfis.

Telji Fiskistofa að umsókn um rekstrarleyfi fullnægi skilyrðum laga þessara skal stofnunin gefa út rekstrarleyfi til tíu ára í senn. Ef vistfræðileg rök mæla með því er heimilt að gefa út rekstrarleyfi til skemmri tíma.

Í rekstrarleyfi skulu vera ákvæði um stærð fiskeldisstöðvar og hvort um sé að ræða seiðaeldi, strandeldi, skiptieldi eða heilsárseldi. Þá skal í rekstrarleyfi kveðið á um leyfilegar tegundir í eldi, leyfilega eldisstofna, leyfilegt framleiðslumagn og skyldu rekstrarleyfishafa til að annast vöktun og rannsóknir á nánasta umhverfi sínu. Jafnframt skulu í rekstrarleyfi vera ákvæði um varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir að fiskur sleppi vegna eldis eða flutnings á fiski, og ákvæði um áætlun um aðgerðir til að endurheimta fisk sem sleppur.

Ráðherra er í reglugerð heimilt að mæla fyrir um nánari skilyrði sem setja má í rekstrarleyfi. Slík skilyrði geta m.a. falið í sér skyldu leyfishafa til að standa að rannsóknum sambærilegum þeim sem greinir í 2. og 3. mgr. 9. gr. og skyldu til vöktunar á nærliggjandi veiðivötnum, vöktunar á kynþroska og heilbrigði fiska í eldi o.fl.

Við útgáfu rekstrarleyfis skal þess ávallt gætt að fullnægt sé ákvæðum laga um mat á umhverfisáhrifum og laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

IV. KAFLI
Starfræksla fiskeldisstöðva.

11. gr.

Upphaf starfsemi.

Rekstrarleyfi samkvæmt lögum þessum tekur þá fyrst gildi þegar Fiskistofa hefur gert úttekt á fiskeldisstöð. Markmið úttektar er að staðreyna eftir föngum að rekstrarleyfishafi sé fær um að fullnægja skilyrðum laga þessara og skilmálum rekstrarleyfis.

Fiskeldisstöðvum er óheimilt að flytja eldisfisk eða seiði í fiskeldisstöð fyrr en rekstrarleyfi er fengið og úttekt hefur farið fram.

12. gr.

Friðunarsvæði í sjó.

Fiskistofu er heimilt, að fenginni umsögn Veiðimálastofnunar og Hafrannsóknastofnunarinnar, að ákveða friðunarsvæði í sjó framan við frárennsli fiskeldisstöðva með sömu skilyrðum og kveðið er á um í 5. mgr. 15. gr. og 16. gr. laga um lax- og silungsveiði.

Ef sannað þykir að veiðitakmarkanir skv. 1. mgr. hafi í för með sér tjón á fjárhagslegum hagsmunum eiganda sjávarjarðar skulu þeir bæta honum tjónið sem takmörkunin er til hagsbóta fyrir. Bætur skulu ákveðnar með mati skv. VII. kafla laga um lax- og silungsveiði.

13. gr.

Veiðar fisks sem sleppur.

Rekstrarleyfishafi samkvæmt lögum þessum, sem missir fisk úr fiskeldisstöð, skal án tafar tilkynna slíkan atburð til Fiskistofu.

Rekstrarleyfishafa er skylt að grípa til allra þeirra ráðstafana, sem nauðsynlegar eru og í hans valdi standa, til þess að varna því að slíkur atburður, sem greinir í 1. mgr., valdi vistfræðilegu tjóni. Er honum í því skyni m.a. skylt, þrátt fyrir friðun á villtum fiski á svæðinu og án tillits til réttar eigenda sjávarjarða í netlögum, að gera allt sem í hans valdi stendur til að veiddur verði slíkur fiskur á svæði innan 200 metra frá stöðinni. Skal hver eldisstöð eiga og viðhalda nauðsynlegum búnaði í því skyni. Ráðherra skal í reglugerð setja nánari fyrirmæli um hvernig að slíkum veiðum skal staðið.

Skylda til veiða skv. 2. mgr. takmarkast við þrjá sólarhringa frá því að ljóst er að fiskur hafi sloppið út, ef slíkur atburður gerist á göngutíma laxfiska, en veiðitíminn í slíkum tilvikum skal að öðru leyti háður ákvörðun Fiskistofu. Veiðar þær sem hér um ræðir skulu ávallt fara fram í samráði við fulltrúa Fiskistofu.

Ef rekstrarleyfishafi hefur ekki hafið aðgerðir skv. 2. mgr. innan tólf klukkustunda frá því að ljóst er að eldisfiskur slapp út getur Fiskistofa, ef þörf krefur, gefið út almenna heimild til veiða á svæðinu með sömu skilyrðum og fram koma í 2. mgr.

Allan kostnað Fiskistofu og annarra stjórnvalda vegna nauðsynlegra aðgerða samkvæmt þessari grein skal rekstrarleyfishafi greiða.

14. gr.

Eftirlit og skýrslugjöf.

Fiskistofa skal hafa eftirlit með fiskeldisstöðvum í samræmi við fyrirmæli laga þessara. Eftirlitið skal ná til rekstrar- og fiskeldisþátta í starfsemi stöðvanna og þess að skilyrði í rekstrarleyfi séu haldin. Eftirlit með heilbrigði fiska og heilnæmi eldisafurða skal hins vegar framkvæmt af Matvælastofnun í samræmi við lög þar að lútandi.

Til að Fiskistofa geti framkvæmt eftirlit skv. 1. mgr. skal rekstrarleyfishafi árlega gefa Fiskistofu skýrslu um starfsemi sína. Þar skulu m.a. koma fram upplýsingar um framleiðslumagn stöðvar, eldisrými, fóðurnotkun, birgðir af fiski, uppruna hans, sjúkdóma og önnur óhöpp í rekstri, svo og önnur þau atriði sem stofnuninni eru nauðsynleg til virks eftirlits samkvæmt lögum þessum. Þá skal færð dagbók um starfsemina í fiskeldisstöðvum samkvæmt reglugerð sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra setur. Fiskistofu skal ætíð vera heimill aðgangur að eldisstöð og dagbók hennar.

Ráðherra skal í reglugerð mæla nánar fyrir um eftirlitshlutverk Fiskistofu. Fiskistofu er heimilt að fela aðilum sem hlotið hafa faggildingu samkvæmt lögum um faggildingu o.fl. að annast framkvæmd eftirlitsins samkvæmt sérstökum samningi. Þeir skulu bundnir þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd eftirlitsins og leynt á að fara. Um þagnarskylduna gilda ákvæði 18. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, og skal brot á henni varða refsingu skv. 136. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Fyrir eftirlit Fiskistofu eða faggiltra eftirlitsaðila á hennar vegum skulu fiskeldisstöðvar greiða árlegt eftirlitsgjald sem miðast við raunkostnað við eftirlitið samkvæmt gjaldskrá sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra staðfestir. Eftirlitsgjald skal innheimt með einni greiðslu á ári eigi síðar en 1. nóvember ár hvert. Fiskistofa skal annast innheimtu eftirlitsgjaldsins. Ef eftirlitsgjald er ekki greitt á eindaga reiknast hæstu lögleyfðir dráttarvextir af fjárhæð þess frá gjalddaga til greiðsludags. Eftirlitsgjald má innheimta með fjárnámi.

V. KAFLI
Afturköllun rekstrarleyfis.

15. gr.
Forsendubrestur.

Ef fiskeldisstöð hefur ekki innan 24 mánaða frá útgáfu rekstrarleyfis hafið starfsemi í samræmi við rekstraráætlun, sem fylgdi umsókn í samræmi við ákvæði 8. gr., er Fiskistofu heimilt að fella rekstrarleyfi úr gildi. Sama gildir ef starfsemi fiskeldisstöðvar stöðvast í 24 mánuði.

Áður en gripið er til afturköllunar leyfis skv. 1. mgr. skal Fiskistofa ávallt veita rekstrarleyfishafa skriflega viðvörun og hæfilegan frest til úrbóta.

16. gr.
Afturköllun rekstrarleyfis.

Fiskistofa getur afturkallað rekstrarleyfi ef leyfishafi eða starfsmenn hans brjóta gegn ákvæðum laga þessara eða stjórnvaldsfyrirmælum sem sett eru á grundvelli þeirra. Einnig er heimilt að afturkalla leyfi ef leyfishafi eða starfsmenn hans brjóta gegn skilyrðum rekstrarleyfis eða skilyrðum þess er að öðru leyti ekki fullnægt. Þá er og heimilt að afturkalla rekstrarleyfi ef leyfishafi verður ófær um að stunda rekstur og þegar eldisfiskur sleppur ítrekað frá fiskeldisstöð.

Áður en gripið er til afturköllunar leyfis skv. 1. mgr. skal Fiskistofa ávallt veita rekstrarleyfishafa skriflega viðvörun og hæfilegan frest til úrbóta.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

17. gr.
Framsal.

Framsal, leiga og veðsetning á rekstrarleyfi til fiskeldis án skriflegs samþykkis Fiskistofu er óheimil. Slíku samþykki skal þinglýst í samræmi við ákvæði þinglýsingalaga.

18. gr.
Skaðabætur.

Ef rekstrarleyfishafi samkvæmt lögum þessum verður umfram aðra fyrir tjóni vegna þess að tekin er ákvörðun um bann eða takmörkun á starfsemi með heimild í 6. gr. laga þessara skal slíkt tjón bætt úr ríkissjóði. Um ákvörðun bóta fer samkvæmt almennum reglum.

Ef sannað þykir að missir eldisfisks úr fiskeldisstöð valdi tjóni á hagsmunum veiðiréttarhafa, sem verndar njóta samkvæmt lax- og silungsveiðilögum, skal viðkomandi rekstrarleyfishafi bæta tjónið á grundvelli mats skv. VII. kafla laga um lax- og silungsveiði. Hið sama á við um tjón annarra þeirra sem hafbeit, fiskeldi eða fiskrækt stunda.

Ef sannað þykir að starfsemi samkvæmt lögum þessum valdi tjóni í veiðivatni samkvæmt lax- og silungsveiðilögum í öðrum tilvikum en þeim sem greinir í 2. mgr. skal það tjón bætt eftir mati skv. VII. kafla þeirra laga, ef eigi semur.

19. gr.
Tilflutningur eldisfisks.

Kynbættan eldisfisk er eingöngu heimilt að nýta til fiskeldis og óheimilt er að sleppa honum í fiskrækt eða hafbeit. Þó getur Fiskistofa veitt rannsóknaraðila undanþágu til sleppi-

tilrauna í óverulegum mæli, að fenginni umsögn Matvælastofnunar, Hafrannsóknastofnunarinnar eða Veiðimálastofnunar eða annarra fagaðila ef ástæða þykir til.

Flutningur eldistegunda, sem ekki eru tilgreindar í rekstrarleyfi, milli fiskeldisstöðva, svo og flutningur og sleppingar lifandi fisks og frjóvgaðra hrogna milli ótengdra vatnasvæða, er óheimill.

Að fenginni umsögn Matvælastofnunar getur Fiskistofa veitt rekstrarleyfishafa undanþágu til flutnings á eldistegundum, sem ekki eru tilgreindar í rekstrarleyfi, milli fiskeldisstöðva ef ástæður mæla ekki gegn slíku. Fiskistofa skal í þeim tilvikum einnig leita umsagnar Hafrannsóknastofnunarinnar eða Veiðimálastofnunar um hvort náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu starfssvæði fiskeldisstöðvar eða vatnasvæði eða sjávarsvæði gefa tilefni til neikvæðra vistfræðilegra áhrifa.

20. gr.

Eldisbúnaður.

Innflutningur á notuðum eldisbúnaði er óheimill. Til slíks búnaðar teljast eldiskvíar, eldisker, nætur, fóðrar og fiskidælur. Þó er heimilt að flytja inn notuð vísindatæki og tæknibúnað, m.a. tæki til flutnings sem sannanlega er hægt að sótthreinsa að mati Matvælastofnunar. Sækja skal um leyfi fyrir innflutningi á notuðum vísinda- og tæknibúnaði til Matvælastofnunar sem getur heimilað innflutning að fenginni jákvæðri umsögn fisksjúkdómanefndar. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skal í reglugerð setja nánari fyrirmæli um notkun flutningstækja og búnaðar sem notaður er í starfsemi rekstrarleyfishafa.

VII. KAFLI
Reglugerðarheimild, refsiákvæði o.fl.

21. gr.

Reglugerðarheimild o.fl.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara með reglugerð. Þar skal m.a. kveðið á um útgáfu rekstrarleyfa, merkingar á seiðum í kvíaeldi, fóðurnotkun, endurnýjun eldisbúnaðar, úttekt á fiskeldisstöðvum, eftirlit með starfsemi fiskeldisstöðva, flutning eldistegunda milli fiskeldisstöðva, flutning fisks og frjóvgaðra hrogna milli ótengdra vatnasvæða o.fl.

Fiskistofu er, eftir því sem þörf krefur, heimilt að setja svæðis- eða tímabundnar reglur á grundvelli slíkra reglugerða.

22. gr.

Um refsingar.

Það varðar stjórnarmenn og framkvæmdastjóra rekstrarleyfishafa sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, ef sakir eru miklar:

a. ef eldisfiskur sleppur úr fiskeldisstöð þar sem umbúnaði við fiskeldið hefur verið áfátt vegna athafna eða athafnaleysis þeirra sem framið hefur verið af ásetningi eða gáleysi,
b. ef þeir brjóta gegn ákvæðum 1. eða 2. mgr. 13. gr. laga þessara af ásetningi eða gáleysi,
c. ef fiskeldisstöðvar gefa ekki lögboðnar skýrslur um starfsemi sína eða veita eftirlitsmönnum rangar upplýsingar,
d. ef fiskeldisstöðvar gerast að öðru leyti brotlegar gagnvart lögum þessum.

VIII. KAFLI
Gildistökuákvæði.

23. gr.
Gildistaka o.fl.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2008. Jafnframt falla úr gildi frá sama tíma lög nr. 33/2002, um eldi nytjastofna sjávar, og lög nr. 57/2006, um eldi vatnafiska, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Frá gildistöku laga þessara og til loka ársins 2010 skal starfa samráðsnefnd um framkvæmd þeirra, laga um lax- og silungsveiði, laga um Veiðimálastofnun, laga um fiskrækt og laga um varnir gegn fisksjúkdómum. Hlutverk samráðsnefndar er að fylgjast með og stuðla að greiðri framkvæmd og virkum skoðanaskiptum þeirra er lögin varða helst. Nefndin skal skipuð af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og í henni sitja ellefu fulltrúar tilnefndir af eftirtöldum aðilum: Landssambandi veiðifélaga, Landssambandi stangaveiðifélaga, Landssambandi fiskeldisstöðva, Félagi eigenda sjávarjarða, fisksjúkdómanefnd, Veiðimálastofnun, Matvælastofnun, Fiskistofu, umhverfisráðuneyti og Hafrannsóknastofnuninni. Þá skipar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra einn nefndarmann án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið að tilhlutan sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og einnig fiskeldisnefndar sem starfar skv. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 57/2006, um eldi vatnafiska, með síðari breytingum, og 4. gr. laga nr. 33/2002, um eldi nytjastofna sjávar, með síðari breytingum en með því er stefnt að því að sameina í einn lagabálk ákvæði laga um eldi vatnafiska og eldi nytjastofna sjávar þar sem báðar þessar atvinnugreinar heyra nú undir sama ráðuneytið.

Heildarendurskoðun fór fram á árinu 2006 á ákvæðum laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, og var sú leið verið farin að skipta efni þeirra upp og greina í fimm lagabálka, lög um lax- og silungsveiði, lög um fiskrækt, lög um eldi vatnafiska, lög um varnir gegn fisksjúkdómum og lög um Veiðimálastofnun. Lá því til grundvallar það sjónarmið að skipa saman í lagabálka þeim atriðum sem efnislega samstöðu eiga en skilja að öðru leyti á milli. Mynda þau þá lagaumgjörð sem áður var að finna í lax- og silungsveiðilögunum einum en jafnframt var öll stjórnsýsla við lagaframkvæmdina einfölduð. Eldi vatnafiska heyrði hins vegar á þeim tíma undir landbúnaðarráðuneytið og eldi nytjastofna sjávar undir sjávarútvegsráðuneytið og var því ekki unnt að sameina fiskeldi samkvæmt þeim lögum í einn lagabálk.

Með lögum nr. 109/2007, um breytingu á lögum nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, hafa hins vegar verið gerðar breytingar á skipan ráðuneytanna þar sem landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneyti hafa verið sameinuð í eitt ráðuneyti.

Einnig voru gerðar verulegar breytingar á skipan stjórnsýslu fiskeldis með lögum nr. 167/2007, um tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands, þar sem Landbúnaðarstofnun var gefið nýtt nafn, Matvælastofnun, og öll stjórnsýsla matvælamála var flutt til þeirrar stofnunar, m.a. öll stjórnsýsla að því er varðar fiskeldi. Fyrir gildistöku laganna féll eldi vatnafiska hins vegar undir eftirlit og starfsemi Landbúnaðarstofnunar sem fór með stjórnsýslu veiðimála, og eldi nytjastofna sjávar undir eftirlit og starfsemi Fiskistofu.

Enn þá gilda ekki sömu lög um þessar atvinnugreinar þar sem lög nr. 57/2006 gilda um eldi vatnafiska en lög nr. 33/2002 um eldi nytjastofna sjávar. Þar sem allt fiskeldi fellur nú undir sama ráðuneytið, þ.e. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið, og einnig sömu stjórn-

sýslustofnun er talið rétt að sömu lög og stjórnvaldsreglur gildi eftir því sem kostur er um þessa atvinnugrein án tillits til þess hvort um er að ræða eldi vatnafiska eða nytjastofna sjávar. Einnig skal þess getið að þær gerðir EES-samningsins sem varða fiskeldi og Ísland er skuldbundið til að fara eftir gera almennt ekki mun á því hvort um er að ræða eldi vatnafiska eða nytjastofna sjávar en í flestum tilvikum gilda sömu gerðirnar um þessar atvinnugreinar. Með þeim lagabreytingum sem hér eru lagðar til verður auðveldara að innleiða gerðirnar með sömu stjórnvaldsreglum fyrir allt fiskeldi.

Þar sem áherslur hafa breyst í starfsemi Matvælastofnunar sem hefur fengið aukin verkefni á sviði matvælaeftirlits samkvæmt framangreindum lögum er einnig lagt til að allt fiskeldi verði nú flutt til Fiskistofu. Sú stofnun fer með stjórnsýslu og eftirlit með nytjastofnum sjávar og er því talið að stjórnsýsla og eftirlit með fiskeldi eigi nú að teknu tilliti til þeirra breytinga sem orðið hafa á starfsemi Matvælastofnunar meira sameiginlegt með starfsemi Fiskistofu. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að almennt eftirlit með fiskeldi verði hjá Fiskistofu og að sú stofnun fari með þá þætti í starfsemi fiskeldis sem lúta að útgáfu rekstrarleyfa, veiðistjórnun ferskvatnsfiska og stjórnsýslu um það efni ásamt eftirliti sem taki til rekstrarlegra og fiskeldisfræðilegra þátta. Áfram er þó gert ráð fyrir að Matvælastofnun fari með eftirlit með lögum og stjórnvaldsreglum sem lúta að matvælaeftirliti og heilbrigði eldisfiska.

Samhliða þessu frumvarpi er lagt fyrir Alþingi annað frumvarp til laga um flutning stjórnsýsluverkefna á sviði lax- og silungsveiði, fiskræktar o.fl. frá Matvælastofnun til Fiskistofu. Er þar m.a. gert ráð fyrir að þeir starfsmenn Matvælastofnunar sem sinna þeim verkefnum flytjist til Fiskistofu. Gera má ráð fyrir að sömu starfsmenn sinni að mestu eða öllu leyti einnig þeim verkefnum á sviði fiskeldis sem stefnt er að því að flytja til Fiskistofu með frumvarpi þessu.

Við gerð þessa frumvarps hefur verið ákveðið að leggja til grundvallar efnisskipan og helstu ákvæði laga nr. 57/2006 en þó leitast við að aðlaga ákvæðin þannig að þau nái einnig yfir þau ákvæði sem koma fram í lögum nr. 33/2002, um eldi nytjastofna sjávar.

Í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 57/2006 er gerð grein fyrir aðdraganda, efni og gerð frumvarpsins og einnig hvaða breytingar það hafði að geyma frá eldri lögum nr. 76/1970 að því er varðar eldi ferskvatnsfiska.

Þar sem frumvarp þetta felur ekki í sér miklar efnisbreytingar á frumvarpi því sem varð að lögum nr. 57/2006, að öðru leyti en því að gert er ráð fyrir að það gildi einnig um nytjastofna sjávar, þykir rétt til glöggvunar og skýringar að gera grein fyrir almennum athugasemdum sem fylgdu því frumvarpi. Í greinargerð með frumvarpinu sagði m.a., sbr. Alþingistíðindi A-deild, 132. löggjafarþing 2005–2006, þskj. 879, 595. mál:

„Á árinu 2001 ákvað landbúnaðarráðherra að endurskoða skyldi ákvæði gildandi lax- og silungsveiðilaga í því skyni að færa ákvæði þeirra til nútímahorfs að efni og formi. Unnið var jafnt og þétt að verkinu frá áramótum 2004/05 með það að markmiði að unnt yrði að leggja fram frumvarp til nýrra lax- og silungsveiðilaga og annarra tengdra laga við upphaf haustþings 2005. Nefnd sú sem vann að endurskoðun löggjafarinnar var skipuð þeim Þorgeiri Örlygssyni, dómara við EFTA-dómstólinn í Lúxemborg, sem jafnframt var formaður nefndarinnar, Ingimari Jóhannssyni, skrifstofustjóra í landbúnaðarráðuneytinu, Karli Axelssyni, hæstaréttarlögmanni og lektor við lagadeild Háskóla Íslands, og dr. Páli Hreinssyni, prófessor við sömu deild. Með nefndinni störfuðu Arnar Þór Stefánsson, héraðsdómslögmaður á Lex-Nestor lögmannsstofu, og Atli Már Ingólfsson, lögfræðingur og deildarstjóri í landbúnaðarráðuneytinu. Þá hefur dr. Sigurður Guðjónsson, forstöðumaður Veiðimálastofnunar, verið ráðgjafi við samningu frumvarpsins. Í september 2005 var afrakstur af vinnu nefndar-

innar kynntur á vef landbúnaðarráðuneytisins og almenningi og hagsmunaaðilum gefinn kostur á því að gera athugasemdir við drög að frumvörpunum. Bárust nefndinni athugasemdir frá 34 aðilum og samtökum. Fór nefndin yfir þær athugasemdir og tók tillit til þeirra eftir því sem efni stóðu til.

Endurskoðun löggjafar á þessu sviði er afar umfangsmikið verkefni þar sem gæta þarf fjölþættra hagsmuna og lagaskila. Stofn gildandi löggjafar er að hluta til frá árinu 1932, þótt ný lög hafi verið sett 1941, 1957 og 1970. Með einstökum lögum hafa síðan verið gerðar fjölmargar breytingar á gildandi stofnlögum á hverjum tíma. Tilraunir til heildarendurskoðunar laganna á síðustu áratugum hafa hins vegar ekki borið árangur.

Við þá lagaendurskoðun sem nú hefur farið fram hefur sú leið verið farin að einfalda löggjöfina og gera framsetninguna markvissari. Er að því stefnt með þrennum hætti. Í fyrsta lagi hafa verið samin frumvörp um fjóra þætti eða málaflokka sem nú eru hluti af lögum um lax- og silungsveiði og þannig gert ráð fyrir að sérlög gildi á þeim sviðum. Þetta eru ákvæði um Veiðimálastofnun, ákvæði um varnir gegn fisksjúkdómum, ákvæði um fiskrækt og síðast en ekki síst ákvæði um fiskeldi sem frumvarp þetta hefur að geyma. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að nánari útfærsla einstakra atriða verði í reglugerðum settum af landbúnaðarráðherra og reglum settum af Landbúnaðarstofnun. Í þriðja lagi hefur uppbyggingu laganna verið breytt, bæði í því skyni að einfalda og skýra, sem og að samræma fyrirkomulag og uppbyggingu laganna viðteknum viðhorfum við lagasmíð í upphafi 21. aldar.

Til þess að benda sem skýrast á nauðsynlegt samhengi umræddrar löggjafar eru frumvörp sem lúta að þessum fjórum málaflokkum lögð fram samhliða frumvarpi til laga um lax- og silungsveiði og ráðgert að þau öll og málaflokkurinn í heild fái þannig samræmda þinglega meðferð og afgreiðslu. Í því samhengi er rétt að benda á að lög um lax- og silungsveiði verða eins konar þungamiðja þessarar lagasetningar, en hin frumvörpin fjögur koma þar til fyllingar og stuðnings, þótt þau samkvæmt efni sínu séu sjálfstæð. Er því ástæða til þess að vísa til fyllingar athugasemdum þessum til ítarlegra almennra athugasemda með nýju frumvarpi til lax- og silungsveiðilaga sem að breyttu breytanda þykja jafnframt taka til þess sviðs sem þetta frumvarp fjallar um.

Ákvæði um fiskeldi, og að sínu leyti hafbeit, hafa verið í lögum um langa hríð. Ákvæði IX. kafla gildandi laga um lax- og silungsveiði eru að hluta grundvölluð á endurskoðun sem fram fór á árinu 1994, sbr. lög nr. 63/1994, en í meginatriðum er þó um endurskoðun að ræða sem fram fór á árinu 2001, sbr. lög nr. 83/2001. Með tilliti til þess hve skammur tími er liðinn frá þeirri endurskoðun þykja ekki efni til neinnar umbyltingar reglna IX. kafla gildandi laga. Að ósk stjórnar Landssambands fiskeldisstöðva voru ákvæði um hafbeit tekin út úr frumvarpi þessu og er hafbeit nú skipað í frumvarp til laga um fiskrækt. Þess skal getið að nánast engar hafbeitarstöðvar eru nú starfandi og ekki fyrirsjáanlegt að til starfrækslu fleiri stöðva verði stofnað á komandi árum. Allt að einu verða í lögum að vera ákvæði um slíka starfsemi og þykir best fara á því að þeim sé skipað í lögum um fiskrækt.

Auk nokkurra efnisbreytinga á ákvæðum um fiskeldi, sem flestar eru óverulegar, er hér fyrst og fremst um breytingar að ræða sem leiðir af breyttu formi og tilhögun löggjafar á þessu sviði og fyrr er um fjallað, sem og breyttu fyrirkomulagi á skipan stjórnsýslu landbúnaðarmála.

Við gerð frumvarps þessa var haft samráð við stjórn Landssambands fiskeldisstöðva og tillit tekið til fjölmargra ábendinga sem frá þeim komu.

Hér fara á eftir athugasemdir við einstaka kafla og greinar frumvarpsins. Er hér um hefðbundna efnisskipan að ræða. Svo sem fyrr segir er ekki um að ræða verulegar efnisbreyt-

ingar frá reglum IX. kafla gildandi laga um lax- og silungsveiði en einstakar athugasemdir eru nokkuð ítarlegar enda óhjákvæmilegt að rekja þar uppruna einstakra greina og samsvörun þeirra í gildandi lögum.

Þá er vakin á því athygli að eftirtaldar greinar IX. kafla gildandi lax- og silungsveiðilaga eru felldar á brott í heild sinni af þeim ástæðum sem nánar eru nú tilgreindar:

Lokamálsliður 9. mgr. 62 gr. gildandi laga er felldur brott en þar er kveðið á um það að brjóti rekstrarleyfishafi af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi gegn lögunum eða skilyrðum rekstrarleyfis sé veiðimálastjóra heimilt að afturkalla rekstrarleyfi án undanfarandi viðvörunar eða frests til úrbóta. Ákvæði þessa efnis eru nú í 16. gr. frumvarpsins. Þykir hvorki heppilegt né eðlilegt að stjórnsýslustofnun sem Landbúnaðarstofnun sé falið að meta sakarstig með þeim hætti sem nú er gert ráð fyrir í 9. mgr. 62. gr. gildandi laga i.f. Er þannig gert ráð fyrir að aðili rekstrarleyfis fái í öllum tilvikum viðvörun og frest til úrbóta.

Ekki er tekið upp í frumvarpið efni sem svarar til reglna 63., 64. og 65. gr. gildandi laga. Ekki þykja efni til þess að taka upp í ný lög sérstaka eignarnámsheimild til handa veiðifélögum til þess að afla lands og vatns til byggingar og starfsemi klak- og eldisstöðva, en slík heimild er nú í 63. gr. gildandi laga. Þykir slík heimild til handa veiðifélögum sérstaklega hvorki nauðsynleg né aðkallandi. Er eðlilegt að til slíkra framkvæmda sé stofnað með samningum. Reglur 64. og 65. gr. gildandi laga þykja eiga sér næga stoð í V. kafla frumvarps til laga um lax- og silungsveiði og eftir atvikum í reglum vatnalaga. Þykir ekki vera þörf á því að taka upp sérstök fyrirmæli í þá veru í þessi lög.

Þá leiðir það af eðli máls að ákvæði 66. og 67. gr. gildandi laga eiga ekki erindi í sérlög um eldi vatnafiska.“

Eftir gildistöku þessara laga er gert ráð fyrir að ákvæði laga nr. 60/2006, um varnir gegn fisksjúkdómum, gildi um fisksjúkdóma á sviði alls fiskeldis. Þá er gert ráð fyrir að um innflutning fiskeldisdýra og afurða þeirra fari eftir lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra, lögum nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, svo og stjórnvaldsreglum sem settar hafa verið með heimild í þeim.

Að öðru leyti vísast um efni frumvarpsins til frumvarps til laga nr. 57/2006, um eldi vatnafiska, sbr. Alþingistíðindi A-deild, 132. löggjafarþing 2005–2006, þskj. 879, 595. mál, og einnig frumvarps til laga nr. 33/2002, um eldi nytjastofna sjávar, með síðari breytingum, sbr. Alþingistíðindi A-deild, 127. löggjafarþing 2001–2002, þskj. 424, 333. mál, en gert er ráð fyrir að bæði lögin verði felld úr gildi verði frumvarp þetta að lögum. Þá eru skýringar við einstakar greinar frumvarpsins hér á eftir einnig byggðar á þeim athugasemdum sem þar koma fram við einstakar greinar frumvarpa til áðurnefndra laga, einkum laga nr. 57/2006. Til glöggvunar og í þeim tilgangi að auðvelda framkvæmd laganna hafa þær athugasemdir sem fram koma í frumvarpi til laga nr. 57/2006 að mestu leyti verið teknar upp í athugasemdir við einstakar greinar þessa frumvarps. Einstakar breytingar eru þó lagðar til á þeim í því skyni að aðlaga þær að því að gert er ráð fyrir að lögin gildi bæði um vatnafiska og nytjastofna sjávar, svo og þeim breytingum á eftirliti sem gert er ráð fyrir að frumvarpið hafi í för með sér. Enn fremur er ekki gert ráð fyrir að fiskeldisnefnd starfi eftir gildistöku laganna en hún hefur hingað til starfað á grundvelli 4. gr. laganna og verið eins konar samvinnuvettvangur um fiskeldi í ferskvatni og eldi nytjastofna sjávar sem áður heyrðu undir tvö ráðuneyti og fleiri stofnanir. Eftir að báðir málaflokkarnir hafa nú verið færðir undir eitt ráðuneyti, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, er ekki talin lengur þörf á að hafa slíkan samvinnuvettvang.

Athugasemdir við einstaka kafla og greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í I. kafla er að finna hefðbundin ákvæði um markmið og gildissvið laganna, sbr. 1. og 2. gr. Þá eru í 3. gr. ítarlegar skilgreiningar hugtaka.

Um 1. gr.

Markmiðið með setningu sérstakra laga um fiskeldi er, svo sem nánar kemur fram í greininni, að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu. Svo sem kunnugt er hefur fiskeldi sem atvinnugrein átt misjöfnu gengi að fagna á umliðnum árum og áratugum. Þá hafa orðið deilur milli þeirra sem veiðirétt eiga að villtum ferskvatnsfiskstofnum og þeirra sem fiskeldi vilja stunda. Eigi að síður eru bundnar við það vonir að atvinnugrein þessi geti eflt atvinnulíf og byggð í landinu og þannig skilað þjóðarbúinu umtalsverðum tekjum, svo sem raun hefur á orðið með öðrum þjóðum. Með gildistöku laga þessara er ætlunin því sú að stuðla eftir föngum að möguleikum manna til fiskeldis og setja þeirri atvinnugrein jafnframt skýrar reglur og umgjörð.

Á hinn bóginn er það skýrt og endurspeglast að sínu leyti í markmiðsyfirlýsingu 2. mgr. og fleiri greinum frumvarpsins að vöxtur og viðgangur atvinnugreinarinnar má ekki gerast á kostnað viðgangs og nýtingar villtra fiskstofna. Í þessari takmörkun felst í raun að þegar ekki fara saman annars vegar hagsmunir þeirra sem veiðirétt eiga samkvæmt lax- og silungsveiðilögum og hins vegar hagsmunir þeirra sem fjallað er sérstaklega um í frumvarpi þessu víkja hinir síðarnefndu. Sér þessa m.a. stað í 6. og 13. gr. frumvarpsins og í bótareglum 2. og 3. mgr. 18. gr.

Um 2. gr.

Í greininni er kveðið á um það að lögin taki til eldis vatnafiska og nytjastofna sjávar á íslensku forráðasvæði. Þarfnast sú útlistun á gildissviði þeirra ekki sérstakra skýringa. Þá er jafnframt kveðið á um það í 2. gr. að við framkvæmd laganna skuli gætt samræmis við framkvæmd laga um lax- og silungsveiði, laga um fiskrækt og laga um varnir gegn fisksjúkdómum en einnig hafa gilt um þennan málaflokk lög um eldi nytjastofna sjávar.

Um 3. gr.

Í greininni eru skilgreind helstu hugtök sem fyrir koma í frumvarpinu, sem og hugtök sem lýsa ýmsum þeim afbrigðum sem fyrir koma við lagalega útfærslu heimilda til fiskeldis. Þar koma fram hugtök úr bæði lögum nr. 33/2002, um eldi nytjastofna sjávar, og lögum nr. 57/2006, um eldi vatnafiska. Hefur sú leið verið valin eins og í lögum nr. 57/2006 að skýra fremur fleiri en færri hugtök og styðst sú aðferð við þau rök að þótt tiltekin hugtök komi ekki fyrir í lögunum sjálfum þá kunni þau að verða notuð í reglugerðum og reglum settum á grundvelli laganna. Greinin þarfnast ekki frekari skýringa.

Um II. kafla.

Í II. kafla er gerð grein fyrir stjórnsýslu fiskeldismála, heimild ráðherra til skiptingar landsins í einstök fiskeldissvæði og heimild ráðherra til að mæla fyrir um bann við fiskeldi á tilteknum landsvæðum. Í 5. og 6. gr. er að finna frávik frá þeirri meginreglu að Fiskistofa annist framkvæmd stjórnsýslu samkvæmt lögunum, enda er þar um að ræða viðamikil inngrip í atvinnuréttindi þeirra sem í greininni kjósa að starfa. Þykir eðlilegt að ákvarðanir þar að lútandi séu teknar af æðsta handhafa stjórnsýslunnar, þ.e. ráðherra.

Um 4. gr.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn fiskeldismála. Framkvæmd stjórnsýslunnar er hins vegar í höndum Fiskistofu sem hefur eftirlit með því að ákvæðum laganna sé framfylgt.

Gert er ráð fyrir að fiskeldisnefnd, sem nú starfar á grundvelli 2. mgr. 4. gr. laga nr. 57/2006, verði felld niður og starfi ekki lengur eftir gildistöku laganna. Nefndinni er samkvæmt gildandi lögum ætlað að vera stjórnvöldum og hagsmunaðilum til ráðgjafar og stefnumótunar í fiskeldismálum og vera nokkurs konar samráðsvettvangur fleiri ráðuneyta og stofnana sem farið hafa með fiskeldismál. Eftir að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti hafa verið sameinuð og stjórnsýsla fiskeldis á einstökum sviðum flutt að mestu leyti til einnar stofnunar telst ekki þörf lengur á að nefndin starfi.

Í 3. mgr. er loks að finna reglu sama efnis og nú er í 4. gr. laga nr. 57/2006 og var áður í 73. gr. laga um lax- og silungsveiði varðandi skyldu allra fiskeldisstöðva til að hafa með sér samtök sem gæta sameiginlegra hagsmuna þeirra.

Um 5. gr.

Í greininni er mælt fyrir um heimild sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra til að ákveða skiptingu fiskeldissvæða meðfram ströndum landsins. Sambærilega reglu er nú að finna í 5. gr. gildandi laga um eldi vatnafiska og hún var einnig í 6. málsl. 77. gr. eldri laga um lax- og silungsveiði þar sem hún var lögtekin með 5. gr. laga nr. 83/2001. Þó er ekki gert ráð fyrir ákvörðun ráðherra um heildarframleiðslu á hverju svæði enda tekið á slíku í rekstrarleyfum. Við það er nú miðað í frumvarpsgreininni að svæðaskipting af þessu tagi styðjist við vistfræðileg rök, og því er gert ráð fyrir að ævinlega skuli afla umsagnar fag- og hagsmunaaðila áður en slík ákvörðun er tekin.

Um 6. gr.

Í 6. gr. er kveðið á um heimild sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra til að takmarka eða banna fiskeldi eða eldisaðferðir á ákveðnum svæðum þar sem sérstök hætta er talin stafa af slíkri starfsemi. Reglur sambærilegar 1. og 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar eru nú í 6. gr. laga nr. 57/2006 en voru áður í 2.–5. málsl. 77. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði. Þau viðmið, sem leggja ber til grundvallar áður en slík ákvörðun er tekin sem um ræðir í 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar, eru tíunduð í 2. mgr. og skýra sig að mestu sjálf í ljósi þeirra ástæðna sem skv. 1. mgr. geta heimilað beitingu þessa úrræðis. Með neikvæðum vistfræðiáhrifum í skilningi 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar og annars staðar þar sem hugtakið kemur fyrir í frumvarpi þessu er m.a. átt við erfðablöndun. Ákvæðið gildir um villta nytjastofna, hvort sem um er að ræða ferskvatnsfiska eða sjávarfiska.

Í 3. mgr. er síðan gert ráð fyrir að til bótaréttar af hálfu handhafa rekstrarleyfis geti komið vegna beitingar heimildarinnar, en um bótaskilyrði og ákvörðun bótafjárhæðar er nánar fjallað í 18. gr.

Um III. kafla.

Í III. kafla eru ákvæði um rekstrarleyfi til fiskeldis. Skv. 7. gr. er starfsemi sem fellur undir ákvæði laganna leyfisskyld. Styðst það við þau rök að fiskeldi getur, eins og reynslan hefur sýnt, ógnað vistkerfi ferskvatnsfiska. Með því leyfisveitingarferli og eftirliti, sem frumvarpið byggist á, eru líkur til að draga megi úr slíkri hættu. Í 8. gr. eru fyrirmæli um þær

kröfur sem umsókn um rekstrarleyfi skal fullnægja. Í 9. gr. eru ákvæði um málsmeðferð umsóknar og í 10. gr. eru ákvæði um efni og útgáfu rekstrarleyfis.

Um 7. gr.

Efni frumvarpsgreinarinnar svarar til 7. gr. laga nr. 57/2006 og 1. mgr. 62. gr. eldri lax- og silungsveiðilaga, nr. 76/1970, með breyttri framsetningu. Þá er gert ráð fyrir því að Fiskistofa skuli leita umsagnar Matvælastofnunar þannig að gætt sé samræmis í útgáfu rekstrarleyfa til alls fiskeldis, jafnt vatna- sem sjávarfiska.

Þá er í 2. mgr. greinarinnar nýmæli þess efnis að sé um endurnýjun að ræða á rekstrarleyfi teljist ekki nauðsynlegt að afla slíkra umsagna enda sé ekki um að ræða verulegar breytingar miðað við eðli og umfang reksturs.

Um 8. gr.

Í 8. gr. er mælt fyrir um hvaða skilyrðum umsókn um rekstrarleyfi skal fullnægja. Svarar efni frumvarpsgreinarinnar til 8. gr. laga nr. 57/2006 og 2. mgr. 62. gr. eldri lax- og silungsveiðilaga, nr. 76/1970. Skylda til upplýsingagjafar þjónar þeim tilgangi að rekstrarleyfi verði einungis veitt þeim sem fyrir fram getur sýnt fram á að hann sé líklegur til að fullnægja skilyrðum laga og rekstrarleyfis, komi til útgáfu þess. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 9. gr.

Í 9. gr. frumvarpsins, sem svarar til 9. gr. laga nr. 57/2006 og 3. mgr. 62. gr. eldri lax- og silungsveiðilaga, nr. 76/1970, er mælt fyrir um þá málsmeðferð sem umsókn um rekstrarleyfi sætir og hvaða sjónarmið Fiskistofa skal leggja til grundvallar við meðferð umsóknar.

Vegna þeirrar hættu, sem fiskeldi getur haft í för með sér fyrir lífríki villtra ferskvatnsfiskstofna, þykir ekki ósanngjarnt að leyfisveitandi geti mælt fyrir um skyldu umsækjanda til að standa að þeim rannsóknum sem nánar er mælt fyrir um í 2. og 3. mgr. frumvarpsgreinarinnar og kosta þær. Ákvæðið er byggt á því sjónarmiði að í lengstu lög skuli forðast að sömu þættir séu rannsakaðir af mismunandi stjórnvöldum og því beri að kappkosta að nýta fyrirliggjandi rannsóknir sem fram hafa farið eftir því sem unnt er og stofna ekki til nýrra nema breyttar aðstæður gefi tilefni til. Við það er miðað í 2. málsl. 3. mgr. að ráðherra geti sett nánari fyrirmæli um tæknilega framkvæmd slíkra rannsókna í reglugerð. Þykir fara betur á því að slíkum ákvæðum sé skipað í reglugerð en í lögum. Við setningu reglugerðar ber að sjálfsögðu að gæta þess að ekki séu lagðar víðtækari skyldur og kvaðir á umsækjanda í þeim efnum en nauðsyn krefur með tilliti til þeirra upplýsinga sem leyfisveitandi þarf á að halda við meðferð umsóknar, enda geta rannsóknir þessar verið bæði tímafrekar og kostnaðarsamar.

Um 10. gr.

Efni greinarinnar svarar til 10. gr. laga nr. 57/2006 og 4. mgr. 62. gr. eldri lax- og silungsveiðilaga, nr. 76/1970. Rekstrarleyfi til fiskeldisstöðva skulu gefin út til tíu ára í senn sem er sambærilegt og er í 10. gr. laga nr. 57/2006 en þau voru gefin út til fimm ára samkvæmt eldri lögunum nr. 76/1970. Þó verður heimilt að gefa út rekstrarleyfi til skemmri tíma ef sérstakar vistfræðilegar ástæður réttlæta slíkt. Er þetta fyrirkomulag í samræmi við ákvæði er gilda um tímalengd starfsleyfa til fiskeldis. Til viðbótar eru þau rök að fjárbinding er mikil

í þessum rekstri og langur tími kann að líða þar til fjárfestingin getur farið að skila eigendum sínum tekjum. Ákvæði greinarinnar þarfnast að öðru leyti ekki sérstakra skýringa.

Um IV. kafla.

Fjórði kafli hefur að geyma reglur þær sem gilda um starfrækslu fiskeldisstöðva eftir að rekstrarleyfi hefur verið gefið út. Í 11. gr. er mælt fyrir um þau skilyrði sem fullnægja þarf áður en starfsemi getur hafist, í 12. gr. er fjallað um heimildir til að takmarka veiðar í sjó í þágu fiskeldisstöðva, í 13. gr. um veiðar fisks sem sleppur úr fiskeldisstöð og loks eru í 14. gr. fyrirmæli um árlega skýrslugjöf rekstrarleyfishafa til Fiskistofu.

Um 11. gr.

Ákvæði 1. mgr. 11. gr. frumvarpsins svara til 11. gr. laga nr. 57/2006 og 5. mgr. 62. gr. eldri lax- og silungsveiðilaga, nr. 76/1970. Í málsgreininni er skýrt út í hvaða tilgangi úttekt skuli gera, þ.e. hún skal framkvæmd til að staðreyna að rekstrarleyfishafi fullnægi skilyrðum laga og skilmálum leyfis. Í 2. mgr. 11. gr. er að finna reglu þá sem nú er í 2. mgr. 11. gr. laga nr. 57/2006 og var áður í 8. mgr. 62. gr. eldri laga um lax- og silungsveiði og þarfnast hún ekki frekari skýringa.

Um 12. gr.

Vera kann að starfsemi rekstrarleyfishafa samkvæmt frumvarpinu kalli á það að bann verði lagt við hvers konar veiði sjávar- og ferskvatnsfiska í sjó framan við frárennsli fiskeldisstöðva. Af þeirri ástæðu er mælt fyrir um það í 1. mgr. 12. gr. að Fiskistofu sé heimilt að friða slík svæði fyrir öllum veiðum, hvort sem um er að ræða lax og göngusilung eða sjávarfiska. Svarar ákvæðið til 12. gr. laga nr. 57/2006 og 71. gr. eldri lax- og silungsveiðilaga, nr. 76/1970.

Ekki er útilokað að eigendur sjávarjarða, sem stundað hafa lax- og göngusilungsveiðar í sjó framan við frárennsli fiskeldisstöðva, verði fyrir fjárhagslegu tjóni vegna slíkrar takmörkunar sem um ræðir í 1. mgr. Þykir því rétt, svo sem gert er ráð fyrir í 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar, að þeir geti öðlast rétt til bóta úr hendi þeirra sem takmörkunin er til hagsbóta fyrir. Ef eigi semur um bætur skal þær ákveða með mati skv. VII. kafla laga um lax- og silungsveiði. Af orðalagi ákvæðisins leiðir að það eru einungis eigendur sjávarjarða sem bótaréttar geta notið samkvæmt ákvæðinu vegna takmörkunar á veiði í netlögum jarða sinna.

Um 13. gr.

Reynsla undanfarinna ára hefur sýnt að nauðsynlegt er að hafa í lögum ákvæði um hvernig við skuli brugðist ef fiskur sleppur úr eldisstöð, vegna þeirrar hættu sem slíkur atburður getur haft í för með sér fyrir lífríki villtra ferskvatnsfiska. Er því í frumvarpið tekin upp regla sama efnis og nú er í 13. gr. laga nr. 57/2006 og var áður í 72. gr. eldri lax- og silungsveiðilaga, nr. 76/1970, en hún er þar þó í aðeins breyttu formi. Í gildandi lögum er við það miðað að sleppi fiskur úr eldisstöð sé rekstrarleyfishafa skylt að veiða slíkan fisk á nánar tilgreindu svæði umhverfis stöðina. Í eldri lögum um lax- og silungsveiði var um að ræða heimild í þessa veru. Rétt er að vekja á því athygli að skylda rekstrarleyfishafa til björgunaraðgerða samkvæmt frumvarpsgrein þessari takmarkast ekki á nokkurn hátt af rétti eigenda sjávarjarða í netlögum. Þá er og rétt að taka fram að aðgerðir samkvæmt frumvarpsgreininni eiga að sjálfsögðu ekki að ganga lengra en þörf krefur til að fanga megi þann fisk sem sloppið hefur. Hagsmunir eigenda sjávarjarða af slíku tilefni eru svo sérstaklega varðir í 18. gr. Í 5. mgr.

frumvarpsgreinarinnar kemur fram að allan kostnað stjórnvalda vegna aðgerða samkvæmt greininni beri þeim að greiða sem rekur viðkomandi fiskeldisstöð.

Um 14. gr.

Svo sem fram kemur í 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins er ráð fyrir því gert að Fiskistofa hafi eftirlit með lagaframkvæmdinni, verði frumvarp þetta að lögum. Gert ráð fyrir að það eftirlit Fiskistofu nái bæði til rekstrarlegra og fiskeldislegra þátta en samkvæmt gildandi lögum er þetta eftirlit á hendi Matvælastofnunar en var áður hjá Landbúnaðarstofnun að því er varðar ferskvatnsfiskeldi. Eftirlit með eldi nytjastofna sjávar var hins vegar hjá Fiskistofu fram að gildistöku laga nr. 167/2007, um tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands, þ.e. 1. janúar 2008. Til að forðast tvöfalt eftirlit er samkvæmt frumvarpinu gert ráð fyrir að eftirlit með heilbrigði fiska og heilnæmi eldisafurða verði eingöngu framkvæmt af Matvælastofnun í samræmi við gildandi lög og stjórnvaldsreglur þar að lútandi og er það tekið fram í greininni. Í 14. gr. er gerð frekari grein fyrir eftirlitshlutverki Fiskistofu með rekstri fiskeldisstöðva samkvæmt ákvæðinu. Er hugmyndin að nánar verði mælt fyrir um það í reglugerð, sbr. og 21. gr. frumvarpsins. Í því skyni að gera eftirlitið skilvirkara og markvissara er svo mælt fyrir um í 14. gr. að rekstrarleyfishafi skuli árlega gefa stofnuninni skýrslu um þau atriði sem nánar eru tilgreind í frumvarpsgreininni. Skylda til skýrslugjafar í þessa veru hefur verið í lax- og silungsveiðilögum um nokkra hríð, sbr. 69. gr. og 97. gr. eldri laga um lax- og silungsveiði, og þykir hafa sannað gildi sitt. Þá er óbreytt heimild eftirlitsaðila, þ.e. Fiskistofu, verði frumvarpið að lögum til að fela þeim sem hlotið hafa faggildingu samkvæmt lögum um faggildingu o.fl. að annast framkvæmd eftirlits á hennar vegum samkvæmt sérstökum samningi. Að lokum eru ákvæði um eftirlitsgjald sama efnis og nú eru í 14. gr. laga nr. 57/2006 og voru áður í 97. gr. eldri laga nr. 76/1970.

Um V. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um þau tvö tilvik sem leitt geta til þess að rekstrarleyfishafi verði sviptur leyfi sínu. Í 15. gr. er mælt fyrir um sviptingu leyfis vegna forsendubrests, þ.e. þegar rekstrarleyfishafi byrjar ekki starfsemi í samræmi við ákvæði leyfis innan tilskilins tíma, en í 16. gr. er fjallað um aðrar þær orsakir sem leitt geta til niðurfellingar leyfis.

Um 15. gr.

Regla 15. gr. frumvarpsins á sér samsvörun í 15. gr. laga nr. 57/2006 og var áður í 74. gr. gildandi laga um lax- og silungsveiði, en tímabil í 1. mgr. 74. gr. var þó með 15. gr. laga nr. 57/2006 lengt úr 12 í 24 mánuði og er það óbreytt samkvæmt þessu frumvarpi. Einnig er hér bætt við heimild til að afturkalla rekstrarleyfi ef starfsemi stöðvast í 24 mánuði eða lengri tíma. Liggja því til grundvallar líffræðileg sjónarmið, þ.e. um lengd eldistíma. Í 2. mgr. kemur einnig fram með sama hætti og í sama ákvæði gildanda laga um eldi vatnafiska að til slíkra íþyngjandi aðgerða, sem um ræðir í 1. mgr., sé ekki heimilt að grípa nema rekstrarleyfishafa sé fyrst gefið færi á að bæta úr.

Um 16. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um heimild Fiskistofu til að afturkalla rekstrarleyfi ef leyfishafi eða starfsmenn hans brjóta gegn ákvæðum laga eða skilmálum rekstrarleyfis. Sambærileg ákvæði eru í 16. gr. laga nr. 57/2006 og voru áður í 9. mgr. 62. gr. eldri lax- og

silungsveiðilaga nr. 76/1970. Með sambærilegum hætti og í 15. gr. er ekki heimilt að grípa til slíks nema rekstrarleyfishafa sé fyrst gefið færi á að bæta úr.

Um VI. kafla.

Í VI. kafla er ýmis almenn ákvæði að finna sem síður verða heimfærð undir aðra kafla þess. Samkvæmt 17. gr. er framsal, leiga og veðsetning á rekstrarleyfi óheimil án samþykkis Fiskistofu. Í 18. gr. er mælt fyrir um skaðabótarétt, í 19. gr. felast takmarkanir á tilflutningi eldisfisks og í 20. gr. eru ákvæði um eldisbúnað. Sambærileg ákvæði eru í lögum nr. 57/2006.

Um 17. gr.

Regla 17. gr. frumvarpsins á sér fyrirmynd í 7. mgr. 62. gr. eldri lax- og silungsveiðilaga nr. 76/1970, sbr. og 17. gr. laga nr. 57/2006. Samkvæmt frumvarpsgreininni er framsal, leiga eða veðsetning rekstrarleyfis óheimil án samþykkis Fiskistofu. Í 2. málsl. ákvæðisins kemur fram að þinglýsa skuli slíku samþykki sem hér um ræðir.

Um 18. gr.

Í þessari grein er að finna reglur um rétt til skaðabóta vegna ýmissa atvika sem að höndum getur borið í tengslum við rekstur fiskeldisstöðva.

Í 1. mgr. er fjallað um þær aðstæður sem upp geta komið ef fiskeldi er takmarkað eða bannað á grundvelli heimildar í 6. gr. frumvarpsins. Er hér fyrst og fremst horft til þess tilviks þegar slíkt bann beinist gegn aðilum sem þegar hafa fengið rekstrarleyfi og/eða hafið fiskeldi eða beita öðrum eldisaðferðum á slíkum svæðum. Þrátt fyrir að slíkar takmarkanir eða bönn séu almenns eðlis, byggð á málefnalegum grunni og jafnræðis sé gætt fær það ekki staðist bótalaust að aðilar, sem þegar hafa hafið slíka starfsemi á svæðinu í trausti opinbers leyfis, séu sviptir því bótalaust, sbr. 72. gr. stjórnarskrárinnar. Þar sem heimild 6. gr. er beitt í þágu þeirra almannahagsmuna að villtum ferskvatnsfiskstofnum sé ekki spillt með fisksjúkdómum eða öðrum neikvæðum vistfræðiáhrifum er eðlilegt að ríkissjóður bæti tjón sem af banni eða takmörkun hlýst, en ekki einstakir veiðiréttarhafar. Felur bótaregla af þessum toga jafnframt í sér nokkurt aðhald í beitingu heimilda skv. 6. gr.

Í 2. mgr. er á hinn bóginn fjallað um það sérstaka tilvik 13. gr. frumvarpsins að fiskur sleppur úr eldi. Svo sem fram hefur komið getur óhjákvæmilega hlotist meiri eða minni skaði af slíku. Mest hætta steðjar þá að villtum laxfiskastofnum, en ekki er útilokað að hætta geti af þessum sökum steðjað að öðrum fiskeldisstöðvum. Styðst regla 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar við þau rök að eðlilegt sé að rekstrarleyfishafi beri, án tillits til sakar, bótaábyrgð á tjóni sem af slíkum atburði hlýst.

Regla 3. mgr., sem er sambærileg 3. mgr. 19. gr. laga nr. 57/2006 og á sér fyrirmynd í 70. gr. eldri lax- og silungsveiðilaga, nr. 76/1970, felur, eins og regla 2. mgr., í sér hlutlæga bótaskyldu rekstrarleyfishafa. Regla þessi á sér nokkra sögu í lögum um lax- og silungsveiði og er henni fyrst og fremst ætlað að taka til þeirra tilvika þegar veiði í veiðivötnum nærri fiskeldisstöð minnkar. Þá þykir eðlilegra í ljósi þess hagsmunamats, sem löggjöf á sviði lax- og silungsveiða felur í sér, að fiskeldisstöðvar beri hallann af því ef staðsetning þeirra og starfsemi veldur sannanlegri rýrnun veiði í nærliggjandi veiðivötnum. Áréttað skal að sönnunarbyrðin vegna slíks skaða/tjóns hvílir með hefðbundnum og óskoruðum hætti á þeim handhöfum veiðiréttar sem telja að viðkomandi veiðivatn hafi orðið fyrir tjóni.

Að öðru leyti en því sem um er fjallað sérstaklega í 18. gr. frumvarpsins fer um skaðabætur vegna þeirrar starfsemi, sem lög þessi taka til, eftir almennum reglum íslensks skaðabótaréttar.

Um 19. gr.

Regla 19. gr. frumvarpsins er í öllum aðalatriðum samhljóða reglu 20. gr. laga nr. 57/2006 og 75. gr. eldri lax- og silungsveiðilaga, nr. 76/1970. Eftirfarandi röksemdir er að finna fyrir lögleiðingu hennar í athugasemdum við frumvarpsgrein þá sem síðar var lögtekin sem 5. gr. laga nr. 83/2001, og þykja þær vera í fullu gildi:

„Í núgildandi löggjöf eru ekki sambærileg ákvæði en ljóst er að mjög mikilvægt er að slík ákvæði séu í lögum. Flutningar eldistegunda sem ekki eru fyrir í fiskeldis- eða hafbeitarstöðvum milli stöðva geta haft ófyrirsjáanleg og skaðleg áhrif. Einnig er ljóst að flutningur lifandi fisks og frjóvgaðra hrogna milli ótengdra vatnasvæða getur haft skaðleg áhrif, bæði sjúkdómstengd og vistfræðileg.“

Áréttað er að undanþágur frá þeim meginreglum um bann, sem fram koma í 1. og 2. mgr., sæta þröngum skilyrðum, sbr. útlistun þar að lútandi í 2. málsl. 1. mgr. og 3. mgr. Þá er gert ráð fyrir að í reglugerð þeirri sem sett verður á grundvelli 21. gr. frumvarpsins verði nánar mælt fyrir um skilyrði þess að undanþága verði veitt, sbr. gildandi reglugerð nr. 1011/2003.

Um 20. gr.

Í greininni er annars vegar mælt fyrir um bann við innflutningi á notuðum eldisbúnaði sem þó má víkja frá liggi fullnægjandi gögn fyrir að mati Matvælastofnunar, svo sem nánar er mælt fyrir um í greininni, en gert er ráð fyrir að sú stofnun fari með þetta eftirlit en ekki Fiskistofa þar sem þetta varðar sjúkdómavarnir og er þar með hluti af matvælaeftirliti. Er reglan sérregla gagnvart ákvæðum frumvarps til laga um varnir gegn fisksjúkdómum, sbr. einkum 8. gr. þess. Þá er gert ráð fyrir heimild sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra til að setja í reglugerð nánari fyrirmæli um innflutning og notkun flutningstækja og búnaðar sem notaður er í starfsemi rekstrarleyfishafa. Reglur sama efnis eru í 21. gr. laga nr. 57/2006 og voru áður í 76. gr. eldri laga nr. 76/1970.

Um VII. kafla.

Í þessum kafla er í fyrsta lagi heimild til útgáfu reglugerðar og í öðru lagi refsiheimild.

Um 21. gr.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um heimild sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra til útgáfu reglugerðar til fyllingar ákvæðum laganna. Felur hún jafnframt í sér áréttingu á fyrirmælum eða heimildum í sömu veru skv. 2. mgr. 4. gr., 3. mgr. 9. gr., 3. mgr. 10. gr., 2. mgr. 13. gr., 3. mgr. 14. gr. og 20. gr. Er í 1. mgr. 21. gr. gert ráð fyrir að í reglugerð verði nánar mælt fyrir um útgáfu rekstrarleyfa, merkingar á seiðum í kvíaeldi, fóðurnotkun, endurnýjun eldisbúnaðar, úttekt á fiskeldisstöðvum, eftirlit með starfsemi þeirra, flutning eldistegunda milli fiskeldisstöðva, flutning fisks og frjóvgaðra hrogna milli ótengdra vatnasvæða o.fl. Regla sama efnis er nú í 22. gr. laga nr. 57/2006 og var áður í 1. mgr. 77. gr. eldri laga um lax- og silungsveiði, og reglugerð sú sem sett hefur verið með stoð í ákvæðinu nr. 1011/2003. Er hugmyndin að efni hennar, með þeim nauðsynlegu viðaukum sem af breyttum reglum samkvæmt frumvarpi þessu leiðir, verði uppistaðan í slíkri reglugerð.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að Fiskistofa geti, eftir því sem þörf krefur, sett svæðis- eða tímabundnar reglur á grundvelli reglugerðar skv. 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar.

Um 22. gr.

Eins og nánar er að vikið í 2. mgr. 6. gr. er það eitt af markmiðum frumvarpsins að vernda villta nytjastofna og hlífa þeim við fisksjúkdómum og öðrum neikvæðum vistfræðiáhrifum. Af þeim sökum eru lagðar refsingar við því ef eldisfiskur sleppur úr fiskeldisstöð þar sem umbúnaði við fiskeldið hefur verið áfátt. Þá varðar það einnig refsingu ef ekki er brugðist við í samræmi við ákvæði 1. eða 2. mgr. 13. gr. þegar eldisfiskur sleppur úr fiskeldisstöð. Ákvæðið er í samræmi við sömu grein laga nr. 57/2006, um eldi vatnafiska. með síðari breytingum.

Um VII. kafla.

Í VII. kafla eru ákvæði um gildistöku og breytingar á lögum.

Um 23. gr.

Gildistakan er miðuð við 1. júlí 2008 og falla þá um leið úr gildi ákvæði laga nr. 33/2002, um eldi nytjastofna sjávar, og laga nr. 57/2006, um eldi vatnafiska, með síðari breytingum.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Svo sem víða hefur verið vikið að í athugasemdum var við heildarendurskoðun á ákvæðum laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, á árinu 2006 sú leið farin að kljúfa efni þeirra upp og greina í fimm lagabálka, þ.e. lög um lax- og silungsveiði, lög um fiskrækt, lög um varnir gegn fisksjúkdómum, lög um Veiðimálastofnun og lög um eldi vatnafiska. Lá því til grundvallar það sjónarmið að skipa saman í lagabálka þeim atriðum sem efnislega samstöðu eiga en skilja að öðru leyti á milli en saman mynda ákvæði þessara laga þá lagaumgjörð sem áður var að finna í lax- og silungsveiðilögunum einum. Þá var öll stjórnsýsla við lagaframkvæmdina einfölduð.

Þar sem svo miklar breytingar voru gerðar á lagaumhverfinu var talið nauðsynlegt að tryggja að lagaframkvæmdin geti gengið sem best fyrir sig, agnúar yrðu sniðnir af og samþætting tryggð. Því var í bráðabirgðaákvæði með frumvarpi til laga nr. 57/2006 og reyndar einnig annarra framangreindra laga gert ráð fyrir því að á næstu fimm árum frá gildistöku laganna skyldi starfa samráðsnefnd um framkvæmd þeirra og annarra framangreindra laga. Var nefndinni ætlað að vera samstarfs- og samráðsvettvangur þeirra aðila sem lagaframkvæmdin varðar helst, fylgjast með og stuðla að greiðri lagaframkvæmd og virkum skoðanaskiptum þeirra sem lögin varða helst.

Þar var gert ráð fyrir að nefndin yrði skipuð til fimm ára, og þau rök færð fyrir því að þá ætti að vera komin reynsla á lagaframkvæmdina. Ef reynslan af starfi nefndarinnar yrði jákvæð yrði með lagabreytingu unnt að festa hana varanlega í sessi.

Lagt hefur verið til að sambærilegt ákvæði til bráðabirgða verði tekið upp í frumvarp þetta og að nefndin starfi þann starfstíma sem henni var markaður með lögum nr. 57/2006, þ.e. til ársins 2010.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um fiskeldi.

Markmið þessa frumvarps er að skapa skilyrði til uppbyggingar eldis vatnafisks og nytjastofna sjávar og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu eldi vatnafiska og nytjastofna sjávar og tryggja verndun villtra nytjastofna. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að eftirlit og stjórnsýsla fiskeldismála verði að mestu leyti flutt til Fiskistofu en þessi verkefni eru nú hjá Matvælastofnun. Er þó gert ráð fyrir að eftirlitshlutanum verði skipt milli Fiskistofu og Matvælastofnunar með þeim hætti að Fiskistofa muni hafa eftirlit með þeim þáttum sem snúa að rekstraleyfum, veiðistjórnun ferskvatnsfiska, rekstri og fiskeldisfræði en Matvælastofnun muni hafa eftirlit með þeim þáttum sem snúa að matvælaeftirliti og heilbrigði eldisfiska. Þeim verkefnum sem nú færast frá Matvælastofnun yfir til Fiskistofu samkvæmt frumvarpinu var áður sinnt af embætti veiðimálastjóra, en það embætti sameinaðist Landbúnaðarstofnun, nú Matvælastofnun, við stofnun hennar árið 2006. Við þá sameiningu var 26,6 m.kr. fjárveiting embættis veiðimálastjóra flutt til Landbúnaðarstofnunar í fjárlögum 2006 en það svarar til 29,7 m.kr. á verðlagi fjárlaga 2008.

Samhliða þessu frumvarpi er flutt frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna flutnings stjórnsýslu- og eftirlitsverkefna á sviði lax- og silungsveiði, fiskræktar o.fl. til Fiskistofu en samkvæmt því frumvarpi er gert ráð fyrir að flytja stjórnsýslu- og eftirlitsverkefni á sviði lax- og silungsveiði og fiskræktar og önnur verkefni sem varða stjórnsýslu ferskvatnsfiska frá Matvælastofnun til Fiskistofu. Af hálfu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis liggur ekki fyrir ný kostnaðargreining á þeim verkefnum sem um er að ræða. Ráðuneytið miðar við að í tengslum við bæði þessi frumvörp þurfi að millifæra framangreinda 29,7 m.kr. fjárheimild sem rann til Matvælastofnunar í fjárlögum 2006 yfir til Fiskistofu þar sem þau verkefni sem þar lágu til grundvallar eru nú að færast yfir til Fiskistofu.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður því ekki séð að það muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

832. Frumvarp til laga [531. mál]

um breytingar á ýmsum lögum vegna flutnings stjórnsýslu- og eftirlitsverkefna á sviði lax- og silungsveiði, fiskræktar o.fl. til Fiskistofu.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

I. KAFLI

Breytingar á lögum nr. 58/2006, um fiskrækt, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað orðsins „Matvælastofnunar“ í 1. mgr. 4. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum, að undanskildu ákvæði til bráðabirgða, kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Fiskistofa.

2. gr.

Í stað orðanna „eldi vatnafiska“ í ákvæði til bráðabirgða við lögin kemur: fiskeldi.

II. KAFLI
Breytingar á lögum nr. 59/2006, um Veiðimálastofnun, með síðari breytingum.

3. gr.

Við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Veiðimálastofnun er heimilt að eiga aðild að rannsókna- og þróunarfyrirtækjum, sem eru hlutafélög eða önnur félög með takmarkaðri ábyrgð, er þróa hugmyndir og hagnýta rannsókna- og þróunarverkefni sem stofnunin vinnur að hverju sinni.

4. gr.

Í stað orðanna „eldi vatnafiska“ í ákvæði til bráðabirgða við lögin kemur: fiskeldi.

III. KAFLI
Breytingar á lögum nr. 60/2006, um varnir gegn fisksjúkdómum, með síðari breytingum.

5. gr.

Í stað orðanna „laga um eldi vatnafiska og laga um eldi nytjastofna sjávar“ í 2. málsl. 2. gr. laganna kemur: og laga um fiskeldi.

6. gr.

Í stað orðanna „eldi vatnafiska“ í ákvæði til bráðabirgða við lögin kemur: fiskeldi.

IV. KAFLI
Breytingar á lögum nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum.

7. gr.

Í stað orðsins „Matvælastofnunar“ í 1. mgr. 4. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Fiskistofa.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:

Veiðimálastofnun safnar veiðiskýrslum í samræmdu formi sem stofnunin útbýr og leggur til í umboði Fiskistofu. Veiðiskýrslur teljast opinber gögn og almennar upplýsingar úr veiðiskýrslum skulu jafnframt vera aðgengilegar almenningi sem og öðrum rannsókna- og ráðgjafaraðilum samkvæmt ákvörðun Fiskistofu.

b. 2. málsl. 3. mgr. fellur brott.

9. gr.

Í stað orðanna „eldi vatnafiska“ í ákvæði til bráðabirgða við lögin kemur: fiskeldi.

V. KAFLI

Breytingar á lögum nr. 80/2005, um Matvælastofnun, með síðari breytingum.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Orðin „lögum nr. 33/2002, um eldi nytjastofna sjávar“ í a-lið falla brott.
b. J-liður fellur brott.

11. gr.

5. gr. laganna fellur brott.

VI. KAFLI

Breytingar á lögum nr. 36/1992, um Fiskistofu, með síðari breytingum.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „sjávarútvegsmála“ í 1. málsl. kemur: lax- og silungsveiði, fiskræktar o.fl.
b. Í stað orðsins „sjávarútvegsráðherra“ í 2. málsl. kemur: sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Við bætist nýr málsliður sem verður 2. málsl., svohljóðandi: Einnig skal Fiskistofa annast stjórnsýslu og eftirlit samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði, lögum um fiskrækt o.fl.
b. Á eftir orðinu „sjávarútvegsmála“ í 2. málsl., er verður 3. málsl., kemur: lax- og silungsveiði, fiskræktar o.fl.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Við bætist ný málsgrein sem verður 2. mgr., svohljóðandi:

   Framkvæmd stjórnsýslu veiðimála á sviði lax- og silungsveiði, fiskræktar og annarra laga sem varða ferskvatnsfiska skal vera í höndum sérstaks sviðs Fiskistofu sem nefnist veiðimálasvið en það hefur einnig eftirlit með því að ákvæðum laga á því sviði sé framfylgt, nema á annan veg sé mælt í lögum. Fiskistofustjóri skal ráða sviðsstjóra til að stýra veiðimálasviði stofnunarinnar. Skal sá sviðsstjóri vera með háskólapróf sem nýtist honum í starfi og nefnast veiðimálastjóri. Skal hann heyra undir fiskistofustjóra sem jafnframt setur honum erindisbréf með hliðsjón af þeim verkefnum sem tilheyra stjórnsýslu veiðimála samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði, lögum um fiskrækt og öðrum lögum sem varða starfsemi veiðimálasviðsins.
b. Í stað orðsins „Sjávarútvegsráðherra“ í 2. mgr., er verður 3. mgr., kemur: Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

15. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 5. gr., svohljóðandi:

Fiskistofa skipar eftirlitsmenn með veiði samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði þar sem þurfa þykir enda æski þess veiðifélag eða veiðiréttarhafar þar sem veiðifélag hefur ekki verið stofnað og greiði kostnað af eftirlitinu. Á sama hátt skipar Fiskistofa eftirlitsmann með

klaköflun þar sem þurfa þykir og greiðir viðkomandi klakleyfishafi kostnað sem af þessu leiðir.

Fiskistofu er heimilt að skipa eftirlitsmenn með því að bann við laxveiðum í sjó sé virt. Kostnaður við störf þeirra greiðist úr ríkissjóði.

Eftirlitsmenn skulu hafa nákvæmar gætur á því að veiði í umdæmi þeirra sé stunduð með löglegum hætti. Þeir safna skýrslum og skulu m.a. gera skrár um veiðivélar, lagnir og drætti í umdæmum sínum og sjá um merkingu veiðarfæra. Nánari fyrirmæli um starfsemi eftirlitsmanna setur Fiskistofa í erindisbréfi.

Eftirlitsmenn skulu eiga frjálsa för um veiðivatn, meðfram því og um netlög í sjó eftir því sem þörf krefur. Þeir hafa vald til að taka upp ólögleg veiðitæki eða veiðitæki sem notuð eru á óleyfilegum tíma eða óleyfilegum stað.

VII. KAFLI
Gildistaka.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2008.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Við flutning á málefnum frá Matvælastofnun til Fiskistofu samkvæmt lögum þessum skulu starfsmönnum sem starfa við verkefni sem flutt eru frá Matvælastofnun samkvæmt lögum þessum boðin störf hjá Fiskistofu. Við ráðstöfun starfa samkvæmt þessu ákvæði þarf ekki að gæta 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum.

II.

Við gildistöku þessara laga skulu renna til Fiskistofu eignir sem runnu til Matvælastofnunar frá embætti veiðimálastjóra samkvæmt 6. gr. laga nr. 80/2005, um Matvælastofnun, með síðari breytingum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram að tilhlutan sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra en með því er stefnt að því að flytja til Fiskistofu stjórnsýslu og eftirlit á sviði lax- og silungsveiði og fiskræktar og önnur verkefni sem varða ferskvatnsfiska.

Fyrstu ákvæði um stjórn veiðimála hér á landi voru lögfest með setningu laga nr. 61/1932, um lax- og silungsveiði. Með þeim lögum var komið á fót embætti veiðimálastjóra, sem þó varð ekki að fullu virkt fyrr en 1946 þegar fyrsti veiðimálastjórinn kom til starfa. Í lögunum er tilgreint að veiðimálastjóri og veiðimálanefnd skuli vera atvinnumálaráðherra til aðstoðar við stjórn veiðimála. Veiðimálastjóri skyldi vera kunnáttumaður um veiðimál og vatnalíffræði. Helstu verkefni hans samkvæmt þessum fyrstu lögum skyldu vera eftirfarandi, þ.e. að:

- annast nauðsynlegar rannsóknir vatna og fiska og skrásetja veiðivötn,
- sjá um söfnun á veiði- og fiskræktarskýrslum,
- láta gera uppdrætti af klakstöðvum og fiskvegum og hafa umsjón með gerð þeirra mannvirkja,
- gera tillögur um reglugerðir og friðunarákvæði,
- veita mönnum leiðbeiningar um veiðimál og vera ráðherra til aðstoðar.

Síðan hefur hlutverki embættisins verið breytt nokkrum sinnum í gegnum tíðina, m.a. með lögum nr. 53/1957 og nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, og með lögum nr. 63/1994, nr. 50/1998 og nr. 83/2001, um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði. Með lögum nr. 50/1998 var embættið gert að sjálfstæðum stjórnsýsluaðila í veiðimálum með kæruleið til landbúnaðarráðuneytis en þá hafði nýlega verið skilið á milli rannsókna og stjórnsýslu í veiðimálum.

Segja má að meginmarkmið þess starfs, sem unnið hefur verið að í veiðimálum í 75 ár, hafi verið eftirfarandi:

1. Auka skilvirkni og tryggja réttláta stjórnsýslu gagnvart veiðifélögum.
2. Tryggja sjálfbæra nýtingu á laxa- og silungastofnum.
3. Auka framleiðni náttúrulegra vistkerfa í ferskvatni með ræktun.
4. Vernda og bæta búsvæði laxfiska í ferskvatni og sjó.
5. Vernda laxa- og silungsstofna gagnvart neikvæðum áhrifum mengunar og fiskeldis.

Óhætt er að fullyrða að þetta starf hafi borið mikinn árangur og stjórnsýsla í veiðimálum hér á landi telst vera til fyrirmyndar fyrir aðrar þjóðir og ástand laxa- og silungastofna og búsvæða þeirra með því besta sem gerist.

Á árinu 2005 var starfsemi embættis veiðimálastjóra og fleiri stofnana hins vegar sameinað í eina stofnun, Landbúnaðarstofnun, með lögum nr. 80/2005 og hófst sá samrekstur í ársbyrjun 2006. Í árslok 2007 var nafni Landbúnaðarstofnunar breytt í Matvælastofnun með lögum nr. 167/2007, um tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands í kjölfar sameiningar á landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneyti. Með þessu varð veruleg áherslubreyting í starfi stofnunarinnar sem hafði fengið nýtt heiti, Matvælastofnun, og ýtti undir endurskoðun á staðsetningu starfsemi í veiðimálum innan hennar vébanda.

Í frumvarpi þessu er lagt til að málefni sem varða veiðimál og nýtingarstjórnun laxfiska verði flutt frá Matvælastofnun til Fiskistofu. Fyrir því eru margvísleg rök sem hér verða rakin í stuttu máli.

Stofnun Landbúnaðarstofnunar árið 2005 var í raun útfærsla á tillögum um sameiningu allrar stjórnsýslu í landbúnaði, þ.m.t. embætti yfirdýralæknis, veiðimálastjóra og Aðfangaeftirlits, í Búnaðarstofu, sem fyrst komu fram í stjórnsýsluúttekt árið 1997. Var þá miðað við að einstök stjórnsýslusvið yrðu tiltölulega sjálfstæð innan stofnunarinnar enda voru þau verkefni sem sameinuð voru harla ólík. Hér var því fyrst og fremst verið að huga að hagræðingu og eflingu stjórnsýslunnar. Þegar Landbúnaðarstofnun hóf starfsemi varð fljótlega ljóst að meginþungi þeirrar starfsemi yrði á sviði dýraheilbrigðis og eftirlits með aðföngum og matvælaframleiðslu enda tók skipurit og skipting stofnunarinnar í svið mið af því. Starfsemi í veiðimálum, sem byggðist á félagslegri uppbyggingu veiðifélaga ásamt nýtingarstjórnun og verndun á ferskvatnsumhverfi laxfiska, átti því fátt sameiginlegt með öðrum þáttum í starfsemi stofnunarinnar og hefur því í raun verið fjárhagslega og stjórnunarlega skipt milli sviða stofnunarinnar.

Um síðustu áramót var nafni Landbúnaðarstofnunar breytt í Matvælastofnun og yfirtók sú stofnun fjölda verkefna á sviði matvælastjórnsýslu og eftirlits sem áður voru unnin af Umhverfisstofnun og Fiskistofu, meðal annars landamæraeftirlit. Eðli málsins samkvæmt jókst öll áhersla á matvælaeftirlit til muna við þessa breytingu sem jók enn frekar efasemdir um réttmæti og hagkvæmni þess að hafa stjórnsýslu veiðimála innan vébanda Matvælastofnunar ef aðrir valkostir væru fyrir hendi. Í þessu sambandi má benda á að Matvælastofnun framfylgir að stórum hluta lögum sem eru innleiðing á evrópskum lögum með mikla tengingu við Brussel, en stjórnsýsla veiðimála framfylgir alfarið íslenskum lögum.

Stofnun Matvælastofnunar var bein afleiðing af sameiningu landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneyta í eitt ráðuneyti. Reikna má með að sú breyting eigi eftir að hafa margvísleg áhrif á skipulagningu undirstofnana þessa ráðuneytis. Í sjávarútvegi hefur stjórnsýsla nytjastofna sjávar verið á hendi Fiskistofu sem framfylgir ýmsum lögum og reglugerðum þess málaflokks. Hún hefur einnig á hendi viðamikið veiðieftirlit um land allt. Stjórnsýsla veiðimála á margt sameiginlegt með þeirri grunnstarfsemi sem fram fer á Fiskistofu. Báðir þessir aðilar fara með stjórnsýslu sem byggist á íslenskum lögum og tengist sjálfbærri nýtingu á fiskstofnum þótt mikill munur sé á nýtingarformi. Mikilvægur þáttur þessarar starfsemi er veiðieftirlit sem í veiðimálum felst m.a. í því að koma í veg fyrir blóraveiði á laxi í sjó. Slík veiði getur átt sér stað í silunganet með strandlengjunni en einnig eru vísbendingar um laxveiðar í ýsu- og rauðmaganet sem falla undir eftirlitsskyldu Fiskistofu. Einnig eru vaxandi áhyggjur af tilfallandi laxveiði í flotvörpur sem sífellt eru að verða algengara og öflugra veiðarfæri við veiðar uppsjávarfiska, svo sem síldar, loðnu, makríls og kolmunna svo nokkur dæmi séu tekin. Samráð þeirra aðila, sem semja eða setja reglugerðir um veiðar nytjafiska í sjó og þeirra sem fara með málefni laxfiska, er því mjög mikilvægt en hefur verið mjög lítið undanfarna áratugi.

Hin síðari ár hefur orðið ljóst að efla þyrfti verulega rannsóknir á laxi í sjó. Mikil hnignun hefur orðið í stórlaxastofnum sem dvelja tvö eða fleiri ár í sjó. Flest bendir til þess að þessa hnignun megi rekja til affalla í sjó, hvort sem um er að ræða breytt fæðuframboð, afrán eða aukningar á laxi sem meðafla í hefðbundnum veiðum. Hliðstæð hnignun hefur nú orðið í þorsk- og loðnustofninum hér við land án þess að fundist hafi á því haldbærar skýringar. Vegna minnkandi laxgengdar hefur Laxaverndarstofnunin (NASCO) sett á stofn sérstakan sjóð til að styrkja laxarannsóknir í sjó sem sýnir mikilvægi þessa verkefnis. Öflug þátttaka Íslands í slíku verkefni byggist að stórum hluta á því að hafa aðgengi að rannsóknaskipum sem verið hafa í forsjá Hafrannsóknastofnunarinnar. Nánari tenging stjórnsýslu veiðimála og þeirra sem fara með málefni nytjastofna sjávar mundi styrkja boðleiðir og hugsanlega tryggja einhvern aðgang laxfiskarannsókna að nýtingu á rannsóknaskipum.

Þótt nytjastofnar sjávar hafi að mestu verið nýttir með línu-, neta- eða botnvörpuveiðum hefur nýlega vaknað áhugi á því að stunda sjóstangaveiði nytjafiska við strendur landsins. Mun slík ferðamennska hafa vaxið verulega, einkum á Vestfjörðum. Hér hefur vaknað upp mikilvægur snertiflötur milli þeirra sem fara með stjórnsýslu veiðimála, þar sem megnið af veiðinni er úr stangaveiði, og Fiskistofu, sem m.a. framfylgir úthlutun á kvóta vegna sjóstangaveiði á nytjastofnum.

Stjórnsýsla varðandi eldi á laxfiskum hefur verið innan málaflokks veiðimála í áratugi. Þar kemur bæði til útgáfa rekstrarleyfa og eftirlit með eldisstöðvum sem lögfest var með lögum nr. 83/2001. Í kjölfarið var sett viðamikil reglugerð um búnað og innra eftirlit í fiskeldisstöðvum, nr. 1011/2003, sem styrkti mjög alla stjórnsýslu gagnvart laxeldisstöðvum í sjó. Eftirlit með öllum lax- og bleikjueldisstöðvum var þannig á hendi embættis veiðimálastjóra áður en embættið var sameinað fleiri stofnunum í Landbúnaðarstofnun. Á sama hátt hefur útgáfa rekstrarleyfa og eftirlit með eldi nytjastofna sjávar verið á hendi Fiskistofu þar til þau verkefni voru flutt til Matvælastofnunar um síðustu áramót með lögum nr. 167/2007. Hér ætti því að geta komið til hagræðing og samræming á leyfisveitingum og eftirliti með fiskeldi.

Þó er sennilega nokkur munur á áherslum milli þessara stjórnsýsluaðila varðandi útfærslu slíks eftirlits. Hagmunir í veiðimálum taka óhjákvæmilega mið af því að tryggja að eldislax sleppi ekki úr eldisstöðvum og sjókvíum til að koma í veg fyrir vist- og erfðafræðileg áhrif

á náttúrulega laxastofna. Á sama hátt gætu stórfelldar slysasleppingar á þorski eða öðrum nytjastofnum valdið óeðlilegu afráni á laxaseiðum ef kvíar eru staðsettar nærri ósasvæðum. Stjórnsýsla veiðimála kemur því ætíð til með að nálgast slíkt eftirlit út frá verndunarsjónarmiðum, þar sem fjöldi eldislaxa og/eða annarra eldisfiska verður ætíð mikill miðað við tiltölulega smáa laxastofna. Vegna mikillar stærðar á stofnum helstu nytjafiska okkar og fjölbreytilegs lífsferils er ólíklegt að séfræðingar og stjórnsýsluaðilar í sjávarútvegi hafi áhyggjur af slysasleppingum úr þorskeldiskvíum og gera þeir því e.t.v. minni kröfur til eldisaðila varðandi eldisbúnað en stjórnsýsla veiðimála, eins og setning reglugerðar nr. 1011/2003, um búnað og innra eftirlit í eldisstöðvum, sem eingöngu tók til vatnafiska, ber vitni um.

Í frumvarpinu er lögð á það rík áhersla að starfsemi tengd stjórnsýslu í veiðimálum og nýtingarstjórnun laxfiska verði rekin sem sjálfstætt svið innan Fiskistofu og forstöðumaður þess sviðs gegni starfsheitinu „veiðimálastjóri“ sem er rótgróið starfsheiti og fellur vel að þeim verkefnum sem unnið er að á því sviði. Gert er ráð fyrir að forstöðumaður eða sviðsstjóri veiðimálasviðs verði ráðinn af fiskistofustjóra og að hann heyri að öðru leyti undir fiskistofustjóra. Fordæmi fyrir svipaðri tilhögun er í lögum nr. 80/2005, um Matvælastofnun, sem eins og áður segir bar heitið Landbúnaðarstofnun, en þar er tekið á sérstöðu yfirdýralæknis á eftirfarandi hátt í 4. gr. laganna þar sem segir m.a.: „*Matvælastofnun skiptist í svið eftir viðfangsefnum. Forstjóri ræður sviðsstjóra yfir hvert svið og skulu þeir hafa aflað sér bæði háskólamenntunar og sérþekkingar á viðkomandi sviði. Þó skal sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skipa sviðsstjóra yfir sérstöku sviði sem fara skal með dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Sá sviðsstjóri skal vera dýralæknir að mennt og nefnast yfirdýralæknir. Skal hann heyra undir forstjóra sem jafnframt setur honum erindisbréf með hliðsjón af þeim verkefnum sem yfirdýralækni eru sérstaklega falin með lögum. Yfirdýralæknir skal vera staðgengill forstjóra. Forstjóri ræður annað starfsfólk nema annað sé tekið fram í lögum.*“ Eins og fram kemur í framangreindu ákvæði er það fyrirkomulag sem haft er á skipan yfirdýralæknis að nokkru leyti frábrugðið því sem hér er lagt til með veiðimálastjóra þar sem yfirdýralæknir er skipaður af ráðherra en gert er ráð fyrir að veiðimálastjóri verði ráðinn af fiskistofustjóra.

Þótt mikill skyldleiki sé með ýmsum verkefnum í veiðimálum og verkefnum Fiskistofu hafa veiðimálin að ýmsu leyti mikla sérstöðu. Þótt laxastofnar hér á landi séu smáir og heildarlaxveiðin yfirleitt undir 150 lestum er um að ræða mikil verðmæti, einkum í stangaveiðinni. Talið er að bein efnahagsleg áhrif af stangaveiði á laxfiskum hér á landi séu um 2 milljarðar kr. en óbein og afleidd áhrif um 7 milljarðar kr. Heildarvirðið er því nærri 9 milljörðum kr. Því er mikilvægt að vel sé staðið að nýtingarstjórnun og verndun þeirrar auðlindar sem fólgin er í laxi og silungi, og tryggja þarf réttmætar fjárveitingar til hinna ýmsu verkefna.

Flest stjórnsýsluverkefni í veiðimálum tengjast starfsemi í eða við ár og stöðuvötn, bæði varðandi veiðar á laxfiskum en þau snerta einnig fiskvegi, malartekju og ýmsar framkvæmdir sem ógnað geta búsvæðum laxfiska. Veiðiréttur í ferskvatni er bundinn við nærliggjandi landareignir og er því í einkaeign. Til að tryggja samnýtingu margra mismunandi eignaraðila á veiðiauðlindinni hafa verið sett á stofn veiðifélög við flest veiðivötn landsins sem tryggja að lýðræði eigenda sé virt og að farið sé að lögum varðandi nýtingu þessarar auðlindar. Stjórnsýsla á þessu sviði snertir því mörg ólík fagsvið, svo sem líffræði, vistfræði, lögfræði og félagslega þætti veiðifélaga. Helstu lögbundnu verkefnin eru sem hér segir, þ.e. að:

– skrásetja ár og vötn og eigendur lax- og silungsveiðiréttar í ferskvatni og sjó,
– safna skýrslum um veiði laxfiska í ám, vötnum og sjó,

– stuðla að uppbyggingu veiðifélaga og meðhöndla kærur vegna stjórnsýslu,
– staðfesta nýtingar- og fiskræktaráætlanir veiðifélaga,
– gefa út rannsóknaleyfi og veiðiskírteini vegna rannsókna í ferskvatni og heimila merkingar,
– veita ýmsar undanþágur vegna fiskræktar, stangaveiði og veiða í óhefðbundinn búnað,
– veita heimildir til fiskvegagerðar, mannvirkjagerðar og efnistöku við ár og vötn,
– staðfesta samþykktir og arðskrár veiðifélaga,
– veita undanþágu frá banni við flutningi á fullvöxnum fiski til stangaveiði,
– leita umsagna í samræmi við lög og kosta stoðrannsóknir ef nauðsynlegt er,
– hafa eftirlit með framangreindum þáttum og öðrum ákvæðum fyrrgreindra laga,
– taka þátt í alþjóðasamvinnu innan Laxaverndarstofnunarinnar (NASCO).

Eins og hér kemur fram spannar starfsemi í veiðimálum víðtækt svið og fjölbreytileg verkefni sem öll tengjast starfsemi veiðifélaga á einn eða annan hátt. Formenn og einstaka meðlimir veiðifélaga þurfa því að geta sótt í einn rann með margvísleg erindi, hvort sem um er að ræða leyfisveitingar, undanþágur eða kærur, t.d. vegna mistaka í stjórnsýslu innan veiðifélags. Einnig þurfa veiðifélög að geta treyst á hnitmiðaða upplýsingagjöf, bæði rafræna, skriflega og munnlega, varðandi þau lög og reglugerðir, sem í gildi eru, og túlkun þeirra. Til að tryggja samfellu, samræmingu og yfirsýn í öllum þessum málum er mikilvægt að þeim sé að mestu sinnt innan sama sviðs í þeirri stofnun sem fer með málaflokk veiðimála. Ef frumvarp þetta verður að lögum er eins og áður segir stefnt að því að stofnað verði sérstakt veiðimálasvið á Fiskistofu til að fara með stjórnsýslu og framkvæmd þeirra laga sem frumvarpið lýtur að og að fiskistofustjóri ráði yfir það sérstakan sviðsstjóra.

Samhliða þessu frumvarpi er lagt fyrir Alþingi frumvarp til laga um fiskeldi en með því er stefnt að því að sameina í einn lagabálk ákvæði laga um eldi vatnafiska og eldi nytjastofna sjávar þar sem báðar þessar atvinnugreinar heyra nú undir sama ráðuneytið, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið. Þar er gert ráð fyrir m.a. að eftirlit samkvæmt lögunum verði að mestu leyti hjá Fiskistofu, þ.e. það eftirlit sem lýtur að veiðistjórnun ferskvatnsfiska og stjórnsýslu um það efni. Hins vegar er þar gert ráð fyrir að Matvælastofnun fari samkvæmt þeim lögum með allt sem lýtur að matvælaeftirliti og dýrasjúkdómavörnum. Að öðru leyti hefur verið leitast við að samræma efni þessara lagafrumvarpa eins og kostur er.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Gerðar eru breytingar á nokkrum ákvæðum laga nr. 58/2006, um fiskrækt, með síðari breytingum, vegna þeirrar tilfærslu málefna frá Matvælastofnun til Fiskistofu sem stefnt er að með frumvarpinu og varða stjórnsýslu og eftirlit samkvæmt lögunum.

Um 2. gr.

Verið er að leiðrétta ákvæði til bráðabirgða í umræddum lögum og samræma það ákvæðum frumvarps til laga um fiskeldi sem einnig hefur verið lagt fyrir þingið.

Um 3. gr.

Það er talið rétt að Veiðimálastofnun geti átt aðild að sérstökum fyrirtækjum um rannsókna- og þróunarverkefni. Með því er stuðlað að betri tengslum og samvinnu stofnunarinnar við atvinnulífið en einnig getur stofnunin við þær aðstæður betur fylgt eftir niðurstöðum rannsókna sinna svo að þær nýtist betur stofnuninni sjálfri. M.a. er talið æskilegt að stofnunin

fái sjálf arð af þeim verkefnum sem hún vinnur að og geti nýtt hann til að efla og styrkja starfsemi sína og þau verkefni sem hún vinnur að á hverjum tíma. Einnig er bent á að Veiðimálastofnun starfar að hluta til á samkeppnismarkaði og er af þeirri ástæðu m.a. talið rétt að stofnunin geti þróast og mótast í samræmi við markaðsaðstæður. Svipuð ákvæði eru í ýmsum lögum um sambærilegar stofnanir.

Um 4. gr.

Verið er að leiðrétta ákvæði til bráðabirgða í umræddum lögum og samræma það ákvæðum frumvarps til laga um fiskeldi sem einnig hefur verið lagt fyrir þingið.

Um 5. gr.

Verið er að leiðrétta ákvæðið til samræmis við frumvarp til laga um fiskeldi sem einnig hefur verið lagt fyrir þingið.

Um 6. gr.

Verið er að leiðrétta ákvæði til bráðabirgða í umræddum lögum og samræma það ákvæðum frumvarps til laga um fiskeldi sem einnig hefur verið lagt fyrir þingið.

Um 7. gr.

Hér eru lagt til að gerðar verði nokkrar breytingar á nokkrum ákvæðum laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum, vegna þeirrar tilfærslu málefna sem stefnt er að með frumvarpinu og varða stjórnsýslu og eftirlit samkvæmt lögunum frá Matvælastofnun til Fiskistofu.

Um 8. gr.

Skráning á veiði er gríðarlega mikilvæg og er bæði grunnur undir stjórnsýsluákvörðunum í veiðimálum og verðmætamati veiðivatna. Einnig eru í veiðigögnum fólgnar afar mikilvægar upplýsingar um líffræðilega þætti í fiskstofnum. Þetta eru því að hluta vísindagögn sem nýtast í rannsóknavinnu til að meta ástand fiskstofna og til leiðsagnar um veiðistjórnun og fiskrækt.

Veiðimálastofnun hefur safnað og unnið úr þessum gögnum í umboði stjórnsýslu veiðimála til margra ára gegn gjaldi. Eðlilegt er að Veiðimálastofnun sinni þessu starfi eins og verið hefur og geti nýtt þessi gögn við rannsóknir og ráðgjöf. Hefur Veiðimálastofnun meðal annars lagt vinnu í það að koma á netskráningu á veiði. Mjög mikilvægt er að haldið sé utan um veiðiskráningu og er hún í raun mat á stöðu lax- og silungsstofna hér á landi og því undirstaða nýtingaráætlana og stjórnvaldsaðgerða vegna friðunar, ef þeirra gerist þörf. Aðgengi stjórnsýslunnar að þessum gögnum þarf því að vera greitt og ótakmarkað. Einnig þarf aðgengi hagsmunaaðila og ýmissa ráðgjafaraðila að þessum gögnum að vera frjálst þótt framsetning gagnanna geti verið takmörkunum háð vegna trúnaðar við þá sem leggja til gögnin, ekki síst gagnvart netaveiði. Framsal umræddra gagna til einstaklinga og fyrirtækja þarf því að vera á vegum hlutlauss stjórnsýsluaðila sem getur metið réttmæti slíks framsals út frá ákvæðum upplýsinga-, stjórnsýslu- og samkeppnislaga. Í frumvarpinu er lagt til að framsal slíkra gagna sé alfarið á vegum veiðimálasviðs Fiskistofu.

Um 9. gr.

Verið er að leiðrétta ákvæði til bráðabirgða í umræddum lögum og samræma það ákvæðum frumvarps til laga um fiskeldi sem einnig hefur verið lagt fyrir þingið.

Um 10. og 11. gr.

Hér er lagt til að gerðar verði breytingar á nokkrum ákvæðum laga nr. 80/2005, um Matvælastofnun, með síðari breytingum, vegna þeirrar tilfærslu málefna frá Matvælastofnun til Fiskistofu sem stefnt er að með frumvarpinu og varða stjórnsýslu og eftirlit samkvæmt lögunum. Einnig er hér verið að gera tilteknar leiðréttingar til að samræma ákvæði laganna frumvarpi til laga um fiskeldi sem einnig hefur verið lagt fyrir þingið en þar er einnig gert ráð fyrir að tiltekin verkefni verið flutt frá Matvælastofnun til Fiskistofu.

Um 12. og 13. gr.

Hér er lagt til að gerðar gerðar verði breytingar á nokkrum ákvæðum laga nr. 36/1992, um Fiskistofu, með síðari breytingum, vegna þeirrar tilfærslu málefna frá Matvælastofnun til Fiskistofu sem stefnt er að með frumvarpinu og varða stjórnsýslu og eftirlit samkvæmt lögunum. Einnig eru þar gerðar lítils háttar leiðréttingar á ákvæðum laganna vegna sameiningar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyta í eitt ráðuneyti sem varð með lögum nr. 109/2007.

Um 14. gr.

Hér er kveðið um að stjórnsýsla veiðimála á sviði lax- og silungsveiði, fiskræktar og annarra laga sem varða ferskvatnsfiska skuli vera í höndum sérstaks sviðs Fiskistofu sem nefnist veiðimálasvið og að það skuli einnig hafa eftirlit með því að framfylgt sé ákvæðum laga á því sviði. Er þannig gert ráð fyrir að þetta svið annist alla framkvæmd stjórnsýslu á sviði veiðimála samkvæmt lögum nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, lögum nr. 58/2006, um fiskrækt, og öðrum lögum sem varða starfsemi sviðsins samkvæmt framanrituðu nema á annan veg sé mælt í lögum. Þar er átt við að veiðimálasvið Fiskistofu annist alla stjórnsýslu og eftirlit á þessu sviði nema í þeim tilvikum þegar í einstökum lögum er kveðið á um að stjórnsýslu og eftirliti á því sviði sé hagað með öðrum hætti. Þá er gert ráð fyrir að fiskistofustjóri ráði sérstakan sviðsstjóra yfir veiðimálasviðið og að hann nefnist veiðimálastjóri. Það er sama heiti og var samkvæmt eldri lögum um það embætti sem fór með stjórnsýslu veiðimála ferskvatnsfiska áður en þau mál voru flutt til Landbúnaðarstofnunar með lögum nr. 80/2005, sem síðar varð Matvælastofnun, sbr. lög nr. 167/2007, um tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands. Svipað fyrirkomulag er nú á skipan yfirdýralæknis samkvæmt lögum nr. 80/2005, um Matvælastofnun, að öðru leyti en því að hann er skipaður í embætti af ráðherra eins og gerð hefur verið grein fyrir í almennum athugasemdum hér að framan.

Um 15. gr.

Með 57. gr. laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði var lagt til að sambærilegt ákvæði og þetta yrði fellt brott úr lögum um lax- og silungsveiði og tekið upp í lög nr. 80/2005, um Landbúnaðarstofnun, nú Matvælastofnun. Ákvæði þessi voru áður í 96. gr. eldri laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði. Þar sem með frumvarpi þessu er verið að flytja öll verkefni er varða stjórnsýslu og eftirlit með ferskvatnsveiði til Fiskistofu er lagt til að ákvæði þetta verði flutt í lög um þá stofnun, nr. 36/1992. Í samræmi við það er í frumvarpi þessu gert ráð fyrir að ákvæði þetta verði fellt brott úr lögum nr. 80/2005, um Matvælastofnun, sbr. 8. gr. frumvarpsins.

Um 16. gr.

Gert er ráð fyrir að ákvæði laganna taki gildi 1. júlí 2008. Rétt þykir að kveða á um tiltekið tímamark fyrir gildistöku laganna í stað þess að þau taki gildi við birtingu. Þannig verður tryggt að ekki fari milli mála á hverjum tíma hvaða stofnun fari með þau málefni sem flytjast milli stofnana samkvæmt lögunum og hvenær einstök verkefni flytjast frá Matvælastofnun til Fiskistofu. Eftir 1. júlí 2008 er gert ráð fyrir að Fiskistofa taki við öllum verkefnum sem flutt verða frá Matvælastofnun samkvæmt lögum þessum, bæði málum sem berast eftir þann tíma og einnig málum sem eru í vinnslu hjá Matvælastofnun á þeim tíma.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I er gert ráð fyrir því að starfsmönnum, sem ráðnir hafa verið hjá Matvælastofnun við þau verkefni sem miðað er við að flytjist til Fiskistofu samkvæmt lögum þessum, verði boðin sambærileg störf hjá síðarnefndu stofnuninni og er þannig gert ráð fyrir að störf þeirra flytjist til þeirrar stofnunar. Ekki er því gert ráð fyrir að störfin séu lögð niður heldur gert ráð fyrir að Fiskistofa yfirtaki ráðningarsamninga viðkomandi starfsmanna. Gert er ráð fyrir að einn af þeim starfsmönnum verði ráðinn veiðimálastjóri í samræmi við 14. gr. frumvarpsins. Í samræmi við það er í ákvæðinu kveðið á um undanþágu frá því að auglýsa beri störfin laus til umsóknar skv. 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum. Þá er gert ráð fyrir að starfsmenn haldi óbreyttum starfskjörum en það þýðir t.d. að aðild að lífeyrissjóði verði óbreytt og að um laun þeirra fari eftir þeim kjarasamningum sem við eiga.

Þá er í ákvæði til bráðabirgða II gert ráð fyrir að eignir þær sem runnu til Matvælastofnunar, áður Landbúnaðarstofnunar, við stofnun hennar skv. 6. gr. laga nr. 80/2005, renni nú til Fiskistofu. Við sameiningu embættis veiðimálastjóra og fleiri stofnana í Landbúnaðarstofnun með lögum nr. 80/2005 runnu eignir embættisins til þeirrar stofnunar, þ.m.t. öll gögn í veiðimálum, myndir, skrautmunir o.fl. Er gert ráð fyrir að þessi sömu gögn renni nú til Fiskistofu.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna flutnings stjórnsýslu- og eftirlitsverkefna á sviði lax- og silungsveiði, fiskræktar o.fl. til Fiskistofu.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum í þeim tilgangi að flytja stjórnsýslu- og eftirlitsverkefni á sviði lax- og silungsveiði og fiskræktar og önnur verkefni sem varða stjórnsýslu ferskvatnsfiska frá Matvælastofnun til Fiskistofu. Auk þess eru lagðar til lítils háttar breytingar á starfsemi Veiðimálastofnunar.

Við flutning á málefnum frá Matvælastofnun til Fiskistofu skal starfsmönnum Matvælastofnunar sem við þau starfa boðin störf hjá Fiskistofu. Samkvæmt upplýsingum frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti er þessum verkefnum nú sinnt af tveimur starfsmönnum Matvælastofnunar. Þeim var áður sinnt af embætti veiðimálastjóra, en það embætti samein-

aðist Landbúnaðarstofnun, nú Matvælastofnun, við stofnun hennar árið 2006. Við þá sameiningu var 26,6 m.kr. fjárveiting embættis veiðimálastjóra flutt til Landbúnaðarstofnunar á fjárlögum 2006.

Frumvarpið mælir fyrir um tilflutning verkefna milli tveggja stofnana. Miðað við fyrirliggjandi upplýsingar um stöðu í starfsmanna- og húsnæðismálum þeirra verður ekki séð að lögfesting frumvarpsins hafi í för með sér aukinn kostnað fyrir ríkissjóð.

833. Frumvarp til laga [532. mál]

um breytingu á lögum um staðfesta samvist, nr. 87/1996, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „framkvæma staðfestingu á“ í 1. mgr. kemur: staðfesta.
b. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Prestum og forstöðumönnum skráðra trúfélaga er hafa vígsluheimild skv. 17. gr. hjúskaparlaga, nr. 31/1993, er heimilt að staðfesta samvist.
c. Í stað orðanna „framkvæmd staðfestingar“ í 2. mgr. kemur: staðfestingu samvistar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 27. júní 2008.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar kemur fram það markmið að trúfélögum verði veitt heimild til að staðfesta samvist samkynhneigðra. Frumvarpi þessu er ætlað að hrinda þeirri fyrirætlan í framkvæmd. Þegar samþykkt voru lög um breytingu á lagaákvæðum er varða réttarstöðu samkynhneigðra (sambúð, ættleiðingar, tæknifrjóvgun), nr. 65/2006, var ákveðið að breyta ekki að svo stöddu vígslurétti trúfélaga enda þyrfti slík breyting lengri aðdraganda.

Á kirkjuþingi 2007 var samþykkt ályktun þess efnis að yrði lögum um staðfesta samvist breytt þannig að trúfélög fengju heimild til að staðfesta samvist, þá styddi kirkjuþing það að prestum þjóðkirkjunnar, sem eru vígslumenn að lögum, yrði það heimilt. Lagði kirkjuþing áherslu á að frelsi presta í þessum efnum yrði virt. Samkvæmt því hefur náðst sátt innan þjóðkirkjunnar og því betri forsendur til að lögfesta heimild þessa.

Frumvarpið er aðeins tvær greinar sem skýra sig að mestu sjálfar. Gert er ráð fyrir í b-lið 1. gr. frumvarpsins að vígslumönnum sem hafa á grundvelli 17. gr. hjúskaparlaga heimild til hjónavígslu verði einnig veitt heimild til að staðfesta samvist tveggja einstaklinga af sama kyni. Þarna er einkum um að ræða presta þjóðkirkjunnar og presta og forstöðumenn skráðra trúfélaga. Ekki verði á hinn bóginn um skyldu að ræða þegar þessir vígslumenn eiga í hlut. Virða beri frelsi presta og forstöðumanna skráðra trúfélaga til að ákveða hvort þeir staðfesti samvist þegar lagaskilyrði eru fyrir hendi en vissulega er á því byggt að þeir muni ekki synja af öðrum ástæðum en vegna trúarsannfæringar sinnar. Ef ástæða þykir til má ætla að þjóð-

kirkjan og skráð trúfélög muni gefa út leiðbeiningar til vígslumanna sinna um framkvæmd þessarar heimildar.

Þá er í a- og c-lið 1. gr. frumvarpsins, til samræmis við orðalag b-liðar, lagt til að í stað þess að tala um „framkvæmd staðfestingar á samvist“ verði einfaldlega talað um að „staðfesta samvist“.

Eins og fyrr segir er með frumvarpinu lagt til að lögleidd verði heimild til handa vígslumönnum skv. 17. gr. hjúskaparlaga, nr. 31/1993, til að staðfesta samvist. Sýslumönnum og löglærðum fulltrúum þeirra ber á hinn bóginn eftir sem áður skylda til að staðfesta samvist að fullnægðum settum skilyrðum 2. gr. laga nr. 87/1996, um staðfesta samvist.

Lagt er til að lögin taki gildi 27. júní 2008. Sá dagur er alþjóðlegur mannréttindabaráttudagur samkynhneigðra og tóku lögin um staðfesta samvist, nr. 87/1996, gildi þann dag og sömuleiðis lög nr. 65/2006, um breytingu á lagaákvæðum er varða réttarstöðu samkynhneigðra. Mun þá jafnframt gefast svigrúm fyrir dómsmálaráðherra að endurskoða reglur um könnun á skilyrðum fyrir staðfestri samvist, sbr. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 87/1996.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um staðfesta samvist, nr. 87/1996, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er mælt fyrir um heimild presta og forstöðumanna trúfélaga til að staðfesta samvist samkynhneigðra.

Ekki verður séð að frumvarpið, verði það óbreytt að lögum, leiði til aukins kostnaðar fyrir ríkissjóð.

834. Frumvarp til laga [533. mál]

um aðild starfsmanna við samruna félaga með takmarkaðri ábyrgð yfir landamæri.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

I. KAFLI
Gildissvið, markmið og orðskýringar.
1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi gilda um millilandasamruna félaga með takmarkaðri ábyrgð og félög sem hyggjast taka þátt í stofnun slíks samrunafélags og hafa staðfestu á Íslandi.

2. gr.
Markmið.

Markmið þessara laga er að tryggja áunninn rétt starfsmanna félaga sem verða til við samruna yfir landamæri (millilandasamruna) til aðildar að málum og ákvörðunum sem varða starfsemi slíkra félaga.

Í því skyni að tryggja framangreint skal koma á fastri tilhögun um aðild starfsmanna í samrunafélögum samkvæmt lögum þessum í samræmi við málsmeðferð við samningaviðræður, sbr. II. kafla laganna, eða við þær aðstæður sem tilgreindar eru í 13., sbr. 14. gr. í samræmi við III. kafla.

3. gr.
Orðskýringar.

Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Aðild starfsmanna:* Hvert það fyrirkomulag, þ.m.t. upplýsingamiðlun, samráð og þátttaka, þar sem fulltrúar starfsmanna geta haft áhrif á ákvarðanatöku í félaginu.
2. *Dótturfélag:* Fyrirtæki sem félag hefur ráðandi aðstöðu gagnvart samkvæmt skilgreiningu laga um evrópsk samstarfsráð í fyrirtækjum.
3. *Fulltrúar starfsmanna:* Trúnaðarmenn stéttarfélaga samkvæmt lögum og aðrir fulltrúar sem starfsmenn þátttökufélags tilnefna samkvæmt lögum þessum eða samkomulagi á vinnustað.
4. *Fulltrúanefnd:* Nefnd starfsmanna sem er sett á fót samkvæmt samkomulagi með það í huga að upplýsa og hafa samráð við starfsmenn samrunafélags, dótturfélaga og starfsstöðva þess og, þar sem við á, beita þátttökurétti starfsmanna hvað samrunafélagið varðar.
5. *Hlutaðeigandi dótturfélag eða starfsstöð:* Dótturfélag eða starfsstöð þátttökufélags sem fyrirhugað er að verði dótturfélag eða starfsstöð samrunafélagsins við myndun þess.
6. *Millilandasamruni:* Samruni þar sem samrunafélög lúta löggjöf minnst tveggja ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu, aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyja, svo og annarra landa samkvæmt heimild í reglugerð sem viðskiptaráðherra setur í samráði við fjármálaráðherra.
7. *Samráð:* Viðræður og skoðanaskipti fulltrúanefndar starfsmanna og/eða fulltrúa starfsmanna og þar til bærrar stofnunar viðkomandi samrunafélags, á þeim tíma, á þann hátt og með því inntaki sem gerir fulltrúum starfsmanna kleift, á grundvelli fenginna upplýsinga, að láta í ljós álit sitt á ráðstöfunum sem þar til bæra stofnunin hefur fyrirhugað og kann að verða tekið tillit til við ákvarðanatöku í félaginu.
8. *Sérstök samninganefnd:* Nefnd sem sett er á fót til að semja við þar til bæra stofnun þátttökufélaganna um fasta tilhögun á aðild starfsmanna í samrunafélaginu.
9. *Upplýsingar:* Upplýsingar sem þar til bær stofnun samrunafélags miðlar til fulltrúanefndar starfsmanna og/eða fulltrúa starfsmanna um málefni er varða félagið sjálft og dótturfélög eða starfsstöðvar þess sem eru í öðru aðildarríki eða eru utan valdsviðs þeirra stofnana sem taka ákvarðanir í hverju aðildarríki. Upplýsingar skal veita á þeim tíma, á þann hátt og með því inntaki sem gerir fulltrúum starfsmanna kleift að gera ítarlegt mat á hugsanlegum áhrifum og, þar sem við á, undirbúa samráð við þar til bæra stofnun samrunafélagsins nema annað leiði af ákvæðum þessara laga.
10. *Þátttaka:* Áhrif fulltrúanefndar starfsmanna og/eða fulltrúa starfsmanna á málefni samrunafélagsins annaðhvort með:

a. rétti til að kjósa eða tilnefna fulltrúa í stjórn félagsins eða eftirlitsstjórn, eða
b. rétti til að mæla með og/eða gegn tilnefningu einhverra eða allra fulltrúa í eftirlitsstjórn eða stjórn félagsins.

11. *Þátttökufélag:* Félag með takmarkaðri ábyrgð sem á beinan þátt í að stofna samrunafélag.

II. KAFLI
Myndun sérstakrar samninganefndar og málsmeðferð við viðræður um mótun reglna um þátttöku starfsmanna.

4. gr.
Upphaf samningaviðræðna og upplýsingagjöf.

Þegar framkvæmdastjórnir eða stjórnir þátttökufélaga gera áætlun um stofnun samrunafélags samkvæmt lögum þessum skulu þær gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hefja samningaviðræður við fulltrúa starfsmanna félaganna um tilhögun á aðild starfsmanna í félaginu eins fljótt og unnt er, eftir að samin hefur verið áætlun um samruna eða myndun eignarhaldsfélags eða eftir að áætlun um að mynda dótturfélag eða umbreyta skráðu félagi í félag samkvæmt lögum þessum hefur verið samþykkt.

Framkvæmdastjórnir eða stjórnir þátttökufélaga skulu láta fulltrúum starfsmanna þeirra fyrirtækja sem stofnun samrunafélags snertir í té upplýsingar um heiti þátttökufélaganna, viðkomandi dótturfélaga eða starfsstöðva og fjölda starfsmanna þeirra svo fljótt sem unnt er eftir að áætlun um stofnun félagsins liggur fyrir og hafa frumkvæði að skipun sérstakrar samninganefndar, sbr. 5. gr.

5. gr.
Myndun sérstakrar samninganefndar.

Áður en viðræður geta hafist samkvæmt þessum kafla skal stofnuð sérstök samninganefnd sem er í forsvari fyrir starfsmenn þátttökufélaga og hlutaðeigandi dótturfélaga eða starfsstöðva, í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

Þegar fulltrúar í þessa sérstöku samninganefnd eru kosnir eða tilnefndir skal tryggja að:

a. fulltrúarnir séu kosnir eða tilnefndir í hlutfalli við fjölda starfsmanna hjá þátttökufélögum og hlutaðeigandi dótturfélögum og starfsstöðvum í hverju aðildarríki fyrir sig með því að úthluta hverju aðildarríki einu sæti fyrir hvern hluta starfsmanna í því ríki sem jafngildir hverjum byrjuðum tug af hundraði starfsmanna sem ráðnir eru af þátttökufélögunum og hlutaðeigandi dótturfélögum eða starfsstöðvum í öllum aðildarríkjunum samanlagt,
b. bætt sé við aðilum frá hverju aðildarríki fyrir sig, eftir þörfum, til að tryggt sé að í sérstöku samninganefndinni sé að minnsta kosti einn fulltrúi fyrir hvert þátttökufélag sem er skráð og hefur starfsmenn í því aðildarríki og sem fyrirhugað er að verði ekki lengur sérstakur lögaðili eftir skráningu félagsins, að svo miklu leyti sem:
   1. þessir viðbótarfulltrúar verði ekki fleiri en nemur tuttugu af hundraði þeirra fulltrúa sem eru kjörnir skv. a-lið; og
   2. skipan sérstöku samninganefndarinnar hafi ekki í för með sér að starfsmenn viðkomandi þátttökufélags eigi tvo fulltrúa.

Ef þátttökufélögin sem b-liður 2. mgr. á við um eru fleiri en tiltæk viðbótarsæti skal viðbótarsætum úthlutað á þátttökufélög í mismunandi aðildarríkjum í fallandi röð eftir fjölda starfsmanna í þeim.

Ef svo umfangsmiklar breytingar verða á hinu fyrirhugaða félagi að þær hafi áhrif á landfræðilega skiptingu fulltrúa í sérstöku samninganefndinni skal nefndin meta hvort nauðsynlegt sé að endurúthluta sætum samkvæmt þessari grein. Ef þörf er á endurúthlutun skal hún fara fram svo skjótt sem unnt er og á þann hátt að sem minnstar tafir verði á framhaldi viðræðna.

6. gr.

Fulltrúar í sérstöku samninganefndinni.

Fulltrúar sem kjörnir eru á Íslandi til setu í sérstöku samninganefndinni skulu kosnir af trúnaðarmönnum stéttarfélaga. Starfsmenn sem ekki eiga trúnaðarmann skulu velja sér sameiginlegan fulltrúa sem tekur þátt í kjöri fulltrúa í samninganefndina.

Þeir sem rétt eiga á að taka þátt í kjöri fulltrúa skv. 1. mgr. skulu kjósa úr sínum hópi fulltrúa til setu í sérstöku samninganefndinni. Vægi atkvæða hvers trúnaðarmanns eða fulltrúa ræðst af fjölda starfsmannanna að baki honum.

Hafi engir trúnaðarmenn verið skipaðir eiga allir starfsmenn þátttökufélags rétt á að taka þátt í kjöri fulltrúa í samninganefndina.

Ef kjósa á fleiri en einn fulltrúa frá Íslandi í samninganefndina skal tryggja eins og unnt er að starfsmenn sem flestra þátttökufélaga eigi þar fulltrúa.

Í þeim tilvikum sem úthlutað er aukasæti í samninganefndinni, sbr. b-lið 2. mgr. 5. gr., fer um val þeirra fulltrúa samkvæmt þessari grein, eftir því sem við á.

Ef starfsmenn þátttökufélags á Íslandi missa rétt til fulltrúa, svo sem vegna þess að félagið tekur ekki lengur þátt í myndun samrunafélags, skal því sæti úthlutað að nýju samkvæmt þessari grein.

7. gr.

Hlutverk sérstöku samninganefndarinnar.

Sérstaka samninganefndin og þar til bærar stofnanir þátttökufélaganna skulu ákveða, með skriflegu samkomulagi, tilhögun á aðild starfsmanna í samrunafélagi samkvæmt lögum þessum.

Í þessu skyni skulu þar til bærar stofnanir þátttökufélaganna greina sérstöku samninganefndinni frá áætluninni um stofnun félagsins og sjálfu stofnunarferlinu fram að skráningu. Nefndinni er heimilt að ákveða að greina fulltrúum utanaðkomandi samtaka sem hagsmuna eiga að gæta, þ.m.t. stéttarfélaga, frá byrjun samningaviðræðna.

Sérstaka samninganefndin getur valið sérfræðinga sér til aðstoðar, t.d. fulltrúa frá viðkomandi samtökum stéttarfélaga á Evrópska efnahagssvæðinu. Þessir sérfræðingar geta verið viðstaddir samningafundi til að veita ráðgjöf að beiðni nefndarinnar.

Þátttökufélög skulu bera þann kostnað sem hlýst af samningaviðræðum og rekstri sérstöku samninganefndarinnar, þ.m.t. kostnað vegna a.m.k. eins sérfræðings, þannig að nefndinni sé gert kleift að sinna verkefnum sínum með eðlilegum hætti.

8. gr.

Ákvarðanataka innan sérstöku samninganefndarinnar.

Sérstaka samninganefndin tekur ákvarðanir með hreinum meiri hluta fulltrúa, að því tilskildu að sá meiri hluti sé einnig fulltrúi hreins meiri hluta starfsmanna. Hver fulltrúi greiðir eitt atkvæði.

Ef niðurstaða samningaviðræðna er sú að þátttökuréttur minnkar þarf samkomulagið að hljóta atkvæði frá ⅔ hlutum fulltrúanna sem jafnframt eru fulltrúar að minnsta kosti ⅔ hluta starfsmanna, þ.m.t. atkvæði fulltrúa starfsmanna sem starfa í að minnsta kosti tveimur aðildarríkjum þegar a.m.k. fjórðungur starfsmanna þátttökufélaganna í samrunafélaginu á þátttökurétt.

Það að þátttökuréttur minnkar merkir að áhrif fulltrúa starfsmanna á skipan stjórnarstofnana félagsins verða minni en hæsta hlutfallið sem var í gildi í þátttökufélögunum.

9. gr.

Lengd samningaviðræðna.

Samningaviðræður skulu hefjast um leið og sérstaka samninganefndin er stofnuð og þeim má halda áfram í sex mánuði eftir það. Miða skal upphaf frests til að ljúka samningaviðræðum samkvæmt þessari grein við tvo mánuði frá því að fullnægjandi upplýsingar skv. 2. mgr. 4. gr. bárust fulltrúum starfsmanna hafi fyrsti fundur ekki verið haldinn fyrir þann tíma.

Aðilar geta komið sér saman um að framlengja samningaviðræðurnar fram yfir þann tíma sem um getur í 1. mgr. í allt að eitt ár samanlagt.

10. gr.

Slit samningaviðræðna.

Sérstöku samninganefndinni er heimilt að ákveða að hefja ekki samningaviðræður eða binda enda á samningaviðræður sem þegar eru hafnar og bera fyrir sig þær reglur um aðild/þátttöku sem eru í gildi í aðildarríkinu þar sem skráð skrifstofa samrunafélagsins verður staðsett. Til slíkra ákvarðana þarf atkvæði ⅔ hluta félagsmanna og skulu a.m.k. ⅔ af fulltrúum starfsmanna greiða atkvæði, þ.m.t. atkvæði félagsmanna sem eru fulltrúar starfsmanna í a.m.k. tveimur aðildarríkjum.

11. gr.

Efni samkomulags.

Samningaviðræður þar til bærra stofnana þátttökufélaganna og sérstöku samninganefndarinnar skulu fara fram í anda samvinnu með það í huga að ná skriflegu samkomulagi um tilhögun á aðild starfsmanna innan félagsins. Í samkomulaginu skal að lágmarki tilgreina eftirfarandi atriði:

a. gildissvið samkomulagsins,
b. ef aðilarnir verða ásáttir í samningaviðræðum um að koma á tilhögun á þátttöku, inntak þeirrar tilhögunar, þ.m.t. fjölda fulltrúa í stjórn eða, ef við á, eftirlitsstjórn félagsins, sem starfsmennirnir eiga rétt á að kjósa, tilnefna, mæla með eða á móti, reglur um hvernig starfsmennirnir kjósa, tilnefna, mæla með eða á móti þessum fulltrúum og réttindi þeirra,
c. dagsetninguna þegar samkomulagið öðlast gildi og gildistíma þess, í hvaða tilvikum það skal endurskoðað og málsmeðferð við endurskoðun þess.

Ákvæði III. kafla gilda ekki ef aðilar ná samkomulagi samkvæmt þessari grein nema þess sé sérstaklega getið í samkomulaginu.

12. gr.

Löggjöf sem gildir um málsmeðferð við samningaviðræður.

Löggjöf þess aðildarríkis þar sem skráð skrifstofa samrunafélagsins verður staðsett gildir um málsmeðferð við samningaviðræður nema annað leiði af ákvæðum þessara laga eða eðli máls.

13. gr.

Val um að hlíta almennum reglum.

Viðkomandi stofnunum þátttökufélaganna er heimilt að taka ákvörðun, án þess að samningaviðræður hafi áður farið fram samkvæmt kafla þessum, um að þær heyri beint undir almennar reglur um þátttöku skv. III. kafla og að hlíta þeim reglum frá dagsetningu skráningar.

III. KAFLI

Ákvæði til vara.

14. gr.

Gildissvið.

Ákvæði þessa kafla gilda um samrunafélög samkvæmt lögum þessum sem skráð eru hér á landi frá skráningardegi ef annaðhvort:

a. aðilarnir koma sér saman um það, eða
b. ekkert samkomulag hefur náðst þegar fresturinn sem mælt er fyrir um í 9. gr. er runninn út og eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:
   1. þar til bær stofnun hvers þátttökufélags hefur tekið ákvörðun um að samþykkja beitingu almennu reglnanna, sbr. 15. gr., í tengslum við félagið og halda þar með áfram skráningu þess, og
   2. sérstaka samninganefndin hefur ekki tekið ákvörðun sem kveðið er á um í 10. gr.

Enn fremur skulu ákvæði 15. gr. eingöngu gilda í eftirtöldum tilvikum og að uppfylltum eftirgreindum skilyrðum:

a. ef þátttaka í einni eða fleiri myndum var fyrir hendi í einu þátttökufélaganna eða fleiri og tók til a.m.k. þriðjungs af heildarfjölda starfsmanna allra þátttökufélaganna, eða
b. ef þátttaka í einni eða fleiri myndum var fyrir hendi í einu þátttökufélaganna eða fleiri og tók til minna en fjórðungs af heildarfjölda starfsmanna allra þátttökufélaganna og sérstaka samninganefndin ákveður það.

Við beitingu heimilda skv. 2. mgr. skal sérstaka samninganefndin ákveða, með sama meiri hluta og kveðið er á um í 1. mgr. 8. gr., hvaða form á þátttöku starfsmanna skuli gilda í samrunafélagi. Nefndin skal greina þar til bærum stofnunum þátttökufélaganna frá þeim ákvörðunum sem teknar eru samkvæmt þessari málsgrein.

15. gr.

Almennar reglur um þátttöku.

Starfsmenn samrunafélags samkvæmt lögum þessum, dótturfélaga þess og starfsstöðva og/eða fulltrúanefnd starfsmanna eiga rétt á að kjósa, tilnefna og mæla með eða gegn tilnefningu tiltekins fjölda fulltrúa í stjórn eða eftirlitsstjórn samrunafélagsins til jafns við hæsta hlutfallið sem í gildi er í viðkomandi þátttökufélögum áður en félagið er skráð.

Ef ekkert þátttökufélaganna starfar samkvæmt þátttökureglum fyrir skráningu félagsins er þess ekki krafist að það setji reglur um þátttöku starfsmanna.

Fulltrúanefndin ákveður hvernig sætum í stjórn eða eftirlitsstjórn er úthlutað til fulltrúa starfsmanna í samræmi við hlutfall starfsmanna í hverju aðildarríki fyrir sig. Ef hlutfallsviðmiðun leiðir til þess að starfsmenn í einhverjum aðildarríkjum fá engan fulltrúa skal fulltrúanefndin leitast við að jafna skiptingu sæta og skulu starfsmenn í aðildarríki þar sem skrifstofa félagsins er skráð njóta forgangs við þá jöfnun hafi þeir ekki þegar fengið úthlutað sæti samkvæmt hlutfallsreglu.

Fulltrúanefndin setur reglur um á hvern hátt fulltrúar starfsmanna geta mælt með eða gegn tilnefningu fulltrúa í stjórnarstofnanir félagsins, ef við á.

Ef starfsmenn á Íslandi öðlast rétt til að tilnefna eða kjósa fulltrúa samkvæmt þessari grein skal ákvæði 6. gr. gilda um það val. Um kjör eða tilnefningu annarra fulltrúa gildir löggjöf viðkomandi aðildarríkis en ef þar er ekki mælt fyrir um hvernig tilnefning fer fram skal fulltrúanefndin tilnefna fulltrúa starfsmanna þess aðildarríkis.

Hver fulltrúi í stjórn eða, þar sem það á við, eftirlitsstjórn félagsins sem fulltrúanefndin eða, eftir atvikum, starfsmenn, hefur kosið, tilnefnt eða mælt með samkvæmt þessari grein, skal vera fullgildur stjórnarmaður með sömu réttindi og skyldur og fulltrúar hluthafa, þ.m.t. rétt til að greiða atkvæði.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

16. gr.
Þagnarskylda.

Fulltrúum í sérstöku samninganefndinni eða fulltrúanefndinni og sérfræðingum, sem eru þeim til aðstoðar, er óheimilt að láta af hendi upplýsingar sem þeim hafa verið veittar í trúnaði.

Hið sama gildir um fulltrúa starfsmanna í tengslum við upplýsingamiðlun og samráð.

Þessi kvöð fylgir fulltrúunum og sérfræðingum, sem eru þeim til aðstoðar, hvar sem þeir kunna að vera og einnig eftir að umboð þeirra skv. 1. og 2. mgr. er á enda.

17. gr.
Upplýsingar sem ekki er skylt að veita.

Eftirlitsstjórn eða stjórn félags samkvæmt lögum þessum eða þátttökufélags sem stofnað er á Íslandi er ekki skuldbundin til að veita upplýsingar samkvæmt ákvæðum þessara laga ef þær eru samkvæmt hlutlægu mati þess eðlis að þær geti haft mjög skaðleg áhrif á starfsemi félagsins eða dótturfélaga þess og starfsstöðva eða valdið þeim tjóni.

18. gr.
Vernd fulltrúa starfsmanna.

Fulltrúar í sérstöku samninganefndinni, fulltrúar í fulltrúanefndinni og fulltrúar starfsmanna í stjórn stofnana samrunafélagsins skulu hvorki sæta uppsögn né skerðingu á kjörum sínum vegna starfa sinna. Þeim skal einnig tryggður réttur með samningi við vinnuveitanda til að taka sér frí frá störfum svo að þeir geti á eðlilegan hátt sinnt skyldum sínum við gerð og framkvæmd samninga samkvæmt lögum þessum. Þetta á einkum við um fundasetu í sérstöku samninganefndinni eða fulltrúanefndinni og fundi stofnana samrunafélagsins, m.a. varðandi greiðslu launa til fulltrúa sem starfa hjá þátttökufélagi, samrunafélaginu eða dótturfélögum þess eða starfsstöðvum, fyrir þann tíma sem þeir þurfa að vera fjarverandi.

Fulltrúar starfsmanna sem starfa samkvæmt málsmeðferð um upplýsingamiðlun og samráð skulu njóta sams konar réttarverndar og trúnaðarmenn samkvæmt lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, eftir því sem við á.

19. gr.
Viðurlög.

Þeir sem þrátt fyrir þagnarskylduákvæði 16. gr. láta af hendi trúnaðarupplýsingar sem þeim hafa verið veittar skulu dæmdir til fésekta nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Brot sem framin eru í starfsemi lögaðila gegn 4. og 18. gr. laga þessara varða lögaðila sektum, sbr. II. kafla A almennra hegningarlaga, ef brotið er framið af ásetningi og er til þess fallið að svipta starfsmenn félags rétti sem varinn er samkvæmt þessum lögum.

Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

20. gr.
Ágreiningur.

Unnt er að skjóta til dómstóla ágreiningi sem varðar framkvæmd þessara laga, þ.m.t. ágreiningi um rétt fulltrúa starfsmanna til að fá í hendur upplýsingar og rétt þátttökufélaga eða félaga samkvæmt lögum þessum til að binda upplýsingar trúnaði. Rétt til málshöfðunar hafa allir sem taldir eru upp í 18. gr., hlutaðeigandi stéttarfélög og aðrir sem hagsmuna eiga að gæta.

21. gr.
Vernd þátttökuréttar.

Ef reglur þessara laga gilda um samrunafélag er því félagi skylt að gera ráðstafanir til að tryggja að þátttökuréttur starfsmanna sé varinn, komi til innlends samruna á næstu þremur árum eftir að samruninn yfir landamæri tók gildi, í samræmi við ákvæði laga þessara.

22. gr.
Reglugerð.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

23. gr.
Innleiðing tilskipunar.

Með lögum þessum er innleidd 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/56/EB frá 26. október 2005, um samruna hlutafélaga yfir landamæri.

24. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

25. gr.
Breytingar á öðrum lögum.

1. Við 133. gr. f í lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum, bætist nýr málsliður, 4. málsl., svohljóðandi: Eftir því sem við á skal þó við skráningu félagsins gætt 12. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2157/21 frá 8. október 2001, um samþykktir

fyrir Evrópufélög (SE), sem hefur lagagildi hér á landi skv. 1. gr. laga nr. 26/2004, um Evrópufélög.

2. Við 107. gr. g í lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög, með síðari breytingum, bætist nýr málsliður, 4. málsl., svohljóðandi: Eftir því sem við á skal þó við skráningu félagsins gætt 12. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2157/21 frá 8. október 2001, um samþykktir fyrir Evrópufélög (SE), sem hefur lagagildi hér á landi skv. 1. gr. laga nr. 26/2004, um Evrópufélög.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sett verði lög til innleiðingar á efni 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/56/EB frá 26. október 2005, um samruna hlutafélaga yfir landamæri.

Tilskipunin var að stórum hluta innleidd hér á landi með lögum nr. 54/2007, um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (millilandasamruni og millilandaskipting). Ekki eru fyrir hendi ákvæði um þátttökurétt starfsmanna í þeirri löggjöf líkt og í dönskum rétti. Var því ákveðið að setja sérstakar reglur hér á landi um þátttökurétt starfsmanna á grundvelli 16. gr. tilskipunarinnar, sem geymir slík ákvæði. Þessi skipting reglna á milli viðskiptaráðuneytisins annars vegar og félags- og tryggingamálaráðuneytisins hins vegar er í samræmi við þann hátt sem hafður var á í tengslum við setningu laga nr. 26/2004, um Evrópufélög, sbr. hins vegar lög nr. 27/2004, um aðild starfsmanna að Evrópufélögum, og lög nr. 92/2006, um evrópsk samvinnufélög, sbr. hins vegar lög nr. 44/2007, um aðild starfsmanna að evrópskum samvinnufélögum.

Við gerð frumvarpsins kom í ljós að efni 3. og 6. mgr. 16. gr. tilskipunar 2005/56/EB fellur annars vegar undir lög nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum, og hins vegar undir lög nr. 138/1994, um einkahlutafélög, með síðari breytingum, en bæði hlutafélagalög og einkahlutafélagalög falla undir málefnasvið viðskiptaráðuneytisins. Í því skyni að innleiða efni 16. gr. tilskipunarinnar að fullu eru því í frumvarpinu lagðar til breytingar í samráði við viðskiptaráðuneytið á fyrrnefndum lögum.

II. Tilskipun 2005/56/EB.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/56/EB, frá 26. október 2005, um samruna hlutafélaga yfir landamæri (e. on cross-border mergers of limited liability companies) er m.a. sett með hliðsjón af þörf á samvinnu og sameiningu félaga með takmarkaðri ábyrgð frá mismunandi aðildarríkjum. Með tilskipuninni er greitt fyrir samruna félaga með takmarkaðri ábyrgð yfir landamæri og er þar mælt fyrir um að lög aðildarríkjanna skuli heimila samruna innlends félags með takmarkaðri ábyrgð og félags með takmarkaðri ábyrgð frá öðru aðildarríki yfir landamæri, að því tilskildu að lög hlutaðeigandi aðildarríkja heimili samruna þess háttar félaga.

Í 13. tölul. formálsorða tilskipunarinnar er tekið fram að ef starfsmenn hafi þátttökurétt í einu af samrunafélögunum í samræmi við skilyrði tilskipunarinnar og ef landslög aðildarríkisins þar sem félagið sem verður til við samruna yfir landamæri hefur skráða skrifstofu kveða ekki á um sömu þátttöku og í hlutaðeigandi samrunafélögum, þ.m.t. í nefndum eftirlitsstjórnar sem hafa ákvörðunarvald, eða þau veita starfsmönnum ekki sama rétt í þeim fyrirtækjum sem verða til við samruna yfir landamæri, skuli setja reglur um þátttöku starfsmanna í félaginu sem verður til við samrunann og aðild þeirra að skilgreiningu slíks réttar. Í því

skyni skulu meginreglur og málsmeðferð sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 2157/2001/EB frá 8. október 2001, um samþykktir fyrir Evrópufélög (SE), og í tilskipun ráðsins 2001/86/EB frá 8. október 2001, um viðbætur við samþykktir fyrir Evrópufélög að því er varðar aðild starfsmanna, liggja til grundvallar, þó með fyrirvara um breytingar sem taldar eru nauðsynlegar vegna þess að félagið sem verður til við samrunann heyrir undir landslög aðildarríkisins þar sem það hefur skráða skrifstofu. Í samræmi við b-lið 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2001/86/EB geta aðildarríkin séð til þess að samningaviðræður hefjist skjótt, sbr. 16. gr. tilskipunar 2005/56/EB, í því skyni að koma í veg fyrir óþarfa tafir á samruna.

III. Efni frumvarpsins.

Drög að frumvarpinu eru samin af Rannsóknasetri vinnuréttar og jafnréttismála við Háskólann á Bifröst. Var haft til hliðsjónar að reglur frumvarpsins innleiði með fullnægjandi hætti í íslenskan rétt ákvæði 16. gr. tilskipunar 2005/56/EB. Frumvarpinu er ætlað að innleiða lágmarksreglur skv. 16. gr. en þar er vísað sérstaklega til tiltekinna reglna tilskipunar 2001/86/EB frá 8. október 2001, um viðbætur við samþykktir fyrir Evrópufélög að því er varðar aðild starfsmanna. Er reglum þeirrar tilskipunar því fylgt þar sem við á sem og lögum nr. 27/2004, um aðild starfsmanna að Evrópufélögum, er innleiddu þá tilskipun. Því til viðbótar koma nokkrar sérreglur samkvæmt tilskipun 2005/56/EB sem sérstaklega er ætlað að taka til félaga sem verða til við samruna yfir landamæri og falla undir gildissvið frumvarpsins.

Frumvarpið hefur það markmið að innleiða reglur til að vernda rétt starfsmanna samrunafélaga, sem falla undir gildissvið þess, til aðildar að ákvörðunum sem varða starfsemi félagsins sem þeir vinna hjá og að viðhalda reglum um aðild starfsmanna sem í gildi eru í þeim félögum sem taka þátt í stofnun samrunafélags. Ef ekkert þátttökufélaganna starfar samkvæmt þátttökureglum fyrir skráningu félagsins er þess ekki krafist að það setji reglur um þátttöku starfsmanna.

Í frumvarpinu er kveðið á um að þegar ákveðið hefur verið að stofna samrunafélag skuli framkvæmdastjórnir eða stjórnir þeirra félaga sem þátt taka í stofnun þess gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hefja samningaviðræður við fulltrúa starfsmanna félaganna um tilhögun á aðild starfsmanna í samrunafélaginu.

Sérstök samninganefnd er í forsvari fyrir starfsmenn þátttökufélaga við þær viðræður. Við myndun nefndarinnar skal m.a. tryggja að nefndarmenn séu kosnir eða tilnefndir í hlutfalli við fjölda starfsmanna hjá þátttökufélögum, hlutaðeigandi dótturfélögum og starfsstöðvum í hverju aðildarríki fyrir sig. Gert er ráð fyrir því í frumvarpinu að fulltrúar sem kjörnir eru á Íslandi til setu í slíkri samninganefnd séu kosnir af trúnaðarmönnum innan fyrirtækis, en að starfsmenn sem ekki eiga trúnaðarmann velji sér sameiginlegan fulltrúa sem taki þátt í kjöri fulltrúa í samninganefndina. Séu engir trúnaðarmenn innan fyrirtækis eiga allir starfsmenn þátttökufélags rétt á að taka þátt í kjöri fulltrúa í samninganefndina.

Frumvarpið hefur að geyma ákvæði sem ætlað er að tryggja rétt fulltrúa starfsmanna í samninganefndinni til að fá upplýsingar um þau fyrirtæki sem standa að stofnun samrunafélags og áform þeirra er varða starfsemi félagsins. Einnig er kveðið á um rétt sérstöku samninganefndarinnar til að kalla eftir sérfræðiaðstoð og bera þau félög sem taka þátt í stofnun samrunafélags allan kostnað af starfi nefndarinnar.

Markmið samningaviðræðna er að ná samkomulagi um aðild starfsmanna að samrunafélagi, þ.e. varðandi rétt fulltrúa starfsmanna til upplýsinga, samráðs og þátttöku.

Ef aðilarnir verða ásáttir í samningaviðræðum um að koma á tilhögun á þátttöku skal í samkomulagi þeirra einnig kveðið á um inntak þeirrar tilhögunar, þ.m.t. (ef við á) fjölda fulltrúa í eftirlitsstjórn eða stjórn samrunafélagsins, sem starfsmennirnir eiga rétt á að kjósa, tilnefna, mæla með eða á móti, reglur um hvernig starfsmennirnir kjósa, tilnefna, mæla með eða á móti þessum fulltrúum og réttindi þeirra, o.s.frv.

Samningaviðræður geta að hámarki staðið yfir í eitt ár. Aðilar geta ákveðið að slíta viðræðum og gilda þá ákvæði III. kafla um aðild starfsmanna, eftir því sem við á. Sama máli gegnir ef ekki næst samkomulag innan þess frests sem veittur er til viðræðna.

Meginreglan er sú að einfaldur meiri hluti atkvæða ræður afstöðu sérstöku samninganefndarinnar, að því tilskildu að sá meiri hluti sé einnig fulltrúi hreins meiri hluta starfsmanna. Ef niðurstaða samningaviðræðna er sú að þátttökuréttur skuli minnka, þ.e. að áhrif fulltrúa starfsmanna á skipan stjórnar eða framkvæmdastjórnar samrunafélagsins verði minni en fyrir stofnun þess, þarf samkomulagið hins vegar að hljóta atkvæði frá auknum meiri hluta, samkvæmt nánari ákvæðum frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæðið mælir fyrir um gildissvið frumvarpsins í samræmi við 1. gr. tilskipunar 2005/56/EB. Frumvarpið tekur til félaga „með takmarkaða ábyrgð“, og er þar átt við félög sem falla undir 1. félagaréttartilskipunina eða hlutafélög, þar á meðal samlagshlutafélög, og einkahlutafélög, sbr. einnig lög nr. 2/1995, um hlutafélög, og lög nr. 138/1994, um einkahlutafélög.

Um 2. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um markmið frumvarpsins sem er í samræmi við markmið tilskipunar 2005/56/EB, sbr. 13. tölul. inngangsorða hennar. Meginmarkmið frumvarpsins er að vernda áunninn rétt starfsmanna félaga sem verða til við millilandasamruna til aðildar að málum og ákvörðunum sem varða starfsemi slíkra félaga og að viðhalda slíkum rétti.

Um 3. gr.

Ákvæðið hefur að geyma skilgreiningar á helstu hugtökum sem fram koma í frumvarpinu. Eru flest þeirra þau sömu og fram koma í lögum nr. 27/2004, um aðild starfsmanna að Evrópufélögum, og vísast til athugasemda við 3. gr. þeirra laga varðandi skýringar á þeim. Þessi samsvörun stafar af því að tilskipun 2005/56/EB byggist mikið til á tilskipun 2001/86/EB, sem liggur til grundvallar lögum nr. 27/2004, að breyttu breytanda.

Hugtakið millilandasamruni er skilgreint hér með sama hætti og í lögum nr. 2/1995, um hlutafélög (133. gr. a) og lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög (107. gr. b).

Um 4. gr.

Ákvæðið byggist á 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 2001/86/EB. Er þar mælt fyrir um skyldu fyrirsvarsmanna fyrirtækja, sem hyggjast taka þátt í stofnun samrunafélags, til að gera eins fljótt og unnt er ráðstafanir til að hefja samningaviðræður við fulltrúa starfsmanna félaganna um tilhögun á aðild starfsmanna.

Til að viðræður geti hafist þarf að stofna sérstaka samninganefnd fulltrúa starfsmanna í samræmi við ákvæði 5. gr. Í 2. mgr. 4. gr. er mælt fyrir um skyldu þátttökufélaganna til að láta fulltrúum starfsmanna í té upplýsingar sem eru nauðsynlegar til þess að unnt sé að

ákvarða fjölda fulltrúa í umræddri nefnd og skiptingu sæta í henni. Jafnframt skal veita upplýsingar um hvaða reglur gilda um þátttöku starfsmanna í hverju þátttökufélagi, en þær upplýsingar skipta miklu máli, m.a. fyrir atkvæðagreiðslur í sérstöku samninganefndinni.

Upplýsingar þær sem veittar eru skulu byggðar á nýjustu fáanlegum upplýsingum. Varðandi tölur um starfsmannafjölda skal tekið fram að átt er við heildarfjölda starfsmanna í hverju þátttökufélagi, óháð því hvort þeir eru t.d. í hlutastarfi eða starfa á grundvelli tímabundins ráðningarsamnings. Hér er átt við fjölda starfsmanna á hverjum tíma. Er því um aðra reglu að ræða en fram kemur í 8. gr. laga nr. 61/1999, um evrópsk samstarfsráð í fyrirtækjum, þar sem miðað er við meðalfjölda starfsmanna á síðustu tveimur árum.

Um 5. gr.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um stofnun sérstakrar samninganefndar sem í eiga sæti fulltrúar starfsmanna þátttökufélaga og dótturfélaga þeirra eða starfsstöðva sem fyrirhugað er að taki þátt í stofnun samrunafélags.

Ákvæði a-liðar 2. mgr. er ætlað að tryggja að sæti í nefndinni skiptist eftir fjölda þeirra ríkja innan EES þar sem þátttökufyrirtækin hafa starfsmenn í vinnu og felur reglan í sér að hvert ríki sem málið varðar á rétt á a.m.k. einum fulltrúa. Fulltrúafjöldi ræðst að öðru leyti af því hve stór hluti starfsmanna þátttökufélaganna starfar í hverju ríki og eykst fjöldi fulltrúa um einn fyrir hvern byrjaðan tug fulltrúa. Þannig fær t.d. aðildarríki þar sem fjórðungur starfsmanna allra þátttökufélaganna starfar þrjá fulltrúa í samninganefndina.

Í b-lið 2. mgr. er sérregla sem felur í sér að bætt er við takmörkuðum fjölda fulltrúa í samninganefndina og eru þeir fulltrúar starfsmanna þátttökufélaga sem ekki verða lengur sjálfstæðir lögaðilar eftir að skráning samrunafélagsins tekur gildi. Í 3. mgr. er tekið fram að ef fjöldi slíkra þátttökufélaga er meiri en fjöldi þeirra sæta sem unnt er að úthluta á þennan hátt skuli þau sæti sem laus eru til ráðstöfunar ganga til starfsmanna fjölmennustu félaganna í hverju aðildarríki.

Í 4. mgr. er gert ráð fyrir þeim möguleika að breytingar verði á hinu fyrirhugaða samrunafélagi eftir að sérstaka samninganefndin hefur verið skipuð. Þetta getur t.d. gerst þannig að eitt eða fleiri félög hætta við þátttöku í samruna og kann það m.a. að leiða til þess að vægi atkvæða á bak við hvern fulltrúa í nefndinni breytist. Er í ákvæðinu gert ráð fyrir því að unnt sé að endurúthluta sætum í samninganefndinni ef nefndin telur það nauðsynlegt, en jafnframt er gert ráð fyrir því að sem minnstar tafir verði á samningaviðræðum vegna þessa, enda nauðsynlegt skv. 9. gr. að ljúka viðræðum eigi síðar en einu ári eftir að þær hefjast.

Um 6. gr.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um kjör fulltrúa starfsmanna á Íslandi í sérstöku samninganefndina. Gert er ráð fyrir að trúnaðarmönnum stéttarfélaga verði falið það vald að velja þessa fulltrúa en jafnframt tekið fram að starfsmenn sem ekki eiga trúnaðarmann velji sér sameiginlegan fulltrúa sem tekur þátt í kjörinu. Skulu þessir aðilar velja fulltrúa úr sínum röðum til setu í sérstöku samninganefndinni en ef engir trúnaðarmenn eru innan fyrirtækis eiga allir starfsmenn þátttökufélags rétt á að taka þátt í kjörinu og eru þeir þá jafnframt kjörgengir.

Í ákvæðinu er enn fremur mælt fyrir um að ef fleiri en eitt íslenskt fyrirtæki tekur þátt í stofnun samrunafélags skuli reynt að dreifa fjölda fulltrúa milli þátttökufélaganna, og að sætum skuli endurúthlutað ef starfsmenn þátttökufélags missa rétt til fulltrúa.

Um 7. gr.

Í ákvæðinu er hlutverki sérstöku samninganefndarinnar lýst og kveðið á um skyldu þeirra félaga sem taka þátt í stofnun samrunafélags til að upplýsa nefndina um áætlanir sínar og gang stofnunarferlisins. Í þessu felst m.a. skylda til að tilkynna nefndinni um breytingar sem kunna að eiga sér stað, t.d. ef einhver félög hætta við þátttöku í samrunafélaginu eða ný félög bætast í hóp þátttakenda, en slíkt getur m.a. orðið til þess að hafa áhrif á samsetningu nefndarinnar.

Í ákvæðinu er enn fremur mælt fyrir um skyldu þátttökufélaganna til að bera kostnað sem hlýst af samningaviðræðum og fellur þar undir allur eðlilegur kostnaður, svo sem ferðakostnaður, en í greininni er sérstaklega kveðið á um skyldu til að bera kostnað vegna a.m.k. eins sérfræðings sem nefndin getur valið sér til aðstoðar.

Um 8. gr.

Ákvæðið geymir reglur um það hvernig sérstaka samninganefndin tekur ákvarðanir. Meginreglan er sú að ákvarðanir eru teknar með hreinum meiri hluta atkvæða, að því skilyrði uppfylltu að á bak við þann meiri hluta sé einnig meiri hluti starfsmanna hins fyrirhugaða samrunafélags.

Í 2. mgr. er að finna sérreglu sem ætlað er að varna því að þátttökuréttur starfsmanna minnki við stofnun samrunafélags. Aukinn meiri hluta atkvæða þarf til að samþykkja slíkt samkomulag og að auki þarf að uppfylla skilyrði um að þeir sem greiða samkomulaginu atkvæði séu fulltrúar aukins meiri hluta starfsmanna, auk þess að vera frá a.m.k. tveimur aðildarríkjum. Gildir þessi regla þegar um samruna er að ræða og a.m.k. fjórðungur starfsmanna á slíkan þátttökurétt.

Um 9. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um tímafresti til að ljúka viðræðum í samræmi við 5. gr. tilskipunar 2001/86/EB en samkvæmt henni verður samningaviðræðum að ljúka innan árs frá því að þær hefjast. Til að tryggja að upphaf viðræðna dragist ekki von úr viti er lagt til í frumvarpinu að viðræður skuli í síðasta lagi taldar hefjast tveimur mánuðum eftir að nauðsynlegar upplýsingar berast fulltrúum starfsmanna. Með þessu móti er tryggt að ekki þurfi að fresta úr hófi skráningu samrunafélags af ástæðum sem þátttökufélögin ráða engu um.

Um 10. gr.

Ákvæðið er í samræmi við b-lið 4. mgr. 16. gr. tilskipunar 2005/56/EB, um heimildir sérstöku samninganefndarinnar til að hefja ekki samningaviðræður eða binda enda á viðræður og vísa þess í stað til gildandi reglna í einstökum aðildarríkjum um þátttökurétt starfsmanna. Slík ákvörðun verður ekki tekin nema með auknum meiri hluta atkvæða, auk frekari skilyrða sem tilgreind eru í ákvæðinu.

Um 11. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um þær lágmarkskröfur sem gerðar eru til efnis samkomulags milli fulltrúa starfsmanna og þátttökufélaganna um aðild starfsmanna samrunafélagsins og svarar greinin til tiltekinna ákvæða 4. gr. tilskipunar 2001/86/EB, sbr. b-lið 3. mgr. tilskipunar 2005/56/EB. Rétt er að hafa í huga að upptalningin í 1. mgr. er ekki tæmandi og er aðilum frjálst að semja um önnur atriði en þar koma fram.

Gert er ráð fyrir því sem meginreglu, eins og fram kemur í b-lið 1. mgr., að aðilarnir geri samkomulag um að starfandi verði fulltrúanefnd starfsmanna, sem að mörgu leyti svipar til evrópskra samstarfsráða í fyrirtækjum sem kveðið er á um í lögum nr. 61/1999. Á meðal annarra atriða sem nauðsynlegt er að komi fram í samkomulagi aðila er gildissvið samkomulagsins, þ.e. til hvaða félaga, þ.m.t. dótturfélaga, því er ætlað að ná. Einnig er afar mikilvægt að í samkomulaginu komi fram í hvaða tilvikum það skuli endurskoðað, enda líklegt að breytingar verði á starfsemi samrunafélagsins, svo sem vegna frekari samruna eða breytinga á starfsemi félagsins, eftir að það hefur verið stofnað. Slíkar breytingar geta hæglega haft áhrif á skiptingu sæta í fulltrúanefndinni.

Í þeim tilvikum sem samkomulag næst samkvæmt þessari grein eiga ákvæði III. kafla frumvarpsins ekki við um samrunafélagið nema þess sé sérstaklega getið í samkomulagi aðila, sbr. 2. mgr.

Um 12. gr.

Í ákvæðinu, sem byggist á 6. gr. tilskipunar 2001/86/EB, er kveðið á um að löggjöf þess aðildarríkis, þar sem fyrirhugað er að aðalskrifstofa samrunafélags verði staðsett, skuli gilda um málsmeðferð við samningaviðræður. Ákvæði frumvarpsins og eðli máls leiða þó í einstaka tilvikum til þess að landsréttur í hverju ríki gildi og á það t.d. við um val fulltrúa hvers ríkis í sérstöku samninganefndina.

Um 13. gr.

Í ákvæðinu er vísað til þess að stofnunum þátttökufélaganna er heimilt að ákveða án þess að samningaviðræður fari fram skv. II. kafla að um þátttökurétt starfsmanna samrunafélagsins fari skv. III. kafla, sbr. einnig a-lið 1. mgr. 14. gr. Gilda þær reglur þá um þátttökurétt starfsmannanna frá dagsetningu skráningar samrunafélagsins. Greinin svarar til a-liðar 4. mgr. 16. gr. tilskipunar 2005/56/EB.

Um 14. gr.

Ákvæðið svarar til tiltekinna ákvæða 7. gr. tilskipunar 2001/86/EB, sbr. e-lið 3. mgr. 16. gr. tilskipunar 2005/56/EB, og felur í sér nánari afmörkun á því hvenær ákvæði kaflans geta átt við um þátttökurétt starfsmanna í samrunafélagi, sbr. 15. gr.

Það getur ávallt gerst, t.d. við samruna fyrirtækja frá mörgum aðildarríkjum, að þátttökuréttur starfsmanna byggist á ólíkum reglum. Þannig felst t.d. þátttökuréttur í hollenskum hlutafélögum oft í rétti fulltrúa starfsmanna til að mæla gegn setu eins eða fleiri fulltrúa í stjórn félags. Í flestum öðrum ríkjum er hins vegar algengast, þar sem þátttökuréttur er á annað borð fyrir hendi, að hann felist í rétti til að tilnefna einn eða fleiri fulltrúa í stjórnarstofnanir viðkomandi félags. Þessi ólíku form á þátttöku starfsmanna eru algerlega ósamrýmanleg og er það ástæða þess að í 3. mgr. er kveðið á um að í þeim tilvikum sem 15. gr. á við skuli sérstaka samninganefndin taka ákvörðun um hvaða form á þátttöku skuli gilda í samrunafélaginu.

Um 15. gr.

Ákvæði þessarar greinar, sem svarar til b-liðar 3. hluta viðauka við tilskipunar 2001/86/EB, sbr. h-lið 3. mgr. 16. gr. tilskipunar 2005/56/EB, gilda einungis í afmörkuðum tilvikum, og því aðeins að ekki hafi verið samið um annað fyrirkomulag á þátttöku starfsmanna. Eins og fram kemur í j-lið 3. gr. er þátttökuréttur annaðhvort fólginn í því að fulltrúar starfsmanna

kjósi eða tilnefni einn eða fleiri fulltrúa til setu í stjórnarstofnunum samrunafélagsins eða að fulltrúar starfsmanna geti hafnað setu eins eða fleiri fulltrúa sem kjörnir hafa verið af hluthöfum.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að fulltrúanefnd starfsmanna ákveði skiptingu sæta í stjórnarstofnanir samrunafélagsins meðal fulltrúa starfsmanna í einstökum aðildarríkjum. Gert er ráð fyrir þeirri meginreglu að sæti í stjórn og eftirlitsstjórn gangi til þeirra aðildarríkja þar sem starfsmenn eru flestir og að sæti skiptist samkvæmt hlutfallsreglu. Í þeim tilvikum þegar slík hlutfallsskipting leiðir til þess að starfsmenn í einstökum aðildarríkjum fá engan fulltrúa skal fulltrúanefndin leitast við að jafna skiptingu sæta og njóta starfsmenn í því aðildarríki þar sem skrifstofa samrunafélagsins er þá forgangs fram yfir aðra starfsmenn sem ekki hafa fengið úthlutað sæti samkvæmt hlutfallsreglu. Hafa verður í huga að sjaldan verður um mikinn fjölda sæta að ræða en gert er ráð fyrir því í frumvarpinu að hlutfallsregla ráði ávallt fyrstu sætum sem koma til úthlutunar samkvæmt þessari grein.

Ekki þykir þörf á að setja ítarlega reglu um aðferðir í þeim tilvikum þegar þátttökuréttur starfsmanna felst í því að mæla með eða gegn tilnefningu fulltrúa í stjórnarstofnanir samrunafélagsins. Nægilegt þykir að fela fulltrúanefnd starfsmanna að setja reglur þar að lútandi.

Í þriðja viðauka tilskipunar 2001/86/EB er ekki kveðið á um hvernig standa skuli að kjöri eða tilnefningu fulltrúa starfsmanna frá einstökum aðildarríkjum í stjórnarstofnanir samrunafélagsins. Í frumvarpinu er valin sú leið að beita sömu aðferð og gert er við tilnefningu fulltrúa í sérstöku samninganefndina og fulltrúaráð starfsmanna, sbr. 6. gr. Er það í samræmi við hliðstæð ákvæði í lögum nr. 27/2004, um aðild starfsmanna að Evrópufélögum, sbr. 5. mgr. 16. gr., og lögum nr. 44/2007, um aðild starfsmanna að evrópskum samvinnufélögum, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 16. gr. þeirra laga. Hvað varðar fulltrúa frá öðrum aðildarríkjum er meginreglan sú að löggjöf viðkomandi aðildarríkis ráði, en þegar löggjöf til innleiðingar á tilskipuninni kveður ekki sérstaklega á um val fulltrúa skuli þetta vald falið fulltrúanefnd starfsmanna samrunafélagsins.

Í lokamálsgreininni er tekinn af vafi um að fulltrúar, sem ákvæði greinarinnar eiga við um, skuli hafa sömu stöðu og réttindi og aðrir stjórnarmenn.

Um 16. gr.

Ákvæði frumvarpsins og tilskipunar 2001/86/EB, sem frumvarpið byggist að miklu leyti á, gera ráð fyrir að fulltrúum starfsmanna séu veittar margháttaðar upplýsingar sem leynt eiga að fara, svo sem um áform er varða samruna fyrirtækja, nýja framleiðslutækni o.s.frv. Í greininni er gert ráð fyrir því, í samræmi við 1. mgr. 8. gr. framangreindrar tilskipunar, að þátttökufélögum og stofnunum samrunafélags sé heimilt að binda upplýsingar trúnaði. Sambærileg ákvæði er m.a. að finna í 29. gr. laga nr. 61/1999, um evrópsk samstarfsráð í fyrirtækjum, 10. gr. laga nr. 63/2000, um hópuppsagnir, og 19. gr. laga nr. 27/2004, um aðild starfsmanna að Evrópufélögum.

Þagnarskylda verður aðeins ákveðin í einstökum tilvikum og heimilar þessi grein frumvarpsins ekki að fulltrúar starfsmanna undirgangist almenna þagnarskyldu er varðar þær upplýsingar sem þeir fá í störfum sínum.

Ágreiningur um hvort heimilt sé að binda tilteknar upplýsingar þagnarskyldu verður borinn undir almenna dómstóla, sbr. 20. gr.

Um 17. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um heimild stofnana samrunafélags eða þátttökufélaga til að undanskilja upplýsingar sem eru þess eðlis að þær geti haft mjög skaðleg áhrif, í samræmi við 2. mgr. 8. gr. tilskipunar 2001/86/EB. Heimildina verður að skýra fremur þröngt, m.a. með vísan til þess að skv. 16. gr. er gert ráð fyrir að heimilt verði að binda upplýsingar trúnaði. Sambærilegt ákvæði er að finna í 30. gr. laga nr. 61/1999, um evrópsk samstarfsráð í fyrirtækjum.

Heimilt er að bera ágreining um lögmæti ákvörðunar samkvæmt þessari grein undir almenna dómstóla, sbr. 20. gr. Einnig getur varðað sektum að undanskilja upplýsingar sem skylt var að láta af hendi, sbr. 19. gr.

Um 18. gr.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um á hvern hátt fulltrúum starfsmanna sem annast samskipti við stofnanir samrunafélags skuli veitt vernd gegn uppsögn og kjaraskerðingu, sbr. 10. gr. tilskipunar 2001/86/EB. Ákvæðið er efnislega samhljóða 18. gr. laga nr. 27/2004, um aðild starfsmanna að Evrópufélögum, og þarfnast hún ekki sérstakra skýringa.

Um 19. gr.

Samkvæmt ákvæðinu liggja fésektir við þeirri háttsemi sem þar er tilgreind, en skv. 1. mgr. 12. gr. tilskipunar 2001/86/EB er aðildarríkjum skylt að tryggja að aðilar máls uppfylli þær skyldur sem kveðið er á um í tilskipuninni. Jafnframt ber aðildarríkjum að tryggja að viðeigandi úrræði séu fyrir hendi í þeim tilvikum þegar ekki er farið að ákvæðum tilskipunarinnar.

Í 1. mgr. er að finna refsiákvæði sem einkum getur varðað fulltrúa starfsmanna. Er þar kveðið á um að það varði fésektum að láta af hendi trúnaðarupplýsingar. Rétt er að taka fram að ef ágreiningur er um hvort heimilt sé að binda upplýsingar trúnaði er unnt að skjóta ágreiningi til dómstóla til að fá trúnaðarskyldu aflétt, sbr. 20. gr.

Í 2. mgr. er kveðið á um refsiábyrgð lögaðila. Er þar kveðið á um að ásetningsbrot gegn 4. og 18. gr. laganna varði lögaðila fésektum, en að jafnaði má ætla að brot gegn framangreindum ákvæðum séu eingöngu framin í þágu viðkomandi samrunafélags, dótturfélags eða þátttökufélaga. Brot verður því aðeins talið refsivert að það sé til þess fallið að svipta starfsmenn samrunafélags rétti sem varinn er samkvæmt lögunum.

Um 20. gr.

Í ákvæðinu er, í samræmi við 2. mgr. 12. gr. tilskipunar 2001/86/EB, mælt fyrir um að ágreiningsmálum verði skotið til úrlausnar almennra dómstóla. Þar sem efni frumvarpsins er um margt flókið og ágreining getur borið að með ýmsu móti þótti ástæða til að taka fram hverjir ættu rétt til málshöfðunar og takmarkast sá réttur við aðila sem eiga hagsmuna að gæta.

Um 21. gr.

Í samræmi við 7. mgr. 16. gr. tilskipunar 2005/56/EB mælir ákvæðið fyrir um skyldu samrunafélags til að tryggja vernd þátttökuréttar starfsmanna ef til innlends samruna kemur á næstu þremur árum eftir að samruni tók gildi sem fellur undir ákvæði þessa frumvarps.

Um 22. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um 23. gr.

Ákvæðið er í samræmi við 19. gr. tilskipunar 2005/56/EB þar sem fram kemur að þegar aðildarríkin samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipuninni skuli vera í þeim tilvísun í tilskipunina eða þeim fylgja slík tilvísun við opinbera birtingu.

Um 24. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um 25. gr.

Með hliðsjón af innleiðingu 3. og 6. mgr. 16. gr. tilskipunar 2005/56/EB er gert ráð fyrir breytingum á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög. Felst í breytingunum setning vissra skilyrða varðandi skráningu hlutafélaga og einkahlutafélaga við millilandasamruna og millilandaskiptingu. Þarf við skráningu, eftir því sem við á, að taka tillit til ákvæða um aðild starfsmanna í þessum félögum á sama hátt og gert er í 12. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2157/21 frá 8. október 2001, um samþykktir fyrir Evrópufélög (SE), sem hefur lagagildi hér á landi skv. 1. gr. laga nr. 26/2004, um Evrópufélög. Er vísað sérstaklega í lög um Evrópufélög í breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög. Eftir breytinguna gilda samsvarandi reglur um skráningu Evrópufélaga og evrópskra samvinnufélaga, svo og skráningu hlutafélaga og einkahlutafélaga við millilandasamruna og millilandaskiptingu.

Texti tilvísaðrar 12. gr.:

Sérhvert Evrópufélag skal skráð í því aðildarríki þar sem það er með skráða skrifstofu, í skrá sem er tilgreind í lögum þess aðildarríkis í samræmi við 3. gr. fyrstu tilskipunar ráðsins (68/151/EBE) frá 9. mars 1968 um samræmingu verndarráðstafana, sem ætlað er að vera jafngildar í bandalaginu og aðildarríki krefjast af félögum í skilningi annarrar málsgreinar 58. gr. sáttmálans, til að vernda hagsmuni félagsmanna og annarra.

Óheimilt er að skrá Evrópufélag, nema því aðeins að tekist hafi samkomulag um tilhögun á aðild starfsmanna að félaginu skv. 4. gr. tilskipunar 2001/86/EB eða tekin hafi verið ákvörðun skv. 6. mgr. 3. gr. þeirrar tilskipunar eða að frestur til samningaviðræðna skv. 5. gr. sömu tilskipunar hafi runnið út án þess að samkomulag hafi náðst.

Til að unnt sé að skrá Evrópufélag í aðildarríki sem hefur nýtt sér þann kost sem um getur í 3. mgr. 7. gr. tilskipunar 2001/86/EB verður annaðhvort að hafa náðst samkomulag skv. 4. gr. tilskipunarinnar um tilhögun á aðild starfsmanna, þ.m.t. um þátttöku þeirra, eða ekkert þátttökufélag má hafa heyrt undir reglur um þátttöku fyrir skráningu Evrópufélagsins.

Samþykktir Evrópufélags mega aldrei stríða gegn þeirri tilhögun á aðild starfsmanna sem þannig hefur verið ákveðin. Stríði nýtt fyrirkomulag, sem er ákvarðað samkvæmt framangreindri tilskipun, gegn gildandi samþykktum skal breyta samþykktunum eins og þörf krefur.

Þegar þannig stendur á má kveða svo á í lögum aðildarríkis að framkvæmdastjórn eða stjórn Evrópufélagsins megi breyta samþykktunum án frekari ákvarðana hluthafafundar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um aðild starfsmanna við samruna félaga með takmarkaðri ábyrgð yfir landamæri.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sett verði lög til innleiðingar á efni 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/56/EB frá 26. október 2005, um samruna hlutafélaga yfir landamæri. Markmið laganna er að tryggja áunninn rétt starfsmanna félaga sem verða til við samruna yfir landamæri til aðildar að málum og ákvörðunum sem varða starfsemi slíkra félaga.

Ekki verður séð að frumvarpið hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs verði það óbreytt að lögum.

835. Tillaga til þingsályktunar [534. mál]

um framkvæmdaáætlun í barnaverndarmálum fram til næstu sveitarstjórnarkosninga árið 2010.

(Lögð fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

Alþingi ályktar, sbr. 3. mgr. 5. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002, að eftirfarandi framkvæmdaáætlun í barnaverndarmálum skuli gilda fyrir árið 2008 og fram til sveitarstjórnarkosninga árið 2010.

1. Inngangur.

Félags- og tryggingamálaráðherra og Barnaverndarstofa skulu vinna samkvæmt þeirri framkvæmdaáætlun sem hér er sett fram með það að markmiði að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega og árangursríka aðstoð. Í því augnamiði skal ráðuneytið og Barnaverndarstofa hafa eftirtalin fimm meginmarkmið að leiðarljósi:

1. Að efla barnaverndarstarf á vegum félags- og tryggingamálaráðuneytis.
2. Að efla barnaverndarstarf á vegum Barnaverndarstofu.
3. Að efla þjónustu Barnaverndarstofu.
4. Að bæta hæfni, getu og þekkingu starfsfólks Barnaverndarstofu og þeirra sem starfa á vegum stofnunarinnar.
5. Að hámarka nýtingu og virðisauka fjármuna sem lagðir eru til stofnunarinnar.

Áætlunin skiptist niður í eftirfarandi þætti:

2. Aðgerðir til eflingar barnaverndarstarfs á vegum félags- og tryggingamálaráðuneytisins.

Til að efla barnaverndarstarf á vegum félags- og tryggingamálaráðuneytisins skal unnið að því að tryggja nauðsynlegt fjármagn til málaflokksins, að unnið sé að þróun löggjafar á sviði barnaverndar og skal félags- og tryggingamálaráðuneytið vinna reglubundið í samstarfi við Barnaverndarstofu að þróun málaflokksins og að því að tryggja samráð og samvinnu við önnur ráðuneyti sem sinna málefnum barna.

3. Aðgerðir til eflingar barnaverndarstarfs á vegum Barnaverndarstofu.

Til að efla barnaverndarstarf skal Barnaverndarstofa vinna að því að greina úrlausnarefni á málefnasviðinu, fylgjast með þróun málaflokksins og leggja reglubundið fram tillögur til endurbóta við félags- og tryggingamálaráðuneytið og í kjölfarið taka þátt í framkvæmd þeirra.

Í tengslum við þetta skulu sett starfsmarkmið og skulu verkefni sem unnin eru á grundvelli þeirra m.a. vera eftirfarandi:

3.1 Rannsóknarverkefni.

3.1.1 Rannsókn á framburði barna sem koma í Barnahús vegna gruns um kynferðislegt ofbeldi.

3.1.2 Athugun á líkamlegu ofbeldi gegn börnum á Íslandi.

3.1.3 Athugun á samstarfi við 112 um móttöku tilkynninga.

3.1.4 Athugun á fjölda tilkynninga sem leiða til könnunar máls hjá barnaverndarnefndum.
3.1.5 Athugun á vímuefnaneyslu og greiningum barna á Stuðlum.
3.1.6 Rannsóknasetur í barna- og fjölskylduvernd.

3.2 Þróunarverkefni.
3.2.1 Notkun matslista ASEBA.
3.2.2 Gæðastaðlar um vistun barna utan heimilis – „Quality for children“.
3.2.3 Eftirlit með vistun barna utan heimilis.
3.2.4 Skilgreiningar- og flokkunarkerfi í barnavernd (SOF).
3.2.5 Úrræði vegna þungaðra kvenna sem stofna heilsu og lífi ófæddra barna í hættu.
3.2.6 Viðbragðsteymi vegna dauðsfalla barna (Child Death Review Team).

3.3 Erlent samstarf.
3.3.1 Ráðstefna NFBO árið 2008.
3.3.2 Norræn barnaverndarráðstefna árið 2009.

3.4 Saga barnaverndarstarfs á Íslandi.

4. Efling þjónustu og verklags.

Stefnt skal að því að efla þjónustu Barnaverndarstofu þannig að hún verði markvissari, aðgengilegri og skjótari og ávallt í samræmi við þarfir barna og fjölskyldna þeirra á hverjum tíma. Þetta á við um ráðgjöf, fræðslu, eftirlit og rekstur heimila og stofnana á vegum stofnunarinnar. Tryggt skal að jafnræði ríki gagnvart þeim sem stofnunin hefur samskipti við.

Í tengslum við þetta skulu sett starfsmarkmið og skulu verkefni sem unnin eru á grundvelli þeirra m.a. vera eftirfarandi:

4.1 Ný meðferðarúrræði.
4.1.1 Fjölþáttameðferð (Multisystemic Therapy – MST)
4.1.2 Fjölþáttameðferðarfóstur (MTFC/TFC).
4.1.3 Foreldrafærniþjálfun (t.d. Parent Management Training PMT).
4.1.4 Meðferð fyrir unga gerendur í kynferðisbrotamálum.

4.2 Foster Pride – framhaldsnámskeið.

4.3 Reiðistjórnun (Aggression Replacement Training – ART).

4.4 Árangursmat.
4.4.1 Mat á árangri meðferðarheimila.
4.4.2 Mat á árangri Barnahúss.

4.5 Skjalastjórnun og tölfræði.
4.5.1 Handbók um skjalastjórnun og skráningu.
4.5.2 Endurbætur á tölfræði um barnavernd.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Ríkisstjórnin hefur samþykkt framkvæmdaáætlun um barnavernd frá árinu 2008 fram til sveitarstjórnarkosninga árið 2010. Hún fylgir hér á eftir:

1. Inngangur.

Samkvæmt 5. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002, ber félagsmálaráðuneytið ábyrgð á stefnumótun í barnavernd og skal ráðherra leggja fyrir Alþingi framkvæmdaáætlun til fjögurra ára í senn að loknum sveitarstjórnarkosningum. Barnaverndarstofa er sjálfstæð stofnun sem heyrir undir yfirstjórn félags- og tryggingamálaráðuneytisins og annast stjórnsýslu á því sviði sem barnaverndarlögin ná til. Áætlun þessi er unnin á grundvelli 5. gr. barnaverndarlaga en er einnig í samræmi við 7. gr. reglugerðar um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana í A-hluta, nr. 1061/2004, þar sem segir að forstöðumenn beri ábyrgð á gerð langtímaáætlunar sem skuli endurspegla stefnumörkun og megináherslur í starfsemi stofnunar.

Sú stefnumarkandi áætlun félags- og tryggingamálaráðuneytisins og Barnaverndarstofu sem hér birtist nær til tímabilsins frá gildistöku hennar á árinu 2008 til næstu sveitarstjórnarkosninga árið 2010. Áætlunin tekur mið af nýlegri aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar í málefnum barna. Áætlunin byggist á ákvæðum barnaverndarlaga um ábyrgð og skyldur ríkisins í barnaverndarmálum. Hlutverki Barnaverndarstofu er nánar lýst í 7. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002, þar sem segir að stofan skuli:

- vinna að samhæfingu og eflingu barnaverndarstarfs í landinu og vera félagsmálaráðherra til ráðgjafar um stefnumótun í málaflokknum,
- hlutast til um að fram fari þróunar- og rannsóknastarf á sviði barnaverndar,
- hafa með höndum leiðbeiningar um túlkun og framkvæmd barnaverndarlaga og fræðslu og ráðgjöf fyrir barnaverndarnefndir í landinu,
- hafa eftirlit með störfum barnaverndarnefnda,
- annast leyfisveitingar til fósturforeldra, taka ákvarðanir og veita barnaverndarnefndum liðsinni í fósturmálum,
- fara með yfirstjórn heimila og stofnana sem ríkinu ber að sjá til að séu tiltæk og hlutast til um að slík heimili og stofnanir verði sett á fót,
- hafa yfirumsjón með vistun barna á heimilum og stofnunum á ábyrgð ríkisins,
- annast leyfisveitingar samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga.

Barnaverndarstofa getur einnig rekið sérstakar þjónustumiðstöðvar í því skyni að treysta þverfaglegt samstarf, eflingu og samhæfingu stofnana við meðferð mála á sviði barnaverndar. Þá er Barnaverndarstofu heimilt að bjóða barnaverndarnefndum aðra sérhæfða þjónustu, svo sem úrræði utan stofnana á sviði meðferðar fyrir börn, enda sé markmið hennar að auðvelda nefndum að sinna lögbundnu hlutverki sínu.

Ætlunarverk félags- og tryggingamálaráðuneytisins og Barnaverndarstofu felst í því að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega og árangursríka aðstoð. Í því augnamiði hafa ráðuneytið og stofan sett sér eftirfarandi meginmarkmið sem unnið verður að á áætlunartímabilinu:

1. Að efla barnaverndarstarf á vegum félags- og tryggingamálaráðuneytisins með því að tryggja nauðsynlegt fjármagn til málaflokksins, eiga frumkvæði að þróun löggjafar á sviði barnaverndar og vinna reglubundið í samstarfi við Barnaverndarstofu að þróun málaflokksins og því að tryggja samráð og samvinnu við önnur ráðuneyti sem sinna málum barna.
2. Að efla barnaverndarstarf á vegum Barnaverndarstofu með því að greina úrlausnarefni á málefnasviðinu, fylgjast með þróun málaflokksins og leggja reglubundið fram tillögur til endurbóta við félags- og tryggingamálaráðuneytið og í kjölfarið taka þátt í framkvæmd þeirra.

3. Að efla þjónustu Barnaverndarstofu þannig að hún verði markvissari, aðgengilegri og skjótari og ávallt í samræmi við þarfir barna og fjölskyldna þeirra á hverjum tíma. Þetta á bæði við um ráðgjöf, fræðslu, eftirlit og rekstur heimila og stofnana á vegum Barnaverndarstofu. Tryggt sé að jafnræði ríki gagnvart þeim sem stofnunin hefur samskipti við.
4. Að bæta hæfni, getu og þekkingu starfsfólks Barnaverndarstofu og þeirra sem starfa á vegum stofnunarinnar með því að fylgja sérstakri starfsmannastefnu. Stefnan gerir m.a. ráð fyrir að fram fari regluleg starfsmannasamtöl og gerðar séu mannafla- og endurmenntunaráætlanir þar sem starfsmönnum er gefinn kostur á að bæta hæfni sína og taka þátt í að skapa nýja þekkingu á sviði barnaverndarmála, svo sem í formi rannsóknar- og þróunarverkefna.
5. Að hámarka nýtingu og virðisauka fjármuna sem lagðir eru til stofnunarinnar.

Barnavernd hefur síðan 1992 heyrt undir félagsmálaráðuneytið með lögum nr. 58/1992. Í kjölfarið var unnið að úttekt á heildarskipan málaflokksins og gerðar viðamiklar skipulagsbreytingar með stofnun Barnaverndarstofu árið 1995, sbr. lög nr. 22/1995. Fyrstu starfsár Barnaverndarstofu einkenndust af mikilli uppbyggingu og breytingastarfi, m.a. á sviði meðferðar fyrir börn og með stofnun Barnahúss. Stofan lagði fram stefnumarkandi áætlun fyrir tímabilið 2005–2008, ásamt starfsmannastefnu og stefnu í jafnréttismálum. Mörkuð var stefna þar sem áherslur beindust að því að meta árangur af uppbyggingarstarfinu, þróa ný úrræði í stað langtímameðferðar og efla innviði stofnunarinnar. Nú og um næstu framtíð munu áherslur félags- og tryggingamálaráðuneytisins og Barnaverndarstofu beinast að því að innleiða og þróa ný úrræði í barnaverndarmálum, meta árangur úrræða í barnavernd með reglubundnum hætti, styrkja starf Barnaverndarstofu á öllum sviðum og efla barnavernd á vegum sveitarfélaganna.

Með framangreint í huga munu áhersluverkefni Barnaverndarstofu á tímabilinu beinast að nýjungum, þróunar- og rannsóknastarfi, bættri þjónustu og verklagi og nýtingu fjármuna.

Hér er byggt á aðferðafræði stefnumarkandi áætlanagerðar (e. strategic planning). Einnig er höfð til hliðsjónar aðferðafræði stefnumiðaðs skorkorts (BSC – Balanced Scorecard). Settir eru fram árangursmælikvarðar sem eiga að uppfylla sæmilega þá gæðastaðla sem gilda um slíka mælikvarða. Notast var við ýmis fyrirliggjandi gögn, þar á meðal skýrslur Barnaverndarstofu. Stofan hefur lagt sig fram um að safna greinargóðum upplýsingum um barnaverndarstarf á landinu og birt jafnóðum ýmsar grunnupplýsingar sem safnað er mánaðarlega auk þess að birta ársskýrslur. Þá var einnig notast við fyrri stefnumarkandi áætlun Barnaverndarstofu, ársáætlun, drög að árangursstjórnunarsamningi, niðurstöður starfsdaga og fleira. Áhersla er á markmiðssetningu sem miðar að breytingum, að fara úr tilteknu ástandi í annað og betra ástand. Ekki er ástæða til að setja markmið um þætti sem annaðhvort eru óraunhæf eða búið er nú þegar að ná. Reynt er að hafa texta áætlunarinnar hnitmiðaðan og einskorða hana við raunhæf verkefni. Leitast er við að áætlunin endurspegli raunverulegan vilja og getu stjórnenda og annarra starfsmanna til að fylgja stefnunni.

Til hliðsjónar við uppbyggingu áætlunarinnar eru höfð framangreind fimm meginmarkmið. Helstu meginmarkmiðum er skipt niður í nokkur starfsmarkmið sem fela í sér mælanlegt takmark ráðuneytis og Barnaverndarstofu, mælikvarða á árangur og einstök verkefni sem er ætlað að stuðla að framgangi áætlunarinnar. Einnig kemur fram staða verkefna við upphaf tímabilsins ef vinna við þau er hafin og áætluð staða í lok þess ef ekki er gert ráð fyrir að verkefninu verði þá lokið. Gert er ráð fyrir að sérstök áætlun fylgi hverju verkefni.

2. Aðgerðir til eflingar barnaverndarstarfs á vegum félags- og tryggingamálaráðuneytisins.

Meginmarkmið.

Að efla barnaverndarstarf á vegum félags- og tryggingamálaráðuneytisins með því að tryggja nauðsynlegt fjármagn til málaflokksins, eiga frumkvæði að þróun löggjafar á sviði barnaverndar og vinna reglubundið í samstarfi við Barnaverndarstofu að þróun málaflokksins og því að tryggja samráð og samvinnu við önnur ráðuneyti sem sinna málefnum barna.

Starfsmarkmið.

1. Að fara vandlega yfir fjárlagatillögur frá Barnaverndarstofu á hverju ári og leggja fyrir Alþingi og fylgja eftir tillögum um nauðsynlegt fjármagn til málaflokksins.
2. Að meta með reglubundnum hætti framkvæmd barnaverndarlöggjafar, sérstaklega reynslu af nýjungum og breytingum í barnaverndarstarfi, í samvinnu við Barnaverndarstofu. Að leggja fram frumvörp til breytinga á barnaverndarlögunum sem nauðsynlegar eða æskilegar teljast hverju sinni.
3. Að meta með reglubundnum hætti þörf á setningu reglugerða og breytingum í samráði við Barnaverndarstofu.
4. Að efla og þróa samvinnu milli ráðuneyta um málefni barna.
5. Að efla og þróa, í samstarfi við Barnaverndarstofu, samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga og sveitarfélögin um barnaverndarstarf. Að eiga frumkvæði að því í samstarfi við Barnaverndarstofu að fram fari mat á álagi í barnaverndarstarfi og endurmat á starfsmannaþörf sveitarfélaganna í málaflokknum.
6. Að halda reglulega fundi með forstjóra Barnaverndarstofu til að ræða úrlausnarefni á málefnasviðinu og tillögur Barnaverndarstofu til endurbóta.

Mælikvarði á árangur.

1. Haldinn fundur með forstjóra Barnaverndarstofu eftir að árlegar fjárlagatillögur stofunnar liggja fyrir. Fjárlagatillögum ráðuneytisins fylgt eftir við gerð fjárlaga hvert ár.
2. Skipaður starfshópur til að meta reynsluna af barnaverndarlögum, nr. 80/2002, sem skili tillögum til breytinga á lögunum fyrir 1. nóvember 2008.
3. Árleg greinargerð um samvinnu milli ráðuneyta um málefni barna.
4. Árleg greinargerð um samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga og sveitarfélögin um barnaverndarstarf. Skýrsla fyrir árslok 2008 um endurmat á starfsmannaþörf sveitarfélaganna í málaflokknum.
5. Formlegar fundargerðir eftir reglubundna fundi félags- og tryggingamálaráðuneytisins og forstjóra Barnaverndarstofu.

3. Aðgerðir til eflingar barnaverndarstarfs á vegum Barnaverndarstofu.

Meginmarkmið.

Að efla barnaverndarstarf á vegum Barnaverndarstofu með því að greina úrlausnarefni á málefnasviðinu, fylgjast með þróun málaflokksins og leggja reglubundið fram tillögur til endurbóta við félags- og tryggingamálaráðuneytið og í kjölfarið taka þátt í framkvæmd þeirra.

Starfsmarkmið.

1. Að fjölga þróunar- og rannsóknarverkefnum á sviði barnaverndar á tímabilinu.
2. Að vinna árlega greinargerð um stöðu og þróun barnaverndarmála sem byggð verði á upplýsingum hérlendis sem erlendis.
3. Að setja reglubundið fram á grundvelli 1. og 2. tölul. tillögur til félags- og tryggingamálaráðherra um hvaða úrbóta sé þörf á sviði barnaverndar.
4. Að taka þátt í skipulegu erlendu samstarfi á tímabilinu þar sem lögð verði áhersla á samstarf innan Eystrasaltsráðsins, ISPCAN (International Society for Prevention of Child Abuse and Neglect) og deilda innan þess, svo sem NFBO (Nordisk Forening mot Barnemishandling og Omsorgssvikt), FICE (Federation of Educative Communities), IFCO (International Foster Care Organization), NOFCA (Nordic Foster Care Association), og á samstarf um norrænu barnaverndarráðstefnuna. Að taka þátt í samstarfi á vegum Evrópuráðsins, og Sameinuðu þjóðanna eftir atvikum, með þátttöku í fundum, ráðstefnum og verkefnum og veitingu upplýsinga eftir því sem óskað er. Enn fremur að taka þátt í sértækum samstarfsverkefnum eftir því sem tilefni gefst. Árlega verði unnin greinargerð um erlent samstarf, m.a. um þátttöku starfsmanna í viðburðum og ávinning af samstarfinu.
5. Að auka upplýsingamiðlun til almennings, m.a. með markvissari notkun heimasíðu stofnunarinnar. Þannig verði a.m.k. vikulega fréttir af barnaverndarstarfi settar á vefinn og heimasíða stofnunarinnar efld með því að bæta reglulega við tenglum og nýju fræðsluefni. Einnig að auka áframhaldandi þátttöku starfsmanna í fjölmiðlaumræðu.

Mælikvarði á árangur.

1. Fjöldi og umfang rannsóknar- og þróunarverkefna unnin á tímabilinu og formleg eftirfylgni í formi ákvarðana eða aðgerða með hliðsjón af niðurstöðum þeirra.
2. Árlega unnin greinargerð um þróun barnaverndarmála og birt á heimasíðu Barnaverndarstofu.
3. Reglulegar skjalfestar tillögur til félags- og tryggingamálaráðherra um umbætur á sviði barnaverndar er komi fram m.a. í rökstuðningi með fjárlagatillögum stofnunarinnar, ársáætlunum eða sérstökum greinargerðum.
4. Árlega gefin út greinargerð um erlent samstarf og mat á ávinningi.
5. Fjölgun milli ára á heimsóknum á heimasíðu stofnunarinnar. Fjöldi tilvika þar sem starfsmaður stofnunarinnar tekur þátt í umræðu um barnavernd í ljósvaka- eða ritmiðlum.

Verkefni sem unnin eru á grundvelli framangreindra starfsmarkmiða eru eftirfarandi:

3.1 Rannsóknarverkefni.

3.1.1 Rannsókn á framburði barna sem koma í Barnahús vegna gruns um kynferðislegt ofbeldi.

Tilefni og væntanlegur ávinningur.

Barnaverndarstofa hefur gert samning við dr. Jón Friðrik Sigurðsson, forstöðusálfræðing Landspítala – háskólasjúkrahúss, Gísla Guðjónsson, prófessor og réttarsálfræðing við Institute of Psychiatry King's College í London, Jóhönnu Kristínu Jónsdóttur, M.A. í sálarfræði, og Þorbjörgu Sveinsdóttur, B.A. í sálarfræði, um rannsókn fyrir Barnaverndarstofu í tengslum við þá þjónustu sem veitt er í Barnahúsi vegna gruns um kynferðisbrot gegn börnum. Meginmarkmið rannsóknarinnar er að skoða í hvaða tilvikum eða hvaða atriði í fram-

burði barna leiði til opinberrar ákæru fyrir kynferðisbrot og dóms og hvað af framburði barna haldi sér inn í ákærur og forsendur dómsorðs. Einnig er fyrirhugað að kanna ýmis atriði sem snúa að eðli kynferðisbrota á Íslandi og athuga hvort þau hafi áhrif á framvindu máls. Ávinningur af rannsókninni er að meta reynslu af þjónustu Barnahússins og hvort bæta megi málsmeðferð mála um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum.

Framkvæmd/kostnaður.

Skráningu gagna er lokið. Verið er að safna upplýsingum um afdrif mála sem rannsóknin tekur til og vinna úr niðurstöðum.

Stefnt er að því að skýrsla um niðurstöðu rannsóknarinnar liggi fyrir í lok mars 2008.

3.1.2 Athugun á líkamlegu ofbeldi gegn börnum á Íslandi.

Tilefni og væntanlegur ávinningur.

Oft hafa vaknað spurningar um hlutfall tilkynninga vegna líkamlegs ofbeldis gagnvart börnum sem virðist lægra á Íslandi en hjá ýmsum vestrænum þjóðum. Ein skýringin kann að vera sú að vandinn sé duldari hér en víða erlendis. Jafnframt verður skortur á vitund um tilvist líkamlegs ofbeldis og takmörkuð þekking á greiningu á áverkum barna til þess að draga úr líkum á því að mál uppgötvist og séu tilkynnt barnaverndaryfirvöldum. Af þessum ástæðum telur Barnaverndarstofa brýnt að láta fara fram athugun á líkamlegu ofbeldi á börnum á Íslandi með það fyrir augum að varpa skýrara ljósi á umfang vandans, viðbrögð við ofbeldi og meta þörf úrræða.

Framkvæmd/kostnaður.

Skoðaðar verða allar tilkynningar til barnaverndarnefnda árið 2006 þar sem tilkynnt var um líkamlegt ofbeldi gagnvart börnum. Verkefnið verður unnið í samstarfi við barnaverndarnefndir og BA-nema í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands. Ekki er gert ráð fyrir sérstökum kostnaði vegna verkefnisins en hann mun að mestu felast í vinnuframlagi sérfræðinga Barnaverndarstofu.

Staða við lok tímabils.

Stefnt er að því að athugun verði lokið í júlí 2008.

3.1.3 Athugun á samstarfi við 112 um móttöku tilkynninga.

Tilefni og væntanlegur ávinningur.

Barnaverndarstofa hafði frumkvæði að samstarfi við Neyðarlínuna 112 um móttöku tilkynninga á grundvelli ákvæða barnaverndarlaga. Markmiðið er að hægt verði að hafa samband við allar barnaverndarnefndir landsins gegnum 112 á öllum tímum sólarhrings og auðvelda þannig almenningi að rækja lagaskyldur sínar um að tilkynna til barnaverndarnefnda. Þá má geta þess að Áfallamiðstöð Landspítalans hefur sent Barnaverndarstofu upplýsingar frá ársbyrjun 2007 um tilkynningar sem miðstöðin tekur á móti og framsendir til barnaverndarnefnda. Barnaverndarstofa telur brýnt að gera athugun á framkvæmd og árangri samstarfsins við Neyðarlínuna, m.a. meta viðhorf barnaverndarnefnda til þjónustunnar, hvort tilkynningum hafi fjölgað með betra aðgengi og frá hverjum tilkynningar berast og meta jafnvel þekkingu og viðhorf almenning til þessarar þjónustu.

Framkvæmd/kostnaður.

Stefnt er að því að vinna verkefnið í samstarfi við 112 og Félagsvísindadeild Háskóla Íslands eftir atvikum. Barnaverndarstofa mun árið 2008 skoða sérstaklega misræmi í fjölda tilkynninga sem berast 112 annars vegar og sem barnaverndarnefndir skrá að berist frá 112 hins vegar. Verkefnið verður aðallega unnið af sérfræðingum Barnaverndarstofu, hugsanlega kemur til kostnaðar ef leitað verður samstarfs um að gera viðhorfskönnun en ekki hefur verið gerð kostnaðaráætlun vegna þessa. Nánar um kostnað vísast til athugasemdar í lok 3. kafla.

Staða við lok tímabils.

Stefnt er að því að verkefninu ljúki fyrir árslok 2008.

3.1.4 Athugun á fjölda tilkynninga sem leiða til könnunar máls hjá barnaverndarnefndum.

Tilefni og væntanlegur ávinningur.

Umtalsverð fjölgun hefur orðið á tilkynningum til barnaverndarnefnda undanfarin ár sem bendir til aukins álags á starfsfólk í barnavernd. Samstarf við Neyðarlínuna 112 um móttöku tilkynninga á grundvelli ákvæða barnaverndarlaga auðveldar almenningi að rækja lagaskyldur sínar um að tilkynna til barnaverndarnefnda. Vísbendingar eru um aukna vitund opinberra aðila um tilkynningarskylduna sem hefur einnig áhrif á fjölgun tilkynninga. Frá árinu 2005 hefur Barnaverndarstofa mánaðarlega fengið upplýsingar um fjölda tilkynninga frá barnaverndarnefndum. Í ársbyrjun 2007 fór Barnaverndarstofa fram á það að barnaverndarnefndir skiluðu mánaðarlega upplýsingum um í málum hve margra barna tekin var ákvörðun um nánari könnun hjá í kjölfar tilkynningar. Í ljós kemur að mikill munur er milli barnaverndarnefnda að þessu leyti og í sumum tilvikum er einungis lítill hluti tilkynninga kannaður frekar. Barnaverndarstofa telur brýnt að gera athugun á eðli og umfangi tilkynninga og hlutfalli þeirra sem leiða til könnunar máls hjá barnaverndarnefndum.

Framkvæmd/kostnaður.

Barnaverndarstofa mun halda áfram að safna reglulega upplýsingum frá barnaverndarnefndum um fjölda ákvarðana um könnun máls. Í byrjun árs 2009 verður unnin áætlun um verkefnið en gert er ráð fyrir að það verði unnið í samstarfi við Háskóla Íslands eða Rannsóknasetur í barna- og fjölskylduvernd.

Staða við lok tímabils.

Stefnt er að því að verkefninu verði lokið fyrir árslok 2009.

3.1.5 Athugun á vímuefnaneyslu og greiningum barna á Stuðlum.

Tilefni og væntanlegur ávinningur.

Á meðferðardeild Stuðla hefur verið lögð fyrir börn sérstök vímuefnakönnun. Könnunin hefur fyrst og fremst verið notuð sem meðferðartæki þar sem ráðgjafar fara yfir og vinna með svör tiltekinna skjólstæðinga, en sérstök úrvinnsla tölulegra upplýsinga var gerð á Barnaverndarstofu árið 2006. Barnaverndarstofa telur mikilvægt að vinna frekar með þessar upplýsingar og reyna að varpa ljósi á áhrifa- og áhættuþætti hjá þeim hópi unglinga sem reynist í mikilli neyslu fíkniefna.

Framkvæmd/kostnaður.

Barnaverndarstofa gerir ráð fyrir að vinna verkefnið í samstarfi við Stuðla og Lýðheilsustöð. Stefnt er að því að bera saman niðurstöður gagna úr vímuefnakönnuninni og niðurstöður greininga barna á meðferðardeild Stuðla miðað við greiningarviðmið DSM-kerfisins. Gerð verður áætlun um nánari útfærslu verkefnisins fyrir 1. janúar 2009 og áætlað er að verkefninu ljúki á því ári. Ekki er gert ráð fyrir sérstökum kostnaði vegna verkefnisins en hann mun að mestu felast í vinnuframlagi sérfræðinga Barnaverndarstofu og annarra stofnana.

Staða við lok tímabils.

Verkefnaáætlun mun liggja fyrir 1. janúar 2009 og skýrsla um niðurstöður verkefnisins í árslok 2009.

3.1.6 Rannsóknasetur í barna- og fjölskylduvernd.

Tilefni og væntanlegur ávinningur.

Árið 2005 gerði Barnaverndarstofa þriggja ára samstarfssamning við Rannsóknasetur í barna- og fjölskylduvernd. Setrið sem var stofnað 12. maí 2006 er starfrækt af félagsráðgjafarskor Háskóla Íslands og heyrir undir Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Hlutverk Rannsóknasetursins er að auka og efla rannsóknir í félagsráðgjöf á sviði barna- og fjölskylduverndar, m.a. með því að eiga frumkvæði að og sinna rannsóknum, efla tengsl rannsókna og kennslu, samhæfa rannsóknir á fræðasviðinu, hafa samstarf við innlendar og erlendar rannsóknastofnanir, kynna niðurstöður rannsókna og standa fyrir námskeiðum, fyrirlestrum og ráðstefnum á sviði félagsráðgjafar. Barnaverndarstofa telur mikilvægt að efla rannsóknir á aðstæðum barna í víðum skilningi og sér sóknarfæri í samstarfi við Rannsóknasetrið.

Framkvæmd/kostnaður.

Samstarfs- og styrktaraðilar sem koma að rekstri setursins eru, auk Barnaverndarstofu, Biskupsstofa, Efling – stéttarfélag, félags- og tryggingamálaráðuneytið, heilbrigðisráðuneytið, Reykjanesbær, Umboðsmaður barna og Velferðarsvið Reykjavíkurborgar. Kostnaður Barnaverndarstofu vegna verkefnisins er í dag 500.000 kr. á ári og verður ávinningur af þátttökunni metinn með tilliti til frekara samstarfs.

Staða við lok tímabils.

Barnaverndarstofa mun taka ákvörðun um frekara samstarf fyrir 1. maí 2008.

3.2 Þróunarverkefni.

3.2.1 Notkun matslista ASEBA.

Tilefni og væntanlegur ávinningur.

Barnaverndarstofa innleiddi árið 2006 markvissa notkun kembilista ASEBA (Achenbach System of Empirically Based Assessment). Listarnir hafa hlotið alþjóðlega útbreiðslu og teljast hafa hlotið viðurkenningu til að meta eðli og stig þess vanda sem börn geta átt við að stríða. Tvö meginmarkmið voru með markvissri notkun listanna í starfsemi Barnaverndarstofu. Annars vegar að hjálpa til við að meta hvort barn teldist í þörf fyrir sérhæfða meðferð á stofnun eða styrkt fóstur, þ.e. innleiða notkun staðlaðra matstækja þegar tekin er ákvörðun um beitingu sérhæfðs úrræðis. Hins vegar var markmiðið að nota listana til að meta breytingar á hegðun barna frá einum tíma til annars eða til að leggja mat á árangur sérhæfðra úrræða. Einnig hafa ASEBA-listarnir verið notaðir í Barnahúsi frá upphafi starfseminnar, en notkun

þeirra þar miðar einvörðungu að því að kanna ástand barna sem þangað koma og eru þannig eitt af fleiri mælitækjum sem notuð eru í svipuðum tilgangi.

Verkefnið þykir gefa færi á því að þróa úrræði til að mæta þörfum barna og beina fjármunum og kröftum að þeim lausnum sem þykja skila mestum gæðum. Þá þykir sá ávinningur af verkefninu að með því verði til samræmdur grunnur upplýsinga um þau börn sem þurfa sérhæfða meðferð sem unnt er að nota í rannsóknarskyni.

Framkvæmd/kostnaður.

Barnaverndarstofa hefur verið í samstarfi um verkefnið við dr. Tomas Achenbach, Research Center for Children, Youth and Families í Bandaríkjunum, og Halldór Sig. Guðmundsson félagsráðgjafa, fyrir hönd ASEBA á Íslandi. Keyptur hefur verið hugbúnaður ASEBA, handbækur og eyðublöð ásamt gagnagrunni yfir rannsóknir. Samkvæmt ákvörðun Barnaverndarstofu hafa ASEBA-listar verið notaðir í Barnahúsi í nokkur ár og hafa fylgt öllum umsóknum um vistun á Stuðlum, á langtímameðferðarheimili og í styrkt fóstur frá ársbyrjun 2006. Barnaverndarstofa hefur skráð upplýsingar úr innsendum ASEBA-listum í samræmdan gagnagrunn.

Staða við lok tímabils.

Í árslok 2007 lá fyrir samantekt um verkefnið, úrvinnsla og framsetning tölulegra upplýsinga. Áætlun um frekari úrvinnslu og notkun listanna verður gerð fyrir 1. ágúst 2008.

3.2.2 Gæðastaðlar um vistun barna utan heimilis – „Quality for children“.

Tilefni og væntanlegur ávinningur.

Árið 2005 hófst samstarf 32 Evrópuríkja sem miðaði að því að þróa gæðastaðla er varða umönnun barna í fóstri, á stofnunum eða í öðrum úrræðum þegar um vistun barna utan heimilis er að ræða. Frumkvæði og yfirumsjón með samstarfinu var í höndum SOS-barnaþorpanna, Alþjóðasamtaka fósturforeldra (IFCO) og Alþjóðasamtaka uppeldis- og meðferðarstofnana (FICE). Verkefnið var stutt fjárhagslega af Evrópusambandinu og naut jafnframt stuðnings Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) og Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna (UNICEF). Markmið samstarfsins var að ná fram alþjóðlega viðurkenndum gæðastöðlum um vistun barna utan heimilis sem tækju m.a. til eftirfarandi þátta: Ákvarðana um vistun utan heimilis, val á vistunarúrræðum, gæði umönnunar og eftirfylgd.

Á grundvelli þessara upplýsinga voru dregnar ályktanir um jákvæða og neikvæða þætti sem síðan voru notaðir til að leggja grunn að gæðakvörðum. Vinnu þessari lauk árið 2007. Aðferðin við þróun gæðastaðlanna í fyrsta áfanga var að kalla eftir reynslu- eða lífssögum einstaklinga, þ.e. barna sem höfðu verið vistuð utan heimilis í fóstri eða á stofnun, fósturforeldra, meðferðaraðila og kynforeldra, í því skyni að öðlast innsýn í reynslu þeirra og viðhorf með útgáfu gæðastaðla (Quality for Children – Standards). Að lokinni setningu hinna alþjóðlegu staðla var áætlað að þróa staðla sem ættu við hvert land fyrir sig. Staðlar þessir eiga sér einnig rætur í tilmælum Evrópuráðsins um réttindi barna á stofnunum sem ráðherranefndin samþykkti 16. mars 2005.

Framkvæmd/kostnaður.

Í september 2007 hófst vinna við þróun íslenskra gæðastaðla um vistun barna utan heimilis. Unnið verður á grundvelli samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, alþjóðlegu staðlanna, tilmæla Evrópuráðsins um réttindi barna á stofnunum, barnaverndarlaga og

reglugerða ásamt fleiri gögnum frá löndum sem þegar hafa sett sér slíka gæðastaðla. Í kjölfar þróunar hinna íslensku gæðastaðla verður eftirlit með öllu vistunarferlinu endurskoðað og breytt og foreldrar vistbarna og fyrrum vistbörn verða fengin til þátttöku í eftirliti og mati á gæðum ferlisins. Þá munu starfsmenn meðferðarheimila og barnaverndarnefnda fá kynningu og fræðslu um gæðastaðlana. Starfið mun að mestu unnið af sérfræðingum á Barnaverndarstofu, en gert er ráð fyrir að ráða utanaðkomandi sérfræðing til aðstoðar en ekki hefur verið gerð kostnaðaráætlun vegna þessa. Nánar um kostnað vísast til athugasemdar í lok 3. kafla.

Staða við lok tímabils.

Barnaverndarstofa áætlar að íslenskir gæðastaðlar er varða umönnun barna í fóstri, á stofnunum og/eða í öðrum sambærilegum úrræðum verði tilbúnir 1. apríl 2008. Áætlun um markvissa kynningu staðlanna fyrir starfsfólk meðferðarheimila og barnaverndarnefnda mun liggja fyrir 1. júní 2008 og kynningarstarf hafið í kjölfarið.

3.2.3 Eftirlit með vistun barna utan heimilis.

Tilefni og væntanlegur ávinningur.

Samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga og reglugerða hefur Barnaverndarstofa bæði faglegt og fjárhagslegt eftirlit með þeim meðferðarheimilum sem rekin eru á vegum ríkisins. Þá hefur Barnaverndarstofa sérstöku hlutverki að gegna í fósturmálum og skal auk þess hafa yfirlit yfir þörf á heimilum og öðrum úrræðum á ábyrgð sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga, hvetja sveitarfélög til að hafa tiltæk nauðsynleg úrræði og liðsinna þeim í þeim efnum eftir því sem þörf er á. Með hliðsjón af þessum almennu skyldum Barnaverndarstofu til að vinna að samhæfingu og eflingu barnaverndarstarfs og með hliðsjón af gæðastöðlum og tilmælum Evrópuráðsins um réttindi barna á stofnunum þykir Barnaverndarstofu brýnt að skipuleggja markvisst eftirlit með vistun barna utan heimilis. Barnaverndarstofa hefur á undanförnum árum unnið talsvert í því að skipuleggja eftir þjónustu- og vistunarsamningum, að heimilin uppfylli kröfur um viðurkennt faglegt starf og að stuðla að almennum umbótum í meðferðarstarfi. Í apríl 2008 gerir Barnaverndarstofa ráð fyrir að tilbúnir verði gæðastaðlar um vistun barna utan heimilis sem muni kalla á endurskoðun fyrirkomulags á eftirliti, bæði með vistun barna á meðferðarheimilum og kalla á mótun viðmiða um eftirlit með annarri vistun.

Framkvæmd/kostnaður.

Á árinu 2008 verður unnið að þróun eftirlits í samræmi við gæðastaðla um vistun barna utan heimilis. Í janúar 2008 hófst undirbúningur að því að fyrrverandi vistbörn á meðferðarheimilum verði fengin til þátttöku í eftirliti með vistun á meðferðarheimili. Jafnhliða verða foreldrar fyrrverandi vistbarna á meðferðarheimilum fengnir til þátttöku í mati á starfi meðferðarheimilanna og mati á eftirfylgd eftir meðferð. Í árslok 2008 er gert ráð fyrir að tilbúin verði áætlun um fyrirkomulag eftirlits af hálfu Barnaverndarstofu með vistun barna á meðferðarheimilum. Á árinu 2009 verður unnið að mótun fyrirkomulags á eftirliti með annarri vistun utan heimilis. Starfið mun að mestu unnið af sérfræðingum á Barnaverndarstofu en gert er ráð fyrir að ráða utanaðkomandi sérfræðing til aðstoðar en ekki hefur verið gerð kostnaðaráætlun vegna þessa. Nánar um kostnað vísast til athugasemdar í lok 3. kafla.

Staða við lok tímabils.

Áætlun um fyrirkomulag eftirlits Barnaverndarstofu með vistun barna á meðferðarheimilum verði tilbúin í árslok 2008. Áætlun um fyrirkomulag eftirlits með annarri vistun utan heimilis verði tilbúin í árslok 2009.

3.2.4 Skilgreiningar- og flokkunarkerfi í barnavernd (SOF).

Tilefni og væntanlegur ávinningur.

Árið 2003 fékk Barnaverndarstofa dr. Freydísi J. Freysteinsdóttur til að útbúa skilgreiningar- og flokkunarkerfi í barnaverndarmálum (SOF). Allar barnaverndarnefndir landsins tóku SOF-kerfið í notkun við mat og flokkun tilkynninga frá og með 1. janúar 2005 og er það lagt til grundvallar við gerð eyðublaða fyrir sískráningu og ársskýrslueyðublaðs. Árið 2006 fór fram mat á kerfinu, m.a. á viðhorfum starfsmanna til notkunar á því, og endurskoðun í kjölfarið. Markmiðið með flokkunarkerfinu er m.a. að gera vandamál og markmið afskipta barnaverndarnefnda sýnilegri fyrir foreldrum, börnum og barnaverndarstarfsmönnum, samræma skilgreiningar og mat á vandamáli og aðstæðum barna, fá skýrari mynd af þörf fyrir úrræði og auðvelda ákvarðanatöku um úrræði. Þá auðveldar kerfisbundið mat samanburð og rannsóknir á sviði barnaverndar. Barnaverndarstofa telur mikilvægt að samræma enn frekar túlkun eða mat á ýmsum þáttum kerfisins og að kynna flokkunarkerfið betur.

Framkvæmd/kostnaður.

Gerð verður áætlun fyrir 1. júlí 2008 um kynningu á SOF-kerfinu fyrir barnaverndarstarfsmönnum og öðrum. Kynningar verða á síðari hluta árs 2008 og fyrri hluta árs 2009, eftir atvikum í tengslum við aðra fræðslu eða eftirlit á vegum Barnaverndarstofu. Ekki er gert ráð fyrir sérstökum kostnaði vegna verkefnisins.

Staða við lok tímabils.

Stefnt er að því að áætlun liggi fyrir 1. júlí 2008 og að verkefninu verði lokið 1. júlí 2009.

3.2.5 Úrræði vegna þungaðra kvenna sem stofna heilsu og lífi ófæddra barna í hættu.

Tilefni og væntanlegur ávinningur.

Í barnaverndarlögum, nr. 80/2002, er að finna skýrari ákvæði en áður um skyldur og heimildir barnaverndarnefnda til að bregðast við tilkynningum um þungaðar konur sem stofna heilsu eða lífi ófædds barns síns í hættu með óviðunandi eða háskalegu líferni sínu, t.d. með ofneyslu áfengis eða fíkniefnaneyslu. Í lögunum eru ákvæði um könnun máls, beitingu stuðnings eða þvingunar eftir atvikum ef hin þungaða kona hefur ekki náð lögræðisaldri. Þá er einnig mælt fyrir um heimild barnaverndarnefndar til að setja fram kröfu um sviptingu sjálfræðis samkvæmt ákvæðum lögræðislaga í því skyni að koma konu til aðhlynningar og meðferðar á viðeigandi stofnun. Barnaverndarstofa telur þetta brýnt verkefni og mjög mikilvægt að skoða með hvaða hætti sé eðlilegast og heppilegast að haga stuðningi við þungaðar konur að þessu leyti. Þá er einnig brýnt að skoða hvaða úrræði unnt er að nota ef beita þarf þvingun í þessum tilvikum. Miðað við reynslu annarra þjóða þykir Barnaverndarstofu ljóst að hér þurfi markvisst samstarf barnaverndaryfirvalda og heilbrigðisyfirvalda.

Framkvæmd/kostnaður.

Barnaverndarstofa hyggst boða til fundar með fulltrúum barnaverndaryfirvalda og heilbrigðisyfirvalda fyrir 1. apríl 2008 þar sem leitað verður eftir samstöðu um að setja á laggirn-

ar starfshóp til að vinna frekar að verkefninu. Stefnt verður að því að starfshópur skili tillögum fyrir 1. október 2008. Ekki er gert ráð fyrir sérstökum kostnaði vegna verkefnisins á þessu stigi.

Staða við lok tímabils.

Skipaður verði starfshópur fyrir 1. maí 2008 er skili af sér tillögum um verklag og úrræði fyrir 1. október 2008.

3.2.6 Viðbragðsteymi vegna dauðsfalla barna (Child Death Review Team).

Tilefni og væntanlegur ávinningur.

Svokölluð viðbragðsteymi vegna dauðsfalla barna (Child Death Review Team) voru fyrst sett á laggirnar í Bandaríkjunum í kjölfar fjölgunar dauðsfalla barna. Á undanförnum árum hafa æ fleiri ríki sett á laggirnar sambærileg viðbragðsteymi. Þar koma saman fulltrúar heilbrigðis-, dóms- og barnaverndarkerfis með það að markmiði að varpa ljósi á dauðsföll og koma með ábendingar um hvernig megi fækka dauðsföllum barna. Lögð er áhersla á að þróa aðferðir til að bæta heilsu og öryggi barna, bæta samskipti milli stofnana, greina orsakir og viðbrögð við dauðsföllum og safna og birta upplýsingar um öll dauðsföll barna.

Framkvæmd/kostnaður.

Barnaverndarstofa hefur unnið að undirbúningi stofnunar viðbragðsteymis vegna dauðsfalla barna og átt í því skyni samræður við aðrar stofnanir. Boðað verður til fundar með fulltrúum allra hlutaðeigandi aðila fyrir 1. júní 2008 þar sem leitað verður eftir samstöðu um stofnun viðbragðsteymis. Tekið verður þátt í starfi International Child.org, sem er alþjóðlegt samstarf sérfræðinga á þessu sviði, eftir því sem tök eru á. Ekki liggur fyrir kostnaðaráætlun vegna verkefnisins.

Staða við lok tímabils.

Tillaga Barnaverndarstofu verður að setja á laggirnar viðbragðsteymi fyrir 1. september 2008 og gert verður ráð fyrir árlegum skýrslum um störf teymisins.

3.3 Erlent samstarf.

3.3.1 Ráðstefna NFBO árið 2008.

Tilefni og væntanlegur ávinningur.

Barnaverndarstofa á fulltrúa í stjórn NFBO (Nordisk Forening mot Barnemishandling og Omsorgssvikt) en samtökin eiga aðild að ISPCAN. Stofan hefur gert samning við Íslandsdeild samtakanna um að taka þátt í að undirbúa og fjármagna ráðstefnu sem haldin verður á vegum samtakanna á Íslandi í maí 2008. Ráðstefnur af þessu tagi hafa verið haldnar á tveggja ára fresti frá stofnun NFBO árið 1998 og er þetta fyrsta ráðstefnan sem haldin verður á Íslandi. Þema ráðstefnunnar verður: Börn og vanræksla: Þarfir – skyldur – ábyrgð. Ætlunin er að höfða til sérfræðinga á sem flestum sviðum þar sem unnið er með þarfir, hagsmuni og réttindi barna og beina athyglinni að vanrækslu barna í víðum skilningi, af hálfu foreldra, sérfræðinga og samfélagsins.

Framkvæmd/kostnaður.

Undirbúningur ráðstefnunnar er yfirstandandi og eiga tveir starfsmenn sæti í undirbúningsnefnd, þar af annar sem formaður. Formaður undirbúningsnefndar er jafnframt stjórnar-

maður í NFBO og felst nokkur kostnaður í ferðum á norræna stjórnarfundi vegna undirbúnings ráðstefnunnar og þátttöku í starfi félagsins. Stefnt er að því að ráðstefnan skili hagnaði.

Staða við lok tímabils.
Ráðstefnan verður haldin í maí 2008.

3.3.2 Norræn barnaverndarráðstefna árið 2009.
Tilefni og væntanlegur ávinningur.
Barnaverndarstofa hefur um áratuga skeið tekið þátt í samstarfi um norræna barnaverndarráðstefnu sem haldin er á þriggja ára fresti til skiptis á Norðurlöndunum. Ráðstefnan var síðast haldin í Kaupmannahöfn en næsta ráðstefna verður í Noregi árið 2009. Ávinningur af þátttöku í undirbúningi ráðstefnunnar er að kynnast nýjum straumum og stefnum í barnaverndarstarfi nágrannaríkjanna, eiga þátt í mótun dagskrár og miðla reynslu Íslendinga.

Framkvæmd/kostnaður.
Undirbúningur ráðstefnunnar er yfirstandandi og sækir starfsmaður Barnaverndarstofu þá fundi sem undirbúningsnefnd boðar. Kostnaður felst í ferðum vegna undirbúnings og í þátttöku í ráðstefnunni.

Staða við lok tímabils.
Ráðstefnan verður haldin árið 2009.

3.4 Saga barnaverndarstarfs á Íslandi.
Tilefni og væntanlegur ávinningur.
Árið 2007 voru 75 ár síðan fyrstu barnaverndarlögin tóku gildi á Íslandi og taldi Barnaverndarstofa við hæfi á þeim merku tímamótum að undirbúa ritun sögu barnaverndarstarfs á Íslandi. Saga barnaverndarstarfs mun veita merkilegt og haldgott yfirlit yfir umfang og þróun barnaverndarstarfs á landinu, auðvelda samanburð við stöðu barnaverndarstarfs í þeim ríkjum sem við berum okkur saman við og væntanlega stuðla að frekari umbótum.

Framkvæmd/kostnaður.
Barnaverndarstofa mun halda áfram undirbúningi útgáfunnar.

Staða við lok tímabils.
Stefnt er að því að ritið verði gefið út fyrir lok tímabilsins 2010.

Um kostnað vegna 3. kafla.
Ráðuneytið og Barnaverndarstofa meta það svo að viðbótarútgjöld Barnaverndarstofu vegna verkefna í 3. kafla, sem ekki eru innan fjárheimilda Barnaverndarstofu, geti numið um 10 millj. kr. á ári.

4. Efling þjónustu og verklags.
Meginmarkmið.
Að efla þjónustu Barnaverndarstofu þannig að hún verði markvissari, aðgengilegri og skjótari og ávallt í samræmi við þarfir barna og fjölskyldna þeirra á hverjum tíma. Þetta á við

um ráðgjöf, fræðslu, eftirlit og rekstur heimila og stofnana á vegum stofnunarinnar. Tryggt sé að jafnræði ríki gagnvart þeim sem stofnunin hefur samskipti við.

Starfsmarkmið.

1. Að reglulega fari fram mat á helstu þjónustuþáttum Barnaverndarstofu, svo sem ráðgjöf, fræðslu og eftirliti með störfum barnaverndarnefnda. Taka skal sérstakt tillit til reynslu og viðhorfa þeirra sem þjónustunnar njóta, fyrst og fremst barnanna. Á grundvelli þess mats verði þjónusta stofnunarinnar endurskoðuð. Í því felst m.a. að skoða þörf á sérhæfðari ráðgjöf og fræðslu fyrir barnaverndarnefndir og aðra opinbera aðila og þörf á markvissara eftirliti með störfum nefndanna.
2. Að viðhalda öflugu fræðslustarfi Barnaverndarstofu, m.a. með því að standa fyrir málstofum mánaðarlega frá september til maí, hljóðrita þær og setja á vefinn. Þá verði haldin árleg ráðstefna á vegum Barnaverndarstofu með þátttöku erlendra sérfræðinga. Einnig verði unnið markvisst að því að auka upplýsingamiðlun stofnunarinnar, m.a. með notkun heimasíðu þar sem lögð verði áhersla á efni sem nýtist barnaverndarnefndum og öðrum opinberum aðilum. Aukin verði kynning og notkun á lokuðu svæði á heimasíðu Barnaverndarstofu. Á lokaða svæðinu verði áfram gerð aðgengileg ýmis eyðublöð og gögn fyrir barnaverndarnefndir og hvatt til umræðna um barnaverndarmál. Handbók barnaverndarnefnda verði endurskoðuð reglulega með hliðsjón af nýrri þekkingu og hugað sérstaklega að málefnum barna af erlendum uppruna.
3. Að efla menntun og þjálfun starfsmanna sem vinna fyrir barnaverndarnefndir landsins og á meðferðarheimilum og auka þekkingu samstarfsaðila barnaverndarnefnda og meðferðarheimila. Leita eftir samstarfi við félagsráðgjafarskor Háskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands og aðrar stofnanir um að koma á fót framhaldsnámi í barnavernd, svo og að skipuleggja námsleiðir og námskeið á sviði barnaverndar og meðferðar.
4. Að árlega verði haldinn fundur með félagsmálastjórum og yfirmönnum starfseininga sem bera ábyrgð á barnaverndarstarfi í sveitarfélögum landsins. Þar gefist kostur á að ræða þjónustu Barnaverndarstofu og barnavernd á ábyrgð sveitarfélaga, kynna nýjungar í barnavernd og ræða einstök verkefni.
5. Að bæta eftirlit Barnaverndarstofu með barnaverndarnefndum, m.a. að móta viðmið um frumkvæðiseftirlit þar sem gerðar eru athuganir á einstaka málum eða kannanir á framkvæmd einstakra þátta í störfum barnaverndarnefnda.
6. Að gefa út handbók meðferðarheimila þar sem m.a. verði fjallað um markmið, verklag og sérhæfingu hvers heimilis og hugað sérstaklega að börnum af erlendum uppruna. Handbókin byggist m.a. á gæðastöðlum um vistun barna utan heimilis.
7. Að gera úttekt á meðferðarstarfi Stuðla og meðferðarheimila Barnaverndarstofu og í kjölfarið taka ákvarðanir um hvaða úrbóta er þörf, m.a. með tilliti til fjölda og stærðar meðferðarheimila, sérhæfingar, þarfar fyrir utanaðkomandi þjónustu, meðferðartíma, eftirmeðferðar og samhæfingar við önnur meðferðartilboð.
8. Að gera sérstaka úttekt á öryggis- og eldvarnamálum á Stuðlum og meðferðarheimilum Barnaverndarstofu og meta hvort úrbóta sé þörf.
9. Að endurskoða samning Barnaverndarstofu og Fangelsismálastofnunar um vistun fanga yngri en 18 ára.
10. Að sjá til þess að ávallt sé fyrir hendi nægjanlegur fjöldi hæfra fósturforeldra til að mæta þörfum hverju sinni og leggja áherslu á að fjölga fósturforeldrum í þéttbýli. Að halda

Foster Pride-námskeið fyrir væntanlega fósturforeldra. Að auka eftirlit með samstarfi barnaverndarnefnda við fósturforeldra og vinnubrögðum nefndanna í fósturmálum.
11. Að gera úttekt á hlutverki og starfsemi Barnahúss, m.a. hvort auka beri umfang starfsins, breyta eigi starfsháttum og meta samvinnu við helstu samstarfsaðila.
12. Að skipuleggja meðferð fyrir unga gerendur í kynferðisbrotamálum.
13. Að bæta verklag stofnunarinnar með því að vinna markvisst með GoPro Professional skjalastjórnunarkerfi, taka upp verklagsreglur um afgreiðslu erinda og vinnslu umsókna og fundi á vegum stofnunarinnar, þar á meðal starfsmannafundi. Að endurbætur á tölfræði um barnaverndarmál, þar á meðal frá barnaverndarnefndum, leiði til áreiðanlegri og réttmætari gagna auk þess að ávallt liggi fyrir nýjustu upplýsingar um þróun barnaverndar á hverjum tíma.
14. Að þróa eftirlit sem stofunni er falið samkvæmt lögum um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum, nr. 62/2006, og sérstaklega að vinna að því að ábyrgðaraðilar setji verklagsreglur um framkvæmd mats og aldurstakmörkunar og komi upp gagnagrunni sem almenningur hafi aðgang að.
15. Að efla og þróa samstarf barnaverndaryfirvalda og yfirvalda og stofnana á sviði félags-, heilbrigðis-, mennta-, löggæslu- og dómsmála í málefnum barna.

Mælikvarði á árangur.
1. Mat á þjónustuþáttum verði gert einu sinni á tímabilinu og niðurstöður liggi fyrir 1. janúar 2010. Barnaverndarstofa bregðist við þeim niðurstöðum með formlegum og skjalfestum aðgerðum.
2. Niðurstöður mats á fræðsluverkefnum samkvæmt starfsmarkmiði sem gert er árlega, í fyrsta skipti í desember 2008. Árleg fjölgun heimsókna og þátttöku í umræðum á lokuðu svæði heimasíðu Barnaverndarstofu. Endurskoðun handbókar fyrir barnaverndarnefndir fyrir 1. júlí 2009.
3. Tillögur að skipulagi framhaldsnáms í barnavernd við Háskóla Íslands liggi fyrir eigi síðar en 1. júní 2008. Fjöldi og umfang námsleiða og námskeiða á tímabilinu.
4. Samantekt eftir árlegan fund með lykilstarfsmönnum barnaverndarnefnda verði aðgengileg á heimasíðu Barnaverndarstofu.
5. Árlegt yfirlit yfir eftirlitsmál samkvæmt starfsmarkmiði, í fyrsta skipti í desember 2008, og þá liggi jafnframt fyrir viðmið um frumkvæðiseftirlit.
6. Handbók meðferðarheimilanna liggi fyrir í ágúst 2008.
7. Niðurstöður úttektar á meðferðarstarfi liggi fyrir ekki síðar en 31. desember 2009. Tillögur um úrbætur séu fyrirliggjandi ekki síðar en 1. mars 2010.
8. Niðurstöður úttektar á öryggis- og eldvarnamálum liggi fyrir í apríl 2008.
9. Stefnt er að því að endurskoðaður samningur liggi fyrir í maí 2008.
10. Yfirlit yfir fjölgun fósturforeldra í þéttbýli liggi fyrir í júlí 2008. Haldin verði að jafnaði tvö Foster Pride-námskeið fyrir fósturforeldra á ári á tímabilinu. Tekið verði í gagnið frá 1. janúar 2009 matsblað sem fósturforeldrar, starfsmaður barnaverndarnefndar, kynforeldrar og barnið eftir atvikum verða beðin að fylla út í lok fósturs.
11. Niðurstaða úttektar á hlutverki og starfsemi Barnahúss liggi fyrir 1. desember 2008.
12. Formlegar verklagsreglur um meðferð fyrir unga gerendur kynferðisbrota liggi fyrir í árslok 2008.
13. Árlegt skjalfest mat á framförum í verklagi þeirra þátta sem fram koma í starfsmarkmiði, vegna skjalavinnslu- og hópvinnukerfis, svo sem hvort vinnslutími mála hafi breyst.

Endurskoðuð handbók um skjalastjórnun liggi fyrir í árslok 2008 samhliða verklagsreglum um málsmeðferð, m.a. um skráningu ráðgjafar og afgreiðslu erinda. Mánaðarlegar skýrslur frá öllum barnaverndarnefndum með tilteknum tölfræðilegum upplýsingum. Árlegt mat í tengslum við gerð ársskýrslu Barnaverndarstofu á þeim eyðublöðum sem notuð eru til að safna tölfræðilegum upplýsingum frá barnaverndarnefndum.

14. Árleg greinargerð um framkvæmd eftirlits með kvikmyndum og tölvuleikjum. Í maí 2008 liggi fyrir samantekt um stöðu verklagsreglna um framkvæmd mats og aldurstakmörkunar.
15. Árleg greinargerð um samstarf yfirvalda og stofnana í málefnum barna.

Verkefni sem unnin eru á grundvelli framanangreindra starfsmarkmiða eru eftirfarandi:

4.1 Ný meðferðarúrræði.

4.1.1 Fjölþáttameðferð (Multisystemic Therapy – MST)

Tilefni og væntanlegur ávinningur.

MST-aðferðin hefur fyrst og fremst verið þróuð til þess að glíma við hegðunarraskanir unglinga, þ.e. andfélagslega hegðun, afbrotahegðun og vímuefnanotkun, í nærumhverfi barnsins, þ.e. fjölþáttameðferð án þess að fjarlægja barnið af heimili sínu. Meðferðin byggist á íhlutun sem beinist að öllum þekktum áhrifaþáttum er varðar andfélagslega hegðun, afbrot og vímuefnaneyslu barns, svo sem persónueinkennum þess, samskipti innan fjölskyldu, foreldrahæfni, jafningjahópi barnsins, skólagöngu og nærsamfélagi. Til eru skyldar aðferðir sem hafa verið sérstaklega sniðnar til að mæta hegðunarerfiðleikum hjá yngri börnum. Norðmenn hafa í tilraunaskyni til dæmis beitt svonefndu PMT-kerfi (Parent Management Training) fyrir börn 6–12 ára og svonefndri „Webster–Stratton“-aðferð fyrir börn á leikskólaaldri. Báðar þessar aðferðir eru náskyldar MST-aðferðinni að því leyti að fræðilegur grunnur er áþekkur og íhlutun beinist að fjölskyldunni sem heild með því markmiði að styrkja foreldrahæfni sérstaklega.

Margar aðferðir í meðferð hafa verið þróaðar utan stofnana, ekki síst í Bandaríkjunum. Hins vegar er MST-aðferðin óumdeilanlega sú sem mesta athygli hefur vakið í Bandaríkjunum og undanfarið í Evrópu. Nú eru liðin átta ár síðan Norðmenn ákváðu að innleiða MST-aðferðina á landsvísu og reynsla þeirra hefur svo sannarlega gefið tilefni til að henni sé gefinn gaumur. Þá hafa bæði Svíar og Danir siglt í kjölfarið.

Reynsla annarra þjóða af MST-aðferðinni gefur tilefni til að endurskoða þá stefnu sem hefur verið fylgt í meðferðarmálum barna og unglinga hér á landi. Þannig hafa rannsóknir á árangri þessarar aðferðar sýnt umtalsvert betri langtímaárangur heldur en hefðbundin stofnanameðferð.

Barnaverndarstofa telur ótvíræðan ávinning af því að innleiða MST-aðferðina á Íslandi. Skoða beri fjölþáttameðferð sem valkost við stofnanameðferð og einnig sem eftirfylgd eftir lok meðferðar á heimili eða stofnun.

Framkvæmd/kostnaður.

Undirbúningur verkefnisins hefur staðið yfir frá árinu 2004 og hélt Barnaverndarstofa t.d. viðamikla ráðstefnu árið 2005 með þátttöku fyrirlesara frá Bandaríkjunum og Noregi. Fyrstu skrefin í innleiðingu MST á Íslandi hafa þegar verið stigin með samþykki og stuðningi félags- og tryggingamálaráðuneytisins. Verkefnisstjóri mun hefjast handa í fullu starfi 1. mars 2008. Stefnt er að því að starfrækja tvö teymi með samtals sex meðferðaraðilum ásamt

einum til tveimur handleiðurum og hefja sjálfa meðferðina haustið 2008. Meðferðarteymin munu starfa undir yfirstjórn Barnaverndarstofu í samstarfi við leyfishafa í Bandaríkjunum og fagaðila í Noregi. Gert er ráð fyrir að meðferðin verði boðin barnaverndarnefndum á Suðvesturlandi og Norðurlandi og að unnt verði að bjóða allt að 90 fjölskyldum þessa þjónustu á ári hverju. Í fjárlögum 2008 fékk Barnaverndarstofa fjárheimild að fjárhæð 50 millj. kr. til að innleiða þetta meðferðarform. Fjárhæðin dugir til að starfrækja tvö meðferðarteymi í níu mánuði á árinu. Til að tryggja heilsársrekstur þessara teyma þarf til viðbótar 17,5 millj. kr. fjárheimild.

Staða við lok tímabilsins.

Gert er ráð fyrir mati á árangri MST-aðferðarinnar samhliða því að meðferðin er veitt og að unnin verði skýrsla um árangurinn í árslok 2012.

4.1.2 Fjölþáttameðferðarfóstur (MTFC/TFC).

Tilefni og væntanlegur ávinningur.

Fjölþáttameðferðarfóstur (Multidimentional Treatment Foster Care – MTFC) byggist á svipuðum forsendum og MST að öðru leyti en því að unglingur dvelur í fóstri á meðan meðferð varir. Meðferðarfóstur (Treatment Foster Care – TFC) gerir ráð fyrir talsverðri eftirfylgd eftir að fóstri lýkur. Rannsóknir hafa sýnt mun betri árangur slíkrar meðferðar en meðferðar á heimili eða stofnun, líkt og með hefðbundinni MST-aðferð. Markhópurinn er börn sem sýna frávikshegðun, svo sem afbrotahegðun, hegðunarröskun og geðræn og tilfinningaleg vandamál. Fósturforeldrar fá sérstaka þjálfun áður en fóstur hefst og reglulega handleiðslu meðan á fóstri stendur. Unnið er bæði heima og í skóla barnsins og öðru umhverfi sem það tengist. Foreldrar barnanna fá fjölskyldumeðferð og markvissa þjálfun í foreldrafærni meðan á meðferð stendur enda markmiðið að barnið snúi aftur heim að lokinni meðferð.

Í ljósi reynslu annarra þjóða af fjölþáttameðferð í fóstri telur Barnaverndarstofa þörf á að taka upp slíkt úrræði hér á landi.

Framkvæmd/kostnaður.

Barnaverndarstofa mun gera áætlun um framkvæmd verkefnisins. Kostnaður er innan fjárheimilda Barnaverndarstofu.

Staðan í lok tímabils.

Áætlun mun liggja fyrir 1. september 2008.

4.1.3 Foreldrafærniþjálfun (t.d. Parent Management Training – PMT).

Tilefni og væntanlegur ávinningur.

Mikil vakning er hér á landi um mikilvægi þess að bregðast markvisst við merkjum um hegðunarerfiðleika barna vegna þess alvarlega samfélagslega vanda sem af hlýst ef hegðun þróast til verri vegar. Rannsóknir sýna að uppeldisaðferðir foreldra eru lykilatriði þegar breyta á hegðun barns til hins betra. Í nýlegri aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir að unnið verði að því að foreldrum standi til boða uppeldisráðgjöf og þjálfun í foreldrafærni þar sem einkum verði lögð áhersla á fræðslu og ráðgjöf fyrir foreldra fyrsta barns, foreldra barna á unglingsaldri og foreldra barna með sérþarfir.

PMT-Oregon-aðferðin er ein þeirra sem rannsóknir hafa sýnt fram á að skili góðum árangri en aðferðin er eins og áður hefur komið fram náskyld MST-aðferðinni og beinist að

því að styrkja foreldrahæfni sérstaklega. Aðferðin hefur verið nýtt hér á landi frá haustinu 2000 að frumkvæði fagfólks hjá Hafnarfjarðarkaupstað í samráði við meginhöfunda aðferðarinnar, dr. Patterson og dr. Forgatch og samstarfsfólk þeirra í Oregon í Bandaríkjunum. Barnaverndarstofa telur ótvíræðan ávinning af því að innleiða PMT-aðferðina á Íslandi.

Framkvæmd/kostnaður.

Mikilvægt frumkvöðlastarf hefur verið unnið hjá Hafnarfjarðarkaupstað þar sem þróað hefur verið kerfi sem nær bæði til forvarna og meðferðar vegna hegðunarerfiðleika. Barnaverndarstofa mun í samstarfi við fræðslusvið Hafnarfjarðarkaupstaðar gera áætlun um hvernig innleiða megi PMT-aðferðina á landsvísu í samráði við viðeigandi stofnanir á vegum sveitarfélaganna og heilsugæslustöðvar. Samhliða verður litið til annarra aðferða til eflingar foreldrahæfni, svo sem hinnar svonefndu Webster-Stratton aðferðar (The incredible Years) og áströlsku aðferðarinnar „Positive Parenting Program – Triple P“. Barnaverndarstofa mun gera áætlun um framkvæmd verkefnisins og stefnt skal að því að á árinu 2010 standi foreldrum til boða námskeið eða þjónusta óháð búsetu. Tekið verði upp samstarf við heilsugæslustöðvar og félagsþjónustu sveitarfélaga til að hrinda verkefninu í framkvæmd. Kostnaður vegna verkefnisins liggur ekki fyrir.

Staðan í lok tímabils.

Áætlun um framkvæmd verkefnisins og kostnað mun liggja fyrir á árinu 2009.

4.1.4 Meðferð fyrir unga gerendur í kynferðisbrotamálum.

Tilefni og væntanlegur ávinningur.

Allnokkur fjöldi þeirra sem verður uppvís af því að fremja kynferðisbrot gegn börnum er undir 18 ára aldri. Þá hafa rannsóknir leitt í ljós að yfir helmingur fullorðinna kynferðisafbrotamanna hefur feril sinn á unglingsárum. Íslandi er skylt að bregðast við og veita aðstoð í samræmi við samning Evrópuráðsins um vernd gegn kynferðislegri misbeitingu og kynferðisofbeldi frá 25. október 2007 sem undirritaður var fyrir hönd Íslands 4. febrúar 2008. Nauðsynlegt er að bregðast við kynferðisafbrotum sem framin eru af börnum og unglingum með faglegum og markvissum hætti, bæði í ljósi hagsmuna hinna ungu gerenda og í því skyni að stuðla að fækkun fórnarlamba. Jafnframt benda athuganir til að almennt sé árangur meðferðar betri því yngri sem gerandinn er þegar hann gengst undir hana. Barnaverndarstofa hefur um nokkurt skeið boðið upp á greiningu og meðferð fyrir unga gerendur í tengslum við Stuðla með aðstoð sérhæfðs meðferðaraðila og á einu af langtímameðferðarheimilum stofunnar. Greining og meðferð fyrir unga gerendur kynferðisbrota er sérhæft verkefni og mikilvægt að skipuleggja samræmd vinnubrögð um mat á þörf fyrir meðferð innan eða utan stofnunar að teknu tilliti til aldurs og stöðu gerandans.

Framkvæmd/kostnaður.

Barnaverndarstofa mun áfram þróa meðferð fyrir unga gerendur kynferðisbrota á Stuðlum og á meðferðarheimilum og jafnframt undirbúa meðferð utan stofnana í samstarfi við þar til bæra sérfræðinga. Kostnaður er áætlaður 7,5 millj. kr. á ári.

Staða við lok tímabils.

Gert er ráð fyrir að skipulag og verklagsreglur liggi fyrir í árslok 2008. Stefnt er að því að meta þjónustuna í árslok 2010.

4.2 Foster Pride – framhaldsnámskeið.

Tilefni og væntanlegur ávinningur.

Við þjálfun og mat á hæfi fósturforeldra hefur á undanförnum árum verið lagt til grundvallar kennsluefnið Foster Pride sem Barnaverndarstofa keypti frá Bandaríkjunum. Haldin hafa verið nokkur námskeið og telur Barnaverndarstofa að þau hafi skilað ótvíræðum árangri með því að fósturforeldrar séu betur búnir undir hlutverk sitt. Fyrirtækið sem selur Foster Pride hefur á boðstólum fjölda námskeiða þar sem lögð er áhersla á sértæka erfiðleika fósturbarna og hefur Barnaverndarstofa hug á að standa fyrir framhaldsnámskeiðum fyrir fósturforeldra. Mun það gera fósturforeldra færari um að mæta sífellt flóknari þörfum fósturbarna og er þetta sérstaklega brýnt þegar um styrkt fóstur er að ræða.

Framkvæmd/kostnaður.

Farið verður yfir þau framhaldsnámskeið sem í boði eru og gerð áætlun um innleiðingu þeirra. Kostnaður rúmast innan fjárheimilda Barnaverndarstofu.

Staðan í lok tímabils.

Áætlun liggi fyrir 1. júlí 2008.

4.3 Reiðistjórnun (Aggression Replacement Training – ART).

Tilefni og væntanlegur ávinningur.

Reiðistjórnun (Aggression Replacement Training – ART) er árangursrík aðferð til að fyrirbyggja og draga úr erfiðri óæskilegri hegðun hjá börnum, svo sem þeim sem hafa greinst með þroska- og atferlisröskun, þar á meðal af völdum ofvirkni. Grundvöllur aðferðarinnar er félagsmótunarkenningar A.P. Goldstein og byggist ART á þjálfun á færni í félagslegum samskiptum, aðlögun og sjálfsstjórn. Þá felst þjálfunin í siðferðilegri umræðu þar sem ímyndaðar aðstæður eru teknar sem dæmi. Þjálfun tekur að jafnaði tólf vikur og miðar að skilvirkri yfirfærslu á aðstæður daglegs lífs. Þjálfun fer fram í litlum hópum með tveimur þjálfurum. Árangur er metinn á markvissan og reglubundinn hátt. Ávinningur af markvissri notkun ART í meðferð er m.a. að samræma starfsaðferðir og hugmyndafræði langtímameðferðarheimila sem rannsóknir benda til að auki árangur meðferðar fyrir unglinga.

Framkvæmd/kostnaður.

Árið 2007 stofnuðu Barnaverndarstofa og Stuðlar til samstarfs við norska sérfræðinga sem héldu grunnnámskeið fyrir alla starfsmenn Stuðla. Helmingur starfsmanna Stuðla hlaut síðan framhaldsþjálfun sem fór fram í september 2007. Að auki stóð þjálfun til boða fyrir rekstraraðila og starfsmenn langtímameðferðarheimila Barnaverndarstofu. Áhersla var lögð á þjálfun starfsmanna Stuðla með það í huga að þar yrði til sérhæfð þekking á ART í því skyni að innleiða aðferðina á meðferðarstofnunum Barnaverndarstofu. Stefnt er að því að skipuleggja frekari námskeið árin 2008 og 2009 þar sem lögð verður áhersla á að nota ART í meðferðarstarfi og einnig að hluti þátttakenda hljóti fulla þjálfun, þ.e. geti tekið að sér þjálfun annarra. Verkefnið kallar ekki á viðbótarfjárheimild til Barnaverndarstofu.

Staðan í lok tímabils.

Stefnt er að því að allir starfsmenn meðferðarstaða Barnaverndarstofu hafi lokið ART-þjálfun og einhverjir hafi lokið fullri þjálfun í árslok 2009.

4.4 Árangursmat.

4.4.1 Mat á árangri meðferðarheimila.

Tilefni og væntanlegur ávinningur.

Verulegum fjárhæðum hefur verið varið í uppbyggingu og rekstur meðferðarheimila fyrir börn og ungmenni á starfstíma Barnaverndarstofu. Brýn þörf er á því að gera reglubundið mat á meðferðarstarfinu, m.a. er mikilvægt að fá fram upplýsingar frá þeim sem notið hafa þjónustunnar og viðhorf þeirra einstaklinga sem hafa verið í meðferð og foreldra þeirra. Niðurstöður árangursmats á meðferðarstarfi meðferðarheimilisins í Háholti voru tilbúnar árið 2007.

Framkvæmd/kostnaður.

Gerður verður samningur við þar til bæran sérfræðing sem tekur að sér að gera árangursmat á meðferðarstarfi eins til tveggja meðferðarheimila. Safnað verður upplýsingum um viðhorf vistbarna og foreldra til meðferðarinnar og árangurs hennar, félagslega stöðu viðkomandi og framtíðarhorfur, aðlögun og færni viðkomandi og leitað eftir ábendingum um breytingar á meðferð og starfrækslu meðferðarheimilisins. Verkinu lýkur með skilum á greinargerð sem uppfyllir fræðilegar kröfur. Kostnaður við verkefnið rúmast innan fjárheimilda Barnaverndarstofu.

Staða við lok tímabilsins.

Stefnt er að því að verkefninu verði lokið 31. desember 2009.

4.4.2 Mat á árangri Barnahúss.

Tilefni og væntanlegur ávinningur.

Undanfarið hefur Barnaverndarstofa unnið að undirbúningi þess að láta framkvæma árangursmat á starfsemi Barnahúss. Um er að ræða heildarmat (e. summative evaluation) á starfi hússins og áhrifum þess á rannsókn kynferðisbrota og meðferð þolenda. Rannsókn af þessu tagi er mikilvægt innlegg í úttekt á hlutverki og starfsemi hússins og tillögur til úrbóta.

Framkvæmd/kostnaður.

Barnaverndarstofa hefur verið í viðræðum við ýmsa sérfræðinga um framkvæmd rannsóknarinnar og gerð hafa verið drög að rannsóknaáætlun.

Staða við lok tímabilsins.

Rannsókna- og kostnaðaráætlun mun liggja fyrir 1. ágúst 2008 og stefnt er að því að skýrslu um rannsóknina verði skilað fyrir árslok 2009.

4.5 Skjalastjórnun og tölfræði.

4.5.1 Handbók um skjalastjórnun og skráningu.

Tilefni og væntanlegur ávinningur.

Á síðustu árum hefur verið lögð aukin áhersla á bætta skjalameðferð á Barnaverndarstofu. Traust skráning, vönduð meðferð skjala, samræmt hópvinnukerfi og öflugar verklagsreglur eiga að auðvelda starfsmönnum að veita þá þjónustu sem barnaverndarlög kveða á um og tryggja að meðferð, skráning og afgreiðsla erinda verði í samræmi við ákvæði stjórnsýslu- og upplýsingalaga og laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Barnaverndarstofa keypti í ársbyrjun 2005 nýtt hópvinnukerfi, GoPro Professional, og mikilvægt er að endurskoða Uglu, handbók stofnunarinnar um skjalastjórnun. Handbókin á jafnframt að

geyma verklagsreglur um samræmda notkun tölvukerfisins, samræmda skráningu ráðgjafar, verklagsreglur um afgreiðslu erinda og vinnslu umsókna og fundi á vegum stofnunarinnar, þar á meðal starfsmannafundi.

Framkvæmd.

Sérstökum starfshópi verður falið að endurskoða Uglu í samstarfi við aðra starfsmenn Barnaverndarstofu.

Staða við lok tímabilsins.

Gert er ráð fyrir að verkefninu ljúki fyrir árslok 2008.

4.5.2 Endurbætur á tölfræði um barnavernd.

Tilefni og væntanlegur ávinningur.

Í samræmi við hlutverk Barnaverndarstofu hefur stofnunin safnað tölfræðilegum upplýsingum um barnaverndarmál. Hér er annars vegar um að ræða upplýsingar frá barnaverndarnefndum og hins vegar um starfsemi stofnunarinnar sjálfrar og meðferðarheimila á hennar vegum. Notast hefur verið við sérstök eyðublöð vegna upplýsinga frá barnaverndarnefndum sem skilað er árlega. Mikilvægt er að tryggja og bæta skil, samræmi og áreiðanleika þessara upplýsinga. Þá hefur barnaverndarnefndum verið gert frá 1. janúar 2005 að skila mánaðarlega upplýsingum um tiltekin atriði í störfum sínum, sískráning var endurmetin í árslok 2006 og var ákveðið að biðja um frekari upplýsingar með þessum hætti frá og með 1. janúar 2007. Einnig hefur barnaverndarnefndum verið gert að skrá sérstaklega frá 1. janúar 2008 hvort barn sé af erlendum uppruna eða hvort barn sé fatlað enda þykir mikilvægt að fá árlega skýrari mynd af fjölda mála þessara barna sem barnaverndarnefndir hafa afskipti af. Mikilvægt er að fylgjast vel með samræmdri skráningu og efla aðgengi að upplýsingum frá barnaverndarnefndum. Slíkt auðveldar yfirsýn yfir stöðu og þróun barnaverndarstarfs sem gerir Barnaverndarstofu og barnaverndarnefndum betur kleift að skipuleggja lögbundna þjónustu.

Framkvæmd.

Barnaverndarstofa mun skoða reglulega hvernig frumskráningu mála hjá barnaverndarnefndum landsins er háttað og bæta eftir þörfum og birta á heimasíðu sinni leiðbeiningar um útfyllingu eyðublaða. Sískráning barnaverndarmála verður endurmetin í nóvember ár hvert og tekin ákvörðun um hvort gerðar verði kröfur um frekari sískráningu upplýsinga.

Staða við lok tímabilsins.

Í lok árs 2007 var gerð úttekt á ársskýrslueyðublöðum og leiðbeiningum Barnaverndarstofu um útfyllingu þeirra. Í lok hvers árs verður tekin ákvörðun um hvort óskað verður frekari sískráningar upplýsinga, næst í lok árs 2008.

836. Tillaga til þingsályktunar [535. mál]

um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda.

(Lögð fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

Alþingi ályktar að við framkvæmdir í málefnum innflytjenda verði fylgt eftirfarandi áætlun sem hefur það að markmiði að betur verði tekið á móti erlendu fólki sem flyst til landsins og því auðveldað að verða virkir þátttakendur í íslensku samfélagi og rækta menningu sína.

Verkefni stjórnvalda.

Eftirfarandi eru verkefni sem unnið skal að til að tryggja réttindi íbúa af erlendum uppruna, aðgang þeirra að opinberri þjónustu og aðlögun:

1. Löggjöf um aðlögun innflytjenda.
1.1 Samning frumvarps um aðlögun innflytjenda.

2. Upplýsingar um innflytjendamál.
2.1 Gagnagrunnur um innflytjendamál.
2.2 Gagnabanki rannsókna um innflytjendamál.
2.3 Viðhorfskannanir meðal innflytjenda.
2.4 Könnun á viðhorfum til innflytjenda.
2.5 Launajafnrétti fyrir alla.

3. Upplýsingamiðlun til innflytjenda.
3.1 Endurskoðun upplýsingamiðlunar til innflytjenda.
3.2 Upplýsingavefurinn mcc.is
3.3 Hlekkur við Island.is
3.4 Bæklingurinn *Fyrstu skrefin.*
3.5 Aðgengilegar upplýsingar um réttindi á nokkrum tungumálum.
3.6 Öryggi á heimilum.
3.7 Þýðing á leiðakerfi neytenda.
3.8 Þýðing á upplýsingum um íslenskan landbúnað.
3.9 Þýðing á upplýsingum um starfsfræðslunámskeið fiskvinnslunnar.
3.10 Upplýsingamiðlun um fasteignaviðskipti.
3.11 Upplýsingar fyrir alla.
3.12 Netaðgangur innflytjenda.

4. Dvalar- og atvinnuleyfi.
4.1 Einföldun skráningar ríkisborgara ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins.
4.2 Samræming laga um útlendinga, nr. 96/2002, og laga um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002.
4.3 Aukið eftirlit með dvalar- og atvinnuleyfum borgara utan Evrópska efnahagssvæðisins.
4.4 Endurskoðun löggjafar.

5. Túlkaþjónusta.
5.1 Verklagsreglur menntamálaráðuneytis um túlkaþjónustu.
5.2 Verklagsreglur Vinnueftirlits ríkisins um túlkaþjónustu.
5.3 Verklagsreglur um túlkaþjónustu í heilbrigðisþjónustu.
5.4 Túlkaþjónusta fyrir þá sem búa við fötlun og þurfa á sértækri þjónustu að halda.
5.5 Verklagsreglur um túlka- og þýðingaþjónustu við greiningu fatlaðra barna.
5.6 Fræðsla fyrir túlka.
5.7 Námskeið fyrir túlka.
5.8 Verklagsreglur Barnaverndarstofu um túlkaþjónustu.

6. Móttaka við búsetuflutning.
6.1 Fyrirmynd að móttökuáætlun sveitarfélaga.
6.2 Símiðlun upplýsinga um aðflutta útlendinga til sveitarfélaga.

7. Ríki og sveitarfélög sem atvinnurekendur.
7.1 Viðurkenning á erlendri starfsmenntun og námi á vegum menntamálaráðuneytis.
7.2 Viðurkenning á erlendri starfsmenntun og námi heilbrigðisstétta.
7.3 Nám og símenntun heilbrigðisstétta.
7.4 Fræðsluátak fyrir starfsmenn félagsþjónustu sveitarfélaga.
7.5 Fjölmenningarfræðsla starfsfólks Orkustofnunar.
7.6 Fjölmenningarfræðsla starfsfólks Íbúðalánasjóðs.
7.7 Fjölgun starfsmanna lögreglu með fjölmenningarbakgrunn.
7.8 Námskeið í Lögregluskóla ríkisins um málefni útlendinga.

8. Atvinnumál og atvinnuþátttaka.
8.1 Bætt eftirlit með vinnustöðum.
8.2 Fræðsla til atvinnurekenda.
8.3 Hert eftirlit með aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi í þeim starfsgreinum þar sem fjöldi erlendra starfsmanna er mikill.
8.4 Útgáfa og miðlun upplýsinga.
8.5 Námskeið fyrir erlenda starfsmenn.
8.6 Aðgengi að vinnumarkaðsaðgerðum.
8.7 Áætlun um stuðning við innflytjendur á unglingsaldri.
8.8 Námskeið um stofnun fyrirtækja og framkvæmd viðskiptahugmyndar.

9. Skattamál.
9.1 Samræming á gildistíma skattkorta og dvalar- og atvinnuleyfa.
9.2 Framtalslaus skattskil útlendinga.
9.3 Uppgjör útlendinga á brottflutningsári.
9.4 Sérstök skattkort fyrir útlendinga sem koma til tímabundinna starfa.
9.5 Þýðing upplýsinga og gagna um skattamál.
9.6 Upplýsingavefur um skattamál.

10. Menntamál.
10.1 Áætlun um innritun og móttöku barna af erlendum uppruna í leik-, grunn- og framhaldsskólum.

10.2 Kennsla í íslensku sem öðru tungumáli í grunn- og framhaldsskólum.
10.3 Endurskoðun aðalnámskrár í íslensku sem öðru tungumáli (ÍSA) fyrir framhaldsskóla.
10.4 Þróun og útgáfa námsgagna.
10.5 Útgáfa Lexin orðabókar/myndaorðabókar.
10.6 Úttekt á stöðu innflytjenda í framhaldsskólum.
10.7 Fjárveiting til framhaldsskóla vegna nemenda með annað móðurmál en íslensku.
10.8 Þýðingar á upplýsingum um framhaldsskólastigið.
10.9 Þýðingar á upplýsingum um innritunarferli á framhaldsskólastigi.
10.10 Viðurkenning móðurmáls í grunn- og framhaldsskólum ef annað en íslenska.
10.11 Bækur á móðurmáli.
10.12 Aukin tengsl skóla við heimili barna af erlendum uppruna.
10.13 Skilgreining á kröfum til kennara í íslensku sem annað tungumál.
10.14 Þjálfun í kennslu ÍSA í kennaranámi.

11. Heilbrigðisþjónusta.
11.1 Umburðarbréf til stjórnenda heilbrigðisstofnana.
11.2 Endurskoðun skráninga í heilbrigðiskerfi.
11.3 Áætlun um mæðraskoðun og ungbarnaeftirlit.
11.4 Upplýsingar fyrir alla.
11.5 Útgáfa upplýsingaefnis.
11.6 Upplýsingamiðlun heilbrigðisstofnana.
11.7 Heilbrigðisskoðanir innflytjenda.
11.8 Forvarnir fyrir alla.

12. Félagsþjónusta.
12.1 Félagsþjónusta fyrir alla.
12.2 Endurskoðun laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

13. Málefni fatlaðra.
13.1 Aðgengilegar upplýsingar um réttindi.
13.2 Sérstakt fræðsluefni fyrir hópa og einstaklinga.
13.3 Gagnvirkt vefumhverfi á þremur tungumálum.
13.4 Samstarfsverkefni um tengsl við hagsmunasamtök fatlaðra.
13.5 Upplýsingamiðlun til innflytjenda.
13.6 Áætlun um þýðingar á greiningarskýrslum.
13.7 Fagorðabanki.

14. Barnavernd.
14.1 Leiðarljós fyrir barnaverndarnefndir sveitarfélaga.
14.2 Skráning barnaverndarmála vegna barna af erlendum uppruna.
14.3 Upplýsingar til foreldra barna af erlendum uppruna.
14.4 Tilmæli og leiðbeiningar til meðferðarheimila vegna barna af erlendum uppruna.

15. Íslenskunám fyrir fullorðna.
15.1 Styrkir til íslenskukennslu.
15.2 Styrkir vegna námsefnis til íslenskukennslu ætlað innflytjendum.

15.3 Mat á gæðum íslenskunámskeiða fyrir útlendinga.
15.4 Starfstengt íslenskunámskeið fyrir fiskvinnslufólk.
15.5 Lesfærni og íslenskunám innflytjenda.

16. Gegn fordómum og mismunun.
16.1 Átak gegn fordómum.
16.2 Fræðsla gegn fordómum.
16.3 Samfélagsfræðsla til innflytjenda.
16.4 Fræðsla um jafnréttismál.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Ríkisstjórnin hefur í samræmi við stefnuyfirlýsingu frá 23. maí 2007 samþykkt framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda og er hún svohljóðandi:

I. Inngangur.

Þróun undanfarinna ára hefur sýnt svo ekki verður um villst að Ísland er hluti af alþjóðasamfélaginu og bæði vinnumarkaður og mannlíf allt hefur tekið stórstígum breytingum í átt til fjölþjóðlegra samfélags. Áhrifin á efnahagslega velsæld og grósku eru óumdeilanleg. Ísland er ekki lengur eyland heldur tekur þátt í alþjóðlegri samkeppni um fólk og fyrirtæki, hugmyndir og nýsköpun. Frjáls flutningur fjármagns, þjónustu og fólks hefur skapað tækifæri sem áður voru óþekkt. Velmegun og samkeppnisforskot Íslands til framtíðar ræðst meðal annars af því að hingað til lands laðist hæfileikafólk og að sköpuð verði skilyrði til að fjölbreyttur mannauður þess nýtist til að efla og styrkja stöðu Íslands í samfélagi þjóðanna. Í þessu felast ómæld tækifæri.

Það er gæfa okkar að með þjóðinni standa grunngildi lýðræðisins traustum fótum, þ.e. mannréttindi, jafnrétti, einstaklingsfrelsi, félagsleg samhjálp, samstaða og umburðarlyndi.

Íslenskt samfélag hefur alla möguleika til að vera í fararbroddi hvað varðar farsæla og gagnkvæma aðlögun þeirra sem fyrir eru í landinu og nýrra íbúa af erlendum uppruna. Hér er allt að vinna, enda geta Íslendingar lært af reynslu annarra þjóða. Innflytjendur á Íslandi leggja ríkan skerf til samfélagsins. Íslendingar njóta þeirrar sérstöðu að innflytjendur eru virkir þátttakendur í atvinnulífi þjóðarinnar og leggja sína skatta og skyldur til samfélagsins. Það er markmið okkar að allir sem hér búa hafi jafna möguleika til að taka þátt í samfélaginu, njóti gæða þess og réttindarverndar og leggi sitt af mörkum til þess. Til þess að svo megi verða þurfa stjórnvöld, stofnanir, atvinnulíf, sveitarfélög, menningarstofnanir, félagasamtök, landsmenn og innflytjendur sjálfir að taka höndum saman.

Við gerð framkvæmdaáætlunarinnar hefur verið leitast við að afla nákvæmra upplýsinga um kostnað vegna einstakra aðgerða. Heildarkostnaður liggur ekki fyrir en ljóst er þó að margar aðgerðir eru innan ramma fjárheimilda ráðuneyta og stofnana. Í áætluninni er fyrirsjáanlegur kostnaður víða tilgreindur, en annars staðar er ekki mögulegt að nefna ákveðna fjárhæð. Allar tillögur að aðgerðum hafa verið unnar í samráði við þá sem bera ábyrgð á aðgerðunum og er gert ráð fyrir að þeir tryggi fjármagn við innleiðingu þeirra.

II. Heildstæð framkvæmdaáætlun.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar frá 23. maí 2007 er kveðið á um að gerð verði heildstæð framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda með það að markmiði að betur verði tekið á móti erlendu fólki sem flyst til landsins og því auðveldað að verða virkir þátttakendur í ís-

lensku samfélagi og rækta menningu sína. Þá segir: „Tryggt verði að útlendingar á vinnumarkaði njóti sambærilegra réttinda og íslenskt launafólk og að allar ráðningar erlends verkafólks séu í samræmi við gildandi kjarasamninga. Komið verði í veg fyrir félagsleg undirboð á vinnumarkaði. Átak verði gert í íslenskukennslu fyrir útlendinga. [...] Mikilvægt er að stjórnvöld, atvinnulífið og samfélagið allt taki saman höndum við að berjast gegn fordómum gagnvart minnihlutahópum, hvort sem þeir fordómar byggjast á uppruna eða öðrum þáttum.“

Félags- og tryggingamálaráðherra fól innflytjendaráði að hafa verkstjórn um gerð framkvæmdaáætlunarinnar. Sú áætlun sem hér birtist byggist á stjórnarsáttmálanum og stefnu í málefnum innflytjenda sem ríkisstjórnin samþykkti í janúar 2007. Auk þess er leitast við að byggja á dýrmætri reynslu sem myndast hefur á síðustu árum meðal þeirra sem starfa að málaflokknum á vettvangi stofnana, félagasamtaka og ýmissa þjónustuaðila og skilað hafa gagnlegum ábendingum til innflytjendaráðs, svo sem á málþingi ráðsins sem haldið var í janúar 2008.

Við gerð áætlunarinnar var öllum ráðuneytum sent erindi og þau beðin um að rýna í stöðu þeirra málaflokka sem þau eða stofnanir á þeirra vegum sinna með tilliti til þess hvað megi betur fara í starfseminni og þeirri þjónustu sem þegar er veitt eða til hvaða nýrra verkefna þurfi að stofna svo ná megi markmiðum ríkisstjórnarinnar í innflytjendamálum.

Gert er ráð fyrir framkvæmdaáætlunin verði endurskoðuð að tveimur árum liðnum í kjölfar útkomu framvinduskýrslu um árangur hennar og að þá verði ný áætlun til fjögurra ára lögð fyrir Alþingi.

Stjórnvöld munu leitast við að hafa sem víðtækast samstarf við samfélag innflytjenda, félagasamtök, sjálfseignarstofnanir og atvinnulíf um framkvæmd þessarar áætlunar og nýta þannig sérþekkingu sem myndast hefur um málefni innflytjenda á margvíslegum vettvangi, svo sem innan Rauða kross Íslands og Alþjóðahúss.

Samfélag fyrir alla.

Innflytjendur eiga að hafa greiðan aðgang að opinberri þjónustu hvort sem er á vettvangi ríkis eða sveitarfélaga og þjónustan á eftir föngum að mæta þörfum fjölbreyttara samfélags. Þessi framkvæmdaáætlun ber það með sér að vera sú fyrsta á þessu sviði sem ríkisstjórnin samþykkir. Í henni er komið á framfæri ábendingum til fjölmargra aðila í samfélaginu sem gegna mikilvægu hlutverki í farsælli aðlögun innflytjenda að íslensku samfélagi og þeir hvattir til dáða. Greint er frá fyrirhuguðum og tímabærum breytingum á ýmissi löggjöf sem taka mið af breyttu samfélagi. Lýst er ýmsum umbótaverkefnum sem lúta að öflun upplýsinga um innflytjendamál og miðlun upplýsinga til innflytjenda. Fjallað er um einföldun og samræmingu á veitingu dvalar- og atvinnuleyfa, túlkaþjónustu og móttöku nýrra íbúa við búsetuflutning. Þá er lýst aðgerðum til að bæta eftirlit og auka réttindarvernd innflytjenda. Framkvæmdaáætlunin greinir einnig frá aðgerðum til að tryggja innflytjendum aðgang að íslenskunámi, almennri menntun og velferðarþjónustu. Loks er í áætluninni kveðið á um samfélagsfræðslu og aðgerðir til að sporna við fordómum.

Löggjöf um aðlögun innflytjenda.

Félags- og tryggingamálaráðherra hyggst undirbúa gerð frumvarps til laga um aðlögun innflytjenda sem ætlað er að kveða á um atriði sem almenn löggjöf á einstaka sviðum nær ekki yfir. Við samningu frumvarpsins verði tekið mið af alþjóðlegum skuldbindingum Íslands. Á meðal helstu atriða sem taka þarf afstöðu til við samningu slíks frumvarps eru:

– Miðlun upplýsinga til innflytjenda og öflun upplýsinga um innflytjendamál.

– Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga varðandi þjónustu við innflytjendur.
– Hlutverk innflytjendaráðs varðandi ráðgjöf við stjórnvöld og stefnumótun í málefnum innflytjenda.
– Hlutverk Fjölmenningarseturs, meðal annars sem grunnstofnunar um söfnun, samnýtingu, samræmingu og miðlun upplýsinga.
– Hlutverk þróunarsjóðs innflytjendamála um stuðning við rannsóknir og þróunarverkefni á sviði innflytjendamála.
– Skyldur opinberra aðila til að útvega túlka og þýðingar þegar gagnkvæmir og ríkir fjárhags-, öryggis-, réttar- eða velferðarhagsmunir eru í húfi.
– Skylda stjórnvalda til að sinna samfélagsfræðslu og starfi gegn fordómum í garð útlendinga í íslensku samfélagi.
– Mótun kæruleiða í þágu þeirra sem telja á sér brotið vegna trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar eða ætternis.
– Gerð framkvæmdaáætlunar í innflytjendamálum og skýrslur félags- og tryggingamálaráðherra til að tryggja framþróun í þessum málaflokki.
– Móttaka flóttafólks, þar á meðal reglur um hvernig staðið skuli að móttökunni.

Önnur löggjöf.

Í framkvæmdaáætluninni er greint frá frumvörpum til nýrra laga um útlendinga og laga um atvinnuréttindi útlendinga sem nú liggja fyrir Alþingi. Þá eru til afgreiðslu á Alþingi frumvörp um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla þar sem tekin eru stór skref varðandi rétt barna til að viðhalda móðurmáli sínu, málörvun, íslenskukennslu og námsstuðning, sem og útgáfu námsgagna. Við endurskoðun annarra laga sem fyrirhuguð er, svo sem um félagsþjónustu sveitarfélaga og um málefni fatlaðra, verði þess gætt að tillit verði tekið til þarfa innflytjenda. Við þessa endurskoðun verði meðal annars horft til þess að skilgreina rétt notenda til túlkaþjónustu. Mikilvægt er að Alþingi hafi ávallt málefni innflytjenda til skoðunar við setningu laga er haft geta áhrif á líf þeirra.

Samstarf ríkis og sveitarfélaga.

Sveitarfélög gegna lykilhlutverki við aðlögun innflytjenda að samfélaginu. Þau hafa á sinni hendi umfangsmikla nærþjónustu, reka leikskóla og grunnskóla, sinna barnavernd og veita fjölbreytta félagsþjónustu. Mörg hafa mótað sérstaka stefnu um aðlögun innflytjenda. Sveitarfélög sem ekki hafa slíka stefnu nú þegar eru eindregið hvött til stefnumótunar á þessu sviði. Innflytjendaráð hefur styrkt þróunarverkefni á sveitarstjórnarstigi sem miða að því að koma á skipulögðu og öflugu móttökuferli fyrir nýja íbúa af erlendum uppruna. Fjölmenningarsetur fær það verkefni að miðla lærdómi af þessum verkefnum og nýta við gerð fyrirmyndar að móttökuáætlunum sem sveitarfélög geta tileinkað sér. Auk þess munu sveitarfélög, í gegnum Fjölmenningarsetur, geta samnýtt upplýsingar, þýðingar o.fl. og komið þannig í veg fyrir tvíverknað eða ómarkvissa ráðstöfun fjármuna.

Lögð er áhersla á samstarf ríkis og sveitarfélaga í málefnum innflytjenda. Sveitarfélög hafa rúmar heimildir til að efna til þjónustu eða verkefna til að mæta þörfum íbúanna sem geta verið ólíkar frá einu sveitarfélagi til annars, enda er hlutfall innflytjenda mjög breytilegt eftir sveitarfélögum. Í tengslum við auknar skyldur sveitarfélaga á þessu sviði verða reglur um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga endurskoðaðar til að betur megi styðja við hlutverk sveitarfélaga á sviði aðlögunar innflytjenda og efnt til samráðs ríkis og sveitarfélaga um fjármögnun nýrra verkefna. Loks ber að nefna að skráning innflytjenda í Þjóðskrá verður bætt,

en símiðlun til sveitarfélaga um flutning til og frá sveitarfélaginu er ein af forsendum þess að sveitarfélög geti styrkt móttökuferlið.

Þriðji geirinn.

Á Íslandi hafa félagasamtök, símenntunarmiðstöðvar, ýmsar sjálfseignarstofnanir og fyrirtæki þróað þjónustu við innflytjendur og samfélagið allt á sviði fjölmenningar og innflytjendamála. Þjónustan spannar allt frá ráðgjöf til fyrirtækja um fjölmenningarsamfélagið, einstaklingsbundna ráðgjöf við innflytjendur, túlkaþjónustu og íslenskunámskeið til fordómafræðslu svo nokkuð sé nefnt. Þessu ber að fagna. Ríkisstjórnin telur að þarna sé um auðlind að ræða og hvetur stjórnvöld, stofnanir, atvinnulíf og samfélagið til að virkja auðlindina með því að efna til verkefna og samstarfs og nýta þannig þá sérþekkingu sem myndast hefur. Vefur og þjónusta Fjölmenningarseturs verður bakhjarl í starfi þessara aðila og miðar að því að allar helstu upplýsingar stjórnvalda og opinberra stofnana séu aðgengilegar á einum stað, öllum til frjálsra nota í sinni starfsemi. Þá gegnir þróunarsjóður innflytjendamála mikilvægu hlutverki við að styðja við hvers konar þróun og nýsköpun á þessu sviði.

Samfélagslegt verkefni.

Hér á eftir eru settar fram ábendingar til fjölmargra aðila sem hafa mikilvægu hlutverki að gegna við aðlögun innflytjenda og samfélagsins að þeim breytingum sem orðið hafa, svo sem atvinnurekenda, stéttarfélaga, stjórnmálaflokka, frjálsra félagasamtaka, fjölmiðla, íþróttahreyfingarinnar og menningarstofnana og þeir hvattir til dáða. Síðast en ekki síst ber að hvetja innflytjendur sjálfa til að nýta sér bjargir og gæði samfélagsins og leggja sitt af mörkum. Mikilvægt er fyrir þróun lýðræðissamfélagsins að samtök innflytjenda sjálfra styrkist, en slíkt mundi auðvelda samvinnu opinberra aðila og innflytjenda. Þá er sömuleiðis mikilvægt að hvetja innflytjendur til að taka þátt í grunnstofnunum lýðræðisins við hlið annarra landsmanna, svo sem í stjórnmálaflokkum og hagsmunasamtökum, í þeim tilgangi að efla samræðu, gagnkvæman skilning og þátttöku í mótun samfélagsins.

Atvinnurekendur.

Innflytjendur á Íslandi eiga ríkan þátt í þeirri efnahagslegu velgengni sem landsmenn hafa notið á umliðnum árum. Margir atvinnurekendur, bæði á almennum vinnumarkaði sem og á vettvangi hins opinbera, gera sér ljósa grein fyrir því að án þeirra hefðu þeir vart getað eflt fyrirtæki sín eða sinnt starfseminni með sama hætti og ella. Atvinnurekendur bera þá skyldu að mismuna ekki starfsfólki sínu eftir uppruna, kyni, trúarbrögðum eða litarhætti og sjá til þess að það njóti allra samningsbundinna og lagalegra réttinda á vinnumarkaði, þar á meðal vinnuverndar. Auk þess gegna atvinnurekendur lykilhlutverki við að auðvelda innflytjendum aðlögun að samfélaginu, svo sem með því að opna þeim leið að íslenskunámi og samfélagsfræðslu og stuðla að heilbrigðum samskiptum innflytjenda og innfæddra á vinnustaðnum. Mikilvægt er að atvinnurekendur mismuni ekki umsækjendum um atvinnu eftir uppruna og leitist við að styðja innflytjendur í starfi þannig að þeir njóti starfsþróunar á við aðra. Með þeim hætti nýtist mannauðurinn sem best, innflytjendum og samfélaginu öllu til heilla. Atvinnurekendur sem axla samfélagslega ábyrgð sína að þessu leyti leggja þungvægan skerf til almennrar velferðar og félagslegrar samstöðu allra íbúa í nútíð og í framtíð.

Stéttarfélög.

Stéttarfélög hafa mörg hver verið í fararbroddi við að sinna mikilvægri réttindagæslu fyrir hönd innflytjenda og stuðla að gagnkvæmri aðlögun innflytjenda og innfæddra Íslendinga. Hæst ber starf þeirra að því að tryggja að útlendingar í tímabundnum störfum á íslenskum vinnumarkaði svo og innflytjendur sem hér hafa sest að njóti samningsbundinna kjara og réttinda og jafnréttis á við aðra starfsmenn. Margir kjarasamningar innihalda ákvæði um ýmsa fræðslu- og menntunarmöguleika. Mikilvægt er að stéttarfélög beiti sér fyrir því að innflytjendur í hópi félagsmanna njóti þessara ákvæða og allra annarra kjarasamningsbundinna réttinda í sama mæli og aðrir á vinnumarkaði þannig að þeir fái notið starfsþróunar og geti notað hæfileika sína til jafns við aðra. Þá eru stéttarfélög hvött til þess að stjórnir og nefndir á vegum þeirra endurspegli samsetningu félagsmanna og að innflytjendur séu virkjaðir til að taka þar sæti. Stjórnvöld munu áfram gera ráð fyrir og reiða sig á árvekni stéttarfélaga hvað varðar réttindamál útlendinga og stöðu innflytjenda á íslenskum vinnumarkaði.

Stjórnmálaflokkar.

Stjórnmálaflokkar eru meðal mikilvægustu grunnstofnana þess lýðræðisskipulags sem við búum við. Það er hlutverk þeirra að endurspegla og túlka þarfir samfélagsins og leita leiða til að tekist verði á við hagsmunamál þjóðarinnar hverju sinni með farsælum hætti. Jafnframt eru þeir vettvangur einstaklinga til að hljóta þjálfun í að starfa með lýðræðislegum hætti og gegna fulltrúa- og trúnaðarstörfum fyrir samfélagið, bæði á vettvangi sveitarstjórna og Alþingis. Stjórnmálaflokkar hljóta að telja það keppikefli að leitast við að virkja innflytjendur í starfi sínu, bæði til að raddir þeirra heyrist innan stofnana lýðræðisins en einnig til að stjórnmálaflokkarnir sjálfir endurspegli skilning á litrófi samfélagsins og fjölbreytilegum þörfum þess. Með þeim hætti eru lögð lóð á vogarskálar gagnkvæmrar virðingar og eindrægni meðal allra íbúa þessa lands.

Frjáls félagasamtök.

Hinn mikli fjöldi frjálsra félagasamtaka sem dafna hér á landi og ýmiss konar grasrótarvirkni íbúanna er til marks um ríkan félagsauð bæði á vettvangi nærsamfélagsins og landsins alls. Í mörgum byggðum landsins eru það þessi samtök sem halda íbúunum saman um leið og þau eru farvegur íbúanna til að láta gott af sér leiða. Starfsemi þeirra getur verið að margvíslegum hagsmunamálum, líknar- og góðgerðamálum, á vettvangi menningar og lista og að ýmsum tómstundamálum. Forystufólk þessara félaga getur lagt mikið af mörkum til aðlögunar innflytjenda og innfæddra Íslendinga með því að leitast við að laða innflytjendur að þessum félögum, virkja þá til stjórnarstarfa og annarra trúnaðarstarfa og opna þeim þannig vettvang til að starfa við hlið innfæddra Íslendinga að áhugamálum sínum.

Íþróttahreyfingin.

Íþróttahreyfingin gegnir mikilvægu hlutverki gagnvart börnum og ungmennum og er vettvangur til að efla félagsleg tengsl og jákvæða sjálfsmynd. Forvarnagildi íþróttastarfs er hafið yfir allan vafa. Ýmislegt bendir til að börn innflytjenda stundi ekki íþróttir að sama marki og börn af íslenskum uppruna og því þarf að breyta. Því er íþróttahreyfingin hvött til þess að leitast við að laða til sín börn og ungmenni af erlendum uppruna með markvissum hætti. Þannig mundi hún leggjast á árar með nærsamfélaginu við að flýta fyrir og auðvelda gagnkvæma aðlögun og draga úr hvers konar fordómum. Þá er íþróttahreyfingin einnig hvött til þess að efla þátttöku foreldra af erlendum uppruna í starfi íþróttafélaganna, en með því er

markmiðum um aðlögun og þátttöku sýnd virðing og stuðningur. Þá eru sveitarfélög og aðrir opinberir aðilar hvattir til að styðja við og starfa með íþróttafélögunum að þessum markmiðum.

Fjölmiðlar.

Fjölmiðlar eiga að endurspegla þjóðfélagið á hverjum tíma en þeir hafa einnig mótandi áhrif á það. Það hvernig fjallað er um innflytjendur og innflytjendamál í fjölmiðlum ræður miklu um hvernig til tekst með farsæla aðlögun þeirra að samfélaginu og samfélagsins alls að breyttum heimi. Ábyrg umfjöllun, aðgangur innflytjenda sjálfra að fjölmiðlunum og viðleitni til að draga úr fordómum og sleggjudómum eru allt atriði sem miklu ráða varðandi eindrægni í samfélaginu og upplýsta umræðu. Fjölmiðlar sem vilja axla ábyrgð sína gagnvart hinu lýðræðislega samfélagi mega aldrei falla í þá gryfju að kynda undir staðalmyndir eða alhæfingar. Því eru fjölmiðlar hvattir til að setja sér siðareglur um efnistök þegar fjallað er um málefni innflytjenda.

Menningarstofnanir.

Listir og hvers konar menningarstarfsemi eru öflugar hér á landi og efla með landsmönnum menntun, afþreyingu, gagnrýna hugsun og sjálfsskoðun og skoðun á umheiminum. Þá skapar samvirkni ólíkra menningarstrauma innihaldsríka deiglu sem veitir nýjum þrótti í hvers konar sköpun og menningarlíf. Mikilvægt er að fjölbreytni samfélagsins endurspeglist í lista- og menningarlífi þess og að innflytjendur séu bæði þátttakendur og njótendur á því sviði. Að auðvelda innflytjendum að leggja rækt við eigin menningararfleifð og miðla henni til annarra stuðlar að aukinni fjölbreytni og víðsýni. Átthaga- og menningarfélög innflytjenda gegna hér ríku hlutverki. Stjórnvöld vilja styðja við framlag innflytjenda til menningarlífs þjóðarinnar, enda fer það saman að auðvelda innflytjendum að leggja rækt við eigin menningararfleifð og miðla henni til samfélagsins og um leið stuðla að þróttmikilli, kvikri og skapandi menningarstarfsemi.

III. Stofnanir á sviði innflytjendamála.

Hér á eftir er gerð grein fyrir ráðum, nefndum og stofnunum sem heyra undir félags- og tryggingamálaráðuneyti og fara með málefni innflytjenda og flóttafólks.

Innflytjendaráð.

Meginverkefni innflytjendaráðs er að fjalla um helstu atriði er snerta aðlögun útlendinga að íslensku samfélagi. Meðal annars skal ráðið vera stjórnvöldum, bæði á vettvangi ríkis og sveitarfélaga, til ráðgjafar við stefnumótun í málaflokkum, gera tillögu að framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í innflytjendamálum og fylgjast með framkvæmd hennar. Innflytjendaráð myndar einnig stjórn þróunarsjóðs innflytjendamála. Ráðið skipa fulltrúi félags- og tryggingamálaráðherra sem jafnframt er formaður, innflytjandi skipaður án tilnefningar og fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga, heilbrigðisráðuneytis, dóms- og kirkjumálaráðuneytis og menntamálaráðuneytis.

Flóttamannanefnd.

Flóttamannanefnd tók við af flóttamannaráði árið 2005 og er hún skipuð fulltrúum félags- og tryggingamálaráðuneytis, utanríkisráðuneytis, dóms- og kirkjumálaráðuneytis og Rauða kross Íslands. Meginverkefni nefndarinnar er að gera tillögur til ríkisstjórnar um móttöku

hópa flóttafólks frá tilteknum svæðum. Tillögur nefndarinnar byggjast á samstarfi við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna og er ævinlega gerður samningur við tiltekið sveitarfélag og Rauða kross Íslands um þjónustu við flóttafólkið fyrsta dvalarár þeirra í landinu. Nefndin hefur sett sér viðmiðunarreglur sem finna má á heimasíðu félags- og tryggingamálaráðuneytis.

Þróunarsjóður innflytjendamála.

Í mars 2007 ákvað þáverandi félagsmálaráðherra að koma á fót þróunarsjóði innflytjendamála og veita til hans 10.000.000 kr. árlega. Var úthlutað úr honum fyrsta sinni í árslok 2007. Tilgangur sjóðsins er að efla rannsóknir og þróunarverkefni á sviði málefna innflytjenda með það að markmiði að auðvelda innflytjendum aðlögun að íslensku samfélagi og gera samfélaginu betur kleift að koma til móts við þarfir þeirra. Lögð er áhersla á að verkefni séu í samræmi við og í anda stefnu ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda. Reglur sjóðsins og umsóknareyðublöð eru á vef félags- og tryggingamálaráðuneytis.

Fjölmenningarsetur.

Fjölmenningarsetri var komið á fót árið 2000 á grundvelli ályktunar Alþingis. Hlutverk þess er að greiða fyrir samskiptum Íslendinga og erlendra ríkisborgara, vinna með stofnunum og sveitarstjórnum að eflingu þjónustu fyrir erlenda ríkisborgara, fyrirbyggja vandamál í samskiptum fólks af margvíslegum menningarsvæðum og auðvelda aðlögun erlends fólks að íslensku þjóðfélagi. Þá er það hlutverk þess að stuðla að því að upplýsingagjöf opinberra aðila til innflytjenda sé heildstæð, samhæfð og markviss og að opinberir aðilar hafi aðgang að fyrirmyndum um þjónustu og stuðning við innflytjendur.

Helstu verkefni Fjölmenningarseturs eru þessi:

– Að sinna upplýsingamiðlun til einstaklinga, til dæmis með ráðgjöf í síma og með upplýsingamiðlun um vefinn mcc.is
– Hafa umsjón með samræmingu og ráðgjöf við miðlun upplýsinga um hlutverk og þjónustu stofnana ríkis og sveitarfélaga.
– Veita ráðgjöf við stefnumótun og framsetningu upplýsinga innan stjórnsýslunnar og leiðbeiningar um gerð verkferla og verklagsreglna.
– Hafa yfirlit yfir rannsóknir og þróunarverkefni.
– Hafa upplýsingar um íslenskunámskeið, fræðslunámskeið og þá þjónustu sem í boði er.
– Halda skrá yfir sjálfstætt starfandi túlka og þá túlka- og þýðingaþjónustu sem er í boði.
– Hafa forgöngu um og sinna samstarfi á sviði fordómafræðslu.

IV. Verkefni stjórnvalda.

1. Löggjöf um aðlögun innflytjenda.

Samið verði frumvarp til laga um aðlögun innflytjenda. Lögð verði áhersla á að frumvarpið taki einungis til atriða sem snerta aðlögun innflytjenda og önnur löggjöf fjallar ekki um. Meginstefnan er að fjalla um réttindi og skyldur innflytjenda og aðstoð og þjónustu við þá með sama hætti og við aðra íbúa landsins. Helstu atriði sem taka þarf afstöðu til við samningu frumvarpsins lúta að miðlun upplýsinga til innflytjenda, öflun upplýsinga um innflytjendamál, hlutverki og starfsemi innflytjendaráðs, þróunarsjóði innflytjendamála, Fjölmenningarsetri og flóttamannanefnd varðandi þjónustu við kvótaflóttafólk. Framangreind starfsemi er þegar til staðar með stoð í samþykktum ríkisstjórnar á hverjum tíma, með ákvörðun ráð-

herra eða í formi tilraunaverkefna á grunni þingsályktunar og er mikilvægt að rennt sé lagastoðum undir þessa starfsemi.

Markmið: **Sett verði löggjöf um aðlögun innflytjenda.**

1.1 Samning frumvarps um aðlögun innflytjenda.
Ábyrgð: Félags- og tryggingamálaráðuneyti.
Lýsing: Settur verði á fót starfshópur er hafi það hlutverk að semja frumvarp um aðlögun innflytjenda þar sem verði tekið á ýmsum atriðum er varða upplýsingamiðlun, réttarstöðu innflytjenda, svo sem rétt til túlkaþjónustu, og meðal annars skotið lagalegum stoðum undir starfsemi stofnana, ráða og nefnda í málaflokknum.
Framkvæmd: Félags- og tryggingamálaráðuneyti.
Samstarfsaðili: Innflytjendaráð.
Tímabil: September 2008.
Kostnaðaráætlun: Unnið af starfsmönnum.
Fjárveiting: Innan ramma.
Afurð: Lagafrumvarp.

2. Upplýsingar um innflytjendamál.

Tölulegar upplýsingar um innflytjendamál á Íslandi verði bættar í því skyni að opinberir aðilar, rannsóknasamfélagið og aðrir sem málið varðar hafi á hverjum tíma sem bestar upplýsingar um fjölda, uppruna, aldur og dreifingu innflytjenda á landinu, greint niður á sveitarfélög. Til framtíðar litið er sérstaklega mikilvægt að hægt verði að nýta þessar upplýsingar til að greina stöðu annarrar kynslóðar innflytjenda, enda þótt þeir hafi hlotið íslenskan ríkisborgararétt. Þá verði Fjölmenningarsetri falið að halda skrá yfir rannsóknir á þessu sviði og gera þær aðgengilegar, auk þess sem reglulega verði fylgst með viðhorfum bæði innflytjenda sjálfra og viðhorfa til innflytjenda. Þá er baráttan gegn fordómum brýnt samfélagslegt verkefni sem félags- og tryggingamálaráðuneytið mun styðja við með því að láta gera fræðsluefni öðrum til frjálsra afnota, auk þess sem ráðuneytið mun taka höndum saman við félagasamtök og aðra um átaksverkefni á sviði fordómafræðslu. Bent skal á að þróunarsjóður innflytjendamála mun nýtast sem tæki til að styðja við rannsóknir og þróunarverkefni á sviði innflytjendamála.

Markmið: **Tölulegar upplýsingar um innflytjendamál á Íslandi mæti þörfum opinberra aðila, rannsóknarsamfélagsins og annarra sem málið varðar.**

2.1 Gagnagrunnur um innflytjendamál.
Ábyrgð: Hagstofan.
Lýsing: Skráning innflytjenda í gagnagrunna Hagstofunnar verði bætt þannig að þar séu á hverjum tíma upplýsingar um bæði fyrstu og aðra kynslóð innflytjenda, jafnt þeirra sem eru með erlent ríkisfang og hinna sem hlotið hafa íslenskt ríkisfang. Greint verði á milli þeirra sem eiga báða foreldra af erlendum uppruna og hinna með annað foreldrið íslenskt.
Framkvæmd: Mannfjöldadeild.

Samstarfsaðili: Innflytjendaráð.
Tímabil: Viðvarandi.
Kostnaðaráætlun: 4.200.000 kr.
Fjárveiting: Innan ramma.
Afurð: Gagnagrunnur um innflytjendamál.

2.2 Gagnabanki rannsókna um innflytjendamál.
Ábyrgð: Fjölmenningarsetur.
Lýsing: Safnað verði saman upplýsingum um rannsóknir í innflytjendamálum, sérstök verkefni, verklag sveitarfélaga við móttöku innflytjenda, fyrirmyndir að móttökuáætlunum sem og miðlun upplýsingaefnis á helstu tungumálum.
Framkvæmd: Fjölmenningarsetur.
Samstarfsaðilar: Innflytjendaráð, Samband íslenskra sveitarfélaga o.fl.
Tímabil: Viðvarandi.
Kostnaðaráætlun: Innan ramma.
Fjárveiting: Innan ramma.
Afurð: Gagnabanki á vef Fjölmenningarseturs www.mcc.is

Markmið: **Að stjórnvöld og aðrir hafi á hverjum tíma upplýsingar um líðan og aðstæður innflytjenda.**

2.3 Viðhorfskannanir meðal innflytjenda.
Ábyrgð: Félags- og tryggingamálaráðuneyti.
Lýsing: Gerðar verði viðhorfskannanir meðal innflytjenda meðal annars um aðbúnað, viðhorf, upplýsingamiðlun, aðlögunarferli og fleiri atriði sem snerta líf þeirra og líðan.
Framkvæmd: Innflytjendaráð.
Samstarfsaðilar: Fjölmenningarsetur og rannsóknastofnanir.
Tímabil: Á 4–5 ára fresti.
Kostnaðaráætlun: 10.000.000 kr. hver könnun.
Afurð: Viðhorfskannanir meðal innflytjenda.

Markmið: **Að stjórnvöld og samfélagið í heild hafi á hverjum tíma upplýsingar um viðhorf almennings til innflytjenda.**

2.4 Könnun á viðhorfum til innflytjenda.
Ábyrgð: Félags- og tryggingamálaráðuneyti.
Lýsing: Gerðar verði viðhorfskannanir meðal almennings um afstöðu til innflytjenda, þar á meðal fordóma.
Framkvæmd: Innflytjendaráð.
Samstarfsaðilar: Fjölmenningarsetur og rannsóknastofnanir.
Tímabil: Á tveggja ára fresti.
Kostnaðaráætlun: 500.000 kr. hver könnun.
Afurð: Viðhorfskannanir meðal almennings.

Markmið: **Innflytjendur á vinnumarkaði njóti launajafnréttis á við aðra landsmenn óháð kyni, uppruna eða litarhætti.**

2.5 Launajafnrétti fyrir alla.

Ábyrgð: Jafnréttisstofa.
Lýsing: Framkvæmd verði rannsókn á launum karla og kvenna meðal innflytjenda og niðurstöður bornar saman við laun almennt á vinnumarkaði til að ganga úr skugga um hvort launajafnrétti ríki bæði með tilliti til uppruna og kynferðis.
Framkvæmd: Jafnréttisstofa.
Samstarfsaðilar: Jafnréttisráð og félags- og tryggingamálaráðuneyti.
Tímabil: 2008–2009.
Kostnaðaráætlun: 1.500.000 kr.
Fjármögnun: Innan ramma.
Afurð: Rannsókn.

3. Upplýsingamiðlun til innflytjenda.

Upplýsingamiðlun til innflytjenda, ásamt íslenskukennslu, er vafalaust einn mesti áhrifavaldur á að innflytjendur geti nýtt sér gæði samfélagsins og tekið fullan þátt í því. Þess vegna verði gert átak í upplýsingamiðlun til innflytjenda þannig að öll ráðuneyti og ríkisstofnanir endurskoði upplýsingamiðlun sína og lagi hana jafnframt að þörfum innflytjenda. Í hópi innflytjenda eru útlendingar sem ekki ætla að dvelja í landinu til langframa en eiga kröfu á upplýsingum um rétt sinn, skyldur og grunnþjónustu. Þá eru innflytjendur sem hafa sest að hér á landi sem þurfa bæði sértækar upplýsingar og þjónustu á meðan þeir hafa ekki náð valdi á íslenskri tungu. Þess vegna munu stofnanir meta hverju sinni hvaða hagsmunir standi til þess að settar verði fram upplýsingar á helstu tungumálum sem innflytjendur hér á landi tala.

Fjölmenningarsetur fær það hlutverk að safna öllum mikilvægum upplýsingum saman, samræma og samnýta og birta þær á vefnum mcc.is í samstarfi við Island.is (www.island.is). Þannig verði til á einum stað upplýsingaveita stjórnvalda til nota fyrir innflytjendur, þá sem veita þeim þjónustu og aðra sem á þurfa að halda. Nú þegar hefur verið ráðinn starfsmaður í þetta verkefni.

Undir einstaka málaflokkum í þessari áætlun eru fjölmörg upplýsingaverkefni sem snerta viðkomandi þjónustusvið og ekki er getið í þessum kafla áætlunarinnar sérstaklega.

Markmið: **Innflytjendur hafi aðgang að nauðsynlegum upplýsingum um íslenskt stjórnkerfi, samfélag og almannaþjónustu sem jafnhliða séu settar fram á íslensku.**

3.1 Endurskoðun upplýsingamiðlunar til innflytjenda.

Ábyrgð: Öll ráðuneyti og ríkisstofnanir.
Lýsing: Vefir, regluleg útgáfa, leiðbeiningar, eyðublöð og annað upplýsingaefni verði yfirfarið með tilliti til þarfa innflytjenda, efnið verði á íslensku, ensku og móðurmáli stærstu hópa innflytjenda.
Framkvæmd: Skipaður verði ábyrgðaraðili verkefnis innan hvers ráðuneytis og stofnunar, en Fjölmenningarsetur heldur utan um verkefnið í heild.
Samstarfsaðilar: Innflytjendaráð og Island.is

Tímabil: Viðvarandi verkefni.
Kostnaðaráætlun: Innan ramma.
Fjármögnun: Innan ramma.
Afurð: Upplýsingaefni ráðuneyta og stofnana á viðeigandi tungumálum.

3.2 Upplýsingavefurinn mcc.is.
Ábyrgð: Fjölmenningarsetur.
Lýsing: Uppbygging heildstæðs upplýsingavefs á nokkrum tungumálum þar sem allar helstu upplýsingar um réttindi og skyldur innflytjenda í íslensku samfélagi er að finna, svo sem um hlutverk og þjónustu ríkis og sveitarfélaga og stofnana þeirra, þ.m.t. skóla, upplýsingar um íslensku- og fræðslunámskeið, túlka- og þýðingaþjónustu, um fyrstu skrefin á vinnumarkaði, vottorð og skilríki sem þarf við komu til landsins og för frá landinu, auk umsóknareyðublaða o.fl.
Framkvæmd: Verkefnisstjóri Fjölmenningarseturs í upplýsingamiðlun.
Samstarfsaðilar: Ráðuneyti, stofnanir, sveitarfélög, fræðsluaðilar, skólar o.fl.
Tímabil: Viðvarandi verkefni.
Kostnaðaráætlun: Framlag starfsmanna.
Fjármögnun: 7.000.000 kr. af fjárveitingu vegna mótvægisaðgerða sem þegar hefur verið veitt.
Árangur/mat: Talning heimsókna, kannanir o.fl.
Afurð: Vefurinn mcc.is

3.3 Hlekkur við Island.is.
Ábyrgð: Utanríkisráðuneyti.
Lýsing: Á heimasíðu sendiráða erlendis verður hlekkur inn á Island.is (www.island.is).
Framkvæmd: Utanríkisþjónustan.
Samstarfsaðili: Island.is
Tímabil: 2008.
Kostnaðaráætlun: Óverulegur kostnaður.
Fjármögnun: Innan ramma.
Afurð: Hlekkir við Island.is

3.4 Bæklingurinn Fyrstu skrefin.
Ábyrgð: Félags- og tryggingamálaráðuneyti.
Lýsing: Reglubundin endurskoðun bæklings á níu erlendum tungumálum um fyrstu skrefin í íslensku samfélagi sem verður uppfærður eftir þörfum og dreift á helstu viðkomustöðum innflytjenda.
Framkvæmd: Innflytjendaráð.
Samstarfsaðilar: Fjölmenningarsetur, Samband íslenskra sveitarfélaga og stofnanir og aðilar sem um er fjallað í bæklingnum.
Tímabil: Fyrsta útgáfa bæklingsins var haustið 2007 en endurskoðun fari fram vorið 2009.
Kostnaðaráætlun: 1.500.000 kr.

Fjármögnun: Félags- og tryggingamálaráðuneytið og vinnuframlög frá stofnunum sem fjallað er um.
Afurð: Endurskoðaður bæklingur.

Markmið: **Endurskoða og birta aðgengilegt kynningarefni um almannatryggingar fyrir fólk af erlendum uppruna með það að markmiði að það geti aflað sér upplýsinga um réttindi almannatrygginga á Íslandi á tungumáli sem það skilur.**

3.5 Aðgengilegar upplýsingar um réttindi á nokkrum tungumálum.
Ábyrgð: Tryggingastofnun ríkisins.
Lýsing: Á heimasíðu Tryggingastofnunar og þjónustustöðvum Tryggingastofnunar, hjá Útlendingastofnun, félagsþjónustum sveitarfélaga og öðrum stöðum sem fólk af erlendum uppruna sækir þjónustu og ráðgjöf til séu aðgengilegar upplýsingar um almannatryggingar á ensku, pólsku, taílensku og ef til vill fleiri tungumálum.
Framkvæmd: Upplýsingasvið Tryggingastofnunar ríkisins.
Samstarfsaðili: Alþjóðahús.
Tímabil: Maí 2008–janúar 2009.
Kostnaðaráætlun: 2.000.000 kr.
Fjármögnun: Á fjárhagsáætlun kynningarmála Tryggingastofnunar ríkisins.
Árangur/mat: Starfsfólk Tryggingastofnunar og aðrir sem aðstoða fólk af erlendum uppruna við að komast inn í íslenskt velferðarkerfi geti vísað á upplýsingar á tungumáli sem umsækjendur geta skilið. Mat fari fram með könnunum meðal útlendinga og fólks sem aðstoðar þá.
Afurð: Upplýsingar á heimasíðu og útgefnar í bæklingi.

Markmið: **Að innflytjendur hafi aðgengi að greinargóðum upplýsingum um mikilvægustu atriðin er varða öryggi á heimilum.**

3.6 Öryggi á heimilum.
Ábyrgð: Brunamálastofnun.
Lýsing: Bæklingur um öryggi á heimilum á ensku, taílensku, pólsku, spænsku og rússnesku. Farið verði yfir helstu atriði í sambandi við neyðarnúmer, flóttaleiðir, reykskynjara og slökkvitæki.
Framkvæmd: Brunamálastofnun.
Tímabil: 2008.
Kostnaðaráætlun: Innan ramma.
Fjármögnun: Innan ramma.
Afurð: Bæklingur.

Markmið: **Að innflytjendur hafi aðgang að greinargóðum upplýsingum um neytendamál.**

3.7 Þýðing á leiðakerfi neytenda.
Ábyrgð: Viðskiptaráðuneyti.

Lýsing: Um leið og kostur er verði leiðakerfi neytenda (neytandi.is) þýtt á helstu tungumál innflytjenda og jafnframt miðlað til Ísland.is og mcc.is
Framkvæmd: Talsmaður neytenda.
Samstarfsaðili: Neytendastofa.
Tímabil: 2008–2009.
Kostnaðaráætlun: Innan ramma.
Fjármögnun: Innan ramma.
Afurð: Leiðakerfi neytenda á helstu tungumálum innflytjenda.

Markmið: Að innflytjendur hafi aðgang að greinargóðum upplýsingum um íslenskan landbúnað.

3.8 Þýðing á upplýsingum um íslenskan landbúnað.
Ábyrgð: Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti.
Lýsing: Upplýsingar um íslenskan landbúnað verði þýddar á fjögur tungumál og birtar á heimasíðu ráðuneytisins. Einnig verði á síðunni tenglasafn sem gagnast geti erlendum starfsmönnum í landbúnaði.
Framkvæmd: Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti.
Samstarfsaðili: Fjölmenningarsetur.
Tímabil: Apríl–desember 2008.
Kostnaðaráætlun: 350.000 kr.
Fjármögnun: Innan ramma.
Árangur/mat: Teljari á vefsíðu.
Afurð: Upplýsingar á vef sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins.

Markmið: Að innflytjendur hafi aðgang að upplýsingum um starfsfræðslunámskeið innan fiskvinnslu.

3.9 Þýðing á upplýsingum um starfsfræðslunámskeið fiskvinnslunnar.
Ábyrgð: Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti.
Lýsing: Upplýsingar um starfsfræðslunámskeið fiskvinnslunnar verði þýddar á pólsku og annað tungumál og birtar á heimasíðu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis.
Framkvæmd: Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti.
Samstarfsaðili: Fjölmenningarsetur.
Tímabil: Vor 2008.
Kostnaðaráætlun: 150.000 kr.
Fjármögnun: Innan ramma.
Árangur/mat: Teljari á vefsíðu.
Afurð: Upplýsingar á vef sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins.

Markmið: **Innflytjendur hafi jafnan aðgang að þjónustu Íbúðalánasjóðs á við aðra landsmenn og að greinargóðum upplýsingum sem varða íbúðakaup og -sölu þannig að þeir geti gætt fjárhagslegra hagsmuna sinna.**

3.10 Upplýsingamiðlun um fasteignaviðskipti.

Ábyrgð: Íbúðalánasjóður.
Lýsing: Auka upplýsingar á helstu tungumálum innflytjenda um lánakerfi Íbúðalánasjóðs, aðra fjármögnunarmöguleika og ferli íbúðarkaupa á Íslandi í formi bæklinga/einblöðunga og hafa grunneyðublöð, svo sem um greiðslumat og umsóknareyðublöð, á fleiri tungumálum. Setja upplýsingar og eyðublöð á vef sjóðsins og á vef Fjölmenningarseturs.
Framkvæmd: Íbúðalánasjóður.
Samstarfsaðilar: Fjölmenningarsetur og Alþjóðahús.
Tímabil: 2008.
Kostnaðaráætlun: 1.000.000 kr.
Fjármögnun: Innan ramma.
Árangur/mat: Fjöldi tungumála sem svara til notendahóps.
Afurð: Upplýsingar á vef, bæklingar og eyðublöð.

Markmið: **Innflytjendur hafi jafnan aðgang að niðurgreiðslu á húshitunarkostnaði á við aðra landsmenn og greinargóðum upplýsingum um hvernig og hvar þær eru framkvæmdar þannig að þeir geti gætt fjárhagslegra hagsmuna sinna.**

3.11 Upplýsingar fyrir alla.

Ábyrgð: Iðnaðarráðuneyti.
Lýsing: Gefa út bækling/einblöðung og þýða umsóknareyðublað á helstu tungumál innflytjenda um niðurgreiðslur á húshitunarkostnaði, á hvaða landsvæðum og hvernig þær eru framkvæmdar. Þýða útdrátt úr reglugerð um niðurgreiðslu húshitunar, nr. 284/2005, með síðari breytingum. Setja upplýsingar og eyðublöð á vef sveitarfélaga þar sem niðurgreiðslur eru framkvæmdar, á vef Orkustofnunar, á vefi dreifiveitna sem hafa heimild til niðurgreiðslna, á vef Fjölmenningarseturs og vef félags- og tryggingamálaráðuneytisins.
Framkvæmd: Iðnaðarráðuneyti.
Samstarfsaðilar: Fjölmenningarsetur, Alþjóðahús, Orkustofnun, sveitarfélög og dreifiveitur.
Tímabil: 2008.
Kostnaðaráætlun: Innan ramma.
Fjármögnun: Innan ramma.
Afurð: Upplýsingar á vef, bæklingar og eyðublöð.

Markmið: **Innflytjendum verði auðveldað aðgengi að netinu í þeim sveitarfélögum þar sem þeir búa.**

3.12 Netaðgangur innflytjenda.

Ábyrgð: Menntamálaráðuneyti.

Lýsing: Bókasöfn verði hvött til að auka aðgengi innflytjenda að netinu, meðal annars með því að koma upp tölvuaðstöðu fyrir notendur safna.
Framkvæmd: Menntamálaráðuneyti.
Samstarfsaðilar: Félag forstöðumanna bókasafna, bókasöfn og sveitarfélög.
Tímabil: Viðvarandi verkefni.
Kostnaðaráætlun: Innan ramma.
Fjármögnun: Innan ramma.
Árangur/mat: Fjöldi námskeiða og fjöldi heimsókna innflytjenda á bókasöfn.
Afurð: Netaðgangur á bókasöfnum.

4. Dvalar- og atvinnuleyfi.

Lagt hefur verið fram á Alþingi annars vegar frumvarp dóms- og kirkjumálaráðherra um breytingar á lögum um útlendinga, nr. 96/2002, með síðari breytingum, og hins vegar frumvarp félags- og tryggingamálaráðherra um breytingu á lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002, og lögum um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, nr. 47/1993, með síðari breytingum. Markmið frumvarpanna er meðal annars að tryggja að ríkisborgarar ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins sem dvelja og starfa hér á landi hafi til þess tilskilin dvalar- og atvinnuleyfi. Í því skyni er lagt til að veiting slíkra leyfa verði einfölduð og samræmd. Enn fremur er lagt til að skráningar verði bættar, meðal annars með þeim hætti að ríkisborgurum ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins verði gert kleift að skrá sig hjá einum aðila við komuna til landsins. Þá eru lagðar til breytingar í átt til núverandi framkvæmdar á ákvæði laga um útlendinga um dvalarleyfi fyrir aðstandendur.

Markmið: **Ríkisborgarar ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins geti skráð dvöl sína hér á landi með einföldum hætti.**

4.1 Einföldun skráningar ríkisborgara ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins.
Ábyrgð: Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.
Lýsing: Skráningarkerfi verði einfaldað þannig að útlendingar sem hafa heimild til að dvelja hér á landi án sérstakra dvalarleyfa (ríkisborgarar ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins) skrái sig hjá einu stjórnvaldi við upphaf dvalar, sbr. tillögur í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um útlendinga, nr. 96/2002, með síðari breytingum.
Framkvæmd: Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.
Samstarfsaðilar: Útlendingastofnun og Þjóðskrá.
Tímabil: Útfært í reglugerð fyrri hluta árs 2008.
Kostnaðaráætlun: Kostnaður vegna breytinga á tölvukerfum.
Fjármögnun: Innan ramma.
Afurð: Nýtt einfaldara skráningarkerfi.

Markmið: **Samræming í tengslum við veitingu dvalarleyfa og atvinnuleyfa fyrir ríkisborgara ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins.**

4.2 Samræming laga um útlendinga, nr. 96/2002, og laga um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002.
Ábyrgð: Dóms- og kirkjumálaráðuneyti og félags- og tryggingamálaráðuneyti.

Lýsing: Meðal annars verði tryggt að sá sem öðlast búsetuleyfi samkvæmt lögum um útlendinga öðlist á sama tíma óbundið atvinnuleyfi samkvæmt lögum um atvinnuréttindi útlendinga.
Lýsing: Frumvörp lögð fram á Alþingi 2007. Miðað við gildistöku um mitt ár 2008.
Framkvæmd: Dóms- og kirkjumálaráðuneyti og félags- og tryggingamálaráðuneyti.
Tímabil: Vorið 2008.
Kostnaðaráætlun: Óverulegur kostnaður.
Fjármögnun: Innan ramma.
Afurð: Samræmd löggjöf í tengslum við veitingu dvalar- og atvinnuleyfa.

Markmið: Ríkisborgarar ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins sem dvelja og starfa hér á landi hafi til þess tilskilin dvalarleyfi og atvinnuleyfi.

4.3 Aukið eftirlit með dvalar- og atvinnuleyfum borgara utan Evrópska efnahagssvæðisins.
Ábyrgð: Dóms- og kirkjumálaráðuneyti og félags- og tryggingamálaráðuneyti.
Lýsing: Með samvinnu stjórnvalda sem koma að málefnum útlendinga, meðal annars með gagnkvæmri upplýsingagjöf þeirra á milli, verði komið í veg fyrir að ríkisborgarar ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins geti án afskipta stjórnvalda dvalið og eftir atvikum starfað hér á landi án tilskilinna leyfa.
Framkvæmd: Dóms- og kirkjumálaráðuneyti og félags- og tryggingamálaráðuneyti.
Samstarfsaðilar: Útlendingastofnun, Þjóðskrá, skattyfirvöld, Vinnumálastofnun og lögregla.
Tímabil: Frumvörp lögð fyrir Alþingi 2007. Nánari útfærsla eftir atvikum í reglugerðum síðari hluta árs 2008.
Fjármögnun: Að mestu innan ramma.
Afurð: Að erlendir ríkisborgarar ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins geti ekki án afskipta stjórnvalda dvalið og eftir atvikum starfað hér á landi.

Markmið: Ákvæði laga um dvalarleyfi fyrir aðstandendur verði breytt til samræmis við núverandi framkvæmd.

4.4 Endurskoðun löggjafar.
Ábyrgð: Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.
Lýsing: Ákvæði laga um útlendinga um dvalarleyfi fyrir aðstandendur verði endurskoðað.
Framkvæmd: Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.
Tímabil: Lagafrumvarp lagt fram á Alþingi 2008. Nánari útfærsla eftir atvikum í reglugerð fyrri hluta árs 2008.
Kostnaðaráætlun: Óverulegur kostnaður.
Fjármögnun: Innan ramma.
Afurð: Breytt ákvæði um dvalarleyfi fyrir aðstandendur.

5. Túlkaþjónusta.

Réttur innflytjenda til túlkaþjónustu, eða með öðrum orðum skilgreining á þeim aðstæðum sem kalla á túlkun, er eitt þeirra atriða sem tekin verði afstaða til við samningu frumvarps til

laga um aðlögun innflytjenda. Ríkisstjórnin telur það fara saman að efla íslenskukennslu fyrir útlendinga og stuðla að því að mikilvægar upplýsingar um stjórnkerfið, réttindamál og þjónustu séu þýddar á helstu móðurmál innflytjenda hérlendis. Innflytjendur hafa lögvarinn rétt til túlkunar á vettvangi dómstólanna og innan heilbrigðisgeirans. Víðar innan stjórnkerfisins og stofnana geta gagnkvæmir hagsmunir staðið til þess að tryggja að réttar og vandaðar upplýsingar berist milli starfsmanna og innflytjenda. Þessir hagsmunir geta varðað ríka fjárhags-, öryggis-, réttinda- og velferðarhagsmuni, svo sem innan barnaverndar, á sviði vinnueftirlits eða í samskiptum foreldra og skóla. Því munu margar stofnanir vinna að því á næstunni að setja sér verklagsreglur um túlkun. Í þessu samhengi er mikilvægt að styrkja nám fyrir túlka og þjálfun þeirra á sértækum sviðum, svo sem innan heilbrigðis- og félagsþjónustu.

Markmið: **Tungumálaerfiðleikar hindri ekki að upplýsingar berist milli foreldra og starfsmanna skóla.**

5.1 Verklagsreglur menntamálaráðuneytis um túlkaþjónustu.

Ábyrgð: Menntamálaráðuneyti.
Lýsing: Að samþykktum frumvörpum um leikskóla og grunnskóla verði samdar verklagsreglur um túlkaþjónustu, sbr. 9. gr. leikskólafrumvarps og 16. og 18. gr. grunnskólafrumvarps, þar sem kveðið verði á um að tryggð verði túlkun á upplýsingum sem eru nauðsynlegar vegna samskipta foreldra og skóla.
Framkvæmd: Skóladeild menntamálaráðuneytis.
Samstarfsaðili: Samband íslenskra sveitarfélaga.
Tímabil: Vorið 2008.
Kostnaðaráætlun: Innan ramma.
Fjármögnun: Samkvæmt samkomulagi ríkis og sveitarfélaga.
Afurð: Verklagsreglur um túlkaþjónustu í leik- og grunnskólum.

Markmið: **Að innflytjendum á vinnumarkaði sé veitt túlkaþjónusta þegar brýnir hollustu- og öryggishagsmunir eru í húfi.**

5.2 Verklagsreglur Vinnueftirlits ríkisins um túlkaþjónustu.

Ábyrgð: Vinnueftirlit ríkisins.
Lýsing: Samdar verði verklagsreglur um túlkaþjónustu sem tryggi starfsmönnum með takmarkaða íslenskukunnáttu túlkun ef aðstæður krefjast, til dæmis ef vinnuslys eða aðrir brýnir hollustu- og öryggishagsmunir eru fyrir hendi.
Framkvæmd: Vinnueftirlit ríkisins.
Samstarfsaðilar: Fjölmenningarsetur o.fl.
Tímabil: 2008–2009.
Kostnaðaráætlun: Innan ramma.
Fjármögnun: Innan ramma.
Afurð: Verklagsreglur um túlkaþjónustu.

Markmið: **Tungumálaerfiðleikar hindri ekki að upplýsingar berist milli einstaklings og heilbrigðisstarfsmanns.**

5.3 Verklagsreglur um túlkaþjónustu í heilbrigðisþjónustu.

Ábyrgð: Heilbrigðisráðuneyti.
Lýsing: Settar verði samræmdar verklagsreglur um túlkaþjónustu vegna sjúklinga sem hafa ekki vald á íslensku í samræmi við rétt þeirra til túlkunar, sbr. lög um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997.
Framkvæmd: Landlæknisembættið.
Samstarfsaðili: Fjölmenningarsetur.
Tímabil: Fyrri hluti árs 2008.
Kostnaðaráætlun: Innan ramma.
Fjármögnun: Innan ramma.
Afurð: Verklagsreglur um túlkaþjónustu.

Markmið: **Túlkaþjónusta sé aðgengileg öllum fullorðnum sem búa við fötlun, fötluðum börnum og foreldrum þeirra.**

5.4 Túlkaþjónusta fyrir þá sem búa við fötlun og þurfa á sértækri þjónustu að halda.

Ábyrgð: Félags- og tryggingamálaráðuneyti.
Lýsing: Túlkaþjónusta fyrir þá sem þurfa að leita sér þjónustu svæðisskrifstofa sé aðgengileg og til staðar séu skýrar verklagsreglur um framkvæmd hennar. Sett séu til dæmis viðmið um fjölda viðtala.
Framkvæmd: Svæðisskrifstofur um málefni fatlaðra.
Samstarfsaðilar: Svæðisskrifstofur og aðrir þjónustuaðilar sem veita fólki með fötlun þjónustu, Fjölmenningarsetur o.fl.
Tímabil: 1. janúar – 1. mars 2009.
Kostnaðaráætlun: 300.000 kr.
Fjármögnun: Innan ramma.
Afurð: Verklagsreglur.

Markmið: **Tungumálaerfiðleikar hindri ekki að upplýsingar berist milli foreldra og sérfræðinga sem annast greiningu barns, ráðgjöf og eftirfylgni.**

5.5 Verklagsreglur um túlka- og þýðingaþjónustu við greiningu fatlaðra barna.

Ábyrgð: Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.
Lýsing: Viðmiðunar- og verklagsreglur Greiningarstöðvar um túlkun við athuganir, greiningar, ráðgjöf og eftirfylgd verði bættar. Gerð verði áætlun um þýðingar á greiningarskýrslum sem eru afhentar foreldrum í lok greiningar. Greiningar- og ráðgjafarstöð leiðbeini frumgreiningaraðilum um slíkar verklagsreglur.
Framkvæmd: Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.
Samstarfsaðilar: Frumgreiningaraðilar.
Tímabil: 2009.
Kostnaðaráætlun: 1.000.000 kr.
Fjármögnun: Tillögur á fjárlögum.

Árangur/mat: Birtist í handbók Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins.
Afurð: Verklagsreglur um túlkaþjónustu, þýðingar og framkvæmd þeirra hafa tekið gildi.

5.6 Fræðsla fyrir túlka.
Ábyrgð: Heilbrigðisráðuneyti.
Lýsing: Haldin verði námskeið í túlkun innan heilbrigðisþjónustu sem taki mið af þörfum starfsfólks og notenda af erlendum uppruna.
Framkvæmd: Landlæknisembættið.
Samstarfsaðili: Fjölmenningarsetur.
Tímabil: 2008–2009.
Kostnaðaráætlun: Innan ramma.
Fjármögnun: Innan ramma.
Afurð: Námskeið.

5.7 Námskeið fyrir túlka.
Ábyrgð: Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.
Lýsing: Efnt verði til námskeiðs í túlkun á sviði greiningarvinnu og ráðgjafar til foreldra.
Framkvæmd: Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.
Samstarfsaðilar: Fjölmenningarsetur og Framhaldsskólinn á Ísafirði.
Tímabil: 2008.
Kostnaðaráætlun: 300.000 kr.
Fjármögnun: Með námskeiðsgjöldum.
Árangur/mat: Tilboð um námskeið verði kynnt á haustmisseri 2008.
Afurð: Námskeið.

Markmið: Tungumálaerfiðleikar hindri ekki að nauðsynlegar upplýsingar berist milli stofnana og starfsfólks innan barnaverndar annars vegar og foreldra hins vegar.

5.8 Verklagsreglur Barnaverndarstofu um túlkaþjónustu.
Ábyrgð: Barnaverndarstofa.
Lýsing: Samdar verði leiðbeinandi verklagsreglur um túlkaþjónustu sem tryggi að foreldrum og börnum af erlendum uppruna verði boðin túlkaþjónusta þegar þess er þörf.
Framkvæmd: Barnaverndarstofa.
Samstarfsaðili: Fjölmenningarsetur.
Tímabil: Júní 2008.
Kostnaðaráætlun: 500.000 kr. á ári.
Fjármögnun: Innan ramma 2008.
Árangur/mat: Öll börn og foreldrar sem hafa ekki náð tökum á íslensku máli fái túlkaþjónustu.
Afurð: Verklagsreglur um túlkaþjónustu.

6. Móttaka við búsetuflutning.

Á vettvangi sveitarfélaga er vaxandi áhugi fyrir því að koma á skipulögðu móttökuferli vegna nýrra íbúa af erlendum uppruna sem setjast að í viðkomandi sveitarfélagi. Nokkur tilraunaverkefni sem að þessu lúta eru í vinnslu og hafa þau verið styrkt af þróunarsjóði innflytjendamála. Markmið móttökuáætlananna er að kynna nærsamfélagið, þjónustu bæði sveitarfélagsins og opinberra stofnana á búsetusvæðinu og möguleika til félagsstarfs í þeim tilgangi að virkja innflytjendur sem fyrst til þátttöku í samfélaginu og koma í veg fyrir félagslega einangrun. Með þessum hætti fengju innflytjendur allar helstu upplýsingar á einum stað og flýtt yrði fyrir aðlögun þeirra og aðgengi að þjónustu. Í mörgum tilvikum er gert ráð fyrir því að nýir íbúar fái liðveitendur eða félagslega tengiliði frá félagasamtökum á borð við Rauða kross Íslands eða frá öðrum sem starfa innan sveitarfélagsins og hefur slíkt reynst vel. Ein forsenda þess að slíkum móttökuáætlunum verði komið á er að sveitarfélögum berist upplýsingar um nýja íbúa fljótt og örugglega frá Þjóðskrá. Því verði þjónusta Þjóðskrár við sveitarfélög endurskoðuð. Ríkisstjórnin vill styðja við þessa þróun og mun Fjölmenningarsetur fá það verkefni að miðla fyrirmyndum og lærdómi af þessum tilraunaverkefnum til annarra sveitarfélaga.

Markmið: **Sveitarfélögum verði auðveldað að koma á skipulögðu móttökuferli fyrir nýja íbúa og stuðla þannig að aðlögun og þátttöku þeirra í nærsamfélaginu.**

6.1 Fyrirmynd að móttökuáætlun sveitarfélaga.

Ábyrgð: Félags- og tryggingamálaráðuneyti.
Lýsing: Útbúin verði fyrirmynd að móttökuáætlun sveitarfélags sem miðist að því að tryggja að innflytjendur verði sem allra fyrst virkir þátttakendur í samfélaginu og fái strax við komuna til sveitarfélags í hendur upplýsingar um þjónustu sveitarfélagsins og ríkisins á viðkomandi búsetusvæði. Fyrirmyndin verði unnin á grundvelli reynslu af tilraunaverkefnum sveitarfélaga víða um land.
Framkvæmd: Fjölmenningarsetur.
Samstarfsaðilar: Einstök sveitarfélög og ríkisstofnanir og Samband íslenskra sveitarfélaga.
Tímabil: Mars 2008 – apríl 2009.
Kostnaðaráætlun: Innan ramma.
Fjármögnun: Unnið meðal annars af verkefnisstjóra á Austfjörðum en staða hans er fjármögnuð af mótvægisaðgerðafé ríkisstjórnarinnar frá október 2007.
Árangur/mat: Hlutfall sveitarfélaga með móttökuáætlun 2010.
Afurð: Leiðbeiningar útgefnar af félags- og tryggingamálaráðuneyti.

Markmið: **Að gera sveitarfélögum kleift að setja sig í samband við aðflutta útlendinga.**

6.2 Símiðlun upplýsinga um aðflutta útlendinga til sveitarfélaga.

Ábyrgð: Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.
Lýsing: Áætlað er að á næstu árum verði fyrirkomulag íbúaskráningar hjá Þjóðskrá tekið til endurskoðunar, þar á meðal tæknilegt umhverfi skrárinnar. Við

	þá endurskoðun verði búið svo um hnúta að sveitarfélög fái tilkynningar um alla útlendinga sem flytjast til þeirra.
Framkvæmd:	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.
Samstarfsaðili:	Þjóðskrá.
Tímabil:	Ræðst af framgangi tæknilegrar endurnýjunar að öðru leyti.
Kostnaðaráætlun:	Hluti af kostnaði við tæknilega endurnýjun Þjóðskrár.
Fjármögnun:	Hluti af kostnaði við tæknilega endurnýjun Þjóðskrár.
Afurð:	Sjálfkrafa upplýsingar til sveitarfélaga um aðflutta útlendinga.

7. Ríki og sveitarfélög sem atvinnurekendur.

Ríkisstjórnin beinir því til allra opinberra stofnana, hvort sem þær eru í eigu ríkis eða sveitarfélaga, að stuðla að því að starfsmönnum þeirra af erlendum uppruna sé auðveldað íslenskunám og að þeir njóti fulls jafnréttis á við aðra starfsmenn hvað varðar kjör, réttindi, aðbúnað, starfsþróun og símenntun. Einkum er hvatt til þess að innflytjendum sé auðveldað að nýta menntun sína með því að þeim verði gert hægara um vik að fá viðurkenningu á erlendri starfsmenntun og námi. Þá er mælst til þess að stjórnendur opinberra stofnana leitist við að starfsfólk, eftir því sem við á, fái fræðslu um mismunandi menningarheima og fjölmenningarsamfélagið og að markvisst verði unnið gegn hvers kyns fordómum í garð minnihlutahópa. Bent er á að í mörgum tilvikum getur það bætt þjónustu að ráðnir séu innflytjendur í störf og þannig aukið við þekkingu og hæfni starfsliðsins í heild til að skilja og mæta þörfum notenda í fjölbreyttara samfélagi.

Markmið:	**Mat og viðurkenning á erlendri starfsmenntun og námi verði einfaldað.**

7.1 Viðurkenning á erlendri starfsmenntun og námi á vegum menntamálaráðuneytis.

Ábyrgð:	Menntamálaráðuneyti.
Lýsing:	Mat og viðurkenning á erlendri starfsmenntun og námi verði einfaldað og upplýsingar þar um þýddar á fleiri tungumál og gerðar aðgengilegar á vef ráðuneytisins sem og á vef Fjölmenningarseturs (www.mcc.is).
Framkvæmd:	Símenntunardeild.
Samstarfsaðilar:	Iðan fræðslusetur og Fræðsluskrifstofa atvinnulífsins.
Tímabil:	Í vinnslu.
Kostnaðaráætlun:	1.000.000 kr.
Fjármögnun:	Innan ramma.
Afurð:	Einfaldað mats- og viðurkenningarferli ásamt upplýsingum á netinu.

Markmið:	**Mat og viðurkenning á erlendri starfsmenntun og námi verði einfaldað.**

7.2 Viðurkenning á erlendri starfsmenntun og námi heilbrigðisstétta.

Ábyrgð:	Heilbrigðisráðuneyti.
Lýsing:	Mat og viðurkenning á erlendri starfsmenntun og námi heilbrigðisstétta verði einfaldað og upplýsingar þar um þýddar á fleiri tungumál og gerðar aðgengilegar á vef ráðuneytisins sem og á vef Fjölmenningarseturs (www.mcc.is).

Framkvæmd: Heilbrigðisráðuneyti.
Samstarfsaðili: Fjölmenningarsetur.
Tímabil: Í vinnslu.
Kostnaðaráætlun: Innan ramma.
Fjármögnun: Innan ramma.
Afurð: Einfaldað mats- og viðurkenningarferli ásamt upplýsingum á netinu.

Markmið: **Heilbrigðisstarfsfólki bjóðist í námi sínu og símenntun að fræðast um ólíka menningarheima og trúartengd viðhorf og siði að því leyti sem það skiptir máli gagnvart innflytjendum sem nýta sér heilbrigðisþjónustuna, einkum þegar staðið er frammi fyrir atburðum eins og fæðingu, sjúkdómum, þjáningu og dauða.**

7.3 Nám og símenntun heilbrigðisstétta.
Ábyrgð: Heilbrigðisráðuneyti.
Lýsing: Bréf til allra menntastofnana sem koma að menntun heilbrigðisstétta til að brýna mikilvægi kennslu á þessu sviði.
Framkvæmd: Landlæknisembættið.
Samstarfsaðilar: Menntastofnanir heilbrigðisstétta.
Tímabil: Fyrri árshelmingur 2008.
Kostnaðaráætlun: Innan ramma.
Fjármögnun: Innan ramma.
Afurð: Bréf og fræðsla.

Markmið: **Tryggja að starfsmenn félagsþjónustunnar hafi þekkingu til að veita fólki af erlendum uppruna nauðsynlega þjónustu.**

7.4 Fræðsluátak fyrir starfsmenn félagsþjónustu sveitarfélaga.
Ábyrgð: Félags- og tryggingamálaráðuneyti.
Lýsing: Efnt verði til námskeiða fyrir starfsmenn sveitarfélaganna í kjölfar samþykktar nýrra laga um félagsþjónustu sveitarfélaga einkum með tilliti til fjölmenningarsamfélagsins.
Framkvæmd: Félags- og tryggingamálaráðuneyti.
Samstarfsaðilar: Samband íslenskra sveitarfélaga og félagsráðgjafarskor Háskóla Íslands.
Tímabil: 2009.
Árangur/mat: Hlutfall sveitarfélaga sem fá fræðslu.
Afurð: Námskeið um allt land.

Markmið: **Starfsfólk fái fræðslu um þjónustu í fjölmenningarsamfélagi.**

7.5 Fjölmenningarfræðsla starfsfólks Orkustofnunar.
Ábyrgð: Orkustofnun.
Lýsing: Námskeið um fjölmenningarleg samskipti.
Framkvæmd: Orkustofnun.
Samstarfsaðili: Alþjóðahús.
Tímabil: 2008–2009.

Kostnaðaráætlun: Innan ramma.
Fjármögnun: Innan ramma.
Árangur/mat: Hlutfall starfsmanna sem sækir námskeið.
Afurð: Námskeið.

7.6 Fjölmenningarfræðsla starfsfólks Íbúðalánasjóðs.
Ábyrgð: Íbúðalánasjóður.
Lýsing: Námskeið um fjölmenningarleg samskipti.
Framkvæmd: Íbúðalánasjóður.
Samstarfsaðili: Alþjóðahús.
Tímabil: 2008–2009.
Kostnaðaráætlun: 500.000 kr.
Fjármögnun: Innan ramma.
Árangur/mat: Hlutfall starfsmanna sem fengið hafa fræðslu.
Afurð: Námskeið.

Markmið: Að auka innsýn lögreglu í málefni innflytjenda.

7.7 Fjölgun starfsmanna lögreglu með fjölmenningarbakgrunn.
Ábyrgð: Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.
Lýsing: Starfsmönnum verði fjölgað hjá lögregluembættum með bakgrunn og tungumálakunnáttu sem nýtist við meðferð mála sem snerta útlendinga.
Framkvæmd: Dóms- og kirkjumálaráðuneyti og ríkislögreglustjóri.
Samstarfsaðili: Lögregluskóli ríkisins.
Tímabil: 2008–2009.
Kostnaðaráætlun: Óverulegur kostnaður.
Fjármögnun: Innan ramma.
Afurð: Fjölbreyttari bakgrunnur starfsliðs lögregluembætta.

Markmið: Að auka þekkingu innan lögreglunnar á málefnum útlendinga.

7.8 Námskeið í Lögregluskóla ríkisins um málefni útlendinga.
Ábyrgð: Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.
Lýsing: Haldin verði í Lögregluskóla ríkisins sérstök námskeið sem miði að því að auka sérþekkingu innan lögreglunnar á málefnum útlendinga.
Framkvæmd: Lögregluskóli ríkisins.
Tímabil: Haust 2008.
Kostnaðaráætlun: Innan ramma.
Fjármögnun: Innan ramma lögregluskólans.
Árangur/mat: Hlutfall lögreglumanna sem fá fræðslu.
Afurð: Fjölmenningarnámskeið Lögregluskóla ríkisins.

8. Atvinnumál og atvinnuþátttaka.

Helstu verkefni ríkisins á næstu árum á sviði atvinnumála útlendinga og innflytjenda beinast að samræmingu á skráningum, einföldun á veitingu atvinnuleyfa og auknu eftirliti með því að leyfi séu í gildi; að fræðslu og virku eftirliti með því að gildandi lög og kjarasamning-

ar séu virtir; að því að fræðsla og eftirlit á sviði vinnuverndar nái til starfsmanna af erlendum uppruna og að því að innflytjendur hafi jafnan aðgang að vinnumarkaðsaðgerðum verði staðbundins eða tímabundins atvinnuleysis vart. Vinnumálastofnun skal sérstaklega huga að úrræðum til að styrkja stöðu ungs fólks af erlendum uppruna á vinnumarkaði. Loks eru fyrirhuguð námskeið á vegum Impru sem miða að því að virkja frumkvöðla meðal innflytjenda til að stofna eigin atvinnurekstur.

Markmið: **Útlendingar á innlendum vinnumarkaði njóti sömu kjara og réttinda og aðrir.**

8.1 Bætt eftirlit með vinnustöðum.

Ábyrgð: Vinnumálastofnun.
Lýsing: Samstarf stjórnvalda og aðila vinnumarkaðar um eftirlit með að gildandi lög og kjarasamningar séu virt og dvalar- og atvinnuleyfi í gildi í kjölfar samþykktar frumvarpa um útlendinga og atvinnuréttindi útlendinga.
Framkvæmd: Vinnumálastofnun.
Samstarfsaðilar: Verkalýðsfélög, Alþýðusamband Íslands, Samtök atvinnulífsins, félags- og tryggingamálaráðuneyti og lögreglan.
Tímabil: Viðvarandi verkefni.
Kostnaðaráætlun: 5–6.000.000 kr.
Fjármögnun: Innan ramma.
Afurð: Bætt eftirlit.

8.2 Fræðsla til atvinnurekenda.

Ábyrgð: Vinnumálastofnun.
Lýsing: Fræðsla og upplýsingamiðlun á netinu til atvinnurekenda um lög og reglur er gilda um ráðningu erlendra starfsmanna, hvort sem er á grundvelli laga um atvinnuréttindi útlendinga, samnings um Evrópska efnahagssvæðið og stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og samnings milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar.
Framkvæmd: Vinnumálastofnun.
Samstarfsaðilar: Skattyfirvöld, Vinnueftirlit ríkisins, lögregla, Þjóðskrá og Tryggingastofnun ríkisins.
Tímabil: Viðvarandi verkefni.
Kostnaðaráætlun: Vinna starfsmanna.
Fjármögnun: Innan ramma.
Afurð: Upplýsingaefni til atvinnurekenda á heimasíðu Vinnumálastofnunar og í dreifibréfum.

Markmið: **Útlendingar á innlendum vinnumarkaði njóti sömu vinnuverndar og aðrir starfsmenn.**

8.3 Hert eftirlit með aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi í þeim starfsgreinum þar sem fjöldi erlendra starfsmanna er mikill.

Ábyrgð: Vinnueftirlit ríkisins.

Lýsing: Vinnueftirlit ríkisins herði eftirlit í starfsgreinum og á vinnustöðum þar sem erlendir starfsmenn eru fjölmennir, svo sem í bygginga- og mannvirkjagerð, fiskvinnslu, hjá verslunum, á veitingastöðum, í umönnunarstörfum og víðar í samræmi við lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, og auki upplýsingaflæði milli stofnunarinnar og Vinnumálastofnunar um vinnustaði þar sem vinnuaðstæður eru ófullnægjandi.
Framkvæmd: Þróunar- og eftirlitsdeild og umdæmi Vinnueftirlits ríkisins.
Samstarfsaðilar: Vinnumálastofnun.
Tímabil: Viðvarandi verkefni.
Kostnaðaráætlun: Innan ramma.
Fjármögnun: Innan ramma.
Árangur/mat: Fækkun slysa.
Afurð: Hert eftirlit.

Markmið: Upplýsingar, fræðsla og þjálfun á sviði vinnuverndar nái til erlendra starfsmanna.

8.4 Útgáfa og miðlun upplýsinga.
Ábyrgð: Vinnueftirlit ríkisins.
Lýsing: Útgáfa á fræðsluefni á íslensku fyrir atvinnurekendur og fyrir erlenda starfsmenn þeirra sem starfa í ólíkum starfsgreinum á nokkrum helstu tungumálum innflytjenda, bæði í formi bæklinga og upplýsingaefnis á heimasíðu Vinnueftirlitsins.
Framkvæmd: Fræðsludeild Vinnueftirlits ríkisins.
Samstarfsaðilar: Atvinnurekendur.
Tímabil: 2008.
Kostnaðaráætlun: Innan ramma.
Fjármögnun: Innan ramma.
Afurð: Bæklingar og upplýsingar á vef.

8.5 Námskeið fyrir erlenda starfsmenn.
Ábyrgð: Vinnueftirlit ríkisins.
Lýsing: Námskeiðsgögn verði útbúin og boðið upp á námskeið í vinnuverndar- og öryggismálum á nokkrum helstu tungumálum erlendra starfsmanna á innlendum vinnumarkaði.
Framkvæmd: Fræðsludeild Vinnueftirlits ríkisins.
Samstarfsaðili: Félags- og tryggingamálaráðuneyti.
Tímabil: 2008–2010.
Kostnaðaráætlun: Innan ramma.
Fjármögnun: Innan ramma.
Afurð: Námskeið og námskeiðsgögn.

Markmið: **Innflytjendur hafi jafnan aðgang á við aðra á vinnumarkaði að vinnumarkaðsaðgerðum með það að markmiði að þeir séu áfram virkir þátttakendur á vinnumarkaði.**

8.6 Aðgengi að vinnumarkaðsaðgerðum.

Ábyrgð: Vinnumálastofnun.
Lýsing: Stuðlað skal áfram að aðgengi útlendinga sem hafa leyfi til að dveljast og starfa hér á landi að vinnumarkaðsaðgerðum missi þeir störf sín þar sem áhersla verður á einstaklingsmiðaða þjónustu og virka þátttöku einstaklingsins. Sérstaklega verði gætt að stöðu innflytjenda sem missa starf við fiskvinnslu.
Framkvæmd: Vinnumálastofnun.
Samstarfsaðilar: Vinnumarkaðsráð, sveitarfélög og verkalýðsfélög.
Tímabil: Viðvarandi verkefni.
Kostnaðaráætlun: Innan ramma.
Fjármögnun: Innan ramma.
Árangur/mat: Atvinnuleysi innflytjenda verði hlutfallslega ekki meira en annarra.

Markmið: **Ungir innflytjendur eigi kost á heildstæðri ráðgjöf og stuðningi til sjálfseflingar í námi og starfi.**

8.7 Áætlun um stuðning við innflytjendur á unglingsaldri.

Ábyrgð: Vinnumálastofnun.
Lýsing: Mótuð verði áætlun um stuðning við innflytjendur á unglingsaldri til að auðvelda þeim að stunda nám við hæfi eða auka möguleika sína á vinnumarkaði á grundvelli tillagna frá verkefninu Framtíð í nýju landi.
Framkvæmd: Vinnumálastofnun.
Samstarfsaðilar: Menntamálaráðuneyti og Fjölsmiðjan.
Tímabil: 2008–2009.
Kostnaðaráætlun: Innan ramma.
Fjármögnun: Innan ramma.
Árangur/mat: Árangur verði metinn að loknum tveimur árum eftir að úrræðum hefur verið komið á fót.
Afurð: Stuðningsúrræði.

Markmið: Að virkja frumkvöðla meðal innflytjenda.

8.8 Námskeið um stofnun fyrirtækja og framkvæmd viðskiptahugmyndar.

Ábyrgð: Nýsköpunarmiðstöð Íslands.
Lýsing: Námskeiðin Sóknarbraut og Vaxtarsprotar, auk námskeiðsins Brautargengis sem ætlað er konum, verði aðlöguð þörfum innflytjenda í þeim tilgangi að veita þeim aðgang að námskeiðum ætluðum frumkvöðlum í að þróa og hrinda viðskiptaáætlunum í framkvæmd.
Framkvæmd: Impra.
Samstarfsaðilar: Alþjóðahús, Fjölmenningarsetur og ýmsir sérfræðingar í viðskiptalífi.
Tímabil: Fyrsta námskeiðið verði tilbúið haustið 2008, síðan haldið eftir þörfum.

Kostnaðaráætlun: 4.000.000 kr.
Fjármögnun: Impra, styrkir og hófleg námskeiðsgjöld.
Árangur/mat: Fjöldi námskeiða og þátttakenda.
Afurð: Viðskiptaáætlanir nemenda.

9. Skattamál.

Innan fjármálaráðuneytis og embættis ríkisskattstjóra verði áfram unnið að því að einfalda skattskil útlendinga, bæði með því að bæta upplýsingagjöf og auðvelda þeim að skila rafrænum framtölum. Útgáfa skattkorta verði betur samræmd gildistíma dvalar- og atvinnuleyfa, svo sem með því að gefa út sérstök skattkort til þeirra er koma til tímabundinna starfa hingað til lands. Þá verði verkferlar við uppgjör skatta á brottflutningsári gerðir einfaldari og skjótvirkari þannig að útlendingar geti gert upp skattgreiðslur sínar að fullu áður en þeir flytjast af landi brott.

Markmið: Gildistími skattkorta og dvalar- og atvinnuleyfa útlendinga verði samræmdur.

9.1 Samræming á gildistíma skattkorta og dvalar- og atvinnuleyfa.
Ábyrgð: Fjármálaráðuneyti.
Lýsing: Samræming á gildistíma skattkorta og dvalar- og atvinnuleyfa og útgáfa tímabundinna skattkorta vegna ríkisborgara utan Evrópska efnahagssvæðisins, sbr. áfangaskýrslu vinnuhóps í febrúar 2008.
Framkvæmd: Fjármálaráðuneyti.
Samstarfsaðilar: Ríkisskattstjóri, félags- og tryggingamálaráðuneyti, Vinnumálastofnun og Útlendingastofnun.
Tímabil: Í vinnslu.
Kostnaðaráætlun: Innan ramma.
Fjármögnun: Innan ramma.
Afurð: Samræmdir gildistímar.

Markmið: Að auðvelda útlendingum að skila skattframtali á netinu og gera skattskil erlendra ríkisborgara eins markviss og einföld og mögulegt er.

9.2 Framtalslaus skattskil útlendinga.
Ábyrgð: Ríkisskattstjóri.
Lýsing: Gera skattskil erlendra ríkisborgara eins markviss og einföld og mögulegt er.
Framkvæmd: Ríkisskattstjóri.
Samstarfsaðilar: Stofnanir sem annast málefni útlendinga svo og samtök launagreiðenda.
Tímabil: Stefnt að framtalslausum skilum 2009.
Kostnaðaráætlun: Innan ramma.
Fjármögnun: Innan ramma.
Árangur/mat: Einfaldari og réttari skil.
Afurð: Réttari skattlagning og ánægðari skattgreiðendur.

Markmið: **Að ganga að fullu frá skattlagningu á brottfararári og þannig einfalda framkvæmd við álagningu gjalda og innheimtu.**

9.3 Uppgjör útlendinga á brottflutningsári.
Ábyrgð: Ríkisskattstjóri.
Lýsing: Gera útlendingum kleift að ganga frá sínum skattamálum að fullu áður en þeir fara af landi brott.
Framkvæmd: Ríkisskattstjóri.
Samstarfsaðilar: Skattstjórar og ríkisbókhald.
Tímabil: 2008.
Kostnaðaráætlun: Innan ramma.
Fjármögnun: Innan ramma.
Árangur/mat: Bætt þjónusta við þá sem flytja af landinu og mun betri og réttari skattskil. Færri áætlanir við álagningu.
Afurð: Réttari skattlagning, auðveldari framtalsvinnsla og ánægðari gjaldendur.

Markmið: **Að fylgja eftir réttri skráningu og að tryggt sé að einungis þeir sem hafa dvalarleyfi fái skattkort.**

9.4 Sérstök skattkort fyrir útlendinga sem koma til tímabundinna starfa.
Ábyrgð: Ríkisskattstjóri.
Lýsing: Skattkortaútgáfa endurskoðuð með það fyrir augum að samræma gildistíma þeirra og atvinnuleyfa.
Framkvæmd: Ríkisskattstjóri.
Samstarfsaðilar: Útlendingastofnun og Vinnumálastofnun.
Tímabil: 2008.
Kostnaðaráætlun: Innan ramma.
Fjármögnun: Innan ramma.
Árangur/mat: Virkara eftirlit.
Afurð: Betri yfirsýn og réttari skráning.

Markmið: **Að allir eigi greiðan aðgang að nauðsynlegum upplýsingum og gögnum til að geta sinnt sínum skattskilum.**

9.5 Þýðing upplýsinga og gagna um skattamál.
Ábyrgð: Ríkisskattstjóri.
Lýsing: Þýðing skattframtala, helstu eyðublaða, leiðbeininga og bæklinga með upplýsingum um skattlagningu á Íslandi á þau tungumál sem fjölmennustu hópar innflytjenda skilja.
Framkvæmd: Ríkisskattstjóri.
Samstarfsaðili: Alþjóðahús.
Tímabil: 2008.
Kostnaðaráætlun: Innan ramma.
Fjármögnun: Innan ramma.
Árangur/mat: Betri upplýsingagjöf.

Afurð: Bætt þjónusta við þá sem ekki hafa íslensku að móðurmáli, bæði þá sem hafa sest hér að og þá sem starfa hér tímabundið.

Markmið: **Að gera erlendum ríkisborgurum auðvelt að nálgast upplýsingar um skattaleg málefni á vefnum á sínu móðurmáli.**

9.6 Upplýsingavefur um skattamál.

Ábyrgð: Ríkisskattstjóri.
Lýsing: Hönnun og þróun vefs þar sem aðgengilegar eru upplýsingar á erlendum tungumálum.
Framkvæmd: Ríkisskattstjóri.
Samstarfsaðili: Fjölmenningarsetur.
Tímabil: Stöðug þróun og uppfærsla.
Kostnaðaráætlun: Innan ramma.
Fjármögnun: Innan ramma.
Árangur/mat: Betri upplýsingagjöf.
Afurð: Bætt þjónusta við þá sem ekki hafa íslensku að móðurmáli, bæði þá sem hafa sest hér að og þá sem starfa hér tímabundið á vefnum www.rsk.is/international

10. Menntamál.

Á skólakerfinu, þ.e. leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum, hvílir þung skylda á sviði menntunar og aðlögunar innflytjenda, en einnig hvað varðar undirbúning allrar æsku landsins undir líf og starf í fjölbreyttara samfélagi þar sem hæfni til að setja málefni í alþjóðlegt samhengi getur skipt sköpum um þróun efnahagslífsins og stöðu Íslands til framtíðar á alþjóðavettvangi. Í því felast dýrmæt tækifæri að efla unga innflytjendur til að verða öflugir fulltrúar Íslands í gegnum trausta þekkingu á gildum hins íslenska lýðræðissamfélags auk jafnhliða þekkingar á öðrum samfélögum, tungu þeirra og menningu.

Verkefni menntakerfisins eru fyrst og fremst að styðja við samfélagsfræðslu, veita tækifæri til íslenskunáms, auðvelda nám í öðrum kennslugreinum, útvega viðeigandi námsgögn, vinna að aðlögun og fordómafræðslu og mennta kennara til að mæta fjölbreyttari þörfum nemendanna.

Þá hvílir á menntamálayfirvöldum sú skylda að efla rannsóknir, auðvelda miðlun þekkingar, veita fjármagn og með öðrum hætti styðja menntastofnanir til að sinna þessu hlutverki. Menntamálaráðherra hefur lagt fram frumvörp um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla fyrir Alþingi sem taka mið að þessum skyldum menntakerfisins.

Í framkvæmdaáætluninni er lagður grunnur að öflugri upplýsingamiðlun og bættu samstarfi skóla og foreldra af erlendum uppruna. Nokkur þeirra stefnumála sem voru sett fram í stefnu ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda og varða menntamál hafa þegar komið til framkvæmda, svo sem endurútgáfa aðalnámskrár í íslensku sem öðru tungumáli fyrir grunnskóla. Þá er horft til þess að við endurskoðun á lögum um málefni bókasafna verði litið til þess hlutverks sem bókasöfn geta gegnt við upplýsingamiðlun til innflytjenda og stuðning við nám í móðurmáli.

Markmið: **Aðlögun nemenda að íslensku skólakerfi verði þeim þægileg og auðveld.**

10.1 Áætlun um innritun og móttöku barna af erlendum uppruna í leik-, grunn- og framhaldsskólum.

Ábyrgð: Menntamálaráðuneyti.
Lýsing: Sérhver skóli geri áætlun um innritun og móttöku barna af erlendum uppruna sem taki mið af bakgrunni þeirra og færni í íslensku og móðurmáli, og eftir atvikum öðrum tungumálum, í þeim tilgangi að auðvelda nám, þátttöku og aðlögun að skólasamfélaginu. Starfsáætlanir leikskóla fjalli meðal annars um móttökuáætlun fyrir börn sem hafa annað móðurmál en íslensku. Grunnskólar taki á móti þessum nemendum samkvæmt móttökuáætlun skóla eða sveitarfélags. Ákvæði þessu lútandi verði í skólasamningum framhaldsskóla.
Framkvæmd: Námskrárdeild og skóladeild menntamálaráðuneytis.
Samstarfsaðilar: Samband íslenskra sveitarfélaga og framhaldsskólar.
Tímabil: Viðvarandi.
Kostnaðaráætlun: Innan ramma.
Fjármögnun: Af fjárveitingum.
Árangur/mat: Hlutfall skóla með móttökuáætlanir.
Afurð: Móttökuáætlanir.

Markmið: **Nemendur í grunn- og framhaldsskólum njóti réttar til náms í íslensku sem öðru tungumáli.**

10.2 Kennsla í íslensku sem öðru tungumáli í grunn- og framhaldsskólum.

Ábyrgð: Menntamálaráðuneyti.
Lýsing: Í nýju frumvarpi til laga um leikskóla er ítrekað að nú þegar fái börn kennslu í íslensku á forsendum þess skólastigs og á grundvelli einstaklingsmiðaðs náms. Enn skýrar er kveðið á um að grunnskólanemendur af erlendum uppruna eigi rétt á kennslu í íslensku sem öðru tungumáli skv. 16. gr. frumvarps til laga um grunnskóla. Framhaldsskólanemendur hafa sama rétt skv. 35. gr. frumvarps til laga um framhaldsskóla. Í reglugerð verði kveðið nánar á um rétt framhaldsskólanemenda til kennslu í íslensku svo og um tilhögun og mat á náminu.
Framkvæmd: Menntamálaráðuneyti.
Samstarfsaðilar: Grunn- og framhaldsskólar.
Tímabil: Viðvarandi verkefni.
Kostnaðaráætlun: Kostnaður metinn að samþykktum frumvörpum.
Fjármögnun: Kostnaðarskipting ríkis og sveitarfélaga metin að samþykktum frumvörpum.
Afurð: Ákvæði í grunn- og framhaldsskólalögum.

10.3 Endurskoðun aðalnámskrár í íslensku sem öðru tungumáli (ÍSA) fyrir framhaldsskóla.

Ábyrgð: Menntamálaráðuneyti.

Lýsing: Gefin verður út aðalnámskrá í íslensku sem öðru tungumáli fyrir framhaldsskóla.
Framkvæmd: Námskrárdeild.
Tímabil: Drög liggja fyrir.
Afurð: Aðalnámskrár í ÍSA.

Markmið: Nemendur njóti réttar síns til náms í íslensku sem öðru tungumáli í leik-, grunn- og framhaldsskólum (ÍSA: Íslenska sem annað mál).

10.4 Þróun og útgáfa námsgagna.
Ábyrgð: Menntamálaráðuneyti.
Lýsing: Stuðningur við þróun og útgáfu námsgagna til kennslu í íslensku sem öðru tungumáli í leik-, grunn- og framhaldsskólum.
Framkvæmd: Skóladeild menntamálaráðuneytis og þróunarsjóður námsgagna.
Samstarfsaðilar: Námsgagnastofnun.
Tímabil: Viðvarandi verkefni.
Kostnaðaráætlun: Innan ramma.
Fjármögnun: Af ramma og þróunarsjóðsstyrkir.
Árangur/mat: Fjöldi námsgagna fyrir viðeigandi skólastig.
Afurð: Námsgögn í ÍSA.

Markmið: Efla rafræna útgáfu orðabóka fyrir ýmis tungumál.

10.5 Útgáfa Lexin orðabókar/myndaorðabókar.
Ábyrgð: Menntamálaráðuneyti.
Lýsing: Íslensk útgáfa Lexin orðabóka/myndaorðabóka sem einkum er ætluð fólki með litla íslenskukunnáttu, börnum og ungmennum og þeim sem eru nýfluttir til landsins. Fyrsti áfangi felur í sér á annað þúsund myndir og 5.000 orð og annar áfangi 10.000 orð til viðbótar.
Framkvæmd: Verkefnastjóri í innflytjendamálum.
Samstarfsaðilar: Vinnuhópur menntamálaráðuneytis og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
Tímabil: Fyrsti áfangi 2008, annar áfangi 2010.
Kostnaðaráætlun: Innan ramma.
Fjármögnun: Innan ramma.
Afurð: Myndaorðabók á níu tungumálum.

Markmið: Styrkja stöðu nemenda með annað móðurmál en íslensku í framhaldsskólum.

10.6 Úttekt á stöðu innflytjenda í framhaldsskólum.
Ábyrgð: Menntamálaráðuneyti.
Lýsing: Úttekt á stöðu framhaldsskólanemenda með annað móðurmál en íslensku og mótun tillagna til úrbóta af nefnd sem verði falið verkefnið.
Framkvæmd: Skóladeild menntamálaráðuneytis.
Samstarfsaðilar: Skólameistarar framhaldsskóla.

Tímabil: Starfslok nefndar óákveðin.
Afurð: Miðlun upplýsinga og tillögur um úrbætur.

10.7 Fjárveiting til framhaldsskóla vegna nemenda með annað móðurmál en íslensku.
Ábyrgð: Menntamálaráðuneyti.
Lýsing: Menntamálaráðuneyti eyrnamerki árlega sérstaka fjárveitingu fyrir nemendur í framhaldsskólum með annað móðurmál en íslensku.
Framkvæmd: Skóladeild.
Tímabil: Viðvarandi verkefni.
Kostnaðaráætlun: 19.000.000 kr. á fjárlögum 2007.
Fjármögnun: Fjárlög.
Árangur/mat: Hlutfall framhaldsskóla sem nýta tilboðið.
Afurð: Styrkir til skóla.

10.8 Þýðingar á upplýsingum um framhaldsskólastigið.
Ábyrgð: Menntamálaráðuneyti.
Lýsing: Bæklingurinn Nám að loknum grunnskóla verði þýddur á átta helstu tungumál innflytjenda.
Framkvæmd: Verkefnastjóri í innflytjendamálum.
Samstarfsaðilar: Framhaldsskólar.
Tímabil: 2008.
Kostnaðaráætlun: 2.000.000 kr.
Árangur/mat: Bæklingar liggja fyrir í drögum.
Afurð: Upplýsingar um framhaldsskólastigið á átta erlendum tungumálum.

10.9 Þýðingar á upplýsingum um innritunarferli á framhaldsskólastigi.
Ábyrgð: Menntamálaráðuneyti.
Lýsing: Innritunarvefur framhaldsskóla verði þýddur á nokkur helstu tungumál innflytjenda.
Framkvæmd: Verkefnastjóri í innflytjendamálum.
Samstarfsaðilar: Framhaldsskólar.
Kostnaðaráætlun: 500.000 kr.
Afurð: Upplýsingar um innritunarferli í framhaldsskóla á nokkrum tungumálum.

Markmið: Nemendur fái eftir því sem kostur er tækifæri til að viðhalda móðurmáli sínu.

10.10 Viðurkenning móðurmáls í grunn- og framhaldsskólum ef annað en íslenska.
Ábyrgð: Menntamálaráðuneyti.
Lýsing: Grunnskólum sé heimilt að viðurkenna kunnáttu í móðurmáli nemenda með annað móðurmál en íslensku sem hluta af skyldunámi í stað skyldunáms í erlendu tungumáli. Móðurmál framhaldsskólanema af erlendum uppruna verði viðurkennt og metið til eininga. Móðurmáli verði viðhaldið í fjarnámi eða með öðrum hætti eftir því sem kostur er.
Framkvæmd: Námskrárdeild.
Tímabil: Vor 2008.

Markmið: **Stutt verði við verkefni bókasafna um bókakost á erlendum málum.**

10.11 Bækur á móðurmáli.
Ábyrgð: Menntamálaráðuneyti.
Lýsing: Fylgst verði með og stutt við verkefni bókasafna um söfnun bókakosts á erlendum tungumálum og miðlun bóka í millisafnalánum sem meðal annars geti nýst nemendum við að viðhalda móðurmáli.
Framkvæmd: Menntamálaráðuneyti.
Samstarfsaðilar: Félag forstöðumanna bókasafna, sveitarfélög og bókasöfn.
Tímabil: Viðvarandi.
Kostnaðaráætlun: Innan ramma.
Fjármögnun: Innan ramma.
Árangur/mat: Fjöldi bóka og útlán á einstökum tungumálum.
Afurð: Bókakostur á erlendum málum.

Markmið: **Foreldrum og forráðamönnum af erlendum uppruna verði auðvelduð þátttaka í skólastarfi.**

10.12 Aukin tengsl skóla við heimili barna af erlendum uppruna.
Ábyrgð: Menntamálaráðuneyti.
Lýsing: Skólayfirvöld og kennarar leggi áherslu á að styrkja tengsl við heimili barna af erlendum uppruna, svo sem með því að hvetja foreldra til að mæta á fundi er varða börn þeirra og í foreldraviðtöl. Stöðluð bréf og skilaboð milli skóla og heimila verði þýdd á móðurmál sem flestra foreldra sem ekki tala íslensku.
Framkvæmd: Skóladeild menntamálaráðuneytis.
Samstarfsaðilar: Grunnskólar og Fjölmenningarsetur.
Tímabil: Í vinnslu.
Kostnaðaráætlun: Innan ramma.
Fjármögnun: Innan ramma.
Árangur/mat: Hlutfall foreldra barna af erlendum uppruna sem mæta í foreldraviðtöl.
Afurð: Stöðluð bréf.

Markmið: **Framboð verði aukið af vel menntuðum kennurum sem hafa lært að kenna íslensku sem annað tungumál.**

10.13 Skilgreining á kröfum til kennara í íslensku sem annað tungumál.
Ábyrgð: Menntamálaráðuneyti.
Lýsing: Lágmarkskröfur sem gera þarf til kennara sem kenna íslensku sem annað tungumál verði skilgreindar.
Framkvæmd: Skrifstofa vísindamála og háskóla menntamálaráðuneytis.
Samstarfsaðili: Kennaraháskóli Íslands.
Tímabil: 2008.
Kostnaðaráætlun: Innan ramma.
Fjármögnun: Innan ramma.
Afurð: Skilgreindar kröfur til ÍSA-kennara.

10.14 Þjálfun í kennslu ÍSA í kennaranámi.
Ábyrgð: Menntamálaráðuneyti.
Lýsing: Inn í almennt kennaranám komi þjálfun kennaranema í kennslu íslensku sem annars tungumáls auk þess sem átak verði gert í námskeiðshaldi í kennslu ÍSA fyrir starfandi kennara.
Framkvæmd: Menntamálaráðuneyti.
Samstarfsaðilar: Kennaraháskóli Íslands, Endurmenntun Háskóla Íslands, Háskólinn á Akureyri og Háskólinn í Reykjavík.
Tímabil: Viðvarandi verkefni.
Kostnaðaráætlun: Innan ramma.
Fjármögnun: Innan ramma.
Afurð: Sérþjálfaðir ÍSA-kennarar.

11. Heilbrigðisþjónusta.

Innflytjendur eiga að hafa sama aðgang að heilbrigðisþjónustu og aðrir landsmenn. Til að þeir geti nýtt sér hana er brýnt að upplýsingar um heilbrigðiskerfið og sjúkratryggingar séu aðgengilegar á helstu tungumálum sem innflytjendur tala. Auk þess getur reynst nauðsynlegt að tryggja aðgang þeirra að upplýsingum um einstaka sjúkdóma og meðferðir. Lög um réttindi sjúklinga veita þeim sem ekki skilja íslensku lögvarðan rétt til túlkaþjónustu, en huga þarf að því að efla menntun túlka sem sérhæfa sig í túlkun innan heilbrigðiskerfisins og koma upp fagorðabönkum þeim til stuðnings.

Þá er brýnt að tryggja að innflytjendur nýti sér mæðraskoðun og ungbarnavernd, að forvarnastarf nái til þeirra og að brugðist verði hratt og vel við sértækum heilsufarsvandamálum sem upp kunna að koma. Heilbrigðisstarfsfólk verði frætt um mismunandi menningarheima sem skipt geta máli fyrir meðhöndlun fólks af ólíkum uppruna. Þá skiptir máli að skráningar séu bættar til að unnt sé að fylgjast með því til framtíðar hvort sérstök vandamál tengd heilsu bitni frekar á innflytjendum en öðrum hópum.

Markmið: **Innflytjendur hafi jafnan aðgang að fullnægjandi heilbrigðisþjónustu á við aðra landsmenn í samræmi við lög um heilbrigðisþjónustu, lög um sjúkratryggingar og lög um réttindi sjúklinga.**

11.1 Umburðarbréf til stjórnenda heilbrigðisstofnana.
Ábyrgð: Heilbrigðisráðuneyti.
Lýsing: Umburðarbréf verði sent til stjórnenda stofnana heilbrigðisráðuneytisins til að árétta að stjórnendur þeirra fylgist með því að öll starfsemi stofnunar sé í samræmi við markmið um jafnan aðgang og fullnægjandi heilbrigðisþjónustu.
Framkvæmd: Landlæknisembættið.
Tímabil: 2008.
Kostnaðaráætlun: Innan ramma.
Fjármögnun: Innan ramma.
Afurð: Umburðarbréf.

11.2 Endurskoðun skráninga í heilbrigðiskerfi.
Ábyrgð: Heilbrigðisráðuneyti.

Lýsing: Mótuð verði stefna og gefnar út leiðbeiningar um skráningar í heilbrigðiskerfinu þannig að þær endurspegli starfsemi heilbrigðisþjónustunnar, heilsuvanda skjólstæðinga og úrlausnir þegar um þjónustu við innflytjendur er að ræða.
Framkvæmd: Landlæknisembættið.
Samstarfsaðili: Fjölmenningarsetur.
Tímabil: 2008–2010.
Kostnaðaráætlun: Innan ramma.
Fjármögnun: Innan ramma.
Afurð: Leiðbeiningar og verklagsreglur.

11.3 Áætlun um mæðraskoðun og ungbarnaeftirlit.
Ábyrgð: Heilbrigðisráðuneyti.
Lýsing: Mótuð verði sérstök áætlun á heilsugæslustöðvum um mæðraskoðun og ungbarnaeftirlit sem taki mið af þörfum foreldra af erlendum uppruna.
Samstarfsaðilar: Heilsugæslustöðvar, Miðstöð mæðraverndar og Miðstöð heilsuverndar barna.
Tímabil: 2008.
Kostnaðaráætlun: Innan ramma.
Fjármögnun: Innan ramma.
Árangur/mat: Hlutfall mæðra og ungbarna af erlendum uppruna sem njóta fullrar þjónustu.
Afurð: Áætlun um mæðraskoðun og ungbarnaeftirlit.

11.4 Upplýsingar fyrir alla.
Ábyrgð: Heilbrigðisráðuneyti.
Lýsing: Eyðublöð, leiðbeiningar og fræðsluefni verði þýdd á helstu móðurtungur innflytjenda, gefin út á prentuðu formi og birt á netinu eftir þörfum, sem og gefnar út orðskýringar á helstu hugtökum í heilbrigðisþjónustu.
Framkvæmd: Landlæknisembættið.
Samstarfsaðili: Fjölmenningarsetur.
Tímabil: 2008–2010.
Kostnaðaráætlun: Innan ramma.
Fjármögnun: Innan ramma.
Afurð: Upplýsingar í bæklingum og á vef.

Markmið: Upplýsingar um sjúkratryggingar og skipulag og uppbyggingu heilbrigðisþjónustu verði aðgengilegar innflytjendum.

11.5 Útgáfa upplýsingaefnis.
Ábyrgð: Heilbrigðisráðuneyti.
Lýsing: Gefinn verði út bæklingur á nokkrum helstu móðurmálum innflytjenda hérlendis með hagnýtum upplýsingum um heilbrigðisþjónustu, sjúkratryggingar, réttindi sjúklinga og leiðbeiningum um viðbrögð þegar neyðarþjónustu er þörf.
Framkvæmd: Heilbrigðisráðuneyti.

Samstarfsaðilar: Tryggingastofnun ríkisins og landlæknisembættið.
Tímabil: 2008.
Kostnaðaráætlun: Innan ramma.
Fjármögnun: Innan ramma.
Afurð: Bæklingur.

11.6 Upplýsingamiðlun heilbrigðisstofnana.
Ábyrgð: Heilbrigðisráðuneyti.
Lýsing: Umburðarbréf til heilbrigðisstofnana um að þær vinni grunnupplýsingar um þjónustu sína og birti á nokkrum móðurtungum innflytjenda hérlendis, meðal annars á eigin vef og á vef Fjölmenningarseturs (www.mcc.is).
Framkvæmd: Landlæknisembættið.
Tímabil: Fyrri hluti árs 2008.
Kostnaðaráætlun: Innan ramma.
Fjármögnun: Innan ramma.
Árangur/mat: Hlutfall heilbrigðisstofnana með fullnægjandi upplýsingar á vef.
Afurð: Upplýsingar á vef.

Markmið: Hugað sé að sértækum heilsufarsvandamálum innflytjenda með það að markmiði að bæta heilsufar þeirra.

11.7 Heilbrigðisskoðanir innflytjenda.
Ábyrgð: Heilbrigðisráðuneyti.
Lýsing: Við endurskoðun á reglugerð um læknisskoðanir á innflytjendum verði skilgreindar áherslur í heilbrigðisskoðunum útlendinga við komu þeirra til landsins vegna útgáfu dvalarleyfa, ábyrgð á framkvæmd þeirra og meðferð á þeim vandamálum er greinast kunna.
Framkvæmd: Sóttvarnalæknir hjá landlæknisembætti.
Tímabil: 2008–2009.
Kostnaðaráætlun: Innan ramma.
Fjármögnun: Innan ramma.
Afurð: Reglugerð.

Markmið: Forvarnastarf á sviði heilsu nái til innflytjenda.

11.8 Forvarnir fyrir alla.
Ábyrgð: Heilbrigðisráðuneyti.
Lýsing: Upplýsingaefni um tiltekna áhættuþætti fyrir heill og heilbrigði verði gert aðgengilegt á helstu móðurtungum innflytjenda hérlendis og unnið markvisst að fræðslu til innflytjenda um forvarnir og heilsueflingu, svo sem á vinnustöðum og í skólum.
Framkvæmd: Lýðheilsustöð.
Samstarfsaðilar: Félagasamtök, skólar o.fl.
Tímabil: Viðvarandi verkefni.
Kostnaðaráætlun: Innan ramma.
Fjármögnun: Innan ramma.

Afurð: Upplýsingaefni og fræðsla.

12. Félagsþjónusta.

Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, kveða á um umfangsmikla þjónustu við íbúa sveitarfélaganna. Markmið laganna er að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi og stuðla að velferð íbúa á grundvelli samhjálpar og skal það gert með því að tryggja lífskjör þeirra sem standa höllum fæti, veita aðstoð til þess að íbúar búi sem lengst í heimahúsum og grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir félagsleg vandamál. Mikilvægt er að lögin endurspegli þann veruleika sem birtist í fjölgun innflytjenda á Íslandi og er hér lagt til að farið verði yfir lögin í þeim tilgangi.

Markmið: **Sveitarstjórnir tryggi að innflytjendur hafi sama aðgang að félagsþjónustu og aðrir íbúar sveitarfélagsins.**

12.1 Félagsþjónusta fyrir alla.

Ábyrgð: Félags- og tryggingamálaráðuneyti.
Lýsing: Efnt verði til sérstaks samráðs milli félags- og tryggingamálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga með það í huga að tryggja að börn og fjölskyldur innflytjenda hafi greiðan aðgang að félagsþjónustu. Meðal annars verði meginatriði laga um félagsþjónustu sveitarfélaga þýdd á þau tungumál sem flestir innflytjendur skilja.
Framkvæmd: Félags- og tryggingamálaráðuneyti.
Samstarfsaðilar: Samband íslenskra sveitarfélaga og Fjölmenningarsetur.
Tímabil: 2008–2009.
Kostnaðaráætlun: 500.000 kr.
Afurð: Upplýsingar og þýðingar á efni um félagsþjónustu sveitarfélaga.

12.2 Endurskoðun laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Ábyrgð: Félags- og tryggingamálaráðuneyti.
Lýsing: Hugað verði sérstaklega að þörfum innflytjenda, bæði barna og fullorðinna, við endurskoðun laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, meðal annars á túlkun í viðtölum vegna félagslegrar ráðgjafar og aðstoðar við erlenda ríkisborgara í neyð.
Framkvæmd: Félags- og tryggingamálaráðuneyti.
Samstarfsaðili: Samband íslenskra sveitarfélaga.
Tímabil: 2009.
Kostnaðaráætlun: Innan ramma.
Fjármögnun: Innan ramma.
Afurð: Frumvarp.

13. Málefni fatlaðra.

Innflytjendur eiga að njóta sömu þjónustu og aðrir landsmenn vegna hvers konar fötlunar. Verkefni viðeigandi stofnana á þessu sviði snúa fyrst og fremst að fræðslu til innflytjendasamfélagsins um þá þjónustu og úrræði sem í boði eru, en einnig að starfsmönnum í málaflokknum svo að tryggt verði að menningarmunur, tungumálaerfiðleikar eða aðrir þættir hindri ekki greiningu, þjónustu eða upplýsingamiðlun. Í þessu samhengi er mikilvægt að

meðferðaraðilar séu upplýstir um mismunandi menningarheima og að stutt verði við menntun og bjargir túlka á þessu sérhæfða sviði.

Markmið: **Að kynna fólki af erlendum uppruna þjónustu sem fólki með fötlun stendur til boða og upplýsa um réttindi þeirra.**

13.1 Aðgengilegar upplýsingar um réttindi.

Ábyrgð: Félags- og tryggingamálaráðuneyti.
Lýsing: Að á svæðisskrifstofum séu aðgengilegar upplýsingar á a.m.k. fimm erlendum tungumálum um þá opinberu þjónustu sem stendur til boða.
Framkvæmd: Félags- og tryggingamálaráðuneyti.
Samstarfsaðilar: Svæðisskrifstofur málefna fatlaðra, þjónustuaðilar sem hafa yfirtekið þjónustu við fatlaða samkvæmt samningi, Fjölmenningarsetur o.fl.
Tímabil: Maí 2008 – janúar 2009.
Kostnaðaráætlun: 500.000 kr.
Fjármögnun: Innan ramma.
Árangur/mat: Allir þeir sem skráðir eru erlendir að uppruna hafi fengið upplýsingabæklingum um réttindi í febrúar 2009.
Afurð: Upplýsingabæklingur.

Markmið: **Að innflytjendum með fötlun sé boðið upp á sérstaka fræðslu um helstu þætti velferðarþjónustunnar sem sé sérsniðin að þörfum innflytjenda.**

13.2 Sérstakt fræðsluefni fyrir hópa og einstaklinga.

Ábyrgð: Félags- og tryggingamálaráðuneyti.
Lýsing: Búið verði til sérstakt fræðsluefni sem hægt sé að nota á fræðslufundum þar sem sérstaklega verði farið í ýmsa þætti þjónustu velferðarkerfisins.
Framkvæmd: Svæðisskrifstofur málefna fatlaðra.
Samstarfsaðilar: Þjónustuaðilar sem hafa yfirtekið þjónustu við fatlaða samkvæmt samningi, Fjölmenningarsetur, þeir sem bjóða upp á túlkaþjónustu o.fl.
Tímabil: Janúar 2009 – desember 2009.
Kostnaðaráætlun: 500.000 kr.
Fjármögnun: Innan ramma.
Árangur/mat: Að minnst 100 einstaklingar notfæri sér þjónustuna.
Afurð: Tíu námskeið.

Markmið: **Að hvers konar efni og upplýsingar um fatlanir séu aðgengilegar og boðið sé upp á gagnvirkt samband.**

13.3 Gagnvirkt vefumhverfi á þremur tungumálum.

Ábyrgð: Félags- og tryggingamálaráðuneyti.
Lýsing: Vefumhverfi þar sem þeir sem búa við fötlun geta lagt fram spurningar og fengið svör á þremur tungumálum.
Framkvæmd: Félags- og tryggingamálaráðuneyti.

Samstarfsaðilar: Svæðisskrifstofur og aðrir þjónustuaðilar sem veita fólki með fötlun þjónustu og Fjölmenningarsetur.
Tímabil: 1. janúar – 1. mars 2009.
Kostnaðaráætlun: 500.000 kr.
Árangur/mat: Að 80% þeirra sem búa við fötlun og þurfa sértæka þjónustu geti nýtt sér þessa þjónustu.
Afurð: Vefumhverfi í tengslum við vef ráðuneytis og Island.is (www.island.is).

Markmið: Að auka tengsl fullorðinna fatlaðra og foreldra fatlaðra við hagsmunasamtök fatlaðra.

13.4 Samstarfsverkefni um tengsl við hagsmunasamtök fatlaðra.
Ábyrgð: Félags- og tryggingamálaráðuneyti.
Lýsing: Samstarfsverkefni sem miðar að því að þjónustuaðilar veki sérstaka athygli á starfsemi hagsmunasamtaka fatlaðra og hafi milligöngu um tengsl fullorðinna fatlaðra og foreldra fatlaðra við hagsmunasamtökin.
Framkvæmd: Félags- og tryggingamálaráðuneyti.
Samstarfsaðilar: Hagsmunasamtök fatlaðra, svæðisskrifstofur, Tryggingastofnun ríkisins, aðrir þjónustuaðilar sem veita fólki með fötlun þjónustu og Fjölmenningarsetur.
Tímabil: 1. janúar – 1. maí 2009.
Kostnaðaráætlun: Innan ramma.
Fjármögnun: Framlag starfsmanna.
Árangur/mat: Að helmingur þeirra sem leita þjónustu svæðisskrifstofa tengist hagsmunasamtökum.
Afurð: Skilgreint verklag og samstarfsvettvangur.

Markmið: Upplýsingar um málefni fatlaðra, þjónustu við fötluð börn og umönnunargreiðslur verði aðgengilegar innflytjendum.

13.5 Upplýsingamiðlun til innflytjenda.
Ábyrgð: Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.
Lýsing: Vefsvæði Greiningar- og ráðgjafarstöðvar verði eflt með tilliti til þarfa innflytjenda þannig að helstu upplýsingar um málefni fatlaðra, lagaumhverfi, þjónustu við fötluð börn, umönnunargreiðslur o.fl. verði þýddar á algengustu tungumál innflytjenda og birtar á vef stofnunarinnar. Á vefsíðum Fjölmenningarseturs (www.mcc.is) og Island.is (www.island.is) verði settir inn tenglar á síðu Greiningarstöðvarinnar. Settir verði inn tenglar um fatlanir á algengustu tungumál innflytjenda frá stofnunum í öðrum löndum.
Framkvæmd: Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.
Tímabil: Haustmisseri 2008.
Kostnaðaráætlun: 300.000 kr.
Fjármögnun: Innan ramma.

Árangur/mat: Verkefnið er á lokastigi og upplýsingar verða til prentaðar og á vefsvæði Greiningarstöðvarinnar innan tíðar á serbnesku, rússnesku, pólsku, spænsku, ensku, filippseysku og taílensku.
Afurð: Endurskoðað vefsvæði og skriflegar upplýsingar á helstu tungumálum innflytjenda.

13.6 Áætlun um þýðingar á greiningarskýrslum.
Ábyrgð: Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.
Lýsing: Gerð verði áætlun um þýðingar á greiningarskýrslum sem eru afhentar foreldrum í lok greiningar.
Framkvæmd: Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.
Tímabil: 2009.
Kostnaðaráætlun: Innan ramma.
Fjármögnun: Innan ramma.
Afurð: Áætlun um þýðingar.

13.7 Fagorðabanki.
Ábyrgð: Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.
Lýsing: Komið verði upp gagnabanka með fagorðum og útskýringum á þeim á algengustu tungumálum innflytjenda til að auðvelda túlkun og skilning innflytjenda á margvíslegum tegundum fatlana og einkennum þeirra.
Framkvæmd: Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.
Samstarfsaðili: Fjölmenningarsetur og Íslensk málstöð.
Tímabil: 2008–2010.
Kostnaðaráætlun: Innan ramma.
Fjármögnun: Innan ramma.
Afurð: Fagorðabanki.

14. Barnavernd.

Nauðsynlegt er að barnaverndaryfirvöld haldi árvekni sinni og fylgist með hvort þörf sé á sértækum verkefnum eða aðgerðum til að tryggja að börn innflytjenda njóti þeirrar verndar og stuðnings sem íslensk löggjöf tryggir börnum óháð uppruna. Í því samhengi er mikilvægt að barnaverndaryfirvöld haldi skrár sem þjóna þessum tilgangi og að þau tryggi að nauðsynlegar upplýsingar berist foreldrum er njóta stuðnings stofnana sem starfa á málasviðinu. Barnaverndarstofa mun styðja barnaverndarnefndir sveitarfélaga til að auðvelda þeim að sinna hlutverki sínu.

Markmið: Börn af erlendum uppruna njóti þeirrar verndar sem íslensk löggjöf á sviði barnaverndarmála kveður á um.

14.1 Leiðarljós fyrir barnaverndarnefndir sveitarfélaga.
Ábyrgð: Barnaverndarstofa.
Lýsing: Útbúin verði leiðarljós fyrir barnaverndarnefndir til að auðvelda þeim að uppfylla lagaskyldu um að gera framkvæmdaáætlun í barnaverndarmálum sem feli í sér markmið sem stuðla að bættum hag barna af erlendum uppruna.

Framkvæmd: Barnaverndarstofa.
Samstarfsaðilar: Barnaverndarnefndir sveitarfélaga.
Tímabil: 2008.
Kostnaðaráætlun: Vinnuframlag starfsmanna.
Fjármögnun: Innan ramma.
Árangur/mat: Helmingur áætlana endurspegli málefni barna af erlendum uppruna.
Afurð: Leiðarljós fyrir barnaverndarnefndir.

Markmið: Fylgst verði með heill barna af erlendum uppruna til að leggja megi grunn að mögulegum aðgerðum á sviði barnaverndar reynist tilefni til.

14.2 Skráning barnaverndarmála vegna barna af erlendum uppruna.
Ábyrgð: Barnaverndarstofa.
Lýsing: Í tölfræðivinnslu verði börn af erlendum uppruna sérgreind og samtölublöð innihaldi upplýsingar um fjölda barna af erlendum uppruna til meðferðar hjá barnaverndarnefndum og þannig fengin yfirsýn yfir hvort þau endurspegli þýðið hvað fjölda og eðli mála áhræri.
Framkvæmd: Barnaverndarstofa.
Samstarfsaðilar: Barnaverndarnefndir.
Tímabil: 2008.
Kostnaðaráætlun: Vinnuframlag starfsmanna.
Fjármögnun: Innan ramma.
Árangur/mat: 80% nefnda skili viðunandi skráningu.
Afurð: Yfirlit yfir fjölda og eðli mála þar sem börn af erlendum uppruna eiga í hlut.

14.3 Upplýsingar til foreldra barna af erlendum uppruna.
Ábyrgð: Barnaverndarstofa.
Lýsing: Upplýsingaefni sem foreldrar fá við komu barna á meðferðarheimili verði þýtt á móðurmál þeirra.
Framkvæmd: Barnaverndarstofa.
Samstarfsaðilar: Meðferðarheimili.
Tímabil: 2008.
Kostnaðaráætlun: 500.000 kr.
Fjármögnun: Innan ramma.
Árangur/mat: Allir foreldrar sem hafa ekki tök á íslensku máli fái upplýsingar á móðurmáli sínu.
Afurð: Bæklingar og túlkun.

Markmið: Stofnanir sem starfa undir Barnaverndarstofu setji sér markmið og verklagsreglur um meðferð barna af erlendum uppruna sem meðal annars verði kynnt í ársskýrslu Barnaverndarstofu 2009.

14.4 Tilmæli og leiðbeiningar til meðferðarheimila vegna barna af erlendum uppruna.
Ábyrgð: Barnaverndarstofa.

Lýsing: Barnaverndarstofa leiðbeini meðferðarheimilum um markmiðssetningu og verklag vegna barna af erlendum uppruna, sem meðal annars nái til fræðslu gegn kynþáttafordómum innan heimilanna og gerðar meðferðar- og útskriftaráætlana.
Framkvæmd: Barnaverndarstofa.
Samstarfsaðilar: Meðferðarheimili.
Tímabil: Verklag liggi fyrir 1. janúar 2009.
Kostnaðaráætlun: Vinnuframlag starfsmanna.
Fjármögnun: Innan ramma.
Árangur/mat: Öll meðferðarheimili setji sér markmið og verklagsreglur.
Afurð: Markmiðssetning og verklagsreglur.

15. Íslenskunám fyrir fullorðna.

Íslenskukennslu fyrir fullorðna hefur fleygt fram á undanförnum árum, einkum eftir að menntamálaráðuneytið ákvað árið 2007 að verja 190.000.000 kr. til að styrkja fræðsluaðila og fyrirtæki til að halda íslenskunámskeið og til námsefnis- og námskrárgerðar um íslenskukennslu fyrir fullorðna. Sú námskrá liggur nú fyrir og byggist hún á viðmiðunarramma Evrópuráðsins fyrir erlend tungumál. Styrkveitingarnar hafa einnig stuðlað að því að íslenskunámskeið eru þátttakendum nú ódýrari. Áfram verði veittar ámóta fjárhæðir í þessu skyni.

Mikilvægustu verkefnin framundan snerta gerð gæðaviðmiðana og námsefnis, auk þess sem styrkveitingum til námskeiðahalds verði fram haldið. Við styrkveitingar verði horft til þess að efla starfstengt íslenskunám og að íslenskukennslan nái einnig til þeirra sem ekki eru á vinnumarkaði. Sérstaklega verði leitast við að ná til þeirra sem hafa litla sem enga formlega menntun.

Markmið: Fullorðnir innflytjendur á vinnumarkaði og utan hans eigi kost á góðri íslenskukennslu.

15.1 Styrkir til íslenskukennslu.
Ábyrgð: Menntamálaráðuneyti.
Lýsing: Veittir verði styrkir til fræðsluaðila og fyrirtækja sem uppfylla þau formskilyrði sem menntamálaráðuneytið setur vegna íslenskukennslu fyrir innflytjendur, sbr. minnisblað menntamálaráðherra til ríkisstjórnarinnar haustið 2007.
Framkvæmd: Verkefnisstjórn um íslenskukennslu fyrir útlendinga.
Tímabil: Viðvarandi verkefni.
Kostnaðaráætlun: Innan fjárveitingar.
Fjármögnun: Innan ramma.
Árangur/mat: Fjöldi styrktra námskeiða/fjöldi nemenda.
Afurð: Styrkt námskeið.

Markmið: Tryggja framboð á námsefni sem hæfir markmiðum fyrirliggjandi námskrár.

15.2 Styrkir vegna námsefnis til íslenskukennslu ætlað innflytjendum.
Ábyrgð: Menntamálaráðuneyti.

Lýsing: Hvatt verði sérstaklega til námsefnisgerðar í samræmi við námskrá og mælistikur um gæði námsefnis og námsefnisgerð styrkt meðal annars gegnum þróunarsjóð framhaldsskóla og fullorðinsfræðslu og Sprotasjóð samkvæmt fyrirliggjandi frumvarpi um framhaldsskóla.
Framkvæmd: Verkefnisstjórn um íslenskukennslu fyrir útlendinga.
Samstarfsaðilar: Námsefnishöfundar.
Tímabil: Viðvarandi verkefni.
Kostnaðaráætlun: 25.000.000 kr. árið 2008.
Fjármögnun: Innan ramma.
Árangur/mat: Að til sé námsefni sem hæfi mismunandi getu nemenda.
Afurð: Styrkt námsefni.

Markmið: Fylgst verði með gæðum íslenskukennslu.

15.3 Mat á gæðum íslenskunámskeiða fyrir útlendinga.
Ábyrgð: Menntamálaráðuneyti.
Lýsing: Samin verða gæðaviðmið um íslenskukennslu fyrir útlendinga.
Framkvæmd: Verkefnisstjórn um íslenskukennslu fyrir útlendinga.
Samstarfsaðili: Mats- og greiningarsvið menntamálaráðuneytis.
Tímabil: Lokið árið 2008.
Kostnaðaráætlun: Innan ramma.
Fjármögnun: Innan ramma.
Afurð: Gæðaviðmið vegna íslenskukennslu.

Markmið: Að starfsfólk af erlendum uppruna í fiskvinnslu eigi kost á vönduðu starfstengdu íslenskunámi.

15.4 Starfstengt íslenskunámskeið fyrir fiskvinnslufólk.
Ábyrgð: Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti.
Lýsing: Þróun og framkvæmd á starfstengdu námskeiði í íslensku fyrir fiskvinnslufólk.
Framkvæmd: Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti.
Samstarfsaðilar: Starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar og Fjölmenningarsetur.
Tímabil: 2008.
Kostnaðaráætlun: 3.500.000 kr.
Fjármögnun: Innan ramma.
Árangur/mat: Árangursmat í námskeiðslok.
Afurð: Námskeið í starfstengdri íslensku.

Markmið: Gera innflytjendum mögulegt óháð búsetu að auka lesfærni sína, íslenskukunnáttu og færni við upplýsingaöflun.

15.5 Lesfærni og íslenskunám innflytjenda.
Ábyrgð: Menntamálaráðuneyti og félags- og tryggingamálaráðuneyti.
Lýsing: Þróunarverkefni þar sem unnið verði að því með aðstoð upplýsingatækni að innflytjendur sem ekki kunna latneskt letur og hafa litla formlega

menntun frá sínu heimalandi eigi þess kost að læra að lesa og boðið sé upp á íslenskunám við hæfi óháð búsetu.
Framkvæmd: Fjölmenningarsetur.
Samstarfsaðilar: Háskóli Íslands, Háskólasetur Vestfjarða, aðilar í fullorðinsfræðslu og frjáls félagasamtök.
Tímabil: 2008–2010.
Kostnaðaráætlun: Til nánari útfærslu.
Fjármögnun: Opinber framlög og styrkir.
Afurð: Opinn kennsluvefur, samskiptanet og aukin fagleg þekking á kennslu til þeirra einstaklinga sem hafa litla formlega menntun og eru að flytja til Íslands erlendis frá.

16. Gegn fordómum og mismunun.

Það er órjúfanlegur þáttur í lýðræðissamfélaginu að íbúar allir þekki rétt sinn og skyldur og hafi um leið möguleika til að taka þátt í og hafa áhrif á mótun samfélagsins. Til þess þarf að þekkja grunngildi samfélagsins, innviði þess og starfshætti lýðræðislegra stofnana. Virðing fyrir skoðunum annarra og tjáningarfrelsið haldast hönd í hönd.

Stjórnvöld vilja taka höndum saman við atvinnulífið, menntakerfið, frjáls félagasamtök og samfélagið allt við að berjast gegn hvers konar fordómum gegn minnihlutahópum, hvort sem þeir fordómar byggjast á uppruna, litarhætti eða öðrum þáttum. Fordómar byggjast á vanþekkingu og staðalmyndum og blandist þeir við tortryggni eða ótta getur skapast hætta á að vegið verði að mannréttindum og heill innflytjenda, í raun að grunngildum hins upplýsta lýðræðis- og velferðarsamfélags sem Ísland er. Þess vegna er mikilvægt að reglulega verði gerðar kannanir á viðhorfum almennings til innflytjenda og brugðist við með fordómafræðslu ef tilefni er til.

Á grundvelli stjórnarsáttmálans hyggst félags- og tryggingamálaráðuneytið efna til átaks gegn fordómum og leitast við að ná breiðri samstöðu við félagasamtök, fjölmiðla, atvinnulíf og innflytjendur um mótun þess og framkvæmd. Í því samhengi er mikilvægt að nýta þá sérþekkingu sem myndast hefur á vettvangi aðila eins og Rauða kross Íslands og Alþjóðahúss og margra fleiri sem hafa sérhæft sig í starfi að málefnum innflytjenda.

Markmið: Stjórnvöld, atvinnulífið og samfélagið allt taki höndum saman um að berjast gegn fordómum gagnvart minnihlutahópum.

16.1 Átak gegn fordómum.
Ábyrgð: Félags- og tryggingamálaráðuneyti.
Lýsing: Ráðuneytið hafi forgöngu um átak gegn fordómum í samvinnu við sem breiðastan hóp félagasamtaka, fjölmiðla, stofnana og innflytjenda sjálfra.
Framkvæmd: Innflytjendaráð.
Samstarfsaðilar: Ýmis mannréttindasamtök, Fjölmenningarsetur o.fl.
Tímabil: 2008–2009.
Kostnaðaráætlun: 10.000.000 kr.
Árangur/mat: Að minnst helmingur svarenda í Þjóðarpúlsi Gallup þekki til átaksins.
Afurð: Átak gegn fordómum.

Markmið: **Til sé aðgengilegt fræðsluefni sem nýtist í baráttu gegn fordómum á hverjum tíma.**

16.2 Fræðsla gegn fordómum.

Ábyrgð: Félags- og tryggingamálaráðuneyti.
Lýsing: Ráðuneytið láti gera námskeiðspakka á íslensku um ástæður fordóma, umburðarlyndi og menningarlæsi sem boðinn verði skólum, félagasamtökum og vinnustöðum til afnota.
Framkvæmd: Innflytjendaráð.
Samstarfsaðilar: Ýmis mannréttindasamtök og stofnanir.
Tímabil: 2008.
Kostnaðaráætlun: 300.000 kr.
Afurð: Fræðsluefni fyrir námskeið gegn fordómum.

16.3 Samfélagsfræðsla til innflytjenda.

Ábyrgð: Félags- og tryggingamálaráðuneyti.
Lýsing: Gerður verði námskeiðspakki á nokkrum tungumálum um íslenskt samfélag og grunngildi þess, helstu alþjóðlega samninga um mannréttindi og fleira sem boðinn verði fræðsluaðilum til afnota og settur á heimasíðu ráðuneytisins.
Framkvæmd: Innflytjendaráð.
Samstarfsaðilar: Menntamálaráðuneyti og Fjölmenningarsetur.
Tímabil: Haust 2008.
Kostnaðaráætlun: 2.000.000 kr.
Afurð: Námskeiðspakki.

Markmið: **Innflytjendur á Íslandi fái fræðslu um jafnrétti kynja, svo sem um lagaleg réttindi.**

16.4 Fræðsla um jafnréttismál.

Ábyrgð: Jafnréttisstofa.
Lýsing: Útbúið verði fræðsluefni á nokkrum algengustu tungumálum innflytjenda um jafnréttismál á Íslandi, svo sem lagaleg réttindi með bæði karla og konur sem markhópa.
Framkvæmd: Jafnréttisstofa.
Samstarfsaðilar: Alþjóðahús og félags- og tryggingamálaráðuneyti.
Tímabil: 2008.
Kostnaðaráætlun: 300.000 kr.
Fjármögnun: Innan ramma.
Afurð: Bæklingar og glærupakkar.

837. Frumvarp til laga [536. mál]

um breytingu á stjórnsýslulögum, nr. 37/1993 (stjórnsýsluviðurlög).

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

Á eftir IX. kafla laganna kemur nýr kafli, X. kafli, **Stjórnsýsluviðurlög,** með fimm nýjum greinum, 41.–45. gr., svohljóðandi:

a. (41. gr.)

Gildissvið ákvæða X. kafla.

Ákvæði þessa kafla gilda um stjórnsýsluviðurlög. Til stjórnsýsluviðurlaga teljast stjórnvaldssektir, álag, upptaka ólögmæts ávinnings, svipting réttinda, afturköllun leyfis sem viðurlög í tilefni af lögbroti og aðrar eðlisskyldar ákvarðanir.

b. (42. gr.)

Þagnarréttur.

Í stjórnsýslumáli sem beinist að einstaklingi og lokið getur með álagningu stjórnsýsluviðurlaga skv. 2. mgr. eða kæru til lögreglu hefur maður, sem rökstuddur grunur leikur á að hafi gerst sekur um lögbrot, rétt til að neita að svara spurningum eða afhenda gögn eða muni nema hægt sé að útiloka að það geti haft þýðingu fyrir ákvörðun um brot hans. Stjórnvald skal leiðbeina hinum grunaða um þennan rétt.

Þau stjórnsýsluviðurlög sem 1. mgr. tekur til eru stjórnvaldssektir, álag, svipting réttinda og afturköllun leyfis sem viðurlög í tilefni af lögbroti.

c. (43. gr.)

Niðurfelling máls.

Stjórnvald getur fellt mál niður í stað þess að leggja á stjórnsýsluviðurlög þegar svo stendur á sem hér segir:

1. ef ómögulegt var að koma í veg fyrir brot,
2. ef brot er mjög smávægilegt,
3. ef sérstaklega stendur á og álagning stjórnsýsluviðurlaga þykir ekki brýn af almennum réttarvörsluástæðum.

d. (44. gr.)

Málsmeðferð þegar mál er kært til lögreglu.

Ákvæði IV.–VII. kafla gilda ekki um ákvarðanir stjórnvalda um að kæra mál til lögreglu.

e. (45. gr.)

Endurskoðunarvald dómstóla.

Dómstólar hafa vald til þess að endurskoða alla þætti stjórnvaldsákvörðunar um álagningu stjórnsýsluviðurlaga og þar sem efni standa til geta þeir fellt þau niður, hækkað eða lækkað, allt eftir dómkröfum aðila.

2. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

3. gr.
Breyting á öðrum lögum.

1. 143. gr. og 2. málsl. 3. mgr. 148. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfaviðskipti, falla brott.
2. 112. gr. og 2. málsl. 3. mgr. 112. gr. d laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum, falla brott.
3. 35. gr. og 2. málsl. 3. mgr. 39. gr. laga nr. 110/2007, um kauphallir, falla brott.
4. 34. gr. b og 2. málsl. 3. mgr. 34. gr. f laga nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa, með síðari breytingum, falla brott.
5. 70. gr. og 2. málsl. 3. mgr. 70. gr. d laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, með síðari breytingum, falla brott.
6. 99. gr. b og 2. málsl. 3. mgr. 99. gr. f laga nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi, með síðari breytingum, falla brott.
7. 62. gr. b og 2. málsl. 3. mgr. 62. gr. f laga nr. 32/2005, um miðlun vátrygginga, með síðari breytingum, falla brott.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Lagafrumvarp þetta er samið á grundvelli tillagna nefndar um viðurlög við efnahagsbrotum sem fram koma í skýrslu hennar frá 12. október 2006. Forsætisráðherra skipaði nefndina hinn 27. október 2004. Í nefndina voru skipuð Bogi Nilsson ríkissaksóknari, Jón H. B. Snorrason, þá saksóknari, og Ragna Árnadóttir, skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, samkvæmt tilnefningu dómsmálaráðherra, og Ásgeir Einarsson, yfirlögfræðingur hjá Samkeppniseftirlitinu, Jónína S. Lárusdóttir, skrifstofustjóri í viðskiptaráðuneytinu, og Páll Gunnar Pálsson, þá forstjóri Fjármálaeftirlitsins, samkvæmt tilnefningu viðskiptaráðherra. Í forföllum Jónínu tók Haraldur Örn Ólafsson lögfræðingur sæti hennar í nefndinni til 1. apríl 2005. Páll Gunnar Pálsson var skipaður forstjóri Samkeppniseftirlitsins hinn 1. júlí 2005 og tók Hlynur Jónsson, lögfræðingur hjá Fjármálaeftirlitinu, sæti hans. Páll Gunnar Pálsson starfaði áfram með nefndinni. Dr. juris Páll Hreinsson, lagaprófessor við Háskóla Íslands, var skipaður formaður nefndarinnar.

Í skipunarbréfi nefndarinnar var henni falið að fjalla um hlutverk eftirlitsaðila og verkaskiptingu þeirra á milli, þar á meðal skil á milli þeirra, sem heimilt er að beita stjórnvaldssektum og lögreglu og ákæruvalds. Markmið nefndarinnar skyldi vera að eyða óvissu um verkaskiptingu og stuðla að virkum rannsóknarúrræðum til að uppræta efnahagsbrot. Með tilliti til þess hversu flókið og umfangsmikið verkefni nefndarinnar var og hins vegar í ljósi þess að skipaðir voru fulltrúar Samkeppniseftirlits og Fjármálaeftirlits í nefndina var það niðurstaða nefndarinnar að leggja áherslu á rannsókn á hlutverkum þessara eftirlitsstofnana og verkaskiptingu þeirra gagnvart lögreglu og ákæruvaldi. Var af hálfu forsætisráðherra fallist á þessa efnisafmörkun á verkefnum nefndarinnar.

Tillögum nefndarinnar má í meginatriðum skipta í fernt. Snúa þær í fyrsta lagi almennt að stjórnsýsluviðurlögum og refsingum, í öðru lagi að viðurlögum við brotum á fjármálamarkaði, í þriðja lagi að viðurlögum við brotum á samkeppnislögum og loks að setningu

lagaákvæða til að tryggja réttaröryggi þeirra sem eru aðilar að stjórnsýslumálum sem lokið getur með álagningu stjórnsýsluviðurlaga eða kæru til lögreglu. Markmið frumvarps þessa er að lögfesta þær tillögur nefndarinnar sem lúta að réttaröryggi borgaranna. Skýrsla nefndarinnar er aðgengileg á vefsíðu forsætisráðuneytisins: http://www.forsaetisraduneyti.is/frettir/nr/2475.

II.

Svo að lög nái þeim tilgangi að hafa áhrif á athafnir borgaranna er almennt talið að fylgja verði eftir brotum á lögum með viðurlögum. Hin síðari ár hefur þeirri aðferð verið beitt að sérrefsilög enda oftast á lagagrein þar sem mælt er svo fyrir að brot á ákvæðum laganna varði *refsingu*. Afleiðingin af þessu er sú að nánast öll brot á lögunum, hversu smávægileg sem þau annars kunna að vera, eru gerð refsiverð. Varnaðaráhrif slíkra lagaákvæða eru harla lítil þar sem óframkvæmanlegt er að rannsaka og ákæra fyrir öll brot samkvæmt slíkum lagaákvæðum vegna fjölda þeirra og þess kostnaðar sem hlýst af rannsókn, ákæru svo og dómsmeðferð í slíkum málum, auk þess sem ákæra í tilefni af mörgum smávægilegum brotum teldist augljóslega óhóflega íþyngjandi valdbeiting. Talið hefur verið að það sé óskynsamlegt að lögfesta fangelsisvist sem möguleg viðurlög við nánast öllum brotum á fjölda laga þegar slíkri refsingu er í reynd sjaldan beitt nema vegna fárra og alvarlegra brota. Slíkir löggjafarhættir eru til þess fallnir að draga mjög úr almennum varnaðaráhrifum refsingar og þar með úr virðingu almennings fyrir lögum. Þá ber að hafa í huga að þar sem ákært er fyrir slík afbrot og refsing dæmd fyrir þau, er ekki alltaf sjálfgefið að slík viðurlög séu hófleg og sanngjörn eða veiti virkt aðhald með því að farið sé að lögum.

Af framangreindum ástæðum hefur verið gripið til þess að mæla fyrir um í lögum að stjórnsýsluviðurlögum skuli beitt í stað refsingar á sumum sviðum. Þannig eru dæmi um að stjórnsýsluviðurlög hafi verið lögfest sem viðurlög við brotum sem engin refsing var áður lögð við. Þá hafa stjórnsýsluviðurlög einnig verið lögfest við minni háttar brotum sem refsing er jafnframt lögð við að gildandi lögum. Er refsingum þá ekki beitt nema við alvarlegum brotum eða endurteknum. Það fellur þá almennt í hlut þess stjórnvalds, sem heimildir hefur til að leggja á stjórnsýsluviðurlög, að taka ákvörðun um hvort brot er svo ámælisvert að kæra beri það til lögreglu í stað þess að ljúka því með ákvörðun um stjórnsýsluviðurlög.

Málsmeðferð er almennt kostnaðarminni þegar stjórnvöld leggja á stjórnsýsluviðurlög heldur en þegar dómstólar dæma menn eða lögaðila í refsingu. Kostnaður hins brotlega, t.d. vegna aðstoðar lögmanna, er oftast einnig minni þegar um stjórnsýsluviðurlög er að ræða. Þá tekur almennt mun skemmri tíma að rannsaka og koma fram stjórnsýsluviðurlögum en refsingu. Ástæðan er m.a. sú að þegar um stjórnsýsluviðurlög er að ræða rannsakar sama stjórnvaldið almennt málið og ákveður stjórnsýsluviðurlögin. Þegar um refsingar er að ræða kemur stjórnvald, sem fer með eftirlit á umræddu sviði, oft fyrst að málinu og rannsakar það. Ef talið er að um refsiverða athöfn sé að ræða er málið kært til lögreglu sem rannsakar það á ný. Málið er síðan borið undir dómstóla af hálfu ákæruvaldsins ef það er talið líklegt til sakfellis. Þegar um refsingar er að ræða geta því þrjár til fjórar opinberar stofnanir komið að málinu.

Skilvirkni við afgreiðslu mála þar sem lög hafa verið brotin skiptir miklu, enda eru varnaðaráhrif viðurlaga mest þegar þeim er fram komið stuttu eftir lögbrot.

Þau stjórnvöld sem fara með eftirlit á ákveðnu sviði eru oft í lykilaðstöðu við að meta hvar þurfi að bregðast við á skilvirkan hátt til þess að halda uppi lögum og senda skilaboð hvar

lögbrot verða ekki liðin. Það er því oft talinn kostur að þau geti gefið skýr skilaboð, sem varnaðaráhrif hafa, og lagt stjórnvaldssektir á hina brotlegu í beinu framhaldi af lögbroti.

Þá verður ekki fram hjá því litið að mörg mál sem eftirlitsstofnanir fást við eru oft flókin og þarfnast sérþekkingar þeirra sem úr þeim leysa. Í sumum tilvikum hefur lögregla ekki á að skipa starfsmönnum með sérfræðiþekkingu á þeim málum sem til rannsóknar koma.

Framangreind sjónarmið hafa orðið til þess að ákvæðum í íslenskum lögum hefur fjölgað töluvert í seinni tíð þar sem stjórnvöldum er fengið vald til þess að leggja á borgarana stjórnsýsluviðurlög í tilefni af lögbrotum. Í skýrslu nefndar um viðurlög við efnahagsbrotum frá 12. október 2006 er varað við því að ganga of langt við lögfestingu slíkra lagaheimilda. Þar er bent á að þrjú skilyrði þurfi að vera uppfyllt svo slíkt komi til greina:

1. *Nauðsyn.* Í fyrsta lagi verður að leggja mat á það hverju sinni hvort nauðsyn beri til að viðurlög séu við broti á umræddri reglu. Gæta verður þess að fara ekki út í öfgar með lögfestingu stjórnsýsluviðurlaga. Í þessu sambandi verði t.d. að meta hvort þvingunarúrræði stjórnvalda geti komið í stað stjórnsýsluviðurlaga.
2. *Skilvirk, markviss og hófleg stjórnsýsluviðurlög.* Þau viðurlög sem lögfest eru verða að vera skilvirk, markviss og í eðlilegu samhengi við lögbrotið.
3. *Eftirlitsstofnun.* Til staðar verður að vera eftirlitsstofnun sem hefur eftirlit með framkvæmd hlutaðeigandi laga og hún verður að vera í stakk búin að valda því að fara með stjórnsýslumál þar sem lögð eru stjórnsýsluviðurlög við brotum á lögunum.

Jafnvel þótt þessi skilyrði séu uppfyllt er ekki sjálfgefið að fýsilegt sé í öllum tilvikum að lögfesta heimildir fyrir stjórnvöld til að leggja á stjórnsýsluviðurlög á borgarana í tilefni af lögbrotum þeirra. Réttaröryggi hins brotlega er almennt betur borgið þegar úr málum er leyst af dómstólum heldur en stjórnvöldum. Refsimál eru rannsökuð og til lykta leidd samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, og er þar meðal annars kveðið á um valdheimildir lögreglu, hlutverk ákæruvalds og réttarstöðu sakbornings, þar á meðal þagnarrétt.

III.

Eitt af helstu markmiðum frumvarpsins er að færa íslensk lög til samræmis við þær meginreglur sem verða leiddar af 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, og túlkun Mannréttindadómstóls Evrópu á ákvæðinu og tryggja réttindi manna sem sæta stjórnsýsluviðurlögum. Er hér einkum litið til tveggja atriða; annars vegar miða ákvæði frumvarpsins að því að tryggja rétt einstaklings til fella ekki á sig sök eða svokallaðan þagnarrétt við rannsókn máls á stjórnsýslustigi og hins vegar miða þau að því að tryggja rétt aðila að stjórnsýslumáli til aðgangs að dómstólum til þess að fá endurskoðaða ákvörðun stjórnvalds um álagningu stjórnsýsluviðurlaga.

Nefndin um viðurlög við efnahagsbrotum óskaði eftir álitsgerð frá Björgu Thorarensen prófessor og Ásgerði Ragnarsdóttur lögfræðingi um rétt manna til að fella ekki á sig sök á stjórnsýslustigi. Í álitsgerðinni var sérstaklega litið til framkvæmdar Mannréttindadómstóls Evrópu frá síðustu árum um túlkun 6. gr. mannréttindasáttmálans um réttláta málsmeðferð fyrir dómi. Þá ber að hafa í huga að ríkt tengsl eru á milli þess ákvæðis og 70. gr. stjórnarskrárinnar um réttláta málsmeðferð fyrir dómstólum, sbr. stjskl. nr. 97/1995, eins og staðfest var í dómi Hæstaréttar Íslands frá 16. mars 2007 í máli nr. 92/2007 varðandi refsimál gegn fyrirsvarsmönnum þriggja olíufélaga.

Það varð niðurstaða nefndarinnar að rétt væri að taka upp í stjórnsýslulög ákvæði sem tryggir rétt einstaklings í stjórnsýslumáli, sem lokið getur með álagningu tiltekinna stjórnsýsluviðurlaga, til þess að neita að svara spurningum eða afhenda gögn eða muni nema hægt

sé að útiloka að það geti hafi þýðingu fyrir ákvörðun um brot hans. Er því gerð tillaga um ákvæði þess efnis í b-lið 1. gr. frumvarpsins.

Nefndin um viðurlög við efnahagsbrotum lagði jafnframt til að tekið yrði upp ákvæði í stjórnsýslulög sem mælti skýrlega fyrir um heimild dómstóla til að dæma um fjárhæðir stjórnsýsluviðurlaga í samræmi kröfur aðila málsins. Er slíkt ákvæði ráðgert í e-lið 1. gr. frumvarpsins.

Hér á eftir verður fjallað um nokkur almenn sjónarmið sem liggja að baki hvorum þessara þátta frumvarpsins en nánari skýringar þeirra er að finna í athugasemdum við b- og e-lið 1. gr. þess.

1. Réttur til að fella ekki á sig sök.

Mannréttindadómstóll Evrópu hefur talið að það sé þáttur í réttlátri málsmeðferð skv. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu að þeim sem sakaður er um refsiverða háttsemi í skilningi þess ákvæðis sé óskylt að tjá sig eða láta í té upplýsingar sem leitt geta til sakfellingar hans. Enginn vafi leikur á því að réttur þessi er tryggður að íslenskum rétti gagnvart sakborningi í opinberu máli, sbr. 3. mgr. 32. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, sem mælir fyrir um að sakborningi sé óskylt að svara spurningum sem varða refsiverða hegðun sem honum er gefin að sök. Lög hafa hins vegar ekki mælt fyrir um rétt einstaklings í stjórnsýslumáli til þess að fella ekki á sig sök enda hefur verið skýrlega greint á milli þeirra málsmeðferðarreglna sem gilda um réttarstöðu aðila í stjórnsýslumálum annars vegar og sakborninga í opinberum málum hins vegar.

Mannréttindadómstóll Evrópu hefur hins vegar komist að þeirri niðurstöðu að 6. gr. geti við ákveðnar aðstæður verndað rétt manns til að fella ekki á sig sök í tengslum við meðferð stjórnsýslumála og álagningu stjórnsýsluviðurlaga, einkum stjórnvaldssekta. Eru mál þessi í megindráttum af tvenns konar toga. Annars vegar er um að ræða mál sem fjalla um lagalega skyldu manns til að veita upplýsingar í aðstöðu þar sem hann telst borinn *sök um refsivert brot* (e. criminal charge) skv. 1. mgr. 6. gr. sáttmálans í sjálfstæðri merkingu þess orðs, þótt það sé ekki skilgreint svo í landsrétti. Hins vegar er um að ræða mál þar sem manni hefur verið skylt að veita upplýsingar í stjórnsýslumáli án þess að fyrir liggi grunur á þeim tímapunkti um refsivert brot en upplýsingarnar hafa síðar verið notaðar sem sönnunargögn í refsimáli gegn honum. Verður nú nánar vikið að hvorum flokki þessara mála.

a. Um þagnarrétt einstaklings sem borinn er sök um refsivert brot.

Meðal fyrstu dóma um fyrrgreindu aðstöðuna og stefnumarkandi um túlkun 6. gr. hvað þetta varðar var dómur Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Funke gegn Frakklandi frá 25. febrúar 1993 (mál nr. 10828/84). Taldi Mannréttindadómstóllinn að aðgerðir tollyfirvalda til að þvinga kæranda til að afhenda gögn með upplýsingum að viðlögðum sektum fælu í sér skyldu hans til að láta í té sönnunargögn um refsivert brot sem hann var sakaður um. Með þessu hefði verið brotið gegn rétti hans til þess að neita að tjá sig um sakargiftir og þurfa ekki að játa á sig sök sem væri liður í réttlátri málsmeðferð og nyti verndar skv. 1. mgr. 6. gr. sáttmálans. Í dómi í máli J.B. gegn Sviss frá 3. maí 2001 (mál nr. 31827/96) taldi dómstóllinn að rannsókn skattyfirvalda gagnvart kæranda hefði í raun falið í sér að hann væri borinn sökum um refsiverða háttsemi í skilningi 1. mgr. 6. gr. sáttmálans, þótt hún væri ekki skilgreind sem rannsókn opinbers máls samkvæmt landslögum. Því bryti það gegn rétti kæranda til að fella ekki á sig sök að þvinga hann til að láta skattyfirvöldum í té tiltekin gögn.

Mannréttindadómstóllinn hefur þó hafnað því að skylda til að gefa skattyfirvöldum upplýsingar um eignir til þess að unnt sé að ákveða skattálagningu, án þess að grunur sé uppi um refsivert brot, og refsing við því að gefa rangar upplýsingar, brjóti gegn rétti manna til að fella ekki á sig sök, sbr. frávísunarákvörðun hans í máli Allen gegn Bretlandi frá 10. september 2002 (mál nr. 76574/01). Mannréttindadómstóllinn sló þar föstu að ákvæðið fæli ekki í sér almenna undanþágu frá skyldu manna til að veita stjórnvöldum upplýsingar. Þá var vísað til þess að í máli kæranda hefði ekki verið til staðar grunur um refsivert brot sem stjórnvöld hefðu ætlað að knýja fram upplýsingar um og að upplýsingarnar hefðu ekki verið notaðar sem sönnunargögn í refsimáli gegn kærandanum.

Við mat á því hvort maður telst í raun borinn sökum um refsiverða háttsemi lítur Mannréttindadómstóllinn einkum til þriggja atriða sem lúta að viðurlögunum, en sjónarmið um þetta komu fyrst fram í dómi hans í máli Engel o.fl. gegn Hollandi frá 8. júní 1976 (mál nr. 5100/71). Í fyrsta lagi tekur hann mið af því hvort háttsemin er skilgreind sem refsiverð samkvæmt landslögum eða hvort um ræðir viðurlög innan stjórnsýslunnar, t.d. stjórnvaldssektir, en það eitt ræður þó ekki úrslitum. Í öðru lagi er litið til þess hvert sé gildissvið þeirra reglna sem brotið er gegn, hvort þær bindi aðeins afmarkaðan hóp manna með sameiginleg einkenni eins og á t.d. við um agareglur eða hafi almennt gildi með svipuðum áhrifum og refsireglur. Loks er í þriðja lagið litið til þess hvert sé eðli, markmið og umfang þeirra viðurlaga sem liggja við brotinu og hversu þungbær þau eru.

Þótt nokkur framkvæmd hafi mótast í úrlausnum Mannréttindadómstóls og Mannréttindanefndar Evrópu um réttinn til að fella ekki á sig sök í málum sem skilgreind eru sem stjórnsýslumál í aðildarríkjunum hefur dómstóllinn hefur verið varkár í að alhæfa um vernd 6. gr. að þessu leyti. Er tilhneiging dómstólsins að binda rök nokkuð við atvik máls hverju sinni, svo örðugt er að leiða af þeim almennar reglur. Þannig hefur dómstóllinn ekki staðfest afdráttarlaust að rétturinn til að fella ekki á sig sök skv. 1. mgr. 6. gr. taki einnig til lögaðila þótt ýmsir aðrir þættir í vernd ákvæðisins nái til þeirra. Í því sambandi má benda á að réttur fyrirtækis til aðgangs að dómstólum til að fá endurskoðaða ákvörðun um stjórnsýsluviðurlög nýtur verndar 1. mgr. 6. gr. og virðist ekki minni en réttur einstaklinga um það efni, sbr. skýrslu Mannréttindanefndar Evrópu frá 31. maí 1991 í máli Société Stenuit gegn Frakklandi (mál nr. 11598/85).

Í málum fyrir Evrópudómstólnum hafa komið til úrlausnar álitaefni tengd skyldu fyrirtækja til að afhenda gögn og hvort fyrirtæki njóta að einhverju leyti þagnarréttar skv. 6. gr. mannréttindasáttmálans við rannsókn framkvæmdastjórnar EB á meintum brotum gegn samkeppnisreglum Evrópuréttarins. Stefnumarkandi um þetta var dómur Evrópudómstólsins í máli Orkem gegn framkvæmdastjórninni frá 18. október 1989 (mál nr. 374/87). Með honum var lagður grunnur að þeirri túlkun á 6. gr. mannréttindasáttmálans í EB-rétti að rétturinn til að fella ekki á sig sök taki almennt til einstaklinga við meðferð samkeppnismála en ekki til fyrirtækja. Við rannsókn samkeppnisbrota er fyrirtækjum því skylt að veita framkvæmdastjórninni þær upplýsingar og gögn sem hún krefst að viðlögðum sektum, án tillits til réttarins til að fella ekki á sig sök, með þeirri undantekningu þó, að ekki má þvinga fyrirtæki til að veita svör við spurningum sem fela í sér beina viðurkenningu á samkeppnisbroti.

Þegar litið er til ákvæða íslenskra laga sem mæla fyrir um stjórnsýsluviðurlög má finna ýmis tilvik sem ætla verður víst að falli undir hugtakið *sök um refsivert brot* skv. 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmálans í ljósi dómaframkvæmdar Mannréttindadómstólsins. Þar má einkum nefna stjórnvaldssektir sem Samkeppniseftirlitið hefur heimild til að leggja á fyrirtæki eða samtök fyrirtækja samkvæmt ákvæðum samkeppnislaga, nr. 44/2005, og einnig stjórn-

valdssektir sem Fjármálaeftirlitið getur lagt á bæði einstaklinga og lögaðila samkvæmt ákvæðum ýmissa laga um starfsemi á fjármálamarkaði. Varð það niðurstaða nefndarinnar um viðurlög við efnahagsbrotum að sérstöku lagaákvæði skyldi bætt við stjórnsýslulög þar sem þagnarréttur einstaklinga yrði tryggður í stjórnsýslumálum af þessum toga og stefnir frumvarp þetta að því sem áður segir. Hins vegar var það tillaga nefndarinnar að ekki væri rétt að svo stöddu að lögfesta reglu sem tryggir rétt fyrirtækja og lögaðila til að fella ekki á sig sök, enda eigi ekki þar að öllu leyti við þau undirstöðurök sem þagnarréttur einstaklinga hvílir á. Þá hefur Mannréttindadómstóll Evrópu ekki afdráttarlaust skorið úr um hvort fyrirtæki og aðrir lögaðilar njóti þagnarréttar skv. 6. gr. eins og áður var nefnt. Er því ekki gerð tillaga um slíka tilhögun í frumvarpinu en eðlilega verður fylgst með því hvernig framkvæmd Mannréttindadómstólsins á þessu sviði mun þróast.

Á 133. löggjafarþingi var lagt fram frumvarp sem varð að lögum nr. 55 frá 27. mars 2007, um breytingar á lagaákvæðum um viðurlög við brotum á fjármálamarkaði, og var það samið með hliðsjón af niðurstöðum nefndar forsætisráðherra um viðurlög við efnahagsbrotum. Eitt af markmiðum þess var, að á meðan ekki væri í stjórnsýslulögum almennt ákvæði um rétt einstaklings til að fella ekki sök á sjálfan sig við rannsókn á stjórnsýslustigi hjá Fjármálaeftirlitinu, væri æskilegt að lögfesta inntak réttarins í sérlögum á sviði fjármálamarkaðar. Því var sérstöku ákvæði, nær samhljóða því sem lagt er til í b-lið 1. gr. frumvarps þessa, bætt í eftirtalin lög: lög nr. 33/2003, um verðbréfaviðskipti (76. gr.), lög nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki (112. gr.), lög nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða (44. gr.), lög um nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa (34. gr. b), lög nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði (70. gr.), lög nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi (99. gr. b), og loks lög nr. 32/2005, um miðlun vátrygginga (62. gr. b).

Ljóst er að fyrrgreindar lagabreytingar tóku aðeins til stjórnsýslumála um brot á fjármálamarkaði þar sem Fjármálaeftirlitið getur ákveðið stjórnvaldssektir. Eftir sem áður eru til staðar ýmis lagaákvæði sem heimila öðrum eftirlitsstofnunum í stjórnsýslunni að leggja stjórnvaldssektir á einstaklinga og einnig kunna ný lagaákvæði þess efnis að verða sett í framtíðinni. Sem dæmi má nefna heimildir Neytendastofu til að leggja á stjórnvaldssekt skv. 40. gr. laga um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn, nr. 91/2006, og heimildir lögreglu og landhelgisgæslu til að leggja á stjórnvaldssekt skv. 55. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006. Þar sem markmið þessa frumvarps er að lögfesta almenna reglu sem á við í öllum stjórnsýslumálum, nema sérlög mæli fyrir um annað, er æskilegt að fella niður fyrrgreind samhljóða ákvæði í lögum á fjármálamarkaði, enda mun hin almenna regla stjórnsýslulaga um þagnarrétt sem lögð er til í frumvarpinu leysa þau af hólmi. Þó þykir rétt að haldist óbreytt sérákvæði í 7. mgr. 103. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, en þar er mælt fyrir um að við rannsóknaraðgerðir skattrannsóknarstjóra ríkisins skuli gætt ákvæða laga um meðferð opinberra mála eftir því sem við getur átt, einkum varðandi réttarstöðu grunaðra manna á rannsóknarstigi. Skv. 1. mgr. 110. gr. úrskurðar yfirskattanefnd sektir nema málinu sé vísað til opinberrar rannsóknar hjá lögreglu, annaðhvort að frumkvæði skattrannsóknarstjóra eða eftir ósk sakbornings ef hann vill ekki hlíta því að mál verði afgreidd af yfirskattanefnd. Þá kemur fram í 5. mgr. 110. gr. laganna að meðferð mála hjá yfirskattanefnd skuli sæta meðferð opinberra mála.

Frumvarpið stefnir að því sem áður segir að tryggja þagnarrétt í stjórnsýslumálum sem kann að ljúka með álagningu tiltekinna stjórnsýsluviðurlaga á einstaklinga. Af því verður að ályktа að það á ekki við ef viðkomandi lög heimila aðeins álagningu stjórnsýsluviðurlaga á lögaðila. Sem dæmi má nefna ákvæði samkeppnislaga, nr. 44/2005, en skv. 1. mgr. 37. gr.

laganna getur Samkeppniseftirlitið aðeins lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki eða samtök aðila sem brjóta gegn bannákvæðum laganna. Ákvæðum samkeppnislaga um viðurlög var breytt í þetta horf á 133. löggjafarþingi, sbr. lög nr. 52/2007, með hliðsjón af tillögum nefndarinnar um viðurlög gegn efnahagsbrotum. Vegna upplýsingaskyldu fyrirtækja gagnvart Samkeppniseftirlitinu er jafnframt tryggt í 2. mgr. 42. gr. a í samkeppnislögum að upplýsingar og gögn sem þannig er aflað verði ekki notaðar í refsimáli sem síðar kann að vera höfðað gegn fyrirsvarsmanni fyrirtækis. Kann slík notkun upplýsinga að fela í sér brot á þagnarrétti eins og nú verður nánar rakið.

b. Um notkun upplýsinga og gagna, sem fengin eru í stjórnsýslumáli, í opinberu máli.

Hinn meginþátturinn í inntaki þagnarréttarins skv. 6. gr. eins og hún hefur verið túlkuð í meðförum Mannréttindadómstólsins eru álitaefni sem skapast þegar upplýsingar sem einstaklingi hefur verið skylt samkvæmt lögum að veita í stjórnsýslumáli, án þess að hafa átt kost á að neita að svara spurningum, eða gögn sem hann hefur verið þvingaður til að afhenda, eru síðar notuð sem sönnunargagn í opinberu máli sem er höfðað gegn honum. Af dómi Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Saunders gegn Bretlandi frá 17. desember 1996 (mál nr. 19187/91) hafa verið leiddar ákveðnar meginreglur hvað þetta varðar. Sé einstaklingi þannig skylt að skýra satt og rétt frá atvikum í stjórnsýslumáli að viðlagðri refsiábyrgð, slíkar skýrslur sem voru teknar af honum eru notaðar af ákæruvaldi til að fella á hann sök í refsimáli og eru jafnframt meginsönnunargögn ákæruvaldsins um sekt hans; þá felst í því brot gegn rétti kæranda til þess að fella ekki sök á sjálfan sig skv. 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmálans.

Þar sem lagt er til í frumvarpinu að lögfest verði almenn regla um rétt einstaklings til að neita að svara spurningum eða afhenda gögn í stjórnsýslumáli sem getur lokið með álagningu tiltekinna stjórnsýsluviðurlaga er um leið spornað við því að þessi aðstaða geti skapast. Hér ber að hafa í huga að einstaklingur ræður því hvort hann nýtir sér þagnarrétt sinn við meðferð stjórnsýslumáls eftir að honum hefur verið gerð grein fyrir réttinum. Kjósi hann að afsala sér þagnarrétti og veita stjórnvaldi upplýsingar og afhenda gögn sem kunna að fella á hann sök, telst almennt ekki brotið gegn réttindum hans verði þau lögð fram sem sönnunargögn í eftirfarandi refsimáli. Sé einstaklingi hins vegar ekki veittur kostur á að neita að tjá sig og skýrslur sem hann gefur stjórnvaldi eru síðar notaðar í opinberu máli sem höfðað er gegn honum verður hins vegar að vega og meta í hverju tilviki hvert er vægi þeirra í sönnunarfærslu ákæruvaldsins í samanburði við önnur gögn. Þessi ályktun verður dregin af framkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu, einkum ákvörðun hans í máli Serves gegn Frakklandi frá 4. maí 2000 (mál nr. 38642/97) og í dómi í máli Coëme o.fl. gegn Belgíu frá 22. júní 2000 (mál nr. 32492/96).

Í dómi Hæstaréttar frá 16. mars 2007 í máli nr. 92/2007, sem var refsimál gegn fyrirsvarsmönnum þriggja olíufélaga vegna brota á samkeppnislögum, reyndi m.a. á álitaefni um notkun skýrslna sem þeir gáfu samkeppnisyfirvöldum í stjórnsýslumáli. Þar staðfesti Hæstiréttur úrskurð héraðsdóms um frávísun máls, m.a. með vísan til þess að fyrirkomulag samkeppnislaga hafi ekki verið nógu skýrt um meðferð máls ef grunur vaknaði um að brotið hefði verið gegn lögunum. Þar af leiðandi var óljóst hvernig með skyldi fara ef tilefni þætti til opinberrar rannsóknar jafnhliða meðferð samkeppnisyfirvalda og hvenær beita ætti refsiviðurlögum. Var bent á að fyrirsvarsmenn fyrirtækjanna hefðu tekið þátt í viðræðum og samningum við Samkeppnisstofnun og veitt henni upplýsingar, en fellt á sama tíma á sig sök með því að málið var síðar tekið til refsimeðferðar. Var ekki nægjanlega fram komið að þeir hefðu fengið notið

þeirra réttinda sakborninga, sem mælt væri fyrir um í 70. gr. stjórnarskrár, sbr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, og meginreglum laga nr. 19/1991, í þeirri lögreglurannsókn, sem fram fór í kjölfar meðferðar samkeppnisyfirvalda, eins og henni var hagað.

Skömmu síðar var samþykkt breyting á 2. mgr. 42. gr. samkeppnislaga, nr. 44/2005, með lögum nr. 52/2007 sem áður var nefnd. Var þá bætt við lögin sérreglu sem gengur nokkuð lengra en framangreindar reglur sem leiddar hafa verið af 6. gr. mannréttindasáttmálans enda útilokar hún með öllu að upplýsingar og gögn sem aflað er í stjórnsýslumáli um samkeppnisbrot verði notuð í opinberu máli. Í ákvæðinu er mælt fyrir um að ekki sé heimilt að nota upplýsingar sem fyrirsvarsmaður fyrirtækis hefur veitt Samkeppniseftirlitinu sem sönnunargagn í opinberu máli sem höfðað er gegn honum vegna brota sem tilgreind eru í 41. gr. a laganna. Var tilefni þessarar lagabreytingar einkum niðurstöður nefndarinnar um viðurlög við efnahagsbrotum þótt ekki væri þar gerð tillaga um sérákvæði af þessum toga í samkeppnislögum. Nær gildissvið þessarar reglu þó ekki út fyrir meðferð mála hjá Samkeppniseftirlitinu þar sem skylda hvílir á fyrirsvarsmanni fyrirtækis að veita upplýsingar skv. 19. gr. samkeppnislaganna.

Í frumvarpinu er hins vegar ekki gert ráð fyrir því að almenn regla verði sett um þetta efni í stjórnsýslulög, enda lýtur efni hennar eðli málsins samkvæmt frekar að gildissviði laga um meðferð opinberra mála og hlýtur að koma til skoðunar við endurskoðun þeirra.

2. Réttur til að fá ákvörðun um stjórnsýsluviðurlög endurskoðaða hjá dómstólum.

Annar meginþáttur frumvarpsins sem tengist áhrifum mannréttindasáttmála Evrópu stefnir að því að bæta við stjórnsýslulögin ákvæði um að unnt sé að fá ákvörðun um stjórnsýsluviðurlög endurskoðaða hjá dómstólum. Er hér átt við réttinn til aðgangs að dómstólum sem verndaður er af 1. mgr. 6. gr. og felur í sér að sjálfstæður og óvilhallur dómstóll skuli skera úr um réttindi og skyldur manns að einkamálarétti eða um sök, sem hann er borinn um refsivert brot.

Ákvæði mannréttindasáttmálans girða ekki fyrir að stjórnvöldum, t.d. ráðuneytum eða stjórnsýslunefndum, sé falin úrlausn mála sem falla undir gildissvið 6. gr. svo lengi sem unnt sé að skjóta ákvörðunum þeirra til sjálfstæðra og óvilhallra dómstóla. Hefur verið byggt á þessari túlkun í framkvæmd Mannréttindadómstólsins, sbr. einkum dóm í máli Le Compte o.fl. gegn Belgíu frá 23. júní 1981 (mál nr. 6878/75) þar sem um var að tefla ákvörðun um réttindi og skyldur kæranda af meiði einkaréttar sem ekki var unnt að skjóta til dómstóla. Þá var staðfest í máli Öztürk gegn Þýskalandi frá 21. febrúar 1984 (mál nr. 8544/79) að það væri ekki andstætt ákvæðinu að fela stjórnvöldum að ljúka minni háttar refsimálum gagnvart sakborningi, svo lengi sem kostur væri á að bera slíka mál undir dómstóla sem uppfylltu kröfur 6. gr. Í síðari málum hefur Mannréttindadómstóllinn gengið lengra og ekki aðeins talið nægilegt að hægt sé að skjóta stjórnvaldsákvörðun til sjálfstæðs og óvilhalls dómstóls heldur einnig litið til eðlis endurskoðunarinnar og gert kröfu um að mál fái efnislega endurskoðun, sbr. t.d. mál Janosevic gegn Svíþjóð frá 23. júlí 2002 (mál nr. 34619/97).

Eins og áður hefur komið fram má ályktа að ýmsar tegundir stjórnsýsluviðurlaga, einkum stjórnvaldssektir, sem er mælt fyrir um í íslenskum lögum falli í raun undir skilgreiningu á viðurlögum fyrir refsiverða háttsemi skv. 1. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu og því verði virkur rétturinn samkvæmt ákvæðinu til þess skjóta slíkum ákvörðunum til sjálfstæðs og óvilhalls dómstóls.

Samkvæmt íslenskum rétti hafa dómstólar almennt rúmar heimildir til að endurskoða stjórnvaldsákvarðanir og byggist sú skipan einkum á 60. gr. stjórnarskrárinnar sem mælir fyrir um að dómendur skeri úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvalda. Einnig hefur

70. gr. stjórnarskrárinnar um rétt til aðgangs að dómstólum til að fá skorið úr um réttindi sín og skyldur skotið sterkari stoðum undir þá reglu að dómstólar hafa fullt og óskorað vald til þess að fjalla um sérhverja ákvörðun stjórnvalda sem undir þá er borin, í samræmi við reglur réttarfarslaga, og að þeir séu jafnframt bærir til þess að fjalla bæði um form hennar og efni. Finnist ágallar á málsmeðferðinni eða sé ákvörðun tekin andstæð lögum geta dómstólar fellt hana úr gildi.

Á hinn bóginn er meginreglan sú að dómstólar eru ekki bærir til að dæma um kröfu um að efni stjórnvaldsákvörðunar verði breytt. Réttarframkvæmd síðustu ára sýnir þó að þetta er ekki einhlítt og hafa dómstólar t.d. að einhverju marki talið sér heimilt að breyta fjárhæðum stjórnvaldssekta sem samkeppnisyfirvöld hafa ákveðið á grundvelli samkeppnislaga, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar, H 2003:3698, og fleiri dóma sem varða brot á samkeppnislögum. Að þessu leyti til má segja að réttaróvissa ríki um það hvort dómstólar geti almennt breytt ákvörðunum stjórnvalda, t.d. um fjárhæð stjórnvaldssekta eða önnur stjórnsýsluviðurlög.

Það varð niðurstaða nefndar um viðurlög við efnahagsbrotum að rétt væri að lögfesta heimild fyrir dómstóla til að dæma um fjárhæðir stjórnsýsluviðurlaga í samræmi við kröfur aðila málsins. Er gerð tillaga um slíkt ákvæði í 6. gr. frumvarpsins. Röksemdir með því að bæta slíku ákvæði í lög hvíla einkum á réttaröryggissjónarmiðum og áðurnefndum skilyrðum 6. gr. mannréttindasáttmálans en einnig á kostnaðar- og skilvirknissjónarmiðum, enda þarf mál ekki að byrja á nýjan leik hjá stjórnvöldum og ganga eftir atvikum enn á ný til dóms ef dómstólar geta einvörðungu ógilt ákvörðun um stjórnsýslusektir en ekki breytt að öðru leyti. Í því sambandi má einnig nefna að 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmálans verndar rétt manna til þess að fá meðferð máls síns og dómsniðurstöðu innan hæfilegs tíma.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Heiti kaflans, Stjórnsýsluviðurlög, vísar til þess að ákvæði kaflans gilda um þau stjórnsýslumál sem lokið getur með kæru til lögreglu eða stjórnvaldsákvörðun um álagningu stjórnsýsluviðurlaga.

Um a-lið (41. gr.).

Með a-lið greinarinnar er mælt svo fyrir að við stjórnsýslulög, nr. 37/1993, bætist ný grein er verði 41. gr. laganna og hafi að geyma afmörkun á gildissviði hins nýja X. kafla laganna. Samkvæmt greininni gilda ákvæði kaflans einvörðungu um stjórnsýsluviðurlög. Með hugtakinu „stjórnsýsluviðurlög“ er hér vísað til refsikenndra viðurlaga sem stjórnvöld geta lögum samkvæmt lagt á hinn brotlega í tilefni af háttsemi sem er andstæð lögum, almennum stjórnvaldsfyrirmælum eða stjórnvaldsákvörðun og hefur að markmiði að valda þjáningu eða óþægindum og hafa varnaðaráhrif.

Í ákvæðinu eru taldar upp í dæmaskyni fimm tegundir stjórnvaldsákvarðana sem teljast til stjórnsýsluviðurlaga.

Stjórnvaldssektir eru stjórnsýsluviðurlög, sem stjórnvald leggur á einstakling eða lögaðila og felast í skyldu til að greiða ákveðna fjárhæð til hins opinbera í tilefni af því að einstaklingurinn eða starfsmaður lögaðilans hefur í starfsemi hans brotið ákvæði laga, almenn stjórnvaldsfyrirmæli eða stjórnvaldsákvörðun, sem í lögum er mælt fyrir að varði stjórnvaldssektinni. Stjórnvaldssektir eru frábrugðnar dagsektum að því leyti að þær eru í eðli sínu viðurlög við lögbroti og hafa að markmiði að valda þjáningu eða óþægindum og hafa varnaðaráhrif á meðan dagsektir eru í eðli sínu þvingunarúrræði. Sem dæmi um stjórnvaldssektir má nefna 37. gr. samkeppnislaga, nr. 44/2005, sbr. 2. gr. laga nr. 2/2007, 74. gr. laga nr. 33/2003, um

verðbréfaviðskipti, sbr. 1. gr. laga nr. 55/2007, 30. gr. útvarpslaga, nr. 53/2000, og 3. mgr. 136. gr. laga nr. 60/1998, um loftferðir.

Álag telst ein tegund stjórnsýsluviðurlaga sem aðallega er beitt á sviði skattaréttar. Líta má á álag sem eina undirtegund stjórnvaldssekta. Í lögum er álag oftast lagt við lögbrotum sem felast í því að skila ekki inn skýrslum á tilskildum tíma sem eru grundvöllur álagningar skatta og gjalda. Hið sama gildir þegar slíkum skýrslum er ábótavant. Þá er í nokkrum tilvikum lögmælt að álagi skuli beitt í tilefni af vanefndum á greiðslum skatta og gjalda. Sem dæmi um slík lagaákvæði má nefna 28. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, 27. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, 17. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, og 108. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Loks má nefna að í lögum eru nokkur ákvæði um að bótaþega, sem gefur stjórnvaldi rangar eða villandi upplýsingar og fær af þeim sökum ranglega opinberar bætur, beri að endurgreiða þær með 15% álagi. Þetta gildir t.d. um húsaleigubætur, barnabætur og vaxtabætur, sbr. 17. gr. laga nr. 138/1997, um húsaleigubætur, og 6. og 21. mgr. 68. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Í 2. mgr. 27. gr. laga nr. 12/1997, um atvinnuleysistryggingar, skal bótaþegi atvinnuleysisbóta krafinn um allt að tvöfaldri þeirri bótafjárhæð sem aflað er með því að gefa rangar eða villandi upplýsingar eða leyna upplýsingum.

Svipting bótaréttar er ein tegund stjórnsýsluviðurlaga. Að gildandi lögum virðist slíka heimild aðeins vera að finna í 15. gr. laga nr. 12/1997, um atvinnuleysistryggingar, en þar segir að sá sem reyni að afla sér bóta með því að gefa rangar eða villandi upplýsingar eða leyna upplýsingum um hagi sína missi rétt til bóta. Fyrsta brot varðar missi bóta í 2 til 6 mánuði en ítrekað brot í 1 til 2 ár.

Upptaka ólögmæts ávinnings telst ein tegund stjórnsýsluviðurlaga, en afar sjaldgæft er að stjórnvöldum sé fengið vald til að beita slíku úrræði. Á hinn bóginn er að finna almenna heimild í 3. tölul. 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, fyrir dómara til þess að dæma um slíka upptöku í dómi að kröfu ákæruvaldsins. Helsta úrræði stjórnvalda á þessu sviði er að finna í lögum nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla.

Réttindasvipting og afturköllun leyfis eru talin til stjórnsýsluviðurlaga þegar lög mæla svo fyrir að þessum úrræðum skuli beitt í tilefni af lögbroti. Þannig er t.d. kveðið svo á í 7. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, að Fjármálaeftirlitið geti afturkallað starfsleyfi skv. 4. gr. laganna í heild eða að hluta brjóti fyrirtækið alvarlega eða ítrekað gegn lögum nr. 161/2002, reglum, samþykktum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim. Í íslenskum lögum er fjöldi lagaákvæða af þessum toga. Afturköllun leyfis telst á hinn bóginn ekki til stjórnsýsluviðurlaga þegar afturköllunin byggist á því að málsaðili hafi hætt að uppfylla ófrávíkjanleg skilyrði fyrir útgáfu leyfis.

Í lok ákvæðisins er tekið fram að til stjórnsýsluviðurlaga teljist einnig aðrar eðlisskyldar ákvarðanir. *Formleg áminning* getur í sumum tilvikum haft þau efnislegu tengsl við stjórnsýsluviðurlög að telja beri hana mildustu tegund stjórnsýsluviðurlaga. Ef nýtt lögbrot er framið þrátt fyrir áminninguna eru skilyrði til að grípa til harkalegri viðurlaga af hálfu stjórnvalda. Sem dæmi um slíkt lagaákvæði má nefna 25. gr. áfengislaga, nr. 75/1998, en þar segir m.a. að verði handhafi leyfis sem gefið er út samkvæmt lögunum uppvís að vanrækslu á skyldum sem á honum hvíla skuli veita honum skriflega áminningu. Áminningin hefur gildi í tvö ár frá því að hún hefur verið birt leyfishafa. Verði leyfishafi uppvís að frekari vanrækslu meðan áminningin er enn í gildi skal það varða sviptingu leyfis um ákveðinn tíma. Áminning sem er aftur á móti undanfari þess að stjórnvald beiti þvingunarúrræði stjórnvalds telst aftur á móti ekki til stjórnsýsluviðurlaga. *Birting á nafni þeirra sem sætt hafa stjórnsýsluviðurlögum*

getur þyngt þá þjáningu eða óþægindi sem fylgja þeim stjórnsýsluviðurlögum sem lögð hafa verið á fyrirtæki í tilefni af lögbroti. Þegar markmið lagaákvæðis, sem heimilar slíka birtingu, er að þyngja stjórnsýsluviðurlögin og skapa varnaðaráhrif er nærtækt að líta á birtinguna sem stjórnsýsluviðurlög. Slík birting samkvæmt almennum fyrirmælum laga telst þó ekki til sértækra stjórnsýsluviðurlaga sem stjórnvöld taka stjórnvaldsákvörðun um. Ef slík birting á nafni hins brotlega er á hinn bóginn komin undir mati stjórnvalds hverju sinni gildir öðru máli.

Rétt er að taka fram að ákvæði 42. gr., sem lagt er til í b-lið 1. gr. að verði lögfest, hafa þrengra gildissvið heldur en önnur ákvæði kaflans þar sem þau taka aðeins til þeirra stjórnsýsluviðurlaga sem falla undir hugtakið *sök um refsivert brot* skv. 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.

Um b-lið (42. gr.).

Hér er lagt til að nýrri grein, 42. gr., um þagnarrétt verði bætt í nýjan kafla stjórnsýslulaganna um stjórnsýsluviðurlög. Vísað er til almennra sjónarmiða um þagnarrétt við meðferð stjórnsýslumála í almennum athugasemdum við frumvarpið. Í 1. mgr. ákvæðisins er gert ráð fyrir að þagnarrétturinn verði virkur ef stjórnsýslumáli sem beinist að einstaklingi getur lokið með álagningu tiltekinna stjórnsýsluviðurlaga á hendur honum sem talin eru í 2. mgr.

Samkvæmt ákvæðinu á þessi almenna regla þannig ekki við þegar lög mæla aðeins fyrir um að stjórnsýsluviðurlög verði lögð á lögaðila. Dæmi um slíka aðstöðu má finna í ákvæðum samkeppnislaga, nr. 44/2005, með síðari breytingum. Þá kunna sérreglur að gilda á afmörkuðum réttarsviðum sem mæla sérstaklega fyrir um réttindi lögaðila að þessu leyti. Þannig verður sú ályktun dregin af íslenskum rétti og EB-samkeppnisrétti að fyrirtækjum sé ekki skylt að svara spurningum sem fela í sér beina viðurkenningu á því að brot á samkeppnisreglum hafi verið framið. Er ekki ástæða til þess að mæla fyrir um almennt gildi þessarar reglu fyrir öll stjórnsýslumál þótt hún gildi á sviði samkeppnisréttar einkum í ljósi dómaframkvæmdar EB-dómstólsins um samkeppnisreglur EB-réttar.

Hér ber að hafa í huga að samkvæmt dómum Mannréttindadómstóls Evrópu hefur ekki verið skorið úr um að hvaða marki lögaðilar njóta réttar til þess að fella ekki á sig sök. Telja verður líklegt í ljósi fyrri framkvæmdar að slíkur réttur njóti verndar að einhverju marki, og kann einkum að reynast raunhæfur á sviði samkeppnisréttar. Hitt er víst að ekki er heimilt að nota upplýsingar eða gögn sem fyrirsvarsmaður fyrirtækis er skyldaður til að veita sem meginsönnunargögn til þess að fella sök á hann í refsimáli sem síðar kann að vera höfðað.

Vernd ákvæðisins verður virk þegar rökstuddur grunur vaknar um að einstaklingur hafi gerst sekur um „lögbrot“. Gildir þetta jafnt um aðstæður þar sem grunur vaknar um að maður hafi framið refsivert brot sem leitt geti til kæru til lögreglu og höfðunar opinbers máls eða hvort um ræði brot sem leitt geti til álagningar stjórnvaldssekta sem falla undir gildissvið 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, þótt þau séu ekki skilgreind sem refsiverð háttsemi. Með því að vísa til hugtaksins lögbrot er því í raun vísað til þess hvernig Mannréttindadómstóll Evrópu hefur túlkað hugtakið „criminal charge“, en eins og fram kom í almennum athugasemdum hér að framan ræður ekki úrslitum hvort brotið er skilgreint sem refsivert brot samkvæmt landslögum. Til að fá skorið úr um hvort lögbrot er þess eðlis að þagnarréttur í stjórnsýslumáli verði virkur verður þannig fyrst og fremst að líta til þess hvort um ræðir brot á reglum sem hafa almennt gildi og hvert er eðli, markmið og umfang stjórnsýsluviðurlaganna. Í 2. mgr. ákvæðisins er svo nánar afmarkað hvaða stjórnsýsluviðurlög geta fallið undir þetta eins og nánar verður vikið að hér á eftir.

Ekki er reynt að fastsetja í ákvæðinu við hvaða tímamark þagnarréttur vaknar en örðugt er að slá því föstu eftir ákveðnum mælikvarða. Stjórnvald hefur því svigrúm til að meta hve-

nær skilyrði ákvæðisins eru uppfyllt þannig að rétturinn verði virkur. Stjórnsýslumál kann þannig að taka þá stefnu að rökstuddur grunur vakni um að maður hafi gerst sekur um lögbrot, þótt sá grunur hafi ekki verið uppi á fyrstu stigum þess. Þegar rætt er um „rökstuddan grun“ er miðað við að grunur stjórnvalds sé orðinn sterkur gagnvart tilteknum einstaklingi í stjórnsýslumáli. Miðað er við að til staðar séu aðstæður eða sönnunargögn sem bendi til sektar hans og að rannsókn beinist að honum sérstaklega en ekki stærri hópi manna. Þegar svo er ber stjórnvaldi að benda þeim grunaða á rétt sinn til þess að tjá sig ekki og verður að vera ótvírætt að hann hafi fengið slíkar leiðbeiningar. Einstaklingur getur hins vegar ákveðið að nýta sér ekki þagnarrétt sinn og bæði tjáð sig og afhent gögn í stjórnsýslumáli sem kann að ljúka með stjórnsýsluviðurlögum. Við þær aðstæður telst ekki brotið gegn þagnarrétti hans.

Þá telst ekki brotið gegn þagnarréttinum ef hægt er að útiloka að svör við spurningum sem beint er til einstaklings eða gögn sem honum er skylt að afhenda geti haft þýðingu fyrir ákvörðun um brot hans. Sem dæmi má nefna að manni yrði talið skylt að veita upplýsingar um nafn sitt og heimilisfang.

Ákvæðinu er ekki ætlað að taka til réttinda annarra einstaklinga en þeirra sem eru aðilar að stjórnsýslumáli. Því hefur maður ekki rétt til að neita að svara spurningum eða afhenda gögn með vísan til þess að uppi sé rökstuddur grunur um lögbrot þriðja manns og upplýsingar eða gögn kunni að fella sök á hann.

Þótt fyrirsögn greinarinnar vísi til þagnarréttar ber að hafa í huga að rétturinn er víðtækari en að neita að gefa munnlegar upplýsingar. Hann tekur einnig til réttarins til að þurfa ekki að afhenda gögn eða ljá atbeina sinn að öðru leyti við rannsókn máls sem getur fellt sök á mann. Sá sem er grunaður um lögbrot í skilningi ákvæðisins verður því ekki þvingaður til þess að veita upplýsingar eða afhenda gögn. Það breytir þó ekki heimildum sem lög veita til þess að afla gagna með þvingunaraðgerðum þar sem ekki er þörf á atbeina hins grunaða eins og á til dæmis við um húsleit og haldlagningu gagna sem finnast við slíka leit. Þá er ákvæðinu ekki ætlað að leysa einstakling undan lögmæltri skyldu til að veita stjórnvaldi aðgang að húsnæði eða hirslum í fyrirtækjum. Það sem mestu skiptir og ákvæðið stefnir að er að einstaklingi verður ekki gert skylt að ljá atbeina sinni til rannsóknarinnar með virkum hætti þegar rökstuddur grunur leikur á að hann hafi gerst sekur um lögbrot.

Í 2. mgr. ákvæðisins er nánar afmarkað hvenær þagnarrétturinn verður virkur með hliðsjón af þeim stjórnsýsluviðurlögum sem koma til álita. Eru hér taldar algengustu tegundir stjórnsýsluviðurlaga í tilefni af lögbroti en það eru stjórnvaldssektir, álag, svipting réttinda, og afturköllun leyfis. Þá eru mál sem lýkur með slíkum viðurlögum líklegust til að samrýmast túlkun Mannréttindadómstóls Evrópu á 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmálans um málalok sem leiða til þess að maður teljist borinn sök um refsivert brot í skilningi ákvæðisins. Aðrar tegundir stjórnsýsluviðurlaga sem mælt er fyrir um í lögum eru viðurlög á borð við áminningu, upptaka ólögmæts ávinnings og birting á nafni þeirra sætt hafa stjórnsýsluviðurlögum. Þar sem viðurlög af þessum toga eru annars eðlis en þau sem talin eru upp í 2. mgr. gilda ekki sömu sjónarmið um þörf á því að þagnarréttar sé gætt.

Um c-lið (43. gr.).

Til þess að koma í veg fyrir að stjórnsýsluviðurlögum verði beitt á óréttlátan hátt er lagt til að svipað ákvæði verði lögfest um heimild stjórnvalda til að fella niður mál þegar sérstaklega stendur á og fram kemur í 2. mgr. 113. gr. laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála.

Um d-lið (44. gr.).

Álitamál hefur verið hvort flokka beri ákvörðun eftirlitsstofnunar um að kæra mál til lögreglu sem stjórnvaldsákvörðun eða ákvörðun um málsmeðferð. Það sem mælir með því að

slíkar ákvarðanir teljist ekki til stjórnvaldsákvarðana er að í ákvörðun um að kæra mál til lögreglu felst ekki efnisákvörðun sem bindur enda á málið, heldur er því vísað til annars stjórnvalds til þess að leiða málið til lykta annaðhvort með niðurfellingu eða útgáfu ákæru þar sem það kemur þá í hlut dómara að leggja dóm á málið. Væru slíkar ákvarðanir flokkaðar sem stjórnvaldsákvarðanir hefði það m.a. þær afleiðingar að málsaðili ætti rétt á því að tjá sig sérstaklega um það hvort kæra bæri málið til lögreglu og fá aðgang að öllum gögnum máls á því stigi. Þar sem slíkt tefur mál og getur í sumum tilvikum spillt rannsókn lögreglu á málinu er talið rétt að taka af skarið um að ákvæði IV.–VII. kafla stjórnsýslulaga gildi ekki um ákvarðanir eftirlitsstofnunar um að kæra mál til lögreglu.

Um e-lið (45. gr.).

Meginreglan er sú að dómstólar eru bærir til að dæma um *gildi* stjórnvaldsákvarðana en hafa ekki valdheimildir til þess að taka *nýja ákvörðun* í staðinn, sbr. t.d. Ólafur Jóhannesson: Stjórnarfarsréttur, 1. útg., Reykjavík 1955, bls. 328–330. Krafa um ógildingu ákvörðunar um stjórnsýsluviðurlög í máli fellur því innan valdheimilda dómstóla að uppfylltum réttarfarsskilyrðum. Meginreglan er á hinn bóginn sú að dómstólar eru ekki bærir til að dæma um kröfu um breytt efni stjórnvaldsákvörðunar, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar, H 1999:1404. Á hinn bóginn er ljóst að samkvæmt t.d. forsendum dóms Hæstaréttar, H 2003:3698, að undantekningar kunna að vera til frá þessari meginreglu. Í málinu voru að mati réttarins aftur á móti engin efni til þess að víkja frá þeirri meginreglu. Þar sem mjög fáir dómar hafa gengið sem að þessu álitaefni lúta ríkir réttaróvissa um efnislega afmörkun þessarar undantekningar.

Réttaröryggissjónarmið mæla eindregið með því að málsaðila, sem á hafa verið lögð stjórnsýsluviðurlög, sé búið það úrræði að geta höfðað mál og borið slíka ákvörðun undir dómstóla ekki einvörðungu til ógildingar heldur einnig til breytinga standi efni til þess. Með því er réttarstaða málsaðila gerð lík því og að hann hefði verið ákærður fyrir lögbrotið og dómstólum falið að dæma um sekt eða sakleysi hans og refsingu við því reynist hann sannur að sök. Kostnaðar- og skilvirknissjónarmið mæla eindregið með því að fela dómstólum það vald að geta lokið slíkum málum með breytingu stjórnsýsluviðurlaga í samræmi við kröfur aðila, þar sem efnisrök standa til þess, í stað þess að hafa einungis það vald að fella ákvörðunina úr gildi. Í síðarnefnda tilvikinu getur málið byrjað á nýjan leik hjá stjórnvöldum og gengið eftir atvikum enn á ný til dóms. Við þessar aðstæður eiga kostnaðar- og skilvirknissjónarmiðin bæði við um hagsmuni málsaðila sem og hagsmuni hins opinbera af því að máli ljúki hjá dómstólunum en haldi ekki áfram hjá stjórnvöldum með allri þeirri fyrirhöfn og kostnaði sem það veldur. Í þessu sambandi má einnig nefna að ákvæði 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmálans verndar rétt manna til þess að fá meðferð máls síns og dómsniðurstöðu innan hæfilegs tíma.

Á grundvelli framangreindra sjónarmiða er lagt til að tekin verði upp í lög heimild fyrir dómstóla til að dæma um fjárhæðir stjórnsýsluviðurlaga í samræmi við kröfur aðila málsins allt eftir því sem efni standa til.

Rétt er að taka fram að það er ekki óþekkt að dómstólum sé fengið vald til þess að breyta ákvörðunum stjórnvalda þegar breytingin felst eingöngu í breytingu á fjárhæðum. Þannig hafa t.d. þýskir stjórnsýsludómstólar heimild til þess að dæma um breytingu á fjárhæð sem ákveðin hefur verið með stjórnvaldsákvörðun á grundvelli 2. mgr. 113. gr. „Verwaltungsgerichtsordnung“ nr. 17/1960. Þá hefur dómstóll Evrópusambandsins ótakmarkaða endurskoðunarheimild í málum er varða stjórnsýsluviðurlög, svo sem sektir og févíti, sbr. 229. gr. Rómarsamningsins, enda sé svo skýrlega fyrir mælt í þeirri reglugerð þar sem mælt er fyrir um stjórnsýsluviðurlögin. Er þá átt við að dómstóllinn megi ekki aðeins prófa lögmæti tiltek-

innar ákvörðunar heldur hafi einnig heimild til þess að taka aðra ákvörðun í staðinn og eftir atvikum ákveða skaðabætur.

Um 2. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Eins og fram kom í almennum athugasemdum stefnir frumvarpið að því að setja almenna reglu í stjórnsýslulög um rétt einstaklinga til að fella ekki á sig sök við meðferð stjórnsýslumáls. Á 133. löggjafarþingi var samþykkt frumvarp sem varð að lögum nr. 55 frá 27. mars 2007, sem höfðu það markmið að tryggja þennan rétt sérstaklega við ákvörðun stjórnsýsluviðurlaga við brotum á fjármálamarkaði. Var bætt ákvæði inni í nokkur lög sem gilda á fjármálamarkaði og talin eru í 3. gr. frumvarps þessa, með vísan til þess að á meðan ekki væri í stjórnsýslulögum almennt ákvæði um rétt einstaklings til að fella ekki sök á sjálfan sig við rannsókn á stjórnsýslustigi hjá Fjármálaeftirlitinu væri æskilegt að lögfesta inntak réttarins í sérlögum á sviði fjármálamarkaðar. Ákvæðin sem bættust inn í fyrrgreind lög eru samhljóða því sem lagt er til í 1. mgr. b-liðar 1. gr. frumvarpsins.

Í ljósi hinnar almennu reglu sem lögð er til í frumvarpi þessu um þagnarrétt við meðferð stjórnsýslumála er ekki lengur þörf á að tilgreina hann í sérlögum á sviði fjármálamarkaðar. Því er lagt til að fyrrgreind ákvæði verði felld niður. Með sama hætti er lagt til að felld verði úr lögum ákvæði sem eru samhljóða d-lið 1. gr. frumvarpsins til þess að koma í veg fyrir að sama ákvæðið sé að óþörfu margendurtekið í lögum.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á stjórnsýslulögum, nr. 37/1993, með síðari breytingum.

Frumvarpið mælir fyrir um aukið réttaröryggi borgaranna í stjórnsýslumálum sem lokið geta með álagningu stjórnsýsluviðurlaga eða kæru til lögreglu eða þegar teknar eru ákvarðanir um að beita stjórnsýsluviðurlögum.

Ekki verður séð að frumvarpið, verði það óbreytt að lögum, hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

838. Frumvarp til laga [537. mál]

um breytingu á lögum nr. 121/1994, um neytendalán, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

Á eftir 2. mgr. 3. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Fjármálafyrirtæki er ekki heimilt að innheimta kostnað vegna óheimils yfirdráttar af tékkareikningi ef slík gjaldtaka á ekki stoð í samningi. Kostnaður vegna óheimils yfirdráttar skal vera hóflegur og endurspegla kostnað vegna yfirdráttarins.

2. gr.

Á eftir 2. mgr. 6. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Upplýsa skal neytanda um fyrirhugaðar breytingar á gjaldskrá sem honum eru ekki til hagsbóta, með hæfilegum fyrirvara. Lánveitandi telst uppfylla skilyrði þessarar málsgreinar ef upplýsingar eru veittar með eftirfarandi hætti, að vali neytanda:

a. skriflega, t.d. með reikningsyfirliti,
b. á öðrum varanlegum miðli en pappír, eða
c. í gegnum vefsíðu á vegum lánveitanda, enda hafi neytanda verið tilkynnt um veffang vefsetursins og hvar hægt sé að nálgast umræddar upplýsingar á vefsetrinu.

Með varanlegum miðli í b-lið er átt við tæki sem gerir neytanda kleift að geyma upplýsingar, sem beint er til hans, óbreyttar þannig að hann geti afritað þær og flett upp í þeim í ákveðinn tíma.

3. gr.

Á eftir 16. gr. laganna kemur ný grein, 16. gr. a, svohljóðandi:

Lánveitanda er óheimilt að krefjast greiðslu uppgreiðslugjalds af eftirstöðvum láns í íslenskum krónum með breytilegum vöxtum sem greitt er upp fyrir þann tíma sem umsaminn er, ef upphaflegur höfuðstóll lánsins er að jafnviði 50 millj. kr. eða minna.

Lánveitandi getur ekki krafist uppgreiðslugjalds ef ástæða uppgreiðslu er gjaldfelling láns af hans hálfu.

Í þeim tilvikum sem heimilt er að semja um uppgreiðslugjald skal kveðið á um slíkt í lánssamningi. Tilgreina skal upplýsingar um hvernig uppgreiðslugjald er reiknað út og hvenær slíkur kostnaður fellur á.

Í þeim tilvikum sem heimilt er að semja um uppgreiðslugjald má fjárhæð gjaldsins að hámarki vera það tjón sem lánveitandi verður fyrir vegna uppgreiðslunnar fyrir þann tíma sem umsaminn er. Ef kveðið er á um heimild til endurskoðunar vaxta í lánssamningi með föstum vöxtum skal miða útreikning uppgreiðslugjalds við tímann fram að næsta endurskoðunardegi vaxta. Ráðherra skal setja nánari reglur um útreikning á tjóni vegna uppgreiðslu.

4. gr.

2. málsl. 2. mgr. 18. gr. laganna orðast svo: Neytandi skal gera kröfu um greiðslu tryggingarfjár innan tveggja ára frá afhendingu vöru eða þjónustu, eða innan fimm ára þegar um ræðir söluhlut sem ætlaður er verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti frá því að honum var veitt viðtaka.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að lögfest verði ný ákvæði í lög nr. 121/1994, um neytendalán, með síðari breytingum, um heimildir lánveitenda til gjaldtöku, skyldu til upplýsingagjafar gagnvart neytendum og lengingu frests neytenda til að gera kröfu um greiðslu tryggingarfjár skv. 18. gr. laganna.

Hinn 29. ágúst 2007 skipaði viðskiptaráðherra starfshóp til að gera úttekt á lagaumhverfi að því er varðar viðskipti neytenda og fjármálafyrirtækja í ljósi nútímaviðskiptahátta, einkum með tilliti til gjaldtöku. Fulltrúar helstu hagsmunaaðila áttu sæti í hópnum, þ.e. Fjármálaeftirlitið, Neytendastofa, Neytendasamtökin, Samtök fjármálafyrirtækja og talsmaður neytenda, auk viðskiptaráðuneytis. Starfshópurinn skilaði ráðherra skýrslu í árslok 2007 og er hún aðgengileg á vefsíðu ráðuneytisins, sbr. fréttatilkynningu nr. 1/2008. Í skýrslunni er m.a. lagt til að lögfestar verði þær breytingar á lögum nr. 121/1994, um neytendalán, sem 1.–3. gr. frumvarpsins fela í sér.

Í fyrsta lagi að lögfest verði að gjaldtaka vegna óheimils yfirdráttar af tékkareikningi skuli vera hófleg og endurspegla kostnað vegna yfirdráttarins og að hún skuli eiga stoð í samningi.

Í öðru lagi að lögfest verði skylda lánveitanda til upplýsingagjafar gagnvart neytanda um fyrirhugaðar breytingar á gjaldskrá sem honum eru ekki til hagsbóta. Neytandi skuli hafa val um nánar tilgreindar leiðir til miðlunar upplýsinganna.

Í þriðja lagi að sett verði nýtt ákvæði um uppgreiðslugjald. Bannað verði að krefjast uppgreiðslugjalds af eftirstöðvum láns í íslenskum krónum með breytilegum vöxtum sem greitt er upp fyrir umsaminn lánstíma, ef upphaflegur höfuðstóll lánsins er að jafnvirði 50 millj. kr. eða minna. Í þeim tilvikum sem lög takmarka ekki samningsfrelsi um uppgreiðslugjald skuli kveðið á um heimild til slíkrar gjaldtöku í lánssamningi. Tilgreina skuli upplýsingar um hvernig uppgreiðslugjald er reiknað út og hvenær slíkur kostnaður falli á. Lánveitandi geti ekki krafist uppgreiðslugjalds ef ástæða uppgreiðslu er gjaldfelling láns af hans hálfu. Í þeim tilvikum sem lög takmarka ekki samningsfrelsi um uppgreiðslugjald megi fjárhæð gjaldsins að hámarki nema því tjóni sem lánveitandi verður fyrir vegna uppgreiðslunnar fyrir þann tíma sem umsaminn er. Ef kveðið er á um heimild til endurskoðunar vaxta í lánssamningi með föstum vöxtum skuli miða útreikning uppgreiðslugjalds við tímann fram að næsta endurskoðunardegi vaxta. Ráðherra setji nánari reglur um útreikning á tjóni vegna uppgreiðslu.

Í fjórða lagi er lagt til að frestur neytanda til að gera kröfu um greiðslu tryggingarfjár skv. 18. gr. laganna verði lengdur úr einu ári í tvö ár frá afhendingu vöru eða þjónustu, eða í fimm ár þegar um ræðir söluhlut sem ætlaður er verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að lögfest verði að gjaldtaka vegna óheimils yfirdráttar af tékkareikningi skuli vera hófleg og endurspegla kostnað vegna yfirdráttarins og að hún skuli eiga stoð í samningi.

Tékkareikningur með yfirdráttarheimild er algeng tegund fjármálaþjónustu sem viðskiptavinum íslenskra fjármálafyrirtækja bjóðast. Í 3. gr. laga nr. 121/1994, um neytendalán, er kveðið á um samningsgerð um yfirdráttarheimild og nánar tilgreindar kröfur gerðar til upplýsingagjafar af hálfu lánveitanda gagnvart neytanda í tengslum við slíka samningsgerð. Fjármálafyrirtæki innheimta kostnað þegar viðskiptavinir eyða um efni fram með óheimilum yfirdrætti, hvort heldur með útgáfu tékka eða greiðslukortafærslu (debetkorti). Umræður um þennan svokallaða FIT-kostnað hafa verið áberandi í þjóðfélaginu á undanförnum árum, en FIT stendur fyrir færsluskrá innstæðulausra tékka.

Í skilmálum fjármálafyrirtækja um notkun tékkareikninga er almennt kveðið á um að reikningseigandi ábyrgist að fylgjast með stöðu inneignar og koma þannig í veg fyrir að óheimill yfirdráttur geti átt sér stað. Innheimta FIT-kostnaðar byggir því á meginreglunni um samningsfrelsi. Lög takmarka ekki rétt fjármálafyrirtækja til umræddrar gjaldtöku með öðrum en almennum hætti, enda þurfa samningsákvæði um heimildir til gjaldtöku að standast

ákvæði laga, svo sem laga nr. 57/2005, um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum, og ógildingarreglur samningalaga, nr. 7/1936.

Óframkvæmanlegt er að gera greinarmun á ástæðum yfirdráttar umfram yfirdráttarheimild af tékkareikningi, þ.e. ásetningi og gáleysi, og tæknilega er enn ekki hægt að koma í veg fyrir að óheimill yfirdráttur eigi sér stað. Ákvæði 3. gr. laga nr. 121/1994 kveður á um samningsgerð um yfirdráttarheimild, en óheimill yfirdráttur getur átt sér stað undir vissum kringumstæðum þó svo að slíkum samningi sé ekki til að dreifa. Svokölluð síhringikort eru ein tegund debetkorta. Slíkum kortum hefur fjölgað mjög undanfarin ár, en óheimill yfirdráttur á almennt ekki að geta átt sér stað á tékkareikningum tengdum þeim. Á því eru þó undantekningar. Þannig mun sú framkvæmd til að mynda nokkuð algeng á álagstímum að slökkt sé á greiðslukortaposum seljenda vöru eða þjónustu, sem veldur því að kort sem ella ættu að hringja eftir úttektarheimild gera það ekki. Í framtíðinni munu öll greiðslukort geyma upplýsingar um inneign, stöðu eða úttektarheimild tékkareiknings í sérstöku minni (örgjörvakort). Þegar þar að kemur verður óheimill yfirdráttur og FIT-kostnaður væntanlega úr sögunni. Þangað til verða neytendur að nýta sér þau úrræði sem þegar eru fyrir hendi og miða að því að koma í veg fyrir að skilmálar um notkun tékkareikninga séu brotnir með yfirdrætti umfram heimild, svo sem notkun færslubóka og aðgengi að upplýsingum um stöðu fjármála í gegnum þjónustusíma og bankaþjónustu á internetinu.

Gjaldtökuákvæði eru einna mikilvægustu atriðin sem neytandi tekur tillit til við samanburð á þjónustu. Fjárhæð gjalda er enn fremur grundvallaratriði í samkeppni. Gjaldtöku í fjármálaþjónustu má hins vegar flokka á eftirfarandi hátt: a) Gjöld sem innheimt eru við upphaf þjónustu og fyrir viðvarandi þjónustu, svo sem kostnaður við stofnun debetkorta/tékkareiknings. b) Gjöld sem innheimt eru vegna brota á viðskiptaskilmálum, t.d. vegna óheimils yfirdráttar. Á grundvelli þess að síðarnefnd tegund gjaldtöku er í raun viðurlagaeðlis þykja önnur sjónarmið eiga við um þau en gjaldtöku fyrir veitta þjónustu almennt. Rétt þykir að lögfesta ákvæði í nýrri 3. mgr. 3. gr. laga nr. 121/1994, um neytendalán, um takmörkun fjárhæðar kostnaðar vegna óheimils yfirdráttar. Kostnaðurinn skal vera hóflegur og endurspegla kostnað sem hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki verður fyrir vegna yfirdráttarins. Með kostnaðartengingu er tryggt að innheimta gjalda vegna brota á viðskiptaskilmálum með óheimilum yfirdrætti byggi ekki á gróðasjónarmiðum.

Um 2. gr.

Lagt er til að lögfest verði skylda lánveitanda til upplýsingagjafar gagnvart neytanda um fyrirhugaðar breytingar á gjaldskrá sem honum eru ekki til hagsbóta. Neytandi skal hafa val um nánar tilgreindar leiðir til miðlunar upplýsinganna: a) Skriflega upplýsingagjöf, t.d. með reikningsyfirliti. b) Upplýsingagjöf á öðrum varanlegum miðli en pappír. c) Upplýsingagjöf í gegnum vefsíðu á vegum lánveitanda, enda hafi neytanda verið tilkynnt um veffang vefsetursins og hvar hægt sé að nálgast umræddar upplýsingar á vefsetrinu.

Við mat á því hvað sé hæfilegur fyrirvari í skilningi ákvæðisins ber að líta til efnis samnings milli aðila í hverju tilviki fyrir sig. Viðskiptavinur þarf að hafa ráðrúm til að taka afstöðu til þess hvort forsendur eru brostnar fyrir viðskiptum við hlutaðeigandi lánveitanda.

Með varanlegum miðli í b-lið ákvæðisins er átt við tæki sem gerir neytanda kleift að geyma upplýsingar, sem beint er til hans, óbreyttar þannig að hann geti afritað þær og flett upp í þeim í ákveðinn tíma. Byggist skilgreiningin á 6. tölul. 4. gr. laga nr. 33/2005, um fjarsölu á fjármálaþjónustu. Símbréf, tölvupóstur, upplýsingar á disklingi, geisladiski eða stafrænum mynddiski (DVD) eru meðal þess sem fellur undir hugtakið.

Upplýsingaskylda samkvæmt ákvæðinu tekur ekki einungis til nýrra lánssamninga, heldur ber að gefa öllum neytendum í viðskiptum við lánveitendur færi á að velja á milli fyrrgreindra boðleiða.

Ákvæði 2. gr. frumvarpsins kann að hafa aukinn kostnað í för með sér fyrir lánveitendur verði frumvarpið að lögum. Á það ber þó að líta að upplýsingagjöf og gagnsæi í viðskiptum gagnvart neytendum er lykilatriði varðandi heimildir til gjaldtöku vegna ólíkra þjónustuþátta, líkt og byggt er á í lögum nr. 121/1994, um neytendalán. Mikilvægt er að aðgengi neytenda að gjaldskrám sé tryggt, svo þeir beri auðveldlega kennsl á útgjöld og fjárhæðir útgjalda. Tilvísanir í viðskiptaskilmálum til gildandi gjaldskráa lánveitenda á hverjum tíma eru misvel til þess fallnar að uppfylla kröfur íslenskrar löggjafar til slíkra skilmála. Í því skyni að vega upp á móti auknum kostnaði lánveitenda vegna upplýsingagjafar gagnvart neytendum gerir 2. gr. frumvarpsins ráð fyrir ólíkum leiðum til miðlunar upplýsinganna, þ.m.t. tölvupósti og birtingu upplýsinga á vefsíðu á vegum hlutaðeigandi lánveitanda, enda liggi fyrir samþykki neytanda. Ætla má að neytendur nútímans muni í verulegum mæli sækjast eftir að fá upplýsingar um breytingar á gjaldskrám, sem þeim eru ekki til hagsbóta, eftir hagkvæmum rafrænum boðleiðum.

Um 3. gr.

Samkvæmt 16. gr. laga nr. 121/1994, um neytendalán, er neytanda heimilt að standa skil á skuldbindingum sínum samkvæmt lánssamningi fyrir þann tíma sem umsaminn er. Notfæri neytandi sér þessa heimild á hann rétt á lækkun á heildarlántökukostnaði sem nemur þeim vöxtum og öðrum gjöldum sem greiða átti eftir greiðsludag. Í gildandi löggjöf er ekki að finna sérstakt ákvæði um uppgreiðslugjald, en samkeppnisyfirvöld hafa komist að þeirri niðurstöðu að 16. gr. laga nr. 121/1994 takmarkar ekki samningsfrelsi um slíka gjaldtöku. Sjá ákvörðun samkeppnisráðs nr. 19/2005 frá 7. júní 2005 og úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 11/2005 frá 6. október 2005, er staðfesti fyrrgreinda ákvörðun samkeppnisráðs.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sett verði nýtt ákvæði um uppgreiðslugjald í lög nr. 121/1994, 16. gr. a. Lagt er til að bannað verði að krefjast uppgreiðslugjalds af eftirstöðvum láns í íslenskum krónum með breytilegum vöxtum sem greitt er upp fyrir umsaminn lánstíma, ef upphaflegur höfuðstóll lánsins er að jafnviði 50 millj. kr. eða minna (1. mgr.). Í þeim tilvikum sem lög takmarka ekki samningsfrelsi um uppgreiðslugjald skuli kveðið á um heimild til slíkrar gjaldtöku í lánssamningi. Tilgreina skuli upplýsingar um hvernig uppgreiðslugjald er reiknað út og hvenær slíkur kostnaður falli á (3. mgr.). Lánveitandi geti ekki krafist uppgreiðslugjalds ef ástæða uppgreiðslu er gjaldfelling láns af hans hálfu (2. mgr.). Að því er 2. mgr. varðar, ber að miða við almennar reglur kröfuréttar um gjaldfellingu.

Lagt er til að í þeim tilvikum sem lög takmarka ekki samningsfrelsi um uppgreiðslugjald megi fjárhæð gjaldsins að hámarki nema því tjóni sem lánveitandi verður fyrir vegna uppgreiðslunnar fyrir þann tíma sem umsaminn er. Ef kveðið er á um heimild til endurskoðunar vaxta í lánssamningi með föstum vöxtum skuli miða útreikning uppgreiðslugjalds við tímann fram að næsta endurskoðunardegi vaxta. Ráðherra skuli setja nánari reglur um útreikning á tjóni vegna uppgreiðslu (4. mgr.).

Lög um neytendalán gilda um lánssamninga sem lánveitandi gerir í atvinnuskyni við neytendur, sbr. 1. og 2. gr. laganna. Ákvæði laganna gilda því um alla lánveitendur sem veita neytendalán. Lánssamningar með veði í fasteign eru ekki undanþegnir gildissviði gildandi laga um neytendalán.

Ljóst er að lánveitendur geta orðið fyrir verulegu tjóni þegar um ræðir langtímalán og lántaki greiðir lán fyrir umsaminn gjalddaga. Sjónarmið um að sanngjarnt sé að lánveitandi fái bætt það sannanlega tjón sem verða kann við slíkar aðstæður þykja einkum sterk gagnvart lánum í íslenskum krónum með föstum vöxtum og lánum í erlendri mynt, með tilliti til endurfjármögnunaráhættu lánveitandans.

Með lögum nr. 121/1994 voru innleidd í íslenskan rétt ákvæði tilskipunar ráðsins 87/102/EBE frá 22. desember 1986 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi neytendalán. Tilskipuninni var síðar breytt með tilskipun ráðsins 90/88/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/7/EB, og lögum nr. 121/1994 breytt í kjölfar þess. Gildandi Evrópugerðir um neytendalán fela í sér lágmarkskröfur og takmarka ekki heimild EES-ríkja til lagasetningar um uppgreiðslugjald.

Athygli skal vakin á því að væntanleg er ný Evróputilskipun um neytendalán, er leysa mun af hólmi núgildandi tilskipanir á þessu sviði. Gert er ráð fyrir að öfugt við núgildandi tilskipanir muni væntanleg gerð kveða á um innleiðingu ákvæða hennar í samræmi við orðanna hljóðan (e. full harmonisation). Tillaga framkvæmdastjórnarinnar að nýrri neytendalánatilskipun, eins og henni hefur verið breytt í meðförum stofnana ESB fram til þessa, gerir ráð fyrir að reglur um hámark uppgreiðslugjalds vegna neytendalána verði samræmdar innan Evrópu. Takmarkanir á fjárhæð uppgreiðslugjalds tíðkast í mörgum Evrópuríkjum. Veðlán falla utan gildissviðs væntanlegrar tilskipunar, en hinn 18. desember 2007 kom út Hvítbók framkvæmdastjórnar EB um samþættingu veðlánamarkaða innan ESB, COM(2007) 807. Rannsóknarvinna er því hafin á vegum ESB um það hvort heppilegt sé að setja samræmdar Evrópureglur um veðlán, þ.m.t. að því er varðar uppgreiðsluákvæði. Af ofanrituðu er ljóst að lög nr. 121/1994, um neytendalán, munu taka nokkrum breytingum á komandi árum.

Um 4. gr.

Ákvæði 18. gr. laga nr. 121/1994, um neytendalán, á við þegar seljandi vöru eða þjónustu veitir neytanda lán í formi viðskiptabréfs. Lagt er til að frestur neytanda til að gera kröfu um greiðslu tryggingarfjár skv. 18. gr. verði lengdur úr einu ári í tvö ár frá afhendingu vöru eða þjónustu, eða í fimm ár þegar um ræðir söluhlut sem ætlaður er verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti. Þykir heppilegt að gæta samræmis við lög nr. 48/2003, um neytendakaup, og lög nr. 42/2000, um þjónustukaup, að þessu leyti. Við setningu laga um neytendalán þótti nauðsynlegt að miða frestinn við eitt ár vegna þágildandi reglu kaupalaga um að gallar skyldu bættir kæmu þeir fram innan árs frá kaupum. Með setningu fyrrgreindra laga um neytendakaup og þjónustukaup var umræddur frestur lengdur.

Ákvæði 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003, í VI. kafla laganna um úrræði neytanda vegna galla á söluhlut, mælir fyrir um að ef neytandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku geti hann ekki borið gallann fyrir sig síðar. Ef söluhlut, eða hlutum hans, er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti er frestur til að bera fyrir sig galla fimm ár frá því að hlutnum var veitt viðtaka. Þetta gildir þó ekki ef seljandi hefur í ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum samningi tekið á sig ábyrgð vegna galla í lengri tíma.

Í 17. gr. laga nr. 42/2000, um tilkynningarskyldu neytanda vegna galla á seldri þjónustu, segir að vilji neytandi bera fyrir sig galla á keyptri þjónustu skuli hann tilkynna seljanda það innan sanngjarns frests eftir að neytandinn vissi eða mátti hafa verið ljóst að hún væri gölluð. Hafi neytandi ekki gætt þess glatar hann rétti sínum til að bera fyrir sig gallann.

Ef neytandi kvartar ekki innan tveggja ára frá afhendingardegi hinnar seldu þjónustu getur hann ekki síðar borið gallann fyrir sig. Þetta gildir þó ekki ef seljandi þjónustu hefur í ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum samningi tekið á sig ábyrgð vegna galla í lengri tíma.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 121/1994, um neytendalán, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögunum í því skyni að efla neytendavernd. Skorður eru settar við gjaldtöku vegna óheimils yfirdráttar af tékkareikningi, skyldur lánveitanda til upplýsingagjafar gagnvart neytanda eru auknar, takmarkanir settar á heimildir lánveitanda til að krefjast uppgreiðslugjalds og lengdur frestur neytanda til að gera kröfu um greiðslu tryggingafjár vegna vanefnda seljanda.

Ekki verður séð að lögfesting frumvarpsins hafi áhrif á kostnað ríkissjóðs.

839. Frumvarp til laga [538. mál]

um breytingu á lögum er varða verðbréfaviðskipti.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

I. KAFLI

Lög nr. 108/2007, um verðbréfaviðskipti.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 120. gr. laganna:

a. 2. málsl. orðast svo: Upplýsingar teljast opinberar þegar útgefandi fjármálagerninga hefur birt almenningi á Evrópska efnahagssvæðinu þær, sbr. 122. og 127. gr.
b. 3. málsl. fellur brott.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 122. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Útgefanda fjármálagerninga, sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða verslað er með á markaðstorgi fjármálagerninga (MTF), ber að birta almenningi á Evrópska efnahagssvæðinu allar þær innherjaupplýsingar sem varða hann eins fljótt og auðið er og á jafnræðisgrundvelli.

b. 2. mgr. orðast svo:

Samhliða opinberri birtingu skv. 1. mgr. skal útgefandi senda upplýsingarnar til Fjármálaeftirlitsins. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að birta upplýsingar sem gerðar hafa verið opinberar á heimasíðu sinni. Fjármálaeftirlitið, eða aðili sem Fjármálaeftirlitið tilnefnir, skal varðveita upplýsingar sem gerðar hafa verið opinberar í miðlægu geymslukerfi, sbr. 136. gr.

3. gr.

1. mgr. 127. gr. laganna orðast svo:

Auk tilkynninga um viðskipti innherja skv. 126. gr. ber útgefanda þegar í stað að birta almenningi á Evrópska efnahagssvæðinu upplýsingar um viðskipti stjórnenda útgefanda með hluti í útgefandanum, og aðra fjármálagerninga tengda þeim, eins fljótt og auðið er og á jafnræðisgrundvelli, enda nemi markaðsvirði viðskiptanna a.m.k. 500.000 kr. eða samanlögð eignabreyting viðkomandi stjórnanda á hlutum í útgefandanum á næstliðnum fjórum vikum nemi a.m.k. 1.000.000 kr. Samhliða opinberri birtingu skal útgefandi senda upplýsingarnar til Fjármálaeftirlitsins. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að birta upplýsingar sem gerðar hafa verið opinberar á heimasíðu sinni. Fjármálaeftirlitið, eða aðili sem Fjármálaeftirlitið tilnefnir, skal varðveita upplýsingar sem gerðar hafa verið opinberar í miðlægu geymslukerfi, sbr. 136. gr.

4. gr.

Á eftir 130. gr. laganna kemur ný grein, 130. gr. a, svohljóðandi:

Tungumál.

Ef verðbréf útgefanda hafa einungis verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Íslandi skal útgefandi birta upplýsingar samkvæmt kafla þessum á íslensku eða öðru því tungumáli sem Fjármálaeftirlitið samþykkir.

Ef verðbréf útgefanda hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Íslandi og í einu eða fleiri aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins skal útgefandi birta upplýsingar samkvæmt kafla þessum á íslensku, eða öðru því tungumáli sem Fjármálaeftirlitið samþykkir, og annaðhvort á ensku eða öðru því tungumáli sem lögbær stjórnvöld gistiríkjanna samþykkja, að vali útgefanda.

Ef verðbréf útgefanda hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði í einu eða fleiri ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu en ekki á Íslandi skal útgefandi birta upplýsingar samkvæmt kafla þessum á ensku eða öðru því tungumáli sem lögbær stjórnvöld gistiríkjanna samþykkja, að vali útgefanda. Ef Fjármálaeftirlitið óskar eftir því skal útgefandi jafnframt birta upplýsingarnar á ensku eða öðru því tungumáli sem Fjármálaeftirlitið samþykkir, að vali útgefanda.

Ef verðbréf útgefanda eru tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði án samþykkis útgefanda hvíla skyldur 1.–3. mgr. ekki á útgefanda heldur þeim aðila sem óskað hefur eftir töku bréfanna til viðskipta án samþykkis útgefanda.

5. gr.

Við 131. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd opinberrar birtingar upplýsinga, sbr. 120., 122. og 127. gr.

6. gr.

Í stað orðanna „VII., VIII. og IX. kafla“ í 1.–3. mgr. 135. gr., 1. mgr. 136. gr. og 1. mgr. 137. gr. laganna kemur: VII., VIII., IX. og XIII. kafla.

II. KAFLI

Lög nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði.

7. gr.

1. tölul. 30. gr. laganna verður svohljóðandi: Verðbréfum og peningamarkaðsskjölum sem uppfylla eftirtalin skilyrði:

a. hafa verið skráð eða tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði samkvæmt skilgreiningu laga um kauphallir,
b. ganga kaupum og sölum á öðrum markaði innan Evrópska efnahagssvæðisins sem er opinn almenningi, starfar reglulega, lýtur opinberu eftirliti og er viðurkenndur með þeim hætti sem Fjármálaeftirlitið metur gildan, og/eða
c. hafa verið skráð eða tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins eða ganga kaupum og sölum á öðrum markaði í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins sem er opinn almenningi, starfar reglulega, lýtur opinberu eftirliti og er viðurkenndur með þeim hætti sem Fjármálaeftirlitið metur gildan.

Með peningamarkaðsskjölum er í lögum þessum átt við greiðsluhæf skjöl sem verslað er með á peningamarkaði og ætíð er hægt að meta til verðs.

III. KAFLI

Lög nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

8. gr.

Við 10. gr. laganna bætist við nýr töluliður, 6. tölul., sem orðast svo: kauphallir.

IV. KAFLI

Lög nr. 110/2007, um kauphallir.

9. gr.

Við 1. mgr. 14. gr. laganna bætist nýr málsliður, sem orðast svo: Kauphöll er heimilt að hafa milligöngu um eignarskráningar í verðbréfamiðstöð.

10. gr.

Í stað orðsins „ársskýrslu“ í 3. mgr. 16. gr. laganna kemur: skýrslu stjórnar.

V. KAFLI

Gildistaka.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á ólíkum lagabálkum á sviði verðbréfaviðskipta.

Í I. kafla frumvarpsins er að finna tillögur til breytinga á lögum nr. 108/2007, um verðbréfaviðskipti. Lög þessi öðluðust gildi 1. nóvember sl. Með lögunum voru m.a. innleidd í íslenskan rétt ákvæði svokallaðra MiFID- og gagnsæistilskipana. Breytingar þær er felast í

1.–6. gr. frumvarpsins snúa allar að ákvæðum XIII. kafla laganna, um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja. Lagt er til að ákvæðum XIII. kafla, auk þriggja ákvæða XIV. kafla um eftirlit með opinberri birtingu upplýsinga og miðlæga varðveislu, verði breytt til samræmis við ákvæði gagnsæistilskipunarinnar og VII.–IX. kafla laganna um opinbera birtingu reglulegra upplýsinga útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu, sem byggjast á gagnsæistilskipuninni. Heppilegt er að sömu reglur gildi um birtingu upplýsinga samkvæmt fyrrgreindum köflum laganna, enda gerir tilskipunin ekki greinarmun á verðmótandi upplýsingum (innherjaupplýsingum) og öðrum reglulegum upplýsingum frá útgefanda að þessu leyti.

Í II. kafla frumvarpsins er að finna tillögu til breytinga á 30. gr. laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða. Ákvæðið vísar til skilgreiningar laga um verðbréfaviðskipti á hugtakinu skipulegur verðbréfamarkaður. Eftir gildistöku nýrra laga um verðbréfaviðskipti og kauphallir er skilgreining þessa hugtaks þrengri en áður. Af þessu leiðir að verðbréfasjóðum er samkvæmt gildandi lögum ekki heimilt að eiga viðskipti á mörkuðum utan Evrópska efnahagssvæðisins, en það stangast á við verðbréfasjóðatilskipun 85/611/EB (e. UCITS-tilskipunin), með áorðnum breytingum. Ákvæði verðbréfasjóðatilskipunarinnar voru tekin upp í íslenskan rétt með lögum nr. 30/2003. Ekki stóð til að takmarka fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða með umræddum hætti við setningu nýrrar löggjafar á sviði verðbréfaviðskipta á síðasta löggjafarþingi. Af þeim sökum er í frumvarpi þessu lagt til að fjárfestingarheimildirnar verði sambærilegar því sem var fyrir 1. nóvember 2007 þegar nýja löggjöfin öðlaðist gildi.

Í III. kafla frumvarpsins er lagt til að 10. gr. laga nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa, verði breytt á þá vegu að kauphallir öðlist rétt til þess að hafa milligöngu um eignarskráningar í verðbréfamiðstöð. Breytingin er í samræmi við þróun í norrænum rétti.

Í IV. kafla frumvarpsins eru lagðar til breytingar á lögum nr. 110/2007, um kauphallir. Annars vegar er lagt til að tekið verði fram í 14. gr. laganna að kauphöll sé heimilt að hafa milligöngu um eignarskráningar í verðbréfamiðstöð. Hins vegar er lagt til að mælt verði fyrir um að skýrsla stjórnar fylgi endurskoðuðum ársreikningi kauphallar til Fjármálaeftirlitsins skv. 16. gr. í stað ársskýrslu. Síðarnefnd breytingartillaga er til komin eftir ábendingu embættis ríkisskattstjóra og er í samræmi við ákvæði laga nr. 3/2006, um ársreikninga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í I. kafla frumvarpsins eru lagðar til breytingar á lögum nr. 108/2007, um verðbréfaviðskipti.

Um 1. gr.

Með lögum nr. 108/2007, um verðbréfaviðskipti, voru m.a. innleidd í íslenskan rétt ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB um samræmingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað o.fl. (e. transparency directive eða gagnsæistilskipunin). Lagt er til að 2. málsl. 120. gr. verði breytt til samræmis við ákvæði VII.–IX. kafla laganna um opinbera birtingu reglulegra upplýsinga útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu, er byggjast á ákvæðum gagnsæistilskipunarinnar, í ljósi þess að tilskipunin gerir ekki greinarmun á verðmótandi upplýsingum (innherjaupplýsingum) og öðrum reglulegum upplýsingum frá útgefanda að þessu leyti.

Í 1. mgr. 21. gr. gagnsæistilskipunarinnar segir m.a. að heimaaðildarríki skuli tryggja að útgefandi eða einstaklingur, sem hefur sótt um skráningu á skipulegan markað án samþykkis

útgefanda, birti upplýsingar, sem reglur kveða á um, með þeim hætti að það tryggi skjótan aðgang að slíkum upplýsingum án mismununar og að þær verði aðgengilegar opinberu kerfi til miðlægrar varðveislu. Með upplýsingum sem reglur kveða á um er samkvæmt k-lið 2. gr. tilskipunarinnar m.a. átt við allar upplýsingar sem krafist er að útgefandi, eða einhver annar sem hefur sótt um skráningu verðbréfa á skipulegan markað án samþykkis útgefanda, birti samkvæmt þessari tilskipun eða skv. 6. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB frá 28. janúar 2003 um innherjasvik og markaðsmisnotkun (markaðssvik).

Í 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 2003/6/EB segir að aðildarríkin skuli sjá til þess að útgefendur fjármálagerninga upplýsi almenning þegar í stað um innherjaupplýsingar sem beinlínis varða þá. Í ákvæði 2. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2003/124/EB frá 22. desember 2003 um framkvæmd tilskipunar 2003/6/EB að því er varðar skilgreiningu og birtingu á innherjaupplýsingum og skilgreiningu á markaðsmisnotkun kemur m.a. fram, um 1. mgr. 6. gr., að aðildarríki skuli sjá til þess að útgefandi birti innherjaupplýsingar opinberlega með þeim hætti að almenningur fái skjótan aðgang að upplýsingunum og geti lagt fullkomið og nákvæmt mat á þær í tæka tíð.

Þá segir í 4. mgr. 6. gr. tilskipunar 2003/6/EB að aðilar sem eru í stjórnunarstöðu hjá útgefenda fjármálagerninga og, ef við á, aðilar sem eru nátengdir þeim fyrrnefndu skuli hið minnsta tilkynna lögbæra yfirvaldinu um viðskipti sem þeir stunda fyrir eigin reikning og sem varða hlutabréf áðurnefnds útgefanda eða afleidda eða aðra fjármálagerninga sem þeim tengjast. Aðildarríkin skulu sjá til þess að opinber aðgangur að upplýsingum varðandi slík viðskipti sé, a.m.k. gagnvart einstaklingum, auðfenginn eins skjótt og unnt er.

Ákvæði 1. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir að 2. málsl. 120. gr. mæli fyrir um að upplýsingar teljist opinberar þegar útgefandi fjármálagerninga hefur birt almenningi á Evrópska efnahagssvæðinu þær, sbr. 122. og 127. gr. laganna að teknu tilliti til breytinga er felast í 2. og 3. gr. frumvarpsins. Núgildandi 3. málsl. 120. gr. fellur brott. Framvegis verður því ekki gert ráð fyrir milligöngu skipulegra verðbréfamarkaða eða markaðstorga fjármálagerninga (MTF) við opinbera birtingu innherjaupplýsinga skv. XIII. kafla laga nr. 108/2007.

Um 2. gr.

Lagt er til að 122. gr. verði breytt til samræmis við ákvæði gagnsæistilskipunarinnar og VII.–IX. kafla laganna, um opinbera birtingu reglulegra upplýsinga útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu, er byggjast á ákvæðum tilskipunarinnar. Vísast til athugasemda um 1. gr. í frumvarpi þessu. Ákvæði 1. mgr. 122. gr. mæli fyrir um að útgefanda fjármálagerninga, sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða verslað er með á markaðstorgi fjármálagerninga (MTF), beri að birta almenningi á Evrópska efnahagssvæðinu allar þær innherjaupplýsingar sem varða hann eins fljótt og auðið er og á jafnræðisgrundvelli, í stað þess að tilkynna þær til skipulegs verðbréfamarkaðar eða markaðstorgs fjármálagerninga (MTF) líkt og gildandi lög gera ráð fyrir. Samhliða opinberri birtingu skuli útgefandi senda upplýsingarnar til Fjármálaeftirlitsins, sbr. b-lið 2. gr. frumvarpsins. Fjármálaeftirlitinu skal heimilt að birta upplýsingar sem gerðar hafa verið opinberar á heimasíðu sinni. Loks er mælt fyrir um að Fjármálaeftirlitið, eða aðili sem Fjármálaeftirlitið tilnefnir, varðveiti upplýsingar sem gerðar hafa verið opinberar samkvæmt ákvæðinu í miðlægu geymslukerfi, sbr. 136. gr. laganna.

Um 3. gr.

Lagt er til að 127. gr. verði breytt til samræmis við ákvæði gagnsæistilskipunarinnar og VII.–IX. kafla laganna, um opinbera birtingu reglulegra upplýsinga útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu, er byggjast á ákvæðum tilskipunarinnar. Vísast til athugasemda um 1. gr. í frumvarpi þessu. Ákvæði 1. mgr. 127. gr. mæli fyrir um að auk tilkynninga um viðskipti innherja skv. 126. gr. beri útgefanda þegar í stað að birta almenningi á Evrópska efnahagssvæðinu upplýsingar um viðskipti stjórnenda útgefanda með hluti í útgefandanum, og aðra fjármálagerninga tengda þeim, eins fljótt og auðið er og á jafnræðisgrundvelli, enda nemi markaðsvirði viðskiptanna a.m.k. 500.000 kr. eða samanlögð eignabreyting viðkomandi stjórnanda á hlutum í útgefandanum á næstliðnum fjórum vikum nemi a.m.k. 1.000.000 kr. Samhliða opinberri birtingu skuli útgefandi senda upplýsingarnar til Fjármálaeftirlitsins. Fjármálaeftirlitinu skal heimilt að birta upplýsingar sem gerðar hafa verið opinberar á heimasíðu sinni. Loks er mælt fyrir um að Fjármálaeftirlitið, eða aðili sem Fjármálaeftirlitið tilnefnir, varðveiti upplýsingar sem gerðar hafa verið opinberar samkvæmt ákvæðinu í miðlægu geymslukerfi, sbr. 136. gr. laganna.

Gildandi lög gera ráð fyrir að útgefandi sendi skipulegum verðbréfamarkaði þar sem viðkomandi fjármálagerningar hafa verið teknir til viðskipta eða óskað hefur verið eftir því að þeir séu teknir til viðskipta eða markaðstorgi fjármálagerninga (MTF) þar sem verslað er með fjármálagerningana fyrrgreindar upplýsingar, og að viðkomandi skipulegur verðbréfamarkaður eða markaðstorg fjármálagerninga (MTF) skuli birta þær opinberlega.

Með stjórnendum er í lögum nr. 108/2007, um verðbréfaviðskipti, átt við stjórnarmenn, forstjóra, framkvæmdastjóra, eftirlitsnefndir og aðra stjórnendur sem eru fruminnherjar hjá útgefanda og hafa umboð til að taka ákvarðanir sem geta haft áhrif á framtíðarþróun og afkomu útgefandans, sbr. 3. mgr. 127. gr. Hið sama á við um aðila fjárhagslega tengda framangreindum stjórnendum. Um tilkynningarskyldu fruminnherja og aðila fjárhagslega tengda fruminnherja um viðskipti með fjármálagerninga tiltekins útgefanda til Fjármálaeftirlitsins er mælt fyrir í 126. gr. laganna.

Um 4. gr.

Lagt er til að sett verði nýtt ákvæði í XIII. kafla laganna, 130. gr. a, er geymi reglur um það á hvaða tungumálum birta eigi upplýsingar samkvæmt kaflanum, sbr. 20. gr. gagnsæistilskipunarinnar. Ákvæðið er samhljóða 64. gr. og 1.–4. mgr. 97. gr. laganna sem allar byggjast á 20. gr. gagnsæistilskipunarinnar, auk 75. gr. laganna.

Um 5. gr.

Lagt er til að við 131. gr. bætist ný málsgrein er mæli fyrir um að ráðherra sé heimilt að setja nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd opinberrar birtingar upplýsinga, sbr. 120., 122. og 127. gr. Ráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði um framkvæmd opinberrar birtingar upplýsinga skv. VII.–IX. kafla laganna er byggjast á ákvæðum gagnsæistilskipunarinnar, sbr. 65., 76. og 98. gr.

Um 6. gr.

Lagt er til að ákvæðum 135.–137. gr. laganna verði breytt til samræmis við 1.–4. gr. frumvarpsins.

Í fyrsta lagi 1.–3. mgr. 135. gr. um eftirlit með opinberri birtingu upplýsinga. Fjármálaeftirlitinu verði skylt að fylgjast með því að upplýsingar skv. XIII. kafla, líkt og VII.–IX.

kafla, séu birtar tímanlega með það að markmiði að sjá til þess að almenningur á Evrópska efnahagssvæðinu hafi virkan og jafnan aðgang að þeim.

Í öðru lagi 1. mgr. 136. gr. um varðveislu upplýsinga í miðlægu geymslukerfi. Fjármálaeftirlitinu verði skylt að varðveita upplýsingar sem birtar eru opinberlega í samræmi við ákvæði XIII. kafla, líkt og VII.–IX. kafla, með rafrænum hætti í miðlægu geymslukerfi.

Í þriðja lagi 1. mgr. 137. gr. um varúðarráðstafanir ef Ísland er gistiríki. Í þeim tilvikum sem Ísland er gistiríki og Fjármálaeftirlitið kemst að því að útgefandi hefur sýnt af sér háttsemi sem bryti gegn XIII. kafla laganna eða skyldum samkvæmt honum, líkt og VII.–IX. kafla, ef viðkomandi aðili væri með heimaríki á Íslandi, skuli Fjármálaeftirlitið vísa málinu til lögbærs stjórnvalds í heimaríki útgefanda.

Um II. kafla.

Í II. kafla frumvarpsins eru lagðar til breytingar á lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði.

Um 7. gr.

Í F-hluta (30.–42. gr.) II. kafla laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, er fjallað um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða. Samkvæmt 1. tölul. 30. gr. laganna er verðbréfasjóði eingöngu heimilt að binda fé sitt í verðbréfum og peningamarkaðsskjölum sem skráð hafa verið, eða viðskipti eiga sér stað með, á skipulegum verðbréfamarkaði samkvæmt skilgreiningu laga um verðbréfaviðskipti.

Áður en ný löggjöf um verðbréfaviðskipti og kauphallir öðlaðist gildi hinn 1. nóvember sl. voru í gildi lög nr. 33/2003, um verðbréfaviðskipti, og lög nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða. Í 4. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 33/2003 sagði að skipulegur verðbréfamarkaður væri markaður með verðbréf samkvæmt skilgreiningu laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða. Skilgreiningu á skipulegum verðbréfamarkaði var að finna í 2. gr. laga nr. 34/1998 og var hún svohljóðandi, með síðari breytingum: „Í lögum þessum merkir skipulegur verðbréfamarkaður: 1. kauphöll: markað þar sem opinber skráning fjármálagerninga og viðskipti með þá fara fram og sem hlotið hefur starfsleyfi, sbr. 3. og 10. gr. laga þessara, 2. skipulegan tilboðsmarkað: markað með fjármálagerninga sem ekki eru opinberlega skráðir í kauphöll og sem hlotið hefur starfsleyfi, sbr. 3. og 10. gr. laga þessara, 3. kauphallir innan Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og Færeyja og aðra verðbréfamarkaði innan Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og Færeyja þar sem fjármálagerningar ganga kaupum og sölum og sem eru opnir almenningi, starfa reglulega og eru viðurkenndir með þeim hætti sem Fjármálaeftirlitið metur gildan, 4. markaði skv. 3. tölul. sem eru í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og Færeyja og eru viðurkenndir með þeim hætti sem Fjármálaeftirlitið metur gildan.“

Eftir gildistöku laga nr. 108/2007, um verðbréfaviðskipti, og laga nr. 110/2007, um kauphallir, er skilgreining á skipulegum verðbréfamarkaði samkvæmt þessum lögum mun þrengri en áður, þannig að hún tekur eingöngu til skipulegra verðbréfamarkaða innan Evrópska efnahagssvæðisins. Ákvæði 7. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 108/2007 vísar til laga um kauphallir um skilgreiningu hugtaksins, en skv. 2. tölul. 2. gr. laga nr. 110/2007 merkir skipulegur verðbréfamarkaður marghliða viðskiptakerfi innan Evrópska efnahagssvæðisins sem leiðir saman kaupendur og seljendur fjármálagerninga, í samræmi við ófrávíkjanlegar reglur þess, þannig að til samninga stofnast um fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta í viðskipta-

kerfinu. Með lögum nr. 108/2007 og 110/2007 var tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga o.fl. (MiFID-tilskipunin) komið til framkvæmda hér á landi, en hún var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 65/2005 frá 29. apríl 2005. Skilgreining 2. tölul. 2. gr. laga nr. 110/2007, um kauphallir, byggist á skilgreiningu 14. liðar 1. mgr. 4. gr. MiFID-tilskipunarinnar.

Af framanrituðu leiðir að verðbréfasjóðum er ekki heimilt að eiga viðskipti á mörkuðum utan Evrópska efnahagssvæðisins, enda er vísað til skilgreiningar laga um verðbréfaviðskipti á hugtakinu skipulegur verðbréfamarkaður í 1. tölul. 30. gr. laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Þetta stangast hins vegar á við efni tilskipunar ráðsins nr. 85/611/EBE frá 20. desember 1985 um samræmingu á lögum og stjórnvaldsfyrirmælum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (verðbréfasjóðatilskipunarinnar eða UCITS-tilskipunarinnar), með áorðnum breytingum, en með lögum nr. 30/2003 voru ákvæði hennar tekin upp í íslenskan rétt.

Ákvæði 1. tölul. 30. gr. laga nr. 30/2003 felur í sér innleiðingu á a–c-lið 1. mgr. 19. gr. verðbréfasjóðatilskipunarinnar. Umrædd ákvæði tilskipunarinnar takmarka fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða ekki við markaði á Evrópska efnahagssvæðinu. Í c-lið 1. mgr. 19. gr. er þvert á móti mælt fyrir um heimild slíkra sjóða til að fjárfesta í framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsskjölum sem tekin hafa verið til opinberrar skráningar á verðbréfaþingi í ríki utan bandalagsins eða ganga kaupum og sölum í ríki utan þess á öðrum markaði sem lýtur eftirliti, starfar á reglubundinn hátt, er viðurkenndur og opinn almenningi enda hafi lögbær yfirvöld samþykkt verðbréfaþingið eða markaðinn eða gert er ráð fyrir honum í lögum, reglum eða samþykktum sjóðsins.

Við setningu laga nr. 108/2007 og laga nr. 110/2007 stóð ekki til að takmarka fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða með fyrrgreindum hætti. Um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði gilda ólíkar Evrópugerðir; hinar svokölluðu MiFID- og UCITS-tilskipanir. Í frumvarpi þessu lagt til að 1. tölul. 30. gr. laga nr. 30/2003 verði umorðaður með þeim hætti að fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða verði sambærilegar því sem var fyrir 1. nóvember 2007 er ný löggjöf um verðbréfaviðskipti og kauphallir tók gildi. Ekki verði hróflað við skilgreiningu kauphallarlaga á hugtakinu skipulegur verðbréfamarkaður.

Um III. kafla.

Í III. kafla frumvarpsins eru lagðar til breytingar á lögum nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

Um 8. gr.

Lagt er til að við 10. gr. laganna bætist nýr töluliður, 6. tölul. Kauphallir öðlist þar með rétt til þess að hafa milligöngu um eignarskráningar í verðbréfamiðstöð. Breyting þessi er í samræmi við framkvæmd annars staðar á Norðurlöndunum, en í Svíþjóð, Finnlandi og Danmörku hafa kauphallir lagalega heimild til að gerast aðilar að eignarskráningu verðbréfa. Út frá hagkvæmnissjónarmiðum og samþættingu verðbréfamarkaða á Norðurlöndum er mikilvægt að hafa sambærilegar heimildir til að skipuleggja kauphallarstarfsemi hér á landi. Með kauphöll er í lögum nr. 110/2007 átt við hlutafélag sem fengið hefur leyfi til að reka skipulegan verðbréfamarkað, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna.

Um IV. kafla.

Í IV. kafla frumvarpsins eru lagðar til breytingar á lögum nr. 110/2007, um kauphallir.

Um 9. gr.

Lagt er til að við 1. mgr. 14. gr. laganna bætist nýr málsliður, til samræmis við 8. gr. frumvarpsins, þess efnis að kauphöll verði heimilt að hafa milligöngu um eignarskráningar í verðbréfamiðstöð. Brýnt þykir að svigrúm kauphalla til að skipuleggja starfsemi sína sé ekki minna hér á landi en annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu.

Um 10. gr.

Lagt er til að í 3. mgr. 16. gr. laga nr. 110/2007 skuli mælt fyrir um að skýrsla stjórnar fylgi endurskoðuðum ársreikningi kauphallar, sem sendur skal Fjármálaeftirlitinu innan þriggja mánaða frá lokum reikningsárs, í stað ársskýrslu. Er þessi breyting í samræmi við ákvæði laga nr. 3/2006, um ársreikninga, og lögð til samkvæmt ábendingu embættis ríkisskattstjóra.

Um V. kafla.

Í V. kafla er mælt fyrir um gildistöku laganna.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga breytingu á lögum er varða verðbréfaviðskipti.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á fernum lögum er varða verðbréfaviðskipti. Í fyrsta lagi eru lagðar til breytingar á lögum nr. 108/2007, um verðbréfaviðskipti, þess efnis að útgefandi verðbréfa skuli birta innherjaupplýsingar opinberlega auk þess að senda þær Fjármálaeftirlitinu, í stað þess að skipulegur verðbréfamarkaður eða markaðstorg fjármálagerninga hafi milligöngu um opinbera birtingu. Í öðru lagi eru lagðar til breytingar á lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, þar sem lagt er til að fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða takmarkist ekki við markaði innan Evrópska efnahagssvæðisins. Í þriðja lagi eru lagðar til breytingar á lögum nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa, og lögum nr. 110/2007, um kauphallir, þess efnis að kauphöllum verði heimilt að hafa milligöngu um eignarskráningu í verðbréfamiðstöð, ásamt ákvæði um skil á skýrslu stjórnar kauphallar ásamt ársreikningi til Fjármálaeftirlitsins.

Ekki verður séð að frumvarpið, verði það óbreytt að lögum, hafi áhrif á kostnað ríkissjóðs.

840. Frumvarp til laga [539. mál]

um breyting á lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 64/2006.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

Í stað orðanna „a–d-lið 1. mgr.“ í 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: a–e-lið 1. mgr.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. 1. tölul. orðast svo:
   1. *Peningaþvætti:* Þegar einstaklingur eða lögaðili tekur við eða aflar sér eða öðrum ávinnings með broti sem er refsivert samkvæmt almennum hegningarlögum eða öðrum lögum. Hér er einnig átt við það þegar einstaklingur eða lögaðili umbreytir slíkum ávinningi, flytur hann, sendir, geymir, aðstoðar við afhendingu hans, leynir honum eða upplýsingum um uppruna hans, eðli, staðsetningu, ráðstöfun eða flutningi ávinnings eða stuðlar á annan sambærilegan hátt að því að tryggja öðrum ávinning af slíkum refsiverðum brotum.
b. Í stað orðanna „laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða“ í 2. málsl. a-liðar 4. tölul. kemur: laga um kauphallir.
c. Við greinina bætast tveir nýir töluliðir, 7. og 8. tölul., svohljóðandi:
   7. *Gjaldeyrisskiptastöð:* Starfsemi þar sem í atvinnuskyni fer fram kaup og sala innlends og erlends gjaldeyris.
   8. *Peninga- og verðmætasendingarþjónusta:* Starfsemi þar sem í atvinnuskyni er á einum stað tekið við reiðufé, tékkum eða annars konar verðmætum sem eru ígildi peninga og andvirði þess er á öðrum stað greitt til viðtakanda í reiðufé eða ígildi peninga með aðstoð hvers kyns skilaboða, millifærslu eða í gegnum greiðslukerfi sem hlutaðeigandi peninga- og verðmætasendingarþjónusta á aðild að og sérstök lög gilda ekki um. Yfirfærsla sem framkvæmd er af peninga- og verðmætasendingarþjónustu getur farið um hendur eins eða fleiri milligönguaðila áður en lokagreiðsla á sér stað til móttakanda.

3. gr.

Fyrirsögn 4. gr. laganna orðast svo: *Tilvik er áreiðanleikakönnun skal fara fram.*

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Í stað 1. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
   Áður en samningssambandi er komið á eða áður en viðskipti eiga sér stað skal tilkynningarskyldur aðili gera kröfu um að nýr viðskiptamaður sanni á sér deili með eftirfarandi hætti:
   a. Einstaklingar: Með framvísun gildra persónuskilríkja sem gefin eru út af stjórnvöldum eða eru viðurkennd af stjórnvöldum.

b. Lögaðilar: Með framlagningu vottorðs úr Fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra eða sambærilegri opinberri skrá með heiti, heimilisfangi og kennitölu eða sambærilegum upplýsingum. Prókúruhafar og aðrir þeir sem hafa sérstaka heimild til að koma fram fyrir hönd viðskiptavinar gagnvart fjármálafyrirtæki, þar með taldir framkvæmdastjórar og stjórnarmenn, skulu sanna á sér deili. Jafnframt skulu aðilar sýna fram á að þeir séu réttilega að prókúru eða sérstakri heimild komnir.

Tilkynningarskyldir aðilar skulu afla upplýsinga um raunverulegan eiganda, sbr. 4. tölul. 3. gr. Í tilvikum þar sem ekki er ljóst af framlögðum gögnum hver endanlegur móttakandi fjár verður skal krefjast frekari upplýsinga um það atriði.

b. Á eftir 2. mgr., er verður 3. mgr., kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Tilkynningarskyldur aðili skal gera kröfu um að viðskiptamaður sem þegar er í viðskiptum sanni á sér deili skv. 1. mgr., hafi hann ekki þegar gert það.

c. Í stað orðanna „varðveita ljósrit“ í 4. mgr., er verður 5. mgr., kemur: varðveita afrit. Í sömu málsgrein og í stað orðanna „viðskiptum lýkur“ kemur: viðskiptasambandi lýkur eða einstök viðskipti hafa átt sér stað.

d. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Könnun á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn.*

5. gr.

Fyrirsögn 8. gr. laganna orðast svo: *Tímabundin frestun á að sannreyna áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn.*

6. gr.

Á eftir 1. málsl. 1. mgr. 9. gr. laganna kemur nýr málsliður er orðast svo: Hafi þegar verið stofnað til viðskiptasambands skal þá þegar binda enda á það.

7. gr.

Orðin „ef nauðsyn krefur“ í 1. mgr. 10. gr. laganna falla brott.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „viðkomandi og“ í a-lið kemur: staðreyna.

b. Á eftir orðunum „eftirlit gagnaðilans“ í b-lið kemur: og fullvissa sig.

c. Í stað orðanna „viti deili á viðskiptamanni“ í e-lið kemur: hafi fullnægt skilyrðum 1. og 2. mgr. 5. gr. um áreiðanleikakönnun.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Breytist staða viðskiptamanns eftir að hann hefur verið tekinn í viðskipti þannig að hann teljist einstaklingur í áhættuhópi vegna stjórnmálalegra tengsla sinna á 1. mgr. jafnframt við. Skal þá þegar afla samþykkis frá yfirstjórn, sbr. b-lið 1. mgr., áður en viðskiptasambandi er haldið áfram.

b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Einstaklingar í áhættuhópi vegna stjórnmálalegra tengsla.*

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „þegar um er að ræða“ kemur: nýja tækni.
b. Orðin „ef þörf krefur“ falla brott.

11. gr.

15. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Viðskiptamenn sem lúta einfaldaðri könnun á áreiðanleika.

Þegar tilkynningarskyldur aðili hefur aflað fullnægjandi upplýsinga um að viðskiptamaður falli undir eftirfarandi er heimilt að beita einfaldaðri áreiðanleikakönnun:

a. Lögaðilar sem taldir eru upp í a- og b-lið 1. mgr. 2. gr. og samsvarandi lögaðilar sem hlotið hafa starfsleyfi á Evrópska efnahagssvæðinu. Sama gildir um eftirlitsskyld fjármálafyrirtæki frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins sem til eru gerðar kröfur sambærilegar við kröfur laga þessara.
b. Félög sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði samkvæmt skilgreiningu laga um kauphallir.
c. Íslensk stjórnvöld.

Við einfaldaða áreiðanleikakönnun gilda ekki ákvæði 5. og 6. gr. Ávallt skal þó skrá nafn einstaklings eða lögaðila, kennitölu og heimilisfang.

12. gr.

Á eftir 15. gr. laganna kemur ný grein, 15. gr. a, svohljóðandi:

Tilvik þar sem beita má einfaldaðri könnun á áreiðanleika viðskiptamanna.

Í eftirfarandi tilvikum er heimilt að beita einfaldaðri könnun á áreiðanleika viðskiptamanna, sbr. 2. mgr. 15. gr:

1. Þegar staðfest er að greiðsla fyrir viðskipti verði færð til skuldar á viðskiptareikningi á nafni viðskiptamanns í starfandi fjármálafyrirtæki eða samsvarandi lögaðila sem hlotið hefur starfsleyfi á Evrópska efnahagssvæðinu, nema grunur leiki á að viðskiptin tengist peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka.
2. Við gerð líftryggingarsamnings hjá fjármálastofnun, sem hlotið hefur starfsleyfi á Evrópska efnahagssvæðinu, ef árlegt iðgjald viðskiptamanns frá Evrópska efnahagssvæðinu er lægra en 1.000 evrur, miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni, eða ef um er að ræða eingreiðslu iðgjalds sem er lægri en 2.500 evrur, miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni. Ef árlegt iðgjald er hækkað, þannig að það verði hærra en 1.000 evrur, miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni, skal krefjast framvísunar skilríkja, sbr. 5. gr.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „Tilkynningarskyldur aðili þarf ekki“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: áður en viðskipti hefjast.
b. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Áður en upplýsingar eru fengnar skal tilkynningarskyldur aðili leitast við að tryggja að þriðji aðili fullnægi kröfum sambærilegum við þær sem gerðar eru í lögum þessum og lúti eftirliti sambærilegu við eftirlit með íslenskum fjármálafyrirtækjum.

c. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Tilkynningarskyldur aðili skal tryggja að þriðji aðili uppfylli þessa skyldu sína og gera um það skriflegan samning þar sem kveðið er nánar á um framkvæmd upplýsingagjafarinnar.

14. gr.

Fyrirsögn IV. kafla laganna verður: **Einfölduð könnun á áreiðanleika viðskiptamanna.**

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „láta athuga gaumgæfilega öll viðskipti“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: og fyrirhuguð viðskipti.
b. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Kanna skal bakgrunn og tilgang slíkra viðskipta að því marki sem unnt er.
c. Á eftir orðinu „Samkvæmt“ í 2. mgr. kemur: skriflegri.
d. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ekki er þörf á dómsúrskurði vegna upplýsingagjafar samkvæmt ákvæði þessu.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 22. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „sjá til þess að mótaðar séu samræmdar starfsaðferðir er stuðli að framkvæmd laganna“ í 2. málsl. kemur: hefur skilyrðislausan aðgang að áreiðanleikakönnun viðskiptamanna, viðskiptum eða beiðnum um viðskipti ásamt öllum þeim gögnum er skipt geta máli vegna tilkynningar.
b. Við greinina bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ábyrgðarmaður skal sjá til þess að mótaðar séu samræmdar starfsaðferðir er stuðli að góðri framkvæmd laganna.

17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. laganna:

a. 2. málsl 1. mgr. orðast svo: Þar skal m.a. fjallað um áreiðanleikakönnun viðskiptamanna, tilkynningarskyldu, varðveislu gagna og viðskipti sem krefjast sérstakrar varúðar.
b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Tilkynningarskyldir aðilar skulu sjá til þess að starfsmenn hljóti sérstaka þjálfun í aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Þjálfunin skal fara fram við upphaf starfs og reglulega á starfstímanum, til að tryggja að starfsmenn þekki skyldur tilkynningarskyldra aðila samkvæmt lögum þessum, áreiðanleikakönnun viðskiptamanna og tilkynningarskyldu ásamt því sem þeir fái upplýsingar um þróun innan málaflokksins og nýjustu aðferðir við peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

18. gr.

Við 2. mgr. 24. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Séu lög og reglur sem beinast gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka strangari í hinu erlenda ríki, þar sem útibú eða dótturfélag er staðsett, skal þeim fylgt.

19. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 25. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „a–d-lið 1. mgr. 2. gr.“ kemur: a–e-lið 1. mgr. 2. gr.

b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Neytendastofa hefur eftirlit með því að þeir sem falla undir j-lið 1. mgr. 2. gr. fari að ákvæðum laga þessara, reglugerða og reglna settra samkvæmt þeim og setur nánari reglur um framkvæmd eftirlitsins.
c. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Fjármálaeftirlitið* og *Neytendastofa*.

20. gr.

Á eftir 25. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, 25. gr. a og 25. gr. b, svohljóðandi:

a. (25. gr. a.)

Skráning gjaldeyrisskiptastöðva og peninga- og verðmætasendingarþjónustu.

Einstaklingar og lögaðilar sem starfrækja gjaldeyrisskiptastöð eða peninga- og verðmætasendingarþjónustu eru skráningarskyldir hjá Fjármálaeftirlitinu.

Undanþegin skráningarskyldu eru fjármálafyrirtæki samkvæmt skilgreiningu laga um fjármálafyrirtæki, sbr. a-lið 1. mgr. 2. gr.

Fjármálaeftirlitið setur nánari reglur um framkvæmd og skilyrði skráningar og framkvæmd viðskipta.

b. (25. gr. b.)

Fjármálaeftirlitið skal neita um skráningu skv. 25. gr. a ef skráningarskyldir aðilar eða stjórnendur eða raunverulegir eigendur starfseminnar hafa á síðustu fimm árum verið úrskurðaðir gjaldþrota eða hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, lögum þessum, löggjöf um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot, opinber gjöld eða þeim sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi.

Fjármálaeftirlitið skal fella skráðan aðila af skrá skv. 25. gr. a ef um skráningarskylda aðila eða stjórnendur eða raunverulega eigendur starfseminnar háttar svo sem um getur í 1. mgr.

21. gr.

Fyrirsögn VI. kafla laganna verður: **Eftirlit, skráningarskylda o.fl.**

22. gr.

Á eftir 1. mgr. 27. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Vanræki aðili skráningarskyldu skv. 25. gr. a, haldi hann starfsemi sinni áfram þrátt fyrir að hafa verið felldur út af skrá Fjármálaeftirlitsins eða vanræki hann að veita upplýsingar eða láta í té aðstoð svo sem kveðið er á um í lögum þessum skal hann sæta sektum.

23. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Hinn 21. mars 2005 skipaði viðskiptaráðherra ráðgjafarnefnd til að fjalla um málefni tengd peningaþvætti. Hlutverk nefndarinnar er að fylgjast með framkvæmd aðgerða gegn peningaþvætti, samræma verklagsreglur og vera stjórnvöldum til ráðuneytis um málefni tengd peningaþvætti. Enn fremur miðar starf nefndarinnar að því að undirbúa úttektir alþjóðlega fram-

kvæmdahópsins FATF (e. Financial Action Task Force on Measures against Money Laundering) á stöðu aðgerða gegn peningaþvætti á Íslandi og vinna að endurskoðun laga og reglugerða á þessu sviði, í samræmi við tilmæli sem FATF hefur gefið út.

Ráðgjafarnefndin hefur í daglegu tali gengið undir heitinu „peningaþvættisnefndin“ en í upphafi áttu sæti í henni fulltrúar viðskiptaráðuneytis, dóms- og kirkjumálaráðuneytis, Seðlabanka Íslands, Fjármálaeftirlitsins, embættis ríkislögreglustjóra og Samtaka fjármálafyrirtækja. Með tilkomu laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 64/2006, fjölgaði þeim aðilum sem tilkynningarskyldir eru á grundvelli laganna og leggja lögin nú ríkari skyldur á herðar tilkynningarskyldum aðilum en áður. Því eiga nú einnig sæti í nefndinni fulltrúar Félags fasteignasala, Félags löggiltra endurskoðenda, Lögmannafélags Íslands, utanríkisráðuneytis og fjármálaráðuneytis.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögunum er miða að því að koma til móts við þær athugasemdir sem gerðar voru við íslensk lög og reglur í úttektarskýrslu áðurnefnds framkvæmdahóps, FATF, haustið 2006. Nefndarstarf „peningaþvættisnefndar“ hefur á síðustu misserum einkum tekið mið af því að leita leiða til að koma til móts við þessar athugasemdir FATF, að því leyti sem talið hefur verið unnt. Byggist frumvarp þetta á tillögum ráðgjafarnefndarinnar og er það mikilvægur liður í að trúverðugleiki og traust íslensks viðskiptalífs haldist.

II. FATF.

Almennt um FATF.

Skammstöfunin FATF stendur, sem fyrr segir, fyrir Financial Action Task Force on Money Laundering en um er að ræða alþjóðlegan framkvæmdahóp, sem settur var á stofn með ákvörðun er tekin var á fundi leiðtoga sjö helstu iðnríkja heims í París sumarið 1989. FATF vinnur að aðgerðum er miða að því að koma í veg fyrir að fjármálakerfi séu notuð til að þvætta fé og fjármagna hryðjuverk.

FATF-samstarfið er fóstrað af OECD en Ísland er sem kunnugt er aðili að OECD. Ísland gekk til samstarfs við FATF haustið 1991 og er því skuldbundið til að samræma löggjöf sína og starfsreglur að tillögum FATF. Árið 1990 gaf FATF út 40 tilmæli er varða aðgerðir gegn peningaþvætti. Tilmælin hafa verið endurskoðuð í tvígang, 1996 og 2003, til að tryggja fylgni við þróun í þessum málaflokki. Þá hafa bæst við níu svokölluð „sérstök tilmæli“ (e. Special Recommendations (SR)) en þau miða að því að koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverka. Tilmæli FATF og starf hins alþjóðlega framkvæmdahóps hafa verið leiðandi á heimsvísu og hafa tilskipanir Evrópusambandsins um peningaþvætti verið í samræmi við tilmælin.

Úttekt FATF haustið 2006 á stöðu Íslands.

Úttekt FATF á stöðu Íslands gagnvart aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, sem gerð var árið 2006 og sett fram í skýrslu FATF þá um haustið, var liður í þeirri vinnu FATF að framkvæma reglulega úttektir á lögum, reglum og starfsaðferðum aðildarríkja FATF, er lúta að aðgerðum ríkjanna til að koma í veg fyrir að fjármálakerfi þeirra séu misnotuð í þeim tilgangi að þvætta fé og fjármagna hryðjuverk. Tilgangur úttektarinnar er að kanna hvort ríkin fari að tilmælunum og gefur matsnefndin ríkjunum einkunn. Einkunnagjöfin felst í því að gefnir eru eftirfarandi bókstafir: C (e. compliant) eða uppfyllt, LC (e. largely compliant) eða að mestu leyti uppfyllt, PC (e. partially compliant) eða að hluta til uppfyllt og NC (e. non-compliant) eða óuppfyllt. Loks er að finna einkunnina NA (e. non-applying), eigi tilmæli ekki við.

Í úttekt FATF haustið 2006 var Ísland ýmist einungis talið hafa uppfyllt að hluta til (PC) eða alls ekki uppfyllt (NC) 26 af tilmælunum 40 og sérstöku tilmælunum 9. Ísland var hins vegar talið hafa uppfyllt (C) eða að mestu leyti hafa uppfyllt (LC) 22 tilmælanna en eitt þeirra átti ekki við (NA). Frekari útskýringar á einkunnagjöfinni er að finna á bls. 141 í áðurnefndri úttektarskýrslu FATF. Skýrsluna má nálgast á heimasíðu FATF á slóðinni: *www.fatf-gafi.org*.

Eftirfylgnisúttekt 2008 vegna úttektar FATF á Íslandi 2006.

Á úttektarfundi FATF, sem haldinn verður haustið 2008, munu fulltrúar ráðgjafarnefndarinnar, sem fulltrúar íslenskra stjórnvalda, koma fyrir matsnefnd FATF og gera grein fyrir þeim úrbótum sem átt hafa sér stað frá úttektinni 2006. Þær tillögur sem lagðar eru fram í lagafrumvarpi þessu um breytingu á lögum nr. 64/2006 taka mið af framangreindu marki og eru mikilvægur liður í að trúverðugleiki og traust íslensks viðskiptalífs haldist.

III. Helstu nýmæli.

A. Peninga- og verðmætasendingarþjónusta.

Í úttektarskýrslu FATF eru m.a. gerðar athugasemdir við framkvæmd einna hinna sérstöku tilmæla, þ.e. við SRVI, sem lýtur að peninga- og verðmætasendingarþjónustu. Markmið SRVI er að auka gagnsæi fjármagns- og verðmætaflutninga, ekki síst í óformlegum greiðslukerfum, sem falla utan hefðbundinna fjármálakerfa og þar sem ekki er litið til tilmæla FATF. Tilmælinu er ætlað að hindra notkun slíkra kerfa til peningaþvættis og fjármögnunar hryðjuverka. Í SRVI er lögð sú skylda á aðildarríki að færa peninga- og verðmætasendingarkerfi undir tiltekin lágmarkslagaskilyrði. Í úttektarskýrslu FATF á Íslandi frá 2006 er gagnrýnt að íslensk lög geri hvorki kröfu um skráningu né að aflað sé leyfis til að mega starfrækja peninga- og verðmætasendingarþjónustu. Ekki sé gerð krafa um eftirlit með starfsemi af þessu tagi og þar af leiðandi séu viðurlagaákvæði ekki til staðar, líkt og SRVI gerir ráð fyrir. Til frekari glöggvunar á athugasemdum FATF vegna SRVI vísast til bls. 101–102 í úttektarskýrslu FATF á Íslandi frá 2006. Jafnframt skal bent á að í skýrslunni eru einnig gerðar athugasemdir við framkvæmd tilmæla FATF um baráttu gegn alþjóðlegri glæpastarfsemi sem varðað geta starfsemi gjaldeyrisskiptastöðva, sjá athugasemdir við SRVII á bls. 76 í skýrslunni.

Til að bregðast við framangreindum athugasemdum FATF er í frumvarpi þessu lagt til að Fjármálaeftirlitið hafi eftirlit með því að einstaklingar eða lögaðilar sem í atvinnuskyni stunda gjaldeyrisviðskipti eða yfirfærslu peninga og annarra verðmæta, sbr. e-lið 1. mgr. 2. gr. laga nr. 64/2006, fari að ákvæðum laganna, reglugerðum og reglum sem settar eru samkvæmt þeim.

Jafnframt er lögð til skráningarskylda hjá Fjármálaeftirlitinu til starfrækslu gjaldeyrisskiptastöðva og peninga- og verðmætasendingarþjónustu ásamt því sem skilgreint verði í lögunum hvaða starfsemi falli undir fyrrgreind hugtök. Samkvæmt gildandi löggjöf skal afla leyfis fyrir starfrækslu gjaldeyrisskiptastöðva hjá Seðlabanka Íslands. Eftir því sem næst verður komist þá er peninga- og verðmætasendingarþjónusta á hinn bóginn ekki starfrækt hér á landi í dag, utan starfsleyfisskyldra fjármálafyrirtækja, sem lúta eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Heppilegt þykir að gera sömu kröfur til peninga- og verðmætasendingarþjónustu og gerðar eru til gjaldeyrisskiptastöðva að því er skráningarskyldu hjá opinberum eftirlitsaðila varðar, enda er um eðlislíka starfsemi að ræða. Skráningu og eftirliti með starfseminni þykir best fyrir komið hjá Fjármálaeftirlitinu en stofnunin hefur ekki sinnt þessu verkefni áður. Er Fjármálaeftirlitinu ætlað að móta ákveðið verklag í tengslum við hið nýja hlutverk.

Með tillögum þessum er einkum komið til móts við athugasemdir FATF en við mótun þeirra var jafnframt höfð hliðsjón af dönskum rétti.

B. Neytendastofa.

Í frumvarpi þessu er sú tillaga gerð að Neytendastofu verði bætt inn í lögin, sem eftirlitsaðila þeirra er falla undir j-lið 1. mgr. 2. gr. laganna. Er með tillögunni litið til athugasemda í úttektarskýrslu FATF á Íslandi frá 2006 við tilmæli nr. 16 en í 478. tölul. skýrslunnar vekur FATF athygli á því að svo virðist sem þessir aðilar séu ekki nægilega upplýstir um skyldur sínar samkvæmt lögunum. Einkum er vísað til skyldunnar um að láta athuga gaumgæfilega öll viðskipti sem grunur leikur á að rekja megi til peningaþvættis eða fjármögnunar hryðjuverka og tilkynna lögreglu um viðskipti þar sem slík tengsl eru talin vera fyrir hendi, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna.

Tillaga um eftirlit Neytendastofu gerir ráð fyrir því að eftirlitshlutverk stofnunarinnar felist einkum í því að upplýsa þá sem undir þennan lið ákvæðisins falla með reglubundnum hætti um skyldur sínar samkvæmt lögunum, reglugerðum og öðrum reglum settum samkvæmt þeim en jafnframt er gert ráð fyrir að Neytendastofa setji nánari reglur um framkvæmd eftirlitsins. Neytendastofu er falið verkefnið með heimild í 2. mgr. 2. gr. laga um Neytendastofu og talsmann neytenda, nr. 62/2005.

Nái frumvarpið fram að ganga skal eftirlitsskylda Neytendastofu, til viðbótar þeim sem taldir eru upp í athugasemdum við j-lið 1. mgr. 2. gr. í frumvarpi til laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka er varð að lögum nr. 64/2006, þ.e. söluaðilum dýrrar vöru, t.d. eðalsteina, málma eða listmuna, jafnframt ná til þeirra er selja skartgripi úr eðalmálmum og/eða eðalsteinum og þeirra er selja nýjar eða notaðar bifreiðar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með breytingunni er lagt til að Fjármálaeftirlitið hafi eftirlit með því að þeir sem falla undir e-lið 1. mgr. 2. gr. laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 64/2006, fari að ákvæðum laganna og reglugerða og reglna sem settar eru samkvæmt þeim. Með einstaklingum eða lögaðilum sem í atvinnuskyni stunda gjaldeyrisviðskipti eða yfirfærslu peninga og annarra verðmæta er átt við gjaldeyrisskiptastöðvar, peninga- og verðmætasendingarþjónustu og starfsemi sem fellur undir lög um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

Um ástæður breytinganna vísast til almennra athugasemda hér að framan, nánar tiltekið til III. kafla.

Um 2. gr.

Í 2. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 3. gr. laganna, en þar er að finna skýringar á nokkrum grundvallarhugtökum laganna.

Sú breyting sem gerð er á orðskýringunni í 1. tölul., þ.e. á hugtakinu „peningaþvætti“, er í samræmi við frumvarp dóms- og kirkjumálaráðherra um breytingar á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum, sbr. 8. gr. frumvarpsins þar sem lögð er til breyting á núgildandi 264. gr. laganna. Vísast því að verulegu leyti til þess er fram kemur í athugasemdum um 8. gr. frumvarpsins sem lagt var fram á þessu löggjafarþingi, sbr. þskj. 197, 184. mál. Þar kemur m.a. fram að við gerð tillagna að breytingum á 264. gr. almennra hegningarlaga hafi að meginstefnu verið horft til 6. gr. svokallaðs Palermó-samnings, en um er að ræða samning Sameinuðu þjóðanna gegn fjölþjóðlegri, skipulagðri brotastarfsemi sem samþykktur

var á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 15. nóvember 2000. Gekk samningurinn í gildi 29. september 2003 en var undirritaður af hálfu íslenska ríkisins 13. desember 2003. Jafnframt kemur fram að litið sé til athugasemda FATF, þ.e. til úttektarskýrslu FATF á Íslandi frá 2006 um málaflokkinn.

Með því að fella brott í 1. málsl. orðskýringarinnar upptalningu á tilteknum lögum; „svo sem auðgunarbroti eða meiri háttar skatta- eða fíkniefnabroti, tollalögum, lögum um ávana- og fíkniefni, áfengislögum og lyfjalögum“ en setja þess í stað inn í orðskýringuna almenna orðalaginu „eða öðrum lögum“ er farin sú leið að rýmka gildissvið peningaþvættisbrots, þannig að það taki ekki einungis til frumbrota á almennum hegningarlögum og þeirra brota sem þar eru talin upp, jafnvel þótt sú upptalning sé ekki tæmandi, heldur einnig til refsiverðra frumbrota á öllum öðrum lögum, þ.e. hvaða lögum sem er.

Breytingin sem lögð er til á 2. málsl. 1. tölul. 3. gr. er því til samræmis við áðurnefnda breytingu sem lögð hefur verið til á 264. gr. almennra hegningarlaga Rétt þykir að upptalningin sé samræmd auk þess sem ákvæðið svo breytt þykir falla betur að ákvæði 2. mgr. 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB, frá 26. október 2005, um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis og til fjármögnunar hryðjuverkamanna, þ.e. vera skýrari en núgildandi orðskýring.

Sú breyting sem lögð er til á orðalagi 2. málsl. a-liðar 4. tölul. 3. gr. er tilkomin vegna breytinga er gerðar hafa verið á lögum en ný lög um kauphallir, nr. 110/2007, tóku gildi 1. nóvember 2007.

Lagt er til að tveimur nýjum orðskýringum verði bætt við 3. gr. laganna. Er þar annars vegar um að ræða skilgreiningu á hugtakinu gjaldeyrisskiptastöðvar og hins vegar á hugtakinu peninga- og verðmætasendingarþjónusta. Lagt er til að umræddar tegundir starfsemi verði skráningarskyldar hjá Fjármálaeftirlitinu. Með gjaldeyrisskiptastöð er átt við starfsemi þar sem í atvinnuskyni er keyptur og seldur innlendur og erlendur gjaldeyrir. Með peninga- og verðmætasendingarþjónustu er átt við starfsemi þar sem í atvinnuskyni er á einum stað tekið við reiðufé, tékkum eða annars konar verðmæti sem er ígildi peninga og á öðrum stað greidd samsvarandi fjárhæð í reiðufé, eða á öðru formi, til viðtakanda með aðstoð skilaboða eða millifærslu, eða í gegnum greiðslukerfi, sem hlutaðeigandi peninga- og verðmætasendingarþjónusta á aðild að. Skilgreining þessi byggist á skilgreiningu FATF á hugtakinu „money or value transfer services“. Með starfsemi þar sem í atvinnuskyni er framkvæmd slík yfirfærsla verðmæta er það gert að skilyrði að hún sé höfð að aðalstarfi. Hótel sem skipta gjaldeyri fyrir gesti sína og jafnvel verslanir, sem taka við greiðslu í einum gjaldeyri og borga út í öðrum, falla því að jafnaði ekki hér undir. Þá er það jafnframt gert að skilyrði að sérstök lög gildi ekki um starfsemina, svo sem lög um póst- og flutningsþjónustu. Flutningur á áþreifanlegum verðmætum fellur með öðrum orðum almennt ekki undir hugtakið; greiðsla á öðrum stað felur í sér greiðslu á andvirði yfirfærslunnar, þó svo að hún þurfi ekki endilega að vera í reiðufé. Nauðsynlegt þykir að skilgreina peninga- og verðmætasendingarþjónustu út frá eðli starfseminnar enda er það reynsla erlendra ríkja að birtingarmyndir og form slíkrar þjónustu séu margbreytileg. Við framkvæmd peninga- og verðmætasendingarþjónustu kunna milliliðir að vera fyrir hendi. Jafnframt kann sendandi yfirfærslu og viðtakandi hennar að vera einn og sami aðilinn.

Um 3. gr.

Hér er lögð til breyting á fyrirsögn 4. gr. laganna. Með tillögu um breytta fyrirsögn þykir efnisinnihaldi greinarinnar betur lýst, en þar eru talin upp þau tilvik er tilkynningarskyldir

aðilar skulu kanna áreiðanleika viðskiptamanna sinna. Samhliða er lögð til breyting á fyrirsögn 5. gr., sbr. 4. gr. frumvarpsins.

Um 4. gr.

Í greininni er lögð til breyting á a-lið 1. mgr. 5. gr. laganna en breytingin gerir ráð fyrir því að stjórnvöld geti viðurkennt skilríki sem gefin eru út af öðrum en þeim og að notkun slíkra skilríkja sé þá heimil til að sanna á sér deili.

Með tillögu um breyttan b-lið 1. mgr., sem á við lögaðila, er gerð sú krafa að prókúruhafi sanni ekki einungis á sér deili með þeim hætti er greinir í a-lið greinarinnar, heldur skal sá hinn sami jafnframt sanna að hann hafi til þess heimildir, þ.e. réttilega tilkomna prókúru eða aðra sérstaka heimild. Framangreint á jafnframt við um framkvæmdastjóra, stjórnarmenn og aðra sem skuldbundið geta lögaðila.

Með tillögu um nýja 2. mgr. er tekið tillit til athugasemda er Ísland fékk í úttektarskýrslu FATF haustið 2006 um að ekki væri í íslenskri löggjöf að finna fullnægjandi skyldu tilkynningarskyldra aðila til þess að afla ávallt upplýsinga um raunverulegan eiganda og stjórn lögaðila. Í skýrslu FATF er við öflun upplýsinga notað enska orðalagið „reasonable measures“, þ.e. að tilkynningarskyldir aðilar skuli grípa til „sanngjarnra ráðstafana“ til að verða sér úti um upplýsingar um raunverulegan eiganda og stjórn lögaðila.

Með tillögu um nýja 4. mgr. er miðað að því að lögfest verði krafa um að þeir viðskiptamenn sem þegar eru í viðskiptum við tilkynningarskyldan aðila sanni á sér deili skv. 1. mgr., hafi þeir ekki þegar gert það, en með því er komið til móts við athugasemdir FATF um þetta efni. Í þessu sambandi vísast til 6. gr. núgildandi laga en samkvæmt ákvæðinu skal tilkynningarskyldur aðili hafa reglubundið eftirlit með samningssambandi við viðskiptamenn sína og uppfæra upplýsingar um þá.

Með breyttu orðalagi 4. mgr. 5. gr., nái frumvarpið fram að ganga, er gert ráð fyrir því að tilkynningarskyldir aðilar skuli ekki einungis hafa þann möguleika að varðveita *ljósrit* af persónuskilríkjum og öðrum gögnum sem krafist er, eða fullnægjandi upplýsinga úr þeim, heldur geti þeir geymt *afrit* af persónuskilríkjum og slíkum gögnum. Breytingin þykir eðlileg og eykur möguleika tilkynningarskyldra aðila til að nýta sér geymslu gagna og upplýsinga á rafrænu formi. Með því að bæta orðunum „eða einstök viðskipti hafa átt sér stað“ við málsgreinina er fyrst og fremst verið að hnykkja á aðgreiningunni sem felst í því að fyrir hendi getur verið viðskiptasamband annars vegar eða um einstök viðskipti að ræða hins vegar.

Loks er lögð til breyting á fyrirsögn greinarinnar. Fyrirsögnin er nú: „Upplýsingaöflun tilkynningarskyldra aðila“, en lagt er til að hún verði: „Könnun á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn“. Þykir breytingin betur til þess fallin að skýra tilgang greinarinnar, þ.e. hvernig könnun á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn er fullnægt, ásamt því að falla betur að orðalagi FATF (e. customer due diligence).

Breytingartillögur við 5. gr. taka einkum mið af athugasemdum þeim er Ísland fékk í úttektarskýrslu FATF haustið 2006 vegna tilmæla FATF nr. 5 (e. Customer Due Diligence and Record-Keeping) en nánar vísast í þessu sambandi til bls. 60–68 og bls. 71–72 í skýrslunni.

Um 5. gr.

Lögð er til breyting á fyrirsögn 8. gr. laganna þar sem núverandi fyrirsögn þykir misvísandi, þ.e. ekki er um að ræða heimild til frestunar á því að aflað sé upplýsinga enda kemur fram í lokamálslið 1. mgr. 8. gr. að viðskiptamaður skuli sanna á sér deili eins fljótt og því verður við komið. Tilkynningarskyldur aðili skal ávallt afla grundvallarupplýsinga um við-

skiptamann, áður en til viðskiptasambands er stofnað. Breytingin samræmist framkvæmd FATF á tilmælum nr. 8. Áréttað skal að um er að ræða undanþáguheimild, sem túlka skal þröngt.

Um 6. gr.

Hafi ekki reynst mögulegt að fullnægja skilyrðum áreiðanleika könnunar viðskiptamanns, sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 5. gr. laganna, er lagt til að við 1. málsl. 1. mgr. 9. gr. verði bætt því skilyrði að binda skuli enda á viðskiptasamband sem þegar hefur verið stofnað til. Í úttektarskýrslu FATF á Íslandi 2006 gerir FATF sérstaka athugasemd við að hvorki hafi í eldri lögum um peningaþvætti frá 1999 verið kveðið á um framangreint né heldur geri núgildandi lög nr. 64/2006 um þetta áskilnað, sjá nánar í 296. tölul. skýrslunnar. Breytingunni er ætlað að bæta úr þessum annmarka.

Í þessu sambandi skal bent á tengsl við nýja 4. mgr. 4. gr. og athugasemdir við hana hér að framan. Ákvæðið mælir fyrir um að tilkynningarskyldur aðili krefji að viðskiptamaður sem er í viðskiptum sanni á sér deili hafi hann ekki þegar gert það.

Um 7. gr.

Með tillögu um að fella út orðalagið „ef nauðsyn krefur“ er komið til móts við þær athugasemdir sem settar eru fram í 306.–308. tölul. úttektarskýrslunnar. FATF þótti ákvæðið of opið, þ.e. ekki lægi fyrir hvenær „nauðsyn krefði“ að aflað skyldi viðbótargagna um viðskiptamenn. Með því að fella orðalagið „ef nauðsyn krefur“ brott er í öllum tilvikum þegar um fjarsölu ræðir gerð krafa um að aflað sé viðbótargagna um viðskiptamenn.

Um 8. gr.

FATF gerir í skýrslu sinni athugasemdir við a- og b-lið 11. gr. laganna og vísar í því sambandi til þess er kemur fram í greinargerð með ákvæðinu. Þar kemur fram að við framkvæmd matsins skv. a-lið skuli farið eftir opinberum gögnum og skipti þar m.a. máli hvort heimaríki viðkomandi aðila fylgi alþjóðlegum viðmiðum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. FATF þykir þetta of almennt. Með tillögu um breyttan a-lið er gerð krafa um að fjármálafyrirtæki er lögin gilda um fullvissi sig, í mati sínu, um gæði eftirlits gagnaðila, þ.e. að eftirlitið sé bæði fullnægjandi og skilvirkt, sbr. orðalag FATF (e. adequate and effective). Með tillögum til breytinga á b-lið er skerpt á áherslu matsins, þ.e. fjármálafyrirtækin skulu, með mati sínu á eftirliti gagnaðila, fullvissa sig um að ekki fari þar fram peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

FATF gagnrýnir í úttektarskýrslu sinni að í e-lið 11. gr. núgildandi laga sé einungis gerð krafa um að gagnaðili viti deili á viðskiptamanni (e. identify). Ekki sé gerð krafa um könnun áreiðanleika viðskiptamanns. Tillaga um breyttan e-lið tekur mið af framangreindri gagnrýni.

Nánar um tilkomu breytingartillögu greinarinnar vísast til 303. og 304. tölul. umræddrar skýrslu FATF.

Um 9. gr.

Í 9. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 12. gr. laganna. Í fyrsta lagi er lagt til að nýrri málsgrein verði bætt við greinina. Í málsgreininni er kveðið á um það hvernig fara skuli með þau tilvik þegar staða viðskiptamanns breytist, þ.e. þegar viðskiptamaður sem þegar hefur verið tekinn í viðskipti verður síðar einstaklingur í áhættuhópi vegna stjórnmálalegra tengsla sinna. Vísað er til þess að komi sú staða upp eigi 1. mgr. greinarinnar við, þ.m.t. að

þá þegar skuli aflað samþykkis frá yfirstjórn, sbr. b-lið 1. mgr., áður en viðskiptasambandi er fram haldið. Það skilyrði er nægilega uppfyllt með því að samþykkis sé aflað frá næsta stjórnunarstigi fyrir ofan viðkomandi starfsmann, þ.e. ekki er þörf á að afla samþykkis stjórnar. Með tillögu um breytingu þessa er komið til móts við athugasemdir FATF í umræddri skýrslu vegna tilmæla FATF nr. 6, sjá nánar 299. og 300. tölul. skýrslunnar.

Í örðu lagi er lagt til að fyrirsögn ákvæðisins verði breytt þannig að skýrar sé tekið fram að um sé að ræða einstaklinga í áhættuhópi vegna stjórnmálalegra tengsla sinna en ekki almennt um einstaklinga sem gætu verið í áhættuhópi. Samræmist breytingin betur orðalagi sem FATF og EB nota (e. politically exposed persons).

Um 10. gr.

Gerð er tillaga um að bætt verði inn í 14. gr. laganna áskilnaði um að tilkynningarskyldir aðilar skuli, þegar um er að ræða vöru eða viðskipti þar sem hvatt er til nafnleyndar, jafnframt sýna sérstaka varúð þegar um er að ræða nýja tækni og gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir að slík tækni sé notuð til peningaþvættis eða fjármögnunar hryðjuverka. Með breytingartillögunni er komið til móts við athugasemd FATF þessa efnis og varðar tilmæli nr. 8, sjá nánar 305. tölul. í skýrslu FATF. Gerð er tillaga um að orðalagið „ef þörf krefur“ verði tekið út en með því er komið til móts við athugasemd FATF um að slíkt orðalag sé of opið. Breytingin leiðir til þess að tilkynningarskyldir aðilar skulu sýna sérstaka varúð þegar um er að ræða vöru, viðskipti eða nýja tækni þar sem hvatt er til nafnleyndar og ávallt, en ekki einungis ef þörf krefur, gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir að slík viðskipti séu notuð til peningaþvættis eða fjármögnunar hryðjuverka.

Um 11. gr.

Með tillögu um breytingu á 15. gr. er lagt til að um tiltekna viðskiptamenn verði heimilað að beita einfaldaðri könnun á áreiðanleika. Breytingin felur í sér að fallið er frá því að þeir aðilar sem taldir eru upp í núgildandi ákvæði séu undanþegnir könnun á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn. Þess í stað er tekin upp einfölduð áreiðanleikakönnun, sem er til samræmis við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB, frá 26. október 2005, um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis og til fjármögnunar hryðjuverkamanna. Jafnframt samræmist breytingin norrænni löggjöf um þetta efni.

Gert er ráð fyrir að ráðherra hafi heimild til setningar reglugerðar um frekari útfærslu á efni ákvæðisins.

Um 12. gr.

Í greininni er lagt til að bætt verði við lögin nýrri grein, 15. gr. a. Með greininni eru talin upp þau tilvik þar sem heimilt er að beita einfaldaðri áreiðanleikakönnun.

Ákvæðið er keimlíkt ákvæði því sem nú að finna í 2. gr. reglugerðar um tilkynningarskyldu og könnun á áreiðanleika viðskiptamanns í aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 550/2006. Greinin, eins og hún er sett fram í frumvarpi þessu, er þó ekki að öllu leyti samhljóða áðurnefndu reglugerðarákvæði heldur hefur henni verið breytt og hefur þá einkum verið litið til athugasemda í úttektarskýrslu FATF á Íslandi frá 2006, nánar tiltekið til 284.–287. tölul. Helsta breytingin felst í því að með nýrri 15. gr. a er gerð tillaga um að í stað undanþágu frá áreiðanleikakönnun skuli framkvæmd einfölduð áreiðanleikakönnun, sbr. 2. mgr. 11. gr. frumvarpsins. Þá er lagt til að sérstaklega verði kveðið á um

að tilkynningarskyldur aðili skuli ávallt kanna áreiðanleika viðskiptamanna sinna þegar grunur er um peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka, sbr. d-lið 4. gr. laganna.

Í 2. tölul. 1. mgr. er gerð tillaga um að fjallað verið um gerð líftryggingarsamnings hjá fjármálastofnun „sem hlotið hefur starfsleyfi á Evrópska efnahagssvæðinu“ auk þess sem talað er um árlegt iðgjald „viðskiptamanns frá Evrópska efnahagssvæðinu“. Breytingartillagan er til samræmis við athugasemdir í 285. tölul. i.f. í skýrslu FATF.

Um 13. gr.

Breytingin sem lögð er til á 16. gr. tengist tilmælum FATF nr. 9 og þeim athugasemdum sem FATF gerir við greinina. Með því að bætt er inn í 1. málsl. 1. mgr. orðunum „áður en viðskipti hefjast“ er komið til móts við athugasemd FATF í 313. tölul., þ.e. að um er að ræða það, að þótt ekki sé gerð krafa um að tilkynningarskyldur aðili kanni sjálfur áreiðanleika viðskiptamanns skv. 1.–3. mgr. 5. gr. laganna þá skal hann engu að síður tryggja, áður en viðskipti hefjast en ekki síðar, að samsvarandi upplýsingar um áreiðanleika viðskiptamanns liggi fyrir. Upplýsingarnar um áreiðanleika viðskiptamanns skulu fram komnar fyrir tilstilli fjármálafyrirtækis sem hlotið hefur starfsleyfi á Íslandi eða samsvarandi lögaðila sem hlotið hefur starfsleyfi á Evrópska efnahagssvæðinu. Sama gildir um upplýsingar sem koma fram fyrir tilstilli eftirlitsskyldrar lána- eða fjármálastofnunar frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins sem gerðar eru sambærilegar kröfur til og í lögunum. Endanleg ábyrgð á könnun á áreiðanleika viðskiptamanns skv. 1.–3. mgr. 5. gr. hvílir ávallt á viðtakanda upplýsinganna.

Með tilkomu nýs 3. málsl. í 1. mgr. 16. gr. er komið til móts við þær athugasemdir FATF sem gerðar eru í 315. tölul. skýrslunnar. Tilkynningarskyldir aðilar skulu ávallt leitast við að tryggja (e. to satisfy themselves) að þriðji aðili fullnægi kröfum sambærilegum við þær sem gerðar eru í lögunum og að hann lúti eftirliti sambærilegu við eftirlit með íslenskum fjármálafyrirtækjum ásamt því að viðkomandi ríki fylgi tilmælum FATF.

Þá er í ákvæðinu lagt til að nýr málsliður bætist við 2. mgr. 16. gr. en með breytingunni er komið til móts við athugasemdir FATF sem finna má í 314. og 315. tölul. skýrslunnar, þ.e. að tilkynningarskyldir aðilar tryggi að þriðji aðili uppfylli skylduna sem tiltekin er í 1. mgr. ákvæðisins. Einkum þyrfti að tiltaka í samningi þeim sem vísað er til tímamark (e. without delay), enda tiltekur FATF sérstaklega að ekki megi hljótast tafir á framlagningu upplýsinganna.

Nánar vísast til athugasemda FATF á bls. 73 í umræddri skýrslu.

Um 14. gr.

Með tilkomu ákvæða er heimila einfaldaða könnun á áreiðanleika viðskiptamanna er gerð tillaga um breytt heiti IV. kafla. Nánar vísast til þess er fram kemur í athugasemdum um 11. gr. frumvarpsins.

Um 15. gr.

Í 15. gr. frumvarpsins er lagt til að bætt verði inn í 1. málsl. 1. mgr. 17. gr. laganna orðunum „og fyrirhuguð viðskipti“ og er með því komið til móts við athugasemd í skýrslu FATF, sbr. 346. tölul., þar sem fram kemur að sú skylda tilkynningarskyldra aðila að láta athuga gaumgæfilega öll viðskipti (e. any transaction) skuli jafnframt ná til fyrirhugaðra viðskipta (e. attempted transactions).

Þá er í greininni lagt til að nýjum málslið verði bætt við 1. mgr. 17. gr., þar sem gerð er krafa um að tilkynningarskyldur aðili kanni bakgrunn og tilgang viðskipta, sem málsgreinin

kveður á um, að því marki sem unnt er (e. to the extent possible). Þannig er komið til móts við athugasemdir FATF í 331. og 334. tölul. umræddrar skýrslu. Jafnframt vísast hér til ummæla FATF við tilmæli 21 (neðst á bls. 78 í skýrslu) en þar kemur fram að FATF telur framangreint vanta með beinum hætti inn í greinina.

Með tillögu til breytinga á 2. mgr. 17. gr. er hnykkt á því skilyrði að beiðnir lögreglu, sem rannsakar peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka, um upplýsingar frá tilkynningarskyldum aðila, sem nauðsynlegar eru taldar vegna tilkynningarinnar, skuli vera skriflegar. Ekki er um efnisbreytingu að ræða en skilyrði þetta er að finna í 4. gr. reglugerðar nr. 550/2006, sem felld verður úr gildi verði frumvarp þetta að lögum. Jafnframt þykir rétt að bæta við 2. mgr. 17. gr. laganna nýjum málslið en hann er sömuleiðis að finna í áðurnefndri 4. gr. umræddrar reglugerðar, þ.e. þess efnis að ekki sé þörf á dómsúrskurði vegna upplýsingagjafar samkvæmt ákvæðinu.

Um 16. gr.

Hér er gerð tillaga um breytingu á 2. málsl. 22. gr. laganna. Varðar breytingartillagan 15. tilmæli FATF en með henni er komið til móts við þá athugasemd í skýrslu FATF að ábyrgðarmaður skuli hafa skilyrðislausan aðgang (e. timely access) að áreiðanleikakönnunum viðskiptamanna, viðskiptum og öðrum upplýsingum er máli skipta vegna tilkynningar, sbr. 370. og 382. tölul. í skýrslu FATF. Í 370. tölul. skýrslu FATF kemur fram að Fjármálaeftirlitið telur að ábyrgðarmaður hafi, eins og lögin eru nú, fullan aðgang að þeim gögnum er hann þarf að hafa til að geta sinnt starfi sínu. Sú breyting að ábyrgðarmaður skuli hafa skilyrðislausan aðgang (e. timely access) að áreiðanleikakönnunum viðskiptamanna, viðskiptum og öðrum upplýsingum er máli skipta vegna tilkynningar ætti ekki að hafa neinar breytingar á framkvæmdinni í för með sér. Orðunum er fyrst og fremst bætt inn í ákvæðið til að koma til móts við athugasemd FATF um þetta efni en FATF vill með athugasemd sinni fyrirbyggja það að bið sé á því að ábyrgðarmaður hafi aðgang að áðurnefndum gögnum en slíkt mundi vera hindrun í störfum ábyrgðarmanns og draga úr skilvirkni.

Um 17. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 23. gr. laganna.

Í fyrsta lagi er lagt til að nýjum málslið verði bætt við 1. mgr. 23. gr. laganna, en með því er komið til móts við athugasemd er fram kemur í 367. tölul. í skýrslu FATF og varðar eftirlit og skriflegar innri reglur, þ.e. að í þeim skuli m.a. fjallað um áreiðanleikakönnun viðskiptamanna, tilkynningarskyldu, varðveislu gagna og viðskipti sem krefjast sérstakrar varúðar.

Samhliða tillögu um nýja málsgrein sem bætist við greinina er lögð fram tillaga um að felldur verði niður lokamálsliður 1. mgr. 23. gr. er kveður á um skyldu tilkynningarskyldra aðila til að sjá til þess að starfsmenn hljóti sérstaka þjálfun í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að starfsemi þeirra væri notuð til peningaþvættis og fjármögnunar hryðjuverka. Tillaga um nýja málsgrein kveður á um slíka þjálfun og því er ekki um efnisbreytingu að ræða. Hins vegar er í tillögunni skerpt á því hvað skuli felast í þjálfuninni, hvenær hún eigi að fara fram, þ.e. bæði við upphaf starfs og jafnframt reglulega á starfstíma viðkomandi. Með breytingartillögunni er komið til móts við athugasemdir FATF í 372. tölul. skýrslunnar.

Um 18. gr.

Með tillögu um nýjan málslið í 2. mgr. 24. gr. er komið til móts við athugasemd FATF er fram kemur í 379. tölul. skýrslunnar og þarfnast breytingartillagan ekki frekari skýringa.

Um 19. gr.

Í 19. gr. frumvarpsins er lagt til að gerðar verði breytingar á 25. gr. laganna. Lagt er til að bætt verði við greinina nýrri málsgrein, en sú breytingartillaga tekur mið af athugasemdum í úttektarskýrslu FATF á Íslandi frá 2006 við tilmæli nr. 16. Í 478. tölul. skýrslunnar vekur FATF á því athygli að svo virðist sem m.a. þeir sem heyra undir j-lið 1. mgr. 2. gr. laganna, þ.e. einstaklingar eða lögaðilar sem í atvinnuskyni selja hluti sem greitt er fyrir með reiðufé, hvort sem viðskiptin fara fram í einni greiðslu eða fleiri, sem virðast tengjast hver annarri, að fjárhæð 15.000 evrur eða meira miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni, séu ekki nægilega vel upplýstir um skyldur sínar samkvæmt lögunum. Í þessu sambandi vísast sérstaklega til þeirrar skyldu að láta athuga gaumgæfilega öll viðskipti sem grunur leikur á að rekja megi til peningaþvættis eða fjármögnunar hryðjuverka og tilkynna lögreglu um viðskipti þar sem slík tengsl eru talin vera fyrir hendi, sbr. 1. málsl. 1 mgr. 17. gr. laganna. Gildir þetta einkum um viðskipti sem eru óvenjuleg, mikil eða flókin, með hliðsjón af venjubundinni starfsemi viðskiptamannsins eða virðast ekki hafa fjárhagslegan eða lögmætan tilgang, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 17. gr. laganna.

Til að koma til móts við framangreint er lagt til að Neytendastofa gegni hlutverki eftirlitsaðila en eftirlitshlutverk stofnunarinnar mundi einkum felast í því að upplýsa framangreinda aðila, með reglubundnum hætti, um skyldur sínar samkvæmt lögunum, reglugerðum og öðrum reglum settum samkvæmt þeim. Neytendastofa setur nánari reglur um framkvæmd eftirlitsins. Neytendastofu er falið verkefnið með heimild í 2. mgr. 2. gr. laga um Neytendastofu og talsmann neytenda, nr. 62/2005.

Í 492. tölul. skýrslunnar tiltekur FATF sérstaklega að auk skyldunnar skv. 1. mgr. 17. gr., sem nefnd hefur verið, skuli athygli aðila jafnframt vakin á aðgæslu gagnvart erlendum viðskiptasamböndum og færslum, hvort heldur sem er við einstaklinga eða lögaðila sem ekki uppfylla nægilega tilmæli FATF, sbr. tilmæli nr. 21. Þá skulu aðilar upplýstir um að í mörgum ríkjum sé að finna veikleika með tilliti til varna gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Þessu til viðbótar skal aðilum sérstaklega bent á skyldu sína til reglubundinnar þjálfunar starfsmanna er taki mið af þróun í málaflokknum.

Til viðbótar þeim sem taldir eru upp í athugasemdum við j-lið 1. mgr. 2. gr. í frumvarpi til laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka er varð að lögum nr. 64/2006 skal eftirlitsskylda Neytendastofu jafnframt ná til þeirra er selja skartgripi úr eðalmálmum og/eða eðalsteinum og þeirra er selja nýjar eða notaðar bifreiðar.

Um 20. gr.

Hér er lagt til að tveimur nýjum greinum verði bætt við lögin, 25. gr. a og 25. gr. b. Miðar tillagan að því að koma til móts við sérstök tilmæli FATF nr. VI (SRVI) en samkvæmt tilmælunum hvílir á íslenska ríkinu þjóðréttarleg skylda til að uppfylla eftirtalin skilyrði, að því er peninga- og verðmætasendingarþjónustu varðar: a) Starfsemin skal háð opinberri leyfisveitingu eða skráningu. b) Starfsemin skal undirorpin gildissviði hinna 40 tilmæla FATF og hinna 8 sérstöku tilmæla. c) Það skal varða viðurlögum að starfrækja peninga- og verðmætasendingarþjónustu án leyfis eða skráningar. Jafnframt skulu liggja við því viðurlög, sé ekki farið að viðeigandi tilmælum FATF.

Með tilkomu 25. gr. a er lagt til að starfsemi gjaldeyrisskiptastöðva og peninga- og verðmætasendingarþjónustu verði skráningarskyld hjá Fjármálaeftirlitinu. Skv. 8. gr. laga um gjaldeyrismál, nr. 87/1992, er öðrum aðilum en Seðlabanka Íslands óheimilt að hafa milligöngu um gjaldeyrisviðskipti hér á landi, nema að hafa til þess heimild í lögum eða sam-

kvæmt alþjóðlegum samningum sem Ísland er aðili að eða að fengið hafi verið til þess leyfi frá Seðlabankanum. Starfræksla gjaldeyrisskiptastöðva er því samkvæmt núgildandi lögum háð leyfi Seðlabanka. Slík leyfisveiting þykir hins vegar vart samræmast lengur því hlutverki og markmiðum sem lýst er í lögum nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands, og heyra betur undir verksvið Fjármálaeftirlitsins. Verði frumvarp þetta að lögum verður skráning hjá Fjármálaeftirlitinu framvegis skilyrði fyrir starfrækslu gjaldeyrisskiptastöðva í stað öflunar leyfis frá Seðlabankanum.

Ekki liggur fyrir vitneskja um að peninga- eða verðmætasendingarþjónusta sé starfrækt hér á landi utan fjármálafyrirtækja. Undanfarin ár hafa fjármálafyrirtæki boðið þjónustu af þessu tagi, m.a. í gegnum alþjóðlegu peningasendingarfyrirtækin Western Union og Moneygram. Ekki hafa, til þessa, verið sett sérstök lagaákvæði um peninga- og verðmætasendingarþjónustu hér á landi. Verði ákvæðið að lögum er því um nýmæli að ræða í íslenskum rétti. Heppilegt þykir að gera sömu kröfur um skráningarskyldu, bæði gjaldeyrisskiptastöðva og peninga- og verðmætasendingarþjónustu, hjá opinberum eftirlitsaðila enda um eðlislíka starfsemi að ræða.

Í 25. gr. b er lagt til að lögfest verði að Fjármálaeftirlitið skuli neita gjaldeyrisskiptastöð eða peninga- og verðmætasendingarþjónustu um skráningu samkvæmt lögunum ef skráningarskyldir aðilar eða stjórnendur eða raunverulegir eigendur starfseminnar hafa á síðustu fimm árum verið úrskurðaðir gjaldþrota eða hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, lögum þessum, löggjöf um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot, opinber gjöld eða þeim sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi.

Í leiðbeiningum FATF er besta framkvæmd (e. best practice) sérstaks tilmælis nr. VI (SRVI) sögð vera sú að gerðar séu lágmarkskröfur um hæfi rekstraraðila, eigenda, forstjóra og hluthafa fjármálastofnana. Hafa verður í huga að skilgreining FATF á hugtakinu fjármálastofnun er mun víðtækari en skilgreining hugtaksins fjármálafyrirtæki í íslenskum lögum. FATF telur peninga- og verðmætasendingarþjónustur og gjaldeyrisskiptastöðvar til fjármálastofnana og samkvæmt tilmælum FATF nr. 23 skulu ríki sjá til þess að glæpamenn og vitorðsmenn þeirra nái ekki yfirráðum eða eignist mikinn eða ráðandi hlut í fjármálastofnun eða gegni stjórnunarstöðu í slíkri stofnun.

Um 21. gr.

Lagt er til að fyrirsögn VI. kafla laganna verði breytt til samræmis við þær breytingar sem gerðar eru með tilkomu nýrra ákvæða kaflans, einkum 25. gr. a, þar sem lagt er til að starfræksla gjaldeyrisskiptastöðva og peninga- og verðmætasendingarþjónustu verði skráningarskyld hjá Fjármálaeftirlitinu.

Um 22. gr.

Í skýrslu FATF um aðgerðir íslenska ríkisins gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka frá árinu 2006 voru m.a. gerðar athugasemdir við framkvæmd hinna sérstöku tilmæla FATF nr. VI. Með frumvarpi þessu er lagt til að í lögum verði mælt fyrir um skyldu til skráningar starfsemi gjaldeyrisskiptastöðva og peninga- og verðmætasendingarþjónustu hjá Fjármálaeftirlitinu auk þess sem Fjármálaeftirlitinu verði falið eftirlit með því að aðilar þessir fari að lögum nr. 64/2006 og reglugerðum og reglum sem settar eru á grundvelli þeirra. Því er í 22. gr. frumvarpsins lagt til að vanræksla á skráningarskyldu skv. 25. gr. a varði sektum. Það sama á við ef aðili heldur starfsemi sinni áfram þrátt fyrir að hafa verið felldur út af skrá Fjár-

málaeftirlitsins eða vanrækir að veita upplýsingar eða láta í té aðstoð svo sem kveðið er á um í lögunum.

Um 23. gr.

Í 23. gr. frumvarpsins er að finna gildistökuákvæði, en lagt er til að lögin öðlist þegar gildi.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 64/2006.

Markmiðið með frumvarpinu er að leggja fram breytingar á lögunum til að koma til móts við þær athugasemdir sem gerðar voru við íslensk lög og reglur af alþjóðlega framkvæmdahópnum, Financial Action Task Force on Measures against Money Laundering, sem fóstraður er af OECD. Í frumvarpinu er lagt til að Fjármálaeftirlitið hafi eftirlit með því að einstaklingar eða lögaðilar sem í atvinnuskyni stunda gjaldeyrisviðskipti eða yfirfærslur peninga og annarra verðmæta fari að ákvæðum laganna, reglugerðum og reglum sem settar eru samkvæmt þeim. Jafnframt er lögð til skráningarskylda hjá Fjármálaeftirlitinu til starfrækslu gjaldeyrisskiptastöðva og peninga- og verðmætasendingarþjónustu. Þá er lagt til að Neytendastofu verði bætt inn í lögin sem eftirlitsaðila.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum mun það hafa í för með sér óverulega aukningu útgjalda sem rúmast innan ramma fjárheimilda viðskiptaráðuneytisins.

841. Frumvarp til laga [540. mál]

um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

I. KAFLI

Heimildir til sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa.

1. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að leggja grundvöll að því að viðskipti með fasteignir, fyrirtæki og skip, sem gerð eru með aðstoð fasteignasala, geti farið fram með greiðum og öruggum hætti fyrir kaupanda og seljanda og réttarstaða aðila sé glögg, svo og að hlutverk fasteignasala og ábyrgð þeirra sé skýr og þeir séu engum háðir í störfum sínum.

2. gr.

Heimild til að hafa milligöngu um eigendaskipti að fasteignum o.fl.

Þeim einum er heimilt að hafa milligöngu um kaup, sölu eða skipti á fasteignum eða skráningarskyldum skipum fyrir aðra sem hafa til þess löggildingu sýslumanns. Sama gildir um kaup, sölu eða skipti á atvinnufyrirtækjum eða eignarhluta í þeim, hvort heldur er um að ræða fyrirtæki í eigu einstaklinga eða félaga. Einkarétturinn tekur þó hvorki til sölu félaga ef umfang rekstrarins á síðasta mánuði fyrir sölu hefur verið meira en svarar til fimm ársverka né til hlutafélaga.

Hæstaréttar- og héraðsdómslögmenn þurfa ekki löggildingu til að hafa milligöngu um kaup, sölu eða skipti á eignum í einstökum tilvikum, enda tengist það lögmannsstörfum þeirra. Ákvæði laga þessara gilda um slík störf lögmanna.

Þegar rætt er um fasteignasölu og fasteignaviðskipti í lögum þessum er einnig átt við sölu fyrirtækja, sbr. 1. mgr., og sölu skráningarskyldra skipa. Þar sem rætt er um fasteignasala í lögum þessum er einnig átt við þá sem hafa löggildingu til að annast sölu fyrirtækja og skipa.

Þeim sem hafa atvinnu af byggingu fasteigna er heimilt að annast sjálfir sölu þeirra. Skjöl sem tengjast sölunni skulu þó unnin af fasteignasölum eða vera staðfest með sérstakri áritun þeirra. Slík áritun á skjal er skilyrði fyrir þinglýsingu þess. Sama gildir um félagasamtök sem annast byggingarframkvæmdir fyrir félagsmenn sína. Ákvæði laga þessara um störf fasteignasala og skyldur til að gæta hagsmuna beggja aðila gilda um slík störf eftir því sem við getur átt.

Þeir sem hafa í öðru EES-ríki eða Færeyjum fengið löggildingu til að starfa sem fasteignasalar eða leyfi til málflutnings hafa heimild til að annast fasteignaviðskipti að fullnægðum skilyrðum sem ráðherra setur um prófraun og tryggingar.

3. gr.

Skilyrði löggildingar o.fl.

Hver maður getur fengið löggildingu sem fasteignasali ef hann:

a. hefur lögheimili hér á landi,
b. er lögráða og hefur aldrei orðið að sæta því að bú hans sé tekið til gjaldþrotaskipta,
c. leggur fram tryggingu fyrir greiðslu bóta og kostnaðar vegna tjóns sem viðskiptamenn hans kunna að verða fyrir af völdum hans eða manna sem ráðnir eru til starfa hjá honum,
d. hefur lokið 90 eininga námi sem er ætlað fasteignasölum,
e. hefur starfað í fullu starfi við fasteignasölu í 12 mánuði á síðustu fimm árum áður en sótt er um löggildingu.

Víkja má frá skilyrði b-liðar 1. mgr. að fenginni umsögn eftirlitsnefndar fasteignasala ef umsækjandi hefur haft forræði á fé sínu að minnsta kosti þrjú undanfarandi ár.

Undanþegnir d- og e-lið 1. mgr. eru hæstaréttar- og héraðsdómslögmenn.

Heimilt er að synja manni um löggildingu ef hann hefur hlotið dóm fyrir brot á ákvæðum XVI., XVII., XX., XXVI. og XXVII. kafla almennra hegningarlaga eða verið dæmdur í fangelsi samkvæmt ákvæðum annarra laga.

Skilyrði a-liðar 1. mgr. um lögheimili hér á landi gildir ekki um ríkisborgara annarra aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyinga.

4. gr.

Starfsábyrgðartrygging.

Fasteignasala er skylt að hafa í gildi ábyrgðartryggingu vegna fjártjóns sem leiðir af gáleysi í störfum hans eða þeirra sem ráðnir eru til starfa hjá honum, svo og ábyrgðar sem leiðir af 3. málsl. 29. gr. Slík trygging getur verið vátrygging tekin hjá vátryggingafélagi sem hefur starfsleyfi hér á landi eða önnur trygging, jafngild að mati ráðherra. Kveða skal nánar á um vátrygginguna í reglugerð, m.a. um lágmark vátryggingarfjárhæðar vegna hvers einstaks tjónsatburðar og heildarfjárhæð bóta innan hvers vátryggingartímabils.

Nú starfa tveir eða fleiri fasteignasalar saman og bera óskipta ábyrgð á störfum hvor eða hver annars og fullnægja þeir þá vátryggingarskyldu sinni með því að leggja fram sameiginlega vátryggingu og skulu þá lágmarksvátryggingarfjárhæðir hækka um a.m.k. 10% fyrir hvern fasteignasala umfram einn. Hið sama á við ef fasteignasali hefur ráðið til starfa menn við fasteignasölu á sínum vegum eða þeir eru starfsmenn félags sem rekur fasteignasölu. Hafi einhver starfsmanna hans löggildingu til fasteignasölu skulu þó vátryggingarfjárhæðir ekki hækka vegna hans.

Ef fasteignasali hefur samhliða fasteignasölu með höndum lögmannsstörf og hefur ábyrgðartryggingu sem slíkur telst hann með því hafa fullnægt vátryggingarskyldu sinni sem fasteignasali samkvæmt lögum þessum, enda taki ábyrgðartrygging hans líka til tjóns sem hann, eða þeir sem ráðnir eru til starfa hjá honum, kann að valda í starfi sínu við fasteignasölu. Í slíkum tilvikum gildir sú lágmarksfjárhæð sem hæst er.

5. gr.

Löggilding.

Sýslumaður gefur út löggildingarskírteini fyrir fasteignasala. Synjun sýslumanns um útgáfu löggildingarskírteinis er kæranleg til viðskiptaráðuneytis.

Áður en löggilding er veitt skal umsækjandi vinna drengskaparheit um að rækja í hvívetna af kostgæfni og samviskusemi starf það sem löggildingin veitir honum rétt til og hlíta lögum og öðrum réttarreglum er það varðar.

Löggilding fasteignasala er bundin við nafn hans.

Fyrir löggildingu skal fasteignasali greiða gjald í ríkissjóð samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs.

Sá einn má nefna sig fasteignasala, fyrirtækjasala eða skipasala sem hefur til þess löggildingu. Hið sama á við um starfsheiti sem er lýsandi um þessa starfsemi eða hætta kann að vera á að ruglað sé saman við störf þau sem tilgreind eru.

Hlutaðeigandi sýslumaður skal auglýsa löggildingu fasteignasala í Lögbirtingablaði og tilkynna eftirlitsnefnd fasteignasala um hana.

Hjá hlutaðeigandi sýslumanni skal haldin skrá yfir þá sem hafa löggildingu fasteignasala.

Viðskiptaráðherra er heimilt að ákveða að löggilding fasteignasala verði á hendi eins sýslumanns.

6. gr.

Skylda fasteignasala til starfa.

Óheimilt er fasteignasala, í öðrum mæli en heimilað er með lögum þessum og reglugerð sem sett er samkvæmt þeim, að fela öðrum að vinna þau störf sem löggildingin tekur til.

Fasteignasali ber skaðabótaábyrgð á tjóni sem þeir valda er starfa í hans þágu við fasteignasöluna.

7. gr.

Eignarhald á fasteignasölu. Starfsstöð fasteignasala o.fl.

Fasteignasala ber sjálfum að starfa á fasteignasölu sinni og vera eigandi að rekstrinum. Fasteignasali getur þó ráðið sig til starfa hjá öðrum fasteignasala sem rekur fasteignasölu samkvæmt lögum þessum. Fasteignasala er einungis heimilt að hafa í þjónustu sinni við fasteignasöluna menn sem ábyrgðartrygging hans tekur til eða eru sjálfir fasteignasalar.

Nú er fasteignasala stunduð í nafni félags og skal þá fasteignasalinn eiga með beinum hætti meiri hluta í því. Aðrir eigendur og sá eða þeir sem fara í raun með framkvæmdastjórn skulu fullnægja skilyrði a-liðar 1. mgr. 3. gr., vera lögráða, fjár síns ráðandi og mega ekki á síðustu þremur árum í tengslum við atvinnurekstur hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög, lögum um bókhald, lögum um ársreikninga, lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. eða lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda. Ákvæði þessarar málsgreinar girða hvorki fyrir að aðrir fasteignasalar starfi hjá félaginu né að tveir eða fleiri fasteignasalar sem starfa saman eigi sameiginlega meiri hluta í félagi.

Þótt fasteignasala sé rekin í nafni félags ber fasteignasali óskipta ábyrgð á tjóni og kostnaði sem hann, eða sá sem starfar fyrir félagið, kann að valda viðskiptamönnum fasteignasölunnar. Þeir sem starfa í þjónustu félagsins skulu einnig falla undir ábyrgðartryggingu fasteignasala.

Fasteignasali skal tilkynna eftirlitsnefnd fasteignasala og sýslumanni hvar starfsstöð hans er. Hann getur aðeins haft eina starfsstöð. Fasteignasala sem rekur fasteignasölu sjálfur eða í nafni félags er þó heimilt að reka útibú, enda hafi annar fasteignasali, sem ráðinn er til starfa hjá honum, starfsstöð í útibúinu og veiti því forstöðu. Fasteignasali sem hyggst hefja starfsemi útibús skal tilkynna eftirlitsnefnd og sýslumanni um stofnun slíks útibús og um tilhögun á rekstri þess.

Ákvæði 2. og 3. mgr. skulu gilda um útibú fasteignasala og hann skal vera eigandi að rekstri þess.

8. gr.

Sönnun um eignarhald.

Fasteignasali skal sanna að eignarhald á fasteignasölu samrýmist ákvæðum laga þessara ef eftirlitsnefnd fasteignasala krefst þess.

II. KAFLI

Réttarstaða fasteignasala, störf og starfshættir.

9. gr.

Réttarstaða.

Fasteignasali hefur réttindi og ber skyldur sem opinber sýslunarmaður, þar á meðal þagnarskyldu um það er hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara. Þagnarskylda helst þótt hann láti af störfum.

Fasteignasala ber sjálfum að sinna þeim verkefnum sem ákvæði þessa kafla taka til. Honum er þó heimilt á eigin ábyrgð að fela einstaklingum sem starfa hjá honum eða félagi hans um fasteignasölu einstök afmörkuð verkefni við sölu einstakra eigna. Tilgreina skal í reglugerð hvaða störf fasteignasali má fela þeim sem ráðnir eru til starfa hjá honum, enda sé ótvírætt af menntun, reynslu og þekkingu starfsmannsins að hann sé fær um að sinna slíku verk-

efni. Starfsmanni er óheimilt að fela öðrum að sinna verkum sem fasteignasali hefur falið honum.

10. gr.
Samningur um þjónustu.

Fasteignasali skal, þegar óskað er milligöngu hans um kaup eða sölu eignar eða aðra þjónustu samkvæmt lögum þessum, gera skriflegan samning við þann er til hans leitar. Samningurinn skal gerður áður en fasteignasali tekur til við starfann. Í samningi skal tilgreint hvaða verkefnum fasteignasali eigi að sinna, hver þóknun hans sé fyrir starfann eða hvernig hún skuli ákveðin og hvaða útlagða kostnað viðsemjandinn eigi að greiða.

Greina skal sérstaklega ef fasteignasali hefur einn rétt til sölu eignar og í hve langan tíma sá réttur hans á að standa.

11. gr.
Söluyfirlit.

Strax og fasteignasali fær eign til sölumeðferðar, eða honum er falið að ganga frá kauptilboði og/eða kaupsamningi um eign, sem ekki er til sölumeðferðar hjá öðrum fasteignasala og ekki hefur verið gert söluyfirlit um og afhent kauptilboðsgjafa, skal hann semja rækilegt yfirlit um þau atriði sem skipt geta máli við sölu eignarinnar.

Áður en tilboð er gert í eign skal væntanlegum tilboðsgjafa afhent söluyfirlitið og skal hann staðfesta móttöku þess með nafnritun sinni og dagsetningu.

Fasteignasali, sem fær eign til sölumeðferðar eða er falið að ganga frá kauptilboði og/eða kaupsamningi um eign sem ekki er til sölumeðferðar hjá öðrum fasteignasala og ekki hefur verið gert söluyfirlit um, skal afla undirskriftar seljanda á yfirlýsingu um að efni söluyfirlits sé rétt samkvæmt bestu vitund hans.

Nú er söluyfirlit eldra en þriggja mánaða og skal þá fasteignasali gera nýtt nema engar breytingar hafi orðið sem lúta að efni þess.

12. gr.
Efni söluyfirlits.

Fasteignasali skal gæta þess vandlega að á söluyfirliti komi fram öll grundvallaratriði um eiginleika og ástand eignarinnar sem, ásamt skoðun kaupanda á eign þegar við á, má ætla að geti verið grundvöllur ákvörðunar hans um hvort hann kaupir eignina og hvaða verð hann er tilbúinn að greiða fyrir hana.

Í söluyfirliti skal auk almennrar lýsingar á fasteign m.a. koma fram:

a. söluverð það sem eigandi óskar að fá fyrir eign sé það ákveðið,
b. staðsetning eignar og númer, stærð hennar samkvæmt opinberum skrám, fasteignamat, brunabótamat, byggingarlag og byggingarefni og byggingarár eignar og einstakra hluta hennar ef við á; teikning sem sýni fyrirkomulag innan húss skal jafnan vera fyrir hendi, svo og lóðaruppdráttur sé hann til,
c. upplýsingar um ástand eignar og einstakra hluta hennar, þar á meðal um galla sem seljanda og/eða fasteignasala er kunnugt um á eign,
d. föst gjöld af eigninni, áhvílandi veðskuldir, kvaðir og önnur eignahöft, samkvæmt veðbókarvottorði; tilgreina skal eftirstöðvar og lánskjör, þar á meðal vexti og verðtryggingu allra áhvílandi veðskulda og kvaða og tilgreina sérstaklega ef skuld er í vanskilum; um þær veðskuldir sem fylgja eiga við sölu skal tilgreina fjölda ógreiddra afborgana og

hvort heimilt er að yfirtaka þær með óbreyttum lánskjörum og ef svo er ekki, hvaða breytingar má ætla að verði og hvort einhver annar kostnaður fylgir yfirtökunni,
e. kostnaður sem kaupandi hefur af kaupum, þar á meðal þinglýsingarkostnaður, stimpilgjöld, umsýslukostnaður kaupanda, lántökukostnaður sé það unnt o.fl.
f. tekjur af eigninni ef um er að ræða eign sem ætluð er til atvinnustarfsemi,
g. afhendingarástand eignar sem seld er ófullgerð, og skal það vera í samræmi við staðla sem út eru gefnir af opinberum stofnunum er annast byggingarrannsóknir eða byggingareftirlit,
h. húsgjöld og yfirstandandi eða væntanlegar framkvæmdir sem búið er að ákveða á fundi húsfélags, sé um fjöleignarhús að ræða, og um stöðu eiganda gagnvart hússjóði og framkvæmdasjóði húsfélags,
i. eignaskiptayfirlýsing eða samningur sé um fjöleignarhús að ræða,
j. önnur atriði sem kunnugt er um, svo sem skýrslur um ástand eignar sem gerðar hafa verið.

Sambærilegt yfirlit skal, eftir því sem við getur átt, gert vegna sölu á skipi og/eða fyrirtæki. Í söluyfirliti vegna fyrirtækja skal einnig tilgreina hverjar hafi verið tekjur og gjöld þess síðustu þrjú ár fyrir gerð söluyfirlits, hverjar eignir þess séu og skuldir og hve mörg ársverk hafi verið unnin í rekstri þess síðustu þrjú árin fyrir gerð söluyfirlits. Upplýsingar þessar skulu reistar á endurskoðuðum reikningum fyrirtækisins eða öðrum haldbærum gögnum. Skal fasteignasali leitast við að tryggja að kaupandi fái öruggar og nákvæmar upplýsingar um allt sem máli skiptir um rekstur og fjárhagsstöðu fyrirtækis áður en hann gerir tilboð í það eða tekur afstöðu til sölutilboðs.

13. gr.

Öflun upplýsinga vegna söluyfirlits.

Fasteignasali skal afla upplýsinga sem fram eiga að koma í söluyfirliti. Skal hann sækja upplýsingar í opinberar skár og skýrslur ef unnt er, en ástand fasteignar, gerð hennar og búnað sem fylgja á við sölu skal hann kynna sér af eigin raun.

Fasteignasali ber ábyrgð á því ef upplýsingar í söluyfirliti reynast rangar eða ófullnægjandi, enda sé um að kenna gáleysi hans eða þeirra er starfa í hans þágu.

Skylda seljanda til að veita upplýsingar samkvæmt lögum um fasteignakaup er óháð skyldum fasteignasala samkvæmt lögum þessum.

14. gr.

Kynning fasteignasala á eign.

Fasteignasali skal við kynningu á eign sem hann hefur til sölumeðferðar gæta þess að upplýsingar sem veittar eru um hana og lýsingar á henni séu réttar og í sem bestu samræmi við eiginleika og ástand eignarinnar. Skal hann gæta hófs í lýsingum á eigninni.

Fasteignasali skal geta skýrlega nafns síns í öllum auglýsingum og kynningum á eign. Sé firmanafn fasteignasölu auglýst eða kynnt skal nafn fasteignasala einnig koma fram.

15. gr.

Fasteignasali skal vera sjálfstæður og óháður í störfum sínum.

Fasteignasala og starfsmönnum hans er óheimilt að kaupa eign sem fasteignasalanum hefur verið falin til sölumeðferðar.

Fasteignasala er óheimil milliganga um kaup eða sölu fasteignar sé hann, starfsmenn hans eða makar þeirra, eða félag í þeirra eigu, eigendur hennar eða verulegs hluta hennar, eða ef þeir búa yfir sérstökum upplýsingum um fasteignina sem hafa þýðingu við söluna og aðrir hafa ekki aðgang að.

Fasteignasali skal tilkynna aðilum tafarlaust með sannanlegum hætti hafi hann nokkurra annarra hagsmuna að gæta en þeirra er varða greiðslu þóknunar og útlagðs kostnaðar.

16. gr.

Fasteignasali skal gæta hagsmuna kaupanda og seljanda.

Fasteignasali skal í hvívetna leysa af hendi störf sín svo sem góðar viðskiptavenjur bjóða. Hann skal liðsinna báðum aðilum, seljanda og kaupanda, og gæta réttmætra hagsmuna þeirra. Hann skal einnig gæta þess að aðila séu eigi settir ólögmætir, ósanngjarnir eða óeðlilegir kostir í samningum.

17. gr.

Samnings- og skjalagerð.

Fasteignasala er skylt að annast alla skjalagerð við sölu fasteigna og skal geta þess í skjölunum, þar á meðal söluyfirliti, kauptilboði, kaupsamningi, afsali, veðbréfi og skuldabréfi, hver samið hafi. Skal nafn fasteignasala koma fram svo eigi verði um villst.

Öll skjalagerð og samningsgerð skal vönduð og svo úr garði gerð að hagsmunir beggja aðila séu tryggðir og réttarstaða hvors um sig sé glögg.

18. gr.

Vörslufjárreikningar.

Fasteignasala er skylt að halda fjármunum sem hann tekur við í þágu annarra aðgreindum frá eigin fé. Skulu slíkir fjármunir varðveittir á sérstökum vörslufjárreikningi. Vextir, sem á vörslufé kunna að falla, renna til eiganda þess. Fasteignasali er ekki eigandi innstæðu á vörslufjárreikningi samkvæmt þessari grein og innstæðan er ekki hæft andlag aðfarargerða hjá honum og stendur utan skuldaraðar við skipti á búi hans.

Um vörslufjárreikninga gilda nánari ákvæði sem ráðherra setur í reglugerð skv. 28. gr. að fengnum tillögum eftirlitsnefndar fasteignasala.

III. KAFLI
Eftirlit með störfum fasteignasala.

19. gr.

Eftirlitsnefnd fasteignasala.

Eftirlitsnefnd fasteignasala annast eftirlit með störfum fasteignasala samkvæmt fyrirmælum laga þessara. Viðskiptaráðherra skipar þrjá nefndarmenn og varamenn þeirra til þriggja ára í senn. Einn nefndarmanna skal vera fasteignasali og einn löggiltur endurskoðandi. Hinn þriðji, sem vera skal formaður nefndarinnar, skal vera lögmaður og fullnægja skilyrðum til að gegna embætti hæstaréttardómara. Varamenn skulu fullnægja sömu skilyrðum og aðalmenn. Ráðherra ákveður þóknun nefndarmanna.

Sérhver fasteignasali skal greiða árlegt eftirlitsgjald að fjárhæð 80.000 kr. til að standa straum af kostnaði við störf eftirlitsnefndar fasteignasala. Nú sýnir fasteignasali fram á að fleiri en einn fasteignasali reki saman fasteignasölu og vinni á sömu starfsstöð, eða starfi hjá sama félagi og á sömu starfsstöð, og skal þá aðeins greidd sú fjárhæð, sem greinir í 1. málsl.

Gjalddagi gjaldsins er 1. júlí. Ef gjaldið er ekki greitt innan 30 daga frá gjalddaga skal greiða dráttarvexti af því skv. III. kafla laga um vexti og verðtryggingu. Gera má aðför án undangengins dóms til fullnustu vangoldnu eftirlitsgjaldi, ásamt áföllnum vöxtum og dráttarvöxtum.

Eftirlitsnefnd fasteignasala er heimilt að ráða sér starfsmann til þess að hún geti sinnt skyldum sínum.

Eftirlitsnefnd fasteignasala er heimilt að kveðja sér til ráðgjafar og aðstoðar sérfróða menn ef hún telur þörf á. Skulu þeir starfa með nefndinni við undirbúning og meðferð máls eftir ákvörðun formanns.

Um meðferð mála er lúta að áminningu og tímabundinni sviptingu löggildingar fer samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga að því leyti sem ekki er kveðið á um annað í lögum þessum.

Nefndarmenn og starfsmaður nefndarinnar eru bundnir þagnarskyldu um allt sem þeir komast að í starfi sínu og leynt á að fara. Hið sama á við um þá sem nefndin kveður sér til ráðgjafar og aðstoðar. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af störfum.

20. gr.

Hlutverk eftirlitsnefndar.

Eftirlitsnefnd fasteignasala skal hafa eftirlit með því að fasteignasalar starfi í samræmi við ákvæði laga þessara og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim, aðrar réttarreglur sem þýðingu hafa fyrir störf fasteignasala og góðar venjur í fasteignasölu.

Hún skal fylgjast sérstaklega með eftirtöldum þáttum í starfi fasteignasala:

a. að eignarhald að fasteignasölum sé í samræmi við lög þessi,
b. að fasteignasali starfi á fasteignasölu sinni og hafi ekki aðra í þjónustu sinni en þá sem ábyrgðartrygging hans tekur til eða eru sjálfir fasteignasalar,
c. að fullnægjandi ábyrgðartryggingar séu teknar vegna starfseminnar,
d. að fasteignasalar geri þau skjöl er lög þessi og góðar venjur í fasteignasölu bjóða,
e. að skjöl séu gerð á réttum tíma og árituð af þeim sem skylt er,
f. að fasteignasalar hagi skjalagerð efnislega í samræmi við ákvæði laganna og góðar venjur í fasteignasölu,
g. að fasteignasalar sinni sjálfir þeim störfum sem löggilding þeirra tekur til og feli þeim sem ráðnir eru til starfa hjá þeim ekki önnur störf en þau sem heimildir standa til,
h. að hagsmunir aðila að samningum séu ekki fyrir borð bornir,
i. að meðferð fjármuna í eigu viðskiptamanna þeirra sé í hvívetna í samræmi við lög þessi og reglur um vörslufjárreikninga,
j. að fasteignasali uppfylli ávallt skilyrði laga þessara til að vera fasteignasali og
k. að fasteignasali gæti að fyrirmælum laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Nú hefur hæstaréttar- eða héraðsdómslögmaður fengið löggildingu sem fasteignasali og hefur þá eftirlitsnefnd fasteignasala skyldur til eftirlits með honum samkvæmt ákvæðum þessara laga.

21. gr.

Heimildir og skyldur eftirlitsnefndar.

Fasteignasali skal skila til eftirlitsnefndar eigi síðar en í ágúst hvert ár yfirlýsingu löggilts endurskoðanda um að meðferð hans á fjármunum viðskiptamanna hans undangengið reikningsár sé í samræmi við lög þessi og reglur um vörslufjárreikninga.

Nú hefur yfirlýsingu endurskoðanda ekki verið skilað í réttu horfi, og þess efnis sem krafist er, í lok ágústmánaðar og skal þá eftirlitsnefnd veita tveggja vikna frest til skilanna. Sé ekki orðið við áskorun um skil og skýringar sem nefndin metur fullnægjandi ekki veittar á því að skil hafi ekki farið fram skal eftirlitsnefnd svipta fasteignasala tímabundið löggildingu hans. Hafi yfirlýsingu ekki verið skilað í réttu horfi 1. október sama ár skal fasteignasali sá er í hlut á sviptur löggildingu tímabundið.

Eftirlitsnefnd er heimilt hvenær sem er og án fyrirvara að skoða bókhald og öll skjöl fasteignasala sem tengjast rekstri hans eða einstökum málum sem hann hefur með höndum. Skal nefndin framkvæma slíka skoðun svo oft sem þurfa þykir og eigi sjaldnar en þriðja hvert ár hjá hverjum fasteignasala.

Berist eftirlitsnefnd trúverðug ábending um að misfellur séu í starfsemi fasteignasala skal hún svo fljótt sem auðið er rannsaka málið, m.a. með skoðun á starfsstöð hans. Nú finnst bókhald eða önnur gögn eða skjöl fasteignasala ekki á starfsstöð hans og skal þá nefndinni heimilt að leita þeirra annars staðar þar sem ætla má að þau séu geymd.

Nú synjar fasteignasali eftirlitsnefnd um aðgang að starfsstöð sinni, ekki næst að afla samþykkis hans eða ætla má að brýnum rannsóknarhagsmunum verði teflt í tvísýnu ef leitað er samþykkis hans, og getur þá nefndin óskað aðstoðar lögreglu til að hún fái sinnt eftirliti sínu. Hið sama á við ef bókhald eða önnur gögn eða skjöl fasteignasala eru í vörslum þriðja manns. Um slíka leit gilda ákvæði XI. kafla laga um meðferð opinberra mála.

Nú telur eftirlitsnefnd að fasteignasali eða aðrir hafi við rekstur fasteignasölu gerst brotlegir við almenn hegningarlög í störfum sínum, eða sýnt af sér aðra refsiverða háttsemi, og skal hún þá tilkynna það lögreglu með formlegum hætti. Nefndin skal halda áfram rannsókn sinni og ljúka máli þess fasteignasala er í hlut á þótt lögreglu sé send tilkynning og hún hefji rannsókn máls.

Hafi eftirlitsnefnd borist kvörtun eða ábending um misfellur í starfi fasteignasala, eða ef hún hefur tekið mál til meðferðar að eigin frumkvæði, getur nefndin lokið málinu með beitingu agaviðurlaga eða tímabundinni sviptingu löggildingar þótt fasteignasali hætti störfum og skili til sýslumanns löggildingu sinni áður en eða á meðan málið er til meðferðar hjá nefndinni.

22. gr.

Agaviðurlög og tímabundin svipting löggildingar.

Nú telur eftirlitsnefnd fasteignasala að fasteignasali hafi vanrækt skyldur sínar, eða hann hafi gerst brotlegur við lög í starfsemi sinni, og skal hún þá skora á hann að bæta ráð sitt án tafar. Geri hann það ekki, eða ef nefndin telur að brot sé ekki smávægilegt, getur hún veitt fasteignasala áminningu vegna slíkra brota. Áður en áminning er veitt skal nefndin gefa fasteignasalanum kost á að koma að sjónarmiðum sínum.

Nú lætur fasteignasali ekki skipast við áminningu skv. 1. mgr. eða hann vanrækir alvarlega skyldur sínar að mati eftirlitsnefndar eða hefur ítrekað verið áminntur vegna brota sinna, án þess að starfsemi hans teljist komin í gott horf, og skal þá nefndin svipta hann tímabundið löggildingu til fasteignasölu. Áður en til þess kemur skal hún gefa honum kost á að koma að sjónarmiðum sínum sé þess kostur.

Nú felst brot fasteignasala í því að hann hlítir ekki reglum um meðferð á fé viðskiptamanna sinna og skal þá nefndin, ef hún telur til þess ráðrúm, skora á hann að bæta úr án tafar. Ef nefndin telur ekki svigrúm til áskorunar, fasteignasali sinnir ekki þegar slíkri áskorun eða

brot er talið svo alvarlegt að ekki sé kostur til úrbóta fyrir fasteignasala sviptir hún hann löggildingu tímabundið.

Nú telur eftirlitsnefnd, sem svipt hefur fasteignasala löggildingu sinni tímabundið, að hætta sé á að hann hafi milligöngu um fasteignaviðskipti og skal hún þá með atbeina lögreglu loka starfsstöð hans.

Nú telur eftirlitsnefnd að fasteignasali, sem hún hefur svipt löggildingu tímabundið, hafi bætt að fullu úr því sem ábótavant var í rekstri hans eða vinnubrögðum og var tilefni sviptingarinnar og getur hún þá afturkallað hana.

Tímabundin svipting löggildingar getur ekki verið lengur en til tólf vikna.

Nú veitir eftirlitsnefnd fasteignasala áminningu, sviptir hann tímabundið löggildingu eða lokar starfsstöð hans og skal þá nefndin tilkynna það þegar í stað til sýslumanns.

Fasteignasali skal greiða kostnað af rannsókn og meðferð máls hafi reynst tilefni til að svipta hann löggildingu tímabundið eða loka starfsstöð hans svo sem um getur í 7. mgr. Í ákvörðun nefndarinnar skal tekin afstaða til þess hvort fasteignasala er gert að greiða allan kostnað af rannsókn og meðferð máls eða aðeins hluta hans hafi ekki allar ávirðingar sem á hann voru bornar verið á rökum reistar. Ákvörðun nefndarinnar um málskostnað er aðfararhæf að liðnum málskotsfresti skv. 4. mgr. 23. gr.

Eftirlitsnefnd fasteignasala skal birta úrlausnir sínar eða útdrætti úr þeim opinberlega. Gæta skal nafnleyndar.

23. gr.

Málskot til viðskiptaráðherra.

Fasteignasali getur skotið ákvörðun eftirlitsnefndar um að veita honum áminningu og um greiðslu málskostnaðar til ráðherra.

Fasteignasali getur skotið til ráðherra ákvörðun eftirlitsnefndar um tímabundna sviptingu á löggildingu, svo og ákvörðun nefndarinnar um að loka starfsstöð hans, auk ákvörðunar hennar um málskostnað.

Eftirlitsnefnd getur skotið máli fasteignasala, sem sviptur hefur verið tímabundið löggildingu til fasteignasölu, til ráðherra. Getur nefndin m.a. gert kröfu um að ráðherra mæli fyrir um ótímabundna sviptingu löggildingar. Þrátt fyrir ákvæði 6. mgr. 22. gr. helst svipting löggildingar til fasteignasölu meðan mál er til meðferðar hjá ráðherra.

Frestur til þess að skjóta máli til ráðherra skv. 1.–3. mgr. er 30 dagar frá því að ákvörðun var tilkynnt fasteignasala.

Ráðherra getur fellt úr gildi ákvörðun um tímabundna sviptingu löggildingar, breytt þeim tíma sem sviptingin skal standa, staðfest ákvörðun um tímabundna sviptingu löggildingar eða ákveðið að hún skuli vera ótímabundin. Jafnframt getur ráðherra staðfest eða breytt ákvörðun eftirlitsnefndar um málskostnað og greiðslu hans.

Ráðherra skal taka mál til meðferðar og ljúka því þótt fasteignasali hætti störfum og skili til sýslumanns löggildingu sinni áður en eða á meðan á meðferð máls stendur.

Sé máli um áminningu fasteignasala, tímabundna sviptingu löggildingar eða lokun starfsstöðvar skotið til ráðherra skal hann tilkynna eftirlitsnefnd um málalyktir.

Eftirlitsnefnd fasteignasala skal auglýsa í Lögbirtingablaði ákvörðun um tímabundna og ótímabundna sviptingu löggildingar til fasteignasölu.

Málsmeðferð samkvæmt þessari grein skal vera samkvæmt stjórnsýslulögum.

Heimilt er fasteignasala að leita úrlausnar dómstóla um ákvörðun ráðherra.

24. gr.

Missir skilyrða til löggildingar fasteignasala.

Fullnægi fasteignasali ekki lengur lögmæltum skilyrðum til löggildingar fellur löggilding hans sjálfkrafa niður og er honum óheimil frekari starfsemi og ber að skila til sýslumanns löggildingarskírteini sínu. Sama gildir hætti fasteignasali störfum. Heimilt er að veita fasteignasala löggildingu að nýju sýni hann fram á að hann fullnægi lagaskilyrðum til hennar.

Nú fellur löggilding fasteignasala niður skv. 1. mgr. og ber þá eftirlitsnefnd fasteignasala að tilkynna það þegar í stað til sýslumanns og auglýsa það í Lögbirtingablaði.

25. gr.

Fasteignasala án réttinda.

Ef eftirlitsnefnd berast upplýsingar um að maður sem ekki hefur fengið löggildingu til fasteignasölu stundi slíka starfsemi eða að fasteignasali fullnægi ekki lengur lögmæltum skilyrðum til löggildingar sem fasteignasali en starfi þó áfram sem slíkur er nefndinni heimilt að óska þess við sýslumann að starfsstöð viðkomandi verði lokað þegar í stað.

IV. KAFLI
Kærunefnd um málefni fasteignasala.

26. gr.

Kærunefnd um málefni fasteignasala.

Viðskiptaráðherra skipar kærunefnd um málefni fasteignasala til þriggja ára í senn. Nefndarmenn skulu vera þrír og skulu a.m.k. tveir vera lögfræðingar. Skulu tveir þeirra skipaðir án tilnefningar, en einn eftir tilnefningu Húseigendafélagsins. Kærunefndin skal vistuð hjá Neytendastofu sem sér henni fyrir fundaraðstöðu, tekur við kvörtunum til nefndarinnar, annast tilkynningar og sér um vörslu gagna.

27. gr.

Verkefni kærunefndar og niðurstöður.

Telji kaupandi eða seljandi fasteignar, sem eigendaskipti hafa orðið að fyrir milligöngu fasteignasala, að fasteignasali hafi valdið sér tjóni með brotum á starfsskyldum sínum eða krafist eða fengið greidda þóknun sem hann átti ekki rétt á getur hann snúið sér til kærunefndar um málefni fasteignasala. Kvörtun skal berast kærunefndinni innan árs frá því að þóknunar var krafist eða hún greidd eða frá því að þeim er kvörtun sendir varð eða mátti verða ljóst að hann varð fyrir tjóni af völdum fasteignasala.

Kærunefnd skal láta í ljós álit á því hvort fasteignasali hafi átt rétt til þóknunar í því tilviki sem um ræðir og hver fjárhæð hennar skuli vera. Nefndin skal einnig, þegar þess er óskað, láta í ljós álit á því hvort sá er kvartar hafi orðið fyrir tjóni vegna starfa fasteignasala, eða þeirra er starfa á hans vegum, hver fjárhæð tjónsins er og hvort því hafi verið valdið með háttsemi sem leiði til skaðabótaskyldu fasteignasala.

Kærunefnd skal leitast við að skila skriflegu áliti sem fyrst og ekki síðar en mánuði eftir að kærði lagði fram, eða átti þess kost að leggja fram, andmæli sín eða athugasemdir.

Sá er kvartar til kærunefndar skal greiða kærugjald sem ráðherra ákveður í reglugerð. Kærugjald skal endurgreitt ef fallist er í heild eða að hluta á kröfur þess er kvörtun ber fram.

Niðurstöðum kærunefndar verður ekki skotið til annarra stjórnvalda en aðilar geta lagt ágreining sinn fyrir dómstóla með venjulegum hætti.

Viðskiptaráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um valdsvið kærunefndar, kærugjald, málsmeðferðarreglur fyrir nefndinni og störf hennar að öðru leyti.

V. KAFLI
Heimild til að setja reglugerð.

28. gr.
Reglugerðarheimildir.

Viðskiptaráðherra er heimilt að setja reglugerð um eftirtalin atriði:

a. um samninga um þjónustu fasteignasala og um söluyfirlit,
b. um starfsábyrgðartryggingu fasteignasala, þar á meðal um vátryggingarfjárhæðir,
c. um þau störf sem falla undir einkarétt fasteignasala en honum er heimilt að fela starfsmönnum sínum að sinna við fasteignasöluna,
d. um útibú fasteignasala,
e. um menntun fasteignasala og próf, þ.e. um meginatriði þeirra námskeiða sem kennd eru og einingafjölda,
f. um menntun, próf og tryggingar þeirra sem fengið hafa leyfi til starfa við fasteignasölu eða málflutning í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu eða Færeyjum,
g. um vörslufjárreikninga,
h. um eftirlitsnefnd fasteignasala og
i. um kærunefnd um málefni fasteignasala.

VI. KAFLI
Skaðabætur og refsingar.

29. gr.
Skaðabætur.

Fasteignasali ber ábyrgð á tjóni sem hann eða starfsmenn hans valda í störfum sínum, af ásetningi eða gáleysi. Um sakarmat og sönnun gilda reglur skaðabótaréttar. Fasteignasala sem hættir störfum er þó alltaf skylt að bæta tjón sem viðskiptamaður hans verður fyrir við það að ólokið er frágangi samninga eða skjala eða uppgjöri vegna viðskipta sem viðskiptamaðurinn hefur greitt fyrir.

30. gr.
Refsiákvæði.

Brot gegn lögum þessum, og reglum settum samkvæmt þeim, varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Um slík mál fer eftir lögum um meðferð opinberra mála.

VII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

31. gr.
Réttindi samkvæmt eldri lögum.

Þeir sem hlotið hafa löggildingu til fasteignasölu samkvæmt eldri lögum um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa skulu halda henni.

32. gr.

Gildistaka og brottfallin lög.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2008. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 99/2004, um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Haldi Félag fasteignasala áfram starfsemi sem hagsmuna- og fræðslufélag í þágu fasteignasala, eftir að lagaákvæði um skylduaðild fasteignasala að félaginu hafa verið felld úr gildi, skal félagið halda eignum sínum en jafnframt ábyrgjast fjárhagslegar skuldbindingar sem stofnað hefur verið til í nafni þess fyrir gildistöku laga þessara.

II.

Sá sem hefur við gildistöku laga þessara hafið nám til undirbúnings fyrir prófraun fasteignasala eða lokið hluta prófraunar skal eiga þess kost að ljúka námi og prófraun samkvæmt eldri reglum fyrir 1. janúar 2013. Umboð prófnefndar sem starfar samkvæmt lögum nr. 99/2004 skal framlengjast til sama tíma.

III.

Fyrsti gjalddagi eftirlitsgjalds skv. 19. gr. laga þessara skal vera 1. júlí 2010. Kostnaður við starf eftirlitsnefndar fasteignasala til þess tíma skal greiðast úr sjóði nefndarinnar.

IV.

Reglugerðir, sem settar hafa verið samkvæmt lögum nr. 99/2004 skulu halda gildi sínu, eftir því sem við getur átt, þar til settar hafa verið reglugerðir samkvæmt lögum þessum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Aðdragandi að samningu frumvarpsins.

Þegar frumvarp það sem síðar varð að lögum um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa, nr. 99/2004, sem nú eru í gildi, var til meðferðar í allsherjarnefnd Alþingis tók nefndin til skoðunar þær viðamiklu tillögur sem í frumvarpinu voru til breytinga á þágildandi lögum, nr. 54/1997. Helstu álitaefni sem komu til skoðunar við meðferð málsins í nefndinni voru hvort rétt væri að koma á fót skylduaðild að Félagi fasteignasala, sem tillaga var gerð um í frumvarpinu, hvort mögulegt væri að haga eftirliti með fasteignasölum með öðrum og veigaminni hætti en frumvarpið gerði ráð fyrir, án þess þó að raska því meginmarkmiði að koma á fót slíku eftirliti með fasteignasölum, hvort ástæða væri til að krefjast sérstakrar tryggingar af þeim sem settu á fót fasteignasölu fyrir því að þeir gætu staðið við skuldbindingar sínar færi svo að þeir hættu starfseminni og um stöðu eftirlitsnefndar Félags fasteignasala. Nefndin lagði til nokkrar breytingar á frumvarpinu, sem samþykktar voru.

Nefndin gerði einnig tillögu um að bætt yrði við frumvarpið ákvæði til bráðabirgða um endurskoðun laganna fyrir 1. janúar 2008 og að við þá endurskoðun skyldi sérstaklega kanna hvort ástæða væri til að mæla áfram fyrir um skylduaðild að Félagi fasteignasala, hvort markmiðið með því eftirlitskerfi með fasteignasölum sem lagt var til í frumvarpinu hefði náðst og hvort efni væru til að lækka það eftirlitsgjald sem lagt yrði á fasteignasala til að standa straum af kostnaði við eftirlitsnefnd Félags fasteignasala. Í nefndaráliti allsherjarnefndar var sérstaklega áréttað að nefndin teldi mikilvægt að sú skylduaðild að Félagi fasteignasala sem

frumvarpið gerði ráð fyrir yrði tekin til endurskoðunar þegar reynsla yrði komin á það fyrirkomulag. Nefndin benti á að í frumvarpinu væri félaginu ætlað viðamikið hlutverk sem það risi tæpast undir nema skylduaðild væri til að dreifa. Nefndin benti jafnframt á að félagið kynni þó að styrkjast svo verulega í starfsemi sinni á næstu árum ef skylduaðild að því yrði lögfest að ekki yrði til allrar frambúðar nauðsynlegt að kveða á um hana. Þá gerði allsherjarnefnd grein fyrir þeirri afstöðu sinni að ekki væri víst að til frambúðar yrði þörf á jafn viðamiklu eftirliti og frumvarpið gerði ráð fyrir. Jafnramt áréttaði nefndin að fjárhæð eftirlitsgjalds skyldi endurskoðuð.

Þess skal einnig getið, að umboðsmaður Alþingis tók fyrir nokkru til athugunar að eigin frumkvæði hvort ákvæði gildandi laga, nr. 99/2004, um skylduaðild að Félagi fasteignasala stæðist ákvæði stjórnarskrár um félagafrelsi. Niðurstaða umboðsmanns Alþingis í málinu, sem er nr. 4225/2004, var sú að í ljósi þeirra breytinga sem gerðar hefðu verið við meðferð Alþingis á frumvarpi því er varð að lögum nr. 99/2004 léki vafi á því hvort þau verkefni Félags fasteignasala sem kveðið væri á um í lögunum og hefðu staðið eftir breytingarnar fælu í sér að uppfyllt væri skilyrði það sem 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar setti, þ.e. að skylduaðild væri nauðsynleg til að félag gæti sinnt lögmætu hlutverki vegna almannahagsmuna. Af þeim sökum ákvað umboðsmaður að vekja athygli dóms- og kirkjumálaráðherra og Alþingis á álitinu, þannig að tekin yrði eftir atvikum afstaða til þess hvort gera þyrfti þá þegar breytingar á gildandi löggjöf með þau sjónarmið í huga, sem rakin voru í álitinu.

Með bréfi dags. 31. maí 2007 skipaði dóms- og kirkjumálaráðherra, sem þá fór með þennan málaflokk, þriggja manna vinnuhóp til að vinna að endurskoðun laga um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa, nr. 99/2004. Í upphafi bréfsins segir:

„Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í lögum um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa nr. 99/2004 skulu lögin endurskoðuð fyrir 1. janúar 2008. Við þá endurskoðun skal sérstaklega kanna hvort ástæða sé til að mæla áfram fyrir um skylduaðild að Félagi fasteignsala, hvort markmið með eftirlitskerfi III. kafla laganna hafi náðst og hvort efni séu til að lækka eftirlitsgjald skv. 2. mgr. 19. gr. laganna.“

Í bréfinu segir jafnframt að vinnuhópurinn skuli sérstaklega kanna þau atriði sem síðast greinir, auk þess að kanna, hvort ástæða sé til að breyta öðrum ákvæðum laganna. Í vinnuhópinn voru upphaflega skipuð Viðar Már Matthíasson, prófessor, sem jafnframt skyldi vera formaður hans, Grétar Jónasson, löggiltur fasteignasali og framkvæmdastjóri Félags fasteignasala, og Ólöf Embla Einarsdóttir, lögfræðingur, sem tilnefnd var af viðskiptaráðuneyti. Bryndís Helgadóttir, lögfræðingur í dóms- og kirkjumálaráðuneyti var starfsmaður vinnuhópsins. Í stað Ólafar Emblu Einarsdóttur kom síðan Áslaug Árnadóttir, settur ráðuneytisstjóri í viðskiptaráðuneyti. Auk þess skipaði dóms- og kirkjumálaráðherra Sigurð Helga Guðjónsson, hrl. og formann Húseigendafélagsins, í vinnuhópinn og hefur hann starfað með honum frá upphafi.

Lagt var fyrir vinnuhópinn að ljúka starfi sínu fyrir 1. janúar 2008.

Vinnuhópurinn hélt átta fundi, auk þess að hafa samskipti um textavinnu milli funda. Þá átti formaður vinnuhópsins þrjá fundi með forustumönnum Félags fasteignasala að beiðni framkvæmdastjóra félagsins. Fundir þessi voru haldnir til þess að Félag fasteignasala gæti betur gert grein fyrir sjónarmiðum sínum og afstöðu til ýmissa efnisatriða. Á fundi starfshópsins mættu eftirtalin til að kynna sjónarmið sín: Brynhildur Bergþórsdóttir, viðskipta- og hagfræðingur, fulltrúar Matsmannafélags Íslands og fulltrúar RE/MAX Ísland (Fasteignasölusérleyfa ehf.), þeir Þórarinn Arnar Sævarsson og Halldór H. Backman, hrl., en þeir lögðu einnig fram ítarlega álitsgerð, dags. 7. nóvember 2007, um ýmis atriði vegna endurskoðunar

á lögum nr. 99/2004. Þá mætti Þorsteinn Einarsson, hrl. og formaður eftirlitsnefndar Félags fasteignasala, á fund nefndarinnar til þess að gera grein fyrir því hvaða breytingar hann teldi heppilegar til að auðvelda starf eftirlitsnefndarinnar. Í störfum sínum leitaðist vinnuhópurinn við að taka tillit til þeirra sjónarmiða sem fram komu hjá þeim sem hér eru nefndir, þó innan þess ramma sem samrýmdist umboði vinnuhópsins.

2. Tillögur vinnuhóps dóms- og kirkjumálaráðherra.

Vinnuhópurinn sendi dóms- og kirkjumálaráðherra tillögur sínar með bréfi dags. 28. desember 2007. Með bréfinu fylgdi yfirlit um efni breytingatillagna vinnuhópsins.

Vinnuhópurinn taldi að heppilegast væri að gera tillögu að frumvarpi til nýrra heildarlaga um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa. Ástæða þessa var þó ekki sú að breytingatillögur vinnuhópsins væru svo viðamiklar, heldur fyrst og fremst að heppilegra þótti að setja þær fram í heildstæðu frumvarpi en sem breytingatillögur við einstakar greinar.

Helstu tillögur vinnuhópsins voru eftirfarandi (greinanúmer sem vísað er til miðast við frumvarp þetta):

1. Að sett yrði svonefnt markmiðsákvæði í 1. gr. til að undirstrika markmið laganna, einkum það markmið að gætt skuli hagsmuna kaupanda og seljanda fasteigna, þ.e. þeirra sem eiga viðskipti fyrir milligöngu fasteignasala.
2. Að hnykkt yrði á því í 4. mgr. 2. gr. að hlutverk fasteignasala sem annast skjalagerð fyrir byggingaraðila og félagasamtök, sem selja sjálf fasteignir sem þau byggja eða eignast, sé m.a. að gæta hagsmuna beggja aðila.
3. Gerð var tillaga um verulegar breytingar á reglum um menntun þeirra sem vildu verða fasteignasalar. Tillagan fól í sér að menntun þeirra jafngilti þeim einingafjölda, sem þarf til að taka bakkalárpróf við háskóla, þ.e. 180 stöðluðum námseiningum, og yrði veitt á háskólastigi. Af breytingartillögum þessum hefði leitt að reglur um prófraun og menntun fasteignasala að öðru leyti féllu úr gildi, ef tillögurnar hefðu náð fram að ganga, enda hefði það verið á forræði þess eða þeirra háskóla er byðu námið fram og undir eftirlit menntamálaráðuneytis.
4. Lagt var til að áréttað yrði að fasteignasali mætti ekki fela öðrum að sinna þeim störfum sem löggildingin tæki til nema að því marki sem lögin heimiluðu. Í öðru lagi var lagt til að fasteignasali bæri skaðabótaábyrgð á því tjóni sem þeir valda er starfa í hans þágu.
5. Lagt var til að orðunum „með beinum hætti“ yrði skotið inn í 2. mgr. 7. gr. en það var gert eftir ábendingu eftirlitsnefndar Félags fasteignasala vegna mála sem nefndin hefur haft til meðferðar. Menn hafa haldið því fram að nægilegt væri að óbeinn eignarhlutur þeirra í félagi um fasteignasölu væri nægjanlegur. Talið var rétt að taka af tvímæli um að svo væri ekki.
6. Gerð var tillaga um að í 3. mgr. 7. gr. yrði bætt við að hin óskipta ábyrgð fasteignasala, sem rekur fasteignasölu sína í nafni félags, tæki einnig til þeirra sem starfa í þágu félagsins. Er þetta til samræmis við tillögu um 2. mgr. 6. gr.
7. Í 8. gr. var gerð tillaga um skyldu fasteignasala til þess að færa sönnur á að eignarhald á fasteignasölu samrýmist lögunum ef þess er krafist af hálfu eftirlitsnefndar Félags fasteignasala. Tillagan er gerð eftir ábendingu Félags fasteignasala og hefur formaður eftirlitsnefndar lýst þeirri skoðun að slík regla mundi auðvelda störf nefndarinnar.
8. Í 2. mgr. 9. gr. er tillaga, sem gerð var eftir ábendingu Félags fasteignasala. Lagt var til að kveðið yrði á um að fasteignasalinn yrði sjálfur að sinna þeim verkefnum sem löggildingin tekur til, þ.e. þeim störfum sem ákvæði II. kafla taka til. Honum væri þó heim-

ilt, eins og verið hefur, að fela starfsmönnum sínum einstök verkefni við sölu einstakra eigna, allt að því gefnu að hann mæti þá hæfa til að sinna slíkum verkefnum. Áskilið er að einungis einstaklingar geti starfað í þágu fasteignasala og að starfsmanni sjálfum sé óheimilt að fela öðrum að sinna þeim verkum sem fasteignasali hefur falið honum.

9. Gerð var tillaga um nýja reglu í 4. mgr. 11. gr. til að tryggja að söluyfirlit hafi alltaf að geyma réttar upplýsingar um fasteign.
10. Þá var lagt til að bætt yrði nýrri reglu inn í d-lið 2. mgr. 12. gr. um að fasteignasala sé skylt að upplýsa í söluyfirliti hvort kaupanda sé heimilt að yfirtaka áhvílandi lán á óbreyttum kjörum og ef það er ekki heimilt, hvaða lánskjör honum muni bjóðast og hvort einhver annar kostnaður komi til greiðslu vegna yfirtökunnar.
11. Gerðar voru tillögur um tvær minni háttar breytingar á 13. gr.
12. Gerð var tillaga um að breyta 2. mgr. 15. gr. þannig, að skotið væri inn ákvæði um að fasteignasala sé óheimil milliganga um kaup og sölu fasteignar sem hann, starfsmenn hans eða makar þeirra, eða félag í þeirra eigu, eiga verulegan hluta í.
13. Þá var gerð tillaga um að 18. gr. gildandi laga um Félag fasteignasala, skylduaðild að því og hlutverk félagsins yrði felld úr gildi. Ýmsar breytingar, ótilgreindar, voru einnig lagðar til á gildandi lögum sem leiða af þessari meginbreytingu.
14. Um 3. mgr. 19. gr. var gerð tillaga sem felur í sér lækkun eftirlitsgjalds og breytingar á fjölda þeirra sem greiða það.
15. Gerð var tillaga um þá breytingu á 21. gr. að eftirlitsnefnd skuli ekki aðeins tilkynna til lögreglu ef fasteignasali hefur sýnt af sér refsiverða háttsemi, heldur einnig ef aðrir sem starfa við fasteignasölu hafa gert það. Gerð var tillaga um sömu efnisbreytingu á 23. gr., þ.e. þegar mál er til meðferðar hjá ráðherra.
16. Lagt var til að bætt yrði einni málsgrein við 22. gr. um að eftirlitsnefndin skuli birta úrlausnir sínar eða útdrætti úr þeim opinberlega, en þannig að gætt sé nafnleyndar.
17. Þá var gerð tillaga um að lögfest yrði sérstök kærunefnd um málefni fasteignasala. Viðskiptamenn þeirra (kaupandi og seljandi) fá þá færi á því að bera ágreining um þóknun og skaðabótaskyldu undir kærunefnd og afla álits hennar um ágreiningsefnið.
18. Ýmsar minni háttar breytingar voru lagðar til á ákvæðum um reglugerðarheimildir o.fl., en ekki er ástæða til að fjalla um þær hér.
19. Vakin skal athygli á ákvæðum til bráðabirgða, en þar er m.a. að finna tillögu um að ef Félag fasteignasala starfi áfram sem hagsmunafélag og fræðslufélag fasteignasala yfirtaki það réttindi og skyldur núverandi félags og tillögu um möguleika til að öðlast löggildingu með því að ljúka námi sem kann að vera hafið eftir gildandi reglum.

3. Nefnd viðskiptaráðherra.

Með breytingum, sem gerðar voru á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, nr. 3/2004, og tóku gildi 1. janúar 2008, voru málefni fasteignasala flutt frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti til viðskiptaráðuneytis. Með bréfi dags. 15. janúar 2008 skipaði viðskiptaráðherra nefnd til þess að ljúka tillögugerð um breytingar á lögunum. Í nefndina voru skipaðir Viðar Már Matthíasson, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, sem jafnframt var formaður nefndarinnar, Grétar Jónasson, löggiltur fasteignasali og framkvæmdastjóri Félags fasteignasala, Sigurður Helgi Guðjónsson, hrl., og formaður Húseigendafélagsins. Starfsmaður nefndarinnar var Hjálmar Blöndal Guðjónsson, viðskiptalögfræðingur. Áslaug Árnadóttir, settur ráðuneytisstjóri í viðskiptaráðuneyti, sat einnig fundi nefndarinnar.

Nefndin hélt fjóra fundi og gerði nokkrar viðbótartillögur um breytingar á gildandi lögum. Veigamestu breytingarnar eru þessar:

Í fyrsta lagi er leitast við að afmarka hvaða atvinnufyrirtæki falla undir einkarétt fasteignasala, en óljóst hefur verið hvaða mörk einkarétti fasteigasala ætti að setja að þessu leyti.

Í öðru lagi er breytt fyrri tillögum um breytingar á reglum um menntun fasteignasala. Hinar nýju tillögur felast einkum í því að nokkuð er dregið úr umfangi þess náms sem fyrri tillögur gerðu ráð fyrir.

Í þriðja lagi er gerð tillaga um breytingu á grundvelli og fjárhæð eftirlitsgjalds, auk þess sem gerð er tillaga um ákvæði til bráðabirgða sem frestar gjaldskyldu um tveggja ára skeið vegna innstæðu í sjóði eftirlitsnefndar Félags fasteignasala sem eðlilegt er að gengið verði á. Er þetta að áliti nefndarinnar sanngjarnasta leiðin til að skila til baka þeim hluta eftirlitsgjalds sem verið hefur umfram kostnað á síðustu árum.

Í fjórða lagi eru gerðar nokkrar breytingar á tillögum um kærunefnd.

Þess ber að geta að fyrir nefndina var lögð álitsgerð frá Mörkinni, lögmannsstofu, hf., þar sem leitast er við að svara nokkrum spurningum, m.a. um heimildir fasteignasala til að fela öðrum að vinna störf þau sem einkaréttur hans tekur til og hvort skylduaðild að Félagi fasteignasala samrýmist 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar. Nefndarmenn kynntu sér álitsgerðina og var fjallað um efni hennar á fundi nefndarinnar.

Frumvarp þetta er, sem fyrr segir, reist á gildandi lögum að mestu leyti. Um skýringar á einstökum greinum verður því að vísa til frumvarps þess, sem síðar varð að gildandi lögum, nr. 99/2004, sbr. Alþingistíðindi, 2003–04, A-deild, bls. 2759–2814. Í athugasemdum við einstakar greinar verða nánast eingöngu settar fram skýringar á þeim breytingatillögum sem gerðar eru.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að sett verði svonefnt markmiðsákvæði í 1. gr. laganna. Þýðing þess er einkum tvíþætt, þ.e. í því felst almenn yfirlýsing um markmið laganna og það hefur þýðingu við lögskýringu þannig að sá skýringarkostur verði valinn sem samrýmist best þeim markmiðum sem að er stefnt með lögunum. Meginmarkmið laga um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa er að slík viðskipti geti farið fram með greiðum og öruggum hætti og hagsmuna þeirra, sem eiga slík viðskipti fyrir milligöngu fasteignasala, sé gætt af þeim sem fengið hafa einkarétt frá hinu opinbera til að hafa milligöngu um slík viðskipti.

Um 2. gr.

Í þessari grein, sem er 1. gr. gildandi laga, eru gerðar tillögur um tvær breytingar.

Annars vegar er lagt til að einkaréttur fasteignasala til að hafa milligöngu um sölu á atvinnufyrirtækjum verði afmarkaður nánar en gert er í gildandi lögum. Afmörkunin felst í því að lagt er til að einkarétturinn nái aðeins til atvinnufyrirtækja sem rekin eru í formi félaga ef umfang rekstrarins á síðasta mánuði fyrir sölu hefur svarað til fimm ársverka eða minna. Þá er áréttuð sú regla að einkarétturinn taki ekki til sölu hlutafélaga. Í athugasemdum við 1. gr. í frumvarpi því sem varð að gildandi lögum er leitast við að afmarka með efnislegum hætti umfang einkaréttar fasteignasala. Sú afmörkun er ekki skýr. Ástæða er til að afmarka einkaréttinn því sú þróun hefur orðið að einkahlutafélög verða sífellt stærri, þ.e. bæði fjármálaleg umsvif þeirra og mannahald.

Einkaréttur fasteignasala til að hafa milligöngu um sölu fyrirtækja var fyrst lögfestur með lögum um fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu, nr. 54/1997. Í frumvarpi til laganna var miðað við að einkarétturinn tæki til „virðisaukaskattsskyldrar starfsemi“ (Alþingistíðindi 1996–1997, A-deild, bls. 556). Þessari viðmiðun var breytt í meðförum Alþingis þannig að miðað var við að einkarétturinn tæki til atvinnufyrirtækja eða eignarhluta í þeim, hvort heldur væri um að ræða fyrirtæki í eigu einstaklinga eða félaga, annarra en hlutafélaga. Einkarétturinn sætir þannig engum takmörkunum að því er lýtur að umfangi rekstrar félaga, en tekur þó ekki til hlutafélaga. Mörg einkahlutafélög hafa með höndum verulega umfangsmikinn rekstur. Af 100 stærstu fyrirtækjum á Íslandi eru 17 rekin í formi einkahlutafélaga. Ljóst má vera, að menntun og reynsla fasteignasala miðast ekki við að þeir geti haft sérfræðiþekkingu á sölu stærri atvinnufyrirtækja. Skiptir litlu í því sambandi þótt menntun þeirra hafi verið efld á síðustu árum og leitast hafi verið við að styrkja hæfni þeirra til að hafa milligöngu um fyrirtækjasölu. Það hefur líka tíðkast að fjármálafyrirtæki hafi milligöngu um sölu stórra einkahlutafélaga og að endurskoðunarfyrirtæki geri slíkt hið sama. Þess vegna er lagt til að einkaréttur fasteignasala til milligöngu um sölu atvinnufyrirtækja takmarkist við tiltekna stærð, þ.e. fimm ársverk eða minna. Með ársverki er átt við fullt starf. Hlutafélög eru sem fyrr utan einkaréttarins. Ef reglan verður að lögum er ljóst að sala atvinnufyrirtækja þar sem umfang rekstrar er meira en fimm ársverk er ekki háð einkarétti og ekki heldur opinberu eftirliti, nema í þeim tilvikum þegar fjármálafyrirtæki hafa milligöngu um hana. Lögmenn og endurskoðendur eru háðir eftirliti, þótt ekki sé um eiginlegt opinbert eftirlit. Þrátt fyrir þessa annmarka er varla rétt að fela fasteignasölum einkarétt á sölu slíkra atvinnufyrirtækja þar sem þeir hafa ekki sérstaka menntun eða þekkingu til að sinna slíkum verkum. Leggja ber áherslu á að hér er einungis lagt til að einkaréttur fasteignasala til að hafa milligöngu um slíka sölu verði takmarkaður, en þeir geta vissulega sinnt slíkum störfum, hafi þeir vilja og getu til, þótt það falli ekki undir einkarétt þeirra.

Sú afmörkun að miða við fimm ársverk eða færri er í samræmi við afmörkun í lögum um vátryggingarsamninga, nr. 30/2004, um það hvenær vátryggingafélagi er heimilt að semja um aðra skilmála eða kjör en leiðir af þeim lögum. Er afmörkunin reist á því að minni rekstraraðilar, hafi ekki sérfræðiþekkingu og burði til að kosta til sérfræðiráðgjafar um vátryggingarþörf sína og hvernig úr henni skuli bætt og því sé vátryggingafélögum óheimilt að víkja frá lögunum. Eru þessir minni rekstraraðilar því lagðir að jöfnu við neytendur. Þótt forsendur þessarar afmörkunar séu aðrar en þær sem hér eiga við, þykir heppilegt að nota þekkta viðmiðun úr lögum, þar sem þess er kostur.

Þá er lagt til að 2. mgr. 1. gr. verði flutt í 5. gr. þar sem hún er í meira efnislegu samræmi.

Lagt er til að gerð verði smávægileg breyting á 5. mgr. 1. gr. gildandi laga, þ.e. að bætt verði inn í lokamálsliðinn orðunum „um störf fasteignasala og skyldur til að gæta hagsmuna beggja aðila“. Rökin fyrir þessari tillögu eru, að hnykkja þarf á því, hvert hlutverk þeirra fasteignasala er, sem taka að sér þau verk er um ræðir fyrir byggingaraðila og félagasamtök, sem selja eigin eignir. Tillagan er í samræmi við markmið laganna, þ.e. að kaupendur slíkra eigna geti treyst því, að þótt þeir kaupi fasteignir af byggingaraðilum eða félagasamtökum, sem eru að selja eigin eignir, að fasteignasalinn sem annast skjalagerðina sé óháður og hann veitir sömu ráðgjöf og fasteignasalar eiga að gera í öðrum tilvikum. Í þessu felst að fasteignasalinn þarf að gera kaupanda grein fyrir réttarstöðu hans, hvort fjármögnun er hagstæð eða gæti verið hagstæðari og öðrum atriðum. Hann þarf auk þess að tryggja að ekki séu ólögmætir, ósanngjarnir eða óeðlilegir skilmálar í þeim samningum, sem gerðir eru vegna þessara viðskipta.

Í tillögunni felst ekki veruleg breyting, fremur árétting um skyldur fasteignasala við þau viðskipti sem um ræðir.

Um 3. gr.

Í d-lið er tillaga um breytingar á reglum um menntun fasteignasala. Menntun þeirra hefur verið undir eftirliti sérstakrar prófnefndar og hafa verið rekin námskeið í a.m.k. tveimur háskólum sem staðið hafa í þrjú misseri. Lagt er til að reglur um menntun fasteignasala verði felldar að löggjöf um menntun við háskóla. Tillagan miðast við að menntun fasteignasala geti fallið undir a-lið 2. mgr. 7. gr. laga um háskóla, nr. 63/2006. Upphaf þeirrar greinar hljóðar svo:

„Háskólar ákveða fyrirkomulag kennslu, rannsókna, náms og námsmats.

Háskólar ákveða hvaða nám þeir bjóða innan síns fræðasviðs. Viðurkenndar prófgráður og lokapróf, sem háskólar miða við, eru:

a. diplómapróf sem jafngildir a.m.k. 30–120 stöðluðum námseiningum [...]“

Með stöðluðum námseiningum er átt við ECTS-einingar (European Credit Transfer System), en hver slík eining er tvöföld sú eining sem algengt var að miða við hér á landi fyrir gildistöku laga um háskóla, nr. 63/2006.

Breytingin miðast við að hver háskóli hafi það á valdi sínu að skipuleggja nám fyrir fasteignasala, en það sé þó 90 staðlaðar einingar og jafnframt er lagt til að viðskiptaráðherra sé heimilt með reglugerð að mæla fyrir um megindrætti í skipulagi námsins (90 ETCS-einingar samsvara 45 eldri einingum, þ.e. um eins og hálfs árs námi). Nám í fasteignasölufræðum, sem háskólar munu bjóða ef frumvarpið verður að lögum að þessu leyti, yrði háð gæðaeftirliti í samræmi við reglur IV. kafla laga um háskóla, nr. 63/2006, þ.e. með innra mati hvers háskóla og með ytra mati sem menntamálaráðuneytið hefði með höndum.

Ef frumvarpið verður að lögum falla niður reglur gildandi laga og reglugerðar um menntun fasteignasala og prófraun, prófnefnd og námskeiðshald, en þær eru nú í 3. og 4. gr. gildandi laga. Áréttað skal að frumvarpið felur ekki í sér að nám þeirra sem hyggjast verða fasteignasalar verði viðameira en nú er.

Þá er gerð tillaga um að nýjum staflið, e-lið, verði bætt við 2. gr. gildandi laga, en sú tillaga felur í sér að ákvæði sem er í b-lið 2. mgr. 3. gr. gildandi laga verði flutt til og því breytt lítillega. Gildandi ákvæði miðast við að sá sem þreyta vill prófraun fasteignasala verði að hafa starfað í a.m.k. tólf mánuði í fullu starfi hjá löggiltum fasteignasala áður en hann þreytir prófið. Þetta hefur sett sumum óþarfar skorður. Eðlilegra er að miða við að þeir sem vilja öðlast löggildingu hafi lokið þessum starfstíma, fremur en að gera það að skilyrði fyrir því að prófraun sé þreytt. Ætla má að það geti jafnvel verið heppilegra að a.m.k. hluti starfsreynslunnar ávinnist eftir að prófraun lýkur.

Um 4. gr.

Grein þessi svarar til 5. gr. gildandi laga og eru ekki gerðar tillögur um efnisbreytingar á henni.

Um 5. gr.

Grein þessi svarar til 6. gr. gildandi laga og eina breytingin er að 2. mgr. 1. gr. gildandi laga hefur verið færð til og gerð lokamálsgrein þessarar greinar þar sem reglan er í betra efnislegu samhengi.

Um 6. gr.

Lagt er til að settar verði nýjar reglur, sem verði í 6. gr., en í þeim er þó vart um sérstakar efnislegar breytingar að ræða.

Tilgangurinn er að hnykkja á því að fasteignasala sé óheimilt, í meira mæli en lögin heimila, að fela öðrum að vinna þau störf sem löggildingin tekur til og jafnframt að hnykkja á ábyrgð hans vegna skaðaverka þeirra sem starfa í hans þágu við fasteignasöluna.

Í 1. mgr. er þannig lagt til að fasteignasali megi ekki fela öðrum að sinna þeim störfum sem löggildingin tekur til nema það sé heimilað í lögunum. Tilefni þess að rétt þykir að taka af skarið um þetta er að borið hefur á því að lausatök séu á því í framkvæmd hve mikið fasteignasalinn sjálfur sinnir þeim störfum sem löggildingin tekur til og hve mikið aðrir gera og hve sjálfstæðir og eftirlitslausir þeir eru. Þessari grein tengist svo tillaga um reglu sem er að finna í 2. mgr. 9. gr. Rökin fyrir reglunni eru þau að fasteignasali fær löggildingu frá hinu opinbera til þess að hafa einkarétt til ákveðinna starfa, þ.e. að hafa milligöngu um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa. Slíkum einkarétti fylgir mikil ábyrgð, enda er oftast um aleigu kaupenda og seljenda að ræða. Löggilding fasteignasala, og þar með einkaréttur hans, er veitt eftir að hann hefur sýnt fram á að hann uppfylli tiltekin persónuleg hæfisskilyrði, sem lúta að fjárhagsstöðu, vátryggingum til hagsbóta fyrir viðskiptamenn hans, menntun og starfsreynslu og ýmsum öðrum atriðum, sem lúta að heimilisfesti og því að hann hafi ekki gerst brotlegur við ákvæði tilgreindra kafla almennra hegningarlaga eða verið dæmdur í fangelsi á öðrum grundvelli. Það er ekki að ástæðulausu sem þessar persónulegu kröfur eru gerðar. Markmið þeirra er að tryggja svo sem unnt er hagsmuni þeirra, sem selja eða kaupa eignir sem fasteignasalar véla um, enda er sem fyrr segir yfirleitt um að ræða aleigu fólks. Það felst í reglunni um að fasteignasali þurfi að uppfylla persónuleg hæfisskilyrði að hann verði sjálfur að sinna þeim störfum sem löggildingin tekur til. Það er einungis þessi veruleiki sem lagt er til að skrifaður verði í lögin. Nauðsynlegt er þó að opna þann möguleika að fasteignasali geti látið þá sem ráðnir eru til starfa hjá honum sinna einföldum og auðveldum verkum, þótt það sé á ábyrgð fasteignasalans. Um það eru gerðar tillögur í 2. mgr. 9. gr. frumvarpsins.

Einnig er lagt til að tekið sé af skarið um að fasteignasali beri skaðabótaábyrgð á því tjóni sem þeir valda er starfa í hans þágu. Lögin heimila samkvæmt orðanna hljóðan aðeins að fasteignasali feli þeim sem ráðnir eru til starfa hjá honum að sinna verkum sem falla undir löggildinguna. Tilgangur reglunnar, sem hér er gerð tillaga um, er að taka af tvímæli um að fasteignasali beri ekki aðeins skaðabótaábyrgð á grundvelli almennra reglna, þ.e. reglunnar um vinnuveitandaábyrgð, heldur líka á öðrum sem starfa í hans þágu, jafnvel þótt um það sé ekki gerður sérstakur ráðningarsamningur. Félag fasteignasala hefur lagt áherslu á að setja þurfi ákvæði sem banni verksamninga, a.m.k. um tilgreind störf fasteignasala. Vandamál tengd verksamningum, sem mjög er amast við í skýringum í frumvarpi til gildandi laga, eru tvíþætt, þ.e. óvissa um skaðabótaréttarlega stöðu þeirra sem verða fyrir tjóni af völdum þeirra sem starfa í þágu fasteignasala á grundvelli verksamninga, og að meginreglan er sú að starfsábyrgðartryggingar taka að öðru jöfnu aðeins til skaðaverka vátryggingartaka og starfsmanna hans. Framkvæmdin hvað starfsábyrgðartryggingar varðar hefur þó verið sú að íslensk vátryggingafélög hafa fallist á að þeir sem starfa í þágu fasteignasala falli undir starfsábyrgðartrygginguna, óháð því á hvers konar samningi starf þeirra í þágu fasteignasala er reist. Óþarft þykir að setja sérstaka bannreglu um verksamninga, enda heimila lögin aðeins að miðað sé við ráðningarsamninga. Með þeirri breytingu sem hér er gerð ætti það ekki að raska hagsmunum viðskiptamanna fasteignasala þótt menn starfi í þjónustu fasteignasalans án þess að um sérstakan ráðningarsamning sé að ræða, enda eru tekin af tvímæli um ábyrgð hans á öllum

í þjónustu hans. Þetta mun auðvelda tjónþola sönnun um ábyrgð fasteignasala ef í ljós kemur að einhver tvímæli eru uppi um eðli þess samnings sem liggur til grundvallar starfi þess sem sinnir verkum í þágu fasteignasala.

Um 7. gr.

Ekki eru gerðar tillögur um efnislegar breytingar sem verulegu máli skipta á þessari grein, heldur aðeins minni háttar breytingar.

Þess skal getið að vinnuhópur dóms- og kirkjumálaráðherra og sú nefnd sem viðskiptaráðherra skipaði og gekk frá frumvarpi þessu tóku til sérstakrar umræðu og athugunar hvort ástæða væri til að breyta reglum um eignarhald á fasteignasölu. Þeir fulltrúar RE/MAX Ísland (Fasteignasölusérleyfa ehf.) sem mættu á fund nefndarinnar töldu nauðsynlegt að breyta reglum um eignarhald á fasteignasölum og vísuðu til þróunar sem orðið hefði annars staðar á Norðurlöndum á þeim efnum. Færðu þeir fram ýmis rök fyrir slíkum breytingum, m.a. að það gæti leitt til aukinnar samkeppni, stærri og öflugri rekstrareininga og það gæti orðið almenningi til hagsbóta. Þeir bentu á að reglurnar fælu í sér verulegar takmarkanir á atvinnufrelsi og skerðingu á eignarrétti og það gæti farið í bága við þau ákvæði stjórnarskrár sem vernduðu slík réttindi. Þá bentu þeir á ýmsar starfsstéttir sem ekki þyrftu að sæta slíkum skerðingum, svo sem verkstjóra, skipstjóra, byggingastjóra, lækna og ýmsa iðnaðarmenn.

Rétt er að í löggjöf um fasteignasölu í sumum Norðurlandaríkjum hefur verið horfið frá kröfum um að fasteignasali skuli sjálfur eiga fasteignasölu þá sem hann starfar við eða meiri hluta í félagi um rekstur fasteignasölunnar. Þannig er við það miðað í nýjum norskum lögum um fasteignasölu, lov om eiendomsmegling, nr. 73/2007, frá 29. júní 2007, að aðrir en fasteignasali geti átt fasteignasölu, að því gefnu að norska fjármálaeftirlitið (Kredittilsynet) hafi veitt starfsleyfi. Bankar þurfa þó almennt ekki slíkt leyfi. Með breytingum, sem gerðar voru á lögum um fasteignasölu, lov om omsætning af fast ejendom, nr. 691/2003, en breytingalögin eru nr. 412 og 605 frá 2005, eru ekki lengur settar takmarkanir við eignarhaldi á fasteignasölum. Þótt þannig hafi verið fallið frá fyrirmælum um tiltekið eignarhald er milliganga um fasteignakaup þó í báðum þessum löndum háð ströngum skilyrðum og mikið regluverk um starfsemina.

Þrátt fyrir framanritað eru ekki gerðar tillögur um breytingar á reglum núgildandi laga um eignarhald á fasteignasölu. Ástæður þess eru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi þykir ástæða til að víkja ekki frá þeirri skipan sem hefur verið grundvallaratriði í löggjöf um fasteignasölu, þ.e. að fasteignasali sé sjálfstæður og engum háður í starfi sínu. Viðskiptamenn hans eiga að geta treyst því að ráðgjöf hans sé hlutlaus og ekki háð neinum hagsmunum sem tengjast öðru en rétti hans til þóknunar í þeim viðskiptum sem um ræðir. Fasteignasali sem einungis er starfsmaður á fasteignasölu í eigu banka getur ekki verið óháður ráðgjafi um hvar sé að finna hagstæðustu fjármögnunina vegna kaupa á þeirri fasteign sem hann er að selja á vegum bankans. Hann getur ekki heldur verið hlutlaus ráðgjafi um samanburð á skilmálum lána sem í boði eru á markaði. Slík hlutlaus ráðgjöf er þó afar mikilvæg á markaði eins og er hérlendis, þar sem munur er á skilmálum, m.a. vöxtum, heimildum til skuldskeytingar og kostnaði.

Í öðru lagi hefur sú skipan sem verið hefur við lýði gefist vel. Ráðgjöf fasteignasala hefur almennt verið hlutlaus, a.m.k. hefur hún ekki mótast af hagsmunum fjármálafyrirtækja eða annarra aðila. Það er helst við sölu á fasteignum byggingaraðila sem hætta er á því að ráðgjöf og starf fasteignasala geti litast af hagsmunum byggingaraðilans. Þess vegna er leitast við að treysta sjálfstæða ráðgjöf hans, svo sem gert er ráð fyrir í 2. gr. frumvarpsins.

Í þriðja lagi verður að hafa í huga þegar gerðar eru róttækar breytingar á þeirri skipan, sem verið hefur við lýði að milliganga um fasteignakaup hér á landi hefur almennt verið örugg og skilvirk og kostað lítið miðað við það sem þekkist annars staðar á Norðurlöndum. Viðskiptin hafa gengið hratt fyrir sig, á því leikur ekki vafi. Um öryggi slíkra viðskipta má benda á að gerðir hafa verið nálægt 14.000 til 15.000 kaupsamningar um fasteignir á Íslandi síðustu árin. Einungis fá dómsmál rísa á ári hverju vegna þeirra viðskipta, þ.e. að því leyti sem þau snúa að fasteignasölum. Ætla má að um tíu dómsmál séu rekin árlega fyrir héraðsdómstólum gegn fasteignasölum vegna starfa þeirra og fer vel innan við helmingur þeirra til Hæstaréttar. Hvað varðar það að kostnaður við þessi viðskipti sé lítill hér á landi má benda á að söluþóknun er almennt um 1,5%, stundum lægri og stundum hærri. Fasteignasali tekur svo oftast sérstaka þóknun af kaupanda ef hann vinnur einhver störf að beiðni hans. Samanlagt er þóknun fasteignasala almennt ekki yfir 2% af söluverði fasteignar. Þetta er mun lægra hlutfall en annars staðar á Norðurlöndum. Almennt er hlutfallið í Danmörku 2–3%, auk kostnaðar kaupanda við að leita til lögmanns um yfirlestur og samþykki, sem er umtalsverður, í Noregi 2–2,5%, í Svíþjóð 3–3,5%. Að mati nefndarinnar er ekki ástæða til að gera grundvallarbreytingar á skipan mála sem gengur vel eins og hér á við.

Í fjórða lagi verður, að áliti nefndarinnar, ekki séð annað en heilbrigð samkeppni ríki á þeim markaði sem hér um ræðir. Lág þóknun bendir til þess að svo sé.

Í fimmta lagi telur nefndin eðlilegt að sama skipan sé á reglum um eignarhald á fasteignasölum og á lögmannsstofum, enda er markmiðið hið sama.

Lagt er til að orðunum „með beinum hætti“ verði skotið inn í 2. mgr. 7. gr. en það er gert eftir ábendingu eftirlitsnefndar Félags fasteignasala vegna mála sem nefndin hefur haft til meðferðar. Hafa menn haldið því fram að óbeinn eignarhlutur þeirra í félagi um fasteignasölu væri nægjanlegur til þess að fullnægja skilyrði um eignarhald. Rétt er að taka af tvímæli um að svo sé ekki.

Þá er gerð tillaga um að í 3. mgr. 7. gr. verði bætt við að hin óskipta ábyrgð fasteignasala, sem rekur fasteignasölu sína í nafni félags, taki einnig til þeirra sem starfa í þágu félagsins. Er þetta til samræmis við þá breytingu sem 2. mgr. 6. gr. felur í sér. Breytingartillögur þessar eru aðeins til fyllingar gildandi reglum, en ættu ekki að fela í sér efnislegar breytingar.

Um 8. gr.

Lagt er til að sett verði sérstök regla í þessari grein, sem auðveldi eftirlitsnefnd Félags fasteignasala að staðreyna að reglum um eignarhald á fasteignasölu sé fylgt. Tillagan er gerð eftir ábendingu Félags fasteignasala og hefur formaður eftirlitsnefndar lýst þeirri skoðun að slík regla mundi auðvelda störf nefndarinnar. Reglan á ekki að þurfa að íþyngja fasteignasalanum ef allt er með felldu.

Um 9. gr.

Gerð er tillaga um að nýrri málsgrein verði bætt við 8. gr. gildandi laga, sem er 9. gr. í frumvarpinu. Tillagan tengist þeirri tillögu sem gerð er um nýja 6. gr., þar sem segir að fasteignasala beri sjálfum að sinna þeim störfum sem einkaréttur hans tekur til nema að því marki sem það er heimilað í lögunum. Í 2. mgr. 9. gr. er að finna tillögu að slíkri heimild.

Í fyrsta lagi er áréttað að fasteignasali verði sjálfur að sinna þeim störfum sem löggilding tekur til. Um rök fyrir því vísast til skýringa með 6. gr. frumvarpsins.

Í öðru lagi er svo kveðið á um að hvaða marki fasteignasala er heimilt að fela einstaklingum, sem starfa hjá honum eða félagi hans um fasteignasölu, einstök afmörkuð verkefni við

sölu einstakra eigna. Af orðalaginu leiðir að fasteignasali getur ekki með almennum hætti falið starfsmanni sínum að sinna verkefnum sem falla undir einkaréttinn. Hann verður að gera það í hverju tilviki fyrir sig. Sú ákvörðun hans verður að vera reist á mati. Gerð er tillaga um við hvaða þætti fasteignasali á að styðjast þegar hann framkvæmir slíkt mat, þ.e. það verður að vera ótvírætt af menntun, reynslu og þekkingu starfsmannsins að hann sé fær um að sinna slíku verkefni. Í þessu sambandi skal tekið fram, að í 28. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að viðskiptaráðherra hafi heimild til þess að setja reglugerð þar sem nánar verði fjallað um þau störf sem falla undir einkarétt fasteignasala en honum er heimilt að fela starfsmönnum sínum að sinna við fasteignasöluna. Sú regla sem hér er gerð tillaga um og tillaga að reglugerðarheimild er gerð að fyrirmynd í gr. 6.2 í norskum lögum um fasteignasölu (lov om eiendomsmegling, nr. 73/2007). Sú heimild sem í slíkri reglugerð fælist til að láta starfsmenn sinna einstökum verkefnum er, ef frumvarpið verður að lögum, þó alltaf háð því að það sé mat fasteignasalans að starfsmaðurinn hafi menntun, þekkingu og reynslu til þess að sinna verkefninu.

Loks er lagt til að tekið verði af skarið um það að starfsmanni sé óheimilt að fela öðrum að sinna verkum sem fasteignasali hefur falið honum.

Um 10. gr.

Ekki er gerð tillaga um breytingu á 9. gr. gildandi laga.

Um 11. gr.

Gerð er tillaga um nýja lokamálsgrein sem bætist við 10. gr. gildandi laga. Tillagan miðast við að ef söluyfirlit er eldra en þriggja mánaða skuli fasteignasali gera nýtt nema engar breytingar hafi orðið sem lúta að efni þess. Ástæða þessarar breytingar er sú að það er mikilvægt fyrir væntanlegan kaupanda að geta treyst því að söluyfirlit hafi alltaf að geyma réttar og uppfærðar upplýsingar um fasteign, t.d. áhvílandi veðskuldir og stöðu þeirra. Ekki leikur vafi á því að flestir fasteignasalar tryggja að svo sé með því að staðreyna réttmæti upplýsinga í söluyfirliti reglulega, eða a.m.k. þegar sá sem sýnir fasteign áhuga spyrst fyrir um eignina. Tillagan ætti því ekki að fela í sér neina viðbótarvinnu fyrir flesta fasteignasala, sem sinna starfi sínu af árvekni. Tillagan er fyrst og fremst gerð til þess að ljóst sé hve gamlar upplýsingar í söluyfirlit mega vera. Væntanlegur tilboðsgjafi er þá meðvitaður um að þær geta verið allt að þriggja mánaða gamlar og getur þá óskað sérstaklega eftir uppfærslu þeirra ef það skiptir hann máli að fá nýjar upplýsingar innan frestsins.

Um 12. gr.

Í 11. gr. gildandi laga er fjallað um efni söluyfirlits.

Ekki þykir ástæða til að leggja til breytingar á greininni, að öðru leyti en því að lagt til að bætt verði nýrri reglu inn í d-lið 2. mgr. um að fasteignasala sé skylt að upplýsa í söluyfirliti hvort kaupanda sé heimilt að yfirtaka áhvílandi lán á óbreyttum kjörum og ef það er ekki heimilt, hvaða lánskjör honum muni bjóðast og hvort skuldskeyting hefði í för með sér einhvern kostnað. Eftirlitsnefnd Félags fasteignasala og félagið sjálft hafa bent á að undanfarið hafi ítrekað komið upp tilvik þar sem tilboðsgjafa hafi ekki orðið ljóst fyrr en eftir að bindandi samningur hefur komist á að hann þyrfti að sæta breyttum kjörum á þeim lánum sem hann yfirtekur, þ.e. hærri vöxtum en seljandi þurfti að greiða og að hann þyrfti jafnvel að greiða fjármálafyrirtæki þóknun fyrir skuldskeytinguna. Taka þarf af tvímæli um að upplýsa

þurfi væntanlegan tilboðsgjafa um þetta áður en tilboð er gert og þurfa slíkar upplýsingar því að vera í söluyfirliti.

Um 13. gr.

Ekki eru gerðar tillögur um efnisbreytingar á 12. gr. gildandi laga.

Um 14. gr.

Engar breytingar eru lagðar til á 13. gr. gildandi laga.

Um 15. gr.

Gerðar eru tillögur um minni háttar breytingar á 14. gr. gildandi laga, þ.e. að skotið verði inn ákvæði um að fasteignasala sé óheimil milliganga um kaup og sölu fasteignar sem hann, starfsmenn hans eða makar þeirra, eða félag í þeirra eigu, eiga verulegan hlut í. Tillagan er gerð að gefnu tilefni samkvæmt ábendingu eftirlitsnefndar og Félags fasteignasala. Borið hefur við að fasteignasalar stundi viðskipti með fasteignir sem þeir hafa beina hagsmuni af. Ljóst má vera að í slíkum tilvikum getur fasteignasali ekki gætt hagsmuna gagnaðila í viðskiptunum. Því er brýnt að taka af skarið um þetta.

Um 16. til 18. gr.

Engar breytingar eru lagðar til á 15. til 17. gr. gildandi laga.

Um 19. gr.

Greinin samsvarar 19. gr. gildandi laga en lagt er til að 18. gr. gildandi laga verði felld úr gildi. Í 18. gr. er mælt fyrir um Félag fasteignasala, skylduaðild að því og ýmis hlutverk félagsins. Áður er gerð grein fyrir því að í áliti allsherjarnefndar Alþingis (Alþingistíðindi 2003–2004, A-deild, bls. 6952–6956) hafi verið fjallað ítarlega um hvort nauðsynlegt væri að mæla fyrir um skylduaðild að félagsskap fasteignasala og nauðsyn þess að endurskoða þá reglu við þá endurskoðun á lögunum sem mælt var fyrir um í bráðabirgðaákvæði með þeim. Áður er líka gerð grein fyrir frumkvæðisathugun umboðsmanns Alþingis. Þótt umboðsmaður hafi ekki komist að þeirri niðurstöðu að skylduaðild að Félagi fasteignasala færi ótvírætt í bága við stjórnarskrárvarinn rétt manna til að standa utan félaga má sjá af áliti hans að hann telur skylduaðild vafasama eftir þær breytingar sem gerðar voru á upphaflegri gerð þess frumvarps sem síðar varð að lögum nr. 99/2004. Upphaflega frumvarpið var sniðið algerlega að þeirri skipan sem gildir samkvæmt lögum um lögmenn og hefur hún ekki verið umdeild í seinni tíð. Það er afar óheppilegt ef uppi er lögfræðilegur ágreiningur um hvort skylduaðild að félagi samrýmist stjórnarskrárvörðum rétti manna til að standa utan félaga.

Skylduaðildin hefur einnig verið nokkuð umdeild meðal fasteignasala, þótt óvíst sé hve stór sá hópur er sem lagst hefur gegn henni. Auk þess má fullyrða að það hafi gengið eftir að félagsskapur fasteignasala hafi eflst að burðum, en ein af röksemdunum fyrir skylduaðildinni var að efla þyrfti félagið.

Af framangreindum ástæðum er lagt til að skylduaðildin verði felld úr gildi, en jafnframt gerð tillaga um ákvæði til bráðabirgða sem felur í sér að núverandi Félag fasteignasala haldi eignum þeim og beri þær skyldur, sem félagið á við gildistöku laganna. Þess skal getið að Félag fasteignasala hefur lagst eindregið gegn því að ákvæði um skylduaðildina verði felld úr gildi.

Vegna niðurfellingar 18. gr. og þeirrar staðreyndar að afleiðingin getur orðið sú að ekkert félag fasteignasala eða mörg félög verði starfandi eftir nokkur ár, er ekki mögulegt að ætla félaginu neitt lögbundið hlutverk. Af því leiðir að allar reglur sem miðast við að Félag fasteignasala hafi hlutverki að gegna eru felldar úr gildi ef frumvarpið verður að lögum. Það verður þess vegna viðfangsefni forystu Félags fasteignasala að laða fasteignasala að félaginu á þeim forsendum að þeir telji sig hafa af því gagn og e.t.v. ánægju, án þess að þeim sé það skylt.

19. gr. frumvarpsins er að mestu óbreytt frá gildandi lögum en þó er lögð til breyting á 2. mgr. sem felur í sér lækkun eftirlitsgjalds og breytingu á forsendum gjaldtökunnar.

Í 19. gr. gildandi laga var ákveðið að eftirlitsgjaldið skyldi vera 100.000 kr. á hvern fasteignasala. Við ákvörðun gjaldsins var rennt blint í sjóinn með kostnað af eftirlitinu. Til hliðsjónar má benda á að eftirlitsgjald vátryggingamiðlara er að lágmarki 300.000 kr. á ári og verðbréfamiðlunar að lágmarki 350.000 kr. á ári, sbr. 5. gr. laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 99/1999. Vonir stóðu til að kostnaður við eftirlit með fasteignasölu yrði minni, þótt eftirlitið væri að mörgu leyti viðamikið. Reynslan hefur orðið sú að kostnaður við starf eftirlitsnefndar Félags fasteignasala, sem heita mun eftirlitsnefnd fasteignasala, ef frumvarpið verður að lögum, hefur reynst mun minni en áætlað var auk þess sem fasteignasölum hefur fjölgað. Heildargjaldtaka vegna eftirlitsgjalds er 27.000.000 kr. á ári, eða þar um bil. Kostnaður við eftirlitið á árinu 2006 var 8.500.000 kr. en samkvæmt upplýsingum frá formanni eftirlitsnefndarinnar hefur kostnaður farið vaxandi og verður hann verulega hærri á árinu 2007. Myndast hefur sjóður vegna eftirlitsgjalds, sem ekki hefur farið í kostnað af eftirlitinu, sem nemur um 43.000.000 kr. Því má ljóst vera að forsendur eru til að lækka eftirlitsgjaldið verulega.

Tillögur nefndarinnar eru tvíþættar. Annars vegar að eftirlitsgjald verði lækkað í 80.000 kr. á ári og það einungis greitt einu sinni á ári miðað við hverja starfsstöð (þ.e. hverja fasteignasölu eða útibú, sem talin yrði sérstök starfsstöð). Miðað við núverandi stöðu yrði heildareftirlitsgjald miðað við þessar forsendur 16.000.000 kr. Nefndin áætlar, eftir samráð við formann eftirlitsnefndar, að kostnaður við eftirlitið í náinni framtíð verði um 15.000.000 kr. á ári. Eðlilegt er að áætla nokkuð rýmra gjald en árlegur kostnaður segir til um, einkum til að geta staðið straum af kostnaði við dýrar rannsóknir og kaup, t.d. á aðstoð endurskoðanda í málum sem eftirlitsnefndin getur þurft að takast á hendur. Hins vegar leggur nefndin til að gjald verði ekki innheimt samkvæmt lögum þessum fyrr en 2010, þ.e. fasteignasalar greiði ekki eftirlitsgjald vegna áranna 2008 og 2009 og fái þannig til baka a.m.k. að mestu leyti það eftirlitsgjald sem þeir hafa greitt umfram kostnað. Þetta er að áliti nefndarinnar réttlátasta leiðin til að leiðrétta þá stöðu sem uppi er.

Ekki eru tillögur um aðrar breytingar á 19. gr.

Um 20. gr.

Gerðar eru tvær tillögur til breytingar á 20. gr. gildandi laga. Annars vegar að skotið verði inn sérstöku ákvæði um að eftirlitsnefnd fasteignasala skuli fylgjast með því að sinnt sé reglum laganna, og reglugerðar ef sett verður, um að fasteignasali feli ekki öðrum að sinna þeim störfum sem löggilding hans tekur til í ríkara mæli en heimilað er með lögunum. Hins vegar er lagt til að eftirlitsnefnd fylgist sérstaklega með því að fasteignasalar fari að ákvæðum laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 64/2006, en í i-lið 1. mgr. 2. gr. þeirra laga er sérstaklega tekið fram að fasteigna, fyrirtækja og skipasalar falli undir lögin. Sérstök ástæða er til að vera á varðbergi í fasteignaviðskiptum, enda skipta þá mikil

verðmæti um hendur og síst fráleit sú hugsun að heppilegt sé að varðveita fé í fasteignum, enda hefur fjárfesting í þeim reynst arðbær.

Um 21. gr.

Gerðar eru tillögur um tvenns konar breytingar á 21. gr. Annars vegar að eftirlitsnefnd skuli ekki aðeins tilkynna það til lögreglu ef fasteignasali hefur sýnt af sér refsiverða háttsemi í rekstri fasteignasölu, heldur einnig ef aðrir sem starfa við fasteignasölu hafa gert það. Þessi breytingartillaga er gerð til að taka af tvímæli um heimildir eftirlitsnefndar að þessu leyti. Hins vegar er lagt til að eftirlitsnefnd skuli halda áfram afgreiðslu máls og ákvarða agaviðurlög, ef því er að skipta, þótt fasteignasali hætti störfum eða skili til sýslumanns löggildingu sinni. Eftirlitsnefnd hefur bent á að komið hafi upp tilvik þar sem menn hafa skotið sér undan rannsókn nefndarinnar með því að skila inn löggildingu sinni. Nauðsynlegt er fyrir nefndina að hafa traustan lagagrundvöll til að ljúka máli þrátt fyrir að löggildingu sé skilað inn. Slíka heimild hefur úrskurðarnefnd lögmanna samkvæmt lögum um lögmenn.

Gerð er tillaga um sömu efnisbreytingu á 23. gr. þ.e. þegar mál er til meðferðar hjá ráðherra.

Um 22. gr.

Lagt er til að bætt verði einni málsgrein við 22. gr., þ.e. um að eftirlitsnefndin skuli birta úrlausnir sínar eða útdrætti úr þeim opinberlega, en þannig að gætt sé nafnleyndar. Úrlausnir nefndarinnar geta haft þýðingu og mikilvægt að unnt sé að staðreyna afstöðu nefndarinnar til álitamála sem upp hafa komið.

Um 23. gr.

Gerð er tillaga um breytingu á 6. mgr. 23. gr. í samræmi við það sem segir í skýringum við 21. gr.

Um 24. og 25. gr.

Ekki eru gerðar tillögur til breytinga á þessum greinum.

Um 26. gr. og 27. gr.

Gerð er tillaga um að lögfest verði sérstök kærunefnd um málefni fasteignasala. Viðskiptamenn þeirra (kaupandi og seljandi) fá þá færi á því að bera ágreining um þóknun og skaðabótaskyldu undir kærunefnd og afla álits hennar um ágreiningsefnið. Í 27. gr. eru tillögur um starfshætti nefndarinnar.

Lagt er til að kærunefndin verði vistuð hjá Neytendastofu, eins og fleiri kærunefndir, og að hún heiti kærunefnd um málefni fasteignasala.

Gert er ráð fyrir að viðskiptaráðherra skipi þrjá menn í kærunefndina og þrjá til vara. Þeir verði skipaðir til þriggja ára. Lagt er til að Húseigendafélagið tilefni einn nefndarmann, en Húseigendafélagið hefur gætt hagsmuna húseigenda um 85 ára skeið og eðlilegt að leggja til að það hafi tillögurétt um einn kærunefndarmanna. Aðrir nefndarmenn yrðu skipaðir án tilnefningar. Lagt er til að Neytendastofa sjái kærunefndinni fyrir fundaraðstöðu, taki við kvörtunum til nefndarinnar, annist tilkynningar og sjái um vörslu gagna.

Reglur um verkefni kærunefndar eru í 27. gr. frumvarpsins. Þar er lagt til að ef kaupandi eða seljandi fasteignar, sem eigendaskipti hafa orðið að fyrir milligöngu fasteignasala, telur að fasteignasalinn hafi krafist eða fengið greidda þóknun sem hann átti ekki rétt á eða valdið

sér tjóni með brotum á starfsskyldum sínum, geti hann snúið sér til kærunefndar um málefni fasteignasala. Kvörtun skal berast kærunefndinni innan árs frá því að þóknunar var krafist eða hún greidd eða frá því að þeim er kvörtun sendir varð eða mátti verða ljóst að hann varð fyrir tjóni af völdum fasteignasala.

Kærunefnd skal láta í ljós álit á því hvort fasteignasali hafi átt rétt til þóknunar í því tilviki sem um ræðir og hver fjárhæð hennar skuli vera. Nefndin skal einnig, þegar þess er óskað, láta í ljós álit á því hvort sá er kvartar hafi orðið fyrir tjóni vegna starfa fasteignasalans, eða þeirra er starfa á hans vegum, hver fjárhæð þess er og hvort því hafi verið valdið með háttsemi sem leiði til skaðabótaskyldu fasteignasalans.

Kærunefnd skal leitast við að skila skriflegu áliti sem fyrst og ekki síðar en mánuði eftir að kærði lagði fram, eða átti þess kost að leggja fram, andmæli sín eða athugasemdir.

Sá er kvartar til kærunefndar skal greiða kærugjald, sem ráðherra ákveður í reglugerð. Kærugjald skal endurgreitt ef fallist er í heild eða að hluta á kröfur þess er kvörtun ber fram. Þetta er sami háttur og hafður er á hjá úrskurðarnefnd um vátryggingamál sem vistuð er hjá Fjármálaeftirlitinu og hefur haft miklu hlutverki að gegna fyrir vátryggingartaka og skýringu á reglum vátryggingarréttar. Sú nefnd hefur afgreitt mikinn fjölda mála árlega og tekist að gera það á skömmum tíma og þannig að oftast una aðilar niðurstöðum hennar.

Niðurstöðum kærunefndar verður ekki skotið til annarra stjórnvalda en aðilar geta lagt ágreining sinn fyrir dómstóla með venjulegum hætti ef fraumvarpið verður að lögum.

Lagt er til að viðskiptaráðherra setji nánari reglur um starfsemi nefndarinnar með reglugerð, svo sem um valdsvið hennar, kærugjald, málsmeðferðarreglur fyrir nefndinni og störf hennar að öðru leyti.

Um 28. gr.

Minni háttar breytingar eru lagðar til á 28. gr., sem er 26. gr. núgildandi laga, þar sem er að finna heimildir til að setja reglugerðir sem lúta að framkvæmd laganna. Vikið hefur verið að þessum breytingartillögum að framan og ekki ástæða til að skýra þær frekar.

Um 29. til 31. gr.

Greinarnar samsvara 27.–29. gr. gildandi laga. Ekki er um efnisbreytingar að ræða á þeim sem þarfnast skýringa.

Um 32. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Gerðar eru tillögur um nokkur ákvæði til bráðabirgða og hefur verið vikið að nokkrum þeirra að framan. Ekki er þörf á skýringum við önnur ákvæði til bráðabirgða.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa.

Meginmarkmið frumvarpsins er að leggja grundvöll að því að viðskipti með fasteignir, fyrirtæki og skip, sem gerð eru með aðstoð fasteignasala, geti farið fram með greiðum og öruggum hætti fyrir kaupanda og seljanda og að réttarstaða aðila sé skýr. Jafnframt að hlutverk fasteignasala og ábyrgð þeirra fari ekki á milli mála og að þeir séu engum háðir í störfum sínum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að komið verði á fót nýrri kærunefnd um málefni fasteignasala sem verði vistuð hjá Neytendastofu sem sjái henni fyrir fundaraðstöðu, taki við kvörtunum, annist tilkynningar og sjái um vörslu gagna. Jafnframt er gert ráð fyrir að sá sem kvarti til kærunefndar skuli greiða kærugjald sem ráðherra ákveði með reglugerð. Reiknað er með að fjöldi mála til nefndarinnar verði ekki það mikill að kostnaður við hana verði verulegur. Þá er í frumvarpinu lagt til að eftirlitsgjald vegna starfsemi eftirlitsnefndar fasteignasala verði lækkað úr 100.000 kr. í 80.000 kr. en ekki er gert ráð fyrir að gjöld verði innheimt vegna áranna 2008 og 2009 þar sem nokkur sjóður hefur safnast upp vegna þess að gjaldið hefur skilað meiri tekjum en þörf var fyrir. Við þá breytingu falla niður 19 m.kr. tekjur á tekjuhlið ríkissjóðs og jafn hátt framlag á gjaldahlið til ráðstöfunar á gjaldinu til eftirlitsnefndar fasteignasala. Einnig eru lagðar til breytingar á fyrirkomulagi náms og prófa til löggiltra fasteignasala. Lagt er til að háskólar sjái um námið og prófnefnd verði lögði niður en starfi til bráðabirgða til ársins 2013.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er gert ráð fyrir að kostnaður vegna þess verði óverulegur og muni rúmast innan útgjaldaramma viðskiptaráðuneytisins.

842. Frumvarp til laga [541. mál]

um breytingu á lögum nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

Á eftir 13. gr. laganna koma fjórar nýjar greinar sem orðast svo:

a. (13. gr. a.)

Sá sem vill öðlast A-löggildingu, sem er löggilding til rafvirkjunarstarfa við háspennuvirki, verður að:

1. hafa lokið fullnaðarprófi frá rafmagnsdeild viðurkennds verkfræðiháskóla (sterkstraumssviði) og hafa að auki tveggja ára reynslu við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu háspennuvirkja; eða

2. hafa lokið fullnaðarprófi frá rafmagnsdeild viðurkennds tæknifræðiháskóla (sterkstraumssviði) og hafa að auki tveggja ára reynslu við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu háspennuvirkja; eða
3. hafa sveinsbréf í rafvirkjun og hafa lokið prófi í rafmagnsiðnfræði (sterkstraumssviði) frá Háskólanum í Reykjavík eða öðrum viðurkenndum skóla og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu sveinsprófi við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu háspennuvirkja; eða
4. hafa sveinsbréf í rafvirkjun og hafa lokið prófi í meistaranámi rafiðna (sterkstraumssviði) frá viðurkenndum skóla og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu sveinsprófi við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu háspennuvirkja.

b. (13. gr. b.)

Sá sem vill öðlast B-löggildingu, sem er löggilding til rafvirkjunarstarfa við lágspennuvirki, verður að:

1. hafa lokið fullnaðarprófi frá rafmagnsdeild viðurkennds verkfræðiháskóla (sterkstraumssviði) og hafa að auki tveggja ára reynslu við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu lágspennuvirkja; eða
2. hafa lokið fullnaðarprófi frá rafmagnsdeild viðurkennds tæknifræðiháskóla (sterkstraumssviði) og hafa að auki tveggja ára reynslu við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu lágspennuvirkja; eða
3. hafa sveinsbréf í rafvirkjun og hafa lokið prófi í rafmagnsiðnfræði (sterkstraumssviði) frá Háskólanum í Reykjavík eða öðrum viðurkenndum skóla og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu sveinsprófi við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu lágspennuvirkja; eða
4. hafa sveinsbréf í rafvirkjun og hafa lokið prófi í meistaranámi rafiðna (sterkstraumssviði) frá viðurkenndum skóla og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu sveinsprófi við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu lágspennuvirkja.

c. (13. gr. c.)

Sá sem vill öðlast CA-löggildingu, sem er takmörkuð löggilding til rafvirkjunarstarfa við háspennuvirki, verður að:

1. hafa lokið fullnaðarprófi frá rafmagnsdeild viðurkennds verkfræðiháskóla (sterkstraumssviði) og hafa að auki tveggja ára reynslu við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu háspennuvirkja; eða
2. hafa lokið fullnaðarprófi frá rafmagnsdeild viðurkennds tæknifræðiháskóla (sterkstraumssviði) og hafa að auki tveggja ára reynslu við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu háspennuvirkja; eða
3. hafa sveinsbréf í rafvirkjun og hafa lokið prófi í rafmagnsiðnfræði (sterkstraumssviði) frá Háskólanum í Reykjavík eða öðrum viðurkenndum skóla og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu sveinsprófi við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu háspennuvirkja; eða
4. hafa sveinsbréf í rafvirkjun og hafa lokið prófi í meistaranámi rafiðna (sterkstraumssviði) frá viðurkenndum skóla og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu sveinsprófi við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu háspennuvirkja.

Sá sem öðlast hefur CA-löggildingu má einungis starfa við þau raforkuvirki sem heyra undir fyrirtækið sem hann starfar hjá. Fyrirtækið sér honum fyrir búnaði og aðstöðu.

d. (13. gr. d.)

Sá sem vill öðlast CB-löggildingu, sem er takmörkuð löggilding til rafvirkjunarstarfa við lágspennuvirki, verður að:

1. hafa lokið fullnaðarprófi frá rafmagnsdeild viðurkennds verkfræðiháskóla (sterkstraumssviði) og hafa að auki tveggja ára reynslu við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu lágspennuvirkja; eða
2. hafa lokið fullnaðarprófi frá rafmagnsdeild viðurkennds tæknifræðiháskóla (sterkstraumssviði) og hafa að auki tveggja ára reynslu við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu lágspennuvirkja; eða
3. hafa sveinsbréf í rafvirkjun og hafa lokið prófi í rafmagnsiðnfræði (sterkstraumssviði) frá Háskólanum í Reykjavík eða öðrum viðurkenndum skóla og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu sveinsprófi við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu lágspennuvirkja; eða
4. hafa sveinsbréf í rafvirkjun og hafa lokið prófi í meistaranámi rafiðna (sterkstraumssviði) frá viðurkenndum skóla og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu sveinsprófi við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu háspennuvirkja.

Sá sem öðlast hefur CB-löggildingu má einungis starfa við þau raforkuvirki sem heyra undir fyrirtækið sem hann starfar hjá. Fyrirtækið sér honum fyrir búnaði og aðstöðu.

Þeir aðilar sem áður hafa gegnt störfum ábyrgðarmanna, eða störfum fulltrúa þeirra, eða hlotið önnur réttindi samkvæmt reglugerð, skulu halda þeim réttindum áfram.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta, sem samið er í viðskiptaráðuneytinu, er lagt fram til að taka af tvímæli um fullnægjandi lagastoð varðandi hæfniskröfur við löggildingu Neytendastofu á rafverktökum, m.a. í kjölfar umfjöllunar umboðsmanns Alþingis um mál á sviði rafmagnsöryggis. Er byggt á ákvæðum reglugerðar nr. 285/1998, um breytingu á reglugerð nr. 264 31. desember 1971, um raforkuvirki, með áorðnum breytingum, nánar tiltekið ákvæðum 1.4.7–9.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga.

Markmið frumvarpsins er að taka af tvímæli um fullnægjandi lagastoð varðandi hæfniskröfur við löggildingu Neytendastofu á rafverktökum.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

843. Frumvarp til laga [542. mál]

um niðurfellingu laga nr. 103/1994, um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

Lög nr. 103/1994, um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara, með síðari breytingum, falla úr gildi frá og með 1. september 2008.

2. gr.

Stjórn flutningsjöfnunarsjóðs skal stefna að því að reikningar sjóðsins séu í jöfnuði í lok ágúst 2008.

3. gr.

Ríkissjóður tekur við eignum og skuldum flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara, ef einhverjar verða, frá 1. september 2008.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Innflutningur á olíuvörum var gefinn frjáls 1. janúar 1992. Sú tilhögun kom í stað fyrirkomulags þar sem innflutningur gasolíu og svartolíu var bundinn leyfum og var í raun stýrt á þann veg að viðskiptaráðuneytið samdi um olíukaup við sovéska ríkisolíufélagið Soyuznefteexport. Samningurinn var síðan framseldur í hendur olíufélaganna þriggja sem starfa hér á landi. Sama fyrirkomulag gilti um bifreiðabensín en því var breytt 1. janúar 1991 þegar Sovétríkin voru ekki lengur aflögufær um þá vöru.

Innflutningur á olíuvörum frá Sovétríkjunum stóð frá árinu 1953 og voru innflutningshömlur á olíu frá öðrum framleiðslusvæðum byggðar á útflutningshagsmunum Íslendinga. Aðstæður hafa breyst og því voru innflutningstakmarkanir felldar úr gildi og ákveðið að gefa olíuviðskipti frjáls.

Verðlagsyfirvöld felldu af þessu tilefni úr gildi hámarksverð á olíuvörum en samkeppnisyfirvöld beita nú ákvæðum samkeppnislaga, nr. 44/2005, um bann við samráði olíufélaganna um verðlagningu o.fl.

Með samþykkt laga nr. 103/1994, um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara, og um leið afnámi laga nr. 81/1985, um flutningsjöfnunarsjóð olíu og bensíns, var dregið úr flutningsjöfnun á olíu. Enn frekar hefur dregið úr flutningsjöfnun á olíu á síðustu árum, m.a. vegna fjölgunar innflutningshafna. Þannig hefur fé til jöfnunar farið úr um 600 millj. kr. á ári niður í um 350 millj. kr. Rétt þykir að stíga nú það skref að fella lögin alveg úr gildi. Með niðurfellingu laganna eru vankantar núgildandi kerfis varðandi flokkaskipan afnumdir og tryggt að ákvæði samkeppnislaga nái að hafa meiri áhrif á verðlagningu og auka samkeppni milli olíufélaganna í landinu. Nefna má í þessu sambandi að lög um jöfnun flutningskostnaðar á sementi voru felld úr gildi 2004.

Það er skoðun viðskiptaráðuneytisins að afnám laga um jöfnun flutningskostnaðar olíuvara muni leiða til aukinnar hagræðingar í dreifingu olíuvara og lægri kostnaðar þegar litið er til heildarinnar og framtíðar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að gefinn verði tími til aðlögunar að nýjum aðstæðum fyrir olíufélögin fram til 1. september 2008.

Um 2. gr.

Stjórn flutningsjöfnunarsjóðs skal stefna að því að reikningar sjóðsins verði sem næst í jöfnuði í lok ágúst 2008.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir að ríkissjóður taki við eignum og skuldum flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara, ef einhverjar eru, við niðurfellingu laganna.

Um 4. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um niðurfellingu laga nr. 103/1994, um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lagt til að lög um flutningsjöfnunarsjóð olíuvara verði felld úr gildi og að ríkissjóður taki við eignum og skuldum sjóðsins frá 1. september 2008, sem gert er ráð fyrir að verði óverulegar þegar sjóðurinn verður leystur upp. Markmið frumvarpsins er að auka hagræðingu í dreifingu olíuvara og lækka kostnað.

Flutningsjöfnunarsjóður olíuvara byggist á lögum um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara sem tóku gildi árið 1994. Sjóðurinn er fjármagnaður með flutningsjöfnunargjaldi sem lagt er á allar olíuvörur sem fluttar eru til landsins. Sams konar sjóður, sem byggði á lögum um jöfnun flutningskostnaðar á sementi frá árinu 1973, var lagður niður árið 2004.

Við afgreiðslu fjárlaga 2008 var ákveðið að leggja sjóðinn niður frá og með 1. september árið 2008 og að fjárheimild og tekjur sjóðsins yrðu 300 m.kr. fram að þeim tíma. Þetta frumvarp er í samræmi við þessar forsendur fjárlaga og verða útgjöld og tekjur ríkissjóðs því þau sömu og þar er gert ráð fyrir verði frumvarpið óbreytt að lögum.

844. Tillaga til þingsályktunar [543. mál]

um fullgildingu fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Kanada.

(Lögð fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd fríverslunarsamning milli aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Kanada sem undirritaður var 26. janúar 2008 í Davos í Sviss.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar á fríverslunarsamningi milli aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (European Free Trade Association, EFTA, sem Ísland, Liechtenstein, Noregur og Sviss eru aðilar að) og Kanada sem undirritaður var í Davos í Sviss 26. janúar 2008. Meginmál samningsins í íslenskri þýðingu og frumtextinn á ensku er prentaður sem fylgiskjal með þingsályktunartillögu þessari. Viðaukar sem fylgja samningnum munu liggja frammi á lestrarsal Alþingis.

Samningaviðræður EFTA-ríkjanna við Kanada hófust árið 1998. Hlé var gert á viðræðunum árið 2000 þegar fyrir lá nánast fullgerður samningstexti þar sem EFTA-ríkin gátu ekki fallist á þá kröfu Kanada að skip og sjóför yrðu undanþegin ákvæðum um niðurfellingu tolla. Samningaviðræður hófust að nýju haustið 2006 og þeim lauk í júní 2007. Samningurinn er sá fyrsti sinnar tegundar sem Kanada gerir við ríki í Evrópu. EFTA-ríkin hafa nú gert fríverslunarsamninga sem ná til 16 ríkja/ríkjahópa.

Samningurinn nær fyrst og fremst til vöruviðskipta. Samningsaðilar munu þegar við gildistöku samningsins fella niður tolla á sjávarafurðir og iðnaðarvörur, þó með þeirri undantekningu að Kanada er veittur allt að fimmtán ára aðlögunartími til niðurfellingar tolla á skip og sjóför. Jafnframt munu samningsaðilar lækka eða fella niður tolla af ýmsum unnum landbúnaðarvörum. Í samningnum eru ákvæði um að taka upp viðræður um þjónustuviðskipti innan þriggja ára. Enn fremur er í samningnum að finna ákvæði um samkeppnismál, opinber útboð, samstarf hvað varðar fjárfestingar og þjónustuviðskipti auk stofnanaákvæða og ákvæða um lausn ágreiningsmála. Með tvíhliða samningi hvers EFTA-ríkis fyrir sig við Kanada eru tollar á tilteknum óunnum landbúnaðarvörum lækkaðir eða felldir niður, t.d. fær Ísland bættan markaðsaðgang fyrir kindakjöt og skyr til Kanada.

Fylgiskjal.

FRÍVERSLUNARSAMNINGUR
MILLI
KANADA
OG
RÍKJA
FRÍVERSLUNARSAMTAKA EVRÓPU
(ÍSLANDS, LIECHTENSTEINS,
NOREGS OG SVISS)

FREE TRADE AGREEMENT
BETWEEN
CANADA
AND
THE STATES OF THE
EUROPEAN FREE TRADE ASSOCIATION
(ICELAND, LIECHTENSTEIN, NORWAY
AND SWITZERLAND)

Kanada og lýðveldið Ísland, Furstadæmið Liechtenstein, Konungsríkið Noregur og Ríkjasambandið Sviss („EFTA-ríkin“), sem nefnast hér á eftir „samningsaðilarnir“,

Canada, and the Republic of Iceland, the Principality of Liechtenstein, the Kingdom of Norway and the Swiss Confederation (the “EFTA States”), hereinafter collectively referred to as the “Parties”,

SEM EINSETJA SÉR að styrkja hin sérstöku vináttubönd og samstarf milli þjóðanna,

RESOLVED to strengthen the special bonds of friendship and co-operation among their nations;

SEM ÁRÉTTA stuðning sinn við *sáttmála Sameinuðu þjóðanna* og *almennu mannréttindayfirlýsinguna*,

REAFFIRMING their commitment to the *United Nations Charter* and the *Universal Declaration of Human Rights*;

SEM ÆSKJA ÞESS að stuðla að samstilltri þróun og auknum alþjóðaviðskiptum og hvetja til víðtækari alþjóðasamvinnu og samvinnu yfir Atlantsála,

DESIRING to contribute to the harmonious development and expansion of world trade and provide a catalyst to broader international and transatlantic co-operation;

SEM ERU STAÐRÁÐIN Í að skapa aukinn og öruggan markað fyrir vörur sem eru framleiddar á yfirráðasvæðum þeirra,

DETERMINED to create an expanded and secure market for the goods produced in their territories;

SEM ÆSKJA ÞESS að mynda fríverslunarsvæði með því að afnema viðskiptahindranir,

WISHING to establish a free trade area through the removal of trade barriers;

SEM ÁSETJA SÉR að draga úr samkeppnisröskun,

COMMITTED to reduce distortions of trade;

SEM EINSETJA SÉR að setja skýrar reglur um viðskipti sín, öllum til hagsbóta,

RESOLVED to establish clear and mutually advantageous rules governing their trade;

SEM HYGGJAST auka samkeppnishæfni fyrirtækja sinna á heimsmörkuðum,

INTENDING to enhance the competitiveness of their firms in global markets;

SEM HAFA AÐ MARKMIÐI að skapa ný atvinnutækifæri og bæta vinnuskilyrði og lífskjör á yfirráðasvæðum sínum,

AIMING to create new employment opportunities and improve working conditions and living standards in their respective territories;

SEM ERU ÁKVEÐIN Í að tryggja að ávinningur af auknu frelsi í viðskiptum glatist ekki með því að einkaaðilar komi á samkeppnishindrunum,

DETERMINED to ensure that the gains from trade liberalisation are not offset by the erection of private, anti-competitive barriers;

SEM HAFA Í HUGA samninga um viðskiptalega og efnahagslega samvinnu sem voru undirritaðir milli

RECALLING the *Arrangements on Trade and Economic Co-operation* that were signed: between the

ríkisstjórnar Kanada og ríkisstjórnar Konungsríkisins Noregs 3. desember 1997, milli ríkisstjórnar Kanada og ríkisstjórnar Ríkjasambandsins Sviss 9. desember 1997 og milli ríkisstjórnar Kanada og ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands 24. mars 1998,

Government of Canada and the Government of the Kingdom of Norway, on 3 December 1997; between the Government of Canada and the Government of the Swiss Confederation, on 9 December 1997; and between the Government of Canada and the Government of the Republic of Iceland, on 24 March 1998;

SEM BYGGJA Á réttindum sínum og skyldum samkvæmt Marakess-samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, sem var undirritaður 15. apríl 1994 (hér á eftir nefndur „samningurinn um Alþjóðaviðskiptastofnunina“) og öðrum samningum á grundvelli hans og marghliða og tvíhliða gerningum um samstarf,

BUILDING on their respective rights and obligations under the *Marrakesh Agreement Establishing the World Trade Organization*, done on 15 April 1994 (hereinafter referred to as the “WTO Agreement”), the other agreements negotiated thereunder and other multilateral and bilateral instruments of co-operation;

SEM TAKA TILLIT TIL samningsins milli Kanada og Sviss um gagnkvæma viðurkenningu á samræmismati, sem var undirritaður í Ottawa 3. desember 1998, og samningsins milli Kanada og lýðveldisins Íslands, Furstadæmisins Liechtensteins og Konungsríkisins Noregs um gagnkvæma viðurkenningu á samræmismati sem var undirritaður í Brussel 4. júlí 2000,

TAKING INTO ACCOUNT the *Agreement on Mutual Recognition in Relation to Conformity Assessment between Canada and Switzerland*, done at Ottawa on 3 December 1998; and the *Agreement on Mutual Recognition in Relation to Conformity Assessment between Canada and the Republic of Iceland, the Principality of Liechtenstein, and the Kingdom of Norway*, done at Brussels on 4 July 2000;

SEM VIÐURKENNA mikilvægi þess að greiða fyrir viðskiptum með því að stuðla að virkum og gagnsæjum aðferðum við að draga úr kostnaði og tryggja áreiðanleika að því er varðar viðskiptasvæði samningsaðilanna,

RECOGNISING the importance of trade facilitation in promoting efficient and transparent procedures to reduce costs and ensure predictability for the Parties’ respective trading communities;

SEM ÁSETJA SÉR að vinna saman að viðurkenningu á því að ríki verði að viðhalda hæfninni til að vernda, móta og taka upp eigin menningarstefnu í því skyni að efla menningarlega fjölbreytni,

COMMITTED to co-operate in promoting recognition that States must maintain the ability to preserve, develop and implement their cultural policies for the purpose of strengthening cultural diversity;

SEM VIÐURKENNA þörfina á gagnkvæmum stuðningi milli stefnu í viðskiptum og stefnu í umhverfismálum með það í huga að ná markmiðinu um sjálfbæra þróun,

RECOGNISING the need for mutually supportive trade and environmental policies in order to achieve the objective of sustainable development;

SEM STAÐFESTA skuldbindingar sínar um hagþróun og félagslega þróun og virðingu fyrir grundvallarréttindum starfsmanna og meginreglunum, sem eru settar fram í *yfirlýsingu* Alþjóðavinnumálastofnunarinnar *um grundvallarviðmið og réttindi við vinnu*, og

AFFIRMING their commitment to economic and social development and the respect for the fundamental rights of workers and the principles set out in the International Labour Organization’s *Declaration on Fundamental Principles and Rights at Work*; and

SEM LÝSA SIG REIÐUBÚIN til að skoða möguleikann á að þróa og efla efnahagstengsl sín svo að þau nái til sviða sem þessi samningur tekur ekki til,

DECLARING their readiness to examine the possibility of developing and deepening their economic relations in order to extend them to fields not covered by this Agreement;

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTT um eftirfarandi:

HAVE AGREED as follows:

I MARKMIÐ OG GILDISSVIÐ

1. gr.

Markmið.

1. Samningsaðilarnir koma hér með á fríverslunarsvæði í samræmi við þennan samning.
2. Markmið þessa samnings eru:

a) að efla, með auknum gagnkvæmum viðskiptum, samfellda þróun efnahagstengsla milli Kanada og EFTA-ríkjanna og stuðla þannig, bæði í Kanada og EFTA-ríkjunum, að framþróun efnahagsmála,

b) að skapa eðlileg samkeppnisskilyrði í viðskiptum milli samningsaðilanna,

c) að setja ramma fyrir frekara samstarf milli Kanada og EFTA-ríkjanna í ljósi þróunar efnahagslegra samskipta á alþjóðavettvangi, einkum með það að markmiði að auka frelsi í þjónustuviðskiptum og fjölga tækifærum til fjárfestinga, og

d) að stuðla þannig, með afnámi viðskiptahindrana, að samstilltri þróun og auknum alþjóðaviðskiptum.

2. gr.

Landfræðilegt gildissvið.

1. Með fyrirvara um viðauka C og ef ekki er kveðið á um annað í samningi þessum gildir samningur þessi um:

a) landsvæði, loftrými, innhöf og landhelgi þar sem samningsaðili hefur fullveldisréttindi, og

b) sérefnahagslögsögu og landgrunn samningsaðila, eins og kveðið er á um í landslögum hans, í samræmi við þjóðarétt.

2. Viðauki A á við um Konungsríkið Noreg.

II VÖRUVIÐSKIPTI

3. gr.

Umfang.

1. Samningur þessi gildir um vöruviðskipti samningsaðila, nema kveðið sé á um annað í samningi þessum og tvíhliða samningum um viðskipti með landbúnaðarafurðir sem um getur í 2. mgr.
2. Samningsaðilar lýsa sig reiðubúna, að því marki sem stefna þeirra í landbúnaðarmálum leyfir, að stuðla að samstilltri þróun viðskipta með landbúnaðarafurðir. Til að ná þessum markmiðum hefur Kanada og hvert EFTA-ríki gert með sér tvíhliða samninga um viðskipti með landbúnaðarafurðir. Þeir samningar eru hluti af gerningum um að koma á fót fríverslunarsvæði Kanada og EFTA-ríkjanna.

I OBJECTIVES AND SCOPE

ARTICLE 1

Objectives

1. The Parties hereby establish a free trade area in accordance with this Agreement.
2. The objectives of this Agreement are:

(a) to promote, through the expansion of reciprocal trade, the harmonious development of the economic relations between Canada and the EFTA States and thus to foster in Canada and in the EFTA States the advancement of economic activity;

(b) to provide fair conditions of competition affecting trade between the Parties;

(c) to establish a framework for further co-operation between Canada and the EFTA States in the light of developments in international economic relations, in particular with the aim of liberalising trade in services and increasing investment opportunities; and

(d) to contribute in this way, by the removal of barriers to trade, to the harmonious development and expansion of world trade.

ARTICLE 2

Geographical scope

1. Without prejudice to Annex C and except as otherwise provided elsewhere in this Agreement, this Agreement shall apply to:

a) the land territory, air space, internal waters and territorial sea over which a Party exercises sovereignty; and

b) the exclusive economic zone and the continental shelf of a Party, as determined by its domestic law, consistent with international law.

2. Annex A applies with respect to the Kingdom of Norway.

II TRADE IN GOODS

ARTICLE 3

Coverage

1. This Agreement applies to trade in goods of a Party, except as otherwise provided in this Agreement and in the bilateral Agreements on trade in agricultural products referred to in paragraph 2.
2. The Parties declare their readiness to foster, in so far as their agricultural policies allow, harmonious development of trade in agricultural products. In pursuance of this objective, Canada and each individual EFTA State have concluded bilateral Agreements on trade in agricultural products. These Agreements shall form part of the instruments establishing the free trade area between Canada and the EFTA States.

3. Í samningi þessum hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér greinir:

a) **„vörur samningsaðila“:** innlendar framleiðsluvörur í skilningi hins almenna samnings um tolla og viðskipti frá 1994 (hér á eftir nefndur „GATT-samningurinn frá 1994“) eða þær vörur sem samningsaðilar kunna að koma sér saman um og taka þær til upprunavara þess aðila,

b) **„upprunavörur samningsaðila“:** vörur samningsaðila sem uppfylla skilyrði upprunareglnanna sem eru settar fram í viðauka C.

3. In this Agreement:

(a) “goods of a Party” means domestic products as these are understood in the *General Agreement on Tariffs and Trade 1994* (hereinafter referred to as the “GATT 1994”), or such goods as the Parties may agree, and includes originating products of that Party;

(b) “originating products of a Party” means goods of a Party qualifying under the rules of origin set out in Annex C.

4. gr.
Innlend meðferð.

1. Samningsaðilar skulu beita innlendri meðferð í samræmi við III. gr. GATT-samningsins frá 1994, sem er felldur inn í þennan samning og er hluti af honum.

2. Ákvæði 1. mgr. eiga ekki við um ráðstafanir sem getið er í viðauka B.

ARTICLE 4
National treatment

1. The Parties shall apply national treatment in accordance with Article III of the GATT 1994, which is incorporated into and made part of this Agreement.

2. Paragraph 1 does not apply to the measures set out in Annex B.

5. gr.
Takmarkanir á innflutningi og útflutningi.

1. Bönn eða takmarkanir, aðrar en tollar, skattar eða önnur gjöld, hvort sem um er að ræða kvóta, innflutnings- eða útflutningsleyfi eða aðrar ráðstafanir, skulu óheimilar í viðskiptum milli samningsaðilanna, í samræmi við XI. gr. GATT-samningsins frá 1994, sem er felldur inn í þennan samning og er hluti hans.

2. Ákvæði 1. mgr. eiga ekki við um ráðstafanir sem getið er í viðauka B.

ARTICLE 5
Import and export restrictions

1. Prohibitions or restrictions other than duties, taxes or other charges, whether made effective through quotas, import or export licences or other measures, shall be prohibited in trade between the Parties in accordance with Article XI of the GATT 1994, which is incorporated into and made part of this Agreement.

2. Paragraph 1 does not apply to the measures set out in Annex B.

6. gr.
Ráðstafanir er varða hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna.

Farið skal með réttindi og skyldur samningsaðilanna að því er varðar ráðstafanir um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna í samræmi við samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna.

ARTICLE 6
Sanitary and phytosanitary measures

The rights and obligations of the Parties in respect of sanitary and phytosanitary measures shall be governed by the WTO *Agreement on the Application of Sanitary and Phytosanitary Measures.*

7. gr.
Tæknilegar reglur.

1. Farið skal með réttindi og skyldur samningsaðilanna að því er varðar tæknilegar reglur, staðla og samræmismat í samræmi við samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um tæknilegar viðskiptahindranir (hér á eftir nefndur „samningurinn um tæknilegar viðskiptahindranir“).

2. Þrátt fyrir 1. mgr. skal farið með réttindi og skyldur Kanada og EFTA-ríkjanna á sviði gagnkvæmrar viðurkenningar á samræmismati:

ARTICLE 7
Technical regulations

1. The rights and obligations of the Parties in respect of technical regulations, standards and conformity assessment shall be governed by the WTO *Agreement on Technical Barriers to Trade* (hereinafter referred to as the “WTO TBT Agreement”).

2. Notwithstanding paragraph 1, the rights and obligations of Canada and the EFTA States in the field of mutual recognition of conformity assessment shall be governed:

a) milli Kanada og Ríkjasambandsins Sviss, í samræmi við samninginn um gagnkvæma viðurkenningu á samræmismati frá 3. desember 1998, og

b) milli Kanada annars vegar og lýðveldisins Íslands, Furstadæmisins Liechtensteins og Konungsríkisins Noregs hins vegar, í samræmi við samninginn um gagnkvæma viðurkenningu á samræmismati frá 4. júlí 2000.

3. Samningsaðilar skulu auka samvinnu sín á milli að því er varðar tæknilegar reglur, staðla og samræmismat.

4. Samningsaðilar skulu, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., hafa samráð sín á milli í sameiginlegu nefndinni til að finna viðeigandi lausn, í samræmi við samninginn um tæknilegar viðskiptahindranir, telji Kanada eða EFTA-ríki að eitt EFTA-ríki, eða fleiri, eða Kanada hafi gert ráðstafanir sem gætu skapað eða hafi skapað viðskiptahindrun. Þessi málsgrein takmarkast við mál sem falla undir gildissvið 1. mgr. en varðar ekki málefni sem falla undir gildissvið annars hvors samningsins um gagnkvæma viðurkenningu sem tilgreindir eru í 2. mgr. Málsmeðferð samkvæmt viðeigandi samningi um gagnkvæma viðurkenningu gildir um mál sem falla undir gildissvið 2. mgr.

8. gr.

Upprunareglur og samvinna stjórnvalda.

Í viðauka C eru ákvæði um upprunareglur og samvinnu stjórnvalda.

9. gr.

Undirnefnd um upprunareglur og vöruviðskipti

1. Samningsaðilar koma hér með á fót undirnefnd sameiginlegu nefndarinnar um upprunareglur og vöruviðskipti.

2. Í viðauka D er gerð grein fyrir umboði undirnefndarinnar.

10. gr.

Tollgjöld.

1. Frá og með gildistökudegi þessa samnings skulu tollar bannaðir á eftirtöldum upprunavörum samningsaðilanna, nema kveðið sé á um annað í viðauka E:

a) framleiðsluvörum, sem falla undir 25. til og með 97. kafla í samræmdu vörulýsingar- og vörunúmeraskránni, hér á eftir nefnd „samræmda tollskráin“, að frátöldum framleiðsluvörum í viðauka F,

(a) as between Canada and the Swiss Confederation, by the *Agreement on Mutual Recognition in Relation to Conformity Assessment* of 3 December 1998; and

(b) as between Canada, on the one hand, and the Republic of Iceland, the Principality of Liechtenstein and the Kingdom of Norway, on the other, by the *Agreement on Mutual Recognition in Relation to Conformity Assessment* of 4 July 2000.

3. The Parties shall strengthen their co-operation in the field of technical regulations, standards and conformity assessment.

4. Without prejudice to paragraph 1, where Canada or an EFTA State considers that one or more EFTA States or Canada have taken a measure that is likely to create, or has created, an obstacle to trade, the Parties concerned shall hold consultations under the framework of the Joint Committee in order to attempt to find an appropriate solution in conformity with the WTO TBT Agreement. This paragraph is limited to matters falling within the scope of paragraph 1 and does not apply to matters falling within the scope of either of the Agreements on Mutual Recognition listed in paragraph 2. In matters falling within the scope of paragraph 2, the procedures of the applicable Agreement on Mutual Recognition shall apply.

ARTICLE 8

Rules of origin and administrative co-operation

The provisions on rules of origin and administrative co-operation are set out in Annex C.

ARTICLE 9

Sub-Committee on Rules of Origin and Trade in Goods

1. The Parties hereby establish a Sub-Committee on Rules of Origin and Trade in Goods of the Joint Committee.

2. The mandate of the Sub-Committee is set out in Annex D.

ARTICLE 10

Customs duties

1. Customs duties shall be prohibited in respect of the following originating products of the Parties as of the date of entry into force of this Agreement, except as otherwise provided for in Annex E:

(a) products falling within Chapters 25 through 97 of the Harmonized Commodity Description and Coding System (hereinafter referred to as the “Harmonized System”), excluding the products listed in Annex F;

b) framleiðsluvörum, sem falla undir 1. til og með 24. kafla í samræmdu tollskránni og eru tilgreindar í viðauka G, að teknu tilhlýðilegu tilliti til ákvæða þess viðauka, og
c) fiski og öðrum sjávarafurðum í samræmi við ákvæði í viðauka H.

2. Til tollgjalda teljast hvers konar tollar eða gjöld, sem eru lögð á í tengslum við innflutning eða útflutning framleiðsluvöru, einnig hvers konar aukaskattar eða aukagjöld í tengslum við slíkan innflutning eða útflutning, en þó ekki:
a) gjald sem jafngildir innlendum sköttum sem eru lagðir á skv. 4. gr.,
b) undirboðs- eða jöfnunartollar eða
c) þóknun eða önnur gjöld, að því tilskildu að fjárhæð þeirra takmarkist við áætlaðan kostnað veittrar þjónustu.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu ekki koma í veg fyrir að samningsaðili innleiði, endurinnleiði eða hækki tollgjald gagnvart öðrum samningsaðila, eins og heimilt kann að vera samkvæmt samningnum um Alþjóðaviðskiptastofnunina eða á grundvelli hans, einkum samkvæmt reglum og málsmeðferð um lausn deilumála, en að undanskildum breytingum á skrám og tollabreytingum í samræmi við XXVIII. gr. GATT-samningsins frá 1994.

11. gr.

Grunntollar.

Grunntollur á hverja framleiðsluvöru, sem á að fara stiglækkandi samkvæmt viðauka E, skal samsvara bestukjaratollinum (hér á eftir nefndur „bestukjaratollur“) sem í gildi var 1. janúar 2007.

III ÞJÓNUSTA OG FJÁRFESTINGAR

12. gr.

Þjónusta og fjárfestingar.

1. Samningsaðilar viðurkenna vaxandi mikilvægi þjónustuviðskipta og fjárfestinga í hagkerfi sínu. Í viðleitni sinni til að þróa smám saman og víkka samstarf sitt munu þeir vinna saman að því markmiði að skapa sem hagstæðust skilyrði til þess að auka fjárfestingar hver hjá öðrum, að auka frelsi og opna markaði sína enn frekar hver fyrir öðrum í þjónustuviðskiptum, með hliðsjón af starfsemi á vegum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

2. Leggi samningsaðili fram beiðni þar um skal samningsaðilinn, sem beiðninni er beint til, leitast við að veita upplýsingar um allar sínar ráðstafanir sem kunna að hafa áhrif á þjónustuviðskipti eða fjárfestingu.

(b) products falling within Chapters 1 through 24 of the Harmonized System specified in Annex G, with due regard to the provisions of that Annex; and
(c) fish and other marine products as provided for in Annex H.

2. A customs duty includes any duty or charge of any kind imposed in connection with the importation or exportation of a product, including any form of surtax or surcharge in connection with such importation or exportation, but does not include any:
(a) charge equivalent to an internal tax imposed consistently with Article 4;
(b) anti-dumping or countervailing duty; or
(c) fee or other charge, provided that it is limited in amount to the approximate cost of services rendered.

3. Paragraphs 1 and 2 shall not prevent any Party from introducing, reintroducing or increasing a customs duty vis-à-vis another Party, as may be authorized by or pursuant to the WTO Agreement, in particular pursuant to the rules and procedures on dispute settlement, but excluding any modification of schedules and tariff modifications in accordance with Article XXVIII of the GATT 1994.

ARTICLE 11

Base rate of customs duties

For each product, the base rate of customs duties, to which the successive reductions set out in Annex E are to be applied, shall be the most-favoured nation (hereinafter referred to as “MFN”) customs duty rate applied on 1 January 2007.

III SERVICES AND INVESTMENT

ARTICLE 12

Services and investment

1. The Parties recognise the increasing importance of trade in services and investment in their economies. In their efforts to gradually develop and broaden their co-operation, they will work together with the aim of creating the most favourable conditions for expanding investment between them and achieving further liberalisation and additional mutual opening of markets for trade in services, taking into account on-going work under the auspices of the WTO.

2. Upon request of a Party, the requested Party shall endeavour to provide information on any of its measures that may have an impact on trade in services or investment.

3. Samningsaðilar skulu hvetja viðeigandi stofnanir á yfirráðasvæðum sínum til að vinna að því í sameiningu að koma á gagnkvæmri viðurkenningu á leyfi og vottun fagaðila á sviði þjónustuveitingar.
4. Samningsaðilar skulu í sameiningu endurskoða í sameiginlegu nefndinni mál er varða þjónustu og fjárfestingar og íhuga samþykkt ráðstafana um að auka frelsi, með tilhlýðilegu tilliti til V. gr. hins almenna samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um þjónustuviðskipti og í ljósi þróunar marghliða og tvíhliða samninga. Slík endurskoðun skal fara fram eigi síðar en þremur árum eftir gildistöku þessa samnings.
5. Allar síðari samningaviðræður um þjónustu og fjárfestingar milli Kanada og EFTA-ríkjanna skulu byggjast á meginreglunum um bann við mismunun og um gagnsæi.

13. gr.
Tímabundin heimild til komu.

1. Samningsaðilar viðurkenna vaxandi mikilvægi fjárfestinga og þjónustustarfsemi í vöruviðskiptum. Í samræmi við gildandi lög skal hver samningsaðili:

a) greiða fyrir tímabundinni heimild til komu ríkisborgara annars samningsaðila inn á yfirráðasvæði sitt, sem flytjast til innan viðskiptafyrirtækis (forstjórar, framkvæmdastjórar, sérfræðingar) og koma í viðskiptaerindum,
b) greiða fyrir tímabundinni heimild til komu ríkisborgara annars samningsaðila inn á yfirráðasvæði sitt, sem veita þjónustu er beinlínis tengist útflutningi vara frá útflytjanda þess samningsaðila inn á yfirráðasvæði viðkomandi samningsaðila og
c) greiða fyrir heimild til komu maka og barna ríkisborgara sem lýst er í a-lið hér að framan.

2. Sameiginlega nefndin skal fylgjast með starfrækslu og framkvæmd þessarar greinar og fást við mál er varða framkvæmd eða stjórnsýslu í tengslum við tímabundna heimild til komu.
3. Eigi síðar en einu ári eftir gildistöku þessa samnings skal hver samningsaðili hafa aðgengilegar upplýsingar um skilyrði fyrir tímabundinni heimild til komu samkvæmt þessari grein, sem eru þannig úr garði gerðar að ríkisborgarar hinna samningsaðilanna geta kynnt sér þau.
4. Í þessari grein hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér greinir:
a) „tímabundin heimild til komu“: réttur til komu og dvalar í tiltekinn tíma,
b) „ríkisborgari“: einstaklingur sem er ríkisborgari eða með fasta búsetu hjá samningsaðila og

3. The Parties shall encourage the relevant bodies in their respective territories to co-operate with a view to achieving mutual recognition for licensing and certification of professional service suppliers.
4. The Parties shall jointly review issues related to services and investment in the Joint Committee and consider the adoption of liberalisation measures with due regard to Article V of the WTO *General Agreement on Trade in Services* and in the light of developments in multilateral and bilateral agreements. Such a review shall take place no later than three years after the entry into force of this Agreement.

5. Any future negotiation on services and investment between Canada and the EFTA States shall be based on the principles of non-discrimination and transparency.

ARTICLE 13
Temporary entry

1. The Parties recognise that investment and services are growing in importance in relation to trade in goods. Each Party shall, in accordance with its applicable laws:
(a) facilitate the temporary entry into its territory of nationals of another Party who are intra-corporate transferees (managers, executives, specialists) and business visitors;

(b) facilitate the temporary entry into its territory of nationals of another Party who render services directly related to the exportation of goods by an exporter of that same Party into the territory of the Party concerned; and

(c) facilitate the entry into its territory of spouses and children of nationals described in sub-paragraph (a) above.
2. The Joint Committee shall monitor the operation and implementation of this Article and deal with issues of implementation or administration related to temporary entry.
3. No later than one year after the date of entry into force of this Agreement, each Party shall make available explanatory material regarding the requirements for temporary entry under this Article, in such a manner as will enable nationals of the other Parties to become acquainted with them.
4. For the purposes of this Article:

(a) “temporary entry” means the right to enter and remain for the period authorised;
(b) “national” means a natural person who is a citizen or a permanent resident of a Party; and

c) „gestir í viðskiptaerindum“: gestir til skamms tíma sem hyggja ekki á þátttöku á vinnumarkaði samningsaðila en leita eftir heimild til komu í því skyni að stunda starfsemi á borð við kaup eða sölu vara eða þjónustu, að gera samninga, ráðgast við samstarfsmenn eða sækja ráðstefnur.

IV SAMKEPPNISLÖG OG STEFNA Í SAMKEPPNISMÁLUM

14. gr.

Almennar meginreglur.

1. Samningsaðilar eru sammála um að samkeppnishamlandi starfshættir fyrirtækja geti komið í veg fyrir að markmið þessa samnings náist. Til samræmis við það skal hver samningsaðili gera eða viðhalda ráðstöfunum til að fordæma slíka háttsemi og grípa til viðeigandi aðgerða varðandi hana og hafa jafnframt í huga að slíkum ráðstöfunum kann að vera komið á með skuldbindingum sem samningsaðili tekur á sig samkvæmt öðrum alþjóðasamningum, s.s. samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, sem var undirritaður í Brussel 17. mars 1993 og tiltekin EFTA-ríki eiga aðild að. Leggi samningsaðili fram beiðni þar um skulu samningsaðilar ráðgast um skilvirkni ráðstafana hvers samningsaðila.
2. Hver samningsaðili skal sjá til þess að ráðstöfunum, sem um getur í 1. mgr., og aðgerðum sem gripið er til samkvæmt þeim, sé beitt án mismununar.

3. Hugtakið „samkeppnishamlandi starfshættir fyrirtækja“ í þessum kafla felur í sér en takmarkast þó ekki við samkeppnishamlandi samninga, samstilltar aðgerðir eða framkvæmd samkeppnisaðila, samkeppnishamlandi starfshætti fyrirtækis sem hefur yfirburðastöðu á markaði og samruna sem hefur umtalsverð samkeppnishamlandi áhrif, nema slík háttsemi sé, beint eða óbeint, undanskilin frá landslögum samningsaðila eða heimiluð í samræmi við þau lög. Allar slíkar undanþágur og heimildir skulu vera gagnsæjar og þær skal endurskoða reglubundið til að meta hvort þær eru nauðsynlegar til þess að ná stefnumiðunum, sem vega þyngra.
4. Enginn samningsaðili getur beitt málsmeðferð við lausn deilumála samkvæmt þessum samningi í málum er varða þennan kafla.

15. gr.

Samstarf.

1. Samningsaðilar viðurkenna mikilvægi þess að eiga samvinnu um og samræma almenn málefni er varða stefnumið varðandi framfylgd samkeppnislaga, s.s. tilkynningar, samráð og skipti á upplýsingum um framfylgd samkeppnislaga og stefnumið í samkeppnismálum.

(c) “business visitors” means short term visitors who do not intend to enter the labour market of the Parties, but seek entry to engage in activities such as buying or selling goods or services, negotiating contracts, conferring with colleagues, or attending conferences.

IV COMPETITION LAW AND POLICY

ARTICLE 14

General principles

1. The Parties agree that anti-competitive business conduct can hinder the fulfilment of the objectives of this Agreement. Accordingly, each Party shall adopt or maintain measures to proscribe such conduct and take appropriate action with respect thereto, acknowledging that such measures may be brought about by a Party’s obligations entered into through other international agreements, such as the *Agreement on the European Economic Area*, done at Brussels on 17 March 1993, to which certain EFTA States are party. The Parties shall, upon request of a Party, consult about the effectiveness of measures undertaken by each Party.

2. Each Party shall ensure that the measures referred to in paragraph 1, and the actions it takes pursuant to those measures, are applied on a non-discriminatory basis.
3. For the purpose of this Chapter, “anti-competitive business conduct” includes, but is not limited to, anti-competitive agreements, concerted practices or arrangements by competitors, anti-competitive practices by an enterprise that is dominant in a market and mergers with substantial anti-competitive effects, unless such conduct is excluded directly or indirectly from the coverage of a Party’s own laws or authorised in accordance with those laws. All such exclusions and authorisations should be transparent and should be reviewed periodically to assess whether they are necessary to achieve their overriding policy objectives.
4. No Party may have recourse to dispute settlement under this Agreement for any matter arising under this Chapter.

ARTICLE 15

Co-operation

1. The Parties recognise the importance of co-operation and co-ordination on general issues relating to competition law enforcement policy, such as notification, consultation and exchange of information relating to the enforcement of competition laws and policies.

2. Svo fremi það skaði ekki mikilvæga hagsmuni hans skal samningsaðili tilkynna öðrum samningsaðila um að fyrirhuguð eða raunveruleg framfylgd samkeppnislaga kunni að hafa áhrif á mikilvæga hagsmuni þess samningsaðila, og taka fullt tillit til sjónarmiða þess samningsaðila og taka þau til velviljaðrar athugunar, þ.m.t. mögulegar leiðir til að fullnægja þörfinni fyrir framfylgd án þess að skaða þessa hagsmuni.

3. Telji samningsaðili að tilteknir samkeppnishamlandi starfshættir fyrirtækis, sem eiga sér stað á yfirráðasvæði annars samningsaðila, hafi skaðleg áhrif á mikilvæga hagsmuni, sem um getur í 2. mgr., getur sá samningsaðili tilkynnt hinum samningsaðilanum um það og farið fram á að samningsaðilinn eða samkeppnisyfirvöld hans hefji viðeigandi aðgerðir til framfylgdar lögum.

4. Tilkynningaraðili skal setja fram nægar upplýsingar í tilkynningu sinni til þess að samningsaðili sem fær hana geti greint þá samkeppnishamlandi starfshætti fyrirtækis, sem tilkynningin fjallar um, og skal bjóða fram þær viðbótarupplýsingar og það samstarf sem hann er fær um að veita. Samningsaðili sem fær tilkynningu getur haft samráð við tilkynningaraðila og skal taka fullt tillit til og taka til velviljaðrar athugunar það sem tilkynningaraðilann fer fram á við ákvörðun þess hvort hefja skuli aðgerðir til framfylgdar lögum að því er varðar þá samkeppnishamlandi starfshætti fyrirtækis sem greina má í tilkynningunni. Samningsaðilarnir geta haft slíkt samráð með milligöngu samkeppnisyfirvalda sinna.

5. Samningsaðili sem fær tilkynningu skal gera tilkynningaraðila grein fyrir ákvörðun sinni og má einnig rökstyðja ákvörðunina. Ef hafin er aðgerð til framfylgdar lögum skal samningsaðili sem fær tilkynningu gera tilkynningaraðila grein fyrir niðurstöðunni og mikilvægum áföngum í framvindu málsins eftir því sem unnt er. Samningsaðilar geta aðhafst samkvæmt þessari málsgrein með milligöngu samkeppnisyfirvalda sinna.

2. Unless providing notice would harm its important interests, a Party shall notify another Party when a proposed or actual competition law enforcement action may have an effect on that other Party's important interests, and give full and sympathetic consideration to the views expressed by that other Party, including possible ways of fulfilling its enforcement needs without harming those interests.

3. If a Party considers that any specified anti-competitive business conduct carried out within the territory of another Party is adversely affecting an important interest referred to in paragraph 2, that Party may notify the other Party and may request that the Party or its competition authority initiate appropriate enforcement action.

4. The notifying Party shall include in its notification sufficient information to permit the notified Party to identify the anti-competitive business conduct that is the subject of the notification and shall include an offer to provide such further information and co-operation as the notifying Party is able to provide. The notified Party may consult with the notifying Party and shall accord full and sympathetic consideration to the request of the notifying Party in deciding whether to initiate enforcement action with respect to the anti-competitive business conduct identified in the notification. The Parties may conduct such consultations through their respective competition authorities.

5. The notified Party shall inform the notifying Party of its decision and may include the grounds for the decision. If enforcement action is initiated, the notified Party shall advise the notifying Party of its outcome and, to the extent possible, of any significant interim development. The Parties may act under this paragraph through their respective competition authorities.

16. gr.

Upplýsingar veittar.

Ekkert í þessum kafla skal túlka svo að unnt sé að fara fram á það við samningsaðila, þ.m.t. samkeppnisyfirvöld hans, að hann veiti upplýsingar ef það gengur þvert á lög hans sjálfs, þ.m.t. lög um afhendingu upplýsinga, trúnað eða viðskiptaleynd.

ARTICLE 16

Communication of information

Nothing in this Chapter shall require the communication of information by a Party, including its competition authority, if such communication is prohibited by its laws, including those regarding disclosure of information, confidentiality and business secrecy.

V AÐRAR SAMEIGINLEGAR REGLUR

17. gr.

Styrkir.

1. Með fyrirvara um 2. og 3. mgr. skal farið með réttindi og skyldur samningsaðila að því er varðar styrki og beitingu jöfnunarráðstafana í samræmi við VI. og XVI. gr. GATT-samningsins frá 1994 og samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um styrki og jöfnunarráðstafanir.
2. Hver samningsaðili skal tilnefna og veita fullar upplýsingar um tengilið sem hinir samningsaðilarnir geta leitað til með málefni er varða styrki eða jöfnunarráðstafanir.
3. Áður en hafin er rannsókn skv. V. hluta samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um styrki og jöfnunarráðstafanir skal lögbært rannsóknaryfirvald Kanada eða EFTA-ríkis, eftir atvikum, senda skriflega tilkynningu um það til þess samningsaðila sem vörurnar, sem rannsóknin beinist að, tilheyra og veita 25 daga frest, frá þeim degi að tilkynningin er send, til samráðs með það í huga að leita lausnar sem báðir aðilar geta sæst á. Tilkynna skal hinum samningsaðilunum um niðurstöður samráðsins eftir að ákvörðun hefur verið tekin um hvort hefja á rannsókn eða ekki.

18. gr.

Undirboð.

1. Með fyrirvara um 2. og 3. mgr. skal farið með réttindi og skyldur samningsaðilanna, viðvíkjandi því að ráðstöfunum gegn undirboðum sé beitt, í samræmi við VI. gr. GATT-samningsins frá 1994 og samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um framkvæmd VI. gr. GATT-samningsins frá 1994.
2. Hver samningsaðili skal tilnefna og veita fullar upplýsingar um tengilið sem hinir samningsaðilarnir geta leitað til með málefni er varða ráðstafanir gegn undirboðum.
3. Innan þriggja ára frá gildistöku þessa samnings skulu samningsaðilar koma saman til að endurskoða þessa grein.

19. gr.

Ríkisrekin viðskiptafyrirtæki.

Farið skal með réttindi og skyldur samningsaðila að því er varðar ríkisrekin viðskiptafyrirtæki í samræmi við XVII. gr. GATT-samningsins frá 1994 og samkomulag Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um túlkun XVII. gr. GATT-samningsins frá 1994.

V OTHER COMMON RULES

ARTICLE 17

Subsidies

1. Subject to paragraphs 2 and 3, the rights and obligations of the Parties in respect of subsidies and the application of countervailing measures shall be governed by Articles VI and XVI of the GATT 1994 and the WTO *Agreement on Subsidies and Countervailing Measures.*
2. Each Party shall designate, and provide full contact information for, a person that the other Parties can contact with respect to any matter concerning subsidies or countervailing measures.
3. Before initiating an investigation under Part V of the WTO *Agreement on Subsidies and Countervailing Measures*, the competent investigating authority of Canada or the EFTA State, as the case may be, shall notify, in writing, the Party whose goods would be subject to the investigation and allow such Party a period of 25 days from the date upon which notification was given, for consultations, with a view to finding a mutually acceptable solution. The outcome of such consultations shall be communicated to the other Parties after the decision has been made on whether or not to initiate the investigation.

ARTICLE 18

Anti-dumping

1. Subject to paragraphs 2 and 3, the rights and obligations of the Parties in respect of the application of anti-dumping measures shall be governed by Article VI of the GATT 1994 and the WTO *Agreement on Implementation of Article VI of the General Agreement on Tariffs and Trade 1994.*
2. Each Party shall designate, and provide full contact information for, a person that the other Party may contact with respect to any matter concerning anti-dumping measures.
3. The Parties shall, within three years after the entry into force of this Agreement, meet to review this Article.

ARTICLE 19

State trading enterprises

The rights and obligations of the Parties in respect of State trading enterprises shall be governed by Article XVII of the GATT 1994 and the WTO *Understanding on the Interpretation of Article XVII of the General Agreement on Tariffs and Trade 1994.*

20. gr.
Opinber innkaup.

1. Hvað varðar opinber innkaup skulu ákvæði samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um opinber innkaup gilda um réttindi og skyldur samningsaðilanna.

2. Ef Kanada eða EFTA-ríkin gera alþjóðasamning eftir gildistöku þessa samnings, sem eykur gagnsæi eða aðgang að viðkomandi markaði eða mörkuðum fyrir opinber innkaup, miðað við samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um opinber innkaup, geta EFTA-ríkin eða Kanada farið fram á að samningsaðilar hefji samningaviðræður með tilliti til þess að ná með þessum samningi jafn miklu gagnsæi eða markaðsaðgangi og gefst með hinum samningnum.

3. Samningsaðilarnir samþykkja að starfa saman í sameiginlegu nefndinni að því að auka enn frekar frelsi sín á milli á mörkuðum opinberra innkaupa og að auka gagnsæi í opinberum innkaupum. Þeir skulu koma saman til að endurskoða þessa grein eigi síðar en þremur árum eftir gildistöku þessa samnings.

21. gr.
Greitt fyrir viðskiptum.

Til að greiða fyrir viðskiptum milli Kanada og EFTA-ríkjanna skulu samningsaðilar:

a) einfalda reglur um vöruviðskipti og tengda þjónustustarfsemi eftir því sem frekast er unnt,
b) stuðla að marghliða samstarfi sín á milli í því skyni að bæta þátttöku í gerð og framkvæmd alþjóðasamninga og alþjóðlegra tilmæla um að greiða fyrir viðskiptum og
c) starfa saman að því að greiða fyrir viðskiptum innan ramma sameiginlegu nefndarinnar,

í samræmi við ákvæðin sem eru sett fram í viðauka I.

VI UNDANTEKNINGAR OG VERNDARRÁÐSTAFANIR

22. gr.
Almennar undantekningar.

Að því er varðar kaflann um vöruviðskipti er XX. gr. GATT-samningsins frá 1994 felld inn í samning þennan sem hluti af honum. Af hálfu samningsaðila ríkir sá skilningur að ráðstafanirnar, sem um getur í b-lið XX. gr. GATT-samningsins frá 1994, feli í sér ráðstafanir á sviði umhverfisverndar sem eru nauðsynlegar til þess að vernda líf og heilbrigði manna, dýra eða plantna og að g-liður XX. gr. GATT-samningsins frá 1994 eigi við um ráðstafanir er varða verndun lifandi, þverranlegra auðlinda og lífvana, óendurnýjanlegra auðlinda.

ARTICLE 20
Public procurement

1. The rights and obligations of the Parties in respect of public procurement shall be governed by the WTO *Agreement on Government Procurement.*

2. If, after the entry into force of this Agreement, Canada or the EFTA States enter into an international agreement that provides greater transparency or access to the procurement market or markets concerned than is provided under the WTO *Agreement on Government Procurement*, Canada or the EFTA States may request that the Parties enter into negotiations with a view to achieving a level of transparency or market access through this Agreement that is equivalent to that provided in the other agreement.

3. The Parties agree to co-operate in the Joint Committee, with the aim of achieving further liberalisation among them, of public procurement markets and greater transparency in public procurement. They shall meet to review this Article no later than three years after the entry into force of this Agreement.

ARTICLE 21
Trade facilitation

To facilitate trade between Canada and the EFTA States, the Parties shall:

(a) simplify, to the greatest extent possible, procedures for trade in goods and related services;
(b) promote multilateral co-operation among them in order to enhance their participation in the development and implementation of international conventions and recommendations on trade facilitation; and
(c) co-operate on trade facilitation within the framework of the Joint Committee,

in accordance with the provisions set out in Annex I.

VI EXCEPTIONS AND SAFEGUARDS

ARTICLE 22
General exceptions

For purposes of the Chapter on Trade in Goods, Article XX of the GATT 1994 is incorporated into and made part of this Agreement. The Parties understand that the measures referred to in Article XX(b) of the GATT 1994 include environmental measures necessary to protect human, animal or plant life or health, and that Article XX(g) of the GATT 1994 applies to measures relating to the conservation of living and non-living exhaustible natural resources.

23. gr.
Aðrar undantekningar.

Með fyrirvara um réttindi og skyldur samningsaðila samkvæmt samningnum um Alþjóðaviðskiptastofnunina skal viðauki J gilda um ráðstafanir samningsaðila gagnvart menningariðnaðinum.

ARTICLE 23
Other exceptions

Without prejudice to the rights and obligations of the Parties pursuant to the WTO Agreement, Annex J shall apply to measures of a Party with respect to cultural industries.

24. gr.
Undantekningar af öryggisástæðum.

Ekkert í þessum samningi ber að túlka á þann hátt

a) að krafist sé af samningsaðila að hann láti í té upplýsingar sem hann telur andstætt grundvallaröryggishagsmunum sínum að birta,
b) að komið sé í veg fyrir að samningsaðili geri ráðstafanir sem hann telur nauðsynlegar til að vernda grundvallaröryggishagsmuni sína:
   i. að því er snertir kjarnakleyf efni eða efni sem þau eru unnin úr;
   ii. að því er snertir viðskipti með vopn, skotfæri og stríðsbúnað og þau viðskipti með aðrar vörur og efni sem beinlínis eða óbeinlínis eru ætluð til hernaðar eða
   iii. á stríðstímum eða þegar neyðarástand ríkir í alþjóðasamskiptum,

   eða
c) að komið sé í veg fyrir að aðili geti gripið til ráðstafana í samræmi við skyldur sínar á grundvelli sáttmála Sameinuðu þjóðanna til að viðhalda friði og öryggi á alþjóðavettvangi.

ARTICLE 24
Security exceptions

Nothing in this Agreement shall be construed:

(a) to require any Party to furnish any information the disclosure of which it considers contrary to its essential security interests;
(b) to prevent any Party from taking any action which it considers necessary for the protection of its essential security interests:
   (i) relating to fissionable materials or the materials from which they are derived;
   (ii) relating to the traffic in arms, ammunition and implements of war and to such traffic in other goods and materials as is carried on directly or indirectly for the purpose of supplying a military establishment; or
   (iii) taken in time of war or other emergency in international relations;

   or
(c) to prevent any Party from taking any action in pursuance of its obligations under the *United Nations Charter* for the maintenance of international peace and security.

25. gr.
Neyðaraðgerð.

1. Ef, á aðlögunartímabilinu sem um getur í 9. mgr., innflutningur upprunavöru frá samningsaðila inn á yfirráðasvæði annars samningsaðila eykst svo mjög, annaðhvort sem hrein aukning eða sem hlutfall af innlendri framleiðslu, á grundvelli þess að tollar hafa verið lækkaðir eða afnumdir samkvæmt þessum samningi, og við slík skilyrði að það veldur eða gæti valdið alvarlegum skaða fyrir innlenda framleiðendur sambærilegra vara eða samkeppnisvara á yfirráðasvæði samningsaðilans sem flytur inn, er honum heimilt að grípa til neyðaraðgerðar, í eins litlum mæli og unnt er að komast af með, til að ráða bót á skaðanum eða koma í veg fyrir hann, samanber þó ákvæði þessarar greinar.

2. Hver samningsaðili skal tryggja sanngjarnt, gagnsætt og skilvirkt verklag við neyðaraðgerðarferli. Neyðaraðgerðarferli má hefja á grundvelli málaleitunar eða kæru stofnunar sem er í fyrirsvari fyrir innlenda atvinnugrein sem framleiðir vöru sem líkist eða er beinlínis samkeppnishæf við innfluttu

ARTICLE 25
Emergency action

1. Where, during the transition period referred to in paragraph 9, as a result of the reduction or elimination of a customs duty under this Agreement, an originating product of a Party is being imported into the territory of another Party in such increased quantities, in absolute terms or relative to domestic production, and under such conditions as to constitute a substantial cause of serious injury or threat thereof to the domestic industry of like or directly competitive products in the importing Party, the importing Party may take emergency action to the minimum extent necessary to remedy or prevent the injury, subject to the provisions of this Article.

2. Each Party shall ensure equitable, transparent and effective procedures for emergency action proceedings. An emergency action proceeding may be instituted by a petition or a complaint by an entity representing the domestic industry producing a good like or directly competitive with the imported prod-

framleiðsluvöruna. Samningsaðili, sem tekur við málaleitan eða kæru, skal tafarlaust afhenda hinum samningsaðilunum og sameiginlegu nefndinni skriflega tilkynningu um að hafið sé ferli er gæti leitt til neyðaraðgerðar. Í skriflegu tilkynningunni skulu vera upplýsingar vegna samskipta við lögbært rannsóknaryfirvald samningsaðilans.

3. Því aðeins má grípa til neyðaraðgerðar að óyggjandi sönnun sé fyrir því að aukinn innflutningur hafi valdið alvarlegum skaða eða að hætta sé á því samkvæmt rannsókn, sem er gerð í samræmi við sambærilegar skilgreiningar og málsmeðferð og um getur í 3. og 4. gr. samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um verndarráðstafanir.

4. Samningsaðili sem hyggst grípa til neyðaraðgerðar samkvæmt þessari grein skal tilkynna hinum samningsaðilunum og sameiginlegu nefndinni um það áður en gripið er til aðgerðarinnar. Í tilkynningunni skulu koma fram allar viðeigandi upplýsingar, m.a. sönnunargögn um alvarlegan skaða eða hættu á slíku af völdum aukins innflutnings, nákvæm lýsing á framleiðsluvörunni sem um ræðir, upplýsingar um fyrirhugaða aðgerð og frá hvaða degi og hversu lengi aðgerðin stendur yfir. Bjóða skal samningsaðila, sem slík aðgerð gæti haft áhrif á, bætur í formi aukins frelsis í viðskiptum í tengslum við innflutning frá honum sem skulu í megindráttum vera jafngildar.

5. Ef skilyrði 1. mgr. eru uppfyllt, og í kjölfar athugunar sameiginlegu nefndarinnar, eins og sett er fram í 7. mgr., er samningsaðilanum sem flytur inn heimilt að hækka toll af framleiðsluvörunni og skal miða við þann toll sem lægri er:

a) toll sem er lagður á samkvæmt bestukjarameðferð sem er í gildi á þeim degi þegar aðgerðin fer fram eða
b) toll sem er lagður á samkvæmt bestukjarameðferð sem er í gildi daginn fyrir gildistöku þessa samnings.

6. Neyðaraðgerð skal ekki vera lengur en í þrjú ár og ekki lengur en til loka aðlögunartímabilsins sem um getur í 9. mgr. Óheimilt er að grípa til aðgerða gegn innflutningi framleiðsluvöru sem áður hefur verið gripið til aðgerðar gegn.

7. Sameiginlega nefndin skal, innan 30 daga frá dagsetningu tilkynningarinnar, sem um getur í 4. mgr., rannsaka þær upplýsingar sem eru veittar samkvæmt 4. mgr. í þeim tilgangi að greiða fyrir lausn málsins með þeim hætti að báðir aðilar geti við unað. Ef engin lausn finnst er samningsaðilanum sem flytur inn heimilt að grípa til aðgerðar í samræmi við 5. mgr. og samningsaðilanum, sem ræður yfir þeirri framleiðsluvöru sem gripið er til aðgerðar gegn, er heimilt að grípa til jöfnunaraðgerða ef ekki næst

uct. The Party receiving a petition or a complaint shall, without delay, deliver to the other Parties and the Joint Committee written notice of the institution of a proceeding that could result in the application of emergency action. The written notice shall contain the contact information of the Party's competent investigating authority.

3. An emergency action shall only be taken upon clear evidence that increased imports have caused or are threatening to cause serious injury pursuant to an investigation conducted in accordance with definitions and procedures equivalent to those of Articles 3 and 4 of the WTO *Agreement on Safeguards.*

4. The Party intending to take an emergency action under this Article shall, before taking an action, notify the other Parties and the Joint Committee. The notification shall contain all pertinent information, including evidence of serious injury or threat thereof caused by increased imports, a precise description of the product involved, and the proposed action, as well as the proposed date of introduction, and expected duration of the action. A Party that may be affected by the action shall be offered compensation in the form of substantially equivalent trade liberalization in relation to the imports from such Party.

5. If the conditions in paragraph 1 are met, and following an examination by the Joint Committee as set out in paragraph 7, the importing Party may increase the rate of customs duty for the product to a level not to exceed the lesser of:

(a) the MFN rate of duty applied at the time the action is taken; or

(b) the MFN rate of duty applied on the day immediately preceding the date of the entry into force of this Agreement.

6. An emergency action shall be taken for a period not exceeding three years, and shall not extend beyond the end of the transition period referred to in paragraph 9. No action shall be applied to the import of a product that has previously been the subject of such an action.

7. The Joint Committee shall, within 30 days from the date of notification referred to in paragraph 4, examine the information provided under paragraph 4 in order to facilitate a mutually acceptable resolution of the matter. In the absence of such resolution, the importing Party may take an action in accordance with paragraph 5 and, in the absence of mutually agreed compensation, the Party against whose product the action is taken may take compensatory action. The emergency action and the compensatory

gagnkvæmt samkomulag um jöfnunargreiðslur. Tilkynna skal hinum samningsaðilunum og sameiginlegu nefndinni þegar í stað um slíka neyðaraðgerð og jöfnunaraðgerð. Val á neyðaraðgerð og jöfnunaraðgerð skal miðast við að raska sem minnst framkvæmd þessa samnings. Jöfnunaraðgerð skal fela í sér niðurfellingu ívilnana samkvæmt þessum samningi sem hafa í megindráttum jafngild áhrif á viðskipti eða ívilnanir sem í megindráttum jafngilda þeim viðbótartolli sem búist er við að leiði af neyðaraðgerðinni. Samningsaðili sem grípur til jöfnunaraðgerðar skal gera það í eins stuttan tíma og mögulegt er til að ná í meginatriðum jafngildum áhrifum á viðskipti og einungis á meðan ráðstöfun skv. 5. gr. er beitt.

8. Þegar aðgerð lýkur skal beita þeim tolli sem hefði verið lagður á hefði ekki verið gripið til aðgerðarinnar.

9. Nema sameiginlega nefndin ákveði framlengingu þess, eins og sett er fram í 10. mgr., fer aðlögunartímabilið, sem um getur í 1. og 6. mgr., eftir því hvort heldur varir lengur:

a) fimm ára tímabilið sem hefst á gildistökudegi þessa samnings eða, eftir atvikum,

b) afnám tolla eins og það er sett fram að því er varðar framleiðsluvöru í skrá samningsaðila í viðauka E.

10. Á fimmta ári eftir gildistöku þessa samnings skulu samningsaðilar í sameiginlegu nefndinni íhuga hvort þörf er á að framlengja aðlögunartímabilið að því er tilteknar framleiðsluvörur varðar. Sameiginlega nefndinni er heimilt að framlengja aðlögunartímabilið að því er tiltekna framleiðsluvöru varðar en í því tilviki skal aðlögunartímabilið fyrir þá framleiðsluvöru vera í samræmi við ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar.

11. Hver samningsaðili heldur réttindum sínum og skyldum skv. XIX. gr. GATT-samningsins frá 1994 og samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um verndarráðstafanir.

action shall be immediately notified to the other Parties and the Joint Committee. In the selection of the emergency action and the compensatory action, priority must be given to the action which least disturbs the functioning of this Agreement. The compensatory action shall consist of suspension of tariff concessions under this Agreement having substantially equivalent trade effects or concessions substantially equivalent to the value of the additional duties expected to result from the emergency action. The Party taking compensatory action shall apply the action only for the minimum period necessary to achieve the substantially equivalent trade effects and in any event, only while the measure under paragraph 5 is being applied.

8. Upon the termination of the emergency action, the rate of customs duty shall be the rate that would have been in effect but for the action.

9. Unless extended by the Joint Committee as set out in paragraph 10, the transition period referred to in paragraphs 1 and 6 is the longer of:

(a) the five-year period beginning on the date of entry into force of this Agreement; or, where applicable,

(b) the staged tariff elimination set out for a product in a Party's schedule in Annex E.

10. In the fifth year after the date of entry into force of this Agreement, the Parties shall consider, in the Joint Committee, whether there is a need to extend the transition period for certain products. The Joint Committee may extend the transition period for a certain product, in which case the transition period for that product shall be in accordance with the decision of the Joint Committee.

11. Each Party retains its rights and obligations under Article XIX of the GATT 1994 and the WTO *Agreement on Safeguards*.

VII STOFNANAÁKVÆÐI

26. gr.

Sameiginlega nefndin.

1. Samningsaðilarnir koma hér með á fót sameiginlegri nefnd Kanada og EFTA-ríkjanna sem er skipuð fulltrúum hvers samningsaðila.

2. Sameiginlega nefndin skal:

a) hafa yfirumsjón með framkvæmd þessa samnings,

b) endurskoða reglulega möguleikann á því að afnema enn frekar viðskiptahindranir og aðrar tak-

VII INSTITUTIONAL PROVISIONS

ARTICLE 26

The Joint Committee

1. The Parties hereby establish the Canada-EFTA Joint Committee which shall be composed of representatives of the Parties.

2. The Joint Committee shall:

(a) supervise the implementation of this Agreement;

(b) keep under review the possibility of further removal of barriers to trade and other restrictive

markandi reglur í viðskiptum milli Kanada og EFTA-ríkjanna,
c) hafa umsjón með frekari þróun þessa samnings,

d) hafa yfirumsjón með starfi allra undirnefnda og vinnuhópa sem komið er á fót samkvæmt þessum samningi,
e) leggi samningsaðili fram beiðni þar um, fjalla um ráðstafanir sem varða menningariðnaðinn og er viðhaldið eða eru samþykktar samkvæmt viðauka J,
f) leggi samningsaðili fram beiðni þar um, fjalla um beitingu neyðaraðgerðar sem gripið er til samkvæmt 25. gr.,
g) leitast við að leysa deilumál sem upp kunna að koma í tengslum við túlkun eða beitingu þessa samnings og
h) taka til umfjöllunar hvert það málefni sem haft gæti áhrif á framkvæmd þessa samnings.

3. Sameiginlega nefndin getur ákveðið að skipa undirnefndir og vinnuhópa sem hún telur þörf á sér til aðstoðar við störfin. Undirnefndirnar og vinnuhóparnir skulu starfa í umboði sameiginlegu nefndarinnar, nema kveðið sé sérstaklega á um annað í þessum samningi.

4. Sameiginlega nefndin getur tekið ákvarðanir eins og kveðið er á um í þessum samningi. Í öðrum málum er sameiginlegu nefndinni heimilt að setja fram tilmæli.
5. Ákvarðanir og tilmæli sameiginlegu nefndarinnar skulu samþykkt samhljóða.
6. Sameiginlega nefndin er alla jafna kölluð saman einu sinni á ári. Kanada og eitt EFTA-ríkjanna skulu stýra sameiginlega reglulegum fundum sameiginlegu nefndarinnar. Sameiginlega nefndin setur sér starfsreglur.
7. Samningsaðili getur, hvenær sem er, farið fram á sérstakan fund í sameiginlegu nefndinni með skriflegri tilkynningu til hinna samningsaðilanna. Slíkur fundur skal haldinn innan 30 daga frá því að beiðnin berst.

VIII LAUSN DEILUMÁLA

27. gr.

Vettvangur valinn.

1. Með fyrirvara um 2. mgr. og ef ekki er kveðið á um annað í þessum samningi er heimilt að leysa deilur vegna máls er varðar bæði þennan samning og samninginn um Alþjóðaviðskiptastofnunina, á vettvangi hvors þeirra sem er að ákvörðun kæruaðila.

2. Áður en Kanada hefur málsmeðferð til lausnar deilu við EFTA-ríki eða áður en EFTA-ríki hefur

regulations of commerce between Canada and the EFTA States;
(c) oversee the further elaboration of this Agreement;
(d) supervise the work of all sub-committees and working groups established under this Agreement;
(e) discuss, upon request by a Party, measures with respect to cultural industries maintained or adopted under Annex J;

(f) discuss, upon request by a Party, the application of an emergency action taken under Article 25;

(g) endeavour to resolve disputes that may arise regarding the interpretation or application of this Agreement; and
(h) consider any other matter that may affect the operation of this Agreement.

3. The Joint Committee may decide to set up such sub-committees and working groups as it considers necessary to assist it in accomplishing its tasks. Except where specifically provided for in this Agreement, the sub-committees and working groups shall work under a mandate established by the Joint Committee.
4. The Joint Committee may take decisions as provided in this Agreement. On other matters the Joint Committee may make recommendations.

5. The Joint Committee shall take decisions and make recommendations by consensus.
6. The Joint Committee shall normally convene once a year in a regular meeting. The regular meetings of the Joint Committee shall be chaired jointly by Canada and one of the EFTA States. The Joint Committee shall establish its rules of procedure.
7. Each Party may request at any time, through a notice in writing to the other Parties, that a special meeting of the Joint Committee be held. Such a meeting shall take place within 30 days of receipt of the request.

VIII DISPUTE SETTLEMENT

ARTICLE 27

Choice of forum

1. Subject to paragraph 2 and except as otherwise provided elsewhere in this Agreement, any dispute regarding any matter arising under both this Agreement and the WTO Agreement may be settled in either forum at the discretion of the complaining Party.
2. Before Canada initiates against an EFTA State or an EFTA State initiates against Canada a dispute

málsmeðferð til lausnar deilu við Kanada á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar miðað við forsendur, sem í meginatriðum jafngilda þeim sem hlutaðeigandi aðili að þessum samningi getur gengið út frá, skal sá samningsaðili tilkynna hinum samningsaðilunum um fyrirætlan sína. Ef EFTA-ríki hefur málsmeðferð til lausnar deilu við Kanada og annað EFTA-ríki æskir þess einnig að nýta sér málsmeðferð til lausnar deilu við Kanada í sama máli sem kærandi, samkvæmt þessum samningi, skal það þegar í stað upplýsa þann samningsaðila sem tilkynnir um slíka málsmeðferð um það og skulu þessir samningsaðilar ráðgast sín á milli í því augnamiði að ná samkomulagi um einn vettvang. Ef fyrrnefndir samningsaðilar ná ekki samkomulagi skal leysa deiluna samkvæmt þessum samningi.

3. Þegar málsmeðferð við lausn deilumáls er hafin samkvæmt þessum samningi skv. 29. gr. eða þegar málsmeðferð við lausn deilumáls er hafin samkvæmt samningnum um Alþjóðaviðskiptastofnunina skal sá vettvangur, sem er valinn, notaður eingöngu.

4. Að því er þessa grein varðar telst málsmeðferð við lausn deilumáls samkvæmt samningnum um Alþjóðaviðskiptastofnunina hafin þegar samningsaðili fer fram á stofnun gerðardóms, t.d. skv. 6. gr. samkomulags Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um reglur og málsmeðferð við lausn deilumála.

5. Ákvæði þessa kafla eiga ekki við um málefni sem falla undir gildissvið einhvers af eftirtöldum ákvæðum: 6. gr., 1. og 2. mgr. 7. gr., öll ákvæði IV. kafla (samkeppnislög og stefna í samkeppnismálum), 1. mgr. 17. gr., 1.mgr. 18. gr., 19. gr., 1. mgr. 20. gr. eða 11. mgr. 25. gr.

settlement proceeding in the WTO on grounds that are substantially equivalent to those available to that Party under this Agreement, that Party shall notify the other Parties of its intention. If an EFTA State initiates a dispute settlement proceeding against Canada and another EFTA State wishes also to have recourse to dispute settlement procedures against Canada as a complainant under this Agreement regarding the same matter, it shall inform promptly the notifying Party and those Parties shall consult with a view to agreeing on a single forum. If those Parties cannot agree, the dispute shall be settled under this Agreement.

3. Once dispute settlement procedures have been initiated under this Agreement pursuant to Article 29 or dispute settlement proceedings have been initiated under the WTO Agreement, the forum selected shall be used to the exclusion of the other.

4. For purposes of this Article, dispute settlement proceedings under the WTO Agreement are deemed to be initiated by a Party's request for the establishment of a panel, such as under Article 6 of the WTO *Understanding on Rules and Procedures Governing the Settlement of Disputes.*

5. The provisions of this Chapter do not apply to any matters falling within the scope of any one of the following provisions: Article 6; paragraphs 1 and 2 of Article 7; any provision of Chapter IV (Competition Law and Policy); paragraph 1 of Article 17; paragraph 1 of Article 18; Article 19; paragraph 1 of Article 20; or paragraph 11 of Article 25.

28. gr.

Samráð.

1. Samningsaðilar skulu ætíð leitast við að ná samkomulagi um túlkun og beitingu þessa samnings og gera sitt ítrasta með samvinnu og samráði til að finna lausn sem allir aðilar geta sætt sig við í hverju því máli sem getur haft áhrif á framkvæmd hans.

2. Kanada getur lagt fram skriflega beiðni um samráð við sérhvert EFTA-ríkjanna og hvaða EFTA-ríki sem er getur lagt fram skriflega beiðni um samráð við Kanada varðandi gildandi eða fyrirhugaðar ráðstafanir eða hvert það málefni sem það telur að haft geti áhrif á starfrækslu þessa samnings. Samningsaðili, sem fer fram á samráð, skal jafnframt tilkynna hinum samningsaðilunum skriflega um það og veita allar viðeigandi upplýsingar. Hafi EFTA-ríki farið fram á samráð við Kanada getur annað EFTA-ríki tekið þátt í slíkri beiðni sem meðkærandi.

ARTICLE 28

Consultations

1. The Parties shall at all times endeavour to agree on the interpretation and application of this Agreement, and shall make every attempt through co-operation and consultations to arrive at a mutually satisfactory resolution of any matter that might affect its operation.

2. Canada may request in writing consultations with any EFTA State, and any EFTA State may request in writing consultations with Canada, regarding any actual or proposed measure or any other matter that it considers might affect the operation of this Agreement. The Party requesting consultations shall at the same time notify the other Parties in writing thereof and supply all relevant information. Where an EFTA State has requested consultations with Canada, any other EFTA State may join in such a request as a co-complainant.

3. Fari einhver annar samningsaðili fram á að taka þátt í samráðinu, innan tíu daga frá viðtöku tilkynningarinnar sem um getur í 2. mgr., skal hann eiga rétt á því.
4. Samráð skal hefjast innan 30 daga frá því að beiðni um samráð var veitt móttaka.

5. Samningsaðilar skulu tilkynna sameiginlegu nefndinni um alla umfjöllun og ákvarðanir sem eru teknar.

29. gr.
Gerðardómsmeðferð.

1. Rísi deila milli samningsaðila samkvæmt þessum samningi og hún er ekki leyst með samráði innan 90 daga frá því að beiðni um samráð berst, er einum eða fleiri aðilum að deilunni heimilt að vísa henni til gerðardóms með skriflegri tilkynningu til þess samningsaðila sem kærunni er beint gegn. Senda ber öllum samningsaðilum afrit af tilkynningunni. Ef fleiri samningsaðilar en einn deila við einn og sama samningsaðila um sama úrlausnarefni og fara fram á að deilan verði lögð í gerð skal koma á fót einum gerðardómi til að taka slík deilumál fyrir sé þess kostur.

2. Ákvæði viðauka K gilda um stofnun og starfsemi gerðardóms.
3. Erindisbréf er sem hér segir, nema deiluaðilar komi sér saman um annað innan 30 daga frá því að beiðni um stofnun gerðardóms berst:

„að rannsaka, í ljósi viðeigandi ákvæða þessa samnings, það mál sem vísað er til gerðardóms (eins og lýst er í tilkynningunni sem um getur í 1. mgr.) og komast að niðurstöðum, taka ákvarðanir og gefa út tilmæli eins og kveðið er á um í 6. mgr. 29. gr. þessa samnings.“

4. Telji kæruaðili að ráðstöfun, sem er ekki ósamrýmanleg þessum samningi, geri að engu eða skerði ávinning, sem hann af sanngirni gat búist við að hafa, beint eða óbeint, af 4., 5., 8., 10. eða 11. gr., skal það tilgreint í skipunarbréfinu.

5. Gerðardómur skal túlka ákvæði þessa samnings í samræmi við hefðbundnar reglur um túlkun þjóðaréttar.
6. Í úrskurði sínum skal gerðardómurinn setja fram:
a) rökstudda niðurstöðu á grundvelli laga og staðreynda,
b) ákvörðun sína um það hvort viðkomandi ráðstöfun sé eða muni verða í ósamræmi við skuldbind-

3. If any other Party so requests within ten days from the receipt of the notification referred to in paragraph 2, such Party shall be entitled to participate in the consultations.
4. The consultations shall commence within 30 days from the date of receipt of the request for consultations.
5. The Parties shall inform the Joint Committee of any discussions and decisions arrived at.

ARTICLE 29
Arbitration

1. Any dispute arising between Parties under this Agreement which has not been settled through consultations within 90 days from the date of the receipt of the request for consultation, may be referred to arbitration by one or more Parties to the dispute by means of a written notification addressed to the Party complained against. A copy of this notification shall be communicated to all Parties to this Agreement. Where more than one Party requests the submission to an arbitral tribunal of a dispute with the same Party relating to the same question, a single arbitral tribunal should be established to consider such disputes whenever feasible.
2. The establishment and functioning of the arbitral tribunal are governed by Annex K.
3. Unless the Parties otherwise agree within 30 days from the date of the receipt of the notification referring the dispute to arbitration, the terms of reference shall be:

“To examine, in the light of the relevant provisions of this Agreement, the matter referred to arbitration (as described in the notification referred to in paragraph 1) and to make such findings, determinations and recommendations as provided in paragraph 6 of Article 29 of this Agreement.”

4. If the complaining Party alleges that any benefit it could reasonably have expected to accrue to it directly or indirectly under Articles 4, 5, 8, 10 or 11, is being nullified or impaired as a result of the application of any measure that is not inconsistent with this Agreement, the terms of reference shall so indicate.
5. The arbitral tribunal shall interpret this Agreement in accordance with customary rules of interpretation of public international law.
6. The arbitral tribunal, in its award, shall set out:
(a) its findings of law and fact, together with the reasons therefor;
(b) its determination as to whether the measure at issue is or would be inconsistent with the obliga-

ingar samkvæmt þessum samningi eða muni gera að engu eða skerða ávinning í skilningi 4. mgr., eða aðra ákvörðun sem farið er fram á í skipunarbréfinu og

c) tilmæli sín, ef einhver eru, um lausn deilunnar og framkvæmd gerðardómsúrskurðarins.

7. Þeir hlutar gerðardómsúrskurðar, sem um getur í a- og b-lið 6. mgr., eru endanlegir og bindandi fyrir deiluaðila.

30. gr.
Framkvæmd gerðardómsúrskurðar.

1. Þegar deiluaðilar fá úrskurð gerðardóms í hendur skulu þeir koma sér saman um framkvæmd úrskurðarins í samræmi við ákvarðanir og tilmæli gerðardómsins nema þeir geri með sér samkomulag um annað. Deiluaðilar skulu tilkynna hinum samningsaðilunum um hverja þá lausn sem þeir samþykkja til að leysa deiluna.

2. Þegar því verður við komið skal lausnin fela það í sér að ráðstöfun, sem samræmist ekki þessum samningi eða gerir að engu eða skerðir ávinning í skilningi 4. mgr. 29. gr., kemur ekki til framkvæmda eða að hætt er við hana, ella séu greiddar bætur.

31. gr.
Úrskurður kemur ekki til framkvæmda – ávinningi frestað.

1. Ef deiluaðilar eru ósammála um það hvort ráðstöfun til framkvæmdar úrskurði gerðardómsins hefur verið gerð eða henni viðhaldið í samræmi við ákvarðanir og tilmæli gerðardómsins skal sami gerðardómur fella úrskurð í deilunni áður en unnt er að sækja um bætur eða fresta ávinningi í samræmi við 3. til 5. mgr. Ef einn eða fleiri gerðarmenn upprunalega gerðardómsins eru ekki tiltækir skal stofna nýjan gerðardóm í samræmi við viðauka K, til að taka þessa ákvörðun.

2. Kæruaðilanum er ekki heimilt að hefja gerðardómsmeðferð samkvæmt fyrri málsgrein fyrr en 12 mánuðum eftir að úrskurður samkvæmt 6. mgr. 29. gr. er felldur. Alla jafna skal gerðardómurinn fella úrskurði, sem um getur í fyrri málsgrein, innan þriggja mánaða frá því að beiðni um gerðardómsmeðferð berst.

3. Ef gerðardómur hefur, í samræmi við 1. mgr., ákveðið að ráðstöfun til framkvæmdar úrskurði samræmist ekki ákvörðunum og tilmælum upprunalega gerðardómsins, eða ekki hefur verið gerð nein ráðtions of this Agreement or cause nullification or impairment of benefits within the meaning of paragraph 4, or any other determination requested in the terms of reference; and

(c) its recommendations, if any, for the resolution of the dispute and the implementation of the arbitral award.

7. The parts of the award of the arbitral tribunal referred to in sub-paragraphs (a) and (b) of paragraph 6 shall be final and binding upon the Parties to the dispute.

ARTICLE 30
Implementation of the arbitral award

1. On receipt of the arbitral award, the disputing Parties shall seek to agree on the implementation of the arbitral award, which, unless they decide otherwise by common accord, shall conform with the determinations and any recommendations of the arbitral tribunal. The disputing Parties shall notify the other Parties of any agreed resolution of the dispute.

2. Wherever possible, the resolution shall be non-implementation or removal of a measure not conforming with this Agreement or causing nullification or impairment of benefits within the meaning of paragraph 4 of Article 29 or, failing such a resolution, compensation.

ARTICLE 31
Non-implementation – suspension of benefits

1. In case of disagreement as to the existence or consistency of a measure implementing the arbitral award with the determinations and any recommendations of the arbitral tribunal, such dispute shall be decided by the same arbitral tribunal before compensation can be sought or suspension of benefits can be applied in accordance with paragraphs 3 through 5. If one or more members of the original arbitral tribunal are not available, a new arbitral tribunal shall be established in accordance with Annex K, to make this determination.

2. The complaining Party may not initiate arbitration under the preceding paragraph before a period of 12 months has expired following the rendering of the award pursuant to paragraph 6 of Article 29. The award of the tribunal referred to in the preceding paragraph shall normally be rendered within three months of the request for arbitration.

3. If the arbitral tribunal, in accordance with paragraph 1 has determined that an implementing measure is inconsistent with the determinations and any recommendations of the original arbitral tribunal, or

stöfun til framkvæmdar úrskurðinum, og samningsaðilinn, sem kæra beinist gegn, hefur ekki náð samkomulagi við kæruaðilann um lausn sem báðir aðilar geta sætt sig við innan 30 daga frá því að úrskurður gerðardómsins barst þeim, er kæruaðilanum, þar til deiluaðilar hafa komið sér saman um lausn deilunnar, heimilt að:

a) leita eftir samkomulagi við aðildarríkið, sem kæra beinist gegn, um greiðslu bóta eða
b) fresta ávinningi, sem hefur samsvarandi áhrif, til handa samningsaðilanum, sem kæra beinist gegn.

4. Berist skrifleg beiðni frá deiluaðila til hins samningsaðilans eða samningsaðilanna skal á ný kalla til sama gerðardóminn til að ákveða hvort að sá ávinningur, sem aðildarríki frestar samkvæmt 3. mgr., hafi samsvarandi áhrif. Ef einn eða fleiri gerðarmenn upprunalega gerðardómsins eru ekki tiltækir skal stofna nýjan gerðardóm í samræmi við viðauka K, til að taka þessa ákvörðun.

5. Málsmeðferð fyrir gerðardómi, sem er kallaður til á ný eða komið á fót skv. 4. mgr., skal fara fram í samræmi við 3. mgr. viðauka K. Gerðardómurinn skal setja fram ákvörðun sína innan 60 daga frá því að beiðni, sem um getur í 4. mgr., berst eða innan þess frests sem deiluaðilar koma sér saman um.

IX LOKAÁKVÆÐI

32. gr.

Þróunarákvæði.

Með fyrirvara um þá skyldu að endurskoða tilteknar greinar þessa samnings skuldbinda samningsaðilar sig til að endurskoða þennan samning í ljósi frekari þróunar efnahagslegra samskipta á alþjóðavettvangi, svo sem innan ramma Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og kanna, í ljósi þeirra þátta sem máli skipta, möguleika á að þróa og styrkja frekar þá samvinnu sem til hefur verið stofnað með þessum samningi og færa hana til sviða sem hann tekur ekki til. Samningsaðilar geta falið sameiginlegu nefndinni að kanna þennan kost og eftir því sem við á, hefja samningsviðræður.

33. gr.

Viðskipta- og efnahagstengsl sem falla undir þennan samning.

Ákvæði þessa samnings eiga við um viðskipta- og efnahagstengsl milli Kanada annars vegar og einstakra EFTA-ríkja hins vegar, en eiga ekki við um viðskiptatengsl milli einstakra EFTA-ríkja, nema kveðið sé á um annað í þessum samningi.

that no implementing measures have been taken, and the Party complained against has not reached agreement with a complaining Party on a mutually satisfactory resolution within 30 days of receiving this award, the complaining Party may, until such time as the disputing Parties have reached agreement on a resolution of the dispute:

(a) seek compensation through an agreement with the Party complained against; or
(b) suspend the application to the Party complained against of benefits of equivalent effect.

4. Upon written request of any disputing Party delivered to the other Party or Parties, the same arbitral tribunal shall be reconvened to determine whether the level of benefits suspended by a Party pursuant to paragraph 3 is of equivalent effect. If one or more members of the original arbitral tribunal are not available, a new arbitral tribunal shall be established in accordance with Annex K, to make this determination.

5. The proceedings of the arbitral tribunal reconvened or established under paragraph 4 shall be conducted in accordance with paragraph 3 of Annex K. The arbitral tribunal shall present its determination within 60 days after the date of the request referred to in paragraph 4, or such other period as the disputing Parties may agree.

IX FINAL CLAUSES

ARTICLE 32

Evolutionary clause

Without prejudice to the obligation to review specific Articles of this Agreement, the Parties undertake to review this Agreement in the light of further developments in international economic relations, including in the framework of the WTO, and to examine in this context and in the light of any relevant factors, the possibility of further developing and deepening the co-operation under this Agreement and to extend it to areas not covered therein. The Parties may examine this possibility through the Joint Committee and, where appropriate, open negotiations.

ARTICLE 33

Trade and economic relations governed by this Agreement

The provisions of this Agreement apply to the trade and economic relations between, on the one side, Canada and, on the other side, the individual EFTA States, but not to the trade relations between individual EFTA States, unless otherwise provided in this Agreement.

34. gr.
Tengsl þessa samnings við óviðkomandi samninga.

Ef þessi samningur vísar til eða fellir inn með tilvísun óviðkomandi samninga eða lagagerninga, eða sérákvæði í þeim, er slíkum tilvísunum ætlað að taka til tengdra athugasemda um túlkun og skýringar.

ARTICLE 34
Relationship of this Agreement to extraneous agreements

Where this Agreement refers to or incorporates by reference extraneous agreements or legal instruments, or specific provisions therein, such references are intended to include related interpretative and explanatory notes.

35. gr.
Svæðisbundnar stofnanir.

Hver samningsaðili ber fulla ábyrgð á því að öll ákvæði þessa samnings séu uppfyllt og skal gera þær réttmætu ráðstafanir sem völ er á til þess að tryggja að héraðsstjórnir, sveitarfélög og yfirvöld á yfirráðasvæði hans geri það einnig.

ARTICLE 35
Sub-national entities

Each Party is fully responsible for the observance of all provisions of this Agreement and shall take such reasonable measures as may be available to it to ensure observance of the provisions of this Agreement by the regional and local governments and authorities within its territory.

36. gr.
Viðaukar.

1. Viðaukarnir við samning þennan eru óaðskiljanlegur hluti hans.
2. Samningsaðilunum er heimilt að breyta viðaukunum á grundvelli draga að ákvörðun sem sameiginlega nefndin leggur til. Samningsaðilarnir skulu afhenda vörsluaðila skjöl um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki slíkrar breytingar. Breytingin öðlast gildi á þeim degi þegar síðasta skjalinu hefur verið komið í vörslu nema samningsaðilar komi sér saman um annað.

ARTICLE 36
Annexes

1. The Annexes to this Agreement constitute an integral part of it.
2. The Annexes may be amended by the Parties on the basis of a draft decision proposed by the Joint Committee. The Parties shall deposit their respective instruments of ratification, acceptance or approval of any such amendment with the Depositary. The amendment shall enter into force on the date of the deposit of the last instrument with the Depositary, unless the Parties agree otherwise.

37. gr.
Gagnsæi.

1. Samningsaðilar skulu birta eða veita almenningi aðgang með öðrum hætti að lögum sínum, reglugerðum, reglum um málsmeðferð, stjórnsýsluúrskurðum og dómsniðurstöðum sem hafa almennt gildi, svo og alþjóðasamningum sem geta haft áhrif á framkvæmd þessa samnings.
2. Samningsaðilarnir skulu þegar í stað svara sértækum spurningum og veita hver öðrum, að fenginni beiðni, upplýsingar um málefni sem um getur í 1. mgr.

ARTICLE 37
Transparency

1. The Parties shall publish, or otherwise make publicly available, their laws, regulations, procedures and administrative rulings and judicial decisions of general application as well as the international agreements which may affect the operation of this Agreement.
2. The Parties shall promptly respond to specific questions and provide, upon request, information to each other on matters referred to in paragraph 1.

38. gr.
Breytingar.

1. Samningsaðilunum er heimilt að breyta þessum samningi á grundvelli draga að ákvörðun sem sameiginlega nefndin leggur til. Samningsaðilarnir skulu afhenda vörsluaðila skjöl um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki slíkrar breytingar.
2. Breytingarnar skulu öðlast gildi á fyrsta degi þriðja mánaðar eftir að síðasta skjali um fullgildingu,

ARTICLE 38
Amendments

1. This Agreement may be amended by the Parties on the basis of a draft decision proposed by the Joint Committee. The Parties shall deposit their respective instruments of ratification, acceptance or approval of any such amendment with the Depositary.
2. Amendments shall enter into force on the first day of the third month following the deposit of the

staðfestingu eða samþykki hefur verið komið í vörslu.

39. gr.
Nýir samningsaðilar.

Sérhvert ríki getur orðið aðili að þessum samningi að fengu boði frá samningsaðilunum. Skilmálar og skilyrði fyrir þátttöku nýrra samningsaðila skal setja í samning milli samningsaðilanna og ríkisins sem er boðin aðild.

40. gr.
Uppsögn og slit samningsins.

1. Kanada, EFTA-ríki eða annað ríki sem hefur öðlast aðild að þessum samningi getur sagt upp samningi þessum með því að tilkynna vörsluaðila það skriflega. Uppsögnin tekur gildi á fyrsta degi sjötta mánaðar eftir að tilkynningin berst vörsluaðila.

2. Dragi Kanada aðild sína til baka fellur þessi samningur úr gildi þann dag sem tilgreindur er í 1. mgr.

3. Ef eitthvert EFTA-ríki eða annað ríki sem hefur öðlast aðild að þessum samningi segir upp samningi þessum skulu aðrir samningsaðilar boðaðir til fundar til að ræða framhald þessa samnings.

41. gr.
Ákvæðum samningsins beitt til bráðabirgða.

Ef innlend skilyrði þeirra leyfa það er Kanada og hvaða EFTA-ríki sem er heimilt að beita til bráðabirgða ákvæðum þessa samnings og ákvæðum tvíhliða samninga um viðskipti með landbúnaðarafurðir. Slík bráðabirgðabeiting skal hefjast á gildistökudegi þessa samnings milli Kanada og minnst tveggja EFTA-ríkja, í samræmi við 2. mgr. 42. gr. Vörsluaðila skal tilkynnt um bráðabirgðabeitingu slíkra samninga samkvæmt þessari grein.

42. gr.
Gildistaka.

1. Samningur þessi er með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki. Skjöl um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki skulu afhent vörsluaðila.

2. Samningur þessi öðlast gildi á fyrsta degi þriðja mánaðar eftir að skjöl Kanada og minnst tveggja EFTA-ríkja um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki hafa verið afhent vörsluaðila, að því tilskildu að sömu samningsaðilar hafi skipst á skjölum um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki vegna við-

last instrument of ratification, acceptance or approval.

ARTICLE 39
Additional Parties

The Parties may invite any State to become a Party to this Agreement. The terms and conditions of the participation by the additional Party shall be the subject of an agreement between the Parties and the invited State.

ARTICLE 40
Withdrawal and termination

1. Canada, an EFTA State or any State that has become a Party to this Agreement may withdraw from this Agreement by means of a written notification to the Depositary. The withdrawal shall take effect on the first day of the sixth month after the date on which the notification was received by the Depositary.

2. If Canada withdraws, the Agreement shall expire on the date specified in paragraph 1.

3. If one of the EFTA States, or any State that has become a Party to this Agreement, withdraws from this Agreement, a meeting of the remaining Parties shall be convened to discuss the issue of the continued existence of this Agreement.

ARTICLE 41
Provisional application

If their domestic requirements permit, Canada and any EFTA State may apply this Agreement and the bilateral Agreements on trade in agricultural products provisionally. Such provisional application shall commence as of the date of the entry into force of this Agreement between Canada and at least two EFTA States, in accordance with paragraph 2 of Article 42. Provisional application of such Agreements under this Article shall be notified to the Depositary.

ARTICLE 42
Entry into force

1. This Agreement is subject to ratification, acceptance or approval. The instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Depositary.

2. This Agreement shall enter into force on the first day of the third month following the deposit by Canada and at least two of the EFTA States of their respective instruments of ratification, acceptance or approval with the Depositary, provided that the same Parties have exchanged their instruments of ratifi-

komandi tvíhliða samninga um viðskipti með landbúnaðarafurðir.

3. Samningur þessi öðlast gildi að því er varðar önnur EFTA-ríki á þeim degi þegar skjöl þeirra um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki hafa verið afhent vörsluaðila, að því tilskildu að Kanada og hlutaðeigandi EFTA-ríki hafi skipst á skjölum um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki vegna samsvarandi tvíhliða samninga um viðskipti með landbúnaðarafurðir.
4. Ef Kanada og Liechtenstein beita þessum samningi til bráðabirgða sín á milli öðlast samningur þessi gildi sama dag og á við um Sviss, eftir að Liechtenstein hefur afhent vörsluaðila skjöl sín um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki.

cation, acceptance or approval in respect of the bilateral Agreement on trade in agricultural products concerned.
3. This Agreement shall enter into force for the other EFTA States at the date of the deposit of their respective instruments of ratification, acceptance or approval with the Depositary, provided Canada and the EFTA States concerned have exchanged instruments of ratification, acceptance or approval in respect of the corresponding bilateral Agreements on trade in agricultural products.
4. Should Canada and Liechtenstein apply this Agreement provisionally between them, this Agreement shall enter into force on the same date as for Switzerland, following Liechtenstein's deposit of its instrument of ratification, acceptance or approval with the Depositary.

43. gr.
Vörsluaðili.
Konungsríkið Noregur skal vera vörsluaðili.

ARTICLE 43
Depositary
The Kingdom of Norway shall act as Depositary.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned, being duly authorised thereto, have signed this Agreement.

Gjört í Davos, hinn 26. janúar 2008, í tvíriti á ensku og frönsku og eru báðir textarnir jafngildir. EFTA-ríkin skulu afhenda vörsluaðila eitt frumrit.

Done in duplicate at Davos, this 26th day of January 2008, in the English and French languages, each version being equally authentic. One original shall be deposited by the EFTA States with the Depositary.

Fyrir hönd Kanada

. . . . . .

Fyrir hönd lýðveldisins Íslands

. . . . . .

Fyrir hönd Furstadæmisins Liechtensteins

. . . . . .

Fyrir hönd Konungsríkisins Noregs

. . . . . .

Fyrir hönd Ríkjasambandsins Sviss

. . . . . .

For Canada

. . . . . .

For the Republic of Iceland

. . . . . .

For the Principality of Liechtenstein

. . . . . .

For the Kingdom of Norway

. . . . . .

For the Swiss Confederation

. . . . . .

845. Frumvarp til laga [544. mál]

um breytingu á lögum nr. 66/1985, um Þjóðskjalasafn Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

2. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Þegar talað er um skjöl og skráðar heimildir í lögum þessum er átt við hvers konar gögn, jafnt rituð sem í öðru formi, er hafa að geyma upplýsingar og hafa orðið til, borist eða verið viðhaldið við starfsemi á vegum stofnunar eða einstaklings.

2. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Orðin „gefa út leiðbeiningar um skjalavörslu og tölvuskráningu og ákveða ónýtingu skjala sem ekki er talin ástæða til að varðveita til frambúðar“ í 2. tölul. falla brott.
b. Á eftir 2. tölul. koma tveir nýir töluliðir og breytist röð annarra liða samkvæmt því:
   3. gefa út reglur um myndun, frágang og afhendingu skjala- og gagnasafna (sbr. 3. gr.) afhendingarskyldra aðila,
   4. ákveða ónýtingu skjala sem ekki er talin ástæða til að varðveita til frambúðar og móta stefnu um varðveislu og grisjun skjala.

3. gr.

Á eftir 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Þó skulu skjöl á rafrænu formi afhent að jafnaði eigi síðar en þegar þau hafa náð fimm ára aldri.

4. gr.

Í stað orðsins „ljósrit“ í 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: afrit.

5. gr.

Á eftir 1. málsl. 1. mgr. 9. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Aðgangur að rafrænum skjala- og gagnasöfnum er þó fyrst veittur í Þjóðskjalasafni Íslands 20 árum eftir afhendingu þeirra til safnsins, enda hafi þau verið aðgengileg hjá umræddu stjórnvaldi til þess tíma.

6. gr.

Á eftir orðinu „filmum“ í 10. gr. laganna koma orðin: eða í rafrænu afriti.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á miðjum síðasta áratug mörkuðu stjórnvöld framsækna stefnu um málefni upplýsingasamfélagsins undir því metnaðarfulla formerki að „Íslendingar verði í fararbroddi þjóða heims við nýtingu upplýsingatækni í þágu bætts mannlífs og aukinnar hagsældar“. Var af hálfu stjórnvalda efnt til víðtæks samráðs um stefnumótun á þessu sviði, sem m.a. kom fram

í útgáfu ritsins „Framtíðarsýn ríkisstjórnar Íslands um málefni upplýsingasamfélagsins“ í október 1996. Meðal markmiða sem þar er lýst var að endurskoða löggjöf, reglur og vinnubrögð stjórnsýslunnar með tilliti til upplýsingatækni í því skyni að örva tæknilegar framfarir og gera upplýsingar aðgengilegar almenningi án tillits til efnahags og búsetu.

Frá þeim tíma hafa ýmsar breytingar verið gerðar á lögum til að greiða fyrir notkun upplýsingatækni í stjórnsýslunni. Með lögum nr. 51/2003 var nýjum kafla bætt við stjórnsýslulög nr. 37/1993, IX kafla, um rafræna meðferð stjórnsýslumála. Í athugasemdum við frumvarp það er varð að lögum nr. 51/2003 kom fram að í kaflanum væri lýst þeim lágmarkskröfum, sem einhugur var í undirbúningsnefnd, er vann að gerð frumvarpsins, um að gera yrði til rafrænnar málsmeðferðar í stjórnsýslunni. Jafnframt var bent á að frekari lagabreytingar kynnu að vera nauðsynlegar á einstökum sviðum stjórnsýslunnar í kjölfar þessara breytinga á stjórnsýslulögum.

Allt frá 1996 hefur Þjóðskjalasafn Íslands unnið með ýmsum hætti að undirbúningi móttöku rafrænna gagna frá skilaskyldum aðilum. Í júlí 1998 kom út *skýrsla nefndar um varðveislu tölvugagna sem verða til í stjórnsýslunni,* í maí 2005 kom út önnur skýrsla um könnun safnsins á skjalavörslu ríkisstofnana (*Rafræn skjala- og gagnavarsla ríkisstofnana*) og í nóvember 2005 lagði safnið fram *drög að reglum Þjóðskjalasafns Íslands um rafræn gagna- og skjalasöfn opinberra aðila.* Árið 2005 fékk Þjóðskjalasafn Íslands styrk frá verkefnisstjórn um upplýsingasamfélagið til þess að vinna að tveimur tilraunaverkefnum í því skyni að prófa að færa rafræn gögn frá menntamálaráðuneyti og ríkisskattstjóra til langtímavörslu í Þjóðskjalasafn, sbr. skýrslu frá nóvember 2007 (*Tilraunaverkefni Þjóðskjalasafns Íslands og ríkisskattstjóra um skil á rafrænum gögnum til langtímavörslu í Þjóðskjalasafni. Nóvember 2007*). Verkefnið um skil rafrænna skjala menntamálaráðuneytis til Þjóðskjalasafns er á lokastigi. Styttist því óðum í að Þjóðskjalasafn þurfi að setja reglur um rafæna skjalavörslu opinberra aðila.

Í almennum athugasemdum er fylgja frumvarpi því er varð að lögum nr. 51/2003 var m.a. bent á að í kjölfar þeirra þyrfti mögulega að breyta lögum um Þjóðskjalasafn Íslands, nr. 66/1985. Meðal þeirra atriða sem talið var að huga þyrfti að í þeim lögum væru skilgreiningar 3. gr. á skjölum og ákvæði 6. gr. um hvenær bæri að skila skjölum til safnsins. Jafnframt er ljóst að í lögin vantar skýrari heimild en nú er fyrir hendi í 2. tölul. 4. gr. til að safnið geti sett reglur um rafræn gagna- og skjalasöfn opinberra aðila sem ber að afhenda safninu skjöl sín til varðveislu skv. 5. gr.

Með þeirri breytingu sem lögð er til með 3. gr. frumvarpsins um að rafræn skjöl skuli afhent eigi síðar en þegar þau hafa náð fimm ára aldri kann að vera tilefni til þess að huga að endurskoðun á ákvæðum 20. gr. upplýsingalaga, nr. 50/1996. Í 1. mgr. þess ákvæðis er gert ráð fyrir því að hafi gögn verið afhent Þjóðskjalasafni Íslands eða öðru opinberu skjalasafni skuli hlutaðeigandi safn taka ákvörðun um hvort umbeðin gögn verði sýnd eða hvort ljósrit skuli veitt af skjölum eða afrit af öðrum gögnum sé þess kostur. Sú aðferðafræði sem tíðkast við langtímavörslu rafrænna gagna og Þjóðskjalasafn leggur til byggist á því að varðveita rafræn skjöl/gögn kerfisóháð og þar með ekki eins og þau eru í skjalakerfum og gagnagrunnum skilaskyldra aðila. Þetta og að gögnum er skilað mjög ungum til Þjóðskjalasafns leggur áfram þær skyldur á stjórnvöld að veita borgurunum aðgang að gögnum sínum eins og stjórnsýslulög og góðir stjórnsýsluhættir gera ráð fyrir. Þannig þurfa skilaskyldir aðilar að varðveita rafræn skjöl sín með tryggum hætti í a.m.k. 20 ár eða þar til aðgangur að þeim er veittur í Þjóðskjalasafni skv. 5. gr. frumvarpsins. Opinberir skjalamyndarar þurfa að líkindum að varðveita önnur ræfræn skjöl en þau sem afhent eru Þjóðskjalasafni í 20 ár meðan þeirra er þörf í sam-

félaginu. Þjóðskjalasöfn og héraðsskjalasöfnin taka ekki öll skjöl opinberra aðila til vörslu, sumum er eytt samkvæmt reglum Þjóðskjalasafns.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að 2. mgr. 3. gr. gildandi laga sé breytt að tvennu leyti. Í fyrsta lagi er talið eðlilegt að bæta orðunum „borist eða verið viðhaldið“ inn í skilgreiningu þeirra gagna sem átt er við, en þau orð eru sótt í skilgeiningu alþjóðaskjalaráðsins. Þá fylgir þessari skilgreiningu upptalning gagna og varðveisluforma sem eru talin takmarkandi (hvort sem um er að ræða skrifleg gögn, uppdrætti, ljósmyndir, filmur, örglærur, hljóðupptökur, gataspjöld, segulbönd eða önnur hliðstæð gögn). Slík upptalning er óþörf og kann að vera túlkuð takmarkandi og því talið rétt að nefna aðeins gögn, jafnt rituð sem í öðru formi.

Um 2. gr.

Í 2. tölul. 4. gr. gildandi laga eru víðtækari atriði, m.a. um leiðbeiningar varðandi tölvuskráningu og ónýtingu skjala. Er talið rétt að takmarka þennan tölulið við eftirlit, ráðgjöf og útgáfu leiðbeininga um skjalavörslu, en nefna áðurnefnd atriði sérstaklega í nýjum liðum.

Þá er lagt til að tveir nýir töluliðir komi á eftir 2. tölul. og númer annarra liða breytist til samræmis. Í stað þess sem stendur í 2. tölul. gildandi laga um að safnið skuli gefa út leiðbeiningar um tölvuskráningu er talið rétt að setja sérstakan lið, 3. tölul., þar sem safninu er gert skylt að sinna víðtækara hlutverki á þessu sviði með því að gefa út reglur um rafræn gagna- og skjalasöfn opinberra aðila. Einnig er talið rétt að skilgreina betur í sérstökum tölulið skyldur safnsins til að ákveða ónýtingu skjala og móta stefnu um varðveislu og grisjun skjala.

Um 3. gr.

Í 6. gr. gildandi laga kemur fram að ekki er skylt að afhenda Þjóðskjalasafni Íslands skilaskyld skjöl fyrr en þau eru að jafnaði 30 ára gömul. Vegna örrar tækniþróunar í formum rafrænna gagna er talið að slík regla ónýti markmið laganna um varðveislu þeirra vegn úreldingar tæknibúnaðar og þurfi að setja skilum þeirra mun þrengri tímamörk. Hér er lagt til að þau verði fimm ár að jafnaði, en miðað við tækniþróun síðustu tveggja áratuga ættu slík tímamörk að tryggja möguleika á að umrædd gögn verði ætíð yfirfærð á aðgengilegt form á hverjum tíma.

Um 4. gr.

Í 8. gr. gildandi laga er fjallað um rétt afhendingarskyldra aðila til að fá skjöl lánuð eða ljósrit af þeim. Í ljósi tækniþróunar er talið eðlilegra að hér sé talað um afrit skjala sem getur þá verið í því formi sem hentar hverju sinni.

Um 5. gr.

Í 9. gr. gildandi laga er fjallað um aðgang að skjölum og gögnum sem varðveitt eru í Þjóðskjalasafni. Rafræn gögn eru tekin til varðveislu í skjalasöfnum meðan þau eru ung (á 1–5 ára fresti) til þess að tryggja að þau úreldist ekki eða glatist ekki vegna tæknibreytinga, bilana eða annars hjá hinum skilaskylda aðila. Þeirra er engu síður þörf hjá þeim aðila þar sem nota þarf þau í daglegu starfi og samskiptum við borgarana, auk þess sem eðlilegt er talið að viðkomandi stjórnvald eða stofnun afgreiði úr rafrænum söfnum með sambærilegum reglum og um pappírsskjöl væri að ræða, þar til 20 ár eru liðin frá myndun gagnanna, en eftir það verði

aðgangur veittur í Þjóðskjalasafni Íslands. Við ákvörðun þess tímamarks er stuðst við fyrirmynd í dönskum lögum um sama efni.

Um 6. gr.

Í 10. gr. gildandi laga er mælt fyrir um að mikilvægustu skjöl safnsins skuli vera til á filmum. Hér er lagt til að hægt sé að velja hvort öryggisafrit sé á filmum eða að gerð verði afrit á stafrænu formi í samræmi við tækniþróun á hverjum tíma.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 66/1985, um Þjóðskjalasafn Íslands.

Með frumvarpinu er lögð til breyting á núgildandi lögum til að veita Þjóðskjalasafni Íslands skýrari heimild en nú er fyrir hendi til að safnið geti sett reglur um rafræn gagna- og skjalasöfn opinberra aðila sem ber að afhenda safninu skjöl sín til varðveislu.

Frumvarpið felur í sér breytingar sem leiða af sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð. Felst það í kostnaði vegna móttöku og varðveislu á rafrænum skjölum og gögnum. Gert er ráð fyrir að safnið þurfi að ráða til sín fimm starfsmenn, þar af tvo sérfræðinga vegna viðtöku rafrænna skjala, tvo sérfræðinga til að fara með eftirlit og einn sérfræðing í tölvumálum. Samtals er áætlað að það muni auka útgjöld um 26,2 m.kr. á ári. Auk þess er gert ráð fyrir 7,3 m.kr. tímabundnum kostnaði vegna búnaðarkaupa. Gert er ráð fyrir að kostnaður ráðuneytanna og stofnana vegna skila gagna á rafrænu formi sé óverulegur og rúmist innan ramma fjárlaga. Ekki er gert ráð fyrir neinum kostnaði fyrr en á árinu 2009.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er áætlað að útgjöld ríkissjóðs muni aukast samtals um 33,5 m.kr og þarf af eru 26,2 m.kr. varanleg aukning á árlegum útgjöldum.

846. Frumvarp til laga [545. mál]

um breyting á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna, nr. 21/1992, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

13. gr. laganna orðast svo:

Rétt á námslánum samkvæmt lögum þessum eiga námsmenn sem eru íslenskir ríkisborgarar og uppfylla skilyrði laga þessara og reglna sem settar eru með stoð í þeim.

Sama gildir um námsmenn sem eru ríkisborgarar ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu og fjölskyldur þeirra, með þeim skilyrðum sem leiðir af rétti samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. ákvæði reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1612/68 um frelsi launþega til flutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins, með síðari breytingum, sbr. 1. gr. laga nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Ríkisborgarar ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu sem starfa ekki sem launþegar eða sjálfstæðir atvinnurekendur á Íslandi og fjölskyldur þeirra öðlast fyrst rétt til námsaðstoðar eftir fimm ára samfellda búsetu á Íslandi, sbr. þó 4. mgr.

Við mat á því hvort skilyrði 3. mgr. um fimm ára samfellda búsetu á Íslandi sé uppfyllt skal litið fram hjá skammtímafjarvistum frá Íslandi sem til samans fara ekki yfir sex mánuði á ári eða fjarvistum í allt að tólf mánuði samfellt af mikilvægum ástæðum, t.d. vegna meðgöngu og fæðingar, alvarlegra sjúkdóma, náms eða starfsnáms eða starfsdvalar á Evrópska efnahagssvæðinu á vegum fyrirtækis sem hefur staðfestu hér á landi. Í kjölfar lengri en tveggja ára samfelldrar fjarvistar frá Íslandi er unnt að ávinna sér rétt til námsaðstoðar að nýju með fimm ára samfelldri búsetu hér á landi. Menntamálaráðherra getur sett reglur um námslánarétt eftirlaunaþega, öryrkja og annarra launþega eða sjálfstæðra atvinnurekenda sem ekki uppfylla skilyrði 3. mgr. um fimm ára samfellda búsetu á Íslandi.

Námsmenn eiga ekki rétt á námsaðstoð samkvæmt lögum þessum njóti þeir sambærilegrar aðstoðar frá öðru ríki.

Menntamálaráðherra getur sett reglur um rétt íslenskra og erlendra ríkisborgara til námsaðstoðar á Íslandi og erlendis, þar á meðal vegna þjóðréttarlegra skuldbindinga. Ákveða má að réttur til námslána, sem leiddur er af 1. og 2. mgr., taki mið af tengslum við íslenskt samfélag eða vinnumarkað.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þann 19. júlí 2006 gaf Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) út rökstutt álit þar sem fram kemur að búsetuskilyrði 3. og 4. mgr. 13. gr. laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna, nr. 21/1992, með síðari breytingum, fyrir aðgangi að námslánum feli í sér óbeina mismunun gagnvart farandlaunþegum og fjölskyldum á framfæri þeirra og teljist þar með brot gegn 2. mgr. 28. gr. og 31. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og 2. mgr. 7. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1612/68 um frelsi launþega til flutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins, með síðari breytingum. Í 3. mgr. 13. gr. laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna kemur fram að ríkisborgarar ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu sem hafa búsetu hérlendis vegna starfs síns, fjölskyldur þeirra og aðrir sem eru eða hafa verið á þeirra framfæri eigi rétt á námslánum eftir nánar tilgreindum lagaákvæðum. Í téðri 4. mgr. 13. gr. laganna kemur fram að skilyrði til lánveitingar sé að umsækjandi hafi haft fasta búsetu á Íslandi í tvö ár samfellt eða haft fasta búsetu hér á landi í þrjú ár af síðustu tíu árum fyrir upphaf þess tímabils er sótt er um námslán vegna. Í 28. gr. EES-samningsins er mælt fyrir um réttindi launþega til frjálsrar farar á Evrópska efnahagssvæðinu. Í 2. mgr. ákvæðisins er sérstaklega mælt fyrir um bann við mismunun gagnvart slíkum aðilum á grundvelli þjóðernis hvað varðar rétt til atvinnu, launakjara og annarra starfs- og ráðningarskilyrða. Í 31. gr. samningsins er lagt bann við hömlum á staðfesturétti ríkisborgara annarra aðildarríkja samningsins. Í framangreindum ákvæðum EES-samningsins er þannig mælt fyrir um jafna meðferð farandlaunþega og innlendra þátttakenda

á vinnumarkaði að því er varðar félagsleg réttindi. Að mati ESA falla námslán undir félagsleg réttindi. Í rökstuðningi ESA kemur fram að jafnvel þótt framangreind búsetuskilyrði eigi jafnt við um Íslendinga og erlenda EES-ríkisborgara þá felist í þeim óbein mismunun í framkvæmd þar sem Íslendingar eigi auðveldara með að uppfylla þau en aðrir EES-ríkisborgarar.

Í svari íslenskra stjórnvalda til ESA hefur verið boðað að íslensk stjórnvöld hyggist endurskoða ákvæði 13. gr. laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna og undirbúa frumvarp sem tekur tillit til framangreinda athugasemda ESA. Frumvarp þetta er afrakstur þeirrar vinnu. Með þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu er brugðist við athugasemdum ESA, jafnframt því sem lagaákvæði um hverjir eigi rétt til fyrirgreiðslu Lánasjóðs íslenskra námsmanna eru einfölduð án þess að vikið sé frá grundvallarskilyrðum um tengsl námsmanna við Ísland.

Þær breytingar sem lagðar eru til á 13. gr. laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna felast einkum í eftirfarandi:

1. Námsmenn sem eru íslenskir ríkisborgarar og uppfylla skilyrði laganna og reglna settra samkvæmt þeim eiga rétt á námslánum, sbr. 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins.
2. Launþegar og sjálfstætt starfandi EES-ríkisborgarar verða lánshæfir hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna uppfylli þeir að öðru leyti skilyrði laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna og reglna sem settar eru með stoð í þeim, sbr. 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins. Sama rétt eiga fjölskyldur þeirra. Þeir sem falla undir skilgreiningu á hugtakinu fjölskylda eru: maki samkvæmt hjúskap eða staðfestri samvist, börn viðkomandi eða maka hans fram að 21 árs aldri, foreldrar viðkomandi eða maka hans sem teljast á framfæri hans, sbr. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/38/EB frá 29. apríl 2004 um rétt ríkisborgara Evrópuambandsins og fjölskyldna þeirra til frjálsrar farar og dvalar á yfirráðasvæði aðildarríkjanna er breytir reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1612/68 og fellir brott tilskipanir 64/221/EBE, 68/360/EBE, 90/365/EBE og 93/96/EBE. Samkvæmt þessu mun réttur til námslána takmarkast af þeim réttindum sem hlutaðeigandi nýtur samkvæmt EES-samninginum eins og hann hefur verið skýrður. Þessi framsetning tekur m.a. mið af reglum norska námslánakerfisins þar sem m.a. er við það miðað að launþegar og sjálfstætt starfandi EES-ríkisborgarar hafi ákveðin tengsl við landið, hafi starfað þar um ákveðinn tíma og að starf þeirra sé af ákveðnu umfangi til þess að geta átt rétt til aðstoðar. Þykja slíkar takmarkanir réttmætar þegar annars vegar er horft til hins félagslega tilgangs námslánakerfisins og tilgangsins með reglunum um frjálsa för. Er gert ráð fyrir því að í reglum sem settar verða á grundvelli lokamálsgreinar ákvæðisins verði þessi skilyrði nánar útfærð.
3. Í stað búsetuskilyrðis 4. mgr. 13. gr. gildandi laga er lagt til að komi skilyrði um fimm ára samfellda búsetu gagnvart ríkisborgurum á Evrópska efnahagssvæðinu og fjölskyldum þeirra sem starfa ekki sem launþegar eða sjálfstæðir atvinnurekendur á Íslandi. Gert er ráð fyrir undantekningum frá skilyrðinu um samfellda búsetu þegar um er að ræða nánar tilgreind atvik, sbr. 4. mgr. 1. gr. frumvarpsins.
4. Ekki er tekið fram að námsmenn sem eru íslenskir ríkisborgarar skuli uppfylla tiltekin skilyrði um búsetu hér landi til að öðlast rétt til námslána, en í lokamálsgrein ákvæðisins segir að ráðherra sé með reglum heimilt að ákveða að rétt íslenskra ríkisborgara til námslána megi takmarka með því að líta til tengsla þeirra við íslenskt samfélag eða vinnumarkað. Með tengslum við íslenskt samfélag er m.a. átt við búsetu hér á landi.

5. Skýrt er tekið fram í 5. mgr. 1. gr. frumvarpsins að námsmenn eigi ekki rétt á námsaðstoð samkvæmt lögunum njóti þeir sambærilegrar aðstoðar frá öðru ríki. Er þetta ákvæði sett inn til að sporna við misnotkun í námslánakerfinu.
6. Menntamálaráðherra er veitt heimild til að setja reglur um rétt erlendra ríkisborgara til námsaðstoðar á Íslandi og erlendis, m.a. vegna þjóðréttarlegra skuldbindinga, sbr. 6. mgr. 1. gr. frumvarpsins. Ákvæði þetta kemur í stað 1. og 2. mgr. 13. gr. gildandi laga. Í 1. mgr. 13. gr. gildandi laga er ákvæði þar sem stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna er heimilt að ákveða að námsmenn frá Norðurlöndum, sem heimilisfastir eru á Íslandi og stunda nám hérlendis, hafi rétt til námslána samkvæmt lögunum með sama hætti og íslenskir námsmenn. Í 2. mgr. 13. gr. gildandi laga er svonefnd gagnkvæmnisregla sem felur í sér að heimilt er að láta ákvæði 13. gr. taka til einstakra annarra erlendra ríkisborgara njóti íslenskir námsmenn sambærilegra réttinda í heimalandi þeirra.

Við samningu frumvarpsins voru höfð til hliðsjónar ákvæði danskra laga um námsaðstoð, nr. 628/2005, eins og þeim var breytt með lögum nr. 312/2006, og enn fremur norskra laga nr. 37/2005 um sama efni. Ákvæði um fimm ára samfellda búsetu EES-ríkisborgara sem starfa ekki sem launþegar eða sjálfstæðir atvinnurekendur á Íslandi og fjölskyldur þeirra er að danskri fyrirmynd. Ákvæðið byggist á niðurstöðu Evrópudómstólsins í svokölluðu Bidar-máli frá 15. mars 2005 (case 209/03) þar sem fram kemur það mat dómstólsins að fallast beri á að ríkisborgarar frá öðrum EES-ríkjum þurfi að sýna fram á ákveðin tengsl við samfélagið til þess að koma í veg fyrir að innkoma þeirra valdi erfiðleikum í námslánakerfi viðkomandi lands.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna, nr. 21/1992, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu eru lagðar fram breytingar á núgildandi ákvæðum um búsetuskilyrði. Er það gert vegna álits Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) þar sem fram kemur að búsetuskilyrði í núgildandi lögum feli í sér óbeina mismunun gagnvart farandlaunþegum og fjölskyldum á framfæri þeirra. Í frumvarpinu er brugðist við athugasemdum ESA ásamt einföldun á því hverjir eiga rétt á fyrirgreiðslu frá Lánasjóðnum án þess að vikið sé frá grundvallarskilyrðum um tengsl námsmanna við Ísland. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að námsmenn sem eru íslenskir ríkisborgarar og uppfylli skilyrði laganna og reglna sem settar eru með stoð í þeim eigi rétt á námslánum, óháð búsetuskilyrðum sem eru í núgildandi lögum. Jafnframt gerir frumvarpið ráð fyrir að launþegar og sjálfstætt starfandi EES-ríkisborgarar verði lánshæfir hjá lánasjóðnum uppfylli þeir að öðru leyti skilyrði laganna og reglna sem settar eru með stoð í þeim. Sama rétt á fjölskylda á framfæri þeirra, þ.e. maki, börn til 21 árs aldurs og foreldrar/tengdaforeldrar. EES-ríkisborgarar sem starfa ekki sem launþegar eða sjálfstæðir atvinnurekendur á Íslandi og fjölskyldur þeirra öðlast fyrst rétt til námsaðstoðar eftir 5 ára samfellda búsetu á Íslandi.

Fyrir skólaárið 2007/2008 fengu alls 11 íslenskir ríkisborgarar og fjórir erlendir ríkisborgarar synjun á námslánum á grundvelli ákvæða um búsetuskilyrði í núgildandi lögum. Miðað við framangreindar upplýsingar yrðu aukin útgjöld ríkissjóðs óveruleg en lánþegar lánasjóðsins eru nú 10.900 talsins. Þó er óljóst hvort erlendum ríkisborgurum og íslenskum ríkisborgurum erlendis eigi eftir að fjölga á meðal lánþega lánasjóðsins. Gera verður einnig fyrirvara á því hvernig skilyrði um tengsl við Ísland við úthlutun námslána verði útfærð og túlkuð við meðhöndlun umsókna til íslenskra námslána.

847. Frumvarp til laga [546. mál]

um opinbera háskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

I. KAFLI

Gildissvið o.fl.

1. gr.

Gildissvið.

Lög þessi gilda um háskóla sem reknir eru sem opinberir háskólar og lúta yfirstjórn menntamálaráðherra. Opinber háskóli er í lögum þessum nefndur háskóli.

Menntamálaráðherra birtir auglýsingu um háskóla sem starfa samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Sjálfstæð menntastofnun.

Háskóli er sjálfstæð menntastofnun sem heyrir undir menntamálaráðherra, sbr. 2. og 3. gr. laga um háskóla. Hann hefur sjálfdæmi um starfsemi sína að öðru leyti en kveðið er á um í lögum, reglum eða öðrum fyrirmælum sem gilda um háskólastarf.

3. gr.

Hlutverk.

Háskóli sinnir kennslu, rannsóknum, þekkingarleit og sköpun á sviði vísinda, fræða, tækniþróunar eða lista. Menntun, sem háskólar veita, tekur mið af þörfum samfélagsins og getur verið fræðilegs eðlis og starfsmiðuð. Háskóli er miðstöð þekkingar og hluti af alþjóðlegu mennta- og vísindasamfélagi. Háskóla er heimilt að veita endurmenntun í þeim fræðum sem stunduð eru innan hans.

Menntamálaráðherra er heimilt að fela einstökum háskólum að sinna kennslu eða rannsóknum á ákveðnum afmörkuðum sviðum, ótímabundið eða til ákveðins tíma.

II. KAFLI

Stjórnsýsla og stjórnskipulag.

4. gr.

Skipulagseiningar og rekstrarform.

Skipulagseiningar háskóla eru:

a. skólar og deildir, sbr. IV. kafla laga þessara,

b. háskólastofnanir sem heyra undir háskólaráð samkvæmt ákvörðun þess,
c. háskólastofnanir sem heyra undir skóla samkvæmt ákvörðun skólaráðs,
d. háskólastofnanir sem starfa á grundvelli sérlaga.

Heimilt er í reglum, er háskólaráð setur, að nota önnur heiti fyrir skóla og deildir, sbr. a-lið, og að háskóli starfi á grundvelli annarra skipulagseininga.

5. gr.

Háskólaráð og stjórn háskóla.

Stjórn háskóla er falin háskólaráði og rektor. Háskólaráð markar heildarstefnu í kennslu og rannsóknum og mótar skipulag háskóla. Háskólaráð fer með almennt eftirlit með starfsemi háskólans í heild, einstakra skóla og háskólastofnana og ber ábyrgð á því að háskóli starfi í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli.

Háskólaráð fer með úrskurðarvald í málefnum háskólans, einstakra skóla og stofnana sem honum tengjast og heyra undir háskólaráð eða skóla.

Háskólaráð ber ábyrgð á framkvæmd samstarfssamninga sem háskóli gerir við fyrirtæki og aðrar stofnanir. Þá hefur háskólaráð yfirumsjón með fyrirtækjum, sjóðum og almennum eignum háskóla.

Háskólaráð setur reglur og viðmið um ráðningu starfsliðs skóla og háskólastofnana, sbr. b- og c-lið 4. gr.

Háskólaráð getur framselt ákvörðunarvald sem rektor eða öðrum stjórnendum er fengið í einstökum málum eða málaflokkum til annarra stjórnenda enda sé það gert skriflega og tilkynnt sérstaklega.

Fái háskólaráð til meðferðar málefni, er varðar sérstaklega einn skóla, skal ráðið leita álits forseta hans áður en málefnið er leitt til lykta. Með saman hætti skal háskólaráð leita álits forstöðumanns háskólastofnunar sem ekki heyrir undir skóla.

6. gr.

Fulltrúar í háskólaráði.

Rektor háskóla á sæti í háskólaráði hans og er hann jafnframt formaður ráðsins. Auk hans eiga sex fulltrúar sæti í háskólaráði til þriggja ára í senn:

1. Einn fulltrúi háskólasamfélagsins valinn samkvæmt ákvörðun háskólafundar.
2. Einn fulltrúi valinn af heildarsamtökum nemenda við háskólann.
3. Tveir fulltrúar valdir af menntamálaráðherra.
4. Tveir fulltrúar valdir af þeim fulltrúum sem fyrir eru í háskólaráði.

Hverjum fulltrúa skv. 1., 2. og 3. tölul. skal valinn varamaður.

Tveir fulltrúar skv. 4. tölul. og einn sameiginlegur varamaður fyrir þá skulu valdir sameiginlega af rektor og fjórum fulltrúum skv. 1., 2. og 3. tölul. þegar þeir hafa verið valdir til setu í ráðinu til næstu þriggja ára. Við val fulltrúa skv. 3. og 4. tölul. skal leitast við að tryggja sem víðtækasta þekkingu og reynslu háskólanum til stuðnings. Fulltrúar skv. 3. og 4. tölul. mega ekki vera starfsmenn eða nemendur háskólans. Þegar þeir fulltrúar, sem taldir eru í þessari málsgrein, hafa verið valdir telst háskólaráð fullskipað.

Háskólaráð setur nánari reglur um val á fulltrúum háskólasamfélagsins og nemenda. Leita skal umsagnar háskólafundar og heildarsamtaka nemenda háskóla áður en slíkar reglur eru settar eða þeim breytt.

7. gr.
Fundir háskólaráðs.

Háskólaráð heldur fundi eftir þörfum. Æski þrír fulltrúar í háskólaráði fundar er formanni skylt að boða til hans.

Háskólaráð er ekki ályktunarfært nema fimm atkvæðisbærir háskólaráðsmenn sæki fund hið fæsta. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Ef atkvæði falla jöfn sker atkvæði formanns úr.

Rektor boðar fundi háskólaráðs. Háskólaráð setur reglur um undirbúning funda, fundarboð, fundarsköp, birtingu ákvarðana og annað er lýtur að starfsháttum ráðsins og ekki er ákveðið í lögum þessum.

8. gr.
Háskólarektor.

Menntamálaráðherra skipar háskólarektor til fimm ára samkvæmt tilnefningu háskólaráðs. Háskólaráð setur reglur um hvernig staðið skuli að tilnefningu rektors. Getur háskólaráð ákveðið hvort tilnefning þess fari fram að undangengnum kosningum eða auglýsingu embættisins.

Rektor er formaður háskólaráðs. Hann er yfirmaður stjórnsýslu háskólans og æðsti fulltrúi hans gagnvart mönnum og stofnunum innan háskólans og utan hans. Hann stýrir starfsemi háskólans og hefur frumkvæði að því að háskólaráð marki sér heildarstefnu í málefnum háskólans. Rektor ber ábyrgð á og hefur eftirlit með allri starfsemi háskólans, þ.m.t. ráðningar- og fjármálum einstakra skóla og stofnana. Hann ber ábyrgð á gerð starfs- og rekstraráætlana og að þær séu samþykktar af háskólaráði. Á milli funda háskólaráðs fer rektor með ákvörðunarvald í öllum málum háskólans.

Rektor ræður forseta fyrir hvern skóla, sbr. 12. gr., og setur honum erindisbréf. Háskólaráð getur heimilað að rektor ráði aðstoðarrektor, einn eða fleiri.

Rektor ræður starfslið sameiginlegrar stjórnsýslu háskóla og setur því erindisbréf eða starfslýsingar.

III. KAFLI
Háskólafundur.
9. gr.
Háskólafundur.

Háskólafundur er samráðsvettvangur háskólasamfélagsins þar sem fram fer umræða um þróun og eflingu háskólans. Háskólafundur fjallar um og tekur þátt í að móta sameiginlega vísinda- og menntastefnu háskólans að frumkvæði rektors. Háskólaráð getur leitað umsagnar háskólafundar um hvaðeina sem varðar starfsemi háskóla, einstakra skóla eða stofnana. Háskólaráð getur einnig falið háskólafundi umfjöllun um fagleg málefni og akademíska stefnumörkun.

Háskólafundur er ályktunarbær um þau málefni sem fundurinn telur að varði hag háskólasamfélagsins.

Ákvörðunum háskólaráðs, rektors, forseta skóla eða forstöðumanna háskólastofnana verður ekki skotið til háskólafundar.

10. gr.
Fulltrúar á háskólafundi.

Á háskólafundi eiga sæti rektor, forsetar og formenn deilda. Þar sitja jafnframt kennarar og sérfræðingar úr skólum og stofnunum háskóla, ásamt fulltrúum stofnana sem starfa samkvæmt sérlögum eða tengjast háskólanum sérstaklega. Fulltrúar skóla skulu kjörnir á skólafundi, sbr. 14. gr.

Á háskólafundi eiga einnig sæti til tveggja ára í senn tveir fulltrúar samtaka háskólakennara kjörnir í skriflegri kosningu úr hópi félagsmanna sem ekki gegna störfum forseta og tveir fulltrúar starfsmanna við stjórnsýslu háskólans kjörnir í skriflegri atkvæðagreiðslu. Auk þess á sæti á háskólafundi einn fulltrúi nemenda á móti hverjum fimm fulltrúum annarra aðila innan háskólans, og skulu þeir kjörnir í sérstökum kosningum til eins árs í senn.

Háskólaráð setur nánari reglur um fjölda fulltrúa sem sæti eiga á háskólafundi og um val þeirra. Í reglum skal jafnframt kveðið á um kosningu og setu fulltrúa annarra stofnana og samtaka á háskólafundi en þeirra sem taldir eru í 1. mgr. og um atkvæðisrétt þeirra.

Rektor boðar háskólafund og stýrir honum eða felur öðrum stjórn hans. Háskólafund skal halda að minnsta kosti einu sinni á hverju ári. Æski 2/3 hlutar fulltrúa á háskólafundi fundar er rektor skylt að boða til hans.

IV. KAFLI
Skólar og stofnanir.

11. gr.
Skólar og stofnanir.

Skólar eru megineiningar háskóla og deildir grunneiningar. Háskólaráð ákvarðar hlutverk, mörk og verkaskiptingu milli skóla og kveður á um skipan þeirra í reglugerð. Hver skóli skiptist í deildir samkvæmt tillögu skólans sem lögð er fyrir háskólaráð. Leita skal umsagnar háskólafundar áður en gerðar eru grundvallarbreytingar á skólaskipaninni.

Innan skóla fer fram kennsla, rannsóknir og stjórnun. Skólar eru sjálfstæðir um fagleg og rekstrarleg málefni innan þeirra marka sem ákvörðuð eru af háskólaráði. Deildir bera faglega ábyrgð á háskólakennslu og rannsóknum.

Við skóla er heimilt að starfrækja sérstakar háskólastofnanir, sbr. c-lið 1. mgr. 4. gr., og rannsóknastofur sem settar eru á stofn samkvæmt ákvörðun skólaráðs og samkvæmt nánari reglum sem háskólaráð setur.

12. gr.
Forsetar skóla og deildarformenn.

Daglegri starfsemi skóla stýrir forseti. Rektor ræður forseta hvers skóla að undangenginni auglýsingu. Heimilt er rektor að kalla starfsmann háskóla til þess að vera forseti yfir skóla. Um tímalengd ráðningar fer samkvæmt reglum sem háskólaráð setur. Rektor setur forsetum erindisbréf.

Í umboði háskólaráðs og rektors á forseti frumkvæði að mótun stefnu fyrir skóla, hefur eftirlit með starfi og stjórnsýslu hans og ræður til hans starfslið. Forseti ber ábyrgð á fjármálum og almennum gæðakröfum skóla gagnvart rektor og háskólaráði, sbr. 5. gr. Forseti velur deildarformenn til tveggja ára í senn samkvæmt tilnefningu deildarfundar. Háskólaráð setur reglur um val deildarformanna.

13. gr.
Skólaráð.

Forseti og deildarformenn mynda skólaráð. Í skólaráði skal einnig sitja fulltrúi nemenda, einn eða fleiri, sem valinn er af nemendum samkvæmt reglum sem háskólaráð setur. Skólaráð fjallar um sameiginleg málefni skólans, þar á meðal ákvarðanir deilda um námsframboð.

Háskólaráð setur nánari reglur um starfsemi skóla, stjórn þeirra, skiptingu skóla í deildir, hlutverk deildarformanna og skóla- og deildarfundi.

14. gr.
Skólafundir.

Skólafundur, sem forseti stýrir í umboði rektors, er samráðsvettvangur þar sem fram fer umræða um innri málefni skóla. Háskólaráð getur leitað umsagnar fundar skóla um hvaðeina sem varðar starfsemi skólans og þeirra deilda sem starfræktar eru við hann.

Skólafundur er ályktunarbær um þau málefni sem fundurinn telur að varði hag skóla. Ályktanir fundar skóla skulu kynntar háskólaráði, rektor, forstöðumönnum háskólastofnana og öðrum þeim er þær kunna að varða.

Ákvörðunum háskólaráðs, rektors, forseta eða forstöðumanns háskólastofnunar verður ekki skotið til skólafundar. Sama gildir um húsfundi í háskólastofnun, sbr. b- og c-lið 1. mgr. 4. gr.

V. KAFLI
Starfslið háskóla.

15. gr.
Starfsheiti.

Starfsheiti kennara við háskóla skulu vera prófessor, dósent, lektor og aðjunkt. Háskólaráð getur sett nánari reglur um þessi og önnur starfsheiti sem það ákveður að nota.

Háskólakennarar hafa með höndum og bera ábyrgð á kennslu sem fram fer til viðurkenndrar prófgráðu.

Háskólakennarar og sérfræðingar hafa með höndum sjálfstæðar vísindarannsóknir.

Forstöðumenn stofnana hafa með höndum háskólakennslu og sjálfstæðar rannsóknir ef kveðið er á um það í reglum viðkomandi stofnunar.

Háskólaráð setur nánari reglur um starfsheiti og starfsskyldur þeirra sem ráðnir eru í akademísk störf samkvæmt ákvæðum þessa kafla, sem og um leyfi þeirra frá störfum.

16. gr.
Dómnefndir.

Háskóli skal setja á fót dómnefnd til þess að meta hæfi þeirra sem sækja um akademísk störf eða fá boð um slíkt starf. Þeir sem hljóta akademískt starf við háskóla eða háskólastofnun skulu hafa lokið meistaraprófi hið minnsta eða hafa jafngilda þekkingu og reynslu að mati dómnefndar. Þeir skulu jafnframt hafa sýnt þann árangur í starfi að þeir njóti viðurkenningar á viðkomandi sérsviði.

Skóla eða stofnun er heimilt að gera kröfu um að umsækjendur um akademískt starf hafi doktorspróf á viðkomandi sérsviði.

Um skipan, störf og niðurstöður dómnefndar fer samkvæmt 18. gr. laga um háskóla og reglum sem háskólaráð setur að fenginni umsögn háskólafundar. Í þeim reglum skal tryggt

að umsóknir hljóti faglega og óvilhalla meðferð. Heimilt er að taka upp fyrirkomulag fastra dómnefnda innan háskóla.

17. gr.
Veiting starfa.

Forseti veitir akademísk störf við skóla og stofnanir sem heyra undir skóla. Forstöðumaður veitir akademísk störf við stofnun sem heyrir undir háskólaráð. Veiting starfs skal ákveðin á grundvelli tillögu sem gerð er samkvæmt nánari reglum settum af háskólaráði en þær afmarka jafnframt umboð forseta. Þegar starf hefur verið veitt skal gerður um það ráðningarsamningur.

Akademískt starf, sem veitt er við háskóla, skal áður hafa verið auglýst laust til umsóknar. Rektor háskóla, samkvæmt tillögu skóla og með samþykki háskólaráðs, getur þó boðið vísindamanni að taka við slíku starfi án þess að það sé auglýst laust til umsóknar. Háskóla er jafnframt heimilt að víkja frá skyldu til auglýsinga þegar í hlut eiga störf sem byggjast á sérstökum tímabundnum styrkjum, störf sem tengjast sérstökum tímabundnum verkefnum, störf sem nemendur gegna við háskólann samhliða rannsóknartengdu framhaldsnámi og störf við háskólann sem tengjast tilteknu starfi utan hans á grundvelli samstarfssamnings.

Starf er ekki auglýst þegar um er að ræða framgang eða tilflutning milli starfsheita samkvæmt reglum settum af háskólaráði.

Ráðningarsamningur um akademískt starf getur verið ótímabundinn eða tímabundinn til allt að fimm ára. Þegar sérstaklega stendur á er heimilt að framlengja tímabundna ráðningu um allt að tveimur árum fram yfir fimm ára markið.

VI. KAFLI
Nemendur.

18. gr.
Innritun.

Rektor, og forsetar í umboði hans, bera ábyrgð á innritun nemenda í háskóla.

Nemendur, sem hefja nám til fyrstu háskólagráðu í háskóla, skulu hafa lokið stúdentsprófi eða öðru jafngildu prófi. Háskóla er þó heimilt að innrita nemendur sem ekki hafa lokið stúdentsprófi eða öðru jafngildu prófi ef þeir hafa öðlast reynslu eða ráða yfir þekkingu og færni sem svarar til krafna skólans um undirbúning fyrir nám á háskólastigi.

Háskólaráð setur, að fenginni tillögu skóla eftir því sem við á, nánari reglur um eftirfarandi atriði:

a. kröfur um undirbúning til viðbótar stúdentsprófi í einstökum námsleiðum í grunnnámi,
b. inntökuskilyrði í einstakar námsleiðir í framhaldsnámi,
c. inntöku- eða stöðupróf sem viðhöfð eru á einstökum námsleiðum,
d. takmörkun á fjölda nemenda sem teknir eru inn á einstakar námsleiðir,
e. mat á reynslu, þekkingu og færni nemenda sem ekki hafa lokið formlegu undirbúningsnámi á framhaldsskólastigi.

Reglur samkvæmt d- og e-lið skulu settar fyrir fram fyrir hvert háskólaár. Í slíkum reglum er heimilt að taka mið af skilyrðum háskóla til þess að veita kennslu á viðkomandi námsleið.

19. gr.

Réttindi og skyldur nemenda.

Háskólaráð setur, að fenginni umsögn heildarsamtaka nemenda innan háskólans, reglur um réttindi og skyldur nemenda, þ.m.t. um málskotsrétt þeirra innan háskólans.

Nemandi skal forðast að hafast nokkuð það að í námi sínu eða í framkomu sinni innan og utan skólans sem er honum til vanvirðu eða álitshnekkis eða varpað getur rýrð á nám hans eða skóla.

Gerist nemandi sekur um háttsemi samkvæmt 2. mgr. eða sem er andstæð lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim skal forseti þeirrar deildar þar sem hann er skráður til náms taka mál hans til meðferðar. Að teknu tilliti til alvarleika brots getur forseti veitt nemanda áminningu eða vikið honum úr skóla um tiltekinn tíma eða að fullu. Áður en ákvörðun um brottrekstur er tekin skal gefa nemanda kost á að tjá sig um málið. Nemanda er heimilt að skjóta ákvörðun forseta til áfrýjunarnefndar samkvæmt lögum um háskóla. Málskot frestar framkvæmd ákvörðunar forseta.

Rektor getur að hæfilegum tíma liðnum heimilað nemanda, sem vikið hefur verið að fullu úr skóla, að skrá sig aftur til náms í háskólanum ef aðstæður hafa breyst. Nemanda er heimilt að skjóta synjun rektors um skráningu til áfrýjunarnefndar.

VII. KAFLI
Kennsla, prófhald og prófgráður.

20. gr.

Kennsla, kennsluhættir.

Háskólaráð setur reglur um lengd háskólaárs og skiptingu þess í kennslumissiri. Fyrirlestrar, æfingar og námskeið í háskóladeildum eru fyrir skrásetta stúdenta en kennara er heimilt að veita öðrum kost á að sækja slíka kennslu nema forseti mæli öðruvísi fyrir.

Kennsla skal fara fram í námskeiðum sem metin eru í einingum, sbr. lög um háskóla. Háskólaráð skal setja almennar reglur um mat námskeiða til eininga.

Skólar skulu setja almennar reglur um kennslu og kennsluhætti sem háskólaráð staðfestir.

21. gr.

Próf og prófhald.

Háskólaráð skal setja reglur um prófhald, þ.m.t. viðurkenningu erlendra prófa, inntöku- og undirbúningspróf, einkunnir og annað er að prófum lýtur. Hver háskóli ræður tilhögun prófa að svo miklu leyti sem ekki eru sett bindandi ákvæði um það í reglum háskólaráðs.

Sameiginleg stjórnsýsla hvers skóla annast skipulag og framkvæmd prófa.

Nemandi á rétt á að fá útskýringar kennara á mati skriflegrar úrlausnar sinnar ef hann æskir þess innan 15 daga frá birtingu einkunnar. Vilji nemandi, sem ekki hefur staðist próf, þá eigi una mati kennarans getur hann snúið sér til viðkomandi forseta. Skal þá prófdómari skipaður í hverju tilviki. Einnig getur kennari eða meiri hluti nemenda, telji þeir til þess sérstaka ástæðu, óskað skipunar prófdómara í einstöku prófi.

Heimilt er í reglum háskólaráðs að kveða á um námsframvindu og hámarkstímalengd í námi.

Deild er heimilt að meta nám, sem nemandi hefur stundað utan deildarinnar, sem hluta af námi við deildina enda uppfylli námið sambærilegar gæða- og námskröfur og gerðar eru á grundvelli laga þessara og laga um háskóla.

22. gr.
Prófgráður.

Um prófgráður sem háskóla er heimilt að veita fer samkvæmt lögum um háskóla, sbr. þó 23. gr. laga þessara. Háskólaráði er heimilt að setja nánari reglur um prófgráður á grundvelli þeirra.

23. gr.
Doktorsnafnbót.

Háskólar hafa rétt til að veita doktorsnafnbót í heiðursskyni. Doktorsnafnbót í heiðursskyni verður ekki veitt nema samkvæmt tillögu skólaráðs og með samþykki háskólaráðs.

Háskólar hafa rétt til að veita doktorsnafnbót með vörn sérstakrar doktorsritgerðar og setur háskólaráð almennar reglur um vörn slíkra doktorsritgerða.

VIII. KAFLI
Fjárhagsmálefni.

24. gr.
Fjármögnun.

Hver háskóli hefur sjálfstæða fjárveitingu á fjárlögum. Ráðherra gerir tillögur um fjárframlög til hvers skóla til að mæta útgjöldum til kennslu, rannsókna og annarra verkefna.

Háskóla er heimilt að afla sér tekna til viðbótar við framlög skv. 1. mgr. með:

a. skrásetningargjöldum sem nemendur greiða við skráningu í nám, allt að 45.000 kr. fyrir hvern nemanda á ársgrundvelli. Álögð gjöld samkvæmt þessum lið skulu eigi skila háskóla hærri tekjum en sem nemur samanlögðum útgjöldum háskólans vegna nemendaskráningar og þjónustu við nemendur sem ekki telst til kostnaðar við kennslu og rannsóknastarfsemi,
b. gjöldum til að standa undir útgáfu staðfestra vottorða, gerð, fyrirlögn og yfirferð stöðu-, inntöku-, upptöku- og fjarprófa,
c. gjöldum fyrir þjónustu sem telst utan þeirrar þjónustu sem háskóla er skylt að veita,
d. gjöldum fyrir þjónustu sem háskóli veitir og grundvölluð er á samningi við menntamálaráðuneyti, sbr. d-lið 2. mgr. 21. gr. laga um háskóla,
e. gjöldum fyrir endurmenntun og fræðslu fyrir almenning.

Heimilt er að taka 15% hærra gjald af þeim sem fá leyfi til skrásetningar utan auglýstra skráningartímabila, sbr. a-lið.

Háskólaráð geta gert tillögu til ráðherra um breytingar á hámarksfjárhæð skrásetningargjalda.

Háskólaráð setur nánari reglur um gjaldtöku og ráðstöfun gjalda samkvæmt þessari grein. Í reglum háskólaráðs er heimilt að mæla fyrir um lækkun skrásetningargjalds til tekjulítilla stúdenta er búa við örorku eða fötlun, sbr. 2. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra. Heimilt er að miða slíkar reglur við tekjumörk og hvort lækkun sé í formi fastrar krónutölu eða hlutfalls af skrásetningargjaldi. Í reglum háskólaráðs er jafnframt heimilt að verja hluta skrásetningargjalds til félagssamtaka stúdenta.

25. gr.

Þjónustusamningar.

Háskólaráði er heimilt að semja við stúdenta, samtök þeirra og félög, hollvinasamtök, einstaklinga, samtök þeirra og fyrirtæki eða opinberar stofnanir um að taka að sér þjónustu fyrir hönd Háskóla Íslands enda sé farið að ákvæðum í 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins.

IX. KAFLI
Ýmis ákvæði.

26. gr.

Önnur viðfangsefni og starfsemi.

Háskóla er heimilt, með samþykki menntamálaráðherra, að eiga aðild að hlutafélögum, sjálfseignarstofnunum eða félögum með takmarkaða ábyrgð ef starfsemi þeirra samrýmist þeim markmiðum sem háskólanum eru sett og aðild þjónar hagsmunum hans. Háskólaráð fer með eignarhlut háskólans í slíkum fyrirtækjum en getur veitt skóla, stofnun eða öðrum aðila innan háskóla umboð til að fara með hlutinn.

Háskóla er heimilt að stofna og starfrækja sérstaka rannsóknar- og þróunarsjóði. Skal um þá sett skipulagsskrá sem menntamálaráðherra og háskólaráð staðfesta. Skipulagsskráin skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Háskóla er heimilt að semja við aðrar stofnanir og fyrirtæki, sem tengjast starfssviði skólans, um kennslu, rannsóknir og ráðningu kennara og annarra starfsmanna.

27. gr.

Ársfundur.

Háskóli skal árlega halda opinn ársfund þar sem fjárhagur skólans og meginatriði starfsáætlunar hans eru kynnt.

28. gr.

Birting reglna og kennsluskrár.

Reglur þær, sem háskólaráð setur samkvæmt lögum þessum, skulu birtar í B-deild Stjórnartíðinda.

Hver skóli semur og birtir eigin kennsluskrá. Árlega skal birt kennsluskrá fyrir háskólann í heild.

X. KAFLI
Gildistaka o.fl.

29. gr.

Gildistaka.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 41/1999, um Háskóla Íslands, lög nr. 40/1999, um Háskólann á Akureyri, og lög nr. 43/1995, um listmenntun á háskólastigi.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma að fullu til framkvæmda 1. júlí 2008.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 29. gr. öðlast ákvæði 4., 11. og 12. gr. laga þessara þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara heldur starfslið Háskólans á Akureyri og Háskóla Íslands, sem hefur verið skipað eða ráðið á grundvelli laga nr. 41/1999 og laga nr. 40/1999, störfum sínum og starfsréttindum.

Umboð háskólaráðs Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri falla niður við gildistöku laga þessara. Fram til þess tíma er háskólaráðum skólanna heimilt að skipuleggja starfsemi sína í samræmi við ákvæði 4., 11. og 12. gr., þar á meðal að auglýsa laus störf forseta skóla og deildarformanna.

Ákvæði reglna, sem háskólaráð Kennaraháskóla Íslands, Háskólans á Akureyri og Háskóla Íslands hafa sett á grundvelli gildandi laga um viðkomandi háskóla, gilda með áorðnum breytingum, að svo miklu leyti sem þau fara ekki gegn þessum lögum, þar til háskólaráð hefur sett nýjar reglur samkvæmt ákvæðum þessara laga.

Við gildistöku laga þessara skulu skólar við Háskóla Íslands vera félagsvísinda-, laga- og viðskiptasvið, heilbrigðisvísindasvið, hugvísindasvið, verkfræði- og raunvísindasvið og menntavísindasvið. Deildir við Háskólann á Akureyri eru félagsvísinda- og hugvísindadeild, heilbrigðisvísindadeild, kennaradeild og viðskipta- og raunvísindadeild. Fyrir árslok 2008 skulu háskólar, sem lög þessi taka til, laga sig að ákvæðum laga þessara um skóla, sbr. 2. mgr. 4. gr.

Lög nr. 57/1999, um búnaðarfræðslu, skulu endurskoðuð fyrir árslok 2009.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem menntamálaráðherra skipaði til að endurskoða lög nr. 136/1997, um háskóla, ásamt gildandi sérlögum um starfandi ríkisháskóla. Nefndin skilaði frumvarpi til laga um háskóla til ráðherra í desember 2005, sem síðar varð að lögum nr. 63/2006 og tóku gildi á miðju ári 2006. Við undirbúning frumvarps þessa var nefndinni gert að taka mið af þeirri þróun og breytingum sem orðið hafa undanfarin ár á umhverfi opinberra háskóla í samanburði við þróun í öðrum OECD-ríkjum. Tillögur nefndarinnar skyldu vera til þess fallnar að samræma skilyrði og efla opinbera háskóla og gæði námsframboðs þeirra. Við gerð frumvarpsins hafði nefndin samráð við starfandi opinbera háskóla á Íslandi. Í nefndinni áttu sæti Guðmundur Árnason ráðuneytisstjóri, formaður, Hanna Katrín Friðriksdóttir ráðgjafi, Inga Jóna Þórðardóttir viðskiptafræðingur, Jón Sigurðsson, fyrrv. seðlabankastjóri og ráðherra, Stefanía K. Karlsdóttir, fyrrv. rektor Tækniháskóla Íslands, og Sveinbjörn Björnsson, fyrrv. rektor Háskóla Íslands. Hellen M. Gunnarsdóttir, sérfræðingur í ráðuneytinu, starfaði með nefndinni. Afrakstur nefndarstarfsins er hjálagt frumvarp.

II. Markmið frumvarpsins.

Með frumvarpi þessu eru lagaákvæði um opinbera háskóla færð til samræmis við þann almenna lagaramma um starfsemi háskóla sem ákvarðaður var með lögum nr. 63/2006. Þau lög taka jafnt til allra íslenskra háskóla óháð rekstrarformi og afmarka fagleg og rekstrarleg starfsskilyrði skólanna. Þar skipta mestu máli kröfur laganna um gæðaeftirlit, samræmingu prófgráðna og gagnkvæma viðurkenningu náms, ásamt áherslu á sveigjanleika í skipulagi háskólanna sem og að þeim sé tryggt faglegt sjálfstæði. Einhugur mun vera um það meðal íslenskra háskólamanna að vel hafi tekist til við smíði rammalaganna og að ekki sé þörf á því að greina á milli íslenskra háskóla eftir rekstrarformi þeirra. Það leiðir hins vegar af þeim meginreglum sem gilda um ríkisrekstur að lagaákvæði af þessu tagi þurfi að vera fyrir hendi varðandi þá háskóla sem reknir eru sem ríkisstofnanir. Er þar einkum vísað til eftirfarandi atriða:

1. Allar heimildir til fjárhagsráðstafana í ríkisrekstri verða að byggjast á lögum. Er hér bæði um að ræða framlög til lögbundinnar starfsemi og eins fjáröflun til annarra verkefna.
2. Gerð er krafa um að margvíslegar ákvarðanir í starfsmanna- og nemendamálum eigi sér stoð í settum lögum.
3. Gengið er út frá því að megindrættirnir í skipulagi ríkisrekstrar séu ákvarðaðir af löggjafanum, meðal annars hvað varðar skipun yfirstjórnar opinberra stofnana.

Meginmarkmið fyrirliggjandi frumvarps er því að tryggja að fagleg starfsskilyrði íslenskra háskóla verði þau sömu óháð rekstrarformi að teknu tilliti til þessara þriggja atriða.

III. Gildandi sérlög um ríkisrekna háskóla.

Háskóli Íslands (HÍ) var stofnaður árið 1911 og var lengi eini háskólinn í landinu sem bauð háskólanám til prófgráðu. Upphafleg lög um skólann voru samþykkt 1909 og hafa síðan verið endurskoðuð með reglubundnu millibili, síðast á árabilinu 1997 til 1999. Gildandi lög um skólann eru nr. 41/1999.

Árið 1971 var Kennaraskólanum breytt með lögum í Kennaraháskóla Íslands (KHÍ). Með lögum nr. 137/1997 voru Þroskaþjálfaskólinn, Fósturskólinn og Íþróttakennaraskólinn sameinaðir honum. Eru þau lög enn í gildi.

Háskólinn á Akureyri (HA) var stofnaður 1987 en gildandi lög um skólann eru nr. 40/1999. Tækniskóli Íslands, sem stofnaður var árið 1962, varð formlegur háskóli með lögum um Tækniháskóla Íslands, nr. 53/2002. Árið 2005 var Tækniháskóli Íslands síðan sameinaður Háskólanum í Reykjavík (HR) sem hóf háskólastarfsemi árið 1998.

Ákvæði núgildandi sérlaga um háskólana þrjá, HÍ, KHÍ og HA, byggjast öll á áþekkum grunni og hafa að geyma hliðstæð ákvæði í flestum efnum. Mikil samvinna hefur verið milli skólanna um framkvæmd laganna og setningu reglna á grundvelli þeirra. Má slá því föstu að skólarnir búi allir við eitt og sama umhverfi í lagalegu tilliti. Í frumvarpinu er við það miðað að ein heildarlöggjöf skuli gilda um alla opinbera háskóla, sbr. þó ákvæði um endurskoðun laga um búnaðarfræðslu, en að þeirri endurskoðun lokinni muni lög þessi jafnframt taka til menntastofnana landbúnaðarins.

IV. Meginefni frumvarpsins og helstu markmið.

Meginefni frumvarpsins byggist að verulegu leyti á viðamiklu úttektarstarfi sem fram hefur farið innan íslenska háskólakerfisins á síðastliðnum árum. Þá hefur einnig verið tekið tillit til vinnu sem farið hefur fram innan háskólanna, m.a. tillagna á vettvangi HÍ og KHÍ um tilhögun á fyrirhugaðri sameiningu skólanna.

Meðal þeirra úttekta, sem litið var til við gerð frumvarpsins, eru þrjár sem einkum varða Háskóla Íslands.

Í fyrsta lagi er úttekt sem menntamálaráðherra fól Ríkisendurskoðun að gera á fjárhagsstöðu, fjármögnun, árangri, gæðum, rekstrarformi og stjórnsýslu HÍ. Úttektin samanstendur af þremur meginþáttum: (1) greiningu Ríkisendurskoðunar á framangreindum þáttum, (2) viðhorfskönnun meðal starfsfólks og (3) alþjóðlegum samanburði á völdum kennitölum og starfsþáttum. Lokaskýrsla Ríkisendurskoðunar var birt vorið 2005.

Í öðru lagi fól menntamálaráðherra árið 2004 fjögurra manna hópi, undir forustu Ingu Dóru Sigfúsdóttur, að framkvæma úttekt á akademískri stöðu HÍ, einkum rannsóknastarfinu. Tekur úttektin til rannsóknastarfs við skólann á árunum 1999–2002. Skýrsla Ingu Dóru og samstarfsmanna hennar var birt í september 2005.

Í þriðja lagi átti HÍ frumkvæði að því að Samtök evrópskra háskóla (European University Association) gerðu úttekt á skólanum þar sem lögð var sérstök áhersla á uppbyggingu framhaldsnáms og gæðastarf. Þessi úttekt er ekki liður í opinberu eftirliti með skólanum heldur var tilgangur hennar fyrst og fremst að fá ábendingar og ráðleggingar frá hópi erlendra háskólamanna sem nýst gætu við framtíðaruppbyggingu skólans. Lokaskýrsla hópsins var birt stjórn HÍ í september 2005.

Enda þótt þessar úttektir hafi HÍ að viðfangsefni beina niðurstöður þeirra skýru ljósi á ýmsa þætti í starfs- og rekstrarskilyrðum opinberu háskólanna allra. Þetta á sérstaklega við um skýrslu Ríkisendurskoðunar og eru eftirfarandi ályktanir hennar til marks um það:

„Þegar hugað er að gæðamálum Háskóla Íslands, hagkvæmni og skilvirkni rekstrarins og möguleikum skólans til að ná heildarmarkmiðum sínum er mikilvægt að hugað sé vel að stjórnunarháttum skólans. Stjórnsýsla skólans hefur breyst mikið á síðustu árum, vaxið, eflst og tekist á við ný verkefni. Á sama tíma hefur umfang rekstrar orðið meira og viðfangsefni flóknari. Ljóst er að virk þátttaka starfsmanna og nemenda í stjórnun skólans hefur marga kosti en slíkt stjórnskipulag getur einnig búið yfir göllum. Nauðsynlegt virðist að skerpa á ýmsum þáttum þess og skýra betur.“

Enn fremur segir í skýrslunni:

„Meðal annars þyrfti að skýra betur ábyrgð deildarforseta og stöðu rektors gagnvart þeim. Þá þyrfti að kveða á um úrræði sinni deildarforsetar ekki skyldum sínum, t.d. við gæðaeftirlit eða fjármálastjórnun. Í því samhengi mætti hugsa sér að rektor hafi bein áhrif á val deildarforseta. Vel virðist koma til greina að breyta samsetningu háskólaráðs með því að fjölga utanaðkomandi aðilum og að fela ráðinu að ákveða hvernig staðið skuli að ráðningu rektors.

Að lokum virðist mikilvægt að farið verði yfir verkaskiptingu miðlægrar stjórnsýslu Háskólans og einstakra deilda og skilgreina hvaða þjónustu stjórnsýslan eigi að veita deildunum. Í því samhengi er afar mikilvægt að skólinn taki sjálfur meiri ábyrgð á launamálum starfsmanna í stað þess að hlíta ákvörðun þriðja aðila, þ.e. kjaranefndar. Einnig þyrfti að kanna þann möguleika að sameina deildir eða auka samstarf milli þeirra og mynda þannig sterkari og hagkvæmari einingar. Þannig mætti m.a. tryggja deildunum nauðsynlega fjármála- og rekstrarþekkingu sem sumar þeirra skortir nú tilfinnanlega. Styrkja þarf fjármálastýringu Háskólans og auka eftirlit með rekstri deilda og annarra starfseininga.“ (Ríkisendurskoðun: Háskóli Íslands, Stjórnsýsluúttekt, bls. 6–7. Reykjavík, apríl 2005).

Helstu markmið frumvarpsins eru:

– Meginmarkmið frumvarpsins er að einfalda þau lagaskilyrði sem gilda um starfsemi háskóla með það fyrir augum að veita háskólum sem mest sjálfstæði í innri málefnum. Á það bæði við um skipulag og fagleg málefni. Að þessu leyti er inntak frumvarpsins í fullu samræmi við þá almennu stefnumörkun löggjafarvaldsins sem fram kemur í lögum um háskóla, nr. 63/2006, en þeim var ætlað að undirstrika sjálfstæði háskóla og að skapa þeim sem víðast svigrúm til athafna.
– Frumvarpið grundvallast á þeirri hugsun að almenn skilyrði eigi að gilda um starfsemi opinberra háskóla. Uppbygging frumvarpsins er því í anda rammalöggjafar sem veitir einstökum stofnunum sem samkvæmt því starfa verulegt svigrúm til að feta eigin leiðir í útfærslum og framkvæmd laganna.
– Hlutverk háskólaráða er betur skilgreint en áður og staða þess sem yfirstjórnar háskóla er styrkt. Ekki eru gerðar breytingar á meginhlutverki rektors sem áfram er formaður háskólaráðs.

– Sjálf skipan í háskólaráð breytist verði þetta frumvarp að lögum. Í háskólaráði HA sitja nú fimm einstaklingar: rektor, sem er sjálfkjörinn í ráðið og er jafnframt forseti þess, tveir fulltrúar kennara, einn fulltrúi stúdenta og einn fulltrúi skipaður af menntamálaráðherra. Í háskólaráði HÍ sitja rektor, sem er sjálfkjörinn í ráðið og jafnframt forseti þess, fjórir fulltrúar kennara, einn fulltrúi samtaka háskólakennara, tveir fulltrúar stúdenta og tveir fulltrúar sem menntamálaráðherra skipar. Frumvarpið miðast við að háskólaráð verði auk rektors skipað tveimur utanaðkomandi einstaklingum (valdir af menntamálaráðherra) auk fulltrúa nemenda og fulltrúa háskólasamfélagsins. Þessir fimm sækja sér síðan tvo fulltrúa til viðbótar sem ekki eru starfsmenn eða nemendur viðkomandi háskóla. Við val á utanaðkomandi fulltrúum skal leitast við að tryggja sem víðtækasta þekkingu og reynslu háskólanum til stuðnings. Þátttaka og áhrif kennara og nemenda í skólaráðum er á hinn bóginn efld.
– Nýmæli í frumvarpinu er að skólar eru skilgreindir sem meginskipulagseiningar í starfsemi háskóla. Með því verður til öflugt burðarlag í stjórnskipan skólanna sem getur verið farvegur og vettvangur fyrir margvíslega stoðþjónustu við kjarnastarfsemi þeirra, þ.e. kennslu og rannsóknir. Tillagan um eflingu skóla er lykilatriði í sameiningu Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands, sbr. áform um sameiningu þeirra og almenna stefnumörkun HÍ.
– Samhliða því að skólar verði að megineiningum í starfi háskóla verður til nýtt starf forseta skóla sem mun bera ábyrgð á fjármálum og rekstri sviðsins og þeirra stofnana sem undir það heyra. Gerð er tillaga um að starfsheiti þess sem ráðinn er æðsti yfirmaður skóla verði forseti til þess að undirstrika að þeir fari með yfirstjórnarhlutverk ásamt rektor. Þó er háskólaráði heimilað að ákveða annað starfsheiti telji ráðið það æskilegt af einhverjum ástæðum. Í tillögunni felst að forsetar verði ráðnir af rektor að undangenginni auglýsingu. Forsetum er ætlað að vera akademískir leiðtogar skóla og hafa frumkvæði að útfærslu heildarstefnu háskóla á vettvangi síns sviðs. Til þeirra verða gerðar ríkar hæfiskröfur.
– Skilvirkari stjórn opinberra háskóla. Ráðning forseta skóla, ásamt eflingu megineininga í starfseminni, felur í sér styrkari forustu, valddreifingu og möguleika á því að bæta stoðþjónustu og þverfræðilegt samstarf. Með þessu er brugðist við ábendingum sem fram hafa komið um að stjórn opinberra háskóla þurfi að verða skilvirkari.
– Þess var ekki óskað af nefnd þeirri sem vann frumvarp þetta að hún fjallaði um fjárhagsmálefni háskóla. Ákvæði 24. gr. frumvarpsins, sem fjallar um fjárhagsmálefni, fela ekki í sér grundvallarbreytingar á gjaldtökuheimildum háskóla en þó er beinlínis gert ráð fyrir að einstakir háskólar geri tillögu til ráðherra um fjárhæð skrásetningargjalda. Fjárhæð þeirra verður þó eftir sem áður fastsett í lögum og breytingar á þeirri fjárhæð verði lagðar fyrir Alþingi af ráðherra eins og verið hefur.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í heiti frumvarpsins og inngangsgrein þess er notast við hugtakið „opinberir háskólar“ sem ætlað er að taka til háskóla sem reknir eru af ríkinu og lúta yfirstjórn menntamálaráðherra. Þessir háskólar eru nú: Háskóli Íslands, Kennaraháskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri. Með lögum nr. 167/2007 voru þær breytingar gerðar á lögum nr. 57/1999, um búnaðarfræðslu að yfirstjórn Landbúnaðarháskóla Íslands og Hólaskóla – Háskólans á Hólum færðist frá landbúnaðarráðuneyti yfir til menntamálaráðuneytis. Ákvæði frumvarpsins hafa ekki áhrif

á þá ráðagerð sem felst í sameiningu HÍ og KHÍ 1. júlí 2008, sbr. 4. gr. laga nr. 37/2007, um sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands. Verði frumvarpið að lögum mun það öðlast gildi á sama tíma. Í greininni er gildissvið laganna markað með vísan til þessara stofnana.

Um 2. og 3. gr.

Byggt er á 2. gr. og 3. gr. rammalaga um háskóla sem kveða á um hinn faglega grundvöll háskólastarfs. Gengið er út frá því að þessi starfsskilyrði séu þau sömu fyrir alla háskóla, óháð rekstrarformi. Þau fyrirmæli, sem vísað er til að gildi um háskólastarf í niðurlagi 2. gr., eru af margvíslegum toga og eiga m.a. rætur að rekja til samræmingar á hinu evrópska menntasvæði *(European Higher Education Area)* sem Ísland er aðili að í gegnum Bologna-ferlið og sameiginlegt rannsóknasvæði Evrópu *(European Research Area)*. Í 1. mgr. 3. gr. er að finna kjarnann í hlutverki háskóla skv. 2. gr. rammalaga um háskóla.

Í 2. mgr. 3. gr. er lagt til að menntamálaráðherra sé heimilt að fela einstökum háskólum að sinna kennslu eða rannsóknum á ákveðnum, afmörkuðum sviðum, ótímabundið eða til ákveðins tíma. Heimild í þessa veru er í lögum á Norðurlöndum, sjá m.a. 4. gr. 1. kafla rammalaga um norska háskóla *(universitetsloven)*. Heimildin byggist á því að hún verði nýtt til þess að tryggja að háskólastarfsemi eigi sér stað í greinum sem hafa sérstaka þýðingu fyrir íslenskt skólasamfélag. Er þar iðulega um fámennar greinar að ræða sem mikilvægt er að hafi kjölfestu í stefnumörkun og ákvörðunum stjórnvalda. Háskóli sinnir endurmenntun þeirra sem lokið hafa háskólaprófi, miðla fræðslu til almennings og veita samfélaginu þjónustu í krafti þekkingar sinnar. Sinnir þörfum samfélagsins.

Um 4. gr.

Hér er fjallað um helstu skipulagseiningar opinberra háskóla. Eins og áður greinir er við það miðað að skólar verði hinar formlegu stjórnunar- og rekstrareiningar í starfi opinberra háskóla. Í þessum skilningi samsvara skólar því sem nefnt er *school* eða *college* í alþjóðlegu háskólaumhverfi. Jafnframt endurspeglar þessi aðgreining þau skilyrði sem gerð eru um viðurkenningu háskóla, sbr. 3. gr. laga nr. 63/2006. Eins og rakið er í skýringum við ákvæðið í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 63/2006 eru fræðasvið m.a. ákveðin út frá þeim viðmiðum sem OECD hefur lagt til grundvallar við flokkun á vísindastarfsemi. Er þar byggt á því að starfsemi háskóla skiptist í eftirtalda skóla: Náttúruvísindi *(Natural Sciences)*, verkfræði og tækni *(Engineering and Technology)*, heilbrigðisvísindi *(Medical Sciences)*, auðlinda- og búvísindi *(Agricultural Sciences)*, félagsvísindi *(Social Sciences)* og hugvísindi *(Humanities)*. Þessi aðgreining hefur fyrst og fremst flokkunar- og skilgreiningargildi. Íslenskir háskólar eru aftur á móti ekki bundnir af því að skipting skóla endurspegli nákvæmlega þessa aðgreiningu. Í ákvæði til bráðabirgða í frumvarpi þessu er m.a. gert ráð fyrir fráviki frá aðgreiningunni við ákvörðun á skólum innan Háskóla Íslands.

Enda þótt skólar séu þannig teknir upp sem megineiningar háskóla stendur óbreytt að deildir eru grunneiningar hans og bera hina faglegu ábyrgð á háskólakennslu og rannsóknum, sbr. 11. gr. frumvarpsins. Af þessu leiðir að skólar eru fyrst og fremst stjórnunarleg umgjörð um rekstur, fjármál og sameiginleg málefni skyldra fræðigreina. Er því gert ráð fyrir að þar sem forsendur skiptingar háskóla í tvo eða fleiri skóla eru ekki fyrir hendi megi viðhafa einfaldara skipulag sem byggist alfarið á einni eða fleiri deildum sem grunneiningum. Rétt er þó að benda á að kostir stærri eininga segja fljótt til sín með tilliti til samlegðar og hagræðingar og má því reikna með að skólaskipting verði víðast viðtekin í íslenskum háskólum. Er

það einnig í samræmi við þær ábendingar sem fram hafa komið í úttektum á íslenska háskólakerfinu og vikið er að í almennum athugasemdum við frumvarpið.

Hinn meginþátturinn í skipulagi háskóla varðar háskólastofnanir sem settar eru á laggirnar til þess að vera rammi um fræðastarf á tilteknum sviðum, sem og þjónustustarfsemi háskóla. Enn fremur eru til staðar nokkrar háskólastofnanir sem starfa á grundvelli sérlaga en í nánum tengslum við háskóla. Mikilvægt er að þetta skipulag háskólastofnana sé í senn skýrt og einfalt enda hefur það valdið vandkvæðum, t.d. innan Háskóla Íslands, hve sundurleitt fyrirkomulagið er og staða stofnana misjöfn.

Ákvæðum frumvarpsins er ætlað að styðja einföldun á skipulagi opinberra háskóla með því að stofnanir starfi á vettvangi hvers skóla, sbr. c-lið 1. mgr. Slíkum stofnunum verður skipt upp í faglegar sjálfstæðar rannsóknastofur en sú skipting endurspeglar skiptingu skóla í undirgreinar. Er það í samræmi við þá skipan sem við lýði er í dag en jafnframt er reiknað með því að tækifæri til samlegðar og hagræðingar verði nýtt þar sem það á við. Fyrirkomulag stofnana verður að bjóða upp á ákveðinn sveigjanleika og því er mælt fyrir um að háskólaráð geti ákveðið að háskólastofnun heyri undir ráðið, sbr. b-lið 1. mgr., og sé því viðbót við það fyrirkomulag að ein stofnun starfi á vettvangi hvers skóla. Með hliðsjón af því fyrirkomulagi sem verið hefur mundi þessi heimild einkum verða nýtt til þess að starfrækja þjónustustofnanir og þverfræðilegar rannsóknastofnanir. Margvísleg rök hníga að því að hagfellt geti verið að vista sjálfstætt þá þjónustu sem háskólar veita umfram kjarnastarfsemi sinnar. Meðal þess sem hér um ræðir er endurmenntun í þágu atvinnulífs, tölvuþjónusta og önnur sú starfsemi sem samkeppnissjónarmið mæla fyrir um að skuli aðskilin frá hefðbundnum ríkisrekstri. Vakin er hins vegar athygli á því að háskólar geta einnig valið að stofna sjálfstæð félög og fyrirtæki um slíka starfsemi í samræmi við heimildina í 3. mgr. 4. gr. frumvarpsins og IX. kafla þess. Var sú leið m.a. valin er íslenskir háskólar og rannsóknarstofnanir settu á laggirnar Rannsókna- og háskólanet Íslands hf. (RHnet) árið 2001 en það fyrirkomulag þykir hafa gefist vel.

Þær háskólastofnanir sem starfa á grundvelli sérlaga eru í dag helst Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn. Í ákvæðum laga um báðar stofnanir er fjallað um háskólatengsl og mælt fyrir um samningsgerð þar að lútandi. Þar fyrir utan eru í gildi lög um tilraunastöðina að Keldum en staða þeirrar stofnunar hefur verið til sérstakrar umfjöllunar, m.a. með tilliti til tengsla við starfandi háskóla. Um skipulag og stöðu slíkra stofnana gagnvart Háskóla Íslands ræðst hins vegar af þeim sérlögum sem um er að ræða hverju sinni.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir því að settar verði reglur um hlutverk helstu skipulagseininga háskóla. Hér er um að ræða almennar reglur um lagaframkvæmd sem íslensk stjórnskipun felur háskólaráðum að setja. Setning nánari reglna um innra skipulag hvers háskóla fyrir sig, t.d. um einstakar háskólastofnanir (hvort sem þær heyra undir háskólaráð eða skóla), yrðu hins vegar á forræði háskólaráðs án atbeina ráðherra.

Um 5. gr.

Ákvæðið byggist á 15. gr. rammalaga um háskóla þar sem fram kemur að yfirstjórn háskóla sé falin háskólaráði og rektor. Þegar opinberir háskólar eiga í hlut þarf að kveða á um stjórnunarhlutverk háskólaráðs með nokkuð nákvæmari hætti en ella, meðal annars vegna lögbundins hlutverks rektors háskóla sem forstöðumanns, sbr. 38. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og ábyrgðar háskólaráðs, sbr. 49. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins. Í 8. gr. frumvarpsins er tekið af skarið um það að rektor beri

ábyrgð á og hafi eftirlit með allri starfsemi háskóla, þar með talið ráðningum og fjármálum einstakra skóla og stofnana. Af þessu, og einkum 49. gr. laga nr. 88/1997, leiðir að háskólaráð hefur eftirlit með því að rektor ræki starfsskyldur sínar, sbr. 38. gr. laga nr. 70/1996.

Ákvæði 1. mgr. 15. gr. eru að mestu sama efnis og ákvæði núgildandi laga. Sérstök áhersla er þó lögð á stefnumótunarhlutverk háskólaráðs sem frumvarpið hefur að markmiði að styrkja verulega. Þrátt fyrir að stefnumótun og framtíðarsýn sé á höndum háskólaráðs gerir frumvarpið ráð fyrir því að rektor geti átt þar ákveðið frumkvæði að því að háskólaráð marki sér heildarstefnu í málefnum háskóla, sbr. 2. mgr. 8. gr. Ekki er lagt til að efnisleg breyting verði á úrskurðarvaldi háskólaráðs, sbr. 2. mgr. Í samræmi við það getur háskólaráð tekið til endurskoðunar flestar ákvarðanir sem teknar hafa verið innan háskólans. Endurskoðun getur leitt til þess að ákvörðun sé staðfest, henni breytt eða ný ákvörðun tekin í máli. Undanskildar eru þó ákvarðanir í faglegum efnum sem eru á forræði einstakra háskólakennara, deilda eða skóla. Þannig endurmetur háskólaráð ekki prófúrlausnir eða faglega niðurstöðu kennara, prófdómara eða dómnefnda. Ráðið getur hins vegar þurft að skera úr um það hvort meðferð skóla eða deildar á skriflegu erindi nemanda hafi verið í samræmi við lög, reglur háskólans og góða stjórnsýsluhætti.

Undanskilin eru enn fremur málefni einstakra starfsmanna sem eru alfarið á forræði rektors sem forstöðumanns stofnunar. Háskólaráð setur hins vegar almenn viðmið og reglur um ráðningu starfsmanna og getur þurft að skera úr um vafaatriði sem varða þær reglur með almennum hætti. Valdmörk háskólaráðs og rektors ættu þannig að vera skýr og tryggt að í framkvæmd komi ekki upp vandamál hvað það varðar.

Eðli málsins samkvæmt fer stefnumörkun í fræðilegum efnum fyrst og fremst fram á vettvangi deilda og skóla. Háskólaráð hefur fyrst og fremst hlutverk við að móta heildarstefnu háskólans og er háskólafundur, sbr. III. kafla frumvarpsins, bakhjarl háskólaráðs í þeirri vinnu. Framkvæmd markaðrar stefnu er síðan á hendi háskólaráðs sem og umsýsla eigna.

Sérstaklega er hnykkt á því í 3. mgr. að háskólaráð beri ábyrgð á framkvæmd samstarfssamninga sem háskóli gerir við fyrirtæki og aðrar stofnanir. Vægi slíkra samninga hefur farið vaxandi og er mikilvægt að þeim sé settur fastur rammi.

Ákvæði 4. mgr. eru í samræmi við gildandi reglur. Viðmið af því tagi sem hér er vísað til eru m.a. um framgang milli starfsheita eða tilflutning milli stjórnunareininga innan háskóla. Mögulegt er einnig að tilflutningur eigi sér stað milli skóla og háskólastofnunar.

Rík hefð er fyrir því innan háskóla að ákvörðunarvald sé framselt innan skipulagseininga. Rétt þykir að sú framkvæmd eigi sér skýra lagastoð, sbr. tillögu um efni 5. mgr., en jafnframt sé tekið fram að meginreglur laga eigi hér við. Er þar m.a. vísað til þess þegar teknar eru eiginlegar stjórnvaldsákvarðanir um réttindi og skyldur starfsmanna og nemenda. Slíkar ákvarðanir geta eðli málsins samkvæmt verið af ýmsu tagi. Framsal ákvörðunarvalds í einstökum málum varðar innra skipulag háskóla og því þykir rétt að háskólaráði sé veitt þessi heimild. Gera má ráð fyrir að tillaga um slíkt valdframsal geti komið frá einstökum skipulagseiningum háskóla og fallist háskólaráð á slíkt sé það gert með skriflegum hætti. Jafnframt er gert ráð fyrir því að slíkt valdframsal sé tilkynnt sérstaklega, t.d. í skipuriti eða með öðrum hætti, á vef háskóla.

Í 6. mgr. er sett fram sú regla að leita skuli álits forseta skóla þegar málefni sviðs er til umfjöllunar í háskólaráði. Álits forstöðumanns yrði leitað með sama hætti í tilviki stofnunar. Ákvæðið þarfnast ekki skýringa að öðru leyti.

Um 6. gr.

Víðtækt hlutverk háskólaráða er eitt megineinkenni íslenska háskólakerfisins. Þetta hlutverk tekur bæði til stefnumörkunar og framkvæmdastjórnar, auk þess sem gengið er út frá því sem meginstefnu í gildandi lögum að háskólaráð sé æðsti ákvörðunaraðili innan hvers háskóla.

Af þessu margþætta hlutverki háskólaráða leiðir að vega verður saman ýmis sjónarmið þegar tekin er afstaða til þess hvernig háskólaráð skuli skipað. Úttektaraðilar, sem fjallað hafa um íslensku háskólana á umliðnum missirum, hafa allir vikið að skipun háskólaráða með einum eða öðrum hætti. Þannig bentu bæði Ríkisendurskoðun og Samtök evrópskra háskóla (EUA) á það í úttektum sínum, sem gerð er grein fyrir í almennum athugasemdum frumvarpsins, að fjölga bæri utanaðkomandi fulltrúum í háskólaráði HÍ. Í þessu sambandi vék Ríkisendurskoðun sérstaklega að þróun síðustu ára varðandi skipan háskólaráða í skólum á Norðurlöndum. Eru þær breytingar yfirleitt í þá átt að meiri hluti háskólaráðs sé skipaður fulltrúum aðila utan háskóla fremur en að ráðið sé skipað fulltrúum deilda eða stofnana innan skólans. Misjafnt er þó hversu langt er gengið í þessu efni og enn fremur hvaða áhrif breyting á skipan háskólaráða hefur á stöðu rektors. Ríkisendurskoðun bendir þannig á í úttekt sinni á HÍ að verið hafi „nokkuð skiptar skoðanir um hvort æskilegt sé að rektor eigi sæti í háskólaráði og stjórni jafnvel störfum þess. Ýmsir hafa talið slíkt fyrirkomulag óheppilegt þar sem ráðinu er m.a. ætlað að hafa eftirlit með störfum rektors og annarra stjórnenda. Í nýjum norrænum háskólalögum er ekki lengur gert ráð fyrir að rektor og aðstoðarrektor eigi sæti í háskólaráði.“

Á sama tíma hefur í umræðu síðastliðinna ára á Norðurlöndum verið lögð áhersla á að breytingar á skipan háskólaráða megi ekki verða til þess að skerða sjálfstæði háskóla. Hefur yfirleitt verið farin sú leið að áskilja að fjölgun á utanaðkomandi fulltrúum byggðist á því að þeir séu valdir með heildarhagsmuni háskóla í huga og á grundvelli faglegrar hæfni sinnar. Breytingin hafi því að leiðarljósi að nýir fulltrúar í háskólaráði séu sjálfstæðir í störfum sínum.

Eins og áður segir byggist fyrirliggjandi frumvarp á þeirri forsendu að skipun yfirstjórnar opinberra stofnana skuli ákveðin með lögum. Nefnd sú sem samdi frumvarpið fjallaði því ítarlega um þau rök sem færð hafa verið fram í umræðum á síðustu árum, sem og kosti og galla í þeim útfærslum sem helst hefur verið litið til. Ljóst var frá upphafi að breytinga væri þörf á núverandi fyrirkomulagi enda koma afar skýrar ályktanir fram um það í fyrirliggjandi úttektum. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að fjögur sjónarmið hefðu áberandi mest vægi þegar mótuð væri löggjafarstefna fyrir opinbera háskóla á Íslandi. Umrædd sjónarmið má draga saman á eftirfarandi hátt:

1. Að ráðið veiti háskóla forustu jafnt inn á við sem út á við.

Öll framvinda í umhverfi íslenskra háskóla á síðustu tíu árum gerir afar brýnt að forusta þeirra verði efld út á við. Þróun þekkingarsamfélagsins verður sífellt örari og jafnast hraðinn tíðum á við stökkbreytingar. Til þess að tryggja hagsmuni sína í þessari stöðugu ummyndun verður hver háskóli að leggja höfuðáherslu á markmiðsbundna stjórnun og víðtæka hagsmunagæslu með samningum og samstarfi. Þeim markmiðum nær háskóli ekki án bandamanna og því að eiga greiðan aðgang að atvinnulífinu. Lykilatriði í þessu tilliti er trúverðug forusta háskólaráðs út á við. Af sjálfu leiðir að henni verður best náð með því að ráðið sjálft hafi á að skipa fulltrúum sem geta verið öflugir málsvarar háskóla á öllum framangreindum sviðum. Eru þetta helstu rökin fyrir því að ráðið hafi á að skipa breidd í utanaðkomandi fulltrúum. Hvað varðar forustu inn á við felst meginstyrkur núverandi skipunar í því að rektor háskóla

sé jafnframt formaður háskólaráðsins. Er því ekki gerð nein tillaga um breytingu hvað það varðar.

2. Að ráðið geti sinnt endurskoðunar- og úrskurðarhlutverki sínu.

Núverandi skipan háskólaráða í HÍ, HA og KHÍ gengur út frá því að fulltrúar í ráðinu komi að meirihluta til úr hópi starfsmanna og nemenda við skólann. Augljóst er að flest þau erindi, sem háskólaráð fær til endurskoðunar eða úrskurðar, varða einhverja grunneiningu skólans að verulegu leyti, auk þess sem mál getur einnig varðað stöðu hópa starfsmanna eða nemenda með afgerandi hætti. Þessi skipan er ekki til þess fallin að styðja við endurskoðunar- og úrskurðarhlutverk ráðsins og er óheppileg. Það að vanhæfisreglur eigi við í ýmsum tilvikum hefur ekki neina úrslitaþýðingu enda er gildissvið stjórnsýslulaga takmarkað að ýmsu leyti.

3. Að ráðið vinni heildarhagsmunum háskóla brautargengi.

Af ákvæðum um núverandi skipan háskólaráða HÍ, HA og KHÍ má að ýmsu leyti og réttilega draga þá ályktun að fulltrúum í ráðinu sé ætlað að gæta tiltekinna hagsmuna innan skólans. Mikilvægt er að hverfa frá þessari framsetningu að ákveðnu marki enda samrýmist hún ekki vel því lögbundna hlutverki sem opinberum háskólum er ætlað að sinna í þágu almennings. Þannig er það meginhlutverk háskólaráðs að vinna brautargengi heildarhagsmunum stofnunarinnar. Í framkvæmd mun það og styrkja þetta yfirstjórnarhlutverk háskólaráðs að meginrekstrareiningar stofnunarinnar eflist og fái fleiri mál til úrlausnar eins og gert er ráð fyrir í ákvæðum frumvarpsins um eflingu skóla. Þróun háskólafundar sem vettvangs fyrir heildarstefnumótun styður einnig aðkomu einstakra deilda og stofnana að ákvarðanaferlinu. Ættu því hagsmunir einstakra stjórnunareininga að vera vel settir enda þótt þær eigi ekki sína fulltrúa í háskólaráði.

4. Að skipan ráðsins styðji við skilvirka framkvæmdastjórn.

Háskólaráð fer með framkvæmdastjórn háskóla ásamt rektor. Því skiptir miklu máli að fjöldi fulltrúa í ráðinu sé ákveðinn með tilliti til þess að ákvarðanataka sé í senn skilvirk og vönduð. Sú almenna löggjafarstefna hefur mótast á umliðnum árum að fjölskipuð stjórnvöld, sem taka ákvarðanir, séu að meginstefnu til ekki fjölmennari en sjö manna. Má sem dæmi nefna stjórn tækniþróunarsjóðs sem starfar á grundvelli laga nr. 75/2007, um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun.

Þegar framangreind sjónarmið voru vegin saman í heild var það niðurstaða nefndar menntamálaráðherra að leggja til þá skipan sem fram kemur í 1. mgr., þ.e. að háskólaráð opinbers háskóla verði sjö manna, skipað rektor og sex fulltrúum sem valdir eru til þess að tryggja sem mesta faglega breidd og styrk fyrir háskólann út á við. Í 1. tölul. 1. mgr. er gert ráð fyrir að háskólasamfélagið velji einn fulltrúa samkvæmt nánari ákvörðun háskólafundar. Hefð er fyrir því innan háskóla að tala um samfélag háskólans eða háskólasamfélagið. Í frumvarpinu er byggt á því að til háskólasamfélagsins heyri þeir sem sæti eiga á háskólafundi, sbr. 10. gr. frumvarpsins. Þá er gert ráð fyrir að tveir fulltrúar stjórnvalda verði valdir af menntamálaráðherra og er það í samræmi við núverandi skipan í HÍ og KHÍ. Er óumdeilt að þetta fyrirkomulag hefur gefist vel og tryggt stöðu háskólanna í samskiptum við hagsmunaaðila og stjórnvöld. Þá er kveðið á um það í 4. tölul. 1. mgr. að tveir fulltrúar í háskólaráði skuli valdir af þeim fulltrúum sem fyrir eru í háskólaráði. Er sú tillaga í samræmi við þau sjónarmið að skipan háskólaráðs eigi að endurspegla sjálfstæði háskóla.

Í 2. mgr. er tekið fram að fjórum fulltrúum tilnefndum af aðilum utan háskóla skuli valinn varamaður. Í þessu felst að hver af þessum fjórum fulltrúum eigi sinn varamann sem boðaður er til fundar ef forföll verða hjá viðkomandi. Forfallist varamaður, sem valinn er af mennta-

málaráðherra, getur hinn varamaðurinn komið í hans stað. Að öðru leyti koma varamenn ekki hver í annars stað.

Í 3. mgr. er að finna reglu sem sérstaklega þarf að ákveða þar eð fulltrúum í háskólaráði er falið að sjá um að ráðið verði fullskipað. Þetta verkefni hafa fulltrúarnir með höndum en felur ekki í sér að ráðið hafi tekið til starfa fyrr en það er fullskipað. Mikilvægt er að val fulltrúa samkvæmt þessari málsgrein gangi greiðlega fyrir sig og í tæka tíð áður en skipunartímabil fráfarandi háskólaráðs rennur út.

Í 4. mgr. kemur fram að háskólaráð setji nánari reglur um val á fulltrúum háskólasamfélagsins og nemenda. Þetta er í samræmi við gildandi lög, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga nr. 41/1999, um Háskóla Íslands.

Um 7. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um fundi og störf háskólaráðs. Byggt er á reglum í gildandi lögum að teknu tilliti til þess fulltrúafjölda sem gerð er tillaga um í 6. gr. frumvarpsins. Ákvæðið um að afl atkvæða ráði úrslitum mála byggist á atkvæðum sem greidd eru með og á móti. Ekki er tekið tillit til hjásetu. Greinin skýrir sig að öðru leyti sjálf.

Um 8. gr.

Hér er fjallað um skipun og störf rektors. Byggt er á reglum í gildandi lögum. Í samræmi við það á hver háskóli val um það hvort kosningar fari fram innan hans til undirbúnings þess að háskólaráð láti uppi tilnefningu sína.

Ákvæði 2. mgr. gerir ráð fyrir því að rektor sé forstöðumaður háskóla í merkingu 38. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og ber því ábyrgð á að háskóli starfi í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og erindisbréf. Þá felst jafnframt í því samkvæmt sama ákvæði að forstöðumaður ber ábyrgð á að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma stofnunarinnar sé í samræmi við fjárlög og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt.

Samkvæmt 3. mgr. ræður rektor forseta fyrir hvern skóla innan háskóla. Um ráðningu forseta er nánar fjallað í 12. gr. Vakin er athygli á því að forseti er ekki ráðinn til starfa ef háskóli starfar samkvæmt einföldu skipulagi og án skiptingar í skóla, sbr. 2. mgr. 4. gr. Rektor háskóla mundi við þær aðstæður geta ráðið aðstoðarforseta og falið honum ýmis verkefni við stjórn skólans. Aðstoðarforsetar gætu verið fleiri en einn, t.d. yfir kennslumálum og yfir rannsóknum. Þá er tekið fram að háskólaráð geti heimilað að rektor ráði aðstoðarrektor, einn eða fleiri. Þykir eðlilegt að það sé háskólaráð sem geti heimilað slíkt.

Um 9. gr.

Ákvæðið byggist á 16. gr. rammalaga um háskóla þar sem fram kemur að í hverjum háskóla skuli haldinn háskólafundur a.m.k. einu sinni á ári. Að öðru leyti tekur ákvæðið mið af því hvernig háskólafundir hafa þróast á vettvangi Háskóla Íslands allt frá 1999. Hlutverk háskólafundar er ráðgefandi og bundið við stefnumörkun fyrir háskólann í heild. Fundurinn fjallar því ekki um einstök stjórnsýslumál.

Um 10. gr.

Ákvæðinu um skipan háskólafundar er ætlað að endurspegla þá breidd sem þarf að vera til staðar við stefnumörkun fyrir háskólann í heild. Reiknað er með að háskólaráð setji nánari reglur um fjölda fulltrúa sem eiga sæti á fundinum og val þeirra. Í því efni yrði tekið mið af almennum viðmiðum um fulltrúasamkomur af þessu tagi.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að háskólaráð setji nánari reglur um fjölda fulltrúa sem sæti geta átt á háskólafundi og um val þeirra. Gera verður ráð fyrir því við undirbúning að setningu slíkra reglna verði þær eftir því sem við á kynntar háskólafundi, skólafundi eða eftir atvikum húsfundi í háskólastofnun, sbr. 1. mgr. 4. gr.

Um 11. gr.

Í 1. mgr. kemur fram sú meginregla frumvarpsins að skólar eru megineiningar háskóla og deildir grunneiningar skóla. Um inntak skóla sem skipulagseininga er vísað til almennra athugasemda með frumvarpinu og skýringar við 4. gr.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að deildir séu faglegar grunneiningar skóla og hafi forræði yfir akademískum málefnum þess, þ.e. kennslu og rannsóknum. Í þessum skilningi samsvara deildir áfram því sem nefnt er *faculty* í alþjóðlegu háskólaumhverfi. Þessi meginregla er sett fram í 2. mgr. þannig að deildir beri faglega ábyrgð á háskólakennslu og rannsóknum. Í því felst nánar að deildir ákveða uppbyggingu einstakra námsleiða. Námsleið er hér skilgreind í samræmi við ákvæði rammalaga um háskóla, nr. 63/2006, og auglýsingu nr. 80/2007, um útgáfu viðmiða um æðri menntun og prófgráður, og samsvarar því sem nefnt er *study programme* í alþjóðlegu háskólaumhverfi.

Í meginreglunni felst einnig að deildir veita háskóla- eða prófgráðu sem veitt er við lok skilgreindrar námsleiðar. Formaður deildar staðfestir veitingu prófgráðu fyrir hennar hönd. Þá koma deildir að samstarfi um veitingu prófgráðu og mat til eininga á námi sem fram fer í öðrum háskólum, sbr. 9. og 10. gr. laga um háskóla.

Í fyrirliggjandi stefnumörkun í tengslum við sameiningu HÍ og KHÍ kemur fram að í hverjum skóla starfi ekki fleiri en fjórar til sex deildir. Verður að telja mikilvægt að haldið sé fast við þá stefnu svo að kostir við nýja skipan nýtist sem best. Í því sambandi skal tekið fram að deildir geta sett á stofn faglegar skipulagseiningar innan sinna vébanda í samræmi við almenna framsalsheimild, sbr. 5. mgr. 5. gr. Þessar einingar mundu samsvara því sem nefnt er *department* í alþjóðlegu háskólaumhverfi. Reglur settar af háskóla mundu fjalla nánar um heiti og hlutverk slíkra eininga.

Um 12. gr.

Í greininni er fjallað um skipulag skóla og störf forseta. Vísað er til almennra athugasemda við frumvarpið um meginhlutverk forseta sem faglegra leiðtoga fyrir hinni akademísku starfsemi. Áréttað er að þeim er einnig falið ákvörðunarvald í starfsmannamálum, m.a. um ráðningar akademískra starfsmanna. Þá munu þeir bera ábyrgð á gæðum kennslu, rannsókna, stjórnsýslu, stoðþjónustu og annarrar starfsemi sviðsins. Af þessu má ljóst vera að gera verður ríkar hæfiskröfur til þeirra sem ráðnir eru í störf forseta. Í frumvarpinu er farin sú leið að forsetar skuli uppfylla almenn hæfisskilyrði prófessora samkvæmt lögum. Þar að auki leiðir af eðli starfsins að umsækjendur um það þurfi að hafa leiðtogahæfileika og víðtæka reynslu af stjórnun og stefnumótun. Fjármálalegir þættir koma einnig inn í hæfismatið enda segir í 2. mgr. að forseti beri ábyrgð á fjármálum skóla gagnvart rektor og háskólaráði. Í því felst þó ekki að forseti skóla beri þá ábyrgð sem hvílir á rektor skv. 38. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna manna ríkisins. Hér er lögð til ákveðin verkaskipting sem þó er háð eftirliti rektors og háskólaráðs. Í því sambandi verður að gera ráð fyrir því að forseti beri ábyrgð á gerð starfs- og rekstraráætlana skóla og að af 2. mgr. 8. gr. leiðir að slíkar áætlanir verði óhjákvæmilega hluti af þeim áætlunum rektors sem háskólaráð samþykkir.

Enda þótt ekki sé kveðið á um það í 1. mgr. er háskóla heimilt að skipa valnefnd til þess að velja hæfasta umsækjandann úr hópi þeirra sem uppfylla lagaskilyrðin, m.a. um prófessorshæfi. Slík valnefnd mundi einnig koma að því ákveði rektor að nýta heimild til þess að kalla starfsmann háskóla til þess að vera tímabundið forseti yfir skóla. Um tímalengd ráðningar forseta fer samkvæmt reglum sem háskólaráð setur en hún mundi í öllum tilvikum vera tímabundin og miðast við fimm ára hámark nema afbrigði til framlengingar séu nýtt.

Í 2. mgr. kemur fram að forseti velji deildarformenn til tveggja ára í senn samkvæmt tilnefningu deildarfundar. Í gildandi lögum er ekki kveðið á um valtímabil deildarforseta en rétt þykir að skapa þessu atriði festu með lögum. Tveggja ára tímabilið er ákveðið með það í huga að forsetar munu taka við hluta þeirrar stjórnunar sem deildarforsetar áður höfðu með höndum.

Um 13. gr.

Í ákvæðinu kemur fram að forseti og deildarformenn myndi skólaráð. Skólaráð fjallar um sameiginleg málefni skólans og mun að auki staðfesta ákvarðanir deilda um námsframboð, m.a. með hliðsjón af faglegri samþættingu námsframboðs í skólanum og fjárhagslegum sjónarmiðum. Þá er gert ráð fyrir því að skólaráð geti ákveðið að koma á fót háskólastofnun, sbr. c-lið 1. mgr. 4. gr.

Um 14. gr.

Ákvæðið fjallar um skólafundi sem eru samráðsvettvangur um innri málefni skólans. Reiknað er með að þar eigi sæti starfsmenn og stúdentar skólans og utanaðkomandi fulltrúar samkvæmt nánari ákvörðun hvers skóla. Meginhlutverk þessara funda er við stefnumörkun í sameiginlegum akademískum og faglegum málefnum. Fundurinn hefur hins vegar ekki stjórnsýslulegt hlutverk eins og áréttað er 2. mgr. Húsfundir, sem haldnir eru innan sjálfstæðra háskólastofnana, hafa sambærilegt hlutverk og skólaráð.

Um 15. gr.

Í 13.–15. gr. er fjallað um starfslið háskóla. Nauðsynlegt er að skýrlega sé mælt fyrir um ýmis atriði er varða t.d. ráðningu starfsliðs og þeirrar sérstöðu er opinberir háskólar búa við þegar kemur að ákvæðum laga nr. 70/1996 og ákvæðum stjórnsýslulaga. Ákvæðin byggjast annars að verulegu leyti á núgildandi lögum um kennara og sérfræðinga í lögum um Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri og Kennaraháskóla Íslands, og munu ekki hafa neina breytingu í för með sér fyrir réttarstöðu starfsmanna.

Kjarnastarfsemi hvers háskóla felst annars vegar í kennslu til viðurkenndrar prófgráðu og hins vegar í vísindarannsóknum. Starfsheiti þeirra sem sinna þessari starfsemi í íslenskum háskólum eru venjuhelguð. Í 1. mgr. er tekið upp ákvæði úr 17. gr. rammalaganna um að starfsheiti kennara við háskóla skuli vera prófessor, dósent, lektor og aðjunkt.

Undir „akademísk störf“ falla störf háskólakennara, þ.e. prófessora, dósenta og lektora að undanskildum aðjunktum, og sérfræðinga sem hafa með höndum sjálfstæðar vísindarannsóknir.

Þessum störfum fylgir sjálfstæði í kennslu og frumkvæði við val á viðfangsefnum og aðferðum við rannsóknir. Að sama skapi eru gerðar ríkar kröfur til þeirra sem hafa þessi störf með höndum og bera þeir víðtæka ábyrgð á að ná árangri á því sviði sem þeim er úthlutað. Eru því ströng og ófrávíkjanleg hæfisskilyrði fyrir ráðningu í þessi störf auk þess sem umsækjendur um þau verða að sýna fram á það gagnvart dómnefnd, eða öðrum þar til bærum aðila, að þeir njóti viðurkenningar á sínu sérsviði.

Sérfræðingar sem hafa með höndum þjónusturannsóknir falla hins vegar ekki undir umrædd skilyrði og geta háskólar ráðið þá til starfa án þess að ráðningarmálið fari fyrir dómnefnd. Sama gildir um þá sem ráðnir eru í störf aðjunkta.

Gert er ráð fyrir að reglur, sem háskólaráði er ætlað að setja um leyfi akademískra starfsmanna frá störfum, taki bæði til reglulegra rannsóknaleyfa sem hefðbundið er að veita, sem og leyfi frá störfum af öðrum ástæðum, svo sem ef háskólakennari tekur tímabundið við öðru launuðu starfi.

Um 16. gr.

Ákvæði um dómnefndir byggjast á 18. gr. rammalaga um háskóla og áralangri framkvæmd. Ekki er reiknað með að menntamálaráðherra tilnefni fulltrúa sinn í dómnefndir eins og nú er samkvæmt núgildandi reglum um Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri og Kennaraháskóla Íslands. Á hinn bóginn gildir um dómnefndir samkvæmt þessu ákvæði að í þeim skal sitja a.m.k. einn fulltrúi sem ekki starfar við viðkomandi háskóla, sbr. 2. mgr. 18. gr. rammalaga um háskóla, nr. 63/2006.

Um 17. gr.

Eins og vikið er að í almennum athugasemdum við frumvarpið er gert ráð fyrir því að forsetar fari með ráðningarmál þeirra sem starfa við kennslu og rannsóknir. Sama gildir um slík störf við stofnanir sem heyra undir háskólaráð. Hér er um mikilvæga nýbreytni að ræða sem ætlað er að styrkja starfsemi þessara megineininga í rekstri háskóla.

Áfram er gert ráð fyrir því að veiting starfs sé ákveðin á grundvelli tillögu. Fyrirkomulag tillögugerðar verði hins vegar ekki ákveðin af lögum en fari samkvæmt reglum settum af háskólaráði. Er það í samræmi við núverandi skipan sem leyfir að valnefndir geri slíkar tillögur eða að þær séu afgreiddar á fundum í stjórnunareiningum.

Þegar um er að ræða auglýst störf byggist tillagan á því að velja þann úr hópi hæfra umsækjenda, samkvæmt áliti dómnefndar, sem best uppfyllir skilyrði auglýsingar. Er afar mikilvægt að ráðningarreglur, sem háskólaráð setur, greini skýrlega á milli þessara tveggja þrepa í ráðningarferlinu, þ.e. annars vegar að ákvarða hverjir umsækjenda uppfylla lágmarksskilyrði fyrir ráðningu, sem er hlutverk dómnefndar, og hins vegar að velja milli þeirra umsækjenda sem dómnefnd telur hæfa.

Lagt er til að áfram verði byggt á þeirri meginreglu að störf við kennslu og rannsóknir skuli auglýst en að víkja megi frá auglýsingaskyldunni í nánar afmörkuðum tilvikum. Eru þessi tilvik í samræmi við núgildandi reglur.

Í lokamálsgrein ákvæðisins er byggt á þeirri meginreglu gildandi laga sem heimilar tímabundna ráðningu til allt að fimm ára þegar störf við kennslu og rannsóknir eiga í hlut. Hér er um frávik að ræða frá meginreglu 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sem stutt hefur verið rökum um sérstöðu starfa háskólakennara og vísinda- og fræðimanna. Er þá byggt á því að tími sem þarf til undirbúnings slíku starfi og þjálfunar í því réttlæti lengri ráðningartíma en almennt er gengið út frá í lögum nr. 70/1996. Í ljósi reynslu af þessu ákvæði, sem m.a. hefur verið í lögum um Háskóla Íslands frá árinu 1999, er lagt til að framlengja megi tímabundna ráðningu um allt að tvö ár fram yfir fimm ára markið. Þessari heimild yrði einungis beitt þegar sérstaklega stendur á og í þeim tilvikum þegar framlenging á ráðningartíma þjónaði almennt hagsmunum viðkomandi skóla.

Um 18. gr.

Í ákvæðinu og 19. gr. er fjallað um nemendur opinberra háskóla. Byggt er á ákvæðum VII. kafla rammalaga um háskóla.

Hér er að finna ákvæði um innritun nemenda sem eru höfð nokkuð ítarlegri en í gildandi lögum en borið hefur á því að óvissa ríkti um það með hvaða hætti opinberir háskólar skuli haga inntöku nemenda.

Í 2. mgr. kemur fram að háskóla sé heimilt að víkja frá megininntökuskilyrðinu um stúdentspróf eða annað jafngilt próf. Þessi undanþáguheimild hefur verið í lögum um langa hríð.

Í 3. mgr. eru talin upp í fimm liðum þau atriði sem reglur háskóla þurfa að kveða á um inntöku nemenda. Eru þessi fyrirmæli í samræmi við það hvernig gildandi lög hafa verið framkvæmd. Ákvarðanir um inntöku í opinbera háskóla teljast stjórnvaldsákvarðanir í skilningi laga og er því brýnt að vel sé hugað að heimildum og málsmeðferð, m.a. um inntökupróf, fjöldatakmarkanir o.fl.

Í 4. mgr. kemur fram að reglur um fjöldatakmörkun og inntöku á grundvelli undanþágu skulu settar fyrir fram fyrir hvert háskólaár að teknu tilliti til forsendna háskóla til þess að veita kennslu á viðkomandi námsleið. Tilvísun greinarinnar er ætlað að taka af tvímæli um það að háskóla sé heimilt að takmarka inntöku nemenda ef skortur er á kennslukrafti eða aðstöðu innan háskóla. Nokkur vafi hefur þótt leika á um þetta atriði í núgildandi lögum.

Um 19. gr.

Ákvæðið byggist að mestu leyti á VII. kafla laga um háskóla og ákvæðum gildandi laga, sbr. IV. kafla laga um Háskólann á Akureyri. Rétt er þó að undirstrika að gert er ráð fyrir því að forseti þeirrar deildar þar sem nemandi er skráður fari með agavald gagnvart nemendum í deildum í viðkomandi skóla. Er þetta breyting frá núgildandi lögum sem miða við að það sé rektor einn sem fari með heimildir til þess að beita viðurlögum. Breytingin þykir hins vegar eðlileg í ljósi þess að ákvarðanir í málum nemenda séu almennt teknar sem næst vettvangi.

Um 20. gr.

Ákvæðið byggist á ákvæðum laga um háskóla, einkum 6. gr. þeirra laga. Í samræmi við þá stefnu að skólar hafi svigrúm til þess að haga kennslu í sem bestu samræmi við þarfir einstakra greina er tekið af skarið um að missiraskipting geti verið mismunandi milli skóla. Þetta gefur m.a. möguleika á því að taka upp sumarmissiri í tilteknum greinum að öðrum skilyrðum uppfylltum.

Í 2. mgr. kemur fram að kennsla skal fara fram í námskeiðum sem metin eru í einingum í samræmi við fyrirmæli laga nr. 63/2006. Hér er vísað til 6. gr. þeirra laga þar sem segir m.a. að 60 námseiningar svari að jafnaði til fulls náms á ársgrundvelli og endurspegli alla námsvinnu nemenda. Þessi viðmið byggjast á ECTS-einingakerfinu sem með þessu leysir af hólmi fyrirkomulag samkvæmt eldri lögum sem gerðu ráð fyrir 30 einingum á ári í fullu námi. Yfirfærsla milli kerfa verður hins vegar auðveld enda hafa opinberu háskólarnir um skeið notað ECTS-einingar til jafns við hinar.

Um 21. gr.

Hér eru tekin saman ýmis ákvæði um próf og mat á námi. Gert er ráð fyrir því að hver háskóli setji ítarlegri reglur á grundvelli ákvæðisins, m.a. um viðurkenningu erlendra prófa, inntöku- og undirbúningspróf, einkunnir og annað er að prófum lýtur, enn fremur um náms-

framvindu og hámarkstímalengd í námi, sbr. 4. mgr. greinarinnar. Efni þessara ákvæða eru í stórum dráttum í samræmi við núgildandi lög.

Um 22. gr.

Í ákvæðinu kemur fram að um prófgráður, sem háskóla er heimilt að veita, fari samkvæmt lögum um háskóla, nr. 63/2006. Háskólaráði er heimilt að setja nánari reglur um prófgráður á grundvelli þeirra telji ráðið þess þörf. Mundi slíkt t.d. koma til álita vegna prófgráðna sem veittar eru í tengslum við endurmenntun.

Um 23. gr.

Samkvæmt ákvæðinu er gert ráð fyrir að háskólar hafi rétt til að veita doktorsnafnbót í heiðursskyni og að slík nafnbót verði einungis veitt samkvæmt tillögu stjórnar fræðasviðs og með samþykki háskólaráðs. Í þessu efni er byggt á gildandi lögum.

Um 24. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um fjármögnun háskóla og byggist það að meginstefnu á núverandi fyrirkomulagi sem gilt hefur um Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri. Tekið er fram að menntamálaráðherra geri tillögur til hvers skóla til að mæta útgjöldum til kennslu, rannsókna og annarra verkefna. Er þannig gert ráð fyrir að opinberir háskólar skipuleggi starfsemi sína og einstök verkefni innan þess ramma sem ræðst af fjárveitingum á fjárlögum, öðrum framlögum og eigin tekjum, sbr. 2. mgr.

Í 2. mgr. eru teknar saman á einn stað þær heimildir sem opinberir háskólar hafa til gjaldtöku. Er það í samræmi við 2. mgr. 22. gr. laga um háskóla. Hér ber að undirstrika að um er að ræða heimildir til töku þjónustugjalda sem ætlað er að mæta þeim tilkostnaði sem hlýst af því að veita umrædda þjónustu. Þau rök sem búa hér að baki byggjast á því að rétt sé að virkja kostnaðarvitund, einkum nemenda og starfsmanna háskólanna, og á gjaldtakan að vera stjórntæki til að stýra eftirspurn eftir þeirri þjónustu sem um er að ræða hverju sinni.

Í fyrsta lagi er í a-lið áfram byggt á því að háskólar hafi heimild til innheimtu skrásetningargjalds. Gjaldið er í eðli sínu þjónustugjald, sbr. álit umboðsmanns Alþingis í máli nr. 836/1993, sem m.a. er ætlað að mæta útgjöldum vegna skráningar og ýmiss konar þjónustu við nemendur sem ekki telst til kostnaðar við kennslu og rannsóknastarfsemi. Hámark þjónustugjaldsins er þó takmarkað við ákveðna fjárhæð. Lögð er til sú breyting í 4. mgr. að háskólaráð einstakra skóla geta gert tillögu til menntamálaráðherra um breytingar á hámarksfjárhæð skrásetningargjaldsins. Með því er leitast við að gera háskólaráð skólanna virkara við ákvörðun gjaldsins. Það er síðan menntamálaráðherra sem getur fylgt eftir tillögunum með því að leggja þær fyrir Alþingi í formi lagafrumvarps. Í þessu felst þó ekki takmörkun á rétti ráðherra til þess að leggja fram að eigin frumkvæði tillögur fyrir Alþingi um breytingar á fjárhæð gjaldsins. Með þessu fyrirkomulagi er einnig gert ráð fyrir því að fjárhæð skrásetningargjalda geti verið mismunandi eftir skólum. Miðað er við að hámark gjaldsins megi vera 45.000 kr. við skráningu í nám en það er sú fjárhæð sem miðað er við í gildandi lögum, sbr. 1. gr. laga nr. 132/2004, og áfram er byggt á því að hámark gjaldsins verði ákveðið af Alþingi. Að því er varðar grundvöll og fjárhæð gjaldsins er byggt á sama grundvelli og greinir í 3. mgr. 13. gr. laga, um Háskóla Íslands, og fyrst var ákveðið með lögum nr. 29/1996.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir að háskólar megi innheimta gjöld til að standa undir útgáfu staðfestra vottorða, gerð, fyrirlögn og yfirferð stöðu-, inntöku-, upptöku- og fjarprófa. Um stöðu- og inntökupróf er m.a. fjallað í c-lið 3. mgr. 18. gr. frumvarpsins. Talið er rétt að há-

skólar fái slíka heimild, en í framkvæmd hefur m.a. sýnt sig að háskólar geta þurft að leggja út í umtalsverðan kostnað vegna framangreindra prófa, sbr. t.d. álit umboðsmanns Alþingis í máli nr. 3805/2003, þar sem fjallað var um heimild til töku próftökugjalds vegna inntökuprófs við læknadeild Háskóla Íslands.

Í þriðja lagi er í c-lið byggt á því að háskólar hafi heimild til innheimtu gjalds fyrir þjónustu sem telst utan þeirrar þjónustu sem háskóla er skylt að veita. Ákvæðið er samhljóða 1. málsl. 1. mgr. 18. gr. laga um Háskóla Íslands og 1. málsl. 1. mgr. 14. gr. laga um Háskóla Íslands og þarfnast ekki skýringa.

Í fjórða lagi er í d-lið lagt til að háskóla verði heimilt að taka gjald fyrir þjónustu sem háskóli veitir og er grundvölluð á samningi við menntamálaráðuneytið, sbr. d-lið 2. mgr. 21. gr. laga um háskóla. Ákvæðið er nýmæli og er m.a. ætlað að taka til verkefna er fela í sér þjónustu sem háskóli tekur að sér að veita á grundvelli samnings við menntamálaráðuneytið. Hér má nefna sem dæmi að verði frumvarp menntamálaráðherra um brottfall laga nr. 25/1921, um einkarétt Háskóla Íslands til útgáfu almanaks, að lögum verður unnt að fela Háskóla Íslands áfram útgáfu almanaksins með samningi sem áður er lýst. Í slíkum tilvikum fengi háskólaráð heimild til þess að ákveða innheimtu gjalds fyrir þjónustu sem það veitir vegna útgáfu almanaksins.

Í fimmta lagi er í e-lið mælt fyrir um heimild til töku gjalds fyrir endurmenntun og fræðslu fyrir almenning. Ákvæðið er samhljóða ákvæði 2. málsl. 1. mgr. 18. gr. laga um Háskóla Íslands og þarfnast ekki skýringar.

Í lokamálsgrein ákvæðisins er kveðið á um heimild háskólaráðs til þess að setja nánari reglur um ráðstöfun gjalda samkvæmt greininni. Er sérstaklega tekið fram að háskólaráð geti annars vegar mælt fyrir um lækkun skrásetningargjalds til tekjulítilla stúdenta er búa við örorku eða fötlun eins og hún er skilgreind í lögum um málefni fatlaðra. Þykir rétt að veita háskólaráði þetta svigrúm og að um slíkar undanþágur sé mælt fyrir um í reglum skólans en með því er tryggt að jafnræðis sé gætt meðal stúdenta. Þá er einnig gert ráð fyrir því að háskólaráði verði heimilt að ráðstafa hluta skrásetningargjaldsins til félagssamtaka stúdenta. Er þetta talið nauðsynlegt vegna fyrirmæla 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 33/1968, um Félagsstofnun stúdenta við Háskóla Íslands, þar sem háskólaráði er veitt heimild til ráðstöfunar hluta skrásetningargjalds til Félagsstofnunar stúdenta við Háskóla Íslands.

Um 25. gr.

Sambærilegt ákvæði er að finna í gildandi lögum um Háskóla Íslands og lögum um Háskólann á Akureyri.

Um 26. gr.

Ákvæði 1. mgr. 23. gr. eru að mestu samhljóða gildandi lögum og þarfnast ekki sérstakra skýringa. Rétt er þó að benda á niðurlag 1. mgr. þar sem fram kemur að háskólaráð geti veitt skóla, stofnun eða öðrum aðila innan háskóla umboð til að fara með eignarhluti skólans í fyrirtækjum. Er þetta eðlileg skipan til þess að nýta sérþekkingu sem til staðar er innan háskóla. Gert er ráð fyrir að umboð háskólaráðs sé bundið í fyrirmæli og afturkallanlegt.

Ákvæði 2. mgr. er viðbót við gildandi lög í ljósi vaxandi sértekna háskóla. Rétt er að háskóli hafi möguleika til þess að eyrnamerkja tekjur af afmörkuðum verkefnum og ráðstafa þeim til sérstakra rannsóknar- og þróunarsjóða. Um rekstrarform slíkra sjóða fer eftir lögum en þá má starfrækja á einkaréttarlegum grunni.

Í 3. mgr. er ákvæði sem heimilar háskólum að eiga í margvíslegu samstarfi við fyrirtæki og stofnanir. Ákvæðið er í gildandi lögum, m.a. 19. gr. laga nr. 41/1999, um Háskóla Íslands. Þýðing þess er ekki síst fólgin í því að koma megi á fót fyrirkomulagi gestastarfa við háskóla sem og sameiginlegum störfum *(joint appointments)* í þá veru sem hefð er fyrir í samstarfi háskóla og sjúkrahúsa.

Um 27. gr.

Ákvæði 24. gr. eru samhljóða gildandi lögum um opinbera háskóla og í samræmi við 23. gr. rammalaga um háskóla. Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 28. gr.

Í 1. mgr. kemur fram að reglur þær sem háskólaráð setur samkvæmt lögum þessum skuli birtar í B-deild Stjórnartíðinda. Ákvæðið er samhljóða gildandi lögum um opinbera háskóla, sbr. t.d. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 41/1999, um Háskóla Íslands, og þarfnast ekki skýringa.

Í 2. mgr. er vikið að samningu og birtingu kennsluskrár. Gengið er út frá því að þau verkefni verði á forræði skóla fremur en einstakra deilda eins og er samkvæmt gildandi reglum. Er það í samræmi við markmið frumvarpsins um að skólar verði sýnilegir sem öflugar megineiningar háskóla. Í ákvæðinu kemur einnig fram að árlega skuli gefin út kennsluskrá fyrir háskóla í heild. Þessi útgáfa er m.a. til upplýsingar fyrir stjórnvöld enda er mælt fyrir um hana í 24. gr. rammalaga um háskóla.

Um 29. gr.

Verði frumvarp þetta að lögum er lagt til að þau öðlist þegar gildi og komi að fullu til framkvæmda 1. júlí 2008. Um leið munu Háskóli Íslands og Kennaraháskóli Íslands sameinast, sbr. lög um það efni nr. 37 27. mars 2007. Gert er ráð fyrir að unnið verði að innleiðingu stjórnskipulags fyrir sameinaðan skóla í samræmi við fyrirmæli frumvarpsins, verði það að lögum, og að teknu tilliti til þess sem fram kemur í ákvæðum til bráðabirgða.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Rétt þykir að taka af allan vafa í 1. mgr. að þrátt fyrir brottfall laga um Háskóla Íslands og um Háskólann á Akureyri þá verði engin breyting á störfum þeirra sem hafa verið ráðnir eða eftir atvikum skipaðir við skólana við gildistöku laganna.

Þá þykir einnig rétt að gera ráð fyrir því að starfandi háskólar hafi tækifæri til þess að undirbúa gildistöku laganna strax við birtingu þeirra í Stjórnartíðindum með því að undirbúa nauðsynlegar breytingar á innra skipulagi skólanna, sbr. 4. gr. frumvarpsins, þar á meðal að auglýsa eftir forsetum deilda, sbr. 11. og 12. gr.

Í 3. mgr. er að finna ákvæði um gildi reglna sem settar hafa verið í tíð þeirra laga sem fyrirliggjandi frumvarp mun leysa af hólmi verði það að lögum. Reiknað er með að lokið hafi verið við setningu nýrra reglna þegar lögin koma að fullu til framkvæmda þann 1. júlí 2008. Í ljósi þess er ekki talin þörf á að kveða á um frekari tímamörk í þessu sambandi. Þá er í 4. mgr. gert ráð fyrir því að Háskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri skuli fyrir árslok 2008 laga innra skipulag sitt að ákvæðum 4. gr. frumvarpsins um skóla. Loks er í lokamálsgrein ákvæðisins tekið fram að ákvæði laga nr. 57/1999, um búnaðarfræðslu, skuli endurskoðuð fyrir árslok 2009.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um opinbera háskóla.

Með frumvarpinu eru lagaákvæði um ríkisháskóla færð til samræmis við þann almenna lagaramma um starfsemi háskóla sem ákvarðaður var með lögum nr. 63/2006, um háskóla. Helstu nýmæli frumvarpsins eru að skólar verða megineiningar í starfsemi háskóla. Samhliða því verður til nýtt starf, forseti skóla. Skólar verða sjálfstæðir um fagleg og rekstrarleg málefni innan þeirra marka sem ákvörðuð eru af háskólaráði. Deildir verða grunneiningar skóla og bera faglega ábyrgð á háskólakennslu og rannsóknum. Rektor ræður forseta skóla og forseti ræður deildarformenn. Við skóla verður heimilt að starfrækja sérstakar háskólastofnanir og rannsóknastofur.

Fjármálaráðuneytið telur frumvarpið hafa óveruleg áhrif á rekstrarkostnað háskóla. Gert er ráð fyrir að stjórnsýsla þeirra verði skilvirkari og skili betri þjónustu en þó ekki endilega fjárhagslegri hagræðingu. Í frumvarpinu eru tekin af öll tvímæli um að skólum sé heimilt að innheimta gjöld til að standa undir kostnaði við inntökupróf. Þau gjöld munu þó hafa óveruleg áhrif á tekjur skólanna. Er því gert ráð fyrir að kostnaður ríkissjóðs af lögfestingu frumvarpsins sé óverulegur og verði látinn rúmast innan gildandi fjárlagaramma menntamálaráðuneytis.

848. Frumvarp til laga [547. mál]

um uppbót á eftirlaun.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

I. KAFLI
Markmið og gildissvið.

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að tryggja einstaklingum sem eiga takmörkuð eða engin réttindi til eftirlauna frá lífeyrissjóðum tiltekna uppbót á eftirlaun sem greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.
Gildissvið.

Einstaklingur sem á takmarkaðan eða engan rétt til eftirlauna frá lífeyrissjóði getur öðlast rétt á greiðslum samkvæmt lögum þessum, enda uppfylli hann eftirfarandi skilyrði við lok viðmiðunarárs:

a. hafi náð 67 ára aldri,
b. sé búsettur á Íslandi og
c. hafi búið á Íslandi í 10 ár samtals frá 16 ára aldri.

Eigi einstaklingur réttindi í lífeyrissjóði getur hann einungis öðlast rétt til uppbótar samkvæmt lögum þessum hafi hann hafið töku þeirra eftirlauna sem hann á rétt til.

Með búsetu samkvæmt þessari grein er átt við lögheimili í skilningi lögheimilislaga.

3. gr.
Skilgreiningar.

Í lögum þessum merkir:

1. *Eftirlaun:* Ellilífeyrisgreiðslur úr lífeyrissjóðum samkvæmt lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, og sambærilegar ellilífeyrisgreiðslur erlendis frá.
2. *Lífeyrissjóður:* Aðili sem veitir viðtöku skyldubundnu iðgjaldi til greiðslu eftirlauna (ellilífeyris) til æviloka, sbr. lög nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Til lífeyrissjóða skal í þessu sambandi einnig telja erlenda aðila sem veita einstaklingum sambærileg réttindi.
3. *Uppbót á eftirlaun:* Fjárhæð sem greidd er út með reglubundnum hætti að lokinni álagningu opinberra gjalda fyrir viðmiðunarár.
4. *Viðmiðunarár:* Næstliðið tekjuár á undan álagningarári.
5. *Greiðslutímabil:* Tímabil sem greiðsla uppbótar skiptist niður á og hefst fyrsta almanaksmánuð að lokinni álagningu á álagningarári. Greiðslutímabil byrjar að jafnaði í ágúst ár hvert og lýkur í júlí árið eftir.

II. KAFLI
Eftirlaunauppbót.

4. gr.
Fjárhæð.

Uppbót á eftirlaun einstaklinga sem uppfylla skilyrði 2. gr. skal ákvarða þannig að frá því sem á vantar að eftirlaun þeirra úr lífeyrissjóðum nemi að meðaltali 25.000 kr. á mánuði, eða 300.000 kr. á ári miðað við heilt ár, skal draga eigin tekjur eins og nánar er kveðið á um í 5. gr. Þeir sem engan rétt eiga til eftirlauna hjá lífeyrissjóði skulu njóta sambærilegra réttinda.

5. gr.
Ákvörðun uppbótar á eftirlaun.

Ákvörðun um uppbót á eftirlaun skal miðast við tekjur viðmiðunarárs samkvæmt skattframtali.

Tekjur skv. A- og B-lið 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, að teknu tilliti til ákvæða 28. gr. sömu laga um hvað ekki telst til tekna, frádráttarliða skv. 1., 3., 4. og 5. tölul. A-liðar 1. mgr. 30. gr. og 31. gr. sömu laga og undantekninga eða takmarkana samkvæmt sérlögum, skulu koma til lækkunar á þeirri fjárhæð sem kveðið er á um í 4. gr.

Jafnframt skal helmingur tekna skv. C-lið 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, að teknu tilliti til ákvæða 28. gr. sömu laga um hvað ekki telst til tekna og undantekninga eða takmarkana samkvæmt sérlögum, koma til lækkunar þeirri fjárhæð sem kveðið er á um í 4. gr. Þegar um hjón eða samskattað fólk er að ræða skal þó skipta sameiginlegum fjármagnstekjum skv. 3. mgr. 66. gr. laga nr. 90/2003 jafnt á milli þeirra þegar tekjuviðmiðun samkvæmt þessari málsgrein er fundin.

Ekki teljast til tekna, þrátt fyrir ákvæði 2. mgr., eftirlaun úr lífeyrissjóðum, bætur samkvæmt almannatryggingum eða fjárhagsaðstoð sveitarfélaga.

Nú hefur einstaklingur hafið töku eftirlauna á viðmiðunarári og skal þá eingöngu greiða uppbót vegna þeirra mánaða viðmiðunarársins sem viðkomandi fékk greidd eftirlaun. Við

ákvörðun um viðmið skal, varðandi tekjur skv. 2. mgr., miða við þær tekjur sem til féllu eftir að viðkomandi hóf töku eftirlauna, en varðandi tekjur skv. 3. mgr. skal miða við meðalmánaðartekjur margfaldaðar með þeim fjölda mánaða sem viðkomandi fékk greidd eftirlaun á viðmiðunarárinu. Þegar um er að ræða einstakling sem engin réttindi á í lífeyrissjóðum skal með sama hætti miða við fyrsta dag þess mánaðar þegar viðkomandi nær 67 ára aldri.

6. gr.

Framkvæmd og greiðslutilhögun.

Uppbót á eftirlaun skal ákvörðuð við álagningu og skal hún teljast til skattskyldra tekna viðmiðunarárs. Við skattlagningu samkvæmt lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og ákvörðun um bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, skal farið með greiðslur samkvæmt lögum þessum sem ellilífeyrisgreiðslur úr lífeyrissjóði, sbr. lög nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Uppbót á eftirlaun sem ákvörðuð er skv. 5. gr. skal að jafnaði greiða með 12 jöfnum mánaðarlegum greiðslum fyrsta virkan dag hvers mánaðar. Þó skal greiða með færri greiðslum sé mánaðarleg fjárhæð lægri en 2.000 kr.

Fyrsta greiðsla hvers greiðslutímabils skal fara fram í mánuðinum eftir að álagning liggur fyrir.

Fjársýsla ríkisins annast greiðslur uppbótar á eftirlaun.

7. gr.

Leiðrétting greiðslna.

Hafi breytingar orðið á tekjum einstaklings sem ákvörðun um uppbót á eftirlaun er byggð á skal uppbót endurákvörðuð af hálfu skattyfirvalda.

Hafi einstaklingur fengið hærri uppbót en hann átti rétt á skal honum gert að endurgreiða þá fjárhæð sem ofgreidd var að viðbættu 10% álagi. Álagið skal þó fellt niður ef viðkomandi færir rök fyrir því að honum verði eigi kennt um þá annmarka er leiddu til endurákvörðunar uppbótar. Greiðsla uppbótar kemur ekki til útborgunar sé fjárhæð hennar lægri en 500 kr. á ársgrundvelli.

Heimilt er að draga ofgreiðslu uppbótar frá uppbót sem einstaklingur öðlast rétt til síðar. Um innheimtu ofgreiðslu fer að öðru leyti skv. 111. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja kröfur um greiðslur samkvæmt lögum þessum og ekki má leggja á þær löghald eða gera í þeim fjárnám eða halda eftir til greiðslu opinberra gjalda.

Hafi rétthafi fengið lægri uppbót en honum bar samkvæmt ákvörðun skattyfirvalda skal greiða honum þá fjárhæð sem vangreidd var ásamt vöxtum fyrir það tímabil sem féð var ógreitt, enda verði viðkomandi eigi kennt um að vangreitt var. Skulu vextir þessir vera jafnháir vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður og birtir á hverjum tíma skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.

Sama á við þegar úrskurður ríkisskattstjóra leiðir til þess að einstaklingur á rétt á uppbót en hafi áður verið synjað um hana eða reiknuð lægri uppbót. Hafi uppbót verið vangreidd vegna skorts á upplýsingum sem rétthafa verður kennt um falla vextir niður.

III. KAFLI
Stjórnsýsla.

8. gr.
Framkvæmdaraðili.

Skattstjóri í hverju umdæmi fer með framkvæmd laga þessara.

9. gr.
Afgreiðsla skattstjóra.

Ákvörðun um uppbót eftirlauna skal byggjast á upplýsingum skattframtals og liggja fyrir við álagningu opinberra gjalda ár hvert og skal hún miðast við þann dag sem rétthafi hefur uppfyllt skilyrði laga þessara.

Lífeyrissjóðir skulu eigi síðar en 1. apríl ár hvert senda ríkisskattstjóra skrá, á því formi sem ríkisskattstjóri ákveður, yfir alla þá sjóðfélaga sem náð höfðu 67 ára aldri á næstliðnu tekjuári, ásamt upplýsingum um hvort greiðslur eftirlauna séu hafnar. Að öðru leyti skulu lífeyrissjóðir veita skattyfirvöldum nauðsynlegar upplýsingar til ákvörðunar á fjárhæð uppbótar á eftirlaun.

Liggi ekki fyrir fullnægjandi upplýsingar að mati skattstjóra til að ákvarða uppbót á eftirlaun skal skattstjóri gera einstaklingi viðvart um hugsanlegan rétt hans til greiðslu uppbótar samkvæmt lögum þessum.

Um málsmeðferð fer að öðru leyti eftir 96. og 97. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, eftir því sem við á.

10. gr.
Kæruheimild.

Sé uppi ágreiningur um ákvörðun skattstjóra á uppbót til eftirlauna er hún kæranleg til skattstjóra innan 30 daga frá dagsetningu ákvörðunar.

Úrskurð skattstjóra má kæra til ríkisskattstjóra innan 30 daga frá dagsetningu úrskurðar.

Úrskurður ríkisskattstjóra er lokaákvörðun á stjórnsýslustigi.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

11. gr.
Reglugerð.

Fjármálaráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd þessara laga með reglugerð.

12. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Greiðsla uppbótar samkvæmt lögum þessum skal fara fram í fyrsta skipti í ágúst 2008.

Ákvæði til bráðabirgða.

Lífeyrissjóðir skulu eigi síðar en 1. júlí 2008 senda ríkisskattstjóra þær upplýsingar sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 9. gr. að því er varðar tekjuárið 2007.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 23. maí 2007 um fyrstu aðgerðir í þágu aldraðra og öryrkja er kveðið á um að ríkissjóður tryggi ellilífeyrisþegum lífeyri að lágmarki 25 þúsund krónur á mánuði frá lífeyrissjóði eða sambærilega réttarbót með öðrum hætti. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 5. desember 2007 segir enn fremur að ríkissjóður muni „tryggja að ellilífeyrisþegar fái að lágmarki 25 þúsund krónur á mánuði frá lífeyrissjóði frá 1. júlí 2008“. Frumvarpi þessu er ætlað að hrinda þessum áformum í framkvæmd og bæta kjör þeirra sem fá takmarkaðar eða engar greiðslur úr lífeyrissjóðum.

Í frumvarpinu er lagt til að uppbót á eftirlaun verði greidd þeim sem hafa engin eftirlaun úr lífeyrissjóði eða eftirlaun sem ekki ná tiltekinni viðmiðunarfjárhæð, 25.000 kr. á mánuði, að teknu tilliti til annarra tekna. Réttur til uppbótar á eftirlaun er tengdur aldri með þeim hætti að hafi einstaklingur náð 67 ára aldri og þegar hafið töku eftirlauna úr lífeyrissjóði gæti hann átt rétt til greiðslu uppbótar á þau eftirlaun svo fremi sem hann hefur ekki aðrar tekjur, svo sem atvinnutekjur eða fjármagnstekjur, yfir tilteknum mörkum og uppfyllir tiltekin búsetuskilyrði. Bætur almannatrygginga hafa þó ekki áhrif á þennan rétt. Einstaklingar 67 ára og eldri sem eiga engin réttindi til eftirlauna úr lífeyrissjóði öðlast einnig þennan rétt. Talið er að um 2.600 ellilífeyrisþegar njóti ekki eftirlauna úr lífeyrissjóðum sem stendur og að samtals muni um 5.000 einstaklingar falla undir gildissvið frumvarpsins.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að skattyfirvöld reikni út uppbót á eftirlaun samhliða álagningu opinberra gjalda sem alla jafna liggur fyrir 1. ágúst ár hvert. Útreikningur uppbótar byggist á tekjum næstliðins árs og samhliða er reiknaður af henni tekjuskattur og útsvar sem dregst frá uppbótinni áður en hún er greidd út með jöfnum greiðslum í 12 mánuði að lokinni álagningu opinberra gjalda. Verði frumvarpið að lögum mun uppbót vegna ársins 2007 greiðast út með þeim hætti að fyrsta greiðsla kemur 1. ágúst 2008 og sú síðasta 1. júlí 2009.

Sem fyrr segir má gera ráð fyrir að um 5.000 einstaklingar muni fá uppbót á eftirlaun verði frumvarpið að lögum, þar af er áætlað að um 2.600 einstaklingar hafi fullan rétt. Uppbótin mun hins vegar skerða bætur almannatrygginga með sama hætti og greiðslur eftirlauna úr lífeyrissjóðum, þ.e. ellilífeyrir er óskertur en tekjutrygging og heimilisuppbót er skert með tilteknum hætti. Að teknu tilliti til skatta og áhrifa eftirlaunauppbótarinnar á bætur almannatrygginga er talið að upptaka uppbótar á eftirlaun kosti ríkissjóð rúman hálfan milljarð króna á ári.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. kemur fram að markmið þessa frumvarps sé að tryggja tilteknum hópi einstaklinga sem komnir eru á eftirlaunaaldur tiltekna uppbót á eftirlaun í því skyni að bæta lífskjör þeirra og stuðla að fjárhagslegu öryggi þeirra. Gert er ráð fyrir að með þessu verði bætt staða þeirra einstaklinga sem ekki hafa náð að afla sér nægilegra lífeyrisréttinda, m.a. vegna vinnu við heimilisstörf eða skertrar starfsgetu. Enda þótt sú uppbót á eftirlaun sem hér um ræðir greiðist úr ríkissjóði eru sjónarmiðin að baki henni þau að hún komi til viðbótar greiðslum eftirlauna úr lífeyrissjóðum og sé meðhöndluð sem slík í skattalegu tilliti og gagnvart bótum almannatrygginga.

Um 2. gr.

Með greininni er kveðið á um að lögin taki til einstaklinga sem náð hafa 67 aldri og eiga takmarkaðan eða engan rétt til eftirlauna úr lífeyrissjóðum. Uppfylli einstaklingur skilyrði

greinarinnar getur hann átt rétt á uppbót samkvæmt lögunum. Miðað er við að viðkomandi hafi búið hér á landi samtals í 10 ár frá 16 ára aldri og sé jafnframt búsettur á Íslandi þegar viðmiðunarári lýkur. Einstaklingur sem á réttindi í lífeyrissjóði skal hafa byrjað töku þeirra til þess að geta átt rétt til uppbótar. Almennt má gera ráð fyrir því að sjóðfélagi í lífeyrissjóði hafi þurft að greiða lífeyrissjóðsiðgjöld í um 10 til 15 ár til þess að eiga rétt á 25.000 kr. eftirlaunum á mánuði úr lífeyrissjóði. Með því að miða við 10 ára búsetu er komið til móts við þá sem hér hafa búið en hafa þrátt fyrir það ekki náð þessum réttindum. Til samanburðar má nefna að óskertur ellilífeyrir samkvæmt lögum nr. 100/2007, um almannatryggingar, miðast við 40 ára búsetu á Íslandi á aldrinum 16 til 67 ára og skerðast greiðslur hlutfallslega ef um skemmri búsetu er að ræða.

Um 3. gr.

Í greininni er að finna skýringar á helstu grunnhugtökum frumvarpsins. Greinin þarfnast ekki nánari skýringar.

Um 4. gr.

Samkvæmt þessari grein skal uppbót á eftirlaun hjá einstaklingum, sem uppfylla skilyrði 2. gr., ákvörðuð þannig að frá þeirri fjárhæð sem upp á vantar að eftirlaun úr lífeyrissjóði nemi 300.000 kr. á ári miðað við heilt ár, eða 25.000 kr. á mánuði að meðaltali, skal draga eigin tekjur að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Sambærilegar greiðslur eftirlauna erlendis frá ber að telja til eftirlauna úr lífeyrissjóðum við ákvörðun uppbótar.

Um 5. gr.

Þessi grein fjallar um ákvörðun uppbótar á eftirlaun, en hún byggist á tekjum viðmiðunarárs samkvæmt skattframtali. Hér er nánar kveðið á um útreikning uppbótarinnar eftir að frumákvörðun hennar skv. 4. gr., sem tekin er á grundvelli eftirlauna úr lífeyrissjóðum á viðmiðunarári, liggur fyrir. Til lækkunar á þeirri fjárhæð koma aðrar tekjur viðmiðunarárs samkvæmt forsendum sem nánar er lýst hér á eftir. Ákvæði greinarinnar um tillit til annarra tekna eru að mörgu leyti sambærileg við ákvæði 1. mgr. 16. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar.

Með 2. mgr. er lagt til að tekjur skv. A- og B-hluta 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, m.a. atvinnutekjur, koma í jöfnu hlutfalli til frádráttar þeirri fjárhæð sem á vantar til þess að greiðslur eftirlauna úr lífeyrissjóðum nái 25.000 kr. markinu, sbr. 4. gr. Þó skal undanskilja tilteknar tekjur frádrætti, þ.e. eftirlaun frá lífeyrissjóðum, enda hefur þegar verið tekið tillit til þeirra í 4. gr., bætur almannatrygginga og fjárhagsaðstoð sveitarfélaga.

Jafnframt er í 3. mgr. lagt til að helmingur fjármagnstekna komi til frádráttar frá framangreindum mismun. Þegar um hjón eða samskattað fólk er að ræða er sameiginlegum fjármagnstekjum skipt jafnt á milli þeirra, en fjármagnstekjur eru skv. 62. gr. tekjuskattslaga, nr. 90/2003, taldar til tekna hjá þeim sem hefur hærri tekjur skv. A-lið 7. gr. laganna.

Í 5. mgr. er lagt til að einungis skuli greiða uppbót á eftirlaun vegna þess hluta viðmiðunarárs sem viðkomandi hefur fengið greidd eftirlaun. Taka skal tillit til þeirra tekna einstaklingsins sem hlutfallslega geta talist til þess tímabils á árinu. Einungis verður litið til þess hluta tekna, annarra en fjármagnstekna, sem til falla eftir að viðkomandi byrjar töku eftirlauna. Tekið verður tillit til þess hlutfalls fjármagnstekna viðmiðunarárs sem heyra til tímabilsins eftir að viðkomandi byrjaði töku eftirlauna. Í þeim tilvikum þegar einstaklingur á engan rétt til eftirlauna verður á sama hátt miðað við þann mánuð þegar viðkomandi nær 67 ára aldri.

Um 6. gr.

Greinin fjallar um hvernig úthluta skuli þeirri fjárhæð sem ákvörðuð hefur verið í formi uppbótar á eftirlaun til þeirra einstaklinga sem rétt eiga samkvæmt frumvarpinu. Fram kemur að sú fjárhæð sem ákvörðuð er teljist til tekna þess árs sem hún byggist á og sé skattlögð til samræmis við það eins og hver önnur eftirlaun. Þrátt fyrir að eftirlaunauppbótin samkvæmt frumvarpinu skuli, hvað skattlagningu varðar, teljast til tekna viðmiðunarárs skerðir hún ekki þá tekjutryggingu og heimilisuppbót sem Tryggingastofnun greiðir vegna viðmiðunarársins, heldur er gert ráð fyrir að sú skerðing sem uppbótin kann að leiða til komi fram á greiðslutímabili uppbótarinnar.

Í greininni er einnig kveðið á um greiðslufyrirkomulag uppbótarinnar. Lagt er til að henni verði skipt í jafnar mánaðarlegar greiðslur þar sem hver greiðsla verður að jafnaði ekki lægri en 2.000 kr. Heildarfjárhæðin sem skiptist með þessum hætti er uppbót vegna viðmiðunarárs að frádregnum tekjuskatti og útsvari. Að jafnaði skulu fara fram tólf greiðslur á greiðslutímabili, en færri ef hver greiðsla nær ekki 2.000 kr. Greiðslur hefjast að lokinni álagningu opinberra gjalda, að jafnaði 1. ágúst á hvert. Fjársýsla ríkisins annast greiðslur uppbótar á eftirlaun.

Um 7. gr.

Greinin tekur til þeirrar endurskoðunar sem fram þarf að fara breytist forsendur fyrir ákvörðun uppbótar á eftirlaun, hvort heldur er um að ræða ákvörðun um van- eða ofgreiðslu. Þar er fyrst og fremst byggt á ákvæðum tekjuskattslaga um sama efni. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringar.

Um 8. gr.

Í greininni er kveðið á um að umsýsla samkvæmt lögunum sé í höndum skattstjóra.

Um 9. gr.

Fram kemur í greininni að uppbót á eftirlaun verði ákvörðuð af skattstjóra án sérstakrar umsóknar frá rétthafa. Með því er rétthöfum gert auðveldara að nálgast umrædd réttindi án fyrirhafnar. Mælt er fyrir um skyldur íslenskra lífeyrissjóða til þess að upplýsa skattyfirvöld á hverju ári um þá einstaklinga sem eiga réttindi hjá viðkomandi sjóði og náð hafa þeim aldri að geta átt rétt á uppbót á eftirlaun. Jafnframt hvort framangreindir einstaklingar hafi byrjað töku eftirlauna sem þeir eiga rétt til, en það er eitt af skilyrðunum fyrir greiðslu uppbótar.

Í greininni eru einnig innleiddar reglur tekjuskattslaga um andmælafresti, endurupptöku og boðanir vegna endurálagningar og sömuleiðis er mælt fyrir um að skattstjóri kalli eftir viðbótarupplýsingum frá einstaklingum í þeim tilvikum þar sem óljóst er hvort réttur til greiðslna samkvæmt lögunum er til staðar. Að öðru leyti skal framkvæmd taka mið af ákvæðum tekjuskattslaga líkt og segir í 4. mgr. greinarinnar.

Um 10. gr.

Heimilt er samkvæmt greininni að kæra til skattstjóra ákvarðanir sem teknar eru varðandi uppbót á eftirlaun. Þeim úrskurði er heimilt að áfrýja til ríkisskattstjóra sem hefur með höndum lokaákvörðunarvald á stjórnsýslustigi.

Um 11. gr.

Með greininni er lagt til að fjármálaráðherra geti sett nánari fyrirmæli um framkvæmd laganna í reglugerð.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um að vegna greiðslu uppbótar sem samkvæmt frumvarpinu skal fara fram í fyrsta skipti í ágúst 2008 skuli lífeyrissjóðir senda ríkisskattstjóra þær upplýsingar sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 9. gr. að því er varðar tekjuárið 2007, eigi síðar en 1. júlí 2008.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um uppbót á eftirlaun.

Markmiðið með frumvarpinu er að bæta hag þeirra ellilífeyrisþega sem minnstar tekjur hafa sér til framfærslu. Með frumvarpinu mun hluti ellilífeyrisþega fá allt að 25 þús. kr. á mánuði í viðbótargreiðslu er nefnist uppbót á eftirlaun.

Frumvarpið felur í sér umtalsverð aukin útgjöld fyrir ríkissjóð. En þar sem að uppbótin veldur því að viðmiðunartekjur ellilífeyrisþega hækka þá munu á móti útgjöld lífeyristryggginga lækka. Áætlað er útgjaldaraukning nemi samtals um 600 m.kr. á ári.

849. Frumvarp til laga [548. mál]

um breyting á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

Á eftir 35. gr. laganna kemur ný grein, 35. gr. a, svohljóðandi:

Skuldabréf og tryggingarbréf sem tryggð eru með veði í fasteign og gefin eru út til fjármögnunar fyrstu kaupa á íbúðarhúsnæði einstaklings eru stimpilfrjáls samkvæmt lögum þessum að uppfylltum þeim skilyrðum sem fram koma í grein þessari.

Skilyrði niðurfellingar skv. 1. mgr. eru eftirfarandi:

a. Kaupandi íbúðarhúsnæðis, og skuldari samkvæmt hinu stimpilfrjálsa skjali, hafi ekki áður verið skráður þinglýstur eigandi að íbúðarhúsnæði.
b. Kaupandi íbúðarhúsnæðis, og skuldari samkvæmt hinu stimpilfrjálsa skjali, skal vera þinglýstur eigandi að a.m.k. helmingi eignarhluta í þeirri fasteign sem keypt er.

c. Sú lánsfjárhæð sem fram kemur í hinu stimpilfrjálsa skjali skal einvörðungu ætluð til fjármögnunar kaupa á viðkomandi fasteign.

Með íbúðarhúsnæði og fasteign í grein þessari er eingöngu átt við íbúðarhúsnæði til eigin nota.

Séu fleiri en einn skuldari útgefendur að skuldabréfi eða tryggingarbréfi skv. 1. mgr. skal niðurfelling stimpilgjalds af skjalinu fara eftir hlut þess skuldara sem uppfyllir skilyrði þessarar greinar um fyrstu kaup á íbúðarhúsnæði.

Hafi maki kaupanda og skuldara, eða sambúðaraðili, áður verið skráður þinglýstur eigandi að íbúðarhúsnæði skal réttur þess sem uppfyllir skilyrði greinarinnar til niðurfellingar stimpilgjalds aldrei vera meiri en nemur helmingi af annars ákvörðuðu stimpilgjaldi hins stimpilfrjálsa skjals.

Með vísan til 12. og 13. gr. skulu þeir aðilar sem hafa á hendi stimplun skjala kanna, við ákvörðun um stimpilgjald skuldabréfs eða tryggingarbréfs sem tryggt er með veði og gefið út til fjármögnunar fyrstu kaupa á íbúðarhúsnæði, hvort skilyrði þessarar greinar um niðurfellingu stimpilgjalds, að hluta til eða að fullu, séu uppfyllt. Í því skyni er þeim heimilt að óska eftir gögnum frá kaupanda og skuldara en að jafnaði skulu eftirfarandi gögn liggja fyrir:

a. Afrit af þinglýstum kaupsamningi, afsali eða annarri eignarheimild vegna fasteignar sem hið stimpilfrjálsa skjal er gefið út til fjármögnunar kaupa á.
b. Staðfesting úr Landskrá fasteigna að kaupandi hafi ekki áður verið skráður þinglýstur eigandi að íbúðarhúsnæði.
c. Staðfesting um hjúskaparstöðu kaupanda og hvort maki hans eða sambúðaraðili hafi áður verið skráður þinglýstur eigandi að íbúðarhúsnæði.

Í samræmi við 13. gr. er unnt að skjóta ákvörðun um stimpilgjald undir úrskurð fjármálaráðuneytisins innan tveggja mánaða frá dagsetningu hennar.

Um viðurlög við brotum á grein þessari fer skv. 37. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að kveða í reglugerð nánar á um fyrirkomulag niðurfellingar stimpilgjalds samkvæmt grein þessari.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2008 og taka til skjala sem gefin eru út eftir það tímamark.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að skuldabréf og tryggingarbréf sem tryggð eru með veði í fasteign og gefin eru út til fjármögnunar fyrstu kaupa á íbúðarhúsnæði skuli vera undanþegin stimpilgjaldi samkvæmt lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum. Í lögum um stimpilgjald er talað um að skjöl sem undanþegin eru stimpilgjaldi séu stimpilfrjáls og er það hugtak notað í frumvarpinu.

Er frumvarpið lagt fram í kjölfar yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar frá 17. febrúar 2008 í tengslum við gerð kjarasamninga en þar kemur eftirfarandi fram: „Þá mun ríkisstjórnin beita sér fyrir því að stimpilgjöld falli niður vegna lána til kaupa á fyrstu fasteign.“

Í frumvarpinu er nánar afmarkað hvað átt er við með lánum til kaupa á fyrstu fasteign. Í því skyni er lagt til að eftirfarandi skilyrði þurfi að vera uppfyllt til að viðkomandi skjal sé stimpilfrjálst í skilningi laga nr. 36/1978, um stimpilgjald:

Fyrsta skilyrði þess að skjal sé stimpilfrjálst er að kaupandi viðkomandi fasteignar, og skuldari samkvæmt hinu stimpilfrjálsa skjali, hafi ekki áður verið skráður sem þinglýstur eigandi að fasteign. Í gegnum Landskrá fasteigna er hægt að nálgast staðfestingu á því að við-

komandi einstaklingur sé ekki og hafi ekki áður verið skráður sem þinglýstur eigandi að fasteign. Verði frumvarpið að lögum verður með kerfisbreytingu á Landskrá fasteigna hægt að koma því þannig fyrir að sýslumenn geti, á landsvísu, staðfest slíkt beint í gegnum þann aðgang sem þeir hafa að Landskrá fasteigna. Með þessu skilyrði er leitast við að tryggja að um fyrstu íbúðarkaup viðkomandi sé að ræða.

Nátengt þessu skilyrði er tekið fram í 5. efnismgr. 1. gr. frumvarpsins að ef maki kaupanda og skuldara, eða sambúðaraðili, sé þegar skráður þinglýstur eigandi að íbúðarhúsnæði skuli réttur þess sem uppfyllir skilyrði greinarinnar aldrei vera meiri en nemur helmingi af annars ákvörðuðu stimpilgjaldi hins stimpilfrjálsa skjals. Er þar verið að horfa til þess þegar hjón eða sambúðarfólk kaupir fasteign í sameiningu. Ljóst er að fjölmargir hafa aldrei verið skráðir sem þinglýstir eigendur að fasteign þrátt fyrir að hafa, í gegnum hjúskap, búið í eigin íbúðarhúsnæði um áraraðir (þ.e. þinglýst eignarheimild fasteignar er þá einvörðungu á nafni annars maka). Með hliðsjón af því er talið eðlilegt, og í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, að koma í veg fyrir hugsanlega misnotkun á niðurfellingu stimpilgjalds sem fælist í því að nýrri fasteign hjóna, og lántökum, væri alfarið þinglýst á nafn þess aðila sem aldrei áður hefur verið skráður þinglýstur eigandi að fasteign og þannig komist að fullu hjá greiðslu stimpilgjalds þrátt fyrir að ekki sé um raunveruleg fyrstu kaup sambúðaraðila að ræða.

Ef um sambýlisfólk eða hjón er að ræða, sem verða skráð fyrir 50% eignarhluta fasteignar hvort um sig, getur því niðurfelling stimpilgjalds vegna lántöku verið 100% ef báðir aðilar uppfylla skilyrði um fyrstu kaup eða 50% ef um fyrstu kaup er að ræða hjá öðrum aðilanum. Ef tveir aðilar eru því jafnt skráðir sem lántakendur á viðkomandi skuldabréfi og eingöngu hjá öðrum þeirra er um fyrstu kaup að ræða ber að fella niður helming af annars ákvörðuðu stimpilgjaldi. Í frumvarpinu er því talað um að niðurfelling stimipilgjalds geti verið að hluta til eða að fullu, eftir því hvort um fleiri en einn skuldara sé að ræða og hverjir þeirra uppfylli þá skilyrði laganna.

Annað skilyrði stimpilfrelsis er að kaupandi fasteignar sé þinglýstur eigandi að a.m.k. 50% eignarhluta í hinni keyptu fasteign. Er slíkt skilyrði talið eðlilegt þar sem algengt er að hjón eða sambúðarfólk sé skráð í jöfnum hlutföllum fyrir íbúðarhúsnæði sem þau kaupa í sameiningu. Einnig er talið eðlilegt að setja ákveðið lágmark til að koma í veg fyrir málamyndagerninga til að komast hjá greiðslu stimpilgjalds vegna lántöku.

Þriðja skilyrði stimpilfrelsis er að sú lánsfjárhæð sem fram kemur í hinu stimpilfrjálsa skjali sé einvörðungu ætluð til fjármögnunar kaupa á viðkomandi fasteign. Frumvarpið snýr sem áður segir einvörðungu að lántöku vegna kaupa á fyrstu fasteign og því ber að tryggja að inn í þeirri lántöku séu ekki aðrir þættir sem renna ekki beint til fjármögnunar viðkomandi fasteignakaupa, t.d. lán til bílakaupa. Að öðrum kosti væri hætta á því að þessi sérstaka stuðningsaðgerð til að auðvelda fyrstu kaup á íbúðarhúsnæði yrði misnotuð. Með þessu skilyrði er því átt við að niðurfelling stimpilgjalds geti aldrei tekið til hærri fjárhæðar en nemur kaupverði fasteignarinnar.

Heimild til niðurfellingar stimpilgjalds samkvæmt frumvarpinu nær einvörðungu til lántöku vegna kaupa á íbúðarhúsnæði til eigin nota. Heimildin nær ekki til atvinnuhúsnæðis, húsnæðis til útleigu eða lausafjármuna. Er það skilyrði í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að auðvelda einstaklingum fyrstu kaup á eigin íbúðarhúsnæði. Auk þess er með sama rökstuðningi lagt til það skilyrði að kaupandi fasteignarinnar, og skuldari viðkomandi skuldabréfa eða tryggingarbréfa, sé einstaklingur (eða einstaklingar) en ekki lögaðili.

Samkvæmt 11. gr. laga um stimpilgjald skulu stimpilskyld skjöl stimpluð áður en tveir mánuðir eru liðnir frá útgáfudegi, nema eindagi sé fyrr og þá fyrir eindaga. Skv. 12. gr. lag-

anna sjá opinberir starfsmenn (sýslumenn), bankar og sparisjóðir um stimplun þeirra skjala sem um hendur þeirra fara. Skulu þeir, skv. 13. gr. laganna, gæta þess að hin stimpilskylda fjárhæð hvers skjals sé rétt tilgreind og geta krafist allra nauðsynlegra skýringa af hálfu þeirra er stimplunar beiðast. Enn fremur er þeim sem annast þinglýsingu skylt, skv. 34. gr. laganna, að athuga hvort skjöl sem afhent eru til þinglýsingar séu rétt stimpluð. Með frumvarpinu er lagt til að þeir aðilar sem mælt er fyrir um í 12. gr. laganna hafi umsjón með niðurfellingu stimpilgjalds vegna útgáfu þeirra stimpilfrjálsu skjala sem frumvarpið mælir fyrir um. Er það fyrirkomulag í samræmi við önnur ákvæði laganna um stimpilgjald. Þar sem í frumvarpinu er lagt til að niðurfellingarheimildin nái einvörðungu til skuldabréfa og tryggingarbréfa, til fyrstu íbúðarkaupa, sem tryggð eru með veði í fasteign, fara öll slík skjöl eðli máls samkvæmt til þinglýsingar hjá sýslumanni. Með því er tryggt að eftirfylgni með framkvæmd niðurfellingarinnar er í raun á einni hendi, þ.e. á hendi sýslumanna. Er þetta fyrirkomulag sem áður segir í samræmi við hlutverk sýslumanna samkvæmt lögum um stimpilgjald þar sem þeim ber að fylgjast með því að skjöl sem þeim berast séu rétt stimpluð og t.d. hvort þau falli undir 35. gr. laganna þar sem talið er upp hvaða skjöl eru stimpilfrjáls. Sýslumenn hafa því þegar slíkt mat með höndum, um töku stimpilgjalds eða niðurfellingu þess.

Með vísan til 12. og 13. gr. laganna kveður frumvarpið því á um að þeir aðilar sem hafa á hendi stimplun skjala skuli kanna, við ákvörðun um stimpilgjald skuldabréfa og tryggingarbréfa sem tryggð eru með veði og gefin eru út til fjármögnunar kaupa á fyrsta íbúðarhúsnæði, hvort skilyrði um niðurfellingu stimpilgjalds, að hluta til eða að fullu, séu uppfyllt. Í því skyni er þeim heimilt að óska eftir gögnum frá kaupanda og skuldara. Til að sannreyna að skilyrði niðurfellingar séu til staðar skulu eftirfarandi gögn að jafnaði liggja fyrir, en þau geta fulltrúar sýslumanns með auðveldum hætti kallað fram:

a. Afrit af þinglýstum kaupsamningi, afsali eða annarri eignarheimild sem hið stimpilfrjálsa skjal er gefið út til fjármögnunar kaupa á.
b. Staðfesting úr Landskrá fasteigna að kaupandi hafi ekki áður verið skráður sem þinglýstur eigandi að íbúðarhúsnæði.
c. Staðfesting um hjúskaparstöðu kaupanda og hvort maki hans eða sambúðaraðili hafi áður verið skráður þinglýstur eigandi að íbúðarhúsnæði.

Kröfuna um afrit af þinglýstum kaupsamningi eða afsali ber m.a. að skoða með hliðsjón af skilyrði c-liðar 2. efnismgr. 1. gr. frumvarpsins, þ.e. að hið stimpilfrjálsa skjal skuli einvörðungu gefið út til fjármögnunar á viðkomandi fasteign. Öllu jöfnu eru eignarheimildarskjöl og lántökuskjöl vegna fasteignakaupa gefin út á sama tíma. Ekki yrði því unnt að líta svo á, samkvæmt frumvarpinu, að t.d. tveimur árum eftir að afsal vegna fasteignakaupa var gefið út sé lagt inn til þinglýsingar nýútgefið skuldabréf og farið fram á niðurfellingu stimpilgjalds þar sem það sé vegna umræddra kaupa sem áttu sér stað fyrir tveimur árum. Skilyrði frumvarpsins er að hið stimpilfrjálsa skjal sé gefið út til fjármögnunar tiltekinna fasteignakaupa sem eiga sér stað á sama tíma og hið stimpilfrjálsa skjal er gefið út, þ.e. að beint samhengi sé milli þessara skjala. Að öðrum kosti væri opnað fyrir það að lántaka vegna breytinga og endurbóta á fasteignum væri undanþegin stimpilgjaldi.

Við byggingu fasteigna er í upphafi oft tekið svokallað framkvæmdalán sem tryggt er með veði í lóð fasteignar. Þegar viðkomandi fasteign er orðin fokheld er síðan hægt að þinglýsa íbúðarláni á hana. Séu skilyrði frumvarpsins að öðru leyti uppfyllt væri unnt að fara fram á niðurfellingu stimpilgjalds vegna framkvæmdaláns og síðar íbúðarláns að því gefnu að samanlögð lánsfjárhæð skjalanna sé ekki hærri en nemur verðmæti viðkomandi fasteignar, sbr. það sem áður hefur komið fram varðandi skilyrðið um að niðurfelling stimpilgjalds geti

aldrei tekið til hærri fjárhæðar en nemur kaupverði fasteignarinnar. Eftir sem áður er litið svo á að beint samband þurfi að vera á milli útgáfu viðkomandi lánsskjals og byggingar fasteignarinnar, þ.e. skjalið sé gefið út til fjármögnunar byggingar íbúðarhúsnæðis til eigin nota.

Sé beiðandi niðurfellingar ósáttur við ákvörðun sýslumanns, banka eða sparisjóðs, um töku stimpilgjalds, getur hann, í samræmi við 13. gr. laganna, skotið þeirri ákvörðun undir úrskurð fjármálaráðuneytisins innan tveggja mánaða frá ákvörðun. Ef hlutaðeigandi vill eigi heldur una úrskurði ráðuneytisins getur hann lagt málið fyrir dómstóla.

Í 37. gr. laganna kemur fram að brot á lögunum varði sektum og að sömu refsingu skulu sá sæta sem gefur rangar skýrslur um atriði er máli skipta við ákvörðun stimpilgjalds o.fl. Er í frumvarpinu vísað í þessa grein varðandi viðurlög.

Með frumvarpinu er lagt til að ráðherra geti í reglugerð kveðið nánar á um útfærslur varðandi þá niðurfellingu stimpilgjalds sem greinin kveður á um.

Við samningu frumvarpsins var horft til þess hvernig aðrar þjóðir hafa útfært niðurfellingu stimpilgjalda vegna lána til kaupa á fyrstu fasteign. Er slík ákvæði að finna í löggjöf Finnlands og Írlands, sbr. eftirfarandi:

Í Finnlandi eru einstaklingar sem fjárfesta í sinni fyrstu fasteign undanþegnir stimpilgjaldi ef ákveðnum skilyrðum er fullnægt. Gert er skilyrði að kaupandi eignist minnst 50% í fasteigninni og hún skuli vera heimili kaupanda næstu tvö ár frá kaupum. Kaupandi verður að vera að minnsta kosti 18 ára en þó ekki eldri en 40 ára við undirritun kaupsamnings og séu afsalshafar fleiri en einn gildir undanþágan einungis í hlutfalli við eignarhlut hvers og eins. Skattstjóri gefur út staðfestingu þess efnis að aðili sé undanþeginn stimpilskyldu sem byggist á skattskýrslu viðkomandi kaupanda.

Á Írlandi eru einstaklingar sem kaupa sína fyrstu fasteign undanþegnir stimpilgjaldi að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Kaupandi má ekki hafa áður keypt fasteign, einn eða með öðrum, hlut í fasteign á Írlandi eða erlendis. Keypt fasteign verður að vera heimili kaupanda a.m.k. næstu tvö ár eftir kaup. Skilyrði er að allt kaupfé verður að koma frá kaupanda, þ.m.t. lánsfé. Eru þó undanþegnir þeir fjármunir sem koma til þegar foreldrar hjálpa börnum sínum við kaup eða þegar önnur skyldmenni eða vinir hjálpa með uppfylltum ákveðnum skilyrðum sem sett eru í lögum. Enn fremur má fasteignin ekki vera stærri en 125 fm.

Á undanförnum árum hafa tekjur ríkissjóðs af stimpilgjaldi verið óvenjumiklar, einkum vegna mikilla umsvifa á fasteignamarkaði. Hæst fór innheimtan á árinu 2005, þegar skil stimpilgjalds í ríkissjóð námu liðlega 9 milljörðum kr. Samkvæmt upplýsingum frá Fjársýslu ríkisins nam innheimta á stimpilgjaldi 6,2 milljörðum kr. á árinu 2007. Þar af nemur innheimta stimpilgjalds af lánum sem tekin voru vegna fyrstu kaupa á íbúðarhúsnæði um 600 millj. kr., lauslega áætlað. Fyrir liggur að umsvif á fasteignamarkaði hafa dregist verulega saman á undanförnum mánuðum. Það þýðir að áætlað tekjutap ríkissjóðs af stimpilfrelsi skuldabréfa og tryggingarbréfa vegna kaupa á fyrstu fasteign verður væntanlega umtalsvert minna en innheimt var af þeim stofni á árinu 2007. Við eðlilegar markaðsaðstæður má ætla miðað við innheimtuna undangengin ár að sú fjárhæð geti numið allt að 500 millj. kr. á ársgrundvelli.

Lagt er til að gildistaka laganna verði 1. júlí 2008. Eins og áður segir þarf að framkvæma ákveðnar kerfisbreytingar til að opna fyrir aðgengi sýslumanna að Landskrá fasteigna í tengslum við sönnun á því að um fyrstu fasteignakaup sé að ræða.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er lögð til breyting á lögum um stimpilgjald, sem miðar að því að fella niður stimpilgjöld á skuldabréf og tryggingabréf sem gefin eru út til fjármögnunar kaupa á fyrstu fasteign einstaklings.

Seldar fasteignir árið 2007 voru um 13.000 talsins samkvæmt Fasteignamati ríkisins. Erfitt er að ætla hversu stór hluti af þeim fasteignum voru keyptar sem fyrsta fasteign enda getur það verið talsvert breytilegt milli ára. Fasteignamat ríkisins telur þó að ætla megi að í kringum 25% keyptra fasteigna séu fyrstu kaup einstaklinga.

Á undanförnum árum hafa tekjur ríkissjóðs af stimpilgjaldi verið óvenju miklar, einkum vegna mikilla umsvifa á fasteignamarkaði. Hæst fór innheimtan á árinu 2005, þegar skil stimpilgjalds í ríkissjóð námu liðlega 9 milljörðum króna. Samkvæmt bráðabirgðatölum frá Fjársýslu ríkisins nam innheimta á stimpilgjaldi 6,2 milljörðum króna á árinu 2007. Þar af nemur innheimta stimpilgjalds af lánum sem tekin voru vegna fyrstu kaupa á íbúðarhúsnæði um 600 m.kr., lauslega áætlað. Fyrir liggur að umsvif á fasteignamarkaði hafa dregist verulega saman á undanförnum mánuðum. Það þýðir að áætlað tekjutap ríkissjóðs af niðurfellingu stimpilgjalda á skuldabréf og tryggingabréf vegna kaupa á fyrstu fasteign verður væntanlega talsvert minna en innheimt var af þeim stofni á árinu 2007. Við eðlilegar markaðsástæður má ætla að sú fjárhæð geti numið allt að 500 m.kr. á ársgrundvelli.

Sýslumenn hafa það hlutverk, samkvæmt lögum um stimpilgjald, að fylgjast með því að stimpilgjald sé rétt ákvarðað af þeim skjölum sem þeim berast til þinglýsingar, þ.m.t. hvort þau uppfylli skilyrði þess að vera stimpilfrjáls í skilningi laganna. Samkvæmt frumvarpinu munu sýslumenn að mestu fara með þá niðurfellingu stimpilgjalds sem frumvarpið kveður á um og er það í samræmi við núgildandi framkvæmd. Sú ráðstöfun er því ekki talin hafa teljandi áhrif á útgjöld ríkissjóðs, né aðrir þættir frumvarpsins.

850. Tillaga til þingsályktunar [549. mál]

um bætta hljóðvist og aðgerðir til að draga úr erilshávaða í kennsluhúsnæði.

Flm.: Þuríður Backman, Guðbjartur Hannesson, Siv Friðleifsdóttir,
Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir, Magnús Stefánsson,
Alma Lísa Jóhannsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa starfshóp sem fái það verkefni að leita leiða til að tryggja að erilshávaði í skólarýmum verði innan þeirra marka að geta talist hættulaus fyrir rödd og heyrn nemenda og kennara. Í þeim tilgangi verði hópnum falið að kanna hvort ástæða er til að semja reglugerð eða gera tillögur að lagabreytingum. Einnig skal hann setja

fram tillögur um hvernig opinberu eftirliti verði fyrir komið svo að ákvæðum laga og reglugerða verði framfylgt.

Starfshópurinn verði skipaður einum fulltrúa heilbrigðisráðuneytis, einum fulltrúa félags- og tryggingamálaráðuneytis, einum fulltrúa menntamálaráðuneytis, einum fulltrúa umhverfisráðuneytis, tveimur fulltrúum tilnefndum af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einum fulltrúa tilnefndum af Heyrnar- og talmeinastöð Íslands. Niðurstöður hópsins verði kynntar Alþingi fyrir árslok 2008.

Greinargerð.

9. nóvember 2006 gaf félagsmálaráðherra út reglugerð um varnir gegn álagi vegna hávaða á vinnustöðum, nr. 921/2006. Í 2. gr. segir að reglugerðinni sé ætlað „að tryggja öryggi og vernda heilsu starfsmanna sem eiga á hættu eða kunna að eiga á hættu að verða fyrir álagi vegna hávaða við störf sín, einkum álagi er kann að leiða til heyrnarskaða“.

Eins þörf og setning þessarar reglugerðar var, þá tekur hún aðeins til hluta þess hóps sem á það á hættu að verða fyrir heyrnarskaða, þ.e. starfsmanna og vinnuumhverfis þeirra, en ekki til þess fjölmenna hóps sem eru börn og kennarar á öllum skólastigum. Sá hávaði sem sá hópur býr við hefur vakið athygli sérfræðinga og veldur þeim áhyggjum, sbr. fylgiskjal III en þar kemur fram að 60% 7 ára barna í Gautaborg telja sig þjást af eyrnasuði (tinnitus). Eyrnasuð er vaxandi heyrnarsjúkdómur meðal barna en talið er að hann stafi af hávaðatengdu álagi. Einkum er um að ræða svonefndan „erilshávaða“, þ.e. hávaða sem þeir sem sækja skóla til vinnu eða náms valda sjálfir en hann hefur oft reynst fara yfir hættumörk fyrir heyrn þeirra. Ýmis úrræði eru til þess að draga úr honum eins og fram kemur í fylgiskjali II, en skoða þarf þó með heildstæðum og faglegum hætti hvernig megi bregðast við með sérstakri lagasetningu eða reglugerð. Þannig er einnig líklegra að raunverulegur árangur verði af aðgerðum gegn erilshávaða.

Önnur hlið á þessum vanda snýr að röddinni og þeim skaða sem hún getur hæglega orðið fyrir við þær aðstæður sem einkenna jafnan hljóðvist í kennsluhúsnæði. Þá hugmynd þarf að taka alvarlega að líta á röddina sem atvinnutæki kennara og að því beri að huga að henni út frá vinnuverndarsjónarmiðum. Í því felast ekki aðeins aðgerðir til þess að draga úr erilshávaða í skólabyggingum heldur þarf einnig að huga að réttri raddbeitingu sem hluta af kennaranáminu.

Enda þótt efni þessarar tillögu kunni að virðast einfalt tekur hún til ýmissa úrræða á mismunandi sviðum. Eins og fram kemur í fylgiskjali I þarf aðkomu fjögurra ráðuneyta til þess að setja fram lausnir á þessum vanda en einnig er lagt til að nefndina skipi fulltrúar úr fagfélagi talkennara og talmeinafræðinga og Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar. Þar eð aðstæður á þessu sviði eru með öllu óviðunandi á Íslandi, sbr. fylgiskjöl IV og V, þarf starfshópurinn einnig að kynna sér endurbætur skólahúsnæðis og endurskoðun reglugerða með tilliti til hljóðvistar annars staðar á Norðurlöndum.

Í fylgiskjali I er grein eftir dr. Valdísi Ingibjörgu Jónsdóttur sem fjallar um þörfina fyrir að löggjafarvaldið láti sig málið varða og þar bent á hvaða aðilar þurfi einnig að eiga aðkomu að því. Í fylgiskjali II er lokakafli skýrslu dr. Valdísar um raddheilsu leikskólakennara, eyrnasögu leikskólabarna og hljóðvist í þremur leikskólum Hjallastefnunnar þar sem nefnd eru dæmi um úrræði sem grípa má til innan veggja leikskóla til lausnar þessa vanda. Í fylgiskjali III er frétt sem er til marks um skaðann sem hlýst af umræddum vanda. Fylgiskjal IV er bréf Vinnueftirlitsins til Skipulagsstofnunar um mikilvægi þess að „draga úr hávaðaálagi bæði fyrir starfsfólk og börn í skólum, leikskólum, við tómstundaiðkun og á öðrum stöðum

þar sem brýnt er að skilja talað mál“. Síðasta fylgiskjalið er bréf Ólafs Hjálmarssonar verkfræðings til umboðsmanns barna sama efnis en umboðsmaður tók málið í kjölfarið upp í erindi til menntamálaráðherra 28. júní 2007.

Með tillögunni voru eftirtalin fylgiskjöl:

I. Valdís Ingibjörg Jónsdóttir: Raddskaðar eru alvarlegt þjóðfélagslegt vandamál. Þörf á lagasetningu. Grein birt í tímaritinu Talfræðingurinn, 20. árgangur, 2007.
II. Valdís Ingibjörg Jónsdóttir: Skýrsla um raddheilsu leikskólakennara, eyrnasögu leikskólabarna og hljóðvist í þremur leikskólum Hjallastefnunnar. Gefin út af talmeinastofunni „Það er málið“, Akureyri, 2006.
III. Fleiri börn þjást af eyrnasuði. Frétt birt á heimasíðu Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands, 16. nóvember 2005.
IV. Bréf til Skipulagsstofnunar frá Vinnueftirliti ríkisins. (8. desember 2006.)
V. Bréf til umboðsmanns barna frá Ólafi Hjálmarssyni verkfræðingi. (Reykjavík, 30. maí 2007.)

851. Tillaga til þingsályktunar [550. mál]

um Vefmyndasafn Íslands.

Flm.: Árni Johnsen, Ólöf Nordal, Ármann Kr. Ólafsson, Jón Gunnarsson, Lúðvík Bergvinsson, Siv Friðleifsdóttir, Guðni Ágústsson, Kjartan Ólafsson, Guðbjartur Hannesson, Grétar Mar Jónsson, Björk Guðjónsdóttir, Illugi Gunnarsson, Guðfinna S. Bjarnadóttir, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Bjarni Harðarson, Herdís Þórðardóttir, Kristján Þór Júlíusson, Alma Lísa Jóhannsdóttir.

Alþingi ályktar að skora á menntamálaráðherra að hefja nú þegar uppsetningu vefmyndasafns með því að koma upp nettengdum myndavélum á allt að 150 stöðum á Íslandi, fegurstu og sérkennilegustu stöðum landsins. Slíkt nettengt safn yrði það fyrsta sinnar tegundar í heiminum og mundi skapa óþrjótandi möguleika á landkynningu í þágu ferðaþjónustu, sögu, menningar og atvinnulífs. Þannig væri hægt að upplifa Ísland á líðandi stundu hvaðan sem er úr heiminum og kitla taugar til frekari kynna.

Greinargerð.

Tækni og gerð netmyndavéla er orðin slík að hægt er að setja vélar upp á ólíklegustu stöðum og tengja þær alþjóðlega tölvunetinu. Slíkt netmyndasafn yrði eins konar myndaalbúm landsins, persóna Íslands á líðandi stundu. Á hverri vefstöð gætu verið 2–3 linsur og menn gætu valið sjónarhornið í tölvunni og hverri stöð gæti fylgt t.d. 10 mínútna kynningarmynd af umhverfi og aðstæðum í nágrenni vefstöðvarinnar. Gullfoss, Þingvellir, Geysir, Lónsöræfi, Landmannalaugar, Eldey, Bláa lónið, Vatnajökull, Þjórsá, Þórsmörk, Akureyri, Vestmannaeyjar, Stykkishólmur, Árnastofnun, fiskvinnsluhús, bryggjustemning, hvalaskoðun, Skógafoss. Þetta eru aðeins nokkur dæmi um netstöðvar í netmyndasafni Íslands, andliti Íslands.

Auðvelt er að virkja vefmyndavélar með sólarrafhlöðum til nokkurra ára, en reikna má með að hver stöð mundi kosta að meðaltali um 1,5 millj. kr.

Með vefmyndasafni hefði Ísland forgöngu í þessum efnum á heimsmælikvarða og með ólíkindum hvað hægt er að skapa fjölbreytt lifandi myndasafn frá Íslandi með þessum hætti. Að fylgjast með mannlífi, atvinnulífi, menningu og náttúru er ótrúlegur kostur, fylgjast með villtu blómabeði, á í leysingum, varpstöðvum fugla, hverum og hverasvæðum, fossum og fjöllum, innsiglingu í hafnir – hverju því er gefur mynd af andliti Íslands.

852. Fyrirspurn [551. mál]

til fjármálaráðherra um meginbreytingar á skattlagningu og áhrif þeirra á tekjur ríkissjóðs.

Frá Pétri H. Blöndal.

1. Hvaða meginbreytingar hafa verið gerðar á skattlagningu einstaklinga og lögaðila frá árinu 1990?
2. Hvaða áhrif hafa þessar breytingar haft á viðkomandi skattstofna og tekjur ríkissjóðs af þeim?

Skriflegt svar óskast.

853. Fyrirspurn [552. mál]

til fjármálaráðherra um bensíngjald og meðalútsöluverð bensíns.

Frá Pétri H. Blöndal.

1. Hvernig hefur bensíngjald (þ.e. almennt vörugjald + sérstakt vörugjald) auk virðisaukaskatts á það gjald þróast frá 1996 sem hlutfall af meðalútsöluverði 95 oktana bensíns?
2. Hvernig hefur bensíngjald (þ.e. almennt vörugjald + sérstakt vörugjald) auk virðisaukaskatts á það gjald þróast frá 1996 í samanburði við vísitölu neysluverðs?
3. Hvernig skiptist meðalútsöluverð 95 oktana bensíns nú í bensíngjald, virðisaukaskatt á það og kostnaðarverð (innkaupsverð + álagningu) og virðisaukaskatt á það bæði í krónum talið og hlutfallslega? Hver er hlutur skattlagningar í meðalútsöluverði?
4. Hvert væri meðalútsöluverð 95 oktana bensíns núna ef ekki hefði verið horfið frá hlutfallslegri skattlagningu í krónutöluskattlagningu með lögum nr. 86/1999?

Skriflegt svar óskast.

854. Frumvarp til laga [553. mál]

um breytingu á lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998, með síðari breytingum, og lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, nr. 73/1990, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

I. KAFLI
Breyting á lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 33. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, 1. og 2. mgr., svohljóðandi:

Iðnaðarráðherra getur falið Orkustofnun leyfisveitingarvald skv. 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 6. gr. að hluta eða öllu leyti. Fer Orkustofnun þá einnig með heimildir ráðherra skv. 1. mgr. 4. gr., 19. gr. og 20. gr.

Stjórnvaldsákvarðanir Orkustofnunar samkvæmt lögum þessum sæta kæru til iðnaðarráðherra. Kæra til ráðherra skal vera skrifleg og skal hún borin fram innan 30 daga frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðun. Um meðferð máls fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

II. KAFLI
Breyting á lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, nr. 73/1990, með síðari breytingum.

2. gr.

Á eftir 5. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi, og breytist greinatala samkvæmt því:

Iðnaðarráðherra getur falið Orkustofnun leyfisveitingarvald skv. 2. og 3. gr. að hluta eða öllu leyti.

Stjórnvaldsákvarðanir Orkustofnunar samkvæmt lögum þessum sæta kæru til iðnaðarráðherra. Kæra til ráðherra skal vera skrifleg og skal hún borin fram innan 30 daga frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðun. Um meðferð máls fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998, og lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, nr. 73/1990, í þá veru að heimila iðnaðarráðherra að fela Orkustofnun leyfisveitingar á grundvelli laganna.

Samkvæmt aðgerðaáætlun um Einfaldara Ísland, sem samþykkt var í ríkisstjórn 17. október 2006, var gert ráð fyrir að hvert ráðuneyti setti sér langtímaáætlun um einföldun opinberra reglna og stjórnsýslu. Iðnaðarráðuneytið setti sér slíka áætlun í september 2007 og er frumvarp þetta liður í þeirri áætlun. Tilgangur frumvarpsins er einföldun á allri stjórnsýslu þar sem lagt verður til að ráðherra geti falið Orkustofnun leyfisveitingarvald samkvæmt

ákvæðum laganna. Er sú tilhögun jafnframt í samræmi við aðra löggjöf á sviði auðlinda- og orkumála, m.a. lög um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, nr. 13/2001, raforkulög, nr. 65/2003, og vatnalög, nr. 20/2006, sem og frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 57/1998, sem lagt var fram á 133. löggjafarþingi. Á síðustu missirum hefur verið unnið að endurskoðun á auðlindalöggjöf, m.a. í samræmi við tillögur auðlindanefndar, sem skilaði af sér skýrslu til ráðherra í október 2006. Nefndin taldi m.a. að veiting leyfa á grundvelli laga nr. 57/1998 ætti fyrst og síðast að lúta faglegu og sérfræðilegu mati. Því væri eðlilegt að færa úthlutun leyfa alfarið frá iðnaðarráðuneyti til Orkustofnunar. Nái frumvarpið fram að ganga mun slíkt framsal leyfisveitingar til Orkustofnunar hafa í för með sér að almenningur hefur samskipti við sama stjórnvald í gegnum allt leyfisveitingarferlið.

Helstu rökin fyrir flutningi leyfisveitingarvalds iðnaðarráðherra til Orkustofnunar eru þau að um er að ræða stjórnsýslu sem telja verður að eigi frekar heima á verksviði fagstofnunar á sviði auðlinda- og orkumála en ráðuneytis. Óumdeilt er einnig að það skapar hagræði í stjórnsýslunni og þjónar vel hagsmunum umsækjanda og/eða leyfishafa að geta beint öllum sínum erindum til sama stjórnsýsluaðila. Standa því rök til þess að leyfishafar eigi samskipti við sama stjórnvaldið á öllum stigum starfsemi samkvæmt lögunum. Að sama skapi einfaldar framsal á leyfisveitingum til Orkustofnunar umsagnarferli vegna laga um mats á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, en skv. 2. mgr. 6. gr. laganna skal Skipulagsstofnun leita álits m.a. leyfisveitenda vegna framkvæmda sem kunna að vera háðar mati á umhverfisáhrifum. Felst þar af leiðandi ákveðin einföldun í því að Orkustofnun veiti umsögn um tilteknar framkvæmdir, bæði sem leyfisveitandi sem og fagstofnun á sviði auðlinda- og orkumála. Fæst þá ekki eingöngu faglegri umsögn heldur kann slíkt verkferli að auka málshraða við umsagnarferli samkvæmt lögum nr. 106/2000, á þann veg að umsagnar verði leitað hjá einni stofnun í stað tveggja.

Þá er breytingin ákjósanleg út frá sjónarmiðum um réttaröryggi en verði frumvarpið að lögum getur umsækjandi um leyfi borið ákvörðun Orkustofnunar undir ráðuneytið og þannig látið fjalla um mál sitt á tveimur stjórnsýslustigum. Loks er hér um að ræða mikla einföldun á málsmeðferð og styttingu málsmeðferðartíma þar sem ráðuneytið hefur sent flestar umsóknir um leyfi til umsagnar hjá Orkustofnun.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er lagt til að iðnaðarráðherra verði heimilt að fela Orkustofnun leyfisveitingu og ákvarðanatöku skv. 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 6. gr. að hluta eða öllu leyti. Þá fari Orkustofnun einnig með heimildir ráðherra skv. 19. gr. og 20. gr.

Er Orkustofnun, sem fagaðila á sviði auðlinda- og orkumála, falið það hlutverk sem áður féll beint undir iðnaðarráðherra og mun sérfræðiþekking Orkustofnunar nýtast við framkvæmd laganna á skilvirkari hátt en ella en Orkustofnun er nú lögbundinn umsagnaraðili við veitingu rannsóknar- og nýtingarleyfa á grundvelli laganna.

Valdaframsal til Orkustofnunar er innan þess ramma sem stofnuninni er markaður skv. 2. mgr. 2. gr. laga um Orkustofnun, nr. 87/2003, þar sem segir að Orkustofnun skuli annast stjórnsýsluverkefni sem stofnuninni eru falin samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða ákvörðun ráðherra.

Verði frumvarp þetta samþykkt mun Orkustofnun, auk þeirra verkefna sem stofnuninni eru nú þegar falin í lögunum, geta annast alla umsýslu og þjónustu sem iðnaðarráðuneytið hefur til þessa annast vegna rannsóknar- og nýtingarleyfa, þar á meðal er móttaka umsókna,

samskipti við umsækjendur og/eða leyfishafa og undirbúningur stjórnvaldsákvarðana. Undir framsal leyfisveitingarvalds falla eðli máls samkvæmt þær heimildir sem ráðherra eru veittar í lögunum í tengslum við leyfisveitingar, m.a. að setja þau skilyrði fyrir leyfi sem nauðsynleg eru talin, sbr. m.a. 2. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 5. gr., og að veita fyrirheit um forgang að nýtingarleyfi, sbr. 3. mgr. 5. gr. Í ljósi sérfræðiþekkingar og mannafla Orkustofnunar og aðstæðna að öðru leyti má gera ráð fyrir að stofnunin sé vel í stakk búin til að taka ákvarðanir um veitingu leyfa og aðrar ákvarðanir sem að þeim lúta. Framsal til Orkustofnunar mun því stuðla að auknum málshraða í samræmi við góða stjórnsýsluhætti. Einnig verður stjórnsýsla einfaldari fyrir umsækjendur og/eða leyfishafa sem sækja og skila öllum upplýsingum til sama stjórnvalds. Eðlilegt er í ljósi sérfræðiþekkingar Orkustofnunar að heimild ráðherra til þess að hafa frumkvæði að og/eða láta rannsaka og leita verði samhliða leyfisveitingarvaldi falið Orkustofnun og heimild 19. gr. til að auglýsa eftir umsóknum um rannsóknar- og nýtingarleyfi.

Yfirstjórn samkvæmt lögunum mun eftir sem áður vera í höndum iðnaðarráðherra og stjórnvaldsákvarðanir Orkustofnunar sem teknar eru á grundvelli laganna sæta kæru til iðnaðarráðherra. Um meðferð málsins fer samkvæmt stjórnsýslulögum. Framsal leyfisveitingarvalds til Orkustofnunar eykur því til muna réttaröryggi umsækjenda og leyfishafa að því leyti að þeir eiga þess þá kost að fá umfjöllun um mál á tveimur stjórnsýslustigum í stað eins.

Um 2. gr.

Í greininni er lagt til að iðnaðarráðherra verði heimilt að fela Orkustofnun leyfisveitingu og ákvarðanatöku skv. 2. og 3. gr. að hluta eða öllu leyti. Vísast til almennra athugasemda og athugasemda við 1. gr. hér að framan en valdaframsal til Orkustofnunar er innan þess ramma sem stofnuninni er markaður skv. 2. mgr. 2. gr. laga um Orkustofnun, nr. 87/2003, þar sem segir að Orkustofnun skuli annast stjórnsýsluverkefni sem stofnuninni eru falin samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða ákvörðun ráðherra.

Framsal leyfisveitingarvalds samkvæmt greininni nær jafnframt til framsals heimildar 2. mgr. 2. gr. til að veita leyfishafa fyrirheit um forgang að nýtingarleyfi í allt að tvö ár frá því að gildistími leyfis til leitar er lokið og að öðrum verði ekki veitt leyfi til leitar á þeim tíma. Það sama gildir um heimild iðnaðarráðherra skv. 2. mgr. 3. gr. til að ákvarða eða semja um endurgjald (leigu) fyrir töku eða nýtingu sem heimiluð er. Ákvörðunarvald ráðherra samkvæmt þessum greinum flyst til Orkustofnunar í samræmi við ákvörðun iðnaðarráðherra.

Um 3. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998, með síðari breytingum, og lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, nr. 73/1990, með síðari breytingum.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998, og lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, nr. 73/1990, í þá veru að heimila iðnaðarráðherra að fela Orkustofnun leyfisveitingar á grundvelli laganna en aðalskrifstofa iðnaðarráðuneytisins hefur haft það með höndum. Iðnaðarráðuneytið telur að bæta þurfi við einu stöðugildi hjá Orkustofnun vegna aukinna verkefna stofnunarinnar á sviði stjórnsýslu er tengist leyfisveitingunni. Ráðuneytið gerir ekki ráð fyrir að fjárheimild verði færð frá aðalskrifstofunni til Orkustofnunar í tengslum við þessa tilfærslu á verkefnum.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er gert ráð fyrir að vegna fjölgunar um eitt stöðugildi hjá Orkustofnun aukist útgjöld stofnunarinnar um 7–8 m.kr. Ekki er gert ráð fyrir þeim útgjöldum í fjárveitingum gildandi fjárlaga.

855. Frumvarp til laga [554. mál]

um Fiskræktarsjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.
Fiskræktarsjóður.

Fiskræktarsjóður er sjálfstæður sjóður í eigu ríkisins og á forræði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra sem hefur það hlutverk að veita lán eða styrki til verkefna sem þjóna þeim markmiðum að efla fiskrækt, bæta veiðiaðstöðu, styðja við rannsóknir í ám og vötnum og auka verðmæti veiði úr þeim.

2. gr.
Stjórn Fiskræktarsjóðs.

Fiskræktarsjóður lýtur fimm manna stjórn sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Tveir nefndarmanna skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Landssambands veiðifélaga, einn samkvæmt tilnefningu Landssambands stangaveiðifélaga og einn samkvæmt tilnefningu Landssambands fiskeldisstöðva. Ráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar og skal atkvæði hans ráða úrslitum ef atkvæði falla jöfn. Nú tilnefnir einn

framangreindra aðila eigi mann í stjórn sjóðsins og skipar þá ráðherra í nefndina án tilnefningar. Varamenn skal skipa með sama hætti.

3. gr.

Verkefni stjórnar.

Stjórn Fiskræktarsjóðs hefur yfirumsjón með starfsemi hans í samræmi við lög þessi og reglugerð. Verkefni stjórnar eru m.a. að:

a. Skila ársreikningum og reglulegu yfirliti um starfsemi sjóðsins til ráðherra.
b. Taka ákvarðanir um ávöxtun eigin fjár skv. 6. gr.
c. Taka ákvarðanir um úthlutanir og útgjöld skv. 7. gr.

4. gr.

Ráðstöfunarfé Fiskræktarsjóðs.

Ráðstöfunarfé Fiskræktarsjóðs er:

a. Innheimt gjald af veiðitekjum skv. 5. gr.
b. Arður af eigin fé skv. 7. gr.
c. Fjárveiting úr ríkissjóði.
d. Annað.

5. gr.

Gjald af veiðitekjum.

Veiðiréttarhafar skulu greiða til Fiskræktarsjóðs 2% gjald af hreinum tekjum af veiði í ám og vötnum á hverju almanaksári.

Nú hefur veiðifélag tekjur af ráðstöfun á sameiginlegri veiði eða öðrum lögbundnum verkefnum sínum og skal þá félagið standa Fiskræktarsjóði skil á 2% gjaldi af arðgreiðslum á hverju almanaksári.

6. gr.

Álagning og innheimta gjalds af veiðitekjum.

Fiskistofa annast álagningu og innheimtu gjalds skv. 5. gr. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra er þó heimilt að fela innheimtumönnum ríkissjóðs eða öðrum aðilum innheimtu þess.

Fiskistofu er heimilt að fella niður álagningu gjalds skv. 5. gr. nemi tekjur veiðiréttarhafa skv. 1. mgr. þeirrar greinar eða heildararðgreiðslur veiðifélags til félagsmanna sinna skv. 2. mgr. greinarinnar lægri fjárhæð en 500 þús. kr. á gjaldárinu miðað við vísitölu neysluverðs frá 1. janúar 2008.

Veiðiréttarhafar og veiðifélög skulu að eigin frumkvæði senda Fiskistofu ársreikning veiðifélags eða framtal yfir tekjur af veiði, þ.m.t. leigutekjur, fyrir 1. maí ár hvert vegna næstliðins almanaksárs á eyðublaði sem Fiskistofa leggur til.

Ef Fiskistofa telur fram komin gögn eða upplýsingar ófullnægjandi, óglögg, tortryggileg eða ekki látin í té í umbeðnu formi eða hún telur frekari þörf á einhverju atriði skal hún skora skriflega á þann sem kann að verða krafinn um gjald skv. 5. gr. að bæta úr því innan ákveðins tíma og láta í té gögn sem á skortir. Ef ekki er bætt úr annmörkunum, svar berst ekki innan tiltekins tíma, þau gögn eru ekki send sem óskað er eftir eða fram komin gögn eða upplýsingar eru ófullnægjandi eða tortryggileg að mati Fiskistofu er henni heimilt að áætla álagningu gjalds skv. 5. gr. og skal álagningin vera svo rífleg að eigi sé hætt við að fjárhæðir séu áætlaðar lægri en þær eru í raun og veru. Við áætlun er Fiskistofu heimilt að líta til gagna sem

aflað er frá öðrum stofnunum eða einkaaðilum og veita vísbendingar um veiðitekjur gjaldskylds aðila.

Hver sá sem tregðast við að láta Fiskistofu í té upplýsingar er varða gjaldskyldu skv. 5. gr. skal sæta dagsektum að ákvörðun Fiskistofu sem mega nema allt að 10.000 kr. á dag. Dagsektir má innheimta með fjárnámi.

Eigi síðar en 30. júní hvert ár skal Fiskistofa hafa lokið álagningu á gjaldendur skv. 5. gr. og skal þeim tilkynnt bréflega um hana.

Nú telur veiðiréttarhafi eða veiðifélag álagt gjald eða gjaldstofn eigi rétt ákveðinn og getur viðkomandi þá innan tveggja vikna frá því að hann fékk vitneskju um álagninguna kært hana til Fiskistofu sem þá skal innan tveggja vikna frá lokum gagnaöflunar leggja rökstuddan skriflegan úrskurð á málið. Úrskurðum Fiskistofu um álagningu gjalds má skjóta til úrskurðar ráðherra.

Gjöld skv. 5. gr. vegna næstliðins almanaksárs falla í gjalddaga 1. ágúst ár hvert. Ef gjöldin eru ekki greidd innan 30 daga frá gjalddaga skal greiða dráttarvexti af þeim skv. III. kafla laga um vexti og verðtryggingu. Álagning gjalds eða úrskurður um gjaldtöku skv. 5. gr. eru aðfararhæfar ákvarðanir. Má Fiskistofa krefjast fullnustu með aðfarargerð þegar liðnir eru 30 dagar frá dagsetningu álagningar eða uppkvaðningu úrskurðar.

7. gr.

Eigið fé Fiskræktarsjóðs.

Eigið fé Fiskræktarsjóðs skal að lágmarki vera 270 millj. kr. Lágmarksfjárhæð þessi skal taka breytingum í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs frá 1. janúar 2008.

Eigið fé, sem ekki hefur verið ráðstafað með heimild í 7. gr., skal ávaxtað samkvæmt samningi við aðila sem hefur leyfi til fjárvörslu lögum samkvæmt, um vörslu og ávöxtun eigin fjár.

Nú nær eigið fé ekki lágmarksfjárhæð skv. 1. mgr. og skal þá ávaxta eigið fé skv. 2. mgr. þar til lágmarksfjárhæð skv. 1. mgr. er náð.

8. gr.

Úthlutanir úr Fiskræktarsjóði.

Fyrir 1. september hvert ár skal stjórn Fiskræktarsjóðs gefa út og láta birta lána- og úthlutunarreglur sem gilda skulu fyrir sjóðinn næsta almanaksár. Reglurnar skulu áður bornar undir ráðherra til samþykktar.

Heimilt er að veita lán og styrki úr Fiskræktarsjóði í samræmi við gildandi lána- og úthlutunarreglur.

Fiskræktarsjóði er heimilt að afla umsagnar Matvælastofnunar um umsóknir um lán eða styrki til framkvæmda er lúta að fiskrækt í ám og vötnum þyki þess þörf.

Fiskræktarsjóði er heimilt að skilyrða úthlutanir við að úthlutunarhafar geri grein fyrir framvindu verkefna og ráðstöfun fjár samkvæmt nánari reglum sjóðstjórnar.

Fiskræktarsjóði er heimilt að ákveða að greiða úthlutanir í áföngum eftir framvindu verkefna.

Um málsmeðferð við veitingu lána og styrkja gilda ákvæði stjórnsýslulaga. Ákvarðanir Fiskræktarsjóðs eru endanlegar á stjórnsýslustigi.

9. gr.

Reglugerðarheimild. Kostnaður af rekstri.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga, þ.m.t. um málsmeðferð og ráðstöfun fjár úr Fiskræktarsjóði.

Allur kostnaður af starfsemi Fiskræktarsjóðs greiðist af honum.

10. gr.

Viðurlög.

Ef maður af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi skýrir rangt eða villandi frá upplýsingum, eða heldur leyndum upplýsingum, sem máli skipta við álagningu gjalds á veiðitekjur skv. 5. gr. varðar það fésektum eða allt að tveggja ára fangelsi.

Hafi fyrirsvarsmaður eða starfsmaður lögaðila gerst sekur um brot gegn 1. mgr. má auk refsingar sem hann sætir gera lögaðilanum sekt, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hafi notið hagnaðar af brotinu.

11. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2009. Um leið falla úr gildi eldri lög um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ráðherra skal þrátt fyrir 10. gr. skipa nýja stjórn Fiskræktarsjóðs eigi síðar en 1. janúar 2009. Jarðasjóður leggur Fiskræktarsjóði til 270 millj. kr. sem mynda eigið fé sjóðsins skv. 6. gr. eigi síðar en 1. janúar 2009.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu að tilhlutan sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra með það að meginmarkmiði að setja skýrar reglur um hlutverk og stöðu Fiskræktarsjóðs.

Löng hefð er fyrir stuðningi við fiskrækt og fiskeldi hér á landi. Í fyrstu heildstæðu lax- og silungsveiðilögin, nr. 61/1932, voru tekin upp sérstök ákvæði um styrkveitingar til fiskræktar. Sambærileg ákvæði voru í lax- og silungsveiðilögum, nr. 112/1941, sem og lögum nr. 53/1957. Með lögum nr. 38/1970, um breyting á lögum nr. 53/1957, var Fiskræktarsjóður settur á fót. Markmið sjóðsins hefur frá upphafi verið að efla fiskrækt í landinu, m.a. með seiðasleppingum. Nú er svo komið að Ísland er eina landið við Norður-Atlantshaf sem ekki hefur orðið fyrir stórfelldu hruni í laxastofnum. Miklu fé er varið í nágrannalöndum okkar til viðhalds laxastofnum og verndunar svo að auðlindin tapist ekki fyrir fullt og allt. Ýmsar ástæður eru fyrir þessu hruni, sumar þekktar en aðrar ókunnar. Fullyrða má að mikilvægi Fiskræktarsjóðs hafi aukist eftir því sem áhrif manna á náttúru landsins hafa orðið meiri. Er því afar þýðingarmikið að lagaumgjörð um starfsemi sjóðsins sé nútímaleg og stuðli að skilvirkri starfsemi hans.

Aðkallandi er að breyta ákvæðum laga um Fiskræktarsjóð sem er að finna í eldri lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970. Í Fiskræktarsjóð hafa greitt þeir sem hafa haft tekjur af því lífríki sem er í vötnum landsins og fallorkunni sem í þeim er. Tekjustofnar Fiskræktarsjóðs hafa frá upphafi verið 2% gjald af hreinum leigutekjum af veiði og 3‰ gjald af vergum (óskírum) tekjum af sölu á raforku. Í upphafi var þar um að ræða sölu á orku til almennings.

Með 27. gr. laga nr. 50/1998 var hins vegar gerð sú breyting að einnig skyldi greitt sama gjald af sérsamningum til nýrra stórnotenda. Með þessu frumvarpi er ráðgert að aflétta allri álagningu gjalds af tekjum af sölu raforku en bæta sjóðnum það upp með eingreiðslu úr ríkissjóði að fjárhæð 270 millj. kr. sem gera mun sjóðinn ámóta vel settan og ef innheimta af tekjum af raforkusölu hefði haldist óbreytt.

Greiðsluskylda af tekjum af sölu raforku hefur sætt nokkurri gagnrýni. Fyrir það fyrsta hefur gjaldstofninn í gildandi lögum sætt gagnrýni fyrir að vera óskýr og óeðlilegur. Ljóst má telja að stærstu vatnsaflsvirkjanir í jökulfljótum hafa oftsinnis lítil sem engin áhrif á fiskigengd á meðan smærri virkjanir hafa til muna meiri áhrif. Álagning gjaldsins getur leitt til hærra raforkuverðs og samræmist illa meginreglum um skattlagningu fyrirtækja á samkeppnismarkaði og má þar einkum benda á að einungis ber að greiða gjaldið af raforkusölu frá vatnsaflsorkuverum en ekki gufuaflsorkuverum auk þess að leynd yfir viðskiptakjörum kann að verða raskað. Greiðsla gjaldsins hefur engu breytt um skyldur raforkufyrirtækja til að greiða bætur fyrir tjón sem vatnsorkuver kann að valda á veiði eða veiðihagsmunum enda er skýrt samkvæmt almennum bótareglum og ákvæðum vatna- og veiðilöggjafar að orkuvinnslufyrirtæki ber að bæta slíkt tjón ef um það er að ræða. Einnig eru bein ákvæði í lögum um tilteknar mótvægisráðstafanir, svo sem gerð fiskvega, sbr. 35. gr. lax- og silungsveiðilaga, nr. 61/2006.

Með frumvarpinu er ráðgert að Fiskræktarsjóður dragi úr eða hætti stuðningi við fiskeldi en stuðningurinn úr sjóðnum til fiskeldis hefur verið lítill á síðustu árum auk þess að sjóðurinn getur aldrei orðið nokkur kjölfesta fyrir starfrækslu eða stofnsetningu fiskeldis- eða hafbeitarstöðva enda er slíkur atvinnurekstur afar kostnaðarsamur. Með frumvarpinu er þó að sjálfsögðu ekki komið í veg fyrir stuðning við seiðaeldi eða fiskrækt, sbr. 1. gr. frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með greininni er stöðu sjóðsins lýst að lögum og vikið að meginhlutverki hans.

Um 2. gr.

Með greininni er mælt fyrir um skipan nefndarmanna í stjórn Fiskræktarsjóðs. Að gildandi lögum fer veiðimálanefnd skv. 98. gr. eldri laga um lax- og silungsveiði með stjórn Fiskræktarsjóðs en sú nefnd er ráðherra að auki til aðstoðar um veiðimál. Með frumvarpinu er ráðgert að leggja niður veiðimálanefnd enda er hlutverk hennar óverulegt eftir gildistöku nýrra laga um lax- og silungsveiði auk þess að telja verður að hlutverk hennar skarist við hlutverk samráðsnefndar um framkvæmd nýrra laga um lax- og silungsveiði, laga um eldi vatnafiska, laga um Veiðimálastofnun, laga um fiskrækt og laga um varnir gegn fisksjúkdómum sem sett var á fót með bráðabirgðaákvæðum í nefndum lögum. Hlutverk samráðsnefndarinnar er að fylgjast með og stuðla að greiðri framkvæmd og virkum skoðanaskiptum þeirra er lögin varða helst. Í nefndinni sitja ellefu fulltrúar tilnefndir af eftirtöldum aðilum: Landssambandi veiðifélaga, Landssambandi stangaveiðifélaga, Landssambandi fiskeldisstöðva, Félagi eigenda sjávarjarða, fisksjúkdómanefnd, Veiðimálastofnun, Landbúnaðarstofnun, Fiskistofu, umhverfisráðuneyti og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti (áður sjávarútvegsráðuneyti). Þá skipar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (áður landbúnaðarráðherra) einn nefndarmann án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Með greininni er veitt yfirlit yfir tekjustofna Fiskræktarsjóðs sem koma til úthlutunar á hverju ári. Tekjur Fiskræktarsjóðs frá veiðifélögum og raforkufyrirtækjum vegna vatnsaflsvirkjana hafa verið sem hér segir á síðustu árum. Fjárhæðir eru í þúsundum króna á verðlagi hvers árs. Athuga ber að tekjur hvers árs eru vegna gjalda á næstliðnu ári.

Ár	Gjald af veiðitekjum	Gjald af sölu raforku
1993	9.419.038	7.292.758
1994	6.413.220	8.624.014
1995	5.447.006	8.044.530
1996	5.633.687	8.206.956
1997	5.771.338	8.363.085
1998	6.665.249	8.665.642
1999	6.442.585	8.357.509
2000	8.083.223	8.440.367
2001	7.981.196	8.795.692
2002	8.329.451	8.773.547
2003	9.173.362	7.960.834
2004	10.979.104	8.921.320
2005	10.332.009	10.570.921
2006	11.038.284	11.671.523
2007	13.941.323	12.294.716*

*áætlað

Um 5. gr.

Helsta nýmæli greinarinnar er að gjald er lagt á alla veiðiréttarhafa óháð því hvort þeir hafa tekjur af því að nýta veiðirétt sinn annars vegar með sölu veiðileyfa eða nýtingu veiðihlunninda eða hins vegar með aðild að veiðifélagi sem úthlutar arðgreiðslum í samræmi við arðskrá veiðifélags en í gildandi lögum um starfsemi sjóðsins er gjaldið einungis lagt á skírar veiðitekjur veiðifélaga, sbr. b-lið 98. gr. eldri lax- og silungsveiðilaga. Veiðiréttarhafar eru þeir sem eiga veiðirétt en skv. 12. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006, ber Landbúnaðarstofnun að halda skrá um veiðivötn og veiðiréttarhafa.

Í greininni segir að veiðiréttarhafar skuli greiða til Fiskræktarsjóðs 2% gjald af hreinum tekjum af veiði í ám og vötnum. Með hugtakinu hreinar tekjur er átt við tekjur af veiði að frádregnum eðlilegum og tengdum kostnaði við veiðina. Alla jafna ætti ákvörðun gjaldstofns samkvæmt greininni ekki að skapa vandkvæði. Til þess er að líta að veiðiréttarhöfum stendur næst að tíunda upplýsingar um veiðitekjur og er í 6. gr. frumvarpsins gert ráð fyrir að þeir geri það á formi sem Fiskistofa leggur til. Við álagningu og eftir atvikum áætlun gjaldsins mun Fiskistofa einkum líta til þeirra upplýsinga sem gjaldendur afla en þó er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að Fiskistofa geti leitað upplýsinga hjá öðrum sem kunna að hafa upplýsingar um gjaldstofna og eftir atvikum beita þá dagsektum skirrist þeir við að láta þær af hendi.

Um 6. gr.

Í greininni er að finna nýmæli um fyrirkomulag innheimtu og álagningar gjalds skv. 5. gr. frumvarpsins sem á sér nokkra fyrirmynd í lögum um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, nr. 37/1992.

Heimild 2. mgr. greinarinnar er byggð á því sjónarmiði að þar sem gjaldið er lágt getur það leitt til þess að álagning á einstaka veiðifélög eða veiðiréttarhafa verði mjög lág. Í slíkum tilvikum er kostnaður vegna innheimtunnar mögulega meiriri en ávinningur hennar.

Um 7. gr.

Í greininni eru fyrirmæli um meðferð á eigin fé Fiskræktarsjóðs sem eiga sér nokkra fyrirmynd í 7. gr. laga um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins nr. 61/1997, sbr. 6. gr. laga nr. 53/2007.

Um 8. gr.

Helstu breytingar sem ákvæði greinarinnar fela í sér eru að fyrir 1. september ár hvert skal veiðimálanefnd gefa út og láta birta lána- og úthlutunarreglur sem gilda skulu fyrir sjóðinn næsta almanaksár. Með þessu fyrirkomulagi er stuðlað að því að þau sjónarmið liggi fyrir sem ákvarðanir um lán og styrki úr sjóðnum byggjast á. Þá stuðlar það einnig að því að fyrir liggi skýr stefnumótun um áherslur í störfum sjóðsins fyrir hvert ár. Þar sem úthlutanir úr sjóðnum falla undir stjórnsýslu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra er skylt að afla samþykkis hans fyrir reglunum og má gera ráð fyrir að þess sé aflað tímanlega. Í þessu samhengi er rétt að vekja athygli á 8. gr. frumvarpsins þar sem ráðherra er veitt heimild til þess að þrengja í raun valdheimildir sjóðstjórnar við setningu úthlutunarreglna.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Í greininni eru fyrirmæli um viðurlög við vanrækslu á að skila gögnum og við framlagningu rangra eða villandi gagna vegna ákvörðunar um álagningu gjalds af veiðitekjum skv. 5. gr. frumvarpsins. Sambærileg ákvæði eru í 109. gr. tekjuskattslaga.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ríkisstjórn Íslands hefur ákveðið að leggja til við Alþingi að 270 millj. kr. verði varið úr jarðasjóði til að mynda eigið fé Fiskræktarsjóðs skv. 7. gr. þessa frumvarps. Jarðasjóður er á forræði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Með arði af eigin fé ætti sjóðurinn að vera ámóta vel settur og ef hann nyti óbreyttra greiðslna frá seljendum raforku.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Fiskræktarsjóð.

Markmið frumvarpsins er að setja skýrar reglur um hlutverk og stöðu Fiskræktarsjóðs en aðkallandi þykir að breyta ákvæðum laga um sjóðinn sem er að finna í eldri lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Fiskræktarsjóður hafi áfram tekjur af 2% gjaldi af veiði í ám og vötnum en að gjaldtöku af tekjum af sölu raforku verði aflétt. Til að bæta sjóðnum það upp er gert ráð fyrir að honum verði veitt 270 m.kr. eingreiðsla úr Jarðasjóði og að sú fjárhæð myndi eigið fé Fiskræktarsjóðs og taki breytingum í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs frá 1. janúar 2008. Árið 2007 nam gjald af veiðitekjum um 13,9 m.kr. og er áætlað að gjald af sölu raforku hafi numið um 12,3 m.kr. það ár.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa áhrif á afkomu ríkissjóðs þar sem 270 m.kr. eigið fé er fært af Jarðajóði yfir á Fiskræktarsjóð.

856. Tillaga til þingsályktunar [555. mál]

um Þríhnjúkahelli.

Flm.: Árni Johnsen, Jón Gunnarsson, Ármann Kr. Ólafsson,
Lúðvík Bergvinsson, Guðni Ágústsson, Ragnheiður Elín Árnadóttir,
Guðbjartur Hannesson, Grétar Mar Jónsson, Illugi Gunnarsson,
Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Guðfinna S. Bjarnadóttir, Bjarni Harðarson,
Herdís Þórðardóttir, Kristján Þór Júlíusson, Alma Lísa Jóhannsdóttir.

Alþingi ályktar að skora á menntamálaráðherra að hefja nú þegar skipulagða vinnu til þess að fylgja eftir hugmyndum um að gera Þríhnjúkahelli í Bláfjöllum, stærsta hraunhelli í heimi, aðgengilegan fyrir ferðamenn.

Greinargerð.

Þríhnjúkagígur var ókannaður þar til á Jónsmessu 1974 er Árni B. Stefánsson augnlæknir og hellakönnuður seig niður á botn gígsins. Það var hins vegar ekki gert opinskátt fyrr en eftir að Daði Garðarsson úr Hjálparsveit skáta í Vestmannaeyjum seig niður á botn hellisins í leiðangri Eyjaskáta 17. júní 1977 en frá því var greint í Morgunblaðinu. Hellirinn er einstakur að gerð, tröllaukið gímald, um 175 m á dýpt og á við fótboltavöll að flatarmáli í botni, stærsta þekkta hraunhvelfing í heimi og eitt merkasta náttúruundur á Íslandi, falinn neðanjarðar við bæjardyr höfuðborgarinnar í landi Kópavogs.

Þríhnjúkahellir er einstakt náttúruundur á heimsmælikvarða en víða um heim er gert út á heimsóknir í sérstæða hella og þeir skipta miklu máli í ferðaþjónustu og landkynningu. Stóru íbúðablokkirnar þrjár efst á Laugarásnum sem eru tólf hæðir eru þekkt stærð. Botn Þríhnjúkahellis mundi rúma blokkirnar þrjár hlið við hlið og ef Hallgrímskirkja væri síðan sett ofan

á tólf hæða blokkirnar mundi vanta 15 metra upp á að krossinn á kirkjunni stæði upp úr gígopinu.

Þríhnjúkar ehf. heitir félag áhugamanna undir forustu Árna B. Stefánssonar og hefur félagið hafið undirbúning að því að gera Þríhnjúkahelli aðgengilegan. VSÓ-ráðgjöf hefur m.a. unnið að verkefninu og er að vænta upplýsinga um næstu skref á komandi hausti, en þær hugmyndir sem nú er unnið að byggjast á því að gera 200 m löng göng inn í Þríhnjúkahellinn sem mundu opnast inn í hellishvelfinguna á 64 m dýpi að stórum svölum og síðan yrði jafnvel hringstigi niður á botn hellisins. Ef ráðist verður í verkið á annað borð verður auðvitað ekki hjá því komist að opna leið fyrir ferðamenn niður á botn hellisins. Það er hreinlega ekki hægt að gera fólki það að geta ekki stigið fæti á botn stærsta hellis í heimi, það er ekki mannlegt. Þríhnjúkar ehf. hafa gert samning við Kópavogsbæ um framgang verkefnisins, en Þríhnjúkar í Bláfjöllum eru í landi Kópavogs. Verkefnið er firnamikið og reikna má með að það kosti um milljarð króna að gera göng, svalir, hringstiga, lýsingu og annað sem þarf til þess að fulls metnaðar sé gætt og nærgætni við náttúruundrið sjálft. Aðgengi að Þríhnjúkahelli er einn af mörgum möguleikum í markaðssetningu Íslands á alþjóðavettvangi, enn ein fjólan í íslenska náttúruvöndinn.

Þríhnjúkar eru í hálendisbrúninni ofan við Heiðmörk, 5 km vestur af skíðasvæðinu í Bláfjöllum og 20 km suðaustan Reykjavíkur. Hnjúkarnir eru nánast beint fram undan sé ekið eftir Langholtsvegi eða meðfram Rauðavatni. Undir norðaustasta gígnum er þessi firnadjúpi gígur, ótrúlega stór flöskulaga gíghvelfing. Botn gígketilsins er 120 m undir yfirborði jarðar og gímaldið sjálft um 150 þúsund rúmmetrar. Botninn er 75–48 m söðullaga hraunbingur á við fótboltavöll að stærð.

Á Íslandi er enginn aðgengilegur sýningarhellir með göngustígum og raflýsingu. Tveir fegurstu hellar landsins, Jörundur og Árnahellir, hafa verið friðlýstir sérstaklega og lokaðir fyrir nánast allri umferð.

Þríhnjúkahellir er ein merkilegasta náttúrumyndun Íslands og gígurinn er með afbrigðum óaðgengilegur og hrollvekjandi, en hann er stærsti hellir í heimi og túlkar með sjálfum sér þau reginöfl sem búa í iðrum jarðar. Í ógn sinni er hann aðlaðandi, en til þess að hann verði hluti af daglegum möguleikum innlendra sem erlendra ferðamanna þurfa margir að leggja hönd á plóginn, Alþingi, ráðuneyti og margir fleiri, því hér er um svo einstæðan og metnaðarfullan möguleika að ræða að ekkert má til spara að opna þennan helli eins smekklega og kostur er.

857. Skýrsla [556. mál]

Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur utanríkisráðherra um utanríkis- og alþjóðamál.

(Lögð fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

INNGANGUR

Samkvæmt hefð sem verið hefur við lýði frá 1969 leggur utanríkisráðherra fram skýrslu um alþjóðamál til umræðu á Alþingi. Í henni er að þessu sinni gerð grein fyrir helstu verkefnum utanríkisráðuneytisins, störfum fulltrúa landsins í alþjóðastofnunum, borgaraþjónustunni og nýbreytni í starfsháttum utanríkisþjónustunnar.

Á þessu þingi hefur verið lögð fram sérstök skýrsla um Ísland á innri markaði Evrópu og fram farið umræða um hana. Þá liggja fyrir frumvörp um tvö meginverksvið utanríkisráðherra, varnarmál annars vegar og alþjóðlega þróunarsamvinnu hins vegar, sem mæla bæði fyrir um aukna aðkomu Alþingis að þeim málaflokkum og reglulegar skýrslur. Þá stendur til að leggja fram sérstaka skýrslu í haust um norðurslóðir.

Það sem af er þessum vetri hafa embættismenn utanríkisráðuneytisins fjórtán sinnum komið á fund utanríkismálanefndar og ráðherra fjórum sinnum átt fund með nefndinni. Verði ofangreind frumvörp að lögum og mótist nýtt vinnulag vegna EES-gerða sem utanríkismálanefnd og ráðuneytið vinna að, má ætla að mörkuð verði þáttaskil í samstarfi utanríkisráðuneytis og Alþingis.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar er sérstaklega hnykkt á efni 24. gr. þingskapalaga um að haft skuli samráð við utanríkismálanefnd um meiriháttar utanríkismál. Er það til marks um alvöru þessara orða að utanríkismálanefnd fékk að frumkvæði utanríkisráðherra öryggisvottun NATO sl. haust. Er þannig úr sögunni aðgreining þings og ráðuneytis og sú leynd sem lengi var tákn um ágreining í utanríkismálum.

Forsendur íslenskrar utanríkisstefnu.

Utanríkisstefna ríkja á að vera stöðug og byggja á skýrum grunngildum sem þegar best lætur er sammæli um meðal þjóðarinnar. Á hinn bóginn mótast áherslur af aðstæðum.

Ísland varð aðili að þjóðarétti og samfélagi þjóðanna árið 1918 og því er á þessu ári níutíu ára afmæli þess að þeim áfanga var náð. Allar götur frá fullveldi hafa ýmsar mikilvægar framfarir á Íslandi tengst alþjóðlegri viðurkenningu og þróun í samvinnu ríkja. Fullveldi var náð vegna alþjóðlegrar viðurkenningar á sjálfsákvörðunarrétti þjóða, útfærsla landhelginnar var viðurkennd vegna þróunar alþjóðlegs hafréttar, viðskiptafrelsi innleitt með aðild að alþjóðasamningum og tækniframfarir tryggðar með samskiptum við útlönd.

Í hnattvæddum heimi eru heimsmálin heimamál og öfugt. Nýjar alþjóðareglur eða ný stefna sem mótuð er með viðskiptasamningum eða á vettvangi Evrópusamruna, hjá Alþjóðabankanum eða meðal Norðurlandaþjóða hefur bein áhrif á Íslandi, á íslenskar fjölskyldur og á íslensk fyrirtæki. Nýjar ógnir eins og loftslagsbreytingar, farsóttir og mansal þekkja engin landamæri og eina leið ríkisstjórna til að vinna á þeim er alþjóðleg samvinna. Þá er ímynd og orðstír Íslands beinhart hagsmunamál á tímum þegar ein frétt eða mynd berst á örskotsstundu heiminn á enda.

Nú eru því uppi nýjar aðstæður og nýjar áskoranir fyrir Ísland í alþjóðasamfélaginu. Þær kalla á kortlagningu hagsmuna og nýtt stöðumat stjórnvalda. Brotthvarf Bandaríkjahers frá landinu markaði mikilvæg tímamót. Loftslagsbreytingar og áhrif þeirra ekki síst á norðurslóðum, enn aukið mikilvægi Evrópusamstarfs Íslands og stóraukin umsvif íslenskra fyrirtækja á alþjóðamörkuðum hafa svo dæmi séu nefnd breytt verkefnaskrá utanríkisþjónustunnar.

Ísland er öflugt smærra ríki sem hefur ríka hagsmuni af því að tryggja sér virk og öflug alþjóðleg tengsl og eins sterka stöðu og kostur er í alþjóðastofnunum. Þetta hefur aldrei verið mikilvægara en nú og þýðing þess mun aukast á komandi árum. Hinn kosturinn, að fylgjast ekki með og vanrækja þá tengslamyndun sem felst í stjórnmálasambandi og viðskiptasamningum, veikir stöðu landsins á alþjóðavettvangi og fækkar tækifærum fyrir fólk og fyrirtæki.

Sterk staða á alþjóðavettvangi skapast með framlagi sem eftir er tekið. Verkefni alþjóðastofnana varða sameiginleg úrlausnarefni mannkyns. Þar á Ísland að byggja framlag sitt á styrk sínum og sérstöðu, svo sem sjálfbærri nýtingu sjávarauðlinda, endurnýjanlegri orku og

virkjun kvenorkunnar. Þetta hefur utanríkisráðherra sett fram í áherslum og leiðarljósum fyrir utanríkisþjónustuna.

Frumkvæði í alþjóðamálum.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks er sérstaklega kveðið á um frumkvæði í alþjóðamálum. Stefna ríkisstjórnarinnar er að svara kalli tímans og efla af skynsemi þátttöku Íslands í alþjóðasamstarfi. Nýjar aðstæður gera kröfu um að frumkvæði og útfærðari stefna komi allvíða í stað viðbragða.

Yfirtaka Íslands á eigin öryggi og vörnum hefur verið stórverkefni. Ísland býr ekki lengur við vernd annarra heldur þarf að huga sjálft að eigin vörnum. Við þurfum að byggja upp eigin þekkingu og eigið mat á hættu og varnarþörf og undirbúa þannig pólitískar ákvarðanir næstu ára. Við herjum ekki á neinn, við hervæðumst ekki, heldur lítum eftir lofthelgi okkar og landhelgi. Hættumatsnefnd er að störfum og mun skila skýrslu á haustmánuðum.

Utanríkisráðuneytið vinnur áfram markvisst að því að opna markaði fyrir íslensk fyrirtæki og efla fríverslun. Samráð við atvinnulíf hefur verið aukið þar á meðal um Evrópumál og um ímynd Íslands og orðspor í viðskiptalöndum. Sendiráð Íslands hafa verið virkjuð með markvissari hætti til sóknar og varnar fyrir íslensk fyrirtæki í krefjandialþjóðlegri ímyndarbaráttu. Ljóst er að í sterkara orðspori Íslands, að landið verði kunnara af þýðingarmiklu framlagi á alþjóðavettvangi og traustum innviðum heima, felast þjóðarhagsmunir.

Á skömmum tíma er baráttan við loftslagsbreytingar orðin eitt af meginmálum alþjóðasamfélagsins. Þar hefur Ísland tekið sér stöðu með þeim ríkjum sem styðja nýjan bindandi alþjóðasamning á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Þekking Íslands á sviði endurnýjanlegrar orku er mikilsverð. Þar skiptir framlag okkar máli.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er kveðið á um að nýir hornsteinar íslenskrar utanríkisstefnu séu mannréttindi, aukin þróunarsamvinna og friðsamleg lausn deilumála.

Í ræðu utanríkisráðherra um utanríkismál á Alþingi 8. nóvember 2007 sagði um þetta: „Þessi yfirlýsing hefur siðferðilegt inntak og vísar til mikils metinna gilda í íslensku samfélagi og menningu. Íslendingar hafa aldrei farið með ófriði á hendur öðrum þjóðum í hefðbundnum þjóðréttarlegum skilningi og aldrei haft efni til að heyja árásarstríð af neinu tagi. Á Íslandi skiptir hver mannssál máli og allir eru taldir með. Það er einnig kjarni mannréttinda og mannhelgi. Á Íslandi hafa líka kannanir sýnt að almenningur vill að þjóðin leggi meira af mörkum úr sameiginlegum sjóðum til þróunarsamvinnu auk þess sem óvenju margar fjölskyldur greiða beint til barna eða fjölskyldna í þróunarlöndum.“

Hinir nýju hornsteinar verka á öllum starfssviðum og tengjast innbyrðis. Þannig hefur verið unnin heildstæð aðgerðaáætlun á sviði mannúðar-, friðar og þróunarsamvinnumála. Ísland leggur áherslu á að tala máli mannréttinda í alþjóðastofnunum. Á viðskiptasviði er unnið að því að opna markaði fyrir íslensk fyrirtæki og íslenska neytendur, og um leið lítur utanríkisráðuneytið á það sem hlutverk sitt að tryggja íslenskum fyrirtækjum aðgengilegar upplýsingar um stöðu mannréttindamála í viðskiptalöndum.

Áhersla á friðsamlega lausn deilumála endurspeglast í stjórnarsáttmálanum þar sem segir að ríkisstjórnin vilji leggja lóð á vogarskálar friðar í Mið-Austurlöndum m.a. með þátttöku í mannúðar- og uppbyggingarstarfi. Framkvæmd þessa birtist strax í sumar þegar ríkisstjórnin samþykkti aðgerðaáætlun um Mið-Austurlönd og stóraukið framlag til mannúðarmála á svæðinu, þar á meðal til flóttamanna frá Írak. Þá styður Ísland með virkum hætti aðkomu alþjóðlegs friðarráðs palestínskra og ísraelska kvenna að friðarferlinu.

Framboð Íslands til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, sem leitt verður til lykta í haust tíu árum eftir að það var ákveðið, hefur gert nýjar kröfur til hæfni íslensku utanríkisþjónustunnar, eflt hana og styrkt. Utanríkisþjónustan og starfsfólk hennar hefur það sameiginlega markmið að heyja góða og málefnalega kosningabaráttu og efla orðstír Íslands. Framboðið er norrænt og stutt af öllum Norðurlandaþjóðum sem skiptast á að bjóða sig fram í ráðið. Næsta tækifæri sem Íslendingar fá til þess að bjóða sig fram og taka sæti í ráðinu verður að líkindum árið 2029.

Ísland hefur fram að þessu ávallt beðist undan framboði þó við höfum haft bæði efni og atgervi til að sinna verkefninu. Nær öll Evrópuríki hafa átt sæti í ráðinu. Hver sem úrslit kosninganna í október verða er hafið yfir vafa að framboðið hefur stóreflt tengsl við önnur ríki og styrkt stöðu Íslands á alþjóðavettvangi til framtíðar.

Þegar þróunarskýrsla Sameinuðu þjóðanna var kynnt í nóvember 2007 kom í ljós að Ísland var þar í fyrsta sæti á lífskjaralistanum svonefnda. Listinn er ekki settur saman til að efna til samkeppni meðal þróaðra ríkja, heldur fremur til að greina hvaða lykilþættir skila þjóðum í átt til betri lífsgæða og hvað hamli þeim þjóðum sem verst eru staddar.

Saga Íslands sem reis úr því að vera nýlenda og meðal fátækustu ríkja Evrópu í upphafi 20. aldar, og var skilgreint sem þróunarríki fram á sjöunda áratuginn, til þess að vera nú í hópi þeirra samfélaga þar sem hagsæld er einna mest, er öðrum ríkjum áhugaefni og jafnvel fordæmi.

Við höfum enga þá sérstöðu sem leysir okkur undan skyldum í samfélagi þjóða. Þvert á móti felst í sérstæðri sögu okkar og reynslu erindi á alþjóðavettvang.

1. UTANRÍKISÞJÓNUSTA NÝRRAR ALDAR

Lagt er kapp á að utanríkisþjónustan þróist í takt við nýja tíma. Hún taki upp ný vinnubrögð, hugi betur að mannauðinum sem býr í starfsfólkinu og efli skipulag sitt. Þá er lögð rík áhersla á að fylgja í hvívetna vönduðum stjórnsýsluháttum. Gamalgróið skipulag í starfsmannamálum er í endurskoðun og skref hafa verið stigin í átt að gagnsærra kerfi.

Í kjölfar stefnumótunarfundar með öllum starfsmönnum í september 2007 kynnti ráðherra leiðarljós og markmið fyrir utanríkisþjónustuna.

Leiðarljós: Utanríkisþjónusta Íslands sé útvörður þjóðarinnar í hnattvæddum heimi og vakandi gagnvart öllu því sem getur rennt styrkari stoðum undir íslenskt samfélag. Íslendingar og íslensk fyrirtæki treysti því að utanríkisþjónustan gæti réttmætra hagsmuna þeirra á erlendri grund og komi þeim til aðstoðar við erfiðar aðstæður.

Markmið utanríkisþjónustunnar er eftirfarandi:

- Utanríkisþjónustan búi yfir afburða þekkingu á sviði alþjóðamála sem sé í sífelldri endurnýjun.
- Utanríkisþjónustan þyki eftirsóknarverður vinnustaður sem dragi að sér kraftmikið, metnaðarfullt og velmenntað fólk.
- Stjórnsýsla utanríkisþjónustunnar sé gegnsæ, fagleg og þróist í takt við nýja tíma. Verkefni byggist á skýrri forgangsröðun og markvissri nýtingu fjármuna.
- Utanríkisþjónustan stuðli að opinni umræðu um verkefni og áherslur á sviði alþjóðamála við almenning, háskólasamfélagið og utanríkismálanefnd Alþingis.
- Sérstaða og styrkur Íslands á sviði ábyrgrar nýtingar náttúruauðlinda og jafnréttismála verði sýnileg í starfi utanríkisþjónustunnar og skapi íslenskri utanríkisþjónustu nafn á alþjóðavettvangi.

Utanríkisþjónustur í öðrum löndum hafa náð góðum árangri og aðhaldi í rekstri með bættri stjórnun. Unnið hefur verið að úttekt á bestu þekkingu á þessu sviði og af því hyggst utanríkisþjónustan læra. Stefnt er að útgáfu skýrslu um rekstur þjónustunnar um næstu áramót. Slík skýrsla mun innihalda starfsáætlanir allra starfseininga og leiða til aukins gegnsæis. Utanríkisþjónustan á ekki að vera leyndarráð heldur á að lyfta í dagsljós þeim verkefnum sem hún vinnur að.

Kostnaður við rekstur.

Hinn alþjóðlegi starfsvettvangur utanríkisþjónustunnar veldur því að kostnaður við reksturinn ræðst af verulegu leyti af gengisforsendum. Breyttum þörfum og áherslum í utanríkismálum hefur undanfarið í ríkara mæli verið mætt með innra hagræði og skipulagsbreytingum. Kostnaður við utanríkisþjónustuna, aðalskrifstofu og sendiskrifstofur, á árinu 2008 er áætlaður um 2.967 millj. kr. sem samsvarar til 0,68% af ríkisútgjöldum.

Með hagkvæmni að leiðarljósi vinnur utanríkisþjónustan náið með öðrum Norðurlöndum að samnýtingu húsnæðis auk þess að leita ávallt hagkvæmra leiða til að standa að fyrirsvari Íslands á erlendri grund. Góð reynsla er af samstarfi við önnur Norðurlönd um húsnæðismál í London, Pretoríu, Nýju-Delí og Berlín, og leitað er leiða til að útvíkka samstarfið.

Að undanförnu hafa orðið talsverðar breytingar á umfangi og rekstri málaflokka sem heyra undir utanríkisráðuneytið. Undirstofnanir á Keflavíkurflugvelli, þ.e. sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli, Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli og Flugstöð Leifs Eiríkssonar, hafa færst til annarra ráðuneyta. Á móti þessum tilfærslum hafa komið ný verkefni á sviði öryggis- og varnarmála sem Ísland hefur tekist á hendur við brottför varnarliðsins. Stærstur hluti þessara verkefna og kostnaður vegna þeirra heyrir undir utanríkisráðuneytið.

Einn stærsti útgjaldaliður utanríkisráðuneytisins er framlög til þróunarmála. Í samræmi við markmið ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir því að á yfirstandandi ári muni fjárveitingar til þróunarmála aukast og ná 0,31% af vergum þjóðartekjum og 0,35% á árinu 2009. Verið er að kanna hvernig ná megi markmiði Sameinuðu þjóðanna um að framlög til þróunarmála nemi 0,7% af vergum þjóðartekjum.

Á yfirstandandi þingi hafa verið lögð fram tvö frumvörp sem varða verkefni, skipulag og störf utanríkisþjónustunnar. Annars vegar er um að ræða frumvarp til varnarmálalaga og hins vegar frumvarp til laga um alþjóðlega þróunarsamvinnu. Reikna má með því að af lagasetningu þessari leiði að starfsskipulag ráðuneytisins verði endurskoðað á næstu mánuðum. Í framhaldi af þessari vinnu hefur verið ákveðið að ráðast í endurskoðun laga um utanríkisþjónustuna sjálfa en gildandi lög um hana eru frá árinu 1971.

Á undanförnum missirum hefur utanríkisþjónustan stóraukið samstarf sitt við háskólana í landinu með það að markmiði að auka þekkingu og umræðu um alþjóðamál á Íslandi. Haldnir hafa verið opnir fundir í öllum háskólum landsins undir yfirskriftinni „Ísland á alþjóðavettvangi – erindi og ávinningur“ og sérstakir samstarfssamningar hafa verið gerðir við Háskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík og Háskólann á Akureyri þar sem stutt er við starf þeirra á sviði alþjóðamála. Ráðuneytið hefur enn fremur haldið áfram að bjóða háskólanemum og ungum háskólamenntuðum einstaklingum að spreyta sig í starfsnámi bæði á aðalskrifstofu ráðuneytisins og í sendiskrifstofum.

Þýðingarmiðstöð utanríkisráðuneytisins.

Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytisins annast þýðingar á lagatextum EES-samningsins. Það starf er mikilvæg forsenda tímanlegrar og faglegrar innleiðingar EES-gerða í íslenskan

rétt. Verkefni þýðingamiðstöðvarinnar hafa vaxið ár frá ári og eru starfsmenn hennar nú vel á þriðja tuginn. Þó er ljóst að betur má ef duga skal og við blasir að áfram þurfi að fjölga þýðendum, að minnsta kosti tímabundið, eigi Ísland að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt EES-samningnum. Góð reynsla hefur fengist af útibúi þýðingamiðstöðvarinnar á Akureyri auk þess sem nokkrir reyndir þýðendur hafa verið í fjarvinnu í lengri eða skemmri tíma. Hefur utanríkisráðherra markað þá stefnu að ný störf á þessum vettvangi verði óháð staðsetningu eftir því sem unnt er.

„Þýðingarmiðstöð utanríkisráðuneytisins hefur verið starfrækt frá því að undirbúningur hófst að aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu. Í þeirri aðild fólst í raun umfangsmesta upptaka erlends réttar frá því að Járnsíða og Jónsbók urðulögbækur Íslendinga á 13. öld. Í sautján ár hefur þýðingarmiðstöðin íslenskað nýja hugsun í tækni, samfélagsmálum, vísindum og menningu og leitt ný orð og hugtök inn í íslenskt ritmál í sátt við formgerð íslenskunnar. Þetta starf er ómetanlegt því með þessu móti eru tengslin við Evrópu og heiminn virkjuð til að endurnæra íslenskuna og svara kalli tímans. Starfsstöð þjálfaðra íslenskufræðinga og annarra sérfræðinga er mitt í kviku nýmæla í þróun tækni, samfélags og vísinda og færir inn í íslenskuna orð og hugtök til að fjalla um þau nýmæli.“

Úr blaðagrein utanríkisráðherra á degi íslenskrar tungu 16. nóvember 2007.

2. BORGARAÞJÓNUSTA – ÞJÓNUSTUTRYGGING HVERS ÍSLENDINGS

Borgaraþjónusta utanríkisráðuneytisins er sá bakhjarl sem Íslendingar á erlendri grund geta reitt sig á ef þeir lenda í erfiðleikum eða þurfa á atbeina íslenskra stjórnvalda að halda. Þessi starfsemi fer oft ekki hátt enda getur verið um persónuleg mál einstaklinga að ræða. Til að sinna þessu mikilvæga hlutverki reiðir utanríkisþjónustan sig á starfsfólk sitt, bæði fastráðna fulltrúa og kjörræðismenn, auk náins samstarfs við önnur Norðurlönd. Útgáfa vegabréfa og vegabréfsáritana er sömuleiðis mikilvægur þáttur í að greiða götu einstaklinga og fyrirtækja í samskiptum við útlönd.

„Hver einasti Íslendingur fæðist inn í þjónustutryggingu utanríkisþjónustunnar rétt eins og við njótum almannatrygginga og réttar til skólagöngu. Utanríkisþjónustan stendur með hverjum og einum Íslendingi á erlendri grundu, hvort sem er við áföll eða í meðbyr nýrra tækifæra. Verum minnug þess að í hverri viku er einhverri íslenskri fjölskyldu liðsinnt í aðstoðarmáli á þann hátt sem er mikils metinn alla tíð.”

Úr ræðu utanríkisráðherra á stefnumótunarfundi með starfsfólki 21. september 2007.

Þjónusta við Íslendinga heima og heiman.

Borgaraþjónusta utanríkisráðuneytisins gætir hagsmuna íslenska ríkisborgara á erlendri grund en fjöldi íslenskra ríkisborgara, sem býr eða dvelur langdvölum utan Íslands, hefur vaxið ár frá ári. Námsmenn mynda stóran hóp en lánþegar hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna sem stunda nám erlendis eru nú u.þ.b. 2.500. Tölur frá Hagstofu Íslands sýna að tæplega níu þúsund kjósendur í síðustu alþingiskosningum voru með lögheimili utan Íslands. Ætla má að þessi tala sé hærri þar sem börn eru eðli málsins samkvæmt ekki á kjörskrá.

Fjöldamargir Íslendingar eru á ferð og flugi um allan heim á ári hverju. Allir Íslendingar, hvar sem er í heiminum, eiga rétt á þjónustu utanríkisráðuneytisins þegar þeir standa frammi fyrir neyðarástandi, ógn eða hafa orðið fyrir órétti af hálfu erlends stjórnvalds.

Borgaraþjónustan sinnir einnig útgáfu skilríkja til handa Íslendingum erlendis eða veitir, eftir atvikum, slíkum umsóknum viðtöku fyrir hönd yfirvalda hérlendis. Hér er m.a. átt við útgáfu vegabréfa í sendiráðum Íslands í Kaupmannahöfn, Ósló, Stokkhólmi, London, Berlín, Washington og Peking, og útgáfu neyðarvegabréfa í öllum sendiráðum Íslands og hjá kjörræðismönnun Íslands erlendis. Einnig veita sendiráð umsóknum um ökuskírteini viðtöku.

Öryggi Íslendinga erlendis fellur undir starfssvið borgaraþjónustunnar sem fylgist grannt með ástandi mála á óeirða- eða hamfarasvæðum. Sé óvíst um öryggi Íslendinga á ákveðnum svæðum getur komið til þess að þjónustan ráði íslenskum ríkisborgurum frá ferðalögum. Í versta falli getur komið til þess að flytja verði fólk á brott. Slíkar aðgerðir fara oftast fram samstarfi við önnur Norðurlönd, sbr. brottflutning norrænna ríkisborgara frá Líbanon árið 2007.

Neyðarsími utanríkisráðuneytisins er opinn árið um kring utan hefðbundins skrifstofutíma og þangað er unnt að leita vegna neyðartilvika. Auk framangreindrar þjónustu hefur borgaraþjónustan milligöngu um stefnubirtingar hérlendis sem erlendis auk þess sem uppruni íslenskra skjala er staðfestur svo að unnt sé að nota þau erlendis.

Markmið utanríkisráðuneytisins er að auka sýnileika borgaraþjónustunnar og greiða þar með fyrir frekari aðgangi Íslendinga að þeirri þjónustu sem hún hefur upp á að bjóða. Á árinu stendur til að gera slíkar upplýsingar aðgengilegri á vefsíðu ráðuneytisins. Einnig verður skráningarkerfi ráðuneytisins hleypt af stokkunum en þar mun Íslendingum sem hyggja á ferðalög erlendis bjóðast að skrá sig og sínar ferðir. Stendur slík skráning öllum til boða þó hún sé einkum ætluð þeim er hyggja á ferðalög á óhefðbundnar slóðir þar sem ástand kann að vera ótryggt.

Neyðaráætlun ráðuneytisins verður formlega gefin út á árinu. Í henni er að finna verklag sem starfsmönnum ráðuneytisins auk annarra sem koma þar að ber að fylgja komi upp neyðarástand erlendis þar sem hætta steðjar að íslenskum ríkisborgurum.

Á grundvelli samkomulags við hin Norðurlöndin sjá þau um útgáfu vegabréfsáritana til Íslands. Um leið og gott er að eiga aðgang að þjónustu norrænna sendiráða varðandi vegabréfsáritanir er því ekki að neita að viss vandkvæði geta fylgt því s.s. hvað varðar fjölda umsókna og biðtíma. Verið er að kanna möguleika á að íslensk sendiráð sinni slíku starfi í ríkara mæli. Nýlega var komið upp aðstöðu til útgáfu Schengen-vegabréfsáritana í sendiráði Íslands í Peking og lofar hún góðu. Í skoðun er að sendiráð Íslands í Moskvu og í Nýju-Delí taki yfir útgáfu Schengen-vegabréfsáritana til Íslands sem eflir þjónustu við íslensk fyrirtæki sem eru í viðskiptum í Rússlandi og á Indlandi.

3. ALÞJÓÐAMÁL OG SAMEIGINLEGT ÖRYGGI

Enginn efast um að öryggisumhverfi ríkja hefur gjörbreyst á síðustu árum. Öll ríki heims og alþjóðastofnanir hafa farið í gegnum gagngera endurskoðun á forsendum starfsemi sinnar á sviði öryggis- og varnarmála. Hugtakið öryggi einskorðast ekki lengur við hervarnir tiltekinna svæða heldur er hugtakið miklu víðtækara og nær einnig til aðgerða gegn hinum nýju hnattrænu váboðum. Ríki ein og sér stemma ekki stigu við útbreiðslu gereyðingarvopna, hryðjuverkum, alþjóðlegri glæpastarfsemi, neikvæðum afleiðingum loftslagsbreytinga, fátækt og örbirgð eða þeirri hættu sem stafar frá löndum sem búa við stjórnarfar upplausnar.

Hið nýja verkefni okkar á Íslandi snýr í kjarna sínum að því að skapa öryggi gagnvart ofangreindum hnattrænum váboðum. Og það verður ekki gert með öðru en virkri þátttöku í alþjóðlegu samstarfi. Öryggi þarf að skapa með því að vinna gegn rótum átaka.

Í öryggisumhverfi þar sem ógnir virða ekki landamæri og kalla á fjölþjóðleg úrræði og samstarf, skiptir öflug pólitísk þátttaka lykilmáli fyrir Ísland. Þegar friðaruppbygging, stuðningur við lýðræði og félagslega innviði er kjarnaatriði í öryggisstefnu alþjóðastofnana geta Íslendingar gengið fram í fullu trausti þess að þeir hafa þekkingu, reynslu og hæfni fram að færa.

3.1. Sameinuðu þjóðirnar.

Fulltrúar Íslands taka virkan þátt í umfjöllun á vettvangi SÞ með sérstaka áherslu á mannréttindi, menntun, kvenorku og sjálfbæra nýtingu auðlinda, með skírskotun til reynslu Íslands á þessum sviðum. Undanfarin ár hafa árlega verið flutt á fimmta tug ávarpa fyrir Íslands hönd í allsherjarþinginu og undirnefndum þess, í öryggisráðinu, og í efnahags- og félagsmálaráðinu (ECOSOC). Ísland leitast við að taka virkan þátt í samningaviðræðum um einstakar ályktanir í samræmi við áhersluatriði utanríkisstefnunnar.

Fulltrúar Íslands hafa tekið að sér stjórnunarhlutverk en fastafulltrúi Íslands hjá SÞ var varaforseti ECOSOC árin 2006 og 2007 og situr nú sem varaforseti allsherjarþingsins. Varafastafulltrúi Íslands hefur undanfarin þrjú ár stýrt samningaviðræðum um árlega ályktun allsherjarþingsins um búsetuáætlun SÞ sem miðar að því að bæta lífskjör fólks í fátækrahverfum borga. Á þessu ári tók Ísland sæti í framkvæmdastjórn þróunaráætlunar SÞ (UNDP) og mannfjöldasjóðs SÞ í fyrsta sinn.

Norrænt samstarf um málefni SÞ er Íslandi þýðingarmikið. Samstarf Norðurlandaþjóðanna auðveldar fulltrúum Íslands að fá upplýsingar um margvísleg málefni. Samráð Norðurlandanna fer m.a. fram með árlegum fundi utanríkisráðherra Norðurlanda í upphafi hvers allsherjarþings, auk þess sem fastafulltrúar Norðurlandanna hittast vikulega. Mikilvægt er að Ísland leggi sitt af mörkum til þessa samstarfs og sýni samstöðu með öðrum Norðurlandaþjóðum. Norrænir utanríkisráðherrar hafa markað þá stefnu að setja aukinn kraft norræna samvinnu á vettvangi SÞ.

3.1.1. Þátttaka í störfum stofnana SÞ.

Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna.

Allsherjarþingið er ein af meginstofnunum Sameinuðu þjóðanna. Þar eiga öll aðildarríki stofnunarinnar sæti og þar fara fram samningaviðræður og stefnumótun. Undir allsherjarþingið heyra sex undirnefndir sem hafa mismunandi verksvið. Þeirra hlutverk er að vinna að ályktunum sem allsherjarþingið fær svo til samþykktar. Samningaviðræður um ályktanir fara því að mestu fram í nefndunum. Það er drjúgur þáttur í starfi fastanefndar Íslands að fylgjast með og taka þátt í samningaviðræðum um einstakar ályktanir. Nokkrum málefnum á dagskrá allsherjarþingsins er ekki deilt út til nefndanna heldur fjallað um þau í allsherjarþinginu sjálfu. Sem dæmi má nefna ársskýrslu framkvæmdastjóra SÞ og skýrslu efnahags- og félagsmálaráðsins (ECOSOC). Þá er í allsherjarþinginu m.a. fjallað um viðskiptabann Bandaríkjanna gegn Kúbu, mannúðarmál og neyðaraðstoð, Afganistan, Palestínu og ástandið í Mið-Austurlöndum og málefni hafsins. Ísland tekur virkan þátt í umræðum um mörg þessara mála, ekki síst um málefni hafsins.

Þátttaka íslenskra þingmanna í störfum allsherjarþingsins tengir á mikilvægan hátt löggjafarvaldið við framkvæmd utanríkismála. Það er stefna utanríkisráðuneytisins að miðla greið-

lega upplýsingum til Alþingis og eru heimsóknir alþingismanna á vettvangi Sameinuðu þjóðanna mikilvægur liður í því. Eftirfarandi þingmenn sóttu 62. allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna haustið 2007: Arnbjörg Sveinsdóttir, Árni Páll Árnason, Ásta Möller, Birgir Ármannsson, Helgi Hjörvar og Steingrímur J. Sigfússon.

Seta Íslands í efnahags- og félagsmálaráði SÞ (ECOSOC).

Í lok 2008 lýkur setu Íslands í ECOSOC en hlutverk þess er að eiga frumkvæði að gerð rannsókna og skýrslna um efnahags-, félags-, menningar-, menntunar- og heilbrigðismál, auk þess að gera tillögur til allsherjarþingsins um mannréttindi. Í ráðinu sitja 54 aðildarríki, kjörin af allsherjarþinginu til þriggja ára í senn. Undir ECOSOC heyra ýmsar nefndir, sem fjalla um einstök málefni, auk sérstofnana og áætlana. Ísland hefur síðastliðin ár átt sæti í kvennanefnd SÞ og nefnd um sjálfbæra þróun.

Sem liður í auknu samstarfi við smáeyþróunarríkin hélt utanríkisráðuneytið í samvinnu við ECOSOC og stjórnvöld á Barbados alþjóðlega ráðstefnu 25.–27. mars sl. undir yfirskriftinni „Alþjóðleg samvinna á sviði sjálfbærrar þróunar, samstarf Íslands og smáeyþróunarríkja í Karíbahafi“. Til hennar var boðið háttsettum aðilum frá 16 þróunarríkjum við Karíbahaf. Markmið ráðstefnunnar var að leggja grunn að frekari þróunarsamvinnu við ríkin á svæðinu, fyrst og fremst á sviðum sem ríkin sjálf kusu, sem og á sérsviðum Íslands, sjávarútvegs- og orkumálum. Auk utanríkisráðherra tóku þátt í ráðstefnunni fulltrúar Þróunarsamvinnustofnunar Íslands, Sjávarútvegsskóla og Jarðhitaskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi og Útflutningsráðs Íslands. Nokkur íslensk fyrirtæki tengd orku- og sjávarútvegi tóku einnig þátt og áttu sérstaka fundi sem Útflutningsráð skipulagði.

Seta Íslands í kvennanefnd Sameinuðu þjóðanna (CSW).

Ísland tók sæti í kvennanefnd Sameinuðu Þjóðanna árið 2005. Markmið hennar er að vinna að auknu jafnrétti karla og kvenna en eftir kvennaráðstefnuna í Peking árið 1995 fól allsherjarþingið henni að fylgja eftir yfirlýsingu og framkvæmdaáætlun ráðstefnunnar. Í nefndinni eiga sæti 45 ríki og sitja til fjögurra ára í senn. Kjörtímabili Íslands lauk í mars sl. Samstarf stjórnvalda og frjálsra félagasamtaka við undirbúning og þátttöku í fundum nefndarinnar hefur verið náið og gagnlegt.

Á 52. fundi nefndarinnar í mars sl. var fjallað um fjármögnun jafnréttisbaráttunnar. Fundir kvennanefndarinnar hafa verið sóttir af fulltrúum félagsmálaráðuneytis, frjálsra félagasamtaka, Jafnréttisstofu og þingkonum. Utanríkisráðherra sótti fundinn og átti í kjölfarið fund með aðalframkvæmdastjóra SÞ þar sem m.a. var rætt um mikilvægi kynjajafnréttis sem forsendu alþjóðlegs friðar og öryggis.

Í byrjun fundar kvennanefndarinnar hleypti aðalframkvæmdastjórinn af stokkunum átaki SÞ til að binda endi á ofbeldi gegn konum. Átakið stendur til ársins 2015 og er ætlað að tryggja pólitískan stuðning til þess að stöðva ofbeldi gegn konum, efla vitund almennings og fá karlmenn til að leggja sitt af mörkum í baráttunni gegn ofbeldi gegn konum.

Á fyrrnefndum fundum kvennanefndarinnar voru haldnar málstofur í aðalbyggingu SÞ þar sem fjallað var um stöðu og leiðir í jafnréttisbaráttu á Íslandi. Einnig voru haldnar norrænar málstofur um jafnréttismál og feðraorlof á Norðurlöndunum. Fulltrúi fastanefndar var fulltrúi Vesturlanda í vinnuhópi nefndarinnar sem fjallar um kvartanir sem berast nefndinni um brot á réttindum kvenna í aðildarríkjum SÞ. Hópurinn er skipaður einum fulltrúa frá hverjum ríkjahópi SÞ.

Seta í framkvæmdastjórn þróunaráætlunar og mannfjöldasjóðs SÞ.

Í janúar 2008 tók Ísland í fyrsta sinn sæti í framkvæmdastjórn þróunaráætlunar SÞ og mannfjöldasjóðs SÞ til eins árs. Í framkvæmdastjórninni eru 36 ríki og situr Ísland þar sem eitt af 12 ríkjum frá ríkjahópi Vestur-Evrópu og annarra ríkja. Framkvæmdastjórnin er helsti ákvörðunaraðili og fjallar um stefnu- og fjárhagsmál. Ísland hefur látið sig jafnréttismál varða á vettvangi þróunaráætlunarinnar en ný jafnréttisáætlun hennar var kynnt á fundi stjórnarinnar í janúar. Einnig hefur Ísland lagt ríka áherslu á málefni þróunarsjóðs SÞ fyrir konur (UNIFEM).

Vaxandi skilningur er á alþjóðavettvangi að aukin hlutdeild kvenna í þróunar- og friðarstarfi sé lykilþáttur í árangri. Ein að meginástæðum hagsældar á Íslandi liggur í háu menntunarstigi og atvinnuþátttöku kvenna; sterkri stöðu jafnréttismála. Reynsla Íslands og íslenskra kvenna er auðlind sem unnt er að virkja í þágu mannréttinda og aukinnar þátttöku kvenna í heiminum. Stuðningur við aukna þátttöku kvenna er áberandi í utanríkisstefnunni.

- Aukin þátttaka kvenna til að tryggja frið, heilsu, og draga úr fátækt var ein af megináherslum í ræðu utanríkisráðherra á allsherjarþingi SÞ haustið 2007.
- Réttindi kvenna og aukin þátttaka þeirra er grundvallarþáttur í nýrri aðgerðaáætlun Íslands í þróunarsamvinnu, friðargæslu og mannúðarmálum.
- Utanríkisráðherra er heiðurfélagi í alþjóðlegu friðarráði palestínskra og ísraelskra kvenna (International Women Commission for a Just and Sustainable Palestinian-Israeli Peace), og hefur á alþjóðavettvangi stutt viðleitni þess að fá formlega aðkomu að friðarferli ríkjanna.
- Konur eru um 40% íslenskra friðargæsluliða. Á síðasta áratug hafa hátt í 60 konur farið á vettvang til lengri tíma á vegum íslensku friðargæslunnar.
- Utanríkisráðherra fundaði með Ellen Johnson-Sirleaf, forseta Líberíu, í tengslum við fund Afríkusambandsins í júní 2007, en hún er fyrsta konan sem er lýðræðislega kjörin í embætti þjóðhöfðingja í Afríkuríki. Í febrúar sl. kom Olubanke King-Akerele, utanríkisráðherra Líberíu, til Íslands og tók þátt í opnun „fiðrildaviku“ UNIFEM.
- Ísland hefur nær þrefaldað framlag sitt til Þróunarsjóðs í þágu kvenna, UNIFEM, og er meðal þeirra ríkja sem mestu fjármagni veitir til sjóðsins.
- Ísland kynnti stöðu og leiðir í jafnréttisbaráttu á Íslandi á fundi kvennanefndar SÞ í New York í mars sl.
- Utanríkisráðherra ræddi aðkomu kvenna að friðarferlum á fundi sínum með aðalframkvæmdastjóra SÞ Ban Ki-Moon á fundi þeirra í febrúar 2008.
- Ísland styður tillögu um að komið verði á fót stöðu varaframkvæmdastjóra SÞ fyrir jafnréttismál og bætta stöðu kvenna.

3.1.2. Eftirfylgni við leiðtogafund SÞ sem haldinn var árið 2005.

Endurbætur á starfsemi Sameinuðu þjóðanna.

Nokkur árangur hefur orðið af endurbótastarfi á kerfi Sameinuðu þjóðanna frá því á leiðtogafundinum árið 2005. Sem dæmi má nefna nýtt mannréttindaráð, friðaruppbyggingarnefndina og endurbætur á ECOSOC. Einnig var heildarstefnu SÞ í aðgerðum gegn hryðju-

verkum hleypt af stokkunum haustið 2006. Enn er unnið að stækkun öryggisráðsins og endurbótum á vinnubrögðum þess, allsherjarsamningi gegn hryðjuverkum, umbótum á starfsemi SÞ í umhverfismálum, endurbótum á rekstri SÞ og samræmingu á aðgerðum SÞ í mannúðar-, umhverfis- og þróunarmálum. Ísland hefur fylgst náið með endurbótaferlinu og tekið virkan þátt í samningaviðræðum um það.

Endurbætur á rekstri skrifstofu Sameinuðu þjóðanna.

Í yfirlýsingu leiðtogafundarins var tekið fram að til þess að fylgja markmiðum stofnsáttmála SÞ þyrfti skrifstofa stofnunarinnar að vera skilvirk og ábyrg. Sú vinna hefur farið fram hjá fjármála- og stjórnsýslunefnd allsherjarþingsins þar sem unnið hefur verið að því að bæta mannauðsstjórnun og ábyrgð, endurskoða innkaupareglur og bæta stjórnunar- og eftirlitsþætti. Þó að árangur hafi náðst miðar verkinu hægt enda ekki alltaf sátt meðal ríkjahópa hvernig best sé að haga umbótunum.

Áfangi náðist þegar allsherjarþingið samþykkti í mars 2007 að styrkja getu SÞ á sviði friðargæslu. Í kjölfarið skilaði aðalframkvæmdastjóri skýrslu sem ber heitið „Styrking á getu Sameinuðu þjóðanna til að stjórna og viðhalda friðargæsluverkefnum“. Friðargæsluverkefni SÞ hafa vaxið á síðustu árum og hefur liðsafli aukist úr 57 þúsundum árið 2002 í rúmlega 100 þúsund manns. Enn frekari aukning er fyrirsjáanleg. Gerðar hafa verið grundvallarbreytingar á rekstri friðargæslunnar með það að markmiði að tryggja samhæfingu í stjórnun, samræmingu milli deilda og að auka starfsgetu friðargæslunnar innan höfuðstöðva og á vettvangi.

Aðgerðir gegn hryðjuverkum.

Leiðtogafundurinn vakti máls á nauðsyn þess að herða og samhæfa aðgerðir gegn hryðjuverkum. Í yfirlýsingu fundarins voru hryðjuverk í hvaða mynd sem er fordæmd og skorað á ríki heimsins að snúast til varnar. Áhersla var lögð á mikilvægi SÞ og undirstrikað að aðgerðir, sem gripið er til gegn hryðjuverkum, byggðust á alþjóðalögum og öryggisráðið hvatt til að styrkja hlutverk sitt. Í september 2008 er ætlunin að endurskoða stefnuyfirlýsingu allsherjarþingsins um aðgerðir gegn hryðjuverkum frá september 2006.

Hægt hefur gengið að semja allsherjarsamning SÞ gegn hryðjuverkum vegna skiptra skoðana um skilgreiningu á hryðjuverkum. Þótt öll ríki fordæmi hryðjuverk er afstaðan til þess hversu langt eigi að ganga mismunandi. Meðal þeirra málefna, sem ágreiningur hefur verið um, er hvernig greina eigi hryðjuverk frá öðrum baráttuaðferðum, hvernig bregðast eigi við því þegar ríki/ríkisstjórnir eiga aðild að eða tengjast hryðjuverkum og hvernig sporna megi við aðstæðum sem kunna að leiða til hryðjuverka.

Stækkun öryggisráðsins og endurbætur á vinnubrögðum þess.

Í hartnær fimmtán ár hefur sérstakur vinnuhópur allra ríkja, sem eiga fulltrúa á allsherjarþinginu, fundað um endurbætur á starfsemi öryggisráðsins, þ.m.t. um fjölgun í ráðinu, án þess að niðurstaða hafi fengist. Málið er í sjálfheldu þótt mikill meirihluti aðildarríkja telji óbreytta skipan ekki ásættanlega og að leiðtogafundurinn hafi samþykkt að leiða yrði mál þetta til lykta. Ágreiningur er um ýmis grundvallaratriði, t.d. stærð ráðsins, neitunarvaldið og tegundir aðildar.

Ísland hefur stutt svokallaða G-4 tillögu sem gerir m.a. ráð fyrir því að Indland, Japan, Þýskaland, Brasilía og tvö Afríkuríki fái föst sæti í öryggisráðinu, auk fjölgunar kjörinna ríkja. Andstæðingar tillögunnar hafa sameinast gegn fjölgun fastra sæta. Undanfarna mánuði hefur mest verið rætt um að stór ríki, sem helst eru talin eiga tilkall til nýrra fastra sæta í

öryggisráðinu, verði kosin til lengri tíma en tveggja ára. Uppi eru hugmyndir um að breyta gildandi reglum þannig að hægt sé að kjósa ríki til setu í lengri tíma en tvö ár, t.d. í fimm eða jafnvel tíu ár í senn, og að heimilt verði að endurkjósa þau að lokinni setu. Þannig yrði til ný tegund aðildar: ríki kjörin til langs tíma með möguleikum á endurkjöri. Auk þess myndu föstu ríkin hafa sín réttindi, þ.m.t. neitunarvald, og loks yrðu ríki áfram kosin til tveggja ára.

Verið er að kanna hvort slík bráðabirgðalausn njóti nægjanlegs fylgis. Slík málamiðlun yrði væntanlega háð tímamörkum og tekið yrði fram að unnið yrði að varanlegri niðurstöðu. Breytingar á borð við fjölgun ríkja í öryggisráðinu þurfa 2/3 hluta atkvæða í allsherjarþinginu en flestir telja æskilegt að enn stærri meiri hluta þurfi til að samþykkja slíkar stórpólitískar breytingar. Afríkuríkin hafa hingað til sett sig algerlega upp á móti því að ný föst ríki fari inn í öryggisráðið án þess að hafa þar sömu réttindi og fimmveldin sem sitja þar fyrir (P5).

Völd P5-ríkjanna eru í raun ekki síst fólgin í fastasetu þeirra í öryggisráðinu, sem veitir þeim yfirburði í allri málsmeðferð. Mikil umræða hefur verið um tillögur um að neitunarvaldið verði takmarkað, t.d. að sú krafa verði gerð að ríki verði formlega að rökstyðja beitingu neitunarvaldsins. Litlar líkur eru taldar á að samkomulag takist um að afnema neitunarvaldið eða takmarka það, enda hafa ríkin í hendi sér að koma í veg fyrir slíkt.

Umhverfismál.

Í yfirlýsingu leiðtogafundarins kemur fram að ákveðið hefur verið að samræma og bæta aðgerðir stofnunarinnar á sviði umhverfismála. Skiptar skoðanir eru um hversu langt skuli ganga í þessu máli. Ísland hefur lagt áherslu á að bætt staða umhverfismála sé lykillinn að sjálfbærri þróun og þannig forsenda þess að þúsaldarmarkmiðunum verði náð. Ísland hefur bent á að aðgerðir í umhverfismálum verði að byggjast á sérfræðiþekkingu og að tryggja beri framkvæmd samninga sem eru í gildi á sviði umhverfismála. Ísland hefur stutt tillögu ESB um að umhverfisáætlun UNEP verði gerð að sjálfstæðri stofnun en lagt hefur verið til að formlegar samningaviðræður um málið hefjist í upphafi 63. allsherjarþings í haust.

Samræming á aðgerðum SÞ í mannúðar-, umhverfis- og þróunarmálum.

Eftir leiðtogafundinn 2005 skipaði Kofi Annan hóp háttsettra einstaklinga til að fjalla um samræmingu á aðgerðum SÞ í mannúðar-, umhverfis- og þróunarmálum og skilaði hann skýrslu í árslok 2006. Tillögur hópsins miða að því að sameina starfsemi SÞ í framangreindum málefnum í hverju landi í eina heild. Tilraunaverkefni eru hafin í nokkrum þróunarríkjum og þykja lofa góðu.

Jafnréttismál innan Sameinuðu þjóðanna.

Íslendingar hafa látið sig jafnréttismál mikið varða á vettvangi SÞ. Hafa ótal tækifæri verið nýtt til þess að ítreka mikilvægi þessa málaflokks, s.s. í ávarpi utanríkisráðherra í allsherjarþinginu, í umræðum allsherjarþingsins um konur og þróun, í ávarpi ráðherra á 52. fundi kvennanefndarinnar, í umræðum framkvæmdastjórnar þróunaráætlunar Sameinuðu þjóðanna (UNDP) um nýja jafnréttisáætlun og í samningaviðræðum um ályktun um þróunarsjóð SÞ fyrir konur (UNIFEM).

Í skýrslu háttsettra einstaklinga um samræmingu aðgerða SÞ í mannúðar-, umhverfis- og þróunarmálum er lagt til að stofnuð verði sérstök eining innan SÞ á sviði jafnréttismála og málefna kvenna. Lagt er til að komið verði á fót nýrri stöðu varaframkvæmdastjóra SÞ er sinni jafnréttismálum. Markmiðið er að styrkja starf SÞ á sviði jafnréttismála og gera það skilvirkara og gagnsærra. Í dag er óljós verkaskipting milli eininga sem hafa með jafnréttis-

mál að gera. Aðalframkvæmdastjóri SÞ hefur lýst stuðningi sínum við tillögurnar. Ísland ásamt öðrum norrænum löndum og öðrum löndum, sem eru sama sinnis, hefur verið öflugur málsvari þessara tillagna. Hins vegar hafa mörg ríki og ríkjahópar lýst andstöðu sinni og samkomulag því ekki náðst.

3.1.3. Öryggisráðið.

Öryggisráð SÞ hefur það hlutverk að varðveita og stuðla að öryggi og friði í heiminum á grundvelli sáttmála stofnunarinnar. Ráðinu er heimilt að rannsaka sérhvert mál sem leitt getur til milliríkjadeilna og miðla málum þar sem ófriðlega horfir til. Ráðið getur á öllum stigum máls mælt með aðgerðum til lausnar hættulegu deilumáli. Öryggisráðið getur einnig ákveðið að senda friðargæslulið á svæði, ákveðið þvingunaraðgerðir, efnahagslegar refsiaðgerðir og sameiginlegar hernaðaraðgerðir.

Ísland hefur í auknum mæli tekið þátt í árlegum opnum fundum öryggisráðs SÞ. Af hálfu Íslands hafa verið flutt ávörp á fundum ráðsins um konur, frið og öryggi, um vernd barna í stríðsátökum, um ástandið í Afganistan, um náttúruauðlindir og átök, sem og á opnum fundi öryggisráðsins um áhrif loftlagsbreytinga. Á þessu ári hafa af Íslands hálfu tvívegis verið fluttar ræður fyrir hönd Norðurlandanna á opnum fundum ráðsins, annars vegar um vernd barna í stríðsátökum og hins vegar um Afganistan.

3.1.4. Ýmsir fundir á vettvangi SÞ.

Sérstakir fundir allsherjarþingsins um loftslagsbreytingar.

Í september 2007 boðaði aðalframkvæmdastjóri SÞ til þings háttsettra fulltrúa ríkja um loftslagsbreytingar. Utanríkisráðherra flutti ávarp á fundinum og hét fullum pólitískum stuðningi Íslands við alþjóðlegar aðgerðir undir forystu SÞ. Ráðherra tók undir að loftslagsbreytingar af mannavöldum væru staðreynd sem bregðast yrði við og lagði áherslu á nauðsyn þess að alþjóðlegir sáttmálar um tölusett markmið og aðgerðaáætlun gegn loftslagsbreytingum yrðu mótaðir. Byggja bæri á því sem vel hefði reynst í Kýótósamningnum, s.s. þeim takmörkum og tímamörkum sem þar hefðu verið sett, en jafnframt koma til móts við þróunarríki og leita nýrra lausna í samstarfi við atvinnulíf. Umhverfisráðherra tók einnig þátt í fundinum.

Á fundi allsherjarþingsins um loftslagsbreytingar, sem haldinn var í höfuðstöðvum SÞ í febrúar sl., var fjallað um hlut SÞ í baráttunni gegn útblæstri gróðurhúsalofttegunda og aðlögun þróunarríkja að breyttu loftslagi. Ísland fagnaði niðurstöðu ráðherrafundarins í Balí um að stefna að samkomulagi um aðgerðir, eigi síðar en á fyrirhuguðum Kaupmannahafnarfundi í desember 2009, og gerði grein fyrir því hvernig jarðhitaháskóli SÞ væri dæmi um hvernig samstarf stjórnvalda og stofnana SÞ gæti komið þróunarríkjum til góðs.

Fundur háttsettra aðila um réttindi barna.

Sérstakur fundur tileinkaður réttindum barna var haldinn í allsherjarþinginu 11.–12. desember sl. Á þeim fundi var fjallað um skuldbindingar aðildarríkjanna vegna yfirlýsingar og aðgerðaáætlunar SÞ um réttindi barna frá 2002. Ísland lagði áherslu á að ríki virtu skuldbindingar sínar samkvæmt alþjóðasamningnum um réttindi barna. Bent var á mikilvægi verndunar barna og ungmenna gegn ofbeldisverkum, ekki síst í stríðsátökum. Ísland studdi ákvörðun um að stofna embætti fulltrúa aðalframkvæmdastjóra SÞ vegna aðgerða gegn ofbeldi gagnvart börnum. Mikilvægi starfsemi Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna var áréttað og fjallað um aðgerðaáætlun íslenskra stjórnvalda í þágu barna og ungmenna.

Fundur forseta Íslands með fulltrúum smærri ríkja og um loftslagsbreytingar.

Forseti Íslands flutti fyrirlestur á hádegisverðarfundi á vegum International Peace Academy 5. september 2007. Hann fjallaði um hlutverk og stöðu smærri ríkja í upphafi nýrrar aldar, efnahagslega þróun þeirra, viðbrögð við loftslagsbreytingum og nýjum viðfangsefnum á sviði öryggismála. Þangað var fyrst og fremst boðið fastafulltrúum smáríkja hjá SÞ en um helmingur aðildarríkja telst til þessa hóps. Fundurinn var vel sóttur og fóru fram athyglisverðar umræður í kjölfar fyrirlestursins.

Þá flutti forseti Íslands erindi um aðgerðir gegn loftslagsbreytingum á málþingi sem fastanefnd Íslands efndi til í höfuðstöðvum SÞ 21. febrúar sl. Einn aðalhöfundur skýrslu vísindanefndar SÞ um loftslagsbreytingar, Leena Srivastava, flutti einnig erindi en nefndin hlaut friðarverðlaun Nóbels árið 2007. Forseti Íslands rakti hvernig loftslagsbreytingar birtast í bráðnun jökla og heimsskautaíss. Nefndi hann hraðar breytingar á jöklum í Himalajafjöllunum sem geta haft hrikalegar afleiðingar fyrir lífsskilyrði rúmlega milljarðs jarðarbúa, einkum á Indlandi og í Kína. Án uppstokkunar á orkukerfum heimsins yfir í hreina orku yrði ekki hægt að koma í veg fyrir ógnvekjandi afleiðingar loftslagsbreytinga. Um víða veröld væri kallað eftir lausnum. Rakti forseti breytingar sem orðið hefðu á orkunotkun Íslands og ræddi hvernig sú reynsla gæti orðið öðrum ríkjum hvatning.

3.1.5. Framboð Íslands til öryggisráðs SÞ.

Ísland gefur nú í fyrsta skipti kost á sér til setu í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna frá því að landið gerðist aðili að stofnuninni árið 1946. Ísland býður sig fram til setu árin 2009–2010. Fyrir umrætt tímabil bjóða þrjú ríki sig fram til tveggja sæta vestrænna ríkja í ráðinu: Ísland, Austurríki og Tyrkland.

Meiri hluti aðildarríkja SÞ, þ.m.t. öll Evrópuríki að þeim smæstu undanskildum, hafa átt sæti í öryggisráðinu. Hin Norðurlöndin hafa öll setið a.m.k. tvö tímabil í ráðinu til þessa og Noregur og Danmörk hafa átt sæti fjögur tímabil hvort. Ákvörðunin um framboð Íslands var tekin árið 1998 af þáverandi ríkisstjórn.

Megináherslumál Íslands í framboðinu nú eru vernd almennra borgara á átakasvæðum, sér í lagi kvenna og barna; aukin aðkoma kvenna í friðarviðræðum og friðaruppbyggingu, sbr. ályktun ráðsins númer 1325, mikilvægi þess að mæta ógnum við öryggi í víðasta samhengi, sérstaklega með tilliti til mannöryggis og samþættingu öryggismála og þróunarstarfs, og að Ísland beiti sér fyrir bættum og gegnsærri starfsháttum innan ráðsins.

Kosningabaráttan og áherslur Íslands.

Vinna að framboði Íslands hófst af alvöru árið 2003 en styrktist með stofnun sérstaks framboðsteymis í utanríkisráðuneytinu í byrjun árs 2006. Kosningabaráttan hefur fyrst og fremst verið háð hjá Sameinuðu þjóðunum í New York en í vaxandi mæli einnig í aðildarríkjunum í gegnum sendiskrifstofur Íslands erlendis. Framboðsstarfið er samhæft og því stýrt í utanríkisráðuneytinu. Meginviðfangsefni öryggisráðsins ráðast af þeim málum sem hæst ber í heiminum hverju sinni og eiga erindi við ráðið.

Í framboðsstarfinu hefur verið lögð áhersla á að heyja málefnalega kosningabaráttu. Mikil vinna hefur átt sér stað í samræmingu innan utanríkisþjónustunnar og samvinna innan stjórnarráðsins hefur verið skerpt. Þá hafa milliríkjasamskipti Íslands aukist umtalsvert og þau verið nýtt til stuðnings framboðinu. Utanríkisráðherrar Íslands hafa átt fjölmarga tvíhliða fundi á allsherjarþingum með starfssystkinum sínum og kynnt framboð Íslands. Þá hafa fundir íslenskra ráðherra og æðstu embættismanna verið nýttir til að kynna framboðið. Sendi-

skrifstofur Íslands hafa verið virkar í framboðsmálunum og sendiherrar kynnt framboðið víða, t.d. við afhendingu trúnaðarbréfa. Ráðherrar, sendiherrar og embættismenn erlendra ríkja í heimsóknum á Íslandi hafa fengið upplýsingar um framboðið og beiðnir um stuðning.

Fjölgun ríkja sem Ísland hefur stjórnmálasamband við.

Framboðið til öryggisráðsins hefur skerpt á afstöðu og áherslum íslenskra stjórnvalda á alþjóðavettvangi og eflt milliríkjasamskipti Íslands. Samhliða framboðinu hefur orðið mikil fjölgun stjórnmálasambanda við önnur ríki sem eru til þess fallin að efla samvinnu. Frá því að Ísland bauð sig fram hefur verið komið á stjórnmálasambandi við 75 aðildarríki SÞ og hefur Ísland nú stjórnmálasamband við nær öll 192 aðildarríki SÞ.

Ísland hefur einnig fengið áheyrnaraðild að Afríkusambandinu og tilkynnt sérstakan fulltrúa með aðsetur í Addis Ababa næstu mánuðina til þess að efla samstarf Íslands við samtökin. Þá hefur verið sótt um áheyrnaraðild að Samtökum Ameríkuríkja. Með henni fengist aðgangur að samvinnu þessara svæðasamtaka til að sinna bæði stjórnmálalegum og efnahagslegum hagsmunum Íslands. Síðustu sjö ár hefur árlega verið haldinn fundur utanríkisráðherra Norðurlandanna og tíu Afríkuríkja, sem hefur styrkt samband ríkjanna innbyrðis.

„Færa má rök fyrir því að Ísland, eins og önnur ríki, deili fullveldi sínum með öðrum aðildarríkjum alþjóðastofnana svo sem Sameinuðu þjóðanna ekki síst vegna valdheimilda öryggisráðsins. Þess vegna má telja að framboðið sé skref til fullnustu sjálfstæðis þjóðarinnar, að Ísland sé rétt eins og aðrar sjálfstæðar þjóðir fullfært um að sitja við borðið.“

Úr ræðu utanríkisráðherra í umræðum um utanríkismál á Alþingi 8. nóvember 2007.

Norræn samvinna.

Ísland kemur nú í fyrsta sinn inn í röð norrænna framboða en utanríkisþjónustan hefur í gegnum árin stutt framboð hinna Norðurlandanna. Árið 2003 var settur á laggirnar norrænn starfshópur í New York undir forystu fastafulltrúa Íslands til þess að kortleggja hvar í heiminum hvert Norðurlandanna gæti veitt mestan stuðning við framboðið, m.t.t. staðsetningar sendiráða og fleira. Utanríkisráðuneyti Norðurlandanna gefa fyrirmæli til sendiskrifstofa sinna á völdum stöðum um að kynna framboð Íslands.

Stuðningur hinna Norðurlandanna er Íslandi mjög mikilvægur. Norðurlöndin njóta virðingar innan SÞ fyrir virka, jákvæða og málefnalega þátttöku innan stofnunarinnar og sem frumkvöðlar og fyrirmynd. Norðurlöndin eru forysturíki hvað varðar framlög til þróunarmála og friðargæslu.

Málefnaundirbúningur.

Mikilvægur þáttur í stefnu Íslands á vettvangi Sameinuðu þjóðanna er að taka málefnalega afstöðu á grundvelli alþjóðalaga og almennt viðurkenndra meginreglna í alþjóðasamskiptum. Í þessu sambandi er æskilegt að fyrir liggi skýr stefnumörkun til flestra mála á vettvangi SÞ og innan öryggisráðsins nái Ísland kjöri. Undanfarið hefur verið unnið að gerð málefnayfirlits um helstu umfjöllunarefni öryggisráðsins þar sem starfsmenn utanríkisþjónustunnar hafa unnið greiningu á 31 átakamáli og 6 málaflokkum sem ráðið hefur tekið fyrir sérstaklega en

þeir eru ályktun 1325, börn í stríði, hryðjuverk, gjöreyðingarvopn, þvingunaraðgerðir og friðaruppbyggingarnefndin. Ekki hefur verið fjölgað starfsfólki vegna þessarar vinnu.

Önnur verkefni utanríkisþjónustunnar nýtast framboðinu með beinum eða óbeinum hætti. Utanríkisráðuneytið hefur t.d. nýlega gefið út framkvæmdaáætlun vegna ályktunar öryggisráðsins númer 1325 um konur, frið og öryggi, og gert samstarfssamning við virta rannsóknarstofnun á sviði öryggismála í Afríku, Institute for Security Studies í Suður-Afríku. Þar fer hluti af framlagi Íslands í að fjármagna verkefnið „Konur og friðarþróun“ og fær Ísland aðgang að upplýsingum stofnunarinnar varðandi málefni heimshlutans.

Kostnaður.

Fyllsta aðhalds hefur verið gætt í kostnaði við framboðið sem nú nemur um 250–300 milljónum króna frá árinu 2001. Ákvörðun var tekin af þáverandi utanríkisráðherra árið 2005 að draga verulega úr fjárframlögum til framboðsins frá því sem áður var ráðgert. Ætla má að Ísland muni verja mun minna fé en keppinautarnir til að sinna framboðsstarfinu. Kostnaður okkar felst aðallega í fjölgun starfsmanna á skrifstofu fastanefndar Íslands í New York sem styrkt hefur möguleika til virkrar þátttöku í starfsemi SÞ. Fastanefndin, sem lengst af var fámenn, hefur á að skipa átta manna starfsliði, auk starfsnema. Hafa ber í huga að framboðsstarfið er einungis hluti starfs fastanefndarinnar og nauðsynlegt var að styrkja hana óháð framboðinu. Meginhluti starfsins felst í reglubundinni starfsemi SÞ, enda er Ísland best kynnt með virkri þátttöku í því starfi.

Staðan nú og starfið framundan.

Viðbrögð aðildarríkja SÞ við framboði Íslands hafa verið jákvæð, ekki síst meðal smáríkja og Afríkuríkja. Ljóst er þó að á brattann er að sækja enda við verðuga keppinauta að etja. Ísland hefur nú þegar fengið skrifleg fyrirheit um stuðning vel á annað hundrað ríkja af 192 aðildarríkjum SÞ. Hins vegar er um leynilegar kosningar að ræða og miklu máli skiptir að vel sé staðið að kynningu framboðsins síðustu mánuði fyrir kosningar sem fram fara um miðjan október næstkomandi.

Stuðningur almennings á Íslandi við framboðið fer vaxandi. Í könnun sem Capacent-Gallup gerði í september 2005 voru tæp 28% aðspurðra frekar eða mjög hlynnt framboðinu en í sambærilegri könnun sem gerð var nýverið lýsa rúm 46% sig frekar eða mjög hlynnt því. Alls voru 53% mjög eða frekar andvíg framboðinu haustið 2005 en eru nú 37%. Þeim sem ekki taka afstöðu fækkar á sama tíma um tæp 2% aðspurðra. Nauðsynlegt er að gera almenningi kleift að taka afstöðu á grunni haldgóðra upplýsinga um utanríkisstefnu Íslands, starfsemi SÞ og umfjöllunar um erindi Íslands í öryggisráðið. Í þeim tilgangi var í vetur m.a. efnt til funda í samvinnu við háskólasamfélagið undir yfirskriftinni „Háskólafundaröð; Ísland á alþjóðavettvangi – erindi og ávinningur“. Lokaráðstefna þeirrar fundaraðar, með þátttöku innlendra og erlendra fyrirlesara, er í undirbúningi.

Áfram verður lagt kapp á að kynna framboðið meðal annarra smárra aðildarríkja SÞ og smáeyþróunarríkja en um helmingur aðildarríkja telst til smáríkja. Í kynningarstarfi er lýðræðishefð Íslands haldið á lofti og vakin athygli á þróun frá nýlendu til nútímaríkis, frá örbirgð til auðlegðar, þar sem árangur hefur náðst í hagvexti og hagstjórn. Forseti Íslands hefur lagt framboðsstarfinu lið með þátttöku í sérstökum fundum, sem hafa verið skipulagðir með fulltrúum ríkjahópa í New York, auk þess sem ráðherrar í ríkisstjórn Íslands hafa í vaxandi mæli tekið þátt í kynningu framboðsins. Áfram verður haldið á þessari braut og efnt til funda og umræðu, ekki síst um þau mál sem Ísland hefur lagt áherslu á, einkum nýtingu á

auðlindum hafsins og jarðhita, auk jafnréttismála og nýtingu kvenorku til framfara og efnahagslegrar uppbyggingar. Forsætis- og utanríkisráðherra munu sækja allsherjarþing SÞ á komandi hausti.

Framboðið til öryggisráðsins hefur stóreflt samskipti Íslands við önnur aðildarríki SÞ og styrkt orðspor og ímynd verulega. Framboðið hefur einnig styrkt utanríkisþjónustuna, einkum varðandi stefnumótun og málefnavinnu, enda um að ræða eitt stærsta viðfangsefni í sögu íslenskra utanríkismála. Ávallt ber að hafa í huga að Ísland sem ríki er í framboði. Árangur framboðsins getur því haft áhrif til frambúðar á stöðu Íslands og viðhorf til lands og þjóðar á alþjóðavettvangi. Það er því mikilvægt að almenn samstaða sé um framboðið og jafn þýðingarmikla þátttöku Íslands í ábyrgðar- og trúnaðarstörfum og seta í öryggisráði SÞ er.

3.2. Öryggis- og varnarmál.

Nýtt tímaskeið er hafið í öryggis- og varnarmálum Íslands. Ytri aðstæður hafa breyst og íslensk stjórnvöld axla nú sjálfstæða ábyrgð í málaflokknum. Eftir brottför varnarliðsins ákváðu íslensk stjórnvöld í samráði við bandalagsþjóðir og hermálayfirvöld Atlantshafsbandalagsins að ábyrgjast rekstur íslenska loftvarnarkerfisins og annarra mannvirkja NATO á Íslandi. Jafnframt ákváðu bandalagsríki NATO að taka að sér loftrýmisgæslu við Ísland í samvinnu við íslensk stjórnvöld.

Alþingi samþykkti í fyrsta sinn sérstaka fjárveitingu til varnarmála í fjárlögum 2008 sem gerir stjórnvöldum kleift að standa undir þessum skuldbindingum. Jafnframt var í byrjun árs lagt fram frumvarp til varnarmálalaga sem eru fyrstu íslensku lögin sem sett eru um öryggis- og varnarmál. Þau veita utanríkisráðherra nauðsynlegar og tímabærar lagaheimildir á sviði öryggis- og varnarmála samfara því að koma á fót sérstakri stofnun, Varnarmálastofnun.

Þá skipaði utanríkisráðherra sl. haust 13 manna starfshóp til að gera faglegt hættumat fyrir Ísland. Skýrsla starfshópsins er væntanleg í haust.

Varnarsamningur Íslands og Bandaríkjanna og aðildin að Atlantshafsbandalaginu hafa verið og eru enn hornsteinar varna landsins. Breytt öryggisumhverfi bæði nær og fjær kallar hins vegar á aukið frumkvæði og ábyrgð í alþjóðlegri samvinnu á sviði öryggismála. Á umliðnu ári hefur verið unnið að því að styrkja samstarfið við nágrannaríki á sviði öryggis- og varnarmála. Íslensk stjórnvöld hafa tekið boði Atlantshafsbandalagsins um að halda hér á landi í byrjun næsta árs sérstaka ráðstefnu um horfur í öryggismálum á norðurslóðum. Mun utanríkisráðuneytið sjá um undirbúning og framkvæmd ráðstefnunnar í samvinnu við bandalagið.

3.2.1. Aukin ábyrgð Íslands.

Frumvarp til varnarmálalaga.

Hinn 17. janúar sl. mælti utanríkisráðherra fyrir frumvarpi til varnarmálalaga (135. löggjafarþing, þskj. 565, 331. mál.).[1] Frumvarpið byggir á þeirri meginforsendu að Íslendingar eru herlaus þjóð og að ekki er vilji til þess af hálfu stjórnvalda að breyta því. Frumvarpið felur í sér fyrstu heildstæðu löggjöfina um varnarmálatengda starfsemi á Íslandi.Í lögunum er starfsheimildum stjórnvalda á þessu sviði settur skýr lögmæltur rammi og kveðið á um öflugt eftirlit kjörinna fulltrúa með framgöngu framkvæmdavaldsins.

Samkvæmt frumvarpinu ber utanríkisráðherra ábyrgð á öryggis- og varnarstefnu Íslands á alþjóðavettvangi og er falin yfirstjórn varnarmála á Íslandi. Gert er ráð fyrir að sett verði á fót sérstök Varnarmálastofnun sem sinna á varnartengdum verkefnum sem íslensk stjórnvöld bera nú ábyrgð á. Þar ber hæst rekstur íslenska loftvarnakerfisins en íslensk stjórnvöld tóku við yfirstjórn loftvarnakerfisins og rekstri Ratsjárstofnunar úr hendi Bandaríkjanna 15. ágúst 2007. Varnarmálastofnun mun reka öryggissvæði við Keflavíkurflugvöll, Miðnesheiði, Helguvík, Bolafjall, Gunnólfsvíkurfjall og Stokksnes, og annast rekstur mannvirkja NATO hérlendis. Gert er ráð fyrir að stofnunin vinni úr upplýsingum frá NATO og veiti gistiríkisstuðning vegna loftrýmisgæslu sem hefst hérlendis á vormánuðum.

> „Framlagning frumvarpsins er söguleg í sjálfu sér og rökrétt framhald þeirra tímamóta sem orðin eru í sögu landsins með brotthvarfi flotastöðvar Bandaríkjahers frá landinu eftir fimmtíu og fimm ára starfsemi. Nú er sá tími liðinn að Bandaríkin fari meðfyrirsvar fyrir Ísland innan NATO á tilteknum sviðum, sá tími er liðinn að Ísland þurfiengum peningum að kosta til varna sinna og sá tími er kominn að Ísland sjálft axli aukna ábyrgð á eigin öryggi. Því ber að fagna að nú er friðvænlegra í okkar heimshluta en oft áður. Um leið ber okkur öllum, sem kjörin erum til ábyrgðarstarfa hér á hinu háa Alþingi, að taka alvarlega skyldu okkar til að tryggja öryggi og varnir þjóðarinnar. Hér getur enginn skilað auðu; verkefnið er okkar, til að vinna núna.“
>
> *Úr ræðu utanríkisráðherra með frumvarpi til varnarmálalaga á Alþingi 17. janúar 2008.*

Starfshópur um gerð hættumats fyrir Ísland.

Í lok september 2007 skipaði utanríkisráðherra 13 manna þverfaglegan starfshóp til að gera drög að faglegu og vönduðu hættumati fyrir Ísland. Dr. Valur Ingimundarsson prófessor veitir starfshópnum formennsku og er Alyson Bailes, gestakennari við Háskóla Íslands og fyrrum forstöðumaður sænsku friðarrannsóknarstofnunarinnar (SIPRI), hópnum til ráðgjafar. Starfshópnum er ætlað að ráðfæra sig við innlenda og erlenda sérfræðinga og skoða öryggishugtakið í víðara samhengi en út frá hefðbundinni hernaðarógn, s.s. með tilliti til umhverfisógna, farsótta og hryðjuverka. Starfshópurinn mun skila utanríkisráðherra skýrslu fyrir 1. september 2008. Formaður starfshópsins gerði utanríkismálanefnd Alþingis grein fyrir framvindu starfsins á fundi 5. mars sl.

---

[1] Frumvarpið er aðgengilegt á heimasíðu Alþingis. Sjá: http://www.althingi.is/dba-bin/ferill.pl?ltg=135&mnr=331

Loftrýmisgæsla NATO við Ísland.

Eftir brotthvarf varnarliðsins frá Íslandi haustið 2006 fór forsætisráðherra fram á það við Atlantshafsbandalagið að gerðar yrðu tillögur um það hvernig haga bæri loftrýmisgæslu við Ísland í ljósi þess að hér er enginn her. Framkvæmdastjóri bandalagsins fól hermálayfirvöldum þess að þróa slíkar tillögur í samvinnu við íslensk stjórnvöld. Í upphafi var tekin sú ákvörðun að fara ekki fram á viðvarandi loftrýmisgæslu líkt og á sér stað í Eystrasaltsríkjunum heldur stefna að reglubundinni viðveru orrustuflugvéla.

Hermálayfirvöld NATO lögðu til að bandalagsríki myndu senda orrustuflugvélar til loftrýmisgæslu á Íslandi a.m.k. ársfjórðungslega og að íslenska loftvarnakerfið yrði samþætt loftvarnakerfi NATO í Evrópu. Þessar tillögur voru samþykktar af fastaráði bandalagsins 27. júlí 2007 og hefur síðan verið unnið að framkvæmd þeirra. Loftrýmisgæsla NATO á Íslandi mætir loftvarnarþörf Íslands miðað við núverandi aðstæður og kemur í veg fyrir að hérskapist tómarúm í sameiginlegum vörnum Íslands og NATO. Þessi ákvörðun markar þau tímamót að íslensk stjórnvöld takast á hendur verulegt framlag til sameiginlegra varna bandalagsins auk þess að axla ábyrgð á eigin loftvörnum á friðartímum.

Í nóvember 2007 buðust Frakkar og Bandaríkjamenn til að senda orrustuflugvélar til loftrýmisgæslu við Ísland árið 2008 og Spánverjar, Bandaríkjamenn og Pólverjar gáfu vilyrði um að leggja til vélar á næstu árum. Þá hafa ýmis önnur ríki lýst áhuga á loftrýmisgæslu og unnið verður áfram að því að tryggja nægjanleg framlög frá bandamönnum okkar eftir því sem þurfa þykir.

Frá því í október sl. hafa rússneskar langdrægar sprengjuflugvélar flogið alls 12 sinnum inn að og/eða í gegnum loftrýmisgæslusvæði Íslands. Í tveimur tilvikum hefur verið flogið umhverfis landið og mesta nálægð verið innan við 50 mílur frá Reykjavík. Ratsjárstofnun hefur fylgst með þeim og sent upplýsingar um viðkomandi flug inn í ratsjárkerfi NATO og til Flugstoða sem sinna flugumferðarstjórn í kringum landið.

Flug rússnesku herflugvélanna gengur ekki gegn alþjóðalögum. Slíkt herflug nálægt íslenskri lofthelgi, sem rússnesk stjórnvöld hafa ekki tilkynnt, verður hins vegar að teljast óviðeigandi auk þess sem af því getur stafað hætta fyrir borgaralegt flug. Rússar eru vinaþjóð en íslensk stjórnvöld hafa ítrekað komið framangreindri skoðun á framfæri bæði beint við rússnesk stjórnvöld og á vettvangi samstarfsráðs NATO og Rússlands.

Mannvirki NATO.

Íslensk stjórnvöld hafa nú að fullu tekið við svokallaðri gistiríkisábyrgð á öllum mannvirkjum NATO á Íslandi. Í því felst að stjórnvöld eru skuldbundin til að sjá um rekstur og viðhald þeirra mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið af Mannvirkjasjóði bandalagsins. Við brotthvarf varnarliðsins varð ljóst að ýmis NATO-mannvirki væru óþörf. Með það í huga, og til að létta á fjárhagslegri byrði, voru 49 mannvirki afskráð af mannvirkjaskrá bandalagsins í nóvember 2007. Afskráning mannvirkja er forsenda þess að hætt sé hernaðarlegri notkun þeirra og þau síðan rifin eða tekin til borgaralegra nota.

Samhliða því að gegna nú hlutverki gistiríkis hefur Ísland gerst aðili að Mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins. Hlutverk sjóðsins er að fjármagna mannvirki og búnað sem eru nauðsynleg varnarhagsmunum bandalagsins í heild en eru umfram varnarþarfir hlutaðeigandi ríkis.

3.2.2. Varnarsamstarf Íslands og Bandaríkjanna.

Samstarf Íslands og Bandaríkjanna grundvallast sem fyrr á varnarsamningi ríkjanna. Gengið hefur verið frá ýmsum þáttum varðandi áframhaldandi samstarf í kjölfar brottfarar varnarliðsins, svo sem vegna varnaræfinga, stuðnings Bandaríkjanna við loftrýmiseftirlit og gerð þjónustusamninga vegna varnarbúnaðar. Fyrstu reglubundnu viðræður ríkjanna undir formerkjum samkomulags þeirra frá því í lok september 2006 voru haldnar í Reykjavík í júní 2007. Ráðgert er að halda slíkar viðræður á vormánuðum 2008.

Hafið er nýtt tímabil í samskiptum Íslands og Bandaríkjanna. Samstarf tekur skýrt mið af breyttum aðstæðum og nýjum tækifærum. Sameiginlegir hagsmunir eru eftir sem áður grunnurinn að tvíhliða samstarfi sem og samvinnu á vettvangi Atlantshafsbandalagsins. Breytt staða öryggismála á norðurslóðum kallar á aukna breidd og dýpt í samstarfi þjóðanna.

3.2.3. Grannríkjasamstarf.

Hinn 26. apríl 2007 var undirritað annars vegar tvíhliða rammasamkomulag Íslands og Noregs um samstarf á sviði öryggismála, varnarmála, viðbúnaðar og leitar og björgunar og hins vegar sameiginleg yfirlýsing Íslands og Danmerkur um samstarf um öryggis- og varnarmál og almannavarnir. Í samkomulaginu og yfirlýsingunni er vísað til aðildar Íslands, Noregs og Danmerkur að Atlantshafsbandalaginu og þeirra skuldbindinga sem af því leiða og áhersla lögð á þá viðleitni ríkjanna að stuðla að öryggi og stöðugleika á Norður-Atlantshafi.

Unnið hefur verið að því að útfæra nánar einstök verkefni og skilgreina samstarfsfleti enn frekar. Einkum hefur af Íslands hálfu verið lögð áhersla á aukið samstarf um öryggismála á norðurslóðum. Ísland gengur til þessa samstarfs með það að markmiði að leggja sitt af mörkum til sameiginlegs öryggis eins og aðrar þjóðir. Jákvæðar viðræður hafa einnig farið fram við Þýskaland, Frakkland og Bretland um grannríkjasamstarf.

Almennt samstarf Norðurlandanna á sviði hefðbundinna varnar- og öryggismála hefur einnig farið vaxandi. Noregur, Svíþjóð og Finnland hafa þegar lýst því formlega yfir að þau vilji dýpka samstarf sitt á þessu sviði, auk verkefna sem tengjast nýjum öryggisáskorunum, s.s. á sviði umhverfismála, almannavarna og viðbragða við hryðjuverkum. Á varnarmálaráðherrafundi Norðurlandanna í nóvember sl. kom skýrt fram að það samstarf væri opið Danmörku og Íslandi. Í utanríkisráðuneytinu er verið að kanna fýsileika þess að Ísland tengist þessu samstarfi með einum eða öðrum hætti.

Fyrir liggur að verulegur áhugi er meðal Norðurlandanna á að efla frekar norrænt samstarf á sviði friðargæslu, þróunarsamvinnu og mannúðarmála, enda fara saman markmið og leiðir. Unnið er að aukinni samvinnu og samhæfingu ríkjanna í aðstoð við Afganistan og verið er að kanna hugsanlega frekari samþættingu framlaga þeirra.

3.2.4. Atlantshafsbandalagið.

Öryggisumhverfi í Evrópu er gjörbreytt frá því sem áður var þegar Atlantshafsbandalagið var stofnað en markmiðin eru þau sömu, þ.e. að tryggja öryggi og frið í álfunni. NATO hefur lagað sig að breyttum aðstæðum í Evrópu með inngöngu nýrra aðildarríkja og auknu samráði og samvinnu við önnur ríki. Þá hafa bandalagsríki aðlagað herafla sinn oggetu í ljósi nýrra öryggisaðstæðna. Ísland á ríka samleið með öðrum aðildarríkjum NATO í bandalagi sem byggist á meginreglum lýðræðis.

Hryðjuverkaárásirnar á Bandaríkin hinn 11. september 2001 höfðu miklar afleiðingar fyrir umræðu og viðbúnað gegn alþjóðlegum hryðjuverkum innan NATO og í einstökum aðildarríkjum. Mikil áhersla er lögð á baráttuna gegn alþjóðlegum hryðjuverkum og útbreiðslu ger-

eyðingavopna, enda ljóst að eigi NATO að uppfylla hlutverk sitt sem varnar- og öryggisbandalag verður á vettvangi þess að taka nýjar ógnir alvarlega og byggja uppþekkingu og getu til að bregðast við þeim. Í þessu ljósi er bandalagið meðal annars að móta sér stefnu í orkuöryggismálum og vörnum gegn netógnum.

Þótt mikil áhersla hafi verið lögð á nýjar ógnir á undanförnum árum í starfi NATO eru hefðbundnari hlutverk þess ekki síður mikilvæg. Á síðasta áratug gerðust tíu ný ríki aðilar að bandalaginu og hafa þau unnið að umtalsverðum skipulagsbreytingum á sviði öryggis- og varnarmála. Bandalagið býr yfir mikilli þekkingu á þessu sviði og það eru ekki einungis hin nýju aðildarríki sem hafa nýtt sér hana heldur einnig samstarfsríki. Auk varnar- og öryggisþáttarins, gegnir NATO lykilhlutverki sem pólitískt bandalag lýðræðisríkja beggja vegna Atlantshafsins.

Afganistan.

Stærsta verkefni NATO á undanförnum árum hefur verið aðgerð alþjóðaliðsins í Afganistan (International Security Assistance Force, ISAF). Á árinu 2003 fór öryggisráð Sameinuðu þjóðanna fram á það við NATO að það tæki yfir friðargæslu og tryggði öryggi og stöðugleika í landinu eftir fall talibanastjórnarinnar. Í dag starfa um 43 þúsund manns frá 39 ríkjum á vettvangi ISAF. Lönd eins og Ástralía, Nýja-Sjáland, Svíþjóð, Finnland, Jórdanía, Georgía, Sviss, Austurríki og mörg fleiri taka virkan þátt í aðgerðinni.

Verkefni ISAF er að koma á nægjanlegu öryggi til að uppbyggingar- og endurreisnarstarf geti fylgt í kjölfarið. NATO hefur í forystu sinni fyrir ISAF lagt ríka áherslu á að vinna í náinni samvinnu við stjórnvöld í Kabúl, yfirvöld í héruðum og önnur alþjóðasamtök, ekki síst Sameinuðu þjóðirnar og Evrópusambandið. Í þessu augnamiði hefur bandalagið unnið að gerð tillagna sem miða að því að efla enn frekar efnahagslegt og félagslegt endurreisnarstarf sem hluta af aðgerðum ISAF.

Íslensk stjórnvöld hafa stutt þessar áherslur, enda ljóst að efnahagsleg og félagsleg uppbygging í kjölfar hernaðaraðgerða er lykilatriði ef festa á frið í sessi. Íslensk stjórnvöld deila því sjónarmiði að stöðugleiki í Afganistan stuðli jafnframt að stöðugleika og öryggi í okkar heimshluta. Því tekur Ísland virkan þátt í verkefni alþjóðasamfélagsins í Afganistan.

Kósóvó.

Í kjölfar sjálfstæðisyfirlýsingar stjórnvalda í Pristina hinn 17. febrúar sl. hefur bandalagið ítrekað að liðsafli NATO í Kósóvó (KFOR) er þar til að gæta öryggis allra íbúa Kósóvós, jafnt Kósóvó-Albana sem og Kósóvó-Serba, auk annarra minnihlutahópa. Ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1244 frá 1999 er að mati NATO í fullu gildi og mun KFOR, sem nú hefur á að skipa um 16 þúsund liðsmönnum, sjá um friðargæslu og tryggja öryggi í landinu.

Leiðtogafundurinn í Búkarest.

Nýliðinn leiðtogafundur NATO í Búkarest 2.-4. apríl sl. var sá stærsti í sögu bandalagsins en hann sóttu um 60 þjóðarleiðtogar, auk aðalframkvæmdastjóra SÞ, Ban Ki-Moon, og æðstu embættismanna ESB. Á fundinum var fjallað um ósk Króatíu, Makedóníu og Albaníu um aðild að bandalaginu, en ríkin hafa um árabil tekið þátt í svokallaðri aðildaráætlun bandalagsins. Sömuleiðis fjallaði fundurinn um óskir Úkraínu og Georgíu um að fá aðildaráætlun, og ósk Bosníu og Hersegóvínu og Svartfjallalands um að treysta tengsl sín frekar við NATO með því að fá aðild að hinni svokölluðu „nánari samræðu“ við bandalagið.

Á leiðtogafundinum voru málefni Afganistans og Kósóvós jafnframt ofarlega á baugi, sem og samskipti NATO og Rússlands. Niðurstaða leiðtogafundarins lá ekki fyrir þegar þessi skýrsla fór í prentun.

Samskipti NATO og Rússlands.

Samskipti NATO og Rússlands hafa verið fremur stirð á undanförnum missirum. Frá 12. desember sl. hafa Rússar ekki framfylgt skoðunar- og eftirlitsskylduákvæðum samningsins um hefðbundinn herafla í Evrópu en samningurinn hefur verið nefndur hornsteinn í öryggismálum Evrópu. Hann kveður á um eyðingu hergagna og að heræfingar og -flutningar séu tilkynntar. Ísland og önnur bandalagsríki telja mikilvægt að ná samkomulagi við Rússland um að endurskoðaður CFE-samningur taki gildi gagnvart öllum aðildarríkjum sem fyrst.

Enn fremur hafa Rússar mótmælt áætlunum um að setja upp hluta af eldflaugavarnarkerfi Bandaríkjanna í Póllandi og Tékklandi. Eins hefur ágreiningur ríkt um stöðu Kósóvós og nýlega sjálfstæðisyfirlýsingu sem Rússar telja að geti verið fordæmisgefandi. Þá hafa Rússar lýst andstöðu við nánari tengsl Úkraínu og Georgíu við bandalagið.

Mikilvægt er að styrkja samstarf Rússa og NATO, t.d. innan NATO-Rússlandsráðsins sem hefur verið mikilvægur vettvangur til að skiptast á skoðunum á opinn og hreinskiptinn hátt. Innan NATO-Rússlandsráðsins er t.d. unnið að mörgum samstarfsverkefnum. Þar má nefna þátttöku Rússa í eftirlitsaðgerð bandalagsins á Miðjarðarhafi og sameiginlegt tilraunaverkefni NATO og Rússlands í tengslum við baráttuna gegn fíkniefnasmygli frá Afganistan. Það verkefni felur í sér þjálfun á löggæslu- og tollvörðum í Rússlandi og Tyrklandi og hefur Ísland styrkt verkefnið.

3.2.5. Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu.

Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE) hefur frá upphafi gegnt mikilvægu hlutverki sem breiður samráðs- og samstarfsvettvangur ríkja beggja vegna Atlantshafsins. Samkvæmt Helsinki-yfirlýsingu ÖSE fjallar stofnunin um stjórnmál og öryggismál, efnahags- og umhverfismál og lýðræðis- og mannréttindamál. Ísland hefur lagt megináherslu á lýðræðis- og mannréttindamál.

Umræða um breytta starfsemi ÖSE.

Hugmyndir hafa verið uppi um að setja ÖSE sérstaka stofnskrá og hafa Rússland og fleiri ríki talað máli þess. Rússum hefur verið umhugað um að setja starfsemi ÖSE fastari skorður með því að þorri ákvarðana, þar á meðal um kosningaeftirlit, verði borinn undir fastaráð stofnunarinnar. Þannig myndi hvert ríki hafa neitunarvald í málefnum ÖSE þar eð ákvarðanir verði byggðar á reglunni um samstöðu. Bandaríkin og fleiri ríki hafa ekki stutt þessar hugmyndir. Þær þykja því ekki líklegar til að ná fram að ganga. Ísland hefur skipaðsér í hóp þeirra ríkja, sem vilja varðveita sveigjanleika ÖSE og sjálfstæði undirstofnana ogsendinefnda ÖSE á vettvangi en vilja jafnframt leita eftir málamiðlun.

Kosningaeftirlit.

Eitt helsta hlutverk ÖSE felst í starfi lýðræðis- og mannréttindaskrifstofu stofnunarinnar (ODIHR). Kosningaeftirlit ÖSE hefur beinst að löndum sem eru að hasla sér völl sem lýðræðisríki enda þótt eftirlitið fari einnig fram í rótgrónum lýðræðisríkjum. Eftirlitsstörf ODIHR-skrifstofunnar í Rússlandi hafa vakið athygli, m.a. vegna deilna við rússnesk stjórnvöld sem gagnrýnt hafa stofnunina, þótt hún of sjálfstæð og einungis beina sjónum í austur-

átt. Við þingkosningarnar í desember sl. var aðeins um 70 eftirlitsmönnum ODIHR-skrifstofunnar boðið að hafa eftirlit með kosningunum en við síðustu þingkosningar í landinu voru þeir um 400–500. Vegna þess, og lítils fyrirvara, þótti ODIHR-skrifstofunni tilgangslítið að hafa eftirlit með kosningunum. Aftur á móti tók hópur frá þingmannasamtökum ÖSE þátt í kosningaeftirliti og hafði hann ýmislegt við framkvæmd þeirra að athuga. Sagan endurtók sig í forsetakosningunum í Rússlandi fyrr á þessu ári; fresturinn var naumur og tala eftirlitsmanna lág svo að ekki varð af eftirliti. Þingmannasamtök ÖSE afþökkuðu einnig boð um að senda kosningaeftirlitsmenn á sínum vegum.

Kosningaeftirlit ODIHR-skrifstofunnar í öðrum ríkjum hefur gengið vel. Íslensk stjórnvöld hafa lagt áherslu á þátttöku og voru Íslendingar meðal kosningaeftirlitsmanna þingmannasamtaka ÖSE við kosningarnar í Rússlandi í desember, og í kosningaeftirliti ODIHR-skrifstofunnar í Úsbekistan, Kasakstan, Kirgisistan, Serbíu, Albaníu, Armeníu og Úkraínu á árinu sem leið.

Kósóvó.

Stærsta sendinefnd ÖSE á alþjóðavettvangi, alls um 1300 manns, starfar í Kósóvó (OMIK) og sinnir fyrst og fremst uppbyggingu lýðræðislegra stofnana. Eftir að Kósóvó hafði lýst yfir sjálfstæði lýstu Serbar og Rússar því yfir að ályktun öryggisráðsins nr. 1244 ætti ekki lengur við og því væri ekki lengur grundvöllur fyrir starfsemi OMIK-sendinefndarinnar. Þessari yfirlýsingu hefur ekki enn verið fylgt eftir en ljóst er að ákveðið öryggi er af veru OMIK-sendinefndarinnar í Kósóvó fyrir minnihlutahóp Kósóvó-Serba.Afstaða Íslands hefur verið sú að halda starfi OMIK-sendinefndarinnar áfram en störf hennar hafa skilað haldgóðum árangri í Kósóvó.

3.2.6. Samráð EES/EFTA-ríkja og ESB um utanríkismál.

Vísað er í 5. kafla í skýrslu utanríkisráðherra um Ísland á innri markaði Evrópu sem lögð var fyrir Alþingi hinn 31. janúar sl.

3.2.7. Afvopnunarmál.

Ísland leggur áherslu á afvopnunarmál á alþjóðavettvangi. Megináherslan hefur verið lögð á að ná alþjóðlegri samstöðu um bann við vissum vopnategundum. Gereyðingarvopn og viss hefðbundin vopn verður að banna af mannúðarástæðum en þau valda óbærilegum skaða á almennum borgurum.

Alþjóðasamstarf og alþjóðasamningar.

Sameinuðu þjóðirnar eru meginvettvangurinn fyrir umræður um afvopnunarmál. Ísland á fulla aðild að afvopnunarnefnd SÞ og áheyrnaraðild með málfrelsi og tillögurétti að afvopnunarráðstefnu SÞ. Á allsherjarþinginu 2007 voru 52 tillögur um afvopnunarmál samþykktar. Ísland var meðflytjandi að sex þeirra, þ.e. tillögum um hlutlausar upplýsingar um hernaðarmálefni, um samninginn um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn, um endurnýjaðan ásetning í átt að afnámi allra kjarnavopna, um ólögmæt viðskipti með smá- og léttvopn, um samninginn um bann við tilteknum vopnum og um styrkingu öryggis- og samvinnu á Miðjarðarhafssvæðinu.

Gereyðingarvopn flokkast í kjarnavopn, efnavopn og lífefnavopn. Efnavopnasamningurinn frá 1992 og lífefnavopnasamningurinn frá 1972 banna slík vopn. Þótt flest ríki heims séu

aðilar að samningnum um að dreifa ekki kjarnavopnum frá 1968 (NPT) hefur kjarnavopnaeign breiðst út. Indland, Pakistan og Norður-Kórea hafa gert tilraunir með kjarnasprengingar.

Ísland er aðili að framangreindum samningum varðandi gereyðingarvopn. Megináherslur Íslands varðandi gereyðingarvopn eru að öll ríki heims gerist aðilar að þessum samningum.

Ísland hefur stutt viðleitni Noregs og fleiri ríkja um að gera samning um bann við klasasprengjum fyrir árslok 2008 en ljóst er að erfiðara verður að ná víðtækri samstöðu um bann við klasasprengum en jarðsprengjum vegna þess að þær eru hernaðarlega mikilvægari. Mannúðarvandinn, sem skapast af klasasprengjum, er fyrst og fremst sá að verulegt hlutfall þeirra springur ekki. Þær virka þá á svipaðan hátt og jarðsprengjur og skapa sérstaka hættu fyrir almenna borgara, ekki síst börn.

Á allsherjarþingi SÞ árið 2006 var Ísland meðflytjandi að tillögu um að hefja ferli sem gæti leitt til samningsgerðar um ólögmæt vopnaviðskipti. Á undanförnum 20 árum hafa um fjórar milljónir manna látist af völdum smá- og léttvopna og 18 milljónir hafa þurft að yfirgefa heimili sín.

Alþjóðakjarnorkumálastofnunin.

Alþjóðakjarnorkumálastofnunin (IAEA) er miðstöð samstarfs á sviði kjarnorku og styður örugga og friðsamlega nýtingu kjarnorkutækni. Fulltrúi Íslands fer með formennsku í ráðgjafarnefnd IAEA um öryggisstaðla við geislavarnir til 2010. Undanfarin ár hefur Ísland greitt frjálst framlag í tæknisjóð IAEA og færst hefur í aukana að IAEA óski eftir íslenskum sérfræðingum til þátttöku og fyrirlestrarhalds á fundum sínum.

Málefni Norður-Kóreu og Íran eru til umfjöllunar á stjórnarfundum IAEA. Norður-Kórea sagði sig frá NPT-samningnum árið 2003 og gerði tilraun með kjarnorkusprengju í október 2006. Í febrúar 2007 náðist samkomulag um lokun kjarnorkuversins í Yongbyon í Norður-Kóreu sem IAEA hefur fylgst með. Ísland hefur lýst áhyggjum á stjórnarfundum IAEA varðandi kjarnorkumál í Norður-Kóreu, nú síðast í mars 2008, og lýst þeirri von að takast megi að afvopna Kóreuskagann í kjarnorkulegu tilliti.

Öryggisráð SÞ beitti þvingunaraðgerðum gegn Íran árin 2006 og 2007 vegna brota á alþjóðlegum skuldbindingum. Í febrúar sl. skilaði framkvæmdastjóri IAEA skýrslu um kjarnorkuáætlanir Írana. Í henni kom fram að samstarf við Íran hafi batnað og svör hafi fengist við flestum spurningum IAEA. Hins vegar kom einnig fram að Íran hefði ekki hættauðgun úrans. Öryggisráðið samþykkti í kjölfarið þriðju ályktunina um þvingunaraðgerðir sem herti á fyrri refsiaðgerðum.

Á stjórnarfundum IAEA hefur Ísland oft verið meðflytjandi að yfirlýsingum ESB í málefnum Írans. Í mars sl. tók Ísland undir þá von að IAEA takist að sannreyna fullyrðingar Írana varðandi kjarnorkuáætlanir sínar sem réttar og tæmandi. Lýst var áhyggjum af því að stofnunin gæti ekki enn, eftir fjögurra ára starf, staðfest hverjar raunverulegar áætlanir Írans séu í kjarnorkumálum. Þá var Íran hvatt til að veita eftirlitsmönnum IAEA óhindraðan aðgang að viðkomandi aðilum og gögnum og lýst vonbrigðum með að Íran haldi áfram að hunsa fyrirmæli öryggisráðs SÞ.

3.3. Mannréttindi.

Efling og vernd alþjóðlegra mannréttinda er eitt af megináherslumálum ríkisstjórnar Íslands og óaðskiljanlegur þáttur í utanríkisstefnunni. Í samræmi við 55. og 56. gr. stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna hafa aðildarríkin skuldbundið sig til aðgerða sem stuðla að og efla viðurkenningu á mannréttindum og grundvallarfrelsi án nokkurrar mismununar. Unnið er að

því að samþætta mannréttindasjónarmið hinum fjölmörgu sviðum utanríkisstefnu Íslands, þ.m.t. þróunarsamvinnu, öryggismálum og viðskiptastefnu. Vinna aðstefnumótun er lýtur að samþættingu mannréttindasjónarmiða í þróunarsamvinnu Íslands með sérstakri áherslu á konur, börn og jafnrétti kynjanna, er á lokastigi.

Efling mannréttinda á alþjóðavettvangi felst m.a. í því að hvetja stjórnvöld ríkja til að virða mannréttindi, aðstoða við að koma á og viðhalda lýðræðislegu stjórnskipulagi og veita aðstoð og ráðgjöf í mannréttindamálum. Ísland vinnur að vernd og eflingu mannréttinda fyrst og fremst á vettvangi alþjóðastofnana. Það er t.d. gert með því að tryggja framkvæmd gildandi alþjóðasamninga og með þátttöku í gerð nýrra alþjóðasamninga, með þátttöku í ályktanagerð og með skoðanaskiptum við þátttakendur í grasrótarstarfi. Umræður á vettvangi alþjóðastofnana og tvíhliða viðræður eru gagnlegar til að þrýsta á ríki að standa við skuldbindingar sínar á sviði mannréttinda. Í samræmi við þetta styður Ísland ályktanir um mannréttindabrot í einstökum ríkjum þegar slíkar tillögur eru rökstuddar.

Í alþjóðlegu mannréttindastarfi beitir Ísland sér sérstaklega fyrir jafnrétti kynjanna, afnámi alls ofbeldis og mismununar gegn konum og börnum og bættum réttindum þeirra. Íslensk stjórnvöld leggja áherslu á að aðgerðir gegn alþjóðlegum hryðjuverkum megi ekki vera á kostnað mannréttinda. Ísland beitir sér fyrir algeru banni við pyntingum, afnámi dauðarefsinga, baráttu gegn aftökum án dóms og laga, og baráttu gegn mannshvörfum og refsileysi. Ísland leggur áherslu á órofatengsl mannréttinda, friðar og öryggis og ábyrgðar alþjóðasamfélagsins í því samhengi.

3.3.1. Mannréttindi á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

Mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna.

Mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna fjallar á fundum sínum um ástand mannréttindamála í ákveðnum löndum og landsvæðum, borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, pyntingar, mannshvörf, aftökur, tjáningarfrelsi, trúfrelsi og fleira. Einnig er fjallað um kynþáttamisrétti, réttindi minnihlutahópa, réttindi frumbyggja, réttindi kvenna og barna, hryðjuverk, menntun, fátækt, alþjóðavæðingu, stöðu mannréttindasamninga og verjendur mannréttinda. Að mannréttindaráðinu eiga 47 ríki aðild hverju sinni. Ísland á ekki aðild að ráðinu en tekur engu að síður virkan þátt í störfum þess með ræðuflutningi og stuðningi við ályktanir. Áherslur Íslands á fundum ráðsins eru í samræmi við þær heildaráherslur sem nefndar eru að framan.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar er kveðið á um að virðing fyrir mannréttindum, aukin þróunarsamvinna og friðsamleg lausn deilumála séu nýir hornsteinar utanríkisstefnunnar. Þessi yfirlýsing hefur siðferðilegt inntak og vísar til mikils metinna gilda í íslensku samfélagi og menningu.

- Mannréttindin hér heima og mannréttindi á heimsvísu eru eitt og sama verkefnið.
- Íslendingar hafa lært að leggja traust sitt mannréttindi og alþjóðlega vernd. Íslenskt samfélag í heild hefur notið ómælds gagns af starfi alþjóðlegra mannréttindastofnana og það er þegar af þessum ástæðum augljóslega hlutverk íslenskra stjórnvalda að styðja, þroska og efla stofnanir og mannréttindastarf hvarvetna í samfélagi þjóða.
- Á Íslandi skiptir hver mannssál máli og allir eru taldir með. Það er kjarni mannréttinda og mannhelgi. Þetta grundvallarsjónarmið gildir í afstöðu okkar til íbúa annarra ríkja.
- Mannréttindi eru óaðskiljanlegur þáttur í utanríkisstefnu Íslands, samofin öllu atferli á alþjóðavettvangi og megininntak í þróunarsamvinnu og friðargæslu vegum Íslands.
- Stofnuð hefur verið landsnefnd á Ísland um mannúðarlög til að efla þekkingu.
- Ísland tekur virkan þátt í umræðu og aðgerðum SÞ, ÖSE og Evrópuráðsins á sviði mannréttinda, og leggur áherslu á gildi alþjóðlegra mannréttindasamninga og að ríki virði skuldbindingar sínar gagnvart þeim.
- Ísland hefur skýlaust lýst þeirri skoðun sinni að baráttuna gegn hryðjuverkum megi aldrei heyja á kostnað mannréttinda.
- Viðskiptasvið utanríkisráðuneytisins miðlar upplýsingum til íslenskra fyrirtækja um ástand mannréttindamála í viðskiptalöndum.

Með stofnun nýs mannréttindaráðs SÞ árið 2006 var stefnt að því að þátttaka í umfjöllun SÞ um mannréttindamál yrði virkari og sveigjanlegri til að ráðið væri betur í stakk búið til að grípa til fyrirbyggjandi aðgerða þegar teikn væru á lofti um yfirvofandi mannréttindabrot. Nýja ráðið fundar þrisvar til fjórum sinnum á ári, í tíu vikur alls, samanborið við sex vikur áður. Einn þriðji aðildarríkja getur krafist þess að ráðið verði kallað saman með stuttum fyrirvara til að bregðast við mannréttindabrotum. Frá stofnun hins nýja ráðs hefur mikill tími farið í innri stofnanauppbyggingu ráðsins sem senn verður lokið.

Þróuð hefur verið ný aðferðafræði við að meta ástand mannréttindamála.Með því fyrirkomulagi verður reglulega fjallað um ástand mannréttindamála í öllum ríkjum veraldar, óháð því hvort ríkin eru aðilar að tilteknum alþjóðasamningum á sviði mannréttinda eður ei. Mikils er vænst af þessu, enda hafa ákveðin ríki til margra ára komið í veg fyrir umræður og afgreiðslu ályktana um mannréttindaástand í tilteknum ríkjum þar sem mannréttindabrot eru talin tíð. Á næstu fjórum árum eða á árunum 2008 til 2011 verður lagt mat á stöðu mannréttinda í aðildarríkjum SÞ og á fjögurra ára fresti eftir það. Íslensk mannréttindamál verða á dagskrá mannréttindaráðs SÞ árið 2011.

Umræða um mannréttindi á vettvangi þriðju nefndar allsherjarþingsins.

Öll aðildarríki SÞ eiga aðild að þriðju nefnd allsherjarþingsins sem fjallar um mannréttindi og félagsmál. Nefndin fundar samfleytt frá byrjun október til loka nóvember.

Á dagskrá þriðju nefndar eru að mörgu leyti sömu mál og hjá mannréttindaráðinu og taka fulltrúar Íslands virkan þátt í störfum hennar. Norðurlöndin hafa flutt tillögur í nefndinni,

m.a. um pyntingar, aftökur án dóms og laga, skrifstofu flóttamannafulltrúa SÞ og afnám misréttis gagnvart konum. Þá fjallar nefndin um ástand mannréttindamála í ríkjum og á landssvæðum. Meðal þeirra málefna, sem nefndin hefur ályktað um á liðnum árum, er útrýming svonefndra „heiðursglæpa“ gegn konum og stúlkum, baráttan gegn mansali, staða kvenna í alþjóðastarfsliði SÞ og verndun mannréttinda í aðgerðum gegn hryðjuverkum.

3.3.2. Mannréttindamál innan Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu.

Helstu áherslumál ÖSE á sviði mannréttinda eru baráttan gegn mansali, aðstoð við aðildarríkin við að byggja upp lýðræðislegt stjórnarfar, fræðslu- og endurmenntunarverkefni í þágu varna gegn átökum og enduruppbyggingar í kjölfar átaka, kosningaeftirlit og aðstoð við framkvæmd kosninga.

ÖSE leggur ríka áherslu á að jafnrétti kynjanna sé órjúfanlegur þáttur lýðræðislegs stjórnarfars og af þeim sökum beri að leggja jafnrétti til grundvallar stefnumótun innan ÖSE.Þá leggur ÖSE áherslu á verndun ferðafrelsis, trúfrelsis, tjáningarfrelsis og frelsis fjölmiðla.Starf ÖSE lýtur einnig að verndun réttinda minnihlutahópa en deilur milli mismunandi þjóðernishópa hafa reynst ein helsta uppspretta átaka í Evrópu. Hefur ÖSE leitast við að bregðast hratt við spennu milli þjóðernishópa og sett viðmið um hvernig vernda beri réttindi minnihlutahópa. ÖSE leggur áherslu á að réttarríkið verði að byggjast á fullri virðingu fyrir mannlegri reisn. ÖSE leggur áherslu á umburðarlyndi og beitir sér fyrir banni við hvers konar mismunun, s.s. kynþáttamismunun og mismunun á grundvelli trúarbragða.

Síðasti ráðherrafundur ÖSE fór fram í Madríd í nóvember 2007. Á honum voru samþykktar ákvarðanir um mannréttindamál þar sem mælt var fyrir um verkefni, áherslur og aðgerðir á vegum ÖSE. Síðasta ráðstefna lýðræðis- og mannréttindaskrifstofu ÖSE (ODIHR) var haldin í Varsjá í Póllandi 24. september til 6. október 2007. Í ræðu sinni á fundinum lýsti utanríkisráðherra yfir stuðningi íslenskra stjórnvalda við starf ÖSE gegn mansali, sérstaklega kvenna og barna. Ísland fjármagnar verkefni á vegum ÖSE til að berjast gegn mansali sem nemur 3,2 milljónum íslenskra króna. Því framlagi er varið í beina aðstoð til fórnarlamba mansals og til útgáfustarfsemi á nýrri ritröð á vegum stofnunarinnar um mansal í aðildarríkjum.

3.3.3. Mannréttindamál innan Evrópuráðsins.

Meginverkefni Evrópuráðsins er að stuðla að og tryggja lýðræði og mannréttindi í álfunni. Nýr samningur Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali tók gildi 1. febrúar 2008. Þessi samningur er mikilvægt skref í baráttunni gegn mansali og miðar m.a. að því að efla forvarnir ásamt því að gerendur séu sóttir til saka og mannréttindi fórnarlamba virt. Vinna er hafin við að koma á fót sjálfstæðu eftirlitskerfi sem mun fylgjast með því hvernig ríki framfylgja ákvæðum samningsins. Ísland hefur nú þegar undirritað samninginn og unnið er að fullgildingu hans í dómsmálaráðuneytinu.

Aðgerðir gegn ofbeldi gegn konum og fyrir réttindum barna hafa verið ofarlega á baugi Evrópuráðsins. Í júní nk. lýkur herferð Evrópuráðsins gegn ofbeldi gegn konum, þ.m.t. heimilisofbeldi, sem hófst í nóvember 2006. Herferðin hefur vakið mikla athygli, fjölmörg Evrópuríki hafa tekið í þátt í henni og íslensk sveitarfélög hafa nýtt sér efni hennar. Réttindi barna hafa einnig verið ofarlega á baugi. Árið 2006 fór af stað þriggja ára herferð sem lýtur að því að stöðva ofbeldi gegn börnum og tryggja að rödd þeirra heyrist og réttindi þeirra séu virt. Opnað var fyrir undirskrift nýs samnings Evrópuráðsins um vernd barna gegn kynferðis-

legri misnotkun og kynferðislegu ofbeldi á ráðherrafundi dómsmálaráðherra Evrópuráðsins í nóvember 2007. Ísland undirritaði samninginn í febrúar 2008.

Verið er að leggja lokahönd á nýjan Evrópusamning um ættleiðingu og stefnt að því að undirritun hans hefjist á fundi utanríkisráðherra Evrópuráðsins í maí 2008. Á þeim fundi er sömuleiðis stefnt að útgáfu Hvítbókar Evrópuráðsins um þvermenningarlega umræðu sem gegnir mikilvægu hlutverki í því að efla skilning og umburðarlyndi, koma í veg fyrir ágreining og tryggja samheldni milli ólíkra hópa í samfélaginu.

Áhersla er lögð á að aðildarríki undirriti og fullgildi nýjan samning Evrópuráðsins um aðgerðir gegn hryðjuverkum. Samningurinn hefur verið fullgiltur af 10 ríkjum og tók gildi 1. júní 2007. Ísland undirritaði samninginn í Varsjá 2005. Evrópuráðið leggur áherslu á mikilvægi samvinnu við aðrar stofnanir gegn skipulagðri glæpastarfsemi og hefur samvinna við ÖSE og SÞ verið aukin.

Mannréttindadómstóll Evrópu.

Á undanförnum árum hefur verið lögð áhersla á að bæta starfsemi Mannréttindadómstóls Evrópu en gífurleg fjölgun hefur orðið á málum sem berast dómstólnum. Í því skyni að hraða afgreiðslu mála var saminn nýr viðauki við mannréttindasáttmála Evrópu sem felur í sér mikilvægar breytingar á eftirlitsþáttum samningsins. Miklar vonir eru bundnar við viðaukann og hafa öll ríki Evrópuráðsins fullgilt hann, að Rússlandi undanskildu. Ólíklegt er að Rússland fullgildi viðaukann á næstunni og farin er af stað vinna til að leita annarra leiða til þess að leysa vanda dómstólsins. Fyrir liggur að auka þarf fjármagn til dómstólsins. Standa ríki frammi fyrir því hvort auka eigi framlög eða skera niður starfsemi annars staðar í ráðinu eins og gert hefur verið.

Meint fangaflug.

Íslensk stjórnvöld hafa ítrekað lýst þeirri stefnu sinni að í baráttunni gegn alþjóðlegum hryðjuverkum megi í hvergi hvika frá virðingu fyrir mannréttindum, og að ríkjum beri að standa að fullu við skuldbindingar sínar samkvæmt alþjóðlegum mannréttindasamningum. Utanríkisráðherra ákvað þann 27. júní 2007, með hliðsjón af seinni áfangaskýrslu svissneska þingmannsins Dick Marty til Evrópuráðsþingsins um fangaflug, að lendingar ákveðinna loftfara á Keflavíkur- og Reykjavíkurflugvelli yrðu teknar til nánari skoðunar. Starfshópur utanríkisráðuneytisins skoðaði staðhæfingar um að loftför sem grunur leikur á að hafi verið notuð í meintu fangaflugi á vegum bandarísku leyniþjónustunnar hafi lent á Keflavíkur og/eða Reykjavíkurflugvelli.

Starfshópurinn fór yfir þann lagaramma sem starfað er eftir við afgreiðslu og eftirlit loftfara sem fara um ofannefnda flugvelli. Óskað var upplýsinga frá flugmálayfirvöldum varðandi för tiltekinna loftfara um íslenska lofthelgi og/eða lendingar á Keflavíkur- og Reykjavíkurflugvelli frá september 2001 til júlí 2007. Samantektin staðfesti að loftför sem kunna að tengjast meintu fangaflugi leyniþjónustu Bandaríkjanna hafi haft viðkomu á Íslandi og farið um íslenska lofthelgi á því tímabili sem könnunin náði til.

Í kjölfar samantektarinnar var efnt til samráðs milli utanríkis-, dómsmála-, fjármála- og samgönguráðuneyta með það að markmiði að kanna hvaða leiðir væru færar til að styrkja eftirlit með loftförum sem lenda á millilandaflugvöllum á Íslandi. Niðurstaða þess samráðs var að eftirlit með loftförum sem lenda á Íslandi væri fullnægjandi af hálfu allra sem hafa slíkt lögbundið hlutverk með höndum, en til að gera það enn betra yrði flugstjórum loftfara

eftirleiðis gert skylt að upplýsa í flugáætlun ef um borð væri einstaklingur sem væri frelsissviptur með einhverjum hætti. Þessi breyting tekur gildi 10. apríl nk.

3.4. Þróunarsamvinna.

Markmið Íslands með þróunarsamvinnu er að vinna að útrýmingu fátæktar, stuðla að efnahags- og félagslegri þróun, sjálfbærri nýtingu auðlinda og framgangi hnattrænna öryggis- og umhverfismála. Alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands er ætlað að skila mælanlegum árangri til að uppræta fátækt, bæta lífsskilyrði og skapa jafnrétti, frelsi og hagsæld. Stefna Íslands í alþjóðlegri þróunarsamvinnu byggist á heildarsýn og er órjúfanlegur þáttur utanríkisstefnunnar. Framlög til þróunarsamvinnu eru ríflega þriðjungur af útgjöldum utanríkisþjónustunnar og fara vaxandi.

Frumvarp til laga um þróunarsamvinnu Íslands kveður á um að utanríkisráðherra beri að leggja fram ítarlega skýrslu annað hvert ár um stefnu og framkvæmd þróunarsamvinnu Íslands og að fram fari sérstök umræða á Alþingi um hana. Fyrirhugað er að leggja fram slíka skýrslu á haustþingi 2008. Umfjöllun í þessari skýrslu tekur mið af því og einskorðast því við helstu aðalatriði.

3.4.1. Endurskipulagning þróunarsamvinnu.

Mikilvægt er að ráðstöfun þess fjár, sem til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu er ætlað, hafi skýran og traustan lagaramma. Frumvarp til laga um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands var lagt fyrir Alþingi 26. febrúar sl. og mælt fyrir því 28. sama mánaðar (135. löggjafarþing, þskj. 705 – 442. mál). Frumvarpið felur í sér fyrstu heildarlöggjöf um þróunarsamvinnu Íslendinga. Með því er lagður grunnur að nýju heildstæðu stjórnkerfi alþjóðlegrar þróunarsamvinnu og um leið gegnsærri og ábyrgari stjórnsýslu. Hin nýja skipan felur í sér stóraukið hlutverk Alþingis á sviði þróunarsamvinnu, hún eykur samstarf frjálsra félagasamtaka við stjórnvöld og opnar nýjan vettvang þeirra aðila sem mesta reynslu ogþekkingu hafa á þessu sviði til áhrifa á stefnu Íslands.

Frumvarpið byggist á þeirri skilgreiningu að í alþjóðlegri þróunarsamvinnu felist margþliða og tvíhliða þróunarsamvinna, störf í þágu friðar og mannúðar- og neyðaraðstoð. Margþliða þróunarsamvinna verður í höndum utanríkisráðuneytisins. Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ) mun fara með tvíhliða þróunarsamvinnu eins og verið hefur hingað til, og íslenska friðargæslan með störf í þágu friðar samkvæmt gildandi lögum nr. 73/2007 um íslensku friðargæsluna. Mannúðar- og neyðaraðstoð verður í höndum utanríkisráðuneytisins og ÞSSÍ, þ.m.t. beiðnir frjálsra félagasamtaka.

Helstu nýmæli.

Í frumvarpinu er lagt til að utanríkisráðherra leggi annað hvert ár fram tillögu til þingsályktunar á Alþingi um áætlun stjórnvalda um þróunarsamvinnu Íslands til fjögurra ára í senn. Um leið mun ráðherra leggja fram skýrslu til Alþingis um framkvæmd áætlunarinnar næstliðin tvö ár á undan og flytja sérstaka ræðu um þróunarmál sem hingað til hefur verið hluti af ræðu ráðherra um alþjóðamál. Á Alþingi mun fara fram ítarleg umræða á tveggja ára fresti um þróunarsamvinnu. Samkvæmt frumvarpinu mun ráðherra upplýsa utanríkis- og fjárlaganefnd Alþingis reglulega um framkvæmd þróunarsamvinnu, s.s. um hlutfall framlaga af vergum þjóðartekjum og skilvirkni verkefna. Þáttur Alþingis í bæði stefnumörkun og framkvæmd þróunarsamvinnu verður þannig stóreflдur.

„Hnattvæðingin hefur í vissum skilningi gert heiminn allan að einu landi. Í þessulandi gegnir hin alþjóðlega þróunarsamvinna hlutverki velferðarkerfis. Í þessari nýju heimsmynd hnattvæðingarinnar er Ísland ekki lengur „svo langt frá heimsins vígaslóð“ eins og skáldið Hulda komst að orði á fyrri hluta síðustu aldar.“

Úr ræðu utanríkisráðherra með frumvarpi um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands á Alþingi 28. febrúar 2008.

Annað nýmæli er ákvæði frumvarpsins um að ráðherra skipi fimmtán manna samstarfsráð til fjögurra ára sem verði ráðgefandi stjórnsýslunefnd fyrir ráðherra við töku stefnumarkandi ákvarðana. Í samstarfsráðinu sitji fulltrúar kosnir af Alþingi og fulltrúar skipaðir af ráðherra úr háskólasamfélaginu, viðskiptalífinu og frá frjálsum félagasamtökum. Þannig mun þekkingarsamfélag á Íslandi á sviði þróunarsamvinnu hafa áhrif á stefnumörkunina í málaflokknum.

Frumvarpið og athugasemdirnar við það gera ráð fyrir vandlega útfærðu stjórnskipulagi innan utanríkisráðuneytisins. Nýtt þróunarsamvinnusvið verður stofnað og fer það með stefnumörkun ásamt fyrrnefndu samstarfsráði. Þá mun stýrihópur undir forystu ráðuneytisstjóra með þátttöku framkvæmdastjóra ÞSSÍ og æðstu embættismanna utanríkisráðuneytis á sviði þróunarsamvinnu sinna framkvæmd innra eftirlits með stefnumótun, daglegri framkvæmd og rekstri og vera ráðherra til ráðgjafar.

Í frumvarpinu er lagt til að ÞSSÍ verði áfram sérstök stofnun undir yfirstjórn utanríkisráðuneytisins sem annist tvíhliða þróunarsamvinnu samkvæmt áætlun stjórnvalda. ÞSSÍ fær aukið vægi sem fagstofnun og er, ásamt þróunarsamvinnusviði ráðuneytisins, ætlað að styrkja myndun þekkingarsamfélags í þróunarmálum sem nýtist stjórnsýslunni. Í stað stjórnar stofnunarinnar kemur annars vegar samstarfsráð ráðherra og stýrihópur þróunarsamvinnu og hins vegar áætlun um þróunarsamvinnu sem samþykkt er af Alþingi annað hvert ár til fjögurra ára.

Lagt er til að fest verði í lög tvíþætt hlutverk umdæmisskrifstofa ÞSSÍ í samstarfslöndum sem umdæmisskrifstofur og sendiskrifstofur utanríkisþjónustunnar. Þetta fyrirkomulag hefur verið við lýði um nokkurra ára skeið og hefur þann megintilgang að auðvelda starf umdæmisskrifstofanna gagnvart yfirvöldum í samstarfslandi. Í frumvarpinu er einnig að finna ákvæði sem heimilar að starfsmenn á sviði alþjóðlegrar þróunarsamvinnugeti flust milli utanríkisþjónustunnar og ÞSSÍ. Vistaskipti af þessu tagi gagnast báðum og styrkja fagleg tengsl.

Þróunarmál eru í eðli sínu alþjóðleg þar sem alþjóðlegir samningar og samþykktir gegna lykilhlutverki í framkvæmd og stefnu. Með frumvarpinu er þróunarsamvinna Íslands tengd við alþjóðasamninga og -samþykktir, þ.m.t. þúsaldarmarkmiðin, Monterrey-yfirlýsinguna og Parísaryfirlýsinguna. Í frumvarpinu er lagt til að Íslandi gerist aðili að þróunarsamvinnunefnd Efnahags- og framfarastofnunarinnar (DAC/OECD), og fylgi viðurkenndum aðferðum, reglum og leiðbeiningum alþjóðasamfélagsins í þróunarsamvinnu. Í samvinnu við utanríkisráðuneytið undirbýr Ríkisendurskoðun setningu sambærilegra starfsreglna um þróunarsamvinnu Íslands og fylgt er í öðrum löndum.

3.4.2. Tvíhliða þróunarsamvinna.

Þróunarsamvinnustofnun Íslands sér um opinbera þróunarsamvinnu Íslendinga þar sem gerðir eru tvíhliða milliríkjasamningar milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórna samstarfslanda. ÞSSÍ starfar í sex ríkjum, fjórum í Afríku, Malaví, Mósambík, Namibíu og Úganda, auk Srí Lanka í Asíu og Níkaragva í Mið-Ameríku. Stofnunin tekur þátt í svæðisbundnu sam-

starfi þar sem samningsríki stofnunarinnar eru meðal þátttakenda og á aðild að verkefnum íslenskra frjálsra félagasamtaka utan samstarfsríkja.

Fjárveiting til Þróunarsamvinnustofnunar nam rúmlega 1,1 milljarði íslenskra króna árið 2007 og hefur hún nær fjórfaldast á síðustu sex árum. Aukin framlög til þróunarverkefna eru í samræmi við þá stefnu íslenskra stjórnvalda að leggja meira af mörkum til baráttu alþjóðasamfélagsins gegn fátækt, og til stuðnings öðrum þúsaldarmarkmiðum SÞ.

Þrátt fyrir mikla aukningu fjárframlaga og verkefna hefur fastráðnu íslensku starfsfólki ÞSSÍ ekki fjölgað að sama skapi. Þess í stað hefur stofnunin í auknum mæli ráðið vel menntaða heimamenn í samstarfslöndunum og eins hefur skammtímaráðgjöfum fjölgað. Þar kemur fyrst og fremst til aukið samstarf við íslenska háskóla og íslenskar sérfræðistofnanir sem byggist á formlegum samningum þeirra og ÞSSÍ.

Í samræmi við eitt af meginmarkmiðum tvíhliða þróunarsamvinnu Íslands er lögð sérstök áhersla á samvinnu við lönd þar sem lífskjör eru lökust. ÞSSÍ leggur áherslu á að verkefni séu sjálfbær þar sem slíkt er unnt og stuðli að uppbyggingu þekkingar meðal heimamanna. Lengi vel beindust verkefni ÞSSÍ einkum að sjávarútvegsmálum en á síðari árum hefur félagslegum verkefnum fjölgað. Verkefni á sviði menntamála voru umfangsmest í starfsemi ÞSSÍ á árinu 2007 og jarðhitaverkefni hafa aukist. Þá hefur stofnunin tekið fyrstu skrefin á braut byggðaþróunarverkefna sem er ný verkefnanálgun í anda stefnu SÞ um þúsaldarbyggðir.

Verkefni á vegum ÞSSÍ eru unnin á forsendum samstarfslandanna, samkvæmt stefnu stjórnvalda í viðtökuríkjunum, og með hliðsjón af starfi annarra þróunarsamvinnustofnana í viðkomandi landi. Í öllum tilvikum eru verkefnin undirbúin að fengnum formlegum óskum stjórnvalda viðtökuríkis eða í samræmi við vitund þeirra og vilja.

Í öllu þróunarsamvinnustarfi Íslands er miðað að því að styrkja lýðræðisþróun, mannréttindi og jafnrétti.

3.4.3. Marghliða þróunarsamvinna.

Þúsaldarmarkmið SÞ liggja sömuleiðis stefnu Íslands í marghliða þróunarsamvinnu til grundvallar, auk áherslna ríkisstjórnar og utanríkisráðherra. Lögð er áhersla á stuðning við verkefni sem tengjast mannréttindum, jafnrétti kynjanna, menntun og heilsufari, sérstaklega kvenna og barna. Sjónum er beint að samstarfi á sviði sjávarútvegs- og orkumála, auk viðskiptaþróunar og samstarfs við viðskiptalífið. Samstarf við frjáls félagasamtök í þróunarsamvinnu og neyðar- og mannúðaraðstoð hefur farið vaxandi, en félagasamtök sinna veigamiklu hlutverki á vettvangi.

Til marghliða þróunarsamvinnu teljast framlög til alþjóðastofnana og þátttaka í samstarfsverkefnum sem unnin eru á fjölþjóðlegum grundvelli. Í gegnum tíðina hafa hæstu einstöku framlögin til alþjóðastofnana runnið til Alþjóðaframfarastofnunarinnar sem er sú undirstofnum Alþjóðabankans sem aðstoðar fátækustu þróunarlöndin.

PROFISH er styrktarsjóður sem komið var á fót hjá Alþjóðabankanum, m.a. fyrir tilstuðlan íslenskra stjórnvalda. Sjóðnum er ætlað að efla starf Alþjóðabankans á sviði fiskimála, m.a. með því að stuðla að verkefnum sem styrkja sjálfbæra fiskveiðistjórnun, stuðla að efnahags- og félagslegri þróun, draga úr fátækt og endurbyggja framleiðni vistkerfa. Ísland hefur um margra ára skeið hvatt Alþjóðabankann til þess að veita meiri lán og styrki til þróunarríkja á sviði fiskimála. Á síðasta ári ákváðu íslensk stjórnvöld að halda áfram stuðningi við PROFISH-styrktarsjóðinn og stefna að því að efla enn frekar samstarfið við bankann á þessu

sviði. Jafnframt er gert ráð fyrir því að íslenskur sérfræðingur í fiskimálum fari til starfa hjá bankanum á vegum íslenskra stjórnvalda á þessu ári.

ESMAP er samstarfsverkefni Alþjóðabankans, þróunaráætlunar SÞ og ellefu landa, þar á meðal Norðurlandanna, um tæknilega ráðgjöf til þróunarríkja á sviði orkumála. Markmið samstarfsins er að gera þróunarlöndum kleift að auka hagkvæma orkuframleiðslu með áherslu á sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda. Ísland hóf þátttöku í verkefninu árið 2006 og vonir standa til þess að þátttakan gefi kost á því að nýta þekkingu íslenskra fyrirtækja og sérfræðinga á sviði orkumála til frekari uppbyggingar í þróunarríkjum. Ákveðið hefur verið að kosta sérfræðing á sviði jarðhita til tveggja ára til Alþjóðabankans og er gert ráð fyrir að hann hefji störf haustið 2008.

Stjórnvöld hafa markað þá stefnu að þátttaka í marghliða samstarfi dreifist ekki á of margar stofnanir heldur leggja áherslu á stuðning og samstarf við lykilstofnanir á borð við þróunaráætlun SÞ (UNDP), Barnahjálp SÞ (UNICEF), matvælaáætlun SÞ (WFP) og Matvæla- og landbúnaðarstofnun SÞ (FAO). Stuðningur við smærri sjóði hefur verið aukinn þegar slíkt fellur að áherslum Íslands í þróunarsamvinnu og er stóraukning framlaga til þróunarsjóðs SÞ fyrir konur (UNIFEM) dæmi um slíkan stuðning. Framlög til þróunarsjóðsins hafa á undanförnum fjórum árum hækkað um 280%. Ísland situr á þessu ári í fyrsta skipti sæti í stjórn þróunaráætlunar SÞ og mun sitja í stjórn Barnahjálparinnar árið 2010. Í stjórnarsetu felst virk þátttaka í stefnumótun og stjórnun stofnanna og tækifæri til að koma stefnu og áherslum á framfæri.

Þung áhersla er lögð á að efla samhæfingu og samstarf á vettvangi fjölþjóðastofnana og í tvíhliða þróunarsamstarfi. Fulltrúar utanríkisráðuneytisins og ÞSSÍ taka aukinn þátt í alþjóðasamstarfi um þróunarmál, m.a. með virkri þátttöku í alþjóðastofnunum og „Nordic Plus“-hópnum[2]. Aðferðafræði þróunarsamvinnu hefur gjörbreyst á undanförnum árum og grundvallast í auknum mæli á raunverulegri samvinnu og eignarhaldi þróunarríkjanna yfir eigin þróunarferli. Með auknum framlögum er gerð skýr krafa um árangur, skilvirkni og samhæfingu á því starfi sem fer fram í þróunarríkjum, bæði á vegum alþjóðastofnana og í tvíhliða þróunarsamvinnu.

Eftir því sem umfang þróunarsamvinnunnar eykst er mikilvægt að íslensk stjórnvöld fylgist náið með árangri og störfum þeirra stofnana sem studdar eru. Því er lögð áhersla á að ávallt sé leitað leiða til að veita fjárstuðningi til þeirra stofnana sem eru best til þess fallnar að ná árangri.

Starfsáætlun um Afríku.

Flest fátækustu ríki heims er að finna í Afríku sunnan Sahara og er framgangur þúsaldarmarkmiðanna þar hægari en í öðrum heimsálfum. Í stefnumiðum Íslands í þróunarsamvinnu er gert ráð fyrir sérstakri áætlun um málefni Afríku og er hún nú í smíðum í utanríkisráðuneytinu.

Í áætluninni verður lögð áhersla á aukna þróunarsamvinnu og pólitískt samstarf, m.a. með þátttöku í sameiginlegum fundum utanríkisráðherra um málefni álfunnar og á vettvangi Afríkusambandsins. Sendiráð Íslands í Afríku gegna þar lykilhlutverki og munu samkvæmt frumvarpi um þróunarsamvinnu, ásamt þróunarsamvinnu, sinna viðskipta- og umhverfismálum og verkefnum á sviði friðsamlegra lausna deilumála. Samstarf við Afríkuríki mun

[2] Norðurlöndin, Bretland, Írland og Holland..

byggjast á eignarhaldi þeirra og staðföstum vilja stjórnvalda til að virða mannréttindi og lýðræði og stuðla að efnahags- og félagslegri þróun.

3.5. Friðsamleg lausn deilumála.

Starf í þágu friðar og friðsamleg lausn deilumála er ein af áherslum í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar. Þátttaka Íslands í friðargæsluverkefnum og endurreisnarstarfi á vegum Sameinuðu þjóðanna, Atlantshafsbandalagsins og annarra fjölþjóðastofnanna er leið fyrir Ísland til að leggja sitt af mörkum í þágu friðar.

Ríkisstjórnin markaði einnig þá stefnu í upphafi kjörtímabilsins að leggja sín lóð á vogarskálar friðar í Mið-Austurlöndum, m.a. með þátttöku í mannúðar- og uppbyggingarstarfi. Starfsáætlun Íslands í málefnum Mið-Austurlanda leggur grunninn að því starfi og endurspeglar að með langtímastefnumótun og hnitmiðuðum vinnubrögðum geturÍsland, eins og önnur ríki, stuðlað að friðsamlegri lausn deilumála.

3.5.1. Íslenska friðargæslan.

Íslenska friðargæslan hefur að undanförnu lagt aukna áherslu á samstarf við Sameinuðu þjóðirnar og stofnanir þeirra við val verkefna en einnig hefur þátttaka kvenna í starfsemi friðargæslunnar margfaldast undanfarin ár. Friðargæsluliðar taka þátt í verkefnum á fjórum meginsvæðum í heiminum: í Afganistan, í Mið-Austurlöndum, á Balkanskaganum og í Afríku.

Eðli friðargæsluverkefna er þannig að sífellt þarf að endurmeta þau verkefni og þær aðstæður sem Íslendingar starfa við. Með verkefnum íslensku friðargæslunnar er haft að markmiði að byggja upp og styðja við þjóðir sem þarfnast endurreisnar og aðstoðar eftir stríðsátök, og eru unnið í umboði Sameinuðu þjóðanna eða í beinu samstarfi við stofnanir Sameinuðu þjóðanna.

> „Íslenska friðargæslan er borgaraleg starfsemi og á til framtíðar að verða stolt Íslendinga. Einn hinna nýju hornsteina íslenskrar utanríkisstefnu er friðsamleg lausn deilumála enda óhugsandi fyrir ríki eins og Ísland, sem er öflugt smáríki, að skorast undan á því sviði. Ég hef hins vegar orðið þess vör að margir Íslendingar þekkja ekki nægilega vel til þeirra forsendna sem framlag Íslands til starfa í þágu friðar byggist á. Eftir lok kalda stríðsins jókst áhersla á friðargæslu á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, hjá NATO og víðar. Nær öll ríki hófu virka þátttöku með einum eða öðrum hætti og eitt þeirra sem það gerði var Ísland. Segja má að í upphafi hafi friðargæsluverkefnin ekki verið nægilega vel skilgreind og réttarstaðan hafi verið óljós. Á þessu ári voru samþykkt ný lög á Alþingi um íslenska friðargæslu og þar sem skýrt er kveðið á um borgaralega skilgreiningu á starfssviði friðargæslunnar. Þá áherslu mun ég leitast við að skerpa áfram eins og ég hef gert í sumar.“
>
> Úr ræðu utanríkisráðherra um utanríkismál á Alþingi 8. nóvember 2007.

Stærsta verkefni friðargæslunnar er og hefur um nokkurt skeið verið í Afganistan þar sem á um annan tug manna hafa starfað við öryggis- og uppbyggingarverkefni sem stýrt er af Atlantshafsbandalaginu í umboði Sameinuðu þjóðanna. Alls taka nú 39 þjóðir þátt í þessu verkefni, þar á meðal allar Norðurlandaþjóðirnar. Verkefni alþjóðasamfélagsins snýr að því

að tryggja stöðugleika og öryggi, aðstoða Afgana við þjálfun og endurreisn hers, lögreglu og þeirra innviða stjórnsýslunnar sem geta stuðlað að því að Afganar geti byggt upp eigin efnahag og samfélag að nýju. Verkefni íslenskra friðargæsluliða hafa einkum snúið að uppbyggingar- og þróunarverkefnum og rekstri flugvallarins í Kabúl.

Á Balkanskaga mannar íslenska friðargæslan fimm stöður með þremur samstarfsaðilum, Evrópuráðinu, þróunarsjóði SÞ fyrir konur (UNIFEM) og ESB. Í undirbúningi er að auka þátttöku með því að styðja við verkefni alþjóðastofnana í Kósóvó en mikið verk er framundan við uppbyggingu stjórnkerfisins eftir að landið fékk sjálfstæði. Verkefni íslenskra friðargæsluliða hafa einkum snúið að löggæslu, mannréttinda- og jafnréttismálum.

Í Afríku hefur íslenska friðargæslan tekið þátt í skemmri verkefnum. Nú er gert ráð fyrir að í Líberíu og Suður-Súdan verði fjórar til fimm stöður mannaðar síðar á árinu í samstarfi við stofnanir Sameinuðu þjóðanna, m.a. verður unnið að verkefnum á sviði barnaverndar og löggæslu. Einnig hefur Ísland stutt sérstaklega við rannsóknar- og þjálfunarverkefni fyrir friðargæsluliða frá álfunni.

Mið-Austurlönd hafa verið í forgangi. Þegar starfa þrír friðargæsluliðar þar en reiknað er með að fimm verði að störfum í Líbanon, Sýrlandi og Palestínu eftir sumarið, m.a. hjá Palestínuflóttamannaaðstoð SÞ og hjá Barnahjálp SÞ. Auk þess hefur reglulega verið unnið að tímabundnum verkefnum við sprengjueyðingu á svæðinu en mikil þörf er á slíku starfi.

Í ársbyrjun lauk öðru stærsta verkefni, sem friðargæslan hefur sinnt undanfarin ár, vopnahléseftirliti á Srí Lanka í norrænu samstarfi, þar sem níu friðargæsluliðar sinntu eftirlitsstörfum.

Verkefnaval og áherslur í starfi íslensku friðargæslunnar munu í auknum mæli taka mið af aukinni þátttöku Íslands á alþjóðavettvangi við friðsamlega lausn deilumála og stefnumörkun og áherslum í þróunarsamvinnu. Ísland leggur áherslu á þátttöku í borgaralegu uppbyggingar- og endurreisnarstarfi, með það einkum að leiðarljósi að bæta stöðu kvenna og barna.

3.5.2. Starfsáætlanir um aðstoð og verkefni á einstökum svæðum og ríkjum.

Starfsáætlun um málefni Mið-Austurlanda.

Eitt fyrsta verk utanríkisráðherra sl. sumar var að heimsækja Ísrael, herteknu svæði Palestínumanna og Jórdaníu til þess að kynna sér frá fyrstu hendi stöðu mála í heimshlutanum. Deila Ísraels og Palestínumanna er eitt stærsta öryggisvandamál samtímans og myndar þungamiðju átaka í Mið-Austurlöndum sem mikilvægt er fyrir alþjóðasamfélagið að leysa enda hefur deilan hnattræn áhrif. Ísland er þar ekki undanskilið sem þátttakandi í alþjóðlegu samstarfi í þágu friðar og sem frambjóðandi til setu í öryggisráði SÞ. Í heimsókninni skoðaði ráðherra aðstæður á vettvangi og ræddi við leiðtoga beggja deiluaðila.

Eftir heimsóknina var utanríkisráðherra gerð að heiðursfélaga í alþjóðlegu friðarráði palestínskra og ísraelskra kvenna. Ráðið, sem nefnist á ensku „International Women's Commission for a Just and Sustainable Palestinian-Israeli Peace“, nýtur stuðnings þróunarsjóðs SÞ fyrir konur (UNIFEM). Það var stofnað árið 2005 af áhrifakonum í palestínsku og ísraelsku þjóðlífi en þær töldu nauðsynlegt að fá konur frá öðrum löndum til liðs við sig til að ná betri árangri og tryggja að rödd kvenna heyrðist í friðarferlinu. Sem heiðursfélagi hefur utanríkisráðherra talað máli friðarráðsins í viðræðum sínum við forystumenn á alþjóðavettvangi og beitt sér fyrir því að fulltrúar þess komi að málum í yfirstandandi friðarviðræðum.

Í kjölfar ferðar ráðherra samþykkti ríkisstjórnin aðgerðaráætlun um Mið-Austurlönd sem miðar að því að bæta aðstæður Palestínumanna, veita írökskum flóttamönnum aðstoð og efla

tengsl Íslands við heimshlutann í heild. Í aðgerðaráætluninni felast stóraukin fjárframlög til alþjóðastofnana, hjálparstofnana og frjálsra félagasamtaka sem starfa á svæðinu, sem og framlög í formi útsendra starfsmanna friðargæslunnar. Frá áramótum hefur sérfræðingur í málefnum Mið-Austurlanda starfað innan ráðuneytisins og ber hann ábyrgð á því að vinna að málefnum svæðisins, sérstaklega hvað varðar starf í þágu friðar og þróunaraðstoðar.

Í upphafi ársins heimsótti ráðherra Egyptaland og hitti þarlenda ráðamenn og aðalritara Arababandalagsins og ræddi um ástandið fyrir botni Miðjarðarhafs. Egyptaland er lykilríki hvað varðar stöðugleika í heimshlutanum. Því er mikilvægt að efla tengsl við Egypta samhliða auknu starfi Íslands í þágu friðarferlisins.

Ísland hefur þannig lagt meira af mörkum og tekið ríkari þátt í umfjöllun um málefni Mið-Austurlanda bæði tvíhliða gagnvart deiluaðilum og á vettvangi alþjóðastofnana.

Starfsáætlun um Afganistan.

Þann 11. september 2001 varð alþjóðasamfélagið vitni að þeim afleiðingum sem harðvítug svæðisbundin átök og ríki í upplausn geta haft fyrir öryggi fólks um heim allan. Í skjóli harðstjórnar talibana hreiðruðu alþjóðlegir hryðjuverkahópar um sig í Afganistan og skipulögðu þaðan árásir á skotmörk í öðrum löndum. Í október 2001 réðust Bandaríkjamenn inn í landið og ríkisstjórn Talibana féll. Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna hefur skilgreint ástandið í Afganistan sem ógnun við alþjóðafrið og öryggi og í samræmi við óskir afganskra yfirvalda fól það alþjóðlegum öryggissveitum (ISAF) undir stjórn NATÓ að halda uppi öryggi í landinu.

Ein helsta von Afgana er að endurreisn og þróun í samstarfi við alþjóðasamfélagið skapi varanlegan grundvöll fyrir lýðræðisþróun í landinu og Afganir sjálfir geti séð um öryggi sitt og samfélagsuppbyggingu. Talsvert hefur áunnist á undanförnum árum en engu að síður er ljóst að alþjóðlegar öryggissveitir munu ekki geta farið frá Afganistan á komandi árum. Nú eru um 43.000 manns að störfum á vegum ISAF sem er nokkurn veginn sami fjöldi og NATÓ var með í Kósóvó þegar mest var en Afganistan er 65 sinnum stærra land. Í Kósóvó eru enn um 16.000 manns, 10 árum eftir að stríðinu þar lauk.

Breið samstaða ríkir á alþjóðavettvangi um að friðar- og uppbyggingarstarf í Afganistan sé sameiginlegt verkefni ríkja heims. Helstu alþjóðastofnanir auka nú og efla sína aðkomu í Afganistan. Eftir nýlega umræðu í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna og skipan nýs fulltrúa aðalframkvæmdastjóra SÞ í Afganistan má búast við því að starf þeirra þar verði eflt og fleiri alþjóðastofnanir og félagasamtök komi að endurreisn og verkefnum í landinu. Friður og stöðugleiki til lengri tíma er forsenda þess að alþjóðasamfélagið, félagasamtök og þróunarstofnanir fái skjól og vettvang til langtímauppbyggingar.

Utanríkisráðherra heimsótti Afganistan í mars sl. Ráðherra kynnti sér starf íslensku friðargæslunnar og átti fundi með forseta landsins, varautanríkisráðherra og kvennamálaráðherra, auk þess sem hún ræddi við fjölda aðila frá alþjóðasamtökum og félagasamtökum, afganskar þingkonur, fulltrúa kvennasamtaka og fullltrúa mannréttindasamtaka, auk yfirmanna alþjóðaliðsins.

Íslensk stjórnvöld hafa lagt sitt af mörkum til endurreisnar og uppbyggingar í Afganistan og tekið þátt í starfi ISAF. Verkefnið er gríðarlega flókið og umfangsmikið í ljósi þess að Afganistan hefur gengið í gegnum nær óslitin átök í þrjá áratugi og árið 2001 höfðu allar grunnstoðir samfélagsins verið lagðar í rúst. Ríkisstofnanir voru ekki til, ekkert samgöngukerfi, heilbrigðis- og menntastofnanir höfðu verið eyðilagðar, mannréttindi og mannhelgi hafði verið gerð útlæg í landinu og það var eitt fátækasta ríki veraldar.

Þátttaka Íslands í Afganistan felst í því að leggja til borgaralega starfsmenn sem vinna að því að styrkja innviði samfélagsins. Verkefnin eru valin og unnin í samráði við afgöngsk yfirvöld og lúta m.a. að því að tryggja aðflutningsleiðir að landinu í gegnum Kabúl-flugvöll, byggingu fjölda smárra vatnsaflsvirkjana, þjálfun starfsmanna á heimilum fyrir munaðarlaus börn og réttaraðstoð fyrir konur.

Unnið er að gerð starfsáætlunar Íslands um stuðning við friðar- og uppbyggingastarf í Afganistan á tímabilinu 2008–2010. Markmið áætlunarinnar er að tryggja að langtímaframlag til aðgerða í Afganistan sé í samræmi við borgaralega sérþekkingu Íslands, svo sem á sviði menntunar, mannréttinda, þróunar og efnahagsuppbyggingar, og komi íbúum Afganistans að sem mestum notum.

3.5.3. Framkvæmd ályktunar1325 um konur, frið og öryggi.

Ályktun öryggisráðs SÞ númer 1325 um konur, frið og öryggi var samþykkt í október árið 2000. Hún markaði tímamót sem fyrsta viðurkenning öryggisráðsins á sérstöðu kvenna á átakasvæðum og mikilvægi framlags þeirra til friðar. Með ályktuninni er lögð áhersla á mikilvægt hlutverk kvenna þegar friður og öryggi er annars vegar. Aukin þátttaka kvenna í ákvarðanatöku og friðarferlum skiptir sköpum þegar kemur að friðsamlegri lausn vopnaðra átaka og friðaruppbyggingu. Ályktunin leggur einnig áherslu á vernd kvenna og stúlkna á átakasvæðum. Jafnframt er lögð áhersla á samþættingu kynjasjónarmiða og jafnréttisfræðslu í friðargæslu.

Utanríkisráðherra hefur ítrekað nauðsyn þess að ályktun 1325 verði komið í framkvæmd og talað fyrir því á vettvangi alþjóðastofnana á borð við Atlantshafsbandalagið ogSameinuðu þjóðirnar og á tvíhliða fundum með leiðtogum annarra ríkja. Á fundi ráðherra með aðalframkvæmdastjóra SÞ kom fram að hann hyggst þróa eftirlitskerfi í samvinnu við öryggisráðið til að fylgjast með framkvæmd ályktunarinnar á vettvangi friðargæsluverkefna og hjá aðildarríkjum SÞ.

„Áætlun Íslands um framkvæmd ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna númer 1325 frá árinu 2000“ kom út hinn 8. mars sl., á alþjóðlegum baráttudegi kvenna fyrir friði og jafnrétti. Í áætluninni er kveðið á um að kynja- og jafnréttissjónarmið verði samþætt öllum verkefnum, starfsemi, stefnumörkun og löggjöf sem snerta friðar-, öryggis- og þróunarmál. Framkvæmdaáætlunin byggist á grundvallarþáttum íslenskrar utanríkisstefnu og þar er lögð sérstök áhersla á að konur eigi greiðan aðgang að samningaborðinu auk þess sem mikilvægi aukinnar þátttöku kvenna í ákvarðanatöku og friðarferlum er áréttað. Reynsla af vinnu samkvæmt ákvæðum ályktunarinnar á vettvangi friðargæslu hefur leitt í ljós að konur gæta gjarnan að verndun kvenna og stúlkna á átakasvæðum og taka til greina sjónarmið kvenna í sömu andrá. Framkvæmdaáætlunin er ætluð sem tæki til að virkja kraft kvenna í þágu friðar.

3.5.4. Mannúðarmál og neyðaraðstoð.

Framlög til alþjóðastofnana og frjálsra félagasamtaka.

Íslensk stjórnvöld hafa fylgt þeirri stefnu að veita framlögum til mannúðarmála og neyðaraðstoðar bæði til alþjóðastofnana og frjálsra félagasamtaka, eftir því hvaða aðili er talinn vera best til þess fallinn hverju sinni að veita aðstoðina.

Til mannúðarmála og neyðaraðstoðar teljast framlög vegna neyðarástands og hungursneyðar af völdum náttúruhamfara, ófriðar, þurrka og sjúkdóma. Framlög stjórnvalda taka mið af þörf á neyðaraðstoð hverju sinni og geta því verið nokkuð breytileg milli ára. Neyðaraðstoð er veitt annars vegar til stofnana SÞ, eftir að skyndineyðarbeiðni hefur verið gefin út

vegna viðkomandi lands eða svæðis, eða til frjálsra félagasamtaka til að bregðast við neyðarbeiðni frá alþjóðasamtökum sem þau eru hluti af.

Frjáls félagasamtök gegna mikilvægu hlutverki þegar bregðast þarf við neyðarástandi og því fer verulegur hluti neyðaraðstoðarframlaga utanríkisráðuneytisins til þeirra. Framlög til frjálsra félagasamtaka, sem starfa að neyðar- og mannúðaraðstoð, námu á árinu 2007 um 60 millj. kr. en á árinu 2008 er gert ráð fyrir því að sú upphæð tvöfaldist. Samfara þessari aukningu á framlögum til frjálsra félagasamtaka voru samdar verklagsreglur um samstarf utanríkisráðuneytisins við frjáls félagasamtök og eru framlögin veitt í samræmi við stefnu og forgangsröðun stjórnvalda til félagasamtaka sem uppfylla þau skilyrði sem ráðuneytið setur.

Landsnefnd um mannúðarrétt.

Íslensk stjórnvöld hafa ákveðið að efla þekkingu hérlendis á mannúðarrétti í samvinnuvið Rauða kross Íslands. Þessi ákvörðun var tekin í samræmi við sameiginlegt áheit íslenskra stjórnvalda og Rauða kross Íslands á alþjóðaráðstefnu Rauða krossins og Rauða hálfmánans. Sérstaklega er horft til þess að mennta starfsfólk Rauða kross Íslands, embættismenn í utanríkisráðuneytinu og starfsfólk íslensku friðargæslunnar, enda er áréttað í 1. gr. laga nr. 73/2007 um íslensku friðargæsluna og þátttöku hennar í alþjóðlegri friðargæslu að verkefni íslensku friðargæslunnar megi aldrei brjóta í bága við ákvæði mannúðar- og mannréttindasamninga.

Í þessu skyni hefur verið skipuð landsnefnd um mannúðarrétt. Slíkar nefndir eru starfandi í 65 ríkjum heims, þar á meðal öllum Norðurlöndunum. Verksvið nefndarinnar er að veita stjórnvöldum ráðgjöf varðandi túlkun og framkvæmd alþjóðlegra mannúðarlaga, að vera vettvangur umræðna um alþjóðleg mannúðarlög og að breiða út þekkingu á alþjóðlegum mannúðarlögum. Í landsnefndinni sitja fulltrúar frá Rauða krossi Íslands, dóms- og kirkjumálaráðuneyti, heilbrigðisráðuneyti, félagsmálaráðuneyti, menntamálaráðuneyti og utanríkisráðuneyti.

Í janúar sl. stóð landsnefndin fyrir námskeiði í mannúðarrétti í samvinnu við Rauða kross Íslands. Þátttakendur voru fulltrúar í landsnefndinni, starfsfólk Rauða kross Íslands, starfsfólk skrifstofu íslensku friðargæslunnar og embættismenn utanríkisráðuneytisins.

4. SJÁLFBÆR NÝTING AUÐLINDA

Nýting náttúruauðlinda hefur lagt grunninn að hagsæld Íslands. Íslendingar hafa tækifæri til þess að koma reynslu sinni og sérþekkingu á sviði sjávarútvegs og endurnýjanlegrar orku á framfæri á alþjóðavettvangi, og leggja þannig sitt af mörkum til sjálfbærrar þróunar.

Umfang auðlinda- og umhverfismála í starfi íslenskra stjórnvalda hefur aukist mjög á síðustu árum og eru þau orðin einn viðamesti málaflokkur alþjóðastjórnmála. Skilningur á tengslum umhverfismála við öryggismál, þróun og efnahagsuppbyggingu fer ört vaxandi og jafnframt eru gerðar auknar kröfur til ríkja heims um samræmda stefnu og aðgerðir í þessum málaflokki. Sjálfbær nýting auðlinda norðursins er eitt stærsta viðfangsefnið sem snýr að samskiptum Íslands við grannríkin á norðurslóðum.

Þáttur loftslagsmála hefur vaxið sérstaklega hratt. Loftslagsmálin hafa beint athygli alþjóðasamfélagsins að því hvernig umsvif mannsins hafa gjörbreytt ásýnd jarðarinnar. Þau hafa jafnframt skerpt meðvitundina um mikilvægi sjálfbærrar nýtingar náttúruauðlinda og náttúruverndar sem lykilþátta sjálfbærrar þróunar.

Skilningur alþjóðasamfélagsins á málefnum hafsins hefur sömuleiðis aukist mjög enda dylst engum mikilvægi sjávarins fyrir lífríki jarðar og loftslag. Árangur fiskveiðistefnu Íslendinga þar sem aflaheimildir byggjast á vísindaráðgjöf hefur vakið eftirtekt á alþjóðavettvangi og er gjarnan litið til Íslands sem fyrirmyndar á því sviði.

4.1. Norðurslóðir.

Aukið aðgengi að auðlindum norðursins í kjölfar loftslagsbreytinga og tækniþróunar hefur beint athyglinni að mikilvægi norðurslóða í alþjóðasamskiptum. Íslendingar eiga þar mikilla hagsmuna að gæta enda er Ísland eina þjóðríkið sem liggur í heild sinni á norðurslóðum. Vinnuhópur á vegum utanríkisráðuneytisins vinnur nú að mótun heildstæðrar stefnu í málefnum norðurslóða sem taki mið af hagsmunum Íslendinga í víðu samhengi með tilliti til legu landsins, öryggisþátta og tækifæra í tengslum við aukna sókn í auðlindir norðursins og loftslagsbreytingar. Stefnt er að því að vinnuhópurinn ljúki störfum í haust.

Komið hefur í ljós að áhrif loftslagsbreytinga á norðurslóðum og bráðnun íshellunnar á Norður-Íshafi eru örari en búist var við. Í skýrslu Norðurskautsráðsins um áhrif loftslagsbreytinga á norðurslóðum frá formennskutíð Íslands í ráðinu 2002 til 2004 var leitt líkum að því að ísinn á Norður-Íshafi kynni að hverfa að mestu yfir sumarmánuðina við lok þessarar aldar. Róttækustu líkönin sýndu að þetta kynni hugsanlega að gerast um miðja öldina en tæpast fyrr. Vísbendingar eru hins vegar um að þetta kunni að vera að gerast núna, hálfri öld fyrr en almennt var búist við. Sumarísinn á Norður-Íshafi minnkaði um tvær milljónir ferkílómetra á árunum 1980 til 2006, þ.e. úr um átta milljónum ferkílómetra niður í sex milljónir ferkílómetra. Síðastliðið sumar sýndu mælingar að íshellan hafði skroppið saman um tvær milljónir ferkílómetra til viðbótar.

Sérfræðingar telja að bráðnunin verði jafnvel enn meiri í ár. Þótt Norður-Íshafið frjósi í fimbulkulda vetrarmánaðanna hafi ísmyndun hafist mörgum vikum seinna síðastliðið haust en í venjulegu árferði og Norðurskautsísinn sé því mun þynnri en ella. Ísinn muni því hverfa snemma af stórum hafsvæðum í sumarbyrjum þar sem sólargeislarnir skíni beint í hafið í stað þess að vera endurvarpað af hvítum ísnum.

Íslaust Norður-Íshaf að sumri til mun hafa gífurleg áhrif á allt veðurkerfi norðurhvels jarðar, ekki síst á Íslandi og Grænlandi. Þetta mun þó ekki þýða endalok hafíss við landið en ís mun áfram leggjast á Norður-Íshafið yfir vetrarmánuðina og stórir borgarísjakar munu halda áfram að brotna frá Grænlandsjökli. Siglingar norðvestur af Íslandi verða því áfram varasamar um fyrirsjáanlega framtíð.

Minnkun íss á Norður-Íshafi auðveldar nýtingu náttúruauðlinda. Norðurskautssvæðið er auðugasta uppspretta vannýttra náttúruauðlinda jarðar. Þar eru miklar olíu- og gaslindir sem skipta sköpum fyrir orkubúskap mannkynsins í framtíðinni. Undirbúningur er þegar hafinn að stórfelldri olíu- og gasvinnslu við jaðar Norður-Íshafsins í Barentshafi og má búast við því að vinnslusvæðin færist inn á Norður-Íshafið sjálft í framhaldi af því.

Minnkandi ís á Norður-Íshafi, samfara örri þróun á sviði siglinga og siglingatækni, mun opna nýjar siglingaleiðir til norðurs. Utanríkisráðuneytið hefur fylgst náið með þessari þróun og gefið út tvær greinargerðir um hana: „Fyrir stafni haf“ (2005) og „Ísinn brotinn“ (2007). Í þeim er m.a. fjallað um möguleikann á opnun nýrra siglingaleiða á milli Norður-Atlantshafs og Kyrrahafs þvert yfir Norður-Íshafið.

Ísland leggur áherslu á mikilvægi þess að sókn í auðlindir norðurslóða og aukin umferð um svæðið valdi ekki spennu í samskiptum Norðurskautsríkjanna, heldur verði náið samráð í milli þeirra allra um öryggi svæðisins. Nauðsynlegt er að tryggja að hernaðarleg umsvif á

norðurslóðum skipi ekki Norðurskautsríkjunum í gamlar eða nýjar fylkingar. Nýting tækifæra á norðurslóðum krefst virkrar milliríkjasamvinnu á grundvelli þjóðaréttar.

Alþjóðaheimskautaárið.

Alþjóðaheimskautaárið, sem hófst í mars 2007, hefur orðið til þess að beina athyglinni enn frekar að mikilvægi heimskautasvæðanna. Efnt var til þess að frumkvæði Alþjóðavísindaráðsins og Alþjóðaveðurfræðistofnunarinnar sem hafa umsjón með framkvæmdinni. Utanríkisráðuneytið átti frumkvæði að stofnun íslenskrar heimskautaársnefndar í því skyni að nýta tækifæri heimskautaársins til að styrkja stöðu Íslands á sviði alþjóðasamstarfs um norðurslóðir og sem vettvangs fyrir norðurslóðarannsóknir. Nefndin starfar undir forystu utanríkisráðuneytisins með fulltrúum menntamála- og umhverfisráðuneytis, Hafrannsóknastofnunar, Orkustofnunar, Háskóla Íslands, RANNÍS og Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar. Fulltrúar Veðurstofunnar og Náttúrufræðistofnunar hafa einnig tekið þátt í starfi hennar.

Nefndin hélt almennan kynningarfund um heimskautaárið á Akureyri hinn 4. mars sl. þar sem framkvæmdastjóri alþjóðaheimskautaársskrifstofunnar gerði grein fyrir verkefnum ársins. Alls hafa verið skilgreind 228 alþjóðleg heimskautaársverkefni, 166 í raunvísindum og 52 á sviði menntunar og mannfélagsfræða. Íslenskir sérfræðingar taka þátt í mörgum þeirra og nokkur þeirra leiða Íslendingar. Ísland tók þátt í fjármögnun norðurslóðagáttarinnar (arcticportal.org).

4.2. Endurnýjanlegar orkuauðlindir.

Hlutur orkumála á alþjóðavettvangi hefur vaxið mjög á síðari árum. Orkumál eru ekki einkamál einstakra ríkja heldur alþjóðlegt viðfangsefni sem krefst alþjóðlegra lausna. Vísbendingar eru um að olíuframleiðsla í heiminum hafi náð hámarki og verði ekki aukin frekar þrátt fyrir vaxandi eftirspurn. Jafnframt hefur vaxandi meðvitund um áhrif losunar gróðurhúsalofttegunda úr orkuiðnaði knúið alþjóðasamfélagið til að leita nýrra orkugjafa og orkutækni sem leyst geti jarðefnaeldsneyti af hólmi.

Orkumálin hafa þannig færst inn á svið utanríkismála og sinnir utanríkisráðuneytið þeim í samvinnu við ráðuneyti iðnaðar- og umhverfismála. Þróun orkumála í einstökum ríkjum er undirorpin alþjóðlegri stefnumótun. Hún hefur í för með sér breytingar á búsetumunstri og færslu orkufrekra iðngreina á milli ríkja og heimshluta. Sérstaða Íslands í orkumálum hefur orðið til þess að auka sókn orkufrekra iðnfyrirtækja til landsins í leit að vistvænum orkugjöfum.

Alþjóðasamfélagið hefur sýnt orkusérstöðu Íslands skilning. Það kom m.a. fram í heimild Íslands til að auka losun gróðurhúsalofttegunda í iðnaði, enda fylgir því á Íslandi minni loftmengun en í löndum þar sem orkan er framleidd með kolefniseldsneyti. Eftir sem áður er nauðsynlegt af Íslands hálfu að sýna vilja í verki til að stuðla að minni losun gróðurhúsalofttegunda.

Boðið hefur verið fram að Ísland verði vettvangur fyrir tilraunaverkefni og tækniþróun á sviði vetnis. Evrópska vetnisvagnaverkefnið vakti athygli á alþjóðavettvangi. Það beindi augum manna að viðleitni Íslands til að draga enn frekar úr losun gróðurhúsalofttegunda. Kolefniseldsneyti á Íslandi er einkum notað í bílum og skipum og til að draga úr þeirri notkun þurfa að koma til tækninýjungar á borð við vetnisnotkun fyrir bifreiðar. Undirbúningur er langt kominn við að hleypa af stokkunum nýju vetnisverkefni.

Vaxandi þrýstingur er á að orkuþörf mannkyns verði leyst með byggingu nýrra kjarnorkuvera sem skapað gæti ófyrirséð vandamál fyrir komandi kynslóðir vegna erfiðleika við

geymslu geislavirks úrgangs. Íslensk stjórnvöld hafa lagt áherslu á að þróa umhverfisvænar og endurnýjanlegar orkulindir, þar á meðal jarðhita, til að mæta vaxandi orkuþörf mannkyns.

4.3. Loftslagsmál.

Loftslagsbreytingar af mannavöldum tengjast alþjóðlegum orkumálum en einn helsti framtíðarvandi sem steðjar að mannkyni, er sú ógn sem friði og lífskjörum getur verið búin af þeim. Loftslagsbreytingar má m.a. rekja til losunar gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið, aðallega koltvísýrings, vegna brennslu jarðefnaeldsneytis á borð við kol, gas og olíu. Óvenjumiklar sveiflur í veðurkerfum heimsins hafa afhjúpað viðkvæmni þéttbýlla borgarsvæða og víða gætir vaxandi skorts á drykkjarvatni þrátt fyrir alþjóðaátak á því sviði.

Þá hafa neikvæð áhrif losunar gróðurhúsalofttegunda og hækkandi olíuverð opnað augu alþjóðasamfélagsins fyrir mikilvægi endurnýjanlegra orkugjafa fyrir orkubúskap heimsins, sem og hnattræn öryggismál. Í því samhengi má nefna að í nýrri úttekt, sem kynnt var á síðasta leiðtogafundi Evrópusambandsins, er fjallað um hvernig orku- og matvælaskortur getur leitt til samfélagshruns í þróunarlöndum með tilheyrandi flóttamannastraumi sem kallar á breytingar á öryggisviðbúnaði í ríkjum Sambandsins. Þessi og fleiri hliðar loftslagsvandans eru að koma glögglega í ljós og kalla á beinar aðgerðir.

Ísland er aðildarríki loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna og Kýótóbókunarinnar við hann. Sú bókun tók gildi í upphafi þessa árs og nær til ársloka 2012. Á liðnu ári samþykkti Alþingi að viðskiptakerfi Evrópusambandsins með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda yrði hluti af EES-samningnum. Það mun hafa í för með sér að frá árinu 2012 þarf atvinnuflugrekstur innan EES að hafa yfir losunarheimildum að ráða og viðskipti með slíkar heimildir geta farið fram.

Á þingi loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna á Balí í Indónesíu í desember 2007 náðist mikilvægt samkomulag þjóða heims um að stefna að nýju alþjóðasamkomulagi um aðgerðir gegn loftslagsvandanum sem unnt verði að undirrita á leiðtogafundi samningsins í Kaupmannahöfn í desember 2009. Það samningaferli, sem nú er hafið og gjarnan nefnt „Balí-vegvísirinn“, gengur út frá því að gripið verði til aðgerða sem komi í veg fyrir frekari hlýnun andrúmsloftsins af völdum „gróðurhúsaáhrifa“ uppsafnaðra kolefna í gufuhvolfinu.

Meginandstaða við samkomulag á Balí var tvíþætt. Annars vegar töldu þróunarríki sig ekki bera nema litla ábyrgð á þeirri losun sem átt hefur sér stað. Hins vegar voru ýmis iðnríki, með Bandaríkin í broddi fylkingar, ekki reiðubúin að taka þátt í alþjóðasamkomulagi nema öll ríki heims undirgengjust skuldbindingar þótt með mismunandi hætti væri. Samkomulag náðist þó á lokadegi þingsins.

Þróunarríkin gengu til þessa samkomulags með þeim skilningi að hin tæknivæddu iðnríki heiti því að veita þeim mjög aukna aðstoð við að iðnvæðast, án þess að það auki á loftslagsvandann, með miðlun á loftslagsvænni orkutækni. Í undirbúningi er stofnun sjóða til þess að kosta umfangsmikil verkefni við að hrinda hinni hreinu orkuvæðingu í framkvæmd í þróunarríkjum.

Væntanlegt Kaupmannahafnarsamkomulag mun í meginatriðum snúast um þrennt:

- Að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda og auka bindingu kolefna.
- Að nota mun hærra hlutfall hreinnar og endurnýjanlegrar orku.
- Að gera þróunarríkjum kleift að efla iðnþróun með loftslagsvænum hætti.

Ekki verður hjá því komist að þetta kosti hin iðnþróuðu ríki háar fjárhæðir þar sem þróunaraðstoð tengd loftslagsmálum má ekki verða á kostnað þeirra fyrirheita sem þegar hafa verið gefin um að ná þúsaldarmarkmiðum SÞ um að útrýma fátækt, hungri og sjúkdómum. Hér reynir í senn á ábyrgð Íslendinga gagnvart umheiminum og vörslu íslenskra hagsmuna á alþjóðavettvangi. Sem eitt af best settu ríkjum heims, hvað lífskjör varðar, ber Íslendingum að bera hlutfallslegan skerf af þeim kostnaði sem hlýst af slíkri aðstoð. En um leið skapar það íslenskum þekkingarfyrirtækjum á sviði endurnýjanlegra orkulinda margvísleg tækifæri til þátttöku í verkefnum víða um heim. Þau búa yfir sérþekkingu og eru t.a.m. í fararbroddi þeirra sem hafa hagnýtt hina hreinu og endurnýjanlegu jarðvarmaorku.

Íslensk stjórnvöld taka virkan þátt í Balí-samningaferlinu. Samstarfsnefnd ráðuneyta undir forystu umhverfisráðuneytis hefur um langt skeið tekið þátt í þingstörfum loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna og sérfræðinganefndir sinna gagnaöflun. Nefnd fjögurra ráðherra vinnur að mótun samningsmarkmiða Íslands að fengnum gögnum fráþessum nefndum þar sem saman munu fara hagsmunir Íslands og ábyrgð á alþjóðavettvangi.

Íslendingar skipa sér í hóp þeirra ríkja sem setja sér hvað metnaðarfyllst markmið í þessum efnum. Löngu fyrir upphaf gildistíma Kýótóbókunarinnar hafði Ísland þegar náð meiri árangri en aðrar þjóðir í nýtingu hreinna og endurnýjanlegra orkulinda, einkum við húshitun og í iðnaði. Með því að beina sjónum okkar sömuleiðis að nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa í samgöngum á sjó og landi ættum við að geta náð enn frekari árangri.

Tækninýjungar, viðskipti með losunarheimildir og miðlun íslenskrar sérþekkingar á sviði endurnýjanlegrar orku skapa íslensku atvinnulífi margvísleg sóknarfæri. Skoða verðurvel þá valkosti sem Íslandi kunna að standa til boða í komandi samningaviðræðum í ljósi þess að með nýtingu endurnýjanlegrar orku hér á landi má draga úr losun annars staðar, enda er andrúmsloft jarðar aðeins eitt og sameiginlegt öllu mannkyni.

Markmið með Kýótóbókuninni, sem gildir til ársloka 2012, er að takmarka og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Til þess er beitt ýmsum verkfærum, s.s. viðskiptum með heimildir, útgáfu heimilda í skiptum fyrir loftslagsvæna tækni og þróunaraðstoð og bindingu og varðveislu, s.s. með ræktun og endurheimt votlendis. Einkafyrirtæki, sem fjárfesta íslíkum verkefnum, geta aflað sér losunarheimilda vegna þeirra. Í slíku eru sóknarfæri fyrir fyrirtæki með sérþekkingu í orkuiðnaði.

Fjölþjóðlegt jarðhitasamstarf.

Unnið er að þátttöku Íslands í þeim alþjóðasjóðum og -stofnunum sem fyrir eru eða stofnuð verða til að standa fyrir fjárfestingum í loftslagsvænni orkutækni, einkum vatnsaflsog jarðhitatækni. Samstarf við Alþjóðabankann og stofnanir hans á sviði þróunar með hreinum og endurnýjanlegum orkulindum verður eflt og í skoðun er stofnun sérstaks samstarfsvettvangs Íslands, Bandaríkjanna og nokkurra annarra leiðandi ríkja á sviði jarðhita. Þá auðlind er að finna í nær eitt hundrað ríkjum heims. Nýting jarðhita getur orðiðeitt helsta framlag Íslendinga til að hrinda af stað efnahagslegri þróun í löndum, þar sem nú ríkir skortur og örbirgð, og jafnframt veigamikið framlag til að bregðast við loftslagsbreytingum.

Alþjóðlegt jarðbótastarf.

Heillar aldar árangursríkt starf að landgræðslu á Íslandi nýtist einnig í baráttunni gegn loftslagsbreytingum. Að breyta þurrum sandmelum í frjóa gróðurmold er brýnt viðfangsefni í stórum heimshlutum. Slíkt bindur kolefni úr andrúmsloftinu og veitir nýtt ræktarland. Hafinn er rekstur alþjóðlegs landgræðsluskóla hér á landi og stefnt að því að hann verði deild í

Háskóla SÞ á næsta ári. Þannig miðla Íslendingar þróunarríkjum af reynslu sinni og þekkingu með sama hætti og gert hefur verið í Jarðhitaskóla og Sjávarútvegsskóla SÞ áÍslandi og fylgja þeirri grundvallarstefnu að menntun er eitt besta framlagið til þróunarsamvinnu.

4.4. Sjálfbær nýting sjávarauðlinda.

Sjávarútvegsmál skipa eftir sem áður mikilvægan sess í utanríkisstefnunni enda á Ísland mikið undir skynsamlegri nýtingu sjávarauðlinda. Alþjóðleg samstaða er um mikilvægi verndunar líffræðilegs fjölbreytileika hafsins og ráðstafanir til draga úr sjávarmengun. Ísland hefur stutt þessi sjónarmið en ekki er þó með öllu samstaða um leiðir að þessu marki. Hafa ber í huga að jafnvel landlukt ríki langt frá sjó hafa sterkar skoðanir á því hvernig auðlindir hafsins skuli nýttar. Áherslur þessara ríkja eru oft töluvert frábrugðnar stefnu strandríkja. Íslensk stjórnvöld hafa talið varhugavert að fela alþjóðastofnunum ákvörðunarvald um sjávarútvegsmál nema um sé að ræða samtök eða stofnanir sem beinlínis hafa hlutverki að gegna á því sviði, svo sem Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO).

Sjávarútvegsstefna Íslands byggist á meginreglu sjálfbærrar nýtingar lifandi sjávarauðlinda og að nýta skuli þá stofna sem það þola. Íslensk stjórnvöld hafa sömuleiðis verið talsmenn þess að stofnar séu ekki ofveiddir og kvótar taki mið af veiðiþoli. Tekist hefur að ná því markmiði fyrir flesta fiskistofna á Norður-Atlantshafi, að undanteknum kolmunna og karfa, þótt vissulega hafi náðst nokkur árangur varðandi stjórn á þeim stofnum.

Mikilvægt er að styrkja hlutverk svæðastofnana í fiskveiðistjórn á borð við Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndina, NEAFC. Svæðastofnanir gegna lykilhlutverki í baráttunni gegn svokölluðum sjóræningjaveiðum og með samstilltu átaki hefur tekist að draga verulega úr þeim á Norður-Atlantshafi. Þannig hafa flest hentifánaskipin, sem stunduðu karfaveiðar á því svæði, verið tekin í brotajárn eftir að höfnum hafði verið lokað fyrir þjónustu við þau. Áfram er unnið í nánu samstarfi nokkurra ráðuneyta að nauðsynlegum lagabreytingum til að ráðast gegn frekari veiðum og taka þátt í samstarfsaðgerðum á alþjóðavettvangi.

Aukin alþjóðleg meðvitund um málefni hafsins endurspeglast í fjölgun alþjóðlegra ferla og stofnana þar sem fjallað er um ýmsa þætti sjávarnytja og verndun hafsvæða. Þannig er t.a.m. unnið á vettvangi Matvæla- og landbúnaðarstofnunarinnar (FAO) að gerð alþjóðlegra leiðbeiningarreglna um djúpsjávarveiðar á úthafinu sem ætlað er að auðvelda ríkjum og svæðastofnunum að skilgreina og bera kennsl á viðkvæm vistkerfi, meta hugsanleg skaðleg áhrif fiskveiða á þau og grípa til viðeigandi aðgerða. Þessi vinna er í framhaldi af samkomulagi allsherjarþings SÞ haustið 2006.

Utanríkisráðuneytið tekur virkan þátt í þessu og öðru alþjóðasamstarfi í samvinnu við ráðuneyti sjávarútvegs- og umhverfismála með það fyrir augum að tryggja sjálfbæra þróun og hagsmuni íslensks sjávarútvegs til langs tíma litið. Unnið er að því að kynna reynslu Íslendinga af því að viðhalda fiskistofnum umhverfis landið með ábyrgri fiskveiðistjórn á sama tíma og ofveiðar ógna fiskimiðum víða annars staðar.

4.5. Hafréttarmál.

Utanríkisráðuneytið gætir hagsmuna Íslands í hafréttarmálum, bæði í hnattrænni umfjöllun, einkum á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, og gagnvart nágrannaríkjunum.

4.5.1. Hafréttarmál á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

Ísland tekur virkan þátt í starfi Sameinuðu þjóðanna í hafréttarmálum, enda koma reglulega upp mál á þessum vettvangi sem haft geta bein áhrif á þjóðarhagsmuni. Með frumkvæði,

sérþekkingu og öflugum málflutningi höfum við Íslendingar áunnið okkur virðingu á þessu sviði á vettvangi SÞ sem er grunnurinn að virkri hagsmunagæslu.

Hafréttarsamningur og úthafsveiðisamningur SÞ.

Íslensk stjórnvöld hafa lagt áhersla á að vinna beri á grundvelli hafréttarsamningsins og samningum tengdum honum, að mikilvægt sé að þeir séu fullgiltir og ákvæðum þeirra framfylgt af ríkjum heims. Aðildarríkjum hafréttarsamningsins fjölgar stöðugt og voru 1. mars 2008 alls 155 talsins.

Ísland hefur enn fremur verið málsvari úthafsveiðisamningsins sem kveður á um framkvæmd og útfærslu ákvæða hafréttarsamningsins um fiskistofna sem finnast bæði innan efnahagslögsögu strandríkja og á úthafinu. Markmið hans er að tryggja langtímaverndun og sjálfbæra nýtingu umræddra fiskistofna. Aðildarríki samningsins eru 68 talsins og á meðal nýlegra aðildarríkja eru Japan og Kórea.

Áherslur Íslands á vettvangi allsherjarþings SÞ.

Óformlegum samráðsvettvangi SÞ um málefni hafsins og hafréttarmál (UNICPOLOS) er ætlað að undirbúa umfjöllun allsherjarþingsins sjálfs um málefni hafsins og hafréttarmál. Ísland hefur tekið virkan þátt í störfum UNICPOLOS og í samningaviðræðum um almenna hafréttarályktun og fiskveiðiályktun allsherjarþingsins.

Ísland hefur jafnframt verið í fararbroddi í baráttunni gegn ólöglegum fiskveiðum og hefur beitt sér fyrir því að styrkja og þróa þjóðréttarlegan grundvöll fyrir beinum aðgerðum gegn skipum sem stunda slíkar veiðar á úthafinu.

4.5.2. Landgrunnsmál.

Samkvæmt hafréttarsamningi SÞ eiga strandríki sjálfkrafa landgrunn að 200 sjómílum sem eru jafnframt ytri mörk efnahagslögsögunnar. Mörg ríki, þar á meðal Ísland, eiga hins vegar víðáttumeiri hafsbotnsréttindi samkvæmt ákvæðum hafréttarsamningsins. Viðkomandi ríki skulu senda landgrunnsnefnd SÞ ítarlega greinargerð um mörk landgrunnsins utan 200 sjómílna. Nefndin yfirfer greinargerðina og gerir tillögur um ytri mörk landgrunnsins. Á grundvelli tillagnanna getur strandríkið ákveðið á endanlegan og bindandi hátt mörk landgrunnsins gagnvart alþjóðlega hafsbotnssvæðinu sem liggur þar fyrir utan.

Unnið er að greinargerð til landgrunnsnefndar þjóðanna um mörk landgrunns Íslands utan 200 sjómílna. Lokið er mælingum á landgrunnssvæðum sem samsvara þrettánföldu landsvæði Íslands. Utanríkisráðuneytið ber ábyrgð á umræddri greinargerð og vinnur starfshópur undir forystu þess að gerð hennar. Frestur til að skila henni er til 13. maí 2009. Gert er ráð fyrir því að ytri mörk landgrunns verði til lykta leidd í eitt skipti fyrir öll á næstu árum samkvæmt ákvæðum hafréttarsamningsins. Áhersla er lögð á að Íslendingar öðlist yfirráð yfir sem víðáttumestum landgrunnssvæðum en gera má ráð fyrir því að réttindi yfir landgrunninu fái aukna þýðingu í framtíðinni.

Af Íslands hálfu er annars vegar gert tilkall til landgrunns utan 200 sjómílna í suðri, þ.e. á Hatton-Rockall-svæðinu og á Reykjaneshrygg, og var það afmarkað með reglugerð árið 1985. Á Hatton-Rockall-svæðinu hafa, auk Íslands, Bretland, Írland og Danmörk fyrir hönd Færeyja sett fram kröfur um landgrunnsréttindi. Aðeins Ísland gerir kröfu um landgrunnsréttindi á Reykjaneshrygg en austurhluti svæðisins skarast við vesturhluta Hatton-Rockall-svæðisins.

Hins vegar gerir Ísland tilkall til landgrunns utan 200 sjómílna í norðaustri, í suðurhluta Síldarsmugunnar. Noregur gerir þar einnig kröfu og Danmörk fyrir hönd Færeyja. Haustið 2006 náðist samkomulag milli Íslands, Danmerkur/Færeyja og Noregs um skiptingu landgrunnsins á þessu svæði sem markaði tímamót í landgrunnsmálum á Norðaustur-Atlantshafi. Samkomulagið felur m.a. í sér viðurkenningu á landgrunnsréttindum Íslands yfir 29.000 km² svæði vestast í Síldarsmugunni í beinu framhaldi af íslensku efnahagslögsögunni. Skipting landgrunnsins er með fyrirvara um að aðilum takist hverjum fyrir sig með greinargerð til landgrunnsnefndarinnar að sýna fram á tilkall sitt til jafnstórs hafsbotnssvæðis og samkomulagið kveður á um að þeir skuli fá í sinn hlut.

Þessi niðurstaða er talin hagstæð fyrir Ísland. Má þar nefna í fyrsta lagi að hlutur Íslands í landgrunninu í suðurhluta Síldarsmugunnar er vel viðunandi. Í annan stað er niðurstaðan til þess fallin að auka almennan trúverðugleika Íslands sem ríkis er gerir tilkall til landgrunnsréttinda utan 200 sjómílna á þessu og öðrum hafsvæðum. Síðast en ekki síst getur samkomulag Íslands, Danmerkur/Færeyja og Noregs um skiptingu landgrunnsins á áðurnefndu svæði, áður en það kemur til umfjöllunar landgrunnsnefndarinnar, haft mikilvægt fordæmisgildi fyrir Hatton-Rockall-málið, en hafa ber í huga að tveir fyrstnefndu aðilarnir eru jafnframt aðilar að því máli.

Að öllu óbreyttu er gert ráð fyrir því að greinargerð Íslands til landgrunnsnefndarinnar verði svonefnd hlutagreinargerð sem muni einskorðast við suðurhluta Síldarsmugunnar og ekki ná til hins umdeilda Hatton-Rockall-svæðis né Reykjaneshryggjar sem skarast við það svæði. Í þessu sambandi ber að hafa í huga að áðurnefndur tímafrestur gildir ekki um umdeild hafsvæði sem fleiri en eitt ríki gera tilkall til og er nefndin ekki bær til að fjalla um ytri mörk slíkra svæða nema með samþykki allra deiluaðila.

Hatton-Rockall-málið.

Til að lausn náist um afmörkun landgrunns á umdeildum svæðum á borð við Hatton-Rockall-svæðið og raunhæft sé að nýta auðlindir þess þarf tvennt að koma til: Annars vegar þurfa hlutaðeigandi ríki að komast að samkomulagi um skiptingu landgrunnsins sín á milli eða um að það verði sameiginlegt nýtingarsvæði. Hins vegar þarf að nást niðurstaða um afmörkun ytri marka landgrunnsins á grundvelli tillagna landgrunnsnefndarinnar.

Ísland hefur lagt áherslu á að hlutaðeigandi ríki, Ísland, Bretland, Írland og Danmörk fyrir hönd Færeyja, freisti þess fyrst að ná samkomulagi um skiptingu Hatton Rockallsvæðisins og leggi í framhaldi af því sameiginlega greinargerð fyrir landgrunnsnefndina. Í ljósi þessa verður að teljast jákvætt að á síðustu viðræðufundum um málið hafa aðilar lagt áherslu á að ræða um ýmsar leiðir til skiptingar svæðisins. Fundir er tíðari en áður og næsti fundur verður haldinn síðari hluta apríl nk.

4.5.3. Framkvæmd Jan Mayen-samningsins.

Fyrirhugað útboð sérleyfa til leitar, rannsókna og vinnslu á olíu og gasi á Drekasvæðinu við Jan Mayen-hrygg innan íslensku lögsögunnar hefur kallað á viðræður við norsk stjórnvöld um túlkun og útfærslu Jan Mayen-samningsins frá 1981. Samningurinn felur m.a. í sér afmörkun eins konar sameiginlegs nýtingarsvæðis beggja vegna landgrunnsmarkanna milli Íslands og Jan Mayen. Á Ísland rétt á 25% þátttöku í olíustarfsemi á norska hluta svæðisins og Noregur rétt á 25% þátttöku á íslenska hluta svæðisins. Stefnt er að því að ganga fljótlega frá samkomulagi við Noreg á grundvelli Jan Mayen-samningsins um meginreglur svonefndrar einingarnýtingar auðlinda á olíusvæðum sem liggja beggja vegna markalína.

4.5.4. Réttarstaðan á Norður-Íshafi.

Ný tækifæri til auðlindanýtingar og siglinga, sem skapast við breyttar aðstæður á Norður-Íshafi vegna loftslagsbreytinga, bráðnunar íss og hlýnunar sjávar, kalla á svör við ýmsum álitamálum um réttarstöðuna á þessu hafsvæði. Ljóst er að hafréttarsamningurinn gildir um Norður-Íshafið eins og önnur hafsvæði að svo miklu leyti sem ekki hafa verið gerðir sérstakir samningar um einstaka hluta þess, sbr. samninginn um Svalbarða. Þegar fjallað er um réttarstöðu Norður-Íshafsins verður að gera greinarmun á hinum ýmsu notum hafsins og hinum ýmsu hlutum þessa hafsvæðis, t.d. landgrunni og nýtingu auðlinda þess, fiskveiðum og siglingum.

Strandríkin fimm við Norður-Íshaf, Bandaríkin, Kanada, Danmörk, Noregur og Rússland, hafa átt fund um lagaleg álitamál varðandi Norður-Íshafið og eru sammála um að leysa beri úr þeim á grundvelli gildandi alþjóðasamninga og að óþarft sé að gera sérstakan samning um svæðið. Ísland deilir þessari skoðun og hefur komið henni á framfæri við áðurnefnd ríki en einnig lagt á það áherslu að lagalegt samráð eigi ekki að einskorðast viðríkin fimm, heldur eigi önnur aðildarríki Norðurskautsráðsins, Ísland, Finnland og Svíþjóð, rétt á þátttöku í því.

Hafa ber í huga að staða Noregs sem strandríkis við Norður-Íshaf byggist á Svalbarðasamningnum frá 1920 sem felur Noregi fullveldisréttindi á Svalbarða. Sem kunnugt er geta Norðmenn þó ekki einir gert tilkall til auðlinda á hafsvæðum við Svalbarða, þ.m.t. landgrunn hans, enda takmarkast fullveldisréttindi þeirra af jafnræðisreglu Svalbarðasamningsins sem kveður á um jafnan rétt aðildarríkja samningsins til auðlindanýtingar þar. Utanríkisráðuneytið mun áfram leggja áherslu á að gæta hagsmuna Íslands sem aðildarríkis Svalbarðasamningsins.

4.6. Svæðisbundin samvinna.

Ísland er virkur þátttakandi í ýmissi svæðasamvinnu við nágrannaríki beggja vegna Atlantshafs og í norðri. Markmið þessa samstarfs er að tryggja stöðugleika á svæðinu og efla samvinnu um sameiginleg viðfangsefni á norðurslóðum, ekki síst í umhverfis- og auðlindamálum. Stækkun Evrópusambandsins til austurs og innganga Eystrasaltsríkjanna í ESB hefur haft veruleg áhrif á eðli svæðasamstarfsins í Eystrasaltsráðinu og Norðlægu víddinni sem nú snýst að verulegu leyti um samvinnu og samstarf Norður-Evrópuríkja við Rússland. Á sama tíma hefur svæðasamstarfið til norðurs í Norðurskautsráðinu og Barentsráðinu fengið aukið hlutverk í tengslum við auðlindanýtingu á norðurslóðum og opnun nýrra siglingaleiða til norðurs.

Norðurlandasamstarfið og NB8.

Þróun norræns samstarfs um áratuga skeið hefur leitt til málefnalegrar samstöðu í þjóðfélags- og menningarmálum og mikilvægustu málaflokkum á alþjóðavettvangi. Þessi grunnur er traustur og hefur eflst enn frekar við dýpra samstarf Norðurlandanna í öryggis- og varnarmálum og við Eystrasaltsríkin og innan svæðastofnananna á norðurslóðum, Eystrasaltsráðsins, Barentsráðsins og Norðurskautsráðsins. Norðurlöndin eru þekkt „vörumerki“ á alþjóðavettvangi og sameiginleg rödd þeirra hefur vægi í alþjóðasamskiptum.

Á hverju ári eru haldnir á fimmta tug samráðsfunda á vegum utanríkisráðuneytanna á sviði öryggis- og varnarmála, þjóðréttarmála, þróunarsamvinnu, friðargæslu og umhverfisog auðlindamála, að ótöldum reglulegum samráðsfundum hjá fjölþjóðlegum stofnunum þar sem í mörgum tilvikum er mótuð sameiginleg afstaða til mikilvægra alþjóðamála. Misjöfn aðild

landanna að lykilstofnunum eins og ESB og NATO hefur ekki hamlað norrænu samstarfi heldur þvert á móti leitt til eflingar og aukið breidd þess.

Samstarf Norðurlandanna og Eystrasaltsríkja (NB8) hefur farið stigvaxandi og eru fundir utanríkisráðherra NB8-samstarfsins fastur liður. Eystrasaltríkin taka aukinn þátt í fundum embættismanna og óformlegum fundum hjá alþjóðastofnunum og hjá sendiskrifstofum erlendis þar sem löndin telja samráð gagnlegt og nauðsynlegt. Þetta samstarf hefur reynst virðisauki fyrir norrænt samstarf án þess að það breyti kjarnasamstarfi Norðurlandanna. Í ljósi breyttrar stöðu Íslands í öryggismálum og nýrrar áherslu á norðurslóðir mun aukinn þungi færast í samstarf Íslands við önnur norræn ríki á næstu árum.

Eystrasaltsráðið.

Ísland er aðili að Eystrasaltsráðinu ásamt hinum norrænu ríkjunum, Eystrasaltsríkjunum, Póllandi, Rússlandi, Þýskalandi og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. Á utanríkisráðherrafundi ráðsins í júní 2007 var ákveðið að endurskoða alla starfsemi þess og starfshætti með það að markmiði að ná fram skilvirkara starfi sem væri meira í takt við nútímann. Aðildarríkin hafa lagt fram greinargerðir um æskilegar breytingar og nýjar áherslur og hafa þær verið ræddar ítarlega á nokkrum fundum. Telja má líklegt að samkomulag náist og verði lagt fyrir forsætisráðherrafund Eystrasaltsráðsins í Riga í júní nk.

Í nýjum hugmyndum er gert ráð fyrir að ný forgangsverkefni verði umhverfismál og sjálfbær þróun, orkumál, menntun og mannauður, efnahagsþróun og nýsköpun, og loks ýmis atriði er varða öryggi borgaranna. Hætt verður við ýmsa starfsemi en öll ný starfsemi verður tímabundin og vel skilgreind og fjallað um hvern málaflokk í sérfræðinganefnd.

Norðurskautsráðið.

Mikilvægi Norðurskautsráðsins sem vettvangs fyrir samstarf á norðurslóðum fer vaxandi samfara auknu mikilvægi norðurskautssvæðisins sjálfs. Ráðið er eini vettvangurinn þar sem öll átta ríki norðurskautssvæðisins sitja við sama borð, þar á meðal Bandaríkin og Rússland. Íslensk stjórnvöld leggja áherslu á að styrkja ráðið enn frekar og að það fái aukið hlutverk til að takast á við þær breytingar sem eiga sér stað á norðurslóðum vegna loftslagsbreytinga og aukinnar sóknar í auðlindir svæðisins.

Noregur tók við formennsku í Norðurskautsráðinu af Rússlandi haustið 2006 og Danmörk og Svíþjóð munu síðan taka við í kjölfarið þannig að norræn ríki hafa formennskuna samfellt á hendi tímabilið 2006–2012. Skrifstofa Norðurskautsráðsins í Tromsö verður starfrækt allt þetta tímabil á kostnað Norðmanna sem vonast til að ráðið fallist á áframhaldandi staðsetningu hennar þar að því loknu. Áherslur norsku formennskunnar snúa að loftslagsbreytingum, áhrifum þeirra á hafís, sífrera og jökla og úttekt á sjávarnytjastefnu norðurskautsríkjanna.

„Norðurslóðir eru nýtt kjarnamál í íslenskri utanríkisstefnu. Málið hefur verið sett í forgang í ráðuneytinu og heildstæð stefna varðandi norðurslóðir er nú í vinnslu. Á norðurslóðum eru miklir hagsmunir í húfi eins og við vitum öll og öryggi á Norður-Atlantshafinu er tvímælalaust eitt mest áríðandi öryggismál Íslands. Ísland hefur um árabil gegnt mikilvægu hlutverki við mótun alþjóðlegra leikreglna um hafið og nýtingu þess og þeirra auðlinda sem þar er að finna og Ísland hafði forystu í Norðurskautsráðinu frá 2002 til 2004. Við munum á grunni þessarar reynslu beita okkur fyrir mótun nauðsynlegra leikreglna á Norðurslóðum. Þar verða alþjóðalög að vega þyngra en hnefaréttur, og hagsmunir mannkyns í heild að vega þyngra en þröngir hagsmunir einstakra ríkja.“

Úr ræðu utanríkisráðherra um utanríkismál á Alþingi 5. nóvember 2007.

Ísland hefur tekið forystu við uppbyggingu vefvettvangs fyrir norðurslóðir (arcticportal.org) í samvinnu við Norðurskautsráðið, samtök frumbyggja á norðurslóðum, Háskóla norðursins, Samtök byggðarlaga á norðurslóðum, pólarvísindamenn og aðra sem starfa að málefnum norðurslóða. Norðurslóðagáttin hefur verið byggð upp með stuðningi utanríkisráðuneytisins, Norrænu ráðherranefndarinnar og fleiri aðila. Hún var opnuð í nóvember 2006 og hefur þegar öðlast viðurkenningu sem helsti vettvangur sjálfbærrar þróunar á norðurslóðum á alnetinu. Þar hafa nú verið sett upp vefsetur norðurslóðasamtaka og hópa, auk þess sem boðið er upp á aðgang að vinnusvæðum heimskautaársverkefna, gagnabönkum, gagnvirkum kortum yfir veðurbelti, sífrera, gróðurfar, beitarlönd, lífríki norðurslóða og fleira.

Barentsráðið.

Meginmarkmið Barentsráðsins er að efla samstarf um sameiginleg hagsmunamál þeirra svæða sem liggja að Barentshafinu, þ.e. norðurhluta Noregs, Svíþjóðar, Finnlands og norðvesturhluta Rússlands. Talsverður hluti íbúa svæðanna eru Samar og eru þeir mjög virkir í samstarfinu. Aðildarríkin eru Norðurlöndin og Rússland. Rússar tóku við formennsku í ráðinu í nóvember sl. og gegna henni í tvö ár. Um sl. áramót tók skrifstofa ráðsins til starfa í Kirkenes í Norður-Noregi og er tilgangurinn að efla starfsemi ráðsins á öllum sviðum.

Norðlæga víddin.

Ísland hefur um nokkurt árabil tekið þátt í hinni svonefndu Norðlægu vídd sem er samvinnuvettvangur Evrópusambandsins og aðildarríkja þess ásamt Rússlandi, Íslandi og Noregi. Á leiðtogafundi ríkjanna í nóvember 2006 var ákveðið að gera starfsemina varanlega í stað þess að samþykkja tímabundnar samstarfsáætlanir. Tilgangur samstarfsins er að stuðla að sjálfbærri þróun, stöðugleika, velsæld og öryggi í Norður-Evrópu. Nokkrum verkefnum er lokið, svo sem á sviði umhverfismála og lýðheilsumála. Næsti málaflokkur verður líklega samgöngur og flutningar á norðurslóðum, en um það mun utanríkisráðherrafundur seinna á árinu fjalla.

5. VIÐSKIPTI OG OPNUN MARKAÐA

Utanríkisþjónustan styður við íslenskt atvinnulíf í alþjóðavæddu efnahagskerfi og tekur þátt í markvissu starfi til að efla ímynd Íslands á grundvelli styrkleika lands og þjóðar. Utanríkisþjónustan á frumkvæði að gerð viðskiptasamninga við önnur ríki og ríkjabandalög sem

skjóta styrkari stoðum undir útrás íslenskra fyrirtækja og greiða þeim leið að nýjum mörkuðum. Í samningaviðræðum beitir utanríkisráðuneytið sér fyrir því að sjónarmið og hagsmunir Íslendinga nái fram að ganga. Sendiherrar og net viðskiptafulltrúa liðsinna fyrirtækjum í sókn þeirra á erlenda markaði.

Viðskiptalíf Íslands hefur tekið virkan þátt í alþjóðavæðingunni á undanförnum árum sem felur í senn í sér tækifæri og áskoranir. Íslendingar hafa á síðustu áratugum náð markverðum árangri í þróun frá fátækt til velferðar og sjást þess skýr merki í alþjóðlegum samanburði milli ríkja. Í harðri keppni þjóða á 21. öldinni skiptir samkeppnishæfni sköpum.

Því er það keppikefli utanríkisþjónustunnar að halda fram málstað Íslendinga og starfa af metnaði að því að Ísland standi sem best þegar kemur að samanburði við önnur ríki. Það á við um atvinnulíf en einnig um menningu og menntun sem er sá grunnur sem íslenskt samfélag byggist á. Með áframhaldandi virkum samskiptum við önnur ríki má tryggja að Ísland standi öðrum þjóðum ekki að baki og jafnvel feti framar. Aðeins þannig fær sá mannauður sem býr í Íslendingum notið sín hér á landi.

5.1. Evrópumál.

Vísað er í skýrslu utanríkisráðherra um Ísland á innri markaði Evrópu sem lögð var fram og rædd á Alþingi 31. janúar 2008.

5.2. Fjölþjóðlegt viðskiptasamstarf.

Ísland tekur virkan þátt í viðskiptasamstarfi innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO), Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) og Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og hefur slíkt samstarf átt mikinn þátt í að efla samkeppnisstöðu Íslands á hinum ýmsu sviðum viðskipta. Fríverslunarsamtök Evrópu hafa þegar gert sextán fríverslunarsamninga og bættust Egyptaland og Kanada í hópinn á sl. ári. Vonir eru bundnar við jákvætt framhald viðræðna í Doha-samningalotunni innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar á þessu ári og innan Efnahags- og framfarastofnunarinnar ber fjölgun aðildarríkja og breytingar á greiðsluhlutföllum hæst um þessar mundir.

5.2.1. Alþjóðaviðskiptastofnunin (WTO).

Alþjóðaviðskiptastofnunin myndar lagalegan og stofnanalegan ramma utan um hið alþjóðlega viðskiptakerfi. Grundvallarmarkmið stofnunarinnar er að auka frjálsræði og tryggja réttaröryggi í heimsviðskiptum og stuðla þar með að hagvexti og efnahagslegri þróun. Aðildarríkjum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar heldur áfram að fjölga og eru þau nú orðin 151 að tölu. Ísland tekur þátt í aðildarviðræðum verðandi aðildarríkja og hefur í tengslum við þær náð mikilvægum tvíhliða samningum um viðskiptakjör við ný aðildarríki. Aðildarviðræðum Úkraínu er lokið og verður Úkraína væntanlega aðili um mitt þetta ár. Aðildarviðræður við Rússland eru komnar vel á veg en enn er óvíst hvenær þeim líkur.

Doha-samningalotan.

Doha-samningalotan innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar hófst árið 2001. Hún fjallar líkt og fyrri samningalotur um aukið frjálsræði og stöðugleika í heimsviðskiptum sem stuðlar að bættri velferð almennings og afkomu fyrirtækja í aðildarríkjum stofnunarinnar, ekki síst hjá þróunarríkjum. Vonast hefur verið til þess að farsæl lok Doha-viðræðnanna geti unnið gegn versnandi stöðu á heimsmörkuðum og erfiðleikum á alþjóðafjármálamörkuðum.

Erfiðlega hefur gengið að ná niðurstöðu í Doha-viðræðunum. Þær sigldu í strand í júlí 2006 en ákveðið var að taka þráðinn upp að nýju í febrúar 2007. Stíft var fundað í kjölfarið og formenn samninganefndanna um landbúnað og markaðsaðgang fyrir iðnaðarvörur gáfu út drög að samningstextum í júlí sl. og jafnframt endurskoðaða texta í janúar. Nokkuð vel hefur miðað í viðræðunum um landbúnaðarmál þó að enn eigi eftir að ná niðurstöðu um mikilvæga þætti þeirra, eins og aukinn sveigjanleika fyrir þróunarríkin og meðferð hitabeltisvara og bómullarvara. Hins vegar er niðurstaðan háð árangri í öðrum þáttum viðræðnanna, einkum hvað varðar markaðsaðgang fyrir iðnaðarvörur og þjónustu. Þar ber enn langt á milli samningsaðila og þá einkum þróaðra ríkja og þróunarríkja. Á þetta ekki síst við um kröfur þróaðra ríkja um aukinn markaðsaðgang hjá þeim þróunarríkjum sem lengra eru komin (t.d. Brasilíu, Indlandi og Kína), sem þau hafa ekki ljáð máls á hingað til. Stíf fundarhöld verða á næstu vikum til að reyna að ná niðurstöðu en vegna forsetakosninganna í Bandaríkjunum í nóvember nk. er óvíst hvort takist að ljúka viðræðunum á þessu ári en gert er ráð fyrir því að þeim verði fram haldið á næsta ári.

Ísland tekur virkan þátt í Doha-viðræðunum, bæði í landbúnaðarhluta viðræðnanna og viðræðum um iðnaðarvörur, þ.m.t. um sjávarafurðir, þjónustuviðskipti og viðskiptareglur, einkum reglur um ríkisstyrki í sjávarútvegi. Ísland á samleið og samvinnu í viðræðunum við ýmis önnur ríki og þá mismunandi eftir efnissviðum. Þannig hefur Ísland náið samstarf við hin EFTA-ríkin og nokkur önnur ríki í svokölluðum G10-hópi um landbúnaðarvörur. Í viðræðunum um aðrar vörur eiga Ísland og önnur EFTA-ríki náið samstarf við Bandaríkin, Evrópusambandið, Japan, Kanada og fleiri ríki. Í viðræðunum um viðskiptareglur á Ísland samstarf við Nýja-Sjáland og Ástralíu auk þróunarríkja sem vilja draga úr ríkisstyrkjum í sjávarútvegi.

Óvissan í Doha-viðræðunum hefur haft þau áhrif að mörg aðildarríkja hafa lýst yfir auknum áhuga á gerð tvíhliða fríverslunarsamninga. Ýmis stærri og mikilvægari aðildarríki Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, s.s. Bandaríkin, Kanada, Indland og Kína, sem áður fyrr höfðu efasemdir um gerð slíkra samninga, hafa að undanförnu verið í viðræðum við ýmis ríki. Ísland hefur ásamt samstarfsríkjum sínum í EFTA verið þeirrar skoðunar að fríverslunarsamningar séu til fyllingar WTO-samningunum og séu af hinu góða þar sem þeir leiði til enn frekara viðskiptafrelsis.

5.2.2. Efnahags- og framfarastofnunin (OECD).

Ríkjum, sem eiga aðild að Efnahags- og framfarastofnuninni, hefur verið lýst sem félagsskap umbótasinnaðra ríkja sem byggja á markaðsbúskap og lýðræðislegu stjórnarfari. Markmið Efnahags- og framfarastofnunarinnar eru að tryggja sem mestan sjálfbæran hagvöxt og sem hæst atvinnustig í aðildarríkjunum samhliða fjárhagslegum stöðugleika, að stuðla að skynsamlegri efnahagsþróun jafnt í aðildarríkjunum sem utan þeirra og að leggja sitt af mörkum til vaxtar heimsviðskipta án mismununar. Aðildarlönd Efnahags- og framfarastofnunarinnar eru nú 30 talsins. Hjá stofnuninni starfa alls um 2.500 manns og nema heildarfjárlög stofnunarinnar 343 milljónum evra.

Efnahags- og framfarastofnunin er fremst á sviði efnahagsrannsókna í heiminum, t.a.m. á áhrifum skipulagsbreytinga á hagvöxt, og veitir ráðgjöf á öllum sviðum opinberrar stjórnsýslu, að undanskildum menningarmálum og varnarmálum. Á vettvangi stofnunarinnar eru aðildarríkin borin saman með tilliti til markmiða og leiða í stjórnsýslu, skoðanaskipta um þær aðferðir, sem stuðla að því að bestur árangur náist við lausn sameiginlegra viðfangsefna, og samræmingar aðgerða í efnahags- og félagsmálum. Stofnunin starfar með sérfræðingum og

skiptist á skoðunum við fulltrúa yfir 100 annarra landa, allt frá rísandi hagkerfum Rússlands, Kína og Brasilíu til vanþróuðustu ríkja Afríku. Árlega gefur stofnunin út um 250 rit um hin ýmsu rannsóknarsvið sín.

Öll ráðuneyti og margar undirstofnanir taka þátt í starfi Efnahags- og framfarastofnunarinnar. Að jafnaði sækja árlega nær átta tugir íslenskra sérfræðinga fundi stofnunarinnar.

Fjölgun aðildarríkja og breytingar á greiðsluhlutföllum.

Í maí 2007 samþykktu aðildarríki Efnahags- og framfarastofnunarinnar að bjóða Chile, Eistlandi, Ísrael, Rússlandi og Slóveníu að ganga til aðildarviðræðna við stofnunina og voru leiðarvísar, sem marka upphaf viðræðnanna, samþykktir í desember sl. Jafnframt hefur Brasilíu, Indlandi, Indónesíu, Kína og Suður-Afríku verið boðið að taka ríkari þátt í samstarfi við stofnunina.

Fjölgun aðildarríkja getur haft umtalsverð áhrif á starfsemi Efnahags- og framfarastofnunarinnar og hagsmuni Íslands. Það er markmið Íslands að þjónustustig verði hið sama eftir stækkun og því er nauðsynlegt að huga að fjárhagslegum hliðum stækkunar. Þar sem fjárlög stofnunarinnar hafa ekki aukist að raungildi frá 1996 þá er einsýnt, ef halda á núverandi þjónustustigi, að auka verður fjárframlög til stofnunarinnar. Ekki hefur verið útkljáð hvernig skipta beri kostnaði við stækkun en ljóst er að stærstu ríkin vilja ekki taka á sig frekari kostnað.

5.2.3. Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA).

EFTA-ríkin hafa nú lokið gerð sextán fríverslunarsamninga við ríki víða um heim.[3] Markmiðið er að tryggja fyrirtækjum frá EFTA-ríkjunum bestu viðskiptakjör hvar sem þau kjósa að eiga viðskipti.

Í janúar sl. var undirritaður fríverslunarsamningur EFTA-ríkjanna og Kanada. Aðildarríkin vinna nú að fullgildingu samningsins og er ætlunin að leggja hann fyrir Alþingi á yfirstandandi þingi. Kanada er eina ríki helstu iðnríkja heims sem Fríverslunarsamtök Evrópu hafa gert slíkan samning við og er samningurinn sá fyrsti sem Kanada gerir við Evrópuríki. Samningurinn er því einn sá mikilvægasti sem EFTA-ríkin hafa gert og mun án efa liðka fyrir enn frekari útrás íslenskra fyrirtækja á Kanadamarkað. Samningurinn nær til vöruviðskipta og samkvæmt honum verður full fríverslun með íslenskar iðnaðarvörur frá gildistöku. Í samningnum eru jafnframt ákvæði um að taka upp viðræður um þjónustuviðskipti innan þriggja ára. Á vettvangi Fríverslunarsamtakanna standa enn fremur yfir fríverslunarviðræður við Kólumbíu, Perú, Alsír og Flóaráðið.[4] Búast má við því að fríverslunarviðræður hefjist fljótlega við Úkraínu og Albaníu.

Vestræn ríki hafa í æ ríkari mæli beint sjónum sínum að Asíumarkaði og á það einnig við um EFTA-ríkin. EFTA-ríkin hafa nú þegar gert fríverslunarsamning við Suður-Kóreu og Singapúr og ákveðið hefur verið að hefja fríverslunarviðræður milli EFTA-ríkjanna og Indlands. Indverska efnahagsundrið og aukin einkaneysla þar í landi hefur vakið heimsathygli. Indverjar hafa undanfarin ár aukið frjálsræði í viðskiptum með lækkun tolla en einnig dregið úr öðrum viðskiptahindrunum. Aukin einkaneysla og meira frelsi hefur haft í för með sér að mörg ríki beina nú sjónum sínum að þessum ört stækkandi markaði. Fríverslunarviðræðum

---

[3] EFTA hefur gert fríverslunarsamninga við eftirtalin ríki: Chile, Egyptaland, Ísrael, Jórdaníu, Kanada, Króatíu, Líbanon,Makedóníu, Marokkó, Mexíkó, Palestínu (sem tollsvæði undir heimastjórn), Singapúr, Suður-Kóreu,TollabandalagSuður-Afríku (SACU sem í eru Botsvana, Lesótó, Namibía, Suður-Afríka og Svasíland), Túnis og Tyrkland. Sjá:http://www.utn.stjr.is/samningar/friverslunarsamningar/Undir/nr/365.

[4] Gulf Cooperation Council, GCC -Sádi Arabía, Sameinuðu arabísku furstadæmin, Barein, Katar, Kúveit og Óman.

EFTA-ríkjanna við Taíland var frestað árið 2006 þegar herforingjastjórnin tók völdin. Í kjölfar lýðræðislegra kosninga, sem fram fóru í nóvember sl., standa vonir til þess að hægt verði að halda áfram viðræðum við Taíland á næstunni. Þá vonast EFTA-ríkin til þess að geta hafið fríverslunarviðræður við Indónesíu fljótlega sem ogað auka samskipti sín á sviði viðskipta við Malasíu. Ísland á jafnframt í tvíhliða viðræðum við Kína og Sviss við Japan, en vonir eru bundnar við að hægt verði að sannfæra þessi ríki um að ganga til fríverslunarviðræðna við hin EFTA-ríkin á komandi missirum.

EFTA-ríkin og Rússland stofnuðu nefnd í lok síðasta árs til að kanna möguleikann á auknu viðskiptastarfi ríkjanna. EFTA-ríkin vonast til að þessi samvinna leiði að lokum til að gerður verði fríverslunarsamningur en samkomulag er í gildi milli EFTA-ríkjanna og Rússlands að slíkum viðræðum verði ekki hægt að ljúka fyrr en Rússland er orðið aðili að Alþjóðaviðskiptastofnuninni (WTO).

Til viðbótar framangreindum ríkjum hafa EFTA-ríkin gert samstarfsyfirlýsingar við nokkur ríki en þær eru oft undanfari fríverslunarviðræðna.[5]

5.3. Tvíhliða viðskiptasamningar og -samskipti.

Auk fjölþjóðlegra viðskiptasamninga treysta tvíhliða viðskiptasamningar, t.d. loftferðasamningar, fjárfestingasamningar og tvísköttunarsamningar, grunn að viðskiptum Íslands við önnur ríki og skipta því miklu máli fyrir íslenskt atvinnulíf.

Viðskiptasamningar fjalla um núverandi viðskipti en þó fyrst og fremst um tækifæri framtíðarinnar. Meginmarkmið samningamanna Íslands er að gæta hagsmuna íslensks atvinnu- og viðskiptalífs og því er mikilvægt að þeir hafi alltaf fyllstu upplýsingar frá fyrirtækjum og einstaklingum um viðskiptahagsmuni þeirra. Utanríkisráðuneytið hefur lagt ríka áherslu á náið samráð við íslenskt atvinnulíf og hvatt til þess að þessi upplýsingagjöf sé eins og best verður á kosið.

Þegar unnið er að eflingu og vernd alþjóðlegra mannréttinda á tímum hnattvæðingar verður þáttur atvinnulífsins ekki undanskilinn. Æskilegt er að fyrirtæki axli ábyrgð á mannréttindavernd en það er á ábyrgð stjórnvalda hvers ríkis að finna leiðir til slíks í samstarfi við fyrirtækin. Utanríkisráðuneytið birtir nú á heimasíðu sinni samantekt um hvar unnt er að nálgast upplýsingar um mannréttindi og vinnumál í þeim ríkjum sem íslensk stjórnvöld hafa gert fríverslunarsamning við eða eiga í fríverslunarviðræðum við. Jafnframt er þar að finna upplýsingar um ábyrgð fyrirtækja hvað varðar mannréttindavernd.

Ísland á reglubundna fundi háttsettra embættismanna um viðskiptamál við Bandaríkin, Færeyjar, Indland, Japan, Kína, Rússland og Þýskaland. Á þessum fundum eru tekin fyrir þau mál sem hæst ber í viðskiptum ríkjanna, farið yfir viðskiptatækifæri, ýtt á samninga þar sem það á við og reynt að leysa úr vandamálum sem einstök fyrirtæki hafa lent í. Hafa þessir fundir myndað og treyst tengsl utanríkisþjónustunnar við mikilvæga aðila í stjórnkerfi viðkomandi ríkja og reynst bæði stjórnvöldum og fyrirtækjum happadrjúg í gegnum tíðina.

---

[5] EFTA hefur gert fríverslunarsamninga við eftirtalin ríki: Chile, Egyptaland, Ísrael, Jórdaníu, Kanada, Króatíu, Líbanon,Makedóníu, Marokkó, Mexíkó, Palestínu (sem tollsvæði undir heimastjórn), Singapúr, Suður-Kóreu,TollabandalagSuður-Afríku (SACU sem í eru Botsvana, Lesótó, Namibía, Suður-Afríka og Svasíland), Túnis og Tyrkland. Sjá:http://www.utn.stjr.is/samningar/friverslunarsamningar/Undir/nr/365.

Loftferðasamningar.

Sífellt vaxandi umsvif íslenskra flugrekstraraðila hafa kallað á aukna áherslu á gerð tvíhliða loftferðasamninga við sem flest ríki. Þessir samningar tryggja rétt flugfélaga, sem skráð eru á Íslandi, til að fljúga um lofthelgi og til og frá þeim ríkjum sem samningarnir ná til. Samningagerð er í höndum fulltrúa utanríkisráðuneytisins og samgönguráðuneytisins og gengið er til hennar í nánu samráði við og samkvæmt óskum hagsmunaaðila. Í dag eru tuttugu slíkir samningar í gildi og um tugur til viðbótar bíður annaðhvort undirritunar eða fullgildingar.

Frá síðustu skýrslu utanríkisráðherra hefur verið samið um loftferðasamning við Kanada og Malasíu. Samningurinn við Kanada, sem þegar er kominn til framkvæmda, veitir íslenskum flugrekendum víðtæk réttindi. Enn fremur tókust samningar við Danmörku, Noreg og Svíþjóð um endurbættan loftferðasamning með víðtækum réttindum. Þá hafa íslensk stjórnvöld óskað eftir aðild að loftferðasamningi ESB og Bandaríkjanna en sá samningur veitir einnig víðtæk réttindi. Stefnt er að lokum samningaviðræðna um loftferðasamninga við Indland, Mexíkó, Egyptaland, Chile og Suður-Kóreu á þessu ári og að hafnar verði viðræður um loftferðasamninga við nokkur ríki í Mið- og Suður-Ameríku sem flugrekendur hafa þrýst á um að verði gerðir, svo sem Kúbu og Kólumbíu.

Fjárfestingasamningar.

Ákvæði EES-samningsins tryggja rétt íslenskra fjárfesta til fjárfestinga á EES-svæðinu. Með auknum umsvifum íslenskra fyrirtækja utan hefðbundinna markaðssvæða verður sífellt þýðingarmeira að gera tvíhliða samninga um vernd fjárfestinga við fleiri ríki. Þessir samningar veita erlendum fjárfestum rétt til stofnfjárfestinga, sem og fjárfestingarvernd, og njóta þeir þannig lögbundinna réttinda í því ríki sem fjárfest er í.

Nýlokið er gerð fjárfestingasamnings við Egyptaland og Indland og hefur Ísland þá gert tvíhliða fjárfestingasamninga við níu ríki.[6] Þá hefur verið hafinn undirbúningur að gerð slíkra samninga við fleiri ríki, þ.m.t. við Bandaríkin og Úkraínu. Í flestum fríverslunarsamningum EFTA, sem gerðir hafa verið á þessum áratug, eru einnig ákvæði um gagnkvæmar fjárfestingar samningsaðila. Með þessum tvíhliða samningum er einkum tryggð fjárfestingavernd og tekið til annarra sérstakra aðstæðna samningsríkja.

Tvísköttunarsamningar.

Á undanförnum árum hefur verið unnið ötullega að fjölgun og endurnýjun tvísköttunarsamninga Íslands við önnur ríki. Samhliða aukinni starfsemi og sókn íslenskra fyrirtækja á erlenda markaði hefur Ísland nú gert tvísköttunarsamninga við tuttugu og sjö ríki, síðast við Mexíkó í marsmánuði á þessu ári. Tvísköttunarsamningar eru forsenda þess að hægt sé að færa hagnað milli landa með eðlilegum hætti og komið í veg fyrir tvísköttun. Enn fremur hamla þeir undanskotum frá skatti. Samkvæmt þessum samningum eru tekjur,sem eru upprunnar í öðru samningsríki, undanþegnar skattlagningu í hinu. Í sumum tilvikum er að finna ákvæði þar sem skattgreiðslur í einu ríki koma til frádráttar þegar greiddir eru skattar af sama tekjustofni í öðru ríki.

---

[6] Fjárfestingasamningar hafa verið gerðir við Chile, Egyptaland, Indland, Kína, Lettland, Líbanon, Mexíkó, Singapúr og Víetnam.

Tvíhliða viðskiptasamskipti Íslands og Kína.

Viðskipti Íslands og Kína hafa aukist hröðum skrefum undanfarin ár og Kína er nú eitt helsta viðskiptaland Íslands. Á síðustu tíu árum hefur útflutningur til Kína fimmfaldast úr rúmum 500 milljónum í 2.700 milljónir kr. og innflutningur frá Kína tífaldast úr rétt tæpum 2,0 milljörðum í tæpa 20,6 milljarða.

Samningaviðræður um tvíhliða fríverslunarsamning Íslands og Kína hófust í apríl 2007 og hafa viðræðurnar til þessa einkum snúist um vörusvið væntanlegs samnings. Eru niðurstöður þess sviðs þegar í sjónmáli. Önnur ákvæði væntanlegs samnings, s.s. á þjónustusviði, verða tekin fyrir í næstu viðræðulotu sem haldin verður í Reykjavík í lok apríl. Þá er einnig stefnt að samstarfsákvæðum, t.d. um vernd hugverkaréttar, opinber innkaup og vinnumál. Vonast er til að hægt verði að ljúka samningaviðræðum fyrir lok þessa árs.

Ljóst þykir að væntanlegur fríverslunarsamningur Íslands og Kína mun auðvelda núverandi viðskipti milli ríkjanna auk þess að opna ný tækifæri fyrir íslenskt viðskiptalíf með því að skapa því jafna samkeppnisstöðu og forskot á Kínamarkaði. Sífellt fleiri íslensk fyrirtæki hafa mikil áform um aukin viðskipti við Kína og myndi samningurinn veita útflytjendum sem innflytjendum mikilsverð tækifæri en árangur mun vissulega velta á vilja viðskiptalífsins til að nýta sér þau til hlítar. Af hálfu íslenskra stjórnvalda var í upphafi lögð áhersla á að æskilegt væri að öll EFTA-ríkin myndu í sameiningu standa að fríverslunarviðræðum við Kína. Á það gátu Kínverjar ekki fallist en þess er vænst að síðar meir geti öll EFTA-ríkin átt aðild að samningnum.

Í öllum viðræðum íslenskra stjórnvalda við Kínverja hefur verið lögð áhersla á mikilvægi þess að efnahagsleg framþróun haldist í hendur við bætt lífskjör og aukin mannréttindi. Utanríkisráðherra tók þessi mál síðast upp í mars sl. á fundi með kínverska sendiherranum í Reykjavík í tilefni af áhyggjum af fréttum af harkalegum viðbrögðum kínverskra stjórnvalda við mótmælum í Tíbet. Lýsti ráðherra áhyggjum íslenskra stjórnvalda af ástandinu þar og hvatti til þess að mannréttindi yrðu virt.

Tvíhliða viðskiptasamskipti Íslands og Japan.

Japan er mikilvægt viðskiptaland fyrir Ísland og ber þar hæst langa sögu útflutningssjávarafurða. Tollar eru nánast engir á japönskum innflutningi til Íslands en hins vegar eru tollar fyrir hendi á helstu útflutningsvörum Íslands í Japan. Íslensk stjórnvöld hafa á vettvangi EFTA þrýst á um gerð fríverslunarsamnings við Japan.

Japönskum ferðamönnum hefur fjölgað á Íslandi en það hamlar óneitanlega frekari sókn á japanskan ferðamarkað að fram til þessa hefur einungis fengist heimild til leiguflugs milli Íslands og Japans. Japönsk stjórnvöld hafa til þessa ekki ljáð máls á því að gerður verði loftferðasamningur milli landanna og telja að lítil eftirspurn eftir flugi frá Japan til Íslands réttlæti ekki gerð sérstaks samnings. Íslensk stjórnvöld hafa hins vegar bent á, eins og í tilfellum annarra viðskiptasamninga, að loftferðasamningur muni ryðja úr vegi mögulegum hindrunum og örva eftirspurn. Enn fremur hefur Ísland sóst eftir því að ríkin geri með sér tvísköttunar- og fjárfestingasamning.

Tvíhliða viðskiptasamskipti Íslands og Rússlands.

Rússland er einnig mikilvægt viðskiptaland fyrir Ísland þó að umfang viðskiptanna séekki eins mikið og töluvert annars eðlis en fyrr á árum. Í gildi er bæði tvísköttunar- og loftferðasamningur við Rússland. Sá síðarnefndi var endurbættur á síðasta ári. Áritaður fjárfestingasamningur milli ríkjanna hefur ekki tekið gildi vegna sérkrafna rússneskra stjórnvalda um

fjárfestingavernd sem hamlað hafa undirritun samningsins. Aðild Rússlands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni er hins vegar forsenda þess að fríverslunarviðræður geti hafist við Rússland eins og getið er hér að framan.

Tvíhliða viðskiptasamskipti Íslands og Bandaríkjanna.

Á fundum háttsettra fulltrúa Íslands og Bandaríkjanna hefur verið rætt um mikilvægi þess að styrkja viðskiptatengsl ríkjanna og að ryðja viðskiptahindrunum úr vegi. Ákveðið hefur verið að koma á reglubundnum fundum af þessu tagi en slík tenging hefur reynst vel í samskiptum við aðrar þjóðir. Íslensk stjórnvöld hafa lagt mesta áherslu á gerð fjárfestingasamnings ríkjanna. Sömuleiðis er stefnt að samkomulagi sem myndi hugsanlegan á bæði til afgreiðslu vegabréfsáritana til langs tíma fyrir Íslendinga, sem eiga reglulega viðskiptaerindi til Bandaríkjanna, og einnig fyrir þá sem teljast til lykilstarfsfólks fjárfestis. Þá er lögð áhersla á gerð samnings við Bandaríkin um meðferð upplýsinga um farþega flugfélaga en mikilvægt er að ljúka gerð hans sem fyrst.

Nýr tvísköttunarsamningur Íslands og Bandaríkjanna kemur í stað eldri samnings frá árinu 1975 en nýi samningurinn endurspeglar þær breytingar sem átt hafa sér stað í stefnu og áherslum beggja þjóða á sviði tvísköttunarmála sl. þrjá áratugi.

Tvíhliða viðskiptasamskipti við Færeyjar og Grænland.

Utanríkisráðherra hefur markað þá stefnu að auka samstarf við Færeyjar og Grænland. Nú þegar er farið að gæta áhrifa fríverslunarsamnings við Færeyjar og stendur vilji til að auka samstarf við Grænland á ýmsum sviðum.

Fríverslunarsamningur Íslands og Færeyja (Hoyvíkur-samningurinn) tók gildi hinn 1. nóvember 2006. Samningurinn er umfangsmesti viðskiptasamningur sem bæði Ísland og Færeyjar hafa gert og tekur hann til allra viðskipta milli landanna. Með samningnum er myndaður rammi um samskipti landanna á flestum sviðum, t.d. á sviði menningar og umhverfismála, orkumála og heilbrigðismála. Nú þegar hafa farið fram viðræður um aukið samstarf á sviði heilbrigðismála og sett hefur verið á stofn sérfræðinganefnd til að útfæra samstarfið nánar. Jafnframt er áhugi á því að auka samstarf á sviði menntunar og vísinda, m.a. varðandi nemenda- og kennaraskipti milli landanna.

Ýmsir möguleikar eru fyrir hendi að stofna til og auka samskipti við Grænlendinga. Þar má nefna margháttaðar náms- og kynnisferðir grænlenskra embættismanna og lykilfólks í grænlensku atvinnulífi til Íslands. Jafnframt er fyrirsjáanlegt að siglingar muni aukast til muna á Grænlandshafi vegna olíuleitar og verður þá mikilvægt að efla samvinnu í öryggisog umhverfismálum. Utanríkisráðherra hefur þegið boð um að heimsækja Grænland næsta sumar til þess m.a. að ræða enn frekar möguleika á samstarfi landanna.

5.4. Viðskiptaþjónusta, menningar og landkynningarmál.

Eftir að utanríkisráðuneytinu var, fyrir rúmu ári síðan, skipt upp í tvö svið, viðskiptasvið annars vegar og alþjóða- og öryggissvið hins vegar, falla bæði Viðskiptaþjónustan (VUR) og skrifstofa menningar- og upplýsingamála undir fyrrnefnda sviðið. Þótti eðlilegt að setja þær undir sama hatt þar sem þær sinna að mörgu leyti eðlislíkum verkefnum og verkefnin, sem undir þær heyra, eru snar þáttur í starfi tvíhliða sendiráða. Sinna skrifstofurnar báðar mikilvægu landkynningarhlutverki og vinna náið með sendiráðunum, öðrum ráðuneytum, stofnunum og fyrirtækjum að ýmiss konar atburðum og kynningum sem tengjast með beinum eða öðrum hætti ímynd Íslands.

Sendiráðin efna til og taka þátt í mörg hundruð stærri og smærri viðburðum á hverju ári. Um er að ræða atburði sem spanna allt frá stórum landkynningarverkefnum og skipulagningu heimsókna ráðherra, stórra viðskiptasendinefnda og fjárfestingaþinga til tónleikahalds, ljósmyndasýninga, bókakynninga, myndlista- og kvikmyndasýninga sem gjarnan er efnt til í samstarfi við erlendar menningarstofnanir. Hið öfluga samskiptanet og sá greiði aðgangur, sem sendiskrifstofur okkar hafa við fjölmiðla í umdæmisríkjum sínum, nýtist vel í þessu samhengi.

Utanríkisráðuneytið hefur víðtækt samráð við önnur ráðuneyti, fyrirtæki og hagsmunaaðila um framkvæmd utanríkisviðskiptastefnunnar og landkynningarmál. Er það lögbundið í formi samstarfssamninga en einnig og ekki síst óformbundið.

Ráðuneytið hefur á undanförnum árum beitt sér fyrir einfaldara og skilvirkara skipulagi aðila sem koma að landkynningarmálum og þjónustu við atvinnu- og menningarlífið ílandinu. Þar ber fyrst að nefna samstarfssamninginn við Útflutningsráð frá 2003 en í kjölfar hans hefur samstarf á milli ráðuneytisins og Útflutningsráðs stóreflst og þjónusta við fyrirtæki aukist til muna. Samstarfið við Fjárfestingastofu er einnig öflugt og beitti ráðuneytið sér fyrir því að starfsemi hennar yrði færð undir Útflutningsráð. Nýlegur samningur ráðuneytisins við menntamálaráðuneytið hefur komið stuðningi við menningartengd verkefni á erlendri grundu í skýrari og skilvirkari farveg. Ráðuneytið rekur landkynningarverkefnið „Iceland Naturally“ í Bandaríkjunum í samstarfi við Ferðamálaráð en það samstarf hefur verið til fyrirmyndar. Hefur iðnaðarráðherra lýst yfir auknum áhuga á nánara samstarfi við utanríkisþjónustuna að landkynningarmálum.

Tvisvar sinnum á ári heldur utanríkisráðherra lögbundna samráðsfundi með atvinnulífinu, öðrum ráðuneytum og hagsmunaðilum um framkvæmd utanríkisviðskiptastefnunar og landkynningarmál. Síðasti fundur, sem haldinn var í desember sl., var tileinkaður ímyndarmálum Íslands. Á fundinum, sem 70 manns sóttu, komu fram svipaðar óskir, þ.e. um skýrara og einfaldara skipulag og að meiri fjármunum sé varið til ímyndaruppbyggingar.

Nefnd um ímyndarmál þjóðarinnar, sem forsætisráðherra skipaði í nóvember sl., kynnti nýlega niðurstöður sínar í ríkisstjórn og er þar lagt til að svæðisskrifstofur Ferðamálaráðs í Frankfurt, Kaupmannahöfn og New York verði lagðar niður í núverandi mynd. Lagt er til að meira fé verði varið til uppbyggingar og utanumhalds ímyndar Íslands. Þá er einnig kallað eftir skýrara og einfaldara skipulagi af hálfu hins opinbera og að kynning á Íslandi verði samstilltari og henni komið í skýrari farveg. Þá er einnig rætt um að myndaður verði vettvangur þar sem aðilar í útflutningi, ferðaþjónustu, fjármálastarfsemi, menningarlífi og þekkingariðnaði eigi samstarf við hið opinbera.

„Ganga samhent, tala einum rómi. Það á við um stjórnkerfið í það heila þegar markaðssetja á Ísland. Verum samkvæm sjálfum okkur.“

„Virkjum sendiherrana og annað starfsfólk sendiráða erlendis í þágu þessarar ímyndar.“

Ummæli tveggja þátttakenda í hringborðsumræðum um ímynd Íslands.

Úr skýrslu nefndar um ímynd Íslands sem forsætisráðherra skipaði og kynnt var 7. apríl 2008.

Utanríkisráðuneytið fagnar tillögum nefndarinnar og vonar að starf hennar flýti nauðsynlegri einföldun stjórnskipulags þessara mála. Óháð því hvernig endanleg útfærsla hugmynda nefndarinnar mun líta út er ljóst að ráðuneyti utanríkisviðskiptamála með sitt margvíslega form- og óformbundna samstarf við önnur ráðuneyti, útrásarfyrirtækin og menningaraðila, mun áfram leika lykilhlutverk í ímyndaruppbyggingu Íslands á erlendum vettvangi.

Utanríkisráðuneytið mun fyrir sitt leyti bregðast við framangreindum óskum um meiri skilvirkni og hyggst á árinu einfalda stjórn þessara mála enn frekar með því að sameina skrifstofu menningar- og upplýsingamála annars vegar og skrifstofu viðskiptaþjónustu og ferðamála (VUR) hins vegar. Þá verður starfssvið viðskiptafulltrúanna, sem eru tíu talsins, skerpt og það látið ná með skýrari hætti til menningar-, landkynningar- og ímyndarmála.

Helstu verkefni á sviði menningarmála og landkynningarmála.

Menningartengd starfsemi er mikilvægur vaxtarbroddur viðskiptalífs í Evrópu. Á Íslandi er áætlað að skapandi iðngreinar nemi um 4% af landsframleiðslu sem er hærra hlutfall en í öðrum löndum. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar segir að virkja beri kraftinn í menningarlífi landsmanna því að menningin sé í senn vaxandi atvinnugrein, aflvaki nýsköpunar og mikilvægur hluti af sjálfsmynd þjóðarinnar. Til að tryggja samkeppnishæfni Íslands á 21. öldinni þarf að fara saman öflugt atvinnulíf og fjölbreytt menningarstarf. Þetta tvennt fer óhikað saman því að grundvöllur þróttmikilla fyrirtækja er skapandi hugsun sem sprettur helst upp í þróttmiklum menningarsamfélögum.

Á þessu ári ber hæst landkynningar- og menningarhátíðina „Iceland on the Edge“ í hinni þekktu menningar- og listamiðstöð Bozar í Brussel í Belgíu en hún var sett í lok febrúar sl. Sendiráð Íslands í Brussel hafði frumkvæði að verkefninu en það er framkvæmt í samstarfi við fjölmarga aðila innan Íslands og utan, auk þess að hafa verið stutt dyggilega af íslenskum fyrirtækjum. Um er að ræða tugi listviðburða með þátttöku yfir hundrað listamanna og fjölda listastofnana. Hátíðin nær yfir fjögurra mánaða tímabil og hefur nú þegar fengið umtalsverða athygli þarlendra fjölmiðla. Í tengslum við hátíðina er efnt til fjölda annarra viðburða sem hafa að markmiði að kynna Ísland í víðu samhengi.

Í janúar sl. tók ríkisstjórnin ákvörðun um þátttöku í Expo árið 2010 sem haldin verður í Sjanghæ. Um er að ræða stærstu heimssýninguna sem haldin hefur verið til þessa. Fjöldi þátttökuríkja er meiri en nokkru sinni og gert er ráð fyrir því að gestafjöldi verði á bilinu 70 til 80 milljónir manna sem er mun meira en áður hefur þekkst. Áætlaður kostnaður er um 500 milljónir og gert er ráð fyrir því að fyrirtæki, sveitarfélög og aðrir aðilar kosti verkefnið allt að helmingi.

Ríkisstjórnin hefur enn fremur ákveðið að þiggja boð um að Ísland skipi heiðurssess á Bókakaupstefnunni í Frankfurt árið 2011 en hún hafði í september sl. ákveðið að sækjast eftir því að Ísland hlyti þennan sess. Ísland verður fyrst Norðurlandanna í heiðurssæti en Íslendingar hafa sótt sýninguna allt frá upphafi sjöunda áratugarins. Óhætt er að segja að á Bókakaupstefnunni í Frankfurt árið 2011 opnist einstakt tækifæri til útrásar fyrir íslenskar bókmenntir og menningu.

Viðskipti og þróun.

Utanríkisráðuneytið leggur nú aukna áherslu á samstillt átak hins opinbera og einkageirans í þróunaraðstoð. Á næsta lögbundna samráðsfundi utanríkisráðherra um utanríkisviðskiptamál, sem haldinn verður í byrjun maí, mun þróunaráætlun Sameinuðu þjóðanna (UNDP), sem stendur m.a. fyrir verkefninu „Nordic Business Outreach“, verða kynnt. Með þessu verkefni er miðað að því að auka tengsl einkageirans við þróunarríki með því að byggja upp samstarfsverkefni. Verkefnið tengist „Global Compact“-áætlun Sameinuðu þjóðanna og þúsaldarmarkmiðunum sem íslensk stjórnvöld hafa líkt og aðrar þjóðir samþykkt sem viðmiðunaratriði í þróunarsamvinnu næstu árin. Lögð er áhersla á hlutverk einkageirans í baráttunni gegn fátækt og ábyrgð þeirra í uppbyggingu efnahags og atvinnulífs í þróunarlöndum.

858. Tillaga til þingsályktunar [557. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/2007, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/2007 frá 27. apríl 2007, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/46/EB frá 14. júní 2006 um breytingu á tilskipunum ráðsins 78/660/EBE um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð, 83/349/EBE um samstæðureikninga, 86/635/EBE um ársreikninga og samstæðureikninga banka og annarra fjármálastofnana og 91/674/EBE um ársreikninga og samstæðureikninga vátryggingafélaga.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/2007 frá 27. apríl 2007, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/46/EB frá 14. júní 2006 um breytingu á tilskipunum ráðsins 78/660/EBE um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð, 83/349/EBE um samstæðureikninga, 86/635/EBE um ársreikninga og samstæðureikninga banka og annarra fjármálastofnana og 91/674/EBE um ársreikninga og samstæðureikninga vátryggingafélaga.

Ákvörðun þessi kallar á lagabreytingar hér á landi og var tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu. Í tillögu þessari er gerð nánari grein fyrir því hvað felst í slíkum fyrirvara, sbr. 103. gr. EES-samningsins. Jafnframt er gerð grein fyrir efni þeirrar gerðar sem hér um ræðir. Gerð þessi felur ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir er prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðinni sjálfri.

2. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/46/EB frá 14. júní 2006 um breytingu á tilskipunum ráðsins 78/660/EBE um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð, 83/349/EBE um samstæðureikninga, 86/635/EBE um ársreikninga og samstæðureikninga banka og annarra fjármálastofnana og 91/674/EBE um ársreikninga og samstæðureikninga vátryggingafélaga.

Í tilskipuninni eru gerðar breytingar á fjórðu og sjöundu félagatilskipun sem þegar hafa verið teknar upp í EES-samninginn. Tilskipunin miðar að því að auka trúverðugleika á fjárhagsupplýsingum fyrirtækja. Meðal helstu breytinga sem felast í tilskipuninni er að lagðar eru auknar skyldur og aukin ábyrgð á stjórnarmenn félaga vegna reikningsskila og upplýsinga í ársreikningum. Á það jafnt við um fjárhagslegar og ófjárhagslegar lykilupplýsingar sem varða viðkomandi félag.

Helstu breytingar sem tilskipunin leggur til eru:
– að aðildarríki geti hækkað viðmiðunarmörk lítilla og meðalstórra fyrirtækja um 20% frá þeim mörkum sem um getur í fjórðu og sjöundu félagatilskipun,
– að aðildarríkin geti krafist eða heimilað notkun á gangvirði í reikningsskilum fyrirtækja í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS).

Einnig eru gerðar kröfur um:
– viðbótarskýringar með ársreikningi varðandi upplýsingar sem ekki koma fram í efnahagsreikningi og færslur til tengdra aðila,
– að ársreikningur fyrirtækis sem skráð er á opinberum markaði innihaldi yfirlýsingu um góða stjórnunarhætti,
– að tryggð sé samábyrgð stjórnarmanna á ársreikningi og skýrslum fyrirtækisins.

Samkvæmt tilskipuninni skal hún innleidd í regluverk aðildarríkjanna fyrir 5. september 2008. Stefnt er að því að innleiða tilskipunina hér á landi á haustþingi 2008 með breytingum á lögum um ársreikninga, nr. 3/2006.

3. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

EES-samningurinn er reglulega uppfærður með breytingum á viðaukum og bókunum við samninginn. Ákvarðanir um þessar breytingar eru teknar í sameiginlegu EES-nefndinni og með þær hefur ávallt verið farið sem hverja aðra þjóðréttarsamninga. Samkvæmt EES-samningnum skuldbinda þær aðildarríkin að þjóðarétti um leið og þær hafa verið teknar, nema eitthvert þeirra beiti heimild í 103. gr. EES-samningsins til að setja fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Viðkomandi aðildarríki hefur þá sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum. Að því er Ísland varðar hefur slíkur fyrirvari almennt einungis verið settur þegar innleiðing ákvörðunar kallar á lagabreytingar hér landi, en í því tilviki leiðir af 21. gr. stjórnarskrárinnar að leita ber eftir samþykki Alþingis áður en ákvörðun er staðfest. Slíkt samþykki getur Alþingi alltaf veitt með viðeigandi lagabreytingu, en einnig hefur tíðkast að heimila stjórnvöldum að skuldbinda sig að þjóðarétti með þingsályktun áður en landsréttinum er með lögum breytt til samræmis við viðkomandi ákvörðun. Í seinni tíð hefur það verið viðtekinn háttur við staðfestingu þeirra ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar, sem krefst lagabreytinga að innleiða, enda kemur hvorttveggja til, að frestur til að aflétta hinum stjórnskipulega fyrirvara er tiltölulega skammur, auk þess sem ekki er alltaf tímabært að innleiða ákvörðun um leið og hún er tekin.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 20/2007

frá 27. apríl 2007

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 152/2006 frá 8. desember 2006 ([1]).

2) XXII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 160/2006 frá 8. desember 2006 ([2]).

3) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/46/EB frá 14. júní 2006 um breytingu á tilskipunum ráðsins 78/660/EBE um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð, 83/349/EBE um samstæðureikninga, 86/635/EBE um ársreikninga og samstæðureikninga banka og annarra fjármálastofnana og 91/674/EBE um ársreikninga og samstæðureikninga vátryggingafélaga ([3]).

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 12b (tilskipun ráðsins 91/674/EBE) og 21. lið (tilskipun ráðsins 86/635/EBE) í IX. viðauka við samninginn:

„– **32006 L 0046**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/46/EB frá 14. júní 2006 (Stjtíð. ESB L 224, 16.8.2006, bls. 1).“

([1]) Stjtíð. ESB L 89, 29.3.2007, bls. 24, og EES-viðbætir nr. 15, 29.3.2007, bls. 19.
([2]) Stjtíð. ESB L 89, 29.3.2007, bls. 38, og EES-viðbætir nr. 15, 29.3.2007, bls. 30.
([3]) Stjtíð. ESB L 224, 16.8.2006, bls. 1.

2. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 4. lið (fjórða tilskipun ráðsins 78/660/EBE) og 6. lið (sjöunda tilskipun ráðsins 83/349/EBE) í XXII. viðauka við samninginn:

„– **32006 L 0046**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/46/EB frá 14. júní 2006 (Stjtíð. ESB L 224, 16.8.2006, bls. 1).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2006/46/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 28. apríl 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. apríl 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

A. Seatter

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

K. Bryn *M. Brinkmann*

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fylgiskjal II.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2006/46/EB

frá 14. júní 2006

um breytingu á tilskipunum ráðsins 78/660/EBE um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð, 83/349/EBE um samstæðureikninga, 86/635/EBE um ársreikninga og samstæðureikninga banka og annarra fjármálastofnana og 91/674/EBE um ársreikninga og samstæðureikninga vátryggingafélaga

(Texti sem varðar EES)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 44. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]), í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hinn 21. maí 2003 samþykkti framkvæmdastjórnin aðgerðaáætlun þar sem tilkynnt var um ráðstafanir til að færa félagarétt til nútímahorfs og efla stjórnarhætti fyrirtækja í Bandalaginu. Forgangsmál Bandalagsins til skamms tíma litið var að staðfesta sameiginlega ábyrgð stjórnarmanna, auka gagnsæi að því er varðar viðskipti við tengda aðila og samkomulag utan efnahagsreiknings og bæta upplýsingagjöf um stjórnarhætti fyrirtækja sem er beitt innan félags.

2) Samkvæmt þessari aðgerðaáætlun skal lágmarkskrafan vera sú að stjórnarmenn í stjórn, framkvæmdastjórn og eftirlitsstjórn félags séu samábyrgir gagnvart félaginu með tilliti til samningar og birtingar ársreikninga og ársskýrslna. Hið sama skal einnig gilda um stjórnarmenn í stjórn, framkvæmdastjórn og eftirlitsstjórn fyrirtækja sem semja samstæðureikninga. Þessir aðilar starfa innan þess valdsviðs sem þeim er falið samkvæmt landslögum. Þetta á ekki að koma í veg fyrir að aðildarríkin gangi lengra og kveði á um beina ábyrgð gagnvart hluthöfum og jafnvel öðrum hagsmunaaðilum. Aðildarríkin skulu á hinn bóginn láta vera að velja kerfi þar sem ábyrgðin takmarkast við einstaka stjórnarmenn. Þetta á þó ekki að koma í veg fyrir að dómstólar eða aðrir aðfararaðilar í aðildarríkjunum geti beitt einstaka stjórnarmenn viðurlögum.

3) Ábyrgðin á því að semja og birta ársreikninga og samstæðureikninga, svo og ársskýrslur og samstæðuársskýrslur, er byggð á innlendum lögum. Viðeigandi reglur um ábyrgð skulu gilda um stjórnarmenn í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn, eins og mælt er fyrir um í hverju aðildarríki samkvæmt landslögum eða reglum. Aðildarríkjunum skal vera frjálst að ákvarða umfang ábyrgðarinnar.

4) Í því skyni að stuðla að trúverðugu reikningsskilaferli innan Evrópusambandsins skal sú skylda hvíla á aðilum að þeirri stofnun félags sem ber ábyrgð á gerð fjárhagsskýrslna félagsins að þeir tryggi að fjárhagsupplýsingar, sem eru í ársreikningum og ársskýrslum félags, gefi glögga mynd.

5) Hinn 27. september 2004 samþykkti framkvæmdastjórnin orðsendingu um að koma í veg fyrir og berjast gegn fjármálamisferli og vafasömum viðskiptaháttum þar sem m.a. kemur fram stefnumótandi frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar að því er varðar innra eftirlit í félögum og ábyrgð stjórnarmanna.

6) Að svo stöddu er aðeins í fjórðu tilskipun ráðsins 78/660/EBE ([3]) og sjöundu tilskipun ráðsins

([1]) Stjtíð. ESB C 294, 25.11.2005, bls. 4.

([2]) Álit Evrópuþingsins frá 15. desember 2005 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 22. maí 2006.

([3]) Stjtíð. EB L 222, 14.8.1978, bls. 11. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB (Stjtíð. ESB L 157, 9.6.2006, bls. 87).

83/349/EBE ([4]) kveðið á um upplýsingagjöf um viðskipti milli félags og eignatengdra fyrirtækja félagsins. Birting upplýsinga skal vera víðtækari og ná til annars konar tengdra aðila, s.s. lykilstjórnenda og maka stjórnarmanna, í því augnamiði að færa félög með verðbréf sem eru ekki skráð á skipulegum markaði nær félögum sem beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við samstæðureikningsskil sín, en aðeins þegar slík viðskipti skipta máli og eru ekki milli ótengdra aðila. Birting upplýsinga um mikilvæg viðskipti við tengda aðila, sem eru ekki gerð við eðlilegar markaðsaðstæður, geta hjálpað notendum ársreikninga til að meta fjárhagsstöðu félagsins, svo og fjárhagsstöðu samstæðunnar í heild, ef félagið er hluti af samstæðu. Viðskipti tengdra aðila innan samstæðunnar skulu felld út við gerð samstæðureikningsskilanna.

7) Skilgreiningar á tengdum aðila, sem koma fram í alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum, sem framkvæmdastjórnin samþykkti í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla ([5]), skulu gilda um tilskipanir 78/660/EBE og 83/349/EBE.

8) Samkomulag utan efnahagsreiknings getur leitt til þess að félag verði óvarið fyrir áhættu og ávinningi sem skipta máli fyrir mat á fjárhagsstöðu félagsins og fjárhagsstöðu samstæðunnar í heild þegar félagið er hluti af samstæðu.

9) Slíkt samkomulag utan efnahagsreiknings getur verið hvers konar viðskipti eða samningar sem félög gera við einingar, jafnvel óskráðar einingar, sem eru ekki í efnahagsreikningnum. Þannig samkomulag utan efnahagsreiknings getur tengst stofnsetningu eða notkun einnar eða fleiri rekstrareininga um sérverkefni og starfsemi á hafi úti sem m.a. er ætlað að taka til efnahagslegra, lagalegra, skattalegra eða reikningsskilamarkmiða. Dæmi um slíkt samkomulag utan efnahagsreiknings er fyrirkomulag á skiptingu áhættu og ávinnings eða skuldbindingar, s.s. skuldakröfukaup, samtengdir sölu- og endurkaupasamningar, samkomulag um umsýslulager, algreiðslusamningar, verðbréfun sem sérstök félög og óskráðar einingar annast, veðsettar eignir, rekstrarleigusamningar, útvistun og því um líkt. Viðeigandi upplýsingar um umtalsverða áhættu og ávinning vegna slíks samkomulags, sem er utan efnahagsreiknings, skulu settar fram í skýringum við reikningsskilin eða samstæðureikningsskilin.

10) Skylda ber fyrirtæki með verðbréf, sem eru skráð á skipulegum markaði og hafa skráða skrifstofu í Bandalaginu, til að birta árlega yfirlýsingu um stjórnarhætti sína í sérstökum og skýrt afmörkuðum kafla í ársskýrslunni. Sú yfirlýsing skal í það minnsta veita hluthöfum vel aðgengilegar lykilupplýsingar um þá stjórnarhætti sem fyrirtækið beitir í raun, þ.m.t. lýsing á helstu þáttum allra fyrirliggjandi áhættustýringarkerfa og innra eftirlits í tengslum við reikningsskilaferlið. Í yfirlýsingunni um stjórnarhætti fyrirtækisins skal koma skýrt fram hvort félagið beiti einhverjum öðrum ákvæðum um stjórnarhætti fyrirtækja en þeim sem kveðið er á um í landslögum, burtséð frá því hvort mælt er beint fyrir um þau ákvæði í reglum um stjórnarhætti fyrirtækja sem félaginu ber að fylgja eða í öðrum reglum um stjórnarhætti fyrirtækja sem félagið hefur ákveðið að beita. Að auki geta félög einnig, ef við á, sett fram greiningu á umhverfisþáttum og félagslegum þáttum sem nauðsynlegir eru til að skilja þróun, árangur og stöðu félagsins. Engin þörf er á að skylda fyrirtæki sem gera samstæðuársskýrslu til að birta sérstaka yfirlýsingu um stjórnarhætti fyrirtækja. Engu að síður skal leggja fram upplýsingar um áhættustýringarkerfi og innra eftirlitskerfi samstæðunnar.

11) Mismunandi ráðstafanir, sem eru samþykktar samkvæmt þessari tilskipun, þurfa ekki endilega að gilda um sams konar félög eða fyrirtæki. Aðildarríkin skulu eiga þess kost að undanþiggja lítil félög, eins og lýst er í 11. gr. tilskipunar 78/660/EBE, frá kröfum sem varða tengda aðila og samkomulag utan efnahagsreiknings samkvæmt þessari tilskipun. Ekki skal skylda félög, sem nú þegar veita upplýsingar um viðskipti við tengda aðila í reikningsskilum sínum í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla sem hafa verið samþykktir í Evrópusambandinu, til að veita frekari upplýsingar samkvæmt þessari tilskipun þar sem beiting alþjóðlegu reikningsskilastaðlanna gefur nú þegar glögga mynd af slíku félagi. Ákvæði þessarar tilskipunar að því er varðar yfirlýsingu um stjórnarhætti fyrirtækja skulu gilda um öll félög, þ.m.t. bankar, tryggingafélög og endurtryggingafélög og félög sem hafa gefið út verðbréf, önnur en hlutabréf, sem eru skráð á skipulegum

([4]) Stjtíð. EB L 193, 18.7.1983, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2006/43/EB.
([5]) Stjtíð. EB L 243, 11.9.2002, bls. 1.

markaði, að svo miklu leyti sem aðildarríkin hafa ekki veitt þeim undanþágu. Ákvæði þessarar tilskipunar, er varða skyldur og ábyrgð stjórnarmanna, svo og viðurlög, skulu gilda um öll félög sem tilskipanir ráðsins 78/660/EBE, 86/635/EBE ([6]) og 91/674/EBE ([7]) gilda um og um öll fyrirtæki sem gera samstæðureikningsskil í samræmi við tilskipun 83/349/EBE.

12) Eins og sakir standa er í tilskipun 78/660/EBE kveðið á um að á fimm ára fresti skuli skoða m.a. efri viðmiðunarmörk fyrir efnahagsreikning og hreina veltu sem aðildarríkin geta beitt við ákvörðun um hvaða félögum megi veita undanþágu frá tilteknum kröfum um upplýsingagjöf. Auk þessara athugana á fimm ára fresti getur einnig verið rétt að hækka í eitt skipti viðmiðunarmörkin fyrir efnahagsreikning og hreina veltu. Aðildarríkjunum ber ekki skylda til að nota þessi hækkuðu viðmiðunarmörk.

13) Þar eð aðildarríkin geta ekki, svo vel sé, náð markmiðum þessarar tilskipunar, þ.e. að auðvelda fjárfestingar yfir landamæri og auka samanburðarhæfi og tiltrú almennings innan ESB á reikningsskilum og fjárhagsskýrslum með bættri og samræmdri sérstakri upplýsingagjöf, og auðveldara er að ná þeim á vettvangi Bandalagsins vegna umfangs og áhrifa þessarar tilskipunar, getur Bandalagið samþykkt ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og kveðið er á um í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná megi þessum markmiðum.

14) Í þessari tilskipun er tekið tillit til þeirra grundvallarréttinda og þeim meginreglum fylgt sem einkum eru viðurkenndar í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi.

15) Í samræmi við 34. gr. samstarfssamningsins milli stofnana um betri lagasetningu ([8]) eru aðildarríkin hvött til að taka saman, fyrir sig og í þágu Bandalagsins, eigin töflur sem sýna, eftir því sem við verður komið, samsvörun milli þessarar tilskipunar og ráðstafananna til að löggleiða hana og að birta þær.

16) Því ber að breyta tilskipunum 78/660/EBE, 83/349/EBE, 86/635/EBE og 91/674/EBE til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á tilskipun 78/660/EBE

Tilskipun 78/660/EBE er breytt sem hér segir:

1. Í 11. gr. breytist fyrsta mgr. sem hér segir:

a) í fyrsta undirlið komi orðin „niðurstöðutala efnahagsreiknings: 4 400 000 evrur“ í stað orðanna „niðurstöðutala efnahagsreiknings: 3 650 000 evrur“,

b) í öðrum undirlið komi orðin „hrein velta: 8 800 000 evrur“ í stað orðanna „hrein velta: 7 300 000 evrur“.

2. Í þriðju mgr. 11. gr. komi orðin „allar tilskipanir um ákvörðun þessara fjárhæða“ í stað orðanna „tilskipunin um ákvörðun þessara fjárhæða í samræmi við endurskoðunina sem kveðið er á um í 2. mgr. 53. gr.“.

3. Í 27. gr. breytist fyrsta mgr. sem hér segir:

a) í fyrsta undirlið komi orðin „niðurstöðutala efnahagsreiknings: 17 500 000 evrur“ í stað orðanna „niðurstöðutala efnahagsreiknings: 14 600 000 evrur“,

b) í öðrum undirlið komi orðin „hrein velta: 35 000 000 evrur“ í stað orðanna „hrein velta: 29 200 000 evrur“.

4. Í þriðju mgr. 27. gr. komi orðin „allar tilskipanir um ákvörðun þessara fjárhæða“ í stað orðanna „tilskipunin um ákvörðun þessara fjárhæða í samræmi við endurskoðunina sem kveðið er á um í 2. mgr. 53. gr.“.

5. Eftirfarandi málsgrein bætist við 42. gr. a:

„5 a) Þrátt fyrir ákvæði 3. og 4. mgr. geta aðildarríkin, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla sem voru samþykktir með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1725/2003 frá 29. september 2003 um innleiðingu tiltekinna, alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 (*), eins og henni var breytt til 5. september 2006, heimilað eða krafist mats á fjármálagerningum, svo og að farið verði að kröfum

([6]) Stjtíð. EB L 372, 31.12.1986, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/51/EB (Stjtíð. ESB L 178, 17.7.2003, bls. 16).
([7]) Stjtíð. EB L 374, 31.12.1991, bls. 7. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 2003/51/EB.
([8]) Stjtíð. ESB C 321, 31.12.2003, bls. 1.

um upplýsingagjöf sem þeim tengjast og kveðið er á um í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sem voru samþykktir í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla (**).

(*) Stjtíð. ESB L 261, 13.10.2003, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 108/2006 (Stjtíð. ESB L 24, 27.1.2006, bls. 1).

(**) Stjtíð. EB L 243, 11.9.2002, bls. 1.“

6. Í 1. mgr. 43. gr. bætist eftirfarandi liðir við:

„7a) Eðli og viðskiptatilgangur samkomulags félagsins sem er ekki í efnahagsreikningnum og fjárhagsleg áhrif þess samkomulags á félagið, að því tilskildu að áhættan eða ávinningurinn af slíku samkomulagi skipti máli og að svo miklu leyti sem nauðsynlegt er að birta upplýsingar um slíka áhættu eða ávinning til að meta fjárhagsstöðu félagsins.

Aðildarríkin geta heimilað félögunum sem um getur í 27. gr. að takmarka þær upplýsingar, sem gerð er krafa um í þessum undirlið að verði veittar, við eðli og viðskiptatilgang slíks samkomulags.

7b) Viðskipti sem félagið hefur átt við tengda aðila, þ.m.t. fjárhæð slíkra viðskipta, eðli tengslanna milli tengdu aðilanna og aðrar upplýsingar um viðskiptin sem nauðsynlegar eru til að unnt sé að skilja fjárhagsstöðu félagsins, ef slík viðskipti skipta máli og hafa ekki verið gerð við eðlilegar markaðsaðstæður. Upplýsingum um einstök viðskipti má safna saman eftir því hvers eðlis þær eru nema þar sem sérstakar upplýsingar eru nauðsynlegar til að unnt sé að skilja áhrif viðskipta tengdra aðila á fjárhagsstöðu félagsins.

Aðildarríkin geta heimilað félögum sem um getur í 27. gr. að sleppa að birta upplýsingarnar sem kveðið er á um í þessum lið nema þessi félög séu af þeirri gerð sem um getur í 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 77/91/EBE en þá geta aðildarríkin takmarkað upplýsingagjöfina, að lágmarki, við bein eða óbein viðskipti milli:

i) félagsins og stærstu hluthafa þess,

og

ii) félagsins og aðila í stjórn, framkvæmdastjórn og eftirlitsstjórn.

Aðildarríkin geta undanþegið viðskipti sem tveir eða fleiri aðilar samstæðu eiga sín í milli, að því tilskildu að dótturfyrirtæki, sem eru aðilar að viðskiptunum, séu að öllu leyti í eigu slíks aðila.

„Tengdur aðili“ hefur sömu merkingu og í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sem voru samþykktir í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1606/2002.“

7. Eftirfarandi grein bætist við:

„*46. gr. a*

1. Félag með verðbréf, sem eru skráð á skipulegum markaði í skilningi 14. liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga [11], skal setja yfirlýsingu um stjórnarhætti fyrirtækja í ársskýrslu sína. Sú yfirlýsing skal vera sérstakur kafli í ársskýrslunni og í henni eiga að vera að lágmarki eftirfarandi upplýsingar:

a) tilvísun í

i. reglur um stjórnarhætti sem félaginu ber að fylgja og/eða

ii. reglur um stjórnarhætti sem félagið kann að hafa ákveðið af fúsum og frjálsum vilja að beita og/eða

iii. allar viðeigandi upplýsingar um stjórnarhætti fyrirtækja sem beitt er umfram það sem krafist er samkvæmt innlendum lögum.

Þar sem i- og ii-liður eiga við skal félagið einnig greina frá því hvar viðeigandi textar eru aðgengilegir almenningi; þar sem iii. liður á við skal félagið gera stjórnarhætti sína aðgengilega almenningi,

b) skýring félagsins á því frá hvaða hlutum reglnanna um stjórnarhætti fyrirtækja það víkur og ástæðurnar fyrir því, að svo miklu leyti sem félag, í samræmi við innlend lög, víkur frá reglum um stjórnarhætti fyrirtækja sem um getur í i- eða ii-lið a-liðar. Ef félag hefur ákveðið að beita ekki neinum ákvæðum reglna um stjórnarhætti fyrirtækja, sem um getur í i- eða ii-lið a-liðar, skal það greina frá ástæðum þess,

c) lýsing á helstu þáttum innra eftirlitskerfis og áhættustýringarkerfi félagsins í tengslum við reikningsskilaferlið,

d) upplýsingarnar sem gerð er krafa um í c-, d-, f-, h- og i-lið 1. mgr. 10. gr., tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/25/EB frá 21. apríl 2004, um yfirtökutilboð (**), ef félagið heyrir undir ákvæði þeirrar tilskipunar,

e) lýsing á starfsemi hluthafafundarins og helsta valdi hans og lýsing á réttindum hluthafa og hvernig hægt er að beita þeim, nema allar þessar upplýsingar sé að finna í innlendum lögum eða reglugerðum,

f) lýsing á samsetningu og starfsemi stjórnar, framkvæmdastjórnar og eftirlitsstjórnar og nefnda þeirra.

2. Aðildarríkin geta heimilað að upplýsingarnar, sem gerð er krafa um í þessari grein, séu settar fram í sérstakri skýrslu sem er birt samhliða ársskýrslunni með þeim hætti sem sett er fram í 47. gr. eða með því að setja tilvísun í ársskýrsluna um hvar slíkt skjal er aðgengilegt almenningi á vefsetri félagsins. Þegar um er að ræða sérstaka skýrslu getur yfirlýsingin um stjórnarhætti fyrirtækja haft að geyma tilvísun í ársskýrsluna þar sem upplýsingarnar, sem gerð er krafa um í d-lið 1. mgr., eru gerðar aðgengilegar. Ákvæði annars undirliðar í 1. mgr. 51. gr., skulu gilda um ákvæðin í c- og d-lið 1. mgr. þessarar greinar. Að því er varðar aðrar upplýsingar skal löggilti endurskoðandinn kanna hvort yfirlýsingin um stjórnarhætti fyrirtækja hafi verið gerð.

3. Aðildarríkin geta undanþegið félög, sem hafa aðeins gefið út verðbréf, önnur en hlutabréf, sem eru skráð á skipulegum markaði, í skilningi 14. liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2004/39/EB, frá beitingu ákvæðanna í a-, b-, e- og f-lið 1. mgr., nema þessi félög hafi gefið út hlutabréf sem verslað er með á markaðstorgi, í skilningi 15. liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2004/39/EB.

(*) Stjtíð. ESB L 145, 30.4.2004, bls. 1.

(**) Stjtíð. ESB L 142, 30.4.2004, bls. 12.“

8. Eftirfarandi þáttur bætist við:

„10. ÞÁTTUR A

Skyldur og ábyrgð að því er varðar að semja og birta ársreikningana og ársskýrsluna

50. gr. b

Aðildarríkin skulu tryggja að á aðilum í stjórn, framkvæmdastjórn og eftirlitsstjórn félagsins hvíli sú sameiginlega skylda að tryggja að ársreikningar, ársskýrsla og, þegar hún er lögð fram sérstaklega, yfirlýsing um stjórnarhætti fyrirtækja sem leggja á fram skv. 46. gr. a, séu samin og birt í samræmi við kröfur þessarar reglugerðar og, ef við á, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla sem hafa verið samþykktir í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1606/2002. Slíkar stofnanir skulu starfa innan þess valdsviðs sem þeim er ætlað í landslögum.

50. gr. c

Aðildarríkin skulu tryggja að lög þeirra og stjórnsýslufyrirmæli um ábyrgð gildi um aðila í stjórn, framkvæmdastjórn og eftirlitsstjórn sem um getur í 50. gr. b, a.m.k. gagnvart félaginu, ef þeir sinna ekki skyldunni sem um getur í 50. gr. b.“

9. Í stað 53. gr. a komi eftirfarandi:

„*53. gr. a*

Aðildarríkin skulu ekki láta undanþágurnar, sem settar eru fram í 11. og 27. gr., 43. gr. (lið 7a og 7b í 1. mgr.) og 46., 47. og 51. gr., gilda um félög ef verðbréf þeirra eru skráð á skipulegum markaði í skilningi 14. liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2004/39/EB.“

10. Eftirfarandi grein bætist við:

„*60. gr. a*

Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum gegn innlendum ákvæðum sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þau komi til framkvæmda. Viðurlög, sem kveðið er á um, skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og letjandi.“

11. Í stað 61. gr. a komi eftirfarandi:

„*61. gr. a*

Eigi síðar en 1. júlí 2007 skal framkvæmdastjórnin endurskoða ákvæði 42. gr. a – 42. gr. f, 1., 10. og 14. mgr. 43. gr., 1. mgr. 44. gr., f-liðar 2. mgr. 46. gr. og a- og b-liðar 2. mgr. 59. gr. í ljósi fenginnar reynslu af því að beita ákvæðum um gangverðsreikningsskil, einkum með tilliti til IAS-staðals 39 eins og hann var samþykktur í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1606/2002 og að teknu tilliti til alþjóðlegrar þróunar á sviði reikningshalds og, ef við á, leggja tillögu fyrir Evrópuþingið og ráðið í því skyni að breyta framangreindum greinum.“

2. gr.

Breytingar á tilskipun 83/349/EBE

Tilskipun 83/349/EBE er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi liðir bætist við í 34. gr.:

„7a) Eðli og viðskiptatilgangur samkomulags sem er ekki talið með í efnahagsreikningi samstæðunnar og fjárhagsleg áhrif þessa samkomulags, að því tilskildu að áhættan og ávinningurinn af slíku samkomulagi skipti máli og að svo miklu leyti sem nauðsynlegt er að veita upplýsingar um slíka áhættu og ávinning til að unnt sé að leggja mat á fjárhagsstöðu félaganna í samstæðunni sem heild.

7b) Viðskipti, að undanskildum viðskiptum innan samstæðunnar, sem móðurfélagið eða önnur fyrirtæki innan samstæðunnar eiga við tengda aðila, þ.m.t. fjárhæðir slíkra viðskipta, eðli tengslanna milli tengdu aðilanna svo og aðrar upplýsingar um viðskiptin sem nauðsynlegar eru til að unnt sé að skilja fjárhagsstöðu fyrirtækjanna í samstæðunni sem heild, ef slík viðskipti skipta máli og hafa ekki verið gerð við eðlilegar markaðsaðstæður. Upplýsingum um einstök viðskipti má safna saman eftir því hvers eðlis þær eru nema þar sem aðgreindar upplýsingar eru nauðsynlegar til að unnt sé að skilja áhrifin af viðskiptum tengdra aðila á fjárhagsstöðu fyrirtækjanna í samstæðunni sem heild.“

2. Í 2. mgr. 36. gr. bætist eftirfarandi liður við:

„f) lýsing á helstu þáttum innra eftirlitskerfis og áhættustýringarkerfis samstæðunnar í tengslum við gerð samstæðureikningsskilanna þar sem fyrirtæki er með verðbréf sín skráð á skipulögðum markaði í skilningi 14. liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga [13]. Ef samstæðureikningsskilin og ársreikningurinn eru lögð fram sem ein skýrsla verða þessar upplýsingar að fylgja með í þeim kafla skýrslunnar þar sem yfirlýsinguna um stjórnarhætti fyrirtækja, sem kveðið er á um í 46. gr. a tilskipunar 78/660/EBE, er að finna.

Ef aðildarríki heimilar að upplýsingarnar, sem gerð er krafa um í 1. mgr. 46. gr. a tilskipunar 78/660/EBE, séu settar fram í sérstakri skýrslu sem er birt samhliða ársskýrslunni, á þann hátt sem mælt er fyrir um í 47. gr. þeirrar tilskipunar, skulu upplýsingarnar, sem eru lagðar fram samkvæmt fyrsta undirlið, einnig vera hluti þeirrar sérstöku skýrslu. Önnur undirgrein 1. mgr. 37. gr. þessarar tilskipunar gildir.

(*) Stjtíð. ESB L 145, 30.4.2004, bls. 1.“

3. Eftirfarandi þáttur bætist við:

„3. ÞÁTTUR A

Skyldur og ábyrgð að því er varðar að samningu og birtingu samstæðureikningsskilanna og samstæðuársskýrslunnar

36. gr. a

Aðildarríkin skulu tryggja að á stjórnarmönnum í stjórn, framkvæmdastjórn og eftirlitsstjórn fyrirtækja, sem semja samstæðureikningsskilin og ársskýrslu samstæðunnar, hvíli sú sameiginlega skylda að tryggja að samstæðureikningsskilin, samstæðuársskýrslan og, þegar hún er lögð fram sérstaklega, yfirlýsing um stjórnarhætti fyrirtækja, sem leggja ber fram samkvæmt 46. gr. a í tilskipun 78/660/EBE, séu samin og birt í samræmi við kröfur þessarar tilskipunar og, ef við á, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla sem voru innleiddir í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla (*). Slíkir aðilar skulu starfa innan þess valdsviðs sem þeim er ætlað í landslögum.

36. gr. b

Aðildarríkin skulu tryggja að lög þeirra og stjórnsýslufyrirmæli um ábyrgð gildi um alla stjórnarmenn í stjórn, framkvæmdastjórn og eftirlitsstjórn sem um getur í 36. gr. a, a.m.k. gagnvart fyrirtækinu sem semur samstæðureikningsskil, ef þeir sinna ekki skyldunni sem um getur í 36. gr. a.

(*) Stjtíð. EB L 243, 11.9.2002, bls. 1.“

4. Eftirfarandi málsgrein bætist við í 41. gr.:

„1a. „Tengdur aðili“ hefur sömu merkingu og í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sem voru innleiddir í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1606/2002.“

5. Eftirfarandi grein bætist við:

„48. gr.

Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum gegn innlendum ákvæðum sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlög sem kveðið er á um skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og letjandi.“

3. gr.

Breyting á tilskipun 86/635/EBE

Í stað fyrsta málsliðar í 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 86/635/EBE komi eftirfarandi:

„Beita skal 2. gr., 3. gr., 4. gr. (1. og 3.–6. mgr.), 6. gr., 7. gr., 13. gr., 14. gr., 15. gr. (3. og 4. mgr.), 16.–21. gr., 29.–35. gr., 37.–41. gr., 42. gr. (fyrsta málslið), 42. gr. a–42. gr. f, 45. gr. (1. mgr.), 46. gr. (1. og 2. mgr.), 46. gr. a, 48.–50. gr., 50. gr. a, 50. gr. b, 50. gr. c, 51. gr. (1. mgr.), 51. gr. a, 56.–59. gr., 60. gr. a, 61. gr. og 61. gr. a í tilskipun 78/660/EBE að því er varðar stofnanir sem getið er um í 2. gr. þessarar tilskipunar nema kveðið sé á um annað í þessari tilskipun.“

4. gr.

Breyting á tilskipun 91/674/EBE

Í stað fyrstu setningarinnar í 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 91/674/EBE komi eftirfarandi:

„Beita skal 2. gr., 3. gr., 4. gr. (1. og 3.–6. mgr.), 6. gr., 7. gr., 13. gr., 14. gr., 15. gr. (3. og 4. mgr.) 16.–21. gr., 29.–35. gr., 37.–41. gr., 42. gr., 42. gr. a–42. gr. f, 43. gr. (1.–7. liður b og 9.–14 liður í 1. mgr.), 45. gr. (1. mgr.), 46. gr. (1. og 2. mgr.), 46. gr. a, 48.–50. gr., 50. gr. a, 50. gr. b, 50. gr. c, 51. gr. (1. mgr.), 51. gr. a, 56.–59. gr., 60. gr. a, 61. gr. og 61. gr. a í tilskipun 78/660/EBE að því er varðar fyrirtæki sem getið er um í 2. gr. þessarar tilskipunar nema kveðið sé á um annað í þessari tilskipun.“

5. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli eigi síðar en 5. september 2008 til að fara að tilskipun þessari.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

6. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

7. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 14. júní 2006.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
J. Borrell Fontelles	H. Winkler
forseti.	*forseti.*

859. Tillaga til þingsályktunar [558. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2007, um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2007 frá 8. júní 2007 um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/89/EB frá 18. janúar 2006 um ráðstafanir til að tryggja öruggt framboð raforku og um fjárfestingar í grunnvirkjum.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta framangreinda ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um ráðstafanir til að tryggja öruggt framboð raforku og um fjárfestingar í grunnvirkjum.

Innleiðing þessarar ákvörðunar kallar á lagabreytingar hér á landi. Ákvörðunin var því tekin með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu meðan leitað er samþykkis Alþingis til að staðfesta hana. Í athugasemdum hér á eftir er gerð nánari grein fyrir því hvað felst í slíkum fyrirvara, sbr. 103. gr. EES-samningsins, sem og efni tilskipunarinnar. Gerð þessi felur ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir er prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðinni sjálfri.

2. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/89/EB.

Tilskipunin mælir fyrir um aðgerðir til að tryggja öryggi í orkuöflun og fjárfestingum í flutningi og dreifingu á raforku. Í tilskipuninni er lögð áhersla á nauðsyn þess að tryggja jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar raforku. Sú skylda er lögð á aðila að tryggja að settar séu, og staðfestar, viðbragðsáætlanir sem og að gripið verði til aðgerða til að mæta frávikum í raforkukerfinu. Skylda þessi hvílir jafnt á ríkjum, opinberum eftirlitsaðilum sem og dreifiveitum og kerfisstjórum flutningskerfa.

Tilskipunin fjallar að hluta til um viðskipti með raforku og tengingu yfir landamæri og á því ekki að öllu leyti við innlendar aðstæður enda er íslenska raforkukerfið einangrað frá öðrum kerfum. Þá mun tilskipunin ekki kalla á ítarlegar lagabreytingar þar sem einstaka ákvæði hennar er nú þegar að finna í innlendri löggjöf upp að vissu marki.

Tilskipunin mun fyrirsjáanlega kalla á breytingar á raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum, og hugsanlega reglugerð um framkvæmd raforkulaga, nr. 1040/2005. Hins vegar er að svo stöddu ekki ljóst hversu ítarlegar þær breytingar munu endanlega verða vegna sérstöðu íslenska raforkukerfisins, sbr. umfjöllun að framan.

Ekki er unnt að segja til um að svo stöddu hver áhrif tilskipunarinnar og efni lagabreytinga á raforkulögum muni hafa í för með sér fyrir hagsmunaaðila hér á landi. Hins vegar hefur iðnaðarráðuneytið kynnt efni tilskipunarinnar fyrir hagsmunaaðilum en við undirbúning innleiðingar hennar leitaði ráðuneytið umsagnar Samorku, Orkustofnunar, Landsnets og dreifiveitna raforku. Einnig hefur ráðuneytið fundað með Orkustofnun og Landsneti um efni tilskipunarinnar.

3. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

EES-samningurinn er reglulega uppfærður með breytingum á viðaukum og bókunum við samninginn. Ákvarðanir um þessar breytingar eru teknar í sameiginlegu EES-nefndinni og með þær hefur ávallt verið farið sem hverja aðra þjóðréttarsamninga. Samkvæmt EES-samningnum skuldbinda þær aðildarríkin að þjóðarétti um leið og þær hafa verið teknar, nema eitthvert þeirra beiti heimild í 103. gr. EES-samningsins til að setja fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Viðkomandi aðildarríki hefur þá sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum. Að því er Ísland varðar hefur slíkur fyrirvari almennt einungis verið settur þegar innleiðing ákvörðunar kallar á lagabreytingar hér landi, en í því tilviki leiðir af 21. gr.

stjórnarskrárinnar að leita ber eftir samþykki Alþingis áður en ákvörðun er staðfest. Slíkt samþykki getur Alþingi alltaf veitt með viðeigandi lagabreytingu, en einnig hefur tíðkast að heimila stjórnvöldum að skuldbinda sig að þjóðarétti með þingsályktun áður en landsréttinum er með lögum breytt til samræmis við viðkomandi ákvörðun. Í seinni tíð hefur það verið viðtekinn háttur við staðfestingu þeirra ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar, sem krefst lagabreytinga að innleiða, enda kemur hvortveggja til, að frestur til að aflétta hinum stjórnskipulega fyrirvara er tiltölulega skammur, auk þess sem ekki er alltaf tímabært að innleiða ákvörðun um leið og hún er tekin.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 49/2007

frá 8. júní 2007

um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) IV. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 151/2006 frá 8. desember 2006 ([1]).

2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/89/EB frá 18. janúar 2006 um ráðstafanir til að tryggja öruggt framboð raforku og um fjárfestingar í grunnvirkjum ([2]).

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir 24. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/8/EB) í IV. viðauka við samninginn:

([1]) Stjtíð. ESB L 89, 29.3.2007, bls. 22, og EES-viðbætir nr. 15, 29.3.2007, bls. 18.
([2]) Stjtíð. ESB L 33, 4.2.2006, bls. 22.

„25. **32005 L 0089**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/89/EB frá 18. janúar 2006 um ráðstafanir til að tryggja öruggt framboð raforku og um fjárfestingar í grunnvirkjum (Stjtíð. ESB L 33, 4.2.2006, bls. 22).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2005/89/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 9. júní 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. júní 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

A. Seatter

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

K. Bryn *M. Brinkmann*

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fylgiskjal II.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2005/89/EB

frá 18. janúar 2006

um ráðstafanir til að tryggja öruggt framboð raforku og um fjárfestingar í grunnvirkjum

(Texti sem varðar EES)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

að höfðu samráði við svæðanefndina, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/54/EB frá 26. júní 2003 um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir raforku ([3]) var mikilvægt framlag til þess að skapa innri markað fyrir raforku. Ein af meginforsendunum fyrir eðlilegri starfsemi innri markaðarins er að tryggja öflugt afhendingaröryggi raforku og gefur tilskipunin aðildarríkjunum kost á því að leggja veituskyldur á raforkufyrirtæki, m.a. að því er varðar afhendingaröryggi. Slíkar veituskyldur skulu skilgreindar eins nákvæmlega og þröngt og unnt er, og skulu ekki leiða til þess að til verði framleiðslugeta sem er umfram það sem nauðsynlegt er til að koma í veg fyrir óþarfa truflun á dreifingu raforku til kaupenda.

2) Venjulega er spáð fyrir um eftirspurn eftir rafmagni til meðallangs tíma byggt á sviðsmyndum sem unnar eru af flutningskerfisstjórum eða öðrum stofnunum sem geta gert þær að beiðni aðildarríkis.

3) Innri samkeppnismarkaður fyrir raforku í Evrópusambandinu útheimtir stefnu, varðandi afhendingaröryggi raforku, sem samrýmist kröfum slíks markaðar og er gagnsæ og án mismununar. Skortur á slíkri stefnu í einstökum aðildarríkjum, eða verulegur munur á stefnu aðildarríkja, myndi leiða til röskunar á samkeppni. Miklu máli skiptir því að skilgreina skýrt hlutverk og ábyrgð lögbærra yfirvalda og aðildarríkjanna sjálfra og allra hlutaðeigandi markaðsaðila til að tryggja afhendingaröryggi raforku og eðlilega starfsemi innri markaðarins og um leið að forðast að skapa hindranir fyrir nýja aðila á markaðinum t.d. fyrirtæki sem framleiða eða afhenda rafmagn í aðildarríki sem hafa nýlega hafið starfsemi í því aðildarríki og að forðast röskun á innri markaðinum fyrir raforku eða erfiðleika fyrir markaðsaðila, þ.m.t. fyrirtæki með litla markaðshlutdeild eins og framleiðendur og birgja með litla hlutdeild á viðkomandi markaði í Bandalaginu.

4) Í ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1229/2003/EB ([4]) er mælt fyrir um röð viðmiðunarreglna Bandalagsins fyrir samevrópsk orkunet. Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1228/2003 frá 26. júní 2003 um skilyrði fyrir aðgangi að neti fyrir raforkuviðskipti yfir landamæri ([5]) eru m.a. settar fram meginreglur og nákvæmar reglur um hvernig skuli brugðist við kerfisöng.

5) Þegar stuðlað er að notkun raforku úr endurnýjanlegum orkugjöfum er nauðsynlegt að tryggja að tilheyrandi varageta sé til staðar þar sem það er tæknilega nauðsynlegt til að viðhalda áreiðanleika og öryggi netsins.

([1]) Stjtíð. ESB C 120, 20.5.2005, bls. 119.

([2]) Álit Evrópuþingsins frá 5. júlí 2005 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 1. desember 2005.

([3]) Stjtíð. ESB L 176, 15.7.2003, bls. 37. Tilskipuninni var breytt með tilskipun ráðsins 2004/85/EB (Stjtíð. ESB L 236, 7.7.2004, bls. 10).

([4]) Stjtíð. ESB L 176, 15.7.2003, bls. 11.

([5]) Stjtíð. ESB L 176, 15.7.2003, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð ráðsins (EB) nr. 1223/2004 (Stjtíð. ESB L 233, 2.7.2004, bls. 3).

6) Til þess að uppfylla skuldbindingar Bandalagsins í umhverfismálum og draga úr þörfinni á aðfenginni orku er mikilvægt að taka tillit til langtímaáhrifa sem vaxandi eftirspurn eftir raforku hefur.

7) Samvinna milli landsbundinna flutningskerfisstjóra í málum sem varða netöryggi, þ.m.t. skilgreining flutningsgetu, upplýsingamiðlun og kerfislíkön, er mikilvæg fyrir þróun starfhæfs innri markaðar og hana mætti bæta frekar. Skortur á samræmingu að því er varðar netöryggi skaðar þróun jafnra samkeppnisskilyrða.

8) Helsti tilgangur viðeigandi tæknireglna og tilmæla eins og þeirra sem er að finna í rekstrarhandbók samtaka um samræmingu flutnings á raforku (UCTE), svipaðra reglna og tilmæla sem þróuð hafa verið af Nordel, í Eystrasaltsnetmálanum sem og kerfanna í Breska konungsríkinu og á Írlandi, er stuðningur við tæknilegan rekstur samtengda netsins sem stuðlar þannig að uppfyllingu kröfunnar um að kerfið starfi áfram ef til bilunar kemur á tilteknum stað eða stöðum í kerfinu og dregur úr kostnaði við að milda áhrif slíkrar röskunar á afhendingu.

9) Með tilliti til tíðni og lengdar truflana skal sú krafa gerð að flutningskerfis- og dreifikerfisstjórar veiti kaupendum öfluga þjónustu.

10) Ráðstafanir, sem heimilt er að gera til að tryggja að hæfileg varaframleiðslugeta sé til staðar, skulu vera markaðstengdar og án mismununar og geta m.a. falið í sér ráðstafanir eins og samningsbundna ábyrgð og fyrirkomulag, framleiðslugetuvalrétt eða framleiðslugetuskuldbindingar. Til viðbótar þessum ráðstöfunum geta komið gerningar án mismununar eins og framleiðslugetugreiðslur.

11) Til þess að tryggja að viðeigandi fyrirframupplýsingar séu tiltækar skulu aðildarríkin birta ráðstafanir sem gerðar eru til að gæta jafnvægis milli framboðs og eftirspurnar meðal fjárfesta og hugsanlegra fjárfesta í framleiðslu og á meðal raforkuneytenda.

12) Með fyrirvara um ákvæði 86., 87. og 88. gr. sáttmálans er mikilvægt að aðildarríkin mæli fyrir um ótvíræðan, viðeigandi og traustan ramma sem auðveldar örugga afhendingu raforku og stuðlar að fjárfestingum í framleiðslugetu og aðferðum til að stjórna eftirspurn. Einnig er mikilvægt að viðeigandi ráðstafanir séu gerðar til að tryggja regluramma sem hvetur til fjárfestinga í nýjum flutningstengilínum, einkum milli aðildarríkja.

13) Á fundi leiðtogaráðsins í Barcelona 15. og 16. mars 2002 var umfang samtengingar milli aðildarríkjanna ákveðið. Lítil samtenging leiðir til þess að markaðurinn klofnar og hindrar samkeppnisþróun. Það að til staðar sé viðunandi, raunveruleg flutningsgeta tengilínu hvort sem hún er yfir landamæri eða ekki, er afar mikilvægt en ekki nægilegt skilyrði fyrir virkri samkeppni. Til að gæta hagsmuna kaupenda skal eðlilegt jafnvægi ríkja milli mögulegs ávinnings af nýjum samtengingarverkefnum og kostnaðar við slík verkefni.

14) Þótt mikilvægt sé að ákvarða mestu mögulegu flutningsgetu án þess að brjóta gegn kröfum um öruggan rekstur neta er einnig mikilvægt að tryggja fullt gagnsæi aðferða við útreikninga á getu og úthlutun í flutningskerfinu. Með þessu móti gæti verið mögulegt að nýta betur þá getu sem til staðar er og koma í veg fyrir að rangar vísbendingar um skort berist til markaðarins og stuðla þannig að því að markmiðin um virkan innri samkeppnismarkað, í skilningi tilskipunar 2003/54/EB, náist.

15) Flutningskerfis- og dreifikerfisstjórar þurfa viðeigandi og traustan regluramma fyrir fjárfestingar sínar, og fyrir viðhald og endurnýjun neta.

16) Í 4. gr. tilskipunar 2003/54/EB er þess krafist að aðildarríkin hafi eftirlit með og leggi fram skýrslu um afhendingaröryggi raforku. Þessi skýrsla skal fjalla um þætti sem máli skipta fyrir afhendingaröryggi til skamms tíma, meðallangs tíma og lengri tíma, þ.m.t. áætlanir flutningskerfisstjóra um fjárfestingar í netinu. Þegar slík skýrsla er tekin saman er ætlast til þess að aðildarríkin vísi í upplýsingar og mat sem flutningskerfisstjórar eru þegar með í framkvæmd bæði hver fyrir sig og sameiginlega, þ.m.t á evrópskum vettvangi.

17) Aðildarríkin skulu tryggja skilvirka framkvæmd þessarar tilskipunar.

18) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði fyrirhugaðra aðgerða, þ.e. að tryggja örugga afhendingu raforku á grundvelli frjálsrar samkeppni og að skapa innri markað á sviði raforku sem starfræktur er að fullu og þar sem samkeppni ríkir, og þar eð því markmiði verður, af þeim sökum, betur náð á vettvangi Bandalagsins vegna þess hve aðgerðirnar eru

umfangsmiklar og hafa mikil áhrif, er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og fram kemur í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, ganga ákvæði þessarar tilskipunar ekki lengra en nauðsynlegt er til að þeim markmiðum verði náð.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Gildissvið

1. Í þessari tilskipun er mælt fyrir um ráðstafanir sem hafa það að markmiði að standa vörð um afhendingaröryggi raforku svo tryggja megi eðlilega starfsemi innri markaðarins fyrir raforku og að tryggja:

a) fullnægjandi framleiðslugetu,

b) fullnægjandi jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar,

og

c) viðeigandi samtengingu milli aðildarríkja sem stuðlar að þróun innri markaðarins.

2. Í henni er komið á fót ramma, en innan hans skulu aðildarríkin skilgreina stefnu, sem er gagnsæ og án mismununar, um örugga afhendingu raforku sem samrýmist kröfum innri markaðar fyrir raforku þar sem samkeppni ríkir.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun skulu skilgreiningarnar í 2. gr. tilskipunar 2003/54/EB gilda. Að auki er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „eftirlitsyfirvald“: eftirlitsyfirvöld í aðildarríkjum sem tilnefnd eru í samræmi við 23. gr. tilskipunar 2003/54/EB,

b) „afhendingaröryggi raforku“: geta rafkerfis til að afhenda kaupendum raforku eins og kveðið er á um í þessari tilskipun,

c) „rekstraröryggi nets“: samfelldur rekstur flutnings-, og þar sem við á, dreifinets við fyrirsjáanlegar aðstæður,

d) „jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar“: fullnæging fyrirsjáanlegrar eftirspurnar neytenda eftir raforku án þess að þörf sé á að framfylgja ráðstöfunum til að draga úr notkun.

3. gr.

Almenn ákvæði

1. Aðildarríkin skulu tryggja öruggt framboð raforku með því að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að stuðla að traustu umhverfi fjárfestinga og með því að skilgreina hlutverk og ábyrgð lögbærra yfirvalda, þ.m.t. eftirlitsyfirvöld þar sem við á, og allra viðkomandi markaðsaðila og birta upplýsingar þar að lútandi. Til viðeigandi markaðsaðila teljast m.a. flutnings- og dreifikerfisstjórar, raforkuframleiðendur, birgjar og kaupendur.

2. Við framkvæmd ráðstafananna, sem um getur í 1. mgr., skulu aðildarríkin hafa hliðsjón af:

a) mikilvægi þess að tryggja órofna afhendingu raforku,

b) mikilvægi trausts og gagnsæs regluramma,

c) innri markaðinum og möguleikunum á samvinnu yfir landamæri að því er varðar afhendingaröryggi raforku,

d) þörfinni á reglulegu viðhaldi, og þar sem við á, endurnýjun flutnings- og dreifineta til að viðhalda afkastagetu netsins,

e) mikilvægi þess að tryggja rétta framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/77/EB frá 27. september 2001 um að auka hlutdeild rafmagns, sem er framleitt með endurnýjanlegum orkugjöfum, á innri raforkumarkaði ([6]) og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/8/EB frá 11. febrúar 2004 um að auka samvinnslu raf- og varmaorku sem byggist á eftirspurn eftir notvarma á innri orkumarkaðinum ([7]), að því leyti sem ákvæði þeirra varða afhendingaröryggi raforku,

f) þörfinni á að tryggja nægilega varaflutningsgetu og varaframleiðslugetu fyrir öruggan rekstur,

og

g) mikilvægi þess að hvetja til stofnunar heildsölumarkaða þar sem seljanleiki ríkir.

3. Við framkvæmd ráðstafananna, sem um getur í 1. mgr., skulu aðildarríkin einnig hafa hliðsjón af:

a) hversu mikil fjölbreytni er í raforkuframleiðslu á landsvísu eða á viðeigandi svæði,

([6]) Stjtíð. EB L 283, 27.10.2001, bls. 33. Tilskipuninni var breytt með aðildarlögunum frá 2003.
([7]) Stjtíð. ESB L 52, 21.2.2004, bls. 50.

b) mikilvægi þess að draga úr langtímaáhrifum sem vöxtur eftirspurnar eftir raforku hefur,

c) mikilvægi þess að hvetja til orkunýtni og taka í notkun nýja tækni, einkum tækni til að stjórna eftirspurn, tækni í tengslum við endurnýjanlega orku og dreifða framleiðslu,

og

d) mikilvægi þess að ryðja úr vegi stjórnsýslulegum hindrunum á fjárfestingum í grunnvirkjum og framleiðslugetu.

4. Aðildarríkin skulu tryggja að allar ráðstafanir, sem samþykktar eru í samræmi við þessa tilskipun, séu án mismununar og leggi ekki óeðlilegar byrðar á markaðsaðila, þ.m.t. nýja aðila á markaði og fyrirtæki með litla markaðshlutdeild. Aðildarríkin skulu einnig taka tillit til áhrifa ráðstafananna á raforkukostnað kaupenda áður en þær eru samþykktar.

5. Þegar unnið er að því að tryggja viðeigandi samtengingu milli aðildarríkja eins og um getur í c-lið 1. mgr. 1. gr. skal leggja sérstaka áherslu á:

a) legu hvers aðildarríkis,

b) að viðhalda eðlilegu jafnvægi milli kostnaðar við smíði nýrra samtengla og ávinnings kaupenda,

og

c) að tryggja að samtenglar, sem fyrir eru, séu notaðir á svo skilvirkan hátt sem unnt er.

4. gr.

Rekstraröryggi nets

1. a) Aðildarríki eða lögbær yfirvöld skulu tryggja að flutningskerfisstjórar setji lágmarksreglur um rekstur og lágmarksskuldbindingar varðandi netöryggi.

Áður en þeir mæla fyrir um slíkar reglur og skuldbindingar skulu þeir hafa samráð við viðeigandi aðila í löndunum sem þeir eru samtengdir.

b) Þrátt fyrir a-lið fyrstu undirgreinar geta aðildarríkin krafist þess að flutningskerfisstjórar leggi slíkar reglur og skuldbindingar fyrir lögbært yfirvald til samþykkis.

c) Aðildarríkin skulu tryggja að flutningskerfisstjórar og, þar sem við á, dreifikerfisstjórar fari að lágmarksreglunum um rekstur og lágmarksskuldbindingunum varðandi netöryggi.

d) Aðildarríkin skulu krefjast þess að flutningskerfisstjórar viðhaldi fullnægjandi rekstraröryggi nets.

Með hliðsjón af því skulu flutningskerfisstjórar viðhalda fullnægjandi tæknilegri varaflutningsgetu til að tryggja rekstraröryggi netsins og vinna með þeim flutningskerfisstjórum sem þeir eru samtengdir.

Þær fyrirsjáanlegu aðstæður, sem öryggis skal gætt við, eru skilgreindar í reglunum um rekstraröryggi netsins.

e) Aðildarríkin skulu einkum tryggja að samtengdir flutnings- og, þar sem við á, dreifikerfisstjórar skiptist á upplýsingum sem varða rekstur neta á tímanlegan og skilvirkan hátt í samræmi við lágmarksrekstrarkröfurnar. Sömu kröfur skulu gilda, þar sem við á, um flutnings- og dreifikerfisstjóra sem eru samtengdir kerfisstjórum utan Bandalagsins.

2. Aðildarríki eða lögbær yfirvöld skulu tryggja að flutningskerfisstjórar og, þar sem við á, dreifikerfisstjórar setji og uppfylli árangursmarkmið um afhendingargæði og netöryggi. Slík markmið skulu háð samþykki aðildarríkjanna eða lögbærra yfirvalda og skulu þau fylgjast með því hvort þau náist. Þau skulu vera hlutlæg, gagnsæ og án mismununar og skulu birt.

3. Þegar gripið er til ráðstafananna sem um getur í 24. gr. tilskipunar 2003/54/EB og í 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 1228/2003 skulu aðildarríkin ekki mismuna á grundvelli þess hvort um innlenda samninga eða samninga yfir landamæri er að ræða.

4. Aðildarríkin skulu tryggja að skerðing á afhendingu við neyðaraðstæður sé byggð á fyrirframskilgreindum viðmiðunum flutningskerfisstjóra um stjórnun ójafnvægis. Haft skal náið samráð við aðra hlutaðeigandi flutningskerfisstjóra um gerð allra öryggisráðstafana og viðeigandi tvíhliða samningar virtir, þ.m.t. samningar um skipti á upplýsingum.

5. gr.

Jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar viðhaldið

1. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að viðhalda jafnvægi milli eftirspurnar eftir raforku og þess hversu mikil framleiðslugeta er tiltæk.

Aðildarríkin skulu einkum:

a) með fyrirvara um sérstakar kröfur lítilla, einangraðra kerfa, hvetja til þess að settur verði fram rammi fyrir heildsölumarkað sem gefur viðeig-

andi vísbendingar varðandi verð, vegna framleiðslu og fyrir notkun,

b) krefjast þess að flutningskerfisstjórar tryggi að viðeigandi varaframleiðslugeta sé til staðar svo gæta megi jafnvægis og/eða að sambærilegar markaðsráðstafanir verði samþykktar.

2. Með fyrirvara um 87. og 88. gr. sáttmálans er aðildarríkjunum einnig heimilt að grípa til frekari ráðstafana sem taka til, en takmarkast ekki við, eftirfarandi:

a) ákvæða sem greiða fyrir aukningu framleiðslugetu og aðgangi nýrra framleiðslufyrirtækja að markaðinum,

b) afnáms hindrana sem koma í veg fyrir notkun riftanlegra samninga,

c) afnáms hindrana sem koma í veg fyrir að bæði framleiðendur og kaupendur geri mislanga samninga,

d) hvatningar til þess að tækni sé tekin í notkun sem stjórnar eftirspurn í rauntíma, s.s. þróuð mælikerfi,

e) hvatningar til orkusparnaðarráðstafana,

f) útboðsaðferða, eða annarra sambærilegra aðferða sem eru gagnsæjar og án mismununar, í samræmi við 1. mgr. 7. gr. tilskipunar 2003/54/EB.

3. Aðildarríkin skulu birta ráðstafanirnar sem þau grípa til samkvæmt þessari grein og tryggja sem víðasta dreifingu þeirra.

6. gr.

Fjárfesting í neti

1. Aðildarríkin skulu setja regluramma sem:

a) gefur bæði flutnings- og dreifikerfisstjórum vísbendingar, að því er varðar fjárfestingar, um að þróa net sín til að mæta fyrirsjáanlegri eftirspurn á markaðinum

og

b) auðveldar viðhald og, þar sem við á, endurnýjun neta þeirra.

2. Aðildarríkin mega leyfa markaðsmiðaðar fjárfestingar (merchant investments) í samtengingum með fyrirvara um reglugerð (EB) nr. 1228/2003.

Aðildarríkin skulu tryggja að ákvarðanir um fjárfestingar í samtengingum séu teknar í náinni samvinnu milli viðkomandi flutningskerfisstjóra.

7. gr.

Skýrslugjöf

1. Aðildarríkin skulu tryggja að skýrslan, sem um getur í 4. gr. tilskipunar 2003/54/EB, taki til almennrar getu rafkerfisins til að anna núverandi og áætlaðri eftirspurn eftir rafmagni og að þar sé fjallað um:

a) rekstraröryggi nets,

b) áætlað jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar næstu fimm árin,

c) framtíðarhorfur varðandi afhendingaröryggi raforku á tímabili sem nemur fimm til fimmtán árum frá dagsetningu skýrslunnar,

og

d) fjárfestingarfyrirætlanir flutningskerfisstjóra, og annarra sem þeir hafa vitneskju um, næstu fimm almanaksárin eða lengur að því er varðar framboð á flutningsgetu samtengilína yfir landamæri.

2. Aðildarríkin eða lögbær yfirvöld skulu semja skýrsluna í náinni samvinnu við flutningskerfisstjóra. Flutningskerfisstjórar skulu, ef við á, hafa samráð við nálæga flutningskerfisstjóra.

3. Í þeim hluta skýrslunnar sem fjallar um fyrirætlanir um fjárfestingar í samtengingum sem um getur í d-lið 1. mgr. skal taka tillit til:

a) meginreglnanna varðandi viðbrögð við kerfisöng sem settar eru fram í reglugerð (EB) nr. 1228/2003,

b) flutningslína sem þegar eru til staðar og þeirra sem fyrirhugaðar eru,

c) væntanlegs framleiðslumynsturs, framboðs, viðskipta yfir landamæri og notkunar sem gerir kleift að stjórna eftirspurn, og

d) innlendra, svæðisbundinna og evrópskra markmiða um sjálfbæra þróun, þ.m.t. þeirra verkefna sem mynda hluta af „forgangsverkefnaásunum“ sem taldir eru upp í I. viðauka við ákvörðun 1229/2003/EB.

Aðildarríkin skulu tryggja að flutningskerfisstjórar veiti upplýsingar um fjárfestingarfyrirætlanir sínar, eða annarra aðila sem þeir hafa vitneskju um, að því er varðar framboð á flutningsgetu samtengilína yfir landamæri.

Aðildarríkin geta einnig gert kröfu um að flutningskerfisstjórar veiti upplýsingar um fjárfestingar sem

tengjast lagningu lína innanlands sem hafa veruleg áhrif á framboð samtenginga yfir landamæri.

4. Aðildarríkin eða lögbær yfirvöld skulu tryggja að flutningskerfisstjórum og/eða lögbærum yfirvöldum sé auðveldaður nauðsynlegur aðgangur að viðeigandi gögnum þar sem við á í þróun þessa verkefnis.

Tryggja skal að ekki sé greint frá trúnaðarupplýsingum.

5. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem um getur í d-lið 1. mgr. og lögbær yfirvöld hafa látið í té skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir aðildarríkin, lögbær yfirvöld og evrópskan hóp eftirlitsaðila með rafmagni og gasi sem komið var á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/796/EB ([8]) um fyrirhugaðar fjárfestingar og hvernig þær stuðla að markmiðunum sem sett eru fram í 1. mgr. 1. gr.

Þessa skýrslu má sameina þeirri skýrslugerð sem kveðið er á um í c-lið 1. mgr. 28. gr. tilskipunar 2003/54/EB og skal hún birt.

8. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 24. febrúar 2008. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu eigi síðar en 1. desember 2007 tilkynna framkvæmdastjórninni um ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

9. gr.

Skýrslugjöf

Framkvæmdastjórnin skal fylgjast með og yfirfara beitingu þessarar tilskipunar og leggja skýrslu um árangur fyrir Evrópuþingið og ráðið eigi síðar en 24. febrúar 2010.

10. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

11. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 18. janúar 2006.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
J. BORRELL FONTELLES	H. WINKLER
forseti.	*forseti.*

([8]) Stjtíð. ESB L 296, 14.11.2003, bls. 34.

860. Tillaga til þingsályktunar [559. mál]

um uppbyggingu í málefnum fatlaðra.

Flm: Alma Lísa Jóhannsdóttir, Þuríður Backman, Árni Þór Sigurðsson, Paul Nikolov.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hraða vinnu við fullgildingu sáttmálmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðra og hrinda í framkvæmd þeirri stefnumótun og sýn um þjónustu við fatlaða sem fyrir liggur í skýrslunni „Mótum framtíð – þjónusta við fötluð börn og fullorðna 2007–2016“.

Greinargerð.

Síðustu ár hefur verið unnin mjög metnaðarfull stefnumótun í málefnum fatlaðra en því miður hefur núverandi ríkisstjórn ekki fylgt henni. Þegar hafist var handa við stefnumótunina á Evrópuári fatlaðra 2003 var löngu orðið tímabært að endurskoða hugmyndafræðina í málefnum fatlaðra hér á landi. Niðurstöður stefnumótunarinnar voru kynntar í skýrslu á ráðstefnunni „Mótum framtíð“ sem fram fór dagana 29.–30. mars árið 2007, en þar var m.a. fjallað um stefnur og strauma í félagslegri þjónustu.

Almenn sátt er um skýrsluna og í ljósi þeirrar vinnu sem í hana var lögð af hálfu félagsmálaráðuneytisins, hagsmunaaðila, fatlaðs fólks, aðstandenda og fleiri er með öllu ótækt að hún fari forgörðum. Í skýrslunni er talað um það sem háleit markmið að fatlað fólk á Íslandi njóti sambærilegra lífskjara og lífsgæða og aðrir þegnar þjóðfélagsins. Flutningsmenn telja það hins vegar vera grundvallarmannréttindi í framsæknu velferðarsamfélagi.

Í skýrslunni kemur m.a. fram hversu mikilvægt er að styrkja forsendur hvers einstaklings til þátttöku í samfélaginu. Skert færni er ekki eini þátturinn sem hefur áhrif heldur hafa félags- og umhverfisþættir einnig mikil áhrif á möguleika hvers og eins til þess að vera virkur í samfélaginu. Hindranir koma niður á möguleikum til menntunar, vinnu og til að lifa virku félagslegu lífi. Það er því mannréttindamál að skapa aðstæður þar sem allir þegnar samfélagsins hafa sambærilega möguleika til að vaxa og dafna.

Auka þarf stuðning við fjölskyldur fatlaðra barna. Einstaklingsmiðuð, sveigjanleg þjónusta með þarfir hvers og eins að leiðarljósi hlýtur að vera markmið í allri þjónustu.

Auðvelda þarf þessum hópi að fylgja eftir réttindum sínum og mikilvægt er að ekki séu teknar ákvarðarnir um hagi einstaklinga án þátttöku þeirra sjálfra. Fólk með fötlun á að hafa möguleika til að hafa áhrif á alla ákvarðanatöku þeim viðkomandi og tryggja verður fullan aðgang að upplýsingum. Þannig á t.d. hver og einn einstaklingur að geta valið búsetuhætti sína sjálfur, enda er grundvallaratriði að geta haft áhrif á hvar og hvernig maður býr.

Allir hafa þörf fyrir að hafa hlutverk. Það er afar mikilvægt að fatlað fólk fái tækifæri til að stunda vinnu í samræmi við eigin óskir og þarfir. Þá er mikilvægt að tryggja að réttur fatlaðra á vinnumarkaði sé sambærilegur við það sem almennt gerist.

Mikilvægt er að tryggja faglega þekkingu og gæði í þjónustu við fatlaða. Einn liður í því að geta veitt góða þjónustu er að skapa góðar aðstæður fyrir fagmenntað starfsfólk þar sem samþætting, samvinna og þverfagleg sérfræðiþekking er í fyrirrúmi. Ef metnaðarfull áform í þessum málaflokki eiga að geta gengið eftir er grundvallarskilyrði að hlúa betur að starfsmönnum sem starfa í þjónustu fyrir fatlaða. Til þess að halda í gott starfsfólk verður að borga góð laun en því miður er langt í frá að svo sé í þjónustu við fatlaða hér á landi. Svo dæmi sé tekið er allt að 40–50% starfsmannavelta á ári á einstaka svæðisskrifstofum um málefni fatl-

aðra. Slíkt ástand er algjörlega óviðunandi og skerðir alla möguleika á því að tryggja að framsæknar hugmyndir í þessum efnum nái fram að ganga í íslensku samfélagi. Ef kjör starfsfólks sem vinnur að málefnum fatlaðra eru ekki bætt til muna er íslenskt samfélag dæmt til að vera eftirbátur annarra þjóða sem við berum okkur saman við í málaflokki sem þessum, er snertir mannréttindi og jafnræði.

Ákvæði um réttindi fatlaðra er að finna í fjölþjóðlegum sáttmálum sem Ísland er aðili að. Á ráðstefnunni sem vísað er til hér í upphafi var 30. mars 2007 sýnt myndband frá undirritun Íslands á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fólks með fötlun. Samningurinn felur í sér raunsannar réttarbætur og skýrir réttarstöðu fatlaðra og stöðu þeirra sem jafningja á við aðra samfélagsþegna, enda var hann unninn í nánu samráði við fatlaða og hagsmunasamtök þeirra. Samningurinn grundvallast á virðingu fyrir persónufrelsi einstaklingsins, jafnrétti kynjanna, banni við mismunun og óskoruðum rétti allra til þátttöku, aðgengi og virðingar. Einnig er m.a. kveðið skýrt á um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, aðgengi og þátttöku fatlaðs fólks að samfélaginu, rétt til menntunar og atvinnu sem og heilbrigðis- og félagsþjónustu.

Þingmaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Árni Þór Sigðurðsson, lagði þann 7. nóvember sl. fram fyrirspurn til félagsmálaráðherra um það hvort ráðherra muni beita sér fyrir því að Alþingi lögfesti sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðra. Fram kemur í svari ráðherra að málið sé í undirbúningi og að hún stefni að því að Ísland verði meðal 20 fyrstu þjóða til að fullgilda samninginn. Flutningsmenn þessarar tillögu taka undir þau orð ráðherra og vonast þeir til að fullgildingin geti átt sér stað þannig að áhrif hans verði raunveruleg. Á árinu 2008 er löngu tímabært að veita einstaklingum með fötlun sömu réttindi og stöðu sem aðrir þegnar þjóðfélagsins telja sjálfsögð. Í þeim efnum er ekki eftir neinu að bíða. Hér er því skorað á ríkisstjórn Íslands að hraða vinnu við fullgildingu á sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðra og hefjast nú þegar handa við að hrinda í framkvæmd þeim framfarasinnuðu markmiðum, sýn og stefnumótun sem þegar liggur fyrir innan félagsmálaráðuneytisins frá fyrri árum, eins og skýrslan sem hér er vitnað til ber vitni um.

861. Fyrirspurn [560. mál]

til forsætisráðherra um utanferðir ráðherra frá myndun núverandi ríkisstjórnar.

Frá Álfheiði Ingadóttur.

1. Hversu oft hefur hver ráðherra farið til útlanda í opinberum erindagjörðum frá myndun núverandi ríkisstjórnar?
2. Hvert var tilefni hverrar ferðar og hvert var farið?
3. Hversu margir voru í fylgdarliði ráðherra hverju sinni, svo sem frá ráðuneyti, stofnunum ráðuneytis, fjölmiðlum, fyrirtækjum o.s.frv.?
4. Hver var heildarkostnaður við hverja ferð og hverjir greiddu hann?
5. Var farið á kostnað annarra aðila en ráðuneytisins í ferð og þá hverra?

Svar óskast sundurliðað eftir kostnaði við ferðir til og frá Íslandi og innan landa sem heimsótt voru. Einnig er óskað upplýsinga um risnu, dvalarkostnað og dagpeninga.

Skriflegt svar óskast.

862. Svar [474. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Lúðvíks Bergvinssonar um fæðubótarefni.

1. *Hvernig er háttað heimildum Lyfjastofnunar til að meina matvöruverslunum að selja fæðubótarefni eftir að stofnunin hefur flokkað það sem lyf, eins og glucosamine sem hefur verið selt í matvöruverslunum í hátt í tuttugu ár?*

Í 2. mgr. 5. gr. lyfjalaga, nr. 93/1994, með síðari breytingum, segir að leiki vafi á því hvort einstök efni eða efnasambönd teljist lyf skeri Lyfjastofnun úr. Þegar meta á hvort efni/jurt teljist lyf eru m.a. lagðar til grundvallar fyrirliggjandi rannsóknir og einnig er horft til þess hvernig aðrar þjóðir hafa flokkað umrædd efni. Eftir því sem rannsóknum fjölgar og fleiri gögn koma fram er varpa ljósi á virkni efnis og verkunarmáta getur Lyfjastofnun endurskoðað flokkun sína á viðkomandi efni og breytt afstöðu sinni með vísan til nýrra upplýsinga.

Þann 11. október 2006 var innflytjendum glúkósamíns tilkynnt sú ákvörðun Lyfjastofnunar að flokka glúkósamín sem lyf. Innflytjendum var gefinn frestur til 15. október 2007 til að afla tilskilinna gagna og sækja um markaðsleyfi lyfs fyrir vöru sína. Þeir sem lögðu inn umsókn um markaðsleyfi fyrir þann tíma höfðu heimild til að hafa vöru sína á markaði þar til Lyfjastofnun hefði fjallað um umsóknina. Þau rök sem Lyfjastofnun lagði til grundvallar ákvörðun sinni voru einkum þau að sýnt hafði verið fram á verkun glúkósamíns við slitgigt. Þá var litið til þess að árið 2002 ákvað sænska lyfjastofnunin að flokka glúkósamín sem lyf og með ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins 13. desember 2006 var staðfest mat vísindanefndar (Committee for Medicinal Products for Human Use, CHMP) hjá Lyfjastofnun Evrópu (European Medicines Agency, EMEA) að flokka glúkósamín sem lyf. Frá þeim tíma hefur það verið flokkað sem lyf á öllu Evrópska efnahagssvæðinu. Lyfjastofnun hefur nú þegar veitt markaðsleyfi fyrir lyf sem innihalda glúkósamín.

Með framangreindri samevrópskri flokkun glúkósamíns sem lyfs var horfið frá fyrri flokkun þess sem fæðubótarefnis. Sala lyfsins glúkósamíns hefur frá 15. október 2007 fallið undir lyfjalög og samkvæmt ákvæðum 20. gr. lyfjalaga hafa þeir aðilar einir leyfi til lyfjasölu sem til þess hafa hlotið leyfi heilbrigðisráðherra. Um eftirlit Lyfjastofnunar samkvæmt lyfjalögum fer að XVI. kafla laganna.

2. *Hvaða reglur gilda um mat á því hvort efni flokkast sem lyf eða fæðubótarefni?*

Samkvæmt 2. tölul. 1. mgr. 5. gr. lyfjalaga, nr. 93/1994, er lyf hvers konar efni eða efnasamsetningar sem sögð eru búa yfir eiginleikum sem koma að gagni við meðferð sjúkdóma hjá mönnum eða dýrum eða við forvarnir gegn sjúkdómum eða hvers konar efni eða efnasamsetningar sem nota má fyrir menn eða dýr eða gefa þeim, annaðhvort í því skyni að endurheimta, lagfæra eða breyta lífeðlisfræðilegri starfsemi fyrir tilstilli líflyfjafræðilegrar eða ónæmisfræðilegrar verkunar eða verkunar á efnaskipti eða til þess að staðfesta sjúkdóms-

greiningu. Efni sem fellur undir framangreinda skilgreiningu er því flokkað af Lyfjastofnun sem lyf samkvæmt lyfjalögum. Falli efni ekki undir skilgreiningu á lyfi lýtur það viðeigandi löggjöf, svo sem reglugerð um fæðubótarefni sem sett er með stoð í lögum um matvæli, nr. 93/1995.

Þegar efni/jurt kemur til flokkunar hjá Lyfjastofnun er lagt mat á hversu vel virkni þess gegn ákveðnum sjúkdómum telst staðfest út frá þeim rannsóknum sem aðgengilegar eru sem og hvort verkunarmáti og/eða virk efni eru þekkt. Þá er horft til þess hvernig nágrannaþjóðir flokka efnið/jurtina og á hverju sú flokkun byggist. Einnig er litið til gagna um öryggi notkunar efnisins/jurtarinnar. Sé það mat stofnunarinnar að virkni efnis/jurtar sé í samræmi við skilgreiningu lyfjalaga á lyfi og að sú virkni sé staðfest með rannsóknum er efnið/jurtin flokkuð sem lyf og því óheimilt í sölu sem almenn vara hér á landi.

3. Hvað er átt við þegar talað er um lyfjavirk efni í fæðubótarefnum?

Þegar talað er um lyfjavirk efni er átt við efni sem rannsóknir benda eindregið til að hafi áhrif á lífeðlisfræðilega starfsemi og því flokkuð sem lyf samkvæmt skilgreiningu 5. gr. lyfjalaga, nr. 93/1994. Hafi einhver hug á að markaðssetja lyfjavirkt efni þarf að afla markaðsleyfis lyfs eða náttúrulyfs fyrir það eftir atvikum. Um slík markaðsleyfi fer samkvæmt lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum, og reglugerð nr. 684/1997, um markaðsleyfi náttúrulyfja. Næg rannsóknargögn þurfa þó að liggja fyrir svo sem um virkni, öryggi, skammtastærðir o.fl. til að hægt sé að meta umsókn í samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Þannig geta ekki allar vörur fengið markaðsleyfi náttúrulyfs eða lyfs þrátt fyrir að innihalda lyfjavirkt efni.

4. Eru dæmi þess að Lyfjastofnun banni jurt, t.d. salvíu, sem fæðubótarefni en leyfi hana sem krydd?

Til eru dæmi þess að jurt sé leyfð sem krydd en ekki sem fæðubótarefni. Fyrir því eru einkum tvær ástæður. Annars vegar er um að ræða tilfelli þar sem tegund jurtarinnar eru ekki sú sama í fæðubótarefninu og í kryddinu. Dæmi um slíkt er salvía. Jurtin *Salvia officinalis* er sú tegund sem notuð er sem krydd. Jurtin hefur einnig verið notuð í óhefðbundnum lækningum en virkni hennar er umdeild og hefur ekki verið staðfest. *Salvia divinorum* er sú tegund sem oftar sést í fæðubótarefnum, en sú jurt inniheldur virka efnið salvinorin A sem talið er orsaka þær vægu ofskynjanir sem jurtin er þekkt fyrir og er hún óheimil í fæðubótarefnum hér á landi. Hins vegar ber að líta til þess að í fæðubótarefnum hafa ákveðin virk innihaldsefni jurta í mörgum tilfellum verið mögnuð upp með úrhlutun (e. extraction) sem þýðir að styrkur virkra efna jurtarinnar í fæðubótarefni getur verið margfalt meiri en í jurtinni í náttúrulegu formi.

863. Svar [460. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um Breiðafjarðarferjuna Baldur.

1. *Hvaða ákvæði í samningi Vegagerðarinnar við Sæferðir ehf. frá 3. október 2005 gera ríkinu ókleift að selja Baldur á samningstímanum án samþykkis leigutaka, sbr. fréttatilkynningu fjármálaráðuneytisins, dags. 26. febrúar 2008?*

Með samningi Vegagerðarinnar og Sæferða ehf. frá 3. október 2005 fylgja viðaukar, þ.m.t. þurrleigusamningur á Baldri sem var hluti rekstrarsamnings og hafði sama gildistíma eða 1. janúar 2006 til 31. desember 2010. Þar sem rekstrarsamningurinn mælti fyrir um gagnkvæmar skyldur samningsaðila, þar á meðal skyldu til leigu á skipinu til Sæferða ehf. auk tiltekinna skuldbindinga Vegagerðarinnar tengdra rekstri og viðhaldi skipsins, var ljóst að ekki var heimilt samkvæmt rekstrarsamningnum að selja Baldur utanaðkomandi aðila nema með samþykki viðsemjanda.

2. *Hvert var verðmat ráðuneytisins og Vegagerðarinnar á Baldri við sölu skipsins til Sæferða ehf. og hvert var verðmatið talið vera við lok leigutímans í árslok 2010? Hverjir voru ráðgjafar ofangreindra aðila og hvert var verðmat þeirra á skipinu bæði við sölu og við lok samningstímans og hvenær var það verðmat gert?*

Verðmat Vegagerðarinnar á Baldri var 70–80 millj. kr. í desember 2005. Á þeim tíma taldi Vegagerðin sig ekki geta sagt til um verðið á Baldri í lok samningstíma. Ráðgjafi Vegagerðarinnar var Einar Hermannsson skipaverkfræðingur en hann leitaði álits bæði innan lands og utan um hugsanlegt verðmæti ferjunnar.

3. *Hvers vegna tók Vegagerðin að sér innheimtu hagnaðar af sölu Baldurs úr landi fyrir fjármálaráðuneytið? Hvaða fyrirmæli, leiðbeiningar eða umboð gaf fjármálaráðuneytið til Vegagerðarinnar eða samgönguráðuneytisins varðandi innheimtu kröfunnar og samninga um fjárhæð til greiðslu?*

Vegagerðinni var falið að innheimta söluandvirði Baldurs með bréfi fjármálaráðuneytisins sem dagsett er 27. febrúar þar sem Vegagerðin var samningsaðili ríkisins við Sæferðir ehf. Með öðru bréfi, dags. 2. maí 2006, frá fjármálaráðuneytinu mæltist ráðuneytið til að Vegagerðin annaðist einnig uppgjör á söluverði ferjunnar Baldurs. Í bréfi ráðuneytisins kemur fram að um sé að ræða mismun á söluverði vegna sölu til Sæferða ehf. og söluverði vegna sölu fyrirtækisins til þriðja aðila, sbr. 1. og 17. gr. kaupsamnings milli ríkissjóðs og Sæferða ehf., dags. 31. janúar 2006, sem taka þurfi til uppgjörs. Vegagerðin leitaði síðan eftir umboði fjármálaráðuneytisins með tölvupósti 2. maí 2007 um að semja við Sæferðir ehf. um að þeir gæfu út skuldabréf fyrir mismun á kaup- og söluverði vegna uppgjörsins sem greiddist með jöfnum afborgunum í tengslum við rekstrarsamning. Með nefndum tölvupósti óskaði Vegagerðin eftir heimild til að halda málinu áfram á framangreindum nótum og/eða eftir tillögum hvernig bæri að ljúka málinu.

4. *Hvers vegna var krafan lækkuð um 2 millj. kr. og hver voru rök Sæferða ehf. fyrir því að krefja Vegagerðina um greiðslu fyrir undirbúning Sæferða ehf. á siglingum til Vestmannaeyja og tengja þann kostnað við sölu á Baldri? Hvers vegna voru ekki greiddir vextir af skuld fyrirtækisins við ríkissjóð frá söludegi til uppgjörsdags, í um 15 mánuði?*

Þegar Sæferðir ehf. sendu gögn er tengdust sölu Baldurs dró fyrirtækið frá ýmsan annan kostnað en bein sölulaun er tengdist sölunni og niðurstaða útreiknings þess var að 30% hlutur ríkissjóðs væri rétt rúmar 12 millj. kr. og til viðbótar gerðu þeir kröfu um 25–30 millj. kr. greiðslu vegna þess að fallið hafði verið frá samningi um afleysingu fyrir Herjólf, sem stefnt hafði verið að haustið 2006. Í mars 2007 hafnaði Vegagerðin öllum kröfum Sæferða ehf. og frádráttarliðum vegna sölunnar öðrum en sölulaunum auk þess sem hún taldi ekki óeðlilegt að innheimta dráttarvexti vegna drátta á greiðslu. Þegar útlit var fyrir því að ekki tækist að innheimta skuld Sæferða ehf. við ríkissjóð nema með málarekstri eða öðrum kostnaðarsömum aðgerðum taldi Vegagerðin það hagsmunum ríkisins fyrir bestu að reyna að leita sátta um málið við Sæferðir ehf. Í tölvupósti 17. apríl 2007, sem Vegagerðin sendi forsvarsmanni Sæferða ehf., var boðin fram lækkun skuldar um 2 millj. kr., auk þess sem fallið væri frá dráttarvöxtum ef skuldin yrði greidd eigi síðar en 2. maí 2007. Í tölvupóstinum kom einnig fram að framangreint væri sett fram til sátta, en án viðurkenningar á framsettum kröfum og röksemdum Sæferða ehf. Vegagerðin mat það svo að hluti af einni kröfu Sæferða ehf. gæti verið réttmæt þar sem að töluverð vinna hefði verið fólgin í að afla Baldri haffærniskírteinis fyrir siglingar til Vestmannaeyja.

5. *Hvert var samráð fjármálaráðuneytisins við samgönguráðuneytið og Vegagerðina þegar það ákvað að ganga til samninga við Sæferðir ehf. um sölu ríkisins á Baldri, sbr. fréttatilkynningu fjármálaráðuneytisins, dags. 26. febrúar 2008?*

Upphaflega sneru Sæferðir ehf. sér að samgönguráðuneytinu og Vegagerðinni varðandi hugmyndir um sölu á Baldri. Sæferðum ehf. var vísað til fjármálaráðuneytisins þar sem það hefur umsjón með sölu ríkiseigna. Þar sem um var að ræða ferju í eigu ríkisins sem sigldi á styrktri áætlunarleið undir forsjá Vegagerðarinnar kallaði fjármálaráðuneytið samgönguráðuneytið og Vegagerðina til fundar um málið.

6. *Kom samgönguráðuneytið eða Vegagerðin að einhverju leyti að kaupum Sæferða ehf. á öðru skipi í stað Baldurs? Hvað var þessum aðilum kunnugt um varðandi fyrirhuguð kaup Sæferða ehf. þegar sala ferjunnar Baldurs var í undirbúningi?*

Hvorki Vegagerðin né samgönguráðuneytið komu að kaupum Sæferða ehf. á öðru skipi. Vegagerðinni og ráðuneytinu var kunnugt um áhuga Sæferða ehf. á að leita eftir öðru skipi til kaups við upphaf samningaviðræðna um rekstur á ferjunni 2006–2010 og voru síðan upplýst um stöðu málsins á fundi með fjármálaráðuneytinu. Afskipti Vegagerðarinnar komu svo til þegar samþykkja þurfti skipið til þjónustu samkvæmt rekstrarsamningi. Tiltaka má hér í lokin nokkurn samanburð hvaða þýðingu í raun það hafði fyrir ferðaþjónustu við Breiðafjörð að skipt var út ferju á þessari siglingaleið:

Gamli Baldur
Hámarksfjöldi fólksbíla: 19 venjulegir bílar.
Ef fluttir eru flutningabílar: einn 18 metra bíll og einn 11 metra bíll, auk 12 fólksbíla.
Bílaakreinar: 92 metrar.
Hámarksfarþegafjöldi: 195 farþegar.

Nýi Baldur
Hámarksfjöldi: 40 venjulegir fólksbílar.
Ef fluttir eru flutningabílar: fimm 18 metra flutningabílar, auk 15 fólksbíla.
Bílaakreinar: 215 metrar.
Hámarks farþegafjöldi: 300 farþegar.

Síðasta heila ár gamla Baldurs 2005	
Farþegar fram og til baka yfir Breiðafjörð og í Flatey	29.000
Fólksbílaeiningar	6.566
Vörubílaeiningar	885

Fyrsta heila ár nýja Baldurs 2007	
Farþegar fram og til baka yfir Breiðafjörð og í Flatey	44.000
Fólksbílaeiningar	11.440
Vörubílaeiningar	1.530

864. Svar [483. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um stuðning við frjáls félagasamtök.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur stuðningi umhverfisráðuneytis við frjáls félagasamtök verið háttað árin 2002–2007? Óskað er eftir því að í svarinu komi fram til hvers konar verkefna styrkir hafa verið veittir, hversu háir styrkir og hverjir ábyrgðaraðilar verkefnanna hafa verið, sundurliðað eftir fjárlagaliðum og árum.

Þann 20. mars 2001 skrifaði þáverandi umhverfisráðherra undir samstarfsyfirlýsingu umhverfisráðuneytisins og frjálsra félagasamtaka sem stuðningur ráðuneytisins byggist á. Í yfirlýsingunni segir:

„Markmið samstarfsaðila er að efla lýðræðislega umræðu um umhverfis- og náttúruvernd. Virkni og þátttaka almennings er forsenda árangurs í umhverfismálum. Hlutverk frjálsra félagasamtaka felst ekki síst í því að koma upplýsingum til almennings. Því vill umhverfisráðuneytið auka samráð við frjáls félagasamtök um stefnumörkun og framkvæmd umhverfisverndar í samræmi við ákvæði Árósasamningsins frá 1998.

Skilgreining.

- Í samstarfsyfirlýsingu þessari er með frjálsum félagasamtökum átt við öll þau samtök sem láta umhverfisvernd til sín taka óháð því hvort umhverfisvernd sé meginviðfangsefni samtakanna.
- Umhverfissamtök eru þau frjálsu félagasamtök sem hafa umhverfisvernd sem meginviðfangsefni og starfa á landsvísu eða eru svæðisbundin.

Forsendur.

- Aðilar að þessari samstarfsyfirlýsingu eru sammála um það að frjáls félagasamtök gegni mikilvægu lýðræðislegu hlutverki í umræðu um umhverfismál. Framlag þeirra við að upplýsa almenning, stjórnvöld og fjölmiðla er mikilvægur þáttur í sjálfbærri þróun íslensks samfélags.

– Í yfirlýsingu sem umhverfisráðherrar aðildarríkja efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu (UN/ECE) samþykktu í Árósum í júní 1988 undirstrika þeir mikilvægi frjálsra félagasamtaka og hvetja stjórnvöld til að styðja við bakið á slíkum samtökum og til að virkja þau við ákvarðanatöku um umhverfismál.
– Leitað verður heimildar Alþingis á árinu 2001 til staðfestingar á Árósasamningnum um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og réttláta málsmeðferð í umhverfismálum.
– Löggjöf í umhverfismálum kallar á umtalsvert samráð við almenning.

Form samráðs umhverfisráðuneytisins og frjálsra félagasamtaka.

– Umhverfisráðuneytið mun standa fyrir reglulegum samráðsfundum með umhverfissamtökum. Auk þess verður boðað til víðtækari samráðsfunda eftir því sem tilefni er til. Á þessum fundum mun ráðuneytið gera grein fyrir helstu málum sem unnið er að hverju sinni og umhverfissamtökin kynna sínar áherslur og verkefni.
– Umhverfisráðuneytið mun annað hvert ár boða til Umhverfisþings þar sem fjallað verður um stefnumörkun og framkvæmd á sviði umhverfismála og sjálfbærrar þróunar.
– Umhverfissamtök sem aðild eiga að samstarfsyfirlýsingu þessari geta óskað eftir samráðsfundum með umhverfisráðuneytinu þegar þau telja þörf á.
– Umhverfisráðuneytið mun leitast við að bjóða fulltrúum frjálsra félagasamtaka þátttöku í fjölskipuðum nefndum á vegum ráðuneytisins og að hafa samráð við þau við undirbúning lagafrumvarpa og reglugerða.

Stuðningur við umhverfissamtök.

– Umhverfisráðuneytið mun veita árlega styrki í samræmi við heimildir fjárlaga hverju sinni til almennra starfsemi umhverfissamtaka. Fjárframlög verða einungis veitt þeim félögum sem eru opin fyrir almennri aðild, starfa ekki í hagnaðarskyni, hafa opið og endurskoðað reikningshald og taka saman ársskýrslur. Slíkir styrkir komi til viðbótar við eigin fjáröflun sem standa skal undir meginhluta starfseminnar.
– Umhverfisráðuneytið mun auk þess veita fjármagni til faglegrar uppbyggingar umhverfissamtaka, og frjálsra félagasamtaka sem láta umhverfismál til sín taka, með því að styrkja tiltekin verkefni í samræmi við heimildir fjárlaga hverju sinni.
– Umhverfisráðuneytið mun veita umhverfissamtökum fjárhagslegan stuðning til þátttöku í stefnumarkandi alþjóðlegum fundum um umhverfismál samkvæmt nánara samkomulagi.
– Umhverfisráðuneytið mun setja nánari reglur um þennan stuðning í samráði við aðila að samstarfsyfirlýsingunni.

Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi.

– Umhverfissamtök eru hvött til þess að afla sér heimildar til þátttöku á fundum á vegum Sameinuðu þjóðanna og alþjóðlegra umhverfissamninga.

Aðild að samstarfsyfirlýsingunni.

– Umhverfisráðuneytið mun halda skrá yfir umhverfissamtök og önnur frjáls félagasamtök sem falla undir samstarfsyfirlýsingu þessa.
– Öllum þeim samtökum sem falla undir samstarfsyfirlýsinguna er heimilt að óska eftir aðild að henni.“

Á grunni þessarar yfirlýsingar hefur umhverfisráðuneytið veitt félagasamtökum styrki. Meðfylgjandi er yfirlit yfir veitta styrki 2002–2007. Árin 2002–2005 féllu styrkirnir undir fjárlagalið 14-190-190 en hafa síðan fallið undir lið 14-190-198. Forsvarsmenn félaganna eru ábyrgðaraðilar verkefnanna.

Þess má geta að nýr umhverfisráðherra ákvað að veita 2.000.000 kr. af ráðstöfunarfé ráðherra til stuðnings við frjáls félagasamtök og nema því styrkir ráðuneytisins til frjálsra félagasamtaka 12.000.000 kr. árið 2008 sem er um 20% hækkun frá fyrra ári.

Árið 2007 – styrkir samtals 9.970.000 kr.

Landvernd	
Rekstrarstyrkur	2.100.000 kr.
Bláfáninn	150.000 kr.
Grænfáninn	750.000 kr.
Vistvernd í verki	800.000 kr.
Náttúruverndarsamtök Íslands	
Rekstrarstyrkur	2.500.000 kr.
Upplýsingabæklingur um loftslagsmál	500.000 kr.
Fuglavernd	
Rekstrarstyrkur	1.000.000 kr.
Garðfuglar, fræðsla og upplýsingagjöf	250.000 kr.
Fuglaskógurinn	150.000 kr.
Hið íslenska náttúrufræðifélag	
Rekstrarstyrkur	350.000 kr.
Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs	
Rekstrarstyrkur	250.000 kr.
Uppgræðsluverkefni á Suðurlandi	400.000 kr.
Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi	
Rekstrarstyrkur	170.000 kr.
Náttúruverndarsamtök Austurlands	
Rekstrarstyrkur	200.000 kr.
Náttúruverndarsamtök Suðurlands	
Rekstrarstyrkur	300.000 kr.
Náttúruvaktin	
Rekstrarstyrkur	100.000 kr.

Árið 2006 – styrkir samtals 10.266.000 kr.

Náttúruverndarsamtök Íslands	
Rekstrarstyrkur	2.500.000 kr.
Fyrirlestur sérfræðings um loftslagsmál	100.000 kr.
Námskeið um umhverfisverndarsamtök	150.000 kr.
Bæklingur um ógnir vegna ofveiði	200.000 kr.
Landvernd	
Rekstrarstyrkur	2.100.000 kr.
Bláfáninn	150.000 kr.
Grænfáninn	750.000 kr.
Alviðra fræðslusetur	300.000 kr.
Vistvernd í verki	700.000 kr.
Framtíðarsýn fyrir hálendi Íslands	700.000 kr.
Fuglavernd	
Rekstrarstyrkur	900.000 kr.
Hið íslenska náttúrufræðifélag	
Rekstrarstyrkur	350.000 kr.
Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs	
Rekstrarstyrkur	250.000 kr.
Uppgræðsluverkefni á Suðurlandi	400.000 kr.
Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi	

Rekstrarstyrkur	216.000 kr.
Náttúruverndarsamtök Austurlands	
Rekstrarstyrkur	200.000 kr.
Náttúruverndarsamtök Suðurlands	
Rekstrarstyrkur	300.000 kr.

Árið 2005 – styrkir samtals 9.850.000 kr.

Landvernd	
Rekstrarstyrkur	2.100.000 kr.
Bláfáninn	150.000 kr.
Grænfáninn	500.000 kr.
Loftslagsverkefni	400.000 kr.
Alviðra fræðslusetur	300.000 kr.
Vistvernd í verki	600.000 kr.
Framtíðarsýn fyrir hálendi Íslands	600.000 kr.
Náttúruverndarsamtök Íslands	
Rekstrarstyrkur	2.500.000 kr.
Viðhorfskönnun vegna Rammaáætlunar	200.000 kr.
Fuglavernd	
Rekstrarstyrkur	500.000 kr.
Bæklingur um helstu fuglastaði	200.000 kr.
Fræðsluvefur um fugla	200.000 kr.
Hið íslenska náttúrufræðifélag	
Rekstrarstyrkur	350.000 kr.
Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs	
Rekstrarstyrkur	250.000 kr.
Uppgræðsluverkefni á Suðurlandi	400.000 kr.
Félag um verndun hálendis Austurlands	
Rekstrarstyrkur	200.000 kr.
Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi	
Rekstrarstyrkur	200.000 kr.
Náttúruverndarsamtök Austurlands	
Rekstrarstyrkur	200.000 kr.

Árið 2004 – styrkir samtals 8.110.000 kr.

Landvernd	
Rekstrarstyrkur	1.500.000 kr.
Grænfáni	350.000 kr.
Bláfáni	150.000 kr.
Nýting náttúru á Vestfjörðum	100.000 kr.
Loftslagsverkefni	400.000 kr.
Alviðra fræðslusetur	300.000 kr.
Vistvernd í verki	500.000 kr.
Ferðastyrkur	450.000 kr.
Náttúruverndarsamtök Íslands	
Rekstrarstyrkur	1.800.000 kr.
Ferðastyrkur	300.000 kr.
Fuglaverndarfélag Íslands	
Rekstrarstyrkur	450.000 kr.
Alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði á Íslandi	250.000 kr.
Ferðastyrkur	300.000 kr.

Hið íslenska náttúrufræðifélag
Rekstrarstyrkur 350.000 kr.
Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs
Rekstrarstyrkur 240.000 kr.
LAND-NÁM 400.000 kr.
Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi
Rekstrarstyrkur 120.000 kr.
Náttúruverndarsamtök Austurlands
Rekstrarstyrkur 150.000 kr.

Árið 2003 – styrkir samtals 9.400.000 kr.

Náttúruverndarsamtök Íslands
Rekstrarstyrkur 1.800.000 kr.
Ferðastyrkur 200.000 kr.
Landvernd
Rekstrarstyrkur 1.500.000 kr.
Verkefnastyrkir 2.200.000 kr.
Sameiginlegur styrkur með Fuglavernd 1.400.000 kr.
Fuglaverndarfélag Íslands
Rekstrarstyrkur 450.000 kr.
Sameiginlegur styrkur með Landvernd 1.400.000 kr.
Hið íslenska náttúrufræðifélag
Rekstrarstyrkur 350.000 kr.
Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs
Rekstrarstyrkur 240.000 kr.
Verkefnastyrkur 400.000 kr.
Sól í Hvalfirði
Rekstrarstyrkur 200.000 kr.
Félag um verndun hálendis Austurlands
Rekstrarstyrkur 200.000 kr.
Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi
Rekstrarstyrkur 160.000 kr.
Ferðaklúbburinn 4x4
Verkefnastyrkur 200.000 kr.
Skógræktarfélag Íslands
Verkefnastyrkur 100.000 kr.

Árið 2002 – styrkir samtals 6.350.000 kr.

Náttúruverndarsamtök Íslands
Rekstrarstyrkur 1.200.000 kr.
Ferðastyrkur 300.000 kr.
Landvernd
Rekstrarstyrkur 750.000 kr.
Verkefnastyrkur 1.800.000 kr.
Ferðastyrkir 550.000 kr.
Fuglaverndarfélag Íslands
Rekstrarstyrkur 350.000 kr.
Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs
Verkefnastyrkir 350.000 kr.
Hið íslenska náttúrufræðifélag
Rekstrarstyrkur 200.000 kr.

Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi	
Rekstrarstyrkur	150.000 kr.
Náttúruverndarsamtök Austurlands	
Rekstrarstyrkur	150.000 kr.
Ferðastyrkur	300.000 kr.
Skotveiðifélag Íslands	
Ferðastyrkur	250.000 kr.

865. Svar [177. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Valgerðar Sverrisdóttur um uppbyggingu hjúkrunarrýma.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig stendur undirbúningur að 174 nýjum hjúkrunarrýmum sem kynnt voru 4. nóvember 2006 og stendur til að verði á Suðurlandi, í Kópavogi, Mosfellsbæ, Reykjanesbæ, Hafnarfirði, Ísafirði og Garðabæ?

Í kjölfar niðurstöðu nefndar sem forsætisráðherra skipaði 16. janúar 2006, og fjallaði m.a. um búsetu- og þjónustumál aldraðra með tilliti til fjölbreyttari búsetuforma, stoðþjónustu og samþættingar heimahjúkrunar og félagslegrar heimilisþjónustu, var í nóvember 2006 samþykkt að fjölga hjúkrunarrýmum utan Reykjavíkur um 174 á næstu fjórum árum frá samþykktinni. Rýmunum var dreift þannig að 20 þeirra verða á Sjúkrahúsi Suðurlands, 44 rými verða í Kópavogi, 20 í Mosfellsbæ, 30 í Reykjanesbæ og 30 í Hafnarfirði, 10 á Ísafirði og 20 í Garðabæ.

Samkvæmt fjögurra ára framkvæmdaáætlun (byggingaráætlun) heilbrigðisráðuneytisins var gert ráð fyrir að framkvæmdum yrði lokið fyrir árslok 2010. Staða undirbúnings við byggingu hjúkrunarrýmanna var um áramótin, þegar byggingarmál hjúkrunarheimila voru flutt yfir í félagsmálaráðuneytið, eftirfarandi:

Á Selfossi var um áramótin verið að leggja síðustu hönd á 20 ný hjúkrunarrými og var heimilið formlega tekið í notkun föstudaginn 18. janúar sl.

Í Kópavogi er hönnun heimilisins langt á veg komin og hefur erindi verið sent fjármálaráðuneytinu / Framkvæmdasýslunni um heimild til að hefja útboðsvinnu vegna byggingarinnar. Í fjárlögum fyrir árið 2008 eru áætlaðar 350 millj. kr. til verksins á þessu ári sem er tæplega 90% af framlagi ríkissjóðs. Auk þess voru veittar 60 millj. kr. úr Framkvæmdasjóði aldraðra á árinu 2007.

Í Mosfellsbæ er verið að vinna að undirbúningi og liggja fyrir hugmyndir (teikningar) um útlit og fyrirkomulag heimilisins. Í framkvæmdaáætlun heilbrigðisráðuneytisins er gert ráð fyrir að framkvæmdir hefjist á þessu ári. Í fjárlögum fyrir árið 2008 eru veittar 93 millj. kr. til framkvæmdanna sem er rúmur helmingur af framlagi ríkissjóðs.

Í Reykjanesbæ byrjaði undirbúningsvinnan strax á árinu 2007 með vinnu við frumathugun fyrir hjúkrunarheimilið. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir við bygginguna hefjist á þessu ári. Í fjárlögum eru veittar til verksins 159 millj. kr. sem er rúmlega helmingurinn af framlagi ríkissjóðs til verkefnisins.

Í júlímánuði sl. kynntu Hafnfirðingar hugmyndir sínar um uppbyggingu öldrunarmála. Gert er ráð fyrir að sú vinna haldi áfram og á þessu ári liggi fyrir frumáætlun. Í framkvæmda

áætlun ráðuneytisins er gert ráð fyrir að byggingarframkvæmdir geti hafist eigi síðar en í lok þessa árs eða í byrjun árs 2009.

Ekki er gert ráð fyrir að undirbúningsvinna á Ísafirði hefjist fyrr en í lok þessa árs eða byrjun árs 2009.

Í Garðabæ hefur veruleg undirbúningsvinna farið fram vegna samþættingar öldrunarþjónustunnar í bæjarfélaginu. Gert er ráð fyrir að byggja nýtt hjúkrunarheimili þar sem rýmaþörf bæjarfélagsins verði uppfyllt. Í framkvæmdaáætlun ráðuneytisins var gert ráð fyrir að framkvæmdir hæfust ekki fyrr en árið 2009 og að þeim lyki ekki fyrr en árið 2010. Það hefur hins vegar verið unnið að því í ráðuneytinu að finna leiðir til að framkvæmdir gætu hafist fyrr.

866. Nefndarálit [331. mál]

um frv. til varnarmálalaga.

Frá minni hluta utanríkismálanefndar.

Síðastliðna tvo áratugi eða tæplega það hafa miklar og sögulegar breytingar gengið yfir heiminn á sviði utanríkis- og öryggismála, viðskipta og stjórnmála. Eftir langt kyrrstöðutímabil svokallaðra kaldastríðsára þar sem kjarnorkuvígbúið ógnarjafnvægi hélt heiminum í frosnum helgreipum hafa hlutirnir verið á fleygiferð. Þessar breytingar lúta ekki aðeins að upplausn Sovétríkjanna, Varsjárbandalagsins og falli Berlínarmúrsins og þar með gerbreyttum stjórnmálaaðstæðum í Evrópu með áhrifum á heiminn allan, heldur einnig að hnattvæðingu á forsendum fjármagns og stórfyrirtækja, stríði um olíu og aðrar auðlindir, og loftslagsbreytingum en auðvitað ekki síst að friðar- og öryggismálum. Ófriðarbál logar í Afganistan og í Írak; staðan hefur sennilega aldrei verið verri í deilunum milli Ísraels og Palestínu; í Afríku geisa átök og jafnvel hreinar kynþáttahreinsanir sem jaðra við þjóðarmorð á fleiri en einum stað. Allt eru þetta ótvíræðar vísbendingar um að aðferðafræði hernaðarhyggjunnar, hnefaréttarins og hernaðarbandalaganna er gjörsamlega gjaldþrota sem leið til aukins öryggis.

Með lokum kalda stríðsins og með hruni Sovétríkjanna breyttist valdaskipan heimsins. Það sem áður hafði verið ógnarjafnvægi tveggja stórvelda, í það minnsta á hernaðarsviðinu, varð allt í einu að ruglingslegri mynd. Gömlu evrópsku stórveldin voru mörg hver komin nokkuð að fótum fram, a.m.k. í hernaðarlegum skilningi og í skilningi hnattrænna pólitískra áhrifa, ríki Asíu glímdu við mikinn fólksfjölda og stöðuga fjölgun, og síðan tróndi á toppnum eitt stórveldi, Bandaríki Norður-Ameríku. Þetta er heimur með einum pól í stað tveggja og þótt fáir hugsandi menn sakni þess tíma er ekki þar með sagt að það sem við tók sé gallalaust. Enda fór það svo að í kjölfarið óx mjög hroki vestrænna valdamanna, einkum í Bandaríkjunum, sem töldu sér alla vegi færa og að nú þyrftu þeir engan lengur að spyrja álits á gerðum sínum.

En tímarnir eru fljótir að breytast. Bandaríkin urðu fyrir miklu áfalli 11. september 2001. Svo hörmuleg sem sjálf árásin var og glæpirnir viðbjóðslegir þegar ráðist var á turnana tvo, var þá kannski hið pólitíska og sálræna áfall sem stórveldið Bandaríkin urðu fyrir enn þá veigameira. Viðbrögð Bandaríkjamanna fyrstu vikurnar eftir árásina á tvíburaturnana báru vitni um þetta. En harðlínuöflin í Bandaríkjunum voru fljót að jafna sig og ná undirtökunum

á nýjan leik. Í hönd fór stríð þeirra gegn hryðjuverkum, skilyrðislaus krafa um stuðning og hlýðni undir vígorðinu „Annaðhvort ertu með okkur eða á móti“.

Í framhaldinu var sprengjum látið rigna úr lofti yfir eitt vanþróaðasta ríki heimsins, Afganistan, þar sem NATO situr nú fast í fúafeni og Bandaríkjamenn ögra öðrum NATO-ríkjum að taka meiri þátt í hernaðinum með sér. Í kjölfarið fylgdi svo ólögmætt árásarstríð, innrás í Írak 2003 á upplognum forsendum. Þessu „stríði gegn hryðjuverkum“ tengjast margvísleg og gróf mannréttindabrot, svo sem ólöglegt fangaflug, leynifangelsi, pyntingar, rekstur fangabúðanna í Guantanamo, „svartlistarnir“ og gríðarlega aukin upplýsingasöfnun um almenna borgara. Allt þrengir þetta að friðhelgi manna og ferðafrelsi.

Brotthvarf hersins á Miðnesheiði.

Hér á Íslandi studdu stjórnvöld skilyrðislaust þessa nýju hernaðarhyggju sem fólst í „stríðinu gegn hryðjuverkum“. Íslensk stjórnvöld studdu bæði stríðið í Afganistan og í Írak, og var þá iðulega spilað á ótta við að herinn á Miðnesheiði kynni að yfirgefa landið ef Íslendingar röðuðu sér ekki upp meðal „hinna staðföstu þjóða“.

Stuðningurinn við ólögmæt árásarstríð voru þó hvorki fyrsta sé síðasta tilraun íslenskra stjórnvalda til að halda í bandaríska herinn. Í hvert skipti sem bandarískt herinn gaf út að nú stæði til að draga úr viðbúnaði einkenndust viðbrögð íslenskra ráðamanna af taugaveiklun og afneitun á þeirri staðreynd, sem duldist engum hugsandi manni, að fyrr frekar en síðar færi herliðið af landi brott. Vandræðagangurinn hófst strax upp úr 1991 í tíð Jóns Baldvins Hannibalssonar sem utanríkisráðherra og lauk ekki fyrr en langþráður draumur þeirra sem börðust fyrir herleysi Íslands rættist 30. september 2006 þegar bandarískt herinn yfirgaf landið eftir 55 ára samfellda veru.

Eins fráleitt og það var virtist brottför hersins koma íslenskum stjórnvöldum í opna skjöldu. Undirbúningur undir þessi tímamót, sem öllum hugsandi mönnum hefðu mátt vera ljós, var ótrúlega handahófskenndur og í raun enginn. Afleiðingin varð sú að íslenska þjóðin og sérstaklega Suðurnesjamenn sátu uppi með tómar byggingar og horfin störf á Miðnesheiði. Íslendingar vöknuðu upp við þann draum að þeir ættu ekki nauðsynleg tæki og tól til að reka sinn eina stóra millilandaflugvöll og voru ofurseldir náð og miskunn Bandaríkjamanna um að þeir fengju að yfirtaka völlinn. Þótt þokkalega hafi tekist til við að leysa þau vandamál sem sköpuðust þar vegna brottfarar hersins er það síður en svo þeim að þakka sem neituðu að horfast í augu við veruleikann og þær breytingar sem voru að verða allt í kringum okkur og löngu framkominn vilja Bandaríkjamanna til að hverfa héðan á brott.

Svikin loforð um þverpólitískt samráð.

Í ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks var mönnum svo brugðið við brottför hersins að í september 2006 lofaði hún vönduðu, þverpólitísku samstarfi allra flokka um framhald mála og var sambærilegu fyrirheiti komið inn í stjórnarsáttmála að loknum kosningum í maímánuði fyrir hartnær ári síðan. Efndirnar láta enn bíða eftir sér. Með tilkomu þessa frumvarps, undangenginna samninga við grannríki um heræfingar og fleiri stefnumótandi ákvarðana er verða ráðandi um stöðu öryggis- og utanríkismála næstu árin má segja að þessi hátíðlegu loforð bæði fyrrverandi og núverandi ríkisstjórnar um þverpólitískt samráð og samvinnu í málaflokknum séu endanlega svikin. Þetta er að sjálfsögðu bæði stórlega ámælisvert og dapurlegt í senn. Með brottför Bandaríkjahers af landinu haustið 2006 og vegna margvíslegra breytinga í alþjóðamálum sköpuðust kjöraðstæður til að endurmeta allar áherslur Íslands á þessu sviði og endurskilgreina stöðu landsins og hagsmuni í öryggislegu

og pólitísku tilliti. Ekki síst var, og væri enn, sá kostur spennandi að nota tækifærið og leggja grunn að meiri samstöðu og sátt um utanríkis- og öryggismálastefnu landsins eftir að harðvítugar deilur um aðild að hernaðarbandalagi og erlenda hersetu höfðu þverklofið þjóðin í meira en hálfa öld. Hvorki fyrrverandi né núverandi ríkisstjórn virðast hafa á því áhuga að svo mikið sem reyna að sætta sjónarmið og leita málamiðlana milli þeirra sem eru andvígir hernaðarhyggjunni og hvers kyns hernaðarbrölti á Íslandi og hinna sem trúað hafa stálinu.

NATO-væðing.

Í kjölfarið á brottför hersins var gengið til samninga við Bandaríkjamenn um góssið og samskipti í framhaldinu. Vandræðagangurinn lýsti sér ekki síst í yfirtökunni á rekstri Ratsjárstofnunar. Um tíma var ekki ljóst hvort þeim rekstri yrði yfirhöfuð haldið áfram en að lokum fundu menn sér réttlætingu í því að NATO hefði mikinn áhuga á því að starfsemin, þ.e. hinn hernaðarlegi hluti hennar, yrði rekin áfram. Handarbakavinnubrögðin sjást best á því að fyrst þann 1. ágúst 2007 skipaði utanríkisráðherra starfshóp til að undirbúa yfirtöku íslenskra stjórnvalda á starfsemi Ratsjárstofnunar sem fór svo fram 15. ágúst, sem sagt hálfum mánuði síðar. Samhliða því var farið að ræða við ýmsar nágrannaþjóðir í NATO og draga þær að samningaborði til að koma hingað með heri sína til æfinga. Og loks voru tekin í fyrsta skipti í sögunni inn á íslensk fjárlög og fjáraukalög stórfelld útgjöld til hernaðarmála sem tengjast veru Íslands í hernaðarbandalaginu NATO, heræfingum og stríðsleikjabrölti. Allar eru þessar ákvarðanir teknar áður en nokkur greining eða skoðun hefur farið fram á stöðu Íslands og þörfum að þessu leyti og án nokkurrar undangenginnar umræðu og lýðræðislegrar umfjöllunar. Um frekari upplýsingar vísast til fylgiskjals XV: upplýsingaskýrslu til utanríkismálanefndar um atburðarás frá því að tilkynnt var um brottför varnarliðsins frá Íslandi.

Þegar allt er tínt til er hér um að ræða meiri háttar hervæðingu á forsendum NATO, sannkallaða NATO-væðingu íslenskra utanríkis- og öryggismála. Þessi NATO-væðing lýsir sér í fyrsta lagi í lögbindingu reglubundinna heræfinga NATO-ríkja hér á landi, eins og fram kemur einkum í VII. kafla frumvarpsins, 18.–20. gr. Heræfingar þessar, svokallað loftrýmiseftirlit, hinn geysikostnaðarsami rekstur hins hernaðarlega hluta ratsjárkerfisins og allt hið viðamikla og dýra umstang þessu tengt á aðeins að eiga við á svokölluðum friðartímum. Komi til ófriðarástands eða þess að ófriðlega horfi á áfram að treysta á gamla herverndarsamninginn við Bandaríkin. Og, eins og áður sagði, hefur allt þetta verið ákveðið án þess að fyrir liggi nokkurt mat á þeirri ógn sem Íslandi stafar af öðrum ríkjum eða utan frá yfirleitt. Drög að slíkri vinnu eru fyrst nú að fara af stað á vegum nefndar undir forustu Vals Ingimundarsonar. Allt vísar í þá átt að heræfingarnar og rekstur ratsjárstöðvanna þjóni fyrst og fremst markmiðum NATO og séu liður í auknu samstarfi við hernaðarbandalagið fremur en að þær eigi að stuðla að auknu öryggi íslensku þjóðarinnar.

Í öðru lagi brýst NATO-væðingin fram í tilkomu nýrrar hermálastofnunar sem frumvarpið gerir ráð fyrir, Varnarmálastofnunar, sem verður best lýst sem einhvers konar blöndu af útibúi NATO hér á landi og íslenskri hermálastofnun. Fyrir utan þann mikla og næsta örugglega ört vaxandi kostnað sem rekstur stofnunarinnar mun hafa í för með sér er eðli hennar að mörgu leyti óskemmtilegt og í hróplegu ósamræmi við ítrekaðar yfirlýsingar um að Íslendingar séu og ætli að vera herlaus og friðelskandi þjóð.

Í þriðja lagi gerir frumvarpið ráð fyrir stórauknu samstarfi við NATO og í reynd endanlegri inngöngu í hernaðarbandalagið. Inngangan var á sínum tíma, ásamt með komu Bandaríkjahers, umdeildasta pólitíska deilumál lýðveldissögunnar þangað til deilur um stóriðjustefnuna á síðustu árum tóku við. Þegar Ísland gekk í NATO með sínum frægu fyrirvörum

um að hér skyldi ekki vera her á friðartímum og að aldrei væri ætlunin að koma upp her, þá var þátttaka okkar í framhaldinu í raun fyrst og fremst formlegs eðlis. Ísland tók ekki þátt í hermálasamstarfi NATO, auðvitað ekki í kjarnorkuvígbúnaðarhlutanum og Ísland greiddi ekki í mannvirkjasjóðinn. Þar með var Ísland í raun og veru passíft eða afskiptalaust um málefni NATO að þessu leyti. Með frumvarpinu og tengdum aðgerðum og ákvörðunum að undanförnu er lokaskrefið tekið inn í NATO, til fullgildrar og virkrar þátttöku í öllu starfi hernaðarbandalagsins: Ísland situr í hermálanefndinni, borgar í mannvirkjasjóðinn frá og með þessu ári og farið er að taka við leyndarupplýsingum NATO í sérstöku „leyndarherbergi“ í utanríkisráðuneytinu. Merki frá hernaðarratsjám á Íslandi eiga að renna inn í NATO-kerfið í framtíðinni og þannig mætti áfram telja.

Í sambandi við hina nýju utanríkis- og öryggismálastefnu, stefnu NATO-væðingarinnar, er ekki síst mikilvægt að gera sér grein fyrir að það er hið nýja NATO sem um ræðir. Þetta er NATO sem hefur horfið frá fyrri skilgreiningum og markmiðum um að vera svokallað varnarbandalag á því landsvæði sem tilheyrði aðildarríkjunum og til þess að vera árásaraðili, gerandi jafnvel í fjarlægum heimsálfum. NATO stóð sjálft í fyrsta sinn fyrir beinum hernaðaraðgerðum með loftárásunum á Júgóslavíu og tók svo við stríðsrekstrinum í Afganistan af Bandaríkjamönnum og Bretum á árinu 2004 enda höfðu þeir þá fundið sér verkefni annars staðar eins og kunnugt er.

Kostnaðurinn.

Undirritaður fór sem fulltrúi í utanríkismálanefnd í heimsókn upp á Keflavíkurflugvöll á dögunum og skoðaði þar hið nýja fríríki utanríkisráðuneytisins, „öryggissvæðið“, sem Varnarmálastofnunin á að stjórna. Þar virðist ætlunin að til viðbótar við Varnarmálastofnun og umsvif á hennar vegum hreiðri margar aðrar opinberar og hálfopinberar stofnanir um sig með tilheyrandi útþenslu og kostnaði. Allt verður það meira og minna í tengslum við heræfinga- og stríðsleikjabrölt, margs konar kostnaðarsöm gæluverkefni sem eiga fátt skylt við almenna íslenska öryggishagsmuni. Er ærin ástæða til að hafa af þessari þróun áhyggjur fyrir hönd íslenskra skattgreiðenda. Á þessu sviði er báknið ekki á leiðinni burt heldur er þvert á móti að verða til nýtt bákn með öll einkenni þess og þegar fram komna tilburði til að réttlæta eigin tilvist og heimta meiri og meiri peninga.

Í fylgiskjali I með nefndaráliti þessu er að finna minnisblað frá utanríkisráðuneytinu um áætlaðan rekstrarkostnað og tekjumöguleika Varnarmálastofnunar næstu þrjú árin sem undirritaður óskaði eftir að tekið yrði saman. Þótt blaðið sé rýrt og athygli veki að ekki skyldu berast ítarlegri gögn frá ráðuneytinu um þennan þátt mála sýnir það samt að þarna stefnir í rekstur upp á einn og hálfan til tvo milljarða kr. þegar á allra næstu árum. Er þó ljóst að margt er ótalið og fellur til annars staðar en hjá Varnarmálastofnun. Því skal hér spáð að innan fimm ára verði kostnaður vegna NATO-væðingarstefnunnar í heild sinni kominn í 3,5–5 milljarða kr. ráði óbreytt stefna.

Vígbúnaðarkapphlaupið og kostnaður vígvæðingar í heiminum.

Rétt er að staldra aðeins við þennan þátt hervæðingar, kostnaðinn, og setja hann í alþjóðlegt samhengi. Um þessar mundir fara fréttir af útreikningum hagfræðingsins Josephs Stiglitz, sem hlotið hefur nóbelsverðlaun í grein sinni, á kostnaðinum við Íraksstríðið eins og stormur um heimsbyggðina. Niðurstaða hans er að stríðið hafi kostað Bandaríkjamenn þrjú þúsund milljarða bandaríkjadala, sem er meira en 180-föld landsframleiðsla Íslands. Þá eru

aðeins talin útgjöld bandarískra yfirvalda til stríðsins, og Stiglitz telur líklegt að kostnaður Bretlands og annarra vígfúsra ríkja sé samanlagt á svipuðu róli.

Samhliða því að vestræn ríki verji með þessum hætti meiri og meiri fjármunum í styrjaldir eru fleiri ríki heims að vígbúast. Tvö ríki eru í nokkrum sérflokki hvað þetta varðar. Rússar, undir forustu Vladimírs Pútín, fara ekki leynt með að verið sé að endurreisa hið rússneska herveldi til að bregðast við hernaðarmætti Bandaríkjanna og annarra NATO-ríkja. Útgjöld til hernaðarmála hafa þar aukist um meira en 10% árlega á undanförnum árum. Sömu sögu er að segja af Kínverjum, nema að þar er hernaðaruppbyggingin fyrst og fremst ný af nálinni en ekki afturhvarf til fyrri hernaðarhyggju. Samkvæmt nýjustu yfirlýsingum frá Kínverjum munu útgjöldin til hermála aukast um 17,6% á þessu ári. Réttlætingin er iðulega sú sama og hjá Rússum: verið er að bregðast við hernaðarmætti Bandaríkjanna og annarra vestrænna ríkja.

Almennt má því segja að útlit sé fyrir að verið sé að blása lífi í vígbúnaðarkapphlaupið sem margir töldu að mundi ljúka með hruni Sovétríkjanna. Ábyrgð NATO á þeirri endurlífgun er mikil enda eru það enn NATO-ríkin Bandaríkin, Bretland og Frakkland sem eyða mestum fjármunum til hernaðar í heiminum og hvetja þannig til aukins vígbúnaðar annarra ríkja. Hlutur NATO-ríkja í heildarútgjöldum til hermála í heiminum er 70% og munar þar mest um hlut Bandaríkjanna sem er næstum 50%.

Til er ein og aðeins ein leið út úr þeim vítahring vígvæðingar sem við erum nú illu heilli að festast í sem aldrei fyrr. Það er hnattræn afvopnun þar sem hver þjóð leggur sitt af mörkum. Með þessu frumvarpi er óumdeilanlega farið í þveröfuga átt og í stað þess að leggja lóð á skálar afvopnunar í heiminum er tekið þátt í vígbúnaðarkapphlaupinu með virkum hætti, virkari en Íslendingar hafa áður gert.

Íslenskir öryggishagsmunir.

Í beinu framhaldi af því að ræða nýtilkominn og stórfelldan tilkostnað vegna NATO-væðingarstefnunnar, vegna hernaðaræfinga og uppihalds erlendra herja í tilgangsleysi á friðartímum er rétt að spyrja hvaða aðgerðir og hvers konar ráðstöfun fjármuna mundi gagnast best til að tryggja eftir föngum öryggi íslenskra borgara, frið og stöðugleika hér á landi og í okkar næsta nágrenni.

Enginn vafi er á því að mun nærtækara er að ráðstafa fé til að efla t.d. hið bráðnauðsynlega sjálfboðaliðastarf björgunarsveita í landinu og aðstoða þær við að búa sig sem best af tækjakosti og aðstöðu allri. Í öðru lagi er almenn löggæsla í landinu svelt og hefur dregist saman á sama tíma og gæluverkefni hjá ríkislögreglustjóra túrna út. Auknir fjármunir til almennrar löggæslu er tvímælalaust mikilvægur liður í að efla öryggi og viðhalda stöðugleika og friði í samfélagi okkar. Í þriðja lagi er engin deila um að búa þarf vel að Landhelgisgæslunni og sérstaklega flugbjörgunarsveit hennar hvað varðar tækjakost og mannafla. Efling almannavarna, tollgæsla, landamæraeftirlit, barátta gegn innflutningi ólöglegra fíkniefna o.fl. – allt eru þetta þættir sem hljóta að koma til álita og skoðunar þegar rætt er um ráðstöfun fjármuna gagngert í því skyni að tryggja öryggi, vellíðan og frið í landinu og gæta þannig hagsmuna hinna almennu borgara.

Mengunarvarnir, viðbúnaður sem lýtur að því að mæta eldgosum, jarðskjálftum, farsóttum, veðurhamförum og öðrum slíkum þáttum eru allt hlutir af sama toga og nærtækari en sú ímyndaða utanaðkomandi hernaðarógn sem í reynd væri eina mögulega réttlæting þess að taka inn á íslensku fjárlögin milljarðaútgjöld til hernaðarverkefna. Enginn hefur getað bent á þann óvin sem menn ætla að verja sig gegn. Þegar allt um þrýtur hafa menn helst nefnt

auknar siglingar olíuflutningaskipa fram hjá landinu, hvernig sem menn ætla nú að glíma við hættur af slíku með heræfingum og orrustuþotum. Þegar við bætist að allt þetta umstang og brölt, rekstur radarstöðvakerfisins, loftrýmiseftirlitið, heræfingarnar og uppihald erlendra herja hér á landi á kostnað íslenskra skattborgara, er eingöngu hugsað á friðartímum hlýtur að þurfa einhver rök sem hafa ekki enn komið fram eigi að réttlæta slíkt.

Það stingur sérstaklega í augu að á sama tíma og ekki virðast vera nægir fjármunir til að halda uppi almennri löggæslu og grenndargæslu í landinu, búa betur að ýmissi lífsnauðsynlegri starfsemi, eins og starfsemi björgunarsveitanna sem alltaf er leitað til þegar á bjátar, þegar óveður geisa, þegar bjarga þarf mönnum úr háska, þegar leita þarf að týndu fólki o.s.frv., þá skuli vera til milljarðafjármunir til að leiða í lög á Íslandi grímulausa hernaðarhyggju og NATO-væða utanríkis- og öryggismálastefnu okkar.

Um efni frumvarpsins og einstakar greinar.

Um efni frumvarpsins sérstaklega er það að segja að markmið þess eins og þau eru sett fram í 1. gr. líta vel út við fyrstu sýn. En þegar betur er að gáð eru í flestum tilfellum engar innstæður fyrir þeim fallegu fyrirheitum sem þar eru. Í nefndaráliti og breytingartillögum meiri hluta utanríkismálanefndar er fólgin staðfesting á því að frumvarpið er meingallað og nær alls ekki þeim markmiðum sem því eru í orði kveðnu ætlað að gera. Hefur meiri hlutinn af þeim ástæðum séð sig knúinn til að gera á uppsetningu og efni frumvarpsins, einkum fyrstu greinum þess, umtalsverðar breytingar.

Óskýr mörk milli hernaðarlegra og borgaralegra verkefna.

Í 1. gr. er fjallað um gildissvið og markmið og er þar m.a. tekið fram að lögin taki ekki til verkefna stjórnvalda sem séu borgaraleg í eðli sínu, svo sem löggæslu og almannavarna. Þegar betur er að gáð er veruleikinn ekki svona einfaldur. Má í því sambandi vísa til fylgiskjala með nefndaráliti þessu og samskipta utanríkismálanefndar og utanríkisráðuneytis og sérstaklega fylgiskjals IV, minnisblaðs frá utanríkisráðuneytinu til utanríkismálanefndar, dagsetts 11. mars 2008, þar sem brugðist er við umsögn ríkislögreglustjóra um frumvarpið. Þar er m.a. komist svo kostulega að orði á einum stað um þessi efni að athygli vekur. Sagt er: „Varnarmálastofnun telst samkvæmt framansögðu borgaraleg stofnun sem mun, að meginstefnu til, sinna varnartengdum verkefnum sem teljast ekki borgaraleg í eðli sínu.“

Um markmið laganna segir í a-lið 1. gr. að þau séu m.a. „að afmarka valdheimildir íslenskra stjórnvalda varðandi varnartengd verkefni“. Mikill vafi leikur á að hægt sé að segja að lögin standi að þessu leyti til undir nafni, heldur virðist sem skörun milli hernaðarlegra eða varnartengdra verkefna og ýmiss konar borgaralegrar starfsemi sé miklu meiri en látið er í veðri vaka í frumvarpinu og greinargerð þess. Sama gildir að nokkru leyti um b-lið þar sem segir að eitt af markmiðum laganna sé „að greina á milli varnartengdra verkefna og borgaralegra verkefna sem lúta að löggæslu og innra öryggi ríkisins“.

Almennt má segja að með frumvarpi þessu virðist alls ekki hafa tekist að draga upp þær hreinu línur milli hernaðarverkefna og hernaðarumsvifa annars vegar og borgaralegra þátta hins vegar sem þó er látið í veðri vaka að sé gert. Til marks um þetta eru ekki síst þær alvarlegu athugasemdir sem ríkislögreglustjóri og fleiri borgaralegir aðilar gerðu, bæði í umsögnum sínum og á fundum með utanríkismálanefnd.

Ólýðræðislegt og ógagnsætt fyrirkomulag.

Í c-lið 2. mgr. 1. gr. segir að eitt markmiðið sé „að greina á milli stefnumótunar og framkvæmdaratriða á sviði varnarmála“. Þegar betur er að gáð er þetta alls ekki gert og strax í 3. gr. frumvarpsins er komin upp mótsögn við það sem segir í c-lið 2. mgr. 1. gr. um markmið, enda er þar tekið fram að utanríkisráðherra beri ábyrgð á bæði mótun og framkvæmd öryggis- og varnarstefnu Íslands. Og í d-lið 2. mgr. 1. gr. segir að eitt af markmiðum laganna skuli vera „að auðvelda lýðræðislegt eftirlit með varnartengdri starfsemi“. Ekkert er hins vegar sagt í frumvarpinu um það hvernig hinu lýðræðislega eftirliti skuli háttað ef frá er talin 25. gr. þar sem fjallað er um „ársskýrslu Varnarmálastofnunar“. Bendir 25. gr. raunar til þess að hið lýðræðislega eftirlit verði því sem næst ekkert, enda hafi utanríkisráðherra þá einu skyldu gagnvart löggjafarþinginu að kynna skýrsluna og birta útdrátt á heimasíðu stofnunarinnar. Einnig að þessu leyti bregst því frumvarpið og frekara efnisinnihald þess með öllum þeim væntingum sem vakna við lestur hinna háleitu markmiða í 1. gr.

Eins fela næstu greinar, 2., 3. og 4. gr., og svo aftur ákvæði 3. kafla um stjórnsýslu, 6. og 7. gr., utanríkisráðherra mjög víðtækt vald sem tekur bæði til stefnumótunar og framkvæmdar á þessu sviði. Höfundar frumvarpsins hafa í þessu efni farið offari og eru breytingartillögur og umfjöllun í nefndaráliti meiri hluta utanríkismálanefndar m.a. til marks um það. Það segir sína sögu að utanríkismálanefndar er nánast að engu getið í frumvarpinu og þá eingöngu í þeim tilvikum sem um einhvers konar tilkynningarskyldu til nefndarinnar eða upplýsingaskyldu er að ræða.

Það fyrirkomulag sem hér á að setja á fót í formi hlutverks utanríkisráðuneytisins og Varnarmálastofnunar er ólýðræðislegt og ógagnsætt. Ekki er gert ráð fyrir neinu sérstöku eftirliti eða sérstakri aðild af hálfu utanríkismálanefndar eða sérnefndar eins og víða á við í öðrum þjóðþingum. Ekki er heldur gert ráð fyrir að lögð sé fyrir Alþingi stefnumótun á sviði öryggismála, t.d. í formi þingsályktunar. Ekki er gert ráð fyrir að sett verði á fót sérstök eftirlitsnefnd eða að utanríkismálanefnd sé falið slíkt hlutverk með beinum hætti þannig að þeirri starfsemi sem þessum málum tengjast, þar á meðal upplýsingasöfnun og upplýsingagreiningu, sé veitt lýðræðislegt aðhald. Sérstök ástæða væri til að hafa hér uppi virkt kostnaðareftirlit því eins og áður hefur komið fram er ærin ástæða til að ætla að útgjöld muni vaxa ört og verða stórfelld strax á komandi árum á grundvelli þessa frumvarps.

Heræfingar og hernaðarbrölt.

Rétt er að vekja athygli sérstaklega á 2. kafla og ákvæðum 5. gr. um skilgreiningar hugtaka. Í reynd eru þær sennilega hvað mest upplýsandi um það hvað raunverulega er hér á ferðinni, að frumvarpið er lagarammi um heræfingar og hernaðarbrölt. Það sést t.d. ef skoðaðar eru skilgreiningar í 3. tölul. um hlutverk gistiríkis og 16. tölul. um varnaræfingar. Svipað má segja þegar komið er í 7. gr. og talin eru upp verkefni Varnarmálastofnunar. Meðal verkefna þar eru rekstur íslenska loftvarnakerfisins (þ.e. hernaðarratsjárstöðvanna), undirbúningur og umsjón varnaræfinga sem haldnar eru hérlendis og framkvæmd gistiríkisstuðnings íslenskra stjórnvalda. Og hvert er hlutverk gistiríkis samkvæmt skilgreiningu í 5. gr.? Jú, það er að taka á móti liðsafla og búnaði á vegum Atlantshafsbandalagsins eða annarra ríkja sem koma að aðgerðum á yfirráðasvæði þess eða ferðast í gegnum það.

Varnarmálastofnun.

Í 7. gr. segir að á meðal helstu verkefna Varnarmálastofnunar sé „[þ]átttaka í starfi nefnda og undirstofnana Atlantshafsbandalagsins, þ.m.t. herstjórnarmiðstöðvar bandalagsins“.

Meðal hlutverka Varnarmálastofnunar er einnig „[r]ekstur gagnatenginga við upplýsingakerfi Atlantshafsbandalagsins og undirstofnana þess sem Ísland hefur aðgang að og úrvinnsla upplýsinga úr slíkum kerfum“. Verkefni Varnarmálastofnunar eru því ýmiss konar hernaðartengd verkefni, upplýsingasöfnun og úrvinnsla hernaðarlegra upplýsinga.

Af öðrum ákvæðum sem tvímælis orka vill minni hlutinn fyrst og fremst nefna allt sem lýtur að mannahaldi og ráðningarskilmálum starfsmanna, ekki síst ákvæði 10. gr. um tímabundnar mannaráðningar þar sem ýmislegt orkar mjög tvímælis þótt utanríkismálanefnd, eins og fram kemur í breytingartillögum meiri hlutans, hafi gert sitt til að lagfæra þau ákvæði. Ákvæði 7. kafla, 18.–20. gr., eru lagarammi um hið svokallaða loftrýmiseftirlit, um gistiríkishlutverk Íslands til að standa hér straum af hingaðkomum, veru og uppihaldi erlendra herja og heræfingarnar sjálfar, sbr. ákvæði 20. gr. um svokallaðar varnaræfingar. Hve mikill kostnaður á eftir að lenda á herðum íslenskra skattborgara vegna fullkomlega tilgangslausra, óþarfra, ónæðissamra og skaðlegra heræfinga og tengds brölts mun framtíðin ein leiða endanlega í ljós, þ.e. verði framfylgt óbreyttri stefnu, en ljóst er að þar eru fjárhæðir mældar í hundruðum milljóna og milljörðum en ekki smærri einingum. Slík eru gjöldin sem íslenska þjóðin á að borga til að ráðherrar geti talið sig menn með mönnum á vettvangi NATO.

Loks er rétt að benda á ákvæði 24. gr. um öryggisvottun og trúnaðarstig skjala, sbr. og ákvæði 9. gr. um að óheimilt sé að ráða til Varnarmálastofnunar eða hafa þar starfandi einstakling eða verktaka sem ekki uppfyllir skilyrði öryggisvottunar skv. 24. gr. Hér eru gamalkunnug ákvæði á ferð og ljóst að sporin hræða í sögulegu tilliti í þessum efnum, enda arfleifð hersetunnar og samskipta við hernaðarbandalagið vörðuð því að fólki sé mismunað á grundvelli stjórnmálaskoðana, það sæti persónunjósnum og símhlerunum. Hér er því ástæða til að vera á varðbergi.

Niðurstaða.

Í reynd er fæst í þessu frumvarpi sem sýnist. Hér er á ferðinni lagarammi um heræfingar og hernaðarútgjöld, um hervæðingu íslenskra fjárlaga og NATO-væðingu íslenskrar utanríkis- og öryggismálastefnu. Frumvarpið markar tímamót að því leyti að hér er á ferðinni mesta hervæðing landsins í einu skrefi frá undirritun varnarsamningsins við Bandaríkin og inngöngu Íslands í NATO.

Mikilvægt er að undirstrika að þessi hervæðing er síður en svo sjálfsögð eða óhjákvæmileg þótt hún sé að ýmsu leyti beint framhald á því niðurlægingarskeiði í íslenskri utanríkispólitík sem hófst um miðja síðustu öld. Hinn augljósi valkostur, að nota tækifærið sem gafst með brottför hersins til að móta friðsamlega og sjálfstæða utanríkisstefnu, komst þó aldrei til umræðu meðal þeirra sem ráða nú för í utanríkismálum þjóðarinnar. Það er ámælisvert í sjálfu sér, en einnig í ljósi þeirra loforða sem gefin voru í framhaldi af brottför hersins um pólitískt samráð sem nú eru endanlega svikin. Við það má bæta að algjörlega skortir á að lýðræðisleg umræða og eðlileg grunnvinna hafi áður verið unnin í formi könnunar á þörfum og hagsmunum Íslands í þessum efnum eins og áður sagði.

Minni hluti utanríkismálanefndar leggst með vísan til framanritaðs gegn frumvarpi þessu og leggur til að því verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.** Alþingi feli ríkisstjórninni að efna þegar í stað eigið loforð úr stjórnarsáttmálanum um þverpólitíska vinnu og stefnumótun á þessu sviði. Viðbrögð Alþingis og ákvarðanir, hvort heldur er í formi lagasetningar eða

ákvarðana um fjárveitingar og um framtíðartilhögun utanríkis- og öryggismála, taki síðan mið af niðurstöðum slíkrar vinnu.

Alþingi, 2. apríl 2008.

Steingrímur J. Sigfússon.

Með nefndarálitinu voru eftirtalin fylgiskjöl:

I. Minnisblað frá utanríkisráðuneytinu. (11. mars 2008.)
II. Umsögn frá Samtökum hernaðarandstæðinga. (21. febrúar 2008.)
III. Umsögn frá ríkislögreglustjóra. (22. febrúar 2008.)
IV. Minnisblað frá utanríkisráðuneytinu. Athugasemdir við umsögn ríkislögreglustjóra. (11. mars 2008.)
V. Umsögn frá Alþýðusambandi Íslands. (21. febrúar 2008.)
VI. Minnisblað frá utanríkisráðuneytinu. (14. mars 2008.)
VII. Umsögn frá ríkisskattstjóra. (20. febrúar 2008.)
VIII. Umsögn frá Siglingastofnun Íslands. (19. febrúar 2008.)
IX. Umsögn frá tollstjóranum í Reykjavík. (22. febrúar 2008.)
X. Umsögn frá Ratsjárstofnun. (22. febrúar 2008.)
XI. Umsögn frá Landhelgisgæslu Íslands. (22. febrúar 2008.)
XII. Umsögn frá Flugmálastjórn Íslands. (25. febrúar 2008.)
XIII. Umsögn frá lögreglustjóranum á Suðurnesjum. (29. febrúar 2008.)
XIV. Umsögn frá Lögreglustjórafélagi Íslands. (6. mars 2008.)
XV. Upplýsingaskýrsla utanríkisráðuneytisins til utanríkismálanefndar um atburðarás frá því að tilkynnt var um brottför varnarliðsins frá Íslandi. (10. ágúst 2007.)

867. Fyrirspurn [561. mál]

til utanríkisráðherra um skaðabætur til fjölskyldna fórnarlamba í sprengjuárás gegn íslenskum friðargæsluliðum.

Frá Árna Þór Sigurðssyni.

Hefur íslenska ríkið greitt skaðabætur til fjölskyldna fórnarlambanna tveggja, 11 ára afganskrar stúlku og 23 ára bandarískrar konu, í sprengjuárás gegn íslensku friðargæsluliðunum í Kabúl árið 2004? Ef svo er, hversu háar voru skaðabæturnar og hvenær voru þær greiddar? Ef svo er ekki, hefur ráðherra í hyggju að sjá til þess að fjölskyldunum verði greiddar skaðabætur?

868. Fyrirspurn [562. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um rannsóknir á lífríki sjávar.

Frá Guðjóni A. Kristjánssyni.

1. Hefur farið fram úttekt á veiðisvæðum innan flóa og fjarða þar sem dragnót hefur verið leyfð og svæðum þar sem togveiðar eru ekki leyfðar?
2. Hafa svæði verið friðuð fyrir togveiðum og botninn skipulega rannsakaður fyrir og eftir friðun? Ef svo er, hvar eru þau svæði og hverjar eru niðurstöður helstu rannsókna á botninum og breytingum á dýralífi og fisktegundum?
3. Hafa breytingar á lífríki og botngróðri innfjarða verið rannsakaðar eftir þverun fjarða vegna vegagerðar? Ef svo er, hverjar eru helstu niðurstöður þeirra rannsókna?
4. Hafa breytingar á lífríki eða sjávarbotni vegna efnistöku af sjávarbotni verið rannsakaðar? Ef svo er, hverjar eru niðurstöður rannsóknanna?

Skriflegt svar óskast.

869. Fyrirspurn [563. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um dragnótaveiðar.

Frá Guðjóni A. Kristjánssyni.

1. Hvaða takmarkanir sem varða dragnótaveiðar hafa verið settar síðustu fimm ár á stærðir báta, aflvísi, stærð veiðarfæris eða gerð þess, annan útbúnað, dragnótagerð eða þunga fótreipis og leyfilega lengd dragtóga? Óskað er eftir að svarið verði sundurliðað eftir eftirfarandi svæðum sem skilgreind eru í reglugerð um dragnótaveiðar:
   a. Suður- og Norðurland,
   b. Breiðafjörður og Vestfirðir,
   c. Norðurland,
   d. Norðausturland og Austfirðir.
2. Hvaða aðgerðir eða breytingar varðandi dragnótaveiðar síðustu fimm ár hafa falið í sér tímabundna lokun til að vernda hrygningarsvæði
   a. þorsks,
   b. annarra botnfiska,
   c. loðnu-, síldar eða sandsílis?
3. Hvaða tillögur hafa ráðherra borist um friðunarsvæði innan flóa og fjarða fyrir veiðum með dragnót? Hefur ráðherra fengið áskorunarlista íbúa vegna aðgerða eða tilhögunar

veiða með dragnót í einstökum flóum eða fjörðum og ef svo er, hvernig hefur verið brugðist við?

Skriflegt svar óskast.

870. Fyrirspurn [564. mál]

til heilbrigðisráðherra um sameiningu heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hvaða heilbrigðisstofnanir er ráðgert að sameina á Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi, sbr. tilkynningu ráðuneytisins frá 7. mars sl.?
2. Hvaða breytingar eru áformaðar á núverandi starfsemi einstakra stofnana sem eiga í hlut og hver verða áhrifin á fjárveitingar ríkisins til þeirra?
3. Eru einhver sérstök vandkvæði í rekstri þeirra stofnana sem sameina á varðandi fjárhag eða þjónustu sem sameiningunni er ætlað að bæta úr?

871. Svar [470. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Marðar Árnasonar um lán til greiðslu skólagjalda innan lands.

1. *Hversu mikið hefur verið lánað úr Lánasjóði íslenskra námsmanna til greiðslu skólagjalda í íslenskum skólum árin 2001–2007, í heild og eftir árum?*

Veitt árleg skólagjaldalán árin 2001–2007.

Skólaár	Skólagjöld innanlands, samtals
2001–2002	214.604.214
2002–2003	264.160.437
2003–2004	347.064.402
2004–2005	450.633.120
2005–2006	601.184.329
2006–2007	731.278.042
Samtals	**2.608.924.544**

2. Til hvaða skóla hafa þessi skólagjöld runnið, í heild og eftir árum?

Veitt skólagjaldalán eftir skólum árin 2001–2007, heildarfjárhæðir fyrir tímabilið.

Skóli	Lánþegar*	Skólagjöld (kr.)
Háskólinn í Reykjavík	4.119	972.548.235
Háskólinn á Bifröst	1.866	735.483.595
Listaháskólinn	1.344	142.411.181
Háskóli Íslands	282	214.265.645
Kennaraháskóli Íslands	18	8.640.000
Fjöltækniskóli Íslands	7	1.835.000
Flugskóli Íslands	132	73.915.244
Kvikmyndaskóli Íslands	146	131.184.817
Snyrtiskóli Íslands	34	35.995.000
Snyrti-Akademían	306	240.361.068
Myndlistaskólinn á Akureyri	144	15.717.500
Tónlistarskólar	235	25.799.209
Menntaskólinn í Kópavogi	85	9.791.500
Aðrir skólar	48	976.550
Samtals	**8.766**	**2.608.924.544**

* Hér er ekki um fjölda einstaklinga að ræða heldur samanlagðan fjölda lánþega öll árin.

Veitt skólagjaldalán eftir skólum árin 2001–2007, heildarfjárhæðir fyrir hvert skólaár.

	2001–2002	2002–2003	2003–2004	2004–2005	2005–2006	2006–2007
Háskólinn í Reykjavík	97.756.000	106.476.644	126.538.302	159.982.420	202.031.147	279.763.722
Háskólinn á Bifröst	47.595.000	65.407.500	89.630.021	117.952.068	178.311.716	236.587.290
Listaháskólinn	9.006.500	11.894.000	18.101.050	27.332.500	34.369.000	41.708.131
Háskóli Íslands	13.962.914	19.848.875	17.023.266	23.333.278	67.364.421	72.732.891
Kennaraháskóli Íslands					8.640.000	
Fjöltækniskóli Íslands						1.835.000
Flugskóli Íslands	15.664.000	6.970.834	9.421.934	11.751.769	20.110.000	9.996.707
Kvikmyndaskóli Íslands			25.070.616	44.205.687	32.715.000	29.193.514
Snyrtiskóli Íslands	23.820.000	12.175.000				
Snyrti-Akademían		33.522.334	52.345.254	56.537.448	49.085.045	48.870.987
Myndlistaskólinn á Akureyri	2.402.500	2.433.750	2.696.250	2.860.000	2.760.000	2.565.000
Tónlistarskólar	3.742.300	3.820.250	4.823.959	5.138.400	4.148.000	4.126.300
Menntaskólinn í Kópavogi	625.000	1.306.250	1.076.250	1.325.000	1.610.000	3.849.000
Aðrir skólar	30.000	305.000	337.500	214.550	40.000	49.500
Samtals	**214.604.214**	**264.160.437**	**347.064.402**	**450.633.120**	**601.184.329**	**731.278.042**

3. *Til náms í hvaða greinum í stórum dráttum, t.d. miðað við deildaskiptingu helstu skóla, hafa þessi lán verið veitt, í heild og eftir árum?*

Í fylgiskjali eru töflur sem sýna veitt skólalán eftir skólaári, skóla, tegund náms og deild. Jafnframt fylgja upplýsingar um fjölda lánþega.

4. *Hvaða reglur hafa á þessum tíma gilt um skólagjaldalán innan lands?*

Nám á háskólastigi er lánshæft og það nám annað sem gerir sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og nám á háskólastigi. Lánshæft sérnám á Íslandi er löggilt iðnnám og annað samþykkt starfsnám á framhaldsskólastigi, skipulagt af viðkomandi starfsgreinaráði, sem ekki er launað samkvæmt kjarasamningi umfram grunnframfærslu á Íslandi. Skilyrði láns vegna náms á frumgreinasviði er að námsmaður hafi áður lokið lánshæfu starfsnámi þ.e. burtfararprófi/sveinsprófi úr skóla, eða hafi jafngilda reynslu úr atvinnulífinu.

Viðbótarlán vegna skólagjalda í námi á Íslandi eru veitt til sérnáms, almenns háskólanáms og framhaldsháskólanáms. Hámark er á skólagjaldaláni sem hver námsmaður getur fengið og miðast það við samanlögð skólagjaldalán á námsferlinum. Hámark þetta var 2.800 þús. kr. skólaárið 2001–2002, 3.100 þús. kr. skólaárin 2002–2004 og 3.200 þús. kr. skólaárin 2004–2007. Einungis er veitt lán vegna árlegra skólagjalda umfram tiltekna fjárhæð. Þessi fjárhæð hefur breyst sem hér segir frá skólaárinu 2001–2002:

2001–2002: Einungis veitt lán vegna árlegra skólagjalda umfram 25.000 kr.
2002–2003: Einungis veitt lán vegna árlegra skólagjalda umfram 32.500 kr.
2003–2004: Einungis veitt lán vegna árlegra skólagjalda umfram 32.500 kr.
2004–2005: Einungis veitt lán vegna árlegra skólagjalda umfram 35.000 kr.
2005–2006: Einungis veitt lán vegna árlegra skólagjalda umfram 45.000 kr.
2006–2007: Einungis veitt lán vegna árlegra skólagjalda umfram 45.000 kr.

Heimilt er að greiða lán vegna skólagjalda út fyrir eitt misseri í senn við upphaf námstímabils til annarra námsmanna en fyrsta árs nema. Þeir fá skólagjaldalán greitt út með framfærsluláni þegar skóli hefur staðfest námsárgangur þeirra.

Fylgiskjal.

Árleg veitt lán fyrir skólagjöldum 2001–2007 eftir skólaári, skóla, tegund náms og deild.

Skólaárið 2001–2002.

Skóli	Fjöldi lánþega	Upphæð skólagjaldalána (kr.)
Háskólinn í Reykjavík	**446**	**97.756.000**
Grunnnám	*399*	*48.981.000*
Viðskiptadeild	208	26.933.000
Tölvunarfræðideild	191	22.048.000
Framhaldsnám	*47*	*48.775.000*
MBA	47	48.775.000
Háskólinn á Bifröst	**182**	**47.595.000**
Grunnnám	*182*	*47.595.000*
Frumgreinadeild	27	6.757.500
Lagadeild	32	10.237.500
Viðskiptadeild	123	30.600.000

Skóli	Fjöldi lánþega	Upphæð skólagjaldalána (kr.)
Listaháskólinn	**162**	**9.006.500**
Grunnnám	*158*	*8.938.500*
Myndlistardeild	118	6.667.000
Leiklistardeild	21	1.209.500
Hönnunar- og arkitektúrdeild	13	708.000
Tónlistardeild	6	354.000
Framhaldsnám	*4*	*68.000*
Kennaranám	4	68.000
Háskóli Íslands	**25**	**13.962.914**
Framhaldsnám	*25*	*13.962.914*
MBA	25	13.962.914
Flugskóli Íslands	**28**	**15.664.000**
Atvinnuflugnám	28	15.664.000
Snyrtiskóli Íslands	**24**	**23.820.000**
Snyrtifræði	24	23.820.000
Myndlistaskólinn á Akureyri	**21**	**2.402.500**
Myndlist	21	2.402.500
Tónlistarskólar	**48**	**3.742.300**
Sönglist	16	1.574.700
Hljóðfæraleikur/tónfræði	32	2.167.600
Menntaskólinn í Kópavogi	**6**	**625.000**
Leiðsögunám	6	625.000
Aðrir skólar	**1**	**30.000**
Ýmislegt	1	30.000
Samtals	**943**	**214.604.214**

Skólaárið 2002–2003.

Skóli	Fjöldi lánþega	Upphæð skólagjaldalána (kr.)
Háskólinn í Reykjavík	**520**	**106.476.644**
Grunnnám	*473*	*64.603.165*
Lagadeild	45	5.529.000
Viðskiptadeild	247	35.327.228
Tölvunarfræðideild	181	23.746.937
Framhaldsnám	*47*	*41.873.479*
Viðskiptadeild	24	23.906.028
MBA	23	17.967.451
Háskólinn á Bifröst	**224**	**65.407.500**
Grunnnám	*224*	*65.407.500*
Frumgreinadeild	28	7.906.250
Lagadeild	71	24.151.250
Viðskiptadeild	125	33.350.000
Listaháskólinn	**208**	**11.894.000**
Grunnnám	*196*	*11.715.750*
Myndlistardeild	116	6.858.000
Leiklistardeild	23	1.460.500
Hönnunar- og arkitektúrdeild	37	2.190.750
Tónlistardeild	20	1.206.500
Framhaldsnám	*12*	*178.250*
Kennaranám	12	178.250
Háskóli Íslands	**28**	**19.848.875**
Framhaldsnám	*28*	*19.848.875*
MBA	28	19.848.875
Flugskóli Íslands	**12**	**6.970.834**
Atvinnuflugnám	12	6.970.834

Skóli	Fjöldi lánþega	Upphæð skólagjaldalána (kr.)
Snyrtiskóli Íslands	**10**	**12.175.000**
Snyrtifræði	10	12.175.000
Snyrti-Akademían	**37**	**33.522.334**
Snyrtifræði	37	33.522.334
Myndlistaskólinn á Akureyri	**24**	**2.433.750**
Myndlist	24	2.433.750
Tónlistarskólar	**42**	**3.820.250**
Sönglist	21	2.245.950
Hljóðfæraleikur/tónfræði	21	1.574.300
Menntaskólinn í Kópavogi	**10**	**1.306.250**
Leiðsögunám	10	1.306.250
Aðrir skólar	**14**	**305.000**
Ýmislegt	14	305.000
Samtals	**1.129**	**264.160.437**

Skólaárið 2003–2004.

Skóli	Fjöldi lánþega	Upphæð skólagjaldalána (kr.)
Háskólinn í Reykjavík	**605**	**126.538.302**
Grunnnám	*546*	*77.919.394*
Lagadeild	107	14.841.000
Viðskiptadeild	276	40.699.565
Tölvunarfræðideild	163	22.378.829
Framhaldsnám	*59*	*48.618.908*
Viðskiptadeild	32	27.359.900
Tölvunarfræðideild	2	1.468.298
MBA	25	19.790.710
Háskólinn á Bifröst	**268**	**89.630.021**
Grunnnám	*251*	*82.039.835*
Frumgreinadeild	25	7.572.000
Lagadeild	102	36.511.500
Viðskiptadeild	124	37.956.335
Framhaldsnám	*17*	*7.590.186*
Viðskiptadeild	17	7.590.186
Listaháskólinn	**225**	**18.101.050**
Grunnnám	*214*	*17.829.350*
Myndlistardeild	110	9.147.600
Leiklistardeild	24	1.948.100
Hönnunar- og arkitektúrdeild	53	4.446.750
Tónlistardeild	27	2.286.900
Framhaldsnám	*11*	*271.700*
Kennaranám	11	271.700
Háskóli Íslands	**37**	**17.023.266**
Framhaldsnám	*37*	*17.023.266*
MBA	24	14.751.340
Annað	13	2.271.926
Flugskóli Íslands	**16**	**9.421.934**
Atvinnuflugnám	16	9.421.934
Kvikmyndaskóli Íslands	**26**	**25.070.616**
Kvikmyndanám	26	25.070.616
Snyrti-Akademían	**69**	**52.345.254**
Snyrtifræði	69	52.345.254

Skóli	Fjöldi lánþega	Upphæð skólagjaldalána (kr.)
Myndlistaskólinn á Akureyri	**26**	**2.696.250**
Myndlist	26	2.696.250
Tónlistarskólar	**45**	**4.823.959**
Sönglist	27	3.084.509
Hljóðfæraleikur/tónfræði	18	1.739.450
Menntaskólinn í Kópavogi	**9**	**1.076.250**
Ferðamálanám	2	191.250
Leiðsögunám	7	885.000
Aðrir skólar	**15**	**337.500**
Ýmislegt	15	337.500
Samtals	**1.341**	**347.064.402**

Skólaárið 2004–2005.

Skóli	Fjöldi lánþega	Upphæð skólagjaldalána (kr.)
Háskólinn í Reykjavík	**613**	**159.982.420**
Grunnnám	*524*	*80.697.554*
Lagadeild	143	21.131.000
Viðskiptadeild	266	43.593.554
Tölvunarfræðideild	115	15.973.000
Framhaldsnám	*89*	*79.284.866*
Viðskiptadeild	37	35.358.192
Tölvunarfræðideild	7	3.225.624
MBA	45	40.701.050
Háskólinn á Bifröst	**313**	**117.952.068**
Grunnnám	*267*	*95.718.915*
Frumgreinadeild	42	13.650.000
Lagadeild	117	45.780.915
Viðskiptadeild	108	36.288.000
Framhaldsnám	*46*	*22.233.153*
Viðskiptadeild	46	22.233.153
Listaháskólinn	**236**	**27.332.500**
Grunnnám	*221*	*26.702.500*
Myndlistardeild	111	13.110.000
Leiklistardeild	25	3.167.500
Hönnunar- og arkitektúrdeild	54	6.772.500
Tónlistardeild	31	3.652.500
Framhaldsnám	*15*	*630.000*
Kennaranám	15	630.000
Háskóli Íslands	**29**	**23.333.278**
Framhaldsnám	*29*	*23.333.278*
MBA	27	22.504.546
Annað	2	828.732
Flugskóli Íslands	**20**	**11.751.769**
Atvinnuflugnám	20	11.751.769
Kvikmyndaskóli Íslands	**48**	**44.205.687**
Kvikmyndanám	48	44.205.687
Snyrti-Akademían	**71**	**56.537.448**
Snyrtifræði	71	56.537.448
Myndlistaskólinn á Akureyri	**26**	**2.860.000**
Myndlist	26	2.860.000
Tónlistarskólar	**41**	**5.138.400**
Sönglist	30	4.045.700
Hljóðfæraleikur/tónfræði	11	1.092.700

Skóli	Fjöldi lánþega	Upphæð skólagjaldalána (kr.)
Menntaskólinn í Kópavogi	**13**	**1.325.000**
Ferðamálanám	6	670.000
Leiðsögunám	7	655.000
Aðrir skólar	**12**	**214.550**
Ýmislegt	12	214.550
Samtals	**1.422**	**450.633.120**

Skólaárið 2005–2006.

Skóli	Fjöldi lánþega	Upphæð skólagjaldalána (kr.)
Háskólinn í Reykjavík	**880**	**202.031.147**
Grunnnám	*699*	*88.235.646*
Lagadeild	145	18.783.417
Viðskiptadeild	308	39.201.729
Tækni- og verkfræðideild	135	16.648.500
Tölvunarfræðideild	89	10.731.000
Kennslufræði og lýðheilsudeild	22	2.871.000
Framhaldsnám	*181*	*113.795.501*
Lagadeild	54	22.820.000
Viðskiptadeild	26	11.663.291
Tækni- og verkfræðideild	1	214.000
Tölvunarfræðideild	8	2.489.000
Kennslufræði og lýðheilsudeild	22	8.230.000
MBA	70	68.379.210
Háskólinn á Bifröst	**398**	**178.311.716**
Grunnnám	*336*	*151.018.329*
Frumgreinadeild	54	19.505.000
Lagadeild	134	64.990.804
Viðskiptadeild	104	44.605.025
Félagsvísindadeild	44	21.917.500
Framhaldsnám	*62*	*27.293.387*
Viðskiptadeild	62	27.293.387
Listaháskólinn	**257**	**34.369.000**
Grunnnám	*241*	*33.465.000*
Myndlistardeild	109	15.030.000
Leiklistardeild	30	4.500.000
Hönnunar- og arkitektúrdeild	57	7.867.500
Tónlistardeild	39	5.362.500
Fræðigreinar	6	705.000
Framhaldsnám	*16*	*904.000*
Kennaranám	16	904.000
Háskóli Íslands	**76**	**67.364.421**
Framhaldsnám	*76*	*67.364.421*
MBA	49	43.270.697
MPM	21	23.545.473
Annað	6	548.251
Kennaraháskóli Íslands	**18**	**8.640.000**
Ökukennsla	18	8.640.000
Flugskóli Íslands	**37**	**20.110.000**
Atvinnuflugnám	37	20.110.000
Kvikmyndaskóli Íslands	**41**	**32.715.000**
Kvikmyndanám	41	32.715.000
Snyrti-Akademían	**67**	**49.085.045**
Snyrtifræði	67	49.085.045

Skóli	Fjöldi lánþega	Upphæð skólagjaldalána (kr.)
Myndlistaskólinn á Akureyri	**24**	**2.760.000**
Myndlist	24	2.760.000
Tónlistarskólar	**30**	**4.148.000**
Sönglist	25	3.626.000
Hljóðfæraleikur/tónfræði	5	522.000
Menntaskólinn í Kópavogi	**16**	**1.610.000**
Ferðamálanám	10	1.070.000
Leiðsögunám	6	540.000
Aðrir skólar	**4**	**40.000**
Ýmislegt	4	40.000
Samtals	**1.848**	**601.184.329**

Skólaárið 2006–2007.

Skóli	Fjöldi lánþega	Upphæð skólagjaldalána (kr.)
Háskólinn í Reykjavík	**1.055**	**279.763.722**
Grunnnám	*787*	*121.692.516*
Lagadeild	135	20.995.000
Viðskiptadeild	332	51.846.055
Tækni- og verkfræðideild	203	30.734.000
Tölvunarfræðideild	73	10.967.461
Kennslufræði og lýðheilsudeild	44	7.150.000
Framhaldsnám	*268*	*158.071.206*
Lagadeild	106	44.702.802
Viðskiptadeild	44	21.215.619
Tækni- og verkfræðideild	3	1.365.000
Tölvunarfræðideild	9	3.375.857
Kennslufræði og lýðheilsudeild	40	14.836.983
MBA	66	72.574.945
Háskólinn á Bifröst	**481**	**236.587.290**
Grunnnám	*392*	*195.606.018*
Frumgreinadeild	49	20.711.250
Lagadeild	119	62.028.450
Viðskiptadeild	147	67.078.943
Félagsvísindadeild	77	45.787.375
Framhaldsnám	*89*	*40.981.272*
Lagadeild	34	17.025.766
Viðskiptadeild	55	23.955.506
Listaháskólinn	**256**	**41.708.131**
Grunnnám	*241*	*40.455.631*
Myndlistardeild	105	17.888.131
Leiklistardeild	26	4.342.500
Hönnunar- og arkitektúrdeild	58	9.652.500
Tónlistardeild	39	6.345.000
Fræðigreinar	13	2.227.500
Framhaldsnám	*15*	*1.252.500*
Kennaranám	15	1.252.500
Háskóli Íslands	**87**	**72.732.891**
Framhaldsnám	*87*	*72.732.891*
MBA	47	37.463.120
MPM	39	35.259.393
Annað	1	10.378
Fjöltækniskóli Íslands	**7**	**1.835.000**
Sjávarútvegsbraut	7	1.835.000

Skóli	Fjöldi lánþega	Upphæð skólagjaldalána (kr.)
Flugskóli Íslands	**19**	**9.996.707**
Atvinnuflugnám	19	9.996.707
Kvikmyndaskóli Íslands	**31**	**29.193.514**
Kvikmyndanám	31	29.193.514
Snyrti-Akademían	**62**	**48.870.987**
Snyrtifræði	62	48.870.987
Myndlistaskólinn á Akureyri	**23**	**2.565.000**
Myndlist	23	2.565.000
Tónlistarskólar	**29**	**4.126.300**
Sönglist	19	2.556.000
Hljóðfæraleikur/tónfræði	10	1.570.300
Menntaskólinn í Kópavogi	**31**	**3.849.000**
Ferðamálanám	9	715.000
Leiðsögunám	22	3.134.000
Aðrir skólar	**2**	**49.500**
Ýmislegt	2	49.500
Samtals	**2.083**	**731.278.042**

872. Fyrirspurn [565. mál]

til samgönguráðherra um Patreksfjarðarflugvöll.

Frá Ingibjörgu Ingu Guðmundsdóttur.

1. Hver er þjónustugeta Patreksfjarðarflugvallar og hvernig er viðhaldi og rekstri vallarins háttað?
2. Hvert er mat ráðherra á gildi og vægi Patreksfjarðarflugvallar fyrir svæðið allt og hver eru framtíðaráform stjórnvalda hvað völlinn varðar?

873. Fyrirspurn [566. mál]

til samgönguráðherra um héraðs- og tengivegi í Norðvesturkjördæmi.

Frá Ingibjörgu Ingu Guðmundsdóttur.

1. Eru uppi áform um að leggja bundið slitlag á héraðs- og tengivegi í Norðvesturkjördæmi og ef svo er, hve mikið fé hyggst ráðherra veita til þess?
2. Er til úttekt á því á hvaða vegi væri hægt að leggja slitlag án þess að til verulegrar grunnuppbyggingar þyrfti að koma?

874. Fyrirspurn [567. mál]

til menntamálaráðherra um dreifmenntaverkefni í grunnskólum Vestur-Barðastrandarsýslu.

Frá Ingibjörgu Ingu Guðmundsdóttur.

1. Hvernig tókst til með dreifmenntaverkefni í grunnskólum Vestur-Barðastrandarsýslu sem lauk árið 2006 og hver er staða verkefnisins nú?
2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir framhaldi verkefnisins og þá hvernig? Ef svo er, hvernig verður verkefninu tryggt nægilegt fé svo að það geti staðið undir væntingum?

875. Skýrsla [341. mál]

utanríkisráðherra um skuldbindingar íslenskra sveitarfélaga í EES-samningnum, samkvæmt beiðni.

(Lögð fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

Inngangur.

Með beiðni (á þskj. 577) frá Árna Þór Sigurðssyni og fleiri alþingismönnum er þess óskað að utanríkisráðherra flytji skýrslu um skuldbindingar íslenskra sveitarfélaga í EES-samningnum. Óskað er eftir að í skýrslunni verði fjallað um stöðu sveitarfélaganna gagnvart samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, sem og áhrif samningsins á rekstur og starfsemi sveitarfélaganna. Meðal annars er óskað eftir því að í skýrslunni verði gerð grein fyrir og fjallað um eftirfarandi þætti:

1. formlega stöðu sveitarfélaganna til að fylgjast með rekstri EES-samningsins og taka þátt í umræðu um framvindu hans;
2. tækifæri þeirra annars vegar til að taka þátt í umræðu um þau mál sem eru til umfjöllunar og undirbúnings hjá Evrópusambandinu og kunna að verða löggjöf sem tekin er upp í EES-samninginn og hins vegar til að fjalla um þá löggjöf (gerðir) sem enn er til umfjöllunar hjá EFTA-skrifstofunni í Brussel og íslenskum stjórnvöldum og varðar sveitarfélögin;
3. samráð milli ríkis og sveitarfélaga um rekstur EES-samningsins, svo sem hvað kostnaðarmat varðar og um afstöðu til mála sem eru til umfjöllunar og eru líkleg til að hafa áhrif á íslensk sveitarfélög;
4. þær gerðir sem teknar hafa verið upp í EES-samninginn og varða verkefni og rekstur sveitarfélaganna, og sérstaklega þær gerðir sem mest áhrif hafa haft á sveitarfélögin frá gildistöku EES-samningsins og hvort og þá hvernig kostnaðarauka sveitarfélaganna hefur verið mætt;
5. stærstu mál sem eru á döfinni og kunna að varða sveitarfélögin. Má þar nefna að á vettvangi ESB var nýlega samþykkt svonefnd þjónustutilskipun auk þess sem kynntar hafa verið hugmyndir um mögulega lagasetningu um almannaþjónustu sem gæti haft mikil áhrif á sveitarfélögin og fyllsta ástæða er til að fylgjast grannt með. Einnig má nefna

endurskoðun rammalöggjafar um úrgangsmál, stefnumótun í málefnum hafsins, löggjöf um verndun jarðvegs og margt fleira;
6. framgang tillagna starfshóps utanríkisráðuneytisins og sveitarfélaganna frá janúar 2004 um EES-samninginn og hagsmuni íslenskra sveitarfélaga.

1. Formleg staða sveitarfélaganna til að fylgjast með rekstri EES-samningsins og taka þátt í umræðu um framvindu hans.

Ísland hefur nú verið þátttakandi á hinu Evrópska efnahagssvæði (EES) í rúm fjórtán ár, en EES-samningurinn tók formlega gildi þann 1. janúar árið 1994. Samningurinn tekur mið af stofnsáttmálum Evrópubandalagsins, eins og þeir voru þegar EES-samningurinn var gerður. Viðræður um gerð EES-samningsins hófust formlega árið 1989 og stóðu til ársins 1991. Samningurinn var síðan undirritaður í maí árið 1992.

Með EES-samningnum er komið á fót hinu svokallaða Evrópska efnahagssvæði. Hann er gerður milli Evrópusambandsins og aðildarríkja þess annars vegar og þriggja aðildarríkja EFTA (Fríverslunarsamtaka Evrópu), Íslands, Noregs og Liechtenstein, hins vegar. Með samningnum er komið á sameiginlegum markaði 30 ríkja, 27 ríkja Evrópusambandsins og þriggja EFTA-ríkja. EES-samningurinn kveður á um frjáls vöru- og þjónustuviðskipti, frjálsa fjármagnsflutninga og sameiginlegan vinnumarkað á EES-svæðinu. Samningurinn kveður einnig á um samvinnu EES-ríkjanna á sviði félagsmála, jafnréttismála, neytendamála, umhverfismála, menntamála, vísinda- og tæknimála o.fl. EES-samningurinn skiptist í meginmál, bókanir, viðauka, yfirlýsingar og svokallaðar gerðir, þ.e. reglugerðir, tilskipanir, ákvarðanir og svo framvegis, sem felldar hafa verið inn í samninginn. Þótt nýjar gerðir séu efnislega felldar inn í viðauka EES-samningsins reglulega hefur EES-samningnum sjálfum aldrei verið breytt. Á sama tíma hefur lagaumhverfi og stofnanauppbygging Evrópusambandsins hins vegar tekið miklum breytingum.

Enn í dag eru sveitarfélög hvergi nefnd á nafn í stofnsáttmálum ESB, en það er ekki á valdsviði Evrópusambandsins að hafa afskipti af innra stjórnskipulagi í aðildarríkjunum og verkaskiptingu milli staðbundinna stjórnvalda og ríkisvaldsins. Með Lissabon-sáttmálanum, sem nú er í fullgildingarferli aðildarríkjanna, er sjálfsstjórn staðbundinna stjórnvalda í fyrsta skipti nefnd á nafn í grunnsáttmálum ESB. Þá er þar gert ráð fyrir auknu samráði við staðbundin stjórnvöld að því er varðar löggjafarstarf ESB. Það kemur oft í hlut sveitarfélaga að framfylgja löggjöf Evrópusambandsins. Þannig hefur verið nefnt að sveitarfélög og önnur staðbundin stjórnvöld beri ábyrgð á framkvæmd um 75% af allri löggjöf Evrópusambandsins.[1]

Hlutverk stjórnvalda hvað varðar rekstur EES-samningsins er að gæta hagsmuna Íslands í heild. EES-samningurinn hefur víðtæk áhrif á starfsemi íslenskra sveitarfélaga. Leggur EES-löggjöf, sem innleidd er í íslenskan rétt, skyldur á herðar sveitarfélaga á ýmsum sviðum,svo sem á sviði umhverfismála, vegna stöðu þeirra sem veitenda opinberrar þjónustu og vinnuveitenda, vegna innkaupa sveitarfélaga og fyrirtækjareksturs þeirra. Vegna þess hversu mikil áhrif EES-löggjöf hefur á sveitarstjórnarstigið er mikilvægt að ríki og sveitarfélög eigi gott og reglulegt samráð um málefni EES-samningsins sem varða staðbundin stjórnvöld.

---

[1] EES og hagsmunir íslenskra sveitarfélaga – Staða – horfur – tillögur, utanríkisráðuneytið, janúar 2004, bls. 20.

Það er hlutverk stjórnvalda að auðvelda sveitarfélögunum að fylgjast með þróuninni í Evrópumálum og því sem er efst á baugi hverju sinni, sem og að eiga við þau samráð um mikilvæg atriði sem snerta þau. Sveitarfélögin, eða Samband íslenskra sveitarfélaga fyrir þeirra hönd, hafa það hlutverk að gæta hagsmuna sveitarstjórnarstigsins við framkvæmd og rekstur samningsins. Sveitarfélögin hafa stóreflt hagsmunagæslu sína hvað varðar EES-málin á síðustu árum, eins og kemur fram í þessari skýrslu, og er það vel.

Frá árdögum EES-samningsins hefur staða sveitarstjórnarstigsins þó styrkst talsvert á vettvangi ESB. Markaði Maastricht sáttmálinn, sem tók gildi árið 1993, einkum þáttaskil hvað þetta varðar en hafa ber í huga að búið var að ljúka viðræðum um EES-samninginn tveimur árum áður en Maastricht tók gildi.

Héraðanefnd Evrópusambandsins.

Stærsta breytingin sem varð með Maastricht sáttmálanum hvað varðar sveitarfélögin er tilurð sérstaks vettvangs fyrir sveitarstjórnarstigið innan ESB, þ.e. héraðanefndar ESB (Committee of the Regions) sem er pólitískur vettvangur fyrir sveitarstjórnarstigið í aðildarríkjum ESB.

Nefndin er skipuð 222 fulltrúum aðildarríkjanna, en þeir einir eru kjörgengir í nefndina sem kosnir hafa verið til sveitar- eða héraðsstjórna í löndum sambandsins. Framkvæmdastjórn ESB er skylt að leita umsagnar nefndarinnar um stefnumótun og tillögur að löggjöf sem varða sveitarstjórnarstigið. Nefndin getur haft pólitísk áhrif á frumstigi því framkvæmdastjórnin getur óskað eftir greiningarskýrslum frá henni áður en löggjafarvinna er sett af stað. Framkvæmdastjórnin getur einnig óskað eftir skýrslum frá nefndinni um áhrif þegar settrar löggjafar á sveitarstjórnarstigið.

Þar sem héraðanefndin varð til eftir stofnun EES hafa EES/EFTA-ríkin engin formleg samskipti við nefndina og er hliðstæður vettvangur ekki til innan EFTA-stoðarinnar. Eini formlegi aðgangur EES/EFTA-ríkjanna að mótun löggjafar er í nefndum framkvæmdastjórnar ESB þar sem löggjöf á frumstigi er mótuð en framkvæmdastjórnin hefur það hlutverk að leggja fram tillögur að löggjöf. Ísland hefur aftur á móti enga formlega aðkomu að þeim stofnunum ESB sem fara í raun með löggjafarvaldið, þ.e. ráðherraráðinu og nú í ört vaxandi mæli Evrópuþinginu en vægi þingsins hefur aukist jafnt og þétt frá því að samningurinn var gerður. Í þinginu og ráðinu taka tillögur framkvæmdastjórnarinnar oft og iðulega breytingum. Hefur þetta hvoru tveggja leitt til þess að sveitarstjórnarstigið í EES/EFTA-löndunum hefur ekki sömu möguleika til að hafa áhrif á löggjöf ESB, og þannig framtíðar EES-löggjöf, og sveitarfélög innan ESB-ríkja. Þó ber að geta þess að Samband íslenskra sveitarfélaga hefur áheyrnaraðild að ráðgjafarnefnd EFTA, eins og vikið verður að síðar.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur óskað eftir því að utanríkisráðuneytið beiti sér fyrir því innan EES-samstarfsins að sérstökum samráðsvettvangi fyrir sveitarstjórnarstigið verði komið á fót innan vébanda EFTA. Með slíkum vettvangi vilja sveitarfélögin tengjast héraðanefnd ESB, en héraðanefndin hefur sjálf lýst yfir vilja til að eiga samstarf við EFTA-ríkin.

Íslensk stjórnvöld og Samband íslenskra sveitarfélaga telja það augljósan ávinning fyrir íslensk sveitarfélög að komið sé á tengslum við héraðanefndina, á hliðstæðan hátt og það er ávinningur fyrir aðila vinnumarkaðarins að hafa tengsl við efnahags- og félagsmálanefnd Evrópu, í gegnum EES-ráðgjafarnefndina, og Alþingi að hafa tengsl við Evrópuþingið, í gegnum EES-þingmannanefndina. Tengsl við nefndina myndu opna fyrir nýja leið til að koma sjónarmiðum EES/EFTA-landanna á framfæri við ESB. Yrði það ekki aðeins ávinningur fyrir sveitarstjórnarstigið í EES/EFTA-löndum heldur fyrir löndin í heild sinni. Þær

breytingar, sem gerðar hafa verið á undanförnum árum á innviðum ESB, hafa aukið vægi héraðanefndarinnar, nú síðast með Lissabon sáttmálanum frá síðasta ári. Ávinningur EES/EFTA-landanna af tengslum við nefndina hefur þar með aukist.

Héraðanefndin er einnig vettvangur fyrir miðlun reynslu og þekkingar um Evrópumál og málefni sveitarstjórnarstigsins. Hún stendur fyrir ýmsum viðburðum fyrir sveitarstjórnarstigið. Stærsti viðburðurinn er „Opnir dagar“ sem haldnir eru árlega. Að mati Sambands íslenskra sveitarfélaga er þörf á að auka þekkingu og vitund íslenskrar sveitarstjórnarmanna um Evrópumálefni og væri vettvangur fyrir sveitarstjórnarstigið í EFTA- og EES-samstarfinu og tengsl við héraðanefndina mikilvæg til þess. Tengsl við héraðanefndina væru líka mikilvæg til að auka þekkingu evrópskra sveitarstjórnarmanna á sjónarmiðum og hagsmunum sveitarstjórnarstigisins í EES/EFTA-löndunum. Þátttaka í starfi héraðanefndarinnar myndi stuðla að tengslamyndun milli aðila á sveitarstjórnarstigi í Evrópuríkjunum og gæti greitt fyrir samstarfsverkefnum milli landa.

Af framangreindu má vera ljóst að mikill ávinningur yrði af því fyrir íslensk sveitarfélög að koma á fót vettvangi fyrir sveitarstjórnarstigið innan EFTA. Hefur framganga þessa atriðis því verið eitt af forgangsmálum íslenskra stjórnvalda í EFTA-samstarfinu.

Í því sambandi er mikilvægt að hafa í huga að ekki er hægt að koma á formlegum samráðsvettvangi, hliðastæðum þingmannanefnd EFTA og ráðgjafarnefnd EFTA, nema að gera breytingar á EES-samningum. Samningum hefur aldrei verið breytt efnislega og hefur til þessa ekki verið áhugi fyrir því af hálfu Evrópusambandsins. Vegna þessa hefur verið leitast við, af hálfu íslenskra stjórnvalda, að koma á fót óformlegum vettvangi fyrir sveitarstjórnarstigið, sem gæfi möguleika á samráði við héraðanefndina. Að beiðni utanríkisráðherra Íslands hefur framkvæmdastjóri EFTA lagt fram skýrslu þar sem farið er yfir hvaða möguleikar eru til að koma á vettvangi fyrir sveitarstjórnarstigið, án breytinga á EES-samningnum. Þá hefur utanríkisráðherra Íslands tekið málið upp við samstarfsráðherrana í EFTA og verður málið væntanlega tekið til umræðu á næsta ráðherrafundi EFTA í júní næstkomandi.

Óformleg tækifæri til áhrifa.

Af framangreindu er ljóst að formleg staða sveitarfélaganna til að fylgjast með rekstri EES-samningsins og taka þátt í umræðu um framvindu hans, er ekki fyrir hendi. Íslensk stjórnvöld og Samband íslenskra sveitarfélaga hafa þó nýtt ýmis tækifæri fyrir sveitarfélögin til að hafa óformleg áhrif.

Utanríkisráðuneytið hefur starfrækt starfshóp frá árinu 2001 um EES-mál sveitarfélaga. Í starfshópnum sitja fulltrúar þeirra ráðuneyta sem fara með málaflokka sem koma inn á starfssvið sveitarfélaga. Þetta eru, auk utanríkisráðuneytis, félagsmálaráðuneyti, fjármálaráðuneyti, iðnaðarráðuneyti, menntamálaráðuneyti, samgönguráðuneyti og umhverfisráðuneyti. Í starfshópnum er farið yfir löggjöf sem er í undirbúningi hjá Evrópusambandinu, sem og löggjöf sem er til umfjöllunar hjá EFTA og mun hafa áhrif á sveitarfélögin. Þá hefur utanríkisþráðuneytið boðið fulltrúum sveitarfélaganna að sitja í ýmsum vinnuhópum sem fjalla um EES-málefni sem varða þau. Nýleg dæmi eru vinnuhópur um framtíðarstefnu Evrópusambandsins í málefnum siglinga og sjávar og vinnuhópur um innleiðingu þjónustutilskipunarinnar. Jafnframt hafa ýmis ráðuneyti boðið sveitarfélögunum reglulegt samráð um einstaka málaflokka. Þannig hafa starfsmenn Sambands íslenskra sveitarfélaga setið í EES-teymum umhverfisráðuneytisins. Loks hefur sambandið áheyrnaraðild að ráðgjafarnefnd EFTA, en í henni sitja fulltrúar frá ýmsum samtökum atvinnulífsins. Í ráðgjafarnefndinni er ekki fjallað beint um málefni sveitarfélaga heldur sitja sveitarfélögin þar sem vinnuveitendur.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur verið aðili að Evrópusamtökum sveitarfélaga, CEMR um langt skeið, en það er aðeins á síðustu árum sem það hefur farið að taka virkan þátt í starfi samtakanna. Í gegnum CEMR hafa sveitarfélagasamböndin í Evrópu öflugt samstarf um vöktun löggjafar sem er undirbúningi hjá ESB. Áhersla er lögð á að hafa áhrif á frumstigi undirbúnings löggjafar. Starfandi eru vinnuhópar um helstu ESB-málaflokka sveitarfélaga sem fara yfir tillögur að löggjöf og stefnumótun (grænbækur og hvítbækur) og senda framkvæmdastjórninni og Evrópuþinginu sameiginlegar umsagnir. Auk vinnuhópa hafa Brusselfulltrúar aðildarsamtaka CEMR með sér samstarfsnet, ELAN, sem hittist reglulega og fylgist með því sem er efst á baugi hjá ESB og varðar sveitarstjórnarstigið.

Samkvæmt upplýsingum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga er það mikils virði fyrir sambandið að taka þátt í þessu samstarfi. CEMR nýtur viðurkenningar ESB sem málsvari sveitarstjórnarstigsins. Það endurspeglast í því að CEMR er þátttakandi í skipulögðu samráði ESB um málefni sveitarstjórnarstigsins („structured dialogue“ COM(2003)811final). Með þátttöku í starfi CEMR nýtur sambandið góðs af þekkingu og vinnu sérfræðinga CEMR og annarra evrópskra sveitarfélagasambanda við yfirferð á tillögum að stefnumótun og frumvörpum til löggjafar og á möguleika á að koma sjónarmiðum íslenskra sveitarfélaga á framfæri mun fyrr en ella væri unnt.

Samband íslenskra sveitarfélaga opnaði haustið 2006 skrifstofu í Brussel, sem nú er staðsett í Evrópuhúsi sveitarfélaga. Rekstur skrifstofunnar hefur gjörbreytt aðkomu íslenskra sveitarfélaga hvað varðar hagsmunagæslu um Evrópumál. Rekstur hennar er þriggja ára tilraunaverkefni sem er fjármagnað af Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Á skrifstofunni starfar einn starfsmaður.

Samkvæmt upplýsingum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga hefur tilkoma skrifstofunnar gert sambandinu og íslenskum sveitarfélögum kleift að fylgjast mun betur með því sem er að gerast hjá ESB. Sambandið getur einnig tekið meiri þátt í starfsemi CEMR, þótt nauðsynlegt sé að senda sérfræðinga að heiman til að taka þátt í fundum vinnuhópa á mikilvægustu hagsmunasviðunum. Starfsmaður í Brussel er forsenda fyrir því að hægt sé að taka þátt í ELAN-samstarfsneti sveitarfélagasambandanna sem áður var minnst á.

Með skrifstofunni í Brussel getur sambandið einnig haft nánari samvinnu við sendiráð Íslands í Brussel og EFTA-skrifstofuna. Skrifstofan er staðsett í Evrópuhúsi sveitarfélaga, en alls hafa um 20 sveitarfélagasambönd aðstöðu í húsinu, auk CEMR og Eurocities, samtök helstu borga í Evrópu, en Reykjavíkurborg er m.a. aðili að þeim samtökum. Staðsetningin veitir tækifæri til að afla upplýsinga og koma sjónarmiðum á framfæri með óformlegum hætti og miðla þekkingu um útfærslu ýmis konar verkefna. Staðsetningin auðveldar einnig sambandinu að koma á tengslum milli sveitarfélaga og við skrifstofur annarra sveitarfélagasambanda, sem og við skrifstofur sem sinna hagsmunagæslu fyrir ákveðin landsvæði, einkum skrifstofur fyrir norðursvæði Evrópu.

Þá sinnir skrifstofan upplýsingamiðlun bæði til sérfræðinga sambandsins heima fyrir en einnig til sveitarfélaga almennt. Frá því að skrifstofan var sett á laggirnar hefur hún tekið á móti mörgum hópum frá sveitarfélögum sem hafa komið til Brussel til að fræðast um Evrópumálefni.

2. Tækifæri sveitarfélaganna annars vegar til að taka þátt í umræðu um þau mál sem eru til umfjöllunar og undirbúnings hjá Evrópusambandinu og kunna að verða löggjöf sem tekin er upp í EES-samninginn og hins vegar til að fjalla um þá löggjöf (gerðir) sem enn er til umfjöllunar hjá EFTA-skrifstofunni í Brussel og íslenskum stjórnvöldum og varðar sveitarfélögin.

a. Tækifæri til þátttöku í umræðu um mál sem eru til umfjöllunar og undirbúnings hjá Evrópusambandinu.

Eins og vikið var að í kaflanum hér á undan hafa sveitarfélögin engan formlegan aðgang að umræðu um mál sem eru til umfjöllunar og undirbúnings hjá Evrópusambandinu. Eina formlega aðkoma íslenskra stjórnvalda að löggjöf í mótun hjá Evrópusambandinu er með þátttöku í sérfræðinganefndum hjá framkvæmdastjórn ESB.

Til að nýta sem best þau tækifæri sem standa til boða getur Samband íslenskra sveitarfélaga sett sig í samband við fulltrúa Íslands í nefndum í þeim málaflokkum sem skipta sveitarfélögin mestu máli. Með því gætu þau fengið upplýsingar um það sem er á döfinni innan Evrópusambandsins og reynt að hafa áhrif á mótun löggjafar á frumstigi með því að koma hagsmunum sínum og sjónarmiðum á framfæri. Gagnagrunnur um setu EES/EFTA-landanna í nefndum framkvæmdastjórnarinnar er aðgengilegur á upplýsingaheimasíðu EFTA, sem Samband íslenskra sveitarfélaga hefur aðgang að vegna áheyrnaraðildar sinnar að ráðgjafarnefnd EFTA, sem ætti að auðvelda sveitarfélögunum samráð af þessu tagi.

Á síðustu árum hefur Evrópusambandið lagt aukna áherslu á samráð um stefnumótandi skjöl, t.d. svokallaðar grænbækur og hvítbækur, og geta sveitarfélög sent inn athugasemdir um slík skjöl til jafns við aðra og þannig haft áhrif á stefnumótun. Eins og áður hefur komið fram hefur Samband íslenskra sveitarfélaga, í gegnum þátttöku sína í CEMR, tækifæri til að koma að mótun athugasemda CEMR um stefnumótandi skjöl.

Íslensk stjórnvöld telja mikilvægt að nýta tækifæri af þessu tagi til áhrifa. Sem dæmi um vel heppnaða aðkomu íslenskra stjórnvalda að stefnumótun í Evrópusambandinu á þennan hátt má nefna grænbók sambandsins um málefni siglinga og sjávar. Útkoma grænbókarinnar var liður í markmiði ESB um að marka sér heildstæða stefnu um málefni siglinga og sjávar, þar sem litið væri til allra þátta sem tengjast hafinu og samspils þeirra. Íslensk stjórnvöld hafa tekið virkan þátt í mótun stefnunnar og sendu ESB á síðasta ári ítarlegar athugasemdir um grænbókina, sem unnar voru í starfshópi sem í sátu fulltrúar þeirra ráðuneyta sem tengjast málefnum hafsins. Átti Samband íslenskra sveitarfélaga einnig fulltrúa í hópnum.

Er skemmst frá því að segja að aðkomu Íslands að stefnumótuninni hefur verið afar vel tekið innan ESB. Hefur þannig verið tekið tillit til margra ábendinga íslenskra stjórnvalda auk þess sem Íslandi hefur verið boðið að sækja ráðherraráðstefnur um málið og seta í starfshópi háttsettra embættismanna sem mun vinna að áframhaldandi mótun stefnunnar. Eins og kom fram í skýrslu utanríkisráðherra um Ísland á innri markaði Evrópu, sem lögð var fyrir Alþingi í upphafi þessa árs, sýnir reynslan af þátttöku Íslands í þessu samráðsferli að góðir möguleikar eru á að hafa áhrif á mótun löggjafar á frumstigi.[2]

[2] Skýrsla utanríkisráðherra um Ísland á innri markaði Evrópu, lögð fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi (2007–2008), þingskjal 590, 350. mál, bls. 12.

b. Tækifæri sveitarfélaganna til þátttöku í umræðu um löggjöf sem enn er til umfjöllunar hjá EFTA-skrifstofunni í Brussel og íslenskum stjórnvöldum og varða sveitarfélögin.

Í kafla 3 er fjallað um samráð milli ríkis og sveitarfélaga um rekstur EES-samningsins, svo sem hvað varðar kostnaðarmat og afstöðu til mála sem eru til umfjöllunar og eru líkleg til að hafa áhrif á íslensk sveitarfélög. Þar er fjallað um samráð milli einstakra ráðuneyta sem fara með EES-mál sem tengjast sveitarfélögunum og einnig um starfshóp utanríkisráðuneytisins um EES-mál.

Hér verður því eingöngu fjallað um tækifæri sveitarfélaganna til þátttöku í umræðu um löggjöf sem er til umfjöllunar hjá EFTA-skrifstofunni í Brussel og varðar sveitarfélögin.

Sveitarfélögin hafa engan formlegan vettvang innan EES/EFTA-samstarfsins, á borð við ráðgjafarnefnd EFTA og þingmannanefnd EFTA. Eins og kom fram í fyrsta kafla hafa íslensk stjórnvöld um nokkurt skeið unnið að því að afla þess fylgis innan EFTA-samstarfsins að óformlegum vettvangi sem gæfi möguleika á samstarfi við héraðanefnd ESB verði komið á fót.

Ráðgjafarnefnd EFTA er vettvangur fyrir samskipti milli aðila vinnumarkaðar ESB og EES/EFTA-ríkjanna, en hún er skipuð fulltrúum úr ráðgjafarnefnd EFTA og efnahags- og félagsmálanefnd Evrópusambandsins. Ráðgjafarnefndin á að auka skilning á efnahagslegum og félagslegum þátttum innan EES, en nefndin hefur ráðgefandi hlutverk við framkvæmd og þróun EES-samstarfsins. Ráðgjafarnefndin fjallar um sameiginlega hagsmuni og úrlausnarefni þessara aðila á grundvelli EES-samningsins og hefur nefndin staðið fyrir fundahöldum og upplýsingamiðlun um þróun og stöðu mála í Evrópu, auk þess sem hún hefur sent frá sér sameiginleg álit um þessi efni.[3]

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga samþykkti haustið 2002, að óska eftir fastri aðild að ráðgjafarnefnd EFTA, en sambandið hefur frá miðju ári 2002 sótt fundi í nefndinni sem áheyrnarfulltrúi.[4] Íslensk stjórnvöld greiða þann kostnað sem fellur til vegna þátttöku sambandsins í starfi nefndarinnar. Áheyrnaraðildin veitir hvorki heimild til þátttöku í ákvarðanatöku né til þess að bera ábyrgð á skýrslum (vera „rapporteur“).

Að sögn Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur verið andstaða innan ráðgjafarnefndarinnar við að fjalla um sérhagsmunamál sveitarstjórnarstigsins, enda falla slík mál utan umboðs nefndarinnar sem er vettvangur aðila vinnumarkaðarins. Þátttaka í ráðgjafarnefndinni hefur þannig fyrst og fremst haft upplýsingagildi, að mati sambandsins.

Á fundum nefndarinnar er fjallað um fríverslunarsamninga EFTA við þriðju lönd og um mál sem eru efst á baugi hjá ESB. Embættismenn ESB og óháðir sérfræðingar mæta á fundina og gera grein fyrir slíkum málum og tækifæri gefst til að spyrja þá spurninga. Með aðstoð starfsfólks EFTA eru unnar vandaðar úttektir og ályktanir um áhrif breytinga og þróunar innan ESB á EFTA- og EES-samstarfið. Ályktanir nefndarinnar eru gerðar út frá hagsmunum aðila vinnumarkaðarins. Margar þeirra varða þó hagsmunamál sveitarfélaga, svo sem ályktanir um áhrif stjórnkerfisbreytinga ESB, ályktanir um áhrif stækkunar ESB o.fl. Fulltrúar sveitarfélagasambandanna í nefndinni hafa komið sjónarmiðum sveitarstjórnarstigsins á framfæri í þessum málum, eftir því sem tækifæri hefur gefist til. Rétt er að taka fram að árið

---

[3] EES og hagsmunir íslenskra sveitarfélaga – Staða – horfur – tillögur, utanríkisráðuneytið, janúar 2004, bls. 25.

[4] EES og hagsmunir íslenskra sveitarfélaga – Staða – horfur – tillögur, utanríkisráðuneytið, janúar 2004, bls. 40.

2002 sendi ráðgjafarnefndin frá sér ályktun til framkvæmdastjóra EFTA um að það skorti vettvang fyrir sveitarstjórnarstigið í EFTA-og EES-samstarfinu.

Sýnir verksvið ráðgjafarnefndarinnar að þörf er á sérstökum vettvangi fyrir sveitarstjórnarstigið innan EFTA-samstarfsins, þar sem aðeins er að litlu leyti komið inn á málefni sveitarfélaga í starfi ráðgjafarnefndarinnar.

Við þetta má bæta að vegna áheyrnaraðildarinnar hafa starfsmenn sambandsins aðgang að upplýsingaheimasíðu EFTA og geta þannig m.a. fylgst með því hvar mál sem eru til vinnslu í EES/EFTA-samstarfinu eru stödd hverju sinni og hvaða afstöðu hvert ríki hefur tekið til einstakra mála.

3. Samráð milli ríkis og sveitarfélaga um rekstur EES-samningsins, svo sem hvað kostnaðarmat varðar og um afstöðu til mála sem eru til umfjöllunar og eru líkleg til að hafa áhrif á íslensk sveitarfélög.

Árið 2001 var ákveðið í utanríkisráðuneytinu að skoða sérstaklega áhrif EES-samningsins á sveitarfélög, hagsmuni þeirra og skuldbindingar. Í desember það ár var settur á fót sérstakur starfshópur sem í sátu auk utanríkisráðuneytis, fulltrúar frá félagsmálaráðuneyti, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, menntamálaráðuneyti, umhverfisráðuneyti og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Markmið hópsins var að kanna áhrif EES-samningsins á íslensk sveitarfélög. Hópurinn skilaði af sér skýrslu árið 2004 þar sem farið var ítarlega yfir EESsamninginn, áhrif hans á íslensk sveitarfélög, tækifæri til áhrifa og tillögur um hvað mætti betur fara.[5]

Farið verður yfir tillögurnar sem fram komu í skýrslunni í sérstökum kafla í þessari skýrslu. Ein af aðaltillögunum í skýrslunni var að skipaður yrði starfshópur um EES-mál sveitarfélaga. Hlutverk hópsins yrði að hafa yfirumsjón með samstarfi ríkis og sveitarfélaga um hagsmunagæslu vegna EES-mála og eftirlit með því að hún sé samhæfð og skilvirk. Einnig að hafa umsjón með fræðslu og kynningu fyrir sveitarfélög um EES-mál.

Hópurinn hefur fundað nokkuð reglulega að undanskildum árunum 2005 og 2006. Hefur verið miðað við að hópurinn komi saman tvisvar sinnum á ári og að aukafundir séu haldnir eftir þörfum. Á fundunum hafa ráðuneytin gert grein fyrir helstu málefnum sem þau varða sem eru í deiglunni innan Evrópusambandsins eða sem unnið er að á vettvangi EFTA. Þá hefur Samband íslenskra sveitarfélaga gert grein fyrir helstu áhersluatriðum sínum hverju sinni og áhersluatriðum Evrópusamtaka sveitarfélaga (CEMR), sem Samband íslenskra sveitarfélaga er aðili að.

Tillögurnar gera einnig ráð fyrir samstarfi við einstök ráðuneyti. Er þannig lagt til að ráðuneyti miðli upplýsingum til Sambands íslenskra sveitarfélaga um EES-löggjöf sem er í undirbúningi, m.a. frá sérfræðinganefndum ESB og undirnefndum og vinnuhópum EFTA, auk þess sem haft skuli samráð við sveitarfélögin vegna umsagna til ESB um stefnumótun er varðar sveitarfélögin. Einnig er lagt til að samráðsnefndir verði settar á laggirnar séu þær ekki fyrir hendi og að á sex mánaða fresti taki sérfræðingar viðkomandi ráðuneyta eða stofnana saman yfirlit um helstu atriði er varða viðkomandi sérfræðisvið og byggist á sex mánaða formennskuyfirliti EFTA/ESB.

Segja má að mismunandi sé hversu mikið EES-málefni sem unnið er með í hverju ráðuneyti tengist sveitarfélögunum. Hér fyrir neðan verður farið yfir stöðuna í þeim ráðuneytum sem fara með málefni sem einkum hafa áhrif á sveitarfélögin.

---

[5] EES og hagsmunir íslenskra sveitarfélaga – Staða – horfur – tillögur, utanríkisráðuneytið, janúar 2004.

Utanríkisráðuneyti.

Rekstur EES-samningsins er á ábyrgð utanríkisráðuneytisins og hefur ráðuneytið því farið með formennsku í starfshópi ráðuneytanna um EES-mál. Þau ráðuneyti sem nefnd eru í þessum kafla eiga öll fulltrúa í umræddum starfshópi og eiga því samráð við sveitarfélögin á þeim vettvangi. Þá hefur utanríkisráðuneytið, eins og áður hefur komið fram, lagt áherslu á að bjóða Sambandi íslenskra sveitarfélaga að koma að þverfaglegri vinnu milli ráðuneytanna sem tengist sveitarfélögunum beint, t.d. hvað varðar athugasemdir varðandi stefnumótun ESB um málefni hafsins og um almannaþjónustu og situr fulltrúi sambandsins í samstarfshópi ráðuneytanna um innleiðingu þjónustutilskipunarinnar. Þá hefur verið haft samráð við sambandið um dómsmál fyrir EFTA-dómstólnum, þegar það á við.

Umhverfisráðuneyti.

Segja má að umhverfisráðuneytið sé mikilvægasta ráðuneytið hvað EES-samninginn og sveitarfélögin varðar þar sem að í umhverfisráðuneytinu liggur ábyrgð á stórum málaflokkum sem varða sveitarfélögin, svo sem úrgangs- og fráveitumál. Umhverfisráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga gerðu samstarfssamning þann 22. desember 2004. Frá þeim tíma hefur Samband íslenskra sveitarfélaga átt fulltrúa í EES-teymum ráðuneytisins, sem voru tvö fram að áramótum: umhverfisteymi og matvælateymi. Vegna flutnings matvælamála frá umhverfisráðuneyti til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis frá og með 1. janúar 2008 hefur matvælateymið verið lagt niður. Umhverfisteymi starfar hins vegar áfram á sama hátt og verið hefur. Teymisfundir hafa verið haldnir u.þ.b. mánaðarlega undanfarin ár og hafa lögfræðingar sambandsins tekið þátt í fundum teymanna. Þá tók sérfræðingur sambandsins á sviði úrgangsmála, sem tók nýlega til starfa, þátt í fyrsta teymisfundi ársins 2008.

Samkvæmt samningnum fer fram gagnkvæm miðlun upplýsinga og samráð um hagsmunagæslu fyrir sveitarfélögin innan teymisins. Fjallað er um löggjöf ESB allt frá forstigi þar til gerðir hafa verið samþykktar af viðkomandi stofnunum ESB. Miðlað er upplýsingum af fundum sem sérfræðingar ráðuneytisins hafa tekið þátt í og falla undir verksvið teymisins. Fjallað er um hvort samþykktar gerðir falli undir EES-samninginn svo og um hugsanlegan aðlögunartexta við gerð. Á fundum teymana eru rædd þau nýmæli sem felast í þeirri löggjöf sem gert er ráð fyrir að verði tekin upp í EES-samninginn og möguleg kostnaðaráhrif m.a. fyrir framkvæmd, þjónustu og eftirlit á vegum sveitarfélaga án þess að formlegt kostnaðarmat fari fram. Eiginlegt kostnaðarmat fer fram þegar viðkomandi löggjöf er innleidd í íslenskan rétt.

Þegar innleiðing EES-löggjafar kallar á lagabreytingar sem varða sveitarfélögin er ýmist sett á fót nefnd með aðild Sambands íslenskra sveitarfélaga eða viðkomandi frumvarp er sent til umsagnar sambandsins og eftir atvikum einnig sveitarfélaganna eða heilbrigðiseftirlitssvæða. Innleiðing með reglugerðum er unnin með sambærilegum hætti.

Í samstarfssamningnum er fjallað sérstaklega um samráð um EES-mál sem falla ekki undir starfssvið teymanna. Er það mat umhverfisráðuneytisins að fenginni reynslu að umfjöllun teymanna nái í raun yfir öll EES-mál á forræði ráðuneytisins er varða sveitarfélögin.

Við undirbúning þessarar skýrslu kom fram að bæði umhverfisráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga eru ánægð með starf EES-teymanna og telja að samstarfið hafi gefist vel.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti.

Eins og fram hefur komið voru matvælamál færð til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis um síðustu áramót. Áður höfðu ráðuneyti sjávarútvegs- og landbúnaðarmála ekkert formlegt samráð við sveitarfélögin, þar sem á þeirra verksviði voru ekki nein EES-mál sem vörðuðu sveitarfélögin. Samkvæmt upplýsingum frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti verður samráði við sveitarfélög um matvælagerðir haldið áfram. Hefur Matvælastofnun þegar haldið einn samráðsfund með heilbrigðisnefndum sveitarfélaga vegna matvælaeftirlits. Er búist við að samráðsfundirnir verði nokkrum sinnum á ári í samvinnu við ráðuneytið. Sem dæmi má nefna hefur frumvarp um innleiðingu matvælalöggjafar ESB verið sent Sambandi íslenskra sveitarfélaga til umsagnar, en stefnt er að því að leggja frumvarpið fram á vorþingi.

Samgönguráðuneyti.

Málefni sveitarfélaga voru flutt til samgönguráðuneytis þann 1. janúar 2008. Að auki fer samgönguráðuneytið með ýmsa málaflokka sem falla undir EES-samninginn og geta tengst sveitarfélögunum, t.d. flutningar á vegum, þ.m.t. umferðaröryggi, siglingar og málefni hafna, flugmál og póst- og fjarskiptamál. Ábyrgð á framkvæmd þessara málaflokka og kostnaður henni tengdur liggur hjá ríkinu, að hafnarmálum undanskildum, en hafa málaflokkarnir engu að síður áhrif á starfsemi sveitarfélaganna og íbúa þeirra.

Í gildi er samkomulag á milli samgönguráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga um samvinnu og upplýsingagjöf um málefni EES sem snerta sveitarfélög. Fundir í samráðshópi ráðuneytisins og sveitarfélaga voru í upphafi haldnir um tvisvar sinnum á ári, yfirleitt í október og apríl, í tengslum við fundi í vinnuhópum EFTA sem ráðuneytið situr. Voru þessir fundir jafnan gagnlegir, að mati samgönguráðuneytis, og var samvinnan gagnleg fyrir báða aðila þar sem sveitarfélögin komu einnig með upplýsingar inn á fundina. Hafa EES-mál á könnu samgönguráðuneytis er varða sveitarfélögin beint verið fá í gegnum tíðina, samkvæmt upplýsingum ráðuneytisins. Hvað kostnaðarmat varðar kallar samgönguráðuneytið eftir upplýsingum frá sínum undirstofnunum þegar nýjar ESB gerðir koma til afgreiðslu í vinnuhópum EFTA, en það er fyrsta stigið í EES-samstarfinu þegar nýjar gerðir eru felldar undir EES-samninginn. Þá er þess gætt að hafa samband við hagsmunaaðila, þ.m.t. sveitarfélögin, svo þau geti metið áhrif viðkomandi löggjafar.

Iðnaðarráðuneyti.

Iðnaðarráðuneytið fer með mál er varða iðnað, nýsköpun, byggðamál, orkumál og ferðamál. Að undanskildum þeim verkefnum er snúa að ferðamálum, sem ekki eru hluti af EES-samningnum, er ljóst að snertiflötur við EES-löggjöf er mikill. Af þessum verkefnum ráðuneytisins má einnig ráða að nauðsynlegt er að tryggja samráð, og um leið efla samskipti við Samband íslenskra sveitarfélaga, þegar kemur að málefnum á vettvangi EES-samningsins.

Á fundi iðnaðarráðherra með yfirstjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga nýlega urðu aðilar ásáttir um að koma á reglulegum samráðsfundum iðnaðarráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Stefnt er að því að fundir verði haldnir tvisvar til þrisvar sinnum á ári hverju. Fundir þessir munu ekki eingöngu verða sóttir af starfsmönnum ráðuneytisins heldur hefur ráðherra einnig lýst yfir áhuga á að sækja fundina. Var þessi vilji aðila ítrekaður við heimsókn ráðherra á skrifstofu Sambands íslenskra sveitarfélaga á skrifstofu samtakanna í Brussel fyrr á árinu.

Á grundvelli raforkulaga, nr. 65/2003, með síðari breytingum, var komið á samráðsnefnd um framkvæmd raforkulaganna. Hlutverk samráðsnefndarinnar er að stuðla að greiðri fram-

kvæmd laganna og virkum skoðanaskiptum þeirra sem lögin varða helst. Á fundum nefndarinnar er einnig upplýst um þær gerðir sem teknar hafa verið upp í EES-samninginn og um leið farið yfir þær sem eru til umfjöllunar í stofnunum EES-samningsins og varða orkumálefni. Í samráðsnefndinni á Samband íslenskra sveitarfélaga einn fulltrúa.

Í einstaka tilvikum hefur ráðuneytið sent til umsagnar eða leitað álits hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um málefni á vettvangi EES-samningsins. Að sama skapi hefur ráðuneytið vakið athygli Sambands íslenskra sveitarfélaga á verkefnum, styrkjum eða sjóðum sem í boði eru vegna þátttöku íslenska ríkisins í EES-samningnum. Samskipti við Samband íslenskra sveitarfélaga hafa nú þegar átt sér stað í einstaka málefnum, en ljóst er að það samstarf má auka og er vilji innan ráðuneytisins að auka það. Ráðuneytið hefur hins vegar ekki gert sérstakan samstarfssamning við Samband íslenskra sveitarfélaga eða boðið fulltrúum þeirra samtaka setu í sérstökum EES-vinnuhópum innan ráðuneytisins, en innan ráðuneytisins hefur ekki verið komið á fót slíkum vinnuhópum.

Fjármálaráðuneyti.

Samstarf fjármálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga um EES-mál er varða sveitarfélög felst í því að:

1. Fjármálaráðuneytið miðlar upplýsingum til Sambands íslenskra sveitarfélaga um EES-mál sem ráðuneytið fer með og varða sveitarfélög með það að markmiði að koma athugasemdum er varða hagsmuni íslenskra sveitarfélaga á framfæri á frumstigi. Ráðuneytið miðlar m.a. upplýsingum frá fundum sérfræðinganefnda framkvæmdastjórnar ESB, og undirnefnda og vinnuhópa EFTA, sem sérfræðingar ráðuneytisins taka þátt í.
2. Sambandið miðlar hliðstæðum upplýsingum til fjármálaráðuneytisins m.a. frá fundum Evrópusamtaka sveitarfélaga sem koma inn á verksvið ráðuneytisins.
3. Samvinna er um kynningu og fræðslu fyrir sveitarfélög á nýrri EES-löggjöf og samstarfsáætlunum, eftir því sem við á.

Þeir EES-málaflokkar sem undir fjármálaráðuneyti heyra og aðilar miðla upplýsingum sín í milli um eru annars vegar opinber innkaup og hins vegar ríkisstyrkir, þ.m.t. almannaþjónusta.

Fjármálaráðuneytið heldur að öllu jöfnu tvo kynningarfundi á ári með fulltrúum sambandsins, að jafnaði í mars og september ár hvert. Nánari tímasetning er ákveðin með tilliti til tímasetningar funda sem miðla á upplýsingum frá.

Félags- og tryggingamálaráðuneyti.

Málefni sveitarfélaga voru fram til áramóta hluti af málefnasviði félagsmálaráðuneytisins. Á þeim tíma hafði ráðuneytið mikið samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga, meðal annars vegna skuldbindinga sveitarfélaganna í tengslum við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Fór samráðið þá að miklum hluta fram með milligöngu þeirra starfsmanna ráðuneytisins sem störfuðu að málefnum sveitarfélaga innan þess.

Um síðastliðin áramót voru málefni sveitarfélaga hins vegar flutt til samgönguráðuneytisins og í ljósi þess, sem og breyttra aðstæðna hvað varðar innra skipulag félags- og tryggingamálaráðuneytisins, mun ráðuneytið taka til skoðunar með hvaða hætti samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga verði sem best fyrir komið á hinum ýmsu málefnasviðum ráðuneytisins vegna skuldbindinga í tengslum við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið.

Enn fremur ber að geta þess að á vegum félags- og tryggingamálaráðuneytisins er starfandi samráðsnefnd ráðuneytisins og helstu samtaka á vinnumarkaði vegna samningsins um

Evrópska efnahagssvæðið. Nefnd þessari er meðal annars ætlað að fjalla um gildistöku og framkvæmd tilskipana á Evrópska efnahagssvæðinu á sviði félagsmála, vinnuverndar, vinnuréttar, jafnréttis kynjanna, frjálsrar farar launþega innan svæðisins og samþættingu fjölskyldulífs og vinnumarkaðar. Samband íslenskra sveitarfélaga á aðild að fyrrnefndri nefnd sem vinnuveitandi.

Þá ber að geta þess að Samband íslenskra sveitarfélaga á fulltrúa í stjórn Vinnueftirlits ríkisins, en sú stjórn fjallar meðal annars um innleiðingu einstakra gerða á sviði vinnuverndar í tengslum við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið.

Menntamálaráðuneyti.

Ekkert formlegt eða skipulagt samstarf eða samráð er á milli menntamálaráðuneytisins og sveitarfélaga á sviði EES-samningsins, enda tengist sú EES-löggjöf sem liggur á sviði menntamálaráðuneytisins sveitarfélögunum ekki beint. Þó er töluvert samstarf á milli ráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga í málaflokkum sem liggja utan EES-samningsins, t.d. tengt skólamálum. Ef mál kæmi inn á borð ráðuneytisins sem tengdist EES-samningnum og væri líklegt til að hafa áhrif á íslensk sveitarfélög yrði það sett í farveg hverju sinni.

Kostnaðarmat.

Árið 2006 tók gildi samkomulag milli ríkisstjórnar Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga um kostnaðarmat lagafrumvarpa og stjórnvaldsfyrirmæla gagnvart sveitarfélögum. Samkvæmt samkomulaginu annast hvert ráðuneyti mat á lagafrumvörpum og reglugerðardrögum á sínu sviði. Samband íslenskra sveitarfélaga lætur ráðuneytunum í té þær upplýsingar sem það býr yfir og nýst geta við matið. EES-gerðir sem innleiddar eru með lagafrumvarpi eða reglugerð heyra þannig undir umrætt samkomulag, en er í raun í þeim tilvikum verið að meta kostnað við innleiðinguna en ekki umræddra ESB-gerð.

Hefur um allnokkurt skeið verið lögð áhersla á að leggja mat á kostnað við innleiðingu EES-gerða á fyrri stigum en verið hefur. Er m.a. að finna tillögu í skýrslu starfshópsins frá 2004 um að því fyrirkomulagi verði komið á að unnin verði gróf kostnaðaráætlun áður en gerðir eru teknar upp í EES-samninginn. Þar verði tilgreindur sá kostnaður sem ríki og sveitarfélög bera af viðkomandi gerð. Var gert ráð fyrir að slíkt kostnaðarmat yrði unnið af viðkomandi ráðuneyti í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Kostnaðarmat á EES-gerðum liggur almennt í hverju ráðuneyti fyrir sig. Reynt hefur verið að leggja aukna áherslu á kostnaðarmat EES-gerða á fyrri stigum síðustu ár og þ.m.t. mat á kostnaði vegna skuldbindinga íslenskra sveitarfélaga á grunni EES-samningsins. Er eðlilegt að gerð slíks kostnaðarmats verði fylgt eftir en hafa verður þó hugfast að slíkt mat á fyrstu stigum máls getur innihaldið nokkra ónákvæmni.

Dæmi um kostnaðarmat.

Það getur verið mjög flókið að meta áhrif af innleiðingu EES-gerða á fjárhag sveitarfélaga, meðal annars vegna fjölda þeirra. Til að varpa ljósi á þetta verður hér tekið dæmi um innleiðingu tilskipunar ráðsins 1999/31/EB um urðun úrgangs, sem innleidd var í íslenskan rétt með lögum um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003.

Markmið tilskipunarinnar er að auka rekstrarlegar og tæknilegar kröfur um urðun úrgangs og að kveða á um ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða minnka eins og unnt er neikvæð áhrif úrgangs á umhverfið, sérstaklega mengun yfirborðsvatns, grunnvatns, jarðvegs og vatns. Samkvæmt 4. mgr. 4. gr. framangreindra laga skal sveitarstjórn semja og staðfesta áætlun sem gildir fyrir viðkomandi svæði og skal sú áætlun byggjast á markmiðum landsáætlunar, sbr. 3. mgr sömu greinar. Í áætluninni skal gera grein fyrir hvernig sveitarfélagið hyggst ná markmiðum landsáætlunar, þ.m.t. leiðum til að draga úr myndun úrgangs, til að endurnota og endurnýta úrgang, förgunarleiðum o.s.frv. Samkvæmt 5. mgr. sömu greinar ber sveitarstjórn ábyrgð á flutningi heimilisúrgangs og skal sjá um að starfræktar séu móttöku og söfnunarstöðvar fyrir úrgang sem fellur til í sveitarfélaginu.

Við undirbúning innleiðingarinnar komu fram töluverðar áhyggjur af kostnaðaráhrifum tilskipunarinnar og þar með laganna. Ýmsar leiðir eru mögulegar til að ná þeim markmiðum laganna sem sveitarfélögin bera ábyrgð á svo sem: aukin flokkun, aukin endurnotkun, endurnýting, svo sem moltugerð, brennsla o.s.frv. Þátttaka íbúa í viðkomandi sveitarfélagi getur þar einnig skipt verulegu máli. Ljóst þótti að sveitarfélög myndu velja mismunandi leiðir til að ná framangreindum markmiðum laganna, sem myndu hafa mismunandi kostnað í för með sér. Einnig var talið vænlegast til árangurs að sveitarfélögin hefðu val um þessar leiðir. Ekkert lá fyrir á þeim tíma um hvaða leiðir yrðu fyrir valinu í hverju sveitarfélagi og þar af leiðandi ekki hægt að meta kostnað af þeim leiðum. Einnig voru í farvatninu aðrar breytingar á úrgangslöggjöf, svo sem varðandi úrvinnslugjald sem talið var að gætu dregið úr kostnaði sveitarfélaganna varðandi aðra úrgangsflokka en lögð er megináhersla á í tilskipuninni. Óvissuþættirnir voru því fjölmargir.

Vegna þessara óvissuþátta var ákveðið að setja á laggirnar samráðsnefnd umhverfisráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga um framkvæmd laganna sem starfa skal til ársins 2010. Nefndin er skipuð sex mönnum, þremur samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga og þremur samkvæmt tilnefningu umhverfisráðherra. Nefndin skal fylgjast með þróun meðhöndlunar úrgangs hérlendis og á Evrópska efnahagssvæðinu. Sérstaklega skal nefndin fylgjast með hvernig markmiðum laganna er náð og meta þann kostnað sem hlýst af því. Nefndin skal skila árlegri skýrslu til umhverfisráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga og setja fram eftir því sem þörf krefur tillögur um hvernig kostnaðinum verði mætt.

Aukin áhersla á kostnaðarmat.

Utanríkisráðherra hefur sett fram áherslur um að aðkoma Íslands að þróun löggjafar hjá Evrópusambandinu, sem í framtíðinni mun eiga við á Íslandi í gegnum EES-samninginn, verði efld. Hafa þannig verið sett fram áform um aukið samráð við utanríkismálanefnd og að mál sem eru í deiglunni hjá Evrópusambandinu verði metin og áhrif þeirra greind fyrr en verið hefur til þessa. Ríma þessar áherslur afar vel við áhuga sveitarfélaganna á að kostnaður við EES-gerðir verði metinn fyrr en nú er raunin.

Þá hefur ríkisstjórnin nýlega komið á fót nefnd um þróun Evróupmála, föstum samráðsvettvangi stjórnmálaflokka á Alþingi og hagsmunaaðila til að fylgjast með þróun mála í Evrópu og leggja mat á breytingar út frá hugsmunum Íslendinga. Nefndin ákveður sjálf hvaða málaflokka hún tekur fyrir og skal hún standa fyrir útgáfu, samráðsfundum með hagsmunaaðilum og heimsóknum erlendra sérfræðinga, eftir því sem tilefni er til. Nefndin skal starfrækja vefsíðu, þar sem starfsáætlun, fundargerðir og ítarefni er birt. Þá skal nefndin skila ríkisstjórn skýrslu árlega.

Þá hefur Samband íslenskra sveitarfélaga stóraukið hagsmunagæslu sína í EES-málum og hafa íslensk sveitarfélög nú mun betri aðgang að upplýsingum um löggjöf á frumstigi innan Evrópusambandsins og skyldur sem hún mun hafa í för með sér fyrir sveitarfélögin, en áður var. Því hafa tækifæri sveitarfélaganna til að greina og meta áhrif aukist til muna. Í starfshópi um EES-mál og sveitarfélög hafa sveitarfélögin einnig verið hvött til að vekja athygli stjórnvalda á löggjöf sem þau telja að gæti haft aukinn kostnað í för með sér fyrir sveitarfélögin, svo hægt sé að hefjast umsvifalaust handa við að meta áhrifin hér á landi, sem og að skoða möguleika á aðlögunum og eftir atvikum lengri fresti til innleiðingar, sé ástæða til þess.

4. Þær gerðir sem teknar hafa verið upp í EES-samninginn og varða verkefni og rekstur sveitarfélaganna, og sérstaklega þær gerðir sem mest áhrif hafa haft á sveitarfélögin frá gildistöku EES-samningsins og hvort og þá hvernig kostnaðarauka sveitarfélaganna hefur verið mætt.

Þær gerðir sem teknar hafa verið upp í EES-samninginn frá gerð hans og varða sveitarfélögin með beinum eða óbeinum hætti eru fjölmargar og er afar erfitt er að leggja með fullnægjandi hætti mat á hversu margar þær kunna að vera. Um getur verið að ræða gerðir sem varða heilbrigðiseftirlit, sorphirðu, veitingu þjónustu, orkumál o.s.frv. Í skýrslu starfshóps á vegum utanríkisráðuneytisins um EES og hagsmuni íslenskra sveitarfélaga frá árinu 2004[6] segir að ein af meginástæðum þess að héraðanefnd Evrópusambandsins var komið á fót sé sú að áætlað er að um ¾ hluti löggjafar ESB komi til kasta svæðisbundinna stjórnvalda með einum eða öðrum hætti. Þetta kann að gefa einhverja mynd af því hversu stór hluti þeirra gerða sem varða EES-samninginn hafa áhrif á sveitarfélögin.

Á hverju ári eru rúmlega þrjú hundruð gerðir teknar upp í EES-samninginn og áætla má að nú séu um 5000 gerðir hluti af EES-samningnum. Eins og fram kemur í áðurnefndri skýrslu hefur takmarkaða þýðingu að líta á fjölda gerða sem teknar hafa verið upp í EES-samninginn þegar lagður er mælikvarði á áhrif EES-löggjafar á sveitarfélögin. Efni gerðanna er afar misjafnt og ætla má að drjúgur hluti af þeim gerðum sem teknar eru upp í samninginn árlega séu breytingar á eldri gerðum sem fela ekki endilega í sér efnislegar breytingar heldur varða tæknilegar útfærslur á því sem fyrir er. Á hinn bóginn getur ein gerð falið í sér grundvallarbreytingu á tilteknu sviði sem kann að varða sveitarfélögin og jafnvel haft í för með sér verulegan kostnað.

Að því er varðar kostnaðarauka sveitarfélaganna vegna gerða sem teknar eru upp í EES-samninginn er hann oft tilkominn vegna lögbundins eftirlitshlutverks sveitarfélaganna. Eins og fram kemur í umfjöllun hér á eftir er meginreglan sú að þeim kostnaði sé mætt með gjaldtökuheimild í lögum til handa sveitarfélögunum. Að því er varðar aðgerðir sem kunna að vera mjög kostnaðarsamar, t.d. vegna þess að nauðsynlegt er að ráðast í framkvæmdir, getur verið nauðsynlegt að mæta honum með öðrum hætti, sbr. umfjöllun hér á eftir um fráveitumál.

Bein og óbein áhrif.

Sveitarfélögin gegna margs konar hlutverki, sem stjórnvald, þjónustuveitendur, framkvæmdaraðilar o.fl. EES-samningurinn varðar rekstur, verkefni og fjármál sveitarfélaganna með beinum hætti. Ef til vill er hægt að tala um almenn eða óbein áhrif annars vegar og bein áhrif hins vegar.

---

[6] EES og hagsmunir íslenskra sveitarfélaga – Staða – horfur – tillögur, utanríkisráðuneytið, janúar 2004, bls 14.

Almennu áhrifin felast í því að sveitarfélög sem stjórnvald og vinnuveitendur verða að taka mið af reglum samningsins sem varða þessi hlutverk. Þau verða t.d. að taka mið af jafnræðisreglum, samkeppnisreglum, ríkisstyrkjareglum og innkaupareglum. Þau verða einnig að taka mið af reglum sem varða réttindi launþega á innri markaði Evrópusambandins, sérstökum ákvæðum um félagsleg skilyrði á vinnumarkaði svo sem ákvæði um lágmarksreglur um vinnutíma og töku fæðingarorlofs. Þá gilda reglur um heilbrigði, sem og öryggi og hollustuhætti á vinnustöðum um starfsemi sveitarfélaganna eins og aðra vinnuveitendur.

Afar erfitt, ef ekki útilokað, er að meta kostnað sveitarfélaga vegna þessara almennu þátta EES-samningsins. Það er hins vegar ljóst að þessar reglur hafa áhrif á starfsemi sveitarfélaganna og þau verða að taka mið af þeim og haga starfsemi sinni í samræmi við þær. Það sama á við um starfsemi ríkisins í heild sinni, sem og atvinnulífið: Aðild að samningunum hefur áhrif á skipulag innanríkismála í heild sinni.

Almenn áhrif á starfsemi sveitarfélaganna sem stjórnvald og vinnuveita eru því fyrir hendi. Allar nánari reglur sem settar eru um þessi atriði varða þau því með óbeinum hætti og sveitarfélög verða sjálf að taka þátt í að fylgjast með þróun reglna á þessu sviði og meta samfélagsleg áhrif þeirra.

Það er einnig ljóst að sveitarfélögin verða fyrir beinum áhrifum af EES-samningnum, einkum á það við um gerðir sem teknar hafa verið upp í samninginn og varða verkefni sem sveitarfélögum hefur verið falið að sinna. Það fellur því í hlut sveitarfélaganna, vegna verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga, að annast framkvæmd eða úrlausn ýmissa mála á grundvelli ákvæða í slíkum gerðum. Þekktustu áhrifin eru á sviði umhverfismála, það hefur t.d. fallið í hlut sveitarfélaga á Íslandi að útfæra samræmdar reglur ESB sem teknar hafa verið upp í EES-samninginn varðandi fráveitu- og úrgangsmál.

Ef til vill er auðveldara að meta fjárhagsleg áhrif af slíkum ákvörðunum sem varða sveitarfélögin með beinum hætti, frekar en að meta hin óbeinu áhrif, sem og að fylgjast með útgjaldaþróun vegna viðkomandi verkefna. Það hlýtur þó alltaf að byggjast á mati sem þarf að fara fram í samstarfi fleiri aðila (t.d. viðkomandi fagráðuneytis og sveitarfélaganna). Þó þarf að hafa eftirfarandi í huga.

Í fyrsta lagi geta gerðir verið í formi rammareglna sem þýðir að það er í valdi stjórnvalda í hverju tilviki að ákveða með hvaða hætti viðkomandi reglum er framfylgt. Það getur því að einhverju leyti verið opið fyrir túlkun með hliðsjón af aðstæðum. Í öðru lagi getur verið um lágmarksreglur að ræða. Það er ekkert því til fyrirstöðu að viðkomandi stjórnvöld (ríki eða sveitarfélög) gangi lengra en nauðsynlegt er með hliðsjón af þeim reglum sem verið er að framkvæma. Í þriðja lagi geta innlend stjórnvöld tekið ákvarðanir um að tengja innleiðingu EES-reglna við aðrar ákvarðanir um beinar kvaðir á hendur sveitarfélögum. Lög sem innleiða EES-gerðir geta þannig falið í sér fleiri efnisatriði en sem snúa eingöngu að viðkomandi gerð eða gerðum. Í slíkum tilfellum þarf að meta að hve miklu leyti er um að ræða áhrif frá EES og að hve miklu leyti er um innlendar áherslur að ræða.

Í þeirri umfjöllun sem hér fer á eftir verður einkum fjallað um gerðir sem hafa bein áhrif á starfsemi og rekstur sveitarfélaga, en síður fjallað um hin óbeinu áhrif. Er ljóst að langflestar þær gerðir sem hafa bein og óbein áhrif á rekstur sveitarfélaga eru á verksviði umhverfisráðuneytis.

Umhverfisráðuneyti.

Hér verður fjallað um helstu gerðir sem varða framkvæmda- og þjónustuverkefni eða eftirlitshlutverk sveitarfélaganna. Fjöldi gerða sem varða mengunarvarnir af ýmsu tagi hefur

verið tekinn upp í íslenskan rétt, m.a. með lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998 og reglugerðum settum á grundvelli þeirra laga.[7] Þar sem sveitarfélögin standa straum af kostnaði við heilbrigðiseftirlit samkvæmt lögunum, er ljóst að fjölmargar ESB-gerðir sem teknar hafa verið upp í EES-samninginn um mengunarvarnir hafa áhrif á starfsemi á vegum sveitarfélaganna, en heilbrigðisnefndir sveitarfélaga sinna eftirliti á sviði efna- og umhverfismála. Í framangreindum lögum er að finna sérstaka gjaldtökuheimild til sveitarfélaganna vegna þessa kostnaðar. Umhverfisráðuneytið hefur átt náið samráð og samstarf við sveitarfélögin vegna þessara gerða, t.a m. við undirbúning á innleiðingu þeirra.

Hið sama er uppi á teningnum varðandi eiturefni og hættuleg efni. Samkvæmt lögum um eiturefni og hættuleg efni nr. 52/1988 hafa sveitarfélögin ásamt öðrum, eftirlit með framkvæmd laganna. Auk laganna hefur fjöldi reglugerða verið settur á grundvelli þeirra til innleiðingar á ESB-gerðum á þessu sviði.[8]

Við framkvæmd EES-samningsins eins og hann snýr að umhverfisráðuneytinu, eru það sérstaklega tilskipanir sem varða fráveitu- og úrgangsmál sem haft hafa áhrif á rekstur sveitarfélaganna, en framkvæmd umræddra málaflokka er á vegum þeirra. Er þá bæði um að ræða stofnkostnað og rekstrarkostnað. Í lögum hefur verið gengið svo frá málum, eins og fyrr segir, að sveitarfélögin geti innheimt gjöld af notendum, ýmist í formi skatta eða þjónustugjalda. Má þar nefna gjöld vegna lagningar fráveitna og meðhöndlunar á úrgangi.

Fráveitumál.

Um fráveitur gildir tilskipun ESB frá 1991 (91/271/EBE), um hreinsun skólps frá þéttbýli, þar sem settar eru fram kröfur um hreinsun miðað við landfræðilegar aðstæður og hversu viðkvæmur viðtakinn er, þ.e. það svæði er sem tekur við menguninni og þynnir hana eða eyðir. Rétt er að taka fram að tilskipunin var meðal þeirra gerða sem urðu hluti af EES-samningnum þegar hann var gerður.

Hér á landi gilda nokkrar reglugerðir um fráveitur og má þar nefna reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, þar sem m.a. er kveðið á um meginreglurnar og um hreinsun, reglugerð nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru, og nokkrar reglugerðir frá sama ári um varnir gegn mengun vatns. Árið 1993 var lagt mat á kostnað við að koma þessum málum í viðunandi horf á Íslandi og nam hann á verðlagi þess tíma 10–12 milljörðum kr. Ríki og sveitarfélög komust að samkomulagi um að ríkið tæki að sér að styrkja þessar framkvæmdir frá og með 1995 til og með 2005 með 200 milljón kr. framlagi á ári eða sem nemur um 20% af heildarkostnaði og voru sett lög þar að lútandi árið 1995. Gildistími laganna var framlengdur og taka lögin til framkvæmda til loka ársins 2008. Hafa 45 sveitarfélög notið styrkja úr fráveitusjóði, sem var komið á með umræddum lögum. Verulegur árangur hefur náðst í fráveitumálum á undanförnum árum og hefur verið komið á viðunandi hreinsun skólps frá 80% íbúa landsins.

Úrgangsmál.

Sú tilskipun ESB sem nú gildir um úrgang er frá árinu 1975 (75/442/EBE) og hafa verið gerðar á henni nokkrar breytingar, sú síðasta árið 2002, sjá tilskipanir 75/442/EBE, 94/62/EB,1999/31/EB, 2000/53/EB og 2002/96/EB. Nú er til umfjöllunar og afgreiðslu hjá Evrópu-

---

[7] Upplýsingar um gerðir á sviði mengunarvarna sem innleiddar eru með reglugerðum með stoð í lögunum má nálgast á heimasíðu Umhverfisstofnunar: http://www.ust.is/Mengunarvarnir/Logogreglugerdir/

[8] Sjá heimasíðu Umhverfisstofnunar:http://www.ust.is/efniogefnavorur/Logogreglugerdir/ Reglugerdir/

sambandinu ný tillaga að tilskipun (COM(2005)667 final) sem er heildarendurskoðun á tilskipuninni frá 1975 og kveður á um þó nokkrar breytingar.

Í tengslum við lög og reglugerðir sem settar hafa verið á sviði umhverfismála á grundvelli EES-samningsins og varða ábyrgð og framkvæmd á vegum sveitarfélaganna hefur lagagrundvöllur heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna verið styrktur til að takast á við verkefnin, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með áorðnum breytingum.

Þá er þess að geta að tilskipanir um raftækja- og rafeindatækjaúrgang (WEEE), tilskipanir 2002/95 og 2002/96 eru til umfjöllunar á Alþingi í formi lagafrumvarps. Hún mun varða sveitarfélögin þar sem þau bera ábyrgð á framkvæmd úrgangsmála hvert á sínu svæði. Sú breyting verður þó að kveðið verður á um framleiðendaábyrgð þannig að sá kostnaður sem sveitarfélögin hafa borið til þessa lendir á framleiðendum. Sveitarfélögunum ber eigi að síður að taka endurgjaldslaust við þessum úrgangi sem kemur frá heimilunum í landinu. En að öðru leyti mun kostnaður sem sveitarfélög hafa hingað til borið falla á framleiðendur.

Vatnatilskipunin.

Nú fyrir skömmu var tekin upp í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB um aðgerðaramma Bandalagsins um stefnu í vatnsmálum, sem nefnd hefur verið vatnatilskipunin.[9] Meginmarkmið tilskipunarinnar er að setja ramma um vernd yfirborðsvatns, grunnvatns, árósavatns og strandsjávar, sem og að hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vistkerfa og, að svo miklu leyti sem vatn hefur áhrif á önnur vistkerfi, tekur tilskipunin einnig til gæða þeirra. Þá er ætlunin að tryggja sjálfbæra vatnsnotkun með verndun nytjavatns, auka verndun og bæta vatnakerfi, t.d. með aðgerðum til að draga úr eða stöðva losun hættulegra efna, og stuðla að aðgerðum gegn flóðum til þess að bæta ástand vatns og sjávar. Með tilskipuninni eru felldar úr gildi eldri tilskipanir sem voru teknar upp í EES-samninginn, s.s. að því er varðar gæði drykkjarvatns, yfirborðsvatn og grunnvatn.

Tilskipunin er eingöngu EES-tæk að hluta. Þannig voru þeir þættir sem lúta að náttúruvernd, t.d. lífríki við strendur, ár og vötn, ekki teknir upp í EES-samninginn, heldur aðeins atriði er varða mengun, vöktun með henni og eftirlit. Ákvæði er varða auðlindastjórnun og gjaldtöku voru ekki tekin upp í samninginn.

Ljóst er að verulegur kostnaður mun koma til í tengslum við lögleiðingu tilskipunarinnar hér á landi og vegna úttekta, vöktunar og skýrslugerða þegar tilskipunin verður að fullu komin til framkvæmda. Kostnaður vegna undirbúnings innleiðingar og vöktunar mun falla á ríkið, en ákveðinn kostnaður vegna eftirlits með vatnsvernd á vegum sveitarfélaganna mun falla á þau þegar að framkvæmd tilskipunarinnar kemur. Samráð hefur verið haft við sveitarfélögin um upptöku tilskipunarinnar frá því byrjað var að ræða upptöku hennar í EES-samninginn.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti.

Gerðir Evrópusambandsins sem eru hluti af EES-samningnum og varða sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið eru að mestu á sviði matvæla og matvælaeftirlits og fóðurs. Ráðuneytið tók nýverið alfarið við matvælamálum, þar sem gerðir ESB hafa mikil áhrif á löggjöf hérlendis. Hafa sveitarfélögin þar einkum hlutverki að gegna vegna lögbundinnar eftirlitsskyldu sinnar.

---

[9] Sjá umfjöllun í tillögu til þingsályktunar, Þskj. 298 — 268. mál.

Núverandi matvælalöggjöf.

Núverandi matvælalög nr. 93/1995 eru lagastoð fyrir þær gerðir ESB sem nú gilda á sviði matvæla og eru hluti af EES-samningnum. Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga hafa lögbundið eftirlitshlutverk með matvælum á markaði, undir yfirumsjón Matvælastofnunar, sem frá 1. janúar 2008 tók við því hlutverki af Umhverfisstofnun. Við setningu matvælalaganna var það tryggt að heimilt yrði að innheimta gjald fyrir þann kostnað sem hlýst af eftirlitinu. Núverandi gjaldtökuákvæði er í 2. mgr. 25. gr. laganna, þar sem vísað er til þess að eftirlitsgjöld vegna heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga vegna matvælaeftirlits skuli vera samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 25. gr. laga nr. 7/1998. Sveitarfélögum hefur þannig verið tryggð heimild til að innheimta gjöld sem nemi rökstuddum kostnaði sem eftirlitið hefur í för með sér.

Reglugerð ESB nr. 178/2002 um almenna matvælalöggjöf, auk reglugerða ESB nr. 852/2004, 853/2004, 854/2004 og 882/2004.

Nýlega voru teknar upp í EES-samninginn umfangsmiklar gerðir á sviði matvæla. Taka þær gildi fyrir Ísland eftir að samþykki Alþingis hefur verið leitað. Að því búnu munu gerðir sem varða dýraafurðir aðrar en fisk ekki taka gildi fyrr en að 18 mánuðum liðnum.

Markmið matvælastefnunnar er víðtæk heilsuvernd. Lagður er grunnur að því að tryggja heilbrigði manna og veita hagsmunum neytenda víðtæka vernd með tilliti til matvæla og taka mið af fjölbreyttu framboði matvæla. Verið er að samræma reglur um matvæli í aðildarríkjunum og tryggja frjálsan flutning öruggra og heilnæmra matvæla. Löggjöfin nær til allra stiga; frá framleiðslu matvæla og fóðurs, til sölu og afhendingar matvæla til neytanda (frá haga til maga), því sérhver hlekkur getur haft áhrif á öryggi matvælanna.

Upptaka framangreindrar löggjafar ESB kallaði á endurskoðun á undanþágu Íslands varðandi þann kafla EES-samningsins sem varðar dýraafurðir. Eru því samhliða teknar inn í samninginn fjölmargar gerðir um dýraafurðir ESB sem Ísland hefur hingað til verið undanþegið frá. Áfram er Ísland þó undanþegið hvað varðar ýmsar gerðir sem fjalla um lifandi dýr, önnur en lifandi fisk. Ísland fékk einnig undanþágu til að viðhalda algjöru innflutningsbanni á kjöt- og beinamjöli og undanþágu frá ákvæðum í reglum ESB sem hefðu bannað að fóðra jórturdýr á Íslandi með íslensku fiskimjöli. Þá fékkst samþykki fyrir því að Ísland yfirtaki reglur ESB um útrýmingu sauðfjárriðu aðeins að litlu leyti en haldi eigin reglum. Með upptöku þessara gerða í EES-samninginn eru felldar úr gildi fjölmargar tilskipanir og aðrar gerðir sem varða framleiðslu, markaðssetningu og eftirlit með matvælum.

Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga fer eftir sem áður með heilbrigðiseftirlit með matvælum á markaði. Ekki er gert ráð fyrir að innleiðing þessara reglugerða hafi í för með sér kostnaðarauka fyrir sveitarfélögin, en eftirlitið er að miklu leyti greitt af fyrirtækjum sem eftirlitið beinist að.

Reglugerð ESB nr. 1774/2004 aukaafurðir dýra.

Reglugerð 1774/2004 varðar allar afurðir dýra, sem ekki eru ætlaðar til manneldis. Hún kveður á um það með hvaða hætti nota má þessar afurðir í fóður fyrir dýr og hvernig þær geta farið aftur inn í fæðukeðjuna. Kveðið er á um flokkun þessara afurða í hættuflokka, eftir því hversu mikil hætta er á að smitefni leynist í þeim. Þá er kveðið á um hvernig meðhöndla ber þessar afurðir ef nota á þær í fóður. Hættulegustu afurðirnar eru sláturúrgangur sem hætta er á að beri með sér smitefni og er kveðið á um að slíkur úrgangur verði brenndur. Getur

þetta haft nokkurn kostnað í för með sér, en um það atriði vísast til umfjöllunar um úrgangstilskipunina (Waste directive) hér að ofan.

Reglugerðin var tekin upp í EES-samninginn 26. október 2007, og öðlast gildi fyrir Ísland þegar Alþingi hefur staðfest ákvörðunina, en varðandi dýraafurðir aðrar en fisk, tekur hún ekki gildi fyrr en 18 mánuðum eftir að ákvörðunin tekur gildi.

Samgönguráðuneyti.

Lítið er um EES-reglur sem falla undir samgöngumál og varða verkefni og rekstur sveitarfélaga með beinum hætti. Hins vegar tengjast margar gerðir á sviði samgöngumála sem teknar hafa verið upp í EES-samninginn sveitarfélögunum óbeint. Dæmi um þetta eru akstur og hvíldartímareglur, umferðaröryggismál, flutningamál og reglur um gjaldtöku fyrir samgöngur. Önnur dæmi um mál er varða samgöngur óbeint og sömuleiðis sveitarfélög eru ríkisstyrkjareglur varðandi skipasmíðaiðnað og reglur um opinber innkaup, þar á meðal reglur sem gilda um þjónustuútboð. Með þjónustuútboði er átt við útboð á þjónustu sem stjórnvöld hafa ákveðið að skuli standa til boða en stendur ekki fjárhagslega undir sér. Dæmi um þetta er útboð á ósjálfbæru áætlunarflugi til afskekktra byggða. Getur þetta einnig átt við um þjónustu strætisvagna eða áætlunarbifreiða þegar reksturinn er ekki á vegum opinbers fyrirtækis. Reglur um þjónustuútboð setja ramma utan um hvernig ber að standa að slíkum innkaupum þegar þau eru falin einkaaðilum og ætlað að leiða til hagkvæmari samninga um slíka þjónustu og stuðla að betri gæðum hennar. Þeim er því ætlað að auka samkeppni og þar með draga úr kostnaði opinberra aðila við þjónustuna.

Hafnavernd.

Í kjölfar atburðanna 11. september 2001 upphófst mikil vinna á vegum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, IMO, um að þróa reglur til þess að vernda siglingar fyrir ólögmætum aðgerðum á hafi og í höfnum. Niðurstaðan var viðbótarkafli við SOLAS (International Convention for the Safety of Life at Sea) samþykkt IMO sem lagði þær kvaðir á aðildarríki IMO að lögfesta viðamiklar kröfur um verndarráðstafanir fyrir öryggi siglinga.

Samþykkt IMO um siglingavernd var tekin upp í regluverk ESB sem hefur verið yfirfærð í EES-saminginn ásamt fleiri gerðum ESB á þessu sviði og innleidd í íslenska löggjöf. Evrópureglurnar ganga nokkuð lengra og taka m.a. til hafnasvæða í heild sinni á meðan IMO reglurnar takmarkast við landtengingu skipa.

Reglur um siglingavernd hafa leitt af sér umtalsverðan kostnað fyrir ríki, útgerðir, flutningsaðila og hafnir. Höfnum, sem eru nær allar í eigu sveitarfélaga, er gert að leggja mat á áhættu við starfsemi sína og í framhaldi af því útbúa og hrinda í framkvæmd verndarog viðbragðsáætlunum. Þessu getur fylgt töluverður kostnaður við ýmis konar ráðstafanir s.s. afmörkun eða lokun hafnarsvæða, kaup og rekstur eftirlitskerfa og þjálfun starfsmanna. Hafnarsjóðir hafa í lögum um siglingavernd nr. 50/2004 heimildir til gjaldtöku fyrir kostnaði við siglinga- og hafnavernd sem þær hafa nýtt sér.

Fjármálaráðuneyti.

Lög á verksviði fjármálaráðuneytis, sem sett hafa verið á grundvelli gerða sem teknar hafa verið upp í EES-samninginn og einna helst geta haft áhrif á útgjöld sveitarfélaganna, eru lög

um opinber innkaup nr. 84/2007. Í umsögn fjármálaráðuneytisins um frumvarp til laganna[10] er ekki gert ráð fyrir kostnaðarauka fyrir ríkið og því má gera ráð fyrir að hið sama gildi um sveitarfélögin. Reglur sem Eftirlitsstofnun EFTA setur um ríkisstyrki og endurspegla ríkisstyrkjareglur ESB takmarka svigrúm opinberra aðila til að styrkja, ívilna eða mismuna aðilum í atvinnurekstri, þar á meðal fyrirtækjum í eigu sveitarfélaga, ef slíkt skaðar samkeppni á innri markaði. Því má segja að áhrif þessara reglna á sveitarfélögin séu fyrst og fremst óbein.

Iðnaðarráðuneyti.

Löggjöf á verksviði iðnaðarráðuneytis sem sett hefur verið á grundvelli EES-samningsins og varðar sveitarfélögin er helst á sviði orkumála. Orka er flokkuð með vörum í EES-samningnum og fellur því undir ákvæði samningsins um frjálst vöruflæði. Sveitarfélög á Íslandi hafa tekið virkan þátt í rekstri orkufyrirtækja[11] og hafa EES-reglur um orkumál því haft áhrif á rekstur orkufyrirtækja sveitarfélaga s.s. að því er varðar reglur um eignarhald á framleiðsluþætti annars vegar og dreifingu hins vegar. Ekki er um beinan kostnað sveitarfélaganna að ræða, heldur hafa þessar reglur fyrst og fremst áhrif á sveitarfélögin sem eigendur orkufyrirtækja. Tilskipun 2003/54 hefur verið tekin að stærstum hluta upp í íslenskan rétt með raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum.

Félags- og tryggingamálaráðuneyti.

Gerðir sem teknar hafa verið upp í EES-samninginn og varða félagsmálaráðuneyti (og eftir 1. janúar 2008 tryggingamálaráðuneyti) eru taldar upp í viðauka XVIII (auk almannatrygginga í VI viðauka eftir 1. janúar 2008). Um er að ræða gerðir á sviði öryggis og hollustuhátta á vinnustöðum, á sviði vinnuréttar og varðandi jafnrétti kynjanna.

Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum.

Fjöldi gerða hefur verið tekinn upp í EES-samninginn á sviði öryggis og hollustuhátta á vinnustöðum. Það er einkum Vinnueftirlit ríkisins sem annast framkvæmd þeirra og á heimasíðu stofnunarinnar má sjá yfirlit yfir reglugerðir sem stofnunin starfar eftir, en flestar þeirra tengjast með einum eða öðrum hætti tilskipununum sem voru til staðar þegar EES-samningurinn tók gildi eða hafa verið teknar upp síðar. Þessar reglur eru af ýmsum toga, varða aðbúnað og hollustu starfsmanna, ráðstafanir til að koma í veg fyrir heilsutjón, meðferð hættu-

---

[10] Umsögn um frumvarp til laga um opinber innkaup: Frumvarpi þessu er ætlað að tryggja jafnræði fyrirtækja við opinber innkaup, stuðla að hagkvæmni í opinberum rekstri með virkri samkeppni og efla nýsköpun og þróun við innkaup hins opinbera á vörum, verkum og þjónustu. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að lög nr. 94/2001, um opinber innkaup, verði felld úr gildi, sem og eftirfarandi reglugerðir og auglýsingar: Reglugerð um opinber innkaup á EES-svæðinu nr. 655/2003, reglugerð um viðmiðunarfjárhæðir nr. 1012/ 2003, auglýsing nr. 30/2004 um breytingar á viðmiðunarfjárhæðum fyrir útboðsskyld kaup á vörum, þjónustu og verkum, sbr. 12. gr. laga nr. 94/2001, reglugerð um notkun staðlaðra eyðublaða nr. 239/2003 og reglugerð um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og fjarskipti nr. 705/2001. Einnig er gert ráð fyrir að ákvæði tilskipana Efnahagsbandalags Evrópu á þessu sviði sem Íslendingar undirgengust með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið verði leidd í lög með frumvarpinu. Ekki er um að ræða miklar efnislegar breytingar varðandi framkvæmd opinberra innkaupa fyrir ríkisstofnanir frá núgildandi lögum og er ekki ástæða til að ætla að lögfesting frumvarpsins hafi aukinn kostnað í för með sér.

[11] EES og hagsmunir íslenskra sveitarfélaga – Staða – horfur – tillögur, utanríkisráðuneytið, janúar 2004, bls. 16.

legra efna, notkun tækja, varnir gegn hávaða og loftmengun, reglur um lyftur og lyftubúnað, svo dæmi séu tekin.

Jafnrétti kynjanna.

Á grundvelli ákvæða í EES-samningnum falla gerðir á sviði jafnréttismála undir gildissvið hans. Það á t.d. við um tilskipun frá 1975 um beitingu meginreglunnar um sömu laun kvenna og karla, tilskipun frá 1976 varðandi jafnræði við aðgang að störfum, starfsþjálfun og stöðuhækkunum, sem og varðandi starfskjör. Þá er tilskipun um sönnunarbyrði í málum sem varða mismunun vegna kynferðis. Væntanleg er upptaka á nýrri tilskipun 2006/54/EC um jafnréttismál, en hún sameinar nokkrar eldri tilskipanir á þessu sviði sem allar hafa verið teknar upp í EES-samninginn.

Vinnuréttur.

Gerðir sem felldar hafa verið undir EES-samninginn á sviði vinnuréttar eru einnig taldar upp í XVIII viðauka hans. Það eru t.d. tilskipun um samræmingu laga varðandi hópuppsagnir, varðandi rétt launþega í þeim tilvikum er fyrirtæki verða gjaldþrota, um skyldur vinnuveitanda til að skýra launþegum frá samningsskilmálum eða ráðningarfyrirkomulagi. Þá fellur hér undir gerð er kveður á um vinnutíma og gerð sem veitir börnum og umgmennum vinnuvernd.

Mat á áhrifum.

Ekki er kunnugt um að sérstakt mat hafi farið fram á því hvernig þessar gerðir, sem eru hluti af EES-samningnum á grundvelli V. hluta samningsins, varða sveitarfélögin beint eða óbeint. Ljóst má þó vera að sveitarfélög verða að haga starfsemi sinni í samræmi við þessar gerðir eftir því sem við á, en væntanlega eru áhrifin þau sömu og hvað varðar aðra vinnuveitendur og framkvæmdaraðila í landinu.

5. Stærstu mál sem eru á döfinni og kunna að varða sveitarfélögin. Má þar nefna að á vettvangi ESB var nýlega samþykkt svonefnd þjónustutilskipun auk þess sem kynntar hafa verið hugmyndir um mögulega lagasetningu um almannaþjónustu sem gæti haft mikil áhrif á sveitarfélögin og fyllsta ástæða er til að fylgjast grannt með. Einnig má nefna endurskoðun rammalöggjafar um úrgangsmál, stefnumótun í málefnum hafsins, löggjöf um verndun jarðvegs og margt fleira.

Nú er nokkur fjöldi mála til umfjöllunar hjá Evrópusambandinu sem kann að varða íslensk sveitarfélög í framtíðinni. Eins og áður á það einkum við um umhverfismál. Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu málum, en jafnframt er bent á að um flest þessara mála er fjallað í nýlegri skýrslu utanríkisráðherra til Alþingis um Ísland á innri markaði Evrópu[12] og skýrslu sendiráðs Íslands í Brussel vegna seinni hluta ársins 2007 sem birt er á heimasíðu sendiráðsins.[13]

---

[12] Skýrsla utanríkisráðherra um Ísland á innri markaði Evrópu, lögð fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008, þskj. 590 — 350. mál.

[13] http://www.iceland.org/media/be/Yfirlitsskyrsla_shl.2007.pdf

Þjónustutilskipunin.[14]

Tilskipun 2006/123/EB um þjónustu á hinum innri markaði eða þjónustutilskipunin eins og hún hefur verið kölluð, var samþykkt í Evrópusambandinu þann 12. desember 2006. Daginn eftir var Sambandi íslenskra sveitarfélaga ásamt um tuttugu öðrum hagsmunasamtökum sent bréf með þjónustutilskipuninni og upplýsingaefni um hana, þar sem óskað var umsagnar viðkomandi samtaka vegna væntanlegrar upptöku tilskipunarinnar í EES-samninginn. Í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga voru ekki gerðar athugasemdir vegna upptöku tilskipunarinnar í EES-samninginn. Sambandið áskildi sér hins vegar rétt til að koma að athugasemdum þegar kemur að innleiðingu tilskipunarinnar í íslenskan rétt að því leyti sem varðar hagsmuni sveitarfélaga.

Frá samþykkt þjónustutilskipunarinnar hefur sérstakur starfshópur ráðuneytanna haft það verkefni að meta áhrif tilskipunarinnar á Íslandi og undirbúa innleiðingu hennar hér á landi. Fljótlega eftir að starfshópurinn hóf störf var Sambandi íslenskra sveitarfélaga boðið að taka þátt í starfi hópsins, enda ljóst að þau munu að hluta koma að framkvæmd tilskipunarinnar hér á landi, þar sem hluti af þeim leyfum sem tilskipunin hefur áhrif á, einkum hvað varðar umhverfismál, t.d. starfsemi heilbrigðiseftirlits, eru gefin út af sveitarfélögunum.

Almannaþjónusta.

Mikil umræða hefur farið fram innan ESB um þörf á því að setja rammalöggjöf um þjónustu í almannaþágu. Af því hefur ekki orðið, en þess í stað hefur framkvæmdastjórnin lagt áherslu á að skýra þær reglur sem gilda um þjónustu sem veitt er í almannaþágu, hvort sem hún er veitt með efnahagslegum formerkjum eða ekki, og hvernig slík þjónustustarfsemi tengist öðrum og altækum reglum í stofnsáttmála Evrópusambandsins, svo sem varðandi samkeppni, ríkisstyrki og opinber innkaup.

Utanríkisráðuneytið hefur fylgst grannt með þessari umræðu, og sama máli gegnir um íslensk sveitarfélög. Mun utanríkisráðuneytið halda því áfram og telur opna og upplýsta umræðu um málið mikilvæga. Nefna má í því samhengi að utanríkisráðuneytið stefnir að því að halda ráðstefnu síðar á þessu ári, í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga og aðra hagsmunaaðila, um þjónustu á innri markaðinum, þ.m.t. þjónustutilskipunina og almannaþjónustu.

Aðrar gerðir á sviði félags- og vinnumála.

Aðrar gerðir á sviði félags- og vinnumála sem eru til skoðunar hjá EFTA og varða sveitarfélögin óbeint eru t.d. tilskipun um jafna stöðu kvenna og karla á vinnumarkaði (sem sameinar eldri tilskipanir á þessu sviði í eina, nr. 2006/54/EC), ný tilskipun um frjálsa för launþega (2004/38/EC) og tilskipun sem kveður á um jafnræði kynjanna í viðskiptum með vöru og þjónustu (2004/113/EC).

---

[14] Skýrsla utanríkisráðherra um Ísland á innri markaði Evrópu, lögð fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008, þskj. 590 — 350. mál, bls. 20.

Umhverfisgerðir þar sem framkvæmd mun liggja að öllu eða einhverju leyti hjá sveitarfélögunum:
Úrgangsmál.

Á undanförnum árum hefur verið unnið að endurskoðun úrgangslöggjafar ESB. Nú liggur fyrir tillaga að tilskipun um endurskoðaða heildarlöggjöf.[15] Búist er við að málið verði endanlega afgreitt eftir meðferð í Evrópuþinginu og ráðinu í lok yfirstandandi árs.

Með tillögunni er m.a. stefnt að því að einfalda regluverk, með sameiningu tilskipana. Ákvæði um kostnað af meðhöndlun úrgangs er víkkað út þannig að það nær bæði til endurnýtingar og förgunar. Þá er lögð aukin áhersla á að sá sem beri ábyrgð á úrgangi beri kostnað af hvers konar meðhöndlun hans.

Stefna Evrópusambandsins er að hindra og draga úr myndun úrgangs. Byggist hún á því að náð skuli jafnvægi í úrgangsmálum þannig að árið 2012 falli ekki til meiri úrgangur en 2008 og er lykilatriðið að allur úrgangur sem hægt er að meðhöndla verði endurheimtur með einu eða öðru móti. Markmiðið er að með betri notkun hráefna skuli aðildarríkin á árinu 2020 þegar hafa náð að endurnota eða endurvinna a.m.k. 50% af heimilis- og rekstrarúrgangi og 70% af byggingar-, iðnaðar- og framleiðsluúrgangi. Árið 2015 eiga aðildarríkin að hafa komið upp aðskildri söfnun á pappír, málmi, plasti, textíl og öðrum lífrænum úrgangi og einnig úrgangsolíu og öðrum spilliefnum. Einnig skal kveða á um viðeigandi eyðingu úrgangs þar sem það á við. Endurheimt ómeðhöndlaðs úrgangs frá stóreldhúsum, veitingahúsum eða mötuneytum til að fóðra dýr verður bönnuð og skal eyðing slíks úrgangs vera í höndum aðila sem til þess hafa starfsleyfi. Skal úrgangurinn gerilsneyddur og honum eytt á viðunandi hátt. Evrópuþingið hefur auk þess samþykkt áætlun um endurvinnslu úrgangs (*Thematic Strategy on the recycling of waste*[16]). Þar eru sett fram eftirfarandi stefnumið:

— Frá árinu 2010 verði bannað að urða ómeðhöndlaðan lífrænan úrgang.
— Frá árinu 2015 verði bannað að urða pappír, pappa, gler, textíl, timbur, plast, málm, gúmmí, kork, postulín, steypu, múrsteina og flísar.
— Frá árinu 2020 verði bannað að urða allan endurvinnanlegan úrgang.
— Frá árinu 2025 verði bannað að urða allan afgangsúrgang, nema þar sem ekki er hægt að koma annarri vinnslu við eða um sé að ræða mjög hættulegan úrgang sem ekki verður forsvaranlega meðhöndlaður með öðru móti.

Ljóst er af framansögðu að um breytingar er að ræða sem geta varðað sveitarfélögin, fyrirtæki og einstaklinga og geta haft í för með sér aukinn kostnað. Er fylgst með þróun þessa máls í EES-umhverfisteymi umhverfisráðuneytisins, sem sveitarfélögin sitja í.

Í lögum nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, er að finna heimild fyrir sveitarfélögin til að innheimta gjöld vegna meðhöndlunar úrgangs. Hún byggir á því að sá sem ábyrgur er fyrir myndun úrgangs skuli greiða að fullu fyrir meðhöndlunina (svokölluð mengunarbótaregla – *polluter pays principle*). Í lögum nr. 162/2002, um úrvinnslugjald, er kveðið á um að sett skuli úrvinnslugjald á ýmsar vörur með það að markmiði að skapa hagræn skilyrði fyrir endurnotkun og endurnýtingu úrgangs til að draga úr umfangi úrgangs sem fer til endanlegrar förgunar (disposal) auk þess að tryggja viðeigandi förgun spilliefna. Þar undir falla m.a. umbúðir, bifreiðar, rafhlöður, rafgeymar og hjólbarðar. Lagt er svokallað skilagjald á bifreiðar

---

[15] COM (2005) 667, http://ec.europa.eu/environment/waste/pdf/directive_waste_en.pdf.
[16] SEC (2005) 1681 og 1682, http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=COM:2005:0666:FIN: EN:PDF.

og eyðingargjald á hina vöruflokkana þannig að í reynd er það notandinn sem stendur undir kostnaði þegar upp er staðið.

INSPIRE.

Um nokkurt skeið hefur ESB unnið að því að móta löggjöf um innra skipulag landupplýsinga í allri Evrópu. Í janúar 2007 samþykkti Evrópusambandið nýja tilskipun 2007/2/EB um stofnun innra skipulags fyrir staðbundnar upplýsingar í Evrópu – INSPIRE *(Infrastructure for Spatial Information in Europe*). Tilskipunin byggir á hinum ýmsu gögnum og upplýsingakerfum sem til eru hjá aðildarríkjunum og því að þessi gögn nýtist betur saman en hvert fyrir sig.

Markmiðið er að safna upplýsingum sem þurfa að vera fyrir hendi til að fylgjast með og bæta ástand umhverfisins, og eru þar með taldar upplýsingar er varða vatn, jarðveg og náttúrulegt landslag. Ekki er ætlunin að afla nýrra gagna heldur að ryðja hindrunum úr vegi fyrir því að staðbundin gögn séu nýtt og gerð aðgengilegri.

Í umhverfisráðuneytinu er nú til athugunar hvort efni tilskipunarinnar falli að öllu leyti eða að hluta undir EES-samninginn. Enn fremur er til athugunar hvort og þá að hvaða leyti innleiðing tilskipunarinnar myndi kalla á breytingar á íslenskum lögum og hvaða kostnað hún hefði í för með sér. Tilskipunin varðar nokkra málaflokka og var send til skoðunar í fleiri en einu ráðuneyti, auk þess sem hún var send til umsagnar hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Ein af þeim kröfum sem kynni að leiða til lagabreytinga hér á landi er sú skylda stofnanna sem hafa yfir að ráða landfræðilegum gögnum að gera þau aðgengileg almenningi án hindrana.

Umhverfisgerðir þar sem eftirlit mun liggja að einhverju leyti hjá sveitarfélögunum:
Jarðvegsvernd.[17]

Framkvæmdastjórn ESB hefur lagt fram tillögu að tilskipun um jarðvegsvernd.[18]Málið er til meðferðar hjá Evrópuþinginu og ráðinu, en óljóst er um framvindu þess þar sem það er mjög umdeilt. Tilskipunin fjallar um verndun jarðvegs með það að leiðarljósi að tryggja sjálfbæra notkun hans og margbreytileika. Minnka á þéttingu jarðvegs eftir því sem mögulegt er. Leggja skal áherslu á verndun jarðvegs gegn uppblæstri, gróðureyðingu, tilfærslu, saltburði og súrnun og tryggja líffræðilega fjölbreytni hans með því að forgangsraða svæðum auk þess sem álagssvæði skulu skoðuð sérstaklega, rannsökuð og áætlanir gerðar í hverju landi til hreinsunar. Sem stendur er unnið að því á vegum umhverfisráðuneytisins og utanríkisráðuneytisins að meta hvort tilskipunin fellur undir gildissvið EES-samningsins að öllu leyti eða að hluta. Slíkar reglur geta haft áhrif á sveitarfélögin vegna lögbundins eftirlitshlutverks þeirra.

Efni- og efnavörur (REACH).

Í desember 2006 var samþykkt innan Evrópusambandsins ný heildarreglugerð um efni og efnavörur (Registration, Evaluation and Authorization of Chemicals – REACH) sem tekur

---

[17] Skýrsla utanríkisráðherra um Ísland á innri markaði Evrópu, lögð fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008, þskj. 590 — 350. mál, bls. 13.

[18] COM (2006) 232, http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=COM:2006:0232:FIN:EN:PDF.

til skráningar, mats, leyfisveitinga og takmarkana á notkun efna og efnavöru innan Evrópusambandsins.[19]

Markmið löggjafarinnar er að efla samkeppnishæfni efnaiðnaðarins í Evrópu og um leið að auka vernd heilsu og umhverfis af völdum hættulegra efna. Með reglugerðinni hefur ný stofnun ESB, Efnastofnun Evrópu,[20] verið sett á fót í Helsinki. Stofnunin mun sjá um framkvæmd löggjafarinnar og daglegan rekstur varðandi tæknilega, vísindalega og stjórnunarlega þætti. Stofnunin veitir aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni ráðgjöf og tekur við umsóknum um skráningu efna og metur þær.

Samkvæmt reglugerðinni er ábyrgð á prófun og áhættumati færð til framleiðenda og þeirra sem flytja efni inn á EES-svæðið, en áður voru það stjórnvöld aðildarríkjanna sem báru ábyrgð á því að sýna fram á að efni væru örugg áður en þau voru markaðssett. Öllum framleiðendum og innflytjendum sem flytja inn meira en eitt tonn af efnum á ári ber að skrá efnin hjá Efnastofnun Evrópu. Ef efni er ekki skráð er óheimilt að framleiða efnið eða flytja það inn á EES-svæðið. Ákveðin upplýsinga- og tilkynningarskylda er lögð á þá sem nota efni við framleiðslu sína. Nauðsynlegt er að sækja um leyfi til notkunar tiltekinna hættulegra efna. Gert er ráð fyrir að evrópsk fyrirtæki geti forskráð efni sameiginlega á tímabilinu 1. júní til 1. desember 2008 og fái þannig frest til að skrá efni með formlegum hætti og til nauðsynlegrar gagnaöflunar.

Gerðin var tekin upp í EES-samninginn á fundi sameiginlegu EES-nefndarinnar í mars sl. Gert er ráð fyrir því að íslensk fyrirtæki geti tekið þátt í skráningarferlinu með evrópskum fyrirtækjum frá 1. júní 2008.

Framkvæmd REACH-löggjafarinnar verður fyrst um sinn á einni hendi, þ.e. Umhverfisstofnunar. Má þó vænta þess að heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna annist eftirlit með framkvæmd þessara reglna samhliða eftirliti með starfsleyfisskyldri starfsemi sem þær hafa eftirlit með, samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og fyrirmælum Umhverfisstofnunar. Er þetta gert til að koma í veg fyrir tvöfalt eftirlit hjá þessum aðilum.

Orkumál.

Þriðji orkupakkinn.

Í september 2007, voru birtar tillögur framkvæmdastjórnarinnar að svo kölluðum þriðja löggjafarpakka Evrópusambandsins um afnám hafta í orkumálum. Er þar að finna tillögur að nýrri og breyttri löggjöf í orkumálum sem er ætlað að tryggja að val neytenda um hvern hann á viðskipti við sé raunverulegt og skilvirkt. Til að mynda er þar að finna tillögu að tilskipun um að breyta tilskipun 2003/54 um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir raforku og um niðurfellingu á tilskipun 96/92/EB. Sveitarfélög á Íslandi hafa tekið virkan þátt í rekstri orkufyrirtækja og því geta EES-reglur um orkumál haft áhrif á rekstur orkufyrirtækja sveitarfélaga.

Tillögurnar eiga að koma í framkvæmd meginmarkmiðum orkustefnunnar, samkeppni, sjálfbærni og öruggu orkuframboði. Er þannig raunverulegt val neytenda, sanngjarnt verð, hrein orka og öryggi orkuafhendingar sett á oddinn.

Í tillögunum er að finna kröfu um algjöra sundurgreiningu á eignarhaldi þ.e. að eignarhald flutningsvirkja annars vegar og fyrirtækja í framleiðslu og/eða dreifingu hins vegar verði

---

[19] Reglugerð (EB) nr. 1907/2006: http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ: L:2006: 396: 0001:0849:EN:PDF.

[20] http://echa.europa.eu/.

greint að. Tillaga um sundurgreiningu eignarhalds orkufyrirtækja kom fram í ársbyrjun 2007 í orkustefnunni, þar sem núverandi krafa um lagalegan aðskilnað er ekki talin hafa skilað árangri.

Munu reglurnar taka bæði til fyrirtækja í einkaeigu og opinberri eigu. Hvað opinber fyrirtæki varðar er gert ráð fyrir að sama aðila sé ekki heimilt að hafa áhrif, sjálfstætt eða í samvinnu við aðra, á samsetningu, atkvæðisrétt eða ákvarðanatöku annars vegar í flutningsvirki og hins vegar í fyrirtæki í framleiðslu eða dreifingu. Tryggi aðildarríki að þetta skilyrði sé uppfyllt geta tveir aðskildir opinberir aðilar farið með stjórn hvors hluta um sig. Þá er gert ráð fyrir að reglurnar muni taka til fyrirtækja innan og utan ESB, þ.e. að fyrirtæki frá þriðja ríki verði að uppfylla sömu kröfu um sundurgreiningu og fyrirtæki innan svæðisins hyggist það starfa á markaði ESB.

Tillagan að þriðja orkupakkanum var lögð fram á ráðsfundi orkuráðherra 3. desember 2007 tilkynningar, en umræða um tillöguna fór ekki fram, þar sem aðildarríkin deila enn um tillöguna, m.a. um þann hluta sem snýr að aðskilnaði á eignarhaldi.

Samgöngumál.

Grænbók um borgarsamgöngur.

Evrópusambandið hefur undanfarið unnið að stefnumótun er varðar samgöngur í borgum og leitað eftir víðtæku samráði við hagsmunaaðila í þessu skyni. Sveitarfélög hafa almennt fagnað frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar í þessu máli þó svo að málefni þeirra, einkum er varðar löggjöf, falla yfirleitt undir nálægðarregluna, þ.e. að ákvarðanataka skuli liggja eins nálægt borgurunum og unnt er og að ekki skuli taka ákarðanir á vettvangi ESB sem hentugara er að taka í viðkomandi landi eða sveitarfélagi. Samráðsferlinu er ekki lokið en einkum er miðað við að ESB styðji við samgöngur í borgum með því að ýta undir rannsóknir er miða að því að finna lausnir á algengum vandamálum sem borgir glíma við, svo sem umferðarteppur, loftmengun og hávaða. Þá getur ESB aðstoðað borgir við að miðla upplýsingum um bestu lausnir á samgönguvandamálum og þróað leiðbeiningar sem styðja við lausn slíkra vandamála.

Grænbók um hafnir.

Evrópusambandið hefur tvisvar farið af stað með tillögur að löggjöf er varðar þjónustu í höfnum, en hefur ekki komist áleiðis með þær vegna mikils ágreinings aðildarríkjanna. Nú vinnur Evrópusambandið að stefnumótun í málefnum hafna og leitar í nýlega útgefinni tilkynningu eftir samráði í þeirri vinnu. Í tilkynningunni segir ESB nauðsyn knýja á um að bæta áætlanagerð er varðar uppland hafna og samgöngutengingar á landi við hafnir. ESB boðar einnig að sambandið muni setja fram frekari leiðbeiningar um hvernig túlka beri tilskipanir um ýmis umhverfismál með tilliti til hafna. Þá telur ESB þörf á að hvetja til aðgerða er draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá skipum sem liggja við hafnarbakka. Loks mun ESB beita sér fyrir aðgerðum sem greiða fyrir vöruflæði um hafnir s.s. einföldun pappírsgagna og eftirlitsreglna. Þá mun sambandið einnig efla rannsóknir og nýsköpun á flutningatækni. Sambandið boðar leiðbeiningar um ríkisstyrki til hafna og reglur sem miði að því að gera fjármál þeirra gagnsærri, sem og gjaldtöku. Einnig er í orðsendingunni fjallað um aðgerðir og sjónarmið er varðar flutningatækni, samkeppni við niðurgreiddar hafnir í þriðju ríkjum, samráð við sveitarstjórnir, þjónustu í höfnum, þjálfun starfsfólks, vinnuverndarmál o.fl.

Málefni siglinga og sjávar.

Grænbók um málefni sjávar og siglinga.[21]

ESB hefur síðustu ár unnið að því að marka sér heildstæða stefnu um málefni siglinga og sjávar, þar sem litið er til allra þátta sem tengjast hafinu og samspils þeirra, eins og vikið var örstutt að í öðrum kafla þessarar skýrslu. Markmið ESB er að móta heildstæða stefnu, í náinni samvinnu við hagsmunaaðila, sem sporni gegn minnkandi líffræðilegum fjölbreytileika sjávar vegna mengunar, loftslagsbreytinga og ofveiði og stuðla þannig að sjálfbærri nýtingu auðlinda hafsins. Stefnan tekur mið af markmiðum Lissabon-áætlunarinnar um að efla hagvöxt og skapa atvinnutækifæri í sátt við sjónarmið varðandi vernd og nýtingu sjávar.

Stefnumótunin er yfirgripsmikil og fjallar um málefni hafsins á breiðum grunni og nær yfir málefni margra ráðuneyta, sem á einhvern hátt hafa beinan eða óbeinan snertiflöt við hafið. Þannig er t.d. fjallað um umhverfismál, nýtingu auðlinda, siglingamál, ferðamál við ströndina, hafnamál, byggðamál strandbyggða, vernd fyrir ógnum og ólögmætum aðgerðum á hafinu, vöktun siglinga og lífríkis, rannsóknir og þróun og uppbyggingu upplýsingakerfa. Er því ljóst að löggjöf sem mun líta dagsins ljós í framtíðinni mun tengjast sveitarfélögunum talsvert.

ESB gaf út grænbók um málefni siglinga og sjávar í júní 2006.[22] Hefur ESB lagt ríka áherslu á að hafa víðtækt samráð um stefnuna. Eftir útgáfu grænbókarinnar tók því við tólf mánaða samráðsferli, en öllum sem láta sig málefni hafsins varða var gert kleift að senda athugasemdir við grænbókina. Íslensk stjórnvöld lögðu áherslu á að koma snemma inn í ferlið í tengslum við hina nýju stefnu ESB og taka þátt í samráðsferlinu. Sendiráð Íslands í Brussel fylgdist vel með framvindu málsins innan ESB frá því að fyrstu hugmyndir komu fram árið 2005, vann að frumgreiningu grænbókarinnar og vakti athygli á mikilvægi þess að Ísland kæmi að sjónarmiðum sínum. Var grænbókin send út til umsagnar um fjörutíu hagsmunaaðila hér á landi, m.a. til Samband íslenskra sveitarfélaga. Þá var undir forystu utanríkisráðuneytis komið á fót vinnuhópi allra ráðuneyta sem málinu tengjast.[23] Eins og fram koma í öðrum kafla þessarar skýrslu átti Samband íslenskra sveitarfélaga einnig fulltrúa í hópnum. Vinnuhópurinn tók saman ítarlegar athugasemdir íslenskra stjórnvalda við grænbókina og framtíðarstefnu ESB í málefnum siglinga og sjávar, sem sendar voru framkvæmdastjórninni í júní 2007.[24]

Alls bárust framkvæmdastjórninni hátt í 500 athugasemdir frá ýmsum ríkjum, héruðum, ríkjahópum, stofnunum, samtökum og einstaklingum. Þann 10. október 2007 gaf framkvæmdastjórnin út orðsendingu um framtíðarstefnu ESB á sviði siglinga og sjávar, sem köll-

---

[21] Skýrsla utanríkisráðherra um Ísland á innri markaði Evrópu, lögð fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008, þskj. 590 — 350. mál, bls. 10–12.

[22] Nálgast má grænbókina, sem kallast fullu nafni Towards a Future Maritime Policy for the Union, á eftirfarandi slóð: http://ec.europa.eu/maritimeaffairs/pdf/greenpaper_brochure_en.pdf.

[23] Í vinnuhópnum sátu fulltrúar úr eftirfarandi ráðuneytum, auk utanríkisráðuneytis: dóms- og kirkjumálaráðuneyti, félagsmálaráðuneyti, iðnaðarráðuneyti, menntamálaráðuneyti, samgönguráðuneyti, sjávarútvegsráðuneyti og umhverfisráðuneyti.

[24] Athugasemdir Íslands má finna á: http://ec.europa.eu/maritimeaffairs/contributions_post/288iceland.pdf.

uð hefur verið „blábók“,[25] orðsendingu um samráðsferlið,[26] aðgerðaáætlun um hvernig stefnunni verði hrundið í framkvæmd[27] og mat á áhrifum samræmdrar stefnu.[28]

Áfram er unnið að mótun stefnu Evrópusambandsins um málefni siglinga og sjávar. Tilkynning um málefni hafna sbr. hér að ofan er til að mynda lögð fram undir þessari regnhlíf. Þá er nýsamþykkt tilskipun um umhverfi hafsins, sem er umhverfishluti stefnunnar.[29] Blábókin kemur inn á aðgerðir í skipulagsmálum, flutningamálum, ferðamennsku, samvinnu strandhéraða og svo framv. sem ekki verður rakið nánar hér og snertir því málefni sveitarfélaganna með ýmsum hætti.

Eins og fram kom í öðrum kafla skýrslunnar, hefur framlagi Íslands til stefnumótunarinnar verið afar vel tekið og var Íslandi boðið að eiga sæti í hópi háttsettra embættismanna sem vinnur áfram að mótun skýrslunnar. Áfram verður því fylgst vel með þessari stefnumótun og hagsmunum Íslands haldið á lofti.

6. Framgangur tillagna starfshóps utanríkisráðuneytisins og sveitarfélaganna frá janúar 2004 um EES-samninginn og hagsmuni íslenskra sveitarfélaga.

Í skýrslu starfshóps á vegum utanríkisráðuneytisins, *EES og hagsmunir íslenskra sveitarfélaga – staða – horfur – tillögur*, sem gefin var út árið 2004, voru settar fram metnaðarfullar tillögur, í sjö köflum um hvernig efla mætti samstarf ríkis og sveitarfélaga um EES-mál og hagsmunagæslu sveitarfélaganna um EES-málefni.

Tillögurnar eru fjölmargar og lúta að hinum ýmsu sviðum. Í tillögunum er lögð mikil áhersla á víðtæka samvinnu ríkis og sveitarfélaga vegna EES-hagsmunagæslu sveitarfélaga og upplýsingamiðlun frá ráðuneytum til Sambands íslenskra sveitarfélaga. Tillögurnar lutu einnig að því að efla hagsmunagæslu Sambands íslenskra sveitarfélaga með virkari þátttöku í Evrópusamtökum sveitarfélaga og að kanna hvort setja ætti á stofn skrifstofu þess í Brussel. Þessar tillögur hafa gengið eftir og hagsmunagæsla sambandsins eflst. Samvinna ríkis og sveitarfélaga í EES-málum er enn mjög mikilvæg, en þarf í dag að byggjast meira á gagnkvæmri upplýsingamiðlun og ávinningi fremur en einhliða upplýsingamiðlun frá ráðuneytum. Starfshópur utanríkisráðuneytisins um EES-mál hefur farið yfir tillögurnar, metið erindi þeirra og mikilvægi í dag. Hér á eftir verður gerð grein fyrir tillögum hvers kafla, eins og þær litu út í skýrslunni sem gefin var út árið 2004. Fjallað er um hver framgangur tillagnanna hefur verið og hvort þær eigi enn erindi í dag.

1. Samstarf ríkis og sveitarfélaga.

1. Samstarf ríkis og sveitarfélaga.

Lagt er til að ríki og sveitarfélög eigi með sér formlegt og skipulegt samstarf um hagsmunagæslu fyrir sveitarfélög vegna EES-mála og um miðlun upplýsinga og fræðslu. Samstarfið felist einkum í því að fylgjast með löggjöf ESB, sem er á undirbúningsstigi, með það að markmiði að koma athugasemdum á framfæri á því stigi svo og að fylgjast með stefnumótun hjá Evrópusambandinu.

---

[25] COM (2007) 575, http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/site/en/com/2007/com2007_0575en01.pdf.
[26] COM (2007) 574, http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/site/en/com/2007/com2007_0574en01.pdf.
[27] SEC (2007) 1278, http://ec.europa.eu/maritimeaffairs/pdf/ActionPaper/action_plan_en.pdf.
[28] SEC (2007) 1280, http://ec.europa.eu/maritimeaffairs/pdf/summary/sec_2007_1280_en.pdf.
[29] http://www.europarl.europa.eu/sides/getDoc.do?type=TA&language=EN&reference=P6-TA-2007-0595 (2007) 1280, http://ec.europa.eu/maritimeaffairs/pdf/summary/sec_2007_1280_en.pdf.

2. Starfshópur um EES-mál.

Skipaður verði tíu manna starfshópur utanríkisráðuneytisins um EES-mál sveitarfélaga. Í honum verði fulltrúar félagsmálaráðuneytis, fjármálaráðuneytis, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis, menntamálaráðuneytis, samgönguráðuneytis, umhverfisráðuneytis og utanríkisráðuneytis. Þá verði fulltrúum sveitarfélaga í starfshópnum fjölgað úr einum í þrjá og verði einn þeirra fulltrúi Reykjavíkurborgar. Utanríkisráðuneyti fari með formennsku í starfshópnum og stjórni starfi hans.

3. Hlutverk nýs starfshóps.

Hlutverk nýs starfshóps verði að hafa yfirumsjón með samstarfi ríkis og sveitarfélaga um hagsmunagæslu vegna EES-mála sveitarfélaga og eftirlit með því að hún sé samhæfð og skilvirk. Einnig að hafa umsjón með fræðslu og kynningu fyrir sveitarfélög um EES-mál. Utanríkisráðherra setji starfshópnum erindisbréf að fengnum tillögum nýs starfshóps.

4. Upplýsingamiðlun frá ráðuneytum og aðgangur að samráðsnefndum.

Ráðuneyti miðli til sambandsins upplýsingum á öllum stigum EES-löggjafar, m.a. hjá sérfræðinganefndum ESB og hjá undirnefndum og vinnuhópum EFTA, auk þess sem haft verði samráð við sveitarfélög vegna umsagna til ESB um stefnumótun sambandsins er varðar sveitarfélögin. Þetta verði m.a. gert með aðgangi fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga að samráðs- eða sérfræðinganefndum ráðuneyta eftir sviðum EES-samningsins.

Samráðsnefndir verði settar á laggirnar séu þær ekki fyrir hendi. Samráðsnefndir fundi reglulega og á sex mánaða fresti taki sérfræðingar viðkomandi ráðuneyta/stofnana saman yfirlit um helstu atriði er varða viðkomandi sérfræðisvið og byggist á sex mánaða formennskuxyfirliti EFTA/ ESB.

5. Tengiliður starfshópsins í Brussel.

Starfsmaður félagsmálaráðuneytis í sendiráði Íslands í Brussel verði tengiliður sendiráðsins við starfshóp utanríkisráðuneytisins með það að markmiði að tryggja upplýsingagjöf um málefni sem varðað geta sveitarfélög með einum eða öðrum hætti. Starfsmaður sendiráðsins taki, eftir því sem kostur er, þátt í fundum starfshópsins með aðstoð fjarfundabúnaðar.

Mat á framgangi tillagna:

Starfshópur utanríkisráðuneytisins um samstarf ríkis og sveitarfélaga um EES-mál hefur fundað nokkuð reglulega, að undanskildum árunum 2005 og 2006. Hefur verið miðað við að hópurinn komi saman tvisvar sinnum á ári og haldi aukafundi eftir þörfum. Telur starfshópurinn rétt að miða áfram við að fundað verði í hópnum tvisvar sinnum á ári.

Í hópnum hefur verið farið yfir helstu EES-mál er varða hvert ráðuneyti og hefur Samband íslenskra sveitarfélaga upplýst um áhersluatriði og vinnu sína í Evrópumálum. Mismunandi er hversu mikið EES-starf ráðuneytanna tengist sveitarfélögunum. Mikilvægast er fyrir sveitarfélögin að eiga samráð við félagsmálaráðuneyti, fjármálaráðuneyti, iðnaðarráðuneyti, samgönguráðuneyti og umhverfisráðuneyti, auk utanríkisráðuneytis, og er gert ráð fyrir að þessi ráðuneyti eigi fulltrúa í starfshópnum. Jafnframt telur starfshópurinn gagnlegt að öll ráðuneytin sem vinna með EES-mál sem tengjast sveitarfélögunum á einn eða annan hátt fundi einu sinni á ári, þ.e. einnig forsætisráðuneyti og menntamálaráðuneyti, en EES-starf þeirra er annars eðlis en hinna ráðuneytanna þar sem þau fara ekki með EES-löggjafarmál-

efni sem hafa áhrif á sveitarfélögin heldur með málaflokka á borð við samstarfsáætlanir og upplýsingasamfélagið. Einnig verði haldnir reglulega sérfundir með einstaka ráðuneytum til að fara ítarlega ofan í ákveðin mál.

Til viðbótar má nefna að frá stofnun skrifstofu sambandsins í Brussel hafa forstöðumaður skrifstofunnar og fulltrúar sendiráðs Íslands í Brussel átt tvo formlega fundi til að fara yfir helstu mál á vettvangi ESB er varða sveitarfélög. Forstöðumaður skrifstofunnar á að auki í miklu samráði við starfsmenn sendiráðsins um ýmis atriði er varða sveitarfélög.

Hefur starfshópur utanríkisráðuneytisins til þessa ekki staðið fyrir sérstakri kynningu fyrir sveitarfélögin og mætti í starfi hans leggja aukna áherslu á kynningar- og fræðslustarf. Í þessu sambandi má nefna að utanríkisráðuneytið áformar að efla umfjöllun og fræðslu um EES-málefni, sem mun m.a. nýtast sveitarfélögunum. Þannig er t.d. stefnt að því að halda málþing um þjónustuviðskipti þar sem fjallað verður um þjónustutilskipunina, almannaþjónustu og fleira, með aðkomu ýmissra hagsmunaaðila, þ.á m. Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Erindisbréf fyrir hópinn er í vinnslu, en er stefnt að því að samþykkja það á næsta fundi hópsins í lok apríl. Skoða þarf hvort tilefni sé til að gera breytingar á skipun hópsins, m.a. vegna nýlegra breytinga á verkaskiptingu milli ráðuneyta. Þá er ljóst að tillaga um að starfsmaður félagsmálaráðuneytisins í sendiráði Íslands í Brussel verði tengiliður við starfshópinn, á ekki lengur við þar sem sveitarstjórnarmálefni hafa verið flutt til samgönguráðuneytis. Meta þarf þörf á sérstökum tengilið við hópinn í Brussel, þar sem starfsmenn Evrópuskrifstofu utanríkisráðuneytisins og tengiliðir ráðuneytanna í hópnum hafa góða yfirsýn yfir öll EES-málefni. Starfshópurinn nýtur eftir sem áður liðsinnis starfsmanna ráðuneytanna í Brussel við vinnu sína, þegar þörf er á.

Eins og fram hefur komið er staðan ólík varðandi einstök ráðuneyti og samráð þeirra við Samband íslenskra sveitarfélaga. Mest er samstarfið milli umhverfisráðuneytis og sveitarfélaganna, en fulltrúar sambandsins eiga sæti í EES-teymi (og þar til um áramót EES-teymum) ráðuneytisins þar sem farið er yfir öll EES-mál, hvar í ferlinu sem þau eru stödd. Segja má að umhverfisráðuneytið sé einna mikilvægasta ráðuneytið hvað sveitarfélögin varðar, enda liggur ábyrgð á mikilvægum málaflokkum sem varða sveitarfélögin, eins og t.d. fráveitu- og úrgangsmálum þar.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur nú mun betri aðgang að upplýsingum en áður, t.d. með rekstri skrifstofu í Brussel og virkari aðild að Evrópusamtökum sveitarfélaga. Hafa sveitarfélögin því e.t.v. ekki sömu þörf á beinum upplýsingum frá ráðuneytum um málefni í deiglunni hjá ESB og áður. Aftur á móti má benda á að EES-löggjöf hefur víðtæk áhrif á starfsemi sveitarfélaga, t.d. á framkvæmda- og umhverfissvið þeirra, skipulag þjónustu sveitarfélaga, starfsmannamál og innkaupamál. Því er áfram mikilvægt að ríki og sveitarfélög hafi samráð um vöktun framtíðarlöggjafar ESB á frumstigi. Má í raun segja að ráðuneytin hafi ekki síður hagnað af slíkri samræðu en sveitarfélögin. Er ekki síst mikilvægt að sveitarfélögin veki, strax og kostur er, athygli á löggjöf sem útlit er fyrir að muni hafa mikil áhrif á sveitarstjórnarstigið hér á landi í því skyni að stjórnvöld geti lagt heildarmat á þá hagsmuni sem í húfi eru. Sömuleiðis þarf stjórnsýslan að taka hagsmuni sveitarfélaganna með í reikninginn í mati á heildarhagsmunum lands og þjóðar við rekstur og framkvæmd EES-samningsins. Starf starfshóps utanríkisráðuneytisins er mikilvægt til að hafa yfirsýn og yfirumsjón með samstarfi ríkis og sveitarfélaga um EES-málefni og fylgja því eftir að það sé í góðum farvegi.

Eftir að ný löggjöf er samþykkt í ESB og vinna hefst við upptöku hennar í EES-samninginn eru sveitarfélögin háðari upplýsingum frá ráðuneytunum, þó þau geti fylgst með því hvar einstök mál eru stödd í gegnum upplýsingaveitur á heimasíðu EFTA-skrifstofunnar sem

starfsmenn sambandsins hafa aðgang að. Er því ekki síst mikilvægt að ráðuneytin og stjórnsýslan eigi samráð um þessi mál, bæði í samráðshópum sveitarfélaganna við einstök ráðuneyti, sem og í starfshópi utanríkisráðuneytisins um samstarf ríkis og sveitarfélaga um EES-mál.

2. Hagsmunagæsla á vettvangi EFTA.

1. Samráðsvettvangur sveitarfélaga innan EFTA.

Lagt er til að utanríkisráðuneytið beiti sér fyrir því að komið verði á samráðsvettvangi fyrir sveitarstjórnarstigið innan vébanda EFTA, hliðstæðum héraðanefnd Evrópusambandsins. Þangað til þessi áfangi hefur náðst er lagt til að utanríkisráðuneytið beiti sér fyrir því að á vegum EFTA verði sérstaklega fylgst með áhrifum þróunar og nýmæla innan ESB á sveitarstjórnarstigið. Jafnframt hafi EFTA-skrifstofan umsjón með árlegum samráðs- og upplýsingafundum sveitarstjórnarmanna í EFTA-ríkjunum innan EES, ásamt fulltrúum frá héraðanefnd ESB, meðan formlegs samráðsvettvangs nýtur ekki við.

2. Aðild að ráðgjafarnefnd EFTA.

Lagt er til að utanríkisráðuneytið beiti sér fyrir því að Samband íslenskra sveitarfélaga fái formlega og fulla aðild að ráðgjafarnefnd EFTA.

3. Gagnagrunnur EFTA gerður aðgengilegur.

Gerð er tillaga um að utanríkisráðuneytið beiti sér fyrir því að gagnagrunnur EFTA um EES-löggjöf verði aðgengilegur sveitarfélögum en þar má einnig finna upplýsingar um íslenska sérfræðinga á hverju sviði.

Mat á framgangi tillagna:

Utanríkisráðuneytið hefur beitt sér fyrir því síðustu ár, í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga, að komið verði á óformlegum samráðsvettvangi fyrir sveitarstjórnarstigið innan EFTA, eins og rakið er í þessari skýrslu. Ljóst er að ekki er mögulegt að koma á formlegum vettvangi, á borð við ráðgjafar- eða þingmannanefndir EFTA, þar sem slíkt myndi kalla á breytingar á EES-samningum. Að mati Sambands íslenskra sveitarfélaga er þetta ein mikilvægasta tillagan í skýrslunni. Til þess að þessi tillaga nái fram að ganga þurfa EFTA-löndin fjögur að styðja hana og er nú unnið að hálfu íslenskra stjórnvalda að afla stuðnings við tillöguna.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur áheyrnaraðild að ráðgjafarnefnd EFTA og getur því tekið þátt í starfi nefndarinnar, þó sveitarfélögin geti ekki tekið þátt í ákvarðanatöku í nefndinni eða borið ábyrgð á skýrslum. Íslensk stjórnvöld greiða fyrir kostnað sem til fellur vegna þátttöku sambandsins í nefndinni, á sama hátt og á við um þá sem hafa fulla aðild að nefndinni. Ekki hefur verið tekin afstaða til beiðni Sambands íslenskra sveitarfélaga um fulla og formlega aðild að ráðgjafarnefndinni.

Eini viðburðurinn fyrir sveitarstjórnarstigið, sem EFTA hefur staðið fyrir, frá því að skýrslan var gerð, er ráðstefna fyrir sveitarstjórnarmenn í Brussel 20. september 2005 undir yfirskriftinni: *Opportunities for EFTA local and regional authorities in the European policy processes*. Samband íslenskra sveitarfélaga telur mjög mikilvægt að hagsmunir sveitarstjórnarstigsins fái athygli í hagsmunagæslu EFTA gagnvart ESB og sveitarstjórnarstigið njóti góðs af þeirri miklu þekkingu á Evrópumálefnum sem er innan EFTA. Íslensk stjórnvöld eru áfram reiðubúin að beita sér fyrir slíku.

Gagnagrunnur EFTA um setu sérfræðinga í nefndum framkvæmdastjórnarinnar er aðgengilegur á upplýsingaheimasíðu EFTA, sem starfsmenn Sambands íslenskra sveitarfélaga hafa aðgang að vegna áheyrnaraðildar sinnar að ráðgjafarnefnd EFTA.

3. Upptaka gerða í EES-samninginn og innleiðing EES-gerða í íslenskan rétt.

1. Samráð við fulltrúa sveitarfélaga.

Gerð er tillaga um að fulltrúar sveitarfélaga séu ávallt hafðir með í ráðum þegar krefjast þarf sérstakrar undanþágu fyrir Ísland við upptöku þeirra gerða í EES-samninginn sem varða sérstaklega hagsmuni sveitarfélaganna eða þegar álitamál rísa um hvort þær falli undir EES-samninginn. Einnig verði ávallt haft samráð við fulltrúa sveitarfélaga við innleiðingu í íslenskan rétt á EES-gerðum sem snerta sveitarfélög.

2. Gerðir á vinnslustigi EES verði kostnaðarmetnar.

Því fyrirkomulagi verði komið á sem fyrst að unnin verði gróf kostnaðaráætlun áður en gerðir eru teknar upp í EES-samninginn. Þar verði tilgreindur sá kostnaður sem ríki og sveitarfélög bera af viðkomandi gerð. Slíkt kostnaðarmat verði unnið af viðkomandi ráðuneyti í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

3. Ráðuneyti kynni EES-löggjöf.

Gerð er tillaga um að ráðuneyti hafi samstarf við Samband íslenskra sveitarfélaga um að kynna sveitarfélögum nýja EES-löggjöf sem varðar sveitarfélögin og veita þeim leiðbeiningar um framkvæmd.

Mat á framgangi tillagna:

Að sögn Sambands íslenskra sveitarfélaga er yfirleitt alltaf haft samráð við sveitarfélög við íslenska lagasetningu sem varðar sveitarfélögin, hvort sem hún á rót sína að rekja til ESB eða ekki. Það er þó ekki alltaf raunin varðandi sérstakar undanþágur sem óskað er eftir fyrir Ísland eða þegar álitamál rísa um hvort gerðir falli undir gildissvið EES-samningsins eða ekki. Þó hafa sveitarfélögin, með setu í EES-teymi umhverfisráðuneytis, aðgang að umræðu um þessi mál í því ráðuneyti.

Eins og rakið er í þessari skýrslu er aukin áhersla lögð á að kostnaðarmeta gerðir áður en þær eru teknar upp í EES-samninginn af hálfu íslenskra stjórnvalda. Það getur þó stundum verið flókið eins og rakið hefur verið í þessari skýrslu, ekki síst þar sem sveitarfélög eru mörg og geta stundum valið ólíkar leiðir við útfærslu EES-gerða. Lög og reglugerðir, sem innleiða Evrópureglur í íslenskan rétt, eru kostnaðarmetin samkvæmt almennu samkomulagi ríkis og sveitarfélaga þar um, en er þar alltaf um að ræða ESB-gerðir sem þegar hafa verið teknar upp í EES-samninginn.

4. Hvernig hægt er að auka þátttöku sveitarfélaga í samstarfsáætlunum.

1. Kynning á Euro Info.

Starfshópur utanríkisráðuneytisins leiti eftir samstarfi við Euro Info-skrifstofuna, um hvernig hún geti aðstoðað sveitarfélög og um kynningu á starfsemi hennar fyrir sveitarfélögunum.

2. Kynning á möguleikum í evrópskum samstarfsáætlunum.
Starfshópur utanríkisráðuneytisins standi, í samstarfi við kynningarskrifstofur evrópskra samstarfsáætlana hér á landi, fyrir kynningarátaki um möguleika sveitarfélaga til að taka þátt í evrópskum samstarfsáætlunum.

3. Bætt kynning – gerð heimasíðu/gagnabanka.
Starfshópurinn leiti leiða, í samstarfi við kynningarskrifstofur samstarfsáætlana, til að gera kynningu á einstökum samstarfsáætlunum markvissari fyrir sveitarfélög í framtíðinni og gagnabanka um samstarfsáætlanir sveitarfélaga aðgengilegri.

4. Sveitarfélögum auðvelduð þátttaka í evrópskum samstarfsáætlunum.
Samband íslenskra sveitarfélaga móti, í samráði við sveitarfélög og ríki, stefnu um hugsanlega aukna þjónustu við sveitarfélög til að gera fleiri sveitarfélögum fært að taka þátt í evrópskum samstarfsáætlunum.

5. Samráð við innleiðingu á samstarfsáætlunum.
Viðkomandi ráðuneyti miðli upplýsingum og hafi samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga um innleiðingu á nýjum samstarfsáætlunum inn í EES-samstarfið.

Mat á framgangi tillagna:
Starfshópur utanríkisráðuneytisins um samstarf ríkis og sveitarfélaga um EES-mál hefur ekki haldið sérstaka kynningu fyrir sveitarfélög á samstarfsáætlunum. Samband íslenskra sveitarfélaga stóð hins vegar á árinu 2006 fyrir kynningarátaki, annars vegar á möguleikum sveitarfélaga til að taka þátt í evrópskum samstarfsáætlunum, og hins vegar um Þróunarsjóð EFTA og tækifæri sem í honum felast. Var þetta gert í samvinnu við Euro Info skrifstofuna, kynningarskrifstofur áætlananna og utanríkisráðuneytið. Sambandið stefnir að því að halda aðra kynningarráðstefnu fyrir sveitarfélög í lok maí nk. og leita samstarfs við sömu samstarfsaðila og árið 2006. Sambandið hefur lagt áherslu á að á heimasíðu þess séu uppfærðar upplýsingar um þær áætlanir sem bjóða helst upp á tækifæri fyrir sveitarfélög. Þá hefur í starfshópi utanríkisráðuneytisins verið vakin athygli á nýútkomnum bæklingi EFTA-skrifstofunnar um nýjar samstarfsáætlanir, umsóknarferli og tækifæri fyrir EES/EFTA-ríkin.[30]
Að mati sambandsins hefur það hins vegar ekki gengið eftir að kynningarskrifstofur áætlana hafi sveitarfélög sem sérstakan markhóp í kynningarstarfi sínu né að ráðuneyti hafi samráð við sambandið um innleiðingu á nýjum samstarfsáætlunum. Utanríkis- og félagsmálaráðuneyti hafa þó, að ósk sambandsins, unnið að því að vinabæjaráætlun ESB, „Europe for Citizens“, verði tekin upp í EES-samninginn.

5. Um miðlun upplýsinga og fræðslu til sveitarfélaga og samstarf ríkis og sveitarfélaga þar að lútandi.
1. Markviss og árleg umfjöllun um EES.
Starfshópur utanríkisráðuneytisins standi á hverju ári fyrir fræðslu fyrir sveitarfélög um EES-mál, með tilliti til þarfa sveitarfélaga og þeirra málefna sem eru efst á baugi hjá ESB

[30] Nálgast má bæklinginn á eftirfarandi slóð á heimasíðu EFTA-skrifstofunnar: http://secretariat.efta.int/Web/Publications/EFTABulletin/EFTABulletin/bulletin_programmes.pdf

hverju sinni. Starfshópurinn fái árlega fjárveitingu á fjárlögum til að standa undir slíku átaki.

2. Samráðsfundir stjórnmálamanna.

Stærstu EES-mál verði tekin fyrir á reglulegum samráðsfundum ríkis og sveitarfélaga. Einnig verði haldinn sérstakur kynningarfundur um EES og sveitarfélögin með sveitarstjórnarmönnum að loknum hverjum sveitarstjórnarkosningum.

3. Starfsaðstaða í Brussel.

Í sendiráði Íslands í Brussel verði fyrir hendi starfsaðstaða fyrir sveitarstjórnarmann eða starfsmann sveitarfélags í starfsnámi.

4. Gagnagrunnar/heimasíður um EES-málefni efld.

Starfshópurinn telur mikilvægt að efla heimasíður og gagnagrunna sem miðla upplýsingum um EES-mál, þar sem skilvirk upplýsingamiðlun um EES gegnum Netið er einhver mikilvægasta forsenda í hagsmunagæslu innan EES. Það er jafnframt sú miðlun sem almenningur hefur greiðastan aðgang að um þessi mál.

Mat á framgangi tillagna:

Ekkert kynningarstarf hefur átt sér stað á vettvangi starfshóps utanríkisráðuneytisins frá því skýrslan kom út árið 2004 og hefur ekki verið óskað eftir árlegri fjárveitingu til þess að standa undir slíku átaki, eins og tillögurnar gera ráð fyrir. Samband íslenskra sveitarfélaga hefur á hverju ári staðið fyrir fræðsluátaki fyrir sveitarstjórnarmenn um Evrópumálefni, bæði ráðstefnum og kynnisferðum til Brussel. Á síðasta ári stóð sambandið t.d. fyrir kynningu á stöðu sveitarfélaga gagnvart EES-samningum á aðalfundum allra landshlutasamtaka sveitarfélaga. Hefur utanríkisráðuneytið boðist til að taka þátt í slíkum fundum, en hefur ekki orðið af því. Einnig var sérstök málstofa á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga í nóvember 2007 um opinber innkaup og almannaþjónustu.

Í samstarfssáttmála ríkis og sveitarfélaga frá febrúar 2006 er ákvæði í 6. gr. um samstarf ríkis og sveitarfélaga vegna EES-mála á vettvangi samstarfshóps utanríkisráðuneytisins og með beinum tengslum milli sambandsins og einstakra ráðuneyta. Í 7.gr. er ákvæði um að EES-mál verði á dagskrá reglulegra samráðsfunda ríkis og sveitarfélaga eftir því sem við á. Hafa þau mál verið sett á dagskrá funda eftir því sem tilefni hefur verið til.

Fyrrverandi varaformaður sambandsins, hafði aðsetur í sendiráði Íslands í Brussel þegar hann vann að úttekt á því hvort opna ætti sveitarfélagaskrifstofu í Brussel. Sambandið hefur nú opnað eigin skrifstofu í Brussel, og er því ekki lengur þörf á aðstöðu í sendiráðinu. Á skrifstofu sambandsins í Brussel er fyrir hendi aðstaða fyrir tímabundið starfsnám sveitarstjórnarmanna eða starfsmenn sveitarfélaga.

Sértæk upplýsingamiðlun til sveitarstjórnarmanna um EES-mál er eingöngu á heimasíðu sambandsins. Þó er almenna upplýsingamiðlun um EES-samninginn, þar sem m.a. er fjallað um málefni sem varða sveitarfélögin, að finna á heimasíðu utanríkisráðuneytisins[31] og EFTA-skrifstofunnar.[32] Þá má nefna að á heimasíðu sendiráðs Íslands í Brussel er að finna

[31] www.ees.is
[32] www.efta.int

umfjöllun um Evrópumál og EES-samninginn.[33] Gefur sendiráðið m.a. út tvisvar sinnum á ári yfirlitsskýrslur yfir Evrópumálin og rekstur EES-samningsins sem miða við fyrri og seinni hluta hvers árs.[34] Þá heldur félagsmálaráðuneytið úti sérstakri heimasíðu um Evrópumál, Brusselsetri ráðuneytisins, þar sem fjallað er um efstu mál á baugi.[35]

6. Óformlegar leiðir til að hafa áhrif.

1. Rekstur skrifstofu í Brussel.

Fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga kynni sér starfsemi hagsmunaskrifstofa íslenskra aðila í Brussel, og skrifstofur sveitarfélaga og svæða í Brussel, og hugsanlega samstarfsmöguleika við innlenda eða erlenda aðila um rekstur slíkrar skrifstofu.

2. Samvinna ríkis og sveitarfélaga um rekstur skrifstofu í Brussel.

Samband íslenskra sveitarfélaga, félagsmálaráðuneyti, Reykjavíkurborg og utanríkisráðuneytið kanni í sameiningu möguleika og kosti þess að hafa samvinnu um rekstur skrifstofu fyrir íslensk sveitarfélög í Brussel.

3. Starfsþjálfun hjá ESB.

Samband íslenskra sveitarfélaga kanni, í samstarfi við Reykjavíkurborg, möguleika og ávinning af því að starfsmenn sveitarfélaga fari í starfsþjálfun til stofnana ESB eða EFTA í Brussel.

Mat á framgangi tillagna:

Samband íslenskra sveitarfélaga rekur nú skrifstofu í Brussel, sem staðsett er í Evrópuhúsi sveitarfélaga. Eins og fram kemur í skýrslunni hefur rekstur skrifstofunnar reynst mjög vel og skilað sér í öflugari hagsmunagæslu. Hafa tillögur 1 og 2 í þessum kafla því gengið eftir.

Sambandið hefur þó ekki kannað sérstaklega möguleika og ávinning af því að starfsmenn sveitarfélaga fari í starfsþjálfun til stofnana ESB eða EFTA í Brussel. Benda má á að fjölmargir starfsnemar koma til starfa á EFTA-skrifstofunni á ári hverju og gætu starfsmenn sveitarfélaganna á þann hátt öðlast dýrmæta reynslu, en sækja þarf um slíkar stöður.

7. Evrópusamtök sveitarfélaga.

1. Þátttaka í störfum CEMR.

Lagt er til að fulltrúi sveitarfélaga taki þátt í stefnumótandi starfi á sviði sjálfbærar þróunar hjá CEMR og fundum umhverfisnefndar sviðsins. Í byrjun verði um að ræða reynslutímabil til eins árs en að því loknu verði ávinningurinn metinn og gerðar tillögur um framhald. Lagt er til að Samband íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborg hafi samstarf um málið. Jafnframt verði skoðuð hugsanleg þátttaka í reglulegum framkvæmdastjórafundum samtakanna.

---

[33] http://www.iceland.org/be/islenska/

[34] Síðast kom út slík skýrsla í desember 2007: http://www.iceland.org/media/be/Yfirlitsskyrsla_shl.2007.pdf

[35] Slóð Brusselseturs félagsmálaráðuneytisins er eftirfarandi: http://brussel. felagsmalaraduneyti.is

2. Aðild að CEEP.

Lagt er til að EES-nefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga afli umsagnar launanefndar sveitarfélaga um hugsanlega aðild að CEEP og hugsanlega samstarfsmöguleika við ríkisstofnanir um aðild.

3. Sveitarstjórnarráðstefna Evrópuráðsins.

Lagt er til við stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga að treysta tengsl milli EESnefndar sambandsins og fulltrúa þess á sveitarstjórnarráðstefnu Evrópuráðsins, m.a. til að greiða fyrir upplýsingamiðlun á þessum vettvangi.

4. Starfsemi stýrinefndar um staðbundið lýðræði.

Lagt er til að það verði fastur þáttur í samstarfi félagsmálaráðuneytisins og sveitarfélaga um EES-mál að fulltrúar ráðuneytisins miðli upplýsingum og hafi samráð um mál á vettvangi stýrinefndar um staðbundið lýðræði (CDLR).

Mat á framgangi tillagna:

Tillögur 1–3 hafa komist til framkvæmda, en ekki tillaga 4. Eins og fram hefur komið í þessari skýrslu er reynsla sambandsins af virkari þátttöku í CEMR mjög góð. Nokkur vinna hefur verið lögð í að kanna möguleika á hugsanlegri aðild sambandsins og fjármálaráðuneytisins að CEEP, sem eru Evrópusamtök opinberra atvinnurekenda, og er niðurstöðu hvað það varðar að vænta fljótlega.

876. Svar [485. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um stuðning við frjáls félagasamtök.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur stuðningi iðnaðarráðuneytis, þ.m.t. Byggðastofnunar, við frjáls félagasamtök verið háttað árin 2002–2007? Óskað er eftir því að í svarinu komi fram til hvers konar verkefna styrkir hafa verið veittir, hversu háir styrkir og hverjir ábyrgðaraðilar verkefnanna hafa verið, sundurliðað eftir fjárlagaliðum og árum.

Stuðningur iðnaðarráðuneytisins hefur verið í formi styrkveitinga af ráðstöfunarfé ráðherra, fjárlagalið11-199, samkvæmt meðfylgjandi sundurliðun. Byggðastofnun hefur ekki veitt styrki til frjálsra félagasamtaka.

Árið 2002	**Upphæð**	**Verkefni**	**Ábyrgðaraðili**
Landssamband hugvitsmanna	500.000	Nýsköpunarkeppni grunnskólanema	Elinóra Inga Sigurðardóttir
Samfés	100.000	Stíll, hár- förðunar- og fatahönnunarkeppni	Jón Rúnar Hilmarsson
Sjálfsbjörg	500.000	Átaksverkefni til styrktar fötluðum	André Bachmann

Árið 2003	**Upphæð**	**Verkefni**	**Ábyrgðaraðili**
Íslensku tónlistarverðlaunin	500.000	Afhending íslensku tónlistarverðlaunanna	Einar Bárðarson
Tónskáldafélag Íslands	300.000	Kynning á íslenskri tónlist erlendis	Kjartan Ólafsson
Kvenréttindafélag Íslands	50.000	Ráðstefna, „tími fyrir lífið“	Þorbjörg Inga Jónsdóttir
Sjálfsbjörg	100.000	Styrkur vegna hjálparmanna í ferðir fatlaðra	Hannes Sigurðsson

Hestamannafélagið Hörður	100.000	Útgáfa á „litlu hestahandbókinni“	Konráð Adolfsson
Parkinsonsamtökin á Íslandi	100.000	Ráðstefna um Parkinson	Ólína M. Sveinsdóttir
Landssamb. hestamannafélaga	800.000	Vegna heimsmeistaramóts í hestaíþróttum	Jón Albert Sigurbjörnsson
Íslensk-japanska félagið	50.000	Ráðstefna til að efla tengsl Íslands við Japan	Gunnhildur Gunnarsdóttir
SÍNE	50.000	Samnorræn rannsókn á fjármálum ungs fólks	Heiður Reynisdóttir
Form Island	75.000	Fundur samráðshóps hönnuða í Khöfn	Guðrún M. Ólafsdóttir
Kvenréttindafélag Íslands	100.000	Haustráðstefna	Ragnhildur G. Guðmundsd.
Tourettesamtökin á Íslandi	75.000	Könnun á högum foreldra barna með TS	Gísli Ásmundsson

Árið 2004	**Upphæð**	**Verkefni**	**Ábyrgðaraðili**
Landsbyggðin lifi	100.000	Unglingurinn á landsbyggðinni, ritg.verkefni	Stefán Á. Jónsson
Íslensku tónlistarverðlaunin	500.000	Afhending íslensku tónlistarverðlaunanna	Einar Bárðarson
Landvernd	200.000	Loftslagsverkefni	Tryggvi Felixson
Kvenfélagasamband Íslands	150.000	Alþjóðaþing alþjóðasamb. dreifbýliskvenna	Kristín Guðmundsdóttir
Ferðafélag Fljótsdalshéraðs	500.000	Borun eftir neysluvatni í Kverkfjöllum	Þórhallur Þorsteinsson
Neytendasamtökin	150.000	Þing neytendasamtakanna	Jóhannes Gunnarsson
SÁÁ Reykjavík	10.000	Efling unglingadeildar samtakanna	Anna María Sverrisdóttir
Jarðfræðafélag Íslands	30.000	Aðalfundur	Ármann Höskuldsson

Árið 2005	**Upphæð**	**Verkefni**	**Ábyrgðaraðili**
Íslensku tónlistarverðlaunin	500.000	Afhending íslensku tónlistarverðlaunanna	Einar Bárðarson
Landsbyggðin lifi	150.000	Unglingurinn á landsbyggðinni, ritg.verkefni	Stefán Á. Jónsson
Félag kvenna í atvinnurekstri	300.000	Heimsþing FCEM	Katrín S. Óladóttir
MENNT	200.000	Íslandsmót iðnnema	Aðalheiður Jónsdóttir
Sveinafélag pípul.manna	500.000	Norðurl.keppni í pípulögnum og ráðstefna	Skarphéðinn Skarphéðinsson
Sumartónleikar við Mývatn	100.000	Kórastefna við Mývatn	Margrét Bóasdóttir
Landssamband hugvitsmanna	70.000	Ráðstefna, hugvit og viðskipti	Elinóra Inga Sigurðardóttir
Kvenfélagasamband Íslands	1.000.000	Efla neytendafræðslu	Hjördís Edda Broddadóttir
SVÞ – Samtök verslunar og þjónustu	1.000.000	Gerð skýrslu um stöðu og horfur í íslenskum þjónustugreinum	Sigurður Jónsson
Kvennanefnd Verkfræðingafélags Íslands	50.000	Fagráðstefna	Jóhanna Harpa Árnadóttir

Árið 2006	**Upphæð**	**Verkefni**	**Ábyrgðaraðili**
Félag viðskipta- og hagfræðinga	200.000	Ráðstefna, íslenski þekkingardagurinn	
Form Ísland, samtök hönnuða	500.000	Stofnun sjónlistamiðstöðvar að Korpúlfsst.	Guðrún Margrét Ólafsdóttir
Íslensku tónlistarverðlaunin	500.000	Afhending íslensku tónlistarverðlaunanna	Berglind María Tómasdóttir
Neytendasamtökin	300.000	Þing Neytendasamtakanna	Jóhannes Gunnarsson
Kvenfélagasamband Íslands	300.000	Landsþing KÍ	
Landsbyggðin lifi	310.000	Fræðsluverkefni á vegum félagsins	Ragnar Stefánsson
Neytendasamtökin	150.000	Byggðaþing	Sveinn Jónsson
Iðnnemasamband Íslands	75.000	Þing Iðnnemasambands Íslands	Guðni Rúnar Jónasson
Kvenréttindafélag Íslands	100.000	Afmælisráðstefna	Margrét Gunnarsdóttir

Árið 2007	**Upphæð**	**Verkefni**	**Ábyrgðaraðili**
Sjálfsbjörg höfuðb.svæðinu	100.000	Hjálparmenn í ferðir fatlaðra	Grétar Pétur Geirsson
Kvenfélagasamband Íslands	150.000	Þátttaka KÍ á 25. alheimsþingi ACWW	Hildur Helga Gísladóttir
Íslensku tónlistarverðlaunin	600.000	Afhending íslensku tónlistarverðlaunanna	Berglind María Tómasdóttir
Félag heyrnarlausra	150.000	Norrænt mót heyrnarlausra aldraðra í Svíþjóð	Kristinn Jón Bjarnason

877. Fyrirspurn [568. mál]

til forsætisráðherra um kostnað við flug í einkaþotu á fund Nató í Búkarest.

Frá Álfheiði Ingadóttur.

1. Hver var heildarkostnaður við flugferð forsætis- og utanríkisráðherra ásamt fylgdarliði í einkaþotu til og frá Búkarest í þeim erindagjörðum að sækja fund Nató dagana 2.–4. apríl sl.?
2. Hver hefði heildarkostnaður verið ef flogið hefði verið með ódýrasta áætlunarflugi?
3. Með hvaða hætti var allra leiða leitað við að finna ódýrasta áætlunarflug og halda kostnaði við ferðina niðri?
4. Ef afsláttur var veittur á flugi með einkaþotu af hálfu einkaaðila, hversu mikill var sá afsláttur og á hvaða forsendum var hann veittur?
5. Ef dýrara er að fljúga með einkaþotu en áætlunarflugi, jafnvel þótt afsláttur sé veittur á flugi með einkaþotu, hvers vegna var þá ekki ódýrari leiðin valin?
6. Telur ráðherra það gagnsæja og góða stjórnsýslu að halda upplýsingum um kostnað við ferðir æðstu embættismanna leyndum? Ef svo er, á hvaða forsendum og með hagsmuni hverra að leiðarljósi er samið um slíkt?
7. Telur ráðherra það gott fordæmi, m.a. í umhverfislegu tilliti og með tilliti til hvatningar opinberra aðila til almennings um að draga saman neyslu vegna óvissu í efnahagsmálum, að æðstu embættismenn fljúgi um í opinberum erindagjörðum í einkaþotum?

878. Fyrirspurn [569. mál]

til forsætisráðherra um Grænlandssjóð.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hafa verið greiddar úr ríkissjóði í Grænlandssjóð þær fjárhæðir sem mælt er fyrir um í 3. gr. laga um Grænlandssjóð, nr. 102/1980?
2. Hve mörg framlög hafa borist í sjóðinn frá fyrirtækjum, stofnunum, félagssamtökum og einstaklingum og hvað nema þau hárri fjárhæð samtals?
3. Er ráðherra reiðubúinn til þess að efla starfsemi Grænlandssjóðs með sérstökum framlögum úr ríkissjóði?

879. Lög [326. mál]

um breytingu á lögum um matvæli, nr. 93/1995.

(Afgreidd frá Alþingi 7. apríl.)

Samhljóða þskj. 807.

880. Lög [271. mál]

um upprunaábyrgð á raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum o.fl.

(Afgreidd frá Alþingi 7. apríl.)

Samhljóða þskj. 806.

881. Lög [353. mál]

um breytingu á lögum nr. 44/2002, um geislavarnir.

(Afgreidd frá Alþingi 7. apríl.)

Samhljóða þskj. 808.

882. Frumvarp til laga [292. mál]

um samgönguáætlun.

(Eftir 2. umr., 7. apríl.)

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að samræma áætlanagerð við framkvæmdir og rekstur í samgöngumálum. Það skal gert með samgönguáætlun til tólf ára skv. 2. gr. og fjögurra ára áætlun skv. 3. gr. sem er hluti af og innan ramma samgönguáætlunar.

2. gr.

Samgönguáætlun.

Samgönguráðherra leggur á fjögurra ára fresti fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun þar sem mörkuð skal stefna og markmið fyrir allar greinar samgangna næstu tólf árin. Jafnframt skal m.a. meta og taka tillit til þarfa ferðaþjónustunnar fyrir bættar samgöngur.

Samgönguáætlun tekur til fjáröflunar og útgjalda til allra greina samgangna, þ.e. flugmála, vegamála og siglingamála, þ.m.t. almenningssamgangna, hafnamála, sjóvarna, öryggismála og umhverfismála samgöngugreina. Þar skal skilgreina það grunnkerfi sem ætlað er að bera meginþunga samgangna og gera skal grein fyrir ástandi og horfum í samgöngum í landinu. Við gerð samgönguáætlunar skal m.a. byggja á þeim meginmarkmiðum að samgöngur séu greiðar, hagkvæmar, öruggar og umhverfislega sjálfbærar auk þess sem þær stuðli að jákvæðri byggðaþróun.

Við gerð samgönguáætlunar skal jafnframt taka mið af eftirfarandi markmiðum:

a. að ná fram samræmdri forgangsröð og stefnumótun,
b. að ná fram hagkvæmri notkun fjármagns og mannafla,
c. að ná fram samræmdu skipulagi samgöngugreina og samstarfi stofnana samgönguráðuneytisins og fyrirtækja á þess vegum.

Einnig skal taka mið af því að fjármunir ríkissjóðs nýtist sem best og skal forgangsröðun byggjast á mati á þörf fyrir samgönguframkvæmdir í landinu í heild og í einstökum landshlutum.

Áætlun um fjáröflun og útgjöld skal skipt á þrjú fjögurra ára tímabil og skulu útgjöld sundurliðuð þar eftir helstu útgjaldaflokkum. Jafnframt er útgjöldum vegna nýrra framkvæmda á grunnkerfinu skipt eftir einstökum stórum verkefnum á hvert hinna þriggja tímabila.

Áður en áætlun samkvæmt ákvæði þessu er unnin leggur samgönguráðherra fram stefnu sína í helstu málaflokkum, auk fjárhags- og tímaramma, til samgönguráðs, sbr. 4. gr. Tillögur byggðar á þeirri stefnu skulu unnar í stofnunum og fyrirtækjum samgöngumála fyrir ráðið. Samgönguráð undirbýr og semur tillögu að samgönguáætlun og leggur fyrir samgönguráðherra til endanlegrar afgreiðslu og ákvörðunar.

Samgönguáætlun skal endurskoða á fjögurra ára fresti eða oftar ef þörf þykir.

3. gr.

Fjögurra ára áætlun samgönguáætlunar.

Gera skal áætlun fyrir fyrsta fjögurra ára tímabil samgönguáætlunar skv. 2. gr. og leggur samgönguráðherra fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um slíka áætlun.

Fjögurra ára áætlun samgönguáætlunar skal endurskoðuð á tveggja ára fresti og þá unnin ný áætlun fyrir næstu fjögur ár og lögð fram á Alþingi ný þingsályktunartillaga um hana, þannig að ávallt sé í gildi samþykkt áætlun fyrir a.m.k. tvö ár í senn.

Í fjögurra ára áætlun samkvæmt ákvæði þessu skal vera áætlun fyrir hvert ár tímabilsins, fyrir hverja stofnun og fyrirtæki samgöngumála sem eiga undir samgönguráðuneytið.

Sundurliðun fjögurra ára áætlunar skal hagað þannig að ábyrgð og fjárheimildir hverrar stofnunar og fyrirtækis komi skýrt fram. Gerð skal grein fyrir fjáröflun og útgjöld skulu sundurliðuð eftir einstökum framkvæmdum, rekstri, þjónustu og viðhaldi eftir því sem við á. Í fjögurra ára áætlun skal m.a. vera sundurliðun í samræmi við uppsetningu fjárlaga. Tekjur og gjöld fjögurra ára áætlunar skulu rúmast innan ramma samgönguáætlunar.

Áður en áætlun samkvæmt ákvæði þessu er unnin leggur samgönguráðherra fram fjárhagsramma til samgönguráðs sem undirbýr og semur tillögu að áætlun og leggur fyrir samgönguráðherra til endanlegrar afgreiðslu.

4. gr.

Samgönguráð.

Samgönguráðherra skipar samgönguráð sem hefur yfirumsjón með gerð tillagna að samgönguáætlun. Í samgönguráði sitja forstöðumenn þeirra samgöngustofnana sem heyra undir samgönguráðuneytið. Auk þess situr þar fulltrúi samgönguráðherra sem jafnframt er formaður og er skipunartími hans fjögur ár en skal þó takmarkaður við embættistíma þess ráðherra sem skipar. Jafnframt skal fulltrúi fyrirtækis samgöngumála sem undir samgönguráðuneytið heyrir leggja fram áætlanir til samgönguráðs og sitja fundi ráðsins þegar fjallað er um málefni sem eiga undir viðkomandi fyrirtæki.

Samgönguráð skal minnst einu sinni við gerð nýrrar samgönguáætlunar standa fyrir samgönguþingi sem ætlað er að veita ráðgjöf og leiðbeiningar við gerð samgönguáætlunar. Til samgönguþings skal öllum helstu hagsmunaaðilum samgöngumála boðið. Á samgönguþingi skal gera grein fyrir fyrirhuguðum forsendum og markmiðum áætlunarinnar. Samgönguráð skal hafa samráð við hagsmunaaðila og kynna fyrir almenningi áætlanir eins og ástæða þykir til hverju sinni.

5. gr.

Skýrsla um framkvæmd samgönguáætlunar.

Ráðherra skal árlega leggja fram á Alþingi skýrslu um framkvæmd samgönguáætlunar næstliðið ár.

6. gr.

Gildistaka samgönguáætlunar og fjögurra ára áætlunar samgönguáætlunar.

Samgönguáætlun og fjögurra ára áætlun hennar taka gildi þegar Alþingi hefur samþykkt þær sem þingsályktanir.

7. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 71/2002.

883. Frumvarp til laga [325. mál]

um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, og lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 7. apríl.)

I. KAFLI
Breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „hlutabréfa“ í 1. mgr. kemur: og afleiðusamninga sem seldir eru á skipulegum verðbréfamörkuðum, þar sem undirliggjandi verðmæti eru eingöngu hlutabréf.
b. Á eftir orðinu „hlutabréfa“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: og afleiðusamninga sem seldir eru á skipulegum verðbréfamörkuðum, þar sem undirliggjandi verðmæti eru eingöngu hlutabréf.
c. 5. mgr. fellur brott.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 31. gr. laganna:

a. 1. og 3. mgr. 5. tölul. falla brott.
b. Við 4. málsl. 9. tölul. bætist: eða aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.
c. Á eftir 9. tölul. kemur nýr töluliður er verður 9. tölul. a, svohljóðandi: Hagnað af sölu hlutabréfa og afleiðusamninga sem seldir eru á skipulegum verðbréfamarkaði, þar sem undirliggjandi verðmæti eru eingöngu hlutabréf, samkvæmt lögum þessum hjá félögum sem falla undir 1. og 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. af hlutabréfum í félögum er greinir í 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. Sama gildir um hagnað sem félög í sömu félagaformum sem eru skattskyld skv. 7. tölul. 3. gr. og eru heimilisföst í öðru aðildarríki á Evrópska efnahagssvæðinu hafa fengið af sölu hlutabréfa. Ákvæði þessa töluliðar tekur einnig til hagnaðar af sölu hlutabréfa í félögum sem skráð eru erlendis ef seljandi sýnir fram á að hagnaður af starfsemi hins erlenda félags hafi verið skattlagður með sambærilegum hætti og gert er hér á landi. Frádráttur skv. 3. málsl. er bundinn því skilyrði að það skatthlutfall sem lagt er á hagnað hins erlenda félags sé eigi lægra en almennt skatthlutfall í einhverju aðildarríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París (OECD), aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.

Tap umfram hagnað af sölu hlutabréfa og afleiðusamninga sem seldir eru á skipulegum verðbréfamarkaði, þar sem undirliggjandi verðmæti eru eingöngu hlutabréf, heimilast ekki sem frádráttur frá tekjum og myndar ekki yfirfæranlegt tap.

Frádráttur samkvæmt þessum tölulið er því aðeins heimill að yfirfæranlegt rekstrartap hafi verið jafnað, þar með talið tap sem myndast hefur á tekjuárinu.

Fjármálaráðherra skal setja nánari reglur um framkvæmd þessara ákvæða.

3. gr.

Á eftir 4. mgr. 89. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 2.–4. mgr. skal álagning, eftirlit og önnur skattaumsýsla lögaðila skv. 2. og 3. gr. heyra undir Reykjavíkurumdæmi sé annað eða bæði eftirfarandi skilyrða uppfyllt:

a. rekstrartekjur lögaðila samkvæmt síðasta ársreikningi, að viðbættum fjármagnstekjum, eru 10 milljarðar kr. eða hærri. Móður- og dótturfélög þess lögaðila skulu einnig heyra undir Reykjavíkurumdæmi séu þau skattskyld hér á landi,
b. heildareignir lögaðila samkvæmt síðasta ársreikningi eru 5 milljarðar kr. eða hærri. Móður- og dótturfélög þess lögaðila skulu einnig heyra undir Reykjavíkurumdæmi séu þau skattskyld hér á landi.

Skattaumsýsla þeirra lögaðila sem kveðið er á um í 5. mgr. skal að jafnaði eigi vara skemur en tvö ár frá því að framangreind skilyrði eru uppfyllt.

Fyrir lok hvers árs skal ríkisskattstjóri tilkynna þeim lögaðilum sem falla undir skilyrði a- eða b-liðar 5. mgr. að skattaumsýsla þeirra heyri undir Reykjavíkurumdæmi. Ríkisskattstjóra er jafnframt heimilt að beiðni skattstjóra eða ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi að fella lögaðila undir 5. mgr. eða fella lögaðila undan henni enda tilkynni hann viðkomandi lögaðilum þá ákvörðun sína. Í reglugerð sem ráðherra setur skal nánar kveðið á um fyrirkomulag skattaumsýslu þeirra lögaðila sem falla undir 5. mgr.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

4. gr.

Á eftir 21. gr. laganna kemur ný grein, 21. gr. a, svohljóðandi:

Eftirlit samkvæmt ákvæðum 21. gr. og önnur skattaumsýsla þeirra lögaðila sem falla undir 5. mgr. 89. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skal heyra undir Reykjavíkurumdæmi.

III. KAFLI
Breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

5. gr.

Á eftir 6. mgr. 12. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Álagning, eftirlit og önnur skattaumsýsla þeirra lögaðila sem falla undir 5. mgr. 89. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skal heyra undir Reykjavíkurumdæmi.

IV. KAFLI
Breyting á lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, með síðari breytingum.

6. gr.

Á eftir 4. mgr. 9. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Álagning, eftirlit og önnur skattaumsýsla þeirra lögaðila sem falla undir 5. mgr. 89. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skal heyra undir Reykjavíkurumdæmi.

V. KAFLI

Breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

7. gr.

45. gr. laganna orðast svo:

Skráning, álagning, eftirlit og önnur virðisaukaskattsumsýsla þeirra lögaðila sem falla undir 5. mgr. 89. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skal heyra undir Reykjavíkurumdæmi.

8. gr.

Við a-lið viðauka við lögin bætist: 0401.1009, 0401.2009 og 0401.3009.

VI. KAFLI

Gildistaka.

9. gr.

Ákvæði 1. og 2. gr. öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 2009 vegna söluhagnaðar sem myndast á árinu 2008, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði 3.–7. gr. öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. janúar 2009.

Ákvæði 8. gr. öðlast gildi 1. janúar 2008.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Umsýsla stórfyrirtækja skv. 5.–7. mgr. 89. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skal hefjast 1. janúar 2009. Ríkisskattstjóri skal fyrir árslok 2008 tilkynna formlega þeim fyrirtækjum sem falla undir tilgreind ákvæði að þau heyri undir Reykjavíkurumdæmi. Samkvæmt framansögðu heyra ákvarðanir er varða skatta og gjöld, sem tilgreind eru í II. kafla laga nr. 90/2003, undir sama umdæmi frá og með 1. janúar 2009. Jafnframt verður forræði í öllum málum aðila sem falla undir 5.–7. mgr. 89. gr. laga nr. 90/2003 í Reykjavíkurumdæmi, óháð því hvort ákvörðun varðar endurskoðun, eftirlit eða kæruúrskurði tekjuskatts samkvæmt lögum nr. 90/2003 og þeirra skatta og gjalda sem tilgreind eru í II. kafla. Þetta ákvæði tekur einnig til ólokinna mála að teknu tilliti til ákvæða 97. gr. laga nr. 90/2003 um endurupptöku skattlagningar.

II.

Ákvæði 5. mgr. 18. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skulu halda gildi sínu um hagnað félaga skv. 3.–5. tölul. 1. mgr. 2. gr. sömu laga og einstaklinga í atvinnurekstri af sölu hlutabréfa sem féll til fyrir gildistöku laga þessara. Ákvæði þetta skal einnig halda gildi sínu um frestaðan söluhagnað félaga skv. 1. og 2. tölul. 2. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, á árunum 2006 og 2007.

884. Fyrirspurn [570. mál]

til fjármálaráðherra um ríkisábyrgð til handa deCODE Genetics Inc.

Frá Þuríði Backman.

Mun ráðherra beita sér fyrir afnámi ríkisábyrgðar á skuldabréfum útgefnum af deCODE Genetics Inc., sbr. lög nr. 87 frá 15. maí 2002?

885. Fyrirspurn [571. mál]

til utanríkisráðherra um færanlega sjúkrastöð í Palestínu.

Frá Þuríði Backman.

Hefur verið ráðist í kaup á færanlegri sjúkrastöð í Palestínu, sbr. tillögu til þingsályktunar um kaup og rekstur á færanlegri sjúkrastöð í Palestínu sem utanríkismálanefnd vísaði til ríkisstjórnarinnar 15. mars 2007?

886. Fyrirspurn [572. mál]

til heilbrigðisráðherra um sölu upplýsinga um erfðamengi einstaklinga.

Frá Þuríði Backman.

1. Hvernig hyggst ráðherra bregðast við sölu upplýsinga um erfðamengi einstaklinga með tilliti til persónuverndar, vátrygginga, atvinnuöryggis og geymslu gagna?
2. Telur ráðherra að bregðast verði við slíku með lagabreytingum? Ef svo er, hverjar væru þær?
3. Kæmi til greina að banna tryggingafélögum að taka við erfðaupplýsingum frá viðskiptavinum sínum eins og Læknafélag Íslands hefur lagt til við Alþingi?

Skriflegt svar óskast.

887. Fyrirspurn [573. mál]

til heilbrigðisráðherra um endurskoðun laga um gagnagrunn á heilbrigðissviði.

Frá Þuríði Backman.

1. Hefur ráðherra hafið endurskoðun á lögum um gagnagrunn á heilbrigðissviði, nr. 139/1998, sbr. 19. gr. laganna?
2. Hefur ráðherra tekið afstöðu til tímabundins rekstrarleyfis Íslenskrar erfðagreiningar til starfrækslu gagnagrunnsins?

888. Beiðni um skýrslu [574. mál]

frá dómsmálaráðherra um framgöngu lögreglu gagnvart mótmælendum Kárahnjúkavirkjunar og stóriðjuframkvæmda 2005, 2006 og 2007.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur, Álfheiði Ingadóttur, Árna Þór Sigurðssyni, Ingibjörgu Ingu Guðmundsdóttur, Paul Nikolov, Steingrími J. Sigfússyni, Þuríði Backman, Ögmundi Jónassyni og Ölmu Lísu Jóhannsdóttur.

Með vísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að dómsmálaráðherra flytji Alþingi skýrslu þar sem eftirfarandi komi fram um aðgerðir lögreglu gagnvart mótmælendum Kárahnjúkavirkjunar og álvers í Reyðarfirði:

1. Upplýsingar um aðgerðir lögreglu gagnvart mótmælendum sem dvöldu á virkjunarsvæðinu við Kárahnjúka og í námunda við það og álverslóðina í Reyðarfirði á tímabilinu júlí–ágúst 2005, júlí–ágúst 2006 og apríl–september 2007. Þá er einnig óskað upplýsinga um aðgerðir lögreglu gagnvart mótmælendum á Snorrabraut 14. júlí 2007 og við álver Alcan í Straumsvík 24. júlí 2007.
2. Getið verði um öll tilfelli þar sem lögregla hafði afskipti af mótmælendum, fjölda lögreglumanna í hverju tilviki, tilefni afskiptanna, framkvæmd og lyktir aðgerðanna. Handtökur verði tilgreindar og tímabundnar frelsissviptingar, vegabréfasviptingar, leit í húsum eða á öðrum dvalarstöðum mótmælenda og tilraunir til að koma í veg fyrir að mat væri komið í tjaldbúðir. Einnig verði tilgreindar upplýsingar um söfnun lögreglu á persónuupplýsingum, myndatökur og fleiri athafnir er varðað geta ferðafrelsi og friðhelgi einkalífs manna, t.d. spurningar um skoðanir viðkomandi.
3. Tilgreindar verði heimildir fyrir því inngripi sem lögregla þarf lögum samkvæmt heimildir dómstóla til að framkvæma, sbr. húsleitarheimildir og hleranir á símum og tölvupósti.
4. Upplýsingar um hvernig háttað var eftirliti lögreglu með mótmælendum sem dvöldu á virkjunarsvæðinu við Kárahnjúka og í námunda við það, utan beinna aðgerða. Einnig upplýsingar um eftirlit utan virkjunarsvæðis og álverslóðar. Greint verði frá því hversu víðtækt eftirlitið var í tíma og rúmi, jafnframt hvort símar mótmælenda voru hleraðir á einhverju tímabili og/eða tölvupóstur.

5. Þá verði tilgreindar upplýsingar um eftirlit og meðhöndlun ætlaðra mótmælenda frá útlöndum við komu til landsins sumarið 2006 og 2007.

Greinargerð.

Með beiðni þessari er óskað tæmandi upplýsinga um allar aðgerðir lögreglu gagnvart mótmælendum Kárahnjúkavirkjunar, álvers í Reyðarfirði og annarrar stóriðjuuppbyggingar á tímabilinu júlí–ágúst 2005, júlí–ágúst 2006 og apríl–september 2007. Markmiðið er að kanna hvort lögregluaðgerðir gegn mótmælendum hafi staðist ákvæði stjórnarskrár og laga um hugsana- og skoðanafrelsi, tjáningarfrelsi, persónufrelsi og friðhelgi einkalífs. Hafa ber í huga að fundafrelsi er meðal stjórnmálalegra réttinda sem viðurkennd eru og heimila mönnum að efna til funda, þ.m.t. mótmælafunda. Það er því mikilvægt í lýðræðisþjóðfélagi að borgararnir fái notið þeirra réttinda, með öðrum orðum að mannréttindi þeirra séu viðurkennd og vernduð.

Í fjölmiðlum komu, á þeim tímabilum sem vísað er til í skýrslubeiðninni, ítrekað fram ásakanir á hendur lögreglu um harðræði, tilefnislausar árásir, eftirför og frelsissviptingu. Í málsvörn sinni hefur lögreglan m.a. vísað til 15. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996, þar sem kveðið er á um heimild lögreglu til að hafa afskipti af borgurunum til að halda uppi almannafriði og allsherjarreglu, en í fjölmiðlum hafa komið fram áleitnar efasemdir um að mat lögreglu á aðstæðunum hafi í öllum tilfellum verið með þeim hætti að það kallaði á aðgerðir þær sem beitt var.

Mikilvægt er við skoðun þessara mála að hafa vernd mannréttinda ofarlega í huga. Á það er minnt í nýlegri umsögn Íslandsdeildar Amnesty til Alþingis um frumvarp til laga um breytingar á almennum hegningarlögum, en þar segir að mikilvægt sé að tryggja að fólk sé ekki sótt til saka fyrir lögmæta andstöðu við stjórnvöld. Einnig að mikilvægt sé að hugtakið „hryðjuverk“ fái ekki svo víða skilgreiningu í lögum að ekki sé greint með skýrum hætti á milli ólöglegra aðgerða og andstöðu við stjórnvöld sem er lögleg og varin af alþjóðlega viðurkenndum mannréttindareglum. Þá er á það minnt að mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna hefur lýst áhyggjum af skilgreiningu íslenskra hegningarlaga á hugtakinu „hryðjuverk“ og telur að í 100. gr. a laganna sé „að finna óljósa og víðtæka skilgreiningu á hryðjuverkum, sem gæti náð til lögmæts athæfis í lýðræðisþjóðfélagi og stefnt því í hættu, einkum þátttöku í opinberum mótmælum“.

Minnt er á að í 73. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands segir:

„Allir eru frjálsir skoðana sinna og sannfæringar.

Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar, en ábyrgjast verður hann þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða.

Tjáningarfrelsi má aðeins setja skorður með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum.“

Loks er vísað til tillögu til þingsályktunar sem lögð var fram á 133. löggjafarþingi (þskj. 1108, 695. mál) um rannsókn á framgöngu lögreglu gagnvart mótmælendum við Kárahnjúka og greinargerðar með þeirri tillögu.

889. Fyrirspurn [575. mál]

til samgönguráðherra um slit flutningabíla á vegum.

Frá Ármanni Kr. Ólafssyni.

Hversu hlutfallslega mikið meira slítur flutningabíll vegum landsins en meðalfólksbíll, miðað við að flutningabíllinn hafi 80% hleðslu, bæði með og án tengivagns, og fólksbíllinn sé 1800 kg?

Skriflegt svar óskast.

890. Frumvarp til varnarmálalaga. [331. mál]

(Eftir 2. umr., 9. apríl.)

I. KAFLI

Gildissvið, yfirstjórn, stefnumótun o.fl.

1. gr.

Gildissvið.

Lög þessi gilda um stjórnsýslu varnarmála á íslensku yfirráðasvæði og samstarf og samskipti íslenskra stjórnvalda við erlend ríki, hermálayfirvöld og alþjóðastofnanir á sviði öryggis- og varnarmála. Lögin taka ekki til verkefna stjórnvalda sem eru borgaraleg í eðli sínu, svo sem löggæslu og almannavarna.

2. gr.

Markmið.

Markmið þessara laga eru eftirfarandi:

a. að afmarka valdheimildir íslenskra stjórnvalda varðandi varnartengd verkefni,
b. að greina á milli varnartengdra verkefna og borgaralegra verkefna sem lúta að löggæslu og innra öryggi ríkisins,
c. að greina á milli stefnumótunar og framkvæmdaratriða á sviði varnarmála,
d. að auðvelda lýðræðislegt eftirlit með varnartengdri starfsemi.

3. gr.

Yfirstjórn.

Utanríkisráðherra fer með yfirstjórn varnarmála og framkvæmd laga þessara. Utanríkisráðherra ber ábyrgð á gerð hættumats á sviði varnarmála og mótun og framkvæmd öryggis- og varnarstefnu Íslands á alþjóðavettvangi.

Ef brýnir varnarhagsmunir krefjast skal utanríkisráðherra heimilt að víkja frá málsmeðferðarreglum laga þessara eða reglugerða sem eru settar samkvæmt þeim.

4. gr.

Alþjóðasamskipti.

Utanríkisráðherra fer með fyrirsvar af hálfu íslenska ríkisins í samskiptum og samstarfi við erlend ríki, hermálayfirvöld og alþjóðastofnanir á sviði öryggis- og varnarmála, þ.m.t. Atlantshafsbandalagið. Jafnframt annast utanríkisráðuneytið öll samskipti við erlendan liðsafla sem dvelur hérlendis á vegum íslenskra stjórnvalda.

II. KAFLI
Skilgreiningar.

5. gr.

Í lögum þessum er merking hugtaka sem hér segir:

1. *Afleiddir samningar:* Samningar milli Íslands og Bandaríkjanna sem byggðir eru á varnarsamningnum. Hugtakið nær einnig til samninga sem Ísland gerir við Atlantshafsbandalagið, Samstarf í þágu friðar, önnur samstarfsríki eða alþjóðastofnanir og fela í sér nánari útfærslu á þegar gerðum þjóðréttarsamningi Íslands við hlutaðeigandi ríki eða þjóðréttaraðila.
2. *Atlantshafsbandalagið:* Alþjóðasamtök þau sem komið var á fót með Norður-Atlantshafssamningnum frá 4. apríl 1949 og Ottawasamningnum frá 20. september 1951. Til bandalagsins í skilningi laganna teljast einnig nefndir, stofnanir og liðsafli þess og aðrir aðilar er fara með gerð samninga fyrir bandalagið og starfsemi sem því tengist, hvort sem þeir eru staðsettir hér á landi eða í öðrum löndum.
3. *Gistiríki:* Ríki sem á grundvelli samnings:
   a. tekur á móti liðsafla og búnaði á vegum Atlantshafsbandalagsins eða annarra ríkja sem koma að aðgerðum á yfirráðasvæði þess eða ferðast í gegnum það;
   b. heimilar að búnaður og/eða stofnanir Atlantshafsbandalagsins séu staðsettar á yfirráðasvæði þess;
   c. veitir stuðning vegna framangreinds.
4. *Gistiríkisstuðningur:* Aðstoð borgaralegs og hernaðarlegs eðlis sem gistiríki, á friðartímum, í neyð eða á ófriðartímum, veitir Atlantshafsbandalaginu og/eða öðrum liðsafla og stofnunum Atlantshafsbandalagsins sem staðsettar eru á yfirráðasvæði gistiríkisins, koma að aðgerðum þar eða ferðast þar í gegn.
5. *Hermálayfirvöld sendiríkis:* Yfirvöld sendiríkis sem hafa vald til að framfylgja hermálalögum þess ríkis með tilliti til manna í liðsafla þess eða borgaralegum deildum.
6. *Íslenska loftvarnakerfið:* Loftvarnakerfi í eigu Atlantshafsbandalagsins sem staðsett er á Íslandi og þjónar varnarhagsmunum íslenska ríkisins, Atlantshafsbandalagsins og aðildarríkja þess. Kerfið telst hluti af loftvarnakerfi Atlantshafsbandalagsins.
7. *Liðsafli:* Liðsmenn í land-, sjó- eða flugher aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins, Samstarfs í þágu friðar eða samstarfsríkis Íslands, ásamt borgaralegri deild og skylduliði, þegar þeir hafa viðdvöl hérlendis í tengslum við opinber skyldustörf sín, nema Ísland og viðkomandi sendiríki hafi samið um það sín á milli að eigi beri að líta svo á að tilteknir einstaklingar, einingar eða fylkingar séu liðsafli hér á landi. Undir hugtakið falla liðsmenn úr herliði Bandaríkjanna og skyldulið þeirra, erlent starfslið sem herliðinu fylgir, einstakar samningsstofnanir Bandaríkjahers og aðilar er fara með gerð samninga fyrir bandarísk stjórnvöld vegna herliðsins og starfsemi sem því tengist, hvort sem þeir eru staðsettir hér á landi eða í öðrum löndum.

8. *Loftrýmiseftirlit:* Kerfisbundið eftirlit loftrýmis með rafrænum, sjónrænum eða öðrum aðferðum, aðallega í þeim tilgangi að bera kennsl á og afmarka hreyfingar flugskeyta og loftfara, vinveittra og óvinveittra, innan loftrýmisins þar sem eftirlitið fer fram.
9. *Loftrýmiseftirlitssvæði Atlantshafsbandalagsins:* Loftrými bandalagsins þar sem fram fer loftrýmiseftirlit og loftrýmisgæsla.
10. *Loftrýmisgæsla:* Notkun loftfara og annars búnaðar í þeim tilgangi að hafa eftirlit með og gæta loftrýmisins á loftrýmiseftirlitssvæði Atlantshafsbandalagsins.
11. *Notendaríki:* Ríki sem á grundvelli þjóðréttarskuldbindinga ber ábyrgð á tilteknum eignum Atlantshafsbandalagsins, þ.m.t. mannvirkjum, og notar þær m.a. í sjálfs sín þágu að virtum forgangsrétti bandalagsins.
12. *Samstarf í þágu friðar:* Alþjóðasamstarf það sem komið var á fót innan Atlantshafsbandalagsins hinn 10. janúar 1994.
13. *Skyldulið:* Maki eða sambúðaraðili manns í liðsafla eða manns í borgaralegri deild eða barn, kjörbarn eða stjúpbarn slíks manns sem er á framfæri hans.
14. *Varnarsamningurinn:* Varnarsamningur milli lýðveldisins Íslands og Bandaríkjanna á grundvelli Norður-Atlantshafssamningsins frá 5. maí 1951 og viðbætir við hann um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þeirra frá 8. maí 1951, sem veitt var lagagildi með lögum nr. 110/1951, ásamt síðari breytingum.
15. *Varnarsvæði:* Landsvæði sem íslensk stjórnvöld hafa lagt til varna landsins og lýst hafa verið samningssvæði samkvæmt ákvæðum varnarsamningsins, sbr. lög nr. 110/1951, og lúta yfirstjórn utanríkisráðherra.
16. *Varnaræfingar:* Æfingar sem haldnar eru hérlendis, á vegum íslenskra stjórnvalda, til að æfa samræmingu og viðbrögð vegna varna landsins, m.a. með þátttöku Bandaríkjanna, annarra aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins, Samstarfs í þágu friðar eða annarra samstarfsríkja Íslands og innlendra viðbragðsaðila.
17. *Öryggis- og varnarmál:* Mál sem snúa að samstarfi Íslands við önnur ríki og alþjóðastofnanir á sviði landvarna, sem og varna gegn öðrum hættum og ógnum sem steðjað geta að íslensku þjóðinni og íslensku forráðasvæði, og eiga upptök sín í hinu alþjóðlega samfélagi.
18. *Öryggissvæði:* Landsvæði sem íslensk stjórnvöld leggja til varnarþarfa, þ.m.t. varnaræfinga, m.a. á vegum Bandaríkjanna eða annarra ríkja Atlantshafsbandalagsins, og lýst hafa verið öryggissvæði á grundvelli laga þessara.
19. *Öryggisvottun:* Staðfesting á því að aðili hafi sætt bakgrunnsskoðun og uppfylli hæfis- og öryggiskröfur til að fá aðgang að trúnaðarskjölum, búnaði eða mannvirkjum í eigu Atlantshafsbandalagsins, aðildarríkja þess, Samstarfs í þágu friðar eða annarra samstarfsríkja Íslands á sviði öryggis- og varnarmála.

III. KAFLI
Stjórnsýsla.

6. gr.
Varnarmálastofnun.

Ríkið starfrækir sérstaka stofnun, undir yfirstjórn utanríkisráðherra, sem nefnist Varnarmálastofnun og sinnir verkefnum á sviði varnarmála. Aðsetur og aðalskrifstofa stofnunarinnar er á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli. Utanríkisráðherra staðfestir skipurit stofnunarinnar.

7. gr.

Verkefni Varnarmálastofnunar.

Helstu verkefni Varnarmálastofnunar eru:

1. Rekstur íslenska loftvarnakerfisins, þ.m.t. fjarskiptastöðva og ratsjárstöðva Atlantshafsbandalagsins hérlendis.
2. Þátttaka í samræmdu loftrýmiseftirliti og loftrýmisgæslu Atlantshafsbandalagsins samkvæmt lögum þessum og á grundvelli þjóðréttarsamninga sem Ísland er aðili að.
3. Rekstur, umsjón og hagnýting öryggissvæða og mannvirkja þar í eigu íslenska ríkisins og Atlantshafsbandalagsins í samræmi við notendaríkis- og gistiríkishlutverk Íslands.
4. Undirbúningur og umsjón varnaræfinga sem haldnar eru hérlendis.
5. Framkvæmd gistiríkisstuðnings íslenskra stjórnvalda.
6. Rekstur gagnatenginga við upplýsingakerfi Atlantshafsbandalagsins og undirstofnana þess sem Ísland hefur aðgang að og úrvinnsla upplýsinga úr slíkum kerfum.
7. Þátttaka í starfi nefnda og undirstofnana Atlantshafsbandalagsins, þ.m.t. herstjórnarmiðstöðvar bandalagsins, samkvæmt nánari ákvörðun utanríkisráðherra. Einnig er utanríkisráðherra heimilt, að höfðu samráði við viðkomandi fagráðuneyti, að tilnefna sérfróðan fulltrúa frá annarri ríkisstofnun til þátttöku í slíku starfi þegar um borgaralegt samstarf er að ræða.
8. Verkefni sem varða framkvæmd varnarsamningsins, sbr. lög nr. 110/1951, og laga nr. 72/2007, um réttarstöðu liðsafla aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins og Samstarfs í þágu friðar o.fl.
9. Samstarf við önnur stjórnvöld, stofnanir eða opinber hlutafélög sem hafa með höndum verkefni sem tengjast starfssviði Varnarmálastofnunar, samkvæmt nánari ákvörðun utanríkisráðherra.
10. Samstarf við alþjóðastofnanir og framkvæmd alþjóðasamþykkta á sviði varnarmála, samkvæmt nánari ákvörðun utanríkisráðherra.
11. Ráðgjöf til utanríkisráðuneytisins á fagsviðum stofnunarinnar og varðandi stefnumótun og hættumat á sviði varnarmála samkvæmt lögum þessum.
12. Að vinna í samræmi við stefnu utanríkisráðherra á sviði varnarmála samkvæmt lögum þessum.
13. Samstarf við háskóla, stofnanir, fyrirtæki og alþjóðleg samtök í tengslum við rannsóknir og þróun á starfssviði stofnunarinnar.
14. Undirbúningur að setningu reglugerða og verklagsreglna og þátttaka í mótun þeirra, m.a. á erlendum vettvangi, og undirbúningur samninga við erlend ríki og alþjóðastofnanir samkvæmt nánari fyrirmælum utanríkisráðherra.
15. Önnur verkefni sem stofnuninni eru falin samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða ákvörðun utanríkisráðherra.

IV. KAFLI
Starfsmannamál.

8. gr.

Forstjóri Varnarmálastofnunar.

Utanríkisráðherra skipar forstjóra Varnarmálastofnunar til fimm ára í senn. Forstjóri skal hafa lokið háskólaprófi og búa yfir þekkingu á verksviði stofnunarinnar. Forstjóri fer með stjórn stofnunarinnar og ber ábyrgð á daglegum rekstri.

9. gr.

Ráðning starfsliðs.

Forstjóri ræður aðra starfsmenn Varnarmálastofnunar.

Óheimilt er að ráða til Varnarmálastofnunar eða hafa þar starfandi einstakling eða verktaka sem ekki uppfyllir skilyrði öryggisvottunar skv. 24. gr.

Ef einstaklingur, verktaki eða starfsmaður verktaka telst ekki uppfylla skilyrði öryggisvottunar skal sú afstaða tilkynnt og aðila máls gefinn kostur á að koma að andmælum. Ákveði Varnarmálastofnun að synja um starf eða verk eða segja upp gildandi vinnu- eða verksambandi, sökum þess að skilyrði öryggisvottunar teljast ekki uppfyllt, skal það gert með sannanlegum hætti og aðila máls leiðbeint um rétt til að kæra ákvörðunina til utanríkisráðherra.

10. gr.

Tímabundin ráðning.

Forstjóra Varnarmálastofnunar er heimilt, að höfðu samráði við utanríkisráðuneytið, að ráða án auglýsingar ríkisstarfsmann tímabundið til starfa hjá Varnarmálastofnun, þó ekki lengur en til tveggja ára í senn. Áskilið er að vinnuveitandi viðkomandi samþykki slíka tilhögun. Með sömu skilyrðum má veita starfsmanni Varnarmálastofnunar tímabundið starf hjá utanríkisþjónustunni.

Starfsmaður sem ráðinn er skv. 1. mgr. skal eiga rétt á launalausu leyfi á meðan hann gegnir hinu tímabundna starfi. Slíkt leyfi skerðir ekki réttindi til greiðslu í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Starfstími í hinu tímabundna starfi telst hluti af starfstíma í föstu starfi viðkomandi.

11. gr.

Bann við verkföllum.

Starfsmenn Varnarmálastofnunar mega hvorki fara í verkfall né taka þátt í verkfallsboðun.

V. KAFLI

Rekstur öryggissvæða, loftvarnakerfis o.fl.

12. gr.

Rekstur öryggissvæða.

Varnarmálastofnun annast umsjón, rekstur og hagnýtingu allra öryggissvæða á Íslandi, þ.m.t. við Keflavíkurflugvöll, Helguvík, Miðnesheiði, Stokksnes, Gunnólfsvíkurfjall og Bolafjall, auk mannvirkja sem þar eru staðsett.

Utanríkisráðherra birtir auglýsingu sem sýnir landfræðileg mörk öryggis- og varnarsvæða.

13. gr.

Aðgangur að öryggis- og varnarsvæðum.

Varnarmálastofnun veitir aðgangsheimildir að öryggis- og varnarsvæðum. Utanríkisráðherra er þó heimilt að fela rekstraraðila Keflavíkurflugvallar að annast útgáfu aðgangsheimilda að þeim hluta öryggissvæðisins við Keflavíkurflugvöll sem er innan haftasvæðis flugverndar. Takmarka má, synja um eða afturkalla aðgangsheimild af öryggisástæðum eða ef allsherjarregla krefst þess. Slíkar stjórnvaldsákvarðanir má kæra til utanríkisráðherra og skal aðila máls leiðbeint um kærurétt sinn.

Að undanskildum íslenskum tollgæslu- og lögregluyfirvöldum er þeim einum heimill aðgangur að öryggis- og varnarsvæðum og mannvirkjum þar sem þangað á lögmætt erindi og hefur gilda aðgangsheimild.

14. gr.

Rekstur íslenska loftvarnakerfisins o.fl.

Varnarmálastofnun annast rekstur íslenska loftvarnakerfisins, stjórnstöðvar á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli, fjarskiptastöðva og ratsjárstöðva Atlantshafsbandalagsins sem staðsettar eru á öryggissvæðum. Reksturinn skal taka mið af reglum og stöðlum Atlantshafsbandalagsins varðandi slíka starfsemi.

15. gr.

Rekstur mannvirkja Atlantshafsbandalagsins o.fl.

Varnarmálastofnun annast rekstur, umsjón og hagnýtingu mannvirkja og annarra eigna Atlantshafsbandalagsins hérlendis í samræmi við þjóðréttarlegar skuldbindingar og heimildir Íslands sem notenda- og gistiríkis. Reksturinn skal taka mið af reglum og stöðlum Atlantshafsbandalagsins varðandi slíka starfsemi og venjubundinni notendaríkisframkvæmd bandalagsríkjanna.

Utanríkisráðherra birtir lista yfir þau mannvirki og þær eignir Atlantshafsbandalagsins og íslenska ríkisins sem Varnarmálastofnun ber ábyrgð á.

16. gr.

Rekstrarkostnaður.

Kostnaður við starfrækslu Varnarmálastofnunar greiðist af fjárveitingum úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum.

Varnarmálastofnun er heimilt, að virtum öryggisreglum og forgangsrétti Atlantshafsbandalagsins, að veita gegn gjaldi samningsbundin afnot af mannvirkjum og búnaði bandalagsins sem stofnunin hefur umsjón með á grundvelli gistiríkis- og notendaríkisskuldbindinga Íslands. Tekjur vegna afnotanna renna til Varnarmálastofnunar sem ráðstafar þeim til reksturs og viðhalds þeirra mannvirkja og búnaðar bandalagsins sem stofnunin annast.

VI. KAFLI
Skaðabótamál.

17. gr.

Varnarmálastofnun tekur ákvörðun um greiðslu skaðabóta úr ríkissjóði vegna skaðabótakrafna utan samninga sem Ísland hefur skuldbundið sig til að greiða á grundvelli þjóðréttarsamninga á sviði varnarmála.

VII. KAFLI
Loftrýmiseftirlit, loftrýmisgæsla, varnaræfingar o.fl.

18. gr.

Loftrýmiseftirlit og loftrýmisgæsla.

Atlantshafsbandalaginu er heimilt að sinna loftrýmiseftirliti og loftrýmisgæslu við Ísland í samræmi við ákvarðanir Norður-Atlantshafsráðsins. Um tilhögun slíks eftirlits og gæslu fer samkvæmt samningum milli íslenska ríkisins og bandalagsins og þeirra bandalagsríkja sem skuldbinda sig til að sinna slíkum verkefnum.

19. gr.

Gistiríkisstuðningur.

Varnarmálastofnun annast gistiríkisstuðning íslenskra stjórnvalda gagnvart Atlantshafsbandalaginu og öðrum ríkjum og skal sú framkvæmd taka mið af reglum og stöðlum Atlantshafsbandalagsins um gistiríkisstuðning.

20. gr.

Varnaræfingar.

Utanríkisráðherra ber ábyrgð á undirbúningi og framkvæmd varnaræfinga sem haldnar eru hérlendis á vegum íslenskra stjórnvalda. Upplýsa ber utanríkismálanefnd Alþingis í lok hvers árs um fyrirhugaðar æfingar á komandi ári.

Varnarmálastofnun annast undirbúning og framkvæmd varnaræfinga. Stofnunin gefur utanríkisráðherra upplýsingaskýrslu um hverja æfingu innan mánaðar frá lokum hennar.

VIII. KAFLI
Skatt- og tollundanþágur.

21. gr.

Öryggis- og varnarsvæði, ásamt mannvirkjum íslenska ríkisins, Atlantshafsbandalagsins eða Bandaríkjanna þar, og starfsemi þeim tengd, skulu undanþegin öllum opinberum gjöldum, þ.m.t. vegna kaupa á vöru og þjónustu til viðhalds og rekstrar. Þá eru mannvirkin undanþegin skyldutryggingu fasteigna.

Atlantshafsbandalagið, Samstarf í þágu friðar, herlið Bandaríkjanna og liðsafli skv. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 72/2007 nýtur hérlendis undanþágu frá greiðslu skatta, gjalda og tolla með þeim hætti sem greinir í 7. og 8. gr. viðbætis við lög nr. 110/1951, sbr. og 48. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum. Þó skal greiða óbeina skatta og gjöld, skv. 1. tölul. 6. gr. viðbætisins, með þeim undanþágum sem leiðir af 8. gr. viðbætisins og endurgreiðsluheimild 43. gr. laga nr. 50/1988. Sama gildir um liðsafla annarra ríkja, og skyldulið þeirra, sem dvelst hérlendis við framkvæmd skyldustarfa eða varnaræfingar á vegum íslenskra stjórnvalda.

Um þær eignir og þann rekstur sem Varnarmálastofnun annast fyrir hönd Atlantshafsbandalagsins, Samstarfs í þágu friðar, herliðs Bandaríkjanna eða annarra þjóðréttaraðila, sem samkvæmt lögum og alþjóðasamningum eru undanþegnir skatt- og tollskyldu, fer eftir þeim sérreglum sem um þá þjóðréttaraðila gilda. Utanríkisráðherra setur að höfðu samráði við fjármálaráðuneytið reglugerð um framkvæmd slíkrar umsýslu.

IX. KAFLI
Meðferð upplýsinga.

22. gr.

Þagnarskylda.

Starfsmenn Varnarmálastofnunar eru bundnir þagnarskyldu. Þeir mega ekki, að viðlagðri ábyrgð, skýra óviðkomandi frá því sem þeir komast að í starfi sínu og leynt á að fara. Sama gildir um verktaka og aðra aðila sem starfa að einstökum verkefnum á vegum stofnunarinnar. Þagnarskylda helst þótt látið sé af störfum eða verksamningi ljúki.

23. gr.

Úrvinnsla og miðlun upplýsinga.

Varnarmálastofnun annast úrvinnslu upplýsinga úr upplýsingakerfum Atlantshafsbandalagsins og erlendra samstarfsaðila sem stofnunin hefur aðgang að. Stofnunin skal leitast við að skilgreina hættur sem kunna að steðja að íslensku yfirráðasvæði og íslenskum ríkisborgurum, m.a. vegna hernaðarumsvifa eða sambærilegs alvarlegs hættuástands.

Varnarmálastofnun má skiptast á upplýsingum við stjórnvöld annarra ríkja og alþjóðasamtök sem Ísland er aðili að enda byggist slíkt á gildum milliríkjasamningum og sé nauðsynlegt að teknu tilliti til öryggis- og varnarhagsmuna landsins.

Varnarmálastofnun vinnur úr upplýsingum sem hún fær skv. 1. og 2. mgr. og miðlar áfram til utanríkisráðuneytisins, annarra stjórnvalda og utanríkismálanefndar samkvæmt nánari ákvæðum sem utanríkisráðherra skal setja í reglugerð. Reglugerðin skal m.a. taka mið af stöðlum og reglum Atlantshafsbandalagsins varðandi meðhöndlun slíkra upplýsinga.

24. gr.

Öryggisvottun og trúnaðarstig skjala.

Varnarmálastofnun ber ábyrgð á útgáfu öryggisvottunar samkvæmt lögum þessum. Embætti ríkislögreglustjóra annast framkvæmd bakgrunnsskoðunar vegna öryggisvottunar, að beiðni Varnarmálastofnunar, og er við vinnsluna m.a. heimilt að afla upplýsinga um viðkomandi úr skrám lögreglu og sakaskrá. Varnarmálastofnun heldur sérstaka skrá yfir aðila sem hljóta öryggisvottun samkvæmt lögum þessum.

Utanríkisráðherra setur reglugerð um framkvæmd öryggisvottunar og trúnaðarstig skjala samkvæmt lögum þessum að höfðu samráði við dómsmálaráðherra. Skal þar tekið mið af stöðlum og reglum Atlantshafsbandalagsins um öryggi og meðferð trúnaðarskjala og eftir atvikum öðrum þjóðréttarskuldbindingum sem Ísland hefur undirgengist varðandi öryggi og meðferð trúnaðarupplýsinga.

25. gr.

Ársskýrsla Varnarmálastofnunar.

Varnarmálastofnun gefur utanríkisráðherra árlega skýrslu um starfsemi sína á liðnu almanaksári. Utanríkisráðherra kynnir efni ársskýrslunnar fyrir utanríkismálanefnd. Útdráttur úr ársskýrslunni skal birtur á heimasíðu Varnarmálastofnunar fyrir 1. september árið á eftir.

X. KAFLI

Stjórnsýslukæra, viðurlög, gildistaka o.fl.

26. gr.

Stjórnsýslukæra.

Aðilum máls er heimilt að kæra stjórnvaldsákvarðanir Varnarmálastofnunar til utanríkisráðherra innan 30 daga frá dagsetningu ákvörðunar. Um meðferð kærumálsins fer samkvæmt stjórnsýslulögum og ákvæðum þessara laga eftir því sem við getur átt.

27. gr.

Reglugerðarheimildir.

Utanríkisráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari fyrirmæli um verkefni Varnarmálastofnunar og framkvæmd laga þessara, þ.m.t. varðandi:

a. tímabundna ráðningu skv. 10. gr.,

b. aðgangsheimildir að öryggis- og varnarsvæðum skv. 13. gr.,
c. rekstur íslenska loftvarnakerfisins og mannvirkja Atlantshafsbandalagsins skv. 14. og 15. gr.,
d. málsmeðferð, greiðslu og endurkröfu skaðabótakrafna skv. 17. gr.,
e. varnaræfingar skv. 20. gr.

28. gr.
Viðurlög.

Brot gegn lögum þessum, reglugerðum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum settum eða gefnum samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að 5 árum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Tilraun og hlutdeild í brotum er refsiverð skv. III. kafla almennra hegningarlaga.

Nú er brot framið í starfsemi lögaðila og má þá gera lögaðilanum fésekt skv. II. kafla A almennra hegningarlaga.

29. gr.
Gildistaka og brottfall laga.

Lög þessi öðlast gildi 31. maí 2008. Frá sama tíma falla úr gildi lög um yfirstjórn mála á varnarsvæðunum o.fl., nr. 106/1954, og lög um framkvæmd tiltekinna þátta í varnarsamstarfi Íslands og Bandaríkjanna, nr. 82/2000, með síðari breytingum. Við gildistöku laganna skal Ratsjárstofnun lögð niður. Ákvæði til bráðabirgða öðlast þegar gildi.

Reglugerðir og önnur stjórnvaldsfyrirmæli, sem sett hafa verið á grundvelli laga nr. 106/1954 og nr. 82/2000, skulu halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þau brjóta ekki í bága við ákvæði nýrra laga, uns nýjar reglugerðir og stjórnvaldsfyrirmæli hafa verið gefin út.

30. gr.
Brottfall og breytingar lagaákvæða.

Við gildistöku laga þessara verða eftirtaldar breytingar á öðrum lögum:

1. *Lög um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, nr. 92/1989, með síðari breytingum.*
   a. Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 2. gr. laganna:
      1. Í stað tölunnar „24“ í 1. málsl. kemur: 23.
      2. 23. tölul. 2. málsl. fellur brott og breytist röð töluliða til samræmis við það.
      3. Í stað tölunnar „25“ í 3. málsl. kemur: 24.
   b. Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:
      1. Orðin „á Keflavíkurflugvelli“ tvívegis í 1. mgr. falla brott.
      2. 3. mgr. fellur brott.
2. *Lögreglulög, nr. 90/1996, með síðari breytingum.*
   Eftirfarandi breytingar verða á 2. tölul. 1. mgr. 6. gr. laganna:
   1. Orðin „sem jafnframt er sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli“ falla brott.
   2. Á eftir orðinu „Grindavík“ kemur: Keflavíkurflugvöll.
   3. Orðin „auk þeirra svæða á Suðurnesjum sem eru varnarsvæði samkvæmt varnarsamningi Íslands og Bandaríkjanna“ falla brott.
3. *Tollalög, nr. 88/2005, með síðari breytingum.*
   Við 3. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna bætist: þ.m.t. Atlantshafsbandalagið, Samstarf í þágu friðar og herlið Bandaríkjanna.

4. *Lög nr. 176/2006, um ráðstafanir í kjölfar samnings við Bandaríkin um skil á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli.*
   2. og 3. mgr. 3. gr. og 2. mgr. 5. gr. falla brott.
5. *Lög nr. 72/2007, um réttarstöðu liðsafla aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins og Samstarfs í þágu friðar o.fl.*
   9. gr. fellur brott.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Bjóða skal því starfsfólki störf hjá Varnarmálastofnun sem við gildistöku laga þessara er á uppsagnarfresti hjá Ratsjárstofnun og starfar þar. Ekki er skylt að auglýsa störf sem ráðið er í samkvæmt þessu ákvæði laus til umsóknar, skv. 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.
2. Þegar lög þessi hafa verið samþykkt er heimilt að auglýsa embætti forstjóra Varnarmálastofnunar laust til umsóknar og skal skipun í embættið miðast við 1. júní 2008. Einnig skal utanríkisráðherra skipa þriggja manna starfshóp sem hafa skal heimild til að undirbúa gildistöku laga þessara, þ.m.t. að bjóða starfsfólki störf hjá Varnarmálastofnun skv. 1. tölul. Verðandi forstjóri Varnarmálastofnunar skal eiga sæti í starfshópnum.

891. Svar [418. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Þuríðar Backman um lokun starfsendurhæfingar í Bergiðjunni.

1. *Hverjar eru forsendur fyrirhugaðrar lokunar starfsendurhæfingar í Bergiðjunni?*

Bergiðjan var opnuð þegar ekki voru til í samfélaginu atvinnutengd úrræði fyrir geðsjúka og var að því leyti barn síns tíma. Nú eru til margvísleg úrræði sem styðja við atvinnuþátttöku geðsjúkra og aðstoða þá við að verða sjálfbjarga við athafnir daglegs lífs. Þar má t.d. nefna AMS (Atvinna með stuðningi á vegum Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra), Fjölmennt, Hringsjá, Klúbbinn Geysi, AE-starfsendurhæfingu (starfs- og atvinnuendurhæfing fyrir geðfatlaða), Geðhjálp, Endurhæfingarklúbb öryrkja á Akranesi og Vinnumálastofnun höfuðborgarsvæðisins.

Beiðnum um starfsendurhæfingu í Bergiðjunni hefur fækkað á undanförnum árum og ungt fólk sækir í auknum mæli eftir þeim stuðningi sem í boði er til starfa á hefðbundnum vinnustöðum. Krafa nútímans er að sjúklingar með langvinna geðsjúkdóma fái tækifæri í samfélaginu til jafns við aðra hvort sem er á vinnumarkaði eða öðrum þáttum.

2. *Hver er áætlaður sparnaður Landspítala við lokunina?*

Áætlað er að 8–10 millj. kr. sparist við lokun Bergiðjunnar. Sá sparnaður gerir geðsviði Landspítala kleift að styrkja þá endurhæfingu sem betur hentar sjúklingum spítalans.

3. *Hefur verið haft samráð við starfsmenn og þá sem eru í starfsendurhæfingu vegna fyrirhugaðrar lokunar?*

Allt frá því að Bergiðjan sameinaðist iðjuþjálfun geðsviðs 2002 hefur verið vitað að ákveðin þróun á þessu sviði mundi eiga sér stað.

Í desember 2007 var haldinn fundur með starfsfólki Bergiðjunnar þar sem kynntar voru þær tillögur að Bergiðjunni yrði lokað 1. maí. Í byrjun janúar 2008 var haldinn fundur með sjúklingum sem voru í starfsendurhæfingu í Bergiðjunni þar sem þeim var tilkynnt um lokun hennar og í kjölfarið var haldinn fundur með aðstandendum þessa hóps. Strax var gerð aðgerðaáætlun. Markmiðið er að nýta tímann fram til 1. maí til að finna viðeigandi úrræði eða störf við hæfi. Haft er samstarf m.a. við Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra í Reykjavík, Vinnumálastofnun höfuðborgarsvæðisins og Klúbbinn Geysi.

4. *Hafa öllum verið tryggð önnur störf við hæfi og ef svo er, hvaða störf og á hvaða sviðum?*

Þrír starfsmenn starfa nú í Bergiðjunni, tveir í fullu starfi og einn í hlutastarfi sem fer að eigin ósk í annað starf í byrjun maí. Hinum tveimur verður boðið starf innan geðsviðs.

Varðandi þá sjúklinga sem skráðir eru í Bergiðjunni stefna fjórir á Atvinnu með stuðningi, tveir stefna á Múlalund, einn stefnir í Klúbbinn Geysi, einn er óákveðinn og einn stefnir á almennan vinnumarkað.

5. *Hvað geta margir sótt daglega starfsendurhæfingu í Bergiðjunni?*

Fjöldi sjúklinga í Bergiðjunni hefur ráðist af fjölda þeirra starfsmanna sem þar hafa starfað á hverjum tíma. Markviss starfsendurhæfing krefst fagfólks eins og t.d. iðjuþjálfa og félagsráðgjafa, en vegna skorts á fagfólki hefur ekki verið hægt að veita hana í nokkur ár. Átta sjúklingar eru nú í starfsendurhæfingu í Bergiðjunni og hafa þeir verið mislengi. Náms- og starfsendurhæfing fer einnig fram í vinnusal iðjuþjálfunar á Landspítalanum, þar eru tuttugu einstaklingar skráðir í meðferð.

6. *Hefur ráðherra haft samráð við félags- og tryggingamálaráðherra og/eða Reykjavíkurborg um hugsanlega yfirtöku á rekstri Bergiðjunnar fyrir verndaðan vinnustað handa einstaklingum sem eiga erfitt með að stunda vinnu á almennum vinnumarkaði, sbr. Plastiðjuna – Iðjulund á Akureyri?*

Að gefnu tilefni skal tekið fram að málefni Bergiðjunnar heyra undir Landspítala en ekki undir ráðherra. Stofnanir sem heyra undir heilbrigðisráðuneytið eru reknar af viðkomandi forstöðumönnum og kemur ráðherra ekki að einstökum ákvörðunum er varða reksturinn nema í undantekningartilvikum. Landspítali hagar starfsemi sinni með hagsmuni þeirra sem þurfa á þjónustu spítalans að halda að leiðarljósi. Það er mat spítalans að því fé sem nú er varið til rekstrar Bergiðjunnar sé betur varið til annarrar þjónustu innan stofnunarinnar. Landspítali hefur kynnt Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra og öðrum er málið varðar ákvörðun sína og haft við þá samráð um úrvinnslu málsins eins og fram kemur í 3. lið. Er það í samræmi við almennt verklag spítalans, þ.e. að hafa samráð við veitendur félags- eða heilbrigðisþjónustu utan spítala, þarfnist sjúklingar slíkra úrræða eftir útskrift af Landspítala.

7. *Hvað bíða margir eftir starfsendurhæfingu sakir örorku eða sjúkdóma?*

Langflestir sjúklingar sem eru í endurhæfingu á geðsviði eru með langvinna geðsjúkdóma og er enginn á biðlista eftir starfsendurhæfingu í Bergiðjunni, hvorki á geðsviði né utan geðsviðs.

8. Hvaða úrræði bjóðast fólki sem bíður eftir starfsendurhæfingu?

Sjúklingum innan endurhæfingar geðsviðs stendur til boða að stunda margvíslega endurhæfingu, svo sem iðjuþjálfun, sjúkraþjálfun, listmeðferð, viðtalsmeðferð hjá sérfræðilæknum, sálfræðingum, félagsráðgjöfum og hjúkrunarfræðingum. Tengsl og samvinna er við önnur úrræði í samfélaginu svo sem athvörf Rauða kross Íslands, Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra í Reykjavík, Vinnumálastofnun höfuðborgarsvæðisins, Klúbbinn Geysi, Hugarafl o.fl.

9. Hver er fagleg stefna Landspítala í endurhæfingu sjúklinga á geðsviði spítalans
a. inni á geðdeildum spítalans,
b. eftir útskrift,
c. hvernig er þeirri stefnu fylgt eftir?

Markmið endurhæfingar er að sem flestir geti búið sjálfstæðri búsetu utan stofnana. Til að ná því markmiði er þörf fyrir fjölbreytta sérfræðikunnáttu og teymisstarf þar sem sjúklingar fá meðferð, færniþjálfun og félagslega aðstoð. Þessi þjónusta er veitt á geðsviði Landspítala. Sjúklingum með langvinna geðsjúkdóma er fylgt eftir að útskrift lokinni frá göngudeild geðsviðs eins lengi og þörf er á.

10. Verður húsnæði Bergiðjunnar nýtt undir starfsemi á vegum Landspítala eða verður það selt eða leigt?

Endanleg niðurstaða um nýtingu húsnæðis liggur ekki fyrir.

892. Fyrirspurn [576. mál]

til umhverfisráðherra um rannsóknaboranir í Gjástykki.

Frá Þuríði Backman.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir frestun á fyrirhuguðum rannsóknaborunum í Gjástykki með tilliti til verndargildis svæðisins og ólíkra hagsmuna einstakra atvinnugreina þar nyrðra uns niðurstöður liggja fyrir úr yfirstandandi rannsóknum á mögulegri orkunýtingu frá Þeistareykjum, Bjarnarflagi og Kröflu?

893. Frumvarp til laga [577. mál]

um breytingu á Norðurlandasamningi um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

Heimilt er að fullgilda fyrir Íslands hönd samkomulag, sem undirritað var í Stokkhólmi 26. janúar 2006 milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar og prentað er sem

fylgiskjal með lögum þessum, um breytingar á samningi sömu ríkja frá 6. febrúar 1931, um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð, sem staðfestur var með lögum nr. 29 8. september 1931.

2. gr.

Þegar samkomulag það sem um ræðir í 1. gr. hefur öðlast gildi að því er Ísland varðar skulu ákvæði þess hafa lagagildi hér á landi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal.

Samkomulag milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um breytingar á samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð er undirritaður var í Stokkhólmi 6. febrúar 1931.

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar hafa orðið ásáttar um eftirfarandi:

I.

Á samningnum milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð, sem undirritaður var í Stokkhólmi 6. febrúar 1931, eru gerðar eftirfarandi breytingar:

3. gr. hljóði svo:

Að því er snertir fjármál hjóna, sem eiga, og áttu við stofnun hjónabandsins, ríkisfesti í samningsríki, skal beita lögum þess samningsríkis þar sem þau tóku sér heimilisfesti þegar þau gengu í hjónaband.

Hafi bæði hjónin síðar tekið sér heimilisfesti í öðru samningsríki og búið þar í að minnsta kosti tvö ár skal í staðinn beita lögum þess ríkis. Hafi bæði hjónin fyrr á hjónabandsárum sínum átt heimilisfesti þar, eða eigi þau ríkisfesti í því ríki, skal þó beita lögum þess ríkis um leið og þau taka sér þar heimilisfesti.

Ný grein, 3. gr. a, sem bætt er inn í samninginn, hljóði svo:

Hjón, sem 3. gr. á við um, geta gert með sér samkomulag um að um fjármál þeirra skuli beita lögum samningsríkis þar sem annað hvort þeirra á heimilisfesti eða ríkisfesti þegar samkomulagið er gert. Slíkt samkomulag um lagaval má einnig gera fyrir hjónaband.

Hafi annað hvort eða bæði hjónin tekið sér heimilisfesti í öðru samningsríki á hjónabandstímanum geta þau einnig gert með sér samkomulag um að beita skuli lögum þess samningsríkis þar sem þau áttu síðast bæði heimilisfesti samtímis.

Ný grein, 3. gr. b, sem bætt er inn í samninginn, hljóði svo:

Um heimild annars hvors hjóna til að ráða yfir fasteign, samsvarandi eign eða bústað, sem er í einhverju samningsríkjanna, skal jafnan fara eftir lögum þess ríkis.

Ný grein, 3. gr. c, sem bætt er inn í samninginn, hljóði svo:

Ef skipt er um lög, sem beitt er um fjármál hjóna, hefur það engin áhrif á réttarverkan löggerninga sem áður voru gerðir.

Um gildi ákvæða kaupmála fer eftir lögum þess samningsríkis, sem á að beita um fjármál hjónanna, þegar slíkt álitamál kemur upp.

4. gr. hljóði svo:

Samkomulag um lagaval eða kaupmála hjóna, sem 3. gr. og 3. gr. a eiga við um, skulu skoðuð gild í öllum samningsríkjunum hvað form þeirra snertir hafi þau, þegar þau voru gerð, uppfyllt formskilyrði:

1. þeirra laga sem skv. 3. gr. og 3. gr. a átti að beita um fjármál hjónanna, eða
2. laga samningsríkis þar sem bæði hjónin eða annað hvort þeirra átti ríkisfesti.

Innihaldi lögin ekki formskilyrði hvað snertir samkomulag um lagaval fer um gildi þess samkvæmt formskilyrðum kaupmála.

Sérhvert ríkjanna getur, gagnvart þriðja manni, gert það að skilyrði fyrir gildi samkomulags um lagaval eða kaupmála að samkomulagið eða kaupmálinn sé skráður samkvæmt lögum þess.

Ný grein, 4. gr. a, sem bætt er inn í samninginn, hljóði svo:

Hafi hjón, sem 3. gr. á við um, síðar tekið sér heimilisfesti í ríki, sem ekki er samningsríki, er ekki unnt að beita ákvæðum samningsins um fjármál þeirra.

II.

Ákvæðum þessa samkomulags skal ekki beitt ef hjúskap hjónanna er lokið eða hjónin eru skilin að borði og sæng áður en það öðlast gildi.

III.

Samkomulaginu verður ekki beitt í Færeyjum eða á Grænlandi, en unnt er að láta það öðlast gildi þar, að undangengnum samningaviðræðum danska fjölskyldu- og neytendaráðuneytisins og dómsmálaráðuneyta hinna samningsríkjanna, með þeim frávikum sem sérstakar færeyskar eða grænlenskar aðstæður geta gefið tilefni til.

IV.

Samningsríkin geta gerst aðilar að samkomulagi þessu með

a. undirritun án fyrirvara um fullgildingu eða staðfestingu, eða
b. undirritun með fyrirvara um fullgildingu eða staðfestingu ásamt eftirfarandi fullgildingu eða staðfestingu.

Fullgildingarskjöl skulu varðveitt í sænska utanríkisráðuneytinu.

Samkomulagið öðlast gildi fyrsta dag þess mánaðar er hefst tveimur mánuðum eftir að öll samningsríkin hafa gerst aðilar að samkomulaginu. Sænska utanríkisráðuneytið tilkynnir samningsríkjunum um móttöku fullgildingarskjalanna til vörslu og hvenær samkomulagið öðlast gildi.

V.

Frumrit þessa samkomulags skal varðveitt í sænska utanríkisráðuneytinu er lætur hverju samningsríki í té staðfest endurrit.

Þessu til staðfestu hafa neðangreindir fulltrúar, sem hafa fullt umboð, undirritað samkomulag þetta.

Gjört í Stokkhólmi hinn 26. janúar 2006 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku, og að því er sænskuna varðar í tveimur textum, öðrum fyrir Finnland og hinum fyrir Svíþjóð, og eru allir textarnir jafngildir.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í dómsmálaráðuneytinu. Með frumvarpinu er lagt til að heimilt verði að fullgilda samkomulag sem gert var 26. janúar 2006 um breytingar á samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð er undirritaður var í Stokkhólmi 6. febrúar 1931. Einnig er lagt til að samkomulagið öðlist lagagildi hér á landi á sama hátt og á við um samninginn sjálfan og fyrri breytingar á honum.

Samkomulagið hefur að geyma reglur um lagaval í málum er varða fjármál hjóna. Ákvæðin um fjármál hjóna í norræna samningnum um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð hafa verið í gildi óbreytt frá undirritun samningsins í Stokkhólmi 6. febrúar 1931. Breytingar á ýmsum öðrum ákvæðum samningsins hafa á hinn bóginn verið gerðar, þ.e. með samkomulagi samningsríkjanna frá 26. mars 1953, 3. nóvember 1969, 20. nóvember 1973, 25. febrúar 2000 og 6. febrúar 2001.

Frá því að norræni samningurinn frá 1931 var gerður hafa orðið breytingar á lögum norrænu ríkjanna um fjármál hjóna og eru þau nú mun ólíkari en þá var þótt byggt sé á svipuðum grundvallarsjónarmiðum. Ítarlega lýsingu á því sem skilur á milli í lögum hinna norrænu ríkja er að finna í riti Anders Agell prófessors: „Nordisk äktenskapsrätt; En jämförande studie av dansk, finsk, isländsk, norsk og svensk rätt med diskussion av reformbehov och harmoniseringsmöjligheter“ (Nord 2003:2).

Meginatriði samkomulagsins eru sem hér greinir:

a. Lagt er til að ákveðinn aðlögunartími skuli líða að því er varðar beitingu laga nýs búseturíkis hjóna sem flytja frá einu norrænu ríki til annars um fjármál þeirra.
b. Lagt er til að hjón hafi heimild til að semja um það, hvaða lögum, þ.e. lögum hvaða norræns ríkis, skuli beita um fjármál þeirra. Hjón geta þó einungis samið um að beitt skuli lögum ríkis sem þau hafa tengsl við vegna búsetu sinnar eða vegna þess að þau eiga þar ríkisfang.

Um a-lið.

Samkvæmt norræna samningnum eins og hann er nú gilda þær reglur, að þegar hjón flytja frá einu norrænu ríki til annars, gilda lög hins síðarnefnda ríkis um fjármál þeirra þegar eftir flutninginn. Ákvæðum samkomulagsins um tiltekinn aðlögunartíma að því er varðar beitingu laga nýs búseturíkis er m.a. ætlað að koma í veg fyrir að hjón, við þessar aðstæður, komist að því eftir skilnað að ólíkar reglur gildi um fjármál þeirra í nýja búseturíkinu. Í Finnlandi og í Svíþjóð hefur þessi vandi verið leystur með því að setja reglur í almenn lög um fjármál hjóna um að lög nýs búseturíkis um þetta efni skuli fyrst eiga við eftir að hjónin hafa verið búsett í því ríki um nokkra hríð. Sams konar regla er einnig í Haag-samningnum um lagaval um fjármál hjóna frá 1978 sem hefur þó ekki verið fullgiltur af neinu af hinum norrænu ríkjum.

Um b-lið.

Í norræna samningnum eins og hann er nú er ekki að finna heimild fyrir hjón til að semja um það hvaða lögum skuli beitt um fjármál þeirra ef þau flytja frá einu norrænu ríki til annars. Þessu þykir brýn þörf á að breyta, einkum vegna þess hve lög norrænu þjóðanna um þetta efni hafa breyst á liðnum áratugum og hafa nú að geyma ólíkari reglur en áður var. Heimildir hjóna til að semja um lagaval um þetta efni eru almennt viðurkenndar í alþjóðlegum einkamálarétti nú til dags og eru m.a. heimilaðar samkvæmt framangreindum Haag-samningi um lagaval um fjármál hjóna og einnig í landslögum í Finnlandi og í Svíþjóð.

Samkomulagið hefur að geyma tillögur að breytingum á 3. og 4. gr. samningsins ásamt tillögum að nýjum greinum, 3. gr. a – 3. gr. c og 4. gr. a.

Um 1. mgr. 3. gr.

Ákvæðið gildir, eins og nú er, einungis um hjón sem eiga og áttu við stofnun hjónabandsins ríkisfesti í norrænu ríki eða norrænum ríkjum og sem tóku sér heimilisfesti í einhverju norrænu ríkjanna.

Um 2. mgr. 3. gr.

Þegar hjón taka sér síðar heimilisfesti í öðru samningsríki gildir nú sú regla, að lög þess ríkis skuli gilda um fjármál þeirra strax eftir flutninginn. Sú breytingartillaga er gerð í samkomulaginu, að ekki skuli beitt lögum þess ríkis sem hjónin fluttu til fyrr en þau hafa búið þar í að minnsta kosti tvö ár. Frá þeirri reglu er þó lögð til sú undantekningarregla, að ef hjónin höfðu bæði átt þar heimilisfesti fyrr á hjónabandsárum sínum eða eigi þau ríkisfang í því ríki skuli beita lögum þess ríkis um leið og þau tóku sér þar heimilisfesti.

Um 1. mgr. 3. gr. a.

Þetta ákvæði, sem stendur í tengslum við 3. gr., veitir hjónum tiltekna heimild til að gera samkomulag um lögum hvaða norræns ríkis skuli beitt um fjármál þeirra. Hjón geta samið um að um fjármál þeirra skuli gilda lög þess samningsríkis þar sem annað hvort þeirra á heimilisfesti eða ríkisfang þegar samkomulagið er gert. Þau lög sem samið er um að skuli beitt skulu þó, samkvæmt norræna samningnum, ávallt vera lög í einhverju samningsríkjanna. Samkvæmt þessari málsgrein geta verðandi hjón einnig gert slíkt samkomulag fyrir stofnun hjónabandsins. Á sama hátt og gildir um hjón gildir slíkt samkomulag einungis ef hjónaefnin eru, og voru við stofnun hjónabandsins, ríkisborgarar í samningsríki og tóku sér heimilisfesti í samningsríki. Ef svo er ekki gilda ákvæði samningsins um fjármál hjóna ekki.

Um 2. mgr. 3. gr. a.

Ef annað hvort hjónanna eða þau bæði hafa tekið sér heimilisfesti í öðru samningsríki á meðan hjónabandið stendur geta þau einnig gert með sér samkomulag um að beita skuli lögum þess samningsríkis þar sem þau áttu síðast bæði heimilisfesti samtímis. Það er ekki nauðsynlegt að hjónin hafi átt sameiginlegt heimili eða verið búsett á sama stað í því ríki, en hjónin verða bæði að hafa átt heimili þar áður. Sem dæmi má nefna það tilvik, að íslensk hjón sem eiga heimilisfesti í Noregi flytji til Danmerkur, hvort sem þau gera það á sama tíma eða ekki. Eftir að hjónin hafa tekið sér heimilisfesti þar flytjast þau til Svíþjóðar. Af því leiðir að hjónin geta samið um að dönsk lög skuli gilda um fjármál þeirra eftir að þau tóku sér heimilisfesti í Svíþjóð. Á hinn bóginn geta þau ekki samið um að beita skuli norskum lögum þar sem þau áttu ekki síðast sameiginlega heimilisfesti í Noregi. Heimild hjóna til að semja um lagaval skv. 2. mgr. er í samræmi við finnsk lög um þetta efni.

Um 3. gr. b.

Ákvæðið er samsvarandi núgildandi 2. mgr. 3. gr. samningsins að því er varðar fasteign eða samsvarandi eign, en í samkomulagið hefur verið bætt orðinu „bústað“. Markmiðið með þessari breytingu er að auka vernd sameiginlegs heimilis hjónanna.

Um 1. mgr. 3. gr. c.

Samkvæmt 1. mgr. skulu réttaráhrif löggerninga sem gerðir voru áður en hjón tóku sér heimilisfesti í öðru samningsríki ákvarðast samkvæmt lögum þess ríkis sem giltu um fjármál hjónanna þegar löggerningarnir voru gerðir. Ákvæðið samsvarar 1. mgr. 3. gr. samningsins.

Um 2. mgr. 3. gr. c.

Ákvæðið skýrir sig sjálft.

Um 1. mgr. 4. gr.

Þetta ákvæði hefur að geyma reglu um það hvenær samkomulag um lagaval eða kaupmáli er gildur að því er form varðar. Úr hugsanlegum vafa um það hvort efnisatriði kaupmála hjóna séu gild er á hinn bóginn skorið samkvæmt lögum þess ríkis sem beita ber um fjármál hjóna skv. 3. gr. eða 3. gr. a. Ef vafi leikur á um hvort efni samkomulags um lagaval sé gilt ákvarðast það skv. 3. gr. a.

Á sama hátt og fram kemur í 4. gr. samningsins geyma tillögurnar í 1. mgr. 4. gr. samkomulagsins fleiri en einn möguleika á því hvenær löggerningur telst gildur að því er form hans varðar. Löggerningur er fyrst og fremst gildur að formi til ef hann uppfyllir formkröfur í lögum samningsríkis sem skv. 3. gr. eða 3. gr. a skal beita um fjármál hjónanna. Að auki telst löggerningur gildur að því er formið varðar, samkvæmt samkomulaginu, ef hann uppfyllir formskilyrði laga þess samningsríkis þar sem bæði hjónin eða annað hvort þeirra átti ríkisfesti. Þegar um er að ræða kaupmála gildir ákvæði 4. gr. samningsins.

Um 2. mgr. 4. gr.

Í finnskum og sænskum lögum eru ákvæði um hvenær samningar hjóna um fjármál þeirra eru gildir að því er form þeirra varðar. Í öðrum norrænum ríkjum er á hinn bóginn ekki mælt fyrir um form samninga hjóna um hvaða lögum skuli beita um fjármál þeirra. Því ber nauðsyn til að mæla fyrir um í norræna samningnum hvaða reglur um form skuli gilda um samninga hjóna um lagaval um fjármál þeirra. Í samkomulaginu er lagt til að beita skuli reglum um formskilyrði kaupmála.

Um 3. mgr. 4. gr.

Í þessari málsgrein er lagt til að hvert ríkjanna geti, gagnvart þriðja manni, gert það að skilyrði fyrir gildi samkomulags um lagaval eða kaupmála að samkomulagið eða kaupmálinn sé skráður samkvæmt lögum þess. Að því er varðar kaupmála er ákvæðið í samræmi við 2. mgr. 4. gr. samningsins en um samkomulag um lagaval er það eðli máls samkvæmt nýmæli.

Um 4. gr. a.

Ákvæðið skýrir sig sjálft.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á Norðurlandasamningi um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð.

Með frumvarpinu verður heimilt að fullgilda fyrir hönd Íslands samkomulag um breytingar á samningi á milli Norðurlandanna um hjúskap, ættleiðingu og lögráð.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum mun það ekki hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

894. Frumvarp til laga [578. mál]

um breyting á lögum um ættleiðingar, nr. 130/1999, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

Við 1. mgr. 31. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þó er ekki skylt að leita umsagnar barnaverndarnefndar ef umsækjendur hafa fengið útgefið forsamþykki á síðustu fjórum árum og umsókn þeirra um ættleiðingu er til umfjöllunar hjá erlendu ættleiðingaryfirvaldi nema hagir umsækjenda hafi breyst verulega að mati sýslumanns.

2. gr.

Fyrri málsliður 3. mgr. 32. gr. laganna orðast svo: Forsamþykki skal ekki gilda lengur en í þrjú ár frá útgáfudegi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Úr umsóknum um forsamþykki sem borist hafa sýslumanni fyrir gildistöku laga þessara skal leysa samkvæmt lögum þessum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Með því er brugðist við þeirri þróun sem orðið hefur undanfarin ár að biðtími þeirra sem sækja um ættleiðingu á erlendu barni hefur lengst að mun. Meginástæðan fyrir þessari þróun virðist vera sú að færri börn koma frá þeim ríkjum sem látið hafa frá sér börn til ættleiðinga á Vesturlöndum. Breytingin sem lögð er til felur í sér að gildistími forsamþykkis fyrir ættleiðingu á erlendu barni er lengdur úr tveimur árum í þrjú ár auk þess sem lagt er til að einfalda og stytta megi máls-

meðferð ef sækja verður um nýtt forsamþykki vegna þess að fyrirséð er að gildistími forsamþykkis renni út áður en til ættleiðingar kemur.

Samkvæmt lögum um ættleiðingar er þeim sem er búsettur hér á landi óheimilt að ættleiða erlent barn nema fá til þess forsamþykki frá sýslumanni. Við setningu laganna var á sínum tíma ákveðið að gildistími slíks forsamþykkis skyldi vera tvö ár og var við það miðað að sá tími væri nægur, þ.e. að bið eftir barni tæki almennt ekki lengri tíma en tvö ár frá útgáfu forsamþykkisins. Með lögum nr. 69/2006 var dómsmálaráðherra, sem samkvæmt þágildandi ættleiðingarlögum gaf út forsamþykki, veitt heimild til þess að framlengja gildistíma forsamþykkis í allt að 12 mánuði. Í athugasemdum með frumvarpinu kom fram að það gerðist stöku sinnum að væntanlegir kjörforeldrar fengju upplýsingar um að þeim stæði til boða að fá tiltekið barn um það leyti er gildistími forsamþykkis þeirra væri að renna út. Því þyrfti að bregðast skjótt við og framlengja gildistímann til þess að hinir væntanlegu kjörforeldrar gætu sótt barnið til upprunaríkisins. Nú er svo komið biðtími eftir barni frá útlöndum hefur enn lengst og má reikna með, ef fram heldur sem horfir, að það verði æ algengara að grípa verði til þess ráðs að framlengja forsamþykki, jafnvel að það verði meginregla en ekki undantekning. Af þeim sökum er talið rétt að lengja gildistímann úr tveimur árum í þrjú hinum væntanlegu kjörforeldrum til hagsbóta og til einföldunar á allri málsmeðferð. Taka ber fram að umsækjendum um forsamþykki er lögð sú skylda á herðar að tilkynna sýslumanni ef verulegar breytingar verða á aðstæðum þeirra enda geta breyttar aðstæður skipt máli við mat á hæfni væntanlegra kjörforeldra til að taka að sér erlent barn til ættleiðingar. Skv. 4. mgr. 32. gr. ættleiðingarlaga er sýslumanni heimilt að afturkalla forsamþykki, telji hann að aðstæður umsækjenda hafi breyst verulega frá útgáfu þess eða upplýsingar er máli skipta hafi reynst rangar og verður því að ætla að hagsmunum væntanlegs kjörbarns sé ekki teflt í tvísýnu með lengingu á gildistíma forsamþykkis.

Ekki eru lagðar til breytingar á síðari málslið 3. mgr. 32. gr. laganna og er áfram gert ráð fyrir að í undantekningartilvikum verði unnt að framlengja gildistíma forsamþykkis um 12 mánuði frá útgáfu þess enda ekki útilokað að þær aðstæður skapist að réttmætt geti verið að grípa til slíkrar framlengingar. Breytingunni á 31. gr. er ætlað að bregðast við þeim aðstæðum þar sem slíkt dugir ekki til. Virðist þá nægilegt að sýslumaður afli staðfestingar á því að hagir umsækjenda séu óbreyttir frá fyrri umsókn, en vandséð er að barnaverndarnefnd þurfi þá fortakslaust að fjalla á ný um málið. Matið á því hvort aðstæður hafi breyst verulega er í höndum sýslumanns og er gert ráð fyrir því að væntanlegir kjörforeldrar skýri frá því með glöggum hætti í umsókn sinni um nýtt forsamþykki hvort og að hvaða marki aðstæður hafi breyst. Með umsókn þurfi að leggja fram upplýsingar um heilsufar og ný læknisvottorð auk skattframtala. Þá er gert ráð fyrir að sýslumaður afli nýrra sakavottorða. Á grundvelli þessara gagna og yfirlýsinga umsækjenda metur sýslumaður hvort ástæða sé til þess að senda mál til umsagnar barnaverndarnefndar.

Ákvæði 3. gr. og ákvæði til bráðabirgða þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ættleiðingar, nr. 130/199, með síðari breytingum.

Markmiðið með frumvarpinu er að bregðast við því að biðtími eftir ættleiðingu barns erlendis frá hefur lengst og gildistími forsamþykkis ekki verið í samræmi við biðtímann. Með frumvarpinu er meðal annars lagt til að lengja forsamþykki til ættleiðingar á erlendu barni úr tveimur árum í þrjú ár.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

895. Frumvarp til laga [579. mál]

um breytingu á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

Við 67. gr. laganna bætast fjórar nýjar málsgreinar, 2.–5. mgr., svohljóðandi:

Ráðherra getur ákveðið gjald allt að 15.000 kr. sem eigandi (umráðamaður) ökutækis skal greiða við skoðun hafi ökutæki ekki verið fært til skoðunar á réttum tíma samkvæmt þeim reglum um skoðun ökutækja sem ráðherra setur með stoð í 1. mgr.

Ráðherra getur ákveðið að gjaldið lækki um allt að 50% verði það greitt innan tiltekins frests eftir að það er lagt á. Einnig getur ráðherra ákveðið að gjaldið hækki um allt að 100% verði það ekki greitt við skoðun sé þess krafist. Gjaldið getur því að hámarki orðið 30.000 kr.

Gjaldið nýtur lögveðs í viðkomandi ökutæki með sama hætti og gjald skv. a–f-lið 1. mgr. 108. gr., sbr. 2. mgr. 109. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari reglur um álagningu og innheimtu gjaldsins, þar á meðal um frest varðandi lækkun gjalds, sbr. 3. mgr., og hver skuli annast innheimtu þess sé það ekki greitt við skoðun. Ráðherra er heimilt að fela öðru stjórnvaldi innheimtu gjalds í vanskilum.

2. gr.

G-liður 1. mgr. 108. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2009.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði 2.–5. mgr. 67. gr. laganna gilda ekki um ökutæki sem færa skal til skoðunar fyrir 1. janúar 2009.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Markmið frumvarpsins er að draga úr fjölda óskoðaðra ökutækja í umferð og gera eftirlit lögreglu með skoðun ökutækja skilvirkara. Gert er ráð fyrir að sérstakt gjald verði lagt á þá sem vanrækja að færa ökutæki til skoðunar.

Skráð ökutæki hér á landi voru um síðustu áramót 258.009, þar af voru 25.128 óskoðuð eða tæplega 10% af heildarökutækjafjölda landsmanna. Þessi vanræksla hefur verið áhyggjuefni árum og áratugum saman. Skilvirk úrræði hefur skort til eftirfylgni.

Ætla má að hluti óskoðaðra ökutækja í umferðinni sé í lélegu ástandi og geti skapað hættu. Einnig skipta hér máli aðrir opinberir hagsmunir, svo sem innheimta skatta og gjalda og eftirlit vegna lögmæltra ökutækjatrygginga.

Í reglugerð nr. 378/1998, um skoðun ökutækja, sem sett er samkvæmt heimild í 67. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, er kveðið á um skyldu eiganda (umráðamanns) ökutækis til að færa það til skoðunar. Eftirlit hefur fyrst og fremst verið í höndum lögreglu. Það er misjafnt eftir landshlutum hversu vel lögreglan fylgist með óskoðuðum ökutækjum. Fer það aðallega eftir því hvort mannafli er fyrir hendi. Erfiðast hefur eftirlitið verið á höfuðborgarsvæðinu.

Samkvæmt 69. gr. umferðarlaga getur lögreglan tekið skráningarmerki af skráningarskyldu ökutæki sé það ekki fært til skoðunar þegar krafist er. Áður skal þó gefa sjö daga frest til að færa ökutækið til skoðunar með því að líma sérstakan boðunarmiða yfir skoðunarmiða viðkomandi ökutækis með áletrun þar um, sbr. 17. gr. reglugerðar nr. 378/1998. Slík vinnubrögð hafa ekki gefið góða raun.

Í g-lið 108. gr. umferðarlaga er heimild fyrir lögreglu að leggja á gjald vegna vanrækslu á að færa ökutæki til skoðunar en ráðherra ákveður fjárhæð gjaldsins. Þá heimild hefur lögreglan ekki notað. Raunar er það svo að einu brotin þar sem beitt er gjaldtöku samkvæmt heimild í 108. gr. eru stöðubrot og svonefnd stöðumælabrot í Reykjavík og fer álagning gjalds og innheimta þess fram á vegum borgarinnar.

Fyrirhugað gjald skv. 67. gr. hefur þá sérstöðu gagnvart gjöldum skv. 108. gr. að ekki er gert ráð fyrir að lögreglan annist álagningu þess og innheimtu. Þess í stað er gert ráð fyrir að það verði innheimt við lögmælta skoðun ökutækis en jafnframt að sérstökum aðila verði falin ábyrgð á eftirfylgni þess að ökutæki séu færð til skoðunar. Þess skal getið í þessu sambandi að í skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum, sem skilaði forsætisráðherra tillögum sínum í apríl 2007, er lagt til að sýslumanninum í Bolungarvík verði falin eftirfylgni með því að óskoðuð ökutæki verði færð til skoðunar (sjá bls. 16 í skýrslunni).

Sérstaða gjalds skv. 67. gr. og það að lögreglan annast ekki álagningu þess og innheimtu mælir með því að gjaldið sé lögbundið. Með því eru einnig send skýr skilaboð til þeirra sem vanrækja að færa ökutæki til skoðunar. Þyki einhverjum gjaldið hátt má benda á að auðvelt er að komast hjá því að það sé lagt á.

Að liðnum ákveðnum tíma frá því að færa bar ökutæki til skoðunar og útséð er um að eigandi (umráðamaður) verði við tilmælum um að gera slíkt verður lögreglu send skrá yfir óskoðuð ökutæki í viðkomandi lögregluumdæmi og henni falið að taka þau úr umferð.

Samhliða breytingu þeirri sem hér um ræðir er stefnt að því að efla eftirlitsskoðun með ökutækjum á vegum úti með aukinni samvinnu eftirlitsmanna Vegagerðarinnar, lögreglunnar

og skoðunarstöðva. Þegar er komin nokkur reynsla á slíka samvinnu í átaksverkefnum og lofar hún góðu.

Margháttaður ávinningur ætti að geta skapast af breyttu fyrirkomulagi. Mikilvægast er að með því er stefnt að auknu umferðaröryggi með fækkun óskoðaðra og oft og tíðum vanbúinna ökutækja í umferð og um leið er létt á störfum lögreglu sem ætti að koma sér vel, einkum í stærri byggðarlögum. Vonast er til að það muni jafnframt gera innheimtuna skilvirkari og stuðla að því að gjaldtakan nái tilgangi sínum, þ.e. að þeir verði færri sem vanrækja að færa ökutæki til skoðunar á tilsettum tíma.

Samhliða þessum tillögum að breyttu fyrirkomulagi á eftirliti með skoðun ökutækja eru uppi áform um að breyta reglum um tíðni skoðunar á ökutækjum til samræmis við það sem tíðkast í nágrannalöndum okkar. Meginreglan verður sú að ökutæki verði fyrst skoðað eftir fjögur ár en síðan á tveggja ára fresti. Þessi tilhögun mun þó ekki gilda um tiltekin ökutæki sem einkum eru notuð í atvinnuskyni.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Gert er ráð fyrir að gjald vegna vanrækslu á að færa ökutæki til skoðunar verði greitt í skoðunarstöð þegar komið er með ökutæki til skoðunar en að öðrum kosti verði það innheimt eftir nánari reglum sem ráðherra setur.

Til að eyða vafa um útreikning á gjaldi vegna vanrækslu á að færa ökutæki til skoðunar skal tekið fram að gert er ráð fyrir að ráðherra hafi svigrúm innan þeirrar tölu sem nefnd er í 2. mgr. til að ákvarða fjárhæð gjaldsins í reglugerð. Ef ákveðið er að viðmiðið sé 15.000 kr. gjald sem lagt er á eiganda (umráðamann) ökutækis sem færir ekki ökutæki sitt til lögmæltrar skoðunar á tilsettum tíma mundi það lækka samkvæmt greininni um allt að 50% (í allt að 7.500 kr.) ef ökumaður (umráðamaður) greiddi innan ákveðins frests. Upphaflegt gjald mundi síðan hækka um allt að 100% (í allt að 30.000 kr.) ef ökutæki er fært til skoðunar en áfallið gjald ekki greitt samhliða skoðun.

Þess er vænst að það fyrirkomulag um eftirfylgni með skoðun ökutækja sem mælt er fyrir um í grein þessari leiði til þess að flestir muni færa ökutæki sitt til skoðunar á tilsettum tíma og komist þannig hjá greiðslu gjaldsins, eða verði eftir atvikum við ábendingu innheimtuaðilans um að færa ökutæki til skoðunar og greiða lágmarksgjald vegna vanrækslunnar.

Tilgangur ákvæðisins er jafnframt sá að lögákveðið gjald og skilvirk meðferð málsins á innheimtustigi sé eðlilegur aðdragandi þess að lögreglan taki skráningarmerki af ökutæki. Markmiðið er að aðgerðirnar dragi verulega úr vanrækslu þeirrar skyldu að færa ökutæki til skoðunar.

Um 2. gr.

Ákvæði um gjald í 67. gr. kemur í stað g-liðar 1. mgr. 108. gr. umferðarlaga.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir að miða gildistöku laganna við næstu áramót og að endurskoðun reglugerðar um skoðun ökutækja, m.a. varðandi reglur um tíðni skoðunar á ökutækjum, verði lokið fyrir þann tíma.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Með ákvæðinu eru tekin af öll tvímæli um að gjald skv. 67. gr. taki ekki til ökutækja sem vanrækt hefur verið að færa til skoðunar fyrir 1. janúar 2009.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er mælt fyrir um heimild til að leggja allt að 30.000 kr. gjald á þá sem vanrækja að færa ökutæki til lögmæltrar skoðunar á réttum tíma. Heimilt er að lækka gjaldið um allt að 50% sé það greitt innan tiltekins frests og hækka um allt að 100% verði það ekki greitt við skoðun sé þess krafist. Gert er ráð fyrir að lögin öðlast gildi 1. janúar 2009. Þau taka ekki til ökutækja sem færa skal til skoðunar fyrir þann dag. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að markmið þess sé að draga úr fjölda óskoðaðra ökutækja í umferð og gera eftirlit lögreglu skilvirkara. Jafnframt kemur þar fram að um síðustu áramót voru 258.009 skráð ökutæki hér á landi og þar af voru 25.128 þeirra óskoðuð eða tæplega 10%.

Verði frumvarp þetta að lögum má ætla að það muni hafa einhvern tekjuauka í för með sér fyrir ríkissjóð, einkum í upphafi, sem síðan muni minnka þegar eigendum ökutækja verða ljós áhrif þess að sinna ekki lögmæltri skoðun ökutækja sinna á tilsettum tíma, en ekki eru forsendur til að áætla nákvæmar fjárhæðir í því sambandi. Ekki er ástæða til að ætla að lögfesting frumvarpsins hafi teljandi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

896. Framhaldsnefndarálit [331. mál]

um frv. til varnarmálalaga.

Frá minni hluta utanríkismálanefndar.

Að ósk undirritaðs fór frumvarp til varnarmálalaga aftur til nefndar milli 2. og 3. umræðu og komu gestir frá utanríkisráðuneyti á fund nefndarinnar til að svara spurningum. Undirritaður spurði í fyrsta lagi um umfang og eðli upplýsingasöfnunar og greiningar upplýsinga og skipta á upplýsingum sem Varnarmálastofnun er ætlað að annast. Var einkum að því spurt hvernig mörk yrðu dregin á milli hernaðarlegra upplýsinga og mats á hernaðarlegri hættu annars vegar og borgaralegrar upplýsingaöflunar og miðlunar hins vegar. Í athugasemdum við 23. gr. er tekið fram að þær upplýsingar sem Varnarmálastofnun, með þessum hætti, safni og greini geti m.a. nýst til að meta hættu þar sem Íslendingar annast friðargæslu, þar sem Íslendingar annast þróunaraðstoð og jafnvel til að greina hættur þar sem búast má við að íslenskir ríkisborgarar séu á ferð sem ferðamenn.

Er þá nærtækt að spyrja hvernig eigi að haga tengslum eða afmörkun þessa þáttar upplýsingasöfnunar og greiningar starfsemi og hins vegar þess sem er borgaralegs eðlis og fer fram í utanríkisþjónustunni og utanríkisráðuneyti eða annars staðar á vegum lögreglu, í gegnum lögreglusamstarf eða eftir öðrum leiðum.

Undirritaður telur þau svör sem fram komu á fundinum ófullnægjandi og þótt reglugerðarheimild sé að finna í viðkomandi grein þar sem ráðherra eigi að kveða nánar á um tilhögun þessara mála var engar upplýsingar hægt að veita um hvernig því yrði háttað enda undirbúningur að setningu reglugerða ekki hafinn samkvæmt því sem upplýst var á fundinum.

Hér er á ferðinni enn einn þáttur þar sem markmið frumvarpsins um skýran aðskilnað hernaðartengdrar starfsemi og borgaralegrar starfsemi virðast alls ekki nást fram þegar betur er að gáð og jafnvel opnað á verulega skörun og óvissu í þeim efnum, sérstaklega þegar umsögn um 23. gr. er höfð í huga, á það þá bæði við um upplýsingasöfnunina og greiningarstarfsemina sem slíka og þó ekki síður hvernig upplýsingarnar verði nýttar. Rétt er að taka fram að samkvæmt orðanna hljóðan á Varnarmálastofnun að skiptast á upplýsingum við sambærilega setta erlenda aðila í stjórnkerfi Nató eða annarra landa, með öðrum orðum samskiptin eru gagnvirk sem felur í sér að Varnarmálastofnun er þá eftir atvikum að miðla upplýsingum héðan út fyrir landsteinana. Þennan þátt málsins hefði að sjálfsögðu þurft að skoða mun betur.

Í öðru lagi ítrekaði undirritaður áður fram komnar spurningar sínar um kostnað og líklegt umfang rekstrar á vegum Varnarmálastofnunar og heildarkostnað sem ætla mætti að leiddi af Natóvæðingunni sem í frumvarpinu felst. Litlar viðbótarupplýsingar komu þar fram en rétt er þó að taka fram og undirstrika að svo virðist sem staða Íslands sé sú að Nató tekur eftir atvikum í samráði við eða á grundvelli samkomulags við Íslendinga, ef slíkt næst, ákvarðanir um hvað af mannvirkjum í þess eigu á Keflavíkurflugvelli skuli rekið áfram en Íslendingar greiða þá kostnaðinn, nema um annað semjist sérstaklega, enda grundvallarreglan sú að mannvirkjasjóður Nató borgar stofnkostnað en það ríki þar sem mannvirkin eru rekstrarkostnað og viðhald nema þá í undantekningartilvikum. Með öðrum orðum virðist vera í hendi Nató óútfyllt ávísun eða vald til að senda reikninginn á íslenska skattborgara gegnum utanríkisráðuneytið og Varnarmálastofnun.

Í þriðja lagi spurði undirritaður um undirbúning reglugerðar og/eða aðrar ákvarðanir eða upplýsingar sem ráðuneytið sæi ástæðu til að koma á framfæri við nefndina og Alþingi á þessu stigi málsins, en eins og áður kom fram er undirbúningur að reglugerðarsetningu ekki hafinn þannig að engar upplýsingar lágu fyrir um það þegar málið virðist komið á stig lokaumfjöllunar á Alþingi.

Í nefndinni kom einnig fram spurning um störf hættumatsnefndar og hvort þess væri að vænta að niðurstöður úr því mati kynnu að leiða til þess að gera þyrfti lagabreytingar eða taka ákvarðanir um breytta tilhögun mála, sbr. það að rekstur ratsjárkerfisins og einkum hins hernaðarlega hluta þess, umfang heræfinga og fleiri útgjaldafrekar og stefnumótandi ákvarðanir liggja nú þegar fyrir þegar gerð hættumats og þarfagreiningar, að þessu leyti, er á frumstigi.

Undirritaður hefur þráfaldlega gagnrýnt að hér sé byrjað á öfugum enda og komu engar upplýsingar fram í nefndinni sem hrekja að hans mati þá fullyrðingu. Með vísan til þess ítarlega rökstuðnings sem fram kom í nefndaráliti minni hluta utanríkismálanefndar við 2. umræðu og með vísan til þeirra viðbótarupplýsinga sem hér hafa verið dregnar fram leggst

undirritaður eindregið gegn því að frumvarp þetta verði samþykkt og mun greiða atkvæði gegn því.

Alþingi, 10. apríl 2008.

Steingrímur J. Sigfússon.

897. Svar [459. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um sölu á Breiðafjarðarferjunni Baldri.

1. *Hvers vegna var Breiðafjarðarferjan Baldur ekki auglýst til sölu í ljósi þess að Sæferðir ehf. gátu fest kaup á skipi í stað hennar innan fárra vikna frá sölu Baldurs til Sæferða ehf.?*

Vegagerðin var með rekstrarsamning við Sæferðir ehf. til loka árs 2010 um ferjusiglingar yfir Breiðafjörð. Í rekstrarsamningnum sem er gagnkvæmur samningur milli þessara aðila var að finna fjölmörg ákvæði um skyldur jafnt rekstraraðila sem Vegagerðarinnar vegna verkefnisins. Hluti af samkomulaginu var að gerður yrði þurrleigusamningur um ferjuna Baldur. Sá hluti samningsins sem fólst í leigu á skipinu og veiting umræddrar þjónustu var svo samofin að ekki hefði verið gerlegt að selja skipið til þriðja aðila án samþykkis Sæferða. Talið var að þær skyldur sem Vegagerðin tók á sig samkvæmt rekstrarsamningnum vegna skipsins væru þess eðlis að þær yrðu eðli máls samkvæmt ekki framseldar til þriðja aðila í slíku gagnkvæmu samningssambandi án samþykkis samningsaðila. Af hálfu ríkisins var það því metið svo að annaðhvort yrði skipið selt Sæferðum ehf. eða ríkið ætti skipið áfram út samningstímann. Með hliðsjón af mikilli óvissu um verðmæti skipsins í lok samningstímans og óskum rekstraraðila um kaup á skipinu var það metið svo að hagsmunir ríkisins yrðu best tryggðir með því að ganga til samninga við hann um kaup á skipinu. Í þessu sambandi var einnig haft í huga að auk þess að skjóta styrkari stoðum undir ferjurekstur á þessari leið losnaði ríkið þar með alfarið undan þeirri áhættu sem felst í skiparekstri sem þessum og þeim skuldbindingum sem snúa að ýmsum áhættuþáttum í rekstri skipsins samkvæmt rekstrarsamningnum. Þessi ákvörðun var tekin á grundvelli 9. gr. reglugerðar nr. 206/2003, um ráðstöfun eigna ríkisins, sem heimilar fjármálaráðherra að víkja frá þeim reglum sem gilda um framkvæmd og sölu eigna ríkisins.

2. *Hvaða ákvæði samnings Vegagerðarinnar við Sæferðir ehf. frá 3. október 2005 meina ríkinu að selja Baldur án samþykkis Sæferða ehf.?*

Eins og fram kemur í svari við 1. lið eru mörg ákvæði í samningnum sem skilgreina skyldur ríkisins sem eiganda ferjunnar og koma þar með í veg fyrir að ríkið eða Vegagerðin geti selt skipið nema þá með sérstökum samningi við leigutaka. Ekkert eitt ákvæði samningsins fjallar um þetta sérstaklega en eðli samningsins alls leiðir af sér skyldur ríkis til að eiga og leggja til skipið eða útvega að öðrum kosti annað í þess stað. Má í því sambandi m.a. vísa til greina 4–6 í umræddum samningi. Að öðru leyti er vísað til svars við 1. lið hér að framan.

3. *Hverjir voru þeir aðilar sem mátu verðmæti Baldurs annars vegar við sölu skipsins og hins vegar við lok samningstímans í árslok 2010, hvert var mat þeirra og hvenær var það gert? Hver var kostnaður ríkisins við verðmatið?*

Vegagerðin hafði forgöngu um að láta meta skipið til verðs vegna hugsanlegar sölu þess. Samkvæmt mati sérfræðinga Vegagerðarinnar sem byggðist á nokkrum mismunandi verðmötum var áætlað að verðmæti ferjunnar gæti legið á bilinu 70–80 millj. kr. miðað við mögulega sölu á þeim tíma. Vegagerðin taldi sig hins vegar ekki geta sagt til um verðið á Baldri í lok samningstíma. Fram kom að ef ekki yrði unnt að selja skipið mætti hugsanlega fá um 20 millj. kr. með því að selja hluti úr því.

Ljóst var að mesta óvissan um verðmæti ferjunnar var tengd því hvort hún yrði seld á leigutímanum eða eftir að leigutíminn væri útrunninn. Óvissan fólst m.a. í því að ekki væri með góðu móti hægt að sjá fyrir í hvaða ástandi ferjan yrði við lok leigutímans. Jafnframt lá fyrir að öryggisreglur Evrópusambandsins um farþegaskip kynnu að leiða til þess að skipið yrði því sem næst ósöluhæft við lok leigutíma nema með miklum aðlögunum og breytingum auk óvissu um það hvort kaupandi gæti nýtt sér þann ísklassa sem skipið var hannað fyrir. Á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga frá Vegagerðinni og þeirrar óvissu sem lá fyrir um verðmæti ferjunnar við lok leigutímans var það mat ráðuneytisins að verðmæti ferjunnar gæti legið á bilinu 30–80 millj. kr. eftir því hvenær hún yrði seld. Kostnaður ríkisins vegna þeirra verðmata sem Vegagerðin aflaði sér var borinn af Vegagerðinni og var óverulegur.

4. *Hverjir voru ráðgjafar ráðuneytisins við söluna á Baldri og hvað var þeim greitt fyrir ráðgjöfina?*

Sérfræðingar ráðuneytisins sáu um þá þætti sem sneru að sölunni, auk þess sem byggt var á fyrirliggjandi gögnum, m.a. frá Vegagerðinni. Ekki var greitt sérstaklega fyrir ráðgjöfina.

5. *Hvert var söluverð Baldurs til Sæferða ehf., sbr. samning frá 31. janúar 2006, hverjir voru greiðsluskilmálar og önnur ákvæði, svo sem um ráðstöfun hagnaðar Sæferða ehf. af sölu Baldurs, hver var afhendingardagur skipsins og aðrir afhendingarskilmálar?*

Söluverð Baldurs til Sæferða ehf. var 37,8 millj. kr. að meðtöldum 1,8 millj. kr. sem greiðast skyldu vegna smurolíu, brennsluolíu, og kosts samkvæmt uppgjöri á þurrleigusamningi aðila. Auk þess skyldi kaupandi greiða seljanda 30% mismun á söluverði skipsins og nettó endursöluverði þess ef það yrði selt til þriðja aðila. Mælt var fyrir um að ríkissjóður skyldi fá þær greiðslur í samræmi við greiðslur þess söluandvirðis. Söluverð skipsins var greitt með verðtryggðu skuldabréfi að fjárhæð 37,8 millj. kr. með 5,0% vöxtum til 5 ára með veði í skipinu. Afhending skipsins var ákveðin 31. janúar 2006.

6. *Hvaða upplýsingar hafði ráðuneytið um áform Sæferða ehf. um sölu á Baldri úr landi þegar gengið var frá samningnum 31. janúar 2006 og um mögulegt verð á skipinu við endursöluna? Lá þá fyrir hvaða skip Sæferðir ehf. hugðust kaupa?*

Ráðuneytinu var ekki kunnugt um verð á Baldri við endursölu hans þegar gengið var frá kaupsamningnum við rekstraraðilann né hvaða skip Sæferðir hygðust kaupa í hans stað. Ráðuneytinu var hins vegar kunnugt um þá vankanta sem voru á Baldri, m.a. gluggalausri veitingaaðstöðu og að ferjan tæki of fáar bifreiðar. Jafnframt var ráðuneytinu kunnugt um áhuga rekstraraðila á því að reyna selja Baldur og reyna að finna annað hentugra skip sem uppfyllti betur kröfur rekstraraðilans á þessari siglingaleið.

7. *Kom ríkið að einhverju leyti að sölu Sæferða ehf. á Baldri eða kaupum fyrirtækisins á annarri ferju og ef svo er, þá hvernig?*

Fjármálaráðuneytið kom ekki að sölu Sæferða ehf. á Baldri né kaupum fyrirtækisins á annarri ferju. Vegagerðin hafði tiltekin samskipti við Sæferðir ehf. vegna kaupa á nýrri ferju enda þurfti hin nýja ferja að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í rekstrarsamningi aðila.

8. *Hvert var verð Baldurs við söluna úr landi, hverjum var selt og hvenær, hver var afhendingardagur skipsins, hverjir voru greiðsluskilmálar og hver var hlutur ríkissjóðs í söluverðinu? Hverjir eru þeir aðilar sem fengu greitt fyrir sölu skipsins?*

Kaupandi Baldurs var Rosita Oy og dagsetning kaupsamnings var 21. mars 2006. Afhendingardagur ferjunnar var 31. mars 2006 og fór afhending fram í Stykkishólmi. Söluverð Baldurs úr landi var 100 þús. nkr. eða u.þ.b. 107,5 millj. kr. miðað við gengi á afhendingardegi skipsins. Greiða átti 10% af kaupverði innan 3 daga frá dagsetningu kaupsamnings og lokagreiðslu við afhendingu. Hreinn söluhagnaður að frádregnu kaupverði Baldurs og sölulaunum nam um 63 millj. kr. Samkvæmt uppgjöri bar ríkinu 30% af hreinum söluhagnaði eða um 19 millj. kr. Að frádregnum 2 millj. kr. niðurfellingu sem samið var um við Sæferðir ehf. stóðu eftir 17 millj. kr. sem Sæferðir ehf. greiddu ríkinu.

Skipasali seljanda var Bruusgaard Shipbroker og Norwegian Shipsales a/s. Sölulaun voru 5% af andvirði skipsins, um 500 þús. nkr. eða u.þ.b. 6,1 millj. kr. miðað við gengi á afhendingardegi skipsins.

9. *Hvert var eigið fé Sæferða ehf. samkvæmt síðasta ársreikningi fyrir sölu Baldurs til Sæferða ehf.?*

Ráðuneytið aflaði sér ekki upplýsinga um eigið fé Sæferða samkvæmt síðasta ársreikningi fyrir sölu Baldurs til Sæferða né taldi sér skylt að gera það. Þær upplýsingar liggja því ekki fyrir í ráðuneytinu. Söluverð eignarinnar var hins vegar tryggt með veði í skipinu og rekstrarsamningnum.

10. *Hvers vegna fól ráðuneytið Vegagerðinni að innheimta hlut ríkissjóðs í söluhagnaði Sæferða ehf. á Baldri og hvaða fyrirmæli, leiðbeiningar eða umboð gaf ráðuneytið við þá innheimtu? Hvers vegna féllst ráðuneytið á það að skuldin yrði vaxtalaus frá söludegi til uppgjörsdags, í um 15 mánuði?*

Vegagerðin er samningsaðili Sæferða ehf. á grundvelli hins gagnkvæma samnings. Þar sem salan á ferjunni Baldri til Sæferða ehf. fór fram á grundvelli hins gagnkvæma samnings var talið rétt að Vegagerðin héldi einnig utan um söluþátt málsins. Til tryggingar greiðslum var auk veðs í skipinu möguleiki á að halda eftir greiðslum samkvæmt rekstrarsamningi við vanefndir. Ástæður þessa fyrirkomulags var að tryggja að greiðslur Sæferða ehf. vegna kaupa á skipinu og greiðslur Vegagerðarinnar til Sæferða ehf. á grundvelli rekstrarsamnings færu um sömu hendur en væru ekki á hendi mismunandi ríkisaðila. Á grundvelli framangreinds fól ráðuneytið Vegagerðinni með bréfum, dags. 27. febrúar 2006, innheimta skuldabréf vegna sölu á Baldri til Sæferða ehf. og með bréfi, dags. 2. maí 2006, að sjá um uppgjör á söluverði Baldurs til þriðja aðila í samræmi við kaupsamning aðila.

Við uppgjör vegna sölu Sæferða ehf. á Baldri kom upp ágreiningur milli Sæferða og Vegagerðarinnar vegna frádráttarliða við endursöluna og krafna Sæferða á hendur ríkinu er sneru að afnotum ferjunnar Baldurs sem afleysingaskips fyrir Herjólf. Umrædd niðurfelling

vaxta var liður í því að ná sáttum í ágreiningi milli aðila án þess að til málaferla þyrfti að koma.

11. *Hvert var það samráð sem ráðuneytið hafði við samgönguráðuneytið og Vegagerðina þegar ákveðið var að ganga til samninga við Sæferðir ehf. um sölu á ferjunni Baldri, sbr. fréttatilkynningu ráðuneytisins frá 26. febrúar 2008?*

Mál þetta hófst á þá leið að Sæferðir ehf. óskuðu eftir því við samgönguráðuneytið og Vegagerðina að félagið fengi heimild til að kaupa skipið. Þar sem fjármálaráðuneytið fer með sölu eigna ríkisins hóf fjármálaráðuneytið viðræður við Sæferðir ehf. í samráði við samgönguráðuneytið og Vegagerðina.

898. Svar [503. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Bjarna Harðarsonar um löggæslu á Austurlandi.

1. *Telur ráðherra að markmið um sparnað og hagræðingu hafi náðst með sameiningu lögregluembætta þvert yfir kjördæmamörk á Austurlandi?*

Meginmarkmið með nýskipan lögreglumála, sem tók gildi 1. janúar 2007, var efling löggæslu í landinu með því að auka sýnileika lögreglu, bæta gæði og hraða rannsóknum mála. Markmið breytingarinnar laut hvorki að sparnaði né hagræðingu. Hvorki var gert ráð fyrir hækkun né lækkun útgjalda vegna breytingarinnar.

2. *Telur ráðherra stöðu löggæslumála í sveitarfélaginu Hornafirði viðunandi eftir þessar breytingar?*

Með stækkun umdæma varð liðsheild lögreglu stærri og þar með styrkari. Á þetta almenna sjónarmið við um Sveitarfélagið Hornafjörð jafnt og aðra staði. Fjarlægð frá lögreglustjóra ræður ekki styrk lögregluliðs heldur skipulag þess, umgjörð og mannafli. Á þetta við um löggæslu í Sveitarfélaginu Hornafirði og er lögregluliðið þar vel í stakk búið til að takast á við verkefni sín.

Þegar tetrafjarskipti komu til sögunnar fengu allir lögreglumenn embættisins tetrastöðvar, sem enn hefur aukið styrk liðsheildarinnar. Auk þess var innleitt IP-símkerfi til að auðvelda öll samskipti innan embættisins og draga úr kostnaði við þau. Innri málefni hafa verið samræmd, sérstaklega varðandi rannsóknir, samskipti við ákærendur embættisins, rannsóknaraðstoð og tækjabúnað almennt.

Að mati ráðherra er staða lögreglumála í sveitarfélaginu Hornafirði viðunandi, þótt alltaf megi gera betur. Til dæmis hefur það verið orðað við ráðherra að eðlilegra sé að lögregla í sveitarfélaginu sé hluti af liði á Suðurlandi en Austurlandi, án þess að í því felist nokkur gagnrýni á lögreglustjórnina á Eskifirði, sem er til fyrirmyndar. Sé það vilji heimamanna og lögreglu að tengjast lögreglustjóra innan sama kjördæmis er ráðherra tilbúinn að ræða þá hugmynd. Er eðlilegt að gera það á grundvelli úttektarskýrslu um reynsluna af nýskipan lögreglumála, sem birt verður á næstunni.

899. Fyrirspurn [580. mál]

til dómsmálaráðherra um kostnað við lögreglubifreið á Reykjanesbraut.

Frá Guðnýju Hrund Karlsdóttur.

Hvað mundi kosta að hafa lögreglubifreið við eftirlit á Reykjanesbraut allan sólarhringinn alla daga vikunnar?

Skriflegt svar óskast.

900. Fyrirspurn [581. mál]

til heilbrigðisráðherra um kostnað heilbrigðiskerfisins vegna slysa á Reykjanesbraut.

Frá Guðnýju Hrund Karlsdóttur.

Hver er áætlaður kostnaður heilbrigðiskerfisins vegna þeirra slysa sem orðið hafa á Reykjanesbraut síðastliðna þrjá mánuði?

Skriflegt svar óskast.

901. Fyrirspurn [582. mál]

til samgönguráðherra um útboð fjarskiptasjóðs um uppbyggingu háhraðanettenginga.

Frá Guðnýju Hrund Karlsdóttur.

1. Hvernig var ákveðið hvaða staðir falla undir útboð fjarskiptasjóðs vegna háhraðanetþjónustu, þ.e. hvaða aðferð var notuð til að fá fullvissu um að staðir féllu ekki undir skilgreiningu útboðs?
2. Var gerð rannsókn á því hvort þjónusta/hraði á svæði væri í samræmi við skilgreiningu fjarskiptasjóðs um háhraðanet?
3. Er einhver krafa gerð til núverandi þjónustuaðila á svæði sem ekki er farið inn á um viðhald búnaðar, uppitíma tengingar eða verð?
4. Stendur til að bæta þeim einstaklingum sem sýndu frumkvæði og komu upp háhraðatengingum útlagðan kostnað?
5. Hversu margir staðir/býli eru í útboðinu?

6. Hvers vegna er útboðsferillinn svo langur eða allt til 31. júlí nk.?
7. Hvenær er gert ráð fyrir að verkefninu ljúki?

Skriflegt svar óskast.

902. Fyrirspurn [583. mál]

til iðnaðarráðherra um opinber störf á landsbyggðinni.

Frá Guðnýju Hrund Karlsdóttur.

1. Hversu mörg opinber störf hafa flust út á landsbyggðina á kjörtímabilinu?
2. Hversu mörg opinber störf hafa flust frá landsbyggðinni á sama tíma?
3. Hvað líður undirbúningi að því að koma á störfum án staðsetningar?

Skriflegt svar óskast.

903. Fyrirspurn [584. mál]

til forsætisráðherra um samskipti ríkisstjórnarinnar og Seðlabankans.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hvernig hefur samskiptum ríkisstjórnarinnar, forsætisráðherra, viðskiptaráðherra eða eftir atvikum annarra ráðherra og Seðlabankans verið háttað undanfarna mánuði? Hversu margir fundir, formlegir eða óformlegir hafa verið haldnir milli aðila, hafa bréf eða orðsendingar gengið á milli o.s.frv.?
2. Er rétt að ríkisstjórnin hafi fyrir nokkrum mánuðum hafnað eða ekkert gert með beiðni frá Seðlabankanum um að auka gjaldeyrisvaraforðann?

904. Fyrirspurn [585. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um erfðabreytt matvæli.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hvað veldur því að enn hefur ekki verið sett reglugerð um merkingu erfðabreyttra matvæla, sbr. svar við fyrirspurn í febrúar 2005 (þskj. 752, 417. mál 131. löggjafarþings)?
2. Hvað veldur þeim drætti sem orðinn er á útgáfu fræðslubæklings fyrir almenning um erfðabreytt matvæli sem í fyrrgreindu svari kom fram að ætlunin væri að gefa út?

905. Lög [292. mál]

um samgönguáætlun.

(Afgreidd frá Alþingi 15. apríl.)

Samhljóða þskj. 882.

906. Skýrsla [586. mál]

heilbrigðisráðherra um 120. fund framkvæmdastjórnar WHO í Genf 22.–30. janúar 2007, alþjóðaheilbrigðisdaginn 7. apríl 2007, 60. alþjóðaheilbrigðisþingið í Genf 14.–23. maí 2007, 121. fund framkvæmdastjórnar WHO í Genf 24.–26. maí 2007 og 57. fund svæðisnefndar WHO í Evrópu í Belgrad 17.–21. september 2007.

(Lögð fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

Stofnskrá Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) var samþykkt 22. júlí 1946 á sérstöku alþjóðlegu heilbrigðismálaþingi. Stofnunin sjálf tók ekki til starfa fyrr en 7. apríl 1948 þegar 26 af 61 aðildarríki Sameinuðu þjóðanna höfðu staðfest stofnskrána. Aðildarríki WHO eru nú 193.

Höfuðstöðvar stofnunarinnar eru í Genf en auk þess fer stór hluti starfseminnar fram í sex svæðisnefndum og skrifstofum þeirra. Svæðisskrifstofurnar eru í eftirtöldum löndum:

- Kongó (Brazzaville).
- Bandaríkjunum (Washington).
- Egyptalandi (Alexandríu).
- Danmörku (Kaupmannahöfn).
- Indlandi (Nýju-Delhí).
- Filippseyjum (Maníla).

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur gegnt forustuhlutverki á sviði heilbrigðismála í heiminum um áratugaskeið. Meginmarkmið WHO er að stuðla að sem bestu heilsufari allra

jarðarbúa. Heilbrigði er skilgreint í stofnskrá WHO sem svo að það feli í sér fullkomið líkamlegt, andlegt og félagslegt velferði, ekki einungis firrð sjúkdóma og vanheilinda. WHO starfar í nánu samstarfi við aðildarríkin, alþjóðlegar og svæðisbundnar stofnanir og samtök, frjáls félagasamtök og sérhæfðar miðstöðvar á ýmsum sviðum heilbrigðismála. Jafnframt tengist starfsemi WHO viðfangsefnum margra annarra stofnana Sameinuðu þjóðanna.

Alþjóðaheilbrigðisþingið, sem haldið er í 1–2 vikur í maí ár hvert í Genf, er sá vettvangur sem tekur helstu ákvarðanir varðandi starfsemi WHO og markar stefnu stofnunarinnar á hverjum tíma. Þingið sækja öll aðildarríki stofnunarinnar og fara ráðherrar fyrir flestum sendinefndunum. Þingið starfar að hluta í sameinaðri málstofu en meginstarfið fer fram í nefnd A og nefnd B. Nefnd A fjallar um stöðu heilbrigðismála, áhersluþætti í forvarnastarfi, sérhæfð verkefni stofnunarinnar og áætlanir hennar, svo og fjárlagatillögur tengdar sérstökum verkefnum. Á dagskrá nefndar B eru hins vegar aðallega stjórnunarleg, fjárhagsleg og lögfræðileg málefni. Enn fremur eru á alþjóðaheilbrigðisþinginu haldnir fræðslu- og umræðufundir um einstök efni.

Framkvæmdastjórn WHO kemur saman tvisvar á ári. Fyrri fundurinn er haldinn í janúar og sá seinni í maí í beinu framhaldi af alþjóðaheilbrigðisþinginu. Framkvæmdastjórnin er framkvæmdanefnd þingsins en í henni sitja 34 fulltrúar. Sæti stjórnarinnar skiptast milli svæða á eftirfarandi hátt: Evrópa hefur átta sæti, Afríka sjö sæti, Norður- og Suður-Ameríka sex sæti, Austur-Miðjarðarhaf fimm sæti, Vestur-Kyrrahaf fimm sæti og Suðaustur-Asía þrjú sæti. Ísland átti síðast sæti í framkvæmdastjórn á tímabilinu 2003–2006 og sat Davíð Á. Gunnarsson fyrir Íslands hönd í framkvæmdastjórninni en hann var að auki kosinn formaður framkvæmdastjórnarinnar 2004–2005. Fyrir framkvæmdastjórnina eru lagðar skýrslur frá skrifstofu framkvæmdastjóra stofnunarinnar, eins konar greinargerðir og oft með tillögum eða ályktunum. Þegar þær hafa verið afgreiddar fara þær til endanlegrar staðfestingar á alþjóðaheilbrigðisþingi stofnunarinnar. Fundina sækja ásamt fulltrúum framkvæmdastjórnarinnar áheyrnarfulltrúar flestra aðildarríkja og aðrir hagsmunaaðilar, svo sem frjáls félagasamtök.

Svæðisnefndir WHO koma saman einu sinni á ári, í 1–2 vikur í senn, oftast í september. Svæðisnefnd WHO í Evrópu hefur sína aðalskrifstofu í Kaupmannahöfn og eru fundir svæðisnefndarinnar haldnir þar annað hvert ár en þess á milli í öðrum aðildarríkjum Evrópu. Þess á milli starfar fastanefnd svæðisskrifstofunnar. Auk fastra funda svæðisnefndarinnar heldur Evrópuskrifstofan m.a. ráðherrafundi fyrir Evrópuríkin.

WHO stendur 7. apríl ár hvert fyrir alþjóðlegum heilbrigðisdegi. Deginum er ætlað að vekja athygli almennings á mikilvægum heilbrigðismálum og hvetja til umræðu í samfélaginu. Árið 2007 var dagurinn tileinkaður heilsu og öryggi en árið 2008 er hann tileinkaður heilsuvernd á tímum loftslagsbreytinga. Í tilefni dagsins er venja að heilbrigðisráðuneytið boði til fundar eða minnist dagsins á einhvern annan hátt.

Auk þessara funda er haldinn fjöldinn allur af ráðherrafundum, milliríkjafundum og sérfræðifundum á vegum stofnunarinnar og svæðisnefnda hennar. Til að mynda er ár hvert haldinn fundur um rammasamning stofnunarinnar um tóbaksvarnir og er Ísland aðili að samningnum.

120. FUNDUR FRAMKVÆMDASTJÓRNAR WHO Í GENF 22.–30. JANÚAR 2007

1. Inngangur.

Dagana 22.–30. janúar 2007 var haldinn í Genf 120. fundur framkvæmdastjórnar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Á fundinum var samþykkt samtals 21 ályktun og sóttu fund-

inn, fyrir Íslands hönd, Ingimar Einarsson skrifstofustjóri og Ásthildur Knútsdóttir, sérfræðingur í heilbrigðisráðuneytinu.

2. Ræða framkvæmdastjóra.

Fundurinn hófst með ræðu nýskipaðs forstjóra WHO, dr. Margaret Chan, en hún tók við embættinu 3. janúar 2007 af Svíanum dr. Anders Nordström, sem gegnt hafði starfinu frá því er dr. Lee Jong-wook féll frá í lok maí 2006.

Dr. Margaret Chan sagði í upphafi ræðu sinnar að hún hefði ákveðið að útnefna dr. Anarfi Asamoa-Baah sem staðgengil sinn. Jafnframt skýrði hún frá því að hún mundi halda áfram umbótum innan WHO og að ekki væri von á sérstöku umróti í rekstri eða starfsmannamálum. Það yrðu einhverjar breytingar, en þær yrðu hægfara, markvissar og vel stjórnað. Dr. Chan ræddi þann mikla árangur sem náðst hefur á síðustu árum í baráttunni við mislinga, en á tímabilinu 1999–2005 lækkaði dánartíðni vegna þeirra um 60%. Forstjórinn fjallaði um malaríuna og þær búsifjar sem hún veldur aðallega í Afríku. Dr. Chan undirstrikaði mikilvægi þess að ríki heims og WHO væru á verði og treystu viðbúnað sinn gagnvart hugsanlegum heimsfaraldri inflúensu og öðrum farsóttum. Hún fagnaði sérstaklega samstarfi opinberra aðila og einkaaðila við fjármögnun og framkvæmd verkefna til hjálpar Afríku í baráttunni við alnæmi. Árið 2007 var meginþemað í ársskýrslu WHO heilsa og öryggi og var það jafnframt þemað á alþjóðaheilbrigðisdeginum sama ár. Í ársskýrslunni 2008 er athyglinni hins vegar beint að grunnheilbrigðisþjónustunni og hlutverki hennar við að styrkja heilbrigðiskerfi landanna. Nýi forstjórinn boðaði að sex mál yrðu höfð til viðmiðunar í starfi WHO á næstu árum. Tvö þeirra beindust að grundvallarþörfum fyrir heilbrigðisþróun og heilbrigðisöryggi. Tvö önnur mál snúa að áætlanagerð og varða eflingu heilbrigðiskerfa og þörf fyrir áreiðanlegri upplýsingar við stefnumörkun og mat á árangri. Tvö hin síðustu eru bæði starfslegs eðlis og varða traust á samstarfsaðilum, sérstaklega við framkvæmd verkefna, og þörfina á því að WHO nái árangri sem ein skipulagsheild.

3. Helstu umræðuefni fundarins.

3.1 Útrýming mænusóttar.

Árið 1988 var mænusótt landlæg í 125 löndum en þá ákváðu aðildarríki stofnunarinnar að setja af stað herferð sem miðaði að útrýmingu mænusóttar. Á fundinum var greint frá árangri herferðarinnar og kom fram að mænusótt væri enn landlæg í fjórum löndum þ.e. Afganistan, Indlandi, Nígeríu og Pakistan. Samþykkt var á fundinum ályktun með tilmælum um hvernig koma ætti í veg fyrir frekari smit mænusóttar og vinna að útrýmingu hennar.

3.2 Malaría.

Yfir ein milljón einstaklinga deyr árlega af völdum malaríu. Með tilheyrandi forvörnum og lyfjagjöf væri hægt að koma í veg fyrir flest þessi dauðsföll. Samþykkt var að leggja til við alþjóðaheilbrigðisþingið að 25. apríl yrði gerður að alþjóðamalaríudeginum ár hvert. Bent var á mikilvægi þess að efla rannsóknir á malaríunni og skipuleggja betur lyfjagjöf og aðrar aðgerðir í baráttunni gegn henni. Margir aðilar, auk WHO, svo sem heimssjóðurinn í baráttunni gegn alnæmi, berklum og malaríu, UNITAID, lyfjaframleiðendur, líftæknifyrirtæki og fleiri vinna með einum eða öðrum hætti að því að útrýma malaríu. Talið var brýnt að þessir aðilar sköpuðu sér sameiginlegan vettvang til þess að samræma aðgerðir sínar í þessari baráttu.

3.3 Baráttan gegn berklum.

Í skýrslu til framkvæmdastjórnarinnar var gerð grein fyrir hvernig gengið hefur að ná markmiðum, sem sett voru af alþjóðaheilbrigðisþinginu árið 1991, varðandi greiningu berkla og lækningu þeirra. Þegar ljóst var að markmiðunum yrði ekki náð árið 2000 var fresturinn framlengdur til ársins 2005. Skýrslan sýnir að enn vantar nokkuð upp á að markmiðunum hafi verið náð. Árið 2005 er áætlað að 8,8 milljónir manna hafi verið greindir með berkla og dauðsföll vegna berkla voru 1,6 milljónir. Í ályktun stjórnarinnar eru aðildarríkin hvött til frekari dáða í baráttunni gegn berklum og skorað á þau að útfæra langtímaáætlanir um forvarnir og stjórn á þeim í samræmi við heimsáætlun stofnunarinnar um að stöðva berkla 2006–2015.

3.4 Heimsfaraldur inflúensu.

Áhersla var lögð á að aðildarríkin viðhaldi háu viðbúnaðastigi gegn hugsanlegum heimsfaraldri inflúensu. Fjármögnun rannsókna og þróun bóluefnis eru mikilvæg verkefni og tryggja þarf aðgang að bóluefni og lyfjum sem geta komið í veg fyrir smitun eða dregið úr áhrifum faraldurs. Sérstaklega var undirstrikað að mikilvægt væri að styrkja veikburða heilbrigðiskerfi í aðildarríkjunum þannig að þau gætu mætt þeirri ógn sem hugsanlegur heimsfaraldur inflúensu gæti haft í för með sér.

3.5 Forvarnir og barátta gegn langvinnum sjúkdómum – framkvæmd heimsáætlunar.

Þetta var eitt helsta deilumál fundarins og var skipaður vinnuhópur til þess að reyna að útkljá málið. Það var ekki fyrr en á síðasta degi fundarins sem niðurstaða lá fyrir. Tókust þar einkum á sjónarmið Evrópu og Bandaríkjanna varðandi markaðssetningu á óhollum neysluvörum og þá sérstaklega auglýsingaáróðri sem beint er að börnum og unglingum. Evrópubúar veifuðu samþykkt ráðherrafundar Evrópulanda WHO frá fundi í Istanbul í nóvember 2006 en Bandaríkjamenn töldu að fólk yrði að taka sjálft ábyrgð á eigin lífi. Samkomulag náðist um að skora á framleiðendur og seljendur að gæta hófs í markaðssetningu gagnvart þeim þjóðfélagshópum sem höllum fæti standa við að meta hollustu og gagnsemi umræddra neysluvara.

3.6 Munnheilsa.

Langt er síðan munnheilsumál hafa verið rædd í framkvæmdastjórn WHO og þeim hefur ekki verið gert nægjanlega hátt undir höfði í starfi WHO hin síðari ár. Í elleftu almennri framkvæmdaáætlun WHO fyrir tímabilið 2006–2015 er hins vegar lögð mikil áhersla á forvarnir og aðgerðir til að draga úr langvinnum sjúkdómum. Bætt munnheilsa er hluti af verkefnum á því sviði. Í ályktun um málið er undirstrikað mikilvægi þess að munnheilsa sé felld inn í stefnumörkun varðandi samþættingu forvarna og meðferðar á langvinnum sjúkdómum.

3.7 Heilbrigðiskerfi og neyðarþjónusta.

Bætt skipulag og áætlanagerð vegna áfalla- og neyðarþjónustu er óaðskiljanlegur hluti heilbrigðisþjónustunnar og sömuleiðis þáttur í viðbúnaði við stórslysum og hugsanlegum hamförum. Með bættu skipulagi neyðarþjónustu má lækka dánartíðni, draga úr fötlun og öðrum afleiðingum slysa. Þetta var meginefni ályktunar um heilbrigðiskerfi og neyðarþjónustu.

3.8 Innleiðing kynja- og jafnréttissjónarmiða í vinnu WHO – drög að áætlun.

Mikil umræða skapaðist um þetta málefni og var samþykkt ályktun sem kallar eftir því að þróuð verði viðmið til þess að tryggja jafnræði kynjanna. Einnig fer ályktunin fram á það við framkvæmdastjóra stofnunarinnar að lögð verði fram skýrsla annað hvert ár um gang mála. Frekari umræðum var frestað þar til á alþjóðaheilbrigðisþinginu í maí sama ár.

3.9 Skynsamleg notkun lyfja.

Í samvinnu við ríkisstjórnir, háskóla, einkageirann, frjáls félagasamtök og fleiri aðila hefur WHO um árabil stuðlað að því að bæta notkun lyfja meðal lækna, lyfsala og sjúklinga. Þetta verkefni hefur einkum beinst að því að skapa grundvöll fyrir skynsamlega notkun lyfja og tryggja aðgengi að lyfjum sem skynsamlegt sé að nota hverju sinni. Í ár er sérstök áhersla lögð á að tryggja betra aðgengi að viðeigandi lyfjum fyrir börn.

3.10 Heilsuvernd starfsmanna – drög að heimsáætlun.

Nokkrir fundir háttsettra embættismanna, svo sem leiðtogafundurinn um sjálfbæra þróun í Jóhannesarborg 2002 og ráðherrafundir svæðaskrifstofa stofnunarinnar hafa kallað eftir því að WHO styrkti enn frekar starf sitt sem viðkemur heilsuvernd starfsmanna og hollustuháttum á vinnustöðum og að þetta starf verði í auknum mæli fellt inn í starf stofnunarinnar að heilsueflingu. Á fundinum lágu fyrir drög að áætlun fyrir tímabilið 2008–2017 en framkvæmdastjórnin óskaði eftir því að aðildarríki stofnunarinnar fengju tækifæri til að senda inn athugasemdir sínar áður en drögin yrðu samþykkt og lögð fyrir alþjóðaheilbrigðisþingið sama ár og varð það niðurstaðan.

3.11 Rafræn heilbrigðisþjónusta.

Á fundinum var kynnt skýrsla um rafræna heilbrigðisþjónustu og staðlað hugtakasafn og var það gert í samræmi við ákvörðun 118. fundar stjórnarinnar í maí 2006. Í henni kemur m.a. fram að búið sé að koma á fót í Kaupmannahöfn alþjóðlegri miðstöð sem haldi utan um þróun SNOMED-hugtakasafnsins. Að þessu samstarfi standa nú þegar átta lönd, þar á meðal Danmörk og Svíþjóð og er búist við að fleiri lönd sláist í hópinn á næstu missirum.

3.12 Óklárað ályktanir frá Alþjóðaheilbrigðisþinginu 2006 og 118. fundi framkvæmdastjórnar.

– *Útrýming bólusóttarveirunnar.* Eins og oft áður var ítrekað að útrýma ætti þeim birgðum af bólusóttarveirunni sem til væru. Ná yrði samkomulagi um hvenær yrði ráðist í verkið. Enn um sinn væri samt nauðsynlegt að rannsaka bóluefnaveiruna betur og þá einkum í þeim tilgangi að þróa virkari og betri bóluefni, ekki síst í ljósi hryðjuverkaógnar. Fram kom að væntanlega yrði ákveðið á alþjóðaheilbrigðisþinginu í maí 2008 hvort málið verði tekið upp aftur á 63. eða 64. alþjóðaheilbrigðisþinginu eða árið 2010 eða 2011.

– *Heilsuefling í alþjóðavæddum heimi.* Undanfarin tuttugu ár hefur WHO staðið fyrir alþjóðlegum ráðstefnum um heilsueflingu og var sú síðasta í röðinni haldin í Bankok árið 2005. Þar var athyglinni sérstaklega beint að heilsueflingu sem tæki til þess að hafa áhrif á heilsufar fólks. Á fundi framkvæmdastjórnarinnar var einhugur um ályktun er nefnist Heilsuefling í alþjóðavæddum heimi. Í tillögunni er skorað á aðildarríkin að fjárfesta í

viðeigandi heilsueflingu og móta sér haldbæra stefnu á sviði heilsueflingar sem einnar meginstoðar í félagslegri og efnahagslegri þjóðfélagsþróun.

– *Heilbrigðistækni.* Heilbrigðistækni og nýting hennar við forvarnir, sjúkdómsgreiningu, meðferð og endurhæfingu var rædd á fundinum. Samþykkt var ályktun um heilbrigðistækni en ekki náðist fullkomin samstaða um hvort í titli ályktunarinnar skyldi orðalagið vera „nauðsynleg“ heilbrigðistækni, enn fremur voru ekki allir sammála um hvað fælist í heilbrigðistækni og þörfinni á lista yfir heilbrigðistækni í hverju landi fyrir sig. Ákveðið var því að kalla saman hóp sérfræðinga og áhugasamra aðildarríkja til að leysa útistandandi málefni fyrir alþjóðaheilbrigðisþingið í maí sama ár.

– *Hlutverk WHO og ábyrgð á sviði heilbrigðisrannsókna.* Þetta málefni hefur mikið verði rætt á vettvangi WHO undanfarin missiri. Mikið bil er á milli þróunarríkja og þróaðra ríkja að því er varðar stöðu heilbrigðisrannsókna og ekki ólíklegt að slíkt hindri árangur í heilbrigðismálum og stuðli með einum eða öðrum hætti að auknum brottflutningi heilbrigðisstarfsmanna frá fátækum ríkjum til hinna ríkari. Í ályktun framkvæmdastjórnarinnar er lögð áhersla á að upplýsingum verði reglulega safnað um framlög til heilbrigðisrannsókna í einstökum ríkjum og heimshlutum, jafnframt því sem stuðlað verði að eflingu rannsókna og þjálfun sérhæfðs starfsliðs til þess að stjórna heilbrigðisrannsóknum í viðkomandi ríkjum. Í innleggi sínu lögðu Norðurlöndin áherslu á að skoða þyrfti hvaða hlutverki WHO gegndi hvað þetta varðar.

4. Fjármál.

4.1 Miðannar-verkefnaáætlun.

Miðannar-verkefnaáætlun stofnunarinnar fyrir tímabilið 2008–2013 var til umfjöllunar hjá öllum svæðisnefndum WHO á síðari helmingi ársins 2006. Þessa áætlun verður ætíð að skoða í tengslum við almenna verkefnaáætlun WHO (The General Programme of Work), en sú sem nú er í gildi er hin ellefta í röðinni og nær hún yfir tímabilið 2006–2015.

4.2 Fjárlagatillögur.

Í fjárlagatillögunum fyrir tímabilið 2008–2009 er gert ráð fyrir að fjárlagaramminn fyrir tímabilið verði 4.263 milljarðar bandaríkjadala sem svarar til hækkunar um 16,2 % frá tímabilinu 2006–2007. Af þessum fjármunum nema föst framlög landanna 1 milljarði bandaríkjadala eða tæplega 25% af fjárframlögum til WHO og er þar um að ræða 9,3% hækkun frá tímabilinu 2006–2007. Þannig er gert ráð fyrir að frjáls fjárframlög standi undir rúmlega 75% af heildarútgjöldum stofnunarinnar. Þetta er mikil breyting frá því sem var fyrir einum áratug þegar föst fjárframlög aðildarríkjanna voru svipuð og frjáls hluti fjárframlaganna. Á sama tíma hefur heildarfjárlagaramminn meira er tvöfaldast.

5. Ályktanir fundarins.

Á fundinum voru samþykktar eins og fyrr greinir 21 ályktun.

ALÞJÓÐAHEILBRIGÐISDAGURINN 2007

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin stendur á ári hverju fyrir alþjóðlegum heilbrigðisdegi sem haldið er upp á 7. apríl. Deginum er ætlað að vekja athygli almennings á mikilvægum

heilbrigðismálum og hvetja til umræðu. Árið 2007 var dagurinn tileinkaður heilsu og öryggi og gekk undir yfirskriftinni „fjárfesting í heilsu skilar öruggari framtíð fyrir alla.“

Að þessu sinni bar daginn upp á laugardag og var því vikið frá þeirri venju heilbrigðisráðuneytisins að boða til morgunverðarfundar. Í tilefni dagsins sendi heilbrigðisráðherra frá sér blaðagrein. Greinin skýrði frá orðsendingu dr. Margaret Chan, nýs framkvæmdastjóra WHO, í tilefni dagsins þar sem hún telur að aukin ógn við almannaheill stafaði af bráðalungnabólgu, fuglainflúensu, alnæmi og óvæntum áföllum sem geta haft í för með sér alvarlegar heilsufarslegar afleiðingar.

Ráðherra beindi í grein sinni athygli að alþjóðavæðingunni en með henni hefði umferð og viðskipti aukist um veröld alla. Þjóðir heims standa því frammi fyrir nýjum og alvarlegum ógnum sem taka ekki tillit til landamæra og hafa því áhrif á öryggi allra þjóða. Gamlir og nýir sjúkdómar geta því hæglega borist á milli landa og ógnað öryggi allra þjóða.

Í þessu sambandi minntist ráðherra á alnæmi sem ógnar stöðugleika heilla heimshluta og leggst á fólkið sem heldur atvinnulífinu gangandi og elur börnin. Þótt til séu lyf sem halda sjúkdómnum í skefjum þá ná þau ekki til nema lítils hluta þeirra sem á þurfa að halda og þá fyrst og fremst til einstaklinga í þróuðu löndunum. Bóluefni gegn alnæmi er enn þá fjarlægur draumur. Fordómar, ólæsi og kúgun kvenna stendur víða í vegi fyrir árangursríkum forvarnaaðgerðum. Enn er því margt ógert sérstaklega í þróunarlöndunum. Þess má geta að á Íslandi er ástandið mun betra. Á Íslandi höfðu við upphaf árs 2007 tæplega 200 einstaklingar greinst með HIV-smit frá upphafi og undanfarin ár hefur HIV-smit greinst hjá 6–12 einstaklingum á ári og fá þeir bestu fáanlegu meðferð.

Ráðherra tók fram að ógnir við heilsu og öryggi væru margar og ólíkar. Með öflugu samstarfi allra ríkja þar sem aukin áhersla er lögð á upplýsingamiðlun, eflingu heilbrigðiskerfa og vöktun er hægt að hindra útbreiðslu sjúkdóma. Í þessu sambandi greindi ráðherra frá því að 15. júní 2007 tæki gildi endurskoðuð alþjóðaheilbrigðisreglugerð sem er ætlað að efla varnir og viðbrögð bæði í aðildarríkjum WHO og á alþjóðavísu. Markmið hennar er að hindra alþjóðlega útbreiðslu smitsjúkdóma og sjúkdóma af völdum eiturefna og geislavirkra efna án þess að valda ónauðsynlegri röskun á alþjóðaumferð og viðskiptum.

Ráðherra minntist að lokum á að Alþingi hefði samþykkt á nýafstöðnu þingi breytingar á sóttvarnalögum í samræmi við nýju alþjóðaheilbrigðisreglugerðina. Gildissvið sóttvarna hefur verið rýmkað og tekur það nú til allra heilbrigðisógna sem geta haft áhrif á þjóðir heims. Lögin taka ekki einungis til hættulegra smitsjúkdóma heldur einnig til heilsufarslegra afleiðinga af völdum eiturefna og geislavirkra efna. Jafnframt taka þau til óvenjulegra og óvæntra atburða, svo sem vegna náttúruhamfara sem geta haft alvarlegar heilsufarslegar afleiðingar. Með lögunum er kveðið á um að Ísland taki virkan þátt í alþjóðlegri baráttu við slíkar heilbrigðisógnir og lagði ráðherra að lokum áherslu á að þá ábyrgð þyrfti að axla af fullri alvöru.

ALÞJÓÐAHEILBRIGÐISÞINGIÐ 2007

1. Inngangur.

Alþjóðaheilbrigðisþingið var að venju haldið í Þjóðabandalagshöllinni í Genf dagana 14.–23. maí 2007. Þetta var í sextugasta skiptið sem þingið var haldið og var það fjölsótt sem fyrr. Yfir 2.400 fulltrúar sóttu þingið og sendu 188 aðildarríki WHO fulltrúa sína og fóru ráðherrar fyrir flestum sendinefndum, einnig sóttu fundinn yfir 500 fulltrúar frá öðrum stofnunum og frjálsum félagasamtökum.

Forseti þingsins var kosinn Jane Halton, ráðuneytisstjóri heilbrigðis- og öldrunarmálaráðuneytis Ástralíu. Varaforsetar voru kosnir dr. T. Adhanom frá Eþíópíu, dr. N.A. Haffadh frá Barein, dr. J. Kiely frá Írlandi, Kye Chun Yong frá Norður-Kóreu og dr. C. Chang frá Ekvador en þeir sáu um fundarstjórnina í sameinaðri málstofu þingsins. Að auki var dr. R.R. Jean Louis, heilbrigðis- og fjölskylduáætlanaráðherra Madagaskar, kosinn formaður nefndar A og T. Zeltner, ráðuneytisstjóri heilbrigðisráðuneytis Sviss, kosinn formaður nefndar B.

Sendinefnd Íslands í ár skipuðu Davíð Á. Gunnarsson ráðuneytisstjóri, dr. Kristján Oddsson aðstoðarlandlæknir, Haraldur Briem, sóttvarnarlæknir landlæknisembættisins, Ingimar Einarsson skrifstofustjóri, Sveinn Magnússon skrifstofustjóri, Vilborg Ingólfsdóttir skrifstofustjóri og Ásthildur Knútsdóttir, sérfræðingur í heilbrigðisráðuneytinu, en auk þess voru starfsmenn fastanefndar Íslands í Genf sendinefndinni til halds og trausts.

Á dagskrá þingsins að þessu sinni voru meðal annars tæknileg málefni með 21 undirflokki og málefni er vörðuðu stjórnun, fjármál og starfsmannamál.

2. Ræða framkvæmdastjóra, dr. Margaret Chan.

Það var mál manna að ræða framkvæmdastjórans, dr. Margaret Chan, hafi verið full bjartsýni og hvatti hún leiðtoga á heilbrigðissviði að stuðla sérstaklega að bættri heilsu kvenna og íbúa Afríku. Hún sagði að litið væri á heilsu sem eina af lykilskuldbindingum í utanríkisstefnum ríkja. Fjárfesting í heilsu væri einnig orðin vænlegur kostur fyrir stórfyrirtæki sem vildu axla samfélagslega ábyrgð sína.

Dr. Chan minnti viðstadda á að þegar hún tók við embætti framkvæmdastjóra í nóvember 2006 hafi hún sagst ætla að leggja áherslu á tvo hópa, þ.e. konur og íbúa Afríku, og yrðu þessir hópar notaðir sem viðmið fyrir árangur stofnunarinnar. Hún lagði áherslu á mikilvægi þess að bæta heilsu kvenna. Konur í þróunarríkjunum þyrftu sérstaka athygli því þær væru umönnunaraðilar, gengju með börnin og gegndu oft lykilhlutverki í að stuðla að breytingum. Þær hefðu með stuðningi möguleika á því að lyfta heimilum og samfélögum upp úr sárri fátækt. Hún lagði einnig áherslu á að efla heilsu fólks í Afríku þar sem mestu sjúkdómsbyrði heimsins væri að finna. Hún sagði það brýnt að fyrirbyggja að Afríka yrði heimsálfan sem skilin væri eftir hvað varðaði framþróun.

Mánuði fyrir þingið samþykktu heilbrigðisráðherrar Afríku fyrstu heilbrigðisáætlun álfunnar og nær hún yfir tímabilið 2007–2015. Dr. Chan sagðist ánægð með að áætlunin legði áherslu á þörfina fyrir að endurvekja grunnheilbrigðisþjónustuna og að hún kallaði á að skilgreind yrði lágmarksþjónusta sem allir hefðu aðgang að.

Dr. Chan sagði að framfarir síðustu áratuga hefðu ekki gerst af sjálfu sér og þær mætti þakka leiðtogum á heilbrigðissviði. Þessir leiðtogar hefðu ekki einungis haft sýn á bjartari og betri framtíð heldur hefðu þeir einnig unnið að því að gera hana að raunveruleika. Alltaf yrðu til þarfir sem ekki væri komið á móts við en heilsa hefði aldrei fyrr fengið eins mikla athygli og aldrei fyrr hefði verið varið jafnmiklum fjármunum til hennar.

Í ræðu sinni notaði dr. Chan tækifærið til að minnast á að 15. júní 2007 tæki gildi endurskoðuð heilbrigðisreglugerð sem hafði verið samþykkt af alþjóðaheilbrigðisþingunum árið 2005. Segja má að forvarnir séu einkunnarorð þessarar reglugerðar þar sem tilgangur hennar er að koma í veg fyrir vá áður en hún stofnar alþjóðaöryggi í hættu.

Að lokum tók dr. Chan fyrir hættuna á heimsfaraldri inflúensu og þann þátt sem hún hefði sjálf átt í að tryggja aukinn aðgang að bóluefnum, þá sérstakleg í þróunarríkjunum. Hún lagði áherslu á mikilvægi samkomulagsins um að veita lyfjaframleiðendum í þróunarlöndum tækniaðstoð við að safna birgðum af bóluefnum og huga að innkaupum á bóluefnum.

3. Gestafyrirlesarar.

Í ár var tveimur gestafyrirlesurum boðið að ávarpa þingið, þeim Jens Stoltenberg, forsætisráðherra Noregs, og Thoraya Obaid, framkvæmdastjóra mannfjöldasjóðs Sameinuðu þjóðanna (UNFPA).

Jens Stoltenberg greindi frá sérstakri athygli Noregs á tvö af átta þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, þ.e. þau sem snúa að ungbarnadauða og mæðravernd. Norsk stjórnvöld hafa tekið upp samstarf við nokkur af stærstu ríkjum heims til að auðvelda framkvæmd við að ná þessum tveimur fyrrnefndu þúsaldarmarkmiðum. Hann tilkynnti að Noregur hefði útbúið drög að svokallaðri alþjóðlegri viðskiptaáætlun til að auka framgang þessara markmiða. Hann sagði ennfremur að ætlunin væri að kynna þessa áætlun nánar í New York síðar á árinu eða í september 2007. Ætlunin er að styðja við þau inngrip sem krefjast tiltölulega lítils kostnaðar en eru líkleg til að bjarga sem flestum mannslífum. Jens Stoltenberg sagði það óásættanlegt að á þriggja sekúndna fresti deyi að meðaltali eitt barn í heiminum og á hverri mínútu deyi að meðaltali ein ófrísk kona, en þetta gerir um 10 milljónir dauðsfalla á ári.

Því næst ræddi Jens Stoltenberg um umbætur á starfi Sameinuðu þjóðanna þar sem hann hafði nýverið verið meðstjórnandi í nefnd háttsettra embættismanna um samfellu í starfi Sameinuðu þjóðanna.

Thoraya Obaid hefur starfað lengi við Sameinuðu þjóðirnar og komið mikið að málefnum tengdum framþróun svo og framgangi kvenna. Hún hefur einnig gegnt lykilhlutverki hvað varðar umbætur á starfi Sameinuðu þjóðanna og unnið að því að auka skilvirkni og áhrif þróunaraðstoðar á vegum þeirra. Hún ræddi um samstarfsverkefni við WHO sem miðar að því að auka heilbrigði kvenna og barna, svo og að auka alþjóðaheilbrigðisöryggi. Hún hvatti aðildarríki m.a. til að vinna að auknu jafnræði þegna sinna. Hún benti á að á hverri mínútu smitast um 10 manns af eyðniveirunni og að á hverju ári deyja um 3 milljónir manna af völdum alnæmis. Enn fremur deyr árlega um hálf milljón kvenna af barnsförum og eiga meira en 95% þessara dauðsfalla sér stað í Afríku og Asíu. Hægt væri að fyrirbyggja flest þessi dauðsföll ef konur hefðu aðgang að viðeigandi heilbrigðisþjónustu. Að lokum benti hún á að réttur til kynheilbrigðis virtist vera mjög pólitískt hlaðið mál þar sem mannréttindi og menningarviðhorf virtust oft skarast en hún var fullviss um að hægt væri að leysa þennan ágreining með auknum umræðum.

4. Ályktanir og helstu umræðuefni tekin fyrir í nefnd A.

4.1 Heimsfaraldur inflúensu.

Við upphaf umræðunnar á þinginu lágu þrjár ályktanir fyrir. Ein sem samþykkt var af framkvæmdastjórninni fyrr á árinu en að auki lögðu nokkur þróunarríki með Indónesíu í fararbroddi fram aðra ályktun og Bandaríkin þá þriðju. Haldnir voru margir vinnufundir þar sem unnið var að því að sameina þessar þrjár ályktanir og tókst það að lokum. Ályktunin sem samþykkt var mun aðstoða aðildarríki við að vera betur viðbúin ógnum við heilsu og þar á meðal heimsfaraldri inflúensu. Ályktunin fer fram á að aðildarríki deili með sér upplýsingum um inflúensuveirur og að aðgangur að bóluefnum og öðrum úrræðum til að verjast inflúensunni sé gerður greiður. Hún leggur því áherslu á nauðsyn þess að deila upplýsingum bæði í viðbúnaði við faraldri og þeim ávinningi sem hlýst af auknu samstarfi. Ályktunin fer einnig fram á að WHO komi sér upp birgðum að bóluefnum gegn H5N1 veirunni og öðrum inflúensuveirum sem gætu valdið faraldri. Að auki skal stofnunin útbúa leiðbeiningar um hvernig hægt er að tryggja sanngjarna dreifingu bóluefna og á hagstæðu verði ef faraldur brýst út.

4.2 Útrýming bólusóttarveirunnar.

Á þinginu var ákveðið að árið 2010 skyldi stofnunin hefja úttekt á öllum rannsóknum sem framkvæmdar hefðu verið á bólustóttarveirunni og ákveða hvort þörf sé á frekari rannsóknum. Niðurstaða úttektarinnar skal liggja fyrir á alþjóðaheilbrigðisþinginu árið 2011.

4.3 Meðferð leishmanssýki.

Leishmanssýki er landlæg í 88 löndum og einn af þeim sjúkdómum sem dregur flest fólk til dauða í þróunarlöndunum. Sjúkdómurinn flokkast sem hitabeltissjúkdómur og veldur sníkill honum sem berst til manna með biti sandflugna. Talið er að um 14 milljónir manna hafi sjúkdóminn og um 2 milljónir nýrra tilvika komi upp á ári hverju. Meðferð við sjúkdómnum er kostnaðarsöm og deyja milljónir árlega úr honum, margir hverjir í kjölfar eyðnismits. Samþykkt var ályktun þar sem aðildarríki eru hvött til að auka rannsóknir á sjúkdómnum og finna virkari lyfi gegn honum. Að auki var WHO beðið um að hvetja til alþjóðasamstarfs í því skyni að meðhöndla og útrýma sjúkdómnum.

4.4 Útrýming mænusóttar.

Árið 1988 var sett af stað herferð sem miðaði að útrýmingu mænusóttar en hún er í dag landlæg í einungis fjórum löndum. Samþykkt var ályktun á þinginu sem felur í sér að aðildarríkin vinni enn hraðar að útrýmingu mænusóttar og geri um leið ráðstafanir til þess að fyrirbyggja frekari smit. Í umræðunni kom fram að það fjármagn sem upp á vantaði fyrir tímabilið 2007–2008 væri um 540 milljónir bandaríkjadala.

4.5 Malaría og tillaga að stofnun sérstaks malaríudags.

Margir lýstu áhyggjum sínum yfir því að malaría heldur áfram að valda á ári hverju meira en milljón dauðsföllum en hægt væri að koma í veg fyrir flest þessara dauðsfalla með einföldum forvörnum. Samþykkt var ályktun sem fer fram á aukið aðgengi að öruggum og skilvirkum meðferðum á hagstæðu verði, aukið aðgengi að forvörnum fyrir ófrískar konur og aukið aðgengi að flugnanetum og flugnaeyði innan dyra. Einnig var því beint til þeirra sem veita styrki til þessa málefnis að styrkja framleiðslu og dreifingu artemisinafleiða sem minnka líkurnar á því að flugur sem stinga sýktan mann sýkist. Þessir sömu aðilar voru einnig hvattir til að styðja við herferð gegn markaðssetningu, dreifingu og notkun á lyfleysum sem sagðar eru getað læknað malaríu. Að lokum var ákveðið að árlega yrði 25. apríl tileinkaður baráttunni gegn malaríu.

4.6 Baráttan gegn berklum.

Aðildarríki voru hvött til að útbúa og innleiða langtímaáætlanir fyrir forvarnir og meðferð berkla sem væru samhljóða heimsáætlun WHO um að stöðva berkla 2006–2015, sem miðar að því að minnka um helming tíðni berkla og dauðsfalla af þeirra völdum fyrir árið 2015. WHO var beðið um að auka stuðning sinn við þau lönd þar sem berklar finnast, sérstaklega þau lönd þar sem finna má ónæma berkla og berklasmitaða alnæmissjúklinga.

4.7 Áætlanir og inngrip til að minnka skaða af völdum áfengisneyslu.

Árið 2005 samþykkti alþjóðaheilbrigðisþingið ályktun þess efnis að aðildarríkin beindu sjónum sínum sérstaklega að heilsuspillandi áhrifum áfengisneyslu. Ályktunin var lögð fram af frumkvæði Norðurlandanna og varð það fyrir tilstuðlan Davíðs Á. Gunnarssonar, þáverandi formanns framkvæmdastjórnar stofnunarinnar, að samstaða skapaðist milli aðildarríkja

um ályktunina. Ályktunin fór fram á að WHO legði fram skýrslu fyrir alþjóðaheilbrigðisþingið 2007 um mat á heilsuspillandi áhrifum áfengisneyslu og tillögur að því hvernig hægt væri að minnka skaða af völdum áfengis. Nokkur ríki með Svíþjóð í fararbroddi reyndu á þessu þingi að fá samþykkta ályktun þar sem kveðið var á um að framkvæmdastjóri stofnunarinnar legði fram áætlun sem miðaði að því að minnka skaða af völdum áfengisneyslu. Ekki tókst að samþykkja ályktunina þar sem nokkur ríki vildu að stofnunin færi sömu leið í áfengismálum og hún gerði í tóbaksmálum en á sínum tíma var samþykktur rammasamningur um tóbaksvarnir. Eftir þó nokkra umræðu var ákveðið að fresta umfjöllun um málið þar til á fundi framkvæmdastjórnar WHO í janúar 2008.

4.8 Langvinnir sjúkdómar – innleiðing alþjóðaáætlunar.

Talað er um faraldur langvinnra sjúkdóma þar sem tíðni þeirra virðist vera að aukast. Árið 2005 var talið að þessir sjúkdómar hafi dregið um 35 milljónir manna í heiminum til dauða og er það um 60% allra dauðsfalla í heiminum. Hjarta- og æðasjúkdómar eru hvað skæðastir í flokki þessara sjúkdóma og orsökuðu þeir tæplega helming allra dauðsfalla vegna langvinnra sjúkdóma. Framkvæmdastjóri WHO lagði fram framvinduskýrslu þar sem lýst var starfsemi stofnunarinnar varðandi langvinna sjúkdóma frá árinu 2000. Samþykkt var ályktun þar sem aðildarríki eru hvött til að efla forvarnir sínar gegn langvinnum sjúkdómum svo og meðferð við þeim. Einnig var ákveðið að lögð yrði fram aðgerðaáætlun á alþjóðaheilbrigðisþinginu árið 2008.

4.9 Munnheilsa.

Talið er að kostaður af völdum bágrar munnheilsu muni vaxa hratt næstu árin ef ekkert er að gert, sérstaklega meðal illra settra og fátækra þjóðfélagshópa og er þessi aukning tengd aukinni sykurneyslu og of lítilli flúornotkun. Í skjali sem lagt var fyrir þingið kemur fram að sjúkdómar í munnholi eru númer fjögur á lista yfir þá sjúkdóma sem dýrast er að meðhöndla. Samþykkt var ályktun á þinginu sem hvetur WHO til að vera leiðbeinandi í þessu starfi og veita aðildarríkjum tæknilega aðstoð við að efla munnheilsuáætlanir sínar.

4.10 Réttur mæðra og barna að heilbrigðisþjónustu tryggður – framvinduskýrsla.

Í tilefni af alþjóðaheilbrigðisskýrslunni um heilbrigði mæðra og barna sem kom út árið 2005 var samþykkt ályktun á alþjóðaheilbrigðisþinginu sama ár þar sem kveðið var á um að framkvæmdastjóri WHO gæfi frá sér skýrslu annað hvert ár um gang mála. Í skýrslunni sem lögð var fyrir þingið kom fram að á hverju ári eru framkvæmdar um 45 milljónir fóstureyðinga í heiminum. Um 19 milljónir þeirra eru gerðar við ófullnægjandi aðstæður og er það talið valda dauða um 68 þúsund kvenna á hverju ári. Skortur á heilbrigðisstarfsfólki hindrar mörg lönd í að geta aukið þjónustu við mæður og börn. Frá því að þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna um mæðravernd og ungbarnadauða voru sett hefur átt sér stað hægfara breyting til batnaðar en betur má ef duga skal.

4.11 Heilsuefling í alþjóðavæddum heimi.

Samþykkt var ályktun þar sem aðildarríki eru hvött til að auka fjárfestingu í heilsueflingu og leggja jafnframt aukna áherslu á heilsueflingu sem einn af lykilþáttum grunnheilbrigðisþjónustunnar og eflingu lýðheilsu.

4.12 Innleiðing kynja- og jafnréttissjónarmiða í vinnu WHO.

Samþykkt var ályktun þess efnis að kynja- og jafnréttissjónarmið séu höfð að leiðarljósi í allri vinnu WHO. Farið var fram á það við stofnunina að allar upplýsingar sem stofnunin lætur frá sér séu greindar eftir kyni. Að auki var framkvæmdastjóri stofnunarinnar beðinn um að greina þinginu frá gangi mála á tveggja ára fresti.

4.13 Heilsuvernd starfsmanna.

Aðildarríkin studdu heimsáætlun um bætt heilsufar starfsmanna fyrir tímabilið 2008–2017. Heimsáætlunin felur í sér að WHO leiðbeini aðildarríkjum við áætlanagerð hvað varðar heilsuvernd starfsmanna, að aðildarríki verndi og stuðli að góðri heilsu á vinnustöðum, bæti frammistöðu og aðgengi að heilbrigðisþjónustu á vinnustöðum, beiti gagnreyndum forvarnaaðgerðum og taki tillit til heilsuverndar starfsmanna í viðeigandi áætlunargerðum.

4.14 Heilbrigðiskerfi og neyðarþjónusta.

Samþykkt var ályktun um heilbrigðiskerfi og neyðarþjónustu sem beinir athygli stjórnvalda að þörfinni fyrir að styrkja áfalla- og neyðarþjónustu, þ.m.t. viðbúnað við stórslysum, og bent á aðgerðir sem stjórnvöld geti gripið til. Að auki var Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin beðin um að auka stuðning sinn við aðgerðir aðildarríkjanna á þessu sviði.

4.15 Rafræn heilbrigðisþjónusta.

Aðildarríkin samþykktu ályktun sem kveður á um að rafræn heilbrigðisþjónusta sé styrkt og að lögð sé meiri áhersla á vinnu WHO sem viðkemur heilbrigðistölfræði. Ályktunin fer einnig fram á að framkvæmdastjóri stofnunarinnar styrki upplýsinga- og rannsóknarvinnu innan stofnunarinnar og tryggi notkun sannreyndrar og uppfærðrar heilbrigðistölfræði til að auðvelda ákvarðanatöku varðandi áætlanagerð og leiðbeiningar sem stofnunin lætur frá sér.

4.16 Hlutverk WHO og ábyrgð á sviði heilbrigðisrannsókna.

Aðildarríkin samþykktu ályktun þar sem lögð var áhersla á samfellu í rannsóknaraðferðum WHO. Það er von manna að þetta muni aðstoða stofnunina við að miðla rannsóknarniðurstöðum og auðvelda notkun þeirra við ákvarðanatöku og stefnumörkun innan heilbrigðisþjónustunnar og auka skilvirkni við ákvarðanatöku.

4.17 Skynsamleg notkun lyfja.

Lyfjameðferð er ein af hagkvæmari meðferðum við sjúkdómum. Um 10–20% af heilbrigðisútgjöldum þróunarríkjanna fara í lyf en um 20–40% heilbrigðisútgjalda vestrænna ríkja fara í lyf. Umræðan um skynsamlega notkun lyfja tekur því á van- og ofávísun lyfja svo og ónægri meðferðarfylgni sjúklinga, sérstaklega hvað varðar lyf við langvinnum sjúkdómum eins og alnæmi og sykursýki. Samþykkt var ályktun sem kallar á að stuðlað verði að samþættri aðferð innan heilbrigðisþjónustunnar til að hvetja til skynsamlegrar notkunar lyfja – þá sérstaklega eru þverfaglegir hópar í aðildaríkjum beðnir um að fylgjast með lyfjanotkun og hvetja til skynsamlegrar notkunar lyfja.

4.18 Betra aðgengi að lyfjum ætluð börnum.

Ályktunin sem samþykkt var fer fram á að framkvæmdastjóri WHO taki upp í framkvæmdaáætlun stofnunarinnar að auka aðgengi að nauðsynlegum lyfjum ætluðum börnum. Árið 2007 mun WHO útbúa lista yfir nauðsynleg lyf fyrir börn sem hægt er að nota sem

fyrirmynd. Að auki mun stofnunin útbúa gagnreyndar upplýsingar um lyfin fyrir umönnunaraðila og þá sem ávísa lyfjunum. Þá mun stofnunin greina þörfina á rannsóknum til að búa megi til betri lyf ætluð börnum.

4.19 Heilbrigðistækni.

Undir heilbrigðistækni flokkast öll þau aðföng sem notuð eru til að mæta heilbrigðisþörfum heilbrigðra eða sjúkra. Þetta geta verið lyf, lækningatæki eða læknismeðferðir. Litið er á aðgengi að heilbrigðistækni sem nauðsynlegt til að minnka bilið á milli fátækra og ríkra landa, svo og bilið milli þjóðfélagshópa í hverju landi fyrir sig. Minnst var á að mikill hluti fólks í heiminum lifir við fátækt og hefur ekki aðgang að þeim úrræðum sem heilbrigðistækni skapar. Í ályktuninni sem samþykkt var á þinginu er skorað á aðildarríkin að safna, sannreyna, uppfæra og skiptast á upplýsingum um heilbrigðistækni í þeim tilgangi að auðvelda forgangsröðun verkefna og ákvarðanir um fjárveitingar til þeirra. Jafnframt var mælt með samstarfi á þessu sviði, milli landa sem og innan þeirra.

4.20 Lýðheilsa, nýsköpun og hugverkaréttur.

Í febrúar 2004 var stofnuð nefnd um lýðheilsu, nýsköpun og hugverkarétt sem safnaði upplýsingum um hvernig hvetja mætti til þróunar nýrra eða endurbættra lyfja og lækningatækja við sjúkdómum sem hrjá þróunarlöndin sérstaklega. Í framhaldi af því var stofnaður vinnuhópur opinn öllum aðildarríkjum og skilaði hópurinn nú inn niðurstöðum sínum. Þingið náði eftir þó nokkra umræðu að komast að samkomulagi um ályktun sem þakkar framkvæmdastjóra WHO, dr. Chan, fyrir stuðning við vinnuhópinn og hvetur hana til að sjá til þessa að gerð verði áætlun út frá niðurstöðum vinnuhópsins. Dr. Chan sagðist taka á þessu máli af fullri alvöru og að markmiðið væri að lækka dánartíðni og lina þjáningar.

4.21 Miðannar-verkefnaáætlun fyrir tímabilið 2008–2013.

Stofnunin vinnur eftir sinni elleftu framkvæmdaáætlun sem nær yfir tímabilið 2006–2015 og tekur mið af þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Þar sem framkvæmdaáætlunin nær yfir langan tíma var ákveðið að útbúa miðannar-verkefnaáætlun. Í henni er lögð áhersla á 16 forgangsatriði sem munu haldast næstu þrjú fjárhagsáætlunartímabilin eða frá 2008–2013.

5. Ályktanir og helstu málefni tekin fyrir í nefnd B.

5.1 Heilbrigðisástand á hernumdum svæðum Palestínu, þ.m.t. Jerúsalem og á hernumdum svæðum Gólanhæða.

Fyrsta verk nefndarinnar var að taka fyrir ályktun þar sem lýst var yfir áhyggjum af versnandi heilsu og efnahagsástandi á hernumdum landsvæðum í Palestínu, að Jerúsalem meðtaldri og á hernumdum svæðum Gólanhæða. Segja má að þetta sé orðinn árlegur viðburður á þinginu og yfirleitt eitt af hitamálum þingsins. Aðildarríki töldu að ályktunin í ár væri með svipuðu sniði og áður en að venju mótmæltu Ísraelar henni harðlega og sögðu að pólitískar ástæður lægju að baki en ekki ásetningur um að bæta heilsu Palestínumanna. Talsmaður Bandaríkjanna óskaði þá eftir atkvæðagreiðslu um ályktunina og varð niðurstaðan sú að 106 ríki samþykktu hana samanborið við 57 ríki árið áður og sjö ríki mótmæltu henni en níu ríki árið áður. Tólf ríki sátu hjá samanborið við 61 ríki árið áður og var Ísland meðal þeirra.

5.2 Fjárlagatillögur og fjármál.

Þessi dagskrárliður var í mörgum liðum og voru alls sex ályktanir samþykktar undir honum. Fyrst var fjallað um þau ríki sem misst höfðu kosningarétt sinn á alþjóðaheilbrigðisþinginu vegna vanskila framlaga. Því næst voru tekin til umræðu þau lönd sem samkomulag hafði náðst við um greiðslu skulda.

Þá samþykkti þingið fjárhagsáætlun stofnunarinnar fyrir tímabilið 2008–2009 sem hljóðar upp á 4,2 milljarða bandaríkjadala sem er aukning um tæplega 1 milljarð bandaríkjadala frá síðasta tímabili 2006–2007 sem var þá 3,3 milljarðar bandaríkjadala, sbr. töflu:

		2006–2007 (milljónir bandaríkjadala)	**2008–2009 (milljónir bandaríkjadala)**
Fastur hluti	a) föst framlög aðildarríkja	893	929
	b) aðrar tekjur	22	30
Fastur hluti alls		915	959
Frjáls hluti		2.398	3.268
	Alls	**3.313**	**4.227**

Á fjárhagsáætluninni fyrir tímablið 2008–2009 má sjá aukna fjárfestingu í heilsu. Framkvæmdastjóri WHO sagði að áætluð aukning fjárlaga stofnunarinnar endurspeglaði auknar væntingar og kröfur aðildarríkjanna. Þetta hefði einnig mikla þýðingu fyrir stofnunina og gerði hana betur í stakk búna til að veita aðildarríkjum aðstoð í samstarfi við aðrar stofnanir Sameinuðu þjóðanna og aðra samstarfsaðila. Þetta er í fyrsta skiptið sem fjárhagsáætlunin er hluti af sex ára miðannar-verkefnaáætlun stofnunarinnar sem einnig var samþykkt af þessu þingi.

Undir þessum lið var einnig ákveðið að Indland tæki að sér endurskoðun fjármála stofnunarinnar fyrir næstu tvö fjárhagstímabil stofunarinnar eða tímabilið 2008–2011.

5.3. Samstarf við aðrar stofnanir Sameinuðu þjóðanna og alþjóðastofnanir.

Á hverju þingi er lögð fram skýrsla um samstarf WHO við aðrar stofnanir Sameinuðu þjóðanna og alþjóðastofnanir og var í ár engin breyting þar á. Á þinginu árið áður hafði verið samþykkt ályktun þar sem farið var fram á að WHO tæki af fullum krafti þátt í þeim umbótum sem hafnar eru á starfi og uppbyggingu Sameinuðu þjóðanna. Í ályktuninni frá árinu áður var mælst til þess að WHO hygði að vinnu sinni í aðildarríkjunum með tilliti til vinnu annarra stofnana Sameinuðu þjóðanna til að koma í veg fyrir skörun á starfssviðum og til að auka skilvirkni.

6. Fræðslu- og upplýsingafundir.

Haldnir voru sjö fræðslu- og upplýsingafundir meðan á þinginu stóð en þar var tekin fyrir innleiðing alþjóðaheilbrigðisreglugerðarinnar, hvernig deila eigi upplýsingum um inflúensuveirur og hvernig þessar upplýsingar eru nýttar til að útbúa bóluefni, lýðheilsa, nýsköpun og hugverkaréttur á heilbrigðissviði, flutningur heilbrigðisstarfsfólks frá þróunarríkjunum, 20 ára afmæli átaks um mæðravernd, tóbaksnotkun á vinnustöðum og að lokum varnir gegn loftslagsbreytingum.

7. Samráðsfundir.

7.1 Norðurlandahópurinn.

Á hverjum morgni hittust fulltrúar Norðurlandanna og fóru yfir stöðu mála. Danir stjórnuðu þessum fundum þar sem Danmörk situr í framkvæmdastjórn stofnunarinnar fyrir hönd Norðurlandanna. Á fundunum var farið yfir dagskrá þingsins og framlög hvers lands fyrir sig til hinna ýmsu málefna auk sameiginlegra ræðna Norðurlandanna eftir því sem þær lágu fyrir. Á undanförnum þingum hefur sameiginlegum ræðum Norðurlandanna fækkað og hefur það einkum komið til af því að samræmd innlegg Evrópusambandsins setja í vaxandi mæli mark sitt á þinghaldið.

7.2 Vestur-Evrópski hópurinn og aðrir (WEOG).

Lönd Vestur-Evrópu og fleiri hópar héldu sömuleiðis samráðsfund á hverjum morgni. Þar var farið yfir stöðu og horfur mála á þinginu.

8. Dagskrá Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar árið 2008.

Ákveðið var að halda 122. fund framkvæmdastjórnarinnar 21.–26. janúar, alþjóðaheilbrigðisdagurinn verður að venju haldinn 7. apríl og verður hann að þessu sinni tileinkaður heilsuvernd á tímum loftslagsbreytinga, 61. alþjóðaheilbrigðisþingið verður haldið 19.–24. maí og fundur Evrópudeildar WHO verður haldinn 15.–18. september í Tbilisi, í Georgíu.

121. FUNDUR FRAMKVÆMDASTJÓRNAR WHO Í GENF 24.–26. MAÍ 2007

1. Inngangur.

Dagana 24.–26. maí 2007 var haldinn í Genf 121. fundur framkvæmdastjórnar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Formaður framkvæmdastjórnarinnar var kosinn dr. B. Sadasivan frá Singapúr, en fráfarandi formaður var dr. A. Araníbar frá Bólivíu. Varamenn voru kosnir dr. Gwenigale frá Líberíu, dr. Maza Brizuela frá El Salvador, dr. Jaksons frá Litháen og Mr. Miguil frá Djibútí en dr. Jigmi Sigay frá Bútan var kosinn skýrslugjafi. Á fundinum voru samþykktar tvær ályktanir og sótti fundinn fyrir Íslands hönd Vilborg Ingólfsdóttir, skrifstofustjóri í heilbrigðisráðuneytinu.

2. Helstu umræðuefni fundarins.

2.1 Niðurstöður alþjóðaheilbrigðisþingsins 2007.

Minnst var á langa dagskrá þingsins og að samþykktar hefðu verið alls 30 ályktanir. Vakin var athygli á því að þingið hefði eytt dýrmætum tíma í að ræða og kjósa um aðildarumsókn Taívans að stofnuninni. Þetta var í ellefta skiptið sem þingið tók þessa ósk fyrir og fór eins og venjulega fyrsti dagur þingsins í þetta mál. Óskað var eftir því að framkvæmdastjórinn fyndi annað fyrirkomulag til að ræða aðildarumsóknina.

2.2 Kosning framkvæmdastjóra og tilnefning staðgengils.

Mikil umræða skapaðist um það hvort kosning framkvæmdastjóra stofnunarinnar ætti að vera háð samkomulagi um landfræðilega skiptingu en engin niðurstaða fékkst í því máli. Því næst var tekin fyrir tilnefning staðgengils framkvæmdastjóra. Mikil óvissa ríkti um hver staðgengill fyrrverandi framkvæmdastjóra var er hann féll frá. Til að fyrirbyggja að þessi staða kæmi aftur upp voru allir sammála um að framkvæmdastjóra stofnunarinnar bæri að tilnefna staðgengil sinn og gera það kunnugt. Engin ályktun var samþykkt undir þessum lið en fram-

kvæmdastjóri stofnunarinnar var beðinn um að útbúa skjal með tillögunum sem ræddar yrðu fyrir næsta framkvæmdastjórnarfund í janúar 2008.

2.3 Starfsreglur framkvæmdastjórnarinnar.

Síðast voru starfsreglur framkvæmdastjórnarinnar samþykktar í maí 2003. Umræðan snerist um það hvort formaður framkvæmdastjórnarinnar og varamenn hans ættu að fara yfir þær ályktanir sem lagðar yrðu fram áður en þær fara fyrir aðra í framkvæmdastjórninni. Flestir voru á móti þessari hugmynd og sögðu að líklega mundu þá fleiri ályktanir vera lagðar beint fyrir alþjóðaheilbrigðisþingið án þess að hafa áður verið ræddar í framkvæmdastjórninni. Samþykkt var ályktun sem gerir reglur skýrari um val á dagskrárliðum fyrir framkvæmdastjórnarfundina og um þær ályktanir sem lagðar eru fram.

2.4 Framkvæmdaáætlun um fjöltyngi innan WHO.

Á undanförnum árum hefur krafan um fjöltyngi innan WHO orðið æ háværari en viðurkennd tungumál stofnunarinnar eru arabíska, enska, franska, kínverska, rússneska og spænska. Margt hefur verið gert til að auka aðgang að því efni sem stofnunin hefur gefið út, þ.m.t. á heimasíðu stofnunarinnar. Það sem hefur helst staðið í vegi fyrir þessum áformum er kostnaðurinn sem þýðingavinnunni fylgir en talið er að á tímabilinu 2008–2013 muni kostnaðurinn vera um 20 milljónir bandaríkjadala.

3. Ályktanir fundarins.

Á fundinum voru samþykktar eins og fyrr greinir tvær ályktanir.

FUNDUR SVÆÐISNEFNDAR WHO Í EVRÓPU Í BELGRAD 17.–21. SEPTEMBER 2007

1. Inngangur.

Fimmtugasti og sjöundi fundur svæðisnefndar Evrópu var haldinn í Belgrad í þriðju viku septembermánaðar 2007. Fundurinn var vel sóttur að venju og sendu öll 53 aðildarríki svæðisskrifstofunnar fulltrúa sína á fundinn. Fulltrúar alþjóðasamtaka og alþjóðastofnana sóttu einnig fundinn. Það vakti undrun margra þegar ákveðið var að halda umræddan fund í Serbíu svo skömmu eftir átökin á Balkanskaga og árásir NATO á Belgrad. Serbum er hins vegar greinilega umhugað um að sýna að þeir ætla sér þátttöku í starfi WHO á við aðrar þjóðir. Mikið vantar upp á að heilbrigðisástandið í landinu geti talist nægjanlega gott. Meðalaldur karla er til að mynda 66 ár og tíðni sjálfsvíga í norðurhluta landsins er með því hæsta sem þekkist á öllu Evrópusvæðinu. Meðallaun í Serbíu í dag eru um 35 þús. ísl. kr. á mánuði.

2. Ávörp.

Framkvæmdastjóri WHO, dr. Margaret Chan, ávarpaði fundinn og gerði grein fyrir stöðu heilbrigðismála víðs vegar um heiminn. Hún gerði sérstaklega að umræðuefni frumkvæði Evrópuskrifstofunnar á ýmsum sviðum, svo sem heilsu og umhverfi, baráttuna gegn langvinnum sjúkdómum, heilsueflingu, bætt mataræði, heilsuborgir, heilsuskóla, heilsuvernd á vinnustöðum, heilsufar innflytjenda og heilbrigðisþarfir aldraðra. Dr. Chan sagði að mörg viðfangsefni sem Evrópuskrifstofan hefði sett á dagskrá væru nú viðfangsefni Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um allan heim.

Forstjóri Evrópuskrifstofunnar, dr. Marc Danzon, fjallaði m.a. um alþjóðaheilbrigðisreglugerðina, flutning heilbrigðisstarfsfólks milli landa og eflingu heilbrigðiskerfa aðildarríkjanna. Sömuleiðis gerði hann grein fyrir samstarfi Evrópuskrifstofunnar við Efnahags- og framfarastofnunina (OECD) og Evrópusambandið um söfnun og vinnslu heilbrigðistölfræði og flokkun heilbrigðisútgjalda.

Forseti serbneska lýðveldisins, Boris Tadic, ávarpaði fund svæðisnefndarinnar og lagði áherslu á mikilvægi samstarfs aðildarríkjanna í heilbrigðismálum og að þau nýttu sér framfarir í tækni og þekkingu sér til hagsbóta á öllum sviðum. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin væri dæmi um stofnun sem leitaðist við að leysa heimsvandamál í samstarfi við ríkisstjórnir, alþjóðastofnanir og aðra samstarfsaðila.

3. Helstu málefni.

3.1 Mannaflamál heilbrigðisþjónustunnar.

Skortur á heilbrigðisstarfsfólki er vandi sem menn glíma jafnt við í ríkum sem fátækum löndum. Heilbrigðisstarfsfólk flytur í vaxandi mæli frá þróunarlöndunum til þeirra landa þar sem velmegun er meiri og þróuðu ríkin mennta ekki nægjanlega marga sérhæfða heilbrigðisstarfsmenn. Samþykkt var ályktun sem leggur áherslu á víðtækar aðgerðir til þess að bæta ástandið.

3.*2 Aðgerðaráætlun fyrir fæðu- og næringarstefnu 2007–2012.*

Þrátt fyrir viðleitni til þess að bæta næringu og öryggi matvæla í aðildarríkjunum hefur sjúkdómabyrði vegna lélegrar næringar farið vaxandi undanfarin ár. Aðgerðaáætlun sem miðar að því að bæta ástandið var samþykkt.

3.3 Þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Fjallað var um hvernig gengið hefði að ná þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna en það eru einkum markmið 4 og 5 sem snerta heilbrigðismál. Staða Evrópu er mun betri en annarra svæða heimsins. Þó eru horfur á því að mörg lönd á Evrópusvæðinu hafi ekki náð settum markmiðum árið 2015. Samþykkt var áætlun sem hvetur aðildarríkin og Evrópuskrifstofuna til frekari dáða.

3.4 Baráttan gegn offitu og ofþyngd.

Aðildarríkin gerðu grein fyrir framfylgd markmiða ráðherrafundarins um aðgerðir til þess að draga úr offitu sem haldinn var í Istanbúl í nóvember 2006. Mörg ríki hafa þegar hrundið víðtækum aðgerðaráætlunum í framkvæmd.

3.5 Aðgerðir til eflingar heilbrigðiskerfa.

Í samræmi við ályktun 55. fundar svæðisnefndarinnar frá árinu 2005 hefur Evrópuskrifstofa WHO undanfarin ár unnið skipulega að því að aðstoða aðildarríkin við að þróa og hrinda í framkvæmd aðgerðum til þess að efla heilbrigðiskerfi landanna. Í júní á næsta ári verður haldinn ráðherrafundur um þetta efni í Tallinn í Eistlandi.

3.6 Aðgerðir til þessa að draga úr langvinnum sjúkdómum.

Á 56. fundi svæðisnefndarinnar árið 2006 var samþykkt tillaga um stefnumörkun sem miðar að því að draga úr langvinnum sjúkdómum á starfssvæði Evrópuskrifstofunnar. Danir

hafa fyrir hönd Norðurlandanna lagt sitt af mörkum til þess að móta sameiginlega aðgerðaráætlun á þessu sviði.

3.7 Stofnun miðstöðvar á sviði langvinnra sjúkdóma.

Grikkir lögðu fram tillögu um að komið yrði á fót miðstöð langvinnra sjúkdóma í Aþenu. Norðurlöndin töldu óráðlegt að kljúfa þennan málaflokk frá kjarnaverkefnum Evrópuskrifstofu WHO í Kaupmannahöfn en máttu ekki við margnum og víst þykir að umræddri miðstöð verði fundinn staður í höfuðborg Grikklands.

3.8 Skýrsla umhverfis- og heilbrigðisnefndarinnar.

Samkvæmt venju var lögð fram skýrsla evrópsku umhverfis- og heilbrigðisnefndarinnar sem starfar í samræmi við samþykktir ráðherrafundar um sama efni sem haldinn var í Búdapest árið 2004. Næsti ráðherrafundur um umhverfis- og heilbrigðismál verður haldinn árið 2009, en í skýrslu nefndarinnar er sérstaklega gerð grein fyrir hvernig gengur að framfylgja markmiðum þessa samstarfs.

3.9 Heilbrigðisöryggi á Evrópusvæði WHO.

Alþjóðaheilbrigðisdagurinn 7. apríl 2007 var tileinkaður alþjóðlegu heilbrigðisöryggi og var markmið hans að hvetja stjórnvöld, stofnanir og fyrirtæki til að fjárfesta í heilbrigði og stefna þannig að öruggari framtíð. Á fundinum var fjallað um þá ógn við almannaheill sem stafar af bráðalungnabólgu, fuglainflúensu, alnæmi og óvæntum áföllum sem geta haft í för með sér alvarlegar heilsufarslegar afleiðingar. Þar kom fram að flest aðildarríkin hafa gert viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja framkvæmd alþjóðaheilbrigðisreglugerðarinnar sem tók gildi 15. júní 2007.

3.10 Lýðheilsa, nýsköpun og höfundarréttur.

Lögð var fram og rædd skýrsla vinnuhóps um lýðheilsu, nýjungar og höfundarrétt en hann starfar í samræmi við ályktun 59. alþjóðaheilbrigðisþingsins um það efni.

4. Aðrir fundir – Tæknileg málefni.

Haldnir voru sérstakir kynningarfundir um alþjóðaheilbrigðisreglugerðina, rödd sjúklinga í lýðheilsustarfi, stöðu vatnstengdra sjúkdóma og framkvæmd samþykktar um vatn og heilbrigði, og loks kynning á heilbrigðisástandi og skipulagi heilbrigðisþjónustu í Serbíu.

5. Ályktanir fundarins.

Á fundinum voru samþykktar fimm ályktanir.

Fylgiskjal.

Dagskrár funda, skjöl og ályktanir:

120. framkvæmdastjórnarfundur WHO (EB120): www.who.it/gb

Alþjóðaheilbrigðisþingið 2007 (WHA60): www.who.int/gb

121. framkvæmdastjórnarfundur WHO (EB121): www.who.int/gb

Fundur svæðisnefndar WHO í Evrópu 2007 (EURO57): www.euro.who.int/rc

907. Varnarmálalög. [331. mál]

(Afgreidd frá Alþingi 16. apríl.)

Samhljóða þskj. 890.

908. Svar [332. mál]

félags- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Sivjar Friðleifsdóttur um félagslega þjónustu sveitarfélaga.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu stórt hlutfall íbúa einstakra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu nýtur félagslegrar þjónustu sveitarfélags síns?*
2. *Hversu stórt hlutfall íbúa Reykjanesbæjar, Ísafjarðarbæjar, Akureyrar, Fljótsdalshéraðs, Árborgar og Sveitarfélagsins Hornafjarðar nýtur félagslegrar þjónustu sveitarfélags síns?*

Í svarinu er byggt á upplýsingum frá viðkomandi sveitarfélögum um það hversu margir íbúar nýttu eftirtalda félagslega þjónustu á vegum sveitarfélagsins: Ferðaþjónustu fyrir aldraða og fatlaða, félagslegar íbúðir, fjárhagsaðstoð og ráðgjöf, heimaþjónustu og félagslega liðveislu og húsaleigubætur. Þar sem ekki bárust samræmdar upplýsingar frá öllum sveitarfélögum reyndist ekki unnt að bera alla þætti félagslegrar þjónustu saman með ítarlegri hætti en fram kemur í svari þessu enda eru dæmi um að innbyrðis samsetning félagslegrar þjónustu einstakra sveitarfélaga sé mismunandi. Í félags- og tryggingamálaráðuneytinu er nú unnið að frekari greiningu á félagslegri þjónustu á vegum sveitarfélaga um land allt.

Tafla 1.

Sveitarfélag	Hlutfall íbúa	Viðmiðunarár
Reykjavíkurborg	14%	2006
Kópavogsbær	7%	2006
Seltjarnarneskaupstaður	7%	2007
Hafnarfjarðarkaupstaður	7%	2006
Garðabær	6%	2007
Mosfellsbær	5%	2007

Tafla 2.

Sveitarfélag	Hlutfall íbúa	Viðmiðunarár
Reykjanesbær	15%	2006
Ísafjarðarbær	14%	2007
Akureyrarkaupstaður	12%	2007
Fljótsdalshérað	6%	2007
Sveitarfélagið Hornafjörður	12%	2006
Sveitarfélagið Árborg	10%	2006

909. Frumvarp til laga [587. mál]

um brottfall laga um Bjargráðasjóð, nr. 146/1995, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

Starfsemi Bjargráðasjóðs skal lögð niður og eignum og skuldbindingum sjóðsins skipt á milli eignaraðila hans í samræmi við ákvæði laga þessara.

Stjórn sjóðsins stýrir uppgjöri á eignum og skuldbindingum sjóðsins og er henni heimilt að afla sérfræðiaðstoðar eftir því sem hún telur þörf á.

2. gr.

Réttur til styrkja úr sjóðnum fellur niður vegna tjóna sem verða eftir 30. júní 2008. Umsóknum vegna tjóna skal skilað til sjóðsins eigi síðar en 15. nóvember 2008. Umsóknir sem berast eftir þann tíma verða ekki teknar til greina við uppgjör sjóðsins.

Frá og með 1. janúar 2008 fellur niður lögbundin skylda ríkis, sveitarfélaga og bænda í gegnum búnaðargjald til að standa sjóðnum skil á tekjum hans.

Miðað skal við að uppgjöri sjóðsins verði lokið fyrir árslok 2008. Umboð stjórnar sjóðsins fellur brott þegar uppgjöri sjóðsins er að fullu lokið.

3. gr.

Að teknu tilliti til skuldbindinga Bjargráðasjóðs skal nettóeign sjóðsins skipt á milli eignaraðila hans í jöfnum hlutföllum.

Samband íslenskra sveitarfélaga skal hafa forkaupsrétt að fasteign sjóðsins.

Eignarhlutur sveitarfélaganna skal renna til Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna yfirtöku allra skuldbindinga vegna starfsmanna Bjargráðasjóðs, þar á meðal lífeyrisskuldbindinga, og kaupa á fasteign sjóðsins.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög um Bjargráðasjóð, nr. 146/1995, með síðari breytingum, og ákvæði í viðauka við lög um búnaðargjald, nr. 84/1997, með síðari breytingum, sem kveða á um hlutdeild Bjargráðasjóðs í búnaðargjaldi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta hefur það að markmiði að fella úr gildi lög um Bjargráðasjóð, nr. 146/1995, með síðari breytingum, og skipta hreinum eignum sjóðsins milli eigenda hans.

Í meginatriðum byggist frumvarpið á samþykkt stjórnar Bjargráðasjóðs frá 12. nóvember 2007, þar sem lagt var til að unnið yrði að tillögum um breytingar á starfsemi og rekstri sjóðsins og í þeirri vinnu yrði tekið tillit til óska um að fjármögnun og rekstur sjóðsins verði færður frá sveitarfélögunum. Í samræmi við það voru unnar tillögur um með hvaða hætti eignum og skuldbindingum sjóðsins verði skipt upp milli eigenda. Fyrirkomulagi í tryggingamálum landbúnaðarins er síðan vísað til umræðu á vettvangi Bændasamtaka Íslands og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins.

I.

Bjargráðasjóður Íslands var stofnaður með lögum nr. 45/1913 í þeim tilgangi að koma til hjálpar landsmönnum í hallæri eða til að afstýra því. Í 1. gr. laganna er hallæri skilgreint svo að sveitarfélag verði svo illa statt að það megni ekki af eigin rammleik að forða mönnum og skepnum við harðrétti eða felli. Á þeim tíma gátu búfjárfellir og önnur áföll í landbúnaði haft í för með sér mjög alvarlegar afleiðingar fyrir íbúa sveitarfélaganna. Var stjórn sjóðsins m.a. falið það hlutverk að hafa vakandi auga á öllum hallærishættum og veita landsstjórninni lið til allra framkvæmda sem miðuðu að því að afstýra hallæri. Skylt var að setja sérstaka bjargráðasamþykkt fyrir hverja sýslu eða kaupstað. Skv. 12. gr. laganna átti hvert hérað tilkall til að ráðstafa séreign sinni í bjargráðasjóðnum til útbýtingar samkvæmt bjargráðasamþykkt sinni. Dygði séreignin ekki til forðatryggingar eða hjálpar í hallæri var heimilt að veita því héraði vaxtalaust bráðabirgðalán af sameignarfé sjóðsins gegn veði í bjargráðagjaldi héraðsins.

Gildandi lög um Bjargráðasjóð eru nr. 146/1995, með síðari breytingum, og hefur á grundvelli þeirra verið sett reglugerð nr. 30/1998. Hlutverk sjóðsins hefur tekið verulegum breytingum frá stofnun hans enda hafa sveitarfélögin og aðrir opinberir aðilar ríkar skyldur til að mæta áföllum sem dunið geta á landsmönnum. Má sem dæmi nefna að sett hafa verið lög um félagsþjónustu sveitarfélaga, Viðlagatryggingu Íslands, Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga og Atvinnuleysistryggingasjóð. Fjölmörg úrræði sem ekki voru til staðar við setningu upphaflegra laga um Bjargráðasjóð eru því fyrir hendi til að bæta áföll sem einstök landsvæði kunna að verða fyrir, m.a. í landbúnaði. Möguleikar til töku margvíslegra trygginga á frjálsum markaði hafa einnig stóraukist og það hafa atvinnurekendur og einstaklingar nýtt sér í ríkum mæli.

Þróun í landbúnaði og ákvarðanir einstakra búgreinafélaga hafa leitt til þess að iðgjöld til Bjargráðasjóðs hafa farið lækkandi og tilteknar búgreinar hafa kosið að hætta aðild að sjóðnum. Mestu munar nú að það hefur verið eindregin afstaða félagsmanna í Landssambandi kúa-

bænda að búgreinin hætti þátttöku í búnaðardeild Bjargráðasjóðs. Aðrar búgreinar, t.d. hrossarækt, eiga aðild að sjóðnum en greiðslur til Bjargráðasjóðs virðast ekki vera í samræmi við þróun og umfang í þeirri búgrein. Ýmsar nýjar búgreinar sem nú eru stundaðar, svo sem skógrækt og kornrækt, eiga ekki aðild að sjóðnum. Jafnframt eru skiptar skoðanir um það innan einstakra búgreina sem ennþá eiga aðild að Bjargráðasjóði hvort þeirri aðild verði haldið áfram. Smám saman hefur því verið að fjara undan starfsemi búnaðardeildar sjóðsins að frumkvæði landbúnaðarins eða vegna ákvarðana einstakra búgreinafélaga.

II.

Tekjustofnar Bjargráðasjóðs eru framlög ríkisins samkvæmt fjárlögum hverju sinni, árleg íbúaframlög sveitarfélaga sem bundin eru vísitölu neysluverð og hlutdeild í búnaðargjaldi af söluvörum landbúnaðarins. Jafnframt eru tekjur af vöxtum sjóðsins af eigin fé. Tekjur sjóðsins skiptast í samræmi við 6. gr. laganna þannig að í almennu deild sjóðsins renna 75% af framlögum sveitarfélaga og jafnhá fjárhæð af framlagi ríkissjóðs og vaxtatekjur sjóðsins en í búnaðardeild sjóðsins rennur hlutdeild í búnaðargjaldi, 25% af framlögum sveitarfélaga og sá hluti framlags ríkissjóðs sem ekki rennur til almennu deildar.

Framlög sveitarfélaga eru bundin vísitölu neysluverðs og voru árið 2007 131,91 kr. á íbúa eða samtals 40,5 millj. kr. Framlag ríkissjóðs er ákveðið á fjárlögum hverju sinni og hefur það verið 10 millj. kr. undanfarin ár. Hlutdeild í búnaðargjaldi var 0,6% frá 1972 til 1995, en hefur síðan farið lækkandi og voru tekjur sjóðsins af því 27,4 millj. kr. árið 2007.

Greiðsluframlög sveitarfélaganna til Bjargráðasjóðs hafa í tímans rás þróast þannig að líta má á þau sem beinan stuðning eða styrk við hluta einnar atvinnugreinar í landinu þrátt fyrir að mikilvægi landbúnaðar sem atvinnugreinar sé allt annað og minna en í upphafi 20. aldar. Hefur stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga bent á að verkefni Bjargráðasjóðs er ekki sveitarstjórnarmál heldur atvinnumál og því sé eðlilegt að landbúnaðarráðuneyti fari með málefni sjóðsins í samvinnu við Bændasamtökin. Má benda á að u.þ.b. ⅔ hlutar framlaga sveitarfélaga til sjóðsins koma frá íbúum á höfuðborgarsvæðinu en þar er landbúnaður nánast enginn. Þær tilteknu búgreinar sem tekið hafa ákvörðun um að greiddur skuli hluti búnaðargjalds til sjóðsins af framleiðslu greinanna hafa notið þessa stuðnings. Lögbundin framlög sveitarfélaganna á grundvelli laga nr. 146/1995 hafa því vakið ýmsar spurningar, m.a. um jafnræði og samkeppnisstöðu einstakra atvinnugreina og hvort rétt sé að sveitarfélögum sé skylt samkvæmt lögum að styðja eina atvinnugrein umfram aðrar.

III.

Bjargráðasjóður skiptist í tvær deildir, almenna deild og búnaðardeild. Hlutverk almennu deildar sjóðsins er að veita einstaklingum, félögum og sveitarfélögum fjárhagsaðstoð til að bæta meiri háttar bein tjón af völdum náttúruhamfara, sbr. 8. gr. laganna. Ekki eru bætt tjón sem njóta almennrar tryggingaverndar eða hægt er að fá bætt með öðrum hætti, sbr. ákvæði laga um Viðlagatryggingu Íslands. Ekki er veitt fjárhagsaðstoð vegna tjóns ef ásetningi eða gáleysi eiganda eða umsjónarmanns verður um kennt, eðlilegar varnir ekki við hafðar og ef staðsetning hluta er óeðlileg með tilliti til tjónahættu. Ekki er veitt fjárhagsaðstoð vegna tjóna á stærri mannvirkjum svo sem orku- og hafnamannvirkjum, sjóvarnagörðum, fiskeldismannvirkjum og skipasmíðastöðvum.

Hlutverk búnaðardeildar er að bæta meiri háttar tjón hjá einstaklingum og félögum vegna sjúkdóma, óvenjulegs veðurfars og slysa þegar ásetningi eða gáleysi eiganda eða umsjónarmanns verður eigi um kennt og eðlilegar varnir hafa verið við hafðar, sbr. 9. gr. laganna.

Ekki eru bætt tjón sem almennt er tryggt fyrir innan búgreinar eða hægt er að fá bætt með öðrum hætti, sbr. ákvæði laga um Viðlagatryggingu Íslands. Búnaðardeild bætir tjón á búfé og afurðum búfjár og uppskerutjón á garðávöxtum. Stjórn sjóðsins er enn fremur heimilt að styrkja fyrirbyggjandi aðgerðir til að koma í veg fyrir tjón sem honum bæri annars að bæta. Hámark fyrirbyggjandi styrkja er 10% af ráðstöfunarfé hvers árs. Forsenda styrkveitinga úr búnaðardeild sjóðsins er að skil hafi verið gerð á búnaðargjaldi í samræmi við ákvæði laga um búnaðargjald, nr. 84/1997, með síðari breytingum.

Fjárhagsaðstoð beggja deilda sjóðsins er fólgin í veitingu styrkja sem stjórn sjóðsins ákveður hverju sinni í samræmi við fjárhag og stöðu sjóðsins. Stjórn sjóðsins leggur mat á styrkhæfni tjóna, ákveður styrkhlutfall og eigin áhættu tjónþola í tjóni. Styrkhlutfall og eigin áhættu er stjórn sjóðsins heimilt að ákveða mismunandi eftir búgreinum og tegundum eigna og taka í því efni m.a. mið af tekjuskiptingu sjóðsins og rekstraráhættu hverrar búgreinar.

Hlutverk almennrar deildar sjóðsins hefur minnkað verulega frá því að Bjargráðasjóði var komið á fót. Greidd eru iðgjöld til Viðlagatryggingar, sbr. lög nr. 55/1992, m.a. af ýmsum mannvirkjum sveitarfélaga og einstaklinga sem áður voru ótryggð, og ofanflóðasjóður er einnig starfræktur, sbr. lög nr. 49/1997. Komið hefur því verið á meiri tryggingavernd vegna tjóna af völdum náttúruhamfara sem áður var ekki til staðar. Möguleikar til töku margvíslegra trygginga á frjálsum markaði hafa stóraukist og það hafa atvinnurekendur og einstaklingar nýtt sér í ríkum mæli. Tjón vegna uppskerubrests af völdum kals í túnum hafa þó verið greidd úr almennri deild sjóðsins. Þegar mikil tjón hafa orðið af völdum kals hefur ríkissjóður greitt sérstök framlög til sjóðsins til að mæta þeim áföllum.

IV.

Á undanförnum árum hefur verið umræða um að leggja Bjargráðasjóð niður og að tryggingar taki við hlutverki hans. Aðalástæður þessara umræðna eru sennilega þær að tjón eru ekki bætt að fullu og eigin áhætta tjónþola hefur hækkað á liðum árum. Nokkrar kannanir hafa verið gerðar á undanförnum árum á bótakerfi sjóðsins og það borið saman við tryggingar sem í boði eru hjá tryggingafélögum. Vandinn hefur einkum verið sá að ekki eru til tryggingar sem eru fyllilega sambærilegar við bótareglur Bjargráðasjóðs. Enn fremur hefur verið litið svo á að ekki væri unnt að koma á slíku tryggingakerfi á almennum markaði á meðan sjóðurinn er starfræktur. Á hinn bóginn er ljóst að tryggingafélögin bjóða tryggingar af ýmsu tagi sem Bjargráðasjóður hefur ekki gert, svo sem sérstakar brunatryggingar og rekstrarstöðvunartryggingar. Með breyttum búskaparháttum og stærri búum hafa æ fleiri bændur keypt slíkar tryggingar.

Á fundi stjórnar Bjargráðasjóðs 7. desember 2005 var samþykkt að gera úttekt á framtíðarhlutverki sjóðsins og tryggingum í landbúnaði í samráði við Bændasamtök Íslands. Úttektin verði unnin af sérfróðum aðilum á sviði trygginga, laga og búrekstrar í samráði við áðurnefnda aðila. Í framhaldi af því samþykkti stjórn Bjargráðasjóðs 2. mars 2006 að skipa nefnd til að fjalla um framtíðarhlutverk sjóðsins í samráði við stjórnarmenn. Óskað var tilnefningar í nefndina frá Bændasamtökum Íslands, félagsmálaráðuneytinu, landbúnaðarráðuneytinu og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Að frumkvæði nefndarinnar var 22. júní 2007 gerður samningur við ráðgjafarfyrirtækið ParX um að kanna viðhorf hagsmunaaðila til Bjargráðasjóðs. Rætt var við forsvarsmenn Bændasamtaka Íslands, Landssamtaka sauðfjárbænda, Landssambands kúabænda, Félags kjúklingabænda, Félags eggjaframleiðenda, Svínaræktarfélags Íslands, Sambands íslenskra

sveitarfélaga og fulltrúa félags- og landbúnaðarráðuneyta. Í minnisblaði um niðurstöður þeirra viðtala koma fram afar ólíkar skoðanir.

Skýrasta afstöðu tekur Samband íslenskra sveitarfélaga sem vill leggja sjóðinn niður í núverandi mynd og afnema framlög sveitarfélaga til hans. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur lýst þeirri afstöðu að starfsemi Bjargráðasjóðs sé miklu fremur atvinnumál tiltekinna starfsgreina en sveitarstjórnarmál. Af þeirri ástæðu og í ljósi þróunar á starfsemi sjóðsins á undanförnum árum leggur stjórnin áherslu á að sveitarfélögin verði leyst undan fjármögnun og rekstri sjóðsins og að eignum hans og skuldbindingum verði skipt upp milli eigenda. Hafa fulltrúar sambandsins rætt málið við ráðherra sveitarstjórnarmála á undanförnum missirum en jafnframt lagt áherslu á að ná þyrfti sátt við Bændasamtök Íslands um málið.

Landssamband kúabænda tekur einnig skýra afstöðu og vill að búgreinin hætti þátttöku í búnaðardeild Bjargráðasjóðs. Bændasamtök Íslands og önnur búgreinafélög, svo sem Landssamtök sauðfjárbænda, Svínaræktarfélag Íslands, Félag kjúklingabænda og Félag eggjaframleiðenda, hafa ekki lýst jafn eindreginni afstöðu til áframhaldandi starfsemi Bjargráðasjóðs. Þessi félög telja Bjargráðasjóð veita bændum mikilvæga tryggingavernd þótt starfsemin sé nokkuð umdeild meðal bænda. Jafnframt kunni að vera erfitt fyrir búgreinafélögin að fá góða sjúkdómatryggingu fyrir sína félagsmenn. Meðal annars var nefnd sú hugmynd að Bændasamtök Íslands gætu tekið að sér að reka sjóðinn og gert um það samning við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið ef sveitarfélögin og Landssamband kúabænda hætta þátttöku.

Í framhaldi af skýrslu ParX var samþykkt eftirfarandi bókun í stjórn Bjargráðasjóðs 12. október 2007 um framtíðarhlutverk sjóðsins:

„Lögð voru fram minnisblöð frá ParX dags. 10. október 2007 og Þórði Skúlasyni dags. 11. október 2007. Formaður gerði grein fyrir umfjöllun á fundi endurskoðunarnefndar um framtíðarhlutverk Bjargráðasjóðs 11. október sl. Á þeim fundi kom fram skýr vilji fulltrúa sveitarfélaganna um að aðkomu þeirra að sjóðnum verði hætt og lýstu aðrir nefndarmenn skilningi sínum á því sjónarmiði. Á fundinum kom einnig fram að búgreinarnar sem aðild eiga að Bjargráðasjóði telja æskilegt að tryggingavernd og hlutverk Bjargráðasjóðs verði endurmetið.

Í ljósi þessa telur stjórn Bjargráðasjóðs rétt að unnið verði áfram að tillögum um breytingar á starfsemi og rekstri sjóðsins og í þeirri vinnu verði tekið tillit til óska um að fjármögnun og rekstur sjóðsins verði færður frá sveitarfélögunum. Í samræmi við það verði unnar tillögur um með hvaða hætti eignum og skuldbindingum sjóðsins verði skipt upp milli eigenda. Fyrirkomulagi í tryggingamálum landbúnaðarins verði síðan vísað til umræðu á vettvangi Bændasamtaka Íslands og landbúnaðarráðuneytisins.“

Ofangreind samþykkt á sér þá skýringu, líkt og að framan er rakið, að grundvallarbreytingar hafa átt sér stað í öllu starfsumhverfi Bjargráðasjóðs. Í samþykktinni felst sú afstaða af hálfu stjórnar Bjargráðasjóðs að hætt verði lögskyldri aðild sveitarfélaganna að sjóðnum. Eignum hans og skuldbindingum verði skipt upp milli eigenda, sem eru ríkissjóður, sveitarfélögin og Bændasamtök Íslands. Sú uppskipting þarf ekki að leiða til þess að starfsemi Bjargráðasjóðs verði lögð niður. Ákvörðun um hvort starfsemi Bjargráðasjóðs verði framhaldið með breyttu fyrirkomulagi sem tryggingasjóði einstakra búgreina er eðlilegast að ræða og taka á vettvangi landbúnaðarins, milli sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins og Bændasamtakanna, án afskipta sveitarfélaganna.

V.

Nettóeign Bjargráðasjóðs í árslok 2007 er samkvæmt ársreikningi 659,3 millj. kr. Ef sjóðnum yrði skipt upp miðað við þær forsendur kæmu 219,7 millj. kr. í hlut hvers eiganda, þ.e. ríkissjóðs, Bændasamtaka íslands og sveitarfélaganna. Verði sjóðurinn lagður niður í núverandi mynd í samræmi við efni frumvarps þessa tæki nokkra mánuði að ljúka uppgjöri á innsendum umsóknum miðað við þær forsendur sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Yrði þá endanlega ljóst hver hlutur eigendanna yrði.

Ákvæði frumvarpsins gera ráð fyrir því að hlutur sveitarfélaganna renni til Sambands íslenskra sveitarfélaga og að sambandið noti þá eignarhlutdeild m.a. til að kaupa 15% hlutdeild Bjargráðasjóðs í 5. hæð húseignarinnar að Borgartúni 30 í Reykjavík, sem metin er í ársreikningi 2007 á tæpar 24 millj. kr., og til að mæta ábyrgð á lífeyrisskuldbindingum Bjargráðasjóðs sem sambandið yfirtæki. Samtals nema þær skuldbindingar rúmlega 50 millj. kr. í árslok 2007.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er lagt til að Bjargráðasjóður verði lagður niður og stjórn sjóðsins verði falið að stýra uppgjöri á eignum og skuldbindingum sjóðsins. Gert er ráð fyrir að kostnaður við uppgjörið, þar á meðal vegna nauðsynlegrar sérfræðivinnu, greiðist af eigin fé sjóðsins. Ekki er talin þörf á að skipa sérstaka skilanefnd til að vinna uppgjörið enda eru starfsemi og fjárhagur sjóðsins fremur einföld í sniðum.

Um 2. gr.

Í greininni er miðað við að einungis þau tjón sem verða fyrir 30. júní 2008 verði styrkhæf. Er gert ráð fyrir að skila verði umsóknum um bætur úr sjóðnum fyrir 15. nóvember 2008 til að tjón fáist bætt. Almennt hefur verið miðað við að umsóknir berist sjóðnum innan árs frá tjónsatburði en talin er ástæða til að stytta þann frest í frumvarpi þessu til að draga ekki um of vinnu við niðurlagningu sjóðsins.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að frá og með 1. janúar 2008 falli niður skylda ríkis, sveitarfélaga og bænda til að greiða í sjóðinn. Í þessu felst að ríkissjóður greiði ekki í sjóðinn þær 10 millj. kr. sem gert er ráð fyrir á fjárlögum, Jöfnunarsjóður sveitarfélaga innheimti ekki hjá sveitarfélögum framlag þeirra í sjóðinn og við álagningu gjalda hjá bændum vegna ársins 2008 verði ekki innheimt hlutdeild sjóðsins í búnaðargjaldi.

Í 3. mgr. kemur fram að gert er ráð fyrir að uppgjöri sjóðsins verði lokið fyrir árslok 2008. Mun stjórn sjóðsins skila umboði sínu að því loknu ásamt skilaskýrslu til Bændasamtaka Íslands, landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga og samgönguráðuneytisins.

Um 3. gr.

Í 1. gr. gildandi laga um Bjargráðasjóð kemur fram að sjóðurinn er sjálfstæð stofnun, sameign ríkisins, sveitarfélaganna og Bændasamtaka Íslands. Litið hefur verið svo á að um jöfn eignarhlutföll væri að ræða og er við það miðað í 1. mgr. að nettóeign sjóðsins skiptist jafnt á milli eigenda hans.

Meginhlutverk Bjargráðasjóðs undanfarna áratugi hefur verið að bæta ýmiss konar tjón í landbúnaði. Má í því sambandi einnig nefna að nú þegar eru fyrir hendi reglur á forræði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins um bætur vegna niðurskurðar af völdum sjúk-

dóma í landbúnaði, t.d. vegna riðu og salmonellu að hluta. Það er álit ýmissa aðila innan landbúnaðargeirans að taka þurfi tryggingakerfi landbúnaðarins til endurskoðunar en nánari útfærsla á þeim atriðum verður að vera í höndum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins og Bændasamtakanna. Á hinn bóginn er ekki óeðlilegt að horfa til þess að fjármunir sem koma í hlut ríkisins og Bændasamtakanna við niðurlagningu Bjargráðasjóðs verði nýttir við endurskipulagningu tryggingakerfis í landbúnaði. Vegna ákvæða laga um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, með síðari breytingum, er þó ekki fært að eyrnamerkja eignarhluta ríkissjóðs til þess verkefnis fyrr en niðurstaða endurskipulagningar og nauðsynleg lög og reglugerðir um það efni hafa hlotið lögformlega meðferð Alþingis og ráðuneytis.

Eignarhlutur hvers og eins sveitarfélags hefur aldrei verið skilgreindur en í frumvarpinu er miðað við að hlutur sveitarfélaganna renni til Sambands íslenskra sveitarfélaga. Sambandið hefur um árabil verið samstarfsaðili Bjargráðasjóðs um rekstur sjóðsins og á sjóðurinn m.a. 15% hlut í húsnæði sambandsins að Borgartúni 30, Reykjavík. Hafa bæði sambandið og Bjargráðasjóður haft hag af þessum samrekstri. Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að sambandið öðlist forkaupsrétt að þeim eignarhluta. Á móti er í 3. mgr. gert ráð fyrir að sambandið yfirtaki allar skuldbindingar vegna starfsmanna Bjargráðasjóðs, þar á meðal lífeyrisskuldbindingar, en miðað við ársreikning sjóðsins nam sú skuldbinding um 50 millj. kr. í árslok 2007. Eðlilegt er að allar slíkar skuldbindingar verði sérstaklega yfirfarnar þegar unnið verður að uppgjöri sjóðsins. Þegar þessar skuldbindingar hafa verið metnar verður ákvörðun um ráðstöfun þeirra fjármuna sem eftir standa tekin á vettvangi sambandsins, t.d. með því að skipta fjármununum milli sveitarfélaga miðað við íbúafjölda.

Um 4. gr.

Í greininni er lagt til að lögin öðlist þegar gildi. Er það eðlilegt til að unnt sé að hefjast strax handa við undirbúning að niðurlagningu sjóðsins.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um brottfall laga um Bjargráðasjóð, nr. 146/1995, með síðari breytingum.

Markmið þessa frumvarps er að fella úr gildi lög um Bjargráðasjóð, nr. 146/1995, og skipta hreinum eignum sjóðsins milli eigenda hans.

Samkvæmt lögunum er Bjargráðasjóður sjálfstæð stofnun, sameign ríkisins, sveitarfélaganna og Bændasamtaka Íslands. Tekjustofnar sjóðsins eru framlög ríkisins samkvæmt fjárlögum hverju sinni, árleg íbúaframlög sveitarfélaga sem bundin eru vísitölu neysluverðs og hlutdeild í búnaðargjaldi af landbúnaðarvörum. Jafnframt eru tekjur af vöxtum sjóðsins af eigin fé. Framlög sveitarfélaga voru árið 2007 131,91 kr. á íbúa eða samtals 40,5 m.kr. Framlag ríkissjóðs hefur undanfarin ár verið 10 m.kr. Hlutdeild í búnaðargjaldi skilaði sjóðnum 27,4 m.kr. tekjum árið 2007. Nettóeign Bjargráðasjóðs í árslok 2007 er samkvæmt ársreikningi 659,3 m.kr. Ef sjóðnum verður skipt upp í þrennt kæmu 219,7 m.kr. í hlut hvers eiganda. Frumvarpið gerir ráð fyrir að hlutur sveitarfélaganna renni til Sambands íslenskra sveitar-

félaga og að sambandið noti þá eignarhlutdeild meðal annars til að kaupa 15% hlutdeild Bjargráðasjóðs í 5. hæð húseignarinnar að Borgartúni 30 í Reykjavík og til að mæta ábyrgð á lífeyrisskuldbindingum Bjargráðasjóðs sem sambandið yfirtæki en þær nema samtals um 50 m.kr. í árslok 2007.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

910. Fyrirspurn [588. mál]

til heilbrigðisráðherra um heilsurækt og íþróttaiðkun aldraðra.

Frá Samúel Erni Erlingssyni.

1. Hverjar eru aðgerðir ráðuneytisins til stuðnings íþróttaiðkun og heilsurækt aldraðra?
2. Hefur verið lagt fram fé og vinna til þessa? Ef svo er, með hvaða hætti?
3. Hver er stefna ráðherra hvað varðar stuðning við líkamsrækt aldraðra?

Skriflegt svar óskast.

911. Fyrirspurn [589. mál]

til heilbrigðisráðherra um hjúkrunarrými.

Frá Jóni Gunnarssyni.

1. Hve mörg hjúkrunarrými eru á hverja þúsund íbúa í þeim sveitarfélögum þar sem íbúar eru 4.000 eða fleiri og hvert er landsmeðaltalið?
2. Hve margir á biðlista eftir hjúkrunarrýmum eru annars vegar í brýnni þörf og hins vegar í mjög brýnni þörf, skipt eftir kjördæmum og eftir sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu?

Skriflegt svar óskast.

912. Fyrirspurn [590. mál]

til menntamálaráðherra um ferðalán til fjarnema úr Lánasjóði íslenskra námsmanna.

Frá Merði Árnasyni.

1. Hversu margir fjarnemar hafa stundað nám í Kennaraháskóla Íslands nú í vetur og í fyrravetur?
2. Hversu margir af þeim búa innan lands utan höfuðborgarsvæðis hins meira (norðan og austan Hvítánna)?
3. Hvað er gert ráð fyrir að fjarnemar í Kennaraháskóla Íslands komi oft til Reykjavíkur á önn?
4. Hver er fjárhæð ferðaláns innan lands hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna?
5. Fyrir hvað mörgum ferðum á missiri fæst slíkt ferðalán?
6. Er í því láni reiknað með aukakostnaði við framfærslu nemanda meðan á námsdvöl stendur? Ef svo er, hvaða reglur gilda um þann aukakostnað? Ef ekki, er þá gert ráð fyrir slíkum kostnaði í almennu námsláni til fjarnema, og samkvæmt hvaða reglum?
7. Gefst þessum fjarnemum og öðrum á háskólastigi færi á annarri opinberri aðstoð til áskilinnar námsdvalar, sem samsvari til dæmis svokölluðum dreifbýlisstyrk til framhaldsskólanema?

Skriflegt svar óskast.

913. Svar [562. mál]

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Guðjóns A. Kristjánssonar um rannsóknir á lífríki sjávar.

Ráðuneytið sendi fyrirspurnina til Hafrannsóknastofnunarinnar og fylgir hér svar hennar.

1. *Hefur farið fram úttekt á veiðisvæðum innan flóa og fjarða þar sem dragnót hefur verið leyfð og svæðum þar sem togveiðar eru ekki leyfðar?*

Eftir því sem næst verður komist hafa þær athuganir sem gerðar hafa verið hér við land á áhrifum dragnótar á botninn verið gerðar á hefðbundnum dragnótasvæðum, án samanburðar við óveidd svæði. Ólíklegt er hins vegar að greina megi langtímaáhrif veiðanna á botninn, ef einhver eru, með slíkum aðferðum.

Þær aðferðir sem oftast er beitt til að meta áhrif dreginna veiðarfæra á lífríki botns eru aðallega tvenns konar. Í fyrsta lagi að nota viðkomandi veiðarfæri á óröskuðu svæði og taka sýni fyrir og eftir röskun. Kostir þess háttar könnunar eru þeir að hægt er að meta og stjórna magni röskunar (t.d. fjölda toga á flatarmálseiningu) og jafnframt er unnt að afla nákvæmra upplýsinga um hvar veiðarfærinu var beitt. Gallarnir eru hins vegar þeir að erfitt er að ná fram áhrifum sem eru sambærileg við atvinnuveiðar, t.d. hvað varðar stærð svæðis og lang-

tímaáhrif. Þá eru svæðin sem könnuð eru í rannsóknum sem þessum oft lítil svæði og því geta „göngur“ hreyfanlegra dýra haft áhrif á niðurstöður. Í öðru lagi má bera veiðisvæði fiskiskipa (t.d. samkvæmt afladagbókum eða öðrum upplýsingum frá skipstjórum) saman við sambærileg svæði þar sem litlar/engar veiðar hafa farið fram. Kosturinn við slíkar athuganir er að mælingar fara fram á „raunverulegum“ veiðisvæðum. Gallarnir eru hins vegar þeir að gögn um sókn eru oft í lítilli upplausn, oft eru mörg veiðarfæri á sama svæði (t.d. dragnót og rækjuvarpa) og erfitt að aðskilja áhrif þeirra, erfitt er að finna sambærileg ósnert svæði og loks er ekki víst að svæðin séu ósnert þótt upplýsingar afladagbóka bendi til þess.

Hafrannsóknastofnunin hyggst á þessu ári gera frumrannsókn á áhrifum dragnótar á lífríkið með því að bera saman aðliggjandi svæði í Skagafirði og/eða Húnaflóa þar sem annars vegar hafa verið stundaðar dragnótaveiðar og hins vegar er ætlunin að finna svæði með sams konar botngerð þar sem dragnótaveiðar hafa ekki verið stundaðar.

2. *Hafa svæði verið friðuð fyrir togveiðum og botninn skipulega rannsakaður fyrir og eftir friðun? Ef svo er, hvar eru þau svæði og hverjar eru niðurstöður helstu rannsókna á botninum og breytingum á dýralífi og fisktegundum?*

Á árinu 1993 voru níu svæði fyrir norðan og austan land friðuð fyrir allri veiði með botnvörpu og/eða línu. Friðunarsvæðin voru staðsett þar sem mikið hafði verið um smáþorsk í afla og skyndilokanir tíðar. Með tímanum hefur flatarmál sumra friðunarsvæða minnkað en önnur hafa verið opnuð fyrir veiðum á ný. Árið 2004 var heildarflatarmál þessara svæða um 15.700 km^2. Þótt upphaflegur tilgangur með þessum aðgerðum væri að friða smáþorsk veita þau kjörið rannsóknartækifæri til að meta áhrif friðunar á botndýralíf og botnfiska almennt.

Á árinu 2004 var því sett á laggirnar rannsóknaverkefni til að kanna það frekar. Hafa þegar verið könnuð tvö friðunarsvæði, sem eru norðaustur af Horni og á Langanesgrunni. Á árunum 2004 og 2005 var sýnum af botndýrum og botnlægum fiskum safnað innan beggja friðunarsvæðanna sem og á aðliggjandi veiðislóðum. Við söfnun á botnfiski var notast við botnvörpu og voru allar fisktegundir mældar og vegnar auk þess sem fiskmögum var safnað til að meta fæðuval. Þorskar voru einnig merktir í þeim tilgangi að meta áhrif svæðafriðana með því að bera saman göngur, fiskveiðidauða og vöxt fiska sem merktir væru á friðunarsvæðum og á nærliggjandi veiðislóðum. Sýnum af botndýrum var safnað með margvíslegum söfnunartækjum, svo sem með dregnum sleðum og botngreip. Að auki var botndýralíf og búsvæði myndað með neðansjávarmyndavél sem og með ómönnuðum kafbát, en þannig fengust mjög gagnlegar upplýsingar.

Niðurstöður sýndu hvað fisk varðar að meira var af smárri ýsu og skrápflúru innan friðunarsvæðis á Langanesgrunni en á togslóð, en minni munur fannst fyrir aðrar tegundir og svæði. Fyrri rannsóknir þar sem notast var við gögn úr stofnmælingu botnfiska í maí sýndu að friðun svæða getur verið mikilvæg fyrir ýmsar fisktegundir í veiðanlegri stærð, en hefur minni þýðingu fyrir smáfisk. Að lokum hafa merkingar sýnt að friðunarsvæði séu hugsanlega mikilvæg sem uppeldisstöðvar fyrir ungþorsk. Ljóst er að frekari rannsóknir þarf til að meta mikilvægi friðunarsvæða fyrir fiskstofna.

Hvað botndýr varðar benda fyrstu niðurstöður til þess að meira sé af búsvæðamyndandi tegundum sem eru viðkvæmar að byggingu, t.d. svömpum og hornkóröllum, innan friðunarsvæðis en á togslóð fyrir utan svæðið. Könnun botns með ómönnuðum kafbát á Langanesgrunni leiddi í ljós að innan friðunarsvæðis væri að finna stórvaxna svampa og í sambýli við þá var fjölskrúðugt dýralíf. Á aðliggjandi togslóð sáust ummerki eftir togveiðarfæri, s.s. för eftir toghlera og fótreipi og minna var af stórgerðum búsvæðamyndandi lífverum. Niður-

stöður gáfu einnig til kynna að gerð botndýrasamfélagsins innan friðunarsvæðis á Langanesgrunni væri frábrugðin því sem er á togslóð, líklega af völdum veiða. Munur í gerð botndýrasamfélags innan friðunarsvæðis norðaustur af Horni og á togslóð var ekki eins merkjanlegur, sem líklega skýrist af því að sókn á aðliggjandi togslóð er minni en við Langanes.

3. *Hafa breytingar á lífríki og botngróðri innfjarða verið rannsakaðar eftir þverun fjarða vegna vegagerðar? Ef svo er, hverjar eru helstu niðurstöður þeirra rannsókna?*

Hafrannsóknastofnunin hefur ekki komið að rannsóknum eins og þeim sem hér er spurt um. Starfsmenn Líffræðistofnunar Háskóla Íslands hafa hins vegar töluvert unnið að rannsóknum á lífríki fjarða í tengslum við vegagerð. Oftast hafa rannsóknirnar farið fram sem lífríkiskönnun á undirbúningsstigi framkvæmda en aðeins í fáum tilfellum hafa verið gerðar samanburðarrannsóknir til þess að fylgjast með langtímaáhrifum framkvæmda á lífríkið. Í flestum tilfellum hefur þessi vegarlagning verið þannig að vegirnir hafa ekki haft áhrif á sjávarföll (langar brýr verið byggðar samfara vegarlagningu) og því ekki talið að framkvæmdir séu líklegar til þess að hafa áhrif á lífríkið innan vegarstæðisins.

Vegurinn um Gilsfjörð er einn af fáum vegum hér á landi sem lagður hefur verið þvert yfir fjörð þannig að fallaskipti hafa verið hömluð og þar með minnka fjörusvæði ofan vegarins. Við vegarlagninguna minnkaði fjörubeltið og þar með flatarmál leira í firðinum og einnig lækkaði selta ofan vegarins en þó hefur hún haldist nægjanlega há til þess að nauðsynlegum skilyrðum margra lífvera hefur ekki verið raskað. Nú lifa þessar tegundir hins vegar alfarið á kafi. Fjörufuglar hafa hætt fæðuöflun ofan vegar enda nánast engar fjörur þar lengur.

Aðrir firðir sem hafa verið þveraðir vegna vegagerðar eru Grafarvogur við Reykjavík, Borgarfjörður og ytri hluti Hraunsfjarðar og Kolgrafarfjörður á Vesturlandi, Dýrafjörður og Önundarfjörður á Vestfjörðum, innsti hluti Eyjafjarðar og Lón í Kelduhverfi á Norðurlandi og Breiðdalsvík á Austurlandi. Vegirnir á þessum slóðum hafa ekki haft áhrif á sjávarföll og því er talið mjög ólíklegt að þeir hafi haft áhrif á lífríkið þó að það hafi ekki verið kannað.

4. *Hafa breytingar á lífríki eða sjávarbotni vegna efnistöku af sjávarbotni verið rannsakaðar? Ef svo er, hverjar eru niðurstöður rannsóknanna?*

Hafrannsóknastofnuninni er ekki kunnugt um að rannsóknir á áhrifum malarnáms í sjó á lífríki botnsins hafi farið fram hér við land. Þess má geta að umfangsmesta malarnám í sjó hér við land fer fram í innanverðum Faxaflóa. Í tengslum við umhverfismat sem gert er vegna umsóknar um framlengingu leyfis Björgunar ehf. til malartöku í innanverðum Faxaflóa er gert ráð fyrir að rannsaka áhrif malarnámsins á botndýralíf.

914. Svar [552. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Péturs H. Blöndals um bensíngjald og meðalútsöluverð bensíns.

1. *Hvernig hefur bensíngjald (þ.e. almennt vörugjald + sérstakt vörugjald) auk virðisaukaskatts á það gjald þróast frá 1996 sem hlutfall af meðalútsöluverði 95 oktana bensíns?*

Á því tímabili sem fyrirspyrjandi spyr um hefur gilt tvenns konar fyrirkomulag á skattlagningu á bensíni. Fram til október 1999 var lagt á almennt 97% vörugjald á bensín annars

vegar og hins vegar sérstakt vörugjald sem hafði hækkað úr 24,90 kr./l árið 1996 í 28,60 kr./l árið 1999. Þann 21. október 1999 voru samþykkt lög frá Alþingi, nr. 86/1999, þar sem almenna vörugjaldinu var breytt í fasta krónutölu, 10,50 kr./l, og gjaldið jafnframt lækkað frá því sem verið hafði. Almenna og sérstaka vörugjaldið námu samtals 39,10 kr./l þar til gjöldin voru hækkuð í samtals 42,23 kr./l með lögum nr. 119/2003. Síðan þá hafa vörugjöld á bensíni verið óbreytt krónutala en með lögum nr. 87/2004 var skiptingu þess í almennt og sérstakt vörugjald breytt.


Svari við þessum lið fyrirspurnarinnar er skipt í tvennt. Annars vegar eru árstölur fyrir tímabilið 1996–2004 og er þar byggt á svari við fyrirspurn fyrirspyrjanda frá 131. löggjafarþingi. Hins vegar eru tölur fyrir febrúar, maí, ágúst og nóvember frá 2005 til febrúar í ár en upplýsingar um söluverð bensíns eru gefnar út af Hagstofu Íslands fyrir þessa fjóra mánuði ár hvert.

Tafla 1. Hlutfall vörugjalda og virðisaukaskatts af þeim af meðalútsöluverði 95 oktana bensíns 1996–2004, árstölur.

1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004
61%	62%	61%	60%	52%	49%	51%	50%	48%

Upplýsingar um seinna tímabilið eru á eftirfarandi mynd.

Mynd 1. Hlutfall vörugjalda og virðisaukaskatts af þeim af meðalútsöluverði 95 oktana bensíns 2005–2008.




Hlutfallið hefur almennt farið lækkandi á því tímabili sem beðið er um upplýsingar fyrir þótt með sveiflum sé. Það hefur aldrei verið lægra en í febrúar í ár þegar það var 36,8% af verðinu.

2. *Hvernig hefur bensíngjald (þ.e. almennt vörugjald + sérstakt vörugjald) auk virðisaukaskatts á það gjald þróast frá 1996 í samanburði við vísitölu neysluverðs?*

Svar við þessum lið fyrirspurnarinnar er að finna í mynd 2. Hún sýnir annars vegar vörugjöld á bensíni sem hafa hækkað um 17% samtals frá 1996 en hins vegar vísitölu neysluverðs sem hefur hækkað um 61,6% frá meðaltali ársins 1996 til febrúarmánaðar í ár. Tölurnar eru reiknaðar árlega fram til ársins 2004 en á þriggja mánaða fresti eftir það.

Mynd 2. Vísitölur neysluverðs og vörugjalda á bensíni 1996–2008.



3. *Hvernig skiptist meðalútsöluverð 95 oktana bensíns nú í bensíngjald, virðisaukaskatt á það og kostnaðarverð (innkaupsverð + álagningu) og virðisaukaskatt á það bæði í krónum talið og hlutfallslega? Hver er hlutur skattlagningar í meðalútsöluverði?*

Ef miðað er við meðalútsöluverð á 95 oktana bensíni í febrúar samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands er skipting í ofangreinda liði eftirfarandi:

Tafla 2. Þáttur skatta í útsöluverði 95 oktana bensíns í febrúar 2008.

	kr./l	**%**
Útsöluverð kr./l	142,90	100,0
Vörugjöld og virðisaukaskattur á þau	52,58	36,8
Kostnaðarverð	72,55	50,8
Virðisaukaskattur á kostnaðarverð	17,77	12,4
Hlutur skattlagningar í söluverði		49,2

4. *Hvert væri meðalútsöluverð 95 oktana bensíns núna ef ekki hefði verið horfið frá hlutfallslegri skattlagningu í krónutöluskattlagningu með lögum nr. 86/1999?*

Ráðuneytið hefur ekki reglulegan aðgang að tollverði á innfluttu bensíni og því er ekki

hægt að reikna út vörugjald eftir eldri lagareglum. Hins vegar hefur verið aflað upplýsinga hjá tollstjóranum í Reykjavík um bensín sem flutt var inn í janúar og febrúar sem ætla má að hafi verið til sölu í febrúar. Samkvæmt þessum upplýsingum nam tollverð að meðaltali 42,82 kr./l. Vörugjald af því (97%) hefði numið 41,54 kr./l. Því til viðbótar hefði verið lagt á sérstakt vörugjald sem hér er reiknað 30,89, sem er það gjald sem gilti áður en hluti almenna vörugjaldsins var fluttur yfir á sérstakt vörugjald í tengslum við upptöku olíugjalds sem kom til framkvæmda 1. júlí 2005. Álagning olíufélaganna er reiknuð út frá samhengi innflutningsverðs, vörugjalda og virðisaukaskatts og útsöluverðs í febrúar og áætluð sú sama á hvern lítra og hún var í þeim mánuði. Að gefnum þessum forsendum hefði útsöluverð 95 oktana bensíns verið sem næst 180 kr./l í febrúar. Það skal tekið fram að slíkir útreikningar eru mjög vandtúlkaðir vegna þess að bensínverð erlendis og gengi hafa verið mjög breytileg að undanförnu.

915. Fyrirspurn [591. mál]

til forsætisráðherra um þróun efnahagsmála í nokkrum ríkjum.

Frá Árna Þór Sigurðssyni.

1. Hver er þróun atvinnuleysis, hagvaxtar, verðbólgu, viðskiptahalla, stýrivaxta, gengisvísitölu og afkomu ríkissjóðs í einstökum aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, Sviss, Bandaríkjunum og Japan? Óskað er eftir að þróunin undanfarin fjögur ár komi fram og spá fyrir þetta ár og hið næsta og eins hvaða gjaldmiðill er notaður í hverju einstöku landi.
2. Hvaða lærdóma telur ráðherra að megi draga af erfiðleikum þeirra hagkerfa á evrusvæðinu sem nú glíma við afleiðingar sterkrar evru og hárra stýrivaxta Seðlabanka Evrópu og birtast m.a. í minnkandi samkeppnishæfni og auknu atvinnuleysi?

Skriflegt svar óskast.

916. Fyrirspurn [592. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um viðbrögð við áliti mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

1. Verður brugðist við áliti mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna um hið íslenska fiskveiðistjórnarkerfi fyrir tilsettan tíma, þ.e. 11. júní nk.?
2. Mun ráðherra æskja samstarfs við alla stjórnmálaflokka svo að sem best sátt náist um viðbrögð Íslands við áliti nefndarinnar?

917. Fyrirspurn [593. mál]

til heilbrigðisráðherra um uppsagnir svæfingarhjúkrunarfræðinga.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

Hefur ráðherra gripið til aðgerða vegna þeirrar stöðu sem upp mun koma á Landspítalanum þegar tæplega 100 svæfingarhjúkrunarfræðingar hætta þar störfum 1. maí nk.? Ef svo er, til hvaða aðgerða?

918. Fyrirspurn [594. mál]

til heilbrigðisráðherra um hlutafélagavæðingu Landspítala.

Frá Valgerði Sverrisdóttur.

Hefur ráðherra áform um að hlutafélagavæða Landspítala?

Skriflegt svar óskast.

919. Fyrirspurn [595. mál]

til samgönguráðherra um fellihýsi, tjaldvagna og húsvagna í umferð.

Frá Álfheiði Ingadóttur.

1. Hversu mörg fellihýsi, tjaldvagnar og húsvagnar eru í umferð hér á landi?
2. Hver hefur fjölgunin verið undanfarin fimm ár?
3. Hversu mörg fellihýsi, tjaldvagnar eða húsvagnar hafa tengst umferðarslysum, þ.m.t. banaslysum, undanfarin fimm ár?
4. Telur ráðherra þörf á að herða eftirlit með þessum farartækjum og gera þau skoðunarskyld?

Skriflegt svar óskast.

920. Fyrirspurn [596. mál]

til dómsmálaráðherra um meðferð hælisumsóknar.

Frá Merði Árnasyni.

1. Hvaða breytingar telur ráðherra nauðsynlegar á meðferð hælisumsóknar í Útlendingastofnun í ljósi dóms Héraðsdóms Reykjavíkur 15. apríl sl. í máli hælisleitanda, einkum á rannsókn aðstæðna sem umsækjandi ber fyrir sig?
2. Hvaða breytingar telur ráðherra í ljósi dómsins nauðsynlegar á meðferð kærumáls vegna synjaðrar hælisumsóknar í dómsmálaráðuneytinu, einkum á rannsókn aðstæðna sem umsækjandi ber fyrir sig?
3. Telur ráðherra að við meðferð slíkra mála eigi að meta vafa hælisleitanda í hag þegar rannsókn leiðir ekki í ljós bresti í framburði hans?

Skriflegt svar óskast.

921. Fyrirspurn [597. mál]

til dómsmálaráðherra um framkvæmd Dyflinnarsamningsins á Íslandi.

Frá Merði Árnasyni.

1. Hvað voru margir hælisleitendur á Íslandi frá þriðja ríki sendir til aðildarríkis árin 2003–2007 samkvæmt Dyflinnarsamningnum frá 2001 og viðkomandi EB-reglugerðum frá 2003, í heild og á hverju ári?
2. Á móti hversu mörgum hælisleitendum frá þriðja ríki tóku íslensk yfirvöld á grundvelli samningsins og reglugerðanna árin 2003–2007, í heild og á hverju ári?
3. Hversu oft hafa íslensk stjórnvöld ákveðið að senda hælisleitanda frá þriðja ríki ekki til aðildarríkis þótt líklegt mætti telja að það hefði verið heimilt, í heild og á hverju ári?
4. Hversu langan tíma tekur rannsókn á grundvelli samningsins og reglugerðanna að jafnaði?
5. Telur ráðherra réttlætanlegt að endursenda hælisleitanda frá þriðja ríki til aðildarríkis Dyflinnarsamningsins ef líkur eru til þess að hann verði settur þar í varðhald meðan fjallað er um hælisumsókn hans?
6. Telur ráðherra réttlætanlegt að endursenda hælisleitanda frá þriðja ríki til aðildarríkis Dyflinnarsamningsins ef líkur eru til þess að ekki verði þar fjallað efnislega um hælisumsókn hans?

Skriflegt svar óskast.

922. Fyrirspurn [598. mál]

til forsætisráðherra um skipan Evrópunefndar.

Frá Árna Þór Sigurðssyni.

Hverju sætir að sveitarfélögin eiga ekki aðild að nýskipaðri Evrópunefnd sem á að fjalla um hagsmuni Íslands í Evrópustarfi og hafa sveitarfélögin þó, samkvæmt nýlegri skýrslu utanríkisráðherra til Alþingis, ríkar skuldbindingar í EES-samningnum og eiga þar mikilla hagsmuna að gæta?

923. Fyrirspurn [599. mál]

til heilbrigðisráðherra um útboðsheimild fyrir hjúkrunarheimili við Suðurlandsbraut.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

Hver er ástæða þess að ekki var send beiðni til fjármálaráðherra um útboðsheimild fyrir hjúkrunarheimili við Suðurlandsbraut fyrr en í lok desember sl. enda þótt öll gögn málsins hafi verið tilbúin hálfu ári fyrr?

Skriflegt svar óskast.

924. Nefndarálit [191. mál]

um frv. til l. um samræmda neyðarsvörun.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bryndísi Helgadóttur og Þórunni J. Hafstein frá dómsmálaráðuneyti, Dagnýju Halldórsdóttur og Þórhall Ólafsson frá Neyðarlínunni, Jóhönnu Halldórsdóttur frá Og fjarskiptum ehf., Björn Geirsson og Friðrik Pétursson frá Póst- og fjarskiptastofnun, Jónas Inga Pétursson og Thelmu Þórðardóttur frá ríkislögreglustjóra, Guðjón Bragason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Jón R. Pálsson frá Samtökum atvinnulífsins, Hallmund Albertsson frá Símanum hf. og Jón Viðar Matthíasson frá slökkviliði höfuðborgarsvæðisins.

Frumvarpið felur í sér heildarendurskoðun laga um samræmda neyðarsímsvörun. Lagt er til nýtt heiti laganna þannig að miðað verði við hugtakið „neyðarsvörun“ sem er víðtækara hugtak en neyðarsímsvörun. Neyðarsvörun er ætlað að stuðla að auknu öryggi þeirra sem eru staddir hverju sinni hér á landi eða næsta nágrenni. Einnig er henni ætlað að uppfylla skyldur

stjórnvalda til að veita viðtöku tilkynningum um bruna, slys og önnur neyðartilvik í því skyni að koma tilkynningu um það til hlutaðeigandi stjórnvalds eða þess sem sinnir neyðarþjónustu. Neyðarnúmerið 112 er sameiginlegt fyrir öll ríki Evrópska efnahagssvæðisins. Neyðarlínan hf. var upphaflega sett á fót með þátttöku einkaaðila en er nú að mestu í eigu opinberra aðila.

Nefndin leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu. Lögð er til sú breyting á 3. mgr. 2. gr. að í stað orðsins „leyfi“ komi „heimild“. Þetta þykir réttara orðalag enda hafa fjarskiptafyrirtæki almenna heimild skv. 4. gr. laga um fjarskipti, nr. 81/2003, til reksturs fjarskiptaneta og fjarskiptaþjónustu og þurfa ekki að fá úthlutað leyfi til þess. Þá er lagt til að við sama ákvæði bætist nýr málsliður þess efnis að þeir aðilar sem eru tilgreindir í 3. mgr. 2. gr. skuli gera nauðsynlegar ráðstafanir til að vaktstöð samræmdrar neyðarþjónustu berist sjálfvirkt með rafrænum hætti nýjustu gögn um notendur, auðkenni þeirra og staðsetningu, eftir því sem við verður komið. Lagt er til að 1. mgr. 3. gr. verði breytt þannig að í stað þess að kveðið sé á um að vaktstöðvar skuli vera í Reykjavík og á Akureyri verði lögbundið að vaktstöðvar séu tvær og önnur þeirra verði í Reykjavík. Lagðar eru til tvenns konar breytingar á 4. mgr. 5. gr. Er annars vegar lagt til að í stað orðsins „beiðni“ í 1. málsl. komi orðið „tilkynning“ til samræmis við hugtakanotkun í frumvarpinu. Hins vegar er lögð til breyting á 2. málsl. þess ákvæðis. Þar er kveðið á um að það varði refsingu að senda vísvitandi ranga tilkynningu til samræmdrar neyðarsvörunar eða misnota að öðru leyti þjónustu hennar við boðun viðbragðsaðila. Nefndin leggur til að orðin „við boðun viðbragðsaðila“ falli brott til að ákvæðið verði ekki óþarflega þröngt. Til skýringar er lögð til orðalagsbreyting á 6. gr. Lagðar eru til tvenns konar breytingar á 8. gr. Er í fyrsta lagi lagt til að fallið verði frá því fyrirkomulagi að jöfnunargjald verði notað til að greiða kostnað við uppbyggingu og rekstur vaktstöðvar. Kostnaður við uppbyggingu og rekstur vaktstöðva greiðist því úr ríkissjóði og af þeim tekjum sem vaktstöð hefur af þjónustu sinni. Í öðru lagi er lagt til að við bætist ákvæði til að kveða skýrt á um aðskilnað annars vegar þeirrar starfsemi sem er stunduð í almennri samkeppni og hins vegar starfsemi sem tengist rekstri vaktstöðvar samræmdrar neyðarsvörunar. Leggur nefndin til að við 8. gr. bætist ný málsgrein sem samræmist 14. gr. samkeppnislaga, nr. 44/2005.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Ágúst Ólafur Ágústsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Atli Gíslason skrifar undir álit þetta með fyrirvara.

Alþingi, 23. apríl 2008.

Birgir Ármannsson, form., frsm.	Atli Gíslason, með fyrirvara.	Sigurður Kári Kristjánsson.
Ellert B. Schram.	Siv Friðleifsdóttir.	Herdís Þórðardóttir.

Karl V. Matthíasson.

925. Breytingartillögur [191. mál]

við frv. til l. um samræmda neyðarsvörun.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 2. gr.
   a. Í stað orðsins „leyfi“ í 3. mgr. komi: heimild.
   b. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sömu aðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að vaktstöð samræmdrar neyðarsvörunar berist sjálfvirkt með rafrænum hætti nýjustu gögn um notendur, auðkenni þeirra og staðsetningu, eftir því sem við verður komið.
2. Við 3. gr. Í stað orðanna „Vaktstöðvar skulu vera í Reykjavík og á Akureyri“ í 3. málsl. 1. mgr. komi: Vaktstöðvar skulu vera tvær og önnur þeirra í Reykjavík.
3. Við 5. gr.
   a. Í stað orðsins „beiðni“ í fyrri málslið 4. mgr. komi: tilkynningar.
   b. Orðin „við boðun viðbragðsaðila“ í síðari málslið 4. mgr. falli brott.
4. Við 6. gr. Í stað orðanna „Afritun og skráning tilkynninga skv. 5. gr. skal varðveitt“ komi: Skrár yfir tilkynningar og afrit af samskiptum tilkynnanda og vaktstöðvar skv. 5. gr. skulu varðveittar.
5. Við 8. gr.
   a. Orðin „m.a. með hluta af jöfnunargjaldi sem innheimt er á grundvelli fjarskiptalaga“ í 3. mgr. falli brott.
   b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
      Rekstur þess hluta starfsemi rekstraraðila sem telst í frjálsri samkeppni við aðra aðila skal fjárhagslega aðskilinn rekstri vaktstöðvar samræmdrar neyðarsvörunar.

926. Svar [563. mál]

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Guðjóns A. Kristjánssonar um dragnótaveiðar.

1. *Hvaða takmarkanir sem varða dragnótaveiðar hafa verið settar síðustu fimm ár á stærðir báta, aflvísi, stærð veiðarfæris eða gerð þess, annan útbúnað, dragnótagerð eða þunga fótreipis og leyfilega lengd dragtóga? Óskað er eftir að svarið verði sundurliðað eftir eftirfarandi svæðum sem skilgreind eru í reglugerð um dragnótaveiðar:*
   a. Suður- og Norðurland,
   b. Breiðafjörður og Vestfirðir,
   c. Norðurland,
   d. Norðausturland og Austfirðir.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, eru dragnótaveiðar heimilar bátum þar sem þeim er heimilt að stunda veiðar með botnvörpu. Síðan segir í 6. gr. sömu laga að þrátt fyrir ákvæði 5. gr. sé heimilt að leyfa veiðar með dragnót nær landi samkvæmt sérstökum leyfum Fiskistofu en aðeins skipum styttri en 42 m, enda séu þau með

aflvísi sem er lægri en 2.500. Síðan er í lagagreininni nokkuð víðtæk heimild til setningar nánari reglna í reglugerð og leyfisbréfum. Í reglugerð og leyfisbréfum hafa síðan verið settar nánari reglur um stærðarmörk þeirra báta sem heimilt er að stunda dragnótaveiðar á fjörðum inni, t.d. er aðeins heimilt að veita bátum leyfi sem eru styttri en 22 m að mestu lengd í Faxaflóa tímabundið og á Austfjörðum. Enn fremur eru aðeins bátum styttri en 20 m heimilar tímabundnar veiðar innan fjarða á sunnanverðum Vestfjörðum. Ekki hafa verið settar sérstakar reglur um stærð dragnótar, þunga fótreipis eða lengd dragnótatóga. Hins vegar er að finna í reglugerð um dragnótaveiðar ákvæði um lágmarksmöskvastærðir, gerð og frágang á legggluggum sé áskilin notkun þeirra í leyfisbréfum. Óheimilt er að nota steinastiklur (rockhopparа) í Faxaflóa.

2. *Hvaða aðgerðir eða breytingar varðandi dragnótaveiðar síðustu fimm ár hafa falið í sér tímabundna lokun til að vernda hrygningarsvæði*
   a. þorsks,
   b. annarra botnfiska,
   c. loðnu, síldar eða sandsílis?

Almennar reglur um friðun hrygningarfisks gilda jafnt um notkun dragnótar sem annarra veiðarfæra. Aðeins ein sértæk aðgerð hefur verið gerð á undanförnum árum umfram almennu friðunina, stækkað hefur verið hrygningarsvæðið á Húnafirði og friðunartíminn lengdur í einn mánuð. Þessi aðgerð var að tillögu Hafrannsóknastofnunarinnar þar sem talið er að þorskhrygning fari fram á ákveðnum blettum í firðinum.

3. *Hvaða tillögur hafa ráðherra borist um friðunarsvæði innan flóa og fjarða fyrir veiðum með dragnót? Hefur ráðherra fengið áskorunarlista íbúa vegna aðgerða eða tilhögunar veiða með dragnót í einstökum flóum eða fjörðum og ef svo er, hvernig hefur verið brugðist við?*

Alltaf eru skiptar skoðanir á því hvar megi stunda dragnótaveiðar og hvar ekki og berast ráðuneytinu oft óskir um að rýmka dragnótaheimildir annars vegar og hins vegar að takmarka þær. Oft er reynt að leysa þessi mál með því að fara bil beggja eða heimila breytingar eða synja. Nú liggja fyrir óskir og undirskriftalistar frá fólki við Skagafjörð, með stuðningi sveitarstjórnar, þess efnis að dragnótaveiðar verði bannaðar á stórum hluta Skagafjarðar. Beiðni þessi er studd þeim rökum að veiðarfærið fari illa með botnlíf og botngróður. Einnig liggur fyrir tilsvarandi ósk frá Seyðisfirði. Þar sem hér er um að ræða líffræðilegar röksemdir sem færðar hafa verið fram hefur ráðuneytið falið Hafrannsóknastofnuninni að rannsaka áhrif dragnótaveiða á sjávarbotninn og lífríkið við sjávarbotninn. Að þeirri rannsókn lokinni, sem væntanlega verður á þessu ári, og þegar niðurstöður liggja fyrir mun ráðuneytið taka afstöðu til framangreindra erinda.

927. Nefndarálit [243. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49/1997, með síðari breytingum.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund sinn Þórð Arason frá Veðurstofu Íslands. Þá bárust umsagnir frá Viðlagatryggingu Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum fjármálafyrirtækja, Eyþingi og Veðurstofu Íslands. Þessir aðilar gerðu engar athugasemdir við frumvarpið.

Með frumvarpinu er lagt til að hættumat sveitarfélaga skuli einungis ná til þéttbýlis en ekki þeirra svæða þar sem þétt byggð er fyrirhuguð. Enn fremur er lögð til sú breyting að ráðherra fái beina heimild til að meta hættu á ofanflóðum í dreifbýli, að undanskildum frístundabyggðum. Slík heimild er ekki fyrir hendi á grundvelli gildandi laga. Veðurstofa Íslands telur þó að slík hætta sé til staðar þar sem menn hafa fasta búsetu. Með frumvarpinu getur ráðherra ákveðið að láta Veðurstofu Íslands gera úttekt á hættu á ofanflóðum á slíkum stöðum í dreifbýli þar sem ofanflóð hafa fallið á byggð eða nærri henni eða ef hætta er talin á að slíkt geti gerst. Heimild ráðherra nær ekki til gerðar hættumats á viðkomandi svæðum heldur til gerðar úttektar á hættu á þeim stöðum sem menn hafa fasta búsetu en úttekt sem þessi er viðaminni og einfaldari í sniðum en gerð hættumats. Í 2. gr. frumvarpsins er lögð til sú breyting á 1. tölul. 1. mgr. 13. gr. gildandi laga að úttekt sem ráðherra ákveður að gera skuli greidd úr ofanflóðasjóði. Sá kostnaður sem þessu fylgir er talinn vera innan núverandi fjárheimilda sjóðsins.

Við meðferð málsins hjá nefndinni vöknuðu spurningar um hvers vegna frístundabyggðir væru undanskildar þessu heimildarákvæði ráðherra þar sem alvarleg slys og dauðsföll hafa orðið af völdum ofanflóða í slíkum byggðum. Óskaði nefndin frekari rökstuðnings frá umhverfisráðuneyti. Í svari ráðuneytisins er vísað til þess munar sem er á frístundabyggð og öðrum svæðum þar sem frístundabyggð er ekki ætluð fyrir fasta búsetu einstaklinga. Eru verndarhagsmunir laganna, líf og limir manna, ekki eins viðvarandi í frístundabyggðum og í þeim byggðum þar sem menn hafast við allt árið um kring. Jafnframt kom fram í svarinu að ætla mætti að fólk forðaðist að dvelja í frístundabyggð þegar hætta væri á ofanflóðum. Enn fremur benti ráðuneytið á að við gerð skipulags sem og í afgreiðslu umsókna um byggingarleyfi væri tekið tillit til hættu sem þessarar.

Nefndin ræddi ítarlega hvort heimild ráðherra skyldi ná til frístundabyggða og þá að hvaða marki. Í því tilliti var litið til frumvarps félagsmálaráðherra til laga um frístundabyggð (þskj. 614, 372. mál) þar sem frístundabyggð er skilgreind sem afmarkað svæði innan jarðar eða jarða þar sem eru a.m.k. sex lóðir undir frístundahús. Í athugasemdum við það frumvarp kemur fram að þessi skilgreining er óháð því hvort á lóðunum standi frístundahús. Nefndin leitaði aftur álits umhverfisráðuneytis um kostnaðarauka ef heimild ráðherra mundi ná til frístundabyggðar út frá fyrrgreindri skilgreiningu. Taldi ráðuneytið vandséð hvernig standa ætti að úttekt í slíkri frístundabyggð. Það mundi einnig kalla á mikla vinnu við að yfirfara skipulagsgögn sveitarfélaga svo hægt væri að meta kostnað við úttekt á hættu í frístundabyggð í skilningi frumvarps til laga um frístundabyggð. Ráðuneytið tók aftur á móti fram að ef heimild ráðherra til að láta gera úttekt á hættu á ofanflóðum næði til þyrpinga frístundahúsa sem þegar hafa verið byggð, þá væri kostnaðaraukning frá fyrra mati innan skekkjumarka

þess mats. Nefndin leitaði jafnframt álits Þórðar Arasonar hjá Veðurstofu Íslands hvað þetta varðar. Í svari Þórðar kom fram að ekki væri um að ræða svo mörg frístundahverfi í mestu snjóflóðasveitum landsins að kostnaður yrði íþyngjandi. Benti hann jafnframt á að þegar reisa á ný frístundahús þá þurfa þau að fara í gegnum staðbundið hættumat sem greiðist af byggingaraðila. Þar sem um heimildarákvæði er að ræða til handa ráðherra og tilvik eru tiltölulega fá telur nefndin að heimild ráðherra skuli ná til þyrpinga þegar byggðra frístundahúsa.

Við meðferð málsins hjá nefndinni var enn fremur litið til þess að dæmi eru um að fólk hafi fasta búsetu og lögheimili í frístundabyggð. Skoðaði nefndin þetta sérstaklega í ljósi dóms Hæstaréttar í máli nr. 474/2004 þar sem kveðið var á um að einstaklingar gætu haft fasta búsetu í frístundabyggð og þar með lögheimili þar á grundvelli 2. mgr. 1. gr. laga nr. 21/1990, um lögheimili. Í kjölfar þessa dóms hafa verið gerðar breytingar á lögum um lögheimili. Með lögum nr. 149/2006 var gerð sú breyting á fyrrgreindri lagagrein að dvöl í húsnæði í skipulagðri frístundabyggð sé ekki ígildi fastrar búsetu. Aftur á móti segir í ákvæði til bráðabirgða í lögum um lögheimili sem sett var inn með sömu breytingalögum, að 3. mgr. 1. gr. raski ekki skráningu lögheimilis í húsnæði í skipulagðri frístundabyggð sem færð hefur verið í þjóðskrá fyrir 1. janúar 2007. Ef hins vegar einstaklingur eða fjölskylda hans flytur úr húsnæðinu fellur réttur til skráningar lögheimilis þar niður. Út frá þessu má ætla að nú hafi ákveðinn fjöldi einstaklinga og fjölskyldur þeirra fasta búsetu og lögheimili skráð í frístundabyggð. Enn fremur hefur komið fram hjá ráðuneytinu að við úttekt á hættu er notast við svokallað punktamat á hús sem byggist á þeirri aðferðafræði að miða við hús þar sem lögheimili er skráð. Því næði kostnaðarmat frumvarpsins einnig til frístundabyggða þar sem einstaklingar höfðu skráð lögheimili. Þórður Arason hjá Veðurstofu Íslands taldi að skýra þyrfti betur hvað átt væri við með hugtakinu dreifbýli. Vísar hann til þess að víða um land eru eyðibýli þar sem einstaklingar hafa ekki fasta búsetu en þau geta þó mögulega verið dvalarstaður fólks og eins konar frístundahús. Veðurstofa Íslands hefur haft þann háttinn á að miða við þá staði þar sem lögheimili er skráð. Jafnframt kom fram að Veðurstofan hefur ekki litið fram hjá húsum þar sem fólk safnast saman, svo sem skólum og félagsheimilum, þótt ekki sé skráð lögheimili í þeim byggingum.

Nefndin telur að með frumvarpi þessu, sbr. athugasemdir við 1. gr. frumvarpsins, sé vinnulag Veðurstofunnar fest í sessi þar sem heimild ráðherra taki einungis til staða þar sem menn hafa fasta búsetu. Líkt og að framan greinir telur nefndin hins vegar, svo að jafnræðis sé gætt, að ítreka skuli að heimild ráðherra nái til allra lögheimila í dreifbýli landsins og þar á meðal þeirra lögheimila sem eru í frístundabyggð. Af öryggissjónarmiðum telur nefndin enn fremur að heimild ráðherra skuli ná til annarra bygginga, svo sem skólahúsnæðis, félagsheimila o.þ.h., þar sem margmenni kann að vera.

Leggur nefndin til að breyting verði gerð á b-lið 1. gr. frumvarpsins á þann veg að heimild ráðherra til að ákveða að gerð skuli úttekt á hættu á ofanflóðum nái jafnframt til þyrpinga þegar byggðra frístundahúsa, frístundahúsa þar sem einstaklingar hafa skráð lögheimili og bygginga þar sem fólk safnast saman. Telur nefndin að jafnræðissjónarmið og verndarhagsmunir laganna mæli með því að heimild ráðherra nái til þeirra frístundabyggða þar sem einstaklingar hafa lögheimili í skilningi laga nr. 21/1990, um lögheimili, með síðari breytingum. Álit nefndarinnar er að hér þurfi að kveða skýrt að orði og umfjöllun í athugasemdum við 1. gr. frumvarpsins um að heimild ráðherra nái til þeirra staða þar sem einstaklingar hafa lögheimili tryggi ekki rétt þeirra sem hafa skráð lögheimili í frístundabyggð gegn skýru undanþáguákvæði greinarinnar sjálfrar. Við fyrirgrennslan nefndarinnar um fjölda þeirra sem hafa

fasta búsetu í frístundabyggð var bæði leitað til Hagstofu Íslands og Fasteignamats ríkisins en upplýsingar um þennan fjölda liggja ekki fyrir. Samkvæmt upplýsingum frá ráðuneytinu er ekki talið að um mörg tilvik sé að ræða þar sem einstaklingar hefðu fasta búsetu og skráð lögheimili í frístundabyggð. Í ljósi þessa telur nefndin að það ætti ekki að vera fyrirhafnarsamt í framkvæmd að láta heimild ráðherra ná til ofangreindra tilvika.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við b-lið 1. gr. bætist tveir nýir málsliðir sem verði 3. og 4. málsl., svohljóðandi: Þó skal heimild ráðherra ná til þyrpinga þegar byggðra frístundabyggða og frístundahúsa þar sem einstaklingar hafa skráð lögheimili. Enn fremur skal heimild ráðherra ná til samkomuhúsa, svo sem skóla, félagsheimila og þess háttar bygginga.

Árni Þór Sigurðsson, Guðfinna Bjarnadóttir og Illugi Gunnarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 29. apríl 2008.

Helgi Hjörvar, form., frsm.	Kjartan Ólafsson.	Kolbrún Halldórsdóttir.
Steinunn Valdís Óskarsdóttir.	Höskuldur Þórhallsson.	Ólöf Nordal.

928. Nefndarálit [401. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 76/2001, um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur og Ólaf Pál Vignisson frá samgönguráðuneytinu. Umsagnir um málið bárust frá Hafnasambandi Íslands, Olíudreifingu ehf., Persónuvernd, Vegagerðinni, Félagi vélstjóra og málmtæknimanna, Landhelgisgæslu Íslands, Byggðastofnun, Slysavarnafélaginu Landsbjörg, Landssambandi björgunarsveita, Umhverfisstofnun, Siglingastofnun Íslands, Eyþingi – Sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum og ríkislögreglustjóraembættinu.

Með frumvarpinu er lagt til að innleitt verði ákvæði um alþjóðlegt öryggisstjórnunarkerfi, ISM-kóðann, í íslenskan rétt. Með innleiðingunni er leitast við að tryggja öryggi á sjó, koma í veg fyrir slys eða manntjón og forðast mengun umhverfisins, einkum sjávar, og skemmdir á eignum.

Einnig er lagt til að innleidd verði tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um gagnkvæma viðurkenningu á skírteinum sjómanna sem aðildarríkin gefa út. Sú tilskipun mælir fyrir um hvernig fara skuli með skírteini gefin út innan EES, einnig breytir hún og bætir við ákvæðum tilskipunar um lágmarksþjálfun sjómanna sem mælir fyrir um útgáfu skírteina í samræmi við kröfur STCW-samþykktarinnar.

Á fundum nefndarinnar kom fram að markmiðið með innleiðingu reglnanna er m.a. að stuðla að auknu öryggi þeirra sem starfa á sjó með því m.a. að skylda útgerðir skipa til að koma sér upp skilgreindu og skilvirku öryggisstjórnunarkerfi. Skulu viðkomandi útgerðir sjá til þess að æfingar verði haldnar í samræmi við kerfið. Ræddi nefndin sérstaklega í þessu sambandi vandamál sem geta skapast vegna ónógrar tungumálakunnáttu ef upp koma neyðartilvik og áhafnarmeðlimir skilja ekki skipanir skipstjóra. Samkvæmt gildandi lögum er það ætíð á ábyrgð skipstjóra að skipanir komist til skila. Telur nefndin mikilvægt að taka fram að samkvæmt ISM-kóðanum eiga útgerðir að vera með öryggisfulltrúa á sínum snærum og að útgerðirnar bera ríka ábyrgð að þessu leyti.

Fyrir nefndinni komu fram upplýsingar um að sýslumenn og tollstjóri gefa ekki lengur út sérstök íslensk atvinnuskírteini heldur sér Siglingastofnun alfarið um útgáfu þeirra og eru skírteinin alþjóðleg. Leggur nefndin því til að felldir verði brott 1. og 2. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna sem varða útgáfu sýslumanna og tollstjóra á skírteinum.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Á eftir 2. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
1. og 2. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna falla brott.

Árni Johnsen var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 23. apríl 2008.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, form., frsm.	Ólöf Nordal.	Herdís Þórðardóttir.
Karl V. Matthíasson.	Árni Þór Sigurðsson.	Guðni Ágústsson.
Ármann Kr. Ólafsson.	Guðjón A. Kristjánsson.	

929. Fyrirspurn [600. mál]

til utanríkisráðherra um stuðning við frjáls félagasamtök.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

Hvernig hefur stuðningi utanríkisráðuneytis við frjáls félagasamtök verið háttað árin 2002–2007? Óskað er eftir því að í svarinu komi fram til hvers konar verkefna styrkir hafa verið veittir, hversu háir styrkir og hverjir ábyrgðaraðilar verkefnanna hafa verið, sundurliðað eftir fjárlagaliðum og árum.

Skriflegt svar óskast.

930. Fyrirspurn [601. mál]

til forsætisráðherra um stuðning við frjáls félagasamtök.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

Hvernig hefur stuðningi forsætisráðuneytis við frjáls félagasamtök verið háttað árin 2002–2007? Óskað er eftir því að í svarinu komi fram til hvers konar verkefna styrkir hafa verið veittir, hversu háir styrkir og hverjir ábyrgðaraðilar verkefnanna hafa verið, sundurliðað eftir fjárlagaliðum og árum.

Skriflegt svar óskast.

931. Fyrirspurn [602. mál]

til dóms- og kirkjumálaráðherra um stuðning við frjáls félagasamtök.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

Hvernig hefur stuðningi dóms- og kirkjumálaráðuneytis við frjáls félagasamtök verið háttað árin 2002–2007? Óskað er eftir því að í svarinu komi fram til hvers konar verkefna styrkir hafa verið veittir, hversu háir styrkir og hverjir ábyrgðaraðilar verkefnanna hafa verið, sundurliðað eftir fjárlagaliðum og árum.

Skriflegt svar óskast.

932. Fyrirspurn [603. mál]

til umhverfisráðherra um útstreymi gróðurhúsalofttegunda.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hvert var heildarútstreymi gróðurhúsalofttegunda frá Íslandi 2006 og hve mikið hefur það aukist frá því árið 1990?
2. Hvernig skiptist útstreymi gróðurhúsalofttegunda samkvæmt eftirfarandi sundurliðun: iðnaðarferlar, eldsneytisbrennsla í iðnaði, vegasamgöngur, fiskiskip, önnur eldsneytisbrennsla, landbúnaður og úrgangur, og hver hefur þróunin verið frá árinu 1990?
3. Hvernig skiptist útstreymið á þær lofttegundir sem eru inni í loftslagsbókhaldinu? Í svarinu óskast sundurliðað hversu stór hluti PAH-losunar kemur frá stóriðju.
4. Hvernig skiptist losunin 2006 á þær heimildir sem Ísland hefur samkvæmt Kyoto-bókuninni, a) almennar heimildir, b) heimildir samkvæmt ákvæði 14/CP7?
5. Hvenær má gera ráð fyrir að tölur fyrir árið 2007 liggi fyrir?
6. Hverju spáir Umhverfisstofnun um útstreymi gróðurhúsalofttegunda á fyrsta skuldbindingartímabili Kyoto-bókunarinnar 2008–2012?

Skriflegt svar óskast.

933. Fyrirspurn [604. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um þróun þorskverðs.

Frá Jóni Gunnarssyni.

1. Hver hefur verið þróun þorskverðs á síðustu fimm árum, annars vegar á fiskmörkuðum og hins vegar í beinum viðskiptum? Svar óskast sundurliðað eftir árum.
2. Hver hefur verið þróun þorskverðs á yfirstandandi fiskveiðiári, annars vegar á fiskmörkuðum og hins vegar í beinum viðskiptum?

Skriflegt svar óskast.

934. Fyrirspurn [605. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um vísindaveiðar á hrefnu.

Frá Jóni Gunnarssyni.

1. Liggja fyrir einhverjar vísbendingar um fæðuvistfræði hrefnu úr vísindaveiðum sem voru stundaðar á árunum 2003–2007?
2. Hvenær er áætlað að endanlegar niðurstöður rannsókna á fæðuvistfræði hrefnunnar liggi fyrir?

Skriflegt svar óskast.

935. Nefndarálit [387. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum.

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bjarnheiði Gautadóttur og Guðrúnu Sveinsdóttur frá félags- og tryggingamálaráðuneyti, Guðrúnu J. Jónsdóttur og Skúla Eggert Þórðarson frá ríkisskattstjóra og Halldór Grönvold frá ASÍ. Jafnframt bárust nefndinni umsagnir um málið frá ríkisskattstjóra, Alþýðusambandi Íslands og nokkrum einstaklingum.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ákvæðum laga um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum. Viðamesta efnisbreyting frumvarpsins varðar það viðmiðunartímabil sem lagt er til grundvallar útreikningum á greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði þar sem það er stytt og fært nær töku fæðingarorlofsins.

Núverandi fyrirkomulag hefur sætt nokkurri gagnrýni og því er sú breyting lögð til að miðað verði við meðaltal heildarlauna foreldris yfir tólf mánaða samfellt tímabil sem lýkur sex mánuðum fyrir fæðingardag barns eða þann dag sem barn kemur inn á heimili við frumættleiðingu eða töku í varanlegt fóstur. Þó er gert ráð fyrir að viðmiðunartímabil vegna foreldra sem eru sjálfstætt starfandi einstaklingar verði tekjuárið á undan. Sú breyting mun hafa í för með sér raunhækkun á greiðslu úr Fæðingarorlofssjóði en jafnframt er aukin heimild til að taka mið af öðrum greiðslum en atvinnutekjum. Frumvarpið gerir einnig ráð fyrir að forsjárlausir foreldrar geti öðlast rétt til fæðingarstyrks, sem og að atriði er varða rétt námsmanna til fæðingarstyrks, sem eingöngu hefur verið kveðið á um í reglugerð, verði færð í lög. Í frumvarpinu er jafnframt gert ráð fyrir að eftirlit með framkvæmd laganna verði fært frá skattyfirvöldum til Vinnumálastofnunar.

Nefndin telur rétt að árétta það sem fram kemur í kostnaðarumsögn með frumvarpinu að þær breytingar sem frumvarpið gerir ráð fyrir fela í sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð en ætla má að árleg útgjöld muni aukast samtals um 180–320 millj. kr. á ári. Útgjöldin á árinu 2008

eru áætluð 110–190 millj. kr. og bent er á að ekki er gert ráð fyrir þessum útgjöldum í fjárlögum 2008. Við umfjöllun nefndarinnar kom fram að svigrúm er fyrir þessa aukningu á útgjöldum sjóðsins innan markaðra tekna hans.

Á fundum sínum ræddi nefndin sjónarmið um aðgang Vinnumálastofnunar að gögnum skattyfirvalda í b-lið 13. gr. frumvarpsins en ákvæðið er sambærilegt ákvæði í lögum nr. 22/2006, um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, og í lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006. Telur nefndin nauðsynlegt að gætt sé meðalhófs við framkvæmd slíkra ákvæða og að persónuvernd sé tryggð. Leggur nefndin því til breytingar á b-lið 13. gr. frumvarpsins í þá veru að fram komi á umsókn um fæðingarorlof upplýsingar til umsækjanda um að hann samþykki jafnframt að skattyfirvöld láti Vinnumálastofnun í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru eftirlitinu með framkvæmd laganna, enda sé það forsenda bótanna.

Nefndinni barst erindi þar sem meðal annars var bent á að samkvæmt frumvarpinu væri ekki litið á það sem þátttöku á vinnumarkaði á viðmiðunartímabilinu ef foreldrar hefðu fengið tekjutengdar greiðslur vegna langveikra eða alvarlega fatlaðra barna skv. III. kafla laga um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna. Nefndin telur mikilvægt að slíkar greiðslur verði taldar til þátttöku á vinnumarkaði líkt og gert er varðandi greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði og fleiri greiðslur skv. 8. og 9. gr. frumvarpsins og leggur í því skyni til breytingar á fyrrnefndum greinum frumvarpsins.

Loks ræddi nefndin ósk er kom fram í umsögn og á fundum nefndarinnar um að bætt yrði orlofsgreiðslum ofan á greiðslur til foreldra í fæðingarorlofi og leggur til að það verði skoðað í tengslum við fyrirhugaða lengingu á fæðingarorlofi á kjörtímabilinu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Árni Johnsen var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Ögmundur Jónasson og Birkir J. Jónsson skrifa undir álit þetta með fyrirvara.

Alþingi, 24. apríl 2008.

Guðbjartur Hannesson, form., frsm.	Ármann Kr. Ólafsson.	Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.
Birkir J. Jónsson, með fyrirvara.	Jón Gunnarsson.	Pétur H. Blöndal.
Kristinn H. Gunnarsson.		Ásta R. Jóhannesdóttir.

936. Breytingartillögur [387. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum.

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

1. Við c-lið 8. gr.
   a. Í stað orðanna „eða bætur frá tryggingafélagi vegna tímabundins atvinnutjóns, sbr. a–d-liði 2. mgr. 13. gr. a“ í 2. efnismálsl. komi: bætur frá tryggingafélagi vegna tímabundins atvinnutjóns eða tekjutengdar greiðslur skv. III. kafla laga um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, sbr. a–e-liði 2. mgr. 13. gr. a.
   b. Í stað orðanna „eða bætur frá tryggingafélagi vegna tímabundins atvinnutjóns“ í 3. efnismálsl. komi: bætur frá tryggingafélagi vegna tímabundins atvinnutjóns eða tekjutengdar greiðslur skv. III. kafla laga um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna.
2. Við 9. gr.
   a. Á eftir d-lið 2. efnismgr. komi nýr stafliður, e-liður, sem orðist svo: sá tími er foreldri fær tekjutengdar greiðslur skv. III. kafla laga um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna eða hefði átt rétt á slíkum greiðslum hefði foreldri sótt um þær til Tryggingastofnunar ríkisins.
   b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
      Tryggingastofnun ríkisins metur á grundvelli laga um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna hvort foreldri hefði átt rétt á tekjutengdum greiðslum samkvæmt III. kafla laganna hefði það sótt um slíkar greiðslur.
3. Á eftir orðunum „eftirlitinu með framkvæmd laganna“ í b-lið 13. gr. komi: enda hafi umsækjandi verið upplýstur um það.

937. Breytingartillaga [387. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum.

Frá Ögmundi Jónassyni.

Við 10. gr. bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Við 2. mgr. 14. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Greiða skal orlofslaun af greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði.

938. Framhaldsnefndarálit [325. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 90/2003, um tekjuskatt, lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, og lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og skattanefndar.

Málinu var vísað til nefndarinnar að lokinni 2. umræðu og hefur hún fjallað um málið á ný og fengið á sinn fund Maríönnu Jónasdóttur og Ingibjörgu Helgu Helgadóttur frá fjármálaráðuneyti, Ingvar Rögnvaldsson, Guðrúnu Jenný Jónsdóttur og Guðmund Guðbjarnason frá ríkisskattstjóra, Ólaf Darra Andrason frá Alþýðusambandi Íslands, Gest Steinþórsson frá skattstjóranum í Reykjavík, Steinþór Haraldsson frá skattstjóranum í Suðurlandsumdæmi, Harald Inga Birgisson frá Viðskiptaráði og Pál Harðarson og Árnínu Steinunni Kristjánsdóttur frá Kauphöll Íslands OMX. Þá hafa nefndinni borist viðbótarumsagnir frá ríkisskattstjóra, Alþýðusambandi Íslands og Eyþingi.

Á fundum nefndarinnar var rætt um kosti þess og galla að gera söluhagnað af hlutabréfum skattfrjálsan og hvort þetta væri skynsamleg leið til að hindra flutning fjármagns úr landi og laða jafnframt fyrirtæki og fjármagn til landsins. Einnig voru ræddar þær breytingar sem meiri hluti efnahags- og skattanefndar lagði til við 2. umræðu. Af því tilefni bárust nefndinni viðbótarumsagnir frá ríkisskattstjóra og Alþýðusambandi Íslands.

Alþýðusamband Íslands leggst gegn frumvarpinu og telur brýnna að reistar verði skorður við því að eigendur fjármagns komist hjá eðlilegri skattlagningu með flutningi þess úr landi. Sambandið gagnrýnir enn fremur tímasetningu á framlagningu frumvarpsins í ljósi núverandi aðstæðna í efnahagsmálum þjóðarinnar. Hvað varðar þær breytingar sem meiri hluti efnahags- og skattanefndar lagði til við 2. umræðu frumvarpsins varar Alþýðusambandið sérstaklega við afnámi takmörkunar á heimild til að draga kostnað við öflun tekna sem undanþegnar eru skattskyldu frá öðrum tekjum.

Bæði Viðskiptaráð og Kauphöll Íslands OMX fagna markmiðum frumvarpsins og telja að þær breytingar sem lagðar voru til við 2. umræðu hafi verið til góðs. Þessir aðilar benda á að tekjur ríkissjóðs af skatti á söluhagnað hlutabréfa hafi verið litlar vegna frestunarheimilda í lögum og að meiri ávinningur felist í því að skapa fyrirtækjum hagstætt skattaumhverfi. Þessu til stuðnings benda aðilarnir á mikinn vöxt íslenskra fjármálastofnana sem skapað hafa þjóðinni miklar tekjur.

Meiri hlutinn telur ekki líklegt að ríkissjóður eigi að óbreyttum lögum eftir að uppskera miklar tekjur vegna frestaðra skattskuldbindinga. Meiri hlutinn bendir á að fjármagn er kvikur skattstofn og að aðilar hafi haft heimild til að fresta skattlagningu varanlega með ráðstöfun hans til kaupa á innlendum jafnt sem erlendum hlutabréfum. Umræddar frestunarheimildir eru vandmeðfarnar í skattframkvæmd. Á fundum nefndarinnar hefur í þessu sambandi verið farið yfir þann greinarmun sem gerður er á hlutabréfum sem keypt eru til fjárfestingar og veltuhlutabréfum. Frestunarheimildir laganna taka til hinna fyrrnefndu en í skattframkvæmd hefur reynst erfitt að viðhalda þessari aðgreiningu. Þá hafa fyrirtæki sem heimild hafa til að fresta skattlagningu söluhagnaðar getað dregið frá kostnað vegna söluhagnaðarins sem étið hefur upp aðrar tekjur. Frumvarpinu er ætlað að takmarka uppsöfnun á yfirfæranlegu tapi og

um leið afnema þann greinarmun sem gerður hefur verið á fjárfestingarhlutabréfum og veltuhlutabréfum.

Meiri hlutinn væntir þess að breytingarnar hvetji fyrirtæki til að setjast að hér á landi eða halda höfuðstöðvum hér og stuðli að því að fyrirtæki og fjármagn fari ekki úr landi. Í ríkjandi lagaumhverfi hefur borið á að aðilar stofni eignarhaldsfélög í ríkjum sem skattleggja ekki söluhagnað.

Á fundum nefndarinnar var rætt um þá breytingu sem meiri hlutinn lagði til við 2. umræðu frumvarpsins að láta það taka til afleiðuviðskipta. Fram kom að þáttur afleiðuviðskipta í Kauphöllinni væri vaxandi og að miklu skipti fyrir hagkvæmni slíkra viðskipta að breytingin næði fram að ganga. Einnig komu fram ábendingar um að hér væru á ferðinni flókin viðskipti og tekjuskattslög taki ekki sérstaklega á því hvernig fara eigi með þau í skattalegu tilliti. Fjármálaráðuneytið lýsti því yfir að tími væri kominn til að huga að endurskoðun tekjuskattslaga hvað afleiðuviðskipti varðar og að nýta mætti tímann fram á haust til þess. Með hliðsjón af athugasemdum ríkisskattstjóra vill meiri hlutinn undirstrika að breytingunni er ætlað að tryggja að afleiðuviðskipti sem fram fara á skipulegum verðbréfamarkaði, þar sem undirliggjandi verðmæti eru eingöngu hlutabréf, fái sömu skattalegu meðferð og sala þeirra hlutabréfa sem frumvarpið fjallar um. Breytingin tekur því ekki til afleiðna almennt heldur gildir hún aðeins um mjög afmarkaðan þátt afleiðuviðskipta.

Loks ræddi nefndin þann þátt frumvarpsins sem varðar skattumsýslu stórfyrirtækja og töldu gestir sem komu á fund nefndarinnar að með því að koma umsýslunni fyrir á einum stað yrði eftirlit skilvirkara og þjónusta við fyrirtækin betri. Með frumvarpinu stæði ekki til að skera niður starfsemi skattstofa á landsbyggðinni.

Að öðru leyti vísar meiri hlutinn til álits meiri hluta efnahags- og skattanefndar við frumvarpið frá 11. mars 2008.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Gunnar Svavarsson og Magnús Stefánsson skrifa undir álit þetta með fyrirvara.

Bjarni Benediktsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 6. maí 2008.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Ellert B. Schram.	Gunnar Svavarsson, með fyrirvara.
Magnús Stefánsson, með fyrirvara.	Lúðvík Bergvinsson.	Kristján Þór Júlíusson.

939. Fyrirspurn [606. mál]

til fjármálaráðherra um ólöglegan innflutning á fínkorna tóbaki.

Frá Þuríði Backman.

Hefur fínkorna tóbak verið gert upptækt við tollskoðun? Ef svo er, hve mikið magn hefur tollgæslan lagt hald á árlega undanfarin fimm ár?

940. Fyrirspurn [607. mál]

til heilbrigðisráðherra um tóbaksvarnir.

Frá Þuríði Backman.

1. Hver er ástæða þess að tóbaksvarnaráð var ekki fullskipað og án formanns um nokkurra mánaða skeið?
2. Eru uppi hugmyndir um að breyta starfi sérfræðiráðs Lýðheilsustöðvar í tóbaksvörnum eða starfi annarra sérfræðiráða stöðvarinnar? Ef svo er, hvers eðlis eru þau áform?
3. Hvenær má vænta að reglur ESB um merkingar á tóbaksvörum verði teknar upp?
4. Hvernig er háttað tóbaksvörnum í grunn- og framhaldsskólum og hver ber ábyrgð á að fræðsla á þessu sviði fari þar fram?
5. Eru reglulega gerðar kannanir á notkun fínkorna tóbaks hér á landi? Ef svo er, hver hefur þróunin verið frá árinu 2000 hjá öllum aldurshópum?
6. Hverjar hafa sérmerktar tekjur til tóbaksvarna af innflutningi á tóbaki verið undanfarin fimm ár og hvernig hefur þeim verið varið?

Skriflegt svar óskast.

941. Fyrirspurn [608. mál]

til heilbrigðisráðherra um afgreiðslu tóbaks.

Frá Þuríði Backman.

1. Telur ráðherra að framfylgt sé banni við sölu og afhendingu á tóbaki til yngri en 18 ára og eins því að þeim einum sem náð hafa 18 ára aldri sé heimilt að selja tóbak?
2. Telur ráðherra að farið sé eftir ákvæðum laga um að bann þetta skuli auglýsa með áberandi hætti?
3. Er reglulega staðið að könnunum á þessu sviði? Ef svo er, hverjir gera þær?
4. Hvernig er tryggt að niðurstöðurnar berist Lýðheilsustöð?
5. Gerir Lýðheilsustöð sjálfstæðar kannanir á sölustöðum tóbaks með tilliti til sýnileika vörunnar, merkinga, aldurs starfsfólks sem afgreiðir tóbak og afgreiðslu tóbaks til yngri en 18 ára?

Skriflegt svar óskast.

942. Fyrirspurn [609. mál]

til umhverfisráðherra um eftirlit með útsölustöðum tóbaks o.fl.

Frá Þuríði Backman.

1. Hafa heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna samræmdar vinnureglur hvað varðar eftirlit, undanþágur og viðurlög við brotum á lögum og reglugerð um tóbaksvarnir hvað varðar sölu í verslunum og eftirlit með reykingabanni á veitingahúsum (kaffihúsum, veitinga- og skemmtistöðum)?
2. Í hve ríkum mæli óska smávöruverslanir eftir undanþágu frá aldurstakmörkum afgreiðslufólks?
3. Telur ráðherra að heilbrigðiseftirlit sveitafélaganna hafi bolmagn til að sinna eftirliti með útsölustöðum tóbaks með tilliti til aukinna verkefna?
4. Hvaða viðurlögum er beitt við brotum á umræddum ákvæðum tóbaksvarnarlaga og í hve ríkum mæli er það gert?

Skriflegt svar óskast.

943. Nefndarálit [362. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.

Frá viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Tryggva Axelsson og Þórunni Önnu Árnadóttur frá Neytendastofu og Atla Frey Guðmundsson frá viðskiptaráðuneyti.

Með frumvarpinu eru leidd í lög ákvæði tilskipunar 2005/29/EB frá 11. maí 2005 um óréttmæta viðskiptahætti gagnvart neytendum á innri markaðnum. Tilskipuninni er ætlað að samræma löggjöf aðildarríkja ESB um vernd fjárhagslegra hagsmuna neytenda gagnvart óréttmætum viðskiptaháttum fyrirtækja. Tilskipunin mælir fyrir um allsherjarsamræmingu á ákvæðum hennar á EES-svæðinu og mega lög aðildarríkjanna því hvorki ganga lengra né skemmra en ákvæði hennar mæla fyrir um.

Til að innleiða tilskipunina réttilega er þörf á ákveðnum breytingum á gildandi lögum. Með frumvarpinu er lagt til að við lög um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins bætist fimm nýir kaflar sem komi í stað II. kafla laganna og einnig eru lagðar til breytingar á nokkrum greinum laganna.

Tilskipunin fjallar sem fyrr segir einkum um vernd fjárhagslegra hagsmuna neytenda en gildandi lög fjalla almennt um neytendavernd en gera ekki greinarmun á hagsmunum neytenda með sama hætti. Ákvæði gildandi laga vernda einnig hagsmuni neytenda og keppinauta

jöfnum höndum en gera ekki sérstakan greinarmun þar á. Tilskipunin greinir hins vegar á milli háttsemi fyrirtækja gagnvart neytendum og háttsemi fyrirtækja gagnvart keppinautum sínum. Til að tryggja rétta innleiðingu tilskipunarinnar og til að leitast við að framkvæmdin verði sambærileg við framkvæmd annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu er lagt til að í lögum hér á landi verði með sama hætti greint þarna á milli og byggjast tillögur frumvarpsins á því.

Nefndin leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu. Lögð er til orðalagsbreyting á 1. mgr. f-liðar 2. gr. Sömuleiðis er lögð til lagfæring á orðalagi 2. mgr. i-liðar 2. gr. en með ákvæðinu er ætlunin að undirstrika að sérreglur III. kafla frumvarpsins ganga framar vísireglu 1. mgr. i-liðar 2. gr. frumvarpsins. Lögð er til sú breyting á a- og b-lið 3. gr. frumvarpsins að í stað orðsins „athafnir“ komi „viðskiptahættir“. Er þetta gert til að samræma orðanotkun við þá kafla sem vísað er til í greininni og einnig svo að greinin taki jafnt til athafna sem athafnaleysis. Þá er einnig lagt til að við upptalningu á þeim köflum sem tilgreindir eru í greinunum bætist tilvísun í VII. kafla um eftirlit með gagnsæi markaðarins og VIII. kafla um upplýsingaskyldu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Árni Páll Árnason, Björk Guðjónsdóttir og Höskuldur Þórhallsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Jón Magnússon sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 29. apríl 2008.

Ágúst Ólafur Ágústsson, form., frsm.	Guðfinna S. Bjarnadóttir.	Jón Bjarnason.
Birgir Ármannsson.	Birkir J. Jónsson.	Jón Gunnarsson.

944. Breytingartillögur [362. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.

Frá viðskiptanefnd.

1. Við 2. gr.
   a. Í stað orðanna „skal það veita eftirfarandi upplýsingar eftir því sem við á og að teknu tilliti til auglýsingamiðilsins sem nýttur er“ í 1. mgr. f-liðar komi: skal það, eftir því sem við á og að teknu tilliti til auglýsingamiðilsins sem nýttur er, veita upplýsingar um:
   b. 2. mgr. i-liðar hljóði svo:
      1. mgr. gildir um aðra viðskiptahætti en þá sem III. kafli tekur til.

2. Við 3. gr.
   a. 2. efnismgr. a-liðar hljóði svo:
      Neytendastofa getur gripið til aðgerða gegn viðskiptaháttum sem brjóta í bága við ákvæði II.–VI. kafla og ákvæði VII. og VIII. kafla eftir því sem við getur átt. Aðgerðir Neytendastofu geta falið í sér bann, fyrirmæli eða heimild með ákveðnu skilyrði.
   b. B-liður b-liðar hljóði svo: stjórnvaldsreglum og ákvörðunum Neytendastofu gegn viðskiptaháttum sem brjóta í bága við ákvæði II.–VIII. kafla og fyrirmælum Neytendastofu, sbr. 21. gr. b.

945. Breytingartillaga [325. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 90/2003, um tekjuskatt, lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, og lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Frá Kristni H. Gunnarssyni, Ögmundi Jónassyni og Paul Nikolov.

1. A og b-liður 1. gr. falli brott.
2. C-liður 2. gr. falli brott.
3. Ákvæði til bráðabirgða II orðist svo:
   Ákvæði 5. mgr. 18. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skulu halda gildi sínu um hagnað sem féll til fyrir gildistöku laga þessara.

946. Tillaga til þingsályktunar [610. mál]

um fjölgun úthaldsdaga rannsóknaskipa Hafrannsóknastofnunarinnar.

Flm.: Kolbrún Halldórsdóttir, Atli Gíslason, Álfheiður Ingadóttir, Árni Þór Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að tryggja að Hafrannsóknastofnuninni verði gert kleift að sinna brýnum rannsóknarverkefnum með því að fjölga úthaldsdögum rannsóknaskipanna Árna Friðrikssonar og Bjarna Sæmundssonar að lágmarki upp í 250 daga á hvort skip á þessu og næsta ári. Til lengri tíma litið verði tryggð samfella í úthaldi rannsóknaskipanna árið um kring með vönduðum undirbúningi og forgangsröðun verkefna sem og úthald annarra skipa sem notuð eru til almennra hafrannsókna og sérverkefna.

Greinargerð.

Tillaga þessi er sett fram til að tryggja Hafrannsóknastofnuninni þegar í ár nauðsynlegt fjármagn til að fjölga úthaldsdögum rannsóknaskipa stofnunarinnar Árna Friðrikssonar og Bjarna Sæmundssonar að svo unnt sé að sinna brýnum verkefnum. Fyrir árið 2009 verði

jafnframt tryggt fjármagn til að halda skipunum úti í að lágmarki 250 daga og síðan allt árið í samræmi við framsýna rannsóknastefnu og forgangsröðun. Slík stefnumörkun þarf einnig að taka til annarra rannsóknaskipa sem stofnunin leigir eða hefur aðgang að og skipa sem fengin eru til sérverkefna.

Í ársskýrslu Hafrannsóknastofnunarinnar 2006 kom fram að úthaldsdagar rannsóknaskipanna tveggja hafi það ár verið 343 dagar, þ.e. 43 dögum færri en árið 2005. Árni Friðriksson var við rannsóknir í 199 daga (181 árið 2005) og Bjarni Sæmundsson í 154 daga (208 dagar 2005). Jafnframt kemur fram í skýrslunni að mikið vanti á að úthald rannsóknaskipanna sé hagkvæmt eða nægilegt miðað við rannsóknarverkefni sem sinna þarf.

Samkvæmt heimasíðu Hafrannsóknastofnunarinnar 8. febrúar 2008 var áætlað í ljósi fjárveitinga að Árna Friðrikssyni yrði haldið úti aðeins í 181 dag á árinu og Bjarna Sæmundssyni í 200 daga. Áætlanir þessar hafa síðan verið endurskoðaðar og úthaldsdögum verið fjölgað lítils háttar. Á móti kemur hins vegar verulega aukinn kostnaður vegna hækkana á olíu og fleiri rekstrarliðum. Því er rekstur rannsóknaskipanna að óbreyttu í mikilli óvissu nema til komi verulega aukið fjármagn, að ekki sé talað um það markmið sem sett er fram í þingsályktunartillögunni.

Verkefni hafrannsóknaskipanna eru ærin þar sem um er að ræða árlegar stofnmælingar og mælingar á umhverfisþáttum í hafinu við Ísland. Að auki kemur til fjöldi afmarkaðra rannsóknarverkefna af ýmsu tagi, sem sum hver hafa verið vanrækt um langt skeið vegna takmarkaðra fjárveitinga. Má þar nefna kortlagningu hafsbotnsins í efnahagslögsögu Íslands, veiðarfærarannsóknir, sjálfbæra nýtingu helstu nytjastofna, vistkerfisnálgun við stjórn fiskveiða o.fl.

Á hafrannsóknaskipunum starfa um 40 sjómenn og um borð er aðstaða fyrir nokkurn fjölda vísindamanna og aðstoðarmenn þeirra. Það er augljóslega óskynsamlegt og óhagkvæmt að halda rannsóknaskipum og mannskap sem við þau starfar í höfn stóran hluta ársins þegar fjöldi brýnna verkefna situr á hakanum og til staðar er mannafli til að vinna þau.

Á 132. löggjafarþingi var samþykkt frumvarp til laga um ráðstöfun fjár úr Verkefnasjóði sjávarútvegsins, þskj. 1387, 382. mál. Í umræðum um málið var m.a. fjallað um úthald rannsóknaskipa Hafrannsóknastofnunarinnar. Þáverandi formaður sjávarútvegsnefndar Alþingis, Guðjón Hjörleifsson, rifjaði upp vilja sjávarútvegsnefndar Alþingis, sem sent hafði greinargerð til fjárlaganefndar vegna fjárlaga ársins 2006 þar sem lagt var til að veittir yrðu auknir fjármunir til Hafrannsóknastofnunarinnar í því augnamiði að auka umtalsvert úthald rannsóknaskipa stofnunarinnar. Í greinargerð þeirri sagði orðrétt:

„Nefndin leggur til að í meðförum Alþingis verði Hafrannsóknastofnuninni veitt 50 millj. kr. framlag svo auka megi úthald rannsóknaskipa stofnunarinnar um samtals 87–97 daga á ári. Nauðsynlegt er að úthald skipanna verði aukið svo efla megi veiðarfærarannsóknir og rannsóknir á uppsjávarfiski. Á síðasta ári var úthald Árna Friðrikssonar 211 dagar og úthald Bjarna Sæmundssonar 176 dagar. Á yfirstandandi ári er úthald áætlað 180 dagar á Árna (þar af 15 dagar vegna leigu til erlendra aðila) og 203 dagar á Bjarna (þar af 33 dagar vegna leigu til erlendra aðila). Meðalkostnaður á dag við rekstur Árna er 1.150 þús. kr. og Bjarna 900 þús. kr. Tillaga nefndarinnar er byggð á því að úthald skipanna verði 235–240 dagar fyrir hvort skip. Samkvæmt útreikningum Hafrannsóknastofnunarinnar kostar hver viðbótardagur vegna fjölgunar úthaldsdaga um 55–60 á Árna 650–700 þús. kr. og fjölgunar úthaldsdaga um 32–37 á Bjarna 500–550 þús. kr.“

Stórauknar hafrannsóknir eru meðal allra brýnustu verkefna sem Íslendingar þurfa að sameinast um að hrinda í framkvæmd. Margt af þeim verður ekki að veruleika nema með tilstyrk

vel búinna rannsóknaskipa. Það er mat flutningsmanna þessarar tillögu að vilji þingmanna standi til þess að úthaldsdögum rannsóknaskipa Hafrannsóknastofnunarinnar verði fjölgað umtalsvert og að því marki sem tillagan gerir ráð fyrir. Til að svo megi verða þarf Alþingi og ríkisstjórn að tryggja Hafrannsóknastofnuninni stóraukið fjármagn. Merki um slíkt þyrfti að gefa sem allra fyrst, svo að starfsemi skipanna verði með ásættanlegum hætti það sem eftir lifir ársins og mörkuð verði framsækin rannsóknastefna til lengri tíma.

947. Svar [481. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Jóns Gunnarssonar um umferð á stofnbrautum.

1. *Hve mikil umferð er nú á Reykjanesbraut við Fífuhvammsveg í Kópavogi annars vegar og við Kauptún í Garðabæ hins vegar (fjöldi bíla á sekúndu)?*

Samkvæmt umferðargreini á Reykjanesbraut við Dalveg í Kópavogi var ársdagsumferð árið 2007 45 þús. bílar á sólarhring. Hafði umferð aukist um 8,9% frá árinu 2006.

Umferðargreinir á Reykjanesbraut í Molduhrauni var ekki virkur árið 2007 vegna framkvæmda, en með því að gera ráð fyrir að umferðaraukning þar hafi orðið sú sama og á Reykjanesbraut við Dalveg var ársdagsumferð á Reykjanesbraut í Molduhrauni 28 þús. bílar á sólarhring árið 2007.

2. *Hve mikið mun umferð á Reykjanesbraut aukast:*
   a. *við uppbyggingu atvinnusvæðis á landi Gusts í Kópavogi,*
   b. *við uppbyggingu atvinnusvæðis í Kauptúni í Garðabæ,*
   c. *við væntanlega íbúðarbyggð í Urriðakotslandi,*
   d. *við uppbyggingu íþrótta- og atvinnusvæðis við Vetrarmýri í Garðabæ,*
   e. *við uppbyggingu íbúðar- og atvinnusvæðis á Völlum í Hafnarfirði á árunum 2005–2010?*

Skipulagsáform á þeim svæðum sem hér er spurt um hafa verið að taka sífelldum breytingum og umferðarspár þar með. Verið er að kynna verulegar breytingar á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins og þegar eitthvað liggur fyrir í því efni er gert ráð fyrir að endurmeta fyrri spár frá 2004 og 2006, sem nú þegar eru orðnar úreltar.

3. *Hvaða ár er áætlað að nauðsynlegt verði að þrefalda Reykjanesbraut vegna aukinnar umferðar?*

Nauðsyn á breikkun Reykjanesbrautar milli Kópavogs og Hafnarfjarðar úr fjórum í sex akreinar er að sama skapi háð því hvenær hin ýmsu skipulagsáform ganga eftir.

4. *Hvenær er áætlað að hefja framkvæmdir við svokallaðan Hlíðarfót í ljósi fyrirhugaðrar uppbyggingar í Vatnsmýri og hvar er áætluð tenging hans inn á stofnbrautakerfið í Kópavogi?*

Skipulag í Vatnsmýri er enn mjög óljóst og meðan svo er er erfitt að ákvarða hvernig Hlíðarfótur (Fossvogsbraut) muni best tengdur þeim megin.

948. Svar [507. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Bjarna Harðarsonar um brot á verklagsreglum vegna Grímseyjarferju.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Með hvaða hætti hefur verið tekið á þeim brotum sem segir í yfirlýsingu frá samgönguráðuneytinu vegna Grímseyjarferju í ágúst sl. að tekið verði á með viðeigandi hætti og í samræmi við góða stjórnsýslu, en í yfirlýsingunni segir að ekki hafi verið fylgt skýrum verklagsreglum ráðuneytisins um verkefnaáætlun, upplýsingar til ráðuneytisstjóra um gang mála og samþykki fyrir verkefnaáætlun?

Í verklagsreglu ráðuneytisins um almenna málsmeðferð eru leiðbeiningar um hvernig skuli staðið að undirbúningi verkefna. Þar er skýrt tekið fram að áætlun skuli vinna fyrir veigameiri verkefni. Meðal annars segir að mikilvægt sé að vanda til verksins í upphafi enda er undirbúningur lykill að árangri. Markmið verkefnisins þarf að vera skýrt og leið að markmiðinu vörðuð. Greina þarf frá verkefnastjóra, þátttakendum og þeim samráðsaðilum sem æskilegt er að komi að málinu. Útbúa þarf tímaáætlun og eftir atvikum gera kostnaðaráætlun.

Rétt er að geta þess að ráðuneytið kemur sjaldnast að undirbúningi og framkvæmd verkefna sem eru á verksviði stofnana þess, enda eru stofnanir ráðuneytisins öflugar með mikla sjálfstjórn og vel til þess fallnar að stýra verkefnum. Það er þó alkunna að margt fór á annan veg en ætlað var varðandi Grímseyjarferju. Þegar málefni Grímseyjarferju voru komin inn á borð ráðuneytisins og blikur á lofti hvert stefndi var full ástæða til þess að skilgreina verkefnið eins og kveðið er á um í verklagsreglu ráðuneytisins. Það var ekki gert og því fékk málið ekki þá athygli sem það ella hefði fengið.

Til að bregðast við þessu og til að undirbúa starfsmenn fyrir aukin umsvif vegna nýrra málaflokka, sveitarstjórnarmála og málefna Keflavíkurflugvallar, fékk ráðuneytið ráðgjafafyrirtækið Capacent til liðs við sig haustið 2007. Markmið ráðuneytisins er að samþætta betur stefnumótun og áætlanagerð og gera verklag vandaðra og skilvirkara. Frá síðastliðnu hausti hafa starfsmenn ráðuneytisins unnið að þessu markmiði. Allir starfsmenn ráðuneytisins hafa lagt sitt af mörkum. Stefnt er að því að vinnan klárist í maí nk. og standa vonir til að hún skili sér í betri árangri í störfum ráðuneytisins.

Í svarinu getur ráðherra ekki látið hjá líða að nefna Vegagerðina. Vegamálastjóri hefur sagst taka aðfinnslur Ríkisendurskoðunar mjög alvarlega og að farið verði ofan í hvað betur má gera í framtíðinni því að ekki sé hægt að breyta því sem hefur verið gert í fortíðinni. Síðastliðið haust óskaði ráðherra eftir því að Ríkisendurskoðun framkvæmdi stjórnsýsluúttekt á Vegagerðinni. Sú úttekt stendur enn yfir og er niðurstöðu að vænta á næstu dögum. Í kjölfar niðurstöðunnar munu ráðuneytið og Vegagerðin vinna í sameiningu að því að færa mál til betri vegar svo að Grímseyjarferjuævintýrið endurtaki sig ekki.

949. Svar [575. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Ármanns Kr. Ólafssonar um slit flutningabíla á vegum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu hlutfallslega mikið meira slítur flutningabíll vegum landsins en meðalfólksbíll, miðað við að flutningabíllinn hafi 80% hleðslu, bæði með og án tengivagns, og fólksbíllinn sé 1.800 kg?

Vegir eru í grófum dráttum gerðir úr burðarlagi annars vegar og slitlagi hins vegar. Slitlagið getur síðan verið annaðhvort bundið eða óbundið, þ.e. malarslitlag.

Ætla má að stærðargráða niðurbrots vega (þ.e. burðarþolslega) sé hlutfallslega eftirfarandi:

Ein ferð flutningabíls án tengivagns með 80% hleðslu gæti valdið svipuðum niðurbrotsáhrifum og 9.000 ferðir 1.800 kg fólksbifreiðar.

Ein ferð flutningabíls með tengivagn og 80% hleðslu gæti valdið svipuðum niðurbrotsáhrifum og 12.000 ferðir 1.800 kg fólksbifreiðar.

Aukið niðurbrot þungra bifreiða á vegum, umfram það niðurbrot sem léttari bifreiðar valda, byggist á því að við ákveðin þyngdarmörk margfaldast áhrif á burðarlag vegarins. Niðurbrotsáhrif þungra bifreiða á burðarþol vega geta verið breytileg, m.a. eftir styrkleika vegar og búnaði ökutækja. Þannig verður hlutfallslegt niðurbrot þungrar bifreiðar meira á vegi með veika uppbyggingu heldur en á vegum með sterka uppbyggingu. Fjöðrunarbúnaður, hjólbarðar og gerð ökutækis getur einnig haft mismunandi áhrif á niðurbrot. Það svar sem hér er gefið byggist á einföldu módeli af þeim aðstæðum sem taldar eru dæmigerðar hér á landi.

Ef horft er til slits nagladekkja á bundnum slitlögum má ætla að það geti verið um fjórum sinnum meira, miðað við hvert dekk flutningabílsins, en getur verið háð ýmsum forsendum, svo sem þyngd nagla, gerð slitlags o.fl.

950. Framhaldsnefndarálit [325. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 90/2003, um tekjuskatt, lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, og lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Frá minni hluta efnahags- og skattanefndar.

Málinu var vísað til nefndarinnar að lokinni 2. umræðu og hefur hún fjallað um málið á ný og fengið á sinn fund Maríönnu Jónasdóttur og Ingibjörgu Helgu Helgadóttur frá fjármálaráðuneyti, Ingvar Rögnvaldsson, Guðrúnu Jenný Jónsdóttur og Guðmund Guðbjarnason frá ríkisskattstjóra, Ólaf Darra Andrason frá Alþýðusambandi Íslands, Gest Steinþórsson frá skattstjóranum í Reykjavík, Steinþór Haraldsson frá skattstjóranum í Suðurlandsumdæmi, Harald Inga Birgisson frá Viðskiptaráði og Pál Harðarson og Árnínu Steinunni Kristjánsdótt-

ur frá Kauphöll Íslands OMX. Þá hafa nefndinni borist viðbótarumsagnir frá ríkisskattstjóra og Alþýðusambandi Íslands og fylgja þær áliti þessu ásamt umsögn Eyþings og upphaflegri umsögn Alþýðusambands Íslands.

Skattlagning á fyrirtæki og fjármagnstekjur á Íslandi er með því lægsta sem gerist innan OECD og er enn haldið áfram á þeirri braut að lækka skatta á þessa aðila. Þannig liggur fyrir þinginu tillaga um að lækka tekjuskatt fyrirtækja um þrjú prósentustig. Með þessu frumvarpi er lagt til að söluhagnaður lögaðila af hlutabréfum verði gerður skattfrjáls. Þegar frumvarpið var lagt fram var gert ráð fyrir að frádráttur vegna kostnaðar við hlutabréfaviðskipti félli niður. Þessu breytti meiri hlutinn við 2. umræðu. Athygli vekur að farið var að óskum fjármálafyrirtækja í þessu efni en gengið gegn ábendingum og óskum verkalýðshreyfingarinnar. Minni hlutinn tekur undir sjónarmið ASÍ og telur að með frumvarpinu sé tekið skref í átt til takmarkalausrar skattasamkeppni þjóða sem ekki sér fyrir endann á. Þá er rétt að vekja sérstaka athygli á umsögn embættis ríkisskattstjóra um frumvarpið þar sem talað er um „stílbrot“ gagnvart meginreglu skattalaga. Enn er rétt að vekja athygli á sjónarmiðum sem fram komu hjá Eyþingi og fleirum varðandi mikilvægi þess að taka tillit til byggðasjónarmiða við verkaskiptingu innan skattkerfisins.

Minni hlutinn leggst gegn samþykkt frumvarpsins.

Grétar Mar Jónsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og styður þetta álit.

Alþingi, 6. maí 2008.

Ögmundur Jónasson. Paul Nikolov.

Með framhaldsnefndarálitinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Umsögn frá Alþýðusambandi Íslands. (7. mars 2008.)
II. Viðbótarumsögn frá Alþýðusambandi Íslands. (23. apríl 2008.)
III. Minnisblað frá ríkisskattstjóra. (18. apríl 2008.)
IV. Umsögn frá Eyþingi, sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum. (13. mars 2008.)

951. Frumvarp til laga [611. mál]

um breyting á lögum um sértryggð skuldabréf, nr. 11/2008.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

Við 14. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Þrotabúið tekur við réttindum og skyldum útgefanda samkvæmt afleiðusamningum sem gerðir hafa verið á grundvelli laga þessara. Kröfur samkvæmt slíkum afleiðusamningum njóta rétthæðar skv. 3. tölul. 110. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., sbr. 3. mgr. 111. gr. sömu laga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lög um sértryggð skuldabréf tóku gildi 14. mars sl. Fjármálaeftirlitið vinnur að gerð reglna sem því er heimilt að setja skv. 25. gr. laganna. Tiltekin fjármálafyrirtæki fyrirhuga útgáfu sértryggðra skuldabréfa. Af því tilefni hafa komið fram ýmsar ábendingar og fyrirspurnir sem varða efni laganna. Meðal annars hafa komið fram ábendingar um að í 14. gr. laganna sé sérstaklega tekið fram að sértryggð skuldabréf falli ekki í gjalddaga þótt bú útgefanda sé tekið til gjaldþrotaskipta, enda sé þetta nauðsynlegt þar sem ella ætti við hin almenna regla 1. mgr. 99. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991. Á hinn bóginn sé þess ekki getið að afleiðusamningar, sem gerðir kunna að hafa verið samkvæmt lögunum, falli ekki í gjalddaga. Ástæða þess að ekki þótti rétt að taka þetta fram í 14. gr. laganna er sú að tilvitnuð regla 1. mgr. 99. gr. laga nr. 21/1991 tekur til einhliða krafna á hendur þrotamanni, sem þó getur vissulega sprottið af samningi sem upphaflega var gagnkvæmur. Afleiðusamningar eru gagnkvæmir samningar sem eiga undir XV. kafla laga nr. 21/1991. Samkvæmt 1. mgr. 91. gr. laga nr. 21/1991 getur því skiptastjóri tekið ákvörðun um að þrotabúið gangi inn í afleiðusamning. Ljóst er að það ber skiptastjóra að gera í slíkum tilvikum, ella gæti hann bakað sér skaðabótaábyrgð. Bent hefur verið á að óheppilegt geti verið að skiptastjóri hafi val um það hvort þrotabúið gangi inn í afleiðusamninga eða ekki, auk þess sem bent hefur verið á að afleiðusamningar séu oft þannig að um einn aðalsamning sé að ræða og marga undirsamninga og geti staða þeirra verið mismunandi, þannig að það kunni að vera hagstætt fyrir þrotabúið að skiptastjórinn ákveði að þrotabúið skuli ganga inn í suma undirsamninga en ekki aðra. Þótt ekki sé líklegt að þessi staða komi upp má taka undir að ekki sé víst að það sé heppilegt að skiptastjóri hafi val um það hvort þrotabúið skuli ganga inn í afleiðusamninga eða ekki og öruggast væri að mælt væri fyrir um það í lögunum að þrotabúið gangi inn í slíka samninga, án fyrirvara. Með því móti má komast hjá því að skiptastjóri lendi í þeirri stöðu að þurfa að velja á milli hagsmuna kröfuhafa samkvæmt sértryggðu skuldabréfi og hagsmuna annarra kröfuhafa. Þess vegna er lagt til í frumvarpi þessu að bætt sé málslið við 14. gr. þar sem tekið sé af skarið um að búið taki við réttindum og skyldum samkvæmt afleiðusamningum sem gerðir hafa verið á grundvelli laganna.

Þá hefur verið vakin athygli á því að lög um sértryggð skuldabréf geri ráð fyrir að bæði hin sértryggðu skuldabréf og afleiðusamningar njóti fullnusturéttar í tryggingasafninu. Ekki sé hins vegar tekið fram í lögunum hver innbyrðis staða þessara skuldbindinga er, m.a. hvort skuldbindingar samkvæmt afleiðusamningum njóti stöðu skv. 111. gr. gjaldþrotaskiptalaga, líkt og sértryggðu skuldabréfin, eða hvort staða afleiðusamninganna sé önnur.

Sú regla gildir að þegar þrotabú gengur inn í gagnkvæman samning samkvæmt reglum XV. kafla laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, gildir regla 3. mgr. 91. gr. laganna um rétthæð greiðslna sem inna á af hendi smátt og smátt. Slíkar greiðslur njóta stöðu skv. 3. tölul. 110. gr., þ.e. sem skiptakostnaður. Í þessu sambandi verður að vekja athygli á 3. mgr. 111. gr. laganna en samkvæmt henni njóta greiðslur samkvæmt afleiðusamningum, tengdum útgáfu sértryggðra skuldabréfa, aðeins stöðu eins og þær væru skiptakostnaður af verðmæti hinnar veðsettu eignar. Í þessu felst í stuttu máli að greiðslur samkvæmt afleiðusamningum njóta sömu stöðu og kröfur samkvæmt sértryggðu skuldabréfi.

Til að taka af öll tvímæli, þ.e. ef ekki yrði talið að afleiðusamningur uppfyllti það skilyrði að greiðslur ætti að inna af hendi smátt og smátt, er lagt til í frumvarpi þessu að skýrt sé tekið

fram hver sé staða krafna samkvæmt afleiðusamningum sem gerðir hafa verið samkvæmt lögum nr. 11/2008. Er því lagt til að bætt sé við 14. gr. laganna sérstökum málslið þar sem tekið er af skarið um þetta. Samkvæmt þeirri reglu njóta kröfur samkvæmt afleiðusamningum sömu stöðu í skuldaröð og kröfur samkvæmt sértryggðu skuldabréfi.

Að öðru leyti þarfnast reglur frumvarpsins ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um sértryggð skuldabréf, nr. 11/2008.

Markmið frumvarpsins er að gera breytingar á lögum um sértryggð skuldabréf, nr. 11/2008, er snúa að stöðu afleiðusamninga komi til gjaldþrots útgefanda sértryggðs skuldabréfs.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

952. Svar [438. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Guðna Ágústssonar um áhrif niðurskurðar þorskkvóta og mótvægisaðgerðir.

1. *Hver er áætlaður tekjusamdráttur fyrirtækja og sveitarfélaga vegna niðurskurðar þorskkvóta á yfirstandandi fiskveiðiári? Svar óskast sundurliðað eftir sveitarfélögum.*

Í júní 2007 áætlaði Hagfræðistofnun Háskóla Íslands að samdráttur í þorskafla, um 65 þús. tonn, mundi hafa þau áhrif að aflaverðmæti lækkaði frá árinu 2006 um 9,2 milljarða kr., útflutningsverðmæti um 16 milljarða kr. og landsframleiðsla mundi dragast saman um 0,8% að óbreyttu meðalverði þorskafurða.

Áætlaður tekjusamdráttur fyrirtækja sundurliðað eftir sveitarfélögum liggur ekki fyrir en í eftirfarandi töflu er mat Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands á líklegum áhrifum samdráttar í úthlutun aflamarks í þorski eftir landsvæðum. Til einföldunar er litið fram hjá sérstökum úthlutunum vegna línuívilnunar og byggðakvóta og gert ráð fyrir að þær heimildir dreifist eins og aflahlutdeildirnar.

Úthlutun aflamarks í þorski á grundvelli aflahlutdeilda fiskveiðiársins 2006/2007 og breytingar á aflamarki miðað við 130 þús. tonna úthlutun þorsks fiskveiðiárið 2007/2008.

Landshluti	Aflahlutdeild 2006/2007 [%]	Aflamark 130 þús. tonn [tonn]	Minnkun [tonn]
Vesturland	15,7	20.463	10,205
Vestfirðir	11,6	15.039	7,540
Norðurland vestra	5,8	7.494	3,770
Norðurland eystra	22,2	28.887	14,430
Austurland	10,6	13.814	6,890
Suðurland	9,8	12.692	6,370
Suðurnes	17,1	22.192	11,115
Höfuðborgarsvæði	7,2	9.419	4,680
Samtals	100	130.000	65,000

Heimild: Hagfræðistofnun HÍ

Við mat á áhrifum af niðurskurði aflaheimilda á tekjur fyrirtækjanna verður að líta til þess að verð á þorski hefur hækkað mjög mikið frá því að skýrsla Hagfræðistofnunar var unnin. Samkvæmt upplýsingum Verðlagsstofu skiptaverðs var meðalverð óslægðs þorsks sem seldur var á fiskmörkuðum á Íslandi 191,28 kr. á kg í júlí 2007 en 255,02 kr. í janúar 2008. Hækkunin nemur liðlega 33% og við sölu beint til fiskverkenda hafði verðið hækkað um 6,4% á sama tíma. Samkvæmt verðvísitölum sjávarafurða frá Hagstofu Íslands hefur vísitala landfrysts þorsks hækkað um 33,4% frá júlí til febrúar sl. og vísitala saltaðra þorskafurða hefur á sama tíma hækkað um 33,8%. Þetta eru síðustu gildi vísitalna fiskverðs sem liggja fyrir. Á sama tíma hækkaði vísitala meðalgengis miðað við vöruskiptavog um 15,8%. Frá febrúar til apríl hefur gengisvísitalan hækkað enn. Sé breyting gengisvísitölunnar tekin frá júlí 2007 til apríl 2008 er hún um 34,9%.

Af þessu leiðir að tekjusamdráttur verður minni en gert var ráð fyrir þegar Hagfræðistofnun tók saman fyrrnefnda skýrslu fyrir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið. Ekki er þó ljóst að fullu hverjar hinar endanlegu tekjur verða fyrr en við lok fiskveiðiársins, meðal annars með hliðsjón af óvissu um gengisþróun.

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands tók einnig saman skýrslu fyrir Samband íslenskra sveitarfélaga um áætlaðan tekjusamdrátt sveitarfélaga vegna skerðinga á þorskaflaheimildum miðað við tekjur ársins 2006 og 13% útsvar. Niðurstaðan var sú að tekjur sveitarfélaga mundu dragast saman um 450 millj. kr. að öðru óbreyttu. (Sjá skýrslu http://www.samband.is/files/688094568aflasamdrattur_loka.pdf).

Niðurstöður Hagfræðistofnunar eru byggðar á þeim forsendum sem fyrir lágu á þeim tíma. Gera má ráð fyrir að sá niðurskurður sem ákveðinn var hafi áhrif á rekstrarumhverfi fyrirtækja, bæði í veiðum og vinnslu, og leiði til þess að flutningur verði á aflaheimildum milli sveitarfélaga. Slíkar breytingar hefðu því áhrif á þær spár sem settar voru fram í skýrslunni. Í skýrslunni segir m.a.: „Flest bendir til að niðurskurður á þorskkvóta hafi mest áhrif á efnahagsleg umsvif á Vestfjörðum og Vesturlandi. Samkvæmt útreikningum okkar má gera ráð fyrir að heildarframleiðsla atvinnulífs í þessum landshlutum dragist saman um 3–4% fyrsta árið eftir að tilkynnt var um niðurskurð þorskkvóta. Á Norðurlandi og á Suðurnesjum gætu

heildarumsvif minnkað um 2–3% fyrsta árið en annars staðar á landinu má ætla að áfallið verði minna.“

Í skýrslunni eru settar fram töflur um áætluð áhrif skerðingar þorskkvóta á einstök sveitarfélög, annars vegar á útsvarstekjur launatekna og hins vegar á hafnargjöld. Samkvæmt mati Hagfræðistofnunar má ætla að líklegur tekjumissir sveitarfélaga á fyrsta ári eftir niðurskurð þorskafla vegna lækkunar launatekna geti orðið eftirfarandi (í millj. kr.):

Akranes	16
Akureyri	34
Blönduós	1
Bolungarvík	13
Borgarfjarðarhreppur	1
Dalvík	21
Djúpavogshreppur	1
Fjallabyggð	18
Fjarðabyggð	25
Garður	13
Grindavík	52
Grímsey	6
Grundarfjörður	21
Grýtubakkahreppur	8
Hornafjörður	13
Ísafjarðarbær	34
Kaldrananeshreppur	1
Langanesbyggð	4
Norðurþing	8
Reykjanesbær	10
Sandgerði	5
Seyðisfjörður	3
Skagafjörður	5
Skagaströnd	13
Snæfellsbær	39
Strandabyggð	1
Stykkishólmur	9
Vestmannaeyjar	27
Vesturbyggð	9
Vogar	6
Vopnafjarðarhreppur	4
Ölfus	9

Mat Hagfræðistofnunar á hugsanlegri skerðingu tekna nokkurra hafna á ári vegna minni þorskafla nemur samkvæmt skýrslunni um 130 millj. kr. og skiptist þannig á hafnir:

Bolungarvík	4
Djúpivogur	4
Faxaflóahafnir	11
Fjarðabyggð	12
Grindavík	11
Grímsey	1
Grundarfjörður	3
Hafnarfjörður	3
Hafnasamlag Eyjafjarðar	9
Hafnasamlag Norðurlands	9

Hornafjörður	3
Ísafjörður	9
Langanesbyggð	1
Norðurþing	4
Reykjanesbær	2
Sandgerði	6
Seyðisfjörður	1
Siglufjörður	2
Skagafjörður	6
Skagaströnd	3
Snæfellsbær	11
Stykkishólmur	1
Tálknafjörður	1
Vestmannaeyjar	7
Vesturbyggð	2
Vopnafjörður	1
Þorlákshöfn	3

Ekki er til áætlun um áhrif niðurskurðar á fyrirtæki eða hvernig slíkur niðurskurður sundurliðast á fyrirtæki innan einstakra sveitarfélaga.

2. *Hversu mörg störf má áætla að hafi tapast vegna niðurskurðar þorskkvóta á yfirstandandi fiskveiðiári? Svar óskast sundurliðað eftir því hvort um bein eða óbein störf er að ræða og eftir sveitarfélögum.*

Þessari spurningu er vandsvarað nema með sérstakri rannsókn sem þarfnast verulegrar vinnu. Helstu hópuppsagnir sem vitað er til að hafi verið tilkynntar í fjölmiðlum og tengdar eru niðurskurði þorskafla eru eftirfarandi:

Svæði	fjöldi einstaklinga	fyrirtæki	dags.tilkynningar	gildistaka
Vesturland	56	HB Grandi	30. jan. 08	1. júní 08
Vestfirðir	40	Vísir		1. maí 08
Norðurland eystra	23	Samherji	29. jan. 08	
	50	Vísir		1. maí 08
Austurland	42	Eskja	19. sep. 07	1. jan. 08
Suðurland	59	Humarvinnslan	okt. 07	1.nóv.07 og 1 .jan.08
Samtals	**270**			

Vitað er að endurráðið verður í 20 af þessum störfum. Gera má ráð fyrir að einhverjar uppsagnir verði í sumar. Sjávarútvegsfyrirtæki hafa oft verið með litla starfsemi yfir sumarið og samkvæmt þeim upplýsingum sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið hefur má áætla að sumarstopp verði lengri í ár en verið hefur undanfarin ár. Áhrifa af slíku mun gæta nú í sumar. Það er hins vegar ánægjulegt að nokkur sjávarútvegsfyrirtæki sem ætluðu að stöðva veiðar og vinnslu nú í vor hafa frestað þeirri ákvörðun.

3. *Hversu háar fjárhæðir renna í formi mótvægisaðgerða úr ríkissjóði vegna niðurskurðar þorskkvóta á yfirstandandi fiskveiðiári? Svar óskast sundurliðað eftir sveitarfélögum ásamt yfirliti yfir hvaða framkvæmdir er um að ræða á bak við greiðslurnar, hvaða fjárhæðir er þegar búið að greiða og hvaða fjárhæðir á eftir að greiða, ásamt áætlun yfir hvenær þær greiðslur munu eiga sér stað, einnig er óskað eftir sundurliðun á því hvaða framkvæmdir sem falla undir mótvægisaðgerðir eru nýjar aðgerðir, ákveðnar eftir að*

ákvörðun um niðurskurð þorskkvótans var tekin, og hverjar eru flýting á framkvæmdum sem þegar hafði verið ákveðið að ráðast í fyrir þann tíma.

Fjárhæðir úr ríkissjóði vegna mótvægisaðgerða eru sundurliðaðar á fjárlagaár en ekki fiskveiðiár. Framlög til skilgreindra verkefna vegna mótvægisaðgerða voru um 2.400 millj. kr. á fjáraukalögum 2007 og um 2.000 millj. kr. á fjárlögum 2008. Gert er ráð fyrir að rúmlega 1.400 millj. kr. verði varið til verkefna vegna mótvægisaðgerða í fjárlögum 2009. Þá er til viðbótar gert ráð fyrir flýtingu framkvæmda í samgöngumálum upp á rúmlega 4.000 millj. kr. á árunum 2008–2009. Framlag ríkisins til annarra verkefna sem tengjast Hafrannsóknastofnuninni, vísindum og tækni, framkvæmdum við raforkukerfið auk tekjulækkunar ríkissjóðs vegna niðurfellingar/lækkunar veiðileyfagjalds nema samtals um 2.600 millj. kr. á árunum 2008 og 2009. Aðeins hluti mótvægisaðgerðanna er sundurliðaður niður á einstök sveitarfélög.

Samtals verður 1.000 millj. kr. varið úr ríkissjóði til endurbóta og viðhalds fasteigna ríkisins á árunum 2008–2009, þar af er gert ráð fyrir 666 millj. kr. á árinu 2008 og 334 millj. kr. á árinu 2009. Sundurliðun er eftirfarandi:

Skipting framlags til mótvægisaðgerða (í millj. kr.).

	Áætluð ráðstöfun 2008	**Áætluð ráðstöfun 2009**
Vesturland		
Heilbrigðisstofnun Akranesi	15	
Heilsugæslustöð Borgarnesi	40	12
Heilsugæslustöðin Ólafsvík	13	
Heilsugæslustöðin Grundarfirði	2	
St Franciskusspítali	35	
Heilsugæslustöðin Búðardal	5	
Hvanneyri		45
Vesturland samtals	**110**	**57**
Vestfirðir		
Heilbrigðisstofnun Patreksfirði	40	
Heilbrigðisstofnun Ísafjarðarbæ	110	
Heilbrigðisstofnun Bolungarvík	2	
Menntaskólinn á Ísafirði	23	
Lögreglan á Patreksfirði	5	
Sýslumaðurinn á Ísafirði	15	
Vestfirðir samtals	**195**	**0**
Norðurland		
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	33	
Heilsugæslan á Akureyri		40
Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri	40	
Fjölbrautaskóli NV – Sauðárkróki	10	
Verkmenntaskólinn á Akureyri		20
Sýslumaður á Blönduósi	20	
Norðurland samtals	**103**	**60**
Austurland		
Heilbrigðisstofnun Austurlands	40	5
Austurland samtals	**40**	**5**
Suðausturland		
Heilbrigðisstofnun Suðausturlands	30	35

Lögreglustöð á Hornafirði		67
Suðausturland samtals	**30**	**102**
Vestmannaeyjar		
Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja	139	
Vestmannaeyjar samtals	**139**	**0**
Suðurnes		
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	49	110
Suðurnes samtals	**49**	**110**
Heildarupphæð samtals	**666**	**334**

Skipting eftir landsvæðum	
Vesturland	167
Vestfirðir	195
Norðurland	163
Austur- og Suðausturland	177
Vestmannaeyjar	139
Suðurnes	159
	1.000

Fyrsta þriðjungi fjármuna sem renna munu beint til sveitarfélaga vegna lækkunar tekna í tengslum við minnkun þorskkvóta var úthlutað til sveitarfélaga í lok desember 2007. Sundurliðun á sveitarfélög var eftirfarandi (millj. kr.):

Reykjanesbær	0,9
Grindavíkurbær	35,1
Sandgerðisbær	1,0
Sveitarfélagið Garður	6,5
Sveitarfélagið Vogar	1,1
Akraneskaupstaður	2,9
Grundarfjarðarbær	12,9
Stykkishólmsbær	5,1
Snæfellsbær	35,1
Bolungarvíkurkaupstaður	8,0
Ísafjarðarbær	15,4
Tálknafjarðarhreppur	3,8
Vesturbyggð	6,1
Súðavíkurhreppur	1,3
Árneshreppur	0,5
Kaldrananeshreppur	1,4
Strandabyggð	0,6
Sveitarfélagið Skagafjörður	1,6
Húnaþing vestra	0,5
Sveitarfélagið Skagaströnd	7,6
Akureyrarkaupstaður	5,8
Norðurþing	2,9
Fjallabyggð	11,3
Dalvíkurbyggð	13,1
Grímseyjarhreppur	10,1
Arnarneshreppur	0,5
Grýtubakkahreppur	4,3
Langanesbyggð	5,3
Seyðisfjarðarkaupstaður	2,6

Fjarðabyggð	8,3
Vopnafjarðarhreppur	1,8
Borgarfjarðarhreppur	1,4
Breiðdalshreppur	0,5
Djúpavogshreppur	1,3
Sveitarfélagið Hornafjörður	8,9
Vestmannaeyjabær	17,9
Sveitarfélagið Ölfus	6,5
Samtals	**250,0**

4. *Hversu mikill hluti boðaðra mótvægisaðgerða verða útboðsskyldar framkvæmdir og hvernig hyggjast stjórnvöld tryggja að tekjur, beinar og óbeinar, af þeim framkvæmdum verði eftir í byggðarlögunum?*

Framkvæmdir í vegagerð og við Akureyrarflugvöll svo og verkefni vegna viðhalds fasteigna ríkisins eru flest eða öll útboðsskyld. Stuðningur við flug til Vestmannaeyja vegna ferðaþjónustu er til verkefnis sem boðið var út og þá má gera ráð fyrir að framkvæmdir vegna styrkingar raforkukerfis á Norðurlandi og á Vestfjörðum verði boðnar út. Samtals er um að ræða verkefni upp á um 5.300 millj. kr. Í verklegum framkvæmdum nýtist langstærstur hluti þeirra fjármuna sem settir eru til verkefnisins á því svæði sem framkvæmdin á sér stað. Ríkisstjórnin getur hins vegar ekki stýrt verkum til fyrirtækja innan ákveðinna svæða þegar útboð á sér stað.

5. *Til hvaða mótvægisaðgerða hyggjast stjórnvöld grípa ef fram fer sem horfir og frekari loðnuveiðar verða ekki heimilaðar að nýju?*

Engar ákvarðanir hafa verið teknar um frekari mótvægisaðgerðir. Hins vegar er fylgst vel með þróun mála og hvaða áhrif niðurskurður þorskafla á einstök svæði og sveitarfélög hefur í þeim tilgangi að unnt sé að bregðast frekar við ef á þarf að halda.

Vegna þess hve erfiðlega gekk að mæla loðnustofninn voru loðnuveiðar stöðvaðar í sex daga á síðustu vertíð. Þetta var gert að tillögu Hafrannsóknastofnunarinnar en á grundvelli mælinga var stærð veiðistofns loðnu metin á bilinu 200–270 þús. tonn. Stærð stofnsins virtist því vera langt undir þeim 400 þús. tonnum sem gildandi aflaregla gerir ráð fyrir að skilið sé eftir til hrygningar. Loðnuveiðar voru síðan leyfðar að nýju í lok febrúar að fenginni ráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar þar að lútandi.

Landaður loðnuafli íslenskra skipa nam tæplega 150 þús. tonnum á yfirstandandi fiskveiðiári. Þrátt fyrir að mjög litlar aflaheimildir hafi verið út gefnar tókst útgerðum að nýta þær til verðmætrar vinnslu. Þó að nákvæmar upplýsingar um skiptingu loðnuaflans eftir verkun liggi ekki fyrir er vitað að í ár var óvenju stórum hluta aflans ráðstafað í verðmæta frystingu. Er þetta sama þróun og undanfarin ár. Fjárfesting undanfarinna ára í nýjum tækjum og búnaði hefur meðal annars gert þetta mögulegt. Hlutfallslegur tekjusamdráttur vegna minni aflaheimilda í loðnu hefur því ekki orðið jafn mikill og ella hefði orðið.

Í ljósi þeirrar þróunar sem varð í loðnuveiðum eftir að þær voru heimilaðar að nýju var ekki tekin ákvörðun um sérstakar mótvægisaðgerðir vegna þeirra.

953. Fyrirspurn [612. mál]

til fjármálaráðherra um tekjur af endursölu hugverka.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

Telur ráðherra koma til greina að tekjur höfunda af endursölu hugverka verði flokkaðar sem fjármagnstekjur, sbr. áskorun Bandalags íslenskra listamanna frá 16. febrúar sl. um að íslensk stjórnvöld líti á hugverk sem eign í skattalegu tilliti?

954. Frumvarp til laga [191. mál]

um samræmda neyðarsvörun.

(Eftir 2. umr., 6. maí.)

1. gr.

Markmið laganna.

Samræmd neyðarsvörun fyrir Ísland sinnir viðtöku tilkynninga um fólk, eignir og umhverfi í neyð og beiðnum um aðstoð lögreglu, slökkviliðs, björgunarsveita og sjúkraflutningaliðs og aðra neyðaraðstoð. Neyðarsvörun þessi skal jafnframt fullnægja skuldbindingum Íslands samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

2. gr.

Samræmt neyðarnúmer.

Samræmt neyðarnúmer fyrir Ísland er 112.

Óheimilt er að nota töluna 112 sem símanúmer eða annað auðkenni í fjarskiptakerfi á Íslandi eða fyrir aðra starfsemi. Einnig er óheimilt að nota orðin „neyðarnúmer“ eða „neyðarsímanúmer“ ein og sér í orðasamböndum um aðra starfsemi hér á landi en lög þessi kveða á um.

Póst- og fjarskiptastofnun, opinberir aðilar sem fjalla um síma- og fjarskiptamál og þeir einkaaðilar sem heimild hafa til reksturs á þessu sviði skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að allir notendur geti, þar sem því verður við komið, náð sambandi við neyðarþjónustu 112 sér að kostnaðarlausu. Sömu aðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að vaktstöð samræmdrar neyðarsvörunar berist sjálfvirkt með rafrænum hætti nýjustu gögn um notendur, auðkenni þeirra og staðsetningu, eftir því sem við verður komið.

3. gr.

Vaktstöð samræmdrar neyðarsvörunar.

Í vaktstöð samræmdrar neyðarsvörunar skal vera aðstaða til þess að taka við og vinna úr tilkynningum sem berast um samræmt neyðarnúmer. Vaktstöðin miðlar þeim upplýsingum sem þannig berast tafarlaust til viðbragðsaðila á eða nærri vettvangi í samræmi við gildandi lög og skipulag. Vaktstöðvar skulu vera tvær og önnur þeirra í Reykjavík og skulu þær samtengdar í samræmdu kerfi.

Vaktstöð samræmdrar neyðarsvörunar veitir samhæfingar- og stjórnstöð almannavarna samkvæmt lögum um almannavarnir nauðsynlega þjónustu vegna leitar-, björgunar- og almannavarnaaðgerða.

4. gr.

Réttindi og skyldur viðbragðsaðila.

Öllum viðbragðsaðilum er skylt að tengjast vaktstöð samræmdrar neyðarsvörunar a.m.k. með svörun og símtalsflutningi og veita vaktstöð fullnægjandi upplýsingar um hverjir veiti viðtöku beiðnum um aðstoð af þeirra hálfu ásamt upplýsingum um þá þjónustu sem í boði er, menntunar- og þjálfunarstig þeirra sem hana veita og tækjabúnað sem tiltækur er til þess að sá sem óskar aðstoðar fái hana viðstöðulaust. Óski viðbragðsaðili þess er vaktstöðinni heimilt að veita viðbragðsaðilum víðtækari þjónustu. Dómsmálaráðherra er heimilt í reglugerð að ákveða til hvaða aðila framangreind skylda tekur og kveða nánar á um fyrirkomulag á upplýsingagjöfinni.

Vaktstöð skal tilkynna viðbragðsaðilum umsvifalaust stöðvist reksturinn af einhverjum ástæðum.

Allir viðbragðsaðilar skulu hafa aðgang að öryggis- og fjarskiptakerfi samræmdrar neyðarsvörunar.

5. gr.

Skráning upplýsinga.

Í vaktstöð samræmdrar neyðarsvörunar skal skrá og afrita allar tilkynningar sem berast. Skráningin skal að lágmarki ná til eftirtalinna atriða:

a. hvaðan er hringt,
b. hvenær er hringt,
c. hver hringir,
d. hvers vegna er hringt.

Svo sem kostur er skal tilgreina nákvæmlega staðinn sem hringt er frá og úr hvaða síma, klukkan hvað hringt er, fullt nafn þess sem hringir og hvert tilefnið er.

Afrita skal samskipti tilkynnanda og vaktstöðvar allt þar til símtalsflutningur til viðbragðsaðila á sér stað. Samskipti vaktstöðvar við viðbragðsaðila skulu afrituð.

Þeir sem leita eftir aðstoð með tilkynningu til vaktstöðvar skulu, svo sem kostur er, gefa greinargóðar upplýsingar um atburð og það ástand sem er tilefni tilkynningar. Verði einstaklingur uppvís að því að senda vísvitandi ranga tilkynningu til samræmdrar neyðarsvörunar eða misnota að öðru leyti þjónustu hennar varðar það refsingu skv. 120. gr. og 120. gr. a almennra hegningarlaga.

6. gr.

Varðveisla upplýsinga.

Skrár yfir tilkynningar og afrit af samskiptum tilkynnanda og vaktstöðvar skv. 5. gr. skulu varðveittar í a.m.k. sex mánuði frá því að tilkynning barst og skal farið með efni þeirra sem trúnaðarmál. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um varðveislu upplýsinganna, aðgengi að þeim og notkun í samræmi við ákvæði laga þessara og lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

7. gr.

Skyldur starfsfólks vaktstöðvar samræmdrar neyðarsvörunar.

Starfsfólk vaktstöðvar samræmdrar neyðarsvörunar skal gæta þagmælsku um atriði sem það fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, reglugerðum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi. Skal starfsfólk undirrita þagnarheit áður en það hefur störf.

8. gr.

Rekstur vaktstöðvar samræmdrar neyðarsvörunar.

Rekstur vaktstöðvar samræmdrar neyðarsvörunar skal vera í höndum hlutafélags um rekstur slíkrar stöðvar. Dómsmálaráðherra semur við rekstraraðila um fyrirkomulag, fjármögnun og þátttöku í rekstrinum.

Vaktstöð samræmdrar neyðarsvörunar er heimilt í samráði við ráðherra að gera þjónustusamninga við aðra aðila.

Kostnaður við uppbyggingu og rekstur vaktstöðvar, að því marki sem hann er ekki greiddur af tekjum fyrir þá þjónustu sem vaktstöðin veitir, greiðist úr ríkissjóði.

Rekstur þess hluta starfsemi rekstraraðila sem telst í frjálsri samkeppni við aðra aðila skal fjárhagslega aðskilinn rekstri vaktstöðvar samræmdrar neyðarsvörunar.

9. gr.

Reglugerðarheimild.

Dómsmálaráðherra fer með framkvæmd laga þessara og setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þeirra, þ.m.t. um starfsemi vaktstöðvar samræmdrar neyðarsvörunar, um menntun og þjálfun starfsfólks, lágmarksfjölda starfsfólks og um þátttöku stöðvarinnar í æfingum á sviði almannavarna. Einnig skal í reglugerð mæla fyrir um ráðstafanir sem gerðar eru í því skyni að tryggja öryggi vaktstöðvarinnar, þar á meðal um eftirlit og vöktun aðgengis að vaktstöð, um samskiptaleiðir við lögreglu og um varaafl fyrir reksturinn. Í reglugerð skal enn fremur mæla fyrir um hverjir teljast viðbragðsaðilar samkvæmt lögum þessum.

10. gr.

Gildistaka og brottfallin lög.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 25 3. mars 1995, um samræmda neyðarsímsvörun.

Reglugerðir og önnur stjórnvaldsfyrirmæli sem sett eru samkvæmt eldri lögum skulu halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þau fara ekki í bága við lög þessi. Þá skulu samningar sem gerðir voru í tíð eldri laga halda gildi sínu þar til þeir verða endurskoðaðir af hálfu samningsaðila.

955. Frumvarp til laga [613. mál]

um sjúkratryggingar.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

I. KAFLI
Markmið, gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að tryggja sjúkratryggðum aðstoð til verndar heilbrigði og jafnan aðgang að heilbrigðisþjónustu óháð efnahag, svo sem nánar er kveðið á um í lögum þessum og í samræmi við lög um heilbrigðisþjónustu, lög um réttindi sjúklinga og önnur lög eftir því sem við á.

Jafnframt er markmið laga þessara að stuðla að rekstrar- og þjóðhagslegri hagkvæmni heilbrigðisþjónustu og hámarksgæðum hennar eftir því sem frekast er unnt á hverjum tíma. Þá er markmið laga þessara að styrkja hlutverk ríkisins sem kaupanda heilbrigðisþjónustu og kostnaðargreina heilbrigðisþjónustuna.

2. gr.
Gildissvið og stefnumörkun.

Í lögum þessum er mælt fyrir um sjúkratryggingar almannatrygginga, samninga um heilbrigðisþjónustu og endurgjald ríkisins fyrir heilbrigðisþjónustu. Heilbrigðisráðherra markar stefnu innan ramma laga þessara, laga um heilbrigðisþjónustu og annarra laga. Ráðherra er heimilt að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að framfylgja þeirri stefnu, m.a. hvað varðar skipulag heilbrigðisþjónustu, forgangsröðun verkefna innan hennar, hagkvæmni, gæði og öryggi þjónustunnar og aðgengi að henni.

3. gr.
Skilgreiningar.

Í lögum þessum hafa eftirfarandi orð svofellda merkingu:

1. *Sjúkratryggður:* Sá sem á rétt á aðstoð og greiðslum samkvæmt lögum þessum.
2. *Bætur:* Bætur greiddar í peningum, svo sem dagpeningar, endurgreiðslur á útlögðum kostnaði, styrkir og aðrar greiðslur, og aðstoð til sjúkra og slasaðra sem veitt er á annan hátt samkvæmt lögum þessum.
3. *Heilbrigðisþjónusta:* Hvers kyns heilsugæsla, lækningar, hjúkrun, almenn og sérhæfð sjúkrahúsþjónusta, sjúkraflutningar, hjálpartækjaþjónusta og þjónusta heilbrigðisstarfsmanna innan og utan heilbrigðisstofnana sem veitt er í því skyni að efla heilbrigði, fyrirbyggja, greina eða meðhöndla sjúkdóma og endurhæfa sjúklinga.
4. *Heilbrigðisstarfsmaður:* Sá sem starfar við heilbrigðisþjónustu og hefur hlotið leyfi landlæknis til að nota starfsheiti löggiltrar heilbrigðisstéttar.
5. *Endurgjald:* Greiðslur til veitenda heilbrigðisþjónustu samkvæmt samningi.

Að öðru leyti gilda skilgreiningar laga um heilbrigðisþjónustu eftir því sem við á.

II. KAFLI
Stjórnsýsla.

4. gr.
Yfirstjórn.

Heilbrigðisráðherra fer með yfirstjórn sjúkratrygginga og samningsgerð um heilbrigðisþjónustu og aðra aðstoð samkvæmt lögum þessum, og yfirstjórn sjúkratryggingastofnunarinnar.

5. gr.
Sjúkratryggingastofnun.

Starfrækja skal sjúkratryggingastofnun. Aðalskrifstofur hennar eru í Reykjavík og skal við það miðað að sjúkratryggingastofnunin og Tryggingastofnun ríkisins reki sameiginlega afgreiðslu, þjónustu og upplýsingagjöf við notendur þjónustunnar. Utan Reykjavíkur getur sjúkratryggingastofnunin samið við aðra aðila sem veita almannaþjónustu um rekstur umboðsskrifstofu og fer um staðarval og fyrirkomulag eftir ákvörðun stofnunarinnar.

Sjúkratryggingastofnunin annast framkvæmd sjúkratrygginga og semur um og greiðir endurgjald fyrir heilbrigðisþjónustu samkvæmt lögum þessum í samræmi við stefnumörkun ráðherra á hverjum tíma.

Hlutverk sjúkratryggingastofnunarinnar er eftirfarandi:

1. Að annast framkvæmd sjúkratrygginga skv. III. kafla.
2. Að semja um heilbrigðisþjónustu skv. IV. kafla.
3. Að annast kaup á vörum og þjónustu sem henni ber að veita skv. III. kafla.
4. Að greiða endurgjald fyrir heilbrigðisþjónustu sem veita ber samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu eða samið hefur verið um, sbr. IV. kafla.
5. Að sinna öðrum verkefnum sem henni eru falin samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða ákvörðun ráðherra.

Sjúkratryggingastofnunin skal með reglubundnum hætti birta glöggar upplýsingar um alla starfsemi sína. Jafnframt skal stofnunin kynna almenningi rétt sinn samkvæmt lögum þessum með upplýsingastarfsemi.

6. gr.
Stjórn.

Ráðherra skipar fimm menn í stjórn sjúkratryggingastofnunarinnar og skal einn skipaður formaður stjórnar og annar varaformaður. Skipaðir skulu jafnmargir menn til vara. Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda og stýrir þeim og situr forstjóri fundi stjórnarinnar með málfrelsi og tillögurétti. Ráðherra setur stjórninni erindisbréf og ákveður þóknun til stjórnarmanna sem skal greidd af rekstrarfé stofnunarinnar.

Stjórn sjúkratryggingastofnunarinnar skal staðfesta skipulag stofnunarinnar, árlega starfsáætlun og fjárhagsáætlun og marka henni langtímastefnu. Skal stjórnin hafa eftirlit með starfsemi stofnunarinnar og að rekstur hennar sé innan ramma fjárlaga á hverjum tíma.

Formaður stjórnar sjúkratryggingastofnunarinnar skal reglulega gera ráðherra grein fyrir starfsemi hennar og gera honum viðvart ef starfsemi og þjónusta er ekki í samræmi við ákvæði laga og ef rekstur er ekki í samræmi við fjárlög.

7. gr.
Forstjóri.

Ráðherra skipar forstjóra sjúkratryggingastofnunarinnar til fimm ára í senn að fenginni tillögu stjórnar stofnunarinnar. Forstjóri skal hafa lokið námi á háskólastigi og búa yfir reynslu af rekstri og stjórnun sem nýtist honum í starfi. Forstjóri ræður aðra starfsmenn stofnunarinnar og annast daglegan rekstur hennar.

Ráðherra setur forstjóra erindisbréf þar sem tilgreind skulu helstu markmið í þjónustu og rekstri stofnunarinnar og verkefni hennar til lengri og skemmri tíma. Í erindisbréfi skal enn fremur kveðið á um samskipti forstjóra og stjórnar sjúkratryggingastofnunarinnar.

Forstjóri ber ábyrgð á því að sjúkratryggingastofnunin starfi í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og erindisbréf skv. 2. mgr. Forstjóri ber ábyrgð á starfsemi stofnunarinnar og á því að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma sé í samræmi við fjárlög og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt.

8. gr.
Starfshópar og sérfræðingar.

Sjúkratryggingastofnuninni er heimilt að skipa starfshópa og kalla til sérfræðinga til að aðstoða stofnunina, m.a. við gerð samninga, notkun gagnreyndrar þekkingar á sviði heilbrigðisþjónustu, árangursmat, gæðamat og eftirlit og við mat á því hvort unnt sé að veita læknismeðferð hér á landi, sbr. 23. gr.

III. KAFLI
Sjúkratryggingar.
A. Almenn ákvæði.

9. gr.
Sjúkratryggingar.

Sjúkratryggingar taka til heilbrigðisþjónustu og annarrar aðstoðar sem ákveðið hefur verið með lögum þessum, reglugerðum settum samkvæmt þeim eða samningum að veita á kostnað ríkisins eða með greiðsluþátttöku ríkisins. Jafnframt taka sjúkratryggingar til bóta samkvæmt lögum þessum sem greiddar eru í peningum. Sjúkratryggðir einstaklingar eiga rétt til aðstoðar svo sem nánar er mælt fyrir um í lögum þessum.

10. gr.
Sjúkratryggðir samkvæmt lögunum.

Sjúkratryggður er sá sem er búsettur á Íslandi og hefur verið það a.m.k. síðustu sex mánuðina áður en bóta er óskað úr sjúkratryggingum að uppfylltum öðrum skilyrðum laga þessara, nema annað leiði af milliríkjasamningum. Með búsetu er átt við lögheimili í skilningi lögheimilislaga.

Börn yngri en 18 ára sem búsett eru hér á landi eru sjúkratryggð með foreldrum sínum. Sama á við um stjúpbörn og fósturbörn.

Sjúkratrygging fellur niður þegar sjúkratryggður flytur búsetu sína frá Íslandi, sbr. þó 11., 12. og 15. gr., nema annað leiði af milliríkjasamningum. Þá geta milliríkjasamningar sem Ísland er aðili að haft í för með sér undanþágur og takmarkanir á beitingu ákvæða laga þessara.

Sjúkratryggingastofnunin ákvarðar hvort einstaklingur telst sjúkratryggður hér á landi samkvæmt lögunum.

Ráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd greinarinnar, m.a. um skráningu á réttindum sjúkratryggðra. Í reglugerðinni er heimilt að kveða á um undanþágur frá sex mánaða búsetuskilyrðinu.

11. gr.

Sjúkratrygging þrátt fyrir dvöl, nám eða atvinnu erlendis.

Sjúkratryggingastofnuninni er heimilt að ákveða samkvæmt umsókn að einstaklingur sem sjúkratryggður er samkvæmt lögunum sé áfram sjúkratryggður þótt hann uppfylli ekki skilyrði 10. gr., enda starfi hann erlendis fyrir aðila sem hefur aðsetur og starfsemi á Íslandi og tryggingagjald, sbr. lög um tryggingagjald, sé greitt hér á landi af launum hans. Sama gildir um maka hans og börn undir 18 ára aldri sem dveljast með honum.

Sjúkratryggingastofnuninni er heimilt að ákveða samkvæmt umsókn að einstaklingur sem sjúkratryggður er samkvæmt lögunum sé áfram sjúkratryggður þótt hann uppfylli ekki skilyrði 10. gr., enda dveljist hann erlendis við nám og sé ekki sjúkratryggður í almannatryggingum námslandsins. Sama gildir um maka hans sem var sjúkratryggður hér á landi við upphaf námsins og börn námsmannsins undir 18 ára aldri sem með honum dveljast.

Sjúkratryggingastofnuninni er heimilt að ákveða samkvæmt umsókn að einstaklingur sem sjúkratryggður er samkvæmt lögunum sé áfram sjúkratryggður í allt að eitt ár frá brottför af landinu þótt hann uppfylli hvorki skilyrði 1. mgr., 2. mgr. né 10. gr., enda leiði milliríkjasamningar ekki til annars. Skilyrði þessa er að hann hafi haft samfellda fasta búsetu hér á landi eigi skemur en fimm ár fyrir brottför og að það sé ekki tilgangur farar að leita læknismeðferðar.

Ráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd greinarinnar, m.a. um hvað telja skuli viðurkennt nám erlendis.

12. gr.

Starfsmenn íslenskra sendiráða, fastanefnda og ræðisskrifstofa.

Íslenskir ríkisborgarar sem gegna störfum erlendis á vegum ríkisins við sendiráð, fastanefnd eða ræðisskrifstofu og fá greidd laun úr ríkissjóði eru sjúkratryggðir samkvæmt lögum þessum.

Sama gildir um maka og börn er með þeim dveljast, enda öðlist þeir ekki sjálfstæð réttindi í viðkomandi landi.

Íslenskir ríkisborgarar sem ráðnir eru til starfa við sendiráð, fastanefnd eða ræðisskrifstofu eða í þjónustu sendierindreka án þess þó að vera sendir til starfa á vegum ríkisins eru ekki sjúkratryggðir samkvæmt lögum þessum nema annað leiði af milliríkjasamningum, sbr. þó 11. gr. Heimilt er að ákveða að þessir aðilar séu sjúkratryggðir ef um það er sótt, utanríkisráðuneytið mælir með því, að um sé að ræða starf sem teljist mikilvægt hagsmunum Íslands erlendis og að þeir geti ekki notið trygginga í gistiríkinu.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd greinarinnar.

13. gr.

Starfsmenn erlendra sendiráða, fastanefnda og ræðisskrifstofa.

Sendierindrekar erlendra ríkja á Íslandi eru ekki sjúkratryggðir samkvæmt lögum þessum.

Sama gildir um maka þeirra og börn sem ekki hafa íslenskt ríkisfang og dveljast hér á landi með þeim, enda öðlist þeir ekki sjálfstæð réttindi á grundvelli atvinnu hér á landi.

Einkaþjónustumenn sem eru erlendir ríkisborgarar, starfa eingöngu í þjónustu sendierindreka og hafa ekki fasta búsetu hér á landi eru ekki sjúkratryggðir samkvæmt lögum þessum, enda njóti þeir sjúkratrygginga í sendiríkinu.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd greinarinnar.

14. gr.

Starfsmenn alþjóðastofnana.

Íslenskir ríkisborgarar sem starfa erlendis hjá alþjóðastofnunum og eru launaðir af þeim eru ekki sjúkratryggðir samkvæmt lögum þessum. Heimilt er að ákveða samkvæmt umsókn að einstaklingur teljist sjúkratryggður þegar um er að ræða stofnun sem Ísland er aðili að og starfið telst þjóna hagsmunum Íslands erlendis. Skilyrði er að viðkomandi hafi verið sjúkratryggður samkvæmt lögum þessum við upphaf starfs og geti ekki notið sjúkratrygginga á vegum starfs síns eða vinnuveitanda.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd greinarinnar.

15. gr.

Friðargæsluliðar.

Íslenskir friðargæsluliðar sem starfa við friðargæslu erlendis á vegum utanríkisráðuneytisins og fá greidd laun úr ríkissjóði, sbr. lög um íslensku friðargæsluna og þátttöku hennar í alþjóðlegri friðargæslu, eru sjúkratryggðir samkvæmt lögum þessum.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd greinarinnar.

16. gr.

Flóttamenn.

Flóttamenn sem ríkisstjórnin hefur veitt hæli eru sjúkratryggðir samkvæmt lögum þessum frá komudegi, að því tilskildu að fyrir liggi staðfesting Útlendingastofnunar á því að viðkomandi hafi verið veitt réttarstaða flóttamanns samkvæmt lögum um útlendinga.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd greinarinnar.

B. Aðstoð.

17. gr.

Heilsugæsla.

Sjúkratryggingar taka til heilsugæslu samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, þ.e. almennra lækninga, hjúkrunar, heilsuverndar og forvarna, bráða- og slysamóttöku og annarrar heilbrigðisþjónustu sem veitt er á vegum heilsugæslustöðva sem reknar eru af ríkinu eða samkvæmt samningum skv. IV. kafla.

Þá taka sjúkratryggingar til almennrar læknishjálpar og hjúkrunar sem veitt er utan heilsugæslustöðva og samið hefur verið um skv. IV. kafla.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd greinarinnar.

18. gr.

Sjúkrahúsþjónusta.

Sjúkratryggingar taka til ókeypis vistar að ráði læknis í sjúkrahúsum sem rekin eru af ríkinu eða samkvæmt samningum skv. IV. kafla, þ.m.t. á fæðingarstofnunum, sbr. þó 23. gr. eða ákvæði sérlaga. Sjúkrahúsvist skal tryggð eins lengi og nauðsyn krefur ásamt læknishjálp og lyfjum og annarri þjónustu sem sjúkrahúsið veitir.

Enn fremur taka sjúkratryggingar til almennrar og sérhæfðrar þjónustu sem veitt er á göngudeildum, dagdeildum, slysadeildum og bráðamóttökum sjúkrahúsa án þess að um innlögn á sjúkrahús sé að ræða.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd greinarinnar.

19. gr.

Þjónusta sérgreinalækna.

Sjúkratryggingar taka til nauðsynlegra rannsókna og meðferðar hjá sérgreinalæknum sem samið hefur verið um skv. IV. kafla.

Ráðherra getur sett reglugerð um nánari framkvæmd greinarinnar þar sem m.a. er heimilt að kveða á um að greiðsluþátttaka sjúkratrygginga skuli háð því skilyrði að fyrir liggi tilvísun heilsugæslulæknis eða heimilislæknis.

20. gr.

Þjónusta tannlækna.

Sjúkratryggingar taka til nauðsynlegra tannlækninga aldraðra, öryrkja og barna yngri en 18 ára, annarra en tannréttinga, sem samið hefur verið um skv. IV. kafla. Þá taka sjúkratryggingar til nauðsynlegra tannlækninga og tannréttinga sem samið hefur verið um skv. IV. kafla, vegna alvarlegra afleiðinga meðfæddra galla, slysa og sjúkdóma.

Ráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd greinarinnar, þar sem m.a. er heimilt að kveða á um nánari skilyrði og takmörkun greiðsluþátttöku sjúkratrygginga vegna tannlækninga og tannréttinga. Í reglugerðinni er jafnframt heimilt að ákveða að sjúkratryggingar taki þátt í kostnaði við tannréttingar sem ekki falla undir 2. málsl. 1. mgr.

21. gr.

Þjónusta sjúkraþjálfara, iðjuþjálfa og talmeinafræðinga.

Sjúkratryggingar taka til nauðsynlegrar sjúkraþjálfunar, iðjuþjálfunar og talþjálfunar sem samið hefur verið um skv. IV. kafla. Sjúkratryggingastofnunin getur áskilið vottorð sérfræðings um nauðsyn þjálfunar.

Ráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd greinarinnar, þar sem m.a. er heimilt að kveða á um nánari skilyrði og takmörkun greiðsluþátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við þjálfun.

22. gr.

Önnur sérhæfð heilbrigðisþjónusta.

Sjúkratryggingar taka til annarrar sérhæfðrar heilbrigðisþjónustu en kveðið er á um í 17.–21. gr. sem samið hefur verið um skv. IV. kafla í samræmi við stefnumörkun ráðherra, svo sem aðstoðar ljósmóður við fæðingar í heimahúsum og sérhæfðrar meðferðar alvarlegra húðsjúkdóma.

Ráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd greinarinnar, þar sem m.a. er heimilt að kveða á um nánari skilyrði og takmörkun greiðsluþátttöku sjúkratrygginga vegna sérhæfðrar heilbrigðisþjónustu skv. 1. mgr.

23. gr.

Læknismeðferð erlendis.

Nú er sjúkratryggðum brýn nauðsyn á alþjóðlega viðurkenndri læknismeðferð erlendis, sbr. 44. gr., vegna þess að ekki er unnt að veita honum nauðsynlega aðstoð hér á landi og greiða þá sjúkratryggingar kostnað við meðferðina. Sama gildir um kostnað við dvöl, lyf og læknishjálp sem nauðsynleg er erlendis í tengslum við meðferðina. Jafnframt greiða sjúkratryggingar sjúkratryggðum ferðastyrk og fylgdarmanni hans þegar sérstaklega stendur á.

Í stað úrræðis sem getið er um í 1. mgr. og með sömu skilyrðum og þar greinir er sjúkratryggingastofnuninni heimilt að ákveða að sérgreinalæknar sem starfa erlendis veiti sjúklingi meðferð á sjúkrahúsi hér á landi.

Sjúkratryggingastofnunin ákvarðar um hvort skilyrði eru fyrir hendi samkvæmt þessari grein og hvar sjúkratryggður skuli njóta meðferðar erlendis. Nú velur sjúkratryggður meðferð á öðrum og dýrari stað erlendis en stofnunin hefur ákveðið og greiða sjúkratryggingar þá aðeins þann kostnað sem greiða hefði átt á þeim stað sem hún ákvað. Afla skal greiðsluheimildar frá sjúkratryggingastofnuninni fyrir fram.

Ráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd greinarinnar og aðra læknismeðferð erlendis sem ekki fellur undir 33. gr., m.a. þegar milliríkjasamningar sem Ísland er aðili að eiga við.

24. gr.

Heilbrigðisþjónusta í hjúkrunarrýmum.

Sjúkratrygging tekur til heilbrigðisþjónustu sem veitt er í hjúkrunarrýmum sjúkrahúsa og hjúkrunarrýmum öldrunarstofnana og hjúkrunarheimila samkvæmt samningum, sbr. IV. kafla. Skilyrði er að mat á þörf sjúkratryggðs fyrir þjónustuna hafi farið fram samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd greinarinnar.

25. gr.

Lyf.

Sjúkratrygging tekur til nauðsynlegra lyfja sem hafa markaðsleyfi hér á landi og ákveðið hefur verið að sjúkratryggingar taki þátt í að greiða, sbr. lyfjalög.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd greinarinnar, þar sem m.a. er heimilt að kveða á um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga í undantekningartilvikum við kaup á lyfjum sem ekki hafa markaðsleyfi hér á landi, sbr. lyfjalög.

26. gr.

Hjálpartæki.

Sjúkratryggingar taka þátt í kostnaði við öflun nauðsynlegra hjálpartækja sem eru til lengri notkunar en þriggja mánaða, með takmörkunum og samkvæmt nánari ákvæðum reglugerðar sem ráðherra setur. Í reglugerðinni skal m.a. kveðið á um hvaða hjálpartæki sjúkratryggingar taka þátt í að greiða og að hve miklu leyti.

Hjálpartæki er tæki sem ætlað er að draga úr fötlun, aðstoða fatlaða við að takast á við umhverfi sitt, auka eða viðhalda færni og sjálfsbjargargetu eða auðvelda umönnun. Hjálpartækið verður jafnframt að teljast nauðsynlegt og hentugt til að auðvelda athafnir daglegs lífs.

Afla skal greiðsluheimildar frá sjúkratryggingastofnuninni fyrir fram. Stofnunin getur áskilið vottorð sérfræðings um nauðsyn hjálpartækis.

27. gr.

Næringarefni og sérfæði.

Sjúkratryggingar taka þátt í kostnaði við kaup á lífsnauðsynlegum næringarefnum og sérfæði með takmörkunum og samkvæmt nánari ákvæðum reglugerðar sem ráðherra setur. Í reglugerðinni skal m.a. kveðið á um hvers konar næringarefni og sérfæði sjúkratryggingar taka þátt í að greiða og að hve miklu leyti.

Afla skal greiðsluheimildar frá sjúkratryggingastofnuninni fyrir fram. Stofnunin getur áskilið vottorð sérfræðings um nauðsyn næringarefnis eða sérfæðis.

28. gr.

Sjúkraflutningar.

Sjúkratryggingar taka til óhjákvæmilegs flutningskostnaðar sjúkratryggðs í sjúkrahús innan lands samkvæmt samningum skv. IV. kafla, enda sé flutningsþörf svo bráð og heilsu hins sjúkratryggða svo varið að hann verður ekki fluttur eftir venjulegum farþegaflutningsleiðum. Hið sama gildir um flutning sjúkratryggðs frá sjúkrahúsi til heimilis eða dvalarstaðar, enda verði hann ekki fluttur eftir venjulegum farþegaflutningsleiðum.

Sé fylgd nauðsynleg taka sjúkratryggingar þátt í kostnaði við fargjald fylgdarmanns, jafnvel þó að um áætlunarferð sé að ræða. Sé nauðsyn á fylgd heilbrigðisstarfsmanns skal greiða fargjald hans og þóknun. Ráðherra setur reglugerð um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga samkvæmt þessari málsgrein.

Flutningskostnaður milli sjúkrahúsa greiðist að fullu af því sjúkrahúsi sem sendir sjúkling nema um sé að ræða flutning milli sjúkrahúsa í sama sveitarfélagi og heilsu sjúklings sé þannig varið að hann geti notað venjulegar farþegaflutningsleiðir. Hið sama gildir um flutning milli sjúkrahúsa og hjúkrunarheimila.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd greinarinnar í reglugerð.

29. gr.

Gjaldtaka.

Fyrir eftirtalda heilbrigðisþjónustu og aðstoð sem sjúkratryggðir einstaklingar eiga rétt á á grundvelli laga eða samninga er heimilt að taka gjald samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur:

1. Heilsugæslu sem sinnt er á heilsugæslustöðvum og vitjanir heilsugæslulækna, sbr. 1. mgr. 17. gr. Gjaldið nær m.a. til kostnaðar við innritun og aðstöðu og kostnaðar vegna læknisþjónustu og þjónustu annarra heilbrigðisstarfsmanna. Jafnframt er heimilt að taka gjald vegna bólusetningar, rannsókna, krabbameinsleitar og foreldrafræðslu. Ekki er þó heimilt að taka gjald fyrir mæðra- og ungbarnavernd, heilsugæslu í skólum og hjúkrun í heimahúsum. Gjald fyrir þjónustu skal vera lægra hjá öldruðum, öryrkjum og börnum og gjald fyrir þjónustu utan dagvinnutíma má vera hærra en fyrir þjónustu á dagvinnutíma.
2. Almenna og sérhæfða heilbrigðisþjónustu á göngudeild, dagdeild, slysadeild og bráðamóttöku sjúkrahúsa sem veitt er án þess að um innlögn á sjúkrahús sé að ræða, sbr. 2. mgr. 18. gr. Gjaldið nær m.a. til kostnaðar við innritun og aðstöðu og kostnaðar vegna læknisþjónustu og þjónustu annarra heilbrigðisstarfsmanna. Ekki er þó heimilt að taka gjald fyrir mæðra- og ungbarnavernd. Gjald fyrir þjónustu skal vera lægra hjá öldruðum, öryrkjum og börnum. Gjald fyrir þjónustu sérfræðilækna getur verið hlutfallsgjald og má tiltaka hámark þess í reglugerð.

3. Þjónustu sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna og fyrirtækja þeirra, sbr. 2. mgr. 17. gr. og 19.–22. gr., sem samið hefur verið um samkvæmt ákvæðum IV. kafla. Ekki er þó heimilt að taka gjald fyrir hjúkrun í heimahúsum, mæðra- og ungbarnavernd og aðstoð ljósmóður við fæðingu í heimahúsum. Gjald fyrir þjónustu getur verið hlutfallsgjald og má tiltaka hámark þess í reglugerð. Gjaldið skal vera lægra hjá öldruðum, öryrkjum og börnum og gjald fyrir þjónustu skv. 2. mgr. 17. gr. utan dagvinnutíma má vera hærra en fyrir þjónustu á dagvinnutíma.
4. Rannsóknir, geisla- og myndgreiningar sem framkvæmdar eru á sjúkrahúsum eða hjá sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum eða fyrirtækjum þeirra og samið hefur verið um samkvæmt ákvæðum IV. kafla, sbr. 2. mgr. 18. gr. og 19. gr. Gjaldið getur verið hlutfallsgjald og má tiltaka hámark þess í reglugerð. Gjald fyrir þjónustuna skal vera lægra hjá öldruðum, öryrkjum og börnum.
5. Útgáfu læknisvottorða í heilsugæslu og á sjúkrahúsum.
6. Lyf, sbr. 25. gr. Ekki er þó heimilt að taka gjald fyrir lyf sem sjúkratryggðum er lífsnauðsynlegt að nota að staðaldri. Gjald fyrir lyf getur verið hlutfallsgjald og má tiltaka hámark þess í reglugerð. Sé heildarverð lyfs jafnt eða lægra en gjaldið sem greiða skal greiðir sjúkratryggður lyfið að fullu. Í reglugerð má tiltaka hámark eininga í lyfjaávísunum.
7. Sjúkraflutninga, sbr. 28. gr.

Þeir sem ekki eru sjúkratryggðir hér á landi samkvæmt lögum þessum skulu greiða gjald sem nemur kostnaði við veitta heilbrigðisþjónustu í samræmi við reglugerð sem ráðherra setur, nema í gildi sé samningur um þjónustuna við það ríki sem þeir koma frá.

Þeim heilbrigðisstofnunum sem fengið hafa heimild ráðherra til að veita ósjúkratryggðum einstaklingum heilbrigðisþjónustu á einkaréttarlegum grundvelli samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu er heimilt að taka hærra gjald fyrir þjónustuna en nemur kostnaði af veitingu hennar. Þetta á við nema annað leiði af samningum sem í gildi eru um þjónustuna við það ríki sem hinn ósjúkratryggði einstaklingur kemur frá.

Um gjaldtöku fyrir heilbrigðisþjónustu fer að öðru leyti eftir ákvæðum sérlaga eftir því sem við á.

C. Greiðslur í peningum.

30. gr.

Ferðakostnaður.

Sjúkratryggingar taka þátt í óhjákvæmilegum ferðakostnaði með takmörkunum og eftir ákvæðum reglugerðar sem ráðherra setur fyrir sjúkratryggða sem þarfnast ítrekaðrar meðferðar hjá lækni eða í sjúkrahúsi með eða án innlagnar.

Ráðherra er heimilt í reglugerð að ákveða frekari kostnaðarþátttöku sjúkratrygginga í ferðakostnaði en mælt er fyrir um í 1. mgr.

31. gr.

Dvalarkostnaður.

Sjúkratryggingar taka þátt í óhjákvæmilegum dvalarkostnaði annars foreldris við sjúkrahúsinnlögn barns yngra en 18 ára fjarri heimili, með takmörkunum og eftir ákvæðum reglugerðar sem ráðherra setur. Ef um er að ræða erfiða meðferð við lífshættulegum sjúkdómi má ákveða að greiðsluþátttaka nái til beggja foreldra barns undir 18 ára aldri.

32. gr.
Sjúkradagpeningar.

Sjúkratryggingar greiða sjúkradagpeninga ef sjúkratryggður sem orðinn er 18 ára og nýtur ekki elli-, örorkulífeyris eða örorkustyrks almannatrygginga verður algerlega óvinnufær, enda leggi hann niður vinnu og launatekjur falli niður sé um þær að ræða. Sjúkradagpeningar greiðast ekki fyrir sama tímabil og slysadagpeningar samkvæmt slysatryggingum almannatrygginga, né heldur fyrir sama tímabil og greiðslur samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof.

Sjúkratryggðir njóta sjúkradagpeninga frá og með 15. veikindadegi séu þeir óvinnufærir a.m.k. í 21 dag. Upphaf biðtímans miðast við þann dag sem óvinnufærni er staðfest af lækni. Sjúkradagpeningar eru ekki greiddir lengur en í 52 vikur samtals á hverjum 24 mánuðum.

Fullir dagpeningar skulu nema 1.040 kr. fyrir einstakling og 285 kr. fyrir hvert barn á framfæri innan 18 ára, þ.m.t. börn utan heimilis sem umsækjandi sannanlega greiðir meðlag með samkvæmt staðfestum samningi, dómsátt, úrskurði stjórnvalds eða dómi.

Fullra dagpeninga njóta þeir sem fella niður heils dags launaða vinnu. Hálfra dagpeninga njóta þeir sem fella niður launaða vinnu sem nemur minna en heils dags starfi en a.m.k. hálfs dags starfi. Sé felld niður launuð vinna sem nemur minna en hálfs dags starfi greiðast dagpeningar er nema ¾ misstra launatekna, allt að hálfum dagpeningum. Launuð vinna merkir í þessari grein alla vinnu að beinni tekjuöflun, jafnt atvinnurekanda sem launþega.

Dagpeningar vegna starfa við eigið heimili sem falla að fullu niður vegna veikinda skulu nema helmingi fullra dagpeninga. Auk þess er heimilt að greiða allt að hálfum dagpeningum til viðbótar vegna útgjalda við heimilishjálp. Umsækjandi sem nýtur dagpeninga vegna niðurfelldrar launavinnu fær ekki helming dagpeninga vegna niðurfalls heimilisstarfa en getur átt rétt á viðbót vegna útgjalda við heimilishjálp.

Námsmenn geta átt rétt til dagpeninga vegna forfalla frá námi að því leyti sem forföllin valda töfum á að námsáfangi náist.

Njóti umsækjandi elli-, örorkulífeyris eða örorkustyrks almannatrygginga sem nemur lægri fjárhæð en sjúkradagpeningar þeir sem hann hefði ella átt rétt á skal greiða dagpeninga sem nemur mismuninum.

Við ákvörðun dagpeninga skal að jafnaði við það miða hvernig störfum umsækjanda hefur verið háttað síðustu tvo mánuðina áður en hann varð óvinnufær.

Dagpeningar eru ekki greiddir þeim sem á í verkfalli nema hann hafi átt rétt til dagpeninga áður en verkfall hófst.

Dagpeningar eru ekki greiddir þeim sem situr í fangelsi.

Sjúkratryggingar greiða fulla sjúkradagpeninga, ásamt viðbót vegna barna ef við á, til móður sem fætt hefur í heimahúsi í 10 daga frá fæðingu.

Ráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd greinarinnar, þar sem m.a. er heimilt að kveða á um framlengingu hámarksgreiðslutímabils, takmörkun á greiðslu dagpeninga sem nema minna en fullum dagpeningum, dagpeninga vegna starfa við eigið heimili og dagpeninga til námsmanna.

Bætur samkvæmt þessari grein skulu breytast árlega í samræmi við fjárlög hverju sinni. Ráðherra setur reglugerð um hækkun bóta.

33. gr.

Sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis.

Nú er sjúkratryggðum nauðsyn að leita sér lækninga þar sem hann er staddur erlendis og greiða þá sjúkratryggingar kostnað af því eins og um læknishjálp innan lands væri að ræða. Þetta nær þó ekki til þeirra sem samkvæmt milliríkjasamningum öðlast rétt til sjúkrahjálpar í öðru landi vegna dvalar þar að því er varðar þá aðstoð sem samningarnir fjalla um.

Nú er sjúkratryggðum nauðsyn að leita sér lækninga þar sem hann er staddur erlendis í aðildarríki EES-samningsins og skulu þá sjúkratryggingar greiða kostnað af því samkvæmt reglum EES-samningsins á sviði almannatrygginga.

Sjúkratryggingar skulu einnig greiða þann kostnað sem hlýst af því að sjúkratryggðum sé nauðsyn á að leita sér lækninga þegar hann er staddur í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Ráðherra setur reglugerð um framkvæmd greinarinnar, m.a. um að hvaða marki sjúkratryggingum er heimilt að endurgreiða sjúkratryggðum kostnað vegna veikinda eða slyss erlendis sem hann fengi ella ekki endurgreiddan frá sjúkratryggingum.

D. Umsóknir um bætur, málsmeðferð o.fl.

34. gr.

Umsóknir um bætur.

Sækja skal um allar bætur samkvæmt lögum þessum til sjúkratryggingastofnunarinnar. Þó getur stofnunin ákveðið að ekki þurfi að sækja um tilteknar bætur. Umsóknir um bætur skulu vera á því formi sem sjúkratryggingastofnunin ákveður.

Umsækjanda er skylt að veita sjúkratryggingastofnuninni allar nauðsynlegar upplýsingar til þess að unnt sé að taka ákvörðun um bótarétt, fjárhæð og greiðslu bóta og endurskoðun þeirra.

Sjúkratryggingastofnuninni er heimilt, að fengnu skriflegu samþykki umsækjanda, að afla nauðsynlegra upplýsinga um tekjur umsækjanda hjá skattyfirvöldum og greiðslur til umsækjanda hjá Tryggingastofnun ríkisins, Atvinnuleysistryggingasjóði, Vinnumálastofnun og hjá sambærilegum stofnunum erlendis þegar það á við með rafrænum hætti eða á annan hátt. Enn fremur er heimilt að afla upplýsinga um mat á örorku hjá Tryggingastofnun ríkisins. Telji umsækjandi upplýsingar frá þessum aðilum ekki réttar skal hann leggja fram gögn því til staðfestingar.

Umsækjanda er skylt að tilkynna sjúkratryggingastofnuninni um breytingar á tekjum eða öðrum aðstæðum sem geta haft áhrif á greiðslur. Ef gefnar eru rangar upplýsingar skal beita ákvæðum 37. gr.

Ef ekki reynist unnt að taka ákvörðun um bótarétt, fjárhæð og greiðslu bóta og endurskoðun þeirra vegna skorts á nauðsynlegum upplýsingum sem rekja má til umsækjanda er sjúkratryggingastofnuninni heimilt að fresta ákvörðun og greiðslu bóta þar til úr því er bætt. Stofnunin skal tafarlaust gera viðkomandi viðvart ef til frestunar kemur og skora á hann að veita nauðsynlegar upplýsingar.

35. gr.

Ákvarðanir um bætur.

Allar umsóknir skulu afgreiddar svo fljótt sem kostur er og skulu bætur reiknaðar frá þeim degi sem umsækjandinn hefur uppfyllt skilyrðin til bótanna.

Bætur skulu aldrei ákvarðaðar lengra aftur í tímann en tvö ár frá því að umsókn og/eða önnur gögn sem nauðsynleg eru til að unnt sé að taka ákvörðun um bótarétt og fjárhæð bóta berast stofnuninni. Þó skulu sjúkradagpeningar að jafnaði eigi ákvarðaðir lengra aftur í tímann en tvo mánuði, en sjúkratryggingastofnuninni er heimilt að lengja þetta tímabil í allt að sex mánuði í tilvikum þar sem bótaréttur er að öðru leyti ótvíræður.

Launþegar sem milliríkjasamningar taka til, leggja niður launuð störf og fara af landi brott geta haldið rétti til sjúkradagpeninga að öðrum skilyrðum uppfylltum í allt að tvo mánuði eftir að störfum hér á landi lýkur. Skilyrði er að þeir hafi ekki hafið störf í öðru ríki sem Ísland hefur gert samning við.

Ákvarðaðar bætur falla niður ef þær eru ekki sóttar innan tólf mánaða, en ákvarða má bætur á ný ef rökstudd umsókn berst.

Grundvöll bótaréttar má endurskoða hvenær sem er og samræma bætur þeim breytingum sem orðið hafa.

36. gr.

Stjórnsýslukærur.

Rísi ágreiningur um grundvöll, skilyrði eða upphæð bóta samkvæmt þessum kafla er heimilt að kæra ákvörðun sjúkratryggingastofnunarinnar til úrskurðarnefndar almannatrygginga samkvæmt lögum um almannatryggingar.

Kæra til úrskurðarnefndar almannatrygginga skal vera skrifleg og skal hún borin fram innan þriggja mánaða frá því aðila máls var tilkynnt um ákvörðun. Á skrifstofum sjúkratryggingastofnunarinnar skulu liggja frammi eyðublöð í þessu skyni og veita starfsmenn stofnunarinnar nauðsynlega aðstoð við útfyllingu þeirra.

Sjúkratryggingastofnunin skal láta nefndinni í té öll gögn máls, svo og þær upplýsingar og skýringar er nefndin telur þörf á.

Sjúkratryggingastofnunin getur höfðað dómsmál til að fá hnekkt úrskurði úrskurðarnefndar almannatrygginga.

37. gr.

Ofgreiðslur og vangreiðslur bóta.

Hafi sjúkratryggingastofnunin ofgreitt bætur samkvæmt lögum þessum skal stofnunin draga ofgreiddar bætur frá bótum sem viðtakandi kann síðar að öðlast rétt til. Einnig á stofnunin endurkröfurétt á hendur viðtakanda samkvæmt almennum reglum. Ef ofgreiðsla stafar af sviksamlegu atferli viðtakanda skal hann greiða dráttarvexti á þá fjárhæð og reiknast þeir frá þeim tíma sem endurkröfuréttur stofnast.

Hafi sjúkratryggingastofnunin vangreitt bætur skal stofnunin greiða viðtakanda það sem upp á vantar.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd greinarinnar, m.a. um innheimtu á ofgreiddum bótum, undanþágur frá innheimtu ofgreiddra bóta og afskriftir krafna.

38. gr.

Samningar um heilbrigðisþjónustu ekki fyrir hendi.

Séu samningar um heilbrigðisþjónustu ekki fyrir hendi, sbr. IV. kafla, er í sérstökum tilfellum heimilt tímabundið að endurgreiða sjúkratryggðum útlagðan kostnað vegna heilbrigðisþjónustu á grundvelli gjaldskrár sem sjúkratryggingastofnunin gefur út.

Ráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd greinarinnar, m.a. um tímalengd heimildarinnar og skilyrði fyrir endurgreiðslu.

IV. KAFLI
Samningar um heilbrigðisþjónustu.

39. gr.
Samningsumboð.

Sjúkratryggingastofnunin annast samningsgerð um veitingu heilbrigðisþjónustu og aðstoðar samkvæmt lögum þessum, lögum um heilbrigðisþjónustu og öðrum lögum, og um endurgjald ríkisins vegna hennar.

Sjúkratryggingastofnunin gerir samninga við heilbrigðisstofnanir, sbr. lög um heilbrigðisþjónustu, sveitarfélög, sjálfseignarstofnanir, fyrirtæki og einstaklinga um veitingu heilbrigðisþjónustu og greiðir þeim endurgjald í samræmi við ákvæði samninganna.

40. gr.
Samningar um heilbrigðisþjónustu.

Samningar um heilbrigðisþjónustu skulu gerðir í samræmi við stefnumörkun skv. 2. gr., m.a. um skipulag heilbrigðisþjónustu, forgangsröðun verkefna innan hennar, hagkvæmni og gæði þjónustunnar og aðgengi að henni. Við samningsgerð skal hafa hagsmuni sjúkratryggðra að leiðarljósi. Forsenda samningsgerðar er að fyrir liggi staðfesting landlæknis á því hvort rekstur eða fyrirhugaður rekstur heilbrigðisþjónustu uppfylli faglegar kröfur og önnur skilyrði í heilbrigðislöggjöf, sbr. lög um heilbrigðisþjónustu og lög um landlækni.

Samningar skulu m.a. kveða á um magn, tegund og gæði þjónustu, hvar hún skuli veitt og af hverjum, ásamt endurgjaldi til veitanda og eftirliti með framkvæmd samnings. Í samningum skulu vera ákvæði um kröfur til veitenda þjónustu, m.a. um hæfni, þjónustusvæði og þjónustustig. Við samningsgerð skal tryggja aðgengi sjúkratryggðra að þeirri heilbrigðisþjónustu sem samið er um óháð efnahag. Jafnframt skal leitast við að tryggja þjónustu við sjúkratryggða hvar á landinu sem þeir eru búsettir og að veitendur þjónustu gæti þess að sjúkratryggðir njóti jafnræðis.

Val á viðsemjendum skal fara fram á hlutlægum og málefnalegum forsendum. Við valið skal m.a. taka mið af stefnumörkun skv. 2. gr., ákvæðum laga um heilbrigðisþjónustu, hæfni, gæðum, hagkvæmni, kostnaði, öryggi, viðhaldi nauðsynlegrar þekkingar og jafnræði. Sjúkratryggingastofnunin ákveður vægi einstakra þátta. Við samningsgerð um heilbrigðisþjónustu skal þess gætt að raska ekki þeirri þjónustu sem veita ber samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu.

Reynist framboð af tiltekinni heilbrigðisþjónustu meira en þörf er á eða unnt er að semja um með hliðsjón af fjárheimildum er heimilt á grundvelli hlutlægra og málefnalegra sjónarmiða, m.a. um hagkvæmni og gæði þjónustunnar, að takmarka samningsgerð við hluta þeirra aðila sem veitt geta þjónustuna.

Aðili sem hyggst hefja sjálfstæðan rekstur heilbrigðisþjónustu þar sem gert er ráð fyrir að ríkið greiði kostnað sjúklings að hluta eða öllu leyti skal hafa gert samning við sjúkratryggingastofnunina áður en hann hefur rekstur, nema fyrir liggi einhliða ákvörðun ráðherra um greiðsluþátttöku á grundvelli sérstakrar heimildar í öðrum lögum.

Ráðherra er heimilt að ákveða nánar í reglugerð forsendur fyrir samningsgerð um endurgjald ríkisins fyrir heilbrigðisþjónustu sem veitt er utan heilbrigðisstofnana sem ríkið rekur,

í samræmi við stefnumörkun skv. 2. gr., og að hún skuli takmarkast við gagnreynda meðferð á sviði heilbrigðisþjónustu.

41. gr.

Samningar um framkvæmdir eða rekstur.

Ráðherra getur falið sjúkratryggingastofnuninni að semja við sveitarfélög, eða aðra aðila en þá sem falinn er rekstur heilbrigðisþjónustu samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, um framkvæmdir og rekstur ákveðinna þátta þeirrar heilbrigðisþjónustu sem veita ber samkvæmt þeim lögum. Sjúkratryggingastofnunin gerir jafnframt verksamninga og samninga um rekstrarverkefni samkvæmt ákvæðum laga um fjárreiður ríkisins.

42. gr.

Útboðsheimild.

Sjúkratryggingastofnuninni er heimilt að bjóða út rekstur heilbrigðisþjónustu og kaup á heilbrigðisþjónustu samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu og lögum þessum.

43. gr.

Endurgjald fyrir heilbrigðisþjónustu.

Endurgjald fyrir heilbrigðisþjónustu samkvæmt þessum kafla getur verið í formi fastra greiðslna, greiðslna á hvern þjónustuþega, daggjalda, verkgreiðslna, greiðslna á grunni afkasta og árangurstengdra greiðslna. Enn fremur er unnt að taka mið af tveimur eða fleiri framangreindum greiðsluaðferðum.

Um gjald sem sjúkratryggður greiðir fyrir þjónustuna fer skv. 29. gr. og er veitendum þjónustu óheimilt að krefja hann um frekara gjald.

Heilbrigðisstofnanir og aðrir veitendur heilbrigðisþjónustu skulu kostnaðargreina þjónustu sína samkvæmt alþjóðlega viðurkenndum aðferðum. Við kostnaðargreiningu skal taka mið af öllum hagrænum kostnaði, þ.m.t. kostnaði vegna húsnæðis, fjármagns og afskrifta.

Ráðherra setur reglugerð um framkvæmd mats á hjúkrunarþyngd vegna endurgjalds fyrir heilbrigðisþjónustu sem veitt er í hjúkrunarrýmum.

44. gr.

Gagnreynd þekking á sviði heilbrigðisþjónustu.

Veitendur heilbrigðisþjónustu skulu að jafnaði byggja starfsemi sína á gagnreyndri þekkingu á sviði heilbrigðisþjónustu, fylgja faglegum fyrirmælum landlæknis og nýta eftir því sem við á faglegar leiðbeiningar hans, sbr. lög um landlækni.

Við ákvarðanir og samninga um nýjar aðferðir, þjónustu, lyf og vörur skal sjúkratryggingastofnunin byggja á niðurstöðu faglegs og hagræns mats í samræmi við viðurkenndar alþjóðlegar aðferðir.

45. gr.

Gæði og eftirlit.

Sjúkratryggingastofnunin skal hafa eftirlit með starfsemi samningsaðila sem miðar að því að tryggja að tegundir, magn, gæði, kostnaður og árangur þjónustu sé í samræmi við gerða samninga. Stofnunin skal hafa samráð við landlækni um fyrirkomulag og framkvæmd eftirlits.

Sjúkratryggingastofnunin getur ákveðið að setja í samninga ákvæði sem ætlað er að stuðla að gæðum og árangri þjónustunnar, m.a. um gæðastjórnunarkerfi og vottun þeirra, faggildingu, árangursmælingar og upplýsinga- og skýrslugjöf.

Sjúkratryggingastofnunin getur krafist þess að samningsaðilar nýti samræmd upplýsingakerfi, þ.m.t. samræmda skráningu biðlista, og skili upplýsingum um veitta þjónustu og starfsemi á samræmdu rafrænu formi til stofnunarinnar. Vegna framkvæmdar eftirlits er stofnuninni jafnframt heimill aðgangur að ópersónugreinanlegum upplýsingum úr heilbrigðisskrám sem landlæknir heldur samkvæmt lögum um landlækni, eftir því sem við á.

Læknum eða tannlæknum sjúkratryggingastofnunarinnar er heimilt að leita upplýsinga hjá þeim sem notið hafa þjónustu, eftir því sem nauðsynlegt er vegna eftirlitshlutverks stofnunarinnar.

46. gr.

Upplýsingaskylda heilbrigðisstarfsmanna.

Þeim heilbrigðisstarfsmönnum sem ábyrgð bera á vörslu sjúkraskráa er skylt að veita læknum, eða eftir atvikum tannlæknum, sjúkratryggingastofnunarinnar þær upplýsingar og gögn sem stofnuninni eru nauðsynlegar vegna eftirlitshlutverks hennar, sbr. einnig 45. gr. Þá er læknum sjúkratryggingastofnunarinnar, eða tannlæknum þegar það á við, heimilt að skoða þann hluta sjúkraskrár sem nauðsynlegt er vegna eftirlits með samningum. Skoðun skal fara fram á þeim stað þar sem sjúkraskrá er varðveitt.

47. gr.

Samningar um kaup á vörum og þjónustu.

Sjúkratryggingastofnuninni er heimilt á grundvelli laga um opinber innkaup að semja við stofnanir, fyrirtæki eða einstaklinga um vörur og almenna þjónustu sem henni ber að veita og falla ekki undir samninga um heilbrigðisþjónustu.

48. gr.

Vanefndir og aðgerðir vegna vanefnda.

Í samningum skulu vera ákvæði um hvað teljist vanefndir og um vanefndaúrræði. Auk þess gilda almennar reglur um vanefndir og vanefndaúrræði. Sannist vanefndir skulu aðgerðir sjúkratryggingastofnunarinnar vegna þeirra byggjast á málefnalegum sjónarmiðum og geta m.a. falið í sér:

1. Fyrirmæli um breytta framkvæmd, t.d. þjónustu, skráningu eða gjaldtöku.
2. Áminningu.
3. Takmarkanir á magni og tegundum þjónustu sem greitt er endurgjald fyrir.
4. Uppsögn samnings með eða án fyrirvara.
5. Kröfu um endurgreiðslu eða skaðabætur.
6. Tilkynningu til landlæknis eða Lyfjastofnunar, sbr. eftirlitshlutverk þeirra.
7. Kæru til lögreglu vegna meintra lögbrota.

49. gr.

Ágreiningur.

Í samningum skulu vera ákvæði um meðferð ágreinings. Ágreiningur um framkvæmd samninga og val á viðsemjendum sætir ekki endurskoðun ráðherra.

Fari fram útboð fer um ágreining samkvæmt lögum um opinber innkaup.

Ágreiningi um faglega hæfni veitenda heilbrigðisþjónustu, gæði þjónustu og gagnreynda meðferð á sviði heilbrigðisþjónustu skal vísað til landlæknis.

Kvörtunum frá almenningi og öðrum vegna þjónustu og hæfni samningsaðila skal vísað til landlæknis. Landlæknir skal upplýsa sjúkratryggingastofnunina um slíkar kvartanir á formi sem stofnanirnar koma sér saman um.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

50. gr.
Meðferð persónuupplýsinga.

Við meðferð persónuupplýsinga sem aflað er samkvæmt lögum þessum skal þess gætt að uppfyllt séu skilyrði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og jafnframt gætt ákvæða laga um réttindi sjúklinga eftir því sem við á.

51. gr.
Þagnarskylda.

Starfsfólki sjúkratryggingastofnunarinnar og umboðsskrifstofa er skylt að gæta þagmælsku um atriði er það fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanns eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi. Hið sama gildir um þá sem sinna verkefnum fyrir sjúkratryggingastofnunina en eru ekki starfsmenn hennar.

52. gr.
Upplýsingar um vistun.

Sjúkrahús, heilbrigðisstofnanir og stofnanir fyrir aldraða skulu senda sjúkratryggingastofnuninni upplýsingar um vistun, þ.e. innlagnir og útskriftir. Upplýsingarnar skulu sendar reglulega eftir því sem þörf krefur og eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði.

53. gr.
Milliríkjasamningar um sjúkratryggingar.

Þegar milliríkjasamningar sem Ísland er aðili að kveða á um gagnkvæm réttindi til sjúkratrygginga skulu þeir sem eiga að falla undir íslenska löggjöf samkvæmt ákvæðum samninganna öðlast réttindi samkvæmt lögum þessum.

Sjúkratryggingastofnunin greiðir kostnað samkvæmt milliríkjasamningum af aðstoð við þá sem njóta réttar samkvæmt samningunum og dveljast hér á landi um stundarsakir.

Ráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd greinarinnar, m.a. um heimild til að draga frá bótum samkvæmt lögum þessum bætur samkvæmt erlendri löggjöf fyrir sama tímabil og bætur eru greiddar fyrir hér á landi.

54. gr.
Kostnaður við sjúkratryggingar.

Kostnaður við sjúkratryggingar greiðist úr ríkissjóði, að því marki sem ákveðið er samkvæmt lögum þessum eða sérlögum og reglugerðum settum með stoð í þeim. Árleg heildarútgjöld sjúkratrygginga skulu vera í samræmi við ákvörðun Alþingis samkvæmt fjárlögum og fjáraukalögum hvers árs.

55. gr.
Reglugerðir.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara í reglugerð. M.a. er heimilt að ákveða frekari kostnaðarþátttöku sjúkratryggingastofnunarinnar í heilbrigðisþjónustu en mælt er fyrir um í III. kafla. Þá er ráðherra heimilt að birta sem reglugerðir almannatryggingareglur Evrópusambandsins með aðlögun vegna EES-samningsins og almannatryggingareglur stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

VI. KAFLI
Gildistaka.

56. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 2008.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. koma ákvæði IV. kafla að því er varðar samninga sem heilbrigðisráðuneytið hefur gert til framkvæmda eigi síðar en 1. júlí 2009. Enn fremur koma ákvæði IV. kafla til framkvæmda eigi síðar en 1. janúar 2010 að því er varðar samninga við heilbrigðisstofnanir í eigu ríkisins og samninga við sveitarfélög og aðra er reka hjúkrunarheimili.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. öðlast 12. tölul. 59. gr. þegar gildi.

VII. KAFLI
Breytingar á öðrum lögum.

57. gr.
Breyting á lögum nr. 100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

1. 1. gr. laganna orðast svo:
   1. Lög þessi taka til:
   1. Lífeyristrygginga almannatrygginga.
   2. Slysatrygginga almannatrygginga.

   Um sjúkratryggingar almannatrygginga fer samkvæmt lögum um sjúkratryggingar.
2. Orðið „sjúkratrygginga“ í 3. mgr. 18. gr. laganna fellur brott.
3. Eftirfarandi breytingar verða á 32. gr. laganna:
   a. Í stað orðanna „44. gr.“ í a-lið 1. tölul. 1. mgr. kemur: lögum um sjúkratryggingar.
   b. Við 1. málsl. b-liðar 1. tölul. 1. mgr. bætast orðin: sé hinn slasaði ekki sjúkratryggður samkvæmt lögum um sjúkratryggingar.
   c. 2. málsl. b-liðar 1. tölul. 1. mgr. fellur brott.
   d. Í stað orðanna „44. gr.“ í 2. mgr. kemur: lögum um sjúkratryggingar.
4. V. kafli laganna fellur brott.
5. 4. mgr. 48. gr. laganna fellur brott.
6. 2. málsl. 1. mgr. 52. gr. laganna fellur brott.
7. Eftirfarandi breytingar verða á 53. gr. laganna:
   a. Orðin „og sjúkradagpeningar“ í 1. málsl. 2. mgr. falla brott.
   b. 2. málsl. 2. mgr. fellur brott.
8. Við 3. mgr. 54. gr. laganna bætast orðin: samkvæmt lögum um sjúkratryggingar.
9. 3. málsl. 1. mgr. 56. gr. laganna fellur brott.
10. 2. mgr. 58. gr. laganna fellur brott.
11. Orðin „og 43.“ í 6. mgr. 67. gr. laganna falla brott.

12. Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða við lögin:
    a. 1. mgr. 9. tölul. orðast svo:
    Tryggingastofnun ríkisins annast reikningshald og daglega afgreiðslu slysatrygginga í umboði heilbrigðisráðherra þar til ný lög um slysatryggingar taka gildi.
    b. Orðin „og sjúkratrygginga“ í 2. mgr. 9. tölul. falla brott.

58. gr.

Breyting á lögum nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, með síðari breytingu.

1. Á eftir orðunum „frekari uppbætur“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: styrkir vegna kaupa á bifreið.
2. Í stað orðsins „sjúkra-“ í 1. málsl. 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: sjúkradagpeninga samkvæmt lögum um sjúkratryggingar.
3. Við 10. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:
    Heimilt er að greiða styrk til að afla bifreiðar sem nauðsynleg er vegna þess að líkamsstarfsemi er hömluð eða vantar líkamshluta. Ráðherra setur reglugerð um greiðslur samkvæmt ákvæði þessu, m.a. um sex mánaða búsetuskilyrði.
4. Á eftir orðinu „sjúkratryggðs“ í 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: samkvæmt lögum um sjúkratryggingar.

59. gr.

Breyting á lögum nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingu.

1. Í stað orðanna „lög um almannatryggingar“ í 2. málsl. 1. gr. laganna kemur: lög um sjúkratryggingar.
2. Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:
    a. Við 1. mgr. bætist: og lög um sjúkratryggingar.
    b. Við 2. og 3. mgr. bætist: og lögum um sjúkratryggingar.
3. Á eftir orðunum „VII. kafla“ í 2. málsl. 8. gr. laganna kemur: og lögum um sjúkratryggingar.
4. 16. gr. laganna orðast svo:
    Í hjúkrunarrýmum umdæmissjúkrahúsa og hjúkrunar- og dvalarheimila skal veitt hjúkrunarþjónusta fyrir sjúkratryggða einstaklinga sem metnir hafa verið í þörf fyrir þjónustu í hjúkrunarrými. Engan má vista til langdvalar í hjúkrunarrými nema að undangengnu mati á þörf fyrir hjúkrunarrými.
    Ráðherra skipar þriggja manna nefndir til að meta þörf sjúkratryggðra einstaklinga fyrir hjúkrunarrými. Nefndirnar skulu skipaðar lækni með sérmenntun á sviði öldrunar- eða heimilislækninga, hjúkrunarfræðingi með þekkingu á öldrunarþjónustu og félagsráðgjafa með þekkingu á félagslegri þjónustu við aldraða sem tilnefndur er af félags- og tryggingamálaráðherra. Skipa skal þrjá varamenn sem uppfylla sömu menntunarskilyrði og aðalmenn.
    Ráðherra kveður nánar á um vistunarmat, fjölda nefnda og starfssvæði þeirra í reglugerð.
5. Á eftir orðunum „VII. kafla“ í 3. málsl. 1. mgr. 18. gr. laganna kemur: og lögum um sjúkratryggingar.
6. Eftirfarandi breytingar verða á 22. gr. laganna:
    a. Við 1. og 2. mgr. bætist: og lögum um sjúkratryggingar.

b. Í stað orðanna „3. mgr. 34. gr.“ í 2. málsl. 3. mgr. kemur: ákvæðum laga um sjúkratryggingar.

7. Á eftir orðunum „VII. kafla“ í 7. mgr. 26. gr. laganna kemur: og lögum um sjúkratryggingar.
8. 2. málsl. 28. gr. laganna orðast svo: Sjúkratryggingastofnunin annast samningsgerð um heilbrigðisþjónustu samkvæmt lögum um sjúkratryggingar.
9. 29. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Samningar um heilbrigðisþjónustu, framkvæmdir og rekstur.

Um samninga um heilbrigðisþjónustu og greiðsluþátttöku vegna hennar, svo og samninga um framkvæmdir og rekstur, fer samkvæmt lögum um sjúkratryggingar.

10. 30. gr. laganna fellur brott.
11. 34. gr. laganna orðast svo:

Um gjaldtöku fyrir heilbrigðisþjónustu fer samkvæmt ákvæðum laga um sjúkratryggingar og ákvæðum sérlaga eftir því sem við á.

12. Ákvæði til bráðabirgða við lögin fellur brott og í stað þess kemur nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Meðan tímabundnir samningar, sbr. 28. gr., við sveitarfélög um rekstur heilbrigðisþjónustu gilda teljast hlutaðeigandi starfsmenn heilbrigðisstofnana sem reknar eru af ríkinu og eru í starfi þegar samningarnir taka gildi vera í þjónustu viðkomandi sveitarfélags. Í slíkum samningum er heilbrigðisráðherra heimilt að framselja viðkomandi sveitarfélagi allar þær valdheimildir sem forstjórar heilbrigðisstofnana fara með samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, svo fremi að starfsmönnum sé tilkynnt hver fari með það vald. Engin formbreyting verður á ráðningarstöðu starfsmanna, þeir eru áfram ríkisstarfsmenn og um laun þeirra og önnur starfskjör fer eftir sömu kjarasamningum og fyrr.

Nýir starfsmenn, sem ráðnir verða til verkefna er samningur aðila tekur til, skulu ráðnir sem starfsmenn viðkomandi sveitarfélags.

Heilbrigðisráðherra og fjármálaráðherra annars vegar og sveitarfélag hins vegar skulu semja um ábyrgðir sínar og greiðslur varðandi réttindi og kjör starfsmanna.

60. gr.

Breyting á lögum nr. 125/1999, um málefni aldraða, með síðari breytingum.

1. Í stað orðanna „skv. 15. gr.“ í 3. mgr. 14. gr. laganna kemur: samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu.
2. 2. mgr. 15. gr. laganna fellur brott.

61. gr.

Breyting á lögum nr. 111/2000, um sjúklingatryggingu, með síðari breytingum.

1. Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:
   a. Í stað orðsins „heilbrigðisráðherra“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: landlæknis.
   b. Í stað orðanna „35. gr. almannatryggingalaga“ í 2. mgr. kemur: 23. gr. laga um sjúkratryggingar.
2. Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:
   a. Í stað orðsins „heilbrigðisráðherra“ í d-lið kemur: landlæknis.
   b. Í stað orðanna „44.gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar“ í d-lið kemur: laga um sjúkratryggingar.

c. Í stað orðanna „Tryggingastofnun ríkisins“ í e-lið kemur: sjúkratryggingastofnunin.
3. Í stað orðanna „Tryggingastofnun ríkisins“ í 2. málsl. 11. gr. laganna kemur: sjúkratryggingastofnunina.
4. Í stað orðanna „Tryggingastofnunar ríkisins“ í 13. gr. laganna kemur: sjúkratryggingastofnunarinnar.
5. Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:
   a. Í stað orðanna „Tryggingastofnun ríkisins“ í 1. mgr. kemur: Sjúkratryggingastofnunin, sbr. lög um sjúkratryggingar.
   b. Í stað orðanna „Tryggingastofnun ríkisins“ í 2. mgr. kemur: sjúkratryggingastofnuninni.
   c. Í stað orðanna „Tryggingastofnunar ríkisins“ í fyrirsögn greinarinnar kemur: sjúkratryggingastofnunarinnar.
6. Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:
   a. Í stað orðanna „Tryggingastofnun ríkisins“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: Sjúkratryggingastofnunin.
   b. Í stað orðsins „heilbrigðisráðherra“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: landlæknis.
   c. Í stað orðanna „Tryggingastofnun ríkisins“ í 2. mgr. kemur: sjúkratryggingastofnunin.
   d. Í stað orðanna „Tryggingastofnun ríkisins“ í fyrirsögn greinarinnar kemur: sjúkratryggingastofnuninni.
7. Í stað orðanna „Tryggingastofnun ríkisins“ í 1. málsl. 16. gr. laganna kemur: Sjúkratryggingastofnunin.
8. Í stað orðanna „Tryggingastofnun ríkisins“ í 1. málsl. 17. gr. laganna kemur: Sjúkratryggingastofnunin.
9. Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna:
   a. Í stað orðanna „Tryggingastofnun ríkisins“ í 1. málsl. kemur: Sjúkratryggingastofnuninni.
   b. Í stað orðanna „Tryggingastofnunar ríkisins“ í fyrirsögn greinarinnar kemur: sjúkratryggingastofnunarinnar.
10. Ákvæði til bráðabirgða við lögin fellur brott.

62. gr.

Breyting á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

1. Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:
   a. Í stað orðanna „Tryggingastofnunar ríkisins“ í 1. tölul. 11. mgr. kemur: sjúkratryggingastofnunarinnar.
   b. Í stað orðanna „Tryggingastofnun ríkisins“ í 13. mgr. kemur: Sjúkratryggingastofnuninni.
2. Í stað orðanna „Tryggingastofnun ríkisins“ í 2. málsl. 2. mgr. 24. gr. laganna kemur: sjúkratryggingastofnuninni.
3. Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 25. gr. laganna:
   a. Í stað orðsins „Tryggingastofnun“ í 1. málsl. kemur: sjúkratryggingastofnunin.
   b. Í stað orðsins „Tryggingastofnun“ í 2. málsl. kemur: sjúkratryggingastofnuninni.
4. Eftirfarandi breytingar verða á 26. gr. laganna:
   a. Í stað orðsins „Tryggingastofnun“ í 1. mgr. og í 2. málsl. 2. mgr. kemur: sjúkratryggingastofnunin.
   b. Í stað orðsins „Tryggingastofnun“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: Sjúkratryggingastofnuninni.

5. Í stað orðanna „Tryggingastofnun ríkisins“ tvívegis í 3. mgr. 27. gr. laganna kemur: sjúkratryggingastofnunin.
6. Eftirfarandi breytingar verða á 43. gr. laganna:
   a. Í stað orðanna „Tryggingastofnunar ríkisins“ í 3. málsl. 1. mgr. kemur: sjúkratryggingastofnunarinnar.
   b. Í stað orðanna „36. gr. laga um almannatryggingar, nr. 117/1993“ í 2. tölul. 2. mgr. kemur: III. kafla laga um sjúkratryggingar.
   c. Í stað orðsins „almannatryggingar“ í 3. tölul. 2. mgr. kemur: sjúkratryggingar.
   d. Í stað orðsins „Tryggingastofnunar“ í 2. málsl. 4. tölul. 2. mgr. kemur: sjúkratryggingastofnunarinnar.
   e. Í stað orðsins „almannatrygginga“ í 1. málsl. 4. mgr. kemur: sjúkratrygginga.
7. Í stað orðsins „almannatrygginga“ í 1. mgr. 44. gr. laganna kemur: sjúkratrygginga.

63. gr.

Breyting á lögum nr. 74/1997, um réttindi sjúklinga, með síðari breytingum.

1. Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: landlæknis.
2. Eftirfarandi breytingar verða á 1. málsl. 4. gr. laganna:
   a. Í stað orðanna „Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið“ kemur: Heilbrigðisráðuneytið.
   b. Í stað orðsins „almannatryggingar“ kemur: sjúkratryggingar.

64. gr.

Breyting á lögum nr. 41/2007, um landlækni, með síðari breytingu.

1. Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:
   a. Á eftir orðinu „ráðherra“ í 2. málsl. 3. mgr. kemur: eða sjúkratryggingastofnunin.
   b. Á eftir orðinu „ráðherra“ í 5. mgr. kemur: og sjúkratryggingastofnuninni.
2. Eftirfarandi breytingar verða á 5. mgr. 8. gr. laganna:
   a. Á eftir orðinu „Lyfjastofnun“ í 4. málsl. kemur: sjúkratryggingastofnunin.
   b. 5. málsl. fellur brott.
3. Í stað orðanna „Tryggingastofnunar ríkisins“ í 21. gr. laganna kemur: sjúkratryggingastofnunarinnar.

65. gr.

Breyting á lögum nr. 18/1984, um Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, með síðari breytingum.

1. Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 1. málsl. 3. gr. laganna kemur: heilbrigðisráðherra.
2. Í stað orðsins „almannatryggingar“ tvívegis í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: sjúkratryggingar.
3. Í stað orðsins „almannatryggingar“ í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: sjúkratryggingar.

66. gr.

Breyting á lögum nr. 42/2007, um Heyrnar- og talmeinastöð.

1. Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: heilbrigðisráðherra.

2. Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:
   a. Í stað orðsins „almannatryggingar“ í 1. málsl. 1. mgr. og í 4. mgr. kemur: sjúkratryggingar.
   b. Í stað orðanna „almannatryggingar, með síðari breytingum“ í 2. tölul. 1. mgr. kemur: sjúkratryggingar.

67. gr.

Breyting á sóttvarnalögum, nr. 19/1997, með síðari breytingum.

1. Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 2. málsl. 2. mgr. 9. gr. laganna kemur: heilbrigðisráðherra.
2. Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis“ í 1. málsl. 3. mgr. 14. gr. laganna kemur: heilbrigðisráðherra.
3. Í stað orðanna „almannatryggingar og lögum um heilbrigðisþjónustu“ í 2. málsl. 1. mgr. 17. gr. laganna kemur: sjúkratryggingar.

68. gr.

Breyting á lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar.

1. Á eftir orðunum „Tryggingastofnun ríkisins“ í 3. mgr. 9. gr. laganna kemur: sjúkratryggingastofnunin.
2. Í stað orðanna „slysa- eða sjúkradagpeninga samkvæmt lögum um almannatryggingar“ í 1. mgr. 51. gr. laganna kemur: slysadagpeninga samkvæmt lögum um almannatryggingar eða sjúkradagpeninga samkvæmt lögum um sjúkratryggingar.

69. gr.

Breyting á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum.

Orðin „sjúkradagpeninga og“ í 2. mgr. 33. gr. laganna falla brott.

70. gr.

Breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

Á eftir orðunum „svo og“ í 2. tölul. 9. gr. laganna kemur: sjúkradagpeningar samkvæmt lögum um sjúkratryggingar og.

71. gr.

Breyting á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingum.

Í stað orðanna „Tryggingastofnun ríkisins“ í b-lið 7. mgr. 102. gr. laganna kemur: sjúkratryggingastofnuninni, sbr. lög um sjúkratryggingar.

72. gr.

Breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

Í stað orðanna „Tryggingastofnun ríkisins“ í f- og l-lið 2. mgr. 5. gr. laganna kemur: sjúkratryggingastofnuninni.

73. gr.

Breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

Á eftir orðunum „bætur greiddar af Tryggingastofnun ríkisins“ í 4. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: sjúkradagpeninga samkvæmt lögum um sjúkratryggingar.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þeim starfsmönnum Tryggingastofnunar ríkisins sem hafa starfað hjá stofnuninni að verkefnum er falla undir lög þessi og/eða lög nr. 111/2000, um sjúklingatryggingu, og eru í starfi við gildistöku laganna skal boðið annað starf hjá sjúkratryggingastofnuninni með sömu ráðningarkjörum og áður giltu. Hið sama gildir um þá starfsmenn heilbrigðisráðuneytis, heilsugæslunnar og Landspítala sem sinnt hafa samningsgerð og öðrum verkefnum er munu falla undir verksvið sjúkratryggingastofnunarinnar samkvæmt lögum þessum. Ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, gilda ekki um störf sem ráðið er í samkvæmt þessu ákvæði.

II.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 56. gr. skal forstjóri sjúkratryggingastofnunarinnar, sbr. ákvæði til bráðabirgða með lögum nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu, hafa heimild til að undirbúa gildistöku laganna, þ.m.t. að bjóða starfsmönnum Tryggingastofnunar ríkisins, heilbrigðisráðuneytis, heilsugæslunnar og Landspítala starf hjá sjúkratryggingastofnuninni frá 1. september 2008, sbr. ákvæði til bráðabirgða I.

III.

Sjúkratryggingastofnunin tekur við eignum, réttindum og skyldum Tryggingastofnunar ríkisins að því er varðar framkvæmd sjúkratrygginga samkvæmt lögum nr. 100/2007, um almannatryggingar, og sjúklingatryggingar samkvæmt lögum nr. 111/2000, um sjúklingatryggingu.

IV.

Fram til 1. janúar 2010, sbr. 2. málsl. 2. mgr. 56. gr., skal ráðherra ákveða með reglugerð daggjöld vegna heilbrigðisþjónustu sem veitt er í hjúkrunarrýmum sjúkrahúsa og hjúkrunarrýmum öldrunarstofnana og hjúkrunarheimila. Daggjöld skulu ákveðin með hliðsjón af mati á hjúkrunarþyngd, sbr. 3. mgr. 43. gr.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur.

Frumvarp það sem hér er lagt fram var samið í heilbrigðisráðuneytinu í samræmi við samþykkt núverandi ríkisstjórnar um breytingar á verkaskiptingu ráðuneyta og breyttar áherslur í kostnaðargreiningu heilbrigðisþjónustu og fjármögnun hennar. Frumvarpið kemur í kjölfar laga nr. 160/2007, um breytingu á lögum um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð, lögum um sjúklingatryggingu, lögum um heilbrigðisþjónustu, lögum um málefni aldraðra og lögum um eftirlaun til aldraðra, þar sem mælt var fyrir um breytingar á verkaskiptingu heilbrigðisráðuneytisins og félags- og tryggingamálaráðuneytisins frá og með 1. janúar 2008. Í almennum athugasemdum er fylgdu frumvarpi til þeirra laga kom m.a. fram að heil-

brigðisráðherra og félags- og tryggingamálaráðherra mundu hvor um sig leggja fram frumvörp á vorþingi þar sem nánar yrði gerð grein fyrir hlutverki og skipulagi stofnana sem komið yrði á fót á grunni Tryggingastofnunar, en hún yrði rekin með óbreyttu sniði til 1. september 2008 eða þangað til ný stofnun heilbrigðisráðherra tæki formlega við þeim verkefnum Tryggingastofnunar sem yrðu áfram á forræði heilbrigðisráðherra. Er hér lagt fram það frumvarp heilbrigðisráðherra sem vísað er til í athugasemdunum.

Frumvarpið byggist á stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar en þar segir m.a.: „Kostnaðargreina á heilbrigðisþjónustuna og taka upp blandaða fjármögnun á heilbrigðisstofnunum þar sem fjármagn fylgir sjúklingum. Þannig fái heilbrigðisstofnanir fjármagn í samræmi við þörf og fjölda verka. Skapað verði svigrúm til fjölbreytilegri rekstrarforma í heilbrigðisþjónustu, m.a. með útboðum og þjónustusamningum, en jafnframt tryggt að allir hafi að henni jafnan aðgang, óháð efnahag.“

Í samræmi við þessa stefnumörkun er í lagafrumvarpi þessu mælt með skýrum hætti fyrir um réttindi einstaklinga á Íslandi til að njóta sjúkratrygginga og þar með heilbrigðisþjónustu og annarrar aðstoðar sem greiðist úr ríkissjóði. Þá er í frumvarpinu kveðið á um hvernig staðið skuli að samningum um heilbrigðisþjónustu og endurgjald ríkisins fyrir heilbrigðisþjónustu.

Tilgangur frumvarpsins er að styrkja hlutverk ríkisins sem kaupanda heilbrigðisþjónustu og setja í þeim tilgangi á fót nýja sjúkratryggingastofnun. Heilbrigðisráðherra hefur samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu ákvörðunarvald um stefnu, skipulag og forgangsröðun í heilbrigðisþjónustu og samrýmast ákvæði þessa frumvarps þeim lögum. Sjúkratryggingastofnuninni verður falin framkvæmd kaupendahlutverksins. Henni verður ætlað að byggja upp þekkingu og hæfni til að sinna kaupendahlutverkinu með fullnægjandi hætti og jafnframt koma á kostnaðargreiningu í samvinnu við veitendur þjónustu og hafa eftirlit með gæðum þeirrar þjónustu sem aflað er.

Markmið frumvarpsins er að tryggja sjúkratryggðum aðgang að fullkomnustu heilbrigðisþjónustu og aðstoð sem á hverjum tíma eru tök á að veita og að allir sjúkratryggðir njóti hér eftir sem hingað til umsaminnar þjónustu, óháð efnahag. Þá er stefnt að því að styrkja hlutverk hins opinbera sem kaupanda heilbrigðisþjónustu með uppbyggingu þekkingar og faglegrar aðferðafræði við samningagerð um kaup á heilbrigðisþjónustu. Þá er frumvarpinu ætlað að tryggja að fjármagn fylgi sjúklingum og að greiðslur ríkisins til veitenda heilbrigðisþjónustu séu í samræmi við þörf og fjölda verka. Jafnframt er það markmið frumvarpsins að stuðla að hagkvæmum rekstri heilbrigðisþjónustu og hámarksgæðum hennar eftir því sem frekast er unnt á hverjum tíma, í samræmi við lög um heilbrigðisþjónustu, lög um réttindi sjúklinga og önnur lög eftir því sem við á.

2. Aðdragandi: Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar.

Við myndun núverandi ríkisstjórnar var samþykkt að vinna að einföldun og nútímavæðingu stjórnsýslunnar, aukinni notkun á upplýsingatækni til að bæta opinbera þjónustu og að auka skilvirkni og einfalda samskipti milli almennings og stjórnvalda. Stefnan er að gera ríkisrekstur markvissari. Með þetta að leiðarljósi hefur ríkisstjórnin tekið ákvörðun um breytingar á verkaskiptingu milli ráðuneyta með það fyrir augum að skipa skyldum málaflokkum undir eina stjórn. Var lögum nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, breytt í þessu skyni á 134. löggjafarþingi með lögum nr. 109/2007. Í framhaldi af þessum lagabreytingum voru með áður nefndum lögum nr. 160/2007, sem tóku gildi 1. janúar 2008, gerðar breytingar á verka-

skiptingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og félagsmálaráðuneytis og nöfnum ráðuneytanna breytt til samræmis við tilflutning verkefna.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar kemur enn fremur fram að veita skuli heilbrigðisþjónustu á heimsmælikvarða og að stórauka skuli áherslu á forvarnir á öllum sviðum og stuðla að heilbrigðari lífsháttum. Leita skuli leiða til að lækka lyfjaverð og einfalda greiðsluþátttöku hins opinbera. Þá á að kostnaðargreina heilbrigðisþjónustuna og taka upp blandaða fjármögnun á heilbrigðisstofnunum þar sem fjármagn fylgi sjúklingum. Þannig fái heilbrigðisstofnanir fjármagn í samræmi við þörf og fjölda verka. Skapað verði svigrúm til fjölbreytilegri rekstrarforma í heilbrigðisþjónustu, m.a. með útboðum og þjónustusamningum, en jafnframt tryggt að allir hafi að henni jafnan aðgang, óháð efnahag.

Með framangreindum lögum nr. 160/2007 var stigið fyrsta skrefið í átt að þessum markmiðum ríkisstjórnarinnar. Þar var lagður grunnur að heildarskipulagi fjármögnunar og stýringar innan heilbrigðiskerfisins með því að samþykkt var að starfrækja sérstaka stofnun undir yfirstjórn heilbrigðisráðherra sem m.a. hefði það hlutverk, eins og segir í 18. gr. laganna, að annast kaup, greiðslur og samninga um heilbrigðisþjónustu.

3. Styrking á hlutverki ríkisins sem kaupanda heilbrigðisþjónustu.

Með því að sameina hjá einni stofnun þá verkþætti hjá ríkinu sem varða samninga um kaup á heilbrigðisþjónustu og greiðslu endurgjalds fyrir hana er komið á skipulagi innan heilbrigðiskerfisins sem samræmist markmiðum ríkisstjórnarinnar. Þessa verkþætti er í dag að finna hjá samninganefnd heilbrigðisráðherra, fjármála- og rekstrarsviði í heilbrigðisráðuneytinu og sjúkratryggingasviði Tryggingastofnunar ríkisins. Með sameiningu þessara verkþátta og frekari styrkingu þeirra nást samlegðaráhrif þeirrar þekkingar sem er að finna hjá ólíkum aðilum sem starfa á vegum heilbrigðisráðuneytisins. Í takt við kröfur um aukna sérfræðiþekkingu vegna samninga, kaupa og greiðslna fyrir heilbrigðisþjónustu og vaxandi kröfur um gegnsæi í samskiptum ríkisins og borgaranna er nauðsynlegt að byggja upp og styrkja slíka sérþekkingu á einum stað innan heilbrigðiskerfisins.

Sameining þessara verkþátta og frekari styrking þeirra mun stórbæta samningsstöðu ríkisins, alla aðferðafræði við samningagerð og greiðslur og þar með styrkja til muna stefnumótunar- og skipulagshlutverk heilbrigðisráðuneytisins. Enn fremur skapast möguleikar á að bæta eftirlit með því að ríkið í umboði skattgreiðenda hljóti viðeigandi þjónustu, í því magni og samkvæmt þeim gæðum sem um er samið hverju sinni. Það að samningar og greiðslur verði á einni hendi eykur yfirsýn og veitir aukið svigrúm fyrir sveigjanleika í notkun mismunandi greiðsluforma. Það gerir einnig mögulegt að stýra betur áherslum innan kerfisins, t.d. ef grípa þarf til aðgerða til að stytta biðlista og biðtíma eftir tilteknum aðgerðum, breyta áherslum eða breyta forgangsröðun verkefna. Auk þess má með samningum og blönduðum greiðslukerfum kalla fram fjölbreytilegri rekstrarform sem geta fjölgað valkostum hjá bæði starfsfólki og notendum. Sú breyting sem þessi sameining hefur í för með sér mun styrkja hlutverk ríkisins sem kaupanda heilbrigðisþjónustu og gera það skilvirkara gagnvart þeim sem þjónustuna veita.

Til að þessi stefna ríkisstjórnarinnar nái fram að ganga var nauðsynlegt að skipta hlutverkum Tryggingastofnunar ríkisins upp eins og nú er unnið að samkvæmt lögum nr. 160/2007 sem vísað er til hér að framan. Með því er stjórnvöldum gert kleift að skipa þeim málaflokkum almannatrygginga sem Tryggingastofnunar ríkisins hefur annast undir annars vegar yfirstjórn félags- og tryggingamálaráðuneytis, þ.e. lífeyristryggingum, og hins vegar undir yfirstjórn heilbrigðisráðuneytis, þ.e. og sjúkra- og slysatryggingum. Það gefur kost á að skil-

greina betur markmið, hlutverk og verkefni hvers málaflokks, skýra tengsl þeirra við aðra málaflokka svo sem skattkerfið og félagslega þjónustu, og gera stjórnsýslu þeirra gegnsærri og aðgengilegri fyrir notendur. Hver málaflokkur fær skýra pólitíska leiðsögn, sérþekking við framkvæmd eykst og ábyrgðar- og eftirlitskerfi verður einfaldara og betur sniðið að starfseminni. Þannig má ná fram markvissari vinnubrögðum og auka skilvirkni.

Stefnumótun í lífeyristryggingum annars vegar og sjúkra- og slysatryggingum hins vegar þarf að byggjast á forustu með skýra sýn. Kröfur og væntingar í nútímasamfélagi og þróun þekkingar hafa gert það að verkum að umsýsla hins opinbera vegna þessara málaflokka fer vaxandi. Til að mæta þessum aðstæðum þarf að vera fyrir hendi sérþekking og skilningur á margbrotnum innviðum og flóknu gangverki hvers þessara málaflokka um sig, bæði í stefnumótun, framkvæmd og eftirliti. Þá er sérhæft eftirlit nauðsynlegt vegna allra þessara málaflokka, þó á mismunandi hátt, þ.e. eftirlit sem beinist að hópum sem eru í afar ólíkri stöðu gagnvart stofnunum hins opinbera.

Hvað heilbrigðismálin varðar má með aðskilnaði lífeyristrygginga, sjúkra- og slysatrygginga fá skýra heildarsýn sem auðveldar nútímavæðingu stjórnsýslunnar þar sem gegnsæi upplýsinga er betur tryggt. Mikilvægt er að skýrt sé kveðið á um ábyrgð að því er varðar fjármögnun og framkvæmd, réttindi og skyldur, og að við ákvarðanatöku sé þjónusta við notendur höfð að leiðarljósi en að staða hlutaðeigandi aðila í samskiptaferlinu verði ávallt skýr.

4. Almennt um frumvarpið.

Frumvarp þetta er að meginstefnu til byggt á ákvæðum laga nr. 100/2007, um almannatryggingar, og laga nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu. Uppistaða frumvarpsins er annars vegar kafli um sjúkratryggingar, V. kafli, úr lögum um almannatryggingar, sem hér stendur efnislega óbreyttur að mestu en í talsvert öðru formi, og hins vegar kafli um samninga um heilbrigðisþjónustu úr lögum um heilbrigðisþjónustu. Hér eru með öðrum orðum þau nýmæli að gert er ráð fyrir að þessum lagaákvæðum sé steypt saman í einn lagabálk þar sem annars vegar er að finna þau ákvæði sem lúta að réttindum einstaklinga til bóta eða heilbrigðisþjónustu, og hins vegar lagaákvæði sem lúta að aðferðum og aðgerðum við öflun og gerð samninga um endurgjald fyrir heilbrigðisþjónustu. Önnur nýmæli frumvarpsins eru þau að gert er ráð fyrir sérstakri stjórnsýslustofnun sem undir yfirstjórn ráðherra fer með það hlutverk að annast framkvæmd sjúkratrygginga gagnvart einstaklingum og enn fremur semja um veitingu heilbrigðisþjónustu og endurgjald fyrir veitta þjónustu til handa sjúkratryggðum.

Lög um heilbrigðisþjónustu fjalla annars vegar um skipulag heilbrigðisþjónustu og markmið, skipulag og hlutverk stofnana ríkisins sem veita heilbrigðisþjónustu, og hins vegar um ábyrgð og valdheimildir ráðherra og hlutverk hans og ráðuneytisins gagnvart þessum þjónustustofnunum ríkisins. Í lagafrumvarpi þessu er aftur á móti mælt fyrir um hvernig ráðherra geti með skipulögðum hætti nýtt þær valdheimildir sem hann hefur samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu og hvernig umboði hans til þeirra hluta skal fyrir komið innan heilbrigðiskerfisins. Það samskiptaform sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu felur í sér samninga við alla þjónustuaðila innan heilbrigðiskerfisins þar sem nánar er samið um endurgjald fyrir tiltekna þjónustu, magn hennar og gæði. Með öðrum orðum er lagafrumvarpi þessu ætlað að styrkja möguleika ráðherra til að framfylgja stefnu sinni, stýra heilbrigðiskerfinu og taka ákvarðanir um skipulag þjónustunnar, hvort heldur ríkisstofnanir, einkaaðilar, sjálfseignarstofnanir eða sveitarfélög eiga í hlut. Frumvarpið gerir ráð fyrir að undir öllum kringumstæðum skuli ákvörðun um gerð samninga fyrst og fremst byggð á hlutlægum og málefnalegum forsendum þar sem tekið er tillit til ákvæða laga um heilbrigðisþjónustu og faglegra sjónar-

miða svo sem hæfni, gæða, rekstrar- og þjóðhagslegrar hagkvæmni, kostnaðar, öryggissjónarmiða, viðhalds nauðsynlegrar þekkingar og jafnræðis. Frumvarpið er þannig til þess fallið að skapa faglegan ramma um framkvæmd þeirra heimilda sem ráðherra hefur nú þegar samkvæmt lögum til að kaupa heilbrigðisþjónustu og koma þannig í veg fyrir að þessum heimildum sé beitt með tilviljanakenndum og ógagnsæum hætti.

Til að sinna svo margbrotnu og vandasömu hlutverki þarf umtalsverða þekkingu á faglegum, hagrænum og stjórnsýslulegum þáttum heilbrigðiskerfisins. Því þarf ráðherra að geta falið sérstakri stjórnsýslustofnun að framfylgja stefnu og ákvörðunum ráðuneytisins og gera um þær áætlanir byggðar á faglegum ákvörðunum og fylgja þeim eftir svo að stefna og forgangsröðun ráðherra og ríkisstjórnar nái fram að ganga.

Í frumvarpinu er því gert ráð fyrir að starfrækt skuli sérstök stofnun sjúkratrygginga sem ætlað er það hlutverk í fyrsta lagi að annast framkvæmd sjúkratrygginga. Þetta hlutverk felur m.a. í sér ákvarðanir um réttindi einstaklinga til heilbrigðisþjónustu og bóta samkvæmt frumvarpinu sem greiðast úr ríkissjóði. Í öðru lagi er stofnuninni ætlað að tryggja sjúkratryggðum aðgengi að heilbrigðisþjónustu samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu með því að útvega og semja í umboði ráðherra um endurgjald fyrir veitta heilbrigðisþjónustu. Þá er stofnuninni samkvæmt frumvarpinu ætlað að annast kaup á vörum og þjónustu sem stofnuninni ber að veita, greiða endurgjald vegna umsaminnar þjónustu og sinna öðrum þeim verkefnum sem henni eru falin samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða ákvörðun ráðherra.

Í stuttu máli er í lagafrumvarpi þessu skilgreint hverjir eru sjúkratryggðir á Íslandi, í hverju réttindi þeirra eru fólgin, þ.e. hvaða þjónustu og bótum þeir eigi rétt á, hver skuli meta og koma til móts við þessi réttindi eftir því sem við á, tryggja afgreiðslu umsókna um bætur og aðgang að viðeigandi heilbrigðisþjónustu og með hvaða hætti það skuli gert.

5. Stýring heilbrigðiskerfisins.

Á síðustu árum hefur eftirspurn eftir heilbrigðisþjónustu vaxið jafnt og þétt. Sú þróun hefur haft í för með sér aukin útgjöld til þessa málaflokks og meiri kröfur til þeirra sem bera ábyrgð á fjármögnun hans. Sú var tíðin að skortur á faglærðu fólki var stærsti dragbíturinn á framfarir á heilbrigðissviði. Nú blasir hins vegar við að eftirspurn eftir þjónustu virðist vera óstöðvandi. Eru ástæður þar helstar að væntingar almennings aukast stöðugt, tæknilegar framfarir eru hraðar og framþróun læknavísindanna mikil. Þá eru breytingar á aldurssamsetningu þjóðar mikill áhrifaþáttur ásamt aukningu ýmissa lífsstílssjúkdóma. Þá hafa margar rannsóknir sýnt fram á að samband er á milli framboðs á heilbrigðisþjónustu og eftirspurnar, þ.e. að eftirspurnin og framboð er ekki óháð hvort öðru.

Í stuttu máli má segja að vandamálið sé þríþætt; sjálfvirk aukning útgjalda og takmarkaðir hvatar til kostnaðaraðhalds auk þess sem kerfið er oft lengi að bregðast við þörfum notenda. Skýringar á orsökum vandans eru hins vegar margþættar og áhrif þeirra á gangverk heilbrigðiskerfisins enn flóknari. Þessar staðreyndir gera það að verkum að allar umbætur eru vandasamar og sem viðfangsefni stjórnmálanna oftast mjög eldfimt og því heldur óvinsælt verkefni. Bætt nýting fjármuna í heilbrigðiskerfinu og sú endurskipulagning og breytingar sem nauðsynlegar kunna að vera til að styrkja veikustu hlekki kerfisins er því eitt brýnasta verkefni stjórnmálanna í dag.

Í lagafrumvarpi þessu er gert ráð fyrir nýju heildarskipulagi og stýringu innan heilbrigðiskerfisins sem byggist í meginatriðum á mismunandi hlutverkum tveggja aðskildra verkþátta kerfisins, þ.e. hlutverki þess sem fyrir hönd notenda og skattgreiðenda aflar, semur um og greiðir fyrir tiltekna þjónustu, og þess sem veitir eða framkvæmir þjónustuna. Í þessu fyrir-

komulagi er vísað til þess sem aflar, semur um og greiðir fyrir þjónustuna sem kaupanda og þess sem veitir þjónustuna sem seljanda. Í frumvarpinu eru þessi hugtök ekki notuð þar sem í íslenskri tungu skírskota þau fyrst og fremst til sambands milli kaupanda og seljanda sem viðskiptasambands. Í heilbrigðisþjónustu fela þessi tengsl aftur á móti í sér samskipti milli aðila innan heilbrigðiskerfisins þar sem gert er ráð fyrir að heilbrigðisráðherra fari með, fyrir hönd ríkissjóðs, ábyrgð og hlutverk kaupanda heilbrigðisþjónustunnar. Veitendur þjónustunnar, þ.e. ríkisstofnanir, ríkisfyrirtæki, sjálfseignarstofnanir, frjáls félagasamtök, sveitarfélög eða einkaaðilar, fara á hinn bóginn með ábyrgð og hlutverk seljenda heilbrigðisþjónustu, þ.e. að veita þá heilbrigðisþjónustu sem lög um heilbrigðisþjónustu og ákvarðanir ráðherra mæla fyrir um.

Meginmarkmiðið með stýringu innan heilbrigðiskerfisins hér á landi og erlendis er þríþætt:

1. Að tryggja öllum borgurum þjóðfélagsins bestu þjónustu heilbrigðiskerfisins með aðgangi óháð efnahag.
2. Að tryggja hagkvæman rekstur heilbrigðisstofnana (rekstrarleg eða micro-hagkvæmni).
3. Að tryggja þjóðhagslegan hámarksávinning af rekstri heilbrigðiskerfisins með forgangsröðun og útgjaldastýringu og ná þannig stjórn á heildarútgjöldum og hámörkun á heilbrigði miðað við tilkostnað (þjóðhagslegt eða macro-kostnaðaraðhald).

Þær breytingar á heilbrigðiskerfinu sem ríkisstjórnin hefur boðað miða að því að bæta heildarstýringu heilbrigðiskerfisins. Meginástæðurnar breytinganna er sú að tiltölulega auðvelt er að þróa aðferðir og skipulag sem tryggja að eitt markmið stýringarinnar náist. Hins vegar er mun erfiðara að móta fyrirkomulag stýringar með þeim hætti að öll markmiðin náist í senn. Sem dæmi um vandkvæði við að samþætta ólík markmið við stýringu heilbrigðiskerfisins má nefna:

1. Að greiðslur fyrir unnin verk veita hvata til meiri framleiðni og aukins þjónustuframboðs en erfitt er að stjórna heildarkostnaði þar sem hætta er á að verkum verði fjölgað í afkastatengdu umhverfi.
2. Að tiltölulega auðvelt er að stjórna heildarútgjöldum með föstum fjárveitingum en afleiðingin er oft biðlistar, óhagkvæmur rekstur stofnana og oft dregur úr gæðum þjónustunnar.
3. Að of mikil áhersla á fjárhagslega þætti stýringar heilbrigðiskerfisins felur í sér hættu á að gæðum hnigni.
4. Að erfitt getur verið að samræma jafnan aðgang og tryggja þjóðhagslegan ávinning með forgangsröðun þeirra verkefna sem skila mestum heilsufarslegum árangri.

Þegar horft er til þriðja markmiðs stýringarinnar má almennt segja að til að byrja með hafi stjórnvöld reynt að hamla vexti útgjalda með því að setja þak á þau. Þessi aðferð beindist í upphafi lítt að þeim þáttum og hvötum sem lágu að baki útgjaldaaukningunni. Vaxandi efasemdir eru því um árangur þess að stjórna heilbrigðiskerfinu með slíkum þjóðhagslegum girðingum án tillits til þess áhlaups sem á girðingarnar verður, þ.e. eftirspurn eftir þjónustu og hvað veldur aukinni eftirspurn. Þessar efasemdir eru einkum vegna þeirra neikvæðu áhrifa sem slíkar hömlur hafa haft á hagræði þjónustunnar, þ.e. biðlista og hnignun gæða.

Þegar ólík greiðsluform eru skoðuð hefur komið í ljós að hvert og eitt þeirra hefur bæði kosti og galla. Þess vegna hefur blönduð fjármögnun rutt sér æ meira til rúms innan flestra heilbrigðiskerfa, þ.e. að notuð eru mismunandi greiðsluform samtímis innan kerfisins og innan sömu stofnunar til að nýta sem best kosti hvers greiðsluforms en jafnframt lágmarka ókostina. Áskorunin felst í því að finna rétt hlutföll hinna mismunandi greiðsluforma í þeirri

viðleitni að samþætta framangreind markmið með stýringu heilbrigðiskerfisins. Til þess þarf vandaðan og markvissan undirbúning breytinga á miðlægum verkþáttum innan heilbrigðiskerfisins sem miðar að því að styrkja ríkið sem upplýstan og skipulagðan kaupanda heilbrigðisþjónustu.

Stefnt er að því að íslenska heilbrigðiskerfið nái áfram faglegum árangri sem er jafnfætis eða betri en það sem gerist í viðmiðunarlöndum. Nauðsynlegt er að setja upp mælanleg viðmið sem lýsa þeim árangri sem þjóðfélagið getur sammælst um og meta faglega stöðu heilbrigðiskerfisins þannig að upphafsviðmið liggi fyrir. Reynsla annarra þjóða sýnir að fyrirkomulag sem byggist á kaupum og sölu heilbrigðisþjónustu geti bætt árangur en jafnframt að huga verði vel að stýringu heildarútgjalda heilbrigðiskerfisins.

6. Í hverju felst aðskilnaður „kaupenda og seljenda“ í heilbrigðisþjónustu?

Kerfisbreyting af þessu tagi felst í fyrirkomulagi sem kallað hefur verið „aðskilnaður kaupenda og seljenda innan heilbrigðiskerfisins“ og er þekkt í flestum vestrænum ríkjum og reyndar útbreitt innan ríkja sem eru aðilar að Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD).

Hugtökin „kaupendur“ og „seljendur“ í þessu fyrirkomulagi eru notuð í þeim tilgangi að skilgreina betur þessa tvo mismunandi verkþætti og hlutverk þeirra innan heilbrigðiskerfisins. Hafa verður í huga að þó að þessi hugtök séu notuð til að aðgreina hér ólík hlutverk fela þau ekki í sér viðskipti eins og þau tíðkast á markaði, heldur fela tengslin sem þarna eru milli aðila fyrst og fremst í sér skipulögð samskipti sem miða að því að finna ólíkum hagsmunum þessara aðila skýrt og gegnsætt form. Í raun og veru eru þessir þættir til staðar í dag, þ.e. sá aðili sem greiðir fyrir þjónustuna og sá sem veitir hana. Hér á Íslandi verður ríkið því áfram aðal-„kaupandinn“ og í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir breytingu þar á. Þeir sem veita þjónustuna eru ýmist ríkisstofnanir, sjálfseignarstofnanir, félagasamtök, einkaaðilar og einnig sveitarfélög. Þessir aðilar verða samkvæmt skilgreiningunni „seljendur“.

Sú aðferð að skilgreina ríkið sem „kaupanda“ og þjónustuaðilana sem „seljendur“ er notuð til að skapa kringumstæður innan kerfisins sem í fyrsta lagi gera kerfið gegnsærra og í öðru lagi auka kostnaðar- og gæðavitund. Þannig er knúið á um betri skilgreiningar á því hver er að gera hvað fyrir hvern og hvernig beri að skilgreina og verðleggja þjónustu. Ríkið á þannig að fá betri upplýsingar um þjónustuna sem keypt er hverju sinni. Þessi aðferð er lykillinn að kostnaðargreiningu þjónustunnar og forsenda þess að hægt verði að beita mismunandi greiðsluformum. Þetta er sú leið sem flest nágrannaríki fara og hafa farið í leitinni að meiri afköstum og faglegri stýringu á rekstri og kostnaði sinna heilbrigðiskerfa. Um leið er allt kapp lagt á að veita gæðaþjónustu og þannig leitast við að auka bæði rekstrarlega og þjóðhagslega hagkvæmni kerfisins.

Útfærsla á hugmyndinni um kaupendur og seljendur í heilbrigðisþjónustu er afar breytileg frá einu heilbrigðiskerfi til annars og ræður þar mestu hvort og að hve miklu leyti kostnaður við þjónustuna er fjármagnaður með skatttekjum, opinberum tryggingum eða einkatryggingum, hvort þjónustan er veitt af opinberum aðilum eða einkaaðilum og enn fremur hversu dreifstýrt kerfið er, þ.e. hvort fjármögnun og framkvæmd er á vegum ríkisins, héraða eða sveitarfélaga. Af þessu leiðir að ekki er hægt að flytja útfærslu á hugmyndinni frá einu landi til annars. Aftur á móti hefur við undirbúning þessara breytinga innan íslenska heilbrigðiskerfisins verið tekið mið af þeirri reynslu sem komin er á fyrirkomulag kaupenda og seljenda í löndum sem Ísland hefur gjarnan verið borið saman við og er þar helst að nefna Svíþjóð og Bretland. Heilbrigðiskerfi þessara landa eiga það enn fremur sameiginlegt með íslenska kerf-

inu að kostnaður við þjónustuna er að mestu fjármagnaður með sköttum og opinber rekstur þjónustunnar á sér langa sögu í þessum löndum eins og á Íslandi.

Svíar og Bretar hafa frá byrjun síðasta áratugar öðlast mikla reynslu af innleiðingu og aðlögun þessa fyrirkomulags. Frá lokum síðasta áratugar má greina vissa breytingu í áherslum hjá bæði Svíum og Bretum. Samhliða styrkingu kaupendahliðarinnar, einkum með aukinni þekkingu, sérhæfingu starfsmanna, betri samningatækni og stækkun kaupendasvæða í Bretlandi, má sjá aukna áherslu lagða á samskipti kaupenda og seljenda þar sem byggt er á gagnkvæmu trausti, þrátt fyrir skýran aðskilnað þessara verkþátta. Sænska leiðin hefur færst frá hreinum lögfræðitæknilegum samningum milli aðila í átt að „mjúkum samningum“ (á sænsku: „mjuka kontrakter“) sem auðvelda aðlögun og breytingar án mikils tilkostnaðar, en Bretar hafa lagt aukna áherslu á samstarf aðila (á ensku: „partnerships“). Sameiginlegar samskiptareglur þar í landi milli kaupandans og seljendanna miðast við að ná árangri með aðferðum þar sem saman fer samkeppni, samanburður og samstarf (á ensku: „compete – compare – co-operate“).

Eitt af grundvallaratriðum þessara breytinga er virkt og trúverðugt ábyrgðar- og eftirlitskerfi. Eftirlit með þjónustunni í báðum löndum er óháð framkvæmdinni. Í Svíþjóð er eftirlitið með heilbrigðisþjónustu landsþinganna m.a. framkvæmt af ríkinu (á sænsku: Socialstyrelsen). Í Bretlandi ber eftirlitið (á ensku: Healthcare Commission) ábyrgð gagnvart þinginu og eru einkunnarorð eftirlitsins eftirlit, upplýsingar og umbætur (á ensku: „Inspect – Inform – Improve“).

7. Fjölbreytileg rekstrarform og samningar um heilbrigðisþjónustu.

Ljóst er að notkun fjölbreyttra rekstrarforma hefur kallað á að þeir sem veitt geta sambærilega heilbrigðisþjónustu, hvort sem um er að ræða einkaaðila, sjálfseignarstofnanir, sveitarfélög eða stofnanir ríkisins, standi jafnir að vígi með tilliti til samninga við ríkið um endurgjald. En notkun fjölbreytilegra rekstrarforma kallar einnig á jafnari stöðu milli kaupandans og seljendanna. Hér hallar verulega á kaupandann hvað varðar upplýsingar og þekkingu um þá þjónustu sem greitt er fyrir. Í þessu sambandi eru samningar eða samkomulag um þá þjónustu sem veita skal, magn hennar, gæði og verð, lykilatriði og það samskiptatæki sem gerir ríkinu kleift að gæta hagsmuna heildarinnar með skipulögðum hætti.

Einkarekin heilbrigðisþjónusta sem greidd hefur verið úr opinberum sjóðum er og hefur verið snar þáttur innan íslenska heilbrigðiskerfisins í áratugi. Um 25–30% af útgjöldum vegna heilbrigðisþjónustu renna nú til greiðslu fyrir þjónustu sem aðrir en ríkið veita. Hér má nefna ýmsar öldrunarstofnanir, endurhæfingarstöðvar, einkareknar rannsóknar- og lækningastofur, heilsugæslustöðvar og sjálfstætt starfandi hjúkrunarfræðinga. Þá má enn fremur nefna starfsemi félagasamtaka eins og Krabbameinsfélags Íslands, SÁÁ og Endurhæfingarstöð styrktarfélags lamaðra og fatlaðra sem dæmi um einkarekna heilbrigðisþjónustu. Starfsemi þessara aðila hefur alla tíð verið fjármögnuð úr opinberum sjóðum og þeim sem á þurfa að halda hefur verið tryggður aðgangur að þeirri þjónustu, þeim svo gott sem, ef ekki algerlega, að kostnaðarlausu. Hafa verður í huga að það er grundvallarmunur á einkavæðingu rekstrar og einkavæðingu fjármögnunar: Einkarekstur þjónustu sem greidd er úr opinberum sjóðum hefur ekki áhrif á aðgengi og þar með jöfnuð meðal notenda. Frumvarp þetta tekur til þjónustu sem greidd er úr opinberum sjóðum hvort heldur sú þjónusta er veitt af opinberum aðilum eða einkaaðilum. Eftir sem áður er gert ráð fyrir að sjúkratryggðir njóti hinnar umsömdu þjónustu án tillits til efnahags og án þess að þeir séu krafðir um frekari greiðslur

en felast í því gjaldi sem þeim ber að greiða samkvæmt 29. gr. frumvarpsins og endurgjaldi sem sjúkratryggingastofnunin semur um við veitendur þjónustunnar.

Á það skal bent að ekki er beint orsakasamband milli þess fyrirkomulags sem skilgreinir „kaupendur og seljendur“ í heilbrigðisþjónustu og aukins einkarekstrar. Nægir að nefna bæði Svíþjóð og Bretland þar sem dæmi. Þar er opinber rekstur hið ríkjandi form rekstrar þó að fyrirkomulag þetta hafi verið þar við lýði í bráðum tuttugu ár.

Fyrirkomulagið „kaupendur og seljendur“ er fyrst og fremst til þess fallið að gera samskipti kaupandans og seljandans gegnsærri og formlegri með samkomulagi eða samningi. Þar með eru komin formleg tengsl milli aðila sem byggjast á skýrum og skilgreindum forsendum. Samskiptaform af þessu tagi er t.d. lykillinn að kostnaðargreiningu þjónustunnar, sem aftur er forsenda þess að unnt sé að taka upp blandaða fjármögnun þar sem fjármagn fylgi sjúklingum. Þetta fyrirkomulag miðar að því að bæta úr alvarlegum skorti á upplýsingum hjá kaupandanum og jafna þar með samningsstöðu aðila. Með þessu móti má styrkja hlutverk kaupandans sem í dag er mjög veikt á Íslandi.

8. Áskoranir heilbrigðisþjónustunnar: Hvernig má viðhalda heilbrigðisþjónustu á heimsmælikvarða til framtíðar?

Það er engum vafa undirorpið að heilbrigðisþjónusta á Íslandi er mjög góð. Þetta sést best ef heilbrigðismál á Íslandi eru skoðuð í ljósi mælikvarða á heilsu og heilbrigði. Lífslíkur eru með því sem best þekkist, ungbarnadauði er með minnsta móti og almennt kemur Ísland mjög vel út á alla mælikvarða sem notaðir eru til að mæla gæði heilbrigðisþjónustu. Aðgangur að læknum er betri en hjá flestum öðrum ríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) og Íslendingar hafa aðgang að fleiri sjúkrarúmum en flestar aðrar þjóðir. Aldurssamsetning íslensku þjóðarinnar gerir það að verkum að þjóðin telst ung samanborið við önnur OECD-ríki. Faglega séð og í læknisfræðilegu tilliti stendur heilbrigðisþjónustan á Íslandi því framarlega.

Öðru máli gegnir hins vegar þegar horft er til kostnaðar og útgjaldaaukningar í heilbrigðiskerfinu. Heildarútgjöld til heilbrigðismála á Íslandi eru há í samanburði við OECD-ríki. Hvað varðar opinber útgjöld til heilbrigðismála er Ísland þar í þriðja sæti og í því sjötta þegar heildarútgjöld eru skoðuð. Þetta er sérstaklega eftirtektarvert í ljósi þess að aldurssamsetning þjóðarinnar er mjög hagstæð miðað við það sem gerist í samanburðarríkjunum. Þar eru Íslendingar á meðal yngstu þjóða. Þá kemur fram í nýútkominni skýrslu OECD um efnahagsmál á Íslandi (2008) að íslenska heilbrigðiskerfið sé kostnaðarsamt og að margt bendi til þess að ná megi sama árangri og gæðum með minni tilkostnaði. Ekki er ljóst hvernig heilbrigðiskerfið muni ráða við aukningu útgjalda þegar þjóðin verður eldri. Það er því áleitin spurning hvernig megi viðhalda þeim gæðum kerfisins sem við njótum í dag og þar með tryggja heilbrigðisþjónustu á heimsmælikvarða til framtíðar svo að næsta kynslóð fái notið þess sama.

Þrátt fyrir vísbendingar um jákvæðan árangur heilbrigðisþjónustunnar eru upplýsingar um árangur og gæði heilbrigðisþjónustunnar í raun takmarkaðar. Umræða um biðlista og fleiri vandamál heilbrigðisþjónustunnar er áberandi en erfitt er að ná yfirsýn yfir heildarstöðu þjónustunnar og ekki er nægilegur sveigjanleiki til að taka á biðlistum í samræmi við forgangsröðun. Skortur er á fullnægjandi upplýsingum um tegundir, magn, kostnað og gæði þjónustu sem veitt er í heilbrigðiskerfinu og því takmarkaðir möguleikar á að bera saman kostnað og gæði ólíkra veitenda heilbrigðisþjónustu. Gæðaviðmið vantar, gæðatrygging er takmörkuð og mælingar og úttektir sjaldgæfar. Þetta þýðir að ekki er ljóst á hvaða sviðum

og hjá hvaða stofnunum heilbrigðisþjónustan skilar bestum eða lökustum árangri. Jafnframt er ekki tryggt að almenningur fái þjónustu af viðeigandi gæðum.

Mjög margar stofnanir á vegum ríkisins koma að rekstri heilbrigðisþjónustunnar. Sumar fjárveitingar fara í gegnum ráðuneyti, aðrar greiðslur í gegnum Tryggingastofnun ríkisins. Endurskoðun heilbrigðisstofnana fellur undir Ríkisendurskoðun, fjárhagsupplýsingar er að finna hjá Hagstofu Íslands og í ríkisreikningi. Þá hefur landlæknir eftirlit með heilbrigðisþjónustu, safnar upplýsingum um hana og gefur út faglegar leiðbeiningar (á ensku: „clinical guidelines“). Vandi þessa rekstrar felst oft í því að fáir aðilar hafa nægjanlega yfirsýn yfir gang og rekstur heilbrigðiskerfisins.

Rekstur hluta heilbrigðisstofnana er umfram fjárveitingar, jafnvel árum saman. Ekki hefur tekist að finna fullnægjandi aðferðir til að leysa þetta vandamál. Meðal annars er ljóst að ekki eru til tæki til að ákvarða fjárframlög með sanngjörnum og hlutlægum hætti. Vísbendingar eru um það að rekstrarlegri hagkvæmni sé áfátt í hluta heilbrigðisþjónustunnar og að hægt væri að veita tilteknar tegundir þjónustu með betri og ódýrari hætti en með sama árangri. Reynslan af innleiðingu aðferðafræði kaupa og sölu bendir til þess að breyttir hvatar við veitingu heilbrigðisþjónustu geti komið því til leiðar að heilbrigðisþjónustan afkasti meiru, lækki kostnað og bæti jafnframt þjónustu. Hér gæti því aðgreining kaupanda og seljenda bætt verulega úr þeim annmörkum sem ríkja innan heilbrigðiskerfisins og birtist m.a. í mjög takmörkuðum upplýsingum.

Aftur á móti lúta markaðir fyrir heilsu almennt ekki sömu lögmálum og aðrir venjulegir markaðir. Um þetta eru flestir fræðimenn sammála. Í veitingu heilbrigðisþjónustu eru margs konar markaðsbrestir á ferðinni. Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) hefur t.d. fjallað ítarlega um þessa þætti. Nefna mætti í þessu samhengi stöðu heilbrigðisstarfsmanna gagnvart sjúklingum, ójafna upplýsingastöðu veitenda, greiðenda og notenda, hvata sem valda of mikilli notkun og óskilvirkni og tilvist einokunar eða fákeppni, svo að nokkur dæmi séu nefnd. Þá munu þarfir um forgangsröðun í framtíðinni skapa nauðsyn á því að umfangsmiklar upplýsingar liggi fyrir á opinberum vettvangi svo að opinská umræða og ákvörðun um langtímafjármögnun geti átt sér stað.

Með þessu lagafrumvarpi er leitast við að búa þannig um hnútana að þekking og heildaryfirsýn yfir heilbrigðisþjónustuna náist og að stjórnsýslustofnun sem annast framkvæmd laga um sjúkratryggingar og starfar undir yfirstjórn heilbrigðisráðherra geti gert ráðherra og ríkisstjórn kleift að ná því markmiði að veitt verði á Íslandi, nú og til lengri tíma, besta möguleg heilbrigðisþjónusta með hagkvæmni og jöfnuð að leiðarljósi.

9. Helstu breytingar sem lagðar eru til frá núgildandi lögum.

Helstu breytingar sem felast í frumvarpinu eru eftirfarandi:

1. Sjúkratryggingakafli laga nr. 100/2007, um almannatryggingar, er fluttur í frumvarpið og ákvæðin sett upp með öðrum hætti. Kveðið er skýrar á um markmið með sjúkratryggingum, gildissvið laga um sjúkratryggingar er afmarkað og helstu hugtök skilgreind, sbr. I. kafla.
2. Kveðið er á um nýja sjúkratryggingastofnun, hlutverk hennar, stjórn og forstjóra, sbr. II. kafla. Hlutverk stjórnar og forstjóra eru sambærileg hlutverki stjórnar og forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins.
3. Sjúkratryggingar eru skilgreindar með ítarlegri hætti en í lögum um almannatryggingar. Sjúkratryggingar taka til heilbrigðisþjónustu og annarrar aðstoðar sem ákveðið hefur verið með lögunum, reglugerðum eða samningum að veita á kostnað ríkisins eða með

greiðsluþátttöku ríkisins. Jafnframt taka sjúkratryggingar til bóta samkvæmt lögunum sem greiddar eru í peningum. Sjúkratryggðir eiga rétt til aðstoðar svo sem nánar er mælt fyrir um í lögunum.

4. Ákvæði um hverjir eru sjúkratryggðir eru skýrari og ítarlegri en í lögum um almannatryggingar, t.d. er tekið mið af ákvæðum EES-samningsins um almannatryggingar, sbr. III. kafla A.
5. Ákvæði um réttindi sjúkratryggðra eru efnislega óbreytt en hafa verið sett upp með öðrum hætti og orðalag gert skýrara, sbr. III. kafla B–D.
6. Gert er ráð fyrir að ákvæði um styrk til að kaupa bifreið verði flutt úr sjúkratryggingum í lög nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, og heyri þar með undir félags- og tryggingamálaráðherra, sbr. 3. tölul. 58. gr. Ekki er um efnislega breytingu á réttindum einstaklinga að ræða.
7. Gjaldtökuákvæði eru sett í eina grein og eru efnislega óbreytt, sbr. 29. gr. Vegna ábendinga fjármálaráðuneytisins voru ákvæðin gerð ítarlegri.
8. Gert er ráð fyrir að heimilt sé að kæra ágreining um bætur til úrskurðarnefndar almannatrygginga með sama hætti og er heimilt samkvæmt lögum um almannatryggingar, sbr. 36. gr.
9. Sérstakur kafli fjallar um samninga um heilbrigðisþjónustu og hlutverk sjúkratryggingastofnunarinnar að því er varðar samningagerð, sbr. IV. kafla. Ákvæði og samningaheimildir heilbrigðisráðherra eru flutt úr lögum nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu, og jafnframt eru ítarlegri ákvæði um endurgjald fyrir heilbrigðisþjónustu, gagnreynda þekkingu, gæði og eftirlit, upplýsingaskyldu, vanefndir og aðgerðir vegna vanefnda og hvernig skuli fara með ágreining.
10. Gert er ráð fyrir að lögin öðlist gildi 1. september 2008 en eigi síðar en 1. júlí 2009 taki sjúkratryggingastofnunin við samningsgerð sem nú er í höndum heilbrigðisráðuneytisins. Þá er gert ráð fyrir að stofnunin taki við samningsgerð við heilbrigðisstofnanir í eigu ríkisins og samningsgerð við sveitarfélög og aðra er reka hjúkrunarheimili eigi síðar en 1. janúar 2010.
11. Gert er ráð fyrir að ákvæði um vistunarmat vegna hjúkrunarrýma verði sett í lög um heilbrigðisþjónustu, sbr. 4. tölul. 59. gr. Ákvæðin eru nú í lögum nr. 125/1999, um málefni aldraða.
12. Gert er ráð fyrir að sjúkratryggingastofnunin taki við hlutverki Tryggingastofnunar ríkisins 1. september 2008 að því er varðar framkvæmd laga nr. 111/2000, um sjúklingatryggingu, sbr. 61. gr.
13. Gert er ráð fyrir að starfsmönnum Tryggingastofnunar ríkisins sem hafa starfað við sjúkratryggingar almannatrygginga og/eða sjúklingatryggingu og eru í starfi við gildistöku laganna skuli boðið starf hjá sjúkratryggingastofnuninni, sbr. ákvæði til bráðabirgða I. Hið sama gildir um þá starfsmenn heilbrigðisráðuneytis og Landspítala sem sinnt hafa samningsgerð og öðrum verkefnum er munu falla undir verksvið stofnunarinnar.
14. Gert er ráð fyrir að forstjóri sjúkratryggingastofnunarinnar hafi heimild til að undirbúa gildistöku laganna, þ.m.t. að bjóða tilteknum starfsmönnum Tryggingastofnunar ríkisins, heilbrigðisráðuneytis og Landspítala starf hjá stofnuninni frá 1. september 2008, sbr. ákvæði til bráðabirgða II.

15. Gert er ráð fyrir að sjúkratryggingastofnunin taki við eignum, réttindum og skyldum Tryggingastofnunar ríkisins að því er varðar framkvæmd sjúkratrygginga, sbr. ákvæði til bráðabirgða III.
16. Gert er ráð fyrir að ráðherra ákveði daggjöld vegna heilbrigðisþjónustu í hjúkrunarrýmum öldrunarstofnana og hjúkrunarheimila sem ekki eru á föstum fjárlögum þar til sjúkratryggingastofnunin tekur við því hlutverki að semja um heilbrigðisþjónustu í síðasta lagi 1. janúar 2010, sbr. ákvæði til bráðabirgða IV.

10. Uppbygging frumvarpsins.

Frumvarpið skiptist í sjö kafla og eru heiti kaflanna þessi:

I. Gildissvið, markmið og skilgreiningar, 1.–3. gr.
II. Stjórnsýsla, 4.–8. gr.
III. Sjúkratryggingar, 9.–38. gr.
  A. Almenn ákvæði, 9.–16. gr.
  B. Aðstoð, 17.–29. gr.
  C. Greiðslur í peningum, 30.–33. gr.
  D. Umsóknir um bætur, málsmeðferð o.fl., 34.–38. gr.
IV. Samningar um heilbrigðisþjónustu, 39.–49. gr.
V. Ýmis ákvæði, 50.–55. gr.
VI. Gildistaka, 56. gr.
VII. Breytingar á öðrum lögum, 57.–73. gr.

Ákvæði til bráðabirgða I–IV.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í núgildandi lögum um almannatryggingar er ekki að finna ákvæði um hvert markmið sjúkratrygginga sé og er 1. gr. frumvarpsins ætlað að bæta hér úr. Í 1. mgr. greinarinnar segir að markmið laganna sé að tryggja sjúkratryggðum aðstoð til verndar heilbrigði. Aðstoðin getur verið hvort heldur er í formi veittrar heilbrigðisþjónustu, annarrar aðstoðar eða bóta sem greiddar eru í peningum. Jafnframt er kveðið á um það markmið laganna að tryggja sjúkratryggðum jafnan aðgang að heilbrigðisþjónustu, óháð efnahag. Ákvæðið tekur mið af 76. gr. stjórnarskrárinnar og jafnframt var litið til ákvæða í sambærilegum lögum í öðrum norrænum ríkjum. Ákvæðið felur í sér lýsingu á grundvallarréttindum sjúkratryggðra sem líta ber til við framkvæmd laga um sjúkratryggingar og hafa til fyllingar við skýringu einstakra ákvæða laganna. Þannig er t.d. ljóst að markmiðsgreinin girðir fyrir að unnt sé að túlka önnur ákvæði laganna á þann veg að í þeim felist heimild til handa stjórnvöldum til að mismuna sjúkratryggðum. Ákvæðið er þó ekki þess eðlis að unnt sé að byggja á því sjálfstæðan rétt til aðstoðar af tilteknu tagi, enda eru úrræði heilbrigðisyfirvalda til að afla sjúkratryggðum umsaminnar heilbrigðisþjónustu ávallt að stórum hluta háð fjárveitingum til málaflokksins samkvæmt ákvörðunum löggjafans í fjárlögum hverju sinni. Heilbrigðisyfirvöld hafa, eins og önnur stjórnvöld landsins, á hverjum tíma skyldu til að gæta þess að kostnaður við veitingu þjónustu sé innan þess fjárlagaramma sem þar er markaður.

Samkvæmt 2. mgr. er það jafnframt markmið laganna að stuðla að hagkvæmum rekstri heilbrigðisþjónustu, bæði rekstrarlega séð og í þjóðhagslegu samhengi, og hámarksgæðum hennar eftir því sem frekast er unnt á hverjum tíma. Þá er það markmið laganna að styrkja hlutverk ríkisins sem kaupanda heilbrigðisþjónustu og kostnaðargreina heilbrigðisþjón-

ustuna. Vísast til almennra athugasemda við frumvarp þetta til nánari skýringa en þar kemur fram að í frumvarpinu er gert ráð fyrir að unnið verði að þessu markmiði með því að skilja milli greiðanda og veitenda þjónustunnar og koma þar með á fyrirkomulagi „kaupanda“ og „seljenda“ eins og tíðkast í ýmsum nágrannalöndum okkar.

Um 2. gr.

Í núgildandi lögum um almannatryggingar eru takmörkuð ákvæði um gildissvið og stefnumörkun í sjúkratryggingum. Mikilvægt er að setja slík ákvæði í lög um sjúkratryggingar að því er varðar sjúkratryggingar og heilbrigðisþjónustu. Í greininni segir að í lögunum sé mælt fyrir um sjúkratryggingar almannatrygginga, samninga um heilbrigðisþjónustu og endurgjald ríkisins fyrir heilbrigðisþjónustu. Jafnframt er kveðið á um að heilbrigðisráðherra marki stefnu innan ramma laganna, laga um heilbrigðisþjónustu og annarra laga. Ráðherra er veitt heimild til að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að framfylgja þeirri stefnu, m.a. hvað varðar skipulag heilbrigðisþjónustu, forgangsröðun verkefna innan hennar, hagkvæmni, gæði og öryggi þjónustunnar og aðgengi að henni. Ákvæðið ber að skoða í samhengi við ákvæði IV. kafla þar sem fjallað er um samninga um heilbrigðisþjónustu og aðra aðstoð sem sjúkratryggingar veita.

Sambærilegt ákvæði er að finna í 3. gr. laga nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu, og vísast til athugasemda með frumvarpi til þeirra laga varðandi nánari skýringar. Tilgangur ákvæðisins er sá sami og þess ákvæðis, þ.e. að veita ráðherra nauðsynlegar valdheimildir svo að honum sé unnt að stýra heilbrigðiskerfinu og skipuleggja það innan ramma laganna og ákveða hvort og þá í hvaða mæli tiltekin heilbrigðisþjónusta sé veitt með greiðsluþátttöku ríkisins, hvar hún sé veitt og af hverjum.

Um 3. gr.

Í greininni er að finna skilgreiningar á nokkrum hugtökum sem notuð eru í frumvarpinu.

Í 1. tölul. 1. mgr. er *sjúkratryggður* skilgreindur sem sá sem á rétt á aðstoð og greiðslum samkvæmt lögunum.

Í 2. tölul. 1. mgr. eru *bætur* skilgreindar sem dagpeningar, endurgreiðslur á útlögðum kostnaði, styrkir og aðrar greiðslur eða aðstoð til sjúkra og slasaðra sem veitt er samkvæmt lögunum. Bætur eru þannig ekki eingöngu peningagreiðslur heldur einnig annars konar aðstoð og þjónusta. Núgildandi skilgreiningu á hugtakinu er að finna í 1. mgr. 48. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar, en þar segir að bætur teljist vera bætur greiddar í peningum og hjálp til sjúkra og slasaðra sem veitt sé á annan hátt. Bætur samkvæmt frumvarpinu eru því skilgreindar með ítarlegri hætti en gert er í 1. mgr. 48. gr. laga um almannatryggingar og tekur skilgreiningin meira mið af bótum sjúkratrygginga en lífeyristrygginga. Með þessu er ætlunin að skilgreining á hugtakinu bótum verði gegnsærri en ekki er um efnislega breytingu að ræða. Einnig var horft til skilgreininga í sambærilegri löggjöf í öðrum norrænum ríkjum.

Í 3. og 4. tölul. 1. mgr. eru orðin *heilbrigðisþjónusta* og *heilbrigðisstarfsmaður* skilgreind með sama hætti og gert er í 4. gr. laga nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu.

Í 5. tölul. 1. mgr. er *endurgjald* skilgreint sem greiðslur til veitenda heilbrigðisþjónustu samkvæmt samningi.

Í 2. mgr. segir jafnframt að skilgreiningar laga um heilbrigðisþjónustu gildi eftir því sem við eigi.

Um 4. gr.

Í greininni er kveðið á um að heilbrigðisráðherra fari með yfirstjórn sjúkratrygginga og samningsgerð um heilbrigðisþjónustu og aðra aðstoð samkvæmt lögunum, ásamt yfirstjórn sjúkratryggingastofnunarinnar. Heilbrigðisráðherra hefur haft með höndum yfirstjórn þessara mála og er því engin breyting þar á.

Um 5. gr.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að starfrækt sé sérstök stofnun sjúkratrygginga sem ætlað er það hlutverk í fyrsta lagi að annast framkvæmd sjúkratrygginga. Í öðru lagi er stofnuninni ætlað að tryggja sjúkratryggðum aðgengi að heilbrigðisþjónustu með því að útvega og semja um endurgjald fyrir veitta heilbrigðisþjónustu í samræmi við stefnumörkun ráðherra á hverjum tíma. Með lögum nr. 160/2007 var samþykkt að starfrækja sérstaka stofnun undir yfirstjórn heilbrigðisráðherra sem m.a. hefði það hlutverk, eins og segir í 18. gr. þeirra laga, að annast kaup, greiðslur og samninga um heilbrigðisþjónustu. Hér er hlutverk þeirrar stofnunar nánar útfært.

Í 1. mgr. greinarinnar er kveðið á um að starfrækja skuli sjúkratryggingastofnun. Gert er ráð fyrir að aðalskrifstofur stofnunarinnar verði í Reykjavík og er miðað við það að sjúkratryggingastofnunin og Tryggingastofnun ríkisins reki sameiginlega afgreiðslu, þjónustu og upplýsingagjöf, þar með talið þjónustu vegna hjálpartækja, sbr. 26. gr. frumvarpsins. Stofnuninni er veitt heimild til að semja við aðra aðila sem veita almannaþjónustu, svo sem sýslumenn, um rekstur umboðsskrifstofa utan Reykjavíkur. Staðarval og fyrirkomulag að öðru leyti fer eftir ákvörðun stofnunarinnar. Tilhögun aðal- og umboðsskrifstofa sjúkratryggingastofnunarinnar er svipuð og hjá Tryggingastofnun ríkisins, sbr. 10. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar.

Í 2. og 3. mgr. er fjallað nánar um hlutverk sjúkratryggingastofnunarinnar. Hlutverk hennar er talið upp í fimm liðum í 3. mgr. og er í fyrsta lagi að annast framkvæmd sjúkratrygginga samkvæmt III. kafla frumvarpsins. Tekur stofnunin við hlutverki Tryggingastofnunar ríkisins að þessu leyti og samkvæmt 56. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að það verði 1. september 2008. Með vísan til 1. mgr. er þó gert ráð fyrir að sjúkratryggingastofnunin og Tryggingastofnun ríkisins reki sameiginlega afgreiðslu, þjónustu og upplýsingagjöf til sjúkratryggðra með það að markmiði að þjónustan verði einföld, skilvirk og öflug. Utan Reykjavíkur er gert ráð fyrir að þjónustan verði eftir því sem kostur er veitt í tengslum við aðra opinbera þjónustu og þróuð á nútímalegan hátt með það að markmiði að þjónustan sé einföld og aðgengileg fyrir almenning. Samhliða skal sjúkratryggingastofnunin stefna að því að þróa og byggja upp öfluga rafræna þjónustu í samræmi við stefnu stjórnvalda í þeim efnum. Gert er ráð fyrir að sérstök rafræn „þjónustugátt“ verði starfrækt á vegum sjúkratryggingastofnunarinnar.Í öðru lagi er það hlutverk hinnar nýju stofnunar að semja um heilbrigðisþjónustu samkvæmt IV. kafla frumvarpsins og er um það vísað til almennra athugasemda við frumvarpið til skýringar, auk athugasemda við IV. kafla frumvarpsins. Að hluta til er hér um að ræða verkefni sem samninganefnd ráðherra skv. 28. gr. laga nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu, hefur sinnt og verkefni sem heilbrigðisráðuneytið hefur sinnt á sviði samningsgerðar um heilbrigðisþjónustu og fjárveitinga til heilbrigðisstofnana, þótt þeim sé nú mörkuð önnur umgjörð. Í þriðja lagi skal sjúkratryggingastofnunin annast kaup á vörum og þjónustu sem henni ber að veita og er um að ræða sambærilegt ákvæði og er í 46. gr. laga um almannatryggingar. Í fjórða lagi er sjúkratryggingastofnuninni ætlað að greiða endurgjald fyrir heilbrigðisþjónustu sem veita ber samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu eða veitt er

samkvæmt samningum. Er vísað til almennra athugasemda við frumvarpið til skýringar. Í fimmta lagi er hlutverk sjúkratryggingastofnunarinnar að sinna öðrum verkefnum sem henni eru falin samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða ákvörðun ráðherra. Má þar sem dæmi nefna framkvæmd sjúklingatryggingar samkvæmt lögum nr. 111/2000, um sjúklingatryggingu.

Ljóst er samkvæmt frumvarpinu, og þá sérstaklega IV. kafla þess, að grundvallarbreyting verður á framkvæmd þessara verkefna. Gert er ráð fyrir að samningar um kaup á heilbrigðisþjónustu verði mun ítarlegri og umfangsmeiri en verið hefur til þessa og byggist á kerfisbundnu og faglegu verklagi. Til að tryggja viðgang þess eru sjúkratryggingastofnuninni falin ný verkefni, svo sem samningsgerð við heilbrigðisstofnanir sem áður hafa verið með fastar fjárveitingar, kostnaðargreining heilbrigðisþjónustu og þróun greiðsluforma. Með þessu er lagður grunnur að skipulegu og vönduðu verklagi við kaup ríkisins á heilbrigðisþjónustu og faglegri samvinnu sjúkratryggingastofnunarinnar og veitenda þjónustunnar. Þannig er stuðlað að vandaðri vinnubrögðum, betri nýtingu fjármuna og bættri kostnaðarvitund, hvort heldur er hjá ríkinu sem kaupanda heilbrigðisþjónustu og hjá veitendum þjónustunnar. Því er afar mikilvægt að stofnunin hafi á að skipa hæfu starfsfólki sem býr yfir mikilli sérfræðiþekkingu á þessu sviði og verði í stakk búin til að þróa verklag við kostnaðargreiningu og gagnreynda þekkingu, auk þess að sinna eftirliti með gæðum þeirrar þjónustu sem stofnunin kaupir af veitendum. Í 5. mgr. segir að sjúkratryggingastofnunin skuli með reglubundnum hætti birta glöggar upplýsingar um alla starfsemi sína. Jafnframt ber stofnuninni að kynna almenningi rétt sinn samkvæmt lögunum með upplýsingastarfsemi. Sambærileg ákvæði er að finna í 2. og 3. mgr. 11. gr. laga um almannatryggingar.

Um 6. gr.

Í greininni er fjallað um stjórn sjúkratryggingastofnunarinnar og í 1. mgr. segir að ráðherra skipi fimm menn í stjórn og skuli einn skipaður formaður stjórnar og annar varaformaður. Skipaðir skulu jafnmargir menn til vara. Kveðið er á um að formaður stjórnar boði til stjórnarfunda og stýri þeim og situr forstjóri fundi stjórnarinnar með málfrelsi og tillögurétti. Þá er mælt fyrir um að ráðherra setji stjórninni erindisbréf og ákveði þóknun til stjórnarmanna sem skuli greidd af rekstrarfé stofnunarinnar. Ákvæðið er sambærilegt og gildir um stjórn Tryggingastofnunar ríkisins, sbr. 3. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar, að öðru leyti en því að ekki er gert ráð fyrir að ráðherra setji stjórninni starfsreglur eins og gert er ráð fyrir með stjórn Tryggingastofnunar ríkisins.

Í 2. mgr. er fjallað um hlutverk stjórnar sjúkratryggingastofnunarinnar en þar segir að stjórnin skuli staðfesta skipulag stofnunarinnar, árlega starfsáætlun og fjárhagsáætlun og marka henni langtímastefnu. Kveðið er á um að stjórnin skuli hafa eftirlit með starfsemi stofnunarinnar og að rekstur hennar sé innan ramma fjárlaga á hverjum tíma. Ákvæðið er sambærilegt og gildir um stjórn Tryggingastofnunar ríkisins, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga um almannatryggingar.

Í 3. mgr. segir að formaður stjórnar sjúkratryggingastofnunarinnar skuli reglulega gera ráðherra grein fyrir starfsemi hennar og gera honum viðvart ef starfsemi og þjónusta sé ekki í samræmi við ákvæði laga og ef rekstur er ekki í samræmi við fjárlög. Ákvæðið er sambærilegt og gildir um stjórn Tryggingastofnunar ríkisins, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga um almannatryggingar.

Um 7. gr.

Í greininni er fjallað um skipun forstjóra sjúkratryggingastofnunarinnar og í 1. mgr. segir að ráðherra skipi forstjóra til fimm ára í senn að fenginni tillögu stjórnar stofnunarinnar. Skilyrði er að forstjóri hafi lokið námi á háskólastigi og búi yfir reynslu af rekstri og stjórnun sem nýtist honum í starfi. Gert er ráð fyrir að forstjóri ráði aðra starfsmenn stofnunarinnar og annist daglegan rekstur hennar. Ákvæðið er sambærilegt 5. gr. og 1. mgr. 6. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar, um forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins. Þó er ákvæðið frábrugðið að því leyti að gerðar eru kröfur til menntunar og reynslu forstjóra sjúkratryggingastofnunarinnar.

Í 2. mgr. er kveðið á um að ráðherra skuli setja forstjóra erindisbréf þar sem tilgreind skuli helstu markmið í þjónustu og rekstri stofnunarinnar og verkefni hennar til lengri og skemmri tíma. Þá segir að í erindisbréfi skuli enn fremur kveðið á um samskipti forstjóra og stjórnar sjúkratryggingastofnunarinnar. Ákvæðið er sambærilegt því sem gildir um forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga um almannatryggingar.

Í 3. mgr. er kveðið á um þá ábyrgð og skyldur sem á forstjóra hvíla en hann ber ábyrgð á því að stofnunin starfi í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og erindisbréf. Þá er kveðið á um að forstjóri beri ábyrgð á starfsemi stofnunarinnar og á því að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma sé í samræmi við fjárlög og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt. Ákvæðið er sambærilegt ákvæðum um forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga um almannatryggingar.

Um 8. gr.

Í greininni er mælt fyrir um heimild sjúkratryggingastofnunarinnar til að skipa starfshópa og kalla til sérfræðinga til að aðstoða stofnunina, m.a. við gerð samninga, notkun gagnreyndrar þekkingar á sviði heilbrigðisþjónustu, árangursmat, gæðamat og eftirlit og við mat á því hvort unnt sé að veita læknismeðferð hér á landi skv. 23. gr. frumvarpsins. Ef litið er til hlutverks stofnunarinnar þá er mikilvægt að hún geti stofnað starfshópa og kallað til þá sérfræðinga sem teljast nauðsynlegir til að ná þeim markmiðum sem stefnt er að. Gæti þá t.d. verið um að ræða einstök verkefni sem eru afmörkuð í tíma, eða verkefni sem taka lengri tíma og eru oft mjög sérhæfð en ekki það umfangsmikil að grundvöllur sé fyrir hefðbundinni ráðningu starfsmanna til að sinna þeim. Sem dæmi um hið síðarnefnda má nefna verkefni sem nú eru á höndum nefndar skv. 40. gr. laga um almannatryggingar, sbr. 23. gr. frumvarpsins.

Um 9. gr.

Í greininni er kveðið á um að sjúkratryggingar taki til heilbrigðisþjónustu og annarrar aðstoðar sem ákveðið hefur verið með lögunum, reglugerðum settum samkvæmt þeim eða samningum að veita á kostnað ríkisins eða með greiðsluþátttöku ríkisins. Jafnframt taki þær til bóta samkvæmt lögunum sem greiddar séu í peningum. Þá er kveðið á um að sjúkratryggðir einstaklingar eigi rétt til aðstoðar svo sem nánar sé mælt fyrir um í lögunum. Ákvæðið er að stofni til sambærilegt 3. mgr. 37. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar. Þar segir að sjúkratrygging samkvæmt lögunum taki til heilbrigðisþjónustu, sbr. lög um heilbrigðisþjónustu, sem ákveðið hefur verið með lögum, reglugerðum eða samningum að veita á kostnað ríkisins eða með greiðsluþátttöku ríkisins.

Það er nýmæli að tiltaka sérstaklega að sjúkratryggingar taki jafnframt til bóta samkvæmt lögunum sem greiddar eru í peningum og að kveða skýrt á um að sjúkratryggðir eigi rétt til

aðstoðar svo sem nánar sé mælt fyrir um í lögunum. Þar sem bætur samkvæmt frumvarpinu skiptast annars vegar í aðstoð skv. III. kafla B og hins vegar í greiðslur í peningum skv. III. kafla C og eðlismunur er á bótunum var talið æskilegt að hafa ákvæðið ítarlegra.

Um 10. gr.

Í greininni er fjallað um það hverjir teljist sjúkratryggðir samkvæmt lögunum. Þar segir í 1. mgr. að sjúkratryggður sé sá sem er búsettur á Íslandi og hafi verið það a.m.k. síðustu sex mánuðina áður en bóta var óskað úr sjúkratryggingum að uppfylltum öðrum skilyrðum laganna, nema annað leiði af milliríkjasamningum. Fram kemur að með búsetu sé átt við lögheimili í skilningi lögheimilislaga. Meginreglan er því sú að einstaklingar öðlast ekki rétt til sjúkratrygginga fyrr en þeir hafa verið búsettir hér á landi í sex mánuði, og þá eingöngu frá og með þeim tíma, þ.e. rétturinn er ekki afturvirkur. Ákvæðið er nánast samhljóða 1. málsl. 1. mgr. 37. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar, en þar segir að sjúkratryggður sé sá sem hafi verið búsettur á Íslandi, sbr. II. kafla, a.m.k. síðustu sex mánuðina áður en bóta skv. 1. mgr. 48. gr. sé óskað úr sjúkratryggingum, sbr. 3. mgr., nema annað leiði af milliríkjasamningum. Í stað þess að vísa til annarra ákvæða er tekið fram í frumvarpinu að önnur skilyrði laganna skuli vera uppfyllt.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að börn yngri en 18 ára sem búsett eru hér á landi séu sjúkratryggð með foreldrum sínum. Sama eigi við um stjúpbörn og fósturbörn. Ákvæðið er samhljóða 2. mgr. 37. gr. laga um almannatryggingar að öðru leyti en því að gerð er krafa um að börnin séu búsett hér á landi.

Í 1. málsl. 3. mgr. er kveðið á um að sjúkratrygging falli niður þegar sjúkratryggður flytur búsetu sína frá Íslandi, sbr. þó 11., 12. og 15. gr., nema annað leiði af milliríkjasamningum. Ákvæðið er nýmæli en í framkvæmd hefur verið gert ráð fyrir því að þessi regla gilti í sjúkratryggingum almannatrygginga, eðli málsins samkvæmt og með hliðsjón af sex mánaða búsetuskilyrðinu.

Í 2. málsl. 3. mgr. segir að milliríkjasamningar sem Ísland er aðili að geti haft í för með sér undanþágur og takmarkanir á beitingu ákvæða laganna. Ákvæðið er nýmæli og er talið æskilegt að taka skýrt fram í lögunum að milliríkjasamningar geti haft þessi áhrif, sérstaklega þar sem það leiðir af milliríkjasamningum t.d. að sex mánaða búsetuskilyrðið falli brott. Einnig er það meginregla milliríkjasamninga um almannatryggingar að löggjöf eins lands gildi um sjúkratryggingu svo ekki verði um tvítryggingu að ræða.

Í 4. mgr. er kveðið á um að sjúkratryggingastofnunin ákvarði hvort einstaklingur teljist sjúkratryggður hér á landi samkvæmt lögunum og er ákvæðið samhljóða 3. mgr. 12. gr. laga um almannatryggingar.

Í 5. mgr. er kveðið á um að ráðherra setji reglugerð um nánari framkvæmd greinarinnar, m.a. um skráningu á réttindum sjúkratryggðra. Einnig segir að í reglugerðinni sé heimilt að kveða á um undanþágur frá sex mánaða búsetuskilyrðinu. Ákvæðin eru nánast samhljóða 15. gr. og 4. mgr. 37. gr. laga um almannatryggingar. Í 5. mgr. er þó gert ráð fyrir að í reglugerð sé heimilt að kveða á um undanþágur frá sex mánaða búsetuskilyrðinu. Um árabil hefur slíkar undanþáguheimildir verið að finna í reglugerðum, settum með stoð í 32. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, en reglugerðarheimildin féll brott með lögum nr. 82/2006, um breytingu á þeim lögum. Ekki var ætlunin að breyta framkvæmd að þessu leyti og því þykir rétt að skjóta á ný stoðum undir framkvæmdina með skýrri reglugerðarheimild.

Um 11. gr.

Í greininni er fjallað um sjúkratryggingar þrátt fyrir dvöl, nám eða atvinnu erlendis. Gert er ráð fyrir að sjúkratryggingastofnuninni sé heimilt að ákveða að einstaklingur sé áfram sjúkratryggður samkvæmt lögunum þrátt fyrir dvöl, nám eða atvinnu erlendis. Greinin er nánast samhljóða 13.–15. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar. Eingöngu er um að ræða lagfæringar á orðalagi sem ekki eiga að leiða til efnisbreytinga að öðru leyti en því að fellt er brott ákvæði um að umsókn um tryggingu skuli berast stofnuninni eigi síðar en fjórum vikum fyrir brottför af landinu. Samkvæmt ábendingum Tryggingastofnunar ríkisins sem hefur veitt þessar heimildir er skilyrðið illframkvæmanlegt.

Um 12. gr.

Í greininni er kveðið á um sjúkratryggingar starfsmanna íslenskra sendiráða, fastanefnda og ræðisskrifstofa. Þar segir að íslenskir ríkisborgarar sem gegni störfum erlendis á vegum ríkisins við sendiráð, fastanefnd eða ræðisskrifstofu og fái greidd laun úr ríkissjóði séu sjúkratryggðir samkvæmt lögunum. Tiltekið er að það sama gildi um maka og börn sem með þeim dveljast, enda öðlist þeir ekki sjálfstæð réttindi í viðkomandi landi. Einnig er kveðið á um að íslenskir ríkisborgarar sem ráðnir séu til starfa við sendiráð, fastanefnd eða ræðisskrifstofu eða í þjónustu sendierindreka án þess þó að vera sendir til starfa á vegum ríkisins séu ekki sjúkratryggðir samkvæmt lögunum nema annað leiði af milliríkjasamningum, sbr. þó 11. gr. Sjúkratryggingastofnuninni er veitt heimild til að ákveða að þessir aðilar séu sjúkratryggðir ef um það er sótt, utanríkisráðuneytið mælir með því, að um sé að ræða starf sem teljist mikilvægt hagsmunum Íslands erlendis og að þeir geti ekki notið trygginga í gistiríkinu. Þá er ráðherra heimilað að setja reglugerð um nánari framkvæmd greinarinnar.

Ákvæðið er nýmæli og er talið æskilegt þar sem það tekur af allan vafa um sjúkratryggingar þessara starfsmanna. Ákvæðið er nánast samhljóða 12. gr. reglugerðar nr. 463/1999 um framkvæmd almannatrygginga og skráningu í tryggingaskrá, sem sett er með stoð í lögum um almannatryggingar.

Um 13. gr.

Í greininni er kveðið á um sjúkratryggingar starfsmanna erlendra sendiráða, fastanefnda og ræðisskrifstofa. Þar segir að sendierindrekar erlendra ríkja á Íslandi séu ekki sjúkratryggðir samkvæmt lögunum. Tiltekið er að það sama gildi um maka þeirra og börn sem ekki hafa íslenskt ríkisfang og dveljast hér á landi með þeim, enda öðlist þeir ekki sjálfstæð réttindi á grundvelli atvinnu hér á landi. Þá er kveðið á um að einkaþjónustumenn sem eru erlendir ríkisborgarar, starfa eingöngu í þjónustu sendierindreka og hafa ekki fasta búsetu hér á landi séu ekki sjúkratryggðir samkvæmt lögunum enda njóti þeir sjúkratrygginga í sendiríkinu. Að lokum er kveðið á um að ráðherra sé heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd greinarinnar.

Ákvæðið er nýmæli og er talið mikilvægt þar sem það tekur af allan vafa um hvar þessir starfsmenn eru sjúkratryggðir. Það er meginregla að starfsmenn sem njóta úrlendisréttar séu tryggðir í því landi sem þeir starfa fyrir og undanþegnir lögum í því landi sem þeir eru sendir til. Ákvæðið er sambærilegt 13. gr. reglugerðar nr. 463/1999 um framkvæmd almannatrygginga og skráningu í tryggingaskrá, sem sett er með stoð í lögum um almannatryggingar.

Um 14. gr.

Í greininni er fjallað um sjúkratryggingar starfsmanna alþjóðastofnana. Kveðið er á um að íslenskir ríkisborgarar sem starfa erlendis hjá alþjóðastofnunum og eru launaðir af þeim séu ekki sjúkratryggðir samkvæmt lögunum. Sjúkratryggingastofnuninni er þó heimilað að ákveða samkvæmt umsókn að einstaklingur teljist sjúkratryggður þegar um er að ræða stofnun sem Ísland er aðili að og starfið telst þjóna hagsmunum Íslands erlendis. Forsenda þess er að viðkomandi hafi verið sjúkratryggður samkvæmt lögunum við upphaf starfs og geti ekki notið sjúkratrygginga á vegum starfs síns eða vinnuveitanda. Þá er ráðherra heimilað að setja reglugerð um nánari framkvæmd greinarinnar.

Ákvæðið er nýmæli og er samhljóða 14. gr. reglugerðar nr. 463/1999, um framkvæmd almannatrygginga og skráningu í tryggingaskrá, sem sett er með stoð í lögum um almannatryggingar. Það er meginregla að starfsmenn alþjóðastofnana séu tryggðir af viðkomandi alþjóðastofnun og er talið mikilvægt að taka af öll tvímæli um að þeir séu ekki jafnframt sjúkratryggðir í almannatryggingum hér á landi. Þó er sjúkratryggingastofnuninni heimilað að veita undanþágu og ákveða að starfsmaður alþjóðastofnunar sé sjúkratryggður samkvæmt lögunum við nánar tiltekin skilyrði.

Um 15. gr.

Í greininni er kveðið á um sjúkratryggingar friðargæsluliða og segir þar að íslenskir friðargæsluliðar sem starfa við friðargæslu erlendis á vegum utanríkisráðuneytisins og fá greidd laun úr ríkissjóð, sbr. lög um íslensku friðargæsluna og þátttöku hennar í alþjóðlegri friðargæslu, séu sjúkratryggðir samkvæmt lögunum. Þá er kveðið á um heimild ráðherra til að setja reglugerð um nánari framkvæmd greinarinnar.

Ákvæðið er nýmæli og tekur mið af 11. gr. laga nr. 73/2007, um íslensku friðargæsluna og þátttöku hennar í alþjóðlegri friðargæslu, en þar segir að íslenskir friðargæsluliðar skuli vera líf-, sjúkra- og slysatryggðir á meðan ráðningarsamningur við þá sé í gildi. Skuli slíkar tryggingar ná bæði til atvika sem verða í starfi og utan starfs á erlendri grund meðan ráðningarsamningur við þá er í gildi.

Um 16. gr.

Í greininni er kveðið á um sjúkratryggingar flóttamanna en þar segir að flóttamenn sem ríkisstjórnin hefur veitt hæli skuli teljast sjúkratryggðir samkvæmt lögunum frá þeim degi sem þeir koma til landsins. Átt er við flóttamenn sem tilheyra hópum flóttamanna sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að taka á móti, sbr. 51. gr. laga nr. 96/2002, um útlendinga, og Útlendingastofnun hefur tekið ákvörðun um að skuli veitt réttarstaða flóttamanns, sbr. 2. mgr. 50. gr. s.l. Skilyrði er að lögð sé fram staðfesting Útlendingastofnunar á því að hæli hafi verið veitt. Þá er kveðið á um heimild ráðherra til að setja reglugerð um nánari framkvæmd greinarinnar.

Ákvæðið er nýmæli og tekur mið af 18. gr. reglugerðar nr. 463/1999 um framkvæmd almannatrygginga og skráningu í tryggingaskrá, sem sett er með stoð í lögum um almannatryggingar. Ákvæðið tekur einnig mið af VII. kafla laga um útlendinga, einkum 51. gr.

Um 17.–22. gr., 24. gr. og 28. gr.

Í 17. og 18. gr. frumvarpsins er kveðið á um að sjúkratryggingar taki til þeirrar grunnþjónustu sem ríkinu ber að veita samkvæmt lögum nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu, þ.e. heilsugæslu og sjúkrahúsþjónustu. Til viðbótar þeim grundvallarrétti er í 19.–22. gr. frum-

varpsins kveðið á um að sjúkratryggingar taki til tiltekinnar sérhæfðrar heilbrigðisþjónustu sem samið hefur verið um í samræmi við stefnumörkun ráðherra á því sviði. Réttur til greiðsluþátttöku sjúkratrygginga í viðbótarþjónustu er háður því að samningar við sjúkratryggingastofnunina um þjónustuna séu fyrir hendi, sbr. þó í undantekningartilvikum 38. gr. frumvarpsins.

Um 17. gr.

Í greininni er kveðið á um að sjúkratryggingar taki til allrar heilsugæslu, hvort sem hún er veitt á heilsugæslustöðvum eða af sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum, séu samningar fyrir hendi. Hér eru sameinuð efnisleg réttindi skv. 2. mgr. 39. gr., a-lið og j-lið 1. mgr. 41. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar. Jafnframt hafa heimildir til greiðsluþátttöku í hjúkrun verið rýmkaðar.

Í 1. mgr. greinarinnar er mælt fyrir um að sjúkratryggingar taki til allrar heilsugæsluþjónustu sem veitt er á vegum heilsugæslustöðva samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu. Ekki skiptir máli hvort um er að ræða heilsugæslustöðvar sem ríkið rekur eða heilsugæslustöðvar sem reknar eru af einkaaðilum samkvæmt samningum við sjúkratryggingastofnunina. Ákvæðið er efnislega sambærilegt 2. mgr. 39. gr. laga um almannatryggingar.

Samkvæmt 2. mgr. taka sjúkratryggingar einnig til almennrar læknishjálpar og hjúkrunar sem veitt er utan heilsugæslustöðva. Er þá átt við læknishjálp sem veitt er af sjálfstætt starfandi heimilislæknum og hjúkrun, þar á meðal heimahjúkrun, sem veitt er af sjálfstætt starfandi hjúkrunarfræðingum. Skilyrði er að fyrir hendi sé samningur við sjúkratryggingastofnunina um þjónustuna. Í ákvæðinu felast efnislega sömu réttindi og í a-lið 1. mgr. 41. gr. laga um almannatryggingar (almenn læknishjálp) og aukinn réttur sé litið til j-liðar 1. mgr. 41. gr. sömu laga (hjúkrun).

Í 3. mgr. er ráðherra heimilað að kveða nánar á um framkvæmd greinarinnar í reglugerð.

Um 18. gr.

Í greininni er kveðið á um að sjúkratryggingar taki til sjúkrahúsþjónustu og er 1. mgr. að mestu samhljóða 1. mgr. 39. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar. Þó er gert ráð fyrir þeim möguleika að fleiri aðilar en ríkið geti rekið sjúkrahús, en skilyrði greiðsluþátttöku sjúkratrygginga er að samningur við sjúkratryggingastofnunina sé fyrir hendi.

Í 2. mgr. er kveðið á um að sjúkratryggingar taki ekki eingöngu til sjúkrahúsvistar heldur einnig þjónustu sem veitt er á hinum ýmsu deildum sjúkrahúsa án þess að um innlögn sé að ræða. Slíkt ákvæði hefur ekki verið í lögum fram til þessa en framkvæmdin hefur þó verið á þann veg að sjúkratryggingar taki til þessarar þjónustu.

Í 3. mgr. er ráðherra heimilað að kveða nánar á um framkvæmd greinarinnar í reglugerð.

Um 19. gr.

Í 1. mgr. greinarinnar er mælt fyrir um að sjúkratryggingar taki til nauðsynlegra rannsókna og meðferðar hjá sérgreinalæknum. Um er að ræða sambærileg réttindi og kveðið er á um í b-lið 1. mgr. 41. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar. Með sérgreinalæknum er í ákvæðinu átt við þá lækna sem fengið hafa leyfi samkvæmt læknalögum til að kalla sig sérfræðinga í tiltekinni sérgrein læknisfræði, að heimilislækningum undanskildum, enda falla heimilislækningar undir 17. gr. frumvarpsins. Með rannsóknum er átt bæði við hefðbundnar rannsóknir svo og geisla- og myndgreiningu, sem samið hefur verið um. Með meðferð er átt við bæði viðtöl og hvers konar meðferð sem samið hefur verið um. Skilyrði greiðsluþátttöku

samkvæmt greininni er að í gildi sé samningur milli sjúkratryggingastofnunarinnar og þess sérgreinalæknis sem veitir þjónustuna, eða fyrirtækis hans, og að samningurinn nái til þeirrar þjónustu sem veitt er.

Í 2. mgr. er ráðherra heimilað að kveða nánar á um framkvæmd greinarinnar í reglugerð. Ráðherra er m.a. heimilt að ákveða að tilvísun heimilis- eða heilsugæslulæknis sé skilyrði fyrir greiðsluþátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við rannsóknir eða meðferðir hjá sérgreinalæknum samkvæmt þessum ákvæði. Í b-lið 1. mgr. 41. gr. laga um almannatryggingar er að finna efnislega sambærilega, en nokkuð ítarlegar orðaða, heimild er varðar tilvísanir.

Um 20. gr.

Í 1. mgr. greinarinnar er kveðið á um að sjúkratryggingar taki til nauðsynlegra tannlækninga, annarra en tannréttinga, aldraðra, öryrkja og barna yngri en 18 ára. Með öldruðum er átt við þá sem eru 67 ára eða eldri þegar þjónustan er veitt og með öryrkjum er átt við þá sem metnir hafa verið til a.m.k. 50% örorku samkvæmt lífeyristryggingakafla laga nr. 100/2007, um almannatryggingar. Ef um er að ræða alvarlegar afleiðingar fæðingargalla, slysa eða sjúkdóma taka sjúkratryggingar til nauðsynlegra tannlækninga og tannréttinga fyrir alla aldurshópa. Skilyrði greiðsluþátttöku samkvæmt greininni er að í gildi sé samningur milli sjúkratryggingastofnunarinnar og þess tannlæknis sem veitir þjónustuna, eða fyrirtækis hans, og að samningurinn nái til þeirrar þjónustu sem veitt er.

Samkvæmt 2. mgr. skal ráðherra kveða nánar á um framkvæmd greinarinnar í reglugerð. Í reglugerðinni getur ráðherra kveðið nánar á um skilyrði greiðsluþátttöku sjúkratrygginga samkvæmt greininni, t.d. að því er varðar mat á nauðsyn. Einnig er heimilt að setja reglur um takmörkun greiðsluþátttöku, t.d. að því er varðar umfang meðferðar og endurtekningu eða endurnýjun.

Í 42. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar, er kveðið á um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga vegna tannlæknaþjónustu. Efnisleg réttindi eru að meginstefnu til þau sömu en orðalag nokkuð breytt og ákvæðið skýrara. Helsta breytingin er sú að gert er að skilyrði að samningur sé fyrir hendi milli sjúkratryggingastofnunarinnar og þess sem veitir þjónustuna, sbr. þó 38. gr. frumvarpsins.

Um 21. gr.

Í 1. mgr. greinarinnar er kveðið á um að sjúkratryggingar taki til nauðsynlegrar sjúkraþjálfunar, iðjuþjálfunar og talþjálfunar. Skilyrði greiðsluþátttöku samkvæmt greininni er að í gildi sé samningur milli sjúkratryggingastofnunarinnar og þess sjúkraþjálfara, iðjuþjálfa eða talmeinafræðings sem veitir þjónustuna, eða fyrirtækis hans, og að samningurinn nái til þeirrar þjónustu sem veitt er. Meginbreytingin frá b-lið 1. mgr. 38. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar, er sú að ekki er lengur gert ráð fyrir að þessi aðstoð sé veitt í formi styrks heldur verði hún í sama formi og önnur sérfræðiþjónusta, þ.e. um hana samið og sjúkratryggður greiði gjald fyrir hana.

Sjúkratryggingastofnuninni er heimilt að áskilja vottorð sérfræðings um nauðsyn þjálfunar og er það sams konar heimild og kveðið er á um í 3. málsl. 3. mgr. 38. gr. laga um almannatryggingar.

Samkvæmt 2. mgr. skal ráðherra kveða nánar á um framkvæmd greinarinnar í reglugerð. Í reglugerðinni er m.a. heimilt að kveða á um nánari skilyrði fyrir þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við þjálfun, hvort heldur er sjúkra-, iðju- eða talþjálfun.

Um 22. gr.

Í 1. mgr. greinarinnar er mælt fyrir um að sjúkratryggingar taki til annarrar sérhæfðrar heilbrigðisþjónustu en kveðið er á um í 17.–21. gr. frumvarpsins, í samræmi við stefnumörkun ráðherra. Skilyrði greiðsluþátttöku samkvæmt greininni er að í gildi sé samningur milli sjúkratryggingastofnunarinnar og þess heilbrigðisstarfsmanns sem veitir þjónustuna, eða fyrirtækis hans, og að samningurinn nái til þeirrar þjónustu sem veitt er. Hendur ráðherra eru ekki bundnar af því um hvaða heilbrigðisþjónustu er samið samkvæmt þessari grein að öðru leyti en því að löng hefð er fyrir því að samið sé við ljósmæður um aðstoð vegna fæðinga í heimahúsum og að samið sé um greiðsluþátttöku vegna sérhæfðrar meðferðar alvarlegra húðsjúkdóma.

Samkvæmt 2. mgr. skal ráðherra setja reglugerð um nánari framkvæmd greinarinnar og er í henni m.a. heimilt að kveða á um nánari skilyrði og takmörkun greiðsluþátttöku sjúkratrygginga vegna hinnar umsömdu sérhæfðu heilbrigðisþjónustu.

Greininni er ætlað að koma í stað f-liðs 1. mgr. 38. gr., 2. mgr. 38. gr., e-liðar 1. mgr. 41. gr. og að hluta til 3. mgr. 41. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar, sbr. einnig 55. gr. frumvarpsins.

Um 23. gr.

Í greininni er kveðið á um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði vegna brýnnar læknismeðferðar erlendis, svo og ferða- og uppihaldskostnaði vegna meðferðarinnar. Greinin er að mestu leyti samhljóða 40. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar, auk þess sem efni d-liðar 1. mgr. 38. gr. s.l. hefur verið aukið við. Ákvæðið er ekki lengur bundið við innlögn á sjúkrahús en þó er skilyrði að um læknismeðferð sé að ræða. Þannig er ekki heimilt að greiða kostnað vegna annars konar meðferðar, svo sem þjálfunar eða sálfræðimeðferðar. Einnig er hnykkt á því skilyrði að meðferðin þurfi að vera alþjóðlega viðurkennd, þ.e. að ekki sé um tilraunameðferð að ræða og að skilyrði 44. gr. frumvarpsins að því er varðar gagnreynda meðferð séu uppfyllt. Ákvæðið tekur til ákveðinnar afmarkaðrar meðferðar sem oftast lýkur á skömmum tíma og spannar í hæsta lagi örfáa mánuði þegar um alvarleg tilvik er að ræða. Ákvæðið tekur hins vegar ekki til vistunar á stofnunum erlendis um lengri tíma, t.d. í endurhæfingarskyni.

Í 2. mgr. er að finna heimild til handa sjúkratryggingastofnuninni til að ákveða að sérgreinalæknar sem starfa erlendis veiti sjúklingi meðferð á sjúkrahúsi hér á landi. Um kostnað fer samkvæmt samningum sjúkratryggingastofnunarinnar við viðkomandi sjúkrahús, sbr. IV. kafla frumvarpsins.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að sjúkratryggingastofnunin ákvarði hvort skilyrði séu fyrir hendi samkvæmt þessari grein og hvar sjúkratryggður skuli njóta meðferðar erlendis. Ekki er kveðið á um skipun sérstakrar nefndar eins og gert er í 2. mgr. 40. gr. laga um almannatryggingar. Í 8. gr. frumvarpsins er hins vegar að finna ákvæði sem heimilar stofnuninni að skipa starfshópa og kalla til sérfræðinga eftir því sem hún telur nauðsynlegt, m.a. við mat á því hvort unnt sé að veita læknismeðferð hér á landi samkvæmt þessari grein.

Í 4. mgr. er kveðið á um að ráðherra setji reglugerð um nánari framkvæmd greinarinnar. Er þá t.d. átt við ákvæði um mat á því hvort unnt sá að veita nauðsynlega aðstoð hér á landi og ákvæði um greiðslu ferðastyrks. Í reglugerðinni er jafnframt heimilt að kveða á um læknismeðferð erlendis sem hvorki fellur undir 23. né 33. gr. frumvarpsins, m.a. þegar milliríkjasamningar sem Ísland er aðili að eiga við. Er hér meðal annars átt við dóma Evrópudómstólsins sem hafa áhrif á réttindi til heilbrigðisþjónustu í öðru ríki.

Um 24. gr.

Í greininni er kveðið á um að sjúkratrygging taki til heilbrigðisþjónustu sem veitt er í hjúkrunarrýmum sjúkrahúsa og hjúkrunarrýmum öldrunarstofnana og hjúkrunarheimila. Skilyrði greiðsluþátttöku samkvæmt greininni er að í gildi sé samningur milli sjúkratryggingastofnunarinnar og þess sem veitir heilbrigðisþjónustuna, og að samningurinn nái til þeirrar þjónustu sem veitt er. Hér er eingöngu átt við þá heilbrigðisþjónustu sem veitt er á stofnununum en ekki húsnæði og aðra þjónustu.

Skilyrði fyrir greiðsluþátttöku sjúkratrygginga er að fram hafi farið mat á þörf sjúkratryggðs fyrir þjónustuna, þ.e. svokallað vistunarmat. Í 59. og 60. gr. frumvarpsins er lagt til að ákvæði um vistunarmat verði flutt úr lögum um málefni aldraðra í lög um heilbrigðisþjónustu, enda er um að ræða mat á þörf fyrir sérhæfða heilbrigðisþjónustu.

Um 25. gr.

Í greininni er kveðið á um að sjúkratryggingar taki til nauðsynlegra lyfja sem hafa markaðsleyfi hér á landi og ákveðið hefur verið samkvæmt lyfjalögum að sjúkratryggingar taki þátt í að greiða, sbr. 2. tölul. 2. mgr. 43. gr. lyfjalaga, nr. 93/1994. Greinin kemur í stað c-liðar 1. mgr. 41. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar, sbr. einnig 29. gr. frumvarpsins að því er varðar gjaldtöku fyrir lyf.

Í 2. mgr. er að finna reglugerðarheimild þar sem ráðherra er heimilað að kveða nánar á um framkvæmd greinarinnar, þar á meðal um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga í undantekningartilvikum í lyfjum sem ekki hafa markaðsleyfi hér á landi, sbr. 4. tölul. 2. mgr. 43. gr. lyfjalaga.

Um 26. gr.

Í greininni er fjallað um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði vegna hjálpartækja. Í 1. mgr. er kveðið á um að sjúkratryggingar taki þátt í kostnaði við öflun nauðsynlegra hjálpartækja sem eru til lengri notkunar en þriggja mánaða. Ráðherra kveður nánar á um kostnaðarþátttöku sjúkratrygginga í reglugerð og er m.a. heimilt að takmarka hana við tiltekin hjálpartæki, tiltekinn fjölda o.s.frv. Í reglugerðinni skal jafnframt kveða á um að hversu miklu leyti sjúkratryggingar taka þátt í kostnaði við tiltekin hjálpartæki, t.d. hlutfallslega.

Í 2. mgr. er skilgreint hvað átt er við með hugtakinu hjálpartæki. Ákvæðið er samhljóða 2. gr. reglugerðar nr. 460/2003, um styrki Tryggingastofnunar ríkisins vegna hjálpartækja.

Ákvæði 3. mgr. eru samhljóða 2. og 3. málsl. 3. mgr. 38. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar. Að öðru leyti er greininni ætlað að koma í stað a-liðar 1. mgr. 38. gr. s.l. að því er varðar hjálpartæki, nema hvað greinin er mun ítarlegri.

Um 27. gr.

Í 1. mgr. greinarinnar er kveðið á um að sjúkratryggingar taki þátt í kostnaði vegna kaupa á lífsnauðsynlegum næringarefnum og sérfæði. Samkvæmt ákvæðinu setur ráðherra reglugerð þar sem greiðsluþátttaka þessi er nánar útfærð og takmörkuð og meðal annars kveðið á um hvers konar næringarefna og sérfæðis greiðsluþátttakan nær til. Í reglugerðinni skal jafnframt kveða á um að hversu miklu leyti sjúkratryggingar taka þátt í kostnaði við tiltekin næringarefni og sérfæði,0 t.d. hlutfallslega.

Ákvæði 3. mgr. eru samhljóða 2. og 3. málsl. 3. mgr. 38. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar. Að öðru leyti er greininni ætlað að koma í stað e-liðar 1. mgr. 38. gr. s.l.

Um 28. gr.

Í greininni er mælt fyrir um að sjúkratryggingar taki til sjúkraflutnings innan lands. Greinin er að mestu samhljóða h-lið 1. mgr. 41. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar, nema hvað gjaldtökuákvæðin eru flutt í 29. gr. frumvarpsins og einfölduð mjög. Einnig er gert ráð fyrir því skilyrði greiðsluþátttöku samkvæmt greininni að í gildi sé samningur milli sjúkratryggingastofnunarinnar og þess sem innir af hendi sjúkraflutning, sbr. þó einnig 38. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. er kveðið á um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga í kostnaði vegna fylgdarmanns, jafnvel þótt um áætlunarferð sé að ræða. Er þá t.d. átt við þau tilvik þar sem sjúkraflutningur fer fram með áætlunarflugi með þeim hætti að sjúklingur liggur á börum. Í þessu samhengi er rétt að taka fram að geti sjúklingur ferðast sitjandi í áætlunarferð er ekki um sjúkraflutning að ræða. Koma þá ákvæði um ferðakostnað til skoðunar, sbr. 30. gr. frumvarpsins.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um flutningskostnað milli sjúkrahúsa annars vegar og hins vegar milli sjúkrahúsa og hjúkrunarheimila. Í þeim tilvikum er kostnaður við sjúkraflutninginn greiddur af þeirri stofnun sem sendir sjúklinginn.

Í 4. mgr. er ráðherra heimilað að kveða nánar á um framkvæmd greinarinnar í reglugerð.

Um 29. gr.

Í greininni er kveðið á um heimildir ráðherra til að mæla fyrir um gjaldtöku fyrir heilbrigðisþjónustu með setningu reglugerðar. Ákvæðið er byggt á 34. gr. laga nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu, og að hluta til á c-lið og h-lið 1. mgr. og 2. mgr. 41. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar. Þó er ákvæðið nokkuð ítarlegra með hliðsjón af ábendingum fjármálaráðuneytisins þar að lútandi. Í 1. mgr. er í sjö töluliðum kveðið á um heimild til gjaldtöku af þeim einstaklingum sem eru sjúkratryggðir samkvæmt frumvarpinu. Ekki er um aukna gjaldtöku að ræða frá núgildandi ákvæðum laga um almannatryggingar og laga um heilbrigðisþjónustu.

Að öðru leyti en mælt er fyrir um í greininni fer um gjaldtöku fyrir heilbrigðisþjónustu eftir ákvæðum sérlaga eftir því sem við á, svo sem lögum um Heyrnar- og talmeinastöð. Við skýringar á hugtökum í greininni ber að líta til skilgreininga laga um heilbrigðisþjónustu, sbr. 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins.

Í 1. tölul. 1. mgr. er kveðið á um heimild til gjaldtöku vegna heilsugæslu sem sinnt er á heilsugæslustöðvum. Heimilt er að taka gjald vegna komu á heilsugæslustöð og nær gjaldið m.a. til kostnaðar við innritun og aðstöðu og að auki til kostnaðar við þjónustu lækna og annarra heilbrigðisstarfsmanna. Til viðbótar við gjald vegna komu á heilsugæslustöð er heimilt að taka gjald vegna bólusetningar, þar með talið vegna bóluefna. Enn fremur er heimilt að taka gjald vegna rannsókna sem framkvæmdar eru á heilsugæslustöð, krabbameinsleitar og gjald vegna foreldrafræðslu. Mæðra- og ungbarnavernd er þó gjaldfrjáls og hið sama á við um heilsugæslu í skólum og hjúkrun í heimahúsum. Sérstaklega er kveðið á um að gjald fyrir þjónustu skuli vera lægra hjá öldruðum, öryrkjum og börnum. Einnig er heimilað að gjald fyrir þjónustu utan dagvinnutíma megi vera hærra en gjald fyrir þjónustu á dagvinnutíma.

Í 2. tölul. 1. mgr. er kveðið á um heimild til gjaldtöku vegna almennrar og sérhæfðrar heilbrigðisþjónustu sem veitt er á sjúkrahúsum án þess að um innlögn sé að ræða. Um er að ræða þjónustu sem veitt er á göngudeildum, dagdeildum, slysadeildum og bráðamóttökum sjúkrahúsa. Nær gjaldið m.a. til kostnaðar við innritun og aðstöðu og að auki til kostnaðar við þjónustu lækna og annarra heilbrigðisstarfsmanna. Mæðra- og ungbarnavernd er þó gjaldfrjáls. Vegna þjónustu sérfræðilækna er heimilt að taka hlutfallsgjald og má tiltaka hámark þess í

reglugerð. Sérstaklega er kveðið á um að gjald fyrir þjónustu skuli vera lægra hjá öldruðum, öryrkjum og börnum.

Í 3. tölul. 1. mgr. er kveðið á um heimild til gjaldtöku vegna þjónustu heilbrigðisstarfsmanna sem samið hefur verið um samkvæmt IV. kafla. Nánar tiltekið er um að ræða almenna læknishjálp og hjúkrun sem veitt er utan heilsugæslustöðva, sbr. 2. mgr. 17. gr. frumvarpsins, þjónustu sérgreinalækna, sbr. 19. gr. frumvarpsins, þjónustu tannlækna, sbr. 20. gr. frumvarpsins, þjónustu sjúkraþjálfara, iðjuþjálfa og talmeinafræðinga, sbr. 21. gr. frumvarpsins, og þjónustu annarra sérhæfðra heilbrigðisstarfsmanna, svo sem ljósmæðra, sbr. 22. gr. frumvarpsins. Þó er hjúkrun í heimahúsum, mæðra- og ungbarnavernd og aðstoð ljósmæðra vegna fæðinga í heimahúsum gjaldfrjáls. Gjald fyrir þjónustu má vera hlutfallsgjald og er heimilt að tiltaka hámark þess í reglugerð. Sérstaklega er kveðið á um að gjald fyrir þjónustu skuli vera lægra hjá öldruðum, öryrkjum og börnum. Einnig er heimilað að gjald fyrir þjónustu skv. 2. mgr. 17. gr., þ.e. almenna læknishjálp og hjúkrun, aðra en hjúkrun í heimahúsum, utan dagvinnutíma megi vera hærra en gjald fyrir þjónustu á dagvinnutíma.

Í 4. tölul. 1. mgr. er kveðið á um gjaldtöku vegna rannsókna, geisla- og myndgreiningar. Hér er átt við rannsóknir, geisla- og myndgreiningar sem framkvæmdar eru á sjúkrahúsum eða hjá sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum eða fyrirtækjum þeirra og samið hefur verið um. Um gjald vegna rannsókna sem framkvæmdar eru á heilsugæslustöðvum fer skv. 1. tölul.

Í 5. tölul. 1. mgr. er kveðið á um heimild til gjaldtöku vegna læknisvottorða, hvort sem þau er gefin út í heilsugæslu eða á sjúkrahúsum. Ekki er gert ráð fyrir því að útgáfa læknisvottorða sé eitt af því sem samið er um við sjálfstætt starfandi lækna og fyrirtækja þeirra en ákvæðið girðir þó ekki fyrir að það verði gert.

Í 6. tölul. 1. mgr. er kveðið á um gjaldtöku vegna lyfja. Gjald fyrir lyf má vera hlutfallsgjald og er heimilt að tiltaka hámark þess í reglugerð. Ef heildarverð lyfs er ekki hærra en gjaldið sem greiða skal greiðir sjúkratryggður lyfið að fullu. Í reglugerð má ákveða hámark eininga í lyfjaávísunum, svo sem hámarksskammt sem ávísa megi hvert sinn. Ákvæðin eru sambærileg ákvæðum c-liðar 1. mgr. og 2. mgr. 41. gr. laga um almannatryggingar.

Í 7. tölul. 1. mgr. er kveðið á um heimild til gjaldtöku vegna sjúkraflutninga. Nánar er kveðið á um sjúkraflutninga í 28. gr. frumvarpsins.

Rétt er að taka fram að í 4. tölul. 1. mgr. 34. gr. laga nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu, er að finna sérstaka gjaldtökuheimild vegna krabbameinsleitar. Ekki þykir þörf á sérstakri heimild þar að lútandi enda fellur þjónusta og rannsóknir vegna krabbameinsleitar undir 1., 2., 3. eða 4. tölul. 1. mgr. 29. gr. frumvarpsins eftir því hvar þjónustan er veitt.

Í 2. mgr. og 3. mgr. er kveðið á um gjaldtöku vegna heilbrigðisþjónustu sem veitt er einstaklingum sem ekki eru sjúkratryggðir samkvæmt frumvarpinu. Ósjúkratryggðir eiga ekki rétt á heilbrigðisþjónustu lögum samkvæmt hér á landi. Þó hefur heilbrigðisráðherra í reglugerð nr. 1076/2006 ákveðið að þessir aðilar fái læknishjálp og heilbrigðisþjónustu sem veitt er af hinu opinbera heilbrigðiskerfi á Íslandi við skyndileg veikindi eða slys sem upp koma hjá hinum sjúkratryggða hér á landi, sbr. 15. gr. reglugerðarinnar. Skv. 2. mgr. 29. gr. frumvarpsins skulu þessir aðilar greiða raunkostnað af þeirri þjónustu sem þeir fá á heilbrigðisstofnunum, heilsugæslustöðvum og sjúkrahúsum enda eru þeir oftast með tryggingar í heimalandi sínu. Um gjaldið fer skv. 16. gr. reglugerðar nr. 1076/2006 og nær það til alls kostnaðar, t.d. við innritun og aðstöðu, tímagjalds vegna læknisþjónustu eða þjónustu annarra heilbrigðisstarfsmanna, kaup á aðföngum, leigu á húsnæði og kostnaðar við hjálpartæki og lyf, auk innheimtukostnaðar. Ef um innlögn á sjúkrahús er að ræða skal ósjúkratryggður greiða

meðaltal DRG-kostnaðar eins og það er reiknað út af Landspítala og/eða sjúkratryggingastofnuninni. Í þeim tilvikum sem kostnaður fer umfram viðmiðunarmark DRG-meðaltals skal greiða raunkostnað. Ef í gildi eru milliríkjasamningar um þjónustuna gilda þeir um gjaldtöku af hinum ósjúkratryggða. Ákvæðið er samhljóða 2. mgr. 34. gr. laga um heilbrigðisþjónustu.

Í 3. mgr. er þeim heilbrigðisstofnunum sem fengið hafa heimild ráðherra til að veita ósjúkratryggðum einstaklingum heilbrigðisþjónustu á einkaréttarlegum grundvelli skv. 3. mgr. 22. gr. laga um heilbrigðisþjónustu veitt heimild til að taka hærra gjald fyrir þjónustuna en nemur kostnaði af veitingu hennar, svo fremi að ekki sé í gildi samningur um þjónustuna við það ríki þar sem sjúklingur er sjúkratryggður. Gerir heimildin ráð fyrir því að heilbrigðisstofnanir sem fengið hafa slíka heimild geti skipulagt og markaðssett tiltekna heilbrigðisþjónustu, svo sem sérhæfðar skurðaðgerðir o.fl., fyrir ósjúkratryggða á einkaréttarlegum grundvelli og veitt hana í hagnaðarskyni. Ákvæðið er samhljóða 3. mgr. 34. gr. laga um heilbrigðisþjónustu. Í greinargerð með frumvarpi til þeirra laga er vísað til umfjöllunar um 3. mgr. 22. gr. þess frumvarps en þar segir m.a.: „Samkvæmt 3. mgr. getur ráðherra veitt sjúkrahúsum og öðrum sérhæfðum heilbrigðisstofnunum sem reknar eru af ríkinu heimild til að skipuleggja heilbrigðisþjónustu á einkaréttarlegum grundvelli fyrir ósjúkratryggða einstaklinga sem koma til landsins gagngert í því skyni að gangast undir tiltekna aðgerð eða meðferð, enda skerði það ekki lögbundna þjónustu stofnunarinnar. Hér er um nýmæli að ræða sem ætlað er að veita sjúkrahúsum og sérhæfðum heilbrigðisstofnunum tækifæri til útrásar og „útflutnings“ á sérhæfðri heilbrigðisþjónustu sem veitt er hér á landi. Gæði og hagkvæmni íslenskrar heilbrigðisþjónustu þykja á mörgum sviðum til fyrirmyndar og má ætla að ýmis tækifæri geti verið fyrir hendi á þessu sviði sem rétt sé að nýta til hagsbóta fyrir íslenskt heilbrigðiskerfi og samfélagið í heild sinni. Þá má ætla að starfsemi af þessu tagi geti styrkt og eflt læknavísindi hér á landi m.a. á þeim sviðum þar sem óraunhæft hefur talist að halda uppi öflugri lækningastarfssemi vegna fámennis. Um gjaldtöku af ósjúkratryggðum einstaklingum fyrir heilbrigðisþjónustu samkvæmt ákvæðinu fer skv. 3. mgr. [34]. gr. og vísast til umfjöllunar um það ákvæði hér að neðan. Gerir heimildin þannig ráð fyrir að heilbrigðisstofnanir sem reknar eru af ríkinu geti markaðssett tiltekna heilbrigðisþjónustu, svo sem sérhæfðar skurðaðgerðir o.fl., fyrir ósjúkratryggða á einkaréttarlegum grundvelli og veitt hana í hagnaðarskyni. Sé heimildin nýtt verður að gera þá kröfu að veiting þjónustunnar hafi ekki áhrif á þá þjónustu sem sjúkratryggðum stendur til boða.“

Að öðru leyti en að framan greinir vísast til athugasemda með 33. gr. frumvarps þess er varð að lögum nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu.

Um 30. gr.

Í greininni er kveðið á um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga í ferðakostnaði innan lands. Gert er ráð fyrir því meginskilyrði að um sé að ræða óhjákvæmilegan ferðakostnað vegna ítrekaðrar meðferðar hjá lækni eða í sjúkrahúsi. Gert er ráð fyrir að nánar verði kveðið á um greiðsluþátttökuna, svo sem skilyrði hennar og hversu mikil hún skuli vera, í reglugerð sem ráðherra setur. 1. mgr. er samhljóða 1. málsl. i-liðar 1. mgr. 41. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar.

Í 2. mgr. er að finna reglugerðarheimild sem heimilar ráðherra að ákveða frekari greiðsluþátttöku í ferðakostnaði en mælt er fyrir um í 1. mgr. Þannig getur ráðherra t.d. ákveðið að sjúkratryggingar taki þátt í ferðakostnaði þótt ekki sé um ítrekaða meðferð að ræða. Að því er ferðakostnað varðar kemur þessi reglugerðarheimild í stað 1. málsl. 3. mgr. 41. gr. laga um almannatryggingar.

Um 31. gr.

Í greininni er kveðið á um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga í óhjákvæmilegum dvalarkostnaði foreldra vegna sjúkrahúsinnlagnar barna þeirra undir 18 ára aldri fjarri heimili. Gert er ráð fyrir að nánar verði kveðið á um greiðsluþátttökuna, svo sem skilyrði hennar og hversu mikil hún skuli vera, í reglugerð sem ráðherra setur. Greinin er samhljóða 2. og 3. málsl. iliðar 1. mgr. 41. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar, að öðru leyti en því að orðalagi hefur eilítið verið hnikað til.

Um 32. gr.

Í greininni er kveðið á um greiðslu sjúkratrygginga á sjúkradagpeningum. Greinin er að miklu leyti samhljóða 43. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar. Þó hafa verið gerðar nokkrar breytingar sem fyrst og fremst lúta að orðalagi.

Í 1. mgr. er gerð sú breyting að réttur til sjúkradagpeninga er nú bundinn við að umsækjandi hafi náð 18 ára aldri í stað 16 ára áður. Er sú breyting í samræmi við lögræðislög, nr. 71/1997, en skv. 1. gr. þeirra laga verða menn lögráða, þ.e. sjálfráða og fjárráða, 18 ára. Jafnframt er breytingin í samræmi við barnalög, nr. 76/2007, en skv. 53. og 61. gr. þeirra laga er foreldrum skylt að framfæra börn sín til 18 ára aldurs.

Ákvæði um örorkustyrk er bætt við 1. málsl. 1. mgr. Ákvæðið kemur í stað 2. mgr. 48. gr. laga um almannatryggingar, að því er varðar samspil örorkustyrks og sjúkradagpeninga og hefur þannig enga efnislega breytingu í för með sér.

Í 2. málsl. 1. mgr. er kveðið á um að sjúkradagpeningar greiðist ekki fyrir sama tímabil og slysadagpeningar. Þá er kveðið á um að sjúkradagpeningar greiðist ekki fyrir sama tímabil og umsækjandi nýtur greiðslna vegna samkvæmt lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof. Ekki skiptir máli hvort um er að ræða greiðslur úr fæðingarorlofssjóði eða greiðslur fæðingarstyrks. Ákvæðið kemur í stað 2. mgr. 48. gr. laga um almannatryggingar að því er varðar samspil slysadagpeninga og sjúkradagpeninga, og í stað ákvæða í 2. mgr. 33. gr. laga nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, að því er varðar samspil sjúkradagpeninga og greiðslna samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof, sbr. einnig 69. gr. frumvarpsins. Varðandi síðarnefnda atriðið þykir eðlilegra að ákvæði þessa efnis sé í lögum um sjúkratryggingar heldur en í lögum um fæðingar- og foreldraorlof, enda varðar ákvæðið rétt samkvæmt fyrrgreindu lögunum.

Í 2. mgr. er fjallað um greiðslutímabil sjúkradagpeninga. Skilyrði er að veikindi hafi varað í a.m.k. 21 dag samfellt og greiðast þá dagpeningar frá og með 15. veikindadegi. Dagpeningar greiðast þannig ekki fyrir fyrstu 14 dagana sem veikindi vara. Hámarksgreiðslutímabil dagpeninga er 52 vikur á hverju 24 mánaða tímabili. Í 12. mgr. er ráðherra þó veitt heimild til að kveða á um framlengingu þess tímabils í reglugerð. Ákvæðið er samhljóða 1. málsl. 2. mgr. og 3. mgr. 43. gr. laga um almannatryggingar. Rétt er að geta þess að í 2. málsl. 2. mgr. 43. gr. laga um almannatryggingar er kveðið á um framlengingu hámarksgreiðslutímabils en eins og fyrr var nefnt er ráðherra í 12. mgr. veitt heimild til að kveða á um það atriði í reglugerð.

Í 3. mgr. er kveðið á um fjárhæð sjúkradagpeninga. Ákvæðið er að mestu samhljóða 4. mgr. 43. gr. laga um almannatryggingar utan þess að orðalag hefur lítillega verið lagfært.

Í 4. mgr. er kveðið á um dagpeninga vegna launaðrar vinnu, þ.e. í hvaða tilvikum heimilt er að greiða fulla dagpeninga og hálfa dagpeninga. Ákvæðið er samhljóða 5. mgr. 43. gr. laga um almannatryggingar.

Í 5. mgr. er að finna ákvæði um greiðslu dagpeninga til þeirra sem hafa það að aðalstarfi að sinna heimilishaldi og heimilisstörfum við eigið heimili. Ákvæðið er að miklu leyti samhljóða 6. mgr. 43. gr. laga um almannatryggingar en þó eru ákvæði um greiðslur vegna heimilishjálpar einfölduð mjög. Gert er ráð fyrir að ráðherra geti kveðið nánar á um það atriði í reglugerð, sbr. 12. mgr. greinarinnar. Í 3. málsl. er kveðið á um að umsækjandi sem nýtur dagpeninga vegna niðurfelldrar launavinnu geti átt rétt á viðbót vegna heimilishjálpar. Átt er við umsækjanda sem nýtur minna en fullra dagpeninga vegna starfs síns, því greiðslur geta samtals ekki numið meira en fullum dagpeningum.

Í 6. mgr. er kveðið á um rétt námsmanna til dagpeninga vegna forfalla frá námi. Ákvæðið er samhljóða 2. málsl. 9. mgr. 43. gr. laga um almannatryggingar en orðalagi þó eilítið hnikað til.

Í 8. mgr. er kveðið á um viðmiðunartímabil varðandi mat á því hvort réttur til dagpeninga sé fyrir hendi, þ.e. síðustu tvo mánuðina áður en umsækjandi varð óvinnufær. Ákvæðið er samhljóða 1. málsl. 9. mgr. 43. gr. laga um almannatryggingar.

Í 9. mgr. er kveðið á um áhrif verkfalls á rétt til dagpeninga. Ákvæðið er samhljóða 10. mgr. 43. gr. laga um almannatryggingar.

Að því er varðar sjúkradagpeninga kemur 7. mgr. í stað 3. mgr. 48. gr. laga um almannatryggingar, 10. mgr. kemur í stað 3. málsl. 1. mgr. 56. gr. s.l., 11. mgr. kemur í stað e-liðar 1. mgr. 41. gr. s.l. og 13. mgr. kemur í stað 1. málsl. 69. gr. s.l.

Að auki er kveðið á um í 12. mgr. að ráðherra setji reglugerð um nánari framkvæmd greinarinnar. Í reglugerðinni er m.a. heimilt að kveða nánar á um atriði sem mælt er fyrir um í 43. gr. laga um almannatryggingar en er ekki að finna í frumvarpinu, svo sem um framlengingu hámarksgreiðslutímabils.

Um 33. gr.

Í greininni er kveðið á um rétt sjúkratryggðs vegna kostnaðar sem hann kann að verða fyrir vegna veikinda eða slysa erlendis. Í 1. mgr. er kveðið á um að sé sjúkratryggðum nauðsyn að leita sér lækninga þar sem hann er staddur erlendis þá greiði sjúkratryggingar kostnað af því eins og um læknishjálp innan lands væri að ræða. Þetta nær þó ekki til þeirra sem samkvæmt milliríkjasamningum öðlast rétt til sjúkrahjálpar í öðru landi vegna dvalar þar að því er varðar þá aðstoð sem samningarnir fjalla um. Ákvæðið er samhljóða 1. mgr. 45. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar.

Í 2. mgr. segir að þegar sjúkratryggðum sé nauðsyn að leita sér lækninga þar sem hann er staddur erlendis í aðildarríki EES-samningsins þá skuli sjúkratryggingar greiða kostnað af því samkvæmt reglum EES-samningsins á sviði almannatrygginga. Ákvæðið er samhljóða 3. mgr. 45. gr. laga um almannatryggingar.

Í 3. mgr. er kveðið á um að sjúkratryggingar skuli einnig greiða þann kostnað sem hlýst af því að sjúkratryggðum sé nauðsyn á að leita sér lækninga þegar hann sé staddur í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu. Ákvæðið er samhljóða 4. mgr. 45. gr. laga um almannatryggingar.

Í 4. mgr. er gert ráð fyrir að heilbrigðisráðherra setji reglugerð um framkvæmd greinarinnar, m.a. um að hvaða marki sjúkratryggingum sé heimilt að endurgreiða sjúkratryggðum kostnað vegna veikinda eða slyss erlendis sem hann fengi ella ekki endurgreiddan frá sjúkratryggingum. Ákvæðið er samhljóða 2. mgr. 45. gr. laga um almannatryggingar.

Um 34. gr.

Í greininni er fjallað um umsóknir um bætur og þær upplýsingar sem umsækjanda ber að veita og sjúkratryggingastofnunin aflar. Í 1. mgr. er mælt fyrir um umsóknir en ákvæðið er að miklu leyti samhljóða 1., 2. og 4. málsl. 1. mgr. 52. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar, og er efnislega sambærilegt.

Í 2. mgr. er kveðið á um upplýsingaskyldu umsækjanda. Ákvæðið er samhljóða 1. málsl. 2. mgr. 52. gr. laga um almannatryggingar.

Í 3. mgr. er sjúkratryggingastofnuninni heimilað að afla tiltekinna upplýsinga um tekjur umsækjanda og greiðslur til hans. Málsgreinin er samhljóða 3. og 6. málsl. 2. mgr. 52. gr. laga um almannatryggingar, að því undanskildu að ekki er heimilt að afla upplýsinga um tekjur maka, enda hafa þær ekki þýðingu varðandi ákvarðanir um bætur sjúkratrygginga. Jafnframt er bætt við heimild til að afla upplýsinga um örorkumöt og greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, enda eru upplýsingar þar að lútandi nauðsynleg forsenda réttrar afgreiðslu bóta samkvæmt lögum þessum. Sem dæmi má nefna afgreiðslu sjúkradagpeninga skv. 32. gr. frumvarpsins og greiðslu gjalds fyrir heilbrigðisþjónustu skv. 29. gr. frumvarpsins. Aðeins er átt við upplýsingar um hvort örorkumat hafi farið fram, hver sé gildistími þess og niðurstaða varðandi hlutfall örorku. Ekki er heimilt að afla upplýsinga frá Tryggingastofnun um t.d. ástæður örorkumats eða sjúkrasögu.

4. mgr. er samhljóða 7. málsl. 2. mgr. 52. gr. laga um almannatryggingar, en þar er mælt fyrir um skyldu umsækjanda til að tilkynna um breytingar á tekjum og öðrum aðstæðum.

Í 5. mgr. er kveðið á um áhrif skorts á nauðsynlegum upplýsingum og er ákvæðið samhljóða 3. mgr. 52. gr. laga um almannatryggingar.

Um 35. gr.

Í greininni er mælt fyrir um afgreiðslu umsókna og ákvarðanir um bætur. 1. mgr. er samhljóða 1. málsl. 1. mgr. 53. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar.

Í 2. mgr. er kveðið á um hversu langt aftur í tímann ákvarða megi bætur. Engar bætur má ákvarða lengra aftur í tímann en tvö ár frá því að umsókn og/eða önnur gögn sem eru nauðsynleg forsenda ákvörðunar bárust sjúkratryggingastofnuninni. Ekki skiptir máli hvort um er að ræða ákvörðun um bætur sem byggist á umsókn eða ákvörðun um bætur sem ekki þarf að sækja sérstaklega um og byggist þar af leiðandi á öðrum gögnum. Sérregla gildir um sjúkradagpeninga. Heimilt er að ákvarða þá tvo mánuði aftur í tímann og í raun sex mánuði ef bótaréttur þykir skýr og ótvíræður. Ákvæðið er að mestu samhljóða 2. mgr. 53. gr. laga um almannatryggingar.

Í 3. mgr. er kveðið á um að launþegar sem milliríkjasamningar taka til, leggja niður launuð störf og fara af landi brott geti haldið rétti til sjúkradagpeninga að öðrum skilyrðum uppfylltum í allt að tvo mánuði eftir að störfum hér á landi lýkur. Skilyrði er að þeir hafi ekki hafið störf í öðru ríki sem Ísland hefur gert samning við. Ákvæði sem þetta hefur ekki verið í lögum um almannatryggingar og er talið mikilvægt að bæta þar úr, sérstaklega þar sem sjúkradagpeningar byggjast ekki eingöngu á búsetu hér á landi heldur á vinnu. Ef búseta réði eingöngu þá ættu bæturnar að falla niður skv. 1. málsl. 3. mgr. 10. gr. frumvarpsins.

Í 4. gr. er kveðið á um að ákvarðaðar bætur falli niður séu þær ekki sóttar innan 12 mánaða. Ákvæðið er samhljóða 2. mgr. 54. gr. laga um almannatryggingar.

Í 5. mgr. segir að grundvöll bótaréttar megi endurskoða hvenær sem er og samræma bætur þeim breytingum sem orðið hafa og er ákvæðið samhljóða 3. mgr. 53. gr. laga um almannatryggingar.

Um 36. gr.

Í greininni er fjallað um stjórnsýslukærur og segir í 1. mgr. að rísi ágreiningur um grundvöll, skilyrði eða upphæð bóta skv. III. kafla laganna sé heimilt að kæra ákvörðun sjúkratryggingastofnunar til úrskurðarnefndar almannatrygginga samkvæmt lögum um almannatryggingar. Ákvæðið er nánast samhljóða 1. mgr. 7. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar.

Í 2. mgr. er kveðið á um að kæra til úrskurðarnefndar almannatrygginga skuli vera skrifleg. Kæru þarf að bera fram innan þriggja mánaða frá því aðila máls var tilkynnt um ákvörðun. Á skrifstofum sjúkratryggingastofnunarinnar liggja frammi eyðublöð í þessu skyni og ber starfsmönnum stofnunarinnar að veita nauðsynlega aðstoð við útfyllingu þeirra. Ákvæðið er nánast samhljóða 1. mgr. 8. gr. laga um almannatryggingar.

Í 3. mgr. segir að sjúkratryggingastofnunin skuli láta nefndinni í té öll gögn máls, svo og þær upplýsingar og skýringar er nefndin telur þörf á. Ákvæðið er samhljóða 2. mgr. 8. gr. laga um almannatryggingar.

Í 4. mgr. er kveðið á um að sjúkratryggingastofnunin geti höfðað dómsmál til að fá hnekkt úrskurði úrskurðarnefndar almannatrygginga. Ákvæðið er nánast samhljóða 3. mgr. 9. gr. laga um almannatryggingar.

Um 37. gr.

Í greininni er kveðið á um ofgreiðslur og vangreiðslur bóta og taka ákvæðin mið af ákvæðum í lögum nr. 100/2007, um almannatryggingar. Gert er ráð fyrir að ekki sé jafnmikil þörf á ítarlegum ákvæðum og vegna lífeyristrygginga almannatrygginga.

Í 1. málsl. 1. mgr. er kveðið á um að hafi sjúkratryggingastofnunin ofgreitt bætur samkvæmt lögunum skuli stofnunin draga ofgreiddar bætur frá bótum sem viðtakandi kann síðar að öðlast rétt til. Í 2. málsl. segir að stofnunin eigi einnig endurkröfurétt á hendur viðtakanda samkvæmt almennum reglum. Málsliðirnir eru samhljóða 1. mgr. 55. gr. laga um almannatryggingar.

Í 3. málsl. 1. mgr. er kveðið á um að ef ofgreiðsla stafi af sviksamlegu atferli viðtakanda skuli hann greiða dráttarvexti á þá fjárhæð og reiknast þeir frá þeim tíma sem endurkröfuréttur stofnaðist. Ákvæðið er nánast samhljóða 5. mgr. 55. gr. laga um almannatryggingar.

Í 2. mgr. er kveðið á um að hafi sjúkratryggingastofnunin vangreitt bætur skuli stofnunin greiða viðtakanda það sem upp á vanti. Ákvæðið er nánast samhljóða 1. málsl. 4. mgr. 55. gr. laga um almannatryggingar.

Í 3. mgr. er ráðherra heimilað að setja reglugerð um nánari framkvæmd greinarinnar, m.a. um innheimtu á ofgreiddum bótum, undanþágur frá innheimtu ofgreiddra bóta og afskriftir krafna. Ákvæðið er nánast samhljóða 6. mgr. 55. gr. laga um almannatryggingar.

Um 38. gr.

Í greininni er fjallað um úrræði þegar samningar um heilbrigðisþjónustu eru ekki fyrir hendi, sbr. IV. kafla frumvarpsins. Ákvæðið er nýmæli. Meginreglan er enn sem fyrr að í öllum tilvikum þurfi að liggja fyrir samningar milli sjúkratryggingastofnunarinnar og veitenda þjónustu ef til þess á að koma að ríkið greiði hlutdeild í kostnaði við heilbrigðisþjónustu. Í einstökum afmörkuðum tilvikum þykir þó rétt að sjúkratryggingastofnuninni sé heimilt að endurgreiða sjúkratryggðum útlagðan kostnað vegna heilbrigðisþjónustu á grundvelli gjaldskrár sem sjúkratryggingastofnunin gefur út. Gert er ráð fyrir að ávallt verði gripið til slíks úrræðis tímabundið og að ákvæðið heimili ekki að komið sé á varanlegu endurgreiðslukerfi

án þess að fyrir liggi samningar milli sjúkratryggingastofnunarinnar og viðsemjenda. Einkum er gert ráð fyrir að ákvæðið verði nýtt til að brúa millibilsástand þegar samningaviðræður standa yfir og ekki hafa verið gerðir fullnægjandi samningar um heilbrigðisþjónustu á afmörkuðu sviði.

Samkvæmt 2. mgr. setur ráðherra reglugerð um nánari framkvæmd greinarinnar. Í reglugerðinni skal kveðið á um tímalengd heimildar til endurgreiðslu samkvæmt greininni og önnur skilyrði endurgreiðslu. Gert er ráð fyrir að ráðherra setji sérstaka reglugerð í hvert sinn sem heimild þessari er beitt.

Um 39. gr.

Í 28. gr. laga nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu, er kveðið á um að heilbrigðisráðherra fari með umboð ríkisins til samningsgerðar um veitingu heilbrigðisþjónustu og endurgjald ríkisins vegna hennar. Þar er jafnframt kveðið á um að ráðherra skipi sérstaka samninganefnd til að annast þá samningsgerð. Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að samninganefnd ráðherra verði lögð niður og hlutverk hennar flutt til sjúkratryggingastofnunarinnar, sbr. 8. tölul. 59. gr. frumvarpsins þar sem lögð er til sú breyting á 2. málsl. 28. gr. laga um heilbrigðisþjónustu að sjúkratryggingastofnunin annist samningsgerð um heilbrigðisþjónustu samkvæmt lögum um sjúkratryggingar.

Í 1. mgr. 39. gr. frumvarpsins er lagt til að sjúkratryggingastofnunin annist alla samningsgerð um heilbrigðisþjónustu, bæði um heilbrigðisþjónustu sem ríkinu er skylt að veita samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu og öðrum lögum, og heilbrigðisþjónustu sem ákveðið hefur verið að veita í samræmi við stefnumörkun ráðherra skv. 2. gr. frumvarpsins og 3. gr. laga um heilbrigðisþjónustu. Stofnunin tekur því ekki aðeins við hlutverki samninganefndar ráðherra heldur einnig hlutverki sem heilbrigðisráðuneytið hefur sinnt á sviði samningsgerðar um heilbrigðisþjónustu og fjárveitinga til heilbrigðisstofnana. Vísast nánar um það til almennra athugasemda með lagafrumvarpi þessu.

Auk samningsgerðar um heilbrigðisþjónustu er jafnframt gert ráð fyrir að sjúkratryggingastofnunin annist samningsgerð um þá aðstoð sem ber að veita skv. III. kafla frumvarpsins og telst ekki vera heilbrigðisþjónusta. Loks er gert ráð fyrir að jafnframt því að semja um veitingu heilbrigðisþjónustu og aðstoðar sé samið um endurgjald ríkisins vegna hennar.

Í 2. mgr. greinarinnar er nánar tilgreint við hverja sjúkratryggingastofnunin semji um veitingu heilbrigðisþjónustu, þ.e. heilbrigðisstofnanir sem starfa samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, sveitarfélög, t.d. vegna hjúkrunarheimila, sjálfseignarstofnanir og loks fyrirtæki og einstaklinga. Ekki er gert ráð fyrir að stofnunin semji við fagfélög eða stéttarfélög eins og tíðkast hefur.

Um 40. gr.

Greinin er að miklu leyti samhljóða 29. gr. laga nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu. Þó er í 2. málsl. 1. mgr. kveðið á um að við samningsgerð skuli hafa hagsmuna hinna sjúkratryggðu að leiðarljósi. Er það í samræmi við meginanda frumvarpsins en rétt þykir að leggja sérstaka áherslu á þetta atriði. Þá er í 3. málsl. 1. mgr. tekið fram að skilyrði samningsgerðar sé að fyrir liggi staðfesting landlæknis á því hvort rekstur heilbrigðisþjónustu eða fyrirhugaður rekstur uppfylli faglegar kröfur og önnur skilyrði í heilbrigðislöggjöf, sbr. 26. gr. laga um heilbrigðisþjónustu og 6. gr. laga nr. 41/2007, um landlækni. Hér er ekki um efnislega breytingu að ræða en rétt þykir að leggja áherslu á þetta skilyrði þar sem ákvæðin um staðfestingu landlæknis eru í öðrum lögum. Loks eru í 2. mgr. ítarlegri ákvæði um efni samninga

þar sem til viðbótar er kveðið á um að í samningum skuli vera ákvæði um gæði þjónustu, endurgjald til veitanda og eftirlit með framkvæmd samnings, ásamt því að kveðið er á um að tryggja skuli aðgengi sjúkratryggðra að umsaminni heilbrigðisþjónustu óháð efnahag og að veitendur heilbrigðisþjónustu skuli gæta þess að sjúkratryggðir njóti jafnræðis. Auk þess er 3. málsl. 1. mgr. 29. gr. laga um heilbrigðisþjónustu sleppt þar sem efnislega sambærilegt ákvæði er að finna í 2. málsl. 3. mgr. 43. gr. frumvarpsins. Orðalag 4. og 5. mgr. er lagfært að því er varðar tilvísanir til ráðherra og samninganefndar hans í samræmi við þær meginbreytingar sem felast í frumvarpi þessu.

Í athugasemdum er fylgdu frumvarpi því sem varð að lögum um heilbrigðisþjónustu segir m.a. um 1. mgr.: „Í 1. mgr. ákvæðisins er kveðið nánar á um form og efni samninga um heilbrigðisþjónustu sem ráðherra gerir … Ákvæðið ber að skoða í nánum tengslum við ákvæði 3. gr. frumvarpsins þar sem fjallað er um stefnumótunarhlutverk ráðherra og heimildir hans til þess að hrinda þeirri stefnumörkun í framkvæmd enda er samningsumboð ráðherra veigamikið stjórntæki í þeim efnum. Þannig skulu samningar um heilbrigðisþjónustu vera í samræmi við stefnumörkun ráðherra á grundvelli 3. gr., m.a. um skipulag heilbrigðisþjónustu, en ráðherra ber, eins og áður er rakið, að haga skipulagi, og þar með samningum, með þeim hætti að heilbrigðisþjónusta sé ávallt veitt á viðeigandi þjónustustigi og að heilsugæslan sé að jafnaði fyrsti viðkomustaður sjúklinga. Samningar um heilbrigðisþjónustu skulu jafnframt vera í samræmi við stefnu um forgangsröðun verkefna, hagkvæmni og gæði þjónustunnar og aðgengi að henni. Þá skal í samningum um heilbrigðisþjónustu m.a. kveða á um magn og tegund þjónustu, hvar hún skuli veitt og af hverjum.“

Bætt er við nýrri málsgrein, sem verður 3. mgr., og er í henni kveðið á um hvernig val á viðsemjendum skuli fara fram. Lögð er áhersla á að val á viðsemjendum byggi á hlutlægum og málefnalegum forsendum. Í málsgreininni er mikilvægustu forsendnanna getið en upptalningin er ekki tæmandi. Ekki er gert ráð fyrir að samið sé við einkaaðila um veitingu þjónustu ef slíkt raskar hinu opinbera þjónustukerfi. Þannig er ekki unnt að tína út ábatasömustu þjónustuþættina ef það þýðir að opinber stofnun missi hæfni til að veita þjónustu á hagkvæman og öruggan hátt. Þó mikilvægt sé að halda kostnaði niðri og velja þá aðila sem geta veitt þjónustu með lágum tilkostnaði má slíkt markmið ekki vera á kostnað þátta eins og hæfni, gæða og öryggis. Meðal öryggisþátta sem tryggja verður er öflug bráðaþjónusta en forsenda hennar getur verið að starfsmenn viðhaldi og auki þekkingu sína með því að fást við önnur viðfangsefni. Loks má nefna að í ýmsum tilfellum geta ólíkar málefnalegar forsendur falið í sér andstæður. Þannig er mögulegt að einkaaðili geti veitt tiltekna þjónustu af góðum gæðum og með lægri kostnaði en opinber heilbrigðisstofnun. Hins vegar getur tilfærsla mikilvægra starfsþátta komið niður á öryggi eða gert þá þjónustu sem eftir verður óhagkvæmari. Af þessum ástæðum er það lykilatriði að sjúkratryggingastofnunin geti valið vægi einstakra þátta þegar teknar eru ákvarðanir um hver skuli veita tiltekna þjónustu.

4. mgr. er nánast samhljóða 2. mgr. 29. gr. laga um heilbrigðisþjónustu. Í athugasemdum er fylgdu frumvarpi því sem varð að lögum um heilbrigðisþjónustu segir m.a. um ákvæðið: „Í 2. mgr. er … veitt heimild til að takmarka samningsgerð … við hluta þeirra aðila sem veitt geta tiltekna heilbrigðisþjónustu sé framboð af henni meira en þörf er á eða unnt er að semja um með hliðsjón af fjárheimildum. Sé heimildin notuð má ætla að tvær aðferðir komi helst til greina við beitingu hennar. Annars vegar sú að auglýsa eftir aðilum á samning til að veita þá tilteknu heilbrigðisþjónustu sem um ræðir … Samningsaðilar yrðu þá valdir úr hópi umsækjanda. Hins vegar kemur til greina að leita tilboða frá þeim sem veitt geta þjónustuna og að samningsaðilar séu síðan valdir á grundvelli þeirra tilboða sem berast. Aðrar aðferðir

kunna jafnframt að koma til greina en í öllum tilvikum verða ákvarðanir … við val á samningsaðilum að byggjast á hlutlægum og málefnalegum sjónarmiðum, m.a. um hagkvæmni og gæði þjónustunnar eins og fram er tekið í ákvæðinu. Felur þetta m.a. í sér að … að jafnaði [ber] að velja þá aðila sem teljast hæfastir til að veita þjónustuna samkvæmt þeim sjónarmiðum sem lögð eru til grundvallar. Miðar ákvæðið fyrst og fremst að því að tryggja … fullnægjandi valdheimildir til að bregðast við þeim aðstæðum sem lýst er í ákvæðinu og skipuleggja og stjórna heilbrigðiskerfinu á sem hagkvæmastan hátt með hagsmuni sjúklinga að leiðarljósi.“

5. mgr. er samhljóða 3. mgr. 29. gr. laga um heilbrigðisþjónustu að öðru leyti en því að sjúkratryggingastofnunin kemur í stað ráðherra eða samninganefndar hans. Í athugasemdum er fylgdu frumvarpi því sem varð að lögum um heilbrigðisþjónustu segir m.a. um ákvæðið: „Í 3. mgr. er tekið fram að rekstraraðili sem hyggst hefja sjálfstæðan rekstur heilbrigðisþjónustu þar sem gert er ráð fyrir að ríkið greiði kostnað sjúklings að hluta eða öllu leyti skuli hafa gert samning … áður en hann hefur rekstur, nema fyrir liggi einhliða ákvörðun ráðherra um greiðsluþátttöku á grundvelli sérstakrar heimildar í öðrum lögum. Miðar ákvæðið að því að tryggja að rekstur heilbrigðisþjónustu á þessum grundvelli sé almennt ekki hafinn nema samningur um greiðsluþátttöku liggi fyrir. Felur ákvæðið í sér, eins og skýrt er tekið fram í 6. mgr. 26. gr., að sé rekstur heilbrigðisþjónustu hafinn án þess að samningur liggi fyrir verði ekki um greiðsluþátttöku að ræða vegna þeirrar heilbrigðisþjónustu sem veitt er. Framangreint kemur þó ekki í veg fyrir að ráðherra geti síðar á grundvelli 27. gr. frumvarpsins ákveðið að ganga til samninga við viðkomandi rekstraraðila um greiðsluþátttöku vegna heilbrigðisþjónustu sem rekstraraðili veitir eftir að samningur er gerður.“ Í málsgreininni er vísað til þess að ráðherra geti ákveðið að taka þátt í kostnaði við heilbrigðisþjónustu á grundvelli sérstakrar heimildar í öðrum lögum og er þar t.d. átt við lög nr. 42/2007, um Heyrnar- og talmeinastöð.

6. mgr. er að mestu samhljóða 4. mgr. 29. gr. laga um heilbrigðisþjónustu. Í athugasemdum er fylgdu frumvarpi því sem varð að lögum um heilbrigðisþjónustu segir m.a. um ákvæðið: „Í 4. mgr. er ráðherra veitt heimild til að ákveða nánar í reglugerð forsendur fyrir samningsgerð um greiðsluþátttöku ríkisins í kostnaði við heilbrigðisþjónustu, sem veitt er utan heilbrigðisstofnana sem ríkið rekur, í samræmi við stefnumörkun skv. 3. gr. og að hún skuli takmarkast við gagnreynda meðferð á sviði heilbrigðisþjónustu. Með reglugerð af þessu tagi gefst ráðherra kostur á að setja almennar verklagsreglur og viðmiðanir sem gilda við samningsgerð um greiðsluþátttöku ríkisins í heilbrigðisþjónustu væntanlegum samningsaðilum til leiðbeiningar sem og samninganefnd ráðherra skv. 27. gr. Geta verklagsreglur og viðmiðanir af þessu tagi jafnframt verið til þess fallnar að tryggja jafnræði í málsmeðferð milli viðsemjenda ráðherra.“

Loks má segja um greinina almennt að við túlkun og beitingu þeirra samningsheimilda sem kveðið er á um í greininni ber að hafa í huga að frumvarpið, verði það að lögum, hefur stöðu sérlaga gagnvart ákvæðum samkeppnislaga. Í því felst að ákvæði þess ganga framar ákvæðum samkeppnislaga þegar þau teljast ósamrýmanleg samkeppnislögum. Samkeppnislög gilda því um veitingu og rekstur heilbrigðisþjónustu að svo miklu leyti sem ákvæði frumvarps þessa, verði það að lögum, teljast ekki ósamrýmanleg samkeppnislögum og gangi þannig framar þeim. Samkeppnislög gilda þannig ekki um ákvarðanir sjúkratryggingastofnunarinnar um hvort leitað skuli samninga við einkaaðila eða samið við opinberar stofnanir um veitingu og rekstur heilbrigðisþjónustu eða aðrar slíkar ákvarðanir sem lúta að fyrirkomulagi á veitingu heilbrigðisþjónustu. Ákvæði samkeppnislaga gilda á hinn bóginn um

markaðshegðun viðsemjenda sjúkratryggingastofnunarinnar og fela þannig t.d. í sér bann við samkeppnishömlum, svo sem samráði og samstilltum aðgerðum sem hafa að markmiði eða af þeim leiðir að komið sé í veg fyrir samkeppni, hún sé takmörkuð eða henni raskað.

Um 41. gr.

Greinin er samhljóða 1. mgr. 30. gr. laga nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu, að öðru leyti en því að orðalagi er breytt til samræmis við hlutverk sjúkratryggingastofnunarinnar samkvæmt frumvarpi þessu. Þannig er gert ráð fyrir að ráðherra geti falið sjúkratryggingastofnuninni að gera samninga skv. 1. málsl. og að stofnunin geti að eigin frumkvæði gert samninga skv. 2. málsl. Sjúkratryggingastofnuninni er ekki heimilt að gera samninga skv. 1. málsl. nema samkvæmt ákvörðun ráðherra, enda er þar um að ræða samninga um heilbrigðisþjónustu sem ríkinu er skylt að veita samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, svo sem sjúkrahúsþjónustu og heilsugæslu. Sérstaka ákvörðun ráðherra þarf til þess að semja við einkaaðila um veitingu slíkrar þjónustu.

Í athugasemdum er fylgdu frumvarpi því sem varð að lögum um heilbrigðisþjónustu segir m.a. um ákvæðið: „Í ákvæðinu er kveðið á um heimild ráðherra til að fela sveitarfélagi, eða öðrum aðilum sem ekki er falinn rekstur heilbrigðisþjónustu samkvæmt frumvarpinu, að sjá um framkvæmdir og rekstur ákveðinna þátta þeirrar heilbrigðisþjónustu sem veita ber samkvæmt frumvarpinu. Á grundvelli þessa ákvæðis getur ráðherra til dæmis ákveðið að fela sveitarfélagi eða öðrum aðilum rekstur tiltekinnar heilsugæslustöðvar eða heilsugæslustöðva sem annars væri hluti heilbrigðisstofnunar í umdæmi. Sem dæmi um samninga af þessu tagi má nefna samning ráðherra við Akureyrarbæ um rekstur Heilsugæslunnar á Akureyri og samning við sveitarfélagið Hornafjörð um rekstur Heilbrigðisstofnunar Suðausturlands.

Þá er í ákvæðinu tekið fram að ráðherra geri verksamninga og samninga um rekstrarverkefni samkvæmt ákvæðum laga um fjárreiður ríkisins … Er hér vísað til 30. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, einkum 1. og 3. mgr. Eru heimildir ráðherra samkvæmt þessu ákvæði til nánari fyllingar heimildum hans samkvæmt frumvarpinu til að beita samningum við stjórn heilbrigðiskerfisins, skipulagningu þess, forgangsröðun verkefna o.s.frv.“

Um 42. gr.

1. málsl. greinarinnar er samhljóða 2. mgr. 30. gr. laga nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu, að því undanskildu að sjúkratryggingastofnunin kemur í stað ráðherra. Til að stofnuninni sé heimilt að efna til útboðs þurfa þó önnur skilyrði laganna að vera uppfyllt, svo sem skilyrði 41. gr. um að ákvörðun ráðherra liggi fyrir, ef um er að ræða heilbrigðisþjónustu sem ríkinu er skylt að veita samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu.

Auk hefðbundinna útboða er einnig unnt að auglýsa eftir þeim sem áhuga hafa á að veita tiltekna þjónustu, sbr. 2. mgr. 40. gr.

Um 43. gr.

Í 1. mgr. greinarinnar er kveðið á um hvernig haga megi endurgjaldi fyrir heilbrigðisþjónustu. Einn meginkostur þess að ein stofnun semji um alla heilbrigðisþjónustu og greiði endurgjald fyrir hana er að endurgjaldið getur byggst á ólíkum forsendum allt eftir því sem talið er hagkvæmast og árangursríkast hverju sinni. Ólíkar greiðsluaðferðir fela í sér ólíka hvata og hafa allar ákveðna kosti og galla. Þannig veita verkgreiðslur og greiðslur á grunni afkasta hvata til að auka umfang veittrar þjónustu en geta jafnframt hamlað kostnaðaraðhaldi og jafnvel stuðlað að oflækningum. Því er yfirleitt talið æskilegt að endurgjald byggist á tveimur

eða jafnvel fleiri greiðsluaðferðum (blönduð fjármögnun). Að öðru leyti vísast til umfjöllunar í almennum athugasemdum með frumvarpinu.

Í 2. mgr. greinarinnar er vísað til þess að í samningi milli sjúkratryggingastofnunarinnar og viðsemjanda felist heildarendurgjald fyrir þá þjónustu sem viðsemjandi stofnunarinnar tekur að sér að veita sjúkratryggðum. Veitanda þjónustunnar er þannig óheimilt að krefja sjúkratryggðan um annað eða hærra gjald en gert er ráð fyrir að hann greiði samkvæmt 29. gr. frumvarpsins.

Í 3. mgr. greinarinnar er að finna ákvæði um hvernig staðið skuli að kostnaðargreiningu heilbrigðisþjónustu. Ein forsenda þess að unnt sé að taka upp fjölbreyttar greiðsluaðferðir er að heilbrigðisstofnanir og aðrir sem veita heilbrigðisþjónustu kostnaðargreini þjónustu sína. Kostnaðargreining er forsenda hagkvæms reksturs heilbrigðisstofnana og veitir einnig sjúkratryggingastofnuninni mikilvægar upplýsingar um kostnað ólíkra þjónustuþátta. Þetta gefur henni færi á að bera saman kostnað ólíkra aðila innan lands sem og kostnað hér á landi miðað við önnur lönd. Reynist kostnaður óeðlilega hár getur sjúkratryggingastofnunin samið við tiltekinn veitanda um að lækka kostnað sinn eða leitað til annarra aðila sem veitt geta sömu þjónustu með sömu eða meiri gæðum og lægri kostnaði.

Sjúkratryggingastofnunin ákveður í samráði við veitendur heilbrigðisþjónustu þær aðferðir sem notaðar skulu við kostnaðargreininguna. Samræmdar aðferðir eru forsenda þess að unnt sé að bera saman kostnað ólíkra aðila. Í þessu sambandi er gert ráð fyrir því að kostnaðargreiningin taki mið af öllum hagrænum kostnaði, þ.m.t. kostnaði vegna húsnæðis, fjármagns og afskrifta. Hluti kostnaðar opinberra aðila kemur ekki fram í reikningsskilum þeirra en taka verður tillit til hans til að hægt sé að bera kostnað opinberra aðila saman við kostnað einkaaðila.

Í 4. mgr. greinarinnar er að finna heimild til handa ráðherra til að setja reglugerð um framkvæmd mats á hjúkrunarþyngd vegna endurgjalds fyrir heilbrigðisþjónustu sem veitt er í hjúkrunarrýmum. Sambærilegt ákvæði er nú í 5. málsl. 2. mgr. 44. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar.

Um 44. gr.

Í greininni er kveðið á um notkun gagnreyndrar þekkingar á sviði heilbrigðisþjónustu, bæði við veitingu heilbrigðisþjónustu og við ákvarðanir og samninga um nýjar aðferðir, þjónustu, lyf og vörur. Gert er ráð fyrir að veiting heilbrigðisþjónustu byggist að jafnaði á gagnreyndri læknisfræði (enska: Evidence Based Medicine), gagnreyndri hjúkrunarfræði o.s.frv. Í hugtakinu felst að nýttar eru þær aðferðir sem sýnt hefur verið fram á með viðurkenndum vísindalegum aðferðum að skili bestum árangri. Gert er ráð fyrir að veitendur skuli í þessu sambandi fylgja faglegum fyrirmælum landlæknis og nýta eftir því sem tök eru á faglegar leiðbeiningar hans, sbr. 5. gr. laga nr. 41/2007, um landlækni. Gagnreynd þekking og notkun faglegra fyrirmæla og leiðbeininga er undirstaða gæða þjónustunnar og faglegs eftirlits sjúkratryggingastofnunarinnar.

Gert er ráð fyrir því að við ákvarðanatöku um hvort og hvenær nýjar aðferðir, þjónusta, lyf og vörur skuli samþykktar og þar með nýttar gegn endurgjaldi úr ríkissjóði skuli sjúkratryggingastofnunin ávallt byggja ákvarðanir sínar á niðurstöðum gagnreyndrar þekkingar á sviði heilbrigðisþjónustu. Slíkar ákvarðanir skulu byggðar á niðurstöðu faglegs og hagræns mats í samræmi við viðurkenndar alþjóðlegar aðferðir (enska: Health Technology Assessment). Ekki er þess að vænta að frumvinna vegna slíks mats fari fram hér á landi en víða í

nágrannalöndunum eru sérstakar stofnanir starfræktar í þessu skyni. Gert er ráð fyrir að meðal annars verði stuðst við niðurstöður þeirra.

Eðlilegt þykir að fela sjúkratryggingastofnuninni það nýja hlutverk sem í greininni felst þar sem stofnunin ber samþætta ábyrgð á því að tryggja sem bestan árangur miðað við það fjármagn sem til ráðstöfunar er. Þó er mikilvægt að unnt sé að vísa málum til landlæknis ef sjúkratryggingastofnunin og veitandi ná ekki samkomulagi um gagnsemi miðað við tilkostnað, sbr. 3. mgr. 49. gr. frumvarpsins.

Um 45. gr.

Í 1. mgr. greinarinnar er kveðið á um eftirlit sjúkratryggingastofnunarinnar með starfsemi samningsaðila. Afar mikilvægt er að stofnunin hafi öflugt eftirlit með því að tegundir, magn, gæði, kostnaður og árangur þjónustu sé í samræmi við gerða samninga, enda er slíkt ein forsenda þess að almenningur njóti heilbrigðisþjónustu af réttum gæðum. Samkvæmt lögum um landlækni er eitt af hlutverkum hans að hafa eftirlit með því að heilbrigðisþjónusta uppfylli faglegar lágmarkskröfur og ákvæði heilbrigðislöggjafar. Mikilvægt er að sjúkratryggingastofnunin og landlæknir samræmi eftirlit sitt til að koma í veg fyrir skörun og tvíverknað. Sjúkratryggingastofnunin getur í samningum sínum gert meiri kröfur en landlæknir, þar sem eftirlit hans beinist einungis að því að lágmarkskröfur séu uppfylltar, en mikilvægt er að stofnunin byggi á aðferðum landlæknis í þeim mæli sem unnt er.

Mikilvægt er að ytra eftirlit sjúkratryggingastofnunarinnar byggist fyrst og fremst á gæðastarfi og innra eftirliti veitenda. Því eru í 2. mgr. greinarinnar ákvæði um að stofnunin geti ákveðið að setja í samninga ákvæði sem ætlað er að stuðla að gæðum og árangri þjónustunnar, m.a. um gæðastjórnunarkerfi og vottun þeirra, faggildingu, árangursmælingar og upplýsinga- og skýrslugjöf.

Ein meginforsenda eftirlits með gæðum er að fyrir liggi greinargóðar upplýsingar. Til að auðvelda aðgengi að upplýsingum er gert ráð fyrir í 3. mgr. greinarinnar að sjúkratryggingastofnunin geti krafist þess að samningsaðilar nýti samræmd upplýsingakerfi og skili upplýsingum um veitta þjónustu og starfsemi á samræmdu rafrænu formi til stofnunarinnar. Í þessu felst ekki að allir verði að nýta sömu upplýsingakerfi, heldur að hægt verði að vinna staðlaðar upplýsingar úr öllum kerfum sem nýtt eru. Hér er ekki átt við upplýsingar úr sjúkraskrá, en um slíkar upplýsingar fer skv. 2. og 3. málsl. 46. gr.

Loks er í greininni kveðið á um heimild sjúkratryggingastofnunarinnar til aðgangs að ópersónugreinanlegum upplýsingum úr heilbrigðisskrám landlæknis, eftir því sem við getur átt. Átt er við skrár sem landlækni er skylt að halda skv. 8. gr. laga nr. 41/2007, um landlækni. Ljóst er að upplýsingar úr þeim skrám eru margvíslegar og því er gerður sá fyrirvari að upplýsingarnar verði að hafa þýðingu fyrir starfsemi og eftirlit sjúkratryggingastofnunarinnar til að aðgangur að þeim sé heimill. Upplýsingar úr þeim skrám munu fyrst og fremst gagnast stofnuninni í þeim tilgangi að fá mynd af því hversu vel starfsemi viðsemjenda uppfyllir gæðastaðla og hvort farið sé að faglegum fyrirmælum og leiðbeiningum við framkvæmd þjónustunnar. Í samningsgerðinni, við eftirfylgni og framkvæmd eftirlits með samningunum er það styrkur fyrir báða samningsaðila að geta byggt á slíkum upplýsingum frá hlutlausum þriðja aðila sem í fyrsta lagi hefur það lögbundna hlutverk að safna og halda skrár yfir slíkar upplýsingar og í öðru lagi nýtur trausts allra hlutaðeigandi aðila.

Í lokamálsgrein greinarinnar er það nýmæli að finna að mælt er fyrir um heimild lækna og tannlækna sjúkratryggingastofnunarinnar til að leita upplýsinga hjá þeim sem notið hafa þjónustu. Slík upplýsingaöflun hefur verið talin heimil en rétt þykir að kveða á um hana hér

til að taka af allan vafa. Sá sem leitað er til varðandi upplýsingaöflun samkvæmt þessu ákvæði verður þó ekki skyldaður til að láta af hendi upplýsingar eða gangast undir læknisskoðun umfram þá skyldu sem honum er lögð á herðar skv. 2. mgr. 34. gr. frumvarpsins.

Um 46. gr.

Til viðbótar upplýsingaskyldu skv. 3. mgr. 45. gr. er kveðið á um upplýsingaskyldu heilbrigðisstarfsmanna í 46. gr. frumvarpsins. Greinin er að mestu samhljóða 5. mgr. 52. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar, en orðalag er lagfært lítils háttar, til samræmis við hlutverk sjúkratryggingastofnunarinnar og hugtakanotkun í frumvarpi þessu. Skv. 1. málsl. er heilbrigðisstarfsmönnum þannig ekki aðeins skylt að veita upplýsingar heldur einnig gögn sem nauðsynleg eru til að unnt sé að sinna eftirliti á fullnægjandi hátt. Þó er gert ráð fyrir að sjúkraskrá sé ekki afrituð heldur skoðuð á þeim stað sem hún er varðveitt, sbr. 2. og 3. málsl. greinarinnar.

Ákvæði lokamálsliðar 5. mgr. 52. gr. laga um almannatryggingar er ekki að finna í greininni enda er sambærilegt ákvæði í 50. gr. frumvarpsins og tekur það til allra persónuupplýsinga sem aflað yrði samkvæmt frumvarpinu, verði það að lögum.

Um 47. gr.

Í greininni er kveðið á um heimild sjúkratryggingastofnunarinnar til að semja um kaup á vörum og þjónustu sem ekki er heilbrigðisþjónusta. Fyrst og fremst er um að ræða hjálpartæki, næringarefni og sérfæði. Sambærilegt ákvæði, en öllu ítarlegra, er að finna í 1. mgr. 46. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar. Ekki er talin þörf á svo ítarlegu ákvæði enda gilda lög um opinber innkaup um samningagerð sem þessa.

Um 48. gr.

Samkvæmt greininni skulu samningar innihalda ákvæði um hvað teljist vanefndir og um úrræði vegna vanefnda. Vanefndir geta verið af ýmsum toga og má sem dæmi nefna að skilgreind gæða-, árangurs- og kostnaðarviðmið séu ekki uppfyllt, magn og kostnaður víki verulega frá því sem almennt gerist og réttlætanlegt getur talist, samningsaðili geti ekki réttlætt aðgerðir og aðferðir með vísun til gagnreyndrar þekkingar á sviði heilbrigðisþjónustu eða fari ekki að faglegum fyrirmælum, faglegt mat leiði í ljós að aðgerðir og aðferðir eru ekki réttlætanlegar með tilliti til árangurs, gæða og kostnaðar; eða jafnvel fjársvik og fölsun upplýsinga. Enn fremur getur verið um að ræða brot á formákvæðum samnings, svo sem um upplýsingaskyldu, og aðrar vanefndir.

Það er sjúkratryggingastofnuninni nauðsynlegt að búa yfir öflugum tækjum til að grípa til ef vanefndir verða. Slíkt er forsenda þess að tryggja megi gæði þeirrar þjónustu sem samið hefur verið um og hagkvæma notkun opinbers fjár. Hins vegar er einnig mikilvægt að sjúkratryggingastofnunin gangi ekki lengra en nauðsyn krefur í aðgerðum sínum. Rannsaka verður hvert mál til hlítar og óska eftir viðeigandi upplýsingum frá samningsaðila, sbr. 45. og 46. gr. frumvarpsins, og rökstuðningi varðandi aðferðir, magn, kostnað, gæði og árangur.

Ef sannað þykir að um vanefndir sé að ræða ber stofnuninni að grípa til viðeigandi aðgerða sem ekki eru tæmandi taldar í greininni.

Telji veitendur heilbrigðisþjónustu að um vanefndir á samningi sé að ræða af hálfu sjúkratryggingastofnunarinnar geta þeir beitt fyrir sig samningsákvæðum og almennum vanefndaúrræðum.

Um 49. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir þeirri meginreglu að ágreiningur verði leystur með samkomulagi aðila. Hins vegar þarf að vera viðeigandi farvegur fyrir meðferð ágreinings ef aðilar geta ekki leyst hann. Mælt er fyrir um að í samningum skuli vera ákvæði um meðferð ágreinings, svo sem ákvæði um gerðardóm eða um að máli megi vísa til dómstóla. Lagt er til að ágreiningur vegna framkvæmdar samninga við einkaaðila og vals á viðsemjendum sæti ekki endurskoðun ráðherra.

Önnur úrræði geta einnig komið til skoðunar varðandi meðferð ágreinings. Þannig geta þeir sem taka þátt í útboði leitað réttar síns á grundvelli laga um opinber innkaup.

Gert er ráð fyrir að ágreiningi hvað varðar faglega þætti skuli vísað til landlæknis. Þannig geta samningsaðilar vísað til hans ágreiningi um faglega hæfni veitenda heilbrigðisþjónustu, gæði þjónustu og beitingu gagnreyndrar meðferðar á sviði heilbrigðisþjónustu. Jafnframt geta einstaklingar kvartað til landlæknis og ber honum að upplýsa sjúkratryggingastofnunina um slíkar kvartanir á formi sem stofnanirnar koma sér saman um.

Um 50. gr.

Í greininni, sem er að mestu samhljóða lokamálslið 5. mgr. 52. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar, er kveðið á um meðferð persónuupplýsinga sem aflað er á grundvelli frumvarpsins, verði það að lögum. Rétt þykir að kveðið sé á um þetta atriði í sérstakri grein sem nái til allra persónuupplýsinga sem aflað er samkvæmt lögunum, en sé ekki bundið við persónuupplýsingar sem aflað er frá heilbrigðisstarfsmönnum.

Um 51. gr.

Í greininni er kveðið á um þagnarskyldu starfsfólks sjúkratryggingastofnunarinnar. 1. og 2. málsl. greinarinnar eru samhljóða 2. og 3. málsl. 4. mgr. 52. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar, að undanskildu heitir stofnunarinnar. Í 3. málsl. er kveðið á um þagnarskyldu þeirra sem sinna verkefnum fyrir stofnunina en eru ekki starfsmenn hennar.

Um 52. gr.

Í greininni er kveðið á um skyldu stofnana til að senda sjúkratryggingastofnuninni upplýsingar um vistun, þ.e. innlagnir og útskriftir. Sambærilegt ákvæði er að finna í 7. mgr. 48. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar. Um er að ræða upplýsingar sem stofnuninni eru nauðsynlegar vegna greiðslu endurgjalds fyrir veitta heilbrigðisþjónustu.

Um 53. gr.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um að þegar milliríkjasamningar sem Ísland er aðili að kveða á um gagnkvæm réttindi til sjúkratrygginga skuli þeir sem eiga að falla undir íslenska löggjöf samkvæmt ákvæðum samninganna öðlast réttindi samkvæmt lögunum. Í 1. mgr. 68. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar, er heimild til að kveða á um í milliríkjasamningum að búsetutímabil, atvinnutímabil eða tryggingatímabil í öðru samningsríki skuli talin jafngilda búsetutíma á Íslandi, hvort sem um er að ræða íslenska ríkisborgara eða ríkisborgara annarra samningsríkja. Í 1. mgr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að ákvæðið verði rýmra en 1. mgr. 68. gr. laga um almannatryggingar þar sem orðalag síðarnefnda ákvæðisins er ekki heppilegt með tilliti til þeirra skuldbindinga sem kveðið er á um í almannatryggingareglugerðum Evrópusambandsins sem teknar hafa verið inn í EES-samninginn.

Í 2. mgr. er sjúkratryggingastofnuninni gert að greiða kostnað samkvæmt milliríkjasamningum af aðstoð við þá sem njóta réttar samkvæmt milliríkjasamningum og dveljast hér á landi um stundarsakir. Ákvæðið er sambærilegt 2. mgr. 58. gr. laga um almannatryggingar, en þar segir að Tryggingastofnun ríkisins greiði kostnað samkvæmt milliríkjasamningum af sjúkrahjálp við erlenda ríkisborgara sem dveljast hér á landi um stundarsakir.

Samkvæmt 3. mgr. setur ráðherra reglugerð um nánari framkvæmd greinarinnar, m.a. um heimild til að draga frá bótum samkvæmt lögunum bætur samkvæmt erlendri löggjöf fyrir sama tímabil og bætur eru greiddar fyrir hér á landi. Ákvæðið er sambærilegt 3. mgr. 58. gr. laga um almannatryggingar, en þar segir að heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra geti með reglugerð ákveðið að frá bótum, sem bótaþegi á rétt á hér á landi, dragist bætur sem hann fær samkvæmt erlendri löggjöf fyrir sama tímabil og bætur eru greiddar fyrir hér á landi.

Um 54. gr.

Í greininni er mælt fyrir um kostnað við sjúkratryggingar og er hún samhljóða 1. mgr. 47. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar.

Um 55. gr.

Í 1. málsl. greinarinnar er ráðherra veitt almenn heimild til að setja reglugerð þar sem kveðið er nánar á um framkvæmd laganna. Um er að ræða sambærilega heimild og er í 70. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar.

Samkvæmt 2. málsl. greinarinnar er m.a. heimilt í reglugerð að ákveða frekari kostnaðarþátttöku sjúkratryggingastofnunarinnar í heilbrigðisþjónustu en mælt er fyrir um í III. kafla laganna. Ákvæðið er samhljóða 3. mgr. 41. gr. laga um almannatryggingar.

Í 3. málsl. greinarinnar segir að ráðherra sé heimilt að birta sem reglugerðir almannatryggingareglur Evrópusambandsins með aðlögun vegna EES-samningsins og almannatryggingareglur stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu. Ákvæðið er samhljóða 2. málsl. 70. gr. laga um almannatryggingar.

Um 56. gr.

Í greininni er kveðið á um gildistöku laganna 1. september 2008.

Í 2. mgr. segir að þrátt fyrir gildistöku 1. september 2008 komi ákvæði IV. kafla að því er varðar samninga sem heilbrigðisráðuneytið hefur gert til framkvæmda eigi síðar en 1. júlí 2009. Einnig er í 2. mgr. kveðið á um að ákvæði IV. kafla að því er varðar samninga við heilbrigðisstofnanir í eigu ríkisins og samninga við sveitarfélög og aðra er reka hjúkrunarheimili komi til framkvæmda 1. janúar 2010.

Ljóst er að sjúkratryggingastofnunin getur ekki frá upphafi tekið við öllum verkefnum sem henni eru falin skv. 5. gr. frumvarpsins og er því gert ráð fyrir að það gerist í áföngum. Frá 1. september 2008 tekur stofnunin samkvæmt frumvarpinu við framkvæmd sjúkratrygginga og sjúklingatryggingar af Tryggingastofnun ríkisins. Frá 1. september 2008 tekur hún einnig við samningsverkefnum sem samninganefnd heilbrigðisráðherra hefur haft og frá 1. júlí 2009 tekur hún við þeim samningsverkefnum sem ráðuneytið hefur haft. Þá er gert ráð fyrir að eigi síðar en frá 1. janúar 2010 semji stofnunin við heilbrigðisstofnanir í eigu ríkisins og við sveitarfélög og aðra sem reka hjúkrunarheimili um heilbrigðisþjónustu sem þar er veitt.

Í 3. mgr. greinarinnar er kveðið á um að þrátt fyrir að gildistaka laganna skv. 1. mgr. sé 1. september 2008 þá öðlist ákvæði 12. tölul. 59. gr. þegar gildi.

Um 57. gr.

Í greininni er kveðið á um breytingar á lögum nr. 100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingum, sem leiðir af frumvarpinu.

Um 58. gr.

Í greininni er kveðið á um breytingar á lögum nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, með síðari breytingu. Í 2. og 4. tölul. er kveðið á um breytingar sem leiðir af þeirri meginbreytingu sem í frumvarpinu felst, að sett verði sérlög um sjúkratryggingar.

Samkvæmt 1. og 3. tölul. greinarinnar er gert ráð fyrir að í lögum um félagslega aðstoð verði kveðið á um að heimilt verði að greiða styrk til að kaupa bifreið sem nauðsynleg er vegna þess að líkamsstarfsemi er hömluð eða vantar líkamshluta og að félags- og tryggingamálaráðherra setji reglugerð um greiðslur samkvæmt ákvæðinu, m.a. um sex mánaða búsetuskilyrði. Sambærilegt ákvæði um styrki sjúkratrygginga til kaupa á bifreið eru í a-lið 1. mgr. 38. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar, en þar segir að sjúkratrygging taki til styrks til að afla bifreiða sem nauðsynlegar eru vegna þess að líkamsstarfsemi er hömluð eða vantar líkamshluta. Undanfarin ár hefur mikil umræða verið um það hvort rétt sé að greiða bifreiðakaupastyrki úr sjúkratryggingum. Um er að ræða ferlimál sem eiga meira skylt við félagslega aðstoð ríkisins enda eru ákvæði um uppbætur vegna kaupa á bifreið og reksturs bifreiðar (bensínstyrkur) í lögum nr. 99/2007, um félagslega aðstoð.

Gert er ráð fyrir því að hjálpartæki í bifreið verði áfram hluti af hjálpartækjum sjúkratrygginga, sbr. 26. gr. frumvarpsins.

Um 59. gr.

Í greininni er kveðið á um breytingar á lögum nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingu. Í 1.–3. tölul. og 5.–12. tölul. eru breytingar sem leiðir af því að gert er ráð fyrir því að sjúkratryggingastofnunin annist samninga um heilbrigðisþjónustu. Samningsákvæði laga um heilbrigðisþjónustu eru því flutt í frumvarpið og er nánari grein gerð fyrir því í athugasemdum við IV. kafla frumvarpsins.

Í 4. tölul. er gert ráð fyrir að ákvæði um vistunarmatsnefndir sem nú er í 15. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraða, verði flutt í 16. gr. laga um heilbrigðisþjónustu. Er talið heppilegt að ákvæði sem snerta skipulag heilbrigðisþjónustunnar séu í lögum um heilbrigðisþjónustu.

Í 12. tölul. er gert ráð fyrir nýju ákvæði til bráðabirgða við lögin. Þar er kveðið á um stöðu starfsmanna heilbrigðisstofnana þegar ráðherra hefur gert tímabundna samninga við sveitarfélög um rekstur heilbrigðisþjónustu sem ber að veita samkvæmt lögum nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu. Með slíkum tímabundnum samningum eru viðkomandi sveitarfélagi framseldar allar þær valdheimildir sem forstjórar heilbrigðisstofnana fara með samkvæmt lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, svo fremi að starfsmönnum sé tilkynnt um það. Réttindi og skyldur starfsfólks heilbrigðisstofnana verða þannig óbreytt og ekki kemur til uppsagna eða niðurlagningar starfa.

Um 60. gr.

Í greininni er kveðið á um breytingar á lögum nr. 125/1999, um málefni aldraða, með síðari breytingum. Breytingarnar varða 15. gr. laganna og er vísað til umfjöllunar í athugasemdum við 59. gr. frumvarpsins til nánari skýringar.

Um 61. gr.

Í greininni er kveðið á um breytingar á lögum nr. 111/2000, um sjúklingatryggingu, með síðari breytingum. Um er að ræða lagfæringar sem leiðir af því að sjúkratryggingastofnunin kemur í stað Tryggingastofnunar ríkisins og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra verður heilbrigðisráðherra. Enn fremur kemur landlæknir í stað ráðherra í a-lið 1. tölul., a-lið 2. tölul. og b-lið 6. tölul. þar sem útgáfa starfsleyfa heilbrigðisstétta er nú í höndum landlæknis í stað ráðherra áður, sbr. lög um breytingu á ýmsum lögum vegna flutnings á útgáfu starfsleyfa til landlæknis, nr. 12/2008, sem samþykkt voru á Alþingi 4. mars 2008.

Um 62. gr.

Í greininni er kveðið á um breytingar á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum. Um er að ræða lagfæringar sem leiðir af því að gert er ráð fyrir sérlögum um sjúkratryggingar og að sjúkratryggingastofnunin komi í stað Tryggingastofnunar ríkisins.

Um 63. gr.

Í greininni er kveðið á um breytingar á lögum nr. 74/1997, um réttindi sjúklinga, með síðari breytingum. Um er að ræða orðalagsbreytingar sem leiðir af því að gert er ráð fyrir sérlögum um sjúkratryggingar. Þá er í 1. tölul. orðunum heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra breytt í orðið landlæknis til samræmis við lög um breytingu á ýmsum lögum vegna flutnings á útgáfu starfsleyfa til landlæknis, nr. 12/2008, sem samþykkt voru á Alþingi 4. mars 2008.

Um 64.–68. gr. og 70.–73. gr.

Greinarnar kveða á um breytingar á ýmsum lögum og er eingöngu um að ræða orðalagsbreytingar sem leiðir af flutningi verkefna.

Um 69. gr.

Varðandi þá breytingu sem lögð er til í greininni vísast til athugasemda við 1. mgr. 32. gr. frumvarpsins.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í ákvæði til bráðabirgða I er kveðið á um réttindi þeirra starfsmanna Tryggingastofnunar ríkisins sem hafa starfað við sjúkratryggingar almannatrygginga að hluta eða öllu leyti og/eða sjúklingatryggingu samkvæmt lögum nr. 111/2000, um sjúklingatryggingu, og eru í starfi við gildistöku laganna. Samkvæmt ákvæðinu skal þeim boðið annað starf hjá sjúkratryggingastofnuninni. Hið sama gildir um þá starfsmenn heilbrigðisráðuneytis, heilsugæslunnar og Landspítala sem sinnt hafa samningsgerð og öðrum verkefnum er munu falla undir verksvið sjúkratryggingastofnunarinnar samkvæmt frumvarpinu. Gert er ráð fyrir að forstjórar hlutaðeigandi stofnana muni hafa með sér samráð um það eftir því sem við á. Ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, gilda ekki um þessi störf, þ.e. ekki er skylt að auglýsa þau laus til umsóknar. Með þessu er tryggt að enginn starfsmaður Tryggingastofnunar ríkisins, heilbrigðisráðuneytisins, heilsugæslunnar og Landspítala sem starfað hefur að ofangreindum verkefnum missi starf sitt við þær breytingar sem kveðið er á um í frumvarpinu.

Í ákvæði til bráðabirgða II er forstjóra sjúkratryggingastofnunarinnar veitt heimild til að undirbúa gildistöku laganna.

Í ákvæði til bráðabirgða III er kveðið á um yfirtöku eigna, réttinda og skyldna að því er varðar framkvæmd sjúkratrygginga og sjúklingatryggingar.

Í ákvæði til bráðabirgða IV er kveðið á um ákvörðun daggjalda vegna heilbrigðisþjónustu í hjúkrunarrýmum á öldrunarstofnunum og hjúkrunarheimilum þar til ákvæði frumvarpsins verða að fullu komin til framkvæmda.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um sjúkratryggingar.

Með frumvarpinu er lagt til að sett verði ný heildarlög um sjúkratryggingar og sjúklingatryggingar. Í athugasemdum við frumvarpið er vísað í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar varðandi áform um að kostnaðargreina einstaka þætti heilbrigðis-þjónustunnar og taka upp blandaða fjármögnun á heilbrigðisstofnunum þar sem fjármagn fylgir sjúklingum. Heilbrigðisstofnanir fái þannig fjármagn í samræmi við þörf og fjölda verka. Með því verði skapað svigrúm til fjölbreytilegri rekstrarforma í heilbrigðisþjónustu, m.a. með útboðum og þjónustusamningum, en jafnframt tryggt að allir hafi jafnan aðgang að henni, óháð efnahag. Í ljósi þessara áforma er það m.a. tilgangur frumvarpsins að styrkja hlutverk ríkisins sem kaupanda heilbrigðisþjónustu og tryggja að ráðherra geti nýtt þær heimildir sem hann hefur samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu og varða ákvarðanir um stefnu, skipulag og forgangsröðun í heilbrigðisþjónustu. Þá er frumvarpinu ætlað að stuðla að hagkvæmum rekstri heilbrigðisþjónustunnar og ná hámarksgæðum eftir því sem frekast er unnt á hverjum tíma.

Sjúkratryggingakafli laga nr. 100/2007, um almannatryggingar, er fluttur í frum-varpið og ákvæðin sett fram með öðrum hætti. Ákvæði um réttindi sjúklinga eru efnislega óbreytt, að undanskildum ákvæðum um réttindi vegna lyfja, og hafa óveruleg áhrif á útgjöld ríkissjóðs. Í frumvarpinu er hins vegar lagt til að í lögum um félagslega aðstoð verði kveðið á um að heimilt verði að greiða styrk til að afla bifreiðar sem nauðsynleg er vegna skertrar líkamsstarfsemi og að félags- og tryggingamálaráðherra setji reglugerð um greiðslur samkvæmt ákvæðinu. Sambærilegt ákvæði í 38. gr. laga um almannatryggingar um styrki sjúkratrygginga til kaupa á bifreið fellur því niður og færist 110–120 m.kr. fjárheimild vegna þeirra frá heilbrigðisráðuneyti til félags- og tryggingamálaráðuneytis. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir að ákvæði um framkvæmd vistunarmats fyrir aldraða og vistunarmatsnefndir sem nú er í 15. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra, verði flutt í 16. gr. laga um heilbrigðisþjónustu. Flutningur fjárheimilda vegna þessara breytinga er hluti af kostnaðarlegri aðgreiningu milli heilbrigðisþátta og félagslegra þátta öldrunarþjónustunnar í heild sem unnið er að en liggur ekki fyrir á þessu stigi.

Í frumvarpinu er lagt til að 1. september 2008 verði komið á fót nýrri stofnun, sem annist um framkvæmd sjúkratrygginga, kaup á vörum og þjónustu og samninga og endurgjald vegna heilbrigðisþjónustu í samræmi við stefnumörkun ráðherra á hverjum tíma. Stofnunin tekur við hlutverki Tryggingastofnunar ríkisins hvað snertir framkvæmd sjúkratrygginga.

Forstjóri stofnunarinnar skal skipaður af ráðherra til fimm ára að fenginni tillögu stjórnar en í henni skulu sitja fimm menn. Ráðherra ákveður þóknun þeirra og setur stjórninni erindis-

bréf. Aðalstöðvar stofnunarinnar skulu vera í Reykjavík og fer um staðarval, fyrirkomulag og rekstur eftir ákvörðun stofnunarinnar.

Í fjárlögum árið 2008 var færð 636 m.kr. fjárheimild frá Tryggingastofnun á nýjan fjárlagalið heilbrigðisráðuneytis vegna umsýslu með framangreindum verkefnum auk slysatrygginga. Meðtalin í þessari fjárhæð er hlutdeild sjúkratrygginga í yfirstjórn. Á móti koma 261,1 m.kr. í sértekjur og nema gjöld umfram tekjur því 374,9 m.kr. Í fjárlögum 2008 er þessi fjárheimild nýtt til að greiða Tryggingastofnun fyrir umsýslu sjúkratrygginga. Þegar ný sjúkratryggingastofnun tekur til starfa lýkur þeim verkkaupum og við það lækkar velta Tryggingastofnunar sem því nemur, bæði útgjöld og sértekjur.

Þá tekur stofnunin við hlutverki samninganefndar ráðherra skv. 28. gr. laga nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu og er hér gert ráð fyrir að við gildistöku laganna flytjist 30,3 m.kr. fjárheimild nefndarinnar til hinnar nýju stofnunar en kostnaður vegna hennar, svo sem þóknanir, fellur þar með niður.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að eigi síðar en 1. júlí 2009 taki stofnunin við samningskaupum sem eru á vegum heilbrigðisráðuneytis. Má gera ráð fyrir að a.m.k. tveir starfsmenn ráðuneytisins hafi sinnt þessum verkefnum og að útgjöld vegna þessara samningskaupa í heild sinni ásamt starfstengdum kostnaði nemi um 15 m.kr. á ári. Gert er því ráð fyrir að færa 7,5 m.kr. fjárheimild frá aðalskrifstofu heilbrigðisráðuneytis til hinnar nýju stofnunar vegna ársins 2009 og 15 m.kr. árið 2010 og eftirleiðis.

Þá gerir frumvarpið enn fremur ráð fyrir að samningar við heilbrigðisstofnanir í eigu ríkisins og samningar við sveitarfélög og aðra er reka hjúkrunarheimili flytjist frá ráðuneytinu til sjúkratryggingastofnunar 1. janúar 2010. Gera má ráð fyrir að þrír til fjórir starfmenn hafi sinnt umsjón og eftirfylgni með framkvæmd þessarar þjónustu og kostnaður ráðuneytisins af því hafi numið um 25 m.kr. á ári. Gert er ráð fyrir að þær fjárheimildir flytjist frá ráðuneytinu til hinnar nýju stofnunar í fjárlögum ársins 2010.

Frá og með árinu 2009 er gert ráð fyrir að útgjöld vegna þessara verkefna aukist árlega sem nemur samtals 70 m.kr. Stafar það af því að við aðskilnað þeirra frá Tryggingastofnun fellur til aukinn stjórnunarkostnaður sem fellst einkum í því að stofnuninni er sett stjórn og ráða þarf til hennar sérstaka stjórnendur svo sem forstjóra og fjármálastjóra. Sá kostnaður er hér aðeins metinn að hálfu þar sem hann er að hálfu innifalinn í umsýslukostnaði sem nú er greiddur til Tryggingastofnunar. Miðað við að stjórn stofnunarinnar starfi frá febrúar 2008, forstjóri og aðrir stjórnendur frá miðju ári og stofnunin hefi rekstur 1. september er gert ráð fyrir að þessi auknu útgjöld verði 50 m.kr. á árinu 2008.

Heilbrigðisráðuneytið hefur kynnt fjármálaráðuneytinu áform um uppbyggingu og breytt fyrirkomulag við rekstur nýrrar sjúkratryggingastofnunar sem fela í sér að útgjöld hennar hafi aukist um ríflega 400 m.kr. að þremur árum liðnum. Í þeirri áætlun er gert ráð fyrir að stofnunin flytjist í nýtt húsnæði, rafrænt upplýsingakerfi verði byggt upp á næstu fjórum árum og kaupendahlutverk hennar eflt með ráðningu nýrra starfsmanna. Þau áform heilbrigðisráðuneytis verða ekki leidd af ákvæðum í einstökum greinum frumvarpsins og munu því koma til framkvæmda eftir því sem útgjaldarammi ráðuneytisins leyfir.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er gert ráð fyrir að stofnunin hafi til ráðstöfunar 636 m.kr. útgjaldaheimildir vegna umsýslu sjúkratrygginga í fjárlögum 2008 auk 30,3 m.kr. fjárheimildar sem nú er ætluð til samninganefndar heilbrigðisráðherra. Á árinu 2008 flyst fjórðungur þessar heimilda, þ.e. vegna mánaðanna frá september til ársloka. Auk þess er gert ráð fyrir ný útgjöld ríkissjóðs aukist um 50 m.kr. m.a. vegna launa nýrrar stjórnar, forstjóra og starfsmanna. Frá árinu 2009 er gert ráð fyrir að þau útgjöld nemi varanlega 70 m.kr. á ári þar

sem nýr kostnaður yfirstjórnar er aðeins metinn að hálfu. Þá er gert ráð fyrir að 7,5 m.kr. flytjist frá aðalskrifstofu heilbrigðisráðuneytis til hinnar nýju stofnunar vegna verkefna sem flytjast til sjúkratryggingastofnunar um mitt ár 2009. Frá árinu 2010 hækkar sú fjárhæð um aðrar 7,5 m.kr. auk 25 m.kr. vegna annarra verkefna sem flytjast frá aðalskrifstofu til sjúkratryggingastofnunar í byrjun þess árs. Að samanlögðu er því reiknað með því að þegar stofnunin er komin í fullan rekstur verði útgjöld hennar 776,3 m.kr. og þar af verði 70 m.kr. aukin útgjöld miðað við núverandi fyrirkomulag starfseminnar. Ekki er gert ráð fyrir þessari aukningu í útgjaldaramma heilbrigðisráðuneytis í fjárlögum ársins 2008.

956. Frumvarp til laga [614. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 3. málsl. b-liðar 2. mgr. 16. gr. laganna skal örorkulífeyrisþegi á tímabilinu 1. júlí 2008 til 1. janúar 2009 geta valið um að hafa 100.000 kr. frítekjumark á mánuði vegna atvinnutekna eða telja 60% af atvinnutekjum til tekna við útreikning tekjutryggingar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Alþingi samþykkti á yfirstandandi þingi frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, og lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999, með síðari breytingum, sbr. lög nr. 17/2008. Þar var kveðið á um margvíslegar breytingar á greiðslum í þágu aldraðra og öryrkja í samræmi við tillögur verkefnisstjórnar félags- og tryggingamálaráðherra sem ríkisstjórnin gerði grein fyrir í yfirlýsingu 5. desember 2007. Í hinum nýsamþykktu lögum er m.a. kveðið á um að frítekjumark vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega á aldrinum 67–70 ára verði hækkað úr rúmlega 27.000 kr. í 100.000 kr. á mánuði frá og með 1. júlí 2008. Megintilgangur þess að hækka frítekjumark vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega er að stuðla að aukinni atvinnuþátttöku og gera ellilífeyrisþegum kleift að afla sér aukinna tekna af atvinnu án þess að bætur frá Tryggingastofnun ríkisins skerðist. Í greinargerð með frumvarpi því er Alþingi samþykkti og orðið er að lögum kom fram að framkvæmdanefnd forsætisráðherra um endurskoðun örorkumats og eflingu starfsendurhæfingar ynni að tillögum um framkvæmd sem ætlað væri að ná svipuðum markmiðum hvað varðar örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega og hvetja einstaklinga til vinnu. Fram kom að slíkar tillögur sem miði að því að tryggja örorkulífeyrisþegum 100.000 kr. frítekjumark vegna atvinnutekna eða ígildi þess yrðu síðar lagðar fyrir Alþingi.

Þar sem fyrir liggur að framkvæmdanefnd forsætisráðherra vinnur nú að endurskoðun örorkumats og eflingu starfsendurhæfingar og niðurstöður þeirrar vinnu munu ekki liggja fyrir fyrr en síðla árs er með frumvarpi þessu lagt til að í ákvæði til bráðabirgða við lög um al-

mannatryggingar, nr. 100/2007, með síðari breytingum, verði frítekjumark örorkulífeyrisþega hækkað til samræmis við hækkun frítekjumarks vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega á aldrinum 67–70 ára, eða í 100.000 kr. á mánuði. Ef miðað er við heilt ár er viðmiðunin því 1.200.000 kr. í stað 327.000 kr. frítekjumarks á ári samkvæmt gildandi lögum. Lagt er til að hækkunin öðlist gildi 1. júlí 2008 og gildi til bráðabirgða þangað til endurskoðað örorkumatskerfi hefur öðlast gildi en miðað er við að það verði 1. janúar 2009. Ætla má að hækkun frítekjumarksins muni leiða til aukinnar atvinnuþátttöku örorkulífeyrisþega og hafa þannig í för með sér hærri tekjur þeim til handa. Öryrkjabandalag Íslands hefur lagt áherslu á hækkun frítekjumarks í baráttunni fyrir bættum kjörum öryrkja og virkri þátttöku þeirra í samfélaginu og er þessi breyting í samræmi við þær áherslur. Breytingin er jafnframt í samræmi við þau markmið sem hugmyndir örorkumatsnefndar um starfshæfnismat og starfsendurhæfingu byggjast á. Í ljósi fyrirhugaðra breytinga á örorkulífeyriskerfinu með áherslu á starfshæfnismat og starfsendurhæfingu mun hækkun frítekjumarks örorkulífeyrisþega aðeins gilda til bráðabirgða þar til nýtt kerfi með nýjar viðmiðunarreglur hefur verið tekið upp. Mikilvægt er að svo sé til þess að nýjar aðgerðir hefti ekki starf og bindi ekki hendur þess starfshóps sem nú starfar að því að byggja upp nýtt örorkulífeyriskerfi. Samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins voru liðlega 30% örorkulífeyrisþega með launatekjur eða reiknað endurgjald í desember 2007 eða um 4.600 einstaklingar. Samkvæmt útreikningum stofnunarinnar má áætla að þar af muni um 2.650 einstaklingar hafa ávinning af hækkun frítekjumarks á atvinnutekjur í 100.000 kr. á mánuði. Ekki er unnt að áætla fyrir fram þann fjölda sem mun nýta sér nýjar viðmiðunarreglur varðandi frítekjumark á atvinnutekjur, en þess má vænta að talsvert fjölmennur hópur örorkulífeyrisþega nýti sér þetta tækifæri til þess að feta sig á ný út á vinnumarkaðinn. Breytingin mun því fela í sér aukin tækifæri til handa örorkulífeyrisþegum með þeim auknu lífsgæðum sem þátttaka á vinnumarkaði felur í sér fyrir lífeyrisþegana sjálfa og samfélagið í heild.

Í samræmi við framangreint er lagt til að við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða þar sem kveðið er á um að þrátt fyrir ákvæði 3. málsl. b-liðar 2. mgr. 16. gr. laganna skuli örorkulífeyrisþegi á tímabilinu 1. júlí 2008 til 1. janúar 2009 geta valið um að hafa 100.000 kr. frítekjumark á mánuði vegna atvinnutekna eða telja 60% af atvinnutekjum til tekna við útreikning tekjutryggingar. Felur ákvæðið í sér að á umræddu tímabili geti örorkulífeyrisþegi aflað atvinnutekna allt að 600.000 kr. án þess að þær skerði tekjutryggingu en samkvæmt núgildandi ákvæði skerða tekjur umfram 327.000 kr. á ársgrundvelli tekjutryggingu. Þann 1. janúar 2009 er síðan gert ráð fyrir að nýtt örorkumatskerfi hafi öðlast gildi og komi í stað þessa frítekjumarks.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er frítekjumark vegna atvinnutekna örorkulífeyrisþega hækkað úr 25 þús. kr. á mánuði í 100 þús. kr. á mánuði. Ákvæðið er til bráðabirgða og tekur gildi 1. júlí 2008 og gildir út árið. Hækkun á frítekjumarki atvinnutekna mun leiða til þess að greiðslur

úr almannatryggingum munu hækka hjá mörgum örorkulífeyrisþegum sem eru með atvinnutekjur. Óljóst er hvort aukið frítekjumark muni leiða til þess að örorkulífeyrisþegar auki atvinnuþátttöku sína.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum munu útgjöld ríkissjóðs aukast um 200 m.kr. á árinu 2008.

957. Nefndarálit [611. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um sértryggð skuldabréf, nr. 11/2008.

Frá viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðmund Jónsson og Helgu Rut Eysteinsdóttur frá Fjármálaeftirlitinu, Guðjón Rúnarsson og Jón Finnbogason frá Samtökum fjármálafyrirtækja og Kjartan Gunnarsson frá viðskiptaráðuneyti.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um sértryggð skuldabréf til að taka af öll tvímæli um stöðu afleiðusamninga komi til gjaldþrots útgefanda sértryggðs skuldabréfs.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Birkir J. Jónsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 7. maí 2008.

Ágúst Ólafur Ágústsson, form., frsm. | Guðfinna S. Bjarnadóttir. | Jón Bjarnason.

Birgir Ármannsson. | Ellert B. Schram. | Jón Gunnarsson.

Björk Guðjónsdóttir. | Höskuldur Þórhallsson.

958. Nefndarálit [516. mál]

um frv. til l. um ráðstöfun andvirðis vatnsréttinda kristfjárjarðanna Merkis og Arnarhóls.

Frá sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sigurgeir Þorgeirsson frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu. Umsagnir bárust um málið frá Fljótsdalshéraði og Biskupsstofu.

Með frumvarpinu er lagt til að sveitarstjórn Fljótsdalshéraðs verði heimilt að ráðstafa andvirði vatnsréttinda kristfjárjarðanna Merkis og Arnarhóls í Jökuldal til félagslegra framkvæmda í sveitarfélaginu. Skilyrði fyrir ráðstöfuninni er að hún sé samræmanleg hinum forna tilgangi kristfjárgjafa.

Við meðferð málsins í nefndinni kom fram að andvirði vatnsréttindanna nemur rúmum 20 millj. kr. Einnig kom fram að Kirkjuráð telur ráðstöfun andvirðisins samrýmast eins og unnt er í dag upphaflegum tilgangi kristfjárjarða, sem var framfærsla fátækra.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Alþingi, 7. maí 2008.

Arnbjörg Sveinsdóttir, form., frsm.	Atli Gíslason.	Grétar Mar Jónsson.
Gunnar Svavarsson.	Helgi Hjörvar.	Jón Gunnarsson.
Karl V. Matthíasson.	Kjartan Ólafsson.	Valgerður Sverrisdóttir.

959. Nefndarálit [463. mál]

um frv. til l. um brottfall laga nr. 14/1942, um læknaráð.

Frá heilbrigðisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Áslaugu Einarsdóttur frá heilbrigðisráðuneyti. Jafnframt hafa nefndinni borist fimm umsagnir um málið.

Margt hefur breyst á þeim 66 árum sem liðin eru frá því að lög um læknaráð, nr. 14/1942, voru sett. Hlutverk læknaráðs er að láta dómstólum, ákæruvaldi og stjórn heilbrigðismálanna í té sérfræðilegar umsagnir um læknisfræðileg efni. Ætla má að ekki séu lengur fyrir hendi þær forsendur sem voru áður fyrir starfsemi læknaráðs sem helgast aðallega af því að dómstólar hafa nú greiðari aðgang að sérfræðingum en árið 1942. Jafnframt hafa áherslur í málsmeðferð stjórnsýslunnar breyst, sbr. einkum þær breytingar sem urðu á málsmeðferð með gildistöku stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

Verulega hefur dregið úr starfsemi læknaráðs undanfarin ár þar sem nú er talið eðlilegra að leysa úr ágreiningi um læknisfræðileg álitaefni með aðstoð dómkvaddra matsmanna og sérfróðra meðdómenda. Jafnframt hefur Hæstiréttur Íslands gert athugasemdir við starfsemi læknaráðs í dómum sínum og afgreiðsla ráðsins hefur í mörgum tilfellum ekki verið talin standast stjórnsýslulög. Dómur Mannréttindadómstóls Evrópu frá 2007 rennir jafnframt stoðum undir það að í dag standist læknaráð ekki reglur um hæfi. Því telur nefndin að nauðsynlegt sé að fella lög um læknaráð úr gildi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Álfheiður Ingadóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 6. maí 2008.

Ásta Möller, form., frsm.	Ágúst Ólafur Ágústsson.	Árni Páll Árnason.
Ellert B. Schram.	Pétur H. Blöndal.	Ragnheiður Ríkharðsdóttir.
Valgerður Sverrisdóttir.	Þuríður Backman.	

960. Nefndarálit [274. mál]

um till. til þál. um aukna samvinnu og samráð um öryggis- og björgunarmál milli Vestur-Norðurlandanna og við önnur ríki við Norður-Atlantshaf.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Karl V. Matthíasson, formann Vestnorræna ráðsins og Íslandsdeildar þess, og Þórð Þórarinsson, framkvæmdastjóra Vestnorræna ráðsins. Umsagnir bárust um málið frá Slysavarnafélaginu Landsbjörgu, Siglingastofnun, Landhelgisgæslu Íslands og ríkislögreglustjóranum, auk þess sem álit barst frá allsherjarnefnd Alþingis.

Með tillögunni er lagt til að Alþingi skori á ríkisstjórnina að gera samkomulag við landsstjórnir Færeyja og Grænlands um að auka samvinnu og samráð um öryggis- og björgunarmál milli Vestur-Norðurlandanna og við önnur ríki við Norður-Atlantshaf. Þá er lagt til að komið verði á sameiginlegum björgunaræfingum til að samræma viðbúnað og samhæfa viðbrögð við alvarlegum slysum á Norður-Atlantshafi. Með ályktun nr. 3/2007 sem samþykkt var á ársfundi Vestnorræna ráðsins 23. ágúst 2007 samþykkti ráðið að beina þessari áskorun til ríkisstjórna Íslands, Færeyja og Grænlands. Ráðið taldi það hagsmunamál allra við Norður-Atlantshafið, ekki síst Vestur-Norðurlandanna sem eru umkringd sjó, að varanlegur og viðeigandi öryggis- og björgunarviðbúnaður væri fyrir hendi.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**
Bjarni Benediktsson og Guðfinna S. Bjarnadóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 7. maí 2008.

Árni Páll Árnason, varaform., frsm.	Steingrímur J. Sigfússon.	Ásta R. Jóhannesdóttir.
Siv Friðleifsdóttir.	Lúðvík Bergvinsson.	Kristinn H. Gunnarsson.

Björk Guðjónsdóttir.

961. Nefndarálit [275. mál]

um till. til þál. um stofnun norrænna lýðháskóla.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Karl V. Matthíasson, formann Vestnorræna ráðsins og Íslandsdeildar þess, og Þórð Þórarinsson, framkvæmdastjóra Vestnorræna ráðsins. Umsagnir bárust um málið frá Kennaraháskóla Íslands, Bandalagi íslenskra námsmanna, Norræna félaginu og Skálholtsskóla, auk þess sem álit barst frá menntamálanefnd Alþingis.

Með tillögunni er lagt til að Alþingi skori á ríkisstjórnina að gera samkomulag við landsstjórnir Færeyja og Grænlands um fjárhagslegan stuðning við vinnuhóp á vegum Vestnorræna ráðsins sem í samvinnu við forsætisnefnd og skrifstofu ráðsins útfæri tillögu að stofnun norrænna lýðháskóla á Íslandi, Grænlandi og í Færeyjum. Með ályktun nr. 8/2007 sem samþykkt var á ársfundi Vestnorræna ráðsins 23. ágúst 2007 samþykkti ráðið að beina þessari áskorun til ríkisstjórna Íslands, Færeyja og Grænlands og benti á að á tíu ára afmæli þess væri tilefni til að ráðast í verkefni sem vitnaði um þau markmið ráðsins að efla samvinnu milli Vestur-Norðurlandanna og styrkja stöðu þeirra innan norræns samstarfs.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**
Bjarni Benediktsson og Guðfinna S. Bjarnadóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 7. maí 2008.

Árni Páll Árnason, varaform., frsm.	Steingrímur J. Sigfússon.	Ásta R. Jóhannesdóttir.
Siv Friðleifsdóttir.	Lúðvík Bergvinsson.	Kristinn H. Gunnarsson.

Björk Guðjónsdóttir.

962. Nefndarálit [276. mál]

um till. til þál. um gerð skyldunámsefnis fyrir unglinga um ólík kjör og hlutskipti kvenna á norðurslóðum og mannréttindi.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Karl V. Matthíasson, formann Vestnorræna ráðsins og Íslandsdeildar þess, og Þórð Þórarinsson, framkvæmdastjóra Vestnorræna ráðsins. Umsagnir bárust um málið frá Jafnréttisstofu, Norræna félaginu, Kvenréttindafélagi Íslands og menntamálaráðuneytinu, auk þess sem álit bárust frá félags- og tryggingamálanefnd og menntamálanefnd Alþingis.

Með tillögunni er lagt til að Alþingi skori á ríkisstjórnina að gera samkomulag við landsstjórnir Færeyja og Grænlands um gerð skyldunámsefnis fyrir unglinga um ólík kjör og hlutskipti kvenna á norðurslóðum og mannréttindi. Með ályktun nr. 6/2007 sem samþykkt var á ársfundi Vestnorræna ráðsins 23. ágúst 2007 samþykkti ráðið að beina þessari áskorun til ríkisstjórna Íslands, Færeyja og Grænlands.

Nefndin tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í tillögunni og telur að námsefni á borð við það sem hún gerir ráð fyrir geti stuðlað að viðhorfsbreytingu í þá átt að konur njóti aukinna mannréttinda og mannhelgi. Hins vegar telur nefndin að það kunni að ganga gegn sjálfstæði skóla að gera námsefnið að skyldunámsefni og leggur til breytingu á tillögunni þess efnis að um verði að ræða almennt námsefni sem verði aðgengilegt í skólum landsins.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt** með svofelldri

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að gera samkomulag við landsstjórnir Færeyja og Grænlands um gerð námsefnis fyrir unglinga um ólík kjör og hlutskipti kvenna á norðurslóðum og mannréttindi.

Bjarni Benediktsson og Guðfinna S. Bjarnadóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 7. maí 2008.

Árni Páll Árnason, varaform., frsm.	Steingrímur J. Sigfússon.	Ásta R. Jóhannesdóttir.
Siv Friðleifsdóttir.	Lúðvík Bergvinsson.	Kristinn H. Gunnarsson.
	Björk Guðjónsdóttir.	

963. Nefndarálit [277. mál]

um till. til þál. um samstarf milli slysavarnafélaga og björgunarsveita á sjó og land í vestnorrænu löndunum.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Karl V. Matthíasson, formann Vestnorræna ráðsins og Íslandsdeildar þess, og Þórð Þórarinsson, framkvæmdastjóra Vestnorræna ráðsins. Umsagnir bárust um málið frá Landhelgisgæslu Íslands, ríkislögreglustjóranum, Slysavarnafélaginu Landsbjörgu og Siglingastofnun, auk þess sem álit barst frá allsherjarnefnd Alþingis.

Með tillögunni er lagt til að Alþingi skori á ríkisstjórnina að gera samkomulag við landsstjórnir Færeyja og Grænlands um að stuðla að og styrkja samstarf slysavarnafélaga og björgunarsveita á sjó og landi í löndunum þremur. Með ályktun nr. 4/2007 sem samþykkt var á ársfundi Vestnorræna ráðsins 23. ágúst 2007 samþykkti ráðið að beina þessari áskorun til ríkisstjórna Íslands, Færeyja og Grænlands.

Nefndin tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í tillögunni og bendir á að sameiginleg björgunaræfing Vestur-Norðurlandanna er fyrirhuguð 7. júní nk. í tengslum við þemaráðstefnu Vestnorræna ráðsins um björgunarsamvinnu í Norður-Atlantshafi sem haldin verður í Þórshöfn í Færeyjum 5.–8. júní. Þar mun Landhelgisgæsla Íslands m.a. taka þátt.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Bjarni Benediktsson og Guðfinna S. Bjarnadóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 7. maí 2008.

Árni Páll Árnason, varaform., frsm.	Steingrímur J. Sigfússon.	Ásta R. Jóhannesdóttir.
Siv Friðleifsdóttir.	Lúðvík Bergvinsson.	Kristinn H. Gunnarsson.

Björk Guðjónsdóttir.

964. Nefndarálit [278. mál]

um till. til þál. um aukna samvinnu milli vestnorrænu landanna um rannsóknir á helstu nytjastofnum sjávar innan lögsögu þeirra.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Karl V. Matthíasson, formann Vestnorræna ráðsins og Íslandsdeildar þess, og Þórð Þórarinsson, framkvæmdastjóra Vestnorræna ráðsins. Umsagnir bárust um málið frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Hafrannsóknastofnuninni, Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Háskólanum á Akureyri, auk þess sem álit barst frá sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis.

Með tillögunni er lagt til að Alþingi skori á ríkisstjórnina að gera samkomulag við landsstjórnir Færeyja og Grænlands um að koma á reglubundinni samvinnu milli landanna um stofnstærðarrannsóknir á helstu nytjastofnum sjávar innan lögsögu þeirra, frekari samræmingu rannsóknaraðferða og skilvirkari upplýsingagjöf um útbreiðslu fiskstofna og sjávarspendýra.

Með ályktun nr. 5/2007 sem samþykkt var á ársfundi Vestnorræna ráðsins 23. ágúst 2007 samþykkti ráðið að beina þessari áskorun til ríkisstjórna Íslands, Færeyja og Grænlands.

Nefndin telur aukið samstarf á sviði fiskirannsókna vestnorrænu þjóðanna æskilegt þar sem löndin eiga afkomu sína að miklu leyti undir sjávarútvegi og leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Bjarni Benediktsson og Guðfinna S. Bjarnadóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 7. maí 2008.

Árni Páll Árnason, varaform., frsm.	Steingrímur J. Sigfússon.	Ásta R. Jóhannesdóttir.
Siv Friðleifsdóttir.	Lúðvík Bergvinsson.	Kristinn H. Gunnarsson.

Björk Guðjónsdóttir.

965. Nefndarálit [543. mál]

um till. til þál. um fullgildingu fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Kanada.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Jónsson og Bergþór Magnússon frá utanríkisráðuneytinu.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar á samningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Kanada, sem undirritaður var í Davos í Sviss 26. janúar sl.

Samningurinn, sem er sá fyrsti sinnar tegundar sem Kanada gerir við ríki í Evrópu, nær fyrst og fremst til vöruviðskipta. Hann hefur jafnframt að geyma ákvæði um að viðræður um sambærilegan samning varðandi þjónustuviðskipti verði teknar upp innan þriggja ára.

Sú fríðindameðferð sem Ísland veitir Kanada samkvæmt viðauka 2 við landbúnaðarsamning ríkjanna hefur, með einni undantekningu, þegar verið veitt fyrir vörur sem upprunnar eru í löndum Evrópusambandsins. Undantekningin er sú að í samningnum við Kanada er veitt lækkun á tolli af frystum, sneiddum eða skornum kartöflum (tollskrárnúmer 2004.1002) úr 76% í 46%, en lækkunin er tilkomin að kröfu Kanadamanna.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt**.

Bjarni Benediktsson og Guðfinna S. Bjarnadóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 7. maí 2008.

Árni Páll Árnason, varaform., frsm.	Steingrímur J. Sigfússon.	Ásta R. Jóhannesdóttir.
Siv Friðleifsdóttir.	Lúðvík Bergvinsson.	Kristinn H. Gunnarsson.

Björk Guðjónsdóttir.

966. Nefndarálit [468. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (einföldun reglna um greiðslu hlutafjár í öðru en reiðufé o.fl.).

Frá viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Evu Bryndísi Helgadóttur frá Lögmannafélagi Íslands, Guðrúnu Björk Bjarnadóttur frá Samtökum atvinnulífsins og Áslaugu Árnadóttur og Jón Ögmund Þormóðsson frá viðskiptaráðuneyti.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög hvað varðar greiðslu hlutafjár í öðru en reiðufé við stofnun eða hlutafjárhækkun.

Breytingin felst einkum í því að verði frumvarpið að lögum verður í ákveðnum tilvikum ekki krafist sérfræðiskýrslu þegar hlutir í hlutafélögum eru greiddir í formi verðbréfs eða peningamarkaðsskjals eða verðmæti greiðslu fyrir hluti kemur beint fram í endurskoðuðum, lögmæltum ársreikningum. Samkvæmt lögum um einkahlutafélög er við stofnun eða hækkun hlutafjár ekki gerð krafa um sérfræðiskýrslu heldur yfirlýsingu frá löggiltum endurskoðanda eða lögmanni, sbr. 1. mgr. 6. gr. laganna. Því er lagt til að í sérstökum tilvikum þurfti slík yfirlýsing ekki að fylgja. Í frumvarpinu eru einnig lagðar til rýmkaðar reglur um eigið fé hlutafélaga auk þess sem lögð er til breyting til einföldunar á ákvæði um tilgreiningu á heimili félags í samþykktum þess.

Hvað varðar þau ákvæði frumvarpsins sem lúta að breytingum á reglum um greiðslu hlutafjár og reglum um eigið fé, þá er tekið mið af óbindandi ákvæðum í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins frá 6. september 2006 um breytingu á tilskipun um stofnun hlutafélaga og tilskilið hlutafé þeirra og breytingar á því, sbr. fylgiskjal I með frumvarpinu. Þess má einnig geta að við samningu frumvarpsins hefur verið byggt á drögum að norsku lagafrumvarpi varðandi innleiðingu þessarar EES-gerðar.

Við umfjöllun málsins í nefndinni var fjallað um 3. gr. frumvarpsins þess efnis að nægilegt sé að taka fram í hvaða sveitarfélagi félag teljist hafa heimilisfang. Þykir þessi breyting vera til einföldunar þar sem samþykktum félags verður aðeins breytt á hluthafafundum. Í 4. gr. laga um fyrirtækjaskrá eru aftur á móti talin upp atriði sem fyrirtækjaskrá skal skrá eftir því sem við á, þ.m.t. heimilisfang sbr. 3. tölul. ákvæðsins. Nefndin telur rétt að fjármálaráðherra kanni hvort breyta þurfi 4. gr. laga um fyrirtækjaskrá þar sem upp hafa komið efasemdir um hvort á grundvelli hennar sé skylt sé að tilkynna breytingu á heimilisfangi.

Nefndin leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu. Lagt er til að 1. og 9. gr. verði gerðar skýrari. Þá er lögð til lagfæring á 2. og 7. gr. Jafnframt er lagt til að við frumvarpið bætist ný grein þess efnis að ríkisstjórninni sé heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 95 frá 6. júlí 2007 um breytingu á XXII. viðauka við EES-samninginn frá 2. maí 1992. Það hefur tíðkast að utanríkisráðherra flytji sérstaka tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar. Slíkar tillögur hafa verið til meðferðar hjá utanríkismálanefnd þingsins sem verður þannig kleift að hafa yfirsýn yfir stöðu innleiðinga EES-gerða. Í framhaldinu hefur hlutaðeigandi ráðherra svo lagt fram frumvarp um efnið. Nefndin telur mikilvægt að samræma framkvæmd þess hvernig ríkisstjórninni er veitt heimild til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar og aflétta þannig stjórnskipulegum fyrirvara af EES-gerðum sem kalla á lagabreytingar hér á landi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Birkir J. Jónsson og Höskuldur Þórhallsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 7. maí 2008.

Ágúst Ólafur Ágústsson, form., frsm.	Guðfinna S. Bjarnadóttir.	Jón Bjarnason.
Birgir Ármannsson.	Ellert B. Schram.	Jón Gunnarsson.

Björk Guðjónsdóttir.

967. Breytingartillögur [468. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (einföldun reglna um greiðslu hlutafjár í öðru en reiðufé o.fl.).

Frá viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Á eftir orðunum „vegið meðaltal“ í 1. mgr. a-liðar komi: verðs.
   b. Á eftir orðunum „krafist þess“ í fyrri málslið 3. mgr. b-liðar komi: af stofnendum eða stjórn.
   c. Síðari málsliður 3. mgr. b-liðar orðist svo: Slíka kröfu má gera þar til greiðslan hefur verið innt af hendi til félagsins.
2. Við 2. gr. Í stað orðanna „3. mgr. 8. gr.“ komi: 2. mgr. 8. gr.
3. Við 7. gr. Á undan orðunum „í 2. mgr. 133. gr.” komi: tvívegis.
4. Við 9. gr.
   a. Í stað orðanna „metið á meðaltalsverði á skipulegum verðbréfamarkaði“ í 1. mgr. a-liðar komi: metið á vegnu meðaltali verðs á skipulegum verðbréfamarkaði.
   b. Á eftir orðunum „krafist þess“ í fyrri málslið 3. mgr. b-liðar komi: af stofnendum eða stjórn.
   c. Síðari málsliður 3. mgr. b-liðar orðist svo: Slíka kröfu má gera þar til greiðslan hefur verið innt af hendi til félagsins.
5. Við 13. gr. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 95/2007 frá 6. júlí 2007 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn frá 2. maí 1992.

968. Nefndarálit [541. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga.

Frá viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Atla Frey Guðmundsson og Jón Ögmund Þormóðsson frá viðskiptaráðuneyti.

Með frumvarpinu er lagt til að ákvæði um löggildingu rafverktaka verði sett í lög um öryggi raforkuveitna, neysluveitna og raffanga en hingað til hafa þessi ákvæði verið í reglugerð. Frumvarpið er m.a. lagt fram vegna athugasemda umboðsmanns Alþingis, sbr. mál nr. 4388/2005.

Rétt er að taka fram að á vegum viðskiptaráðuneytis stendur yfir heildarendurskoðun á ákvæðum laganna.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali en þær eru flestar tilkomnar vegna athugasemda frá Neytendastofu sem annast löggildingu rafverktaka.

Birkir J. Jónsson og Höskuldur Þórhallsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 7. maí 2008.

Ágúst Ólafur Ágústsson, form., frsm.	Guðfinna S. Bjarnadóttir.	Jón Bjarnason.
Birgir Ármannsson.	Ellert B. Schram.	Jón Gunnarsson.
	Björk Guðjónsdóttir.	

969. Breytingartillögur [541. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga.

Frá viðskiptanefnd.

1. Við bætist ný grein er verði 1. gr., svohljóðandi:
   Í stað orðanna „löggildingu rafverktaka“ í 10. tölul. 2. mgr. 13. gr. laganna komi: tímabundna löggildingu rafverktaka.
2. Við 1. gr.
   a. Í stað orðanna „meistaranámi rafiðna (sterkstraumssviði) frá viðurkenndum skóla“ í 4. tölul. a-, b-, c- og d-liðar komi: meistaranámi í rafvirkjun (sterkstraumssviði) frá viðurkenndum skóla eða hafa jafngilda menntun að mati menntamálaráðuneytis.
   b. 3. mgr. d-liðar falli brott.
   c. Við bætist nýr stafliður, svohljóðandi:
      e. (13. gr. e.)
         Þeir einir, sem hlotið hafa löggildingu Neytendastofu til rafvirkjunarstarfa skv. 13. gr. a–d mega bera ábyrgð á setningu, breytingu og viðgerðum virkja.

970. Nefndarálit [525. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 2/1995, um hlutafélög, og breytingu á lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og skattanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Maríönnu Jónasdóttur og Ingibjörgu Helgu Helgadóttur frá fjármálaráðuneyti. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá ríkisskattstjóra, Fjármálaeftirlitinu, Persónuvernd, Félagi löggiltra endurskoðenda, Kauphöll Íslands og CreditInfo Ísland.

Með frumvarpinu eru lagðar til efnislega samsvarandi breytingar á lögum um hlutafélög, nr. 2/1995, og lögum um einkahlutafélög, nr. 138/1994, og er þeim ætlað að innleiða ákvæði um rafræna skráningu upplýsinga í hlutafélagaskrá samkvæmt Evróputilskipun nr. 2003/58/EB. Aðrir þættir tilskipunarinnar hafa verið innleiddir með lögum nr. 18/2006.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt**.

Bjarni Benediktsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 6. maí 2008.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Ellert B. Schram.	Ögmundur Jónasson.
Gunnar Svavarsson.	Magnús Stefánsson.	Lúðvík Bergvinsson.
Paul Nikolov.	Kristján Þór Júlíusson.	

971. Svar [580. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Guðnýjar Hrundar Karlsdóttur um kostnað við lögreglubifreið á Reykjanesbraut.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvað mundi kosta að hafa lögreglubifreið við eftirlit á Reykjanesbraut allan sólarhringinn alla daga vikunnar?

Gera má ráð fyrir því, samkvæmt mati embættis lögreglustjórans á Suðurnesjum, að kostnaður við eftirlitið yrði um 800.000 kr. á viku eða um 40 millj. kr. á ári. Er þá miðað við að lögreglubifreið sé útbúin upptökutæki sem tengt er við ratsjá (svokölluðum „eye-witness“ búnaði) og mönnuð einum lögreglumanni alla virka daga vikunnar en tveimur lögreglumönnum um helgar. Þessi upphæð byggist á því að bifreiðinni verði ekið u.þ.b. 1.900 km á viku og er tekið tillit til vaktafyrirkomulags, afleysinga í orlofi og vetrarleyfa.

972. Frumvarp til laga [615. mál]

um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161 20. desember 2002.

Flm.: Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir, Atli Gíslason,
Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

1. gr.

Við 1. mgr. 12. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Heitið „sparisjóður“ er þó óheimilt að nota með öðrum orðum eða skammstöfunum í firmaheiti.

2. gr.

4. mgr. 73. gr. laganna orðast svo:

Sparisjóði, sem breytt er í hlutafélag samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, er óheimilt að nota orðið „sparisjóður“ í heiti sínu.

3. gr.

22. tölul. 1. mgr. 110. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu er lagt til að starfsemi þeirra sparisjóða sem áfram vilja bera nafn sparisjóða verði færð aftur til upphaflegs markmiðs við stofnun þeirra. Markmiðið var að stofnfjárhafar hefðu hvorki fjárhagslegan né persónulegan ávinning af stofnun sjóðanna heldur væri stuðningur þeirra persónulegur og endurspeglast það markmið í ábyrgð þeirra á skuldbindingum sjóðanna sem takmarkast við stofnfjárhlut. Enn fremur er lagt til að heitið sparisjóður verði lögverndað, þ.e. að einungis verði heimilt að nota heitið sparisjóður ef um raunverulegan sparisjóð er að ræða en ekki ef sparisjóðnum er breytt í hlutafélag eða hann rekinn sem fjármálastofnun eða banki. Hugtakið sparisjóður er órjúfanlega tengt starfsgrunni og hugsjónum sem réðu við stofnun þeirra. Það er því verið að beita blekkingum ef fjármálastofnun er leyft að bera heitið sparisjóður í nafni sínu þótt hún hafi horfið frá flestum grunnþáttum sem samfélagið leggur í hugtakið sparisjóður. Samkvæmt frumvarpinu verður því óheimilt að nota það með öðrum orðum eða skammstöfunum í firmaheiti fjármálastofnunar.

Almennt.

Sparisjóðir eru að grunni til félagslegar stofnanir og meginhluti eiginfjár þeirra er í sjálfseign, en í reynd í eigu almennings þess nærsamfélags sem viðkomandi sparisjóður þjónar. Sparisjóðirnir voru stofnaðir á grunni hugsjóna félagshyggju og samvinnu til að byggja upp atvinnu- og menningarlíf á heimasvæði sínu. Litið var á stofnfjárhafa sem ábyrgðarmenn og markmiðið var ekki að hámarka arðgreiðslur heldur þjóna samfélaginu. Hlutverk sparisjóðs er að veita almenna fjármálaþjónustu á grundvelli hugsjóna um eflingu og uppbyggingu atvinnulífs og menningarstarfs á heimasvæðinu. Á þessum grunni hafa sparisjóðirnir gegnt lykilhlutverki í fjármálaþjónustu við einstaklinga og minni fyrirtæki, einkum á landsbyggðinni. Stofnfjárhafar, sem lögum samkvæmt þurfa að standa að hverjum sparisjóði, eru engan

veginn eigendur sjóðanna heldur trúnaðarmenn samfélagsins á starfssvæði sjóðanna. Hlutverk stofnfjárhafanna er því að tryggja að sjóðurinn starfi á þessum hugsjónagrunni en ekki að hámarka eigin persónulegar arðgreiðslur. Í ofantöldu felst ímynd og gildi heitisins „sparisjóður“. Hins vegar ber hlutafélagsbanki engar slíkar samfélagsskyldur heldur er meginmarkmið hans að hámarka ábata og arð eigenda hlutafjárins. Á því er grundvallarmunur.

Breytingar í rekstri sparisjóða.

Allmiklar breytingar hafa átt sér stað í rekstri sparisjóða hérlendis en aðdragandi þeirra birtist með stöku fréttum um viðskipti með stofnbréf og sameiningu eða yfirtöku ákveðinna sjóða. Á síðustu missirum hefur átt sér stað býsna hljóð einkavæðing á eigum sparisjóðanna og hafa þeir átt í vök að verjast gegn aðilum sem reyna að brjótast inn í þá og komast yfir eigið fé þeirra og viðskiptavild, yfirtaka þá og leggja þar með hald á eigur samfélagsins. Bæði löggjafinn og eftirlitsstofnanir virðast meðvitað eða ómeðvitað hafa brugðist þeim skyldum sínum að standa vörð um hugsjónir sparisjóðanna og hagsmuni almennings og einstakra samfélaga sem hlut eiga að máli. Sú spurning hlýtur að verða áleitin hverjum þeim sem virðir hugsjónir sparisjóðanna eða ber rétt samfélagsins fyrir brjósti, hvernig það megi t.d. gerast að hlutur almennings í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis (SPRON) hafi lækkað hlutfallslega á örfáum árum úr tæpum 90% í 15% án þess að neinn hafi haldið uppi vörnum. Horfa má m.a. til Fjármálaeftirlitsins í þeim efnum. Þeir sem sækja hvað harðast á um að komast yfir samfélagseigur sparisjóðanna eða breyta þeim í hlutafélag ættu að hugleiða hvaða lagalegan eða a.m.k. siðferðislegan rétt þeir hafi til að einkavæða samfélagsstofnanir eins og sparisjóðirnir eru og komast yfir samfélagslegar eigur þeirra. Þegar sparisjóði er breytt í hlutafélag er hann ekki lengur sparisjóður heldur einkavæddur banki á markaði.

Í öðrum tilvikum hafa einhverjir aðilar reynt að kaupa út stofnfjárhafa í óvissum tilgangi, eins og nú er að gerast með ýmsa sparisjóði. Loks eru einnig sumir sparisjóðir, í slagtogi við fjársterka aðila, að kaupa aðra sparisjóði í tilgangi sem liggur ekki fyrir. Sú virðist raunin varðandi t.d. yfirtöku Sparisjóðs Mýrasýslu og Siglufjarðar á Sparisjóði Skagafjarðar.

Hlutafélagavæðing sparisjóða.

Með setningu laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, átti að treysta yfirtökuvarnir sparisjóðanna, m.a. með því að kveða á um það við hvaða aðstæður sparisjóðsstjórn skuli heimila framsal á virkum eignarhlut, að tengdir stofnfjáreigendur geti ekki farið með yfir 5% heildaratkvæðamagns í sparisjóði og að sparisjóður verði að breyta rekstrarformi sínu í hlutafélag áður en til samruna við aðrar tegundir fjármálafyrirtækja kemur. Það markmið laganna að treysta yfirtökuvarnir sjóðanna virðist ekki hafa náðst. Fjölmargir sparisjóðir hafa verið hlutafélagavæddir undanfarið þó enn séu til örfáir sparisjóðir sem eru reknir á grundvelli þeirrar hugsunar sem lagt var upp með við stofnun þeirra. Sem dæmi má nefna sparisjóði Hólmavíkur, Þingeyinga, Svalbarðseyrar, Þórshafnar og Bolungarvíkur.

Hlutafjárvæðing sparisjóðanna hófst með breytingu SPRON í hlutafélag og allmargir sparisjóðir hafa, að undangengnum vafasömum viðskiptum með stofnfé, sameinast í tvær einingar, þ.e. Byr og Sparisjóðinn í Keflavík, sem báðar virðast undirbúa breytingar í hlutafélagaform. Enn eru þó til nokkrir sparisjóðir sem reknir eru á grundvelli þeirrar hugsunar sem lagt var upp með við stofnun þeirra.

Sparisjóður sem hverfur frá markmiðum sínum og samfélagslegri umgjörð, svo sem með því að vera breytt í hlutafélag, á ekki að geta kallast sparisjóður og er því lagt til í frumvarpinu að óheimilt verði að nota nafnið sparisjóður með öðrum orðum eða skammstöfunum í

firmaheiti eins og sparisjóður hf. enda eru skýr ákvæði í samþykktum sparisjóðanna um það hvernig leggja skuli sparisjóði niður ef ekki er vilji til að starfrækja þá áfram í sínu félagslega formi. Við breytingu á sparisjóði í hlutafélag skulu stofnfjáreigendur samkvæmt lögunum eingöngu fá hlutafé í hlutafélaginu sem gagngjald fyrir stofnfjárhluti sína, sbr. 74. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Skal samanlagt hlutafé sem stofnfjáreigendur fá í sparisjóðnum enn fremur nema sama hlutfalli af hlutafé hans eftir breytinguna, endurmetið skv. 67. gr. laganna, og sem nemur sama hlutfalli af áætluðu markaðsvirði sparisjóðsins. Í 74. gr. kemur einnig fram að sá hluti hlutafjár sparisjóðsins eftir breytingu hans í hlutafélag sem ekki gengur til stofnfjáreigenda samkvæmt framansögðu skal vera eign sjálfseignarstofnunar sem sett er á fót skv. 76. gr. Þess eru dæmi um að gengið hafi verið að eign sjálfseignarstofnunar við hlutafjárvæðingu, sbr. SPRON.

Staðbundnar lánastofnanir.

Einkavæðing og yfirtaka almenningseigna fer nú því miður eins og eldur um akur. Virðist þar fátt heilagt, hvort heldur er orkuveitur, náttúruauðlindir eða sparisjóðir landsmanna sem nú standa sem varnarlaus fórnarlömb græðginnar. Ekki verður fram hjá því horft að fjármálaþjónusta við landsbyggðina hefur versnað á undanförnum árum. Viða hefur afgreiðslustöðum verið lokað og æ erfiðara hefur verið að fá lánafyrirgreiðslu í dreifbýli, sérstaklega fyrir einstaklinga og minni fyrirtæki, enda hefur hugur viðskiptabankanna einkum stefnt út fyrir landsteinana. Því er nú ekki síður þörf fyrir staðbundnar lánastofnanir en þegar sparisjóðirnir voru stofnaðir á fyrri hluta síðustu aldar. Sparisjóðirnir eiga áfram að gegna lykilhlutverki í fjármálaþjónustu hér á landi og því er mikilvægt að standa vörð um gildi þeirra og starfsgrundvöll. Því er nauðsynlegt að leggja þetta frumvarp fram. Þess má geta að Vinstri hreyfingin – grænt framboð lagði á sínum tíma fram frumvarp til laga til breytinga á lögum um viðskiptabanka og sparisjóði (8. mál 128. löggjafarþings). Allt frá þeim tíma hafa þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs viljað standa vörð um hugsjónir sparisjóðanna og hlut þeirra í fjármálaþjónustunni. En því miður hefur einn af öðrum þurft að lúta í gras fyrir ásælni peningaaflanna. Frumvarp þetta er lagt fram til þess að standa vörð um grunnstoðir sparisjóðanna sem starfa á hugsjónagrunni og njóta verðmætrar ímyndar og trúnaðar meðal fólksins í landinu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að heitið sparisjóður verði lögverndað, þ.e. að óheimilt verði að nota það með öðrum orðum eða skammstöfunum í firmaheiti. Hugtakið sparisjóður er órjúfanlega bundið við þær hugsjónir og starfsgrundvöll sem réðu við stofnun þeirra. Þessi breyting tengist því að með frumvarpinu er lagt til að ekki verði lengur hægt að breyta sparisjóði í hlutafélag og halda sparisjóðsheitinu heldur verði að nefna hann t.d. banka eða fjármálastofnun. Ef sparisjóði er breytt í hlutafélag er hann ekki lengur sparisjóður heldur einkavæddur banki á markaði enda byggist starfsemi hlutafélaga og banka á allt öðrum sjónarmiðum en sparisjóður gerir. Þannig verði t.d. ekki lengur unnt að nota heitið sparisjóðabanki eða sparisjóður hf. í heiti.

Um 2. gr.

Í greininni er lagt til að sparisjóði, sem breytt er í hlutafélag samkvæmt ákvæðum 73. gr., verði óheimilt að nota orðið „sparisjóður“ í heiti sínu. Tillaga þessi helgast af því að við

breytingu á sparisjóði í hlutafélag breytist eðli rekstrarins svo mikið frá upphaflegu markmiði við stofnun sparisjóðs, sem og eignaraðildin og formið á rekstrinum, að nafnið verður alls ekki lýsandi fyrir starfsemina og í raun rangnefni.

Þetta felur í sér að ef sparisjóður er sameinaður öðrum sparisjóði helst heitið óbreytt en ef stofnað er hlutafélag um rekstur sparisjóðs verður að nota orðið banki, fjárfestingarfyrirtæki eða eitthvað þess háttar í firmaheiti sem er lýsandi fyrir starfsemina.

Um 3. gr.

Í samræmi við fyrri greinar frumvarpsins er lagt til að brott falli heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggja stjórnvaldssekt á sparisjóð sem breytt hefur verið í hlutafélag og notar ekki orðið hlutafélag í heiti sínu.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Með frumvarpinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Að brjótast inn í sparisjóði landsmanna, Jón Bjarnason. (Morgunblaðið, 22. september 2007.)
II. Þankar um sparisjóði, Ari Teitsson, stjórnarformaður Sparisjóðs Suður-Þingeyinga. (Fréttablaðið 24. ágúst 2007.)
III. Sparisjóðurinn, Gísli Árnason. (Morgunblaðið, 17. febrúar 2008.)
IV. Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, með síðari breytingum. Sjá þskj. 8 (8. mál 128. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 2002–2003, bls. 521–523.

973. Frumvarp til laga [243. mál]

um breyting á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49/1997, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 8. maí.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Skal það hættumat ná til þéttbýlis.
b. Á eftir 3. mgr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Ráðherra getur ákveðið að gerð verði úttekt á hættu á ofanflóðum í dreifbýli þar sem ofanflóð hafa fallið á byggð eða nærri henni eða hætta er talin á slíku. Með byggð í þessari málsgrein er ekki átt við frístundabyggð. Þó skal heimild ráðherra ná til þyrpinga þegar byggðra frístundabyggða og frístundahúsa þar sem einstaklingar hafa skráð lögheimili. Enn fremur skal heimild ráðherra ná til samkomuhúsa, svo sem skóla, félags-

heimila og þess háttar bygginga. Veðurstofa Íslands annast úttektina og skal gerður um það samningur, sbr. 3. mgr.

c. Við 4. mgr. bætist nýr málsliður sem orðast svo: Sama á við um úttekt skv. 4. mgr.

2. gr.

1. tölul. 1. mgr. 13. gr. orðast svo: Greiða skal allan kostnað við gerð hættumats skv. 4. gr., þ.m.t. kostnað við starfsemi hættumatsnefnda, svo og kostnað við gerð úttektar skv. 4. gr. og við gerð uppdrátta skv. 6. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, að undantekinni 2. gr. sem öðlast gildi 1. janúar 2009.

974. Frumvarp til laga [387. mál]

um breytingu á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 8. maí.)

1. gr.

Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 3. gr. laganna kemur: Félags- og tryggingamálaráðherra.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. 1. mgr. verður svohljóðandi:

Fæðingarorlofssjóður skal annast greiðslur til foreldra sem réttinda njóta til greiðslu í fæðingarorlofi skv. 13. gr. Fæðingarstyrkir til foreldra skv. VI. kafla greiðast úr ríkissjóði.

b. Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ þrívegis í 2. og 4. mgr. kemur: félags- og tryggingamálaráðherra.

3. gr.

Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 5. gr. laganna kemur: Félags- og tryggingamálaráðherra.

4. gr.

Á eftir 3. mgr. 7. gr. laganna kemur ný málsgrein, 4. mgr., svohljóðandi:

Fullt nám samkvæmt lögum þessum er 75–100% samfellt nám, verklegt eða bóklegt, í viðurkenndri menntastofnun innan hins almenna menntakerfis á Íslandi sem stendur yfir í a.m.k. sex mánuði. Enn fremur er átt við 75–100% nám á háskólastigi og annað nám sem gerir sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og nám á háskólastigi. Einstök námskeið teljast ekki til náms.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „móður“ í 2. mgr. kemur: foreldri.
b. Á eftir 3. mgr. kemur ný málsgrein, 4. mgr., svohljóðandi:

Þrátt fyrir 1. mgr. skal foreldri, sbr. 1. mgr. 1. gr., öðlast rétt til fæðingarorlofs í allt að níu mánuði hafi hitt foreldrið andast á meðgöngu barns og barnið fæðist lifandi.

c. Í stað orðanna „4. mgr.“ í 7. mgr., sem verður 8. mgr., kemur: 5. mgr.
d. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Foreldri sem er ófært vegna sjúkdóms eða afleiðinga slyss eða afplánunar refsivistar um að annast barn sitt á fyrstu átján mánuðunum eftir fæðingu þess er heimilt að framselja rétt sinn til fæðingarorlofs sem það hefur ekki þegar nýtt sér til hins foreldrisins að hluta eða öllu leyti. Hið sama gildir þegar foreldri er ófært um að annast barn sitt af sömu ástæðum á fyrstu átján mánuðunum eftir að barn kemur inn á heimili við frumættleiðingu eða töku í varanlegt fóstur. Á þetta við hvort sem foreldrar fara sameiginlega með forsjá barnsins eða ekki. Heimilt er að veita undanþágu frá samþykki foreldris um framsal réttinda þegar foreldri er ófært um að veita samþykki sitt vegna sjúkdóms eða afleiðinga slyss og skal þá Vinnumálastofnun meta hvort skilyrðum um framsal réttindanna sé fullnægt. Ástand foreldris vegna sjúkdóms eða afleiðinga slyss sem leiðir til þess að foreldrið er ófært um að annast barnið á fyrrgreindu tímabili eða veita samþykki sitt um framsal réttinda sinna skal staðfest með læknisvottorði þess sérfræðilæknis sem annast foreldrið. Fangelsismálayfirvöld skulu staðfesta að foreldrið muni afplána refsivist á fyrrgreindu tímabili. Við tilfærsluna verður réttur þess foreldris sem framselur rétt sinn að þeim réttindum er hitt foreldrið hefur áunnið sér samkvæmt lögum þessum.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „kona“ í 1. mgr. kemur: foreldri, og í stað orðsins „henni“ í sömu málsgrein kemur: því.
b. 2. málsl. 2. mgr. fellur brott.

7. gr.

Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ í 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: félags- og tryggingamálaráðherra.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „2. og 4. mgr. 8. gr.“ í 1. mgr. kemur: 2. og 5. mgr. 8. gr.
b. 3. málsl. 1. mgr. verður svohljóðandi: Þegar foreldri hefur töku fæðingarorlofs fyrir fæðingardag barns, sbr. 2. mgr. 8. gr., 11. gr. og 4. mgr. 17. gr., skal þó miða við þann dag er foreldrið hefur fæðingarorlof að því er það foreldri varðar.
c. 2. mgr. verður svohljóðandi:

Mánaðarleg greiðsla Fæðingarorlofssjóðs til starfsmanns, sbr. 2. mgr. 7. gr., í fæðingarorlofi skal nema 80% af meðaltali heildarlauna og skal miða við tólf mánaða samfellt tímabil sem lýkur sex mánuðum fyrir fæðingardag barns eða þann dag sem barn kemur inn á heimili við frumættleiðingu eða töku í varanlegt fóstur. Til launa teljast hvers konar laun og aðrar þóknanir samkvæmt lögum um tryggingagjald sem og greiðsl-

ur úr Fæðingarorlofssjóði, greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði, sjúkra- og slysadagpeningar, greiðslur úr sjúkrasjóðum stéttarfélaga, bætur frá tryggingafélagi vegna tímabundins atvinnutjóns eða tekjutengdar greiðslur skv. III. kafla laga um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, sbr. a–e-liði 2. mgr. 13. gr. a. Þegar um er að ræða greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði, Atvinnuleysistryggingasjóði, sjúkrasjóði stéttarfélags, bætur frá tryggingafélagi vegna tímabundins atvinnutjóns eða tekjutengdar greiðslur skv. III. kafla laga um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna á viðmiðunartímabili skal taka mið af þeim viðmiðunartekjum sem þær greiðslur miðuðust við og skal aldrei taka mið af hærri fjárhæð en nemur þeim viðmiðunartekjum enda þótt foreldri hafi fengið mismuninn milli þessara greiðslna og viðmiðunartekna bættan samhliða greiðslunum. Einungis skal miða við meðaltal heildarlauna fyrir þá mánuði á viðmiðunartímabili sem foreldri hefur verið á innlendum vinnumarkaði, sbr. einnig 2. mgr. 13. gr. a. Aldrei skal þó miða við færri mánuði en fjóra við útreikning á meðaltali heildarlauna.

d. 5. mgr. verður svohljóðandi:

Mánaðarleg greiðsla Fæðingarorlofssjóðs til sjálfstætt starfandi einstaklings, sbr. 3. mgr. 7. gr., skal nema 80% af meðaltali reiknaðs endurgjalds sem greitt hefur verið tryggingagjald af og skal miða við tekjuárið á undan fæðingarári barns eða því ári er barn kemur inn á heimili við frumættleiðingu eða töku í varanlegt fóstur. Að öðru leyti gilda ákvæði 2.–4. mgr. eins og við getur átt.

e. Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ tvívegis í 7. mgr. kemur: félags- og tryggingamálaráðherra.

f. Á eftir 2. málsl. 9. mgr. bætist við nýr málsliður, svohljóðandi: Eingöngu skulu greiðslur frá vinnuveitanda sem ætlaðar eru fyrir það tímabil sem foreldri er í fæðingarorlofi koma til frádráttar greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði.

g. Í stað orðanna „áætlaðan fæðingardag“ í 10. mgr. kemur: fæðingardag.

h. Í stað 11. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Þegar foreldri hefur starfað á innlendum vinnumarkaði a.m.k. síðasta mánuðinn á ávinnslutímabili skv. 1. mgr. skal Vinnumálastofnun, að því marki sem nauðsynlegt er, taka tillit til starfstímabila þess sem starfsmanns eða sjálfstætt starfandi einstaklings í öðru aðildarríki að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, Norðurlandasamningnum um almannatryggingar, stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða samningi milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar á ávinnslutímabilinu enda hafi störf foreldris veitt foreldrinu rétt samkvæmt lögum þess ríkis um fæðingarorlof. Skilyrði er að foreldri hafi hafið störf á innlendum vinnumarkaði innan tíu virkra daga frá því að það hætti störfum á vinnumarkaði í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, í öðru Norðurlandaríki, í öðru EFTA-ríki eða í Færeyjum. Foreldri skal láta tilskilin vottorð um áunnin starfstímabil og tryggingatímabil í öðru ríki í samræmi við ákvæði samninganna fylgja með umsókn um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði skv. 15. gr.

Félags- og tryggingamálaráðherra er heimilt að kveða í reglugerð nánar á um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði, svo sem um mat á starfshlutfalli sjálfstætt starfandi einstaklinga, rétt þeirra sem gegna störfum á innlendum vinnumarkaði sem eru undanskilin greiðslu tryggingagjalds lögum samkvæmt, rétt þeirra sem hafa starfað í öðrum aðildarríkjum að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. einnig gerðir sem felldar hafa verið undir VI. viðauka samningsins, aðildarríkjum að Norðurlandasamningnum um al-

mannatryggingar, stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða samningi milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar og hvaða greiðslna frá vinnuveitendum heimilt sé að taka tillit til við útreikninga skv. 9. mgr.

9. gr.

Á eftir 13. gr. laganna kemur ný grein, 13. gr. a, svohljóðandi, ásamt fyrirsögn:

Þátttaka á vinnumarkaði.

Þátttaka á innlendum vinnumarkaði í skilningi IV. kafla felur í sér að starfa í annarra þjónustu í a.m.k. 25% starfshlutfalli í hverjum mánuði eða að starfa við eigin rekstur, án tillits til félagsforms, í því umfangi að hlutaðeiganda er gert að standa mánaðarlega, eða með öðrum reglulegum hætti samkvæmt ákvörðun skattyfirvalda, skil á tryggingagjaldi. Fullt starf miðast við 172 vinnustundir á mánuði, en þó skal jafnan tekið tillit til fjölda vinnustunda sem samkvæmt kjarasamningi teljast fullt starf.

Til þátttöku á vinnumarkaði telst enn fremur:

a. orlof eða leyfi samkvæmt lögum, kjarasamningi eða ráðningarsamningi þótt ólaunað sé að hluta eða öllu leyti,
b. sá tími sem foreldri fær greiddar atvinnuleysisbætur, er á biðtíma eftir slíkum bótum eða hefði átt rétt á þeim hefði foreldrið skráð sig án atvinnu samkvæmt gildandi lögum um atvinnuleysistryggingar,
c. sá tími sem foreldri fær greidda sjúkra- eða slysadagpeninga, er á biðtíma eftir dagpeningum eða hefði átt rétt á þeim hefði foreldri sótt um þá til Tryggingastofnunar ríkisins samkvæmt gildandi lögum um almannatryggingar, eða fær greiðslur úr sjúkrasjóði stéttarfélags enda hafi foreldri látið af launuðum störfum af heilsufarsástæðum,
d. sá tími sem foreldri nýtur bóta frá tryggingafélagi sem koma í stað launa vegna tímabundins atvinnutjóns af völdum slysa,
e. sá tími er foreldri fær tekjutengdar greiðslur skv. III. kafla laga um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna eða hefði átt rétt á slíkum greiðslum hefði foreldri sótt um þær til Tryggingastofnunar ríkisins.

Vinnumálastofnun metur á grundvelli laga um atvinnuleysistryggingar hvort foreldri hefði átt rétt á atvinnuleysisbótum hefði það skráð sig án atvinnu á þeim tíma sem um er að ræða, sbr. b-lið 2. mgr.

Tryggingastofnun ríkisins metur á grundvelli laga um almannatryggingar hvort foreldri hefði átt rétt á sjúkra- eða slysadagpeningum hefði það sótt um þá fyrir þann tíma sem um er að ræða, sbr. c-lið 2. mgr.

Tryggingastofnun ríkisins metur á grundvelli laga um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna hvort foreldri hefði átt rétt á tekjutengdum greiðslum samkvæmt III. kafla laganna hefði það sótt um slíkar greiðslur.

10. gr.

Orðin „og greiðir þá Fæðingarorlofssjóður lögbundið framlag á móti“ í 1. mgr. 14. gr. laganna falla brott.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. verður svohljóðandi: Vilji foreldri hefja fæðingarorlof fyrir áætlaðan fæðingardag, sbr. 2. mgr. 8. gr., ber því að tilkynna það Vinnumálastofnun þremur vikum fyrir fyrirhugaðan upphafsdag fæðingarorlofs.

b. 2. mgr. verður svohljóðandi:

Umsóknin skal vera skrifleg á þar til gerðu eyðublaði og skal fylgja henni afrit af tilkynningum um fæðingarorlof skv. 9. gr. sem foreldrar hafa fengið samþykktar hjá vinnuveitendum sínum þar sem fram kemur fyrirhugaður upphafsdagur, lengd og tilhögun fæðingarorlofs hvors foreldris fyrir sig. Þegar foreldri er sjálfstætt starfandi einstaklingur skal það tekið fram í umsókninni og tilgreint um fyrirhugaðan upphafsdag, lengd og tilhögun fæðingarorlofs. Umsóknin skal undirrituð af foreldrum, enda fari þeir báðir með forsjá barnsins. Skal forsjárlaust foreldri undirrita umsókn uppfylli það skilyrði 7. mgr. 8. gr. Gildir hið sama þótt annað foreldrið sé utan vinnumarkaðar eða í námi, sbr. 2. mgr. 1. gr., en skal þess getið í umsókn sé jafnframt sótt um fæðingarstyrk fyrir það foreldri skv. VI. kafla.

c. Í stað orðanna „vegna tekjuára“ í 3. mgr. kemur: vegna viðmiðunartímabila.

d. 5. mgr. verður svohljóðandi:

Þegar foreldri getur ekki tekið fæðingarorlof á þeim tíma er það tilkynnti Vinnumálastofnun um skv. 2. mgr. vegna ófyrirsjáanlegra ástæðna ber foreldri að tilkynna Vinnumálastofnun skriflega um breytinguna á þar til gerðu eyðublaði. Vinnuveitandi foreldris skal staðfesta samþykki sitt um breytingu á tilhögun fæðingarorlofs foreldris með undirritun sinni.

12. gr.

Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 4. mgr. 15. gr. a laganna kemur: Félags- og tryggingamálaráðherra.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. b laganna:

a. 1. mgr. verður svohljóðandi:

Vinnumálastofnun skal annast eftirlit með framkvæmd laganna. Félags- og tryggingamálaráðherra er þó heimilt að ákveða annað fyrirkomulag í reglugerð.

b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:

Skattyfirvöld skulu láta Vinnumálastofnun í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru eftirliti með framkvæmd laganna enda hafi umsækjandi verið upplýstur um það.

c. Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 2. mgr., sem verður 3. mgr., kemur: Félags- og tryggingamálaráðherra.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. mgr. 17. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „læknis“ í 1. málsl. kemur: sérfræðilæknis.

b. Í stað orðsins „aðila“ í 2. málsl. kemur: sérfræðilækni.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna:

a. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:

Þrátt fyrir 1. mgr. skal foreldri sem er utan vinnumarkaðar eða í minna en 25% starfshlutfalli í hverjum mánuði öðlast rétt til fæðingarstyrks í allt að níu mánuði hafi hitt foreldrið andast á meðgöngu barns og barnið fæðist lifandi.

b. Á eftir 2. mgr., sem verður 3. mgr., kemur ný málsgrein, 4. mgr., svohljóðandi:

Hafi foreldri haft lögheimili hér á landi a.m.k. síðasta mánuðinn fyrir fæðingardag barns skal Vinnumálastofnun, að því marki sem nauðsynlegt er, taka tillit til búsetutímabila foreldris í öðru aðildarríki að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, Norðurlandasamningnum um almannatryggingar, stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða samningi milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar á ávinnslutímabilinu þegar metið er hvort foreldri fullnægi lögheimilisskilyrði skv. 3. mgr. enda hafi foreldri verið tryggt á sama tíma í því ríki og ekki hefur liðið meira en mánuður frá því að tryggingatímabili samkvæmt lögum þess ríkis var lokið. Foreldri skal láta tilskilin vottorð um búsetutímabil og tryggingatímabil í öðru ríki í samræmi við ákvæði samninganna fylgja með umsókn um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði skv. 23. gr.

c. Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ tvívegis í 3. mgr., sem verður 5. mgr., kemur: félags- og tryggingamálaráðherra.

d. Við 5. mgr., sem verður 7. mgr., bætist: sbr. þó 8. mgr.

e. Á eftir 5. mgr., sem verður 7. mgr., kemur ný málsgrein, 8. mgr., svohljóðandi:

Forsjárlaust foreldri á rétt til fæðingarstyrks liggi fyrir samþykki þess foreldris sem fer með forsjána um að forsjárlausa foreldrið hafi umgengni við barnið þann tíma sem greiðsla fæðingarstyrks stendur yfir.

f. Í stað orðanna „4. mgr.“ í 8. mgr., sem verður 11. mgr., kemur: 6. mgr.

g. Við greinina bætast tvær nýjar málsgreinar, 12. og 13. mgr., svohljóðandi:

Foreldri sem er ófært vegna sjúkdóms eða afleiðinga slyss eða afplánunar refsivistar um að annast barn sitt á fyrstu átján mánuðunum eftir fæðingu þess er heimilt að framselja rétt sinn til fæðingarstyrks sem það hefur ekki þegar nýtt sér til hins foreldrisins að hluta eða öllu leyti. Hið sama gildir þegar foreldri er ófært um að annast barn sitt af sömu ástæðum á fyrstu átján mánuðunum eftir að barn kemur inn á heimili við frumættleiðingu eða töku í varanlegt fóstur. Á þetta við hvort sem foreldrar fara sameiginlega með forsjá barnsins eða ekki. Heimilt er að veita undanþágu frá samþykki foreldris um framsal réttinda þegar foreldri er ófært um að veita samþykki sitt vegna sjúkdóms eða afleiðinga slyss og skal þá Vinnumálastofnun meta hvort skilyrðum um framsal réttindanna sé fullnægt. Ástand foreldris vegna sjúkdóms eða afleiðinga slyss sem leiðir til þess að foreldrið er ófært um að annast barnið á fyrrgreindu tímabili eða veita samþykki sitt um framsal réttinda sinna skal staðfest með læknisvottorði þess sérfræðilæknis sem annast foreldrið. Fangelsismálayfirvöld skulu staðfesta að foreldrið muni afplána refsivist á fyrrgreindu tímabili. Við tilfærsluna verður réttur þess foreldris sem framselur rétt sinn að þeim réttindum er hitt foreldrið hefur áunnið sér samkvæmt lögum þessum.

Ráðherra er heimilt að kveða í reglugerð nánar á um framkvæmd þessa ákvæðis.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. laganna:

a. 1. mgr. verður svohljóðandi:

Foreldrar sem hafa verið í fullu námi í a.m.k. sex mánuði á síðustu tólf mánuðum fyrir fæðingu barns, frumættleiðingu eða töku barns í varanlegt fóstur og sýnt viðunandi námsárangur eiga sjálfstæðan rétt til fæðingarstyrks í allt að þrjá mánuði, hvort um sig vegna fæðingar, frumættleiðingar eða töku barns í varanlegt fóstur. Þessi réttur er ekki framseljanlegur. Auk þess eiga foreldrar sameiginlegan rétt á fæðingarstyrk í þrjá mánuði til viðbótar sem annað foreldrið getur tekið í heild eða foreldrar skipt með sér. Foreldri skal leggja fram staðfestingu frá viðkomandi skóla um að það hafi verið skráð í fullt nám og sýnt viðunandi námsárangur. Heimilt er að taka tillit til ástundunar náms í stað námsárangurs á þeirri skólaönn sem barn fæðist. Réttur til fæðingarstyrks vegna fæðingar fellur niður er barnið nær átján mánaða aldri.

b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:

Þrátt fyrir 1. mgr. skal foreldri sem hefur verið í fullu námi í a.m.k. sex mánuði á síðustu tólf mánuðum fyrir fæðingu barns, frumættleiðingu eða töku barns í varanlegt fóstur og sýnt viðunandi námsárangur öðlast rétt til fæðingarstyrks í allt að níu mánuði hafi hitt foreldrið andast á meðgöngu barns og barnið fæðist lifandi.

c. Á eftir 3. málsl. 2. mgr., sem verður 3. mgr., kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Hið sama gildir þegar foreldri hefur flutt lögheimili sitt tímabundið og stundar fjarnám við íslenskan skóla á þeim tíma enda hafi foreldri átt lögheimili hér á landi samfellt í a.m.k. fimm ár fyrir flutning og fullnægir öðrum skilyrðum um fæðingarstyrk til foreldra í fullu námi.

d. Á eftir 2. mgr., sem verður 3. mgr., kemur ný málsgrein, 4. mgr., svohljóðandi:

Hafi foreldri haft lögheimili hér á landi a.m.k. síðasta mánuðinn fyrir fæðingardag barns skal Vinnumálastofnun, að því marki sem nauðsynlegt er, taka tillit til búsetutímabila foreldris í öðru aðildarríki að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, Norðurlandasamningnum um almannatryggingar, stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða samningi milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar á ávinnslutímabilinu þegar metið er hvort foreldri fullnægi lögheimilisskilyrði skv. 3. mgr. enda hafi foreldri verið tryggt á sama tíma í því ríki og ekki hefur liðið meira en mánuður frá því að tryggingatímabili samkvæmt lögum þess ríkis var lokið. Foreldri skal láta tilskilin vottorð um búsetutímabil og tryggingatímabil í öðru ríki í samræmi við ákvæði samninganna fylgja með umsókn um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði skv. 23. gr.

e. Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ tvívegis í 3. mgr., sem verður 5. mgr., kemur: félags- og tryggingamálaráðherra.

f. Við 5. mgr., sem verður 7. mgr., bætist: sbr. þó 8. mgr.

g. Á eftir 5. mgr., sem verður 7. mgr., kemur ný málsgrein, 8. mgr., svohljóðandi:

Forsjárlaust foreldri á rétt til fæðingarstyrks liggi fyrir samþykki þess foreldris sem fer með forsjána um að forsjárlausa foreldrið hafi umgengni við barnið þann tíma sem greiðsla fæðingarstyrks stendur yfir.

h. Á eftir 9. mgr., sem verður 12. mgr., kemur ný málsgrein, 13. mgr., svohljóðandi:

Heimilt er að greiða móður fæðingarstyrk skv. 1. mgr. þó að hún uppfylli ekki skilyrði um viðunandi námsárangur og/eða ástundun enda hafi hún ekki getað stundað nám á meðgöngu vegna heilsufarsástæðna. Móðir skal leggja fram vottorð sérfræðilæknis

sem annast hefur hana á meðgöngu því til staðfestingar ásamt staðfestingu frá skóla um að hún hafi verið skráð í fullt nám. Vinnumálastofnun er heimilt að óska eftir umsögn frá öðrum sérfræðilækni.

i. Í stað orðanna „4. mgr.“ í 10. mgr., sem verður 14. mgr., kemur: 6. mgr.

j. Á eftir 10. mgr., sem verður 14. mgr., kemur ný málsgrein, 15. mgr., svohljóðandi:

Foreldri sem er ófært vegna sjúkdóms eða afleiðinga slyss eða afplánunar refsivistar um að annast barn sitt á fyrstu átján mánuðunum eftir fæðingu þess er heimilt að framselja rétt sinn til fæðingarstyrks sem það hefur ekki þegar nýtt sér til hins foreldrisins að hluta eða öllu leyti. Hið sama gildir þegar foreldri er ófært um að annast barn sitt af sömu ástæðum á fyrstu átján mánuðunum eftir að barn kemur inn á heimili við frumættleiðingu eða töku í varanlegt fóstur. Á þetta við hvort sem foreldrar fara sameiginlega með forsjá barnsins eða ekki. Heimilt er að veita undanþágu frá samþykki foreldris um framsal réttinda þegar foreldri er ófært um að veita samþykki sitt vegna sjúkdóms eða afleiðinga slyss og skal þá Vinnumálastofnun meta hvort skilyrðum um framsal réttindanna sé fullnægt. Ástand foreldris vegna sjúkdóms eða afleiðinga slyss sem leiðir til þess að foreldrið er ófært um að annast barnið á fyrrgreindu tímabili eða veita samþykki sitt um framsal réttinda sinna skal staðfest með læknisvottorði þess sérfræðilæknis sem annast foreldrið. Fangelsismálayfirvöld skulu staðfesta að foreldrið muni afplána refsivist á fyrrgreindu tímabili. Við tilfærsluna verður réttur þess foreldris sem framselur rétt sinn að þeim réttindum er hitt foreldrið hefur áunnið sér samkvæmt lögum þessum.

17. gr.

Í stað 1. mgr. 21. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Foreldrar eiga sameiginlegan rétt til fæðingarstyrks í þrjá mánuði til viðbótar fyrir hvert barn umfram eitt sem fæðist á lífi.

Foreldrar sem ættleiða eða taka í varanlegt fóstur fleiri börn en eitt á sama tíma eiga sameiginlegan rétt til fæðingarstyrks í þrjá mánuði til viðbótar fyrir hvert barn umfram eitt.

18. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. mgr. 22. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „læknis“ í 1. málsl. kemur: sérfræðilæknis.

b. Í stað orðsins „aðila“ í 2. málsl. kemur: sérfræðilækni.

19. gr.

2. mgr. 33. gr. laganna verður svohljóðandi:

Foreldri sem nýtur greiðslna í fæðingarorlofi á ekki rétt til sjúkra- eða slysadagpeninga samkvæmt lögum um almannatryggingar.

20. gr.

Á eftir 33. gr. laganna kemur ný grein, 33. gr. a, svohljóðandi, ásamt fyrirsögn:

Fjárnám óheimilt.

Óheimilt er að gera fjárnám í greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði eða fæðingarstyrk samkvæmt lögum þessum sem ekki hafa verið greiddar til foreldris. Þá er jafnframt óheimilt að taka greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði eða fæðingarstyrk til greiðslu opinberra gjalda annarra en staðgreiðslu opinberra gjalda.

21. gr.

Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 35. gr. laganna kemur: Félags- og tryggingamálaráðherra.

22. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2008 og eiga við um foreldra barna sem fæðast, eru ættleidd eða eru tekin í varanlegt fóstur 1. júní 2008 eða síðar.

975. Frumvarp til laga [401. mál]

um breytingu á lögum nr. 76/2001, um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa.

(Eftir 2. umr., 8. maí.)

1. gr.

Í stað orðanna „tilskipun ráðsins nr. 94/58/EB frá 22. nóvember 1994, um lágmarksþjálfun sjómanna, sbr. tilskipun ráðsins nr. 98/35/EB frá 25. maí 1998“ í 3. mgr. 1. gr. laganna kemur: tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/25/EB um lágmarksþjálfun sjómanna, með síðari breytingum, og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/45/EB um gagnkvæma viðurkenningu á skírteinum sjómanna sem aðildarríkin gefa út og um breytingu á tilskipun 2001/25/EB.

2. gr.

Við 2. gr. laganna bætast tvær nýjar orðskýringar sem orðast svo:

20. *ISM-kóðinn* er alþjóðlegur kóði um öryggisstjórnun skipa og mengunarvarnir, sem samþykktur var af Alþjóðasiglingamálastofnuninni (IMO) með ályktun þingsins A.741(18) frá 4. nóvember 1993, með áorðnum breytingum.
21. *Viðurkennd stofnun* er aðili sem er viðurkenndur í samræmi við reglugerð um viðurkenningu flokkunarfélaga, sbr. tilskipun 94/57/EB.

3. gr.

1. og 2. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna falla brott.

4. gr.

2. og 3. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Um umsóknir um viðurkenningu á réttindum sem lögbært yfirvald í aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins og aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu gefur út til starfa á skipum sem lög þessi taka til skal fara eftir ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/45/EB um gagnkvæma viðurkenningu á skírteinum sjómanna sem aðildarríkin gefa út og um breytingu á tilskipun 2001/25/EB, eins og nánar er kveðið á um í reglugerð.

Um umsóknir um viðurkenningu á réttindum sem gefin eru út af ríkjum öðrum en ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins og aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu til starfa á skipum sem lög þessi taka til skal fara eftir ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/25/EB, eins og nánar er kveðið á um í reglugerð.

5. gr.

Á eftir 9. gr. laganna bætist við ný grein, 9. gr. a, sem orðast svo:

Alþjóðlegt öryggisstjórnunarkerfi.

Á flutningaskipum sem eru 500 brúttótonn eða stærri og farþegaskipum sem lög þessi taka til skal fylgt ákvæðum A-hluta ISM-kóðans um öryggisstjórnun skipa og mengunarvarnir. Skal Siglingastofnun eða viðurkenndur aðili gefa út samræmisskjal og öryggisstjórnunarskírteini í samræmi við ISM-kóðann.

Siglingastofnun er heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum 6., 7., 9., 11. og 12. gr. kóðans, enda séu teknar upp ráðstafanir sem veiti sambærilega vernd og kveðið er á um í kóðanum.

Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um:

1. skip sem eru nýtt eingöngu í þágu hins opinbera en ekki í atvinnuskyni,
2. skip sem ekki eru knúin áfram með vélrænum hætti, tréskip með frumstæðu byggingarlagi, skemmtisnekkjur og skemmtibátar nema þau séu eða verði mönnuð og látin flytja fleiri en 12 farþega í atvinnuskyni,
3. farþegaskip í flokki C og D eins og þeir eru skilgreindir í reglugerð um öryggi farþegaskipa í innanlandssiglingum nr. 666/2001, með síðari breytingum, nema þau séu ekjufarþegaskip.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 17. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „og mönnun skipa“ í 1. málsl. kemur: mönnun skipa og alþjóðlegt öryggisstjórnunarkerfi.
b. Í stað orðanna „Ákvæði reglugerðarinnar“ í 2. málsl. kemur: Ákvæðin.

7. gr.

Lög þessi innleiða í íslenskan rétt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 336/2006 um að hrinda í framkvæmd ákvæðum alþjóðlega kóðans um öryggisstjórnun skipa innan bandalagsins og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 3051/95, sem tekin var upp í XIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

976. Lög [611. mál]

um breyting á lögum um sértryggð skuldabréf, nr. 11/2008.

(Afgreidd frá Alþingi 8. maí.)

Samhljóða þskj. 951.

977. Nefndarálit [190. mál]

um frv. til l. um almannavarnir.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bryndísi Helgadóttur og Þórunni J. Hafstein frá dómsmálaráðuneyti, Kristján Einarsson frá Félagi slökkviliðsstjóra, Björn Karlsson frá Brunamálastofnun, Önnu Björg Aradóttur og Sigurð Guðmundsson frá landlæknisembættinu, Brynjólf Mogensen og Jóhann Pálmason frá Landspítala, Kjartan Þorkelsson frá Lögreglustjórafélagi Íslands, Jón Brynjar Birgisson og Kristján Sturluson frá Rauða krossi Íslands, Rögnvald Ólafsson, Sigríði B. Guðjónsdóttur og Víði Reynisson frá ríkislögreglustjóra, Guðjón Bragason og Þórð Skúlason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Friðfinn Guðmundsson og Kristin Ólafsson frá Slysavarnafélaginu Landsbjörg, Jón Viðar Matthíasson frá slökkviliði höfuðborgarsvæðisins, Kristínu Lindu Árnadóttur frá Umhverfisstofnun og Magnús Jónsson frá Veðurstofu Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að sett verði ný heildarlög um almannavarnir. Gildandi lög um almannavarnir eru frá árinu 1962 en þeim hefur nokkrum sinnum verið breytt. Síðasta meginbreyting var gerð með lögum nr. 44/2003. Þá var gerð sú breyting á stjórnskipulagi almannavarna að þau verkefni sem voru á hendi almannavarnaráðs og Almannavarna ríkisins voru flutt til embættis ríkislögreglustjóra. Innan embættis ríkislögreglustjóra starfar því sérstök deild sem fer með málefni almannavarna.

Í frumvarpinu er tekið mið af yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 26. september 2006 um ný verkefni íslenskra stjórnvalda við brottför varnarliðsins. Þar kemur fram að til að efla almennt öryggi verði við endurskoðun laga um almannavarnir hugað að því að koma á fót miðstöð þar sem tengdir verði saman allir aðilar sem koma að öryggismálum innan lands, hvort heldur vegna náttúruhamfara eða vegna hættu af mannavöldum. Þá er gert ráð fyrir því að í yfirstjórn miðstöðvarinnar muni eiga sæti forsætisráðherra, utanríkisráðherra, dóms- og kirkjumálaráðherra, samgönguráðherra, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og umhverfisráðherra til að tryggja samhæfingu sem best. Þetta markmið yfirlýsingarinnar kemur fram í 3. og 4. gr. frumvarpsins þar sem fjallað er um hlutverk og skipan almannavarna- og öryggismálaráðs sem skipað verður framangreindum ráðherrum auk fleiri aðila. Við umfjöllun málsins í nefndinni var um það rætt að vegna fjölmennis í ráðinu gæti verið til hagræðis að skipta því niður í einhvers konar vinnunefndir sem mundu fjalla um og móta tillögur um tiltekna málaflokka sem almannavarnaviðbrögð ná til. Meiri hlutinn telur þetta vel koma til greina og að unnt sé að kveða á um slíkt fyrirkomulag í reglugerð.

Í 2. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um það hvernig umsjón með almannavörnum skuli háttað. Þar kemur fram að ríkið fari með almannavarnir á landinu öllu, hvort heldur er á landi, í lofti eða á sjó og sveitarfélög fari með almannavarnir í héraði í samvinnu við ríkisvaldið. Meiri hlutinn leggur áherslu á að í þessari grein er sama meginskipulag almannavarna og nú er í gildi áréttað. Þá sér meiri hlutinn ástæðu til vekja athygli á því að við útfærslu á skipulaginu verði eftirfarandi reglur lagðar til grundvallar:

1. Sviðsábyrgðarreglan. Sá aðili sem fer venjulega með stjórn tiltekins sviðs samfélagsins eða tiltekins svæðis eða umdæmis skal skipuleggja viðbrögð og koma að stjórn aðgerða þegar hættu ber að garði.

2. Grenndarreglan. Staðbundin stjórnvöld undirbúa fyrirbyggjandi ráðstafanir og viðbragðsáætlanir.
3. Samkvæmnisreglan. Yfirvald eða stofnun sér á hættustundu um björgunarstörf á verksviði sínu.
4. Samræmingarreglan. Allir viðbragðsaðilar samhæfa störf sín við undirbúning aðgerða vegna hættuástands þannig að búnaður og mannafli sé nýttur á skilvirkan hátt.

Samkvæmt 15. og 16. gr. frumvarpsins hvílir sú skylda á ríki og sveitarfélögum að gera viðbragðsáætlanir. Í 1. mgr. 15. gr. er kveðið á um samvinnu annars vegar ráðuneyta og undirstofnana þeirra og hins vegar ríkislögreglustjóra um könnun á áfallaþoli íslensks samfélags. Í 1. mgr. 16. gr. er mælt fyrir um að sveitarfélög skuli, í samvinnu við ríkislögreglustjóra, kanna áfallaþol þess hluta samfélagsins sem fellur undir þeirra umdæmi og gera viðbragðsáætlanir í samræmi við það. Í 2. mgr. 16. gr. er gert ráð fyrir því að sveitarfélögum verði heimilt að hafa samvinnu um gerð viðbragðsáætlana ef hætta nær til umdæma tveggja eða fleiri sveitarfélaga eða ef hætta er þess eðlis að hún kalli á slíka samvinnu.

Samkvæmt 5. gr. frumvarpsins tekur ríkislögreglustjóri hverju sinni ákvörðun um almannavarnastig og tilkynnir það dómsmálaráðherra. Heimilt er að lýsa yfir almannavarnaástandi þegar neyðarástand er líklegt, er yfirvofandi eða ríkir eða sambærilegar aðstæður eru fyrir hendi. Meiri hlutinn vekur athygli á þessum skilyrðum sem eru tilgreind í 5. gr. frumvarpsins þegar kemur að því að lýsa yfir almannavarnaástandi og þeim markmiðum sem koma fram í 1. gr. frumvarpsins.

Ríkislögreglustjóri hefur auk þess umsjón með að ráðstafanir séu gerðar í samræmi við stefnu stjórnvalda í almannavarna- og öryggismálum. Þá hefur ríkislögreglustjóri eftirlit með skipulagi almannavarna á landinu öllu og eftirlit með almannavörnum sveitarfélaga. Við embætti ríkislögreglustjóra starfar samhæfingar- og stjórnstöð sem lýtur sérstakri stjórn og verður hún kjarninn í víðtæku kerfi almannavarna um allt land. Í samhæfingar- og stjórnstöð fer fram samhæfing og yfirstjórn almannavarnaaðgerða með hliðsjón af almannavarnastigi og viðeigandi viðbragðsáætlun. Þar getur einnig farið fram samhæfing hvers kyns aðgerða við leit og björgun á landi, sjó og í lofti. Samhæfingar- og stjórnstöð skal virkjuð þegar nauðsyn krefur að mati þeirra sem koma að stjórn leitar, björgunar eða viðbragða við hættuástandi. Ákvæði 12. og 13. gr. frumvarpsins taka mið af því fyrirkomulagi sem gildir nú við leit og björgun í Björgunarmiðstöðinni í Skógarhlíð. Í samhæfingar- og stjórnstöðinni verður aðgerðum stjórnað af starfsmönnum sem hafa fengið þjálfun og reynslu í viðbrögðum á hættustundu. Í stjórnstöðinni verða allir viðbragðsaðilar með fulltrúa og vinna þeir saman að samhæfingu og stjórn aðgerða en fjöldi þeirra sem kallaðir eru til starfa í stöðinni hverju sinni ræðst af því verkefni sem krefst úrlausnar.

Þegar almannavarnaástand ríkir fer lögreglustjóri í viðkomandi lögregluumdæmi með stjórn aðgerða í héraði, ásamt fulltrúa Slysavarnafélagsins Landsbjargar og fulltrúa almannavarnanefndar í samvinnu við samhæfingar- og stjórnstöð, sbr. 11. gr. frumvarpsins. Meiri hlutinn leggur til breytingu á þessu ákvæði sem verður gerð grein fyrir síðar í áliti þessu. Almannavarnanefndir eru skipaðar af sveitarstjórn og felst hlutverk þeirra í stefnumótun og skipulagningu starfs að almannavörnum í héraði. Almannavarnanefndir vinna að gerð hættumats og viðbragðsáætlana í samvinnu við ríkislögreglustjóra. Á því er byggt í frumvarpinu að almannavarnanefndir gegni fyrst og fremst forvarna- og viðbúnaðarhlutverki.

Í frumvarpinu eru ekki allar reglur sem nauðsynlegt er að setja um skipulag og framkvæmd almannavarna. Í 34. gr. frumvarpsins er dómsmálaráðherra veitt heimild til að setja reglugerð um frekari framkvæmd laganna. Sem dæmi má nefna að í reglugerð verður kveðið

á um hverjir teljist til viðbragðsaðila almannavarna. Í sama ákvæði er forsætisráðherra veitt heimild til að setja reglugerð um starfshætti almannavarna- og öryggismálaráðs í samráði við dómsmálaráðherra.

Talsvert var rætt innan nefndarinnar um ábyrgð og hlutdeild sveitarfélaganna í almannavörnum. Meiri hlutinn telur í því sambandi mikilvægt að minna á nokkrar greinar frumvarpsins sem fjalla um það efni. Skv. 2. gr. frumvarpsins fara sveitarfélög með almannavarnir í héraði, í samvinnu við ríkisvaldið, svo sem kveðið er á um í frumvarpinu. Þá segir m.a. í 9. gr. frumvarpsins að í hverju sveitarfélagi starfi almannavarnanefnd sem sveitarstjórn skipar og skulu m.a. fulltrúar úr sveitarstjórn og þeir fulltrúar sveitarstjórna sem í starfi sínu sinna verkefnum í þágu öryggis hins almenna borgara sitja í almannavarnanefndinni. Hlutverk almannavarnanefnda kemur fram í 10. gr. frumvarpsins. Þar er mælt fyrir um að þær móti stefnu og skipuleggi starf sitt að almannavörnum í héraði í samræmi við lögin. Í umdæmum sínum vinna almannavarnanefndir að gerð hættumats og viðbragðsáætlana í samvinnu við ríkislögreglustjóra, sbr. 16. gr.

Í 11. gr. frumvarpsins er fjallað um aðgerða- og vettvangsstjórn í héraði og kemur þar fram að stjórn aðgerða í héraði þegar almannavarnaástand ríkir sé í höndum lögreglustjóra í viðkomandi lögregluumdæmi ásamt fulltrúa Slysavarnafélagsins Landsbjargar og fulltrúa almannavarnanefndar, sem hefur m.a. fulltrúa sveitarstjórnar innan borðs, í samvinnu við samhæfingar- og stjórnstöð. Meiri hlutinn vekur þó athygli á breytingartillögu við 11. gr. sem síðar er gerð grein fyrir í nefndarálitinu en hún skýrir þetta ákvæði enn frekar.

Að lokum vill meiri hlutinn í þessu sambandi benda á 12. gr. frumvarpsins en þar er fjallað um samhæfingar- og stjórnstöð þar sem m.a. fer fram samhæfing og yfirstjórn almannavarnaaðgerða með hliðsjón af almannavarnastigi og viðeigandi viðbragðsáætlun. Í stjórnstöðinni starfa fulltrúar viðbragðsaðila almannavarna og ber þeim skylda til að fara að fyrirmælum þess aðila sem stýrir samhæfingu aðgerða úr samhæfingar- og stjórnstöð samkvæmt viðbragðsáætlun. Í stjórn samhæfingar- og stjórnstöðvar situr m.a. fulltrúi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Meiri hlutinn leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu sem m.a. koma til eftir ábendingar frá sveitarfélögum:

Lagðar eru til þrenns konar breytingar á markmiðssetningu frumvarpsins í 2. mgr. 1. gr. Er í fyrsta lagi lagt til að upptalning á þeim atriðum sem almannavarnaviðbrögð eiga að vernda samræmist betur 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins. Markmiðssetningin verði því útvíkkuð að þessu leyti þannig að vísað verði til líkams- og heilsutjóns almennings, umhverfis eða eigna. Í öðru lagi er lagt til að hugtakið hryðjuverk falli brott úr upptalningu á þeim tilfellum sem geta leitt til almannavarnaviðbragða enda er í greininni vísað til hættuástands af mannavöldum sem tekur einnig til hættu af hryðjuverkum. Í þriðja lagi er lagt til að orðin „enda falli þau störf ekki undir aðra samkvæmt lögum“ falli brott enda er markmið frumvarpsins að setja heildarramma um almannavarnastörf og vísan til annarra laga því óþörf.

Lagt er til að heiti ráðherra og ráðuneyta í 4. gr. verði lagfærð til samræmis við lög nr. 109/2007, um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969. Jafnframt er lagt til að forstjóri Geislavarna ríkisins eigi sæti í almannavarna- og öryggismálaráði.

Lagt er til að 5. gr. frumvarpsins breytist á þann veg að við 1. mgr. bætist að dómsmálaráðherra skuli hafa samráð við almannavarna- og öryggismálaráð þegar hann gefur út reglur um almannavarnastig. Í almannavarna- og öryggismálaráði sitja fulltrúar aðila sem sérþekkingu hafa hver á sínu sviði og þykir því rétt að reglur um almannavarnastig séu settar í samráði við fulltrúa allra þeirra sem að almannavörnum koma. Jafnframt er lögð til breyting á

2. mgr. sem felur í sér að þegar ríkislögreglustjóri tekur ákvörðun um almannavarnastig hafi hann samráð við lögreglustjóra ef unnt er. Með þessu eru tengsl við aðgerðarstjórn í héraði tryggð eins og unnt er.

Lagðar eru til þrenns konar breytingar á 7. gr. frumvarpsins. Í fyrsta lagi er lagt til að lokaorð 1. mgr. falli brott. Samkvæmt greininni er ljóst að ríkislögreglustjóri hefur eftirlit með að lögunum verði framfylgt af hálfu allra þeirra aðila sem að almannavörnum koma. Óþarft er að taka sérstaklega fram að þar á meðal sé gerð varnarvirkja og aðrar verndarráðstafanir en gerð slíkra varnarvirkja geta verið á hendi ýmissa aðila samkvæmt lögum. Þá er í öðru lagi lagt til að í stað þess að kveða á um að ríkislögreglustjóri hafi umsjón með gerð hættumats, sbr. 2. málsl. 2. mgr., verði mælt fyrir um að hann hafi eftirlit með gerð hættumats. Í þriðja lagi er lögð til orðalagsbreyting á 5. málsl. 2. mgr. í þeim tilgangi að hnykkja á því að ríkislögreglustjóri hafi eftirlit með stjórn aðgerða en við lestur þessa ákvæðis frumvarpsins væri hægt að draga þá ályktun að hann hafi stjórn aðgerða með höndum.

Lagðar eru til þrenns konar breytingar á 9. gr. frumvarpsins. Er í fyrsta lagi lagt til breytt orðalag í 1. mgr. svo að skýrt sé að það er sveitarstjórn sem ákveður fjölda nefndarmanna í almannavarnanefnd. Í öðru lagi er lagt til að við 3. mgr. bætist heimild fyrir sveitarstjórnir til að semja um gagnkvæma aðstoð. Í þriðja lagi er lagt til að við 3. mgr. bætist ákvæði þess efnis að þegar ein almannavarnanefnd er í umdæmi lögreglustjóra skuli hann eiga sæti í nefndinni. Er það gert til að tryggja að lögreglustjóri sem fer með stjórn aðgerða í héraði eigi sæti í sameinaðri almannavarnanefnd.

Lagðar eru til tvenns konar breytingar á 11. gr. frumvarpsins. Er annars vegar lögð til orðalagsbreyting á 1. mgr. í þeim tilgangi að það verði skýrt að ábyrgðin á stjórn aðgerða í héraði sé á hendi lögreglustjóra en hann starfi samt sem áður náið með öðrum viðbragðsaðilum og er Rauða krossi Íslands bætt við sem viðbragðsaðila sem á sæti í aðgerðarstjórninni. Hins vegar er lagt til að í 2. mgr. komi hugtakið „stjórn“ í stað hugtaksins „heildarstjórn“. Síðarnefnda hugtakið þykir síður henta í því samhengi sem um ræðir, sbr. einkum skilgreiningu þess í reglugerð um leit og björgun á landi og samstarf lögreglu og björgunarsveita, nr. 289/2003. Telja verður að hugtakið heildarstjórnun eigi ekki heima á vettvangi enda er vettvangsstjórnun í eðli sínu framkvæmd áætlana innan tiltekins vettvangs.

Lagt er til að þrenns konar breytingar verði gerðar á 12. gr. frumvarpsins. Í fyrsta lagi að hnykkt verði á því í síðari málslið 1. mgr. að samhæfing aðgerða geti einnig farið fram þótt almannavarnaástandi hafi ekki verið lýst yfir. Í öðru lagi er lögð til orðalagsbreyting á 1. málsl. 2. mgr. til að hnykkja á því að ákvæðið eigi við þegar almannavarnaástand ríkir. Í þriðja lagi er lagt til að í stjórn samhæfingar- og stjórnstöðvar eigi sæti ellefu fulltrúar í stað níu og að við bætist einn fulltrúi frá Flugstoðum og einn frá Rauða krossi Íslands.

Lögð er til sú breyting á 2. mgr. 13. gr. að ríkislögreglustjóri skuli kanna afstöðu hlutaðeigandi lögreglustjóra áður en hann tekur ákvörðun um að samhæfingar- og stjórnstöð taki við stjórn aðgerða.

Lagt er til að 2. mgr. 14. gr. verði breytt á þann veg að þjónustumiðstöð skuli hafa samvinnu við viðkomandi almannavarnanefndir þegar hún hefur samskipti við fjölmiðla.

Lögð er til orðalagsbreyting á 2. málsl. 1. mgr. 15. gr. frumvarpsins. Jafnframt er því bætt við að viðbragðsáætlanir séu gerðar til samræmis við þau lög sem um starfssviðið gilda. Er það til að árétta að til grundvallar viðbrögðum við almannavörnum liggi sviðsábyrgðar-, grenndar-, samkvæmnis- og samræmingarreglurnar sem frumvarpið grundvallast á.

Lagðar eru til tvenns konar breytingar á 16. gr. frumvarpsins. Er annars vegar lagt til að bæði sveitarfélög og stofnanir á þeirra vegum skuli kanna áfallaþol í umdæmi sínu. Samræm-

ist þetta 1. mgr. 15. gr. frumvarpsins þar sem mælt er fyrir um skyldu ráðuneyta og undirstofnana til að kanna áfallaþol þess hluta íslensks samfélags sem undir þau heyrir. Hins vegar er lagt til að í stað þess að kveðið sé á um í 16. gr. að sveitarfélög geri viðbragðsáætlanir, þá sé tekið fram til samræmis við 10. gr. frumvarpsins að það verkefni sé á hendi almannavarnanefnda sveitarfélaganna.

Lögð er til sú breyting á 17. gr. frumvarpsins að viðbragðsáætlanir skuli staðfestar áður en þær eru sendar ríkislögreglustjóra.

Lögð er til breyting á 3. mgr. 19. gr. frumvarpsins svo að tilvísun til 1. mgr. sama ákvæðis sé á réttum stað í málsliðnum.

Lögð er til breyting á síðari málslið 1. mgr. 20. gr. frumvarpsins. Þar kemur fram að ákvörðun um kvaðningu manns til starfa við almannavarnir verði ekki skotið til æðra stjórnvalds. Lagt er til að í stað orðsins „starfa“ komi „tafarlausrar aðstoðar“ í samræmi við 1. málsl. 1. mgr. sama ákvæðis.

Til skýringar er lagt til að við 1. málsl. 1. mgr. 21. gr. frumvarpsins verði bætt tilvísun til 19. gr. frumvarpsins.

Lögð er til sú breyting á 1. mgr. 23. gr. frumvarpsins að lögreglustjóri í stað ríkislögreglustjóra hafi heimild til að gefa almenn fyrirmæli á hættustundu til samræmis við lögreglulög.

Lögð er til sú breyting á 2. mgr. 29. gr. frumvarpsins að skýrsla rannsóknarnefndar skuli kynnt hlutaðeigandi almannavarnanefndum og sveitarstjórnum áður en hún verður birt.

Lögð er til breyting á refsiákvæði 33. gr. frumvarpsins. Rétt þykir að í refsiákvæðinu sé vísað til þeirra ákvæða laganna sem því er ætlað að ná til. Lagt er til að í refsiákvæðinu verði aðeins mælt fyrir um að sá sem gefi ranga tilkynningu til samhæfingar- og stjórnstöðvar eða misnoti þjónustu þeirra varðandi almannavarnir hvort sem er af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi skuli sæta refsingu skv. 120. og 120. gr. a almennra hegningarlaga. Hins vegar getur tiltekin hegðun fallið undir ákvæði annarra laga. Í 127. gr. almennra hegningarlaga er t.d. kveðið á um sektir eða fangelsi allt að þremur mánuðum fyrir að sinna ekki kvaðningu yfirvalds um aðstoð til að koma í veg fyrir ófarnað sem lífi, heilbrigði eða velferð manna er búin hætta af.

Lagt er til að tilvísun 1. mgr. 34. gr. frumvarpsins til 4. mgr. 12. gr. falli brott enda er á fleiri stöðum í frumvarpinu fjallað um viðbragðsaðila almannavarna.

Lagt er til að við frumvarpið bætist ákvæði til bráðabirgða þess efnis að reglur um almannavarnastig skuli settar eigi síðar en í árslok 2009. Gert er ráð fyrir því að fram að þeim tíma gildi reglur sem dómsmálaráðherra setur eftir tillögum ríkislögreglustjóra. Nauðsynlegt þykir að í gildi séu reglur um almannavarnastig en nokkurn tíma getur tekið fyrir almannavarna- og öryggismálaráð að taka ákvörðun um efni þeirra.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Siv Friðleifsdóttir skrifar undir álitið með fyrirvara.
Sigurður Kári Kristjánsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 7. maí 2008.

Birgir Ármannsson, form., frsm.	Ágúst Ólafur Ágústsson.	Ellert B. Schram.
Siv Friðleifsdóttir, með fyrirvara.	Herdís Þórðardóttir.	Karl V. Matthíasson.
	Kjartan Eggertsson.	

978. Breytingartillögur [190. mál]

við frv. til l. um almannavarnir.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar (BÁ, ÁÓÁ, EBS, SF, HerdÞ, KVM, KjE).

1. 2. mgr. 1. gr. orðist svo:
   Markmið almannavarna er að undirbúa, skipuleggja og framkvæma ráðstafanir sem miða að því að koma í veg fyrir og takmarka, eftir því sem unnt er, að almenningur verði fyrir líkams- eða heilsutjóni, eða umhverfi eða eignir verði fyrir tjóni, af völdum náttúruhamfara eða af mannavöldum, farsótta eða hernaðaraðgerða eða af öðrum ástæðum og veita líkn í nauð og aðstoð vegna tjóns sem hugsanlega kann að verða eða hefur orðið.
2. Við 4. gr.
   a. Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 1. mgr. komi: heilbrigðisráðherra.
   b. Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis“ í 5. tölul. 2. mgr. komi: heilbrigðisráðuneytis.
   c. Í stað orðanna „og sóttvarnalæknir“ í 5. tölul. 2. mgr. komi: sóttvarnalæknir og forstjóri Geislavarna ríkisins.
3. Við 5. gr.
   a. Við síðari málslið 1. mgr. bætist: og að höfðu samráði við almannavarna- og öryggismálaráð.
   b. Á eftir orðunum „almannavarnastig hverju sinni“ í 2. málsl. 2. mgr. komi: í samráði við viðkomandi lögreglustjóra ef unnt er.
4. Við 7. gr.
   a. Orðin „þar á meðal gerð varnarvirkja eða aðrar verndarráðstafanir“ í 1. mgr. falli brott.
   b. Í stað orðsins „umsjón“ í 2. málsl. 2. mgr. komi: eftirlit.
   c. Á undan orðunum „stjórn aðgerða“ í 5. málsl. 2. mgr. komi: með.

5. Við 9. gr.
   a. Í stað orðsins „hún“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: sveitarstjórnin.
   b. Á eftir orðunum „gerð viðbragðsáætlunar“ í 1. málsl. 3. mgr. komi: semja um gagnkvæma aðstoð.
   c. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ef ein almannavarnanefnd er í umdæmi lögreglustjóra skal hann sitja í nefndinni.
6. Við 11. gr.
   a. Í stað 1. málsl. 1. mgr. komi þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Stjórn aðgerða í héraði þegar almannavarnaástand ríkir er í höndum lögreglustjóra í viðkomandi lögregluumdæmi. Hann situr í aðgerðastjórn ásamt fulltrúa almannavarnanefndar, fulltrúa Slysavarnafélagsins Landsbjargar, fulltrúa Rauða kross Íslands, hlutaðeigandi viðbragðsaðila, sbr. viðbragðsáætlun, svo og öðrum hlutaðeigandi aðilum sem tengjast aðgerðum hverju sinni. Aðgerðastjórn starfar í samvinnu við samhæfingar- og stjórnstöð.
   b. Í stað orðsins „heildarstjórn“ í 2. mgr. komi: stjórn.
7. Við 12. gr.
   a. Í stað orðanna „sjó og í lofti, sbr. 13. gr.“ í síðari málslið 1. mgr. komi: sjó og í lofti eða viðbragða við hættuástandi þótt ekki hafi verið lýst yfir almannavarnaástandi, sbr. 13. gr.
   b. Í stað orðanna „Í stjórnstöðinni starfa fulltrúar viðbragðsaðila almannavarna“ í 1. málsl. 2. mgr. komi: Í almannavarnaástandi starfa í stjórnstöðinni fulltrúar viðbragðsaðila almannavarna.
   c. Í stað orðsins „níu“ í 1. málsl. 4. mgr. komi: ellefu.
   d. Á eftir orðunum „stjórn samræmdrar neyðarsvörunar“ í 3. málsl. 4. mgr. komi: Rauði kross Íslands, Flugstoðir.
8. Við 2. mgr. 13. gr. bætist nýr málsliður svohljóðandi: Áður en ríkislögreglustjóri tekur ákvörðun í málinu skal hann kanna afstöðu viðkomandi lögreglustjóra til beiðninnar.
9. Á eftir orðunum „skal þjónustumiðstöðin“ í síðari málslið 2. mgr. 14. gr. komi: í samvinnu við hlutaðeigandi almannavarnanefndir.
10. Í stað orðanna „Þá skulu einstök ráðuneyti, í samvinnu við ríkislögreglustjóra“ í 2. málsl. 1. mgr. 15. gr. komi: Þá skulu einstök ráðuneyti og stofnanir á þeirra vegum, í samvinnu við ríkislögreglustjóra og í samræmi við lög sem um starfssviðið gilda.
11. Við 16. gr.
   a. Á eftir orðinu „Sveitarfélög“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: og stofnanir á þeirra vegum.
   b. Í stað orðsins „sveitarfélög“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: almannavarnanefndir.
   c. Í stað orðsins „Sveitarfélögum“ í fyrri málslið 2. mgr. komi: Almannavarnanefndum.
12. Við 17. gr.
   a. Í stað orðanna „senda ríkislögreglustjóra viðbragðsáætlanir sínar“ í 1. mgr. komi: staðfesta viðbragðsáætlanir sínar og senda þær ríkislögreglustjóra.
   b. Í stað orðsins „samþykkt“ í 1. málsl. 2. mgr. komi: staðfest.
13. Í stað orðanna „til starfs ber að koma til læknisskoðunar skv. 1. mgr.“ í 3. mgr. 19. gr. komi: til starfs skv. 1. mgr. ber að koma til læknisskoðunar.
14. Við 20. gr.
   a. Í stað orðsins „starfa“ í síðari málslið 1. mgr. og fyrri málslið 2. mgr. komi: tafarlausrar aðstoðar.
   b. Fyrirsögn greinarinnar orðist svo: *Kvaðning til aðstoðar við almannavarnir.*

15. Á eftir orðinu „almannavarna“ í 1. málsl. 1. mgr. 21. gr. komi: skv. 19. gr.
16. Í stað orðanna „ríkislögreglustjóra, eða þeim sem hann tilnefnir“ í 1. mgr. 23. gr. komi: lögreglustjóra.
17. Á eftir orðunum „Skýrslan skal“ í 2. mgr. 29. gr. komi: kynnt hlutaðeigandi almannavarnanefnd og sveitarstjórnum og.
18. 33. gr. orðist svo:
    Hver sá sem uppvís er að því að gefa af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi ranga tilkynningu til samhæfingar- og stjórnstöðvar skv. V. kafla laga þessara eða viðbragðsaðila almannavarna eða misnota að öðru leyti þjónustu þessara aðila varðandi almannavarnir skal sæta refsingu skv. 120. gr. og 120. gr. a almennra hegningarlaga.
19. Orðin „skv. 4. mgr. 12. gr.“ í 1. mgr. 34. gr. falli brott.
20. Við frumvarpið bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
    Reglur skv. 1. mgr. 5. gr. skal setja eigi síðar en í árslok 2009. Fram að þeim tíma skulu gilda reglur sem dómsmálaráðherra setur eftir tillögum ríkislögreglustjóra.

979. Svar [397. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Rósu Guðbjartsdóttur um sykurneyslu og forvarnir.

1. *Hyggst ráðherra beita sér fyrir auknum forvörnum og fræðslu í ljósi þess að sykurneysla íslenskra ungmenna er sú mesta á Norðurlöndum og offita að verða eitt stærsta heilbrigðisvandamál Vesturlanda?*

Ráðherra kynnti í upphafi starfa sinna að hann hygðist leggja mikla áherslu á að móta og hrinda í framkvæmd heilsustefnu og aðgerðaáætlun, sem m.a. er ætlað að taka til þeirra lýðheilsuvandamála sem nú eru brýnust hér á landi. Það gefur auga leið að neysluvenjur og hluti af afleiðingum þeirra, þ.e. offita barna, er eitt þessara mála. Drög að heilsustefnunni og hluti að aðgerðaáætlun verða kynnt í júní, og fullunnin í framhaldi af því.

Lýðheilsustöð leggur vaxandi áherslu á þennan þátt, en á vegum hennar er brugðist við þessum vanda með ýmsu móti. Þá hafa heilsugæslustöðvar og aðrar stofnanir heilbrigðisþjónustunnar lagt vaxandi áherslu á þennan þátt.

Þessar áherslur eru í samræmi við ýmsar mælingar sem fram hafa komið á undanförnum árum. Sem dæmi má nefna að samkvæmt tölum frá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (2004–2006) eru tæplega 21% barna á grunnskólaaldri yfir kjörþyngd. Tíðni ofþyngdar og offitu meðal barna og unglinga hefur aukist á undanförnum árum auk þess sem glerungseyðing tanna er vaxandi vandi samkvæmt niðurstöðum Munnís-rannsóknarinnar.

2. *Hyggst ráðherra bregðast við þeim staðreyndum að óhófleg sykurneysla barna og unglinga tengist aðallega gosdrykkjum og sælgæti, og að viðbættur sykur er í umtalsverðu magni í ýmsum öðrum matvælum sem oft eru gefin ungum börnum, t.d. svaladrykkjum, mjólkurvörum og morgunkorni?*

Rannsóknir á næringu barna og unglinga sem gerðar hafa verið á undanförnum árum á Rannsóknarstofu í næringarfræði hjá Landsspítalanum og Háskóla Íslands hafa sýnt að sykurneysla eykst með aldrinum og að viðbættur sykur í fæðu grunnskólabarna kemur að stórum hluta úr sykruðum gos- og svaladrykkjum, sælgæti, ís, kexi og kökum. Börn og ung-

menni á Íslandi drekka of mikið af sykruðum gos- og svaladrykkjum. Níu ára börn drekka að meðaltali 2,5 lítra af gos- og svaladrykkjum á viku og 15 ára börn tæplega 4 lítra á viku. Öll met slá svo drengir á aldrinum 15–19 ára en þeir drukku að meðaltali tæpan lítra á dag samkvæmt niðurstöðum landskönnunar á mataræði frá 2002.

Ráðherra telur að það skipti miklu máli hversu heilsusamlegt það umhverfi er sem við búum börnum okkar bæði heima og í skóla, hvað varðar mataræði og hreyfingu. Skóladaginn hefur lengst og því er mikilvægt að börnum standi til boða hollur matur í skóla á öllum skólastigum, þ.e. allt frá leikskóla að háskóla. Hollur matur í skóla er mikilvæg forvarna- og heilsueflingaraðgerð gegn offitu barna og unglinga, auk þess sem góð máltíð bætir skólastarf og starfsgetu nemenda. Þegar ætlunin er að stuðla að bættu mataræði og hollustu fæðunnar er mikilvægt er að taka mið af helstu áhrifaþáttum og tryggja þátttöku sem flestra, svo sem ríkisins og stofnana á vegum þess, sveitarfélaga, frjálsra félagasamtaka, ,,grasrótarinnar“, einstaklinga og fjölskyldna.

Grunnskólar og leikskólar heyra undir sveitarfélögin og er stefna þeirra misjöfn hvað þetta varðar. Ráðherra telur mikilvægt að sveitarfélögin marki sér skýra stefnu í þessum málum og er til þess tekið í heilsustefnu og aðgerðaráætluninni sem henni mun fylgja. Því mun ráðuneytið hvetja til samvinnu menntamálayfirvalda, þeirra sem fara með málefni sveitarfélaga og Lýðheilsustöðvar til að finna leiðir til að tryggja að mötuneyti/eldhús í leikskólum, grunnskólum, frístundaheimilum og framhaldsskólum landsins bjóði upp á hollan mat, og að þau séu hvött að fara eftir handbókum Lýðheilsustöðvar fyrir leik- og grunnskólamötuneyti.

Á vegum Lýðheilsustöðvar hefur verið starfrækt verkefnið *Allt hefur áhrif – einkum við sjálf* en það er samstarfsverkefni Lýðheilsustöðvar og 25 sveitarfélaga á Íslandi. Markmið verkefnisins er að bæta lífshætti barna og fjölskyldna þeirra með áherslu á hreyfingu og góða næringu. Leitast er við að auka þekkingu fólks á þeim þáttum sem þarna hafa áhrif, auk þess að stuðla að bættri aðstöðu til almennrar heilsueflingar. Sveitarfélög, sem taka þátt í verkefninu, móta eigin stefnu og aðgerðaáætlun um aukna hreyfingu og bætta næringu barna í sinni heimabyggð í samræmi við eigin þarfir og aðstæður. Lýðheilsustöð kemur að verkefninu með ráðgjöf og fræðslu og metur árangur verkefnisins á hverjum stað.

Jafnframt er mikilvægt að auka fræðslu til barna, unglinga og foreldra þeirra um næringu, þ.m.t. um áhrif mikillar gos- og sælgætisneyslu á heilsu. Þetta er að hluta til unnt að gera í tengslum við verkefnið „6 H heilsunnar“ (hvíld – hreyfing – hollur matur – hreinlæti – hamingja – hugrekki og kynheilbrigði) en það er samstarfsverkefni skólaheilsugæslunnar og Lýðheilsustöðvar. Útbúið er fræðsluefni fyrir grunnskólabörn (6–16 ára) um málaflokkana og er áherslan mismunandi eftir aldri barnanna. Einnig er sent fréttabréf til foreldra þar sem fram koma áherslur fræðslunnar. Skólahjúkrunarfræðingar annast fræðsluna, sem er samræmd á landsvísu. Dæmi um fræðsluefni sem unnið hefur verið fyrir börnin um næringu eru myndir sem sýna dæmi um magn af viðbættum sykri í ýmsum vöruflokkum, en þessar myndir voru gerðar til að efla færni barna í fæðuvali.

Auk þessa er skynsamlegt að efla það starf sem unnið hefur verið í skólum á þessu sviði t.d. í heimilisfræði og lífsleikni, auk heilsueflingar almennt.

Þá gaf Lýðheilsustöð árið 2007 út bókina „Holdafar heilsuhagfræðileg greining“ eftir Tinnu Ásgeirsdóttur, en þar er lögð fram greining á stöðunni hér og margvíslegar tillögur til úrbóta. Bókinni er ætlað að leggja grunn að áframhaldandi vinnu á þessu sviði.

Starfandi hefur verið vinnuhópur á vegum landlæknisembættisins sem hefur það að markmiði að koma með tillögur um hvernig samræma megi stefnu og aðgerðir sem nýta sem best

krafta og þekkingu heilbrigðiskerfisins til að sporna við þróun ofþyngdar og offitu barna og unglinga.

Mikilvægt er að yfirvöld séu í góðri samvinnu við matvælaiðnaðinn sem og frjáls félagasamtök í landinu. Haldið var málþing í mars 2007 þar sem Lýðheilsustöð, heilbrigðisráðuneytið og Samtök iðnaðarins komu saman undir yfirskriftinni: Samstarf um aukið framboð á hollum matvörum – Markaðssetning, vöruþróun og skammtastærðir. Ráðherra mun hvetja til frekara samstarfs yfirvalda og iðnaðar um þessi mál en fyrirtæki á matvælasviði gegna mikilvægu hlutverki allt frá framleiðslustigi til smásölu.

Á fundi Samtaka verslunar og þjónustu sem haldinn var þann 13. september sl. undirrituðu forsvarsmenn stærstu smásöluverslana landsins yfirlýsingu um að leggja áherslu á hollustuvörur í verslunum sínum og áskorun til stjórnvalda um að stuðla að úrbótum á sviði hollustu. Í yfirlýsingunni kom einnig fram að verslunin ætlaði einnig að stuðla að aukinni hreyfingu bæði viðskiptamanna og starfsmanna. Ráðherra fagnar þessu framtaki alveg sérstaklega og væntir mikils af því.

Bæta má umbúðarmerkingar matvæla og uppfræða neytendur betur um þær þannig að þeir eigi auðveldara með að velja hollari valkostinn við innkaup. Auk þess að vera upplýsandi fyrir neytendur hvetja slíkar merkingar matvælafyrirtæki til að þróa hollari vörur. Nýstofnuð Matvælastofnun hefur umsjón með reglum um merkingar matvæla.

Næringargildismerking matvara, þ.m.t. magn viðbætts sykurs, er forsenda þess að auðvelda neytendum að velja hollari vörur almennt. Ísland getur þó ekki sett einhliða reglur um að næringargildismerking verði skyldumerking á umbúðum þar sem okkur er skylt að fylgja reglugerðum og tilskipunum frá Evrópusambandinu tengt merkingum á matvælum. Slík tilskipun er í endurskoðun hjá Evrópusambandinu eins og stendur. Þess má geta að norræna ráðherranefndin hefur hvatt Norðurlöndin til þess að stuðla að því að næringargildismerkingar verði skylda í löndum Evrópusambandsins og EES.

Komið hefur fram frumvarp á Alþingi um að takmarka auglýsingar á óhollum matvörum sem beint er að börnum en rannsóknir hafa sýnt að matarauglýsingar hafa áhrif á val barna og foreldra þeirra á matvælum, innkaupavenjur og neyslu. Íslensk rannsókn sýndi að í kringum barnatíma í sjónvarpi voru eingöngu auglýstar óhollar matvörur á borð við sykraða svaladrykki, sykrað morgunkorn, skyndibita, sælgæti og pylsur. Ráðherra telur að auglýsendur og fjölmiðlar eigi að gera sér betri grein fyrir þeirri ábyrgð sem fylgir því að beina auglýsingum að börnum og í það minnsta ætti ríkisfjölmiðillinn að sýna gott fordæmi í þeim efnum.

Af framansögðu má ljóst vera að mikil áhersla er nú þegar lögð á að bregðast við vaxandi vanda vegna ofþyngdar og óholls mataræðis á vegum heilbrigðisþjónustunnar. Það er þó einnig jafnljóst að betur má ef duga skal.

Ráðherra leggur því áherslu á að í heilsustefnunni og aðgerðaráætlun sem um getur hér að framan verði tekið mið af þeim vanda sem offita og ofþyngd hefur í för með sér og að aukin sykurneysla þjóðarinnar verði sett undir smásjána.

980. Svar [572. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Þuríðar Backman um sölu upplýsinga um erfðamengi einstaklinga.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvernig hyggst ráðherra bregðast við sölu upplýsinga um erfðamengi einstaklinga með tilliti til persónuverndar, vátrygginga, atvinnuöryggis og geymslu gagna?*
2. *Telur ráðherra að bregðast verði við slíku með lagabreytingum? Ef svo er, hverjar væru þær?*
3. *Kæmi til greina að banna tryggingafélögum að taka við erfðaupplýsingum frá viðskiptavinum sínum eins og Læknafélag Íslands hefur lagt til við Alþingi?*

Ekki er ljóst hvort sú þjónusta að bjóða einstaklingum að kaupa vinnslu upplýsinga úr erfðaefni sínu sé heilbrigðisþjónusta. Það er lögfræðilegt álitamál hvort um er að ræða heilbrigðisþjónustu samkvæmt skilgreiningu í 4. gr. laga nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu, þ.e. þjónustu heilbrigðisstarfsmanna sem veitt er í því skyni að efla heilbrigði, fyrirbyggja, greina eða meðhöndla sjúkdóma. Ef þjónustan telst heilbrigðisþjónusta þá gilda ákvæði 26. gr. laga um heilbrigðisþjónustu en þar er kveðið á um skilyrði fyrir starfrækslu heilbrigðisþjónustu. Þar segir að þeir sem hyggist hefja rekstur heilbrigðisþjónustu skuli tilkynna fyrirhugaðan rekstur til landlæknis. Með tilkynningunni skuli fylgja fullnægjandi upplýsingar um starfsemina, svo sem um tegund heilbrigðisþjónustu, starfsmenn, búnað, tæki og húsnæði. Landlæknir geti óskað eftir frekari upplýsingum og gert úttekt á væntanlegri starfsemi telji hann þörf á því. Þá segir enn fremur í 26. gr. fyrrgreindra laga að landlæknir skuli staðfesta hvort fyrirhugaður rekstur heilbrigðisþjónustu uppfylli faglegar kröfur og önnur skilyrði í heilbrigðislöggjöf. Óheimilt er að hefja starfsemi á sviði heilbrigðisþjónustu nema staðfesting landlæknis liggi fyrir.

Ef þjónustan telst ekki vera heilbrigðisþjónusta verður ekki séð að heilbrigðisráðherra eða landlæknir hafi heimildir í lögum til að setja reglur um þjónustuna.

Spurt er hvort heilbrigðisráðherra telji nauðsynlegt að bregðast við með lagasetningu og hvort ráðherra taki undir tilmæli Læknafélags Íslands um bann við því að tryggingafélög taki við erfðaupplýsingum viðskiptavina sinna. Það hefur þegar verið gert. Í desember á síðasta ári voru samþykkt lög nr. 156/2007, um breyting á lögum um vátryggingarsamninga, nr. 30/2004. Heilbrigðisráðherra kom þeim sjónarmiðum sem hér er spurt um á framfæri meðan frumvarpið var í meðförum þingsins. Í lögunum eru ákvæði um að tryggingafélagi sé óheimilt að óska eftir, afla með einhverjum öðrum hætti, taka við eða hagnýta sér upplýsingar sem fengnar eru úr niðurstöðu erfðarannsóknar á einstaklingi og geta gefið til kynna hættu á að hann þrói með sér eða fái tiltekinn sjúkdóm. Einnig er tryggingafélagi óheimilt að óska eftir rannsóknum sem teljast nauðsynlegar til að fá slíkar upplýsingar. Það er því alveg skýrt að tryggingafélagi er óheimilt að taka við erfðaupplýsingum viðskiptavina sinna.

981. Svar [588. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Samúels Arnar Erlingssonar um heilsurækt og íþróttaiðkun aldraðra.

1. *Hverjar eru aðgerðir ráðuneytisins til stuðnings íþróttaiðkun og heilsurækt aldraðra?*

Heilbrigðisráðherra fer ekki með málefni er varða íþróttir í landinu. Hins vegar er almenn heilsurækt mikilvæg meðal aldraðra rétt eins og annarra til að viðhalda góðri heilsu og hreyfifærni. Lýðheilsustöð hefur fyrir hönd ráðuneytisins staðið að verkefninu ,,Hreyfing fyrir alla“ sem er tilraunaverkefni sem unnið er í samstarfi Lýðheilsustöðvar, Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands, nokkurra sveitarfélaga og tveggja stéttarfélaga. Tilraunasvæðin í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Mosfellsbæ og Ísafirði/Bolungarvík/Súðavík hafa öll með einum eða öðrum hætti stutt við hreyfingu aldraðra.

Í Reykjavík (Árbæ, Grafarholti og Grafarvogi) hefur verið boðið upp á gönguhópa, leikfimi, boccia, dans, pútt og kubb. Í Kópavogi hefur eldra fólki staðið til boða að taka þátt í gönguhópi auk þess sem fagaðilar hafa boðið upp á fræðsluerindi. Í Hafnarfirði hefur m.a. verði boðið upp á göngur og leikfimi. Verkefnið er tengt útgáfu vildarkorta fyrir +67 ára. Í Mosfellsbæ hefur m.a. verið boðið upp á göngur og golf. Á Vestfjörðum hefur m.a. verið boðið upp á stafgöngu og vatnsleikfimi. Öll þessi hreyfitilboð standa öldruðum til boða.

Lýðheilsustöð hefur nýlega gefið út bækling með ráðleggingum um hreyfingu. Bæklingurinn inniheldur sérstakar ráðleggingar um hreyfingu roskins fólks og fjallar um hvers vegna hreyfing er mikilvæg fyrir þennan hóp, hversu mikil hreyfing er æskileg og hvers konar hreyfing hentar þessum hópi. Þannig hvetur Lýðheilsustöð og styður við heilsurækt aldraðra.

Lýðheilsustöð styður Kvennahlaup ÍSÍ sem m.a. höfðar til roskinna kvenna.

Lýðheilsustöð er ásamt ráðuneytinu samstarfsaðili að Lífshlaupinu sem stýrt er af Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands, en því er ætlað að virkja fólk á öllum aldri til að hreyfa sig í samræmi við ráðleggingar stöðvarinnar um hreyfingu.

Ef rætt er um heilsurækt í víðari skilningi en hreyfingu þá eru fjölmargar aðrar aðgerðir Lýðheilsustöðvar sem geta fallið þar undir svo sem útgáfa á handbók um mataræði eldra fólks og fleira. Á hjúkrunarheimilum er gjarnan boðið upp á hópæfingar fyrir aldraða og heilbrigðisstarfsfólk hvetur aldraða til hreyfingar.

2. *Hefur verið lagt fram fé og vinna til þessa? Ef svo er, með hvaða hætti?*

Verkefnið ,,Hreyfing fyrir alla“ hefur fengið 1 millj. kr. beint framlag frá heilbrigðisráðherra og 4 millj. kr. úr fjárframlagi til Lýðheilsustöðvar, samtals 5 millj. kr. Verkefnisstjóri hreyfingar hjá Lýðheilsustöð stýrir verkefninu í samvinnu við verkefnisstjóra frá Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands. Rannsóknasvið stöðvarinnar sér um úrvinnslu á rannsóknarþætti verkefnisins. Sú vinna er ekki greidd af framangreindu framlagi heldur af fjárveitingum Lýðheilsustöðvar.

3. *Hver er stefna ráðherra hvað varðar stuðning við líkamsrækt aldraðra?*

Ráðherra telur afar mikilvægt að öldruðum sé gert kleift að sinna líkamsrækt með hreyfingu og hollu mataræði. Þetta er gert með framangreindum aðgerðum og fræðslu. Í heilbrigðisráðuneytinu er verið að vinna heilsustefnu (e. public health policy) fyrir Íslendinga og aðgerðaáætlun. Aðgerðaáætlunin inniheldur m.a. mælanleg markmið fyrir hverja aðgerð og verða drög að heilsustefnu og aðgerðaáætlun til ársloka 2009 kynnt innan skamms. Mark-

miðið með heilsustefnunni og aðgerðaáætluninni er að á Íslandi verði lögð stóraukin áhersla á forvarnir og heilsueflingu á öllum sviðum og stuðlað að heilbrigðari lífsháttum. Stefnan er að skapa þjóðfélag þar sem fólk á auðvelt með að taka heilsusamlegar ákvarðanir þegar kemur að næringu, hreyfingu og geðrækt. Þótt heilsustefnan beinist að allri þjóðinni þá eru þrír sérstaklega skilgreindir markhópar undir hverjum orsakaþætti sem unnið er út frá (sbr. t.d. hreyfing) og að sjálfsögðu eru aldraðir, þ.e. 67 ára og eldri, einn þeirra hópa.

982. Fyrirspurn [616. mál]

til fjármálaráðherra um kostnað við Kárahnjúkavirkjun.

Frá Álfheiði Ingadóttur, Árna Þór Sigurðssyni og Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hver er heildarkostnaður við flutningsmannvirki Kárahnjúkavirkjunar frá stöðvarhússvegg að álveri Fjarðaáls í Reyðarfirði?
2. Hversu mikið er tap Landsvirkjunar og hvert er áætlað tap Alcoa Fjarðaáls vegna tafa sem urðu á gangsetningu Kárahnjúkavirkjunar? Óskað er upplýsinga um mismun á áætlaðri og raunverulegri/raunáætlaðri orkusölu Landsvirkjunar á árunum 2007 og 2008.
3. Hefur verið samið um skaðabætur við Alcoa vegna þessara tafa?
4. Hver var kostnaður Landsvirkjunar við raforkuöflun/raforkukaup, sem og við flutning raforku til Reyðarfjarðar þann tíma sem gangsetning Kárahnjúkavirkjunar tafðist? Var framkvæmdum við aðrar línulagnir eða virkjanir flýtt vegna tafanna?
5. Hvaða kröfur hafa komið fram og hverjar hafa verið boðaðar frá Impregilo og öðrum verktökum og hver er fjárhæð hverrar um sig? Hefur verið samið um kröfurnar og ef svo er, hve stóran hlut hefur Landsvirkjun þurft að bera vegna hverrar kröfu fyrir sig?
6. Hver var munurinn á tilboði Impregilo sem samið var um og endanlegum greiðslum vegna tveggja stærstu verksamninganna, þ.e. byggingar Kárahnjúkastíflu og gangagerðar með heilborun, að teknu tilliti til krafna verktaka, uppgjörs á þeim, viðbótarverka vegna endurhönnunar og tafa?
7. Hversu hárri fjárhæð nema skattakröfur Impregilo á hendur ríkinu? Hefur verið samið um greiðslu í samræmi við dóm Hæstaréttar þar um? Hver er áfallinn kostnaður ríkissjóðs vegna tafa á uppgjöri skattskuldarinnar við Impregilo?
8. Hvernig hafa áhrif verðlagsbreytinga verið reiknuð? Óskað er samantektar þar sem fram kemur við hvaða vísitölur er stuðst í útreikningi á áhrifum verðlagsbreytinga.
9. Hver var áfallinn fjármagnskostnaður vegna byggingar Kárahnjúkavirkjunar og flutningskerfisins miðað við 6. mars 2008?
10. Hvernig dreifist áfallinn og áætlaður kostnaður á mánuði frá upphafi til loka framkvæmda miðað við gjalddaga reikninga annars vegar og miðað við framvindu verksins hins vegar?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Hinn 16. október 2007 var samþykkt á Alþingi skýrslubeiðni frá þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs um kostnað við Kárahnjúkavirkjun. Skýrslu iðnaðarráðherra var dreift á Alþingi 6. mars 2008. Í skýrslunni er ekki að finna svör við ýmsum þeim spurningum sem komu fram í beiðninni og hafa talsmenn Landsvirkjunar vísað til þess að ráðuneytið hafi ekki beint spurningum um tiltekin atriði til fyrirtækisins. Skýrsla iðnaðarráðherra á þingskjali 751 gefur því ekki rétta mynd af heildarkostnaði við byggingu Kárahnjúkavirkjunar.

Í skýrslubeiðninni var m.a. spurt um áætlaðan heildarkostnað við framkvæmdina. Til viðmiðunar skyldu verksamningar og aðrir kostnaðarþættir framreiknaðir til sama verðlags. Þá var beðið um upplýsingar um stór frávik frá verksamningum og um uppgjörssamninga við verktaka í kjölfar krafna. Þessar upplýsingar er ekki að finna í skýrslunni og heldur ekki upplýsingar um kostnað annarra en Landsvirkjunar. Því er hér óskað svara við nokkrum spurningum sem ekki var svarað í skýrslunni og skýringa á öðrum atriðum, m.a. um það hvernig staðið var að útreikningi á fjármagnskostnaði og viðmiðunartölum, þ.m.t. vísitölum, í skýrslu ráðherra.

Framangreint er nauðsynlegt til að sem skýrust mynd fáist af heildarkostnaði við Kárahnjúkavirkjun.

983. Fyrirspurn [617. mál]

til forsætisráðherra um samráðsvettvang um efnahagsmál.

Frá Jóni Bjarnasyni.

Hyggst ráðherra leita eftir aðild Bændasamtaka Íslands að samráðsvettvangi um efnahagsmál?

984. Fyrirspurn [618. mál]

til félags- og tryggingamálaráðherra um aðgerðir gegn kynbundnum launamun.

Frá Paul Nikolov.

Hefur ríkisstjórnin í hyggju að verja fé til þess að útrýma kynbundnum launamun eins og norska ríkisstjórnin hefur nú boðað og beita svipuðum aðgerðum til þess? Ef ekki, hvernig hyggst ríkisstjórnin tryggja að á næstu árum verði þessum launamun útrýmt hérlendis?

Skriflegt svar óskast.

985. Breytingartillaga [191. mál]

við frv. til l. um samræmda neyðarsvörun.

Frá Birgi Ármannssyni.

Síðari málsliður 2. mgr. 2. gr. orðist svo: Einnig er óheimilt að nota orðin „neyðarnúmer“ og „neyðarsímanúmer“ ein og sér eða í orðasamböndum um aðra starfsemi hér á landi en lög þessi kveða á um.

986. Tillaga til þingsályktunar [619. mál]

um strandsiglingar.

Flm.: Jón Bjarnason, Atli Gíslason, Álfheiður Ingadóttir, Árni Þór Sigurðsson, Kolbrún Halldórsdóttir, Paul Nikolov, Steingrímur J. Sigfússon, Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að undirbúa að strandsiglingar verði hluti af vöruflutninga- og samgöngukerfi landsins. Ráðherra móti stefnu og aðgerðaáætlun og leggi fram lagafrumvörp í þessu skyni, ef með þarf, þannig að ríkið geti tryggt reglulegar strandsiglingar til allra landshluta með því að bjóða út siglingaleiðir. Ráðherra láti meta kostnað við að halda uppi reglulegum strandsiglingum um allt land miðað við skilgreinda þjónustu og geri tillögur um siglingaleiðir sem bjóða á út. Ráðherra skili niðurstöðum til Alþingis eigi síðar en 1. febrúar 2009.

Greinargerð.

Tillaga þessi hefur áður verið lögð fram og er nú lögð fram að nýju lítið breytt.

Á síðustu árum hafa strandsiglingar smám saman verið að leggjast af hér á landi. Flutningsmenn telja að ekki verði við það unað enda má fullyrða að sjóflutningar meðfram strandlengjunni séu verulega vannýttur samgöngukostur. Því leggja þeir til að samgönguráðherra verði falið að undirbúa að strandsiglingar verði hafnar með tilstyrk hins opinbera á grundvelli útboða. Brýnt er að ráðherra grípi strax til aðgerða.

Á 128. löggjafarþingi lagði fyrsti flutningsmaður ásamt fleirum fram tillögu til þingsályktunar um strandsiglingar. Þar var lagt til að samgönguráðherra yrði falið að skipa nefnd, strandsiglinganefnd, er léti gera úttekt á þjóðhagslegu gildi þess að hér við land væru öflugar strandsiglingar með sérstakri hliðsjón af umhverfis- og byggðaáhrifum, umferðaröryggi og fleiru. Samgöngunefnd lagði til að þeirri tillögu yrði vísað til ríkisstjórnarinnar. Í svari við fyrirspurn fyrsta flutningsmanns til samgönguráðherra á 130. löggjafarþingi um framgang þeirrar tillögu kom fram að ráðherra hefði ekki skipað strandsiglinganefnd en að ráðuneytið hefði í störfum sínum talið eðlilegt að stofnanir þess beindu athygli að strandsiglingum á grundvelli ábendinga og ágætra hugmynda í greinargerð með tillögunni. Ráðherra tók þá fram að hann teldi að tillagan frá 128. löggjafarþingi hefði verið þarft innlegg í umræðuna

og að við endurskoðun á samgönguáætlun hlyti að verða litið til ákveðinna þátta sem þar voru nefndir.

Tillagan sem nefndarmenn leggja nú fram gengur lengra en sú sem lögð var fram á 128. löggjafarþingi að því leyti að í henni felst að hafinn verði beinn undirbúningur að því að ríkið bjóði út strandsiglingar og tryggi þannig öllum landshlutum þessa mikilvægu þjónustu.

Þess er vert að geta að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur fallist á að aðstoðarkerfi sem Bretar hafi komið á til að færa flutninga af vegum og yfir í siglingar og hóflegur styrkur ríkis til slíkra aðgerða brjóti ekki gegn samkeppnisreglum bandalagsins. Einnig hafa verið fluttar af því fréttir að Evrópusambandið sjálft hyggist stórauka framlög til að efla sjósamgöngur og auka flutninga á sjó, ám og vötnum og öðrum siglingaleiðum til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og annarri mengun og létta álagi af vegum. Í því sambandi má nefna að hér á landi er talið að ending vega í sumum landshlutum minnki um helming ef þungaflutningar aukast sem svarar því vörumagni sem nú er flutt sjóleiðis.

Flutningsmenn telja mikilvægt að útboð á siglingaleiðum geti hafist eigi síðar en haustið 2009. Því er hér lagt til að ráðherra skili tillögum sínum sem allra fyrst og eigi síðar en 1. febrúar 2009.

Með framangreindri tillögu til þingsályktunar um strandsiglingar frá 128. löggjafarþingi fylgdi ítarleg greinargerð og vísa flutningsmenn til hennar hvað varðar ýmis rök fyrir mikilvægi þess að strandsiglingar við allt landið verði tryggðar, svo sem hvað varðar umhverfissjónarmið, byggðaáhrif og samkeppnisstöðu sjóflutninga gagnvart landflutningum.

Með þingsályktunartillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Eimskipafélagið – einkavæðing og gamall Morgunblaðsleiðari, Ögmundur Jónasson. (Morgunblaðið, 4. ágúst 2004.)
II. Flutningar á sjó og landi, ritstjórnargrein. (Morgunblaðið, 5. ágúst 2004.)
III. Fjölþættur ávinningur strandsiglinga, Landvernd. (Fréttir, 3. ágúst 2004.)
IV. Af óskabarni þjóðarinnar og hremmingum þess, Jón Bjarnason. (Morgunpóstur VG, 8. ágúst 2004.)

987. Breytingartillaga [541. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga.

Frá Ágústi Ólafi Ágústssyni.

Í stað orðsins „háspennuvirkja“ í 4. tölul. 1. mgr. d-liðar 2. gr. komi: lágspennuvirkja.

988. Nefndarálit [184. mál]

um frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum (upptaka, hryðjuverk, skipulögð brotastarfsemi, mansal og peningaþvætti).

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Helga Magnús Gunnarsson frá Ákærendafélagi Íslands, Gunnar Narfa Gunnarsson og Rögnu Árnadóttur frá dómsmálaráðuneyti, Jóhönnu K. Eyjólfsdóttur frá Íslandsdeild Amnesty International, Hólmstein Gauta Sigurðsson frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, Brynhildi Flóvenz frá Mannréttindaskrifstofu Íslands, Þórð Sveinsson frá Persónuvernd, Róbert R. Spanó fyrir hönd refsiréttarnefndar, Jón Bjartmarz og Sigríði Björk Guðjónsdóttur frá ríkislögreglustjóra, Valtý Sigurðsson ríkissaksóknara og Bryndísi Kristjánsdóttur skattrannsóknarstjóra.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ákvæðum almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, um hryðjuverk, peningaþvætti og mansal. Þá eru lagðar til breytingar á ákvæði laganna um upptöku eigna og lagt til að lögfest verði nýtt ákvæði um skipulagða brotastarfsemi. Leitast er við að endurskoða ákvæði laganna með það í huga, í fyrsta lagi, að fullgilda samning Sameinuðu þjóðanna gegn fjölþjóðlegri, skipulagðri brotastarfsemi frá 15. nóvember 2000 (Palermó-samningur) og bókun við þann samning um að koma í veg fyrir, berjast gegn og refsa fyrir verslun með fólk, einkum konur og börn. Í öðru lagi með það í huga að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að unnt sé að fullgilda Evrópuráðssamning um varnir gegn hryðjuverkum frá 3. maí 2005 og Evrópuráðssamning um aðgerðir gegn mansali frá sama tíma. Hvað síðastnefnda samninginn varðar þá kann efni hans að kalla á aðrar lagabreytingar svo unnt verði að fullgilda hann. Hvað varðar endurskoðun ákvæða um upptöku eigna hefur einnig verið tekið tillit til athugasemda í annarri matsskýrslu GRECO (Samtök ríkja gegn spillingu, e. Group of States Against Corruption) frá 2. júlí 2004. Einnig er með frumvarpinu komið til móts við athugasemdir um gildandi löggjöf um peningaþvætti sem koma fram í skýrslu FATF (Financial Action Task Force) um aðgerðir gegn peningaþvætti á Íslandi frá 13. október 2006.

Helstu breytingar frumvarpsins eru eftirfarandi: Í fyrsta lagi er í 2. gr. lagt til að lögfestur verði nýr kafli um upptöku eigna í stað 69. gr. almennra hegningarlaga. Breytingarnar taka að verulegu leyti mið af gildandi ákvæðum í dönskum og norskum hegningarlögum, sbr. 76. gr. a dönsku hegningarlaganna og 68. gr. norsku hegningarlaganna. Kaflinn felur í sér ýmis nýmæli en 69. gr. almennra hegningarlaga hefur að mestu staðið óbreytt frá gildistöku þeirra. Veigamesta breytingin felst í c-lið 2. gr. frumvarpsins. Þar er lagt til að lögfest verði rýmri heimild til upptöku verðmæta hafi einstaklingur gerst sekur um alvarlegt brot sem er til þess fallið að hafa í för með sér verulegan ávinning og er hugsanlegt að gera upptæk verðmæti sem tilheyra öðrum en honum sjálfum. Unnt verður að gera upptæk verðmæti án þess að sýnt sé fram á að þau megi rekja til tiltekins refsiverðs brots hafi viðkomandi gerst sekur um brot sem er til þess fallið að hafa í för með sér verulegan ávinning og brotið geti varðað a.m.k. 6 ára fangelsi. Við þessar aðstæður er gert ráð fyrir fráviki frá meginreglunni um sönnunarbyrði ákæruvaldsins. Verðmæti sem tilheyra viðkomandi er því unnt að gera upptæk, nema hann sýni fram á að þeirra hafi verið aflað með lögmætum hætti. Í þessu sambandi koma til skoðunar ákvæði stjórnarskrárinnar og jafnframt ákvæði mannréttindasáttmála Evrópu sem hefur lagagildi hér á landi, sbr. lög nr. 62/1994. Með öðrum orðum þarf að gaumgæfa hvort

ákvæði frumvarpsins um frávik frá sönnunarbyrði ákæruvaldsins samrýmist 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 2. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Jafnframt verður að íhuga hvort ákvæðið gangi nærri 72. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttar, sbr. einnig 1. gr. 1. viðauka við mannréttindasáttmála Evrópu. Ákvæði 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar á rætur að rekja til 2. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Í dómi Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Phillips gegn Bretlandi frá 5. júlí 2001 reyndi á ákvæði breskra laga um upptöku. Kærandi í málinu hafði verið sakfelldur fyrir innflutning fíkniefna og var í framhaldinu höfðað upptökumál á hendur honum. Var kæranda gert að sæta upptöku á ákveðinni fjárhæð og honum gerð vararefsing. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að ekki reyndi á 2. mgr. 6. gr. við þessar aðstæður þar sem kærandi hefði í upptökumálinu ekki verið „borinn sökum um refsiverða háttsemi“. Hvað varðar það fyrirkomulag sem lagt er til í c-lið 2. gr. frumvarpsins er því rétt að benda á að sá sem krafa um upptöku beinist að er í því tilfelli ekki borinn sökum um annað brot en hann hefur þegar verið sakfelldur fyrir. Í framangreindum dómi Mannréttindadómstóls Evrópu reyndi einnig á það hvort heimild til upptöku samkvæmt ákvæði breskrar fíkniefnalöggjafar væri það víðtæk að hún bryti gegn ákvæði mannréttindasáttmálans um friðhelgi eignarréttar. Dómurinn vísaði til þess að ákvörðun um upptöku í þessu tilviki væri „viðurlög“ í skilningi 2. mgr. ákvæðisins og að aðildarríkjum væri heimilt að fullnægja þeim lögum sem það teldi nauðsynlegt til að tryggja greiðslu viðurlaga. Hins vegar yrði kröfum meðalhófsreglunnar að vera fullnægt. Í ljósi þess markmiðs upptökunnar að berjast gegn útbreiðslu fíkniefna og annarra atvika málsins var ekki talið að brotið hefði verið gegn meðalhófsreglunni í máli kæranda og að því væri ekki um að ræða brot gegn 1. gr. 1. viðauka mannréttindasáttmálans. Að framangreindu virtu og í ljósi þess markmiðs c-liðar 2. gr. frumvarpsins að berjast gegn skipulagðri brotastarfsemi er hér lagt til grundvallar að ákvæðið brjóti ekki gegn umræddum ákvæðum enda sé í hverju tilviki gætt meðalhófs að virtum atvikum máls. Í hinum nýja upptökukafla er einnig fjallað um upptöku hafi ávinningi verið blandað saman við eignir sem hefur verið aflað með lögmætum hætti. Einnig er fjallað um tengsl skaðabótakröfu þess sem hefur beðið tjón við brot og upptöku verðmæta vegna sama brots en mælt er fyrir um að nýta megi andvirði verðmæta sem hafa verið gerð upptæk til greiðslu skaðabótakröfu. Þá er í kaflanum ákvæði um það hjá hverjum upptaka geti farið fram og jafnframt er mælt fyrir um heimild dómsmálaráðherra til að ákveða að því sem er gert upptækt verði skipt milli íslenska ríkisins og annars ríkis eða ríkja.

Í öðru lagi er í 3.–5. gr. lagt til að gerðar verði breytingar á ákvæðum almennra hegningarlaga um hryðjuverk. Verknaðarlýsing hryðjuverka í 1. mgr. 100. gr. almennra hegningarlaga er gerð skýrari með því að lagt er til að lok upphafsmálsliðar 1. mgr. 100. gr. a falli brott en orðalagið þar hefur sætt gagnrýni fyrir að vera of matskennt og óljóst. Þá er einnig gert ljóst að hvers konar fjármögnun hryðjuverka eða annað liðsinni við slíka brotastarfsemi telst refsivert. Í 5. gr. er lagt til að lögfest verði sérstakt ákvæði sem bannar opinbera hvatningu til að fremja hryðjuverk. Í 1. mgr. 121. gr. almennra hegningarlaga er almennt ákvæði um refsinæmi opinberrar hvatningar til refsiverðra verka. Refsirammi þess er fangelsi allt að tveimur árum eða sektir ef málsbætur eru, nema brot varði þyngri refsingu að lögum. Í ljósi 5. gr. Evrópuráðssamnings um varnir gegn hryðjuverkum og eðli og alvarleika þess brots sem felst í hryðjuverki skv. 100. gr. a verður að telja að rök standi til þess að lögfesta sérrefsiákvæði um þessa tegund opinberrar hvatningar. Lagt er til að við slíku broti geti legið allt að þriggja ára fangelsi. Meiri hlutinn telur rétt að taka fram að ummæli sem falla í hálfkæringi heyra ekki undir þetta ákvæði frumvarpsins. Ásetningur verður að taka til allra efnisþátta brots eins og því er lýst í verknaðarlýsingu refsiákvæðis.

Í þriðja lagi er í 6. gr. frumvarpsins lagt til að lögfest verði sérstakt refsiákvæði um skipulagða brotastarfsemi þar sem lagt er bann við þátttöku í skipulagðri brotastarfsemi. Hugtakið „skipulögð brotasamtök“ er skilgreint og er byggt á skilgreiningu Palermó-samningsins og að hluta 162. gr. c norsku hegningarlaganna.

Í fjórða lagi er í 7. gr. frumvarpsins lagt til að gerðar verði ýmsar breytingar á 227. gr. almennra hegningarlaga um mansal. Skilgreining á mansalsbroti er gerð skýrari og í samræmi við Evrópuráðssamning um aðgerðir gegn mansali og bókun við samning Sameinuðu þjóðanna um fjölþjóðlega skipulagða brotastarfsemi (Palermo-bókun) er bætt við málsgrein þar sem lýst er refsinæmi tiltekinna athafna sem tengjast ferða- og persónuskilríkjum.

Í fimmta lagi er lagt til að gerðar verði breytingar á 264. gr. almennra hegningarlaga um peningaþvætti. M.a. er lagt til að almenn verknaðarlýsing peningaþvættis verði gerð skýrari og gildissvið hennar rýmkað. Þá er refsihámark fyrir peningaþvættisbrot hækkað úr fjórum árum í sex.

Í umsögn skattrannsóknarstjóra ríkisins um frumvarpið er fjallað um það grundvallaratriði skattaréttar að aðila hafi hlotnast skattlögð verðmæti, sbr. 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, þess efnis að aðilar telji sér til tekna þau verðmæti sem þeim hafi hlotnast. Í skattalöggjöf er ekki tekið á því álitaefni hvaða réttaráhrif það hafi á ákvarðaðan skattstofn að skattlögð verðmæti séu gerð upptæk. Telur skattrannsóknarstjóri að með hliðsjón af framangreindu ákvæði laga um tekjuskatt sé a.m.k. vafa undirorpið að eignaupptöku og skattlagningu verði beitt samhliða. Meiri hlutinn beinir því til fjármálaráðherra að kannað verði hvort gera þurfi breytingar á skattalöggjöf hvað þetta atriði varðar.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Ellert B. Schram var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. maí 2008.

Birgir Ármannsson, form., frsm.	Katrín Júlíusdóttir.	Sigurður Kári Kristjánsson.
Bjarni Harðarson.	Ólöf Nordal.	Karl V. Matthíasson.

Kjartan Eggertsson.

989. Framhaldsnefndarálit [191. mál]

um frv. til l. um samræmda neyðarsvörun.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Frumvarpi til laga um neyðarsvörun var vísað að nýju til allsherjarnefndar að lokinni 2. umræðu um málið.

Í 1. mgr. 8. gr. frumvarpsins er kveðið á um að rekstur samræmdrar neyðarsvörunar skuli vera í höndum hlutafélags um rekstur slíkrar stöðvar. Nefndin hefur fengið þær upplýsingar að eignarhald á hlutafé í Neyðarlínunni hf. skiptist nú þannig að ríkissjóður eigi 73,6%, Reykjavíkurborg 10,5%, Landsvirkjun 7,9% og Orkuveita Reykjavíkur 7,9%. Í umsögn

Neyðarlínunnar um frumvarpið er lagt til að í stað þess að kveðið sé á um það í frumvarpinu að rekstur samræmdrar neyðarsvörunar skuli vera í höndum hlutafélags þá verði mælt fyrir um að rekstur hennar geti verið í höndum hlutafélags. Ríkislögreglustjóri tekur fram í sinni umsögn að með hliðsjón af eðli starfseminnar sé mikilvægt að forræði félagsins sé á hendi íslenska ríkisins.

Minni hlutinn gerir athugasemdir við það að rekstri neyðarsvörunar sé komið fyrir í hlutafélagaformi. Um er að ræða þjónustu við almannaheill og öryggi borgaranna, þjónustu sem ómögulegt er að reka öðruvísi en af opinberu fé í þágu almannaheilla en ekki með hagnaðarvon að leiðarljósi líkt og í hlutafélögum. Að neyðarsvörun koma ýmsir aðilar, bæði opinberir aðilar sem sinna löggæslu-, landhelgis-, flugstjórnar- og heilbrigðismálum og annarri almannaþjónustu sem og frjáls félagasamtök sem sinna björgunarmálum o.fl. Með því að neyðarsvörun yrði alfarið rekin af hinu opinbera yrði tryggt að um reksturinn giltu lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, stjórnsýslulög og upplýsingalög sem er að mati minni hlutans afar brýnt á þessu mikilvæga sviði. Þetta hlýtur einnig að teljast eðlilegt, sér í lagi með vísan til 7. gr. frumvarpsins þar sem segir að starfsfólki vaktstöðvarinnar skuli gert að gæta þagmælsku um atriði sem það fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skuli fara samkvæmt lögum og reglugerðum eða eðli máls. Þar er einnig kveðið á um að þagmælskan skuli gilda jafnvel þó að menn láti af störfum og að starfsfólki verði gert að undirrita þagnarheit áður en það hefur störf. Minni hlutinn telur mikilvægt að 1. mgr. 8. gr. frumvarpsins verði breytt á þann veg að rekstur samræmdrar neyðarsvörunar verði á hendi ríkisins, þ.e. ekki í höndum hlutafélags.

Minni hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svohljóðandi

BREYTINGU:

1. mgr. 8. gr. orðist svo:
Rekstur vaktstöðvar samræmdrar neyðarsvörunar skal vera í höndum ríkisins.

Alþingi, 9. maí 2008.

Atli Gíslason.

990. Svar [604. mál]

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Jóns Gunnarssonar um þróun þorskverðs.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver hefur verið þróun þorskverðs á síðustu fimm árum, annars vegar á fiskmörkuðum og hins vegar í beinum viðskiptum? Svar óskast sundurliðað eftir árum.*
2. *Hver hefur verið þróun þorskverðs á yfirstandandi fiskveiðiári, annars vegar á fiskmörkuðum og hins vegar í beinum viðskiptum?*

Svar við fyrirspurninni fylgir hér á eftir og má í töflum og myndum sjá þróun meðalverðs á þorski, bæði slægðum með haus og óslægðum með haus, á mörkuðum og í beinum viðskiptum á umræddum tímabilum.

Þróun verðs á þorski frá árinu 2003 til febrúar 2008.

Meðalverð: Slægður þorskur m/haus í janúar 2003 til febrúar 2008.				
	Selt beint til fiskverkenda		*Selt á innlendum mörkuðum*	
2003	**verð (kr.)**	**tonn**	**verð (kr.)**	**tonn**
janúar	131,58	6.905	211,22	1.297
febrúar	135,68	6.967	215,15	1.699
mars	143,22	12.154	193,05	3.682
apríl	132,7	7.266	180,79	1.761
maí	122,49	6.982	162,74	1.121
júní	124,47	4.668	157,99	814
júlí	124,38	3.074	147,92	817
ágúst	121,33	3.820	153,23	739
september	121,15	7.302	172,55	612
október	122,31	7.179	175,53	863
nóvember	123,05	7.082	178,15	822
desember	126,86	6.337	176,76	667
Meðalverð og heildarmagn	**127,44**	**79.736**	**177,09**	**14.894**
	Bein sala		*Sala á innlendum mörkuðum*	
2004	**kr. kg**	**tonn**	**kr. kg**	**tonn**
janúar	132,13	7.285	197,29	1.039
febrúar	139,7	8.886	193,29	2.278
mars	144,02	13.077	171,32	3.649
apríl	133,65	9.030	161,53	2.330
maí	128,38	8.880	157,14	1.350
júní	124,9	6.374	147,31	793
júlí	126,74	3.829	145,81	721
ágúst	123,81	5.375	141,93	663
september	120,32	7.812	171,85	556
október	117,84	7.562	163,23	565
nóvember	117,47	8.466	178,09	1.007
desember	115,81	6.730	175,02	796
Meðalverð og heildarmagn	**127,06**	**93.306**	**166,98**	**15.747**
	Bein sala		*Sala á innlendum mörkuðum*	
2005	**kr. kg**	**tonn**	**kr. kg**	**tonn**
janúar	122,75	7.570	180,46	1.255
febrúar	128,35	9.882	164,05	2.259
mars	128,82	10.768	153,56	2.662
apríl	120,72	8.864	148,81	2.072
maí	115,17	7.324	146,76	878
júní	114,87	5.346	147,31	536

júlí	111,44	2.508	152,26	515
ágúst	113,26	4.676	168,61	547
september	109,22	6.727	169	480
október	109,85	7.832	166,65	634
nóvember	111,02	8.194	159,4	822
desember	110,77	6.583	163,04	742
Meðalverð og heildarmagn	**116,35**	**86.274**	**159,99**	**13.402**
	Bein sala		*Sala á innlendum mörkuðum*	
2006	**kr. kg**	**tonn**	**kr. kg**	**tonn**
janúar	115,05	7.544	168,46	1.226
febrúar	122,93	9.142	165,25	1.771
mars	126,41	10.536	170,15	2.254
apríl	126,4	7.182	199,77	1.337
maí	130,22	7.688	176,52	1.127
júní	131,05	3.575	198,25	666
júlí	134,2	2.299	192,8	397
ágúst	134,05	3.029	194,99	457
september	132,82	6.756	213,81	498
október	135,9	6.839	220,22	431
nóvember	136,18	7.093	228,1	459
desember	138,57	5.958	224,82	497
Meðalverð og heildarmagn	**130,315**	**77.641**	**196,095**	**11.120**
	Bein sala		*Sala á innlendum mörkuðum*	
2007	**kr. kg**	**tonn**	**kr. kg**	**tonn**
janúar	150,03	7.610	259,21	746
febrúar	160,07	9.296	254,45	1.474
mars	171,56	9.596	255,71	2.208
apríl	176,72	6.542	237,56	1.285
maí	181,01	7.643	211,49	1.098
júní	172,32	4.039	197,79	389
júlí	167,72	1.814	204,32	215
ágúst	166,97	2.684	217,43	246
september	167,53	3.981	262,97	531
október	170,07	4.810	237,27	589
nóvember	169,68	4.596	253,71	586
desember	188	2.661	270,25	341
Meðalverð og heildarmagn	**170,14**	**65.272**	**238,51**	**9708**
	Bein sala		*Sala á mörkuðum*	
2008	**kr. kg**	**tonn**	**kr. kg**	**tonn**
janúar	201,28	3.725	280,86	641
febrúar	233,98	5.240	281,46	1.027
Meðalverð og heildarmagn	**217,63**	**8.965**	**281,16**	**1.668**

Meðalverð: Óslægður þorskur í janúar 2003 til febrúar 2008.				
	Selt beint til fiskverkenda		*Selt á innlendum mörkuðum*	
2003	**verð (kr.)**	**tonn**	**verð (kr.)**	**tonn**
janúar	121,91	1.932	168,24	1.466
febrúar	118,1	2.014	158,93	1.429
mars	138,46	4.924	142,44	1.413
apríl	139,72	2.215	138,89	1.425
maí	122,33	2.377	132,59	2.318
júní	124,42	2.785	132,88	2.228
júlí	118,31	2.370	121	2.012
ágúst	117	1.958	118,93	2.028
september	126,28	1.441	157,44	791
október	120,73	2.081	146,56	1.658
nóvember	118,07	2.146	144,06	1.812
desember	122,2	1.249	143,33	1.476
Meðalverð og heildarmagn	**123,96**	**27.492**	**142,11**	**20.056**
	Bein sala		*Sala á innlendum mörkuðum*	
2004	**kr. kg**	**tonn**	**kr. kg**	**tonn**
janúar	115,82	1.753	147,44	1.611
febrúar	124,24	2.429	145,27	1.824
mars	130,41	5.115	114,82	2.329
apríl	123,95	2.993	118,66	1.546
maí	114,76	2.629	119,92	1.837
júní	106,4	2.682	125,2	2.468
júlí	112,58	2.425	120,88	2.065
ágúst	109,02	1.835	115,71	1.892
september	115,29	1.488	151,27	764
október	114,37	1.712	146,37	1.265
nóvember	112,04	1.601	142,57	1.780
desember	112,93	972	147,65	996
Meðalverð og heildarmagn	**115,98**	**27.634**	**132,98**	**20.377**
	Bein sala		*Sala á innlendum mörkuðum*	
2005	**kr. kg**	**tonn**	**kr. kg**	**tonn**
janúar	106,62	2.282	144,1	2.217
febrúar	118,08	4.182	121,03	2.451
mars	120,16	4.349	118,49	2.066
apríl	111,8	3.101	122,03	1.665
maí	106,89	3.096	124,74	2.672
júní	109,83	2.710	134,03	1.730
júlí	111,77	2.099	129,75	1.704
ágúst	112,22	1.859	135,92	1.361
september	108,16	1.038	144,5	1.085
október	102,15	1.492	138,71	1.649
nóvember	100,35	2.220	126,44	2.427

desember	103,56	1.467	136,4	1.301
Meðalverð og heildarmagn	**109,30**	**29.895**	**131,35**	**22.328**
	Bein sala		*Sala á innlendum mörkuðum*	
2006	**kr. kg**	**tonn**	**kr. kg**	**tonn**
janúar	109,19	2.062	140,82	1.748
febrúar	116,46	4.174	129,23	2.358
mars	125,7	5.076	136,14	2.133
apríl	117,65	2.191	167,66	1.354
maí	113,4	3.684	148,03	3.045
júní	117,42	2.105	181,12	1.653
júlí	123,48	1.708	173,31	1.982
ágúst	126,52	1.300	176,15	1.606
september	127,34	1.126	193,14	1.072
október	127,09	1.373	199,94	1.427
nóvember	118,39	1.403	209,63	1.296
desember	124,62	1.325	204,21	1.401
Meðalverð og heildarmagn	**120,605**	**27.527**	**171,615**	**21.075**
	Bein sala		*Sala á innlendum mörkuðum*	
2007	**kr. kg**	**tonn**	**kr. kg**	**tonn**
janúar	124,43	1.895	218,63	1.721
febrúar	144,67	3.652	197,26	2.386
mars	164,21	5.226	197,16	2.513
apríl	152,13	3.109	187,34	1.748
maí	141,33	3.534	170,96	2.570
júní	133,29	2.402	186,44	1.913
júlí	139,45	1.528	191,28	1.443
ágúst	138,42	1.141	187,19	1.166
september	134,36	767	231,8	296
október	128,09	792	235,22	537
nóvember	142,37	1.138	237,39	814
desember	143,16	808	248,19	708
Meðalverð og heildarmagn	**140,49**	**25.992**	**207,41**	**17.815**
	Bein sala		*Sala á innlendum mörkuðum*	
2008	**kr. kg**	**tonn**	**kr. kg**	**tonn**
janúar	148,28	1.474	255,02	1.113
febrúar	177,47	2.228	244,24	1.479
Meðalverð og heildarmagn	**162,88**	**3.702**	**249,63**	**2.592**

Heimild: Fiskistofa
Landsvæði: Öll landsvæði
Veiðarfæri: Öll veiðarfæri


Meðalverð: Slægður þorskur m/haus í september 2007 til febrúar 2008.


	Selt beint til fiskverkenda		*Selt á innlendum mörkuðum*	
	verð (kr.)	**tonn**	**verð (kr.)**	**tonn**
september	167,53	3.981	262,97	531
október	170,07	4.810	237,27	589
nóvember	169,68	4.596	253,71	586
desember	188	2.661	270,25	341
janúar	201,28	3.725	280,86	641
febrúar	233,98	5.240	281,46	1.027
Meðalverð og heildarmagn	**189,54**	**25.013**	**266,3**	**3.716**

Meðalverð: Óslægður þorskur í september 2007 til febrúar 2008.

	Selt beint til fiskverkenda		*Selt á innlendum mörkuðum*	
	verð (kr.)	**tonn**	**verð (kr.)**	**tonn**
september	134,36	767	231,8	296
október	128,09	792	235,22	537
nóvember	142,37	1.138	237,39	814
desember	143,16	808	248,19	708
janúar	148,28	1.474	255,02	1.113
febrúar	177,47	2.228	244,24	1.479
Meðalverð og heildarmagn	**152,1**	**7.207**	**244,38**	**4.948**

Heimild: Fiskistofa
Landsvæði: Öll landsvæði
Veiðarfæri: Öll veiðarfæri





991. Svar [582. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Guðnýjar Hrundar Karlsdóttur um útboð fjarskiptasjóðs um uppbyggingu háhraðanettenginga.

1. *Hvernig var ákveðið hvaða staðir falla undir útboð fjarskiptasjóðs vegna háhraðanetþjónustu, þ.e. hvaða aðferð var notuð til að fá fullvissu um að staðir féllu ekki undir skilgreiningu útboðs?*

Ríkiskaup, fyrir hönd fjarskiptasjóðs, auglýstu opinberlega vorið 2007 eftir núverandi og fyrirhuguðum útbreiðslusvæðum fyrir sítengda og ótímamælda internetþjónustu á 512 Kbs gagnaflutningshraða og yfir. Aðilar voru beðnir um að upplýsa fjarskiptasjóð um hvar nákvæmlega á landinu þeir byðu slíka þjónustu eða áformuðu slíkt fyrir mitt ár 2008. Gögnin sem sjóðurinn fékk voru misvel gerð og var lögð mikil vinna í að betrumbæta upplýsingarnar með markaðsaðilum um útbreiðslusvæðin/markaðssvæðin sem lögð eru til grundvallar útboðinu.

Staðir með heilsársbúsetu eða atvinnustarfsemi allt árið, utan framangreindra markaðssvæða, eiga samkvæmt skilgreiningu fjarskiptasjóðs rétt á háhraðatengingu með styrk frá fjarskiptasjóði. Farið var með sveitarstjórnarmönnum og Fasteignamati ríkisins a.m.k. í tvígang yfir öll útboðssvæðin og ná þau til allra sveitarfélaga landsins. Áður en útboðsgögn voru birt opinberlega var viðkomandi sveitarfélögum sendur útboðslistinn til umsagnar og þeim gefinn kostur á að gera athugasemdir.

2. *Var gerð rannsókn á því hvort þjónusta/hraði á svæði væri í samræmi við skilgreiningu fjarskiptasjóðs um háhraðanet?*

Aðalútgangspunktur sjóðsins er sá að ekki sé verið að bjóða út háhraðanetþjónustu þar sem hún er fyrir eða er fyrirhuguð á næstunni á markaðslegum forsendum. Ríkisstyrkjareglur heimila ekki slíkt og auk þess samræmist það ekki lögum um sjóðinn. Sjóðurinn gerir ákveðnar lágmarkskröfur í útboði sínu, svo sem um gæði, þjónustu, samnýtingarhlutfall og uppitíma háhraðanetþjónustu. Auk þess hafa sjónarmið eins og gagnaflutningshraði umfram lágmark vægi í þessu sambandi. Sjóðurinn er þar með ekki að skilgreina hvaða þjónustustig eða gagnaflutningshraði uppfyllir einhverja almenna skilgreiningu háhraðanetþjónustu á markaðssvæðum, enda er það hvorki tilgangur né markmið sjóðsins.

3. *Er einhver krafa gerð til núverandi þjónustuaðila á svæði sem ekki er farið inn á um viðhald búnaðar, uppitíma tengingar eða verð?*

Eingöngu er gerð krafa um að þjónustan standi íbúum svæðisins til boða.

4. *Stendur til að bæta þeim einstaklingum sem sýndu frumkvæði og komu upp háhraðatengingum útlagðan kostnað?*

Það fjármagn sem sjóðurinn hefur til umráða er til uppbyggingar aðstöðu, stofnkerfa og þjónustu utan markaðssvæða. Úthlutun fjármuna er samkvæmt lögum sjóðsins aðeins í kjölfar útboðs og samnings við markaðsaðila.

5. *Hversu margir staðir/býli eru í útboðinu?*

1.230 staðir eru á upprunalega útboðslistanum. Borist hafa athugasemdir við listann um staði sem er ofaukið eða vantar inn á hann.

Listinn verður uppfærður um næstu mánaðamót í samræmi við þessar upplýsingar. Breyting á fjölda staða í útboði er óveruleg.

6. *Hvers vegna er útboðsferillinn svo langur eða allt til 31. júlí nk.?*

Útboðsgögn voru gefin út í febrúarlok í ár. Eftir ráðfæringar við sérfræðinga á fjarskiptasviði var talið að lágmarkstilboðstími væri fimm mánuðir. Ef bjóðendur eiga að geta gert raunhæf tilboð þurfa þeir að hafa tíma til að skoða aðstæður á hverjum stað ásamt því að velja búnað sem hentar verkefninu, semja um verð á búnaði, semja við undirverktaka o.s.frv. Reynslan sýnir að of stuttur útboðstími getur fælt aðila frá verkefnum, skilað hærri tilboðsfjárhæðum og/eða óvandaðri tilboðum. Jafnframt var litið til þess að hluti útboðstímans er á almennum sumarleyfistíma og nýtist ekki sem skyldi.

7. *Hvenær er gert ráð fyrir að verkefninu ljúki?*

Reiknað er með að skrifað verði undir samning í byrjun ágúst nk. Í útboðslýsingu er styttri framkvæmdatími sjónarmið sem litið er til og getur hann verið á bilinu 12–22 mánuðir. Uppbyggingu lýkur því í fyrsta lagi í ágúst 2009 og í síðasta lagi júní 2010. Uppbyggingu á Vestfjörðum og Norðausturlandi skal þó lokið á innan við 12 mánuðum frá undirskrift samnings.

992. Frumvarp til laga [620. mál]

um breytingu á lögum nr. 55/1996, um tæknifrjóvgun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

Í stað orðsins „pörum“ í 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: þeim.

2. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Tæknifrjóvgun má því aðeins framkvæma að:

a. fyrir liggi skriflegt og vottað samþykki konunnar. Sé konan gift, í sambúð eða staðfestri samvist þarf skriflegt og vottað samþykki hins aðilans jafnframt að liggja fyrir,
b. ætla megi að barninu sem til verður við aðgerðina verði tryggð þroskavænleg uppeldisskilyrði,
c. konan sé á eðlilegum barneignaaldri og hafi líkamlega burði og fullnægjandi heilsufar til að takast á við það álag sem fylgir meðferð, meðgöngu og fæðingu barns. Tekið skal mið af því að ekki megi búast við skaðlegum áhrifum meðgöngu eða fæðingar á móður eða barn með hliðsjón af almennum læknisfræðilegum og fæðingarfræðilegum viðmiðum,
d. andleg heilsa og félagslegar aðstæður parsins eða konunnar séu góðar.

Áður en tæknifrjóvgun fer fram og samþykki skv. a-lið 1. mgr. er gefið skal veita upplýsingar um meðferðina og þau læknisfræðilegu, félagslegu og lögfræðilegu áhrif sem hún kann að hafa.

Tæknifrjóvgun má aðeins framkvæma að uppfylltum skilyrðum 1. mgr. Læknir leggur mat á það hvort skilyrðin séu uppfyllt áður en hann ákveður hvort tæknifrjóvgun fari fram. Synjun læknis um framkvæmd tæknifrjóvgunar má skjóta til landlæknis. Ákvörðun landlæknis er kæranleg til ráðuneytisins. Um meðferð kærumála hjá landlækni og ráðuneyti fer samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd ákvæðis þessa, m.a. um heimild eða skyldu til að leita umsagnar félagsráðgjafa eða annarra fagaðila og eftir atvikum barnaverndarnefndar um félagslegar aðstæður parsins eða konunnar.

3. gr.

5. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Tæknifrjóvgunarmeðferð.

Tæknifrjóvgun má framkvæma með tæknisæðingu eða glasafrjóvgun.

Eingöngu er heimilt að nota gjafakynfrumur við tæknifrjóvgun ef frjósemi er skert, um er að ræða alvarlegan erfðasjúkdóm eða aðrar læknisfræðilegar ástæður mæla með notkun gjafakynfrumna. Sé um að ræða einhleypa konu eða konu í staðfestri samvist eða óvígðri sambúð með annarri konu er þó ætíð heimilt að nota gjafasæði.

Gjöf fósturvísa er óheimil.

Staðgöngumæðrun er óheimil.

4. gr.

6. gr. laganna ásamt fyrirsögn fellur brott.

5. gr.

Á eftir orðunum „óvígðri sambúð“ í 2. mgr. 9. gr. laganna kemur: eða einhleyp kona.

6. gr.

Við 15. gr. laganna bætast tveir nýir stafliðir sem orðast svo:

h. hámarksfjölda fósturvísa sem að jafnaði skuli heimilt að setja upp við tæknifrjóvgunarmeðferð,
i. hámarksaldur kynfrumugjafa.

7. gr.

Á eftir 15. gr. laganna kemur ný grein sem orðast svo:

Landlæknir hefur eftirlit með því að tæknifrjóvgunarmeðferðir sem framkvæmdar eru hér á landi séu í samræmi við ákvæði laga þessara og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra. Um eftirlit og eftirlitsúrræði landlæknis fer samkvæmt lögum um landlækni.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á barnalögum, nr. 76/2003:

1. Í stað orðanna „sbr. þó 2. mgr. 6. gr.“ í 1. gr. laganna kemur: sbr. þó 2. mgr. 3. gr. og 2. mgr. 6. gr.
2. Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:
   Barn einhleyprar konu sem getið er við tæknifrjóvgun verður ekki feðrað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur.

Frumvarp það sem hér er lagt fram er samið af nefnd sem skipuð var af heilbrigðisráðherra, Guðlaugi Þór Þórðarsyni, 22. október 2007, til að endurskoða ákvæði laga og reglugerða um tæknifrjóvgun. Ágúst Geir Ágústsson, lögfræðingur í heilbrigðisráðuneytinu, stýrði starfi nefndarinnar en aðrir nefndarmenn voru Reynir Tómas Geirsson prófessor, skipaður samkvæmt tilnefningu frá Landspítala, Kristján Oddsson yfirlæknir, skipaður samkvæmt tilnefningu frá landlæknisembættinu, Benedikt Ó. Sveinsson læknir, skipaður samkvæmt tilnefningu frá Læknafélagi Íslands, Guðmundur Arason læknir, skipaður samkvæmt tilnefningu frá ART Medica – IVF Iceland, Þórunn Halldórsdóttir lögfræðingur, skipuð samkvæmt tilnefningu frá vísindasiðanefnd, og Helga Sól Ólafsdóttir félagsráðgjafi, skipuð án tilnefningar.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum nr. 55/1996, um tæknifrjóvgun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna, auk breytinga á barnalögum, nr. 76/2003, sem leiðir af breytingum á þeim fyrrnefndu. Helsta breytingin felur í sér að lagt er til að einhleypum konum verði heimilt með sömu skilyrðum og pörum að gangast undir tæknifrjóvgunarmeðferð hér á landi. Jafnframt er í frumvarpinu lagt til að skilyrði núgildandi laga um hámarksaldur konu við framkvæmd tæknifrjóvgunarmeðferðar verði breytt þannig að unnt verði að meta það í hverju tilviki hvort kona sé fær um að gangast undir slíka meðferð. Óheimilt verður þó að framkvæma tæknifrjóvgunarmeðferðir á konum sem komnar eru

yfir það sem telja verður eðlilegan barneignaaldur. Þriðja helsta breytingin sem felst í frumvarpinu felur í sér að lagt er til að ráðherra fái heimild til að setja leiðbeinandi reglur um hámarksfjölda fósturvísa sem settir eru upp í leg konu við framkvæmd tæknifrjóvgunarmeðferðar en markmið slíkra reglna er að fækka fjölburafæðingum eins og hægt er. Eftir sem áður er þó gert ráð fyrir því að fjöldi uppsettra fósturvísa í hverju tilviki ráðist endanlega af læknisfræðilegu mati. Þá eru í frumvarpinu lagðar til tilteknar breytingar á skilyrðum fyrir framkvæmd tæknifrjóvgunarmeðferðar. Ber þar helst að nefna að fellt er brott skilyrði laganna um að meðferð sé einungis heimiluð þegar aðrar aðgerðir til að sigrast á ófrjósemi hafi brugðist. Loks eru reglugerðarheimildir laganna skýrðar frekar.

Nefndin ræddi jafnframt á fundum sínum þann möguleika að heimila staðgöngumæðrun og eftir atvikum gjöf fósturvísa hér á landi. Það varð hins vegar niðurstaða nefndarinnar að slíkar breytingar þyrftu að fá vandaða og ítarlega umræðu og umfjöllun í samfélaginu áður en farið yrði fram með tillögur að slíkum breytingum fyrir Alþingi. Taldi nefndin tímabært að sú umræða yrði hafin og er af því tilefni vikið stuttlega að álitaefnum sem uppi eru í þessu sambandi í 5. kafla hér á eftir.

2. Réttur einhleypra kvenna til að gangast undir tæknifrjóvgun.

Samkvæmt núgildandi lögum um tæknifrjóvganir er einungis þeim konum sem eru í hjúskap, staðfestri samvist eða óvígðri sambúð heimilt að gangast undir tæknifrjóvgunarmeðferð. Í samhengi við breytta samfélagsgerð og aðstæður kvenna hér á landi sem og í nágrannalöndum okkar hefur komið fram krafa um að einhleypar konur hafi sama rétt til tæknifrjóvgunar og aðrar konur. Ef litið er til Norðurlanda sérstaklega þá hefur slíkur réttur einhleypra kvenna til tæknifrjóvgunarmeðferðar þegar verið lögbundinn, árið 2006, bæði í Danmörku og Finnlandi. Þótt stutt sé síðan að þessi réttur var lögfestur í þessum löndum hafa einhleypar konur í Danmörku í reynd, um árabil, átt kost á tæknisæðingarmeðferð. Sama er að segja um Finnland en þar hafa einhleypar konur jafnframt átt rétt á glasafrjóvgunarmeðferð. Var álitið við samþykkt laga um þetta efni í þessum löndum að þessi tilhögun hefði reynst vel og því væri eðlilegt að lögfesta þennan rétt einhleypra kvenna. Í Svíþjóð og Noregi hefur einhleypum konum á hinn bóginn ekki staðið þessi þjónusta til boða. Umræða hefur þó verið í þessum löndum um að breyta því. Hafa einhleypar konur í Svíþjóð og Noregi sótt þessa þjónustu til nágrannalandanna þar sem þessar meðferðir eru leyfðar. Sömu sögu er að segja um íslenskar einhleypar konur en fyrir liggur að þær hafa í einhverjum mæli leitað til annarra landa eftir þessari þjónustu og þá einkum til Danmerkur.

Ljóst er að miklar breytingar hafa orðið á fjölskyldumynstri á undanförnum áratugum og hefur einstæðum foreldrum m.a. fjölgað mjög. Svipuð þróun hefur átt sér stað í öðrum vestrænum löndum þótt hlutfall einstæðra foreldra sé óvíða hærra en á Íslandi. Samfara fjölgun einstæðra foreldra og jafnari stöðu kynjanna má almennt segja að sátt hafi skapast um þetta fjöldskylduform í þjóðfélaginu. Er eðlilegt að litið sé til þessa þegar lagt er mat á það hvort rétt sé að heimila einhleypum konum að gangast undir tæknifrjóvgunarmeðferð enda liggur þá fyrir í upphafi að foreldrið verður einstætt í þeim skilningi sem hér um ræðir. Lagaleg staða einstæðra foreldra er sterk og ekki hefur verið sýnt fram á að það eitt að alast upp hjá einstæðu foreldri skaði hagsmuni barnsins. Eru aðrir þættir taldir vega þar mun þyngra. Verður hæfni einstæðra foreldra til að sjá barni fyrir þroskavænlegum uppeldisskilyrðum því ekki dregin í efa með almennum rökum né verður séð að unnt sé að rökstyðja það með slíkum rökum að ekki skuli heimila einhleypum konum að gangast undir tæknifrjóvgunarmeðferð.

Sérstaða þeirra einhleypu kvenna sem gangast undir tæknifrjóvgun er auðvitað fyrst og fremst sú að þar með eru þær aðstæður búnar til meðvitað að barnið eigi einungis eitt skilgreint foreldri að lögum. Við þetta vakna tiltekin siðferðisleg álitaefni sem lúta að þeim almenna rétti hvers barns til að þekkja báða foreldra sína, sbr. 1. gr. barnalaga, nr. 76/2003. Rétt er að taka fram að í þessum rétti barna í dag felst ekki í öllum tilvikum réttur til að þekkja líffræðilega foreldra sína heldur felur þetta í sér rétt til að þekkja foreldra sína eins þeir eru skilgreindir að lögum. Þannig er eiginmaður konu skilgreindur sem faðir barns sem getið er við tæknifrjóvgun með gjafasæði og á barnið rétt á að þekkja hann sem slíkan. Þótt enn sé gert ráð fyrir því í lögum að barn eigi ávallt tvo skilgreinda foreldra var horfið frá því við setningu laga nr. 65/2006 að skilgreindir foreldrar barns væru ávallt karl og kona. Þannig telst samvistar- eða sambúðarkona konu sem fæðir barn sem getið er við tæknifrjóvgun með gjafasæði kjörmóðir barnsins og á barnið rétt á að þekkja hana sem slíka. Ljóst er hins vegar að verði frumvarpið að lögum munu börn einhleypra kvenna sem getin eru við tæknifrjóvgun einungis eiga eitt skilgreint foreldri að lögum.

Með lögum nr. 130/1999, um ættleiðingar, var einhleypum veitt heimild til að ættleiða barn þegar sérstaklega stæði á og ættleiðing væri ótvírætt talin barninu til hagsbóta, sbr. 4. mgr. 2. gr. laganna. Í athugasemdum við þetta ákvæði í frumvarpi til laganna sagði m.a. svo um þessa heimild:

> „Um heimild einhleypra einstaklinga til að ættleiða börn ríkir það sjónarmið að leggja verði áherslu á að tryggja kjörbörnum sem heppilegust og eðlilegust uppvaxtarskilyrði. Mikilvægur þáttur í því er að kjörbarn alist upp bæði hjá móður og föður. Því verður að gera þær kröfur til einhleypra umsækjanda að sýnt sé fram á að þeir séu sérstaklega hæfir umfram aðra til að taka að sér barn vegna eiginleika sinna eða reynslu, t.d. að þeir hafi mikla reynslu af umönnun og uppeldi barna eða náin skyldleika- eða vináttutengsl séu á milli barns og foreldra þess og umsækjanda. Heimild einhleypra einstaklinga til ættleiðingar hefur ekki verið lögskráð, en stuðst við örugga stjórnsýsluhefð. Réttmætt þykir að leggja til að þessi markaða stefna ráðuneytisins verði nú lögfest, sbr. 4. mgr. 2. gr. frumvarpsins, þó einungis að uppfylltum þeim skilyrðum sem þar eru tilgreind.“

Ákvörðun löggjafans nú, verði frumvarpið samþykkt, um að heimila einhleypum konum að gangast undir tæknifrjóvgunarmeðferð er að tilteknu marki eðlislík framangreindri ákvörðun um heimild einhleypra einstaklinga til að ættleiða börn. Þó verður ekki fram hjá því litið að heimildin er undantekningarheimild og eru bæði gerðar tiltölulega miklar kröfur til hins einhleypa og þess að ættleiðingin sé barninu ótvírætt til hagsbóta. Samkvæmt þessu kemur ættleiðing aðeins til greina þegar aðstæður barnsins eru með einhverjum þeim hætti að ótvírætt megi telja að það sé betur komið hjá hinu einhleypa kjörforeldri. Þegar einhleyp kona elur barn sem getið er við tæknifrjóvgun er það á hinn bóginn meðvituð ákvörðun (val) sem einhleypar konur taka, að uppfylltum skilyrðum, eftir hafa metið sínar aðstæður og hæfni sem uppalanda bæði með tilliti til líkamlegrar heilsu sinnar og félagslegrar og fjárhagslegrar stöðu.

Þegar litið er til hagsmuna barnsins þá hafa flestar rannsóknir sýnt að það virðist ekki hafa neikvæð áhrif á barn að alast upp hjá einu foreldri í samanburði við uppeldi tveggja foreldra. Önnur atriði virðast hafa meiri áhrif á þroska og vellíðan barnsins, t.d. að alast upp í ástríku og stöðugu umhverfi fremur en í hefðbundnu fjölskyldumynstri sem slíku. Þá ber að hafa í

huga að á Íslandi eru fjölskyldubönd oftast sterk og því líklegt að einhleyp kona njóti stuðnings við uppeldi barns.

Með hliðsjón af öllu framangreindu er lagt til í frumvarpinu að einhleypum konum verði veitt heimild til að gangast undir tæknifrjóvgunarmeðferð hér á landi að uppfylltum þeim skilyrðum sem sett eru fyrir slíkum meðferðum.

3. Fjöldi fósturvísa sem heimilt er setja upp við tæknifrjóvgunarmeðferð.

Eftir að farið var að framkvæma tæknifrjóvgunarmeðferðir hefur orðið mikil aukning á hlutfalli fleirburaþungana en ástæða þeirrar aukningar er sú að oft eru fleiri en einn fósturvísir settur upp í leg konu við tæknifrjóvgunarmeðferð. Þótt fyrir liggi að algengi burðarmálsdauða og annarra fæðingafræðilegra slysa (t.d. fósturláta) í fleirburafæðingum sé margfalt hærra en hjá einburum og jafnframt að fjölburaþunganir eru almennt hættulegri fyrir móðurina geta læknisfræðileg rök staðið til þess að settir séu upp fleiri en einn fósturvísir. Á þetta helst við í tilvikum þegar kona er í efri mörkum frjósemisskeiðs eða aðrar ástæður eru fyrir hendi sem gætu leitt til þess að eiginleiki eða möguleiki fósturvísana til bólfestu í legi konunnar teljist takmarkaður. Slíkar aðstæður kunna að réttlæta að upp séu settir fleiri en einn fósturvísir enda eykur það líkur á þungun. Þá kann það jafnframt að réttlæta uppsetningu fleiri en eins fósturvísis að meðferð hafi reynst konu erfið og ekki sé talið líklegt að unnt sé að frysta þá fósturvísa sem umfram eru til notkunar síðar. Loks getur það jafnframt verið ósk þeirra sem gangast undir tæknifrjóvgunarmeðferð að eignast tvíbura og kann þá að vera réttlætanlegt að verða við slíkri ósk ef læknisfræðileg sjónarmið mæla ekki gegn því.

Þótt uppsetning fleiri en eins fósturvísis sé réttlætanleg í sumum tilvikum varð mönnum fljótt ljóst að æskilegt væri að takmarka hlutfall fjölburaþungana eins og kostur væri vegna þeirrar auknu áhættu sem slíkum þungunum fylgir. Var því fljótlega farið að huga að því að fækka uppsettum fósturvísum við framkvæmd tæknifrjóvgunarmeðferðar. Hefur talsverður árangur náðst í þeim efnum og hefur fjölburatíðni eftir glasafrjóvgunarmeðferðir hér á landi sem og víðast annars staðar lækkað umtalsvert á umliðnum árum og einna mest á síðustu tveimur til þremur árum. Ennþá er fjölburatíðni eftir tæknifrjóvgunarmeðferð þó margföld á við náttúrulega tíðni slíkra fæðinga en hafa verður í huga í því sambandi að fjölburafæðingar verða að líkindum algengari en almennt gerist vegna þeirra ástæðna sem raktar hafa verið og taldar eru réttlæta uppsetningu fleiri en eins fósturvísis. Nýlegar rannsóknir á þessu sviði gefa þó vísbendingu um að almennt sé unnt að ná jafngóðum árangri af uppsetningu eins fersks fósturvísis úr fyrstu meðferðarlotu og annars frosins í næstu meðferðarlotu eins og af uppsetningu tveggja fósturvísa í einni meðferð. Hafa Svíar m.a. með hliðsjón af þessum rannsóknum breytt sínum lögum um tæknifrjóvgun á þann veg að þar er nú óheimilt er að setja upp nema einn fósturvísi í senn þegar um er að ræða konur undir 36 ára aldri en umræða um þetta efni hefur jafnframt verið virk víða í öðrum löndum á undanförnum árum.

Ljóst er að oft er fyrir hendi þrýstingur á þá sem framkvæma tæknifrjóvganir frá konu eða pari um að hámarka líkur á þungun með uppsetningu fleiri fósturvísa, ekki síst ef fyrri tilraun eða tilraunir hafa mistekist. Einnig geta fjárhagsleg sjónarmið haft áhrif á afstöðu fólks í því efni. Með hliðsjón af þessu og í ljósi þeirrar auknu áhættu sem almennt fylgir fjölburaþungunum og þess stefnumiðs að almennt skuli reynt að draga úr fjölburaþungunum eins og kostur er við tæknifrjóvgunarmeðferðir er lagt til í frumvarpinu að ráðherra verði veitt heimild til að setja reglur um hámarksfjölda fósturvísa sem að jafnaði skuli heimilt að setja upp við tæknifrjóvgunarmeðferð. Eins og ákvæðið er orðað í frumvarpinu er gert ráð fyrir að um leiðbeinandi reglur verði að ræða sem heimilt verði að víkja frá þegar það er talið réttlætanlegt,

m.a. á grundvelli þeirra sjónarmiða sem fjallað er um hér að framan. Er að þessu leyti ekki lagt til í frumvarpinu að gengið verði eins langt í þessu efni og Svíar hafa gert, enda geta umrædd sjónarmið átt við um konur á öllum aldri þótt vissulega séu fremur líkindi til þess að þau eigi við um eldri konur.

Þótt aukinn kostnaður kunni að fylgja því við framkvæmd tæknifrjóvgunarmeðferða ef einungis einn fósturvísir er settur upp í hverri meðferðarlotu, enda kann þá frekar að vera þörf á fleiri meðferðarlotum til að ná árangri, verður að líta til þess að fjölburaþungunum fylgir oft mikill kostnaður fyrir heilbrigðiskerfið vegna þeirrar auknu meðferðarþarfar sem fleirburamæður og börn þeirra þarfnast auk þess mikla og stundum óbætanlega tjóns sem verður ef móðir eða barn skaðast vegna fyrirburafæðingar eða annarra fæðingarvandamála, en slíkt er mun algengari þegar um fleirburaþunganir er að ræða.

4. Hámarksaldur konu við framkvæmd tæknifrjóvgunarmeðferðar.

Samkvæmt núgildandi reglugerð nr. 568/1997, um tæknifrjóvgun, er meginreglan að kona skuli ekki vera eldri en fullra 42 ára þegar tæknifrjóvgunarmeðferð hefst. Heimilt er að víkja frá þessu aldursskilyrði þegar um er að ræða notkun geymds fósturvísis, geymdrar eggfrumu eða gjafaeggfrumu. Kona má þó aldrei vera eldri en 45 ára þegar fósturvísir er settur upp. Þessar reglur hafa í framkvæmd ekki þótt nægjanlega sveigjanlegar enda er ljóst að konur eru misjafnlega vel á sig komnar til að takast á við það líkamlega og sálræna álag sem fylgir meðferð, meðgöngu og fæðingu barns. Er því lagt til að í stað framangreindra aldursmarka verði miðað við að konan sé á eðlilegum barneignaaldri og hafi líkamlega og heilsufarslega burði til að takast á við það álag sem fylgir meðferð, meðgöngu og fæðingu barns. Með hugtakinu „eðlilegur barneignaaldur“ er að jafnaði átt við lögráða konu fram til 46 ára aldurs. Afar fátítt er að konur eldri en 46 ára eignist börn með eðlilegum hætti en þó er það þekkt að konur allt að 50 ára eignist börn án utanaðkomandi aðstoðar. Lengra verður hugtakið „eðlilegur barneignaaldur“ þó tæplega teygt með góðum rökum. Eðlilegt er eins og ávallt við veitingu læknismeðferðar að viðkomandi læknir leiti álits annarra sérfræðilækna áður en hann tekur ákvörðun um læknismeðferð, telji hann það nauðsynlegt vegna óvissuþátta sem uppi kunna að vera við læknisfræðilegt mat samkvæmt framangreindu, en almennt má segja að slíkir óvissuþættir séu líklegri til að vera til staðar við framkvæmd tæknifrjóvgunarmeðferðar þegar kona nálgast efri mörk þess sem telja má eðlilegan barneignaaldur.

5. Staðgöngumæðrun.

Með staðgöngumæðrun er átt við þær aðstæður þegar tæknifrjóvgun er framkvæmd á konu sem hyggst ganga með barn fyrir aðra konu og láta það af hendi til hennar strax eftir fæðingu, sbr. 7. mgr. 1. gr. tæknifrjóvgunarlaga, en skv. 3. mgr. 6. gr. laganna er staðgöngumæðrun alfarið óheimil hér á landi.

Við staðgöngumæðrun er aðstaðan oftast sú að fósturvísi sem búinn hefur verið til með kynfrumum þeirra sem teljast munu foreldrar barnsins við fæðingu er komið fyrir í legi staðgöngumóður. Ekki er hins vegar útilokað að notaðar séu gjafakynfrumur eða að staðgöngumóðirin sjálf leggi til eigin eggfrumu en sæðisfrumur komi frá eiginmanni eða sambýlismanni konunnar sem á að fá barnið eftir fæðingu. Hjá flestum pörum sem óska eftir staðgöngumæðrun eru aðstæður þær að konan á ekki möguleika á ganga með barn, t.d. vegna meðfædds galla á legi eða að legið hafi verið numið brott vegna fæðingaráverka, krabbameins eða annarra líkamlegra þátta.

Margvísleg siðfræðileg álitamál koma upp við staðgöngumæðrun en þeir einstaklingar sem taka þarf tillit til í því sambandi eru í fyrsta lagi parið sem eiga að teljast foreldar barnsins við fæðingu þess. Í öðru lagi er það staðgöngumóðirin og í þriðja lagi barnið sem fæðist.

Helsta álitaefnið sem vaknar við staðgöngumæðrun er hvernig skilgreina beri móðerni barnsins. Samkvæmt núgildandi reglum telst kona sem fæðir barn sjálfkrafa móðir þess og skiptir þá ekki máli þótt gjafaeggfruma hafi verið notuð. Ef staðgöngumæðrun yrði leyfð þyrfti að víkja frá þeirri reglu, en reynslan annars staðar sýnir að kona sem gengur með barn myndar tengsl við það jafnvel þótt það sé líffræðilega óskylt henni. Hefur þetta í einhverjum tilvikum skapað erfiðar og flókar aðstæður.

Staðgöngumæðrun fylgir mikið álag fyrir þá konu sem tekur slíkt hlutverk að sér og er ólíklegt að margar konur séu tilbúnar til að lána líkama sinn með þeim hætti. Hvað gjafaegg varðar þá hefur reynslan sýnt að algengast er að ættingjar gefi eggfrumu, t.d. systir viðkomandi konu. Ekki er ólíklegt að þetta yrði eins í sambandi við staðgöngumæðrun. Þarf að gæta að því að slíkur þrýstingur, bæði beinn og óbeinn, á nákomin ættingja skaði ekki samband fólks.

Ef staðgöngumæðrun yrði leyfð þyrfti að gæta vel að hagsmunum barnsins. Rétt eins og með barn sem getið er með gjafaeggfrumu verður að hafa í huga að barnið á í tilteknum skilningi tvær mæður sem eru jafnvel innan sömu fjölskyldu og verður að veita foreldrum ráðgjöf um hvernig hægt er að ræða þau mál við barnið á þann hátt að það geti skilið það og sætt sig við það. Hafa flestar rannsóknir reyndar sýnt fram á að tengsl milli barna sem staðgöngumæður hafa borið og fætt og foreldra þeirra eru að jafnaði yfir meðallagi góð.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í ákvæðinu er lögð til smávægileg orðalagsbreyting í tengslum við þá breytingu sem lögð er til í frumvarpinu að heimila einhleypum konum að gangast undir tæknifrjóvgunarmeðferð.

Um 2. gr.

Í greininni eru lagðar til ýmsar breytingar á 3. gr. laganna þar sem fjallað er um skilyrði fyrir tæknifrjóvgun og ákvörðun um hana. Meginbreytingin felst í því að lagt er til að einhleypum konum verði heimilt að gangast undir tæknifrjóvgunarmeðferð að uppfylltum sömu skilyrðum og pörum í hjúskap, staðfestri samvist eða óvígri sambúð, sbr. nánari umfjöllun í almennum athugasemdum.

Í öðru lagi er lagt til að reglur um hámarksaldur konu við framkvæmd tæknifrjóvgunarmeðferðar verði rýmkaðar og miðað við eðlilegan barneignaaldur og jafnframt að konan hafi líkamlega burði og heilsufar til að takast á við það álag sem fylgir meðferð, meðgöngu og fæðingu barns, sbr. nánari umfjöllun í almennum athugasemdum. Í breytingunni felst jafnframt að horfið er frá skilyrðum um hámarksaldur karlmanns þegar um par er að ræða en hámarksaldur þeirra samkvæmt núgildandi reglum er 50 ár. Engin læknisfræðileg rök liggja að baki þessu aldurshámarki. Hins vegar hefur þetta aldurshámark verið rökstutt á þeim grundvelli að eðlilegt sé að miða við að almenn líkindi séu til þess að faðir geti sinnt foreldrahlutverki sínu á uppvaxtarárum barnsins. Þessi rök falla hins vegar um sjálf sig ef fallist er á að heimila eigi einhleypum konum að gangast undir tæknifrjóvgunarmeðferð því ekki getur réttur einhleypra kvenna verið ríkari að þessu leyti en réttur kvenna sem eru í hjúskap eða sambúð með karli sem er eldri en 50 ára. Í þessu sambandi er þó rétt að geta þess að það er áfram gert ráð fyrir því í frumvarpinu, sbr. b-lið 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins, að það sé skil-

yrði fyrir tæknifrjóvgunarmeðferð að par eða kona sem undirgengst meðferð geti tryggt barninu þroskavænleg uppeldisskilyrði. Í því sambandi getur það haft þýðingu hvort líklegt sé að konan og maðurinn, eða að minnsta kosti annað þeirra, geti sinnt foreldrahlutverki sínu þar til barnið hefur náð þroska og sjálfræði. Mat á heilsufarslegum og öðrum aðstæðum er að mestu fært til meðhöndlandi læknis og þá gert ráð fyrir að læknirinn miði við almenn heilsufarsleg atriði sem talin eru valda áhættu fyrir móður eða barn eða þau bæði. Hér getur verið um að ræða atriði eins og aukna hættu á blóðsegamyndun, ýmsa alvarlega sjúkdóma, svo sem háþrýsting, sykursýki, hjarta- og æðasjúkdóma, nýrna-, lifrar- eða heilasjúkdóma, fíknisjúkdóma (þ.m.t. miklar reykingar) og verulega offitu. Mismikið er lagt upp úr atriðum sem þessum í nágrannalöndunum og oft er fleiri en einn þáttur til staðar sem eykur á áhættuna.

Í þriðja lagi er í greininni lagt til að fellt verði brott skilyrði núgildandi laga um að aðrar aðgerðir til að sigrast á ófrjósemi hafi brugðist eða séu ekki tiltækar. Frá þessu skilyrði hefur reyndar þegar vikið þegar um er að ræða konur í staðfestri samvist eða óvígðri sambúð með annarri konu, sbr. lög nr. 65/2006. Annars má segja að þessi breyting leiði einnig af þeirri breytingu sem lögð er til í frumvarpinu um að heimila einhleypum konum að gangast undir tæknifrjóvgunarmeðferð. En ljóst er hvað þær varðar getur þetta skilyrði ekki átt við með sama hætti og þegar um pör er að ræða og ekki verður fallist á að strangari skilyrði gildi að þessu leyti um pör. Í þessu sambandi er ástæða til að taka fram að þótt framangreint skilyrði um ófrjósemi falli brott úr lögunum kann það eftir sem áður að vera mat heilbrigðisyfirvalda að rétt sé að binda greiðsluþátttöku ríkisins í kostnaði af þessari heilbrigðisþjónustu því skilyrði að sá sem óski eftir tæknifrjóvgunarmeðferð með greiðsluþátttöku ríkisins eigi við ófrjósemi að stríða, eins og það hugtak er skilgreint í núgildandi lögum.

Í fjórða lagi er lagt til í ákvæðinu að kærunefnd sem starfað hefur á grundvelli laganna verði lögð niður en mál gangi í staðinn til landlæknis og séu kæranleg þaðan til ráðuneytisins eftir atvikum.

Í fimmta lagi er í ákvæðinu mælt fyrir um að ráðherra setji nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd ákvæðisins, m.a. um heimild eða skyldu til að afla umsagnar félagsráðgjafa eða annarra fagaðila og eftir atvikum barnaverndarnefndar um félagslegar aðstæður parsins eða konunnar áður en ákvörðun er tekin um að veita tæknifrjóvgun. Kann í því sambandi t.d. að vera meiri ástæða til að gera slíkar kröfur þegar í hlut á einhleyp kona þannig að fyrir liggi að hún geti tryggt barni sínu þroskavænleg uppeldisskilyrði.

Um 3. og 4. gr.

Í greininni er lagt til að efnisákvæði 5. og 6. gr. laganna verði sameinuð í eina grein um leið og gerðar eru nauðsynlegar breytingar sem leiðir af þeirri breytingu sem lögð er til í frumvarpinu að heimila einhleypum konum að gangast undir tæknifrjóvgunarmeðferð.

Um 5. gr.

Í ákvæðinu er lögð til smávægileg orðalagsbreyting í tengslum við þá breytingu sem lögð er til í frumvarpinu að heimila einhleypum konum að gangast undir tæknifrjóvgunarmeðferð.

Um 6. gr.

Í greininni er lagðar til breytingar á 15. gr. laganna þar sem ráðherra er veitt heimild til að setja nánari reglur í reglugerð um tiltekin atriði laganna. Er lagt til að auk þeirra atriða sem þar eru talin upp verði ráðherra annars vegar veitt heimild til að kveða á um fjölda fósturvísa sem að jafnaði skuli heimilt að setja upp við tæknifrjóvgunarmeðferð og hins veg-

ar um hámarksaldur kynfrumugjafa. Nánar er fjallað um fyrra atriðið í almennum athugasemdum.

Um 7. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að áréttað verði í lögunum að landlæknir fari með eftirlit með tæknifrjóvgunarmeðferðum sem framkvæmdar eru hér á landi í samræmi við lög um landlækni. Landlæknir hefur haft þetta eftirlit með höndum hingað til og felur ákvæðið því ekki í sér neina efnisbreytingu hvað það varðar.

Um 8. gr.

Í greininni er kveðið á um að lögin taki þegar gildi

Í greininni er jafnframt kveðið á um breytingar á barnalögum, nr. 76/2003, sem nauðsynlegt er að gera samhliða þeirri breytingu að heimila einhleypum konum að gangast undir tæknifrjóvgunarmeðferð.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 55/1996, um tæknifrjóvgun, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum nr. 55/1996, um tæknifrjóvgun, auk breytinga á barnalögum, nr. 76/2003, sem leiðir af breytingum á þeim fyrrnefndu. Með frumvarpinu er lagt til að einhleypum konum verði heimilt með sömu skilyrðum og pörum að gangast undir tæknifrjóvgun hér á landi en einungis konum í hjúskap, staðfestri eða óvígðri sambúð er nú heimilt að gangast undir slíka meðferð. Þá er lagt til að skilyrði um hámarksaldur konu til að gangast undir slíka meðferð verði breytt þannig að heimilt verði að meta í hverju tilviki hvort kona sé fær um að gangast undir slíka meðferð. Enn fremur er lagt til að ráðherra fái heimild til að setja leiðbeinandi reglur um hámarksfjölda uppsettra fósturvísa og loks er lagt til að gerðar verði tilteknar breytingar á skilyrðum fyrir framkvæmd tæknifrjóvgunarmeðferðar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að lögin taki þegar gildi.

Samkvæmt gildandi lögum má tæknifrjóvgun því aðeins framkvæma að aðrar aðgerðir til að sigrast á ófrjósemi hafi brugðist eða séu ekki tiltækar eða um sé að ræða konu í staðfestri samvist eða óvígðri sambúð með annarri konu. Með frumvarpinu er framangreint skilyrði fellt úr gildi og því í reynd heimilað að allar konur á barneignaaldri geti óskað eftir tæknifrjóvgun að öðrum skilyrðum laganna uppfylltum. Ekki liggja fyrir kannanir um hlutfall kvenna sem munu vilja eignast barn með hjálp tæknifrjóvgunar og því erfitt að meta kostnaðaráhrif frumvarpsins. Hins vegar er gert ráð fyrir að 7–8 konur af hverjum hundraði eigi við ófrjósemisvanda að stríða. Ef gert er ráð fyrir í framangreindu dæmi að greiðsluþátttaka sjúkratrygginga nái aðeins til þeirra kvenna sem eiga við ófrjósemi að stríða yrði útgjaldaauki sjúkratrygginga um 1,6–1,9 m.kr. á ári miðað við 233.000 kr. meðalkostnað á aðgerð.

Ekki er gert ráð fyrir þessari aukningu í útgjaldaramma heilbrigðisráðuneytis í fjárlögum ársins 2008.

993. Svar [602. mál]

dóms- og kirkjumálaráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um stuðning við frjáls félagasamtök.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur stuðningi dóms- og kirkjumálaráðuneytis við frjáls félagasamtök verið háttað árin 2002–2007? Óskað er eftir því að í svarinu komi fram til hvers konar verkefna styrkir hafa verið veittir, hversu háir styrkir og hverjir ábyrgðaraðilar verkefnanna hafa verið, sundurliðað eftir fjárlagaliðum og árum.

Ráðuneytið veitti samtals 205 styrki til ýmissa félagasamtaka á tímabili því sem spurt er um að upphæð 62 millj. kr. alls, sbr. meðfylgjandi yfirlit. Yfirlitið er sundurliðað á hvert ár fyrir sig, skipt í tvo fjárlagaliði, annars vegar *ráðstöfunarfé ráðherra 06-190-190* og hins vegar *ýmis löggæslumál 06-390-110*.

Ráðstöfunarfé ráðherra 06-190-190

Ár	Nafn	Fjárhæð
2002	Norræna félagsfræðingafélagið	200.000
	Skákfélagið Hrókurinn	100.000
	V-dagssamtökin	500.000
	Sniglar, bifhjólasamtök	150.000
	Leifur Eiríksson, málflutningsfélag	150.000
	Bandalag kvenna í Reykjavík	250.000
	Lögreglufélag Reykjavíkur	250.000
	Nemendafélag Lögregluskóla ríkisins	200.000
	Félag yfirlögregluþjóna	100.000
	Bindindisfélag ökumanna	150.000
	Ungmennafélag Íslands	100.000
	Lögberg, málflutningsfélag	150.000
	Friðarboðinn, kristilegur fjölmiðill	100.000
	Foreldrafélag unglingskórs Hallgrímskirkju	100.000
	Kristnisjóður	50.000
	4. árs hjúkrunarfræðinemar	50.000
	Kór, Graduale Nobili	100.000
	Kór Grensáskirkju	50.000
	Bríet, félag ungra feminista	130.000
	Sjálfsbjörg	140.000
	ELSA-Ísland, félag evrópskra laganema	75.000
	Byrgið, kristilegt líknarfélag	300.000
	Félag stjórnmálafræðinema	100.000
	Félag fasteignasala	300.000
	Sjálfsbjörg	15.000
	Vímulaus æska	200.000
	Samtök um kvennaathvarf	120.000
	Stígamót	120.000
	Orator, félag laganema	20.000
	Kammerkór Seltjarnarneskirkju	50.000
	Hjálparsveitin Trintron	150.000
	Kvenréttindafélag Íslands	50.000
	Tímaritið Vera	100.000
	Samhjálp	400.000

Ár	Nafn	Fjárhæð
	Hringurinn	300.000
	Forvarnarverkefni námsmannahreyfinga á Íslandi	150.000
	Líknarfélagið Rockville	3.000.000
		8.470.000
2003	Söngfélag Félags eldri borgara	150.000
	Norrænn fundur um lögfræðiupplýsingar	150.000
	Fræðslumiðstöð í fíknivörnum	500.000
	Barnaheill	1.000.000
	Vernd, fangahjálp	500.000
	Orator, félag laganema	150.000
	ELSA-Ísland, félag evrópskra laganema	100.000
	Félagsmiðstöð á Grenivík	50.000
	ELSA-Ísland, félag evrópskra laganema	100.000
	Sjálfsbjörg	140.000
	Félag stjórnmálafræðinema	150.000
	Viska, stúdentafélag Háskólans í Reykjavík	150.000
	Ferðaklúbburinn Flækjufótur	130.000
	Kvenréttindafélag Íslands	50.000
	Nemendafélag Lögregluskóla Íslands	200.000
	Íslensk ættleiðing	500.000
	Kríurnar, hagsmunafélag lögreglukvenna	550.000
	Sniglarnir	250.000
	Kór Skálholtskirkju	250.000
	Kvennaráðgjöfin	200.000
	Kvenfélagasamband Íslands	200.000
	Club Lögberg	100.000
	Vímulaus æska	500.000
	Kór Graduale Nobili	50.000
	Schola Cantorum	150.000
	Kirkjulistahátíð	200.000
	Leifur Eiríksson, málflutningsfélag	150.000
	Slysavarnafélagið Landsbjörg	1.250.000
	Landssamband lögreglumanna	500.000
	SÍNE, Samband íslenskra námsmanna erlendis	85.000
	Samtök um kvennaathvarf	50.000
	Félag stjórnmálafræðinema	50.000
	Samband íslenskra kristniboðsfélaga	500.000
	Íslensk ættleiðing	1.000.000
	Fræðslumiðstöð í fíknivörnum	300.000
	Starfsmannafélag DKM	95.000
	Iceland Model United Nations	100.000
	V-dagssamtökin	500.000
		11.050.000
2004	UNICEF á Íslandi	150.000
	Samtök áhugafólks um spilafíkn	150.000
	Kvenréttindafélag Íslands	50.000
	Krossinn, kristilegt félag	80.000
	Leifur Eiríksson, málflutningsfélag	100.000
	Hvítasunnukirkjan Fíladelfía Reykjavík	120.000
	Nemendafélag Lögregluskóla ríkisins	200.000
	Lögreglukór Reykjavíkur	200.000
	Félag íslenskra organista	150.000

Ár	Nafn	Fjárhæð
	Sjálfsbjörg höfuðborgarsvæðinu	150.000
	Ungmennafélag Íslands	250.000
	Club Lögberg, áhugamannafélag	200.000
	Michael Fell	150.000
	Fjölskylduþjónusta kirkjunnar	100.000
	Samtök áhugafólks um spilafíkn	100.000
	Iceland Model United Nations	100.000
	Félag ábyrgra feðra	100.000
	Friðarboðinn, kristilegur fjölmiðill	100.000
	Lögrétta, félag laganema við Háskólann í Reykjavík	150.000
	Kvennaráðgjöfin	200.000
	Femínistafélag Íslands	75.000
	Samband íslenskra kristniboðsfélaga	250.000
	Skákfélagið Hrókurinn	150.000
	Listvinafélag Hallgrímskirkju	150.000
	Verurnar ehf.	200.000
	BISER International	150.000
	Gagarín ehf., Helgisiðastofnun	250.000
		4.025.000
2005	Aðalskrifstofa SÍK, KFUM og KFUK	200.000
	Fræðsla og forvarnir	250.000
	Vímulaus æska, foreldrasamtök	250.000
	Leifur Eiríksson, málflutningsfélag	100.000
	Félag stjórnmálafræðinema	80.000
	Félag löglærðra fulltrúa ákæruvalds	100.000
	Kvenfélagasamband Íslands	200.000
	Ferðafélag Fljótsdalshéraðs	70.000
	Bandalag þýðenda og túlka	150.000
	Útgáfufélag Lögfræðingatals	25.000
	Nemendafélag Lögregluskóla ríkisins	250.000
	Samtök áhugafólks um spilafíkn	400.000
	Kristnisjóður	200.000
	Skákfélagið Hrókurinn	200.000
	Félag útskriftarnema Viðskiptaháskólans 2005	50.000
	International Police Associaton	150.000
	Club Lögberg, áhugamannafélag	150.000
	Prestafélag Íslands	100.000
	Lögreglukór Reykjavíkur	175.000
	V-dagssamtökin	500.000
	Kvennaráðgjöfin	100.000
	Kirkjulistahátíð	250.000
	Félag stjórnmálafræðinema	90.000
	Kirkja heyrnarlausra	75.000
	Lögmannafélag Íslands	100.000
	UNIFEM á Íslandi	100.000
	Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra	150.000
	Björgunarsveitin Kjölur	140.000
	Konni.is, kristilegt félag	50.000
	Tollvarðafélag Íslands	150.000
	Voces Thules	250.000
	Iceland Model United Nations	100.000

Ár	Nafn	Fjárhæð
	Landssamband lögreglumanna	1.000.000
	Vímulaus æska, foreldrasamtök	750.000
	Kvenréttindafélag Íslands	150.000
		7.055.000
2006	Brydebúð, félag	750.000
	Voces Thules	300.000
	Samtök áhugafólks um spilafíkn	400.000
	Sniglar, bifhjólasamtök lýðveldisins	200.000
	Reykjavíkurakademían, félag	250.000
	Fræðsla og forvarnir	250.000
	Sátt, félag	250.000
	Félag guðfræðinema	100.000
	Leifur Eiríksson, málflutningsfélag	100.000
	Lögreglukór Reykjavíkur	300.000
	Samtök um kvennaathvarf	220.000
	Club Lögberg, áhugamannafélag	200.000
	Sjálfsbjörg höfuðborgarsvæðinu	150.000
	Íslandsdeild BISER	150.000
	Félag um foreldrajafnrétti	100.000
	Skákskóli Hróksins	250.000
	Grettisakademían	120.000
	Íslenska lögregluforlagið ehf.	62.250
	Íslenska lögregluforlagið ehf.	18.675
	Litla gula hænan ehf.	100.000
	Hið íslenska biblíufélag	3.000.000
	Félag kennara í kristnum fræðum	75.000
	Kvennaráðgjöfin	200.000
	Höndin, félag	75.000
	Úlfljótur, tímarit laganema	100.000
	Samband íslenskra kristniboðsfélaga	200.000
	Samtök áhugafólks um spilafíkn	700.000
	Kvenréttindafélag Íslands	100.000
		8.720.925
2007	Vímulaus æska, foreldrasamtök	500.000
	Listvinafélag Hallgrímskirkju	500.000
	Samband íslenskra kristniboðsfélaga	250.000
	Fangavarðafélag Íslands	200.000
	Fangavarðafélag Íslands	250.000
	Orator, félag laganema	200.000
	Leifur Eiríksson, málflutningsfélag	100.000
	Sátt, félag	300.000
	Félag yfirlögregluþjóna	250.000
	Kór Skálholtskirkju	100.000
	Lögrétta, félag laganema við Háskólann í Reykjavík	250.000
	Grettisakademían	200.000
	Samráðsfélag um málefni fanga	40.000
	Sjálfsbjörg höfuðborgarsvæðinu	160.000
	Íslenska lögregluforlagið ehf.	30.000
	Club Lögberg, áhugamannafélag	200.000
	Kirkjulistahátíð	500.000
	Nordic Network of Psychology	200.000
	Skrifstofa fangelsa höfuðbsvæðisins	200.000

Ár	Nafn	Fjárhæð
	Félag um foreldrajafnrétti	200.000
	Samtök áhugafólks um spilafíkn	800.000
	Fræðsla og forvarnir	200.000
	Íslensk ættleiðing, félag	600.000
	Vímulaus æska, foreldrasamtök	850.000
		7.080.000
	Samtals 2002–2007	**46.400.925**

Ýmis löggæslumál 06-390-110

Ár	Nafn	Fjárhæð
2002	Björgunarsveit Hafnarfjarðar	2.000.000
		2.000.000
2003	Félag íslenskra rannsóknarlögreglumanna	87.720
	Landssamband lögreglumanna	350.000
		437.720
2004	Björgunarsveit Hafnarfjarðar	4.000.000
	Landssamband lögreglumanna	500.000
	Barnaheill, félag	1.000.000
	Slysavarnafélagið Landsbjörg	2.400.000
		7.900.000
2005	Félag íslenskra rannsóknarlögreglumanna	150.000
	Vernd, fangahjálp	2.500.000
		2.650.000
2006	Lögreglufélag Akraness	200.000
	Íþróttasamband lögreglumanna	750.000
	Lögreglufélag Gullbringusýslu	200.000
	Félag íslenskra rannsóknarlögreglumanna	150.000
		1.300.000
2007	Kríurnar, hagsmunafélag lögreglukvenna	300.000
	Fangavarðafélag Íslands	250.000
	Íþróttasamband lögreglumanna	750.000
		1.300.000
	Samtals 2002–2007	**15.587.720**

994. Svar [590. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Marðar Árnasonar um ferðalán til fjarnema úr Lánasjóði íslenskra námsmanna.

1. *Hversu margir fjarnemar hafa stundað nám í Kennaraháskóla Íslands nú í vetur og í fyrravetur?*

Við Kennaraháskóla Íslands er hægt að stunda grunnnám og framhaldsnám. Rétt er að geta þess að nemendur í grunnnámi geta stundað nám við KHÍ í staðnámi eða fjarnámi, en allt framhaldsnám við KHÍ er skilgreint sem fjarnám hvort sem nemendur búa á höfuðborgarsvæðinu eða utan þess.

Haustið 2007 voru 934 nemendur skráðir í fjarnámi í grunndeild, en 686 nemendur árið á undan.

Í framhaldsnám við KHÍ voru skráðir 629 nemendur haustið 2007, en 505 haustið 2006, og eins og áður segir eru þeir allir skráðir sem fjarnámsnemendur, óháð búsetu.

2. *Hversu margir af þeim búa innan lands utan höfuðborgarsvæðis hins meira (norðan og austan Hvítánna)?*

Við skráningu í fjarnám er búseta ekki flokkuð sem norðan og austan Hvítánna. Hins vegar er flokkað eftir landshlutum, eins og sjá má á meðfylgjandi töflum.

Haustið 2007 voru samtals skráðir 2.318 nemendur við nám í KHÍ, þar af 1.583 í fjarnámi. Þar af voru 687 búsettir utan höfuðborgarsvæðisins, eða 44%.

Í grunnnámi voru skráðir alls 1.689 nemendur, þar af 934 í fjarnámi. Þar af voru 441 búsettir utan höfuðborgarsvæðisins, eða 47%.

Í framhaldsnámi voru 629 nemendur skráðir, allir sem fjarnemar. Þar af voru 246 búsettir utan höfuðborgarsvæðisins, eða 39%.

Skólaárið 2007–2008.

Samtals nemendur við nám í KHÍ haustið 2007	2.318	
Þar af í fjarnámi	1.563	
Fjarnemar búsettir utan höfuðborgarsvæðis	687	44%

Grunnnám	**Staðnemar**			**Fjarnemar**		
	Konur	**Karlar**	**Samtals**	**Konur**	**Karlar**	**Samtals**
Höfuðborgarsvæðið	460	108	568	413	80	493
Reykjanes	27	6	33	65	7	72
Vesturland	22	4	26	45	10	55
Vestfirðir	5	1	6	28	6	34
Norðurland vestra	9	2	11	40	11	51
Norðurland eystra	6	1	7	33	9	42
Austurland	13	6	19	40	4	44
Suðurland	55	20	75	97	14	111
Útlönd	8	2	10	30	2	32
Samtals	*605*	*150*	*755*	*791*	*143*	*934*

Framhaldsnám	Fjarnemar		
	Konur	Karlar	Samtals
Höfuðborgarsvæðið	320	63	383
Reykjanes	31	7	38
Vesturland	26	5	31
Vestfirðir	16	2	18
Norðurland vestra	13	6	19
Norðurland eystra	29	8	37
Austurland	22	4	26
Suðurland	48	13	61
Útlönd	13	3	16
Samtals	*518*	*111*	*629*

Haustið 2006 voru samtals skráðir 2.170 nemendur við nám í KHÍ, þar af 1.191 í fjarnámi. Þar af voru 570 búsettir utan höfuðborgarsvæðisins, eða 48%.

Í grunnnámi voru skráðir alls 1.665 nemendur, þar af 686 í fjarnámi. Þar af voru 357 búsettir utan höfuðborgarsvæðisins, eða 52%.

Í framhaldsnámi voru 505 nemendur skráðir, allir sem fjarnemar. Þar af voru 259 búsettir utan höfuðborgarsvæðisins, eða 51%.

Skólaárið 2006–2007.

Samtals nemendur við nám í KHÍ haustið 2006	2.170	
Þar af í fjarnámi	1.191	
Fjarnemar búsettir utan höfuðborgarsvæðis	570	47,9%

Grunndeild	Staðnemar			Fjarnemar		
	Konur	Karlar	Samtals	Konur	Karlar	Samtals
Höfuðborgarsvæðið	551	117	668	280	49	329
Reykjanes	30	9	39	36	3	39
Vesturland	18	8	26	42	8	50
Vestfirðir	6	2	8	17	4	21
Norðurland vestra	9	5	14	34	5	39
Norðurland eystra	9	6	15	34	7	41
Austurland	17	7	24	36	4	40
Suðurland	52	33	85	75	11	86
Útlönd	12	88	100	40	1	41
Samtals	*704*	*275*	*979*	*594*	*92*	*686*

Framhaldsdeild – fjarnám	Konur	Karlar	Samtals
Höfuðborgarsvæðið	249	43	292
Reykjanes	16	7	23
Vesturland	22	6	28
Vestfirðir	19		19
Norðurland vestra	15	8	23
Norðurland eystra	31	6	37
Austurland	15	1	16
Suðurland	39	13	52
Útlönd	11	4	15
Samtals	*417*	*88*	*505*

3. *Hvað er gert ráð fyrir að fjarnemar í Kennaraháskóla Íslands komi oft til Reykjavíkur á önn?*

Hér er einnig munur á nemum í grunnnámi og framhaldsnámi. Að jafnaði er gert ráð fyrir tveimur staðlotum í grunnnámi á missiri. Í framhaldsnáminu eru lotur fyrir hvert námskeið sem nemandi er skráður í en hvert námskeið hefur að jafnaði fimm daga sem raðað er í þrjár lotur.

4. *Hver er fjárhæð ferðaláns innan lands hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna?*

Um ferðalán er fjallað í grein 4.12.3 í úthlutunarreglum LÍN 2007–2008. Ferðalán vegna náms á Íslandi hjá LÍN er 13.900 kr. fyrir einstakling (en einnig fæst lán fyrir maka og börn ef svo ber undir). Skilyrði þess að námsmenn á Íslandi eigi kost á ferðaláni er að þeir eigi lögheimili a.m.k. 100 km frá höfuðborgarsvæðinu eða öðru skólasvæði.

5. *Fyrir hvað mörgum ferðum á missiri fæst slíkt ferðalán?*

Ferðalán er veitt vegna einnar ferðar á ári og greiðist út í tvennu lagi, þ.e. með framfærsluláni í lok haust- og vormissiris.

6. *Er í því láni reiknað með aukakostnaði við framfærslu nemanda meðan á námsdvöl stendur? Ef svo er, hvaða reglur gilda um þann aukakostnað? Ef ekki, er þá gert ráð fyrir slíkum kostnaði í almennu námsláni til fjarnema, og samkvæmt hvaða reglum?*

Nei, ekki er gert ráð fyrir aukakostnaði við framfærslu í staðlotum.

7. *Gefst þessum fjarnemum og öðrum á háskólastigi færi á annarri opinberri aðstoð til áskilinnar námsdvalar, sem samsvari til dæmis svokölluðum dreifbýlisstyrk til framhaldsskólanema?*

Nei, ekki er um slíkt að ræða.

995. Tillaga til þingsályktunar [621. mál]

um staðfestingu samnings milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2008.

(Lögð fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2008 sem gengið var frá með bréfaskiptum í Þórshöfn og Reykjavík 3. og 9. apríl 2008.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á samningi milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2008 sem gengið var frá með bréfaskiptum í Þórshöfn og Reykjavík 3. og 9. apríl 2008. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með tillögu þessari.

Samningur þessi kveður á um allar heimildir aðila til veiða á uppsjávarfiski í lögsögu hvors annars á árinu 2008. Færeysk skip fá heimild til að veiða 30 þús. lestir af loðnu innan íslenskrar lögsögu á loðnuvertíðinni 2008/2009 svo fremi að leyfilegur heildarafli verði a.m.k. 500 þús. lestir. Verði leyfilegur heildarafli minni nemur hlutdeild færeyskra skipa 5% af honum. Þá fá Færeyingar heimild til að vinna loðnu um borð og landa henni til manneldis erlendis. Mega þeir þannig vinna 2/3 hluta kvótans en þó þannig að ekki fari meira en 1/3 hluti kvótans til manneldisvinnslu eftir 15. febrúar. Færeyskum skipum er heimilt á loðnuvertíðinni 2008/2009 að veiða allt að 10 þús. lestir af loðnu innan íslenskrar lögsögu úr veiðiheimildum sem fengnar eru með samningum færeyskra og grænlenskra stjórnvalda.

Samningurinn gerir einnig ráð fyrir gagnkvæmri heimild skipa hvors aðila til veiða á kolmunna og norsk-íslenskri síld innan lögsögu hins á árinu 2008.

Íslenskum skipum eru heimilar veiðar á allt að 1.300 lestum af makríl og 2.000 lestum af síld annarri en norsk-íslenskri innan færeyskrar lögsögu á árinu 2008.

Loks er í samningnum kveðið á um að hvor aðili skuli veita tveimur skipum, sem skráð eru í landi hins aðilans, leyfi til tilraunaveiða á túnfiski innan lögsögu sinnar á árinu 2008.

Samningurinn tók gildi til bráðabirgða 9. apríl 2008 og mun öðlast endanlegt gildi þegar tilkynnt hefur verið um að stjórnskipulegum skilyrðum hvors lands um sig hafi verið fullnægt.

Áður en samningur þessi var gerður var á grundvelli samnings landanna frá 1976 um heimildir Færeyinga til veiða í lögsögu Íslands ákveðið að færeyskum skipum væri heimilt að veiða 5.600 lestir af botnfiski við Ísland á árinu 2008. Heildarafli þorsks verður þó aldrei meiri en 1.200 lestir og lúðuafli aldrei meiri en 45 lestir sem er um helmings skerðing milli ára.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
milli Íslands og Færeyja
um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2008.

a. Bréf landsstjórnarmanns Færeyja til utanríkisráðherra Íslands.

Þórshöfn, 3. apríl 2008

Uttanríkisráðharri
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir
Rauðarárstíg 25
150 Reykjavík
Ísland

Uttanríkisráðharri,

Eg loyvi mær at vísa til samráðingar millum íslendskar og føroyskar myndugleikar um fiskiveiði í íslendskum og føroyskum sjógvi í 2008.

Eg havi skilt, at semja er vorðin um fylgjandi:

„Semja
millum Ísland og Føroyar
um fiskiveiði í íslendskum og føroyskum sjógvi í 2008.

1. gr.

Veiðiheimildirnar hjá føroyskum nótaskipum í lodnuvertíðini 2008/2009 verða 30 túsund tons, um heildarlodnukvotan er 500 túsund tons ella meir. Er heildarkvotan minni enn 500 túsund tons, verður parturin hjá føroyskum skipum 5% av heildarkvotuni.

Loyvt er føroyskum skipum at landa veiðina til framleiðslu í Íslandi. Uttan fyri Ísland er loyvt at landa til matna ella at virka til matna um borð á føroyskum verksmiðjuskipum innan fyri 2/3 av føroysku kvotuni, sbr. 1. grein. Eftir 15. februar skal ikki meira enn 1/3 av føroysku kvotuni fara til matna uttan fyrir Ísland.

Føroyskum skipum er í lodnuvertíðini 2008/2009 loyvt at veiða upp til 10.000 tons av lodnu í hvørji vertíð í íslendskum búskaparøki við veiðiheimildum, sum eru fíngnar við samráðingum millum Føroyar og Grønland.

2. gr.

Føroyskum skipum er loyvt at veiða svartkjaft og várgýtandi norðhavssild í íslendskum búskaparøki í 2008. Eftir samráðingar við landsstýrið í Føroyum kunnu íslendskir myndugleikar áseta mest loyvda skipatal, sum kunnu veiða samstundis á leiðini.

3. gr.

Íslendskum skipum er loyvt at veiða svartkjaft og várgýtandi norðhavssild í føroyskum sjógvi í 2008. Tó kunnu ikki fleiri enn 12 skip verða á svartkjaftaveiðu samstundis í føroyskum sjógvi. Føroyar skila sær rætt til at avmarka talið av íslendskum svartkjaftaskipum, um tað gerst ov trongt á fiskileiðunum. Eftir samráðingar við íslendskar myndugleikar kann Føroya landsstýri áseta mest loyvda tal af skipum, sum kunnu veiða samstundis eftir norðhavssild.

4. gr.

Íslendskum skipum er loyvt at veiða upp til 1.300 tons av makreli í føroyskum sjógvi í 2008 og at veiða upp til 2.000 tons av sild úr øðrum sildastovni enn várgýtandi norðhavssild.

5. gr.

Hvør partur fyrir seg skal geva tveimur skipum, sum eru skrásett í landinum hjá hinum partinum, loyvi til royndarveiðu eftir tunfiski á landleiðini hjá sær í 2008.

6. gr.

Føroysk skip, sum veiða sambært hesi avtalu í íslendskum búskaparøki, skulu fylgja somu veiðireglum, sum galda fyri íslendsk skip um reiðskap og fiskileiðir.

Íslendsk skip, sum veiða sambært hesi avtalu í føroyskum sjógvi, skulu fylgja somu veiðireglum, sum galda fyri føroysk skip um reiðskap og fiskileiðir.

Skipum, ið veiða eftir svartkjafti, er ikki loyvt at hava reiðskap til botnfiskaveiði um borð.

7. gr.

Partarnir skulu fráboða ein lista yvir tey fiskifør, sum ætla at veiða á økjunum hjá hvørjum øðrum. Bert tey fiskifør, sum eru á hesum lista, hava loyvi at veiða á økjunum.

Áðrenn fiskiskapurin byrjar, skulu avvarðandi myndugleikar hava boð um navn á skipi saman við øðrum upplýsingum av týðningi.

Skipið skal boða frá, tá tað kemur á veiðiøkið, uppgeva knøttstøðu og veiðinøgd, sum er veidd, áðrenn komu á økið, og síðani uppgeva knøttstøðu og veiði hvønn dag. Tá skip fer av veiðiøkinum skal mett veiða verða givin upp. Nágreiniligari ásetingar um fráboðanir verða ásettar í kunngerð.“

Um tygum staðfesta, at tað, ið stendur omanfyri, er i samsvar við fatan tygara, loyvi eg mær at skjóta upp, at henda avtala fær gildi fyribils, tá svarbræv tygara hesum viðvíkjandi er dagsett og endaliga, tá boðað er frá, at stýrisskipanarligu krøvini hjá hvørjum landi eru uppfylt.

Við hávirðing,
Høgni Hoydal
landsstýrismaður

b. Svarbréf utanríkisráðherra Íslands.

Reykjavík, 9. apríl 2008

Hr. landsstjórnarmaður
Høgni Hoydal
Føroya Landsstýri
Torshavn

Hr. landsstjórnarmaður.

Ég leyfi mér að vísa til bréfs yðar, dags. 3. apríl sl., sem er svohljóðandi:

„Ég leyfi mér að vísa til samtala milli íslenskra og færeyskra stjórnvalda um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2008.

Mér skilst að samkomulag hafi orðið um eftirfarandi samning:

„Samningur
milli Íslands og Færeyja
um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2008.

1. gr.

Veiðiheimildir færeyskra nótaskipa á loðnuvertíðinni 2008/2009 verða 30 þúsund lestir enda verði leyfilegur heildarafli a.m.k. 500 þús. lestir. Verði leyfilegur heildarafli minni en 500 þús. lestir nemur hlutdeild færeyskra skipa 5% af honum.

Heimilt er færeyskum skipum að landa afla sínum til vinnslu á Íslandi. Eigi er heimilt að landa til manneldisvinnslu utan Íslands eða taka til manneldisvinnslu um borð í færeyskum vinnsluskipum meira en sem nemur 2/3 hlutum af kvóta færeyskra skipa, sbr. 1. mgr. Eftir 15. febrúar skal eigi meira en 1/3 hluti af kvóta færeyskra skipa fara til manneldisvinnslu utan Íslands.

Færeyskum skipum er heimilt á loðnuvertíðinni 2008/2009 að veiða allt að 10 þús. lestir af loðnu innan efnahagslögsögu Íslands úr veiðheimildum sem fengnar eru með samningum færeyskra og grænlenskra stjórnvalda.

2. gr.

Færeyskum skipum eru heimilar veiðar á kolmunna og norsk-íslenskri síld innan efnahagslögsögu Íslands á árinu 2008. Að höfðu samráði við landsstjórn Færeyja geta íslensk stjórnvöld ákveðið að veiðarnar stundi aðeins tiltekinn fjöldi skipa samtímis.

3. gr.

Íslenskum skipum eru heimilar veiðar á kolmunna og norsk-íslenskri síld innan fiskveiðilögsögu Færeyja á árinu 2008. Eigi skulu fleiri en 12 skip stunda veiðar á kolmunna samtímis innan lögsögu Færeyja. Færeyjar áskilja sér rétt til að takmarka fjölda skipanna enn frekar til að forðast öngþveiti á miðunum. Að höfðu samráði við íslensk stjórnvöld getur landsstjórn Færeyja ákveðið að veiðar á norsk-íslenskri síld stundi aðeins tiltekinn fjöldi skipa samtímis.

4. gr.

Íslenskum skipum eru heimilar veiðar á allt að 1.300 lestum af makríl innan fiskveiðilögsögu Færeyja á árinu 2008 og veiðar á allt að 2.000 lestum af síld úr síldarstofnum öðrum en þeim norsk-íslenska.

5. gr.

Hvor aðili um sig skal veita tveimur skipum, skráðum í landi hins aðilans, leyfi til tilraunaveiða á túnfiski innan lögsögu sinnar á árinu 2008.

6. gr.

Færeysk skip, sem stunda veiðar samkvæmt samningi þessum innan íslenskrar lögsögu, skulu hlíta sömu reglum og gilda um veiðar íslenskra skipa, þar á meðal reglum um veiðarfæri og veiðisvæði.

Íslensk skip, sem stunda veiðar samkvæmt samningi þessum innan færeyskrar lögsögu, skulu hlíta sömu reglum og gilda um veiðar færeyskra skipa, þar á meðal reglum um veiðarfæri og veiðisvæði.

Skipum við kolmunnaveiðar er óheimilt að hafa um borð veiðarfæri sem nota má til botnfiskveiða.

7. gr.

Hvor aðili um sig skal tilkynna lista með þeim veiðiskipum sem hyggjast stunda veiðar samkvæmt samningi þessum innan lögsögu hins aðilans. Skip sem eru á listum þessum hafa ein rétt til veiða innan lögsögu þess aðila.

Áður en veiðar hefjast skal tilkynna viðkomandi yfirvöldum um nafn skips og veita aðrar upplýsingar er máli skipta.

Veiðiskip skal tilkynna um komu inn í lögsögu og staðarákvörðun og gefa upplýsingar um afla sem veiddur hefur verið fyrir komu inn í lögsöguna og síðan daglega tilkynna um staðarákvörðun og afla. Þegar farið er út úr lögsögu skal tilkynna um áætlað aflamagn. Nánar er kveðið á um tilkynningar þessar í reglugerð.“

Ef þér staðfestið að ofangreint sé skilningur yðar leyfi ég mér að leggja til að samningur þessi taki gildi til bráðabirgða þegar svarbréf yðar þar um er dagsett og endanlega þegar tilkynnt hefur verið um að stjórnskipulegum skilyrðum hvors lands um sig hafi verið endanlega fullnægt.“

Ég leyfi mér að staðfesta að ofangreint er skilningur minn og tekur samningurinn gildi til bráðabirgða í dag og endanlega þegar tilkynnt hefur verið um að stjórnskipulegum skilyrðum hvors lands um sig hafi verið endanlega fullnægt.

Virðingarfyllst,
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir
utanríkisráðherra

996. Tillaga til þingsályktunar [622. mál]

um staðfestingu samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2008.

(Lögð fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd eftirtalda samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2008 sem gerðir voru í London 12. nóvember 2007:

1. Sameiginlega bókun um niðurstöður fiskveiðiviðræðna um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi á árinu 2008.
2. Samkomulag milli Íslands og Noregs um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Noregs norðan 62°N, fiskveiðilögsögu Jan Mayen og efnahagslögsögu Íslands á árinu 2008.
3. Samkomulag milli Íslands og Rússneska sambandsríkisins um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands á árinu 2008.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á eftirtöldum samningum um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2008 sem gerðir voru í London 12. nóvember 2007: 1. sameiginlegri bókun milli Evrópubandalagsins, Færeyja, Íslands, Noregs og Rússneska sambandsríkisins um niðurstöður fiskveiðiviðræðna um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi á árinu 2008; 2. samkomulagi milli Íslands og Noregs um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Noregs norðan 62°N, fiskveiðilögsögu Jan Mayen og efnahagslögsögu Íslands á árinu 2008; og 3. samkomulagi milli Íslands og Rússneska sambandsríkisins um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands á árinu 2008. Sameiginlega bókunin er prentuð sem fylgiskjal I með þingsályktunar-

tillögu þessari, samkomulagið við Noreg sem fylgiskjal II og samkomulagið við Rússneska sambandsríkið sem fylgiskjal III.

Á fundi strandríkjanna Íslands, Færeyja, Noregs og Rússlands, auk Evrópubandalagsins, í London 12. nóvember 2007 náðist samkomulag um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2008. Í samræmi við ráðgjöf Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES) og fyrri ákvörðun aðila um nýtingarstefnu til lengri tíma var heildaraflamark ákveðið 1.518.000 lestir, sbr. sameiginlegu bókunina, fylgiskjal I. Veiðiheimildir aðila á árinu 2008 verða sem hér segir:

Ísland	220.262 lestir
Færeyjar	78.329 lestir
Noregur	925.980 lestir
Rússneska sambandsríkið	194.607 lestir
Evrópubandalagið	98.822 lestir

Í sameiginlegu bókuninni er gert ráð fyrir að heimilt verði að færa hluta kvóta milli ára til að skapa sveigjanleika við nýtingu veiðiheimildanna. Hver aðili getur fært ónotaðan hluta veiðiheimildar, allt að 10% af þeim kvóta sem honum er úthlutað fyrir árið 2008, yfir á þann kvóta sem honum verður úthlutað fyrir árið 2009. Hver aðili getur einnig heimilað skipum sínum að veiða allt að 10% umfram hinn úthlutaða kvóta á árinu 2008 og skal þá það magn, sem veitt er umfram kvótann fyrir árið 2008, dregið frá kvóta aðilans fyrir árið 2009.

Samhliða hinni fimmhliða sameiginlegu bókun voru gerðir ýmsir tvíhliða samningar milli aðilanna, einkum um heimildir til síldveiða í lögsögu hvers annars á árinu 2008. Samkvæmt tvíhliða samkomulagi milli Íslands og Noregs, sbr. fylgiskjal II, fá íslensk skip ótakmarkaðan aðgang að fiskveiðilögsögu Jan Mayen og mega veiða 40.986 lestir af kvóta Íslands í efnahagslögsögunni við meginland Noregs norðan 62°N. Norsk skip fá heimild til að veiða 106.734 lestir í íslenskri lögsögu. Veiði íslensk fiskiskip minna en 30.360 lestir af síld í efnahagslögsögu Noregs á árinu 2008 mun Noregur færa 1.518 lestir af síldarkvóta sínum á árinu 2009 til Íslands.

Samkvæmt tvíhliða samkomulagi milli Íslands og Rússlands er rússneskum skipum veitt heimild til að veiða allt að 6.539 lestir á takmörkuðu svæði í austurhluta efnahagslögsögu Íslands, sbr. fylgiskjal III.

Tekið skal fram að í samningi milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2008, sem gengið var frá með bréfaskiptum í Þórshöfn og Reykjavík 3. og 9. apríl 2008, er kveðið á um að skipum hvors aðila verði heimilt að veiða allan sinn kvóta í norsk-íslenskri síld í lögsögu hins. Samhliða þingsályktunartillögu þessari er lögð fram þingsályktunartillaga um staðfestingu þess samnings.

Sameiginlegu bókuninni og tvíhliða samningum á grundvelli hennar skal beitt til bráðabirgða frá og með 1. janúar 2008. Bókunin og samningarnir öðlast gildi þegar allir aðilar hafa tilkynnt hver öðrum um að nauðsynlegri innlendri málsmeðferð sé lokið.

Fylgiskjal I.

**SAMEIGINLEG BÓKUN
um niðurstöður fiskveiðiviðræðna um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi á árinu 2008.**

1. Sendinefnd Rússneska sambandsríkisins undir forystu Sergey Belikov, sendinefnd Evrópubandalagsins undir forystu Constantin Alexandrou, sendinefnd Færeyja undir forystu Kate Sanderson, sendinefnd Íslands undir forystu Stefáns Ásmundssonar og sendinefnd Noregs undir forystu Sigrun M. Holst/Johán H. Williams hittust í London 25. október og 12. nóvember 2007 til að eiga viðræður um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2008.

2. Sendinefndirnar komu sér saman um að leggja til, hver við sín yfirvöld, að því fyrirkomulagi um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2008, sem greinir í I. viðauka við bókun þessa, verði komið á. Sendinefndirnar lýstu þeirri ætlan sinni að leitast við að ná stöðugleika í hlutdeild aðila í fyrirkomulagi stjórnunar í framtíðinni. Enn fremur komu þær sér saman um að leggja til, hver við sín yfirvöld, það fyrirkomulag langtímastjórnunar sem greinir í II. viðauka.
3. Bókun þessari, ásamt tvíhliða samningum sem tengjast framkvæmd hennar, skal beitt til bráðabirgða frá og með 1. janúar 2008 og öðlast bókunin og samningarnir gildi þegar allir aðilar hafa tilkynnt hver öðrum um að nauðsynlegri málsmeðferð þeirra sé lokið.
4. Sendinefndirnar komu sér saman um að fara þess á leit að Rússneska sambandsríkið, sem gestgjafi viðræðnanna, láti Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndinni (NEAFC) í té eintak af þessari sameiginlegu bókun ásamt viðaukunum við hana.

Gjört í London 12. nóvember 2007 í fimm frumeintökum á ensku.

Fyrir sendinefnd Rússneska sambandsríkisins
Sergey Belikov

Fyrir sendinefnd Evrópubandalagsins
Constantin Alexandrou

Fyrir sendinefnd Færeyja
Kate Sanderson

**AGREED RECORD
of Conclusions of Fisheries Consultations on the Management of the Norwegian Spring-Spawning (Atlanto-Scandian) Herring Stock in the North-East Atlantic for 2008**

1. A Delegation of the Russian Federation, headed by Mr Sergey Belikov, a Delegation of the European Community, headed by Mr Constantin Alexandrou, a Delegation of the Faroe Islands, headed by Ms Kate Sanderson, a Delegation of Iceland, headed by Mr Stefán Ásmundsson and a Delegation of Norway, headed by Ms Sigrun M. Holst/Mr Johán H. Williams met in London on 25 October and 12 November 2007 to consult on the management of the Norwegian Spring-Spawning (Atlanto-Scandian) herring stock for 2008.
2. The Delegations agreed to recommend to their respective authorities the arrangement for the regulation of the Norwegian Spring-Spawning (Atlanto-Scandian) herring stock in 2008 set out in Annex I to this Agreed Record. The Delegations stated their intention of retaining stability in the relative shares of the Parties in arrangements for future years. Furthermore, they agreed to recommend to their respective authorities the long-term management arrangement set out in Annex II.
3. This Agreed Record, including the bilateral arrangements related to the implementation of this Agreed Record, shall be applied provisionally from 1 January 2008 and enter into force when all Parties have notified each other of the completion of their necessary procedures.
4. The Delegations agreed to request the Russian Federation as host of the consultations, to provide the North-East Atlantic Fisheries Commission (NEAFC) with a copy of this Agreed Record and its Annexes.

Done at London, 12 November 2007 in five originals in English.

For the Delegation of the Russian Federation
Sergey BELIKOV

For the Delegation of the European Community
Constantin ALEXANDROU

For the Delegation of the Faroe Islands
Kate SANDERSON

Fyrir sendinefnd Íslands
Stefán Ásmundsson

Fyrir sendinefnd Noregs
Johán H. Williams

For the Delegation of Iceland
Stefán ÁSMUNDSSON

For the Delegation of Norway
Johán H. WILLIAMS

I. VIÐAUKI

1. Leyfilegur heildarafli úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2008 er ákveðinn 1.518.000 lestir.

2. Samkvæmt framantöldu munu aðilar takmarka veiðar sínar úr síldarstofninum á árinu 2008 á grundvelli eftirfarandi kvóta:

Evrópubandalagið	98.822 lestir
Færeyjar	78.329 lestir
Ísland	220.262 lestir
Noregur	925.980 lestir
Rússneska sambandsríkið	194.607 lestir

3. Hver aðili getur fært ónotaðan hluta, allt að 10% af þeim kvóta sem honum er úthlutað fyrir árið 2008, yfir á þann kvóta sem honum verður úthlutað fyrir árið 2009. Slík færsla kemur til viðbótar þeim kvóta sem aðilanum er úthlutað fyrir árið 2009.
4. Hver aðili getur heimilað skipum sínum að veiða allt að 10% umfram hinn úthlutaða kvóta. Allt það magn sem veitt er umfram hinn úthlutaða kvóta fyrir árið 2008 skal dregið frá úthlutun til aðilans fyrir árið 2009.
5. Aðilar munu láta í té upplýsingar um kvóta og afla á því formi sem sett er fram í viðbæti við þennan viðauka.
6. Aðilar koma sér tvíhliða saman um aðrar ráðstafanir, m.a. um heimildir til veiða hver í annars fiskveiðilögsögu og önnur skilyrði fyrir veiðum þar.

ANNEX I

1. A TAC (total allowable catch) for the Norwegian Spring-Spawning (Atlanto-Scandian) herring stock of 1,518,000 tonnes is established for 2008.
2. In keeping with the above, the Parties will restrict their fishing on the herring stock in 2008 on the basis of the following quotas:

European Community	98,822 tonnes
Faroe Islands	78,329 tonnes
Iceland	220,262 tonnes
Norway	925,980 tonnes
Russian Federation	194,607 tonnes

3. Each Party may transfer unutilised quantities of up to 10% of the quota allocated to the Party for 2008 to the quota allocated to that Party for 2009. Such transfer shall be in addition to the quota allocated to the Party concerned for 2009.
4. Each Party may authorise fishing by its vessels of up to 10% beyond the quota allocated. All quantities fished beyond the allocated quota for 2008 shall be deducted from the Party's allocation for 2009.

5. The Parties will provide information regarding quotas and catches in the format set out in the Appendix to this Annex.
6. Further arrangements, including arrangements for access and other conditions for fishing in the respective zones of fisheries jurisdiction of the Parties, are regulated by bilateral arrangements.

Viðbætir/Appendix

Reporting of quotas and catches of Norwegian spring-spawning (Atlanto-Scandian) herring stock

2008 (preliminary)	QUOTAS			CATCHES									
Party	Coastal states' shares	Transfers	Quotas after transfers	NEAFC Regulatory Area	European Community Zone	Faroese Fishing Zone	Icelandic Exclusive Economic Zone	Norwegian Economic Zone	Fishery Zone around Jan Mayen	Fishery Protection Zone around Svalbard	Russian Economic Zone	TOTAL CATCH	Balance 2008
European Community												0	
Faroe Islands												0	
Iceland												0	
Norway												0	
Russian Federation												0	
Total			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	

2009 (preliminary)	QUOTAS				CATCHES								
Party	Coastal states' shares	Balance 2008	Transfers	Quotas after transfers and flexibility	NEAFC Regulatory Area	European Community Zone	Faroese Fishing Zone	Icelandic Exclusive Economic Zone	Norwegian Economic Zone	Fishery Zone around Jan Mayen	Fishery Protection Zone around Svalbard	Russian Economic Zone	TOTAL CATCH	Balance 2009
European Community													0	
Faroe Islands													0	
Iceland													0	
Norway													0	
Russian Federation													0	
Total		0		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	

II. VIÐAUKI
Fyrirkomulag langtímastjórnunar veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum.

Aðilar voru sammála um að framkvæma langtímastjórnunaráætlun vegna veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum sem sé í samræmi við varúðarleiðina og sé ætlað að halda nýtingu innan öruggra líffræðilegra marka og tryggja sjálfbærar veiðar. Áætlunin skal samanstanda af eftirfarandi:

1. Leitast skal við eftir fremsta megni að halda hrygningarstofninum yfir hættumörkunum (B_{lim}) 2.500.000 tonnum.
2. Að því er árið 2008 og eftirfarandi ár varðar voru aðilar sammála um að takmarka veiðar sínar á grundvelli leyfilegs heildarafla í samræmi við fiskveiðidánarstuðul undir 0,125 fyrir viðeigandi aldurshópa eins og skilgreint er af ICES, nema vísindaráðgjöf í framtíðinni krefjist breytinga á þessum fiskveiðidánarstuðli.
3. Skyldi hrygningarstofninn minnka niður fyrir viðmiðunarmörkin 5.000.000 tonn (B_{pa}) skal aðlaga fiskveiðidánarstuðulinn sem getið er um í 2. mgr. í ljósi vísindalegs mats á ríkjandi aðstæðum til að tryggja að hrygningarstofninum verði með öruggum og skjótum hætti komið yfir 5.000.000 tonn. Grundvöllur slíkrar aðlögunar skal vera a.m.k. hlutfallsleg lækkun fiskveiðidánarstuðuls frá 0,125 við B_{pa} (5.000.000 tonn) niður í 0,05 við B_{lim} (2.500.000 tonn).
4. Aðilar skulu, eftir því sem við á, endurskoða þessar stjórnunarráðstafanir og nýtingarstefnu á grundvelli nýrrar ráðgjafar sem ICES lætur í té.

ANNEX II
Arrangement on the Long-Term Management of the Norwegian Spring-Spawning (Atlanto-Scandian) Herring Stock

The Parties agreed to implement a long-term management plan for the Norwegian Spring-Spawning (Atlanto-Scandian) herring stock, which is consistent with a precautionary approach, intended to constrain harvesting within safe biological limits and designed to provide for sustainable fisheries. The plan shall consist of the following:

1. Every effort shall be made to maintain a level Spawning Stock Biomass (SSB) greater than the critical level (B_{lim}) of 2,500,000 tonnes.
2. For 2008 and subsequent years, the Parties agreed to restrict their fishing on the basis of a TAC consistent with a fishing mortality rate of less than 0.125 for appropriate age groups as defined by ICES, unless future scientific advice requires modification of this fishing mortality rate.
3. Should the SSB fall below a reference point of 5,000,000 tonnes (B_{pa}), the fishing mortality rate, referred to under paragraph 2, shall be adapted in the light of scientific estimates of the conditions then prevailing to ensure a safe and rapid recovery of the SSB to a level in excess of 5,000,000 tonnes. The basis for such adaptation should be at least a linear reduction in the fishing mortality rate from 0.125 at B_{pa} (5,000,000 tonnes) to 0.05 at B_{lim} (2,500,000 tonnes).
4. The Parties shall, as appropriate, review and revise these management measures and strategies on the basis of any new advice provided by ICES.

Fylgiskjal II.

SAMKOMULAG
milli Íslands og Noregs um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Noregs norðan 62°N, fiskveiðilögsögu Jan Mayen og efnahagslögsögu Íslands.

Í samræmi við 3. mgr. sameiginlegrar bókunar um niðurstöður fiskveiðiviðræðna um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi á árinu 2008 milli Rússneska sambandsríkisins, Evrópubandalagsins, Færeyja, Íslands og Noregs 12. nóvember 2007 hafa verið gerðir sérstak-

ARRANGEMENT
between Iceland and Norway on Access to the Norwegian Economic Zone north of 62°N, the Fishery Zone around Jan Mayen and the Icelandic Exclusive Economic Zone

In accordance with paragraph 3 of the Agreed Record of Conclusion of Fisheries Consultations on the Management of the Norwegian Spring-Spawning (Atlanto-Scandian) herring stock in the North-East Atlantic for 2008 between the Russian Federation, the European Community, the Faroe Islands, Ice-

ir tvíhliða samningar um veiðar aðila í fiskveiðilögsögu hvers annars.

Að því er varðar Ísland og Noreg verður fyrirkomulagið sem hér segir:

Íslenskum fiskiskipum er á árinu 2008 heimilt að veiða 220.262 lestir af síld í fiskveiðilögsögu Jan Mayen og í efnahagslögsögu Noregs norðan 62°N, þar af að hámarki 40.986 lestir í efnahagslögsögu Noregs norðan 62°N.

Norskum fiskiskipum er á árinu 2008 heimilt að veiða allt að 106.734 lestir af síld í efnahagslögsögu Íslands.

Í því tilviki að íslensk fiskiskip veiða minna en 30.360 lestir af síld í efnahagslögsögu Noregs norðan 62°N á árinu 2008 mun Noregur færa 1.518 lestir af síldarkvóta sínum á árinu 2009 til Íslands.

Aðilar munu semja um nánari skilyrði varðandi veiðarnar.

Gjört í London 12. nóvember 2007.

Fyrir hönd íslensku sendinefndarinnar:
Stefán Ásmundsson

Fyrir hönd norsku sendinefndarinnar:
Johán H. Williams

land, Norway of 12 November 2007, separate bilateral arrangements on access to the respective zones of fisheries jurisdiction of the Parties have been concluded.

The following arrangement between Iceland and Norway shall apply:

Icelandic fishing vessels are granted access in 2008 to fish 220,262 tonnes of herring in the Fishery Zone around Jan Mayen or in the Norwegian Economic Zone north of 62°N, of which a maximum of 40,986 tonnes of herring may be fished in the Norwegian Economic Zone north of 62°N.

Norwegian fishing vessels are granted access in 2008 to fish 106,734 tonnes of herring in the Icelandic Exclusive Economic Zone.

In the event that Icelandic fishing vessels catch less than 30,360 tonnes of herring in the Norwegian Economic Zone north of 62°N during 2008, Norway will transfer 1,518 tonnes of its herring quota for 2009 to Iceland.

The Parties will agree upon further provisions on the conditions of the fisheries.

Done at London, 12 November 2007

For the Icelandic Delegation
Stefán ÁSMUNDSSON

For the Norwegian Delegation
Johán H. WILLIAMS

Fylgiskjal III.

SAMKOMULAG
milli Íslands og Rússneska sambandsríkisins um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands á árinu 2008.

1. Með vísan til sameiginlegrar bókunar um niðurstöður viðræðna um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi á árinu 2008, sem undirrituð var í dag af Rússneska sambandsríkinu, Evrópubandalaginu, Færeyjum, Íslandi og Noregi, hafa sendinefndir Íslands og Rússneska sambandsríkisins komið sér saman um að rússneskum fiskiskipum verði veitt heimild til að veiða á árinu 2008 allt að 6.539 lestir af síld innan efnahagslögsögu Íslands utan línu sem er dregin milli eftirtalinna punkta:

A. 64°00'N – 09°00'V
B. 67°00'N – 09°00'V
C. 69°25'N – 13°00'V

ARRANGEMENT
between Iceland and the Russian Federation on Access to the Icelandic Exclusive Economic Zone in 2008

1. With reference to the Agreed Record of Conclusions signed today between the Russian Federation, the European Community, the Faroe Islands, Iceland and Norway on the Management of the Norwegian Spring-Spawning (Atlanto-Scandian) herring stock in the North-East Atlantic for 2008, the Delegations of Iceland and the Russian Federation have agreed that Russian fishing vessels shall be granted access in 2008 to take up to 6.539 tonnes of herring within the Icelandic Exclusive Economic Zone outside a line drawn between the following points:

A. 64°00´N – 09°00´W
B. 67°00´N – 09°00´W
C. 69°25´N – 13°00´W

2. Aðilar munu semja um nánari skilyrði varðandi veiðarnar.

2. The Parties will agree upon further provisions on the conditions of the fisheries.

London, 12. nóvember 2007.

London, 12 November 2007

Fyrir hönd sendinefndar Íslands:	Fyrir hönd sendinefndar Rússeska sambandsríkisins:	For the Delegation of Iceland	For the Delegation of the Russian Federation
Stefán Ásmundsson	Sergey Belikov	Stefán ÁSMUNDSSON	Sergey BELIKOV

997. Nefndarálit [190. mál]

um frv. til l. um almannavarnir.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Með frumvarpinu er lagt til að sett verði ný heildarlög um almannavarnir. Gildandi lög um almannavarnir eru frá árinu 1962 en þeim hefur nokkrum sinnum verið breytt. Síðasta meginbreyting var gerð með lögum nr. 44/2003. Þá var gerð sú breyting á stjórnskipulagi almannavarna að þau verkefni sem voru á hendi almannavarnaráðs og Almannavarna ríkisins voru flutt til embættis ríkislögreglustjóra. Þáverandi minni hluti allsherjarnefndar, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Samfylkingar, gagnrýndu þær breytinar þar sem mjög skorti á allt samráð auk þess sem það var gagnrýnt að málaflokkurinn skyldi settur alfarið undir lögreglu og skilgreindur sem löggæslumál en það gekk þvert á þau sjónarmið sem Almannavarnir ríkisins höfðu.

Í frumvarpinu er tekið mið af yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 26. september 2006 um ný verkefni íslenskra stjórnvalda við brottför varnarliðsins. Minni hlutinn telur tímabært að lög um almannavarnir verði endurskoðuð en lýsir hins vegar miklum vonbrigðum með að endurskoðunin nú skuli gerð án viðhlítandi samráðs við aðila sem gegna lykilhlutverki á þessu sviði, svo sem slökkvilið, Brunamálastofnun og sveitarfélögin í landinu. Þá eru veigamikil atriði í frumvarpinu í andstöðu við viðmið sem sett hafa verið fram í handbók um undirbúning og frágang lagafrumvarpa sem gefin var út í nóvember 2007 af forsætisráðuneyti, dóms- og kirkjumálaráðuneyti og skrifstofu Alþingis. Þau vinnubrögð sem hér hafa verið viðhöfð hafa augljóslega valdið tortryggni hjá þeim sem starfa að almannavörnum, réttmætri gagnrýni og óþarfa misskilningi. Þetta staðfesta fjölmargar breytingar sem meiri hlutinn leggur til að gerðar verði á frumvarpinu. Þó þar sé að finna ýmsar gagnlegar breytingar þá breyta þær því þó ekki að enn skortir mikið á samstöðu aðila sem að málefnum almannavarna koma og eiga að vinna við þetta breytta fyrirkomulag. Þessi vinnubrögð gagnrýnir minni hlutinn.

Umtalsverður ágreiningur er um efni frumvarpsins. Einkum hafa Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu gagnrýnt frumvarpið harðlega, sbr. meðfylgjandi fylgiskjal. Megingagnrýni Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu lýtur að því að valdsvið sveitarfélaga, þ.e. heimamanna, sé skert og að miðstýring og valdheimildir ríkislögreglustjóra og lögreglu auknar. Samkvæmt frumvarpinu munu almannavarnir lúta miðstýrðri lóðréttri stjórnun í stað láréttrar valddreifingarstjórnunar sem gefist hefur vel bæði hér á landi og á Norðurlöndum. Ljóst má vera að samráð og þarfagreining í anda góðrar frumvarpssmíði hefði leyst þann

ágreining sem er uppi, sbr. framangreinda handbók. Að mati minni hlutans er óásættanlegt að afgreiða frumvarpið sem lög frá Alþingi í andstöðu við Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Í frumvarpinu gætir tilhneigingar til að spyrða saman borgaralegar öryggisstofnanir samfélagsins og hernaðarlega starfsemi, sbr. meðfylgjandi umsögn Samtaka hernaðarandstæðinga þar sem „varað er við þeirri öfugþróun sem vart hefur orðið við á undanförnum árum, þar sem hefðbundnum æfingum almannavarna og björgunarsveita hefur verið blandað saman við heræfingar erlendra sveita hér á landi. Í þessu samhengi er m.a, vísað til 1. gr. frumvarpsins um hernaðaraðgerðir o.fl.“ Minni hlutinn leggur til breytingu á 1. gr. frumvarpsins í þá veru að vísun til hernaðaraðgerða falli brott. Þá benda Samtök hernaðarandstæðinga á „þá tilhneigingu til miðstýringar sem felst í 7. gr frumvarpsins þar sem ríkislögreglustjóra er falið næstum allt vald á sviði almannavarna.“

Í umsögn frá Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu var bent á ósamræmi milli annars vegar ákvæða frumvarpsins og hins vegar athugasemda með því. Undir þetta var tekið af fleiri umsagnaraðilum. Þetta hefði þurft að lagfæra. Jafnframt hefði í frumvarpinu þurft að skýra ýmis hugtök en athugasemd þessa efnis kom m.a. fram í umsögn ríkislögreglustjóra um frumvarpið og einnig að nokkru í umsögn Veðurstofu. Þá hefur með réttu verið gagnrýnt að kostnaður sveitarfélaganna vegna frumvarpsins er ekki skilgreindur og skýrður. Hins vegar liggur fyrir greining fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis á kostnaði ríkissjóðs og er hún látin nægja. Telja verður að þetta stangist á við samkomulag um kostnaðarmat lagafrumvarpa og stjórvaldsfyrirmæla gagnvart sveitarfélögum sem var undirritað í desember 2005. Í samkomulaginu er kveðið á um að stjórnarfrumvörp og reglugerðardrög sem undirbúin eru í ráðuneytum og einvörðungu eða að verulegu leyta hafa bein áhrif á sveitarfélögin verði kostnaðarmetin með tilliti til heildaráhrifa á fjárhag sveitarfélaga.

Minni hlutinn leggur á þessu stigi málsins til nokkrar lágmarksbreytingar á frumvarpinu og óskar jafnframt eftir því að málið verði tekið til umfjöllunar í allsherjarnefnd að lokinni 2. umræðu til frekari vinnslu og sátta milli hagsmunaaðila. Lagt er til að orðið „hernaðaraðgerða“ falli brott úr upptalningu 1. gr. líkt og getið er hér að framan. Þá er lagt til að í stað þessa að notast verði við hugtökin „almannvarna- og öryggismál“, „almannavarna- og öryggismálastefna“ o.s.frv. verði notað almannavarnamál og almannavarnastefna. Þá er lagt til að lögreglustjóri í samráði við almannavarnanefnd taki ákvörðun um almannavarnastig í sínu umdæmi í stað þess að ríkislögreglustjóri geri það. Janframt er lagt til að 20. gr. frumvarpsins falli brott en þar er kveðið á um kvaðningu til starfa við almannavarnir. Einnig er lagt til að fellt verði brott það ákvæði frumvarpsins að sveitarfélag eigi endurheimt á þann sem hefur notið fyrirgreiðslu hvað varðar kostnað af fæði og húsnæði skv. 2. mgr. 26. gr. frumvarpsins. Loks er lagt til að í afmörkuðum tilvikum taki ríkissjóður þátt í greiðslu kostnaðar sveitarfélaga vegna verkefna skv. IV. og VI. kafla frumvarpsins, þ.e. vegna skipulags almannavarna og gerð viðbragðsáætlana.

Alþingi, 15. maí 2008.

Atli Gíslason.

Með nefndarálitinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Umsögn frá Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. (3. desember 2007.)
II. Bréf frá Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. (6. maí 2008.)
III. Umsögn frá Veðurstofu Íslands. (28. nóvember 2007.)
IV. Umsögn frá landlækni. (3. desember 2007.)
V. Umsögn frá Brunamálastofnun. (4. desember 2007.)
VI. Nýtt lagafrumvarp um almannavarnir: Vald og ákvarðanataka fært frá sveitarstjórnum til ríkisins. (Fréttir, 15. nóvember 2007.)
VII. Nógu gott handa Eyjamönnum? Ómar Garðarsson. (Fréttir, 29. nóvember 2007.)
VIII. Umsögn frá ríkislögreglustjóra. (29. nóvember 2007.)
IX. Umsögn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. (3. desember 2007.)
X. Umsögn frá Félagi slökkviliðsstjóra á Íslandi. (21. nóvember 2007.)

998. Breytingartillögur [190. mál]

við frv. til l. um almannavarnir.

Frá minni hluta allsherjarnefndar (AtlG).

1. Við 1. gr. Orðið „hernaðaraðgerða“ í 2. mgr. falli brott.
2. Við 3. gr.
   a. Í stað orðanna „almannavarna- og öryggismálum“ í 1. málsl. 1. mgr. og sömu orða í 2. málsl. 1. mgr. og 1. mgr. 7. gr. komi, í viðeigandi beygingarfalli: almannavarnamálum.
   b. Í stað orðanna „almannavarna- og öryggisráði“ í 1. mgr. og sömu orða í 2. mgr., 1. og 2. mgr. 4. gr., 4. mgr. 34. gr. og 2. tölul. 35. gr. komi, í viðeigandi beygingarfalli: almannavarnaráði.
   c. Í stað orðsins „almannavarna- og öryggismálastefnu“ komi: almannavarnastefnu.
   d. Fyrirsögn greinarinnar orðist svo: *Hlutverk almannavarnaráðs.*
3. Fyrirsögn 4. gr. orðist svo: *Skipan almannavarnaráðs.*
4. Í stað orðanna „almannavarna- og öryggismálum“ í heiti II. kafla komi: almannavarnamálum.
5. Við 5. gr. Í stað 1. og 2. málsl. 2. mgr. komi nýr málsliður, svohljóðandi: Lögreglustjóri tekur ákvörðun um almannavarnarstig í umdæmi sínu í samráði við almannavanarnefnd skv. 9. gr. og tilkynnir það jafnskjótt ríkislögreglustjóra og dómsmálaráðherra.
6. Við 8. gr. Á eftir orðinu „Ríkislögreglustjóra“ í 1. mgr. komi: og lögreglustjóra í samráði við almannavarnanefndir.
7. Við 13. gr. 2. málsl. 2. mgr. falli brott.
8. 20. gr. falli brott.
9. Við 21. gr. Í stað orðsins „Ríkislögreglustjóri“ komi: Lögreglustjóri.
10. Við 23. gr. Í stað orðisins „ríkislögreglustjóra“ komi: lögreglustjóra.

11. Við 24. gr. Í stað orðisins „Ríkislögreglustjóri“ komi: Lögreglustjóri í samráði við almannavarnanefnd.
12. Við 26. gr. Orðin „en á kröfu um endurheimt á hendur þeim sem fyrirgreiðslunnar hafa notið“ í 2. mgr. falli brott.
13. Við 32. gr. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ríkissjóður skal þó greiða kostnað vegna verkefna sveitarfélaga skv. IV. og VI. kafla sem reynist þeim sannanlega ofviða vegna smæðar sinnar eða fjárlagsstöðu eða atvika að öðru leyti.

999. Frumvarp til laga [362. mál]

um breytingu á lögum um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, nr. 57 20. maí 2005, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 15. maí.)

1. gr.

Á eftir 5. tölul. 3. gr. laganna kemur nýr töluliður, svohljóðandi: *Viðskiptahættir* eru markaðssetning fyrirtækja eða önnur athöfn, athafnaleysi eða hátterni sem tengist kynningu á vöru eða þjónustu eða viðskiptum með vöru og þjónustu.

2. gr.

Í stað II. kafla laganna koma fimm nýir kaflar, II. kafli, **Bann við óréttmætum viðskiptaháttum,** með þremur nýjum greinum, 5.–7. gr., III. kafli, **Vernd fjárhagslegra hagsmuna neytenda,** með fimm nýjum greinum, 8.–12. gr., IV. kafli, **Vernd annarra hagsmuna neytenda en fjárhagslegra,** með einni nýrri grein, 13. gr., V. kafli, **Háttsemi milli fyrirtækja,** með þremur nýjum greinum, 14.–15. gr. a, og VI. kafli, **Ábyrgðaryfirlýsingar, trúnaðarskyldur o.fl.,** með fimm nýjum greinum, 16.–16. gr. d, og breytist töluröð annarra kafla samkvæmt því. Þessar nýju greinar orðast svo:

a. (5. gr.)

Óréttmætir viðskiptahættir eru bannaðir. Bann þetta gildir áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fara fram eða þjónusta er veitt. Í III.–V. kafla er nánar tilgreint hvað teljast óréttmætir viðskiptahættir.

b. (6. gr.)

Auglýsingar skulu þannig úr garði gerðar að ekki leiki vafi á að um auglýsingar sé að ræða. Skulu þær skýrt aðgreindar frá öðru efni fjölmiðla.

Auglýsingar og aðrar viðskiptaaðferðir skulu ekki vera ósanngjarnar gagnvart keppinautum eða neytendum vegna forms þeirra eða sökum þess að skírskotað er til óviðkomandi mála.

Auglýsingar sem höfða eiga til íslenskra neytenda skulu vera á íslensku.

Fullyrðingar sem fram koma í auglýsingum eða með öðrum hætti þarf fyrirtæki að geta fært sönnur á.

c. (7. gr.)

Auglýsingar skulu miðast við að börn sjái þær og heyri og mega þær á engan hátt misbjóða þeim.

Í auglýsingum verður að sýna sérstaka varkárni vegna trúgirni barna og unglinga og áhrifa á þau.

Komi börn fram í auglýsingum skal þess gætt að sýna hvorki né lýsa hættulegu atferli eða atvikum er leitt geti til þess að þau eða önnur börn komist í hættu eða geri það sem óheimilt er.

d. (8. gr.)

Viðskiptahættir eru óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raska verulega eða eru líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Viðskiptahættir sem brjóta í bága við ákvæði kafla þessa eru alltaf óréttmætir.

Ráðherra kveður í reglugerð á um þá viðskiptahætti sem teljast undir öllum kringumstæðum óréttmætir.

e. (9. gr.)

Viðskiptahættir eru villandi ef þeir eru líklegir til að blekkja neytendur eða eru með þeim hætti að neytendum eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um viðskipti. Hér er átt við rangar upplýsingar um:

a. eðli vöru eða þjónustu og hvort varan sé til eða þjónustan fyrir hendi,
b. helstu einkenni vöru eða þjónustu, t.d. notkun, samsetningu eða árangur sem vænta má af notkun hennar,
c. þjónustu við viðskiptavini, meðferð kvartana, dagsetningu framleiðslu eða aðferð við framleiðslu,
d. verð vöru eða þjónustu eða aðferð við útreikning á verði og hvort um sértilboð eða annað verðhagræði sé að ræða og hvort það sé háð skilyrðum,
e. þörf fyrir þjónustu, varahluti, skipti á hlutum og viðgerðir,
f. réttindi, hæfni eða annað sem varðar aðstæður söluaðila eða fulltrúa hans, stöðu hans á markaði, skyldur, vörumerki og önnur hugverkaréttindi,
g. lögbundin réttindi neytanda.

Viðskiptahættir eru villandi ef ekki er greint frá upplýsingum sem telja má að almennt skipti máli fyrir neytendur eða þeim er leynt og þær eru til þess fallnar að hafa áhrif á ákvörðun neytanda um að eiga viðskipti.

f. (10. gr.)

Ef fyrirtæki hyggst auglýsa eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum vegna tiltekinnar vöru eða þjónustu skal það, eftir því sem við á og að teknu tilliti til auglýsingamiðilsins sem nýttur er, veita upplýsingar um:

a. helstu eiginleika vörunnar eða þjónustunnar,
b. nafn og heimilisfang fyrirtækis,
c. greiðslutilhögun, afhendingu og framkvæmd samnings, víki þessi atriði frá því sem tíðkast í starfsgreininni,
d. meðferð kvörtunarmála gagnvart fyrirtækinu, víki meðferðin frá því sem tíðkast í starfsgreininni,

e. rétt til að falla frá kaupum, afpöntun eða skilarétt hafi neytendur slíkan rétt, víki meðferðin frá því sem tíðkast í starfsgreininni,
f. endanlegt verð, þ.m.t. virðisaukaskatt og önnur opinber gjöld.

Hafi vara eða þjónusta þá eiginleika að ekki sé hægt að gefa upp verð fyrir fram á einfaldan hátt verður að upplýsa hvernig verðið sé fundið út. Þar sem það á við skal veita allar upplýsingar um kostnað við frakt, afhendingu eða flutningsgjald, en sé það ekki hægt á einfaldan hátt þarf að upplýsa um að þessi kostnaður geti bæst við verð.

g. (11. gr.)

Útsölu eða aðra sölu, þar sem selt er á lækkuðu verði, má því aðeins auglýsa eða tilkynna að um raunverulega verðlækkun sé að ræða. Þess skal gætt að greinilegt sé með verðmerkingum hvert hið upprunalega verð vörunnar var.

h. (12. gr.)

Viðskiptahættir teljast ágengir ef valfrelsi eða athafnafrelsi neytanda við ákvörðun um viðskipti með vöru er takmarkað með ótilhlýðilegum hætti, t.d. þvingunum eða hótunum, og þeir eru til þess fallnir að hafa þau áhrif að hann taki ákvörðun sem hann hefði ella ekki tekið.

i. (13. gr.)

Óheimilt er að hafast nokkuð það að sem brýtur í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir eru tíðkaðir eða eitthvað það sem óhæfilegt er gagnvart hagsmunum neytenda.

1. mgr. gildir um aðra viðskiptahætti en þá sem III. kafli tekur til.

j. (14. gr.)

Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem sama marki eru brenndar gagnvart keppinautum, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir til þess fallnar að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi sem lög þessi taka til.

k. (15. gr.)

Samanburðarauglýsingar eru allar þær auglýsingar þar sem beint eða óbeint er vísað til keppinautar eða vöru eða þjónustu sem keppinautur býður.

Samanburðarauglýsingar skulu, að því er samanburð varðar, leyfðar að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

a. þær séu ekki villandi,
b. samanburðurinn taki til vöru eða þjónustu sem fullnægir sömu þörfum eða er ætluð til sömu nota,
c. gerður sé samanburður á einum eða fleiri áþreifanlegum, viðeigandi, sannreynanlegum og dæmigerðum eiginleika eða eiginleikum vöru eða þjónustu, að meðtöldu verði ef vill,
d. á markaðnum verði ekki villst á auglýsanda og keppinaut hans eða á vörumerkjum eða vöruheitum auglýsanda og keppinautar, öðrum auðkennum, vöru- eða þjónustutegundum,

e. ekki sé kastað rýrð á vörumerki, vöruheiti, önnur auðkenni, vöru, þjónustu, starfsemi eða aðstæður keppinautar, eða þeim sýnd lítilsvirðing,
f. ef um er að ræða vöru með upprunatáknum skal í öllum tilvikum bera saman vörur með sömu táknum,
g. ekki sé með ósanngjörnum hætti hagnýttur orðstír vörumerkis, vöruheitis eða annarra auðkenna keppinautar eða upprunatáknunar samkeppnisvöru,
h. vara eða þjónusta sé ekki kynnt sem eftirlíking eða eftirgerð vöru eða þjónustu sem ber verndað vörumerki eða vöruheiti.

Sé getið um sértilboð í samanburði skal tiltaka skýrt og ótvírætt á hvaða degi sértilboðinu ljúki eða, þar sem við á, að sértilboðið sé háð framboði á vörunni eða þjónustunni og, hafi sértilboðið enn ekki tekið gildi, á hvaða degi byrjað verði að bjóða sérstakt verð eða önnur sérkjör.

Ákvæði þetta á einnig við um aðrar svipaðar viðskiptaaðferðir og auglýsingar.

l. (15. gr. a.)

Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt, sem sá hefur ekki rétt til er notar, eða reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.

m. (16. gr.)

Nú er vara, þjónusta eða annað það sem í té er látið og lög þessi taka til þannig úr garði gert að leiðbeininga er þörf við mat á eiginleikum þess, t.d. notagildi og endingu, svo og meðferð og hættu sem af vöru eða öðru getur stafað, og ber þá að veita fullnægjandi skriflegar leiðbeiningar þegar tilboð er gefið, samningur gerður eða eftir atvikum við afhendingu.

Leiðbeiningarnar skulu vera á íslensku eða öðru Norðurlandamáli, þó ekki finnsku, eða ensku og miðaðar við tegund og gerð viðkomandi vöru, þjónustu eða annars þess sem í té er látið.

Almennir skilmálar þjónustuaðila, sem bjóða neytendum þjónustu sína hér á landi, skulu vera á íslensku.

n. (16. gr. a.)

Yfirlýsingu um ábyrgð má því aðeins gefa að ábyrgðaryfirlýsingin veiti viðtakanda meiri rétt en hann hefur samkvæmt gildandi lögum.

Ábyrgðaryfirlýsing er lagalega bindandi fyrir ábyrgðaraðila á grundvelli þeirra skilyrða sem fram koma í ábyrgðarskilmálum og auglýsingum hans.

o. (16. gr. b.)

Ef ábyrgðaryfirlýsing er veitt skal seljandi vöru eða þjónustu upplýsa neytanda á skýran og greinargóðan hátt um gildissvið ábyrgðarinnar og hvaða skilyrði eru sett til þess að neytandi geti borið fyrir sig ábyrgðina. Jafnframt skal seljandi upplýsa neytanda á skýran hátt um þau ófrávíkjanlegu réttindi sem hann nýtur samkvæmt ákvæðum laga og ábyrgðaryfirlýsingin hefur engin áhrif á. Ef neytandi óskar þess ber seljanda að afhenda honum skilmála ábyrgðaryfirlýsingarinnar ritaða á pappír eða á öðrum varanlegum miðli sem er neytandanum aðgengilegur. Skriflegar ábyrgðaryfirlýsingar skulu vera á íslensku.

p. (16. gr. c.)

Óheimilt er í atvinnustarfsemi er lög þessi taka til að afla sér eða reyna að afla sér með ótilhlýðilegum hætti upplýsinga um eða umráða yfir atvinnuleyndarmálum starfseminnar.

Sá sem fengið hefur vitneskju um eða umráð yfir atvinnuleyndarmálum á réttmætan hátt í starfi sínu fyrir annan eða í félagi við annan, sbr. 1. mgr., má ekki án heimildar veita upplýsingar um eða hagnýta sér slík leyndarmál. Bann þetta gildir í þrjú ár frá því að starfi er lokið eða samningi slitið.

Þeim sem vegna starfs síns eða stöðu að öðru leyti hefur verið trúað fyrir uppdráttum, lýsingum, uppskriftum, líkönum eða þess háttar er óheimilt að hagnýta sér eða veita öðrum afnot af slíku án sérstakrar heimildar.

Nú hefur upplýsinga um eða umráða yfir atvinnuleyndarmáli verið aflað á þann hátt að brotið hefur verið gegn ákvæðum 1.–3. mgr. og er þá þeim sem brotlegur er eða þeim sem fengið hafa upplýsingar frá honum óheimilt að færa sér það í nyt.

q. (16. gr. d.)

Óheimilt er að selja eða hafa á boðstólum vörur sem merktar eru sjálfar eða á miða eða umbúðir eða með tilsvarandi heitum, alþjóðamerki hjúkrunar- og mannúðarstarfsemi eða öðrum hliðstæðum auðkennum, svo og að nota slík merki, auðkenni eða nöfn í heimildarleysi á auglýsingaspjöldum, auglýsingum, reikningum, vöruskrám eða öðrum verslunarskjölum.

Við framboð vöru, þjónustu eða annars þess sem í té er látið og lög þessi taka til er óheimilt að nota íslenska ríkisskjaldarmerkið, þá er óheimilt að nota í heimildarleysi íslensk byggðamerki, svo og erlend ríkis- eða byggðamerki.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á V. kafla laganna, er verður IX. kafli:

a. Á undan 22. gr. kemur ný grein, 21. gr. b, svohljóðandi:

Neytendastofa getur sett nánari reglur til þess að koma í veg fyrir að upplýsingar séu villandi eða óhæfilegar gagnvart neytendum, svo og almennar reglur um beitingu ákvæða II.–V. kafla. Neytendastofa skal eftir því sem kostur er ráðgast við hlutaðeigandi aðila eða samtök þeirra áður en slíkar reglur eru settar.

Neytendastofa getur gripið til aðgerða gegn viðskiptaháttum sem brjóta í bága við ákvæði II.–VI. kafla og ákvæði VII. og VIII. kafla eftir því sem við getur átt. Aðgerðir Neytendastofu geta falið í sér bann, fyrirmæli eða heimild með ákveðnu skilyrði.

b. 1. mgr. 22. gr. orðast svo:

Neytendastofa getur lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn:

a. ákvæðum laga þessara, og reglum settum samkvæmt þeim um bann við óréttmætum viðskiptaháttum, sbr. II.–V. kafla,
b. stjórnvaldsreglum og ákvörðunum Neytendastofu gegn viðskiptaháttum sem brjóta í bága við ákvæði II.–VIII. kafla og fyrirmælum Neytendastofu, sbr. 21. gr. b,
c. reglum og fyrirmælum Neytendastofu um ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæði, sbr. 18. gr.

c. Fyrirsögn kaflans verður: **Viðurlög o.fl.**

4. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.**

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Með lögum þessum eru innleidd ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/29/EB frá 11. maí 2005 um óréttmæta viðskiptahætti gagnvart neytendum á innri markaðnum og um breytingu á tilskipun ráðsins 84/450/EBE, tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB, 98/27/EB og 2002/65/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/2004 (Tilskipun um óréttmæta viðskiptahætti).

1000. Frumvarp til laga [541. mál]

um breytingu á lögum nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga.

(Eftir 2. umr., 15. maí.)

1. gr.

Í stað orðanna „löggildingu rafverktaka“ í 10. tölul. 2. mgr. 13. gr. laganna kemur: tímabundna löggildingu rafverktaka.

2. gr.

Á eftir 13. gr. laganna koma fimm nýjar greinar sem orðast svo:

a. (13. gr. a.)

Sá sem vill öðlast A-löggildingu, sem er löggilding til rafvirkjunarstarfa við háspennuvirki, verður að:

1. hafa lokið fullnaðarprófi frá rafmagnsdeild viðurkennds verkfræðiháskóla (sterkstraumssviði) og hafa að auki tveggja ára reynslu við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu háspennuvirkja; eða
2. hafa lokið fullnaðarprófi frá rafmagnsdeild viðurkennds tæknifræðiháskóla (sterkstraumssviði) og hafa að auki tveggja ára reynslu við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu háspennuvirkja; eða
3. hafa sveinsbréf í rafvirkjun og hafa lokið prófi í rafmagnsiðnfræði (sterkstraumssviði) frá Háskólanum í Reykjavík eða öðrum viðurkenndum skóla og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu sveinsprófi við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu háspennuvirkja; eða
4. hafa sveinsbréf í rafvirkjun og hafa lokið prófi í meistaranámi í rafvirkjun (sterkstraumssviði) frá viðurkenndum skóla eða hafa jafngilda menntun að mati menntamálaráðuneytis og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu sveinsprófi við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu háspennuvirkja.

b. (13. gr. b.)

Sá sem vill öðlast B-löggildingu, sem er löggilding til rafvirkjunarstarfa við lágspennuvirki, verður að:

1. hafa lokið fullnaðarprófi frá rafmagnsdeild viðurkennds verkfræðiháskóla (sterkstraumssviði) og hafa að auki tveggja ára reynslu við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu lágspennuvirkja; eða
2. hafa lokið fullnaðarprófi frá rafmagnsdeild viðurkennds tæknifræðiháskóla (sterkstraumssviði) og hafa að auki tveggja ára reynslu við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu lágspennuvirkja; eða
3. hafa sveinsbréf í rafvirkjun og hafa lokið prófi í rafmagnsiðnfræði (sterkstraumssviði) frá Háskólanum í Reykjavík eða öðrum viðurkenndum skóla og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu sveinsprófi við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu lágspennuvirkja; eða
4. hafa sveinsbréf í rafvirkjun og hafa lokið prófi í meistaranámi í rafvirkjun (sterkstraumssviði) frá viðurkenndum skóla eða hafa jafngilda menntun að mati menntamálaráðuneytis og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu sveinsprófi við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu lágspennuvirkja.

c. (13. gr. c.)

Sá sem vill öðlast CA-löggildingu, sem er takmörkuð löggilding til rafvirkjunarstarfa við háspennuvirki, verður að:

1. hafa lokið fullnaðarprófi frá rafmagnsdeild viðurkennds verkfræðiháskóla (sterkstraumssviði) og hafa að auki tveggja ára reynslu við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu háspennuvirkja; eða
2. hafa lokið fullnaðarprófi frá rafmagnsdeild viðurkennds tæknifræðiháskóla (sterkstraumssviði) og hafa að auki tveggja ára reynslu við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu háspennuvirkja; eða
3. hafa sveinsbréf í rafvirkjun og hafa lokið prófi í rafmagnsiðnfræði (sterkstraumssviði) frá Háskólanum í Reykjavík eða öðrum viðurkenndum skóla og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu sveinsprófi við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu háspennuvirkja; eða
4. hafa sveinsbréf í rafvirkjun og hafa lokið prófi í meistaranámi í rafvirkjun (sterkstraumssviði) frá viðurkenndum skóla eða hafa jafngilda menntun að mati menntamálaráðuneytis og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu sveinsprófi við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu háspennuvirkja.

Sá sem öðlast hefur CA-löggildingu má einungis starfa við þau raforkuvirki sem heyra undir fyrirtækið sem hann starfar hjá. Fyrirtækið sér honum fyrir búnaði og aðstöðu.

d. (13. gr. d.)

Sá sem vill öðlast CB-löggildingu, sem er takmörkuð löggilding til rafvirkjunarstarfa við lágspennuvirki, verður að:

1. hafa lokið fullnaðarprófi frá rafmagnsdeild viðurkennds verkfræðiháskóla (sterkstraumssviði) og hafa að auki tveggja ára reynslu við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu lágspennuvirkja; eða

2. hafa lokið fullnaðarprófi frá rafmagnsdeild viðurkennds tæknifræðiháskóla (sterkstraumssviði) og hafa að auki tveggja ára reynslu við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu lágspennuvirkja; eða
3. hafa sveinsbréf í rafvirkjun og hafa lokið prófi í rafmagnsiðnfræði (sterkstraumssviði) frá Háskólanum í Reykjavík eða öðrum viðurkenndum skóla og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu sveinsprófi við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu lágspennuvirkja; eða
4. hafa sveinsbréf í rafvirkjun og hafa lokið prófi í meistaranámi í rafvirkjun (sterkstraumssviði) frá viðurkenndum skóla eða hafa jafngilda menntun að mati menntamálaráðuneytis og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu sveinsprófi við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu háspennuvirkja.

Sá sem öðlast hefur CB-löggildingu má einungis starfa við þau raforkuvirki sem heyra undir fyrirtækið sem hann starfar hjá. Fyrirtækið sér honum fyrir búnaði og aðstöðu.

e. (13. gr. e.)

Þeir einir sem hlotið hafa löggildingu Neytendastofu til rafvirkjunarstarfa skv. 13. gr. a – 13. gr. d mega bera ábyrgð á setningu, breytingu og viðgerðum virkja.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1001. Frumvarp til laga [468. mál]

um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (einföldun reglna um greiðslu hlutafjár í öðru en reiðufé o.fl.).

(Eftir 2. umr., 15. maí.)

Lög um hlutafélög, nr. 2/1995, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir 6. gr. laganna koma þrjár nýjar greinar, 6. gr. a – 6. gr. c, sem orðast svo:

a. (6. gr. a.)

Stofnendur eða stjórn getur ákveðið að ekki skuli gera sérfræðiskýrslu skv. 1.–3. tölul. 1. mgr. 6. gr. eða 1. mgr. 37. gr. vegna greiðslu hlutafjár með verðbréfi eða peningamarkaðsskjali sem tekið hefur verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði enda miðist verð bréfsins eða skjalsins við vegið meðaltal verðs á þeim markaði síðustu sex mánuði fyrir greiðslu hlutafjárins.

Ef verðmæti verðbréfs eða peningamarkaðsskjals hefur af sérstökum ástæðum breyst verulega á þeim tíma er nota skal það til greiðslu á hlutafé skulu stofnendur eða stjórn endurmeta verðmæti greiðslunnar og skal þá gerð sérfræðiskýrsla skv. 1.–3. tölul. 1. mgr. 6. gr. eða 1. mgr. 37. gr.

b. (6. gr. b.)

Stofnendur eða stjórn getur ákveðið að ekki skuli gera sérfræðiskýrslu skv. 1.–3. tölul. 1. mgr. 6. gr. eða 1. mgr. 37. gr. vegna greiðslu hlutafjár með öðrum verðmætum en reiðufé ef verðmæti greiðslunnar kemur beint fram í endurskoðuðum, lögmæltum ársreikningi fyrir síðasta reikningsár og eignfærsla fer fram samkvæmt ársreikningalögum.

Ef nýjar aðstæður leiða til þess að verðmæti greiðslu skv. 1. mgr. hefur breyst verulega á þeim tíma er inna skal hana af hendi til félagsins skulu stofnendur eða stjórn endurmeta verðmæti greiðslunnar og skal þá gerð sérfræðiskýrsla skv. 1.–3. tölul. 1. mgr. 6. gr. eða 1. mgr. 37. gr.

Ef ekki fer við hlutafjárhækkun fram endurmat skv. 2. mgr. geta hluthafar, sem ráða yfir minnst 5% hlutafjár þegar ákvörðun um hlutafjárhækkun er tekin, krafist þess af stofnendum eða stjórn að verðmæti greiðslu sé endurmetið og gerð sé sérfræðiskýrsla skv. 1. mgr. 37. gr. Slíka kröfu má gera þar til greiðslan hefur verið innt af hendi til félagsins.

c. (6. gr. c.)

Ef ekki hefur verið gerð sérfræðiskýrsla skv. 6. gr. a eða 6. gr. b skulu stofnendur eða stjórn í þess stað útbúa greinargerð sem skal geyma eftirfarandi:

1. Lýsingu á greiðslu.
2. Verðmæti greiðslunnar, grundvöll verðmætamats og aðferð við matið.
3. Yfirlýsingu um að verðmæti greiðslunnar svari a.m.k. til nafnverðs þeirra hluta sem gefa skal út að viðbættu hugsanlegu álagi vegna yfirverðs.
4. Yfirlýsingu um að ekki séu komnar upp nýjar aðstæður sem skipta máli varðandi upprunalegt verðmætamat.

Við stofnun skal greinargerð fylgja stofnsamningi. Við hlutafjárhækkun skal greinargerðin vera í boðun til hluthafafundar eða fylgja henni. Greinargerðin skal send hlutafélagaskrá innan mánaðar frá því að greiðsla var innt af hendi til félagsins og birt skv. 151. gr.

Taki stjórn ákvörðun um hlutafjárhækkun samkvæmt umboði frá hluthafafundi telst greiðslan ekki greiðsla á hlutafé fyrr en hlutafélagaskrá hefur verið send tilkynning um það hvenær ákvörðun um hlutafjárhækkun var tekin, svo og upplýsingar skv. 1.–4. tölul. 1. mgr. Birta skal tilkynninguna skv. 151. gr. Greinargerð skv. 1. mgr. má í slíku tilviki takmarka þannig að aðeins verði tilkynnt að ekki hafi komið upp nýjar aðstæður sem skipti máli varðandi verðmætamat.

2. gr.

Við 2. mgr. 8. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Gætt skal ákvæða 6. gr. a – 6. gr. c eftir því sem við á.

3. gr.

2. tölul. 2. mgr. 9. gr. laganna orðast svo: Í hvaða sveitarfélagi hér á landi félagið skal teljast hafa heimilisfang.

4. gr.

2. málsl. 1. mgr. 10. gr. laganna orðast svo: Gögn þau sem um ræðir í 6. gr., sbr. þó 6. gr. a – 6. gr. c, skulu einnig fylgja áskriftarskrá.

5. gr.

2. málsl. 1. mgr. 37. gr. laganna orðast svo: Ákvæði 5.–6. gr., 6. gr. a – 6. gr. c og 7.–8. gr. skulu gilda um þetta eftir því sem við á.

6. gr.

Í stað orðanna „átján mánaða“ í 2. málsl. 2. mgr. 55. gr. laganna kemur: fimm ára.

7. gr.

Í stað orðanna „6.–8. gr.“ tvívegis í 2. mgr. 133. gr. laganna kemur: 6., 7. og 8. gr.

8. gr.

Í stað orðanna „2. mgr. 6. gr.“ í 1. tölul. 3. mgr. 148. gr. laganna kemur: 2. mgr. 6. gr., sbr. þó 6. gr. a – 6. gr. c.

Lög um einkahlutafélög, nr. 138/1994, með síðari breytingum.

9. gr.

Á eftir 6. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, 6. gr. a og 6. gr. b, sem orðast svo:

a. (6. gr. a.)

Stofnendur eða stjórn getur ákveðið að yfirlýsing löggilts endurskoðanda eða lögmanns, þess efnis að skýrsla skv. 2. mgr. 5. gr. sé rétt, þurfi ekki að fylgja stofnsamningi, sbr. 1. mgr. 6. gr., eða gögnum um hlutafjárhækkun, sbr. 2. mgr. 26. gr., þegar hlutafé er greitt með verðbréfi eða peningamarkaðsskjali enda sé bréfið eða skjalið metið á vegnu meðaltali verðs á skipulegum verðbréfamarkaði síðustu sex mánuði fyrir greiðslu hlutafjárins.

Ef verðmæti verðbréfs eða peningamarkaðsskjals hefur af sérstökum ástæðum breyst verulega á þeim tíma er nota skal það til greiðslu á hlutafé skulu stofnendur eða stjórn endurmeta verðmæti greiðslunnar. Skal þá gerð skýrsla skv. 2. mgr. 5. gr. og yfirlýsing löggilts endurskoðanda eða lögmanns fylgja henni.

b. (6. gr. b.)

Stofnendur eða stjórn getur ákveðið að yfirlýsing löggilts endurskoðanda eða lögmanns, þess efnis að skýrsla skv. 2. mgr. 5. gr. sé rétt, þurfi ekki að fylgja stofnsamningi, sbr. 1. mgr. 6. gr., eða gögnum um hlutafjárhækkun, sbr. 2. mgr. 26. gr., þegar hlutafé er greitt með öðrum verðmætum en reiðufé ef verðmæti greiðslunnar kemur beint fram í endurskoðuðum, lögmæltum ársreikningi fyrir síðasta reikningsár og eignfærsla fer fram samkvæmt ársreikningalögum.

Ef nýjar aðstæður leiða til þess að verðmæti greiðslu skv. 1. mgr. hefur breyst verulega á þeim tíma er inna skal hana af hendi til félagsins skulu stofnendur eða stjórn endurmeta verðmæti greiðslunnar. Skal þá gerð skýrsla skv. 2. mgr. 5. gr. og yfirlýsing löggilts endurskoðanda eða lögmanns fylgja henni.

Ef ekki fer við hlutafjárhækkun fram endurmat skv. 2. mgr. geta hluthafar, sem ráða yfir minnst 5% hlutafjár þegar ákvörðun um hlutafjárhækkun er tekin, krafist þess af stofnendum eða stjórn að verðmæti greiðslu sé endurmetið og gerð sé skýrsla skv. 2. mgr. 5. gr. sem yfirlýsing löggilts endurskoðanda eða lögmanns fylgi. Slíka kröfu má gera þar til greiðslan hefur verið innt af hendi til félagsins.

10. gr.

2. tölul. 2. mgr. 7. gr. laganna orðast svo: Í hvaða sveitarfélagi hér á landi félagið skal teljast hafa heimilisfang.

11. gr.

2. málsl. 1. mgr. 26. gr. laganna orðast svo: Ákvæði 5.–6. gr., svo og 6. gr. a og 6. gr. b, skulu gilda um þetta eftir því sem við á.

12. gr.

2. málsl. 1. mgr. 107. gr. laganna orðast svo: Ákvæði 6. gr., 6. gr. a – 6. gr. c og 7.–8. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, gilda eftir því sem við á.

13. gr.

Með lögum þessum er tekið mið af óbindandi ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/68/EB frá 6. september 2006 um breytingu á tilskipun ráðsins 77/91/EBE um stofnun hlutafélaga og tilskilið hlutafé þeirra og breytingar á því.

Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 95/2007 frá 6. júlí 2007 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn frá 2. maí 1992.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1002. Lög [325. mál]

um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, og lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 15. maí.)

Samhljóða þskj. 883.

1003. Þingsályktun [276. mál]

um gerð námsefnis fyrir unglinga um ólík kjör og hlutskipti kvenna á norðurslóðum og mannréttindi.

(Afgreidd frá Alþingi 15. maí.)

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að gera samkomulag við landsstjórnir Færeyja og Grænlands um gerð námsefnis fyrir unglinga um ólík kjör og hlutskipti kvenna á norðurslóðum og mannréttindi.

1004. Þingsályktun [274. mál]

um aukna samvinnu og samráð um öryggis- og björgunarmál milli Vestur-Norðurlandanna og við önnur ríki við Norður-Atlantshaf.

(Afgreidd frá Alþingi 15. maí.)

Samhljóða þskj. 308.

1005. Þingsályktun [277. mál]

um samstarf milli slysavarnafélaga og björgunarsveita á sjó og landi í vestnorrænu löndunum.

(Afgreidd frá Alþingi 15. maí.)

Samhljóða þskj. 311.

1006. Þingsályktun [543. mál]

um fullgildingu fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Kanada.

(Afgreidd frá Alþingi 15. maí.)

Samhljóða þskj. 844.

1007. Nefndarálit [285. mál]

um frv. til l. um grunnskóla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund sinn Þórhall Vilhjálmsson, Guðna Olgeirsson, Sigríði Láru Ásbergsdóttur og Arnór Guðmundsson frá menntamálaráðuneyti, og fulltrúa úr nefnd menntamálaráðherra: Guðrúnu Ebbu Ólafsdóttur, Þórð Árna Hjaltested, Unnar Þór Böðvarsson, Guðna Olgeirsson og Elínu Thorarensen. Einnig komu á fund nefndarinnar Guðjón Bragason, Gunnlaugur Júlíusson og Valgerður Freyja Ágústsdóttir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Kristbjörg Stephensen borgarlögmaður, Elna Katrín Jónsdóttir og Ólafur Loftsson frá Kennarasambandi Íslands, Kristinn Breiðfjörð Guðmundsson og Unnar Þór Böðvarsson frá Skólastjórafélagi Íslands, Halldór Grönvold frá Alþýðusambandi Íslands, María Kristín Gylfadóttir og Elín Thorarensen frá samtökunum Heimili og skóli, Ágústa E. Ingþórsdóttir frá Félagi náms- og starfsráðgjafa, Guðbjörg Vilhjálmsdóttir frá félagsvísindadeild Háskóla Íslands, Ólafur Proppé og Anna Kristín Sigurðardóttir frá Kennaraháskóla Íslands, Guðmundur Heiðar Frímannsson frá Háskólanum á Akureyri, Halldór Reynisson frá Biskupsstofu, Ólafur Jóhannsson frá Prestafélagi Íslands, Bragi Guðbrandsson og Hrefna Friðriksdóttir frá Barnaverndarstofu, Þórólfur Þórlindsson frá Lýðheilsustöð, Ingibjörg Karlsdóttir frá ADHD-samtökunum, Stefán J. Heiðarsson frá Greiningar- og ráðgjafarmiðstöð ríkisins, Rakel Halldórsdóttir frá safnaráði, Þóra Sjöfn Guðmundsdóttir frá Félagi fagfólks á skólasöfnum í grunnskólum, Bára Stefánsdóttir og Kristín Björgvinsdóttir frá samstarfshópi bókasafnsfræðinga í framhaldsskólum, Hjálmar H. Ragnarsson frá Listaháskóla Íslands, Guðný Jónsdóttir frá Félagi íslenskra myndlistarkennara, Ingibjörg Jóhannsdóttir og Sólveig Aðalsteinsdóttir frá Myndlistaskólanum í Reykjavík, Margrét María Sigurðardóttir umboðsmaður barna, Rakel Jensdóttir frá Persónuvernd, Halldóra Friðjónsdóttir frá Bandalagi háskólamanna, Kristín Á. Guðmundsdóttir og Birna Ólafsdóttir frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Guðrún S. Eyjólfsdóttir frá Samtökum atvinnulífsins, Ingi Bogi Bogason frá Samtökum iðnaðarins, Guðrún H. Sederholm frá Félagsráðgjafafélagi Íslands, Gerður Árnadóttir og Friðrik Sigurðsson frá Þroskahjálp. Einnig kom Sigurður Pálsson á fund nefndarinnar. Símafundur var jafnframt haldinn með Jakobi Th. Möller, fyrrverandi starfsmanni Mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna og fyrrverandi dómara við mannréttindadómstól fyrir Bosníu og Hersegóvínu til að ræða dóm Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Folgerø og annarra gegn Noregi frá 29. júní 2007.

Þá bárust nefndinni umsagnir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Eyþingi, Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Akraneskaupstað, Akureyrarbæ, Ásahreppi, Borgarbyggð, Dalvíkurbyggð, Fljótsdalshéraði, Flóahreppi, Grímsnes- og Grafningshreppi, Grundarfjarðarbæ, Hafnarfjarðarbæ, Húnaþingi vestra, Ísafjarðarbæ, Kópavogsbæ, Langanesbyggð, Mosfellsbæ, Mýrdalshreppi, Reykjanesbæ, Reykjavíkurborg, Seltjarnarnesbæ, Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Snæfellsbæ, Sveitarfélaginu Árborg, Sveitarfélaginu Garði, Sveitarfélaginu Hornafirði, Sveitarfélaginu Ölfusi, Tálknafjarðarhreppi, Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, Samtökum áhugafólks um atferlisgreiningu á Íslandi, Stjórn Styrktarfélags fatlaðra á Vestfjörðum, Félagi CP á Íslandi, Þroskahjálp, Umsjónarfélagi einhverfra, Umhyggju, Lýðheilsustöð, Öryrkjabandalagi Íslands, Sjónarhóli – ráðgjafarmiðstöð, Styrktarfélagi krabbameinssjúkra barna, ADHD-sam-

tökunum, Ad Astra ehf., Félagi lesblindra á Íslandi, Grétu Jónsdóttur fjölskyldu- og hjónaráðgjafa DIP, Félagi áhugafólks um Downs-heilkenni, Rauða krossi Íslands, Amnesty International á Íslandi, Siðmennt, Félagi siðrænna húmanista á Íslandi, biskupi Íslands, sr. Gunnari Jóhannessyni, Sigurði Pálssyni, Prestafélagi Íslands, Samstarfsnefnd kristinna trúfélaga, Persónuvernd, félagsmálaráðuneytinu – innflytjendaráði, Barnaheillum, umboðsmanni barna, Barnaverndarstofu, samtökunum Heimili og skóli, Sambandi foreldrafélaga og foreldraráða, SAMFOK, foreldraráði Garðaskóla, foreldraráði Grunnskóla Húnaþings vestra, foreldrafélögum og foreldraráðum grunnskólanna í Reykjanesbæ, Kennaraháskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri, félagsvísindadeild Háskóla Íslands, Landbúnaðarháskóla Íslands, Kennarasambandi Íslands, Félagi dönskukennara, Félagi íslenskra myndlistarkennara, Félagi náms- og starfsráðgjafa, Iðjuþjálfafélagi Íslands, Þroskaþjálfafélagi Íslands, Félagsráðgjafafélagi Íslands, Félagi fagfólks á skólasöfnum, skólastjórum í Hafnarfirði, Félagi um menntarannsóknir, Samtökum áhugafólks um skólaþróun, safnaráði, Grunni – samtökum skólaskrifstofa, Námsmatsstofnun, Íslenskri málnefnd, Bandalagi háskólamanna, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Samtökum atvinnulífsins, Alþýðusambandi Íslands, Gretari L. Marinóssyni og Halli Skúlasyni, og Brynju Björgu Halldórsdóttur.

Þann 7. desember 2007 var fjórum frumvörpum vísað til meðferðar í nefndinni. Var hér um að ræða frumvörp til heildarlaga um leik-, grunn- og framhaldsskóla ásamt frumvarpi til laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Frumvörp þessi mynda umgjörð um skólamál í landinu allt að háskólastigi og er ætlað að auka samfellu og sveigjanleika í skólastarfi og tryggja skóla án aðgreiningar. Í upphafi starfs nefndarinnar var ljóst að mikil vinna væri fyrir höndum og hefur nefndin haft fasta vikulega aukafundi til að fjalla um málin.

Með frumvarpi til laga um grunnskóla er lögð áhersla á samfellu og sveigjanleika innan skólans sem og milli skólastiga. Gert er ráð fyrir meiri sveigjanleika í námi og þannig komið til móts við þann mun sem getur verið á milli einstakra nemenda og geta nemendur ef þeir vilja lokið grunnskólanámi á skemmri tíma en áður. Jafnframt má sjá í frumvarpinu auknar áherslur í þá átt að nemandinn sé í fyrirrúmi og áhersla lögð á velferð hans og öryggi. Enn fremur ber frumvarpið merki aukinnar vitundar um breytt samfélag og ólíkar þarfir nemenda út frá fjölmenningu, uppruna, tungumáli, menningu, fötlun og öðrum námslegum þörfum sem taka þarf tillit til. Töluverðar breytingar eru gerðar á námsmati þar sem fallið er frá samræmdum prófum og í staðinn koma könnunarpróf sem tekin eru á haustönn í 10. bekk. Enn fremur er leitast við að gera stjórnsýslu skilvirkari og skýra svið sveitarfélaga annars vegar og ríkisins hins vegar á þann hátt að gefa sveitarfélögum aukið frelsi, til að mynda með heimild til samreksturs leik-, grunn- og tónlistarskóla. Lagðar eru til breytingar á gæðakafla gildandi laga. Gert er ráð fyrir að sveitarfélög móti sér skólastefnu og taki þátt í að meta framgang hennar og hafi þannig aukin áhrif á starf grunnskólans en jafnframt að þau beri skýra ábyrgð á þeirri stefnu sem þau marka sér.

Nefndin ræddi ákvæði frumvarpsins ítarlega á fundum sínum. Meðal atriða sem hvað mesta umræðu fengu voru markmiðskafli frumvarpsins, skýlaus réttur barna til skólagöngu í því sveitarfélagi þar sem það hefur lögheimili eða í því sveitarfélagi þar sem það dvelst í umsjón fósturforeldra, hlutverk skólanefndar, skólaráðs og skyldur skólastjóra, ákvæði um starfsfólk grunnskóla og símenntun. Einnig var mikil áhersla lögð á ákvæði frumvarpsins er varða rétt nemenda og ábyrgð, nemendur með sérþarfir, meðferð upplýsinga á milli skólastiga, kostnað í skyldunámi, innra og ytra mat sveitarfélaga og menntamálaráðuneytis, sérfræðiþjónustu, sjálfstætt rekna grunnskóla, samrekstur skóla og heimakennslu.

Hlutverk grunnskóla.

Í 2. gr. frumvarpsins er að finna markmið þess. Segir þar að í samvinnu við heimilin sé það hlutverk grunnskóla að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og búa þá undir þátttöku í lýðræðissamfélagi. Í 2. málsl. 1. mgr. er svo tilgreint að starfshættir grunnskólans skuli mótast af umburðarlyndi, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi. Mikil umræða átti sér stað í þjóðfélaginu sem og innan nefndarinnar um þetta ákvæði frumvarpsins. Sneri sú umræða fyrst og fremst að þeirri breytingu að hugtakið „kristilegt siðgæði“ var fellt brott úr markmiðsgrein gildandi laga, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 66/1995. Í athugasemdum við 2. gr. frumvarpsins kemur fram að fyrrgreint orðalag er fellt brott í ljósi breytinga á samfélaginu á undanförnum árum og í samræmi við ábendingar ýmissa aðila. Því sjónarmiði hefur þó verið hreyft fyrir nefndinni að meiri hluti innflytjenda til landsins er kristinnar trúar. Í athugasemdum við greinina segir jafnframt að hugtökin umhyggja, sáttfýsi og virðing fyrir manngildi séu kjarninn í túlkun á kristilegu siðgæði og komi í stað þess orðalags. Í þeirri umræðu sem átti sér stað í þjóðfélaginu var á tíðum vísað í dóm Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Folgerø og annarra gegn Noregi. Í því máli voru málavextir þeir að í norsku námskránni fyrir grunnskóla voru árið 1997 sameinaðar tvær námsgreinar, kristinfræði og lífsskoðanir, í kristindómsfræðslu með innsýn í trúarbrögð og lífsskoðanir. Samkvæmt norskum lögum var heimilt að fá undanþágu frá þessari grein hvað varðar þá þætti kennslunnar sem ekki samrýmdust trúarbrögðum og lífsskoðunum viðkomandi og gætu talist iðkun annarrar trúar. Kærendur í máli þessu voru meðlimir í félagi húmanista í Noregi og óskuðu þeir eftir því að börn sín fengju undanþágu frá allri kennslu í þessari nýju kennslugrein. Þeirri beiðni var hafnað. Töldu foreldrarnir að á sér væri brotið og vísuðu í 9. gr. mannréttindasáttmála Evrópu sem fjallar um hugsana-, samvisku- og trúfrelsi, 2. gr. samningsviðauka nr. 1 um rétt til menntunar, 8. gr. um friðhelgi einkalífs og fjölskyldu og 14. gr. samningsins um bann við mismunun. Byggðu þeir mál sitt á því að þeim væri meinað að tryggja börnum sínum menntun í samræmi við trúarskoðanir þeirra og samvisku. Enn fremur væri lögð aukin fyrirhöfn á þá foreldra sem aðhylltust aðra trú en kristni enda hefðu kristnir foreldrar í raun ekki ástæðu til að sækja um sambærilega undanþágu. Dómstóllinn bendir á í dómi sínum að þyngri áhersla er lögð á kristinfræði en önnur trúarbrögð og að ákveðið ójafnvægi ríki þar á milli. Hann telur þó að slíkt sé eðlilegt þegar tillit er tekið til stöðu kristni í Noregi, en hin evangelíska-lúterska trú er ríkistrú Noregs sem um 85% landsmanna aðhyllast. Kemur ekki fram í dómnum að slíkt brjóti í bága við mannréttindasáttmála Evrópu. Álítur nefndin því að það fari ekki í bága við ákvæði sáttmálans að ríki meti og ákveði innihald námskrár sinnar með tilliti til kristinnar trúar. Dómstóllinn taldi aftur á móti að jafna yrði þetta ójafnvægi milli stöðu kristninnar og annarra trúarbragða og synjun um algera undanþágu frá kennslu í hinni nýju námsgrein bryti í bága við 2. gr. 1. viðauka samningsins. Telur nefndin aftur á móti rétt að benda á að dómstóllinn vísaði frá kæru foreldranna um takmarkaða undanþágu frá kennslugreininni á grundvelli þess að kæruleiðir í Noregi voru ekki tæmdar áður en málið kom til dómstólsins. Kvað dómstóllinn því ekki upp úr um hvort sú leið sem farin var í Noregi hvað varðar heimild til takmarkaðrar undanþágu bryti í bága við sáttmálann. Aftur á móti fjallar dómstóllinn mikið um ferli þess að fá slíka undanþágu og telur það bæði vera flókið og óskilvirkt sem og að undanþáguheimildirnar séu þröngar en einungis var hægt að fá undanþágu frá þeim þáttum sem foreldrar töldu vera þátttöku í trúariðkun eða trúarlegum athöfnum. Það sem eftir stendur að mati nefndarinnar er að dómstóllinn kvað ekki upp úr um að Norðmenn þyrftu að breyta markmiðsgrein sinni þar sem vísað var til þess að stuðla skyldi að „kristilegu siðgæði og

uppeldi“. Með hliðsjón af því sem að framan greinir og þess hversu mjög íslensk saga, menning og þau gildi sem íslenskt þjóðfélag byggist á eru samofin hinni kristnu arfleifð íslenskrar menningar, telur nefndin rétt að tekið sé mið af þeirri staðreynd í markmiðsgrein frumvarpsins og leggur til breytingar á henni.

Grunnskólastarf.

Í II. kafla frumvarpsins er fjallað um stjórnskipan grunnskóla. Ber þar fyrst að nefna að menntamálaráðherra fer með yfirumsjón þeirra málefna sem lögin taka til og setur m.a. grunnskólum aðalnámskrá og leggur fram námsgögn. Kemur þar fram í 5. gr. ábyrgð sveitarfélaga á heildarskipan skólahalds í grunnskólum sveitarfélagsins og að þau skuli sjá um rekstur þeirra. Í 5. gr. er einnig fjallað um skyldu sveitarfélags til að tryggja börnum skólagöngu, sbr. 3. mgr. greinarinnar. Þar er fyrst og fremst talað um börn sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu en einnig segir að sömu skyldur hvíli á sveitarfélögum ef sá sem fer með forsjá barns á lögheimili í sveitarfélaginu enda semji sveitarfélög sín á milli um skólagöngu barns. Í greinargerð með frumvarpinu segir að ákvæðinu sé ætlað að tryggja samfellda skólagöngu barna sem eru í fóstri á heimili utan lögheimilissveitarfélags og að sveitarfélögum sé skylt að tryggja börnunum skólavist og haga undirbúningi og vistunarúrræðum á þann hátt að hagsmunir barna séu hafðir að leiðarljósi. Nefndin fjallaði ítarlega um stöðu og rétt þessara barna, sem eru í umsjá fósturforeldra, til skólavistar. Við umfjöllun nefndarinnar um málið kom fram að nokkur misbrestur væri á að skólaganga þeirra væri tryggð. Á þetta fyrst og fremst við þegar barni er komið tímabundið í fóstur en þá flyst lögheimili barnsins ekki til fósturforeldra, líkt og þegar um varanlega ráðstöfun barns er að ræða, og barnið öðlast þar af leiðandi ekki sjálfkrafa rétt til skólagöngu. Sökum þessa hefur borið á ágreiningi á milli sveitarfélaga um greiðslu lögheimilissveitarfélags til sveitarfélags þar sem barn var í tímabundnu fóstri. Í þessu tilliti er mikilvægt að líta til ákvæða barnaverndarlaga, nr. 80/2002, en á grundvelli 75. gr. laganna hefur ráðherra sett reglugerð nr. 804/2004 um fóstur. Í 2. mgr. 39. gr. reglugerðarinnar segir að það sveitarfélag sem ráðstafar barni í fóstur skuli standa straum af kostnaði vegna skólagöngu barnsins í grunnskóla á meðan ráðstöfunin varir. Aftur á móti kom fram í umsögn Barnaverndarstofu að skýrt ákvæði reglugerðarinnar hafi ekki komið í veg fyrir að ágreiningur yrði um hvort og þá hvenær fósturbarn fékk að sækja skóla utan lögheimilissveitarfélags og um kostnað vegna þess. Kom enn fremur fram í umsögninni að þær viðmiðunarreglur sem Samband íslenskra sveitarfélaga hefur sett hafi ekki leyst þennan vanda. Er það álit nefndarinnar að við ástand sem þetta sé erfitt að una og gæta verði þess að hagsmunir barns verði alltaf í fyrirrúmi. Að baki vali á fósturheimili fyrir barn liggur mikil vinna og mat á því hverjir séu heppilegir fósturforeldrar. Ágreiningur á milli sveitarfélaga um kostnað vegna skólagöngu barnsins ætti ekki að vega þyngra en hagsmunir barnsins og hvaða fósturheimili það hlýtur. Nefndin telur að þegar teknar eru ákvarðanir sem þessar, sem geta haft mikil áhrif á líf og framtíð barna, eigi að tryggja að þau njóti sömu þjónustu og önnur börn í viðkomandi sveitarfélagi sem þau flytjast til, óháð lögheimili. Er það álit nefndarinnar að sveitarfélögum eigi að vera skylt að tryggja að börn sem komið hefur verið í fóstur utan lögheimilissveitarfélags síns njóti skólavistar í viðkomandi sveitarfélagi. Nefndin leggur til að ákvæðum 5. gr. verði breytt með tilliti til þessa.

Í 2. mgr. 5. gr. segir að ábyrgð sveitarfélaga nái til samstarfs skóla við aðila utan hans. Er það álit nefndarinnar að ríkari áherslu megi leggja á skyldur sveitarfélags til samvinnu milli mismunandi skólastiga og auðvelda þannig nemendum að flytjast á milli skólastiga eftir því sem hverjum hentar. Nefndin leggur því til að ábyrgð sveitarstjórnar skuli ná til þess að koma

á samstarfi á milli allra skólastiga, þ.e. á milli leikskóla og grunnskóla annars vegar og grunnskóla og framhaldsskóla hins vegar.

Í 6. gr. er svo kveðið á um að í hverju sveitarfélagi skuli vera skólanefnd sem starfar í umboði sveitarfélagsins og fer með málefni grunnskóla. Fram kemur í 3. mgr. 6. gr. að um kosningu nefndarinnar og starfshætti hennar skuli fara að ákvæðum sveitarstjórnarlaga og samþykktum viðkomandi sveitarfélags. Vill nefndin árétta að mismunandi aðstæður geta verið í sveitarfélögum, til að mynda með tilliti til stærðar þeirra. Í hverju sveitarfélagi geta verið starfandi fleiri en einn grunnskóli. Samkvæmt frumvarpinu fá sveitarfélög heimild til að reka saman grunnskóla og er það álit nefndarinnar að ákvæði 4. mgr. 6. gr. megi ekki koma í veg fyrir að fulltrúar skólastjóra, grunnskólakennara og foreldra geti tekið mið af slíkum aðstæðum. Nefndin leggur aftur á móti ekki til að breytingar verði gerðar á þessu ákvæði frumvarpsins.

Mat og eftirlit með gæðum grunnskólastarfs.

Mikil umræða átti sér stað innan nefndarinnar um VIII. kafla frumvarpsins sem hefur að geyma nýmæli um mat og eftirlit með gæðum grunnskólastarfs. Í umsögnum sveitarfélaganna koma almennt fram miklar athugasemdir við ákvæði kaflans þess efnis að verið sé að leggja auknar og óraunhæfar skyldur á herðar sveitarfélaga sem ekki eru nægjanlega vel rökstuddar, til að mynda 1. mgr. 37. gr. sem kveður á um árlega upplýsingagjöf til ráðuneytis. Krafa um árlega upplýsingaskyldu sem þessa muni auka útgjöld sveitarfélaganna til muna og þannig verði minni sveitarfélög að kaupa þjónustu fagaðila til að framkvæma ytra mat. Þá efast sveitarfélögin um að ráðuneytið hafi svigrúm til að vinna úr þeim gríðarlega miklu upplýsingum innra og ytra mats sem árlega munu berast ráðuneytinu. Hins vegar hefur komið fram af hálfu menntamálaráðuneytis að ekki verði gerð krafa um formlega ársskýrslu né ítarlegri upplýsingar en nú þegar er krafist samkvæmt reglugerð um upplýsingaskyldu sveitarfélaga varðandi skólahald nr. 384/1996. Fremur verði byggt á stöðluðum, tölulegum upplýsingum sem séu samanburðarhæfar milli viðfanga og yfir tíma. Þannig fáist vísbendingar um stöðu og þróun skólastarfs. Gerir ráðuneytið enn fremur ráð fyrir að nýtt verði þau upplýsingakerfi um leik- og grunnskóla sem nú eru fyrir hendi, til að mynda kerfi Hagstofu og Mentors, en um 97% grunnskóla eru aðilar að því upplýsingakerfi. Er það álit nefndarinnar að mat og eftirlit sem frumvarpið kveður á um sé mikilvægt til þess að hægt sé að þróa og auka gæði grunnskólastarfs. Í athugasemd við 19. gr. frumvarps til laga um leikskóla kemur fram að stærstur hluti leikskólastjóra sem reynslu hafa af ytra mati telji að það hafi jákvæð áhrif á skólakerfið, veiti mikilvægt aðhald og sé gott stýritæki við stefnumótun. Slíkt aðhald á sér ekki síst stað þegar veittar eru kerfisbundið skýrar upplýsingar um starfsemi skóla. Aðhald sem þetta er nauðsynlegt á sama tíma og leitast er við að gera skóla og sveitarfélög ábyrg fyrir skólahaldi. Telur nefndin enn fremur að svo að markmiðið með slíku aðhaldi skili sér og leiði til umbóta í skólastarfi þurfi að draga frekar fram ábyrgð sveitarfélaganna til að framkvæma ytra mat. Slíkt náist með því að kveða á um upplýsingaskyldu þeirra um ytra mat til menntamálaráðuneytisins. Í 2. mgr. 36. gr. er að auki kveðið á um skyldu grunnskóla til að birta opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur. Hvíli sú skylda á sveitarfélögum, ásamt upplýsingaskyldu þeirra til menntamálaráðuneytis, er íbúum samfélagsins gert mögulegt að fylgjast með hvort niðurstöður ytra matsins séu nýttar til umbóta í skólastarfi líkt og greinin kveður á um. Aftur á móti er það álit nefndarinnar að árleg upplýsingaskylda sé full íþyngjandi og ekki sé nauðsynlegt að allra upplýsinga verði aflað á hverju ári. Er því lagt til að sú skylda verði felld

brott. Nefndin vill jafnframt ítreka mikilvægi eftirlits menntamálaráðuneytisins og að þær upplýsingar sem sveitarfélögin gefa á grundvelli innra og ytra mats verði nýttar.

Heimakennsla.

Í 46. gr. frumvarpsins er að finna undanþáguákvæði. Í 2. mgr. greinarinnar er kveðið á um heimild sveitarfélags að veita undanþágu frá skólaskyldu barna, sbr. 3. gr. frumvarpsins, til foreldra sem óska þess að kenna börnum sínum heima, að hluta eða öllu leyti. Aftur á móti er þeim börnum sem hljóta heimakennslu skylt að þreyta könnunarpróf samkvæmt frumvarpinu og lúta reglulegu eftirliti og mati. Miklar umræður voru um þessa undanþágu innan nefndarinnar. Lutu þær einkum að rétti barns til að sækja skóla og njóta þess félagsskapar sem þar er að finna. Fram komu sjónarmið nefndarmanna um að hætta væri á félagslegri einangrun barna sem og misnotkun á ákvæði þessu. Hins vegar kom fram í máli fulltrúa menntamálaráðuneytisins að heimakennsla í tilraunaskyni hafi fyrst verið heimiluð árið 2002 eftir ítrekaðar óskir frá áhugasömum íslenskum kennaramenntuðum foreldrum sem búið höfðu erlendis og kennt börnum sínum þar heima, nánar tiltekið í Noregi. Hefur ráðuneytið jafnframt gefið út ítarlegar og strangar reglur um leyfisveitingu til heimakennslu þar sem heimildin er skilyrt því að a.m.k. annað foreldranna hafi kennararéttindi. Nefndin fékk jafnframt upplýsingar um að heimakennsla hér á landi væri óalgeng. Sem dæmi má þó nefna foreldra sem búsettir eru í Ölfusi og eins eru dæmi um heimakennslu barna í afskekktum byggðum. Hafa þær heimildir til heimakennslu takmarkast við einn til tvo daga í viku. Kom jafnframt fram í máli fulltrúa ráðuneytisins að ekki hafi komið upp vandamál tengd heimakennslunni og að ekki sé kunnugt um félagslega einangrun barna af þessum sökum. Ráðuneytið bendir einnig á að í sérstakri úttekt sem gerð hefur verið á heimakennslu komu hvort tveggja fram sterkir og veikir hlekkir. Kemur fram í skýrslunni að ekki beri á öðru en að foreldrar sem kenna börnum sínum heima leggi í það metnað og skapi börnum sínum góðan vettvang til náms og þroska. Jafnframt fylgi þeir aðalnámskrá grunnskóla og líta verði á heimakennslu sem valkost sem vel er hægt að byggja á. Aftur á móti komu fram sjónarmið þess efnis að eftirliti sveitarfélaga sem og ríkisins hafi verið ábótavant, sér í lagi með tilliti til námsmats og sjálfsmats foreldra. Kom einnig fram í máli fulltrúa menntamálaráðuneytisins að ákveðnar tillögur hafi verið unnar á grundvelli skýrslunnar til að bregðast við þeim veikleikum sem þar komu fram. Er það álit nefndarinnar að heimildin sem finna má í 2. mgr. 46. gr. frumvarpsins geti verið réttmæt og raunhæfur kostur í einstökum tilvikum. Ítrekar nefndin þó að þröng skilyrði verði að vera fyrir veitingu hennar og eftirliti háttað eins og best verður á kosið. Leggur nefndin því ekki til breytingar á ákvæðinu.

Starfsfólk grunnskóla.

Í 1. mgr. 7. gr. frumvarpsins er kveðið á um hlutverk skólastjóra. Í umsögn Kennarasambands Íslands er lögð mikil áhersla á aðkomu kennara að stjórnun og skipulagningu á innra starfi skólans og leggur sambandið ríka áherslu á að í lögunum þurfi að vera skilgreind ákvæði um kennarafundi. Tekur nefndin að miklu leyti undir þessar áherslur og leggur til breytingar á 1. mgr. 7. gr. frumvarpsins í þá veru. Áréttar nefndin að í breytingartillögunni er bæði kveðið á um að skólastjóri boði til kennarafunda sem og sérstakra starfsmannafunda svo oft sem hann telur þörf á.

Í 29. gr. frumvarpsins er fjallað um skólanámskrá og starfsáætlun. Er það álit nefndarinnar að hlutverk skólaráða við gerð starfsáætlunar sé ekki nægjanlega skýrt í greininni. Í 1. mgr. 8. gr. frumvarpsins segir að skólaráð fjalli m.a. um árlega starfsáætlun. Nefndin áréttar mikil-

vægi starfsáætlunar og að samráðs við gerð hennar sé gætt. Nefndin leggur til breytingu á 29. gr. sem kveður á um skýra skyldu og ábyrgð skólastjóra til að gera árlega skólanámskrá og starfsáætlun, og að samráðs við vinnslu þeirra sé gætt. Telur nefndin að með þessari breytingu sé aðkoma kennara að skipulagningu innra starfs skólans tryggð en kennarar eiga tvo fulltrúa í skólaráði samkvæmt 1. mgr. 8. gr. frumvarpsins.

Í 11. gr. frumvarpsins er fjallað um starfsfólk grunnskóla. Í fjölda umsagna voru gerðar athugasemdir við heiti III. kafla og greinarinnar þar sem talað er um starfslið. Nefndin er sammála athugasemdum um að betra væri að nota orðið starfsfólk en starfslið og leggur til að því verði breytt og það samræmt í ákvæðum frumvarpsins.

Í 3. mgr. 11. gr. er að finna nýmæli þar sem kveðið er á um að óheimilt sé að ráða til starfa við grunnskóla einstakling sem hlotið hefur refsidóm fyrir brot gegn XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, en í kaflanum er fjallað um kynferðisbrot. Er þar jafnframt kveðið á um að við ráðningu skuli liggja fyrir sakavottorð viðkomandi einstaklings eða heimild til handa skólastjóra til að afla upplýsinga úr sakaskrá. Mikil umræða átti sér stað innan nefndarinnar um þetta nýmæli auk þess sem fjöldi umsagnaraðila gerði athugasemdir við þessa grein frumvarpsins. Snerust umræður innan nefndarinnar fyrst og fremst um ósamræmi milli lagabálka um ráðningarskilyrði starfsmanna sem starfa með börnum. Er þar fyrst að líta til ákvæða barnaverndarlaga, nr. 80/2002. Í 2. mgr. 36. gr. laganna er að finna sambærilegt bannákvæði og hér um ræðir en þar segir að óheimilt sé „… að ráða til starfa hjá barnaverndaryfirvöldum eða heimilum og stofnunum samkvæmt lögum þessum, hvort sem þau eru rekin af einkaaðilum, ríki eða sveitarfélögum, menn sem hlotið hafa refsidóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, sbr. 1. mgr.“ Í 1. mgr. 36. gr. er aftur á móti að finna ákveðna takmörkun á ákvæðinu en þar er tekið fram að bannið taki einungis til brota á ákvæðum kaflans þegar brot beinist gegn einstaklingi sem ekki hefur náð 18 ára aldri. Í annan stað ber að líta til ákvæða 3. mgr. 10. gr. æskulýðslaga, nr. 70/2007, þar sem er að finna ákvæði sem er efnislega samhljóða 3. mgr. 11. gr. frumvarpsins að öðru leyti en því að æskulýðslög banna einnig ráðningar einstaklinga sem hlotið hafa refsidóm fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, á síðastliðnum fimm árum. Í æskulýðslögum einskorðast refsinæmi verknaðar ekki við það að brot hafi beinst gegn einstaklingi yngri en 18 ára, eins og miðað er við í barnaverndarlögum, heldur telst viðkomandi ekki hæfur til að sinna æskulýðsstarfi, hvort sem brotaþoli hefur verið yngri eða eldri en 18 ára. Í frumvarpinu sem hér er til umræðu er því að finna ákveðinn milliveg milli fyrrgreindra lagabálka. Gengið er lengra en gert er í barnaverndarlögum en skemmra en gert er í æskulýðslögum, enda nær 3. mgr. 11. gr. ekki til brota gegn lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974. Í athugasemdum umsagnaraðila var í allmörgum tilvikum bent á þennan mismun milli ofangreindra ákvæða. Reykjavíkurborg varar við slíku misræmi og tekur Samband íslenskra sveitarfélaga þar undir. Aftur á móti kom það fram í máli fulltrúa Barnaverndarstofu að þegar barnaverndarlögin voru samin hafi fyrstu skrefin verið tekin í þessa átt og því stigið varlega til jarðar. Mundu þeir, ef kæmi til endurskoðunar laganna, mælast til að gengið yrði lengra í þessum efnum en barnaverndarlögin gera nú. Hvað varðar 2. málsl. 3. mgr. 11. gr. frumvarpsins um að sakavottorð skuli liggja fyrir við ráðningu eða heimild leikskólastjóra til að afla upplýsinga úr sakaskrá má enn fremur finna ákveðið misræmi milli lagabálka. Skv. 3. mgr. 36. gr. barnaverndarlaga er heimild yfirmanna skóla, leikskóla, sumardvalarheimila, íþrótta- og tómstundamiðstöðva og annarra slíkra stofnana eða staða þar sem börn koma saman eða dveljast um lengri eða skemmri tíma, til upplýsinga úr sakaskrá einskorðuð við refsidóma vegna brota á XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, þegar brotið hefur

beinst gegn barni, að fengnu samþykki viðkomandi. Í athugasemdum við greinina segir að ekki sé rétt að kveða á um alhliða bann við ráðningu einstaklinga sem falla undir 36. gr. heldur eigi slíkt frekar heima í sérlögum, til að mynda lögum um grunnskóla. Þess í stað var kveðið á um heimild til að afla upplýsinga úr sakaskrá viðkomandi einstaklings sem sækir um að starfa á slíkum stað. Í 4. mgr. 10. gr. æskulýðslaga er farin sama leið og í barnaverndarlögum varðandi heimild til að afla upplýsinga úr sakaskrá. Verða slíkar upplýsingar einungis gefnar að fengnu samþykki viðkomandi. Í 2. málsl. 3. mgr. 11. gr. frumvarpsins er ekki að finna framangreint skilyrði um samþykki viðkomandi einstaklings og gengur ákvæðið því lengra en hvort tveggja barnaverndarlög og æskulýðslög að þessu leyti. Í athugasemdum um greinina kemur fram að áréttuð sé heimild skólastjóra til öflunar upplýsinga úr sakaskrá hvað varðar brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Kemur enn fremur fram að mikilvægt sé að áður en gengið er frá ráðningarsamningi liggi fyrir sakavottorð eða heimild til að afla upplýsinga, með samþykki umsækjanda. Í 3. mgr. 6. gr. frumvarps til laga um leikskóla er að finna samhljóða ákvæði og hér um ræðir. Í athugasemdum við þá grein kemur aftur á móti fram að heimild leikskólastjóra miðist við fullt sakavottorð og að heimildin nái til allra starfsmanna leikskóla. Segir enn fremur að komi fram á sakavottorði upplýsingar um refsiverða háttsemi viðkomandi sé það í höndum leikskólastjóra að meta með málefnalegum hætti hvort viðkomandi sé samt sem áður hæfur til að gegna starfi í leikskóla. Nefndin telur að setja verði hagsmuni barna í fyrsta sæti og í raun sé óhjákvæmilegt og réttmætt að komið sé í veg fyrir að einstaklingar sem brotið hafa gegn XXII. kafla almennra hegningarlaga sinni störfum sem fela í sér umgengni, umsjón og ábyrgð á börnunum. Enn fremur telur nefndin að slíkt bann skuli ná til allra kynferðisbrota, óháð því hversu langur tími er liðinn frá því að brotin voru framin, enda hafa rannsóknir jafnframt sýnt að hluti kynferðisbrotamanna endurtekur verknað sinn. Að mati nefndarinnar verða hagsmunir skólabarna ekki að fullu tryggðir nema ráðningarbannið sé ótakmarkað.

Nefndin telur því rétt að tiltaka allan kynferðisbrotakafla almennu hegningarlaganna til að taka af allan vafa um að ráðningarbannið nái til brota gegn 4. mgr. 210. gr. þeirra um vörslu barnakláms og tryggja þannig velferð barna með sem bestu móti. Þetta er til samræmis við þá áherslu sem lögð er á velferð barna í íslenskri löggjöf, sbr. t.d. 3. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar þar sem kveðið er á um að í lögum skuli börnum tryggð sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. Enn fremur má líta til alþjóðlegra skuldbindinga íslenska ríkisins, til að mynda ákvæða samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins þar sem í 19. gr. er kveðið á um að aðildarríki samningsins skuli „… gera allar viðeigandi ráðstafanir á sviði löggjafar, stjórnsýslu, félags- og menntunarmála til að vernda barn gegn hvers kyns líkamlegu og andlegu ofbeldi, meiðingum, misnotkun, vanrækslu, skeytingarleysi, illri meðferð eða notkun, þar á meðal kynferðislegri misnotkun, meðan það er í umsjá annars eða beggja foreldra, lögráðamanns eða lögráðamanna, eða nokkurs annars sem hefur það í umsjá sinni“.

Hvað varðar aðgang að sakavottorði einstaklinga, þá telur nefndin að orðalag 3. mgr. 11. gr. sé vel til þess fallið að gæta hvors tveggja í senn hagsmuna barna og atvinnufrelsis einstaklings en ítrekar að hún telji að skýringar við 3. mgr. 6. gr. frumvarps til laga um leikskóla skuli jafnframt eiga við um 3. mgr. 11. gr. Telur nefndin að með banni æskulýðslaga við ráðningu einstaklings sem hlotið hefur refsidóm fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni á undangengnum fimm árum sé seilst of langt. Orðalag 3. mgr. 11. gr. er samhljóða orðalagi 3. mgr. 6. gr. frumvarps til laga um leikskóla og leggur nefndin áherslu á að álit hennar sé að með þeirri grein og skýringum við hana sé skólastjórum veitt heimild til fulls aðgangs að sakavottorði viðkomandi umsækjanda. Með slíkum heimildum skólastjóra til fulls aðgangs

að sakavottorði sé treyst dómgreind og málefnalegu mati hans til að meta hvort viðkomandi einstaklingur sé þess verðugur að starfa með börnum á grunnskólastigi. Þannig er einstaklingur sem gerst hefur brotlegur við ákvæði laga um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, ekki útilokaður frá því að starfa í grunnskóla. Hér er oft um að ræða smávægileg brot sem að áliti nefndarinnar ættu ein og sér ekki að útiloka einstakling frá tækifæri til þess að starfa í grunnskóla. Telur nefndin því réttmætt að láta skólastjóra það eftir að meta hæfni einstaklings til starfs í hverju tilviki. Það að tryggja skólastjóra aðgang að fullu sakavottorði geri honum m.a. kleift að hafa þetta mat í sínum höndum. Nefndin leggur því ekki til breytingar á 3. mgr. 11. gr. frumvarpsins að teknu tilliti til álits hennar á skýringum við greinina.

Í 7. gr. frumvarps til laga um leikskóla er kveðið á um þagnarskyldu starfsfólks leikskóla. Aftur á móti er ekki að finna sambærilegt ákvæði í frumvarpi til laga um grunnskóla. Telur nefndin að full ástæða sé til að hafa slíkt ákvæði í lögunum og leggur til að því verði bætt við. Enn fremur er mikilvægt að ákvæði um þagnarskyldu komi inn í lagatextann svo að þagnarskylda nái yfir starfsfólk sjálfstætt rekinna grunnskóla sem ekki falla undir 2. mgr. 57. gr. sveitarstjórnarlaga þar sem mælt er fyrir um þagnarskyldu starfsmanna sveitarfélaga. Áréttar nefndin að þeir skólar sem hljóta viðurkenningu á grundvelli 43. gr. frumvarpsins lúti ákvæðum þess, sbr. einnig 1. gr. frumvarpsins. Er það einnig álit nefndarinnar að full ástæða sé til að ítreka þá skyldu barnaverndarlaga að tilkynna skuli til barnaverndarnefnda þegar grunur vaknar um að barn búi við vanrækslu eða ofbeldi. Með því að setja inn ákvæði um þagnarskyldu og árétta enn fremur tilkynningarskyldu samkvæmt barnaverndarlögum er tryggt að starfsfólk sjálfstætt starfandi grunnskóla skuli gæta þagmælsku um það sem það verður áskynja í starfi sínu, að teknu tilliti til upplýsingaskyldu barnaverndarlaga.

Í 12. gr. frumvarpsins er kveðið á um rétt kennara og skólastjóra grunnskóla til símenntunar. Því sjónarmiði var hreyft fyrir nefndinni að símenntunarákvæði eigi almennt ekki heima í lagatexta heldur sé þar um að ræða réttindi sem tilheyra eigi kjarasamningum. Hins vegar komu jafnframt umsagnir í þá átt að tryggja þyrfti fleiri fagaðilum en skólastjórum og kennurum rétt til símenntunar. Hér takast því á ákveðin grundvallarsjónarmið um hvort ákvæði um símenntun einstakra hópa eigi heima í lögum eða ekki. Er það sjónarmið nefndarmanna að réttur til símenntunar starfsmanna sé almennt kjarasamningsatriði. Hvergi er í sérlögum fjallað um símenntunarrétt einstakra fagstétta sem viðkomandi lög ná yfir og má í þessum efnum til að mynda nefna félagsráðgjafa, sálfræðinga, heilbrigðisfulltrúa, bókasafnsfræðinga o.s.frv. Ástæða þess að kveðið er á um slík réttindi kennara er í raun arfleifð frá því að grunnskólinn var færður frá ríki yfir til sveitarfélaga. Var um að ræða framlag ríkisins til þess að styðja við menntun kennara líkt og áður var. Leggur nefndin því til að 3. mgr. 12. gr. frumvarpsins verði færð inn í bráðabirgðaákvæði frumvarpsins. Áréttar nefndin aftur á móti að með því að setja ákvæðið í ákvæði til bráðabirgða er ekki verið að gera tillögu um breytingu á núverandi skipulagi heldur eingöngu að skapa möguleika á að aðilar geti samið um breytt fyrirkomulag kjósi þeir svo.

Sérfræðiþjónusta.

Samfélagslegt gildi menntunar er ótvírætt en hún er líka mikilvæg forsenda þess að einstaklingur geti fótað sig í nútímasamfélagi og hún getur skipt sköpum um möguleika einstaklings til að sjá sér og sínum farborða og njóta annarra grundvallarréttinda. Í mörgum alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að er fjallað um mikilvægi menntunar og rétt til hennar. Sem dæmi má nefna mannréttindayfirlýsingu og barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, mannréttindasáttmála Evrópu, alþjóðasamning um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi

og Salamanca-yfirlýsinguna. Jafnframt er vinna hafin við fullgildingu sáttmála Sameinuðu þjóðanna um málefni fatlaðra, sem undirritaður var af hálfu Íslands 30. mars 2007. Það sem er sameiginlegt með þessum samningum er jafn réttur allra einstaklinga til menntunar. Enn fremur er í stjórnarskránni kveðið á um rétt allra til almennrar menntunar og fræðslu við sitt hæfi, sbr. 2. mgr. 76. gr. Í lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, er jafnframt fjallað um rétt fatlaðra einstaklinga til þjónustu ríkis og sveitarfélaga og sérstaklega tekið fram í 7. gr. að ávallt skuli leitast við að veita fötluðum þjónustu samkvæmt almennum lögum á sviði menntunar og heilbrigðis- og félagsþjónustu. Ef aftur á móti kemur í ljós að viðkomandi einstaklingur þarf á þjónustu að halda sem verður ekki fullnægt innan almennrar þjónustu skal hann fá þjónustu samkvæmt lögum um málefni fatlaðra. Í 3. mgr. 5. gr. frumvarpsins er lögð sú skylda á sveitarfélögin að öll skólaskyld börn skv. 3. gr. njóti skólavistar. Er grunnskóli því eitt af lögbundnum hlutverkum sveitarfélaga. Í VIII. kafla gildandi laga um grunnskóla er kveðið á um sérfræðiþjónustu. Í 40. gr. frumvarpsins er kveðið á um skipulag og framkvæmd sérfræðiþjónustu og eru gerðar töluverðar breytingar frá gildandi lögum. Má þar fyrst og fremst nefna að hlutverk sérfræðiþjónustunnar er opnara auk þess sem það er í höndum sveitarfélaga að ákveða fyrirkomulag hennar. Skulu sveitarfélög, á grundvelli 1. mgr. 40. gr., tryggja að sérfræðiþjónusta sé veitt í grunnskólum, ákveða fyrirkomulag hennar og stuðla að því að hún fari fram innan grunnskóla. Þjónustan skal fela í sér stuðning við nemendur og fjölskyldur þeirra sem og við starfsemi grunnskólans og starfsfólks hans. Í 2. mgr. 40. gr. er lögð rík áhersla á forvarnastarf með skimun og athugunum á nemendum með það að markmiði að tryggja hverju barni kennslu og námsaðstoð við hæfi. Enn fremur kemur fram að slíkar athuganir skuli ekki gera án samráðs eða samþykkis foreldra. Áréttar nefndin að krafa um samþykki foreldra er í samræmi við álit menntamálaráðuneytis frá nóvember 1997. Í greininni eru gerðar tillögur um breytingar á hlutverki sérfræðiþjónustu sveitarfélaga og er ábyrgð stjórnenda og starfsmanna grunnskóla aukin á því að nemendum með sérþarfir verði veitt öll þjónusta sem þeir þurfa á að halda. Í umsögnum sveitarfélaga hefur komið fram gagnrýni á þessi auknu verkefni sveitarfélaganna sem og að hluti sérfræðiþjónustu við grunnskólabörn er á forræði annarra aðila en sveitarfélaga, svo sem sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun og talkennsla. Starfsfólk sérfræðiþjónustu sveitarfélaga hafi ekki vald til að skipuleggja þjónustu þessara aðila en skv. 4. mgr. 40. gr. frumvarpsins skal skólastjóri samræma innan hvers skóla störf þeirra aðila sem sjá um málefni hvers nemanda með stofnun nemendaverndarráðs. Hlutverk slíks ráðs er að vera samráðsvettvangur fagfólks vegna málefna einstakra barna sem þurfa sérfræðiþjónustu, langveikra barna og barna sem eru með hegðunarerfiðleika, hafa orðið fyrir einelti eða átt í öðrum erfiðleikum. Hér er þó einungis átt við málefni sem lúta að sérfræðiþjónustu, námsráðgjöf og skólaheilsugæslu. Sveitarfélög skulu þó jafnframt hafa frumkvæði að samstarfi við aðila sem annast sérhæfð greiningar- og meðferðarúrræði á vegum ríkisins vegna einstakra nemenda. Telur nefndin því að undirstrika verði að þótt sveitarfélög skuli stuðla að því að þjónustan geti farið fram innan leikskóla þurfa sumir einstaklingar þjálfun sem ekki er möguleg í skólahúsnæðinu. Aftur á móti ítrekar nefndin að sveitarfélög skuli stuðla að því að þjónustan geti farið fram innan skólans. Telur nefndin að ítreka skuli þá skyldu sveitarfélaganna og leggur hún til að í skólahúsnæðinu sjálfu skuli gert sérstaklega ráð fyrir rými fyrir sérfræðiþjónustu við börn með sérþarfir sem og vinnuaðstöðu starfsfólks. Áréttar nefndin að hér er jafnframt verið að gera sömu kröfur og gerðar eru um húsnæði leikskóla. Í 40. gr. kemur einnig fram að það sé í höndum skólastjóra að samræma sérfræðiþjónustu viðkomandi barns. Með ákvæðinu er verið að styrkja forstöðuhlutverk skólastjóra grunnskóla og er því ætlað að gera honum kleift að samræma sérfræðiþjónustu

viðkomandi barns við stundaskrá og vikuáætlanir þess og gera vinnuviku barnsins sem heildstæðasta. Í því skyni er nauðsynlegt að samhæfa þá sérfræðiþjónustu sem veitt er af sveitarfélagi og öðrum sérfræðingum, t.d. á heilbrigðissviði, sem annast viðkomandi barn. Fram hefur komið í máli fulltrúa menntamálaráðuneytisins að starfandi sé nefnd á vegum ráðuneytisins sem hefur það hlutverk að skilgreina betur störf og þjónustu við fötluð börn í leik- og grunnskólum, óháð því hver veitir þjónustuna. Í starfi þeirrar nefndar hefur áhersla verið lögð á að leik- og grunnskólar gegni lykilhlutverki í samræmingarvinnu á þessu sviði og að sérfræðiþjónustan geti farið sem mest fram innan skólanna sjálfra.

Í 4. mgr. 20. gr. frumvarpsins er kveðið á um að ráðherra setji reglugerð um húsnæði og búnað í grunnskóla í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Er það álit nefndarinnar að eðlilegt sé að kveða á um slíkt samráð í lagagreininni enda bera sveitarfélög ábyrgð á húsnæði og búnaði grunnskólahúsnæðis, sbr. 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins. Nefndin telur þó mikilvægt að samráð verði jafnframt haft við samtök fatlaðra svo sjónarmið þeirra komist á framfæri enda kveður frumvarpið á um að stuðla skuli að því að sérfræðiþjónusta fari fram innan grunnskólans, sbr. 40. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. 20. gr. frumvarpsins er að finna ákvæði er varðar gerð skólahúsnæðis og kröfu um að húsnæðið og allur aðbúnaður skuli tryggja öryggi og vellíðan nemenda, svo sem húsbúnaður, hljóðvist, lýsing og loftræsting. Nokkur umræða um þessa grein átti sér stað innan nefndarinnar. Eru nefndarmenn sammála um að jafnframt verði að hafa öryggi og vellíðan starfsfólks grunnskóla að leiðarljósi hvað varðar skólahúsnæði og aðbúnað og leggur til breytingu þess efnis.

Nemendur og foreldrar.

Í IV. kafla frumvarpsins er fjallað um nemendur grunnskóla. Miklar umræður fóru fram innan nefndarinnar um 2. mgr. 17. gr. og þá nemendur sem rétt eiga á sérstökum stuðningi í námi í samræmi við metnar sérþarfir. Umræðan snerist fyrst og fremst um hverjir skyldu vera tilgreindir í ákvæðinu. Er það álit nefndarinnar að upptalningar af þessu tagi séu sjaldan heppilegar í lagatexta og bjóði heim hættu á þeirri túlkun að um tæmandi upptalningu sé að ræða og því megi gagnálykta að þeir sem ekki eru tilgreindir í viðkomandi ákvæði eigi ekki undir það. Aftur á móti telur nefndin að í tilviki 2. mgr. 17. gr. eigi slík hætta ekki að vera fyrir hendi þar sem í ákvæðinu segir: „… og aðrir nemendur með heilsutengdar sérþarfir …“ Undirstrikar nefndin að hér sé ekki um tæmandi upptalningu að ræða og því geti einstaklingar sem til að mynda greinast með þroskaröskun átt rétt á sérstökum stuðningi í námi. Enn fremur bendir nefndin á að ekki er fjallað um rétt bráðgerra barna til sérstakrar aðstoðar. Er það álit nefndarinnar að ekki verði síður að taka tillit til þeirra barna enda geti þau börn jafnframt þurft á sérstakri aðstoð að halda.

Ítarleg umræða fór einnig fram innan nefndarinnar um 5. mgr. 17. gr. þar sem kveðið er á um ákvörðunarvald skólastjóra sé ágreiningur á milli foreldra og grunnskóla um fyrirkomulag skólavistar. Telur nefndin rétt að leggja til breytingu á ákvæðinu á þann veg að allur vafi sé tekinn af um það að ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, gildi við úrlausn slíks ágreinings en eigi ekki einungis við um ákvörðunina sjálfa. Er það álit nefndarinnar að með þeim hætti sé tryggt að málsmeðferð og ákvarðanataka lúti reglum laganna. Þannig gilda reglur stjórnsýsluréttarins eins og rannsóknarregla, andmælaréttur, málshraði o.fl. um ákvarðanatökuna sjálfa. Jafnframt undirstrikar nefndin að álit sérfræðinga skuli haft til hliðsjónar við ákvörðun í málinu og að hagsmunir barnsins skuli hafðir að leiðarljósi. Með þessu móti telur nefndin

að tryggt sé að ákvarðanir um fyrirkomulag skólavistar geti ekki byggst á geðþótta viðkomandi skólastjóra og réttar foreldra sé gætt.

Nefndin leggur jafnframt til þá breytingu að í reglugerð sem ráðherra er heimilt að setja á grundvelli 2. mgr. 18. gr. skuli kveða á um meðferð, eyðingu og miðlun upplýsinga á milli skólastiga. Tekur nefndin þar með undir þau sjónarmið sem fram hafa komið í athugasemdum en bæði sveitarfélög og skólar telja þörf á skýrari reglum um þessi atriði.

Enn fremur var í umfjöllun nefndarinnar rætt um nemendalýðræði í skólum og aðkomu nemenda að málefnum er varða þá sjálfa. Er það álit nefndarinnar að sú tillaga 8. gr. frumvarpsins að nemendur skuli ekki eiga fastan fulltrúa í skólaráði heldur einungis gefinn kostur á að taka þátt í umræðum ráðsins þegar fjallað er um velferðar- og hagsmunamál þeirra, sem jafnframt er háð ákvörðun ráðsins, veiti nemendum ekki nægan rétt til aðkomu að sínum málefnum. 2. mgr. 10. gr. frumvarpsins kveður síðan á um að nemendaráð skuli árlega fá starfsáætlun skóla til umsagnar sem og aðrar áætlanir er varða skólahaldið. Telur nefndin að hér sé ekki gætt að hagsmunum nemenda. Í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna segir að aðildarríki samningsins skuli tryggja að réttmætt tillit sé tekið til skoðana barns í öllum þeim málum sem það varða. Leggur nefndin því til þá breytingu að nemendur fái tvo fasta fulltrúa til setu í skólaráði. Með þeim hætti er aukið á nemendalýðræði innan grunnskólans og nemendum gefinn kostur á að taka þátt í umfjöllun um starfsáætlun skólans sem og aðrar áætlanir um skólastarfið.

Í 1. mgr. 13. gr. er enn fremur fjallað um rétt nemenda til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri varðandi námsumhverfi, námstilhögun og fyrirkomulag skólastarfs. Með vísun til barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna leggur nefndin jafnframt til að breytingar verði gerðar á ákvæðinu þannig að réttur nemenda verði aukinn og að þeir geti komið sjónarmiðum sínum á framfæri við aðrar ákvarðanir sem snerta þá en þær sem taldar eru upp í frumvarpinu. Enn fremur telur nefndin rétt að undirstrika að tillit skuli tekið til sjónarmiða þeirra eins og unnt er.

Mikil umræða var innan nefndarinnar um rétt nemenda til náms- og starfsráðgjafar. Í 2. mgr. 13. gr. frumvarpsins er kveðið á um rétt nemenda til að njóta námsráðgjafar og ráðgjafar um náms- og starfsval. Með aukinni áherslu á einstaklingsmiðað nám, val nemenda í námi og samfellu milli skólastiga er það álit nefndarinnar að tryggja verði nemendum grunnskóla rétt til náms- og starfsráðgjafar og ráðgjafar um náms- og starfsval frá til þess bærum sérfræðingum, þ.e. háskólamenntuðum í náms- og starfsráðgjöf. Leggur nefndin til breytingar sem taka af öll tvímæli um þennan skilyrðislausa rétt grunnskólanema.

3. mgr. 27. gr. frumvarpsins fjallar um rétt nemenda og foreldra þeirra til að skoða metnar prófúrlausnir. Töluverð umræða átti sér stað meðal nefndarmanna um þetta ákvæði og voru nefndarmenn sammála um að það væri of þröngt. Oft er námsmat ekki einungis miðað við prófúrlausnir heldur jafnframt verkefni sem nemendur skila af sér. Telur nefndin því rétt að leggja til breytingu á ákvæðinu í þá átt að það nái yfir þær tegundir námsmats sem notaðar eru og einnig þær aðferðir og tæki sem notuð eru við matið.

Í 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins kemur fram sú skilgreining að þeir sem fara með forsjá barns í skilningi barnalaga teljast foreldrar þess. Með þessu er leitast við að koma til móts við þann fjölda foreldra sem hefur sameiginlega forsjá. Hins vegar er ekki gerður greinarmunur á sameiginlegri forsjá þegar foreldrar búa saman og sameiginlegri forsjá þegar foreldrar barns búa ekki saman. Getur þetta skapað óvissu í framkvæmd þegar kemur að samvinnu, samráði og samþykki foreldra um atriði er varða barn þeirra og hvort eigi að ganga út frá því að forsjárforeldrar séu alltaf í sambærilegri eða sömu stöðu. Nefndin telur að mikilvægt sé að staða

foreldra sem fara með sameiginlega forsjá en búa ekki saman verði gerð skýr þegar kemur að málefnum barna þeirra, til að mynda þegar kemur að framkvæmd sérfræðiþjónustu, sbr. 40. gr. frumvarpsins, og hvernig skuli staðið að samþykki slíkrar þjónustu, þ.e. hvort samþykki beggja foreldra sé nauðsynlegt.

Í 4. mgr. 18. gr. frumvarpsins er kveðið á um rétt foreldra sem ekki tala íslensku eða nota táknmál. Er í greininni lögð sú skylda á skóla að leitast við að tryggja þeim túlkun á upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna samskipta foreldra og skóla samkvæmt 1. mgr. greinarinnar þar sem kveðið er á um rétt þeirra til upplýsinga um skólastarfið og stöðu barna sinna. Nokkur umræða átti sér stað um hvort kveða ætti sterkara að orði og gera skyldu skólans ótvíræðari. Telur nefndin að ekki beri að breyta ákvæðinu enda sé lögð sú skylda á grunnskólann að leitast við að tryggja túlkun á viðkomandi upplýsingum.

Nefndin leggur jafnframt til aðrar smávægilegar breytingar á frumvarpinu sem einkum varða lagatæknileg atriði.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Kolbrún Halldórsdóttir og Höskuldur Þórhallsson skrifa undir álit þetta með fyrirvara.

Paul Nikolov var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Kjartan Eggertsson sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi í stað Jóns Magnússonar og er hann samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 9. maí 2008.

Sigurður Kári Kristjánsson, form., frsm.	Einar Már Sigurðarson.	Pétur H. Blöndal.
Guðbjartur Hannesson.	Höskuldur Þórhallsson, með fyrirvara.	Ragnheiður Ríkharðsdóttir.
Katrín Júlíusdóttir.	Kolbrún Halldórsdóttir, með fyrirvara.	

1008. Breytingartillögur [285. mál]

við frv. til l. um grunnskóla.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 2. gr.
   a. 2. málsl. 1. mgr. orðist svo: Starfshættir grunnskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, kristinni arfleifð íslenskrar menningar, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi.
   b. Á eftir orðinu „efla“ í 1. málsl. 2. mgr. komi: færni þeirra í íslensku máli.
2. Við 3. gr. Í stað orðsins „Foreldri“ í síðari málslið síðari málsgreinar komi: Foreldrar.

3. Við 5. gr.
   a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sveitarstjórn skal koma á samstarfi leikskóla og grunnskóla annars vegar og grunnskóla og framhaldsskóla hins vegar.
   b. 3. mgr. orðist svo:

      Sveitarfélögum er skylt að sjá til þess að skólaskyld börn skv. 3. gr., sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, og börnum sem hefur verið ráðstafað í fóstur til fósturforeldra, sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, njóti skólavistar eftir því sem nánar segir í lögum þessum.
4. Við 6. gr.
   a. Á eftir orðinu „börn“ í a-lið 2. mgr. komi: sem rétt eiga á skólavist.
   b. Við b-lið 2. mgr. bætist: og skólanámskrá einstakra skóla.
   c. Í stað orðanna „að jafnan“ í e-lið 2. mgr. komi: að sjá til þess að jafnan.
5. Við 7. gr. Í stað lokamálsliðar 1. mgr. komi þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Skólastjóri boðar til kennarafunda svo oft sem þurfa þykir á starfstíma grunnskóla. Kennarafundi skulu sækja kennarar og aðrir sérfræðingar skólans. Skólastjóri boðar til starfsmannafunda svo oft sem þurfa þykir.
6. Við 8. gr.
   a. Í stað orðsins „sjö“ í 1. málsl. 2. mgr. komi: níu.
   b. Á eftir orðunum „viðkomandi skóla“ í 1. málsl. 2. mgr. komi: tveimur fulltrúum nemenda.
   c. 3. málsl. 2. mgr. falli brott.
   d. Í stað orðanna „er heimilt að setja reglugerð“ í 3. mgr. komi: setur reglugerð.
7. Við 10. gr.
   a. 2. mgr. falli brott.
   b. Í stað orðanna „fulltrúa þess til þátttöku í umræðum skólaráðs“ í 3. mgr., sem verði 2. mgr., komi: fulltrúa í skólaráð.
8. Við 11. gr.
   a. Í stað orðsins „starfsliðs“ í 1. mgr. og sama orðs hvarvetna annars staðar í frumvarpinu komi, í viðeigandi beygingarfalli: starfsfólks.
   b. Orðið „stjórnandi“ í 2. mgr. falli brott.
   c. Fyrirsögn greinarinnar verði: *Ráðning.*
9. Við 12. gr.
   a. Við bætist tvær nýjar málsgreinar er verði 1. og 2. mgr., svohljóðandi:

      Starfsfólk grunnskóla skal rækja starf sitt af fagmennsku, alúð og samviskusemi. Það skal gæta kurteisi, nærgætni og lipurðar í framkomu sinni gagnvart börnum, foreldrum þeirra og samstarfsfólki.

      Starfsfólk grunnskóla skal gæta fyllstu þagmælsku um hagi barna og foreldra þeirra, sem það fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna og eðli máls. Þagnarskylda helst þótt viðkomandi láti af störfum. Þagnarskylda starfsfólks grunnskóla nær ekki til atvika sem ber að tilkynna um lögum samkvæmt. Skal skólastjóri brýna skyldur þessar fyrir starfsfólki og sérstaklega tilkynningarskyldu samkvæmt barnaverndarlögum.
   b. Orðin „kennara og annars“ í 1. mgr., er verði 3. mgr., falli brott.
   c. 3. mgr. falli brott.
   d. Fyrirsögn greinarinnar verði: *Starfsfólk.*
10. Fyrirsögn III. kafla verði: **Starfsfólk grunnskóla.**

11. Við 13. gr.
    a. Í stað lokamálsliðar 1. mgr. komi tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Nemendur eiga rétt á því að koma sjónarmiðum sínum á framfæri varðandi námsumhverfi, námstilhögun, fyrirkomulag skólastarfs og aðrar ákvarðanir sem snerta þá. Taka skal tillit til sjónarmiða þeirra eins og unnt er.
    b. 3. mgr. verði svohljóðandi:
       Nemendur eiga rétt á að njóta náms- og starfsráðgjafar í grunnskóla af til þess bærum sérfræðingum.
12. Við 14. gr. Við 1. mgr. bætist: og þroska.
13. Við 16. gr.
    a. Við bætist ný málsgrein er verði 1. mgr., svohljóðandi:
       Kennsla í grunnskólum skal fara fram á íslensku. Heimilt er að nám fari fram á öðrum tungumálum en íslensku þegar það leiðir af eðli máls eða aðalnámskrá.
    b. Í stað orðanna „möguleikum á“ í síðari málslið 1. mgr., er verði 2. mgr., komi: rétti þeirra til.
14. Við 17. gr. 5. mgr. orðist svo:
    Verði ágreiningur um fyrirkomulag skólavistar barns skal við úrlausn hans gæta ákvæða stjórnsýslulaga. Skal ákvörðun tekin með hliðsjón af áliti sérfræðinga og með heildarhagsmuni barnsins að leiðarljósi. Ákvörðun er kæranleg samkvæmt fyrirmælum 47. gr.
15. Við 18. gr.
    a. 1. málsl. 2. mgr. orðist svo: Foreldrum er skylt að veita grunnskóla upplýsingar um barn sitt sem nauðsynlegar eru fyrir skólastarfið og velferð barnsins.
    b. Á eftir orðinu „meðferð“ í lokamálslið 2. mgr. komi: eyðingu og miðlun.
16. Við 19. gr. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður er verði 1. málsl., svohljóðandi: Foreldrar bera ábyrgð á námi barna sinna og ber þeim að fylgjast með námsframvindu þeirra í samvinnu við þau og kennara þeirra.
17. Við 20. gr.
    a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Gert skal sérstaklega ráð fyrir rými fyrir sérfræðiþjónustu við börn með sérþarfir og vinnuaðstöðu starfsfólks.
    b. Á eftir orðinu „nemenda“ í síðari málslið 2. mgr. komi: og starfsfólks.
    c. Orðin „við hönnun grunnskólahúsnæðis“ í 3. mgr. falli brott.
18. Við 25. gr. Á eftir orðinu „samfélagsgreinum“ í síðari málsgrein komi: jafnréttismálum, trúarbragðafræði.
19. Við 26. gr. Í stað orðanna „eiga nemendur“ í 2. mgr. komi: skulu nemendur eiga.
20. Við 27. gr. 1. málsl. 3. mgr. orðist svo: Nemendur og foreldrar þeirra eiga rétt á upplýsingum um niðurstöður mats, matsaðferðir og matstæki, þar með talið að skoða metin verkefni og prófúrlausnir.
21. Við 28. gr. Í stað orðanna „1. mgr.“ í lokamálsgrein komi: 2. mgr.
22. Við 29. gr.
    a. Í stað 1. málsl. 1. mgr. komi tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Í hverjum grunnskóla skal gefa út skólanámskrá og starfsáætlun. Skólastjóri er ábyrgur fyrir gerð þeirra og skal semja þær í samráði við kennara.
    b. Orðin „nemendafélag til umsagnar og fyrir“ í síðari málslið 2. mgr. falli brott.
23. Við 31. gr. Í stað orðsins „Gjaldskrárákvarðanir“ í lokamálsgrein komi: Ákvarðanir um gjaldtöku.

24. Við 37. gr.
    a. Orðið „árlega“ í fyrri málsgrein falli brott.
    b. Á eftir orðunum „innra mat skóla“ í fyrri málsgrein komi: ytra mat sveitarfélaga.
    c. Orðin „leitast við að“ í síðari málsgrein falli brott.
25. Við 40. gr.
    a. Á eftir orðunum „félagsþjónustu sveitarfélags“ í síðari málslið 4. mgr. komi: og barnaverndaryfirvöld.
    b. Á eftir orðinu “félagsþjónustu” í 1. málslið 5. mgr. komi: barnaverndaryfirvalda.
26. Við 45. gr. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður er verði 3. málsl., svohljóðandi: Sveitarstjórn getur ákveðið að skólaráð, sbr. 8. gr., og foreldraráð, sbr. 11. gr. laga um leikskóla, starfi sameiginlega í einu ráði.
27. Við 47. gr. Í stað tilvísunarinnar „4. mgr. 17. gr.“ í fyrri málsgrein komi: 5. mgr. 17. gr.
28. Við ákvæði til bráðabirgða II.
    a. Við bætist ný málsgrein er verði 1. mgr., svohljóðandi:
    Sveitarfélög skulu greiða upphæð er svarar til 1,3% af dagvinnulaunum kennara og skólastjóra í sveitarfélaginu í sérstakan sjóð er Samband íslenskra sveitarfélaga annast rekstur á og varðveitir. Úr sjóði þessum skulu greidd laun kennara og skólastjóra við grunnskóla vegna námsleyfa allt að einu ári. Sjóðurinn ráðstafar einnig þeim fjármunum sem ríkið veitir til símenntunar kennara og skólastjóra. Samband íslenskra sveitarfélaga skipar fimm menn í stjórn sjóðsins, tvo tilnefnda af Kennarasambandi Íslands og þrjá af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Stjórn sjóðsins setur sér starfsreglur og birtir þær.
    b. Í stað orðanna „3. mgr. 12. gr.“ í fyrri málsgrein, er verði 2. mgr., komi: 1. mgr.
    c. Í stað orðanna „1. mgr.“ í síðari málsgrein, er verði 3. mgr., komi: 2. mgr.
    d. Í stað orðanna „3. mgr. 12. gr. laga þessara“ í síðari málsgrein, er verði 3. mgr., komi 1. mgr.
29. Við bætist tvö ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
    a. (IV.)
    Skólanefndir sem kosnar hafa verið samkvæmt lögum nr. 66/1995, um grunnskóla halda umboði sínu.
    b. (V.)
    Samræmd könnunarpróf skv. 39. gr. skulu í fyrsta sinn fara fram vorið 2009.

1009. Nefndarálit [286. mál]

um frv. til l. um framhaldsskóla.

Frá meiri hluta menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund sinn Þórhall Vilhjálmsson, Guðmund Árnason, Arnór Guðmundsson og Karl Kristjánsson frá menntamálaráðuneyti. Einnig komu á fundinn fulltrúar úr nefnd menntamálaráðherra um endurskoðun laga um framhaldsskóla Aðalheiður Steingrímsdóttir og Anna María Gunnarsdóttir, fulltrúar framhaldsskólakennara, Jón B. Stefánsson fulltrúi skólastjórnenda ásamt Svandísi Ingimundardóttur áheyrnarfulltrúa

í nefndinni. Guðjón Bragason, Gunnlaugur Júlíusson og Valgerður Freyja Ágústsdóttir komu frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Kristbjörg Stephensen borgarlögmaður kom einnig á fund nefndarinnar. Frá Kennarasambandi Íslands komu Elna Katrín Jónsdóttir, frá Félagi framhaldsskólakennara Aðalheiður Steingrímsdóttir og Anna María Gunnarsdóttir. Einnig komu á fund nefndarinnar Ingibjörg Karlsdóttir frá ADHD-samtökunum, Halldór Grönvold frá Alþýðusambandi Íslands, Jón Már Héðinsson skólameistari Menntaskólans á Akureyri, Ásgeir Guðmundsson, Sindri Rafn Þrastarson og Gabríella Unnur Kristjánsdóttir frá Sambandi íslenskra framhaldsskólanema, Alma Joensen frá Stúdentaráði Háskóla Íslands, Sigríður Anna Guðjónsdóttir frá Starfsgreinaráði skrifstofu- og verslunargreina, Þorsteinn Gunnarsson, Baldur Sæmundsson, Níels Hjaltason og Ólafur Jónsson frá Starfsgreinaráði matvæla-, veitinga- og ferðaþjónustugreina, Magnús Þór Ásmundsson frá Starfsgreinaráði í málm-, véltækni- og framleiðslugreinum, Gylfi Einarsson frá Iðunni fræðslusetri og Rakel Jensdóttir frá Persónuvernd.

Þá bárust nefndinni umsagnir, ályktanir eða erindi frá Háskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri, Félagsvísindadeild Háskóla Íslands, Stúdentaráði Háskóla Íslands, Myndlistarskólanum í Reykjavík, Landbúnaðarháskóla Íslands, Sölva Sveinssyni og Elfu Hrönn Guðmundsdóttur (Listmenntaskóla Íslands), Kennarasambandi Íslands, Félagi framhaldsskólakennara, Félagi dönskukennara, Félagi íslenskra myndlistarkennara, Kennarafélagi Kvennaskólans, Félagi kennara Menntaskólans í Reykjavík, Kennarafélagi Menntaskólans á Akureyri, Kennarafélagi Fjölbrautaskólans í Breiðholti, Bandalagi háskólamanna, Félagsráðgjafafélagi Íslands, Félagi náms- og starfsráðgjafa, Iðjuþjálfafélagi Íslands, Þroskaþjálfafélagi Íslands, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, Þroskahjálp, Barnaheillum, umboðsmanni barna, Barnaverndarstofu, Samtökunum Heimili og skóli, Persónuvernd, Jafnréttisstofu, Lýðheilsustöð, Rauða krossi Íslands, félagsmálaráðuneytinu – innflytjendaráði, Grétu Jónsdóttur, fjölskyldu- og hjónaráðgjafa DIP, Sjónarhóli, Umhyggju, ADHD-samtökunum, Styrktarfélagi krabbameinssjúkra barna, Félagi lesblindra á Íslandi, Prestafélagi Íslands, biskupi Íslands, Samstarfshópi bókasafnsfræðinga í framhaldsskólum, Alþýðusambandi Íslands, Samtökum atvinnulífsins, Starfsgreinaráði skrifstofu- og verslunargreina, Starfsgreinaráði matvæla-, veitinga- og ferðaþjónustugreina, Starfsgreinaráði í málm-, véltækni- og framleiðslugreinum, Iðunni fræðslusetri, Matvæla- og veitingafélagi Íslands, Sambandi íslenskra framhaldsskóla, Sambandi íslenskra framhaldsskólanema, Samtökum áhugafólks um skólaþróun, Félagi um menntarannsóknir, Íslenskri málnefnd, safnaráði, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Eyþingi, Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Akureyrarbæ, Ásahreppi, Fljótsdalshéraði, Langanesbyggð, Mýrdalshreppi, Reykjavíkurborg, Seltjarnarnesbæ, Sveitarfélaginu Ölfusi, Tálknafjarðarhreppi og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Þann 7. desember 2007 var fjórum frumvörpum vísað til meðferðar í nefndinni. Var hér um að ræða frumvörp til heildarlaga um leik-, grunn- og framhaldsskóla ásamt frumvarpi til laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Frumvörp þessi mynda umgjörð um skólamál í landinu allt að háskólastigi og er ætlað að auka samfellu og sveigjanleika í skólastarfi og tryggja skóla án aðgreiningar. Í upphafi starfs nefndarinnar var ljóst að mikil vinna væri fyrir höndum og hefur nefndin haft fasta vikulega aukafundi til að fjalla um málin.

Með frumvarpi til laga um framhaldsskóla eru lagðar til miklar breytingar á skipulagi og starfsemi framhaldsskóla. Verið er að hverfa frá samræmingarviðmiðum og miðstýringu og auka sjálfstæði skóla. Mun gerð námsbrautarlýsinga verða í höndum skólanna sjálfra og má

því búast við fjölbreyttara námsframboði sem jafnframt muni fylgja þjóðfélagsbreytingum. Með frumvarpinu er einnig lagt til að taka upp nýtt einingakerfi sem tekur yfir allt nám á framhaldsskólastigi, hvort sem um er að ræða iðnnám eða bóknám. Er hér um að ræða kerfi sem samsvarar svokölluðu ECTS-kerfi fyrir háskóla, þ.e. að ársvinna nemenda jafngildi 60 einingum. Miklar breytingar eru gerðar á námslokum í framhaldsskóla og gert er ráð fyrir framhaldsskólaprófi, prófi til starfsréttinda, stúdentsprófi, annars konar lokaprófi og viðbótarnámi við framhaldsskóla. Komið er á fræðsluskyldu til 18 ára aldurs með því að kveða á um rétt nemenda til að innritast og stunda nám í framhaldsskóla sem og skyldu hvers framhaldsskóla að hafa starfandi foreldraráð. Jafnframt eru lagðar til breytingar á hlutverki starfsgreinaráða og er lagður grunnur að öflugra gæðaeftirliti en gildandi lög gera ráð fyrir.

Nefndin ræddi ákvæði frumvarpsins ítarlega á fundum sínum. Meðal þeirra atriða sem hvað mesta umræðu fengu meðal nefndarmanna voru ákvæði frumvarpsins um starfsfólk og skólastjórnendur framhaldsskóla, ákvæði IV. kafla sem fjallar um skipulag náms og námslok, með sérstakri áherslu á nýtt einingakerfi, framhaldsskólapróf og fræðsluskyldu til 18 ára aldurs ásamt 18. gr. um stúdentspróf. Einnig voru ákvæði V. kafla um námskrár og námsbrautir rædd, hlutverk starfsgreinaráða og vinnustaðanám ásamt stöðu nemenda og nemendafélaga.

Hlutverk framhaldsskóla.

Hlutverk framhaldsskóla er fyrst og fremst tvíþætt, að búa nemendur undir þátttöku í atvinnulífinu og frekara nám. Skulu þeir enn fremur stuðla að alhliða þroska nemenda sinna og virkri þátttöku þeirra í lýðræðissamfélagi. Þessu hlutverki sínu skulu þeir ná með því að bjóða hverjum nemanda nám við hæfi, sbr. 1. mgr. 2. gr. Í 2. mgr. greinarinnar kemur fram að skólarnir skuli efla siðferðisvitund, ábyrgðarkennd, víðsýni o.fl. Telur meiri hluti nefndarinnar að rétt sé að leggja áherslu á að hlutverk framhaldsskóla skuli jafnframt vera að efla færni nemenda sinna í íslensku máli, bæði töluðu og rituðu og leggur til að breyting verði gerð á málsgreininni. Er þetta álit meiri hlutans í samræmi við þau fyrirmæli sem finna má í 1. mgr. 35. gr., að kennsla í framhaldsskólum skuli fara fram á íslensku. Vill meiri hlutinn nefndarinnar einnig undirstrika mikilvægi jafnréttismála í þjóðfélaginu og leggur til að breyting verði gerð á málsgreininni í þá átt.

Nám í framhaldsskóla.

Í V. kafla frumvarpsins er fjallað um námskrár og námsbrautir. Skapaðist mikil umræða innan nefndarinnar um þennan kafla frumvarpsins og þær breytingar sem í honum felast. Felast þær fyrst og fremst í því að ef frumvarpið verður að lögum mun menntamálaráðuneytið einungis gefa út almennan hluta aðalnámskrár, sbr. 21. gr. frumvarpsins. Hinn hluti aðalnámskrár byggist á námsbrautarlýsingum skv. 23. gr. sem skólarnir setja og hlotið hafa staðfestingu ráðherra. Að mati meiri hlutans er mikilvægt að varpa ljósi á innihald kaflans. Í fyrsta lagi skiptist aðalnámskrá í almennan hluta og námsbrautarlýsingar. Almenna hluta námskrárinnar setur ráðherra þar sem útfærðir eru starfshættir og markmið framhaldsskóla og skal kaflinn a.m.k. innihalda þau atriði sem talin eru upp í 2. mgr. 21. gr. Á grundvelli 22. gr. setja framhaldsskólar sér skólanámskrá sem jafnframt skiptist í almennan hluta og námsbrautarlýsingar skv. 23. gr. frumvarpsins. Almenni hluti skólanámskrár skal í meginatriðum innihalda sambærileg atriði og almennur hluti aðalnámskrár, sbr. 2. mgr. 22. gr. frumvarpsins. Í honum skal þó einnig fjallað um hvernig viðkomandi framhaldsskóli uppfyllir skilyrði almenna hluta aðalnámskrár. Þær námsbrautarlýsingar sem framhaldsskólar setja sér verða

hluti af skólanámskrá viðkomandi skóla og hluti aðalnámskrár eftir að þær hafa verið staðfestar af ráðherra og birtar í Stjórnartíðindum. Í námsbrautarlýsingum skal m.a. kveða á um innihald og vægi áfanga, samhengi í námi, vægi námsþátta og lokamarkmið náms. Þannig mun hver framhaldsskóli setja sér skólanámskrá á grundvelli almenns kafla aðalnámskrár og svo á grundvelli skólanámskrárinnar semja sínar eigin námsbrautarlýsingar. Að áliti meiri hlutans er með þessum breytingum mælt fyrir auknu frelsi, svigrúmi og ákvörðunarrétti framhaldsskólanna við að móta starf sitt og námsframboð. Geta framhaldsskólarnir á grundvelli þessa brugðist við breyttum þjóðfélagsaðstæðum og þörfum atvinnulífsins. Aftur á móti er það álit meiri hlutans að hugtökin kjarnaáfangar, valáfangar og skyldunám brautar, sbr. 2. mgr. 23. gr., geti verið hamlandi, t.d. þegar einstaklingar velja ólíka sérhæfingu innan sömu brautar. Er því lagt til að 4., 5. og 6. málsl. 2. mgr. falli brott. Eftir sem áður verður uppbygging námsbrauta skilgreind í almennum hluta aðalnámskrár og er frumvarpsgreinin óbreytt að öðru leyti, m.a. hvað varðar heimild ráðherra til að setja sérstakar reglur um flokkun og þrepaskiptingu náms í samræmi við færni- og lokamarkmið námsins. Heimild ráðherra til að gefa út viðmiðunarnámskrár skv. 5. mgr. helgast af því að það kann að taka einstaka skóla einhvern tíma að byggja upp eigin námskrár eins og 1. mgr. 23. gr. gerir ráð fyrir að hver skóli geri.

Í 25. gr. frumvarpsins er fjallað um starfsgreinaráð en miklar umræður urðu innan nefndarinnar um hlutverk þeirra. Komu enn fremur fram miklar athugasemdir í umsögnum starfsgreinaráða sem töldu að störfum þeirra og hlutverki síðustu ára væri gert lágt undir höfði með því að færa störf þeirra meira í átt að ráðgjafar- og umsagnarhlutverki. Á grundvelli gildandi laga um framhaldsskóla, nr. 80/1996, bera starfsgreinaráðin ábyrgð á þróun, eftirliti og mati á þörfum starfsgreina fyrir menntun og þjálfun í hinu formlega skólakerfi framhaldsskólans. Þau útfæra starfslýsingar og leggja mat á og greina færnikröfur starfa. Jafnframt lýsa þau uppbyggingu og markmiðum starfsnáms, svo sem lokamarkmiðum, námskröfum, uppbyggingu náms, skiptingu náms í áfanga, áfangamarkmiðum, tilhögun náms og kennslu og námsmati auk þess að lýsa aðstöðu og búnaði, sbr. 28. og 29. gr. laganna. Í 25. gr. frumvarpsins er fjallað um hlutverk starfsgreinaráða. Á grundvelli ákvæðisins skulu þau setja viðmið fyrir skiptingu náms í skóla- og vinnustaðanám og gera tillögur að uppbyggingu og inntaki prófa í einstökum starfsgreinum. Einnig gera þau tillögu um brautarlýsingar sem framhaldsskólar geta haft til viðmiðunar. Starfsgreinaráð veitir einnig umsagnir um námsbrautarlýsingu starfsnáms sem einstakir framhaldsskólar leita eftir staðfestingu á til ráðherra. Var því sjónarmiði jafnframt hreyft fyrir nefndinni að með þeim breytingum sem frumvarpið gerir ráð fyrir væri þeirri hættu boðið heim að iðn- og starfsnámsnemendur öðluðust minni þekkingu og færni en nú er þar sem ekki væri tekið tillit til álits, krafna og reynslu móttökuaðilans, þ.e. atvinnulífsins. Meiri hlutinn áréttar að mikið og gott starf hefur verið unnið af mörgum starfsgreinaráðum frá gildistöku laga um framhaldsskóla, nr. 80/1996. Er það álit meiri hlutans að undirstrika þurfi það hlutverk starfsgreinaráða, samkvæmt frumvarpinu, að vera ráðgefandi fyrir ráðherra um starfsnám í framhaldsskólum. Er það í samræmi við ákvæði gildandi laga. Við nánari afmörkun á hlutverki starfsgreinaráða þykir skýrara að draga fram einstök viðfangsefni sem þeim er ætlað að veita umsögn um eða gera tillögur um til ráðherra. Leggur meiri hlutinn því til breytingar á 25. gr. frumvarpsins þar sem hlutverk starfsgreinaráða er tilgreint. Jafnframt eru lagðar til breytingar á 24. gr. frumvarpsins um fjölda fulltrúa í starfsgreinaráðum og kemur þar á móts við athugasemdir umsagnaraðila.

Í 28. gr. frumvarpsins er fjallað um vinnustaðanám. Byggist greinin á 32. gr. gildandi laga, nr. 80/1996, og er ákvæðið í samræmi við þá grein að frátöldu einu nýmæli. Í frumvarpinu

er farin sú leið að auka ábyrgð framhaldsskóla á námi nemenda sinna á þann hátt að skólarnir verði að tryggja nemendum vinnustaðasamning til að ljúka námi. Er ábyrgð á gerð slíkra samninga því færð af herðum nemenda sjálfra og yfir á skólana. Er það álit meiri hlutans að hér sé um góða breytingu að ræða sem auki rétt nemenda og öryggi enda geti nemandi treyst því að hann geti lokið námi þegar krafist er starfsþjálfunar. Áréttar meiri hlutinn þó að undanfarin ár hefur sú framkvæmd komist á að umsýsla með námssamningum hefur færst í hendur fræðsluskrifstofa atvinnulífsins í nánum tengslum við starfsgreinaráð í viðkomandi grein. Telur meiri hlutinn að mikilvægt sé að tryggja að þekking, reynsla og gæðaviðmið um vinnustaðanám, starfsþjálfunarsamninga, þjónustu nemaleyfisnefnda o.s.frv., sem eru til staðar hjá fræðsluskrifstofum í iðn- og starfsnámi, nýtist. Um langt árabil hefur menntamálaráðuneytið átt farsælt samstarf við fræðsluskrifstofur og fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins um aðkomu atvinnulífsins að starfsnámi. Hefur ráðuneytið með þjónustusamningum falið þessum aðilum ákveðna umsýslu með framkvæmdinni. Ábyrgð á gerð og staðfestingu samninga um starfsþjálfum liggur hins vegar hjá ráðuneytinu og ef upp hefur komið ágreiningur vegna slita á námssamningi hefur verið unnt að leita með hann til fulltrúa ráðuneytisins. Umboðsmaður Alþingis hefur nýlega bent á að hér þurfi skýrari lagagrundvöll og er í samræmi við það lagt til að þessi breyting verði gerð á frumvarpinu. Með því fyrirkomulagi sem hér er lagt til verður málsmeðferð skýrari og réttur nemanda ljós til þess að leita aðstoðar og fá skorið úr ágreiningi um framkvæmd umsýsluaðila. Enda ber skóli ábyrgð á gerð sérstaks samnings um vinnustaðanám, sbr. 2. mgr. 28. gr.

Mjög ítarleg umræða fór fram innan nefndarinnar um IV. kafla frumvarpsins og þá sér í lagi um 15. gr. um námseiningar, 18. gr. sem fjallar um stúdentspróf og mikilvægi þess að frumvarpið leiði ekki til skerðingar á gildi stúdentsprófs. Í frumvarpinu er reynt að ná utan um þróun síðustu ára með því að skilyrða lágmarkskjarna, setja reglur um viðmið og þrepaskiptingu náms auk almennra skilyrða um kröfur svo sem í 18. gr. frumvarpsins, en þar segir: „Stúdentspróf miðar m.a. að því markmiði að undirbúa nemendur undir nám á háskólastigi. Við mat á námsbrautarlýsingu til stúdentsprófs og staðfestingu ráðherra á henni skal það vera tryggt að prófið uppfylli almennar kröfur háskóla um undirbúning fyrir nám á háskólastigi.“ Þá segir í kaflanum um stúdentspróf í greinargerð frumvarpsins m.a.: „Þess er að vænta að framhaldsskólar, við gerð námsbrautarlýsinga til stúdentsprófs muni kappkosta að tryggja að meginkostum stúdentsprófsins sé við haldið …“ Enn fremur segir: „ …ljóst er að þörf er á stöðugri samræðu milli framhaldsskóla og háskóla um það, hvernig undirbúningi nemenda fyrir nám á háskólastigi verði best háttað. Af hálfu háskóla hefur sú afstaða komið fram, að undirbúningur fyrir háskólanám eigi að felast í góðu almennu námi. Því til viðbótar þurfi staðgóða þekkingu á þeim sviðum og í greinum sem tengdar eru þeim námsgreinum sem nemendur innrita sig í. Þau sjónarmið þarf að leggja til grundvallar framhaldsskólanámi.“ Af þessu má ráða þann skýra tilgang þessa frumvarps að styrkja stoðir stúdentsprófs sem undirbúnings undir nám á háskólastigi. Áréttar meiri hlutinn mikilvægi þess að nám til stúdentsprófs sé ekki skert með frumvarpi þessu. Ekki er kveðið á um fjölda eininga til stúdentsprófs í gildandi lögum og telur meiri hlutinn að ekki sé þörf á slíku í frumvarpi þessu. Stúdentsprófið hafi áfram þá stöðu að veita almennt aðgang að háskólanámi og sú breyting sem gerð er í frumvarpinu leiði ekki til þess að háskólar krefji nemendur um að sitja undirbúningsnám fyrir inngöngu í deildir skólanna. Þá telur meiri hlutinn að með frumvarpinu hafi skólarnir jafngóða eða betri aðstöðu til að bjóða nemendum jafngilt og sambærilegt nám og nú. Þá mun frumvarpið að mati nefndarinnar styrkja svigrúm framhaldsskóla til að bjóða nemendum upp á nám við hæfi og sveigjanlega námsframvindu.

Í 15. gr. frumvarpsins er lagt til að tekið verði upp nýtt einingakerfi í framhaldsskólum sem byggist á vinnuframlagi nemenda. Það kerfi sem lagt er til að tekið verði upp samsvarar því kerfi sem gildir fyrir háskóla, ECTS-kerfi, og samkvæmt því færir ársvinna nemenda honum 60 einingar. Áréttar meiri hlutinn mikilvægi þess að vel takist til við innleiðingu frumvarpsins og að vanda verði til verka. Leggur meiri hlutinn sérstaka áherslu á að samráð verði haft við hagsmunaaðila, m.a. framhaldsskólakennara og skólameistara, við jafn mikilvægt verkefni og þróun og upptaka nýs einingakerfis er, þar sem lögð verður áhersla á að framhaldsskólarnir verði samtaka við innleiðingu frumvarpsins.

Í 45. gr. er að finna ákvæði um gjaldtökuheimildir opinberra framhaldsskóla. Telur meiri hluti nefndarinnar rétt að undirstrika að þeim gjaldtökuheimildum, sem þar er kveðið á um, er ekki ætlað að ná til annarra en opinberra framhaldsskóla. Aftur á móti gerir ráðherra þjónustusamninga við aðra framhaldsskóla en opinbera framhaldsskóla, skv. 3. mgr. 44. gr. þar sem fram kemur að í þjónustusamningum skuli m.a. kveða á um gjaldtöku af nemendum og greiðslur fyrir aðra þjónustu sem veitt er á grundvelli viðkomandi samnings. Telur meiri hlutinn eðlilegt að sömu viðmið verði við höfð í þeim samningum. Leggur meiri hlutinn því ekki til breytingu á 44. gr. frumvarpsins. Enn fremur var umræða innan nefndarinnar varðandi nám utan reglubundins daglegs starfstíma skóla og fjarnám, sbr. 4. mgr. 45. gr. frumvarpsins. Telur meiri hlutinn að skýra þurfi upphæð gjalds sem framhaldsskólum verði heimilt að innheimta af nemendum sem stunda nám utan reglubundins daglegs starfstíma og í fjarnámi. Leggur meiri hlutinn til að gjaldið skuli miðast við að hámarki 10% af meðalkennsluframlagi á nemenda á framhaldsskólastigi samkvæmt fjárlögum miðað við fullt nám, að öðrum kosti skuli reikna gjaldið hlutfallslega miðað við fjölda námsgreina. Undirstrikar meiri hlutinn að hér er um heimild að ræða sem takmarkast fyrst og fremst við það að til falli raunverulegur umframkostnaður. Sé um slíkt að ræða er skólum þá einungis heimilt að taka gjald af nemendum að hámarki 10% meðalkennsluframlagi miðað við einstök fög. Miðast þetta þak við að um fullt nám sé að ræða. Sé nemandi, í fjarnámi eða námi utan reglubundins daglegs starfstíma skólans, ekki í fullu námi þá lækkar þetta þak í réttu hlutfalli við fjölda námsgreina. Meiri hlutinn áréttar að ákvæði laganna og reglur settar með stoð í þeim, til dæmis varðandi kröfur til náms, viðurkenningu á einingum og gæðaeftirlit gilda einnig um þá áfanga sem framhaldsskólar bjóða upp á í námi utan reglubundins starfstíma skólanna og í fjarnámi. Hvað varðar ákvarðanir um gjaldtöku í opinberum framhaldsskólum áréttar meiri hlutinn að þær skuli vera kæranlegar til ráðherra og meðferð slíkra kærumála skuli fara að reglum stjórnsýslulaga, nr. 33/1997. Leggur meiri hlutinn til breytingar á ákvæði 45. gr. til samræmis því.

Starfsfólk framhaldsskóla.

Í 8. gr. frumvarpsins er fjallað um starfsfólk framhaldsskóla. Í fjölda umsagna voru gerðar athugasemdir við heiti greinarinnar og tekur meiri hlutinn undir þær athugasemdir að nota orðið starfsfólk framhaldsskóla í stað starfslið framhaldsskóla og leggur til að því verði breytt og samræmt í ákvæðum frumvarpsins.

Ítarleg umræða fór fram innan nefndarinnar um starfsfólk framhaldsskóla. Hélst sú umræða í hendur við þá umræðu sem átti sér stað um starfsfólk leikskóla og grunnskóla. Í frumvarpi til laga um leikskóla má finna í 3. mgr. 6. gr. ákvæði um að óheimilt sé að ráða til starfa við leikskóla einstakling sem hlotið hefur refsidóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Er jafnframt kveðið á um að við ráðningu skuli liggja fyrir sakavottorð eða heimild leikskólastjóra til að afla upplýsinga úr sakaskrá. Með vísan í álit nefndar-

innar um 287. mál, frumvarp til laga um leikskóla, og þeirra sjónarmiða sem þar koma fram leggur meiri hlutinn til að tekið verði upp samhljóða ákvæði í frumvarp þetta. Áréttar meiri hlutinn að nemendur framhaldsskóla geta ekki síður orðið fórnarlömb einstaklinga sem gerst hafa brotlegir við XXII. kafla almennra hegningarlaga. Enn fremur undirstrikar meiri hlutinn að einstaklingur verður lögráða við 18 ára aldur, sbr. 1. mgr. 1. gr. lögræðislaga, nr. 71/1997. Jafnframt eru aldursmörk barnaverndarlaga 18 ár, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna. Helst þetta sjónarmið meiri hlutans einnig í hendur við 32. gr. frumvarpsins þar sem réttur barna frá 16–18 ára til náms í framhaldsskólum er tryggður.

Í umsögn Kennarasambands Íslands var gerð athugasemd við 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins um skólanefndir. Bendir sambandið á að með þeirri breytingu sem lögð er til í frumvarpinu að einn af þremur áheyrnarfulltrúum í skólanefnd skuli nú tilnefndur af skólafundi feli það í sér að ekki sé lengur tryggt að kennarar eigi þar áheyrnarfulltrúa, sbr. 1. mgr. 9. gr. frumvarpsins þar sem fram kemur að rétt til setu á skólafundi eigi allir starfsmenn skóla ásamt fulltrúum nemenda. Tekur meiri hlutinn undir athugasemdir Kennarasambandsins og telur mikilvægt að tryggt sé að kennarar eigi áheyrnarfulltrúa á fundum skólanefndar umfram aðra starfsmenn framhaldsskóla og leggur til breytingar á 1. mgr. 5. gr.

Nemendur.

Í VI. kafla frumvarpsins er fjallað um nemendur framhaldsskóla. Ber þar helst að geta að í 32. gr. frumvarpsins er lögfestur réttur til að hefja nám í framhaldsskóla og stunda þar nám til 18 ára aldurs. Þeir sem eiga þennan rétt eru þeir sem lokið hafa grunnskólanámi, hlotið jafngilda undirstöðumenntun eða hafa náð 16 ára aldri. Er í þessari grein því lagt til að lögfest verði fræðsluskylda stjórnvalda fyrir börn að 18 ára aldri og er það álit meiri hlutans að hér sé stigið stórt skref til að vinna gegn brottfalli úr námi. Í skýringum við greinina kemur fram að þessi réttur til að stunda nám sé háður því að viðkomandi nemandi hlíti skólareglum en um þær er fjallað í 33. gr. frumvarpsins. Þar kemur fram að í skólanámskrám skuli settar reglur um réttindi og skyldur nemenda og um meðferð ágreiningsmála og beitingu viðurlaga fyrir brot á þeim. Í 2. mgr. kemur jafnframt fram að ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, gildi við meðferð ágreiningsmála og beitingu viðurlaga. Er það álit meiri hlutans að hér sé um nokkuð íþyngjandi ákvæði að ræða og leggur meiri hlutinn til að gerðar verði breytingar sem kveða m.a. á um að fylgja skuli reglum stjórnsýslulaga um málsmeðferð við ákvörðun skólastjóra um rétt eða skyldu nemenda, skv. 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga. Með breytingunni er undirstrikað að ákvarðanir um réttindi og skyldur nemenda sem varða þá verulega og teljast til stjórnvaldsákvarðana í skilningi 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga lúti reglum um málsmeðferð samkvæmt þeim lögum. Í því sambandi er rétt að fram komi að ákvæði stjórnsýslulaga byggja á því að kennsla falli almennt ekki undir stjórnsýslulögin né heldur ákvarðanir sem lúta að framkvæmd kennslu, svo sem um það hvaða námsefni skuli lagt til grundvallar við kennslu o.fl. Ákvarðanir um agaviðurlög og skyld úrræði geta aftur á móti fallið undir stjórnsýslulögin. Við nánari afmörkum á því hvort líta beri á ákvörðun sem stjórnvaldsákvörðun er m.a. tekið fram í skýringum við ákvæðið í frumvarpi því er varð að stjórnsýslulögum að líta verði til þess hvers eðlis ákvörðunin er, en ekki eingöngu til þess hver tekur ákvörðunina eða hvers efnis hún er. Í þessu sambandi hefur verið litið svo á, sbr. álit umboðsmanns Alþingis í máli nr. 761/1993 og í úrskurðarframkvæmd menntamálaráðuneytisins, að hin vægari úrræði sem notuð séu til að halda uppi aga og almennum umgengnisvenjum teljist almennt ekki stjórnvaldsákvarðanir. Þannig munu ávítur og áminningar svo og brottvísun nemanda úr ákveðinni kennslustund eða það sem eftir er skóladags almennt

ekki verða taldar stjórnvaldsákvarðanir. Á hinn bóginn hefur umboðsmaður Alþingis í fyrrgreindu áliti bent á að sú ákvörðun að meina nemanda að sækja kennslutíma í ákveðnu fagi um nokkurt skeið eða víkja honum úr skóla í fleiri en einn skóladag teljist ákvörðun um réttindi og skyldur samkvæmt stjórnsýslulögum. Við mat á því hversu lengi hægt sé að meina nemanda um aðgang að fagi eða námsgrein verður að horfa til eðlis ákvörðunarinnar og þeirra sjónarmiða sem að baki henni búa. Almennt verður að miða við að ákvörðun um að meina nemanda aðgang lengur en tvær vikur að kennslu í ákveðnu fagi eða námsgrein telst ákvörðun um réttindi eða skyldur í merkingu stjórnsýslulaga.

Í 34. gr. frumvarpsins er fjallað um nemendur með sérþarfir. Í 1. mgr. greinarinnar er hópur þeirra einstaklinga sem veita skal sérstakan stuðning einskorðaður við skilgreiningu á hugtakinu fatlaður í 2. gr. laga um málefni fatlaðra, nr. 59/1992. Þeir einstaklingar sem falla undir hugtakið eru einstaklingar með þroskahömlun, geðfötlun, hreyfihömlun, sjón- og heyrnarskerðingu. Er það álit meiri hlutans að tilvísun til 2. gr. laga um málefni fatlaðra um skilgreiningu á þeim sem teljast til nemenda með sérþarfir sé of þröng. Lögð er til breyting á orðalagi greinarinnar á þá leið að nemendur með tilfinningalega eða félagslega örðugleika teljist jafnframt til nemenda með sérþarfir. Með breytingunni er orðalagið fært nær því sem er í 17. gr. frumvarps til laga um grunnskóla sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu. Jafnframt undirstrikar meiri hlutinn mikilvægi þess að samráðs verði gætt við setningu reglugerðar á grundvelli 5. mgr. 34. gr., til að mynda við Samtök fatlaðra.

Í 35. gr. frumvarpsins er m.a. fjallað um nemendur með annað móðurmál en íslensku. Telur meiri hlutinn að eðlilegt sé að gera þá kröfu að framhaldsskólar setji sér móttökuáætlun vegna nemenda sem hefja þar nám eða flytjast milli skóla. Er þetta ekki síst mikilvægt þegar kemur að móttöku nemenda með annað tungumál. Leggur meiri hlutinn til breytingar á greininni þar sem lögð er skylda á framhaldsskóla að setja sér áætlun um móttöku nemenda. Ákvæði á sér samsvörun í 16. gr. frumvarps til laga um grunnskóla sem lagt er fram samhliða frumvarpi til laga um framhaldsskóla.

Mikil umræða átti sér stað innan nefndarinnar um rétt nemenda til náms- og starfsráðgjafar í framhaldsskólum. Grundvallaðist sú umræða fyrst og fremst á þeim hugmyndum sem frumvarpið sjálft byggist á, auknu frelsi skóla til að setja sér námsbrautarlýsingar og auknu frelsi nemenda til að setja nám sitt saman með mismunandi hætti. Áréttar meiri hlutinn að slík sjónarmið hljóti að haldast í hendur við rétt nemenda til að leita sér ráðgjafar um hvort tveggja nám og starf. Telur nefndin að kveða verði fastar að orði en frumvarpið gerir og leggur til breytingar þess efnis að nemendur skuli njóta náms- og starfsráðgjafar af til þess bærum sérfræðingum, þ.e. háskólamenntuðum í náms- og starfsráðgjöf. Er það álit meiri hlutans að hér sé komið á móts við kröfur og athugasemdir sem fram komu í umsögn Félags náms- og starfsráðgjafa.

Hlutverk nemendafélaga varð tilefni töluverðrar umræðu innan nefndarinnar en í ákvæði 39. gr. er ekki kveðið á um hlutverk þeirra. Að mati meiri hlutans er rétt að ítreka það hlutverk nemendafélaga að vinna að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda og leggur meiri hlutinn til breytingu á ákvæðinu til samræmis því.

Meiri hluti nefndarinnar leggur jafnframt til aðrar smávægilegar breytingar á frumvarpinu seim einkum varða lagatæknileg atriði.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Paul Nikolov var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Kjartan Eggertsson sat fundinn fyrir Jón Magnússon sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 9. maí 2008.

Sigurður Kári Kristjánsson, form., frsm.	Einar Már Sigurðarson.	Pétur H. Blöndal.
Guðbjartur Hannesson.	Ragnheiður Ríkharðsdóttir.	Katrín Júlíusdóttir.

1010. Breytingartillögur [286. mál]

við frv. til l. um framhaldsskóla.

Frá meiri hluta menntamálanefndar (SKK, EMS, PHB, GuðbH, RR, KaJúl).

1. Við 2. gr. 2. málsl. síðari málsgreinar orðist svo: Þeir skulu leitast við að efla færni nemenda í íslensku máli, bæði töluðu og rituðu, efla siðferðisvitund, ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi nemenda, þjálfa þá í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum, jafnrétti og gagnrýninni hugsun, kenna þeim að njóta menningarlegra verðmæta og hvetja til þekkingarleitar.
2. Við 5. gr. Í stað orðsins „skólafundi“ í 6. málsl. 1. mgr. komi: kennarafundi.
3. Við 8. gr.
   a. Í stað orðanna „lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum framhaldsskólakennara“ í 3. mgr. komi: menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.
   b. Við bætist ný málsgrein er verði 4. mgr., svohljóðandi:
      Óheimilt er að ráða einstakling til starfa við framhaldsskóla sem hlotið hefur refsidóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Við ráðningu skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild skólameistara til að afla upplýsinga úr sakaskrá.
   c. Í stað orðsins „starfsliðs“ í 4. mgr., er verði 5. mgr., og hvarvetna annars staðar í frumvarpinu komi, í viðeigandi beygingarfalli: starfsfólks.
   d. Fyrirsögn greinarinnar verði: *Starfsfólk framhaldsskóla.*
4. Við 9. gr. Orðin „og kosnir áheyrnarfulltrúar í skólanefnd“ í 3. málsl. 1. mgr. falli brott.
5. Við 10. gr. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Kennarafundur kýs einnig áheyrnarfulltrúa í skólanefnd.
6. Við 12. gr. Í stað orðanna „VIII. kafla“ í lokamálsgrein komi: VII. kafla.
7. Við 13. gr. Í stað orðanna „lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum framhaldsskólakennara“ í 2. mgr. komi: menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.
8. Við 23. gr. 4.–6. málsl. 2. mgr. falli brott.
9. Við 24. gr.
   a. Á eftir orðinu „fimm“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: til níu.

b. Á eftir orðunum „þar af tveir“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: til fjórir.
c. Í stað orðanna „tveir af samtökum launþega“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: tveir til fjórir af samtökum launþega.
d. Lokamálsliður fyrri málsgreinar verði 1. málsl. síðari málsgreinar.

10. Við 25. gr.
a. Við 1. mgr. bætist: Hlutverk þeirra er eftirfarandi:
a. að gera tillögur um almenn markmið náms og skilgreina þarfir fyrir kunnáttu og hæfni sem námsbrautarlýsingar fyrir viðkomandi starfsgreinar byggjast á og eru hluti af almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla og gera tillögur um lokamarkmið náms,
b. að setja viðmið fyrir skiptingu náms í skóla- og vinnustaðanám,
c. að gera tillögur um uppbyggingu og inntak prófa í einstökum starfsgreinum,
d. að halda skrá yfir fyrirtæki og vinnustaði sem uppfylla skilyrði til vinnustaðanáms, sbr. 28. gr.,
e. að gera tillögur að námsbrautarlýsingum fyrir einstakar námsbrautir sem framhaldsskólar geta haft til viðmiðunar, sbr. 23. gr., og
f. að veita ráðherra umsögn um námsbrautarlýsingar starfsnáms sem einstakir skólar leita eftir staðfestingu á af hálfu ráðherra, sbr. 23. gr.

b. 2.–4. mgr., verði svohljóðandi:
Ráðherra getur leitað álits starfsgreinaráðs við mat á beiðni skóla um viðurkenningu, sbr. 12. gr.
Menntamálaráðuneytið greiðir kostnað af sérfræðilegri vinnu sem unnin er skv. a- og d-lið 1. mgr.
Ráðherra setur reglugerð um skipan starfsgreinaráða, sbr. 24. gr., og um störf þeirra.

11. Við 26. gr. Á eftir orðinu „starfsgrein“ komi: eða starfsgreinaflokka.
12. Við 28. gr. Í stað lokamálsgreinar komi tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
Skóli getur með samningi falið aðila utan hans umsýslu með gerð og skráningu samninga og um eftirlit með þeim. Jafnframt má fela fulltrúa á vegum slíks umsýsluaðila að staðfesta og eftir atvikum að slíta námssamningi, enda sé þá gætt málsmeðferðar samkvæmt stjórnsýslulögum og nánari fyrirmælum í starfsþjálfunar- eða ráðningarsamningi. Verði ágreiningur um réttindi eða skyldur nemenda vegna framkvæmdar umsýsluaðila sker skólameistari úr.
Ráðherra er heimilt, að fenginni umsögn aðila vinnumarkaðar og samtaka nemenda, að setja reglugerð um vinnustaðanám, starfsþjálfun á vinnustað og um heimildir skóla til þess að fela aðila utan hans umsýslu með starfsþjálfunarsamningum, sbr. 5. mgr.
13. Við 30. gr. Í stað orðsins „greinum“ í lokamálslið 3. mgr. komi: námsgreinum framhaldsskóla, svo og færnipróf, sbr. 23. gr. um færnimarkmið náms.
14. Við 33. gr. 1. og 2. málsl. síðari málsgreinar orðist svo: Við ákvörðun skólameistara um rétt eða skyldu nemenda skv. 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga, svo sem brottvísun úr skóla í fleiri en einn skóladag eða að nemanda sé meinað að sækja kennslutíma í ákveðnu fagi eða námsgrein um nokkurt skeið, skal fylgja reglum stjórnsýslulaga um málsmeðferð. Ákvörðun skólameistara er kæranleg til menntamálaráðuneytis.
15. Við 34. gr. 1. málsl. 1. mgr. orðist svo: Á framhaldsskólastigi skal veita nemendum með fötlun, sbr. 2. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, og nemendum með tilfinningalega eða félagslega örðugleika kennslu og sérstakan stuðning í námi.

16. Við 35. gr. Við bætist ný málsgrein er verði 4. mgr., svohljóðandi:
    Framhaldsskólar skulu setja sér áætlun um móttöku nemenda. Móttökuáætlun framhaldsskóla skal vera aðgengileg nemendum og foreldrum, þar sem m.a. koma fram upplýsingar um námið og skólastarfið almennt og foreldrum með annað móðurmál en íslensku og heyrnarlausum foreldrum er greint frá möguleikum á túlkaþjónustu. Móttökuáætlun vegna nemenda með annað móðurmál en íslensku skal taka mið af bakgrunni þeirra, tungumálafærni og færni á öðrum námssviðum.
17. Við 37. gr. 1. mgr. verði svohljóðandi:
    Nemendur eiga rétt á að njóta náms- og starfsráðgjafar í framhaldsskóla af til þess bærum sérfræðingum.
18. Við 39. gr. Greinin orðist svo:
    Í hverjum framhaldsskóla skal starfa nemendafélag. Nemendafélag vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda. Það setur sér reglur um skipan, starfssvið og starfshætti. Nemendafélög starfa á ábyrgð skóla. Nemendafélögum skal búin aðstaða til starfsemi sinnar.
    Framhaldsskólum er heimilt að styrkja starfsemi nemendafélaga fjárhagslega og skal bókhald þeirra háð sömu endurskoðun og aðrar fjárreiður framhaldsskóla.
19. Við 45. gr.
    a. Við 4. mgr. bætist: miðað við fullt nám. Annars reiknast gjaldið hlutfallslega miðað við fjölda námsgreina.
    b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
        Ákvarðanir um gjaldtöku samkvæmt þessari grein eru kæranlegar til ráðherra. Um meðferð kærumála fer að ákvæðum stjórnsýslulaga.
20. Við 47. gr. Lokamálsliður lokamálsgreinar falli brott.
21. Við 48. gr. Lokamálsgrein falli brott.
22. Við 55. gr. Í stað orðanna „mats- og“ í fyrri málsgrein komi: lögbundið.
23. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
    Skólanefndir sem skipaðar hafa verið skv. 6. gr. laga nr. 80/1996, um framhaldsskóla, skulu starfa út skipunartíma sinn

1011. Nefndarálit [287. mál]

um frv. til l. um leikskóla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund sinn Þórhall Vilhjálmsson, Arnór Guðmundsson, Sigríði Láru Ásbergsdóttur og Guðna Olgeirsson frá menntamálaráðuneyti. Einnig kom nefnd menntamálaráðherra um endurskoðun laga um leikskóla; Sjöfn Þórðardóttir, Valborg Þ. Snævarr, Björg Bjarnadóttir, Marta D. Sigurðardóttir, Ingibjörg Einarsdóttir og Svandís Ingimundardóttir. Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga komu Guðjón Bragason, Svandís Ingimundardóttir, Þórður Skúlason, Gunnlaugur Júlíusson og Valgerður Freyja Ágústsdóttir. Þá kom Kristbjörg Stephensen borgarlögmaður. Frá Kennarasambandi Íslands komu Elna Katrín Jónsdóttir, Björg Bjarnadóttir frá Félagi leikskólakennara og Marta

Sigurðardóttir, frá Alþýðusambandi Íslands kom Halldór Grönvold, frá Eflingu komu Sigurður Bessason og Sigurrós Kristinsdóttir og frá Persónuvernd kom Rakel Jensdóttir. Símafundur var jafnframt haldinn með Jakobi Th. Möller, fyrrverandi starfsmanni Mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna og fyrrverandi dómara við Mannréttindadómstól fyrir Bosníu og Hersegóvínu, og ræddur dómur Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Folgerø og annarra gegn Noregi frá 29. júní 2007.

Þá bárust nefndinni umsagnir og erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Eyþingi, Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Akraneskaupstað, Akureyrarbæ, Ásahreppi, Borgarbyggð, Fljótsdalshéraði, Flóahreppi, Grímsnes- og Grafningshreppi, Húnaþingi vestra, Kópavogsbæ, Langanesbyggð, Mosfellsbæ, Mýrdalshreppi, Reykjanesbæ, Reykjavíkurborg, Seltjarnarnesbæ, Snæfellsbæ, Sveitarfélaginu Árborg, Sveitarfélaginu Garði, Sveitarfélaginu Hornafirði, Sveitarfélaginu Ölfusi, Tálknafjarðarhreppi, Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, Kennarasambandi Íslands, Félagi leikskólakennara, Félagi leikskólafulltrúa, faghópi leikskólasérkennara, Félagi íslenskra myndlistarkennara, leikskólastjórum í Hafnarfirði, Félagsráðgjafafélagi Íslands, Þroskahjálp, Þroskaþjálfafélagi Íslands, Félagi náms- og starfsráðgjafa, Iðjuþjálfafélagi Íslands, Styrktarfélagi krabbameinssjúkra barna, Umhyggju, Öryrkjabandalagi Íslands, Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra, Félagi lesblindra á Íslandi, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, Barnaheillum, Barnaverndarstofu, samtökunum Heimili og skóli, umboðsmanni barna, Jafnréttisstofu, Lýðheilsustöð, Persónuvernd, félagsmálaráðuneytinu – innflytjendaráði, Safnaráði, Íslenskri málnefnd, Kennaraháskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri, Landbúnaðarháskóla Íslands, Félagi um menntarannsóknir, Samtökum áhugafólks um skólaþróun, Bandalagi háskólamanna, Samtökum atvinnulífsins, Alþýðusambandi Íslands, foreldrafélögum leikskóla í Garðabæ, Siðmennt, biskupi Íslands, Prestafélagi Íslands og Rauða krossi Íslands.

Hinn 7. desember 2007 var fjórum frumvörpum vísað til meðferðar í nefndinni. Hér er um að ræða frumvörp til heildarlaga til leik-, grunn- og framhaldsskóla ásamt frumvarpi til laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Frumvörpin mynda umgjörð um skólamál í landinu allt að háskólastigi og er ætlað að auka samfellu og sveigjanleika í skólastarfi og tryggja skóla án aðgreiningar. Í upphafi starfs nefndarinnar var ljóst að mikil vinna væri fyrir höndum og hefur nefndin haft fasta vikulega aukafundi til að fjalla um málin.

Með frumvarpi til laga um leikskóla er lagt til að sett verði ný heildarlög um leikskóla, en lögunum er ætlað að leysa af hólmi lög um leikskóla, nr. 78/1994. Frumvarpi þessu er ætlað að auka samfellu, samræmi og svigrúm innan leikskólans og á milli skólastiganna. Með frumvarpinu er leitast við að færa löggjöf um leikskóla til samræmis við þær þjóðfélagsbreytingar sem átt hafa sér stað frá gildistöku laga nr. 78/1994, um leikskóla, út frá þeirri reynslu sem fengist hefur frá gildandi lögum. Frumvarpinu er ætlað að skapa hnitmiðaða rammalöggjöf um leikskóla, styrkja starf leikskóla og tryggja leikskólabörnum umhverfi sem tekur mið af mismunandi þörfum þeirra og þroska. Í frumvarpinu er að finna mörg nýmæli í þessa átt. Aukin áhersla er lögð á velferð og öryggi barnanna sjálfra og hvernig leikskólastarf skuli koma til móts við börnin. Endurspeglast þessi áhersla til að mynda í VIII. kafla frumvarpsins um sérfræðiþjónustu og stoðkerfi leikskóla þar sem kveðið er á um rétt barna til sérfræðiþjónustu. Jafnframt er í fyrsta sinn kveðið á um heimild foreldra, fyrir hönd barna sinna, að kæra til menntamálaráðherra ákvarðanir sem lúta að framkvæmd sérfræðiþjónustu barns, gjaldtöku og aðgang að leikskóla. Enn fremur má sjá að aukin áhersla er lögð á aðkomu

foreldra að leikskólastarfi og er það í fullu samræmi við þróun undanfarinna ára þar sem dvalartími barna á leikskóla hefur lengst.

Nefndin ræddi ákvæði frumvarpsins ítarlega á fundum sínum. Meðal þeirra atriða sem hvað mesta umræðu fengu meðal nefndarmanna voru gildissvið og markmið frumvarpsins, starfsfólk leikskóla og þá með sérstöku tilliti til frumvarps um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda í leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, ráðningarskilyrði og símenntun starfsfólks, húsnæði og fjöldi barna í leikskóla, ákvæði VI. kafla um námskrár og samstarf skólastiga, ákvæði VII. kafla um mat og eftirlit með gæðum leikskólastarfs, ákvæði VIII. kafla um sérfræðiþjónustu og stoðkerfi leikskóla og leyfi til reksturs leikskóla.

Hlutverk leikskóla.

Mikill hluti þess starfs sem fram fer innan leikskólans snýr að umönnun barna. Nefndin er sammála um mikilvægi þess að gera umönnunarhlutverki leikskóla ekki lægra undir höfði en uppeldis- og menntunarhlutverki hans. Telur nefndin því áríðandi að það komi skýrt fram í frumvarpinu og leggur til að breytingartillögu þess efnis.

Í 2. gr. frumvarpsins er að finna markmiðsgrein þess. Segir í henni að markmið uppeldis og kennslu í leikskóla skuli meðal annars stuðla að umburðarlyndi og víðsýni barna og efna siðferðisvitund þeirra. Í athugasemdum við greinina segir að orðið „siðferðisvitund“ komi nú í stað orðalagsins „kristilegs siðgæðis“ eins og er í gildandi lögum, sbr. 2. gr. laganna. Sambærilega breytingu má einnig finna í frumvarpi til grunnskólalaga sem jafnframt er til meðferðar hjá nefndinni. Mikil umræða átti sér stað í þjóðfélaginu sem og innan nefndarinnar um þetta þessar breytingar. Snerist sú umræða fyrst og fremst að þeirri breytingu og að fyrrgreint orðalag „kristilegt siðgæði“ var tekið út úr markmiðsgrein laga um grunnskóla en telur nefndin að sömu sjónarmið eigi við um frumvarp til laga um leikskóla. Í athugasemdum við 2. gr. frumvarpsins kemur fram að fyrrgreint orðalag er tekið út í ljósi breytinga á samfélaginu á undanförnum árum, til að mynda fjölgun erlendra barna í leikskólum landsins. Því sjónarmiði hefur þó verið hreyft fyrir nefndinni að meiri hluti innflytjenda til landsins er kristinnar trúar. Í þeirri umræðu sem átti sér stað í þjóðfélaginu var á tíðum vísað í dóm Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Folgerø og annarra gegn Noregi. Áréttar nefndin að þrátt fyrir að í málinu hafi verið tekist á um vísun í kristilegt siðgæði og uppeldi í norsku löggjöfinni um grunnskóla og undanþáguheimildir frá kennslu í námsgreininni kristinfræði og aðar lífsskoðanir þá eigi niðurstaða dómstólsins jafnframt við um markmiðsgrein laga um leikskóla. Það sem skiptir máli hér er að dómstóllinn tilgreinir að þyngri áhersla er lögð á kristni en önnur trúarbrögð og að ákveðið ójafnvægi ríki þar á milli en telur að slíkt sé eðlilegt þegar tillit er tekið til stöðu kristni í Noregi, en hin evangelíska-lúterska trú er ríkistrú Noregs sem um 85% landsmanna aðhyllast. Kemur ekki fram í dómnum að slíkt brjóti í bága við mannréttindasáttmála Evrópu. Álítur nefndin því að það fari ekki í bága við ákvæði sáttmálans að ríki meti og ákveði innihald markmiðsgreina í löggjöf sinni með tilliti til kristinnar trúar. Dómstóllinn kvað ekki á um að Normenn þyrftu að breyta markmiðsgrein sinni þar sem sagði að stuðla skyldi að „kristilegu siðgæði og uppeldi“. Með hliðsjón af því sem að framan greinir og þess hversu mjög íslensk saga og menning og þau gildi sem íslenskt þjóðfélag byggist á eru samofin hinni kristnu arfleifð íslenskrar menningar, telur nefndin rétt að tekið sé mið af þeirri staðreynd í markmiðsgrein frumvarpsins og leggur til breytingar á henni.

Nefndin telur málörvun barna á leikskólaaldri afar mikilvæga og undirstrikar hlutverk leikskóla í máltöku barna. Telur nefndin enn fremur að með því að styrkja stöðu íslenskunnar og stuðla að eðlilegri færni í íslensku sé stutt verulega við börn með annað móðurmál en

íslensku. Álítur nefndin að með aukinni áherslu á þetta hlutverk leikskólans sé með sem bestum hætti leitast við að tryggja að leikskólabörn fái þá málörvun sem þau þarfnast á viðkomandi aldursskeiði.

Á undanförnum áratugum hefur samfélagið staðið frammi fyrir miklum þjóðfélagsbreytingum. Breyttar neysluvenjur, aukin kyrrseta og þyngdaraukning er staðreynd í íslensku samfélagi líkt og annars staðar á Vesturlöndum. Í ljósi þessa telur nefndin að mikilvægt sé að sporna við aukinni þróun í þessa átt með því að vekja börn, strax á leikskólaaldri, til umhugsunar um heilbrigða lífshætti. Er það álit nefndarinnar að áhersla á heilbrigðisvitund barna eigi heima í ákvæðum laga um leikskóla og leggur fram breytingartillögu þar um. Leggur nefndin jafnframt áherslu á að allir leikskólar skuli leitast við að bjóða heilnæmt fæði og taka tillit til ráðlegginga Lýðheilsustöðvar og manneldisráðs um mataræði og næringarefni.

Stofnun leikskóla.

Leikskólastigið er skilgreint sem fyrsta skólastigið hér á landi þótt ekki sé kveðið á um almenna leikskólaskyldu. Það er jafnframt á forræði sveitarfélaga að starfrækja leikskóla þótt menntamalaráðherra fari með yfirumsjón þeirra málefna sem gildandi leikskólalög og frumvarp þetta taka til. Í IX. kafla frumvarpsins er fjallað um stofnun og rekstur leikskóla og kemur m.a. fram að það sé sveitarstjórnar að tilkynna ráðuneytinu þegar það stofnar eða hættir rekstri leikskóla, veitir rekstrarleyfi fyrir starfsemi leikskóla eða fellir slíkt úr gildi. Telur nefndin það skýrt að hér er einungis um tilkynningarskyldu sveitarstjórnar að ræða. Þessu til stuðnings bendir nefndin á að í athugasemdum við 3. gr. frumvarpsins kemur fram að ábyrgð menntamálaráðuneytis taki ekki til stofnunar, fjármögnunar eða reksturs leikskóla. Í 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins er aftur á móti sagt að yfirstjórn menntamálaráðherra nái ekki til byggingar og reksturs leikskóla. Nefndin telur þetta orðalag ekki nægjanlega skýrt og leggur til að notað verði orðið „stofnun“ í stað byggingar þannig að ekki verði nokkur vafi á að það sé á forræði sveitarfélaganna sjálfra að stofna leikskóla en ekki einungis að annast byggingu þeirra og rekstur.

Í 25. gr. frumvarpsins er að finna heimildarákvæði um rekstur leikskóla til handa öðrum en sveitarfélögum, svo sem sjálfseignarstofnunum, hlutafélögum eða öðrum viðurkenndum rekstrarformum en slík heimild er bundin við samþykki viðkomandi sveitarfélags. Í ákvæðinu er gerð sú krafa að í rekstrarleyfi sé m.a. kveðið á um samskipti, eftirlit og skipulag og framkvæmd sérfræðiþjónustu. Fram kemur í greininni að leikskólar sem starfa á grundvelli slíks leyfis skuli lúta sömu lögum og reglum og aðrir leikskólar sem reknir eru af hálfu sveitarfélaganna sjálfra og að ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, eiga við um þær ákvarðanir sem kæranlegar eru skv. 30. gr. frumvarpsins, þ.e. um rétt til sérstakrar aðstoðar og þjálfunar og um aðgang að skóla. Aftur á móti er tekið fram í greininni að ákvarðanir um gjaldtöku sjálfstætt starfandi leikskóla séu undanþegnar slíkri kæruheimild. Töluverðar umræður áttu sér stað innan nefndarinnar um þessa heimild. Lutu þær fyrst og fremst að jafnræðissjónarmiðum, hvort tryggt væri að sjálfstætt reknir leikskólar yrðu að hlíta ákvæðum frumvarpsins ásamt ákvæðum um gjaldtöku. Leggur nefndin áherslu á að þau lög og þær reglur sem eiga við um leikskóla gildi jafnframt um sjálfstætt rekna leikskóla og rekstraraðila þeirra. Skv. 5. málsl. 1. mgr. 25. gr. frumvarpsins eru ákvarðanir er lúta að gjaldtöku sjálfstætt starfandi leikskóla ekki kæranlegar. Enn fremur segir í 2. mgr. 27. gr. frumvarpsins að slíkir leikskólar séu jafnframt undanskildir gjaldtökuákvæði þess. Í 1. mgr. 27. gr. er lögfest sú venjuhelgaða heimild sveitarfélaga að innheimta gjald fyrir dvöl barns á leikskóla sem þó má ekki vera hærra en sem nemur meðalraunkostnaði dvalar hvers leikskólabarns. Af

orðanna hljóðan má ráða að frumvarpinu sé ekki ætlað að veita sveitarfélögum vald til að hafa áhrif á gjaldtöku sjálfstætt rekinna leikskóla. Í umsögn Reykjavíkurborgar kom aftur á móti fram að slíkt væri erfitt fyrir sveitarfélög að sætta sig við og að einhver úrræði þurfi til að setja því mörk hversu hátt slíkt gjald getur orðið. Tekur nefndin að mörgu leyti undir með sjónarmiðum Reykjavíkurborgar og telur að með því að veita sveitarfélögum vald til að hafa áhrif á fjárhæð gjaldtöku sjálfstætt rekinna leikskóla megi styrkja stoðir jafnréttissjónarmiða. Er nefndin sammála um að það eigi ekki að vera á valdsviði ríkisins hvort og þá hvernig sveitarfélög kjósa að haga sínum málum og skilyrðum fyrir veitingu rekstrarleyfa, slík umræða eigi að fara fram á sveitarstjórnarstiginu. Telur nefndin því að ekki sé rétt að útiloka sveitarfélög frá því að geta haft áhrif á gjaldtöku sjálfstætt rekinna leikskóla í viðkomandi sveitarfélagi og leggur til að 25. gr. frumvarpsins verði breytt á þann hátt að sveitarstjórnum verði heimilt að gera þjónustusamning við viðkomandi skóla um hvort tveggja, fyrirkomulag þjónustu og gjaldtöku. Enn fremur telur nefndin nauðsynlegt að gera breytingar á 2. mgr. 27. gr. frumvarpsins með tilliti til þessa og leggur til að gjaldtökuákvæði 27. gr. skuli jafnframt ná til sjálfstætt rekinna leikskóla sé kveðið á um slíkt í þjónustusamningi við sveitarfélagið.

Í 1. mgr. 12. gr. frumvarpsins er að finna ákvæði er varðar gerð leikskólahúsnæðis og þá kröfu um að húsnæðið og aðbúnaður þess skuli tryggja öryggi og vellíðan barna, svo sem varðandi húsbúnað, hljóðvist, lýsingu og loftræstingu. Nokkur umræða um þessa grein átti sér stað innan nefndarinnar. Eru nefndarmenn sammála um að jafnframt verði að hafa öryggi og vellíðan starfsfólks leikskóla að leiðarljósi hvað varðar leikskólahúsnæði og aðbúnað þess.

Mat og eftirlit með gæðum leikskólastarfs.

Mikil umræða átti sér stað innan nefndarinnar um VII. kafla frumvarpsins sem hefur að geyma nýmæli um mat og eftirlit með gæðum leikskólastarfs. Í umsögnum sveitarfélaganna koma almennt fram miklar athugasemdir við ákvæði kaflans þess efnis að verið sé að leggja auknar og óraunhæfar skyldur á herðar sveitarfélaga sem ekki eru nægjanlega vel rökstuddar, til að mynda í 1. mgr. 19. gr. sem kveður á um árlega upplýsingagjöf til ráðuneytis. Krafa um árlegar upplýsingar sem þessar muni auka útgjöld þeirra til muna, þannig verði minni sveitarfélög að kaupa þjónustu fagaðila til að framkvæma ytra mat. Þá efast sveitarfélögin um að ráðuneytið hafi svigrúm til að vinna úr þeim gríðarlega miklu upplýsingum innra og ytra mats sem árlega munu berast ráðuneytinu. Hins vegar hefur komið fram af hálfu menntamálaráðuneytis að ekki verði gerð krafa um formlega ársskýrslu né ítarlegri upplýsingar en nú þegar er krafist samkvæmt reglugerð um upplýsingaskyldu sveitarfélaga varðandi skólahald, nr. 384/1996. Fremur verði byggt á stöðluðum tölulegum upplýsingum sem séu samanburðarhæfar milli viðfanga og yfir tíma. Þannig fáist vísbendingar um stöðu og þróun skólastarfs. Gerir ráðuneytið enn fremur ráð fyrir að nýtt verði þau upplýsingakerfi um leik- og grunnskóla sem fyrir hendi eru, til að mynda kerfi Hagstofu og Mentors, en um 97% grunnskóla eru aðilar að því upplýsingakerfi. Er það álit nefndarinnar að mat og eftirlit sem frumvarpið kveður á um sé mikilvægt til þess að hægt sé að bæta leikskólastarf. Í athugasemd við 19. gr. frumvarpsins kemur fram að stærstur hluti leikskólastjóra sem reynslu hafa af ytra mati telji að það hafi jákvæð áhrif á skólakerfið, veiti mikilvægt aðhald og sé gott stýritæki við stefnumótun. Slíkt aðhald fer ekki síst fram með því að veita kerfisbundið skýrar upplýsingar um starfsemi skóla. Aðhald sem þetta er nauðsynlegt á sama tíma og leitast er við að auka ábyrgð skóla og sveitarfélaga á skólahaldi. Telur nefndin enn fremur að svo að markmiðið með slíku aðhaldi skili sér og leiði til umbóta í skólastarfi þurfi að draga frekar fram

ábyrgð sveitarfélaganna til að framkvæma ytra mat. Slíkt náist með því að kveða á um upplýsingaskyldu þeirra um ytra mat til menntamálaráðuneytisins. Í 2. mgr. 18. gr. er kveðið á um skyldu leikskóla til að birta opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur. Með því að hafa þá skyldu að birta innra mat opinberlega er íbúum samfélagsins gert kleift að fylgjast með eftirfylgni og umbótum á grundvelli niðurstaðna mats. Er það álit nefndarinnar að mikilvægt sé að kveða á um skyldu sveitarfélaga til að nýta niðurstöður ytra mats til umbóta í skólastarfi. Hvíli sú skylda á sveitarfélögum, ásamt upplýsingaskyldu þeirra til menntamálaráðuneytis, er íbúum samfélagsins gert mögulegt að fylgjast með hvort niðurstöður ytra matsins séu nýttar til umbóta í skólastarfi líkt og greinin kveður á um. Aftur á móti er það álit nefndarinnar að árleg upplýsingaskylda sé full íþyngjandi og ekki sé nauðsynlegt að allra upplýsinga verði aflað á hverju ári. Er því lagt til að sú skylda verði felld brott. Nefndin áréttar þó að regluleg upplýsingagjöf sé æskileg. Vill nefndin jafnframt ítreka mikilvægi eftirlits menntamálaráðuneytisins og að þær upplýsingar sem sveitarfélögin gefa á grundvelli innra og ytra mats verði nýttar.

Nefndin áréttar enn fremur að við gerð innra mats leikskólastarfs skuli taka tillit til sjónarmiða barna eftir því sem við á. Er það í samræmi við ákvæði samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins þar sem fram kemur í 12. gr. að aðildarríki samningsins skuli tryggja að réttmætt tillit sé tekið til skoðana barns í öllum þeim málum sem það varða.

Starfsfólk leikskóla.

Staða starfsfólks leikskóla og hlutverk þess var eitt af meginumræðuefnum innan nefndarinnar. Hélst sú umræða í hendur við umræður um 9. og 20. gr. frumvarps til laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Þar er í 9. gr. kveðið á um að lágmark ⅔ hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla skuli teljast til stöðugilda leikskólakennara. Í 20. gr. frumvarpsins er svo gert ráð fyrir undanþágu frá þessu ákvæði þar sem heimild er veitt til að ráða til bráðabirgða, að hámarki í eitt ár, einstakling sem ekki hefur menntun leikskólakennara, fáist ekki leikskólakennari í stöðugildið þrátt fyrir ítrekaðar auglýsingar. Er hér um að ræða breytingu frá gildandi lögum þar sem gert er ráð fyrir að öll stöðugildi skuli skipuð leikskólakennurum, sbr. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 78/1994. Þessi markmið eru þó ekki í takt við íslenskan veruleika í starfsmannamálum leikskólastigsins, en samkvæmt upplýsingum af vef Hagstofu Íslands voru í desember sl. 32,6% allra starfsmanna sem sinna uppeldi og menntun barna í leikskólum með leikskólakennarapróf. Nefndin áréttar að ekki megi draga úr mikilvægi þess starfsfólks sem ekki hefur menntun leikskólakennara. Er oft á tíðum um að ræða einstaklinga sem hafa yfir að ráða annarri fagmenntun, svo sem í þroskaþjálfun og uppeldisfræðum, eiga styttra sérhæft nám að baki sem aðstoðarfólk í leik- og grunnskólum eða hafa mikla reynslu á þessu sviði. Samkvæmt upplýsingum á vef Hagstofu Íslands hafði í desember 2007 0,4% starfsfólks við uppeldi og menntun lokið diplómanámi í leikskólakennarafræðum og 6,4% höfðu aðra uppeldismenntun. 39,4% starfsfólks leikskóla í desember 2007 höfðu lokið námi í uppeldisfræðum. Í ljósi þessa telur nefndin rétt að litið sé á allt starfsfólk leikskólans sem einn hóp og að tryggja skuli að rödd þess starfsfólks sem ekki hefur leikskólakennaramenntun fái að heyrast til jafns við raddir leikskólakennara. Álítur nefndin mikilvægt að þessi hópur starfsfólks leikskóla komi að kosningu aðal- og varamanns, sem hefur málfrelsi og tillögurétt, til setu í nefnd sveitarstjórnar sem fer með málefni leikskóla í umboði hennar og að réttur fulltrúa alls starfsfólks leikskóla sé tryggður til setu á fundum nefndarinnar þar sem fjallað er um málefni leikskólans.

Í 6. gr. frumvarpsins er fjallað um starfsfólk leikskóla. Í fjölda umsagna voru gerðar athugasemdir við heiti III. kafla og greinarinnar. Nefndin er sammála þeim athugasemdum sem gerðar voru um að nota orðið starfsfólk leikskóla í stað starfslið leikskóla og leggur til að því verði breytt og samræmt í ákvæðum frumvarpsins.

Í 2. mgr. 6. gr. er kveðið á um að leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og leikskólakennarar skuli hafa menntun leikskólakennara, sbr. lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Telur nefndin að rétt sé að undirstrika í ákvæðinu, líkt og gert er í gildandi lögum, að heimilt verði að ráða starfsfólk sem hafi reynslu og ákveðna þjálfun í störfum innan leikskólans. Þetta er í fullu samræmi við 1. mgr. 9. gr. og 20. gr. frumvarps til laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Leggur nefndin því til að á eftir 2. málsl. 2. mgr. 6. gr. komi nýr málsliður sem kveður á um heimild starfsfólks sem ekki hefur leikskólakennaramenntun til að taka þátt í að annast uppeldi og menntun barna, enda fáist ekki leikskólakennari til starfsins.

Í 8. gr. frumvarpsins er kveðið á um rétt leikskólastjóra og leikskólakennara til símenntunar. Þau sjónarmið komu fram hjá einstökum nefndarmönnum að eðlilegra væri að ákvæði um símenntun ættu almennt heima í kjarasamningum en ekki í lagaákvæðum enda sé um samningsatriði að ræða. Hins vegar komu umsagnir í þá átt að tryggja þyrfti að til staðar væri sambærilegur símenntunarsjóður fyrir leikskólakennara og til er fyrir grunnskólakennara og jafna þannig stöðu þeirra frekar. Enn fremur kom fram hörð gagnrýni frá verkalýðshreyfingunni um stöðu annars starfsfólks leikskóla en leikskólakennara og rétt þeirra til símenntunar. Telur nefndin rétt að árétta að ekki sé hægt að skipta starfsfólki leikskóla í tvo hópa með þessum hætti. Mikill hluti starfsfólks á leikskólum landsins hefur ekki leikskólakennaramenntun en nefndin telur að mikilvægt sé að veita því starfsfólki möguleika til að þróa sig og styrkja í starfi. Ekki sé hægt að greina svo á milli starfsfólks leikskóla að einungis hluta þeirra eigi kost á símenntun. Fyrir því séu gild jafnræðissjónarmið. Leggur nefndin til þá breytingu á frumvarpinu að ekki einungis leikskólastjórar og leikskólakennarar eigi kost á símenntun heldur allt stafsfólk leikskóla.

Í 5. gr. frumvarpsins er fjallað um leikskólastjóra og byggist hún að hluta til á 12. gr. gildandi laga um leikskóla. Í greininni er mælt fyrir um rekstrarlega stjórnun hans og ábyrgð á daglegu starfi leikskólans og að það samrýmist gildandi lögum, reglugerðum, aðalnámskrá, skólanámskrá og öðrum fyrirmælum sem kunna að vera í gildi. Hins vegar er tekið út ákvæði frá gildandi lögum um skyldu hans til að halda reglubundna fundi með starfsfólki leikskólans. Er þetta ólíkt því sem fram kemur í 7. gr. frumvarps til laga um grunnskóla þar sem hvort tveggja er fjallað um ábyrgð skólastjóra á að stuðla að samstarfi allra aðila skólasamfélagsins og að boða til kennara- og starfsmannafunda. Enn fremur hefur komið fram í umsögn Kennarasambands Íslands að í frumvarpsdrögum nefndar menntamálaráðherra til endurskoðunar á leikskólalögum hafi ákvæðið verið í betra samræmi við 7. gr. frumvarps til laga um grunnskóla og 12. gr. gildandi laga. Enn fremur sé að finna sambærilegt ákvæði í 9. og 10. gr. frumvarps til laga um framhaldsskóla. Er það álit nefndarinnar að rétt sé að stuðla að sambærilegri skyldu og ábyrgð skólastjóra mismunandi skólastiga og mælir því fyrir breytingum á 5. gr. frumvarpsins í þá átt að það sé á ábyrgð leikskólastjóra að stuðla að samstarfi milli foreldra, starfsfólks leikskóla og annars fagfólks sem og að hann skuli boða til kennara og starfsmannafunda svo oft sem þurfa þykir.

Leggur nefndin einnig til að leikskólastjóri skuli árlega gefa út starfsáætlun leikskóla en sé ekki einungis heimilt að gera slíkt, sbr. 2. mgr. 14. gr. frumvarpsins. Er það álit nefndar-

innar að mikilvægt sé að slík áætlun liggi ávallt fyrir enda hafi hún að geyma mikilvægar upplýsingar sem æskilegt er að séu aðgengilegar starfsfólki leikskóla, foreldrum og rekstraraðilum.

Í 3. mgr. 6. gr. er að finna nýmæli þar sem kveðið er á um að óheimilt sé að ráða til starfa á leikskóla einstakling sem hlotið hefur refsidóm fyrir brot gegn XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, en í kaflanum er fjallað um kynferðisbrot. Er þar jafnframt kveðið á um að við ráðningu skuli liggja fyrir sakavottorð viðkomandi einstaklings eða heimild til handa leikskólastjóra til að afla upplýsinga úr sakaskrá. Mikil umræða átti sér stað innan nefndarinnar um þetta nýmæli auk þess sem fjöldi umsagnaraðila gerði athugasemdir við þessa grein frumvarpsins. Snerust umræður innan nefndarinnar fyrst og fremst um ósamræmi milli lagabálka um ráðningarskilyrði starfsmanna sem starfa með börnum. Er þar fyrst að líta til ákvæða barnaverndarlaga, nr. 80/2002. Í 2. mgr. 36. gr. laganna er að finna sambærilegt bannákvæði því sem hér um ræðir en þar segir að óheimilt sé „ ... að ráða til starfa hjá barnaverndaryfirvöldum eða heimilum og stofnunum samkvæmt lögum þessum, hvort sem þau eru rekin af einkaaðilum, ríki eða sveitarfélögum, menn sem hlotið hafa refsidóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, sbr. 1. mgr.“ Í 1. mgr. 36. gr. er aftur á móti að finna ákveðna takmörkun á ákvæðinu en þar er tekið fram að bannið taki einungis til brota á ákvæðum kaflans þegar brot beinist gegn einstaklingi sem ekki hefur náð 18 ára aldri. Í annan stað ber að líta til ákvæða 3. mgr. 10. gr. æskulýðslaga, nr. 70/2007, þar sem er að finna ákvæði sem er efnislega samhljóða 3. mgr. 6. gr. frumvarpsins að öðru leyti en því að æskulýðslög banna einnig ráðningar einstaklinga sem hlotið hafa refsidóm fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, á síðastliðnum fimm árum. Í æskulýðslögum einskorðast refsinæmi verknaðar ekki við það að brot hafi beinst gegn einstaklingi yngri en 18 ára, eins og miðað er við í barnaverndarlögum, heldur telst viðkomandi ekki hæfur til að sinna æskulýðsstarfi, hvort sem brotaþoli hefur verið yngri eða eldri en 18 ára. Í frumvarpinu sem hér er til umræðu er því að finna ákveðinn milliveg milli fyrrgreindra lagabálka. Gengið er lengra en gert er í barnaverndarlögum en skemur en gert er í æskulýðslögum, enda nær 3. mgr. 6. gr. ekki til brota gegn lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974. Í athugasemdum umsagnaraðila var í allmörgum tilvikum bent á þennan mismun milli framangreindra ákvæða. Varar Reykjavíkurborg við slíku misræmi og tekur Samband íslenskra sveitarfélaga þar undir. Aftur á móti kom fram í máli fulltrúa Barnaverndarstofu að þegar barnaverndarlögin voru samin var verið að taka fyrstu skrefin í þessa átt og því stigið varlega til jarðar. Mundu þeir, ef kæmi til endurskoðunar laganna, mælast til að gengið yrði lengra í þessum efnum en barnaverndarlögin gera nú. Hvað varðar 2. málsl. 3. mgr. 6. gr. frumvarpsins, um að sakavottorð skuli liggja fyrir við ráðningu eða heimild leikskólastjóra til að afla upplýsinga úr sakaskrá, má enn fremur finna ákveðið misræmi milli lagabálka. Skv. 3. mgr. 36. gr. barnaverndarlaga hafa yfirmenn skóla, leikskóla, sumardvalarheimila, íþrótta- og tómstundamiðstöðva og annarra slíkra stofnana eða staða þar sem börn koma saman eða dveljast um lengri eða skemmri tíma, heimild til að afla upplýsinga úr sakaskrá sem einskorðaðar eru við refsidóma vegna brota á XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, þegar brotið hefur beinst gegn barni, að fengnu samþykki viðkomandi. Í athugasemdum við greinina segir að ekki sé rétt að kveða á um alhliða bann við ráðningu einstaklinga sem falla undir 36. gr. heldur eigi slíkt frekar heima í sérlögum, til að mynda lögum um leikskóla. Þess í stað var kveðið á um heimild til að afla upplýsinga úr sakaskrá viðkomandi einstaklings sem sækir um að starfa á slíkum stað. Í 4. mgr. 10. gr. æskulýðslaga er farin sama leið og í barnaverndarlögum varðandi heimild til að afla upplýsinga úr sakaskrá. Verða slíkar upplýsingar

einungis gefnar að fengnu samþykki viðkomandi. Í 2. málsl. 3. mgr. 6. gr. frumvarpsins er ekki að finna framangreint skilyrði um samþykki viðkomandi einstaklings og gengur ákvæðið því lengra en hvort tveggja barnaverndarlög og æskulýðslög að þessu leyti. Í athugasemdum um greinina kemur fram að hér sé átt við fullt sakavottorð og að heimild nái til allra starfsmanna leikskóla. Segir enn fremur að komi fram á sakavottorði upplýsingar um refsiverða háttsemi viðkomandi sé það í höndum leikskólastjóra að meta með málefnalegum hætti hvort viðkomandi sé samt sem áður hæfur til að gegna starfi á leikskóla. Nefndin telur þá leið sem farin er í frumvarpinu heppilega. Verður að setja hagsmuni barna sem dveljast á leikskóla, oft á tíðum allan daginn, í fyrsta sæti og í raun er óhjákvæmilegt og réttmætt að komið sé í veg fyrir að einstaklingar sem brotið hafa gegn XXII. kafla almennra hegningarlaga sinni störfum sem fela í sér umgengni, umsjón og ábyrgð á börnunum. Enn fremur telur nefndin að slíkt bann skuli ná til allra kynferðisbrota, óháð því hversu langur tími er liðinn frá því að brotin voru framin, enda hafa rannsóknir jafnframt sýnt að hluti kynferðisafbrotamanna endurtekur verknað sinn. Að mati nefndarinnar verða hagsmunir leikskólabarna ekki að fullu tryggðir nema ráðningarbannið sé ótakmarkað. Nefndin telur því rétt að tiltaka allan kynferðisbrotakafla almennu hegningarlaganna til að taka af allan vafa um að ráðningarbannið nái til brota gegn 4. mgr. 210. gr. þeirra um vörslu barnakláms og tryggja þannig velferð barna með sem bestu móti. Þetta er til samræmis við þá áherslu sem lögð er á velferð barna í íslenskri löggjöf, sbr. t.d. 3. mgr. 76. gr. stjórnarinnar þar sem kveðið er á um að í lögum skuli börnum tryggð sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. Enn fremur má líta til alþjóðlegra skuldbindinga íslenska ríkisins, til að mynda ákvæða samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins þar sem í 19. gr. er kveðið á um að aðildarríki samningsins „ … skuli gera allar viðeigandi ráðstafanir á sviði löggjafar, stjórnsýslu, félags- og menntunarmála til að vernda barn gegn hvers kyns líkamlegu og andlegu ofbeldi, meiðingum, misnotkun, vanrækslu, skeytingarleysi, illri meðferð eða notkun, þar á meðal kynferðislegri misnotkun, meðan það er í umsjá annars eða beggja foreldra, lögráðamanns eða lögráðamanna, eða nokkurs annars sem hefur það í umsjá sinni.“

Hvað varðar aðgang að sakavottorði einstaklinga telur nefndin þá leið sem farin er í frumvarpinu vel til þess fallna að gæta hvort í senn hagsmuna barna og atvinnufrelsis einstaklings. Telur nefndin að með banni æskulýðslaganna við ráðningu einstaklings sem hlotið hefur refsidóm fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni á undangengnum fimm árum sé seilst ívið langt. Með rýmri heimildum leikskólastjóra til fulls aðgangs að sakavottorði sé treyst dómgreind og málefnalegu mati leikskólastjóra til að meta hvort viðkomandi einstaklingur sé þess verðugur að starfa við umönnun, uppeldi og menntun barna á leikskólastigi. Þannig er einstaklingur sem gerst hefur brotlegur gegn ákvæðum laga um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, ekki útilokaður frá því að starfa á leikskóla. Hér er oft um að ræða smávægileg brot sem að áliti nefndarinnar ættu ein og sér ekki að útiloka einstakling frá tækifæri til þess að starfa á leikskóla. Telur nefndin því réttmætt að láta leikskólastjóra það eftir að meta hæfni einstaklings til starfs í hverju tilviki. Það að tryggja leikskólastjóra aðgang að fullu sakavottorði geri honum m.a. kleift að hafa þetta mat á sínum höndum. Nefndin leggur því ekki til breytingar á 3. mgr. 6. gr. frumvarpsins.

Sérfræðiþjónusta.

Samfélagslegt gildi menntunar er ótvírætt en hún er líka mikilvæg forsenda þess að einstaklingur geti fótað sig í nútímasamfélagi og getur skipt sköpum um möguleika hans til að sjá sér og sínum farborða og njóta annarra grundvallarréttinda. Í mörgum alþjóðasamningum

sem Ísland er aðili að er fjallað um mikilvægi menntunar og rétt til menntunar. Sem dæmi má nefna mannréttindayfirlýsingu og barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, mannréttindasáttmála Evrópu, Alþjóðasamning um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi og Salamanca-yfirlýsinguna. Jafnframt er vinna hafin við að fullgilda sáttmála Sameinuðu þjóðanna um málefni fatlaðra, sem undirritaður var af hálfu Íslands 30. mars 2007. Það sem er sameiginlegt með þessum samningum er jafn réttur allra einstaklinga til menntunar. Enn fremur er í stjórnarskránni kveðið á um rétt allra til almennrar menntunar og fræðslu við sitt hæfi, sbr. 2. mgr. 76. gr. Í lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, er jafnframt fjallað um rétt fatlaðra einstaklinga til þjónustu ríkis og sveitarfélaga og sérstaklega tekið fram í 7. gr. að ávallt skuli leitast við að veita fötluðum þjónustu samkvæmt almennum lögum á sviði menntunar og heilbrigðis- og félagsþjónustu. Ef aftur á móti kemur í ljós að viðkomandi einstaklingur þarf á slíkri þjónustu að halda að henni verður ekki fullnægt innan almennrar þjónustu skal hann fá þjónustu samkvæmt lögum um málefni fatlaðra. Þótt börn eigi ekki skýlausan rétt á leikskóladvöl, þar sem leikskóli er ekki skyldubundinn líkt og grunnskóli, þá eiga fötluð börn rétt til leikskóladvalar til jafns á við önnur börn á leikskólaaldri, sbr. 19. gr. laga nr. 59/1992. Í gildandi lögum um leikskóla, nr. 78/1994, má finna í VI. kafla ákvæði um rétt leikskólabarna til sérstakrar aðstoðar og þjálfunar. Þar er í 15. gr. fjallað um rétt barna á leikskólaaldri, og þar segir að börn sem vegna „fötlunar, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun, eiga rétt á henni innan leikskólans undir handleiðslu sérfræðinga“. Í 16. gr. laganna er jafnframt kveðið á um að ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta sveitarfélaga skuli veita foreldrum barna og starfsfólki leikskóla nauðsynlega ráðgjöf og þjónustu. 17. gr. laganna setur enn fremur þá skyldu á rekstraraðila leikskóla að þeir skuli byggðir og reknir þannig að þeir geti sinnt fötluðum börnum. Í VIII. kafla frumvarpsins er fjallað um sérfræðiþjónustu og stoðkerfi leikskóla. Í 21. gr., sem byggð er á 16. gr. gildandi laga, er kveðið á um stuðning sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leikskólabörn og foreldra þeirra sem og við starfsemi leikskóla og starfsfólk hans. Í 22. gr., sem byggð er á 15. gr gildandi laga, má sjá að börnum er tryggður réttur til handleiðslu sérfræðinga í þeirri aðstoð og þjálfun sem viðurkenndir greiningaraðilar telja þau þurfa. Í ákvæðunum frumvarpsins er mælt fyrir um skyldu sveitarfélaga til að ákveða fyrirkomulag sérfræðiþjónustu en jafnframt stuðla að því að hún geti farið fram innan leikskólans. Enn fremur er það í höndum leikskólastjóra að samræma störf þeirra sem sjá um málefni einstakra barna og eiga samráð við foreldra og félagsþjónustu sveitarfélaganna sé þess þörf. Nefndin telur að með þessum breytingum og víðari hugtakanotkun sé réttur barns betur tryggður en í gildandi lögum. Í umsögnum sveitarfélaga eru gerðar athugasemdir um þessar auknu skyldur sem þessi kafli frumvarpsins setur á þau og meðal annars bent á að ýmis sú þjónusta sem leikskólabörn eiga rétt á sé á höndum ríkisins en ekki sveitarfélaganna sem hafi ekki skipulagsvald yfir öllum þeim sérfræðingum sem börn eiga rétt á handleiðslu frá. Í athugasemdum við 22. gr. kemur aftur á móti fram að sá réttur sem barn hefur til sérstakrar aðstoðar og þjálfunar lýtur sömu viðhorfum og gert er ráð fyrir í dag samkvæmt lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, og lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007. Telur nefndin því að undirstrika verði að þótt sveitarfélög skuli stuðla að því að þjónustan geti farið fram innan leikskóla þurfa sumir einstaklingar slíka þjálfun að ekki er mögulegt að þjálfa viðkomandi í skólahúsnæðinu. Aftur á móti ítrekar nefndin að sveitarfélög skuli stuðla að því að þjónustan geti farið fram innan leikskólans. Það er svo í höndum leikskólastjóra að samræma sérfræðiþjónustu sem barni er veitt. Með ákvæðinu er verið að styrkja forstöðuhlutverk leikskólastjóra og er því ætlað gera leikskólastjóra kleift að samræma sérfræðiþjónustu viðkomandi barns

við stundaskrá og vikuáætlanir þess og gera vinnuviku barnsins sem heildstæðasta. Í því skyni er nauðsynlegt að samhæfa þá sérfræðiþjónustu sem veitt er af sérfræðiþjónustu sveitarfélags og öðrum sérfræðingum, t.d. á heilbrigðissviði, sem annast viðkomandi barn. Fram hefur komið í máli fulltrúa menntamálaráðuneytisins að starfandi sé nefnd á vegum ráðuneytisins sem hefur það hlutverk að skilgreina betur störf og þjónustu við fötluð börn í leik- og grunnskólum, óháð því hver veitir þjónustuna. Í starfi þeirrar nefndar hefur áhersla verið lögð á að leik- og grunnskólar gegni lykilhlutverki í samræmingarvinnu á þessu sviði og að sérfræðiþjónustan geti farið sem mest fram innan skólanna sjálfra. Telur nefndin rétt að árétta að þessi skylda leikskólastjóra nær til samræmingar á störfum þeirra sem sjá um hvert einstakt barn innan leikskólans. Enn fremur er það álit nefndarinnar að kveða þurfi skýrar á um að sé þess þörf skuli leikskólastjóri hafa samráð við félagsþjónustu sveitarfélaga vegna málefna einstakra barna. Vill nefndin jafnframt árétta að eðlilegt sé að leikskóli samræmi störf á sviði sérfærðiþjónustu leikskóla, þrátt fyrir að rekstur leikskóla sé ekki skyldubundið hlutverk sveitarfélaga, þar sem allt að 95% barna á aldrinum 4–5 ára eru í leikskóla. Leggur nefndin því til breytingar á 22. gr. frumvarpsins.

Í 3. mgr. 12. gr. frumvarpsins er kveðið á um að ráðherra setji reglugerð um húnæði og búnað í leikskóla í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Er það álit nefndarinnar að eðlilegt sé að kveða á um slíkt samráð í lagagreininni skuli sveitarfélög bera ábyrgð á húsnæði og búnaði leikskólahúsnæðis, sbr. 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins. Nefndin telur þó mikilvægt að samráð verði jafnframt haft við Samtök fatlaðra svo að sjónarmið þeirra komist á framfæri enda kveður frumvarpið á um að stuðla skuli að því að sérfræðiþjónusta fari fram innan leikskólans, sbr. 21. gr. frumvarpsins.

Upplýsingagjöf

Í 16. gr. frumvarpsins er að finna nýmæli um skyldu sveitarstjórna til að koma á gagnvirku samstarfi milli leikskóla og grunnskóla. Meginforsendan fyrir þessari skyldu er að tryggja að samstarf og samvinna ríki á milli þessara skólastiga svo að aðlögun og undirbúningur leikskólabarna fyrir nám í grunnskóla verði sem allra best. Í þessu skyni gerir 2. mgr. 16. gr. ráð fyrir að persónuupplýsingar um hvert einstakt barn, sem að gagni geta komið fyrir velferð barnsins og aðlögun þess í grunnskóla, skuli fylgja barninu. Nefndin telur að með þessu sé dregið úr óvissu um meðferð persónuupplýsinga og að hagsmunir einstakra barna verði betur tryggðir. Aftur á móti telur nefndin að ákvæðið sé fullvíðtækt og gjalda beri varhug við því að allar upplýsingar um börn fylgi þeim frá leikskóla til grunnskóla. Er þetta í samræmi við þá meginreglu laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000, sem finna má í 3. tölul. 7. gr. laganna. Leggur nefndin því til að einungis þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru fyrir velferð og aðlögun barnsins í grunnskóla skuli fylgja barninu úr leikskóla. Enn fremur leggur nefndin áherslu á að ekki verði einungis litið til persónuupplýsinga einstakra barna heldur verði einnig að líta til hugmynda- og kennslufræði skólastiganna með það að markmiði að auka samfellu á milli þeirra. Þannig sé betur tryggt að kennarar grunnskólans geti byggt á fyrri reynslu barnanna þegar þau hefja nám á grunnskólastigi.

Nefndin áréttar einnig að skýrt verði að vera á hverra höndum meðferð upplýsinga skuli vera, en samkvæmt greininni skulu þær vera á hendi leikskóla eða annarra sérfræðinga. Nefndin leggur jafnframt til þá breytingu að í reglugerð sem ráðherra er heimilt að setja á grundvelli 3. mgr. 16. gr. skuli kveða á um meðferð, eyðingu og miðlun upplýsinga á milli skólastiga. Tekur nefndin þar með undir sjónarmið sem fram koma í athugasemdum en hvort tveggja sveitarfélög og skólar telja þörf á skýrari reglum um þessi atriði.

Foreldrar leikskólabarna

Í 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins kemur fram sú skilgreining að þeir sem fara með forsjá barns í skilningi barnalaga teljast foreldrar þess. Með þessu er leitast við að koma til móts við þann fjölda foreldra sem fer með sameiginlega forsjá. Hins vegar er ekki gerður greinarmunur á sameiginlegri forsjá þegar foreldrar búa saman og sameiginlegri forsjá þegar foreldrarnir búa ekki saman. Getur þetta skapað óvissu í framkvæmd þegar kemur að samvinnu, samráði og samþykki foreldra um atriði er varða barn þeirra og hvort eigi að ganga út frá því að forsjárforeldrar séu alltaf í sambærilegri eða sömu stöðu. Telur nefndin að mikilvægt sé að staða foreldra sem fara með sameiginlega forsjá en búa ekki saman verði gerð skýr þegar kemur að málefnum barna þeirra í leikskólum, til að mynda þegar kemur að framkvæmd sérfræðiþjónustu, sbr. 22. gr. frumvarpsins, og hvernig skuli staðið að samþykki slíkrar þjónustu, þ.e. hvort samþykki beggja foreldra sé nauðsynlegt.

Í 2. mgr. 9. gr. frumvarpsins er kveðið áum rétt foreldra sem ekki tala íslensku eða nota táknmál. Er í greininni lögð sú skylda á skóla að leitast við að tryggja þeim túlkun á upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna samskipta foreldra og skóla samkvæmt 1. mgr. greinarinnar. Í 1. mgr. greinarinnar kemur fram réttur þeirra á upplýsingum um skólastarfið og stöðu barna sinna. Nokkur umræða átti sér stað um hvort að kveða ætti sterkara að orði og gera skyldu skólans ótvíræðari. Telur nefndin að ekki beri að breyta ákvæðinu enda sé lögð sú skylda á leikskólann að leitast við að tryggja túlkun á viðkomandi upplýsingum.

Nefndin leggur jafnframt til aðrar smávægilegar breytingar á frumvarpinu seim einkum varða lagatæknileg atriði.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Kolbrún Halldórsdóttir og Höskuldur Þórhallsson skrifa undir álit þetta með fyrirvara.

Paul Nikolov var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Kjartan Eggertsson sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi í stað Jóns Magnússonar og er hann samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 9. maí 2008.

Sigurður Kári Kristjánsson, form., frsm.	Einar Már Sigurðarson.	Pétur H. Blöndal.
Guðbjartur Hannesson.	Höskuldur Þórhallsson, með fyrirvara.	Ragnheiður Ríharðsdóttir.
Katrín Júlíusdóttir.	Kolbrún Halldórsdóttir, með fyrirvara.	

1012. Breytingartillögur [287. mál]

við frv. til l. um leikskóla.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 1. gr. Á eftir orðinu „uppeldi“ í lokamálslið fyrri málsgreinar komi: umönnun.
2. Við 2. gr.
   a. Við fyrri málsgrein bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Starfshættir leikskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar.
   b. Við síðari málsgrein bætist nýr stafliður, b-liður, svohljóðandi: að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku.
   c. Á eftir orðinu „andlega“ í b-lið síðari málsgreinar komi: vitsmunalega.
   d. Orðin „umburðarlyndi og“ í c-lið síðari málsgreinar falli brott.
   e. Á eftir orðunum „sjálfsmynd þeirra“ í e-lið síðari málsgreinar, komi: heilbrigðisvitund.
3. Við 3. gr. Í stað orðsins „byggingu“ í fyrri málsgrein komi: stofnun.
4. Við 4. gr. Í stað orðsins „leikskólakennarar“ í síðari málsgrein komi: starfsfólk leikskóla.
5. Við 5. gr. Við fyrri málsgrein bætist tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Leikskólastjóri stuðlar að samstarfi milli foreldra, starfsfólks leikskóla og annars fagfólks með velferð barna að markmiði. Leikskólastjóri boðar til kennara- og starfsmannafunda svo oft sem þurfa þykir.
6. Við 6. gr.
   a. Í stað orðsins „starfsliðs“ í 1. mgr. og sama orðs hvarvetna annars staðar í frumvarpinu komi, í viðeigandi beygingarfalli: starfsfólks.
   b. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður er verði 2. málsl., svohljóðandi: Heimilt er að starfsfólk án leikskólakennaramenntunar taki þátt í að annast uppeldi og menntun barna, enda fáist ekki leikskólakennari til starfsins.
   c. Fyrirsögn greinarinnar verði: *Ráðning.*
7. Við bætist ný grein er verði 7. gr. sem hljóðar svo ásamt fyrirsögn:

Starfsfólk.

Starfsfólk leikskóla skal rækja starf sitt af fagmennsku, alúð og samviskusemi. Það skal gæta kurteisi, nærgætni og lipurðar í framkomu sinni gagnvart börnum, foreldrum þeirra og samstarfsfólki.

Að frumkvæði leikskólastjóra skal móta áætlun um hvernig símenntun starfsfólks skuli hagað svo að hún sé í sem bestu samræmi við áherslur leikskóla, sveitarfélags og skólanámskrár.

Leikskólastjórar og starfsfólk leikskóla skulu samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar og eftir því sem kann að vera mælt fyrir um í kjarasamningum eiga kost á símenntun í þeim tilgangi að efla starfshæfni sína, kynnast nýjungum í leikskóla- og uppeldismálum og njóta stuðnings við nýbreytni- og þróunarstörf.

8. 8. gr. falli brott.
9. Fyrirsögn III. kafla verði: **Starfsfólk leikskóla.**

10. Við 9. gr. Í stað 2. og 3. málsl. 1. mgr. komi einn málsliður, svohljóðandi: Þeir skulu hafa náið samráð við starfsfólk leikskóla og fylgjast með skólagöngu barna sinna og veita þær upplýsingar sem kunna að skipta máli fyrir skólastarfið og velferð barna.
11. Við 12. gr. Á eftir orðunum „vellíðan barna“ í 3. málsl. 1. mgr. komi: og starfsfólks.
12. Við 13. gr. Í stað orðsins „námssviði“ í lokamálslið 1. mgr. komi: námssviðum.
13. Við 14. gr. 1. málsl. 2. mgr. orðist svo: Leikskólastjóri gefur árlega út sérstaka starfsáætlun.
14. Við 16. gr.
    a. Í stað orðanna „skal leitast við að“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: skal.
    b. Í stað orðanna „að gagni geta komið“ í 1. málsl. 2. mgr. komi: nauðsynlegar eru.
    c. Í stað orðanna „meðferð þeirra“ í 3. mgr. komi: meðferð, eyðingu og miðlun upplýsinga milli skólastiga.
15. Við 18. gr. Á eftir orðinu „starfsmanna“ í fyrri málsgrein komi: barna.
16. Við 19. gr.
    a. Orðið „árlega“ í fyrri málsgrein falli brott.
    b. Á eftir orðunum „innra mat skóla“ í fyrri málsgrein komi: ytra mat sveitarfélaga.
    c. Orðin „leitast við að“ í síðari málsgrein falli brott.
17. Við 22. gr. 1. og 2. mgr. orðist svo:

    Börn sem þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun, að mati viðurkenndra greiningaraðila, eiga rétt á slíkri þjónustu innan leikskólans. Þjónusta þessi skal fara fram undir handleiðslu sérfræðinga samkvæmt ákvörðun leikskólastjóra og sérfræðiþjónustu skv. 21. gr. í samráði við foreldra.

    Leikskólastjóri skal samræma innan hvers leikskóla störf þeirra sem sjá um málefni einstakra barna skv. 21. gr. Jafnframt skal hafa samráð við félagsþjónustu sveitarfélaga vegna málefna einstakra barna eftir því sem þurfa þykir.
18. Við 23. gr.
    a. Í stað orðsins „skólamálum“ í fyrri málslið komi: leikskólamálum
    b. Fyrirsögn greinarinnar verði: *Sérfræðingar í leikskólamálum.*
19. Við 25. gr.
    a. Í stað „29. gr.“ í 4. málsl. 1. mgr. komi: 30. gr.
    b. Í stað „7. gr.“ í 2. málsl. 2. mgr. komi: 8. gr.
    c. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sveitarstjórnum er heimilt að gera samning við viðkomandi skóla um fyrirkomulag þjónustu og gjaldtöku.
20. Við 26. gr. Fyrirsögn greinarinnar verði: *Reglur um innritun.*
21. Við 27. gr. Við síðari málsgrein bætist: nema kveðið sé á um slíkt í þjónustusamningi sem sveitarfélag gerir við aðila sem fengið hefur rekstrarleyfi skv. 25. gr.
22. Við 28. gr. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður er verði 3. málsl., svohljóðandi: Sveitarstjórn getur ákveðið að foreldraráð, sbr. 11. gr., og skólaráð, sbr. 8. gr. laga um grunnskóla, starfi sameiginlega í einu ráði.
23. Við 30. gr. Orðin „og skyldu“ í 1. málsl. 1. mgr. falli brott.

1013. Nefndarálit [288. mál]

um frv. til l. um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund sinn Arnór Guðmundsson, Sigurjón Mýrdal, Þórhall Vilhjálmsson og Karl Kristjánsson frá menntamálaráðuneyti. Einnig komu á fund nefndarinnar Halldór Grönvold frá Alþýðusambandi Íslands, Elna Katrín Jónsdóttir og Eiríkur Jónsson frá Kennarasambandi Íslands, Ágústa E. Ingþórsdóttir frá Félagi náms- og starfsráðgjafa, Guðbjörg Vilhjálmsdóttir frá félagsvísindadeild Háskóla Íslands, Guðjón Bragason, Svandís Ingimundardóttir og Guðrún Ósk Sigurjónsdóttir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Kristbjörg Stephensen borgarlögmaður, Ólafur Proppé og Anna Kristín Sigurðardóttir frá Kennaraháskóla Íslands, Guðmundur Heiðar Frímannsson frá Háskólanum á Akureyri, Halldóra Friðjónsdóttir frá Bandalagi háskólamanna og Kristín Á. Guðmundsdóttir og Birna Ólafsdóttir frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja.

Þá bárust nefndinni umsagnir frá Kennaraháskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri, Listaháskóla Íslands, Félagsvísindadeild Háskóla Íslands, Landbúnaðarháskóla Íslands, stúdentaráði Kennaraháskóla Íslands, Kennarasambandi Íslands, Félagi framhaldsskólakennara, Félagi leikskólakennara, Bandalagi háskólamanna, Bandalagi íslenskra námsmanna, Félagi um menntarannsóknir, Samtökum áhugafólks um skólaþróun, Félagi náms- og starfsráðgjafa, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, Iðjuþjálfafélagi Íslands, ADHD-samtökunum, Félagi lesblindra á Íslandi, Umhyggju, Samtökunum Heimili og skóli, umboðsmanni barna, Rauða krossi Íslands, biskupi Íslands, Prestafélagi Íslands, Íslenskri málnefnd, safnaráði, Jafnréttisstofu, félagsmálaráðuneytinu – innflytjendaráði, Samtökum atvinnulífsins, Alþýðusambandi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Eyþingi. Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Akraneskaupstað, Akureyrarbæ, Ásahreppi, Borgarbyggð, Fljótsdalshéraði, Flóahreppi, Grundarfjarðarbæ, Húnaþingi vestra, Kópavogsbæ, Langanesbyggð, Mosfellsbæ, Mýrdalshreppi, Reykjavíkurborg, Sveitarfélaginu Árborg, Sveitarfélaginu Ölfusi, Seltjarnarnesbæ, Tálknafjarðarhreppi og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga,

Þann 7. desember 2007 var fjórum frumvörpum vísað til meðferðar í nefndinni. Var hér um að ræða frumvörp til heildarlaga um leik-, grunn- og framhaldsskóla ásamt frumvarpi til laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Frumvörp þessi mynda umgjörð um skólamál í landinu allt að háskólastigi og er ætlað að auka samfellu og sveigjanleika í skólastarfi og tryggja skóla án aðgreiningar. Í upphafi starfs nefndarinnar var ljóst að mikil vinna væri fyrir höndum og hefur nefndin haft fasta vikulega aukafundi til að fjalla um málin.

Frumvarpi til laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla er ætlað að leysa af hólmi lög nr. 86/1998, um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra. Í frumvarpinu er að finna nýmæli um lögverndun á starfsheiti leikskólakennara og aukin menntunarskilyrði til að öðlast starfsheiti og starfsréttindi grunnskóla- og framhaldsskólakennara. Jafnframt er lagt til í frumvarpinu að gildissvið leyfisbréfa leik-, grunn- og framhaldsskólakennara verði víkkað á þann hátt að það nái til aðliggjandi skólastiga, kveðið er á um að ⅔ hlutar stöðugilda á leikskólum skuli mönnuð leikskólakennurum og lögð er

áhersla á forgang þeirra til starfa sem lokið hafa bakkalárprófi umfram aðra sem ekki hafa lögverndað starfsheiti samkvæmt frumvarpinu. Enn fremur er kveðið á um forgang kennara í starf í þeirri námsgrein sem hann hefur sérhæft sig í o.fl.

Nefndin ræddi ákvæði frumvarpsins ítarlega á fundum sínum. Meðal þeirra atriða sem hvað mesta umræðu fengu meðal nefndarmanna voru aukin menntunarskilyrði til starfsréttinda og þá sér í lagi er varðar leikskólakennara, sú krafa að ⅔ hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í leikskólum skuli teljast til stöðugilda leikskólakennara, undanþáguheimild frá þessari kröfu og starfsöryggi annars starfsfólks á leikskólum en leikskólakennara og hæfnisskilyrði skólastjórnenda.

Mikil umræða fór fram innan nefndarinnar um leikskólakennaramenntun og stöðu leikskólakennara og annars starfsfólks í leikskólum landsins. Enn fremur urðu nokkuð háværar umræður í þjóðfélaginu um auknar menntunarkröfur til að hljóta starfsheitið leikskólakennari og tengist sú umræða 9. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um að lágmark ⅔ hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla skuli teljast til stöðugilda leikskólakennara sem og 20. gr. frumvarpsins þar sem gert er ráð fyrir undanþágu frá þessu ákvæði 9. gr. og veitt heimild til að ráða til bráðabirgða, að hámarki í eitt ár, einstakling sem ekki hefur menntun leikskólakennara, fáist ekki leikskólakennari í stöðugildið þrátt fyrir ítrekaðar auglýsingar. Erfitt er að fjalla um fyrrgreind ákvæði ein og sér og í umfjöllun nefndarinnar voru þessar greinar frumvarpsins skoðaðar í samhengi og með tilliti til þeirrar stöðu sem nú ríkir í leikskólamálum hér á landi. Jafnvel þó að í gildandi lögum sé kveðið á um að öll stöðugildi skuli skipuð leikskólakennurum, sbr. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 78/1994, þá telur nefndin að sú krafa sem og markmið frumvarpsins, sbr. 9. gr., endurspegli ekki íslenskan veruleika í starfsmannamálum leikskólastigsins, en samkvæmt upplýsingum af vef Hagstofu Íslands voru í desember sl. 32,6% allra starfsmanna sem sinntu uppeldi og menntun barna í leikskólum með leikskólakennarapróf, 0,4% starfsfólks við uppeldi og menntun höfðu lokið diplómanámi í leikskólakennarafræðum og 6,4% höfðu aðra uppeldismenntun. Töluverðar athugasemdir komu fram í umsögnum sveitarfélaga um þessar auknu menntunarkröfur. Telja þau að um stórt skref sé að ræða, einkum með hliðsjón af því að ekki er langt síðan leikskólakennaranámið var flutt á háskólastig. Þar af leiðandi sé stór hópur leikskólakennara í dag sem ekki hefur lokið grunnháskólanámi. Ekki séu heldur gerðar kröfur um meistarapróf í þessari starfsstétt í þeim nágrannalöndum sem við berum okkur saman við. Lýstu sveitarfélögin jafnframt yfir áhyggjum af neikvæðum áhrifum sem lenging námsins gæti haft á mönnun í leikskólum þar sem nú þegar ríki mannekla. Sambærileg sjónarmið má jafnframt sjá í umsögnum frá verkalýðshreyfingunni sem bendir fyrst og fremst á stöðu annars starfsfólks á leikskólum þar sem ekki sé gert ráð fyrir að mögulegt sé fyrir þennan hóp að fá raunfærnimat til að afla sér menntunar á þessu sviði og að starfsöryggi þessa hóps sé lítið sem ekkert skv. 20. gr. frumvarpsins. Í máli fulltrúa kennarastéttarinnar hefur aftur á móti komið fram að með ákvæðum um auknar menntunarkröfur sé horft til framtíðar og mikilvægt sé að framtíðarsýn í skólastarfi verði mótuð og ekki sé réttlætanlegt að láta neikvæða umfjöllun hafa áhrif þar á.

Varðandi 9. gr. frumvarpsins og þá breytingu að ekki sé lengur gert ráð fyrir að allir starfsmenn sem koma að uppeldi og menntun innan leikskóla séu leikskólakennaramenntaðir, heldur ⅔ starfsmanna, vill nefndin árétta að ekki er hægt að skipta starfsfólki leikskóla í tvo hópa með þessum hætti. Tillit verði að taka til þess að fólk með mismunandi menntun og þekkingu nýtist vel í starfi innan leikskólans, má þar nefna m.a. þá sem lagt hafa stund á ýmiss konar listnám, íþróttafræðinga, sjúkraþjálfara, félagsfræðinga og aðra sem lokið hafa

uppeldisnámi. Með ofangreindri breytingu er annars vegar verið að viðurkenna mikilvægi einstaklinga með annars konar menntun en leikskólakennaramenntun í störfum innan leikskóla. Í því sambandi ber þó að líta til 2. mgr. 6. gr. frumvarps til laga um leikskóla þar sem ráðherra er veitt heimild til setningar reglugerðar sem kveður á um leiðbeiningar- og stjórnunarhlutverk leikskólakennara gagnvart öðru starfsfólki. Hins vegar yrðu með þessari breytingu sett í lög raunhæfari viðmið um hlutfall menntaðra leikskólakennara en verið hefur í lögum fram til þessa. Nefndin telur mikilvægt að ríki og sveitarfélög taki höndum saman og geri áætlun um hvernig ná megi þessu viðmiði um ⅔ hluta leikskólakennaramenntaðra. Núna er hlutfallið ⅓ að meðaltali yfir landið.

Telur nefndin að taka verði tillit til þeirrar stöðu sem er í starfsmannamálum leikskóla í dag og hversu langt er í land að manna ⅔ hluta stöðugilda leikskóla með leikskólakennurum þegar litið er á meðaltal yfir landið. Áréttar nefndin því mikilvægi þess að tryggja þeim starfsöryggi sem starfa á leikskólum en hafa ekki leikskólakennaramenntun. Í 20. gr. frumvarpsins er kveðið á um heimild til að lausráða í auglýsta leikskólakennarastöðu, til eins árs í senn, einstakling sem ekki er leikskólakennari. Hefur þetta í för með sér að starfsöryggi viðkomandi starfsmanns er mjög rýrt enda gerð krafa í 11. gr. frumvarpsins um að auglýsa skuli öll laus störf leikskólakennara. Til að auka starfsöryggi þessa fólks, sem oft hefur mikla þekkingu og reynslu af störfum í leikskóla, leggur nefndin til breytingar á frumvarpinu í þá átt að hafi tiltekið starf leikskólakennara verið auglýst í tvígang án þess að menntaður leikskólakennari hafi fengist verði heimilt að ráða viðkomandi starfsmann í starfið. Enn fremur telur nefndin rétt að tryggja að þeir starfsmenn sem ekki hafa kennaramenntun og ráðnir hafa verið á grundvelli gildandi laga haldi starfi sínu. Leggur nefndin því til breytingu á bráðabirgðaákvæði frumvarpsins.

Það er álit nefndarinnar að góð menntun sé ekki síður mikilvæg á leikskólastigi en á öðrum stigum skólastarfs. Enn fremur sé mikilvægt að sambærilegar menntunarkröfur séu gerðar til leikskólakennara og grunnskólakennara með tilliti til samfellu í skólastarfi. Álítur nefndin því að möguleiki á flæði kennara milli aðliggjandi skólastiga, sbr. 24. gr. frumvarpsins, sé mikilvæg nýjung í skólastarfi. Það gefi meðal annars færi á því að í yngstu bekkjum grunnskóla geti komið inn sjónarmið leikskólakennara í kennsluháttum. Telur nefndin að grundvöllur fyrir þessu flæði kennara milli skólastiga sé sá að kröfur til kennaramenntunar verði þær sömu á mismunandi skólastigum. Leggur nefndin því ekki til breytingar á 3. gr. frumvarpsins.

Því sjónarmiði var hreyft fyrir nefndinni að óljóst væri um hvers konar námseiningar væri að ræða í 4. tölul. 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins, sem kveður á um heimild þeirra sem lokið hafa fullgildu lokaprófi í listgrein, tæknigrein eða verkgrein sem nýtist á grunnskólastigi, til að nota starfsheiti grunnskólakennara. Áréttar nefndin að hér sé átt við ECTS-einingar eða staðlaðar námseiningar, sbr. lög nr. 63/2006, um háskóla. Leggur nefndin til breytingu á 8. gr. frumvarpsins til að taka af allan vafa sem kann að hafa verið uppi.

Nefndin áréttar mikilvægi þess að samræmis sé gætt milli allra skólastiganna, eftir því sem við á. Leggur nefndin til að samræmis verði gætt milli ákvæða 9., 12. og 16. gr. frumvarpsins þar sem krafist er starfsheitis grunnskólakennara, sbr. 1. mgr. 12. gr., og starfsheitis framhaldsskólakennara, sbr. 1. mgr. 16. gr., svo að viðkomandi geti verið ráðinn til kennslu á þeim skólastigum.

Nokkur umræða átti sér stað innan nefndarinnar um ráðningu sérfræðinga í grunnskólum skv. 4. mgr. 12. gr. frumvarpsins. Þar er kveðið á um að til grunnskóla megi ráða tímabundið, að hámarki eitt ár í senn, sérfræðing til að kenna sérgrein sína enda sé kennslan ekki meira

en 240 mínútur á viku. Telur nefndin rétt að undirstrika að hér er ekki eingöngu átt við háskólamenntaða sérfræðinga heldur sé grunnskólum veitt svigrúm til að fá til sín sérfróða einstaklinga á ákveðnu sviði, til dæmis ákveðinni starfsgrein eða tómstundaiðju. Þannig getur einstaklingur með mikla reynslu á ákveðnu sviði fallið undir ákvæðið.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að þeir sem lokið hafa bakkalárprófi á sviði uppeldis- og kennslugreina njóti forgangs umfram aðra til starfa í leikskólum og grunnskólum, sbr. 3. og 4. mgr. 23. gr. Er einnig kveðið á um slíkan forgang einstaklings til starfa í framhaldsskóla hafi hann lokið starfsréttindaprófi eða háskólaprófi ásamt a.m.k. 120 stöðluðum námseiningum í viðkomandi kennslugrein. Telur nefndin rétt að ítreka að hér er einungis átt við forgang viðkomandi einstaklinga umfram þá sem ekki hafa starfsheiti leikskólakennara, grunnskólakennara eða framhaldsskólakennara. Leggur nefndin til breytingu á frumvarpinu til samræmis við þetta.

Töluverð umræða fór fram í nefndinni um hæfnisskilyrði stjórnenda leik-, grunn- og framhaldsskóla. Nokkurs misræmis gætir milli 10. og 13. gr. frumvarpsins um ráðningu skólastjórnenda við leikskóla og grunnskóla og 17. gr. frumvarpsins sem kveður á um ráðningu skólastjórnenda framhaldsskóla. Eins og ákvæði frumvarpsins eru nú eru gerðar meiri kröfur til skólastjórnenda leikskóla og grunnskóla en stjórnenda framhaldsskóla. Gerð er krafa um viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynslu til þeirra sem sækja um starf leikskólastjóra eða skólastjóra grunnskóla auk starfsheitisins leikskólakennari eða grunnskólakennari, eftir því sem við á. Í 17. gr. er aftur á móti einungis gerð krafa um að viðkomandi hafi starfsheitið framhaldsskólakennari. Telur nefndin að samræma þurfi þær kröfur sem gera eigi til stjórnenda mismunandi skólastiga og leggur til breytingar á frumvarpinu þar um.

Nefndin leggur jafnframt til aðrar smávægilegar breytingar á frumvarpinu sem einkum varða lagatæknileg atriði.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Kolbrún Halldórsdóttir og Höskuldur Þórhallsson skrifa undir álit þetta með fyrirvara.

Paul Nikolov var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Kjartan Eggertsson sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi í stað Jóns Magnússonar og er hann samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 9. maí 2008.

Sigurður Kári Kristjánsson, form., frsm.	Einar Már Sigurðarson.	Pétur H. Blöndal.
Guðbjartur Hannesson.	Höskuldur Þórhallsson, með fyrirvara.	Ragnheiður Ríkharðsdóttir.
Katrín Júlíusdóttir.		Kolbrún Halldórsdóttir, með fyrirvara.

1014. Breytingartillögur [288. mál]

við frv. til l. um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 8. gr. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Með námseiningum er í lögum þessum átt við ECTS-einingar eða staðlaðar námseiningar, sbr. lög nr. 63/2006, um háskóla.
2. Við 9. gr.
   a. Við bætist ný málsgrein er verði 1. mgr., svohljóðandi:
      Til þess að verða ráðinn kennari við leikskóla skal umsækjandi hafa öðlast leyfi til þess að nota starfsheitið leikskólakennari skv. 3. og 24. gr.
   b. 2. málsl. 1. mgr., er verði 2. mgr., falli brott.
   c. Í stað orðsins „leikskólalaga“ í 2. mgr., er verði 3. mgr., komi: laga um leikskóla.
3. Við 10. gr. Fyrirsögn greinarinnar verði: *Ráðning skólastjóra í leikskólum.*
4. Við 13. gr.
   a. Á eftir orðinu „grunnskólakennari“ komi: og.
   b. Fyrirsögn greinarinnar verði: *Ráðning skólastjóra í grunnskólum.*
5. Við 16. gr.
   a. Í stað orðanna „og 22. gr.“ í 1. mgr. komi: gr. eða hlotið undanþágu skv. 22. gr.
   b. Í stað orðsins „starfslið“ í 2. mgr. komi, í viðeigandi beygingarfalli: starfsfólk.
   c. Fyrirsögn greinarinnar verði: *Starfsfólk framhaldsskóla og ráðning þess.*
6. Við 17. gr. Við bætist: og viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynslu á framhaldsskólastigi.
7. Við 20. gr.
   a. Á eftir orðinu „aðstoðarleikskólastjórastarf“ í 1. málsl. komi: sbr. 1. mgr. 9. gr.
   b. Við bætist nýr málsliður er verði 3. málsl., svohljóðandi: Nú hefur starf starfsmanns verið auglýst í tvígang án þess að leikskólakennari hafi fengist og er þá heimilt að ráða hann í starfið samkvæmt nánari fyrirmælum sveitarstjórnarlaga og hlutaðeigandi kjarasamnings.
8. Við 23. gr.
   a. Orðin „samkvæmt þessari grein“ í 3. mgr. falli brott.
   b. Orðið „staðlaðar“ í 5. mgr. falli brott.
   c. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
      Þrátt fyrir ákvæði 3.–5. mgr. skulu þeir einstaklingar ekki njóta forgangs umfram þá sem hlotið hafa starfsheitið leikskólakennari, grunnskólakennari eða framhaldsskólakennara skv. 3.–5. gr.
9. Við 24. gr. Í stað orðsins „eininga“ í 1., 2. og 3. mgr. komi: námseininga.
10. Við ákvæði til bráðabirgða. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
    Starfsmenn sem ráðnir hafa verið án kennaramenntunar, sbr. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 78/1994, um leikskóla, skulu þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 9. gr. halda starfi sínu. Um réttarstöðu þeirra að öðru leyti fer samkvæmt fyrirmælum í ráðningarsamningum og/eða kjarasamningum, sbr. 1. mgr. 57. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998.

1015. Svar [482. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um stuðning við frjáls félagasamtök.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur stuðningi samgönguráðuneytis við frjáls félagasamtök verið háttað árin 2002–2007? Óskað er eftir því að í svarinu komi fram til hvers konar verkefna styrkir hafa verið veittir, hversu háir styrkir og hverjir ábyrgðaraðilar verkefnanna hafa verið, sundurliðað eftir fjárlagaliðum og árum.

Samantekt.

Á því árabili sem fyrirspurnin nær til veitti samgönguráðuneytið samtals 196 styrki. Heildarfjárhæð styrkjanna var 230.036.000 kr. Flestir voru styrkirnir árið 2002 eða 39 talsins en fæstir árið 2004, 21 talsins. Liðlega helmingur styrkjanna var veittur af ráðstöfunarfé ráðherra og sameiginlegu ráðstöfunarfé ríkisstjórnar, eða alls 110 styrkir. Aðra safnliði, sem veittir voru styrkir af, má flokka í tvennt. Í fyrri flokknum eru þrír safnliðir sem falla undir málaflokkinn ferðamál. Þeir eru í fyrsta lagi fjárlagaliðurinn *markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu* en af þeim lið voru veittar samtals 105.100.000 kr. í styrki frá ráðuneytinu á tímabilinu. Í öðru lagi er liðurinn *gestastofur, söfn og markaðsstarf* og í þriðja lagi liðurinn *söfn tengd samgöngum og ferðaþjónustu*. Styrkir af tveimur síðasttöldu safnliðunum voru ýmist veittir eftir ákvörðun Alþingis eða ráðuneytisins. Í seinni flokknum eru safnliðirnir *ýmislegt* og *ýmis framlög samgönguráðuneytis* en síðasttaldi liðurinn varð til við sameiningu safnliða með fjárlögum ársins 2007.

Framgangsmáti styrkveitinga.

Allar styrkbeiðnir sem berast ráðuneytinu og afgreiðsla þeirra eru bókuð í málaskrá ráðuneytisins. Litið er svo á að forsvarsmenn félagasamtaka séu ábyrgðaraðilar styrkja sem þeim er úthlutað.

Eftirfarandi er yfirlit um veitta styrki á því tímabili sem fyrirspurnin nær til.

Árið 2002 – styrkir samtals 25.202.000 kr.

	Kr.
Atvinnuþróunarfélag Norðurlands vestra	1.000.000
Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða	1.650.000
Björgunarfélag Ísafjarðar	2.000.000
Björgunarsveitin Sæbjörg	1.000.000
Eiríksstaðanefnd	1.000.000
Eiríksstaðanefnd	600.000
Ferðamálasamtök Austurlands	1.000.000
Ferðamálasamtök höfuðborgarsvæðisins	1.000.000
Ferðamálasamtök Norðurlands eystra	1.000.000
Ferðamálasamtök Norðurlands vestra	1.000.000
Ferðamálasamtök Suðurlands	1.000.000
Ferðamálasamtök Suðurnesja	1.000.000
Ferðamálasamtök Vestfjarða	1.000.000
Ferðamálasamtök Vesturlands	2.000.000
Félag ferðamálafulltrúa	150.000

Félag íslenskra flugumferðarstjóra	130.000
Félagið Heyrnarhjálp	5.000
Gunnarsstofnun	200.000
Hestamiðstöð Íslands	1.200.000
Karlakór Rangæinga	500.000
Karlakórinn Heimir	300.000
Kómedíuleikhúsið, áhugamannafélag	50.000
Landsbyggðin lifi, félag	50.000
Leikfélagið Baldur	50.000
Norræna félagið	50.000
Samgönguminjasafnið Ystafelli	3.000.000
Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra	500.000
Skákfélag Grandrokks	100.000
Skemmtihúsið, áhugamannafélag	1.000.000
Slysavarnafélagið Landsbjörg	1.000.000
Umhyggja, félag til stuðnings langveikum börnum	10.000
Ungmennafélag Íslands	100.000
Verkefnastjórnunarfélagið	150.000
Ævintýraklúbburinn, áhugamannafélag	7.000
Ölversfélagið, áhugamannafélag	400.000

Árið 2003 – styrkir samtals 53.484.000 kr.

	Kr.
Arnfirðingafélagið	100.000
Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða	13.000.000
Á senunni, félag	200.000
Bindindisfélag ökumanna	100.000
Ferðamálasamtök Íslands	17.200.000
Félag ferðamálafulltrúa	150.000
Félag leiðsögumanna	50.000
Gay pride – hinsegin dagar, félag	100.000
Grettistak ses.	1.000.000
Gunnarsstofnun	100.000
Handverkshús – Gallerí Sól	100.000
Hestamiðstöð Íslands	1.200.000
Íslenski alpaklúbburinn	300.000
Jass- & blúsklúbbur Stykkishólms	300.000
Kolkuós, sjálfseignarstofnun	250.000
Landvernd	300.000
Látrabjarg, áhugamannafélag	2.000.000
Miðstöð símenntunar	-20.000
Reykholtskirkja	1.000.000
Reykholtskirkja	3.000.000
Samgönguminjasafnið Ystafelli	5.000.000
Samtök ferðaþjónustunnar	1.000.000
Samtök iðnaðarins	250.000
Sjálfsbjörg, höfuðborgarsvæðinu	140.000
Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra	400.000
Skákfélagið Hrókurinn	1.000.000
Söngfélagið Sunnan heiða	250.000
Þórbergssetur	5.000.000
Ævintýraklúbburinn, áhugamannafélag	14.000

Árið 2004 – styrkir samtals 41.460.000 kr.

	Kr.
Karlakórinn Heimir	
Styrkur vegna tónleikahalds til eflingar menningartengdri ferðaþjónustu	150.000
Sögusetrið á Hvolsvelli	
Styrkur	3.000.000
Félag áhugamanna um víkingaverkefni	
Styrkur vegna uppbyggingar á menningartengdri ferðaþjónustu á Vestfjörðum á slóðum Gísla Súrssonar	1.000.000
Sauðanesnefnd	
Styrkur vegna þróunarverkefnis í Sauðaneshúsi	1.500.000
Ferðamálafélag Dalasýslu/Reykhólahrepps	
Styrkur vegna útsýnisskífu á Reykhólum, söguskilta í Dalabyggð og Grettislaugar á Reykhólum	400.000
Félag íslenskra bifreiðaeigenda	
Styrkur vegna fundar norrænna félaga FÍB hér á landi í maí 2004	150.000
Svifflugfélag Íslands	
Framlag samkvæmt fjárlögum	2.000.000
Sjómannadagsráð Reykjavíkur/Hafnarfjarðar	
Styrkur vegna Hátíðar hafsins	200.000
Skákfélag Grandrokks	
Styrkur vegna alþjóðlegs skákmóts	1.000.000
Þórbergssetur	
Framlag samkvæmt fjárlögum	7.000.000
Hestamiðstöð Íslands ses.	
Framlag samkvæmt fjárlögum	5.000.000
Vestfirðir á miðöldum	
Styrkur vegna uppbyggingar ferðaþjónustunnar í Vatnsfirði	2.000.000
Íþróttasamband fatlaðra	
Styrkur vegna Hvata- og Ólympíumóta fatlaðra 2004	100.000
Ferðamálasamtök Íslands	
Styrkur	16.000.000
Verkefnisstyrkur	1.200.000
Framfarafélag Snæfellsbæjar	
Minnisvarði um Ottó A. Árnason	200.000
Ævintýraklúbburinn, áhugamannafélag	
Styrkur vegna starfsemi Ævintýraklúbbsins	10.000
Ferðamálaskóli Íslands	
Vegna þátttöku skólans í nemakeppni AEHT í Blad í Slóveníu	100.000
Lionsklúbbur Búðardals – Reykhóladeild	
Styrkur vegna minnismerkis um Jón Thoroddsen á Reykhólum	150.000
Interpride á Íslandi, félag	
Styrkur vegna heimsþings Interpride 7.–10. október	100.000
Eiríksstaðanefnd	
Styrkur vegna lagfæringa og endurbóta á vegslóða við Eiríksstaði í Haukadal	200.000

Árið 2005 – styrkir samtals 34.060.000 kr.

	Kr.
Arnfirðingafélagið	
Menningarhátíð Bíldudals 2005	100.000
Seljum norðurljósin	
Styrkur vegna Aurora experience	200.000
Ferðaleikhúsið	
Styrkur vegna sýningar ferðaleikhússins í Honolulu á Hawaii	50.000

	Kr.
Félag áhugamanna um víkingaverkefni	
Verkefni á slóðum Gísla Súrssonar – Víkingar á Vestfjörðum	2.500.000
Hollvinasamtök Þórðar Halldórss	
Styrkur, fyrsti hluti	400.000
Þingeyskur sagnagarður	
Styrkur að beiðni Jóns Aðalsteins, biskups, vegna móttöku ferðamanna við Ljósavatnskirkju	400.000
Ferðamálafélag Dalasýslu/Reykhólahrepps	
Framlag samkvæmt fjárlögum	1.000.000
SÁÁ Reykjavík	
Styrkur til starfsemi SÁÁ	10.000
Félag íslenskra flugumferðarstjóra	
Styrkur vegna skipulagningar á Evrópumeistaramóti flugumferðarstjóra í golfi á Íslandi sumarið 2006	200.000
Sjómannadagsráð Reykjavíkur/Hafnarfjarðar	
Styrkur vegna Hátíðar hafsins	300.000
Landsbyggðin lifi	
Styrkur vegna útgáfu á kynningarriti um starfsemi samtakanna Landsbyggðin lifi	50.000
Landsbyggðarvinir í Reykjavík og nágrenni	
Styrkur vegna verkefnisins til eflingar og framþróunar byggða	75.000
Þórbergssetur	
Framlag samkvæmt fjárlögum	3.000.000
Lionsklúbbur Stykkishólms	
Styrkur vegna 160 ára afmælis samfelldra veðurathugana í Stykkshólmi	350.000
Ferðamálasamtök Íslands	
Styrkur	1.200.000
Verkefnisstyrkur til samtakanna vegna átaks í markaðsmálum á landinu	16.000.000
Á senunni, félag	
Styrkur vegna ferðar leikhópsins Á senunni til London	100.000
Ævintýraklúbburinn, áhugamannafélag	
Styrkur vegna tómstundastarfs fyrir fatlaða einstaklinga	10.000
Félag íslenskra aflraunamanna	
Styrkur vegna þátttöku í keppninnni „Sterkasti maður heims 2005“ í Kína	150.000
Landvernd	
Styrkur vegna Bláfánans	150.000
Styrkur vegna umhverfismenntunar í ferðaþjónustu	300.000
Styrkur vegna verkefnisins leitin að þjóðarblóminu	50.000
Drangeyjarfélagið	
Framlag samkvæmt fjárlögum	1.000.000
Ungmennafélag Íslands	
Styrkur til útgáfu bæklingsins „Göngum um Ísland“	15.000
Sumartónleikar og kórastefna	
Styrkur vegna alþjóðlegrar kórahátíðar við Mývatn	150.000
Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands	
Alþjóðleg keppnisleyfi á Íslandi	6.000.000
Félag ferðaþjónustubænda	
Styrkur vegna verkefnisins „Aðgengi fyrir alla innan ferðaþjónustu bænda“	200.000
Starfsmannafélag SVR	
Styrkur vegna 70 ára afmælis starfsmannafélags SVR	100.000

Árið 2006 – styrkir samtals 44.445.000 kr.

	Kr.
Við Djúpið, félag	
Styrkur vegna tónlistarhátíðarinnar Við Djúpið	200.000
Atvinnu- og ferðamálanefnd Flóa	
Ekki skýringar í bókhaldi	1.000.000
Hollvinafélag Iðnaðarsafns Akureyrar	
Styrkur vegna Húna II	60.000
Íslenska vitafélagið	
Stuðningur við ráðstefnu um strandmenningu og vita	300.000
Sniglar, bifhjólasamtök lýðveldisins	
Vegna umferðarátaks bifhjólasamtaka lýðveldisins, Snigla	100.000
Grettistak ses.	
Framlag samkvæmt fjárlögum	6.000.000
Hollvinasamtök Þórðar Halldórssonar	
Styrkur vegna Hollvinasamtaka Þórðar Halldórssonar á Dagverðará	200.000
Ferðamálafélag Dalasýslu/Reykhólahrepps	
Framlag samkvæmt fjárlögum	1.000.000
Ferðafélag Íslands	
Brúargerð yfir Farið, neðan Langjökuls	2.500.000
Svifflugfélag Íslands	
Framlag samkvæmt fjárlögum	2.000.000
Strandagaldur ses.	
Styrkur vegna stofnunar Þjóðtrúarstofu á Ströndum	500.000
Flugmálafélag Íslands	
Styrkur til reksturs skrifstofu Flugmálafélags Íslands	1.500.000
Sjálfsbjörg, höfuðborgarsvæðinu	
Styrkur vegn hjálparmanns í ferðir fatlaðra	200.000
Sjómannadagsráð Reykjavíkur/Hafnarfjarðar	
Styrkur vegna Hátíðar hafsins	200.000
SSVÞ, samtök verslunar og þjónustu	
Styrkur við ímyndarátak þjónustugreina	500.000
Skíðasamband Íslands	
Styrkur til uppbyggingar sumarskoðunar á Snæfellsjökli	1.000.000
Skógræktarfélag Íslands	
Styrkur til Skógræktarritsins 2006	20.000
Félag heyrnarlausra	
Styrkur vegna ráðstefnu um samskiptatækni heyrnarlausra	50.000
Þórbergssetur	
Framlag samkvæmt fjárlögum	2.700.000
Skákfélagið Hrókurinn	
Styrkur til áframhaldandi kraftmikils starfs	50.000
Vestfirðir á miðöldum	
Styrkur vegna 2005	2.000.000
Ferðamálasamtök Íslands	
Framlag samkvæmt fjárlögum	1.200.000
Verkefnisstyrkur til samtakanna vegna átaks í markaðsmálum á landinu	16.000.000
Fræðsluráð hótel- og matvælagreina	
Styrkur vegna norrænnar nemakeppni	100.000
Landvernd	
Styrkur vegna Bláfánans 2006	150.000
Styrkur vegna verkefnisins „Íslandsgátt“	300.000
Drangeyjarfélagið	
Framlag samkvæmt fjárlögum	1.000.000

	Kr.
Taflfélag Snæfellsbæjar	
Styrkur vegna minningarmóts í skák	200.000
Ungmennafélag Íslands	
Styrkur til Ungmennafélags Íslands, Skinfaxi	15.000
Sumartónleikar og kórastefna	
Styrkur vegna kórastefnu við Mývatn sumarið 2006	150.000
Félag skipstjórnarmanna	
Styrkur til þátttöku í ILO-þingi	450.000
Slysavarnadeild Öræfa	
Framlag samkvæmt fjárlögum	1.000.000
Samtök atvinnulífsins	
Styrkur til þátttöku í ILO-þingi	450.000
Tæknivísir, félag byggingatæknifræðinema TÍ	
Styrkur til útgáfu Tæknivísis	50.000
Ferðaklúbburinn 4x4	
Framlag samkvæmt fjárlögum	800.000
Ferðamálasamtök Austurlands	
Styrkur vegna afmælisfundar	500.000

Árið 2007 til 27. maí, styrkir samtals 20.545.000 kr.

	Kr.
Félag áhugamanna um víkingaverkefni	
Styrkur vegna uppbyggingar menningartengdrar ferðaþjónustu á Vestfjörðum	1.000.000
Grettistak ses.	
Styrkur samkvæmt samningi dags. 30. mars 2006	6.000.000
Ferðamálafélag Dalasýslu/Reykhólahrepps	
Framlag samkvæmt fjárlögum	2.700.000
Norðurlandsdeild TFÍ	
Styrkur vegna ráðstefnu um sjálfbærar samgöngur	150.000
SÍM, samband íslenskra myndlistarmanna	
Styrkur til reksturs gestavinnustofu fyrir erlenda myndlistarmenn	150.000
Sjálfsbjörg, höfuðborgarsvæðinu	
Styrkur vegna hjálparmanns í ferðir fatlaðra	160.000
Ferðamálasamtök Íslands	
Styrkur vegna ferðasýningarinnar 2007	1.000.000
Kammerkór Suðurlands	
Styrkur vegna þátttöku á menningarhátíð í Frakklandi í júní 2007	150.000
Kómedíuleikhúsið, áhugamannfélag	
Styrkur vegna sýningar á leikverkinu Gísli Súrsson og til gerðar kynningarefnis	150.000
Landvernd	
Styrkur til að taka þátt í ráðstefnu um vistvæna ferðaþjónustu	135.000
Drangeyjarfélagið	
Framlag samkvæmt fjárlögum	1.000.000
Samtök um sögutengda ferðaþjónustu	
Framlag samkvæmt fjárlögum	2.000.000
Ferðafélag Akureyrar	
Styrkur vegna uppbyggingar Hálendismiðstöðvarinnar við Drekagil	5.000.000
Krabbameinsfélag Íslands	
Styrkur vegna útgáfu tímaritsins Heilbrigðismál	15.000
Ferðaklúbburinn 4x4	
Framlag samkvæmt fjárlögum	800.000
Kvenréttindafélag Íslands	
Styrkur vegna afmælisráðstefnu Kvenréttindafélags Íslands	100.000

	Kr.
Sjómannadagsráð Ólafsvíkur	
Styrkur til sjómannadagsráðs Ólafsvíkur	35.000

Árið 2007 frá 27. maí, styrkir samtals 10.840.000 kr.

	Kr.
Sumartónleikar og kórastefna	
Styrkur vegna kórastefnu við Mývatn sumarið 2007	100.000
Hjálpræðisherinn í Reykjavík	
Styrkur til Hjálpræðishersins í Reykjavík af sameiginlegu ráðstöfunarfé ríkisstjórnarinnar	250.000
Hollvinasamtök Þórðar Halldórssonar	
Styrkur	400.000
Ferðafélag Íslands	
Framlag samkvæmt fjárlögum	5.000.000
Fiskidagurinn mikli	
Styrkur vegna „Fiskidagsins mikla 2007“	100.000
Samtök ferðaþjónustunnar	
Styrkur vegna kynningarfundar um Norðurlöndin	100.000
Félag íslenskra flugumferðarstjóra	
Styrkur vegna Norðurlandaþings Félags íslenskra flugumferðarstjóra	100.000
Sjómannadagsráð Reykjavíkur/Hafnarfjarðar	
Styrkur vegna Hátíðar hafsins	200.000
Örnefnafélagið Snókur	
Styrkur til örnefnaskráningar	500.000
Skákfélagið Hrókurinn	
Styrkur vegn skákhátíðar á Grænlandi	75.000
Félag um Þjóðlagasetur Bjarna Þorsteinssonar	
Styrkur til Félags um Þjóðlagasetur Bjarna Þorsteinssonar af sameiginlegu ráðstöfunarfé ríkisstjórnarinnar	1.000.000
Krabbameinsfélag Íslands	
Styrkveiting vegna Heilbrigðismála haust 2007	15.000
Félag áhugamanna um Hrafnkelssögu	
Framlag samkvæmt fjárlögum	1.000.000
BUGL, barna og unglingageðdeild	
Styrkur til íbúðakaupa af sameiginlegu ráðstöfunarfé ríkisstjórnarinnar	2.000.000

1016. Svar [472. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Sivjar Friðleifsdóttur um vegi og slóða á miðhálendi Íslands.

1. *Er rétt að kortlagningu vega og slóða miðhálendisins sé lokið, eins og fram kemur í nýlegu svari ráðherra í þingskjali 653? Ef svo er ekki, hvenær er áætlað að þeirri vinnu ljúki?*

Mælingum Landmælinga Íslands á vegum og slóðum miðhálendisins er ekki að fullu lokið en víða eru þær langt komnar, einkum á suður- og suðvesturhluta landsins. Búið er að mæla um 26.400 kílómetra á landsvísu en enn er ólokið mælingum á Austurlandi, Vestfjörðum og Snæfellsnesi. Gert er ráð fyrir því að mælingum í samvinnu Landmælinga Íslands og Ferðaklúbbsins 4x4 ljúki að stórum hluta sumarið 2009. Að mati ráðuneytisins og Umhverfis-

stofnunar liggja nægilegar upplýsingar fyrir í ákveðnum sveitarfélögum á Suðurlandi til þess að hefja næsta áfanga vinnunnar. Hann felst í því að ákvarða hvar þurfi að loka slóðum eða takmarka umferð um þá vegna náttúruverndarsjónarmiða. Þessari vinnu hefur þegar verið ýtt úr vör með stofnun starfshóps sem fengið hefur það verkefni að gera tillögur um hvaða vegir og slóðar á miðhálendi Íslands utan vegakerfis Vegagerðarinnar skulu lokaðir til frambúðar eða tímabundið og hvaða slóðar/vegir skulu vera opnir. Taka þarf mið af því hvaða slóðar skulu teljast til vega með hliðsjón af ákvæðum í náttúruverndarlögum um bann við akstri utan vega og í samráði við sveitarfélög landsins. Enn fremur er hópnum ætlað að koma með tillögur um hvernig best verði staðið að framkvæmd tillagnanna. Fyrsta verkefni starfshópsins verður að fara yfir vegi og slóða í uppsveitum og afréttum á Suðurlandi.

2. *Er áætlað að hafa samráð við ferða- og útivistarhópa og -samtök, svo sem Ferðafélag Íslands, Útivist, Ferðaklúbbinn 4x4, mótorhjólasamtök og samtök hestamanna, áður en lagðar verða fram tillögur um hvaða vegum og slóðum á hálendinu skuli halda opnum? Ef svo er, með hvaða hætti yrði slíkt samráð og hvenær hæfist það?*

Ráðuneytið leggur áherslu á að starfshópurinn hafi gott samráð við sem flesta áhugamenn og hagsmunasamtök við þessa vinnu og almennt við það verkefni að sporna gegn utanvegaakstri og tryggja aðgengi almennings að útivist án þess að náttúran bíði skaða af. Með það að leiðarljósi verður rætt við ferða- og útivistarhópa og samtök þeirra sem aka um landið á bílum eða vélhjólum, umhverfisverndarsamtök, landverði, landeigendur og hestamenn, svo að nokkrir aðilar séu nefndir, áður en umferð um vegi verður takmörkuð eða vegum lokað.

3. *Hvenær er áætlað að taka ákvörðun um hvaða slóðum og vegum á miðhálendinu eigi almennt að halda opnum fyrir ferða- og útivistarhópa og -samtök?*

Á þessu stigi vinnunnar er ekki unnt að gefa út ákveðna dagsetningu um hvenær verkinu við flokkun og merkingu slóða og ákvörðun um framtíðarnýtingu einstakra vega og slóða lýkur. Vinnuferlið er langt og tímafrekt og til þess þarf að vanda vel. Verkið verður unnið í áföngum þannig að ákvörðun um lokun er hægt að taka þegar fjallað hefur verið um ákveðið svæði.

Vinna starfshópsins við að flokka slóða og taka afstöðu til umferðar um þá er mikilvægur þáttur í baráttu við utanvegaakstri, en ekki sá eini. Þar er fræðsla e.t.v. sá mikilvægasti. Langflestir þeirra sem ferðast um óbyggðir Íslands vilja ekki valda skaða á náttúrunni og þurfa því að þekkja reglur, sérstaklega þá grundvallarreglu að akstur utan vega er bannaður. Einnig þarf að tryggja góða landvörslu og eftirlit, stikun slóða sem aka má um og að settar verði upp skýrar merkingar í landinu til að taka af allan vafa fyrir ferðafólk. Vinnan við kortlagningu slóðanna og ákvörðun um framtíðarnýtingu þeirra er hugsuð til þess að draga úr óvissu um hvar akstur er leyfilegur og hvar ekki, sem kemur bæði ferðamönnum og þeim sem stunda eftirlit til góða. Áhugi ferðamanna, jafnt innlendra sem erlendra, á ferðum um óbyggðir Íslands fer vaxandi, sem kallar á skýrar leiðbeiningar um leyfilega umferð á hverjum stað. Umhverfisráðuneytið vill vinna að því máli með sjónarmið náttúruverndar að leiðarljósi, í samvinnu við útivistar- og náttúruverndarsamtök og aðra hagsmunaaðila.

1017. Fyrirspurn [623. mál]

til heilbrigðisráðherra um vottað gæðakerfi í heilbrigðisþjónustu.

Frá Valgerði Sverrisdóttur.

Hyggst ráðherra koma á vottuðu gæðakerfi í heilbrigðisþjónustu til að auka öryggi sjúklinga og draga úr hættu á læknamistökum?

Skriflegt svar óskast.

1018. Fyrirspurn [624. mál]

til iðnaðarráðherra um framlag áliðnaðarins til þjóðarbúsins.

Frá Valgerði Sverrisdóttur.

Hvert er framlag áliðnaðarins til þjóðarbúsins, sundurliðað m.a. eftir fjölda starfa, tekjum ríkissjóðs og hlutfalli af útflutningstekjum?

Skriflegt svar óskast.

1019. Skýrsla [625. mál]

Jóhönnu Sigurðardóttur félags- og tryggingamálaráðherra um 96. Alþjóðavinnumálaþingið í Genf 2007.

(Lögð fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. INNGANGUR

Hnattvæðingin eða alþjóðavæðing atvinnu- og efnahagslífs hefur verið og verður um næstu framtíð viðfangsefni alþjóðastofnana. Á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar hafa farið fram viðræður um aðgerðir til að auðvelda verslun og viðskipti í heiminum með afnámi hindrana og lækkun eða afnámi tolla. Norðurlandaráð og Norræna ráðherranefndin hefur samþykkt sérstaka áætlun um viðbrögð Norðurlandanna við alþjóðavæðingunni. Alþjóðavinnumálastofnunin (ILO) hefur látið þetta málefni til sín taka með margvíslegum hætti enda er það beinlínis viðfangsefni hennar. Hún var á sínum tíma stofnuð til að jafna samkeppnisstöðu í atvinnulífinu með setningu reglna um vinnuskilyrði í atvinnulífinu og

samskipti á vinnumarkaði. Það kostaði heimsstyrjöld til að opna augu manna fyrir þörfinni á alþjóðlegu samstarfi til að takast á við þetta viðfangsefni. Hafi hún verið til staðar árið 1919 við stofnun ILO er hún enn ríkari á tímum alþjóðavæðingar atvinnu- og efnahagslífs. Það þarf því ekki að koma á óvart að þetta er forgangsmálefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um þessar mundir.

Í febrúar 2004 birti Alþjóðavinnumálastofnunin skýrslu sem ber heitið *Sanngjörn alþjóðavæðing – að skapa öllum tækifæri*. Skýrslan var samin af nefnd á vegum stofnunarinnar sem naut formennsku Tarju Hallonen, forseta Finnlands, og Benjamin William Mkapa, forseta Tansaníu. Í skýrslunni eru settar fram tillögur sem miða að því að mæta vaxandi gagnrýni á þá misskiptingu auðs og lífskjara sem alþjóðavæðing efnahagslífsins hefur skapað. Markmiðið er að beina alþjóðavæðingunni í þann farveg að afraksturinn verði ekki eingöngu fjárhagslegur ávinningur alþjóðafyrirtækja heldur leiði hún jafnframt af sér félagslegar umbætur sem byggi á sameiginlegu gildismati, virðingu fyrir mannréttindum og persónulegri reisn sérhvers einstaklings, menningararfi og sjálfræði. Lögð er áhersla á að alþjóðavæðingin verði sanngjörn, taki til allra, lúti lýðræðislegri stjórn og skapi tækifæri og er áþreifanlega til hagsbóta fyrir öll ríki og þegna þeirra. Í skýrslunni er að finna fjölmargar tillögur sem beinast að þeim aðilum sem hafa mest áhrif á sviði efnahags- og félagsmála í heiminum. Skýrslan markaði upphafið að mótun stefnu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar gagnvart alþjóðavæðingunni.

Afraksturinn af skýrslunni um *Sanngjarna alþjóðavæðingu* hefur smám saman komið í ljós. Fyrir tveimur árum hóf forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í Genf, Juvan Somavia, áætlun stofnunarinnar um mannsæmandi vinnuskilyrði. Kjarni þeirrar áætlunar er að virt sé yfirlýsing stofnunarinnar frá árinu 1998 um grundvallarréttindi í atvinnulífinu. Í yfirlýsingunni kemur fram að með aðild að Alþjóðavinnumálastofnuninni leiðir að aðildarríki eru skuldbundin til að virða viss grundvallarréttindi atvinnurekenda og launafólks.

Á 96. Alþjóðavinnumálaþinginu í júní 2007 var nýtt skref stigið með umfjöllun um skýrslu til þingsins um það hvernig Alþjóðavinnumálastofnunin geti betur liðsinnt aðildarríkjunum að ná markmiðum sínum í heimi hnattvæðingar. Í ljós kom að málið er flókið og margslungið. Það snýst ekki eingöngu um stuðning við aðildarríkin heldur einnig að þau standi við tilteknar skuldbindingar. Í því felst tiltekinn vandi. Alþjóðavinnumálastofnunin hefur ekki tæki til að knýja aðildarríkin til þess að virða réttindi og standa við skyldur, þar af leiðandi hefur athyglin beinst að samtvinnun viðskiptakjara og virðingu fyrir tilteknum grundvallarréttindum. Þótt góður árangur hafi náðst með umræðum um þetta málefni á 96. Alþjóðavinnumálaþinginu heldur umræðan áfram á 97. þinginu sem verður haldið í júní árið 2008.

Á Alþjóðavinnumálaþinginu sumarið 2007 var fjallað um *sjálfbær fyrirtæki*. Þingið samþykkti ítarlega ályktun um þetta efni þar sem meðal annars kemur fram að líta beri á sjálfbær fyrirtæki sem tæki til að auka hagvöxt, velsæld, fjölga störfum og skapa aðstæður fyrir mannsæmandi vinnuskilyrði. Efling sjálfbærra fyrirtækja sé þannig tæki til að hrinda í framkvæmd áætluninni um mannsæmandi vinnuskilyrði, stuðla að sjálfbærri þróun og endurnýjun sem leiði til betri lífskjara þegar til lengri tíma er litið.

Setning alþjóðlegra reglna um réttindi, skyldur og vinnuaðstæður í atvinnulífinu er mikilvægt viðfangsefni Alþjóðavinnumálaþingsins. Annað verkefni er ekki síður mikilvægt, þ.e. að fylgjast með því hvernig aðildarríkin standa að framkvæmd þeirra reglna sem þingið samþykkir. Þetta verkefni er í höndum einnar af fastanefndum Alþjóðavinnumálaþingsins, nefndar um framkvæmd alþjóðasamþykkta og tilmæla. Nefndin tók til efnislegrar umfjöll-

unar grófar vanefndir 25 aðildarríkja á samþykktum ILO. Herforingjastjórnin í Burma hefur skipað sér í sérstakan flokk. Stjórnina skipa óvenjuharðsvíraðir einstaklingar sem virðast svífast einskis til að halda völdum. Þingfulltrúar voru nokkuð bjartsýnir á að umbætur væru á næsta leiti eftir umræður í þingnefndinni. Sá vonarneisti slokknaði fljótt þegar fréttir bárust af því hvernig friðsamleg mótmæli búddamunka voru miskunnarlaust bæld niður af stjórnvöldum í Burma. Alþjóðasamfélagið stendur agndofa yfir ógnarstjórninni sem þarna ríkir.

Þingið afgreiddi starfs- og fjárhagsáætlun fyrir Alþjóðavinnumálastofnunina vegna áranna 2008–2009. Samkvæmt henni verða útgjöld stofnunarinnar á þessu tveggja ára tímabili 635,2 milljónir bandaríkjadala. Þess skal getið að fjallað var um starfs- og fjárhagsáætlunina í einni af fastanefndum þingsins. Formaður nefndarinnar var kosinn Gylfi Kristinsson, skrifstofustjóri í félags- og tryggingamálaráðuneytinu. Þetta var í fyrsta skipti frá því Ísland gerðist aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar árið 1945 að fulltrúa þess hlotnaðist sá heiður að gegna einu af æðstu trúnaðarstörfum Alþjóðavinnumálaþingsins.

Höfuðmálefni þingsins var tillaga að alþjóðasamþykkt um vinnuskilyrði fiskimanna. Þetta var í þriðja skiptið sem tillagan var á dagskrá en hún hlaut ekki tilskilin stuðning á 93. Alþjóðavinnumálaþinginu árið 2005. Ólíkt því sem gerðist fyrir tveimur árum gekk nefndarstarfið greiðlega á þinginu. Ýmislegt stuðlaði að þessu. Fulltrúar atvinnurekenda og launafólks hófu þegar eftir þingið 2005 viðræður um þau atriði sem höfðu valdið mestum ágreiningi. Allnokkrir fundir voru haldnir á næstu tveimur árum. Á sérfræðingafundi ILO í desember 2006 náðu Japanir samkomulagi við fiskimenn um lausn á ágreiningsatriðum varðandi stærðarmörk skipa. Japanska ríkisstjórnin lagði fram formlegar breytingartillögur við þau drög að alþjóðasamþykkt sem lögð voru fyrir 96. Alþjóðavinnumálaþingið. Þess má geta að fulltrúar Íslands gengu fram fyrir skjöldu og studdu á þinginu breytingartillögur Japana. Talið var að þetta hafi haft jákvæð áhrif á aðrar þjóðir og atvinnurekendahópinn sem hafi ákveðið að styðja tillögurnar. Niðurstaðan var því sú að víðtæk samstaða tókst um þetta málefni og hlaut nýja alþjóðasamþykktin yfirgnæfandi stuðning þingfulltrúa sem og tilmælin sem henni fylgja. Í samræmi við 19. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar eru alþjóðasamþykktin og tillagan birtar sem fylgiskjöl með þessari skýrslu til Alþingis. Félags- og tryggingamálaráðuneytið sendi hvort tveggja til hagsmunaaðila í desember 2007 þar sem óskað var álits á því hvort íslensk stjórnvöld ættu að fullgilda samþykktina. Við frágang þessarar skýrslu höfðu borist umsagnir frá samgönguráðuneytinu og Alþýðusambandi Íslands. Báðir þessir aðilar mæla með því að samþykktin verði fullgilt. Ekki verður tekin afstaða til fullgildingar fyrr en umsagnir fleiri aðila hafa borist.

2. 96. ALÞJÓÐAVINNUMÁLAÞINGIÐ 2007

2.1. SKIPULAG OG ÞÁTTTAKA

Formleg setning þings Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, Alþjóðavinnumálaþingsins, fór fram að morgni miðvikudagsins 30. maí 2007 í Þjóðabandalagshöllinni í Genf. Þinginu var slitið föstudaginn 15. júní 2007. Það var hið 96. í röðinni. Að stærstum hluta fór þingið fram í Þjóðabandalagshöllinni en eins og nokkur undanfarin ár fóru fundir fjölmennustu nefndarinnar, nefndar um framkvæmd alþjóðasamþykkta og tilmæla, fram í byggingu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Samtals tóku þátt í þinginu rúmlega fjögur þúsund þingfulltrúar (4.003). Til samanburðar má geta þess að árið áður voru þingfulltrúar 3.828 og 3.842 árið 2005. Samkvæmt stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar ber aðildarríki sem ákveður að taka þátt í þinginu að senda til þingsins sendinefnd sem skipuð er a.m.k. fjórum fulltrúum. Í henni eiga að vera annars

vegar fulltrúi samtaka atvinnurekenda og hins vegar fulltrúi launafólks auk tveggja fulltrúa hlutaðeigandi ríkisstjórnar. Af 180 aðildarríkjum sendu 170 sendinefndir til þingsins. Meðal þátttakenda voru 168 ráðherrar og aðstoðarráðherrar, en 159 tóku þátt í 95. þinginu árið 2006.

Kosning þingforseta var að þessu sinni nokkuð söguleg. Í stofnskrá ILO er að finna ákvæði um kjör forseta og varaforseta Alþjóðavinnumálaþingsins. Að auki hafa skapast í tímans rás reglur sem miða að því að tryggja jafnræði milli heimsálfa og hópa sem eiga fulltrúa á þinginu. Í samræmi við þessar óformlegu reglur var komið að ríkjum Afríku að tilnefna fulltrúa til kjörs í embætti þingforseta. Þrátt fyrir mikil fundahöld og ítrekaðar sáttaumleitanir gátu þingfulltrúar Afríku ekki komið sér saman um einn frambjóðanda. Ágreiningur var um það hvort styðja ætti vinnumálaráðherra Kongó eða Nígeríu til að gegna þessu virðingarstarfi. Svo fór að fulltrúar Nígeríu drógu fulltrúa sinn til baka. Ekki nægði þetta til að leysa vandann. Niðurstaðan var sú að kosið var milli vinnumálaráðherra Kongó og Albaníu. Sá síðarnefndi fékk flest atkvæði sem þó nægðu ekki til að uppfylla kröfur um lágmarksstuðning þingfulltrúa. Þegar þessi úrslit lágu fyrir var fulltrúi Kongó dreginn til baka og þingheimur fylkti sér á öðrum degi þingsins að baki ráðherra vinnu- og jafnréttismála í Albaníu, Kastriot Sulka. Þar með var hægt að ganga til kosninga um varaforseta þingsins. Þeir voru Michel Barde, úr röðum fulltrúa atvinnurekenda í Sviss, Marc Blondel, fulltrúi launafólks í Frakklandi, og Carlos Antonio da Rocha Paranhos, fulltrúi ríkisstjórnar Brasilíu.

Fulltrúar Íslands á Alþjóðavinnumálaþinginu voru: Frá félagsmálaráðuneyti: Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra og Gylfi Kristinsson skrifstofustjóri. Frá utanríkisráðuneyti: Kristinn F. Árnason sendiherra, Ragnar G. Kristjánsson sendifulltrúi, Þorbjörn Jónsson sendifulltrúi og Ingólfur Friðriksson sendiráðsritari. Frá samgönguráðuneyti: Sverrir Konráðsson, starfsmaður Siglingastofnunar ríkisins. Fulltrúi atvinnurekenda: Hrafnhildur Stefánsdóttir, lögfræðingur Samtaka atvinnulífsins. Varamaður hennar var Jón H. Magnússon, lögfræðingur Samtaka atvinnulífsins. Fulltrúi launafólks: Magnús M. Norðdahl, lögfræðingur Alþýðusambands Íslands. Varamaður hans var Sævar Gunnarsson, formaður Sjómannasambands Íslands.

Á dagskrá þingsins voru eftirtalin málefni:

I. Skýrslur forstjóra og stjórnarnefndar.
II. Fjárhags- og framkvæmdaáætlun fyrir árin 2008–2009.
III. Framkvæmd alþjóðasamþykkta og tilmæla.
IV. Vinnuskilyrði fiskimanna.
V. Efling Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í því augnamiði að styðja aðildarríkin til að takast á við afleiðingar alþjóðavæðingar.
VI. Sjálfbær fyrirtæki.
VII. Kjörbréf.

Nokkuð umfangsmiklar breytingar voru gerðar á skipulagi þingsins að þessu sinni. Þannig hófust almennar umræður á allsherjarþinginu ekki fyrr en í þriðju þingvikunni þegar flestar þingnefndir höfðu lokið störfum. Þetta var gert til að tryggja betri viðveru á allsherjarþinginu við ræðuflutninginn. Þótt þessi breyting hafi að ýmsu leyti verið til bóta var hún ekki gallalaus. Ásóknin í að komast á mælendaskrá þessa síðustu viku setti dagskrá þingsins mjög úr skorðum. Önnum kafnir ráðherrar, sem höfðu pantað ræðutíma með góðum fyrirvara, máttu sæta því að bíða tímunum saman eftir að fá orðið og jafnvel sætta sig við að aðrir sem ekki höfðu skráð sig voru teknir fram fyrir vegna þess að þeir voru að missa af flugi. Þetta skapaði allnokkra ringulreið þegar leið að lokum þingsins. Á móti kom að fleiri gátu fylgst með um-

ræðum á allsherjarþinginu og meira svigrúm var fyrir gesti, til dæmis ráðherra, að hittast og eiga skoðanaskipti.

Það bætti ekki ástandið að forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, Juvan Somavia, hafði boðið óvenjumörgum gestum að ávarpa þingið. Venjulega er tveimur gestum boðið til þingsins í þessu skyni en á 96. Alþjóðavinnumálaþinginu voru þeir sjö. Þetta hafði einnig áhrif á dagskrána þegar þess er gætt að gera má ráð fyrir að hátíðardagskrá í tengslum við sérhverja heimsókn taki um eina og hálfa klukkustund. Gestir forstjórans að þessu sinni voru Michelle Bachelet, forseti Síle, John Kufor, forseti Gana, Salman bin Hamad Al-Khalifa, krónprins Bareins, Portia Simpson Miller, fyrsta konan sem gegnir embætti forsætisráðherra á Jamaíku, Abdoulaye Wade, forseti Senegal, Filippus de Borbón, prins af Asturias og krónprins Spánar, og Mahinda Rajapaksa, forseti Srí Lanka.

Endurskipulagning Alþjóðavinnumálaþingsins með það að markmiði að stytta þingið hefur kallað á óformleg fundahöld í aðdraganda þess. Nú er svo komið að tveimur til þremur dögum fyrir þingið er varið til slíkra undirbúningsfunda. Við það er miðað að talsmenn hópanna þriggja í sendinefndum aðildarríkjanna, sem eiga aðgang að þinginu, taki þátt í fundunum. Af þessari tilhögun leiðir nokkurn sparnað fyrir aðildarríki sem senda fjölmennar sendinefndir en kemur út á eitt fyrir smærri ríki sem senda lágmarksfjölda fulltrúa til þingsins. Haldnir voru fundir fulltrúa ríkisstjórna, atvinnurekenda og launafólks. Á þessum óformlegu fundum er leitað samkomulags um skipan trúnaðarstarfa á þinginu og kosnir fulltrúar hópanna gagnvart starfsfólki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Á þeim er einnig gengið frá tilnefningum fulltrúa til setu í nefndum. Samþykkt var stofnun eftirtalinna þingnefnda: Fjárhagsnefndar, nefndar um framkvæmd alþjóðasamþykkta og tilmæla, nefndar um vinnuskilyrði sjómanna um borð í fiskiskipum, nefndar um eflingu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar til að liðsinna aðildarríkjunum við að takast á við áhrif alþjóðavæðingar á félags- og vinnumál, kjörbréfanefndar, nefndar um sjálfbær fyrirtæki og nefndar um framvindu þingsins.

2.2. KJÖRBRÉFANEFND

Hlutverk kjörbréfanefndar er að ganga úr skugga um að aðildarríkin fylgi ákvæðum í stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um skipan sendinefnda sem sendar eru til Alþjóðavinnumálaþingsins. Að lágmarki ber aðildarríki að senda til þingsins tvo fulltrúa ríkisstjórnar, einn fulltrúa atvinnurekenda og einn fulltrúa samtaka launafólks. Skylt er að hafa samráð við helstu samtök á vinnumarkaði við val á fulltrúum þeirra í sendinefndinni. Þrír fulltrúar eiga sæti í kjörbréfanefndinni. Fulltrúi ríkisstjórna gegnir formennsku. Í nefndina voru kjörnir: Johnston Kavuludi fulltrúi ríkisstjórnar Keníu, Lidija Horvatié, fulltrúi atvinnurekenda í Króatíu, og Ulf Edström, fulltrúi launafólks í Svíþjóð.

Kjörbréfanefndin fjallaði á þinginu um óvenjumargar kvartanir eða samtals 20 samanborið við 11 á 95. Alþjóðavinnumálaþinginu. Kvartað var yfir vali á fulltrúa atvinnurekenda í sendinefndir Írans, Rúmeníu og Venesúela. Einnig var gerð athugasemd við val á fulltrúa launafólks í sendinefndum Burma, Kamerúns, Pálmamottulands, Rúanda, Úkraínu, Venesúela og Simbabve.

Kvartað var yfir því að ríkisstjórnir Afganistans, Rúanda og Lesoto hafi ekki að hluta eða að öllu leyti greitt kostnað vegna farar og uppihalds fulltrúa atvinnurekenda og launafólks frá þessum löndum.

Fram kom kvörtun yfir því að ríkisstjórnum Gambíu, Haítí, Saint Vicent og Grenada hafi láðst að senda kjörbréf fulltrúa atvinnurekenda og launafólks.

Á 95. Alþjóðavinnumálaþinginu komu fram athugasemdir við val á þingfulltrúum aðila vinnumarkaðarins í Pálmamottulandi. Kjörbréfanefndin óskaði eftir því við ríkisstjórnina að hún skilaði á 96. vinnumálaþinginu ítarlegri greinargerð frá ríkisstjórninni um það hvernig staðið sé að vali fulltrúanna. Greinargerðin skilaði sér ekki. Kjörbréfanefndin endurtók óskir sínar og var harðorð í garð ríkisstjórnarinnar fyrir vanræksluna.

Framangreindar athugasemdir og kvartanir eru þess eðlis að nefndin sá ekki ástæðu til að meina fulltrúum þátttöku í þinginu.

2.3. RÆÐUR

Hér að framan kemur fram að forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar bauð óvenjumörgum þjóðarleiðtogum til 96. Alþjóðavinnumálaþingsins. Í þeim hópi voru fjórir forsetar, þau Michelle Bachelet, forseti Síle, John Kufor, forseti Gana, Abdoulaye Wade, forseti Senegals, og Mahinda Rajapaksa, forseti Srí Lanka.

Auk þess bauð forstjórinn Salman bin Hamad Al-Khalifa, krónprinsi Bareins, Portiu Simpson Miller, fyrstu konunni sem gegnir embætti forsætisráðherra á Jamaíku, og Filippus de Borbón, prinsi af Asturias og krónprinsi Spánar, til þingsins.

Áætlun Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um mannsæmandi vinnuskilyrði í ljósi alþjóðavæðingar var meginstefið í ræðum gestanna. Þannig lagði Michelle Bachelet áherslu á að áætlunin væri orðin mikilvæg skylda í sérhverju landi, siðferðileg nauðsyn fyrir hverja þjóð, á tímum þar sem nauðsynlegt er að móta félagslega þátt alþjóðavæðingarinnar. Í ræðu sinni lýsti hún baráttu fyrir félagslegu réttlæti í Síle og aðgerðum til að bæta félagslega vernd þegnanna með almannatryggingum, uppbyggingu heilsugæslu, bættri menntun og aðgerðum til að vinna gegn fátækt.

John Kufor, forseti Gana, var bjartsýnn á framtíð Afríku og sagði álfuna vera í stjórnmálalegri og fjárhagslegri endurreisn og nefndi dæmi til sönnunar þeirri fullyrðingu.

Líkt og aðrir gestir lagði Salman bin Hamad Al-Khalifa, krónprins Bareins, áherslu á gildi áætlunarinnar um mannsæmandi vinnuskilyrði og sagði fátt jafnmikilvægt sérhverjum einstaklingi og sjálfsvirðingin. Efling þess ætti að vera drifkraftur Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Félagsmálaráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, flutti ræðu á Alþjóðavinnumálaþinginu. Ráðherra gat þess í upphafi að liðin væru um það bil 20 ár síðan hún hefði fyrst ávarpað Alþjóðavinnumálaþingið. Hún gerði síðan að umtalsefni stefnu stofnunarinnar um mannsæmandi vinnuskilyrði sem væri aðkallandi verkefni á tímum alþjóðavæðingar atvinnu- og efnahagslífs. Félagsmálaráðherra vék síðan máli sínu að einu af meginviðfangsefni þingsins sem var afgreiðsla nýrrar alþjóðasamþykktar um vinnuskilyrði fiskimanna. Ráðherra minnti á að fulltrúar Íslands hefðu lagt sitt af mörkum til þess að gera samþykktina þannig úr garði að sem flest ríki gætu fullgilt hana. Hún yrði að endurspegla þá staðreynd að smíði skipa hafi tekið mið af mismunandi aðstæðum og þar af leiðandi þróast með ólíkum hætti í heiminum. Ráðherra kvaðst vona að samþykktin yrði afgreidd með jafn breiðum stuðningi og alþjóðasamþykktin um vinnuskilyrði farmanna á 94. Alþjóðavinnumálaþinginu árið 2006.

Félags- og tryggingamálaráðherra fjallaði síðan í ræðu sinni um framvindu mála sem snerta jafnrétti kvenna og karla sem var viðfangsefni í einni af þeim skýrslum sem voru til umfjöllunar á þinginu. Ráðherra greindi frá framkvæmd laga á Íslandi um fæðingar- og foreldraorlof og upplýsti um þann einstæða árangur sem hefur náðst varðandi töku karla á fæðingarorlofi. Í ræðunni var lögð áhersla á að markmið laganna væri að jafna hlut kynjanna í atvinnulífinu og deila fjölskylduábyrgðinni. Hún lýsti áhyggjum sínum af viðvarandi óút-

skýrðum launamun kynjanna og aðgerðum sem ríkisstjórnin hygðist grípa til í því skyni að eyða þessum mun.

2.4. FJÁRMÁL

Fjárhagsnefnd Alþjóðavinnumálaþingsins hefur nokkra sérstöðu. Hún er eina þingnefndin þar sem aðgangur er takmarkaður við fulltrúa ríkisstjórna. Á því er ein undantekning. Hin síðari ár hefur einum talsmanni atvinnurekenda og einum talsmanni launafólks verið boðið að taka þátt og fylgjast með almennum umræðum í þingnefndinni. Eins og nafnið gefur til kynna fjallar nefndin um fjármál og starfsáætlun Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Starfs- og fjárhagsáætlun er til tveggja ára í senn. Af því leiðir að nefndin fjallar annað hvert ár um tillögu að starfs- og fjárhagsáætlun. Þær umræður geta orðið nokkuð stormasamar. Þar takast venjulega á annars vegar fulltrúar þeirra ríkja sem leggja stofnuninni til mesta fjármagnið undir forystu Bandaríkjanna og hins vegar forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar sem sækir stíft að fá rýmri fjárráð eftir langt tímabil niðurskurðar. Hitt árið fjallar nefndin um framkvæmd gildandi starfs- og fjárhagsáætlunar.

Formaður nefndarinnar var kosinn Gylfi Kristinsson, skrifstofustjóri í félagsmálaráðuneytinu. Þetta var í fyrsta skipti frá því Ísland gerðist aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar árið 1945 að fulltrúa þess hlotnaðist sá heiður að gegna einu af æðstu trúnaðarstörfum Alþjóðavinnumálaþingsins. Fulltrúi ríkisstjórnar Japans, K. Matsui, var kjörinn varaformaður.

Fyrir nefndinni lá tillaga forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar að starfs- og fjárhagsáætlun fyrir árin 2008–2009. Um tillöguna var fjallað á fundi stjórnarnefndar ILO í mars 2007. Í henni fólst að útgjöld Alþjóðavinnumálastofnunarinnar á þessu tveggja ára tímabili yrðu 635,2 milljónir bandaríkjadala. Átök urðu um fjárhagsáætlunina á fundi stjórnarnefndarinnar. Gagnrýnt var að áætlunin væri ekki nægilega markviss og nauðsynlegt væri að leggja meiri áherslu á að vega og meta árangur af þeim verkefnum sem stofnunin hefur unnið að. Þessi gagnrýni kallaði á hörð viðbrögð forstjórans. Um síðir tókst samkomulag um ýmsar breytingar.

Þess skal getið að samkvæmt gildandi fjárhagsáætlun greiðir Ísland 0,034 hundraðshluta af útgjöldum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem árið 2007 jafngildir 123.607 svissneskum frönkum.

2.5. FRAMKVÆMD ALÞJÓÐASAMÞYKKTA OG TILMÆLA

Mikilvægasta verkefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er afgreiðsla alþjóðasamþykkta og tilmæla þar sem kveðið er á um lágmarkskröfur um vinnuskilyrði í atvinnulífinu. Samþykktirnar ganga ekki í gildi fyrr en tiltekinn fjöldi aðildarríkja hefur samþykkt með fullgildingu þeirra að undirgangast þær skuldbindingar sem í þeim felast. Ein af þeim skuldbindingum sem leiðir af fullgildingu er að aðildarríkið sendi alþjóðavinnumálaskrifstofunni í Genf reglulega skýrslur um framkvæmd þeirra samþykkta sem það hefur fullgilt. Nefnd sérfræðinga á vegum ILO fer yfir skýrslurnar og skilar niðurstöðum sínum sem teknar eru til umfjöllunar í einni af fastanefnd Alþjóðavinnumálaþingsins sem fjallar um framkvæmd aðildarríkjanna á samþykktum og tilmælum. Í raun er það þannig að fulltrúar atvinnurekenda og fulltrúar launafólks á Alþjóðavinnumálaþinginu velja tiltekin mál úr niðurstöðum sérfræðinganna sem eru sett á dagskrá þingnefndarinnar. Þar gefst talsmanni hlutaðeigandi ríkisstjórnar færi á að skýra mál sitt og síðan er mælendaskrá opnuð fyrir þeim þingfulltrúum sem vilja tjá sig. Stundum getur slegið í brýnu og verið skiptar skoðanir um málefnin en yfirleitt

fara umræður prúðmannlega fram. Markmiðið er ekki að setja dómstól yfir ríkisstjórnum. Fremur er reynt með skoðanaskiptum að hafa áhrif og stuðla að umbótum á þeim sviðum þar sem umbóta er þörf. Í langflestum tilvikum leiðir þetta verklag til árangurs þótt biðin kunni stundum að vera löng. Frá því eru nokkrar undantekningar einkum ef í hlut eiga forstokkaðar ríkisstjórnir einræðisherra eða herforingja eins og síðar verður vikið að.

Bekkurinn var oft þétt setinn í nefnd um framkvæmd alþjóðasamþykkta á 96. Alþjóðavinnumálaþinginu. Yfirleitt sátu 253 fullgildir fulltrúar fundi nefndarinnar (126 fulltrúar ríkisstjórna, 40 fulltrúar atvinnurekenda og 87 fulltrúar launafólks). Að auki sátu fundina 11 varafulltrúar ríkisstjórna, 45 varafulltrúar atvinnurekenda og 45 varafulltrúar launafólks. Loks voru á fundunum 29 áheyrnarfulltrúar ýmissa alþjóðasamtaka. Fundir fóru fram í fundarsal stjórnarnefndarinnar í byggingu alþjóðavinnumálaskrifstofunnar og var hvert sæti skipað og þröngt um þingfulltrúa.

Nefndin endurkaus Sérgio Paixao Pardo, fulltrúa ríkisstjórnar Brasilíu, sem formann. Varaformenn voru kosnir Edward E. Potter, fulltrúi atvinnurekenda í Bandaríkjum Norður-Ameríku, og Luc Cortebeeck, fulltrúi launafólks í Belgíu. Jinno Nkhambule, fulltrúi ríkisstjórnar Svasílands, flutti allsherjarþinginu skýrslu nefndarinnar. Af Íslands hálfu tóku þátt í störfum nefndarinnar Gylfi Kristinsson og Hrafnhildur Stefánsdóttir.

Í samræmi við venju sem hefur skapast hófst starf nefndarinnar með almennum umræðum um framkvæmd alþjóðasamþykkta og tilmæla. Undir þessum dagskrárlið er einnig fjallað um almennar skuldbindingar aðildarríkjanna sem leiða af stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Við þessar umræður er stuðst við 1. hluta skýrslu sérfræðinganefndar ILO um framkvæmd samþykkta og tilmæla. Einnig er skipst á skoðunum um starfshætti nefndarinnar. Talsmenn Norðurlandanna í almennu umræðunum hafa á undanförnum árum sett fram margvíslegar ábendingar um það hvernig hægt er að bæta verklag og gera starf nefndarinnar skilvirkara. Það hefur komið nokkuð oft fyrir að teygst hefur úr fundum nefndarinnar og þeir staðið fram á nætur. Í þessu sambandi hefur verið bent á takmörkun á fjölda ræðumanna og á lengd ræðutíma, að fundir hefjist strax við þingsetningu og stundvíslega á degi hverjum. Nokkuð hefur borið á því að sérstakir samráðsfundir annars vegar atvinnurekenda og hins vegar launafólks raski auglýstum fundartíma þingnefndarinnar. Þetta hefur skilað árangri og hafa nefndarstörfin batnað verulega á allra síðustu árum.

Fyrsta starfsvika þingnefndar um framkvæmd alþjóðasamþykkta fer í almennar umræður. Í annarri þingvikunni er fjallað um málefni einstakra ríkja. Við þennan hluta umræðnanna styðst nefndin við skýrslu sérfræðinganefndar ILO um framkvæmd einstakra aðildarríkja á fullgiltum alþjóðasamþykktum, við athugasemdir frá samtökum atvinnurekenda og launafólks og skýrslur annarra alþjóðastofnana. Vonlaust er að taka fyrir á þinginu öll álitamál sem fram koma í skýrslunni. Hér að framan kemur fram að sú venja hafi skapast að fulltrúar atvinnurekenda og fulltrúar launafólks hafa komið sér saman um skrá yfir mál í skýrslu sérfræðinganefndarinnar sem tekin eru til umfjöllunar á Alþjóðavinnumálaþinginu. Fram til þessa hefur skráin ekki legið fyrir fyrr en á þriðja eða fjórða þingdegi. Þetta hefur sætt gagnrýni fulltrúa ríkisstjórna þeirra aðildarríkja sem hafa lent á skránni. Þeir hafa réttilega bent á skamman tíma til undirbúnings fyrir umræður í nefndinni. Að þessu sinni var komið til móts við gagnrýnina. Nokkru fyrir þingsetningu fengu þingfulltrúar senda skrá með nöfnum 42 aðildarríkja sem gætu þurft að standa fyrir máli sínu í nefndinni. Samkomulag tókst um að fjalla um 25 mál en verja hálfum fundardegi í umræður um framkvæmd herforingjastjórnarinnar í Burma (Myanmar) á alþjóðasamþykkt nr. 29, um afnám nauðungarvinnu.

Burma.

Í sjöunda skiptið í röð var sérstökum fundi nefndarinnar varið í að ræða málefni eins aðildarríkis. Þetta ríki var Burma sem hefur legið undir ámælum og vaxandi gagnrýni fyrir viðvarandi brot á alþjóðasamþykkt ILO nr. 29, um afnám nauðungarvinnu. Í fyrri skýrslum félagsmálaráðherra til Alþingis hefur verið gerð grein fyrir málavöxtum. Málið snýst um lög sem veita sveitar- og borgarstjórnum og raunar öðrum stjórnvöldum víðtækar heimildir til að kveðja fólk til vinnu. Ákvæði þessarar löggjafar hafa um áratuga skeið verið misnotuð einkum af herforingjastjórninni sem hefur setið á valdastólum í landinu.

Sérfræðinganefnd Alþjóðavinnumálastofnunarinnar hefur í árlegri skýrslu sinni til Alþjóðavinnumálaþingsins fjallað ítarlega um ástandið í Burma sem virðist fara sífellt versnandi. Nefnd Alþjóðavinnumálaþingsins hefur tekið undir kröfur sérfræðinganefndarinnar um úrbætur. Í umræðum um þetta mál hafa fulltrúar ríkisstjórnar Burma annaðhvort vísað á bug ásökunum um brot á alþjóðasamþykktum eða hampað innantómum loforðum um bót og betrun.

Í ræðum talsmanna atvinnurekenda og launafólks var áréttað að málefni Burma hafi verið til umræðu á vettvangi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í 25 ár í einni eða annarri mynd. Á þessum tíma hafi lítið gerst sem hafi þokað málum í rétta átt þrátt fyrir margendurtekin loforð fulltrúa herforingjastjórnarinnar um umbætur. Á síðustu missirum hafi mátt greina ljósglætu í myrkrinu. Einn baráttumaður lýðræðis hafi verið látinn laus, Aye Myint, og hætt hafi verið við málssókn á hendur Aunglan, öðrum baráttumanni frelsis og réttlætis. Einnig yrði að geta þess að stjórnin hafi undirritað viðauka við sameiginlega yfirlýsingu hennar og ILO um fyrirkomulag til að tryggja að kærur um nauðungarvinnu yrðu rannsakaðar af óháðum aðila og að kærendur fengju sérstaka vernd stjórnvalda. Í máli beggja fulltrúanna komu fram efasemdir um að herforingjastjórnin stæði frekar við gefin fyrirheit að þessu sinni en margoft áður.

Talsmaður launafólks kvað það vera orðið tímabært að hugleiða í fullri alvöru að helga einn dag Alþjóðavinnumálaþingsins baráttunni fyrir lýðræði í Burma.

Fulltrúi ríkisstjórnar Þýskalands flutti ræðu í nafni aðildarríkja Evrópusambandsins auk nokkurra annarra ríkja, þar á meðal Íslands, Noregs og Sviss. Fram kom í máli hans von um að undirritun áðurnefnds viðauka myndi marka kaflaskipti í þessu alvarlega máli. Fyrstu viðbrögð lofuðu góðu þar sem fulltrúa ILO á staðnum hefðu þegar borist 23 kærur um nauðungarvinnu. Hann hvatti til þess að betur yrði búið að fulltrúanum og hann fengi heimild til að fjölga starfsfólki þannig að fjalla mætti með fullnægjandi hætti um þær kærur sem kæmu fram. Líkt og aðrir fulltrúar skoraði talsmaður þýsku ríkisstjórnarinnar á stjórnvöld í Burma að standa að fullu við gefin loforð og skuldbindingar um framkvæmd sameiginlegu yfirlýsingarinnar um leiðir til að binda endi á nauðungarvinnu í landinu.

Að afloknum umræðum samþykkti þingnefndin um framkvæmd alþjóðasamþykkta ályktun um ástandið í Burma. Þar sem mjög fátt hafði gerst frá því málið kom til umfjöllunar á 95. Alþjóðavinnumálaþinginu var lítið að gera annað en að endurtaka helstu efnisatriði í niðurstöðum fyrra árs og gerð er grein fyrir í skýrslu félagsmálaráðherra um það þing. Á það má minna að ekki löngu eftir að Alþjóðavinnumálaþinginu var slitið sumarið 2007 hófu búddamunkar í Burma uppreisn. Hún var bæld niður af mikilli hörku af herforingjastjórninni. Enn á ný virðast mál komin á upphafsreit.

Hvíta-Rússland.

Málefni Hvíta-Rússlands voru tekin á dagskrá þingnefndarinnar um framkvæmd alþjóðasamþykkta og tilmæla. Það var ekki í fyrsta skiptið. Tilefnið er framkvæmd ríkisstjórnar landsins á ákvæðum alþjóðasamþykktar nr. 87, um félagafrelsi, og nr. 98. um samningafrelsi, sem er tilefni umfjöllunarinnar. Í skýrslu sérfræðinganefndarinnar hefur í nokkur ár verið dregin upp dökk mynd af ástandi mála í landinu. Áður hefur komið fram í skýrslum félagsmálaráðherra um Alþjóðavinnumálaþingin að svo virðist sem erfiðlega gangi að segja skilið við fyrri tíma þegar félagasamtök, ekki síst stéttarfélög launafólks, voru hluti af kerfi ríkjandi afla í Ráðstjórnarríkjunum. Í framhaldi af ályktunum Alþjóðavinnumálaþingsins hafa rannsóknarnefndir verið sendar á vegum ILO til að kanna ástandið. Af þeim er ljóst að stjórnvöld í Hvíta-Rússlandi beita ýmsum brögðum til að koma í veg fyrir starfsemi stéttarfélaga sem ekki eru valdhöfum að skapi. Þannig er í lögum greint á milli tveggja tegunda af stéttarfélögum og hefur önnur ýmis réttindi umfram hina. Flóknar reglur eru í gildi um skráningu félaganna. Sett hafa verið lög þar sem kveðið er á um rétt samtaka launafólks til að grípa til aðgerða til að fylgja kröfum sínum eftir og rétt löggæslu til að grípa inn í slíkar aðgerðir. Þeim hefur verið beitt þannig að markvisst er dregið úr mætti og getu til að mótmæla með því að beina mótmælendum á fáfarna staði sem eru úr leið. Þannig eru mótmæli gerð máttlaus og marklaus.

Ræðumenn í þingnefnd Alþjóðavinnumálaþingsins voru þungorðir um ástandið í Hvíta-Rússlandi. Víðtæk samstaða var um það í nefndinni eins og á 95. þinginu að þessa máls yrði getið þeim hluta skýrslu hennar til allsherjarþings Alþjóðavinnumálaþingsins sem fjallar um sérstaklega gróf og alvarleg brot á samþykktum stofnunarinnar.

Simbabve.

Ríkisstjórn Simbabve hefur ekki haft gott orð á sér á vettvangi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Hún bætti um betur á þinginu meðal annars með því að senda stofnuninni bréf þar sem fram kom að stjórnvöld litu þannig á að þar sem þingnefndin hefði hvorki umboð né vald til að fjalla um framkvæmd ríkisstjórnar á samþykktum ILO myndu þau ekki eiga samstarf við nefndina. Þessi afstaða ríkisstjórnar til þingnefndar Alþjóðavinnumálaþingsins er mjög sérstök ef ekki einsdæmi í sögu stofnunarinnar. Annars beinist gagnrýni eftirlitsstofnana Alþjóðavinnumálastofnunarinnar einkum að því hvernig ríkisstjórn Simbabve beitir löggjöf um brot á hagsmunum almennings og um öryggismál til að kúga almannasamtök, einkum samtök launafólks. Á grundvelli þessara laga hafa stjórnvöld handtekið og lítilsvirt verkalýðsleiðtoga, beitt hótunum um líflát, stundað pyntingar og staðið fyrir lögregluofbeldi. Hér er því um að ræða gróf brot á samþykktum ILO nr. 87, um félagafrelsi, og nr. 98, um samningafrelsi.

Enda þótt ríkisstjórn Simbabve hafi ekki sent fulltrúa til að taka þátt í umræðum um álit sérfræðinganefndar ILO á ástandinu í landinu var það tekið á dagskrá. Ræðumenn voru ómyrkir í máli og töluðu um að ríkisstjórnin hafi sýnt þingnefndinni lítilsvirðingu og fordæmdu harðlega framkomu stjórnvalda gagnvart samtökum aðila vinnumarkaðarins. Hlálegt þótti að fulltrúi ríkisstjórnarinnar sat á áheyrendapalli þegar umræðan fór fram í þingnefndinni. Niðurstaða nefndarinnar endurspeglaði umræðuna og var afdráttarlaust krafist tafarlausa úrbóta.

Kólumbía.

Áður er komið fram að umræður í þingnefnd um framkvæmd alþjóðasamþykkta fara fram á grundvelli skrár yfir mál sem fulltrúar samtaka atvinnurekenda og samtaka launafólks koma sér saman um. Yfirleitt er gott samkomulag um ríkin sem sett eru á skrána, en 96. Alþjóðavinnumálaþingið var undantekning frá þeirri reglu. Ágreiningur kom upp milli fulltrúa þessara samtaka um það hvort setja skyldi Kólumbíu á skrána. Þetta ríki í SuðurAmeríku hefur komið reglulega til umfjöllunar í nefndinni. Svo virðist sem þar hafi ríkt eins konar skálmöld. Fyrir liggja upplýsingar um að meira en 2.000 virkir félagsmenn í samtökum launafólks hafi verið myrtir frá árinu 1986. Þar við bætist að misþyrmingar, morðhótanir, uppsagnir og hliðstæð brot eru daglegt brauð í landinu. Á 95. Alþjóðavinnumálaþinginu 2006 urðu ákveðin tímamót þegar fulltrúar ríkisstjórnar Kólumbíu og aðila vinnumarkaðarins undirrituðu samkomulag um aðgerðir til að stemma stigu við óöldinni sem hefur ríkt í landinu. Þannig skuldbundu stjórnvöld sig til þess að grípa þegar í stað til ráðstafana gegn ofbeldisöflunum í landinu.

Fulltrúar launafólks á þinginu voru óánægðir með það hvernig stjórnvöld höfðu staðið við samkomulagið og vildu að málefni Kólumbíu yrði tekið til umfjöllunar í þingnefndinni um framkvæmd alþjóðasamþykkta. Þessu voru fulltrúar atvinnurekenda ósammála og það stefndi í óefni. Forstjóri Alþjóðavinnumálastofnunarinnar greip inn í og tókst að miðla málum, meðal annars með því að gefa fyrirheit um að send yrði nefnd til landsins til að rannsaka aðstæður. Niðurstaðan var því sú að málefni Kólumbíu var ekki tekið að þessu sinni til umfjöllunar í þingnefndinni. Samkvæmt upplýsingum frá Svíum mun andstaða fulltrúa atvinnurekenda runnin undan rifjum bandarískra stjórnvalda sem á þessum tíma áttu í samningaviðræðum við fulltrúa Kólumbíu um viðskiptasamning. Umfjöllun um ástandið í landinu var því talin óheppileg og gæti hugsanlega truflað samningaviðræðurnar. Viðskiptasamningurinn var talinn sérstaklega þýðingarmikill fyrir athafnamenn í Kólumbíu.

2.6. VINNUSKILYRÐI FISKIMANNA – ALLT ER ÞÁ ÞRENNT ER.

Í skýrslu félagsmálaráðherra um 93. Alþjóðavinnumálaþingið 2005 er gerð grein fyrir seinni umræðu um drög að alþjóðasamþykkt um vinnuskilyrði fiskimanna sem fram fór á þinginu. Fastlega var gert ráð fyrir því að drögin yrðu samþykkt á þinginu en annað kom í ljós. Upp kom djúpstæður ágreiningur um nokkur atriði milli fulltrúa í þingnefndinni sem fjallaði um málið. Það mikilvægasta laut að ákvæðum um lágmarkskröfur sem gera skyldi til vistarvera fiskimanna, stærðar skipa sem samþykktin tæki til og almannatrygginga. Mikil vinna var lögð í að ná samkomulagi um reglur um umreikning á lengd skipa í burðargetu eftir tonnum til að endurspegla ólíkt byggingarlag í Asíu og Evrópu. Þótt niðurstaða nefndarinnar fengi yfirgnæfandi stuðning fékk tillagan að nýrri alþjóðasamþykkt um þetta efni ekki tilskilið atkvæðamagn á allsherjarþinginu til að ná fram að ganga. Ástæðan er reglur um lágmarksstuðning við tillögur að alþjóðasamþykktum og tilmælum. Samkvæmt reglunum þurftu 297 fulltrúar að lágmarki að taka þátt í atkvæðagreiðslunni. Þar til viðbótar þurfti tillagan að hljóta stuðning tveggja þriðju hluta greiddra atkvæða eða 290. Tillaga að samþykktinni hlaut 289 atkvæði og náði því ekki fram að ganga. Tillaga að tilmælunum náði hins vegar fram að ganga þar sem báðum framangreindum skilyrðum var fullnægt. Af þessu leiddi að vinnumálaþingið samþykkti tillögu um að málefnið yrði sett að nýju á dagskrá 96. Alþjóðavinnumálaþingsins sem haldið yrði sumarið 2007. Þetta gekk eftir.

Þingnefndin kom fljótlega saman eftir setningu Alþjóðavinnumálaþingsins. Að þessu sinni var Nigel Campbell, fulltrúi ríkisstjórnar Suður-Afríku, kosinn formaður nefndarinnar. Vara-

formenn voru kosnir Bruce Chapman, fulltrúi atvinnurekenda í Kanada, og Peter Sand Mortensen, fulltrúi launafólks í Danmörku. Skýrslugjafi til allsherjarþingsins var Jorge Thullen, fulltrúi ríkisstjórnar Ekvador. Nefndin hélt samtals 11 fundi með þátttöku 137 fulltrúa (70 fulltrúa ríkisstjórna, 25 fulltrúa atvinnurekenda og 42 fulltrúa launafólks). Sverrir Konráðsson, sérfræðingur hjá Siglingastofnun, var fulltrúi ríkisstjórnarinnar í nefndinni ásamt Jóni H. Magnússyni, lögfræðingi hjá Samtökum atvinnulífsins, sem var fulltrúi íslenskra atvinnurekenda, og Sævari Gunnarssyni, formanni Sjómannasambands Íslands.

Fljótlega kom í ljós að óformlegar undirbúningsumræður, sem Japanir höfðu staðið fyrir, höfðu borið árangur. Við almennar umræður kom fram greinilegur vilji hjá ræðumönnum að leggja sitt af mörkum til þess að árangur næðist og Alþjóðavinnumálaþingið afgreiddi samþykkt um vinnuskilyrði fiskimanna. Fulltrúi ríkisstjórnar Japans kynnti tillögu um reiknireglu sem hafði það að markmiði að auðvelda samanburð á fiskiskipum í Asíu og Evrópu. Þetta skipti miklu máli fyrir ákvæði samþykktarinnar um gildissvið sem varð þess valdandi árið 2003 að öll ríki í Asíu greiddu atkvæði gegn samþykktinni. Þótt vel væri tekið í tillögu Japana virtist engin Evrópuþjóð vilja taka af skarið og lýsa yfir stuðningi við hana. Ástæðan kann að hafa verið sú að fulltrúar hafi ekki haft til þess umboð. Mál komust ekki á hreyfingu fyrr en fulltrúi ríkisstjórnar Íslands í nefndinni tók af skarið og Ísland gerðist meðflytjandi að breytingartillögu Japana um gildissviðið ásamt nokkrum öðrum ríkjum í Asíu og Suður-Ameríku. Eftir það sigldu fleiri Evrópuríki í kjölfarið. Þar með var ísinn brotinn og hlutirnir fóru að ganga í rétta átt. Tekin voru upp í samþykktina ákvæði sem heimila aðildarríkjum að fullgilda hana þótt aðstæður uppfylli ekki kröfur sem gerðar eru. Þetta er gert með lagalegum úrræðum sem gera ríkjum kleift að hrinda tilteknum ákvæðum hennar í framkvæmd í áföngum. Með þeim er tekið tillit til ólíkra aðstæðna í aðildarríkjum ILO. Fullgilding samþykktarinnar hefur lítil sem engin áhrif á aðstæður fiskimanna í iðnríkjunum. Hún hefur hins vegar mikil áhrif meðal þeirra ríkja sem eru skemmra á veg komin við að bæta vinnuaðstæður. Með fullgildingu samþykktarinnar marka stjórnvöld stefnu varðandi vinnuvernd fiskimanna. Alþjóðavinnumálastofnunin hefur síðan eftirlit með því að ríkin hrindi ákvæðum hennar markvisst í framkvæmd.

Kjarni samþykktarinnar felst í ákvæðum sem fela í sér að fiskimenn njóti aukins öryggis og heilbrigðis við vinnu og læknishjálpar á sjó og að veikir eða slasaðir sjómenn á fiskiskipum fái umönnun í landi. Í henni eru ákvæði um hvíldartíma þeim til heilsuverndar og öryggis. Enn fremur eru ákvæði um að fiskimenn njóti verndar í krafti kjarasamninga og að þeir njóti sömu almannatryggingaverndar og aðrir starfsmenn.

Ákvæðum samþykktarinnar er einnig ætlað að tryggja að fiskiskip séu smíðuð og þeim viðhaldið með hliðsjón af því að starfsmenn í greininni dvelja oft langdvölum um borð í skipum sínum og að þeir njóti lífsskilyrða í samræmi við það. Samþykktin kveður jafnframt á um að stór fiskiskip í löngum sjóferðum geti sætt skoðunum í erlendum höfnum til að tryggja að sjómennirnir um borð starfi ekki við aðstæður sem stofna öryggi þeirra og heilsu í hættu.

Samþykkt nr. 188, um vinnu við fiskveiðar, er birt sem fylgiskjal I með þessari skýrslu. Tilmæli nr. 199, um vinnu við fiskveiðar, eru birt sem fylgiskjal II með skýrslunni. Báðar gerðirnar eru til umfjöllunar í samstarfsnefnd félags- og tryggingamálaráðuneytisins og helstu samtaka á vinnumarkaði um málefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Að svo stöddu er því ekki tekin afstaða til þess hvort þær verði fullgiltar.

2.7. ALÞJÓÐAVINNUMÁLASTOFNUNIN OG HNATTVÆÐINGIN

Í febrúar 2004 birti Alþjóðavinnumálastofnunin skýrslu sem ber heitið *Sanngjörn alþjóðavæðing – að skapa öllum tækifæri*. Skýrslan var samin af nefnd á vegum stofnunarinnar sem naut formennsku Tarju Hallonen, forseta Finnlands, og Benjamin William Mkapa, forseta Tansaníu. Í skýrslunni eru settar fram tillögur sem miða að því að mæta vaxandi gagnrýni á þá misskiptingu auðs og lífskjara sem alþjóðavæðing efnahagslífsins hefur skapað. Markmiðið er að beina alþjóðavæðingunni í þann farveg að afraksturinn verði ekki eingöngu fjárhagslegur ávinningur alþjóðafyrirtækja heldur leiði hún jafnframt af sér félagslegar umbætur sem byggi á sameiginlegu gildismati, virðingu fyrir mannréttindum og persónulegri reisn sérhvers einstaklings, menningararfi og sjálfræði. Lögð er áhersla á að alþjóðavæðingin verði sanngjörn, taki til allra, lúti lýðræðislegri stjórn skapi tækifæri og er áþreifanlega til hagsbóta fyrir öll ríki og þegna þeirra. Í skýrslunni er að finna fjölmargar tillögur sem beinast að þeim aðilum sem hafa mest áhrif á sviði efnahags- og félagsmála í heiminum. Hún hefur verið tekin til umfjöllunar á fundi framkvæmdastjóra sérstofnana Sameinuðu þjóðanna, í Alþjóðabankanum, í efnahags- og félagsmálanefnd Sameinuðu þjóðanna, á Alþjóðavinnumálaþinginu 2004, í Evrópusambandinu, OECD og víðar. Síðast en ekki síst var samþykkt tillaga 2. desember 2004 á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna þar sem því er beint til allra stofnana Sameinuðu þjóðanna að taka mið af efni skýrslunnar og beita sér fyrir alþjóðavæðingu sem feli í sér jafnrétti og hlutdeild í samræmi við tilmæli sem fram koma í skýrslunni.

Í skýrslunni um sanngjarna alþjóðavæðingu eru settar fram tillögur sem beint er til hlutaðeigandi aðila, til dæmis staðbundinna stjórnvalda, héraðsstjórna og ríkisstjórna. Réttlát stjórnskipan og sanngjörn stjórnsýsla sem byggð er á lýðræðislegum stjórnarháttum eru þættir sem sérstaklega eru dregnir fram. Áhersla er lögð á að við hvers kyns stefnumótun sé höfð hliðsjón af tillögum sem settar eru fram í skýrslunni.

Frá árinu 2004 hefur verið unnið að því af alþjóðavinnumálaskrifstofunni í Genf að útfæra nánar tillögur skýrslunnar fyrst og fremst að því er varðar framtíðarhlutverk Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í heimi sem hefur að flestu leyti tekið stakkaskiptum vegna alþjóðavæðingar atvinnu- og efnahagslífs. Árangur þessarar vinnu varð áþreifanlegur með skýrslu til Alþjóðavinnumálaþingsins til undirbúnings umræðum um eflingu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í því augnamiði að geta betur liðsinnt aðildarríkjunum að ná markmiðum sínum í heimi hnattvæðingar (e. stengthening the ILO's capacity to assist its Members' efforts to reach its objectives in the context of globalization). Skýrslan var lögð til grundvallar umræðum í sérstakri þingnefnd. Formaður hennar var kosinn Jean-Jacques Elmiger, fulltrúi ríkisstjórnar Sviss. Varaformenn voru kosnir Aschraf W. Tabani, fulltrúi atvinnurekenda í Pakistan, og Roy Trotman, fulltrúi launafólks á Barbados. Talsmaður þingnefndarinnar gagnvart allsherjarþinginu var kosinn Sanne Kaasjager, fulltrúi ríkisstjórnar Hollands. Magnús M. Norðdahl var fulltrúi íslensks launafólks í nefndinni. Þess skal getið að Magnús hlaut þann heiður að vera kosinn í fjögurra manna hóp til að vera talsmanni launafólks í þingnefndinni til ráðuneytis og aðstoðar.

Strax kom í ljós að viðfangsefni nefndarinnar var flókið og kallaði á mikla stjórnvisku formannsins. Jean-Jacques Elmiger leysti mjög vel af hendi það viðfangsefni að leiða starf nefndarinnar enda á hann að baki víðtæka reynslu í þessum efnum á vettvangi ILO. Eftir ítarleg skoðanaskipti og mikla fundarsetu tókst víðtæk samstaða um nokkur grundvallaratriði. Nefndin var sammála um að á Alþjóðavinnumálaþinginu 2008 skuli stefnt að afgreiðslu skuldbindandi yfirlýsingu. Í henni verði eftirfarandi kjarnaatriði: Í fyrsta lagi skuli komið á reglulegu eftirliti alþjóðavinnumálaskrifstofunnar um stefnu ILO um mannsæmandi vinnu-

skilyrði. Sú stefna byggir á fjórum meginþáttum, þ.e. grundvallarrétti launafólks í atvinnulífinu, félagslegu öryggi, hæfni starfsfólks og fyrirtækja og samráði fulltrúa ríkis, samtaka atvinnurekenda og launafólks um framvinduna í atvinnu-, efnahags- og félagsmálum. Rætt er um að aðildarríkin taki saman og gefi Alþjóðavinnumálastofnuninni árlega skýrslu um hvern þátt þannig að hver skýrsluhringur taki fjögur ár. Einnig er lagt til að stofnuð verði fastanefnd á Alþjóðavinnumálaþinginu sem fari yfir samantekt á efni skýrslna aðildarríkjanna og setji fram tillögur um úrbætur. Með þessu er talið að alþjóðavinnumálaskrifstofan fái gleggri yfirsýn yfir framvindu í atvinnu- og efnahagsmálum í heiminum og geti betur sniðið starfsemi sína að þörfum aðildarríkjanna.

Góð samstaða tókst um þessar niðurstöður nefndarinnar. Gert er ráð fyrir að haldnir verði nokkrir undirbúningsfundir um þetta málefni fyrir 97. Alþjóðavinnumálaþingið sem haldið verður sumarið 2008.

2.8. MANNSÆMANDI VINNUSKILYRÐI OG SJÁLFBÆR FYRIRTÆKI

Eitt af dagskrármálum vinnumálaþingsins var sjálfbær fyrirtæki. Markmiðið með því að taka þetta efni til umfjöllunar var að fá yfirsýn og skapa umræður um sjálfbær fyrirtæki í atvinnulífinu. Þegar ákvörðun var tekin um að setja þetta efni á dagskrá vinnumálaþingsins kom fram að framvinda þessa máls er nokkuð ólík eftir heimsálfum. Einnig var talið gagnlegt að ræða stöðu sjálfbærra fyrirtækja í ljósi áætlunar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um mannsæmandi vinnuskilyrði.

Þingnefndin sem fjallaði um þetta málefni hóf starf sitt á því að kjósa Andrew Annakin, fulltrúa ríkisstjórnar Nýja-Sjálands, formann nefndarinnar. Varaformenn voru kosnar Antje Gerstein, fulltrúi atvinnurekenda í Þýskalandi, og Cecilia Brighi, fulltrúi launafólks á Ítalíu. Skýrslugjafi nefndarinnar gagnvart allsherjarþinginu var kosin Bettina Ungerer, fulltrúi ríkisstjórnar Hollands.

Nefndin kom fyrst saman til fundar 30. maí 2007. Hún hélt samtals 14 fundi yfir þingtímann. Yfirleitt sátu fundina 185 þingfulltrúar (79 fulltrúar ríkisstjórna, 51 fulltrúi launafólks og 55 fulltrúar samtaka launafólks). Hrafnhildur Stefánsdóttir, fulltrúi Samtaka atvinnulífsins, tók þátt í starfi nefndarinnar.

Nefndin lagði til að Alþjóðavinnumálaþingið afgreiddi ályktun um þetta málefni sem var samþykkt. Í upphafsorðum hennar er því slegið föstu að líta beri á sjálfbær fyrirtæki sem mikilvægan þátt í hagvexti, þau séu forsenda velferðar, fjölgunar starfa og í að skapa mannsæmandi vinnuskilyrði. Þar af leiðandi séu þau ómissandi verkfæri við að hrinda í framkvæmd áætlun Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um mannsæmandi vinnuskilyrði séu mikilvæg fyrir sjálfbæra þróun og umsköpun sem leiði til bættrar lífsafkomu fólks til lengri tíma litið.

Í ályktuninni eru dregin fram þau skilyrði og þær forsendur sem skapi sjálfbærum fyrirtækjum vaxtarskilyrði. Þau eru friður, stöðugleiki, traust stjórnsýsla, viðræður aðila vinnu markaðarins um kaup og kjör, að mannréttindi séu virt, að gætt sé alþjóðlegra samþykkta í atvinnulífinu, að eflt sé framtak og frumkvæði með jákvæðu lagaumhverfi, virðing sé borin fyrir eignarrétti, að samkeppnisstaða sé jöfn, tryggt aðgengi að fjármálaþjónustu og að grunnvirki samfélagsins séu í lagi, þar með talið menntakerfið og viðunandi félagslegt öryggisnet. Einnig er lögð áhersla á að viðurkennd sé þörf fyrirtækjanna til að hagnast á starfsemi sinni en að samtímis sé gætt að umhverfismálum og mannasæmandi vinnuskilyrðum.

Sérstakur kafli í ályktuninni er helgaður aðgerðum sem mælt er með að ríkisstjórnir grípi til. Þannig er lögð áhersla á það hlutverk ríkisstjórna að skapa aðstæður sem hvetja til fjár-

festinga, umhverfi fyrir jákvæðan vöxt fyrirtækja og hafa tiltæk tól til að gera nauðsynlegar skipulagsbreytingar í atvinnulífinu sé þeirra þörf. Einnig er því beint til ríkisstjórna að skapa umhverfi sem stuðlar að viðræðum aðila vinnumarkaðarins um umbætur í atvinnulífinu, virðingu fyrir félagafrelsi og frelsi til að semja í frjálsum samningum um kaup og kjör. Loks er hvatt til þess að stjórnvöld stuðli að því að fyrirtækin sýni samfélagslega ábyrgð.

Nefndin setur fram ýmsar tillögur um það hvernig Alþjóðavinnumálastofnunin getur lagt sjálfbærum fyrirtækjum lið. Nefndar eru rannsóknir, fræðsla og þekkingaröflun. Einnig stuðningur við staðbundin þróunarverkefni sem miða að eflingu sjálfbærra fyrirtækja og mannsæmandi vinnuskilyrða. Með miðlun upplýsinga og kynningu á góðum fyrirmyndum ber alþjóðavinnumálaskrifstofunni að hvetja fyrirtæki til að sveigja inn á leið til sjálfbærrar þróunar í rekstri sínum. Nefnt er í dæmaskyni að samþætting stefnu um mannsæmandi vinnuskilyrði og virðing fyrir grundvallarréttindum launafólks leiði til sjálfbærrar þróunar í atvinnulífinu.

Fylgiskjal I.

Samþykkt nr. 188, um vinnu við fiskveiðar.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar,

er kom saman til 96. þingsetu sinnar í Genf hinn 30. maí 2007 eftir kvaðningu stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, og

sem gerir sér grein fyrir að alþjóðavæðing hefur mikil áhrif á svið fiskveiða, og

minnist yfirlýsingar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um grundvallarviðmið og réttindi við vinnu, 1998, og

að teknu tilliti til grundvallarréttinda sem er að finna í eftirtöldum alþjóðavinnumálasamþykktum:

samþykkt um nauðungarvinnu eða skylduvinnu, 1930 (nr. 29),
samþykkt um félagafrelsi og verndun þess, 1948 (nr. 87),
samþykkt um beitingu grundvallarreglna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega, 1949 (nr. 98),
samþykkt um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf, 1951 (nr. 100),
samþykkt um afnám nauðungarvinnu, 1957 (nr. 105),
samþykkt um misrétti með tilliti til atvinnu eða starfa, 1958 (nr. 111),
samþykkt um lágmarksaldur við vinnu, 1973 (nr. 138),
samþykkt um bann við barnavinnu í sinni verstu mynd og tafarlausar aðgerðir til að afnema hana, 1999 (nr. 182); og

sem gefur gaum að viðeigandi gerningum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, einkum:

samþykkt um öryggi og heilbrigði við vinnu (nr. 155) og tilmælum (nr. 164), 1981,
samþykkt um heilsugæslu á vinnustöðum (nr. 161) og tilmælum (nr. 171), 1985, og

gefur enn fremur gaum að samþykkt um félagslegt öryggi (lágmarksviðmiðun), 1952 (nr. 102), og með hliðsjón af því að ákvæði 77. gr. þeirrar samþykktar ættu ekki að hindra að aðildarríki láti fiskimenn njóta verndar samkvæmt almannatryggingakerfum, og

sem gerir sér grein fyrir að Alþjóðavinnumálastofnunin telur að fiskveiðar séu hættuleg starfsgrein í samanburði við aðrar starfsgreinar, og

minnist einnig 3. mgr. 1. gr. samþykktar um persónuskírteini sjómanna (endurskoðuð), 2003 (nr. 185), og

hefur í huga grundvallarumboð stofnunarinnar, sem er að stuðla að mannsæmandi vinnuskilyrðum, og

hefur í huga nauðsyn þess að vernda og standa vörð um réttindi fiskimanna í þessu tilliti, og

minnist hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna, 1982, og

með tilliti til nauðsynjar þess að endurskoða eftirtaldar alþjóðasamþykktir sem Alþjóðavinnumálaþingið hefur samþykkt og fjalla sérstaklega um vinnu á sviði fiskveiða, það er að segja:

samþykkt um lágmarksaldur fiskimanna, 1959 (nr. 112),
samþykkt um læknisskoðun fiskimanna, 1959 (nr. 113),
samþykkt um skiprúmssamninga fiskimanna, 1959 (nr. 114), og
samþykkt um vistarverur í fiskiskipum, 1966 (nr. 126),

til að uppfæra þær og láta þær ná til fleiri fiskimanna heimsins, einkum þeirra sem starfa um borð í smærri skipum, og

sem veita því athygli að samþykktin eigi að tryggja að fiskimenn búi við mannsæmandi vinnuskilyrði um borð í fiskiskipum með tilliti til lágmarkskrafna um vinnu um borð; skilmála um þjónustu; vistarverur og fæði; öryggi á vinnustað og heilsuvernd; læknishjálp og tryggingavernd, og

eftir að hafa ákveðið að samþykkja tilteknar tillögur um vinnu á sviði fiskveiða, sem er fjórða mál á dagskrá þessa þings, og eftir að hafa ákveðið að þessar tillögur skuli birtast í formi alþjóðasamþykktar;

samþykkir þingið í dag, 14. júní 2007, eftirfarandi samþykkt sem nefna má samþykkt um vinnu við fiskveiðar, 2007.

I. HLUTI
SKILGREININGAR OG GILDISSVIÐ
SKILGREININGAR
1. gr.

Í samþykkt þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) fiskveiðar í atvinnuskyni eru allar fiskveiðar, þ.m.t. fiskveiðar í ám, stöðuvötnum eða skipaskurðum, að undanskildum fiskveiðum til lífsviðurværis og tómstundafiskveiðum;
b) lögbært stjórnvald er ráðherra, ráðuneyti eða annað stjórnvald sem hefur vald til að gefa út og framfylgja reglugerðum, reglum eða öðrum fyrirmælum sem hafa lagagildi hvað varðar viðfangsefni ákvæðanna sem um ræðir;
c) samráð er samráð lögbæra stjórnvaldsins við heildarsamtök atvinnurekenda og launamanna sem í hlut eiga og einkum heildarsamtök eigenda fiskiskipa og fiskimanna ef þau eru fyrir hendi;
d) eigandi fiskiskips er fiskiskipaeigandi eða hvert það félag eða einstaklingur, til dæmis framkvæmdastjóri, umboðsmaður eða leigutaki þurrleiguskipa (skipa án áhafna), sem hefur tekið á sig ábyrgð á rekstri skipsins úr höndum eiganda, og sem hefur með því að takast þessa ábyrgð á hendur gengist við öllum skyldum og þeirri ábyrgð sem er lögð á eigendur fiskiskipa í samræmi við þessa samþykkt burtséð frá því hvort einhver önnur félög eða einstaklingar uppfylli tilteknar skyldur eða ábyrgð fyrir hönd eiganda fiskiskipsins;
e) fiskimaður er hver sá einstaklingur sem er ráðinn til ákveðinna starfa eða starfar um borð í hvers kyns fiskiskipi, þ.m.t. sjálfstætt starfandi einstaklingar sem starfa um borð og fá greitt miðað við aflahlut en að undanskildum hafnsögumönnum, starfsmönnum sjóherja, öðrum einstaklingum í fastri þjónustu ríkisstjórnar, einstaklingum í landi sem inna af hendi störf um borð í fiskiskipi og veiðieftirlitsmönnum;
f) samningur um starf fiskimanns er starfssamningur, verksamningur eða svipað fyrirkomulag, eða hvers kyns annar samningur sem fjallar um aðbúnað og vinnuskilyrði fiskimanna um borð í skipi;
g) fiskiskip eða skip er hvert það skip eða bátur, af hvaða tegund sem er, óháð formi eignarhalds, sem er notað eða fyrirhugað er að nota til fiskveiða í atvinnuskyni;
h) brúttótonnatala er sú brúttótonnatala sem er reiknuð í samræmi við reglur um mælingu skipa í I. viðauka við alþjóðasamninginn um mælingar skipa frá 1969 eða önnur skjöl sem kunna að breyta honum eða koma í stað hans;
i) lengd (L) er 96% af mestu lengd í vatnslínu við 85% af minnstu mótuðu dýpt, mældri frá kjöllínu (spónfarslínu) eða sem lengdin frá fremri brún á stefni í miðju stýrisáss í sömu vatnslínu, ef þessi lengd er lengri. Í skipum hönnuðum með kjalarhalla skal vatnslínan, sem lengdin er mæld á, vera samsíða hönnunarvatnslínunni;
j) mesta lengd (LOA) er fjarlægðin í beinni línu samsíða hönnunarvatnslínu milli fremsta punkts bógs og aftasta punkts stefnis;
k) skráningar- og ráðningarþjónusta er hver einstaklingur, félag, stofnun, umboðsskrifstofa eða önnur samtök í opinberum rekstri eða einkarekstri sem starfa við að skrá fiskimenn fyrir hönd eigenda eða ráða fiskimenn í störf hjá eigendum fiskiskipa;
l) skipstjóri er sá sem fer með æðsta vald á fiskiskipi.

GILDISSVIÐ

2. gr.

1. Ef ekki er kveðið á um annað í þessari samþykkt tekur hún til allra fiskimanna og allra fiskiskipa sem stunda fiskveiðar í atvinnuskyni.
2. Ef vafi leikur á því hvort fiskiskip stundi fiskveiðar í atvinnuskyni skal lögbært stjórnvald skera úr um það, að höfðu samráði hlutaðeigandi aðila.
3. Að höfðu samráði mega aðildarríki láta réttarverndina, sem kveðið er á um í þessari samþykkt, taka að öllu leyti eða að hluta til fiskimanna sem starfa um borð í skipum sem eru 24 metrar að lengd og lengri.

3. gr.

1. Ef beiting þessarar samþykktar veldur sérstökum og verulegum vandkvæðum í ljósi tiltekinna skilmála um þjónustu fiskimannanna eða tengdum rekstri fiskiskipa má aðildarríki, að höfðu samráði, undanskilja frá kröfum þessarar samþykktar eða frá tilteknum ákvæðum hennar:
   a) fiskiskip sem stunda fiskveiðar á ám, vötnum eða skipaskurðum;
   b) afmarkaða flokka fiskimanna eða fiskiskipa.
2. Ef um er að ræða undantekningar samkvæmt málsgreininni hér á undan, og eins og við verður komið, skal lögbært stjórnvald gera ráðstafanir, eins og við á, til að láta kröfurnar samkvæmt þessari samþykkt ná í áföngum til hlutaðeigandi flokka fiskimanna og fiskiskipa.
3. Hvert aðildarríki, sem fullgildir samþykkt þessa, skal:
   a) í fyrstu skýrslu sinni um framkvæmd hennar, sem gefin er skv. 22. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar:
      i. tiltaka alla flokka fiskimanna eða fiskiskipa sem kunna að hafa verið undanskildir skv. 1. mgr.;
      ii. tiltaka ástæður slíkrar undantekningar þar sem tilgreind er afstaða samtaka atvinnurekenda og launamanna sem í hlut eiga, einkum heildarsamtaka eigenda fiskiskipa og fiskimanna ef þau eru fyrir hendi; og
      iii. lýsa hvers kyns ráðstöfunum sem gerðar eru til að veita undanskildum flokkum samsvarandi réttarvernd; og
   b) lýsa, í síðari skýrslum um framkvæmd samþykktarinnar, hvers kyns ráðstöfunum sem gerðar eru í samræmi við 2. mgr.

4. gr.

1. Ef aðildarríki hefur ekki tök á því að hrinda þegar í stað í framkvæmd öllum ráðstöfunum sem kveðið er á um í þessari samþykkt sökum sérstakra og verulegra vandkvæða sem eiga rót að rekja til ófullkominna stofnana eða samfélagsgerðar má aðildarríki, í samræmi við áætlun sem gerð er að höfðu samráði, innleiða í áföngum öll eða sum eftirfarandi ákvæði:
   a) 1. mgr. 10. gr.;
   b) 3. mgr. 10. gr., að því marki sem hún gildir um skip sem eru á sjó lengur en þrjá daga;
   c) 15. gr.;
   d) 20. gr.;
   e) 33. gr.; og
   f) 38. gr.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um fiskiskip sem:
   a) eru 24 metrar að lengd og lengri; eða
   b) eru á sjó lengur en sjö daga; eða
   c) sigla að jafnaði í meira en 200 sjómílna fjarlægð frá strandlengju fánaríkis eða sigla út fyrir ytri brún landgrunnsins, hvor heldur fjarlægðin er meiri frá strandlengjunni; eða
   d) sæta hafnarríkiseftirliti eins og kveðið er á um í 43. gr. þessarar samþykktar nema þar sem hafnarríkiseftirlit á sér stað sökum aðstæðna af óviðráðanlegum orsökum (*force majeure*) eða um fiskimenn sem starfa á slíkum skipum.
3. Hvert aðildarríki sem nýtir sér kostinn sem 1. mgr. veitir skal:
   a) í fyrstu skýrslu sinni um framkvæmd hennar sem gefin er skv. 22. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar:
      i. tilgreina ákvæði samþykktarinnar sem á að innleiða í áföngum;
      ii. skýra ástæður og tilgreina afstöðu heildarsamtaka atvinnurekenda og launamanna sem í hlut eiga, einkum heildarsamtaka eigenda fiskiskipa og fiskimanna ef þau eru fyrir hendi; og
      iii. lýsa áætlun um innleiðingu í áföngum; og
   b) lýsa, í síðari skýrslum um framkvæmd samþykktarinnar, ráðstöfunum sem gerðar eru í því skyni að hrinda öllum ákvæðum samþykktarinnar í framkvæmd.

5. gr.

1. Í skilningi þessarar samþykktar má lögbært stjórnvald, að höfðu samráði, ákveða að nota mestu lengd (LOA) í stað lengdar (L) sem grunn fyrir mælingar, í samræmi við jafngildisákvæðin sem tilgreind eru í I. viðauka. Auk þess má lögbært stjórnvald, í skilningi málsgreinanna sem tilgreindar eru í III. viðauka við þessa samþykkt, að höfðu samráði, ákveða að nota brúttótonn í stað lengdar (L) eða mestu lengd (LOA) sem grunn fyrir mælingar, í samræmi við jafngildisákvæðin sem tilgreind eru í III. viðauka.
2. Aðildarríkið skal tilkynna í skýrslunum, sem lagðar eru fram skv. 22. gr. stofnskrárinnar, um ástæður fyrir ákvörðuninni sem tekin er samkvæmt þessari grein og hvers kyns athugasemdir sem kunna að koma fram við samráðið.

II. HLUTI
ALMENNAR GRUNDVALLARREGLUR
INNLEIÐING

6. gr.

1. Hvert aðildarríki skal innleiða og framfylgja lögum, reglugerðum eða öðrum ráðstöfunum sem það hefur samþykkt til að efna skuldbindingar sínar samkvæmt þessari samþykkt hvað varðar fiskimenn og fiskiskip í lögsögu sinni. Aðrar ráðstafanir kunna meðal annars að fela í sér kjarasamninga, dómsúrskurði, gerðardómsúrskurði eða aðrar aðgerðir sem eru í samræmi við landslög eða landsvenju.
2. Samþykkt þessi hefur í engu áhrif á hvers kyns lög, úrskurði, venjur eða samninga milli eigenda fiskiskipa og fiskimanna sem tryggja betri kjör en kveðið er á um í þessari samþykkt.

LÖGBÆRT STJÓRNVALD OG SAMRÆMING

7. gr.

Hvert aðildarríki skal:

a) tilnefna lögbært stjórnvald eða stjórnvöld; og
b) skapa ramma til samræmingar meðal viðkomandi stjórnvalda á sviði fiskveiða á lands- og staðarvísu, eins og við á, og skilgreina hlutverk og ábyrgð þeirra, að teknu tilliti til hagræðis sem af því leiðir í samræmi við aðstæður og venju innanlands.

ÁBYRGÐ EIGENDA FISKISKIPA, SKIPSTJÓRA OG FISKIMANNA

8. gr.

1. Eigandi fiskiskips er ábyrgur fyrir því að tryggja að skipstjórinn hafi nauðsynleg úrræði og aðstöðu til að fullnægja kröfum þessarar samþykktar.

2. Skipstjórinn ber ábyrgð á öryggi fiskimannanna um borð og á öruggum rekstri skipsins, en takmarkast þó ekki við eftirfarandi:

a) að sjá um að með slíkri yfirstjórn sé tryggt eftir föngum að fiskimenn vinni starf sitt við sem bestar aðstæður með tilliti til öryggis og heilsu;
b) að stjórna fiskimönnunum þannig að öryggi og heilbrigði séu í fyrirrúmi, þ.m.t. að komið sé í veg fyrir ofþreytu;
c) að greiða fyrir þjálfun um borð sem eykur meðvitund um öryggi og heilbrigði við vinnu; og
d) að tryggja að farið sé eftir viðmiðunum um öryggi við siglingar, vaktstöðu og góða sjómennsku.

3. Skipstjórinn skal ekki sæta takmörkunum af hálfu eiganda fiskiskipsins að því er varðar ákvarðanir sem eru, samkvæmt faglegu mati skipstjóra, nauðsynlegar vegna öryggis skipsins, siglingar þess og öruggs reksturs eða öryggi fiskimannanna um borð í því.

4. Fiskimenn skulu fara eftir lögmætum fyrirskipunum skipstjórans og reglum um öryggi og heilbrigði.

III. HLUTI

LÁGMARKSKRÖFUR UM VINNU UM BORÐ Í FISKISKIPUM

LÁGMARKSALDUR

9. gr.

1. Lágmarksaldur til að stunda vinnu um borð í fiskiskipi skal vera 16 ár. Þó má lögbært stjórnvald heimila að lágmarksaldur sé 15 ár fyrir einstaklinga sem eru ekki lengur á skólaskyldualdri samkvæmt landslögum og stunda starfsþjálfun til fiskveiða.

2. Lögbært stjórnvald má, í samræmi við landslög og landsvenju, heimila einstaklingum sem eru 15 ára að sinna léttum störfum í skólaleyfum. Í slíkum tilvikum skal það ákvarða, að höfðu samráði, hvaða störfum þeir mega sinna og skal mæla fyrir um skilyrðin sem slík störf skulu unnin við og þann hvíldartíma sem áskilinn er.

3. Lágmarksaldur til að vera falin störf um borð í fiskiskipum, sem vegna eðlis og aðstæðna eru unnin við aðstæður sem geta stofnað heilbrigði, öryggi eða siðferði ungmenna í hættu, skal ekki vera lægri en 18 ár.

4. Kveðið skal á um þær tegundir starfa, sem 3. mgr. þessarar greinar gildir um, í landslögum eða reglugerðum, eða af hálfu lögbærra stjórnvalda, að höfðu samráði, að teknu tilliti til þeirrar áhættu sem fylgir og viðeigandi alþjóðlegra viðmiðana.

5. Heimila má í landslögum, reglugerðum eða ákvörðunum lögbærs stjórnvalds, að störfin, sem vísað er til í 3. mgr. þessarar greinar megi vinna frá 16 ára aldri, að höfðu samráði, að því tilskildu að ungmennin sem í hlut eiga njóti fullrar verndar hvað varðar öryggi, heilbrigði eða siðferði og að ungmennin sem í hlut eiga hafi notið nægilegrar og sérhæfðrar kennslu eða starfsþjálfunar og hafi lokið grunnöryggisþjálfun til starfa á sjó.

6. Næturvinna fiskimanna yngri en 18 ára er óheimil. Í þessari grein skal „nótt“ skilgreind í samræmi við landslög og landsvenju. Hún skal vara í minnst níu klukkustundir og hefst það tímabil ekki síðar en á miðnætti og endar ekki fyrr en kl. 5 að morgni. Lögbært stjórnvald getur veitt undanþágu frá því að hlíta ítrustu kröfum um takmörkun á næturvinnu þegar:

a) það kæmi annars niður á markvissri þjálfun fiskimannanna sem í hlut eiga að því er varðar fyrirframákveðin verkefni og áætlanir; eða
b) sérstakt eðli skyldustarfanna eða viðurkennd þjálfunaráætlun krefst þess að fiskimennirnir, sem falla undir undanþáguna, inna af hendi skyldustörf að nóttu til og yfirvald telur, að höfðu samráði, að vinnan muni ekki hafa skaðleg áhrif á heilsu eða velferð þeirra.

7. Ekkert í þessari grein skal hafa áhrif á skyldur sem aðildarríki kann að hafa gengist undir og leiða af fullgildingu annarrar alþjóðlegrar vinnumálasamþykktar.

LÆKNISSKOÐUN

10. gr.

1. Enginn fiskimaður skal starfa um borð í fiskiskipi án gilds læknisvottorðs til staðfestingar á heilbrigði til að sinna skyldustörfum sínum.

2. Lögbært stjórnvald má, að höfðu samráði, veita undanþágur frá beitingu 1. mgr. þessarar greinar, að teknu tilliti til öryggis og heilsu fiskimanna, stærðar skipsins, aðgengis að læknishjálp og brottflutnings, lengdar veiðiferðar, farsviðs og tilhögunar fiskveiðanna.

3. Undanþágurnar í 2. mgr. þessarar greinar skulu ekki gilda um fiskimann sem starfar á fiskiskipi sem er 24 metrar að lengd og lengra eða er að jafnaði á sjó lengur en þrjá daga. Þegar brýna nauðsyn ber til má lögbært stjórnvald heimila fiskimanni að starfa á slíku skipi í takmarkaðan og tiltekinn tíma þar til unnt er að fá læknisvottorð, að því tilskildu að fiskimaðurinn sé handhafi læknisvottorðs sem er nýlega útrunnið.

11. gr.

Hvert aðildarríki skal samþykkja lög, reglugerðir eða aðrar ráðstafanir sem kveða á um:

a) hvers eðlis læknisskoðanir séu;
b) form og innihald læknisvottorða;
c) að læknisvottorðið skuli gefið út á viðeigandi hátt af lækni sem er til þess menntaður og hæfur eða, í því tilviki að einungis sé um sjónvottorð að ræða, af einstaklingi sem lögbært stjórnvald viðurkennir að sé hæfur til að gefa út slíkt vottorð; þessir einstaklingar skulu vera algjörlega sjálfstæðir þegar þeir komast að faglegri niðurstöðu við mat sitt;
d) tíðni læknisskoðana og gildistíma læknisvottorða;
e) rétt til frekari skoðunar af hálfu annars sjálfstæðs læknis ef einstaklingi hefur verið neitað um skírteini eða hefur sætt því að starf sem hann má vinna sé háð takmörkunum; og
f) aðrar viðeigandi kröfur.

12. gr.

Á fiskiskipi sem er 24 metrar að lengd og lengra eða á skipi sem er að jafnaði á sjó lengur en þrjá daga skal, auk ákvæðanna sem mælt er fyrir um í 10. og 11. gr.,:

1. að lágmarki tilgreina í læknisvottorði fiskimanns að:
   a) heyrn og sjón fiskimannsins sem í hlut á sé fullnægjandi svo hann geti gegnt skyldum fiskimannsins á skipinu; og
   b) ef fiskimaðurinn sem í hlut á þjáist ekki af neinum sjúkdómi sem líkur eru til að versni við það að starfa á sjó eða valdi því að fiskimaðurinn sé óhæfur til slíkra starfa eða að hann stofni heilsu og öryggi annarra einstaklinga um borð í hættu.
2. Læknisvottorð skal gilda að hámarki í tvö ár nema fiskimaðurinn sé undir 18 ára að aldri, en þá skal gildistíminn vera eitt ár.
3. Ef gildistími vottorðs rennur út meðan á sjóferð stendur skal vottorðið halda gildi sínu til loka þeirrar sjóferðar.

IV. HLUTI
SKILMÁLAR UM ÞJÓNUSTU MÖNNUN OG HVÍLDARTÍMI

13. gr.

Hvert aðildarríki skal samþykkja lög, reglugerðir eða aðrar ráðstafanir sem gera eigendum fiskiskipa sem sigla undir fána þeirra skylt að ganga úr skugga um að:

a) skip þeirra séu nægilega og örugglega mönnuð til að tryggja örugga siglingu og rekstur skipsins og að það sé undir stjórn hæfs skipstjóra; og
b) fiskimenn fái reglubundna hvíld sem er nægilega löng til að tryggja öryggi og heilbrigði.

14. gr.

1. Til viðbótar við ákvæðin sem mælt er fyrir um í 13. gr. skal lögbært stjórnvald:
   a) gera lágmarkskröfur um mönnun skipa, sem eru 24 metrar að lengd og lengri, að því er varðar örugga siglingu skipsins þar sem tilgreindur er fjöldi fiskimannanna og tilskilin hæfni þeirra;
   b) gera kröfur um lágmarkshvíldartíma sem fiskimenn skulu njóta um borð í fiskiskipum óháðum stærð og eru á sjó lengur en í þrjá daga, að höfðu samráði, og í því skyni að koma í veg fyrir ofþreytu. Lágmarkshvíldartími skal ekki vera skemmri en:
      i. tíu klukkustundir á hverju 24 klukkustunda tímabili;
      ii. 77 klukkustundir á hverju sjö daga tímabili.
2. Lögbæru stjórnvaldi er heimilt við sérstakar og takmarkaðar aðstæður að veita tímabundnar undanþágur frá þeim takmörkum sem settar eru í b-lið 1. mgr. þessarar greinar. Þó skal það í slíkum tilvikum krefjast þess að fiskimenn skuli njóta viðbótarhvíldartíma eins fljótt og auðið er.
3. Lögbært stjórnvald má, að höfðu samráði, setja annars konar kröfur en þær sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. þessarar greinar. Þó skulu slíkar annars konar kröfur vera efnislega jafngildar og skulu ekki stofna öryggi og heilsu fiskimannanna í hættu.
4. Ekkert í þessari grein skal teljast skerða rétt skipstjóra á skipi til að krefjast þess að fiskimaður vinni þann tíma sem er nauðsynlegur í þágu öryggis skipsins, einstaklinga um borð, aflans eða til að veita aðstoð öðrum bátum, skipum eða einstaklingum í sjávarháska. Samkvæmt því getur skipstjóri vikið frá skipulagi vinnu- eða hvíldartíma og krafist þess að

fiskimaður vinni þann tíma sem nauðsynlegur er þar til ástandið er orðið eðlilegt aftur. Skipstjóri skal tryggja eins fljótt og auðið er eftir að ástandið er orðið eðlilegt aftur að fiskimaður, sem hefur sinnt störfum í fyrirfram ákveðnum hvíldartíma sínum, fái næga hvíld.

ÁHAFNARLISTI

15. gr.

Um borð í hverju fiskiskipi skal vera áhafnarlista og skal afhenda viðurkenndum einstaklingi í landi afrit af honum fyrir brottför skipsins eða senda hann í land strax eftir brottför skipsins. Lögbært stjórnvald skal skera úr um hverjum og hvenær ber að afhenda slíkar upplýsingar og í hvaða tilgangi það er gert.

SAMNINGUR UM STARF FISKIMANNS

16. gr.

Hvert aðildarríki skal samþykkja lög, reglugerðir eða aðrar ráðstafanir:

a) þar sem þess er krafist að fiskimenn á skipum sem sigla undir fána þess njóti verndar samnings um starf fiskimanns sem er þeim skiljanlegur og í samræmi við ákvæði þessarar samþykktar; og
b) þar sem tilgreindar eru þær lágmarksupplýsingar sem skulu koma fram í samningum um störf fiskimanna í samræmi við ákvæðin í II. viðauka.

17. gr.

Hvert aðildarríki skal samþykkja lög, reglugerðir eða aðrar ráðstafanir um:

a) málsmeðferð til að tryggja að fiskimaður hafi tækifæri til að kynna sér og leita ráðgjafar um skilmála samnings um starf fiskimanns áður en hann er undirritaður;
b) að haldin sé skrá, eftir atvikum, um vinnu fiskimannsins samkvæmt slíkum samningi; og
c) úrræði til að leysa ágreiningsmál í tengslum við samning um starf fiskimanns.

18. gr.

Samningur um starf fiskimanns, en afrit af honum skal afhenda fiskimanninum, skal vera fyrir hendi um borð, í samræmi við landslög og landsvenju, og tiltækur fiskimanninum og öðrum sem málið varðar sé þess óskað.

19. gr.

Ákvæði 16. til og með 18. gr. og II. viðauka skulu ekki gilda um eiganda fiskiskips sem starfrækir skipið einn síns liðs.

20. gr.

Eigandi fiskiskips skal tryggja að sérhver fiskimaður hafi undir höndum skriflegan samning um starf fiskimanns undirritaðan af fiskimanninum og eiganda fiskiskipsins eða af viðurkenndum fulltrúa eigandans (eða séu fiskimennirnir ekki ráðnir eða gegna ekki starfi hjá eiganda fiskiskipsins skuli eigandi fiskiskipsins hafa í höndum gögn um samningstilhögun eða annað sambærilegt fyrirkomulag) þar sem séð er fyrir mannsæmandi starfsskilyrðum og lífskjörum um borð í skipinu eins og krafist er samkvæmt þessari samþykkt.

HEIMSENDING

21. gr.

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að fiskimenn um borð í fiskiskipi sem siglir undir fána þeirra og kemur til erlendrar hafnar eigi rétt á heimsendingu ef samningur um starf fiskimanns hefur runnið út eða verið rift, af góðum og gildum ástæðum, af hálfu fiskimannsins eða af hálfu eiganda fiskiskipsins eða ef fiskimaðurinn getur ekki lengur gegnt skyldum sínum samkvæmt samningi sínum um starf eða ef ekki er hægt að ætlast til þess að hann gegni þeim sökum sérstakra kringumstæðna. Þetta á einnig við um fiskimenn frá því skipi sem eru fluttir af sama tilefni frá skipinu til hinnar erlendu hafnar.

2. Eigandi fiskiskipsins skal standa straum af heimsendingarkostnaðinum sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar nema í því tilviki að fiskimaðurinn verði uppvís að því, í samræmi við landslög, reglugerðir eða aðrar ráðstafanir, að brjóta alvarlega gegn skyldum sínum samkvæmt samningi um starf.

3. Aðildarríki skulu í lögum, reglugerðum eða með öðrum ráðstöfunum mæla nánar fyrir um þær sérstöku kringumstæður sem fiskimaður, sem kveðið er á um í 1. mgr. þessarar greinar, á rétt til heimsendingar, um það hámarksstarfstímabil um borð í skipi sem veitir fiskimanni rétt til heimsendingar og ákvörðunarstaði heimsendingar.

4. Ef eigandi fiskiskips vanrækir að sjá fyrir heimsendingunni sem um getur í þessari grein skal aðildarríkið sem skipið siglir undir fána hjá gera ráðstafanir um heimsendingu fiskimannsins sem í hlut á og eiga rétt á að krefja eiganda fiskiskipsins um endurgreiðslu tilfallins kostnaðar.

5. Landslög og reglugerðir skulu ekki hafa áhrif á rétt eiganda fiskiskips til að krefjast endurgreiðslu heimsendingarkostnaðar samkvæmt samningi við þriðja aðila.

SKRÁNING OG RÁÐNING

22. gr.

Skráning og ráðning fiskimanna

1. Hvert aðildarríki sem starfrækir opinbera skráningar- og ráðningarþjónustu fyrir fiskimenn skal tryggja að þjónustan sé hluti af eða samræmd opinberri ráðningarþjónustu fyrir alla launamenn og atvinnurekendur.

2. Einkarekin þjónusta sem veitir skráningar- og ráðningarþjónustu í þágu fiskimanna og starfar á yfirráðasvæði aðildarríkis skal gera það í samræmi við staðlað kerfi þar sem krafist er leyfis og vottunar eða annars forms lögverndunar eða skal koma því á að starfrækja eða breyta því að höfðu samráði.

3. Hvert aðildarríki skal með lögum, reglugerðum eða öðrum ráðstöfunum:

a) banna fyrirtækjum sem sinna skráningar- og ráðningarþjónustu að beita ráðum, úrræðum eða skrám sem er ætlað að koma í veg fyrir eða fæla fiskimenn frá því að ráða sig til starfa;

b) gera þá kröfu að fiskimaðurinn þurfi hvorki beint eða óbeint að greiða hvers kyns gjöld eða aðrar álögur vegna skráningar eða ráðningar, hvort heldur er að öllu leyti eða að hluta til; og

c) skilgreina hvenær unnt er að fella úr gildi eða afturkalla leyfi og vottun eða sambærilega heimild fyrir rekstri einkarekinnar skráningar- eða ráðningarþjónustu ef viðeigandi lög eða reglugerðir eru brotnar; og tilgreina þau skilyrði sem eru fyrir rekstri einkarekinnar skráningar- og ráðningarþjónustu.

Einkareknar ráðningarskrifstofur

4. Aðildarríki sem hefur fullgilt samþykkt um einkareknar ráðningarskrifstofur, 1997 (nr. 181), má fela tilteknum einkareknum ráðningarskrifstofum, sem veita þjónustuna sem um getur í b-lið 1. mgr. 1. gr. þeirrar samþykktar, tiltekna ábyrgð samkvæmt þessari samþykkt. Ábyrgð slíkra einkarekinna ráðningarskrifstofa og eigenda fiskiskipa, sem skulu vera „notendafyrirtækin“ samkvæmt þeirri samþykkt, skal skilgreind og hún falin þeim svo sem kveðið er á um í 12. gr. þeirrar samþykktar. Það aðildarríki skal samþykkja lög, reglugerðir eða aðrar ráðstafanir til að tryggja að þótt einkareknum ráðningaskrifstofum, sem veita þjónustuna, og „notendafyrirtækjunum“ sé falin ábyrgð og skyldur samkvæmt þessari samþykkt útilokar það ekki að fiskimaðurinn geti varið rétt sinn til veðs í fiskiskipinu.

5. Þrátt fyrir ákvæðin í 4. mgr. skal eigandi fiskiskipsins bera ábyrgð ef einkarekna ráðningarskrifstofan vanrækir skyldur sínar gagnvart fiskimanninum þar sem eigandi fiskiskipsins er „notendafyrirtækið“ samkvæmt samþykkt um einkareknar ráðningarskrifstofur, 1997 (nr. 181).

6. Ekkert í þessari samþykkt skyldar aðildarríki til að heimila starfrækslu einkarekinna ráðningarskrifstofa, sem um getur í 4. mgr. þessarar greinar, á sviði fiskveiða þeirra.

GREIÐSLA TIL FISKIMANNA

23. gr.

Hvert aðildarríki skal, að höfðu samráði, samþykkja lög, reglugerðir eða aðrar ráðstafanir sem kveða á um að fiskimönnum, sem fá greidd laun, séu tryggðar mánaðarlegar eða aðrar reglulegar greiðslur.

24. gr.

Hvert aðildarríki skal krefjast þess að öllum fiskimönnum sem starfa um borð í fiskiskipum sé gert kleift að senda öll eða hluta launa sem þeir fá, þ.m.t. fyrirframgreiðslur, til fjölskyldna sinna, sér að kostnaðarlausu.

V. HLUTI
VISTARVERUR OG FÆÐI

25. gr.

Hvert aðildarríki skal samþykkja lög, reglugerðir eða aðrar ráðstafanir fyrir fiskiskip, sem sigla undir fána þeirra, um vistarverur, fæði og drykkjarhæft vatn um borð.

26. gr.

Hvert aðildarríki skal samþykkja lög, reglugerðir eða aðrar ráðstafanir þar sem krafist er að vistarverur um borð í fiskiskipum sem sigla undir fána þess skuli vera af fullnægjandi stærð, gæðum og nægilega vel búnar fyrir þjónustu skipsins og með tilliti til þess tíma sem fiskimennirnir búa um borð í skipinu. Slíkar ráðstafanir skulu, eftir því sem við á, einkum beinast að eftirfarandi málum:

a) samþykki teikninga fyrir smíði og breytingar á fiskiskipum að því er varðar vistarverur;
b) viðhaldi vistarvera og eldhúsrýma með tilhlýðilegu tilliti til hollustuhátta og almenns öryggis, heilbrigðis og þæginda;
c) loftræstingu, hitun, kælingu og lýsingu;
d) takmörkun mikils hávaða og titrings;

e) staðsetningu, stærð, smíðaefni, húsbúnaði og búnaði svefnklefa, borðsala og annarra vistarvera;
f) hreinlætisaðstöðu, þ.m.t. salerni og þvottaaðstöðu ásamt birgðum af nægilega heitu og köldu vatni; og
g) starfsreglum um það hvernig brugðist skuli við kvörtunum um vistarverur sem uppfylla ekki skilyrði þessarar samþykktar.

27. gr.

Hvert aðildarríki skal samþykkja lög, reglugerðir eða aðrar ráðstafanir sem kveða á um að:

a) næringargildi, gæði og magn fæðis sem er um borð og borið er fram skuli vera fullnægjandi;
b) gæði og magn drykkjarhæfs vatns sé fullnægjandi; og
c) eigandi fiskiskipsins skuli sjá fyrir fæði og vatni fiskimanninum að kostnaðarlausu. Þó má endurkrefja kostnaðinn, í samræmi við ákvæði landslaga og reglugerða, sem rekstrarkostnað ef kveðið er á um slíkt í kjarasamningi um hlutaskiptakerfi eða í samningi um starf fiskimannsins.

28. gr.

1. Lög, reglugerðir eða aðrar ráðstafanir sem aðildarríki samþykkir í samræmi við 25.–27. gr. skulu hrinda í framkvæmd ákvæðum III. viðauka sem fjallar um vistarverur í fiskiskipum. Breyta má III. viðauka með þeim hætti sem kveðið er á um í 45. gr.

2. Aðildarríki sem er ekki í stakk búið til að innleiða ákvæðin í III. viðauka má, að höfðu samráði, samþykkja ákvæði í lögum og reglugerðum eða öðrum sem eru efnislega sambærileg þeim ákvæðum sem mælt er fyrir um í III. viðauka að undanskildum ákvæðum sem tengjast 27. gr.

VI. HLUTI
LÆKNISHJÁLP, HEILSUGÆSLA OG TRYGGINGAVERND
LÆKNISHJÁLP

29. gr.

Hvert aðildarríki skal samþykkja lög, reglugerðir eða aðrar ráðstafanir sem kveða á um að:

a) um borð í fiskiskipum séu viðeigandi læknisáhöld og sjúkragögn fyrir þjónustu skipsins, að teknu tilliti til fjölda fiskimanna um borð, farsviðs og lengdar úthalds;
b) um borð í fiskiskipum sé a.m.k. einn fiskimaður sem er hæfur eða þjálfaður í skyndihjálp og annarri læknishjálp og sem hefur nauðsynlega þekkingu á að nota læknisáhöld og sjúkragögn skipsins sem í hlut á, að teknu tilliti til fjölda fiskimanna um borð, farsviðs og lengdar útihalds;
c) læknisáhöldum og sjúkragögnum um borð fylgi leiðbeiningar eða aðrar upplýsingar á tungumáli og formi sem er skiljanlegt fiskimanninum eða fiskimönnunum sem um getur í b-lið;
d) fiskiskip séu búin til fjarskipta eða gervihnattafjarskipta við einstaklinga eða þjónustu í landi sem geta veitt læknisaðstoð, að teknu tilliti til farsviðs og lengdar úthalds; og

e) fiskimenn eigi rétt á læknismeðferð í landi og rétt til að vera fluttir í tæka tíð í land til meðferðar ef alvarlegur áverki, slys eða veikindi ber að höndum.

30. gr.

Fyrir fiskiskip sem eru 24 metrar að lengd og lengri, að teknu tilliti til fjölda fiskimanna um borð, farsviðs og lengdar útivistar, skal hvert aðildarríki samþykkja lög, reglugerðir eða aðrar ráðstafanir þar sem þess er krafist að:

a) lögbært stjórnvald mæli fyrir um þau læknisáhöld og sjúkragögn sem skuli vera um borð;
b) læknisáhöldunum og sjúkragögnunum sem eru um borð sé haldið við með viðeigandi hætti og þau skoðuð með reglulegu millibili sem lögbært stjórnvald ákveður og sé í umsjá ábyrgra einstaklinga sem lögbært stjórnvald tilnefnir eða viðurkennir;
c) skipin hafi um borð lækningabók sem er valin eða samþykkt af lögbæru stjórnvaldi eða nýjustu útgáfuna af *Alþjóðlegri læknisráðgjöf fyrir skip*;
d) skipin hafi aðgang að fyrirframskipulögðu kerfi til læknisfræðilegrar aðstoðar við skip á sjó með hjálp almennra fjarskipta eða gervihnattafjarskipta, þ.m.t. sérfræðiaðstoðar sem skal vera tiltæk allan sólarhringinn;
e) skipin hafi um borð skrá yfir almennar fjarskiptastöðvar eða gervihnattastöðvar sem geta haft milligöngu um læknisfræðilega aðstoð; og
f) tryggt sé, að svo miklu leyti sem það samræmist landslögum og landsvenju í aðildarríki, að fiskimönnum sé veitt læknishjálp þeim að kostnaðarlausu þegar þeir eru um borð í skipi eða í erlendri höfn.

ÖRYGGI OG HEILBRIGÐI VIÐ VINNU OG SLYSAVARNIR

31. gr.

Hvert aðildarríki skal samþykkja lög, reglugerðir eða aðrar ráðstafanir um:

a) varnir gegn vinnuslysum, atvinnusjúkdóma og vinnutengda áhættu um borð í fiskiskipum, þ.m.t. áhættumat og stjórnun, þjálfun og kennslu fiskimanna um borð;
b) þjálfun fiskimanna í að meðhöndla þær tegundir veiðarfæra sem þeir munu nota og í þeim fiskveiðiaðferðum sem þeir munu beita;
c) skyldur eigenda fiskiskipa, fiskimanna og annarra sem málið varðar að teknu tilliti til öryggis og heilsu fiskimanna undir 18 ára;
d) skýrslugjöf og rannsókn á slysum um borð í fiskiskipum sem sigla undir fána þeirra; og
e) skipun sameiginlegra nefnda um öryggi og heilbrigði við vinnu eða, að höfðu samráði, að setja á laggir aðrar viðeigandi stofnanir.

32. gr.

1. Kröfur þessarar greinar skulu gilda um fiskiskip sem eru 24 metrar að lengd og lengri og eru að jafnaði á sjó lengur en þrjá daga og þau skulu einnig, að höfðu samráði, gilda um önnur fiskiskip, að teknu tilliti til fjölda fiskimanna um borð, farsviðs og lengdar útivistar.
2. Lögbært stjórnvald skal:

a) að höfðu samráði, krefjast þess að eigandi fiskiskipsins, í samræmi við landslög, reglugerðir, kjarasamninga og venju, komi á verklagsreglum um borð til að koma í veg fyrir vinnuslys, meiðsl og sjúkdóma, að teknu tilliti til sérstakrar hættu og áhættu um borð í fiskiskipinu sem í hlut á; og

b) krefjast þess að eigandi fiskiskips, skipstjórum, fiskimönnum og öðrum viðkomandi einstaklingum sé séð fyrir fullnægjandi og hentugu leiðbeiningar- og þjálfunarefni eða öðrum viðeigandi upplýsingum um mat á og viðbrögð við áhættu tengdri öryggi og heilsu um borð í fiskiskipum.

3. Eigendur fiskiskipa skulu:

a) tryggja að sérhver fiskimaður um borð fái í hendur upplýsingar um viðeigandi hlífðarklæðnað og persónuhlífar;

b) tryggja að sérhver fiskimaður hafi hlotið grunnöryggisþjálfun viðurkennda af lögbæru stjórnvaldi; lögbært stjórnvald má veita fiskimönnum, sem hafa sýnt fram á sambærilega þekkingu og reynslu, skriflegar undanþágur frá þessari kröfu; og

c) tryggja að fiskimönnum sé nægilega vel kunnugt um virkni búnaðar og stjórnun hans, þ.m.t. viðeigandi öryggisráðstafanir, áður en þeir nota búnaðinn eða taka þátt í viðeigandi aðgerðum.

33. gr.

Gera skal áhættumat í tengslum við fiskveiðar, eftir því sem við á, með þátttöku fiskimanna eða fulltrúa þeirra.

TRYGGINGAVERND

34. gr.

Hvert aðildarríki skal sjá til þess að fiskimenn, sem hafa fast aðsetur á yfirráðasvæði þess, og nánustu skyldmenni þeirra, að svo miklu leyti sem kveðið er á um slíkt í landslögum þess, eigi rétt á bótum úr tryggingaverndarkerfi sem veitir ekki lakari kjör en aðrir launamenn njóta, þ.m.t. sjálfstætt starfandi einstaklingar sem hafa fast aðsetur á yfirráðasvæði þess.

35. gr.

Hvert aðildarríki skal gera ráðstafanir, með tilliti til aðstæðna innanlands, til þess að allir fiskimenn, sem hafa fast aðsetur á yfirráðasvæði þess, öðlist víðtæka tryggingavernd í áföngum.

36. gr.

Aðildarríki skulu vinna saman í krafti gagnkvæmra eða marghliða samninga eða annarra ráðstafana, í samræmi við landslög, reglugerðir eða venjur:

a) um að fiskimenn öðlist víðtæka tryggingavernd í áföngum, að teknu tilliti til reglunnar um jafnræði við málsmeðferð óháð þjóðerni; og

b) um að tryggja að réttindi á grunni tryggingaverndar sem allir fiskimenn njóta góðs af eða eru við það að öðlast án tillits til aðseturs.

37. gr.

Þrátt fyrir skilgreiningu ábyrgðar skv. 34., 35. og 36. gr. mega aðildarríki setja, á grunni gagnkvæmra og marghliða samninga og á grunni ákvæða sem samþykkt eru innan ramma svæðisstofnana um efnahagslega samvinnu, aðrar reglur um löggjöf um tryggingavernd sem tekur til fiskimanna.

VERND EF VINNUTENGD VEIKINDI, ÁVERKAR EÐA DAUÐSFALL BER AÐ HÖNDUM

38. gr.

1. Hvert aðildarríki skal gera ráðstafanir til þess að veita fiskimönnum vernd í samræmi við landslög, reglugerðir eða landsvenju, vegna vinnutengdra veikinda, áverka eða dauðsfalla.

2. Ef áverkar verða af völdum vinnuslyss eða ef um sjúkdóm er að ræða skal fiskimaðurinn hafa aðgang að:

a) viðeigandi læknishjálp; og
b) samsvarandi bótum í samræmi við landslög og reglugerðir.

3. Að teknu tilliti til eðlis fiskveiða má tryggja verndina, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, með:

a) fyrirkomulagi sem kveður á um ábyrgð eigenda fiskiskipa; eða
b) skyldutryggingu, bótum starfsmanna eða öðrum kerfum.

39. gr.

1. Séu ekki fyrirmæli í landsrétti fyrir fiskimenn ekki fyrir hendi skal hvert aðildarríki samþykkja lög, reglugerðir eða aðrar ráðstafanir til að tryggja að eigendur fiskiskipa séu ábyrgir fyrir því að fiskimenn á fiskiskipum, sem sigla undir fána þeirra, njóti heilsuverndar og læknishjálpar á meðan þeir eru ráðnir eða starfa um borð í skipunum á sjó eða í erlendum höfnum. Slík lög, reglugerðir eða aðrar ráðstafanir skulu tryggja að eigendur fiskiskipa beri ábyrgð á að greiða kostnað fyrir læknishjálp, þ.m.t. tengd efnisleg aðstoð og stuðningur meðan læknismeðferð fer fram í erlendu ríki, þar til fiskimaðurinn hefur verið sendur aftur til síns heima.

2. Heimila má með landslögum eða reglugerðum að útiloka ábyrgð eiganda fiskiskips ef áverkinn varð með öðrum hætti en í þjónustu við skipið eða ef veikindunum eða óstarfhæfni var leynt við ráðningu eða upphaf starfs eða ef áverkinn eða veikindin voru sökum vísvitandi misferlis fiskimannsins.

VII. HLUTI
FRAMKVÆMD OG EFTIRFYLGNI

40. gr.

Hvert aðildarríki skal með skilvirkum hætti halda uppi lögsögu og eftirliti með skipum sem sigla undir fána þess með því að koma á kerfi til að tryggja að kröfur þessarar samþykktar séu uppfylltar, þ.m.t., eftir því sem við á, skoðanir, tilkynningar, málsmeðferð um kvartanir, hæfileg viðurlög og ráðstafanir til úrbóta í samræmi við landslög eða reglugerðir.

41. gr.

1. Aðildarríki skulu krefjast þess að skip sem eru á sjó lengur en þrjá daga sem:

a) eru 24 metrar að lengd og lengri; eða
b) sigla að jafnaði í meira en 200 sjómílna fjarlægð frá strandlengju fánaríkis eða sigla út fyrir ytri brún landsgrunnsins, hvor heldur fjarlægðin er meiri frá strandlengjunni,

hafi um borð gilt skjal gefið út af lögbæru stjórnvaldi sem staðfestir að skipið hafi verið skoðað af lögbæru stjórnvaldi eða fyrir þess hönd og þar með sé farið að ákvæðum þessarar samþykktar um aðbúnað og vinnuskilyrði.

2. Gildistími slíks skjals kann að falla saman við gildistíma innlends eða alþjóðlegs öryggisskírteinis fyrir fiskiskip en í engu tilviki skal sá gildistími vera lengri en fimm ár.

42. gr.

1. Lögbært stjórnvald skal tilnefna nægilegan fjölda hæfra skoðunarmanna til að rækja skyldur þess skv. 41. gr.

2. Þegar komið er á skilvirku kerfi fyrir skoðanir á aðbúnaði og vinnuskilyrðum um borð í fiskiskipum getur aðildarríki, eftir því sem við á, heimilað opinberum stofnunum eða öðrum stofnunum sem það viðurkennir sem hæfar og óháðar að framkvæma skoðanirnar og gefa út skjöl. Í öllum tilvikum skal aðildarríki bera fulla ábyrgð á að skoða og gefa út tengd skjöl um aðbúnað og vinnuskilyrði fiskimanna á fiskiskipum um borð í skipum sem sigla undir fána þess.

43. gr.

1. Aðildarríki sem berst kæra eða fær í hendur sannanir fyrir því að fiskiskip fullnægi ekki kröfum þessarar samþykktar skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að rannsaka málið og tryggja að til aðgerða verði gripið til að ráða bót á þeim ágöllum sem kunna að hafa komið fram.

2. Nú kemur fiskiskip í höfn aðildarríkis í venjubundnum erindagjörðum eða í tengslum við rekstur þess og aðildarríkinu berst kæra eða sannanir fyrir því að skipið fullnægi ekki kröfum þessarar samþykktar og getur aðildarríkið þá gefið skýrslu til ríkisstjórnar fánaríkis skipsins, sent afrit af henni til framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar og getur gripið til nauðsynlegra ráðstafana til þess að bæta úr hverjum þeim atriðum um borð sem eru greinilega hættuleg öryggi eða heilbrigði.

3. Þegar ráðstafanirnar, sem um getur í 2. mgr., eru gerðar skal aðildarríkið þegar í stað tilkynna þær næsta fulltrúa fánaríkisins og hafa slíkan fulltrúa viðstaddan ef unnt er. Aðildarríkið skal ekki halda skipi eða tefja það umfram nauðsyn.

4. Að því er varðar þessa grein getur fiskimaður, fagaðili, félag, stéttarfélag eða hver sá sem á hagsmuna að gæta í sambandi við öryggi skipsins lagt fram kvörtun, þ.m.t. varðandi öryggi og heilbrigði fiskimannanna um borð.

5. Þessi grein gildir ekki um kvartanir sem aðildarríki telur augljóslega tilefnislausar.

44. gr.

Hvert aðildarríki skal beita þessari samþykkt þannig að tryggt sé að fiskiskip sem sigla undir fána ríkis sem hefur ekki fullgilt þessa samþykkt hljóti ekki hagstæðari meðhöndlun en fiskiskip sem sigla undir fána aðildarríkja sem hafa fullgilt hana.

VIII. HLUTI
BREYTINGAR Á I., II. OG III. VIÐAUKA

45. gr.

1. Með fyrirvara um viðeigandi ákvæði samþykktar þessarar getur Alþjóðavinnumálaþingið breytt I., II. og III. viðauka. Stjórnarnefnd alþjóðavinnumálaskrifstofunnar má setja mál á dagskrá þingsins um tillögur um slíkar breytingar sem ákveðnar eru á þríhliða fundi sérfræðinga. Ákvörðunin um að samþykkja tillögurnar þarf atkvæði tveggja þriðju hluta þeirra fulltrúa sem þingið sækja og helmings þeirra aðildarríkja sem fullgilt hafa samþykkt þessa.

2. Breyting sem samþykkt er í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar skal öðlast gildi sex mánuðum eftir þann dag sem hún var samþykkt fyrir hvert aðildarríki sem fullgilt hefur samþykkt þessa nema slíkt aðildarríki hafi tilkynnt forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skriflega að hún skuli ekki öðlast gildi gagnvart því aðildarríki, eða að hún skuli öðlast gildi síðar samkvæmt síðari skriflegri tilkynningu.

IX. HLUTI
LOKAÁKVÆÐI

46. gr.

Samþykkt þessi er endurskoðun á samþykkt um lágmarksaldur fiskimanna, 1959 (nr. 112), samþykkt um læknisskoðun fiskimanna, 1959 (nr. 113), samþykkt um skiprúmssamninga fiskimanna, 1959 (nr. 114), og samþykkt um vistarverur í fiskiskipum, 1966 (nr. 126).

47. gr.

Formlegar fullgildingar samþykktar þessarar skulu sendar forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar.

48. gr.

1. Þessi samþykkt skal einungis bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem hafa látið forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skrá fullgildingar sínar.
2. Hún gengur í gildi tólf mánuðum eftir að fullgildingar tíu aðildarríkja, þar af átta strandríkja, hafa verið skráðar hjá forstjóranum.
3. Síðan gengur þessi samþykkt í gildi, að því er snertir hvert aðildarríki, tólf mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skráð.

49. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, getur sagt henni upp að liðnum tíu árum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en einu ári eftir skrásetningu hennar.
2. Hvert það aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, en notfærir sér ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins, sem um getur í fyrri tölulið, rétt þann til uppsagnar, sem kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni í annað tíu ára tímabil, og síðan getur það sagt þessari samþykkt upp á fyrsta ári hvers nýs tíu ára tímabils í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

50. gr.

1. Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skráningu allra fullgildinga, yfirlýsinga og uppsagna sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.
2. Þegar forstjórinn tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu síðustu fullgildinga, sem krafist er til að samþykktin öðlist gildi, skal hann vekja athygli aðila að stofnuninni á hvaða dag samþykktin gangi í gildi.

51. gr.

Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna, til skrásetningar skv. 102. gr. stofnskrár Sameinuðu þjóðanna, allar upplýsingar um fullgildingar, yfirlýsingar og uppsagnir sem skráðar eru hjá forstjóranum.

52. gr.

Þegar stjórnarnefnd alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kann að álíta það nauðsynlegt skal hún leggja fyrir allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd samþykktar þessarar og athuga jafnframt hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins endurskoðun hennar allrar eða hluta hennar, enda sé jafnframt gætt ákvæða 45. gr.

53. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt, sem breytir þessari samþykkt og sú samþykkt mælir ekki fyrir á annan veg, þá skal:
   a) fullgilding aðildarríkis á hinni nýju samþykkt ipso jure hafa í för með sér tafarlausa uppsögn þessarar samþykktar, hvað sem ákvæðum 49. gr. hér að framan líður, ef hin nýja samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma, þegar það gerist;
   b) aðildarríkjum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt eftir að hin nýja samþykkt gekk í gildi.
2. Þessi samþykkt skal, hvað sem öðru líður, halda gildi sínu hvað snertir form og efni gagnvart þeim aðildarríkjum sem hafa fullgilt hana en ekki hina nýju samþykkt.

54. gr.

Enskur og franskur texti samþykktar þessarar er jafngildur.

I. VIÐAUKI

JAFNGILDI Í MÆLINGU

Ákveði lögbært stjórnvald, að höfðu samráði, að í skilningi þessarar samþykktar skuli nota mestu lengd (LOA) í stað lengdar (L) sem grunnviðmiðun um mælingu:

a) þá telst mesta lengd (LOA) 16,5 metrar vera jafngild 15 metra lengd (L);
b) þá telst mesta lengd (LOA) 26,5 metrar vera jafngild 24 metra lengd (L);
c) þá telst mesta lengd (LOA) 50 metrar vera jafngild 45 metra lengd (L).

II. VIÐAUKI

SAMNINGUR UM STARF FISKIMANNS

Í samningi um starf fiskimanns skal tilgreina eftirtaldar upplýsingar, nema talið sé ónauðsynlegt að þær séu taldar með af þeim sökum að settar hafi verið reglur um málið með öðrum hætti í landslögum, reglugerðum eða kjarasamningum eftir atvikum:

a) eftirnafn fiskimanns og önnur nöfn, fæðingardag eða aldur og fæðingarstað;
b) staðinn og dagsetninguna þar sem samningurinn var gerður;
c) nafn fiskiskipsins eða fiskiskipanna og skráningarnúmer skipsins eða skipanna þar sem fiskimaðurinn skuldbindur sig að starfa;
d) nafn atvinnurekanda eða eiganda fiskiskips eða annars aðila að samningi við fiskimanninn;

e) sjóferð eða sjóferðir sem fara á í ef unnt er að ákvarða það þegar samningurinn er gerður;
f) stöðu sem fiskimaðurinn á að gegna;
g) ef unnt er, staðinn og dagsetninguna þar sem fiskimaðurinn á að mæta til þjónustu um borð;
h) vistir sem sjá á fiskimanninum fyrir, nema kveðið sé á um annað fyrirkomulag í landslögum eða reglugerðum;
i) upplýsingar um launafjárhæðir eða hlut og aðferð við að reikna út slíkan hlut ef greiða á á grundvelli hlutar, eða launafjárhæð og hlut og aðferð við að reikna út hið síðarnefnda ef greitt er á grundvelli þessara þátta sameiginlega og umsamin lágmarkslaun;
j) samningslok og skilmála þar að lútandi, það er að segja:
   i. ef samningurinn hefur tiltekinn gildistíma, gildislokadag hans;
   ii. taki samningurinn til einnar ferðar, ákvörðunarhöfn og þann tíma sem þarf að líða eftir komu áður en samningslok geta átt sér stað;
   iii. sé samningurinn ótímabundinn, skilyrðin sem heimila hvorum aðila fyrir sig að segja honum upp, ásamt tilskildum uppsagnarfresti, sem skal hvorki vera styttri fyrir atvinnurekandann, eða fyrir eiganda fiskiskipsins, né aðra aðila að samningnum við fiskimanninn né aðra aðila að samningnum við fiskimanninn;
k) vernd sem fiskimaðurinn nýtur ef veikindi, áverkar eða dauðsföll verða í tengslum við þjónustuna;
l) fjárhæð greidds árlegs orlofs eða, eftir atvikum, reglu sem notuð er til að reikna út orlof;
m) greiðslur sem atvinnurekanda, eiganda fiskiskips eða öðrum aðila eða aðilum að samningi um starf fiskimannsins, eftir því sem við á, ber að inna af hendi til fiskimanns í tengslum við heilsuvernd og tryggingavernd;
n) rétt fiskimannsins til heimsendingar;
o) tilvísun til kjarasamnings, eftir atvikum;
p) lágmarkshvíldartíma í samræmi við landslög, reglugerðir eða aðrar ráðstafanir; og
q) önnur atriði sem krafist kann að vera í landslögum eða reglugerðum.

III. VIÐAUKI
VISTARVERUR FISKISKIPS
ALMENN ÁKVÆÐI

1. Í samningi þessum merkir:
a) „nýtt fiskiskip“: skip sem eftirfarandi á við um:
   i. smíðasamningur eða samningur um meiri háttar breytingar hefur verið gerður á gildistökudegi samþykktarinnar eða síðar fyrir hlutaðeigandi aðildarríki; eða
   ii. smíðasamningur eða samningur um meiri háttar breytingar hefur verið gerður fyrir gildistökudag samþykktarinnar fyrir hlutaðeigandi aðildarríki og afhending fer fram þremur árum eftir þann dag eða síðar; eða
   iii. þar sem ekki liggur fyrir smíðasamningur á gildistökudegi samþykktarinnar eða síðar fyrir hlutaðeigandi aðildarríki:
      – kjölurinn hefur verið lagður, eða

– smíði tiltekins skips er greinilega hafin, eða
– samsetning er hafin á og er orðin að minnsta kosti 50 tonn að þyngd eða 1% af áætluðum heildarþunga alls smíðaefnis, hvort heldur er minna;

b) „gamalt skip“: fiskiskip sem er ekki nýtt fiskiskip.

2. Eftirtalið gildir um öll ný þilfarsfiskiskip með fyrirvara um undantekningarnar sem kveðið er á um í 3. gr. samþykktarinnar. Lögbært stjórnvald má, að höfðu samráði, einnig beita kröfum þessa viðauka gagnvart gömlum skipum þegar og að því marki sem það er skynsamlegt og framkvæmanlegt.

3. Lögbært stjórnvald má, að höfðu samráði, heimila frávik frá ákvæðum þessa viðauka fyrir fiskiskip sem eru að jafnaði skemur á sjó en 24 klukkustundir og þegar fiskimennirnir búa ekki um borð í skipinu þegar það er í höfn. Þar sem slík skip eiga í hlut skulu lögbær stjórnvöld tryggja að hlutaðeigandi fiskimenn hafi fullnægjandi hvíldar-, matar- og hreinlætisaðstöðu.

4. Tilkynna skal hvers kyns frávik aðildarríkis skv. 3. mgr. þessa viðauka til alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skv. 22. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

5. Beita má kröfum fyrir skip sem eru 24 metrar að lengd og lengri gagnvart skipum sem eru á bilinu 15 til 24 metrar að lengd ef lögbært stjórnvald telur, að höfðu samráði, að það sé skynsamlegt og framkvæmanlegt.

6. Fiskimenn sem starfa um borð í fylgdarskipum þar sem ekki eru viðunandi vistarverur og hreinlætisaðstaða skal séð fyrir slíkum vistarverum og aðstöðu um borð í móðurskipinu.

7. Aðildarríki mega beita kröfum þessa viðauka um hávaða, titring, loftræstingu, hita, loftjöfnun og lýsingu þannig að þær taki til lokaðra vinnurýma og rýma sem notuð eru til geymslu ef slík beiting, að höfðu samráði, telst vera viðeigandi og hafi ekki neikvæð áhrif á vinnsluna, vinnuaðstöðu eða gæði aflans.

8. Notkun brúttótonna eins og um getur í 5. gr. samþykktarinnar takmarkast við eftirtaldar málsgreinar þessa viðauka: 14., 37., 38., 41., 43., 46., 49., 53., 55., 61., 64., 65. og 67. Í þessu skyni, þegar lögbært yfirvald ákveður, að höfðu samráði, að nota brúttótonn (BT) sem grunnviðmiðun um mælingu:

a) telst brúttótonnatalan 75 BT vera jafngild 15 metra lengd (L) eða heildarlengdinni (LOA) 16,5 metrar;
b) telst brúttótonnatalan 300 BT vera jafngild 24 metra lengd (L) eða heildarlengdinni (LOA) 26,5 metrar;
c) telst brúttótonnatalan 950 BT vera jafngild 45 metra lengd (L) eða heildarlengdinni (LOA) 50 metrar.

Skipulag og eftirlit

9. Lögbært stjórnvald skal fullvissa sig um að í hvert sinn sem nýtt skip er smíðað eða þegar vistarverur áhafnar í skipi hafa verið endurbyggðar að slíkt skip uppfylli kröfur þessa viðauka. Lögbært stjórnvald skal, eftir því sem unnt er, krefjast þess að farið sé eftir ákvæðum þessa viðauka þegar meiri háttar breytingar eru gerðar á vistarverum áhafnar í skipi, og að því er varðar skip sem breytir um fána sem það siglir undir og fer undir fána aðildarríkis, skal þess krafist að farið sé eftir kröfum í þessum viðauka sem gilda í samræmi við 2. mgr. þessa viðauka.

10. Að því er varðar þau tilvik sem um ræðir í 9. mgr. þessa viðauka fyrir skip sem eru 24 metrar að lengd og lengri skal krefjast þess að nákvæmar teikningar og upplýsingar um vistarverur verði lagðar fram til samþykktar hjá lögbæru stjórnvaldi eða hjá aðila sem það viðurkennir.

11. Að því er varðar skip sem eru 24 metrar að lengd og lengri skal lögbært stjórnvald í öllum tilvikum þegar vistarverur áhafnar í skipi hafa verið endurbyggðar eða meiriháttar breytingar gerðar á þeim skoða vistarverurnar með tilliti til þess hvort þær uppfylli kröfur samþykktarinnar og þegar skipið breytir um fána sem það siglir undir og fer undir fána aðildarríkis hvort farið sé eftir kröfum í þessum viðauka sem gilda skv. 2. mgr. þessa viðauka. Lögbært stjórnvald má standa fyrir viðbótarskoðunum á vistarverum áhafnar að eigin geðþótta.

12. Þegar skip breytir um fána skulu aðrar kröfur, sem lögbært stjórnvald aðildarríkisins, sem heimilaði skipinu áður að sigla undir fána sínum og kann að hafa samþykkt í samræmi við 15., 39., 47. eða 62. mgr. þess viðauka, falla úr gildi gagnvart skipinu.

Hönnun og smíði

Lofthæð

13. Lofthæð skal vera fullnægjandi í öllum vistarverum. Í rýmum þar sem fiskimönnum er ætlað að standa langtímum saman skal lögbært stjórnvald mæla fyrir um lágmarkslofthæð.

14. Í skipum sem eru 24 metrar að lengd og lengri skal lágmarkslofthæð í öllum vistarverum, þar sem nauðsynlegt er að unnt sé að hreyfa sig á frjálsan og óþvingaðan hátt, ekki vera undir 200 sentímetrum.

15. Þrátt fyrir ákvæði 14. mgr. má lögbært stjórnvald, að höfðu samráði, ákveða að lágmarkslofthæð skuli ekki vera minni en 190 sentímetrar í öllu rými, eða hluta af rými, í vistarverum þar sem tryggt er að slíkt sé skynsamlegt og hafi ekki í för með sér óþægindi fyrir fiskimenn.

Op inn í og milli vistarvera

16. Ekki skal vera opið beint inn í svefnklefa frá fiskirýmum og vélarrúmi nema ef um neyðarundankomuleið sé að ræða. Forðast skal, nema það sé skynsamlegt og framkvæmanlegt, að hafa opið beint inn frá eldhúsum, geymslum, þurrkherbergjum eða frá sameiginlegri hreinlætisaðstöðu nema annað sé sérstaklega tekið fram.

17. Að því er varðar skip sem eru 24 metrar að lengd eða lengri skal ekki vera opið beint inn í svefnklefa frá fiskirými og vélarrúmi eða frá eldhúsum, geymslum, þurrkherbergjum eða frá sameiginlegri hreinlætisaðstöðu nema ef um neyðarundankomuleið sé að ræða; sá hluti þilsins sem aðskilur slík rými frá svefnklefum og ytri þiljum skal vera vandlega smíðaður úr stáli eða öðru viðurkenndu efni og skal vera vatns- og gasþéttur. Þetta ákvæði girðir ekki fyrir þann möguleika að tveir svefnklefar nýti sömu hreinlætisaðstöðuna.

Einangrun

18. Vistarverur skulu einangraðar á fullnægjandi hátt. Efni, sem eru notuð til að smíða innri þil, veggklæðningu og klæðningu, gólf og samskeyti, skulu vera hentug til þeirra nota og vera þannig úr garði gerð að tryggt sé að umhverfi sé heilsusamlegt. Sjá skal fyrir fullnægjandi frárennsli í öllum vistarverum.

Annað

19. Gera skal allar þær ráðstafanir sem raunhæfar eru til að verja vistarverur áhafnar í fiskiskipum gegn ásókn flugna og annarra skordýra, einkum þegar skip eru starfrækt á svæðum þar sem moskítóflugan er landlæg.

20. Séð skal fyrir neyðarundankomuleiðum frá öllum vistarverum eftir því sem þörf krefur.

Hávaði og titringur

21. Lögbært stjórnvald skal gera ráðstafanir til þess að takmarka mikinn hávaða og titring í vistarverum og, eftir því sem við verður komið, í samræmi við viðeigandi alþjóðlegar viðmiðanir.

22. Fyrir skip sem eru 24 metrar að lengd og lengri skal lögbært stjórnvald samþykkja viðmiðanir um hávaða og titring í vistarverum sem skal tryggja að fiskimenn séu nægilega verndaðir gegn áhrifum slíks hávaða og titrings, þ.m.t. áhrifum ofþreytu sem stafar af hávaða og titringi.

Loftræsting

23. Vistarverur skulu vera loftræstar, að teknu tilliti til loftslags. Loftræstikerfið skal ætíð sjá fyrir lofti af fullnægjandi gæðum þegar fiskimenn eru um borð í skipinu.

24. Fyrirkomulag loftræstingar eða aðrar ráðstafanir skulu vera með þeim hætti að þeir sem reykja ekki séu verndaðir fyrir tóbaksreyk.

25. Skip sem eru 24 metrar að lengd og lengri skulu búin loftræstikerfi fyrir vistarverur og vera þannig stillt að gæði loftsins viðhaldist og tryggt sé að hreyfing lofts sé fullnægjandi við hvers kyns veðurskilyrði og loftslag. Loftræstikerfi skal ætíð vera í gangi þegar fiskimenn eru um borð.

Hitun og loftjöfnun

26. Allar vistarverur áhafnar skulu vera nægilega vel hitaðar, að teknu tilliti til veðurskilyrða.

27. Í skipum sem eru 24 metrar að lengd og lengri skal séð fyrir nægilegum hita með viðunandi hitakerfi nema í fiskiskipum sem eru einungis starfrækt í hitabeltisloftslagi. Kerfi til upphitunar skal sjá fyrir hita við allar aðstæður, eftir þörfum, og skal ætíð að vera í gangi þegar fiskimenn búa eða starfa um borð og aðstæður krefjast notkunar þess.

28. Í skipum sem eru 24 metrar að lengd og lengri skulu vera loftjöfnunarkerfi í vistarverum fiskimanna, á stjórnpalli, í loftskeytaklefa og miðlægum stjórnklefa vélarrúms nema í skipum sem athafna sig reglulega í tempruðu loftslagi þar sem það reynist ekki nauðsynlegt.

Lýsing

29. Allar vistarverur skulu vera nægilega upplýstar.

30. Eftir því sem kostur er skulu vistarverur lýstar upp með dagsljósi til viðbótar við gervilýsingu. Í svefnrými sem lýst er upp með dagsljósi skal vera hægt að byrgja ljósið.

31. Við hvert svefnpláss skal vera fullnægjandi lesljós til viðbótar staðallýsingu í klefanum.

32. Koma skal fyrir neyðarlýsingu í svefnklefum.

33. Í þeim skipum sem eru ekki búin neyðarlýsingu í matsölum, göngum og öðrum rýmum sem eru eða kunna að vera notuð sem neyðarundankomuleið skal koma fyrir varanlegri næturlýsingu í slíkum rýmum.

34. Í skipum sem eru 24 metrar að lengd og lengri skal lýsing í vistarverum vera í samræmi við þær viðmiðanir sem lögbær stjórnvöld ákveða. Í öllum hlutum vistarvera sem eru ætlaðar til frjálsra athafna skal lágmarksviðmiðun fyrir slíka lýsingu miðast við að einstaklingur með eðlilega sjón geti lesið venjulegt dagblað á björtum degi.

Svefnklefar

Almennt

35. Ef unnt er með tilliti til hönnunar, stærðar og notkunar skips skulu svefnvistarverur staðsettar þar sem áhrifa hreyfingar og hröðunar gæta sem minnst en skulu þó í engum tilvikum staðsettar fyrir framan árekstrarþil.

Gólfflötur

36. Fjöldi einstaklinga í hverjum svefnklefa og gólfflötur fyrir hvern einstakling, fyrir utan rými fyrir hvílur og skápa, skal miðast við að fiskimaðurinn hafi nægilegt rými og njóti nægilegra þæginda um borð, að teknu tilliti til þjónustu skipsins.

37. Í skipum sem eru 24 metrar að lengd og lengri en undir 45 metrum að lengd skal gólfflötur fyrir hvern einstakling í svefnrýmum, fyrir utan rými fyrir hvílur og skápa, ekki vera minni en 1,5 fermetrar.

38. Í skipum sem eru 45 metrar að lengd og lengri skal gólfflötur fyrir hvern einstakling í svefnrýmum, fyrir utan rými fyrir hvílur og skápa, ekki vera minni en 2 fermetrar.

39. Þrátt fyrir ákvæði 37. og 38. mgr. má lögbært stjórnvald, að höfðu samráði, ákveða að lágmarksgólfflötur í svefnklefum fyrir hvern einstakling, fyrir utan rými fyrir hvílur og skápa, skuli ekki vera minni en 1,0 eða 1,5 fermetrar eftir því sem við á og lögbært stjórnvald hefur fullvissað sig um að slíkt sé skynsamlegt og hafi ekki í för með sér óþægindi fyrir fiskimenn.

Fjöldi einstaklinga í svefnklefum

40. Fjöldi þeirra einstaklinga sem heimilað er að búi í hverjum svefnklefa skal ekki vera meiri en sex nema kveðið sé á um annað sérstaklega.

41. Í skipum sem eru 24 metrar að lengd og lengri skal fjöldi þeirra einstaklinga sem heimilað er að búi í hverjum svefnklefa ekki vera meiri en fjórir. Lögbært stjórnvald má heimila undantekningar frá þessari kröfu í sérstökum tilvikum ef stærð, tegund eða fyrirhuguð þjónusta skipsins gerir það að verkum að krafan er óskynsamleg eða óframkvæmanleg.

42. Eftir því sem kostur er skal sjá fyrir aðskildum svefnklefa eða svefnklefum fyrir yfirmenn nema kveðið sé á um annað sérstaklega.

43. Í skipum sem eru 24 metrar að lengd og lengri skulu svefnklefar fyrir yfirmenn, þegar unnt er, vera einsmannsklefar og í engum tilvikum skulu vera fleiri en tvær hvílur í einum svefnklefa. Lögbært stjórnvald má heimila undantekningar frá þessum kröfum í sérstökum tilvikum ef stærð, tegund eða fyrirhuguð þjónusta skipsins gerir það að verkum að kröfurnar séu óskynsamlegar eða óframkvæmanlegar.

Annað

44. Hámarksfjöldi einstaklinga sem mega hafa aðsetur í hverjum svefnklefa skal vera merktur með skýrum og óafmáanlegum hætti á stað í klefanum þar sem það er sýnilegt með góðu móti.

45. Sjá skal fyrir sjálfstæðum hvílum af viðeigandi stærð. Hentugt efni skal vera í rúmdýnum.

46. Í skipum sem eru 24 metrar að lengd og lengri skal innra mál hvíla vera a.m.k. 198 sentímetrar að lengd og 80 sentímetrar að breidd.

47. Þrátt fyrir ákvæði 46. mgr. má lögbært stjórnvald, að höfðu samráði, ákveða að innra lágmarksmál hvíla skuli ekki vera minna en 190 sentímetrar á lengd og 70 sentímetrar að breidd þar sem tryggt er að slíkt sé skynsamlegt og hafi ekki í för með sér óþægindi fyrir fiskimenn.

48. Svefnklefa skal hanna og búa þannig að íbúum þeirra séu tryggð viðunandi þægindi og að auðvelt sé að þrífa þau. Meðal þess búnaðar sem séð er fyrir eru hvílur, sjálfstæðir skápar sem nægja fyrir föt og aðrar persónulegar eigur ásamt hentugum fleti til skriftar.

49. Í skipum sem eru 24 metrar að lengd og lengri skal vera borð sem hentar til skriftar ásamt stól.

50. Svefnvistarverur skulu staðsettar eða búnar, eftir því sem við verður komið, þannig að karlar og konur njóti viðunandi næðis og vernd einkalífs.

Matsalir

51. Borðsalir skulu vera eins nálægt eldhúsi og hentugt er en skulu þó í engum tilvikum staðsettir fyrir framan árekstrarþil.

52. Skip skulu búin borðsölum sem eru hentugir fyrir þá þjónustu sem þar er boðið upp á. Eftir því sem kostur er skulu matsalir vera aðgreindir frá svefnrýmum nema kveðið sé á um annað sérstaklega.

53. Í skipum sem eru 24 metrar að lengd og lengri skulu matsalir vera aðgreindir frá svefnrýmum.

54. Stærð og búnaður í hverjum matsal skal nægja fyrir þann fjölda einstaklinga sem líklegt má telja að noti hann hverju sinni.

55. Í skipum sem eru 24 metrar að lengd og lengri skal vera kæliskápur sem er nógu stór ásamt búnaði til að útbúa heita og kalda drykki sem skal ætíð vera aðgengilegur fiskimönnum.

Baðkör eða sturtur, salerni og vaskar

56. Sjá skal öllum um borð fyrir hreinlætisaðstöðu, þ.m.t. salernum, vöskum og baðkörum eða sturtum, eftir því sem við á í tengslum við þjónustu skipsins. Þessi aðstaða skal a.m.k. uppfylla lágmarksviðmiðanir um heilbrigðis- og hollustuhætti og viðunandi kröfur um gæði.

57. Hreinlætisaðstaðan skal vera þannig að komið sé í veg fyrir mengun til annarra rýma, eftir því sem við verður komið. Tryggja skal viðunandi næði í hreinlætisaðstöðunni.

58. Allir fiskimenn og aðrir einstaklingar um borð skulu hafa aðgang að köldu og heitu ferskvatni í nægilegu magni til að stuðla að hreinlæti. Lögbært stjórnvald má, að höfðu samráði, mæla fyrir um lágmarksmagn vatns sem sjá skal fyrir.

59. Þar sem séð er fyrir hreinlætisaðstöðu skal hún búin loftræstingu sem er tengd út undir bert loft og vera aðskilin frá öllum öðrum hlutum vistarveranna.

60. Allt yfirborð í hreinlætisaðstöðu skal vera þannig að auðvelt sé að hreinsa það með skilvirkum hætti. Gólfklæðning skal vera með hálkuvörn.

61. Á skipum sem eru 24 metrar að lengd og lengri skal öllum fiskimönnum, sem búa ekki í klefum með viðtengdri hreinlætisaðstöðu, séð fyrir a.m.k. einu baðkari eða sturtu eða hvorutveggja, einu salerni og einum vaski fyrir hverja fjóra einstaklinga eða færri.

62. Þrátt fyrir ákvæði 61. mgr. má lögbært stjórnvald, að höfðu samráði, ákveða að séð skuli fyrir a.m.k. einu baðkari eða sturtu eða hvorutveggja og einum vaski fyrir hverja sex einstaklinga eða færri og að a.m.k. einu salerni fyrir hverja sex einstaklinga eða færri, þar sem tryggt er að slíkt sé skynsamlegt og hafi ekki í för með sér óþægindi fyrir fiskimenn.

Þvottaaðstaða

63. Sjá skal fyrir aðstöðu til að þvo og þurrka föt eftir þörfum, að teknu tilliti til þjónustu skipsins nema kveðið sé á um annað sérstaklega.

64. Í skipum sem eru 24 metrar að lengd og lengri skal sjá fyrir fullnægjandi aðstöðu til að þvo, þurrka og strauja föt.

65. Í skipum sem eru 45 metrar að lengd og lengri skal sjá fyrir fullnægjandi aðstöðu til að þvo, þurrka og strauja föt í klefa sem er aðgreindur frá svefnklefum, matsölum og salernum og skal hann vera nægilega loftræstur, hitaður og búinn þvottasnúrum og öðrum búnaði til að þurrka föt.

Aðstaða fyrir sjúka og slasaða fiskimenn

66. Hvenær sem þörf krefur skal klefi vera aðgengilegur fyrir fiskimann sem verður veikur eða hlýtur áverka.

67. Í skipum sem eru 45 metrar að lengd og lengri skal vera aðgreindur sjúkraklefi. Rýmið skal vera vel búið og haldið í þrifalegu ástandi.

Önnur aðstaða

68. Staður skal vera fyrir hendi til að hengja upp sjóklæði og aðrar persónuhlífar fyrir utan en í hentugri fjarlægð frá svefnklefum.

Sængurfatnaður, borðbúnaður og ýmis ákvæði

69. Viðeigandi borðáhöld, sængurfatnaður og annað tau skal vera til reiðu fyrir alla fiskimenn um borð. Þó má endurheimta kostnaðinn af tauinu sem rekstrarkostnað ef kveðið er á um það í kjarasamningi eða í samningi um starf fiskimannsins.

Tómstundaaðstaða

70. Í skipum sem eru 24 metrar að lengd og lengri skal vera viðeigandi tómstundaaðstaða, þægindi og þjónusta í þágu allra fiskimanna um borð. Eftir því sem við á má nota borðsali tómstundaiðkunar.

Fjarskiptaaðstaða

71. Allir fiskimenn um borð skulu fá réttmætan aðgang að fjarskiptaaðstöðu, eftir því sem unnt er, á sanngjörnu verði án þess að það sé hærra en sem nemur fullum kostnaði eiganda fiskiskipsins.

Eldhús og matvælageymslur

72. Sjá skal fyrir eldhúsbúnaði um borð. Þessi búnaður skal settur upp, þar sem því verður við komið í sérstöku eldhúsi, nema kveðið sé á um annað sérstaklega.

73. Eldhús, eða eldunaraðstaða ef ekki er um að ræða sérstakt eldhús, skal vera nægilega stórt, vel upplýst, loftræst og búið tækjum sem er vel viðhaldið.

74. Í skipum sem eru 24 metrar að lengd og lengri skal vera sérstakt eldhús.

75. Hylki undir bútan- og própangas sem notað er til eldunar í eldhúsi skal geymt á opnu þilfari og í skýli sem er hannað og varið frá utanaðkomandi hitagjöfum og utanaðkomandi hnjaski.

76. Sjá skal fyrir hentugri og nægilega stórri matvælageymslu sem unnt er að halda þurri, svalri og vel loftræstri í því skyni að koma í veg fyrir að vistir spillist og nota skal, nema kveðið sé á um annað sérstaklega, kæliskápa eða lághitageymslur ef unnt er.

77. Í skipum sem eru 24 metrar að lengd og lengri skal nota vistageymslu, kæliskáp eða annað lághitageymslurými.

Matvæli og drykkjarhæft vatn

78. Matvæli og drykkjarhæft vatn skal vera í nægu magni og með hliðsjón af fjölda fiskimanna, lengd og eðli sjóferðarinnar. Auk þess skulu þau vera af fullnægjandi gæðum, næringar innihaldi, magni og breytileika, einnig að teknu tilliti til mismunandi þátta sem snerta kröfur fiskimannanna hvað varðar menningu og trúarbrögð í tengslum við matvæli.

79. Lögbært stjórnvald má mæla fyrir um lágmarksviðmiðanir um magn matvæla og vatns sem skulu vera um borð.

Hreinlegar og vistlegar dvalaraðstæður

80. Vistarverum skal haldið hreinum og vistlegum og þar skal ekki geyma vörur og vistir sem eru ekki persónulegar eigur íbúa eða varða öryggi þeirra eða björgun.

81. Eldhúsi og matvælageymsluaðstöðu skal haldið í þrifalegu ástandi.

82. Úrgangur skal geymdur í lokuðum og algjörlega þéttum ílátum og hann skal fjarlægja af svæðum þar sem matvæli eru meðhöndluð hvenær sem þörf krefur.

Skoðanir skipstjóra eða undir yfirstjórn skipstjóra

83. Í skipum sem eru 24 metrar að lengd og lengri skal lögbært stjórnvald krefjast þess að tíðar skoðanir fari fram af hálfu eða undir yfirstjórn skipstjóra til að tryggja að:

a) vistarverur séu hreinar, íbúðarhæfar svo mannsæmandi sé, öruggar og þeim vel við haldið;
b) matvæla- og vatnsbirgðir séu nægar; og
c) eldhúsi og matvælageymsluaðstöðu sé haldið í þrifalegu og að þessum rýmum sé vel við haldið.

Skrá skal niðurstöður slíks eftirlits og þær aðgerðir sem gripið er til í því skyni að laga hvers kyns ágalla sem kunna að hafa komið fram og skulu þær liggja frammi til skoðunar.

Frávik

84. Lögbært stjórnvald má, að höfðu samráði, heimila frávik frá ákvæðum þessa viðauka til þess að taka tillit, án mismununar, til hagsmuna fiskimanna að því er varðar mismunandi og sérstök trúarbrögð og félagslega siði, að því tilskildu að slík frávik hafi ekki í för með sér að öll aðstaða verði óhagkvæmari en ef þessum viðauka hefði verið beitt.

Fylgiskjal II.

Tilmæli nr. 199, um vinnu við fiskveiðar.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar,

er kom saman til 96. þingsetu sinnar í Genf hinn 30. maí 2007 eftir kvaðningu stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, og

sem veitir athygli tilmælum um starfsþjálfun fiskimanna, 1966 (nr. 126), og

að teknu tilliti til nauðsynjar þess að leysa af hólmi tilmæli um vinnu við fiskveiðar, 2005 (nr. 196), sem endurskoðar tilmæli um vinnutíma fiskimanna, 1920 (nr. 7), og

eftir að hafa ákveðið að samþykkja tilteknar tillögur um vinnu við fiskveiðar, sem er fjórða mál á dagskrá þessa þings, og hafa ákveðið að þessar tillögur skuli birtast í formi tilmæla til viðbótar samþykkt um vinnu við fiskveiðar, 2007 (sem kallast hér á eftir „samþykktin“) og leysir af hólmi tilmæli um vinnu við fiskveiðar, 2005 (nr. 196);

samþykkir þingið í dag, 14. júní 2007, eftirfarandi tilmæli, sem nefna má tilmæli um vinnu við fiskveiðar, 2007.

I. HLUTI
AÐSTÆÐUR VIÐ VINNU UM BORÐ Í FISKISKIPUM
VERND UNGMENNA

1. Aðildarríki ættu að gera kröfur um þjálfun í landi fyrir einstaklinga frá 16 til 18 ára aldurs sem starfa um borð í fiskiskipum, að teknu tilliti til alþjóðlegra gerninga um þjálfun og vinnu um borð í fiskiskipum, þ.m.t. málefni um öryggi og heilbrigði við vinnu, næturvinnu, hættuleg verkefni, vinnu við hættulegan vélbúnað, meðhöndlun og flutninga þungra birgða með handafli, vinnu á heimskautasvæðum, vinnu langtímum saman og önnur mál sem koma í ljós eftir að tengdar hættur eru metnar.

2. Sjá má fyrir þjálfun einstaklinga frá 16 til 18 ára aldurs með því að stunda nám á námssamningi eða taka þátt í viðurkenndri þjálfunaráætlun sem færi fram samkvæmt settum reglum og væri undir eftirliti lögbærs stjórnvalds og myndi ekki að raska almennu námi einstaklingsins.

3. Aðildarríki ættu að gera ráðstafanir til að tryggja að öryggis-, björgunar- og neyðarbúnaður um borð í fiskiskipum þar sem eru fiskimenn undir 18 ára aldri miðist við stærð slíkra einstaklinga.

4. Vinnutími fiskimanna yngri en 18 ára ætti hvorki að fara yfir átta klukkustundir á dag né 40 klukkustundir á viku og þeir ættu ekki að vinna yfirvinnu nema það sé óhjákvæmilegt af öryggisástæðum.

5. Tryggja ætti fiskimönnum undir 18 ára aldri nægan tíma til allra máltíða og tryggja ætti a.m.k. klukkustundar langt hlé fyrir aðalmáltíð dagsins.

Læknisskoðun

6. Þegar aðildarríki mæla fyrir um hvers eðlis skoðunin á að vera ættu þau að taka tillit til aldurs einstaklingsins sem skoðaður er og hvers eðlis þær skyldur eru sem gegna á.

7. Læknisvottorðið ætti að vera undirritað af starfandi lækni með lækningaleyfi frá lögbæru stjórnvaldi.

8. Þeirri skipan ætti að koma á að gera einstaklingi, sem metinn er óhæfur til vinnu um borð í fiskiskipum eða tilteknum tegundum fiskiskipa eða til tiltekinnar vinnu um borð, kleift að sækja um að undirgangast frekari skoðun úrskurðarlæknis eða -lækna sem ættu að vera óháðir öllum eigendum fiskiskipa eða hvers kyns samtökum eigenda fiskiskipa eða fiskimanna.

9. Lögbært stjórnvald ætti að taka mið af alþjóðlegum leiðbeiningum um læknisskoðun og útgáfu atvinnuskírteina til einstaklinga sem starfa á sjó svo sem *Leiðbeiningum um framkvæmd læknisskoðana fyrir farmenn áður en þeir fara á sjó* (ILO/WHO).

10. Að því er varðar fiskimenn sem hafa hlotið undanþágu frá ákvæðum um læknisskoðun samkvæmt samþykktinni ætti lögbært stjórnvald að grípa til fullnægjandi ráðstafana til að standa fyrir heilbrigðiseftirliti með öryggi og heilbrigði við vinnu í huga.

Hæfni og þjálfun

11. Aðildarríki ættu:

a) að taka tillit til viðurkenndra alþjóðlegra viðmiðana um þjálfun og hæfni fiskimanna til að meta þá hæfni sem krafist er til skipstjóra, stýrimanna, vélstjóra og annarra einstaklinga sem starfa um borð í fiskiskipum;

b) að taka til skoðunar eftirfarandi þætti með tilliti til starfsþjálfunar fiskimanna: skipulag, stjórnun og samhæfing innanlands; viðmiðanir um fjármögnun og þjálfun; þjálfunaráætlanir, þ.m.t. þjálfun á undan starfsþjálfun og einnig stutt námskeið fyrir starfandi fiskimenn; þjálfunaraðferðir; og alþjóðlega samvinnu; og

c) að tryggja að ekki sé um að ræða mismunun á aðgengi að þjálfun.

II. HLUTI
SKILMÁLAR UM ÞJÓNUSTU

Skráning þjónustu

12. Við lok hvers samnings ætti skráning þjónustunnar sem samningurinn tekur til að vera fiskimanninum sem í hlut á aðgengileg eða skráð í sjóferðabók fiskimannsins.

Sérstakar ráðstafanir

13. Hvað varðar fiskimenn sem falla ekki undir gildissvið samþykktarinnar ættu lögbær stjórnvöld að gera ráðstafanir til að veita þeim fullnægjandi vernd með tilliti til vinnuskilyrða þeirra og lausn deilumála.

Greiðsla til fiskimanna

14. Fiskimenn ættu að eiga rétt á fyrirframgreiðslu launa sinna samkvæmt tilteknum skilmálum.

15. Í skipum sem eru 24 metrar að lengd og lengri ættu allir fiskimenn að eiga rétt á lágmarksgreiðslu í samræmi við landslög, reglugerðir eða kjarasamninga.

III. HLUTI
VISTARVERUR

16. Þegar mælt er fyrir um kröfur eða leiðbeiningar ætti lögbært stjórnvald að taka tillit til viðeigandi alþjóðlegra leiðbeininga um vistarverur, matvæli, heilsu og hreinlæti að því er varðar einstaklinga sem starfa eða búa um borð í skipum, þ.m.t. í nýjustu útgáfu *Kóða um öryggi fiskimanna og fiskiskipa* (FAO/ILO/IMO) og *Valfrjálsra leiðbeininga um hönnun, smíði og búnað lítilla fiskiskipa* (FAO/ILO/IMO).

17. Lögbært stjórnvald ætti í samvinnu við viðkomandi samtök og stofnanir að semja og dreifa fræðsluefni og upplýsingum til notkunar um borð sem snerta öruggar og þrifalegar vistarverur og heilnæm matvæli um borð í fiskiskipum.

18. Skoðun vistarvera áhafnar sem lögbært stjórnvald krefst ætti að fara fram samhliða upphafsskoðunum eða reglulegum skoðunum eða skoðunum í öðrum tilgangi.

Hönnun og smíði

19. Sjá ætti fyrir fullnægjandi einangrun fyrir óvarin þilför yfir vistarverum áhafnar, ytri þil svefnklefa og borðsala, vélareisnir og öll þil sem liggja að eldhúsum og öðrum rýmum þar sem hiti myndast og, eftir þörfum, til að koma í veg fyrir þéttingu raka eða yfirhitun í svefnklefum, borðsölum, tómstundaherbergjum og göngum.

20. Veita ætti vörn gegn hitaáhrifum frá hvers kyns eim- eða hitavatnslögnum. Aðalgufu- og útblástursgreinar ættu ekki að liggja í gegnum vistarverur áhafnar eða í um ganga til vistarvera áhafnar. Ef ekki er hægt að komast hjá þessu ættu allar eldsneytisleiðslur að vera nægilega einangraðar og varðar.

21. Efni og húsbúnaður sem notað eru í vistarverur ættu að vera rakaþolin, auðhreinsuð og ekki líkleg til að hýsa meindýr.

Hávaði og titringur

22. Mörk fyrir hávaðastig vinnurýmis og vistarvera, sem lögbær stjórnvöld ákveða, ættu að vera í samræmi við *Leiðbeiningar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) um álagsstig og umhverfisþætti á vinnustöðum* og, þar sem við á, sérstaka vernd sem Alþjóðasiglingamálastofnunin (IMO) leggur til og með öllum síðari breytingum og viðbótarskjölum fyrir viðunandi hávaðamörk um borð í skipum.

23. Lögbært stjórnvald, í tengslum við lögbærar alþjóðlegar stofnanir og fulltrúa samtaka eigenda fiskiskipa og fiskimanna, og að teknu tilliti til viðeigandi alþjóðlegra viðmiðana, eftir því sem við á, ætti reglulega að hafa til athugunar vandann sem tengist titringi um borð í fiskiskipum með það að markmiði að auka vernd fiskimanna, að því marki sem gerlegt er, gegn slæmum áhrifum titrings.

1) Slík skoðun ætti að ná til váhrifa af völdum mikils titrings á heilsu og vellíðan fiskimanna og þeirra ráðstafana sem mæla á fyrir um eða mæla með til að draga úr titringi um borð í fiskiskipum til verndar fiskimönnum.
2) Ráðstafanir sem koma til álita til að draga úr titringi eða áhrifum hans ættu að felast í:
   a) að fræða fiskimenn um þá hættu sem langvarandi váhrif af völdum titrings hefur á heilsu manna;
   b) að fiskimönnum verði séð fyrir viðurkenndum persónuhlífum; og
   c) að meta áhættu og draga úr váhrifum af völdum titrings í svefnklefum, matsölum, tómstunda- og þjónustuaðstöðu áhafnar ásamt öðrum vistarverum fiskimanna með því að grípa til ráðstafana í samræmi við leiðbeiningar sem kveðið er á um í *Leiðbeiningum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) um umhverfisþætti á vinnustöðum* með öllum síðari breytingum, að teknu tilliti til mismunar váhrifa á vinnusvæðum og íbúðarsvæðum.

Hitun

24. Hitunarkerfið ætti að geta viðhaldið hita í vistarverum áhafnar við viðunandi skilyrði, sem lögbær stjórnvöld ákveða, við eðlileg veður- og loftslagsskilyrði sem líklegt er að ríki við störf og ætti að hanna það með það í huga að það stofni ekki heilbrigði og öryggi fiskimannanna eða öryggi skips í hættu.

Lýsing

25. Lýsing ætti hvorki að stofna öryggi né heilbrigði fiskimannanna eða öryggi skipsins í hættu.

Svefnklefar

26. Í hverri hvílu ætti að vera þægileg dýna með bólstruðum botni eða samsett bólstruð dýna, þ.m.t. gormabotn eða springdýna. Dýnan og bólstrunarefnið ættu að vera úr viðurkenndu efni. Rúm ættu ekki að vera hlið við hlið þannig að aðgangur að einu rúmi sé einungis mögulegur yfir annað rúm. Lægri hvíla í tveggja hæða fyrirkomulagi ætti ekki vera lægra en 0,3 metrum yfir gólfi og efri hvíla ætti að vera með rykþéttum botni, um það bil miðja vegu milli botns neðri hvílunnar og neðri brúnar þilfarsbita. Rúm ættu ekki að vera í meira en tveggja hæða kojum. Ef hvílum er komið fyrir meðfram skipshliðinni ætti einungis að vera ein hæð þar sem hliðargluggar eru staðsettir fyrir ofan hvílu.

27. Svefnklefar ættu að vera búnir tjöldum fyrir hliðarglugga auk spegils, lítils skáps fyrir snyrtivörur, bókahillu og nægilega mörgum fatasnögum.

28. Eins og frekast er kostur ætti að skipa hvílum skipverja þannig að vaktir séu aðskildar og að engir fiskimenn sem standa einungis dagvakt deili klefa með fiskimönnum sem standa næturvaktir.

29. Um borð í skipum sem eru 24 metrar að lengd eða lengri ætti að sjá til þess að svefnklefar fyrir karla og konur séu aðgreindir.

Hreinlætisaðstaða

30. Í rými fyrir hreinlætisaðstöðu:
a) ætti gólf að vera úr slitsterku efni sem auðvelt er að hreinsa og úr rakaþolnu efni og hafa fullnægjandi frárennsli;
b) ættu þil að vera úr stáli eða öðru viðurkenndu efni sem ætti að vera vatnsþétt í allt að 23 sentímetra hæð miðað við þilfarsbrún;
c) ætti að vera viðunandi lýsing, hitun og loftræsting; og
d) ættu nægilega víðar skólp- og úrgangslagnir að vera þannig smíðaðar og settar upp að lítil hætta sé á að þær stíflist og að auðvelt sé að hreinsa þær; slíkar lagnir ættu ekki að liggja í gegnum ferskvatns- eða drykkjarvatnsgeyma og þær ættu heldur ekki að liggja í loftum matsala eða svefnaðstöðu.

31. Salerni ættu að vera af samþykktri gerð, með fullnægjandi vatnsstreymi til niðurskolunar, ætíð tiltækileg og með sjálfstæðri stýringu. Þar sem því verður við komið ættu þau að vera staðsett í hentugri fjarlægð frá en aðskilin frá svefnrýmum og þvottarýmum. Ef fleiri en eitt vatnssalerni eru í rými ættu þau að vera nægilega afskermuð til að tryggja næði.

32. Hreinlætisaðstaða fyrir karla og konur ætti að vera aðskilin.

Tómstundaaðstaða

33. Í aðstöðu til tómstundaiðkunar ætti a.m.k. að vera bókaskápur ásamt aðstöðu til lestrar, skrifta og, þar sem því verður við komið, leikja. Skoða ætti tómstundaaðstöðu og þjónustuaðstöðu reglulega til að tryggja að hún sé viðeigandi í ljósi breytinga sem verða á þörfum fiskimanna sem stafa af tækni- og rekstrarlegum þáttum, ásamt annarri þróun í útgerð. Einnig ætti að huga að því að sjá fiskimönnum fyrir eftirfarandi þeim að kostnaðarlausu, þar sem því verður við komið:
a) herbergi til tóbaksreykinga;
b) aðstöðu til að horfa á sjónvarp og ná útvarpssendingum;
c) aðstöðu til að sýna kvikmyndir sem eru nægilega margar fyrir alla sjóferðina og skipti höfð á þeim með reglulegu millibili ef þörf krefur;í
d) þróttabúnaði, þ.m.t. þjálfunarbúnaður, borð- og þilfarsleikir;
e) bókasafni með starfstengdum bókum ásamt öðrum bókum þar sem bókakostur ætti að nægja alla sjóferðina og skipt er um hann með reglulegu millibili;
f) aðstöðu til handiðnar; og
g) rafbúnaði, eins og útvarpstækjum, sjónvarpstækjum, myndbandstækjum, DVD-spilara og geisladiskaspilara, einkatölvu og hugbúnaði ásamt snælduhljóðrita og snældu-spilara.

Matvæli

34. Fiskimenn sem eru ráðnir sem matsveinar ættu að hafa hlotið menntun og þjálfun og uppfylla hæfnisskilyrði til að gegna starfi sínu um borð.

IV. HLUTI
LÆKNISHJÁLP, HEILSUGÆSLA OG TRYGGINGAVERND

Læknishjálp um borð

35. Lögbært stjórnvald ætti að útbúa skrá yfir sjúkragögn og læknisáhöld sem henta miðað við þá áhættu sem við á og ættu að vera um borð í fiskiskipum; tilgreina ætti í slíkri skrá hreinlætisvörur fyrir konur ásamt umhverfisvænum förgunareiningum.

36. Fiskiskip þar sem 100 eða fleiri fiskimenn eru um borð ættu að hafa lækni um borð sem er til þess menntaður og hæfur.

37. Fiskimenn ættu að fá þjálfun í undirstöðuatriðum skyndihjálpar í samræmi við landslög og reglugerðir, að teknu tilliti til gildandi alþjóðagerninga.

38. Staðlað eyðublað fyrir læknaskýrslu ætti að vera þannig hannað að auðvelt sé að senda læknisfræðilegar og tengdar upplýsingar um einstaka fiskimenn milli skips og lands í trúnaði ef um er að ræða sjúkdóm eða meiðsl.

39. Í skipum sem eru 24 metrar að lengd og lengri ætti að hafa hliðsjón af eftirtöldum þáttum auk ákvæðanna í 32. gr. samþykktarinnar:

a) þegar mælt er fyrir um sjúkragögn og læknisáhöld, sem eiga að vera um borð, ætti lögbært stjórnvald að taka tillit til alþjóðlegra tilmæla á þessu sviði, svo sem nýjustu útgáfu *Alþjóðlegrar læknisráðgjafar fyrir skip* (ILO/IMO/WHO) og *Skrár Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar WHO yfir nauðsynleg lyf*, auk framfara á sviði læknisfræðilegrar þekkingar og viðurkenndra aðferða við meðhöndlun;

b) skoðun sjúkragagna og læknisáhalda ætti ekki að fara fram sjaldnar en á 12 mánaða fresti; skoðunarmaður ætti að tryggja að fyrningardagsetningar og geymsluaðstæður allra lyfja séu athugaðar, innihald sjúkrakassa sé í samræmi við lækningabók, sem notuð er innanlands, og að sjúkragögn séu merkt almennum heitum, hvers kyns sérheitum sem notuð eru og séu með fyrningardagsetningum og fyrirmælum um geymsluaðstæður;

c) í lækningabókinni ber að skýra út hvernig á að nota læknisáhöldin og sjúkragögnin og hún ætti að vera þannig úr garði gerð að einstaklingum öðrum en læknum sé gert kleift að annast sjúka eða slasaða um borð, bæði með eða án læknisfræðilegrar aðstoðar með því að nýta almenn fjarskipti eða gervihnattafjarskipti; lækningabókin ætti að vera þannig úr garði gerð að höfð séu til hliðsjónar alþjóðleg tilmæli á þessu sviði, þ.m.t. þau sem koma fram í nýjustu útgáfum ritanna *Alþjóðleg læknisráðgjöf fyrir skip* (ILO/IMO/WHO) og *Leiðarvísir Alþjóðasiglingamálstofnunarinnar (IMO) í skyndihjálp til notkunar í slysatilvikum þar sem hættulegur varningur á í hlut*; og

d) læknisfræðileg aðstoð með hjálp almennra fjarskipta eða gervihnattafjarskipta ætti að vera tiltæk öllum skipum þeim að kostnaðarlausu burtséð frá því undir hvaða fána þau sigla.

Öryggi og heilbrigði við vinnu

Rannsóknir, dreifing upplýsinga og samráð

40. Í því skyni að stuðla að stöðugum umbótum í þágu öryggis og heilsuverndar fiskimanna ættu aðildarríki að hafa stefnu og áætlanir um slysavarnir um borð í fiskiskipum þar sem kveðið er á um söfnun og dreifingu efnis um öryggi og heilbrigði við vinnu, rannsóknir og greiningu, að teknu tilliti til tækniframfara og þekkingar á sviði öryggis og heilbrigðis við vinnu og viðeigandi alþjóðlegra gerninga.

41. Lögbært stjórnvald ætti að grípa til ráðstafana til að tryggja reglulegt samráð um öryggis- og heilbrigðismál með það að markmiði að ganga úr skugga um að allir sem í hlut eiga séu vel upplýstir um þróun innanlands og alþjóðlega á þessu sviði og hvort hugsanlegt sé að slíkt hafi þýðingu fyrir fiskiskip sem sigla undir fána aðildarríkisins.

42. Þegar eigendum fiskiskipa, skipstjórum, fiskimönnum og öðrum viðkomandi einstaklingum er séð fyrir fullnægjandi og hentugu leiðbeiningar- og þjálfunarefni eða öðrum viðeigandi upplýsingum ætti lögbært stjórnvald að taka tillit til alþjóðlegra tilmæla, kóða, leiðbeininga og annarra upplýsinga. Í því sambandi ætti lögbært stjórnvald að fylgjast með og nýta alþjóðlegar rannsóknir og leiðbeiningar um öryggi og heilbrigði á sviði fiskveiða, þ.m.t. viðeigandi rannsóknir á sviði öryggis og heilbrigðis við vinnu almennt sem kann að gilda um vinnu um borð í fiskiskipum.

43. Koma ætti upplýsingum um tilteknar hættur á framfæri við alla fiskimenn og aðra einstaklinga um borð með opinberum tilkynningum, sem fela í sér fyrirmæli eða leiðbeiningar, eða með öðrum viðeigandi úrræðum.

44. Skipa ætti sameiginlegar nefndir um öryggi og heilbrigði við vinnu:

a) í landi; eða
b) um borð í fiskiskipum, ef lögbær stjórnvöld telja, að höfðu samráði, að það sé raunhæft með hliðsjón af fjölda fiskimanna um borð í skipinu.

Stjórnkerfi fyrir öryggi og heilbrigði við vinnu

45. Við þróun aðferða og áætlana um öryggi og heilbrigði á sviði fiskveiða ætti lögbært stjórnvald að taka mið af hvers kyns viðeigandi alþjóðlegum leiðbeiningum um stjórnkerfi fyrir öryggi og heilbrigði við vinnu, þ.m.t. *Leiðbeiningum um stjórnkerfi fyrir öryggi og heilbrigði við vinnu, ILO-OSH 2001*.

Áhættumat

46.

1) Gera ætti áhættumat í tengslum við fiskveiðar, eftir því sem við á, með þátttöku fiskimanna eða fulltrúa þeirra og ætti það að fela í sér:

a) áhættumat og stjórnun;
b) þjálfun, að teknu tilliti til viðkomandi ákvæðis III. kafla alþjóðasamþykktar um menntun, þjálfun, skírteini og vaktstöðu áhafnar fiskiskips, 1995 (STCWF Convention) samþykktu af Alþjóðasiglingamálastofnuninni IMO, og
c) kennslu fiskimanna um borð.

2) Í því skyni að framfylgja a-lið 1. mgr. ættu aðildarríki, að höfðu samráði, að samþykkja lög, reglugerðir eða aðrar ráðstafanir þar sem krafist er:

a) reglulegrar og virkrar þátttöku allra fiskimanna í því að bæta öryggi og heilsu með stöðugri árvekni við að benda á hættur, meta áhættu og grípa til ráðstafana gegn áhættu með öryggisstjórnun;
b) stjórnkerfis fyrir öryggi og heilbrigði við vinnu sem kann að fela í sér stefnu á sviði öryggis og heilbrigðis við vinnu, ákvæði um þátttöku fiskimannsins og ákvæði um að skipuleggja, gera áætlanir, hrinda í framkvæmd og meta kerfið og gera ráðstafanir til að bæta kerfið; og
c) kerfis til að aðstoða við framkvæmd öryggis og heilbrigðisstefnu og áætlunar og sjá svo til að fiskimaðurinn hafi vettvang til að hafa áhrif á öryggis- og heilbrigðismál; forvarnaráðstafanir um borð ættu að vera þannig gerðar að fiskimennirnir bendi

sjálfir á hættur og hugsanlegar hættur og geri ráðstafanir til að draga úr eða útiloka slíkar hættur.

3) Þegar ákvæðin sem um getur í a-lið 1. mgr. eru til meðferðar ættu aðildarríkin að taka tillit til viðeigandi alþjóðlegra gerninga um áhættumat og áhættustjórnun.

Tækniforskriftir

47. Aðildarríki ættu að beina athyglinni að eftirtöldu, eftir því sem unnt er og eins og við á miðað við aðstæður á sviði fiskveiða:

a) haffæri og stöðugleika fiskiskipa;
b) fjarskiptum;
c) hitastigi, loftræstingu og lýsingu vinnusvæða;
d) því að draga úr hálku á yfirborðsflötum þilfara;
e) öryggi vélbúnaðar, þ.m.t. öryggishlífar fyrir vélbúnað;
f) nýliðafræðslu fiskimanna og veiðieftirlitsmanna um skipið þegar þeir koma fyrst um borð í það;
g) persónuhlífum;
h) slökkvistörfum og björgun mannslífa;
i) lestun og losun skipsins;
j) hífibúnaði;
k) akkerisbúnaði og búnaði fyrir landfestar;
l) öryggi og heilsu í íbúðarhluta;
m) hávaða og titringi á vinnusvæðum;
n) vinnuvistfræði, með tilliti til skipulagningu vinnustöðva og þess að meðhöndla og lyfta byrðum með handafli;
o) búnaði og aðferðum til að veiða, meðhöndla, geyma og vinna fisk og aðrar sjávarafurðir;
p) skipahönnun, smíði og breytingum sem varða öryggi og heilbrigði við vinnu;
q) siglingafræði og stjórntökum skipa;
r) hættulegum efnum sem notuð eru um borð í skipinu;
s) öruggu aðgengi um borð og frá borði skips í höfn;
t) sérstökum öryggis- og heilbrigðiskröfum fyrir ungmenni;
u) því að koma í veg fyrir ofþreytu; og
v) öðrum málum sem tengjast öryggi og heilsu.

48. Við setningu laga, reglugerða og gerð annarra ráðstafana um tækniviðmiðanir tengdum öryggi og heilsu um borð í fiskiskipum ætti lögbært stjórnvald að hafa hliðsjón af nýjustu útgáfu *Kóða um öryggi fiskimanna og fiskiskipa* (FAO/ILO/IMO), A-hluta.

Gerð skrár yfir atvinnusjúkdóma

49. Aðildarríki ættu að gera skrá yfir sjúkdóma sem vitað er að orsakist við váhrif hættulegra efna eða aðstæður á sviði fiskveiða.

Tryggingavernd

50. Í því skyni að færa út tryggingavernd í áföngum til allra fiskimanna ættu aðildarríki að halda til haga upplýsingum um eftirfarandi:

a) hundraðshluta fiskimanna sem falla undir tryggingasviðið;

b) ófyrirséðar aðstæður sem verndin nær til; og
c) fjárhæðir bóta.

51. Sérhver einstaklingur sem nýtur verndar skv. 34. gr. ætti að eiga rétt á málskoti ef honum er neitað um bætur eða ef ákvörðun um bætur er talinn hafa verið óhagstæð hvað varðar umfang og fjárhæðir.

52. Veita ætti verndina sem um getur í 38. og 39. gr. samþykktarinnar við allar ófyrirséðar aðstæður.

V. HLUTI
ÖNNUR ÁKVÆÐI

53. Lögbært stjórnvald ætti að móta stefnu um skoðanir fyrir viðurkennda eftirlitsmenn til að gera ráðstafanirnar sem um getur í 2. mgr. 43. gr. samþykktarinnar.

54. Aðildarríki ættu að eiga með sér eins mikið samstarf og auðið er við að fara eftir leiðbeiningum samþykktum á alþjóðavettvangi um stefnumótum sem um getur í 53. mgr. þessara tilmæla.

55. Þegar aðildarríki veitir heimild til veiða í sérefnahagslögsögu sinni má það, í hlutverki sínu sem strandríki, krefjast þess að fiskiskip uppfylli kröfur samþykktarinnar. Séu slíkar heimildir veittar af hálfu strandríkja ættu þau ríki að hafa hliðsjón af skírteinum eða öðrum gildum skjölum þar sem tiltekið er að hlutaðeigandi skip hafi verið skoðað af lögbæru stjórnvaldi, eða fyrir þess hönd, og að það teljist uppfylla ákvæði samþykktarinnar.

Fylgiskjal III.

Skýrsla um starf nefndar um málefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og framkvæmd á félagsmálasáttmála Evrópu árið 2007.

Eitt af því sem skapar Alþjóðavinnumálastofnuninni sérstöðu meðal annarra sérstofnana Sameinuðu þjóðanna er aðild fulltrúa atvinnurekenda og launafólks að stjórnum, nefndum og ráðum stofnunarinnar. Samstarf fulltrúa ríkisstjórna, atvinnurekenda og launafólks var á vettvangi alþjóðastofnunar óþekkt árið 1919 þegar ILO hóf starfsemi. Stofnunin hefur með ýmsum hætti reynt að hafa áhrif á ríkisstjórnir þannig að þau taki upp hliðstæða samvinnu við samtök atvinnurekenda og launafólks um málefni vinnumarkaðarins. Dæmi um þetta er alþjóðasamþykkt nr. 144, um samstarf ríkisvalds og aðila vinnumarkaðarins um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála, sem Ísland fullgilti árið 1981. Í anda þessarar samþykktar var samstarfsnefnd ríkisvalds og aðila vinnumarkaðarins skipuð 16. apríl 1982 sem fjallar um samskipti Íslands við Alþjóðavinnumálastofnunina, venjulega nefnd ILO-nefndin.

Árið 2007 skipuðu eftirtaldir nefndina: Fulltrúi samtaka atvinnurekenda: Hrafnhildur Stefánsdóttir, lögfræðingur Samtaka atvinnulífsins. Fulltrúi samtaka launafólks: Magnús M. Norðdahl, lögfræðingur Alþýðusambands Íslands. Fulltrúi félagsmálaráðherra og jafnframt formaður nefndarinnar: Gylfi Kristinsson, skrifstofustjóri í félagsmálaráðuneytinu.

Verkefni nefndarinnar beinast fyrst og fremst að málefnum sem tengjast samskiptum Íslands við Alþjóðavinnumálastofnunina og leiða af aðildinni að stofnuninni. Nefndinni var með sérstöku erindisbréfi félagsmálaráðherra, dags. 5. maí 1988, falið að fjalla um framkvæmd Íslands á félagsmálasáttmála Evrópu. Ástæðan er meðal annars sú að ýmis ákvæði félagsmálasáttmálans eiga uppruna að rekja til alþjóðasamþykkta ILO. Það hefur því þótt

hagkvæmt að nefndin fjalli einnig um framkvæmd á sáttmálanum og skýrslur Íslands um framkvæmd hans. Árið 2007 hélt nefndin samtals níu fundi.

Helstu viðfangsefni nefndarinnar voru eftirfarandi:

Málefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar

a. Skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykkta á svið félags- og vinnumála.

Í 22. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er kveðið á um þá skyldu aðildarríkja að gefa stofnuninni skýrslu um framkvæmd alþjóðasamþykkta sem þau hafa fullgilt. Skýrslur skulu teknar saman á tveggja ára fresti um framkvæmd á grundvallarsamþykktunum en yfirleitt er skýrslutímabilið fjögur ár að því er varðar aðrar samþykktir ILO. Þessu til viðbótar er ákvæði í 19. gr. stofnskrárinnar sem heimilar stjórnarnefnd Alþjóðavinnumálastofnunarinnar að óska eftir því við aðildarríkin að þau gefi skýrslu um framkvæmd á samþykktum sem þau hafa ekki fullgilt. Þessari heimild er beitt reglulega og er tilgangurinn að vekja athygli á umræddri samþykkt og hvetja aðildarríkin til að taka fullgildingu hennar til athugunar. Umfang skýrslnanna er mjög mismunandi. Í sumum tilvikum er nægilegt að vísa til fyrri skýrslna. Í öðrum tilvikum eru þær umfangsmeiri einkum ef sérfræðinganefnd Alþjóðavinnumálastofnunarinnar hefur beint spurningum til stjórnvalda um tiltekin atriði.

Árið 2007 undirbjó ILO-nefndin skýrslur ríkisstjórnarinnar um framkvæmd eftirfarandi alþjóðasamþykkta sem Ísland hefur fullgilt:

— nr. 87, um félagafrelsi,
— nr. 98, um samningafrelsi,
— nr. 100, um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf,
— nr. 102, um lágmark félagslegs öryggis,
— nr. 111, um misrétti með tilliti til atvinnu eða starfs,
— nr. 122, um stefnu í atvinnumálum, og
— nr. 144, varðandi samstarf um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála.

b. Undirbúningur fyrir Alþjóðavinnumálaþingið og þátttaka í því.

96. Alþjóðavinnumálaþingið.

Á fyrri hluta árs 2007 fjallaði ILO-nefndin um skjöl sem alþjóðavinnumálaskrifstofan hafði tekið saman til undirbúnings 96. Alþjóðavinnumálaþinginu sem haldið var dagana 30. maí til 15. júní 2007. Á fyrsta fundi eftir lok þingsins fór nefndin yfir helstu niðurstöður þess. Eftirfarandi kom fram á fundi nefndarinnar:

Fundir allsherjarþingsins og skipulag þingsins.

Skipulagi 96. Alþjóðavinnumálaþingsins var breytt í veigamiklum atriðum frá því sem lengi hefur tíðkast. Þannig hófust nefndarstörf þegar eftir þingsetningu miðvikudaginn 30. maí. Almennar umræður hófust ekki fyrr en í þriðju þingviku þegar þingnefndir höfðu lokið störfum. Þingfulltrúar gátu þar af leiðandi einbeitt sér að nefndarstörfunum. Þótt flestir væru ánægðir með breytta skipan komu í ljós ágallar sem nauðsynlegt er að sníða af. Mikill fjöldi skráði sig á mælendaskrá og drógust umræður á allsherjarþinginu oft fram á kvöld. Þannig mátti félagsmálaráðherra sæta því að bíða í tæpar tvær klukkustundir eftir því að fá orðið þrátt fyrir margítrekaða staðfestingu á úthlutuðum ræðutíma. Fundarstjórn þingforseta vakti athygli. Hann veitti orðið bæði fulltrúum sem voru á eftir ráðherra og einnig aðilum sem ekki voru skráðir á auglýstri mælendaskrá. Fulltrúi Íslands tók málið upp í IMEC-hópnum og talsmaður hópsins í stjórnarnefnd ILO gerði þetta að umtalsefni. Nefndar voru tvær ástæður fyrir

því að dagskrá þingsins raskaðist með þessum hætti. Annars vegar fjöldi gesta sem forstjóri ILO hafði boðið að ávarpa þingið og hins vegar að skýrslum nefnda var skotið inn á milli við almennar umræður á allsherjarþinginu. Að öðru leyti voru þeir sem tjáðu sig ánægðir með breytinguna. Rætt var um vandræðaganginn varðandi kjör forseta þingsins. Það var komið að Afríkuríkjum að tilnefna þingforseta. Þeim tókst ekki að koma sér saman um tilnefningu þannig að niðurstaðan var sú að vinnumálaráðherra Albaníu var kosinn forseti þingsins. Skiptar skoðanir voru á því hvort bjóða eigi Afríkuríkjunum að tilnefna forseta 97. Alþjóðavinnumálaþingsins eða hvort hlaupið verði yfir þau í þessari umferð. Nefndarmenn voru á því að takmarka eigi fjölda þeirra gesta sem ávarpa vinnumálaþingið við einn til tvo á hverju þingi eins og tíðkast hefur undanfarna áratugi.

Nefnd um framkvæmd alþjóðasamþykkta.

Merkja mátti nokkrar umbætur á starfi þingnefndar um framkvæmd alþjóðasamþykkta. Líkt og fyrir 95. þingið bárust aðildarríkjunum skömmu fyrir þingið drög að skrá yfir mál sem hugsanlega yrðu tekin til umfjöllunar í nefndinni. Þetta gerði fulltrúum hlutaðeigandi ríkisstjórna kleift að búa sig undir umræður í þingnefndinni sem auðveldaði nefndarstörfin. Einnig var ljóst að fulltrúar atvinnurekenda og einkum fulltrúar launafólks skipulögðu betur en áður þátttöku sína í nefndarstörfunum. Þannig voru fluttar mun færri ræður um hvert málefni sem var til umfjöllunar. Af þessu leiddi að kvöldfundir voru fáir og þingfulltrúar áttu leyfi seinni laugardaginn á starfstíma nefndarinnar. Starf þingnefndarinnar hefur þannig orðið markvissara og skilvirkara. Þó sló í brýnu milli fulltrúa atvinnurekenda og launafólks. Deiluefnið var málefni Kólumbíu og Venesúela.

Fjárhagsnefnd fulltrúar ríkisstjórna.

Gylfi Kristinsson var kosinn formaður þingnefndar sem fjallar um fjárhags- og starfsáætlun Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Hann kvaðst ánægður með hvernig til hafi tekist. Oft hafa verið flokkadrættir í nefndinni sem hefur staðið nefndarstarfinu fyrir þrifum einkum þegar fjallað er um fjárhags- og starfsáætlun sem er til tveggja ára í senn. Í ár brá svo við að þótt fjöldi ávarpa væri fluttur í nefndinni var nokkuð breið samstaða um að styðja tillögur að fjárhags- og starfsáætlun til næstu tveggja ára. Fulltrúar nokkurra ríkja höfðu fyrirvara og greiddu atkvæði gegn tillögu að starfs- og fjárhagsáætlun þegar hún kom til umfjöllunar á allsherjarþinginu. Þeirra á meðal voru fulltrúar Bandaríkjanna, Kanada, Ástralíu, Stóra-Bretlands og Nýja-Sjálands.

Nefnd um málefni fiskimanna.

Jón H. Magnússon, Sverrir Konráðsson og Sævar Gunnarsson lýstu yfir ánægju með starf nefndar sem fjallaði um tillögu að alþjóðasamþykkt og tilmælum um vinnu við fiskveiðar. Ólíkt því sem gerðist fyrir tveimur árum gekk nefndarstarfið greiðlega. Ýmislegt stuðlaði að þessu. Fulltrúar atvinnurekenda og launafólks hófu þegar eftir þingið 2005 viðræður um þau atriði sem höfðu valdið mestum ágreiningi. Allnokkrir fundir voru haldnir á næstu tveimur árum. Á sérfræðingafundi ILO í desember 2006 náðu Japanir samkomulagi við fiskimenn um lausn á ágreiningsatriðum varðandi stærðarmörk skipa. Japanska ríkisstjórnin lagði fram formlegar breytingartillögur við þau drög að alþjóðasamþykkt sem lögð voru fyrir 96. Alþjóðavinnumálaþingið. Á fundi ILO-nefndarinnar kom fram að Ari Guðmundsson, sem starfar hjá Matvæla og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO), hafi tekið þátt í umræðum á desemberfundinum þar sem samkomulag náðist við fiskimenn um breytingartillögur

Japana. Einnig kom fram að frumkvæði Íslands að styðja breytingartillögur Japana hafi haft jákvæð áhrif á aðrar þjóðir og atvinnurekendahópinn sem hafi ákveðið að styðja tillögurnar.

Á fundi ILO-nefndarinnar var skipst á skoðunum um næstu skref. Fram kom að Sverrir Konráðsson þýðir samþykktina og tilmælin á íslensku. Einnig kom fram að það sem er helst í veginum fyrir fullgildingu Íslands eru ákvæði um læknisskoðun fiskimanna og læknisvottorð. Slík ákvæði eru annaðhvort ekki í lögum eða eru mjög ófullkomin. Ákveðið var að Siglingastofnun afli upplýsinga frá öðrum löndum um reglur sem gilda um þetta efni, einkum Danmörku og Noregi. Þetta gildir einnig um forsendur þess að hægt sé að fullgilda samþykkt um vinnuskilyrði farmanna. Spurningin um fullgildingu hennar var rædd síðar á fundinum.

Nefnd um sjálfbær fyrirtæki.

Ein af þingnefndum Alþjóðavinnumálaþingsins fjallaði um sjálfbær fyrirtæki. Hrafnhildur Stefánsdóttir tók þátt í störfum nefndarinnar. Skýrsla, sem alþjóðavinnumálaskrifstofan hafði tekið saman, lá til grundvallar umræðum í nefndinni. Nefndi skilaði skýrslu til allsherjarþingsins. Í henni kemur meðal annars fram að líta beri á sjálfbær fyrirtæki sem tæki til að auka hagvöxt, velsæld, fjölga störfum og skapa aðstæður fyrir mannsæmandi vinnuskilyrði. Efling sjálfbærra fyrirtækja sé þannig tæki til að hrinda í framkvæmd áætluninni um mannsæmandi vinnuskilyrði, stuðla að sjálfbærri þróun og endurnýjun sem leiði til betri lífskjara þegar til lengri tíma er litið.

Í niðurstöðunum er gerð nánari grein fyrir skilyrðum og forsendum fyrir því að sjálfbær fyrirtæki geti þrifist. Nefnd eru atriði eins og að friður ríki, góðir stjórnarhættir, samningaviðræður milli aðila vinnumarkaðarins, að mannréttindi séu virt sem og alþjóðlegar reglur á sviði félags- og vinnumála, að stuðlað sé að frumkvæði einstaklinganna, að í gildi séu hagstæðar og örvandi reglur fyrir fyrirtæki, að eignarréttur njóti verndar, að í gildi séu samkeppnisreglur, greiður aðgangur að fjármálastofnunum, virkt samskiptakerfi, menntastofnanir og fullnægjandi félagslegt öryggisnet. Samtímis sem viðurkennd er þörf fyrirtækja fyrir ágóða er lögð áhersla á að tillit sé tekið til umhverfisins og stuðlað að mannsæmandi vinnuskilyrðum.

Nefnd um aðstoð ILO við aðildarríkin til að takast á við afleiðingar alþjóðavæðingar.

Flókin og umfangsmikil umræða átti sér stað í þingnefnd sem fjallaði um eflingu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar til að aðstoða aðildarríkin til að takast á við afleiðingar alþjóðavæðingarinnar í anda stofnskrár stofnunarinnar, þ.e. að fólk búi við mannsæmandi skilyrði. Magnús M. Norðdahl tók þátt í starfi nefndarinnar. Nefndarmenn voru sammála um að leggja fyrir allsherjarþingið ályktunartillögu sem var samþykkt. Í samþykktinni kemur fram að ákveðið sé að þetta mál verði til annarrar umræðu á Alþjóðavinnumálaþinginu að ári. Jafnframt er starfsmönnum alþjóðavinnumálaskrifstofunnar falið að semja drög að skuldbindandi yfirlýsingu um þetta efni. Lagt er fyrir skrifstofuna að drög að slíkri yfirlýsingu liggi fyrir ekki síðar en tveimur mánuðum fyrir næsta Alþjóðavinnumálaþing.

Helstu niðurstöður nefndarinnar eru þær að leggja til að samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar verði flokkaðar eftir efni. Flokkunin dragi dám af þeim fjórum þáttum sem áætlunin um mannsæmandi vinnuskilyrði byggist á. Þeir þættir eru fjölgun starfa, vinnuskilyrði, félagslegt öryggi, þ.m.t. vinnuumhverfi, og samningaviðræður aðila vinnumarkaðarins. Reglulega fari fram athugun á framkvæmd samþykkta í tilteknum flokki. Skýrsla um niðurstöðuna verði til umfjöllunar í sérstakri nefnd Alþjóðavinnumálaþingsins. Skapað verði svigrúm til að verja fjármagni til sérstakra aðgerða til að liðsinna þeim aðildarríkjum sem eiga

í erfiðleikum með að uppfylla þær kröfur sem settar eru í hlutaðeigandi samþykktum. Sérstök áhersla er lögð á samstarf sérstofnana Sameinuðu þjóðanna þannig að aðstoðin verði samræmd og veitt af einum aðila.

c. Fullgildingar á alþjóðasamþykktum.

Fundur um alþjóðasamþykkt ILO nr. 186, um vinnuskilyrði farmanna.

Hinn 22. október 2007 stóð ILO-nefndin fyrir fundi um greinargerð sem Haraldur Steinþórsson hafði tekið saman fyrir Siglingastofnun. Í henni eru bornar saman kröfur sem gerðar eru í samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 186, um vinnuskilyrði farmanna, við ákvæði íslenskra laga og reglugerða. Helstu hagsmunaaðilum var boðið að senda fulltrúa á fundinn. Alþýðusamband Íslands, Samtök atvinnulífsins, Félag skipstjórnarmanna og Sjómanna- og fiskimannasamband Íslands þáðu boðið og sendu fulltrúa til fundarins. Að auki sátu hann fulltrúar heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, samgönguráðuneytis og Siglingastofnunar.

Fundurinn hófst á því að minnt var á að þetta væri í annað skipti sem ILO-nefndin hafi haldið fund sem sérstaklega hafi verið helgaður umfjöllun um efni samþykktar nr. 186, um vinnuskilyrði farmanna. Fjallað var um málið á 258. fundi nefndarinnar sem haldinn var 30. nóvember 2006. Á þeim fundi hafi komið fram að efni samþykktarinnar heyri til verksviðs samgönguráðuneytisins. Áhöld voru um það hvort tiltekin atriði kynnu að heyra undir dóms- og kirkjumálaráðuneytið en niðurstaða fundarins var sú að efni samþykktarinnar væri á verksviði samgönguráðuneytisins og Siglingastofnunar. Engu að síður hafi dómsmálaráðuneytinu verið gert viðvart um fundinn. Fram kom að samgönguráðuneytið hafi í mars 2007 sent félagsmálaráðuneytinu bréf þar sem hvatt var til þess að samþykkt nr. 186 verði fullgilt. Á það var einnig minnt að ráðherraráð Evrópusambandsins hafi á fundi sínum í byrjun júní 2007 mælt með því að aðildarríki Evrópusambandsins fullgildi samþykktina fyrir árslok 2010. Á því var einnig vakin athygli að alþjóðavinnumálaskrifstofan hafi sett sér það fimm ára markmið að árið 2011 hafi 30 ríki sem ráði yfir þriðjungi tonnafjölda farmskipa fullgilt samþykktina og að hún gangi í gildi tólf mánuðum síðar.

Á fundinum var farið yfir greinargerð Siglingastofnunar. Lögð var áhersla á að fara yfir þau atriði þar sem vafi leikur á að íslensk lög og reglur uppfylli kröfur sem samþykktin gerir. Þannig var rætt um ákvæði samþykktarinnar í reglu 1.2 um læknisvottorð. Fram kom að um læknisvottorð gildi ákvæði reglugerðar nr. 586/1991. Enn fremur er á heimasíðu Siglingastofnunar að finna ítarlegt eyðublað fyrir lækna til að votta heilbrigði sjómanna. Niðurstaða fundarins var sú að fela fulltrúum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og samgönguráðuneytisins að fara ítarlega yfir þennan þátt og hafa sérstaklega í huga ákvæði samþykktarinnar um tveggja ára gildistíma læknisvottorðs.

Rætt var um ákvæði samþykktarinnar í B2.3 um vinnu- og hvíldartíma og orlofsrétt farmanna undir 18 ára aldri. Fram kom ábending um að þessar reglur séu fyrst og fremst leiðbeinandi fyrir aðildarríki.

Í greinargerð Siglingastofnunar er fjallað um ákvæði samþykktarinnar um vistarverur skipverja. Þar kemur fram að ákvæði íslenskra laga og reglugerða séu ekki fyllilega í samræmi við ákvæði samþykktarinnar. Þannig vantar þrjá sentímetra upp á að ákvæði íslenskra laga uppfylli kröfur samþykktarinnar um lofthæð í vistarverum farmanna. Þær kröfur gilda um skip sem byggð eru eftir að samþykktin gengur í gildi.

Einnig var farið yfir ákvæði samþykktarinnar um læknisþjónustu og tryggingavernd farmanna. Svo virðist sem ákvæði íslenskra laga og reglugerða uppfylla kröfur sem settar eru

í samþykktinni. Fulltrúi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins ætlar að kanna þennan þátt nánar.

Orð féllu á fundinum um gildi þess að Ísland fullgildi samþykktina. Bent var á að nánast ekkert kaupskip sigli undir íslenskum fána. Fram kom að af hálfu samgönguráðuneytisins sé unnið að því að gera það fýsilegri kost að kaupskip séu skráð á Íslandi. Á því var vakin athygli að þótt samþykktin feli í sér mikilvægar skyldur fánaríkis séu skyldur hafnarríkis ekki síður mikilvægar. Hafnarríki gegni mikilvægu hlutverki við að fylgjast með því að fylgt sé ákvæðum samþykktarinnar og að virt séu þau réttindi sem í henni felast fyrir farmenn.

Alþjóðasamþykkt nr. 158, um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda.

Árið 2007 hélt nefndin áfram umfjöllun um fullgildingu Íslands á alþjóðasamþykkt nr. 158, um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda. Yfirferð nefndarinnar yfir samþykktina hófst í nóvember 2004 í framhaldi af ósk Alþýðusambands Íslands. Í minnisblaði, dags. 18. október 2005, var félagsmálaráðherra gerð grein fyrir afstöðu Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins til fullgildingar samþykktarinnar. Í því kemur meðal annars fram að Alþýðusamband Íslands telji málið fyrst og fremst snúast um rétt starfsmanna til að fá upplýsingar um ástæður uppsagnar og hvort þær byggi á málefnalegum ástæðum. Það fjalli ekki um rétt atvinnurekanda til að segja upp starfsmanni. Fullgilding hafi því hverfandi áhrif á sveigjanleika á íslenskum vinnumarkaði. Alþýðusamband Íslands leggur til að ILO-samþykkt nr. 158 verði fullgilt og kallar eftir afstöðu stjórnvalda til þess. Samtök atvinnulífsins eru öndverðrar skoðunar. Samtök atvinnulífsins telja að samþykkt ILO nr. 158 feli í sér bann við uppsögnum af hálfu atvinnurekanda nema hann geti sýnt fram á að ástæða uppsagnarinnar sé samdráttur í rekstri eða að fyrir þeim séu gildar ástæður sem varða hæfni eða háttsemi starfsmannsins. Fullgilding drægi því verulega úr sveigjanleika í íslensku atvinnulífi, viðbragðsflýti og snerpu fyrirtækja. Vilji fyrirtækja til nýráðningar yrði einnig minni. Samtök atvinnulífsins séu þar af leiðandi andvíg fullgildingu samþykktarinnar.

Félagsmálaráðuneytið brást við framangreindri niðurstöðu með því að fela Rannsóknasetri vinnuréttar- og jafnréttismála við Háskólann á Bifröst með bréfi, dags. 5. maí 2006, að semja tillögu að leiðbeiningarreglum varðandi uppsagnir starfsmanna í anda samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 158, um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda.

Félagsmálaráðuneytinu barst 10. september 2007 greinargerð frá Rannsóknasetri vinnuréttar- og jafnréttismála um samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 158, um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda. Á fundi ILO-nefndarinnar var farið yfir helstu niðurstöður í greinargerð Rannsóknasetursins. Þar kemur meðal annars fram að ekki sé flókið að útbúa leiðbeiningarreglur á grundvelli samþykktarinnar. Það sé hins vegar ljóst að nokkrum ákvæðum samþykktarinnar verði ekki hrundið í framkvæmd með leiðbeiningarreglum einum. Nefnd eru ákvæði sem lúta að áfrýjun uppsagnar, sönnunarbyrði og því hvaða áhrif niðurstaða dómstóls eða úrskurðaraðila skuli hafa. Þá kemur fram að óljóst sé hvaða fyrirkomulagi eigi að fylgja við setningu slíkra reglna þar sem það sé mjög mismunandi í nágrannaríkjunum. Niðurstaða Rannsóknasetursins er sú að ekki sé unnt að setja fram leiðbeiningarreglur um þetta efni nema að til komi pólitísk stefnumörkun og nákvæmari tilsögn um það eftir hvaða fyrirkomulagi sé rétt að vinna reglurnar.

Alþjóðasamþykktir nr. 81 og 129, um vinnuvernd.

Í skýrslu um starf ILO-nefndarinnar árin 2005 og 2006 kemur fram að nefndin hafi rætt um fullgildingu á alþjóðasamþykktum nr. 81 og 129, um vinnuvernd, í tengslum við saman-

tekt á skýrslu um framkvæmd samþykktanna sem alþjóðavinnumálaskrifstofan óskaði eftir á grundvelli 19. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Fram kemur að leitað hafði verið umsagnar Vinnueftirlits ríkisins um fullgildingu samþykktanna. Í bréfi Vinnueftirlitsins frá 25. nóvember 2005 kemur fram að aðstæður á Íslandi séu að flestu leyti í samræmi við ákvæði samþykktarinnar að undanskildu einu atriði. Í 3. gr. samþykktar nr. 81 og 6. gr. samþykktar nr. 129 er tekið fram að meðal verkefna vinnueftirlits sé að hafa eftirlit með því að laun séu greidd í samræmi við samninga. Á Íslandi er þetta verkefni í höndum samtaka launafólks en ekki Vinnueftirlitsins. Niðurstaða ILO-nefndarinnar var sú að samþykkja að leita nánari skýringar starfsmanna alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í Genf á umræddum ákvæðum. Þetta var gert á fundi sem nefndin átti 1. júní 2006 með starfsmönnum alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í Genf. Á fundinum var farið yfir ákvæði samþykktar nr. 81, einkum túlkun á ákvæðum 1. mgr. 3. gr. varðandi eftirlit vinnueftirlits með greiðslu launa. Niðurstaða fundarins var sú að ákveðið var að félagsmálaráðuneytið sendi alþjóðavinnumálaskrifstofunni bréf þar sem óskað yrði eftir túlkun skrifstofunnar á framangreindu ákvæði. Bréfið var sent alþjóðavinnumálaskrifstofunni 16. október 2006. Svar barst í bréfi, dags. 15. mars 2007. Í bréfinu eru íslensk stjórnvöld fullvissuð um það að umrætt ákvæði eigi ekki að standa í vegi fyrir fullgildingu samþykktarinnar. Í framhaldi af bréfinu samþykkti nefndin á 267. fundi sínum 15. nóvember 2007 að mæla með því við félagsmálaráðherra að samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 81 og 129 verði fullgiltar.

Alþjóðasamþykkt nr. 187, um vinnuvernd.

Árið 2007 fjallaði ILO-nefndin einnig um hugsanlega fullgildingu íslenskra stjórnvalda á samþykkt nr. 187, um vinnuvernd. Meðal annars var farið yfir umsögn Vinnueftirlits ríkisins um málið. Meginniðurstaða Vinnueftirlitsins er sú að íslensk lög og reglur uppfylli ekki kröfur sem samþykktin geri um söfnun upplýsinga um vinnuslys og atvinnusjúkdóma. Fram kemur að ástæðan sé sú að ekki hafi verið sett reglugerð um að tilteknir atvinnusjúkdómar skuli slysatryggðir þrátt fyrir að slíkt sé heimilt í 5. mgr. 27. gr. laga um almannatryggingar. Þar af leiðandi liggi ekki fyrir hagtölur um atvinnusjúkdóma eins og krafist sé í samþykktinni. Vinnueftirlit ríkisins bendir í bréfi sínu á fleiri atriði þessu tengt. Nefndin hefur ekki lokið umfjöllun um þetta málefni.

d. Skýrsla félagsmálaráðherra um Alþjóðavinnumálaþingið í Genf.

Aðild að Alþjóðavinnumálastofnuninni fylgir sú skylda að kynna löggjafarsamkomu þær samþykktir sem Alþjóðavinnumálaþingin afgreiða. Á Íslandi er þetta ákvæði uppfyllt með þeim hætti að félagsmálaráðherra gefur Alþingi skýrslu um Alþjóðavinnumálaþingin. Í skýrslunum eru birtar í íslenskri þýðingu þær samþykktir, tilmæli og ályktanir sem þingin afgreiða. Árið 2007 var haft samráð við ILO-nefndina um skýrslu félagsmálaráðherra um 95. Alþjóðavinnumálaþingið sem haldið var 31. maí til 16. júní 2006. Í skýrslunni er birt samþykkt nr. 187 og tilmæli nr. 197, um vinnuvernd, sem getið er um hér að framan. Einnig eru birt í skýrslunni tilmæli nr. 198, um ráðningarsamband.

e. Viðræður við kínversk stjórnvöld um fríverslunarsamning.

Fulltrúar utanríkisráðuneytisins, Benedikt Jónsson sendiherra og María Erla Marelsdóttir sendiráðsritari, komu á fund nefndarinnar til að kynna efni viðræðna íslenskra og kínverskra stjórnvalda um fríverslunarsamning milli landanna. Á fundinum kom fram að samningaviðræður við Kínverja um fríverslunarsamning hafi hafist 11. apríl 2006. Fram til þess tíma

höfðu verið haldnir þrír samningafundir. Á undirbúningsfundi ríkjanna í janúar 2007 voru lögð fram drög að meginmáli samningsins. Af hálfu íslensku samninganefndarinnar var lögð áhersla á að samningurinn nái til viðskipta bæði með vörur og þjónustu.

Á fundinum með fulltrúum utanríkisráðuneytisins kom til umræðu áætlun Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um mannsæmandi vinnuskilyrði hvar sem er í heiminum og að virt sé yfirlýsing stofnunarinnar frá árinu 1998 um grundvallarréttindi í atvinnulífinu. Fram kom að í tvíhliða fríverslunarsamningi Kína og Síle séu ákvæði um samstarf meðal annars á sviði vinnumála. Líklegt er talið að Kínverjar óski eftir því að hliðstæð ákvæði verði tekin upp í samninginn við Ísland.

Á fundinum var minnt á að Alþjóðavinnumálastofnunin hafi á sínum tíma verið stofnuð til að jafna samkeppnisstöðu í atvinnulífinu með setningu reglna um samskipti á vinnumarkaði. Á þessu hafi verið þörf árið 1919. Ef eitthvað er sé þörfin nú enn ríkari á tímum alþjóðavæðingar atvinnu- og efnahagslífs. Þessi mál séu um þessar mundir í forgangi hjá ILO og var vísað til skýrslu nefndar á vegum ILO um félagslegar afleiðingar alþjóðavæðingar sem kom út árið 2004. Í þeirri skýrslu séu settar fram tillögur til stjórnvalda og samtaka aðila vinnumarkaðarins um viðbrögð við alþjóðavæðingunni.

Fulltrúar heildarsamtaka aðila vinnumarkaðarins í ILO-nefndinni vöktu á því athygli að kínversk stjórnvöld standi sig illa við að fullgilda og framkvæma samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Um þetta vitni fjöldi kæra og kvartana sem hafa borist ILO. Fram kom hjá fulltrúa Samtaka atvinnulífsins að hann hafi haft efasemdir um að tengja saman viðskiptasamninga og mannréttindi. Hann benti á vanda margra þróunarríkja við að byggja upp félagslegt öryggiskerfi og nefndi í því sambandi tilboð Alþjóðabankans um aðstoð við ríki sem vildu byggja upp kerfi atvinnuleysisbóta. Fulltrúar Alþýðusmbands Íslands greindu frá stöðu samtaka launafólks í Kína sem væru enn í nánum tengslum við Kommúnistaflokkinn, frjáls samtök launafólks væru bönnuð og leiðtogar þeirra fangelsaðir. Það væri þó ljóst að Kínverjar væru meðvitaðir um einarða afstöðu Vesturlanda að virða bæri grundvallarréttindi í atvinnulífinu. Í þessu efni holaði dropinn steininn. Samtök launafólks í Kína væru enn eins konar vinnustaðasamtök. Þau fengju að starfa óáreitt ef þau fengjust við afmörkuð verkefni, þ.e. önnur en þau sem lúta að baráttu fyrir kaupi, kjörum og bættum vinnuskilyrðum.

Skipst var á skoðunum um það hvort til greina komi að vísa í aðfararorðum samningsins til yfirlýsingar ILO frá árinu 1998 um að af aðild að Alþjóðavinnumálastofnuninni leiði skuldbindingar um að virða ákvæði tiltekinna grundvallasamþykkta stofnunarinnar. Á það var hins vegar bent að aðfararorðin feli ekki í sér sömu skuldbindingu og samningurinn að öðru leyti því ekki sé hægt að virkja úrræði samningsins vegna vanefnda á ákvæðum hans. Þær yfirlýsingar sem þar komi fram hafi því ekki mikið vægi og geti ekki mætt þeim sjónarmiðum sem aðilar vinnumarkaðarins hafa sett fram.

Nefndarmenn lýstu yfir ánægju sinni með að hafa fengið kynninguna og tækifæri til að tjá sig um þetta mál. Fulltrúar utanríkisráðuneytisins kváðust reiðubúnir til að halda nefndarmönnum upplýstum um framvindu samningaviðræðnanna.

1020. Álit fjárlaganefndar [626. mál]

um ársskýrslu Ríkisendurskoðunar 2007.

Fjárlaganefnd hefur fjallað um ársskýrslu Ríkisendurskoðunar 2007 á fundi og fengið ríkisendurskoðanda til fundar við sig.

Skýrslan er í senn starfsskýrsla til þingsins og samantekt á upplýsingum um þau mál sem stofnunin hefur fjallað um á árinu 2007 og telur rétt að kynna Alþingi.

Ríkisendurskoðun starfar á vegum Alþingis og endurskoðar ríkisreikning og reikninga þeirra aðila sem hafa með höndum rekstur og fjárvörslu á vegum ríkisins. Enn fremur annast stofnunin eftirlit með framkvæmd fjárlaga og er þingnefndum til aðstoðar við störf er varða fjárhagsmálefni ríkisins. Ríkisendurskoðun er sjálfstæð og óháð stofnun sem starfar í umboði Alþingis. Forsætisnefnd getur þó ýmist að eigin frumkvæði eða samkvæmt óskum þingmanna krafist skýrslna um einstök mál er falla undir starfsemi Ríkisendurskoðunar.

Eins og skýrslan ber með sér eru viðfangsefnin fjölbreytt. Stofnunin varði 57% allra virkra vinnustunda til fjárhagsendurskoðunar, 16% til stjórnsýsluendurskoðunar, 10% til innra eftirlits, 7% til endurskoðunar upplýsingakerfa, 10% til annarra verkefna, m.a. lögfræðilegra umsagna, gæðaeftirlits og aðstoðar við önnur svið stofnunarinnar.

Það er mikilvægt fyrir fjárlaganefnd og þingmenn að fá með skýrslu sem þessari innsýn í eftirlitsstarfsemi Ríkisendurskoðunar en slíkar upplýsingar eru til þess fallnar að styrkja það sjálfstæða eftirlitshlutverk sem Alþingi hefur gagnvart framkvæmdarvaldinu.

Alþingi, 19. maí 2008.

Gunnar Svavarsson, form., frsm.	Kristján Þór Júlíusson.	Guðbjartur Hannesson.
Jón Bjarnason.	Illugi Gunnarsson.	Bjarni Harðarson.
Ásta Möller.	Guðjón A. Kristjánsson.	Ármann Kr. Ólafsson.

Björk Guðjónsdóttir

1021. Nefndarálit [499. mál]

um till. til þál. um fullgildingu þriggja Haag-samninga á sviði réttarfars.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sigríði Eysteinsdóttur frá utanríkisráðuneyti, Gunnar Narfa Gunnarsson frá dómsmálaráðuneyti og Benedikt Bogason frá réttarfarsnefnd. Umsagna var leitað hjá nokkrum aðilum, en engar bárust.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar á þremur samningum á sviði réttarfars. Þeir varða einkamálaréttarfar, birtingu erlendis á réttarskjölum og utanréttarskjöl-

um í einkamálum og verslunarmálum og öflun sönnunargagna erlendis í einkamálum og verslunarmálum. Samningarnir þrír koma í stað samnings sem gerður var á vegum Haag-ráðstefnunnar um einkamálaréttarfar frá árinu 1905. Meginmarkmið þeirra er að efla samvinnu milli ríkja til að greiða fyrir rekstri dómsmála. Þannig verði rutt úr vegi hindrunum milli ríkja vegna ólíkra réttarkerfa og réttaröryggi eflt þegar dómsmál varða aðila og hagsmuni í fleiri ríkjum.

Nefndin vekur athygli á því að dómsmálaráðherra hefur lagt fram frumvarp til laga um breytingar á lögum um meðferð einkamála, en breytingarnar leiðir af samningunum þremur. Það frumvarp er nú til meðferðar í allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 19. maí 2008.

Bjarni Benediktsson, form., frsm.	Árni Páll Árnason.	Steingrímur J. Sigfússon.
Ragnheiður E. Árnadóttir.	Ásta R. Jóhannesdóttir.	Siv Friðleifsdóttir.
Guðfinna S. Bjarnadóttir.	Lúðvík Bergvinsson.	Kristinn H. Gunnarsson.
	Björk Guðjónsdóttir.	

1022. Nefndarálit [493. mál]

um till. til þál. um fullgildingu Palermó-samnings gegn fjölþjóðlegri skipulagðri glæpastarfsemi.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sigríði Eysteinsdóttur frá utanríkisráðuneyti, Gunnar Narfa Gunnarsson frá dómsmálaráðuneyti og Þorstein A. Jónsson frá refsiréttarnefnd. Umsögn barst um málið frá ríkissaksóknara.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar á samningi gegn fjölþjóðlegri skipulagðri glæpastarfsemi sem samþykktur var af allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í New York árið 2000. Megintilgangur samningsins er að stuðla að samvinnu milli ríkja með það að markmiði að berjast gegn fjölþjóðlegri skipulagðri glæpastarfsemi með skilvirkum hætti. Því er nauðsynlegt að draga úr mismun á réttarkerfum sem torveldar samstarf ríkja og gera lágmarkskröfur til landsréttar aðildarríkjanna til að efla alþjóðlegt samstarf. Meðal þess sem aðildarríki samningsins skuldbinda sig til að gera refsivert í landsrétti sínum er þátttaka í skipulögðum glæpasamtökum, þvætti ávinnings af glæp, spilling og hindrun á framgangi réttvísinnar.

Nefndin bendir á að þrjár bókanir hafa þegar verið gerðar við samninginn og unnið er að fullgildingu tveggja þeirra hér á landi. Nefndin leggur áherslu á að þeirri vinnu verði hraðað eftir megni til að styrkja framkvæmd samningsins.

Nefndin vekur athygli á því að dómsmálaráðherra hefur lagt fram frumvarp til laga um breytingar á almennum hegningarlögum, en breytingarnar sem lagðar eru til leiðir að hluta til af Palermó-samningnum. Það frumvarp er nú til meðferðar í allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 19. maí 2008.

Bjarni Benediktsson, form., frsm.	Árni Páll Árnason.	Steingrímur J. Sigfússon.
Ragnheiður E. Árnadóttir.	Ásta R. Jóhannesdóttir.	Siv Friðleifsdóttir.
Guðfinna S. Bjarnadóttir.	Lúðvík Bergvinsson.	Kristinn H. Gunnarsson.

1023. Nefndarálit [557. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/2007, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Högna S. Kristjánsson, Nínu Björk Jónsdóttur og Katrínu Einarsdóttur frá utanríkisráðuneyti og Hörpu Theodórsdóttur frá fjármálaráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/2007 frá 27. apríl 2007, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/46/EB frá 14. júní 2006 um breytingu á tilskipunum ráðsins 78/660/EBE um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð, 83/349/EBE um samstæðureikninga, 86/635/EBE um ársreikninga og samstæðureikninga banka og annarra fjármálastofnana og 91/674/EBE um ársreikninga og samstæðureikninga vátryggingafélaga.

Tilskipunin miðar að því að auka trúverðugleika á fjárhagsupplýsingum fyrirtækja, m.a. með því að lagðar eru auknar skyldur og aukin ábyrgð á stjórnarmenn félaga vegna reikningsskila og upplýsinga í ársreikningum.

Innleiðing tilskipunarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi. Stefnt er að því að frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga verði lagt fyrir haustþing 2008.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 19. maí 2008.

Bjarni Benediktsson, form., frsm.	Árni Páll Árnason.	Steingrímur J. Sigfússon.
Ragnheiður E. Árnadóttir.	Ásta R. Jóhannesdóttir.	Siv Friðleifsdóttir.
Guðfinna S. Bjarnadóttir.	Lúðvík Bergvinsson.	Kristinn H. Gunnarsson.

1024. Nefndarálit [558. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2007, um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn.

Frá meiri hluta utanríkismálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Högna S. Kristjánsson, Nínu Björk Jónsdóttur og Katrínu Einarsdóttur frá utanríkisráðuneyti og Lárus Ólafsson frá iðnaðarráðuneyti. Minnisblað barst um málið frá iðnaðarráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2007 frá 8. júní 2007 um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/89/EB frá 18. janúar 2006 um ráðstafanir til að tryggja öruggt framboð raforku og um fjárfestingar í grunnvirkjum.

Tilskipuninni er ætlað að mæla fyrir um aðgerðir til að tryggja öryggi í orkuöflun og fjárfestingum í flutningi og dreifingu á raforku. Hún leggur áherslu á nauðsyn þess að tryggja jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar raforku og leggur skyldur á aðila til að tryggja setningu og staðfestingu viðbragðsáætlana og þess að gripið verði til aðgerða til að mæta frávikum í raforkukerfinu.

Innleiðing tilskipunarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi. Við meðferð málsins í nefndinni komu fram athugasemdir um að ekki lægi fyrir hversu ítarlegar breytingar þyrfti að gera á raforkulögum, nr. 65/2003, og hugsanlega reglugerð um framkvæmd raforkulaga, nr. 1040/2005, vegna innleiðingar tilskipunarinnar. Með vísan til mikilvægis þess að upplýsingar um áhrif tilskipana lægju fyrir áður en stjórnskipulegum fyrirvara væri aflétt af ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar óskaði nefndin eftir því við iðnaðarráðuneyti að meginákrifum tilskipunarinnar á íslenskt lagaumhverfi og markað væri lýst og þau greind. Í svari iðnaðarráðuneytis kom fram að innleiðingin kallaði á endurmat á löggjöf til að tryggja afhendingaröryggi raforku. Meðal þess sem taka þyrfti til athugunar væri hvernig skyldur að þessu leyti væru lagðar á flutningsaðila eða framleiðendur. Þá þyrfti að taka afstöðu til úrvinnslu þátta á borð við raforkuframleiðslu vegna jöfnunarorku, hömlur í orkusölusamn-

ingum um að selja raforku áfram og fjárfestingarmöguleika flutningsfyrirtækja. Meiri hlutinn telur þessar upplýsingar fullnægjandi og leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Bjarni Benediktsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 19. maí 2008.

Árni Páll Árnason, form., frsm.	Ragnheiður E. Árnadóttir.	Ásta R. Jóhannesdóttir.
Siv Friðleifsdóttir.	Guðfinna S. Bjarnadóttir.	Lúðvík Bergvinsson.

Kristinn H. Gunnarsson.

1025. Nefndarálit [521. mál]

um frv. til l. um breyt. á ýmsum l. vegna breytts fyrirkomulags á skráningu og þinglýsingu skipa.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur frá samgönguráðuneytinu. Umsagnir um málið bárust frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Samtökum fjármálafyrirtækja, Siglingastofnun Íslands og Fasteignamati ríkisins.

Með frumvarpinu er lagt til að tekinn verði upp samræmdur þinglýsingargagnagrunnur fyrir skip í þinglýsingarkerfi Landskrár fasteigna hjá Fasteignamati ríkisins með það að markmiði m.a. að tryggja samræmi milli aðalskipaskrár og þinglýstra heimilda um skip. Þá er einnig lagt til að í samræmi við alþjóðasamþykkt um mælingu skipa verði skip framvegis mæld í brúttótonnum í stað brúttórúmlesta.

Á fundum nefndarinnar komu fram upplýsingar um að það er til mikillar einföldunar og tímasparnaðar við framkvæmd þinglýsinga að taka upp samræmdan þinglýsingargrunn auk þess sem það eykur öryggi gagna að unnt sé að senda þau rafrænt milli embætta.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Karl V. Matthíasson og Ólöf Nordal voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. maí 2008.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, form., frsm.	Herdís Þórðardóttir.	Álfheiður Ingadóttir, með fyrirvara.
Árni Johnsen.	Valgerður Sverrisdóttir.	Ármann Kr. Ólafsson.

Guðjón A. Kristjánsson.

1026. Nefndarálit [477. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Umsagnir bárust frá Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Skotveiðifélagi Íslands og Félagi leiðsögumanna með hreindýraveiðum.

Í 1. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á gjaldi fyrir veiðikort úr 2.200 kr. í 3.500 kr. fyrir hvert veiðiár. Enn fremur er að finna nýmæli þess efnis að sé veiðiskýrslu ekki skilað inn fyrir ákveðin tímamörk komi til hækkunar gjalds fyrir veiðikort í 5.000 kr. Líkt og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið hefur gjaldið ekki hækkað frá árinu 2003 og þar af leiðandi ekki fylgt verðlagsþróun undanfarin fimm ár. Nefndin telur að sú hækkun sem frumvarpið gerir ráð fyrir sé tímabær, ekki síst í ljósi þess að gjaldinu er ætlað að standa undir kostnaði við rannsóknir á stjórn á friðun og veiðum villtra dýra og fugla. Enn fremur telur nefndin að mikilvægt sé að tryggja með sem bestum hætti að veiðikortshafi skili inn veiðiskýrslu enda hafa þær að geyma upplýsingar sem skapa grundvöll rannsókna á ástandi og stofnstærð villtra fugla og dýra. Sú hækkun á gjaldi fyrir veiðikort sem frumvarpið kveður á um, sé veiðiskýrslu ekki skilað á réttum tíma, mun að áliti nefndarinnar hvetja veiðikortshafa til að skila inn veiðiskýrslum og þannig fáist réttari mynd af ástandi og stofnstærð viðkomandi dýrategunda. Álítur nefndin að með endurskoðun gjaldsins og tryggari skilum veiðiskýrslna séu stoðir þessa rannsóknastarfs styrktar.

Í 2. gr. frumvarpsins er kveðið á um rétt Umhverfisstofnunar til að halda námskeið fyrir þá sem vilja gerast leiðsögumenn með hreindýraveiðum og til að innheimta gjald til að standa straum af kostnaði við slík námskeið. Ekki eru gerðar athugasemdir við þær breytingar sem frumvarpið kveður á um í umsögnum. Aftur á móti koma þar fram nýjar tillögur um hvað betur mætti fara í þessum efnum. Vill nefndin árétta að tímabært sé, í ljósi tíðra breytinga á lögum nr. 64/1994, að fram fari heildarendurskoðun á þeim. Er það álit nefndarinnar að tillögur umsagnaraðila eigi betur heima við slíka endurskoðun.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Kolbrún Halldórsdóttir og Árni Þór Sigurðsson skrifa undir álit þetta með fyrirvara er lýtur að endurskoðun laga nr. 64/1994.

Kristinn H. Gunnarsson sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 19. maí 2008.

Helgi Hjörvar, form., frsm.	Kjartan Ólafsson.	Kolbrún Halldórsdóttir, með fyrirvara.
Illugi Gunnarsson.	Katrín Júlíusdóttir.	Höskuldur Þórhallsson.
Guðfinna S. Bjarnadóttir.	Ólöf Nordal.	Árni Þór Sigurðsson, með fyrirvara.

1027. Svar [583. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Guðnýjar Hrundar Karlsdóttur um opinber störf á landsbyggðinni.

1. *Hversu mörg opinber störf hafa flust út á landsbyggðina á kjörtímabilinu?*
2. *Hversu mörg opinber störf hafa flust frá landsbyggðinni á sama tíma?*

Til að afla svara við 1. og 2. lið fyrirspurnarinnar var óskað eftir upplýsingum frá Fjársýslu ríkisins og Hagstofu Íslands. Í svörum beggja stofnana kom fram að þær búa ekki yfir upplýsingum um það hversu mörg opinber störf hafa flust út á landsbyggðina á kjörtímabilinu. Þá liggja ekki heldur fyrir opinberar upplýsingar hjá þessum stofnunum um það hversu mörg opinber störf hafa flust frá landsbyggðinni á kjörtímabilinu.

Í ljósi þessa var Byggðastofnun falið að kanna hvort atvinnuþróunarfélögin gætu aðstoðað við að afla upplýsinga vegna 1. og 2. liðar fyrirspurnarinnar. Félögin brugðust vel við og öfluðu upplýsinga hvert á sínu svæði.

Taka ber fram að atvinnuþróunarfélögin notuðu ekki að öllu leyti sambærilegar aðferðir við öflun upplýsinganna. Því verður að taka svörunum með nokkrum fyrirvara. Eigi að síður gefa svörin vísbendingu um hver þróunin er. Ástæða er einnig til að benda á að sá tími sem er til athugunar er aðeins 12 mánuðir en miðað er við tímabilið 1. maí 2007 til 1. maí 2008.

Svæði	Fjölgun opinberra starfa	Fækkun opinberra starfa	Breyting
Reykjanes	7	0	7
Vesturland	11	6	5
Vestfirðir	30	0	30
Norðurland vestra	4	0	4
Eyjafjörður	20	0	20
Þingeyjarsýslur	3	8	–5
Austurland	15	2	13
Suðurland	11	0	11
Samtals	**101**	**16**	**85**

3. *Hvað líður undirbúningi að því að koma á störfum án staðsetningar?*

Sérstakur starfshópur, skipaður tveimur fulltrúum iðnaðarráðherra og tveimur fulltrúum fjármálaráðherra, hefur undanfarnar vikur unnið að tillögum að útfærslu á verkefninu störf án staðsetningar. Ljóst er að mörg störf má vinna óháð staðsetningu svo framarlega sem góð fjarskipti séu fyrir hendi. Það er eindreginn vilji stjórnvalda að sem flest slík störf standi fólki til boða sem búsett er á landsbyggðinni.

Það sem nú er til umræðu í nefndinni er meðal annars að:

1. Við allar ráðningar hjá ríkinu verði framvegis vegið og metið hvort vinna megi viðkomandi starf óháð staðsetningu í samræmi við yfirlýstan vilja ríkisstjórnarinnar. Stjórnendur þurfi á hverjum tíma að rökstyðja ef þeir telja að ekki sé hægt að skilgreina auglýst starf sem óháð staðsetningu.
2. Ráðist verði í þróunarverkefni þar sem þeir kostir og gallar sem fylgja fjarvinnu verði kortlagðir með það í huga að sníða vankantana af, nýta sem best kostina og auka tiltrú á fyrirkomulaginu. Að verkefninu komi iðnaðarráðuneyti, utanríkisráðuneyti, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti og stofnanir á þeirra vegum.

3. Við ráðningu í störf óháð staðsetningu geti stjórnendur sett fyrirvara, t.d. um lengri reynslutíma eða um rétt til að endurskoða fyrirkomulagið reynist fjarvinnuformið ganga illa eða breytingar verða á eðli starfsins.
4. Störf óháð staðsetningu verði í fyrstu atrennu auglýst sem störf sem inna þurfi af hendi á starfssvæði Byggðastofnunar.
5. Þeim störfum/starfsmönnum sem eru hluti af reynsluverkefninu verði beint inn í þekkingarsetur eða sams konar aðstöðu á hverjum stað með það í huga að skapa þar „krítíska massa“ þekkingarstarfa. Þessi hluti verkefnisins verði unninn í nánu samráði við viðkomandi sveitarfélög.

Starfshópurinn er nú að fara yfir ýmis álitamál sem upp kynnu að koma yrði framangreindri meginstefnu hrint í framkvæmd og meta lagalegar hliðar málsins. Starfshópurinn mun skila niðurstöðum sínum á næstu vikum.

Óhjákvæmilegt verður að telja að lagt verði fram frumvarp til laga um störf óháð staðsetningu á 136. löggjafarþingi þannig að fram geti farið umræða á Alþingi um málefnið.

1028. Svar [596. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Marðar Árnasonar um meðferð hælisumsóknar.

1. *Hvaða breytingar telur ráðherra nauðsynlegar á meðferð hælisumsóknar í Útlendingastofnun í ljósi dóms Héraðsdóms Reykjavíkur 15. apríl sl. í máli hælisleitanda, einkum á rannsókn aðstæðna sem umsækjandi ber fyrir sig?*
2. *Hvaða breytingar telur ráðherra í ljósi dómsins nauðsynlegar á meðferð kærumáls vegna synjaðrar hælisumsóknar í dómsmálaráðuneytinu, einkum á rannsókn aðstæðna sem umsækjandi ber fyrir sig?*

Tekin hefur verið ákvörðun um áfrýjun dóms héraðsdóms í máli þessu til Hæstaréttar. Í því ljósi er ótímabært að draga ályktanir um nauðsyn breytinga af máli þessu.

3. *Telur ráðherra að við meðferð slíkra mála eigi að meta vafa hælisleitanda í hag þegar rannsókn leiðir ekki í ljós bresti í framburði hans?*

Almennt verður að meta vafa í málum hælisleitenda þeim í hag ef rannsókn leiðir ekki í ljós neina bresti í framburðinum. Rétt er þó að halda því til haga að hér er um ákaflega margbrotin mál að ræða og sönnunarstaða mjög ólík í einstökum málum. Ekki er heldur sjálfgefið að rangur framburður um eitthvert afmarkað atriði leiði til þess að framburður í heild verði metinn ótrúverðugur.

1029. Svar [597. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Marðar Árnasonar um framkvæmd Dyflinnarsamningsins á Íslandi.

Ráðuneytið fór þess á leit við Útlendingastofnun að hún tæki saman svör við 1.–4. spurningu. Eftirfarandi eru svör stofnunarinnar auk svara ráðuneytisins við 5. og 6. spurningu:

1. *Hvað voru margir hælisleitendur á Íslandi frá þriðja ríki sendir til aðildarríkis árin 2003–2007 samkvæmt Dyflinnarsamningnum frá 2001 og viðkomandi EB-reglugerðum frá 2003, í heild og á hverju ári?*

Samtals voru 73 hælisleitendur frá þriðja ríki sendir til aðildarríkis Dyflinnarsamningsins á árunum 2003–2007. Þeir voru 18 talsins árið 2003, 8 árið 2004, 21 árið 2005, 10 árið 2006 og 16 árið 2007.

2. *Á móti hversu mörgum hælisleitendum frá þriðja ríki tóku íslensk yfirvöld á grundvelli samningsins og reglugerðanna árin 2003–2007, í heild og á hverju ári?*

Íslensk yfirvöld tóku við 3–5 hælisleitendum frá aðildarríkjum Dyflinnarsamningsins á árunum 2003–2007 en mjög fáar slíkar beiðnir berast á ári hverju. Ekki er þó hægt að segja nákvæmlega til um fjölda þeirra sem tekið hefur verið við sökum breytinga á skráningakerfi stofnunarinnar í hælismálum á tímabilinu sem um ræðir og því eru ekki nákvæmar upplýsingar fyrir hendi. Árið 2005 voru þeir tveir, enginn árið 2006 og einn árið 2007.

3. *Hversu oft hafa íslensk stjórnvöld ákveðið að senda hælisleitanda frá þriðja ríki ekki til aðildarríkis þótt líklegt mætti telja að það hefði verið heimilt, í heild og á hverju ári?*

Það hefur ekki komið til þess að Útlendingastofnun hafi ákveðið að senda hælisleitanda frá þriðja ríki ekki til annars aðildarríkis samkvæmt Dyflinnarreglugerðinni þegar það hefur verið heimilt.

4. *Hversu langan tíma tekur rannsókn á grundvelli samningsins og reglugerðanna að jafnaði?*

Að jafnaði tekur rannsókn á grundvelli Dyflinnarreglugerðarinnar áður en endanleg ákvörðun liggur fyrir um 2–12 vikur. Þetta getur þó dregist og fer það mjög eftir umfangi hvers máls fyrir sig ásamt því að svarfrestur ríkja um endurviðtöku er mismunandi á grundvelli ákvæða samningsins.

5. *Telur ráðherra réttlætanlegt að endursenda hælisleitanda frá þriðja ríki til aðildarríkis Dyflinnarsamningsins ef líkur eru til þess að hann verði settur þar í varðhald meðan fjallað er um hælisumsókn hans?*

Í þeim ríkjum sem þátt taka í Dyflinnarsamstarfinu eru ekki samræmdar reglur um það að hvaða marki er unnt að skerða frelsi hælisleitenda. Þau Vestur-Evrópuríki sem eiga aðild að þessu samstarfi þurfa því að treysta hvert á annars réttarkerfi. Ekki hefur verið litið svo á að það komi í veg fyrir að unnt sé að senda hælisleitendur frá einu ríki til annars að til greina geti komið að setja þá þar í varðhald af einhverjum ástæðum á meðan um mál þeirra er fjallað.

6. *Telur ráðherra réttlætanlegt að endursenda hælisleitanda frá þriðja ríki til aðildarríkis Dyflinnarsamningsins ef líkur eru til þess að ekki verði þar fjallað efnislega um hælisumsókn hans?*

Þeim reglum sem gilda í samstarfinu er ætlað að koma í veg fyrir að þessi staða komi upp. Í framkvæmd hafa komið upp vandkvæði varðandi endursendingar til Grikklands, þar sem þarlendar reglur hafa ekki verið taldar tryggja hælisleitendum efnismeðferð um hælisbeiðni sína eftir að þangað væri komið. Það er stefna ráðuneytisins, eins og annarra norrænna yfirvalda í þessum málaflokki, að senda ekki hælisleitendur til ríkja þar sem ekki er tryggt að fjallað verði efnislega um hælisumsókn þeirra.

1030. Svar [501. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Bjarna Harðarsonar um skattlagningu á starf björgunarsveita.

1. *Hverjar voru tekjur ríkissjóðs árið 2007 af beinni og óbeinni skattlagningu á starf björgunarsveita í landinu?*

Ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um það hverjar séu árlegar tekjur ríkissjóðs af starfi björgunarsveita í landinu.

2. *Eru áform um breytingar á því fyrirkomulagi að björgunarsveitir verða að greiða umtalsverðar fjárhæðir í gjöld af eldsneyti þegar farið er í útköll, staðgreiðslu af launum björgunarsveitarmanna þegar þeir sinna launuðum verkefnum í fjáröflunarskyni og virðisaukaskatt af rekstrarkostnaði sínum?*

Víða í lögum er að finna sértækar undanþágur á skattskyldu vegna starfsemi björgunarsveita, svo sem á sviði olíugjalds, vörugjalds, virðisaukaskatts og tekjuskatts, sbr. eftirfarandi:

- Ökutæki þau sem ætluð eru fyrir starfsemi björgunarsveita eru undanþegin vörugjaldi. Skilyrði er að fyrir liggi staðfesting landssamtaka björgunarsveita að viðkomandi ökutæki verði einungis notuð í þágu björgunarsveita, sbr. m-lið 1. tölul. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl.
- Olíufélögum er heimilt að selja eða afhenda dísilolíu án innheimtu olíugjalds til nota á bifreiðar í eigu björgunarsveita, sbr. 9. tölul. 4. gr. laga nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald. Er hér um að ræða svokallaða „litaða“ gjaldfrjálsa olíu.
- Bifreiðar í eigu björgunarsveita eru undanþegnar bifreiðagjaldi, sbr. b-lið 1. mgr. 4. gr. laga nr. 39/1988, um bifreiðagjald.
- Björgunarsveitir eru undanþegnar greiðslu tekjuskatts, sbr. 4. og 5. tölul. 4. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.
- Endurgreiða skal virðisaukaskatt af innflutningi eða kaupum á ökutækjum sem ætluð eru fyrir starfsemi björgunarsveita, enda liggi fyrir staðfesting landssamtaka björgunarsveita á því að viðkomandi ökutæki verði einungis notað í þágu björgunarsveita, sbr. 8. mgr. 42. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.
- Endurgreiða skal toll af björgunarbúnaði og björgunartækjum liggi fyrir staðfesting landssamtaka björgunarsveita um að viðkomandi ökutæki verði einungis notað í þágu björgunarsveita, sbr. 12. tölul. 1. mgr. 7. gr. tollalaga, nr. 88/2005.

- Í 4. tölul. 12. gr. reglugerðar nr. 248/1990, um virðisaukaskatt af skattskyldri starfsemi opinberra aðila, segir að endurgreiða skuli sveitarfélögum og ríkisstofnunum virðisaukaskatt sem þau greiða við kaup á björgunarstörfum og öryggisgæslu vegna náttúruhamfara og almannavarna.
- Dráttur á skipum og björgun skipa, millilandafara, er undanþeginn skattskyldri veltu, sbr. 5. tölul. 1. mgr. 12. gr. laga um virðisaukaskatt.
- Rekstur björgunarskóla Landsbjargar er undanþeginn virðisaukaskattsskyldu og fellur undir 3. tölul. 3. mgr. 2. gr. laga um virðisaukaskatt, sbr. ákvarðandi bréf ríkisskattstjóra 698/95.

Af framangreindum undanþágum má leiða að tekjur ríkisins af starfsemi björgunarsveita, í formi skattlagningar, eru takmarkaðar. Ekki eru að svo stöddu uppi áform um að lögfesta frekari undanþágur í skattlagningu björgunarsveita.

1031. Svar [404. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Ármanns Kr. Ólafssonar um aðgerðir gegn skattsvikum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur tillögum í skýrslu starfshóps um umfang skattsvika á Íslandi verið fylgt eftir frá því að þáverandi fjármálaráðherra kynnti Alþingi skýrsluna í febrúar 2005?

Í maí 2002 samþykkti Alþingi að fela fjármálaráðherra að láta gera úttekt á umfangi skattsvika, skattsniðgöngu og dulinni efnahagsstarfsemi. Í því skyni skipaði þáverandi fjármálaráðherra þriggja manna starfshóp til að gera umrædda úttekt, en í hópnum sátu tollstjórinn í Reykjavík, sem jafnframt var formaður, ríkisskattstjóri og skattrannsóknarstjóri. Úttektin var lögð fram á Alþingi hinn 10. desember 2004 og innihald hennar síðan kynnt af fjármálaráðherra 3. febrúar 2005.

Í skýrslu „skattsvikanefndar“ er að finna margvíslegar hugmyndir um aðgerðir til að sporna við skattsvikum. Þar segir meðal annars: „Ljóst er að ýmsar þær skattsvikaleiðir sem notaðar eru byggjast á möguleikum sem rekja má til tiltekinna veikleika í skattalöggjöfinni. Þarf því að endurmeta sum ákvæði núgildandi laga sem og að íhuga viðbætur við þau í ljósi þeirrar þróunar sem orðin er. Má í því efni m.a. byggja á tillögum, hugmyndum og tilmælum sem fram hafa komið á alþjóðavettvangi í tengslum við skaðlega skattastarfsemi og taka mið af löggjöf nágrannaþjóða okkar sem brugðist hafa við skattsvikahættu með ýmsum hætti og verið betur á varðbergi gagnvart skattsvikaleiðum við gerð löggjafar sinnar.“ Vísar nefndin þar meðal annars til þess starfs sem unnið hefur verið á vegum OECD.

Hér á eftir er fjallað um helstu tillögur nefndarinnar og viðbrögð fjármálaráðherra við þeim.

1. CFC-löggjöf.

Nefndin taldi að hraða þyrfti setningu svokallaðrar CFC-ákvæða (Controlled Foreign Companies) í íslensk skattalög. Slík löggjöf felur það í sér að ef innlent fyrirtæki á ráðandi eignarhlut í fyrirtæki sem staðsett er í ríki eða svæði þar sem skattlagning fyrirtækja er verulega lægri en hér á landi, þá megi skattleggja þær tekjur sem myndast í erlenda dótturfyrirtækinu með tekjum móðurfélagsins hér á landi.

Viðbrögð. Þessi tillaga var tekin til skoðunar í ráðuneytinu, m.a. í óformlegum starfshópi, í framhaldi af tillögum nefndarinnar. Niðurstaða þeirrar skoðunar varð hins vegar sú að ekki bæri brýna nauðsyn til að innleiða slíkar reglur í íslenskan skattarétt, í ljósi þess hversu lágt tekjuskattshlutfall fyrirtækja er hér á landi samanborið við okkar helstu samkeppnisþjóðir.

2. Skattur á vexti úr landi.

Nefndin benti á að Ísland væri eitt örfárra landa sem ekki leggja skatt á vexti sem greiddir eru úr landi sem væri í ósamræmi við skattlagningu vaxta hjá innlendum aðilum. Í skýrslunni er bent á að viss rök hafi verið fyrir þessu fyrirkomulagi á þeim tíma þegar vextir hér voru neikvæðir og skattfrjálsir hjá mönnum hér á landi af þeim ástæðum.

Viðbrögð. Hér þarf að hafa í huga að vextir greiddir einstaklingum voru skattfrjálsir fyrir upptöku fjármagnstekjuskattsins 1997. Við vinnslu á þeim lögum var mikið rætt um skattalega meðferð vaxta sem greiddir væru aðilum, jafnt einstaklingum sem fyrirtækjum, með skattalegt heimilisfesti erlendis, sem voru undanþegnir skattskyldu vaxta fyrir samþykkt laganna. Hin pólitíska niðurstaða varð sú að ekki væri skynsamlegt að hrófla við því skattfrelsi, m.a. vegna þess að slíkt kynni að leiða til verri samningsstöðu íslenskra fyrirtækja við lántökur á erlendum mörkuðum. Þau rök eiga kannski ekki síður við í dag en þá, a.m.k. varðandi fyrirtækin.

3. Aðgangur að upplýsingum banka.

Í tillögum nefndarinnar segir að tímabært sé að leiða í lög afdráttarlaus ákvæði um skyldu banka og fjármálastofnana til að láta skattyfirvöldum í té allar upplýsingar þeirra um eignir og tekjur viðskiptavina bankans og þeirra sem þeir annast einhvers konar fjársýslu fyrir.

Viðbrögð. Skv. 94. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, er öllum aðilum, bæði framtalsskyldum og öðrum, skylt að láta skattyfirvöldum í té ókeypis og í því formi sem óskað er, allar nauðsynlegar upplýsingar og gögn er þau beiðast og unnt er að láta þeim í té. Skiptir ekki máli í því sambandi hvort upplýsingarnar varða þann aðila sem beiðninni er beint til eða þau skipti annarra aðila við hann er hann getur veitt upplýsingar um og varða skattlagningu þeirra aðila eða eftirlit með eða rannsókn á henni. Með skattyfirvöldum í þessari grein er átt við skattstjóra, skattrannsóknarstjóra ríkisins og ríkisskattstjóra. Þar eru bankar og fjármálastofnanir ekki undanskildar. Má þar í því sambandi benda á dóm Hæstaréttar í máli nr. 345/2006 þar sem upplýsingaskylda viðskiptabanka er ótvírætt staðfest.

Þessi upplýsingagjöf gerist hins vegar ekki sjálfkrafa heldur verða skattyfirvöld að eiga frumkvæði að því að biðja sérstaklega um slíkar upplýsingar í tilviki hvers viðskiptavinar, ólíkt því sem gildir annars staðar á Norðurlöndum þar sem upplýsingarnar berast frá bönkunum sjálfvirkt. Engar breytingar hafa verið gerðar eða eru fyrirhugaðar á þessu lagaumhverfi að stöddu, en benda má að á síðustu árum hefur það færst í vöxt að bankarnir sendi umræddar upplýsingar til skattyfirvalda samkvæmt beiðni viðskiptavina sinna, á grundvelli samkomulags sem skattyfirvöld hafa gert við þá. Að mati fjármálaráðherra er það sú leið sem eðlilegt er að fara í þessum efnum.

4. Frestun á skattlagningu söluhagnaðar af hlutabréfum.

Nefndin gagnrýnir harðlega í skýrslu sinni ákvæði tekjuskattslaganna sem heimila frestun á skattlagningu söluhagnaðar af hlutabréfum í eigu lögaðila í allt að tvö ár, sem hún telur að skapi möguleika til skattundandráttar með fjárfestingum erlendis. Telur nefndin það forgangsverkefni í aðgerðum til að draga úr skattsvikum að endurskoða þetta ákvæði.

Viðbrögð. Samþykkt hefur verið á Alþingi frumvarp um endurskoðun á umræddum ákvæðum tekjuskattslaganna er varða skattalega meðferð hagnaðar af sölu hlutabréfa í þá veru að slíkur hagnaður verði skattfrjáls í hendi lögaðila með takmarkaða ábyrgð þó þannig að ekki má mynda yfirfæranlegt rekstrartap vegna þess skattfrelsis á því rekstrarári þegar söluhagnaður myndast. Jafnframt þarf að jafna út rekstrartap vegna fyrri ára ef það er til staðar áður en til skattfrelsis þessa söluhagnaðar kemur.

5. Styrkja ákvæði laga um tekju- og eignarskatt um skattsniðgöngu.

Í einni af tillögum nefndarinnar segir að ákvæði 57. gr. laga nr. 90/2003 „mætti vera skýrari og taka beri af öll tvímæli um að í skattalegu tilliti beri að taka efni gjörninga umfram form þeirra. Enn fremur ætti að athuga að fella niður 2. málsl. 2. mgr. greinarinnar sem kveður á um skattlagningu mismunar á undirverði og markaðsverði þess sem nýtur.“

Viðbrögð. 57. gr. tekjuskattslaganna er svohljóðandi:

„Ef skattaðilar semja um skipti sín í fjármálum á hátt sem er verulega frábrugðinn því sem almennt gerist í slíkum viðskiptum skulu verðmæti, sem án slíkra samninga hefðu runnið til annars skattaðilans en gera það ekki vegna samningsins, teljast honum til tekna.

Kaupi skattaðili eign á óeðlilega háu verði eða selji eign á óeðlilega lágu verði geta skattyfirvöld metið hvað telja skuli eðlilegt kaup- og söluverð. Mismun kaupverðs eða söluverðs annars vegar og matsverðs hins vegar skal telja til skattskyldra tekna hjá þeim aðila sem slíkra viðskipta nýtur.“

Greinin veitir skattyfirvöldum heimild til að bregðast við óeðlilegum viðskiptaháttum milli skattaðila, ekki síst þegar um tengda aðila er að ræða. Fullyrða má að gagnsemi skattyfirvalda af þessu ákvæði hafi verið viðunandi á undanförnum árum, en með aukinni útrás íslenskra fyrirtækja hefur sannarlega skapast þörf til að byggja frekar undir þau almennu ákvæði sem er að finna í 57. gr. eins og aðrar þjóðir hafa verið að gera með setningu sérstaks regluverks kringum milliverðlagningu. Í fjármálaráðuneytinu er verið að vinna að sérstakri úttekt í þessum reglum og er miðað við að í haust liggi fyrir skýrsla ásamt tillögum um hvert eigi að vera næsta skref í þessum efnum.

6. Ákvæði um lága eiginfjármögnun.

Hér leggur nefndin til að sett verði ákvæði sem takmarki heimild til að draga vaxtagjöld frá tekjum þegar um er að ræða arðgreiðslu ef lánveitandinn er jafnframt hluthafi í rekstrinum.

Viðbrögð. Þessi tillaga er af svipuðum toga og sú um skattsniðgönguna hér að framan og í raun hluti af þeirri endurskoðun sem nú er unnið að í ráðuneytinu á 57. gr. tekjuskattslaganna.

7. Upplýsingaskylda fjármálastofnana, verðbréfaskráningar og -miðlunar.

Með þessari tillögu áréttar nefndin það sem þegar er fram komið í tillögu 3 hér að framan og þegar hefur verið gerð grein fyrir.

8. Skattgreiðsluábyrgð ráðandi eigenda og stjórnenda.

Í þessari tillögu felst að lögfesta eigi ríkari kröfur um ábyrgð eigenda og stjórnenda á skattgreiðslum og kveða á um tryggingar á skattgreiðslum, t.d. varðandi staðgreiðslu af launum eigenda og stjórnenda.

Viðbrögð. Hér er sérstaklega verið að vísa til einkahlutafélaga í eigu eins eða fárra einstaklinga þar sem kröfur um hlutafé og form eru litlar. Dæmi séu um að slík félög séu rekin

án þess að standa skil á sköttum, þar á meðal á staðgreiðslu af launum eigandans, en skv. 7. gr. tekjuskattslaganna ber manni, sem vinnur við eigin atvinnurekstur þar sem hann er ráðandi aðili vegna eignar- eða stjórnunaraðildar, að reikna sér laun.

Á vegum embættis ríkisskattstjóra er nú unnið að sérstöku átaki varðandi eftirlit og eftirfylgni með reiknuðum launum. Það átak byggist meðal annars á skýrslum starfshópa sem fjármálaráðuneytið skipaði til að gera úttekt á þessu sviði. Jafnframt mun fjármálaráðuneytið í samvinnu við embætti ríkisskattstjóra vinna að tillögum um nauðsynlegar breytingar á lagaumgjörðinni hvað reiknuðu launin varðar í ljósi þeirrar reynslu sem af átakinu leiðir.

9. Fyrning skattsvika.

Í skýrslunni bendir nefndin á að heimildir skattyfirvalda til endurákvörðunar á sköttum séu takmarkaðar við að ekki séu meira en sex ár liðin frá því tekjuári sem um ræðir. Oft séu mál mjög flókin og umfangsmikil og því erfitt um vik með svo þröngan tímaramma.

Viðbrögð. Í lok árs 2004 var samþykkt sú breyting á skattalögum að fyrningarfrestur skattyfirvalda til endurákvörðunar miðist ekki við tekjuárið heldur upphaf rannsóknar, sem er liður í að víkka tímaramma skattyfirvalda til endurákvarðana til muna í umfangsmestu málunum.

10. Skylda fjármálastofnana, endurskoðenda og ráðgjafarfyrirtækja til að halda skrá yfir viðskiptavini og gera hana aðgengilega fyrir skattyfirvöld.

Í tillögu sinni vísar nefndin til aðferða bandarískra skattyfirvalda (IRS) sem gera þá kröfu að þeir aðilar sem veiti ráðgjöf eða fyrirgreiðslu um stofnun félaga eða fjármálaþjónustu utan Bandaríkjanna haldi sérstaka skrá um viðskiptavini sína.

Viðbrögð. Í þessu sambandi er rétt að benda á að undanfarin missiri hefur verið að störfum sérstakur starfshópur á vegum viðskiptaráðherra sem hefur það hlutverk að fylgja eftir athugasemdum alþjóðlegrar stofnunar sem hefur eftirlit með peningaþvætti (FATF) varðandi ýmsa þætti sem betur mega fara hérlendis. Þetta er eitt þeirra atriða sem starfshópurinn er að skoða.

11. Auðkenning og skráning erlendra aðila (TIN-númer).

Tengist tillögu 10 hér að framan.

Viðbrögð. Þessi tillaga er einnig í skoðun hjá fyrrgreindum starfshópi sem er að skoða leiðir í baráttunni gegn peningaþvætti. Hin víðtæka kennitölunotkun sem tíðkast hérlendis, m.a. í bankakerfinu, ætti einnig að virka sem ákveðin vörn að þessu leyti.

12. Upplýsingar í ársreikningum um greiðslur til stjórnenda, eigenda og tengdra aðila.

Hér leggur nefndin til að kannað verði hvort ekki sé rétt að gera auknar kröfur um að í ársreikningum félaga verði gerð grein fyrir öllum greiðslum og samskiptum félagsins við eigendur og stjórnendur, svo og samantekt á öllum greiðslum til eða frá öðrum löndum.

Viðbrögð. Eftir nánari skoðun á þessari tillögu er niðurstaða ráðuneytisins sú að ákvæði varðandi upplýsingagjöf af því tagi sem hér um ræðir eigi fremur heima í lögum um tekjuskatt en ársreikningalögunum, enda verið að biðja um þessar upplýsingar í skattalegum tilgangi. Er sú útfærsla nú til frekari skoðunar hjá sérfræðingum ráðuneytisins. Á hinn bóginn er einnig rétt að benda á að samkvæmt ársreikningalögunum þurfa skráð félög og „stór“ félag að veita upplýsingar um margvíslegan starfsmannakostnað sem einnig ættu að koma að gagni í þessu tilliti.

13. Staða og ábyrgð endurskoðenda.

Í skýrslu sinni bendir nefndin á að framkvæmdastjórn ESB hafi lagt fram tillögu að breyttri 8. félagaréttartilskipun ESB, en í henni sé að finna verulegar breytingar hvað varðar störf endurskoðenda, m.a. um sjálfstæði þeirra, skil milli ráðgjafar og endurskoðunar, svo og ráðstafanir til að skilgreina faglegt siðferði endurskoðenda. Leggur nefndin áherslu á að þessi tilskipun verði lögleidd án tilslakana á kröfum í þessum efnum, samhliða því að æskilegt sé að gera frekari ráðstafanir til að auka ábyrgð endurskoðenda á reikningum og skattskilum sem þeir vinna.

Viðbrögð. Nú liggur fyrir Alþingi frumvarp til laga um heildarendurskoðun á lögum um endurskoðendur, þar á meðal innleiðingu á 8. félagaréttartilskipun ESB, sem gert er ráð fyrir að samþykkt verði á yfirstandandi þingi. Áfram er unnið að nauðsynlegum breytingum á lögum um ársreikninga til samræmis við þá tilskipun og önnur atriði sem nauðsynlegt er að styrkja í lögunum.

14. Virkari upplýsingaskipti milli landa.

Í skýrslunni leggur nefndin til að íslensk skattyfirvöld taki upp virkari upplýsingaskipti á grundvelli tvísköttunarsamninga og annarra samninga um sama efni.

Viðbrögð. Í öllum þeim tvísköttunarsamningum sem Ísland hefur gert er að finna ákvæði um gagnkvæm upplýsingaskipti, en þeir samningar eru að nálgast fjórða tuginn. Tillagan sem slík varðar fyrst og fremst skattframkvæmd, en mikið átak hefur verið gert á þessu sviði hjá embætti ríkisskattstjóra síðustu missirin.

15. Gerð samninga um upplýsingaskipti.

Í þessari tillögu felst að gerðir séu sérstakir upplýsingaskiptasamningar við önnur ríki en þau sem þegar hafa verið gerðir tvísköttunarsamningar við og er þar einkum horft til svokallaðra skattavinja, eins og Bermúda, Ermarsundseyjanna o.fl.

Viðbrögð. Á síðasta ári samþykkti ráðherranefnd Norðurlandanna að ráðist yrði í sameiginlegt norrænt verkefni á þessu sviði sem þegar hefur skilað góðum árangri. Þegar hefur verið skrifað undir upplýsingaskiptasamning við eyjuna Mön og fyrir liggur að eyjarnar Jersey og Guernsey munu fylgja á eftir. Einnig eru að hefjast samningaviðræður við Bermúda og fyrirsjáanlegt er að viðræður við aðrar sambærilegar vinjar munu hefjast síðar á árinu.

16. Fyrirbyggjandi ákvæði í tvísköttunarsamningum.

Í skýrslu sinni bendir nefndin á að í samningsfyrirmynd Íslands að gerð tvísköttunarsamninga sé ekki að finna bein fyrirbyggjandi ákvæði gegn misnotkun þeirra, svokölluð „LOB“-ákvæði, eins og sé t.d. að finna í bandarísku samningsfyrirmyndinni. Telur nefndin að æskilegt að svo sé.

Viðbrögð. Samningsfyrirmynd Íslands við gerð tvísköttunarsamninga byggist á samningsfyrirmynd OECD, eins og gildir um langflest aðildarríki OECD. Í fyrirmynd OECD er ekki að finna svokölluð „LOB“-ákvæði, en þau ákvæði hafa það hlutverk að takmarka ávinning samningsaðila í þeim tilvikum þar sem grunur leikur á misbeitingu samningsákvæðanna. Eina aðildarríki OECD sem gerir kröfu um að slík ákvæði séu í öllum þeirra tvísköttunarsamningum eru Bandaríkin, en þeirra samningsfyrirmynd er að mörgu leyti frábrugðin OECD-fyrirmyndinni. Íslensk stjórnvöld hafa hins vegar markað þá stefnu að fylgja meginlínu OECD og láta aðstæður í hverju tilviki fyrir sig ráða því hvort samið er sérstaklega um slík ákvæði í tvísköttunarsamningum við önnur lönd. Staðan í dag er sú að slík ákvæði er

einungis að finna í tveimur tvísköttunarsamningum sem Ísland hefur gert við önnur ríki, þ.e. Bandaríkin og Indland.

17. Virk þáttaka í baráttu gegn skattaparadísum.

Hér leggur nefndin til að Ísland beiti sér ásamt öðrum löndum innan OECD fyrir aðgerðum til að draga úr því að skattaparadísir séu notaðar til skattsvika.

Viðbrögð. Þetta hefur Ísland gert með virkri þátttöku í slíkri vinnu á vettvangi OECD á undanförnum árum sem og á norrænum vettvangi eins og áður var nefnt.

18. Aðlögun að sparnaðarreglugerð ESB.

Í skýrslu sinni bendir nefndin á það sérstaka fyrirkomulag sem aðildarríki ESB hafa gengist undir varðandi skattlagningu vaxta hjá einstaklingum (The Savings Directive). Jafnframt leggur hún til að kannað verði hvort unnt sé að koma á sambærilegu fyrirkomulagi hvað varðar samskipti Íslands við þessar þjóðir.

Viðbrögð. EES-samningurinn tekur ekki til skattamála og fellur svonefnd sparnaðartilskipun ESB því ekki undir samninginn. Síðla árs 2006 sendi framkvæmdastjóri ESB á sviði skatta- og tollamála hins vegar bréf til fjármálaráðherra þar sem óskað var eftir afstöðu Íslands til þess að gerast aðili að umræddri tilskipun. Í svarbréfi fjármálaráðherra til framkvæmdastjórans var tekið jákvætt í það að skoða málið frekar í ljósi þeirra skattareglna sem gilda hér á landi. Á óformlegum fundi með fulltrúum beggja aðila sem haldinn var í Brussel nýverið var farið almennt yfir málið ásamt því að skipst var á upplýsingum.

19. Breytingar á bótakerfi.

Í skýrslunni segir að nefndin telji ástæðu til þess að huga að breytingum á reglum um bætur í skattkerfinu og á þar við barnabætur og vaxtabætur. Í því sambandi nefnir nefndin að e.t.v. eigi að leita annarra leiða til að rétta hlut einstæðra foreldra en í gegnum skattkerfið með hærri barnabótum og vaxtabótum en til sambúðarfólks.

Viðbrögð. Á undanförnum mánuðum hefur verið starfandi nefnd, sem í sitja fulltrúar fjármálaráðuneytis, félagsmálaráðuneytis, Tryggingastofnunar, Vinnumálastofnunar og embættis ríkisskattstjóra, sem ætlað er að skila tillögum um aðgerðir gegn bótasvikum. Gert er ráð fyrir að starfi hennar ljúki innan tíðar.

20. Bætt skattframkvæmd (skatteftirlit og skattrannsóknir).

Hér leggur nefndin áherslu á að stjórnvöld tryggi skattyfirvöldum góð starfsskilyrði og nægilegt fjármagn til að stemma stigu við nýjum undanskotsleiðum, m.a. gegnum aðila sem skráðir eru erlendis.

Viðbrögð. Með gerð árangursstjórnunarsamninga við skattyfirvöld og reglubundnum samskiptum af ýmsu tagi hefur fjármálaráðuneytið í umboði fjármálaráðherra leitast við að búa skattyfirvöldum eins góð starfsskilyrði og kostur er á hverjum tíma í takt við breytt umhverfi. Ekki verður þó framhjá því horft að sívaxandi alþjóðavæðing íslenskra fyrirtækja á undanförnum árum, sem fjölgar í einhverjum mæli undanskotsleiðum á skatti, hefur reynt verulega á þanþol skattyfirvalda. M.a. í ljósi þess var lagt fram á yfirstandandi þingi frumvarp þar sem lagt er til að sett verði á fót sérstök stjórnsýslueining sem annist alla skattalega umsýslu með stórfyrirtækjum, ekki síst þeim sem starfa bæði hér á landi og erlendis. Hefur Alþingi nýlega samþykkt frumvarpið.

21. Eftirlitsstefna og áhættugreining hjá skattyfirvöldum.

Í skýrslunni bendir nefndin á að á allra síðustu árum hafi skatteftirlit og skattrannsóknir beinst í vaxandi mæli að skattsvikum í tengslum við erlend félög. Jafnframt segir hún að halda þurfi áfram að bæta framkvæmd skattrannsókna og skatteftirlits, m.a. með endurmati á áherslum og verkefnavali. Gera þarf skattyfirvöldum kleift að byggja upp gagnasöfn og þróa aðferðir til áhættugreiningar og leggja þær til grundvallar aðgerðum.

Viðbrögð. Heilmikið hefur áunnist í þessum málum á undanförnum árum innan skattkerfisins, ekki síst hjá embætti ríkisskattstjóra. Þá hefur Alþingi nýlega samþykkt lagafrumvarp um starfrækslu sérstakrar stjórnsýslueiningar fyrir stórfyrirtæki, sbr. umfjöllun hér að framan skref í þessa átt.

22. Eftirlit með skattskilum stórfyrirtækja.

Hér bendir nefndin á þá þróun að sífellt fleiri fyrirtæki séu orðin það umfangsmikil að þau starfa í mörgum skattumdæmum og jafnvel í mörgum löndum. Í öðrum löndum hafi þessi staðreynd löngu verið viðurkennd með starfrækslu sérgreindra eininga fyrir stórfyrirtæki.

Viðbrögð. Undanfarin ár hefur fjármálaráðuneytið unnið markvisst að því að koma á sambærilegu fyrirkomulagi varðandi skattalega umsýslu stórfyrirtækja hér á landi með svipuðu sniði og þekkist í okkar helstu nágrannaríkjum. Tillögur þess efnis voru meðal annars í skýrslu nefndar, sem ætlað var að vinna að tillögum um endurskipulagningu skattkerfisins, og afhent var fjármálaráðherra árið 2003. Sem fyrr segir hefur Alþingi nú samþykkt frumvarp sem felur í sér að sett verði á fót sérstök stjórnsýslueining sem annist alla skattalega umsýslu með stórfyrirtækjum, ekki síst þeim sem starfa bæði hér á landi og erlendis. Hefst rekstur slíkrar einingar í ársbyrjun 2009.

23. Erlend fjármálaviðskipti.

Varðandi þessa tillögu bendir nefndin á að með aukningu erlendra fjármálaviðskipta skapist nýir möguleikar til að koma fé undan skatti. Eðli þessara viðskipta og framkvæmd sé með þeim hætti að núverandi fyrirkomulag skatteftirlits dugi ekki til. Eigi að bæta eftirlit með þessum aðilum þurfi að koma til meiri sérhæfing sem ekki sé unnt að byggja upp á mörgum stöðum í skattkerfinu.

Viðbrögð. Starfræksla sérstakrar stjórnsýslueiningar fyrir stórfyrirtæki er skref í þessa átt, sbr. umfjöllun um tillögur 20–22 hér að framan.

24. Ábyrgðarsvið skattyfirvalda.

Í skýrslunni kemur fram að nefndin hafi fjallað um hvernig best sé að auka skilvirkni skattyfirvalda og komist að þeirri niðurstöðu að hún verði best tryggð með því að saman fari vald- og ábyrgðarsvið þeirra og þau fái heimild til að fara með mál fyrir dómstóla, bæði í því skyni að fá úrlausn dómstóla í álitamálum og að sækja menn til saka. Því verði náð með því að færa saksókn og ákæruvald í skattsvikamálum til embættis skattrannsóknarstjóra og málsforsvar í dómsmálum um ágreining í skattamálum til embættis ríkisskattstjóra.

Viðbrögð. Nú liggur fyrir Alþingi frumvarp dómsmálaráðherra um heildarendurskoðun á lögum um meðferð sakamála. Í frumvarpinu er m.a. að finna tillögu um breytingu á skipan ákæruvaldsins þannig að á stofn verði sett embætti héraðssaksóknara. Með breytingunum er stefnt að nánari samvinnu héraðssaksóknara í efnahags- og skattalagabrotum og skattrannsóknarstjóra í því skyni að fyrirbyggja sem mest þann tvíverknað sem uppi hefur verið varðandi rannsókn á meiri háttar skattalagabrotum.

1032. Svar [609. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Þuríðar Backman um eftirlit með útsölustöðum tóbaks o.fl.

1. *Hafa heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna samræmdar vinnureglur hvað varðar eftirlit, undanþágur og viðurlög við brotum á lögum og reglugerð um tóbaksvarnir hvað varðar sölu í verslunum og eftirlit með reykingabanni á veitingahúsum (kaffihúsum, veitinga- og skemmtistöðum)?*

Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna hafa ekki samræmdar vinnureglur hvað þessi atriði varðar. Reglugerð nr. 325/2007, um sölu tóbaks, og reglugerð um takmarkanir á tóbaksreykingum, nr. 326/2007, sem settar eru af heilbrigðisráðherra, mæla fyrir um hvernig með þessi mál skuli farið.

2. *Í hve ríkum mæli óska smávöruverslanir eftir undanþágu frá aldurstakmörkum afgreiðslufólks?*

Breytilegt er eftir heilbrigðiseftirlitssvæðum hversu margar beiðnir berast um undanþágu frá aldurstakmörkum afgreiðslufólks. Aðallega hefur verið sótt um undanþágur á þremur heilbrigðiseftirlitssvæðum og virðist það vera vegna atvinnuástandsins undanfarin ár. Á sumum heilbrigðiseftirlitssvæðum hafa engar undanþágur verið veittar. Þar sem undanþágur hafa verið veittar er það hins vegar einungis eftir að auglýsingar eftir starfsfólki eldra en 18 ára hafa ekki borið árangur. Á heildina litið sækja fáir útsölustaðir um undanþágu.

3. *Telur ráðherra að heilbrigðiseftirlit sveitafélaganna hafi bolmagn til að sinna eftirliti með útsölustöðum tóbaks með tilliti til aukinna verkefna?*

Samkvæmt þeim upplýsingum sem ráðuneytið hefur aflað frá Umhverfisstofnun er talið ótvírætt að heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga hafi bolmagn til að sinna reglubundnu eftirliti með útsölustöðum tóbaks. Þó þekkist það að farið er í sérstakar eftirlitsferðir á útsölustaði til að kanna framkvæmd á smásölu tóbaks, auk reglubundins eftirlits. Á öllum heilbrigðiseftirlitssvæðum er kvörtunum sinnt með sérstöku eftirliti, sem síðan geta leitt til áminningar eða ábendinga um úrbætur.

4. *Hvaða viðurlögum er beitt við brotum á umræddum ákvæðum tóbaksvarnarlaga og í hve ríkum mæli er það gert?*

Í VIII. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, er fjallað um þau viðurlög sem heilbrigðiseftirlit getur gripið til. Ábendingar um lagfæringar og eftirlitsferðir eru algengasta úrræðið við brotum og duga oft vel. Fáum áminningum hefur verið beitt undanfarin ár. Vitað er um a.m.k. eitt dæmi þar sem útsölustað hefur verið lokað vegna brota á reglugerð um smásölu tóbaks.

1033. Svar [594. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Valgerðar Sverrisdóttur um hlutafélagavæðingu Landspítala.

Fyrirspurnin hljóðar svo:
Hefur ráðherra áform um að hlutafélagavæða Landspítala?

Málið hefur ekki komið til umræðu í heilbrigðisráðuneytinu.

1034. Svar [454. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Þuríðar Backman um stöðu samninga við sérfræðinga í heilbrigðisþjónustu.

1. *Hvernig standa samningaviðræður við hjartalækna, tannlækna og talmeinafræðinga?*

Viðræðum við sjálfstætt starfandi hjartalækna lauk 2. maí 2008 með undirritun samnings sem gildir til 1. apríl 2010. Samkomulagið var í samræmi við nýgerðan samning við Læknafélag Reykjavíkur, fyrir hönd flestra annarra sjálfstætt starfandi sérgreinalækna, en grundvallaðist þó jafnframt á aðlögun að endurmetinni þörf fyrir þjónustu hjartalækna.

Engar viðræður standa yfir við talmeinafræðinga. Þrátt fyrir að samningur sé gildi við Félag talmeinafræðinga hafa flestir talmeinafræðingar sagt sig frá samningnum vegna óánægju með framkvæmd hans. Viðræður hafa ekki borið árangur og engin lausn virðist í sjónmáli. Samningur við félagið rennur út í lok árs 2008.

Samningur er í gildi við tannlækna um forskoðanir barna. Búið er að boða til fundar um frekari samningaumleitanir.

2. *Standi samningaviðræður yfir, hvenær er stefnt að þeim ljúki?*

Samningur við Læknafélag Reykjavíkur fól, eins og áður segir, í sér leið til samkomulags við hjartalækna. Vonir standa til þess að hann geti jafnframt orðið grundvöllur að samkomulagi við bæklunarlækna, en þeir hafa verið án samnings síðan 1. apríl 2008.

3. *Hvernig er staðið að samningagerð fyrir hönd ráðuneytisins fram að þeim tíma að fyrirhuguð innkaupastofnun heilbrigðisþjónustu tekur til starfa?*

Samninganefnd heilbrigðisráðherra annast samningsgerðina fyrir hönd ráðherra með sambærilegum hætti og undanfarin ár og í samræmi við ákvæði laga um heilbrigðisþjónustu sem tóku gildi 1. september 2007.

4. *Hvaða áhrif telur ráðherra núverandi stöðu, þ.e. að ákveðnir hópar sérfræðinga innan heilbrigðisþjónustunnar eru án samninga, hafi á:*
   a. *aðgengi sjúklinga og almennings að þjónustu þeirra,*
   b. *stöðu annarra sérfræðistétta,*
   c. *þróun sjálfstætt starfandi sérfræðinga?*

Núverandi staða hefur ekki góð áhrif á ofangreind atriði en leitast er við að takmarka óþægindi hinna sjúkratryggðu eftir því sem kostur er. Heilbrigðisráðherra hefur nýtt undan-

þáguheimild í lögum um heilbrigðisþjónustu til að tryggja áfram greiðsluþátttöku ríkisins og lagt áherslu á að sem fyrst náist samkomulag um þjónustuna.

Á Heyrnar- og talmeinastöð Íslands hefur þjónusta talmeinafræðinga verið aukin til að tryggja þeim sem búa við talmein af völdum heyrnarskerðingar óskerta þjónustu, en greiddar eru 840 kr. fyrir hverja komu fyrstu 15 skiptin en eftir það þarf ekkert að greiða. Einnig eru greinargóðar upplýsingar á vef Tryggingastofnunar ríkisins um styrkveitingar vegna þjónustu talmeinafræðinga sem starfa utan samninga.

Ekki verður séð að samningsleysið hafi bein áhrif á stöðu annarra sérfræðistétta.

Ekki er ástæða til að ætla að um sérstök áhrif verði að ræða á þróun sjálfstætt starfandi sérfræðinga.

5. *Mun ráðherra beita sér fyrir að teknir verði upp samningar við fleiri sérfræðinga innan heilbrigðisþjónustunnar en gert hefur verið fram til þessa?*

Nýlega var í fysta skipti gerður samningur við sjálfstætt starfandi sálfræðinga um þjónustu við börn og unglinga. Vonir standa til þess að hægt verði í framhaldinu að semja um sálfræðiþjónustu fyrir fleiri hópa. Vegna mikillar eftirspurnar eftir starfskröftum sálfræðinga hefur reynst torveldara en ætlað var að fá þá til starfa á grundvelli þessa nýja samnings.

Auk samninga við sjálfstætt starfandi sérfræðinga á heilbrigðissviði er lögð áhersla á samninga um heilbrigðisþjónustu á vegum fyrirtækja og stofnana, svo sem við aðila eins og Sjónlag, LaserSjón, SÁÁ og Heilsuverndarstöðina, svo að nokkur dæmi séu nefnd. Þessi áhersla kemur einnig fram í því að á næstu missirum verður farið inn á þá braut að semja í auknum mæli um ákveðin læknisverk við fyrirtæki og stofnanir ríkisins gegn afkastatengdum viðbótargreiðslum. Sem dæmi má nefna að búið er að ganga frá sérstökum samningi á þessum grundvelli við Sjúkrahúsið á Akureyri um fjölgun liðaskiptaaðgerða og krossbandaaðgerðir.

1035. Svar [279. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur um fé til forvarna.

1. *Hve miklu fé hefur verið varið til forvarna í heilbrigðisráðuneytinu árlega sl. 5 ár?*

Útgjöld til forvarna eru samofin öðrum útgjöldum heilbrigðisþjónustunnar þannig að erfitt getur verið að greina þau frá öðrum útgjöldum, sbr. víðtækt forvarnastarf sem fram fer á vegum heilsugæslunnar í landinu. Því liggja ekki fyrir sundurgreindar upplýsingar um hve háum fjárhæðum af árlegu ráðstöfunarfé ráðuneytisins er varið til forvarna.

Í þeirri samantekt sem hér fer á eftir er fjallað um fyrsta stigs forvarnir nánast eingöngu, þótt í sumum tilfellum kunni að vera um jaðartilfelli að ræða milli fyrsta og annars stigs.

Heilbrigðisráðherra leggur hins vegar mikla áherslu á að efla forvarnir á öllum stigum og mun ráðuneytið halda áfram vinnu við samantekt upplýsinga um þær og mótun aðgerða til að efla þær jafnt á fyrsta, öðru og þriðja stigi.

Í meðfylgjandi töflu er bæði að finna bein framlög á fjárlögum sem eru eingöngu ætluð til tiltekinna forvarnaverkefna og óbein útgjöld til forvarna, þar sem reynt er að einangra forvarnaútgjöld frá öðrum útgjöldum.

Í töflunni sést að á árinu 2008 er ætlunin að verja ríflega 850 millj. kr. til beinna forvarna af ýmsu tagi. Árið 2004 var tæplega 650 millj. kr. varið til svipaðra verka. Á þessu fimm ára tímabili hafa framlögin hækkað um tæpan þriðjung að nafnverði.

Stærstu verkefnin eru samningur við Krabbameinsfélag Íslands um skimun fyrir brjóst- og leghálskrabbameini hjá konum, en samningurinn hljóðar upp á 310 millj. kr. greiðslu á árinu 2008 og um 300 millj. kr. framlag til Lýðheilsustöðvar og Forvarnasjóðs, en litið er á Lýðheilsustöð sem miðstöð forvarna í landinu. Þá eru um 150 millj. kr. á forræði sóttvarnalæknis og 34 millj. kr. er ný fjárveiting á fjárlögum 2008 sem ætluð er til átaks í vímuvarnamálum, en það á að vera samstarfsverkefni þriggja ráðuneyta, heilbrigðis-, dóms- og félags- og tryggingamála.

Til viðbótar við beinu framlögin er gerð tilraun til að greina hlut forvarna í útgjöldum heilsugæslunnar, landlæknisembættisins og í útgjöldum vegna tannlækninga sem sjúkratryggingar taka þátt í að greiða. Annars vegar í samræmi við gjaldskrá nr. 898/2002 fyrir tannlækningar veittar sjúklingum sem tryggðir eru samkvæmt almannatryggingalögum og hins vegar samkvæmt samningi samninganefndar heilbrigðisráðherra við tannlæknafélagið um fast verð fyrir forvarnaskoðun 3 og 12 ára barna sem tók gildi 1. júní 2007.

Tiltekin verk tannlækna eru hér skilgreind sem forvarnaverk en það eru verk sem ríkissjóður tekur þátt í að greiða niður í samræmi við fyrrnefnda gjaldskrá. Hér er átt við skoðun og áfangaeftirlit, röntgenmyndir og flúorlökkun, bæði hjá börnum og lífeyrisþegum, og skorufyllur eingöngu hjá börnum. Samkvæmt áðurnefndum samningi ráðherra við tannlæknafélagið greiða sjúkratryggingar nú forvarnaskoðun fyrir 3 og 12 ára börn að fullu.

Stór hluti af starfi heilsugæslunnar í landinu eru forvarnir af ýmsu tagi og er gerð grein fyrir í hverju það starf felst hér á eftir. Sérstaklega er þar um að ræða þá þætti þjónustunnar sem falla undir heilsuvernd, fræðslustarf og að hluta til almenna læknisþjónustu og hjúkrun. Aukin áhersla hefur verið lögð á heilsueflingu og forvarnir innan heilsugæslunnar síðustu ár og hefur fé m.a. verið veitt sérstaklega til geðheilbrigðisþjónustu við börn.

Heilsuvernd.

Heilsuvernd hefur þann tilgang að vernda heilsu, þ.e. koma í veg fyrir að heilbrigt fólk veikist eða missi heilsuna. Heilsuvernd, eins og hún fer fram hjá heilsugæslunni, er því að öllu leyti forvarnir. Hinir hefðbundnu þættir heilsuverndar eru mæðravernd, ung- og smábarnavernd, skólaheilsugæsla, sóttvarnir, tannvernd og heilsuvernd aldraða.

Mæðravernd.

Meginhluti mæðraverndar fer fram á heilsugæslustöðvum um land allt, en þar er um að ræða alla almenna mæðravernd og vægar skilgreind tilfelli áhættumeðgöngu.

Miðstöð mæðraverndar er starfrækt af Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og hefur með höndum stuðning við mæðraverndarstarf heilsugæslustöðvanna á höfuðborgarsvæðinu og einnig að takmarkaðra leyti utan þess. Hún annast einnig rannsóknir og þróunarstarf á þessu sviði og heldur uppi fræðslustarfi fyrir heilsugæsluna í landinu, m.a. með árlegum ráðstefnum.

Ung- og smábarnavernd.

Almenn ung- og smábarnavernd er veitt af heilsugæslustöðvunum í landinu.

Miðstöð heilsuverndar barna veitir heilsugæslustöðvunum faglegan stuðning. Hún annast greiningu þroskafrávika og geðræns vanda hjá börnum (greiningarteymið). Hún annast einnig rannsóknir og þróunarstarf á sviði ung- og smábarnaverndar og skólaheilsugæslu og heldur

uppi fræðslustarfi fyrir heilsugæsluna í landinu, m.a. með upplýsingum á vefsíðum og árlegum ráðstefnum.

Skólaheilsugæsla.

Heilsugæslustöðvarnar annast skólaheilsugæslu í landinu. Hjúkrunarfræðingar eru með aðstöðu í öllum grunnskólum og nokkrum framhaldsskólum. Yfirleitt er ein staða hjúkrunarfræðings á hverja 600–800 nemendur í grunnskóla. Einnig koma heimilislæknar að skólaheilsugæslu. Þetta starf telst til heilsuverndar og þar með forvarna. Miðstöð heilsuverndar barna annast rannsóknir og þróunarstarf varðandi skólaheilsugæslu.

Sóttvarnir.

Miðstöð sóttvarna hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins annast almennar sóttvarnir, þ.m.t. berklavarnir, í umboði sóttvarnalæknis, auk ónæmisaðgerða, og leiðbeinir heilsugæslustöðvunum um þau efni. Heilsufarsskoðanir innflytjenda fara fram á miðstöðinni og á heilsugæslustöðvunum.

Tannvernd.

Miðstöð tannverndar hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins annast í samstarfi við Lýðheilsustöð rannsóknir í þágu tannverndar og skipuleggur tannverndarstarf innan heilsugæslunnar, sem að öðru leyti er í höndum heilsugæslustöðvanna.

Stór hluti tannverndarstarfs er í höndum tannlækna og greitt af Tryggingastofnun ríkisins.

Heilsuvernd/heilsugæsla aldraðra.

Heilsugæslustöðvarnar annast heilsuvernd aldraðra og hefur það starf vaxið hin síðari ár. Starfið felst einkum í því að ná til elstu borgaranna (einkum þeirra sem nýta ekki heimahjúkrun) í því skyni að fylgjast með heilsufarslegri stöðu þeirra og hvetja þá til að leita þeirrar aðstoðar sem þeir kunna að þurfa, ekki síst til að viðhalda allri færni sem lengst.

Fræðslustarf.

Foreldrafræðsla fer fram á heilsugæslustöðvunum í tengslum við mæðravernd og ungbarnavernd.

Fræðsla á vefsíðum og í prentuðu efni.

Heilsugæslan leggur vaxandi áherslu á fræðslu á vefsíðum sínum og hefur lagt í talsverðan kostnað í því skyni.

Almenn læknisþjónusta.

Hlutverk heimilislækna er að fylgjast með heilsufari skjólstæðinga sinna, lækna þá og ráðleggja þeim um hvað eina sem viðheldur, bætir eða eflir heilsu þeirra, auk ónæmisaðgerða. Hversu mikill hluti þetta er af starfi hvers læknis er mismunandi og einstaklingsbundið. Að höfðu samráði við stjórnendur í heilsugæslu er hér miðað við að um 20% af störfum heilsugæslulækna séu forvarnir, auk þátttöku þeirra í hefðbundinni heilsuvernd.

Hjúkrun, önnur en heilsuvernd og heimahjúkrun.

Hlutverk hjúkrunarfræðinga í heilsugæslu er að fylgjast með heilsufari skjólstæðinga sinna og ráðleggja þeim um hvað eina sem viðheldur, bætir eða eflir heilsu þeirra, auk ónæmisaðgerða. Einnig að leysa heilbrigðisvanda skjólstæðinga sinna að því marki sem faglegar

forsendur leyfa. Hér er miðað við að um 30% af störfum þeirra séu forvarnir, auk þátttöku þeirra í hefðbundinni heilsuvernd.

Við greiningu á hlut forvarna í heilsugæslu sem ráðuneytið hefur gert voru skoðuð skráð verk í Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins árið 2006 og nokkrum heilsugæslustöðvum á landsbyggðinni og borið saman við kostnað. Var þá gengið út frá þeim forsendum sem greint er frá hér að framan um það hvað teljast forvarnir og hlutdeild hinna ýmsu verkþátta metin út frá viðeigandi einingaverðum, sem aftur eru byggð á rannsóknum Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Í ljós kom að u.þ.b. 29% af heildarkostnaði Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins eru vegna þeirra þátta sem teljast til forvarna, og tölur frá heilsugæslustöðvum á landsbyggðinni gáfu ekki tilefni til að breyta þeirri tölu þegar forvarnir eru metnar fyrir landið allt.

Þegar hinir ýmsu þættir hafa verið vegnir saman er hér því dregin sú ályktun að u.þ.b. 29% af starfsemi heilsugæslunnar í landinu[1] séu forvarnir. Þar af eru um 20,2% skipuleg heilsuvernd en 8,8% forvarnir sem hluti af almennu starfi lækna og hjúkrunarfræðinga í heilsugæslu.[2] Þetta þýðir að árið 2008 er 2.865,8 millj. kr. af fjárveitingu til heilsugæslu varið til forvarna, þar af fer 1.759,6 millj. kr. í skipuleg heilsuvernd, en fara í 766,6 millj. kr. forvarnir í almennu starfi lækna og hjúkrunarfræðinga í heilsugæslu.

Hjá landlæknisembættinu fengust þær upplýsingar að ætla mætti að útgjöld til forvarna væru á bilinu 40–45% af heildarútgjöldum embættisins og þau skiptust nokkuð jafnt á milli umsýslu við sóttvarnir, 20–23%, og annarra verkefna.

Ætla má að á árinu 2008 verði varið samtals um 424 millj. kr. til viðbótar beinum framlögum til „óbeinna“ forvarnaverkefna sem snúa að tannheilsu, sóttvörnum og öðrum verkefnum hjá landlækni.

Þá má bæta við að síðustu missirin hefur verið lögð mikil áhersla á að efla geðheilbrigðisþjónustu í heilsugæslunni, einkum fyrir börn og unglinga, bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni. Á árunum 2004–2006 voru fjárveitingar til heilsugæslunnar hækkaðar um 82 millj. kr. vegna þess og á árinu 2008 verður fjárhæðin tvöfölduð og 84 millj. kr. bætt við.

Í ljósi framangreinds, sbr. meðfylgjandi töflu, áætlar heilbrigðisráðuneytið að verja a.m.k. 4.143 millj. kr. til forvarna á árinu 2008.

2. *Hvaða þætti skilgreinir ráðuneytið sem forvarnir og hversu há upphæð fór árlega til hvers þeirra sl. 5 ár?*

Að hluta til er svarið við þessum lið fyrirspurnarinnar að finna í svarinu við 1. lið og í meðfylgjandi töflu. Hins vegar er viðtekin venja að skipta forvörnum í þrjú stig.

1. stig forvarna miðar að því að fjarlægja áhættuþætti úr umhverfi fólks áður en þeir valda kvillum eða sjúkdómseinkennum, koma í veg fyrir sjúkdóma með heilbrigðu lífi, þ.e. almennar fyrirbyggjandi aðgerðir sem geta falist í fræðslu og slysavörnum svo að eitthvað sé nefnt. Hér er verið að tala um grunnþjónustu sem gjarnan er veitt af heilsugæslunni og Lýðheilsustöð.

---

[1] Umrætt hlutfall, þ.e. 29%, er reiknað af fjárlagaliðum 08-506–08-515 og 08-522–08-588, og einnig af heilsugæsluhluta liðanna 08-711–08-791.

[2] Samkvæmt SHA Guidelines, Practical guidance for implementing A System of Health Accounts in the EU, en Hagstofan styðst við þær reglur við samantekt á upplýsingum um heilbrigðismál, leikur vafi á hvort forvarnaþáttur almenns starfs í heilsugæslu, þ.e. þess starfs sem ekki er hluti af skipulagðri heilsuvernd, skuli teljast með í alþjóðlegum samanburði um forvarnir. Hér er valin sú leið að birta tölu um forvarnir í heilsugæslu í tveimur línum þannig að unnt sé að telja síðari þáttinn með eða ekki eftir því sem við á.

Grunnþjónusta er sá hluti þjónustukerfisins sem lýtur að greiningu og lækningu algengari sjúkdóma og vandamála á byrjunarstigi. Grunnþjónustan tekur við hvers konar málum sem neytendur bera upp við hana. Í grunnþjónustunni er yfirleitt lögð áhersla á almennar og fyrirbyggjandi aðgerðir, ásamt snemmtækri íhlutun.

2. stig forvarna miðar að því að koma í veg fyrir að kvillar eða einkenni þróist áfram og verði að sjúkdómum, þ.m.t. er leit að duldum kvillum.

3. stig forvarna er fyrst og fremst meðferð og endurhæfing sem miðast við aðgerðir til að koma í veg fyrir að sjúkdómar fái að þróast áfram og leiði til örorku eða dauða.

Eitt af forgangsmálum heilbrigðisráðherra er að efla heilbrigði þjóðarinnar. Það er í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um að veita heilbrigðisþjónustu á heimsmælikvarða með því m.a. að leggja stóraukna áherslu á forvarnir á öllum sviðum og stuðla að heilbrigðari lífsháttum. Leiðin til þess er m.a. að skapa þjóðfélag þar sem fólk á auðvelt með að taka heilsusamlegar ákvarðanir í daglegu lífi sem snúa að geðrækt, mataræði, hreyfingu og hvíld. Í þessum anda er nú unnið að mótun heilsustefnu á vegum heilbrigðisráðherra. Að mati ráðherra eru forvarnir og heilsuefling tvær hliðar á sama peningi í þeim skilningi að forvarnir stuðla að heilsueflingu og heilsuefling er forvörn. Ráðherra hefur ákveðið að nota hugtakið heilsueflingu yfir hvort tveggja, en það endurspeglar betur þá sýn, markmið og aðferðafræði sem hann beitir í þeirri vinnu við stefnumótun sem nú er langt komin í ráðuneytinu. Gert er ráð fyrir að stefnan verði kynnt á fyrsta ársfjórðungi þessa árs og framkvæmdaáætlun til þriggja eða fjögurra ára í framhaldi af því. Á undanförnum árum hefur mikil og góð vinna farið fram á vettvangi heilsueflingar, en hún liggur til grundvallar því starfi sem nú er unnið. Hreyfing og mataræði gegna lykilhlutverki í Heilsustefnunni og er beint gegn vandamálum eins og offitu, geðröskunum, vímuefnaneyslu og félagslegri einangrun svo að eitthvað sé nefnt. Til að Heilsustefnan standi undir nafni sem stefna þjóðar er afar brýnt að sem flestir komi að mótun hennar, en heilbrigðisráðherra leggur mikla áherslu á að um samvinnuverkefni íslensku þjóðarinnar, þ.e. ríkis, sveitarfélaga, einkaaðila og almennings, sé að ræða.

Bein framlög til forvarnastarfsemi 2004 til 2008.

Fjárlaga-númer	Stofnun	2004	2005	2006	2007	2008
08-305	*Lýðheilsustöð*					
08-305-1.01	Lýðheilsustöð	146,2	174,2	179,2	198,6	205,3
08-305-1.90	Forvarnasjóður	82	85,8	86,5	126,1	94,1
08-399	*Heilbrigðismál almennt*					
08-399-1.31	Krabbameinsfélag Íslands, krabbameinsleit	240,6	251,4	264,8	289,2	310
08-399-1.35	Hjartavernd, rannsóknarstöð	45,5	52,4	55,4	57,9	59,8
08-399-1.42	Kostnaður samkvæmt lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi	128,8	139,8	81,6	93,7	94,8
08-399-1.43	Viðbúnaður gegn sýklahernaði[1]			50	50	50
08-399-1.95	Kynsjúkdómar, alnæmi	5,7	5,7	5,7	5,7	5,7
08-399-1.44	Átak í vímuvarnamálum					34
	Samtals	**648,8**	**709,3**	**723,2**	**821,2**	**853,7**

[1] Framlög vegna viðbúnaðar gegn sýklahernaði eru meðtalin í framlagi 08-399-1.42 2004 og 2005.

Önnur framlög til forvarna – áætlaður hluti af tilteknum útgjöldum.

08-506 o.fl.	Heilsuvernd og aðrar skipulagðar forvarnir í heilsugæslu[2]	1.430,3	1.528,0	1.759,6	1.809,4	1.996,2
08-506 o.fl.	Forvarnir í almennri heilsugæslu[3]	623,1	665,6	766,6	788,2	869,6
08-206-1.35	Tannlækningar sjúkratrygginga[4]	238,9	244,5	239,2	268,1	305,0
08-301-1.01	Landlæknir[5]	73,3	77,3	86,3	99,3	119,0
	Samtals	**2.365,6**	**2.515,4**	**2.851,7**	**2.965,0**	**3.289,8**
	Alls	**3.014,4**	**3.224,7**	**3.574,9**	**3.786,2**	**4.143,5**

1036. Nefndarálit [515. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og skattanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Maríönnu Jónasdóttur og Ingibjörgu Helgu Helgadóttur frá fjármálaráðuneytinu, Ólaf Darra Andrason frá Alþýðusambandi Íslands, Hannes G. Sigurðsson frá Samtökum atvinnulífsins, Friðrik J. Arngrímsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Jónu Björk Guðnadóttur og Friðgeir Sigurðsson frá Samtökum fjármálafyrirtækja, Harald I. Birgisson frá Viðskiptaráði Íslands og Helga K. Hjálmarsson frá Landssambandi eldri borgara. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá Samtökum verslunar og þjónustu, ríkisskattstjóra, Kauphöll Íslands, Landssambandi eldri borgara, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, KPMG Endurskoðun hf., Samtökum atvinnulífsins, Samtökum fjármálafyrirtækja, PriceWaterhouseCoopers hf., Byggðastofnun, Viðskiptaráði Íslands, Félagi löggiltra endurskoðenda, Alþýðusambandi Íslands, Ríkisendurskoðun, Seðlabanka Íslands og Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga. Þá hefur nefndinni borist tilkynning frá Hagstofu Íslands.

Meginefni frumvarpsins varðar yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem gefin var út í tengslum við kjarasamninga aðila almenna vinnumarkaðarins 17. febrúar 2008. Yfirlýsingin var kynnt efnahags- og skattanefnd á fundi 26. febrúar að viðstöddum fulltrúum frá fjármálaráðuneyti, Alþýðusambandi Íslands og Samtökum atvinnulífsins.

Helstu breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu varða hækkun persónuafsláttar umfram verðlag um 84 þús. kr. á ári í þremur áföngum, hækkun á tekjuskerðingarmörkum barnabóta, í tveimur áföngum, úr 100 þús. kr. á mánuði í 150 þús. kr. fyrir einstæða foreldra og sam-

---

[2] Umrætt hlutfall forvarna, þ.e. 20,2%, er reiknað af fjárlagaliðum 08-506–08-515 og 08-522–08-588, og einnig af heilsugæsluhluta liðanna 08-711–08-791 og byggt á ríkisreikningi árin 2004–2006 og fjárlögum 2007–2008.

[3] Almenn heilsugæsla felur einnig í sér forvarnir að hluta þar sem er almennt samband lækna og hjúkrunarfræðinga við skjólstæðinga sína og viðleitni til að hvetja til heilbrigðari lífshátta. Áætlað er hér að þær séu um 20% af almennu starfi lækna og 30% af starfi hjúkrunarfræðinga.

[4] Áætluð útgjöld 2007 og 2008. Ákveðnir gjaldliðir úr ráðherragjaldskrá mynda útgjöld hjá börnum og fullorðnum, skoðun, áfangaeftirlit, röntgenmyndir, flúorlökkun, hjá börnum eingöngu skorufyllur. Þá eru meðtalin útgjöld vegna forvarnaskoðunar fyrir 3 og 12 ára.

[5] Samkvæmt upplýsingum frá landlæknisembættinu má gera ráð fyrir að útgjöld til forvarna séu 40 til 45% sem skiptist nokkuð jafnt á milli sóttvarna (20 til 23%) og annarra forvarnastarfa.

bærilegar fjárhæðir fyrir hjón hækka úr 200 þús. kr. í 300 þús. kr., enn fremur lækkun á tekjuskerðingarhlutfalli barnabóta vegna annars og þriðja barns úr 6% og 8% í 5% og 7%. Þá eru eignarviðmiðunarmörk vaxtabóta hækkuð úr neðri mörkum 5,3 millj. kr. og efri mörkum 8,4 millj. kr. í 7,1 millj. kr. og 11,4 millj. kr. fyrir einstaklinga og úr neðri mörkum 8,4 millj. kr. og efri mörkum 13,5 millj. kr. í 11,4 millj. kr. og 18,2 millj. kr. fyrir hjón. Þá er tekjuskattshlutfall lögaðila lækkað úr 18% í 15%.

Á fundum sem nefndin hefur átt með Alþýðusambandi Íslands og Samtökum atvinnulífsins hefur komið fram að markmið kjarasamninganna hafi verið að hækka lægstu launataxta og bæta kjör þeirra launþega sem ekki hefðu notið launaskriðs. Í ljósi núverandi stöðu í efnahagsmálum hafa aðilarnir lagt áherslu á að ríkinu takist að verja stöðugleikann að höfðu samráði við aðila vinnumarkaðarins. Samningsaðilarnir hafa bent á að hækkun verðbólgu eftir undirritun kjarasamninganna hafi orðið meiri en ráð var fyrir gert og það sé áhyggjuefni.

Nefndin bendir á að Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins styðja frumvarpið varðandi þann þátt sem snýr að aðgerðum ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamningana. Seðlabankinn hvetur til aðhalds í opinberum fjármálum en af því tilefni vill nefndin árétta að frumvarpið er liður í framkvæmd skynsamlegra kjarasamninga sem í heild sinni stuðla að stöðugleika.

Í frumvarpinu eru einnig lagðar til breytingar sem varða skattalega meðferð gengishagnaðar og gengistaps, afdráttarskatt á arðgreiðslur til erlendra aðila með takmarkaða skattskyldu og staðaruppbót starfsmanna Þróunarsamvinnustofnunar Íslands erlendis.

Við meðferð málsins færðu Samtök fjármálafyrirtækja rök fyrir því að ákvæði 1. og 3. gr. frumvarpsins sem varða skattalega meðferð gengisbreytinga ættu að fela í sér heimild, en ekki skyldu, til að dreifa hagnaði eða tapi í þrjú ár og jafnframt að heimila ætti val um hvernig þau hátta dreifingunni innan þriggja ára tímabilsins. Með því yrði fyrirtækjum tryggður meiri stöðugleiki þótt viðurkennt væri að tekjur ríkisins yrðu að sama skapi háðar meiri óvissu. Þá fóru Samtök atvinnulífsins þess á leit við nefndina að 1. gr. frumvarpsins um skattalega meðferð gengishagnaðar tæki þegar gildi þar sem staðan í efnahagsmálum benti til þess að mörgum fyrirtækjum mundi reynast erfitt að greiða skatt af gengishagnaði síðasta árs vegna sambærilegs taps á þessu ári.

Nefndin leggur til, með hliðsjón af umræddum athugasemdum og að höfðu samráði við fjármálaráðuneytið, að ákvæði frumvarpsins sem varða skattalega meðferð gengishagnaðar og gengistaps taki þegar gildi og komi til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 2008 vegna tekna ársins 2007.

Eftir ábendingu fjármálaráðuneytis leggur nefndin til nokkrar breytingar til viðbótar við frumvarpið en tekið skal fram að fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs óskaði eftir því við afgreiðslu málsins að ríkisskattstjóri gæfi álit sitt á þeim og enn fremur þeirri breytingu sem nefndin leggur til á ákvæðum frumvarpsins um skattalega meðferð gengisbreytinga sem áður hefur verið gerð grein fyrir.

Fyrsta viðbótin kemur fram í b-lið 2. tölul. og a-lið 4. tölul. breytingartillagna nefndarinnar og er ætlað að árétta hvernig standa skuli að skattalegri meðferð gengishagnaðar sem myndast við innlausn hlutdeildarskírteina í erlendum gjaldmiðli í ljósi nýlegs úrskurðar yfirskattanefndar, nr. 70/2008, sem ástæða þótti til að bregðast við.

Önnur viðbótin kemur fram í b-lið 3. tölul. breytingartillagnanna og snertir meðferð ónýtts persónuafsláttar þegar honum er ráðstafað til greiðslu fjármagnstekjuskatts samkvæmt reglum 2. mgr. A-liðar 67. gr. tekjuskattslaga. Tilgangur breytingarinnar er að gera skattleysismörk gagnvart fjármagnstekjum áþekk því sem á við um aðrar tekjur.

Þriðja viðbótin kemur fram í b-lið 4. tölul. breytingartillagnanna en þar er lögð til breyting á skattlagningu kaupskipaútgerðar til samræmis við a-lið 6. gr. frumvarpsins sem gerir ráð fyrir að tekjuskattur hlutafélaga og einkahlutafélaga lækki úr 18% í 15%.

Fjórða viðbótin kemur fram í a-lið 3. tölul. breytingartillagnanna og felur í sér breytingu á orðalagi í samræmi við ábendingar Svæðisskrifstofu fatlaðra á Reykjanesi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Ögmundur Jónasson skrifar undir álitið með fyrirvara.

Gunnar Svavarsson og Paul Nikolov voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Grétar Mar Jónsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og styður álitið.

Alþingi, 19. maí 2008.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Ellert B. Schram.	Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.
Bjarni Benediktsson.	Magnús Stefánsson.	Ragnheiður E. Árnadóttir.
	Lúðvík Bergvinsson.	

1037. Breytingartillögur [515. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og skattanefnd.

1. Á undan 1. gr. komi ný fyrirsögn, svohljóðandi: I. KAFLI, **Breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.**
2. 1. gr. orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:
   a. Við 2. mgr. 5. tölul. 1. mgr. bætist: með jafnri fjárhæð á þrjú ár frá og með því reikningsári þegar gengishagnaður fellur til.
   b. 4. tölul. 2. mgr. orðast svo: Áfallinn gengishagnað á hverja úttekt af reikningi í innlánsstofnunum, sbr. 1. tölul., eða afborgun af kröfu í erlendum gjaldmiðli skal færa til tekna. Heimilt skal þó að miða við stöðu innlánsreiknings í upphafi og í lok árs og á innborgunar- eða úttektardegi innan ársins. Nánari reglur hér að lútandi getur fjármálaráðherra sett.
3. Á eftir 3. gr. komi tvær nýjar greinar, svohljóðandi:
   a. (4. gr.)
      Orðin „eða vangefið“ í 2. tölul. 1. mgr. 65. gr. laganna falla brott.
   b. (5. gr.)
      Í stað hlutfallstölunnar „$^{10}/_{38}$“ í 4. málsl. 2. mgr. A-liðar 67. gr. laganna kemur: $^{10}/_{36}$.
4. Á eftir 7. gr., er verði 9. gr., komi tveir nýir kaflar, II. KAFLI, **Breyting á lögum nr.**

94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, með síðari breytingum, með einni nýrri grein, 10. gr., og III. KAFLI, **Breyting á lögum nr. 86/2007, um skattlagningu kaupskipaútgerðar**, með einni nýrri grein, 11. gr., svohljóðandi:

a. (10. gr.)

1. málsl. 2. mgr. 4. gr. laganna orðast svo: Ekki skal telja gengishagnað að frádregnu gengistapi af reikningi í innlánsstofnunum til stofns til staðgreiðslu.

b. (11. gr.)

Í stað hlutfallstölunnar „18%“ í 3. mgr. 6. gr. laganna kemur: 15%.

5. 8. gr., er verði 12. gr., orðist svo:

Ákvæði a-liðar 1. gr. og 3. gr. öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 2008 vegna tekna á árinu 2007.

Ákvæði 2. og 4. gr. öðlast þegar gildi.

Ákvæði a-liðar 6. gr. öðlast gildi 1. janúar 2009 og kemur til framkvæmda við álagningu og greiðslu barnabóta á árinu 2009 vegna tekna á árinu 2008.

Ákvæði b- og c-liðar 6. gr. öðlast gildi 1. janúar 2008 og koma til framkvæmda við álagningu barnabóta og vaxtabóta á árinu 2008 vegna tekna og eigna á árinu 2007.

Ákvæði b-liðar 1. gr., 5., 7. og 10. gr. öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 2009 vegna tekna á árinu 2008.

Ákvæði 8. og 11. gr. öðlast gildi 1. janúar 2008 og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 2009 hjá þeim lögaðilum sem hafa almanaksárið sem reikningsár og hjá þeim sem hafa upphaf reikningsárs 1. febrúar 2008 eða síðar á því ári.

Ákvæði til bráðabirgða í 9. gr. öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda eins og þar greinir.

6. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo: **Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, og lögum nr. 86/2007, um skattlagningu kaupskipaútgerðar, með síðari breytingum.**

1038. Skýrsla [627. mál]

fjárlaganefndar um stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar á Þróunarfélagi Keflavíkurflugvallar ehf.

Með bréfi dags. 27. mars sl. fór forseti Alþingis þess á leit við formann fjárlaganefndar að nefndin tæki til umfjöllunar skýrslu Ríkisendurskoðunar um Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf., sbr. reglur um þinglega meðferð skýrslna Ríkisendurskoðunar frá 12. febrúar 2008. Fjárlaganefnd Alþings fjallaði um skýrsluna á fundi 2. apríl sl. og komu fulltrúar Ríkisendurskoðunar á fundinn ásamt fulltrúum frá fjármálaráðuneyti. Fjárlaganefnd lýsir ánægju sinni með skýrsluna, svo og þá nýbreytni sem tekin hefur verið upp varðandi þinglega meðferð skýrslna Ríkisendurskoðunar.

Ríkisendurskoðun telur að hagsmuna ríkisins hafi verið gætt við sölu eigna á varnarsvæðunum en gerir nokkrar athugasemdir við söluferlið, þjónustusamninga og aðkomu einstakra stjórnarmanna. Ríkisendurskoðun telur að framkvæmdastjóri Þróunarfélagsins hafi verið vanhæfur til að taka þátt í undirbúningi og ákvörðun um sölu eigna Keilis ehf. þar sem hann er stjórnarmaður þar. Ríkisendurskoðun telur þó að ekki sé hægt að líta svo á að sölusamningur

Þróunarfélagsins við Keili ehf. sé ógildur vegna vanhæfis hans. Ríkisendurskoðun telur eðlilegt að stjórn félagsins takmarki óvenjuvíðtækt umboð framkvæmdastjóra félagsins til að skuldbinda það og tryggi þar með að stjórnin komi að öllum meiri háttar ákvörðunum.

Í skýrslunni kemur fram að söluverðmæti eigna árið 2007 hafi verið tæplega 15,3 milljarðar kr. Í bréfi fjármálaráðuneytis til fjárlaganefndar Alþingis dags. 28. janúar 2008 kemur fram að söluverð eigna hafi verið 12,8 milljarðar kr. Munurinn virðist liggja í því að fjármálaráðuneytið hefur dregið kostnað frá söluandvirði sem Ríkisendurskoðun telur að ekki eigi að gera heldur færa sérstaklega til gjalda. Fjárlaganefnd telur nauðsynlegt að fá úrskurð ríkisreikningsnefndar, sbr. lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, og mun fjárlaganefndin kalla eftir slíkum úrskurði.

Í þjónustusamningi félagsins við fjármálaráðuneyti segir ,,að tvö fyrstu árin skuli 100% af söluverði eigna á svæðinu ganga til félagsins sem þóknun auk þess sem félagið hirðir allar leigutekjur af eignum af svæðinu. Þróunarfélagið og fjármálaráðuneytið hafa hins vegar komist að samkomulagi um að tekjur af sölu eigna að frádregnum kostnaði við umsýslu, hreinsun o.fl. renni til ríkissjóðs“. Fulltrúi fjármálaráðuneytis var spurður um stöðu þessa máls og greindi hann frá því að málið væri í vinnslu. Fjárlaganefnd leggur áherslu á að þeirri vinnu verði lokið hið fyrsta.

Meiri hluti fjárlaganefndar, en hann skipa Gunnar Svavarsson, Ármann Kr. Ólafsson, Ásta Möller, Björk Guðjónsdóttir, Guðbjartur Hannesson, Illugi Gunnarsson, Kristján Þór Júlíusson og Steinunn Valdís Óskarsdóttir, er að öðru leyti samþykkur niðurstöðu Ríkisendurskoðunar.

Sjónarmið minni hluta nefndarinnar.

Með bréfi dags 27. mars 2008 fór forseti Alþingis þess á leit við formann fjárlaganefndar að nefndin tæki til umfjöllunar skýrslu Ríkisendurskoðunar um Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf., sbr. reglur um þinglega meðferð skýrslna Ríkisendurskoðunar frá 12. febrúar 2008. Áður hafði einn nefndarmaður í fjárlaganefnd óskað formlega eftir fundi í fjárlaganefnd um málið. Fjárlaganefnd Alþings fjallaði um skýrsluna á fundi 2. apríl sl. og mættu fulltrúar Ríkisendurskoðunar á fundinn, ásamt fulltrúum frá fjármálaráðuneyti.

Minni hluti nefndarinnar, Bjarni Harðarson, Guðjón A. Kristjánsson og Jón Bjarnason, lýsir ánægju sinni með þá nýbreytni sem tekin hefur verið upp varðandi þinglega meðferð skýrslna Ríkisendurskoðunar en lýsir miklum vonbrigðum með vinnubrögð Ríkisendurskoðunar og hvernig stjórnsýsluúttektin var afmörkuð.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar segir m.a. um ástæður og markmið úttektarinnar:

„Í desember 2007 ákvað ríkisendurskoðandi að gera stjórnsýsluúttekt á starfsemi Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf. Ástæða þess var opinber umræða um að ekki hafi verið gætt fyllstu hagsmuna ríkisins við ráðstöfun eigna á fyrrum varnarliðssvæði á Keflavíkurflugvelli. Þar var m.a. vísað til þess að eignir hafi ekki verið seldar hæstbjóðendum heldur önnur sjónarmið látin ráða vali. Þá var hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra Þróunarfélagsins og fjármálaráðherra dregið í efa.“

Þar segir einnig nokkru síðar:

„Meginmarkmið Ríkisendurskoðunar með úttektinni er að svara eftirfarandi spurningum:

1. Var eðlilega staðið að sölu eigna á varnarliðssvæðinu?
2. Var fyllstu hagsmuna ríkisins gætt við ráðstöfun eigna á svæðinu?
3. Er ástæða til að ætla að kaupsamningar gangi ekki eftir?
4. Er hægt að draga hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra Þróunarfélagsins og fjármálaráðherra í efa?“

Ríkisendurskoðun kemst að þeirri niðurstöðu að eðlilega hafi verið staðið að sölu eigna, hagsmuna ríkisins hafi verið gætt og kaupsamningar gangi eftir en að framkvæmdastjóri Þróunarfélagsins hafi verið vanhæfur til að taka þátt í undirbúningi og ákvörðun um sölu eigna Keilis ehf., þar sem hann sé stjórnarmaður, en ekki sé hægt að líta svo á að sölusamningur Þróunarfélagsins við Keili ehf. sé ógildur vegna vanhæfis hans.

Ríkisendurskoðun bendir á að það sé eðlilegt að stjórn félagsins takmarki óvenjuvíðtækt umboð framkvæmdastjóra félagsins til að skuldbinda það og tryggi þar með að stjórnin komi að öllum meiri háttar ákvörðunum. Í skýrslunni kemur fram að söluverðmæti eigna árið 2007 hafi verið tæplega 15,3 milljarðar kr.

Á fundi fjárlaganefndar lagði minni hlutinn fram ítarlegar spurningar um vinnubrögð Ríkisendurskoðunar og gagnrýndi jafnframt afmörkun viðfangsefnisins. Það er mat minni hlutans að ekki hafi fengist fullnægjandi svör við öllum þeim spurningum sem lagðar voru fram á fundinum og að skýrsla Ríkisendurskoðunar sé ekki fullnægjandi. Minni hlutinn gerir eftirfarandi athugasemdir við skýrslu Ríkisendurskoðunar um Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf.:

1. Minni hlutinn telur miður að ekki skuli fjallað um lögmæti þjónustusamnings sem gerður var milli Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf. og fjármálaráðuneytis þar sem m.a. er kveðið á um að 100% af söluverði eigna á vallarsvæðinu renni til félagsins en ekki í ríkissjóð. Minni hlutinn telur nauðsynlegt að fá úr lögmætinu skorið en leggur jafnframt áherslu á að sem fyrst verði lokið endurskoðun á nefndum samningi í samræmi við samkomulag aðila um að tekjur af sölu eigna renni til ríkissjóðs.
2. Ríkisendurskoðun telur að söluverð eigna árið 2007 hafi verið tæplega 15,3 milljarðar kr. Í bréfi fjármálaráðuneytis til fjárlaganefndar Alþingis dags 28. janúar 2008 kemur fram að söluverð eigna hafi verið 12,8 milljarðar kr. Hluti þessa mismunar virðist liggja í því að fjármálaráðuneytið hefur dregið kostnað við raflagnir, um 1,9 milljarða kr., frá söluverðinu og fært það þannig til bókar. Minni hlutinn telur nauðsynlegt að fá úrskurð ríkisreikningsnefndar, sbr. lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, um hvora bókhaldsaðferðina eigi að nota. Þrátt fyrir ólíkar aðferðir þarf að skýra til fulls þann mun sem er á söluverði eigna og kostnaði, eins og hann birtist í upplýsingum Ríkisendurskoðunar og fjármálaráðuneytis, en þar munar um 600 millj. kr.
3. Minni hlutinn telur að fullyrðing ríkisendurskoðanda um veðsetningu eigna standist ekki. Á bls. 24–25 í skýrslunni segir: „Kaupendur öðlast ekki heimildir til að veðsetja eignir nema með samþykki seljenda fyrr en til afsals kemur. Afsöl eru sem kunnugt er ekki gefin út fyrr en gengið hefur verið frá greiðslu kaupverðs. Alvanalegt er þó að seljandi veiti veðheimildir áður svo að kaupandi geti sett tryggingar fyrir lánum sem ganga til kaupanna. Þær eignir sem hér um ræðir eru seldar sem sérstakar einingar og kaupin áfangaskipt á þann veg að ein eign er seld í einu. Afsal hefur ekki enn þá verið afhent vegna þessara eigna en nýir eigendur hafa eðlilega öðlast veðheimildir vegna þeirra. Veðheimildir hafa hins vegar ekki verið veittar vegna annarra eigna.“ Í samningi Háskólavalla og Þróunarfélagsins dags 7. október 2007 segir: „Tilboðshafi skal gefa út afsöl fyrir eignum þegar greiðsla hefur verið innt af hendi en þá skal jafnframt fara fram uppgjör vegna samnings. Tilboðshafi skal veita tilboðshafa (sic!) eða hinum nýstofnuðu félögum veðheimild án sérstakra takmarkana.“ Hér þarf að svara því hvort veðheimildir hafa verið gefnar út fyrir tilteknar eignir áður en kaupandi setti fram tryggingar fyrir lánum sem ganga til kaupanna, og þá hvaða eignir, og hvenær það var gert.
4. Minni hlutinn telur að við umfjöllun um hagsmunatengsl og hæfi sé horft fram hjá því að leggja heildstætt mat á vanhæfi manna út frá þeirri heildarmynd sem blasir við en í

stað þess sé horft einangrað og þröngt á hvert tilvik. Minni hlutinn mótmælir þröngum skilningi Ríkisendurskoðunar á 2. mgr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, og telur að hann fái varla staðist. Ekki var tekinn fyrir nema lítill hluti af þeirri gagnrýni sem fram kom á hæfi manna og vanhæfi og minni hlutinn hafnar þeirri lagatúlkun að eignarhald stjórnarmanna Þróunarfélagsins og bæjarstjórnarmanna og manna þeim tengdum í einkahlutafélögum sé óháð vanhæfisreglum stjórnsýslulaga. Þá telur minni hlutinn að horft hafi verið fram hjá mikilsverðum staðreyndum um tengsl milli manna sem sitja í stjórn Þróunarfélagsins við þá aðila sem keypt hafa fasteignir, og tengslum bæjarstjórnarmanna Reykjanesbæjar við fyrirtæki sem hagnast hafa af kaupum eigna sem voru í umsjá Þróunarfélagsins, og hvernig tilnefningum hefur verið hagað í stjórnir og nefndir sem tengjast þessu máli. Ýmsum atriðum og tengslum er sleppt, t.d. eignarhaldi Reykjanesbæjar í Keili, tilnefningu Steinþórs Jónssonar á Árna Sigfússyni í stjórn Þróunarfélagsins og svo virðist sem mismunandi túlkun sé beitt til að fá sem hagfelldasta niðurstöðu.

Það er álit minni hluta fjárlaganefndar að skýrsla Ríkisendurskoðunar svari ekki grundvallarspurningum þessa máls og kalli á frekari rannsókn. Minni hlutinn vísar þar til þingsályktunartillögu um skipan rannsóknarnefndar á þskj. 494 á yfirstandandi löggjafarþingi. Einnig má efast um hæfi Ríkisendurskoðunar til annast stjórnsýsluendurskoðun á Þróunarfélaginu en Ríkisendurskoðun er jafnframt endurskoðandi þess. Það er mat minni hlutans að skýrsla Ríkisendurskoðunar svari ekki grundvallarspurningum varðandi sölu og umsýslu Þróunarfélagsins ehf. með eigur ríkisins á Keflavíkurflugvelli.

1039. Nefndarálit [545. mál]

um. frv. til l. um breyt. á l.um Lánasjóð íslenskra námsmanna, nr. 21/1992, með síðari breytingum.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðmund Árnason ráðuneytisstjóra, Jón Vilberg Guðjónsson og Hellen Gunnarsdóttur frá menntamálaráðuneyti og Steingrím Ara Arason frá Lánasjóði íslenskra námsmanna. Þá hafa nefndinni borist umsagnir og erindi frá Alþýðusambandi Íslands, Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri, Kennaraháskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri, Lánasjóði íslenskra námsmanna, Stúdentaráði Háskóla Íslands, Bandalagi íslenskra námsmanna, Sambandi íslenskra námsmanna erlendis og Sambandi íslenskra framhaldsskólanema. Engar athugasemdir voru gerðar við frumvarpið af hálfu þessara aðila.

Með frumvarpinu er lögð til breyting á 13. gr. laga nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna, til samræmis við rökstutt álit Eftirlitsstofnunar EFTA frá 19. júlí 2006. Í áliti stofnunarinnar segir að búsetuskilyrði laganna feli í sér óbeina mismunun gagnvart farandlaunþegum og fjölskyldum á framfæri þeirra. Í 28. gr. EES-samningsins er kveðið á um frjálst flæði launþega innan Evrópska efnahagssvæðisins og í 31. gr. samningsins er veittur sambærilegur réttur til sjálfstætt starfandi einstaklinga, sbr. lög nr. 2/1993. Enn fremur segir í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, að launþegar skuli njóta sömu félagslegra réttinda og skatta-

ívilnana og innlendir launþegar. Námslán teljast til félagslegra réttinda þessum skilningi. Eins og 13. gr. laga nr. 21/1992, er úr garði gerð skulu umsækjendur lána vera búsettir á Íslandi. Auk þess verður viðkomandi að hafa haft hér fasta búsetu undanfarin tvö ár eða í þrjú ár af síðustu tíu árum fyrir upphaf þess tímabils sem sótt er um námslán vegna. Hin óbeina mismunun felst í því að þrátt fyrir lagatextinn mismuni ekki samkvæmt orðanna hljóðan þá eru áhrif hans þau að Íslendingar eiga auðveldara með að uppfylla búsetuskilyrðin en aðrir ríkisborgarar EES-ríkjanna.

Í frumvarpinu er brugðist við þessari mismunun á þann hátt að námsmenn sem eru íslenskir ríkisborgarar og námsmenn og fjölskyldur þeirra sem eru ríkisborgarar ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu, og eru efnahagslega virkir og uppfylla skilyrði laganna, svo og reglna sem settar eru með stoð í þeim, eiga rétt á námslánum. Enn fremur kveður frumvarpið á um að efnahagslega óvirkir ríkisborgarar ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu, og fjölskyldur þeirra, sem búið hafa hér á landi samfellt í fimm ár öðlist rétt til námslána. Hvað felst í samfelldri búsetu er svo nánar tilgreint í 4. mgr. 1. gr. frumvarpsins.

Nefndin kynnti sér reglur sem gilda um þessi mál annars staðar á Norðurlöndunum og er þar að finna sambærilega leið og farin er í frumvarpi þessu þar sem sett eru opin ákvæði og ráðherra gefin heimild til frekari reglusetningar. Er það álit nefndarinnar að með frumvarpinu sé komið á móts við álit Eftirlitsstofnunar EFTA þar sem efnahagslega virkir einstaklingar komi til með að sitja við sama borð og íslenskir ríkisborgarar verði frumvarp þetta að lögum.

Áréttar nefndin jafnframt að fimm ára búsetuskilyrði fyrir ríkisborgara ríkja á EES-svæðinu sem eru efnahagslega óvirkir feli ekki í sér mismunun þar sem um ólíka hópa er að ræða.

Nefndin telur rétt að samræma hugtakanotkun í frumvarpinu en þar er hvort tveggja talað um námsaðstoð og námslán. Er það álit nefndarinnar að námsaðstoð á Íslandi felist í námslánakerfinu sjálfu og kjörum námslána, svo sem vaxtastigi þeirra, lánstíma og niðurfellingu lána. Leggur nefndin því til að orðið námslán verði notað í stað námsaðstoðar. Áréttar nefndin að hér er eingöngu um orðalagsbreytingu að ræða sem hefur ekki áhrif á efnisatriði frumvarpsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað orðsins „námsaðstoðar“ í 3. mgr. 1. gr. og sama orðs hvarvetna annars staðar í frumvarpinu komi, í viðeigandi beygingarfalli: námslána.

Jón Magnússon sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 20. maí 2008.

Sigurður Kári Kristjánsson, form., frsm.	Einar Már Sigurðarson.	Illugi Gunnarsson.
Guðbjartur Hannesson.	Höskuldur Þórhallsson.	Ragnheiður Ríkharðsdóttir.
Katrín Júlíusdóttir.		Kolbrún Halldórsdóttir.

1040. Frumvarp til laga [628. mál]

um eftirlit með hlutum, tækni og þjónustu sem hefur hernaðarlega þýðingu.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.
Markmið.

Með lögum þessum eru settar reglur um:

a. eftirlit með hlutum, tækni og þjónustu sem hefur hernaðarlega þýðingu, í þeim tilgangi að viðhalda friði og öryggi eða til varnar gegn brotum á hryðjuverka-, mannréttinda- eða mannúðarlögum,
b. örugga vörslu og geymslu gagna um hluti, tækni og þjónustu sem hefur hernaðarlega þýðingu,
c. viðurlög og stjórnsýsluleg úrræði gegn brotum á lögum þessum.

2. gr.
Gildissvið.

Lög þessi taka til íslenskra ríkisborgara og útlendinga samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, um refsilögsögu, en gera að auki íslenskum ríkisborgurum refsiábyrgð fyrir verknað sem þeir fremja erlendis þrátt fyrir að verknaðurinn sé ekki refsiverður samkvæmt lögum þess ríkis þar sem brotið var framið.

Lögin gilda gagnvart lögaðilum, sem eru skráðir eða stofnaðir samkvæmt íslenskum lögum, hvar sem þeir starfa eða eru staðsettir. Nú er lögaðili skráður eða stofnaður erlendis og taka þá lögin til starfsemi hans að því leyti sem hún fer fram innan íslenskrar lögsögu.
Nú leggja lög tiltekinn málaflokk til viðkomandi fagráðherra og skal það ekki vera því til fyrirstöðu að utanríkisráðuneytið veiti leyfi eða setji reglur samkvæmt lögum þessum, enda sé haft samráð um útgáfu leyfisins eða setningu reglnanna við viðkomandi ráðuneyti eða undirstofnun þess eftir atvikum. Lögreglustjóri veitir þó leyfi fyrir útflutningi á þeim vopnum sem falla undir gildissvið vopnalaga, að höfðu samráði við utanríkisráðuneyti.

3. gr.
Skilgreiningar.

Merking orða í lögum þessum er sem hér segir:

1. *Aðili* er einstaklingur eða lögaðili, þ.m.t. ríkisstjórnir, fyrirtæki, samsteypur, stofnanir, sjóðir og samtök.
2. *Bann við útflutningi* merkir að aðilum hérlendis og íslenskum aðilum erlendis er óheimilt að selja, miðla, útvega eða flytja héðan eða um Ísland eða með íslenskum skipum eða loftförum, með beinum eða óbeinum hætti, hluti til annarra ríkja, hvort sem þeir eru upprunnir hér á landi eða ekki.
3. *Hergögn* eru vopn og skotfæri sem hafa hernaðarlega þýðingu, hernaðarökutæki, herbúnaður, m.a. herbúnaður sem er ekki ætlaður ríkisher, hernaðarleg tækni og varahlutir í framangreinda hluti.
4. *Hlutur* tekur til vöru, hugbúnaðar og tækni.
5. *Hlutur með tvíþætt notagildi* er hlutur sem má nota bæði í borgaralegum og hernaðarlegum tilgangi.

6. *Útflutningur* tekur til útflutnings og umflutnings í skilningi tollalaga, nr. 88/2005, með eða án endurgjalds. Hugtakið tekur einnig til miðlunar hugbúnaðar og tækni með rafrænum miðlum, bréfsíma eða gegnum síma til áfangastaða erlendis.
7. *Þjónusta* tekur m.a. til sölu, miðlunar, útvegunar, flutnings, fjármögnunar, aðstoðar, ráðgjafar og þjálfunar, með eða án endurgjalds.

4. gr.

Leyfisskyldur útflutningur.

Enginn má flytja út hergögn eða hluti með tvíþætt notagildi nema með leyfi ráðherra, sbr. þó 2. málsl. 3. mgr. 2. gr. Skrár um slík hergögn og hluti skulu birtar í B-deild Stjórnartíðinda.

Auk þess sem tilgreint er í 1. mgr. er óheimilt að flytja út, án leyfis ráðherra, hluti sem útflytjanda er kunnugt um, hann má ætla eða sem ráðuneytið tilkynnir honum að séu eða kunni að vera ætlaðir til notkunar í hernaðarlegum tilgangi, til hryðjuverka eða til bælingar innan viðkomandi landa sem brýtur í bága við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands eða ógnar varnar- eða öryggishagsmunum þess eða bandalagsríkja þess.

Nú ákveður ráðherra að banna útflutning samkvæmt þessari grein til tiltekinna landa eða landsvæða og er honum þá heimilt að kveða á um að útflutningsleyfi þurfi fyrir búnaði sem kynni að verða notaður til bælingar innan þessara landa eða landsvæða.

5. gr.

Leyfisskyld hergagnamiðlun og þjónusta.

Enginn má stunda hergagnamiðlun eða þjónustuviðskipti í tengslum við útflutning hergagna og hluta skv. 4. gr. nema með leyfi ráðherra, enda hafi verið settar um þau nánari reglur.

6. gr.

Leyfisskilyrði.

Ráðherra getur sett skilyrði í tengslum við útgáfu útflutnings- og þjónustuleyfa samkvæmt lögum þessum, þar á meðal varðandi upplýsingagjöf um sölukjör, greiðslukjör, lánskjör, flutningaleiðir, meðferð skjala og lokanotanda og/eða lokanot vöru og þjónustu.

Ráðherra getur breytt leyfisskilyrðum eða afturkallað leyfi hvenær sem er, til bráðabirgða eða fyrir fullt og allt, ef:

a. forsendur fyrir útgáfu leyfisins eru brostnar,
b. leyfishafi hefur ekki farið eftir settum leyfisskilyrðum eða
c. brýna nauðsyn ber til

og skal þá leyfishafi skila leyfinu tafarlaust til ráðuneytisins.

Aðili máls getur ávallt óskað eftir því að ákvörðun ráðherra um leyfisskilyrði, breytingu leyfisskilyrða, afturköllun eða synjun leyfis verði endurupptekin í samræmi við ákvæði 24. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

7. gr.

Varsla hergagna, hluta og bókhaldsgagna.

Útflytjendur, innflytjendur og vörsluaðilar hergagna og hluta skv. 4. gr. skulu tryggja örugga vörslu þeirra. Ráðherra getur sett nánari reglur þar að lútandi.

Útflytjendur, innflytjendur og vörsluaðilar hergagna og hluta skv. 4. gr. og þjónustuaðilar skv. 5. gr. skulu geyma gögn um útflutning, innflutning og birgðahald þeirra í að minnsta kosti tíu ár. Ráðherra getur sett nánari reglur þar að lútandi.

8. gr.

Upplýsingaskylda.

Útflytjendur hergagna og hluta skv. 4. gr. og þjónustuaðilar skv. 5. gr. skulu veita ráðuneytinu allar þær upplýsingar og alla þá aðstoð sem nauðsynleg er til þess að framfylgja lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim. Skal ráðuneytið miðla upplýsingum til ríkislögreglustjóra samkvæmt þessari grein, eftir því sem við á.

Ráðuneytið og þeir opinberu aðilar sem það tilnefnir geta m.a. krafist:

a. aðgangs að öllum gögnum og bókhaldi sem snertir framkvæmd laga þessara,
b. aðgangs að öllu viðkomandi skrifstofuhúsnæði og allri tilheyrandi rekstraraðstöðu,
c. afrita og þýðingar á efni skv. a-lið, og
d. aðstoðar við vinnslu og túlkun á efni skv. a-lið.

Ef ekki er orðið við kröfu ráðuneytisins samkvæmt þessari grein getur það ákveðið að sá eða þeir sem krafan beinist að greiði dagsektir þar til orðið er við henni. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynnt bréflega og á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að. Dagsektir geta numið allt að 100.000 kr. á dag. Ákvarðanir ráðuneytisins um dagsektir eru aðfararhæfar skv. 6. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989, um aðför.

9. gr.

Tilkynningarskylda.

Útflytjendur, innflytjendur og vörsluaðilar hergagna og hluta skv. 4. gr. skulu tilkynna ráðuneytinu um útflutning, innflutning og birgðahald samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur.

Ráðherra getur sett reglur um að tilkynna skuli flugskeytaskot innan íslenskrar lofthelgi.

10. gr.

Þagnarskylda.

Starfsmenn ráðuneytisins og þeir aðilar sem það tilnefnir skv. 8. gr. skulu gæta þagmælsku um allt það sem þeir fá vitneskju um samkvæmt þessum lögum og leynt á að fara. Þagnarskyldan helst eftir að látið er af starfi. Þagnarskyldan gildir ekki að svo miklu leyti sem nauðsynlegt er:

a. til þess að ná markmiðum laganna, m.a. í tengslum við lögregluannsókn og saksókn máls,
b. milli þeirra aðila sem annast framkvæmd laganna, þar á meðal skjalavörslu, eða
c. vegna samráðs eða samvinnu við aðra eftirlits- og samstarfsaðila hérlendis sem erlendis.

11. gr.

Réttindi og skyldur sem fara í bága við lög þessi.

Óheimilt er að efna samninga eða fullnægja öðrum réttindum og skyldum sem fara í bága við lög þessi og reglugerðir settar með stoð í þeim. Þetta á við hvort sem þessi réttindi og skyldur mynduðust fyrir eða eftir gildistöku þeirra nema annað sé tekið fram í þeim.

Vanefnd á réttindum og skyldum skv. 1. mgr. leiðir ekki til skaðabótaskyldu.

12. gr.

Undanþágur frá útflutningsbanni.

Nú ákveður ráðherra að banna tiltekinn útflutning skv. 4. eða 5. gr. og getur hann þá veitt undanþágu frá banninu þegar gildar ástæður eru fyrir hendi. Heimilt er að setja skilyrði vegna sérhverrar undanþágu til þess að tryggja að með henni sé ekki grafið undan eða komist fram hjá markmiði bannsins.

13. gr.

Viðurlög.

Sá sem brýtur gegn boði eða banni, sem mælt er fyrir um í eftirgreindum ákvæðum eða í reglugerð sem er sett til nánari útfærslu á þeim, skal sæta sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum:

a. 7. gr. um vörslu hergagna, hluta og bókhaldsgagna,
b. 9. gr. um tilkynningarskyldu.

Sá sem brýtur gegn boði eða banni, sem mælt er fyrir um í eftirgreindum ákvæðum eða í reglugerð sem er sett til nánari útfærslu á þeim, skal sæta sektum eða fangelsi allt að 4 árum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Sé brotið stórfellt varðar það sektum eða fangelsi allt að 6 árum:

a. 4. gr. um bann við útflutningi án leyfis,
b. 5. gr. um bann við hergagnamiðlun eða veitingu þjónustu án leyfis,
c. 1. mgr. 6. gr. um leyfisskilyrði.

Hafi brot, sem vísað er til í 2. mgr., verið framið af stórfelldu gáleysi varðar það sektum eða fangelsi allt að 1 ári.

Þegar brot er framið í starfsemi lögaðila og í þágu hans má gera lögaðilanum sekt án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á fyrirsvarsmann eða starfsmann lögaðilans. Hafi fyrirsvarsmaður eða starfsmaður gerst sekur um brot má samhliða ákvörðun um refsingu þeirra gera lögaðilanum sekt ef brotið var í þágu hans.

Gera má upptæka hluti, samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sem hafa verið notaðir við brot, hafa orðið til við brot eða með öðrum hætti tengjast því að brot er framið. Þá má gera upptækan ávinning af broti eða fjárhæð sem svarar til hans í heild eða að hluta.

14. gr.

Nánari reglur o.fl.

Utanríkisráðherra fer með framkvæmd laga þessara og er heimilt:

a. að setja nánari reglur þar að lútandi,
b. að fela Varnarmálastofnun að annast útgáfu útflutnings- og þjónustuleyfa og aðra tilgreinda framkvæmd laga þessara,
c. að láta birta frumtexta skrár um hergögn og hluti skv. 4. gr. á erlendu tungumáli í B-deild Stjórnartíðinda,
d. að fella niður gjald fyrir útgáfu útflutningsleyfis, sbr. 50. tölul. 11. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, þegar hergögn, eða aðrir hlutir sem undir lög þessi heyra, eru flutt tímabundið til eða frá landinu til prófana, sýningar eða í öðrum tilgangi.

15. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög um útflutningsleyfi o.fl., nr. 4/1988.

Ákvæði til bráðabirgða.

Útflutningur til aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins skal undanþeginn ákvæðum laga þessara til 15. september 2008.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Núverandi eftirlit með útflutningi, sem hefur hernaðarlega þýðingu, er byggt á lögum um útflutningsleyfi, nr. 4/1988. Eftirlit þetta er viðhaft vegna alþjóðlegra skuldbindinga á þessu sviði sem miða að því að hefta sölu hefðbundinna vopna, gjöreyðingarvopna og hættulegra hluta til ákveðinna aðila eða landa eða til þess að forðast að þau nýtist til hryðjuverka eða annarrar ólögmætrar starfsemi. Auk öryggissjónarmiða eiga mannréttinda- og mannúðarsjónarmið við þegar ákvörðun er tekin um að hefta útbreiðslu hættulegra hluta eða tækni.

Eftir hryðjuverkaárásina, sem var gerð á Bandaríkin árið 2001, hefur alþjóðleg samvinna um útflutningseftirlit aukist verulega. Lagafrumvarpi þessu er ætlað að uppfæra gildandi reglur varðandi eftirlit með útflutningi á hernaðarlega mikilvægri vöru og tækni og að styrkja lagagrundvöll þeirra. Einnig eru settar reglur um eftirlit með hernaðarlega mikilvægri þjónustu. Loks eru sett heimildarákvæði um setningu reglna um örugga vörslu og gagnafærslu um hluti, tækni og þjónustu sem undir frumvarpið heyrir.

Meðal þeirra alþjóðaskuldbindinga um útflutningseftirlit sem eiga við um Ísland má nefna fyrirmæli öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, efnavopnasamninginn frá 3. september 1992, skuldbindingar sem fylgja aðild Íslands að svonefndum Ástralíuhópi (efna- og lífefnavopn), fyrirkomulag takmarkana á flugskeytatækni (MTCR – Missile Technology Control Regime), öryggisfrumkvæðið gegn útbreiðslu gereyðingarvopna (PSI – Proliferation Security Initiative) og Haag-starfsreglur gegn útbreiðslu skotflauga (HCOC – Hague Code of Conduct).

Með alþjóðasamstarfi, eins og fram fer í Ástralíuhópnum, MTCR, PSI og HCOC, sammælast þátttökuríkin um samræmdar aðgerðir sem þeim er ætlað að koma í framkvæmd innan lögsögu sinnar án þess að formlegir alþjóðasamningar séu gerðir þar um.

Fyrirmæli öryggisráðsins binda öll aðildarríki Sameinuðu þjóðanna. Dæmi er ályktun nr. 1540 frá 28. apríl 2004 sem fjallar um gjöreyðingarvopn. Þar segir m.a. að ríki skuli hafa virkt eftirlit með útflutningi á kjarnorku-, efna- og lífefnavopnum og burðarkerfum þeirra, svo og flutningi, umskipun og fjármögnun. Einnig skal kveðið á um viðurlög gegn brotum á útflutningslöggjöfinni.

Við undirbúning þessa frumvarps hefur m.a. verið tekið tillit til reglna í nágrannalöndunum, þar á meðal á Norðurlöndunum og í Evrópusambandinu. Frjálst flæði vöru gildir innan Evrópska efnahagssvæðisins. Samræmdar reglur minnka hættuna á umflutningi ólöglegrar vöru frá EES-ríkjum um íslenskt landsvæði.

Frumvarpið miðar að því að fyrirkomulag eftirlits sé eins hagkvæmt og kostur er og að þekking samstarfsríkja verði nýtt eftir atvikum. Virkt útflutningseftirlit er til þess fallið að styrkja stöðu íslenskra útflutningsfyrirtækja, einkum þeirra sem stunda útflutning á hlutum sem hafa tvíþætt notagildi. Þeim verður auðveldara um vik að flytja inn vissa hátæknivöru í eigin framleiðslu ef betur er tryggt að hún verði ekki endurútflutt til landa sem eru á bannlistum annarra ríkja. Það er eftirsóknarvert fyrir útflutningsfyrirtæki að geta með auðveldum

hætti fullvissað sig um að útflutningur brjóti ekki í bága við alþjóðlegar skuldbindingar, enda getur slíkt haft alvarlegar afleiðingar, bæði fyrir þau og fyrir stjórnvöld.

Í gildandi lögum er ekki almenn heimild til að leyfisskylda þjónustu í tengslum við hergagnaviðskipti. Samkvæmt vopnalögum þarf leyfi lögreglustjóra til verslunar með skotvopn, skotfæri, sprengiefni og skotelda, en þeir vöruflokkar ná aðeins yfir brot af þeim hlutum sem falla undir efni þessa frumvarps. Samkvæmt loftferðalögum þarf leyfi samgönguráðherra til að flytja hergögn í loftförum, en þar eru hergögn skilgreind sem skotvopn og skotfæri. Í frumvarpinu er lögð til almenn heimild til þess að leyfisskylda vissa þjónustu í tengslum við hergögn, einkum miðlunarstarfsemi, hliðstætt því sem gildir t.d. í nágrannalöndum, enda nauðsynlegt til þess að tryggja virkar takmarkanir á viðskiptum með vopn erlendis. Mikilvægt er að tryggja að slík þjónusta brjóti ekki í bága við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands eða öryggishagsmuni.

Ákvörðun um útflutningsleyfi á hergögnum og skyldri vöru fer fram í þremur meginskrefum. Fyrst þarf að fara fram tæknilegt mat á vörunni, þ.e. hvort hún sé í gildandi skrá. Það mat getur kallað á sérfræðiþekkingu, bæði hvað varðar vöruna sjálfa og notkunarmöguleika hennar, svo og á hinum mismunandi heitum sem kunna að vera notuð yfir hana. Næst fer fram áhættumat, þ.e. hvert er móttökuríkið, eru t.d. stríðsátök á svæðinu og hver er hinn endanlegi notandi? Varðandi þessi tvö fyrstu skref geta íslensk stjórnvöld reitt sig á alþjóðlega samvinnu ef á þarf að halda. Síðasta skrefið er hin pólitíska ákvörðun um hvort heimila eigi útflutninginn, þ.e. ef hann er ekki beinlínis bannaður samkvæmt alþjóðlegum skuldbindingum. Í þessu efni fylgja nágrannaríkin ekki alltaf samræmdri stefnu, jafnvel t.d. innan Evrópusambandsins. Hinar alþjóðlegu samstarfsreglur kveða almennt á um að neitun um útflutningsleyfi skuli tilkynnt öllum aðildarríkjum. Ætlast er til að öll samstarfsríki hafni hliðstæðum útflutningi.

Núverandi eftirlit með hergagnaútflutningi er í megindráttum þríþætt. Í fyrst lagi er það í höndum utanríkisráðuneytisins, sem veitir útflutningsleyfi samkvæmt samnefndum lögum þar um. Í öðru lagi er það hlutverk tollstjóra að hafa eftirlit með útflutningi og umflutningi samkvæmt tollalögum. Í þriðja lagi hafa lögregluyfirvöld eftirlit með brotum á útflutningslöggjöfinni. Einnig koma önnur ráðuneyti að eftirliti með útflutningi á hættulegum hlutum, t.d. umhverfisráðuneytið, heilbrigðisráðuneytið og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið, á grundvelli laga sem undir þau heyra. Nauðsynlegt er að stjórnvöld eigi góða samvinnu sín á milli til þess að tryggja nauðsynlega samhæfingu.

Rétt er að taka fram að þótt samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið fjalli m.a. um frjáls vöruviðskipti, þá er sérstaklega tekið fram í honum að ekkert í samningnum hindri samningsaðila í að gera ráðstafanir sem snerta framleiðslu á eða viðskipti með vopn, skotfæri, hergögn o.fl. Sameiginlegar reglur Evrópusambandsins um eftirlit með útflutningi hergagna eru ekki hluti af EES-samningnum, en engu að síður getur verið æskilegt að innleiða hliðstæðar reglur í því skyni að tryggja betra samræmi.

Gjöld fyrir útflutningsleyfi fara eftir lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991.

Með frumvarpi þessu fylgja umsagnir fjármálaráðuneytisins um kostnaðaráhrif (fylgiskjal V) og ráðgjafarnefndar um opinberar eftirlitsreglur (fylgiskjal IV).

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Gerð er grein fyrir markmiðssetningu frumvarpsins í almennum athugasemdum hér að framan.

Um 2. gr.

Lög þessi taka til allra aðila innan íslenskrar lögsögu og íslenskra aðila erlendis, hvar sem þeir eru staddir.

Utanríkisráðherra fer með mál er varða útflutningsverslun skv. 11. tölul. 14. gr. reglugerðar um Stjórnarráð Íslands, nr. 3/2004, sem er sett á grundvelli samnefndra laga nr. 73/1969. Hins vegar er kveðið á um leyfisskyldan útflutning í nokkrum lögum sem heyra undir aðra ráðherra, t.d. vopnalögum nr. 16/1998,[1] lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, lögum um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum í plöntum, nr. 51/1981, og lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, nr. 25/1993, svo dæmi séu tekin.

Með þessu frumvarpi er lagt til að utanríkisráðuneytið geti veitt útflutningsleyfi fyrir alla vöru, tækni og þjónustu sem hefur hernaðarlegt gildi, en í þeim örfáu tilvikum, þegar slíkur útflutningur kann að falla einnig undir önnur lög, þá verði haft samráð við viðkomandi ráðuneyti eða undirstofnun áður en nánari reglur eru settar til þess að tryggja samræmi í framkvæmd. Dæmi um slíka nánari útfærslu er samræming við 78. gr. laga um loftferðir, nr. 60/1998, sem kveður á um að hergögn, þ.m.t. skotvopn og skotfæri, megi ekki flytja í loftförum án leyfis samgönguráðherra.

Í frumvarpi þessu er þó lagt til að lögreglustjóri veiti áfram leyfi fyrir útflutningi á þeim vopnum sem falla undir gildissvið vopnalaga, að höfðu samráði við utanríkisráðuneyti. Skv. 1. mgr. 6. gr. vopnalaga má enginn flytja úr landi skotvopn, skotfæri, sprengiefni eða skotelda nema með leyfi lögreglustjóra og þykir eðlilegt að sá háttur verði áfram hafður á varðandi útflutning vopna sem falla undir gildissvið vopnalaga. Hins vegar er gert ráð fyrir að lögreglustjóri muni hafa samráð við utanríkisráðuneytið þegar um varanlegan útflutning vopna er að ræða. Tímabundinn útflutningur vopna, t.d. til iðkunar skotfimi og til notkunar við veiðar erlendis, er áfram háður leyfi lögreglustjóra án þess að samráð við utanríkisráðuneytið þurfi að koma til.

Um 3. gr.

„Herbúnaður sem er ekki ætlaður ríkisher“ er þýðing á enska orðinu „paramilitary“.

„Hlutur með tvíþætt notagildi“ tekur m.a. til hluta sem nota má þannig að þeir springi ekki og þannig að þeir nýtist við framleiðslu kjarnavopna eða annars kjarnasprengibúnaðar.

„Útflutningur“ á jafnframt við um munnlegan flutning tækni í gegnum síma, ef tæknina er að finna í skjali þar sem viðeigandi hluti þess er lesinn í síma eða honum lýst í síma á þann hátt að útkoman sé sú sama. Ekki er stefnt að því að leyfisbinda tímabundinn útflutning heldur aðeins varanlegan. Um þetta yrði nánar kveðið á í reglugerð.

Um 4. gr.

Samkvæmt þessu ákvæði verða birtar skrár yfir leyfisskylda vöru. Þær geta þó aldrei orðið tæmandi. Samkvæmt alþjóðareglum verður að gera ráð fyrir heildarákvæði (svonefndu „catch-all“ ákvæði) til þess að tryggja að reglurnar nái til allra þeirra hluta sem til er ætlast. Ákvæði þetta útilokar ekki að ráðherra veiti þeim fyrirtækjum sem uppfylla sett skilyrði, t.d. um innra eftirlit, almennt útflutningsleyfi, þ.e. ekki þurfi að sækja um leyfi fyrir hverri sendingu.

---

[1] Eitt til tvö varanleg útflutningsleyfi munu hafa verið gefin út árlega samkvæmt vopnalögum undanfarin ár.

Við útfærslu þessa ákvæðis er gert ráð fyrir að mestallur útflutningur til helstu viðskiptalanda og samstarfsríkja, þ.m.t. aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins og Evrópska efnahagssvæðisins, verði undanþeginn útflutningsleyfum.

Í fylgiskjölum I–III eru kaflafyrirsagnir skráa yfir hergögn og hluti með tvíþætt notagildi og skrá yfir búnað sem kynni að verða notaður til bælingar innan viðkomandi landa.[2]

Um 5. gr.

Í gildandi lögum um útflutningsleyfi er ekki fjallað um þjónustu. Með þessu ákvæði er lagt til að heimilt verði að leyfisbinda þjónustu í tengslum við útflutning eða miðlun þeirra hluta sem heyra undir frumvarpið. Slíkt er nauðsynlegt af öryggisástæðum og er þáttur í baráttu ríkja gegn útbreiðslu vígbúnaðar, mannréttindabrotum og alþjóðlegum afbrota- og hryðjuverkasamtökum. Einnig þarf að vera hægt að takmarka yfirfærslu tækniþekkingar í hernaðarlegum tilgangi með ýmiss konar þjónustusamningum. Þessi skipan mála er í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar sem vísað hefur verið til.

Þess skal getið að ákvæði 5. gr. verða ekki virk fyrr en ráðherra hefur sett reglur um framkvæmd þeirra.

Um 6. gr.

Hér er ráðherra veitt heimild til að binda útflutningsleyfi nauðsynlegum skilyrðum og er þetta ákvæði fyrst og fremst sett í öryggisskyni til að tryggja að útflutningur fari fram í samræmi við lög og alþjóðlegar skuldbindingar.

Um 7. gr.

Þetta ákvæði heimilar að settar séu reglur um varðveislu gagna og örugga vörslu á hlutum, tækni og þjónustu sem undir frumvarpið heyrir. Hið fyrra er til þess að tryggja raunhæft eftirlit og gera skýrslugjöf kleifa samkvæmt alþjóðlegum skuldbindingum. Hið síðara er af öryggisástæðum, til þess að hindra aðgang óviðkomandi aðila, fyrst og fremst hryðjuverkamanna. Þegar eru í lögum vissar skyldur á þessu sviði, en engin heildarákvæði ná yfir allar þær vörur og þjónustu sem frumvarpið tekur til. Heimildin er því til frekari uppfyllingar á gildandi reglum og yrði henni aðeins beitt að svo miklu leyti sem nauðsyn krefur og þá í samráði við önnur viðkomandi stjórnvöld til þess að forðast tvítekningu.

Um 8. gr.

Margir aðilar koma að útflutningi, t.d. framleiðendur, umboðsmenn og farmflytjendur. Af öryggisástæðum kann að vera nauðsynlegt að fá upplýsingar um samninga sem útflutningi tengjast, þ.m.t. um aðila að þeim og efnisákvæði þeirra. Í ljósi þessa þykir nauðsynlegt að mæla fyrir um heimildir ráðherra til að krefja útflytjendur og þjónustuaðila þeirra upplýsinga um samninga sem tengjast leyfisskyldum útflutningi, svo og annað sem skiptir máli við framkvæmd laganna. Einnig er talið nauðsynlegt að mæla fyrir um að upplýsingum samkvæmt þessu ákvæði verði miðlað til ríkislögreglustjóra, eftir því sem við á. Mikilvægt er að tryggja aðgang ríkislögreglustjóra að upplýsingum og aðkomu hans að eftirliti er varðar innri öryggismál ríkisins og alþjóðlegar skuldbindingar á þessu sviði.

Til þess að unnt sé að framfylgja virku útflutningseftirliti verður að vera hægt að fylgja því eftir með tryggilegum hætti. Því er lögð til heimild til þess að leggja dagsektir á þá aðila

---

[2] Þýðing úr ensku á „equipment which might be used for internal repression“.

sem standa að útflutningi á leyfisskyldum hlutum eða þjónustu samkvæmt lögunum og ekki sinna upplýsingaskyldu sinni. Brot á þessu ákvæði varða stjórnsýsluviðurlögum, en ekki refsingum, þ.e. sektum eða fangelsi.

Um 9. gr.

Til þess að tryggja betur eftirlit með ákvæðum laganna er lagt til að heimilt verði að kveða á um tilkynningarskyldu um innflutning á hlutum sem undir þau heyra. Að svo miklu leyti sem önnur lög kveða á um slíkt, þá yrði upplýsingunum safnað frá stjórnvöldum, til þess að forðast tvítekningu. Alþjóðlegar skuldbindingar kveða á um tilkynningarskyldu, svo og að gerðar séu ráðstafanir til að tryggja að óviðkomandi aðilar hafi ekki aðgang að hlutum sem má nota í hernaðarlegum tilgangi.

Um 10. gr.

Með þessu ákvæði er áréttað að eftirlitsaðilar verði að gæta fyllstu þagmælsku um atriði sem þeir komast að í starfi og leynt eiga að fara, sérstaklega ef um viðskiptaleyndarmál er að ræða. Með viðskiptaleynd er átt við leynd yfir upplýsingum sem, væru þær látnar af hendi, mundu grafa undan viðskiptahagsmunum einstaklings eða lögaðila, þ.m.t. hugverkaréttur. Um viðurlög við brotum á þagnarskyldu gilda ákvæði 136. gr. almennra hegningarlaga.

Um 11. gr.

Útflytjandi getur aldrei borið fyrir sig t.d. samning sem hann hefur þegar gert þegar sótt er um útflutningsleyfi. Vanefndir leiða ekki til bótaskyldu.

Um 12. gr.

Nauðsynlegt getur verið að banna tiltekinn útflutning eða útflutning ákveðinna landa eða landsvæða á grundvelli þjóðréttarlegra skuldbindinga. Hins vegar getur verið nauðsynlegt að veita undanþágur frá slíkum bönnum, hvort heldur er vegna alþjóðlegra skuldbindinga eða af öðrum ástæðum. Ákvæði stjórnsýslulaga gilda um framkvæmdina en þau tryggja jafna málsmeðferð gagnvart öllum leyfisumsækjendum.

Um 13. gr.

Lagt er til að refsiramminn verði hækkaður frá fjórum árum upp í sex ár fyrir stórfelld brot, enda geta brot á lögunum haft ríkar afleiðingar fyrir öryggishagsmuni landsins og annarra þjóða.

Um 14. gr.

Ráðherra er hér heimilað að setja nánari reglur um framkvæmd laganna, fyrst og fremst til að innleiða alþjóðlegar skuldbindingar á sviði þeirra.

Ráðherra er einnig heimilað að fela varnarmálastofnun vissa framkvæmd laganna, verði hún stofnsett. Ákvarðanir hennar verða kæranlegar til utanríkisráðuneytisins skv. 26. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

Gert er ráð fyrir að haldnar séu skrár yfir leyfisskyldan útflutning skv. 1. mgr. 4. gr. til þess að auðvelda bæði útflytjendum og stjórnvöldum framkvæmd laganna. Í framkvæmd er líklegast að skrárnar verði samhljóða þeim skrám sem Evrópusambandsríkin nota, enda heppilegast bæði fyrir útflytjendur og stjórnvöld að sömu reglur gildi vegna reglna um frjálsan flutning vöru innan Evrópska efnahagssvæðisins. Í fylgiskjölum I–III eru tilgreindar kaflafyrirsagnir þeirra eða efni.

Að því er varðar gerðir Evrópusambandsins varðandi útflutningseftirlit, þá eru þær ekki hluti samningsins um Evrópska efnahagssvæðið þar sem þær fjalla um öryggismál. Mörg rök hníga hins vegar að því, eins og rakið er að framan, að samræma beri reglur á þessu sviði milli Íslands og Evrópusambandslanda.

Samkvæmt lögum um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, fer birting laga og stjórnvaldsfyrirmæla fram í Stjórnartíðindum eða í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins. Heimilt að innleiða reglur á erlendri tungu að vissum skilyrðum uppfylltum. Nýlegt dæmi um það eru lög nr. 170/2006, um breyting á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, en þau lög heimiluðu birtingu EES-gerða í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Lagt er til að utanríkisráðherra verði heimilt að fella niður gjald fyrir útflutningsleyfi samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs þegar það á við. Erlendur liðsafli sem dvelst hér á landi nýtur skattfrelsis með ákveðnum skilyrðum, sbr. t.d. lög um réttarstöðu liðsafla aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins og Samstarfs í þágu friðar o.fl., nr. 72/2007. Hins vegar geta komið upp önnur tilvik þar sem sambærileg undanþága er nauðsynleg og eðlileg, svo sem þegar hergögn eða aðrir hlutir, sem undir lög þessi heyra, eru fluttir til landsins tímabundið til prófana, sýningar eða í öðrum tilgangi. Getur þá verið nauðsynlegt að undanskilja endurútflutninginn frá gjaldtöku fyrir útflutningsleyfi.

Um 15. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákveðið hefur verið að tilkynna þessi lög á grundvelli EES-samningsins í samræmi við ákvæði tilskipunar 98/34/EB sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra reglna, sbr. reglugerð um tilkynningar á tæknilegum reglum um vörur og fjarþjónustu nr. 733/2000.

Fylgiskjal I.

Skrá I: Hergögn. – Kaflafyrirsagnir.

1. Vopn með óriffluðu hlaupi og hlaupvídd sem er minni en 20 mm, önnur vopn og sjálfvirk vopn með 12,7 mm hlaupvídd (0,5 tommu hlaupvídd) eða minni og fylgihlutir og sérhannaðir íhlutir til þeirra.
2. Vopn með óriffluðu hlaupi og hlaupvídd sem er meiri en 20 mm, önnur vopn og vopnabúnaður með meiri en 12,7 mm (0,5 tommu hlaupvídd), vörpur og fylgihlutir og sérhannaðir íhlutir til þeirra.
3. Skotfæri og kveikistillingarbúnaður og sérhannaðir íhlutir til þeirra.
4. Sprengjur, tundurskeyti, eldflaugar, flugskeyti, annar sprengibúnaður og sprengihleðslur og tengdur búnaður og fylgihlutir, sérstaklega hannað til hernaðarnota og sérhannaðir íhlutir til þeirra.
5. Skotstýribúnaður og tengdur vöktunar- og viðvörunarbúnaður og tengd kerfi, prófunar-, stilli- og gagnárásarbúnaður, sérstaklega hannaður til hernaðarnota og sérhannaðir íhlutir og fylgihlutir.
6. Landfarartæki og íhlutir.
7. Efnafræðileg eða líffræðileg eiturefni, „efni til að bæla niður óeirðir“, geislavirk efni, tengdur búnaður, íhlutir og smíðaefni.

8. „Orkurík efni (energetic materials)“ og skyld efni.
9. Herskip, sérstakur búnaður fyrir sjóher og fylgihlutir og íhlutir, sérhannaðir til nota í hernaði.
10. „Loftfar“, „loftför sem eru léttari en andrúmsloft (lighter than air vehicles)“, ómönnuð loftför, flughreyflar og búnaður í loftför, tengdur búnaður og íhlutir sérhannaðir eða sem breytt hefur verið til nota í hernaði.
11. Rafeindabúnaður sem ekki er tilgreindur annars staðar í sameiginlegri skrá Evrópusambandsins yfir vörur og tækni sem geta nýst í hernaðarlegum tilgangi og sérhannaðir íhlutir í hann.
12. Vopnakerfi sem nota háhraðahreyfiorku og tengdur búnaður og sérhannaðir íhlutir í þau.
13. Brynvarinn búnaður og hlífðarbúnaður og hlífðarhlutir og íhlutir.
14. Sérhæfður búnaður til herþjálfunar eða til að herma eftir aðstæðum í hernaði, hermar sem eru sérhannaðir til þjálfunar í notkun allra skotvopna eða vopna sem er að finna í lið 1 eða 2 í þessari skrá og sérhannaðir íhlutir og fylgihlutir fyrir hann.
15. Myndatöku- og myndvinnslubúnaður og búnaður til gagnaðgerða, sérhannaður til nota í hernaði og sérhannaðir íhlutir og fylgihlutir.
16. Smíðaðar, steyptar og aðrar ófullunnar vörur sem hægt er að þekkja af samsetningu smíðaefnis, lögun eða virkni þegar þær eru notaðar í hlutum sem lúta útflutningseftirliti og sem eru sérhannaðar fyrir allar vörur sem eru tilgreindar í liðum 1, 4, 6, 9, 10, 12 eða 19.
17. Ýmiss konar búnaður, smíðaefni og gagnasöfn og sérhannaðir íhlutir þeirra.
18. Búnaður til framleiðslu á hlutum sem tilgreindir eru í sameiginlegri hergagnaskrá Evrópusambandsins.
19. Vopn sem nota stefnuvirka orku (directed energy weapons (DEW)) og tengdur búnaður eða búnaður til gagnaðgerða og prófunarlíkön og sérhannaðir íhlutir í þau.
20. Lághitabúnaður og ofurleiðarabúnaður og sérhannaðir íhlutir og fylgihlutir þeirra.
21. „Hugbúnaður“.
22. „Tækni“.

Fylgiskjal II.

Skrá II: Hlutir og tækni sem hafa tvíþætt notagildi. – Kaflafyrirsagnir.

0. Kjarnorkuefni, aðstaða, tæki.
1. Efni, kemísk efni, sýklar og eiturefni.
2. Vinnsla efna.
3. Rafeindabúnaður.
4. Tölvubúnaður.
5. Fjarskipti og upplýsingaöryggi.
6. Nemar og leysibúnaður.
7. Leiðsögu- og flugbúnaður.
8. Siglingabúnaður.
9. Knúningskerfi, geimbúnaður o.fl.

Fylgiskjal III.

Skrá III: Búnaður sem kynni að vera notaður til bælingar innan tiltekinna landa eða landsvæða.

Skráin nær ekki yfir hluti sem hafa verið sérhannaðir eða eru sérstaklega breyttir til hernaðarnota.

1. Skotheldir hjálmar, óeirðahjálmar, óeirðaskildir og skotheldir skildir, ásamt sérhönnuðum íhlutum þeirra.
2. Sérhannaður tækjabúnaður til fingrafararannsókna.
3. Aflstýrð leitarljós.
4. Skotheldar vinnuvélar.
5. Veiðihnífar.
6. Sérhannaður búnaður til framleiðslu haglabyssna.
7. Búnaður til þess að handhlaða vopn.
8. Búnaður til að hlera samskipti.
9. Hálfleiðaraljósskynjarar.
10. Myndskerpupípur.
11. Sjónaukasigti fyrir vopn.
12. Vopn með óriffluðu hlaupi og tilheyrandi skotföng, önnur en þau sem eru sérhönnuð til hernaðarnota, ásamt sérhönnuðum íhlutum þeirra, að undanskildum:
    - merkjabyssum,
    - loftbyssum og byssum með skothylkjum sem eru gerðar til iðnaðarnota eða til þess að deyfa dýr á mannúðlegan hátt.
13. Hermar fyrir þjálfun í meðferð skotvopna ásamt sérhönnuðum eða sérstaklega breyttum íhlutum þeirra og aukahlutum.
14. Sprengjur og handsprengjur, aðrar en þær sem eru sérhannaðar til hernaðarnota, ásamt sérhönnuðum íhlutum þeirra.
15. Líkamshlífar, aðrar en þær sem eru framleiddar eftir hernaðarstöðlum eða tæknilýsingum, ásamt sérhönnuðum íhlutum þeirra.
16. Ökutæki til sérstakra nota með drifi á öllum hjólum, sem unnt er að nota utan vega og hafa verið framleidd með eða búin skotheldri vörn, ásamt straumlínulagaðri hlíf fyrir slík ökutæki.
17. Vatnsbyssur, ásamt sérhönnuðum eða sérstaklega breyttum íhlutum þeirra.
18. Ökutæki búin vatnsbyssum.
19. Ökutæki, sem eru sérhönnuð eða er sérstaklega breytt til þess að unnt sé að rafmagna þau í því skyni að hrekja árásarmenn brott, ásamt íhlutum þeirra sem eru sérhannaðir eða sérstaklega breytt í þeim tilgangi.
20. Hljóðtæknilegur búnaður, sem viðkomandi framleiðandi eða birgir lýsir sem nothæfum til þess að stöðva óeirðir, ásamt sérhönnuðum íhlutum hans.
21. Fótleggjafjötrar, keðjur til að hlekkja saman menn, fótjárn og rafstuðsbelti, sérhönnuð til þess að halda aftur af mönnum, að undanskildum:
    - handjárnum að hámarksheildarmáli, að keðju meðtalinni, sem er 240 mm eða minna þegar þau eru læst.
22. Færanlegur búnaður, sem er hannaður eða breytt til þess að stöðva óeirðir eða vera til sjálfsvarnar með því að beita efni sem gerir menn óvirka (t.d. táragasi eða piparúða), ásamt sérhönnuðum íhlutum hans.

23. Færanlegur búnaður, sem er hannaður eða breytt til þess að stöðva óeirðir eða vera til sjálfsvarnar með því að gefa rafstuð (t.d. rafstuðskylfur, rafstuðsskildir, deyfingarbyssur og rafstuðspílubyssur), ásamt íhlutum hans sem eru sérhannaðir eða er sérstaklega breytt í fyrrnefndum tilgangi.
24. Rafeindabúnaður, sem getur fundið leynd sprengiefni, ásamt sérhönnuðum íhlutum hans, að undanskildum:
– sjónvarps- eða röntgeneftirlitsbúnaði.

Fylgiskjal IV.

Ráðgjafarnefnd
um opinberar eftirlitsreglur:

Umsögn um frumvarp til laga um eftirlit með hlutum, tækni og þjónustu sem hefur hernaðarlega þýðingu.

Vísað er til tölvupósts yðar, dags. 22. febrúar sl., þar sem ráðuneytið óskar eftir umsögn ráðgjafarnefndarinnar um endurbætt drög að frumvarpi til laga um eftirlit með hlutum, tækni og þjónustu sem hefur hernaðarlega þýðingu. Þetta er efnislega sama frumvarpið og nefndin hefur áður fjallað um, en gerðar hafa verið breytingar vegna athugasemda frá nefndinni.

Ráðgjafarnefndin gerir ekki athugasemdir við frumvarpsdrögin.

Fylgiskjal V.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um eftirlit með hlutum, tækni og þjónustu sem hefur hernaðarlega þýðingu.

Meginmarkmið með frumvarpinu er að setja reglur um utanríkisviðskipti með vörur, tækni og þjónustu sem hefur hernaðarlega þýðingu fyrir öryggi landsins og til þess að viðhalda alþjóðafriði og alþjóðaöryggi. Jafnframt hefur frumvarpið í för með sér að settar verða reglur um eftirlit og gagnafærslu um slík viðskipti og viðurlög gegn ólögmætum viðskiptum með slíkar vörur, tækni og þjónustu. Í frumvarpinu verður einnig lögð til sú almenna heimild að leyfisskylda viss utanríkisviðskipti með vörur, tækni og þjónustu sem getur nýst í hernaðarlegum tilgangi eða til hryðjuverka.

Eftirlit með útflutningi hergagna og skyldra hluta er í megindráttum þríþætt. Í fyrsta lagi er slíkt eftirlit á vegum utanríkisráðuneytisins sem veitir útflutningsleyfi samkvæmt lögum um útflutningsleyfi. Í öðru lagi annast tollyfirvöld landamæravörslu. Í þriðja lagi er það lögreglan og lögregluyfirvöld sem sjá um eftirlitið.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum munu útgjöld ríkissjóðs aukast óverulega og gert er ráð fyrir að það muni rúmast innan fjárlagaramma viðkomandi ráðuneytis. Matið er byggt á þeim fyrirvara að lagafrumvarp þetta muni ekki leiða til frekari aukningar á núverandi eftirlitsskyldu.

1041. Svar [441. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Árna Þórs Sigurðssonar um skipulagsbreytingar í Stjórnarráðinu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu mörg svið hafa verið sett á stofn í einstökum ráðuneytum undanfarin fimm ár?*
2. *Í hve mörgum tilfellum hafa ný svið verið viðbót í innra skipulagi ráðuneytanna og í hve mörgum tilfellum hafa skrifstofur verið lagðar niður í staðinn?*
3. *Á grundvelli hvaða lagaheimilda hafa svið ráðuneytanna verið sett á stofn og sviðsstjórar skipaðir?*
4. *Eru sviðsstjórar að mati ráðherra embættismenn í skilningi laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins?*
5. *Hver er kostnaður ríkissjóðs vegna framangreindra skipulagsbreytinga undanfarin fimm ár?*

Menntamálaráðuneytið.

1. Aðalskrifstofa menntamálaráðuneytis skiptist í þrjár skrifstofur og fjögur svið. Skrifstofurnar og sviðin eru jafnsett í skipuriti ráðuneytisins og eru skrifstofur í skilningi laga um Stjórnarráð Íslands. Skrifstofur ráðuneytisins eru skrifstofa háskóla og vísinda, skrifstofa menningarmála og skrifstofa menntamála, en sviðin eru fjármálasvið, lögfræðisvið, mats- og greiningarsvið og upplýsinga- og þjónustusvið. Hverju þeirra stýrir skrifstofustjóri sem er embættismaður sbr. 22. gr. l. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna.
2. Ýmsar breytingar hafa verið gerðar á skipulagi ráðuneytisins á síðustu árum, skrifstofur og svið hafa verið lögð af og önnur komið í þeirra stað, en jafnan hefur verið virt sú skipan sem fest er í lögum um Stjórnarráð Íslands.
3. Vísað er til svara að framan. Þau svið sem skilgreind eru í skipuriti ráðuneytisins eru skrifstofur í skilningi stjórnarráðslaga. Sviðsstjórar starfa ekki í ráðuneytinu og hafa aldrei gert.
4. Vísað er til svara að framan. Starfstitillinn sviðsstjóri er ekki notaður í menntamálaráðuneyti; sviði stýrir skrifstofustjóri eins og áður segir.
5. Með vísan til þess sem að framan greinir er ekki gerlegt að skilgreina sérstakan kostnað við stofnun sviða í menntamálaráðuneyti.

Utanríkisráðuneytið.

1. Í upphafi árs 2007 voru skrifstofur ráðuneytisins, utan rekstrar- og þjónustuskrifstofu, prótókollskrifstofu og skrifstofu ráðuneytisstjóra og ráðherra, felldar undir sitthvort sviðið, þ.e. alþjóða- og öryggissvið annars vegar og viðskiptasvið hins vegar. Fram eru komnar tillögur um að stofna þriðja sviðið fyrir þróunarsamvinnu en endanleg afstaða liggur ekki fyrir gagnvart þeim tillögum.
2. Hvað utanríkisráðuneytið varðar eru sviðin nýtt stjórnunarlag ætlað til þess að bæta samhæfingu og yfirstjórn.
3. Sviðin eru sett á laggirnir á grundvelli ólögbundinna sjónarmiða um innra valdframsal. (Sjá t.d. álit umboðsmanns vegna sviðaskipulags hjá Landsspítala.)

4. Sviðsstjórar í utanríkisráðuneytinu eru skrifstofustjórar sbr. lögin um Stjórnarráð Íslands sem hefur verið falið af ráðuneytisstjóra að annast samræmingu og yfirstjórn ákveðinna skrifstofa ráðuneytisins á grundvelli innra valdframsals.
5. Kostnaður ráðuneytisins vegna nýs sviðafyrirkomulags hefur verið óverulegur, enda hafa sviðsstjórar verið valdir úr hópi embættismanna ráðuneytisins.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið.

Í nýju ráðuneyti sjávarútvegs- og landbúnaðarmála eru sjö skrifstofur en þær voru samtals átta í eldri ráðuneytum. Í landbúnaðarráðuneytinu voru skilgreindar fimm skrifstofur og var skrifstofustjóri yfir hverri þeirra. Auk þess störfuðu lögfræðingar beint undir stjórn ráðuneytisstjóra. Í sjávarútvegsráðuneytinu voru þrjár skrifstofur og jafn margir skrifstofustjórar.

Í nýju sameinuðu ráðuneyti eru samtals sjö skrifstofur, en auk þeirra er skilgreint „laga- og sérfræðisvið“, sem heyrir beint undir ráðuneytisstjóra. Þar er enginn sviðsstjóri og því á 4. spurning ekki við í okkar tilfelli. Ekki er um að ræða kostnað vegna stofnunar nýrra sviða innan ráðuneyta. Í aðdraganda þess að ráðuneytin voru sameinuð var ekki ráðið í stöður sem losnuðu, nema í undantekningartilvikum, þar sem gert var ráð fyrir að fækka mætti fólki. Árið 2006 voru starfsmenn á skrifstofum beggja ráðuneyta (að ráðherrum frátöldum) rétt um 47. Nú eru þeir 37 og má reikna með að verði áfram undir 40.

Félags- og tryggingamálaráðuneytið.

1. Nýtt skipurit tók gildi í félags- og tryggingamálaráðuneytinu 1. janúar sl. samhliða breytingum á verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins, sem fólu m.a. í sér að sveitarstjórnarmál voru flutt frá félagsmálaráðuneytinu yfir í samgönguráðuneytið og lífeyristryggingar almannatrygginga og málefni aldraðra voru flutt frá heilbrigðisráðuneytinu yfir í félagsmálaráðuneytið sem fékk nafnið félags- og tryggingamálaráðuneytið í kjölfarið. Samkvæmt nýju skipuriti eru svið (skrifstofur) ráðuneytisins sex talsins, þrjú fagsvið og þrjú stoðsvið.
2. Samkvæmt eldra skipuriti voru skrifstofur ráðuneytisins fimm.
3. Svið samkvæmt skipuriti eru ígildi skrifstofa og er hverju sviði stýrt af skrifstofustjóra, sbr. 11. gr. laga um Stjórnarráð Íslands.
4. Skrifstofustjórar sviða í ráðuneytinu eru embættismenn í skilningi laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og skipaðir sem slíkir.
5. Heildarkostnaður ráðuneytisins vegna ofangreindra skipulagsbreytinga var 4.438 þús.kr. Annar kostnaður vegna breytinga af þessu tagi hefur ekki fallið til á undanförnum fimm árum.

Heilbrigðisráðuneytið.

1. Í heilbrigðisráðuneytinu voru sett á stofn þrjú svið í nóvember 2007, þ.e svið stefnumótunar heilbrigðismála, svið fjármála og rekstrar og svið laga og stjórnsýslu. Skrifstofur ráðuneytisins heyra hver undir sitt svið.
2. Sviðin þrjú voru ekki viðbót í innra skipulagi heilbrigðisráðuneytisins. Ráðuneytisstjóri fól einum skrifstofustjóra á hverju sviði (sviðsstjóra) tiltekna yfirumsjón verkefna og er þeim ætlað að samræma stefnu og starf ráðuneytisins á hverju verksviði fyrir sig. Engin skrifstofa hefur verið lögð niður.
3. 7. og 10. gr. laga nr. 73/1969 um Stjórnarráð Íslands.

4. Skrifstofustjórar í heilbrigðisráðuneytinu gegna stöðum sviðsstjóranna þriggja og eru embættismenn í skilningi laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Sviðsstjórastaða sem slík telst ekki embætti í skilningi framangreindra laga.
5. Það hefur ekki leitt til aukinna útgjalda að skipta heilbrigðisráðuneytinu í þrjú svið.

Iðnaðarráðuneytið.

1. Engin svið eru í iðnaðarráðuneytinu. Í upphafi árs 2003 starfaði iðnaðarráðuneytið í þremur skrifstofum auk almennrar skrifstofu sem var sameiginleg fyrir iðnaðarráðuneytið og viðskiptaráðuneytið. Á árinu 2003 var ein skrifstofa lögð niður í iðnaðarráðuneytinu og sameinuð annarri. Í kjölfar ríkisstjórnarskiptanna í maí 2007 var ákveðið að skilja að rekstur iðnaðarráðuneytisins og viðskiptaráðuneytisins. Jafnframt var ákveðið að færa ferðamálin frá samgönguráðuneytinu til iðnaðarráðuneytisins. Frá síðustu áramótum eru þrjár skrifstofur starfræktar í iðnaðarráðuneytinu.
2. Á ekki við.
3. Á ekki við.
4. Á ekki við, hefur ekki reynt á.
5. Enginn sérstakur kostnaður hefur verið bókfærður vegna skipulagsbreytinga í iðnaðarráðuneytinu undanfarin fimm ár.

Önnur ráðuneyti.

Í öðrum ráðuneytum hafa engin svið verið sett á stofn sl. fimm ár.

1042. Fyrirspurn [629. mál]

til menntamálaráðherra um tilraunaverkefni um rekstur Gaulverjaskóla.

Frá Atla Gíslasyni.

1. Hver er staða viðræðna um endurnýjun samkomulags ráðuneytisins við Samtök sunnlenskra sveitarfélaga / Skólaskrifstofu Suðurlands og Velferðarsjóð íslenskra barna um þriggja ára tilraunaverkefni um rekstur Gaulverjaskóla, sem er náms- og meðferðarúrræði fyrir börn og unglinga á Suðurlandi sem glíma við hegðunar- og tilfinningaraskanir, sbr. bréf Skólaskrifstofu Suðurlands, dags. 23. apríl 2008, um málið?
2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir endurnýjun samkomulagsins og þá hvernig?

Skriflegt svar óskast.

1043. Fyrirspurn [630. mál]

til heilbrigðisráðherra um námsstöður í heimilislækningum.

Frá Valgerði Sverrisdóttur.

Hyggst ráðherra fjölga námsstöðum í heimilislækningum til að bregðast við því að á næstu árum munu meira en 60 heimilislæknar hætta störfum sökum aldurs?

Skriflegt svar óskast.

1044. Fyrirspurn [631. mál]

til heilbrigðisráðherra um starfsemi kvennadeildar Landspítala.

Frá Valgerði Sverrisdóttur.

1. Hversu mörg atvik hafa verið skráð á kvennadeild Landspítala á síðustu þremur árum (meðganga, fæðingar)?
2. Hversu margar hafa heimsóknir á deildina verið á sama tíma?
3. Hefur fjöldi starfsmanna verið í samræmi við fjölda heimsókna?
4. Hver sinnir eftirlitshlutverki á deildinni?

Skriflegt svar óskast.

1045. Fyrirspurn [632. mál]

til heilbrigðisráðherra um skráningu samheitalyfja.

Frá Valgerði Sverrisdóttur.

Eru uppi áform um að tengja skráningu samheitalyfja á Íslandi við skráningu þeirra á Norðurlöndum?

Skriflegt svar óskast.

1046. Fyrirspurn [633. mál]

til heilbrigðisráðherra um komugjöld aldraða og öryrkja.

Frá Ögmundi Jónassyni.

1. Hvernig hafa komugjöld í heilsugæslunni og til sérfræðinga hækkað hlutfallslega hjá öldruðum og öryrkjum frá því að núverandi ríkisstjórn tók við völdum?
2. Á hvern hátt hafa hámarksgreiðslur til þessara hópa breyst hlutfallslega?

Skriflegt svar óskast.

1047. Breytingartillögur [184. mál]

við frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum (upptaka, hryðjuverk, skipulögð brotastarfsemi, mansal og peningaþvætti).

Frá minni hluta allsherjarnefndar (AtlG).

1. Við 3. gr. B-liður falli brott.
2. 4. gr. falli brott.
3. 5. gr. falli brott.
4. Á eftir 6. gr., er verði 4. gr., komi tvær nýjar greinar, svohljóðandi:
   a. (5. gr.)
      1. mgr. 194. gr. laganna orðast svo:
      Hver sem gerist sekur um nauðgun skal sæta fangelsi ekki skemur en 2 ár og allt að 16 árum.
   b. (6. gr.)
      Við 206. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 1. mgr., svohljóðandi:
      Hver sem lætur af hendi eða heitir greiðslu eða öðrum ávinningi fyrir vændi skal sæta sektum eða fangelsi allt að 1 ári.
5. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
   227. gr. a laganna orðast svo:
   Með mansali er í lögum þessum átt við að fólk sé fengið, flutt, framselt, hýst eða við því tekið, með valdi eða hótun um valdbeitingu eða með annars konar nauðung, með mannráni, svikum, blekkingu, valdníðslu eða misnotkun á varnarleysi þess, eða ef látið er af hendi fé eða tekið við því eða öðrum gæðum til þess að fá fram samþykki við því að einn einstaklingur öðlist vald yfir öðrum einstaklingi í hagnýtingarskyni. Hagnýting tekur, í það minnsta, til:
   a. hvers konar kynferðislegrar hagnýtingar, svo sem vændis, nauðungarvinnu eða nauðungarþjónustu,
   b. þrælahalds eða athæfis sem svipar til þrælahalds,

c. ánauðar eða
d. brottnáms líffæra.

Tilkvaðning, flutningur, framsal, hýsing eða viðtaka á barni í hagnýtingarskyni telst vera mansal, jafnvel þótt ekki sé beitt neinum þeim aðferðum sem lýst er í 1. mgr. Orðið „barn“ merkir einstakling undir átján ára aldri.

Hverjum þeim sem gerist sekur um mansal skal refsa fyrir það með allt að 8 ára fangelsi.

Sömu refsingu skal sá sæta sem tekur við greiðslu eða öðrum ávinningi af mansali.

6. Við bætist ný grein, svohljóðandi:

Við gildistöku laga þessa verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. Eftirfarandi breytingar verða á lögum um útlendinga, nr. 96/2002:

a. Á eftir 11. gr. laganna koma tvær nýjar greinar ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi:

a. (11. gr. a.)

Fórnarlambavernd.

Í fórnarlambavernd felst að einstaklingur sem er fórnarlamb mansals og hefur verið vistaður ólöglega á Íslandi skuli njóta nafnleyndar, leyndar á dvalarstað og annarra nauðsynlegra öryggisráðstafana gegn ógnun frá þeim aðilum sem standa að mansalinu. Þá skal honum gefinn kostur á sérstöku tímabundnu dvalar- og atvinnuleyfi hér á landi gegn því að hann aðstoði yfirvöld eftir því sem kostur er við að hafa uppi á þeim sem stunda mansal og veiti lögreglu og dómstólum upplýsingar, svo sem með skýrslum og vitnisburði.

Þó að stjórnandi rannsóknar treysti fórnarlambi mansals ekki til að vitna eða telur að það geti ekki vitnað gegn hinum brotlegu, t.d. vegna andlegs eða líkamlegs ástands, skerðir það ekki réttinn til þeirrar aðstoðar sem lögin gera ráð fyrir.

Dvalar- og atvinnuleyfi skv. 1. mgr. er veitt til átján mánaða. Það er hægt að framlengja um jafnlangan tíma.

Heimilt er að afturkalla dvalar- og atvinnuleyfi samkvæmt þessari grein ef einstaklingur sem nýtur verndar sem fórnarlamb hefur á virkan hátt, viljugur og að eigin frumkvæði tekið aftur upp samband við þann sem grunaður er um mansal.

Þeir sem þiggja fórnarlambavernd eiga rétt á félagslegum stuðningi samkvæmt áætlun sem unnin er í hverju tilfelli þar sem m.a. er tilgreindur sá stuðningur sem veita skal og hversu lengi hann skuli vara. Þeim skal jafnframt standa til boða félagsleg, sálræn og lögfræðileg aðstoð, læknishjálp og þjónusta túlka, sem og starfsþjálfun og aðstoð við atvinnuleit. Þá skal þeim standa til boða aðstoð við að sækja um búsetuleyfi skv. 15. gr. og 15. gr. a þegar fórnarlambaverndinni lýkur.

Fórnarlamb mansals, sem gefinn er kostur á fórnarlambavernd, hefur 30 daga umþóttunartíma til að þiggja verndina. Á umþóttunartímanum skal fórnarlamb njóta aðstoðar skv. 5. mgr. og hafa bráðabirgðadvalarleyfi hér á landi.

Dómsmálaráðherra setur reglugerð um áætlun um félagslegan stuðning og önnur úrræði skv. 5. mgr.

b. (11. gr. b.)

Nefnd um fórnarlambavernd.

Dómsmálaráðherra skal skipa fimm manna nefnd um fórnarlambavernd vegna framkvæmdar laga þessara. Skal einn nefndarmaður tilnefndur af Útlendingastofnun, einn af Vinnumálastofnun og einn af ríkislögreglustjóra. Tveir nefndarmenn skulu skipaðir án tilnefningar og ber ráðherra að líta til reynslu og þekkingar frjálsra félagasamtaka sem starfa með fórnarlömbum mansals við þær tilnefningar. Ráðherra skipar formann úr hópi nefndarmanna. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn. Starfsmaður dómsmálaráðuneytis skal vera ritari og starfsmaður nefndarinnar og annast aðstoð við fórnarlömb mansals og þiggjendur fórnarlambaverndar.

Nefndin skal hafa eftirtalin verkefni:

a. að kanna hvort grunur um mansal er á rökum reistur,
b. að taka ákvörðun um veitingu dvalar- og atvinnuleyfis skv. 1. mgr. 11. gr. a til þeirra sem þiggja boð um fórnarlambavernd að uppfylltu skilyrði a-liðar,
c. að taka ákvörðun um endurnýjun dvalar- og atvinnuleyfis skv. 3. mgr. 11. gr. a.

Nefndin skal hafa aðgang að gögnum lögreglu sem eru henni nauðsynleg til þess að sinna verkefnum sínum.

Nefndarmenn og starfsmaður eru bundnir þagnarskyldu í störfum sínum og einnig eftir að störfum lýkur.

Ákvarðanir nefndarinnar eru kæranlegar til ráðherra.

Ráðherra kveður í reglugerð nánar á um starfssvið og starfshætti nefndarinnar.

Útlendingastofnun gefur út dvalarleyfi vegna fórnarlambaverndar samkvæmt ákvörðun nefndarinnar og Vinnumálastofnun gefur út atvinnuleyfi, svo sem kveðið er á um í lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002.

b. Á eftir 15. gr. laganna kemur ný grein, 15. gr. a, svohljóðandi:

Ef þeir sem hafa þegið fórnarlambavernd sækja um búsetuleyfi skal samvinna þeirra við yfirvöld metin þeim til tekna við úrlausn þess hvort ný leyfi fást veitt. Við slíka leyfisveitingu skal taka tillit til kringumstæðna þegar sakaferill er metinn. Þá skal félagsleg aðstoð sem einstaklingar þiggja vegna fórnarlambaverndar ekki hafa áhrif á rétt þeirra til búsetuleyfis.

2. Við 5. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002, bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Vinnumálastofnun gefur út atvinnuleyfi samkvæmt ákvörðun nefndar um fórnarlambavernd, sbr. lög um útlendinga.

1048. Breytingartillögur [294. mál]

við frv. til l. um nálgunarbann.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Við 1. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Heimilt er að vísa manni brott af heimili sínu og úr nánasta umhverfi þess og banna honum að koma þangað aftur í tiltekinn tíma ef ástæða er til að ætla að hann beiti náinn aðstandanda ofbeldi, hóti ofbeldi eða sýni framferði sem spilli mjög líkamlegu heilbrigði, andlegu heilbrigði, heilsu eða friði þess manns eða barns sem í hlut á. Skilgreina ber til hvaða svæðis brottvísun af heimili og heimsóknarbann nær.
2. 2. gr. orðist svo:
   Lögregla getur ákveðið að maður sæti brottvísun af heimili eða heimsóknarbanni. Ákvörðun lögreglu um brottvísun af heimili eða heimsóknarbann skal bera undir dómara innan sólarhrings frá því að ákvörðun var tekin.
   Eftir að dómara hefur borist krafa um nálgunarbann eða ákvörðun um brottvísun af heimili eða heimsóknarbann ákveður hann þinghald til að taka kröfuna eða ákvörðunina fyrir og gefur út kvaðningu á hendur þeim sem krafan beinist að. Í kvaðningu skal greina stað og stund þinghalds og skora á viðtakanda að sækja þing.
   Heimilt er að handtaka þann sem krafan eða ákvörðunin beinist að ef hann sækir ekki þing að forfallalausu. Skal tekið fram í kvaðningu til viðtakanda að lögregla megi færa hann fyrir dóm með valdi ef með þarf.
   Dómari skal verða við ósk manns um að skipa honum verjanda hafi verið tekin ákvörðun um að hann sæti nálgunarbanni, brottvísun af heimili eða heimsóknarbanni.
3. 3. gr. orðist svo:
   Þegar krafa um nálgunarbann eða ákvörðun um brottvísun eða heimsóknarbann er tekin fyrir kynnir dómari hana þeim sem hún beinist að. Skal honum gefinn kostur á að tjá sig um kröfuna. Heimilt er í því skyni að veita frest sem ekki skal vera lengri en tveir sólarhringar. Að svo búnu leggur dómari úrskurð á kröfuna innan tveggja sólarhringa frá því að hún var borin undir hann.
   Við mat á því hvort fullnægt er skilyrðum fyrir nálgunarbanni eða ákvörðun um brottvísun eða heimsóknarbann skal meðal annars litið til framferðis þess sem krafist er að sæti því á fyrri stigum. Jafnframt skal horft til hagsmuna þess sem njóta ætti verndar af úrræðinu með tilliti til þeirra takmarkana sem bannið legði á athafnafrelsi þess sem krafist er að sæti því.
   Nálgunarbanni skal markaður ákveðinn tími, þó ekki lengri en eitt ár. Nálgunarbann verður ekki framlengt nema samkvæmt ákvörðun lögreglustjóra sem skal borin undir dómara, sbr. 2. mgr. 2. gr.
   Brottvísun af heimili og heimsóknarbanni skulu markaður ákveðinn tími, þó ekki lengri en þrír mánuðir. Brottvísun af heimili og heimsóknarbann verða ekki framlengd nema samkvæmt úrskurði dómara.
   Dómari ákveður sakarkostnað í úrskurði sínum.
   Kæra má til æðri dóms úrskurð um ákvörðun um brottvísun af heimili, heimsóknar- eða nálgunarbann. Um þá kæru gilda sömu reglur og um kæru úrskurðar héraðsdómara samkvæmt lögum um meðferð sakamála.

4. 3. mgr. 4. gr. orðist svo:
   Lögregla skal tilkynna þeim sem njóta á verndar með nálgunarbanni, brottvísun af heimili eða heimsóknarbanni um lyktir máls og um það hvenær nálgunarbanni, brottvísun af heimili eða heimsóknarbanni lýkur.
5. Við bætist ný grein, svohljóðandi:
   Við gildistöku laga þessara verður eftirfarandi breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum:
   1. mgr. 232. gr. laganna orðast svo:
   Ef maður brýtur gegn nálgunarbanni, brottvísun af heimili eða heimsóknarbanni samkvæmt lögum um nálgunarbann, brottvísun af heimili og heimsóknarbann varðar það sektum eða fangelsi allt að 1 ári. Nú er brot ítrekað eða stórfellt og getur refsing þá orðið fangelsi allt að 2 árum.
6. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo: Frumvarp til laga um nálgunarbann, brottvísun af heimili og heimsóknarbann.

1049. Nefndarálit [526. mál]

um frv. til l. um endurskoðendur.

Frá efnahags- og skattanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þórð Reynisson og Hörpu Theodórsdóttur frá fjármálaráðuneyti, Margréti G. Flóvenz frá Félagi löggiltra endurskoðenda, Lárus Ögmundsson og Albert Ólafsson frá Ríkisendurskoðun, Sæmund Valdimarsson og Hrafn Magnússon frá Landssamtökum lífeyrissjóða, Jónu Björk Guðnadóttur frá Samtökum fjármálafyrirtækja og Harald I. Birgisson frá Viðskiptaráði. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá tollstjóranum í Reykjavík, Félagi íslenskra stórkaupmanna, Samtökum fjárfesta, ríkisskattstjóra, Seðlabanka Íslands, Kauphöll Íslands, Viðskiptaráði Íslands, Félagi löggiltra endurskoðenda, ríkislögreglustjóra, Samtökum fjármálafyrirtækja, ríkisendurskoðun, Deloitte og Fjármálaeftirlitinu.

Í frumvarpi því sem er til umfjöllunar eru innleidd ákvæði 8. félagatilskipunar ESB nr. 2006/43/EB en tilskipuninni er ætlað að samræma vinnubrögð og tryggja áreiðanleika við reikningsskil í því augnamiði að efla traust í viðskiptum á EES-svæðinu, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 160/2006. Tilskipunin setur þar af leiðandi ákveðnar lágmarkskröfur um reglur sem varða endurskoðun og endurskoðendur í aðildarríkjunum. Frumvarpið er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um breyting á lögum um ársreikninga, nr. 3/2006 (mál nr. 527).

Á fundum nefndarinnar var rætt um hvaða lagalega þýðingu alþjóðlegir endurskoðunarstaðlar, sem vísað er til í 9. gr. frumvarpsins, hafa og hvernig rétt sé að standa að innleiðingu þeirra. Ráðuneytið sendi nefndinni minnisblað af þessu tilefni þar sem fram kemur að upptaka staðlanna í íslenskan rétt leiði af skuldbindingum Íslands samkvæmt EES-samningnum. Þeim sé ætlað að samræma framkvæmd endurskoðunar á hinum innri markaði og þar sem þeir varði einkar tæknileg atriði sé ekki talin þörf á að bera þá undir löggjafann í hvert skipti heldur látið þar við sitja að fela ráðherra að annast innleiðingu á grundvelli 31. gr. frum-

varpsins. Sú aðferð við innleiðingu er í samræmi við 127. gr. laga nr. 3/2006, um ársreikninga, sem fjallar um upptöku alþjóðlegra reikningsskilastaðla.

Þá ræddi nefndin um inntak og eðli siðareglna, einkum í ljósi skyldu endurskoðenda til að eiga aðild að Félagi löggiltra endurskoðenda. Rætt var um hvort félaginu væri með þessu fengið opinbert vald. Fram kom að vald félagsins sætti takmörkun þar sem gildi siðareglna sem því er falið að setja er komið undir samþykki fjármálaráðherra. Þá væri ekki ástæða til að ætla að heimild félagsins til að taka árgjald af félagsmönnum yrði misbeitt þar sem gjaldinu er einvörðungu ætlað að standa undir kostnaði vegna lögbundinnar starfsemi félagsins.

Í tilefni af athugasemdum fjallaði nefndin nokkuð um hugtakið endurskoðandi sem skilgreint er í 1. gr. frumvarpsins. Fram kom að í ákvæðinu fælist ekki breyting frá gildandi lögum. Þá var talið, með hliðsjón af niðurstöðu nefndar sem vann að undirbúningi frumvarpsins, að ekki væri ástæða til að gera greinarmun á hugtökunum löggiltur endurskoðandi og endurskoðandi.

Loks ræddi nefndin skilgreiningu frumvarpsins á hugtakinu eining tengd almannahagsmunum en í frumvarpi sem fjármálaráðherra leggur fram samhliða og varðar breytingu á lögum um ársreikninga (mál nr. 527) er kveðið á um að við slíka einingu skuli starfa endurskoðunarnefnd sem skipuð sé þremur mönnum hið minnsta. Samtök fjármálafyrirtækja lögðu áherslu á að smáir og meðalstórir sparisjóðir og fjármálafyrirtæki yrðu undanþegin skyldu til að koma á fót endurskoðunarnefnd. Þá töldu Landssamtök lífeyrissjóða að með því að fella lífeyrissjóði undir hugtakið væri að ástæðulausu verið að ganga lengra en gert er ráð fyrir í tilskipuninni sem liggur frumvarpinu til grundvallar. Vísa samtökin til þess að íslensku lífeyrissjóðirnir búi nú þegar við margfalt eftirlitskerfi. Fulltrúar fjármálaráðuneytisins tóku ekki undir framangreindar röksemdir og fulltrúi félags löggiltra endurskoðenda taldi að ekki væri ástæða til að ætla að umræddur áskilnaður hefði mikinn kostnaðarauka í för með sér. Fram kom að mikilvægi endurskoðunarnefnda fælist einna helst í aðkomu að vali á endurskoðanda fyrir eininguna og eftirliti með því að sami endurskoðandinn starfaði ekki samfellt lengur en sjö ár við endurskoðun einingar tengdrar almannahagsmunum.

Nefndin leggur áherslu á að beiting þeirra valdheimilda sem Félagi löggiltra endurskoðanda eru fengnar í frumvarpinu samræmist meðalhófi og taki mið af lögbundnu hlutverki félagsins sem felst í því að tryggja gæði endurskoðunar og koma í veg fyrir að endurskoðendur eigi óeðlilegra hagsmuna að gæta við störf sín.

Með hliðsjón af athugasemdum Félags löggiltra endurskoðenda og að höfðu samráði við fjármálaráðuneytið telur nefndin rétt að í frumvarpið komi bráðabirgðaákvæði um réttarstöðu þeirra sem rétt eiga samkvæmt gildandi lögum til að starfa sem löggiltir endurskoðendur. Nefndin leggur einnig til að í 16. gr. frumvarpsins sem fjallar um málskot til endurskoðendaráðs verði tilgreindur málskotsfrestur. Þá leggur nefndin til orðalagsbreytingu á 4. mgr. 20. gr. frumvarpsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Bjarni Benediktsson, Ragnheiður E. Árnadóttir og Ögmundur Jónasson gera fyrirvara við álitið. Fyrirvari Bjarna og Ragnheiðar varðar málsmeðferð við innleiðingu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar. Bjarni gerir einnig fyrirvara er lýtur að félagaskyldu.

Gunnar Svavarsson og Paul Nikolov voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 19. maí 2008.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Ellert B. Schram.	Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.
Bjarni Benediktsson, með fyrirvara.	Magnús Stefánsson.	Ragnheiður E. Árnadóttir, með fyrirvara.

Lúðvík Bergvinsson.

1050. Breytingartillögur [526. mál]

við frv. til l. um endurskoðendur.

Frá efnahags- og skattanefnd.

1. Við 16. gr. 2. málsl. 2. mgr. orðist svo: Mál skal lagt fyrir endurskoðendaráð með skriflegu erindi svo fljótt sem verða má en eigi síðar en fjórum árum eftir að brot var framið.
2. Við 20. gr. Í stað „fyrirtæki“ og „fyrirtækisins“ í 4. mgr. komi: einingu, og: einingarinnar.
3. Við bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   Þeir sem fyrir gildistöku þessara laga uppfylla skilyrði laga til að öðlast löggildingu til endurskoðunarstarfa eða hafa í gildi réttindi til að starfa sem slíkir skulu teljast uppfylla ákvæði 4. tölul. 1. mgr. 2. gr.

1051. Nefndarálit [527. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 3/2006, um ársreikninga, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og skattanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þórð Reynisson og Hörpu Theodórsdóttur frá fjármálaráðuneyti, Margréti G. Flóvenz frá Félagi löggiltra endurskoðenda, Lárus Ögmundsson og Albert Ólafsson frá Ríkisendurskoðun, Sæmund Valdimarsson og Hrafn Magnússon frá Landssamtökum lífeyrissjóða, Jónu Björk Guðnadóttur frá Samtökum fjármálafyrirtækja og Harald I. Birgisson frá Viðskiptaráði. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá tollstjóranum í Reykjavík, Félagi íslenskra stórkaupmanna, Samtökum fjárfesta, ríkis-

skattstjóra, Seðlabanka Íslands, Kauphöll Íslands, Viðskiptaráði Íslands, Félagi löggiltra endurskoðenda, ríkislögreglustjóra, Samtökum fjármálafyrirtækja, Ríkisendurskoðun, Deloitte og Fjármálaeftirlitinu.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til nýrra laga um endurskoðendur, sbr. mál nr. 526, og vísar nefndin til umfjöllunar sinnar um það mál. Nefndin fellst á sjónarmið um þörfina á að lífeyrissjóðir falli undir hugtakið eining tengd almannahagsmunum. Nefndin leggur til að fengnum athugasemdum að stjórn einingar beri ábyrgð á skipun endurskoðunarnefndar í stað stjórnar og framkvæmdastjóra.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

1. málsl. 2. mgr. a-liðar 2. gr. orðist svo: Stjórn einingar ber ábyrgð á skipun endurskoðunarnefndar.

Bjarni Benediktsson, Ragnheiður E. Árnadóttir og Ögmundur Jónasson gera fyrirvara við álitið. Fyrirvarar Bjarna og Ragnheiðar varða málsmeðferð við innleiðingu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar. Ragnheiður gerir einnig fyrirvara við að fella lífeyrissjóði undir hugtakið eining tengd almannahagsmunum.

Gunnar Svavarsson og Paul Nikolov voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 19. maí 2008.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Ellert B. Schram.	Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.
Bjarni Benediktsson, með fyrirvara.	Magnús Stefánsson.	Ragnheiður E. Árnadóttir, með fyrirvara.

1052. Breytingartillaga [191. mál]

við frv. til l. um samræmda neyðarsvörun.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

Við 8. gr. 1. málsl. 1. mgr. orðist svo: Rekstur vaktstöðvar samræmdrar neyðarsvörunar skal starfræktur á ábyrgð ríkisins en heimilt er að hafa reksturinn í höndum hlutafélags um rekstur slíkrar stöðvar í samstarfi við aðra opinbera aðila.

1053. Lög [243. mál]

um breyting á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49/1997, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 21. maí.)

Samhljóða þskj. 973.

1054. Lög [401. mál]

um breytingu á lögum nr. 76/2001, um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa.

(Afgreidd frá Alþingi 21. maí.)

Samhljóða þskj. 975.

1055. Þingsályktun [278. mál]

um aukna samvinnu milli vestnorrænu landanna um rannsóknir á helstu nytjastofnum sjávar innan lögsögu þeirra.

(Afgreidd frá Alþingi 21. maí.)

Samhljóða þskj. 312.

1056. Þingsályktun [275. mál]

um stofnun norrænna lýðháskóla.

(Afgreidd frá Alþingi 21. maí.)

Samhljóða þskj. 309.

1057. Breytingartillaga [285. mál]

við frv. til l. um grunnskóla.

Frá Höskuldi Þórhallssyni og Jóni Magnússyni.

Á eftir orðinu „samfélagsgreinum“ í 2. mgr. 25. gr. komi: kristinfræði.

1058. Nefndarálit [476. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

Frá viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Áslaugu Árnadóttur og Björgu Finnbogadóttur frá viðskiptaráðuneyti og Harald Inga Birgisson frá Viðskiptaráði.

Frumvarpið byggist á tillögum nefndar sem viðskiptaráðherra skipaði 19. desember 2007 til að fara yfir lagaákvæði er varða uppgjör innlends hlutafjár sem er skráð í erlendri mynt.

Í frumvarpinu er lagt til að gera peningalegt uppgjör verðbréfa sem skráð eru í erlendum gjaldmiðlum í íslenskri verðbréfamiðstöð mögulegt með því að bæta við 15. gr. laga um rafræna eignarskráningu verðbréfa ákvæðum um að verðbréfamiðstöð hafi milligöngu um uppgjör slíkra verðbréfa.

Í 1. mgr. 15. gr. laganna eru verðbréf skráð í erlendum gjaldmiðli ekki sérstaklega nefnd og sýnist eðlilegt að skilja ákvæðið þannig að það eigi fyrst og fremst við um uppgjör viðskipta með verðbréf í íslenskum krónum. Til að eyða óvissu um það hvaða reglur gilda um uppgjör íslenskra verðbréfa sem skráð eru í erlendri mynt eru gerðar tillögur um tvær efnislegar breytingar á 15. gr. Annars vegar er lagt til að skýrt verði tekið fram að 1. mgr. 15. gr. eigi eingöngu við um verðbréf í íslenskum krónum. Hins vegar er lagt til að bætt verði við greinina nýrri málsgrein sem kveði á um öruggan farveg fyrir fullnaðaruppgjör viðskipta með verðbréf sem skráð eru í erlendri mynt. Gert er ráð fyrir því að þessi tilhögun verði háð samþykki Fjármálaeftirlitsins að fenginni umsögn Seðlabanka Íslands og uppfylli jafngildar kröfur og gerðar eru í lögum um öryggi greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum. Einnig er gerð tillaga um skýr ákvæði um eignarhald viðskiptaaðila á fjármunum í vörslu verðbréfamiðstöðva og um setningu reglna um uppgjör verðbréfaviðskipta og um samráðsnefnd fyrirtækja og stofnana á sviði verðbréfaviðskipta til þess að fjalla um málefni tengd uppgjöri og frágangi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Birkir J. Jónsson og Jón Gunnarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 24. sept. 2008.

Ágúst Ólafur Ágústsson, form., frsm.	Guðfinna S. Bjarnadóttir.	Jón Bjarnason.
Birgir Ármannsson.	Árni Páll Árnason.	Björk Guðjónsdóttir.

Höskuldur Þórhallsson.

1059. Nefndarálit [577. mál]

um frv. til l. um breyt. á Norðurlandasamningi um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bryndísi Helgadóttur, Hauk Guðmundsson og Rósu Dögg Flosadóttur frá dómsmálaráðuneyti.

Með frumvarpinu er lagt til að heimilt verði að fullgilda samkomulag sem gert var 26. janúar 2006 um breytingar á samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð er undirritaður var í Stokkhólmi 6. febrúar 1931. Einnig er lagt til að samkomulagið öðlist lagagildi hér á landi á sama hátt og á við um samninginn sjálfan og fyrri breytingar á honum. Samkomulagið hefur að geyma reglur um val á lögum í málum er varða fjármál hjóna.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Ellert B. Schram og Ólöf Nordal voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 19. maí 2008.

Birgir Ármannsson, form., frsm.	Ágúst Ólafur Ágústsson.	Atli Gíslason.
Sigurður Kári Kristjánsson.	Siv Friðleifsdóttir.	Karl V. Matthíasson.

Jón Magnússon.

1060. Nefndarálit [578. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um ættleiðingar, nr. 130/1999, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bryndísi Helgadóttur, Hauk Guðmundsson og Rósu Dögg Flosadóttur frá dómsmálaráðuneyti.

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga um ættleiðingar skal leita umsagnar barnaverndarnefndar um umsókn um forsamþykki til að ættleiða erlent barn. Með frumvarpinu er lagt til að ekki þurfi að leita umsagnar barnaverndarnefndar hafi umsækjendur fengið forsamþykki á síðustu fjórum árum og umsókn þeirra sé til umfjöllunar hjá erlendu ættleiðingaryfirvaldi nema sýslumaður telji að hagir umsækjenda hafi breyst verulega. Þá er lagt til að gildistími forsamþykkis til ættleiðingar barns, sbr. 3. mgr. 32. gr. laganna, verði lengdur úr tveimur árum í þrjú. Áfram verður unnt að framlengja gildistímann um allt að 12 mánuði þegar sérstaklega stendur á.

Frumvarpinu er ætlað að bregðast við þeirra þróun að biðtími þeirra sem sækja um ættleiðingu á erlendu barni hefur lengst.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Ellert B. Schram og Ólöf Nordal voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 19. maí 2008.

Birgir Ármannsson, form., frsm.	Ágúst Ólafur Ágústsson.	Atli Gíslason.
Sigurður Kári Kristjánsson.	Siv Friðleifsdóttir.	Karl V. Matthíasson.

Jón Magnússon.

1061. Nefndarálit [286. mál]

um frv. til l. um framhaldsskóla.

Frá minni hluta menntamálanefndar.

Inngangur.

Frumvarpið er eitt fjögurra frumvarpa sem menntamálaráðherra leggur fyrir 135. löggjafarþing í því skyni að endurskoða með heildstæðum hætti þrjú skólastig, leikskóla-, grunnskóla og framhaldsskólastigið, auk þess sem frumvarp um kennaramenntun fylgir með í spyrðunni. Það kom fram í máli ráðherra í 1. umræðu 7. desember 2007 að hún teldi mikilvægt að málin fylgdust að í gegnum þingið, enda væri hér um heildstæða nálgun að ræða. Þá sagði ráðherra málin afrakstur vinnu margra aðila, að þau endurspegluðu sjónarmið og hugsjónir þeirra er best þekktu til í menntamálum þjóðarinnar og að mikilvægt væri að víðtæk

sátt ríkti um þau. En jafnframt sagði ráðherra að skoðanir gætu verið skiptar um leiðir að meginmarkmiði, sem væri að gera gott skólakerfi enn betra. Ráðherra vissi sem var þann 7. desember sl. að megn óánægja var með eitt þessara frumvarpa, nefnilega framhaldsskólafrumvarpið. Um þá óánægju vitnar fjöldi umsagna sem menntamálanefnd hefur borist þá liðlega fjóra mánuði sem hún hefur haft málin til meðhöndlunar og ekkert lát er á óánægjunni. Á lokaspretti vinnunnar í nefndinni streymdu inn ályktanir frá kennarafélögum framhaldsskólanna. Þegar þetta er ritað hafa borist áskoranir frá kennarafélögum í þriðjungi framhaldsskóla á landinu: Menntaskólanum í Reykjavík, Menntaskólanum á Akureyri, Verkmenntaskóla Austurlands, Fjölbrautaskólanum í Breiðholti, Menntaskólanum við Sund, Fjölbrautaskóla Suðurlands, Kvennaskólanum í Reykjavík, Menntaskólanum á Ísafirði, Fjölbrautaskóla Suðurnesja og Fjölbrautaskólanum í Vestmannaeyjum.

Helstu ágreiningsefni.

Gagnrýnin á frumvarpið byggist á nokkrum meginatriðum, sem eru talin upp á hnitmiðaðan hátt í grein eftir formann og varaformann Félags framhaldsskólakennara sem birtist í Fréttablaðinu 9. maí sl. Þar segir:

„Félagið telur ýmislegt í frumvarpinu geta orðið efni í góða menntastefnu ef rétt er staðið að málum en leggur áherslu á að það verði lagfært með tilliti til eftirfarandi sjónarmiða:

– Fyrirætlanir um að draga eigi úr miðstýringu í námsframboði og í námskrárgerð þurfa að koma skýrt fram í nýjum lögum.
– Tilgreina þarf námseiningafjölda til stúdentsprófs svo að tryggt verði að nemendum bjóðist jafngilt og sambærilegt nám og nú er.
– Skýra þarf tilgang þess að taka upp nýtt einingakerfi fyrir framhaldsskólastigið.
– Skýra þarf tilgang þess að lengja skólaárið í framhaldsskólum um fimm daga.
– Bæta þarf forsendur skóla til þess að bjóða nemendum upp á nám við hæfi og sveigjanlega námsframvindu.
– Tryggja verður rétt nemenda og kennara til þátttöku í ákvörðunum um innra starf framhaldsskóla.
– Tryggja verður rétt nemenda til fjölbreytilegs framhaldsskólanáms.
– Tryggja verður að skólar geti axlað aukna ábyrgð á vinnustaðanámi nemenda.
– Tryggja þarf að ólögráða framhaldsskólanemendur njóti sambærilegs stuðnings, ráðgjafar og þjónustu og ólögráða nemendur á öðrum skólastigum.
– Markmið um aukna náms- og starfsráðgjöf fyrir nemendur þurfa að koma skýrar fram í nýjum lögum.
– Tryggja þarf rétt ólögráða nemenda til framhaldsskólavistar í grennd við heimili sitt.
– Setja verður gæðaviðmið um þjónustu við nemendur í fjar- og dreifnámi og að tryggja jafnan aðgang þeirra að náminu.
– Nám og námsgögn verði ólögráða nemendum að kostnaðarlausu.“

Það er í sjálfu sér ekki undrunarefni að framhaldsskólakennarar skuli bregðast við með þeim hætti sem raun ber vitni. Í máli fulltrúa félagsins, sem mættu á fund menntamálanefndar, kom fram að vegna ágreinings um grundvallaratriði málsins hafi slitnað upp úr samstarfinu í nefndinni sem falið var að semja frumvarpið þegar sl. vor var hætt að boða þá á fundi. Þar með var sáttin um málið rofin og þannig standa málin enn í dag. Veturinn 2006 voru haldnir 11 fundir í nefndinni fullskipaðri, sá síðasti 18. apríl 2006, síðan var ekki kallaður saman fundur fyrr en 5. nóvember 2006 og var það lokafundur nefndarinnar. Á þeim fundi lögðu fulltrúar Kennarasambands Íslands fram yfirlýsingu sem fylgir nefndaráliti þessu sem fylgiskjal. Í vinnu menntamálanefndar hefur lítið sem ekkert verið gert til að koma til

móts við sjónarmið félög framhaldsskólakennara, ef frá eru taldar nokkrar breytingartillögur varðandi starfsnámið. Ekki er nein tilraun gerð til að koma til móts við meginágreiningsefnin.

Samráð hunsað.

Því er haldið fram af menntamálaráðherra að frumvarpið sé afrakstur víðtæks samráðs og að það sé byggt á störfum starfshópa hins svokallaða 10 skrefa samkomulags ráðherra og Kennarasambands Íslands. Til þess samráðs var stofnað þegar ráðherrann hafði tekið undir sjónarmið Verslunarmannafélags Reykjavíkur og fleiri aðila á vinnumarkaði um nauðsyn þess að stytta nám til stúdentsprófs, í mikilli andstöðu við fagfélög kennara og námsmenn. Stofnaðir voru nokkrir starfshópar í kjölfar 10 skrefa samkomulagsins og skiluðu þeir af sér efnismiklum niðurstöðum til ráðherra. Þegar þær niðurstöður eru bornar saman við frumvarpið sést að í veigamiklum atriðum er vikið frá leiðsögn starfshópanna. Nánar má lesa um það í umsögn Kennarasambands Íslands og sérstakri greinargerð sem sambandið vann fyrir nefndina, þar sem tíundað er hvaða tillögur starfshópanna skiluðu sér inn í frumvörpin og hverjar ekki.

Í meðferð menntamálanefndar var ekki farið skipulega yfir þessa greinargerð KÍ, en í breytingartillögum meiri hluta nefndarinnar er reynt að koma inn einhverjum af tillögum starfsnámsnefndarinnar. Þær tilraunir eru allar til bóta, en ekki var hirt um að bera frumvarpið saman við tillögur starfshóps um almenna braut, eða tillögur hóps um sveigjanleika og fjölbreytni í skipulagi náms og námsframboðs. Þá eru sjónarmið starfshóps um náms- og starfsráðgjöf sniðgengin og tillögur starfshóps um fjar- og dreifnám eru hvergi nefndar. Kennarasamband Íslands segir í umsögn sinni til menntamálanefndar að sú fullyrðing sem frumvarpshöfundar setja fram í greinargerð með frumvarpinu, um að náið tillit hafi verið tekið til allra tillagna og sjónarmiða, standist ekki, frumvarpið sé að töluverðu leyti verk embættismanna menntamálaráðherra.

Það er mat minni hlutans að í nefndarstarfinu hafi komið fram margir alvarlegir ágallar á vinnubrögðum við undirbúning framhaldsskólafrumvarpsins, sem full ástæða sé til að gagnrýna harðlega. Segja má að áform menntamálaráðherra um styttingu náms til stúdentsprófs gangi aftur í frumvarpinu og því sé allt tal um sátt orðin tóm.

Göfug markmið.

Í framsöguræðu menntamálaráðherra 7. desember 2007 lagði hún mikla áherslu á að frumvarpið tryggði framhaldsskóla fyrir alla, m.a. með fræðsluskyldu til 18 ára aldurs, að námsframboð yrði stóraukið, náms- og starfsráðgjöf stórefld ásamt öðrum persónubundnum stuðningi við nemendur. Í því sambandi var sérstaklega nefndur aukinn stuðningur við fatlaða nemendur og nemendur með heilsutengdar sérþarfir. Allt þetta ætti að stuðla að minna brottfalli enda mundu nú allir nemendur eiga kost á námi við hæfi. Ráðherra lofaði líka að gildi stúdentsprófs yrði óskorað þótt inntak og skipulag prófsins yrði með mismunandi hætti. Nýtt einingakerfi var sérstaklega lofað og mikilvægt að dregið yrði úr miðstýringu á námsframboði og námskrárgerð.

Sjálfstæði skóla.

Margt af markmiðum frumvarpsins getur minni hlutinn tekið undir, en lítur svo á að margar þeirra leiða sem gert er ráð fyrir að farnar verði í frumvarpinu vinni beinlínis gegn markmiðum þess. Þar tekur minni hlutinn undir með Kennarasambandi Íslands sem telur markmið um sjálfstæði skólanna og aukið frelsi þeirra verða marklaus ef stjórnvöld ætla að

gera þrennt í senn: setja viðmið í aðalnámskrá um námsbrautarlýsingar skóla, staðfesta þær og að setja þeim viðmiðunarnámskrár. Minni hlutinn tekur undir þau sjónarmið að aðalnámskráin þurfi að fela í sér faglegar leiðbeiningar til skóla um námsbrautarlýsingar og að skólunum verði treyst fyrir þeirri vinnu.

Þá bendir minni hlutinn á þann fjölda reglugerðarheimilda sem frumvarpið felur í sér, en þegar talin eru öll þau atriði sem gert er ráð fyrir að ráðherra mæli fyrir um í reglugerð við skólafrumvörpin fjögur, þá eru þau á fimmta tug. Það er mat minni hlutans að slíkur fjöldi reglugerðarheimilda lýsi framsali valds frá löggjafanum til framkvæmdarvaldsins umfram það sem heppilegt getur talist. Einnig að þessi fjöldi reglugerðarheimilda stríði gegn því markmiði frumvarpanna að gera skólana sjálfstæðari.

Fjármál framhaldsskóla.

Í gegnum árin hefur gengið erfiðlega að finna ásættanlegan fjárhagslegan grunn undir starfsemi íslenskra framhaldsskóla. Á hverju ári fara þingmenn yfir ágreiningsmál er varða reiknilíkan það sem ráðuneytið notar til að deila út fjármunum sem ætlaðir eru til starfsemi skólanna á fjárlögum, og þó að mikið hafi verið gert til að lagfæra reiknilíkanið á undanförnum árum hefur ekki fundist lausn sem hentar öllum skólunum til fulls. Í meðferð menntamálanefndar á framhaldsskólafrumvarpinu hefur umræðan um fjárhagsstöðu skólanna verið algerlega sniðgengin. Það er mat minni hlutans að slíkt hafi verið óábyrgt þar sem svo mikið veltur á fjármunum þeim sem verða til skiptanna ef takast á að efna mörg stærstu fyrirheit frumvarpsins. Má þar nefna aukið vægi náms- og starfsráðgjafar, aukinn stuðning við fatlaða nemendur og væntanlega fjölgun nemenda vegna þess nýmælis sem framhaldsskólaprófið verður. Aukinn rekstrarkostnaður við slíka braut er talinn nema a.m.k. 500 millj. kr. á ári og 120 millj. kr. betur ef aukin stoðþjónusta við slíka braut er talin með. Fjárlagaskrifstofa fjármálaráðuneytis segir í umsögn sinni að margir óvissuþættir séu í kostnaðarmatinu, m.a. sá að erfitt sé að reikna þá fjármuni sem sparast með því að einhver hluti nemenda muni ljúka stúdentsprófi á skemmri tíma en nú er.

Þá telur minni hlutinn nauðsynlegt að vekja athygli á niðurlaginu í umsögn fjárlagaskrifstofu þar sem vakin er athygli á því að samþykkt ríkisstjórnarinnar um meðferð mála við 2. umræðu fjárlagafrumvarps geri ráð fyrir að með frumvörpum, sem leiða til aukinna útgjalda, skuli fylgja tillögur um hvernig dregið verði úr öðrum útgjöldum á móti til að útgjaldarammi raskist ekki. Tillögur um slíkar mótvægisráðstafanir vegna þessa frumvarps liggja ekki fyrir af hálfu menntamálaráðuneytisins.

Skerðing náms til stúdentsprófs.

Það sjónarmið var nokkuð skýrt í máli starfsmanna menntamálaráðuneytisins sem komu fyrir nefndina, að ef tækist að koma fleiri nemendum gegnum skólakerfið á skemmri tíma spöruðust fjármunir sem nota mætti til að auka gæði skólastarfs fyrir þá sem þyrftu lengri tíma til að ljúka náminu. Þetta sjónarmið endurspeglar þær áherslur sem menntamálaráðherra aðhylltist áður en 10 skrefa samkomulagið var gert við Kennarasamband Íslands. Það er mat minni hluta menntamálanefndar að stytting náms til stúdentsprófs sé innbyggð í það fyrirkomulag sem mælt er fyrir um í frumvarpinu. Það byggist á þeirri staðreynd að frumvarpið tilgreinir hvorki einingafjölda né námstíma til stúdentsprófs. Núverandi stúdentspróf eru 140 námseiningar sem miðað er við að nemendur ljúki á fjórum árum en í fyrirmælum frumvarpsins er hvorki ljóst hversu margar nýjar einingar stúdentsprófið verður né heldur hve mörg námsár eru til stúdentsprófs.

Til þess að tryggt verði að frumvarpið leiði ekki til skerðingar náms til stúdentsprófs þyrfti a.m.k. að tilgreina lágmarkseiningafjölda sem gert væri ráð fyrir að nægði til stúdentsprófs. Þá þyrfti einnig að ganga úr skugga um það hvernig kröfur háskólanna til nýnema eru að þróast. Ekki var gerð nein tilraun til þess í vinnu menntamálanefndar við frumvarpið að grennslast fyrir um sjónarmið háskólanna hvað þennan þátt varðar. Það er mat minni hluta nefndarinnar að hætta sé á að stúdentspróf það sem frumvarpið mælir fyrir um mæti ekki kröfum háskóla hvorki hér á landi né erlendis og að það feli í sér hættu á að taka þurfi upp sérstakan undirbúning eða aðfaranám að fagnámi í háskólum. Slík niðurstaða yrði óásættanleg fyrir íslenska stúdenta og íslenska skólakerfið. Minni hlutinn telur nauðsynlegt að lög um framhaldsskóla tilgreini með hvaða hætti tengsl og samstarf framhaldsskóla og háskóla eiga að vera hvað varðar námsundirbúning stúdenta.

Umsögn Háskóla Íslands við frumvarpið styður þessi sjónarmið, en í henni segir að þetta nýja fyrirkomulag muni kalla á sérstaka skoðun innan HÍ með hliðsjón af þeim undirbúningi sem Háskólinn telur nauðsynlegan til þess að nemendur geti tekst á við háskólanámið. Það vekur einnig athygli í umsögn Háskóla Íslands að ekki er tekin afstaða til þeirrar nýjungar sem fólgin er í því að framhaldsskólum verði heimilað að bjóða upp á viðbótarnám að loknum skilgreindum námslokum. Enda er það mat minni hlutans að sú hugmynd sé vanreifuð.

Nýtt einingakerfi.

Frumvarpið gerir ráð fyrir nýju einingakerfi, sem svarar til þess einingakerfis sem tekið var upp á háskólastigi með gildistöku laga nr. 63/2006, um háskóla. Rökin fyrir því eru afar veik og eiga sinn þátt í því að fullyrðingar í greinargerð um að slíkt einingakerfi sé nú í auknum mæli tekið upp í framhaldsskólum þeirra landa sem taka þátt í Bologna-ferlinu eru órökstuddar.

Hinu nýja einingakerfi er ætlað að mæla vinnuframlag nemenda, í stað kennslustunda sem miðað hefur verið við fram að þessu, en engu er slegið föstu um tímalengd náms til stúdentsprófs í frumvarpinu. Það kemur þó fram að hið nýja framhaldsskólapróf skuli vera 90–120 einingar, eitt og hálft til tvö námsár. Af því leiðir að stúdentspróf hljóti að vera lengra en 120 einingar. Það er hins vegar ekki ljóst hvort dregið verði úr vægi kjarnagreina, en líkur benda til að svo verði. Þær líkur eru reiknaðar út í umsögn Háskóla Íslands sem fylgir nefndaráliti þessu og niðurstaðan bendir til þess að gert sé ráð fyrir því í frumvarpinu að námstími til stúdentsprófs verði einungis þrjú ár.

Jafngilding bóknáms og verknáms.

Eitt af meginmarkmiðum frumvarpsins er að stúdentspróf af verknámsbrautum verði jafngilt prófi af bóknámsbrautum. Frumvarpið mælir hins vegar ekki í neinu fyrir um á hvern hátt þetta skuli tryggt. Í greinargerð frumvarpsins má lesa misvísandi sjónarmið hvað þetta varðar. Minni hlutinn tekur undir þau sjónarmið að efla þurfi verknám og starfstengt nám en svigrúm skóla til að móta nýjar og fjölbreyttar verknámsbrautir nægir ekki eitt og sér til að tryggja jafnstöðu stúdentsprófs af verknámsbrautum og bóknámsbrautum. Í vinnu menntamálanefndar við frumvarpið var ekki gerð nein tilraun til að svara áleitnum spurningum á borð við það hverjar „almennar kröfur“ háskóla séu? Ekki heldur hvort stúdentspróf þar sem stór hluti af náminu er verkleg þjálfun veiti aðgang að Háskóla Íslands? Ekki heldur hvort jafngilding námsgreina geti auðveldað bóknámshneigðum nemendum að ljúka starfsnámi, t.d. sveinsprófi í iðngrein? Þessum spurningum var varpað til nefndarinnar en voru ekki ræddar.

Aukið eftirlit, aukin gæði.

Frumvarpið gerir ráð fyrir auknu eftirliti af hálfu menntamálaráðuneytisins með skólastarfi í framhaldsskólum þ.m.t. eftirliti með gæðum náms. Með hliðsjón af auknu námsframboði og auknu frelsi skóla til að setja á fót námsbrautir má gera má ráð fyrir auknu umfangi þeirra starfa sem unnin eru í menntamálaráðuneytinu, sérstaklega hvað varðar eftirlit með gæðum námsins. Slíkt eftirlit er eðli málsins samkvæmt tímafrekt og mannfrekt verkefni. Ekki verður séð að forsendur fjárlagaskrifstofu hvað þennan þátt varðar séu raunsæjar, eitt stöðugildi í ráðuneytinu og tiltekinn fjöldi úttekta dugir skammt ef námsbrautum fjölgar verulega á skömmum tíma. Það er einnig mat minni hluta nefndarinnar að grundvöllur nýrra námsbrauta sé aukin fagmennska í skólunum sjálfum og traust milli ráðuneytis og skólasamfélagsins.

Náms- og starfsráðgjöf.

Frumvarpið gerir ráð fyrir auknu vægi náms- og starfsráðgjafar í framhaldsskólum, en ekki er lagt til að fara þá leið sem tryggja mundi slíkt vægi til fulls. Þar er átt við lögverndun starfsheitis náms- og starfsráðgjafa. Mikillar tregðu gætir hjá stjórnvöldum varðandi fjölgun lögverndaðra starfsheita, en þegar ásetningur er um að minnka brottfall úr framhaldsskólum og viðurkennt er að fullgildir náms- og starfsráðgjafar geti þar komið að mestu gagni með færni sinni og þekkingu, þá er óskiljanlegt að synjað skuli um slíka löggildingu. Það skortir mjög á að í frumvarpinu séu skilgreind þau viðmið sem liggja eiga til grundvallar faglegri náms- og starfsráðgjöf og að frumvarpið endurspegli þá áherslu sem látið er í veðri vaka að eigi að leggja á þennan þátt í framhaldsskólunum. Það er mat minni hluta menntamálanefndar að tímabært sé að lögvernda starfsheiti náms- og starfsráðgjafa, og slík lögverndun sé forsenda þess að markmið frumvarpsins um aukið vægi náms- og starfsráðgjafar náist. Um þessar mundir er kjörið tækifæri til að stíga þetta skref, þar sem endurskoðun MA-náms í náms- og starfsráðgjöf stendur nú yfir. Slíkt væri í samræmi við aukið vægi kennaramenntunar, sem í vændum er samkvæmt frumvarpi um kennaramenntun sem er eitt þeirra fjögurra mikilvægu frumvarpa sem nú stendur til að gera að lögum.

Breytingartillaga meiri hlutans hvað þetta atriði varðar hefur litla þýðingu, þar sem ekki er kveðið skýrt að orði um hverjum er ætlað að annast þá ráðgjöf sem 37. gr. frumvarpsins kveður á um. Til að greinin nái tilgangi sínum þyrfti að taka það fram að nemendum standi til boða náms- og starfsráðgjöf ásamt fræðslu um nám og starfsval. Slíka þjónustu ættu náms- og starfsráðgjafar að veita. Jafnframt þyrfti að geta þess í skólanámskrá á hvern hátt skóli telji þessu hlutverki best sinnt og hvernig standa eigi að miðlun upplýsinga um nám og námsleiðir til nemenda og foreldra eða forráðamanna þeirra.

Gjaldfrjáls framhaldsskóli.

Þau ákvæði frumvarpsins er lúta að gjaldtöku í 45. gr. frumvarpsins uppfylla ekki kröfuna um gjaldfrjálsan framhaldsskóla. Það er mat minni hlutans að framhaldsskólinn skuli vera gjaldfrjáls fyrir alla nemendur, að allir þættir í starfi framhaldsskólanna sem leiða af lögbundinni þjónustu þeirra skuli vera án gjaldtöku. Það eru mikil vonbrigði að meiri hluti nefndarinnar skuli ekki einu sinni gera tillögu um að framhaldsskólinn verði gjaldfrjáls fyrir ólögráða nemendur, þ.e. til 18 ára aldurs. Það er mat minni hlutans að gjaldtaka sú sem frumvarpið kveður á um auki misrétti til náms og nauðsynlegt sé að gera áætlun um gjaldfrjálsan framhaldsskóla hið fyrsta. Nauðsynlegt er að þeir nemendur sem ekki eiga kost á að sækja framhaldsskóla daglega frá heimili sínu fái notið hærri dvalarstyrks og aðgengis að gjaldfrjálsu fjar- og dreifnámi. Til að ná þessum markmiðum þarf að tryggja að hvorki verði

innheimt innritunargjald né efnisgjald eða gjald fyrir nám utan daglegs starfstíma eða utan reglubundins starfstíma að sumri. Ákvæði frumvarpsins hvað gjaldtökuheimildir varðar stríða því mjög gegn sjónarmiðum minni hluta menntamálanefndar.

Niðurstaða.

Það er mat minni hlutans að mörg af yfirlýstum markmiðum frumvarps um framhaldsskóla séu góð og gefi möguleika á endurnýjun framhaldsskólastigsins. Hins vegar liggur ljóst fyrir að margar þeirra leiða sem mælt er fyrir um í frumvarpinu stríða beinlínis gegn þeim markmiðum. Stærstu ágreiningsatriðin hafa verið talin upp hér að framan, en um önnur er vísað til fjölda efnismikilla athugasemda sem menntamálanefnd bárust á þeim tíma sem málið var til skoðunar í nefndinni. Þá er ljóst að mistekist hefur að skapa nauðsynlega sátt um frumvarpið meðal skólafólks, en slík sátt er grundvöllur þeirra róttæku breytinga sem stjórnvöld hafa hug á að gera á framhaldsskólanum. Í ljósi þessa hlýtur minni hlutinn að vara við því að málið verði keyrt með meirihlutavaldi gegnum atkvæðagreiðslu á Alþingi. Leggur minni hlutinn því til að frumvarpinu verði vísað frá með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem færð hafa verið gild rök fyrir því að:

a. sú lagasetning sem í frumvarpinu felst muni ekki hafa í för með sér þá eflingu framhaldsskólastigsins sem að er stefnt,
b. að ekki liggur fyrir trúverðug greining á kostnaði við lagasetninguna eða fyrirheit af hálfu stjórnvalda um nægilegt fjármagn til framhaldsskólastigsins til að standa undir metnaðarfullum umbótum leggur minni hlutinn til að málinu verði vísað frá og tekið fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 20. maí 2008.

Kolbrún Halldórsdóttir, frsm. Höskuldur Þórhallsson.

Með nefndarálitinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Umsögn frá Kennarasambandi Íslands. (24. janúar 2008.)
II. Greinargerð frá Kennarasambandi Íslands. (26. mars 2008.)
III. Umsögn frá Háskóla Íslands. (22. janúar 2008.)

1062. Nefndarálit [432. mál]

um frv. til l. um breytingu á nokkrum lögum á auðlinda- og orkusviði.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kristján Skarphéðinsson og Guðjón Axel Guðjónsson frá iðnaðarráðuneyti, Elínu Smáradóttur frá Orkustofnun, Pál Gunnar Pálsson og Snorra Stefánsson frá Samkeppniseftirlitinu, Þórð Skúlason og Guðjón Bragason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Eirík Bogason og Gústaf Adolf Skúlason frá Samorku – samtökum orku- og veitufyrirtækja, Franz Árnason og Ásgeir Magnússon frá Norðurorku, Friðrik Sophusson og Jón Sveinsson frá Landsvirkjun, Hjörleif Kvaran frá Orkuveitu Reykjavíkur, Tryggva Þór Haraldsson og Lárus Blöndal frá Rarik, Júlíus Jón Jónsson og Árna Sigfússon frá Hitaveitu Suðurnesja, Magnús Kristjánsson frá Orkusölunni, Birgi Þór Runólfsson, dósent við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, Egil B. Hreinsson, prófessor við verkfræðideild Háskóla Íslands, Gunnar Ólaf Haraldsson frá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, Sigurð Líndal, fyrrverandi prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, Guðmund Ólafsson, lektor við Háskólann á Bifröst, og Karl Axelsson hrl. og formann nefndar sem skipuð var á grundvelli laga nr. 5/2006. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá Karli Axelssyni hrl., Orkubúi Vestfjarða hf., Byggðastofnun, Norðurorku, Samkeppniseftirlitinu, Samorku, Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, Landsvirkjun, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Samtökum iðnaðarins, Rarik, Viðskiptaráði Íslands, Landssamtökum raforkubænda, Náttúrufræðistofnun Íslands, Eyþingi – Sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, Orkuveitu Reykjavíkur, Alþýðusambandi Íslands, Reykjavíkurborg, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Hitaveitu Suðurnesja, formanni og varaformanni stjórnar Hitaveitu Suðurnesja, Akraneskaupstað, Orkustofnun og Hollvinum Hitaveitu Suðurnesja. Nefndin fjallaði um málið á fjölda funda.

Frumvarpið varðar einkum reglur um meðferð orkuauðlinda í opinberri eigu og rekstrartilhögun orkufyrirtækja. Til hægðarauka verður umfjöllun meiri hlutans skipt niður á þrjá kafla.

Meðferð vatns- og jarðhitaréttinda í opinberri eigu.

Frumvarpi því sem hér er til umfjöllunar er ætlað að tryggja núverandi eignarhald ríkis og sveitarfélaga á vatns- og jarðhitaréttindum yfir tilteknum viðmiðum. Farin er sú leið að binda eignarhaldið í lög þannig að opinberum aðilum er óheimilt að framselja varanlega áðurnefndar auðlindir til annarra en ríkis, sveitarfélaga eða félaga sem alfarið eru í eigu þessara aðila og sérstaklega stofnuð til að fara með þessi réttindi. Verði frumvarp þetta að lögum munu opinberir aðilar geta veitt öðrum tímabundinn afnotarétt á auðlindum í þeirra eigu til 65 ára eða skemur.

Í störfum nefndarinnar voru boðaðar breytingar frumvarpsins ræddar með hliðsjón af ákvæðum stjórnarskrár, einkum 72. og 78. gr. Fjallaði nefndin sérstaklega um réttarstöðu sveitarfélaga og orkufyrirtækja í þeirra eigu vegna takmarkana frumvarpsins á varanlegu framsali vatns- og jarðhitaréttinda. Hafa þeir sérfræðingar sem nefndin hefur ráðfært sig við almennt fallist á það álit Eiríks Tómassonar lagaprófessors, sem hann vann fyrir iðnaðarráðuneytið og vísað er til í frumvarpinu, að efni þess feli að meginstefnu í sér almenna takmörkun eignarréttar sem rúmast innan marka eignarréttarákvæðis stjórnarskrár. Telur meiri hlutinn að vafa um þetta álitamál hafi verið eytt eins og framast er unnt miðað við það sem fram kom

í viðræðum nefndarinnar við Sigurð Líndal og Karl Axelsson þar sem þeir tóku í öllum meginatriðum undir álitsgerð Eiríks Tómassonar.

Meiri hlutinn bendir á að Samband íslenskra sveitarfélaga tók ekki efnislega afstöðu til frumvarpsins og að ekkert hefur komið fram við umfjöllun nefndarinnar sem bendir til að það bitni óeðlilega hart á einstökum sveitarfélögum eða orkufyrirtækjum í eigu þeirra ef undan er skilin umsögn forstjóra Hitaveitu Suðurnesja frá 8. apríl 2008. Á fundi nefndarinnar 21. apríl afhentu fulltrúar stærstu eigenda fyrirtækisins hins vegar viðbótarumsögn þar sem lýst var yfir vilja til að laga starfsemi þess að ákvæðum frumvarpsins. Ef það gengur eftir er ljóst að frumvarpið mun ná til helstu orkufyrirtækja landsins.

Við mat á því hvort frumvarpið skerði ráðstöfunarrétt sveitarfélaga yfir eigum sínum og rýri þar með verðmæti eigna þeirra umfram það sem framangreind stjórnarskrárákvæði heimila telur meiri hlutinn að ekki verði litið fram hjá þeirri staðreynd að öll stærri orkufyrirtæki landsins eru í eigu íslenska ríkisins eða sveitarfélaga, að Hitaveitu Suðurnesja frátalinni. Þá er viðurkennt að löggjafinn hafi meira svigrúm til inngrips í eignarréttinn þegar hann á tilurð sína að rekja til opinberrar leyfisveitingar. Frumvarpið gerir enn fremur ráð fyrir að opinberum aðilum muni áfram verða heimilt að framselja umræddar orkuauðlindir hver til annars og að þeim verði heimil ráðstöfun þeirra tímabundið til einkaaðila.

Að fengnum athugasemdum leggur meiri hlutinn til að viðmið um bann við varanlegu framsali vatnsréttinda verði hækkað úr 7 MW eins og það er samkvæmt frumvarpinu í 10 MW. Er sú breyting gerð til samræmis við lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, þar sem kveðið er á um í viðauka að önnur orkuver en jarðvarmavirkjanir eða önnur vatnsorkuver með uppsett rafafl undir 10 MW séu ekki ávallt háð mati á umhverfisáhrifum.

Tímabundinn afnotaréttur.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að ríki, sveitarfélögum og sérstökum eignarhaldsfélögum sem alfarið eru í þeirra eigu sé heimilt að veita einkaaðilum tímabundin afnot af þeim vatns- og jarðhitaréttindum sem háð eru framsalstakmörkunum til allt að 65 ára með þeim skilyrðum að úthlutun sé án mismununar og stuðli að hagkvæmri nýtingu auðlinda og fjárfestingu í mannvirkjum. Samkvæmt bráðabirgðaákvæði frumvarpsins er forsætisráðherra falið að koma á fót nefnd sem ætlað er að fjalla um fyrirkomulag leigu á vatns- og jarðhitaréttindum í eigu ríkis og gera tillögur í þeim efnum.

Margir umsagnaraðilar og álitsgjafar hafa vakið máls á þeim neikvæðu efnahagslegu áhrifum sem kunna að vera samfara opinberu eignarhaldi á auðlindum og telja að miklu varði hvernig staðið verður að fyrirkomulagi afnotaréttarins. Þá hafa einstök orkufyrirtæki og samtök þeirra lagt ríka áherslu á að þau taki þátt í því nefndarstarfi sem fjallað er um í umræddu bráðabirgðaákvæði auk þess sem þau vilja að hámarkstími afnotaréttar verði lengdur og að nánar verði útlistað hvernig fara eigi með réttindi afnotahafa fyrir og við lok afnotatímans.

Meiri hlutinn leggur áherslu á að nefnd forsætisráðherra sem falið verður að móta reglur um leigu vatns- og jarðhitaréttinda viðhafi víðtækt samráð og taki mið af þeim reglum sem nú þegar gilda um eignarráð ríkisins, t.d. í þjóðlendum og á ríkisjörðum, og einnig þeim opinberu hagsmunum sem liggja til grundvallar takmörkunum frumvarpsins á varanlegu framsali.

Meiri hlutinn leggur til að handhafi afnotaréttar skuli, að liðnum helmingi afnotatímans, eiga rétt á viðræðum við leigjanda um framlengingu. Einnig leggur meiri hlutinn til þá breytingu að nefnd forsætisráðherra fjalli sérstaklega um hvernig fara eigi með endurnýjun afnotasamninga og önnur atriði er lúta að réttindum og skyldum aðila. Meiri hlutinn vekur athygli á að störf nefndarinnar eru samkvæmt frumvarpinu einskorðuð við vatns- og jarðhitaréttindi

í eigu ríkisins en af því verður ráðið að sveitarfélögum verði eftirlátið að móta sínar eigin reglur um ráðstöfun þeirra réttinda sem eru í þeirra eigu.

Meiri hlutinn leggur til að nefnd forsætisráðherra fái frest til 1. júní 2009 til að skila tillögum sínum og gerir breytingartillögu þar að lútandi.

Tilhögun á rekstri orkufyrirtækja.

Annar meginþáttur frumvarpsins varðar tilhögun á rekstri orkufyrirtækja. Er þar gerð krafa um að veitufyrirtækjum sem hafa einkaleyfi til starfsemi og hafa tekjur umfram tiltekið viðmið verði óheimilt að stunda samkeppnisrekstur á orkusviði, þ.e. framleiðslu og sölu á raforku, og verði þar af leiðandi að færa þann þátt yfir í sjálfstætt fyrirtæki. Þá er lagt til að dreifiveitur og hitaveitur skuli hafa stjórnir sem sjálfstæðar eru gagnvart samkeppnisfyrirtækjum og jafnframt að samkeppnisfyrirtækjum með árlegar tekjur umfram tiltekin viðmið verði óheimilt að stunda sérleyfisstarfsemi.

Með hliðsjón af fram komnum athugasemdum telur nefndin rétt að taka fram að ákvæði frumvarpsins sem varða fyrirtækjaaðskilnað, sbr. a-lið 5. gr. og 11. gr. annars vegar og 2. og 6. gr. hins vegar, gera ekki kröfu um eignarréttarlegan aðskilnað. Fyrirtækjum í samkeppnisstarfsemi verður því heimilt að eiga hlut í dótturfélögum í sérleyfisrekstri og öfugt.

Í frumvarpinu er tekið fram að til að hægt sé að koma á lögbundnu eignarhaldi hins opinbera á sérleyfisrekstri þurfi að skilja á milli samkeppnis- og sérleyfisþátta. Til stuðnings fyrirtækjaaðskilnaði hefur enn fremur verið bent á að hann sé til þess fallinn að bæta samkeppnisskilyrði og auðvelda opinbert eftirlit. Á fundi nefndarinnar með Samkeppniseftirlitinu kom fram að eftirlitið telur að verði þetta frumvarp að lögum sé það til þess fallið að auka samkeppni á raforkumarkaði.

Á fundum nefndarinnar kom fram að sum orkufyrirtækjanna hefðu nú þegar álitið hagkvæmt að skipta starfsemi sinni upp eins og kveðið er á um í frumvarpinu. Um fyrirtækjaaðskilnað eru skoðanir þó skiptar og má um það m.a. vísa til umsagnar Samorku þar sem fram kemur að í einhverjum tilvikum muni slíkri uppskiptingu fylgja rekstrarlegt óhagræði og jafnvel aukinn kostnaður. Einnig hefur komið fram að hugsunin að baki þeirri tilhögun frumvarpsins að láta fyrirtækjaaðskilnað ekki taka til smærri orkufyrirtækja hafi verið sú að hlífa þeim við kostnaði og óhagræði sem því fylgdi. Af samkeppnisástæðum sé heldur ekki þörf á að hafa sömu áhyggjur af minnstu fyrirtækjunum og þeim stærri. Aðrir telja hins vegar að undanþága smærri orkufyrirtækja sé bæði óskýr og ójafnræðisleg. Meiri hlutinn tekur undir að tekjuviðmið undanþágunnar er óskýrt.

Nefndin ræddi einnig þau ákvæði frumvarpsins sem varða lögbundið eignarhald hins opinbera á orkufyrirtækjum í sérleyfisstarfsemi og eins og um aðra efnisþætti frumvarpsins voru skoðanir skiptar hvað þetta varðar. Fram komu sjónarmið um að ástæðulaust væri að gera kröfu um aukinn eignarhlut hins opinbera þar sem hagsmunir þess væru nægilega vel tryggðir með einföldum meiri hluta. Einnig var á það bent að með aukinni meirihlutaeign hins opinbera skapaðist hætta á að dregið yrði um of úr áhuga fjárfesta, t.d. lífeyrissjóða, á starfseminni sem fram til þessa hefur þó ekki verið mikill vegna strangra arðsemisviðmiða raforkulaga.

Nefndinni bárust margar ábendingar um að kominn væri tími til að endurskoða lagaramma utan um starfsemi sérleyfishafa með það að leiðarljósi að tryggja hagkvæman rekstur og að fyrirtækin sjái sér hag í að byggja upp raforkukerfið. Fulltrúar iðnaðarráðuneytis upplýstu nefndina um að verið væri að skipa nefnd til að endurskoða raforkulögin og að þessir þættir mundu þá koma til skoðunar.

Meiri hlutinn leggur til, með hliðsjón af athugasemdum um að tekjuviðmið a-liðar 5. gr. og 11. gr. frumvarpsins séu óskýr, að í stað þess komi annað viðmið sem miðast við fjölda íbúa á dreifiveitusvæði. Meiri hlutinn telur rétt að smærri orkufyrirtæki verði undanþegin kröfu um fyrirtækjaaðiskilnað.

Meiri hlutinn telur að ákvæðum 2. og 6. gr. frumvarpsins sé ofaukið og leggur til að þau verði felld brott. Nægilegt sé að takmarka heimildir dreifiveitna og hitaveitna til að stunda aðra starfsemi eins og gert er í a-lið 5. gr. og 11. gr.

Þá leggur meiri hlutinn til að eignarhlutdeild hins opinbera í sérleyfishafa fari úr aukinni meirihlutaeign í einfalda meirihlutaeign. Er það m.a. gert til samræmis við 4. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 32/2004. Telur nefndin að markmiðum frumvarpsins um opinbert eignarhald verði náð með einfaldri meirihlutaeign opinberra aðila í sérleyfisstarfsemi.

Að lokum vill meiri hlutinn taka fram að við umfjöllun nefndarinnar hafi svo sem kostur er verið gengið úr skugga um að ákvæði frumvarpsins um fyrirtækjaaðskilnað og lögbundna eignarhlutdeild hins opinbera í orkufyrirtækjum standist ákvæði stjórnarskrár, einkum þau sem varða réttarstöðu sveitarfélaga og einkaaðila, og vísar um það til sjónarmiða sem rakin voru í kaflanum um takmörkun á varanlegu framsali orkuauðlinda.

Að lokum.

Á fundum nefndarinnar var nokkuð rætt um rekstur blandaðra virkjana sem um er fjallað í 3. gr. frumvarpsins. Kom fram að fyrirtækjaleg uppskipting þeirra sé bundin erfiðleikum. Fulltrúi Orkustofnunar tók fram að stofnunin hefði hagað eftirliti með rekstri blandaðra virkjana á grundvelli viðmiða sem samin voru í samráði við hagsmunaaðila.

Nefndinni bárust umsagnir þar sem lögð var áhersla á að IV. kafli frumvarpsins yrði felldur brott og að eðlilegra væri að ákvæði hans yrðu hluti af heildstæðri löggjöf um hitaveitur. Nefndin tekur ekki undir þær röksemdir og bendir á að sömu efnisrök búi að baki kaflanum og ákvæðum frumvarpsins sem taka til dreifiveitna með þeim fyrirvara að í starfsemi hitaveitna er ekki skilið á milli framleiðslu, sölu og dreifingar með sama hætti og á raforkumarkaði.

Lokaþáttur frumvarpsins fjallar um brottfall ýmissa eldri laga á orkusviði en meiri hlutinn hvetur einnig til þess að rösklega verði gengið til verks við endurskoðun sérlaga á orkusviði eins og ráð er fyrir gert í ákvæði til bráðabirgða II.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Guðni Ágústsson skrifar undir álitið með fyrirvara. Fyrirvarinn varðar álitaefni tengd stjórnarskrá og sjónarmið sem fram koma í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Alþingi, 21. maí 2008.

Katrín Júlíusdóttir, form., frsm.	Kristján Þór Júlíusson.	Herdís Þórðardóttir.
Guðni Ágústsson, með fyrirvara.	Ragnheiður E. Árnadóttir.	Björk Guðjónsdóttir.

Karl V. Matthíasson.

1063. Breytingartillögur [432. mál]

við frv. til l. um breytingu á nokkrum lögum á auðlinda- og orkusviði.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar (KaJúl, KÞJ, HerdÞ, GÁ, REÁ, BjörkG, KVM).

1. Við 1. gr.
   a. Í stað tölunnar „7“ í 1. efnismgr. komi: 10.
   b. Við 3. efnismgr. bætist nýr málsliður er orðist svo: Handhafi tímabundins afnotaréttar skal eiga rétt á viðræðum um framlengingu réttarins þegar helmingur umsamins afnotatíma er liðinn.
   c. Við bætist fyrirsögn, svohljóðandi: *Takmarkanir á varanlegu framsali opinberra aðila á eignarrétti á vatni.*
2. Við 2. gr. Greinin falli brott.
3. Við 3. gr. Inngangsmálsgreinin orðist svo:
   Í stað 3. og 4. málsl. 1. mgr. 7. gr. laganna koma fjórir nýir málsliðir, svohljóðandi.
4. Við 4. gr. Í stað orðanna „að lágmarki að ⅔ hlutum í eigu“ komi: í meirihlutaeigu.
5. Við 5. gr.
   a. Í stað orðanna „með árlegar rekstrartekjur umfram 2 milljarða kr.“ í 1. efnismálsl. a-liðar komi: þar sem fjöldi íbúa á dreifiveitusvæðum veitunnar eru 10.000 eða fleiri.
   b. Í stað orðanna „að lágmarki að ⅔ hlutum í eigu“ í b-lið komi: í meirihlutaeigu.
6. Við 6. gr. Greinin falli brott.
7. Við 8. gr. Við 3. efnismgr. bætist nýr málsliður er orðist svo: Handhafi tímabundins afnotaréttar skal eiga rétt á viðræðum um framlengingu réttarins þegar helmingur umsamins afnotatíma er liðinn.
8. Við 11. gr. 1. efnismálsl. orðist svo: Hitaveitu sem dreifir heitu vatni eða gufu á grundvelli einkaleyfis er óheimilt að stunda aðra starfsemi en þá sem henni er nauðsynleg til að geta rækt skyldur sínar samkvæmt einkaleyfi eða öðrum sérleyfum og lögum þar að lútandi, sbr. þó 1. mgr. 14. gr. raforkulaga.
9. Við 12. gr. Efnismálsgreinin orðist svo:
   Hitaveita sem starfar á grundvelli einkaleyfis skal ávallt vera í meirihlutaeigu ríkis, sveitarfélaga og/eða fyrirtækja sem eru alfarið í eigu þessara aðila.
10. Við 13. gr.
    a. Í stað tölunnar „7“ í 1. efnismgr. komi: 10.
    b. Við 3. efnismgr. bætist nýr málsliður er orðist svo: Handhafi tímabundins afnotaréttar skal eiga rétt á viðræðum um framlengingu réttarins þegar helmingur umsamins afnotatíma er liðinn.
11. Við 14. gr. 2. málsl. orðist svo: Ákvæði 2. gr., a-liðar 4. gr., 5. gr. og 9. gr. koma til framkvæmda 1. júlí 2009.
12. Við ákvæði til bráðabirgða III.
    a. Í stað 2. málsl. komi tveir nýir málsliðir er orðist svo: Nefndin skal í störfum sínum fjalla um leigugjald, leigutíma, endurnýjun leigusamninga og önnur atriði er lúta að réttindum og skyldum aðila. Þá skal nefndin meta hvaða aðgerða sé þörf til að tryggja í senn sjálfbæra og hagkvæma nýtingu auðlindanna.
    b. Í stað dagsetningarinnar „1. mars 2009“ í 5. málsl. komi: 1. júní 2009.

1064. Nefndarálit [498. mál]

um till. til þál. um staðfestingu bókunar um breytingu á samningi um takmörkun ábyrgðar á sjóréttarkröfum.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sigríði Eysteinsdóttur frá utanríkisráðuneyti, Svanhvíti Axelsdóttur frá samgönguráðuneyti, Guðmund Sigurðsson prófessor og Friðrik Arngrímsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna. Umsagnir bárust um málið frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Samtökum fjármálafyrirtækja og Siglingastofnun.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta bókun frá 1996 um breytingu á samningi um takmörkun ábyrgðar á sjóréttarkröfum frá 1976. Bókunin og samningurinn voru gerð á vegum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar. Ísland er ekki aðili að samningnum heldur alþjóðasamþykkt frá 1957 um takmörkun á ábyrgð eigenda skipa sem á sjó sigla. Staðfesting bókunarinnar fellir samþykktina frá 1957 úr gildi. Í bókuninni er gert ráð fyrir því að ríki geti gerst aðili að henni án þess að vera aðili að samningnum frá 1976. Ríkið verður þá bundið af ákvæðum samningsins, með áorðnum breytingum samkvæmt bókuninni, gagnvart aðildarríkjum bókunarinnar, en óbundið af ákvæðum samningsins gagnvart ríkjum sem eingöngu eru aðilar að honum. Aðild að bókuninni felur í sér verulegar réttarbætur fyrir tjónþola.

Nefndin vekur athygli á því að á yfirstandandi þingi voru samþykkt lög nr. 159/2007, sem breyta siglingalögum, nr. 34 19. júní 1985, og taka gildi 1. janúar 2009. Lögin gera Íslandi kleift að standa við skuldbindingar samkvæmt bókuninni. Nefndin tekur einnig fram að án staðfestingar bókunarinnar væri Ísland áfram bundið af samþykktinni frá 1957 gagnvart þeim ríkjum sem eru aðilar að henni, en hún takmarkar ábyrgð útgerðarmanna á sjóréttarkröfum mun meira en gildandi siglingalög gera ráð fyrir, sér í lagi eins og þau verða þegar breytingin frá 2007 hefur tekið gildi.

Staðfesting bókunarinnar frá 1996 felur jafnframt í sér heimild til að gera fyrirvara um ábyrgðartakmarkanir vegna tiltekinna krafna. Slíkir fyrirvarar heimila íslenska ríkinu að ákveða sjálft hvaða bótareglur skuli gilda um þær kröfur, svo sem að ábyrgð sé ótakmörkuð eða miða eigi við hærri fjárhæðir en bókunin gerir að öðrum kosti ráð fyrir. Í þessu felst ekki að verið sé að setja efnisreglur heldur er einungis verið að áskilja íslenska ríkinu rétt til að víkja frá ákvæðum bókunarinnar í ákveðnum tilvikum.

Þá vekur nefndin athygli á því að vinna við heildarendurskoðun siglingalaga stendur yfir. Í tengslum við þá vinnu mun fara fram skoðun á því hvort nýta eigi umrædda fyrirvara og þá gerðar tillögur að efnisreglum. Nefndin tekur fram að þótt ákveðið verði við endurskoðunina að nýta ekki fyrirvarana kemur það ekki í veg fyrir að þeir verði nýttir síðar. Sé bókunin hins vegar staðfest án fyrirvara getur ekki komið til breytinga á íslenskum siglingalögum frá því sem ákveðið var í lögum nr. 159/2007. Það er því mikilvægt fyrir þá vinnu sem nú fer fram vegna endurskoðunar siglingalaga að fyrirvararnir séu gerðir og gert ráð fyrir því að það verði gert í athugasemdum við málið. Nefndin gengur út frá því að fyrirvararnir verði gerðir þegar við staðfestingu bókunarinnar.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 21. maí 2008.

Bjarni Benediktsson, form., frsm.	Árni Páll Árnason.	Steingrímur J. Sigfússon.
Ragnheiður E. Árnadóttir.	Ásta R. Jóhannesdóttir.	Siv Friðleifsdóttir.
Guðfinna S. Bjarnadóttir.	Lúðvík Bergvinsson.	Kristinn H. Gunnarsson.

1065. Framhaldsnefndarálit [387. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta félags- og tryggingamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið milli 2. og 3. umræðu samkvæmt heimild í 2. mgr. 29. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991.

Eins og fram kemur í nefndaráliti um málið, dags. 24. apríl 2008, ræddi nefndin um aðgang Vinnumálastofnunar að gögnum skattyfirvalda, skv. b-lið 13. gr. frumvarpsins og lagði til þá breytingu á honum að við setninguna „Skattyfirvöld skulu láta Vinnumálastofnun í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru eftirlitinu með framkvæmd laganna“ bættust orðin „enda hafi umsækjandi verið upplýstur um það“. Í nefndaráliti sagði að breytingin væri í þá veru að á umsókn um fæðingarorlof væru upplýsingar til umsækjanda um að hann samþykkti jafnframt að skattyfirvöld létu Vinnumálastofnun í té upplýsingar sem nauðsynlegar væru eftirlitinu með framkvæmd laganna, enda væri það forsenda bótanna.

Við 2. umræðu um málið var því hreyft að ekki væri samræmi milli þess sem fram kæmi í áliti nefndarinnar og breytingartillögu hennar við b-lið 13. gr. Það væri ekki það sama að umsækjandi væri upplýstur um að Vinnumálastofnun gæti sótt upplýsingar til skattyfirvalda og að hann hefði samþykkt það.

Með lögum nr. 90/2004 var lögum um fæðingar- og foreldraorlof breytt þannig að farið var að samkeyra útgreiðslur Fæðingarorlofssjóðs við skattkerfið. Tryggingastofnun ríkisins var með lögunum gefin heimild til að sækja upplýsingar um umsækjendur úr skattframtölum, staðgreiðsluskrá og tryggingagjaldsskrá beint til skattyfirvalda sem var gert skylt að veita upplýsingarnar. Síðari breyting á lögunum, með lögum nr. 155/2006, færði þessa heimild Tryggingastofnunar til Vinnumálastofnunar, sbr. núverandi 15. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof. Vinnumálastofnun hefur því nú þegar aðgang að skattgögnum umsækjenda sem nauðsynlegar eru við framkvæmd laganna. Breyting sú sem frumvarpið leggur til nú á b-lið 13. gr. færir eftirlit með framkvæmd laganna frá skattyfirvöldum til Vinnumálastofnunar og leggur því þá skyldu á skattyfirvöld að veita stofnuninni þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru eftirlitinu með framkvæmd laganna.

Meiri hluti nefndarinnar áréttar það sem fram kom í nefndaráliti dags. 24. apríl 2008 að sambærilegar heimildir til að sækja upplýsingar til skattyfirvalda er að finna í lögum nr. 22/2006, um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, og í lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006. Að auki virðist ekki vera um að ræða teljanlegar breytingar á aðgangi Vinnumálastofnunar að upplýsingum umfram núgildandi lög. Meiri hlutinn telur þó eðlilegt að við samkeyrslu upplýsinga af því tagi sem kveðið er á um í lögunum sé samþykkis umsækjanda leitað og honum gert ljóst til hvaða gagna samþykkið taki.

Meiri hlutinn ítrekar þann skilning sinn að það sé forsenda fyrir greiðslum úr fæðingarorlofssjóði að umsækjendur um fæðingarorlof samþykki að Vinnumálastofnun sé heimilt að afla skattgagna þeirra frá skattyfirvöldum og leggur því til breytingu á 11. gr. frumvarpsins þannig að við 3. mgr. 15. gr. laganna bætist ákvæði um að samþykki umsækjanda þurfi fyrir öflun gagnanna.

Áfram er gert ráð fyrir því að einungis verði greitt úr sjóðnum á grundvelli skattframtala, staðgreiðsluskrár og tryggingagjaldskrár sem skattyfirvöld láta Vinnumálastofnun í té. Ef umsækjandi samþykkir ekki að Vinnumálastofnun afli nauðsynlegra gagna hjá skattyfirvöldum skv. 15. gr. laganna verður fæðingarorlof ekki greitt. Við þessar aðstæður eru ekki forsendur fyrir því að skattyfirvöld láti Vinnumálastofnun í té upplýsingar um umsækjanda í tengslum við eftirlit með framkvæmd laganna. Þá er litið til þess að samkvæmt athugasemdum við 13. gr. frumvarpsins kemur fram að til að sinna eftirlitinu þurfi upplýsingar úr staðgreiðsluskrá og tryggingagjaldsskrá sem Vinnumálastofnun hefur þegar aðgang að skv. 15. gr. laganna. Telur meiri hlutinn því nægilegt að umsækjandi samþykki öflun nauðsynlegra gagna við framkvæmd laganna og hann verði upplýstur um öflun gagnanna til nota við eftirlitið.

Við lestur frumvarpsins, með breytingum eftir 2. umræðu, kom í ljós að leiðrétta þarf eina tilvísun í lögin og leggur meiri hlutinn því til breytingu þess efnis.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Ásta R. Jóhannesdóttir og Ögmundur Jónasson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 21. maí. 2008.

Guðbjartur Hannesson, form., frsm.	Ármann Kr. Ólafsson.	Birkir J. Jónsson.
Árni Johnsen.	Jón Gunnarsson.	Illugi Gunnarsson.

1066. Breytingartillögur [387. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta félags- og tryggingamálanefndar (GuðbH, ÁKÓ, BJJ, ÁJ, JónG, IllG).

1. Við 8. gr. bætist nýr stafliður sem verði g-liður, svohljóðandi: Í stað „9. mgr. 19. gr.“ í 10. mgr. kemur: 12. mgr. 19. gr.
2. Við 11. gr. bætist nýr stafliður sem verði d-liður, svohljóðandi: Við 3. mgr. bætist nýr málsliður svohljóðandi: Samþykki umsækjanda þarf fyrir öflun gagnanna.

1067. Nefndarálit [232. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um meðferð einkamála, nr. 91 31. desember 1991 (Haagsamningar á sviði réttarfars).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Rögnu Árnadóttur frá dómsmálaráðuneyti og Benedikt Bogason fyrir hönd réttarfarsnefndar.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um meðferð einkamála í því skyni að fullgilda þrjá alþjóðasamninga á sviði einkamálaréttarfars.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 4. gr.

a. A-liður orðist svo: Í stað orðanna „eða aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu“ í a-lið 1. mgr., sbr. 3. gr. laga nr. 72/2003, kemur: aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða aðildarríkis Haagsamnings um einkamálaréttarfar frá 1. mars 1954.
b. Á eftir orðinu „undanþeginn“ í efnismálsgrein b-liðar komi: því.

Sigurður Kári Kristjánsson og Karl V. Matthíasson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. maí 2008.

Birgir Ármannsson, form., frsm.	Ágúst Ólafur Ágústsson.	Atli Gíslason.
Ellert B. Schram.	Siv Friðleifsdóttir.	Ólöf Nordal.

Jón Magnússon.

1068. Nefndarálit [16. mál]

um till. til þál. um samkeppnisstöðu fyrirtækja í eigu ríkis og sveitarfélaga.

Frá meiri hluta viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um efni tillögu til þingsályktunar um samkeppnisstöðu fyrirtækja í eigu ríkis og sveitarfélaga. Með tillögunni er lagt til að viðskiptaráðherra verði falið að athuga hvort og á hvaða sviðum fyrirtæki og stofnanir í eigu ríkis og sveitarfélaga séu í samkeppni við einkaaðila. Þá skuli ráðherra kanna hvort fyrirtæki í eigu ríkis og sveitarfélaga hafi á undanförnum árum eflt samkeppnisstöðu sína gagnvart einkafyrirtækjum. Einnig skal kannað í hversu miklum mæli stofnanir og fyrirtæki á vegum ríkis og sveitarfélaga sinni verkefnum sem sérhæfðir aðilar í atvinnulífinu gætu leyst jafn vel eða betur fyrir minna fé.

Nefndinni bárust á annan tug umsagna um tillöguna sem voru langflestar jákvæðar í garð hennar. Tilgangurinn með tillöguflutningnum er m.a. að fá yfirsýn yfir starfsemi á vegum hins opinbera sem er í samkeppni við einkaaðila. Nefndin telur æskilegt að fá slíka yfirsýn svo dýpka megi umræðu um hlutverk og þátttöku hins opinbera í atvinnulífinu.

Meiri hlutinn tekur undir með Alþýðusambandi Íslands sem bendir á í umsögn sinni að „mikilvægt sé að tryggja ákveðna fjölbreytni í rekstrarformum samfélagsþjónustu…“ og að mikilvægt sé að tryggja að „gæði þjónustu verði ávallt fullnægjandi og að allir hafi jafnan aðgang að henni óháð efnahag og félagslegri stöðu.“

Í umsögnum má meðal annars finna tillögur um útvíkkun tillögugreinarinnar auk umfjöllunar um einstök svið eða geira sem einkum þykir þörf á að athuga með hliðsjón af þeim sjónarmiðum sem í tillögu þessari felast. Í því sambandi hefur m.a. verið minnst á rekstur hins opinbera á eftirliti sem hugsanlega gæti átt heima hjá einkaaðilum, ólíkar skattareglur milli opinberra aðila og einkaaðila, kaup opinberra aðila á utanaðkomandi sérfræðiaðstoð, kaup opinberra aðila á tölvuþjónustu frá einkaaðilum, þátttöku hins opinbera í verslunarrekstri, vernd og stuðning hins opinbera í landbúnaði, kröfur til einkaaðila í rekstri, þátttöku hins opinbera í rannsóknum.

Þótt sumir þessara þátta kunni að vera á mörkum úttektar af þessum toga telur nefndin æskilegt að viðskiptaráðherra marki úttektinni í upphafi hæfilega rúman ramma sem tryggi að heildaryfirsýn fáist yfir verkefni sem opinberir aðilar sinna nú og gætu verið í höndum einkaaðila. Slík yfirsýn er nauðsynleg forsenda upplýstrar umræðu um hvort einhver sérstök sjónarmið kunni að réttlæta viðamikið hlutverk ríkisins á einstökum sviðum og þá að hvaða markmiðum sé stefnt með umfangsmeiri ríkisrekstri í samkeppnisrekstri en almenn viðskiptasjónarmið kalla á.

Þá telur meiri hlutinn rétt og eðlilegt að jafnframt verði litið til þeirrar reynslu sem þegar hefur fengist af einkarekstri og einkaframkvæmd við verklegar framkvæmdir eða veitingu lögboðinnar þjónustu ríkis og sveitarfélaga hér á landi.

Meiri hlutinn telur rétt að ráðherra leggi skýrslu um niðurstöðu athugunarinnar fyrir Alþingi til umræðu. Í þeirri skýrslu geri ráðherra tillögur til Alþingis um frekari athuganir, ef hann telur þörf á slíku.

Meiri hlutinn leggur til að tillagan verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað orðanna „1. apríl 2008“ í 2. mgr. tillögugreinarinnar komi: 1. febrúar 2009.

Jón Gunnarsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. maí 2008.

Ágúst Ólafur Ágústsson, form., frsm. Guðfinna S. Bjarnadóttir. Birgir Ármannsson.

Árni Páll Árnason. Björk Guðjónsdóttir.

1069. Breytingartillögur [288. mál]

við frv. til l. um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, og við brtt. á þskj. 1014.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Við bætist ný grein er verði 6. gr., svohljóðandi:

Starfsheitið náms- og starfsráðgjafi.

Rétt til að nota starfsheitið náms- og starfsráðgjafi og starfa við leik-, grunn- og framhaldsskóla eða aðra hliðstæða skóla hefur sá einn sem hefur til þess leyfi menntamálaráðherra.

Leyfi til þess að nota starfsheitið náms- og starfsráðgjafi má aðeins veita þeim sem lokið hefur:

1. meistaraprófi frá háskóla sem hlotið hefur viðurkenningu ráðherra á grundvelli laga um háskóla, nr. 63/2006, á fræðasviði sem ráðherra viðurkennir til starfs í náms- og starfsráðgjöf,
2. öðru námi sem jafngildir meistaraprófi skv. 1. tölul. sem ráðherra viðurkennir í náms- og starfsráðgjöf.

2. Við 6. gr., er verði 7. gr.
   a. Í stað orðanna „eða framhaldsskólakennari“ í 1. og 2. mgr. komi: framhaldsskólakennari eða náms- og starfsráðgjafi.
   b. Í stað orðsins „kennsluréttindi“ í 1. og 2. mgr. komi: réttindi.
3. Við 7. gr., er verði 8. gr. Í stað orðanna „eða framhaldsskólakennari“ komi: framhaldsskólakennari eða náms- og starfsráðgjafi.
4. Við 2. tölul. brtt. á þskj. 1014.
   a. Við a-lið bætast tvær nýjar efnismálsgreinar, svohljóðandi:

Til að vera ráðinn við sérkennslu skal umsækjandi hafa öðlast leyfi til þess að nota starfsheitið leikskólakennari eða hafa aðra sérfræðimenntun sem nýtist í starfi.

Til þess að verða ráðinn náms- og starfsráðgjafi við leikskóla skal umsækjandi hafa öðlast leyfi til þess að nota starfsheitið náms- og starfsráðgjafi, sbr. 6. gr.

b. Við bætist nýr liður, svohljóðandi: Fyrirsögn greinarinnar verði: *Ráðning leikskólakennara og náms- og starfsráðgjafa.*

5. Við 12. gr., er verði 13. gr.
   a. Við bætist ný málsgrein er verði 2. mgr., svohljóðandi:
   Til þess að verða ráðinn náms- og starfsráðgjafi við grunnskóla skal umsækjandi hafa öðlast leyfi til þess að nota starfsheitið náms- og starfsráðgjafi, sbr. 6. gr.
   b. Á eftir orðinu „grunnskólakennara“ í 2. mgr., er verði 3. mgr., komi: náms- og starfsráðgjafa.
   c. Fyrirsögn greinarinnar verði: *Ráðning grunnskólakennara, náms- og starfsráðgjafa og sérfræðinga.*
6. Við 16. gr., er verði 17. gr., bætist ný málsgrein er verði 2. mgr., svohljóðandi:
   Til þess að verða ráðinn náms- og starfsráðgjafi við framhaldsskóla skal umsækjandi hafa öðlast leyfi til þess að nota starfsheitið náms- og starfsráðgjafi, sbr. 6. gr.
7. Við 20. gr., er verði 21. gr. Greinin orðist svo:
   Sæki enginn leikskólakennari um auglýst leikskólakennarastarf, leikskólastjórastarf eða aðstoðarleikskólastjórastarf, sbr. 1. mgr. 9. gr., eða náms- og starfsráðgjafi um starf náms- og starfsráðgjafa, þrátt fyrir endurtekna auglýsingu, er heimilt að lausráða í starfið til bráðabirgða, að hámarki til eins árs í senn, einstakling sem ekki er leikskólakennari eða náms- og starfsráðgjafi. Hið sama gildir ef umsækjandi uppfyllir ekki þau almennu skilyrði sem nauðsynleg teljast til þess að fá ráðningu í starf. Nú hefur starf starfsmanns verið auglýst í tvígang án þess að leikskólakennari eða náms- og starfsráðgjafi hafi fengist og er þá heimilt að ráða hann í starfið samkvæmt nánari fyrirmælum sveitarstjórnarlaga og hlutaðeigandi kjarasamnings. Starfsmaður sem ráðinn er vegna framangreindra aðstæðna má ekki bera starfsheitið leikskólakennari eða náms- og starfsráðgjafi og ekki má endurráða hann án undangenginnar auglýsingar.
8. Við 21. gr., er verði 22. gr.
   a. Á eftir orðinu „kennslu“ í 2. mgr. komi: og náms- og starfsráðgjöf.
   b. 1. málsl. 3. mgr. orðist svo: Nú sækir enginn grunnskólakennari um auglýst kennslustarf eða náms- og starfsráðgjafi um auglýst starf náms- og starfsráðgjafa þrátt fyrir endurtekna auglýsingu og getur skólastjóri þá sótt um heimild til undanþágunefndar grunnskóla um að lausráða tiltekinn starfsmann til kennslustarfa eða í starf náms- og starfsráðgjafa til bráðabirgða, þó aldrei lengur en eitt ár í senn.
   c. Á eftir orðinu „kennsluréttinda“ í 2. málsl. 3. mgr. komi: eða í námi til réttinda í náms- og starfsráðgjöf.
   d. Á eftir orðinu „kennslustarf“ í 5. mgr. komi: eða náms- og starfsráðgjafa við náms- og starfsráðgjöf.
   e. Á eftir orðinu „grunnskólakennari“ í 2. málsl. 6. mgr. komi: eða náms- og starfsráðgjafi.
9. Við 22. gr., er verði 23. gr.
   a. 2. málsl. 1. mgr. orðist svo: Nefndin skal skipuð fjórum fulltrúum, einum fulltrúa tilnefndum af heildarsamtökum kennara, einum fulltrúa tilnefndum af Félagi íslenskra framhaldsskóla, einum fulltrúa tilnefndum af samstarfsnefnd háskólastigsins og einum fulltrúa án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar.
   b. Á eftir orðinu „kennslu“ í 2. mgr. komi: og við náms- og starfsráðgjöf.

c. Á eftir orðinu „kennslustarf“ í 1. málsl. 3. mgr. komi: eða starf náms- og starfsráðgjafa.
d. Á eftir orðinu „kennslustarfa“ í 1. málsl. 3. mgr. komi: og starfs í náms- og starfsráðgjöf.
e. Á eftir orðinu „kennsluréttinda“ í 2. málsl. 3. mgr. komi: eða í námi til réttinda í náms- og starfsráðgjöf.
f. Við bætist ný málsgrein er verði 6. mgr., svohljóðandi:
Ef hvorki skólameistari né að minnsta kosti tveir skólanefndarmenn mæla með ráðningu náms- og starfsráðgjafa við starf í náms- og starfsráðgjöf getur skólameistari þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. leitað til undanþágunefndar og óskað eftir heimild nefndarinnar til að lausráða annan einstakling sem hann telur hæfan í starfið.
g. Á eftir orðinu „framhaldsskólakennari“ í 2. málsl. 6. mgr., er verði 7. mgr., komi: eða náms- og starfsráðgjafi.

10. Við 23. gr., er verði 24. gr. Orðið „eða“ í 1. málsl. 1. mgr. falli brott.
11. Við 24. gr., er verði 25. gr. Í stað orðanna „ til kennslu elstu aldursflokka í leikskólum“ í 1. tölul. 1. mgr. komi: til kennslu í tveimur elstu aldursflokkum leikskóla.
12. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo: Frumvarp til laga um menntun og ráðningu kennara, skólastjórnenda og náms- og starfsráðgjafa við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

1070. Breytingartillögur [285. mál]

við frv. til l. um grunnskóla.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Við 2. gr. Á eftir orðinu „manngildi“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: og mannréttindum.
2. Við 11. gr. 2. mgr. orðist svo:
Um skilyrði þess að hljóta ráðningu sem skólastjóri, kennari eða náms- og starfsráðgjafi í grunnskóla fer samkvæmt gildandi lögum þar um.
3. Við 13. gr. 3. mgr. orðist svo:
Nemendur eiga rétt á að njóta náms- og starfsráðgjafar í grunnskóla af þeim sem hafa leyfisbréf í náms- og starfsráðgjöf.
4. Við 16. gr. 2. málsl. 1. mgr. orðist svo: Foreldrum skulu á þeim tímamótum veittar upplýsingar um skólagöngu barnsins og skólastarfið almennt og foreldrum með annað móðurmál en íslensku og heyrnarlausum foreldrum skal tryggð viðeigandi túlkaþjónusta.
5. Við 18. gr. Orðin „leitast við að“ í 4. mgr. falli brott.
6. Við 23. gr. Greinin orðist svo:
Grunnskólar skulu sjá nemendum fyrir málsverði á skólatíma í samræmi við opinber manneldismarkmið. Málverður samkvæmt þessari grein skal vera nemendum að kostnaðarlausu.
7. Við 31. gr. Lokamálsliður 1. mgr. falli brott.

8. Við 33. gr.
   a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Lengd viðvera og tómstundastarf samkvæmt þessari grein skal vera nemendum að kostnaðarlausu.
   b. 2. mgr. falli brott.
9. Við 39. gr. Lokamálsliður 2. mgr. orðist svo: Önnur samræmd könnunarpróf skal halda samkvæmt ákvörðun ráðherra.
10. Við 42. gr.
   a. Í stað orðanna „geta beitt sér“ í 1. málsl. komi: skulu sjá nemendum.
   b. Í stað orðanna „eða stofnað til“ í 1. málsl. komi: eða stofna til.
   c. Í stað orðanna „og kennslufræðilega ráðgjöf“ í 2. málsl. komi: kennslufræðilega ráðgjöf og aðgang að sérhæfðu námsefni og námsgögnum.
11. Við 43. gr.
   a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður er verði 2. málsl., svohljóðandi: Tryggja ber að félag það er stendur að rekstri skóla samkvæmt þessari grein sé ekki rekið í hagnaðarskyni.
   b. Lokamálsliður 1. mgr. falli brott.
   c. 2. mgr. orðist svo:

      Grunnskólar sem hljóta viðurkenningu skv. 1. mgr. eiga rétt á framlagi úr sveitarsjóði til starfsemi sinnar í samræmi við fjölda nemenda sem hafa lögheimili í því sveitarfélagi sem skólinn starfar í. Framlag skal ákveðið af sveitarstjórn og getur það verið mishátt eftir nemendafjölda og rekstrarumfangi skóla. Einnig getur rekstraraðili samið við aðrar sveitarstjórnir um að veita nemendum úr þeim sveitarfélögum skólavist.
   d. Við bætist ný málsgrein er verði 3. mgr., svohljóðandi:

      Grunnskólar sem starfræktir eru samkvæmt þessari grein heyra undir skólanefndir sveitarfélaga. Skulu skólarnir fylgja meginreglum stjórnsýsluréttar við ákvarðanatöku og meðferð mála er lýtur að réttindum og skyldum nemenda og skulu þeir setja sér reglur um úrlausn ágreiningsmála sem tryggi réttarstöðu nemenda, t.d. er varðar inntöku, brottvísun eða annað það er talist geta stjórnvaldsákvarðanir í skilningi stjórnsýslulaga. Með kærumál skal fara samkvæmt reglum stjórnsýslulaga. Þá gilda einnig ákvæði upplýsingalaga um skóla er starfa samkvæmt þessari grein.
   e. Orðin „og Hagstofu Íslands“ í 3. mgr., er verði 4. mgr., falli brott.
12. Við 45. gr.
   a. Í stað orðanna „og/eða“ í 2. málsl. 3. mgr. komi: og.
   b. Á eftir 2. málsl. 3. mgr. komi nýr málsliður, svohljóðandi: Heimilt er að sækja um undanþágu frá ákvæði þessu til menntmálaráðherra fáist ekki stjórnandi sem uppfyllir framangreind skilyrði.

1071. Breytingartillögur [287. mál]

við frv. til l. um leikskóla.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Við 2. gr. Á eftir orðunum „að stuðla að“ í c-lið 2. mgr. komi: virðingu fyrir mannréttindum, auka.
2. Við 6. gr.
   a. 1. málsl. 2. mgr. orðist svo: Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og leikskólakennari skulu hafa menntun leikskólakennara, sbr. lög um menntun og ráðningu kennara, skólastjórnenda og náms- og starfsráðgjafa við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.
   b. Við bætist ný málsgrein er verði 3. mgr., svohljóðandi:
      Náms- og starfsráðgjafi skal hafa menntun náms- og starfsráðgjafa, sbr. lög um menntun og ráðningu kennara, skólastjórnenda og náms- og starfsráðgjafa við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.
3. Við bætist nýr kafli, IV. kafli **Nemendur**, með tveimur nýjum greinum, 9. og 10. gr., svohljóðandi:
   a. (9. gr.)

Réttur nemenda.

Allir nemendur leikskóla eiga rétt á verkefnum sem taka mið af aldri þeirra, andlegri og líkamlegri getu í hvetjandi námsumhverfi í viðeigandi húsnæði sem tekur mið af þörfum þeirra og vellíðan barnahópsins. Nemendur leikskóla eiga rétt á því að njóta bernsku sinnar, hæfileika og finna til öryggis í öllu starfi á vegum leikskólans. Leita skal sjónarmiða nemenda leikskóla varðandi námsumhverfi þeirra og starfs innan leikskólans.

   b. (10. gr.)

Nemendur með sérþarfir.

Nemendur eiga rétt á því að komið sé til móts við námsþarfir þeirra í almennum leikskólum án aðgreiningar, án tillits til líkamlegs eða andlegs atgervis.

Heyrnarlausum nemendum skal tryggt málumhverfi svo þeir fái notið þeirrar menntunar og leikskilyrða sem leikskólinn hefur upp á að bjóða.

Leikskólar geri móttökuáætlun vegna barna sem hafa annað móðurmál en íslensku eða nota táknmál. Tryggja skal að þessir nemendur og foreldrar þeirra fái aðgang að upplýsingum um leikskólastarfið og framvindu þess.

4. Við 9. gr., er verði 11. gr. Orðin „leitast við að“ í 2. mgr. falli brott.
5. Við 24. gr., er verði 26. gr. Við greinina bætist tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Stofnun og rekstur leikskóla skal vera á kostnað og í umsjón sveitarstjórna og sjá þær um framkvæmd þessara laga hver í sínu sveitarfélagi. Ekki skal innheimt gjald fyrir leikskólavist barna, þó er sveitarfélögum heimilt að gera samkomulag um greiðslu kostnaðar við leikskólavist einstakra barna sem njóta leikskólavistar í öðru sveitarfélagi en lögheimilissveitarfélagi, slíkt gjald skal endurspegla raunkostnað viðtökusveitarfélags.

6. Á eftir 24. gr., er verði 26. gr., komi tvær nýjar greinar, er verði 27. og 28. gr., svohljóðandi.
   a. (27. gr.)

Skólaakstur.

Sveitarfélög bera ábyrgð á skipulagi skólaaksturs þar sem hann á við og standa straum af kostnaðinum. Ráðherra setur nánari reglur um tilhögun skólaaksturs í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Skólaakstur skal vera nemendum að kostnaðarlausu.

   b. (28. gr.)

Skólamálsverðir.

Leikskólar skulu sjá nemendum fyrir málsverði á skólatíma í samræmi við opinber manneldismarkmið. Málsverður samkvæmt þessari grein skal vera nemendum að kostnaðarlausu.

7. Við 25. gr., er verði 29. gr.
   a. Við 1. mgr. bætist tveir nýir málsliðir er verði 2. og 3. málsl. og orðist svo: Tryggt verði að félag það er stendur að rekstri skóla samkvæmt þessari grein sé ekki rekið í hagnaðarskyni. Leikskólar sem fá leyfi til að starfa samkvæmt þessari grein heyra undir skólanefndir sveitarfélaganna, sbr. 4. gr.
   b. 4. málsl. 1. mgr. falli brott.
   c. 5. málsl. 1. mgr., er verði 6. málsl., orðist svo: Leikskólar sem reknir eru samkvæmt þessari grein skulu fjármagnaðir af sveitarfélögunum, sbr. 26. gr., og er óheimilt að innheimta gjöld fyrir leikskólavist.
   d. Fyrirsögn greinarinnar verði: *Leyfi annarra en sveitarfélaga til reksturs leikskóla.*
8. 27. gr. falli brott.
9. Við 28. gr., er verði 31. gr. 2. og 3. málsl. 3. mgr. orðist svo: Skal stjórnandi slíkrar stofnunar hafa leyfisbréf til kennslu á leik- og grunnskólastigi. Heimilt er að sækja um undanþágu frá ákvæði þessu til menntamálaráðherra fáist ekki stjórnandi sem uppfyllir framangreind skilyrði.
10. Fyrirsögn IX. kafla, er verði X. kafli, verði: **Ábyrgð sveitarfélaga og tilkynningar.**
11. Við 30. gr., er verði 33. gr. Orðin „og um gjaldtöku fyrir vist í leikskóla, sbr. 27. gr.“ í 1. mgr. falli brott.

1072. Svar [560. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Álfheiðar Ingadóttur um utanferðir ráðherra frá myndun núverandi ríkisstjórnar

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu oft hefur hver ráðherra farið til útlanda í opinberum erindagjörðum frá myndun núverandi ríkisstjórnar?*
2. *Hvert var tilefni hverrar ferðar og hvert var farið?*
3. *Hversu margir voru í fylgdarliði ráðherra hverju sinni, svo sem frá ráðuneyti, stofnunum ráðuneytis, fjölmiðlum, fyrirtækjum o.s.frv.?*
4. *Hver var heildarkostnaður við hverja ferð og hverjir greiddu hann?*
5. *Var farið á kostnað annarra aðila en ráðuneytisins í ferð og þá hverra?*

Svar óskast sundurliðað eftir kostnaði við ferðir til og frá Íslandi og innan landa sem heimsótt voru. Einnig er óskað upplýsinga um risnu, dvalarkostnað og dagpeninga.

Umbeðnar upplýsingar koma fram í eftirfarandi yfirliti. Fyrirspurnin barst ráðuneytinu 4. apríl sl. og miðast yfirlitið við þá dagsetningu.

Dags.	Tilefni og land	Fjöldi í fylgdarliði	Greið-andi	Heildar-kostnaður	Fargjald	Hótel	Dagpen.	Risna	Annað
Forsætisráðuneytið									
2007									
Júní	Fundur forsætisráðherra Norðurlanda í Finnlandi	4	FOR	1.250.155	595.990	294.276	288.824	71.065	
Júlí–ágúst	Opinber heimsókn til Kanada	5	FOR	3.496.241	2.029.152	348.661	1.014.683	103.745	
Sept.	Opinber heimsókn til Írlands	3	FOR	1.399.313	672.695	466.312	260.306	0	
Sept.	Opinber heimsókn til Montenegro	5	FOR	1.606.795	1.143.840	116.276	346.679	0	
Okt.	Fundur með ítalska forsætisráðherranum og páfa / Norðurlandaþing í Ósló	4	FOR	2.458.137	1.043.350	751.855	481.412	181.520	
Nóv.	Ferð til Rómar til að taka við heiðursverðlaunum Alþjóðavetnis-samstarfsins (IPHE)	1	FOR	651.496	399.740	169.568	82.188	0	
Nóv.	Ræða hjá bresk-íslenska viðskiptaráðinu í London	3	FOR	1.220.221	386.770	661.665	168.389	3.397	
Nóv.	Ráðherra, ræður í Oxford og á jólafundi sænska viðskiptaráðsins	4	FOR	1.574.180	807.840	490.301	258.569	17.470	
2008									
Feb.	Fundað með forsætisráðherrum Belgíu og Lúxemborgar/ viðræður við fulltrúa í framkvæmdastjórn EB og framkvæmdastjóra NATO	4	FOR	1.721.263	683.670	604.445	381.879	51.269	
Mars	Ræða ráðherra á árlegri ráðstefnu íslensk-ameríska viðskiptaráðsins í NY / kynnt framboð Íslands til öryggisráðs SÞ á fundi fastafulltrúa frönskumælandi aðildarríkja	4	FOR	1.700.507	676.190	569.774	388.388	66.155	
Apríl	Leiðtogafundur NATO í Rúmeníu	3	FOR	2.339.814	2.100.000	0	239.814	0	
	Samtals:			**19.418.122**	**10.539.237**	**4.473.133**	**3.911.131**	**494.621**	
Menntamálaráðuneytið									
2007									
Júní	Mónakó og Feneyjar: Smáþjóðaleikar og Feneyjatvíæringur	2	MMR	1.828.732	754.732	360.276	498.989	214.735	
Júlí	London: Opnun myndlistarsýningar og fundir	1	MMR	604.007	177.580	108.808	245.828	71.791	
Ágúst	Kaupmannahöfn: 200 ára afmæli Jónasar Hallgrímssonar	1	MMR	402.351	147.520	118.089	136.742	0	
Ágúst	Slóvenía: Evrópukeppni kvenna í fótbolta		MMR	435.757	169.200	86.538	49.818	130.201	
Sept.	Edinborg: Starfsmannaferð ráðuneytis		MMR	42.408	0	42.408	0	0	
Okt.	Frankfurt: Bókamessa, umsókn	2	MMR	578.085	298.710	103.428	82.523	93.424	
Okt.	Liechenstein/París: Opinber heimsókn, ráðherrafundur UNESCO	1	MMR	744.663	314.800	199.672	230.191	0	
Nóv.	Osló: Norðurlandaráðsþing, ráðherrafundir	3	MMR	633.760	310.990	175.863	146.907	0	
Nóv.	Kaupmannahöfn: 200 ára afmæli Jónasar Hallgrímssonar	2	MMR	113.425	51.570	44.055	17.800	0	
Nóv.	Brussel: Fundir með framkvæmdastjórn ESB	3	MMR	1.050.682	467.210	234.004	211.830	137.638	

Dags.	Tilefni og land	Fjöldi í fylgdarliði	Greiðandi	Heildarkostnaður	Fargjald	Hótel	Dagpen.	Risna	Annað
2008									
Jan.	Þrándheimur: Evrópumeistaramót í handbolta	1	MMR	390.459	205.940	0	36.647	147.872	
Jan.	Cannes: MIDEM tónlistarhátíð	2	MMR	1.765.934	448.560	282.405	372.083	662.886	
Feb.	Brussel: Fundir með framkvæmdastjórn ESB	1	MMR	494.070	192.120	212.420	89.530	0	
Feb.	Kiel: UNESCO – verkefni um víkingaminjar	2	MMR	464.675	217.750	190.866	56.059	0	
Mars	Mexíkó: Opinber heimsókn m/forseta Íslands	2	MMR	1.188.029	804.280	241.697	89.133	52.919	
	Samtals:			**10.737.037**	**4.560.962**	**2.400.529**	**2.264.080**	**1.511.466**	
Utanríkisráðuneytið									
2007									
Júní	Utanríkisráðherrafundur Norðurlanda í Helsinki	2	UTN	458.012	294.270	66.199	97.543	0	
Júní	Utanríkisráðherrafundur Eystrasaltsráðsins í Malmö	2	UTN	447.465	290.220	57.950	99.295	0	
Júní	Opinber heimsókn utanríkisráðherra til Noregs	3	UTN	593.568	428.360	0	165.208	0	
Júní–júlí	Fundir ráðherra með utanríkisráðherrum Afríku á fundi Afríkusambandsins í Ghana	4	UTN	1.704.436	801.913	398.536	454.659	1.922	
Júlí	Vinnuferð ráðherra til Ísrael, Palestínu og Jórdaníu	3	UTN	1.794.577	959.107	142.297	589.494	103.679	
Ágúst	NB8 ráðherrafundur í Turku	1	UTN	362.192	261.480	24.810	75.902	0	
Sept.	Fundur með ráðamönnum ESB í Brussel	2	UTN	641.691	355.080	130.554	156.057	0	
Sept.	Allsherjarþing SÞ í New York	1	UTN	1.059.606	258.120	413.120	388.366	0	
Okt.	Ársfundur Alþjóðabankans í Washington DC	2	UTN	985.034	306.640	269.341	409.053	0	
Okt.–nóv.	Norðurlandaráðsþing í Ósló	1	UTN	353.576	152.460	88.281	112.835	0	
Nóv.	EES ráðherrafundur og „Political Dialogue“ með ESB í Brussel	1	UTN	355.838	201.660	51.337	102.841	0	
Okt.–nóv.	ÖSE-ráðherrafundur í Madrid og EFTA-ráðherrafundur í Genf	3	UTN	1.220.014	599.660	287.168	333.186	0	
Des.	Utanríkisráðherrafundur NATO í Brussel	2	UTN	573.069	324.850	62.771	185.448	0	
2008									
Jan.	Heimsókn utanríkisráðherra til Egyptalands	4	UTN	1.006.303	723.323	13.326	269.654	0	
Jan.	Undirritun fríverslunarsamninga í Davos og ráðstefna Afríkusambandsins í Addis Ababa	1	UTN	1.255.587	748.670	68.462	430.181	8.274	
Feb.	CSW52: Fundur kvennanefndarinnar 2008 í New York	1	UTN	708.023	293.520	173.256	241.247	0	
Mars	Norrænn-afrískur utanríkisráðherrafundur í Gaborne og utanríkisráðherrafundur NATO	3	UTN	2.476.657	1.870.592	119.261	472.540	14.264	
Mars	Opinber heimsókn til Danmerkur	2	UTN	423.189	198.850	0	198.873	25.466	

Dags.	Tilefni og land	Fjöldi í fylgdarliði	Greið-andi	Heildar-kostnaður	Fargjald	Hótel	Dagpen.	Risna	Annað
Mars	Vinnuferð utanríkisráðherra til Afganistan	6	UTN	1.908.805	628.840	81.212	1.198.753	0	
Mars	Eyjaverkefnið – ráðherrafundir/UNIFEM á Barbados og Jamaíka	0	UTN	552.663	322.350	79.598	150.715	0	
Apríl	Leiðtogafundur NATO í Búkrarest	3	UTN	2.796.097	2.100.000	342.814	253.283	0	
	Samtals:			**21.676.402**	**12.119.965**	**2.870.293**	**6.385.133**	**153.605**	
	**Gestgjafar greiddu í nokkrum tilvikum fyrir gistingu*								
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið									
2007									
Júní	Fundur hjá NEAFC í London	1	SLR	220.723	99.480	40.729	75.262	5.252	
Júní	Norrænn ráðherrafundur á Grænlandi	1	SLR	48.475	0	0	48.475	0	
Júní	Norrænn samráðherrafundur í Finnlandi	1	SLR	272.119	144.650	68.123	59.346	0	
Ágúst	Heimsmeistaramót íslenska hestsins í Hollandi	1	SLR	251.903	150.920	5.349	95.634	0	
Okt.	Kynning á íslenskum fyrirtækjum í Álaborg	1	SLR	221.915	96.980	47.303	62.017	15.615	
Okt.	Lissabon – Ósló – Glasgow	1	SLR	336.621	190.850	0	145.771	0	
Nóv.	Hestasýning í Stokkhólmi	1	SLR	158.750	86.860	25.803	46.087	0	
Nóv.	Aðalfundur FAO í Róm	1	SLR	411.706	192.340	82.385	136.981	0	
Des.	Fundur með þingmönnum í Washington	1	SLR	454.253	129.530	90.968	190.380	43.375	
2008									
Jan.	Fundur með EES í Brussel	1	SLR	355.121	185.880	48.335	120.906	0	
Feb.	Loðdýraframleiðendur í Kaupmannahöfn	1	SLR	152.864	88.650	15.330	48.884	0	
Feb.	Ráðstefna um sjávarútvegsmál í Bremen	1	SLR	353.682	143.488	142.003	68.191	0	
Mars	NAFS í Osló	1	SLR	163.090	88.690	23.488	50.912	0	
Mars	Spænsk-íslenska verslunarráðið í Barcelona	1	SLR	183.579	114.320	13.665	49.794	5.800	
Mars	Tvíhliða viðræður við Færeyjar í Þórshöfn	1	SLR	214.432	152.410	0	62.022	0	
	Samtals:			**3.799.233**	**1.865.048**	**603.481**	**1.260.662**	**70.042**	
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti									
2007									
Júní	Schengenfundur í Lúxemborg, flugsýning í París og norrænn ráðherrafundur í Koli, Finnlandi	2	DKM	1.007.613	265.090	151.012	209.760	0	
Sept.	Schengenfundur í Bussel og norrænn ráðherrafundur í Tromsö	1	DKM	717.293	268.220	57.933	154.387	35.243	
Okt.	Fluttur fyrirlestur um öryggismál í Kaupmannahöfn	0	DKM	188.973	73.140	42.610	67.637	3.485	
Nóv.	Schengenfundur í Brussel og fyrirlestur í Stokkhólmi	0	DKM	278.859	133.840	15.600	110.276	8.425	
Nóv.	Fluttur fyrirlestur í Boston	2	DKM	825.073	136.620	76.223	118.927	59.063	
Des.	Norrænn ráðherrfundur í Osló	1	DKM	351.724	100.320	25.052	46.447	0	
Des.	Stækkun Schengen, farið til Finnlands og Tallinn	0	DKM	190.875	130.300	16.014	44.561	0	

Dags.	Tilefni og land	Fjöldi í fylgdarliði	Greiðandi	Heildarkostnaður	Fargjald	Hótel	Dagpen.	Risna	Annað
2008									
Feb.	Fundur um öryggis- og varnarmál, London	5	DKM	1.378.716	111.470	100.633	170.223	41.181	
Feb.	Ráðherrafundur í Brussel	0	DKM	262.241	119.070	39.271	74.655	24.904	
Mars	Ráðherrafundur í Ljubljana um landamæramál	1	DKM og ESB	633.599	189.260	66.828	93.652	14.995	
Mars	Chile, vegna kjölsetningar nýs varðskips	2	DKM	2.275.121	627.590	133.214	215.678	54.622	
	Samtals:			**8.110.087**	**2.154.920**	**724.390**	**1.306.203**	**241.918**	
Félags- og tryggingamálaráðuneytið									
2007									
Júní	Þing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar 2007 í Genf	1	FEL	558.041	418.740	70.469	68.832	0	
Okt.	Fundur norrænna ráðherra jafnréttismála í Helsinki og kynningarfundur um skipulag á þjónustu við geðfatlaða í Kaupmannahöfn.	1	FEL	564.980	366.490	88.619	109.871	0	
2008									
Jan.–feb.	Ráðherrafundur um jafnréttismál og vinnumál í Slóveníu	3	FEL og ESB	806.322	615.710	76.620	277.214	19.937	
	Samtals:			**1.929.343**	**1.400.940**	**235.708**	**455.917**	**19.937**	
Heilbrigðisráðuneytið									
2007									
Ágúst	Fundur hjá ESB og ESA um lyfjamál í Brussel	4	HBR	908.763	569.250	60.870	271.832	6.811	
Sept.	Ráðstefna ECAD í Mílanó og fundur með heilbrigðisr. Ítalíu	3	HBR	1.013.301	690.240	85.542	222.241	14.827	
Okt.–nóv.	Fundur með heilbrigðisráðherrum Norðurlanda í Ósló og Stokkhólmi	4	HBR	706.520	496.412	173.602	170.448	14.643	
2008									
Jan–feb.	Kynnisferð til Svíþjóðar vegna undirbúnings nýrrar sjúkratryggingastofnunar	12	HBR	2.250.581	841.881	576.704	785.689	8.428	36.288
	Samtals:			**4.879.165**	**2.597.783**	**896.718**	**1.450.210**	**44.709**	**36.288**
Fjármálaráðuneytið									
2007									
Maí	Fundur í ráðherraráði Norræna fjárfestingabanka og fundur fjármálarherra Norðurlanda og Eystrasaltsríkja	2	FJR	387.276	258.540	25.509	103.227		

Dags.	Tilefni og land	Fjöldi í fylgdarliði	Greið-andi	Heildar-kostnaður	Fargjald	Hótel	Dagpen.	Risna	Annað
Júní	Fundur norrænna fjármálaráðherra í Finnlandi	3	FJR	763.573	435.765	163.800	131.670	32.338	
Sept.	Ráðherrafundur og ráðstefna um upplýsingamál í Lissabon	3	FJR	776.760	448.440	73.220	214.704	40.396	
Okt.	Ársfundur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í Washington	3	FJR og IMF	1.530.347	453.480	449.330	538.650	9.367	79.520
Okt.	Fundur fjármálaráðherra Norðurlanda í Ósló	2	FJR	572.110	292.170	127.425	147.661	3.601	1.253
Nóv.	Fundur fjármálaráðherra EFTA- og ESB-ríkja í Brussel og heimsókn til íslenskra fjármálafyrirtækja í Lúxemborg	3	FJR	834.631	401.600	188.503	230.128		14.400
Nóv.	Opinber heimsókn til fjármálarherra Indlands	3	FJR	1.744.715	1.248.900	414.174	441.168	153.683	
	Samtals:			**6.609.412**	**3.538.895**	**1.441.961**	**1.807.208**	**239.385**	**95.173**
	**Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn greiddi 131.000 kr.*								
Samgönguráðuneytið									
2007									
Sept.	Fundur samgönguráðherra Norðurlanda og Eystrasaltsríkja í Finnlandi	2	SAM	746.354	346.650	180.007	219.697		
Sept.	Ferðakaupstefnan VestNorden Travel Mart í Færeyjum	2	SAM	284.202	166.840		117.362		
2008									
Feb.	Fjarskiptaráðstefna í Barcelona	3	SAM	1.471.757	875.085	260.563	269.266	66.843	
	Samtals:			**2.502.313**	**1.388.575**	**440.570**	**606.325**	**66.843**	
Iðnaðarráðuneytið									
2007									
Ágúst	Opnun skrifstofu Enex í Munchen	1	IDN	90.406	49.519		40.887		
Ágúst	Tækniþróun í álframleiðslu í Pittsburgh	2	IDN	159.362	104.891	7.185	47.286		
Sept.	Norrænn ráðherrafundur í Finnlandi	4	IDN	134.302	79.900	13.305	41.097		
Okt.	Fundur um orkumál í Jakarta í Indónesíu og Manila á Filippseyjum	5	IDN	1.067.111	774.660	109.844	179.399		3.208
Nóv.	Alþjóðleg orkuráðstefna í Róm	3	IDN	598.076	112.370	168.472	134.834		182.400
2008									
Jan.	Ferð til Abu Dhabi í Saudi-Arabíu með forseta, hitti orkumálaráðherra	1	UTN	679.785	515.120		152.601	12.064	
Jan – feb.	Málstefna um jarðhita í Brussel í tengslum við orkuviku ESB	3	IDN	261.972	116.220		97.767	47.985	
Mars	Alþjóðleg ráðstefna um endurnýtanlega orku í Washington	3	IDN	393.554	148.370	75.745	169.439		
	Samtals:			**3.384.568**	**1.901.050**	**374.551**	**863.310**	**60.049**	**185.608**

Dags.	Tilefni og land	Fjöldi í fylgdarliði	Greið-andi	Heildar-kostnaður	Fargjald	Hótel	Dagpen.	Risna	Annað
Viðskiptaráðuneytið									
2007									
Júní	EFTA fundur í Lichtenstein / staðgengill utanríkisráðherra	2	UTN	227.386	123.070	44.069	60.247	0	
Sept.	Opinber heimsókn til Rúmeníu	2	UTN	871.832	759.470	0	112.362	0	
Sept.	Viðskiptamóttaka í Kaupmannahöfn	2	VRN	314.017	182.020	17.483	114.514	0	
Nóv.	Heimsókn til Írlands og London vegna alþjóðlegrar fjármála-miðstöðvar	1	VRN	560.055	337.780	87.541	134.734	0	
2008									
Jan.	Höfuðstöðvar bankanna í Lúxemborg og Belgíu	3	VRN	808.637	437.440	146.636	224.561	0	
Mars	Ferð til Gíneu-Bissá	1	VRN	1.261.911	807.060	160.748	294.103	0	
	Samtals:			**4.043.838**	**2.646.840**	**456.477**	**940.521**	**0**	
Umhverfisráðráðuneytið									
2007									
Júní	Óformlegur fundur umhverfisráðerra ESB og EFTA í Þýska-landi	1	UMH	418.055	318.620	0	99.435	0	
Júní	Óformlegur morgunverðarfundur norrænu umhverfisráðherr-anna í Lúxemborg	1	UMH	322.016	203.340	37.064	81.612	0	
Ágúst	Sumarfundur norrænna umhverfisráðherra í Finnlandi	2	UMH	516.606	323.520	30.144	162.942	0	
Sept.	Allsherjarþing SÞ í New York	1	UMH	728.223	243.180	200.976	284.067	0	
Okt.	Ministerial conference on the Maritime Policy í Lissabon	1	UMH	659.446	525.440	26.829	107.177	0	
Okt.	Norðurlandaráðsþing í Ósló	1	UMH	318.395	220.220	21.275	76.900	0	
Des.	13. Aðildarríkjaþing loftslagssamningsins á Balí	4	UMH	2.457.824	1.233.580	476.795	691.306	56.143	
2008									
Feb.	UNEP Governing Council í Mónakó	2	UMH	1.199.223	686.004	289.838	223.381	0	
Mars	Morgunverðarfundur umhverfisráðherra Norðurlanda í Brussel	1	UMH	448.888	206.740	106.246	135.902	0	
	Samtals:			**7.068.676**	**3.960.644**	**1.189.167**	**1.862.722**	**56.143**	
	** Gestgjafi greiddi fyrir gistingu*								

1073. Lög [191. mál]

um samræmda neyðarsvörun.

(Afgreidd frá Alþingi 22. maí.)

Samhljóða þskj. 954 með þessari breytingu:

2. gr. hljóðar svo:
Samræmt neyðarnúmer fyrir Ísland er 112.
Óheimilt er að nota töluna 112 sem símanúmer eða annað auðkenni í fjarskiptakerfi á Íslandi eða fyrir aðra starfsemi. Einnig er óheimilt að nota orðin „neyðarnúmer“ og „neyðarsímanúmer“ ein og sér eða í orðasamböndum um aðra starfsemi hér á landi en lög þessi kveða á um.
Póst- og fjarskiptastofnun, opinberir aðilar sem fjalla um síma- og fjarskiptamál og þeir einkaaðilar sem heimild hafa til reksturs á þessu sviði skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að allir notendur geti, þar sem því verður við komið, náð sambandi við neyðarþjónustu 112 sér að kostnaðarlausu. Sömu aðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að vaktstöð samræmdrar neyðarsvörunar berist sjálfvirkt með rafrænum hætti nýjustu gögn um notendur, auðkenni þeirra og staðsetningu, eftir því sem við verður komið.

1074. Lög [362. mál]

um breytingu á lögum um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, nr. 57 20. maí 2005, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 22. maí.)

Samhljóða þskj. 999.

1075. Lög [541. mál]

um breytingu á lögum nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga.

(Afgreidd frá Alþingi 22. maí.)

Samhljóða þskj. 1000 með þessari breytingu:

2. gr. hljóðar svo:
Á eftir 13. gr. laganna koma fimm nýjar greinar sem orðast svo:

a. (13. gr. a.)

Sá sem vill öðlast A-löggildingu, sem er löggilding til rafvirkjunarstarfa við háspennuvirki, verður að:

1. hafa lokið fullnaðarprófi frá rafmagnsdeild viðurkennds verkfræðiháskóla (sterkstraumssviði) og hafa að auki tveggja ára reynslu við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu háspennuvirkja; eða
2. hafa lokið fullnaðarprófi frá rafmagnsdeild viðurkennds tæknifræðiháskóla (sterkstraumssviði) og hafa að auki tveggja ára reynslu við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu háspennuvirkja; eða
3. hafa sveinsbréf í rafvirkjun og hafa lokið prófi í rafmagnsiðnfræði (sterkstraumssviði) frá Háskólanum í Reykjavík eða öðrum viðurkenndum skóla og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu sveinsprófi við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu háspennuvirkja; eða
4. hafa sveinsbréf í rafvirkjun og hafa lokið prófi í meistaranámi í rafvirkjun (sterkstraumssviði) frá viðurkenndum skóla eða hafa jafngilda menntun að mati menntamálaráðuneytis og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu sveinsprófi við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu háspennuvirkja.

b. (13. gr. b.)

Sá sem vill öðlast B-löggildingu, sem er löggilding til rafvirkjunarstarfa við lágspennuvirki, verður að:

1. hafa lokið fullnaðarprófi frá rafmagnsdeild viðurkennds verkfræðiháskóla (sterkstraumssviði) og hafa að auki tveggja ára reynslu við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu lágspennuvirkja; eða
2. hafa lokið fullnaðarprófi frá rafmagnsdeild viðurkennds tæknifræðiháskóla (sterkstraumssviði) og hafa að auki tveggja ára reynslu við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu lágspennuvirkja; eða
3. hafa sveinsbréf í rafvirkjun og hafa lokið prófi í rafmagnsiðnfræði (sterkstraumssviði) frá Háskólanum í Reykjavík eða öðrum viðurkenndum skóla og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu sveinsprófi við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu lágspennuvirkja; eða
4. hafa sveinsbréf í rafvirkjun og hafa lokið prófi í meistaranámi í rafvirkjun (sterkstraumssviði) frá viðurkenndum skóla eða hafa jafngilda menntun að mati menntamálaráðuneytis og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu sveinsprófi við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu lágspennuvirkja.

c. (13. gr. c.)

Sá sem vill öðlast CA-löggildingu, sem er takmörkuð löggilding til rafvirkjunarstarfa við háspennuvirki, verður að:

1. hafa lokið fullnaðarprófi frá rafmagnsdeild viðurkennds verkfræðiháskóla (sterkstraumssviði) og hafa að auki tveggja ára reynslu við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu háspennuvirkja; eða
2. hafa lokið fullnaðarprófi frá rafmagnsdeild viðurkennds tæknifræðiháskóla (sterkstraumssviði) og hafa að auki tveggja ára reynslu við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu háspennuvirkja; eða

3. hafa sveinsbréf í rafvirkjun og hafa lokið prófi í rafmagnsiðnfræði (sterkstraumssviði) frá Háskólanum í Reykjavík eða öðrum viðurkenndum skóla og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu sveinsprófi við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu háspennuvirkja; eða
4. hafa sveinsbréf í rafvirkjun og hafa lokið prófi í meistaranámi í rafvirkjun (sterkstraumssviði) frá viðurkenndum skóla eða hafa jafngilda menntun að mati menntamálaráðuneytis og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu sveinsprófi við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu háspennuvirkja.

Sá sem öðlast hefur CA-löggildingu má einungis starfa við þau raforkuvirki sem heyra undir fyrirtækið sem hann starfar hjá. Fyrirtækið sér honum fyrir búnaði og aðstöðu.

d. (13. gr. d.)

Sá sem vill öðlast CB-löggildingu, sem er takmörkuð löggilding til rafvirkjunarstarfa við lágspennuvirki, verður að:

1. hafa lokið fullnaðarprófi frá rafmagnsdeild viðurkennds verkfræðiháskóla (sterkstraumssviði) og hafa að auki tveggja ára reynslu við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu lágspennuvirkja; eða
2. hafa lokið fullnaðarprófi frá rafmagnsdeild viðurkennds tæknifræðiháskóla (sterkstraumssviði) og hafa að auki tveggja ára reynslu við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu lágspennuvirkja; eða
3. hafa sveinsbréf í rafvirkjun og hafa lokið prófi í rafmagnsiðnfræði (sterkstraumssviði) frá Háskólanum í Reykjavík eða öðrum viðurkenndum skóla og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu sveinsprófi við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu lágspennuvirkja; eða
4. hafa sveinsbréf í rafvirkjun og hafa lokið prófi í meistaranámi í rafvirkjun (sterkstraumssviði) frá viðurkenndum skóla eða hafa jafngilda menntun að mati menntamálaráðuneytis og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu sveinsprófi við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu lágspennuvirkja.

Sá sem öðlast hefur CB-löggildingu má einungis starfa við þau raforkuvirki sem heyra undir fyrirtækið sem hann starfar hjá. Fyrirtækið sér honum fyrir búnaði og aðstöðu.

e. (13. gr. e.)

Þeir einir sem hlotið hafa löggildingu Neytendastofu til rafvirkjunarstarfa skv. 13. gr. a – 13. gr. d mega bera ábyrgð á setningu, breytingu og viðgerðum virkja.

1076. Lög [468. mál]

um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (einföldun reglna um greiðslu hlutafjár í öðru en reiðufé o.fl.).

(Afgreidd frá Alþingi 22. maí.)

Samhljóða þskj. 1001.

1077. Lög [516. mál]

um ráðstöfun andvirðis vatnsréttinda kristfjárjarðanna Merkis og Arnarhóls.

(Afgreidd frá Alþingi 22. maí.)

Samhljóða þskj. 817.

1078. Lög [463. mál]

um brottfall laga nr. 14/1942, um læknaráð.

(Afgreidd frá Alþingi 22. maí.)

Samhljóða þskj. 737.

1079. Lög [525. mál]

um breyting á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, og breyting á lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 22. maí.)

Samhljóða þskj. 826.

1080. Nefndarálit [184. mál]

um frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum (upptaka, hryðjuverk, skipulögð brotastarfsemi, mansal og peningaþvætti).

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Með frumvarpi dómsmálaráðherra um breytingar á almennum hegningarlögum eru lagðar til ýmsar breytingar. Lagt er til að við lögin bætist nýr kafli um upptöku eigna, lagðar eru til breytingar á ákvæði laganna um hryðjuverk, lagt er til að lögfest verði sérstakt refsiákvæði um skipulagða brotastarfsemi og lagðar eru til breytingar á ákvæði laganna um peningaþvætti. Síðast en ekki síst eru lagðar til breytingar á 227. gr. laganna um mansal. Að mati minni hlutans er of skammt gengið um hið síðastnefnda en segja má að frumvarpið hafi bæði kosti og galla.

Í frumvarpinu eru ákvæði sem takmarka borgaraleg réttindi, mannréttindi einstaklinga, og slík ákvæði má rekja til hörmulegrar hryðjuverkaárásar í New York 11. september 2001. Tilgangur árásarinnar var m.a. að ráðast að grunngildum vestrænnar menningar. Viðbrögð Bandaríkjanna og ýmissa Evrópuríkja bera þess merki, líkt og sjá má í ákvæðum frumvarpsins, að hryðjuverkamönnunum hefur orðið ágengt. Við eigum ekki að takmarka mannréttindi okkar og önnur grunngildi. Við eigum að viðhalda menningu okkar, mannréttindum og lýðræði og styrkja þau fremur en að guggna fyrir hryðjuverkum. Rétt er að benda á að meint hryðjuverkaógn á Íslandi hefur ekki verið skilgreind og liggur ekki fyrir hættumat í þeim efnum. Að svo stöddu er því ótímabært að innleiða hert ákvæði í hegningarlög um hryðjuverk, fjármögnun þeirra og hvatningu til svonefndra hryðjuverka, sem frumvarpið skilgreinir ekki. Ákvæði frumvarpsins um hryðjuverk eru mjög matskennd og óskilgreind, sbr. t.d. a-lið 3. gr. Sama gildir um svonefnda fjármögnun hryðjuverka skv. 4. gr. frumvarpsins. Þessi ákvæði frumvarpsins fullnægja ekki skilyrðum um skýrleika refsiheimilda. Velta má fyrir sér hvort stuðningur við þjóðfrelsishópa og hvatning sé refsiverð samkvæmt frumvarpinu, svo sem hópa í Afganistan, Írak, Palestínu o.fl. löndum, sbr. 5. gr. frumvarpsins. Ekki hefur verið sýnt fram á að þörf sé fyrir þær breytingar sem lagðar eru til með nefndum greinum. Hér á landi eru hryðjuverk óþekkt, áhættan er hverfandi lítil og reyndar er það svo að tölur sýna afar glöggt að Evrópubúum stafar meiri hætta af kynbundu ofbeldi, umferðinni, óheilbrigðum lífsháttum, mengun og eiginlega flestu öðru en hryðjuverkum. Töluleg gögn um hættu og tjón af hryðjuverkum í Evrópu eru fátækleg og staðfesta ekki þá ógn sem frumvarpinu er ætlað að bregðast við, réttlæta ekki þau viðbrögð að takmarka borgaraleg mannréttindi einstaklinga. Lýðræði og frelsi kosta fórnir sem við færum frekar en að farga þeim fyrir meintri hryðjuverkaógn byggðri á hinni hörmulegu árás sem að framan er getið og á sér vart hliðstæður í sögu nútímans. Meintri hryðjuverkaógn er best svarað með því að styrkja lýðræði, mannréttindi og einstaklingsfrelsi borgaranna. Í mars 2005 lýstu sérfræðingar mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna, sem fylgist með framfylgd alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, áhyggjum sínum af skilgreiningu íslenskra hegningarlaga á hryðjuverkum sem finna má í 100. gr. a. Mannréttindanefndin telur að í ákvæðinu sé „að finna óljósa og víðtæka skilgreiningu á hryðjuverkum, sem gæti náð til lögmæts athæfis í lýðræðisþjóðfélagi og stefnt því í hættu, einkum þátttöku í opinberum mótmælum.“ Nefndin mælist til að Ísland „móti og taki upp nákvæmari skilgreiningu á hryðjuverkum“. Undir þessi tilmæli taka Íslandsdeild Amnesty International og Mannréttindaskrifstofa Íslands í umsögnum sínum.

Lagatæknilega fer illa á því að lögfesta alþjóðasamninga með tilvísun til þeirra án þess að taka þá heildstætt upp sem hluta af lögum.

Minni hlutinn telur að með ákvæðum frumvarpsins um eignaupptöku, þar sem sönnunarbyrði er að hluta snúið við, sé gengið býsna langt til skerðingar á mannréttindum en viðurkennir jafnframt þá brýnu þörf sem fyrir hendi er þegar fíkniefnabrot eru annars vegar og peningaþvætti, sbr. einnig dóm Mannréttindadómstóls Evrópu þar að lútandi (Phillips gegn Bretlandi frá 5. júlí 2001) þar sem slík ákvæði eru talin standast. Vísar minni hlutinn til umsagnar Persónuverndar um frumvarpið, sem fylgir áliti þessu. Persónuvernd hefur athugasemdir við 2. gr. frumvarpsins og telur ekki unnt að fullyrða að það mundi samrýmast mannréttindasáttmála Evrópu að lögfesta ákvæðið í c-lið 2. gr. óbreytt. Stofnunin hvetur til þess að við vinnslu frumvarpsins sé eftirfarandi haft í huga:

„1. Hvaða afbrot séu það alvarleg, og það brýnir þjóðfélagshagsmunir af að barist sé gegn, að rétt sé að lögfesta slíkar heimildir.

2. Hvort raunverulega sé þörf á að láta heimild til eignaupptöku ná til eigna maka og sambúðarmaka.
3. Hvort ekki sé nauðsynlegt að mæla fyrir um það með skýrari hætti hvernig tryggt skuli að réttinda sakbornings (og eftir atvikum annarra) sé gætt við eignaupptökuna.“

Benda má á að samstarf lögreglu, tollgæslu og skattyfirvalda þarf að auka stórlega til að unnt sé að uppræta fíkniefnabölið.

Það er mikill ágalli á frumvarpinu að ekki séu lagðar til fullnægjandi lagabreytingar til að unnt sé að fullgilda Evrópuráðssamning um aðgerðir gegn mansali en í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að efni hans kunni að kalla á aðrar lagabreytingar. Þá er vændi ekki skilgreint í frumvarpinu. Margt fleira má tína til sem betur hefði mátt fara sbr. einkum athugasemdir Mannréttindaskrifstofu Íslands og Amnesty International. Íslandsdeild Amnesty International leggur í áliti sínu ríka áherslu á að Ísland fullgildi Palermo-samninginn og að íslensk stjórnvöld geri lagabreytingar sem fyrst til að uppfylla kröfur samningsins en þær lúta einkum að beinni aðstoð, vernd og stuðningi við þolendur mansals. Í því sambandi sé brýnt að fest verði í lög ákvæði um vernd fórnarlamba, vitnavernd, fyrirbyggjandi aðgerðir og skaðabætur. Búa verði svo um að þolendur mansals geti óttalaust leitað stuðnings yfirvalda án þess að eiga á hættu að lenda í aðstæðum sem eru jafnslæmar eða verri en þær sem þeir eru í fyrir. Í sama streng tekur Mannréttindaskrifstofa Íslands í sinni umsögn og hvetur Alþingi til að fullgilda Palermo-samninginn og Evrópusamning um aðgerðir gegn mansali sem fyrst og gera nauðsynlegar lagabreytingar þar að lútandi. Þá hvetur Mannréttindaskrifstofa Íslands til að vændisákvæði almennu hegningarlaganna verði útvíkkað í takt við það sem gerist annars staðar á Norðurlöndunum og Evrópuráðssamningurinn um aðgerðir gegn mansali kveður á um. Í því felst að í ákvæðinu verði talað um kynferðisbrot og vændi sérstaklega auk annarrar kynferðislegrar misnotkunar. Þá bendir Mannréttindaskrifstofan á tillögur sínar um aðgerðir gegn mansali á Íslandi. Unnin hefur verið gríðarleg vinna í frjálsum félagasamtökum hin síðari ár í mótun tillagna til að taka á vændi og mansali og nauðsynlegt er að löggjafarvaldið nýti þá miklu þekkingu sem þar er að finna við lagasmíð sem þessa. Rík þörf er fyrir ákvæði í almennum hegningarlögum þar sem mansal er skilgreint og kveðið á um beina aðstoð, vernd og stuðning fyrir þolendur mansals. Jafnframt þyrfti að innleiða ákvæði um vitnavernd, fyrirbyggjandi aðgerðir og skaðabætur. Hin knappa innleiðing skv. 7. gr. frumvarpsins fullnægir ekki þeim skuldbindingum sem við höfum axlað samkvæmt nefndum alþjóðasamningum. Fullnægjandi skýringar hafa ekki komið fram um af hverju þeir eru ekki innleiddir að fullu með frumvarpinu. Minni hlutinn leggur til fulla innleiðingu og jafnframt brottfall b-liðar 3. gr., 4. gr. og 5. gr. og telur að í þeim efnum veiti núgildandi ákvæði almennra hegningarlaga nægilega vernd.

Vísað hefur verið til þess sem raka fyrir frumvarpinu að hér sé um að ræða norræna lagasamræmingu og evrópsk tilmæli. Varla þarf að taka fram að á Alþingi eru sett íslensk lög og þau ber að sníða eftir íslenskum aðstæðum og þörf.

Minni hlutinn leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu. Lagt er til að b-liður 3. gr. frumvarpsins falli brott þar sem mælt er fyrir um að við 1. mgr. 100. gr. a laganna bætist tveir nýir töluliðir sem taka annars vegar til refsinæmi þess að taka við á ólögmætan hátt, hafa í vörslum sínum, nota, flytja, breyta, losa eða dreifa kjarnakleyfum efnum og hins vegar til annarra brota sem tilgreind í alþjóðasamningum sem nefndir eru í töluliðnum. Þá er lagt til að 4. gr. frumvarpsins falli brott þar sem mælt er fyrir um að bein fjármögnun hryðjuverka skv. 110. gr. a verði lýst refsiverð. Jafnframt er lagt til að 5. gr. frumvarpsins falli brott þar sem það er gert refsivert að hvetja menn opinberlega til að fremja hryðjuverk.

Lagt er til að við frumvarpið bætist tvær nýjar greinar. Sú fyrri felur í sér að í 1. mgr. 194. gr. laganna verði mælt fyrir um að hver sem gerist sekur um nauðgun skuli sæta fangelsi ekki skemur en tvö ár og allt að 16 árum. Í gildandi ákvæði laganna er lögð megináhersla á verknaðaraðferð, líkamlegt ofbeldi, líkamlega áverka og hótanir. Sú áhersla hefur endurspeglast í rannsóknum nauðgunarmála þar sem andlegum áverkum hefur verið lítill gaumur gefinn. Aukin þekking á afleiðingum nauðgana hefur hins vegar fært okkur vitneskju um að andlegir áverkar eru alvarlegustu afleiðingar nauðgana. Nauðsynlegt er að lögin endurspegli þekkinguna á málum er snerta kynbundið ofbeldi. Breytingartillagan felur í sér að áherslan á verknaðaraðferðina verði algjörlega felld út úr textanum enda ljóst að orðalag greinarinnar samrýmist ekki þeirri grundvallarhugsun sem býr að baki mannréttindaákvæðum um friðhelgi einkalífs. Um frekari umfjöllun um þetta atriði má vísa til þskj. 673 í máli 420 sem liggur fyrir þessu þingi.

Síðari viðbótin varðar 206. gr. laganna. Lagt er til að við hana bætist málsgrein þess efnis að hver sá sem lætur af hendi eða heitir greiðslu eða öðrum ávinningi fyrir vændi skuli sæta sektum eða fangelsi allt að einu ári. Miðast þessi breyting við svokallaða sænska leið sem miðast við að það sé hlutverk löggjafans að sporna við sölu á kynlífi, enda sé ekki ásættanlegt að líta á mannslíkamann sem söluvöru. Einnig er gengið út frá því að ábyrgðin af viðskiptunum hvíli á herðum kaupandans en ekki seljandans, enda sé aðstöðumunur þeirra ævinlega mikill. Loks er litið svo á að það sé kaupandinn sem í krafti peninganna hafi eiginlegt val um að kaupa eða kaupa ekki, enda staða hans í langflestum tilvikum miklum mun sterkari en staða þess sem selur aðgang að líkama sínum til kynlífsathafna. Um frekari umfjöllun um þetta atriði má vísa til þskj. 207 í máli 192 sem liggur fyrir þessu þingi.

Jafnframt er gerð breytingartillaga við 7. gr. frumvarpsins og lagt til að 227. gr. a laganna verði með öðru móti en gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Lagt er til að tekin verði upp í almenn hegningarlög skilgreining mansals úr viðauka við samning Sameinuðu þjóðanna um aðgerðir til að sporna við skipulagðri, fjölþjóðlegri glæpastarfsemi sem er sérstaklega ætlað að taka á mansali, ekki síst sölu kvenna og barna, og sporna við slíkri glæpastarfsemi auk þess sem honum er ætlað að tryggja þolendum slíkra glæpa vernd.

Þá er lagt til að við frumvarpið bætist ákvæði um breytingar á annars vegar lögum um útlendinga og hins vegar lögum um atvinnuréttindi útlendinga. Tillagan um breytingu á lögum um útlendinga felur í sér að við þau bætist ákvæði um fórnarlambavernd. Ákvæðunum er sérstaklega ætlað að tryggja réttarstöðu fórnarlamba mansals sem koma til landsins nauðug og eru vistuð ólöglega og aðrir nýta sér í hagnaðarskyni. Skilgreint er í greininni hvað felst í slíkri vernd en það er að einstaklingur sem er fórnarlamb mansals og hefur verið vistaður ólöglega á Íslandi skuli njóta nafnleyndar, leyndar á dvalarstað og annarra nauðsynlegra öryggisráðstafana sem eru nauðsynlegar til að verja viðkomandi gegn ógnun frá þeim aðilum sem standa að mansalinu. Þá er enn fremur lagt til að viðkomandi aðila verði gefinn kostur á sérstöku tímabundnu dvalar- og atvinnuleyfi hér á landi, gegn því að hann aðstoði yfirvöld eftir því sem kostur er við að hafa uppi á þeim sem mansalið stunda og veiti lögreglu og dómstólum upplýsingar, svo sem með skýrslu og vitnisburði. Þá er lagt til að við lögin bætist ákvæði um að dómsmálaráðherra skuli skipa fimm manna nefnd um fórnarlambavernd sem er ætlað að vera sjálfstæð, hliðsett nefnd og þverfaglegur vettvangur sérfræðinga frá hinu opinbera og félagasamtökum sem hafa reynslu og þekkingu á málefninu. Verkefni nefndarinnar verði m.a. að kanna hvort grunur um mansal sé á rökum reistur, að taka ákvörðun um veitingu dvalar- og atvinnuleyfis til þeirra sem þiggja boð um að taka þátt í fórnarlambavernd að uppfylltum skilyrðum og loks að taka ákvörðun um endurnýjun dvalar- og atvinnuleyfis.

Breytingin sem lögð er til á lögum um atvinnuréttindi útlendinga felur í sér að við þau bætist ákvæði um að sá sem nýtur fórnarlambaverndar fái atvinnuleyfi í átján mánuði samkvæmt ákvörðun nefndar um fórnarlambavernd og mögulega framlengingu í jafnlangan tíma, eða um aðra átján mánuði. Einnig er lagt til að við bætist ákvæði um að Vinnumálastofnun gefi út atvinnuleyfi vegna fórnarlambaverndar samkvæmt ákvörðun nefndar um fórnarlambavernd. Um frekari umfjöllun um framangreind álitaefni um mansal og fórnarlambavernd má vísa til þskj. 39 í máli 39 frá 133. löggjafarþingi.

Minni hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 21. maí 2008.

Atli Gíslason.

Með nefndarálitinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Umsögn Íslandsdeildar Amnesty International. (17. mars 2008.)
II. Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands. (6. febrúar 2008.)
III. Umsögn Persónuverndar. (28. nóvember 2007.)

1081. Nefndarálit [431. mál]

um frv. til l. um efni og efnablöndur.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund sinn Ingibjörgu Halldórsdóttur frá umhverfisráðuneyti og Sigríði Kristjánsdóttur frá Umhverfisstofnun, Pétur Reimarsson frá Samtökum atvinnulífsins, Bryndísi Skúladóttur frá Samtökum iðnaðarins, Gest Guðjónsson frá Olíudreifingu, Svövu S. Steinarsdóttur frá Félagi heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa, Kristínu Lindu Árnadóttur og Gunnlaugu Einarsdóttur frá Umhverfisstofnun, Víði Kristjánsson frá Vinnueftirlitinu, Valdimar Brynjólfsson frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra og Guðjón Bragason og Björn Halldórsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Þá bárust nefndinni umsagnir frá Umhverfisstofnun, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Eyþingi, Félagi heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa, Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra, Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis, Félagi íslenskra stórkaupmanna, Olíudreifingu, Vinnueftirlitinu og Skógrækt ríkisins. Einnig barst nefndinni sameiginleg umsögn frá Samtökum atvinnulífsins, Samtökum iðnaðarins og Samtökum verslunar og þjónustu.

Frumvarpinu er ætlað að skapa lagastoð fyrir innleiðingu svokallaðrar REACH-reglugerðar í íslenskan rétt. Frumvarpið inniheldur fyrst og fremst þær meginreglur sem felast í reglugerðinni en veitir ráðherra heimild til frekari reglusetningar. Reglugerðin fjallar um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir á efnum og er hluti EES-samningsins samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 25 frá 14. mars 2008.

Efnalöggjöf í Evrópu er talin nokkuð flókin. Skiptir hún efnum í tvo flokka, efni sem skráð voru fyrir 1981 og svo ný efni. Í fyrrgreinda flokknum eru yfir 100.000 efni en hinum síðari um 4.000. Það sem skýrir þennan mikla mun er m.a. að strangar kröfur eru gerðar til áhættumats nýrra efna sem ekki er að finna fyrir þau efni sem skráð voru fyrir 1981. Einnig er það í höndum framleiðenda að framkvæma áhættumat nýrra efna en stjórnvöld bera aftur á móti ábyrgð á áhættumati eldri efna. Þessi skipan mála hefur ekki gefist vel og fram kom í máli fulltrúa umhverfisráðuneytis að af þeim fjölda efna sem stjórnvöld bera ábyrgð á að meta er einungis búið að ljúka mati á 71 efni af 141 sem sett voru í forgang. Jafnframt hefur þetta leitt til ákveðinnar stöðnunar í framleiðslu nýrra efna þar sem mikil rannsóknarvinna er fólgin í gerð áhættumats og kostnaður mikill fyrir framleiðendur. Með hinni nýju REACH-reglugerð eru öll efni undir sama hatti og komið er á markaðseftirliti. Í því felst að ábyrgð á áhættumati flyst frá stjórnvöldum yfir á framleiðendur og innflytjendur efna sem fá í staðinn frjálsan markaðsaðgang sýni þeir fram á að efnin standist áhættumat.

Grundvöllur reglugerðarinnar og frumvarpsins er skráningarskylda. Samkvæmt 4. gr. frumvarpsins verður framleiðandi eða innflytjandi að skrá hjá Efnastofnun Evrópu efni, hvort sem það er hreint, í efnablöndu eða í hlutum, sem framleitt er eða flutt inn til markaðssetningar á Evrópska efnahagssvæðinu í meira magni en einu tonni á ári, að öðrum kosti er honum óheimilt að framleiða efnið, flytja það inn eða nota, sbr. 8. gr. frumvarpsins. Í þessu felst og krafa um greiningu allra efna sem framleidd eru eða sett á markað á EES-svæðinu burtséð frá því hvenær þau voru upphaflega sett á markað. Enn fremur skuli þau efni sem hafa hættulega eiginleika vera háð ákveðnum notkunartakmörkunum.

Gert er ráð fyrir tvenns konar takmörkunum í frumvarpinu. Í fyrsta lagi er að finna í 4. gr. almenna takmörkun þar sem ráðherra kveður í reglugerð m.a. á um tiltekið notkunarsvið, kröfu um upplýsingaskyldu um notkunina og kröfu um skyldubundnar merkingar. Í greininni er jafnframt að finna eina af meginreglum frumvarpsins, svokallaða skiptireglu. Felur hún í sér að skipta eigi út efnum, sem talið er að hafi óæskileg áhrif á heilsu manna og dýra eða talið er að skaði umhverfið, fyrir önnur hættuminni efni. Í öðru lagi eru ákveðin efni háð markaðsleyfi, sbr. 6. gr. frumvarpsins. Þau efni sem slíkt markaðsleyfi þurfa eru til dæmis krabbameinsvaldandi efni, þrávirk eða eitruð efni. Segir í greininni að ráðherra ákveði í reglugerð hvaða efni skuli háð slíku leyfi sem síðan er sótt um hjá Efnastofnun Evrópu. Efnastofnunin veitir umsögn til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins sem gefur út leyfið. Umhverfisstofnun staðfestir leyfi framkvæmdastjórnarinnar hér á landi. Samkvæmt frumvarpinu fer Umhverfisstofnun, eða eftir atvikum heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna, með eftirlit við framkvæmd laganna. Kveður frumvarpið á um heimildir eftirlitsaðila, þvingunarúrræði þeirra og viðurlög við brotum á þeim.

Nefndin fjallaði ítarlega um ákvæði frumvarpsins á fundum sínum.

5. gr. frumvarpsins kveður á um skráningarskyldu framleiðanda eða innflytjanda efnis sem framleitt er eða flutt inn til markaðssetningar á Evrópska efnahagssvæðinu í meira magni en einu tonni á ári. Af orðalagi 1. mgr. mætti ætla að heildarmagn af viðkomandi efni sem framleitt er eða innflutt megi ekki fara yfir 1 tonn á ári. Aftur á móti gerir reglugerðin ráð fyrir því að hver framleiðandi eða innflytjandi geti framleitt eða flutt inn efni sem nemur einu tonni á ári án þess að skrá þurfi efnið. Telur nefndin mikilvægt að taka af allan vafa um þetta og leggur til breytingar á greininni.

Í 7. gr. frumvarpsins er fjallað um öryggisblöð og öryggisskýrslur. Telur nefndin að 1. mgr. greinarinnar mætti vera skýrari um það hver móttakandi efnisins er og leggur til orðalagsbreytingu þess efnis.

Í 8. gr. frumvarpsins er enn fremur að finna eina grundvallarreglu frumvarpsins, þ.e. heimildarákvæði um að setja á markað efni, hvort sem það er hreint, í efnablöndu eða í hlutum, sem skráð hafa verið hjá Efnastofnun Evrópu. Í 2. mgr. er aftur á móti að finna ákvæði um að óheimilt sé að framleiða, flytja inn, markaðssetja eða nota efni sem ekki hefur verið skráð eða fengið markaðsleyfi fyrir. Verði frumvarpið að lögum segir í 13. gr. að lögin skuli þegar öðlast gildi að undanskilinni 5. gr. sem skal öðlast gildi 1. júní 2008. Í greinargerð frumvarpsins kemur fram að við innleiðingu á REACH-reglugerðinni er gefinn kostur á forskráningu efna hjá Efnastofnun Evrópu á tímabilinu 1. júní 2008 til 1. desember 2008. Er þetta tímabil sett svo fyrirtæki geti komið á samstarfi sín á milli um skráningu efna og þá gagnaöflun og prófanir sem skráningu fylgja. Er það álit nefndarinnar að mikilvægt sé að kveða á um að notkun efna, sem nú þegar hafa verið markaðssett og verða markaðssett á fyrrgreindu tímabili forskráningar, sé ekki óheimil. Þrátt fyrir að Evrópureglur gildi almennt ekki fyrir vörur sem markaðssettar eru á EES-svæðinu fyrir gildistöku nýrra reglna þá telur nefndin rétt að árétta slíkt í bráðabirgðaákvæði. Enn fremur telur nefndin að orðalag 2. mgr. 8. gr. sé óskýrt og leggur til breytingu þar á. Áréttar nefndin að einungis er um orðalagsbreytingu að ræða sem hefur ekki áhrif á efnisatriði málsins.

Í 9. gr. frumvarpsins er að finna ákvæði um eftirlit og framkvæmd. Er þar kveðið á um eftirlitshlutverk Umhverfisstofnunar en í því felst eftirlit með framleiðslu, innflutningi og markaðssetningu. Í 3. mgr. greinarinnar kemur enn fremur fram að heilbrigðisnefndir sveitarfélaga fari með eftirlit með hlutaðeigandi starfsemi, í samræmi við fyrirmæli Umhverfisstofnunar, samhliða lögbundnu eftirliti sínu á starfsleyfisskyldri starfsemi. Í umsögnum frá heilbrigðiseftirlitum og Sambandi íslenskra sveitarfélaga eru gerðar athugasemdir við orðalagið „fyrirmæli“ í 3. mgr. 9. gr., töldu aðilar að þarna væri kveðið á um of mikið boðvald Umhverfisstofnunar og að réttara væri að tala um „leiðbeiningar“. Telur nefndin aftur á móti mikilvægt að eftirlit með framkvæmd laganna sé samræmt um allt land. Slík samræming yrði ekki tryggð ef kveðið yrði á um leiðbeiningar Umhverfisstofnunar í stað fyrirmæla frá henni. Enn fremur áréttar nefndin að kostnaðarauki við framangreint eftirlit verður ekki verulegur þar sem gert er ráð fyrir að heilbrigðisnefndir framkvæmi eftirlit samkvæmt þessum lögum samhliða öðrum lögbundnum eftirlitsverkefnum sínum. Tekur nefndin því ekki undir framangreindar athugasemdir og leggur ekki til breytingu á frumvarpinu hvað þetta varðar.

Í 2. mgr. 10. gr. frumvarpsins er kveðið á um heimildir Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda sveitarfélaga til að stöðva markaðssetningu sem stangast á við ákvæði frumvarpsins eða þeirra reglugerða sem kunna að verða settar með stoð í því og leggja hald á viðkomandi vöru. Er það álit nefndarinnar að hér sé ekki nógu fast að orði kveðið og telur réttara að kveða á um skyldu eftirlitsaðilanna við framfylgd á ákvæðum frumvarpsins. Leggur nefndin til breytingu til samræmis þessu.

Í athugasemdum við 10. gr. frumvarpsins segir að Umhverfisstofnun sé einungis heimilt að stöðva innflutning efna í tolli ef þau koma frá ríkjum sem eru utan EES-svæðisins. Í umræðum innan nefndarinnar vöknuðu spurningar um hvort hér gætti ekki misræmis við texta sjálfrar lagagreinarinnar þar sem ekki er kveðið skýrt á um þessa heimild Umhverfisstofnunar. Að mati nefndarinnar ber þó að líta til tollalaga, nr. 80/2005, í þessu samhengi. Með tilliti til 60. gr. tollalaga og þess að innflutningur telst vera markaðssetning í skilningi frum-

varpsins, sbr. 12. tölul. 3. gr., telur nefndin að tryggt sé að ólögleg vara verði stoppuð í tolli, enda sé í 2. mgr. 10. gr. kveðið á um heimild Umhverfisstofnunar, eða eftir atvikum heilbrigðisnefnda sveitarfélaga, til að stöðva markaðssetningu sem stangast á við ákvæði frumvarpsins. Því sjónarmiði var hreyft fyrir nefndinni að óljóst væri samkvæmt greininni hvernig beita ætti þeim þvingunarúrræðum sem þar eru fyrir hendi, sér í lagi þar sem ekki væri vísað til ákvæða stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Enn fremur að veiting áminninga væri máttlaust úrræði og að nægjanlegt væri að veita viðkomandi frest til úrbóta áður en dagsektum væri beitt. Að mati nefndarinnar er ekki þörf á að vísa sérstaklega í stjórnsýslulög enda eru bæði Umhverfisstofnun og sveitarfélög bundin af ákvæðum þeirra. Jafnframt áréttar nefndin að í anda meðalhófsreglu stjórnsýslulaga sé rétt að stíga varlega til jarðar við beitingu þvingunarúrræða og telur því rétt að aðilum sé veitt áminning áður en beitt verði meira íþyngjandi heimildum ákvæðisins. Leggur nefndin ekki til breytingu á greininni.

Í 12. gr. frumvarpsins er að finna viðurlagaákvæði. Töluverð umræða var innan nefndarinnar um þetta ákvæði og komu fram ábendingar í umsögnum um að hér væri gengið of langt þar sem hvorki þyrfti að sanna sök á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn viðkomandi lögaðila né gerð sú krafa að tjón hafi orðið. Áréttar nefndin að ákvæði þetta á sér fyrirmynd í 1. mgr. 34. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Er það álit nefndarinnar að hér sé ekki um of íþyngjandi ákvæði að ræða enda verður að liggja fyrir við beitingu ákvæðisins að brot gegn ákvæðum frumvarpsins hafi átt sér stað. Erfitt getur reynst að sanna huglæga afstöðu fyrirsvarsmanna eða starfsmanna viðkomandi lögaðila sem og að brotið hafi með sannanlegum hætti verið honum til hagsbóta þótt ljóst sé að brot hafi átt sér stað. Undirstrikar nefndin að brot á ákvæðum frumvarpsins verða jafnan fólgin í því að viðkomandi hefur ekki skráð efnið, sbr. 4. gr., ekki sótt um leyfi skv. 6. gr. eða ekki farið eftir þeim takmörkunum sem um efnið gilda. Telur nefndin að ef krafa væri gerð um huglæga afstöðu starfsmanna eða fyrirsvarsmanna og að sýna þyrfti fram á að tjón hafi orðið en ekki einungis að viðkomandi hefði getað hagnast mundi ekki nást að refsa fyrir viðkomandi brot þótt klárlega hafi verið brotið gegn ákvæðum frumvarpsins. Leggur nefndin því ekki til breytingar á ákvæðinu.

Í kostnaðarumsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins um frumvarpið kemur fram að verði frumvarpið óbreytt að lögum mun kostnaðurinn nema um 20,8 m.kr. Fjárlagaskrifstofan telur þó að þessi kostnaður verði látinn rúmast innan núverandi fjárheimilda Umhverfisstofnunar sem hafi fengið 20 millj. kr. fjárveitingu í fjárlögum 2008 til að styrkja starf sitt á sviði EES-mála, þar á meðal vegna innleiðingar REACH-reglugerðarinnar. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að þær 20 millj. kr. sem stofnunin fékk samkvæmt fjárlagafrumvarpinu hafi jafnframt verið ætlaðar til annarra verkefna en innleiðingar REACH-reglugerðarinnar og mótmælir stofnunin því mati fjárlagaskrifstofu að henni sé ætlað að nýta alla fjárhæðina í þetta eina verkefni. Bendir nefndin á að umsögn fjárlagaskrifstofu er ekki ný og að langt er gengið á árið 2008. Efast því nefndin um að umsögnin sé lengur raunsæ og má ætla að Umhverfisstofnun hafi nú þegar nýtt hluta fjárhæðarinnar í önnur verkefni.

Í umsögn Umhverfisstofnunar er óskað eftir að nýtt ákvæði verði sett í frumvarpið þess efnis að heimilt verði að birta reglugerðir í heild eða að hluta í B-deild Stjórnartíðinda á ensku. Í umsögninni segir að við REACH-reglugerðina muni bætast viðaukar og tengdar reglugerðir sem að miklu leyti muni verða efnalistar og prófunaraðferðir sem fáir muni lesa nema sérfræðingar sem enn fremur muni notast við ensku heitin. Töluverð umræða var innan nefndarinnar um þessa beiðni. Samkvæmt upplýsingum frá utanríkisráðuneytinu eru fá fordæmi fyrir slíkri heimild. Einungis er um að ræða 140. gr. laga um loftferðir, nr. 60/1998, og ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 170/2006, um breyting á lögum um fjármálafyrirtæki,

nr. 161/2002. Einnig er í frumvarpi um alþjóðlegar þvingunaraðgerðir gert ráð fyrir birtingu erlends frumtexta tiltekinna lista í B-deild Stjórnartíðinda. Fordæmi þessi miðast við að slíkar birtingar beinist að afmörkuðum hópi á afmörkuðum og sérhæfðum sviðum og varði mjög tæknileg málefni þar sem þýðingar kunna jafnframt að verða mjög umfangsmiklar og tímafrekar. Telur nefndin að fara verði mjög varlega við að veita heimildir sem þessa og að slíkt eigi að heyra til undantekninga og leggur ekki til breytingar á frumvarpinu í þessa veru.

Í meðferð nefndarinnar um málið barst ósk frá umhverfisráðuneytinu, að beiðni utanríkisráðuneytisins, um að bætt yrði við grein í frumvarpið þess efnis að ríkisstjórninni væri veitt heimild til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um að taka REACH-reglugerðina inn í EES-samninginn og aflétta með þeim hætti stjórnskipulegum fyrirvara. Ástæða þess að slík grein er ekki í frumvarpinu er sú að ákvörðun nefndarinnar var ekki tekin fyrr en frumvarpið var farið frá ráðuneytinu. Telur nefndin að mikilvægt sé að hafa eftirfarandi í huga í þessu samhengi. Samkvæmt ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar er ESS-samningurinn reglulega uppfærður með breytingum á viðaukum og bókunum við samninginn. Þessar ákvarðanir eru skuldbindandi að þjóðarétti um leið og þær hafa verið teknar ef aðildarríki hefur ekki beitt heimild 103. gr. EES-samningsins um að setja fyrirvara um að hún geti ekki tekið gildi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða í viðkomandi ríki. Að því er Ísland varðar hefur slíkur fyrirvari almennt einungis verið settur þegar innleiðing ákvörðunar kallar á lagabreytingar hér landi, en í því tilviki leiðir af 21. gr. stjórnarskrárinnar að leita ber eftir samþykki Alþingis áður en ákvörðun er staðfest. Slíkt samþykki getur Alþingi alltaf veitt með viðeigandi lagabreytingu, en einnig hefur tíðkast að heimila stjórnvöldum að skuldbinda sig að þjóðarétti með þingsályktun áður en landsréttinum er breytt með lögum til samræmis við viðkomandi ákvörðun. Í ósk ráðuneytisins felst aflétting á stjórnskipulegum fyrirvara. Telur nefndin að þar sem forskráningartímabil efna hefst 1. júní 2008 og miklir hagsmunir eru í húfi fyrir íslensk fyrirtæki að geta tekið þátt í því ferli og sameinast evrópskum fyrirtækjum í samstarfi sín á milli um skráningu efna og þá gagnaöflun og prófanir sem skráningu fylgja að verða eigi við þessari beiðni og leggur til breytingu þess efnis. Nefndin vill þó undirstrika að hér sé ekki um hefðbundið fyrirkomulag að ræða og telur hina réttu leið í þessu að stjórnskipunarlegum fyrvara sé aflétt með sérstakri þingsályktunartillögu. Nefndin ítrekar mikilvægi þess að framkvæmd þess að veita ríkisstjórninni heimild til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar og aflétta þannig stjórnskipulegum fyrirvara af EES-gerðum sem kalla á lagabreytingar hér á landi sé með samræmdum hætti.

Nefndin leggur jafnframt til aðrar smávægilegar breytingar á frumvarpinu sem einkum varða lagatæknileg atriði.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Kolbrún Halldórsdóttir, Árni Þór Sigurðsson og Höskuldur Þórhallsson skrifa undir álit þetta með fyrirvara.

Alþingi, 20. maí 2008.

Helgi Hjörvar, form., frsm.	Kjartan Ólafsson.	Kolbrún Halldórsdóttir, með fyrirvara.
Illugi Gunnarsson.	Katrín Júlíusdóttir.	Höskuldur Þórhallsson, með fyrirvara.
Guðfinna S. Bjarnadóttir.	Ólöf Nordal.	Árni Þór Sigurðsson, með fyrirvara.

1082. Breytingartillögur [431. mál]

við frv. til l. um efni og efnablöndur.

Frá umhverfisnefnd.

1. Fyrirsögnin „I. KAFLI, **Almenn ákvæði**“ á undan 1. gr. falli brott.
2. Við 5. gr. 1. mgr. verði svohljóðandi:
   Framleiðandi eða innflytjandi efnis, hvort sem það er hreint, í efnablöndu eða í hlutum, sem framleiðir eða flytur inn efni til markaðssetningar á Evrópska efnahagssvæðinu í meira magni en einu tonni á ári, skal skrá efnið hjá Efnastofnun Evrópu. Framleiðanda og innflytjanda er skylt að hlíta þeim takmörkunum sem skráningunni kunna að fylgja.
3. Við 7. gr. Upphaf 1. mgr. verði svohljóðandi: Birgjar skulu láta öryggisblað fylgja við afhendingu efnis til eftirnotanda eða dreifanda, hvort sem það er hreint eða í efnablöndu, ef það fellur undir einn eða fleiri af eftirtöldum liðum.
4. Við 8. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Óheimilt er að framleiða, flytja inn, markaðssetja eða nota efni, hvort sem það er hreint, í efnablöndu eða í hlutum, sem ekki hefur verið skráð eða eftir atvikum leyft samkvæmt ákvæðum þessara laga. Enn fremur er óheimilt að framleiða, flytja inn, markaðssetja eða nota efni, hvort sem það er hreint, í efnablöndu eða í hlutum, á þann hátt að í bága fari við þær takmarkanir sem settar eru á grundvelli laga þessara og reglugerða sem settar eru með stoð í þeim, sbr. 4.–7. gr.
5. Við 10. gr. Orðin „heimilt að“ í 2. mgr. falli brott.
6. Á eftir 12. gr. komi ný grein, 13. gr., svohljóðandi:
   Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 25 frá 14. mars 2008 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn frá 2. maí 1992 og fella inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (REACH), stofn-

un Efnastofnunar Evrópu, breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB.

7. Við frumvarpið bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   Bann skv. 2. mgr. 8. gr. gildir ekki um efni sem forskráð eru hjá Efnastofnun Evrópu á tímabilinu 1. júní 2008 til 1. desember 2008, á meðan skráning efnisins er til meðferðar hjá stofnuninni. Bannið gildir ekki heldur um vörur sem afhentar voru frá framleiðanda og settar á markað á EES-svæðinu fyrir gildistöku laga þessara.

1083. Nefndarálit [500. mál]

um frv. til lokafjárlaga fyrir árið 2006.

Frá minni hluta fjárlaganefndar.

Frumvarp til lokafjárlaga fyrir árið 2006 er hið níunda í röðinni síðan ný lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, tóku gildi. Megintilgangurinn með framlagningu þessa frumvarps er að staðfesta niðurstöðu ríkisreiknings fyrir árið 2006 og veita ýmsar upplýsingar um stöðu ríkisfjármála.

Í 45. gr. fjárreiðulaganna er fjallað um frumvarp til lokafjárlaga og segir þar orðrétt: „Með ríkisreikningi sem lagður er fyrir Alþingi, sbr. 7. gr., skal fylgja frumvarp til lokafjárlaga honum til staðfestingar. Þar skal leitað heimilda til uppgjörs á skuldum eða ónotuðum fjárveitingum sem ekki eru fluttar á milli ára. Jafnframt skal leggja fram sérstaka skrá ásamt skýringum yfir geymdar fjárheimildir og um þá aðila sem hafa farið fram úr fjárheimildum ársins. Heimilt er að greiða slíka umframgreiðslu af fjárveitingum næsta árs. Einnig skal gera grein fyrir ónýttum lántökuheimildum næstliðins árs.“

Ljóst er að það frumvarp sem hér er til umfjöllunar uppfyllir ekki öll skilyrði þessarar greinar. Í fyrsta lagi fylgdi frumvarpið ekki ríkisreikningi þegar hann var lagður fram á sínum tíma. Í öðru lagi eru ekki gefnar skýringar á geymdum fjárheimildum og í því eru ekki heldur upplýsingar um þá aðila sem farið hafa fram úr fjárheimildum ársins. Þá er í þriðja lagi ekki gerð grein fyrir ónýttum lántökuheimildum liðins árs.

Í þessu sambandi er rétt að geta þess að í 44. gr. kemur fram að ef ófyrirséð atvik, kjarasamningar eða ný löggjöf valda því að grípa þurfi til sérstakra ráðstafana, sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum eða fjáraukalögum, skuli leita heimilda fyrir þeim í lokafjárlögum.

Efni frumvarpsins.

1. gr. Fjárveitingar í A-hluta vegna frávika ríkistekna.

Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að í 1. gr. þess eru lagðar til breytingar á fjárheimildum stofnana og verkefna vegna fráviks markaðra tekna frá áætlun fjárlaga og fjáraukalaga. Samtals er gert ráð fyrir að fjárheimildir vegna þessa hækki nettó um 962,6 millj. kr. Nánar tiltekið er hér leitað eftir heimild Alþingis fyrir ráðstöfun ríkistekna stofnana og verkefna, ýmist í samræmi við það hverjar tekjurnar urðu samkvæmt uppgjöri eða hver metin fjárþörf við skil ríkistekna reyndist vera. Einnig segir þar orðrétt: „Slíkar breytingar á fjár-

heimildum ríkisaðila og ráðstöfun ríkistekna verður að ákvarða með lögum á Alþingi á sama hátt og gert er í fjárlögum og fjáraukalögum.“

Þegar fjármálaráðherra mælti fyrir frumvarpinu komst hann svo að orði: „Almennt gildir að þegar útgjaldaheimildir fjárlagaliða hækka hafa lögboðnar ríkistekjur til fjármögnunar á útgjöldum reynst vera meiri en áætlað var í fjárlögum en lækka hafi tekjurnar reynst vera minni. Þetta á þó ekki alltaf við því ekki eru lagðar til breytingar á fjárheimildum stofnana af þessum sökum í þeim tilvikum þegar ekki er beint samband milli útgjaldaþarfar og fjármögnunar á þann veg að breytingar í tekjum hafi beinlínis áhrif á kostnað.“

Hér endurspeglast grundvallarmisskilningur framkvæmdarvaldsins um tilgang lokafjárlaga. Þessa hugsun endurspeglar síðan formaður fjárlaganefndar þegar hann segir í 1. umræðu um frumvarpið: „Samkvæmt fjárreiðulögunum eru lokafjárlög ekkert öðruvísi en fjáraukalög eða fjárlög í því tilliti að verið er að leita heimilda hér hjá Alþingi til að fara fram með fjárveitingar til ákveðinna verkefna.“ Í 44. gr. er skýrt tekið fram í hvaða tilfellum lokafjárlög geta veitt viðbótarfjárheimildir.

Það sem kemur fram í athugasemdum með frumvarpinu eru verklagsreglur sem framkvæmdarvaldið hefur sett en eiga enga stoð í fjárreiðulögunum. Í þeim er hvergi vikið að því með hvaða hætti skatttekjur og rekstrartekjur geta haft áhrif á fjárheimildir stofnana. Það er hlutverk Alþingis að marka útgjaldarammann, hann getur ekki og má ekki ráðast með öðrum hætti.

Í áliti minni hlutans um frumvarp til lokafjárlaga fyrir árið 2003 kom fram það álit lögfræðings í fjármálaráðuneytinu að í ljósi fjárstjórnarvalds Alþingis og með vísan til 41. og 42. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. einnig 21. gr. fjárreiðulaganna, er ekki unnt að víkja frá þeim meginmarkmiðum sem þar koma fram um að leita skuli heimilda til greiðslna úr ríkissjóði, sbr. 3. málsl. 1. mgr. 21. gr. laganna, sem stafa af því að markaðar tekjur og rekstrartekjur reynast hærri en áætlað var í fjárlögum.

Þetta álit ítrekar það meginhlutverk lokafjárlaga að staðfesta niðurstöður ríkisreiknings en ekki veita viðbótarfjárheimildir. Þá má benda á þá staðreynd að hér er verið að veita viðbótarfjárheimild löngu eftir að viðkomandi fjárhagsári er lokið og í sumum tilfellum að draga saman útgjöld stofnana. Allt án tillits til þeirra fjárlaga og fjáraukalaga sem samþykkt hafa verið síðan.

Við samþykkt fjárlaga er ákveðið rekstrarumfang stofnana ríkisins og þar með þjónustustig þeirra. Gallinn er hins vegar sá að við þessa samþykkt er ekki tekið tillit til fjárhagsstöðu þeirra stofnana sem búa við hallarekstur og geta því ekki haldið uppi því þjónustustigi sem fjárlög gera ráð fyrir. Þannig er stór hluti fjárlaga marklaus þegar við samþykkt þeirra. Þess vegna er brýnt að lokafjárlög fyrra árs og fjáraukalög yfirstandandi árs séu fyrirliggjandi þegar fjárlög næsta árs eru ákveðin. Allt annað eru slæm vinnubrögð og ekki Alþingi til sóma.

Í áðurnefndri ræðu fjármálaráðherra bendir hann á að sumar stofnanir hafi velt halla af rekstri sínum yfir áramót ár eftir ár og treyst á það að á endanum verði vandinn það mikill að óhjákvæmilegt verði að taka á honum í fjáraukalögum. Ekkert þarf að vera óeðlilegt við að halli verði á einu ári í rekstri stofnunar, enda sé tekið á honum á næsta fjárhagstímabili. En þegar halli safnast upp ár eftir ár ber viðkomandi ráðuneyti og forstöðumanni að taka á vandanum.

Hér er nauðsynlegt að minna á að skv. 4. gr. reglugerðar nr. 1061/2004, um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana í A-hluta, kemur fram að fjármálaráðuneytið hefur almennt eftirlit með framkvæmd fjárlaga og veitir almennar leiðbeiningar þar um. Það

fylgist með því að heildarútgjöld stofnana séu í samræmi við fjárheimildir. Í reglugerðinni er enn fremur að finna fyrirmæli til ráðuneyta og stofnana um hvernig bregðast skuli við rekstrarvanda, en endanleg ábyrgð er á hendi fjármálaráðuneytisins.

2. gr. Niðurfelld staða fjárveitinga í A-hluta.

Í þessari grein er lagt til að stöður fjárheimilda í árslok verði felldar niður og flytjist því ekki yfir á næsta ár. Hér er stuðst við þá meginreglu að í þeim tilvikum þegar útgjöld ráðast með beinum hætti af öðrum lögum en fjárlögum, svo sem útgjöld almannatrygginga, er staðan ekki flutt til næsta árs heldur felld niður. Sama gildir um stöður fjárlagaliða þar sem útgjöld ráðast af hagrænum breytingum eða ef útgjöld fjárlagaliðar eru ekki þáttur í rekstri tiltekins ábyrgðaraðila. Samtals nema þessar breytingar 5.619,6 millj. kr.

Stærsti einstaki liðurinn er *09-381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun* en þar er gert ráð fyrir að felld verði niður umframgjöld að fjárhæð 5.767,3 millj. kr. Samkvæmt fjárlögum ársins 2006 voru þessi útgjöld áætluð 4.798,0 millj. kr. en niðurstaðan varð 10.565,3 millj. kr. Útgjöldin hafa því tvöfaldast og nú á að leita heimilda fyrir þessum útgjöldum mörgum árum seinna án nokkurrar umræðu né skýringa. Fyrir þessum kostnaðarauka átti að leita heimilda í fjáraukalögum ef talið er að hann hafi verið ófyrirsjáanlegur.

Annað dæmi er fjárlagaliðurinn *08-447 Sóltún, Reykjavík* en þar eru felld niður umframútgjöld að fjárhæð 141,0 millj. kr. Hér vekur athygli að ekki er um venjulega A-hluta stofnun að ræða heldur rekstrarverkefni sem ríkið hefur úthýst og gert samning um við einkaaðila. Það er því í hæsta máta óeðlilegt að fella niður þessa skuld án nokkurra skýringa.

Fleiri fjárlagaliði mætti tína hér til en þetta dæmi sýnir veikleika í fjárlagagerðinni og stjórn ríkisfjármála og þar ber fjármálaráðherra mesta ábyrgð. Taka þarf til skoðunar sjálfvirka útgjaldaþenslu ýmissa fjárlagaliða sem ekki taka tillit til fjárlaga og fá síðan uppreisn æru í lokafjárlögum.

Flutningur fjárheimilda.

Samkvæmt frumvarpinu flytjast yfir á árið 2007 afgangsheimildir að fjárhæð 28,3 milljarðar kr. og umframgjöld að fjárhæð 15,4 milljarðar kr. Ekki þarf að fara mörgum orðum um þennan flutning fjárheimilda, svo oft hefur minni hlutinn gert athugasemdir við hann. Fáránleikinn birtist m.a. í því að stofnunum er í mörgum tilfellum gert að flytja með sér halla sem getur numið 30–50% af fjárlögum viðkomandi árs. Minni hlutinn ítrekar því þá tillögu sem fram hefur komið að sjálfkrafa flutningur fjárheimilda verði bundinn við 4% en allt umfram það þurfi sérstakt samþykki Alþingis í tengslum við fjárlög hvers árs. Ekki gengur að stofnanir séu reknar á öðrum forsendum en fjárlög gera ráð fyrir og verður að taka á málum um leið og sýnt er að stofnun ræður ekki sjálf við vandann.

Ríkisendurskoðun benti á í athugasemdum sínum við lokafjárlög ársins 2004 að ekki væri eingöngu við forstöðumenn ríkisstofnana og ráðuneyta þeirra að sakast þegar rætt væri um umframkeyrslu og bendir á að fjármálaráðuneytið hefur látið ríkissjóð fjármagna hallarekstur inn með því að greiða laun og annan kostnað án þess að fyrir hendi séu nauðsynlegar heimildir.

Fjármálaráðuneytið á að hafa heildarsýn yfir fjármál ríkisins og gæta hagsmuna ríkissjóðs á hverjum tíma. Í því felst m.a. að forðast að ríkissjóður þurfi að greiða dráttarvexti eða annan kostnað vegna halla stofnana. Það er óeðlilegt að stofnun eins og Landspítali hafi greitt mörg hundruð milljónir króna í dráttarvexti án þess að fjármálaráðuneytið hafi gripið

í taumana. Hér er um að ræða fé skattborgara þessa lands og þeir eiga heimtingu á því að vel sé farið með sameiginlega sjóði landsmanna.

Tillögur Ríkisendurskoðunar.

Í minnisblaði Ríkisendurskoðunar til fjárlaganefndar dags. 28. mars 2006 vegna lokafjárlaga ársins 2004 lagði hún fram tillögur til úrbóta og eru þessar tillögur í fullu gildir enn í dag. Helstu tillögur hennar eru eftirfarandi:

1. Það ætti að heyra til algerrar undantekningar að stofnað sé til skuldbindinga nema lögmæt fjárheimild sé til staðar, sbr. ákvæði í stjórnskipunarlögum. Telji ráðuneyti sig ekki geta unnið eftir einhverjum stjórnvaldsfyrirmælum, t.d. reglugerð um framkvæmd fjárlaga, þegar kemur að því að veita áminningu, þá ætti frekar að breyta ákvæðum hennar í það horf sem æskilegt er talið.
2. Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að ef stofnanir fara umfram 4% mörkin þá stöðvi fjármálaráðuneytið greiðslur til þeirra þar til gripið hefur verið til viðeigandi ráðstafana.
3. Leggja þarf áherslu á að sú fjárveiting sem samþykkt er í fjárlögum sé sem næst þeirri fjárveitingu sem hverri stofnun er ætlað að starfa eftir á fjárlagaárinu.
4. Alþingi þarf að fylgjast með framkvæmd fjárlaga og taka frumkvæði, meti það stöðuna svo að framkvæmdarvaldið sinni ekki skyldum sínum með fullnægjandi hætti.

Lokaorð.

Fjárlaganefnd gegnir mikilvægu hlutverki í fjárlagagerð og eftirliti með framkvæmd fjárlaga. Til að hún geti sinnt hlutverki sínu þarf hún að tryggja að hún hafi allar nauðsynlegar upplýsingar til að geta tekið skynsamlega ákvörðun um fjárlög næsta árs. Í því felst m.a. að lokafjárlög síðasta árs liggi ávallt fyrir þegar frumvarp til fjárlaga næsta árs er til umræðu. Það er líka hlutverk fjárlaganefnda að tryggja að þeirri þjónustu sem ríkinu er ætlað veita sé tryggt nægt fjármagn hverju sinni. Hallarekstur stofnana er ekki einkamál viðkomandi stofnunar og ráðuneytis.

Ljóst er að lög um fjárreiður ríkisins hafa ekki veitt það aðhald í ríkisfjármálum sem að var stefnt með setningu laganna. Þá er ljóst að gerð fjárlaga hefur ekki verið trúverðug á undanförnum árum og oft ekki í samræmi við það rekstrarumfang sem viðkomandi lög kveða á um og stofnunum er gert að starfa eftir. Viðbrögð framkvæmdarvaldsins við ábendingum og athugasemdum eftirlitsaðila hafa nánast engin verið og fæstar þær umbætur sem lögin fólu í sér hafa náð fram að ganga. Að mati minni hlutans er nauðsynlegt að endurskoða lög um fjárreiður ríkisins og að auki allt fjárlagaferlið til að tryggja aukið gagnsæi og upplýsingagjöf til þingsins. Einnig þarf að setja framkvæmdarvaldinu þrengri skorður þegar kemur að fjármálastjórn hins opinbera.

Alþingi, 22. maí 2008.

Jón Bjarnason. Bjarni Harðarson. Guðjón A. Kristjánsson.

1084. Nefndarálit [500. mál]

um frv. til lokafjárlaga fyrir árið 2006.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

A. Um framlagningu frumvarps til lokafjárlaga fyrir árið 2006.

Um þessar mundir eru tíu ár liðin síðan lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, tóku gildi. Með þeim var mörkuð skýr stefna um efni fjárlaga, fjáraukalaga og lokafjárlaga. Lögð var rík áhersla á að allar fyrirsjáanlegar fjárráðstafanir kæmu fram í fjárlögum. Í fjáraukalögum innan hvers fjárhagsárs væri síðan fjallað um þær fjárráðstafanir sem ekki er hægt að sjá fyrir við afgreiðslu fjárlaga. Fjáraukalög skyldu samkvæmt þessu fyrst og fremst snúast um ófrávíkjanleg málefni og ófyrirséð útgjöld en síður um rekstrarvanda einstakra ríkisstofnana. Aðrar fjárhagsráðstafanir ættu eftir atvikum að koma til umfjöllunar við afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta fjárhagsár eða við afgreiðslu lokafjárlaga fyrir síðasta fjárhagsár.

Í 7. gr. fjárreiðulaga er fjallað um framlagningu ríkisreiknings. Þar segir að fjármálaráðherra skuli leggja endurskoðaðan ríkisreikning næstliðins reikningsárs fyrir Alþingi eigi síðar en tveimur vikum eftir að þing kemur saman að hausti. Í almennum athugasemdum við frumvarp til fjárreiðulaga, undir yfirskriftinni „Ríkisreikningur“, segir svo orðrétt:

„Auk þeirra breytinga á efni og gerð ríkisreiknings sem að framan er lýst er lagt til að framlagning ríkisreiknings á Alþingi og umræða um hann verði með öðru sniði en verið hefur. Sú skylda er lögð á fjármálaráðherra að leggja fram endurskoðaðan ríkisreikning eigi síðar en 10 dögum eftir að þing kemur saman að hausti. Með þeim ríkisreikningi skal, honum til staðfestingar, leggja fram frumvarp til lokafjárlaga vegna sama fjárhagsárs. Í samþykkt Alþingis á lokafjárlögum felst samþykkt á ríkisreikningi og er fjárhagsárinu þannig formlega lokað. Í þessu er einnig fólgin sú breyting að ríkisreikningur er ekki framvegis samþykktur með sérstökum lögum.“

Samkvæmt 45. gr. fjárreiðulaga, nr. 88/1997, skal ríkisreikningi fylgja frumvarp til lokafjárlaga honum til staðfestingar. Þar skal leitað heimilda til uppgjörs á skuldum eða ónotuðum fjárveitingum sem ekki eru fluttar milli ára. Jafnframt skal leggja fram sérstaka skrá ásamt skýringum yfir geymdar fjárheimildir og um þá aðila sem hafa farið fram úr fjárheimildum ársins. Heimilt er að greiða slíka umframgreiðslu af fjárveitingu næsta árs. Einnig skal gerð grein fyrir ónýttum lántökuheimildum liðins árs. Í þessu sambandi er og rétt að hafa í huga fyrirmæli 44. gr. laganna sem fela í sér að ef ófyrirséð atvik, kjarasamningar eða ný löggjöf valda því að grípa þurfi til sérstakra fjárráðstafana, sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum eða fjáraukalögum, skuli leita heimilda fyrir þeim í lokafjárlögum.

Í niðurlagi umfjöllunar í almennum athugasemdum, sem ber yfirskriftina „Frumvarp til fjáraukalaga“ segir svo orðrétt um lokafjárlög:

„Frumvarpið gerir ráð fyrir að lokafjárlög verði afgreidd frá Alþingi um leið og ríkisreikningur og að Alþingi fjalli þannig um lokun fjárhagsársins með umræðu um ríkisreikning og lokafjárlög. Ekki verður flutt sérstakt frumvarp til laga um samþykkt ríkisreiknings eins og verið hefur heldur felist staðfesting á reikningnum í samþykkt lokafjárlaga frá Alþingi.“

Allt frá gildistöku fjárreiðulaga hefur verið nokkrum erfiðleikum bundið að leggja fram ríkisreikning og lokafjárlög samhliða eins og lögin gera greinilega ráð fyrir. Frumvarp það sem hér er til umræðu var ekki fremur en önnur frumvörp til lokafjárlaga á liðnum árum lagt fram samhliða ríkisreikningi.

Fjárlaganefnd leggur áherslu á að markvisst verði unnið að því að vinnu við gerð frumvarps til lokafjárlaga verði hraðað innan hvers árs þannig að leggja megi það fram samhliða ríkisreikningi. Tæknilega sýnist fátt því til fyrirstöðu og ætti það að geta gerst við framlagningu lokafjárlaga fyrir árið 2007 og ríkisreikning þess árs.

B. Um tekju- og gjaldafærslur.

Eins og að framan segir var gert ráð fyrir að lokafjárlög væru afgreidd frá Alþingi um leið og ríkisreikningur og að Alþingi fjallaði þannig um lokun fjárhagsársins með umræðu um ríkisreikning og lokafjárlög. Ekki er lengur flutt sérstakt frumvarp til laga um samþykkt ríkisreiknings heldur felst staðfesting á ríkisreikningnum í samþykkt lokafjárlaga frá Alþingi. Samkvæmt framansögðu á að jafnaði að vera skýr samsvörun á milli lokafjárlaga annars vegar og ríkisreiknings hins vegar.

Frumvarp til lokafjárlaga lýsir að þessu leyti tiltekinni stöðu ríkisfjármálanna rétt eins og ríkisreikningur ásamt því að þar eru gerðar tillögur um hvaða örlög frávik eða mismunur á niðurstöðu rekstrar annars vegar og samþykktum fjárheimildum hins vegar skuli fá. Séu lagðar til breytingar á frumvarpi til lokafjárlaga ætti því að öðru jöfnu að þurfa að breyta ríkisreikningi.

Í samræmi við þetta eru í 1. gr. frumvarpsins lagðar til ýmsar breytingar á fjárheimildum vegna frávika ríkistekna á árinu 2006 frá áætlun fjárlaga og á sama hátt er í 2. gr. gerð tillaga um að nánar tilgreindar afgangsheimildir og umframgjöld í árslok 2006, sem lesa má úr ríkisreikningi, falli niður. Til að tryggja samræmi milli ríkisreiknings og lokafjárlaga gerist sú spurning áleitin hvort fjárlaganefnd þurfi ekki að koma fyrr að vinnu við gerð frumvarps til lokafjárlaga.

Þeirri spurningu hefur stundum verið velt upp hvort þörf sé á að leita sérstaklega eftir samþykki Alþingis á frávikum ríkistekna frá áætlun fjárlaga og fjáraukalaga, eins og mælt er fyrir um í 1. gr. frumvarpsins. Í henni er leitað eftir heimild Alþingis fyrir ráðstöfun markaðra skatttekna og annarra ríkistekna til stofnana og verkefna, ýmist í samræmi við það hverjar tekjurnar urðu samkvæmt reikningsuppgjöri eða hver metin fjárþörf reyndist vera. Í fjárreiðulögunum er tekjum ríkisins og stofnana þess skipt í tvo meginflokka, þ.e. ríkistekjur, sbr. 9. gr., og sértekjur, sbr. 12. gr. Allar tekjur ríkisins aðrar en sértekjur teljast því ríkistekjur. Skv. 9. gr. er þeim skipt í fimm undirflokka, þ.e. skatttekjur, aðrar rekstrartekjur, tekjur af sölu eigna, fjármagnstilfærslur og fjárframlög.

Ekki ætti að þurfa að ítreka þá grundvallarreglu hér að fjárstjórnarvald er í höndum Alþingis, sbr. 41. og 42. gr. stjórnarskrárinnar. Skv. 41. gr. má ekkert gjald greiða úr ríkissjóði nema heimild sé til þess í fjárlögum og fjáraukalögum. Í 42. gr. stjórnarskrárinnar segir að í fjárlagafrumvarpi skuli vera fólgin greinargerð um tekjur ríkisins og gjöld. Á þessum grunnreglum er jafnframt hnykkt í 21. gr. fjárreiðulaga. Samkvæmt þessum lagafyrirmælum ber m.a. að leita heimilda til greiðslna úr ríkissjóði, eftirgjafa á kröfum og til hvers konar samninga um fjárhagslegar skuldbindingar fyrir ríkisstofnanir. Þessar ákvarðanir eru teknar í fjárlögum eða eftir atvikum í fjáraukalögum.

Á sama hátt er það Alþingi eitt sem getur breytt ákvörðunum af þessu tagi. Með hliðsjón af þessum skýru fyrirmælum verður að telja engum vafa undirorpið að nauðsynlegt sé að afla sérstakrar heimildar Alþingis til þess að breyta ákvörðunum um greiðslur eða framlög úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum í þeim tilvikum þegar markaðir tekjustofnar skila meiru eða rekstrartekjur ríkisstofnana í A-hluta reynast hærri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Vettvangurinn til þess að taka ákvarðanir af þessu tagi og birta þær er í fjárlögum eða fjáraukalögum en

síður í lokafjárlögum. Það fer einfaldlega mjög illa á því að veita stofnunum t.d. heimild til að ráðstafa umframtekjum á tilteknu rekstrarári löngu eftir að því er lokið. Einnig er það óæskilegt að sérstakir fjárlagaliðir sem ekki hafa birst í fjár- eða fjáraukalögum komi fyrst fram í lokafjárlögum og Alþingi hafi þannig ekki fengið tækifæri fyrr en í lokafjárlögum til að fjalla um tiltekið viðfang.

Þeirri hugmynd hefur og verið hreyft að til greina komi að breyta ákvæðum fjárreiðulaga um framsetningu á fjárlögum og ríkisreikningi á þann veg að markaðar tekjur og rekstrartekjur verði færðar á gjaldahlið og dragist þannig frá útgjöldum. Með þessum hætti yrði komist hjá því að afla sérstakra heimilda í lokafjárlögum. Ætla verður að breyting á fjárreiðulögum, sem fæli í sér að heimilt væri að ráðstafa ófyrirséðum hækkunum á mörkuðum tekjustofnum og rekstrartekjum ríkisstofnana án sérstaks samþykkis Alþingis, stæðist ekki framangreind ákvæði stjórnarskrár og þau sjónarmið sem þau eru reist á. Líklegt væri með öðrum orðum að slík breyting yrði ekki talin standast stjórnarskrá. Á meðan stjórnarskrá er ekki breytt í þessum efnum verður Alþingi því jafnan að taka afstöðu til þess í lokafjárlögum hvernig ráðstafa beri þessum tekjum.

C. Frávik frá fjárlögum og aukið eftirlit.

Í ljósi hinna órjúfanlegu tengsla lokafjárlaga við ríkisreikning þykir ekki úr vegi að víkja hér nokkrum orðum að ríkisreikningi fyrir árið 2006. Samkvæmt niðurstöðu hans stóðu 75 fjárlagaliðir, eða u.þ.b. sjöundi hver liður, í halla umfram 4% í árslok 2006. Í árslok 2005 stóðu 96 liðir með halla umfram vikmörk.

Þegar horft er á samanlagða stöðu hallaliða yfir 4% er um að ræða tæplega 14 milljarða kr. halla en hallinn var 8 milljarðar kr. árið á undan. Þegar á heildina er litið stóðu tveir af hverjum þremur fjárlagaliðum annaðhvort með ofnýttar eða vannýttar heimildir umfram 4% vikmörk um síðustu áramót.

Þótt halli umfram 4% í lok ársins 2006 sé á færri liðum en í árslok 2005 hefur samanlögð staða hallaliða ekki batnað. Við þessum vanda, sem að nokkru leyti einkennist af skorti á aga og aðhaldi í rekstri, sbr. skýrslur Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga, er brýnt að bregðast að mati fjárlaganefndar. Hafa verður í huga í þessu sambandi að í raun eru heimildir fjárreiðulaga til greiðslna umfram fjárlög mjög þröngar, sbr. einkum 33. og 34. gr.

Það er því óæskilegt og í mótsögn við lögin að stofnanir, oft sömu stofnanirnar, fari ár eftir ár fram úr fjárheimildum án þess að gripið sé til nauðsynlegra eða viðeigandi aðgerða. Aðgerðirnar hljóta annaðhvort að felast í því að hækka fjárheimildir viðkomandi stofnana eða ganga eftir því að stofnanir virði þann útgjaldaramma sem þeim er sniðinn. Að öðrum kosti telur fjárlaganefnd að ekki verði undan því vikist að ráðuneytin beiti þeim úrræðum sem bæði starfsmannalög og fjárreiðulög kveða á um að beita megi þegar forstöðumenn og stjórnir ríkisaðila, svo sem ráðuneytin, virða ekki útgjaldaramma fjárlaga.

Einnig vekur athygli hve margir liðir færa verulega ónýttar fjárheimildir milli ára. Þannig standa 54% allra fjárlagaliða með afgang umfram 4% vikmörk. Í einhverjum tilvikum kann slíkt að eiga sér skýringar, t.d. getur verið um að ræða fjárveitingar vegna stofnkostnaðar sem tekur lengri tíma að hrinda í framkvæmd. Þegar jafnmargir liðir standa með miklar ónýttar fjárheimildir verður á sama hátt að ganga úr skugga um hvort fjárveitingin hafi ekki endurspeglað rétt ástand í rekstri eða hvort viðkomandi stofnun hafi ekki sinnt starfsemi sinni með viðunandi hætti og því sé veruleg ónýtt fjárveiting.

Að lokum vill fjárlaganefnd taka undir með Ríkisendurskoðun sem minnir á í skýrslu sinni um framkvæmd fjárlaga árið 2006 að forstöðumönnum ríkisstofnana beri skilyrðislaust að

reka stofnanir sínar innan fjárheimilda og leitast við að tryggja að svo sé. Brýnt er að stofnanir og ráðuneyti sem hlut eiga að máli bregðist við þessum vanda og ráði sem fyrst bót á honum.

Þá er ekki síður mikilvægt að fjárlaganefnd Alþingis hafi frumkvæði að því að koma þessum málum í rétt horf og hefur nefndin kallað reglulega eftir upplýsingum vegna fjárlagaársins 2007 og fengið skýringar frá ráðuneytum og stofnunum vegna fyrstu níu mánaða þess árs. Unnið er að því innan fjárlaganefndarskrifstofu Alþingis að endurbæta og virkja eftirlitshlutverk Alþingis enn frekar með því að fá fram upplýsingar mun fyrr og stuðla þannig að virkari greiningarvinnu.

Alþingi, 22. maí 2008.

Gunnar Svavarsson, form., frsm.	Kristján Þór Júlíusson.	Guðbjartur Hannesson.
Illugi Gunnarsson.	Ásta Möller.	Steinunn Valdís Óskarsdóttir.
Ármann Kr. Ólafsson.		Björk Guðjónsdóttir.

1085. Frumvarp til laga [634. mál]

um breytingu á lögum nr. 30/2007, um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

Við 3. gr. laganna bætist nýr töluliður, 7. tölul., svohljóðandi: *Frístundafiskiskip* er hvert það skip, skrásett sem frístundafiskiskip samkvæmt lögum um skráningu skipa, sem í atvinnuskyni er leigt út til frístundaveiða.

2. gr.

Á eftir 7. gr. laganna kemur ný grein, 7. gr. a, svohljóðandi:

Frístundafiskiskip.

Sá sem er lögmætur handhafi skemmtibátaskírteinis til strand- eða úthafssiglinga eða handhafi annars sambærilegs erlends skírteinis að mati Siglingastofnunar Íslands hefur rétt til að annast stjórn frístundafiskiskips, enda hafi hann jafnframt fengið fullnægjandi kennslu á skipið, m.a. á björgunarbúnað þess, fjarskiptatæki, siglingakort og helstu undirstöðuatriði siglingafræði og siglingareglna.

Sá sem gerir út frístundafiskiskip ber fulla ábyrgð á að stjórnendur frístundafiskiskipa hafi fullnægjandi réttindi á frístundafiskiskip og hafi fengið fullnægjandi kennslu á skipin áður en lagt er úr höfn og séu hæfir til þess að annast stjórn skipanna á öruggan hátt, með tilliti

til öryggis mannslífa, eigna og umhverfis. Skal hann jafnframt vera í stöðugu fjarskiptasambandi við stjórnendur skipanna eftir að þeim er lagt úr höfn.

Samgönguráðherra setur nánari reglur um frístundafiskiskip í reglugerð, m.a. um kennslu á skipin og þær kröfur sem gerðar eru til slíkrar kennslu og þeirra er sjá um að veita hana. Jafnframt skal ráðherra setja nánari reglur um stærð frístundafiskiskipa, afl og farsvið og um öryggiskröfur sem gerðar eru til frístundafiskiskipa, stjórnenda skipanna og þeirra er gera skipin út og fjarskiptasamband á milli þeirra og stjórnenda skipanna.

3. gr.

Við 1. mgr. 18. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Jafnframt skal greiða gjald vegna kostnaðar sem hlýst af kennslu á frístundafiskiskip og skemmtibáta, þ.m.t. vegna prófdómara og próftöku.

4. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Sá sem á árinu 2008 uppfyllir ekki skilyrði 1. mgr. 7. gr. a getur öðlast tímabundna heimild í allt að tvær vikur til þess að annast stjórn frístundafiskiskips, enda hafi hann fengið fullnægjandi kennslu á skipið, m.a. á björgunarbúnað þess og fjarskiptatæki, siglingakort og helstu undirstöðuatriði siglingafræði og siglingareglna.

Kennslan og námsefnið er háð samþykki og eftirliti Siglingastofnunar Íslands eða annarra aðila er hún tilnefnir. Skal sá sem gerir út frístundafiskiskip leita samþykkis stofnunarinnar fyrir námsefninu og kennslunni.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er samið í samgönguráðuneyti í samvinnu við Siglingastofnun Íslands og hagsmunaaðila. Tilgangur frumvarpsins er að efla öryggi áhafna frístundafiskiskipa.

Starfsemi frístundafiskiskipa má rekja til ársins 2005. Á þeim tíma var ekki að finna heildstæða löggjöf um starfsemina, en í ljósi eðlis hennar, þar sem skip eru leigð ferðamönnum til sjóstangveiða, var litið svo á að starfsemin sem slík væri atvinnustarfsemi. Í ljósi þess voru gerðar kröfur til skipanna eins og um fiskiskip af sömu stærð væri að ræða. Hins vegar var litið svo á að áhöfnin lyti sömu lögmálum og áhöfn skemmtibáta þar sem um frístundaiðju væri að ræða og því þyrfti engin tilskilin réttindi til þess að stjórna frístundafiskiskipi.

Frístundafiskiskip eru ekki sérstaklega skilgreind í lögum nr. 30/2007, um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa, er tóku gildi 1. janúar 2008. Lögin höfðu til að mynda að geyma þau nýmæli að tilteknar kröfur voru gerðar til stjórnenda skemmtibáta. Í lögunum eru ýmsar tegundir skipa sérstaklega skilgreindar og eru skilgreiningar skipanna háðar því hvernig þau eru skráð í aðalskipaskrá Siglingastofnunar Íslands. Í ljósi þess að frístundafiskiskip er skráð sem slíkt í skipaskrána rúmast það ekki innan skilgreiningarhugtaka fiskiskipa og skemmtibáta og fellur því undir flokkinn *önnur skip*.

Í byrjun árs 2008 skipaði samgönguráðherra starfshóp um heildarendurskoðun laga og reglugerða um frístundafiskiskip. Í skipunarbréfi til starfshópsins kom fram að markmiðið með vinnunni væri að einfalda reglugerðaumhverfi og stjórnsýslu frístundafiskiskipa og þar með að minnka skriffinnsku en um leið að treysta öryggi sæfarenda.

Í starfshópinn voru skipuð Ólafur Páll Vignisson frá samgönguráðuneyti, formaður, Heiðar Kristinsson frá Siglingastofnun Íslands, Hrefna Gísladóttir frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, Eyþór Björnsson frá Fiskistofu, Finnur Jónsson frá Sumarbyggð hf. og Elías Guðmundsson frá Hvíldarkletti ehf.

Starfshópurinn er enn að störfum en ákvað í byrjun vinnu sinnar að fara yfir lög og reglur er lytu að hæfniskröfum stjórnenda frístundafiskiskipa. Í ljósi skilgreininga laganna má draga þá ályktun að frístundafiskiskip falla undir hugtakið *önnur skip*. Af þeim sökum verður að horfa til krafna um áhafnir slíkra skipa þannig að hægt sé að heimfæra þær kröfur yfir á áhafnir frístundafiskiskipa. Ljóst má vera að skemmtibátaskírteini á aðeins við um skemmtibáta eins og þeir eru skilgreindir í lögunum. Þær kröfur sem gerðar eru til *annarra skipa* eiga einungis við um þá sem *starfa* um borð í slíkum skipum. Ekki er því tekin afstaða til áhafnar á *öðrum skipum* þegar um frístundaiðju er að ræða líkt og í tilviki frístundafiskiskipa.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Frístundafiskiskip hafa ekki verið skilgreind í lögum áður. Lagt er til að skilgreiningin taki mið af skráningu í aðalskipaskrá Siglingastofnunar Íslands í samræmi við aðrar skilgreiningar laganna. Í því sambandi er það gert að skilgreiningarhugtaki að skipið sé ætlað til útleigu í frístundaveiði svo að það lúti þeim reglum er um þau skip gilda.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. er orðuð sú meginregla að lögmætur handhafi skemmtibátaskírteinis til strandeða úthafssiglinga hafi rétt til þess að stjórna frístundafiskiskipi. Hér er um að ræða lágmarkskröfur sem uppfylla þarf svo heimilt sé að stjórna þessum skipum.

Í ljósi þess að frístundafiskiskip eru sérsmíðuð og stjórnkerfi skipanna er einfalt, auk þess sem með lögum þessum er gert ráð fyrir því að ráðherra setji í reglugerð nánari fyrirmæli um eftirlit með skipunum á sjó, um takmarkað farsvið þeirra og fleira, er talið forsvaranlegt út frá öryggi að þær lágmarkskröfur sem gerðar verða til stjórnenda skipanna verði með þeim hætti sem lagt er til, enda fái stjórnendur skipanna fullnægjandi kennslu á skipin, allan búnað þeirra og helstu undirstöðuatriði siglingafræði og siglingareglna.

Í 2. mgr. er það áréttað að þeir sem gera út frístundafiskiskip beri ábyrgð á því að stjórnendur frístundafiskiskipa hafi fengið fullnægjandi kennslu og séu hæfir til þess að stjórna skipunum. Í því sambandi er gert ráð fyrir því að útgerðarmaður muni sjá til þess að öllum kröfum til kennslu og náms sé fullnægt. Af þeim sökum ber útgerðarmaður ábyrgð á því að stjórnendur skipanna séu hæfir til þess að stjórna skipunum á öruggan hátt áður en lagt er úr höfn, enda telji hann að öryggi mannslífa, eigna eða umhverfis verði ekki stefnt í hættu. Hins vegar ber skipstjórinn eftir sem áður ábyrgð sem slíkur í samræmi við ákvæði siglingalaga og ákvæði þessara laga.

Í 3. mgr. er að finna reglugerðarheimild fyrir ráðherra til þess að setja nánari fyrirmæli um skipin. Í því sambandi skal ráðherra útfæra hvað teljist vera fullnægjandi kennsla á hverjum tíma, en í því sambandi getur kennsla ekki talist fullnægjandi nema hún uppfylli þær kröfur sem lög og reglugerð setja. Kennsla getur því t.a.m. ekki talist fullnægjandi nema námið og námsefnið sé samþykkt af Siglingastofnun Íslands og kennslan sé undir eftirliti stofnunarinnar eða annarra er hún tilnefnir.

Einnig ber ráðherra að setja nánari reglur um stærð, afl og farsvið skipanna, öryggiskröfur og fjarskiptasamband líkt og áskilið er í ákvæðinu, en líkt og fram kemur í 3. mgr. er ekki um tæmandi upptalningu að ræða sem ráðherra ber að setja reglur um.

Um 3. gr.

Hér er gert ráð fyrir því að styrkja gjaldtökuheimildir Siglingastofnunar vegna þeirra breytinga sem lagðar eru til með frumvarpi þessu. Í því sambandi er gert ráð fyrir því að kostnaður sem hlýst af kennslu á frístundafiskiskip og skemmtibáta, og eins kostnaður vegna prófdómara, skuli greiddur af þeim sem skipuleggja og sjá um kennslu, próf og próftöku.

Um 4. gr.

Í nýju ákvæði til bráðabirgða er gert ráð fyrir því að á árinu 2008 geti þeir sem uppfylla ekki skilyrði 1. mgr. 7. gr. a eigi að síður fengið tímabundna heimild til þess að annast stjórn frístundafiskiskips að uppfylltum þeim skilyrðum er ákvæðið setur.

Um er að ræða tímabundna heimild sem staðið getur í allt að tvær vikur. Þeir sem gera út á starfsemina bera ábyrgð, í samræmi við 2. mgr. 7. gr. a, á því að viðkomandi hafi fengið fullnægjandi kennslu á skipin. Gert er ráð fyrir því að kennslu og þeim kröfum sem gerðar eru til hennar, námsins og námsefnis megi a.m.k. jafna til þeirra krafna sem gerðar eru til kennslu skemmtibátastjórnenda. Kennsla getur því ekki talist fullnægjandi nema námið og námsefnið sé samþykkt af Siglingastofnun Íslands og kennslan sé undir eftirliti stofnunarinnar eða annarra er hún tilnefnir.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 30/2007, um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa.

Markmið frumvarpsins er að auka öryggi sjófarenda, einkum þeirra sem stjórna svokölluðum frístundafiskiskipum, og um leið að skýra þær kröfur sem gerðar eru til stjórnenda skipanna. Í því sambandi er lagt til að stjórnendur þeirra þurfi að minnsta kosti að hafa sams konar réttindi og stjórnendur skemmtibáta. Gert er ráð fyrir að kostnaði sem til fellur vegna kennslu á frístundaskip og skemmtibáta, þ.m.t. kostnaði sem hlýst af vegna prófdómara og próftöku hjá Siglingastofnun Íslands, verði mætt með gjaldtöku.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er gert ráð fyrir að útgjöld Siglingastofnunar Íslands aukist um 1 m.kr. en að þeim útgjöldum verði mætt með þjónustugjöldum sem færast á tekjuhlið ríkissjóðs.

1086. Frumvarp til laga [635. mál]

um sjúkraskrár.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

I. KAFLI
Inngangur.

1. gr.
Tilgangur og gildissvið.

Tilgangur laga þessara er að setja reglur um sjúkraskrár þannig að unnt sé að veita sjúklingum eins fullkomna heilbrigðisþjónustu og kostur er á hverjum tíma og tryggja um leið vernd sjúkraskrárupplýsinga.

Lögin gilda um sjúkraskrár sem færðar eru þegar meðferð er veitt hér á landi.

Að svo miklu leyti sem ekki er mælt fyrir um á annan veg í lögum þessum gilda ákvæði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga um sjúkraskrárupplýsingar og meðferð þeirra.

2. gr.
Sjálfsákvörðunarréttur og mannhelgi sjúklinga.

Við færslu og varðveislu sjúkraskráa og aðgang að þeim skal mannhelgi og sjálfsákvörðunarréttur sjúklinga virtur og þess gætt að sjúkraskrár hafa að geyma viðkvæmar persónuupplýsingar og að sjúkraskrárupplýsingar eru trúnaðarmál.

3. gr.
Skilgreiningar.

Í lögum þessum hafa eftirfarandi orð svofellda merkingu:

1. *Sjúklingur:* Notandi heilbrigðisþjónustu.
2. *Heilbrigðisþjónusta:* Hvers kyns heilsugæsla, lækningar, hjúkrun, almenn og sérhæfð sjúkrahúsþjónusta, sjúkraflutningar, hjálpartækjaþjónusta og þjónusta heilbrigðisstarfsmanna innan og utan heilbrigðisstofnana sem veitt er í því skyni að efla heilbrigði, fyrirbyggja, greina eða meðhöndla sjúkdóma og endurhæfa sjúklinga.
3. *Meðferð:* Rannsókn, aðgerð eða önnur heilbrigðisþjónusta sem læknir eða annar heilbrigðisstarfsmaður veitir til að greina, lækna, endurhæfa, hjúkra eða annast sjúkling.
4. *Sjúkraskrárupplýsingar:* Lýsing eða túlkun í rituðu máli, myndir, þ.m.t. röntgenmyndir, línurit og mynd- og hljóðupptökur sem innihalda upplýsingar er varða heilsufar sjúklings og meðferð hans hjá heilbrigðisstarfsmanni eða heilbrigðisstofnun og aðrar nauðsynlegar persónuupplýsingar.
5. *Sjúkraskrá:* Safn sjúkraskrárupplýsinga um sjúkling sem unnar eru í tengslum við meðferð eða fengnar annars staðar frá vegna meðferðar hans á heilbrigðisstofnun eða starfsstofu heilbrigðisstarfsmanns.
6. *Rafrænt sjúkraskrárkerfi:* Rafrænt kerfi sem notað er til að færa, varðveita og vinna með sjúkraskrár.
7. *Samtenging sjúkraskrárkerfa:* Þegar rafræn sjúkraskrárkerfi tveggja eða fleiri ábyrgðaraðila eru samtengd þannig að unnt er að miðla upplýsingum úr sjúkraskrám á milli kerfanna.

8. *Sameiginlegt sjúkraskrárkerfi:* Rafrænt sjúkraskrárkerfi tveggja eða fleiri heilbrigðisstofnana eða starfsstofa heilbrigðisstarfsmanna.
9. *Heilbrigðisstofnun:* Stofnun þar sem heilbrigðisþjónusta er veitt.
10. *Heilbrigðisstarfsmaður:* Einstaklingur sem starfar við heilbrigðisþjónustu og hlotið hefur leyfi landlæknis til að nota starfsheiti löggiltrar heilbrigðisstéttar.
11. *Starfsstofur heilbrigðisstarfsmanna:* Starfsstöðvar sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna þar sem heilbrigðisþjónusta er veitt með eða án greiðsluþátttöku ríkisins.
12. *Ábyrgðaraðili sjúkraskráa:* Heilbrigðisstofnun eða starfsstofa heilbrigðisstarfsmanna þar sem sjúkraskrár eru færðar. Hafi sjúkraskrárkerfi heilbrigðisstofnana eða starfsstofa heilbrigðisstarfsmanna, tveggja eða fleiri, verið sameinuð, sbr. VI. kafla, telst ábyrgðaraðili sjúkraskráa í kerfinu sá aðili sem heilbrigðisstofnanir og starfsstofur heilbrigðisstarfsmanna sem aðild eiga að kerfinu hafa komið sér saman um.
13. *Umsjónaraðili sjúkraskráa:* Læknir, eða annar heilbrigðisstarfsmaður sé lækni ekki til að dreifa, sem ábyrgðaraðili hefur falið að hafa eftirlit með og sjá um að skráning og meðferð sjúkraskrárupplýsinga sé í samræmi við ákvæði laga þessara. Heilbrigðisstarfsmaður sem starfar einn á stofu telst umsjónaraðili þeirra sjúkraskráa sem hann færir.

II. KAFLI
Um færslu sjúkraskráa.

4. gr.
Skylda til færslu sjúkraskráa.

Heilbrigðisstarfsmaður sem fær sjúkling til meðferðar skal færa sjúkraskrá.

Sjúkraskrár skulu færðar í rafrænu formi að því marki sem unnt er.

Ábyrgðaraðili sjúkraskráa skal sjá til þess að skilyrði séu til staðar til að færa sjúkraskrá.

Í öllum tilvikum ber sá heilbrigðisstarfsmaður sem veitir meðferð og færir upplýsingar um hana í sjúkraskrá, ábyrgð á sjúkraskrárfærslum sínum.

5. gr.
Færsla sjúkraskrárupplýsinga.

Einungis heilbrigðisstarfsmönnum og öðrum starfsmönnum og nemum í starfsnámi í heilbrigðisvísindum, sem undirgengist hafa sambærilegar trúnaðar- og þagnarskyldu og heilbrigðisstarfsmenn, er heimilt að færa sjúkraskrárupplýsingar í sjúkraskrá.

Um færslu sérstaklega viðkvæmra sjúkraskrárupplýsinga, sbr. 2. mgr. 13. gr., í rafræna sjúkraskrá fer samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur skv. 25. gr.

Við sérhverja færslu sjúkraskrárupplýsinga í sjúkraskrá skal koma fram nafn þess sem skráir og starfsheiti hans.

Sjúkraskrárupplýsingar skulu færðar jafnóðum og þeirra er aflað, ef unnt er, en ella að jafnaði innan tuttugu og fjögurra stunda frá þeim tíma er þeirra var aflað.

Færslu sjúkraskrárupplýsinga skal haga þannig að þær séu aðgengilegar og að ritað mál sé skýrt og skiljanlegt.

6. gr.
Hvað færa skal í sjúkraskrá.

Í sjúkraskrá skal færa með skipulegum hætti þau atriði sem nauðsynleg eru vegna meðferðar sjúklings. Í öllum tilvikum skal þó að lágmarki færa eftirfarandi upplýsingar í sjúkraskrá eftir því sem við á:

1. Nafn sjúklings, heimilisfang, kennitölu, starfsheiti, hjúskaparstöðu.
2. Komu- eða innlagnardag og útskriftardag.
3. Ástæðu komu eða innlagnar.
4. Þau atriði heilsufars- og sjúkrasögu sem máli skipta fyrir meðferðina.
5. Aðvaranir, svo sem ofnæmi.
6. Skoðun.
7. Meðferðar- og aðgerðarlýsingu, þ.m.t. upplýsingar um lyfjameðferð og umsagnir ráðgefandi sérfræðinga.
8. Niðurstöður rannsókna.
9. Greiningu.
10. Afdrif og áætlun um framhaldsmeðferð.

Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um færslu sjúkraskrárupplýsinga í sjúkraskrá. Um færslu rafrænna sjúkraskráa og rafræn sjúkraskrárkerfi gilda jafnframt ákvæði reglugerðar sem ráðherra setur skv. 25. gr.

7. gr.

Réttur sjúklinga við færslu sjúkraskráa.

Sjúklingur getur ákveðið þegar hann fær meðferð að sjúkraskrárupplýsingar vegna hennar verði ekki aðgengilegar öðrum en þeim sem skráir og umsjónaraðila sjúkraskrárinnar og eftir atvikum öðrum tilteknum heilbrigðisstarfsmönnum. Sé það talið nauðsynlegt vegna meðferðar að aðrir heilbrigðisstarfsmenn hafi aðgang að viðkomandi sjúkraskrárupplýsingum skal upplýsa sjúkling um það og jafnframt að synjun um að heimila nauðsynlegan aðgang að sjúkraskránni geti jafngilt því, eftir atvikum, að meðferð hafi verið hafnað, sbr. lög um réttindi sjúklinga.

Telji sjúklingur eða umboðsmaður hans að sjúkraskrárupplýsingar séu rangar eða villandi skal athugasemd hans um það skráð í sjúkraskrána. Sé sýnt fram á að upplýsingar í sjúkraskrá séu bersýnilegar rangar eða villandi er heimilt með samþykki umsjónaraðila að leiðrétta þær í sjúkraskrá viðkomandi. Neiti umsjónaraðili að leiðrétta sjúkraskrárupplýsingar sem sjúklingur telur bersýnilega rangar eða villandi getur sjúklingur skotið þeirri synjun til landlæknis með kæru. Óheimilt er að eyða upplýsingum úr sjúkraskrá sjúklings nema með samþykki landlæknis. Ákvarðanir landlæknis um leiðréttingu eða eyðingu sjúkraskrárupplýsinga eru kæranlegar til ráðherra. Um málsmeðferð fer samkvæmt stjórnsýslulögum.

III. KAFLI

Um varðveislu sjúkraskráa.

8. gr.

Almennt.

Sjúkraskrár skulu varðveittar með öruggum hætti þannig að sjúkraskrárupplýsingar glatist ekki og að þær séu aðgengilegar í samræmi við ákvæði IV. kafla laga þessara.

9. gr.

Ábyrgð á varðveislu sjúkraskráa.

Ábyrgðaraðili sjúkraskráa ber ábyrgð á því að varðveisla sjúkraskráa sé í samræmi við ákvæði laga þessara.

10. gr.

Flutningur sjúkraskráa.

Nú færir sjúklingur sig frá einni heilsugæslustöð til annarrar og skal þá vista afrit sjúkraskrár hans í sjúkraskrárkerfi því sem notað er á þeirri stöð sem hann flyst til.

Sé rekstri sjúkraskrárkerfis hætt skal flytja sjúkraskrár sem þar eru vistaðar til landlæknis. Landlæknir getur ákveðið, með samþykki sjúklings eða umboðsmanns hans, að sjúkraskrár sem fluttar hafa verið til hans skuli vistaðar í sjúkraskrárkerfi annarrar heilbrigðisstofnunar eða starfsstofu heilbrigðisstarfsmanna eða í sameiginlegu sjúkraskrárkerfi.

11. gr.

Tímalengd vörslu.

Sjúkraskrár skal varðveita í sjúkraskrárkerfi heilbrigðisstofnana og starfsstofa heilbrigðisstarfsmanna á meðan sjúklingur lifir. Innan 30 ára frá andláti sjúklings skal afhenda sjúkraskrár hans til Þjóðskjalasafns Íslands og gilda þá ákvæði laga um Þjóðskjalasafn Íslands um varðveislu þeirra og aðgang að þeim.

IV. KAFLI

Um aðgang að sjúkraskrárupplýsingum.

12. gr.

Almennt.

Aðgangur að sjúkraskrám er óheimill nema til þessa standi lagaheimild samkvæmt ákvæðum laga þessara eða öðrum lögum.

13. gr.

Aðgangur starfsmanna að sjúkraskrám.

Heilbrigðisstarfsmenn sem koma að meðferð sjúklings og þurfa á sjúkraskrárupplýsingum hans að halda vegna meðferðarinnar skulu hafa aðgang að sjúkraskrá sjúklingsins með þeim takmörkunum sem leiða af ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim. Umsjónaraðili sjúkraskráa getur veitt öðrum starfsmönnum og nemum í starfsnámi í heilbrigðisvísindum, sem undirgengist hafa sambærilegar trúnaðar- og þagnarskyldur og heilbrigðisstarfsmenn og koma að meðferð sjúklings, heimild til aðgangs að sjúkraskrá hans að því marki sem nauðsynlegt er vegna starfa þeirra í þágu sjúklingsins.

Aðgangur að sérstaklega viðkvæmum sjúkraskrárupplýsingum, þ.e. sjúkraskrárupplýsingum sem sjúklingurinn sjálfur, heilbrigðisstofnun, starfsstofa heilbrigðisstarfsmanns eða heilbrigðisstarfsmaður sem veitir meðferð telur að flokka beri sem slíkar, skal takmarkaður við heilbrigðisstarfsmenn sem nauðsynlega þurfa upplýsingarnar vegna meðferðar sjúklingsins. Skal aðgangur að sérstaklega viðkvæmum sjúkraskrárupplýsingum að jafnaði takmarkaður við þá heilbrigðisstarfsmenn sem starfa innan þeirrar einingar eða deildar heilbrigðisstofnunar eða starfsstofu heilbrigðisstarfsmanns þar sem meðferð er veitt. Aðgangur annarra heilbrigðisstarfsmanna að sérstaklega viðkvæmum sjúkraskrárupplýsingum er óheimill nema með samþykki sjúklings. Heimilt er að víkja frá framangreindum aðgangstakmörkunum ef það telst nauðsynlegt vegna öryggis heilbrigðisstarfsmanna. Ráðherra skal í reglugerð sem hann setur skv. 25. gr. kveða nánar á um aðgang að sérstaklega viðkvæmum sjúkraskrárupplýsingum.

Um trúnaðar- og þagnarskyldu starfsmanna í heilbrigðisþjónustu um persónulegar upplýsingar sem þeir komast að í starfi sínu, þ.m.t. sjúkraskrárupplýsingar, gilda ákvæði laga um réttindi sjúklinga og eftir atvikum önnur lög sem við eiga.

Sjúklingur eða umboðsmaður hans getur lagt bann við því að tiltekinn starfsmaður eða starfsmenn, þ.m.t. nemar í starfsnámi, hafi aðgang að sjúkraskrá hans. Sé það hins vegar talið nauðsynlegt vegna meðferðar sjúklings að hinir tilteknu starfsmenn eða nemar hafi aðgang að sjúkraskrá sjúklings skal upplýsa sjúkling um það og jafnframt að synjun um að heimila nauðsynlegan aðgang að sjúkraskránni geti jafngilt því, eftir atvikum, að sjúklingur hafni meðferð, sbr. lög um réttindi sjúklinga.

Um aðgang að sjúkraskrám gilda jafnframt ákvæði reglugerða, sem ráðherra setur á grundvelli 25. gr.

14. gr.

Aðgangur sjúklinga að eigin sjúkraskrá.

Sjúklingur, eða umboðsmaður hans, á rétt á aðgangi að eigin sjúkraskrá í heild eða að hluta og til að fá afhent afrit af henni ef þess er óskað. Beiðni þar að lútandi skal beint að umsjónaraðila sjúkraskrárinnar.

Sjúkraskrárupplýsingar, hafðar eftir öðrum en sjúklingi sjálfum eða heilbrigðisstarfsmönnum, skulu þó ekki sýndar honum nema með samþykki þess sem upplýsingarnar gaf. Ef sá sem þannig hefur veitt upplýsingar um sjúkling er látinn eða horfinn eða neitar á óréttmætum grundvelli að veita samþykki sitt getur landlæknir ákveðið að sjúklingi eða umboðsmanni hans skuli veittur aðgangur að umræddum upplýsingum, í heild eða að hluta.

Sé talið að það þjóni ekki hagsmunum sjúklings að afhenda honum eða umboðsmanni hans afrit sjúkraskrár skal umsjónaraðili sjúkraskrár án tafar framsenda landlækni afrit sjúkraskrárinnar til ákvörðunar um það hvort aðgangur að sjúkraskránni skuli veittur. Landlæknir skal innan átta vikna afgreiða erindið.

Sjúklingur á rétt á því að fá upplýsingar frá umsjónaraðila sjúkraskrár um það hverjir hafi aflað upplýsinga úr sjúkraskrá hans, m.a. með samtengingu sjúkraskrárkerfa, hvar og hvenær upplýsinga var aflað og í hvaða tilgangi.

Ákvarðanir landlæknis um aðgang sjúklinga að eigin sjúkraskrá eru kæranlegar til ráðherra. Um málsmeðferð fer samkvæmt stjórnsýslulögum.

15. gr.

Aðgangur að sjúkraskrá látins einstaklings.

Veita skal aðgang að sjúkraskrá látins einstaklings þegar fyrir liggur ótvírætt samþykki hans um að veita megi viðkomandi aðila slíkan aðgang. Teljist samþykki sjúklings ekki ótvírætt skal umsjónaraðili sjúkraskrár án tafar vísa beiðni um aðgang að sjúkraskránni til landlæknis til ákvörðunar.

Telji náinn aðstandandi hins látna, svo sem maki, foreldri eða afkomandi, að eitthvað hafi farið úrskeiðis við meðferð hins látna, en ótvírætt samþykki sjúklings skv. 1. mgr. liggur ekki fyrir, er landlækni heimilt að veita honum aðgang að þeim hluta sjúkraskrár hins látna sem varðar hina umdeildu meðferð enda séu upplýsingarnar þess eðlis að ekki verði talið með hliðsjón af tengslum hins látna og þess sem biður um aðgang að hinn látni hefði lagst gegn því að viðkomandi fengi aðgang að þeim.

Í öðrum tilvikum en þeim sem greinir í 1. og 2. mgr. er óheimilt að veita aðgang að sjúkraskrá látins einstaklings nema fyrir liggi sérstök lagaheimild eða dómsúrskurður þess efnis.

Ákvörðun landlæknis um aðgang að sjúkraskrá skv. 1. og 2. mgr. er kæranleg til ráðherra. Um málsmeðferð fer samkvæmt stjórnsýslulögum.

16. gr.

Aðgangur heilbrigðisyfirvalda.

Heilbrigðisyfirvöld sem lögum samkvæmt fá til umfjöllunar kvörtun eða kæru sjúklings eða umboðsmanns hans vegna meðferðar eiga rétt til aðgangs að sjúkraskrá viðkomandi með sama hætti og sjúklingur sjálfur.

Um miðlun upplýsinga úr sjúkraskrám vegna færslu heilbrigðisskráa og eftirlits landlæknis, þ.m.t. gæðaeftirlits, fer samkvæmt lögum um landlækni.

17. gr.

Aðgangur vegna vísindarannsókna.

Umsjónaraðila sjúkraskráa er heimilt að veita aðgang að sjúkraskrám vegna vísindarannsókna. Skilyrði fyrir slíkum aðgangi er að fyrir liggi leyfi Persónuverndar samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga um að veita megi aðgang að upplýsingum úr sjúkraskrám, þ.m.t. lífsýnum, vegna vísindarannsóknar enda uppfylli rannsókn skilyrði vísindarannsóknar, sbr. 4. mgr. 2. gr. laga um réttindi sjúklinga. Persónuvernd getur bundið slíkt leyfi þeim skilyrðum sem metin eru nauðsynleg hverju sinni.

Í hvert sinn sem sjúkraskrá er skoðuð vegna vísindarannsóknar skal það skráð í hana og ákvæða IV. kafla laga þessara gætt.

18. gr.

Aðgangur vegna gæðaþróunar og gæðaeftirlits.

Umsjónaraðila sjúkraskráa er heimilt að veita heilbrigðisstarfsmönnum og öðrum starfsmönnum og nemum í starfsnámi í heilbrigðisvísindum, sem undirgengist hafa sambærilegar trúnaðar- og þagnarskyldu og heilbrigðisstarfsmenn, aðgang að sjúkraskrám vegna gæðaþróunar og gæðaeftirlits með heilbrigðisþjónustu og meðferð innan viðkomandi heilbrigðisstofnunar eða starfsstofu heilbrigðisstarfsmanna.

V. KAFLI

Um samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa.

19. gr.

Heimild til að samtengja rafræn sjúkraskrárkerfi.

Umsjónaraðila sjúkraskráa er heimilt að veita heilbrigðisstarfsmönnum annarra heilbrigðisstofnana eða annarra starfsstofa heilbrigðisstarfsmanna sem ekki eiga aðild að kerfinu beinan aðgang að sjúkraskrá með samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa hafi sjúklingur ekki bannað slíkan aðgang, sbr. 20. gr. Er þeim heilbrigðisstarfsmönnum sem eru í beinum samskiptum við sjúkling vegna meðferðar þá heimilt að afla nauðsynlegra upplýsinga um sjúklinginn. Sama getur gilt eftir því sem þörf krefur um nema í starfsnámi í heilbrigðisvísindum sem undirgengist hafa sambærilegar trúnaðar- og þagnarskyldu og heilbrigðisstarfsmenn.

Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa og um aðgangsheimildir heilbrigðisstarfsmanna við slíka samtengingu. Um öryggi persónuupplýsinga við samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa fer samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og reglum Persónuverndar um öryggi persónuupplýsinga.

20. gr.

Réttur sjúklings til að banna miðlun upplýsinga um hann með samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa.

Sjúklingur eða umboðsmaður hans hefur rétt til að banna miðlun upplýsinga um hann með samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa. Bannið getur tekið til miðlunar allra rafrænna sjúkraskrárupplýsinga um sjúkling sem vistaðar eru í tilteknu rafrænu sjúkraskrárkerfi. Bannið getur jafnframt tekið til tiltekinna sjúkraskrárupplýsinga í rafrænni sjúkraskrá sjúklings á heilbrigðisstofnun eða starfsstofu heilbrigðisstarfsmanns, t.d. sjúkraskrárupplýsinga sem vistaðar eru á tilteknum deildum eða einingum innan stofnunar eða starfsstofu, að því marki sem það er tæknilega mögulegt hjá viðkomandi ábyrgðaraðila sjúkraskráa, sbr. reglugerð sem ráðherra setur skv. 25. gr. Sjúklingur eða umboðsmaður hans getur einnig lagt bann við því að tilgreindir aðilar geti aflað upplýsinga um hann með samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa.

Leggi sjúklingur eða umboðsmaður hans bann við því að sjúkraskrárupplýsingum um hann sé miðlað með samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa í einstöku tilviki skal sá heilbrigðisstarfsmaður sem ber ábyrgð á meðferð sjúklings upplýsa hann um að meðferðin geti orðið ómarkvissari en ella þar sem ekki sé þá hægt að afla heildstæðra upplýsinga um hann. Ákvörðun sjúklings um að banna samtengingu í einstöku tilviki skal skráð í sjúkraskrá hans.

Ákvörðun sjúklings um að leggja almennt bann við miðlun sjúkraskrárupplýsinga skv. 1. mgr. með samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa skal beint til umsjónaraðila sjúkraskrárinnar. Ákvörðunin skal vera skrifleg og staðfest af heilbrigðisstarfsmanni sem jafnframt staðfestir að útskýrt hafi verið fyrir sjúklingi að með ákvörðuninni geti meðferð sem sjúklingurinn síðar kann að þarfnast orðið ómarkvissari en ella þar sem ekki sé þá hægt að afla heildstæðra upplýsinga um sjúklinginn með samtengingu rafrænna sjúkraskráa. Umsjónaraðili sjúkraskráa ber þá ábyrgð á því að bann sjúklings varðandi samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa sé virt og að sjúkraskrárupplýsingar um viðkomandi sjúkling séu ekki aðgengilegar með samtengingu kerfisins við annað rafrænt sjúkraskrárkerfi. Sjúklingur getur hvenær sem er afturkallað bann við miðlun sjúkraskrárupplýsinga um hann með samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa. Ákvörðun sjúklings um afturköllun skal staðfest af tveimur heilbrigðisstarfsmönnum og beint að umsjónaraðila sjúkraskrárinnar.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari reglur um rétt sjúklings til að banna miðlun sjúkraskrárupplýsinga um hann með samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa.

VI. KAFLI
Um sameiginleg sjúkraskrárkerfi.

21. gr.

Sameiginlegt sjúkraskrárkerfi.

Heilbrigðisstofnunum og starfsstofum heilbrigðisstarfsmanna, tveimur eða fleirum, er heimilt með leyfi ráðherra að færa og varðveita sjúkraskrár sjúklinga, sem koma til meðferðar hjá þeim, í sameiginlegu rafrænu sjúkraskrárkerfi.

Leyfi ráðherra skv. 1. mgr. skal aðeins veitt ef sýnt er fram á að sameiginlegt sjúkraskrárkerfi sé til þess fallið að tryggja betur öryggi sjúklinga við meðferð. Ráðherra getur bundið leyfi skv. 1. mgr. þeim skilyrðum sem hann telur nauðsynleg til að tryggja vandaða færslu sjúkraskráa, örugga varðveislu þeirra og vernd sjúkraskrárupplýsinga. Leyfisveiting ráðherra skal jafnframt bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Að skilyrði reglugerðar skv. 25. gr. um færslu rafrænna sjúkraskráa og rafræn sjúkraskrárkerfi sé uppfyllt.

2. Að fyrir liggi staðfesting Persónuverndar um að öryggi persónuupplýsinga í hinu sameiginlega rafræna sjúkraskrárkerfi sé tryggt í samræmi við lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og reglur Persónuverndar um öryggi persónuupplýsinga.

22. gr.

Réttur sjúklings til að takmarka aðgang að sjúkraskrárupplýsingum um hann í sameiginlegu sjúkraskrárkerfi.

Sjúklingur eða umboðsmaður hans getur lagt bann við því að sjúkraskrárupplýsingar um hann í sameiginlegu sjúkraskrárkerfi séu aðgengilegar, að hluta eða öllu leyti, utan þeirrar heilbrigðisstofnunar eða starfsstofu heilbrigðisstarfsmanna þar sem þær eru færðar. Bannið getur jafnframt tekið til sjúkraskrárupplýsinga sem vistaðar eru á tilteknum deildum eða einingum innan heilbrigðisstofnunar eða starfsstofu heilbrigðisstofnunar að því marki sem það er tæknilega mögulegt, sbr. reglugerð sem ráðherra setur skv. 25. gr. Sjúklingur eða umboðsmaður hans getur loks lagt bann við því að tilgreindir aðilar geti aflað upplýsinga um hann í sameiginlegu sjúkraskrárkerfi.

Ákvörðun sjúklings skv. 1. mgr. skal beint til umsjónaraðila sjúkraskrárinnar. Ákvörðunin skal vera skrifleg og staðfest af heilbrigðisstarfsmanni sem jafnframt staðfestir að útskýrt hafi verið fyrir sjúklingi að með ákvörðuninni geti meðferð sem sjúklingurinn síðar kann að þarfnast orðið ómarkvissari en ella þar sem ekki sé þá hægt að afla heildstæðra upplýsinga um sjúklinginn. Umsjónaraðili sjúkraskráa ber ábyrgð á því að bann sjúklings sé virt og að sjúkraskrárupplýsingar um viðkomandi sjúkling séu einungis aðgengilegar í samræmi við ákvörðun hans. Sjúklingur getur hvenær sem er afturkallað bann við miðlun sjúkraskrárupplýsinga um hann í sameiginlegu sjúkraskrárkerfi. Ákvörðun sjúklings um afturköllun skal staðfest af tveimur heilbrigðisstarfsmönnum og beint að umsjónaraðila sjúkraskrárinnar.

VII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

23. gr.

Eftirlit.

Ábyrgðar- og umsjónaraðilar sjúkraskráa skulu hafa virkt eftirlit með því að framfylgt sé ákvæðum laga þessara. Umsjónaraðili sjúkraskráa hefur rétt til aðgangs að sjúkraskrám að því marki sem nauðsynlegt er vegna eftirlitsins.

Landlæknir hefur eftir því sem við á eftirlit með því að ákvæði laga þessara séu virt. Um eftirlit landlæknis og eftirlitsúrræði fer samkvæmt lögum um landlækni.

Persónuvernd hefur eftirlit með öryggi og vinnslu persónuupplýsinga í sjúkraskrám í samræmi við ákvæði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Leiði eftirlit í ljós að verulegar líkur séu á að brotið hafi verið gegn persónuverndarhagsmunum sjúklings skal brot kært til lögreglu. Fer þá um málið hjá lögreglu samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála. Kæra til lögreglu stöðvar ekki athugun og beitingu stjórnsýsluviðurlaga samkvæmt lögum um landlækni og lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga eða beitingu úrræða samkvæmt lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.

24. gr.
Viðurlög.

Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglna sem settar eru á grundvelli þeirra varða sektum eða fangelsi allt að þremur árum.

25. gr.
Reglugerð.

Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um færslu rafrænna sjúkraskráa, varðveislu þeirra, aðgang að þeim, aðgangsstýringu og aðgangstakmarkanir í samræmi við ákvæði laga þessara. Ráðherra skal jafnframt með reglugerð kveða á um tæknikröfur og staðla sem rafræn sjúkraskrárkerfi, þar á meðal sameiginleg sjúkraskrárkerfi, verða að uppfylla. Reglugerð ráðherra skal taka mið af rétti sjúklinga samkvæmt ákvæðum laga þessara við færslu sjúkraskráa og til að takmarka aðgang að sjúkraskrá sinni. Um öryggi persónuupplýsinga í rafrænu sjúkraskrárkerfi fer samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og reglum Persónuverndar um öryggi persónuupplýsinga.

Ráðherra hefur jafnframt heimild að öðru leyti til að setja nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

26. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

27. gr.
Breytingar á öðrum lögum.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum.

1. *Lög nr. 74/1997, um réttindi sjúklinga, með síðari breytingum.*
   a. Í stað orðsins „þjónusta“ í 2. mgr. 2. gr. laganna kemur orðið: heilbrigðisþjónusta.
   b. Í stað orðanna „ákvæði 15. gr.“ í 4. málsl. 1. mgr. 10. gr. koma orðin: ákvæði laga um sjúkraskrár.
   c. 3. og 4. málsl. 12. gr. laganna falla brott.
   d. 14. gr. laganna orðast svo:
      Um meðferð upplýsinga í sjúkraskrá gilda ákvæði laga um sjúkraskrár.
   e. 15. og 16. gr. laganna falla brott.
2. *Læknalög nr. 53/1988, með síðari breytingum.*
   16. gr. laganna orðast svo:
   Um skyldu læknis til að færa sjúkraskrá og um meðferð sjúkraskrárupplýsinga fer samkvæmt lögum um sjúkraskrár.
3. *Upplýsingalög nr. 50/1996, með síðari breytingum.*
   Í stað orðanna „réttindi sjúklinga“ í 4. mgr. 9. gr. laganna kemur orðið: sjúkraskrár.
4. *Lög nr. 139/1998, um gagnagrunn á heilbrigðissviði.*
   Í stað orðanna „réttindi sjúklinga“ í 3. mgr. 7. gr. laganna kemur orðið: sjúkraskrár.
5. *Lög nr. 100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingum.*
   Í stað orðanna „réttindi sjúklinga“ í 4. málsl. 5. mgr. 52. gr. laganna kemur orðið: sjúkraskrár.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur.

Frumvarp það sem hér er lagt fram er samið af nefnd sem skipuð var af heilbrigðisráðherra, Guðlaugi Þór Þórðarsyni, 2. október 2007, til að endurskoða ákvæði laga og reglugerða um sjúkraskrár. Dögg Pálsdóttir hæstaréttarlögmaður var skipuð formaður nefndarinnar en aðrir nefndarmenn voru Matthías Halldórsson aðstoðarlandlæknir, Torfi Magnússon læknir, skipaður samkvæmt tilnefningu Landspítala, Sigurður E. Sigurðsson læknir, skipaður samkvæmt tilnefningu Sjúkrahússins á Akureyri, Lúðvík Ólafsson læknir, skipaður samkvæmt tilnefningu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Stefán Þórarinsson læknir, skipaður samkvæmt tilnefningu Heilbrigðisstofnunar Austurlands, Ólafur Stefánsson læknir, skipaður samkvæmt tilnefningu Læknafélags Íslands og Guðrún Auður Harðardóttir, sérfræðingur í upplýsingatækni á heilbrigðissviði og verkefnisstjóri í heilbrigðisráðuneytinu, skipuð án tilnefningar. Starfsmaður nefndarinnar var Ágúst Geir Ágústsson lögfræðingur. Varamaður Matthíasar Halldórssonar í nefndinni var Kristján Oddsson yfirlæknir hjá embætti landlæknis og sat hann nefndarfundi í stað Matthíasar frá því í janúar 2008 og til loka nefndarstarfsins.

Nefndin kom saman til fundar alls 15 sinnum áður en hún lauk störfum 10. apríl 2008 en eftir þann fund skilaði hún jafnframt niðurstöðum sínum til ráðherra í frumvarpsformi.

Í frumvarpinu er lagt til að sett verði sérstök lög um sjúkraskrár. Núgildandi ákvæði laga um sjúkraskrár er að finna í lögum nr. 74/1997, um réttindi sjúklinga, og fjalla þau fyrst og fremst um rétt sjúklinga til aðgangs að eigin sjúkraskrám. Hefur öðrum reglum sem varða færslu sjúkraskráa, varðveislu þeirra og meðferð verið fundinn staður í reglugerð nr. 227/1991, um sjúkraskrár og skýrslugerð varðandi heilbrigðismál, sem sett var á sínum tíma með stoð í læknalögum. Telja verður að ýmis mikilvæg atriði sem þar er mælt fyrir um eigi betur heima í settum lögum frá Alþingi, svo sem um skylduna til færslu sjúkraskráa, tilgang sjúkraskráa, meginsjónarmið um sjálfsákvörðunarrétt og mannhelgi sjúklinga, hvaða upplýsingar skuli að lágmarki færðar í sjúkraskrár og reglur um örugga varðveislu þeirra o.fl. Þá hafa augu manna fyrir þeim möguleikum sem felast í rafrænum sjúkraskrám og rafrænum sjúkraskrárkerfum til að bæta heilbrigðisþjónustuna og auka öryggi sjúklinga verið að opnast. Nauðsynlegt er að um færslu rafrænna sjúkraskráa, samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa og sameiginleg sjúkraskrárkerfi gildi skýrar lagareglur þannig að unnt sé að tryggja öryggi upplýsinga í slíkum kerfum, persónuvernd sjúklinga og ekki síst sjálfsákvörðunarrétt þeirra, þegar kemur að rafrænni miðlun sjúkraskrárupplýsinga á milli veitenda heilbrigðisþjónustu. Þá eru ákvæði laga um réttindi sjúklinga um sjúkraskrár og áðurnefndrar reglugerðar komin nokkuð til ára sinna og þarfnast endurskoðunar og lagfæringar í ljósi breyttra aðstæðna og lagaumhverfis í heilbrigðisþjónustu, sem og breyttra viðhorfa, m.a. um persónuvernd og sjálfsákvörðunarrétt sjúklinga.

Að öllu samanteknu er ljóst að rík þörf er á endurskoðun lagareglna um sjúkraskrár hér á landi. Er frumvarpinu sem hér er lagt fram ætlað að mæta þeirri þörf.

2. Núgildandi lagareglur um sjúkraskrár.

1. Lög nr. 74/1997, um réttindi sjúklinga.

Eins og fram hefur komið eru meginákvæði íslenskra laga um sjúkraskrár að finna í lögum nr. 74/1997, um réttindi sjúklinga. Er í lögunum mælt fyrir um meðferð upplýsinga í sjúkraskrám og þá einkum um aðgang sjúklinga eða umboðsmanna þeirra að upplýsingum í sjúkraskrám en jafnframt er í lögunum mælt fyrir um aðgang að sjúkraskrám vegna vísindarannsókna. Er meginregla laganna sú að sjúklingur eigi rétt til aðgangs að sjúkraskrá sinni og til

að fá afrit hennar ef hann óskar eftir því. Tvær undantekningar eru gerðar á aðgangsrétti sjúklinga í lögum. Annars vegar ef upplýsingar í sjúkraskrá eru hafðar eftir öðrum en sjúklingi sjálfum eða heilbrigðisstarfsmönnum, þá á sjúklingur ekki rétt til aðgangs að þeim nema með samþykki þess sem upplýsingarnar gaf. Ef sá sem þannig hefur veitt upplýsingar um sjúkling er látinn eða horfinn eða neitar á óréttmætum grundvelli að veita samþykki sitt getur landlæknir ákveðið að sjúklingi eða umboðsmanni hans skuli veittur aðgangur að umræddum upplýsingum, í heild eða að hluta. Hins vegar ef læknir telur að það þjóni ekki hagsmunum sjúklings að afhenda honum eða umboðsmanni sjúklings afrit af sjúkraskrá hans. Í slíkum tilvikum ber lækni án tafar að framsenda landlækni afrit sjúkraskrárinnar til frekari afgreiðslu. Þessar reglur eru efnislega óbreyttar í frumvarpinu. Hvað varðar heimildir varðandi aðgang að sjúkraskrám látinna þá hafa ákvæði laga um réttindi sjúklinga verið túlkuð svo að nánir aðstandendur geti átt rétt til aðgangs að sjúkraskrá látins einstaklings ef það hefur ekki verið talið fara í bága við vilja hins látna að teknu tilliti til hagsmuna þess sem óskar aðgangs. Í frumvarpinu eru sett skýr ákvæði um aðgang að sjúkraskrám látinna og með lögfestingu þeirra, verði frumvarpið samþykkt, verður réttarstaðan á þessu sviði skýrari en nú er.

Hvergi er í núgildandi lögum mælt með beinum hætti fyrir um skyldu heilbrigðisstarfsmanna til færslu sjúkraskráa. Úr því er hins vegar bætt í frumvarpinu.

2. Reglugerð nr. 227/1991, um sjúkraskrár og skýrslugerð varðandi heilbrigðismál.

Í reglugerðinni sem sett er með stoð í læknalögum er að finna allar helstu reglur sem nú gilda hér á landi um færslu sjúkraskráa og varðveislu þeirra. Þar er kveðið á um skylduna til að færa sjúkraskrár, hvað skuli færa í sjúkraskrá, hvernig þær skuli varðveittar og jafnframt er nánar kveðið á um meðferð sjúkraskrárupplýsinga og aðgang að þeim. Ljóst er að í reglugerðinni er ýmislegt sem almennt verður að telja að eigi heima í lögum settum af Alþingi. Á það ekki síst við um skylduna til að færa sjúkraskrár og hvaða upplýsingar skuli að lágmarki skrá í sjúkraskrár. Þá er jafnframt ljóst að reglugerðin er að mörgu leyti úrelt enda er hún komin nokkuð til ára sinna og hefur margt breyst bæði í viðhorfum manna til færslu sjúkraskráa og vernd sjúkraskrárupplýsinga. Þannig er t.d. í reglugerðinni ekkert kveðið á um rétt sjúklinga við færslu sjúkraskrár eða rétt þeirra til að takmarka aðgang heilbrigðisstarfsmanna að sjúkraskrá sinni. Þá hefur tækninni jafnframt fleygt fram og kallar það á að settar séu reglur um rafræna miðlun sjúkraskrárupplýsinga.

3. Meginmarkmið við endurskoðun lagareglna um sjúkraskrár.

Meginmarkmið frumvarpsins eru fjögur. Í fyrsta lagi að kveða með heildstæðum hætti á um færslu, varðveislu og aðgang að sjúkraskrám og sjúkraskrárupplýsingum. Í öðru lagi að kveða skýrar á um lagaskyldu heilbrigðisstarfsmanna til að færa sjúkraskrár þegar meðferð er veitt. Í þriðja lagi að skjóta lagastoðum undir meginregluna um sjálfsákvörðunarrétt sjúklinga þegar kemur að færslu og meðferð sjúkraskráa þeirra og síðast en ekki síst að veita lagaheimild til samtengingar rafrænna sjúkraskrárkerfa og lagaheimild fyrir sameiginlegum sjúkraskrárkerfum þannig að unnt sé að miðla sjúkraskrárupplýsingum með rafrænum hætti milli þeirra aðila sem hafa sjúkling til meðferðar og þurfa með hröðum og öruggum hætti á sjúkraskrárupplýsingum að halda vegna hennar.

4. Helstu breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu.

Helstu breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu eru eftirfarandi:

1. Skýrlega er mælt fyrir um skyldu heilbrigðisstarfsmanna til að færa sjúkraskrár.

2. Tilgangur með færslu sjúkraskráa skilgreindur.
3. Mælt er fyrir um að sjúkraskrár skuli færðar rafrænt að því marki sem unnt er.
4. Rafrænt sjúkraskrárkerfi er skilgreint.
5. Kveðið er á um heimild til að samtengja rafræn sjúkraskrárkerfi heilbrigðisstofnana og starfsstofa heilbrigðisstarfsmanna og um réttindi sjúklinga í því sambandi.
6. Heilbrigðisstofnunum og starfsstofum heilbrigðisstarfsmanna, tveimur eða fleirum, er veitt heimild til að ákveða, með leyfi ráðherra, til að færa og varðveita sjúkraskrár sjúklinga sinna í sameiginlegum rafrænum sjúkraskrárkerfum.
7. Ráðherra er veitt heimild til að kveða á um færslu rafrænna sjúkraskráa í reglugerð og kröfur sem rafræn sjúkraskrárkerfi þurfa að uppfylla.
8. Skilgreint er hver sé ábyrgðaraðili sjúkraskráa annars vegar og umsjónaraðili hins vegar og ábyrgð og skyldur þessara aðila tilgreindar.
9. Lögfest er heimild annarra starfsmanna í heilbrigðisþjónustu og nema í starfsnámi í heilbrigðisvísindum til að færa tilteknar upplýsingar í sjúkraskrár og hafa aðgang að þeim, enda hafi þeir undirgengist sambærilegar trúnaðar- og þagnarskyldur og heilbrigðisstarfsmenn.
10. Nánar er kveðið á um rétt sjúklinga við færslu upplýsinga í sjúkraskrá.
11. Kveðið er á um rétt sjúklings til að leggja bann við því að tiltekinn eða tilteknir heilbrigðisstarfsmenn hafi aðgang að sjúkraskrá hans.
12. Skýrt er kveðið á um rétt sjúklings til að fá upplýsingar um það hverjir hafi skoðað sjúkraskrá hans, hvar og hvenær og í hvaða tilgangi.
13. Skýrar reglur eru settar um aðgang að sjúkraskrám látinna einstaklinga.
14. Kveðið er á um viðurlög vegna brota á lögunum og skyldu til að kæra mál til lögreglu ef verulegar líkur eru taldar á að brotið hafi verið gegn hagsmunum sjúklinga.

5. Uppbygging frumvarpsins.

Frumvarpið skiptist í átta kafla og eru heiti kaflanna þessi:

I. Inngangur.
II. Um færslu sjúkraskráa.
III. Um varðveislu sjúkraskráa.
IV. Um aðgang að sjúkraskrárupplýsingum.
V. Um samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa.
VI. Sameiginleg sjúkraskrárkerfi.
VII. Ýmis ákvæði.

Verður nú fjallað almennt um efni hvers kafla fyrir sig en nánar er fjallað um efni hverrar greinar í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins í lok þessarar greinargerðar.

I. Inngangur.

Í I. kafla er fjallað um tilgang og gildissvið laganna, meginsjónarmið sem skulu vera ráðandi við framkvæmd laganna og skýringu og túlkun og loks eru helstu hugtök sem notuð eru í frumvarpinu skilgreind. Um nánari umfjöllun um þessi efnisatriði frumvarpsins vísast til athugasemda við einstakar greinar kaflans hér á eftir.

II. Um færslu sjúkraskráa.

Í kaflanum er kveðið á um skyldu heilbrigðisstarfsmanna til færslu sjúkraskráa, hvaða upplýsingar skylt er að færa í sjúkraskrá og réttindi sjúklinga varðandi færslu sjúkraskrárupplýsinga þegar heilbrigðisþjónusta er veitt.

Segja má að tilgangur með færslu sjúkraskráa sé í meginatriðum þríþættur. Í fyrsta lagi að safna saman á einn stað heilsufarsupplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna meðferðar sem sjúklingur fær og tryggja þannig samfellu þjónustunnar, svo að hún verði markviss og örugg. Í öðru lagi þjónar sjúkraskrá mikilvægu hlutverki sem tæki heilbrigðisstarfsmanna til að miðla upplýsingum til annarra heilbrigðisstarfsmanna sem þurfa á þeim að halda vegna meðferðar sjúklings. Í þriðja lagi er færsla sjúkraskráa nauðsynleg til að unnt sé að hafa eftirlit með heilbrigðisþjónustu, til að halda heilbrigðisskrár og til að vinna að gæðaþróun og gæðaeftirliti innan stofnana og starfsstofa og innan heilbrigðiskerfisins í heild sinni eftir atvikum. Ávallt verður þó að hafa í huga að sjúkraskrár eru fyrst og fremst nauðsynlegt vinnutæki heilbrigðisstarfsmanna vegna heilbrigðisþjónustu. Vel færð sjúkraskrá og aðgengilegar sjúkraskrárupplýsingar tryggja eins og unnt er að réttar ákvarðanir séu teknar um meðferð sjúklings.

III. Um varðveislu sjúkraskráa.

Í kaflanum er fjallað um vörslu sjúkraskráa, ábyrgð á vörslu þeirra, flutningi sjúkraskráa á milli heilsugæslustöðva, vörslutíma sjúkraskráa og hvað gera skuli við sjúkraskrár þegar rekstri heilbrigðisþjónustu er hætt.

Krafa um örugga varðveislu sjúkraskráa er einkum mikilvæg í tvennu tilliti. Í fyrsta lagi getur það skipt sköpum við meðferð sjúklinga að sjúkraskrárupplýsingar séu vel varðveittar og aðgengilegar. Óaðgengilegar eða glataðar sjúkraskrárupplýsingar gagnast engum. Þannig er krafan um örugga varðveislu fyrst og fremst sett fram í því skyni að tryggja að unnt sé að veita sjúklingi bestu heilbrigðisþjónustu sem völ er á á hverjum tíma. Í öðru lagi skiptir örugg varðveisla sjúkraskráa meginmáli þegar kemur að vernd sjúkraskrárupplýsinga en sjúkraskrár hafa að geyma viðkvæmar persónuupplýsingar. Allar sjúkraskrárupplýsingar eru trúnaðarmál. Verður því að haga vörslu sjúkraskráa þannig að óviðkomandi hafi ekki aðgang að þeim.

IV. Um aðgang að sjúkraskrárupplýsingum.

Um aðgang að sjúkraskrám gildir sú meginregla að aðgangur er óheimill nema til þess standi lagaheimild. Í frumvarpinu er kveðið á um helstu aðgangsheimildir að sjúkraskrám en lagaheimildir til aðgangs að sjúkraskrám er jafnframt að finna í nokkrum öðrum lögum svo sem í lögræðislögum, lögum um Ríkisendurskoðun og lögum um almannatryggingar.

Eins og fram hefur komið er tilgangur með færslu sjúkraskráa fyrst og fremst sá að tryggja samfellu í heilbrigðisþjónustu þannig að hún verði markviss og örugg með hagsmuni sjúklings ætíð í huga. Til að svo megi verða skiptir mestu að sjúkraskrárupplýsingar séu aðgengilegar heilbrigðisstarfmönnum þegar þeir þurfa á þeim að halda vegna meðferðar sjúklings. Í frumvarpinu er skýrt mælt fyrir um rétt heilbrigðisstarfsmanna til aðgangs að sjúkraskrám í slíkum tilvikum. Þá er í kaflanum jafnframt kveðið á um aðgang sjúklinga að eigin sjúkraskrá en meginreglan í því sambandi er sú að sjúklingur eigi rétt á fullum aðgangi að eigin sjúkraskrá og einnig til að fá afrit af henni. Loks eru í kaflanum settar reglur um aðgang að sjúkraskrám látinna, aðgang heilbrigðisyfirvalda að sjúkraskrám og reglur um aðgang vegna

vísindarannsókna og gæðaþróunar og gæðaeftirlits heilbrigðisstofnunar og starfsstofa heilbrigðisstarfsmanna.

V. Um samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa.

Í kaflanum er fjallað um heimild umsjónaraðila sjúkraskráa og rafrænna sjúkraskrárkerfa til að leyfa miðlun sjúkraskrárupplýsinga með samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa þannig að heilbrigðisstarfsmaður sem hefur sjúkling til meðferðar á annarri heilbrigðisstofnun eða starfsstofu heilbrigðisstarfsmanna geti með skjótum og greiðum hætti nálgast þær upplýsingar sem hann þarfnast vegna meðferðar sjúklings beint úr sjúkraskrá hans. Er heimildin sett fram í því skyni að unnt sé að nýta sem best kosti rafrænnar miðlunar sjúkraskrárupplýsinga með það að markmiði að unnt sé að veita sjúklingum á hverjum tíma eins góða heilbrigðisþjónustu og kostur er.

Ljóst er að heimild til að veita beinan aðgang að sjúkraskrám sjúklinga með samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa gerir það að verkum að aðgangur heilbrigðisstarfsmanna að sjúkraskrám sjúklinga verður víðtækari og í einhverjum tilvikum verður að gera ráð fyrir því að slíkur aðgangur gæti orðið víðtækari en sjúklingur kærir sig um. Því er í kaflanum skýrlega kveðið á um rétt sjúklinga til að banna miðlun upplýsinga um hann með samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa. Getur sjúklingur bæði í einstökum tilvikum og í eitt skipti fyrir öll lagt bann við því að upplýsingum úr sjúkraskrá hans sem vistuð er í rafrænu sjúkraskrárkerfi sé miðlað út fyrir kerfið. Getur bannið einnig tekið til tiltekinna sjúkraskrárupplýsinga. Eru þessar reglur í samræmi við meginregluna sem lagt er til að lögfest verði í 2. gr. frumvarpsins um sjálfsákvörðunarrétt sjúklinga við meðferð sjúkraskrárupplýsinga þeirra.

VI. Um sameiginleg sjúkraskrárkerfi.

Í kaflanum er kveðið á um heimild heilbrigðisstofnana og starfsstofa heilbrigðisstarfsmanna til að ákveða, með leyfi ráðherra, að færa og varðveita sjúkraskrár sjúklinga sem koma til meðferðar hjá þeim í sameiginlegu sjúkraskrárkerfi. Er það skilyrði fyrir leyfisveitingu ráðherra að sýnt sé fram á að sameiginlegt sjúkraskrárkerfi sé til þess fallið að tryggja betur öryggi sjúklinga og auka gæði heilbrigðisþjónustunnar.

VII. Ýmis ákvæði.

Í kaflanum er kveðið á um eftirlit með framkvæmd laganna, viðurlögum þegar brotið er gegn ákvæðum þeirra og um heimild ráðherra til að setja reglugerð um nánari framkvæmd þeirra. Loks er í kaflanum mælt fyrir um breytingar á öðrum lögum.

Eftirlit með því að ákvæðum laganna sé fylgt hvílir fyrst og fremst á ábyrgðaraðilum og umsjónaraðilum sjúkraskráa eins og þessir aðilar eru skilgreindir í lögunum. Er þeim ætlað að hafa virkt eftirlit með því á hverjum tíma að meðferð sjúkraskráa í umsjá þeirra sé í samræmi við ákvæði laganna. Auk þessa munu landlæknir og Persónuvernd hafa eftirlit með því að heilbrigðisstofnanir og starfsstofur heilbrigðisstarfsmanna og þeir heilbrigðisstarfsmenn sem þar starfa hagi störfum sínum í samræmi við ákvæði laganna. Um eftirlit þessara eftirlitsstofnana fer samkvæmt þeim lögum sem um þær gilda, þ.e. lögum um landlækni og lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Lögð er áhersla á að brot gegn ákvæðum laganna verði tekin föstum tökum og leidd til lykta með þeim úrræðum sem lög bjóða. Á þetta einkum við þegar brotið er gegn hagsmunum sjúklinga og þá einkum persónuverndarhagsmunum þeirra. Ber þannig að jafnaði að kæra brot til lögreglu ef brotið er gegn hagsmunum sjúklinga og sérstaklega tekið fram að kæra

þangað stöðvar ekki athugun og beitingu stjórnsýsluviðurlaga samkvæmt lögum um landlækni og lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga eða beitingu úrræða samkvæmt lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, ef við á. Lagt er til að refsirammi laganna verði sektir eða fangelsi allt að þremur árum og er það sami refsirammi og í lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

6. Samtenging rafrænna sjúkraskráa og sameiginleg sjúkraskrárkerfi – Bylting í heilbrigðisþjónustu.

Undirstaða þekkingar eru upplýsingar og upplýst ákvarðanataka byggir á þekkingu. Í heilbrigðisþjónustu getur aðgangur heilbrigðisstarfsmanns að mikilvægum upplýsingum sem skráðar eru í sjúkraskrá sjúklings ráðið úrslitum um meðferð og batahorfur. Þar gegnir rafræn sjúkraskrá lykilhlutverki. Rafræn sjúkraskrá opnar fyrir möguleika á aðgengi meðferðaraðila að sjúkraskrárupplýsingum um sjúklinga hvar og hvenær sem er. Í dag er rafrænt aðgengi að sjúkraskrárupplýsingum að mestu bundið við þann stað þar sem upplýsingarnar voru skráðar. Þannig eru upplýsingar um heilsufar einstaklings dreifðar á marga staði, t.d. á einni eða fleiri heilsugæslustöðvum, á einu eða fleiri sjúkrahúsum og hjá einum eða fleiri sjálfstætt starfandi sérfræðingum; í pappírsformi eða á rafrænu formi í mismunandi upplýsingakerfum, sem ekki er heimilt að tengja saman né er það í mörgum tilvikum mögulegt. Ef öryggi sjúklings, með tilliti til gæða þeirrar heilbrigðisþjónustu sem hann kann að þarfnast, er sett í forgrunn má segja að æskilegast væri að allar upplýsingar um heilsufar hans fylgi honum sjálfum, óháð skráningarstað upplýsinganna.

Allt frá árinu 1996 hefur það verið stefna ríkisstjórnar Íslands að vera í fararbroddi þjóða í að nýta upplýsingatækni til að stuðla að auknum lífsgæðum landsmanna. Í stefnu ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið er m.a. lögð áhersla á innleiðingu á rafrænni sjúkraskrá fyrir alla heilbrigðisþjónustu landsins og uppbyggingu heilbrigðisnets sem geri samtengingu sjúkraskrárkerfa heilbrigðisstofnana mögulega. Með samtengingu rafrænna sjúkraskráa gegnum heilbrigðisnet, og eftir atvikum með sameiginlegum sjúkraskrárkerfum heilbrigðisstofnana, er lagður grunnur að heildrænni sjúkraskrá einstaklings ævilangt. Slíkt hefur, eins og áður hefur verið nefnt, ótvíræða kosti í för með sér en þeir helstu eru eftirfarandi:

– Aukið öryggi í greiningu, meðferð og umönnun sjúklinga, m.a. vegna greiðari aðgangs að upplýsingum eins og lyfjaofnæmi, lyfjatöku, samverkun lyfja, milliverkun lyfja, nýlegum rannsóknarniðurstöðum, fyrri greiningum og meðferð, aukinni heildaryfirsýn, einnig mögulegar innbyggðar aðvaranir.
– Aukin gæði í þjónustu við sjúklinga, m.a. vegna skilvirkari þjónustu og markvissari meðferðar, minni líkur á endurtekningum, t.d. á ýmsum rannsóknum, minni óþægindi fyrir sjúklinga og aukið öryggi í allri þjónustu.
– Minni kostnaður bæði fyrir sjúklinga og heilbrigðiskerfið í heild, m.a vegna aukinnar yfirsýnar og greiðari aðgangs að upplýsingum, síður endurteknar rannsóknir, markvissari meðferð og skjótari þjónusta.
– Ánægðari sjúklingar og mögulega betri lífsgæði.

Helsti og í raun eini ókostur þessa fyrirkomulags er eftirfarandi:

– Heimild til að miðla upplýsingum með samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa sem og heimild heilbrigðisstofnana og starfsstofa heilbrigðisstarfsmanna til að færa og varðveita sjúkraskrár í sameiginlegum rafrænum sjúkraskrárkerfum eykur hættu á því að heilbrigðisstarfsmenn og aðrir sem aðgang hafa að slíkum kerfum komist yfir sjúkraskrárupplýsingar sem þeir þurfa ekki aðgang að vegna fyrirhugaðrar meðferðar.

Afar mikilvægt er því að tryggja eins og framast er unnt öryggi sjúkraskráruppl ýsinga í rafrænum sjúkraskrárkerfum með aðgangsstýringum, skilvirku eftirliti og fræðslu til þeirra sem aðgang hafa að slíkum kerfum. Setja þarf skýrar, skriflegar reglur, svo sem mælt er fyrir um í frumvarpinu, um aðgang og eftirlit og tryggja að allir heilbrigðisstarfsmenn hafi góða þekkingu og skilning á mikilvægi þagnarskyldu og trúnaðar um persónuupplýsingar í sjúkraskrám.

7. Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga í sjúkraskrám.

I. Inngangur.

Við setningu reglna um sjúkraskrár og meðferð sjúkraskráruppl ýsinga er nauðsynlegt að gæta vel að vernd persónuupplýsinga í sjúkráskrám enda teljast allar sjúkraskráruppl ýsingar til viðkvæmra persónuupplýsinga. Á þetta ekki síst við um rafrænar sjúkraskrár og rafræn sjúkraskrárkerfi þar sem sjúkraskráruppl ýsingar í slíkum kerfum verða óhjákvæmilega aðgengilegar stærri hópi heilbrigðisstarfsmanna og starfsmanna í heilbrigðisþjónustu en sjúkraskrár sem einungis eru varðveittar í pappírsformi. Verður í því sambandi að gæta að réttindum einstaklinga sem m.a. eru varin í stjórnarskrá lýðveldisins, mannréttindasáttmálum og almennri löggjöf. Koma hér m.a. til skoðunar ákvæði 71. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu, sbr. 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, en af þessum ákvæðum hefur sú regla m.a. verið leidd að sjúklingur eigi rétt til aðgangs að eigin sjúkraskrá og til að fá afrit af henni. Í þessu sambandi koma einnig til skoðunar lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, en skv. 1. gr. þeirra laga er markmiðið m.a. að stuðla að því að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs og að tryggja áreiðanleika og gæði slíkra upplýsinga.

II. Stefnumörkun á vettvangi Evrópusambandsins.

Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 95/46/EB er fjallað um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga. Á grundvelli 29. gr. þeirrar tilskipunar er starfræktur sérstakur starfshópur um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga. Er hópurinn skipaður fulltrúum eftirlitsstofnana í aðildarríkjunum, fulltrúum evrópsku Persónuverndarstofnunarinnar og fulltrúum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Hafa fulltrúar Persónuverndar setið fundi starfshópsins sem áheyrnarfulltrúar. Hlutverk starfshópsins er að vera ráðgefandi fyrir framkvæmdastjórn sambandsins og stuðla að samræmingu í persónuverndarlöggjöf í Evrópu. Hefur hópurinn í þessu skyni gefið út leiðbeinandi vinnuskjöl sem lúta að ýmsum sviðum persónuverndar. Þar á meðal sendi hópurinn þann 15. febrúar 2007 frá sér vinnuskjal (Working Document on the Processing of Personal Data Relating to Health in Electronic Health Records) þar sem veitt er leiðsögn um hvernig túlka beri persónuverndarreglur Evrópusambandsins í tengslum við rafrænar sjúkraskrár og minna á tilteknar grunnreglur í því sambandi.

Útgáfa þessa vinnuskjals endurspeglar þá miklu umræðu og þróun sem verið hefur í Evrópu á þessu sviði á undanförnum árum. Enda hafa menn gert sér grein fyrir þeim möguleikum sem þessi tækni býður upp á til að bæta gæði heilbrigðisþjónustu, lækka kostnað við meðferð og til að nýta upplýsingar til gæðastjórnunar, tölfræðivinnslu og skipulags í heilbrigðisþjónustu.

Í vinnuskjalinu er lögð áhersla á að allar almennar grundvallarreglur um meðferð persónuupplýsinga gildi eftir því sem við geti átt um meðferð sjúkraskráruppl ýsinga enda teljist

sjúkraskrárupplýsingar viðkvæmar persónuupplýsingar. Er í þessu sambandi m.a. vísað til eftirtalinna grunnreglna:

1. Tilgangsreglan. Felur m.a. í sér meginreglu um að upplýsingar í sjúkraskrám skuli ekki notaðar nema í samræmi við tilgang sinn.
2. Meðalhófsreglan. Felur m.a. í sér meginreglu um að ekki skuli safna meiri upplýsingum í sjúkraskrá en nauðsynlegt er vegna meðferðar sjúklings.
3. Áreiðanleikareglan: Felur m.a. í sér þá meginreglu að reynt skuli að sjá til þess að upplýsingar í sjúkraskrám séu eins áreiðanlegar og unnt er.
4. Upplýsingaréttur. Felur m.a. í sér að tryggja verður rétt sjúklinga til aðgangs að sjúkraskrá sinni og til að fá upplýsingar um það hvernig hún er notuð.
5. Öryggiskröfur. Felur m.a. í sér að gera verður ráðstafanir til að tryggja öryggi sjúkraskrárupplýsinga og að óviðkomandi hafi ekki aðgang að þeim.

Í vinnuskjalinu er lögð áhersla á að allar upplýsingar í sjúkraskrám teljist viðkvæmar persónuupplýsingar, sbr. c-lið 8. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Um slíkar upplýsingar gildir sú meginregla að vinnsla þeirra er óheimil nema með samþykki þeirra einstaklinga sem í hlut eiga. Frá þessu verða þó gerðar undantekningar þegar mikilvægir hagsmunir einstaklinga krefjast þess og þegar um sjúklinga er að ræða hefur verið litið svo á að heimilt sé að víkja frá þessu skilyrði þegar um er að ræða vinnslu sjúkraskrárupplýsinga í tengslum við meðferð sem sjúklingur fær enda sé vinnslan framkvæmd af heilbrigðisstarfsmönnum sem bundnir eru trúnaðar- og þagnarskyldu eða öðrum starfsmönnum sem undirgengist hafa sambærilegar trúnaðar- og þagnarskyldu og þurfa nauðsynlega á sjúkraskrárupplýsingunum að halda vegna starfa sinna í þágu sjúklings.

Í vinnuskjalinu eru sett fram nokkur atriði sem talið er að mikilvægt sé að hafa í huga við setningu lagareglna um rafrænar sjúkraskrár og rafræn sjúkraskrárkerfi. Meðal þeirra atriða sem þar er lögð áhersla á má í fyrsta lagi nefna sjónarmið um sjálfsákvörðunarrétt sjúklinga. Í öðru lagi að auðkenning sjúklinga og starfsfólks sé með tryggum hætti við færslu upplýsinga í sjúkraskrá. Í þriðja lagi að beitt sé bæði almennum og sérstökum aðgangstakmörkunum sem sjúklingur geti sjálfur haft áhrif á en meginreglan sé sú að einungis þeir heilbrigðisstarfsmenn sem hafi sjúkling til meðferðar hafi aðgang að sjúkraskrá hans. Í fjórða lagi að skýrar reglur gildi um aðgang að rafrænum sjúkraskrám í öðrum tilgangi en vegna meðferðar sjúklinga. Í fimmta lagi að gætt sé meðalhófs við skráningu upplýsinga í rafræna sjúkraskrá þannig að einungis séu skráðar upplýsingar sem teljast nauðsynlegar vegna meðferðar. Í sjötta lagi að öryggisráðstafanir í rafrænum sjúkraskrárkerfum séu fullnægjandi og í sjöunda lagi að gagnsæi sé tryggt á þann hátt að sjúklingur geti auðveldlega fengið upplýsingar um það sem skráð er í sjúkraskrá hans og hverjir hafi haft aðgang að henni. Hafa framangreind sjónarmið verið lögð til grundvallar við smíði frumvarpsins.

III. Varðveisla og gagnaöryggi.

Með rafrænni sjúkraskrá og rafrænum sjúkraskrárkerfum verða persónulegar upplýsingar sjúklings aðgengilegri þeim sem aðgang hafa að sjúkraskrám í rafrænu sjúkraskrárkerfi auk þess sem fjöldi þeirra sem möguleika eiga á aðgangi eykst. Hætta á misnotkun verður því umtalsvert meiri. Ýmsar annarlegar hvatir gætu freistað þeirra sem aðgang hafa að slíkum kerfum til að misnota aðstöðu sína. Nauðsynlegt er því að tryggja eins og framast er unnt að slík misnotkun eigi sér ekki stað en í því sambandi er mikilvægt að ábyrgð heilbrigðisstarfsmanna og annarra sem hafa aðgang að sjúkraskrám sé skýr sem og að réttur sjúklings til friðhelgi einkalífs og trúnaðar heilbrigðisupplýsinga sé ávallt virtur. Upplýsingakerfin þurfa að

vera þannig hönnuð að auðvelt sé að veita heilbrigðisstarfsmönnum mismunandi aðgang að mismunandi upplýsingum og allt eftirlit með notendum auðvelt, þjónusta við kerfin þarf að tryggja varðveislu gagna og öryggi gegn utanaðkomandi árásum og allir stjórnendur þurfa að viðhafa skilvirkt eftirlit.

Íslenskur ISO-staðall um stjórnun upplýsingaöryggis, ÍST ISO/IEC 17799:2005 tók gildi árið 2006. Staðallinn er alþjóðlegur og samkvæmt honum felst upplýsingaöryggi meðal annars í varðveislu á eftirfarandi:

– Trúnaði – upplýsingar eiga eingöngu að vera aðgengilegar þeim sem hafa til þess tilskilin leyfi og aðgangsheimild.
– Aðgengi – aðgangur þarf að vera tryggður hvar og hvenær sem þörf er á.
– Réttmæti – gæði upplýsinganna eru tryggð, réttar og nákvæmar upplýsingar, engu breytt eða eytt án tilskilinnar heimildar.
– Ábyrgð – rekjanleiki upplýsinga, þ.e. hver opnar sjúkraskrá, hvaða sjúkraskrá, hvar, hvenær og hvað?

Staðlar þurfa að vera þannig fram settir að þeir stuðli að þróun og nýrri þekkingu, en tryggi jafnframt öryggi upplýsinga og hindri misnotkun.

Allir sem sinna heilbrigðisþjónustu á Íslandi eru bundnir trúnaðar- og þagnarskyldu og þurfa að fylgja ákveðnum siðferðilegum kröfum. Um öryggi persónuupplýsinga í rafrænu sjúkraskrárkerfi fer samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og reglum Persónuverndar um öryggi persónuupplýsinga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er kveðið á um tilgang laganna og gildissvið.

Samkvæmt 1. mgr. er tilgangur reglna um sjúkraskrár að tryggja að unnt sé að veita sjúklingum eins fullkomna heilbrigðisþjónustu og kostur er á hverjum tíma um leið og tryggð er fullnægjandi vernd persónuupplýsinga. Þessi tilgangur einn réttlætir færslu sjúkraskráa. Þótt sjúkraskrárupplýsingar geti nýst við vísindarannsóknir, gæðaþróun og gæðaeftirlit þá verður markmiðið um örugga þjónustu við sjúklinga ávallt að vera frumtilgangur með færslu sjúkraskráa.

Samkvæmt 2. mgr. gilda lögin þegar sjúkraskrár eru færðar vegna meðferðar sem veitt er hér á landi.

Í 3. mgr. ákvæðisins er áréttað að að svo miklu leyti sem ekki er mælt fyrir um á annan veg í lögum þessum gilda ákvæði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga um sjúkraskrárupplýsingar og meðferð þeirra. Allar sjúkraskrárupplýsingar teljast viðkvæmar persónuupplýsingar. Í frumvarpinu eru veittar lagaheimildir til vinnslu þessara persónuupplýsinga en þegar þeim sleppir gilda almenn ákvæði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga um vinnslu þeirra.

Um 2. gr.

Í greininni eru undirstrikuð þau meginsjónarmið sem hafa ber í huga við færslu og varðveislu sjúkraskráa og aðgang að þeim en samkvæmt ákvæðinu skal mannhelgi og sjálfsákvörðunarréttur sjúklinga virtur og þess gætt að sjúkraskrár hafa að geyma viðkvæmar persónuupplýsingar og að sjúkraskrárupplýsingar eru trúnaðarmál. Við túlkun á hugtakinu mannhelgi ber að líta til þess hvernig það er notað annars vegar í lögum um réttindi sjúklinga, sbr. 1. og 17. gr. þeirra laga, en jafnframt í 5. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr.

lög nr. 62/1994. Er hugtakið jafnframt nátengt hugtakinu sjálfsákvörðunarréttur sjúklinga sem einnig er notað í ákvæðinu og vísar til þeirrar grundvallarreglu að sjúklingar eigi að meginstefnu að ráða því sjálfir hvort og þá hvaða heilbrigðisþjónustu þeir þiggja og þá jafnframt hvernig farið er með þær upplýsingar sem safnað er um þá við veitingu þjónustunnar. Hvað sjúkraskrár varðar lýtur þessi réttur að því að sjúklingur eigi að geta haft áhrif á það hverjir hafi aðgang að sjúkraskrárupplýsingum um hann og með hvaða hætti. Ákvæði sem varða sjálfsákvörðunarrétt sjúklinga er að finna víða í frumvarpinu svo sem í 7., 13., 20. og 22. gr. Loks ber að hafa það í huga við alla vinnslu sjúkraskrárupplýsinga að þær teljast viðkvæmar persónuupplýsingar og að þær eru trúnaðarmál. Er hér vísað til þess trúnaðarsambands sem ríkja skal á milli sjúklings og heilbrigðisstarfsmanns og þeirrar þagnarskyldu sem ávallt hvílir á heilbrigðisstarfsmanni um upplýsingar um sjúklinga sem hann kemst að í starfi sínu.

Um 3. gr.

Í greininni eru helstu hugtök sem notuð eru í frumvarpinu skilgreind og hafa hugtökin, hvarvetna þar sem þau koma fyrir í frumvarpinu, þá merkingu sem í ákvæðinu eru reifuð.

Í 1. tölul. er hugtakið *sjúklingur* skilgreint sem notandi heilbrigðisþjónustu. Þessi skilgreining er samhljóða skilgreiningu á hugtakinu í lögum um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997, en í athugasemdum sem fylgdu frumvarpi til þeirra laga sagði m.a. svo um þessa skilgreiningu:

„Með sjúklingi er átt við hvern þann einstakling, heilbrigðan eða sjúkan, sem notar heilbrigðisþjónustu. Þegar sjúklingur hefur samskipti við starfsmenn heilbrigðisþjónustunnar verða virk réttindin sem frumvarpið fjallar um. Gert er ráð fyrir því sem meginreglu að sjúklingur sé sjálfráða, en í einstökum ákvæðum frumvarpsins er vísað til þess hvað gildi þegar um er að ræða sjúklinga sem ekki eru sjálfráða.“

Framangreindar athugasemdir eiga jafnframt við, eftir því sem við getur átt, um notkun hugtaksins í þessu frumvarpi.

Í 2. tölul. er hugtakið *heilbrigðisþjónusta* skilgreint sem hvers kyns heilsugæsla, lækningar, hjúkrun, almenn og sérhæfð sjúkrahúsþjónusta, sjúkraflutningar, hjálpartækjaþjónusta og þjónusta heilbrigðisstarfsmanna innan og utan heilbrigðisstofnana sem veitt er í því skyni að efla heilbrigði, fyrirbyggja, greina eða meðhöndla sjúkdóma og endurhæfa sjúklinga. Skilgreiningin er samhljóða skilgreiningu á hugtakinu í lögum nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu.

Í 3. tölul. er hugtakið *meðferð* skilgreint sem rannsókn, aðgerð eða önnur heilbrigðisþjónusta sem læknir eða annar heilbrigðisstarfsmaður veitir til að greina, lækna, endurhæfa, hjúkra eða annast sjúkling. Skilgreiningin er samhljóða skilgreiningu á sama hugtaki í lögum um réttindi sjúklinga að öllu leyti nema því að hér hefur hugtakið heilbrigðisþjónusta verið tekið upp í skilgreininguna í samræmi við ný lög um heilbrigðisþjónustu. Ber samkvæmt þessu að horfa til skilgreiningar á hugtakinu heilbrigðisþjónusta í 2. tölul. þegar hugtakið meðferð er túlkað samkvæmt lögunum. Í 1. tölul. 27. gr. frumvarpsins er lagt til að skilgreiningu á hugtakinu meðferð í lögum um réttindi sjúklinga verði breytt til samræmis.

Í 4. tölul. er orðið *sjúkraskrárupplýsingar* skilgreint sem lýsing eða túlkun í rituðu máli, myndir, þ.m.t. röntgenmyndir, línurit og mynd- og hljóðupptökur sem innihalda upplýsingar er varða heilsufar sjúklings og meðferð hans hjá heilbrigðisstarfsmanni eða heilbrigðisstofnun og aðrar nauðsynlegar persónuupplýsingar. Skilgreiningin er efnislega sambærileg skilgreiningu á hugtakinu „sjúkragögn“ í reglugerð nr. 227/1991, um sjúkraskrár og skýrslu-

gerð varðandi heilbrigðisskrár, og er ætlað að taka til allra gagna og upplýsinga sem aflað er við meðferð sjúklings og færð í sjúkraskrá.

Í 5. tölul. er hugtakið *sjúkraskrá* skilgreint sem safn sjúkraskráruppl ýsinga um sjúkling sem unnar eru í tengslum við meðferð eða fengnar annars staðar frá vegna meðferðar hans á heilbrigðisstofnun eða starfsstofu heilbrigðisstarfsmanns. Í skilgreiningunni er hugtakið sjúkraskráruppl ýsingar notað og ber við efnisafmörkun hugtaksins að líta til skilgreiningar á því hugtaki, sbr. hér að framan.

Í 6. tölul. er hugtakið *rafrænt sjúkraskrárkerfi* skilgreint sem rafrænt kerfi sem notað er til að færa, varðveita og vinna með sjúkraskrár.

Í 7. tölul. er hugtakið *samtenging sjúkrakskrárkerfa* skilgreint sem sú athöfn þegar rafræn sjúkraskrárkerfi tveggja eða fleiri ábyrgðaraðila eru samtengd þannig að unnt er að miðla upplýsingum úr sjúkraskrám á milli kerfanna.

Í 8. tölul. er hugtakið *sameiginlegt sjúkraskrárkerfi* skilgreint sem rafrænt sjúkraskrárkerfi tveggja eða fleiri heilbrigðisstofnana eða starfsstofa heilbrigðisstarfsmanna. Við nánari afmörkun þessa hugtaks ber að líta til skilgreininga á hugtökunum rafrænt sjúkraskrárkerfi, heilbrigðisstofnun og starfsstofa heilbrigðisstarfsmanna.

Í 9. tölul. er hugtakið heilbrigðisstofnun skilgreind sem stofnun þar sem heilbrigðisþjónusta er veitt. Skilgreiningin er samhljóða skilgreiningu á hugtakinu í lögum um heilbrigðisþjónustu. Í frumvarpi til þeirra laga sagði m.a. svo um þessa skilgreiningu:

„Tekur hugtakið þannig til allra stofnana sem veita heilbrigðisþjónustu án tillits til þess hver rekur hana eða rekstrarforms þeirra. Skýra ber hugtakið þannig að það taki til stofnana sem veita einstaklingum heilbrigðisþjónustu. Stofnanir eins og embætti landlæknis, Tryggingastofnun ríkisins, Lýðheilsustöð og Geislavarnir ríkisins falla því ekki hér undir en um starfsemi þessara stofnana gilda ákvæði sérlaga. Þá er hugtakinu heilbrigðisstofnun ekki ætlað að taka til lyfjabúða, en um starfsemi þeirra fer samkvæmt lyfjalögum. Loks ber að afmarka hugtakið heilbrigðisstofnun í frumvarpinu með hliðsjón af skilgreiningu á hugtakinu „starfsstofur heilbrigðisstarfsmanna“ í 12. tölul.“

Þessar athugasemdir eiga jafnframt við, eftir því sem við getur átt, um notkun hugtaksins í þessu frumvarpi.

Í 10. tölul. er hugtakið *heilbrigðisstarfsmaður* skilgreint sem einstaklingur sem starfar við heilbrigðisþjónustu og hlotið hefur leyfi landlæknis til að nota starfsheiti löggiltrar heilbrigðisstéttar. Þessi skilgreining er samhljóða skilgreiningu á sama hugtaki í lögum um heilbrigðisþjónustu, lögum um landlækni og lögum um réttindi sjúklinga.

Í 11. tölul. er hugtakið *starfsstofur heilbrigðisstarfsmanna* skilgreint sem starfsstöðvar sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna þar sem heilbrigðisþjónusta er veitt, með eða án greiðsluþátttöku ríkisins. Skilgreiningin er samhljóða skilgreiningu á sama hugtaki í lögum um heilbrigðisþjónustu. Er hugtakinu ætlað að taka til starfsstöðva heilbrigðisstarfsmanna utan stofnana þar sem heilbrigðisþjónusta er veitt hvort sem það er með eða án greiðsluþátttöku ríkisins.

Í 12. tölul. er hugtakið *ábyrgðaraðili sjúkraskráa* skilgreint sem heilbrigðisstofnun eða starfsstofa heilbrigðisstarfsmanna þar sem sjúkraskrár eru færðar. Hafi sjúkraskrárkerfi heilbrigðisstofnana eða starfsstofa heilbrigðisstarfsmanna, tveggja eða fleiri, verið sameinuð, sbr. VI. kafla, telst ábyrgðaraðili sjúkraskráa í kerfinu sá aðili sem heilbrigðisstofnanir og starfsstofur heilbrigðisstarfsmanna sem aðild eiga að kerfinu hafa komið sér saman um.

Í 13. tölul. er hugtakið *umsjónaraðili sjúkraskráa* skilgreint sem læknir, eða annar heilbrigðisstarfsmaður sé lækni ekki til að dreifa, sem ábyrgðaraðili hefur falið að hafa eftirlit

með og sjá um að skráning og meðferð sjúkraskrárupplýsinga sé í samræmi við ákvæði laga þessara. Heilbrigðisstarfsmaður sem starfar einn á stofu telst umsjónaraðili þeirra sjúkraskráa sem hann færir.

Um 4. gr.

Í greininni er kveðið á færslu sjúkraskrá.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um skyldu heilbrigðisstarfsmanns sem fær sjúkling til meðferðar til að færa sjúkraskrá. Sambærilegt ákvæði er ekki að finna í núgildandi ákvæðum laga um sjúkraskrár. Hins vegar má segja að þessi skylda verði leidd að gildandi lagaákvæðum, auk þess sem hún byggir á langri hefð. Þá er í reglugerð um sjúkraskrár og skýrslugerð varðandi heilbrigðismál skýrt vikið að þessari skyldu heilbrigðisstarfsmanna.

Í 2. mgr. er kveðið á um að sjúkraskrár skuli færa í rafrænu formi að því marki sem unnt er. Hér er um nýmæli í lögum að ræða en með ákvæðinu er mótuð sú meginregla að allar sjúkraskrár í landinu séu færðar rafrænt. Aðstæður geta þó auðvitað verið þannig að rafrænni skráningu verður ekki við komið eða slík skráning telst óhentug í þeim aðstæðum sem fyrir hendi eru og er þá heimilt að víkja frá umræddri meginreglu. Með meginreglunni um rafræna færslu sjúkraskráa er möguleikinn til rafrænnar miðlunar sjúkraskrárupplýsinga bæði innan stofnunar og á milli stofnana, sbr. V. og VI. kafla frumvarpsins, undirbyggður.

Í 3. mgr. er sú skylda lögð á ábyrgðaraðila sjúkraskráa að sjá til þess að skilyrði séu til staðar til að færa sjúkraskrá. Í þessu felst, sbr. 2. mgr., að á hverri heilbrigðisstofnun og hverri starfsstofu heilbrigðisstarfsmanna skal að jafnaði vera rafrænt sjúkraskrárkerfi sem uppfyllir kröfur sem gerðar verða til slíkra kerfa, sbr. 25. gr. frumvarpsins.

Í 4. mgr. er kveðið á um ábyrgð heilbrigðisstarfsmanna á sjúkraskrárfærslum sínum vegna meðferðar sem þeir veita. Hvílir ábyrgðin ávallt á viðkomandi heilbrigðisstarfsmanni.

Um 5. gr.

Í greininni er kveðið á um færslu sjúkraskrárupplýsinga.

Samkvæmt 1. mgr. er heimild til færslu sjúkraskrárupplýsinga í sjúkraskrá að meginstefnu bundin við heilbrigðisstarfsmenn. Þó gerir ákvæðið jafnframt ráð fyrir því að heimilt sé að veita öðrum starfsmönnum og nemum í starfsnámi í heilbrigðisvísindum, sem undirgengist hafa sambærilegar trúnaðar- og þagnarskyldur og heilbrigðisstarfsmenn, heimild til að færa sjúkraskrárupplýsingar í sjúkraskrá. Hér er t.d. átt við móttökuritara sem sjá um innritun sjúklinga. Hvað nema í starfsnámi varðar þá er það einfaldlega nauðsynlegur hluti af starfsnáminu að færa sjúkraskrár vegna meðferðar sem nemar veita undir handleiðslu og því jafnframt nauðsynlegt að lögin heimili slík. Færsla upplýsinga í sjúkraskrá felur að jafnaði í sér aðgang að sjúkraskrá. Því er nauðsynlegt að allir sem færa sjúkraskrár hafi undirgengist trúnaðar- og þagnarskyldu enda teljast allar sjúkraskrárupplýsingar viðkvæmar persónuupplýsingar.

Í 2. mgr. er vísað til þess að um færslu sérstaklegra viðkvæmra sjúkraskrárupplýsinga, sbr. 2. mgr. 13. gr. frumvarpsins, í rafræna sjúkraskrá skuli fara samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur, sbr. 25. gr. Eins og fram kemur í 2. mgr. 13. gr. frumvarpsins er hér átt við upplýsingar sem heilbrigðisstofnun eða starfsstofa heilbrigðisstarfsmanna eða heilbrigðisstarfsmaður sem veitir meðferð eða sjúklingur sjálfur telur að flokka beri sem viðkvæmar sjúkraskrárupplýsingar. Gert er ráð fyrir að þessar upplýsingar njóti sérstakrar verndar umfram aðrar sjúkraskrárupplýsingar og að aðgangur að þeim sé að jafnaði ekki heimill nema með samþykki sjúklinga.

Í 3. mgr. er tekið fram að við sérhverja færslu sjúkraskrárupplýsinga í sjúkraskrá skuli koma fram nafn þess sem skráir og starfsheiti hans. Þetta er nauðsynlegt til að unnt sé að rekja sérhverja sjúkraskrárfærslu sem er mikilvægt við veitingu meðferðar en jafnframt tryggir þetta rétt sjúklings til að fá upplýsingar um það hverjir hafi komið að meðferð sem hann fær. Í rafrænum sjúkraskrárkerfum þar sem heilbrigðisstarfsmenn skrá sig inn með notendanafni og lykilorði færast þessar upplýsingar inn sjálfkrafa.

Í 4. mgr. er tekið fram að sjúkraskrárupplýsingar skuli færðar jafnóðum og þeirra er aflað, ef unnt er, en ella að jafnaði innan tuttugu og fjögurra stunda frá þeim tíma er þeirra var aflað. Sambærilegt ákvæði er í núgildandi reglugerð um sjúkraskrár og skýrslugerð varðandi heilbrigðismál og hefur það að markmiði að tryggja áreiðanleika sjúkraskrárfærslna en ljóst er að ef færsla upplýsinga í sjúkraskrá dregst aukast líkur á að eitthvað misfarist.

Í 5. mgr. kemur fram að haga skuli færslu sjúkraskrárupplýsinga þannig að þær séu aðgengilegar og að ritað mál sé skýrt og skiljanlegt. Sambærilegt ákvæði er í núgildandi reglugerð um sjúkraskrár en þar er þó jafnframt áskilnaður um að sjúkraskrár séu ávallt færðar á íslensku. Rétt þykir að falla frá þessu skilyrði nú enda getur það reynst óframkvæmanlegt í þeim tilvikum þar sem erlendir læknar og aðrir heilbrigðisstarfmenn sem hér starfa færa sjúkraskrá eins og þeim er skylt að gera, sbr. 4. gr. frumvarpsins. Ávallt verður þó að gera þá kröfu að sjúkraskrárupplýsingar séu skiljanlegar þeim heilbrigðisstarfsmönnum sem koma að meðferð sjúklings enda getur sjúkraskrá ekki þjónað þeim megintilgangi sínum að vera vinnutæki við veitingu meðferðar nema svo sé. Þá er sú krafa jafnframt gerð að sjúkraskrá sé þannig færð að sjúklingur geti skilið hana eftir atvikum með aðstoð heilbrigðisstarfsmanna á sama sviði og þeir heilbrigðisstarfsmenn sem veittu meðferðina. Þá þurfa upplýsingar sem færðar eru í sjúkraskrá að vera aðgengilegar eigi þær að geta þjónað hlutverki sínu.

Um 6. gr.

Í greininni er kveðið á um það hvaða upplýsingar skuli færðar í sjúkraskrá. Er meginreglan sú að aðeins skuli færa upplýsingar um atriði í sjúkraskrá sem eru nauðsynlegar vegna meðferðar sjúklings. Samkvæmt þessu er það ekki sjálfsagt að upplýsingar séu færðar í sjúkraskrá þótt þær liggi fyrir, þeirra hafi verið aflað eða sjúklingur hafi veitt þær. Þarf sá sem færir sjúkraskrá því að meta það í hverju tilviki hvort upplýsingar séu nauðsynlegar vegna meðferðar sjúklings. Teljist svo ekki vera á ekki að færa upplýsingarnar í sjúkraskrána. Þó verður að ganga út frá því sem meginreglu að ef vafi er uppi um hvort upplýsingar séu nauðsynlegar vegna meðferðar sjúklings þá skuli þær færðar í sjúkraskrá enda gæti annað þá hugsanlega leitt til þess að sjúklingur fengi síðri meðferð en ella. Í öllum tilvikum skal þó, samkvæmt ákvæðinu, að lágmarki skrá eftirfarandi í sjúkraskrá eftir því sem við á:

1. Nafn sjúklings, heimilisfang, kennitölu, starfsheiti, hjúskaparstöðu.
2. Komu- eða innlagnardag og útskriftardag.
3. Ástæðu komu eða innlagnar.
4. Þau atriði heilsufars- og sjúkrasögu sem máli skipta fyrir meðferðina.
5. Aðvaranir, svo sem ofnæmi.
6. Skoðun.
7. Meðferðar- og aðgerðarlýsingu, þ.m.t. upplýsingar um lyfjameðferð og umsagnir ráðgefandi sérfræðinga.
8. Niðurstöður rannsókna.
9. Greiningu.
10. Afdrif og áætlun um framhaldsmeðferð.

Í 2. mgr. er ráðherra veitt heimild með reglugerð til að kveða nánar á um færslu sjúkraskrárupplýsinga í sjúkraskrá en um færslu rafrænna sjúkraskráa og rafræn sjúkraskrárkerfi munu jafnframt gilda ákvæði reglugerðar sem ráðherra setur skv. 25. gr. frumvarpsins.

Um 7. gr.

Í greininni er kveðið á um rétt sjúklings við færslu sjúkraskráa.

Í 1. mgr. er kveðið á um rétt sjúklings til að ákveða þegar hann fær meðferð og sjúkraskrárupplýsingar vegna hennar eru færðar í sjúkraskrá að upplýsingarnar verði ekki aðgengilegar öðrum en þeim sem skráir og umsjónaraðila sjúkraskrárinnar og eftir atvikum öðrum tilteknum heilbrigðisstarfsmönnum. Verða sjúkraskrárkerfi að vera þannig uppbyggð að unnt sé að vista upplýsingar í þeim á þann hátt að þessi réttur sjúklings sé tryggður, sbr. 25. gr. frumvarpsins. Í núgildandi lögum eða reglum er ekki kveðið á um þennan rétt sjúklings en þó verður að telja að rétturinn byggi á viðurkenndum sjónarmiðum um sjálfsákvörðunarrétt sjúklinga. Ljóst er að ef sjúklingur takmarkar aðgang að sjúkraskrá sinni með þessum hætti getur sú staða komið upp að sjúkraskráin nýtist ekki sem skyldi sem vinnutæki heilbrigðisstarfsmanna við veitingu heilbrigðisþjónustu. Er því mælt fyrir um í ákvæðinu að ef það sé talið nauðsynlegt vegna meðferðar að aðrir heilbrigðisstarfsmenn hafi aðgang að viðkomandi sjúkraskrárupplýsingum skuli upplýsa sjúkling um það og jafnframt að synjun um að heimila nauðsynlegan aðgang að sjúkraskránni geti jafngilt því, eftir atvikum, að meðferð sé hafnað, sbr. lög um réttindi sjúklinga.

Í 2. mgr. kemur fram að telji sjúklingur eða umboðsmaður hans að sjúkraskrárupplýsingar um hann séu rangar eða villandi þá eigi hann rétt á að athugasemd hans um það sé skráð í sjúkraskrána. Sambærilegt ákvæði er nú að finna í lögum um réttindi sjúklinga. Það er hins vegar nýmæli í frumvarpinu að kveðið er á um heimild umsjónaraðila sjúkraskrár til að leiðrétta upplýsingar sjúkraskrá ef sýnt er fram á að upplýsingar séu bersýnilega rangar eða villandi. Neiti umsjónaraðili að leiðrétta sjúkraskrárupplýsingar sem sjúklingur telur bersýnilega rangar eða villandi getur sjúklingur skotið þeirri synjun til landlæknis með kæru. Jafnframt er í ákvæðinu það nýmæli að gert er ráð fyrir því að heimilt verði með samþykki landlæknis að eyða úr sjúkraskrá sjúklings upplýsingum sem eru bersýnilega rangar eða villandi. Loks er mælt fyrir um að ákvarðanir landlæknis um leiðréttingu eða eyðingu sjúkraskrárupplýsinga séu kæranlegar til ráðherra eftir almennum reglum.

Um 8. gr.

Í greininni sem er inngangsákvæði að III. kafla laganna um varðveislu sjúkraskráa kemur fram að sjúkraskrár skuli varðveittar með öruggum hætti þannig að sjúkraskrárupplýsingar glatist ekki og að þær séu aðgengilegar í samræmi við ákvæði IV. kafla laga þessara þar sem kveðið er á um aðgangsheimildir að sjúkraskrám.

Um 9. gr.

Í greininni er kveðið á um að það sé hlutverk ábyrgðaraðila sjúkraskráa að sjá til þess að varðveisla sjúkraskráa sé í samræmi við ákvæði laga þessara.

Um 10. gr.

Í greininni er kveðið á um flutning sjúkraskráa annars vegar þegar sjúklingur færir sig frá einni heilsugæslustöð á aðra og hins vegar þegar rekstri sjúkraskrárkerfis er hætt.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um að ef sjúklingur færir sig frá einni heilsugæslustöð yfir á aðra þá skuli vista afrit sjúkraskrár hans í sjúkraskrárkerfi því sem notað er á þeirri stöð sem hann flyst til. Sambærilegt ákvæði er að finna í núgildandi reglugerð um sjúkraskrár og skýrslugerð varðandi heilbrigðismál.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að sé rekstri sjúkraskrárkerfis hætt skuli flytja sjúkraskrár sem þar eru vistaðar til landlæknis. Getur landlæknir þá ákveðið, með samþykki sjúklings eða umboðsmanns hans, að sjúkraskrár sem fluttar hafa verið til hans skuli vistaðar í sjúkraskrárkerfi annarrar heilbrigðisstofnunar eða starfsstofu heilbrigðisstarfsmanns eða sameiginlegu sjúkraskrárkerfi. Þetta ákvæði er nýmæli í lögum en hingað til hafa ekki verið til skýrar reglur um það hvert sjúkraskrár skuli fluttar þegar starfsemi heilbrigðistofnana eða starfsstofa heilbrigðisstarfsmanna hefur verið hætt. Hafa sjúkraskrár í þessum tilvikum hins vegar í nokkrum mæli verið fluttar til Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins til varðveislu. Er mikilvægt að skýrar reglur séu í gildi að þessu leyti og er ákvæðinu ætlað að bæta úr því. Flutningur sjúkraskráa til annarrar stofnunar eða starfsstofu er háð samþykki sjúklings. Einstakir heilbrigðisstarfsmenn sem flytja sig á milli starfsstofa hafa hins vegar enga heimild til að flytja sjúkraskrár sjúklinga með sér á milli stofanna. Hins vegar getur sjúklingur, sbr. 14. gr., aflað afrits af sjúkraskrá sinni og afhent heilbrigðisstarfsmanni það kjósi hann svo.

Um 11. gr.

Í greininni er fjallað um tímalengd vörslu sjúkraskráa á heilbrigðisstofnunum og starfsstofum heilbrigðisstarfsmanna en samkvæmt ákvæðinu skal varveita sjúkraskrár í sjúkraskrárkerfi heilbrigðisstofnana og starfsstofa heilbrigðisstarfsmanna á meðan sjúklingurinn lifir. Innan 30 ára frá andláti sjúklings skal afhenda sjúkraskrá hans til Þjóðskjalasafns Íslands og gilda þá ákvæði laga um Þjóðskjalasafn Íslands um varðveislu hennar og aðgang að þeim.

Um 12. gr.

Í greininni er sú regla lögmælt að aðgangur að sjúkraskrám sé óheimill nema til þessa standi lagaheimild samkvæmt ákvæðum laga þessara eða öðrum lögum.

Um 13. gr.

Í greininni er kveðið á um aðgangsheimildir starfsmanna að sjúkraskrám. Er meginreglan sú skv. 1. mgr. að einungis þeir heilbrigðisstarfsmenn sem koma að meðferð sjúklings og þurfa á sjúkraskrárupplýsingum að halda vegna starfa sinna skuli eiga aðgang að sjúkraskrá hans með þeim takmörkunum sem leiða af ákvæðum laga þessara og reglna settra samkvæmt þeim. Þá er umsjónaraðila sjúkraskráa heimilt að veita öðrum starfsmönnum og nemum í starfsnámi í heilbrigðisvísindum, sem undirgengist hafa sambærilegar trúnaðar- og þagnarskyldur og heilbrigðisstarfsmenn og koma að meðferð sjúklings, heimild til aðgangs að sjúkraskrám að því marki sem nauðsynlegt er vegna starfa þeirra í þágu sjúklings. Eins og áður hefur komið fram er það megintilgangur sjúkraskráa að vera vinnutæki heilbrigðisstarfsmanna við veitingu meðferðar. Eru aðgangsheimildir starfsmanna samkvæmt ákvæðinu því sjálfsagðar.

Í 2. mgr. er fjallað um aðgang að sérstaklega viðkvæmum sjúkraskrárupplýsingum en það teljast upplýsingar sem sjúklingur, heilbrigðisstofnun, starfsstofa heilbrigðisstarfsmanns eða heilbrigðisstarfsmaður sem veitir meðferð telur að flokka beri sem slíkar. Samkvæmt ákvæðinu skal aðgangur að slíkum upplýsingum takmarkaður við þá heilbrigðisstarfsmenn sem

nauðsynlega þurfa sjúkraskrárupplýsingarnar vegna meðferðar sjúklings og skal aðgangur að jafnaði takmarkaður við þá heilbrigðisstarfsmenn sem starfa innan þeirrar einingar eða deildar heilbrigðisstofnunar eða starfsstofu heilbrigðisstarfsmanna þar sem meðferð er veitt. Aðgangur annarra heilbrigðisstarfsmanna en þeirra sem að framan greinir að sérstaklega viðkvæmum sjúkraskrárupplýsingum er óheimill nema með samþykki sjúklings. Í ákvæðinu er þó veitt heimild til að víkja frá framangreindum aðgangstakmörkunum ef það telst nauðsynlegt vegna öryggis heilbrigðisstarfsmanna, svo sem þegar um alvarlega smitsjúkdóma er að ræða. Gert er ráð fyrir því að ráðherra setji í reglugerð skv. 25. gr. frumvarpsins nánari ákvæði um aðgang að sérstaklega viðkvæmum sjúkraskrárupplýsingum. Aukin vernd sérstaklegra viðkvæmra sjúkraskrárupplýsinga er nýmæli í lögum hér á landi. Slík vernd er þó í samræmi við viðurkennd sjónarmið um persónuvernd og sjálfsákvörðunarrétt sjúklinga.

Í 3. mgr. er áréttað að um trúnaðar- og þagnarskyldu starfsmanna í heilbrigðisþjónustu um persónulegar upplýsingar sem þeir komast að í starfi sínu, þ.m.t. sjúkraskrárupplýsingar, gilda ákvæði laga um réttindi sjúklinga og eftir atvikum önnur lög sem við eiga.

Í 4. mgr. er kveðið á um rétt sjúklings eða umboðsmanns hans til að leggja bann við því að tiltekinn starfsmaður eða starfsmenn, þ.m.t. nemar í starfsnámi, hafi aðgang að sjúkraskrá hans. Sé það hins vegar talið nauðsynlegt vegna meðferðar sjúklings að hinir tilteknu starfsmenn eða nemar hafi aðgang að sjúkraskrá sjúklings skal upplýsa sjúkling um það og jafnframt að synjun um að heimila nauðsynlegan aðgang að sjúkraskránni geti jafngilt því, eftir atvikum, að sjúklingur hafi hafnað meðferð, sbr. lög um réttindi sjúklinga.

Um aðgang að sjúkraskrám gilda jafnframt ákvæði reglugerðar sem ráðherra setur á grundvelli 25. gr. frumvarpsins.

Um 14. gr.

Í greininni er fjallað um aðgang sjúklinga að eigin sjúkraskrá. Ákvæðin eru að mestu sambærileg núgildandi ákvæðum laga um réttindi sjúklinga.

Samkvæmt 1. mgr. á sjúklingur, eða umboðsmaður hans, rétt á aðgangi að eigin sjúkraskrá í heild eða að hluta og til að fá afhent afrit af henni ef þess er óskað og skal beiðni þar að lútandi beint að umsjónaraðila sjúkraskrárinnar. Undantekningar eru frá þessu í fyrsta lagi skv. 2. mgr. ef sjúkraskrárupplýsingar eru hafðar eftir öðrum en sjúklingi sjálfum eða heilbrigðisstarfsmönnum en þá er einungis heimilt að veita aðgang að þeim með samþykki þess sem upplýsingarnar gaf. Ef sá sem þannig hefur veitt upplýsingar um sjúkling er látinn eða horfinn eða neitar á óréttmætum grundvelli að veita samþykki sitt getur landlæknir ákveðið að sjúklingi eða umboðsmanni hans skuli veittur aðgangur að umræddum upplýsingum, í heild eða að hluta. Í öðru lagi getur verið skv. 3. mgr. heimilt að synja sjúklingi um aðgang að sjúkraskrá sinni ef það er ekki talið þjóna hagsmunum sjúklings að afhenda honum eða umboðsmanni hans afrit sjúkraskrár. Skal umsjónaraðili sjúkraskrár þá án tafar framsenda landlækni afrit sjúkraskrárinnar til ákvörðunar um það hvort aðgangur að sjúkraskránni skuli veittur. Landlæknir skal innan átta vikna afgreiða erindið.

Í 4. mgr. er kveðið á um rétt sjúklings til að fá upplýsingar frá umsjónaraðila sjúkraskrár um það hverjir hafi aflað upplýsinga úr sjúkraskrá hans, m.a. með samtengingu sjúkraskrárkerfa, hvar og hvenær upplýsinga var aflað og í hvaða tilgangi. Ákvæði sama efnis er ekki að finna í núgildandi ákvæðum laga eða reglna um sjúkraskrár en ætla má að í þessu geti falist allmikið aðhald gagnvart hugsanlegri misnotkun þeirra sem aðgang hafa að sjúkraskrám og sjúkraskrárkerfum.

Í 5. mgr. er mælt fyrir um að ákvarðanir landlæknis um aðgang sjúklinga að sjúkraskrá skuli vera kæranlegar til ráðherra. Um málsmeðferð fer samkvæmt stjórnsýslulögum.

Um 15. gr.

Í greininni er mælt fyrir um aðgang að sjúkraskrám látins einstaklings en skv. 1. mgr. er meginreglan sú að óheimilt sé að veita aðgang að sjúkraskrá látins einstaklings nema fyrir liggi ótvírætt samþykki hans um að veita megi viðkomandi aðila slíkan aðgang. Teljist samþykki sjúklings ekki ótvírætt skal umsjónaraðili sjúkraskrár án tafar vísa beiðni um aðgang að sjúkraskránni til landlæknis til ákvörðunar. Í 2. mgr. er þó mælt fyrir um tiltekna undanþágu frá þessu ákvæði en þar segir að telji náinn aðstandandi hins látna, svo sem maki, foreldri eða afkomandi, að eitthvað hafi farið úrskeiðis við meðferð hins látna, en ótvírætt samþykki sjúklings skv. 1. mgr. liggi ekki fyrir, sé landlækni heimilt að veita honum aðgang að þeim hluta sjúkraskrár hins látna sem varðar hina umdeildu meðferð enda séu upplýsingarnar þess eðlis að ekki verði talið með hliðsjón af tengslum hins látna og þess sem biður um aðgang að hinn látni hefði lagst gegn því að viðkomandi fengi aðgang að þeim. Nauðsynlegt þykir að setja skýr lagafyrirmæli um aðgang að sjúkraskrám látinna. Hafa ákvæði núgildandi laga um aðgang að sjúkraskrám verið túlkuð með svipuðum hætti og hér greinir. Í ákvæðinu felst því í raun engin efnisbreyting.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að í öðrum tilvikum en þeim sem greinir í 1. og 2. mgr. sé óheimilt að veita aðgang að sjúkraskrá látins einstaklings nema fyrir liggi sérstök lagaheimild eða dómsúrskurður þess efnis.

Loks er í 4. mgr. mælt fyrir um að ákvörðun landlæknis um aðgang að sjúkraskrá skv. 1. og 2. mgr sé kæranleg til ráðherra og að um málsmeðferð fari samkvæmt stjórnsýslulögum.

Um 16. gr.

Í greininni er kveðið á um aðgang heilbrigðisyfirvalda að sjúkraskrám.

Í 1. mgr. ákvæðisins er mælt fyrir um að heilbrigðisyfirvöld sem að lögum samkvæmt fá til umfjöllunar kvörtun eða kæru sjúklings eða umboðsmanns hans vegna meðferðar skuli eiga rétt til aðgangs að sjúkraskrá viðkomandi með sama hætti og sjúklingur sjálfur.

Í 2. mgr. er áréttað að um miðlun upplýsinga úr sjúkraskrám vegna færslu heilbrigðisskráa og eftirlits landlæknis, þ.m.t. gæðaeftirlits, fari samkvæmt lögum um landlækni.

Um 17. gr.

Í greininni er kveðið á um aðgang að sjúkraskrám vegna vísindarannsókna. Er umsjónaraðila sjúkraskráa heimilt að veita aðgang að sjúkraskrá til vísindarannsóknar. Skilyrði fyrir slíkum aðgangi er að fyrir liggi leyfi Persónuverndar samkvæmt lögum um persónuvernd og skráningu og meðferð persónuupplýsinga um að veita megi aðgang að upplýsingum úr sjúkraskrám, þ.m.t. lífsýnum, vegna vísindarannsóknar enda uppfylli rannsókn skilyrði vísindarannsóknar, sbr. 4. mgr. 2. gr. laga um réttindi sjúklinga. Persónuvernd getur bundið slíkt leyfi þeim skilyrðum sem metin eru nauðsynleg hverju sinni. Þá er tekið fram að í hvert sinn sem sjúkraskrá er skoðuð vegna vísindarannsóknar skuli það skráð í hana og ákvæða IV. kafla laga þessara gætt. Efnislega eins ákvæði er nú í lögum um réttindi sjúklinga en talið er rétt að það eigi betur heima í lögum um sjúkraskrár þar sem meginákvæði laga um aðgang að sjúkraskrám eru að finna.

Um 18. gr.

Í greininni er fjallað um aðgang að sjúkraskrám vegna gæðaþróunar og gæðaeftirlits innan heilbrigðisstofnana og á starfsstofum heilbrigðisstarfsmanna. Er umsjónaraðila sjúkraskráa veitt heimild að veita heilbrigðisstarfsmönnum og öðrum starfsmönnum og nemum í starfsnámi í heilbrigðisvísindum, sem undirgengist hafa sambærilegar trúnaðar- og þagnarskyldu og heilbrigðisstarfsmenn, aðgang að sjúkraskrám vegna gæðaþróunar og gæðaeftirlits með heilbrigðisþjónustu og meðferð innan viðkomandi stofnunar. Með ákvæðinu er lagastoð skotið undir aðgang að sjúkraskrám innan stofnana og starfsstofa í þessum tilgangi. Hefur í raun verið litið svo á að slíkur aðgangur væri heimill á grundvelli gildandi réttarreglna um sjúkraskrár. Geta heilbrigðisstofnanir og starfsstofur á grundvelli þessa ákvæðis nýtt sér möguleika rafrænna sjúkraskráa og rafrænna sjúkraskrárkerfa til að varðveita og kalla fram sérgreindar sjúkraskrárupplýsingar sem nota má við gæðaþróun og gæðaeftirlit en með tilkomu rafrænna sjúkraskráa hafa opnast miklir möguleikar til framþróunar á þessu sviði. Er ljóst að með öflugri gæðaþróun og gæðaeftirliti innan heilbrigðisstofnana og starfsstofa heilbrigðisstarfsmanna er unnt að bæta öryggi sjúklinga og gæði meðferðar um leið og rekstur viðkomandi stofnana og starfsstofa verður markvissari.

Samkvæmt 11. gr. laga nr. 41/2007, um landlækni, er gert ráð fyrir að landlæknir geri áætlun um gæðaþróun innan heilbrigðisþjónustunnar sem lögð skuli fyrir ráðherra til staðfestingar. Er gert ráð fyrir því að heilbrigðisstofnanir og starfsstofur heilbrigðisstarfsmanna setji sér gæðaáætlanir sem taki mið af staðfestri áætlun landlæknis um gæðaþróun. Er framangreind heimild til aðgangs að sjúkraskrám vegna gæðaþróunar m.a. nauðsynleg til að heilbrigðisstofnanir og starfsstofur heilbrigðisstarfsmanna geti sinnt skyldum sínum samkvæmt þessum lagafyrirmælum.

Um heilbrigðisskrár sem haldnar eru með upplýsingum frá fleiri en einni heilbrigðisstofnun eða starfsstofu heilbrigðisstarfsmanna eða á landsvísu til notkunar við gæðaþróun og gæðaeftirlit gildir hins vegar 8. gr. laga um landlækni en þar eru veittar lagaheimildir til að halda heilbrigðisskrár í þeim tilgangi að afla þekkingar um heilsufar og heilbrigðisþjónustu, hafa eftirlit með þjónustunni, tryggja gæði hennar og meta árangur þjónustunnar, ásamt því að nota þær við gerð áætlana um gæðaþróun í heilbrigðisþjónustu og vísindarannsóknum. Gegna þær skrár jafnframt mikilvægu hlutverki þegar kemur að gæðaþróun og gæðaeftirliti í víðara samhengi.

Um 19. gr.

Í greininni er kveðið á um heimildir til að samtengja rafræn sjúkraskrárkerfi.

Í 1. mgr. er kveðið á um heimild til að samtengja rafræn sjúkraskrárkerfi. Er umsjónaraðila sjúkraskráa veitt heimild til að veita heilbrigðisstarfsmönnum annarra heilbrigðisstofnana eða annarra starfsstofa heilbrigðisstarfsmanna sem ekki eiga aðild að kerfinu beinan aðgang að sjúkraskrá með samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa hafi sjúklingur ekki bannað slíkan aðgang en um heimild sjúklings til slíks er fjallað í 20. gr. frumvarpsins. Er þeim heilbrigðisstarfsmönnum sem eru í beinum samskiptum við sjúkling vegna meðferðar þá heimilt að afla nauðsynlegra upplýsinga um sjúklinginn með samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa. Ef þörf krefur geta nemar í starfsnámi í heilbrigðisvísindum, sem undirgengist hafa sambærilegar trúnaðar- og þagnarskyldu og heilbrigðisstarfsmenn, jafnframt fengið slíka heimild til að afla upplýsinga um sjúklinginn með samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um heimild ráðherra til að kveða nánar á um samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa og um aðgangsheimildir heilbrigðisstarfsmanna við slíka samtengingu. Þá

er mælt fyrir um að um öryggi persónuupplýsinga við samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa fari samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og reglum Persónuverndar um öryggi persónuupplýsinga. Er hér vísað til viðeigandi ákvæða laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, m.a. 11. og 12. gr. þar sem fjallað er um áhættumat, öryggi og gæði persónuupplýsinga og innra eftirlit, og reglna nr. 299/2001, um öryggi persónuupplýsinga, þar sem fjallað er um öryggiskerfi, öryggisráðstafanir og innra eftirlit við vinnslu persónuupplýsinga.

Um 20. gr.

Í greininni er kveðið á um rétt sjúklings til að banna miðlun upplýsinga um hann með samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa.

Samkvæmt 1. mgr. hefur sjúklingur eða umboðsmaður hans rétt til að banna miðlun upplýsinga um hann með samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa. Getur sjúklingur eða umboðsmaður hans samkvæmt þessu lagt bann við því í einstöku tilviki að upplýsingum um hann sé miðlað með samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa en jafnframt getur hann í eitt skipi fyrir öll lagt bann við því að upplýsingum um hann sé miðlað með þessum hætti, sbr. 2. og 3. mgr. ákvæðisins. Getur bann sjúklings eða umboðsmanns hans samkvæmt framangreindu tekið til miðlunar allra rafrænna sjúkraskráruppl ýsinga um sjúklinginn sem vistaðar eru í tilteknu rafrænu sjúkraskrárkerfi eða tiltekinna sjúkraskráruppl ýsinga í rafrænni sjúkraskrá sjúklings á heilbrigðisstofnun eða starfsstofu heilbrigðisstarfsmanna, t.d. sjúkraskráruppl ýsinga sem vistaðar eru á tilteknum deildum eða einingum innan stofnunar eða starfsstofu. Sá fyrirvari er þó gerður á heimildum sjúklings til að banna miðlun tilekinna upplýsinga að það er tæknilega mögulegt að virða slíkt bann. Ráðast möguleikar sjúklinga í þessum efnum því að einhverju leyti af tæknilegri uppbyggingu rafrænna sjúkraskrárkerfa en skv. 25. gr. frumvarpsins skal ráðherra með reglugerð kveða á um tæknikröfur og staðla sem rafræn sjúkraskrárkerfi verða að uppfylla og skal reglugerðin taka mið af rétti sjúklinga samkvæmt ákvæðum laga þessara við færslu sjúkraskráa og til að takmarka aðgang að sjúkraskrá sinni. Loks er í ákvæðinu kveðið á um að sjúklingur eða umboðsmaður hans geti lagt bann við því að tilgreindir aðilar geti aflað upplýsinga um hann með samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að leggi sjúklingur eða umboðsmaður hans bann við því að sjúkraskráruppl ýsingum um hann sé miðlað með samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa í einstöku tilviki skuli sá heilbrigðisstarfsmaður sem ber ábyrgð á meðferð sjúklings upplýsa hann um að meðferðin geti orðið ómarkvissari en ella þar sem ekki sé þá hægt að afla heildstæðra upplýsinga um hann. Ákvörðun sjúklings um að banna samtengingu í einstöku tilviki skal skráð í sjúkraskrá hans.

Í 3. mgr. er síðan mælt fyrir um að ákvörðun sjúklings um að leggja bann við miðlun sjúkraskráruppl ýsinga með samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa skv. 1. mgr. í eitt skipti fyrir öll skuli beint til umsjónaraðila sjúkraskrárinnar og jafnframt að ákvörðunin skuli vera skrifleg og staðfest af heilbrigðisstarfsmanni sem um leið staðfestir að útskýrt hafi verið fyrir sjúklingi að með ákvörðuninni geti meðferð sem sjúklingurinn síðar kann að þarfnast orðið ómarkvissari en ella þar sem ekki sé þá hægt að afla heildstæðra upplýsinga um sjúklinginn með samtengingu rafrænna sjúkraskráa. Eðlilegt er að gerðar séu tilteknar formkröfur til ákvörðunar sem þessarar enda getur hún hugsanlega haft áhrif á heilsufarslega hagsmuni sjúklings við veitingu meðferðar í framtíðinni. Ber umsjónaraðili sjúkraskráa ábyrgð á því að bann sjúklings varðandi samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa sé virt og að sjúkra-

skráruppl̈singar um viðkomandi sjúkling séu ekki aðgengilegar með samtengingu kerfisins við annað rafrænt sjúkraskrárkerfi. Loks er í ákvæðinu kveðið á um að sjúklingur geti hvenær sem er afturkallað bann við miðlun sjúkraskráruppl̈singa um hann með samtengingu rafrænna sjúkraskrákerfa. Slík ákvörðun sjúklings um afturköllun skal staðfest af tveimur heilbrigðisstarfsmönnum og beint að umsjónaraðila sjúkraskrárinnar.

Í 4. mgr. er ráðherra með reglugerð veitt heimild til að setja nánari reglur um rétt sjúklings til að banna miðlun sjúkraskráruppl̈singa um hann með samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa.

Um 21. gr.

Í greininni er kveðið á um heimildir heilbrigðisstofnana og starfsstofa heilbrigðisstarfsmanna til að hafa sameiginlegt sjúkraskrárkerfi.

Í 1. mgr. er heilbrigðisstofnunum og starfsstofum heilbrigðisstarfsmanna, tveimur eða fleirum, veitt heimild með leyfi ráðherra til að færa og varðveita sjúkraskrár sjúklinga, sem koma til meðferðar hjá þeim, í sameiginlegu rafrænu sjúkraskrárkerfi.

Í 2. mgr. kemur fram að leyfi ráðherra skv. 1. mgr. skuli aðeins veitt ef sýnt hafi verið fram á að sameiginlegt sjúkraskrárkerfi sé til þess fallið að tryggja betur öryggi sjúklinga við meðferð. Í þessu felst m.a. að sýna þarf fram á það með faglegum rökum að sameiginlegt sjúkraskrárkerfi tryggi betur hagsmuni sjúklinga en unnt er með miðlun upplýsinga með samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa, sbr. heimildir í 19. gr. frumvarpsins. Er eðlilegt að slík krafa sé gerð enda má almennt segja að betur sé unnt að tryggja persónuverndarhagsmuni sjúklinga í aðskildum sjúkraskrárkerfum og þurfa því gild fagleg rök að réttlæta frávik frá því. Ráðherra getur jafnframt bundið leyfi skv. 1. mgr. þeim skilyrðum sem hann telur nauðsynleg til að tryggja vandaða færslu sjúkraskráa, örugga varðveislu þeirra og vernd sjúkraskráruppl̈singa. Leyfisveiting ráðherra skal jafnframt ávallt bundin eftirfarandi tveimur skilyrðum. Í fyrsta lagi að skilyrði reglugerðar skv. 25. gr. frumvarpsins um færslu rafrænna sjúkraskráa og rafræn sjúkraskrárkerfi sé uppfyllt og í öðru lagi að fyrir liggi staðfesting Persónuverndar á því að öryggi persónuupplýsinga í hinu sameiginlega rafræna sjúkraskrárkerfi sé tryggt í samræmi við lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og reglur Persónuverndar um öryggi persónuupplýsinga.

Um 22. gr.

Í greininni er kveðið á um rétt sjúklings til að takmarka aðgang að sjúkraskráruppl̈singum um hann í sameiginlegu sjúkraskrárkerfi.

Samkvæmt 1. mgr. getur sjúklingur eða umboðsmaður hans lagt bann við því að sjúkraskráruppl̈singar um hann í sameiginlegu sjúkraskrárkerfi séu aðgengilegar, að hluta eða öllu leyti, utan þeirrar heilbrigðisstofnunar eða starfsstofu heilbrigðisstarfsmanna þar sem þær eru færðar. Getur bannið jafnframt tekið til sjúkraskráruppl̈singa sem vistaðar eru á tilteknum deildum eða einingum innan heilbrigðisstofnunar eða starfsstofu heilbrigðisstofnunar að því marki sem það er tæknilega mögulegt, sbr. reglugerð sem ráðherra setur skv. 25. gr. Þá getur sjúklingur eða umboðsmaður hans loks lagt bann við því að tilgreindir aðilar geti aflað upplýsinga um hann í sameiginlegu sjúkraskrárkerfi.

Í 2. mgr. kemur fram að ákvörðun sjúklings skv. 1. mgr. skuli beint til umsjónaraðila sjúkraskrárinnar og skal hún vera skrifleg og staðfest af heilbrigðisstarfsmanni sem jafnframt staðfestir að útskýrt hafi verið fyrir sjúklingi að með ákvörðuninni geti meðferð sem sjúklingurinn síðar kann að þarfnast orðið ómarkvissari en ella þar sem ekki sé þá hægt að afla

heildstæðra upplýsinga um sjúklinginn. Er eðlilegt hér eins og þegar um er að ræða bann sjúklings við miðlun upplýsinga með samtengingu sjúkraskrárkerfa að gerðar séu tilteknar formkröfur til ákvörðunar sem þessarar enda getur hún hugsanlega haft áhrif á heilsufarslega hagsmuni sjúklings við veitingu meðferðar í framtíðinni. Umsjónaraðili sjúkraskráa ber ábyrgð á því að bann sjúklings sé virt og að sjúkraskráruppl ýsingar um viðkomandi sjúkling séu einungis aðgengilegar í samræmi við ákvörðun hans. Sjúklingur getur hvenær sem er afturkallað bann við miðlun sjúkraskráruppl ýsinga um hann í sameiginlegu sjúkraskrárkerfi. Ákvörðun sjúklings um afturköllun skal staðfest af tveimur heilbrigðisstarfsmönnum og beint að umsjónaraðila sjúkraskrárinnar.

Um 23. gr.

Í greininni er kveðið á um eftirlit með því að ákvæðum laganna sé framfylgt. Fjórir aðilar koma að eftirliti með framkvæmd laganna. Í fyrsta lagi ábyrgðar- og umsjónaraðilar sjúkraskráa á hverri heilbrigðisstofnun eða starfsstofu heilbrigðisstarfsmanna eða í sameiginlegu sjúkraskrárkerfi. Í öðru lagi landlæknir á grundvelli laga um landlækni. Í þriðja lagi Persónuvernd á grundvelli laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og loks lögregla þegar brot á lögunum er kært til lögreglu.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um að ábyrgðar- og umsjónaraðilar sjúkraskráa skuli hafa virkt eftirlit með því að framfylgt sé ákvæðum laganna og jafnframt að umsjónaraðili sjúkraskráa skuli hafa rétt til aðgangs að sjúkraskrám að því marki sem nauðsynlegt er vegna eftirlitsins.

Í 2. mgr. kemur fram að landlæknir hafi, eftir því sem við á, eftirlit með því að ákvæði laga þessara séu virt og að um eftirlit landlæknis og eftirlitsúrræði fari samkvæmt lögum um landlækni.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að Persónuvernd fari með eftirlit með öryggi og vinnslu persónuupplýsinga í sjúkraskrám í samræmi við ákvæði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Í 4. gr. er loks mælt fyrir um að leiði eftirlit í ljós að verulegar líkur séu á að brotið hafi verið gegn persónuverndarhagsmunum sjúklings skuli brotið kært til lögreglu. Fer þá um málið hjá lögreglu samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála. Er ákvæðinu ætlað að undirstrika alvarleika þess athæfis þegar brotið er gegn persónuverndarhagsmunum sjúklinga t.d. ef upplýsinga er aflað úr sjúkraskrá án þess að tilefni sé til þess vegna meðferðar sjúklings eða lagaheimild skortir að öðru leyti og er til þess fallið að auka varnaðaráhrif refsiákvæðis 24. gr. frumvarpsins gagnvart heilbrigðisstarfsmönnum og öðrum sem hafa aðgang að sjúkraskráruppl ýsingum samkvæmt lögum. Ákvæðið útilokar ekki að önnur brot á lögunum séu kærð til lögreglu. Þá er tekið fram í ákvæðinu að kæra til lögreglu stöðvi ekki athugun og beitingu stjórnsýsluviðurlaga samkvæmt lögum um landlækni og lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga eða beitingu úrræða samkvæmt lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.

Um 24. gr.

Í greininni er kveðið á um viðurlög ef brotið er gegn ákvæðum laganna eða reglna sem settar eru á grundvelli þeirra. Er lagt til að refsirammi laganna verði sektir eða fangelsi allt að þremur árum en það er sami refsirammi og settur er við brotum á lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Um 25. gr.

Í greininni er kveðið á um reglugerðarheimildir ráðherra en jafnframt er kveðið á um heimildir ráðherra til setningu reglugerða í 2. mgr. 6. gr., 2. mgr. 19. gr. og 4. mgr. 20. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um heimild ráðherra til að setja reglugerð þar sem kveðið er nánar á um færslu rafrænna sjúkraskráa, varðveislu þeirra, aðgang að þeim, aðgangsstýringu og aðgangstakmarkanir í samræmi við ákvæði frumvarpsins. Þá er ráðherra jafnframt veitt heimild til að kveða á um tæknikröfur og staðla sem rafræn sjúkraskrárkerfi, þar á meðal sameiginleg sjúkraskrárkerfi, verða að uppfylla. Afar mikilvægt er að rafræn sjúkraskrárkerfi séu samræmd enda er það að ýmsu leyti forsenda rafrænnar miðlunar sjúkraskrárupplýsinga. Sérstaklega er tekið fram að reglugerðin skuli taka mið af rétti sjúklinga samkvæmt ákvæðum frumvarpsins við færslu sjúkraskráa og til að takmarka aðgang að sjúkraskrá sinni. Þá er mælt fyrir um að um öryggi persónuupplýsinga í rafrænu sjúkraskrárkerfi fari samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og reglum Persónuverndar um öryggi persónuupplýsinga.

Í 2. mgr. er ráðherra veitt almenn heimild til að setja nánari reglur um framkvæmd laganna.

Um 26. gr.

Samkvæmt ákvæðinu taka lögin, verði þau samþykkt, þegar gildi.

Um 27. gr.

Í greininni er mælt fyrir um breytingar á öðrum lögum sem gera þarf samhliða setningu samþykkt nýrra laga um sjúkraskrár eins og lagt er til í frumvarpinu.

Í 1. tölul. eru lagðar til breytingar á lögum nr. 74/1997, um réttindi sjúklinga, og verða breytingarnar leiddar beint af þeim tillögum sem gerðar eru í frumvarpinu og felast meðal annars í því að ákvæði laga um réttindi sjúklinga sem varða sjúkraskrár og aðgang að þeim eru tekin upp í frumvarpinu.

Í 2. tölul. er lögð til breyting á ákvæðum læknalaga, nr. 53/1988, í samræmi við þær tillögur sem gerðar eru í frumvarpinu og brottfall ákvæða í lögum um réttindi sjúklinga.

Í 3. tölul. er lögð til breyting á upplýsingalögum, nr. 50/1996, þar sem lagt er til að í stað tilvísunar til laga um réttindi sjúklinga verði vísað til laga um sjúkraskrár í samræmi við efni frumvarpsins.

Í 4. tölul. er lögð til breyting á lögum nr. 139/1998, um gagnagrunn á heilbrigðissviði, þar sem lagt er til að í stað tilvísunar til laga um réttindi sjúklinga verði vísað til laga um sjúkraskrár í samræmi við efni frumvarpsins.

Í 5. tölul. er lögð til breyting á lögum nr. 100/2007, um almannatryggingar, þar sem lagt er til að í stað tilvísunar til laga um réttindi sjúklinga verði vísað til laga um sjúkraskrár í samræmi við efni frumvarpsins.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um sjúkraskár.

Í frumvarpinu er lagt til að sett verði sérstök lög um sjúkraskrár en meginefni gildandi lagaákvæða um sjúkraskrár er að finna í lögum nr. 74/1994, um réttindi sjúklinga, og fjalla þau fyrst og fremst um rétt sjúklinga til aðgangs að eigin sjúkraskrám. Meginmarkmið við endurskoðun lagareglna um sjúkraskrár eru í fyrsta lagi að kveða með heildstæðum hætti á um færslu, varðveislu og aðgang að sjúkraskrám, í öðru lagi að kveða skýrar á um lagaskyldu heilbrigðisstarfsmanna til að færa upplýsingar um meðferð í sjúkrarskrá, í þriðja lagi að kveða nánar á um rétt sjúklinga við færslu upplýsinga í sjúkraskrá og síðast en ekki síst að veita lagaheimild fyrir sameiginlegum sjúkraskrárkerfum og til samtengingar rafrænna sjúkraskrárkerfa svo að unnt sé að miðla sjúkraskráruppl ýsingum með rafrænum hætti milli heilbrigðisstarfsmanna sem hafa sjúkling til meðferðar. Þar leggur frumvarpið til að sjúkraskrár skuli færðar í rafrænu formi að því marki sem unnt er. Í samræmi við ákvæði laganna skal ráðherra með reglugerð kveða nánar á um færslu rafrænna sjúkraskráa, varðveislu og aðgang gagna, svo og tæknikröfur og staðla sem slík kerfi þurfa að uppfylla.

Heilbrigðisráðuneyti hefur gert áætlun um áform um uppbyggingu rafrænnar sjúkraskrár og heilbrigðisnets ásamt samhæfingu upplýsingakerfa og telur að innleiðing þess fram til ársins 2011 kosti í heild samtals 1.460 m.kr. Þau áform verða ekki beinlínis leidd af ákvæðum frumvarpsins og innleiðing þeirra ræðst því fyrst og fremst af útgjaldasvigrúmi ráðuneytisins. Gera má hins vegar ráð fyrir að á móti komi verulegur ávinningur við innleiðingu rafrænna sjúkraskrárkerfa sem komi til með að draga bæði beint og óbeint úr kostnaði heilbrigðiskerfisins í heild. Á móti framangreindum kostnaði má því gera ráð fyrir að komi ótvíræður ávinningur þegar rafræn sjúkraskrá er komin til fullra framkvæmda. Heildarkostnaður eigi því að vera lægri en heilbrigðisráðuneyti áætlar. Þannig mætti t.d. gera ráð fyrir að ráðuneytið fjármagni verkefnið að stórum hluta með því að verja til þess tilteknu hlutfalli af fjárheimildum allra þeirra heilbrigðisstofnana sem koma til með að hafa hag af auknu hagræði og skilvirkni sjúkraskrárkerfisins.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að ákvæði þessi muni í sjálfu sér hafa kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð. Fyrstu þrjú meginmarkmið frumvarpsins leiða ekki til umtalsverðs útgjaldaauka fyrir ríkissjóð frá því sem nú er þar sem skráning meðferðar í sjúkraskrár er þegar í framkvæmd með líkum hætti og frumvarpið kveður á um. Verður því að gera ráð fyrir að hraði innleiðingar á rafrænni sjúkraskrá og samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa muni fyrst og fremst ráðast af útgjaldasvigrúmi heilbrigðisráðuneytis eins og það verður ákvarðað í fjárlögum hvers árs.

1087. Nefndarálit [432. mál]

um frv. til l. um breytingu á nokkrum lögum á auðlinda- og orkusviði.

Frá 1. minni hluta iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund þá aðila sem nefndir eru í áliti meiri hlutans. Í því áliti eru einnig tilgreindir þeir aðilar sem sent hafa nefndinni umsagnir. Athugasemdir 1. minni hluta varða eignarhald á Hitaveitu Suðurnesja og framsal tímabundins afnotaréttar.

Við umfjöllun nefndarinnar hefur komið fram að helstu orkufyrirtæki landsins eru að fullu í eigu ríkis og/eða sveitarfélaga og falla þau þar af leiðandi undir framsalstakmörkun frumvarpsins á vatns- og jarðhitaréttindum að einu fyrirtæki undanskildu sem er Hitaveita Suðurnesja. Ástæður þessa má rekja til sölu ríkisins á hlut í fyrirtækinu fyrir um ári síðan og olli sá gerningur mikilli reiði meðal fólks á Suðurnesjum. Reiði fólksins var til komin af því að almenningur hefur byggt þetta glæsilega fyrirtæki upp og gert það að því sem það er í dag. Á nokkrum dögum tókst að safna undirskriftum um helmings Suðurnesjamanna sem ekki vildu einkavæða Hitaveitu Suðurnesja. 1. minni hluti leggur því til að í frumvarpið verði bætt bráðabirgðaákvæði sem á að tryggja að hlutur Geysis Green Energy í fyrirtækinu komist í hendur ríkis eða sveitarfélaga.

Í frumvarpinu er ríki og sveitarfélögum heimilað að framselja öðrum tímabundinn afnotarétt til allt að 65 ára. 1. minni hluti bendir á að 65 ár eru langur tími og á þeim tíma geta aðstæður breyst mikið samfara breyttum atvinnutækifærum og hækkandi orkuverði. Að auki verður ekki annað ráðið miðað við þær umsagnir sem nefndinni hafa borist að ástæða sé til að óttast að handhafi afnotaréttar fari nær undantekningarlaust fram á að hafa réttinn í 65 ár. Þingflokkur Frjálslynda flokksins telur 35 ára hámarksafnotatíma vera hæfilegan og leggur 1. minni hluti því til samsvarandi breytingu. 1. minni hluti telur að við nánari útfærslu væri rétt að kveða á um að aðilum væri heimilt að semja um áframhaldandi afnot þegar 10 ár væru eftir af samningstíma.

Fyrsti minni hluti leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Í stað tölunnar „65“ í 3. efnismgr. komi: 35.
2. Við 8. gr. Í stað tölunnar „65“ í 3. efnismgr. komi: 35.
3. Við 13. gr. Í stað tölunnar „65“ í 3. efnismgr. komi: 35.
4. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðist svo:
   Fjármálaráðherra skal að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög beita sér fyrir því að ríki og/eða sveitarfélög eignist hlut Geysis Green Energy í Hitaveitu Suðurnesja fyrir 1. júlí 2009.

Alþingi, 22. maí 2008.

Grétar Mar Jónsson.

1088. Nefndarálit [546. mál]

um frv. til l. um opinbera háskóla.

Frá meiri hluta menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðmund Árnason, ráðuneytisstjóra, Jón Vilberg Guðjónsson og Hellen M. Gunnarsdóttur frá menntamálaráðuneytinu, Kristínu Ingólfsdóttur, rektor Háskóla Íslands, Jón Atla Benediktsson, þróunarstjóra Háskóla Íslands, Ólaf Proppé, rektor Kennaraháskóla Íslands, Þorstein Gunnarsson, rektor Háskólans á Akureyri, Þóri Sigurðsson frá Félagi háskólakennara á Akureyri, Kára Hólmar Ragnarsson og Björgu Magnúsdóttur frá Stúdentaráði Háskóla Íslands, Ragnar Sigurðsson frá Félagi stúdenta við Háskólann á Akureyri, Kristján Freyr Kristjánsson frá Vöku og Sigurð Kára Árnason frá Röskvu.

Þá bárust nefndinni umsagnir frá viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, Alþýðusambandi Íslands, Félagi háskólakennara á Akureyri, Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri, Háskólanum á Akureyri, Félagi stúdenta við Háskólann á Akureyri, Félagi prófessora við ríkisháskóla, Kennaraháskóla Íslands, samhljóða umsagnir frá Stúdentaráði Háskóla Íslands og Stúdentaráði Kennaraháskóla Íslands, og dr. Helga Tómassyni, dósent við Háskóla Íslands og varamanni í stjórn Félags háskólakennara.

Með frumvarpi þessu er verið að sameina löggjafir um opinbera háskóla á Íslandi og munu við gildistöku laganna falla úr gildi lög um Háskóla Íslands, nr. 41/1999, lög um Háskólann á Akureyri, nr. 40/1990, og lög um listmenntun á háskólastigi, nr. 43/1995. Lög um Kennaraháskóla Íslands, nr. 137/1997, munu falla úr gildi við gildistöku laga nr. 37/2007, um sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands. Frumvarpinu er ætlað að færa lagaramma opinberra háskóla til samræmis við þann ramma sem lög um háskóla skapa um starfsemi háskóla með það að leiðarljósi að tryggja sömu starfsskilyrði íslenskra háskóla óháð rekstrarformi, þó að teknu tilliti til fjárhagsráðstafana, ákvarðana í starfsmanna- og nemendamálum og skipulagi ríkisrekstrar. Frumvarpið setur opinberum háskólum ákveðinn ramma en veitir þeim jafnframt vald til að móta starfsemi sína.

Nefndin hefur farið vandlega yfir ákvæði frumvarpsins. Þau atriði sem mesta umræðu fengu voru ákvæði um skipulagseiningar háskóla, skipan háskólaráðs, skólaráð og fjármögnun. Í umfjöllun nefndarinnar og í máli gesta var enn fremur komið inn á samkeppnisaðstöðu opinberra háskóla við einkarekna háskóla. Var þá ekki einungis fjallað um heimild einkarekinna háskóla til að innheimta skólagjöld heldur var einnig litið til mismunandi aðstöðu skólanna með tilliti til fjárhagslegs sjálfstæðis og starfsmannamála.

Í 1. gr. frumvarpsins er kveðið á um gildissvið laganna. Fram kemur að lögin skuli ná til þeirra háskóla sem reknir eru sem opinberir háskólar og lúti yfirstjórn menntamálaráðherra. Í ákvæðinu eru ekki tilgreindir þeir opinberu háskólar sem starfandi eru núna en þeir eru Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri, Kennaraháskóli Íslands, Landbúnaðarháskóli Íslands og Hólaskóli – Háskólinn á Hólum. Fyrirhuguð er sameining Kennaraháskólans og Háskóla Íslands, sbr. lög nr. 37/2007. Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri og Hólaskóli – Háskólinn á Hólum starfa á grundvelli laga nr. 57/1999, um búnaðarfræðslu. Í 5. mgr. bráðabirgðaákvæðis í frumvarpinu kemur fram að þau lög skuli endurskoðuð fyrir árslok 2009. Munu háskólarnir tveir því starfa áfram á grundvelli þeirra laga. Í máli ráðuneytisstjóra kom fram að ástæðan væri að skólarnir þyrftu aukinn tíma til að aðlaga sig breyttu lagaumhverfi. Því

sjónarmiði var hreyft fyrir nefndinni að eðlilegt væri að nöfn þeirra opinberu háskóla sem starfandi eru og frumvarpið tekur til yrðu tilgreind í ákvæðinu. Er það álit meiri hluta nefndarinnar að rétt sé að í 1. gr. komi skýrt fram hvaða háskólar starfi á grundvelli laganna. Með tilliti til sameiningar Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands sem taka á gildi 1. júlí 2008 telur meirihlutinn rétt að leggja til þá breytingu að nöfnum Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri verði bætt inn í 1. gr. frumvarpsins.

Töluverð umræða var innan nefndarinnar um 5. og 6. gr. frumvarpsins um hlutverk og skipan fulltrúa í háskólaráð. Með frumvarpinu er stjórn háskóla falin háskólaráði og rektor. Skal háskólaráð skipað sex fulltrúum auk rektors, þar af er einn fulltrúi háskólasamfélagsins sem valinn er samkvæmt ákvörðun háskólafundar, einn fulltrúi nemenda, tveir fulltrúar frá menntamálaráðuneyti og tveir utanaðkomandi aðilar. Er hér um breytingu að ræða frá gildandi lögum um Háskóla Íslands þar sem stjórn skólans er einnig falin deildarfundum og deildarforsetum. Frumvarpið mælir fyrir um töluverðar breytingar á skipan fulltrúa í háskólaráð og á það sér í lagi við um háskólaráð Háskóla Íslands sem nú er skipað tíu fulltrúum, þar af fjórum fulltrúum úr hópi ótímabundið ráðinna kennara, einum fulltrúa samtaka háskólakennara, tveimur fulltrúum skipuðum af menntamálaráðherra og tveimur fulltrúum stúdenta, auk rektors, sbr. 4. gr. laga nr. 41/1999. Við Háskólann á Akureyri er háskólaráð skipað fimm fulltrúum, þar af tveimur fulltrúum ótímabundið ráðinna kennara við skólann, einum fulltrúa stúdenta og einum fulltrúa frá ráðuneyti auk rektors. Þessi breyting á stjórn háskóla og skipan háskólaráðs var aftur á móti gagnrýnd af Háskóla Íslands, stúdentaráðum háskólanna og nemendafylkingum innan Háskóla Íslands. Telja þeir að fræðilega þekkingu muni skorta innan háskólaráðsins verði frumvarpið að lögum. Fulltrúar háskólasamfélagsins séu mikilvægur hlekkur við að gæta að hlutverki háskóla sem meðal annars er að sinna „… kennslu, rannsóknum, þekkingarleit og sköpun á sviði vísinda, fræða, tækniþróunar eða lista.“ Enn fremur taki sú menntun sem háskólar veita mið af þörfum samfélagsins og geti verið fræðilegs eðlis og starfsmiðuð. Háskólar séu jafnframt miðstöð þekkingar og hluti af alþjóðlegu mennta- og vísindasamfélagi.

Háskólaráð hefur víðtækt hlutverk. Það er æðsti ákvörðunaraðli innan viðkomandi háskóla, hefur með höndum framkvæmdastjórn hans og stefnumörkun. Telur meiri hlutinn að þetta hlutverk ráðsins kalli eftir skilvirkni þess og að sú breyting sem frumvarpið gerir ráð fyrir á fjölda fulltrúa í ráðinu mundi auka hana. Að mati meiri hlutans verður jafnframt að lesa 6. gr. frumvarpsins með öðrum ákvæðum þess. Í 9. gr. frumvarpsins má sjá að háskólafundur er samráðsvettvangur háskólasamfélagsins þar sem fjallað er um og mótuð sameiginleg vísinda- og menntastefna háskólans, að frumkvæði rektors. Í 10. gr. frumvarpsins segir að meðal annarra sitji rektor, forsetar og formenn deilda háskólafund ásamt kennurum og sérfræðingum úr skólum og stofnunum háskóla, fulltrúum nemenda o.fl. Lýðræðislega valdir fulltrúar háskólasamfélagsins, valdir af háskólafundi, ásamt rektor, eiga að tryggja að fræðileg þekking haldist innan ráðsins. Háskólaráð fer jafnframt með endurskoðunar- og úrskurðarhlutverk. Telur meiri hlutinn að fjölmennt ráð í fámennum háskólum samrýmist illa því hlutverki þess, enda fær það til endurskoðunar og úrskurðar mál sem snerta stöðu starfsmanna og grunneiningar skólans að verulegu leyti. Í frumvarpinu er kveðið á um að í háskólaráði sitji tveir utanaðkomandi aðilar. Í máli rektora Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri kom fram að mikilvægt væri að hafa slíka fulltrúa innan ráðsins til að efla tengsl við samfélagið. Er það álit meiri hlutans að slík breyting muni víkka sjóndeildarhring ráðsins og styrkja starfsemi háskóla út á við. Háskólasamfélagið og háskólarnir sjálfir eru að breytast og breyttir tímar kalla á aðra stjórnskipun en verið hefur innan skólanna. Álítur meiri hlutinn

að gott aðgengi að hraðri þróun þekkingarsamfélagins og öflug tengsl við atvinnulífið sé mikilvægur hlekkur í því að tryggja hagsmuni skólanna. Aftur á móti telur meiri hlutinn að mikilvægt sé að fræðileg þekking og tenging við starfsemi skólanna tapist ekki. Eigi slíkt sérstaklega við í fjölmennari skólum. Leggur meiri hlutinn því til þá breytingu á 6. gr. að í háskólum með fleiri nemendur en fimm þúsund verði fulltrúum háskólasamfélagsins fjölgað í tvo, fulltrúar nemenda verði tveir líkt og nú er og þar með komið til móts við kröfur nemenda, og fulltrúar tilnefndir af menntamálaráðherra verði fjórir. Er það álit meiri hlutans að þannig séu lýðræðishefðir Háskóla Íslands virtar og styrkum stoðum skotið undir fræðilega þekkingu innan háskólaráðsins. Með þessu móti telur meiri hlutinn að komið sé til móts við þær kröfur sem fulltrúar Háskóla Íslands og stúdentar settu fram. Meiri hlutinn telur að með þessum breytingum á ákvæðum frumvarpsins skapist þéttari og fjölmennari eining innan háskólaráðsins sem hafi góða tengingu við fræðilega og faglega starfsemi innan skipulagseininga háskólans. Meiri hlutinn undirstrikar að sú skipan sem 6. gr. frumvarpsins kveður á um henti vel fámennari háskólum Með því að halda óbreyttu fyrirkomulagi um skipan háskólaráðs í þeim háskólum sé tryggð skilvirkni ráðsins, eftirlits- og úrskurðarvald þess eflt sem og tengsl háskólanna við samfélagið og atvinnulífið styrkt.

Í 18. gr. er að finna ákvæði um innritun nemenda. Fram kemur í d-lið 3. mgr. að háskólaráð geti sett reglur um takmörkun á fjölda nemenda sem teknir eru inn á einstakar námsleiðir. Eins og fram kemur í athugasemdum um greinina hafa gildandi lög ekki þótt nægilega skýr hvað þetta varðar. Telur meiri hlutinn að í ljósi þess að ákvörðun um inntöku nemenda í háskóla teljast vera stjórnvaldsákvarðanir verði að árétta þau sjónarmið að málefnalegar ástæður geti leitt til þess að takmarka verði aðgang nemenda að einstökum námsleiðum, svo sem vegna skorts á kennslukrafti eða aðstöðu innan háskóla. Meiri hlutinn leggur því til breytingar þessa efnis.

Í 24. gr. frumvarpsins er fjallað um fjármögnun háskóla. Mikil umræða fór fram innan nefndarinnar um þetta ákvæði frumvarpsins og hélst í hendur við umræðu um samkeppnisaðstöðu opinberra háskóla við einkarekna háskóla. Í greininni er kveðið á um heimild háskóla til að innheimta skrásetningargjöld af nemendum, allt að 45.000 kr. á ársgrundvelli. Enn fremur veitir greinin háskólum heimild til að taka gjöld fyrir útgáfu staðfestra vottorða, gerð, fyrirlögn og yfirferð stöðu-, inntöku-, upptöku- og fjarprófa, þjónustu sem háskóli veitir samkvæmt samningi við menntamálaráðuneytið sem og fyrir endurmenntun og fræðslu fyrir almenning. Í 4. mgr. greinarinnar kemur enn fremur fram að háskólaráð geti gert tillögu til ráðherra um breytingar á skrásetningargjöldum. Töluverð umræða hefur verið um þetta ákvæði frumvarpsins og kom fram það sjónarmið á fundum nefndarinnar, einkum frá fulltrúum stúdenta, að með ákvæðinu væri verið að opna leið fyrir opinbera háskóla til að auka gjaldtöku skólanna og innheimta skólagjöld af nemendum. Í máli rektors Háskóla Íslands kom aftur á móti fram að hann túlkaði ákvæði frumvarpsins ekki með þeim hætti og í umsögn viðskipta- og hagfræðideildar Háskóla Íslands kom fram að deildin beinlínis harmaði að ekki skyldi í frumvarpinu gert ráð fyrir að einstakar deildir gætu ákveðið að innheimta skólagjöld af nemendum sínum. Af hálfu rektors Háskóla Íslands var upplýst að háskólaráð hefði í gegnum tíðina óskað eftir hækkun skrásetningargjalda. Í máli nemenda kom aftur á móti fram mikil andstaða við skilgreiningu skrásetningargjaldsins og 4. mgr. 24. gr. og töldu þeir að síðargreinda ákvæðið fæli einungis í sér hvatningu til háskólaráðs til að leita eftir hækkun gjalda. Meiri hlutinn telur að með lögfestingu 24. gr. frumvarpsins sé alls ekki verið að heimila töku skólagjalda við opinbera háskóla, gjaldið sé í eðli sínu þjónustugjald, sbr. álit umboðsmanns Alþingis í máli nr. 836/1993, sem m.a. er ætlað að mæta útgjöldum vegna

skráningar og ýmiss konar þjónustu við nemendur sem ekki telst til kostnaðar við kennslu og rannsóknarstarfsemi. Undirstrikar meiri hlutinn þann skilning sinn að ekki sé um nýjar eða auknar gjaldtökuheimildir að ræða í frumvarpinu. Þá áréttar meiri hlutinn sérstaklega að hækkun skráningargjalda við opinbera háskóla verður ekki ákveðin nema með samþykki Alþingis, umfram það hámark sem tilgreint er í a-lið 2. mgr. 24. gr. Aftur á móti telur meiri hlutinn rétt að taka undir sjónarmið nemenda að hluta og leggur til að 4. mgr. 24. gr. frumvarpsins verði felld brott úr frumvarpinu.

Í 2. mgr. 29. gr. er gert ráð fyrir því að verði frumvarpið að lögum öðlist það þegar gildi og komi að fullu til framkvæmda 1. júlí. Er það álit meiri hlutans að undirbúningur fyrir val til nýs háskólaráðs fyrir Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri, þurfi hins vegar lengri tíma. Leggur meiri hlutinn til að háskólaráð skólanna hafi verið tilnefnt fyrir 1. október 2008. Áréttar meiri hlutinn að við slíka tilnefningu falli niður umboð háskólaráðs Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri.

Samkeppnisaðstaða háskóla á Íslandi er umfangsmikið umræðuefni og tekur ekki einungis til fjárframlaga úr ríkissjóði heldur meðal annars til fjárhagslegs ákvörðunarvalds þeirra og starfsmannamála. Leitaði nefndin sjónarmiða umsagnaraðila um þessi atriði þó svo þau væru ekki beint efnisatriði frumvarpsins. Vill meiri hlutinn undirstrika mikilvægi almennrar og opinberrar umræðu um þessi málefni.

Meiri hlutinn leggur jafnframt til aðrar smávægilegar breytingar á frumvarpinu sem einkum varða lagatæknileg atriði.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Katrín Júlíusdóttir skrifar undir álit þetta með fyrirvara er lýtur að skipan háskólaráðs.

Jón Magnússon sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu með fyrirvara er lýtur að skipan háskólaráðs.

Alþingi, 22. maí 2008.

Sigurður Kári Kristjánsson, form., frsm.	Einar Már Sigurðarson.	Illugi Gunnarsson.
Guðbjartur Hannesson.	Ragnheiður Ríkharðsdóttir.	Katrín Júlíusdóttir, með fyrirvara.

1089. Breytingartillögur [546. mál]

við frv. til l. um opinbera háskóla.

Frá meiri hluta menntamálanefndar (SKK, EMS, IllG, GuðbH, RR, KaJúl).

1. Við 1. gr. Í stað orðsins „háskóla“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri.
2. Við 4. gr.
   a. Á eftir orðinu „skóla“ í c-lið 1. mgr. komi: eða deildir.

b. Á eftir orðunum „sbr. a-lið“ í 2. mgr. komi: 1. mgr.

3. Við 5. gr. Á eftir orðunum „sbr. b- og c-lið“ í 4. mgr. komi: 1. mgr.
4. Við 6. gr. Greinin orðist svo:

Rektor á sæti í háskólaráði og er hann jafnframt formaður ráðsins.

Í háskólaráði háskóla með færri en 5.000 nemendur skulu auk rektors eiga sæti sex fulltrúar, tilnefndir til tveggja ára í senn:

1. Einn fulltrúi háskólasamfélagsins tilnefndur af háskólafundi.
2. Einn fulltrúi tilnefndur af heildarsamtökum nemenda við háskólann.
3. Tveir fulltrúar tilnefndir af menntamálaráðherra.
4. Tveir fulltrúar tilnefndir af þeim fulltrúum sem fyrir eru í háskólaráði.

Í háskólaráði háskóla með fleiri en 5.000 nemendur skulu auk rektors eiga sæti tíu fulltrúar, tilnefndir til tveggja ára í senn:

1. Tveir fulltrúar háskólasamfélagsins tilnefndir af háskólafundi.
2. Tveir fulltrúar tilnefndir af heildarsamtökum nemenda við háskólann.
3. Fjórir fulltrúar tilnefndir af menntamálaráðherra.
4. Tveir fulltrúar tilnefndir af þeim fulltrúum sem fyrir eru í háskólaráði.

Hverjum fulltrúa skv. 1., 2. og 3. tölul. 2. mgr. og 1., 2. og 3. tölul. 3. mgr. skal tilnefndur varamaður.

Tveir fulltrúar skv. 4. tölul. 2. mgr. og 4. tölul. 3. mgr. og einn sameiginlegur varamaður fyrir þá skulu tilnefndir sameiginlega af rektor og öðrum fulltrúum skv. 1., 2. og 3. tölul. 2. mgr. og 1., 2. og 3. tölul. 3. mgr. þegar þeir hafa verið tilnefndir í ráðið til næstu tveggja ára. Við tilnefningu fulltrúa skv. 3. og 4. tölul. 2. mgr. og 3. og 4. tölul. 3. mgr. skal leitast við að tryggja sem víðtækasta þekkingu og reynslu háskólanum til stuðnings og fulltrúarnir mega ekki vera starfsmenn eða nemendur háskólans. Þegar þeir fulltrúar sem taldir eru í þessari málsgrein hafa verið tilnefndir telst háskólaráð fullskipað.

Háskólaráð setur nánari reglur um val á fulltrúum háskólasamfélagsins og nemenda. Leita skal umsagnar háskólafundar og heildarsamtaka nemenda háskóla áður en slíkar reglur eru settar eða þeim breytt.

5. Við 11. gr. Á eftir orðinu „skóla“ í 3. mgr. komi: og deildir.
6. Við 18. gr.

a. D-liður 3. mgr. falli brott.

b. 4. mgr. orðist svo:

Reglur um takmörkun á fjölda nemenda sem teknir eru inn á einstakar námsleiðir skulu settar fyrir fram fyrir hvert háskólaár. Í slíkum reglum skal taka mið af skilyrðum háskóla til þess að veita kennslu á viðkomandi námsleið. Í reglum háskólaráðs er heimilt að takmarka fjölda nemenda inn á einstaka námsleiðir enda séu þá ekki fyrir hendi skilyrði til inntöku allra umsækjenda.

7. Við 19. gr. Í stað orðanna „þeirrar deildar“ í 1. málsl. 3. mgr. komi: þess skóla.
8. Við 24. gr.

a. Á eftir orðunum „sbr. a-lið“ í 3. mgr. komi: 2. mgr.

b. 4. mgr. falli brott.

9. Við 25. gr. Í stað orðanna „Háskóla Íslands“ komi: háskóla.

10. Við 29. gr. Greinin orðist svo:
    Lög þessi öðlast þegar gildi.
    Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 41/1999, um Háskóla Íslands, lög nr. 40/1999, um Háskólann á Akureyri, og lög nr. 43/1995, um listmenntun á háskólastigi.
11. Við ákvæði til bráðabirgða.
    a. Við bætist ný málsgrein er verði 1. mgr., svohljóðandi:
       Þrátt fyrir 1. gr. laga þessara gilda þau um Kennaraháskóla Íslands til 1. júlí 2008, sbr. lög um sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands, nr. 37/2007.
    b. 2. mgr. orðast svo:
       Skipan háskólaráðs samkvæmt lögum þessum skal lokið fyrir 1. október 2008. Við slíka ráðstöfun fellur niður umboð háskólaráðs Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri.
    c. Í stað orðanna „félagsvísinda- og hugvísindadeild“ í 2. málsl. 4. mgr., komi: félagsvísinda- og lagadeild.

1090. Nefndarálit [537. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 121/1994, um neytendalán, með síðari breytingum.

Frá viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Magnús Norðdahl frá Alþýðusambandi Íslands, Hildigunni Hafsteinsdóttur frá Neytendasamtökunum, Guðjón Rúnarsson, Guðlaugu B. Ólafsdóttur og Odd Ólason frá Samtökum fjármálafyrirtækja, Áslaugu Árnadóttur og Sigríði Rafnar Pétursdóttur frá viðskiptaráðuneyti og Harald Inga Birgisson frá Viðskiptaráði.

Með frumvarpinu er lagt til að gerðar verði breytingar á lögum um neytendalán í því skyni af efla neytendavernd. Breytingarnar sem lagðar eru til varða heimildir lánveitenda til gjaldtöku, skyldu til upplýsingagjafar gagnvart neytendum og lengingu frests neytenda til að gera kröfu um greiðslu tryggingarfjár skv. 18. gr. laganna.

Ákvæði 1.–3. gr. frumvarpsins byggjast á tillögum starfshóps sem viðskiptaráðherra skipaði 29. ágúst 2007 til að gera úttekt á lagaumhverfi að því er varðar viðskipti neytenda og fjármálafyrirtækja í ljósi nútímaviðskiptahátta, einkum með tilliti til gjaldtöku.

Helstu niðurstöður starfshópsins voru þær að bankar og sparisjóðir heimili ekki fyrirtækjum eða öðrum kröfuhöfum að bæta fylgikröfum við aðalkröfu gagnvart neytendum. Starfshópurinn lagði jafnframt til að lögfestar yrðu reglur um takmarkanir á álagningu uppgreiðslugjalda. Þá kom fram hjá starfshópnum að óheimilt væri að innheimta svonefndan FIT-kostnað (kostnað vegna óheimils yfirdráttar) nema slík gjaldtaka ætti stoð í samningi og lagt til að fest yrði í lög að slíkur kostnaður skyldi vera hóflegur og endurspegla kostnað vegna yfirdráttarins.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að lögfest verði að gjaldtaka vegna óheimils yfirdráttar af tékkareikningi skuli vera hófleg og endurspegla kostnað vegna yfirdráttarins og að hún skuli eiga stoð í samningi. Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að lögfest verði skylda lánveitanda til upplýsingagjafar gagnvart neytanda um fyrirhugaðar breytingar á gjaldskrá sem honum eru

ekki til hagsbóta og skal neytandi hafa val um nánar tilgreindar leiðir til móttöku upplýsinganna. Með 3. gr. frumvarpsins er lagt til að lögfest verði ákvæði um uppgreiðslugjald. Í 4. gr. frumvarpsins er lagt til að frestur neytanda til að gera kröfu um greiðslu tryggingarfjár skv. 18. gr. laganna lengist úr einu ári í tvö, eða í fimm ár þegar um ræðir söluhlut sem er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist.

Nefndin leggur til að tvær breytingar verði gerðar á frumvarpinu. Annars vegar leggur nefndin til breytingu á 2. gr. um upplýsingaskyldu lánveitanda um fyrirhugaðar breytingar á gjaldskrá. Leggur nefndin til að lánveitandi teljist uppfylla skyldur sínar samkvæmt ákvæðinu veiti hann neytanda upplýsingarnar á heimasíðu sinni, í netbanka eða tölvupósti. Samkvæmt breytingartillögunni er gert ráð fyrir því að upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á gjaldskrá skuli aðeins veittar skriflega hafi neytandi óskað eftir því. Hins vegar leggur nefndin til orðalagsbreytingu á 1. mgr. 3. gr. Lýtur breytingin að því að í stað þess að kveðið sé á um að óheimilt sé að krefjast greiðslu uppgreiðslugjalds af eftirstöðvum láns í íslenskum krónum með breytilegum vöxtum verði mælt fyrir um að óheimilt sé að krefjast greiðslu uppgreiðslugjalds af láni í íslenskum krónum með breytilegum vöxtum. Er breytingin talin nauðsynleg þar sem orðalag frumvarpsins getur gefið tilefni til rangra gagnályktana.

Á vettvangi Evrópusambandsins er væntanleg ný tilskipun um neytendalán. Gert er ráð fyrir að hún muni kveða á um innleiðingu samkvæmt orðanna hljóðan öfugt við gildandi tilskipanir. Með hliðsjón af þessu er ljóst að lög um neytendalán munu taka einhverjum breytingum á komandi árum.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Jón Magnússon sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 20. maí 2008.

Ágúst Ólafur Ágústsson, form., frsm.	Guðfinna S. Bjarnadóttir.	Jón Bjarnason.
Birgir Ármannsson.	Árni Páll Árnason.	Valgerður Sverrisdóttir.
Jón Gunnarsson.	Björk Guðjónsdóttir.	Höskuldur Þórhallsson.

1091. Breytingartillögur [537. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 121/1994, um neytendalán, með síðari breytingum.

Frá viðskiptanefnd.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Breytingar á gjaldtöku vegna lánssamninga samkvæmt lögum þessum skal tilkynna að lágmarki einni viku áður en þær taka gildi ef þær eru ekki til hagsbóta fyrir neytendur. Lánveitandi telst uppfylla skilyrði þessarar málsgreinar ef upplýsingar eru veittar með eftirfarandi hætti að vali neytanda:
   a. á vefsíðu á vegum lánveitanda, enda hafi neytanda verið tilkynnt um veffang vefsetursins og hvar hægt sé að nálgast umræddar upplýsingar á því, eða
   b. í netbanka á vegum lánveitanda, eða
   c. með tölvupósti.
   Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. málsl. þessarar málsgreinar getur neytandi óskað eftir því að upplýsingar samkvæmt þessari málsgrein verði veittar skriflega.
2. Við 3. gr. Í stað orðanna „eftirstöðvum láns“ í 1. efnismgr. komi: láni.

1092. Nefndarálit [324. mál]

um frv. til innheimtulaga.

Frá viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Írisi Björk Hreinsdóttur og Jónas Fr. Jónsson frá Fjármálaeftirlitinu, Bjarna Þór Óskarsson og Sigurð Arnar Jónsson frá Intrum, Jóhannes Rúnar Jóhannsson frá Lögmannafélagi Íslands, Davíð B. Gíslason frá Momentum, Hildigunni Hafsteinsdóttur frá Neytendasamtökunum, Guðjón Rúnarsson, Hildi Friðleifsdóttur og Karl Óttar Pétursson frá Samtökum fjármálafyrirtækja, Gísla Tryggvasvon, talsmann neytenda, Harald Inga Birgisson frá Viðskiptaráði og Atla Frey Guðmundsson og Jón Ögmund Þormóðsson frá viðskiptaráðuneyti.

Markmið frumvarpsins er að setja ákveðnar meginreglur um innheimtu til hagsbóta fyrir neytendur. Frumvarpið snertir m.a. innheimtustarfsemi lögmanna, viðskiptabanka og sparisjóða, annarra lánastofnana, verðbréfafyrirtækja og ýmissa stofnana. Við samningu frumvarpsins var stuðst við ákvæði norskra innheimtulaga en frumvarpið byggist einnig á stjórnarfrumvarpi frá 123. löggjafarþingi, munnlegum athugasemdum efnahags- og viðskiptanefndar við það og vissum atriðum úr þingmannafrumvarpi frá 132. löggjafarþingi.

Í 2. gr. frumvarpsins er vísað til nokkurra ákvæða þess sem eru frávíkjanleg en önnur ákvæði frumvarpsins eru ófrávíkjanleg. Frumvarpið tekur með nokkrum undantekningum til innheimtu gjaldfallinna peningakrafna fyrir aðra eða vegna eigin starfsemi. Í 3. gr. frumvarpsins eru sett skilyrði fyrir því að mega stunda innheimtu fyrir aðra. Gerðar eru kröfur um innheimtuleyfi, fasta starfsstöð hér á landi og gilda starfsábyrgðartryggingu. Ekki þarf inn-

heimtuleyfi vegna innheimtu í eigin starfsemi nema þegar um ræðir aðila sem kaupir kröfur í þeim tilgangi að innheimta þær sjálfur í atvinnuskyni. Í 7. gr. frumvarpsins er fjallað um innheimtuviðvörun. Eftir gjalddaga kröfu skal senda skuldara eina viðvörun og veita honum færi á að greiða kröfu innan ákveðins frests. Samkvæmt 12. gr. frumvarpsins getur viðskiptaráðherra með reglugerð ákveðið hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar. Tekið er fram í 12. gr. að fjárhæðin skuli taka mið af þeim kostnaði sem kröfuhafi verður fyrir vegna innheimtunnar og nauðsynlegur og hóflegur getur talist. Þetta ákvæði var talsvert rætt við umfjöllun málsins í nefndinni. Skuldarar hafa ekki val um það við hvaða innheimtuaðila kröfuhafi semur en telja verður að þetta fyrirkomulag stuðli að því að skuldarar eigi ekki síður á hættu að innheimtukostnaður reynist þeim of þungbær.

Nefndin leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu. Lögð er til breyting á 1. gr. sem fjallar um gildissvið frumvarpsins. Eins og að framan greinir tekur frumvarpið til innheimtu gjaldfallinna peningakrafna fyrir aðra eða vegna eigin starfsemi. Innheimta opinberra aðila á sköttum og gjöldum fellur ekki undir frumvarpið. Hins vegar mundi önnur innheimta opinberra aðila heyra undir frumvarpið, t.d. innheimta krafna Íbúðalánasjóðs. Þá gildir frumvarpið ekki heldur um innheimtuaðgerðir á grundvelli réttarfarslaga. Því fellur t.d. kostnaður við útgáfu stefnu og fjárnámsbeiðni utan gildissviðs frumvarpsins. Nefndin leggur til að við 1. gr. bætist skilgreining hugtakanna fruminnheimta, milliinnheimta og löginnheimta. Með fruminnheimtu er átt við innheimtuviðvörun skv. 7. gr. Með milliinnheimtu er átt við innheimtuaðgerðir sem hefjast eftir að skuldari hefur fengið slíka innheimtuviðvörun og áður en löginnheimta hefst. Með löginnheimtu er átt við innheimtu á grundvelli réttarfarslaga sem ákvæði frumvarpsins taka ekki til eins og að framan greinir.

Lagðar eru til tvenns konar breytingar á 4. gr. Annars vegar er lagt til að við b-lið 1. mgr. bætist tilvísun til 5. gr. laga um kosningar til Alþingis um óflekkað mannorð. Hins vegar er lagt til að við 2. mgr., sem fjallar um innheimtuleyfi lögaðila, verði bætt málslið þess efnis að lögaðili skuli fullnægja skilyrðum a-liðar 1. mgr. varðandi greiðslustöðvun og gjaldþrotaskipti og e-liðar sömu málsgreinar.

Lagðar eru til tvær viðbætur við 2. mgr. 6. gr. Er í fyrsta lagi lagt til að við bætist orðin „m.a.“ svo að skýrt sé að ekki er um tæmandi talningu að ræða. Í öðru lagi er lagt til að orðið „óþarfa“ komi á undan orðunum tjóni og óþægindum til að hnykkt sé á því að það tjón eða óþægindi sem skuldari hlýtur verði ekki umfram það sem venjulegt geti talist.

Lagt er til að d-liður 2. mgr. 7. gr. um upphafsdag dráttarvaxta falli brott enda getur í framkvæmd verið vandkvæðum bundið að finna út hver hann er.

Lagðar eru til tvenns konar breytingar á 8. gr. Er annars vegar lögð til sú viðbót við 1. málsl. að innheimtuaðili geti gefið kröfu eftir að nokkru leyti eða öllu. Um þetta er fjallað í athugasemdum með 8. gr. en telja verður rétt að gera þetta skýrara í sjálfum frumvarpstextanum. Ef innheimtuaðili gengur of langt getur hann bakað sér bótaskyldu gagnvart kröfuhafa. Hins vegar er lagt til að samningar um greiðslu skuli því aðeins vera skriflegir að skuldari óski þess. Til skýringar er lögð til orðalagsbreyting á 11. gr.

Lagt er til að gerð verði breyting á 12. gr. í þá veru að ekki verði tekið fram að hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar samkvæmt reglugerð sem viðskiptaráðherra getur sett verði ákveðin í samráði við helstu hagsmunaaðila. Þessi tillaga um breytingu er gerð vegna athugasemda Samkeppniseftirlitsins.

Nefndin leggur til að í stað 15.–17. gr. komi sex nýjar greinar. Er að ýmsu leyti byggt á tillögum Fjármálaeftirlitsins um breytingar á þessum greinum frumvarpsins. Lagt er til að í nýrri 15. gr. verði fjallað um leyfi og leyfisveitingu og hnykkt á því fyrirkomulagi að úr-

skurðarnefnd lögmanna fari með eftirlit með lögmönnum og Fjármálaeftirlitið fari með leyfisveitingu og eftirlit að öðru leyti, sbr. 1. mgr. 3. gr. og 4. og 5. gr. frumvarpsins. Þá er lagt til að í 3. mgr. 15. gr. verði kveðið um það að eftirlitsaðilar samræmi verklagsreglur sínar.

Lagt er til að í nýrri 16. gr. verði fjallað um eftirlit og textinn einfaldaður nokkuð frá því sem er í 15. gr. frumvarpsins sem fjallar bæði um leyfi og eftirlit. Þá er lagt til að í 17. gr. verði mælt fyrir um sviptingu innheimtuleyfis. Lagt er til að í 18. gr. verði ákvæði um stjórnvaldssektir sem verði fyllra en ákvæðið sem er í frumvarpinu. Lagt er til að í 19. gr. verði kveðið á um það að Fjármáleftirlitinu verði heimilt að ljúka máli með sátt með samþykki málsaðila enda sé ekki um að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggi við. Lagt er til að 20. gr. frumvarpsins fjalli um refsingar. Framangreindar breytingar á viðurlagaákvæðum eru í samræmi við breytingar sem gerðar hafa verið á heimildum Fjármálaeftirlitsins, sbr. lög nr. 55/2007, um breytingar á lagaákvæðum um viðurlög við brotum á fjármálamarkaði.

Nefndin leggur til að gildistöku frumvarpsins verði seinkað þannig að lögin öðlist gildi 1. janúar 2009.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Birgir Ármannsson skrifar undir álit þetta með fyrirvara um 12. gr. frumvarpsins.

Jón Magnússon sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 20. maí 2008.

Ágúst Ólafur Ágústsson, form., frsm.	Guðfinna S. Bjarnadóttir.	Jón Bjarnason.
Birgir Ármannsson.	Árni Páll Árnason.	Valgerður Sverrisdóttir.
Jón Gunnarsson.	Björk Guðjónsdóttir.	Höskuldur Þórhallsson.

1093. Breytingartillögur [324. mál]

við frv. til innheimtulaga.

Frá viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

   Lög þessi gilda um frum- og milliinnheimtu gjaldfallinna peningakrafna fyrir aðra eða vegna eigin starfsemi. Þau gilda þó ekki um innheimtu opinberra aðila á sköttum og gjöldum og löginnheimtu.

   Með fruminnheimtu er átt við innheimtuviðvörun skv. 7. gr. Með milliinnheimtu er átt við innheimtuaðgerðir sem hefjast eftir að skuldari hefur fengið innheimtuviðvörun skv. 7. gr. og áður en löginnheimta hefst. Með löginnheimtu er átt við innheimtumeðferð

á grundvelli réttarfarslaga. Innheimtuaðili er einstaklingur eða lögaðili sem annast innheimtu.

2. Við 4. gr.
   a. B-liður 1. mgr. orðist svo: hefur óflekkað mannorð svo sem áskilið er til kjörgengis við kosningar til Alþingis, sbr. 5. gr. laga nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis.
   b. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Lögaðilinn skal fullnægja skilyrðum a- og e-liðar 1. mgr.
3. Við 6. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Það telst m.a. brjóta í bága við góða innheimtuhætti að beita óhæfilegum þrýstingi eða valda óþarfa tjóni eða óþægindum.
4. Við 7. gr. D-liður 2. mgr. falli brott.
5. Við 8. gr.
   a. Á eftir orðunum „samningur við innheimtuaðila um greiðslu“ í 1. málsl. komi: m.a. eftirgjöf að nokkru eða öllu leyti.
   b. Við 2. málsl. bætist: óski skuldari þess.
6. Við 11. gr. Greinin orðist svo:
   Ef skuldari hefur greitt innan greiðslufrests skv. 7. gr. verður hann aðeins krafinn um kostnað vegna innheimtuviðvörunar, sbr. 12. gr. Ef greiðsluseðill og innheimtuviðvörun hafa í slíku tilviki verið sameinuð skv. 3. mgr. 7. gr. verður hann þó eigi krafinn um kostnað vegna viðvörunarinnar. Ef brotið hefur verið gegn 7. gr., þannig að innheimtuviðvörunin þjóni ekki tilgangi sínum, verður skuldari aðeins krafinn um kostnað vegna viðvörunarinnar.
7. Við 12. gr. Orðin „að höfðu samráði við helstu hagsmunaaðila“ í 1. málsl. falli brott.
8. Í stað 15.–17. gr. komi sex nýjar greinar sem orðist svo ásamt fyrirsögnum:
   a. (15. gr.)

Leyfisveiting og eftirlitsaðilar.

Fjármálaeftirlitið fer með leyfisveitingu samkvæmt lögum þessum, sbr. 1. mgr. 3. gr. og 4. og 5. gr., og annast almennt eftirlit með framkvæmd þeirra.

Gagnvart lögmönnum fer úrskurðarnefnd lögmanna með eftirlit samkvæmt lögum þessum og lögum um lögmenn.

Eftirlitsaðilar skv. 1. og 2. mgr. skulu samræma verklagsreglur sínar um eftirlit samkvæmt lögum þessum.

   b. (16. gr.)

Eftirlit.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi þeirra aðila sem það hefur veitt innheimtuleyfi samkvæmt lögum þessum, sbr. 1. mgr. 3. gr. og 5. gr., svo og þeirra aðila sem taldir eru upp í 2. mgr. 3. gr., sbr. 1. mgr. 1. gr., að lögmönnum undanskildum. Um eftirlit Fjármálaeftirlitsins gilda lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998.

Telji Fjármálaeftirlitið að starfsemi samkvæmt lögum þessum sé stunduð án tilskilinna leyfa getur það krafist sérhverra gagna og upplýsinga hjá viðkomandi aðila eða þriðja aðila að viðlögðum dagsektum.

Sé leyfisskyld starfsemi stunduð án þess að leyfi hafi verið veitt getur Fjármálaeftirlitið krafist þess að slíkri starfsemi verði hætt. Jafnframt er heimilt að birta opinberlega nöfn aðila sem taldir eru bjóða þjónustu án tilskilinna leyfa.

Þeir aðilar sem Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með skulu taka þátt í greiðslu rekstrarkostnaðar þess með greiðslu eftirlitsgjalds í samræmi við ákvæði laga þar um.

c. (17. gr.)

Svipting innheimtuleyfis.

Fjármálaeftirlitið getur svipt leyfishafa innheimtuleyfi skv. 4. gr., sbr. 1. mgr. 3. gr. og 5. gr., ef:

a. hann hefur brotið gegn skyldum sínum samkvæmt lögum; eða
b. skilyrði fyrir veitingu leyfis eru ekki lengur til staðar.

d. (18. gr.)

Stjórnvaldssektir.

Fjármálaeftirlitið getur lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem það hefur eftirlit með og brýtur gegn:

a. 3. gr. um skilyrði til að mega stunda innheimtu fyrir aðra;
b. 7. gr. um innheimtuviðvörun;
c. 3. mgr. 16. gr. telji eftirlitið að starfsemi samkvæmt lögum þessum sé stunduð án tilskilins leyfis;
d. sátt milli Fjármálaeftirlitsins og aðila, sbr. 19. gr.;
e. reglugerð viðskiptaráðherra skv. 12. gr. um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar.

Stjórnvaldssektum verður beitt óháð því hvort lögbrot eru framin af ásetningi eða gáleysi.

Stjórnvaldssektir sem lagðar eru á einstaklinga geta numið frá 10.000 til 20.000.000 kr. Sektir sem lagðar eru á lögaðila geta numið frá 50.000 til 50.000.000 kr. Við ákvörðun sekta skal m.a. taka tillit til alvarleika brots, hvað það hefur staðið lengi, samstarfsvilja hins brotlega aðila eða hvort um ítrekað brot er að ræða. Ákvarðanir um stjórnvaldssektir skulu teknar af stjórn Fjármálaeftirlitsins og eru þær aðfararhæfar. Sektirnar renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtu. Séu stjórnvaldssektir eigi greiddar innan mánaðar frá ákvörðun Fjármálaeftirlitsins skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektanna. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

Í máli sem beinist að einstaklingi og lokið getur með álagningu stjórnvaldssektar eða kæru til lögreglu hefur maður, sem rökstuddur grunur leikur á að hafi gerst sekur um lögbrot, rétt til að neita að svara spurningum eða afhenda gögn eða muni nema unnt sé að útiloka að það geti haft þýðingu fyrir ákvörðun um brot hans. Fjármálaeftirlitið skal leiðbeina hinum grunaða um þennan rétt.

Heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir samkvæmt lögum þessum fellur niður þegar fimm ár eru liðin frá því að háttsemi lauk. Frestur rofnar þegar Fjármálaeftirlitið tilkynnir aðila um upphaf rannsóknar á ætluðu broti. Rof frests hefur réttaráhrif gagnvart öllum sem staðið hafa að broti.

e. (19. gr.)

Sættir.

Hafi aðili gerst brotlegur við ákvæði laga þessara eða ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins á grundvelli þeirra er Fjármálaeftirlitinu heimilt að ljúka málinu með sátt með samþykki málsaðila enda sé ekki um að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við. Sátt er bindandi fyrir málsaðila þegar hann hefur samþykkt og staðfest efni hennar með undirskrift sinni.

f. (20. gr.)

Sektir eða fangelsi.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, liggi ekki þyngri refsing við broti samkvæmt öðrum lögum, að brjóta, eða eiga hlutdeild í því að brjóta, af ásetningi gegn ákvæðum 13. gr. um þagnarskyldu.

Þá varðar það sömu refsingu að gefa, eða eiga hlutdeild í því að gefa, af ásetningi vísvitandi rangar eða villandi upplýsingar um hagi fjármálafyrirtækis, er fellur undir lög þessi, eða annað er það varðar, opinberlega eða til Fjármálaeftirlitsins, annarra opinberra aðila eða viðsemjenda sinna.

Um mál út af broti samkvæmt þessari grein skal fara að hætti laga um meðferð opinberra mála.

9. Við 18. gr. er verður 21. gr. Við bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Fjármálaeftirlitið getur sett reglur um framkvæmd eftirlits.
10. Við 19. gr. er verður 22. gr. Greinin orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2009. Þann dag fellur úr gildi 3. mgr. 24. gr. laga um lögmenn, nr. 77/1998, um leiðbeiningar um innheimtu peningakrafna áður en innheimta á grundvelli réttarfarslaga hefst.

1094. Svar [581. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Guðnýjar Hrundar Karlsdóttur um kostnað heilbrigðiskerfisins vegna slysa á Reykjanesbraut.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver er áætlaður kostnaður heilbrigðiskerfisins vegna þeirra slysa sem orðið hafa á Reykjanesbraut síðastliðna þrjá mánuði?

Frá byrjun desember 2007 til febrúarloka 2008 skráði Umferðarstofa 21 umferðaróhapp á Reykjanesbraut og komu þar við sögu 42 einstaklingar. Af þeim voru 5 skráðir með alvarleg meiðsli og 37 voru metnir með minni háttar meiðsli.

Aldur þeirra sem lentu í slysunum var 7–85 ára en meðalaldurinn var um 27,5 ár.

Kostnaður vegna þeirra sem urðu fyrir minni háttar áverkum felst fyrst og fremst í flutningi á slysa- eða bráðamóttöku sjúkrahúsanna til rannsóknar og meðferðar.

Kostnað vegna þeirra sem urðu fyrir verulegum áverkum er ekki hægt að meta að svo komnu máli þar sem ekki liggur fyrir, að svo skömmum tíma liðnum, hver hinn endanlegi kostnaður verður. Rétt er að benda á að þar sem um mjög fáa er að ræða gæti verið hægt að tengja kostnað við ákveðna einstaklinga og því ekki rétt að birta slíkt á þessum vettvangi.

1095. Skýrsla [636. mál]

samgönguráðherra um framkvæmd samgönguáætlunar 2007. Vegáætlun.

(Lögð fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

4. VEGÁÆTLUN

Skýrsla samgönguráðherra um framkvæmd vegáætlunar 2007 er hluti af skýrslu um framkvæmd samgönguáætlunar og er hér fylgt tilvísanakerfi samgönguáætlunar.

4.1 Fjármál

I ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN

Í fjárlögum 2007 var gert ráð fyrir mörkuðum tekjum að upphæð 12.154 m.kr., auk 10 m.kr. í tekjur af leyfisgjöldum flutninga og leigubifreiða. Spá vegáætlunar gerði ráð fyrir 12.520 m.kr. Til viðbótar þessari upphæð komu inn á árinu 245 m.kr. ríkisframlag, 1.500 m.kr. af söluandvirði Símans og 1.750 m.kr. framlag til jarðganga. Samkvæmt fjárlögum voru tekjur og framlög 15.659 m.kr. Ráðstöfunartala fjárlaga var hins vegar 18.150 m.kr. og var því gert ráð fyrir töluverðri fyrirframráðstöfun markaðra tekna. Í fjáraukalögum komu inn 2.397 m.kr. til viðbótar af mörkuðum tekjum, og var 344 m.kr. af þeim varið til ferjumála. Þegar tekið hafði verið tillit til lánahreyfinga milli vegasjóðs og ríkissjóðs var samtala fjárlaga og fjáraukalaga 18.493 m.kr.

Samkvæmt bráðabirgðatölum frá Ríkisbókhaldi var innheimtan á mörkuðum tekjum, þ.e. bensíngjaldi, þungaskatti og olíugjaldi auk leyfisgjalda af flutningum og leigubifreiðum um 2.005 m.kr. meiri en gert var ráð fyrir í vegáætlun en 35 m.kr. minni en fjárlög og fjáraukalög ársins gáfu til kynna.

Tekjur af mörkuðum tekjum umfram fjárveitingar síðustu ára hafa verið geymdar í vegasjóði. Inneign í vegasjóði lækkar í árslok 2007 um 847 m.kr. frá stöðu hans í ársbyrjun.

4.1.1 Tekjur og framlög	Vegáætlun m.kr.	Fjárlög m.kr.	Fjáraukalög m.kr.	Samtals fjárveitingar m.kr.	Rauntekjur m.kr.
1.1. Markaðar tekjur					
1. Bensíngjald	6.590	6.590	760	7.350	7.220
2. Þungaskattur, km-gjald	1.000	1.054	206	1.260	1.195
4. Olíugjald	4.920	4.510	1.431	5.940	6.096
5. Leyfisgjöld flutninga	4	4		4	7
6. Leyfisgjöld leigubifreiða	6	6		6	7
	12.520	12.164	2.397	14.560	14.525
1.2. Ríkisframlag	2.694	245		245	245
1.3. Ráðstöfun af andvirði Símans	1.500	1.500		1.500	1.500
1.4. Framlög til jarðganga	1.750	1.750		1.750	1.750
Framlag úr ríkissjóði alls	5.944	3.495	0	3.495	3.495
Tekjur og framlög alls	18.464	15.659	2.397	18.055	18.020
4.1.2 Viðskiptahreyfingar					
1. Vegna vegtenginga Hvalfjarðarganga	-40	-40		-40	-40
2. Vegna ferja	-274	-274		-274	-274
3. Fyrirfram ráðstöfun markaðra tekna		2.865	-2.053	812	847
4. Viðskiptahr. v/reiknaðra stærða *)		-60		-60	-60
Afborganir alls	-314	2.491	-2.053	438	473
Samtals	18.150	18.150	344	18.493	18.493

*) Reiknaðar stærðir í uppgjöri Vegagerðarinnar eru afskriftir markaðra tekna (það sem ekki tekst að innheimta af álögðum mörkuðum tekjum hjá gjaldendum). Upphæðin er ekki til útgreiðslu og er þetta því eingöngu til afstemmingar á fjárheimildastöðu Vegagerðarinnar gagnvart ríkisreikningi.

Nokkur hluti af fjárveitingum til Vegagerðarinnar fer í greiðslur beint til ríkissjóðs. Á árinu 2007 er um að ræða afborganir og vexti af lánum vegna ferjunnar Herjólfs, 274 m.kr. og afborganir og vexti af lánum vegna vegtenginga Hvalfjarðarganga 40 m.kr. Í ríkisreikningi eru þessar upphæðir ekki færðar sem kostnaður hjá Vegagerðinni heldur sem lækkun á framlagi til hennar.

4.1.1. TEKJUR OG FRAMLÖG

Bifreiðaeign

Samkvæmt tölum frá Umferðarstofu voru nýskráðar fólksbifreiðir 18.524 á árinu 2007 á móti 19.448 árið áður sem samsvarar 4,8% færri skráningum. Á sama tíma voru nýskráðar 94 hópferðabifreiðir á móti 126 árið áður sem samsvarar um 25% fækkun. Nýskráðar vöru- og sendibifreiðir voru 3.999 á árinu 2007 en voru 3.549 árið áður og er það um 13% aukning skráninga á milli ára. Minnkun í nýskráningum mótorhjóla var rúmlega 8% en nýskráð voru 1.414 hjól á móti 1.534 árið á undan.

Þó að nýskráningum hafi fækkað nokkuð á árinu 2007 miðað við árið á undan vex bifreiðafjöldi landsmanna þó jafnt og þétt og er nú kominn í rúmlega 240.000 bíla. Í töflunni hér að neðan má sjá að bifreiðaeign landsmanna hefur farið vaxandi undanfarin ár. Fólksbifreiðaeign á hverja 1.000 íbúa er nú komin í 663 samkvæmt bráðabirgðatölum frá Umferðarstofu.

	Bifreiða-eign 31.12.05	Nettó aukning í %	Bifreiða-eign 31.12.06	Nettó aukning í %	Bifreiða-eign 31.12.07
Fólksbifreiðir	187.442	5,25	197.291	5,18	207.513
Hópferðabifreiðir	1.899	1,58	1.929	0,73	1.943
Vöru- og sendibifreiðir	25.544	10,01	28.100	10,66	31.095
Samtals:	214.885	5,79	227.320	5,82	240.551

Bensíngjald

Bensínsalan 2007 nam um 219,1 milljónum lítra sem er 4,1% aukning frá árinu á undan. Samkvæmt bráðabirgðatölum frá Ríkisbókhaldi voru innheimtar tekjur af bensínsölunni, þ.e. bensíngjaldið, 7.219,5 m.kr. árið 2007. Það er 630 m.kr. meira en tekjuspá vegáætlunar gerði ráð fyrir en 130 m.kr. minna en áætlað var í fjárlögum og fjáraukalögum.

Bensínbifreiðum hefur fjölgað um 19,6% sl. fimm ár en sala á bensíni hefur ekki aukist í sama hlutfalli. Hún hefur aðeins aukist um 14,1% á þessu sama tímabili. Díselbifreiðum hefur fjölgað hlutfallslega mun meira á þessum tíma eða um 84%. Bensíngjald er nú 32,95 kr./l og hækkaði síðast 1. júlí 2005.

Í ársbyrjun 2007 kostaði lítrinn af 95 okt. bensíni 117,70 kr. frá dælu á bensínstöð með fullri þjónustu. Verðið hækkaði lítillega fram í mars en frá mars fram í byrjun júní hækkaði það um 10,0% og var komið í 129,60 kr./l. Verðið hélst nokkuð stöðug fram í miðjan október en þá hófust hækkanir að nýju og í árslok var verðið komið í 137,90 kr./l. Verðhækkun á milli ára mælist 17,2%.

Ár	Bensínsala m.l	Meðaleyðsla lítrar á bifreið	Verð á lítra 31.12. 95 okt.	98 okt.	Bensíngjald
1997	183,8	1.437	77,2	81,9	26,60
1998	188,7	1.408	72,6	77,3	27,53
1999	190,7	1.350	86,3	91,0	28,60
2000	189,2	1.275	96,0	100,7	28,60
2001	190,4	1.260	94,2	98,9	28,60
2002	192,4	1.269	96,3	100,1	28,60
2003	194,0	1.259	99,9	104,6	28,60
2004	196,8	1.233	104,6	105,4	30,89
2005	200,3	1.196	113,3	118,9	32,95
2006	210,5	1.207	117,7	119,3	32,95
2007	219,1 *	1.220	137,9	140,5	32,95

*) Bráðabirgðatölur

Þungaskattur

Á árinu voru innheimtar tekjur af þungaskatti alls 1.195 m.kr. Skatturinn er í formi kmgjalds og er aðeins lagður á bifreiðir sem eru yfir 10 tonn að leyfðum heildarþunga. Kmgjald fyrir bifreið á bilinu 10-11 tonn er 0,29 kr./km og fer svo stighækkandi og er 12,89 kr./km í flokki bifreiða sem eru 31 tonn og yfir.

Olíugjald

Í lögunum um olíugjald, nr. 87/2004 er gert ráð fyrir að olíugjald á hvern lítra af ólitaðri olíu verði 45 kr. Í ljósi þeirra miklu hækkana á eldsneytisverði sem hófust fyrripart árs 2005 voru sett lög um breytingu á gjaldinu til bráðabirgða. Var það lækkað niður í 41 kr./l, tímabundið til 31. desember 2005. Sú lækkun hefur verið framlengd á hálfs til eins árs fresti síðan en var gerð varanleg með lagabreytingu sem tók gildi 1. janúar 2008.

Innheimta tekna af olíugjaldinu var 6.096 m.kr. sem er tæplega 24% meira en áætlað var. Gert hafði verið ráð fyrir að salan næmi um 120 milljónum lítra en samkvæmt innheimtutölum var salan um 149 milljónir lítra á árinu 2007.

Leyfisgjöld flutninga og leigubifreiða

Innheimt leyfisgjöld flutninga voru samtals 6,4 m.kr. á árinu 2007. Það er um 2,4 m.kr. meira en tekjuspá vegáætlunar gerði ráð fyrir. Innheimt leyfisgjöld leigubifreiða voru um 7,3 m.kr. sem er 1,3 m.kr. meira en tekjuspá vegáætlunar gerði ráð fyrir. Heildartekjur voru því 13,7 m.kr. sem er 3,7 m.kr. meira en áætlað hafði verið.

Ríkisframlag

Viðbótarfé til nýbygginga vega af söluandvirði Símans nam 1.500 m.kr. og framlag ríkisins vegna styrkja til innanlandsflugs var 244,7 m.kr. Heildarframlag ríkisins var því 1.744,7 m.kr.

Framlög til jarðganga

Í vegáætlun 2007-2010 er veitt umtalsverðu fjármagni úr ríkissjóði til jarðgangagerðar. Á árinu 2007 var framlag til jarðganga alls 1.750 m.kr.

Fjáraukalög

Í fjáraukalögum fékk Vegagerðin 343,5 m.kr. viðbótarfjárveitingu til að rétta af halla á ferjuliðnum, sem myndast hafði á undanförnum árum einkum vegna fjölgunar ferða til Vestmannaeyja.

4.1.2. VIÐSKIPTAHREYFINGAR

Á árinu 2007 var greidd ein afborgun af láni, 40 m.kr., sem tekið var hjá ríkissjóði til að fjármagna síðari hluta vegtenginga við Hvalfjarðargöng. Auk þess voru greiddar afborganir og vextir af lánum vegna ferjunnar Herjólfs, 274 m.kr.

II SKIPTING ÚTGJALDA

Í eftirfarandi töflu er sýnd skipting fjárveitinga til Vegagerðarinnar á árinu 2007. Vegáætlun gerði ráð fyrir að til ráðstöfunar væru 18.150 m.kr. Samkvæmt fjárlögum fékk Vegagerðin 18.150,1 m.kr. Á fjáraukalögum fékk Vegagerðin 343,5 m.kr. viðbótarfjárveitingu vegna uppsafnaðs halla á liðnum styrkir til ferja auk þess sem fluttar voru tímabundið 487 m.kr. til þessa liðar af stofnkostnaðarliðnum vegna áfallins kostnaðar við Grímseyjarferju. Fjárveitingar til Vegagerðarinnar árið 2007 voru því alls 18.493,6 m.kr. þar af 60 m.kr. ekki til útborgunar.

			Vegáætlun 2007	Breyting 2007	Fjárveiting 2007
4.1.3	**Rekstur og þjónusta**				
	1. Yfirstjórn		332,0	0,5	332,5
	2. Umsýslugjald		59,0	-0,3	58,7
	3. Upplýsingaþjónusta		91,0		91,0
	4. Umferðareftirlit		70,0		70,0
	5. Þjónusta		3.091,0	0,4	3.091,4
	1. Þjónustusvæði	316,0			
	2. Vegir og vegyfirborð	533,0			
	3. Brýr og veggöng	87,0			
	4. Vegmerkingar og vegbúnaður	592,0			
	5. Þéttbýlisvegir	356,0			
	6. Vetrarþjónusta	1.207,0			
	6. Almenningssamgöngur		1.182,0	830,0	2.012,0
	1. Ferjur og flóabátar		747,0		
	þar af afborgun ferjulána til ríkissjóðs		-274,0		-274,0
	2. Áætlunarflug		245,0		
	3. Sérleyfi á landi		190,0		
	7. Rannsóknir		117,0	0,4	117,4
	8. Minjar og saga		15,0		15,0
		Rekstur og þjónusta samtals	**4.683,0**	**831,0**	**5.514,0**
4.1.4	**Viðhald þjóðvega**				
	1. Endurnýjun bundinna slitlaga		1.130,0	-0,3	1.129,7
	2. Endurnýjun malarslitlaga		240,0		240,0
	3. Styrkingar og endurbætur		890,0		890,0
	4. Brýr, varnargarðar og veggöng		290,0		290,0
	5. Öryggisaðgerðir		185,0		185,0
	6. Umferðaröryggisáætlun		109,0		109,0
	7. Vatnaskemmdir		170,0		170,0
	8. Viðhald girðinga		67,0		67,0
	9. Frágangur gamalla efnisnáma		33,0		33,0
		Viðhald samtals	**3.114,0**	**-0,3**	**3.113,7**
4.1.5	**Stofnkostnaður**				
	1. Grunnnet		8.183,0	-487,0	7.696,0
	1. Almenn verkefni	571,0			
	2. Verkefni á Höfuðborgarsvæði	1.002,0			
	3. Verkefni á landsbyggð	3.300,0			
	Þar af afborgun láns v/Hvalfjarðartenginga til ríkissjóðs		-40,0		-40
	4. Söluandvirði Símans	1.500,0			
	5. Jarðgangaáætlun	1.750,0			
	6. Landsvegir í grunnneti	60,0			
		Samtals grunnnet:	**8.143,0**	**-487,0**	**7.656,0**
	2. Tengivegir		640,0		640,0
	3. Til brúagerðar		317,0	-0,1	316,9
	1. Brýr, 10 m og lengri	287,0			
	2. Smábrýr	30,0			
	4. Ferðamannaleiðir		195,0		195,0
	5. Þjóðgarðavegir		324,0		324,0
	6. Girðingar		75,0		75,0
	7. Landsvegir utan grunnnets		119,0		119,0
	8. Safnvegir		350,0		350,0
	9. Styrkvegir		70,0		70,0
	10. Reiðvegir		60,0		60,0
		Samtals utan grunnnets:	**2.150,0**	**-0,1**	**2.149,90**
		Afskrift markaðra tekna:	60,0		60,0
		Stofnkostnaður samtals:	**10.353,0**	**-487,1**	**9.865,9**
		Samtals:	**18.150,0**	**343,6**	**18.493,6**

Verðlagsforsendur og afkoma 2007 og yfirlit yfir fjármagn til vegamála

Við gerð vegáætlunar 2007-2010 var meðalvísitala fyrir árið 2007 áætluð 8.900 stig. Í reynd varð hún 8.840 stig eða um 0,7% lægri en áætlað hafði verið.


Innheimta markaðra tekna án leyfisgjalda árið 2007 var 14.511 m.kr. eða 2.001 m.kr. hærri upphæð en áætlað hafði verið við gerð vegáætlunar en 39 m.kr. lægri en fjárlög og fjáraukalög gerðu ráð fyrir. Í fjáraukalögum var ráðstafað 343,5 m.kr. til viðbótar af innheimtum mörkuðum tekjum umfram áætlun. Tekjur af leyfisgjöldum flutninga og leigubifreiða voru hærri en áætlað hafði verið eða 13,7 m.kr. á móti 10 m.kr. áætlun. Inneign í vegasjóði lækkar um 847 m.kr.

Árið 2007 rann í ríkissjóð 58,7 m.kr. umsýslugjald af mörkuðum tekjum. Ríkissjóður lagði til 1.843,5 m.kr. ríkisframlag og 1.750 m.kr. framlag til jarðganga. Endurgreiðslur og afborganir lána voru samtals 314 m.kr. og engin lán voru tekin á árinu.


Vegagerðin fékk til ráðstöfunar 18.493,6 m.kr. sem er 4.512,4 m.kr. meira en árið 2006.

Lausafjárstaða Vegagerðarinnar í árslok var góð og engin vinnulán voru tekin á árinu.

Í súluritinu hér að neðan kemur fram framlag til vegamála í m.kr. árin 1967 til 2007 á föstu verðlagi 2007.



Hér fyrir neðan má sjá framlag til vegamála sem hlutfall af vergri landsframleiðslu á árunum 1967-2007.



4.1.3. REKSTUR OG ÞJÓNUSTA

Fjárveiting í vegáætlun 2007, með síðari breytingum, til reksturs og þjónustu var 5.514 m.kr. Starfsemi sem fellur undir þennan lið er yfirstjórn Vegagerðarinnar, framkvæmdasvið, stjórnsýslusvið og þróunarsvið. Þá fellur undir þennan lið upplýsingaþjónusta, umferðareftirlit og öll þjónusta á vegakerfinu að sumri og vetri, almenningssamgöngur og rannsóknir.

4.1.3.0. Starfsmannahald

Fastir starfsmenn hjá Vegagerðinni voru 311 um síðustu áramót í 307,3 stöðugildum en voru 320 árið 2006. Meðalstarfsmannafjöldi á árinu 2007 var 330 en var 342 árið 2006. Heildarvinnuframlag á árinu 2007 reiknað í dagvinnustundum nam 399,9 mannárum og hafði lækkað úr 417,5 frá árinu 2006. Launagreiðslur voru 1.632 m.kr. á árinu 2007 og launatengd gjöld 334 m.kr. Meðfylgjandi yfirlit sýnir fjölda fastra starfsmanna og skiptingu þeirra eftir kjarasamningum og staðsetningu

	Reykjavík	Suðursvæði	Suðvestur svæði	Norðvestur svæði	Norðaustur svæði	Samtals
Félag íslenskra náttúrufræðinga	5	0	0	1	4	10
Kjarafélag tæknifræðinga	15	3	5	8	8	39
Kjarafélag viðskipta- og hagfræðinga	7	0	0	0	0	7
Kjaranefnd	1	0	0	0	0	1
Rafiðnaðarsamband Íslands	1	0	0	0	0	1
Samiðn	1	3	0	4	5	13
SFR stéttarfélag almannaþjónustu	37	8	4	25	18	92
Starfsgreinasamband Íslands	0	7	5	38	24	74
Stéttarfélag bókasafnsfræðinga	1	0	0	0	0	1
Stéttarfélag lögfræðinga	3	0	0	0	0	3
Stéttarfélag verkfræðinga	15	1	2	5	2	25
Útgarður – félag háskólamanna	8	0	0	2	1	11
Verkstjórasamband Íslands	0	4	4	14	12	34
Fastir starfsmenn 31. desember 2007	94	26	20	97	74	311
Fastir starfsmenn 31. desember 2006	93	26	19	104	78	320
Fastir starfsmenn 31. desember 2005	95	29	21	106	77	328
Fastir starfsmenn 31. desember 2004	96	31	20	102	78	327
Fastir starfsmenn 31. desember 2003	92	32	19	107	78	328
Fastir starfsmenn 31. desember 2002	107	29	29	109	83	357
Fastir starfsmenn 31. desember 2001	103	27	29	108	85	352
Fastir starfsmenn 31. desember 2000	100	28	29	105	79	341
Fastir starfsmenn 31. desember 1999	106	26	30	102	74	338
Fastir starfsmenn 31. desember 1998	94	26	41	102	76	339
Fastir starfsmenn 31. desember 1997	92	31	39	107	81	350

4.1.3.1. Yfirstjórn

Fjárveiting í vegáætlun 2007 með síðari breytingum var 332,5 m.kr. Eftirfarandi starfsemi heyrir undir þennan lið: Yfirstjórn Vegagerðarinnar og þrjú svið stofnunarinnar þ.e. framkvæmdasvið, stjórnsýslusvið og þróunarsvið. Í yfirstjórn eru vegamálastjóri, aðstoðarvegamálastjóri og framkvæmdastjórar sviða.

Framkvæmdasvið skiptist í fimm deildir: árangurs- og eftirlitsdeild, brúadeild, framkvæmdadeild, veghönnunardeild og þjónustudeild.

Stjórnsýslusvið skiptist í fimm deildir: fjárreiðudeild, hagdeild, lögfræðideild, rekstrardeild og starfsmannadeild.

Þróunarsvið skiptist í fimm deildir: áætlana- og umhverfisdeild, rannsóknadeild, umferðardeild, upplýsingatæknideild og jarðfræðideild.

Auk framangreinds heyrir undir þennan lið skrifstofa vegamálastjóra, útgáfustarfsemi, almannatengsl, gæðastjóri og innri endurskoðun. Eftirlaunagreiðslur til fyrrverandi starfsmanna teljast einnig til þessa liðar.

4.1.3.2. Umsýslugjald til ríkissjóðs

Vegagerðin greiðir umsýslugjald til ríkissjóðs af mörkuðum tekjum og telst það til útgjalda hennar. Samkvæmt vegáætlun 2007 með síðari breytingum nam umsýslugjald 58,7 m.kr.

4.1.3.3. Upplýsingaþjónusta

Á þjónustudeild framkvæmdasviðs er séð um upplýsingaþjónustu Vegagerðarinnar. Fjárveiting til þess verkefnis var 91 m.kr. Í umferðarþjónustu er rekin upplýsingamiðstöð fyrir vegfarendur, en miðlun upplýsinga um veður og færð er sífellt mikilvægari þáttur fyrir vegfarendur, og er þessari þjónustu stjórnað úr miðstöð í samvinnu við svæði Vegagerðarinnar. Í upplýsingamiðstöðinni er jafnframt safnað saman fjölþættum upplýsingum frá mælitækjum á og við vegakerfið, m.a. upplýsingum um umferðarmagn, hraða, ásþunga, frost í jörðu, veður og færð og er unnið að því að flest þessara mælitækja verði sjálfvirk og gefi upplýsingar strax til þeirra sem á þeim þurfa að halda.

4.1.3.4. Umferðareftirlit

Umferðareftirlit Vegagerðarinnar tilheyrir lögfræðideild stjórnsýslusviðs. Fjárveiting til umferðareftirlits var 70 m.kr. á árinu 2007. Umferðareftirlit Vegagerðarinnar annast eftirlit með stærð og þyngd ökutækja, hleðslu- og frágangi farms, aksturs- og hvíldartíma ökumanna, notkun ökurita og ökumæla og eftirlit tengt framkvæmd laga um fólks- og farmflutninga og laga um leigubifreiðir. Á árinu 2005 tóku gildi lög um olíugjald og kílómetragjald og á grundvelli þeirra annast umferðareftirlit framkvæmd eftirlits með notkun litaðrar, gjaldfrjálsrar olíu í umboði Ríkisskattstjóra. Frá ársbyrjun 2005 varð sú breyting að sameiginlegu eftirliti Vegagerðarinnar og Ríkislögreglustjóra var hætt og voru eftirlitsbifreiðir eingöngu mannaðar umferðareftirlitsmönnum en áður var eftirlitsbifreið mönnuð lögreglumanni ásamt umferðareftirlitsmanni. Kostnaður af vinnu fjögurra lögreglumanna var borinn af fjárveitingu samkvæmt umferðaröryggisáætlun. Við þessa breytingu og vegna aukinna verkefna var nauðsynlegt að fjölga eftirlitsmönnum og í árslok 2007 voru fastráðnir starfsmenn umferðareftirlits 12 talsins að meðtöldum deildarstjóra. Jafngildir fjöldi fastráðinna starfsmanna nú samanlögðum fjölda lögreglumanna og umferðareftirlitsmanna fyrir breytingu. Fjölgun eftirlitsmanna kallar á aukið fé til eftirlitsins.

Fjórar eftirlitsbifreiðir voru notaðar við eftirlit á vegum á árinu. Að jafnaði voru tvær bifreiðir gerðar út frá Reykjavík og ein frá Akureyri. Auk þess var ein eftirlitsbifreið staðsett mestan hluta árs á Austurlandi. Umferðareftirlit er staðsett á þremur stöðum á landinu. Í Reykjavík eru sex umferðareftirlitsmenn í hefðbundnu eftirliti á vegum úti auk eins eftirlits-


manns, sem sérhæfður er í fyrirtækjaeftirliti og eftirliti með notkun litaðrar olíu. Á Akureyri er deildarstjóri umferðareftirlits auk þriggja umferðareftirlitsmanna. Á Reyðarfirði er einn umferðareftirlitsmaður.

4.1.3.5. Þjónusta


Verkefni sem tilheyra þjónustu eru viðhalds- og viðgerðarvinna á vegum, vegamannvirkjum og vegsvæðum sem þarf til að viðhalda því ástandi sem er fyrir og ætla má að þurfi að vera til að uppfylla þau markmið sem sett eru varðandi greiða umferð og almennt umferðaröryggi, ásamt vetrarþjónustu.

Fjárveiting til þjónustu í vegáætlun 2007 var 3.091,4 m.kr. og er skipt í almenna þjónustu og vetrarþjónustu. Almenn þjónusta skiptist í 5 flokka. Þeir eru: Þjónustusvæði, vegir og vegyfirborð, brýr og veggöng, vegmerkingar og vegbúnaður, þéttbýlisvegir. Fjárveiting til almennrar þjónustu í vegáætlun 2007 var 1.884 m.kr.

Stólparitið hér að neðan sýnir þróun fjárveitinga til almennrar þjónustu stofn- og tengivega á árunum 1997-2007. Tölurnar eru á verðlagi ársins 2007.



Stólparitið hér að neðan sýnir þróun í kostnaði við almenna þjónustu stofn- og tengivega á ekna 100 km á árunum 1997-2007. Tölurnar eru á verðlagi ársins 2007.



Í eftirfarandi töflu kemur fram hvernig kostnaður við almenna þjónustu og vetrarþjónustu skiptist milli hinna einstöku flokka þjónustunnar og milli svæða Vegagerðarinnar árið 2007.

Svæði/útgjaldaliður	Sameiginlegt m.kr.	Suðursvæði m.kr.	Suðvesturs-svæði m.kr.	Norðvesturs-svæði m.kr.	Norðaustur-svæði m.kr.	Samtals m.kr.
Þjónustusvæði	14	20	22	86	60	202
Vegir og vegyfirborð	0	128	77	322	192	719
Brýr og veggöng	0	1	2	19	23	45
Vegmerkingar og vegbúnaður	77	115	162	187	162	703
Þéttbýlisvegir	0	18	244	40	53	355
Vetrarþjónusta	77	120	166	457	424	1.244
Samtals	168	402	673	1.111	914	3.268

4.1.3.5.1. Þjónustusvæði

Fjárveiting til þessara verkefna var 316 m.kr. og var henni varið til að greiða stjórnun og ýmis sameiginleg verkefni þ.m.t. hreinsun vegsvæða og kostnað vegna vatnaskemmda o.fl. svo og upplýsingamiðlunar og eftirlits með vegum auk margs annars til að auðvelda umferðinni að komast leiðar sinnar á öruggan og þægilegan hátt.

4.1.3.5.2. Vegir og vegyfirborð

Fjárveiting til vega og vegyfirborðs var 533 m.kr. og voru helstu kostnaðarliðir viðgerðir á tilfallandi skemmdum á slitlögum, lagfæringar á öxlum (hliðræmum), vegheflun og rykbinding. Innan þessa verkefnaflokks voru einnig unnin ýmis smærri verk eins og viðgerðir á tilfallandi skemmdum vegna aurbleytu, úrrennslis o.þ.h.

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir rykbindingu malarvega 2007.

Rykbundnir km *)

Svæði	klór-kalsíum	úrgangs-salt	nýtt salt	sjór	Dustex	samtals
Suðursvæði	0	0	319	0	0	319
Suðvestursvæði	0	0	48	15	0	63
Norðvestursvæði	36	298	1.047	222	0	1.603
Norðaustursvæði	25	437	558	36	0	1.056
Samtals	61	735	1.972	273	0	3.041

*) Hér eru taldir þeir km vega sem hafa verið rykbundnir á árinu án tillits til þess hve oft hefur verið rykbundið.

4.1.3.5.3. Brýr og veggöng

Fjárveiting til þessa verkefnaflokks var 87 m.kr. og var henni varið til að greiða kostnað við umhirðu, lagfæringar og minni háttar viðgerðir á brúm, stærri vegræsum, veggöngum og varnargörðum.

4.1.3.5.4. Vegmerkingar og vegbúnaður

Fjárveiting til vegmerkinga og vegbúnaðar var 592 m.kr. og var henni varið til að greiða lýsingu meðfram vegum, yfirborðsmerkingar á vegum, endurnýjun og viðhald á kantstikum, umferðarmerkjum og vegriðum og gerð og rekstur áningarstaða meðfram vegum.

4.1.3.5.5. Þéttbýlisvegir

Fjárveiting til þjónustu á þjóðvegum innan þéttbýlis var 356 m.kr. og var henni varið til almennrar þjónustu og vetrarþjónustu á þéttbýlisvegum. Samkvæmt 5. gr. vegalaga er vegamálastjóra heimilt að fela öðrum aðilum veghald einstakra vegarkafla að nokkru eða öllu leyti. Samið hefur verið við mörg sveitarfélög um að þau annist þjónustu á vegum innan þeirra. Vegagerðin annast sjálf þjónustu á þjóðvegum innan nokkurra þéttbýlisstaða.


4.1.3.5.6. Vetrarþjónusta

Fjárveiting til vetrarþjónustu í vegáætlun fyrir árið 2007 með síðari breytingum var 1.207,4 m.kr. Skuld frá fyrri árum var 217 m.kr., þannig að til ráðstöfunar voru 990 m.kr. Kostnaður við vetrarþjónustu á árinu 2007 var 1.216 m.kr., þannig að skuld sem flyst til ársins 2008 er því um 226 m.kr.

Janúar og febrúar voru fremur snjóléttir en nokkuð var um hálku, sérstaklega á Austurlandi. Þungatakmarkanir voru settar á um miðjan febrúarmánuð. Mikil vindhæð, hálka og ófærð á fjallvegum setti mark sitt á marsmánuð en veður fór batnandi þegar líða tók á aprílmánuð og allir almennir fjallvegir greiðfærir í lok mánaðarins.


Kuldakast gerði upp úr miðjum maí og í kjölfarið var talsvert um hálkubletti og krapa á fjallvegum víða um land. Hlýnandi veður var í lok maí, leysingar talsverðar fram eftir júnímánuði. Hálendisleiðir voru flestar opnar upp úr miðjum júní. Um miðjan september gerði talsvert hret og fjallvegir urðu víða ófærir og þjónustu var hætt á hálendisleiðum. Nokkuð var um hálku víða um land og miklar sviptingar í veðri. Talsvert var um flughálku í endaðan nóvember í mikilli hláku og vatnsveðri og endaði mánuðurinn síðan í stórhríð og óveðri víða um land með tilheyrandi ófærð. Aftur kom hláka um miðjan desember með flughálku og hvassviðri. Ásþungatakmarkanir voru settar á í kjölfarið en þeim var aflétt í lok ársins.

Stólparitið hér að neðan sýnir þróun fjárveitinga til vetrarþjónustu stofn- og tengivega á árunum 1997-2007. Tölurnar eru á verðlagi ársins 2007



Á undanförnum árum hefur þjónusta á vegakerfinu að vetri til stöðugt verið að aukast. Bæði er um að ræða fjölgun snjómokstursdaga og einnig er fleiri leiðum haldið opnum. Einnig hefur hreinsun vega verið bætt verulega ásamt aukinni hálkuvörn. Kostnaður við vetrarþjónustu er aftur á móti mjög háður veðurfari. Nauðsynlegt er að fjárveitingar til vetrarþjónustu hækki verulega á næstu árum.

Á kortinu hér að neðan má sjá hversu oft hefur þurft að takamarka ásþunga bifreiða vegna aurblevtu á helstu þjóðvegum landsins á árinu 2007.



Í töflunni hér að neðan má sjá kostnað við vetrarþjónustu á nokkrum vegarköflum á árinu 2007.

Kaflar:	Lengd kafla km	Kostnaður m.kr.	Kostnaður á km þús.kr.
Hellisheiði: Reykjavík-Hveragerði og Þrengslavegur	48	29,2	608
Holtavörðuheiði	37	15,8	427
Fróðárheiði	14	3,4	243
Steingrímsfjarðarheiði	47	14,7	313
Siglufjarðarvegur: Ketilás-Siglufjörður	25	7,7	308
Öxnadalsheiði	25	10,2	408
Dalvík-Ólafsfjörður	18	6,3	350
Mývatns- og Möðrudalsöræfi og Jökuldalur	146	22,3	153
Vopnafjarðarheiði	51	7,7	151
Fjarðarheiði	24	20,9	871
Oddsskarð	23	18,7	813
Vegið meðaltal			343

Í töflunni hér að neðan má sjá hve lengi ýmsar leiðir og fjallvegir voru lokuð vegna snjóa á árinu 2007. Einnig kemur fram hve marga daga ársins var unnið við vetrarþjónustu á viðkomandi fjallvegi.

	Jan.	Febr.	Mars	Apríl	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	Sept.	Okt.	Nóv.	Des.	Alls	% af 365 d.	Snjóm. dagar
Hellisheiði	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	132
Fróðárheiði	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	1	0	58
Svínadalur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	32
Klettsháls	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	1	3	1	51
Hálfdán	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	77
Dynjandisheiði	19	2	26	3	0	0	0	0	0	1	3	17	71	19	13
Hrafnseyrarheiði	18	2	27	3	0	0	0	0	0	1	4	19	74	20	38
Steingrímsfjarðarheiði	1	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	1	3	1	115
Holtavörðuheiði	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	80
Vatnsskarð-nyrðra	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	49
Siglufjv:Fljót-Siglufj.	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	52
Lágheiði	15	5	18	4	0	0	0	0	2	3	2	8	57	16	5
Öxnadalsheiði	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	147
Dalvík-Ólafsfjörður	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	2	1	82
Hólssandur	31	28	31	13	0	0	0	0	1	8	30	31	165	45	0
Öxarfjarðarheiði	31	28	31	14	8	0	0	0	10	14	30	31	197	54	0
Sandvíkurheiði	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	21
Vopnafjarðarheiði	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	41
Möðrudalsöræfi	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	36
Hellisheiði-eystri	17	16	25	3	9	0	0	0	4	1	8	26	109	30	17
Vatnsskarð-eystra	2	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	1	4	1	37
Fjarðarheiði	2	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	3	1	140
Oddsskarð	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	126
Breiðdalsheiði	1	0	2	0	0	0	0	0	0	0	3	4	10	3	31
Öxi	16	8	17	0	0	0	0	0	0	1	3	11	56	15	5

4.1.3.6. Almenningssamgöngur

Fjárveiting til almenningssamgangna í vegáætlun 2007 með síðari breytingum var 2.012 m.kr. Undir þennan lið falla styrkir til reksturs á ferjum og flóabátum, afborganir af ferjulánum til ríkissjóðs, styrkir til áætlunarflugs til fámennra staða og styrkir til sérleyfa á landi.

4.1.3.6.1 Ferjur og flóabátar

Fjárveiting í vegáætlun með síðari breytingum til þessa liðar árið 2007 var 1.577 m.kr. Þar af voru, samkvæmt fjáraukalögum, lánaðar tímabundið, 487 m.kr. til þessa liðar af ónýttum fjárheimildum stofnkostnaðar (fjárheimild er væntanleg á árinu 2008). Er þar með búið að ná endum saman á þessum lið, en hann hefur verið með töluverðum halla undanfarin ár bæði vegna aukinnar þjónustu við Vestmannaeyjar og vegna kaupa og endurbóta á nýrri Grímseyjarferju.

Árið 2007 styrkti ríkið ferjurekstur á 6 ferjuleiðum en auk þess er greiddur af þessum lið styrkur vegna vetrarsamgangna við Norðurfjörð á Ströndum. Rekstrarsamningar eru í gildi milli Vegagerðarinnar og rekstraraðila ferjanna. Allar ferjuleiðir hafa verið boðnar út.

Unnið var að breytingum og endurbótum á skipi sem keypt var í árslok 2005 til að sjá um samgöngur við Grímsey. Kostnaðurinn á árinu nam 170,2 m.kr. en breytingunum mun ljúka á árinu 2008.

Ríkið greiðir afborganir og vexti af ferjulánum, sem tekin voru þegar skipin voru smíðuð eða keypt. Á árinu 2007 var um að ræða afborganir vegna einnar ferju. Ekki er um eiginleg lán að ræða því um leið og ríkissjóður eignast skipin og yfirtekur áhvílandi skuldir eru lánin felld niður, en Vegagerðin greiðir áfram afborganir og vexti til ríkissjóðs. Í ríkisreikningi eru þessar greiðslur Vegagerðarinnar til ríkissjóðs færðar sem lækkun á framlagi til hennar.

Kostnaður við ferjur 2007

Ferjuleið	Afborganir og vextir af ferjulánum í m.kr.	Rekstrarstyrkur m.kr.	Annar kostnaður m.kr.	Samtals m.kr.
Vestmannaeyjaferja, Herjólfur	274	223	14	511
Breiðafjarðarferja, Baldur		112	0	112
Ísafjarðardjúpsferja, Bliki		8	0	8
Hríseyjarferja, Sævar		49	1	50
Grímseyjarferja, Sæfari		46	176	222
Mjóafjarðarferja, Anný		9	0	9
Norðurfjarðarflutningar		0	0	0
Sameiginlegt		0	3	3
Samtals	274	447	194	915

4.1.3.6.2. Áætlunarflug

Fjárveiting í vegáætlun 2007 var 245 m.kr. Heildarútgjöld á árinu 2007 voru 238,5 m.kr. eða 6,2 m.kr. minni en fjárveitingar. Inneign frá árinu 2006 nam 44,8 m.kr. þannig að heildarinneign í árslok 2007 var 51,0 m.kr.

Áætlunarflug til sjö áfangastaða var boðið út á árinu 2006 og tók útboðið gildi 1. janúar 2007. Um er að ræða flug frá Reykjavík til Bíldudals, Gjögurs, Sauðárkróks og Hornafjarðar og flug frá Akureyri til Grímseyjar, Þórshafnar og Vopnafjarðar. Samið var við Flugfélagið Erni um flug frá Reykjavík og Flugfélag Íslands um flug frá Akureyri.

Flugleiðin Reykjavík – Vestmannaeyjar var boðin út vorið 2007 og samið var við Flugfélag Íslands til tveggja ára og tveggja mánaða um að sinna flugleiðinni. Landsflug hætti áætlunarflugi til Vestmannaeyja í september 2006 og í framhaldi af því var gerður bráðabirgðasamningur til 10-12 mánaða við Flugfélag Íslands um greiðslur vegna áætlunarflugs á leiðinni Reykjavík – Vestmannaeyjar.

4.1.3.6.3 Sérleyfi á landi

Fjárveiting í vegáætlun var 190 m.kr. Heildarútgjöld voru 172,6 m.kr. eða 17,3 m.kr. lægri en fjárveitingar þannig að halli frá fyrra ári að upphæð 25,8 m.kr. lækkar sem því nemur. Eftir stendur skuld til næsta árs að fjárhæð 8,4 m.kr.

4.1.3.7. Rannsóknir

Samkvæmt vegalögum er það fjármagn sem verja skal til rannsókna og tilrauna 1% af mörkuðum tekjum sem renna til vegagerðar. Árið 2007 nam fjárveitingin 117 m.kr. Hér á eftir eru taldir þeir verkefnaflokkar sem unnið var að á árinu og dæmi um verkefni undir þeim:

Mannvirki
- Áhrif salts á þreytuþol malbiks.
- Bikþeyta til klæðinga
- Evrópustaðlar CEN/TC 154 og CEN/TC 227
- Festun með biki og sementi
- Hagnýting hrýfimælinga með leysitækni
- Hönnun breikkana (Breikkun og styrking vega með bundnu slitlagi).
- Hönnunarviðmið fyrir sveifluhegðun göngubrúa
- Innleiðsla Evrópustaðla vegna brúahönnunar
- Jarðskjálftamælingar í brúm
- Kvörðun frostdýptarmæla út frá fallóðsmælingum á vegum
- Lárétt stífni jarðvegsstaura
- Lækkun hita við framleiðslu malbiks
- Mat á CPT eiginleikum í mýri
- NordFoU - Niðurbrot vega
- Performance Specification for Asphalt Concrete in Iceland
- Rannsóknir á stálræsarörum
- Rannsóknir á steinsteypu og steinefnum í steinsteypu
- Rifflur á vegum
- Samanburður á grunneiginleikum steinefna við mismunandi mölunaraðferðir
- Vatn í vegum
- Vegrið og vegbúnaður, valkostir og kröfur
- Vegyfirborð við einbreiðar brýr
- Viðloðunarkröfur til malbiks á þjóðvegum
- Öxulróf metið út frá gögnum WIM umferðargreinis

Umferð
- Aldraðir í umferðinni
- Athugun á slysum þar sem keyrt hefur verið á ljósastaura
- Djúpgreining á útafakstri og bílveltum
- EuroRAP öryggisskoðun vega
- Greining áhættuþátta alvarlegra umferðarslysa á Íslandi
- Hægribeygja á þjóðvegum
- Ljósastýringartölva - stýriaðferðir
- Óhappatíðni í beygjum og langhalla
- Sjálfvirk greining á akstursvegalengd og akstursleiðum vinnutækja
- Störf inn í umferðarlíkan
- Umferðarstjórnun - Mobility Management
- Þróun á HRAS-veðurspákerfinu með áherslu á samgöngur
- Þróun umferðarhraða á þjóðvegum landsins
- Þungaálag reiknað út frá ferilgreiningu

Umhverfi
- Áhrif 37. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999 á framkvæmdir
- Áhrif veðurfarsbreytinga á rekstur vega
- Drög að leiðbeiningum Vegagerðarinnar fyrir deiliskipulagshöfunda
- Dýralíf í Dýrafirði og Önundarfirði: Botndýr
- Frágangur og hönnun skeringa
- Grímsvatnahlaup: vatnsgeymir, upphaf og rennsli
- Landris í nágrenni Vatnajökuls
- Líkangerð við vatnshæðarmæla á vatnasviði Hvítár/Ölfusár
- Nýting svarðlags við uppgræðslu námusvæða
- Quantifying volcanic hazards and risk for road systems) case study at Snæfellsjökull volcano
- Rannsóknir á flóðum íslenskra vatnsfalla
- Tengsl umferðar við styrk svifryksmengunar
- Verklagsreglur og áhættuviðmið vegna snjóflóða á þjóðvegum
- Votlendi og vegagerð

Samfélag
- Ferðamennska og útivist við Laka
- Mannaflaþörf og tækjanotkun í vegagerð
- Samgöngubætur og búferlaflutningar
- Vulnerability and risk analysis of road infrastructure in Reykjavik

Rannsóknastefna Vegagerðarinnar var lögð fram seint á árinu 2006. Með henni er meiri áhersla lögð á verkefni sem Vegagerðin skilgreinir sjálf og fær sérfræðinga til að vinna. Áfram er þó einnig gert ráð fyrir að aðilar utan stofnunarinnar geti sótt um fjárveitingar og styrki til afmarkaðra verkefna sem þeir skilgreina sjálfir.

Þrjár fagnefndir voru stofnaðar á árinu 2007 um verkefnaflokkana, ein um mannvirki, önnur um umferð og sú þriðja um umhverfi og samfélag. Nefndirnar eru skipaðar starfsmönnum Vegagerðarinnar. Nefndirnar lögðu fram áherslusvið, sem voru auglýst og miðað verður við þau þegar úthlutað verður úr rannsóknasjóðnum árið 2008.

Á árunum 2007 til 2010 verður, auk sérstakra áherslusviða sem fagnefndirnar leggja fram, einnig lögð áhersla á umhverfismál og upplýsingatækni í rannsóknum. Verkefni um upplýsingatæknimál tengjast öllum flokkunum og lögð verður áhersla slík verkefni auk þess sem gera má ráð fyrir að hlutur umhverfisrannsóknaverkefna aukist á tímabilinu.

4.1.3.8. Minjar og saga

Fjárveiting í vegáætlun 2007 var 15 m.kr. Fjárveitingu var varið til þess að greiða kostnað vegna samnings Vegagerðarinnar og Samgönguminjasafnsins á Skógum, kostnað vegna ritunar sögu Vegagerðarinnar og kostnað vegna minjavörslu.

4.1.4. VIÐHALD ÞJÓÐVEGA

Í vegáætlun 2007 með síðari breytingum var fjárveiting til viðhalds þjóðvega 3.113,7 m.kr., og var henni varið til viðhalds á stofn- og tengivegum.


Fjárveitingum til viðhalds vega er skipt í níu meginflokka, sem eru endurnýjun bundinna slitlaga, endurnýjun malarslitlaga, styrkingar og endurbætur, brýr, varnargarðar og veggöng, öryggisaðgerðir, umferðaröryggisáætlun, vatnaskemmdir, viðhald girðinga og frágangur gamalla efnisnáma.

Markmið viðhalds er að varðveita þau verðmæti sem bundin eru í þjóðvegakerfinu og hæfni þess til að bera þann umferðarþunga, sem því er ætlaður. Heildarlengd stofn- og tengivega 1. janúar 2007, var 8.223 km, og var áætluð umferð á þeim árið 2007 um 2.227 milljónir ekinna km.

Samkvæmt vegalögum er þjóðvegum skipt í fjóra flokka: stofnvegi, tengivegi, safnvegi og landsvegi. Í eftirfarandi töflu má sjá lengd þjóðvega samkvæmt þeirri flokkun þann 30. júní 2007.

Kjördæmi	Stofnvegir km	%	Tengivegir km	%	Safnvegir km	%	Landsvegir km	%	Samtals km	%
Suðurkjördæmi	936	22,1	1.107	27,7	560	25,0	968	37,4	3.571	27,4
Suðvesturkjördæmi	121	2,9	96	2,4	33	1,5	14	0,5	264	2,0
Reykjavík	72	1,7	11	0,3	24	1,1	8	0,3	115	0,9
Norðvesturkjördæmi	1.756	41,6	1.749	43,7	965	43,1	626	24,1	5.096	39,0
Norðausturkjördæmi	1.339	31,7	1.036	25,9	655	29,3	972	37,6	4.002	30,7
Samtals	4.224	100,0	3.999	100,0	2.237	100,0	2.588	100,0	13.048	100,0


Í árslok 2007 voru vegir með bundnu slitlagi 4.781 km, þar af 3.540 km á stofnvegum, 991 km á tengivegum og 250 km á safn- og landsvegum. Heildarflatarmál bundinna slitlaga var 30,4 milljónir m^2 í árslok 2007.




Lengd bundinna slitlaga skiptist með eftirfarandi hætti milli svæða Vegagerðarinnar

Svæði	Stofnvegir km	%	Tengivegir km	%	Safn- og landsvegir km	%	Alls km	%
Suðursvæði	867	92,7	462	51,4	110	7,4	1.439	42,2
Suðvestursvæði	199	100,0	53	26,1	12	10,2	264	50,8
Norðvestursvæði	1.451	81,9	218	12,3	38	2,4	1.707	33,1
Norðaustursvæði	1.007	77,2	252	24,9	89	5,8	1.348	34,6
Samtals	3.540	83,7	991	24,7	250	5,2	4.781	36,6


Á myndinni hér að neðan er sýnd þróun aksturs á stofn- og tengivegum frá árinu 1997. Á árinu 2007 var áætluð umferð á stofn- og tengivegum 2.227 milljónir ekinna km og hefur þá aukist um 5% frá árinu áður.



Stólparitið hér að neðan sýnir þróun fjárveitinga til viðhalds stofn- og tengivega á árunum 1997-2007. Tölurnar eru á verðlagi ársins 2007.



Stólparitið hér að neðan sýnir þróun í kostnaði við viðhald stofn- og tengivega í kr. á ekna 100 km á árunum 1997-2007. Tölurnar eru á verðlagi ársins 2007.



Í eftirfarandi töflu kemur fram hvernig viðhaldskostnaður árið 2007 skiptist milli hinna einstöku flokka viðhalds og milli svæða Vegagerðarinnar.

Svæði/útgjaldaliður	Sameiginlegt m.kr.	Suðursvæði m.kr.	Suðvesturs-svæði m.kr.	Reykjavík* m.kr.	Norðvesturs-svæði m.kr.	Norðaustur-svæði m.kr.	Samtals m.kr.
Endurnýjun bundinna slitlaga . .	46	157	297	88	366	415	1.381
Endurnýjun malarslitlaga.	0	48	5	0	89	92	234
Styrkingar og endurbætur	0	90	36	38	360	92	616
Brýr, varnargarðar og veggöng .	23	40	10	0	65	124	262
Öryggisaðgerðir	5	24	6	0	39	24	98
Umferðaröryggisáætlun	166	0	0	0	0	0	166
Vatnaskemmdir	2	42	0	0	41	78	163
Viðhald girðinga	0	3	0	0	32	7	42
Frágangur gamalla efnisnáma . .	2	5	0	0	5	4	16
Samtals.	244	409	354	126	997	836	2.966

*Samkvæmt samningi milli Vegagerðarinnar og Reykjavíkurborgar sér Reykjavíkurborg um viðhald þjóðvega innan borgarinnar.

4.1.4.1. Endurnýjun bundinna slitlaga

Fjárveiting í vegáætlun með síðari breytingum var 1.129,7 m.kr. Lagðir voru 3.402 þús. m^2 af bundnu slitlagi sem er um 11,1 % af heildarflatarmáli bundinna slitlaga. Þetta samsvarar um 568 km af 6 m breiðu slitlagi. Fyrst og fremst er um að ræða endurnýjun á klæðingu, en malbik er einungis notað á umferðarmestu vegina og í þéttbýli. Með aukinni umferð eykst þörfin fyrir malbiksslitlag. Endurnýjun bundinna slitlaga skiptist á tegundir og svæði Vegagerðarinnar eins og fram kemur í eftirfarandi töflu.

	klæðing		malbik		alls	
Svæði	km	þús. m^2	km	þús. m^2	km	þús. m^2
Suðursvæði	52,9	318	5,2	31	58,1	349
Suðvestursvæði	11,4	68	29,1	175	40,5	243
Reykjavík	0,0	0	12,5	75	12,5	75
Norðvestursvæði	282,8	1.697	4,0	24	286,8	1.721
Norðaustursvæði	168,5	1.011	0,5	3	169,0	1.014
Samtals	516,5	3.094	51,3	308	567,8	3.402

4.1.4.2. Endurnýjun malarslitlaga

Fjárveiting til endurnýjunar malarslitlaga var 240 m.kr. Lagt var og endurbætt malarslitlag á 618 km af malarvegum. Um er að ræða ný malarslitlög og endurnýjun á eldri slitlögum. Í eftirfarandi töflu kemur fram hvernig þetta magn skiptist í unnið og óunnið efni og á milli svæða Vegagerðarinnar.

	óunnið efni		unnið efni		mölburður alls	
Svæði	km	m^3	km	m^3	km	m^3
Suðursvæði	3	500	53	19.809	56	20.309
Suðvestursvæði	18	8.640	2	520	20	9.160
Norðvestursvæði	28	18.760	217	40.331	245	59.091
Norðaustursvæði	4	356	293	49.161	297	49.517
Samtals	53	28.256	565	109.821	618	138.077

Vinnsla efnis í slitlög og burðarlög 2007 var eins og fram kemur í eftirfarandi töflu.

Svæði	Fyrir malarslitlög m^3	Fyrir bundin slitlög m^3	Fyrir burðarlög m^3	Samtals m^3
Suðursvæði	18.272	11.596	42.497	72.365
Suðvestursvæði	0	0	0	0
Norðvestursvæði	88.809	21.940	5.832	116.581
Norðaustursvæði	35.861	15.802	30.127	81.790
Samtals	142.942	49.338	78.456	270.736

Hér er eingöngu talið efni sem unnið er fyrir Vegagerðina til notkunar við viðhald vega. Efni sem keypt er í einu eða öðru formi er ekki meðtalið.

4.1.4.3. Styrkingar og endurbætur

Fjárveiting var 890 m.kr. Fjárveitingum er varið til styrkinga og endurbóta á vegum með bundnu slitlagi og malarvegum. Aukinn hluti fjármagns fer nú til styrkinga á vegum með bundnu slitlagi, en umferð á þeim er yfir 90% af umferð á stofn- og tengivegum. Um helmingur vega með bundnu slitlagi var byggður á árunum 1980-1989 og með stöðugt aukinni og þyngri umferð vex þörfin fyrir styrkingu og endurbótum á þeim. Nokkru fjármagni er einnig varið til styrkinga og endurbóta á malarvegum með lítið burðarþol sem þarf að takmarka umferðarþunga á vegna aurbleytu. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir styrkingar stofn- og tengivega á árinu 2007.

	Vegir með bundnu slitlagi				Malarvegir		Styrkingar alls	
	Burðarlag með möl		Bundið burðarlag					
Svæði	km	m^3	km	m^3	km	m^3	km	m^3
Suðursvæði	0,0	0	0,0	0	2,5	1.316	2,5	1.316
Suðvestursvæði	0,0	0	0,0	0	1,0	480	1,0	480
Norðvestursvæði	0,0	0	22,3	26.210	26,8	26.196	49,1	52.406
Norðaustursvæði	0,0	0	5,9	3.417	15,8	6.357	21,7	9.774
Samtals	0,0	0	28,2	29.627	46,1	34.349	74,3	63.976

4.1.4.4. Brýr, varnargarðar og veggöng

Fjárveiting í vegáætlun var 290 m.kr. Alls var unnið við um 60 smá og stór verkefni víðs vegar um landið. Stærstu verkefnin voru styrking á stöplum Borgarfjarðarbrúar, ryðhreinsun og málun brúar á Jökulsá á Breiðamerkursandi, varnargarðar við Skeiðará, Múlakvísl og Héraðsvötn. Af öðrum stórum verkefnum má nefna viðgerðir á Ölfusá hjá Selfossi, lagfæringu á einni elstu brú landsins yfir Jökulsá hjá Hákonarstöðum og viðgerðir á undirstöðum brúnna á Sléttuá í Reyðarfirði og Jökulsár í Fljótsdal vegna rofs frá undirstöðum. Um 64 m.kr. var varið til rofvarna og lagfæringa og endurbóta á varnargörðum við brýr. Um 23 m.kr. var varið til breikkunar á 7 einbreiðum brúm.

4.1.4.5. Öryggisaðgerðir

Fjárveiting í vegáætlun var 185 m.kr. Unnið var við endurbætur til að auka umferðaröryggi og útrýma svartblettum á um 40 stöðum á vegakerfinu og nam kostnaður við það um 86 m.kr.

4.1.4.6. Umferðaröryggisáætlun

Fjárveiting samkvæmt vegáætlun var 109 m.kr. Í maí 2007 gerði Vegagerðin samkomulag við Umferðarstofu þess efnis að Umferðarstofa tæki að sér að annast þann hluta umferðaröryggisáætlunar sem snýr að Ríkislögreglustjóra en greiðist af vegáætlun. Í samkomulaginu var gert ráð fyrir greiðslum til Umferðarstofu að upphæð 115,5 m.kr. á árinu 2007. Af ofangreindri fjárhæð var 102 milljónum króna varið til kaupa á tækjum, öðrum en sjálfvirkum hraðamyndavélum, og auk þess til hefðbundins hraða- og ölvunareftirlits. Þessu til viðbótar fjármagnaði Vegagerðin kaup á 6 nýjum hraðamyndavélum og nauðsynlegum fylgibúnaði. Gengið var frá skynjurum í veg og uppsetningu myndavélakassa á Garðskagavegi, Sandgerðisvegi, í Hvalfjarðargöngum og í Fáskrúðsfjarðargöngum, alls 7 myndavélar.

Jafnframt sá Vegagerðin um allan kostnað vegna rekstrar fyrstu tveggja hraðamyndavélanna sem settar voru upp í Hvalfjarðarsveit haustið 2006 en þær voru teknar í notkun sumarið 2007. Kostnaður við kaup, uppsetningu og rekstur á hraðamyndavélum nam um 64 m.kr. Hluti kostnaðar við umferðaröryggisáætlun er greiddur af lið 4.1.4.5. Öryggisaðgerðir.

4.1.4.7. Vatnaskemmdir

Fjárveiting samkvæmt vegáætlun var 170 m.kr. Fjárveitingin er ætluð til að mæta kostnaði við óvæntar skemmdir á vegakerfinu vegna vatnavaxta eða annarra náttúruhamfara. Ekki var um að ræða nein stóráföll á árinu 2007. Í lok árs 2006 urðu verulegar skemmdir á vegum í Eyjafirði og kemur kostnaður vegna þeirra viðgerða að hluta til fram á árinu 2007. Á Suðurlandi urðu nokkrar skemmdir vegna vetrarflóða í Ölfusá og einnig þurfti að endurbæta varnargarða við Markarfljót vegna ágangs fljótsins. Á Norðvestursvæði urðu víða skemmdir á vegum, sérstaklega þar sem vegir liggja við sjó, sérstaklega í Ísafjarðardjúpi en hvergi var um verulegt tjón að ræða. Á Siglufjarðarvegi koma nokkuð reglulega fram skemmdir vegna jarðsigs og varð nokkur kostnaður vegna viðgerða á því. Vegna breytinga á útfalli Skeiðarár reyndist nauðsynlegt að ráðast í gerð varnargarðs vestan árinnar og skiptist kostnaður við það verkefni milli vatnaskemmda og viðhalds brúa.

4.1.4.8. Viðhald girðinga

Fjárveiting samkvæmt vegáætlun var 67 m.kr. Samkvæmt reglugerð nr. 325 frá 2. júní 1995 ber Vegagerðinni að greiða helming áætlaðs viðhaldskostnaðar girðinga með stofn- og tengivegum. Auk þess er Vegagerðinni heimilt samkvæmt 39. gr vegalaga nr. 45/1994 að höfðu samráði við viðkomandi sveitarfélög að kosta viðhald girðinga með einstökum vegarköflum þar sem umferð er 300 bílar á dag eða meira að meðaltali yfir sumarmánuði, enda sé lausaganga búfjár á viðkomandi vegarkafla bönnuð.

4.1.5 STOFNKOSTNAÐUR

4.1.5.0 Fjárveitingar til stofnkostnaðar

Bráðabirgðalán

Bráðabirgðalán standa undir hluta af útgjöldum til stofnkostnaðar hjá Vegagerðinni. Þáttur þeirra hefur þó minnkað mikið undanfarin ár. Lausafjárstaða Vegagerðarinnar var mjög góð allt árið þannig að engin bráðabirgðalán voru tekin á árinu 2007. Tímabundinni fjárvöntun var mætt með lánum milli verkefna. Stór hluti eldri bráðabirgðalána var hins vegar endurlánaður, þar sem enn hefur ekki komið fjárveiting á vegáætlun til að greiða þau upp.

Bráðabirgðalán í árslok, eftir uppfærslu vaxta og verðbóta námu alls 63,7 m.kr. og eru það nú eingöngu sveitarfélög, sem eru lánveitendur. Öll upphæðin er vegna framkvæmda við tengivegi.


	Árslok 2005 m.kr.	Árslok 2006 m.kr.	Árslok 2007 m.kr.
Stofnvegir	0,0	0,0	0,0
Tengivegir	68,5	68,0	63,7
Safnvegir	0,0	0,0	0,0
Samtals	68,5	68,0	63,7

Fjárveitingar til stofnkostnaðar

Fjárveitingar til stofnkostnaðar voru samkvæmt vegáætlun 10.353 m.kr. (fjárlög 10.352,9 m.kr.). Hafði þá verið tekið tillit til afborgunar af láni vegna vegtenginga við Hvalfjarðargöng 40 m.kr. Innifalið í þessari tölu er 1.500 m.kr. ríkisframlag af söluandvirði Símans og framlag til jarðgangaáætlunar 1.750 m.kr.

Á fjáraukalögum 2007 voru 487 m.kr. fluttar tímabundið af stofnkostnaðarliðnum yfir á liðinn styrkir til ferja og sérleyfishafa. Var þetta gert þar sem fjárvöntun var á ferjuliðnum vegna kaupa og endurbóta á nýrri Grímseyjarferju, en aftur á móti var ljóst að innistæða yrði á stofnkostnaðarliðnum um áramót. Fjárveitingar til stofnkostnaðar urðu því í raun 9.865,9 m.kr. Til grunnnetsins fóru 7.715,9 m.kr. en 2.150 m.kr. til stofnkostnaðar utan grunnnets, þar af fóru 640 m.kr. til tengivega.

Á meðfylgjandi súluriti má sjá heildarframlag til stofn- og tengivega á árunum 1967-2007. Upphæðirnar eru á verðlagi ársins 2007.



4.1.5.1 Grunnnet

Fjárveitingar til stofnkostnaðar í grunnneti vegakerfisins samkvæmt vegáætlun með síðari breytingum voru 7.696 m.kr. Af því voru 40 m.kr. til afborgana af láni vegna tenginga Hvalfjarðarganga. Til framkvæmda voru því 7.656 m.kr. Fjárveitingar til grunnnets skiptast í eftirtalda sex verkefnaflokka.

4.1.5.1.1. Almenn verkefni

Fjárveitingar til almennra verkefna voru 571 m.kr. Skipting fjárveitinga á verkefni er sýnd í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

4.1.5.1.2. Verkefni á höfuðborgarsvæði

Fjárveitingar til verkefna á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt vegáætlun voru 1.002 m.kr. Skipting fjárveitinga á verkefni er sýnd í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

4.1.5.1.3. Verkefni á landsbyggð

Fjárveitingar til verkefna á landsbyggð samkvæmt vegáætlun voru 3.300 m.kr. Af því voru 40 m.kr. til greiðslu afborgana lána til ríkissjóðs vegna Hvalfjarðarganga. Skipting fjárveitinga á verkefni er sýnd í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

4.1.5.1.4. Söluandvirði Símans

Fjárveiting í vegáætlun var 1.500 m.kr. Skipting fjárveitinga á verkefni er sýnd í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

4.1.5.1.5. Jarðgangaáætlun

Fjárveitingar til jarðgangaáætlunar samkvæmt vegáætlun voru 1.750 m.kr. Skipting fjárveitinga á verkefni er sýnd í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

4.1.5.1.6. Landsvegir í grunnneti

Fjárveitingar samkvæmt vegáætlun voru 60 m.kr. Skipting fjárveitinga á verkefni er sýnd í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

Fjárveitingar til stofnkostnaðar utan grunnnets vegakerfisins samkvæmt vegáætlun voru 2.150 m.kr. Fjárveitingar utan grunnnets skiptast í eftirtalda tíu verkefnaflokka.

4.1.5.2. Tengivegir

Fjárveiting til tengivega samkvæmt vegáætlun var 640 m.kr. Skipting fjárveitinga á verkefni er sýnd í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

4.1.5.3. Til brúagerðar

4.1.5.3.1. Brýr 10 m og lengri

Fjárveiting til brúa 10 m og lengri var 287 m.kr. samkvæmt vegáætlun. Skipting fjárveitinga á verkefni er sýnd í fskj. 1. Gerð er grein fyrir byggingu einstakra brúa í fskj. 2.

4.1.5.3.2. Smábrýr

Fjárveiting til smábrúa var 30 m.kr. Fjárveiting er alfarið notuð til að leggja af einbreiðar brýr. Fjárveitingar voru til eftirfarandi verkefna á árinu 2007.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 2007 m.kr.
249	Þórsmerkurvegur	
01	Neðridalsá	6
01	Dalsá	6
55	Heydalsvegur	
02	Stampafossgil	6
748	Reykjastrandarvegur	
01	Hólakotsá	6
1	Hringvegur	
t9	Höskuldsstaðaá í Breiðdal	6
	Samtals	30

Gerð er grein fyrir einstökum framkvæmdum í fskj. 2.

4.1.5.4. Ferðamannaleiðir

Fjárveiting til ferðamannaleiða samkvæmt vegáætlun var 195 m.kr. Skipting fjárveitinga á verkefni er sýnd í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

4.1.5.5. Þjóðgarðavegir

Fjárveiting til þjóðgarðavega samkvæmt vegáætlun var 324 m.kr. Skipting fjárveitinga á verkefni er sýnd í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

4.1.5.6. Girðingar

Fjárveiting til girðinga var 75 m.kr. Fjárveitingu var varið til að uppfylla kröfur samkvæmt lögum um girðingar. Enn er nokkuð óunnið í þeim málum. Í töflunni hér að neðan er yfirlit yfir framkvæmdir við girðingar á árinu 2007 og stöðu þessara mála í árslok.

	Óafgreitt 1.1.2007		Afgreitt 2007		Nýjar kröfur		Óafgreitt 1.1.2008	
Svæði	Girðingar km	Ristar stk.	Girðingar km	Ristar stk.	Girðingar km	Ristar stk.	Girðingar km	Ristar stk.
Suðursvæði	108	0	36	0	37	0	109	0
Suðvestursvæði	0	0	0	0	0	0	0	0
Norðvestursvæði	155	5	22	1	42	3	175	7
Norðaustursvæði	143	6	11	1	0	0	132	5
Samtals	406	11	69	2	79	3	416	12

4.1.5.7. Landsvegir utan grunnnets

Fjárveiting til landsvega utan grunnnets var 119 m.kr. og var henni skipt milli svæða Vegagerðarinnar eins og sýnt er í eftirfarandi yfirliti.

Svæði	fjárveiting í m.kr.
Suðursvæði	45,0
Suðvestursvæði	3,0
Norðvestursvæði	31,0
Norðaustursvæði	40,0
Óskipt	3,4
Geymt frá fyrra ári	-3,4
Samtals	119,0

Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu framkvæmdum við landsvegi.

Suðursvæði

Fjárveiting til landsvega á Suðursvæði var 45 m.kr. Sérstakar fjárveitingar voru til endurbóta á Jökulvegi (F985). Fjárveitingum var að öðru leyti varið til smærra viðhalds og þjónustu landsvega á svæðinu.

Suðvestursvæði

Fjárveiting til landsvega á Suðvestursvæði var 3 m.kr. Fjárveitingum var varið til smærra viðhalds og þjónustu landsvega á svæðinu.

Norðvestursvæði

Fjárveiting til landsvega á Norðvestursvæði var 31 m.kr. Sérstakar fjárveitingar voru til endurbóta á Arnarvatnsvegi (F578), Langjökulsvegi (551) og Ófeigsfjarðarvegi (649). Að öðru leyti var fjárveitingu varið til viðhalds og þjónustu landsvega.

Norðaustursvæði

Fjárveiting til landsvega á Norðaustursvæði var 40 m.kr. Sérstakar fjárveitingar voru til endurbóta á Öskjuleið (F88) og Þórdalsheiðarvegi (F936). Að öðru leyti var fjárveitingu varið til viðhalds og þjónustu landsvega.

4.1.5.8. Safnvegir

Fjárveitingar til safnvega voru 350 m.kr. og var þeim skipt milli héraðsnefnda eða hliðstæðra aðila í samræmi við reglugerð nr. 62/1964 eins og sýnt er í eftirfarandi töflu.

	Fjárveiting 2007 í þús. kr.
1. Héraðsnefnd Vestur-Skaftfellinga	13.347
2. Héraðsnefnd Rangæinga	29.065
3. Héraðsnefnd Árnesinga	37.144
4. Héraðsnefnd Suðurnesja	1.686
5. Reykjavík	4.211
6. Héraðsnefnd Kjósarsýslu	5.257
7. Héraðsnefnd Borgarfjarðarsýslu	7.602
8. Vegasamlag Borgarbyggðar	27.291
9. Vegasamlag Snæfellinga	11.645
10. Héraðsnefnd Dalasýslu	10.716
11. Héraðsnefnd Austur-Barðastrandarsýslu	3.512
12. Héraðsnefnd Vestur-Barðastrandarsýslu	6.840
13. Vegasamlag Ísafjarðarsýslu	12.761
14. Héraðsnefnd Strandasýslu	8.499
15. Héraðsnefnd Vestur-Húnavatnssýslu	12.357
16. Héraðsnefnd Austur-Húnvetninga	11.766
17. Héraðsnefnd Skagfirðinga	22.533
18. Akrahreppur	6.050
19. Héraðsnefnd Eyjafjarðar	23.721
20. Héraðsnefnd Þingeyinga, Suður-Þingeyjarsýsla	22.578
21. Héraðsnefnd Þingeyinga, Norður-Þingeyjarsýsla	14.959
22. Héraðsnefnd Múlasýslna	47.248
23. Sýslunefnd Austur-Skaftafellssýslu	8.544
Samtals	350.000

4.1.5.9. Styrkvegir

Fjárveiting var 70 m.kr. og var henni varið til eftirfarandi framkvæmdaflokka.

Framkvæmdaflokkur	fjárveiting í þús. kr.
Götur í þéttbýli	5.500
Vegir yfir fjöll og heiðar	30.100
Annað	29.400
Óskipt frá fyrra ári	-1.288
Óskipt	6.288
Samtals	70.000

4.1.5.10 Reiðvegir

Fjárveiting í vegáætlun var 60 m.kr. Af þeirri fjárhæð var 13,1 m.kr. varið til endurbóta á einstökum reiðleiðum en 46,9 m.kr. var skipt af Landssambandi hestamannafélaga (LH).

	Fjárveiting 2007 í þús. kr.
1. Hestamannafélögin á Suðvestursvæði, Reykjanes	9.800
2. Hestamannafélögin á Suðursvæði 1, Suðurland vestur	8.500
3. Hestamannafélögin á Suðursvæði 2, Suðurland austur	4.500
4. Hestamannafélögin á Norðvestursvæði 1, Vesturland/Vestfirðir	5.500
5. Hestamannafélögin á Norðvestursvæði 2, Norðvesturland	7.200
6. Hestamannafélögin á Norðaustursvæði 1, Norðausturland	7.200
7. Hestamannafélögin á Norðaustursvæði 2, Austurland	4.200
Samtals	46.900

Reiðvegur meðfram Biskupstungnabraut	2.000
Reiðvegur við Geysi (Haukadalur/Laugarfell)	2.000
Reiðvegur inn að Fáskrúðsfjarðargöngum	1.000
Viðhald reiðvega meðfram þjóðvegum	5.000
Skráning og flokkun reiðvega (verkefni LH)	3.000
Óráðstafað	100
Samtals	13.100

Fylgiskjal 1

4.1.5 Sundurliðun einstakra gjaldaliða
4.1.5.1 Grunnnet
4.1.5.1.1 Almenn verkefni
(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 2007
	Suðursvæði	
1	Hringvegur	
x0	um Smyrlabjargaá	15
1	Hringvegur	
x1	um Staðará í Suðursveit	26
30	Hrunamannavegur	
06-07	Skipholt - Foss	79
240	Stórhöfðavegur	
01	um Strandveg	6
	Suðvestursvæði	
42	Krýsuvíkurvegur	
01	Reykjanesbraut - Vatnsskarð	55
431	Hafravatnsvegur	
1	Hringvegur - Úlfarsfell	2
	Norðvestursvæði	
1	Hringvegur	
g5-g6	um Borgarnes	65
54	Snæfellsnesvegur	
03	um Hítará	42
61	Djúpvegur	
04-36	breikkun slitlaga og vega	78
72	Hvammstangavegur	
01	um Hvammstanga	30
	Norðaustursvæði	
1	Hringvegur	
u8	ofan Þakeyrar í Hamarsfirði	32
76	Siglufjarðarvegur	
11	gangamunni - Siglufjörður, lýsing	9
85	Norðausturvegur	
03	um Laxá	29

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 2007
14	Arnarstaðir - Klapparós	93
	Þéttbýlisstaðir á Austurlandi lagfæringar á þjóðvegum	10
	Samtals:	571

4.1.5.1.2 Verkefni á höfuðborgarsvæði
(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 2007
41	Reykjanesbraut	
	Laugarnesvegur - Dalbraut	85
	gatnamót við Arnarnesveg	115
49	Nesbraut	
	bráðabirgðagatnamót við Kringlumýrarbraut	245
	færsla Hringbrautar	40
411	Arnarnesvegur	
	gatnamót við Fífuhvammsveg	50
415	Álftanesvegur	
	Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur	217
450	Sundabraut	
	Sæbraut-Geldinganes	100
	Göngubrýr og undirgöng	70
	Smærri verk og ófyrirséð	80
	Samtals:	1.002

4.1.5.1.3 Verkefni á landsbyggð (stórverkefni)
(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 2007
	Hringvegur á Suðurlandi	
1	Hringvegur	
d6-e1	Selfoss - Hafravatnsvegur	325
	Bræðratunguvegur	
359	Bræðratunguvegur	
01	um Hvítá	80
	Lyngdalsheiðarvegur	
365	Lyngdalsheiðarvegur	
01	Laugarvatnsvegur - Þingvallavegur	50
	Reykjanesbraut, Hafnarfjörður - Keflavík	
41	Reykjanesbraut	
15-18	Krýsuvíkurvegur - Víknavegur	347
	Hringvegur á Norðvesturlandi	
1	Hringvegur	
g1	Hvalfjarðartengingar	62
g6	um Borgarnes	20
h0-h1	Grafarkot - Brekkunef	85
k1	um Hrútafjörð	225
n0-n1	um Norðurárdal í Skagafirði	205
	Snæfellsnesvegur um Kolgrafafjörð	
54	Snæfellsnesvegur	
14	um Kolgrafafjörð	166
	Vestfjarðavegur	
60	Vestfjarðavegur	
08-31	Svínadalur - Flókalundur	300
	Djúpvegur	
61	Djúpvegur	
26-29	Ísafjörður - Mjóifjörður	630
38-45	Súðavík - Bolungarvík	20
	Þverárfjallsvegur	
744	Þverárfjallsvegur	
03	Skagavegur - Sauðárkrókur	120

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 2007
	Hringvegur á Norðausturlandi	
1	Hringvegur	
p7-p8	gatnamót á Akureyri	10
t3	við Egilsstaði	50
v1	Þvottár- og Hvalnesskriður	150
	Norðausturvegur, Húsavík - Þórshöfn	
85	Norðausturvegur	
14b	Hófaskarðsleið	340
43	Vopnafjörður-Brunahvammsháls	100
	Samgöngurannsóknir	15
	Samtals:	3.300
	Afborgun lána vegna Hvalfjarðartenginga til ríkissjóðs	-40

4.1.5.1.4 Söluandvirði Símans
(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 2007
	Gatnamót við Nesbraut	
1	Hringvegur	
e3	gatnamót við Nesbraut	400
	Reykjanesbraut	
41	Reykjanesbraut	
15-18	Krýsuvíkurvegur - Víknavegur	700
	Arnkötludalur	
605	Tröllatunguvegur	
01	Vestfjarðavegur - Djúpvegur	200
	Þverárfjallsvegur	
744	Þverárfjallsvegur	
03	Skagavegur - Sauðárkrókur	200
	Samtals:	1.500

4.1.5.1.5 Jarðgangaáætlun
(fjárhæðir í m.kr.)

	Fjárveiting 2007
Héðinsfjarðargöng	1.750
Samtals:	1.750

4.1.5.1.6 Landsvegir í grunnneti
(fjárhæðir í m.kr.)

	Fjárveiting 2007
Fjárveiting í vegáætlun	60
Samtals:	60
Samtals grunnnet:	8.143

Utan grunnnets
4.1.5.2 Tengivegir
(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 2007
	Suðursvæði	
204	Meðallandsvegur	
01	Ásgarður - Fossar	24
282	Ásmundarstaðavegur	
01	Hringvegur - Ásmundarstaðir	8
33	Gaulverjabæjarvegur	
01-02	Gaulverjabær - Skipar	115
340	Auðsholtsvegur	
01	Hrunamannavegur - Syðra-Langholt	20
354	Sólheimavegur	
01	Stærribæjarvegur - Sólheimar	22
3445	Hvítárholtsvegur	
01	Hrunamannavegur - Borgarás	15
	Suðvestursvæði	
48	Kjósarskarðsvegur	
01	Reynivellir - Vindáshlíð	29
461	Meðalfellsvegur	
01	hjá Möðruvöllum	10
	Norðvestursvæði	
504	Leirársveitarvegur	
01	Leirá - Svínadalsvegur	23
511	Hvanneyrarvegur	
01	hringtorg, lítið	12
574	Útnesvegur	
01	Gröf - Arnarstapi	21
576	Framsveitarvegur	
01	Snæfellsnesvegur - golfvöllur	14
643	Strandavegur	
04-05	Ásmundarnes - Kaldbaksvík	23
645	Drangsnesvegur	
01	Strandavegur - Drangsnes	60
704	Miðfjarðarvegur	
01	Melstaður - Króksstaðir	21
04	tenging við Hringveg	5
715	Víðidalsvegur	
02	Hrappsstaðavegur - Dæli	13
752	Skagafjarðarvegur	
02	slitlagsendi - Sölvanes	45

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 2007
	Norðaustursvæði	
821	Eyjafjarðarbraut vestri	
05	Sandhólar - Nes	31
828	Veigastaðavegur	
01	Hringvegur - Eyjafjarðarbraut eystri	55
8984	Hvammsvegur	
01	lagfæringar	10
925	Hróarstunguvegur	
02	Hallfreðarstaðir - Þórisvatn	12
931	Upphéraðsvegur	
01	Setberg - Ormarsstaðaá	52
	Samtals:	640

4.1.5.3 Til brúargerðar

4.1.5.3.1 Brýr 10 m og lengri

(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr.	Kaflanr.	Brú	Fjárveiting 2007
1	x0	Smyrlabjargaá	30
35	04	Brúará	116
1	j3	Hrútafjarðará	74
61	38	Arnardalsá	16
93	02	Miðhúsaá	36
		Óráðstafað	15
		Samtals:	287

4.1.5.3.2 Smábrýr
(Fjárhæðir í m.kr.)

		Fjárveiting 2007
	Fjárveiting í vegáætlun	30
	Samtals:	30

4.1.5.4 Ferðamannaleiðir
(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 2007
	Suðursvæði	
249	Þórsmerkurvegur	40
984	Hoffellsvegur	6
	Gaddstaðaflatir	2
	Suðvestursvæði	
408	Heiðmerkurvegur	24
	Norðvestursvæði	
508	Skorradalsvegur	
02	Grund-Hvammur	57
745	Skagavegur	
01	snjóastaðir	13
	Norðaustursvæði	
869	Langanesvegur	11
923	Jökuldalsvegur	12
939	Axarvegur	30
	Samtals:	195

4.1.5.5 Þjóðgarðavegir.
(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 2007
52	Uxahryggjavegur	29
574	Útnesvegur	
02-04	um þjóðgarð	110
862	Dettifossvegur	
01	Hringvegur - Dettifossvegur vestri	185
	Samtals:	324

4.1.5.6 Girðingar
(Fjárhæðir í m.kr.)

	Fjárveiting 2007
Fjárveiting í vegáætlun	75
Samtals:	75

4.1.5.7 Landsvegir utan grunnnets
(Fjárhæðir í m.kr.)

	Fjárveiting 2007
Fjárveiting í vegáætlun	119
Samtals:	119

4.1.5.8 Safnvegir
(Fjárhæðir í m.kr.)

	Fjárveiting 2006
Fjárveiting í vegáætlun	350
Samtals:	350

4.1.5.9 Styrkvegir
(Fjárhæðir í m.kr.)

		Fjárveiting 2007
Fjárveiting í vegáætlun		70
	Samtals:	70

4.1.5.10 Reiðvegir
(Fjárhæðir í m.kr.)

		Fjárveiting 2007
Fjárveiting í vegáætlun		60
	Samtals:	60
Samtals utan grunnnets:		2.150
Afskriftir markaðra tekna		60
Flutt tímabundið til ferjuliðar		-487
Stofnkostnaður alls:		9.866

Fylgiskjal 2 Greinargerð um framkvæmdir við nýbyggingu þjóðvega 2007

Suðursvæði
1 Hringvegur

c3 um Hellu
Umfang verks: Endurbætur og færsla á Hringvegi í gegnum þéttbýlið á Hellu. Færsla á Hringvegi frá brú yfir Rangá og byggt nýtt hringtorg sunnan við gamla veginn. Um er að ræða 1. áfanga framkvæmdarinnar.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 1. áfangi 48 m.kr. Heildarframkvæmdakostnaður er áætlaður 150 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2001	33
Vegáætlun 2006	7
Bráðabirgðalán 2007	10
Samtals	50

Verkframvinda: Á árinu 2005 og 2006 var unnið að hönnun og undirbúningi. Verkið var boðið út í mars 2007. Framkvæmdir við 1. áfanga hófust í byrjun maí 2007 og lauk verkinu síðari hluta júlí.
Verktaki: Þjótandi ehf., Hellu.

Kostnaður:	m.kr.
2006	8
2007	42
Samtals	50

Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2009.

d4 um Selfoss.
Umfang verks: Verkið fólst í breikkun hringtorgs við Ölfusárbrú á Selfossi og lagfæringar á Austurvegi og Eyrarvegi út frá hringtorginu. Lengd útboðs er um 140 m.
Framkvæmdaform: Samningur.
Kostnaðaráætlun: 21 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Bráðabirgðalán 2007	25

Verkframvinda: Verkið var unnið í sumarið 2007.
Verktaki: Ræktunarsamband Flóa og Skeiða hf., Selfossi.

Kostnaður:	m.kr.
2005	1
2006	2
2007	22
Samtals	25

Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2008.

d6-e1 Selfoss – Hafravatnsvegur
Umfang verks: Umbætur á umferðaröryggi Hringvegarins út frá Reykjavík.
Framkvæmdaform: Útboð

Fjármögnun:	m.kr.
Fjáraukalög 2006	500
Vegáætlun 2007	217
Samtals	717

Verkframvinda: Sem fyrsta hluta þess verkefnis var boðin út forhönnun á breikkun Hringvegarins úr tveggja akreina vegi í þriggja akreina veg frá Þorlákshafnarvegi að Hafravatnsvegi og verkhönnun fyrsta áfanga verksins frá Kambabrún að Hamragilsvegi. Hönnun verksins var boðin út í apríl 2006 og var gefin út kynningarskýrsla í nóvember 2006. Verkhönnun á kaflanum frá Litlu-Kaffistofu að Lögbergsbrekku var lokið að vori 2007 en fallið var frá útboði vegna breyttra áherslna, þar sem ákveðið hefur verið að tvöfalda veginn frá Selfossi til Reykjavíkur.
Verktaki:
Verkfræðistofan Línuhönnun hf.

Kostnaður:	m.kr.
2005	1
2006	28
2007	29
Samtals	58

d8-d9 Hellisheiði
Umfang verks: Nýbygging á 3 km löngum kafla frá Hveradalabrekku og um Svínahraun, breikkun vegar frá nýja kaflanum að Litlu-Kaffistofunni ásamt mislægum vegamótum við Þrengslaveg og stefnugreindum

vegamótum við Hamragilsveg.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 477 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Skuld frá fyrri áfanga	-9
Vegáætlun 2003	150
Vegáætlun 2004	91
Öryggisaðgerðir 2004	20
Fært af Suðurstrandarvegi 2004	140
Vegáætlun 2007 Verkefni á landsbyggð	108
Samtals	500

Verkframvinda: Vinna við framkvæmdina hófst í mars 2005 og lauk í október. Umferð var hleypt á nýja veginn 8. október 2005. Eftir að byrjað var á framkvæmdum var tekin ákvörðun um að setja víraleiðara á milli gagnstæðra akreina ofan við Litlu-Kaffistofu að Hamragilsvegamótum, samtals um 4,5 km. Á árinu 2007 voru fræstar svokallaðar vegrifflur meðfram kantlínum og víraleiðara þess kafla sem byggður var sem 2+1 vegur á árinu 2005,
Verktaki: KNH ehf., Ísafirði.

Kostnaður:	m.kr.
2004	25
2005	428
2006	39
2007	8
Samtals	500

Skýringar: Kostnaður á árinu 2004 er vegna rannsókna, hönnunar og útboðs verksins. Kostnaður 2006 er vegna ýmissa framkvæmda og óuppgerðra reikninga vegna framkvæmda 2005.

v5 göng undir Almannaskarð
Umfang verks: Gerð 1.146 m langra jarðganga undir Almannaskarð, ásamt 162 m löngum steyptum vegskálum og 4,1 km löngum vegi utan ganga. Á verktímanum var ákveðið að endurbyggja um 1,3 km langan kafla Hringvegarins um Dynjanda, sunnan Almannaskarðs.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 1.115 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2003	300
Vegáætlun 2004	322
Fjáraukalög 2004	375
Vegáætlun 2005	82
Vegáætlun 2006	15
Vegáætlun 2007 Jarðgangaáætlun	58
Samtals	1.152

Verkframvinda: Verkið var boðið út í desember 2003 og hófst vinna í lok mars 2004. Jarðgangagröftur hófst formlega 16. júní 2004 og lokasprenging í jarðgöngum var 8. október. Eftir það var unnið að lokastyrkingum og vatnsvörnum í göngum. Samhliða gangagreftri var unnið að gerð vegskála norðan ganga og lauk honum í lok nóvember. Einnig var unnið við undirstöður vegskála sunnan gangamunna. Unnið var að vegagerð norðan og sunnan ganga og var að mestu komið neðra burðarlag í veginn um áramótin 2004/2005. Á árinu 2005 var unnið við uppsetningu vatnsklæðninga, fráveitulagnir í göngunum og vegagerð innan og utan ganga. Göngin voru vígð formlega 24. júní 2005.
Verktaki: Héraðsverk ehf., Egilsstöðum og Leonhard Nilsen og Sönner AS., Noregi.

Kostnaður:	m.kr.
2003	35
2004	602
2005	510
2006	5
Samtals	1.152

Skýringar: Kostnaður á árinu 2003 er vegna rannsókna, hönnunar og útboðs verksins.

x0 um Smyrlabjargará í Suðursveit
Umfang verks: Rifin var einbreið brú og í staðinn var sett stálplöturæsi með steyptum endaeiningum.

Hringvegurinn var endurbyggður á 0,9 km löngum kafla um Smyrlabjargará.
Framkvæmdaform: Samningur.
Kostnaðaráætlun: 40 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2007	
Almenn verkefni	15
Til brúargerðar	30
Samtals	45

Verkframvinda: Framkvæmdir hófust í september 2007 og lauk í byrjun nóvember. Eftir er að leggja seinna klæðingarlagið á veginn og verður það gert vorið 2008.
Verktaki:
Gerð stálplöturæsis:
Vinnuflokkur Vegagerðarinnar.
Vegagerð: SG. Vélar ehf., Djúpavegi

Kostnaður:	m.kr.
2006	1
2007	42
Samtals	43

x1 um Staðará í Suðursveit
Umfang verks: Byggð var ný tvíbreið brú í stað einbreiðrar brúar á Staðará og endurbygging Hringvegarins á 0,8 km löngum kafla báðum megin við brúna og lögð klæðing.
Framkvæmdaform:
Bygging brúar: Samningur.
Vegagerð: Útboð.

Kostnaðaráætlun:	m.kr.
Bygging brúar	63
Gerð vegar	14
Samtals	77

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2006	65
Vegáætlun 2007	
Almenn verkefni	26
Samtals	91

Verkframvinda: Á árinu 2006 var unnið að undirbúningi og hönnun verksins og byrjað var á undirstöðum brúar í október sama ár. Framkvæmdum við brúna lauk í lok maí 2007. Framkvæmdir við vegagerð hófust í byrjun júlí og lauk í ágúst 2007.
Verktaki: Bygging brúar:
Vinnuflokkur Vegagerðarinnar.
Vegagerð: S.G. Vélar ehf., Djúpavogi.

Kostnaður:	m.kr.
2006	11
2007	66
Samtals	77

26 Sprengisandsleið
11 Veiðivatnaleið – Kvíslavegur
Umfang verks: Gerð efra burðarlags og lagning slitlags á Sprengisandsleið ofan Veiðivatnaleiðar.
Framkvæmdaform: Útboð.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2007	
Landsvegir í grunnneti	20

Verkframvinda: Á árinu 2007 var unnið efni í efra burðarlag og slitlag.
Verktaki: Fossvélar ehf., Selfossi.

Kostnaður:	m.kr.
2007	16

30 Hrunamannavegur
06-07 Skipholt – Foss.
Umfang verks: Nýbygging á 5,1 km löngum kafla frá Hvítárdal að Fossi
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 217 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Inneign frá fyrri áfanga	2
Vegáætlun 2007	
Almenn verkefni	79
Samtals	81

Verkframvinda: Á árinu 2007 var unnið að undirbúningi og var verkið boðið út í október 2007 en framkvæmdir hófust ekki á árinu.
Verktaki: Borgarvirki ehf., Kópavogi.

Kostnaður:	m.kr.
2007	3

Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2008 og 2009.

33 Gaulverjabæjarvegur
02 Félagslundur – Skipar
Umfang verks: Nýbygging á 5,9 km löngum kafla frá Félagslundi að Skipum.

Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 163 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2007	
Tengivegir	115
Bráðabirgðalán 2007	13
Samtals	128

Verkframvinda: Verkið var boðið út í mars 2007 og lauk í október 2007. Ekki var hægt að ljúka við uppbyggingu á 1,6 km við vegamót Gaulverjabæjarvegar-Villingaholtsvegar þar sem ekki tókst að ljúka samningum við landeigendur en stefnt að því ljúka þeim vorið 2008.
Verktaki:
Vörubílstjórafélagið Mjölnir, Selfossi.

Kostnaður:	m.kr.
2006	2
2007	126
Samtals	128

Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2008.

35 Biskupstungnabraut
04 um Brúará
Umfang verks: Bygging á nýrri tvíbreiðri brú í stað einbreiðrar brúar ásamt tengingum.
Framkvæmdaform: Brúargerð: Útboð. Bráðabirgðavegur og niðurrekstur staura: Samningar
Kostnaðaráætlun: 139 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2004	15
Vegáætlun 2007	
Til brúargerðar	116
Bráðabirgðalán 2007	2
Samtals	133

Verkframvinda: Á árunum 2005 og 2006 var unnið að undirbúningi og hönnun verksins. Bygging brúarinnar var boðin út í febrúar 2007. Fyrirspurn var gerð á meðal verktaka svæðinu um gerð bráðabirgðavegar og niðurrekstrarplans við brú. Í árslok 2007 var búið að steypa brúna en eftir er að fjarlægja framhjáhlaupið, bráðabirgðabrú og veg. Reiknað er með að umferð verði komin á brúna á fyrri hluta árs 2008.
Verktaki: Brúargerð: Mikael ehf,. Höfn Hornafirði.
Bráðabirgðavegur:
Vélgrafan ehf., Selfossi.
Vinnuflokkur Vegagerðarinnar setti upp bráðabirgðabrú og sá um niðurrekstur staura undir nýju brúna.

Kostnaður:	m.kr.
2005	5
2006	2
2007	126
Samtals	133

Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2008.

35 Kjalvegur
12 Sandá – Fremstaver
Umfang verks: Endurbygging Kjalvegar með bundnu slitlagi á 4,2 km löngum kafla frá Sandá að Fremstaveri.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 45 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2006	45
Vegáætlun 2007	
Landsvegir í grunnneti	10
Samtals	55

Verkframvinda: Verkið var boðið út í júní 2006 og hófust framkvæmdir í ágúst og vegkaflinn byggður upp á árinu. Í júní 2007 var lokið við verkið með lagningu slitlags á veginn.
Verktaki: Vélgrafan ehf., Selfossi.

Kostnaður:	m.kr.
2006	24
2007	23
Samtals	47

204 Meðallandsvegur
01 Grenilækur – Fossar
Umfang verks: Endurbygging á 1,8 km löngum kafla frá Grenilæk að Fossum.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 34 m.kr.

Fjármögnun: m.kr.
Inneign frá fyrri áfanga . . . 2
Fjárveiting 2007 24
Bráðabirgðalán 2007 3
Samtals 29
Verkframvinda: Verkið var boðið út í júní 2007, framkvæmdir hófust í júlí og lauk í september 2007.
Verktaki: Framrás ehf., Vík.
Kostnaður: m.kr.
2007 29
Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2009.

208 Fjallabaksleið nyrðri
06 Landmannaleið – Sprengisandsleið
Umfang verks: Gerð efra burðarlags og lagning slitlags á um 5 km löngum kafla Fjallabaksleiðar nyrðri gegnum virkjanasvæði. Verkið er unnið í samvinnu við Landsvirkjun sem greiðir hluta kostnaðarins.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 25 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Framlag Landsvirkjunar . . 10
Bráðabirgðalán 2007 2
Samtals 12
Verkframvinda: Á árinu 2007 var unnið efni í efra burðarlag og slitlag.
Verktaki: Fossvélar ehf., Selfossi.
Kostnaður: m.kr.
2007 12

240 Stórhöfðavegur
01 um Strandveg
Umfang verks: Endurbygging Strandvegar/Stórhöfðavegar frá Heiðarvegi að Hlíðarvegi á um 400 m löngum kafla.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 33 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2006 32
Vegáætlun 2007
Almenn verkefni 6
Samtals 38
Verkframvinda: Verkið var boðið út í apríl 2006. Framkvæmdir hófust í maí sama ár og lauk í október.
Verktaki: Steini og Olli ehf., Vestmannaeyjum.
Kostnaður: m.kr.
2006 35
Skýringar: Verkið var unnið í samstarfi við Vestmannaeyjabæ og hluti framkvæmdarinnar var greiddur af viðhaldsfé.

246 Skálavegur
01 Hringvegur – Hringvegur
Umfang verks: Endurbygging á 1,8 km löngum kafla Skálavegar.
Fjármögnun: m.kr.
Skuld frá fyrri áfanga . . . . -6
Bráðabirgðalán 2007 7
Samtals 1
Verkframvinda: Fyrri áfanga verksins lauk á árinu 2006. Á árinu 2007 var unnið við undirbúning síðari áfanga verksins.
Kostnaður: m.kr.
2007 1
Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2008.

249 Þórsmerkurvegur
Umfang verks: Endurbygging á veginum á 3,9 km kafla frá Gljúfurá að Merkurvegi og gerð stálræsa í Neðradalsá og Dalsá.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 58 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Inneign frá fyrri áfanga . . . 5
Vegáætlun 2007
Ferðamannaleiðir 40
Smábrýr 12
Samtals 57
Verkframvinda: Á árinu 2007 var unnið við hönnun og undirbúning og keypt stálræsi í Neðradalsá og Dalsá. Verkið var boðið út í desember 2007, en framkvæmdir hófust ekki á árinu.
Verktaki: Sigurjón Hjartarson, Brjánsstöðum.

Kostnaður:	m.kr.
2007	8

253 Bakkavegur

02 Landeyjavegur – Hólmabæjarvegur
03 Landeyjavegur – flugvöllur
Umfang verks: Nýbygging á 5 km löngum kafla frá Gunnarshólma að Hólmavegi.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 85 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Skuld frá fyrri áfanga	-15
Vegáætlun 2004	22
Vegáætlun 2005	53
Vegáætlun 2006	24
Tengivegir	
Samtals	84

Verkframvinda: Framkvæmdir við hluta vegskurða, girðinga og efnisvinnslu hófust á árinu 2004. Framkvæmdir við veginn voru boðnar út í febrúar 2005 og lauk í október sama ár. Eftir er að ljúka við gerð reiðleiðar.

Kostnaður:	m.kr.
2004	9
2005	59
2006	2
2007	4
Samtals	74

Verktaki:
Vörubílstjórafélagið Mjölnir, Selfossi.
Skýringar: Vegna breytinga á vegakerfi er skuld frá árinu 2001 sem talin var til Hólmabæjarvegar (254) og fjárveiting og kostnaður frá árinu 2004 sem talin voru til Landeyjavegar (252), nú talin til Bakkavegar. Á árinu 2007 var unnið að undirbúningi og hönnun Bakkavegar frá Bakkaflugvelli að fyrirhuguðum Bakkafjöruvegi.

282 Ásmundarstaðavegur

01 Hringvegur – Ásmundarstaðir

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2007	
Tengivegir	8

Skýringar: Fjárveiting var notuð til greiðslu skuldar við sveitarfélagið vegna uppbyggingar tengivega í Ásahreppi.

322 Ólafsvallavegur

01 Skeiða- og Hrunamannavegur - Ólafsvellir
Umfang verks: Endurbygging á um 2,7 km löngum kafla frá Skeiða- og Hrunamannavegi að Ólafsvöllum.
Framkvæmdaform: Verðkönnun og samningar við verktaka á svæðinu.
Kostnaðaráætlun: 12 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr
Bráðabirgðalán 2007	12

Verkframvinda: Gerð var verðkönnun á meðal verktaka á svæðinu um undirbyggingu vegarins sumarið 2007. Verkinu var lokið haustið 2007. Lögn slitlags var kostuð af viðhaldsfé.
Verktaki: Undirbygging vegar: Nesey ehf., Skeiða- og Gnúpverjahreppi.
Lögn slitlags: Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf., Selfossi.

Kostnaður	m.kr.
2007	12

Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2010.

340 Auðsholtsvegur

01 Hrunamannavegur – Syðra-Langholt

Fjármögnun:	m.kr.
Skuld frá fyrri áfanga	-3
Vegáætlun 2007	
Tengivegir	20
Samtals	17

Verkframvinda: Á árinu 2007 var unnið að hönnun og undirbúningi á nýjum kafla Auðsholtsvegar um Syðra-Langholt.

Kostnaður:	m.kr.
2007	1

Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2008.

354 Sólheimavegur

01 Biskupstungnabraut – Sólheimar

Umfang verks: Endurbygging á um 5 km löngum kafla frá Stærri-Bæ að Sólheimum.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 177 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Inneign frá fyrri áfanga	4
Vegáætlun 2005	36
Vegáætlun 2006	62
Vegáætlun 2007	
Tengivegir	22
Bráðabirgðalán 2007	43
Samtals:	167

Verkframvinda: Á árinu 2005 var unnið að hönnun verksins, auk þess sem malað var efni til framkvæmdarinnar. Verkið var boðið út í mars 2006 og hófust framkvæmdir í þeim mánuði. Bundið slitlag var komið á veginn í september en ekki var hægt að ganga endanlega frá frágangi við veginn vegna óhagstæðrar tíðar, en því verður lokið vorið 2008. Þá á eftir að ljúka við heimreið að bænum Eyvík og gera upp land- og efnisbætur.

Verktaki: Heflun ehf., Lyngholti Hellu.

Kostnaður:	m.kr.
2005	9
2006	70
2007	88
Samtals	167

Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2008.

359 Bræðratunguvegur

Flúðir – Reykholt

Umfang verks: Nýbygging vegar milli Flúða og Reykholts ásamt nýrri brú á Hvítá.

Fjármögnun:	m.kr.
Skuld frá fyrri áfanga	-1
Vegáætlun 2007	
Verkefni á landsbyggð	80
Samtals	79

Verkframvinda: Árin 2005 til 2007 hefur verið unnið að undirbúningi og hönnun verksins en mat á umhverfisáhrifum fór fram fyrir nokkrum árum.

Kostnaður:	m.kr.
2005	2
2006	3
2007	4
Samtals	9

Skýringar: Fjárveitingar eru í vegáætlun á árunum 2008-2010.

364 Eyjavegur

01 Laugarvatnsvegur – Útey

Fjármögnun:	m.kr.
Skuld frá fyrri áfanga	-5
Vegáætlun 2005	5
Bráðabirgðalán 2007	3
Samtals	3

Kostnaður:	m.kr.
2005	1
2006	1
2007	1
Samtals	3

Skýringar: Kostnaður á árinu 2007 er vegna reiðvegar. Fjárveiting er í vegáætlun 2008.

365 Lyngdalsheiðarvegur

01 Laugarvatn – Þingvellir

Umfang verks: Nýbygging um 15 km langs vegar milli Laugarvatns og Þingvalla.

Kostnaðaráætlun: 840 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2003	100
Vegáætlun 2004	50
Vegáætlun 2006	103
Vegáætlun 2007	50
Samtals	303

Verkframvinda: Unnið var að hönnun vegarins og mati á umhverfisáhrifum, en framkvæmdum var frestað. Kostnaður 2006 og 2007 er vegna hönnunar og vinnslu á efni. Bjóða á út framkvæmdina 2008.

Kostnaður: m.kr.
2004 5
2005 21
2006 21
2007 22
Samtals 69
Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2008.

375 Arnarbælisvegur
01 Hringvegur – Auðsholt
Umfang verks: Endurbygging á 800 m löngum kafla frá Hringvegi að Grænhóli.
Framkvæmdaform: Útboð.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2004 3
Vegáætlun 2005 7
Bráðabirgðalán 2007 8
Samtals 18
Verkframvinda: Verkið var boðið út í fyrirspurnarformi í maí 2006. Verktaki hóf framkvæmdir í september 2006 og lauk verki í þeim mánuði. Seinna klæðingarlag var lagt á í júlí 2007

Kostnaður: m.kr.
2005 1
2006 15
2007 2
Samtals 18
Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2008.

427 Suðurstrandarvegur
05-13 Ísólfsskáli – Þorlákshafnarvegur
Umfang verks: Nýbygging á um 48 km löngum vegi á milli Ísólfsskála og Þorlákshafnar.
Fjármögnun: m.kr.
Skuld frá fyrri áföngum . . -33
Bráðabirgðalán 2007 46
Samtals 13
Kostnaður: m.kr.
2007 13
Skýringar: Fjárveitingar eru í vegáætlun 2009-2010. Kostnaður á árinu 2007 er vegna hönnunar og undirbúnings vegarins milli Ísólfsskála og Þorlákshafnar.

984 Hoffellsvegur
Umfang verks: Endurbygging um 2,5 km kafla frá Hringvegi í átt að Hoffellsbæjum með bundnu slitlagi.

Hönnun og undirbúningur verkefna, Suðursvæði
Hér að neðan er greint frá hönnunar- og undirbúningskostnaði framkvæmda á Suðursvæði, sem ekki hafa fjárveitingu í vegáætlun.

	kostnaður í m.kr.			
Verkefni:	2005	2006	2007	samtals
Hringvegur 1b5 um Jökulsá á Sólheimasandi	2	0	0	2
Hringvegur 1v7-1v9 um Hornafjarðarfljót	1	26	32	59
Skeiða- og Hrunamannavegur 30-04 um Stóru Laxá	0	2	0	2
Þjórsárdalsvegur 32-01 um Kálfá	0	0	1	1
Rangárvallavegur 264-02 Keldnavegur-Þingskálavegur	0	0	1	1
Búrfellsvegur 351-01 Þingvallavegur-Biskupstungnabraut	0	0	2	2
Smærri undirbúningsverkefni		1	1	2
Samtals	3	29	37	69

Framkvæmdaform: Samningur.
Kostnaðaráætlun: 18 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2006	13
Vegáætlun 2007	
Ferðamannaleiðir	6
Bráðabirgðalán 2007	5
Samtals	24

Kostnaður:	m.kr.
2006	24

Verktaki: Samið var við vörubílstjóra á svæðinu um styrkingu vegarins en klæðing og efra burðarlag var hluti af yfirlagnaútboði hjá Norðaustursvæði.

3445 Hvítárholtsvegur

Umfang verks: Endurbygging á um 1 km löngum kafla.
Framkvæmdaform: Samningur.
Kostnaðaráætlun: 15 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2007	
Tengivegir	15
Bráðabirgðalán 2007	1
Samtals	16

Verkframvinda: Verkið var unnið í júní 2007. Eftir er að ganga betur frá fláum og leggja reiðveg. Það verður gert vorið 2008.
Verktaki: Undirbygging: Gröfutækni ehf., Flúðum.
Klæðing: Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf., Selfossi.

Kostnaður:	m.kr.
2007	16

Gaddstaðaflatir

Umfang verks: Nýbygging um 1 km langs vegar frá Hringvegi að athafnasvæði hestamanna að Gaddstaðaflötum við Hellu.
Framkvæmdaáform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 7 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2004	7
Vegáætlun 2007	
Ferðamannaleiðir	2
Bráðabirgðalán 2007	1
Samtals	10

Verkframvinda: Framkvæmdir hófust í nóvember 2003 og lauk vorið 2004.
Verktaki:
Jón og Tryggvi ehf., Hvolsvelli.

Kostnaður:	m.kr.
2003	1
2004	9
Samtals	10

Suðvestursvæði

1 Hringvegur
sýslumörk – Hvalfjarðargöng
Umfang verks: Umbætur á umferðaröryggi Hringvegarins út frá Reykjavík. Árið 2007 er gerður samningur við Leirvogstungu ehf. og Ístak hf. um byggingu mislægra gatnamóta við Leirvogstungu. Einnig unnið við syðri enda Hvalfjarðarganga og við undirbúning á breikkun Hringvegarins út frá Reykjavík.

Fjármögnun:	m.kr.
Fjáraukalög 2006	500

Verkframvinda: Unnið var að forhönnun og undirbúningi verksins.

Kostnaður:	m.kr.
2004	1
2005	8
2006	15
2007	51
Samtals	70

Skýringar: Fjárveitingar eru í vegáætlun 2008 - 2010

e1 sýslumörk – Hafravatnsvegur
Umfang verks: Gerð stefnugreindra vegamóta Hringvegar og Hafravatnsvegar við Geitháls og eftirlitsplans ofan Hólmsár.
Framkvæmdaform:
Stefnugreind vegamót: Útboð.
Gerð eftirlitsplans: Samningur
Kostnaðaráætlun: 38 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2006	29
Vegáætlun 2007	
Smærri verk og ófyrirséð	13
Bráðabirgðalán 2007	20
Samtals	62

Verkframvinda: Gerð stefnugreindra vegamóta við Hafravatnsveg var boðin út í maí 2006 og lauk að mestu í september sama ár. Lítilsháttar frágangur var unninn á árinu 2007. Á árinu 2007 var gert eftirlitsplan ofan Hólmsár þar sem eftirlitsplan við Rauðavatn lagðist af.
Verktaki: Stefnugreind vegamót: Heimir og Þorgeir ehf., Reykjavík. Eftirlitsplan: Vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
2005	3
2006	45
2007	14
Samtals	62

Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2008.

f4 Hafravatnsvegur – Þingvallavegur
Umfang verks: Gerð hringtorgs á vegamótum Hringvegar og Þingvallavegar.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 141 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Bráðabirgðalán 2007	151

Verkframvinda: Verkið boðið út í mars 2007 og lauk í september sama ár.
Verktaki: Ístak hf., Reykjavík

Kostnaður:	m.kr.
2007	151

Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2008

41 Reykjanesbraut
15-18 Krýsuvíkurvegur – Víknavegur, breikkun
Umfang verks: Breikkun Reykjanesbrautar úr tveimur akreinum í fjórar akreinar milli Hafnarfjarðar og Njarðvíkur.
1. áfangi verksins er breikkun Reykjanesbrautar á 8,5 km löngum kafla frá Hvassahrauni að Strandarheiði og bygging mislægra vegamóta við Hvassahraun og Vatnsleysustrandarveg, ásamt færslu Vatnsleysustrandarvegar á um 1,8 km löngum kafla. Á verktímanum var samið um lengingu áfangans um 3,5 km á grundvelli einingarverða tilboðs.
2. áfangi verksins er breikkun Reykjanesbrautar frá Strandarheiði að Njarðvík og bygging mislægra vegamóta við Vogaveg, Skógfellsveg, Grindavíkurveg og Njarðvík.
Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun:	m.kr.
1. áfangi	1.100
2. áfangi	2.023
Samtals	3.123

Fjármögnun:	m.kr.
Innistæða fyrri áfanga	105
Vegáætlun 2002	134
Vegáætlun 2003	300
Vegáætlun 2004	306
Vegáætlun 2005	305
Vegáætlun 2006	207
Vegáætlun 2007	
Verkefni á landsbyggð	347
Söluandvirði Símans	700
Bráðabirgðalán 2007	148
Samtals:	2.552

Verkframvinda: 1. áfangi var boðinn út í október 2002 og framkvæmdir hófust í janúar 2003 og lauk þeim hluta í október 2004.
2. áfangi frá Strandarheiði til Njarðvíkur var boðinn út í október 2005 og hófust framkvæmdir um haustið. Áætluð verklok eru í júní 2008.
Verktaki: 1. áfangi Háfell ehf., Reykjavík, Jarðvélar ehf., Kópavogi og Eykt ehf., Reykjavík.
2. áfangi. Jarðvélar ehf., Reykjavík.

Kostnaður:	m.kr.
2002	7
2003	602
2004	544
2005	46
2006	672
2007	681
Samtals	2.552

Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2008.

42 Krýsuvíkurvegur

01 Reykjanesbraut – Vatnsskarð

Umfang verks: Bygging á nýjum 1,5 km löngum kafla Krýsuvíkurvegar frá Hraunhellu að Hamranesi.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 119 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2005	27
Vegáætlun 2006	36
Vegáætlun 2007	
Almenn verkefni	55
Bráðabirgðalán 2007	13
Samtals	131

Verkframvinda: Verkið var boðið út í október 2005 og hófust framkvæmdir í nóvember. Verki lauk í september 2006.

Verktaki: Borgarvirki ehf., Kópavogi.

Kostnaður:	m.kr.
2004	5
2005	19
2006	105
2007	2
Samtals	131

Skýringar: Fjárveiting til Krýsuvíkurvegar er í vegáætlun 2008.

44 Hafnavegur

03 Stapafellsvegur – Hafnir

Umfang verks: Bygging á nýjum 1,0 km löngum kafla Hafnavegar framhjá þéttbýlinu í Höfnum.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 23 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Bráðabirgðalán 2007	41

Verkframvinda: Verkið var boðið út í október 2005 og lauk með klæðingu vegar í janúar 2006.

Verktaki: Burkney ehf., Mosfellsbæ.

Kostnaður:	m.kr.
2004	1
2005	21
2006	18
2007	1
Samtals	41

Skýringar: Engin fjárveiting er í vegáætlun til verksins, en fjármálaráðuneyti og samgönguráðuneyti heimiluðu Vegagerðinni að Hitaveita Suðurnesja ábyrgðist lán til framkvæmdarinnar.

45 Garðskagavegur

04 um Sandgerði

Umfang verks: Endurbygging og lagfæring á Garðskagavegi á um 400 m löngum kafla um Sandgerði.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 25 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2006	22
Bráðabirgðalán 2007	6
Samtals	28

Verkframvinda: Verkið var boðið út í júní 2006 og lauk á árinu 2007. Einnig var sett upp lýsing við Sandgerðisveg.

Verktaki: Nesprýði ehf., Reykjanesbæ.

Kostnaður:	m.kr.
2005	7
2006	5
2007	16
Samtals	28

Skýringar: Verkið er unnið í samvinnu við Sandgerðisbæ.

05 um Ósabotna

Umfang verks: Lagning á nýjum 5,4 km löngum malarvegi um Ósabotna frá Stafnesi að Hafnavegi.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 47 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2004	15
Vegáætlun 2005	10
Bráðabirgðalán 2007	37
Samtals	62

Verkframvinda: Verkið var boðið út í maí 2006 og lauk að mestu á árinu. Eftir er lokaheflun og frágangur fláa að hluta.

Verktaki: Afrek ehf., Reykjavík.

Kostnaður:	m.kr.
2004	6
2005	3
2006	49
2007	4
Samtals	62

Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2010.

48 Kjósarskarðsvegur

01 Reynivellir – Vindáshlíð

Umfang verks: Endurbætur á Kjósarskarðsvegi milli Reynivalla og Vindáshlíðar.

Fjármögnun:	m.kr.
Skuld frá fyrri áfanga	-10
Vegáætlun 2007	
Tengivegir	29
Samtals	19

Kostnaður:	m.kr.
2007	3

Skýringar: Kostnaður á árinu 2007 er vegna undirbúnings næsta áfanga verksins. Fjárveitingar eru í vegáætlun 2008-2010.

408 Heiðmerkurvegur

Fjármögnun:	m.kr.
Inneign frá fyrri áfanga	24
Vegáætlun 2004	10
Vegáætlun 2005	10
Vegáætlun 2006	21
Vegáætlun 2007	
Ferðamannaleiðir	24
Samtals	89

Kostnaður:	m.kr.
2005	1

Skýringar: Kostnaður á árinu 2005 er vegna undirbúnings, en framkvæmdum var frestað. Fjárveitingar eru í vegáætlun 2008 til 2010

425 Nesvegur

02 Reykjanesviti – Staður

Umfang verks: Endurbygging á 8,7 km löngum kafla Nesvegar, með bundnu slitlagi, frá saltverksmiðju að Stað.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 104 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2005	11
Vegáætlun 2006	44
Bráðabirgðalán 2007	141
Samtals	196

Verkframvinda: Verkið var boðið út í nóvember 2005. Áætluð verklok voru í júní 2007. Burkney ehf. fór í gjaldþrot og samið var við Loftorku Reykjavík ehf. og Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf., Selfossi um að ljúka verkinu. Eftir er að ganga frá kröfum um endurgreiðslu viðbótarkostnaðar af verktryggingu.

Verktaki: Burkney ehf., Mosfellsbæ.

Hönnun og undirbúningur verkefna á Suðvestursvæði

Hér að neðan er greint frá hönnunar- og undirbúningskostnaði framkvæmda á Suðvestursvæði, sem ekki hafa fjárveitingu í vegáætlun.

Verkefni:	Kostnaður í m.kr.			
	2005	2006	2007	samtals
Garðskagavegur 45-04				
Sandgerði – Sandgerðisvegur	0	0	6	6
Keflavíkurvegur 424-01				
Reykjanesbraut – Njarðarbraut	1	0	0	1
Nesjavallaleið 435-01				
Hafravatnsvegur – sýslumörk	0	2	2	4
Samtals	1	2	8	11

Kostnaður: m.kr.
2005 8
2006 64
2007 124
Samtals 196
Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2008.

461 Meðalfellsvegur
01 hjá Möðruvöllum
Umfang verks: Færsla Meðalfellsvegar á um 500 m löngum kafla hjá Möðruvöllum.
Framkvæmdaform: Samningur.
Kostnaðaráætlun: 6 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2007
Tengivegir 10
Bráðabirgðalán 2007 2
Samtals 12
Verkframvinda: Verkinu lauk á árinu 2005. Kostnaður á árinu 2006 er vegna lokauppgjörs.
Verktaki: KNH ehf., Ísafirði.
Kostnaður: m.kr.
2005 10
2006 2
Samtals 12
Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2008

470 Fjarðarbraut
01 gatnamót við Arnarhraun
Umfang verks: Breyting á Fjarðarbraut frá Flatahrauni að Arnarhrauni og gerð hringtorgs við Arnarhraun.
Framkvæmdaform: Útboð á vegum Hafnarfjarðarbæjar.
Kostnaðaráætlun: 25 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2005 25
Verkframvinda: Verkinu lauk að mestu á árinu 2005, en greiðsla til Hafnarfjarðarbæjar fór fram á árunum 2006 og 2007.
Kostnaður: m.kr.
2005 4
2006 18
2007 4
Samtals 26

Höfuðborgarsvæðið
1 Hringvegur
e2 lagfæring gatnamóta
Umfang verks: Gerð hringtorgs á mótum Hringvegar og Norðlingavaðs.
Framkvæmdaform: Útboð
Kostnaðaráætlun: 58 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2007
Smærri verk og ófyrirséð 40
Verkframvinda: Verkið var boðið út í maí 2005 og lauk á árinu að undanskilinni frágangsvinnu utan vegsvæðis.
Verktaki: Jarðvélar ehf., Kópavogi.
Kostnaður: m.kr.
2005 40
Skýringar: Verkið var unnið í samvinnu við Reykjavíkurborg sem greiddi hluta kostnaðar..

e3 mislæg gatnamót Hringvegar og Nesbrautar
Umfang verks: Gerð mislægra gatnamóta ásamt tilheyrandi römpum og landmótun. Einnig lagfæringar í gjá við Bæjarháls.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 483 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2000 10
Vegáætlun 2002 10
Vegáætlun 2003 140
Vegáætlun 2004 65
Flutt á Hringveg f2-f3 . . -205
Vegáætlun 2007
Söluandvirði Símans . . . 400
Bráðabirgðalán 2007 96
Samtals 516
Verkframvinda: Verkið var boðið út í febrúar 2006 og lauk á árinu að undanskilinni frágangsvinnu utan vegsvæðis.

Verktaki: Jarðvélar ehf., Kópavogi.

Kostnaður:	m.kr.
2006	443
2007	73
Samtals	516

Skýringar: Verkið er unnið í samvinnu við Reykjavíkurborg. Fjárveiting er í vegáætlun 2008.

f2-f3 breikkun Víkurvegur – Skarhólabraut
Umfang verks: Tvöföldun Hringvegar frá Víkurvegi í Reykjavík að Skarhólabraut í Mosfellsbæ, lengd 3,5 km, ásamt tveim hringtorgum og tveim brúm á Korpu. Einnig gerð þriggja akreina vegar frá Skarhólabraut að Lágafelli.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 934 m.kr

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2003	124
Vegáætlun 2004	285
Flutt á 36-12 2004	-5
Flutt á 1-f7 2004	-3
Vegáætlun 2005	155
Vegáætlun 2006	67
Flutt af gatnamótum við Nesbraut	205
Bráðabirgðalán 2007	173
Samtals	1.001

Verkframvinda: Tilboð voru opnuð í júlí 2004 og hófst verkið í ágúst. Vegurinn var opnaður fyrir umferð í lok október 2005. Vinnu við frágang lauk í september 2006. Á verktímanum var ákveðið að bæta við verkið breikkun úr tveimur akreinum í þrjár akreinar á kaflanum frá Skarhólabraut að Langatanga.
Verktaki: Jarðvélar ehf., Reykjavík.

Kostnaður:	m.kr.
2004	303
2005	546
2006	148
2007	4
Samtals	1.001

Skýringar: Verkið er unnið í samvinnu við Reykjavíkurborg, Mosfellsbæ, Orkuveitu Reykjavíkur, Símann og Landsvirkjun. Fjárveiting er í Vegáætlun 2009.

f4 undirgöng Ullarnesbrekku
Umfang verks: Gerð stálplötu-undirganga í Ullarnesbrekku, Mosfellsbæ, ásamt gerð göngustíga.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 46 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2006	61
Vegáætlun 2007	
Göngubrýr og undirgöng	15
Samtals	76

Verkframvinda: Verkið var boðið út í maí 2006 og lauk að mestu í september sama ár. Kostnaður 2007 er vegna frágangs og lokauppgjörs.
Verktaki: Heimir og Þorgeir ehf., Reykjavík.

Kostnaður:	m.kr.
2006	61
2007	15
Samtals	76

Skýringar: Verkið var unnið í samvinnu við Mosfellsbæ.

40 Hafnarfjarðarvegur
gatnamót við Nýbýlaveg
Umfang verks: Breikkun og hliðrun Nýbýlavegar milli Kársnesbrautar og Birkigrundar, gerð tveggja hringtorga og þrennra undirganga og einnig gerð ný tenging við Hafnarfjarðarveg.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 436 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Skuld frá fyrri áfanga	-6
Bráðabirgðalán 2007	239
Samtals	233

Verkframvinda: Verkið var boðið út í maí 2007 og áætluð verklok eru í júlí 2008.
Verktaki: Ístak hf., Reykjavík

Kostnaður: m.kr.
2005 1
2006 18
2007 214
Samtals 233
Skýringar: Verkið er unnið í samvinnu við Kópavogsbæ og veitustofnanir. Fjárveiting er í vegáætlun 2008 og 2009.

41 Reykjanesbraut
03 Laugarnesvegur – Dalbraut
Umfang verks: Færsla Reykjanesbrautar (Sæbrautar) milli Laugarnesvegar og Kambsvegar.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 240 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2006 184
Vegáætlun 2007
Höfuðborgarsvæði 85
Bráðabirgðalán 2007 3
Samtals 272
Verkframvinda: Verkið var boðið út í desember 2005. Verki átti að ljúka í okt. 2006 en lauk ekki fyrr en í júlí 2007. Eftir er lokauppgjör við verktaka.
Verktaki: Háfell ehf., Reykjavík.
Kostnaður: m.kr.
2004 2
2005 22
2006 170
2007 78
Samtals 272
Skýringar: Verkið er unnið í samvinnu við Reykjavíkurborg, Faxaflóahafnir og veitustofnanir.

12-13 Fífuhvammsvegur – Kaplakriki, breikkun
Umfang verks: Breikkun Reykjanesbrautar frá Fífuhvammsvegi að Kaplakrika. Einnig gerð undirganga við Bæjargil og Vífilsstaðalæk, frágangur gönguleiða og öll landmótun. Á verktímanum var samið við verktaka um gerð mislægra gatnamóta við Urriðaholt í Garðabæ.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: Breikkun Reykjanesbrautar 1.236 m.kr.
Gatnamót við Urriðaholt 300 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2003 450
Flutt á 41-11 2003 . . . . . -54
Vegáætlun 2004 324
Vegáætlun 2005 50
Vegáætlun 2006 338
Bráðabirgðalán 2007 566
Samtals 1.674
Verkframvinda: Verkið hófst í febrúar 2006. Mislæg gatnamót við Urriðaholt voru tekin í notkun 12. október 2006. Endanleg verklok voru áætluð 1. ágúst 2007.
Verktaki: Klæðning ehf., Kópavogi og Glaumur ehf., Garðabæ.
Kostnaður: m.kr.
2004 32
2005 39
2006 . . . . . 1.101
2007 502
Samtals 1.674
Skýringar: Verkið er unnið í samvinnu við Garðabæ, Kópavogsbæ og veitustofnanir. Fjárveiting til gatnamóta Reykjanesbrautar og Urriðaholts er í vegáætlun 2008.

12 Gatnamót við Arnarnesveg.
Umfang verks: Bygging mislægra gatnamóta Reykjanesbrautar og Arnarnesvegar.
Framkvæmdaform: Útboð.
Fjármögnun: m.kr
Vegáætlun 2007
Höfuðborgarsvæði 115
Verkframvinda: Á árinu 2007 var unnið að hönnun og undirbúningi verksins og var það boðið út í árslok 2007 en samningum við verktaka var ekki lokið.
Kostnaður: m.kr.
2007 36
Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2008.

49 Nesbraut

03 Reykjanesbraut – Hafnarfjarðarvegur

Umfang verks: Breikkun gatnamóta Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar ásamt lagfæringum á ljósastýringum.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 270 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2006	04
Vegáætlun 2007	
Höfuðborgarsvæðið	245
Bráðabirgðalán 2007	11
Samtals	360

Verkframvinda: Á árinu 2004 var unnið að hönnun og undirbúningi verksins. Útboð fór fram snemma árs 2005 og lauk verkinu um haustið. Verktaki: Heimir og Þorgeir ehf., Garðabæ.

Kostnaður:	m.kr.
2004	17
2005	343
Samtals	360

Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2008

04 Kringlumýrarbraut – Bjarkargata

Umfang verks: Færsla Hringbrautar frá Rauðarárstíg að Tjörninni (Þorfinnstjörn) og aðlögun við aðliggjandi götur. Einnig breytingar á núverandi Hringbraut og tengingar við hana og gerð göngubrúa.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 1.162 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Flutt af 49-03	3
Vegáætlun 2001	54
Vegáætlun 2002	130
Vegáætlun 2003	250
Vegáætlun 2004	166
Vegáætlun 2005	556
Vegáætlun 2007	
Höfuðborgarsvæði	40
Göngubrýr og undirgöng	30
Samtals	1.229

Verkframvinda: Verkið var boðið út í mars 2004. Á árinu 2004 var unnið við skeringar og fyllingar í nýju Hringbrautina frá Miklubraut við Rauðarárstíg að gömlu Hringbrautinni við Þorfinnstjörn. Lokið var við allar tengingar inn á gömlu Hringbraut á árinu 2005. Byggt var nýtt hringtorg á mótum Njarðargötu og Sóleyjargötu og ný undirgöng undir Snorrabraut. Þá voru byggðar tvær göngubrýr yfir Hringbraut og ein yfir Njarðargötu ásamt göngubrú yfir Vatnsmýrartjörn. Í júní á árinu 2005 var umferð hleypt á allt nýja mannvirkið. Verklok voru í maí 2006. Kostnaður á árinu 2007 er vegna greiðslu landbóta.
Verktaki: Háfell ehf., Reykjavík.

Kostnaður:	m.kr.
2004	536
2005	579
2006	92
2007	22
Samtals	1.229

Skýringar: Verkið er unnið í samvinnu við Reykjavíkurborg.

409 Hlíðarfótur

Hringbraut – samgöngumiðstöð

Umfang verks: Bygging á nýjum vegi frá Hringbraut að fyrirhugaðri samgöngumiðstöð.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2006	104

Verkframvinda: Á árunum 2006 og 2007 var unnið að hönnun og undirbúningi verksins.

Kostnaður:	m.kr.
2006	9
2007	1
Samtals	10

410 Elliðavatnsvegur

Umfang verks: Gerð undirganga og uppsetning vegriðs á Elliðavatnsvegi.
Framkvæmdaform: Samningur.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2006	1
Vegáætlun 2007	
Smærri verk og ófyrirséð	18
Samtals	19

Verkframvinda: Verkið var unnið á árunum 2005 og 2006. Kostnaður á árinu 2007 er vegna endurgreiðslu til Kópavogsbæjar sem sá um gerð undirganga.

Kostnaður:	m.kr.
2006	1
2007	18
Samtals	19

411 Arnarnesvegur

04 gatnamót við Fífuhvammsveg

Umfang verks: Tvöföldun Arnarnesvegar frá Hafnarfjarðarvegi að Fífuhvammsvegi og gerð hringtorgs á mótum Fífuhvammsvegar og Arnarnesvegar.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 110 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2006	52
Vegáætlun 2007	
Höfuðborgarsvæðið	50
Flutt af 411-05	1
Samtals	103

Verkframvinda: Verkinu lauk á árinu 2006. Á árinu 2007 var unnið við uppsetningu vegvísa.

Verktaki: Loftorka Reykjavík ehf., Garðabæ.

Kostnaður:	m.kr.
2004	4
2005	72
2006	23
2007	4
Samtals	103

Skýringar: Verkið unnið í samvinnu við Garðabæ.

05 Reykjanesbraut – Elliðavatnsvegur

Umfang verks: Lögn tveggja akreina Arnarnesvegar um Leirdal frá Fífuhvammsvegi að Rjúpnavegi og bygging þrennra undirganga. Einnig mótun og frágangur hljóðmana og göngu- og reiðstíga á svæðinu.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 216 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2003	100
Vegáætlun 2006	91
Flutt á 411-04	-1
Samtals	190

Verkframvinda: Verkið var boðið út í janúar 2004 og lauk í október sama ár. Kostnaður 2007 er vegna lokauppgjörs við verktaka og hönnunar næsta áfanga verksins.

Verktaki: ÍAV hf., Reykjavík.

Kostnaður:	m.kr.
2004	162
2005	2
2007	25
Samtals	186

Skýringar: Verkið er unnið í samvinnu við Kópavogsbæ. Fjárveiting er í vegáætlun 2008 - 2010 til áframhaldandi uppbyggingar Arnarnesvegar.

413 Breiðholtsbraut

01 Hringvegur – Jaðarsel

Umfang verks: Gerð ljósastýrðra gatnamóta við Vatnsendahvarf.

Framkvæmdaform: Samningur.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2006	3
Vegáætlun 2007	
Smærri verk og ófyrirséð	1
Samtals	4

Verkframvinda: Verkið var unnið á árunum 2006 og 2007.

Verktakar:
Vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
2006	3
2007	1
Samtals	4

415 Álftanesvegur

Hafnarfjarðarvegur – Bessastaðavegur

Umfang verks: Nýbygging á Álftanesvegi milli Hafnarfjarðarvegar og Bessastaðavegar.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2007	
Höfuðborgarsvæði	217

Kostnaður:	m.kr.
2005	19
2006	1
2007	7
Samtals	27

Skýringar: Á árinu 2005-2007 var unnið að hönnun vegarins. Á árinu 2005 var greiddur hlutur Vegagerðarinnar til Álftaneshrepps vegna styttingar Álftanesvegar. Fjárveiting er í vegáætlun 2008.

431 Hafravatnsvegur

02 Úlfarsfellsvegur – Hringvegur.
Umfang verks: Gerð hringtorgs á tengingu við Krikahverfi ásamt vegtengingum, undirgöngum og landmótun. Verkið var boðið út á árinu og framkvæmdir hefjast í janúar 2008
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 202 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2007	
Almenn verkefni	2
Bráðabirgðalán 2007	10
Samtals	12

Verkframvinda: Verkið fyrst boðið út í júní 2007. Öll tilboð yfir kostnaðaráætlun og var ákveðið að afturkalla útboðið. Verkið var boðið út aftur í desember 2007 en ekki lokið samningum við verktaka á árinu. Áætluð verklok í júní 2008.

Kostnaður:	m.kr.
2005	2
2006	2
2007	8
Samtals	12

Skýringar: Verkið er unnið í samvinnu við Mosfellsbæ. Fjárveitingar eru í vegáætlun 2008 og 2009.

432 Hallsvegur

01 Fjallkonuvegur – Víkurvegur
Umfang verks: Bygging á nýjum 860 m löngum kafla Hallsvegar frá Fjallkonuvegi að Víkurvegi.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 150 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1999	41
Vegáætlun 2001	39
Flutt af Höfðabakka 2001	24
Vegáætlun 2002	25
Vegáætlun 2006	19
Vegáætlun 2007	
Göngubrýr og undirgöng	8
Samtals	156

Verkframvinda: Verkið var boðið út í september 2005. Verkinu lauk á árinu 2006. Kostnaður á árinu 2007 er vegna lokauppgjörs við verktaka. Verktaki: Háfell ehf., Reykjavík.

Kostnaður:	m.kr.
2004	2
2005	34
2006	112
2007	8
Samtals	156

Skýringar: Framkvæmdum var frestað til ársins 2005 þar sem úrskurðir um mat á umhverfisáhrifum voru kærðir.

450 Sundabraut

Sundabraut, undirbúningur
Umfang verks: Á undanförnum árum hefur verið unnið að rannsóknum og forhönnun á mismunandi leiðum yfir Kleppsvík og undirbúningi mats á umhverfisáhrifum í samvinnu við Reykjavíkurborg. Aðalráðgjafi er Línuhönnun hf. Árið 2007 voru gerðar boranir til að kanna berglög vegna jarðganga.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1998	20
Vegáætlun 1999	41
Vegáætlun 2000	41
Vegáætlun 2001	54
Vegáætlun 2002	50
Vegáætlun 2003	50
Vegáætlun 2004	51
Vegáætlun 2005	50
Vegáætlun 2006	104
Vegáætlun 2007	
Höfuðborgarsvæði	100
Samtals	561

Verkframvinda: Unnið hefur verið að forhönnun leiða og mati á umhverfisáhrifum mismunandi valkosta.

Kostnaður:	m.kr.
1998	39
1999	17
2000	46
2001	6
2002	9
2003	40
2004	15
2005	12
2006	29
2007	85
Samtals	298

Skýringar: Fjárveitingar eru í vegáætlun 2008 - 2010.

Göngubrýr og undirgöng

Fjármögnun:	m.kr.
Eftirstöðvar frá 2006	83
Vegáætlun 2007	
Höfuðborgarsvæði	70
Samtals	153

Skýringar: Á árinu 2007 var 15 m.kr. ráðstafað til byggingar undirganga í Ullarnesbrekku í Mosfellsbæ, 30 m.kr. til göngubrúa yfir Hringbraut og 8 m.kr. til undirganga á Hallsvegi. Eftirstöðvar eru því 100 m.kr.

Umferðarstýring

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2003	20
Vegáætlun 2004	31
Vegáætlun 2005	30
Vegáætlun 2006	21
Bráðabirgðalán 2007	18
Samtals	120

Verkframvinda: Á árunum 2004 og 2005 var unnið að útboði á ljósastýringum á höfuðborgarsvæðinu í samvinnu við Reykjavíkurborg. Framkvæmdir hófust á árinu 2006 og lauk fyrsta áfanga verksins á árinu 2007.

Kostnaður:	m.kr.
2004	1
2005	3
2006	76
2007	40
Samtals	120

Hönnun og undirbúningur verkefna á Höfuðborgarsvæði

Hér að neðan er greint frá hönnunar- og undirbúningskostnaði framkvæmda á Höfuðborgarvæði, sem ekki hafa fjárveitingu í vegáætlun.

	kostnaður í m.kr.			
Verkefni:	2005	2006	2007	samtals
Hafnarfjarðarvegur 40-04				
Vífilsstaðavegur – Fjarðarbraut	3	1	1	5
Reykjanesbraut 41-02				
Faxagata – Hafnarfjarðarvegur	3	1	0	4
Reykjanesbraut 41-11				
gatnamót við Bústaðaveg	4	7	2	13
Reykjanesbraut 41-12				
gatnamót við Vífilsstaðaveg	0	0	6	6
Reykjanesbraut 41-14				
Kaldárselsvegur – Krýsuvíkurvegur	0	13	8	21
Nesbraut 49-03				
gatnamót við Kringlu	0	9	42	51
Hallsvegur 432-01				
Hringvegur – Höfðabakki	0	0	7	7
Ofanbyggðavegur 480-01				
ofan Hafnarfjarðar	1	8	0	9
Samtals	11	39	66	116

Smærri verk og ófyrirséð

Fjármögnun:	m.kr.
Eftirstöðvar frá 2006	134
Vegáætlun 2007	
Höfuðborgarsvæðið	80
Samtals	214

Skýringar: Á árinu 2007 var 40 m.kr. ráðstafað til byggingar hringtorgs á mótum Hringvegar og Norðlingavaðs, 13 m.kr. til byggingar eftirlitsplans við hringveg ofan Hólmsár, 1 m.kr. til endurbóta á gatnamótum Breiðholtsbrautar og Vatnsendahvarfs og 18 m.kr. til greiðslu undirganga á Elliðavatnsvegi. Eftirstöðvar eru því 142 m.kr.

Norðvestursvæði

1 Hringvegur

g0 göng – Akrafjallsvegur

Umfang verks: Á árunum 1997-1998 var byggður nýr Hringvegur frá Hvalfjarðarvegi að sunnan að Hvalfjarðargöngum og frá Hvalfjarðargöngum að norðan að Hvalfjarðarvegi ásamt nýjum Akrafjallsvegi að Akranesvegi. Á árunum 1996-1997 var unnið að endurbótum á Innrahólmsvegi og Innnesvegi.

Fjármögnun:	m.kr.
Fjáraukalög 1997	10
Spölur ehf. (lán)	411
Lán ríkissjóðs	40
Vegáætlun 1999	82
Vegáætlun 2000	75
Vegáætlun 2001	63
Vegáætlun 2002	63
Vegáætlun 2003	60
Flutt á f7 árið 2003	-3
Vegáætlun 2004	61
Vegáætlun 2005	60
Vegáætlun 2006	60
Vegáætlun 2007	
Verkefni á landsbyggð	62
Samtals	1.044

Verkframvinda: Verk hófst 1996 og var vegurinn opnaður fyrir umferð sumarið 1998. Á árunum 1999-2000 var unnið að lagfæringum á vegamótum norðan Hvalfjarðar. Á árunum 2001-2002 var unnið að gerð reiðvegar frá Grafargili að Fellsendavegi og á árunum 2002-2004 var gert við missig á vegfyllingu á Hringvegi og Akrafjallsvegi. Á árinu 2006 var gert við missig á Hringvegi og endurnýjað malbik. Einnig var unnið að hönnun á endurbótum á hringtorgi við vegamót Hringvegar og Akrafjallsvegar. Á árinu 2007 var malbiksslitlag endurlagt.

Kostnaður:	m.kr.
1996	148
1997	426
1998	287
1999	17
2000	17
2001	19
2002	24
2003	21
2004	22
2006	41
2007	23
Samtals	1.045

Skýringar: Vegtengingar Hvalfjarðarganga voru fjármagnaðar af lánum Spalar ehf. sem endurgreiðast af veggjaldi og með láni sem ríkissjóður tók 1998. Á árinu 2007 voru endurgreiddar 40 m.kr. af láni ríkissjóðs.

g5-g6 um Borgarnes

Umfang verks: Endurbætur á gatnamótum Borgarbrautar og Hringvegar og breikkun hans að Kveldúlfsgötu

Framkvæmdaform: Gatnamót: Útboð. Bráðabirgðavegur: Samningur.

Kostnaðaráætlun: 91 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Eftirstöðvar frá fyrri áfanga	9
Vegáætlun 2007	
Almenn verkefni	65
Verkefni á landsbyggð	20
Samtals	94

Verkframvinda: Verkið var boðið út í

nóvember 2007. Haustið 2007 var þó samið um lögn bráðabirgðavegar og hann lagður.
Verktaki: Gatnamót: Borgarverk ehf., Borgarnesi. Bráðabirgðavegur: Vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
2007	16

h0-h1 Borgarfjarðarbraut – Hrauná
Umfang verks: Endurbygging vegar á 6,2 km löngum kafla frá Gljúfurá að Ólafarflóa norðan Grafarkots. Bætt var við verkið fyllingu á 3 km kafla norðan við útboðskaflann m.a. yfir Ólafarflóa til að fá fram sig á næsta áfanga.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 390 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Skuld frá fyrri áfanga	-9
Vegáætlun 2004	11
Vegáætlun 2005	153
Vegáætlun 2006	112
Vegáætlun 2007	
Verkefni á landsbyggð	61
Samtals	328

Verkframvinda: Verkið var boðið út í ágúst 2004 og hófust framkvæmdir í október það ár. Unnið var við verkið mikinn hluta ársins 2005. Lagt var slitlag á um 3 km í júlí og í desember var lagt slitlag á hluta kaflans, um 2 km og hann tekinn í notkun. Í lok ársins var unnið að fyllingu um Ólafarflóa. Haldið var áfram vinnu við verkið 2006 og því lokið á haustdögum. Uppgjör fór fram 2007
Verktaki: KNH ehf., Ísafirði.

Kostnaður:	m.kr.
2004	76
2005	222
2006	11
2007	19
Samtals	328

Skýringar: Hluti fjárveitingar 2007 sem var samtals 85 m.kr. er færður á næsta kafla.

h0-h1Grafarkot – Brekkunef
Umfang verks. Endurbygging vegar á 9,3 km löngum kafla frá Ólafarflóa að Brekkunefi. Innifalið er lögn á stóru ræsi í Hrauná.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 397 m.kr

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2007	
Verkefni á landsbyggð	24
Bráðabirgðalán 2006	155
Samtals	179

Verkframvinda: Áður var búið að gera fyllingu á 3 km kafla um Ólafarflóa, kostnaður við það verk var áður færður á kaflann frá Gljúfurá að Ólafarflóa en er nú færður á þennan kafla. Verkið var boðið út í apríl 2007 og hófust framkvæmdir í ágúst það ár. Lagt var slitlag á um 3 km um Ólafarflóa í september. Eftir það var gerð fylling á 1,2 km kafla neðan Hraunár og lagt ræsi í Hrauná.
Verktaki: KNH ehf., Ísafirði.

Kostnaður:	m.kr.
2006	25
2007	154
Samtals	179

Skýringar: Fjárveitingar eru til verksins í vegáætlun 2008-2010.

j3 Hrútafjarðará
k1 um Hrútafjörð
Umfang verks: Nýlagning 3,5 km vegar frá núverandi brú á Selá á Djúpvegi inn á Hringveginn utan Staðarskála og breikkun á 3 km kafla á núverandi Djúpvegi frá Brú að Selá. Ný 1,6 km löng tenging Djúpvegar við Hringveg. Bygging 65 m brúar á Hrútafjarðará og breikkun 20 m brúar á Selá ásamt lagfæringum á brú á Ormsá.
Framkvæmdaform: Vegagerð: Útboð. Brúargerð: Samningar
Kostnaðaráætlun: 447 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2006	104
Vegáætlun 2007	
Brýr 10 m og lengri	74
Verkefni á landsbyggð	225
Samtals	403

Framvinda: Unnið hefur verið að undirbúningi verksins undanfarin ár. Árið 2006 var byggð ný brú á Selá og brú á Ormsá lagfærð. Hafin var bygging brúar á Hrútafjarðará í september 2007. Vegagerð var boðin út í nóvember 2007 og hófst í desember.
Verktaki: Vegagerð, Skagfirskir verktakar ehf., Sauðárkróki. Brúagerð: Vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
2005	9
2006	83
2007	84
Samtals	176

Skýringar: Fjárveitingar eru til verksins í vegáætlun 2008 og 2009.

n0-n1 Norðurárdalur
Umfang verks: Endurbygging á 14 km löngum kafla um Norðurárdal í Skagafirði ásamt byggingu brúa á Kotá, Norðurá og Króká.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 1.005 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2003	10
Vegáætlun 2004	52
Vegáætlun 2005	200
Vegáætlun 2006	178
Vegáætlun 2007	
Verkefni á landsbyggð	205
Bráðabirgðalán 2007	209
Samtals	854

Verkframvinda: Unnið hefur verið að verkhönnun og samningum við landeigendur undanfarin ár. Verkið var boðið út í apríl 2006. Vinna við verkið hófst í ágúst 2006 og um áramótin var vinna við vegagerðina hafin á meiri hluta leiðarinnar. Í lok árs 2006 var búið að steypa sökkla við brýr á Kotá og Grjótá. Haldið var áfram af krafti 2007, neðri hluti kaflans var opnaður fyrir umferð í byrjun ágúst og efri hlutinn í október. Verkinu er lokið að mestu nema uppgræðslu.

Kostnaður:	m.kr.
2003	10
2004	2
2005	23
2006	247
2007	572
Samtals	854

Skýringar: Fjárveitingar eru í vegáætlun 2008 og 2009.

52 Uxahryggjavegur
11 Kaldadalsvegur – Smjörbrekka
12 Smjörbrekka – Þingvallavegur
Umfang verks: Um er að ræða nýjan veg 9,4 km langan frá vegamótum við Kaldadalsveg austur fyrir Tröllháls að enda fyrri nýbyggingar við Sandkluftavatn. Einnig á að smíða 20 m langa steypta brú á Sandvatnskvísl. Á verktímanum var ákveðið að endurbæta grjótvörn á kaflanum um Sandkluftavatn.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 173 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Inneign frá fyrri áfanga	34
Vegáætlun 2005	37
Vegáætlun 2006	12
Vegáætlun 2007	
Þjóðgarðavegir	29
Bráðabirgðalán 2007	16
Samtals	128

Verkframvinda: Verkið var boðið út í september 2006. Verkið hófst vorið 2007 og var vegurinn opnaður fyrir umferð fyrst í nóvember. Eftir er að leggja malarslitlag og ljúka öðrum frágangi.
Verktaki: Borgarvirki ehf., Kópavogi.

Kostnaður:	m.kr.
2005	6
2006	5
2007	117
Samtals	128

Skýringar: Á árunum 2003-2005 sá

Suðursvæði um framkvæmdir á kaflanum um Sandkluftavatn. Þeim framkvæmdum er lokið og eru fjárveitingar til Uxahryggjavegar því nú taldar til Norðvestursvæðis. Kostnaður á árunum 2005 og 2006 er vegna hönnunar og undirbúnings framkvæmda. Fjárveiting er í vegáætlun 2008.

54 Snæfellsnesvegur

03 um Hítará

03 Hítará

Umfang verks: Bygging nýrrar brúar á Hítará í stað einbreiðrar brúar og nýlögn Snæfellsnesvegar á um 700 m löngum kafla.

Framkvæmdaform: Vegagerð, útboð. Brúargerð, samningur.

Kostnaðaráætlun: 149 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2007	
Almenn verkefni	42
Bráðabirgðalán 2007	79
Samtals	121

Verkframvinda: Vegagerðin var boðin út á vordögum og brúargerð hófst í júní. Vegurinn opnaðist í október. Frágangi við nýja veginn er ekki lokið, einnig er eftir að rífa gömlu brúna og ganga frá svæðinu við hana.

Verktaki: Vegagerð, Borgarverk ehf., Borgarnesi. Brúargerð, Vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
2006	3
2007	118
Samtals	121

Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2008.

15 Kolgrafafjörður

Umfang verks: Bygging 7,3 km langs vegar um Kolgrafafjörð ásamt 230 m langri brú á fjörðinn.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 860 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2002	21
Flutt á Vatnaleið 2003	-12
Vegáætlun 2003	180
Vegáætlun 2004	255
Vegáætlun 2005	224
Vegáætlun 2006	52
Vegáætlun 2007	
Verkefni á landsbyggð	166
Bráðabirgðalán 2007	3
Samtals	889

Verkframvinda: Á árunum 2001-2002 var unnið að rannsóknum og undirbúningi. Verkið var boðið út í febrúar 2003 og hófust framkvæmdir í maí það ár. Samkvæmt upphaflegri áætlun var gert ráð fyrir að ljúka verkinu haustið 2005 en samið var um að flýta opnun vegarins fyrir almenna umferð til haustsins 2004. Seinna lag klæðingar var lagt 2005 og unnið að ýmsum frágangi. Verkinu er nú lokið. Kostnaður 2006 er frágangur og kostnaður vegna minkarannsókna til að fullnægja skilyrðum í mati á umhverfisáhrifum. Kostnaður 2007 er vegna viðgerða á leiðigarði og minkarannsókna.

Verktaki: Háfell ehf., Reykjavík.

Kostnaður:	m.kr.
2001	8
2002	7
2003	438
2004	362
2005	55
2006	9
2007	10
Samtals	889

Skýringar: Kostnaður 2001 og 2002 er vegna undirbúningsrannsókna í Kolgrafafirði.

17 um Gríshólsá

Umfang verks: Breyting vegamóta og í stað einbreiðrar brúar á Gríshólsá er settur stokkur undir fyllingu.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 49 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2006	31
Flutt af Staðará 54-08	8
Flutt af Andakílsá 50-01	8
Bráðabirgðalán 2007	9
Samtals	56

Verkframvinda: Verkið var boðið út í apríl 2006 en ekki var hægt að hefja verkið fyrr en að hausti. Um áramót var lokið við að koma upp stokknum en vegagerð lítið hafin. Verkinu lauk síðla sumars 2007.
Verktaki: Velverk ehf., Borgarnesi.

Kostnaður:	m.kr.
2005	1
2006	22
2007	33
Samtals	56

55 Heydalsvegur

02 Stampafossgil
Umfang verks: Setja stálrör í stað einbreiðrar brúar.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2007	
Smábrýr	6

Verkframvinda: Framkvæmdum frestað.

60 Vestfjarðavegur

Stórverkefninu, Vestfjarðavegur, Svínadalur – Flókalundur, sem áður var Bjarkarlundur – Flókalundur, eru ætlaðar fjárveitingar í vegáætlun 2000-2010, þar á meðal viðbótarfé 2003 og 2004 og verður hér gerð grein fyrir framkvæmdum við einstaka kafla verkefnisins. Fjárveiting á árinu 2007 var 300 m.kr. af verkefnum á landsbyggð.

09 um Svínadal
Umfang verks: Endurbygging á 13,5 km kafla frá Laugum að Bersatungu. Meðal annars á að lengja stokk í Svínadalsá á Jónsvaði og leggja víða stálhólka í Svínadalsá á Steinsvaði og Brekkuá.
Framkvæmdaform: Vegagerð, útboð.
Lenging stokks á Svínadalsá, samningur.
Kostnaðaráætlun: 437 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Inneign frá fyrri áföngum	70
Flutt af Gilsfirði	6
Vegáætlun 2005	100
Vegáætlun 2006	207
Vegáætlun 2007	
Verkefni á landsbyggð	25
Samtals	408

Verkframvinda: Verkið var boðið út í október 2005 og hófst vinna seint í nóvember. Unnið var samfellt allan veturinn og var komið slitlag á allan kaflann í september 2006. Unnið var að uppgræðslu á árinu 2007. Eftir er að setja upp vegrið.
Verktaki: Vegagerð, KNH ehf., Ísafirði. Lenging stokks á Svínadalsá, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
2005	47
2006	344
2007	17
Samtals	408

24 Kinnarstaðir – Þorskafjarðarvegur
Umfang verks: Endurlögn á 2 km kafla frá Kinnarstöðum að stað nálægt þverun Vesturlínu, kaflinn verður hluti af framtíðarvegi yfir Þorskafjörð. Styrking og slitlagslögn á 4 km kafla í Þorskafirði, kaflinn verður hluti af Þorskafjarðarvegi(608) eftir þverun Þorskafjarðar.
Framkvæmdaform: Útboð
Kostnaðaráætlun: 127 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2007	
Verkefni á landsbyggð	1

Verkframvinda: verkið var boðið út í nóvember 2007 en vinna hófst ekki á árinu. Verklok eru áætluð haustið 2008.
Verktaki: KNH ehf., Ísafirði.

Kostnaður:	m.kr.
2007	1

Skýringar: Fjárveitingar eru í vegáætlun 2008.

26-28 Gröf – Skálanes
Umfang verks: Unnið hefur verið að mati á umhverfisáhrifum og undirbúningi vegagerðar frá Þorskafirði vestur í Kollafjörð. Í lok árs 2006 féll úrskurður umhverfisráðherra um kæru á mati á umhverfisáhrifum. Í úrskurðinum fellst að vegurinn mun liggja út með Þorskafirði að vestan út á Hallsteinsnes, yfir mynni Djúpafjarðar, um Gróunes og yfir mynni Gufufjarðar og á núverandi veg vestan við Melanes. Framkvæmdaáætlun fyrir þetta verk liggur ekki fyrir.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2007	
Verkefni á landsbyggð	33

Kostnaður:	m.kr.
2005	9
2006	8
2007	16
Samtals	33

Skýringar: Kostnaður á árunum 2005-2007 er vegna mats á umhverfisáhrifum og hönnunar. Fjárveitingar eru í vegáætlun 2008 -2010.

29 Skálanes – Eyri
Umfang verks: Endurbygging á 9,2 km löngum kafla sem byrjar rétt vestan Skálaness og nær að núverandi slitlagsenda utan Eyrar.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 406 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2007	
Verkefni á landsbyggð	241
Bráðabirgðalán 2007	8
Samtals	249

Verkframvinda: Verkið var boðið út í október 2006 og vinna hófst í febrúar 2007. Lagt var slitlag á 5,2 km um mánaðamót ágúst september. Verklok eru áætluð sumarið 2008.
Verktaki: KNH ehf., Ísafirði.

Kostnaður:	m.kr.
2006	9
2007	240
Samtals	249

Skýringar: Fjárveitingar til Vestfjarðavegar Svínadalur – Flókalundur eru í vegáætlun 2008-2010.

61 Djúpvegur
10 Forvaði – Þorpar
Umfang verks: Endurleggja á 6,4 km langan kafla með bundnu slitlagi. Meðal annars liggur kaflinn um Hvalsárhöfða og Grindarkrók þar sem óhöpp hafa verið tíð. Á þessum kafla þarf að fara út í sjó og koma fyrir nokkuð mikilli rofvörn. Jafnframt er um að ræða lagfæringu á blindhæð við Hermannslund við Hólmavík 2006 til 2007.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 123 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Innistæða fyrri áfanga	19
Flutt á kafla 09	-3
Vegáætlun 2003	58
Vegáætlun 2004	50
Samtals	124

Verkframvinda: Verkið hófst í nóvember 2003, unnið var allan veturinn og slitlag lagt um sumarið 2004. Endanleg verklok voru haustið 2004. Lagfæringar á blindhæð við Hermannslund hófust haustið 2006 og lauk í júlí 2007.
Verktaki: Norðurtak ehf., Sauðárkróki.

Kostnaður:	m.kr.
2003	10
2004	90
2006	5
2007	5
Samtals	110

04-36 breikkun slitlaga
Umfang verks: Markmiðið er að breikka sem mest af því slitlagi á Djúpvegi sem var lagt einbreitt á sínum tíma. Víðast þarf líka að breikka veginn sjálfan. Alls er um að

ræða 32 km þar sem slitlag er einbreitt. Fyrst var tekinn fyrir 10 km kafli í Hrútafirði frá Kjörseyri að Prestbakka. Sumarið 2007 var tekinn fyrir 2 km kafli í Álftafirði frá Svarfhóli að Svarthamri.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 81 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2005	17
Vegáætlun 2006	54
Vegáætlun 2007	
Almenn verkefni	78
Samtals	149

Verkframvinda: Verkið var boðið út í september 2005, en ekki hafið fyrr en á árinu 2006. Verkinu lauk síðla sumars.
Verktaki: Fylling ehf., Hólmavík.

Kostnaður:	m.kr.
2005	2
2006	98
2007	15
Samtals	115

61 Djúpvegur

Stórverkefninu Ísafjarðardjúp eru ætlaðar fjárveitingar í vegáætlun 2005-2008 og verður hér gerð grein fyrir framkvæmdum við einstaka kafla verkefnisins. Mörk svæðisins eru frá botni Ísafjarðar að Hörtná utan Mjóafjarðar. Fjárveiting í vegáætlun 2006 er 207 m.kr. og í vegáætlun 2007 630 m.kr.

27 Eyri – Svansvík.
Umfang verks: Nýlögn 10 km kafla frá stað innan vegamóta við Eyrafjall að slitlagsenda innan Svansvíkur.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 425 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2007	
Verkefni á landsbyggð	217

Verkframvinda: Verkið var boðið út í mars 2007 og hófst í maí. Lokið er fyllingum og neðra burðarlagi og grjótvörn að miklu leyti.
Verktaki: KNH ehf., Ísafirði.

Kostnaður:	m.kr.
2007	217

28-29 Reykjanes – Hörtná
Umfang verks: Lögn vegar frá Rauðagarði út á Reykjanes, yfir Reykjafjörð um Sveinhúsanes, Vatnsfjörð, Vatnsfjarðarháls og yfir Mjóafjörð að Hörtná. Meðal annars er um að ræða þrjár brýr, 60 m steinsteypta brú á Reykjafjörð, 10 m steinsteypta brú á Vatnsfjarðarós og 130 m stálbogabrú á Mjóafjörð.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 1.600 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2006	134
Vegáætlun 2007	
Verkefni á landsbyggð	413
Bráðabirgðalán 2007	369
Samtals	916

Verkframvinda: Verkið var boðið út í lok nóvemer 2006. verkið hófst snemma árs 2007 og var unnið allt árið. Búið er að smíða brýr á Reykjafjörð og Vatnsfjarðarós. Vegfylling er komin yfir Reykjafjörð og frá Hörtná út í Hrútey. Grjótvörn er komin að hluta á þessar fyllingar. Búið er að leggja veginn um Vatnsfjörð. Efni í brúna á Mjóafjörð var smíðað í Kína og kom á staðinn um áramót.

Kostnaður:	m.kr.
2006	29
2007	887
Samtals	916

Skýringar: Kostnaður á árinu 2006 er vegna hönnunar og undirbúnings. Fjárveitingar eru í vegáætlun 2008-2010.

38 Arnardalsá
Umfang verks: Smíð stokks í stað einbreiðrar brúar.
Framkvæmdaform: Samningar

Fjármögnun: m.kr
Vegáætlun 2007
Til brúagerðar. 16
Verkframvinda: Unnið hefur verið að hönnun og búið er að grafa fyrir brúnni en um var að ræða kostnaðarsama fleygun klappar.
Kostnaður: m.kr.
2007. 4

38-45 Súðavík – Bolungarvík
Umfang verks: Breikkun rása í Súðavíkurhlíð og Kirkjubólshlíð. Vegrið á Eyrarhlíð.
Framkvæmdaform: Framkvæmdir 2003-2006, samningar.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2004 16
Vegáætlun 2005 20
Vegáætlun 2006 19
Vegáætlun 2007
Verkefni á landsbyggð. . 20
Samtals 75
Verkframvinda: Sumarið 2003 var unnið að breikkun rása í Súðavíkurhlíð á heppilegum tíma. Sumarið 2004 var haldið áfram með breikkun rása á Súðavíkurhlíð og hreinsað að klöpp á snjóflóðasvæði milli gilja nr. 7-12. Verki var ekki lokið. Einnig var sprengdur stór skápur í gili nr. 7. Efni úr því m.a. notað í breikkun vegar fyrir Arnarnes (þar var síðan sett vegrið) og á Kirkjubólshlíð, þar sem áform eru um að setja vegrið. Sumarið 2005 var enn unnið við breikkun á rás á Súðavíkurhlíð á milli gilja 7 til 10. Mest var þó unnið við lagfæringu fláa á Kirkjubólshlíð. Heppilegt var að gera þetta í tengslum við efnistöku í gerð öryggissvæða við flugvöllinn. Sumarið 2006 var unnið að breikkun rásar á svæðinu við gil 7-8. Sumarið 2007 var enn unnið að breikkun rása á Súðavíkurhlíð á sama svæði og áður og er því nú lokið. Á árinu 2007 var einnig sett upp vegrið á um 1 km löngum kafla á Eyrahlíð.

Verktaki: Framkvæmdir 2003-2007, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.
Kostnaður: m.kr.
2003. 2
2004. 14
2005. 25
2006. 3
2007. 10
Samtals 54

45 Óshlíðargöng
Umfang verks: Gerð jarðganga á milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur. Síðla árs 2005 var í tengslum við gerð fjáraukalaga ákveðið undirbúa framkvæmdir við Óshyrnugöng, 1,2 km að lengd. Málið þróaðist þannig að skoðaðar voru ýmsir möguleikar á göngum á milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur með umfangsmiklum rannsóknum á jarðlögum og síðan forhönnun og kostnaðaráætlunum á ýmsum leiðum. Í árslok 2006 gerði Vegagerðin grein fyrir niðurstöðum athugana og í framhaldinu var ákveðið að grafa göng frá Skarfaskeri að Ósi. Lengd ganga með skálum var áætluð um 5,4 km. Jafnframt þarf að leggja 4 km af vegum og smíða 8 m langa brú á Hnífsdalsá og 24 m langa brú á Ósá. Haldið var áfram hönnun og gerð útboðsgagna, forval fór fram og fengu fjórar verktakasamsteypur að bjóða í verkið, þeim voru send útboðsgögn í nóvember 2007.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 5.070 m.kr
Fjármögnun: m.kr.
Fjáraukalög 2005. 300
Verframvinda: Verkið er ekki hafið.
Kostnaður: m.kr.
2005. 3
2006. 95
2007. 143
Samtals 241
Skýringar: Kostnaður á árunum 2005-2007 er vegna rannsókna og undirbúnings verksins.

72 Hvammstangavegur
01 um Hvammstanga
Umfang verks: Styrking og endurbætur á veginum inn í bæinn.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2007	
Almenn verkefni	30

Verkframvinda: Á árinu 2007 var unnið að hönnun og undirbúningi.

Kostnaður:	m.kr.
2007	2

503 Innnesvegur
02 Esjubraut/Garðagrund, hringtorg.
Umfang verks: Gerð hringtorgs í samvinnu við Akraneskaupstað.
Framkvæmdaform: Útboð.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2004	1
Vegáætlun 2005	11
Vegáætlun 2006	14
Samtals	26

Verkframvinda: Verkið var unnið síðla árs 2005.
Verktaki: Þróttur ehf., Skilmannahreppi.

Kostnaður:	m.kr.
2005	22
2006	1
2007	2
Samtals	25

504 Leirársveitarvegur
01 Leirá - Svínadalsvegur
Umfang verks: Endurbygging vegar með bundnu slitlagi frá Leirá að Svínadalsvegi

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2007	
Tengivegir	23

Verkframvinda: Á árunum 2006 og 2007 var unnið að hönnun og undirbúningi

Kostnaður:	m.kr.
2006	1
2007	4
Samtals	5

506 Grundartangavegur
01 Hringvegur – Hafnarsvæði
Umfang verks: Bygging á nýjum 2,1 km löngum vegi að verksmiðjusvæði á Grundartanga.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 70 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2003	30
Vegáætlun 2004	21
Vegáætlun 2005	23
Samtals	74

Verkframvinda: Verkið var boðið út í nóvember 2003. Vegna tafa á afgreiðslu skipulags hófust framkvæmdir ekki fyrr en í lok mars 2004. Verklok, sem áætluð voru í september 2004, drógust því fram á vetur og þurfti því að fresta frágangi og lögn efra lags klæðingar fram á vorið 2005. Verkinu lauk ekki á árinu 2005. Árið 2007 voru malbikaðir stuttir kaflar þar sem álag hefur reynst mest.
Verktaki: Þróttur ehf., Hvalfjarðarsveit.

Kostnaður:	m.kr.
2003	1
2004	53
2005	8
2007	4
Samtals	66

508 Skorradalsvegur
02 Grund – Hvammur
Umfang verks: Endurbygging og lagning bundins slitlags á 2,7 km löngum kafla Skorradalsvegar frá Vatnsenda að Hvammi.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 62 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Inneign frá fyrri áfanga	5
Vegáætlun 2007	
Ferðamannaleiðir	57
Samtals	62

Verkframvinda: Verkið var boðið út í ágúst 2007. Verklok eru áætluð í júlí 2009
Verktaki: Þróttur ehf., Hvalfjarðarsveit

Kostnaður:	m.kr.
2007	36

509 Akranesvegur
01 Þjóðbraut
Umfang verks: Um er að ræða lögn nýs aðkomuvegar að Akranesi, lengd er um 800 m og eru hringtorg á báðum endum. Vegurinn er lagður malbiki og með lýsingu.
Framkvæmdaform: Útboð
Kostnaðaráætlun: 225 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Bráðabirgðalán 2007	61

Verkframvinda: Verkið var boðið út í apríl 2007. Vinna var hafin í júli og eru áætluð verklok í ágúst 2008.
Verktaki: Þróttur ehf., Akranesi

Kostnaður:	m.kr.
2006	8
2007	53
Samtals	61

Skýringar: Verkið er unnið í samvinnu við Orkuveitu Reykjavíkur og Akranesbæ, en þeirra verkhluta og kostnaðar við þá er ekki getið hér. Fjárveiting í vegáætlun 2008.

511 Hvanneyrarvegur
01 hringtorg
Umfang verks: Um er að ræða lögn nýs hringtorgs þar sem komið er að þéttbýlinu á Hvanneyri. Hringtorgið er lagt malbiki
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 22 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2007	
Tengivegir	12
Bráðabirgðalán 2007	12
Samtals	24

Verkframvinda: Verkið var boðið út vorið 2007 og gerð torgsins lauk um haustið. Uppsetningu lýsingar er þó ekki lokið.
Verktaki: Jörvi ehf., Hvanneyri

Kostnaður:	m.kr.
2006	2
2007	22
Samtals	24

Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2008.

518 Hálsasveitarvegur
03 Stóri Ás – Húsafell
Umfang verks: Endurbygging vegar á 8,0 km löngum kafla frá Stóra Ási að Húsafelli.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 145 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Skuld frá fyrri áfanga	-7
Vegáætlun 2004	61
Vegáætlun 2005	95
Flutt til Ferjubakkavegar (530)	-8
Samtals	141

Verkframvinda: Verkið var boðið út í maí 2004. Framkvæmdir hófust í október sama ár og héldu áfram óslitið fram á haust 2005, en lauk ekki það ár, m.a. frestaðist að leggja seinna lag slitlags að hluta. Á árinu 2006 var lagt seinna lag klæðingar.
Verktaki: Jörvi ehf., Hvanneyri.

Kostnaður:	m.kr.
2004	27
2005	98
2006	15
2007	1
Samtals	141

530 Ferjubakkavegur
01 um Gufuá
Umfang verks: Endurbygging og styrking á 1,9 km löngum kafla frá Krumshóli að Ferjubakka.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 25 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2006	10
Flutt af Hálsasveitarvegi (518)	8
Bráðabirgðalán 2007	40
Samtals	58

Verkframvinda: Verkið var boðið út haustið 2006 og var áætlað að því lyki vorið 2007. Verkið var aukið mjög, m.a. ákveðið að leggja bundið slitlag á veginn.
Verktaki: Borgarvirki ehf., Kópavogi.

Kostnaður:	m.kr.
2005	1
2006	14
2007	43
Samtals	58

Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2008.

550 Kaldadalsvegur

Umfang verks: Endurbygging á kafla Kaldadalsvegar milli Húsafells og Langjökulsvegar.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2004	2
Vegáætlun 2007	
Landsvegir í grunnneti	30
Samtals	32

Verkframvinda: Á árinu 2007 var unnið að hönnun og undirbúningi.

Kostnaður:	m.kr.
2007	3

574 Útnesvegur

01 Gröf – Arnarstapi

Umfang verks: Nýlögn á 7 km löngum vegarkafla um Klifhraun frá Gröf að Arnarstapa.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 161 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Inneign frá fyrri áfanga	15
Vegáætlun 2005	64
Vegáætlun 2006	62
Vegáætlun 2007	
Tengivegir	21
Flutt til Búðavegar 2007	-11
Flutt á kafla 574-03	-20
Samtals	133

Verkframvinda: Verkið var boðið út í maí 2005 og hófst í júlí. Um áramót 2005/2006 var gerð fyllingar langt komin. Sumarið 2006 var lagt bundið slitlag á veginn og lokið frágangi. Uppgjöri við verktaka lauk 2007.

Verktaki: Stafnafell ehf., Kálfárvöllum.

Kostnaður:	m.kr.
2005	49
2006	79
2007	5
Samtals	133

03 Háahraun – Saxhóll

Umfang verks: Endurbygging á 16,9 km löngum kafla á milli núverandi slitlagsenda.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 175 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2006	31
Vegáætlun 2007	
Þjóðgarðavegir	110
Flutt af kafla 574-01	20
Bráðabirgðalán 2007	26
Samtals	187

Verkframvinda: Verkið var boðið út í desember 2006. Verkið hófst snemma árs 2007 og var unnið allt árið. Lagt var bundið slitlag á 11,4 km og búið að undirbyggja 3 km í viðbót. Verklok eru áætluð í ágúst 2008.

Verktaki: Stakkafell ehf., Patreksfirði.

Kostnaður:	m.kr.
2005	4
2006	9
2007	174
Samtals	187

Skýringar: Fjárveitingar eru í vegáætlun 2008 og 2009.

576 Framsveitarvegur

01 Snæfellsvegur – golfvöllur

Umfang verks: endurbygging á 4,5 km löngum kafla.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 95 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2007	
Tengivegir	14

Verkframvinda: Hönnun er lokið. Áætlað að verkið verði boðið út í febrúar 2008.

Kostnaður:	m.kr.
2007	3

Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2008.

605 Tröllatunguvegur
01-04 Vestfjarðavegur – Djúpvegur
Umfang verks: Nýlögn á 24 km löngum vegi frá Vestfjarðavegi um Geiradal, Gautsdal, Þröskulda, Arnkötludal og Tungusveit að Djúpvegi vestan Hrófár. Vegurinn verður 7,5 m breiður lagður bundnu slitlagi, á vegarkaflanum verða 5 stórir stálhólkar.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 1.250 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2007 Söluandvirði Símans	200
Bráðabirgðalán 2007	166
Samtals	366

Verkframvinda: Verkið var boðið út vorið 2007 og hófst í júní. Unnið var samfellt til áramóta. Búið er að undirbyggja vegarkafla frá Gautsdalsá um Gautsdal og niður í drög Arnkötludals, um 10 km leið. Verklok eru áætluð 2009.
Verktaki: Ingileifur Jónsson ehf., Reykjavík.

Kostnaður:	m.kr.
2005	1
2006	53
2007	313
Samtals	366

Skýringar: Fjárveitingar eru í vegáætlun 2008 og 2009

643 Strandavegur
04 um Bjarnarfjarðará
Umfang verks: Endurbygging brúar á Bjarnarfjarðará og tenging við nýja brú.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2006	46

Verkframvinda: Framkvæmdum var frestað.

04 Ásmundarnes – Kaldbaksvík
Umfang verks: Nýlögn og styrking á 11,1 km kafla frá Ásmundarnesi yst í Bjarnarfirði að Eyjum.
1. áfangi verksins, 5,1 km, frá Ásmundarnesi að Illholti var boðinn út árið 2003.
2. áfangi 6,0 km frá Illaholti að Blæju var boðinn út í ágúst 2005.
Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun:	m.kr.
1. áfangi	57
2. áfangi	62

Fjármögnun:	m.kr.
Inneign frá 1. áfanga	17
Vegáætlun 2006	27
Vegáætlun 2007 Tengivegir	23
Bráðabirgðalán 2007	2
Samtals	69

Verkframvinda: Verkið var boðið út í ágúst 2005 og hófst vinna í maí 2006 og lauk í september það ár.
Verktaki: Borgarvirki ehf., Kópavogi.

Kostnaður:	m.kr.
2006	66
2007	3
Samtals	69

Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2008.

645 Drangsnesvegur
01 Hálsgata – Kleifar
Umfang verks: Lögn bundins slitlags á 7 km langan vegarkafla frá Hálsgötu að slitlagsenda við Kleifar, ásamt minni háttar lagfæringum.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 77 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Inneign frá fyrri áfanga	3
Vegáætlun 2007 Tengivegir	60
Bráðabirgðalán 2007	25
Samtals	88

Verkframvinda: Verkið var boðið út vorið 2007 og lauk í september.
Verktaki: KNH ehf., Ísafirði.

Kostnaður: m.kr.
2007 88
Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2008.

702 Heggstaðanesvegur
02 Bálkastaðir – Heggstaðir
Umfang verks: Nýlögn á 1,0 km kafla og styrking á 3,12 km kafla Heggstaðanesvegar.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 15 m.kr.
Fjárveiting: m.kr.
Vegáætlun 2005 15
Flutt af Miðfjarðarvegi 704-01 2
Samtals 17
Verkframvinda: Verkið var boðið út í júní 2006 og unnið var fram á haust 2006. Malarslitlag var lagt á kaflann 2007.
Verktaki: Guðmundur Vilhelmsson, Hvammstanga.
Kostnaður: m.kr.
2005 1
2006 14
2007 2
Samtals 17

704 Miðfjarðarvegur
01 Melsstaðir – Króksstaðir
Fjármögnun: m.kr
Vegáætlun 2007
Tengivegir 21
Flutt til Heggstaðanesvegar -2
Samtals 19
Verkframvinda: Á árinu 2007 var unnið að hönnun verksins.
Kostnaður: m.kr.
2007 2

704 Miðfjarðarvegur
04 tenging við Hringveg
Umfang verks: Lögn 0,5 km kafla til að færa vegamót Miðfjarðarvegar og Hringvegar á öruggari stað.
Framkvæmdaform: Útboð
Kostnaðaráætlun: 29 m.kr.
Fjármögnun: m.kr
Vegáætlun 2007
Tengivegir 5
Bráðabirgðalán 2007 7
Samtals 12
Verkframvinda: Verkið var boðið út í september. Gerð fyllingar og neðra burðarlags er lokið en eftir að leggja slitlag og ganga frá vegsvæði. Áætlað er að ljúka verkinu sumarið 2008.
Verktaki: Guðmundur Vilhjálmsson, Hvammstanga.
Kostnaður: m.kr.
2007 12
Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2008.

715 Víðidalsvegur
02 Hrappstaðavegur – Dæli
Umfang verks: Endurbygging á 3 km löngum kafla frá Hrappstaðavegi út fyrir Dæli.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 45 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2005 4
Vegáætlun 2006 37
Vegáætlun 2007
Tengivegir 13
Bráðabirgðalán 2007 7
Samtals 61
Verkframvinda: Verkið var boðið út í júní 2006 en hófst ekki fyrr en í október og var unnið fram yfir áramót en þá var eftir að leggja malarslitlag og frágangi ólokið. Var þeim verkþáttum frestað til vors 2007.
Verktaki: KNH ehf., Ísafirði.
Kostnaður: m.kr.
2005 1
2006 34
2007 26
Samtals 61

Hönnun og undirbúningur verkefna á Norðvestursvæði

Hér að neðan er greint frá hönnunar- og undirbúningskostnaði framkvæmda á Norðvestursvæði, sem ekki hafa fjárveitingu í vegáætlun.

	Kostnaður í m.kr.			
Verkefni:	2005	2006	2007	samtals
Hringvegur 1-g6,1-g7 um Borgarnes	0	0	8	8
Hringvegur 1-k9 Reykjabraut-Blönduós	0	0	1	1
Hringvegur 1-m3 Hvammur-Svínvetningabraut	0	0	1	1
Borgarfjarðarbraut 50-04 um Reykjadalsá	1	0	0	1
Borgarfjarðarbraut 50-05 Hvítá-Hringvegur	1	0	0	1
Uxahryggjavegur 52-02 Borgarfjarðarbraut– Lundareykjadalsv.	0	1	0	1
Snæfellsnesvegur 54-02 Hringvegur– Álftaneshreppsv.	0	1	1	2
Snæfellsnesvegur 54-05 um Haffjarðará	0	1	3	4
Snæfellsnesvegur 54-10 Fróðaárheiði	0	0	8	8
Snæfellsnesvegur 54-19 Narfeyri-Drangar	0	1	0	1
Laxárdalsvegur 59-01 Vestfjarðavegur-Gröf	0	0	2	2
Vestfjarðavegur 60-03 um Tunguá	0	0	1	1
Vestfjarðavegur 60-04 um Haukadalsá	0	1	0	1
Vestfjarðavegur 60-05 um Laxá	0	1	1	2
Vestfjarðavegur 60-31 Skálmardalsá– Mjóafjarðará	1	2	6	9
Vestfjarðavegur 60-36 Dynjandisheiði	1	0	4	5
Vestfjarðavegur 60-39 göng milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar	0	22	7	29
Vestfjarðavegur 60-43 um Hjarðardalsá	2	0	0	2
Skagastrandarvegur 74-01 Hringvegur– Þverárfjallsvegur	0	1	0	1
Svínadalsvegur 502-01 Hvalfjarðarvegur-Dragavegur	1	0	0	1
Innnesvegur 503-01 Akrafjallsvegur-Akranes	0	0	8	8
Haukadalsvegur 586-01 Vestfjarðavegur-Smyrlahóll	0	0	1	1

Verkefni:	Kostnaður í m.kr. 2005	2006	2007	samtals
Vatnsdalsvegur 722-04				
Hof -Hjallaland	0	0	4	4
Reykjabraut 724-01				
Hringvegur-Svínvetningabraut	0	0	1	1
Skagafjarðarvegur 752-03				
Svartárdalsvegur– Austurdalsvegur	0	0	1	1
Samtals	7	31	58	96

733 Blöndudalsvegur

01 Svínvetningabraut – Brandsstaðir

Umfang verks: Endurbygging á 1 km löngum kafla norðan Blöndudalshóla

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 10 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2006	13

Verkframvinda: Verkið var boðið út í nóvember 2006 en ekki var unnið við verkið fyrr en 2007.

Verktaki: Steingrímur Ingvarsson, Litlu-Giljá.

Kostnaður:	m.kr.
2006	5
2007	6
Samtals	11

Skýringar: Í vegáætlun 2006 er 6 m.kr. fjárveiting til Auðkúluvegar um Grundarflóa og 7 m.kr. fjárveiting til Blöndudalsvegar.Við nánari athugun þótti heppilegra að sameina tvær litlar fjárveitingar í nálæga vegi í eina og vinna aðeins í Blöndudalsvegi.

744 Þverárfjallsvegur

03 Skagavegur – Sauðárkrókur

Umfang verks: Endurbygging á 14,5 km löngum kafla ásamt byggingu brúar á Gönguskarðsá. Í upphafi árs 2007 var bætt við verkið 4 km kafla frá vegamótum Skagavegar ásamt tengingu Skagavegar við Þverárfjallsveg.

Framkvæmdaform: Útboð/samningur.

Fjármögnun:	m.kr.
Flutt af fyrri áfanga	28
Vegáætlun 2005	92
Vegáætlun 2006	34
Vegáætlun 2007	
Verkefni á landsbyggð	120
Söluandvirði Símans	200
Bráðabirgðalán 2007	260
Samtals	734

Verkframvinda: Á árinu 2005 var unnið að hönnun, skipulagsmálum, samningum við landeigendur og undirbúningi útboðs. Verkið var boðið út vorið 2006 og í árslok var búið að undirbyggja veginn alla leið og steypa sökkla brúar á Gönguskarðsá. Árið 2007 var lokið við að leggja slitlag á allan veginn og er frágangi að mestu lokið.

Verktakar: Vegagerð, Skagfirskir verktakar ehf., Sauðárkróki. Brúargerð, Mikael ehf., Hornafirði.

Kostnaður:	m.kr.
2005	12
2006	299
2007	423
Samtals	734

Skýringar: Fjárveitingar eru í vegáætlun 2008 og 2009.

745 Skagavegur

02 Örlygsstaðir – Króksselsvegur

Umfang verks: Leggja á í þessum áfanga 1,6 km kafla um Króksbjarg og er markmiðið m.a. að lagfæra snjóastaði.

Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2007
Ferðamannaleiðir 13
Verkframvinda: Unnið var að hönnun og undirbúningi verkefnis en framkvæmdum frestað. Einnig hefur verið unnið að hönnun og athugunum á öðrum köflum Skagavegar.
Kostnaður: m.kr.
2007. 5

748 Reykjastrandarvegur
01 Hólakotsá
Verkframvinda: Framkvæmdum frestað .
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2007
Til brúargerðar, smábrýr 6

752 Skagafjarðarvegur
02 Slitlagsendi – Lýtingsstaðir
Umfang: Endurlögn 3 km kafla frá Héraðsdalsvegi inn undir Svartá. Einnig var lagt stálplöturæsi í Mælifellsá.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2006 19
Vegáætlun 2007
Tengivegir 45
Bráðabirgðalán 2007. 11
Samtals 75
Verkframvinda: Á árinu 2006 var unnið að hönnun og undirbúningi. Framkvæmdum var frestað til 2007. Verkið var boðið út í apríl 2007 og lauk í október.
Verktaki: Héraðsverk ehf., Egilsstöðum.
Kostnaður: m.kr.
2005. 1
2006. 3
2007. 71
Samtals 75
Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2008 og 2009.

767 Hólavegur
02 Hólar – Hólalax
Umfang verks: Lögn bundins slitlags á 1 km frá Hólum í átt að Hólalaxi, og sett upp götulýsing
Framkvæmdaform: Samningur.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2006 13
Innistæða frá Siglufjarðarvegi 2
Samtals 15
Verkframvinda: Tekinn var fyrir hluti kaflans snemma sumars 2006 en það sem eftir var unnið vorið 2007.
Verktaki: Króksverk ehf., Sauðárkróki.
Kostnaður: m.kr.
2006. 4
2007. 11
Samtals 15

5723 Búðavegur
01 lagfæringar.
Umfang verks: Vegurinn að Búðum var endurbættur og lagt á hann bundið slitlag.
Framkvæmdaform: Samningur
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2006 10
Flutt af Útnesvegi 11
Samtals 21
Verkframvinda: Verkið var unnið síðla sumars 2006 í tengslum við endurbyggingu Útnesvegar. Seinna lag klæðingar var lagt 2007.
Verktaki: Stafnafell ehf., Kálfárvöllum.
Kostnaður: m.kr.
2006. 19
2007. 2
Samtals 21

Norðaustursvæði
1 Hringvegur
p6-p8 gatnamót á Akureyri
Umfang verks: Nýbygging hringtorgs á gatnamótum Hringvegar og Síðubrautar Akureyri.
Framkvæmdaform: Útboð á vegum Akureyrarbæjar.
Kostnaðaráætlun: 32 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2007	
Verkefni á landsbyggð	10
Bráðabirgðalán 2007	1
Samtals	11

Verkframvinda: Verkið var boðið út af Akureyrarbæ og var hlutur Vegagerðarinnar 50% af kostnaði hringtorgsins. Verkið var unnið árið 2006.

Kostnaður:	m.kr
2006	1
2007	10
Samtals	11

Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2008.

q9 Mývatnsheiði

Umfang verks: Nýbygging og klæðing á 12,96 km langan kafla frá Reykjadalsá að Helluvaði ásamt stálplöturæsi í Reykjadalsá í stað einbreiðrar brúar.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 288 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2002	100
Flutt á 1-r5 2003	-8
Vegáætlun 2003	170
Vegáætlun 2004	31
Flutt af 1-q6 2004	8
Vegáætlun 2005	12
Flutt af 1-s3	4
Flutt af 1-s6	2
Samtals	319

Verkframvinda: Verkið var boðið út í maí 2002. Framkvæmdir hófust í júní sama ár. Verkinu lauk í október 2003. Lokauppgjör við verktaka og lögn klæðingar lauk á árinu 2004. Kostnaður 2005, 2006 og 2007 er vegna girðinga og landbóta.

Verktaki: Vegagerð, Ístak hf., Reykjavík. Lögn klæðingar, Árni Helgason ehf., Ólafsfirði.

Kostnaður:	m.kr.
2001	9
2002	169
2003	76
2004	55
2005	1
2006	8
2007	1
Samtals	319

s6-s7 Ármótasel – Skjöldólfsstaðir

Umfang verks: Nýbygging á 8 km löngum kafla Hringvegar frá klæðingarenda vestan Ármótasels að klæðingarenda neðan Skjöldólfsstaða 2 á Jökuldal.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 570 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Innistæða frá fyrri áfanga	2
Vegáætlun 2005	10
Vegáætlun 2006	176
Flutt á 1-q9 2006	-2
Samtals	186

Verkframvinda: Verkið var boðið út í október 2006, en framkvæmdir hófust í maí 2007.

Verktaki: Héraðsverk ehf., Egilsstöðum

Kostnaður:	m.kr.
2005	10
2006	27
2007	134
Samtals	171

Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2009. Kostnaður á árunum 2005 og 2006 er vegna hönnunar, undirbúnings, efniskaupa og landbóta.

t3 við Egilsstaði

Umfang verks: Færsla á Hringvegi og gerð hringtorgs við vegamót Hringvegar og Norðfjarðarvegar.

Kostnaðaráætlun: 200 m.kr

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2007	
Verkefni á landsbyggð	50

Verkframvinda: Á árunum 2006 og 2007 var unnið að undirbúningi verksins.

Kostnaður: m.kr.
2007 1

t6-t7 Skriðdalur
Umfang verks: Nýbygging á um 4,2 km löngum kafla Hringvegar frá Haugá að Vatnsdalsá, ásamt ræsi í Vatnsdalsá.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 99 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2006 36
Óráðstafað til brúargerðar 20
Bráðabirgðalán 2007 43
Samtals 99
Verkframvinda: Verkið var boðið út í febrúar 2007 og lauk í ágúst 2007. Einnig var unnið að hönnun næsta áfanga verksins.
Verktaki: Myllan ehf., Egilsstöðum.
Kostnaður: m.kr.
2005 3
2006 14
2007 82
Samtals 99
Skýringar: Fjárveitingar eru í vegáætlun á árunum 2008-2010 til áframhaldandi uppbyggingar Hringvegar í Skriðdal. Kostnaður á árunum 2005 og 2006 er vegna hönnunar, undirbúnings og efniskaupa,

t9 Höskuldsstaðalækur
Umfang verks: Setja stálrör í stað einbreiðrar brúar á Höskuldsstaðalæk í Breiðdal.
Framkvæmdaform: Samningur.
Kostnaðaráætlun: 6 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2007
Til brúargerðar, smábrýr 6
Verkframvinda: Verkið var unnið síðsumars 2007.
Verktaki:
Vinnuflokkur Vegagerðarinnar.
Kostnaður: m.kr.
2007 4

u8 ofan Þakeyrar í Hamarsfirði
Umfang verks: Nýbygging á 1,2 km kafla um Þakeyrarbrekkur í Hamarsfirði.
Framkvæmdaform: Útboð
Kostnaðaráætlun: 32 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2007
Almenn verkefni 32
Bráðabirgðalán 2007 2
Samtals 34
Verkframvinda: Verkið var boðið út í mars 2007 og lokið með klæðingu í ágúst.
Verktaki: Þ.S.verktakar ehf., Egilsstöðum.
Kostnaður: m.kr.
2006 1
2007 33
Samtals 34
Skýringar: Kostnaður á árunum 2006 er vegna hönnunar og undirbúnings.

v1 Þvottár- og Hvalnesskriður
Umfang verks: Endurbygging á 4,2 km löngum kafla um Þvottár- og Hvalnesskriður
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 150 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2007
Verkefni á landsbyggð . . 150
Verkframvinda: Verkið var boðið út í september 2007 og framkvæmdir hófust í nóvember.
Verktaki: Héraðsverk ehf., Egilsstöðum.
Kostnaður: m.kr.
2005 6
2006 3
2007 4
Samtals 13
Skýringar: Kostnaður á árunum 2005 og 2006 er vegna hönnunar og undirbúnings.

76 Siglufjarðarvegur
11 gangamunni – Siglufjörður, lýsing.
Umfang verks: Uppsetning á götulýsingu á um 2 km löngum kafla frá gangamunna að þéttbýli á Siglufirði.
Framkvæmdaform: Samningur.
Kostnaðaráætlun: 9 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2007	
Almenn verkefni	9
Bráðabirgðalán 2007	4
Samtals	13

Verkframvinda: Verkið var unnið á tímabilinu júlí til september 2007. Eftir er lokafrágangur.
Verktaki: Rarik.

Kostnaður:	m.kr.
2007	13

82 Ólafsfjarðarvegur
01 um Hörgá
Umfang verks: Nýbygging á 0,68 km löngum kafla, sem byrjar skammt sunnan Djúpárbakkavegar og að vegamótum við Hörgárdalsveg ásamt nýbyggingu á 0,36 km löngum kafla af Dagverðareyrarvegi (816) og tenging við Djúpárbakkaveg (8254). Einnig bygging 36 m langrar brúar á Hörgá í stað einbreiðrar brúar.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 133 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2004	133
Flutt á Laxá hjá Laxamýri	-16
Flutt á Miðhúsaá	-15
Samtals	102

Verkframvinda: Verkið var boðið út í maí 2004 og hófust framkvæmdir í ágúst það ár. Verktaki lauk verkinu að fullu í september 2005. Kostnaður á árinu 2007 er vegna landbóta.
Verktaki: Mikael ehf., Höfn.

Kostnaður:	m.kr.
2004	80
2005	17
2006	1
2007	4
Samtals	102

09 Hóll – sýslumörk
Umfang verks: Nýbygging á 2,9 km löngum kafla frá Reykjaá að Þvergili og endurbygging á 2 km löngum kafla frá Þvergili að sýslumörkum.
Framkvæmdaform: Vegagerð, útboð. Styrking, samningur.
Kostnaðaráætlun: 45 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2004	37
Vegáætlun 2005	14
Bráðabirgðalán 2007	2
Samtals	53

Verkframvinda: Verkið var boðið út í maí 2005 og lauk með frágangi og landgræðslu árið 2006. Á árinu 2007 var kaflinn frá Vatnsenda að Reykjaá styrktur ásamt kaflanum frá Þvergili að sýslumörkum.
Verktaki: Vegagerð, Fjörður ehf., Skagafirði. Styrking, Árni Helgason ehf., Ólafsfirði.

Kostnaður:	m.kr.
2004	3
2005	33
2006	5
2007	12
Samtals	53

Héðinsfjarðargöng
Umfang verks: Undirbúningur og útboð vegna jarðgangagerðar milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar. Verkið var boðið út 2003 en síðar ákveðið að ganga ekki til samninga við verktaka heldur bjóða það út að nýju 2005/2006. Sem 1. áfanga verksins var þó ákveðið að byggja nýja 40 m langa brú á Ólafsfjarðarós í nýrri veglínu að Héðinsfjarðargöngum.
2. áfangi verksins var bygging á nýrri 12 m langri brú á Fjarðará í Siglufirði í nýrri veglínu að Héðinsfjarðargöngum.
3. áfangi verksins var að taka frá munna jarðganga að vestanverðu í Héðinsfirði.
4. áfangi verksins var gerð 6,9 km langra jarðganga milli Ólafsfjarðar og Héðinsfjarðar og 3,7 km langra jarð-

ganga milli Héðinsfjarðar og Siglufjarðar ásamt 450 m löngum steinsteyptum vegskálum. Lagður verður 2,0 km langur vegur í Siglufirði, 0,6 km vegkafli í Héðinsfirði og samtals 0,6 km langur vegur í Ólafsfirði. Einnig breikkun á 0,7 km vegarkafla í Siglufirði og byggð 14 m löng brú yfir Héðinsfjarðará.

Framkvæmdaform:
1. áfangi, brú á Ólafsfjarðarós. Brúargerð og framleiðsla niðurrekstrarstaura, útboð. Niðurrekstur staura og vegagerð, samningur.
2. áfangi, brú á Fjarðará. Brúargerð útboð. Framleiðsla niðurrekstrarstaura og niðurrekstur, samningur.
3. áfangi. Jarðvinna í Héðinsfirði og raflögn að gangamunnum, samningar.
4. áfangi, Héðinsfjarðargöng, útboð.

Kostnaðaráætlun:	m.kr.
1. áfangi, brú á Ólafsfjarðarós	68
2. áfangi, brú á Fjarðará	29
3. og 4. áfangi, Héðinsfjarðargöng	7.500
Samtals	7.597

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2003	68
Vegáætlun 2004	33
Vegáætlun 2006	555
Vegáætlun 2007 Jarðgangaáætlun	1.748
Bráðabirgðalán 2007	980
Samtals	3.384

Verkframvinda:
1. áfangi. Brúar- og vegagerð á Ólafsfjarðarós lauk á árinu 2003.
2. áfangi. Brúargerð á Fjarðará lauk á árinu 2004.
3. áfangi. Á árinu 2005 var unnið að undirbúningi útboðs Héðinsfjarðarganga og á síðari hluta ársins var auglýst forval til þátttöku í útboði. Auk þess var lagt rafmagn að fyrirhuguðum gangamunnum í Siglufirði og Ólafsfirði. Samkvæmt skilyrðum í mati á umhverfisáhrifum verður verktaka við gangagerðina ekki heimilt að fara með tæki eða búnað í Héðinsfjörð og lét Vegagerðin því hreinsa laust efni frá fyrirhuguðum gangamunnum í Héðinsfirði.
4. áfangi. Samgöngurádherra sprengdi fyrstu formlegu sprenginguna 30. september 2006. Í árslok 2007 var búið að sprengja 3.109 m í Skútudal og 2.139 m í Ólafsfirði, alls 5.248 m eða um 49,6% af heildarlengd ganganna. Einnig var unnið að vegagerð utan ganga.

Verktakar: 1. áfangi. Bygging brúar, Mikael ehf., Höfn.
Vegagerð, rofvarnir og fjarlægja gömlu brúna, Árni Helgason ehf., Ólafsfirði.
Framleiðsla niðurrekstrarstaura, Loftorka ehf., Borgarnesi.
Niðurrekstur staura, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.
2. áfangi. Bygging brúar, Mikael ehf., Höfn.
Framleiðsla niðurrekstrarstaura og niðurrekstur, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.
3. áfangi. Jarðvinna í Héðinsfirði, Stefán Einarsson ehf., Siglufirði.
Raflögn að gangamunnum, RARIK.
4. áfangi. Jarðgangagerð, forskálar, brú á Héðinsfjarðará og vegagerð, Metrostav a.s. / Háfell ehf.

Kostnaður:	m.kr.
2003	68
2004	33
2005	54
2006	974
2007	2.255
Samtals	3.384

Skýringar: Hluti kostnaðar árið 2003 er vegna undirbúnings og fyrra útboðs á jarðgöngum. Fjárveitingar eru í vegáætlun 2008-2010

Norðausturvegur 85
03 brú á Laxá hjá Laxamýri
03 um Laxá hjá Laxamýri

Umfang verks: 1. áfangi. Bygging 84 m langrar brúar á Laxá hjá Laxamýri í stað einbreiðrar brúar.

2. áfangi, endurbygging á 1,6 km löngum kafla um Laxá ásamt gerð áningarstaðar í Heiðarenda, og styrking á um 0,3 km kafla austan Mýrarkvíslar.
Framkvæmdaform:
Brúargerð, samningur.
Vegagerð, útboð.

Kostnaðaráætlun:	m.kr.
1. áfangi	134
2. áfangi	48
Samtals	182

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2005	30
Vegáætlun 2006	115
Flutt af Hörgá 2006	16
Vegáætlun 2007	
Almenn verkefni	29
Bráðabirgðalán 2007	2
Samtals	191

Verkframvinda: 1. áfangi. Bygging brúar hófst í september 2005 og lauk í júní 2006.
2. áfangi. Vegagerð var boðin út í mars 2006 framkvæmdir hófust í maí og lauk þeim að mestu á árinu 2007. Eftir er að ganga frá áningarstað.
Verktaki: Brúargerð, vinnuflokkur Vegagerðarinnar. Vegagerð, Árni Helgason ehf., Ólafsfirði

Kostnaður:	m.kr.
2004	5
2005	48
2006	121
2007	18
Samtals	192

06-09 Tjörnes
Umfang verks: Nýbygging á 36,6 km löngum kafla Norðausturvegar um Tjörnes og bygging 100 m langrar brúar á Lónsós. Verkið er unnið í fjórum áföngum á árunum 1999-2004.
Framkvæmdaform: Vega- og brúargerð, útboð. Efra lag klæðingar og niðurrekstur staura, samningur.

Kostnaðaráætlun:	m.kr.
1. áfangi, Héðinshöfði – Hringver	109
2. áfangi, Hringver – Breiðavík	256
3. áfangi, Bangastaðir – Víkingavatn og brú á Lónsós	613
4. áfangi, Breiðavík – Bangastaðir	382
Samtals:	1.360

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1999	104
Vegáætlun 2000	119
Fjáraukalög 2000	2
Vegáætlun 2001	269
Vegáætlun 2002	265
Vegáætlun 2003	432
Vegáætlun 2004	151
Vegáætlun 2005	33
Flutt af kafla 85-13	54
Flutt af kafla 85-15	16
Samtals	1.445

Verkframvinda: Á árinu 1999 var lokið við 1. áfanga, nýbyggingu á 5,6 km löngum kafla frá Héðinshöfða að Hringveri. Á árunum 2000-2001 var lokið við 2. áfanga, nýbyggingu á 9,68 km löngum kafla frá Hringveri að Breiðuvík. Á árinu 2001 var 3. áfangi boðinn út, 10,4 km langur kafli frá Bangastöðum að Víkingavatni og hófust framkvæmdir við hann í nóvember og lauk framkvæmdum við þann áfanga í október 2003, að undanskyldu efra lagi klæðingar. Í maí 2003 var 4. áfangi boðinn út og hófust framkvæmdir í júlí sama ár. Lauk síðan í september 2004 og var þá lokið endurbyggingu vegar um Tjörnes.
Verktaki:
Vegagerð Héðinshöfði – Hringver, Klæðning ehf., Garðabæ.
Vegagerð Hringver – Breiðavík, Suðurverk hf., Reykjavík.
Framleiðsla niðurrekstrarstaura, Vildarverk ehf., Egilsstöðum.
Vegagerð Bangastaðir – Víkingavatn, Ístak hf., Reykjavík.

Brúargerð,
Vík ehf., trésmiðja, Húsavík.
Seinna lag klæðingar og niðurrekstur staura, vinnuflokkar Vegagerðarinnar.
Vegagerð Breiðavík – Bangastaðir,
Árni Helgason ehf., Ólafsfirði.

Kostnaður:	m.kr.
1999	99
2000	186
2001	116
2002	392
2003	236
2004	384
2005	30
2006	1
2007	1
Samtals	1.445

14 Arnarstaðir – Klapparós
14 Presthólar – Kópasker
Umfang verks: Fyrri áfangi verksins er endurbygging á 6,5 km löngum kafla Norðausturvegar frá slitlagsenda sunnan Sveltings að Magnavíkurási. Síðari áfanginn er endurbygging á 5,2 km löngum kafla Norðausturvegar frá Magnavíkurási að slitlagsenda við Brekku.
Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun:	m.kr.
Fyrri áfangi	156
Síðari áfangi	165
Fjármögnun:	m.kr
Vegáætlun 2007	
Almenn verkefni	93
Flutt af kafla Hófaskarðsleið	102
Bráðabirgðalán 2007	79
Samtals	274

Verkframvinda: Fyrri áfangi verksins var boðinn út í janúar 2006 og hófust framkvæmdir í júní það ár og lauk framkvæmdum sumarið 2007. Síðari áfanginn var boðinn út í apríl 2007 og hófust framkvæmdir í júní. Ekki tókst að ljúka verkinu á árinu eins og áætlað var og bíður því lögn efra lags klæðingar og frágangur til næsta árs.
Verktaki: Fyrri áfangi, Burkney ehf., Mosfellsbæ. Síðari áfangi, Árni Helgason ehf., Ólafsfirði.

Kostnaður:	m.kr.
2004	1
2005	14
2006	87
2007	172
Samtals	274

Skýringar: Kostnaður á árunum 2004 og 2005 er vegna hönnunar og undirbúnings. Fjárveiting er í vegáætlun 2008. Ekki er fjárveiting til allrar framkvæmdarinnar á vegáætlun en gert er ráð fyrir að hún rúmist innan fjárveitinga til kafla 14-22 Katastaðir – Krossavík.

14-22 Katastaðir – Krossavík
Umfang verks: Nýbygging Norðausturvegar um Hófaskarðsleið. Um er að ræða nýbyggingu á um 31 km löngum kafla.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 1.560 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2004	2
Vegáætlun 2005	100
Vegáætlun 2006	207
Flutt á kafla 06-09	-16
Flutt á kafla 14 2007	-102
Vegáætlun 2007	
Verkefni á landsbyggð	340
Samtals	531

Verkframvinda: Verkið var boðið út í maí 2007 og hófust framkvæmdir um miðjan september
Verktaki: Héraðsverk ehf., Egilsstöðum.

Kostnaður:	m.kr.
2004	17
2005	16
2006	13
2007	77
Samtals	123

Skýringar: Kostnaður á árunum 2004, 2005 og 2006 er vegna mats á umhverfisáhrifum, hönnunar og undirbúnings. Fjárveitingar eru í vegáætlun 2007-2008. Framkvæmdir hafa tafist vegna seinkunar á mati á umhverfisáhrifum og eignarnáms.

43 Vopnafjörður – Brunahvammsháls
Umfang verks: Fyrsti áfangi verksins er nýbygging á 11,2 km löngum kafla frá núverandi slitlagsenda hjá Hölkná að Pyttalæk á Bunguflóa.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun:
Fyrsti áfangi 450 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Skuld frá fyrri áfanga	-7
Vegáætlun 2007	
Verkefni á landsbyggð	100
Samtals	93

Verkframvinda: Fyrsti áfangi verksins var boðinn út í nóvember 2007 og samið við verktakann í desember.
Verktaki: Suðurverk hf., Hafnarfirði

Kostnaður:	m.kr.
2005	8
2006	18
2007	24
Samtals	50

Skýringar: Kostnaður árin 2005 – 2007 er vegna hönnunar, undirbúnings og landbóta. Fjárveitingar eru í vegáætlun 2008-2010.

87 Kísilvegur
01-02 slitlagsendi – Geitafellsá
Umfang verks: Fyrsti áfangi verksins er nýbygging á 5,0 km löngum kafla frá slitlagsenda á Grímsstaðaheiði að stöð 8.100 á Hólasandi.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun:
Fyrsti áfangi 63 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2005	37
Vegáætlun 2006	78
Flutt af kafla 03, 2006	9
Samtals	124

Verkframvinda: Verkið var boðið út í ágúst 2005 og lauk framkvæmdum á árinu 2007. Kostnaður á árinu 2005 er vegna vinnslu á steinefni til framkvæmdarinnar og undirbúnings verksins.
Verktaki: Árni Helgason ehf., Ólafsfirði.

Kostnaður:	m.kr.
2005	22
2006	75
2007	23
Samtals	120

Skýringar: Fjárveitingar til annars áfanga eru á árunum 2008 og 2009.

92 Norðfjarðarvegur
07 Reyðarfjörður – Eskifjörður
Umfang verks: Verkið er fólgið í ný- og endurbyggingu Norðfjarðarvegar milli Reyðarfjarðar og Eskifjarðar.
1. áfangi verksins: Nýbygging á 4,9 km löngum kafla frá Selsteinahæð að Sómastöðum.
2. áfangi: Nýbygging á 0,6 km löngum kafla frá Hjallanesi að hafnarvog á Reyðarfirði.
3. áfangi: Bygging hringtorgs innan við Reyðarfjörð og 600 m langrar tengingar við það.
4. áfangi: Endurbygging á 0,3 km og nýbygging á um 0,8 km frá höfninni á Reyðarfirði ásamt 16 m langri eftirspenntri bitabrú yfir Búðará.
5. áfangi: Nýbygging á um 1,92 km löngum kafla frá Sómastöðum að Hólmum.
6. áfangi: Nýbygging á vegamótum Hjáleiðar og Austurvegar og tenging Hjáleiðar við Norðfjarðarveg.
7. áfangi: Nýbygging á 5,1 km löngum kafla um Hólmaháls, frá Hólmum að Eskifjarðarbotni
Framkvæmdaform: 1. 4. 5. og 7. áfangi, útboð. 2., 3. og 6. áfangi, samningur

Kostnaðaráætlun:	m.kr.
1. áfangi	185
2. áfangi	8
3. áfangi	28
4. áfangi	101
5. áfangi	105
6. áfangi	45
7. áfangi	500
Samtals	972

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2002	170
Vegáætlun 2003	170
Flutt af Fljótsdal 2003	18
Vegáætlun 2004	28
Vegáætlun 2005	102
Flutt á kafla 92-12, 2005	-15
Samtals	473

Verkframvinda: 1. áfangi var boðinn út í desember 2001 og lauk á árinu 2003. Árið 2006 var lagt þriðja lag klæðingar á 1. áfanga.
2. áfangi var unninn á árinu 2003 og lögð á hann einföld klæðing.
3. áfangi var unninn á árinu 2004 og lokið með malbiki og klæðingu. Einnig var seinna lag klæðingar lagt á 2. áfanga. Eftir er lagfæring á hringtorgi.
4. áfangi. Á árinu 2005 var lokið við gerð brúar á Búðará og vegagerð.
5. áfangi. Á árinu 2005 var lokið við kaflann milli Sómastaða og Hólma að undanskildum frágangi. Árið 2006 var lagt þriðja lag klæðingar á 5. áfanga.
6. áfangi. Á árinu 2005 var unnið við fyllingar, burðarlög og rofvörn. Árið 2006 var lokið við 6. áfanga með malbiki, kantsteini og lýsingu.
7. áfangi boðinn út í desember 2007, en samningum ólokið.
Verktaki: 1. áfangi, Myllan ehf., Egilsstöðum.
2. áfangi, Jón Hlíðdal ehf., Egilsstöðum og vinnuflokkur Vegagerðarinnar.
3. og 4. áfangi, Vegagerð, Arnarfell ehf., Akureyri. Framleiðsla niðurrekstrarstaura, Íslenskir aðalverktakar hf., Reykjavík. Niðurrekstur staura, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.
5. og 6. áfangi, Arnarfell ehf., Akureyri

Kostnaður:	m.kr.
2002	89
2003	78
2004	113
2005	94
2006	65
2007	6
Samtals	445

Skýringar: Fjárveiting til Norðfjarðarvegar um Hólmaháls er í vegáætlun 2008 og 2009. Kostnaður 2007 er vegna hönnunar áfanga 7 um Hólmaháls.

93 Seyðisfjarðarvegur
02 um Miðhúsaá
Umfang verks: Nýbygging á 0,6 km löngum kafla um Miðhúsaá ásamt 62 m löngu stálplöturæsi í stað einbreiðrar brúar.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 60 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Flutt af Hörgá 2006	15
Vegáætlun 2007	
Til brúagerðar	36
Samtals	51

Verkframvinda: Verkið var boðið út í júní 2006. Eitt tilboð barst sem var talsvert yfir kostnaðaráætlun var því hafnað og verkinu frestað. Verkið var svo boðið út aftur í mars 2007 og lauk um haustið. Eftir er að leggja seinna lag klæðingar.
Verktaki: Myllan ehf., Egilsstöðum

Kostnaður:	m.kr.
2005	2
2006	7
2007	41
Samtals	50

Skýringar: Kostnaður árin 2005 og 2006 er vegna hönnunar og efnis í stálplöturæsi.

94 Borgarfjarðarvegur
05 Hjaltastaðavegur – Lagarfossvegur
Umfang verks: Endurbygging á 5,9 km löngum kafla sem byrjar innan við Laufás og endar út við

Ásgrímsstaði.
Framkvæmdaform: Samningur.
Kostnaðaráætlun: 50 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Bráðabirgðalán 2007	48

Verkframvinda: Verkið var unnið í maí og júní og lauk með lögn klæðingar.
Verktaki: Vinnuflokkur Vegagerðarinnar og ýmsir verktakar.

Kostnaður:	m.kr.
2007	48

Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2008

96 Suðurfjarðavegur
02 Fáskrúðsfjarðargöng
Umfang verks: Gerð 5,7 km langra jarðganga milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar, ásamt gerð 200 m langra steinsteyptra vegskála. Lagður var 1,9 km langur vegur í Reyðarfirði og 6,6 km langur vegur í Fáskrúðsfirði.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 3.935 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2003	1.132
Vegáætlun 2004	1.347
Vegáætlun 2005	1.200
Vegáætlun 2006	170
Vegáætlun 2007 Jarðgangaáætlun	2
Samtals	3.851

Verkframvinda: Verkið var boðið út í desember 2002 og hófust framkvæmdir í apríl 2003. Samgönguráðherra sprengdi síðasta haftið í göngunum 8. október 2004. Göngin eru 5.766 m löng í bergi auk vegskála. Eftir að gangagreftri lauk var unnið að lokastyrkingum og vatnsþéttingum í göngunum. Auk þess var steyptur vegskáli Fáskrúðsfjarðarmegin og undirstöður vegskála Reyðarfjarðarmegin. Á árinu 2004 var einnig unnið að vegagerð beggja megin ganga. Á árinu 2005 var unnið að vegagerð utan og innan ganga ásamt frágangi á raflögnum og öðrum búnaði ganganna. Göngin voru formlega opnuð til umferðar 9. september 2005.
Verktaki: Ístak hf. og E. Pihl & Søn A.S.

Kostnaður:	m.kr.
2003	1.051
2004	1.873
2005	902
2006	23
2007	2
Samtals	3.851

Skýringar: Kostnaður 2007 er vegna stillinga á upplýsingabúnaði ganganna.

805 Svarfaðardalsvegur
01 Húsabakkaskóli – Tunguvegur
807 Skíðadalsvegur
01 um Skíðadals- og Svarfaðardalsá
Umfang verks: Endurbygging brúa á Hofsá og Skíðadalsá á Skíðadalsvegi (807) og á Svarfaðardalsá á Tunguvegi (806) ásamt 8,28 km vegagerð á Skíðadals- og Svarfaðardalsvegi.
Framkvæmdaform: Vega- og brúagerð ásamt efra lagi klæðingar, útboð. Niðurrekstur staura og stálræsi í Hofsá, samningur.
Kostnaðaráætlun: 294 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2001	92
Vegáætlun 2002	125
Vegáætlun 2003	42
Flutt á Skaftá 2005	-19
Samtals	240

Verkframvinda: Lokið var við byggingu brúa yfir Svarfaðardalsá og Skíðadalsá árið 2002. Á árinu 2003 var lokið 2,1 km löngum kafla á Svarfaðardalsvegi, 1,4 km löngum kafla á Tunguvegi og 0,9 km löngum kafla á Skíðadalsvegi. Á alla þessa kafla var lagt neðra lag klæðingar. Á árinu 2004 var seinna lag klæðingar lagt á ofangreinda kafla og sett niður stálræsi í Hofsá. Á árinu 2007 var lagt bundið slitlag á um 1 km langan kafla Skíðadalsvegar frá Ólafsfjarðarvegi að Skáldalæk.

Verktaki: Vegagerð og efra lag klæðingar
Árni Helgason ehf., Ólafsfirði.
Brú á Svarfaðardalsá,
Norðurvík ehf., Húsavík.
Brú á Skíðadalsá,
Lárus Einarsson sf., Mosfellsbæ.
Framleiðsla niðurrekstrarstaura,
Vildarverk hf., Árbakka.
Niðurrekstur staura,
vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
2001	5
2002	173
2003	38
2004	12
2007	5
Samtals	233

821 Eyjafjarðarbraut vestri
05 Sandhólar – Nes
Umfang verks: Endurbygging á 4,1 km löngum kafla frá slitlagsenda norðan Sandhóla að Nesi.
Framkvæmdaform: Vegagerð, útboð. Efnisvinnsla, samningur.
Kostnaðaráætlun: 80 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2006	41
Vegáætlun 2007 Tengivegir	31
Samtals	72

Verkframvinda: Verkið var boðið út í júní 2007. Eitt tilboð barst sem var talsvert yfir kostnaðaráætlun, var því hafnað og boðið út aftur í október sama ár. Samið var við verktaka í lok nóvember.
Verktaki: Vegagerð,
Árni Helgason ehf., Ólafsfirði.
Efnisvinnsla,
Þverá golf ehf., Akureyri.

Kostnaður:	m.kr.
2005	1
2006	1
2007	18
Samtals	20

Skýringar: Kostnaður á árunum 2005 -2007 er vegna hönnunar og undirbúnings: Fjárveiting er í vegáætlun 2008.

828 Veigastaðavegur
01 Hringvegur – Eyjafjarðarbraut eystri
Umfang verks: Endurbygging á Veigastaðavegi frá Hringvegi að Leifsstaðavegi, alls 3,7 km, ásamt endurbyggingu á 0,26 km löngum kafla af Leifsstaðavegi frá vegamótum Eyjafjarðarbrautar eystri.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 122 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2005	15
Vegáætlun 2006	27
Vegáætlun 2007 Tengivegir	55
Bráðabirgðalán 2007	21
Samtals	118

Verkframvinda: Verkið var fyrst boðið út í maí 2006 og öllum tilboðum hafnað. Verkið var boðið út aftur í október sama ár og samið við verktakann. Einnig var samið við vertakann um að endurbyggja 580 m langan kafla af Vaðlaheiðarvegi frá gatnamótum Veigastaðavegar. Verktaki lauk verkinu árið 2007 að undanskyldri lögn seinna lags klæðingar á hluta verksins vegna skorts á asfalti.
Verktaki:
Árni Helgason ehf., Ólafsfirði

Kostnaður:	m.kr
2004	1
2005	3
2006	13
2007	102
Samtals:	118

Skýringar: Kostnaður 2004-2006 er vegna hönnunar, undirbúnings og kaupa á efni. Fjárveiting er í vegáætlun 2008.

853 Hvammavegur
01 slitlagsendi – virkjun
Umfang verks: Nýbygging og klæðing á 3,5 km löngum kafla frá slitlagsenda hjá Reynistað að Laxárvirkjun.

Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 37 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2005	35
Vegáætlun 2006	6
Flutt á Eyjafjarðarbraut 829-02	-6
Flutt af Aðaldalsvegi	4
Samtals	39

Verkframvinda: Verkinu lauk á árinu 2005 að undanskilinni lögn efra lags klæðingar sem lagt var 2006. Kostnaður á árinu 2007 er vegna námufrágangs.
Verktaki: Alverk ehf., Aðaldal.

Kostnaður:	m.kr.
2004	-4
2005	33
2006	6
2007	4
Samtals	39

Skýringar: Tekjur á árinu 2004 eru vegna sölu á unnu steinefni.

862 Dettifossvegur

01 Hringvegur – Norðausturvegur
Umfang verks: Bygging á nýjum vegi, Dettifossvegi, vestan Jökulsár á Fjöllum frá Hringvegi við Austaribrekku norður að Norðausturvegi í Kelduhverfi ásamt tengingum að Dettifossi, Hafragilsfossi, Hólmatungum og Vesturdal alls um 59 km.
Kostnaðaráætlun:
1. áfangi
Hringvegur – Dettifoss, 700 m.kr.
2. áfangi Dettifoss – Norðausturvegur, 1.200 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Innistæða frá fyrri áfanga	2
Flutt á 864	-2
Vegáætlun 2002	30
Vegáætlun 2003	35
Vegáætlun 2004	17
Vegáætlun 2005	52
Vegáætlun 2006	54
Vegáætlun 2007	
Þjóðgarðavegir	185
Samtals	373

Kostnaður:	m.kr.
2004	9
2005	32
2006	16
2007	21
Samtals	78

Skýringar: Við endurskoðun vegáætlunar 2005 var vegakerfinu vestan Jökulsár á Fjöllum breytt, þannig að fjárveitingar sem áður töldust til Hólmatungnavegar (F862) teljast nú til Dettifossvegar. Framkvæmd hefur dregist verulega vegna deilna um vegstæðið og kærumála, svo og ítrekaðra breytinga á hönnun og tillögum. Kostnaður árin 2004-2007 er vegna mats á umhverfisáhrifum og hönnunar. Fjárveitingar eru í vegáætlun 2008 -2010.

869 Langanesvegur

Umfang verks: Lagfæring vegarins frá Krossósi og út að Fonti
Framkvæmdaform:
Samningur við Langanesbyggð
Kostnaðaráætlun: 11 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2007	
Ferðamannaleiðir	11

Verkframvinda: Lokið er lagfæringu vegarins út undir Font og er hann fær flestum bílum nema síðustu 2-3 km sem aðeins eru færir jeppum.

Kostnaður:	m.kr.
2007	9

Skýringar: Langanesbyggð tók að sér að lagfæra veginn og er kostnaður framlag til framkvæmdarinnar.

923 Jökuldalsvegur

01-03 Hringvegur – Þverá
Umfang verks: Verkið var unnið á árunum 2003-2005.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2007	
Ferðamannaleiðir	12

Skýringar: Fjárveiting var notuð til greiðslu skuldar. Fjárveitingar eru í vegáætlun 2008-2010 til greiðslu skuldar.

925 Hróarstunguvegur
02 Hallfreðarstaðir – Þórisvatn
Umfang verks: Greidd skuld og lagt bundið slitlag við tvo bæi til rykbindingar.
Framkvæmdaform: Samningur.
Kostnaðaráætlun: 12 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Skuld frá fyrri áfanga	-7
Vegáætlun 2007	
Tengivegir	12
Samtals	5

Hönnun og undirbúningur verkefna á Norðaustursvæði
Hér að neðan er greint frá hönnunar- og undirbúningskostnaði framkvæmda á Norðaustursvæði, sem ekki hafa fjárveitingu í vegáætlun.

	Kostnaður í m.kr.			
Verkefni:	2005	2006	2007	samtals
Álversvegur, Húsavík	0	0	2	2
Þeistareykjavegir	0	0	1	1
Tenging Vaðlaheiðarganga	1	2	0	3
Hringvegur 1-q6 um Skjálfandafljót	1	2	1	4
Hringvegur 1-r5 um Jökulsá á Fjöllum	3	6	4	13
Hringvegur 1-s7 um Ystu Rjúkandi	0	1	1	2
Hringvegur 1-t1 um Rangá hjá Flúðum	1	1	6	8
Hringvegur 1-t3 um Lagarfljót	0	1	1	2
Hringvegur 1-u0 í Breiðdal	1	0	0	1
Hringvegur 1-u7 Valtýskambur – Sandbrekka	1	1	4	6
Ólafsfjarðarvegur 82-05 Dalvík – gangamunni	0	0	1	1
Norðausturvegur 85-02 um Skjálfandafljót	1	1	0	2
Norðfjarðarvegur 92-04 Neðstabrú – Suðurfjarðavegur	0	1	0	1
Norðfjarðarvegur 92-10 Norðfjarðargöng	0	1	91	92
Borgarfjarðarvegur 94-06 Lagarfossvegur-Unaós	0	0	1	1
Hörgárdalsvegur 815-01 Skriða – Björg	0	0	3	3
Hólsfjallavegur 864-01 um Hólsselskíl	0	0	1	1
Jökuldalsvegur 923-04 um Jökulsá hjá Brú	0	0	1	1
Smærri undirbúningsverkefni		1	2	3
Samtals	9	18	120	147

Verkframvinda: Lagt var bundið slitlag við bæina Blöndugerði og Blöndubakka á kafla 1 til rykbindingar.
Verktaki: Vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
2007	5

931 Upphéraðsvegur
01 Fellabær – Ekkjufell
01-02 Setberg – Ormarsstaðaá
02 um Ormarsstaðaá
03-04 um Brekkugerðisklif
Umfang verks: 1. áfangi: Steypt bogaræsi í Ormarsstaðaá í stað einbreiðrar brúar og endurbygging á 340 m löngum kafla um ræsið.
2. áfangi. Endurbygging á 1,8 km löngum kafla um Brekkugerðisklif.
3. áfangi. Endurbygging á 5,1 km löngum kafla frá Setbergi að Ormarsstaðaá.
Framkvæmdaform: 1. áfangi. Steypt bogaræsi, samningur. Jarðvinna, útboð. 2. áfangi. Útboð. 3. áfangi var boðinn út í des. 2007 og stefnt að því að vinna hann 2008

Kostnaðaráætlun:	m.kr.
1. áfangi	39
2. áfangi	24
3. áfangi	104
Samtals	167

Fjármögnun:	m.kr.
Inneign frá fyrri áföngum	7
Vegáætlun 2005	34
Vegáætlun 2006	65
Vegáætlun 2007	
Tengivegir	52
Samtals	158

Verkframvinda: 1. áfanga verksins lauk á árinu 2005. 2. áfanga lauk með klæðingu árið 2006. 3. áfangi boðinn út í nóvember 2007, en framkvæmdir hófust ekki á árinu.
Verktaki: Ræsagerð, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.
Vegagerð áfangi 1 og 2
Héraðsverk ehf., Egilsstöðum.
3. áfangi, Ylur ehf., Egilsstöðum

Kostnaður:	m.kr.
2004	2
2005	43
2006	25
2007	10
Samtals	80

Skýringar: Hluti kostnaðar á árinu 2005 er vegna hönnunar og undirbúnings á kafla 01 Fellabær – Ekkjufell. Kostnaður árið 2007 er vegna kaupa á stálræsi í 3. áfanga, sáningar og hönnunar. Fjárveitingar eru í vegáætlun 2008 og 2010.

939 Axarvegur
01-02 Hringvegur – Hringvegur
Umfang verks: Nýbygging á Axarvegi á um 19 km löngum kafla frá Hringvegi í Skriðdal að Hringvegi í Berufirði.

Fjármögnun:	m.kr.
Skuld frá fyrri framkvæmdum	-2
Vegáætlun 2007	
Ferðamannaleiðir	30
Samtals	28

Kostnaður:	m.kr.
2007	2

Skýringar: Kostnaður á árinu 2007 er vegna hönnunar og undirbúnings.

8984 Hvammsvegur
01 Norðausturvegur – Hvammur

Fjármögnun:	m.kr.
Skuld frá fyrri áfanga	-9
Vegáætlun 2007	
Tengivegir	10
Samtals	1

Skýringar: Verkið var unnið á árunum 2004 og 2005. Fjárveiting var notuð til greiðslu skuldar.

Þéttbýlisstaðir á Austurlandi

Fjármögnun:	m.kr.
Inneign frá fyrri áfanga	1
Vegáætlun 2007	
Almenn verkefni	10
Samtals	11

Skýringar: Framkvæmdum var frestað. Fjárveitingar eru í vegáætlun 2008-2010.

Annað

Jarðgangaáætlun

Umfang verks: Undirbúningur og rannsóknir vegna jarðgangagerðar.

Fjármögnun:	m.kr.
Innistæða frá fyrri árum . .	246

Verkframvinda: Á árinu 2007 var fé af þessum lið notað við rannsóknir á hugsanlegum jarðgöngum til Vestmannaeyja, rannsókna vegna tvöföldunar Hvalfjarðarganga og vinnu við reglugerð um öryggi í jarðgöngum. Einnig voru fluttar af þessum lið 57 m.kr. til greiðslu skuldar vegna Almannaskarðsganga. Eftirstöðvar eru því 182 m.kr.

Kostnaður:	m.kr.
2007.	7

Samgöngurannsóknir

Fjármögnun:	m.kr.
Innistæða frá fyrri árum . .	18
Vegáætlun 2007	
Verkefni á landsbyggð. .	15
Samtals	33

Verkframvinda: Unnið var að endurskoðun vegstaðla. Eftirstöðvar fjárveitingar er 17 m.kr.

Kostnaður:	m.kr.
2007.	16

Brýr 10 m og lengri

Fjármögnun:	m.kr.
Innistæða frá fyrri árum . .	41
Vegáætlun 2007	
Til brúagerðar.	15
Samtals	56

1096. Fyrirspurn [637. mál]

til samgönguráðherra um lokun póstafgreiðslna og fækkun póstburðardaga.

Frá Jóni Bjarnasyni.

1. Hefur orðið stefnubreyting af hálfu stjórnvalda hvað varðar póstdreifingu og starfrækslu póstafgreiðslna, einkum í dreifbýli?
2. Hvernig hyggst ráðherra bregðast við kæru Vesturbyggðar og Reykhólahrepps vegna áforma Íslandspósts um fækkun vikulegra póstburðardaga?
3. Er ráðherra kunnugt um að Íslandspóstur áformi að fækka póstburðardögum víðar og ef svo er, þá hvar?
4. Hve mörgum póstafgreiðslum hefur verið lokað sl. tvö ár, hvar voru þær og hvaða póstafgreiðslum áformar Íslandspóstur að loka á næstu mánuðum og missirum?
5. Hvernig hyggst ráðherra bregðast við áformum um lokun póstafgreiðslna, t.d. í Varmahlíð og víðar?

Skriflegt svar óskast.

1097. Nefndarálit [529. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og skattanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þórhall Arason frá fjármálaráðuneyti, Hauk Ingibergsson og Margréti Hauksdóttur frá Fasteignamati ríkisins, Guðjón Bragason og Gunnlaug Júlíusson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Helgu Jónsdóttur og Ólaf L. Einarsson frá Samtökum fjármálafyrirtækja, Sigurjón Helga Guðjónsson frá Húseigendafélaginu og Harald Inga Birgisson frá Viðskiptaráði. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá Skipulagsstofnun, Ásahreppi, Stykkishólmsbæ, ríkisskattstjóra, Byggðastofnun, Seðlabanka Íslands, Hagstofu Íslands, Ríkisendurskoðun, Fasteignamati ríkisins, Reykjavíkurborg, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Viðskiptaráði Íslands, Umhverfisstofnun, Samtökum fjármálafyrirtækja, Mosfellsbæ, Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Félagi fasteignasala, Eyþingi, Hvalfjarðarsveit og Fljótsdalshreppi. Einnig hafa nefndinni borist tilkynningar frá Íbúðalánasjóði.

Í frumvarpinu eru lagðar til ýmsar breytingar á starfsemi Fasteignamats ríkisins m.a. með hliðsjón af áherslum sem fram koma í áliti efnahags- og skattanefndar frá 12. desember 2007, sbr. þskj. 492, 289. mál. Kom þar fram að nefndin teldi ekki lengur ástæðu til að láta húseigendur bera kostnað af rekstri stofnunarinnar nú þegar Landskrá fasteigna væri komin í fullan rekstur. Þess í stað lagði nefndin til að fyrst og fremst ættu tekjur sem tilkomnar væru vegna þjónustu við aðila sem mesta hagsmuni hefðu af skránni að standa undir rekstrinum. Aðrar

helstu breytingar frumvarpsins varða nýtt heiti stofnunarinnar, tilhögun fasteignaskráningar og aðferð við endurmat fasteigna.

Við meðferð málsins gerðu Samband íslenskra sveitarfélaga og Samtök fjármálafyrirtækja athugasemdir við þá leið sem valin er við fjármögnun stofnunarinnar. Af hálfu sambandsins var á það bent að hagsmunir ríkisins af skránni væru miklir og því eðlilegt að ríkið legði sitt af mörkum til reksturs stofnunarinnar. Samtök fjármálafyrirtækja töldu að gjald vátryggingafélaga fyrir afnot þeirra af brunabótamati fengi ekki staðist þar sem rekja mætti afnotin til lögbundinnar skyldu húseigenda til brunatrygginga.

Á fundum nefndarinnar gerði Samband íslenskra sveitarfélaga einnig athugasemdir við nýtt heiti stofnunarinnar og að það hefði ekki verið rætt innan stjórnar. Fulltrúi Húseigendafélagsins óskaði eftir því að félagið fengi að tilnefna aðila í stjórn.

Nefndin telur að ákvæði frumvarpsins standi því ekki í vegi að ríkið greiði gjald til Fasteignaskrár Íslands fyrir almenn not af skránni en bendir á að sumar stofnanir ríkisins eiga lögvarinn rétt til aðgangs að skránni. Nefndin tekur einnig fram að Samband íslenskra sveitarfélaga og Samtök fjármálafyrirtækja munu samkvæmt frumvarpinu eiga sinn fulltrúa hvort í þriggja manna stjórn stofnunarinnar. Stjórninni er m.a. ætlað að gera tillögu að gjaldskrá stofnunarinnar til ráðherra. Nefndin gerir ekki athugasemd við val á nýju heiti stofnunarinnar og telur að það lýsi ágætlega meginþáttum í starfsemi hennar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 14. gr. Í stað orðanna „eru í tryggingu“ í b-lið b-liðar komi: eru tryggðar.
2. Við 18. gr. Greinin orðist svo:
   Orðin „skv. 31. gr.“ og „samkvæmt þeirri grein“ í 1. mgr. 34. gr. laganna falla brott.
3. Við 20. gr. Við greinina bætist: og í stað orðanna „það telur“ í 32. gr. laganna kemur: hún telur.
4. Við 24. gr. Í stað orðanna „1., 2., 4., 7. og 10. mgr.“ í b-lið 7. tölul. komi: 1., 2., 4. og 7. mgr.

Ögmundur Jónasson skrifar undir álitið með fyrirvara.

Ellert B. Schram, Lúðvík Bergvinsson og Paul Nikolov voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Grétar Mar Jónsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi.

Alþingi, 16. maí 2008.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Ögmundur Jónasson.	Bjarni Benediktsson.
Gunnar Svavarsson.	Magnús Stefánsson.	Ragnheiður E. Árnadóttir.

1098. Nefndarálit [432. mál]

um frv. til l. um breytingu á nokkrum lögum á auðlinda- og orkusviði.

Frá 2. minni hluta iðnaðarnefndar.

Frumvarp þetta var boðað í kjölfar þess umróts sem varð á orkumarkaði vegna einkavæðingar á eignarhluta ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja á síðasta ári. Tilgangur þess er sagður sá að tryggja eignarhald þjóðarinnar á orkuauðlindunum: vatnsafli og jarðvarma.

Með ákvæðum frumvarpsins í 1. efnismgr. 1., 8. og 13. gr. eru orkuauðlindir sem þegar eru í almannaeign vissulega varðar en niðurstaða meiri hluta iðnaðarnefndar er engu síður ávísun á einkavæðingu 49–100% af öllum öðrum eignum og rekstrarþáttum stærstu rafveitna og hitaveitna á landinu. Á sama tíma treystir iðnaðarráðherra sér ekki til að hrófla við eignarhaldi einkaaðila á orkuauðlindunum. Með frumvarpinu er því stigið stórt skref í þá átt að færa nýtingu orkuauðlindanna úr félagslegri forsjá sveitarfélaga og ríkis og fyrirtækja þeirra yfir til einkaaðila á markaði.

Því ferli sem frumvarpið bindur í lög má í grófum dráttum skipta niður í þrjá meginþætti: Í fyrsta lagi skal orkuauðlindum, jarðhita og vatnsréttindum umfram 7 MW virkjanlegt afl, sem þegar eru í opinberri eigu, komið fyrir í eins konar eignarhaldsfélögum sem að fullu verða í eigu opinberra aðila. Þessi eignarréttindi í vatnsafli og jarðvarma mega ganga kaupum og sölum milli opinberra aðila en ekki til einkaaðila. Heimilt verður að leigja afnot af auðlindunum til allt að 65 ára. Í öðru lagi skulu stofnuð sérstök fyrirtæki með tilheyrandi stjórn og framkvæmdastjóra til að annast sérleyfisrekstur, þ.e. dreifingu á raforku og heitu vatni. Í þriðja lagi skulu stofnuð sérstök fyrirtæki með stjórn og framkvæmdastjóra til að annast vinnslu og sölu á raforku, þ.e. samkeppnisþáttinn. Samkvæmt breytingartillögum meiri hluta iðnaðarnefndar verður gerð krafa um 51% eignarhald opinberra aðila í dreifiveitum og hitaveitum en engar kröfur verða gerðar um eignarhald opinberra aðila á sölu- og vinnslufyrirtækjum.

Öflug og hagkvæm fyrirtæki í eigu sveitarfélaga, þar sem saman fer dreifing, vinnsla og sala á raforku, á heitu og köldu vatni og jafnvel rekstur fráveitna, skulu nú með lagaboði bútuð niður í smærri og óhagkvæmari einingar. Skýringuna er að finna í greinargerð frumvarpsins þar sem því er lýst að nú skuli markaðsöflunum beitt í vinnslu og sölu raforku.

Á síðustu stundu bakkaði meiri hlutinn reyndar með kröfuna um fullan fyrirtækjalegan aðskilnað allra rafveitna og hitaveitna og gerir nú ráð fyrir undanþágu frá uppskiptingu þar sem fjöldi íbúa á dreifiveitusvæði er innan við 10 þúsund manns. Með því móti er minnstu hitaveitum og rafveitum í landinu hlíft við því óhagræði og kostnaði sem af uppskiptingu hlýst.

Boðuð uppskipting annarra rafveitna og hitaveitna getur hins vegar leitt til sölu á 49% hlut í hverju og einu sérleyfisfyrirtæki og jafnvel sölu á öllum hlutum sveitarfélaga og ríkis í sölu- og vinnslufyrirtækjum. Þannig geta þessi fyrirtæki, eitt af öðru, verið tínd upp í stærri heildir sem verða undirseldar kröfu einkafjármagnsins um hámarksarð af fjárfestingunni. Ef einkavæðingaröflin fá ráðið för er hætt við að stóru ríkisfyrirtækjunum, Rarik og Landsvirkjun, verði einnig skipt upp og rekstur þeirra seldur.

Þannig gerir frumvarpið mögulegt að öflug fyrirtæki verði bútuð niður fyrir einkafjármagnið skref fyrir skref, enda gæti orðið torsótt að einkavæða orkufyrirtækin öll á einu bretti. Hér er í raun verið að hrinda í framkvæmd yfirlýstri stefnu Sjálfstæðisflokksins um einka-

væðingu orkugeirans án sérstakrar samþykktar þar um. Varnarlínan sem Samfylkingin þykist í orði kveðnu draga umlykur aðeins auðlindirnar sjálfar og því aðeins að þær séu í almannaeigu fyrir.

Miðað við þær forsendur sem boðaðar voru í upphafi er því ljóst að málið hefur í veigamiklum atriðum snúist upp í andhverfu sína.

Ekkert samráð við sveitarfélögin.

Sveitarfélögin eiga og reka nær öll orkufyrirtæki og hitaveitur í landinu ef undan eru skilin Landsvirkjun, Rarik og Orkubú Vestfjarða. Hér er um fjölda fyrirtækja að ræða sem mörg hver eru rekin í móðurfélagi með annarri veitustarfsemi sveitarfélaganna, raforkuframleiðslu, vatnsveitu, jafnvel fráveitu og gagnaveitu. Eitt af þessum fyrirtækjum er annað stærsta fyrirtækið á íslenskum orkumarkaði, Orkuveita Reykjavíkur, sem er í eigu þriggja sveitarfélaga á suðvesturhorni landsins. Sveitarfélögin eiga einnig Norðurorku (Akureyri), Orkuveitu Húsavíkur og Rafveitu Reyðarfjarðar (Fjarðabyggð) auk þess sem sveitarfélög á Suðurnesjum og Hafnarfjörður eiga samtals 68% hlut í Hitaveitu Suðurnesja á móti einkaaðilum.

Af þessu má ljóst vera að efni frumvarpsins snertir mjög hagsmuni sveitarfélaganna í landinu. Á undanförnum árum hafa sveitarfélög hagrætt verulega í rekstri sínum og náð miklum fjárhagslegum ávinningi, m.a. með því að reka alla veitustarfsemi sína í einu fyrirtæki. Það er því um hreina afturför að ræða þegar sveitarfélögunum er gert með lagaboði að skipta þessum fyrirtækjum upp aftur og ljóst að mikið fjárhagslegt óhagræði geti skapast vegna þessarar kröfu, ekki síst fyrir smærri sveitarfélög.

Upplýst var í störfum nefndarinnar að ekkert samráð var haft við Samband íslenskra sveitarfélaga við vinnslu frumvarpsins enda þótt meginefni þess snerti fyrst og fremst sveitarfélögin í landinu og hagsmuni þeirra. Frumvarpið var kynnt fullbúið fyrir Sambandi íslenskra sveitarfélaga rétt áður en það var lagt fyrir Alþingi. Í áliti og breytingartillögum meiri hlutans er í litlu sem engu komið til móts við harðorð mótmæli fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga. Ekki var heldur hlustað á varnaðarorð sambandsins um að frumvarpið skerði stjórnarskrárvarinn sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga.

Stjórnarskráin nýtur ekki vafans.

Í áliti Sambands íslenskra sveitarfélaga er því slegið föstu að frumvarpið komi til með að rýra eigur sveitarfélaganna vegna takmarkana á ráðstöfunarrétti þeirra á auðlindum sínum og uppskiptingarkröfu gagnvart veitufyrirtækjunum sem þar eru fyrirhugaðar. Þess vegna óskaði sambandið eftir því að nefndin léti kanna með ítarlegri hætti en raun varð á hvort frumvarpið samræmdist ákvæðum stjórnarskrár, einkum þeim sem varða sjálfsstjórnarrétt sveitarfélaga og friðhelgi eignarréttarins. Þá vísaði Landsvirkjun til þess í sinni umsögn að gengið væri út frá því að gengið hefði verið úr skugga um að efni frumvarpsins eða einstakra greina þess stangaðist ekki á við stjórnarskrána.

Annar minni hluti telur að nefndin hefði við umfjöllun sína og með því að ráða til þess sérfræðing átt að fara betur yfir tiltekna þætti frumvarpsins sem sumum voru ekki gerð skil í annars ágætri álitsgerð Eiríks Tómassonar lagaprófessors. Álitsgerðina verður þó að skoða í því ljósi að hún var lögð fram af hálfu iðnaðarráðherra til stuðnings frumvarpinu. Allt frá því að málið barst inn í nefndina og með vísun í 33. gr. þingskapalaga fór undirrituð fram á að nefndin tæki þessa fyrirvara gagnvart stjórnarskrá lýðveldisins alvarlega og aflaði álits óháðs aðila á ýmsum álitaefnum tengdum frumvarpinu. Þeirri beiðni var hafnað. Það er að mati 2. minni hluta sérkennileg staða að þegar fram koma áleitnar spurningar um hvort frum-

vörp frá framkvæmdarvaldinu standist stjórnarskrá eigi þingnefnd ekki annan kost en þann að styðjast við stakt lögfræðiálit frá framkvæmdarvaldinu sjálfu.

Meðal þeirra ákvæða sem 2. minni hluti hefði vilja skoða nánar eru ákvæði frumvarpsins sem varða fyrirtækjalegan aðskilnað samkeppnis- og sérleyfisþátta í rekstri orkufyrirtækja og áhrif þeirra á verðmæti í eigu sveitarfélaga og heimildir þeirra til að ráða málum sínum sjálf. Má í þessu sambandi leiða hugann að þeim hagsmunum sem íbúar sveitarfélaganna hafa af því að eiga aðgang að ódýrri orku. Ætla verður að samþætting í rekstri orkufyrirtækja sem unnið hefur verið að á síðustu árum hafi haft þá hagsmuni að leiðarljósi. Frumvarpið felur í sér mikið inngrip í starfsemi orku- og veitufyrirtækja í eigu sveitarfélaganna. Að mati Sambands íslenskra sveitarfélaga er erfitt að sjá annað en að bótaskylda kunni að stofnast verði frumvarpið að lögum. Þessi atriði, sem og reyndar önnur afar veigamikil atriði frumvarpsins, hefði þurft að skoða mun ítarlegar en gert hefur verið.

Undanhald frá upphafi.

Yfirlýst markmið með frumvarpinu er sagt vera að tryggja almannaeign á auðlindum í vatnsafli og jarðvarma. Þegar lögfræðiálit vefengdi rétt löggjafans til að láta frumvarpið ná til Hitaveitu Suðurnesja, sem að hluta til er í einkaeign, hófst undanhald frá boðuðum markmiðum.

Lögmenn hafa bent á að samhliða því að setja í lög almenn fyrirmæli hefði mátt semja við Hitaveitu Suðurnesja um að fyrirtækið félli undir lögin. Engin viðleitni hefur verið sýnd í þá átt. Stjórnarformaður og varaformaður stjórnar Hitaveitu Suðurnesja lýstu því yfir í bréfi til iðnaðarnefndar að til stæði að skipta fyrirtækinu til samræmis við lögin; auðlindirnar yrðu alfarið í eigu sveitarfélaga en einkaaðilarnir Geysir Green o.fl. ættu og sinntu öðrum rekstrarþáttum Hitaveitu Suðurnesja. Þar með gafst færi á að breyta frumvarpinu og láta takmarkanir á framsali auðlinda í vatnsafli og jarðvarma vera altækar eins og ráðherra virtist upphaflega gera ráð fyrir.

Með vísan til þessarar yfirlýsingar Hitaveitu Suðurnesja gerir 2. minni hluti tillögu um að frumvarpið nái til allra orkuauðlinda hvort heldur þær eru í einkaeign eða almannaeign.

Undanhald frá upphaflegri stefnu iðnaðarráðherra hélt áfram á öllum sviðum í meðförum meiri hlutans. Markalínan sem upphaflega var dregin við að sérleyfisrekstur yrði að ⅔ hlutum í opinberri eign til að almannavaldið gæti tekið allar meiri háttar ákvarðanir er horfin. Þess í stað er látið nægja að meiri hluti, þ.e. 51%, hvers fyrirtækis í sérleyfisrekstri verði í opinberri eigu.

Annar minni hluti leggst gegn þessari breytingu meiri hlutans og leggur til að b-liður 5. gr. og 12. gr. frumvarpsins breytist ekki.

Sjö megawött verði tíu.

Í meðförum meiri hlutans var einnig slakað á markalínunni þannig að fleiri auðlindir falla utan ramma laganna en upphaflega var stefnt að. Í stað þess að óheimilt verði að afsala með varanlegum hætti eignarrétti umfram 7 MW í virkjanlegu vatnsafli leggur meiri hlutinn til að viðmiðið verði 10 MW. Þar með er horfið frá viðmiði raforkulaga um tengiskyldu virkjunar við flutningskerfi Landsnets og þess í stað gripið til óskyldrar skilgreiningar um „smávirkjun“ í lögum um mat á umhverfisáhrifum. Þessi breyting meiri hlutans þýðir að heimilt verður að einkavæða Mjólkárvirkjun (8,1 MW í eigu Orkubús Vestfjarða) og Andakílsvirkjun (7,0 MW í eigu Orkuveitu Reykjavíkur). Frumvarpið í upphaflegri mynd sló hins vegar skjaldborg um þessar tvær virkjanir og því er hér um klára afturför að ræða. Þá er athyglis-

vert að Orkuveitu Reykjavíkur er heimilt samkvæmt frumvarpinu að selja Elliðaárstöðina sem framleiðir 3,1 MW.

Annar minni hluti telur eðlilegra eins og gert er í frumvarpinu að miða mörkin við tengiskyldu virkjunar við flutningskerfið og sér því ekki ástæðu til að leggja til breytingu þar að lútandi.

Tvöföld yfirbygging.

Meiri hlutinn leggur til að öllum orkufyrirtækjum sem þjóna landsvæði með fleiri en 10 þúsund íbúa og eru með sérleyfi í dreifiveitu (a-liður 5. gr.) eða í hitaveitu (11. gr.) verði skipt upp í aðskilin fyrirtæki sem sjái annars vegar um sérleyfisrekstur og hins vegar um samkeppnisrekstur.

Margir umsagnaraðilar gera athugsemdir við þetta ákvæði frumvarpsins um fyrirtækjalegan aðskilnað og benda á að það sé óþarft, dýrt og óhagkvæmt. Kostnaðurinn muni óhjákvæmilega lenda á sveitarfélögunum og síðan á almenningi.

Upphaflega gerði frumvarpið ráð fyrir að fyrirtækjum með yfir 2 milljarða kr. í árlegar rekstrartekjur yrði skipt upp með þessum hætti. Rökin voru þau að það væri nauðsynlegt að hlífa smærri fyrirtækjum við íþyngjandi kostnaðarauka sem af tvöföldun yfirbyggingar hlytist með tveimur stjórnum, tveimur framkvæmdastjórum/forstjórum o.s.frv. Margir hagsmunaaðilar urðu til að gagnrýna það að ekki skyldi eitt eiga yfir alla að ganga í þessu efni en í þeim búningi hefðu kröfur um fyrirtækjalegan aðskilnað aðeins bitnað á þremur fyrirtækjum í raun: Orkuveitu Reykjavíkur, Hitaveitu Suðurnesja og Rarik.

Eftir töluverð átök í stjórnarflokkunum kynnti meiri hlutinn fyrst tillögu um að öllum raforkufyrirtækjum og hitaveitum, stórum sem smáum, skyldi skipt í a.m.k. tvö fyrirtæki. Fjórum dögum síðar söðlaði meiri hlutinn hins vegar um og kynnti nýja útgáfu, þ.e. að fyrirtæki sem starfa á landsvæði með innan við 10 þúsund íbúa fái undanþágu frá aðskilnaðarkröfu frumvarpsins. Í þessum búningi meiri hlutans taka aðskilnaðarákvæðin til fjögurra fyrirtækja í raun, Orkuveitu Reykjavíkur, Hitaveitu Suðurnesja, Rariks og Norðurorku. Landsvirkjun stundar ekki sérleyfisrekstur í dreifingu og því gerir frumvarpið ekki kröfu til uppskiptingar hennar.

Það er vissulega ástæða til að fagna því að minnstu fyrirtækjunum verði hlíft við tvöfaldri yfirbyggingu. Hins vegar eru engin rök fyrir því að krefjast yfirhöfuð slíkrar uppskiptingar á áðurnefndum fjórum orkufyrirtækjum og velta þar með óþarfa kostnaði yfir á þá íbúa sem kaupa raforku og hitaveitu af þeim. Tal um samkeppni á íslenskum orkumarkaði í þessu sambandi er tálsýn ein, eins og dæmin sanna.

Með vísan til þessa og þess að bókhaldslegur aðskilnaður samkeppnis- og sérleyfisþátta er fullnægjandi í skilningi Evrópuréttar leggur 2. minni hluti til að 2. gr., a-liður 5. gr., 6. gr. og 7. gr. falli brott.

Gengið lengra en raforkutilskipun ESB.

Í greinargerð frumvarpsins er vísað til þess að í tilskipun 2003/54/EB um innri markað raforku sé *„þess krafist að sá sem annast dreifikerfisstjórnun sé stjórnunarlega aðskilinn frá annarri starfsemi“* (aths. við 5. gr.). Enn fremur segir í kafla 4.1 í almennu athugasemdunum að fyrirtækjalegur aðskilnaður milli sérleyfis- og samkeppnisrekstrar í starfsemi raforkufyrirtækja sé *„jafnframt í samræmi við þau sjónarmið sem fram koma í tilskipun Evrópusambandsins um innri raforkumarkað“*. Þetta er villandi framsetning.

Í lokamálslið 2. mgr. 15. gr. tilskipunar 2003/54/EB um „sundurgreiningu dreifikerfisstjóra“ er að finna *undanþágu* frá aðskilnaðarkröfu tilskipunarinnar varðandi dreifikerfi. Ákvæðið heimilar aðildarríkjum að beita bókhaldslegum aðskilnaði (e. Accounting Unbundling) en gerir ekki kröfu um fyrirtækjalegan og stjórnunarlegan aðskilnað (e. Functional Unbundling) í *„samþættum raforkufyrirtækjum sem þjóna færri en 100.000 tengdum viðskiptavinum, eða þjóna litlum, einangruðum kerfum“*. Í minnisblaði iðnaðarráðuneytis, dags. 22. apríl 2008, kemur fram að með því að allar dreifiveitur á Íslandi eru með færri en 100 þúsund tengda notendur gildi undanþágan um Ísland. Í yfirliti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um aðskilnaðarkröfur tilskipana 2003/54/EB og 2003/55/EB kemur einnig fram í töflu á bls. 21 að vegna smæðar íslenska raforkumarkaðarins sé aðeins krafist bókhaldslegs aðskilnaðar hér á landi. Sú krafa var lögfest með raforkulögum, nr. 65/2003, og er uppfyllt nú þegar í öllum orkufyrirtækjunum.

Af þessu er ljóst að ákvæði frumvarpsins um fullan fyrirtækjalegan og stjórnunarlegan aðskilnað samkeppnis- og sérleyfisrekstrar ganga mun lengra en raforkutilskipun ESB segir til um. Þá hníga engin rök að því að láta ákvæði um fyrirtækjaaðskilnað taka til hitaveitna enda eðlilega hvergi á þær minnst í raforkutilskipun ESB.

49% af Landsneti til sölu.

Í 4. gr. frumvarpsins sem varðar flutningsfyrirtækið er heimild til einkavæðingar Landsnets að hluta. Upphaflega opnaði frumvarpið fyrir sölu á ⅓ hlutafjár en meiri hlutinn leggur til að einkaaðilum verði heimilað að kaupa allt að 49% hluta í fyrirtækinu.

Það er samfélaginu mikilvægt að flutningsmannvirki og kerfisstjórnun sé í almannaeigu enda um eins konar vegakerfi raforkuflutninganna að ræða og mikið öryggismál hvernig staðið er að viðhaldi og frekari uppbyggingu þess. Flutningskerfi á Norðurlöndum, annars staðar en í Finnlandi, eru öll alfarið í eigu ríkisins, ýmist sem opinbert hlutafélag (Danmörk) eða ríkisfyrirtæki eins og í Noregi og Svíþjóð.

Þegar opnað er fyrir sölu á allt að 49% hlut til einkaaðila á fyrirtækjum sem hingað til hafa verið í samfélagslegri eigu eru stigin afdrifarík skref í átt til einkavæðingar. Engin haldbær rök eru málinu til stuðnings og engin knýjandi þörf liggur að baki þessum breytingum. Þvert á móti er hætt við að afhendingaröryggi minnki og kostnaður við flutninginn aukist við einkavæðingu eins og dæmin sanna.

Annar minni hluti telur sérstaklega varasamt að opna á þátttöku einkaaðila í raforkuflutningi og kerfisstjórnun enda hefur mátt tengja bæði kostnaðarauka og alvarlega atburði í öðrum löndum slíkum ráðahag, allt frá lestarslysum í Bretlandi til rafmagnsleysis í Kaliforníu. Auk þess hefur reynslan leitt í ljós að fyrirkomulag af þessu tagi getur verið mun dýrara og óhagkvæmara fyrir neytandann og samfélagið allt og því afar varasamt að feta þessa braut.

Í bráðabirgðaákvæði XII í raforkulögum er fjallað um eignarhald á Landsneti og þar segir að núverandi eigendur (Landsvirkjun, Rarik, Orkuveita Reykjavíkur og Orkubú Vestfjarða) megi aðeins selja hluti sín í milli en ekki til aðila utan eigendahópsins. Með samþykkt 4. gr. frumvarpsins mun hins vegar, strax við lögfestingu þess, verða unnt að einkavæða 49% af Landsneti. Rétt er að vekja athygli á því að í bráðabirgðaákvæði XIII í raforkulögum segir að lögin skuli endurskoðuð fyrir lok desember 2010. Upplýst hefur verið að endurskoðunarnefnd með aðkomu hagsmunaaðila og þingflokka taki til starfa nú í sumar. Það er því mjög óeðlilegt að ljúka með þessu frumvarpi endurskoðun á eignarhaldsákvæði laganna rétt áður en nefndin kemur saman.

Annar minni hluti telur mikilvægt að Landsnet verði áfram alfarið í eigu opinberra aðila og leggur áherslu á að ríkið leysi til sín hlut raforkuframleiðenda í fyrirtækinu til að koma í veg fyrir óeðlileg hagsmunatengsl. 2. minni hluti leggur því til að 4. gr. frumvarpsins falli brott.

Hitaveitum skipt upp.

Samkvæmt 11. gr. frumvarpsins er hitaveitum með sérleyfi bannað að stunda aðra starfsemi en rekstur hitaveitu og skal stjórn hitaveitu vera sjálfstæð gagnvart fyrirtækjum sem stunda vinnslu, flutning eða sölu raforku. Samkvæmt breytingartillögu meiri hlutans skal hitaveita á svæðum með færri en 10 þúsund íbúa þó vera undanþegin uppskiptingu og í 5. gr. frumvarpsins er heimilað að dreifiveita í sérstöku fyrirtæki reki grunnkerfi hitaveitu. Samband íslenskra sveitarfélaga, Norðurorka, Orkustofnun og Samorka lögðust öll gegn ákvæði 11. gr. en engu síður er það enn að finna í frumvarpinu og efnislega óbreytt. Upplýst hefur verið að unnið er að endurskoðun á lögum um hitaveitur í iðnaðarráðuneyti og bentu þessir aðilar allir á að ákvæði um hitaveitur ætti ekki heima í þessu frumvarpi.

Nú eru í landinu 22 hitaveitur með sérleyfi – allar í eigu sveitarfélaga. Sem dæmi um ávinning af hitaveitunum má nefna að samkvæmt tölulegum upplýsingum frá Orkusetri var heildarsparnaður nálægt 67 milljörðum kr. árið 2007 miðað við olíu og uppsafnaður sparnaður 1.338 milljarðar kr. Ef tekið er dæmi af fjögurra manna fjölskyldu var sparnaður við að kynda með hitaveitu í stað olíu rúmar 300.000 kr. sem eru 25.000 kr. á mánuði árið 2007 miðað við olíuverð í upphafi árs 2008.

Annar minni hluti ítrekar að í frumvarpinu er rekstrarumhverfi raforkunnar, sem skapað hefur verið á grundvelli tilskipana Evrópusambandsins, heimfært yfir á hitaveitur án nokkurs rökstuðnings. Þannig kemur fram í athugasemdum við 11. gr. frumvarpsins að ákvæði um fyrirtækjalegan aðskilnað og sjálfstæði stjórnar skuli eiga jafnt við um starfsemi dreifiveitna og hitaveitna. Raunar kemur þetta nokkuð spánskt fyrir sjónir einkum vegna þess að í hitaveitustarfsemi fer framleiðsla og dreifing yfirleitt saman, ólíkt því sem gengur og gerist á raforkumarkaðnum. 2. minni hluti leggur því til að 11. gr. falli brott. Hins vegar tekur 2. minni hluti undir tillögu frumvarpsins um að ⅔ hlutar hitaveitu skuli vera í opinberri eigu og leggur til orðalagsbreytingu á 12. gr. til samræmis.

Óskýrar leikreglur.

Mikið álitamál er til hversu langs tíma eðlilegt er að leigja aðgang að auðlindum í vatnsafli og jarðvarma. Það er ljóst að því lengri sem leigutíminn er, þeim mun líkari verður hann eignarrétti. Nokkrir umsagnaraðilar töldu að lengja þyrfti hámark leigutíma úr 65 árum jafnvel upp í 100 ár til þess fyrst og fremst að tryggja stöðu leigutakans. Til að koma til móts við þessi sjónarmið leggur meiri hlutinn til að þegar helmingur umsamins leigutíma er liðinn eigi leigutaki *„rétt á viðræðum um framlengingu afnotaréttarins“*. Þar er hins vegar ekki getið um heimildir til handa eigandanum eða hagsmuni hans af því að geta til að mynda sagt upp samningi og til að hefja annars konar nýtingu á hlutaðeigandi auðlindum. Ljóst er að tækniframfarir gætu boðið upp á breytta nýtingu auðlindarinnar þegar fram líða stundir og að önnur not en virkjun gæti með tímanum orðið fýsilegri fyrir eigandann, svo sem til ferðamennsku. 2. minni hluti vill því bæta við tillögu meiri hlutans þeirri reglu að litið skuli jafnt til hagsmuna leigjanda og eiganda auðlindarinnar og tryggja gagnkvæman uppsagnar- og framlengingarrétt.

Frumvarpið veitir ekki leiðbeiningar um hvernig skuli staðið að gerð leigusamninga af þessu tagi né heldur hvernig velja beri á milli aðila ef fleiri en einn eru um hituna. Í ákvæði til bráðabirgða III kemur fram að forsætisráðherra skuli skipa nefnd til að fjalla um fyrirkomulag á leigu á vatns- og jarðhitaréttindum sem eru í eigu ríkisins. Að mati 2. minni hluta væri betra að hafa í lagatextanum sjálfum skýr fyrirmæli m.a. um hvernig bera á saman og velja á milli umsækjenda, um uppboðsmál o.fl. Um það náðist ekki samstaða í iðnaðarnefnd. Bent hefur verið á að auðlindanefnd gerði árið 2006 tillögur um hvernig mætti standa að úthlutun gæða og gjaldtöku fyrir auðlindir í eigu opinberra aðila. Þar ættu því að vera hæg heimatökin og óþarft að skipa nýja nefnd á vegum forsætisráðuneytisins. Meiri hlutinn gerir tillögu um orðalagsbreytingu á ákvæðinu sem breytir þó litlu í reynd.

Óþarft lagaboð.

Í ákvæði til bráðabirgða II í frumvarpinu segir að iðnaðarráðherra skuli beita sér fyrir endurskoðun á sérlögum um orkufyrirtæki í þeim tilgangi að fella þau brott að hluta eða öllu leyti en hér er m.a. átt við lög um Orkuveitu Reykjavíkur. Tilgangur ákvæðisins er að fella öll orkufyrirtæki undir sama hatt, væntanlega hlutafélagalög.

Annar minni hluti leggur til að ákvæðið verði fellt niður enda óþarft og óeðlilegt að festa í lög yfirlýsingu sem þessa án samráðs við eigendur viðkomandi fyrirtækja. Mjög skiptar skoðanir eru um hlutafélagavæðingu fyrirtækja í opinberri eigu, m.a. vegna þess að ákvæði stjórnsýslulaga og upplýsingalaga gilda þá ekki lengur um viðkomandi fyrirtæki. Auk þess hindrar hlutafélagavæðing lýðræðislega aðkomu eigenda að stjórn fyrirtækisins.

Auðlindir í sameign þjóðarinnar.

Eitt stærsta átakamál okkar tíma er hvernig skipa skuli eignarhaldi á auðlindum lands og sjávar. Vatns- og jarðvarmaorkan er að mati Vinstri hreyfingarinnar – grænns framboðs auðlind sem allir landsmenn eiga að fá notið sameiginlega og hana á að hagnýta fyrst og fremst með hagsmuni almennings að leiðarljósi. Lagabreytingar sem snerta nýtingu hennar verða að vera sérlega vel ígrundaðar, rökstuddar og vandaðar, burtséð frá pólitískri sýn þeirra sem lögin setja. Þetta frumvarp fellur ræki lega á því prófi.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð telur að eignarhald á vatnsauðlindinni og jarðvarmanum eigi að vera í höndum þjóðarinnar, þ.e. í almannaeigu. Einungis þannig má tryggja að afraksturinn komi samfélaginu sem heild til góða og einungis þannig má tryggja að nýting auðlinda verði sjálfbær og hugað verði að þörfum framtíðar en ekki hagnaðarvon til skemmri tíma. Orkufyrirtækin sem byggð hafa verið upp á samfélagslegum grunni á ekki að einkavæða, hvorki í heilu lagi né í bútum.

Það hefur ræki lega sýnt sig að raforkulög, nr. 65/2003, hafa ekki skapað grundvöll fyrir samkeppni. Fá og öflug orkufyriræki ráða enn markaðnum og aðeins 0,35% hafa skipt um orkusala frá því að opnað var fyrir svokallaða samkeppni. Nú er fyrirhugað að ganga enn lengra en raforkutilskipun ESB gerir kröfur um og að auki að fella hitaveitur undir hatt tilskipunarinnar. Þar er um algerlega ósambærilega þætti að ræða og fráleitt að vegferð sem leitt hefur til hærra raforkuverðs fyrir neytendur eigi nú að halda áfram inn á önnur svið.

Þingflokkur VG lagðist gegn markaðsvæðingu raforkugeirans árið 2003 og telur að Ísland hefði hiklaust átt að sækja um undanþágu frá raforkutilskipuninni vegna smæðar markaðarins og einangrunar. VG benti einnig á hættuna á að einkavæðing mundi fylgja í kjölfarið sem og á þann kostnaðarauka sem kerfisbreytingin hefði í för með sér.

Það er dapurlegt að nú sé stefnt að því að endurtaka sömu mistök á fleiri sviðum orkugeirans. Ljóst er að fyrirhugaðar breytingar á eignarhaldi og rekstri orkufyrirtækjanna munu kosta mikið fé, fé sem sótt verður í vasa almennings og fyrirtækja með hækkun á verði raforku og hitaveitu. Sá herkostnaður mun leggjast við 5–6 milljarða reikninginn sem almennum raforkukaupendum var sendur við markaðsvæðingu raforkukerfisins með lögum nr. 65/2003.

Efni frumvarpsins varðar grundvallarspurningar um sjálfbæra auðlindanýtingu, einkavæðingu og sameign þjóðarinnar á vatnsorku og jarðvarma. Enda þótt yfirlýst markmið frumvarpsins sé að tryggja almannahagsmuni en ekki sérhagmuni opna mörg ákvæði þess fyrir stórfellda sölu á almannaeigum og sá þannig fræjum einkavæðingar til framtíðar.

Annar minni hluti er sammála því markmiði frumvarpsins að tryggja eignarhald ríkis og sveitarfélaga á orkuauðlindum sem þegar eru í almannaeign en telur mögulegt að ganga lengra eins og breytingartillögurnar bera með sér. 2. minni hluti telur hins vegar að krafa frumvarpsins um fyrirtækjalegan aðskilnað muni kollvarpa eignarhaldi og rekstri á orkufyrirtækjum landsmanna með ófyrirsjáanlegum afleiðingum og stórauknum kostnaði fyrir almenning í landinu. 2. minni hluti gerir því tillögu um að fallið verði frá kröfunni um uppskiptingu raforkufyrirtækja og hitaveitna og gerir alvarlegar athugasemdir við fyrirhugaða sölu á hluta af flutningsfyrirtækinu.

Annar minni hluti leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 22. maí 2008.

Álfheiður Ingadóttir

Með nefndarálitinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Umsögn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. (4. apríl 2008.)
II. Umsögn frá Alþýðusambandi Íslands. (15. apríl 2004.)
III. Umsögn frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. (22. maí 2008.)

1099. Breytingartillögur [432. mál]

við frv. til l. um breytingu á nokkrum lögum á auðlinda- og orkusviði.

Frá 2. minni hluta iðnaðarnefndar (ÁI).

1. Við 1. gr.
   a. Orðið „alfarið“ í 1. efnismgr. falli brott.
   b. Við 3. efnismgr. bætist nýr málsliður er orðist svo: Handhafi tímabundins afnotaréttar sem og eigandi skulu eiga rétt á viðræðum um framlengingu réttarins og uppsögn samnings þegar helmingur umsamins afnotatíma er liðinn.
2. 2. gr. falli brott.

3. Við 3. gr. Inngangsmálsgreinin orðist svo:
   Í stað 3. og 4. málsl. 1. mgr. 7. gr. laganna koma fjórir nýir málsliðir, svohljóðandi.
4. 4. gr. falli brott.
5. Við 5. gr. A-liður falli brott.
6. 6. gr. falli brott.
7. 7. gr. falli brott.
8. Við 8. gr.
   a. Orðið „alfarið“ í 1. efnismgr. falli brott.
   b. Við 3. efnismgr. bætist nýr málsliður er orðist svo: Handhafi tímabundins afnotaréttar sem og eigandi skulu eiga rétt á viðræðum um framlengingu réttarins og uppsögn samnings þegar helmingur umsamins afnotatíma er liðinn.
9. 11. gr. falli brott.
10. Við 12. gr. Efnismálsgreinin orðist svo:
    Hitaveita sem starfar á grundvelli einkaleyfis skal ávallt vera að lágmarki að ⅔ hlutum í eigu ríkis, sveitarfélaga og/eða fyrirtækja sem eru alfarið í eigu þessara aðila.
11. Við 13. gr.
    a. Orðið „alfarið“ í 1. efnismgr. falli brott.
    b. Við 3. efnismgr. bætist nýr málsliður er orðist svo: Handhafi tímabundins afnotaréttar sem og eigandi skulu eiga rétt á viðræðum um framlengingu réttarins og uppsögn samnings þegar helmingur umsamins afnotatíma er liðinn.
12. 14. gr. orðist svo:
    Lög þessi öðlast þegar gildi.
13. Ákvæði til bráðabirgða I falli brott.
14. Ákvæði til bráðabirgða II falli brott.

1100. Nefndarálit [471. mál]

um frv. til l. um stofnun opinbers hlutafélags um rekstur Keflavíkurflugvallar o.fl.

Frá meiri hluta samgöngunefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur, Friðfinn Skaftason og Karl Alvarsson frá samgönguráðuneytinu, Trausta Baldursson frá Umhverfisstofnun, Þorvald Heiðar Þorsteinsson frá Skipulagsstofnun, Borgar Valgeirsson frá Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, Helgu Jónsdóttur frá BSRB, Stefán Thordersen frá flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli, Jens Bjarnason og Árna Gunnarsson frá Samtökum ferðaþjónustunnar, Hauk Hauksson frá Flugstoðum, Sigurð Jónsson frá Samtökum verslunar og þjónustu, Loft Jóhannsson, Davíð Hansson og Ástráð Haraldsson frá Félagi íslenskra flugumferðarstjóra.

Umsagnir bárust frá Reykjanesbæ, Vegagerðinni, Flugráði, SVÞ – Samtökum verslunar og þjónustu, Landhelgisgæslu Íslands, Samtökum ferðaþjónustunnar, Skipulagsstofnun, Flugmálastjórn Íslands, ríkislögreglustjóra, Félagi íslenskra flugumferðarstjóra, Persónuvernd, Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli, Flugstoðum ohf., Umhverfisstofnun, Sambandi

íslenskra sveitarfélaga, Samkeppniseftirlitinu, Félagi slökkviliðsmanna á Keflavíkurflugvelli, Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, BSRB og Sandgerðisbæ.

Með frumvarpinu er lagt til að stofnað verði opinbert hlutafélag um rekstur flugvallarsvæðis Keflavíkurflugvallar og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Gert er ráð fyrir að félagið verði allt í eigu íslenska ríkisins og að sala þess verði óheimil.

Á fundum sínum ræddi nefndin nokkuð um tilgang félagsins skv. 4. gr. frumvarpsins en þar er ekki tekinn fram sá megintilgangur félagsins að reka borgaralegan alþjóðaflugvöll auk þess að hagnýta flugvallarsvæðið í þágu öryggis- og varnartengdrar starfsemi og þjóðlegra skuldbindinga ríkisins. Telur meiri hlutinn rétt að það verði skýrlega tekið fram og leggur til breytingu í þá veru.

Á fundum sínum ræddi nefndin skipulags- og mannvirkjamál á svæðinu en frumvarpið mælir fyrir um áframhaldandi sérstöðu þess þar sem gert er ráð fyrir að utanríkisráðherra fari með yfirstjórn skipulags- og mannvirkjamála á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli en sérstök sex manna skipulagsnefnd skipuð af samgönguráðherra fari með málefni flugvallarsvæðisins. Gert er ráð fyrir að sveitarfélögin Garður, Reykjanesbær og Sandgerði tilnefni hvert einn fulltrúa í nefndina auk fulltrúa sem tilnefndir eru af umhverfisráðherra og Skipulagsstofnun og einn skal skipaður án tilnefningar af samgönguráðherra. Á fundi nefndarinnar komu fram sjónarmið um að samþykktir skipulagsnefndarinnar kæmu til umfjöllunar og afgreiðslu Skipulagsstofnunar og því væri ekki við hæfi að fulltrúi tilnefndur af stofnuninni sæti í nefndinni. Fellst meiri hlutinn á þau rök og leggur til að samgönguráðherra tilnefni fulltrúa í nefnina í stað Skipulagsstofnunar.

Enn fremur komu fram ábendingar um að ekki væri samræmi milli frumvarps til skipulagslaga, 374. máls, og þessa frumvarps varðandi rétthæð skipulagsáætlana en í 7. mgr. 12. gr. frumvarps til skipulagslaga segir að gildandi skipulagsáætlanir skuli vera í innbyrðis samræmi. Jafnframt segir þar að svæðisskipulag sé rétthærra en aðalskipulag og aðalskipulag rétthærra en deiliskipulag en í 6. mgr. 8. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að við gerð svæðisskipulags á Suðurnesjum samkvæmt skipulagslögum séu hlutaðeigandi skipulagsyfirvöld bundin af samþykktu aðalskipulagi flugvallarsvæðisins. Þetta felur í sér ósamræmi sem meiri hlutinn telur nauðsynlegt að tekið verði á í frumvarpi til skipulagslaga og frumvarpi til laga um mannvirki sem til meðferðar eru í þinginu.

Í frumvarpinu er ekki lagðar til neinar breytingar á rekstri slökkviliðs Keflavíkurflugvallar en þeim sjónarmiðum var hreyft fyrir nefndinni að slökkviliðið væri ekki nægilega öflugt. Telur meiri hlutinn í því sambandi rétt að taka fram að rekstraraðilar flugvallarins eru bundnir af alþjóðlegum reglum og taka mið af viðbúnaðaráætlunum á erlendum flugvöllum auk þess sem viðbúnaður á flugvöllum er bundinn í reglugerð. Ekki stendur til að slá neitt af öryggiskröfum og viðbúnaði enda telur meiri hlutinn að verði slys á flugvellinum sé það almannavarnamál og um það fari samkvæmt lögum um almannavarnir.

Þá ræddi nefndin á fundum sínum þær breytingar sem lagðar eru til á réttindum starfsmanna og þá sérstaklega lífeyrismál. Í lokamálsgrein ákvæðis til bráðabirgða II er kveðið á um að starfsmaður sem hefur áunnið sér rétt til lífeyrisgreiðslna hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og ræðst til starfa hjá hlutafélaginu geti ekki hafið töku lífeyris fyrr en hann lætur af því starfi. Í frumvarpi sem varð að lögum nr. 102/2006, um stofnun hlutafélags um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstur Flugmálastjórnar Íslands, þegar Flugstoðir ohf. voru stofnaðar, var ekki tekið á lífeyrismálum starfsmanna þeirra sem eru í sama stéttarfélagi með sambærilegum hætti. Telur meiri hlutinn að slíka breytingu þyrfti að skoða heildstætt í lögum um

Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Þegar litið er til jafnræðis og samræmis telur meiri hlutinn því nauðsynlegt að leggja til að lokamálsgrein ákvæðis til bráðabirgða II verði fellt brott.

Nokkuð var rætt um væntanlegt fyrirkomulag flugleiðsöguþjónustu á Keflavíkurflugvelli og meiri hlutinn telur þá tillögu heppilega sem mælt er fyrir um í bráðabirgðaákvæði III, þ.e. að samgönguráðherra sé heimilt að fela Flugstoðum ohf. þessa þjónustu.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að félagið hefji rekstur og verði stofnað fyrir 1. júní nk. en tíminn er augljóslega orðinn of knappur og leggur meiri hlutinn því til að félagið hefji rekstur 1. janúar 2009 og að aðrar dagsetningar frumvarpsins miðist einnig við þann dag.

Þá leggur meiri hlutinn til smávægilegar lagatæknilegar breytingar, þ.e. að fella út tilvísanir í númer laga í 1. gr., 3. mgr. 9. gr. og í ákvæðum til bráðabirgða í frumvarpinu þar sem nægilegt er að vísa til lagaheita og ekki fer milli mála við hvaða lög er átt, auk þess sem það er til einföldunar ef lögum er breytt eða þau endurútgefin að ekki þurfi að gera breytingar á tilvísunum í öðrum lögum samhliða.

Loks ræddi nefndin samkeppnismálin á fundum sínum og meiri hlutinn telur rétt að taka fram að í frumvarpinu eru ekki gerðar neinar breytingar á því fyrirkomulagi sem ríkt hefur varðandi verslunarrekstur í flugstöðinni hingað til en fríhöfnin er rekin sem sjálfstætt hlutafélag. Leggur meiri hlutinn áherslu á að eftir stofnun hlutafélagsins verði það hlutverk stjórnar félagsins að móta hvernig best verði að reka samkeppnisrekstur á vellinum.

Meiri hlutinn lítur svo á að samgöngur þurfi að skoða í heild á landi, láði og legi og að frumvarpið sé mikilvægur áfangi í átt að heildstæðu flugsamgöngukerfi. Með breytingunum sem lagðar eru til í frumvarpinu verði flugvöllurinn auk þess betur í stakk búinn til að byggja upp sterka sjálfstæða einingu og geti þannig tekist á í samkeppni við aðra alþjóðlega flugvelli.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 22. maí 2008.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, form., frsm.	Ólöf Nordal.	Herdís Þórðardóttir.
Karl V. Matthíasson.	Ármann Kr. Ólafsson.	Guðjón A. Kristjánsson, með fyrirvara.

1101. Breytingartillögur [471. mál]

við frv. til l. um stofnun opinbers hlutafélags um rekstur Keflavíkurflugvallar o.fl.

Frá meiri hluta samgöngunefndar (SVÓ, ÓN, HerdÞ, KVM, ÁKÓ, GAK).

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „laga nr. 176/2006“ í lokamálsl. 1. mgr. komi: laga um ráðstafanir í kjölfar samnings við Bandaríkin um skil á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli.
2. Við 4. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Tilgangur félagsins er að annast rekstur, viðhald og uppbyggingu Keflavíkurflugvallar sem borgaralegs alþjóðaflugvallar auk hagnýtingar flugvallarsvæðisins í þágu öryggis-

og varnartengdrar starfsemi og þjóðlegra skuldbindinga ríkisins. Enn fremur skal félagið annast rekstur, viðhald og uppbyggingu Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, þ.m.t. rekstur verslana með tollfrjálsar vörur á flugvallarsvæðinu, starfsemi sem er í beinum tengslum við flugrekstur, rekstur flugvalla og flugstöðvar og aðra starfsemi sem nauðsynlegt er að sé innan haftasvæðis flugverndar.

3. Við 8. gr. 3. málsl. 1. mgr. orðist svo: Einn skal skipaður samkvæmt tilnefningu umhverfisráðherra og tveir án tilnefningar og skal annar þeirra gegna formennsku.
4. Við 9. gr. Orðin „nr. 32/2004“ og „nr. 7/1998“ í 3. mgr. falla brott.
5. Í stað orðanna „1. júní 2008“ í 11. og 12. gr. og ákvæðum til bráðabirgða I, II og III komi: 1. janúar 2009.
6. Orðin „nr. 70/1996“ og „72/2002“ í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða II falli brott.
7. Í stað orðanna „nr. 70/1996“ í 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða II komi: um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.
8. 4. mgr. ákvæðis til bráðabirgða II falli brott.
9. Í stað orðanna „nr. 102/2006“ í ákvæði til bráðabirgða III. komi: um stofnun hlutafélags um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstur Flugmálastjórnar Íslands.

1102. Nefndarálit [384. mál]

um frv. til l. um breyt. á samkeppnislögum nr. 44/2005, með síðari breytingum.

Frá viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingunni Þorsteinsdóttur frá Alþýðusambandi Íslands, Guðmund Skúla Hartvigsson og Hólmfríði Kristjánsdóttur frá Deloitte, Sigurð Örn Guðleifsson frá Félagi íslenskra stórkaupmanna, Hafdísi Ólafsdóttur og Pál Gunnar Pálsson frá Samkeppniseftirlitinu, Guðrúnu Björk Bjarnadóttur frá Samtökum atvinnulífsins, Gísla Tryggvason talsmann neytenda, Harald Inga Birgisson frá Viðskiptaráði og Áslaugu Árnadóttur frá viðskiptaráðuneyti.

Með frumvarpinu er lagt til að gerðar verði breytingar á ákvæðum um samruna í samkeppnislögum. Helstu breytingar sem í frumvarpinu felast eru í fyrsta lagi að gert er ráð fyrir að samruni komi ekki til framkvæmda á meðan Samkeppniseftirlitið fjallar um hann. Verði frumvarpið að lögum getur Samkeppniseftirlitið því ógilt samruna áður en hann kemst til framkvæmda en ekki eftir að hann hefur átt sér stað líkt og kveðið er á um í 1. málsl. 1. mgr. 17. gr. gildandi laga. Í öðru lagi er lögð til hækkun á þeim veltumörkum sem miðað skal við þegar metið er hvort samruni sé tilkynningarskyldur auk þess sem lagt er til það nýmæli að fjárhæðarmörk miðist við veltu fyrirtækja á Íslandi. Í þriðja lagi er gerð tillaga um útvíkkun á heimildum Samkeppniseftirlitsins til að ógilda samruna eða setja skilyrði fyrir honum. Stofnunin fær samkvæmt frumvarpinu aukið svigrúm til mats á samkeppnislegum áhrifum samruna. Í fjórða lagi er lagt til að ákvæðum um fresti til að taka ákvarðanir í samrunamálum verði breytt. Í fimmta lagi er gert ráð fyrir því að heimilt verði í ákveðnum tilvikum að setja fram styttri tilkynningar um samruna. Í sjötta lagi er mælt fyrir um heimild til handa Samkeppniseftirlitinu til að taka mál fyrir að nýju, hafi áfrýjunarnefnd eða dómstóll ógilt ákvörð-

un eftirlitsins sökum formgalla. Í sjöunda lagi er lagt til að skilgreining á hugtökunum „samruni“ og „yfirráð“ verði færð til samræmis við evrópskan samkeppnisrétt.

Ákvæði frumvarpsins miða að því að færa reglur íslensks samkeppnisréttar nær reglum EES- og EB-réttar og tekur frumvarpið jafnframt mið af reynslu Samkeppniseftirlitsins við meðferð samrunamála á síðustu missirum.

Nefndin leggur til að nokkrar breytingar verði gerðar á frumvarpinu.

Lagðar eru til ýmsar breytingar á 3. gr. Í fyrsta lagi er lagt til að við a-lið greinarinnar bætist ný málsgrein þess efnis að unnt sé að tilteknum skilyrðum uppfylltum að fá undanþágu frá því að samruni komi ekki til framkvæmda á meðan Samkeppniseftirlitið fjallar um hann. Skilyrði fyrir slíkri undanþágu eru þau að sýnt hafi verið fram á að tafir á framkvæmd samrunans geti skaðað viðkomandi fyrirtæki eða viðskiptaaðila þess og að samkeppni sé stefnt í hættu. Gert er ráð fyrir að Samkeppniseftirlitið hafi heimild til að binda undanþáguna skilyrðum.

Í öðru lagi er lagt til að b-lið 3. gr. verði breytt á þann veg að Samkeppniseftirlitinu verði unnt að krefja aðila samruna, sem ekki uppfyllir skilyrði a- og b-liðar 1. mgr. 17. gr. a um veltumörk, um tilkynningu um samrunann þegar verulegar líkur eru á því að samruninn geti dregið umtalsvert úr virkri samkeppni. Þetta á þó aðeins við ef sameiginleg heildarvelta viðkomandi fyrirtækja er meiri en einn milljarður króna á ári. Í breytingartillögunni er einnig gert ráð fyrir að aðilar samruna sem ekki uppfylla veltumörk 1. mgr. 17. gr. a geti greint Samkeppniseftirlitinu skriflega frá samrunanum og hafi stofnunin þá 15 virka daga til að taka ákvörðun um það hvort óska eigi eftir tilkynningu um samrunann.

Þá er í þriðja lagi lagt til að gerðar verði breytingar á 1. málslið c-liðar 3. gr. þar sem kveðið er á um heimildir Samkeppniseftirlitsins til að ógilda samruna. Í frumvarpinu er lagt til að Samkeppniseftirlitinu verði heimilt að ógilda samruna sem hindrar virka samkeppni, einkum þegar markaðsráðandi staða eins eða fleiri fyrirtækja myndast eða styrkist. Hefur breytingin þótt matskennd og er því lagt til að orðalagi ákvæðisins verði breytt þannig að skýrt verði kveðið á um það í hverju hið aukna svigrúm stofnunarinnar til efnislegs mats felist. Þannig er lagt til að Samkeppniseftirlitið geti ógilt samruna ef stofnunin telur að hann hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða eins eða fleiri fyrirtækja verði til eða styrkist, eða verði til þess að samkeppni á markaði raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti. Að öðru leyti vísast um svigrúm til efnislegs mats til athugasemda um c-lið 3. gr. frumvarpsins. Auk þessa er lagt til að við c-lið bætist nýr málsliður þess efnis að við mat á lögmæti samruna skuli tekið tillit til tækni- og efnahagsframfara að því tilskildu að þær séu neytendum til hagsbóta og hindri ekki samkeppni. Í þessu sambandi má vísa til 2. gr. samrunareglugerðar EB nr. 139/2004. Ákvæðið heimilar framkvæmdastjórninni að hafa hliðsjón af hagræðinu sem kann að stafa af samruna. Þótt íslensk samkeppnisyfirvöld hafi að gildandi rétti talið sig hafa heimild til að beita framangreindum sjónarmiðum þykir rétt í samræmi við meginstefnu þessa frumvarps að ákvæðið verði fært til skýrara samræmis við Evrópurétt. Í því felst m.a. að tillit til skilvirknis- eða hagræðingarsjónarmiða koma aðeins til álita þar sem tryggt er að hreinn ávinningur af samruna skili sér til neytenda. Sönnunarbyrði fyrir þessu hvílir á samrunaaðilum. Samkvæmt þessu eru skilyrðin fyrir því að tekið verði tillit til hagræðingar við mat á áhrifum samruna í samkeppnismálum hér á landi í megindráttum þau í fyrsta lagi að verulegar líkur séu á að samruninn skili skjótt umtalsvert aukinni hagkvæmni í rekstri hins sameinaða fyrirtækis, í öðru lagi að hagræðingaráhrifin séu beintengd samrunanum og ekki hægt að framkalla þau með öðrum hætti og í þriðja lagi að aukin hagræðing skili sér til neytenda í formi verðlækkunar sem vegi þyngra en hugsanleg verðhækkun vegna

skertrar samkeppni. Samrunaaðilar verða að geta fært sönnur á þau þrjú atriði sem að framan eru rakin.

Í fjórða lagi eru lagðar til breytingar á d-lið 3. gr. frumvarpsins. Breytingar í a-lið leiðir af breytingu sem lögð er til á a-lið 3. gr., en í b-lið er lagt til að við útreikning á fresti samkvæmt lokamálslið 1. mgr. verði miðað við virka daga, eins og gert er annars staðar í frumvarpinu.

Jafnframt leggur nefndin til að við frumvarpið bætist ákvæði um breytingar á nokkrum ákvæðum laganna þar sem vísað er til 17. gr. auk breytinga á viðurlagakafla laganna, en þar er einnig um að ræða breytingu á nokkrum tilvísunum.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Jón Bjarnason skrifar undir álit þetta með fyrirvara.

Höskuldur Þórhallsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Jón Magnússon sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 23. maí 2008.

Ágúst Ólafur Ágústsson, form., frsm.	Guðfinna S. Bjarnadóttir.	Jón Bjarnason, með fyrirvara.
Birgir Ármannsson.	Árni Páll Árnason.	Birkir J. Jónsson.
Jón Gunnarsson.	Björk Guðjónsdóttir.	

1103. Breytingartillögur [384. mál]

við frv. til l. um breyt. á samkeppnislögum, nr. 44/2005, með síðari breytingum.

Frá viðskiptanefnd.

1. Við 3. gr.
   a. Á eftir 3. mgr. a-liðar (17. gr. a) komi ný málsgrein, svohljóðandi:
      Samkeppniseftirlitið getur samkvæmt beiðni veitt undanþágu frá því að samruni komi ekki til framkvæmda á meðan Samkeppniseftirlitið fjallar um hann, enda sé sýnt fram á að tafir á framkvæmd samrunans geti skaðað viðkomandi fyrirtæki eða viðskiptaaðila þess og að samkeppni sé stefnt í hættu. Beiðnin skal vera skrifleg og rökstudd. Undanþágu er heimilt að binda skilyrðum í þeim tilgangi að tryggja virka samkeppni.
   b. Við b-lið (17. gr. b) bætast þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
      Telji Samkeppniseftirlitið verulegar líkur á að samruni, sem þegar hefur átt sér stað og uppfyllir ekki skilyrði a- og b-liðar 1. mgr. 17. gr. a, geti dregið umtalsvert úr virkri samkeppni er stofnuninni heimilt að krefja samrunaaðila um tilkynningu um

samrunann ef sameiginleg heildarvelta viðkomandi fyrirtækja er meiri en einn milljarður króna á ári. Eftir að krafa hefur verið sett fram byrjar frestur skv. 17. gr. d að líða fyrsta virka dag eftir að Samkeppniseftirlitinu berst tilkynning sem uppfyllir skilyrði 17. gr. a og reglna sem settar eru samkvæmt ákvæðinu.

Ef aðilar samruna sem uppfyllir ekki skilyrði a- og b-liðar 1. mgr. 17. gr. a greina Samkeppniseftirlitinu frá því skriflega að samruninn hafi átt sér stað skal Samkeppniseftirlitið innan 15 virkra daga ákveða hvort beita skuli heimild skv. 3. mgr.

Um málsmeðferð og heimildir Samkeppniseftirlitsins til íhlutunar vegna samruna sem krafist er tilkynningar um fer að öðru leyti eftir ákvæðum 17. gr. a – 17. gr. e.

c. Í stað 1. málsl. c-liðar (17. gr. c) komi tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Telji Samkeppniseftirlitið að samruni hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða eins eða fleiri fyrirtækja verði til eða slík staða styrkist, eða verði til þess að samkeppni á markaði raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, getur stofnunin ógilt samruna. Jafnframt skal við mat á lögmæti samruna taka tillit til tækni- og efnahagsframfara að því tilskildu að þær séu neytendum til hagsbóta og hindri ekki samkeppni.

d. Eftirfarandi breytingar verði á d-lið (17. gr. d):

a. Í stað orðanna „5. mgr. 17. gr. a“ í 2. málsl. 1. mgr. og 1. málsl. 2. mgr. komi: 6. mgr. 17. gr. a.

b. Á eftir orðunum „allt að 20“ í lokamálslið 1. mgr. komi: virka.

2. Á eftir 4. gr. komi fjórar nýjar greinar sem orðist svo:

a. (5. gr.)

Á eftir orðunum „17. gr.“ í 17. gr. a og 29. gr. laganna kemur: og 17. gr. a – 17. gr. e.

b. (6. gr.)

Á eftir orðunum „17. gr.“ í 4. mgr. 26. gr. laganna kemur: eða 17. gr. a – 17. gr. e.

c. (7. gr.)

Eftirfarandi breytingar verða á 37. gr. laganna:

a. Orðið „íhlutun“ í f-lið 1. mgr. fellur brott.

b. Í stað orðanna „1., 5. og 6. mgr. 17. gr.“ í f-lið 1. mgr. kemur: 4. mgr. 17. gr. a, 17. gr. c og 1. mgr. 17. gr. e.

c. G-liður 1. mgr. orðast svo: banni við að samruni komi til framkvæmda og tilkynningarskyldu skv. 17. gr. a, 3. mgr. 17. gr. b og 2. mgr. 17. gr. e.

d. Í stað orðanna „17. gr. a“ í h-lið 1. mgr. kemur: 17. gr. f.

d. (8. gr.)

Í stað orðanna „17. gr.“ í 1. mgr. 43. gr. laganna kemur: 17. gr. c.

1104. Nefndarálit [538. mál]

um frv. til l. um breytingu á lögum er varða verðbréfaviðskipti.

Frá viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Árnýju Guðmundsdóttur og Írisi Björk Hreinsdóttur frá Fjármálaeftirlitinu, Jónu Björk Guðnadóttur frá Samtökum fjármálafyrirtækja og Áslaugu Árnadóttur og Sigríði Rafnar Pétursdóttur frá viðskiptaráðuneyti.

Með frumvarpinu er lagt til að gerðar verði breytingar á lögum um verðbréfaviðskipti, lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, lögum um rafræna eignarskráningu verðbréfa og lögum um kauphallir.

Lög um verðbréfaviðskipti öðluðust gildi 1. nóvember 2007 en með þeim voru m.a. innleidd ákvæði svonefndra MiFID- og gagnsæistilskipana. Þær breytingar á lögunum sem í frumvarpinu felast, sbr. I. kafla, snúa að ákvæði XIII. kafla laganna um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja. Þá er í II. kafla frumvarpsins lögð til breyting á 30. gr. laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða. Eftir gildistöku nýrra laga um verðbréfaviðskipti er skilgreining hugtaksins skipulegur verðbréfamarkaður þrengri en áður og er verðbréfasjóðum því samkvæmt gildandi lögum ekki heimilt að eiga viðskipti á mörkuðum utan EES. Þetta stangast á við verðbréfasjóðatilskipun nr. 85/611/EB en ákvæði hennar hafa verið tekin upp í íslenskan rétt, sbr. lög nr. 30/2003. Í III. kafla frumvarpsins er lagt til að 10. gr. laga um rafræna eignarskráningu verðbréfa verði breytt í þá veru að kauphallir öðlist rétt til að hafa milligöngu um eignarskráningar í verðbréfamiðstöð. Loks er í IV. kafla frumvarpsins lagt til að gerð verði breyting á lögum um kauphallir. Er annars vegar lagt til að kauphöll sé heimilt að hafa milligöngu um eignarskráningar í verðbréfamiðstöð og hins vegar að mælt verði fyrir um að skýrsla stjórnar fylgi endurskoðuðum ársreikningi kauphallar til Fjármálaeftirlitsins skv. 16. gr., í stað ársskýrslu. Þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu eru m.a. komnar til vegna ábendinga fjármálafyrirtækja og ríkisskattstjóra og með hliðsjón af þróun í norrænum rétti.

Nefndin leggur til breytingu á frumvarpinu. Er lagt til að við frumvarpið bætist nýr kafli um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Tillagan lýtur að 106. gr. þeirra laga sem fjallar um samruna. Breytingunum sem lagðar eru til er annars vegar ætlað að auka skýrleika framangreinds ákvæðis og hins vegar að taka af allan vafa um að sparisjóðir geti eignast einstaka rekstrarhluta annarra fjármálafyrirtækja en sparisjóða, án þess að þeim hafi áður verið breytt í hlutafélag. Miða breytingarnar þannig að því að jafna stöðu sparisjóðanna gagnvart öðrum fjármálafyrirtækjum svo að þeir geti stækkað með því að kaupa rekstrareiningar frá öðrum fjármálafyrirtækjum í stað þess að þeir geti aðeins selt rekstrareiningar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við bætist nýr kafli, V. kafli, **Lög nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum,** með einni nýrri grein, 11. gr., svohljóðandi:

Eftirfarandi breytingar verða á 106. gr. laganna:

a. Í stað 1. mgr. komi tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
   Samruni fjármálafyrirtækis við annað fyrirtæki er aðeins heimill að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins. Yfirfærsla einstakra rekstrarhluta fjármálafyrirtækis til annars fyrirtækis með öðrum hætti, svo sem sölu, er einnig háð samþykki Fjármálaeftirlitsins. Með rekstrarhluta er í ákvæði þessu átt við starfhæfa einingu innan fjármálafyrirtækis, t.d. útibú.
   Samruni fjármálafyrirtækis við annað fyrirtæki er aðeins heimill ef ákvörðun þar að lútandi hefur hlotið samþykki hluthafafundar eða fundar stofnfjáreigenda í yfirtekna fyrirtækinu með minnst ⅔ hlutum greiddra atkvæða og samþykki hluthafa eða stofnfjáreigenda í yfirtekna fyrirtækinu sem ráða yfir minnst ⅔ hlutum þess hlutafjár eða stofnfjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundum eða fundum stofnfjáreigenda. Ef hið yfirtekna fyrirtæki er alfarið í eigu yfirtökufélags þarf ekki að koma til atkvæðagreiðslu skv. 1. málsl. þessarar málsgreinar í yfirtekna félaginu.
b. 2. mgr., er verður 3. mgr., orðast svo:
   Samruni sparisjóðs við annað fyrirtæki er því aðeins heimill að sparisjóðnum hafi áður verið breytt í hlutafélag samkvæmt ákvæðum VIII. kafla, nema þegar um er að ræða samruna tveggja eða fleiri sparisjóða sem ekki hefur verið breytt í hlutafélag eða hlutafélög.
c. 5. mgr., er verður 6. mgr., orðast svo:
   Fjármálaeftirlitið skal auglýsa samruna og yfirfærslu rekstrarhluta fjármálafyrirtækja í Lögbirtingablaði. Í auglýsingu skal tilgreina hvenær samruninn eða yfirfærslan tekur gildi, nöfn hlutaðeigandi fyrirtækja, frest til að gera athugasemdir við yfirfærslu innlánsreikninga, hugsanlegar breytingar á greiðslustöðum skuldaskjala og annað sem kunngera þarf viðskiptamönnum sérstaklega.

Jón Bjarnason skrifar undir álit þetta með fyrirvara og áskilur sér rétt til að leggja fram breytingartillögur.

Höskuldur Þórhallsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Jón Magnússon sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 23. maí 2008.

Ágúst Ólafur Ágústsson, form., frsm.	Guðfinna S. Bjarnadóttir.	Jón Bjarnason, með fyrirvara.
Birgir Ármannsson.	Árni Páll Árnason.	Birkir J. Jónsson.
Jón Gunnarsson.		Björk Guðjónsdóttir.

1105. Breytingartillaga [538. mál]

við frv. til l. um breytingu á lögum er varða verðbréfaviðskipti.

Frá Jóni Bjarnasyni.

Við bætist nýr kafli, V. kafli, **Lög nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum,** með þremur nýjum greinum, 11.–13. gr., svohljóðandi:

a. (11. gr.)
Við 1. mgr. 12. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Heitið „sparisjóður“ er þó óheimilt að nota með öðrum orðum eða skammstöfunum í firmaheiti.

b. (12. gr.)
4. mgr. 73. gr. laganna orðast svo:
Sparisjóði, sem breytt er í hlutafélag samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, er óheimilt að nota orðið „sparisjóður“ í heiti sínu.

c. (13. gr.)
22. tölul. 1. mgr. 110. gr. laganna fellur brott.

1106. Skýrsla [638. mál]

samgönguráðherra um störf rannsóknarnefndar flugslysa árið 2007.

(Lögð fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

Rannsóknarnefnd flugslysa.

Rannsóknarnefnd flugslysa tók til starfa 28. júní 1996 í samræmi við lög nr. 59/1996, um rannsókn flugslysa. Rannsóknarnefnd flugslysa tók þá við starfsemi flugslysarannsóknardeildar Flugmálastjórnar Íslands og starfsemi flugslysanefndar sem þá voru lagðar niður. Ný lög nr. 35/2004, um rannsókn flugslysa, tóku gildi 1. september 2004.

Rannsóknarnefnd flugslysa er stjórnsýslunefnd sem heyrir stjórnsýslulega undir samgönguráðherra en starfar sjálfstætt og óháð stjórnvöldum og öðrum rannsóknaraðilum, ákæruvaldi og dómstólum. Nefndin lýtur forstöðu forstöðumanns sem samgönguráðherra skipar til fimm ára í senn og er hann ábyrgur fyrir rannsóknarverkefnum hennar og stjórnar daglegum rekstri hennar. Rannsóknarnefnd flugslysa annast rannsókn flugslysa, alvarlegra flugatvika og flugumferðaratvika samkvæmt framangreindum lögum og viðauka 13 við stofnsáttmála Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO) sem Ísland er aðili að.

Flugslysarannsóknir miða að því að koma í veg fyrir að flugslys endurtaki sig og að auka öryggi í flugi. Um rannsókn á meintri refsiverðri háttsemi í tengslum við flugslys fer samkvæmt lögum nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, og er slík rannsókn óháð rannsókn flugslysa.

Í skýrslum rannsóknarnefndar flugslysa er gerð grein fyrir orsök eða líklegri orsök flugslyssins auk þess sem þar eru, ef við á, gerðar tillögur um þær varúðarráðstafanir sem gera má til þess að afstýra frekari slysum af sömu eða líkum orsökum. Þá skal rannsóknarnefnd flugslysa gera tillögur um úrbætur í flugöryggismálum eftir því sem rannsókn á orsökum

flugslysa gefur tilefni til. Skýrslum rannsóknarnefndar flugslysa skal ekki beitt sem sönnunargögnum í opinberum málum, enda er markmið flugslysarannsókna samkvæmt áðurnefndum lögum að greina orsakaþætti flugslysa í því skyni einu að koma í veg fyrir frekari flugslys. Tilgangurinn er ekki að draga fram sök eða ábyrgð.

Nefndina skipa eftirtaldir: Hallgrímur A. Viktorsson flugstjóri og formaður nefndarinnar, Ólafur Haraldsson hæstaréttarlögmaður og Ragnar Guðmundsson, flugvélaverkfræðingur.

Varamenn eru: Bryndís Lára Torfadóttir flugstjóri, Hörður Arilíusson flugumferðarstjóri og Páll Valdimarsson prófessor í vélaverkfræði.

Starfsmenn rannsóknarnefndar flugslysa eru: Þorkell Ágústsson verkfræðingur, forstöðumaður/rannsóknarstjóri, og Bragi Baldursson flugvélaverkfræðingur, aðstoðarforstöðumaður /aðstoðarrannsóknarstjóri.

Fjárheimildir og kostnaður.

Fjárheimildir til starfsemi rannsóknarnefndar flugslysa voru á árinu 2007 samtals 40,2 millj. kr. Heildarkostnaður við starfsemina var 38,5 millj. kr. og því færist 1,7 millj. kr. til ársins 2008.

Yfirlit yfir skráð og rannsökuð mál árið 2007.

Á árinu 2007 lauk rannsóknarnefnd flugslysa gerð rannsóknarskýrslu í sex málum sem ólokið var í upphafi ársins. Þá lauk nefndin 16 öðrum málum frá árinu 2004 til ársins 2007 með bókun.

Árið 2007 skráði rannsóknarnefnd flugslysa 554 frávik í flugi íslenskra loftfara hérlendis og erlendis. Nefndinni bárust einnig um 200 flugumferðaratvik í flugi erlendra loftfara um íslenska lögsögu og um íslenska flugstjórnarsvæðið. Rannsóknarnefndin skoðaði 54 þessara frávika nánar og af þeim tók nefndin samtals 27 atvik, sem skilgreind voru sem flugslys, flugumferðaratvik eða alvarleg flugatvik, til formlegrar meðferðar og rannsóknar.

Í árslok átti rannsóknarnefnd flugslysa eftir að ljúka fjórum málum frá árinu 2004, þremur málum frá árinu 2005, þrjátíu málum frá árinu 2006 og tuttugu og fimm málum frá árinu 2007.

Ekkert banaslys varð í flugi skráðra íslenskra loftfara á árinu 2007.

Rannsóknarnefnd flugslysa átti samstarf við erlenda rannsakendur sem fyrr vegna rannsóknarverkefna sinna. Nokkur atvik hentu erlendar flugvélar hér á landi á árinu og jafnframt aðstoðaði nefndin og tók þátt í rannsóknum erlendra rannsakenda á atvikum er hentu flugvélar skráðar á Íslandi, erlendis.

Rannsóknarnefnd flugslysa gerði samtals 7 tillögur til úrbóta í flugöryggismálum í kjölfar rannsókna sem hún lauk á árinu 2007. Í nokkrum málanna voru að mati nefndarinnar ekki efni til þess að gera tillögur til úrbóta. Tillögum þessum var beint til flugrekenda og Flugmálastjórnar Íslands, en skv. 10. gr. laga nr. 35/2004, um rannsókn flugslysa, er þeim sem tillögum er beint til skylt að taka tilhlýðilegt tillit til þeirra tilmæla í öryggisátt og hrinda þeim í framkvæmd ef við á.

1107. Skýrsla [639. mál]

samgönguráðherra um störf rannsóknarnefndar sjóslysa (RNS) fyrir árið 2007.

(Lögð fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

Samgönguráðherra skipar rannsóknarnefnd sjóslysa í samræmi við lög um rannsóknir sjóslysa, nr. 68/2000. Nefndarmenn og varamenn þeirra eru skipaðir til fjögurra ára í senn. Nefndarmenn eru nú skipaðir til 31. ágúst 2008. Þeir eru: Ingi Tryggvason héraðsdómslögmaður, formaður, Agnar Erlingsson skipaverkfræðingur, Hilmar Snorrason, skipstjóri og skólastjóri Slysavarnaskóla sjómanna, Pétur Ágústsson skipstjóri og Pálmi K. Jónsson vélfræðingur. Eftirtaldir aðilar eru skipaðir varamenn til sama tíma: Lárentsínus Kristjánsson hæstaréttarlögmaður, varaformaður, Karl Lúðvíksson skipatæknifræðingur, Júlíus Skúlason skipstjóri, Friðbjörn Óskarsson vélfræðingur og Símon Már Sturluson, skipstjóri. Starfsmenn RNS eru Jón A. Ingólfsson forstöðumaður og Guðmundur Lárusson fulltrúi.

Fjárveiting til nefndarinnar í fjárlögum ársins 2007 var 36,9 millj. kr. Á árunum 1997–2007 var kostnaður vegna starfsemi nefndarinnar eins og að neðan greinir. Tölur eru á verðlagi hvers árs en sambærilegar þar eð á árinu 2002 hefur verið tekið tillit til óreglulegs 8,4 millj. kr. kostnaðar vegna flutnings á starfsemi nefndarinnar út á land. Lækkun rekstrarkostnaðar milli áranna 2004–2005 er vegna loka á starfslokasamningi við fyrrverandi starfsmann.

1997	11.555.170 kr.
1998	16.204.272 kr.
1999	14.914.467 kr.
2000	17.659.880 kr.
2001	20.662.317 kr.
2002	24.791.935 kr.
2003	32.367.836 kr.
2004	31.536.540 kr.
2005	24.835.358 kr.
2006	28.847.202 kr.
2007	30.355.567 kr.

Á árinu 2007 voru haldnir sjö fundir og 196 mál afgreidd og í níu málum voru drög að lokaskýrslu afgreidd. Lokaskýrslur sem var skilað með nefndaráliti eru 99 en ekki var ályktað í 97 málum. Skilað var inn til Siglingastofnunar Íslands tveimur tillögum í öryggisátt, einni áréttingu auk þess sem gerðar voru 14 sérstakar ábendingar. Af málum ársins átti nefndin eftir að rannsaka og taka fyrir 34 mál um áramót og afgreiða lokaskýrslur í fyrrgreindum níu málum (útsend drög) frá síðasta fundi ársins.

Tilkynnt og skráð mál hjá RNS voru samtals 171. Á töflunni hér að neðan má sjá grófa flokkun á eðli mála ársins í samanburði við síðastliðin tíu ár. Fjölgun mála frá árinu 2001 má rekja til átaks nefndarinnar í að ná til aðila og efla samstarf við lögregluyfirvöld.

Eðli mála	**1998**	**1999**	**2000**	**2001**	**2002**	**2003**	**2004**	**2005**	**2006**	**2007**
Skip sekkur	8	4	10	6	4	7	16	7	4	6
Skip strandar	14	7	14	10	11	7	16	16	21	21
Árekstur	2	8	6	11	7	4	3	9	12	4
Eldur um borð	6	3	8	15	5	3	5	10	5	7
Leki að skipi	0	0	3	1	5	8	10	7	7	3
Slys á fólki	63	56	64	63	103	85	89	88	83	49
Banaslys	3	1	3	7	2	2	3	3	4	5
Vélarbilun						2	9	9	15	57
Annað	10	7	8	8	12	18	0	19	21	19
Samtals:	**106**	**86**	**116**	**121**	**149**	**136**	**151**	**168**	**172**	**171**

Fimm banaslys urðu á íslenskum skipum á árinu. Tveir skipverjar fórust 13. mars þegar línubáturinn Björg Hauks ÍS 127 (mál nr. 03107) hvolfdi í vondu veðri um 2 sjómílur fyrir innan Deild þegar bátnum hafði verið snúið frá ferð sinni til hafnar á Ísafirði. Skipverja tók útbyrðis eftir að hafa flækst í veiðarfærum um borð í grásleppuveiðibátnum Ritu NS 13 (mál nr. 05107) út af Strandhöfn á Vopnafirði þann 11. apríl. Þann 25. desember létust tveir skipverjar vegna súrefnisskorts í lest á íslenska nótaveiðiskipinu, Que Sera Sera HF 26 úti fyrir strönd Marokkó. Málið var skráð hjá RNS (mál nr. 17007) en rannsókn málsins er til að byrja með í höndum yfirvalda í Marokkó. RNS mun gera þessu máli skil.

Um verulega fækkun er að ræða á málum vegna slysa á fólki á milli áranna 2006 og 2007 eða um 64% sem er undir meðaltali áranna á undan og 59% fækkun frá 2006. Hægt er að draga þá ályktun að minna var um alvarlegri slys.

Aukning er á að skip sökkva og fjöldi atvika þegar skip stranda eða taka niðri er óbreyttur frá árinu 2006. Þetta er um 62% yfir meðaltali áranna frá 1998 til 2006. Árekstrum hefur fækkað verulega og eru undir meðaltali áranna á undan. Eldi um borð fjölgar á milli ára en eru í samræmi við meðaltal og leka að skipum fækkar áfram auk þess að vera undir meðaltali.

Að gefnu tilefni hefur nýr liður verið settur inn í þessa töflu og er það *Vélarbilanir*. Þessi liður hefur undanfarin ár verið settur undir liðinn *Annað* en eins og sjá má á sérstakri skráningu þessara atvika frá árinu 2003 er full ástæða til að gefa þessum atvikum sérstakan gaum. Í miklum meirihluta þessara atvika eða 56 er um það að ræða að bátur eða skip voru dregin til hafnar vélarvana af ýmsum ástæðum. RNS hefur fylgst með þessum atvikum og mun gera það áfram vegna þess lærdóms sem mögulega má af þeim draga.

Undir liðnum *Annað* eru skráð þau mál sem ekki falla undir flokkun í þessari töflu og má þar nefna atvik þegar skip fengu í skrúfuna, bilanir í búnaði, skemmdir vegna veðurs, farmskemmdir o.fl.

Eins og áður segir hefur nefndin gert tvær tillögur í öryggisátt á árinu til Siglingastofnunar Íslands ásamt einni áréttingu. Þessar tillögur eru eftirfarandi ásamt málanúmerum:

Mál nr. 12706 Aðalsteinn Jónsson SU 11, slys af völdum efna.

Tillögur RNS: 1) Nefndin leggur til að Siglingastofnun Íslands (verkefnastjórn í áætlun í öryggismálum sjómanna) taki saman og gefi út leiðbeinandi fræðsluefni (sérrit/bækling) yfir hættuleg efni sem algeng eru um borð í skipum. 2) Þá leggur nefndin til að þegar verði hafist handa við að endurskoða innihald lyfjakista skipa með tilliti til viðbragða gegn hættulegum efnum sem notuð eru um borð í skipum.

Mál nr. 07407 Birtingur NK 119, skipverji slasast við fall.

Tillaga RNS: Nefndin beinir því til Siglingastofnunar að gerð verði sérstök könnun á hversu algengt sé að reglum um áhættumat í skipum sé ekki framfylgt.

Samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins (TR) voru 423 tilkynnt slys á sjómönnum á árinu en 266 á árinu á undan. Vegna breytinga sem varð á vali útgerða til að aukatryggja áhafnir sínar annars staðar en hjá TR skiluðu sér ekki allar tilkynningar til stofnunarinnar á árinu 2006 og eru þær að einhverju leyti skráðar í tölum ársins 2007.

Á töflunni hér að neðan sést fjöldi bótaskyldra slysa samkvæmt tilkynningum til TR 1998– 2007.

1998	**1999**	**2000**	**2001**	**2002**	**2003**	**2004**	**2005**	**2006**	**2007**
378	381	361	348	413	379	311	363	266	426

Ljóst er að stærstur hluti aðila virðir ekki tilkynningarskyldu sína til RNS eins og þeim ber samkvæmt ákvæðum laga nr. 68/2000 um rannsóknir sjóslysa. Stærstur hluti mála RNS kemur frá lögregluembættum á landinu og úr fjölmiðlum.

Á árinu 2007 var haldið áfram vinnu við að gefa út prentaðar skýrslur RNS. Þegar þetta er skrifað er skýrsla fyrir árið 2006 í prentun og verður hún í sama broti og síðastliðin ár. Markmið RNS er að prentuð skýrsla verði gefin út árlega í framtíðinni og mun því starf nefndarinnar skila sér með þessum hætti fyrr til sjómanna en áður hefur tíðkast.

Eftir að vefur RNS var opnaður þann 23. september 2004 hafa heimsóknir á hann aukist jafnt og þétt. Heimsóknir á hann voru um 186.000 á árinu 2007 en voru 117.000 á árinu á undan og er því um 59% aukningu að ræða.

Vinnu við vefinn er því miður enn ekki lokið og tengist það helst frágangi á flokkunarkerfi hans auk ýmissa annarra þátta sem lagt var af stað með í upphafi. Stefnt er að því að ljúka þessari vinnu fyrri hluta ársins 2008.

Á árinu var sóttur árlegur fundur hjá EMAIIF (European Marine Accident Investigators International Forum) í Southampton Englandi. Á þessum fundi var m.a. farið yfir og kynnt starf hvers aðildarríkis á liðnu ári auk þess sem tekin eru fyrir á þessum fundum ýmis málefni sem varða rannsókn sjóslysa. EMAIIF er Evrópudeild rannsóknaraðila á sjóslysum innan MAIIF (Marine Accident Investigators International Forum) og voru stofnuð í Helsinki 2005. Megintilgangur þeirra er að skapa sameiginlegan vettvang til að efla rannsóknir sjóslysa og koma á tengslum og efla samstarf milli rannsóknaraðila.

Forstöðumaður RNS sótti tveggja daga kynningu hjá MAIB (Marine Accident Investigation Branch) í Southampton Englandi á siglingaritum eða VDR (Voyage Data Recorder) sem var haldin í boði EMSA (European Maritime Safety Agency). VDR er tækni sem hefur verið kölluð „Svarti kassinn“ í skipum og hefur verið áratugi í flugvélum.

VDR tæki eru nú í flestum stærri skipum sem falla undir SOLAS samþykktina og eru upplýsingar úr þeim sífellt orðnar algengari erlendis við rannsóknir atvika á sjó. Hjá MAIB í Englandi er nú starfandi sérstök VDR deild með tveimur starfsmönnum og eru þeir komnir lengst í þessum efnum. MAIB hefur tekið að sér að vera leiðandi í þessum efnum í Evrópu að ósk EMSA. Aðildarlönd EMSA hafa kost á að leita til MAIB með úrvinnslu og tæknilega aðstoð varðandi VDR. Hægt er að kynna sér starfsemi EMSA á vefsíðu þeirra: www.emsa.europa.eu.

Forstöðumaður sótti árlega ráðstefnu hjá samtökunum MAIIF (Marine Accident Investigators International Forum) sem haldin var í Kína að þessu sinni. MAIIF eru alþjóðleg samtök sem voru stofnuð í Kanada 1992 og er megintilgangur þeirra að skapa vettvang til að efla rannsóknir sjóslysa og koma á tengslum og efla samstarf milli rannsóknaraðila. Á þessum ráðstefnum er m.a. farið yfir og kynnt starf hvers aðildarríkis á liðnu ári auk þess sem tekin eru fyrir ýmis málefni sem varða rannsókn sjóslysa. Aðildarríki samtakanna eru nú um 55 og ljóst að stofnun þeirra hefur sannað gildi sitt í samvinnu ríkja við rannsóknir sjóslysa.

1108. Svar [551. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Péturs H. Blöndals um meginbreytingar á skattlagningu og áhrif þeirra á tekjur ríkissjóðs.

1. *Hvaða meginbreytingar hafa verið gerðar á skattlagningu einstaklinga og lögaðila frá árinu 1990?*

Skattkerfið á Íslandi hefur tekið stórfelldum breytingum á því tímabili sem hér um ræðir, þ.e. á tímabilinu 1991–2007, eins og sést best á eftirfarandi yfirliti:

	1991	**2007**
1. Tekjuskattlagning einstaklinga		
1.1. Tekjuskattshlutfall, %	32,80	22,75
1.2. Útsvar, %	6,99	12,97
1.3 Persónuafsláttur, kr. mánuði	23.376	34.034*
1.4 Skattleysismörk einstaklings, kr. á mánuði	58.748	95.280*
1.5 Iðgjald í lífeyrissjóð**	innif. í persafsl.	8% auk persafsl.
1.6. Skattleysismörk, m.t.t. 8% iðgjalds í lífeyrissjóð	58.748	103.565*
1.7. Millifærsla persónuafsláttar milli hjóna	80%	100%
1.8. Hátekjuskattur, % (tekinn upp 1993, 5%)	0	0
1.9. Fjármagnstekjuskattur, %	0/39,79***	10
1.10. Hlutabréfaafsláttur afnuminn		
2. Tekjuskattlagning fyrirtækja		
2.1 Tekjuskattshlutfall, %	45	18
2.2 Verðbólguleiðréttingar í skattskilum afnumdar		
2.3 Aðstöðugjald, % af rekstrarkostnaði	1,3	0
3. Eignarskattar		
3.1 Almennur eignarskattur einstaklinga og fyrirtækja, %	1,20	0
3.2 Sérstakur eignarskattur einstaklinga og fyrirtækja, %	0,25	0
3.3. Skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði	1,50	0
4. Tryggingagjald atvinnurekenda	**2,85/6,35**	**5,34**
5. Söluskattur/virðisaukaskattur, %	**24,5**	**7 og 24,5***

* Hér er miðað við persónuafslátt, skattleysismörk og virðisaukaskattshlutfall í ársbyrjun 2008.

** Hafa þarf í huga að þegar staðgreiðsla tekjuskatts var tekin upp árið 1988 var frádráttur ýmissa gjalda, þ.m.t. iðgjalda í lífeyrissjóð, sameinaður í einn frádrátt, þ.e. persónuafslátt eins og við þekkjum hann í dag.

*** Fyrir upptöku fjármagnstekjuskatts voru fjármagnstekjur skattlagðar á mjög mismunandi hátt. Þannig voru vaxtatekjur skattfrjálsar á meðan arðgreiðslur voru skattlagðar eins og launatekjur umfram tiltekin skattleysismörk. Með upptöku fjármagnstekjuskatts var skattlagning fjármagnstekna (vaxtatekna, arðs, söluhagnaðar og leigutekna) samræmd.

Ýmsar breytingar hafa einnig verið gerðar á barnabótum og vaxtabótum, einkum í þeim tilgangi að létta undir með tekjulágum og eignalitlum fjölskyldum með börn, jafnframt því að draga sem kostur er úr jaðaráhrifum bótakerfisins.

Þá hafa margvíslegar breytingar átt sér stað á álagningu tolla og vörugjalda á umræddu tímabili til lækkunar og hefur því dregið úr vægi þeirra tekjustofna. Á móti vegur upptaka umhverfisskatta, svo sem úrvinnslu- og spilliefnagjalda sem teljast til vörugjalda.

2. *Hvaða áhrif hafa þessar breytingar haft á viðkomandi skattstofna og tekjur ríkissjóðs af þeim?*

Í eftirfarandi töflu kemur fram hvernig vægi einstakra tekjustofna hefur verið að breytast á umræddu tímabili sem hlutfall af skatttekjum, sem gefur ákveðna mynd af því hvaða áhrif framangreindar breytingar hafa haft á einstaka tekjustofna ríkissjóðs. Þar kemur einnig fram hvert hlutfall heildarskatttekna ríkissjóðs er af vergri landsframleiðslu 1991 og 2007.

	1991 %	**2007 %**	**Breyting %-stig**
Tekjuskattur einstaklinga	20,3	21,3	1,0
Tekjuskattur fyrirtækja	2,8	8,9	6,1
Fjármagnstekjuskattur	–	6,4	6,4
Eignarskattar*	5,7	3,0	–2,7
Tryggingagjöld	8,8	10,3	1,5
Virðisaukaskattur	38,1	33,9	–4,2
Aðrir skattar	24,3	15,9	–8,1
Skatttekjur, samtals	**100,0**	**100,0**	**–**
Skatttekjur, milljarðar króna	**111,3**	**401,5**	**290,2**
Skatttekjur, mia á föstu verði**	**205,7**	**401,5**	**195,8**
Skatttekjur sem % af VLF	*27,7*	*28,9*	*1,1*

* Stimpilgjöld teljast til eignarskatta.
** M.v. verðvísitölu VLF, þ.e. vergrar landsframleiðslu.

Samspil breytinga á skattheimtu á fjármagni, aukinnar markaðsvæðingar og opnunar hagkerfisins hefur orðið til þess að auka umsvif og fjölbreytileika efnahagsstarfseminnar. Þannig hefur vöxtur landsframleiðslunnar verið meiri en hjá flestum öðrum OECD-ríkjum frá miðjum síðasta áratug. Skattkerfið ásamt öðrum skipulagsbreytingum hefur því haft áhrif til að auka tekjur og velferð landsmanna.

Þótt erfitt sé að meta áhrif skattbreytinga á einstaka skattstofna má sjá í töflunni hér að framan að hlutfall skatttekna af fjármagni af heildarskatttekjum hefur aukist mikið frá því að 10% fjármagnstekjuskattur var tekinn upp árið 1997.

Lækkun tekjuskattshlutfalls af hagnaði lögaðila hefur fylgt sambærileg aukning á skatttekjum af þeim skattstofni. Þar er um að ræða a.m.k. þrenns konar áhrif. Í fyrsta lagi hefur þeim fjárfestingartækifærum sem uppfylla arðsemiskröfur fjárfesta að teknu tilliti til skatta fjölgað. Því er að öðru óbreyttu ráðist í fleiri fjárfestingarverkefni en fyrir lækkun. Í öðru lagi hefur lækkun hlutfalls skattheimtu þau áhrif að núvirði framtíðarhagnaðar er hærra, sem hefur aftur jákvæð áhrif á mat á verðmæti hlutafjár fyrirtækja. Samhliða auknu markaðsvirði hlutafélaga ætti fyrirtækjum að ganga betur að sækja sér aukið fjármagn á hagstæðari kjörum en fyrir lækkun skatthlutfalls. Jafnframt hefur lækkun skatthlutfalls þau áhrif að það rekstrarumhverfi sem fyrirtækjum er búið hér á landi er samkeppnishæfara við það sem gerist erlend-

is og vinnur þannig gegn hugsanlegum flutningi fyrirtækja úr landi. Allt ofangreint hefur leitt til þess að skatttekjur af tekjuskatti lögaðila hafa aukist í kjölfar lækkunar skatthlutfalls af fjármagni.

1109. Nefndarálit [528. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hluta efnahags- og skattanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Maríönnu Jónasdóttur og Lilju Sturludóttur frá fjármálaráðuneyti, Þórarin G. Péturssson frá Seðlabanka Íslands, Árna Huldar Sveinbjörnsson og Halldóru Elínu Ólafsdóttir frá Fjármálaeftirlitinu, Hrafn Magnússon og Tómas Möller frá Landssamtökum lífeyrissjóða, Ólaf Darra Andrason frá Alþýðusambandi Íslands, Þórð Friðjónsson, Pál Harðarson og Árnínu Steinunni Kristjánsdóttur frá Kauphöll Íslands, Guðjón Rúnarsson frá Samtökum fjármálafyrirtækja og Harald Inga Birgisson frá Viðskiptaráði. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá Samtökum fjárfesta, Alþýðusambandi Íslands, Alþjóðahúsi, Landssamtökum lífeyrissjóða, Tryggingastofnun ríkisins, Samtökum atvinnulífsins, Kauphöll Íslands, Jafnréttisstofu, Viðskiptaráði Íslands, Fjármálaeftirlitinu, Seðlabanka Íslands, Félagi löggiltra endurskoðenda, Ríkisendurskoðun, Öryrkjabandalagi Íslands, Samtökum fjármálafyrirtækja, Félagi eldri borgara og Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja.

Meginþáttur frumvarpsins felst í því að lífeyrissjóðunum verði veitt heimild til að taka þátt í skipulegum lánamarkaði með verðbréf en einnig eru þar lagðar til breytingar sem ætlað er að auka sveigjanleika við ráðstöfun lífeyrisréttinda og greiðslu ellilífeyris. Þar af má nefna ákvæði sem varða styttingu á uppsagnarfresti vegna samnings um viðbótartryggingarvernd eða séreignarsparnað, rétt erlendra ríkisborgara til endurgreiðslu iðgjalda vegna öflunar lífeyrisréttinda í séreign, heimild lífeyrissjóða til að auka svigrúm sjóðfélaga til að flýta eða fresta töku lífeyris, aukið svigrúm sjóðfélaga til ráðstöfunar áunninna ellilífeyrisréttinda til maka eða fyrrverandi maka og brottfall á heimild samtaka lífeyrissjóða til að tilkynna breytingar á samþykktum aðildarsjóða sinna til fjármálaráðherra. Loks er í frumvarpinu ákvæði sem tryggir lífeyrissjóðum heimild til að fjárfesta í verðbréfum sem skráð eru eða eftir atvikum gefin út af aðilum í EES-ríkjum sem ekki eru aðilar að OECD.

Við meðferð málsins kom fram að þær tillögur frumvarpsins sem varða sveigjanleika við ráðstöfun lífeyrisréttinda og greiðslu ellilífeyris og lagðar eru til í 1.–5. gr. eru í samræmi við tillögur Landssamtaka lífeyrissjóða sem kynntar voru fjármálaráðuneytinu síðasta haust. Kom fram að um þær ríkir almenn samstaða. Þó var lýst yfir áhyggjum vegna þess hve umrædd heimild sjóðfélaga á skiptingu lífeyrisréttinda væri lítið notuð og er hugsanlegt að það megi rekja til of lítillar kynningar. Enn fremur komu fram efasemdir um þá tilhögun að binda heimild til að fresta töku lífeyris við tiltekið aldursmark og rætt hvort ekki væri réttara að leyfa sjóðfélögum að vinna eins lengi og þeir hafa þrek til með tilheyrandi ávinnslu réttinda. Gerir nefndin tillögu um að efra markið, 75 ár, verði tekið burt með hliðsjón af sífellt hækkandi meðalaldri, bættri heilsu fólks og vilja til að hafa hlutverk.

Þau ákvæði frumvarpsins sem varða heimildir lífeyrissjóða til að taka þátt í skipulegum lánamarkaði með verðbréf hlutu mestu umræðu í nefndinni, enda eru skiptar skoðanir um kosti þeirra og galla. Fram kom að tillöguna megi öðrum þræði rekja til óska Kauphallar Íslands og að hún sé jafnframt í anda skýrslu nefndar forsætisráðherra um alþjóðlegt fjármálaumhverfi á Íslandi. Kauphöllin bendir á að lífeyrissjóðirnir muni gegna lykilhlutverki á skipulegum lánamarkaði með verðbréf hér á landi þar sem þeir hafi yfir að ráða miklu af hlutabréfum og skuldabréfum sem eftirsótt eru til lántöku. Litið væri á þróun slíks markaðar sem mikilvægt skref í að samræma stefnu innan fyrirtækisins sem nú væri orðið hluti NasdaqOmX -kauphallarinnar. Virkur lánamarkaður stuðli að þátttöku erlendra aðila á íslenskum fjármálamarkaði og greiði fyrir öryggi í viðskiptum og eðlilegri verðmyndun.

Fram kom að heimild lífeyrissjóða til að lána verðbréf gæti auðveldað þeim að verða sér úti um auknar tekjur með ásættanlegri áhættu og margir lögðu áherslu á að sjóðunum yrði ekki skylt að lána heldur heimilt innan marka laga sem um þá gilda. Treysta yrði stjórnum lífeyrissjóða til að standa vörð um öryggi eigna sjóðfélaga og enn fremur að þeim bæri að gæta þess að verðmæti sem sett yrðu til tryggingar láni á verðbréfum féllu að lögum um fjárfestingar sjóðanna. Seðlabanki Íslands færði þau rök fyrir samþykkt frumvarpsins að það mundi hafa þýðingu fyrir framkvæmd peningamálastefnunnar og liðka fyrir aðgangi að lausafé og aðrir bentu á að frumvarpið félli vel að kröfum lífeyrissjóða um rýmkaðar fjárfestingarheimildir. Einnig kom fram að heimild lífeyrissjóða til að lána verðbréf sín kynni að stuðla að því að skortsala verði gagnsærri og áhrifin fyrirsjáanlegri.

Við umfjöllun nefndarinnar hefur komið fram sú gagnrýni að leita hefði átt víðtækari samstöðu meðal aðila vinnumarkaðarins um þennan þátt frumvarpsins áður en það var borið undir þingið. Leggja Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands áherslu á að málinu verði frestað fram á haust og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja styður ekki afgreiðslu þess. Fjármálaeftirlitið telur, með hliðsjón af varúðarsjónarmiðum, að heimild til að lána allt að 25% af hreinni eign sé of há og að undirbúa hefði mátt reglur fjármálamarkaðarins betur undir breytinguna. Samtök fjármálafyrirtækja leggja til að heimild lífeyrissjóða til að lána verðbréf verði frestað að því er varðar innlend hlutabréf þar til settar hafa verið sérstakar reglur um skortsölu og með þeim fyrirvara eru samtökin hlynnt afgreiðslu málsins.

Fyrsti minni hluti fellst á varúðarsjónarmið Fjármálaeftirlitsins og sjónarmið Samtaka fjármálafyrirtækja og leggur til að heimildin verði takmörkuð við 12,5% af hreinni eign. Heimildin taki þegar gildi vegna verðbréfa annarra en hlutabréfa en að hlutabréf falli undir heimildina um næstu áramót.

Fyrsti minni hluti leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 3. gr. Orðin „en þó ekki lengur en til 75 ára aldurs“ í a-lið falli brott.
2. Við 6. gr. Í stað hlutfallstölunnar „25%“ í 1. efnismgr. c-liðar komi: 12,5%.
3. Við bætist ný grein er verði 7. gr., svohljóðandi:
   Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   Þrátt fyrir ákvæði 10. mgr. 36. gr. um verðbréfalán er lífeyrissjóðum ekki heimilt að lána hlutabréf fram til 1. janúar 2009.

Bjarni Benediktsson og Gunnar Svavarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. Grétar Mar Jónsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi.

Alþingi, 26. maí 2008.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Ellert B. Schram.	Lúðvík Bergvinsson.

Herdís Þórðardóttir.

1110. Nefndarálit [548. mál]

um frv. til. l. um breyt. á l. nr. 36/1978, um stimpilgjald, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og skattanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingva Má Pálsson, Guðmund Árnason og Maríönnu Jónasdóttur frá fjármálaráðuneyti, Hauk Ingibergsson og Ástu Guðrúnu Beck frá Fasteignamati ríkisins og Jónu Björk Guðnadóttur frá Samtökum fjármálafyrirtækja. Einnig hafa nefndinni borist umsagnir frá sýslumanninum í Hafnarfirði, ríkisskattstjóra, Neytendasamtökunum, Samtökum fjármálafyrirtækja, Byggðastofnun, Samtökum iðnaðarins, Seðlabanka Íslands, Viðskiptaráði Íslands, Alþýðusambandi Íslands, Fasteignamati ríkisins, Ríkisendurskoðun, Félagi fasteignasala og Fasteignamati ríkisins. Þá hafa nefndinni borist tilkynningar frá Hagstofu Íslands og Íbúðalánasjóði.

Frumvarpið er lagt fram í framhaldi af yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem gefin var út í tengslum við kjarasamninga Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins hinn 17. febrúar 2008.

Í frumvarpinu er lagt til að stimpilgjöld falli niður vegna lána til kaupa á fyrstu íbúð. Er þar nánar útlistað hvað átt er við með fyrstu íbúðarkaupum og tilgreint hvaða skilyrði þurfa að vera uppfyllt. Kaupandi má ekki áður hafa verið þinglýstur eigandi íbúðar, hann þarf að verða skráður fyrir minnst helmingseignarhlut í hinni keyptu íbúð og hann þarf að standa að fjármögnun með útgáfu skuldabréfs eða tryggingarbréfs sem tryggt er með veði í fasteign. Frumvarpið gerir ráð fyrir að niðurfelling gjaldsins ráðist jafnframt af eigendasögu maka eða sambúðaraðila kaupanda.

Á fundum nefndarinnar kom fram að framkvæmd niðurfellingar yrði almennt á ábyrgð sýslumanna sem skýrist af hlutverki þeirra sem þinglýsingarstjóra. Í frumvarpinu eru þeim og öðrum sem annast stimplun skjala, bönkum og sparisjóðum, falið að sannreyna hvort skilyrði niðurfellingar séu uppfyllt og skulu þá jafnan liggja fyrir afrit kaupsamnings, vottorð um hjúskaparstöðu og staðfesting úr Landskrá fasteigna. Ákvörðun stimpilgjalds er hægt að kæra til fjármálaráðuneytis.

Nefndin ræddi þau skilyrði frumvarpsins sem varða kaup á fyrstu íbúð með hliðsjón af ýmsum markatilvikum sem þó má ætla að sjaldan muni reyna á í framkvæmd. Nefndin ræddi sérstaklega hvort rétt væri að líta aðeins þrjú ár aftur í tímann við mat á því hvort kaupandi hefði áður verið þinglýstur eigandi íbúðar á sama hátt og gert var hjá Íbúðalánasjóði um tíma. Nefndin taldi að efni stæðu ekki til þess að gera slíka breytingu því að það kallaði fram önnur

og stærri vandkvæði. Nefndin telur að frumvarpið gefi ekki tilefni til verulegra vandkvæða í framkvæmd.

Nefndin hefur fjallað um hvort málefnalegt sé að einskorða niðurfellingu stimpilgjalds við kaup á fyrstu fasteign og bendir hún á að frumvarpinu er ætlað að aðstoða fólk við kaup á fyrstu fasteign í samræmi við kjarasamninga. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar kemur fram að stimpilgjald í fasteignaviðskiptum verði afnumið á kjörtímabilinu þegar aðstæður á fasteignamarkaði leyfa. Nefndin telur líklegt að staðan á fasteignamarkaði leyfi niðurfellingu stimpilgjalds en þar sem misvísandi teikn eru um stöðu í efnahagsmálum í heild sinni telur nefndin ekki tímabært að stíga það skref til fulls þótt um það séu skiptar skoðanir. Litið yrði á slíkt sem skattalækkun og það væri ekki heppilegt á meðan Seðlabankinn heldur stýrivöxtum háum til að berjast við verðbólgu. Hins vegar kann að styttast í að staða efnahagsmála gefi færi á að fella gjaldið niður að fullu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Ögmundur Jónasson og Bjarni Harðarson skrifa undir álitið með fyrirvara. Þeir eru sammála markmiði frumvarpsins en gera fyrirvara við þá leið sem valin er.

Bjarni Benediktsson og Gunnar Svavarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Grétar Mar Jónsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi.

Alþingi, 26. maí 2008.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Ellert B. Schram.	Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.
Lúðvík Bergvinsson.	Paul Nikolov.	Herdís Þórðardóttir.

Bjarni Harðarson.

1111. Frumvarp til laga [640. mál]

um heimild ríkissjóðs Íslands til sérstakrar lántöku á árinu 2008.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

Fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, er heimilt að taka á árinu 2008 lán fyrir allt að 500 milljörðum króna eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt og endurlána Seðlabanka Íslands þann hluta sem tekinn verður að láni í erlendri mynt.

Erlendar fjárhæðir skulu miðast við kaupgengi íslensku krónunnar samkvæmt gengisskráningu Seðlabanka Íslands á staðfestingardegi laganna.

Lántökuheimild ríkissjóðs skv. 1. mgr. hefur ekki áhrif á lántökuheimildir ríkissjóðs skv. 5. gr. fjárlaga fyrir árið 2008.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ríkisstjórnin og Seðlabanki Íslands hafa um nokkurt skeið undirbúið aðgerðir til að styrkja gjaldeyrisforðann og auka aðgang Seðlabankans að erlendu lausafé. Sú stefna var mörkuð af hálfu stjórnvalda fyrri hluta árs 2006 að gjaldeyrisforðinn skyldi efldur. Veigamikið skref í þá átt var stigið í árslok 2006 með lántöku ríkissjóðs að fjárhæð einn milljarður evra sem endurlánað var Seðlabankanum. Vegna þeirrar erfiðu stöðu sem verið hefur á fjármálamörkuðum að undanförnu þykir rétt að haldið verði áfram á þessari braut. Nú nýlega gerði Seðlabankinn tvíhliða gjaldeyrisskiptasamninga við seðlabanka Svíþjóðar, Noregs og Danmerkur sem hver um sig veitir Seðlabankanum aðgang að allt að 500 milljónum evra gegn íslenskum krónum og eykur þannig verulega aðgang Seðlabankans að erlendu lausafé. Erlend lántaka ríkissjóðs í því skyni að efla gjaldeyrisforðann enn frekar er til athugunar. Jafnframt þykir æskilegt að svigrúm ríkissjóðs verði aukið til útgáfu ríkisverðbréfa á innlendum markaði ef þess er talin þörf í því skyni að efla innlent fjármálakerfi og stuðla að stöðugleika á gjaldeyrismarkaði. Mikil eftirspurn eftir skammtímabréfum að undanförnu hefur dregið nokkuð úr virkni peningastefnu Seðlabankans og haft óheppileg hliðaráhrif á skuldabréfa- og gjaldeyrismarkaði.

Í 1. mgr. 1. gr. er lagt til að fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, verði heimilt að taka á þessu ári lán fyrir allt að 500 milljörðum króna eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Lántökuheimildin miðar að tvennu. Annars vegar er gert ráð fyrir að nýta megi heimildina til töku erlends láns sem endurlánað verði Seðlabanka Íslands í því skyni að efla gjaldeyrisforða bankans, sbr. erlenda lántöku ríkissjóðs og endurlán til Seðlabankans í árslok 2006. Hins vegar er gert ráð fyrir að nýta megi heimildina til aukinnar útgáfu ríkisverðbréfa á innlendum markaði, verði þess talin þörf í því skyni að styrkja innlendan peninga- og gjaldeyrismarkað. Ekki liggur fyrir á þessu stigi hvenær á árinu, að hvaða marki, í hvaða áföngum eða í hvaða hlutföllum erlendrar og innlendrar lántöku heimildin verður nýtt, enda mun það ráðast af aðstæðum. Rétt þykir hins vegar að fyrir liggi sérstök lántökuheimild sem geri kleift að ráðast á þessu ári með litlum fyrirvara í verulegar erlendar eða innlendar lántökur umfram þær lántökur sem fjárlög ársins 2008 gerðu ráð fyrir.

Í 2. mgr. 1. gr. segir að erlendar fjárhæðir skuli miðast við kaupgengi íslensku krónunnar samkvæmt gengisskráningu Seðlabanka Íslands á staðfestingardegi laganna. Hér er með hliðstæðum hætti og í fjárlögum mælt fyrir um aðferð til útreiknings á því hversu háar erlendar lántökur rúmist innan lántökuheimildarinnar, en hún er tilgreind í íslenskum krónum.

Í 3. mgr. 1. gr. er lagt til að lántökuheimildin takmarki ekki þær lántökuheimildir ríkissjóðs sem kveðið er á um í fjárlögum fyrir árið 2008. Lántökuheimild sú sem kveðið er á um í þessu frumvarpi verður með öðrum orðum hrein viðbót við lántökuheimildir fjárlaga ársins. Verði frumvarp þetta að lögum er gert ráð fyrir að í fjáraukalagafrumvarpi 2008 verði gerð nánari grein fyrir áætluðum áhrifum umræddrar lántöku á fjárreiður ríkissjóðs.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um heimild ríkissjóðs Íslands til sérstakrar lántöku á árinu 2008.

Með frumvarpinu er lagt til að fjármálaráðherra verði heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán fyrir allt að 500 milljörðum króna eða jafnvirði þeirrar upphæðar í erlendri mynt og endurlána Seðlabanka Íslands þann hluta lánsins sem tekinn verður að láni í erlendri mynt. Heimildin gildir út árið 2008.

Vegna breytilegra aðstæðna á lánsfjármörkuðum ríkir nokkur óvissa um hvaða lánakjör verða í boði fyrir ríkissjóð þegar lántökuheimildin verður nýtt. Það fer m.a. eftir því hvernig staða á lánsfjármörkuðum þróast á næstu mánuðum og hvenær lán verða tekin. Áhrif lántöku á afkomu ríkissjóðs munu fyrst og fremst felast í mismun á vaxtagjöldum sem ríkissjóður greiðir af lántökunni og vaxtatekjum af endurláni til Seðlabankans eða af því fé sem aflað verður með útgáfu ríkisverðbréfa á innlendum markaði. Í ljósi markaðsaðstæðna má fastlega gera ráð fyrir því að vaxtagjöld af lántöku ríkissjóðs verði hærri en vaxtatekjur. Ef lántökuheimildin yrði nýtt að fullu mundi árleg afkoma ríkissjóðs versna um 500 m.kr. fyrir hvert 0,1% (10 punkta) í vaxtamun.

1112. Frumvarp til laga [641. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Alena Krasovskaya, f. 1986 í Rússlandi.
2. Anuphong Khandong, f. 1969 í Taílandi.
3. Bing Xiao, f. 1967 í Kína.
4. Bosko Boskovic, f. 1980 í Serbíu.
5. Branislav Dragojlovic, f. 1979 í Serbíu.
6. Erika Lynn Wolfe, f. 1975 í Bandaríkjunum.
7. Fetije Idrizi, f. 1973 í Júgóslavíu.
8. Gwyn Suson Salinas, f. 1971 á Filippseyjum.
9. Haraldur Michael Bilson, f. 1948 á Íslandi.
10. Helga Ingibjörg Sigvaldadóttir, f. 1965 á Íslandi.
11. Jakob Hoai Nam Gimstedt, f. 1998 í Víetnam.
12. Jared Evan Bibler, f. 1974 í Bandaríkjunum.
13. Johanne Kristin Skjønhaug, f. 1988 í Noregi.
14. Jovan Zdravevski, f. 1980 í Makedóníu.

15. Karina Gladys Bolivar Serge, f. 1974 í Venesúela.
16. Masood Kharoti, f. 1975 í Afganistan.
17. Mohammad Shaker Kaddah, f. 1971 í Sýrlandi.
18. Sabina Arthur, f. 1986 í Ghana.
19. Sarah Blake Bateman, f. 1990 í Bandaríkjunum.
20. Sigurbjörn Árni Björnsson, f. 1927 á Íslandi.
21. Sævar Marinó Ciesielski, f. 1955 á Íslandi.
22. Veselina Peytcheva Peeva, f. 1984 í Búlgaríu.
23. Waldemar de Castro Monteiro, f. 1967 í Angóla.
24. Wojciech Jedrzej Bachorski, f. 1977 í Póllandi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Allsherjarnefnd hafa borist 53 umsóknir um ríkisborgararétt á vorþingi 135. löggjafarþings en samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um ríkisborgararétt, nr. 100/1952, veitir Alþingi ríkisborgararétt með lögum. Nefndin leggur til að 24 einstaklingum verði veittur ríkisborgararéttur að þessu sinni.

1113. Frumvarp til laga [287. mál]

um leikskóla.

(Eftir 2. umr., 26. maí.)

I. KAFLI

Gildissvið og markmið.

1. gr.

Gildissvið.

Lög þessi taka til starfsemi leikskóla. Leikskólinn er fyrsta skólastigið í skólakerfinu og er fyrir börn undir skólaskyldualdri. Leikskóli annast að ósk foreldra uppeldi, umönnun og menntun barna á leikskólaaldri í samræmi við lög þessi.

Foreldrar samkvæmt lögum þessum teljast þeir sem fara með forsjá barns í skilningi barnalaga.

2. gr.

Markmið.

Í leikskólum skal velferð og hagur barna hafður að leiðarljósi í öllu starfi. Veita skal börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Stuðla skal að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. Starfshættir leikskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar.

Meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskóla skulu vera:

a. að fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra,
b. að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku,
c. að hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar,
d. að stuðla að víðsýni barna og efla siðferðisvitund þeirra,
e. að leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun,
f. að rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta.

II. KAFLI
Stjórnskipan leikskóla.

3. gr.
Yfirstjórn.

Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi taka til, að öðru leyti en varðar stofnun og rekstur leikskóla, sbr. IX. kafla. Ráðherra gætir þess að farið sé eftir ákvæðum sem lög þessi og reglugerð með þeim mæla fyrir um, sbr. V. kafla.

Ráðherra gerir Alþingi grein fyrir framkvæmd skólastarfs í leikskólum landsins á þriggja ára fresti.

4. gr.
Sveitarfélög.

Sveitarfélög bera ábyrgð á starfsemi leikskóla. Sveitarfélög hafa forustu um að tryggja börnum leikskóladvöl og bera ábyrgð á heildarskipan skólahalds í leikskólum sveitarfélags, þróun einstakra leikskóla, húsnæði og búnaði leikskóla, sérúrræðum leikskóla, sérfræðiþjónustu, mati og eftirliti, öflun og miðlun upplýsinga og á framkvæmd leikskólastarfs í sveitarfélagi. Sveitarfélög setja almenna stefnu um leikskólahald í sveitarfélagi og kynna fyrir íbúum þess.

Nefnd, kjörin af sveitarstjórn, fer með málefni leikskóla í umboði sveitarstjórnar. Leikskólastjórar, starfsfólk leikskóla og foreldrar í sveitarfélagi kjósa hver úr sínum hópi aðal- og varamann til setu á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt.

5. gr.
Leikskólastjóri.

Við leikskóla skal vera leikskólastjóri sem stjórnar starfi hans í umboði rekstraraðila. Leikskólastjóri stjórnar daglegum rekstri og starfi leikskóla og gætir þess að leikskólastarf sé í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá leikskóla, skólanámskrá og önnur gildandi fyrirmæli. Leikskólastjóri stuðlar að samstarfi milli foreldra, starfsfólks leikskóla og annars fagfólks með velferð barna að markmiði. Leikskólastjóri boðar til kennara- og starfsmannafunda svo oft sem þurfa þykir.

Leikskólastjóri gerir rekstraraðila og sveitarstjórn grein fyrir starfsemi leikskóla í ársskýrslu.

III. KAFLI
Starfsfólk leikskóla.

6. gr.
Ráðning.

Um ráðningu leikskólastjóra og starfsfólks leikskóla fer eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaga og nánari fyrirmælum í samþykkt um stjórn sveitarfélags eftir því sem við á.

Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og leikskólakennari skulu hafa menntun leikskólakennara, sbr. lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Heimilt er að starfsfólk án leikskólakennaramenntunar taki þátt í að annast uppeldi og menntun barna, enda fáist ekki leikskólakennari til starfsins. Kveða má á um leiðbeiningar- og stjórnunarhlutverk leikskólakennara gagnvart öðru starfsfólki leikskóla í reglugerð.

Óheimilt er að ráða til starfa við leikskóla einstakling sem hlotið hefur refsidóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Við ráðningu skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild leikskólastjóra til að afla upplýsinga úr sakaskrá.

7. gr.
Starfsfólk.

Starfsfólk leikskóla skal rækja starf sitt af fagmennsku, alúð og samviskusemi. Það skal gæta kurteisi, nærgætni og lipurðar í framkomu sinni gagnvart börnum, foreldrum þeirra og samstarfsfólki.

Að frumkvæði leikskólastjóra skal móta áætlun um hvernig símenntun starfsfólks skuli hagað svo að hún sé í sem bestu samræmi við áherslur leikskóla, sveitarfélags og skólanámskrár.

Leikskólastjórar og starfsfólk leikskóla skulu samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar og eftir því sem kann að vera mælt fyrir um í kjarasamningum eiga kost á símenntun í þeim tilgangi að efla starfshæfni sína, kynnast nýjungum í leikskóla- og uppeldismálum og njóta stuðnings við nýbreytni- og þróunarstörf.

8. gr.
Þagnarskylda.

Starfsfólk leikskóla skal gæta fyllstu þagmælsku um hagi barna og foreldra þeirra, sem það fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna og eðli máls. Þagnarskylda helst þótt viðkomandi láti af störfum.

Þagnarskylda starfsfólks leikskóla nær ekki til atvika sem ber að tilkynna um lögum samkvæmt. Skal leikskólastjóri brýna skyldur þessar fyrir starfsfólki og sérstaklega tilkynningarskyldu þess samkvæmt barnaverndarlögum.

IV. KAFLI
Foreldrar og foreldraráð.

9. gr.
Foreldrar.

Foreldrar leikskólabarna skulu gæta hagsmuna barna sinna. Þeir skulu hafa náið samráð við starfsfólk leikskóla og fylgjast með skólagöngu barna sinna og veita þær upplýsingar sem kunna að skipta máli fyrir skólastarfið og velferð barna. Foreldrar skulu jafnframt eiga rétt á upplýsingum um skólastarfið og stöðu barna sinna.

Eigi í hlut foreldrar sem tala ekki íslensku eða nota táknmál skal skóli leitast við að tryggja þeim túlkun á upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna samskipta foreldra og skóla samkvæmt þessari grein.

10. gr.

Samstarf foreldra og starfsfólks.

Leikskólastjóri skal stuðla að samstarfi milli foreldra og starfsfólks leikskóla með velferð barna að markmiði. Sé óskað eftir stofnun foreldrafélags skal leikskólastjóri aðstoða við stofnun þess.

11. gr.

Foreldraráð.

Kjósa skal foreldraráð við leikskóla og skal leikskólastjóri hafa frumkvæði að kosningu í ráðið. Í foreldraráði sitja að lágmarki þrír foreldrar. Skal kosning til foreldraráðs fara fram í september á ári hverju og skal kosið til eins árs í senn. Foreldraráð setur sér starfsreglur. Leikskólastjóra ber að starfa með foreldraráði. Leikskólastjóri getur sótt um undanþágu til sveitarfélags um stofnun foreldraráðs ef gildar ástæður eru fyrir hendi, svo sem vegna fámennis í leikskóla.

Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

V. KAFLI

Skólahúsnæði og aðstaða í leikskólum.

12. gr.

Húsnæði og fjöldi barna í leikskóla.

Gerð leikskólahúsnæðis skal taka mið af þörfum barna og þeirri starfsemi sem fram fer í leikskóla. Leggja skal áherslu á öruggt og rúmgott náms- og starfsumhverfi. Húsnæði og allur aðbúnaður skal taka mið af því að tryggja öryggi og vellíðan barna og starfsfólks, svo sem hvað varðar húsbúnað, hljóðvist, lýsingu og loftræstingu. Gert skal sérstaklega ráð fyrir rými fyrir sérfræðiþjónustu vegna barna með sérþarfir og vinnuaðstöðu starfsfólks.

Við ákvörðun fjölda barna í leikskóla skal m.a. tekið tillit til aldursdreifingar barna og sérþarfa, lengdar dvalartíma þeirra, stærðar leik- og kennslurýmis og samsetningar starfsmannahóps.

Ráðherra setur reglugerð um starfsumhverfi leikskóla í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Í reglugerðinni skal m.a. kveðið á um öryggi barna og slysavarnir, um lágmarkskröfur til húsnæðis og aðbúnaðar barna og starfsfólks, um lengd daglegs dvalartíma barna og um aðstöðu vegna þjónustu við börn með sérþarfir.

VI. KAFLI

Námskrár og samstarf skólastiga.

13. gr.

Aðalnámskrá.

Ráðherra setur leikskólum aðalnámskrá sem er endurskoðuð reglulega. Í henni koma fram helstu markmið leikskólastarfs og uppeldis- og menntunarhlutverk leikskóla, sbr. 2. gr. Í

aðalnámskrá skal m.a. leggja áherslu á gildi leiks í öllu leikskólastarfi. Einnig skal fjallað um markmið fyrir námssvið leikskólans, foreldrasamstarf, þróunarstarf, mat á leikskólastarfi og tengsl leikskóla og grunnskóla. Í aðalnámskrá skal skilgreina hæfniþætti á námssviðum leikskólans í samræmi við aldur og þroska barna.

Auglýsing um gildistöku aðalnámskrár leikskóla skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.

14. gr.

Skólanámskrá og starfsáætlun.

Í hverjum leikskóla skal gefa út skólanámskrá og er leikskólastjóri ábyrgur fyrir gerð hennar. Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá leikskóla og felur í sér uppeldis- og námsáætlun leikskóla þar sem markmið eru sett og skilgreindar leiðir að þeim markmiðum. Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu skóla og skólastefnu viðkomandi sveitarfélags. Skólanámskrá skal endurskoða reglulega.

Leikskólastjóri gefur árlega út sérstaka starfsáætlun. Í starfsáætlun er gerð grein fyrir árlegri starfsemi leikskóla, svo sem skóladagatali og öðru því sem varðar starfsemi leikskólans.

Skólanámskrá og starfsáætlun skulu staðfestar af nefnd skv. 2. mgr. 4. gr., að fenginni umsögn foreldraráðs, og skulu þær kynntar foreldrum.

15. gr.

Sprotasjóður skóla.

Sprotasjóður styður við þróun og nýjungar í skólastarfi í samræmi við stefnu stjórnvalda og aðalnámskrá leikskóla. Til sjóðsins renna fjármunir sem veittir eru í fjárlögum hverju sinni. Menntamálaráðuneyti hefur umsjón með sjóðnum og setur reglugerð um styrkveitingar. Sjóðurinn er sameiginlegur fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Í reglugerð er heimilt að fela stofnun á vegum ráðuneytisins eða öðrum þar til bærum aðila umsjón með sjóðnum og að annast úthlutanir úr honum.

16. gr.

Tengsl leikskóla og grunnskóla.

Sveitarstjórn skal koma á gagnvirku samstarfi leikskóla og grunnskóla. Í skólanámskrá skal gera grein fyrir samstarfi milli leikskóla og grunnskóla og hvernig skuli standa að færslu og aðlögun barna milli skólastiga.

Persónuupplýsingar, sem fyrir liggja um hvert einstakt barn í leikskóla og nauðsynlegar eru fyrir velferð og aðlögun þess í grunnskóla, skulu fylgja barninu, enda sé krafist fullrar þagnarskyldu og málsmeðferðar í samræmi við gildandi lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Foreldrum skal gerð grein fyrir þessari upplýsingamiðlun. Meðferð upplýsinga skal vera á hendi leikskólastjóra eða annarra sérfræðinga á vegum sveitarfélagsins samkvæmt nánari ákvörðun þess.

Ráðherra setur reglugerð um skil og miðlun upplýsinga milli leik- og grunnskóla þar sem m.a. skal kveðið á um hvaða upplýsingar falla undir grein þessa, um meðferð, eyðingu og miðlun upplýsinga milli skólastiga og um stöðu og rétt foreldra til aðgangs að upplýsingum sem varða börn þeirra.

VII. KAFLI
Mat og eftirlit með gæðum leikskólastarfs.

17. gr.
Markmið.

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum er að:

a. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra,
b. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla,
c. auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum,
d. tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

18. gr.
Innra mat.

Hver leikskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 17. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, barna og foreldra eftir því sem við á.

Leikskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

19. gr.
Ytra mat sveitarfélaga.

Sveitarfélög sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur.

Sveitarfélög skulu fylgja eftir innra og ytra mati þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi.

20. gr.
Ytra mat menntamálaráðuneytis.

Menntamálaráðuneyti annast greiningu og miðlun upplýsinga um starf leikskóla á grundvelli upplýsinga frá sveitarfélögum skv. 19. gr. og með sjálfstæðri gagnaöflun.

Menntamálaráðuneyti gerir áætlun til þriggja ára um kannanir og úttektir sem miða að því að veita upplýsingar um framkvæmd laga þessara, aðalnámskrár leikskóla og aðra þætti skólastarfs.

Ráðherra setur reglugerð um innra og ytra mat og upplýsingaskyldu sveitarfélaga að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

VIII. KAFLI
Sérfræðiþjónusta og stoðkerfi leikskóla.

21. gr.
Skipulag sérfræðiþjónustu.

Á vegum sveitarfélaga skal rekin sérfræðiþjónusta fyrir leikskóla. Í sérfræðiþjónustu felst annars vegar stuðningur við leikskólabörn og fjölskyldur þeirra og hins vegar stuðningur við starfsemi leikskóla og starfsfólk þeirra. Sveitarfélög ákveða fyrirkomulag sérfræðiþjónustu en skulu stuðla að því að hún geti farið fram innan leikskóla.

Sérfræðiþjónusta fyrir leikskóla getur verið rekin sameiginlega með sérfræðiþjónustu grunnskóla. Þá geta sveitarfélög sameinast um slíkan rekstur eða gert þjónustusamninga við önnur sveitarfélög, stofnanir eða aðila sem veita þá þjónustu sem þörf er fyrir hverju sinni.

Ráðherra setur reglugerð um sérfræðiþjónustu leikskóla í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

22. gr.

Framkvæmd sérfræðiþjónustu.

Börn sem þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun, að mati viðurkenndra greiningaraðila, eiga rétt á slíkri þjónustu innan leikskólans. Þjónusta þessi skal fara fram undir handleiðslu sérfræðinga samkvæmt ákvörðun leikskólastjóra og sérfræðiþjónustu skv. 21. gr. í samráði við foreldra.

Leikskólastjóri skal samræma innan hvers leikskóla störf þeirra sem sjá um málefni einstakra barna skv. 21. gr. Jafnframt skal hafa samráð við félagsþjónustu sveitarfélaga vegna málefna einstakra barna eftir því sem þurfa þykir.

Við framkvæmd sérfræðiþjónustu skulu sveitarfélög leggja áherslu á góð tengsl leikskóla og grunnskóla með samfellu í skólastarfi að leiðarljósi.

23. gr.

Sérfræðingar í leikskólamálum.

Á vegum sveitarfélaga skulu starfa sérfræðingar í leikskólamálum er veita leikskólum ráðgjöf og stuðning við nýbreytni og skólaþróun. Þeir sinna einnig eftirliti með starfsemi leikskóla og stuðla að samstarfi þeirra innbyrðis og milli skólastiga.

IX. KAFLI
Stofnun og rekstur leikskóla.

24. gr.

Tilkynningar.

Sveitarstjórn skal tilkynna menntamálaráðuneytinu þegar það stofnar nýjan leikskóla og rekstri leikskóla er hætt.

25. gr.

Leyfi til reksturs leikskóla.

Sveitarstjórn getur leyft öðrum aðilum að byggja og reka leikskóla í formi sjálfseignarstofnunar, hlutafélags eða samkvæmt öðru viðurkenndu rekstrarformi. Heimilt er að binda leyfi sveitarfélags við ákveðinn hámarksfjölda barna. Um slíka leikskóla gilda sömu lög og reglur og um aðra leikskóla samkvæmt lögum þessum eftir því sem við á. Þar á meðal skal af hálfu viðkomandi skóla fylgt ákvæðum stjórnsýslulaga við töku ákvarðana sem kæranlegar eru skv. 30. gr. laga þessara. Það á þó ekki við um ákvarðanir um gjaldtöku. Sveitarfélög skulu setja sér reglur um veitingu rekstrarleyfa. Skulu þær birtar opinberlega og vera aðgengilegar íbúum sveitarfélags.

Í rekstrarleyfi skal skýrt kveðið á um réttindi og skyldur rekstraraðila samkvæmt lögum þessum. Í rekstrarleyfi skal sérstaklega fjallað um þagnarskyldu starfsfólks, sbr. 8. gr., um húsnæði og fjölda barna, sbr. 12. gr., og um gerð skólanámskrár, sbr. 14. gr., um skyldur rekstraraðila til þess meta með reglubundnum hætti árangur og gæði skólastarfsins, sbr. 18. gr., láta sveitarstjórn í té gögn og upplýsingar vegna eftirlits, sbr. 19. gr., og um skipulag og

framkvæmd sérfræðiþjónustu, sbr. 21. og 22. gr. Sveitarstjórnum er heimilt að gera samning við viðkomandi skóla um fyrirkomulag þjónustu og gjaldtöku.

Sveitarstjórn skal tilkynna menntamálaráðuneytinu um veitingu rekstrarleyfis sem og ef rekstrarleyfi fellur úr gildi.

26. gr.

Reglur um innritun.

Sveitarstjórn er heimilt að setja reglur um innritun í leikskóla í sveitarfélaginu, enda njóti viðkomandi leikskóli framlags úr sveitarsjóði. Þessar reglur eru annars vegar settar með tilliti til aðstæðna barna og foreldra og hins vegar með tilliti til aðstæðna í leikskólum sveitarfélagsins.

Reglur sveitarstjórnar samkvæmt þessari grein skulu birtar opinberlega og vera aðgengilegar íbúum sveitarfélagsins.

27. gr.

Gjaldtaka.

Sveitarstjórnum er heimilt að ákveða gjaldtöku fyrir barn í leikskóla. Gjaldtaka fyrir hvert barn má þó ekki nema hærri fjárhæð en nemur meðalraunkostnaði við dvöl hvers leikskólabarns í leikskólum á vegum sveitarfélagsins.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til leikskóla sem fengið hafa rekstrarleyfi skv. 25. gr. nema kveðið sé á um slíkt í þjónustusamningi sem sveitarfélag gerir við aðila sem fengið hefur rekstrarleyfi skv. 25. gr.

28. gr.

Samrekstur skóla.

Sveitarfélögum, tveimur eða fleiri, er heimilt að hafa með sér samvinnu um rekstur leikskóla, sbr. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga. Í samningi sveitarfélaga skal kveðið á um hvernig fari með hlutverk nefndar skv. 2. mgr. 4. gr. Velji sveitarfélög að reka saman leikskóla í formi byggðasamlags, sbr. 82. gr. sveitarstjórnarlaga, fer stjórn byggðasamlags með verkefni nefndar skv. 2. mgr. 4. gr. nema stofnuð sé sérstök nefnd til að fara með það hlutverk á vegum byggðasamlagsins. Ákvæði um slíkt fyrirkomulag skulu sett í samning um stofnun byggðasamlags.

Hafi sveitarfélög með sér samstarf um skólahald á leikskólastigi með þeim hætti að börn úr tilteknu sveitarfélagi sæki leikskóla sem rekinn er af öðru sveitarfélagi fer um samninga milli sveitarfélaga eftir 5. gr. laga um grunnskóla. Sæki hluti barna úr sveitarfélagi leikskóla í öðru sveitarfélagi á þeim grundvelli er viðkomandi sveitarfélögum heimilt að kveða svo á í samþykktum um stjórn sveitarfélaganna að í nefnd skv. 2. mgr. 4. gr. viðtökusveitarfélags eigi sæti, með málfrelsi og tillögurétt, fulltrúi sem kjörinn er af sveitarstjórn þess sveitarfélags þar sem umrædd börn eiga lögheimili.

Sveitarfélögum er heimilt að reka saman leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla undir stjórn eins skólastjóra að fenginni umsögn nefndar skv. 2. mgr. 4. gr. Skal stjórnandi slíkrar stofnunar hafa leyfisbréf til kennslu á leik- og/eða grunnskólastigi. Sveitarstjórn getur ákveðið að foreldraráð, sbr. 11. gr., og skólaráð, sbr. 8. gr. laga um grunnskóla, starfi sameiginlega í einu ráði. Ákvæði þetta gildir einnig um skóla sem reknir eru á grundvelli 1. mgr.

Hinn samrekni skóli starfar að öðru leyti samkvæmt lögum um viðkomandi skólastig.

29. gr.
Þróunarleikskólar.

Ráðherra getur veitt sveitarfélögum og sjálfstætt reknum leikskólum heimild til að reka þróunarleikskóla eða gera tilraunir með ákveðna þætti skólastarfs með undanþágu frá ákvæðum laga þessara, reglugerða settra á grundvelli þeirra og aðalnámskrár leikskóla. Slíkum tilraunum skulu ávallt sett eðlileg tímamörk og kveðið á um úttekt að tilraun lokinni.

Heimilt er að styrkja þróunarleikskóla og sérstakar nýjungar eftir því sem fjárlög heimila hverju sinni.

X. KAFLI
Meðferð ágreiningsmála.

30. gr.
Málskotsréttur.

Ákvarðanir um rétt einstakra barna, sem teknar eru á grundvelli 22. gr. um rétt til sérstakrar aðstoðar og þjálfunar, um aðgang að skóla, sbr. 4. og 26. gr., og um gjaldtöku fyrir vist í leikskóla, sbr. 27. gr., eru kæranlegar til ráðherra. Um meðferð kærumála fer að ákvæðum stjórnsýslulaga.

Sveitarstjórn getur ákveðið í samþykkt um stjórn og stjórnsýslu sveitarfélags að áður en hægt er að kæra ákvörðun skv. 1. mgr. til ráðherra skuli fyrst beina kæru til nefndar skv. 2. mgr. 4. gr. eða annars tiltekins aðila innan stjórnsýslu sveitarfélags. Sé heimild þessari beitt skal sveitarstjórn ákveða hvort þessi kæruréttur eigi við um hluta ákvarðana skv. 1. mgr. eða um þær allar. Um málsmeðferð á kærustigi innan sveitarfélags fer að ákvæðum stjórnsýslulaga.

Verði ákvörðun sem tekin er af hálfu sveitarfélags skv. 22. gr. um rétt til sérstakrar aðstoðar og þjálfunar, eða um aðgang að skóla, sbr. 4. og 26. gr., ekki talin í samræmi við lög getur ráðherra, í úrskurði í tilefni af stjórnsýslukæru, kveðið á um að viðkomandi sveitarfélag skuli sjá barni fyrir slíkri þjálfun eða aðstoð eða aðgangi að leikskóla.

XI. KAFLI
Gildistaka o.fl.

31. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2008. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 78/1994, um leikskóla.

Ákvæði til bráðabirgða.

Reglugerðir, auglýsingar og önnur fyrirmæli sett samkvæmt lögum nr. 78/1994, með síðari breytingum, skulu halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þau stangast ekki á við lög þessi þar til nýjar reglugerðir, auglýsingar eða önnur fyrirmæli hafa öðlast gildi.

1114. Frumvarp til laga [285. mál]

um grunnskóla.

(Eftir 2. umr., 26. maí.)

I. KAFLI
Gildissvið, hlutverk grunnskóla og skólaskylda.

1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi taka til grunnskóla á vegum sveitarfélaga, til sjálfstætt rekinna grunnskóla sem hlotið hafa viðurkenningu samkvæmt lögum þessum og til viðurkennds náms á grunnskólastigi. Skólar sem bjóða nám á grunnskólastigi nefnast grunnskólar.

2. gr.
Markmið.

Hlutverk grunnskóla, í samvinnu við heimilin, er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Starfshættir grunnskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, kristinni arfleifð íslenskrar menningar, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi. Þá skal grunnskóli leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við stöðu og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins.

Grunnskóli skal stuðla að víðsýni hjá nemendum og efla færni þeirra í íslensku máli, skilning þeirra á íslensku samfélagi, sögu þess og sérkennum, högum fólks og á skyldum einstaklingsins við samfélagið, umhverfið og umheiminn. Nemendum skal veitt tækifæri til að nýta sköpunarkraft sinn og að afla sér þekkingar og leikni í stöðugri viðleitni til menntunar og þroska. Skólastarfið skal leggja grundvöll að frumkvæði og sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfa hæfni þeirra til samstarfs við aðra.

Grunnskóli skal stuðla að góðu samstarfi heimilis og skóla með það að markmiði að tryggja farsælt skólastarf, almenna velferð og öryggi nemenda.

3. gr.
Skólaskylda.

Skólaskylda á grunnskólastigi er að jafnaði í tíu ár, en getur verið skemmri, sbr. 32. gr. Öllum börnum, að jafnaði á aldrinum 6–16 ára, er skylt að sækja grunnskóla.

Foreldrar gæta hagsmuna barna sinna á skólaskyldualdri. Foreldrar samkvæmt lögum þessum teljast þeir sem fara með forsjá barns í skilningi barnalaga.

II. KAFLI
Stjórnskipan grunnskóla.

4. gr.
Yfirstjórn.

Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn þeirra málefna sem lög þessi taka til, setur grunnskólum aðalnámskrá, leggur grunnskólum til námsgögn, hefur eftirlit með gæðum skólastarfs, annast öflun, greiningu og miðlun upplýsinga, styður þróunarstarf í skólum og hefur úrskurðarvald í ágreiningsmálum eftir því sem lög þessi kveða á um. Menntamálaráðuneyti

hefur eftirlit með því að sveitarfélög uppfylli þær skyldur sem lög þessi, reglugerðir og reglur settar samkvæmt þeim og aðalnámskrá grunnskóla kveða á um. Ráðherra skal á þriggja ára fresti leggja fram á Alþingi skýrslu um framkvæmd skólastarfs í grunnskólum landsins sem byggist m.a. á skýrslum sveitarfélaga um skólahald skv. 37. gr.

5. gr.

Sveitarfélög.

Rekstur almennra grunnskóla er á ábyrgð og kostnað sveitarfélaga. Sveitarfélög bera ábyrgð á heildarskipan skólahalds í grunnskólum sveitarfélagsins, þróun einstakra skóla, húsnæði og búnaði grunnskóla, sérúrræðum grunnskóla, sérfræðiþjónustu, mati og eftirliti, öflun og miðlun upplýsinga og á framkvæmd grunnskólastarfs í sveitarfélaginu. Sveitarfélög setja almenna stefnu um grunnskólahald í sveitarfélaginu og kynna fyrir íbúum þess. Sveitarstjórn skal koma á samstarfi leikskóla og grunnskóla annars vegar og grunnskóla og framhaldsskóla hins vegar.

Sveitarfélög bera ábyrgð á samstarfi skóla við aðila utan hans.

Sveitarfélögum er skylt að sjá til þess að skólaskyld börn skv. 3. gr., sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, og börn sem hefur verið ráðstafað í fóstur til fósturforeldra, sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, njóti skólavistar eftir því sem nánar segir í lögum þessum.

Liggi ekki fyrir ákvörðun stjórnvalds um lögheimili barns kveður sveitarstjórn á um skólaskyldu þess, enda búi barnið í sveitarfélaginu og leitað hafi verið eftir innritun þess í skóla, sbr. 19. gr. Synjun sveitarstjórnar er kæranleg eftir fyrirmælum 47. gr. Í úrskurði getur menntamálaráðuneyti lagt fyrir sveitarfélag að tryggja barni skólavist innan sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn í sveitarfélagi þar sem barn á lögheimili getur samið við annað sveitarfélag um að veita barninu skólavist þannig að viðtökusveitarfélag hafi sömu skyldur gagnvart skólavist þess og ætti það lögheimili þar.

6. gr.

Skólanefnd.

Í hverju sveitarfélagi skal í umboði sveitarstjórnar vera skólanefnd sem fer með málefni grunnskóla eftir því sem lög og reglugerðir ákveða og sveitarstjórn eða sveitarstjórnir kunna að fela henni.

Meginhlutverk skólanefndar er sem hér segir:

a. að sjá til þess að öll skólaskyld börn sem rétt eiga á skólavist í sveitarfélaginu njóti lögboðinnar fræðslu,
b. að staðfesta starfsáætlun skóla ár hvert og skólanámskrá einstakra skóla,
c. að fylgjast með framkvæmd náms og kennslu í sveitarfélaginu og gerð skólanámskrár og gera tillögur til skólastjóra og/eða sveitarstjórnar um umbætur í skólastarfi,
d. að fylgjast með og stuðla að því að nemendum og skólum sé tryggður aðgangur að sérfræðiþjónustu,
e. að sjá til þess að jafnan sé fyrir hendi viðeigandi húsnæði fyrir kennslu og annar aðbúnaður, þ.m.t. útivistar- og leiksvæði nemenda,
f. að hafa eftirlit með að ákvæði laga og reglugerða séu uppfyllt og gera tillögur til sveitarstjórnar um úrbætur,
g. að stuðla að tengslum og samstarfi leikskóla og grunnskóla annars vegar og grunnskóla og framhaldsskóla hins vegar.

Skólanefnd skal kosin af hlutaðeigandi sveitarstjórn í upphafi hvers kjörtímabils. Um kosningu í skólanefnd og starfshætti fer samkvæmt sveitarstjórnarlögum og samþykktum viðkomandi sveitarfélags. Varamenn í skólanefndum skulu vera jafnmargir aðalmönnum og kosnir á sama hátt.

Skólastjórar, grunnskólakennarar og foreldrar í sveitarfélagi kjósa hver úr sínum hópi aðal- og varamann til setu á skólanefndarfundum með málfrelsi og tillögurétt.

Þegar skólanefnd fær til meðferðar kærumál samkvæmt ákvæðum laga þessara gilda um meðferð kærumálsins reglur stjórnsýslulaga. Um sérstakt hæfi nefndarmanna og annarra fulltrúa sem rétt hafa til að sitja fundi nefndarinnar gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga.

7. gr.

Skólastjóri.

Við grunnskóla skal vera skólastjóri sem er forstöðumaður grunnskóla, stjórnar honum, veitir faglega forustu og ber ábyrgð á starfi skólans gagnvart sveitarstjórn. Skólastjóri stuðlar að samstarfi allra aðila skólasamfélagsins. Skólastjóri boðar til kennarafunda svo oft sem þurfa þykir á starfstíma grunnskóla. Kennarafundi skulu sækja kennarar og aðrir sérfræðingar skólans. Skólastjóri boðar til starfsmannafunda svo oft sem þurfa þykir.

Skólastjóri gerir tillögur til sveitarstjórnar um fyrirkomulag stjórnunar í grunnskóla með tilliti til þarfa viðkomandi skóla. Skólastjóri ákveður verksvið annarra stjórnenda skólans og skal einn þeirra vera staðgengill skólastjóra.

Hafi grunnskóli færri en 60 nemendur, og ef ekki er annar stjórnandi, ákveður skólastjóri í upphafi skólaárs hver af föstum kennurum skólans skuli annast skólastjórn í forföllum hans.

8. gr.

Skólaráð.

Við grunnskóla skal starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Skólanefnd, sbr. 6. gr., getur með samþykki sveitarstjórnar falið skólaráðum einstakra skóla ákveðin verkefni þessu til viðbótar.

Skólaráð skal skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks í viðkomandi skóla, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra, auk skólastjóra sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Skólaráð velur að auki einn fulltrúa grenndarsamfélags til að sitja í ráðinu eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra. Auk þess skal skólastjóri boða til sameiginlegs fundar skólaráðs og stjórnar nemendafélags að lágmarki einu sinni á ári.

Ráðherra setur reglugerð um starfsemi skólaráða í samráði við samtök sveitarfélaga, kennara og foreldra.

9. gr.

Foreldrafélag.

Við grunnskóla skal starfa foreldrafélag. Skólastjóri er ábyrgur fyrir stofnun þess og sér til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Hlutverk foreldrafélags er að styðja skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla.

Foreldrafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð.

10. gr.
Nemendafélag.

Við grunnskóla skal starfa nemendafélag og er skólastjóri ábyrgur fyrir stofnun þess. Nemendafélag vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda og skal skólastjóri sjá til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum.

Nemendafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð skv. 2. mgr. 8. gr.

III. KAFLI
Starfsfólk grunnskóla.

11. gr.
Ráðning.

Um ráðningu skólastjóra og starfsfólks grunnskóla fer eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaga og nánari fyrirmælum í samþykkt um stjórn sveitarfélags eftir því sem við á.

Um skilyrði þess að hljóta ráðningu sem skólastjóri eða kennari í grunnskóla fer samkvæmt gildandi lögum þar um.

Óheimilt er að ráða einstakling til starfa við grunnskóla sem hlotið hefur refsidóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Við ráðningu skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild skólastjóra til að afla upplýsinga úr sakaskrá.

12. gr.
Starfsfólk.

Starfsfólk grunnskóla skal rækja starf sitt af fagmennsku, alúð og samviskusemi. Það skal gæta kurteisi, nærgætni og lipurðar í framkomu sinni gagnvart börnum, foreldrum þeirra og samstarfsfólki.

Starfsfólk grunnskóla skal gæta fyllstu þagmælsku um hagi barna og foreldra þeirra, sem það fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna og eðli máls. Þagnarskylda helst þótt viðkomandi láti af störfum. Þagnarskylda starfsfólks grunnskóla nær ekki til atvika sem ber að tilkynna um lögum samkvæmt. Skal skólastjóri brýna skyldur þessar fyrir starfsfólki og sérstaklega tilkynningarskyldu samkvæmt barnaverndarlögum.

Að frumkvæði skólastjóra mótar hver skóli áætlun til ákveðins tíma um hvernig símenntun starfsfólks hans skuli hagað svo að hún sé í sem bestu samræmi við áherslur skólans, sveitarfélagsins og aðalnámskrár.

Kennarar og skólastjórar grunnskóla skulu eiga kost á reglulegri símenntun í þeim tilgangi að efla starfshæfni sína. Þeir skulu einnig eiga kost á námsleyfum.

IV. KAFLI
Nemendur.

13. gr.
Réttur nemenda.

Grunnskóli er vinnustaður nemenda. Allir nemendur grunnskóla eiga rétt á kennslu við sitt hæfi í hvetjandi námsumhverfi í viðeigandi húsnæði sem tekur mið af þörfum þeirra og

almennri vellíðan. Grunnskóli skal í hvívetna haga störfum sínum þannig að nemendur finni til öryggis og njóti hæfileika sinna. Nemendur eiga rétt á því að njóta bernsku sinnar í öllu starfi á vegum skólans. Þess skal gætt að vinnuálag í skóla sé hæfilegt þannig að nemendur fái nægjanlega hvíld frá skipulögðu starfi innan hvers skóladags og skólaárs, svo sem með samfelldu jóla- og páskaleyfi. Nemendur eiga rétt á því að koma sjónarmiðum sínum á framfæri varðandi námsumhverfi, námstilhögun, fyrirkomulag skólastarfs og aðrar ákvarðanir sem snerta þá. Taka skal tillit til sjónarmiða þeirra eins og unnt er.

Hver nemandi skal hafa umsjónarkennara. Umsjónarkennari fylgist náið með námi nemenda sinna og þroska, líðan og almennri velferð, leiðbeinir þeim í námi og starfi, aðstoðar og ráðleggur þeim um persónuleg mál og stuðlar að því að efla samstarf skóla og heimila.

Nemendur eiga rétt á að njóta náms- og starfsráðgjafar í grunnskóla af til þess bærum sérfræðingum.

14. gr.

Ábyrgð nemenda.

Nemendur bera ábyrgð á eigin námi og á framkomu sinni og samskiptum með hliðsjón af aldri og þroska.

Nemendum ber að hlíta fyrirmælum kennara og starfsfólks grunnskóla í öllu því sem skólann varðar, fara eftir skólareglum og fylgja almennum umgengnisreglum í samskiptum við starfsfólk og skólasystkin.

Ef hegðun nemanda reynist verulega áfátt ber kennara hans að leita orsaka þess og reyna að ráða á því bót, m.a. með viðtölum við nemandann sjálfan og foreldra hans. Verði samt ekki breyting á til batnaðar skal kennari leita aðstoðar skólastjóra og sérfróðra ráðgjafa skólans sem leita leiða til úrbóta, eftir atvikum að teknu tilliti til hlutverks barnaverndaryfirvalda.

Meðan mál skv. 3. mgr. er óútkljáð getur skólastjóri vísað nemanda úr skóla um stundarsakir eða ótímabundið, enda tilkynni hann foreldrum nemanda og skólanefnd tafarlaust þá ákvörðun. Um slíka ákvörðun gilda ákvæði stjórnsýslulaga. Skólanefnd er skylt innan hæfilegs tíma að tryggja nemanda, sem vikið hefur verið úr skóla, viðeigandi kennsluúrræði.

Ákvörðun skv. 4. mgr. er kæranleg eftir fyrirmælum 47. gr. Hafi sveitarfélag ekki séð nemanda fyrir kennslu getur ráðuneytið í úrskurði sínum lagt fyrir sveitarfélag að tryggja nemanda nánar tiltekin kennsluúrræði innan tilskilins tíma.

Ráðherra mælir nánar fyrir um framkvæmd þessarar greinar í reglugerð.

15. gr.

Skólaskylda.

Nemendum er skylt að sækja grunnskóla, sbr. 3. gr. Skólaskyldu er unnt að fullnægja í grunnskólum á vegum sveitarfélaga, í sjálfstætt reknum grunnskólum eða með öðrum viðurkenndum hætti samkvæmt lögum þessum.

Skólaskylda barns hefst að jafnaði við upphaf skólaárs á því almanaksári sem barnið verður sex ára. Foreldrar barns geta sótt um eða samþykkt að það hefji skólagöngu fyrr eða síðar. Skólastjóri getur veitt slíka heimild að fenginni umsögn sérfræðiþjónustu.

Skólastjóra er heimilt að veita nemanda undanþágu frá skyldunámi í tiltekinni námsgrein ef gild rök mæla með því. Enn fremur er skólastjóra heimilt að viðurkenna nám utan grunnskóla sem jafngildi grunnskólanáms.

Sæki foreldrar skólaskylds barns um tímabundna undanþágu þess frá skólasókn í einstökum námsgreinum eða að öllu leyti er skólastjóra heimilt að veita slíka undanþágu telji

hann til þess gildar ástæður. Foreldrar skulu þá sjá til þess að nemandinn vinni upp það sem hann kann að missa úr námi meðan á undanþágu stendur.

Um ákvörðun um veitingu undanþágu eða synjun hennar, sbr. 3. og 4. mgr., gilda ákvæði stjórnsýslulaga. Slík ákvörðun er kæranleg eftir fyrirmælum 47. gr. Í úrskurði getur ráðherra mælt fyrir um að undanþága verði veitt í heild eða að hluta, jafnvel þó að af hálfu sveitarfélags hafi ekki verið fallist á slíka beiðni.

Setja skal viðmiðanir um undanþágur samkvæmt þessari grein í aðalnámskrá grunnskóla.

16. gr.

Móttökuáætlun og nemendur með annað móðurmál en íslensku.

Kennsla í grunnskólum skal fara fram á íslensku. Heimilt er að nám fari fram á öðrum tungumálum en íslensku þegar það leiðir af eðli máls eða aðalnámskrá.

Grunnskólar taka á móti nemendum sem eru að hefja skólagöngu, eru að skipta um skóla eða hefja nám sitt hér á landi, samkvæmt móttökuáætlun skóla eða sveitarfélags. Foreldrum skulu á þeim tímamótum veittar upplýsingar um skólagöngu barnsins og skólastarfið almennt og foreldrum með annað móðurmál en íslensku og heyrnarlausum foreldrum greint frá rétti þeirra til túlkaþjónustu.

Móttökuáætlun vegna nemenda með annað móðurmál en íslensku skal taka mið af bakgrunni þeirra, tungumálafærni og færni á öðrum námssviðum. Tryggja skal að þessir nemendur og foreldrar þeirra fái ráðgjöf og aðgang að upplýsingum um grunnskólastarf.

Nemendur með annað móðurmál en íslensku eiga rétt á kennslu í íslensku sem öðru tungumáli. Með kennslunni er stefnt að virku tvítyngi þessara nemenda og að þeir geti stundað nám í grunnskólum og tekið virkan þátt í íslensku samfélagi. Grunnskólum er heimilt að viðurkenna kunnáttu í móðurmáli nemenda með annað móðurmál en íslensku sem hluta af skyldunámi er komi í stað skyldunáms í erlendu tungumáli.

17. gr.

Nemendur með sérþarfir.

Nemendur eiga rétt á að komið sé til móts við námsþarfir þeirra í almennum grunnskóla án aðgreiningar, án tillits til líkamlegs eða andlegs atgervis.

Nemendur sem eiga erfitt með nám sökum sértækra námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra örðugleika og/eða fötlunar, sbr. 2. gr. laga um málefni fatlaðra, nemendur með leshömlun, langveikir nemendur og aðrir nemendur með heilsutengdar sérþarfir eiga rétt á sérstökum stuðningi í námi í samræmi við metnar sérþarfir.

Nemendur sem að mati læknis geta ekki sótt skóla vegna slyss eða langvarandi veikinda eiga rétt til sjúkrakennslu annaðhvort á heimili sínu eða á sjúkrastofnun. Sjúkrakennsla er á ábyrgð viðkomandi sveitarfélags.

Telji foreldrar barns, skólastjórar, kennarar eða aðrir sérfræðingar að það fái ekki notið kennslu við sitt hæfi í almennum grunnskóla geta foreldrar sótt um skólavist fyrir barnið í sérúrræði innan grunnskóla eða í sérskóla.

Verði ágreiningur um fyrirkomulag skólavistar barns skal við úrlausn hans gæta ákvæða stjórnsýslulaga. Skal ákvörðun tekin með hliðsjón af áliti sérfræðinga og með heildarhagsmuni barnsins að leiðarljósi. Ákvörðun er kæranleg samkvæmt fyrirmælum 47. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar og málsmeðferð. Þegar ráðuneytið kveður upp úrskurð í málum sem því berast á grundvelli þessarar

greinar er því heimilt að mæla nánar fyrir um fyrirkomulag skólavistunar nemanda og skyldur sveitarfélags í því efni.

V. KAFLI
Foreldrar.

18. gr.
Foreldrar og meðferð upplýsinga.

Foreldrar skulu gæta hagsmuna barna sinna á skólaskyldualdri. Foreldrar eiga rétt á að velja grunnskóla innan sveitarfélags fyrir börn sín samkvæmt reglum sveitarfélagsins. Jafnframt skulu þeir eiga rétt á upplýsingum um skólastarfið og skólagöngu barna sinna.

Foreldrum er skylt að veita grunnskóla upplýsingar um barn sitt sem nauðsynlegar eru fyrir skólastarfið og velferð barnsins. Um persónuupplýsingar sem þannig er aflað eða fylgt hafa barni úr leikskóla er krafist fullrar þagnarskyldu og málsmeðferðar í samræmi við gildandi lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Foreldrum skal gerð grein fyrir þessum upplýsingum. Meðferð upplýsinga skal vera á hendi skólastjóra eða annarra sérfræðinga á vegum sveitarfélagsins samkvæmt nánari ákvörðun þess. Ráðherra setur reglugerð um meðferð, eyðingu og miðlun upplýsinga og um rétt foreldra til aðgangs að upplýsingum um börn sín.

Foreldrar skulu hafa samráð við skólann um skólagöngu barna sinna, fylgjast með og styðja við skólagöngu þeirra og námsframvindu og stuðla að því að börnin mæti úthvíld í skólann og fylgi skólareglum. Þeir skulu fá tækifæri til að taka þátt í námi barnsins, svo og í skólastarfinu almennt.

Eigi í hlut foreldrar sem ekki tala íslensku eða nota táknmál skal skóli leitast við að tryggja túlkun á upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna samskipta foreldra og skóla samkvæmt þessari grein.

19. gr.
Ábyrgð foreldra.

Foreldrar bera ábyrgð á námi barna sinna og ber þeim að fylgjast með námsframvindu þeirra í samvinnu við þau og kennara þeirra. Foreldrar skólaskylds barns bera ábyrgð á að það innritist í skóla þegar það kemst á skólaskyldualdur og sæki skóla. Verði misbrestur á skólasókn skólaskylds barns, án þess að veikindi eða aðrar gildar ástæður hamli, skal skólastjóri leita lausna og taka ákvörðun um úrbætur. Jafnframt skal hann tilkynna barnaverndaryfirvöldum um málið. Skólastjóri skal fara að ákvæðum stjórnsýslulaga við meðferð málsins. Ákvörðun er kæranleg eftir fyrirmælum 47. gr.

Í úrskurði getur menntamálaráðuneyti lagt fyrir sveitarfélag að tryggja nemanda tiltekin kennsluúrræði, þ.m.t. að veita honum aðgang að tilteknum skóla innan sveitarfélagsins.

VI. KAFLI
Skólahúsnæði og aðstaða í grunnskólum.

20. gr.
Skólamannvirki.

Gerð skólamannvirkja er undirbúin af sveitarstjórn í samráði við skólanefnd og skólaráð. Stofnkostnaður grunnskóla á vegum sveitarfélaga greiðist af viðkomandi sveitarfélagi. Sveitarfélög annast einnig og kosta viðhald skólahúsnæðis og endurnýjun og viðhald búnaðar

þess. Gert skal sérstaklega ráð fyrir rými fyrir sérfræðiþjónustu við börn með sérþarfir og vinnuaðstöðu starfsfólks.

Grunnskólahúsnæði og skólalóðir skulu uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í lögum þessum, lögum um vinnuvernd og aðalnámskrá grunnskóla. Húsnæði og allur aðbúnaður skal taka mið af því að tryggja öryggi og vellíðan nemenda og starfsfólks, svo sem hvað varðar hentugan húsbúnað, hljóðvist, lýsingu og loftræstingu.

Við hönnun, byggingu og endurnýjun skólahúsnæðis skulu sveitarfélög hafa samráð við hagsmunaaðila skólasamfélagsins og aðila í grenndarsamfélagi.

Ráðherra setur reglugerð um húsnæði og búnað grunnskóla í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga þar sem nánar skal kveðið á um aðstöðu, búnað, slysavarnir og öryggismál í grunnskólahúsnæði og á skólalóðum.

21. gr.

Umsjón skólamannvirkja.

Skólastjóri skal sjá um daglega umsjón skólamannvirkja samkvæmt nánari ákvörðun sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn getur í samráði við skólastjóra ráðstafað skólahúsnæði öllu eða hluta þess til annarrar starfsemi svo fremi sem það raskar ekki lögbundinni notkun húsnæðisins.

22. gr.

Skólaakstur.

Sveitarfélög bera ábyrgð á skipulagi skólaaksturs þar sem hann á við og standa straum af kostnaðinum. Ráðherra setur nánari reglur um tilhögun skólaaksturs í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Skólaakstur skal vera nemendum að kostnaðarlausu.

23. gr.

Skólamálsverðir.

Í grunnskóla skulu nemendur eiga kost á málsverði á skólatíma í samræmi við opinber manneldismarkmið. Sveitarfélögum er heimilt að taka gjald fyrir skólamáltíðir samkvæmt sérstakri gjaldskrá sem þau setja.

Gjaldskrárákvarðanir samkvæmt þessari grein eru kæranlegar eftir fyrirmælum 47. gr.

VII. KAFLI

Inntak náms, námsskipan, námsframboð, námsmat og starfstími.

24. gr.

Aðalnámskrá.

Ráðherra setur grunnskólum aðalnámskrá sem er endurskoðuð reglulega. Í henni er m.a. kveðið nánar á um uppeldishlutverk grunnskólans og meginstefnu í kennslu og kennsluskipan í samræmi við hlutverk grunnskólans, sbr. 2. gr. Í aðalnámskrá skal m.a. leggja áherslu á:

a. sjálfsvitund, siðgæðisvitund, félagsvitund og vitund nemenda um borgaralega ábyrgð og skyldur,
b. líkamlega og andlega velferð, heilbrigða lífshætti og ábyrga umgengni við líf og umhverfi,
c. þjálfun í íslensku í öllu námi,
d. leikræna og listræna tjáningu,

e. hæfni nemenda til að skilja orsakasamhengi og draga rökréttar ályktanir,
f. skilning og frjótt og skapandi starf, nýsköpun og frumkvöðlanám,
g. jafnvægi milli bóklegs og verklegs náms,
h. leik barna sem náms- og þroskaleið,
i. nám sem nýtist nemendum í daglegu lífi og við frekara nám og starf,
j. undirbúning beggja kynja jafnt undir virka þátttöku í samfélaginu, fjölskyldulífi og atvinnulífi,
k. margvíslegar leiðir við öflun þekkingar með notkun tæknimiðla, upplýsingatækni og safna- og heimildavinnu,
l. náms- og starfsfræðslu og kynningu á atvinnulífi og námsleiðum til undirbúnings náms- og starfsvali.

Í aðalnámskrá og við skipulagningu náms og kennslu og við gerð og val námsgagna skal þess sérstaklega gætt að allir nemendur fái jöfn tækifæri til náms og eigi þess kost að velja sér viðfangsefni og nálgun í eigin námi.

Markmið náms og kennslu og starfshættir grunnskóla skulu vera þannig að komið sé í veg fyrir mismunun vegna uppruna, kyns, kynhneigðar, búsetu, stéttar, trúarbragða, heilsufars, fötlunar eða stöðu að öðru leyti.

Í öllu skólastarfi skal stuðla að heilbrigðum lífsháttum og taka mið af persónugerð, þroska, hæfileikum, getu og áhugasviðum hvers og eins.

25. gr.
Markmið náms.

Í aðalnámskrá skal kveðið á um meginmarkmið náms og kennslu, uppbyggingu og skipan náms, svo og hlutfallslega skiptingu tíma milli námssviða og námsgreina í grunnskóla. Þess skal gætt að námið verði sem heildstæðast, en hver grunnskóli ákveði hvort námsgreinar og námssvið eru kennd aðgreind eða samþætt. Í aðalnámskrá skal skilgreina þekkingar- og hæfniþætti á hverju námssviði. Nemendur skulu eiga þess kost að uppfylla námsmarkmið einstakra námsgreina og námssviða með mismunandi hætti. Í aðalnámskrá skal setja árangursviðmið um það hvenær nemandi telst hafa lokið einstökum námsgreinum eða námssviðum. Einnig skal setja viðmið vegna nemenda sem ljúka grunnskólanámi á skemmri tíma en tíu árum. Í aðalnámskrá skal gera grein fyrir samstarfi grunnskóla við leikskóla og framhaldsskóla og hvernig skuli staðið að aðlögun og flutningi milli skólastiga.

Í aðalnámskrá skal setja ákvæði um inntak og skipulag náms í íslensku, íslensku sem öðru tungumáli eða íslensku táknmáli, stærðfræði, ensku, dönsku eða öðru Norðurlandamáli, list- og verkgreinum, náttúrugreinum, skólaíþróttum, samfélagsgreinum, jafnréttismálum, trúarbragðafræði, lífsleikni og upplýsinga- og tæknimennt.

26. gr.
Val í námi.

Frá upphafi grunnskóla skulu nemendur eiga val í námi sínu, svo sem um viðfangsefni, námsaðferðir og námsgreinar, í samræmi við viðmið í aðalnámskrá grunnskóla og skipulag skóla. Markmiðið með því er að gera nemendur ábyrga fyrir eigin námi og skapa sveigjanleika í skólastarfi. Hluti náms getur einnig verið fjarnám og netnám.

Í 8., 9. og 10. bekk skulu nemendur eiga kost á vali um námsgreinar og námssvið í um þriðjungi námstímans.

Heimilt er að meta skipulagt nám sem stundað er utan grunnskóla, t.d. við tónlistarskóla, sem hluta af grunnskólanámi samkvæmt nánari útfærslu í aðalnámskrá grunnskóla. Stundi nemandi slíkt nám er viðkomandi sveitarstjórn ekki skylt að standa straum af kostnaði sem af því leiðir þótt námið njóti viðurkenningar í stað skyldunáms. Jafnframt er heimilt að meta tímabundna þátttöku í atvinnulífi, félagslífi, íþróttum eða skipulögðu sjálfboðastarfi sem nám, enda falli það að markmiðum skólastarfs.

Grunnskólanemendur eiga rétt á að stunda nám í einstökum námsgreinum á framhaldsskólastigi meðan þeir eru í grunnskóla enda hafi þeir sýnt fullnægjandi færni. Skólastjóri í grunnskóla veitir nemanda heimild til slíks náms utan skólans samkvæmt viðmiðum sem sett skulu í aðalnámskrá. Ákvörðun skólastjóra samkvæmt þessari málsgrein lýtur ákvæðum stjórnsýslulaga.

Heimilt er að kæra synjun um mat á námi eða beitingu heimildar samkvæmt þessari grein eftir fyrirmælum 47. gr. Í úrskurði getur menntamálaráðuneyti lagt fyrir skólastjóra grunnskóla að veita nemanda heimild til náms á framhaldsskólastigi skv. 4. mgr.

27. gr.

Námsmat.

Mat á árangri og framförum nemenda er reglubundinn þáttur í skólastarfi. Tilgangur þess er að fylgjast með því hvernig nemendum tekst að mæta markmiðum aðalnámskrár og ná námsmarkmiðum sínum, örva nemendur til framfara og meta hverjir þurfa á sérstakri aðstoð að halda. Nánari ákvæði um námsmat skulu sett í aðalnámskrá grunnskóla.

Óheimilt er að veita upplýsingar um vitnisburði einstakra nemenda öðrum en þeim sjálfum og foreldrum þeirra. Þó er heimilt að veita þessar upplýsingar vegna flutnings nemenda milli skóla og innritunar í framhaldsskóla, enda sé krafist fullrar þagnarskyldu og málsmeðferðar í samræmi við gildandi lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Nemendur og foreldrar þeirra eiga rétt á upplýsingum um niðurstöður mats, matsaðferðir og matstæki, þar með talið að skoða metin verkefni og prófúrlausnir. Þeir eiga jafnframt rétt á munnlegum skýringum á námsmati og að niðurstaða námsmats sæti endurskoðun innan grunnskólans. Slík endurskoðun telst ekki ígildi stjórnsýslukæru í skilningi stjórnsýslulaga.

Ráðherra setur nánari ákvæði í reglugerð um meðferð niðurstöðu námsmats í grunnskólum og miðlun upplýsinga um námsmat vegna flutnings nemenda milli skóla og innritunar í framhaldsskóla og um rétt foreldra til þess að fá vitneskju um slíkar upplýsingar.

28. gr.

Starfstími.

Starfstími nemenda í grunnskóla skal á hverju skólaári vera að lágmarki níu mánuðir. Skóladagar nemenda skulu eigi vera færri en 180. Skipting milli kennsludaga og annarra skóladaga nemenda er á ábyrgð skólastjóra að höfðu samráði við skólaráð og að fenginni staðfestingu skólanefndar.

Vikulegur kennslutími hvers nemanda í grunnskóla skal að lágmarki vera:

a. 1.200 mínútur í 1.–4. bekk,
b. 1.400 mínútur í 5.–7. bekk,
c. 1.480 mínútur í 8.–10. bekk.

Skólastjóri ákveður nánari útfærslu vikulegs kennslutíma í samráði við skólaráð. Við ákvörðun daglegs og vikulegs starfstíma nemenda í grunnskóla skal þess gætt að hann sé

samfelldur með eðlilegum hléum og fari ekki fram yfir hæfilegt vinnuálag miðað við aldur nemenda og þroska.

Heimilt er að víkja frá vikulegum lágmarkskennslutíma skv. 2. mgr. tímabundið, en nemendum skal þá tryggð viðbótarkennsla sem nemur frávikinu innan sama skólaárs.

29. gr.

Skólanámskrá og starfsáætlun.

Í hverjum grunnskóla skal gefa út skólanámskrá og starfsáætlun. Skólastjóri er ábyrgur fyrir gerð þeirra og skal semja þær í samráði við kennara. Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla um markmið, inntak náms og námsmat, starfshætti og mat á árangri og gæðum skólastarfs. Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu grunnskóla og aðstæðum og skal endurskoða reglulega.

Í árlegri starfsáætlun er m.a. gerð grein fyrir skóladagatali, þ.m.t. lengd jólaleyfis, páskaleyfis og annarra vetrarleyfa, starfsáætlun nemenda, skólareglum, stoðþjónustu, félagslífi og öðru því sem varðar starfsemi skólans ár hvert. Starfsáætlun skóla skal árlega lögð fyrir skólanefnd til staðfestingar sem staðfestir gildistöku hennar þegar ljóst er að hún hafi verið unnin í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá, kjarasamninga og ákvarðanir sveitarstjórnar um fyrirkomulag skólahalds.

Skólastjóri er ábyrgur fyrir útfærslu þessara ákvæða og einnig fyrir umfjöllun í skólanum og í skólaráði og að gera skólanefnd grein fyrir því með hvaða hætti áætlanir hafi staðist. Starfsáætlun og skólanámskrá skulu vera aðgengilegar öllum aðilum skólasamfélagsins.

30. gr.

Skólareglur.

Í hverjum grunnskóla skal setja skólareglur. Í skólareglum skal m.a. kveðið á um almenna umgengni, samskipti, stundvísi, ástundun náms og heilbrigðar lífsvenjur. Í reglunum skal koma fram hvernig skólinn hyggst bregðast við brotum á þeim.

Skólastjóri er ábyrgur fyrir gerð skólareglna og kynningu þeirra og skulu þær unnar í samráði við skólaráð og fulltrúa nemenda í skólaráði.

31. gr.

Kostnaður í skyldunámi.

Kennsla í skyldunámi í opinberum grunnskólum skal veitt nemendum að kostnaðarlausu og er óheimilt að krefja nemendur eða foreldra þeirra um greiðslu fyrir kennslu, þjónustu, námsgögn eða annað efni sem nemendum er gert skylt að nota í námi sínu og samrýmist ákvæðum laga þessara og aðalnámskrá. Sama á við um nám grunnskólanemenda í framhaldsskólaáföngum, enda sé námið skilgreint sem hluti náms í grunnskóla. Þó er opinberum aðilum ekki skylt að leggja nemendum til gögn til persónulegra nota, svo sem ritföng og pappír.

Nú stundar grunnskólanemandi nám í framhaldsskóla sem skilgreint er sem hluti náms í grunnskóla, og fer þá um kostnað vegna kennslu á framhaldsskólastigi eftir ákvæðum laga um framhaldsskóla. Sveitarfélög greiða þá kostnað vegna námsgagna og innritunar og eftir atvikum efnisgjald. Um nánari framkvæmd og fyrirkomulag skal samið milli hlutaðeigandi grunn- og framhaldsskóla.

Menntamálaráðuneyti er skylt að leggja grunnskólum til námsgögn í samræmi við meginmarkmið náms og kennslu á grunnskólastigi samkvæmt aðalnámskrá.

Óheimilt er að taka gjald af nemendum vegna ferðalaga sem flokkast undir vettvangsnám eða eru að öðru leyti hluti af skyldunámi nemenda. Þó er heimilt að taka gjald fyrir uppihald í námsferðum nemenda, að höfðu samráði við foreldra.

Ákvarðanir um gjaldtöku samkvæmt þessari grein eru kæranlegar samkvæmt fyrirmælum 47. gr.

32. gr.

Lok grunnskóla.

Er grunnskólanámi lýkur skal nemandi fá skírteini er votti að hann hafi lokið námi samkvæmt lögum þessum. Í skírteini skal skrá vitnisburð nemanda á lokaári í grunnskóla í því námi er hann lagði stund á.

Skólastjóri metur hvort nemandi hafi lokið grunnskólanámi og ber ábyrgð á útskrift hans úr grunnskóla. Heimilt er að útskrifa nemanda úr grunnskóla áður en tíu ára skyldunámi er lokið, enda uppfylli nemandi námskröfur grunnskóla í samræmi við lokamarkmið aðalnámskrár. Í aðalnámskrá grunnskóla skal nánar kveðið á um útfærslu þessarar greinar. Ákvörðun skólastjóra í þessu efni lýtur ákvæðum stjórnsýslulaga. Foreldri getur kært synjun um útskrift úr grunnskóla samkvæmt þessari grein eftir fyrirmælum 47. gr.

33. gr.

Tómstundastarf og lengd viðvera.

Í öllum grunnskólum skal nemendum gefinn kostur á að taka þátt í tómstunda- og félagsstarfi. Tómstunda- og félagsstarf getur bæði verið liður í daglegu starfi og utan venjulegs skólatíma. Sveitarstjórn getur enn fremur boðið grunnskólanemendum lengda viðveru utan daglegs kennslutíma.

Sveitarfélögum er heimilt að taka gjald fyrir lengda viðveru utan daglegs kennslutíma og tómstundastarf samkvæmt sérstakri gjaldskrá sem þau setja. Gjaldskrárákvarðanir samkvæmt þessari grein eru kæranlegar samkvæmt fyrirmælum 47. gr.

34. gr.

Sprotasjóður skóla.

Sprotasjóður skal styðja við þróun og nýjungar í skólastarfi í samræmi við stefnu stjórnvalda og aðalnámskrá. Til sjóðsins renna fjármunir sem veittir eru á fjárlögum hverju sinni. Menntamálaráðuneyti hefur umsjón með sjóðnum og setur reglugerð um styrkveitingar. Sjóðurinn er sameiginlegur fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Í reglugerð er heimilt að fela stofnun á vegum ráðuneytisins eða öðrum þar til bærum aðila umsjón með sjóðnum og annast úthlutanir úr honum.

VIII. KAFLI
Mat og eftirlit með gæðum grunnskólastarfs.

35. gr.

Markmið.

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum er að:

a. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,
b. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla,

c. auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
d. tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

36. gr.
Innra mat.

Hver grunnskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.

Grunnskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

37. gr.
Ytra mat sveitarfélaga.

Sveitarfélög sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs, sbr. 5. og 6. gr., og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur.

Sveitarfélög skulu fylgja eftir innra og ytra mati þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi.

38. gr.
Ytra mat menntamálaráðuneytis.

Menntamálaráðuneyti annast greiningu og miðlun upplýsinga um skólahald í grunnskólum á grundvelli upplýsinga frá sveitarfélögum skv. 37. gr. og með sjálfstæðri gagnaöflun.

Menntamálaráðuneyti gerir áætlun til þriggja ára um kannanir og úttektir sem miða að því að veita upplýsingar um framkvæmd laga þessara og aðalnámskrár grunnskóla og aðra þætti skólastarfs. Menntamálaráðuneyti skipuleggur einnig þátttöku í alþjóðlegum mennta- og samanburðarrannsóknum.

Ráðherra setur reglugerð um innra og ytra mat og upplýsingaskyldu sveitarfélaga að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

39. gr.
Samræmt námsmat.

Menntamálaráðuneyti stendur fyrir samræmdu námsmati í grunnskólum, leggur grunnskólum í því skyni til samræmd könnunarpróf og annast framkvæmd samræmds námsmats.

Samræmd könnunarpróf í íslensku og stærðfræði skulu lögð fyrir alla nemendur í 4. og 7. bekk grunnskóla. Nemendur í fyrri hluta 10. bekkjar skulu þreyta samræmd könnunarpróf í íslensku, stærðfræði og ensku. Önnur próf skal halda samkvæmt ákvörðun ráðherra.

Skólastjóra er heimilt ef gildar ástæður mæla með því og samþykki foreldra liggur fyrir að veita nemendum undanþágu frá því að þreyta könnunarpróf í einstökum prófgreinum 4., 7. og 10. bekkjar.

Námsmatsstofnun eða annar til þess bær aðili, sem ráðherra ákveður, hefur umsjón með gerð og framkvæmd samræmds námsmats og prófa samkvæmt grein þessari. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um fyrirkomulag og framkvæmd samræmds námsmats, prófa og rannsókna í grunnskólum og undanþágur nemenda frá samræmdu námsmati, samkvæmt þessari grein.

IX. KAFLI
Sérfræðiþjónusta og stoðkerfi grunnskóla.

40. gr.
Skipulag og framkvæmd sérfræðiþjónustu.

Sveitarfélög skulu tryggja að sérfræðiþjónusta sé veitt í grunnskólum, ákveða fyrirkomulag hennar og stuðla að því að hún fari fram innan grunnskóla. Í sérfræðiþjónustu felst annars vegar stuðningur við nemendur og fjölskyldur þeirra og hins vegar stuðningur við starfsemi grunnskóla og starfsfólk þeirra.

Í grunnskólum skal frá upphafi skólagöngu nemenda unnið að forvarnastarfi með skimunum og athugunum á nemendum til að tryggja þeim kennslu og námsaðstoð við hæfi. Auk þess skal fara fram greining á nemendum sem eiga í sálrænum eða félagslegum erfiðleikum sem hafa áhrif á nám þeirra. Allar athuganir á vegum skóla sem varða einstaka nemendur skulu gerðar í samráði við og með samþykki foreldra og óheimilt er að taka gjald fyrir slíkar athuganir. Greina skal foreldrum frá niðurstöðum slíkra athugana.

Foreldrar nemenda geta óskað eftir greiningu samkvæmt þessari grein, auk þess sem skólastjóri, kennarar eða starfsmenn heilsugæslu geta lagt fram ósk um greiningu í samráði við og með samþykki þeirra. Sérfræðiþjónusta sér um að greining fari fram, skilar tillögu til skólastjóra um hvernig við skuli bregðast, fylgist með úrbótum og metur árangur.

Skólastjóri skal samræma innan hvers skóla störf þeirra sem sjá um málefni einstakra nemenda er lúta að sérfræðiþjónustu, námsráðgjöf og skólaheilsugæslu með stofnun nemendaverndarráðs. Jafnframt skal stuðla að samráði við félagsþjónustu sveitarfélags og barnaverndaryfirvöld vegna málefna einstakra nemenda eftir því sem þurfa þykir.

Sveitarfélög sem reka grunnskóla skulu hafa frumkvæði að samstarfi sérfræðiþjónustu, félagsþjónustu, barnaverndaryfirvalda og heilbrigðisþjónustu innan sveitarfélagsins vegna nemenda með sérþarfir og langvinn veikindi. Sveitarfélög skulu einnig hafa frumkvæði að samstarfi sérfræðiþjónustu við aðila sem annast sérhæfð greiningar- og meðferðarúrræði á vegum ríkisins vegna einstakra nemenda.

Við framkvæmd sérfræðiþjónustu skulu sveitarfélög leggja áherslu á góð tengsl leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla með samfellu í skólastarfi að leiðarljósi.

Ráðherra setur reglugerð um sérfræðiþjónustu og starfsemi nemendaverndarráða í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Sé foreldri synjað um beiðni um greiningu skv. 3. mgr. verður sú ákvörðun kærð samkvæmt fyrirmælum 47. gr. Ráðuneytið getur í úrskurði mælt fyrir um að tilteknum nemanda skuli veitt greining í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

41. gr.
Skólaheilsugæsla.

Um skólaheilsugæslu í grunnskólum fer eftir gildandi lögum um heilbrigðisþjónustu. Um skipulag og fyrirkomulag skólaheilsugæslu í grunnskóla skal haft samráð við skólanefnd og skólastjóra.

Skólastjóra ber að fylgjast með því að nemendur njóti skólaheilsugæslu í skólanum í samræmi við þá tilhögun sem ákveðin hefur verið skv. 1. mgr.

Sveitarfélög greiða stofnkostnað húsnæðis í skólum sem ætlað er fyrir skólaheilsugæslu og annast rekstur þess. Laun starfsmanna við skólaheilsugæslu og sérgreindur kostnaður við þessa starfsemi greiðist sem annar kostnaður við rekstur almennrar heilsugæslu á heilsugæslustöð og fer um ráðningu starfsmanna með sama hætti.

42. gr.
Sérúrræði.

Sveitarfélög geta beitt sér fyrir sérúrræðum innan grunnskóla eða stofnað til reksturs sérskóla þegar almennt nám og kennsluhættir hæfa ekki þörfum eða hag nemenda. Slíkum úrræðum er ætlað að veita nemendum sérhæft umhverfi til náms í lengri eða skemmri tíma þar sem jafnframt skal lögð áhersla á að veita starfsfólki almennra grunnskóla stuðning og kennslufræðilega ráðgjöf.

X. KAFLI
Viðurkenning grunnskóla, samrekstur og heimakennsla.

43. gr.
Viðurkenning grunnskóla sem reknir eru af öðrum en sveitarfélögum.

Ráðherra er heimilt að viðurkenna grunnskóla eða hluta grunnskóla, sbr. 1. gr., sem reknir eru af öðrum en sveitarfélögum í formi sjálfseignarstofnunar eða hlutafélags eða samkvæmt öðru viðurkenndu rekstrarformi, enda liggi fyrir samþykki sveitarfélags um stofnun skólans. Heimilt er að binda samþykki sveitarfélags við ákveðinn hámarksfjölda nemenda. Um slíka grunnskóla gilda sömu lög og reglur og um grunnskóla skv. 1. gr., eftir því sem við á. Þar á meðal skal af hálfu viðkomandi skóla fylgt ákvæðum stjórnsýslulaga við töku ákvarðana sem kæranlegar eru skv. 47. gr. Það á þó ekki við um ákvarðanir um gjaldtöku.

Grunnskólar sem hljóta viðurkenningu skv. 1. mgr. eiga rétt á framlagi úr sveitarsjóði til starfsemi sinnar vegna nemenda sem hafa lögheimili í því sveitarfélagi sem skólinn starfar í. Skal framlagið nema að lágmarki 75% af vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda samkvæmt árlegum útreikningi Hagstofu Íslands. Gildir þetta hlutfall fyrir skóla með allt að 200 nemendur, en framlagið skal vera að lágmarki 70% fyrir hvern nemanda umfram þann fjölda. Útreikningur Hagstofu Íslands á kostnaði samkvæmt þessari málsgrein skal taka mið af verðlagsbreytingum.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um framkvæmd þessarar greinar í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og Hagstofu Íslands. Í reglugerð skal m.a. kveðið nánar á um skilyrði fyrir viðurkenningu, hvernig staðið verði að veitingu hennar, upplýsingagjöf til sveitarfélaga og ráðuneytis, eftirlit með starfsemi og afturköllun viðurkenningar.

44. gr.
Þróunarskólar.

Ráðherra getur veitt sveitarfélögum og sjálfstætt reknum grunnskólum heimild til að reka þróunarskóla eða gera tilraunir með ákveðna þætti skólastarfs með undanþágu frá ákvæðum laga þessara, reglugerða settra á grundvelli þeirra og aðalnámskrár grunnskóla. Slíkum tilraunum skulu ávallt sett eðlileg tímamörk og kveðið á um úttekt að tilraun lokinni.

Heimilt er að styrkja þróunarskóla og sérstakar nýjungar eftir því sem fjárlög heimila hverju sinni.

45. gr.
Samrekstur.

Sveitarfélögum, tveimur eða fleiri, er heimilt að hafa með sér samvinnu um rekstur grunnskóla, sbr. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga. Í samningi sveitarfélaga skal kveðið á um hvernig fari með hlutverk skólanefndar skv. 6. gr. Velji sveitarfélög að reka saman grunnskóla í formi byggðasamlags, sbr. 82. gr. sveitarstjórnarlaga, fer stjórn byggðasamlags með verkefni

skólanefndar nema stofnuð sé sérstök nefnd til að fara með það hlutverk á vegum byggðasamlagsins. Ákvæði um slíkt fyrirkomulag skulu sett í samning um stofnun byggðasamlagsins.

Hafi sveitarfélög með sér samstarf um skólahald á grunnskólastigi með þeim hætti að börn úr tilteknu sveitarfélagi sæki skóla sem rekinn er af öðru sveitarfélagi fer um samninga milli sveitarfélaga eftir 5. gr. Sæki umtalsverður hluti barna úr sveitarfélagi skóla í öðru sveitarfélagi á þeim grundvelli er viðkomandi sveitarfélögum heimilt að kveða svo á í samþykktum um stjórn sveitarfélaganna að í skólanefnd viðtökusveitarfélags eigi sæti, með málfrelsi og tillögurétt, fulltrúi sem kjörinn er af sveitarstjórn þess sveitarfélags sem umrædd börn eiga lögheimili í.

Sveitarfélögum er heimilt að reka saman grunnskóla, leikskóla og tónlistarskóla undir stjórn eins skólastjóra að fenginni umsögn skólanefnda. Skal stjórnandi slíkrar stofnunar hafa leyfisbréf til kennslu á leik- og/eða grunnskólastigi. Sveitarstjórn getur ákveðið að skólaráð, sbr. 8. gr., og foreldraráð, sbr. 11. gr. laga um leikskóla, starfi sameiginlega í einu ráði. Ákvæði þetta gildir einnig um skóla sem reknir eru á grundvelli 1. mgr. Hinn samrekni skóli starfar að öðru leyti samkvæmt lögum um viðkomandi skólastig.

46. gr.

Undanþágur.

Ráðherra er heimilt að viðurkenna grunnskóla eða námsbraut innan almenns grunnskóla sem starfar samkvæmt viðurkenndri erlendri eða alþjóðlegri námskrá og námsskipan.

Foreldrar, sem óska eftir undanþágu frá 3. gr. til að geta kennt börnum sínum heima, að hluta eða öllu leyti, skulu sækja um slíka heimild til síns sveitarfélags. Skólastjóri getur veitt undanþágu að höfðu samráði við skólanefnd og sérfræðiþjónustu. Börn sem hljóta heimakennslu eru undanþegin skólaskyldu skv. 3. gr., en skulu lúta eftirliti og reglulegu mati og þreyta könnunarpróf samkvæmt lögum þessum.

Ákvörðun sveitarstjórnar skv. 2. mgr. er kæranleg eftir fyrirmælum 47. gr. Menntamálaráðuneytið getur í úrskurði sínum lagt fyrir sveitarfélag að veita foreldrum barns heimild skv. 2. mgr.

Ráðherra setur reglugerð um skilyrði til heimakennslu á grunnskólastigi. Sveitarfélög skulu tilkynna ráðuneytinu um veitingu heimildar samkvæmt þessari grein.

XI. KAFLI

Meðferð ágreiningsmála.

47. gr.

Kæruheimild.

Ákvarðanir um rétt og skyldu einstakra nemenda sem teknar eru í grunnskólum á grundvelli 4. mgr. 5. gr., 4. mgr. 14. gr., 3. og 4. mgr. 15. gr., 5. mgr. 17. gr., 1. mgr. 19. gr., 1. mgr. 23. gr., 4. mgr. 26. gr., 4. mgr. 31. gr., 2. mgr. 32. gr., 2. mgr. 33. gr., 3. mgr. 40. gr. og 2. mgr. 46. gr. eru kæranlegar til ráðherra. Um meðferð kærumála fer að ákvæðum stjórnsýslulaga.

Sveitarstjórn getur ákveðið í samþykkt um stjórn og stjórnsýslu sveitarfélagsins að áður en hægt er að kæra ákvörðun skv. 1. mgr. skuli fyrst beina kæru til skólanefndar eða annars tiltekins aðila innan stjórnsýslu sveitarfélagsins. Sé heimild þessari beitt skal sveitarstjórn ákveða hvort þessi kæruréttur eigi við um hluta ákvarðana skv. 1. mgr. eða um þær allar, og þá skal jafnframt tekin afstaða til þess í samþykkt hvort slíkar ákvarðanir sem teknar eru af

hálfu sjálfstætt rekinna grunnskóla í sveitarfélagi, sbr. 43. gr., skuli kæranlegar með sama hætti. Um málsmeðferð á kærustigi innan sveitarfélags fer að ákvæðum stjórnsýslulaga.

XII. KAFLI

Gildistaka.

48. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2008. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 66/1995, um grunnskóla.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Grunnskólar sem þegar eru starfandi á grundvelli 56. gr. laga nr. 66/1995, um grunnskóla, sbr. 22. gr. laga nr. 98/2006, eiga rétt á framlagi úr sveitarsjóði samkvæmt lögum þessum án sérstakrar viðurkenningar ráðherra. Sveitarfélagi er þó heimilt að takmarka framlag úr sveitarsjóði við hámarksfjölda nemenda.

Eignarhlutur ríkisins í skólahúsnæði grunnskóla, sem var í eigu ríkisins í heild eða hluta, skal afskrifaður í 15 jöfnum áföngum á árunum 1996–2010 og eignfærður hjá þeim sveitarfélögum sem bera ábyrgð á rekstri skóla og annast viðhald skólahúsnæðis. Sé húsnæði, sem áður var nýtt í tengslum við skólastarf, ekki lengur nýtt í slíku skyni skal eignarhlutur ríkisins vera óskertur.

II.

Sveitarfélög skulu greiða upphæð er svarar til 1,3% af dagvinnulaunum kennara og skólastjóra í sveitarfélaginu í sérstakan sjóð er Samband íslenskra sveitarfélaga annast rekstur á og varðveitir. Úr sjóði þessum skulu greidd laun kennara og skólastjóra við grunnskóla vegna námsleyfa allt að einu ári. Sjóðurinn ráðstafar einnig þeim fjármunum sem ríkið veitir til símenntunar kennara og skólastjóra. Samband íslenskra sveitarfélaga skipar fimm menn í stjórn sjóðsins, tvo tilnefnda af Kennarasambandi Íslands og þrjá af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Stjórn sjóðsins setur sér starfsreglur og birtir þær.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að ákveða að framlög vegna námsleyfa kennara og skólastjórnenda renni í sérstakan sjóð sem sveitarfélög og viðsemjendur þeirra hafa samið um í kjarasamningum. Jafnframt má ákveða að fjármunum sem ákveðnir eru í fjárlögum til símenntunar kennara og skólastjóra verði ráðstafað með sama hætti.

Nú hafa sveitarfélög og viðsemjendur þeirra komið á fót sjóði, sbr. 2. mgr., og skal ráðherra þá birta auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda um að hann komi í stað sjóðs skv. 1. mgr.

III.

Reglugerðir, auglýsingar og önnur fyrirmæli sett samkvæmt lögum nr. 66/1995, með síðari breytingum, skulu halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þau stangast ekki á við lög þessi þar til nýjar reglugerðir, auglýsingar eða önnur fyrirmæli hafa öðlast gildi.

IV.

Skólanefndir sem kosnar hafa verið samkvæmt lögum nr. 66/1995, um grunnskóla, halda umboði sínu.

V.

Samræmd könnunarpróf skv. 39. gr. skulu í fyrsta sinn fara fram vorið 2009.

1115. Frumvarp til laga [286. mál]

um framhaldsskóla.

(Eftir 2. umr., 26. maí.)

I. KAFLI
Gildissvið, hlutverk og yfirstjórn.

1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi taka til skólastarfs á framhaldsskólastigi. Nám á framhaldsskólastigi er skipulagt sem framhald af námi á grunnskólastigi. Það miðar að lokaprófi, svo sem framhaldsskólaprófi, starfsréttindaprófi, stúdentsprófi eða öðrum skilgreindum námslokum sem geta miðast við tiltekin störf og veitt sérstök réttindi þeim tengd.

Lög þessi taka til opinberra framhaldsskóla, sbr. II. kafla, og annarra skóla á framhaldsskólastigi sem hlotið hafa viðurkenningu ráðherra, sbr. III. kafla.

2. gr.
Hlutverk.

Hlutverk framhaldsskóla er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi með því að bjóða hverjum nemanda nám við hæfi.

Framhaldsskólar búa nemendur undir þátttöku í atvinnulífinu og frekara nám. Þeir skulu leitast við að efla færni nemenda í íslensku máli, bæði töluðu og rituðu, efla siðferðisvitund, ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi nemenda, þjálfa þá í ögguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum, jafnrétti og gagnrýninni hugsun, kenna þeim að njóta menningarlegra verðmæta og hvetja til þekkingarleitar. Framhaldsskólar sinna miðlun þekkingar og þjálfun nemenda þannig að þeir öðlist færni til að gegna sérhæfðum störfum og hafi forsendur til að sækja sér frekari menntun.

3. gr.
Yfirstjórn.

Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn þeirra mála er lög þessi taka til og ber ábyrgð á eftirfarandi:

a. almennri stefnumótun í málefnum framhaldsskóla,
b. aðalnámskrá og staðfestingu á námskrám og námsbrautarlýsingum skóla,
c. eftirliti með stjórnsýslu og skólastarfi,
d. stuðningi við þróunarstarf í framhaldsskólum og þróun námsefnis,
e. söfnun, úrvinnslu og miðlun upplýsinga um skólastarf.

II. KAFLI
Opinberir framhaldsskólar.

4. gr.
Stofnun framhaldsskóla.

Opinber framhaldsskóli er ríkisstofnun og heyrir undir menntamálaráðherra.

Ráðherra, eftir atvikum í samstarfi við sveitarfélög, eitt eða fleiri, getur haft frumkvæði

að stofnun opinbers framhaldsskóla. Opinber framhaldsskóli er stofnaður með því að Alþingi leggur skólanum til rekstrarfé í fjárlögum.

Opinberir framhaldsskólar þarfnast ekki sérstakrar viðurkenningar, en þeir skulu uppfylla öll almenn skilyrði fyrir viðurkenningu framhaldsskóla, sbr. 12. gr.

5. gr.

Skólanefndir.

Ráðherra skipar skólanefnd við framhaldsskóla til fjögurra ára í senn. Í skólanefnd skulu sitja fimm einstaklingar. Tveir eru skipaðir samkvæmt tilnefningum sveitarstjórna og þrír án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Nefndin kýs sér formann til eins árs í senn. Áheyrnarfulltrúar eru þrír með málfrelsi og tillögurétt, einn tilnefndur af kennarafundi, einn af nemendafélagi skólans og einn af foreldraráði, til eins árs í senn. Skólameistari situr fundi skólanefndar með málfrelsi og tillögurétt. Hann er framkvæmdastjóri nefndarinnar.

Hlutverk skólanefndar er að:

a. marka áherslur í starfi skólans og stuðla að sem bestri þjónustu við íbúa á starfssvæði skólans og tengslum hans við atvinnu-, félags- og menningarlíf,
b. vera skólameistara til samráðs um námsframboð skóla,
c. staðfesta skólanámskrá að fenginni umsögn almenns skólafundar og fylgjast með framkvæmd hennar,
d. veita skólameistara umsögn um árlega starfs- og fjárhagsáætlun í samræmi við niðurstöður fjárlaga og fylgjast með framkvæmd hennar,
e. vera skólameistara til samráðs um fjárhæð þeirra gjalda sem skólameistari ákveður skv. 45. gr.,
f. vera skólameistara til samráðs um samninga sem viðkomandi skóli gerir,
g. vera skólameistara til samráðs um starfsmannamál,
h. veita ráðherra umsögn um umsækjendur um stöðu skólameistara.

6. gr.

Skólameistari.

Ráðherra skipar skólameistara í framhaldsskólum til fimm ára í senn. Skólanefnd veitir umsögn um umsækjendur um starf skólameistara. Kennari, sem skipaður er skólameistari, skal fá leyfi frá kennarastarfi sínu þann tíma sem hann gegnir embætti skólameistara.

Skólameistari veitir framhaldsskóla forstöðu. Hann stjórnar daglegum rekstri og starfi framhaldsskóla og gætir þess að skólastarfið sé í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá og önnur gildandi fyrirmæli á hverjum tíma. Hann ber ábyrgð á gerð fjárhagsáætlunar og að henni sé fylgt og hefur frumkvæði að gerð skólanámskrár og umbótastarfi innan skólans.

7. gr.

Skólaráð.

Skólaráð skal vera skólameistara til samráðs og aðstoðar. Skólameistari er oddviti skólaráðs sem auk hans skal skipað staðgengli hans og fulltrúum kennara og nemenda. Heimilt er að setja í reglugerð nánari ákvæði um skipan skólaráðs, verksvið þess og starfshætti.

8. gr.

Starfsfólk framhaldsskóla.

Skólameistari ræður stjórnendur, kennara og aðra starfsmenn skólans að höfðu samráði við skólanefnd.

Skólameistari ræður staðgengil sinn til allt að fimm ára í senn. Kennari, sem ráðinn er staðgengill skólameistara, skal eftir atvikum fá leyfi frá kennarastarfi sínu þann tíma sem hann gegnir staðgöngu.

Um skilyrði þess að vera ráðinn skólameistari eða kennari við framhaldsskóla fer eftir ákvæðum gildandi laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Óheimilt er að ráða einstakling til starfa við framhaldsskóla sem hlotið hefur refsidóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Við ráðningu skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild skólameistara til að afla upplýsinga úr sakaskrá.

Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um menntun og starfssvið náms- og starfsráðgjafa, starfsfólks skólasafna og annars starfsfólks framhaldsskóla, eftir því sem við á. Sama gildir um starfssvið skólameistara og kennara.

9. gr.

Skólafundir.

Í framhaldsskólum skal halda skólafund a.m.k. einu sinni á skólaári. Rétt til setu á skólafundi eiga allir starfsmenn skóla ásamt fulltrúum nemenda samkvæmt nánari ákvörðun skólameistara. Á skólafundi er rætt um málefni viðkomandi skóla. Skólameistari boðar til fundar, leggur fram dagskrá og stýrir fundi eða felur öðrum stjórn hans. Fundargerð skólafundar skal kynnt skólanefnd.

Skylt er skólameistara að halda skólafund ef þriðjungur fastra starfsmanna skóla krefst þess.

10. gr.

Kennarafundir.

Í framhaldsskólum skal halda kennarafund a.m.k. tvisvar sinnum á skólaári. Skólameistari boðar til fundar, leggur fram dagskrá og stýrir fundi eða felur öðrum stjórn hans. Fundargerð kennarafundar skal kynnt skólanefnd. Almennir kennarafundir í framhaldsskólum skulu fjalla um stefnumörkun í starfi skóla, m.a. námsskipan, kennsluhætti, gerð skólanámskrár, tilhögun prófa og námsmat.

Skólanefnd, skólameistari og skólaráð geta leitað til kennarafundar um önnur mál.

Kennarafundur kýs við upphaf haustannar fulltrúa í skólaráð. Kennarafundur kýs einnig áheyrnarfulltrúa í skólanefnd.

Allir kennarar sem starfa við skóla eiga rétt til setu á kennarafundi. Skólameistari undirbýr mál er fyrir kennarafund koma, en öllum sem þar eiga seturétt er heimilt að bera þar fram mál.

11. gr.

Námsorlof.

Kennari sem starfað hefur í a.m.k. fimm ár getur óskað eftir að fá sérstakt námsorlof til að efla þekkingu sína og kennarahæfni. Skal hann senda menntamálaráðuneyti beiðni um námsorlof. Ráðuneytið getur, að fenginni umsögn skólameistara, veitt námsorlof allt að einu

ári á föstum launum. Kennari er nýtur námsorlofs getur jafnframt sótt um styrk til að standa straum af kostnaði við ferðalög og námsdvöl í sambandi við námsorlofið. Sá sem fær orlof skilar skýrslu til ráðuneytisins um hvernig því var varið.

Ákvæði þessarar greinar taka einnig til skólameistara og annarra faglegra stjórnenda.

Ráðherra setur reglugerð um námsorlof samkvæmt grein þessari.

III. KAFLI
Aðrir skólar á framhaldsskólastigi.

12. gr.
Viðurkenning.

Ráðherra getur veitt skólum, öðrum en þeim sem falla undir II. kafla, viðurkenningu til kennslu á framhaldsskólastigi. Slíka skóla má starfrækja sem sjálfseignarstofnun, hlutafélag eða með öðru viðurkenndu rekstrarformi. Skilyrði fyrir viðurkenningu lúta að eftirtöldum þáttum:

a. hlutverki og markmiðum skóla,
b. stjórnskipan skóla og skipulagi hans,
c. skólanámskrám og námsbrautarlýsingum,
d. fyrirkomulagi náms og kennslu,
e. hæfisskilyrðum starfsmanna,
f. inntökuskilyrðum nemenda,
g. réttindum og skyldum nemenda,
h. starfsaðstöðu og aðbúnaði kennara og nemenda og þjónustu við þá,
i. innra gæðakerfi,
j. fjárhagsmálefnum og tryggingum.

Í viðurkenningu skóla felst staðfesting á því að starfsemi viðkomandi skóla uppfylli, á þeim tíma sem viðurkenning er veitt, almenn skilyrði laga þessara og reglna sem settar eru með stoð í þeim. Skóli sem hlotið hefur viðurkenningu hefur sjálfdæmi um starfsemi sína að öðru leyti en því sem kveðið er á um í lögum þessum, reglum eða öðrum stjórnvaldsfyrirmælum sem sett eru á grundvelli laganna.

Í viðurkenningu felst ekki skuldbinding um fjárframlög úr ríkissjóði til viðkomandi skóla og eigi heldur ábyrgð á skuldbindingum hans.

Skóli sem hlotið hefur viðurkenningu skal leitast við að leysa úr málum er varða réttindi og skyldur nemenda í samræmi við lög og góða stjórnsýsluhætti.

Uppfylli skóli, sem fengið hefur viðurkenningu, ekki skilyrði laga þessara og reglur og skilyrði sem sett eru á grundvelli þeirra getur ráðherra afturkallað viðurkenninguna.

Í reglugerð skal kveðið nánar á um skilyrði fyrir viðurkenningu og hvernig staðið er að veitingu viðurkenningar, eftirlit með starfsemi skóla, sbr. VII. kafla, og afturköllun viðurkenningar.

13. gr.
Skólameistari, kennarar.

Stjórn skóla, sem hlýtur viðurkenningu ráðherra á grundvelli 12. gr., ræður skólameistara til að stýra daglegri starfsemi skólans. Hann ber ábyrgð á starfsemi skólans í umboði stjórnar eða ábyrgðaraðila í samræmi við samþykktir, stofnskrá eða önnur stofnskjöl viðkomandi skóla.

Um skilyrði þess að vera ráðinn skólameistari eða kennari fer eftir ákvæðum laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Heimilt er ráðherra að víkja frá menntunarkröfum kennara í skólum sem hljóta viðurkenningu skv. 12. gr., enda sé þá ekki um að ræða nám sem byggist á aðalnámskrá framhaldsskóla heldur sérhæft starfsmiðað nám.

14. gr.

Skóla- og kennarafundir.

Um skóla- og kennarafundi fer samkvæmt ákvæðum 9. og 10. gr.

IV. KAFLI
Skipulag náms, námslok.

15. gr.

Námseiningar.

Öll vinna nemenda í framhaldsskóla skal metin í stöðluðum námseiningum og skal að baki hverri einingu liggja því sem næst jafnt vinnuframlag nemanda. Eitt námsár, sem mælir alla ársvinnu nemanda með fullnaðarárangri, veitir 60 einingar. Er þá miðað við að árlegur fjöldi vinnudaga nemenda sé að lágmarki 180 dagar.

Ráðherra setur í aðalnámskrá nánari reglur um mat á námi til eininga og vinnu nemenda í framhaldsskólum.

16. gr.

Framhaldsskólapróf.

Til að útskrifast með framhaldsskólapróf skal nemandi hafa lagt stund á nám sem svarar til 90–120 eininga samkvæmt námskrá og námsbrautarlýsingu sem hlotið hefur staðfestingu ráðherra skv. 23. gr.

17. gr.

Próf til starfsréttinda.

Til að útskrifast með starfsréttindapróf frá framhaldsskóla skal nemandi hafa lokið námi með fullnaðarárangri samkvæmt námskrá og námsbrautarlýsingu sem hlotið hefur staðfestingu ráðherra, sbr. einnig 23. gr.

18. gr.

Stúdentspróf.

Til að útskrifast með stúdentspróf frá framhaldsskóla skal nemandi hafa lokið námi með fullnaðarárangri samkvæmt námskrá og námsbrautarlýsingu sem hlotið hefur staðfestingu ráðherra, sbr. 23. gr. Námsbraut til stúdentsprófs skal innihalda að lágmarki 45 námseiningar er skiptast milli náms í kjarnagreinum framhaldsskóla, þ.e. íslensku, stærðfræði og ensku, samkvæmt nánari ákvæðum í aðalnámskrá.

Stúdentspróf miðar m.a. að því markmiði að undirbúa nemendur undir nám á háskólastigi. Við mat á námsbrautarlýsingu til stúdentsprófs og staðfestingu ráðherra á henni skal það vera tryggt að prófið uppfylli almennar kröfur háskóla um undirbúning fyrir nám á háskólastigi.

19. gr.
Önnur lokapróf.

Framhaldsskólar geta boðið nám til annarra skilgreindra námsloka en getið er um í 16., 17. og 18. gr. á námsbrautum sem hlotið hafa staðfestingu ráðherra, sbr. nánar ákvæði V. kafla.

20. gr.
Viðbótarnám við framhaldsskóla.

Heimilt er framhaldsskólum að hafa í boði nám í framhaldi af skilgreindum námslokum á framhaldsskólastigi, sbr. 17., 18. og 19. gr. Skal ráðherra staðfesta námsbrautarlýsingar fyrir slíkt nám, sbr. nánar ákvæði V. kafla, sem og heiti viðkomandi prófgráða.

Nám sem stundað er samkvæmt grein þessari skal metið í einingum, sbr. 15. gr., og þegar við á í námseiningum háskóla, sbr. 6. gr. laga nr. 63/2006.

Nám sem í boði er samkvæmt grein þessari getur veitt sérstök eða aukin réttindi.

V. KAFLI
Námskrár og námsbrautir.

21. gr.
Aðalnámskrá.

Aðalnámskrá framhaldsskóla, er ráðherra setur, kveður á um markmið og fyrirkomulag skólastarfs á framhaldsskólastigi. Aðalnámskrá framhaldsskóla skiptist í tvo hluta, almennan hluta samkvæmt grein þessari og námsbrautarlýsingu skv. 23. gr. Tilkynning um gildistöku aðalnámskrár eða hluta hennar skal birt í Stjórnartíðindum.

Í almennum hluta aðalnámskrár eru útfærðir starfshættir og markmið framhaldsskóla. Almennur hluti aðalnámskrár skal m.a. innihalda eftirfarandi:

a. ákvæði um uppbyggingu námsbrautarlýsinga og um vægi kjarnagreina framhaldsskóla,
b. skilyrði um hvernig markmið einstakra áfanga og námsbrauta og lokamarkmið náms skulu skilgreind,
c. viðmið um námskröfur og námsframvindu,
d. reglur um námsmat og vitnisburð,
e. skilgreining á vinnustaðanámi og reglur um fyrirkomulag vinnustaðanáms,
f. reglur um mat á starfsnámi og skilgreiningu færnimarkmiða,
g. reglur um raunfærnimat, jafngildingu náms og mat á námi þegar nemendur flytjast milli skóla eða námsbrauta,
h. almennar reglur um skólanámskrár,
i. ákvæði um mat á skólastarfi,
j. almennar reglur um réttindi og skyldur nemenda og meðferð ágreiningsmála.

22. gr.
Skólanámskrá.

Sérhver framhaldsskóli skal gefa út skólanámskrá. Skólanámskrá skiptist í tvo hluta, almennan hluta og námsbrautarlýsingar.

Í almennum hluta skólanámskrár skal gerð grein fyrir starfsemi skólans, helstu áherslum og stefnumörkun, stjórnskipan, námsframboði og skipulagi náms, kennsluháttum, námsmati, stuðningi, ráðgjöf og þjónustu við nemendur, réttindum og skyldum nemenda, foreldrasamstarfi og samstarfi við utanaðkomandi aðila, sjálfsmati og gæðamálum og öðru sem skóli kýs

að kveða á um í skólanámskrá. Jafnframt skal skóli gera grein fyrir því hvernig hann uppfyllir skilyrði samkvæmt almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla og markmið laga þessara og reglna sem settar eru með stoð í þeim.

Um setningu námsbrautarlýsinga í skólanámskrá skal farið að ákvæðum 23. gr.

Skólanámskrá skal staðfest af skólanefnd að fenginni umsögn skólafundar, sbr. 5. gr. Skólanefnd fylgist með framkvæmd skólanámskrár.

23. gr.

Námsbrautarlýsingar.

Framhaldsskólar setja sér námsbrautarlýsingar og leggja þær fyrir ráðherra til staðfestingar. Námsbrautarlýsingar framhaldsskóla sem hlotið hafa staðfestingu ráðherra eru þar með hluti af aðalnámskrá framhaldsskóla. Heimilt er að tveir eða fleiri framhaldsskólar standi sameiginlega að gerð námsbrautarlýsingar og leiti staðfestingar á henni. Tilkynning um staðfestingu ráðherra á námsbrautarlýsingu skal birt í Stjórnartíðindum. Brottfelling námsbrautarlýsingar skal auglýst með sama hætti.

Námsbrautarlýsingar skulu byggðar upp í samræmi við ákvæði almenns hluta aðalnámskrár framhaldsskóla og skólanámskrár viðkomandi skóla. Í námsbrautarlýsingu skal kveðið á um innihald og vægi áfanga í einstökum greinum, samhengi í námi, vægi námsþátta og lokamarkmið náms. Þar er ákveðinn lágmarksfjöldi áfanga og eininga í einstökum námsgreinum og inntak náms í megindráttum.

Heimilt er ráðherra að setja sérstakar reglur um flokkun og þrepaskiptingu náms í samræmi við færni- og lokamarkmið námsins.

Staðfesting ráðherra á námsbrautarlýsingu er háð því að skilyrðum aðalnámskrár skv. 21. gr. sé fullnægt.

Ráðherra er heimilt að gefa út námsbrautarlýsingar sem einstakir framhaldsskólar geta haft til viðmiðunar í starfi sínu. Slíkar viðmiðunarnámskrár eru þá hluti aðalnámskrár framhaldsskóla og geta náð til eftirfarandi námsbrauta:

a. námsbrauta sem leiða til starfsréttindaprófs, þar á meðal þeirra sem leiða til sveinsprófs,
b. námsbrauta sem leiða til stúdentsprófs,
c. annarra námsbrauta sem leiða til prófa og skilgreindra námsloka samkvæmt ákvörðun ráðherra.

24. gr.

Starfsgreinaráð, skipan.

Ráðherra skipar til fjögurra ára í senn starfsgreinaráð fyrir starfsgreinaflokka eða starfsgreinar. Í starfsgreinaráði skulu eiga sæti fimm til níu fulltrúar, þar af tveir til fjórir tilnefndir af samtökum atvinnurekenda, tveir til fjórir af samtökum launþega í viðkomandi starfsgreinum og einn fulltrúi tilnefndur sameiginlega af Félagi íslenskra framhaldsskóla og Kennarasambandi Íslands. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Starfsgreinaráð kýs formann og varaformann úr hópi aðalmanna til tveggja ára í senn. Tilnefningaraðilar greiða kostnað af störfum fulltrúa sinna í starfsgreinaráði. Menntamálaráðuneytið greiðir kostnað af sérfræðilegri vinnu við námskrárgerð.

25. gr.
Hlutverk starfsgreinaráða.

Starfsgreinaráð eru, hvert á sínu sviði, ráðherra til ráðgjafar um starfsnám á framhaldsskólastigi. Hlutverk þeirra er eftirfarandi:

a. að gera tillögur um almenn markmið náms og skilgreina þarfir fyrir kunnáttu og hæfni sem námsbrautarlýsingar fyrir viðkomandi starfsgreinar byggjast á og eru hluti af almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla og gera tillögur um lokamarkmið náms,
b. að setja viðmið fyrir skiptingu náms í skóla- og vinnustaðanám,
c. að gera tillögur um uppbyggingu og inntak prófa í einstökum starfsgreinum,
d. að halda skrá yfir fyrirtæki og vinnustaði sem uppfylla skilyrði til vinnustaðanáms, sbr. 28. gr.,
e. að gera tillögur að námsbrautarlýsingum fyrir einstakar námsbrautir sem framhaldsskólar geta haft til viðmiðunar, sbr. 23. gr., og
f. að veita ráðherra umsögn um námsbrautarlýsingar starfsnáms sem einstakir skólar leita eftir staðfestingu á af hálfu ráðherra, sbr. 23. gr.

Ráðherra getur leitað álits starfsgreinaráðs við mat á beiðni skóla um viðurkenningu, sbr. 12. gr.

Menntamálaráðuneytið greiðir kostnað af sérfræðilegri vinnu sem unnin er skv. a- og d-lið 1. mgr.

Ráðherra setur reglugerð um skipan starfsgreinaráða, sbr. 24. gr., og um störf þeirra.

26. gr.
Fagráð.

Starfsgreinaráð geta stofnað fagráð fyrir hverja starfsgrein eða starfsgreinaflokka sem eru skipuð fulltrúum einstakra starfsgreina og fagkennurum skóla og/eða öðrum sérfræðingum. Fagráð veitir ráðgjöf um nýjungar og þróun starfsgreina á viðkomandi sviði og gerir tillögur um sérstök tilrauna- og þróunarverkefni. Starfsgreinaráð móta að öðru leyti reglur um verksvið fagráða.

27. gr.
Starfsgreinanefnd, skipun og hlutverk.

Formenn starfsgreinaráða skipa sérstaka starfsgreinanefnd, ásamt formanni og varaformanni sem eru skipaðir án tilnefningar.

Hlutverk starfsgreinanefndar er að vera ráðherra til ráðgjafar um stefnumótun í starfsnámi og framkvæmd starfsnáms, að vera vettvangur samráðs og samræmingar milli starfsgreinaráða og að veita álit á skiptingu og flokkun starfsgreina milli starfsgreinaráða.

Starfsgreinaráð greiða kostnað af störfum fulltrúa sinna í nefndinni. Menntamálaráðuneytið greiðir kostnað af fulltrúum sem skipaðir eru án tilnefningar.

28. gr.
Vinnustaðanám.

Verknám og starfsþjálfun á vinnustað byggist á almennum ákvæðum aðalnámskrár um nám á vinnustað.

Skóli ber ábyrgð á gerð sérstaks starfsþjálfunarsamnings um vinnustaðanám við vinnustað, samtök eða aðila sem er hæfur til að veita nemanda tilskilda þjálfun og menntun. Starfs-

þjálfunarsamningar skulu kveða á um rétt og skyldur vinnuveitanda, skóla og nemanda, markmið vinnustaðanáms og gæðakröfur, gildistíma, meðferð ágreinings og samningsslit.

Sé þörf á því að gera sérstakan ráðningarsamning milli nema og vinnuveitanda skal skóli staðfesta hann. Skulu slíkir samningar vera í samræmi við gildandi kjarasamninga um nema í viðkomandi starfsnámi.

Starfsgreinaráð skulu halda skrá yfir fyrirtæki og vinnustaði sem uppfylla skilyrði til vinnustaðanáms.

Skóli getur með samningi falið aðila utan hans umsýslu með gerð og skráningu samninga og um eftirlit með þeim. Jafnframt má fela fulltrúa á vegum slíks umsýsluaðila að staðfesta og eftir atvikum að slíta námssamningi, enda sé þá gætt málsmeðferðar samkvæmt stjórnsýslulögum og nánari fyrirmælum í starfsþjálfunar- eða ráðningarsamningi. Verði ágreiningur um réttindi eða skyldur nemenda vegna framkvæmdar umsýsluaðila sker skólameistari úr.

Ráðherra er heimilt, að fenginni umsögn aðila vinnumarkaðar og samtaka nemenda, að setja reglugerð um vinnustaðanám, starfsþjálfun á vinnustað og um heimildir skóla til þess að fela aðila utan hans umsýslu með starfsþjálfunarsamningum, sbr. 5. mgr.

29. gr.

Kjarnaskólar.

Ráðherra getur gert framhaldsskóla að kjarnaskóla á tilteknu sviði um lengri eða skemmri tíma. Kjarnaskóli hefur forgöngu um að þróa námsefni, námsskipan og kennsluaðferðir og aðstoðar aðra skóla og fyrirtæki við umbætur í kennslu og þjálfun á viðkomandi sviði.

Í samningi, er ráðherra gerir við skóla er tekur að sér hlutverk kjarnaskóla, skal verkefnið skilgreint, stjórnun þess, lengd samningstíma og hvernig úttekt þess skuli háttað. Hagsmunaaðilar á vinnumarkaði og starfsgreinaráð geta átt aðild að slíkum samningi.

Menntamálaráðuneytið leggur kjarnaskólum til sérstakar fjárveitingar vegna samningsbundinna verkefna.

30. gr.

Námsmat.

Almennt námsmat í framhaldsskóla er í höndum kennara, undir umsjón skólameistara. Matið byggist á markmiðum skólastarfs sem kveðið er á um í aðalnámskrá og skólanámskrá.

Nemandi á rétt til að fá útskýringar á mati er liggur að baki lokaeinkunn í námsáfanga innan fimm virkra daga frá birtingu einkunnar. Vilji nemandi, sem ekki hefur náð lágmarkseinkunn, þá eigi una mati kennarans getur hann snúið sér til skólameistara og óskað eftir mati sérstaks prófdómara. Þá skal kveðja til óvilhallan prófdómara sem metur prófúrlausnir. Úrskurður hans er endanlegur og verður ekki skotið til æðra stjórnvalds.

Þeir nemendur sem hyggjast ljúka stúdentsprófi skulu hafa lokið öllum námsáföngum samkvæmt námskrá með fullnægjandi árangri samkvæmt mati viðkomandi skóla. Í kjarnagreinum framhaldsskóla, sbr. 18. gr., skal námsmat í lokaáföngum til stúdentsprófs taka mið af viðmiðunarprófum sem ráðherra lætur í té eða viðurkennir. Jafnframt getur ráðherra ákveðið að leggja fyrir könnunarpróf í einstökum námsgreinum framhaldsskóla, svo og færnipróf, sbr. 23. gr. um færnimarkmið náms.

Námi í löggiltum iðngreinum lýkur með sveinsprófi. Ráðherra setur reglugerð um uppbyggingu og framkvæmd sveinsprófa. Heimilt er ráðherra að skipa sérstakar sveinsprófsnefndir í löggiltum iðngreinum til að annast samræmingu, framkvæmd og mat í tengslum við

prófhald. Heimilt er ráðherra jafnframt að fela sveinsprófsnefnd mat á annarri iðnmenntun þegar við á.

Ráðherra setur reglugerð þar sem nánar er kveðið á um fyrirkomulag og framkvæmd færni- og könnunarprófa sem lögð eru fyrir nemendur í framhaldsskólum.

31. gr.

Viðurkenning á námi og raunfærni.

Nemandi sem flyst á milli skóla sem starfa samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla á rétt á því að fá nám sem hann hefur lokið metið til eininga í viðtökuskóla, enda falli námið að námskrá og námsbrautarlýsingum viðkomandi skóla. Viðurkennda námsþætti sem falla utan brautarkjarna ber að meta sem valgreinar.

Nemandi sem innritast í framhaldsskóla á rétt á því að raunfærni hans sé metin til náms og námseininga, enda falli metin raunfærni að námskrá og námsbrautarlýsingum viðkomandi skóla. Viðurkennda raunfærni sem fellur utan brautarkjarna ber að meta sem valgreinar.

Ráðherra setur í aðalnámskrá reglur um viðurkenningu náms og raunfærnimat og tilhögun þess.

VI. KAFLI
Nemendur.

32. gr.

Innritun, réttur til náms.

Þeir sem lokið hafa grunnskólanámi, hafa hlotið jafngilda undirstöðumenntun eða hafa náð 16 ára aldri eiga rétt á að hefja nám í framhaldsskóla. Þeir sem rétt eiga á að hefja nám í framhaldsskóla samkvæmt málsgrein þessari eiga jafnframt rétt á því að stunda nám í framhaldsskóla til 18 ára aldurs, sbr. ákvæði 2. gr. og 33. gr.

Hver framhaldsskóli ber ábyrgð á innritun nemenda, en í samningi skóla og menntamálaráðuneytis skv. 44. gr. skal kveðið sérstaklega á um skyldur einstakra framhaldsskóla við innritun nemenda og þær forsendur sem skóli leggur til grundvallar innritun nemenda. Heimilt er framhaldsskóla að gera sérstakar kröfur um undirbúning og námsárangur vegna innritunar á einstakar námsbrautir framhaldsskóla.

Heimilt er ráðherra að setja í reglugerð nánari fyrirmæli og ákvæði um innritun nemenda.

33. gr.

Skólareglur og meðferð mála.

Í skólanámskrá hvers skóla skulu vera reglur þar sem gerð er grein fyrir réttindum og skyldum nemenda. Skólareglur skulu geyma ákvæði um eftirfarandi þætti:

a. skólasókn,
b. hegðun og umgengni,
c. námsmat, námsframvindu og prófareglur,
d. viðurlög vegna brota á skólareglum,
e. reglur um meðferð ágreiningsmála og um beitingu viðurlaga.

Við ákvörðun skólameistara um rétt eða skyldu nemenda skv. 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga, svo sem brottvísun úr skóla í fleiri en einn skóladag eða að nemanda sé meinað að sækja kennslutíma í ákveðnu fagi eða námsgrein um nokkurt skeið, skal fylgja reglum stjórnsýslulaga um málsmeðferð. Ákvörðun skólameistara er kæranleg til menntamálaráðuneytis. Um málskot gilda ákvæði VII. kafla stjórnsýslulaga.

34. gr.

Nemendur með sérþarfir.

Á framhaldsskólastigi skal veita nemendum með fötlun, sbr. 2. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, og nemendum með tilfinningalega eða félagslega örðugleika kennslu og sérstakan stuðning í námi. Látin skal í té sérfræðileg aðstoð og viðeigandi aðbúnaður eftir því sem þörf krefur að mati menntamálaráðuneytisins. Nemendur með fötlun skulu stunda nám við hlið annarra nemenda eftir því sem kostur er.

Ráðherra getur í samningi við framhaldsskóla heimilað rekstur sérstakra námsbrauta við framhaldsskóla fyrir nemendur með fötlun.

Nemendur með leshömlun skulu eiga aðgang að sérsniðnum námsgögnum eftir því sem við verður komið. Framhaldsskóli gerir grein fyrir því í skólanámskrá hvernig staðið er að skimun og greiningu leshömlunar, ásamt eftirfylgni og stuðningi við nemendur sem greindir eru með leshömlun.

Framhaldsskólar skulu leitast við að veita þeim nemendum sérstakan stuðning sem eiga við sértæka námsörðugleika að stríða eða veikindi.

Ráðherra getur sett reglugerð með nánari ákvæðum um réttindi, kennslu og nám í framhaldsskólum. Einnig skal í reglugerð kveðið á um rétt heyrnarskertra eða heyrnarlausra nemenda til sérstakrar kennslu í íslensku táknmáli.

35. gr.

Tungumál, nemendur með annað móðurmál en íslensku.

Kennsla í framhaldsskólum skal fara fram á íslensku.

Heimilt er að nám fari fram á öðrum tungumálum en íslensku þegar

a. það leiðir af eðli náms eða námskrár og
b. þegar um er að ræða námsbrautir sem sérstaklega eru ætlaðar nemendum sem ekki hafa vald á íslensku eða verða að stunda eða hafa stundað hluta af námi sínu erlendis.

Nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku eiga rétt á kennslu í íslensku sem öðru tungumáli. Sama gildir um nemendur sem dvalist hafa langdvölum erlendis og hafa litla kunnáttu í íslensku. Miða skal við að nemendur með annað móðurmál en íslensku fái tækifæri til að viðhalda móðurmáli sínu sem valgrein, í fjarnámi eða með öðrum hætti.

Framhaldsskólar skulu setja sér áætlun um móttöku nemenda. Móttökuáætlun framhaldsskóla skal vera aðgengileg nemendum og foreldrum, þar sem m.a. koma fram upplýsingar um námið og skólastarfið almennt og foreldrum með annað móðurmál en íslensku og heyrnarlausum foreldrum er greint frá möguleikum á túlkaþjónustu. Móttökuáætlun vegna nemenda með annað móðurmál en íslensku skal taka mið af bakgrunni þeirra, tungumálafærni og færni á öðrum námssviðum.

Í reglugerð skal kveðið nánar á um rétt nemenda til kennslu í íslensku, svo og um tilhögun og mat á náminu.

36. gr.

Heilsuvernd, hollustuhættir, forvarnir.

Skólameistari framhaldsskóla skal hafa samráð við heilsugæslustöð í nágrenni skólans um heilsuvernd og hollustuhætti. Framhaldsskóli og viðkomandi heilsugæslustöð geri samkomulag um fyrirkomulag heilbrigðisþjónustu sem veitt er nemendum.

Framhaldsskólar skulu tryggja að í boði sé innan veggja hvers skóla heilnæmt fæði í samræmi við opinber manneldismarkmið.

Framhaldsskólar skulu hvetja til heilbrigðs lífernis og heilsuræktar nemenda. Sérhver framhaldsskóli skal setja sér stefnu um forvarnir og skal sú stefna birt opinberlega. Skólinn skal gera grein fyrir því með reglubundnum hætti hvernig forvarnastarfi er háttað.

37. gr.
Náms- og starfsráðgjöf.

Nemendur eiga rétt á að njóta náms- og starfsráðgjafar í framhaldsskóla af til þess bærum sérfræðingum.

Í skólanámskrá framhaldsskóla skal markmiðum og stefnu skóla varðandi ráðgjöf lýst og þar skal einnig koma fram hvernig skóli rækir skyldur sínar og hlutverk á þessu sviði.

38. gr.
Námsferilsskrá.

Framhaldsskóla ber skylda til að varðveita upplýsingar um nám nemenda og veita nemendum aðgang að þeim. Um aðgang annarra en nemenda að upplýsingum um námsferil fer eftir nánari reglum 55. gr. og reglugerð settri samkvæmt þeirri grein.

39. gr.
Nemendafélög í framhaldsskólum.

Í hverjum framhaldsskóla skal starfa nemendafélag. Nemendafélag vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda. Það setur sér reglur um skipan, starfssvið og starfshætti. Nemendafélög starfa á ábyrgð skóla. Nemendafélögum skal búin aðstaða til starfsemi sinnar.

Framhaldsskólum er heimilt að styrkja starfsemi nemendafélaga fjárhagslega og skal bókhald þeirra háð sömu endurskoðun og aðrar fjárreiður framhaldsskóla.

VII. KAFLI
Mat og eftirlit með gæðum.

40. gr.
Markmið.

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í framhaldsskólum er að:

a. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks framhaldsskóla, viðtökuskóla, atvinnulífs, foreldra og nemenda,
b. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár framhaldsskóla,
c. auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
d. tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

41. gr.
Innra mat.

Hver framhaldsskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 40. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.

Framhaldsskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

42. gr.
Ytra mat.

Menntamálaráðuneyti annast öflun, greiningu og miðlun upplýsinga um skólahald í framhaldsskólum og er það liður í reglubundnu ytra mati á gæðum skólastarfs ásamt úttektum, könnunum og rannsóknum.

Ytra mat getur náð til framhaldsskóla í heild, aðferða við innra mat eða annarra skilgreindra þátta í starfsemi framhaldsskóla. Jafnframt getur ytra mat náð til nokkurra framhaldsskóla í senn. Framhaldsskólar skulu leggja fram þá aðstoð og þau gögn sem matið útheimtir, þ.m.t. niðurstöður innra mats. Matsskýrslur sem unnar eru samkvæmt lögum þessum skulu birtar opinberlega. Að loknu ytra mati skal framhaldsskóli gera grein fyrir því hvernig brugðist verður við niðurstöðum þess. Menntamálaráðuneyti skal leitast við að fylgja innra og ytra mati eftir með stuðningi, fræðslu og ráðgjöf til viðkomandi skóla þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi.

Menntamálaráðuneyti gerir áætlun til þriggja ára um kannanir og úttektir sem miða að því að veita upplýsingar um framkvæmd laga þessara, aðalnámskrár framhaldsskóla og annarra þátta skólastarfs. Jafnframt getur ráðherra ákveðið að láta fara fram sérstakt ytra mat á framhaldsskóla eða einstökum þáttum skólastarfs ef ástæða þykir til. Úttekt á framhaldsskóla skal fara fram eigi sjaldnar en á fimm ára fresti og unnin af óháðum aðilum.

Ytra mat nær eingöngu til framhaldsskóla sem hljóta fjárveitingar í fjárlögum og gerður hefur verið samningur við, sbr. 44. gr.

Ráðherra setur reglugerð um innra og ytra mat.

VIII. KAFLI
Rekstrar- og fjárhagsmálefni.

43. gr.
Rekstrarframlög.

Ríkissjóður greiðir samkvæmt lögum þessum rekstrarframlög til þeirra framhaldsskóla sem njóta framlaga í fjárlögum. Skólar sem njóta framlaga í fjárlögum eru opinberir framhaldsskólar og aðrir framhaldsskólar sem ráðherra gerir þjónustusamninga við um kennslu á framhaldsskólastigi, enda hafi þeir hlotið viðurkenningu, sbr. 12. gr.

Hver skóli hefur sérstaka fjárveitingu í fjárlögum. Ráðherra gerir tillögur um fjárveitingar í fjárlögum til hvers skóla, til kennslu og eftir atvikum annarra verkefna. Tillögurnar eru unnar á grundvelli reiknireglna sem ráðherra setur með reglugerð. Reiknireglurnar skulu m.a. styðjast við áætlun um fjölda nemenda, áætlaðan fjölda kennslustunda, námsframboð, kostnað sem leiðir af kjarasamningum kennara og annars starfsfólks, húsnæði og annað, sem ráðherra metur að máli skipti.

Rekstrarframlagi skv. 1. mgr. er ekki ætlað að standa straum af námskeiðs-, skráningar- eða skólagjöldum sem innheimt kunna að vera af öðrum skólum, þ.m.t. tónlistarskólum, vegna náms sem metið verður til eininga í framhaldsskóla. Ráðherra getur í samningum við framhaldsskóla, sbr. 44. gr., heimilað framhaldsskóla að ganga til samninga um greiðslur vegna slíks náms.

44. gr.
Samningar við framhaldsskóla.

Umfang starfsemi framhaldsskóla, að svo miklu leyti sem hún er fjármögnuð með framlögum úr ríkissjóði, er ákveðið í fjárlögum.

Í samningum milli ráðherra og einstakra framhaldsskóla, sem gerðir eru til 3–5 ára í senn, skulu koma fram helstu áherslur í starfsemi skólans, námskrár, námsframboð, kennslufyrirkomulag, mat og eftirlit með gæðum og annað sem æskilegt er talið af hálfu samningsaðila. Farið skal yfir framkvæmd þessara samninga árlega og gildandi samningar endurskoðaðir ef samningsaðilar telja ástæðu til.

Þjónustusamningar sem gerðir eru við aðra en opinbera framhaldsskóla skulu, auk þeirra atriða sem talin eru í 2. mgr., kveða á um réttarstöðu nemenda, nemendafjölda, gjaldtöku af nemendum og greiðslur fyrir aðra þjónustu sem veitt er á grundvelli samningsins.

45. gr.

Gjaldtökuheimildir opinberra framhaldsskóla.

Skólameistari ákveður upphæð innritunargjalds og efnisgjalds sem nemendum er gert að greiða við upphaf námsannar eða skólaárs:

a. Upphæð innritunargjalds skal taka mið af kostnaði við nemendaskráningu. Heimilt er að taka 25% hærra gjald af þeim sem fá leyfi til innritunar utan auglýsts innritunartíma og er heimilt að láta gjaldið renna í skólasjóð, enda sé tekjum hans samkvæmt skipulagsskrá ráðstafað í þágu nemenda.
b. Ekki er heimilt að innheimta gjald fyrir efni sem nemendum er látið í té samkvæmt einhliða ákvörðun skóla. Heimilt er að innheimta efnisgjald af nemendum fyrir efni sem skóli lætur nemendum í té ef nemandi hefur af því ávinning eða sérstök not. Skal það taka mið af raunverulegum efniskostnaði og framlögum til skóla í fjárlögum til að mæta efniskostnaði. Halda skal bókhald um fjárreiður þessar. Um endurskoðun gilda sömu reglur og um annan rekstur.

Ráðherra ákveður hámark innritunargjalds og efnisgjalds í reglugerð.

Framhaldsskólum er heimilt að bjóða nám utan reglubundins starfstíma framhaldsskóla að sumri til og er þá heimilt að taka gjald af nemendum til að mæta þeim sérgreinda launakostnaði sem til fellur vegna kennslunnar.

Framhaldsskólum er heimilt að bjóða nám utan reglubundins daglegs starfstíma framhaldsskóla og í fjarnámi og er þá heimilt að taka gjald af nemendum sem svarar til allt að 10% af meðalkennsluframlagi á nemanda á framhaldsskólastigi samkvæmt fjárlögum miðað við fullt nám. Annars reiknast gjaldið hlutfallslega miðað við fjölda námsgreina.

Heimilt er framhaldsskólum að innheimta gjald af nemendum fyrir valkvæða starfsemi sem í boði er, svo sem námsferðir, safnferðir eða leikhúsferðir.

Heimilt er framhaldsskólum að innheimta gjald fyrir aðra þjónustu sem í boði er og telst ekki vera hluti af eða leiða af lögbundnu hlutverki skóla, svo sem vegna útgáfu skírteina, skápaleigu og þess háttar.

Ráðherra setur nánar í reglugerð ákvæði um gjaldtöku samkvæmt þessari grein.

Ákvarðanir um gjaldtöku samkvæmt þessari grein eru kæranlegar til ráðherra. Um meðferð kærumála fer að ákvæðum stjórnsýslulaga.

46. gr.

Heimavistir í opinberum framhaldsskólum.

Í samningum milli ráðuneytis og framhaldsskóla, sbr. 44. gr., er heimilt að kveða á um rekstur heimavistar við framhaldsskóla. Ráðherra leitar heimilda í fjárlögum til þess að mæta kostnaði við umsjón og almennan rekstur. Nemendur bera sjálfir hluta sérgreinds kostnaðar í heimavistum sem skilgreindur er í reglugerð sem ráðherra setur. Skólameistari ber ábyrgð

á starfsemi heimavistar, en getur með samningi falið öðrum að annast daglega umsýslu og rekstur.

47. gr.

Stofnkostnaður opinberra framhaldsskóla.

Þegar stofnað er til framhaldsskóla skal gera samning um stofnkostnað og skiptingu hans milli þeirra sem standa að stofnun skólans. Með stofnkostnaði er átt við kostnað vegna húsnæðis og almenns búnaðar sem samningsaðilar ákveða að leggja til skólans. Lóðir undir framhaldsskóla skulu sveitarfélög leggja til án endurgjalds. Ráðherra setur viðmið um stofnkostnað framhaldsskóla að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Þegar ráðherra og sveitarfélög ákveða í sameiningu að stofna framhaldsskóla skal gerður samningur um undirbúning og umsjón með stofnframkvæmdum. Stofnframkvæmdir geta verið á forræði og ábyrgð ríkis, sveitarfélaga eða ríkis og sveitarfélaga í sameiningu, eftir því sem um semst:

a. Þegar sveitarfélög annast undirbúning og verkframkvæmdir, sbr. 2. mgr., greiðir ríkissjóður 60% kostnaðar við stofnframkvæmdir, aðrar framkvæmdir á lóð, stofnbúnað og eftir atvikum heimavist við þá, samkvæmt sérstökum viðmiðum um stofnkostnað.
b. Þegar ráðuneyti annast undirbúning og verkframkvæmdir, sbr. 2. mgr., greiða sveitarfélög 40% kostnaðar við stofnframkvæmdir, aðrar framkvæmdir á lóð, stofnbúnað og eftir atvikum heimavist við þá, samkvæmt sérstökum viðmiðum um stofnkostnað.
c. Ef um sameiginlega framkvæmd er að ræða greiðir ríkissjóður 60% og sveitarfélag 40%.

Ef ríki og sveitarfélag, eitt eða fleiri, ákveða að leggja skóla sem þau standa að í sameiningu til húsnæði og búnað í eigu þriðja aðila skal samið sérstaklega um skiptingu kostnaðar sem af því hlýst. Skal þá miðað við að kostnaðarskipting ríkis og sveitarfélaga verði með hliðstæðum hætti og þegar um framkvæmd á þeirra vegum er að ræða, sbr. 2. mgr.

Ákveði Alþingi að stofna skóla án aðildar sveitarfélags greiðist stofnkostnaður úr ríkissjóði.

Um notkun heimavistarhúsnæðis utan skólatíma skal samið sérstaklega. Halda skal fjárreiðum vegna slíkrar notkunar aðskildum í reikningshaldi framhaldsskóla.

48. gr.

Viðhaldskostnaður, eignarhald, breytt nýting á opinberu skólahúsnæði.

Ráðherra er heimilt að fela ríkisstofnun eða öðrum til þess bærum aðila umsýslu vegna húsnæðis framhaldsskóla gegn gjaldi. Meiri háttar viðhald framhaldsskóla í eigu ríkissjóðs og sveitarfélaga, sem ekki hefur verið ráðstafað með framangreindum hætti, skal greitt af sérstakri fjárveitingu sem ákveðin er í fjárlögum.

Eignarhlutfall skólamannvirkja í eign ríkis og sveitarfélaga skal vera í sömu hlutföllum og stofnkostnaður er greiddur, eða hefur verið greiddur sé um eldra húsnæði að ræða. Verði húsnæði framhaldsskóla ráðstafað til annarra nota en framhaldsskólahalds skulu eignaraðilar gera með sér samkomulag þar um. Verði eign seld öðrum hvorum eignaraðila skal hún metin af dómkvöddum mönnum.

49. gr.
Styrktarsjóðir.

Heimilt er skólameistara, að fenginni umsögn skólanefndar og samþykki menntamálaráðuneytis, að stofna sérstaka styrktarsjóði við opinbera framhaldsskóla. Skal um slíka sjóði sett skipulagsskrá, leitað staðfestingar á henni og hún birt í Stjórnartíðindum.

IX. KAFLI
Ýmis ákvæði.

50. gr.
Foreldraráð.

Við hvern framhaldsskóla skal starfa foreldraráð. Skólameistari boðar til stofnfundar þess. Hlutverk foreldraráðs er að styðja við skólastarfið, huga að hagsmunamálum nemenda og í samstarfi við skólann efla samstarf foreldra og forráðamanna ólögráða nemenda við skólann. Félagsmenn geta verið foreldrar nemenda við skólann.

Kjósa skal í stjórn ráðsins á aðalfundi þess. Foreldraráð tilnefnir einn áheyrnarfulltrúa í skólanefnd. Foreldraráð setur sér starfsreglur.

51. gr.
Námsgögn.

Í fjárlögum ár hvert skal tilgreind sú fjárhæð sem veitt er til að mæta kostnaði nemenda vegna námsgagna. Ráðherra setur reglur um skiptingu fjárins og fyrirkomulag þessa stuðnings.

52. gr.
Nýbreytni í skólastarfi.

Ráðherra getur heimilað framhaldsskóla að innleiða nýbreytni í skólastarfi og gera tilraunir með ákveðna þætti þess með undanþágu frá ákvæðum laga þessara og reglugerða er settar kunna að verða samkvæmt þeim. Slíkum tilraunum skulu ávallt sett eðlileg tímamörk og í leyfi kveðið á um úttekt að tilraun lokinni.

53. gr.
Sprotasjóður.

Sprotasjóður styður við þróun og nýjungar í skólastarfi í samræmi við stefnu stjórnvalda og aðalnámskrá. Sjóðurinn er sameiginlegur fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Til sjóðsins renna fjármunir samkvæmt fjárlögum hverju sinni. Menntamálaráðuneyti hefur umsjón með sjóðnum og setur reglugerð um styrkveitingar. Í reglugerð er heimilt að fela stofnun á vegum ráðuneytisins eða öðrum þar til bærum aðilum umsjón með sjóðnum og að annast úthlutanir úr honum.

54. gr.
Þátttaka opinberra framhaldsskóla í símenntun.

Framhaldsskóla er heimilt, að fengnu samþykki ráðherra, í samvinnu við sveitarfélög, faggreinafélög, stéttarfélög, atvinnurekendur eða aðra hagsmuna- og áhugahópa, að eiga aðild að rekstri símenntunarmiðstöðvar. Samstarfsaðilar skulu gera með sér samning um starfsemina.

Framhaldsskóla er heimilt, að fengnu samþykki ráðherra, í samvinnu við faggreinafélög, stéttarfélög, atvinnurekendur eða aðra hagsmuna- eða áhugahópa, að standa fyrir námskeiðahaldi og fræðslu fyrir fullorðna. Halda skal kostnaði vegna þessara námskeiða aðgreindum frá öðrum rekstri skólans og skal hann greiddur að fullu af þeim aðilum er að námskeiðum standa með skólanum eða með þátttökugjöldum.

Heimilt er ráðherra að setja nánari reglur um starfsemi samkvæmt grein þessari.

55. gr.

Upplýsingagjöf.

Menntamálaráðuneytið annast söfnun og miðlun upplýsinga um skólahald og skólastarf á framhaldsskólastigi sem varða lögbundið eftirlitshlutverk þess. Skulu framhaldsskólar gera ráðuneytinu árlega eða oftar, sé þess óskað, grein fyrir framkvæmd skólahalds.

Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um upplýsingaskyldu framhaldsskóla um skólahald og enn fremur aðra kerfisbundna skráningu skóla og meðferð persónuupplýsinga, þar á meðal um námsferil nemenda.

56. gr.

Skýrslur til Alþingis.

Ráðherra gerir Alþingi grein fyrir framkvæmd skólastarfs í framhaldsskólum landsins á þriggja ára fresti.

X. KAFLI

Gildistaka o.fl.

57. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 2008. Um leið falla úr gildi lög um framhaldsskóla, nr. 80/1996.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þrátt fyrir ákvæði 57. gr. skulu framhaldsskólar, sem starfandi eru við gildistöku laga þessara, uppfylla ákvæði IV. og V. kafla eigi síðar en 1. ágúst 2011.

II.

Framhaldsskólar sem falla undir III. kafla skulu hafa aflað sér viðurkenningar ráðherra eigi síðar en 1. ágúst 2011, sbr. 12. gr.

III.

Reglugerðir, auglýsingar og önnur fyrirmæli sett samkvæmt lögum nr. 80/1996, með síðari breytingum, skulu halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þau stangast ekki á við lög þessi þar til nýjar reglugerðir, auglýsingar eða önnur fyrirmæli hafa öðlast gildi.

IV.

Skólanefndir sem skipaðar hafa verið skv. 6. gr. laga nr. 80/1996, um framhaldsskóla, skulu starfa út skipunartíma sinn.

1116. Frumvarp til laga [288. mál]

um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

(Eftir 2. umr., 26. maí.)

I. KAFLI
Gildissvið.

1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi taka til menntunar og ráðningar kennara og skólastjórnenda við leik-, grunn- og framhaldsskóla og lögverndunar starfsheita og starfsréttinda þeirra.

2. gr.
Markmið.

Markmið laganna er að tryggja að þeir sem leggja stund á kennslu- og uppeldisstörf í leik-, grunn- og framhaldsskólum hafi menntun í samræmi við störf þeirra og ábyrgð.

II. KAFLI
Menntun kennara, starfsheiti, leyfisbréf.

3. gr.
Starfsheitið leikskólakennari.

Rétt til að nota starfsheitið leikskólakennari og starfa við leikskóla á vegum opinberra aðila eða aðra hliðstæða skóla hefur sá einn sem til þess hefur leyfi menntamálaráðherra.

Leyfi til þess að nota starfsheitið leikskólakennari má aðeins veita þeim sem lokið hefur:

1. meistaraprófi frá háskóla sem hlotið hefur viðurkenningu ráðherra á grundvelli laga um háskóla, nr. 63/2006, á fræðasviði sem ráðherra viðurkennir til kennslu á leikskólastigi; eða
2. öðru námi sem jafngildir meistaraprófi skv. 1. tölul. og ráðherra viðurkennir til kennslu á leikskólastigi.

4. gr.
Starfsheitið grunnskólakennari.

Rétt til að nota starfsheitið grunnskólakennari og starfa við grunnskóla á vegum opinberra aðila eða aðra hliðstæða skóla hefur sá einn sem til þess hefur leyfi menntamálaráðherra.

Leyfi til þess að nota starfsheitið grunnskólakennari má aðeins veita þeim sem lokið hefur:

1. meistaraprófi frá háskóla sem hlotið hefur viðurkenningu ráðherra á grundvelli laga um háskóla, nr. 63/2006, á fræðasviði sem ráðherra viðurkennir til kennslu á grunnskólastigi; eða
2. öðru námi sem jafngildir meistaraprófi skv. 1. tölul. og ráðherra viðurkennir til kennslu á grunnskólastigi; eða
3. meistararéttindum í iðngrein sem nýtist til kennslu á grunnskólastigi í skilgreindri námsgrein eða á skilgreindu námssviði, enda komi slík sérhæfing fram í leyfisbréfi, auk 60 eininga náms í kennslu- og uppeldisfræði; eða

4. fullgildu lokaprófi í listgrein, tæknigrein eða verkgrein sem nýtist til kennslu á grunnskólastigi í skilgreindri námsgrein eða á skilgreindu námssviði, enda komi slík sérhæfing fram í leyfisbréfi. Skal menntun a.m.k. vera 270–300 námseiningar, þar af að lágmarki 60 námseiningar í kennslu- og uppeldisfræði.

5. gr.

Starfsheitið framhaldsskólakennari.

Rétt til að nota starfsheitið framhaldsskólakennari og starfa við framhaldsskóla hefur sá einn sem til þess hefur leyfi menntamálaráðherra. Í leyfisbréfi skal tilgreina kennslugrein/ar eða sérsvið viðkomandi framhaldsskólakennara samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Leyfi til þess að nota starfsheitið framhaldsskólakennari má aðeins veita þeim sem lokið hefur:

1. meistaraprófi frá háskóla sem hlotið hefur viðurkenningu ráðherra á grundvelli laga nr. 63/2006, á fræðasviði sem ráðherra viðurkennir til kennslu á framhaldsskólastigi; eða
2. öðru námi sem jafngildir meistaraprófi skv. 1. tölul. og ráðherra viðurkennir til kennslu á framhaldsskólastigi; eða
3. meistararéttindum í iðngrein sem nýtist til kennslu á framhaldsskólastigi í skilgreindri námsgrein eða á skilgreindu námssviði, auk 60 eininga náms í kennslu- og uppeldisfræði; eða
4. fullgildu lokaprófi í listgrein, tæknigrein eða verkgrein sem nýtist til kennslu á framhaldsskólastigi í skilgreindri námsgrein eða á skilgreindu námssviði, enda komi slík sérhæfing fram í leyfisbréfi. Skal menntun a.m.k. vera 270–300 námseiningar, þar af að lágmarki 60 námseiningar í kennslu- og uppeldisfræði.

6. gr.

Réttindi sem aflað er í ríki innan EES eða í aðildarríki EFTA.

Menntamálaráðherra skal staðfesta leyfi til að nota starfsheitið leikskólakennari, grunnskólakennari eða framhaldsskólakennari samkvæmt umsókn ríkisborgara frá ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins ef viðkomandi leggur fram vottorð um viðurkennd kennsluréttindi í ríki innan svæðisins í samræmi við skilyrði tilskipunar 89/48/EBE, sbr. lög um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum, nr. 83/1993.

Samkvæmt umsókn frá ríkisborgara aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu skal ráðherra staðfesta leyfi til að nota starfsheitið leikskólakennari, grunnskólakennari eða framhaldsskólakennari með sömu skilyrðum og tilgreind eru í 1. mgr., enda leggi viðkomandi fram vottorð um viðurkennd kennsluréttindi í aðildarríki samtakanna.

7. gr.

Matsnefnd.

Leiki vafi á hvort umsækjandi um leyfi til þess að nota starfsheitið leikskólakennari, grunnskólakennari eða framhaldsskólakennari fullnægi þeim skilyrðum sem kveðið er á um í lögum þessum skal leita umsagnar matsnefndar sem menntamálaráðherra skipar til fjögurra ára í senn.

Matsnefnd skal skipuð fimm fulltrúum, einum fulltrúa tilnefndum af samstarfsnefnd um háskólastigið, tveimur fulltrúum tilnefndum af heildarsamtökum kennara, einum fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga og einum fulltrúa án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Jafnmarga varamenn skal skipa á sama hátt.

Nánar skal kveðið á um starfshætti nefndarinnar í reglugerð.

8. gr.

Um inntak menntunar leik-, grunn- og framhaldsskólakennara.

Menntamálaráðherra setur reglugerð þar sem inntak menntunar leik-, grunn- og framhaldsskólakennara er nánar skilgreint með tilliti til lágmarkskrafna um vægi kennslu- og uppeldisfræða og vægi faggreina.

Með námseiningum er í lögum þessum átt við ECTS-einingar eða staðlaðar námseiningar, sbr. lög nr. 63/2006, um háskóla.

III. KAFLI
Starfsréttindi og ráðningar í leikskólum.

9. gr.

Leikskólakennarar og ráðning þeirra.

Til þess að verða ráðinn kennari við leikskóla skal umsækjandi hafa öðlast leyfi til þess að nota starfsheitið leikskólakennari skv. 3. og 24. gr.

Að lágmarki ⅔ hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla skulu teljast til stöðugilda leikskólakennara.

Sveitarstjórn, eða sá sem sveitarstjórn felur umboð sitt, eða aðrir rekstraraðilar, ráða leikskólakennara og skólastjórnendur við leikskóla í samræmi við lög þessi, fyrirmæli laga um leikskóla og ákvæði sveitarstjórnarlaga.

10. gr.

Ráðning skólastjóra í leikskólum.

Til þess að verða ráðinn leikskólastjóri eða aðstoðarleikskólastjóri við leikskóla skal umsækjandi hafa starfsheitið leikskólakennari og viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynslu á leikskólastigi.

11. gr.

Auglýsingar og ráðningar.

Auglýsa skal öll laus störf kennara og stjórnunarstörf í leikskóla. Ekki er skylt að auglýsa störf við afleysingar, svo sem vegna orlofs, veikinda, fæðingarorlofs eða námsleyfis, enda sé afleysingu ekki ætlað að standa lengur en 12 mánuði samfellt.

Ekki er skylt að auglýsa störf sem eiga að standa í tvo mánuði eða skemur eða tímabundin störf í minna en ⅓ hluta starfs.

Ráða skal til starfa skv. 1. og 2. mgr. með ráðningarsamningi með þriggja mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti sem er þó einn mánuður á fyrstu þremur mánuðum í starfi, enda sé ráðningu ætlað að standa í a.m.k. þrjá mánuði.

IV. KAFLI
Starfsréttindi og ráðningar í grunnskólum.

12. gr.

Ráðning grunnskólakennara og sérfræðinga.

Til þess að verða ráðinn kennari við grunnskóla skal umsækjandi hafa öðlast leyfi til þess að nota starfsheitið grunnskólakennari skv. 4. og 24. gr.

Sveitarstjórn, eða sá sem sveitarstjórn felur umboð sitt, eða aðrir rekstraraðilar, ráða grunnskólakennara og skólastjórnendur við grunnskóla í samræmi við ákvæði laga þessara, fyrirmæli grunnskólalaga og ákvæði sveitarstjórnarlaga.

Skólastjórar ráða grunnskólakennara til tímabundinnar forfallakennslu eða afleysinga og aðra sérfræðinga, sbr. 4. mgr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að ráða sérfræðing tímabundið að hámarki eitt skólaár í senn til að kenna sérgrein sína, enda sé aðeins um að ræða kennslu sem nemur 240 mínútum eða minna á viku.

13. gr.

Ráðning skólastjóra í grunnskólum.

Til þess að verða ráðinn skólastjóri eða aðstoðarskólastjóri við grunnskóla skal umsækjandi hafa starfsheitið grunnskólakennari og viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynslu á grunnskólastigi.

14. gr.

Auglýsingar og ráðningar.

Auglýsa skal öll laus kennslu- og stjórnunarstörf. Í auglýsingu skal m.a. tilgreina sérsvið, þ.e. aðalkennslugrein eða -greinar og/eða aldursstig nemenda. Ekki er skylt að auglýsa þau störf sem getið er um í 15. gr. Ráðningum skal lokið fyrir 31. maí eftir því sem við verður komið.

15. gr.

Sérstök tilvik.

Kennsla skal falin grunnskólakennurum sem þegar hafa ráðningu eftir því sem við verður komið. Heimilt er þó að ráða grunnskólakennara og aðra sérfræðinga, sbr. 4. mgr. 12. gr., án auglýsingar til tímabundinnar forfallakennslu eða afleysinga, svo sem vegna orlofs, veikinda, fæðingarorlofs eða námsleyfis, enda sé afleysingu ekki ætlað að standa lengur en 12 mánuði.

Heimilt er að ráða án auglýsingar grunnskólakennara til kennslustarfa sem eiga að standa tvo mánuði eða skemur sem og til tímabundinna starfa í minna en ⅓ hluta starfs.

Ráða skal til starfa skv. 1. og 2. mgr. með ráðningarsamningi með þriggja mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti sem er þó einn mánuður fyrstu þrjá mánuði í starfi, enda sé ráðningu ætlað að standa í a.m.k. þrjá mánuði.

V. KAFLI

Starfsréttindi og ráðningar í framhaldsskólum.

16. gr.

Starfsfólk framhaldsskóla og ráðning þess.

Til þess að verða ráðinn til kennslu í framhaldsskóla skal umsækjandi hafa öðlast leyfi til þess að nota starfsheitið framhaldsskólakennari skv. 5. gr. eða hlotið undanþágu skv. 22. gr. Miða skal við að framhaldsskólakennari kenni þær greinar eða á því sviði sem menntun hans nær til.

Skólameistari framhaldsskóla ræður starfsfólk framhaldsskóla í samræmi við ákvæði laga um framhaldsskóla og lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er skólameistara heimilt að ráða sérfræðing tímabundið að hámarki eitt skólaár í senn til að kenna sérgrein sína, enda sé aðeins um að ræða kennslu sem nemur 240 mínútum eða minna á viku.

17. gr.

Skólastjórnendur framhaldsskóla.

Við ráðningu í stjórnunarstörf við framhaldsskóla skal umsækjandi hafa starfsheitið framhaldsskólakennari og viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynslu á framhaldsskólastigi.

18. gr.

Auglýsingar og ráðningar.

Auglýsa skal öll laus kennslu- og stjórnunarstörf í framhaldsskóla í samræmi við reglur fjármálaráðherra um auglýsingar á lausum störfum. Í auglýsingu skal m.a. tilgreina kennslugreinar eða sérsvið. Ekki er skylt að auglýsa þau störf sem getið er um í 19. gr. Ráðningum skal lokið fyrir 31. maí eftir því sem við verður komið.

19. gr.

Sérstök tilvik.

Kennsla skal falin framhaldsskólakennurum sem þegar hafa ráðningu eftir því sem við verður komið. Heimilt er þó að ráða framhaldsskólakennara og aðra sérfræðinga, sbr. 3. mgr. 16. gr., án auglýsingar til tímabundinnar forfallakennslu eða afleysinga, svo sem vegna orlofs, veikinda, fæðingarorlofs eða námsleyfis, enda sé afleysingu ekki ætlað að standa lengur en 12 mánuði samfellt.

Þá er heimilt að ráða framhaldsskólakennara til kennslustarfa sem eiga að standa tvo mánuði eða skemur sem og til tímabundinna starfa í minna en ¼ hluta starfs.

Ráða skal til starfa skv. 1. og 2. mgr. með ráðningarsamningi með þriggja mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti sem er þó einn mánuður fyrstu þrjá mánuði í starfi, enda sé ráðningu ætlað að standa í a.m.k. þrjá mánuði.

VI. KAFLI
Undanþágur.

20. gr.

Undanþáguheimild fyrir leikskóla.

Sæki enginn leikskólakennari um auglýst leikskólakennarastarf, leikskólastjórastarf eða aðstoðarleikskólastjórastarf, sbr. 1. mgr. 9. gr., þrátt fyrir endurtekna auglýsingu er heimilt að lausráða í starfið til bráðabirgða, að hámarki til eins árs í senn, einstakling sem ekki er leikskólakennari. Hið sama gildir ef umsækjandi uppfyllir ekki þau almennu skilyrði sem nauðsynleg teljast til þess að fá ráðningu í starf. Nú hefur starf starfsmanns verið auglýst í tvígang án þess að leikskólakennari hafi fengist og er þá heimilt að ráða hann í starfið samkvæmt nánari fyrirmælum sveitarstjórnarlaga og hlutaðeigandi kjarasamnings. Starfsmaður sem ráðinn er vegna framangreindra aðstæðna má ekki bera starfsheitið leikskólakennari og ekki má endurráða hann án undangenginnar auglýsingar.

21. gr.

Undanþágunefnd grunnskóla.

Menntamálaráðherra skipar undanþágunefnd grunnskóla til fjögurra ára í senn. Nefndin skal skipuð fjórum fulltrúum, einum fulltrúa tilnefndum af heildarsamtökum kennara, einum fulltrúa tilnefndum af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einum fulltrúa tilnefndum af samstarfsnefnd um háskólastigið og einum fulltrúa án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Jafnmarga varamenn skal skipa á sama hátt.

Óheimilt er að ráða aðra en þá sem uppfylla ákvæði laga þessara til kennslu við grunnskóla á vegum opinberra aðila eða hliðstæða skóla, sbr. lög um grunnskóla.

Nú sækir enginn grunnskólakennari um auglýst kennslustarf þrátt fyrir endurtekna auglýsingu og getur skólastjóri þá sótt um heimild til undanþágunefndar grunnskóla um að lausráða tiltekinn starfsmann til kennslustarfa til bráðabirgða, þó aldrei lengur en til eins árs í senn. Undanþágunefnd er heimilt að víkja frá kröfu um endurtekna auglýsingu þegar sótt er um undanþágu til að endurráða einstakling sem er í námi til kennsluréttinda. Slíkri umsókn skal fylgja staðfesting á að viðkomandi sé í námi og áætlun um námsframvindu. Skólastjóra er ekki skylt að leita til undanþágunefndar sé um að ræða kennslu sem nemur 240 mínútum á viku eða minna, sbr. 4. mgr. 12. gr.

Málsaðili getur skotið ákvörðun undanþágunefndar til ráðherra. Málskot frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar undanþágunefndar.

Ef hvorki skólastjóri né að minnsta kosti tveir skólanefndarmenn mæla með ráðningu grunnskólakennara í kennslustarf getur skólastjóri þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. leitað til undanþágunefndar og óskað eftir heimild nefndarinnar til að lausráða annan einstakling.

Nú fæst heimild frá undanþágunefnd til að lausráða einstakling skv. 3. eða 5. mgr. og skal hann þá ráðinn með sérstökum ráðningarsamningi til ákveðins tíma með þriggja mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti sem er þó einn mánuður á fyrstu þremur mánuðum í starfi. Slíkur starfsmaður má ekki bera starfsheitið grunnskólakennari og ekki má endurráða hann án undangenginnar auglýsingar.

Starfsreglur undanþágunefndar skal ákveða nánar í reglugerð.

22. gr.

Undanþágunefnd framhaldsskóla.

Menntamálaráðherra skipar undanþágunefnd framhaldsskóla til fjögurra ára í senn. Nefndin skal skipuð þremur fulltrúum, einum fulltrúa tilnefndum af heildarsamtökum kennara, einum fulltrúa tilnefndum af Félagi íslenskra framhaldsskóla og einum fulltrúa án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Jafnmarga varamenn skal skipa á sama hátt.

Óheimilt er að ráða aðra en þá sem uppfylla ákvæði laga þessara til kennslu við framhaldsskóla, sbr. lög um framhaldsskóla.

Nú sækir enginn sem fullnægir ákvæðum þessara laga um auglýst kennslustarf þrátt fyrir endurtekna auglýsingu og getur skólameistari þá sótt um heimild til undanþágunefndar framhaldsskóla um að lausráða tiltekinn starfsmann til kennslustarfa til bráðabirgða, þó aldrei lengur en til eins árs. Undanþágunefnd er heimilt að víkja frá kröfu um endurtekna auglýsingu þegar sótt er um undanþágu til að endurráða einstakling sem er í námi til kennsluréttinda. Slíkri umsókn skal fylgja staðfesting á að viðkomandi sé í námi og áætlun um námsframvindu. Skólameistara er ekki skylt að leita til undanþágunefndar sé um að ræða kennslu sem nemur 240 mínútum á viku eða minna, sbr. 3. mgr. 16. gr.

Málsaðili getur skotið ákvörðun undanþágunefndar til ráðherra. Málskot frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar undanþágunefndar.

Ef hvorki skólameistari né að minnsta kosti tveir skólanefndarmenn mæla með ráðningu framhaldsskólakennara í kennslustarf getur skólameistari þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. leitað til undanþágunefndar og óskað eftir heimild nefndarinnar til að lausráða annan einstakling sem hefur sérmenntun í auglýstri kennslugrein.

Nú fæst heimild frá undanþágunefnd til að lausráða einstakling skv. 3. eða 5. mgr. og skal hann þá ráðinn með sérstökum ráðningarsamningi með þriggja mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti sem er þó einn mánuður á fyrstu þremur mánuðum í starfi. Slíkur starfsmaður má ekki bera starfsheitið framhaldsskólakennari og ekki má endurráða hann án undangenginnar auglýsingar.

Starfsreglur undanþágunefndar skal ákveða nánar í reglugerð.

VII. KAFLI
Almenn ákvæði.

23. gr.
Mat á umsóknum og forgangur til starfs.

Við ráðningu skólastjórnenda í leik-, grunn- og framhaldsskólum skal tekið tillit til menntunar, starfsferils, stjórnunarreynslu eða viðbótarmenntunar í stjórnun og umsagna um starfshæfni umsækjanda. Sæki fleiri en einn um sama starf og uppfylli tveir eða fleiri þær kröfur sem gerðar eru skal m.a. tekið tillit til menntunar, starfsreynslu og umsagna um starfshæfni umsækjenda þegar ákvörðun er tekin um ráðningu í starfið.

Grunnskólakennari sem hefur sérhæft sig til kennslu í tiltekinni námsgrein, á tilteknu námssviði eða aldursstigi, skal við ráðningu hafa forgang til kennslu miðað við það.

Einstaklingar sem hafa lokið bakkalárprófi á sviði uppeldis- og kennslufræða, og aðrir þeir sem hafa sambærilega menntun sem nýtist til starfa í leikskólum, skulu njóta forgangs umfram aðra við ráðningu í störf í leikskólum.

Einstaklingar sem hafa lokið bakkalárprófi á sviði uppeldis- og kennslufræða, og aðrir þeir sem hafa sambærilega menntun sem nýtist til starfa í grunnskólum, skulu njóta forgangs umfram aðra við ráðningu í störf í grunnskólum.

Einstaklingar með starfsréttindapróf eða háskólapróf og a.m.k. 120 námseiningar í auglýstri kennslugrein skulu njóta forgangs umfram aðra við ráðningu í störf í framhaldsskólum.

Þrátt fyrir ákvæði 3.–5. mgr. skulu þeir einstaklingar ekki njóta forgangs umfram þá sem hlotið hafa starfsheitið leikskólakennari, grunnskólakennari eða framhaldsskólakennari skv. 3.–5. gr.

24. gr.
Um gildissvið leyfisbréfa og útgáfu þeirra.

Menntamálaráðherra veitir kennurum leyfisbréf til notkunar á starfsheitum kennara skv. 3.–5. gr. Um gildissvið leyfisbréfa fer að öðru leyti eftir því sem hér segir:

1. Leyfisbréf grunnskólakennara sem sérhæft hefur sig í kennslu yngri barna veitir honum heimild til kennslu elstu aldursflokka í leikskólum.
2. Leyfisbréf leikskólakennara sem sérhæft hefur sig í kennslu eldri barna veitir honum heimild til kennslu í 1.–3. bekkjum grunnskóla.
3. Leyfisbréf framhaldsskólakennara veitir honum heimild til kennslu á sérsviði sínu í 8.–10. bekkjum grunnskóla.

4. Leyfisbréf grunnskólakennara sem lokið hefur a.m.k. 120 námseininga sérmenntun í kennslugrein veitir honum heimild til kennslu á sérsviði sínu í byrjunaráföngum framhaldsskóla.

Leikskólakennari sem lokið hefur a.m.k. 60 námseininga viðbótarmenntun í stjórnun eða sérkennslu á rétt á leyfisbréfi sem grunnskólakennari og starfa sem slíkur.

Grunnskólakennari sem lokið hefur a.m.k. 60 námseininga viðbótarmenntun í stjórnun eða sérkennslu á rétt á leyfisbréfi sem leikskólakennari og starfa sem slíkur.

Ráðherra er heimilt að fela háskólum, sem hlotið hafa viðurkenningu á grundvelli laga um háskóla og sinna menntun kennara eftir samningi við ráðuneytið, að annast útgáfu leyfisbréfa samkvæmt lögum þessum. Skal þá ráðherra veita hlutaðeigandi stofnunum sérstök fyrirmæli um hvernig útgáfu slíkra leyfisbréfa skuli nánar háttað.

Ráðherra er heimilt að setja nánari fyrirmæli um útgáfu leyfisbréfa í reglugerð.

25. gr.

Eldri réttindi.

Leikskólakennarar með bakkalárpróf á sviði uppeldis- og kennslufræða frá viðurkenndri kennaramenntunarstofnun, eða annað jafngilt nám sem lokið var með prófum sem tryggðu kennsluréttindi fyrir gildistöku laga þessara, skulu halda réttindum sínum.

Grunn- og framhaldsskólakennarar með leyfisbréf við gildistöku laga þessara halda fullum réttindum til jafns við þá sem öðlast starfsréttindi grunn- og framhaldsskólakennara samkvæmt lögum þessum.

26. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2008. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 86/1998, um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra.

Ákvæði 3., 4. og 5. gr. taka til þeirra sem hefja nám eftir gildistöku laga þessara.

Fram til 1. júlí 2011 skulu þeir sem fá leyfisbréf til kennslu í leik-, grunn- og framhaldsskólum hafa lokið bakkalárprófi og tilskildu námi í uppeldis- og kennslufræðum.

27. gr.

Breytingar á öðrum lögum.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á 5. gr. laga um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla, nr. 72/1996:

a. Í stað 1. málsl. 1. mgr. koma tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Auglýsa skal öll laus kennslu- og stjórnunarstörf í grunnskóla. Ekki er skylt að auglýsa þau störf sem getið er um í 15. gr. laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.
b. 2. mgr. fellur brott.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara skulu gefin út leyfisbréf til handa leik-, grunn- og framhaldsskólakennurum sem til þess eiga tilkall og ekki hafa þegar fengið slík bréf, enda óski þeir eftir því.

Lög um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla skulu endurskoðuð innan tveggja ára frá gildistöku laga þessara.

Starfsmenn sem ráðnir hafa verið án kennaramenntunar, sbr. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 78/1994, um leikskóla, skulu þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 9. gr. halda starfi sínu. Um réttarstöðu þeirra að öðru leyti fer samkvæmt fyrirmælum í ráðningarsamningum og/eða kjarasamningum, sbr. 1. mgr. 57. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998.

1117. Nefndarálit [553. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998, með síðari breytingum, og lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, nr. 73/1990, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kristján Skarphéðinsson og Guðjón Axel Guðjónsson frá iðnaðarráðuneyti. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá Orkustofnun, Umhverfisstofnun, Orkuveitu Reykjavíkur, Byggðastofnun, Norðurorku, Viðskiptaráði Íslands, Skipulagsstofnun, Náttúruverndarsamtökum Vestfjarða, Náttúrufræðistofnun Íslands og Eyþingi.

Í frumvarpinu er iðnaðarráðherra veitt heimild til að fela Orkustofnun að annast leyfisveitingar til rannsóknar og nýtingar á grundvelli tveggja lagabálka sem varða annars vegar auðlindir í jörðu og hins vegar auðlindir hafsbotnsins.

Á fundum nefndarinnar kom fram að frumvarpinu væri ætlað að gera ferli við leyfisveitingar skilvirkara með því að fela sérhæfðri stofnun, Orkustofnun, útgáfu leyfanna. Að öðru leyti væri ekki við því að búast að frumvarpið hefði áhrif á almennt verklag við undirbúning leyfisveitinga.

Meiri hlutinn leggur til að frestur til að kæra ákvarðanir Orkustofnunar verði rýmkaður til samræmis við almenn stjórnsýslulög.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

1. Við 1. gr. 2. málsl. 2. efnismgr. orðist svo: Kæra til ráðherra skal vera skrifleg.
2. Við 2. gr. 2. málsl. 2. efnismgr. orðist svo: Kæra til ráðherra skal vera skrifleg.

Ragnheiður E. Árnadóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 26. maí 2008.

Katrín Júlíusdóttir, form., frsm.	Kristján Þór Júlíusson.	Einar Már Sigurðarson.
Herdís Þórðardóttir.	Guðni Ágústsson.	Björk Guðjónsdóttir.

Grétar Mar Jónsson.

1118. Nefndarálit [129. mál]

um frv. til l. um breyt. á raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kristján Skarphéðinsson, Guðjón Axel Guðjónsson og Lárus M.K. Ólafsson frá iðnaðarráðuneyti, Elínu Smáradóttur og Ragnheiði Ingu Þórarinsdóttur frá Orkustofnun, Júlíus Jón Jónsson frá Hitaveitu Suðurnesja hf., Tryggva Þ. Haraldsson og Pétur Þórðarson frá Rarik, Eirík Bogason frá Samorku, Þórð Guðmundsson frá Landsneti og Þórð H. Hilmarsson frá Fjárfestingarstofu. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá landlæknisembættinu, Landsvirkjun, Norðurorku, Landsvirkjun, Rarik, Samorku, Landsneti, Hitaveitu Suðurnesja, ríkislögreglustjóra, Orkuveitu Reykjavíkur, Byggðastofnun, Orkustofnun, Landhelgisgæslu Íslands, Eyþingi og Umhverfisstofnun.

Efni frumvarpsins má greina í þrennt. Í fyrsta lagi er kveðið á um skyldu flutningsaðila, dreifiveitna og vinnslufyrirtækja til að hafa tiltækar viðbragðsáætlanir við vá auk þess sem lagður er grunnur að neyðarsamstarfi þessara aðila, stórnotenda og hins opinbera á formlegum vettvangi. Í annan stað leggur frumvarpið til lækkun á eftirlitsgjaldi í þeim tilgangi að færa það nær raunkostnaði af eftirliti Orkustofnunar. Í þriðja lagi er lagt til að aflviðmiðun stórnotandahugtaks raforkulaga verði færð úr 14 MW í 8 MW.

Við umfjöllun nefndarinnar kom fram að brýn þörf væri á neyðarsamstarfi innan raforkugeirans og að umsjón með verkefninu hefði verið í höndum Landsnets hf. Nú þegar hefði Landsnet í samstarfi við iðnaðarráðuneytið og Orkustofnun komið á fót formlegum samstarfsvettvangi hagsmunaaðila sem nefnist Neyðarsamstarf raforkukerfisins. Fulltrúar hins opinbera á þeim vettvangi séu Orkustofnun og ríkislögreglustjóri.

Um rökin fyrir lækkun eftirlitsgjalds kom fram á fundi nefndarinnar að í ljósi aukins flutnings innan raforkukerfisins hefðu tekjur af gjaldinu hækkað mikið á meðan kostnaður Orkustofnunar af eftirliti hefði verið nokkuð stöðugur.

Nefndin ræddi þá breytingu frumvarpsins sem varðar skilgreiningu hugtaksins stórnotandi. Fram kom að rökin fyrir breytingunni væru öðrum þræði að lækka flutningsgjöld orkufreks smáiðnaðar, ekki síst með hagsmuni landsbyggðar og nýsköpunar að leiðarljósi. Fulltrúi Fjárfestingarstofu sem kom á fund nefndarinnar tók fram að breytingin væri til þess fallin að auka áhuga erlendra aðila á að fjárfesta hér á landi og að hún mundi auðvelda uppbygg-

ingu iðnaðar með annars konar orkuþarfir en áður hefur þekkst. Mætti í því sambandi nefna koltrefjaiðnað, netþjónabú og líftækni.

Á fundum nefndarinnar hafa komið fram áhyggjur af því að lækkun á aflviðmiðun stórnotandahugtaksins geti haft í för með sér aukinn kostnað fyrir aðra notendur flutningskerfisins auk þess að raska innbyrðis verkaskiptingu milli Landsnetsins og dreifiveitna sem ekki er ástæða til að hrófla við nema að vandlega athuguðu máli. Fulltrúar ráðuneytisins hafa hins vegar bent á að tenging stórnotenda við Landsnetið eigi ekki að leiða til kostnaðarauka annarra notenda, sbr. 8. mgr. 12. gr. raforkulaga. Aðrir telja ósennilegt að smáir stórnotendur, þ.e. þeir sem nota afl á bilinu 8 og 14 MW, geti staðið undir byggingu nýrra flutningsvirkja.

Nefndin telur ekki tímabært að ráðast í breytingu á stórnotandahugtaki raforkulaga og telur að hún þarfnist meiri undirbúnings. Nefndin leggur sérstaka áherslu á að hún komi til skoðunar við endurskoðun raforkulaga sem fyrirhuguð er, sbr. ákvæði XIII til bráðabirgða í raforkulögum.

Við meðferð málsins var óskað eftir því að nefndin legði til breytingu á 5. mgr. 12. gr. raforkulaga til samræmis við tillögur sem unnar voru í samvinnu fulltrúa Landsnets, Orkustofnunar og dreifiveitna. Eru þær komnar fram vegna áhrifa af gjaldskrárbreytingum Landsnets á tekjur dreifiveitna af innmötun smávirkjana. Með hliðsjón af athugasemdum þessara aðila leggur nefndin til breytingu á 5. mgr. 12. gr. raforkulaga.

Nefndin fagnar loks ákvæðum frumvarpsins um neyðarsamstarf og lækkun eftirlitsgjalds.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. B-liður falli brott.
2. Á eftir 3. gr. komi ný grein er orðist svo:

   5. mgr. 12. gr. laganna orðast svo:

   Sama gjaldskrá skal vera fyrir innmötun virkjana á flutningskerfið. Þar sem virkjanir tengjast flutningskerfinu um dreifiveitu skal innmötunargjaldið renna til dreifiveitunnar. Greiða skal úttektargjald vegna framleiðslu slíkrar virkjunar til flutningsfyrirtækisins sem hér segir:

   1. Vegna þeirrar orku sem framleidd er í virkjun sem er undir 1,42 MW skal ekki greiða úttektargjald til flutningsfyrirtækisins.
   2. Vegna orku sem framleidd er í virkjunum á stærðarbilinu 1,42–3,1 MW skal ekki greiða úttektargjald við neðri stærðarmörkin en síðan skal gjaldið fara hlutfallslega hækkandi þar til það nemur 60% fulls úttektargjalds við efri mörkin.
   3. Vegna orku frá virkjun sem er 3,1–7 MW skal greiða 60% fulls úttektargjalds.

Guðni Ágústsson skrifar undir álitið með fyrirvara.
Ragnheiður E. Árnadóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 26. maí 2008.

Katrín Júlíusdóttir, form., frsm.	Kristján Þór Júlíusson.	Einar Már Sigurðarson.
Álfheiður Ingadóttir.	Herdís Þórðardóttir.	Guðni Ágústsson, með fyrirvara.
Björk Guðjónsdóttir.	Grétar Mar Jónsson.	

1119. Nefndarálit [614. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 100/2007, með síðari breytingum.

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og hafa henni borist umsagnir frá Þroskahjálp, Tryggingastofnun ríkisins, Viðskiptaráði Íslands og Öryrkjabandalagi Íslands.

Með frumvarpinu er frítekjumark vegna atvinnutekna örorkulífeyrisþega og endurhæfingarlífeyrisþega hækkað úr rúmlega 27 þús. kr. í 100 þús. kr. á mánuði. Ákvæðið er sett til bráðabirgða, tekur gildi 1. júlí 2008 og gildir út árið. Markmið frumvarpsins er að hvetja einstaklinga til vinnu og gera örorkulífeyrisþegum kleift að afla sér aukinna tekna af atvinnu án þess að bætur frá Tryggingastofnun ríkisins skerðist. Unnið er að tillögu um endurskoðað örorkumat sem byggist m.a. á markmiðum um starfshæfnismat og eflingu starfsendurhæfingar með áherslu á að skoða frekar getu fólks til starfa en vangetu. Tillögunni er ætlað að ná svipuðum markmiðum hvað varðar örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega og hvetja einstaklinga til vinnu.

Nefndin telur að hækkun frítekjumarksins muni leiða til aukinnar atvinnuþátttöku örorkulífeyrisþega og hafa þannig í för með sér hærri tekjur og meiri lífsgæði þeim til handa. Rannsóknir hafa jafnframt sýnt að það sé þjóðhagslega hagkvæmt að öryrkjar vinni, kjósi þeir að gera það.

Ákvæðinu er ekki ætlað að hefta eða binda þá vinnu sem nú þegar er hafin með nokkrum hætti. Því telur nefndin eðlilegt að ákvæðið sé einungis sett til bráðabirgða og hafi þar með hvorki bindandi né fordæmisskapandi áhrif.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Ásta R. Jóhannesdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.
Birkir J. Jónsson skrifar undir álit þetta með fyrirvara.

Alþingi, 26. maí 2008.

Guðbjartur Hannesson, form., frsm. | Ármann Kr. Ólafsson. | Árni Johnsen.

Jón Gunnarsson. | Pétur H. Blöndal. | Kristinn H. Gunnarsson.

Birkir J. Jónsson, með fyrirvara. | Ögmundur Jónasson.

1120. Nefndarálit [471. mál]

um frv. til l. um stofnun opinbers hlutafélags um rekstur Keflavíkurflugvallar o.fl.

Frá minni hluta samgöngunefndar.

Minni hlutinn hefur miklar efasemdir um málið og gerir margvíslegar athugasemdir við það. Sú fyrsta varðar þá leið sem lögð er til í frumvarpinu um að stofna hlutafélag um starfsemi sem að öllu leyti á að vera í höndum hins opinbera. Engin ástæða er til að koma opinberri starfsemi, m.a. stjórnsýslu, undir hlutafélagaform. Nær væri að starfsemin væri á hendi stofnunar sem væri B-hluta fyrirtæki.

Minni hlutinn gerir sérstaklega athugasemd við 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins þar sem félaginu er heimilað að gera „hvers konar samninga við aðra aðila til að ná tilgangi sínum á sem hagkvæmastan hátt“ og vísar í þessu efni í umsögn Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna um öryggisviðbúnað á vellinum og telur að umfjöllun meiri hlutans í nefndaráliti um þetta efni sé ekki nægileg trygging fyrir því að öryggismál verði áfram með sama hætti og verið hefur. Í þessu efni má einnig benda á umsögn Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli sem leggur til að sérstaklega verði í lögunum kveðið á um starfrækslu slökkviliðs á flugvellinum, en ekki er tekið á því atriði í tillögum meiri hlutans.

Telur minni hlutinn að skipulagsmál séu ekki í eðlilegum farvegi en flugvallarsvæðið er skilgreint sem sérstakt skipulagssvæði og þannig er stjórnsýslu viðkomandi sveitarfélaga ýtt til hliðar og hið lýðræðislega umboð, sem sveitarstjórnir hafa frá íbúum til að bera pólitíska ábyrgð, m.a. á skipulagsmálum, verður að engu. Telur minni hlutinn það óviðunandi og með ákvæðum um að ákvarðanir skipulagsnefndar séu endanlegar á sveitarstjórnarstigi er verið að færa lýðræðislegt vald til stjórnskipaðrar nefndar þvert á venjulega stjórnskipun. Breytingartillaga meiri hluta um skipan skipulagsnefndar er þó vissulega til bóta, enda gerði upphaflegt frumvarp ráð fyrir að Skipulagsstofnun ætti bæði aðild að nefndinni en enn fremur kæmu skipulagsákvarðanir nefndarinnar til stofnunarinnar og var augljóst að slíkt fyrirkomulag gat ekki staðist. Minni hlutinn telur þó að það breyti ekki neinu um gagnrýni á skipan nefndarinnar. Sömu sögu er að segja um ákvæði 9. gr. sem felur hinu opinbera hlutafélagi

skyldur sveitarstjórnar samkvæmt vatnalögum (holræsi), lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og lögum um gatnagerðargjald. Verður ekki annað séð en þetta fyrirkomulag sé í hrópandi mótsögn við lýðræðislega stjórnarhætti. Staða þeirra sveitarfélaga sem hlut eiga að máli er einnig óljós og í raun óviðunandi að þau verði komin undir ákvörðunum hlutafélags um mikilvæg hagsmunamál sín, svo sem um fasteignagjöld, sbr. umsögn Sandgerðisbæjar.

Þá leggur minni hlutinn áherslu á að ákvæði um að sveitarfélög sem gera svæðisskipulag verði bundin af aðalskipulagi svæðisins skjóta skökku við og þýða í raun að rétthæð skipulagsáætlana er snúið við og telur að ákvæðið fari í bága við almenna reglu í skipulagslögum.

Minni hlutinn telur nauðsynlegt að taka fram að þegar ákveðið var að stofna hlutafélag um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarrekstur Flugmálastjórnar Íslands árið 2006 hafði þáverandi stjórnarandstaða (Samfylkingin, Vinstri hreyfingin – grænt framboð og Frjálslyndi flokkurinn) efasemdir um að hlutafélagaformið væri hið rétta og vildi láta skoða fleiri leiðir. Enginn vilji hefur nú verið til að skoða önnur rekstrarform, svo sem B-hluta ríkisfyrirtæki. Telur minni hlutinn að brýnt hefði verið að fá ríkisendurskoðanda til fundar við nefndina til að fjalla um kosti og galla opinberra hlutafélaga og þá reynslu sem þegar hefur fengist af slíku rekstrarformi.

Við breytingu á rekstrarformi hefðbundinna ríkisstofnana í (opinbert) hlutafélag er ævinlega hætta á að réttindi starfsmanna skerðist að meira eða minna leyti. Ýmis dæmi eru um slíkt. Stéttarfélög starfsmanna hafa einmitt varað við þessu. Þess ber þó að geta að meiri hlutinn hefur í breytingartillögum sínum komið til móts við sjónarmið starfsmanna að því er varðar lífeyrismál.

Með hlutafélagaformi skapast réttaróvissa um gildi stjórnsýslu- og upplýsingalaga og um réttindi starfsmanna. Enda þótt tiltekið sé í greinargerð að ákvæði stjórnsýslu- og upplýsingalaga gildi að því er varðar stjórnsýsluhlutverk félagsins, þá gilda þau almennt ekki í hlutafélögum. Ef ætlunin er að láta þau ná til opinbers hlutafélags er það mat minni hlutans að slík ákvæði eigi að lögfesta með beinum hætti og bendir á í því sambandi að umboðsmaður Alþingis hefur fjallað um upplýsingalög í opinberu hlutafélagi og þar kemur fram að stjórnendur opinberra hlutafélaga virðast ekki í öllum tilvikum gæta þess nægilega að virða upplýsingalög (t.d. mál 5103/2007). Það er einnig nauðsynlegt til að tryggja réttaröryggi borgaranna.

Þá er vert að vekja athygli á að í hinu nýja hlutafélagi verður opinberri stjórnsýslu og samkeppnisrekstri blandað saman sem hlýtur að geta valdið vanhæfi stjórnsýsluhlutans í tilteknum tilvikum. Samkeppniseftirlitið bendir í sinni umsögn á að fyrirkomulagið muni líklega valda samkeppnislegri mismunun.

Minni hlutinn telur að fjölmargir þættir málsins séu í raun enn vanreifaðir og með vísan til þess sem að ofan greinir er lagt til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Verði ekki fallist á frávísun er þess óskað að málið gangi að nýju til nefndar og ríkisendurskoðandi kallaður fyrir nefndina til umræðu um opinber hlutafélög. Jafnframt er óskað eftir að skipulagsstjóri komi fyrir nefndina vegna ákvæða um meðferð skipulagsmála.

Alþingi, 26. maí 2008.

Árni Þór Sigurðsson.

Með nefndaráliti minni hlutans voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Umsögn frá Skipulagsstofnun. (7. apríl 2008.)
II. Umsögn frá Sandgerðisbæ. (5. maí 2008.)
III. Umsögn frá Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna. (29. apríl 2008.)
IV. Umsögn frá Félagi íslenskra flugumferðarstjóra. (9. apríl 2008.)
V. Umsögn frá Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli. (8. apríl 2008.)
VI. Umsögn frá Samkeppniseftirlitinu. (22. apríl 2008.)

1121. Breytingartillögur [519. mál]

við till. til þál. um viðauka við fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2007–2010.

Frá Árna Þór Sigurðssyni.

1. Við bætist nýr liður, **2.2.3.2.2 Grunnnet, aðrir flugvellir**, svohljóðandi:

Flokkur	Staður – verkefnaflokkur	2007	2008	2009	2010
II	Bíldudalur				
	1. Flugbrautir og flughlöð		50	50	
	2. Byggingar				25
	3. Aðflugs- og öryggisbúnaður				5
	Samtals		50	50	30

2. Við liðinn 4.1.4 Almenningssamgöngur bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

	2007	2008	2009	2010
4. Almenningssamgöngur í þéttbýli		350	500	650

3. Við bætist nýr liður, **4.2.1.2 Verkefni á höfuðborgarsvæði**, svohljóðandi:

Heiti verkefnis Vegnr.	Kaflanr.	Kaflaheiti	2007 millj. kr.	2008 millj. kr.	2009 millj. kr.	2010 millj. kr.
Hringvegur á höfuðborgarsvæði						
1	e2–e3	Hafravatnsvegur–Vesturlandsvegur		700	900	900
1	f5–f6	Kjalarnes–Borgarnes			1.700	800
40		Hafnarfjarðarvegur				
		Kringlumýrarbraut–Miklabraut			-1.074	-1.663
49		Nesbraut				
		Kringlumýrarbraut–Snorrabraut			1.074	1.663

4. Við lið 4.2.1.3 Verkefni á landsbyggð bætist nýr liður, svohljóðandi:

Heiti verkefnis Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	2007 millj. kr.	2008 millj. kr.	2009 millj. kr.	2010 millj. kr.
Hringvegur á Suðurlandi					
1 d5–e1	Norðan Selfoss – Hafravatnsvegur		700	2.100	1.400
61	Djúpvegur				
38–45	Súðavík–Bolungarvík, Súðavíkurhlíð		20	50	50

5. Við lið 4.2.1.5 Jarðgöng, Vaðlaheiðargöng. Liðurinn orðist svo:

Heiti verkefnis	2007 millj. kr.	2008 millj. kr.	2009 millj. kr.	2010 millj. kr.
Vaðlaheiðargöng		100	500	1.000

6. Við lið 4.2.3 Sérstök fjáröflun. Liðurinn orðist svo:

Heiti verkefnis Vegnr. Kaflanr.	Kaflaheiti	2007 millj. kr.	2008 millj. kr.	2009 millj. kr.	2010 millj. kr.
Hringvegur á Suðurlandi					
1 d5–e1	Norðan Selfoss – Hafravatnsvegur		-1.400	-1.400	-1.400
Hringvegur á höfuðborgarsvæði					
1 e2–e3	Hafravatnsvegur–Vesturlandsvegur		-700	-900	-900
1 f5–f6	Kjalarnes–Borgarnes		-800	-900	-800
Vaðlaheiðargöng					
	Vaðlaheiðargöng		-100	-100	-100
Sérstök fjáröflun samtals			**-3.000**	**-3.300**	**-3.200**

Greinargerð.

1. Gerð er tillaga um að hækka fjárveitingu til Bíldudalsflugvallar þannig að unnt verði að ráðast í lengingu flugbrautar. Framkvæmdin er þýðingarmikil til að treysta samgöngur við miðhluta Vestfjarða og er lagt til að til þess verði varið 50 m.kr. árið 2008 og sömu fjárhæð árið 2009.
2. Hér er lagt til að veitt verði fjármagni til almenningssamgangna í þéttbýli. Um er að ræða sívaxandi verkefni sem sveitarfélög sinna, þótt það sé ekki lögbundið. Í nútímasamfélagi eru almenningssamgöngur órjúfanlegur hluti samgöngukerfisins og eðlilegt að ríkið leggi til fjármagn til þess hluta ekki síður en vegakerfisins. Tillagan gerir ráð fyrir að framlagið verði einkum notað til að mæta útgjöldum sveitarfélaganna vegna olíugjalds og virðisaukaskatts af almenningsvögnum, en einnig til að taka þátt í gerð forgangsakreina fyrir almenningsvagna þar sem það á við.
3. Í 3. tölul. eru tvær breytingar. Annars vegar er um að ræða að framkvæmdir við Hringveginn frá höfuðborgarsvæðinu í Borgarnes verði fjármagnaðar með hefðbundnum hætti, en í gildandi samgönguáætlun er þar gert ráð fyrir „sérstakri fjármögnun“ sem væntanlega þýðir að verkið sé hugsað í einkaframkvæmd og/eða með notendagjöldum. Hins vegar er gerð tillaga um að fjárveiting í gildandi samgönguáætlun í mislæg gatnamót Kringlumýrarbrautar/Miklubrautar verði flutt til og áherslan þess í stað lögð á úrbætur á Miklubraut (Nesbraut) á kaflanum milli Kringlumýrarbrautar og Snorrabrautar.

Þar hefur verið gert ráð fyrir að gatan verði lögð í stokk til að bæta umhverfi og lífsgæði íbúa og er tillagan í samræmi við það.

4. Í 4. tölul. eru tvær tillögur að breytingum. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að framkvæmdir við Hringveginn frá höfuðborgarsvæðinu að Selfossi verði fjármagnaðar með hefðbundnum hætti, en í gildandi samgönguáætlun er þar gert ráð fyrir „sérstakri fjármögnun“ sem væntanlega þýðir að verkið sé hugsað í einkaframkvæmd og/eða með notendagjöldum. Í öðru lagi er lagt til að setja sérstaka fjárveitingu til úrbóta á veginum milli Ísafjarðar og Súðavíkur og undirbúnings vegganga þar. Gert er ráð fyrir 30 m.kr. viðbótarframlagi árið 2008 og 50 m.kr. framlagi árið 2009 til undirbúnings verkefninu.
5. Breytingartillaga í 5. tölul. gerir ráð fyrir að Vaðlaheiðargöng verði fjármögnuð sem hefðbundin framkvæmd á vegum Vegagerðarinnar en ekki sem einkaframkvæmd, enda mun það leiða til lægri kostnaðar. Tillagan gerir ráð fyrir 100 m.kr. framlagi árið 2008, 500 m.kr. framlagi árið 2009 og 1.000 m.kr. árið 2010 en það sem þá stendur út af af framlagi ríkisins kæmi þá árið 2011 en gildandi samgönguáætlun nær ekki til þess árs. Eins og í gildandi áætlun gerir þessi tillaga áfram ráð fyrir að um helmingur framkvæmdakostnaðar verði borinn af notendagjöldum.
6. Í 6. tölul. er lagt til að fjárhæðir undir liðnum „sérstök fjármögnun“ falli niður enda hefur verið gerð tillaga um að þau verkefni verði fjármögnuð með hefðbundnum hætti. Samtölur í áætluninni breytast til samræmis við framangreindar tillögur.

1122. Frumvarp til laga [642. mál]

um breytingu á lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Öllum afla, sem íslensk skip veiða úr stofnum sem að hluta eða öllu leyti halda sig í efnahagslögsögu Íslands, skal landað innan lands og hann veginn í innlendri höfn.

Ráðherra getur með reglugerð heimilað að ísfiski sé landað í erlendum höfnum eða hann fluttur úr landi án þess að hafa verið endanlega veginn, enda sé fiskurinn seldur á opinberum fiskmarkaði sem hlotið hefur leyfi Fiskistofu. Sé fyrirhugað að flytja út óunninn afla til sölu á fiskmarkaði erlendis sem ekki hefur verið endanlega vigtaður og skráður í aflaskráningarkerfi Fiskistofu skal útgerð og skipstjóri fiskiskips tryggja að Fiskistofu séu sendar upplýsingar um aflann eigi síðar en 24 klukkustundum áður en aflinn fer um borð í flutningsfar eða skip fer af miðum, sigli fiskiskip með eigin afla. Upplýsingar þessar skulu birtar á opnum uppboðsvef uppboðsmarkaðar fyrir sjávarafla þar sem aflinn skal boðinn upp. Ráðherra skal kveða á um uppboðsskilmála og framkvæmd uppboðs í reglugerð.

Þá getur ráðherra heimilað með reglugerð að afla sem veiddur er úr íslenskum deilistofnum sé landað erlendis, enda sé eftirlit með löndun afla og vigtun hans talið fullnægjandi.

Þegar sérstaklega stendur á, t.d. vegna alvarlegrar vélarbilunar, getur Fiskistofa heimilað að skip sem vinna afla um borð landi erlendis.

Fiskistofa skal innheimta af fiskmarkaði erlendis kostnað sem til fellur við upphaflega úttekt á fiskmarkaði í kjölfar umsóknar, vegna launa eftirlitsmanna erlendis og við sérstakar eftirlitsúttektir af hálfu Fiskistofu. Enn fremur er Fiskistofu heimilt að innheimta af útgerð skips sem landar afla sínum erlendis, sbr. 3. og 4. mgr., kostnað vegna ferðar eftirlitsmanns til að fylgjast með löndun úr skipinu erlendis. Ráðherra setur nánari reglur um greiðslu kostnaðar samkvæmt ákvæði þessu.

2. gr.

Við 17. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Fiskistofa skal afturkalla leyfi erlends fiskmarkaðar til að móttaka afla íslenskra fiskiskipa sem ekki hefur verið endanlega veginn ef fyrirsvarsmenn fiskmarkaðar, starfsmenn eða aðrir þeir sem í þágu hans starfa hafa brotið gegn ákvæðum III. kafla eða reglum settum samkvæmt þeim. Hið sama á við standi erlendur fiskmarkaður ekki í skilum með greiðslu kostnaðar skv. 5. mgr. 5. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2009.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í upphafi árs 2007 tók sjávarútvegsráðherra ákvörðun um að afnema svokallað útflutningsálag á óunninn botnfiskafla sem fluttur er úr landi. Útflutningsálag var lagt á botnfiskafla sem fluttur var óunninn á fiskmarkað erlendis án þess að hafa verið endanlega vigtaður og skráður í aflaskráningarkerfi Fiskistofu þannig að 10% álagi var bætt við niðurstöðu vigtunar þegar aflinn var reiknaður til aflamarks. Ákvörðun þessi var tekin í tengslum við samning Íslands við Evrópusambandið um bættan markaðsaðgang fyrir sjávarafurðir á markaði sambandsins og tók gildi 1. september 2007. Samhliða því að taka ákvörðun um að afnema útflutningsálag skipaði sjávarútvegsráðherra starfshóp sem samkvæmt skipunarbréfi hafði það hlutverk að skila tillögum um hvernig fiskkaupendum hérlendis yrði best tryggður möguleiki á að bjóða í þennan fisk áður en hann er fluttur úr landi. Í starfshópinn voru skipaðir: Einar Oddur Kristjánsson alþingismaður, sem var formaður hópsins, Stefán Friðriksson, aðstoðarframkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar hf., og Kjartan Guðmundsson fiskverkandi. Við frá-fall Einars Odds Kristjánssonar var Illugi Gunnarsson alþingismaður skipaður formaður starfshópsins með bréfi dags. 7. ágúst 2007. Starfshópurinn fór ítarlega yfir viðfangsefnið og ræddu fulltrúar hans við alla helstu hagsmunaaðila ásamt því að heimsækja fiskmarkaðina í Grimsby og Hull í Bretlandi, sem í dag taka á móti mestum hluta þess afla sem fluttur er á markað erlendis. Starfshópurinn hefur nú skilað áliti sínu og koma þar fram tillögur sem lúta að vigtun afla á fiskmörkuðum erlendis, aðgerðum til að auka öryggi í viðskiptum og aðgerðum til að bæta aðgengi fiskvinnslunnar að fiski sem fluttur er á markað erlendis án þess að hafa verið endanlega veginn og skráður í aflaskráningarkerfi Fiskistofu.

Með frumvarpi þessu er tekið á þeim þáttum sem eru til þess fallnir að bæta aðgengi fiskkaupenda að afla sem fyrirhugað er að flytja úr landi. Útgerðarmönnum sem fyrirhuga að flytja afla úr landi án þess að hann hafi verið endanlega veginn verður gert skylt að senda upplýsingar um afla til Fiskistofu sem sendir upplýsingarnar áfram til birtingar á opnum uppboðsvef uppboðsmarkaðs með sjávarafla. Uppboð á afla stuðlar að því að fiskkaupendur hafi tækifæri til að kaupa aflann. Mikilvægt er að hafa í huga að regla þessi á einungis við um afla sem fluttur er úr landi án þess að hafa verið endanlega veginn og skráður í aflaskrán-

ingarkerfi Fiskistofu. Útgerðir eiga þess kost að vigta aflann hér á landi og þá er þeim frjálst að ráðstafa aflanum að vild.

Enn fremur eru fyrirhugaðar breytingar á reglum er lúta að vigtun aflans hjá markaði erlendis á þann veg að auknar verði kröfur sem gerðar eru til vigtunarbúnaðar hjá fiskmörkuðum erlendis. Þá er talið mikilvægt að tryggja að eftirlit með afla sem fluttur er úr landi án þess að hafa verið skráður til aflamarks sé fullnægjandi.

Eftirlit með afla sem fluttur er úr landi án þess að hafa verið endanlega vigtaður fer annars vegar fram hér á landi og hins vegar erlendis. Gert er ráð fyrir að Fiskistofa innheimti kostnað sem hlýst af eftirliti erlendis.

Þá eru gerðar breytingar á viðurlagakafla laganna þar sem kveðið er á um afturköllun leyfis erlends markaðar til að taka á móti íslenskum afla hafi ekki verið farið að ákvæðum III. kafla laganna og er það til samræmis við kröfur sem gerðar eru til vigtunarleyfishafa hér á landi. Auk þess er gert ráð fyrir að Fiskistofa afturkalli leyfi erlends markaðar í þeim tilvikum sem markaður stendur ekki í skilum með greiðslu kostnaðar vegna eftirlits.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 5. gr. kemur fram sú meginregla að öllum afla, sem íslensk skip veiða úr stofnum sem að hluta eða öllu leyti halda sig í efnahagslögsögu Íslands, skuli landað innan lands og hann veginn í innlendri höfn. Jafnframt er í ákvæðinu fjallað um undanþágur frá þessari meginreglu og þau skilyrði sem uppfylla þarf til að heimilt sé að landa og vigta afla erlendis. Meginreglan um löndun og vigtun afla og undanþágur frá þeirri reglu eru óbreyttar frá því sem verið hefur en skýrara þykir að breyta ákvæðinu í heild, skipta upp í málsgreinar og bæta við efnislegum breytingum. Efnislegar breytingar lúta að aðgengi fiskkaupenda að afla og innheimtu kostnaðar vegna eftirlits með vigtun og skráningu afla erlendis.

Í 2. mgr. er kveðið á um heimild ráðherra til að setja reglugerð sem heimilar löndun á afla erlendis og útflutning afla sem ekki hefur verið endanlega veginn hér á landi. Sú skylda er lögð á útgerð og skipstjóra að tryggja að upplýsingar um afla, sem fluttur er óunninn á markað erlendis án þess að hafa verið endanlega veginn og skráður í aflaskráningarkerfi Fiskistofu, séu sendar til Fiskistofu. Hér kemur fram það nýmæli að Fiskistofa skuli sjá til þess að upplýsingar um afla verði birtar á opnum uppboðsvef, sem rekinn er af uppboðsmarkaði með sjávarafla, þar sem afli er boðinn upp.

Í 3. mgr. er talað um íslenska deilistofna í stað stofna sem halda sig að hluta í efnahagslögsögu Íslands en ekki er um efnislega breytingu að ræða.

Í 5. mgr. er kveðið á um innheimtu kostnaðar Fiskistofu af eftirliti erlendis. Annars vegar er um að ræða kostnað vegna eftirlits með ísfiski sem fer á markað erlendis án þess að hafa verið endanlega veginn og hins vegar vegna eftirlits erlendis með afla úr deilistofnum sem landað er erlendis eða þegar landað er erlendis vegna vélarbilunar. Er fiskmarkaður erlendis sækir um viðurkenningu til að taka á móti íslenskum afla sem ekki hefur verið endanlega veginn er nauðsynlegt að Fiskistofa heimsæki fiskmarkaðinn og geri þar úttekt ásamt því að afla nauðsynlegra upplýsinga. Talið er eðlilegt að viðkomandi markaður beri kostnað af þeirri úttekt. Jafnframt er fiskmörkuðum gert að greiða launakostnað eftirlitsmanna erlendis og að standa straum af kostnaði við sérstakar eftirlitsúttektir Fiskistofu. Með sérstökum eftirlitsúttektum er átt við hefðbundnar úttektir sem fara fram til að tryggja að farið sé að reglum auk eftirlitsferða þegar rökstuddur grunur er uppi um brot gegn lögum og reglum er lúta að

vigtun sjávarafla. Gert er ráð fyrir að umfang eftirlits ráðist af aflamagni sem flutt verður til viðkomandi markaðar.

Um 2. og 3. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum.

Markmið frumvarpsins er að bæta aðgengi fiskkaupenda að afla sem fyrirhugað er að flytja úr landi án þess að hann hafi verið vigtaður hér á landi. Útgerðarmönnum sem fyrirhuga að flytja afla úr landi án þess að hann hafi verið endanlega veginn verður samkvæmt frumvarpinu skylt að senda upplýsingar um afla til Fiskistofu sem sendir upplýsingarnar áfram til birtingar á opnum uppboðsvef uppboðsmarkaðs með sjávarafla.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Fiskistofu verði heimilt að innheimta af fiskmarkaði erlendis kostnað sem til fellur við upphaflega úttekt á fiskmarkaði í kjölfar umsóknar, launa eftirlitsmanns erlendis og við sérstakar eftirlitsúttektir af hálfu Fiskistofu. Þá er Fiskistofu áfram heimilt að innheimta af útgerð skips sem landar efla sínum erlendis kostnað vegna ferðar eftirlitsmanns til að fylgjast með löndun úr skipinu erlendis.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er gert ráð fyrir að 10–12 m.kr. kostnaður, sem Fiskistofa hefur haft af úttekt og eftirliti með erlendu fiskmörkuðunum, verði fjármagnaður með sértekjum.

1123. Nefndarálit [520. mál]

um frv. til l. um Landeyjahöfn.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur og Jóhann Guðmundsson frá samgönguráðuneyti, Hermann Guðjónsson og Sigurð Ás Grétarsson frá Siglingastofnun og Ellíða Vignisson og Pál Scheving frá Vestmannaeyjabæ.

Umsagnir um málið bárust frá Landgræðslu ríkisins, Vegagerðinni, Hafnasambandi Íslands, Siglingastofnun Íslands, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga og Vestmannaeyjabæ.

Með frumvarpinu er lagt til að byggð verði ferjuhöfn í Bakkafjöru í Landeyjum sem alfarið verði fjármögnuð úr ríkissjóði og rekin af ríkinu.

Á fundum sínum ræddi nefndin m.a. um eignarhald og rekstrarform hafnarinnar að framkvæmdum loknum en samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að yfirstjórn verði í höndum samgönguráðherra. Fyrir nefndinni komu fram athugasemdir um að sveitarfélögin Rangár-

þing eystra og Vestmannaeyjabær ættu að koma að rekstri hafnarinnar. Um framkvæmdina gætir nokkurrar sérstöðu þar sem hún er hugsuð til að bæta samgöngur milli lands og Vestmannaeyja en framkvæmdin sjálf verður í öðru sveitarfélagi, þ.e. í Rangárþingi eystra. Telur nefndin að á þessu stigi málsins sé ekki rétt að gera breytingar á frumvarpinu í þá veru enda liggur ekki fyrir samkomulag milli sveitarfélaganna og ríkisins hvernig því ætti að vera háttað.

Á fundum nefndarinnar var einnig rætt um hafnarframkvæmdina en hafnalög ná ekki til einstakra framkvæmda af þessu tagi og því nauðsynlegt að setja sérstök lög um hana. Nefndin leggur þess vegna áherslu á nauðsyn þess að setja almennan lagaramma um þær ferjuhafnir og ferjubryggjur sem ríkissjóður veitir fjármuni til í fjárlögum.

Nefndin telur málið stórt hagsmunamál og að það verði til mikilla bóta fyrir samgöngur milli Vestmannaeyja og lands.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Árni Þór Sigurðsson og Guðjón A. Kristjánsson eru samþykkir áliti þessu með fyrirvara.

Alþingi, 24. maí 2008.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, form., frsm.	Ólöf Nordal.	Herdís Þórðardóttir.
Karl V. Matthíasson.	Árni Þór Sigurðsson, með fyrirvara.	Árni Johnsen.
Guðni Ágústsson.	Ármann Kr. Ólafsson.	Guðjón A. Kristjánsson, með fyrirvara.

1124. Nefndarálit [579. mál]

um frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur og Karl Alvarsson frá samgönguráðuneyti.

Umsagnir um málið bárust frá Vegagerðinni, Umferðarstofu, Samtökum fjármálafyrirtækja, Aðalskoðun hf., Frumherja hf. og Ólafi W. Stefánssyni.

Með frumvarpinu er lagt til að heimilt verði að leggja allt að 30.000 kr. gjald á þá sem vanrækja að færa ökutæki til skoðunar á réttum tíma og að breytingin taki gildi 1. janúar 2009.

Á fundum nefndarinnar kom fram að fjöldi óskoðaðra bifreiða er um 25.000 eða um 10% af heildarfjölda ökutækja á landinu og að skort hefur úrræði til að fylgja því eftir að eigendur ökutækja sinni lögboðinni skyldu sinni um að færa ökutæki til skoðunar. Telur nefndin að með breytingunum sem lagðar eru til í frumvarpinu verði eftirlit lögreglu með óskoðuðum ökutækjum í umferð skilvirkara og að það verði til að auka öryggi vegfarenda í umferðinni.

Nefndin leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu sem eru til einföldunar og til þess fallnar að gera greinar þess skýrari. Þannig leggur nefndin til að tilgreint verði að með skoðun ökutækis sé bæði átt við almenna skoðun og endurskoðun. Nefndin leggur til, þar sem gert er ráð fyrir að g-liður 108. gr. laganna falli brott og greinin fjalli einungis um stöðvunarbrot, að fyrirsögnin taki mið af því og enn fremur að niðurlag 1. mgr. 109. gr., sem vísar til liðarins, falli brott til samræmis við það.

Nefndin leggur til nokkrar efnisbreytingar á frumvarpinu sem varða lögveð í 3. mgr. 1. gr. en fyrir nefndinni kom fram ábending um að ekki væri rétt að lögveð félli niður við eigendaskipti þar sem nýr eigandi hlyti að kynna sér hvort skoðun hefði farið fram og hvort gjald hefði verið lagt á en þær upplýsingar liggja fyrir í ökutækjaskrá með sama hætti og upplýsingar um stöðu bifreiðaskatta.

Loks leggur nefndin til að gildistöku frumvarpsins verði flýtt og miðist við 1. október 2008 en leggur áherslu á að þær breytingar sem frumvarpið felur í sér verði kynntar mjög rækilega.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 24. maí 2008.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, form., frsm.	Ólöf Nordal.	Herdís Þórðardóttir.
Karl V. Matthíasson.	Árni Þór Sigurðsson.	Árni Johnsen.
Guðni Ágústsson.	Ármann Kr. Ólafsson.	Guðjón A. Kristjánsson.

1125. Breytingartillögur [579. mál]

við frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingum.

Frá samgöngunefnd.

1. Við 1. gr.
   a. 1. og 2. efnismgr. orðist svo:
      Leggja skal á gjald að fjárhæð 15.000 kr. sem eigandi (umráðamaður) ökutækis skal greiða við almenna skoðun og endurskoðun hafi ökutæki ekki verið fært til skoðunar og endurskoðunar á réttum tíma samkvæmt þeim reglum um skoðun ökutækja sem ráðherra setur með stoð í 1. mgr.
      Heimilt er að lækka gjaldið um allt að 50% verði það greitt innan tiltekins frests eftir að það er lagt á. Einnig má hækka gjaldið um allt að 100% verði það ekki greitt við skoðun eða endurskoðun, sé þess krafist. Gjaldið getur að hámarki orðið 30.000 kr.
   b. Við 3. mgr. bætist: en fellur þó ekki niður við eigendaskipti. Um fullnustuaðgerðir vegna innheimtu gjaldsins fer eftir 3. og 4. mgr. 109. gr.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 108. gr. laganna:
   a. G-liður 1. mgr. fellur brott.
   b. Skammstöfunin „o.fl.“ í fyrirsögn greinarinnar fellur brott.
3. Við bætist ný grein er verði 3. gr., svohljóðandi:
   Lokamálsliður 1. mgr. 109. gr. laganna fellur brott.
4. Í stað orðanna „1. janúar 2009“ í 3. gr., er verði 4. gr., komi: 1. október 2008.
5. Í stað orðanna „1. janúar 2009“ í ákvæði til bráðabirgða komi: 1. október 2008.

1126. Nefndarálit [519. mál]

um till. til þál. um viðauka við fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2007–2010.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur, Friðfinn Skaftason, Jóhann Guðmundsson og Eirík Bjarnason frá samgönguráðuneyti, Hermann Guðjónsson og Sigurð Ás Grétarsson frá Siglingastofnun, Hrein Haraldsson frá Vegagerðinni og Þorgeir Pálsson frá Flugstoðum.

Umsagnir bárust nefndinni frá Siglingastofnun Íslands, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Vegagerðinni, Eyþingi, Fjórðungssambandi Vestfirðinga, bæjarstjórn Seyðisfjarðar, Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi, SVÞ – Samtökum verslunar og þjónustu, Vopnafjarðarhreppi, Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi og Reykjavíkurborg.

Með þingsályktunartillögu þessari er lagt til að flýtt verði ýmsum framkvæmdum á landsbyggðinni, bæði í vega- og flugmálum, í því skyni að styrkja innviði byggðanna. Þá er lagt

til að ýmsum hafnarframkvæmdum verði frestað sem leiðir af tekjusamdrætti hafnarsjóða vegna aflasamdráttar og að öðrum verði flýtt vegna breyttra atvinnuhátta.

Á fundum nefndarinnar kom fram að viðaukinn fæli í sér breytingar frá gildandi samgönguáætlun til samræmis við fjárlög ársins 2008 en þær væru nauðsynlegar til þess að áætlunin yrði nægilega gagnsæ. Þá kom fram að ekki væri um nýja stefnumótun að ræða í þessari áætlun.

Nefndin leggur ekki til neinar efnislegar breytingar á tillögunni en smávægilega lagfæringu. Nefndin telur hins vegar nauðsynlegt að framkvæmdum við ferjubryggjuna í Flatey verði lokið, en upplýst var að viðbótarkostnaður við það er um 14 millj. kr., og auk þess að framkvæmdum á vegarkaflanum frá Ísafjarðardjúpi og út á Drangsnes verði einnig lokið en samkvæmt upplýsingum nefndarinnar er viðbótarkostnaður við það um 2–4 millj. kr. Nefndin beinir því til samgönguráðuneytis að það verði skoðað með tilfærslum milli liða í áætluninni.

Nefndin beinir því enn fremur til samgönguráðuneytis að rannsóknarfé til jarðganga, bæði í þéttbýli og dreifbýli, verði aukið. Í því efni þarf, auk jarðfræðirannsókna, að taka tillit til samfélagslegra þátta á borð við þéttingu byggðar, öryggissjónarmiða, umferðardreifingar og annarra atriða þegar hagkvæmni jarðganga er skoðuð.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað tölunnar „670“ í lið 4.1.4. komi: 870.

Árni Þór Sigurðsson er samþykkur áliti þessu með fyrirvara.

Alþingi, 24. maí 2008.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, form., frsm.	Ólöf Nordal.	Herdís Þórðardóttir.
Karl V. Matthíasson.	Árni Þór Sigurðsson, með fyrirvara.	Árni Johnsen.
Guðni Ágústsson.	Ármann Kr. Ólafsson.	Guðjón A. Kristjánsson.

1127. Breytingartillögur [287. mál]

við frv. til l. um leikskóla.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Við 2. gr. F-liður 2. mgr. orðist svo: Að rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra og heilbrigðisvitund, skilning og virðingu fyrir mannréttindum, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta.
2. Við bætist nýr kafli, IV. kafli, **Leikskólabörn**, með tveimur nýjum greinum, 9. og 10. gr., svohljóðandi:

a. (9. gr.)

Réttur leikskólabarna.

Öll börn í leikskóla eiga rétt á verkefnum sem taka mið af aldri þeirra og andlegri og líkamlegri getu í hvetjandi námsumhverfi í viðeigandi húsnæði sem tekur mið af þörfum þeirra og vellíðan barnahópsins. Börn í leikskóla eiga rétt á því að njóta bernsku sinnar og hæfileika og finna til öryggis í öllu starfi á vegum leikskólans. Leita skal sjónarmiða leikskólabarna varðandi skólaumhverfi þeirra og starf innan leikskólans.

b. (10. gr.)

Leikskólabörn með sérþarfir.

Börn í leikskóla eiga rétt á því að komið sé til móts við námsþarfir þeirra í almennum leikskólum án aðgreiningar, án tillits til líkamlegs eða andlegs atgervis.

Heyrnarlausum leikskólabörnum skal tryggt málumhverfi svo þau fái notið þeirrar menntunar og leikskilyrða sem leikskólinn hefur upp á að bjóða.

Leikskólar geri móttökuáætlun vegna barna sem hafa annað móðurmál en íslensku eða nota táknmál. Tryggja skal að þessi börn og foreldrar þeirra fái aðgang að upplýsingum um leikskólastarfið og framvindu þess.

1128. Breytingartillögur [286. mál]

við frv. til l. um framhaldsskóla.

Frá Árna Þór Sigurðssyni.

1. Á eftir 43. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

Kennsla í framhaldsskólum skal veitt nemendum að kostnaðarlausu og er óheimilt að krefja nemendur eða forráðamenn þeirra um greiðslur fyrir kennslu, námsgögn eða annað efni sem nemendum er gert skylt að nota í námi sínu og samrýmist ákvæðum laga þessara og aðalnámskrá.

Ríkinu er skylt að leggja til og kosta kennslu- og námsgögn er fullnægja ákvæðum aðalnámskrár.

Opinberum aðilum er ekki skylt að leggja nemendum til gögn til persónulegra nota, svo sem ritföng og pappír.

2. Við 45. gr. 1. og 2. mgr. falli brott.

1129. Nefndarálit [554. mál]

um frv. til l. um Fiskræktarsjóð.

Frá sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Arnór Snæbjörnsson, Ingimar Jóhannsson og Sigríði Norðmann frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, Jón Gíslason og Halldór Runólfsson frá Matvælastofnun, Jón Kjartan Jónsson og Guðberg Rúnarsson frá Landssambandi fiskeldisstöðva, Óðin Sigþórsson frá Landssambandi veiðifélaga, Jóhannes Sturlaugsson frá Laxfiskum ehf., Þórð Ásgeirsson frá Fiskistofu og Friðrik Sophusson frá Landsvirkjun.

Umsagnir bárust frá Landsvirkjun, Orkusölunni, Landssambandi veiðifélaga, Matvælastofnun, Laxfiskum ehf., RARIK, Fiskistofu, Landssambandi fiskeldisstöðva, Samorku, Náttúrufræðistofnun Íslands, Norðurorku, Orkuveitu Reykjavíkur, Bændasamtökum Íslands og Veiðimálastofnun.

Með frumvarpinu er lagt til að settar verði skýrar reglur um hlutverk og stöðu Fiskræktarsjóðs en nauðsynlegt þykir að breyta ákvæðum laga um sjóðinn sem er að finna í eldri lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970. Gert er ráð fyrir að sjóðurinn hafi áfram tekjur af 2% gjaldi af veiði í ám og vötnum en að gjaldtöku af tekjum af sölu raforku verði aflétt.

Á fundum sínum ræddi nefndin um skipun stjórnar sjóðsins en samkvæmt gildandi lögum er núverandi stjórn skipuð sex nefndarmönnum og með frumvarpinu er lagt til að þeim sé fækkað í fimm. Þannig verður einn nefndarmaður tilnefndur af Landssambandi fiskeldisstöðva í stað tveggja tilnefndra af Landssambandi fiskeldis- og hafbeitarstöðva. Telur nefndin það eðlilegar breytingar samhliða því að með frumvarpinu er gert ráð fyrir að Fiskræktarsjóður dragi úr eða hætti stuðningi við fiskeldi en tekur fram að stuðningur við fiskeldi er alls ekki útilokaður.

Fyrir nefndinni var þeim sjónarmiðum hreyft að Fiskræktarsjóður ætti einungis að veita lán og styrki til framkvæmda í ám og vötnum sem heimilaðar hafa verið af lax- og silungsveiðisviði Fiskistofu verði frumvarp um flutning stjórnsýslu og eftirlitsverkefna á sviði lax- og silungsveiði að lögum. Telur nefndin að þessi ábending sé byggð á réttmætri forsendu en telur þó vart nauðsyn á því að slíkt sé bundið í lög þar sem að í úthlutunarreglum sjóðsins eða reglugerð ráðherra mætti skilyrða greiðslu í þeim tilvikum að framkvæmd sem ákveðið er að styrkja sé leyfisskyld þannig að ekki komi greiðsla fyrir hana fyrr en leyfi hefur verið veitt. Þá má einnig vísa til 4. mgr. 8. gr. frumvarpsins þar sem segir að heimilt sé að skilyrða úthlutanir við að úthlutunarhafar geri grein fyrir framvindu verkefna og ráðstöfun fjár samkvæmt nánari reglum stjórnar Fiskræktarsjóðs.

Fyrir nefndinni komu einnig fram þau sjónarmið að ákvarðanir Fiskræktarsjóðs þyrftu að vera kæranlegar til ráðherra en í frumvarpinu er lagt til að ákvarðanir sjóðsins séu endanlegar á stjórnsýslustigi. Misjafnt er hvort ákvarðanir um úthlutanir styrkja úr sjóðum eru kæranlegar til ráðherra. Telur nefndin að þrátt fyrir að stjórn sé bundin af reglum stjórnsýslulaga við meðferð mála og sé undir eftirliti ráðherra verði að telja eðlilegt að unnt sé að kæra ákvarðanir sem þessar enda veiti það stjórn sjóðsins ákveðið aðhald við ákvörðun um styrkveitingar til rannsóknar- og vísindaverkefna. Leggur nefndin því til að ákvæðið í lokamálslið 8. gr. frumvarpsins um að úrskurðir nefndarinnar séu endanlegir á stjórnsýslustigi falli brott.

Á fundum nefndarinnar kom fram að gjaldtakan af tekjum af sölu raforku, sem lagt er til að verði aflétt, hefði ekki samrýmst nægilega vel þeim breytingum sem urðu á raforkumarkaðnum þegar samkeppni var komið á í raforkusölu. Þá kom einnig fram að gjaldið hefði verið talið vera bætur fyrir það tjón er nýting á vatnsafli til raforkuframleiðslu hefði valdið á veiði og fiskrækt í ám og vötnum en raforkufyrirtækjum er skylt að bæta það tjón sem þau valda að fullu samkvæmt ákvæðum í vatnalögum og lax- og silungsveiðilögum og almennum reglum skaðabótaréttar. Telur nefndin því að sú tilhögun sem lögð er til í frumvarpinu sé til þess fallin að mæta sjónarmiðum allra sem í hlut eiga og tryggja nauðsynlegan starfsfrið um sjóðinn.

Nefndin leggur einnig til lagfæringar er varða orðalag í 6. gr. um uppkvaðningu úrskurða Fiskistofu vegna kæru veiðiréttarhafa eða veiðifélags á álögðu gjaldi af veiðitekjum. Samkvæmt stjórnsýslulögum er stjórnvaldi skylt að rökstyðja úrskurði sína skriflega og því óþarft að taka það sérstaklega fram. Nefndin leggur auk þess til smávægilegar lagfæringar sem varða tilvísanir í lagagreinar í ákvæðum frumvarpsins og einnig breytingu á 8. gr. þar sem fjallað er um að Fiskræktarsjóði sé heimilt að afla umsagnar Matvælastofnunar um umsóknir um lán eða styrki en við tilfærslu verkefna til Fiskistofu samkvæmt frumvarpi á þskj. 832–531. máli, mun Fiskistofa, ef frumvarpið verður að lögum, veita þessar heimildir til framkvæmda í ám og vötnum í samræmi við 33. gr. laga um lax- og silungsveiði.

Þá komu fram upplýsingar um að sú 270 m.kr. eingreiðsla sem bæta ætti sjóðnum upp þann tekjumissi sem frumvarpið hefði í för með sér kæmi ekki úr Jarðasjóði heldur ríkissjóði og leggur nefndin því til breytingar á ákvæði til bráðabirgða í þá veru.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til á sérstöku þingskjali.

Atli Gíslason er samþykkur áliti þessu með fyrirvara.

Helgi Hjörvar var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 22. maí 2008.

Arnbjörg Sveinsdóttir, form., frsm.	Karl V. Matthíasson.	Gunnar Svavarsson.
Atli Gíslason, með fyrirvara.	Kjartan Ólafsson.	Birkir J. Jónsson.
Jón Gunnarsson.		Grétar Mar Jónsson.

1130. Breytingartillögur [554. mál]

við frv. til l. um Fiskræktarsjóð.

Frá sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd.

1. Orðin „skv. 6. gr.“ í b-lið og „skv. 7. gr.“ í c-lið 3. gr. falli brott.
2. Orðin „skv. 5. gr.“ í a-lið og „skv. 7. gr.“ í b-lið 4. gr. falli brott.
3. Í stað orðanna „leggja rökstuddan skriflegan úrskurð á málið“ í 1. málsl. 7. mgr. 6. gr. komi: kveða upp úrskurð um málið.
4. Orðin „skv. 5. gr.“ í 3. málsl. 8. mgr. 6. gr. falli brott.
5. Í stað orðanna „7. gr.“ í 2. mgr. 7. gr. komi: 8. gr.
6. Við 8. gr.
   a. Í stað orðsins „Matvælastofnunar“ í 3. mgr. komi: Fiskistofu.
   b. Lokamálsliður 6. mgr. falli brott.
7. Við ákvæði til bráðabirgða.
   a. Í stað orðanna „10. gr.“ í 1. málsl. komi: 11. gr.
   b. Í stað orðsins „Jarðasjóður“ í 2. málsl. komi: Ríkissjóður.
   c. Orðin „skv. 6. gr.“ í 2. málsl. falli brott.

1131. Nefndarálit [530. mál]

um frv. til l. um fiskeldi.

Frá sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingimar Jóhannsson og Sigríði Norðmann frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, Jón Gíslason og Halldór Runólfsson frá Matvælastofnun, Jón Kjartan Jónsson og Guðberg Rúnarsson frá Landssambandi fiskeldisstöðva, Óðin Sigþórsson frá Landssambandi veiðifélaga, Jóhannes Sturlaugsson frá Laxfiskum ehf. og Þórð Ásgeirsson frá Fiskistofu.

Umsagnir bárust frá Landsvirkjun, Landssambandi veiðifélaga, Matvælastofnun, Fiskistofu, Landssambandi fiskeldisstöðva, Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Náttúrufræðistofnun Íslands, Bændasamtökum Íslands, Norðurorku, Orkuveitu Reykjavíkur, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum fiskvinnslustöðva, Umhverfisstofnun, Veiðimálastofnun og Alþýðusambandi Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að eftirlit og stjórnsýsla fiskeldismála verði að mestu leyti flutt til Fiskistofu frá Matvælastofnun. Eftirliti verður þó skipt milli þessara stofnana þannig að Fiskistofa mun hafa eftirlit með þeim þáttum er snúa að rekstrarleyfum, veiðistjórnun ferskvatnsfiska, rekstri og fiskeldisfræði en Matvælastofnun með þeim er snúa að matvælaeftirliti og heilbrigði vatnafiska. Markmiðið er að skapa skilyrði til uppbyggingar eldi vatnafisks og nytjastofna sjávar og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu.

Á fundum sínum ræddi nefndin fjölmörg atriði og leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu og þá fyrst að skilgreiningu frumvarpsins á hafbeit verði breytt til samræmis við skilgreiningar hafbeitar í lögum um lax- og silungsveiði og lögum um fiskrækt.

Nefndin ræddi um aðkomu sveitarfélaga að þeim stjórnsýsluákvörðunum sem í frumvarpinu felast og varða m.a. svæðaskiptingu fiskeldis, staðsetningu fiskeldisstarfsemi og útgáfu rekstrarleyfa en á fundum nefndarinnar komu fram athugasemdir um að aðkoma þeirra væri ekki nægilega vel tryggð og að það skipti sveitarfélög og íbúa þeirra miklu máli hvort starfsemi á borð við fiskeldi væri leyfð við strönd eða á fjörðum í sveitarfélögum og því væri nauðsynlegt að tryggja þátttöku þeirra í ákvörðunum um það. Fellst nefndin á þau sjónarmið og leggur til breytingu á frumvarpinu í þá veru að leitað verði umsagnar viðkomandi sveitarfélags við svæðaskiptingu fiskeldis, við staðbundið bann við starfsemi og loks við veitingu rekstrarleyfis. Þá leggur nefndin enn fremur til að við setningu reglugerða skv. 4. gr. frumvarpsins verði leitað álits Sambands íslenskra sveitarfélaga, Landssambands fiskeldisstöðva og Landssambands veiðifélaga til þess að sjónarmið þessara hagsmunaaðila liggi fyrir.

Í samræmi við framangreinda breytingu telur nefndin nauðsynlegt að leggja til breytingar á ákvæði til bráðabirgða um að Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefni fulltrúa í samráðsnefnd um framkvæmd laganna, og verða fulltrúarnir þá tólf talsins, og að atkvæði formanns ráði úrslitum ef ágreiningur verður í nefndinni. Samráðsnefndin hefur það hlutverk að fylgjast með og stuðla að greiðri framkvæmd og virkum skoðanaskiptum þeirra er lög um fiskrækt, lög um Veiðimálastofnun, lög um varnir gegn fisksjúkdómum og lög um lax- og silungsveiði varða helst. Tillagan felur því einnig í sér að nauðsynlegt er að leggja til sambærilegar breytingar á ákvæðum til bráðabirgða í þeim lögum og leggur nefndin því til breytingar á frumvarpi sem varðar breytingar á lögum vegna flutnings stjórnsýslu- og eftirlitsverkefna á sviði lax- og silungsveiði, fiskræktar o.fl. til Fiskistofu, sbr. 531. mál á þskj. 832.

Fyrir nefndinni komu fram athugasemdir um að hugtakið „neikvæð vistfræðileg áhrif“ sé óljóst og ekki nægilega vel skilgreint í frumvarpinu og geti því verið íþyngjandi fyrir umsækjendur um rekstrarleyfi til fiskeldis sem fjallað er um í III. kafla frumvarpsins. Í 7. gr. kemur fram að áður en leyfi er veitt skuli afla umsagnar Veiðimálastofnunar og Hafrannsóknastofnunarinnar eftir því sem við á um hvort náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu starfssvæði fiskeldisstöðvar eða fyrirhugaðar eldistegundir, eldisstofnar eða eldisaðferðir gefi tilefni til hættu á neikvæðum vistfræði- eða erfðafræðiáhrifum sem leitt getur af leyfisskyldri starfsemi. Þá er í 9. gr. þar sem fjallað er um málsmeðferð Fiskistofu heimild til að leggja fyrir umsækjanda að rannsaka á eigin kostnað hvort fyrirhuguð starfsemi fiskeldisstöðvar feli í sér aukna hættu á fisksjúkdómum eða hvort um neikvæð vistfræðileg áhrif geti orðið að ræða. Hugtakið „neikvæð vistfræðileg áhrif “ hefur ekki verið skýrt skilgreint í lögum og getur náð yfir mjög vítt svið og telur nefndin því að vinna við skilgreiningu hugtaksins gæti tekið mjög langan tíma en nauðsynlegt yrði að samræma skilgreininguna í fjölda laga og taka mið af alþjóðlegum samningum, svo sem alþjóðasamningi um líffræðilega fjölbreytni. Leggur nefndin því áherslu á að við skilgreininguna beri að beita meðalhófsreglu og almennum ákvæðum stjórnsýslulaga.

Þá var því einnig hreyft fyrir nefndinni að greinar þessar gætu verið óþarflega íþyngjandi fyrir umsækjendur um rekstrarleyfi og telur nefndin rétt að taka fram að þessi ákvæði eru að mestu leyti í samræmi við gildandi lög. Jafnframt leggur nefndin áherslu á að með ákvæðum frumvarpsins er ekki ætlunin að stöðva fiskeldi eða gera umsækjendum erfitt fyrir heldur er verið að leggja mat á sjúkdómstengda þætti og minnir sérstaklega á í því sambandi að reglur

stjórnsýslulaga gilda um framkvæmd laganna, svo sem meðalhófsreglan og andmælarétturinn.

Einnig komu fram athugasemdir fyrir nefndinni að ekki væri nægilega skýrt kveðið á um sjónarmið náttúru- og umhverfisverndar í frumvarpinu og telur nefndin því rétt að benda á að áður en rekstrarleyfi er gefið út þarf Umhverfisstofnun að gefa út starfsleyfi samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir eins og verið hefur.

Nefndin ræddi einnig ákvæði frumvarpsins um eldisbúnað í 20. gr. sem felur í sér að innflutningur á notuðum eldisbúnaði sé óheimill. Telur nefndin að slíkt bann sé of strangt og geti falið í sér viðskiptahindrun auk þess sem það er ekki í samræmi við 2. mgr. 30. gr. frumvarps til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 auk afleiddra gerða, 524. mál á þskj. 825. Leggur því nefndin til að við 20. gr. bætist nýr málsliður, um að Matvælastofnun geti heimilað innflutning á öðrum eldisbúnaði sem sannanlega sé hægt að sótthreinsa enda þyki sannað að ekki berist smitefni með honum sem valda dýrasjúkdómum.

Nefndin telur frumvarpið eðlilegt framhald þess að yfirstjórn allrar stjórnsýslu varðandi nýtingarstjórnun á fiskum fer nú fram í einu og sama ráðuneyti, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, og að við þessa einföldun verði stefnumótun í málaflokknum skilvirkari en áður.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Helgi Hjörvar var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 22. maí 2008.

Arnbjörg Sveinsdóttir, form., frsm.	Karl V. Matthíasson.	Gunnar Svavarsson.
Atli Gíslason, með fyrirvara.	Kjartan Ólafsson.	Birkir J. Jónsson.
Jón Gunnarsson.		Grétar Mar Jónsson.

1132. Breytingartillögur [530. mál]

við frv. til l. um fiskeldi.

Frá sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd.

1. 11. tölul. 3. gr. orðist svo: *Hafbeit:* Slepping gönguseiða til sjógöngu og föngun þeirra sem fullvaxta fiska á sleppistað þegar þeir ganga úr sjó í ferskt vatn, annaðhvort til slátrunar eða flutnings í annað veiðivatn til endurveiða.

2. Við síðari málslið 2. mgr. 4. gr. bætist: og leitað álits Sambands íslenskra sveitarfélaga, Landssambands fiskeldisstöðva og Landssambands veiðifélaga.
3. Í stað orðanna „og Hafrannsóknastofnunarinnar“ í 5. gr., 1. mgr. 6. gr. og 2. mgr. 7. gr. komi: Hafrannsóknastofnunarinnar og viðkomandi sveitarstjórnar.
4. Við 20. gr.
   a. Við bætist nýr málsliður sem verði 4. málsl., svohljóðandi: Einnig getur Matvælastofnun með sömu skilyrðum heimilað innflutning á öðrum eldisbúnaði enda þyki sannað að ekki berist smitefni með honum sem valda dýrasjúkdómum.
   b. Í stað orðanna „vísinda- og tæknibúnaði“ í 4. málsl., sem verður 5. málsl., komi: vísindatækjum, tæknibúnaði og eldisbúnaði.
5. Við ákvæði til bráðabirgða.
   a. Í stað orðsins „ellefu“ í 3. málsl. komi: tólf.
   b. Í stað orðanna „og Hafrannsóknastofnuninni“ í 3. málsl. komi: Hafrannsóknastofnuninni og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.
   c. Við bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sker atkvæði formanns úr ef ágreiningur verður í nefndinni.

1133. Nefndarálit [531. mál]

um frv. til l. um breyt. á ýmsum lögum vegna flutnings stjórnsýslu- og eftirlitsverkefna á sviði lax- og silungsveiði, fiskræktar o.fl. til Fiskistofu.

Frá sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingimar Jóhannsson og Sigríði Norðmann frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, Jón Gíslason og Halldór Runólfsson frá Matvælastofnun, Jón Kjartan Jónsson og Guðberg Rúnarsson frá Landssambandi fiskeldisstöðva, Óðin Sigþórsson frá Landssambandi veiðifélaga, Jóhannes Sturlaugsson frá Laxfiskum ehf. og Þórð Ásgeirsson frá Fiskistofu.

Umsagnir bárust frá Laxfiskum ehf., Jóhannesi Sturlaugssyni, Landsvirkjun, Landssambandi veiðifélaga, Fiskistofu, Landssambandi fiskeldisstöðva, Náttúrufræðistofnun Íslands, Matvælastofnun, Norðurorku, Orkuveitu Reykjavíkur, Bændasamtökum Íslands, Veiðimálastofnun og Alþýðusambandi Íslands.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum í þeim tilgangi að flytja stjórnsýslu- og eftirlitsverkefni á sviði lax- og silungsveiði og fiskræktar og önnur verkefni sem varða stjórnsýslu ferskvatnsfiska frá Matvælastofnun til Fiskistofu auk þess sem lagðar eru til breytingar á starfsemi Veiðimálastofnunar. Frumvarpið er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um fiskeldi, sbr. 530. mál á þskj. 831.

Á fundum sínum ræddi nefndin sérstaklega tilhögun þá sem lögð er til í frumvarpinu um að bundið verði í lög að framkvæmd stjórnsýslu veiðimála verði á sérstöku sviði á Fiskistofu sem nefnast eigi veiðimálasvið. Telur nefndin að þegar litið er til þess sem almennt gerist með stofnanir ríkisins, að forstjóri og stjórn stofnunar ákveða skipurit stofnunar, verði það að teljast of hamlandi fyrir stjórn stofnunar að binda hluta skipurits í lög enda nauðsynlegt að hafa sveigjanleika í opinberri stjórnsýslu. Á fundum nefndarinnar kom fram að þó að heit-

in veiðimálasvið og veiðimálastjóri séu rótgróin starfsheiti sem falli vel að þeim verkefnum sem unnið er að á þessu sviði falli þau ekki nægilega vel að núverandi starfsskipulagi Fiskistofu. Nefndin leggur því til breytingar á 14. og 15. gr. frumvarpsins í þá veru að stofnað verði sérstakt svið til að sinna þessum málaflokki og að það verði fært í lög um lax- og silungsveiði í stað laga um Fiskistofu, eins og frumvarpið kveður á um. Nefndin leggur enn fremur til að heiti sviðsins verði breytt í lax- og silungsveiðisvið og að yfirmaður þess beri starfsheitið sviðsstjóri í stað starfsheitisins veiðimálastjóri. Fiskistofustjóri skal ráða sviðsstjóra til að stýra því sviði og skal hann hafa háskólapróf sem nýtist honum í starfi og heyra undir fiskistofustjóra. Þá er einnig lagt til að öll sérákvæði er varða starfsemi sviðsins verði færð í lög um lax- og silungsveiði, svo sem ákvæði frumvarpsins í 15. gr. um veiðieftirlitsmenn sem njóta ákveðinnar sérstöðu þar sem þeir eru samkvæmt gildandi lögum skipaðir af Matvælastofnun en eru starfsmenn veiðifélaga.

Loks leggur nefndin til smávægilegar lagfæringar á lögum um lax- og silungsveiði, þ.e. að í stað Matvælastofnunar komi Fiskistofa vegna tilfærslu verkefna til hennar samkvæmt fyrrnefndu frumvarpi til laga um Fiskistofu. Þá leggur nefndin einnig til að tiltekið verði í lögum um Fiskistofu að fiskeldi sé ein af þeim greinum sem falla undir stjórnsýsluverkefni stofnunarinnar.

Nefndin ræddi á fundum sínum heimild Veiðimálastofnunar til að eiga aðild að rannsóknarfyrirtækjum skv. 3. gr. frumvarpsins og þær athugasemdir sem borist hafa nefndinni um að með heimildinni sé stofnuninni gert fært að stunda óheft rekstur hlutafélaga og félaga með takmarkaðri ábyrgð í samkeppni við einkafyrirtæki. Nefndin fékk staðfestingu á að þarna er einungis um að ræða fyrirtæki sem eiga að þróa hugmyndir og hagnýta rannsókna- og þróunarverkefni sem stofnunin sjálf vinnur að hverju sinni en Veiðimálastofnun er í eðli sínu rannsókna- og þróunarstofnun. Því er ekki talið að þau fyrirtæki geti verið samkeppnishamlandi fyrir önnur fyrirtæki sem stunda rannsóknir í samkeppni við Veiðimálastofnun. Bendir nefndin í því sambandi á að svipuð ákvæði í lögum um flestar ef ekki allar rannsókna- og þróunarstofnanir ríkisins, m.a. í lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna að því er varðar Hafrannsóknastofnunina og Landbúnaðarháskóla Íslands, lögum um heilbrigðisþjónustu að því er varðar rannsóknastofnanir í heilbrigðisþjónustu, svo og í lögum um Íslenskar orkurannsóknir. Telur nefndin að með slíkri heimild geti stofnunin betur tekið þátt í þróunarvinnu og notið arðs af henni og breytt hugmyndum í verðmætar afurðir. Fyrir nefndinni kom einnig fram að Veiðimálastofnun hefur komið að þróun og prófunum á ýmsum tækjum sem nýta má til rannsókna og hefur ýmis rafeindabúnaður, svo sem mælimerki og fiskteljarar, verið þróaður þannig án þess að stofnunin njóti góðs af því með beinum hætti. Telur nefndin að með þessu móti skapist einnig sterkari og betri tengsl við atvinnulífið en allmörg dæmi eru um að sprotafyrirtæki hafi orðið til á þennan hátt sem seinna hafi orðið að öflugum fyrirtækjum. Nefndin leggur þó áherslu á að nauðsynlegt sé að gæta að reglum samkeppnis- og stjórnsýslulaga við nýtingu þessarar heimildar.

Á fundum nefndarinnar var einnig rætt um aðgengi að gögnum hjá Veiðimálastofnun en fram kom að Veiðimálastofnun hefur safnað og unnið gögn um veiði í ám og vötnum frá upphafi. Í eðli sínu eru þessi gögn líffræðilegar upplýsingar sem nýta má við rannsóknir á veiðistofnum í ám og vötnum. Með frumvarpinu er verið að koma þessum málum í fastar skorður en fram kom fyrir nefndinni að á það hefur skort hin síðari ár. Gert er ráð fyrir að Fiskistofa verði stjórnvaldið en Veiðimálastofnun framkvæmdaraðilinn. Veiðiskýrslur eru mikilvægt tæki fyrir stjórnvöld og veiðifélög vegna veiðistjórnunar og fyrir rannsóknaraðila vegna rannsókna- og ráðgjafarstarfa á sviði veiða og fiskræktar. Telur nefndin því mikilvægt að um

söfnun og úrvinnslu veiðigagna gildi skýr lagaákvæði þar sem þetta séu grundvallargögn fyrir alla sem að veiðimálum koma og með því að tryggja aðgang að þessum gögnum sé samkeppnisstaða annarra rannsóknar- eða ráðgjafaraðila tryggð.

Loks leggur nefndin til breytingu á frumvarpinu sem leiðir af breytingu þeirri sem nefndin leggur til á frumvarpi til laga um fiskeldi, sbr. 530. mál á þskj. 831, sem lagt er fram samhliða. Nefndin taldi nauðsynlegt að leggja til breytingar á ákvæði til bráðabirgða um að Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefndi fulltrúa í samráðsnefnd um framkvæmd laga um fiskeldi. Verða fulltrúarnir í nefndinni þá tólf talsins og leggur nefndin einnig til að atkvæði formanns ráði úrslitum ef ágreiningur verður í nefndinni. Samráðsnefndin hefur það hlutverk að fylgjast með og stuðla að greiðri framkvæmd og virkum skoðanaskiptum þeirra er varða lög um fiskrækt, lög um Veiðimálastofnun, lög um varnir gegn fisksjúkdómum og lög um lax- og silungsveiði og leggur því nefndin til að ákvæði til bráðabirgða í þeim lögum sem um samráðsnefndina fjalla verði samræmd.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Helgi Hjörvar var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Gunnar Svavarsson, Atli Gíslason, Kjartan Ólafsson og Jón Gunnarsson skrifa undir álitið með fyrirvara.

Alþingi, 22. maí 2008.

Arnbjörg Sveinsdóttir, form., frsm.	Karl V. Matthíasson.	Gunnar Svavarsson, með fyrirvara.
Atli Gíslason, með fyrirvara.	Kjartan Ólafsson, með fyrirvara.	Birkir J. Jónsson.
Jón Gunnarsson, með fyrirvara.		Grétar Mar Jónsson.

1134. Breytingartillögur [531. mál]

við frv. til l. um breyt. á ýmsum lögum vegna flutnings stjórnsýslu- og eftirlitsverkefna á sviði lax- og silungsveiði, fiskræktar o.fl. til Fiskistofu.

Frá sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða við lögin:
   a. Í stað orðanna „eldi vatnafiska“ í 1. málsl. kemur: fiskeldi.
   b. Í stað orðsins „ellefu“ í 3. málsl. kemur: tólf.
   c. Í stað orðanna „og sjávarútvegsráðuneyti“ í 3. málsl. kemur: Hafrannsóknastofnuninni og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

d. Við bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sker atkvæði formanns úr ef ágreiningur verður í nefndinni.

2. Á undan 3. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
Í stað„landbúnaðarráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða I við lögin:
a. Í stað orðanna „eldi vatnafiska“ í 1. málsl. kemur: fiskeldi.
b. Í stað orðsins „ellefu“ í 3. málsl. kemur: tólf.
c. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ kemur: sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.
d. Í stað orðanna „og sjávarútvegsráðuneyti“ í 3. málsl. kemur: Hafrannsóknastofnuninni og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.
e. Við bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sker atkvæði formanns úr ef ágreiningur verður í nefndinni.

4. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða við lögin:
a. Í stað orðanna „eldi vatnafiska“ í 1. málsl. kemur: fiskeldi.
b. Í stað orðsins „ellefu“ í 3. málsl. kemur: tólf.
c. Í stað orðanna „og sjávarútvegsráðuneyti“ í 3. málsl. kemur: Hafrannsóknastofnuninni og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.
d. Við bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sker atkvæði formanns úr ef ágreiningur verður í nefndinni.

5. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:
a. 1. mgr. orðast svo:
Framkvæmd stjórnsýslu og eftirlits samkvæmt lögum þessum skal vera á sérstöku sviði Fiskistofu sem nefnist lax- og silungsveiðisvið. Fiskistofustjóri ræður sviðsstjóra til að stýra því sviði. Skal hann hafa háskólapróf sem nýtist honum í starfi og heyra undir fiskistofustjóra.
b. Í stað orðsins „Matvælastofnun“ í 3. mgr. og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Fiskistofa.
c. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Lax- og silungsveiðisvið.*

6. Á eftir 7. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
Við lögin bætist ný grein, 4. gr. a, og orðast svo ásamt fyrirsögn:

Veiðieftirlitsmenn.

Fiskistofa skipar eftirlitsmenn með veiði samkvæmt lögum þessum þar sem þurfa þykir enda æski þess veiðifélag eða veiðiréttarhafar, þar sem veiðifélag hefur ekki verið stofnað, og greiði kostnað af eftirlitinu. Á sama hátt skipar Fiskistofa eftirlitsmann með klaköflun þar sem þurfa þykir og greiðir viðkomandi klakleyfishafi kostnað sem af þessu leiðir.

Fiskistofu er heimilt að skipa eftirlitsmenn með því að bann við laxveiðum í sjó sé virt. Kostnaður við störf þeirra greiðist úr ríkissjóði.

Eftirlitsmenn skulu hafa nákvæmar gætur á því að veiði í umdæmi þeirra sé stunduð með löglegum hætti. Þeir safna skýrslum, m.a. skulu þeir gera skrár um veiðivélar, lagnir og drætti í umdæmum sínum og sjá um merkingu veiðarfæra. Nánari fyrirmæli um starfsemi eftirlitsmanna setur Fiskistofa í erindisbréfi.

Eftirlitsmenn skulu eiga frjálsa för um veiðivatn, meðfram því og um netlög í sjó eftir því sem þörf krefur. Þeir hafa vald til að taka upp ólögleg veiðitæki eða veiðitæki sem notuð eru á óleyfilegum tíma eða óleyfilegum stað.

7. Við 9. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I við lögin:
   a. Í stað orðanna „eldi vatnafiska“ í 1. málsl. kemur: fiskeldi.
   b. Í stað orðsins „ellefu“ í 3. málsl. kemur: tólf.
   c. Í stað orðanna „og sjávarútvegsráðuneyti“ í 3. málsl. kemur: Hafrannsóknastofnuninni og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.
   d. Við bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sker atkvæði formanns úr ef ágreiningur verður í nefndinni.
8. Við 12. gr. Á eftir orðinu „fiskræktar“ í a-lið komi: fiskeldis.
9. Við 13. gr. Á eftir orðinu „fiskræktar“ í b-lið komi: fiskeldis.
10. A-liður 14. gr. falli brott.
11. 15. gr. falli brott.

1135. Nefndarálit [338. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga og lögum nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, með síðari breytingum.

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bjarnheiði Gautadóttur frá félags- og tryggingamálaráðuneytinu, Unni Sverrisdóttur frá Vinnumálastofnun, Stefán Aðalsteinsson frá Bandalagi háskólamanna, Pál Hannesson frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Önnu Valbjörgu Ólafsdóttur frá Útlendingastofnun, Margréti Steinarsdóttur frá Alþjóðahúsi, Halldór Grönvold frá Alþýðusambandi Íslands, Ragnar Árnason frá Samtökum atvinnulífsins og Elsu Arnardóttur frá Fjölmenningarsetrinu á Ísafirði. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Mannréttindaskrifstofu Íslands, ríkislögreglustjóra, Landspítala, Alþjóðahúsi, Stúdentaráði Háskóla Íslands, ríkissaksóknara, embætti sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli Útlendingastofnun, Rauða krossi Íslands, Persónuvernd, Fjölmenningarsetri og Vísinda- og tækniráði. Einnig barst nefndinni tilkynning frá Hagstofu Íslands.

Með frumvarpinu er m.a. litið til þeirra langtímaáhrifa sem útgáfa atvinnuleyfa getur haft á jafnvægi á vinnumarkaði. Eru lagðar til breytingar á reglum um útgáfu atvinnuréttinda til handa útlendingum og lagt til að teknar verði upp sex tegundir tímabundinna atvinnuleyfa í stað einnar tegundar almenns leyfis sem nú er veitt. Við veitingu leyfis verði litið til þeirra aðstæðna sem liggja að baki því að atvinnurekendur leita eftir því að ráða til sín erlenda starfsmenn. Frumvarpið felur einnig í sér breytingar á lögum um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins og byggist sú breyting á efni tilskipunar nr. 2004/38/EB. Efni tilskipunarinnar lýtur aðallega að rétti ríkisborgara ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins til að dvelja í öðrum aðildarríkjum í því skyni að starfa þar. Frumvarpið er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um breytingu á lögum um útlendinga, nr. 96/2000,

og saman aðlaga frumvörpin lögin þeirri framkvæmd sem er viðhöfð við útgáfu dvalar- og atvinnuleyfa.

Frumvarpið breytir frá þeirri reglu að atvinnurekandi sæki um og fái útgefið atvinnuleyfi þar sem atvinnuleyfi er nú gefið út á nafn útlendings. Nefndin telur þessa breytingu mikilvæga réttarbót á stöðu útlendings. Tímabundin atvinnuleyfi eru þó skilyrt starfi hjá tilteknum atvinnurekanda. Hugmynd kom um tengingu atvinnuleyfis við ákveðna atvinnugrein eða landshluta í stað atvinnurekenda en nefndin telur slíkt skapa ákveðið óöryggi fyrir starfsmanninn þar sem mögulegt er að hann fái útgefið tímabundið atvinnuleyfi án þess að hafa vinnu fyrir komu til landsins auk þess sem slíkt samræmist illa markmiðum laganna. Nefndin telur ekki ástæðu til að rýmka reglurnar frekar.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um allar gerðir tímabundnu atvinnuleyfanna og þær reglur sem frumvarpið setur um þau. Þá ræddi nefndin m.a. þá reglu að ekki er hægt að fá framlengingu á tímabundnu atvinnuleyfi ef atvinnurekandi hefur ekki staðið skil á staðgreiðslu skatta sem og tryggingagjaldi lögum samkvæmt vegna starfa útlendingsins. Þau sjónarmið komu fram í nefndinni að með þessu væri útlendingurinn mögulega látinn gjalda fyrir hugsanleg svik atvinnurekandans. Á fundum nefndarinnar komu fram þær upplýsingar að óalgengt væri að engin skattskil væru gerð vegna starfa útlendings. Ákvæðinu er ætlað að auðvelda eftirlit með að starfsmaður stundi ekki vinnu hjá öðrum aðila en þeim sem atvinnuleyfið er bundið við, en slíkt er óheimilt samkvæmt lögunum. Nefndin áréttar þó að útlendingur skuli ekki gjalda fyrir ef atvinnurekandi hans standi ekki skil á sköttum.

Á fundum nefndarinnar komu fram þau sjónarmið að rýmka ætti enn frekar reglur um atvinnuleyfi til útlendinga með sérfræðiþekkingu þar sem strangar reglur um þetta efni geti m.a. staðið háskólasamfélaginu hér fyrir þrifum ef erfitt er að fá erlenda fræðimenn til landsins. Einnig hefur það sjónarmið verið kynnt nefndinni að ef reglurnar eru of þröngar leiði það til þess að sérfræðistörf færist úr landi og íslensk fyrirtæki hætti að vaxa á innlendum markaði og vaxi fremur erlendis. Nefndin telur að mikilvægt sé að haga reglunum þannig að íslenskum háskólum og fyrirtækjum sé gert kleift að ráða til sín menntaða og færa einstaklinga en telur jafnframt þær breytingar sem frumvarpið leggur til tryggi þetta.

Ákvæði um veitingu tímabundins atvinnuleyfis að nýju vegna skorts á vinnuafli kveður á um að heimilt sé að veita atvinnuleyfi af þessu tagi að nýju hafi útlendingur haft leyfið samtals í tvö ár og dvalist eftir það erlendis í tvö ár. Varð nefndin vör við að sá skilningur væri lagður í regluna að fengi útlendingur ekki hámarkstíma leyfis ásamt framlengingu, samtals tvö ár, gæti hann ekki fengið leyfið að nýju, sem væri einnig í ósamræmi við ákvæði frumvarps til laga um breytingu á lögum um útlendinga um veitingu dvalarleyfis að nýju vegna skorts á vinnuafli. Með vísan til a-liðar 10. gr. frumvarpsins er þó ljóst að ákvæðinu er ætlað að gera útlendingi kleift að fá atvinnuleyfi af þessu tagi veitt að nýju þegar hann skiptir um atvinnurekanda, án þess að þurfa að dvelja erlendis í tvö ár. Telur nefndin mikilvægt að útlendingur geti skipt um starf þó svo það lengi ekki þann tíma sem hann getur að hámarki dvalist í landinu. Leggur nefndin því til breytingar á ákvæðinu til að skýra regluna frekar.

Í frumvarpinu er sett sú regla að íþróttafólk sem fær tímabundið atvinnuleyfi á grundvelli b-liðar 7. gr. frumvarpsins getur ekki starfað samhliða starfi sínu hjá íþróttafélagi á almennum innlendum vinnumarkaði. Hingað til hafa íþróttafélög, sem ekki hafa fjárhagslegt bolmagn til að greiða erlendu íþróttafólki há laun, eftir sem áður haft tækifæri til að ráða til sín fært íþróttafólk sem samhliða starfi sínu hjá félaginu hefur stundað vinnu á innlendum vinnumarkaði. Erlent íþróttafólk eflir íþróttastarf hérlendis og getur orðið ungu fólki innan íþrótta-

hreyfingarinnar mikil hvatning. Telur nefndin mikilvægt að öll íþróttafélög sitji við sama borð hvað við kemur möguleikum á að ráða til sín erlent íþróttafólk og leggur því til breytingar á ákvæðinu.

Þá hefur nefndinni verið bent á að misræmis gæti á hámarksframlengingartíma tímabundins atvinnuleyfis fyrir íþróttafólk, sem er eitt ár, og dvalarleyfis fyrir íþróttafólk sem er tvö ár, skv. 2. málsl. 2. mgr. c-liðar 10. gr. frumvarps til laga um breytingu á lögum um útlendinga. Leggur nefndin til breytingu til að samræma þetta.

Nefndin telur ákvæði um tímabundið atvinnuleyfi vegna náms gera erlendum nemendum erfitt fyrir að stunda nám hér á landi. Erlendir nemendur hafa ekki jafnan aðgang að lánsfé og erfitt getur reynst að fjármagna nám hérlendis. Það getur einnig reynst háskólasamfélagi á Íslandi dýrmætt að fá til sín erlenda nemendur sem auðga fræðasamfélagið með nýjum sjónarmiðum og skoðunum. Auk þess er venja að íslenskir nemendur stundi vinnu samhliða námi sínu og telur nefndin eðlilegt að gæta jafnræðis hvað þetta varðar. Þá telur nefndin að setja beri skilyrði um að stunda þurfi fullt viðurkennt nám eða skila viðunandi námsárangri til að fá atvinnuleyfi af þessu tagi veitt eða framlengt. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga setur m.a. þau skilyrði fyrir veitingu dvalarleyfis vegna náms að útlendingur stundi fullt nám hér á landi samkvæmt vottorði frá hlutaðeigandi skóla. Þá er fullt nám skilgreint í ákvæðinu sem 100% samfellt nám á háskólastigi, iðnám eða það nám annað sem gerir sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og nám á háskólastigi, sbr. 1. og 2. mgr. f-liðar 10. gr. frumvarps til laga um breytingu á lögum um útlendinga. Tekinn er af allur vafi um það að einstök námskeið teljist ekki til náms. Til að fá framlengingu dvalarleyfisins þarf útlendingur auk þess að sýna fram á viðunandi námsárangur, a.m.k. 50% af fullu námi við fyrstu endurnýjun en 75% af fullu námi eftir það, sbr. 4. mgr. f-liðar 10. gr. frumvarpsins. Skilyrði fyrir veitingu tímabundins atvinnuleyfis vegna náms er m.a. að útlendingi hafi áður verið veitt dvalarleyfi vegna náms. Leggur nefndin því til að útlendingur sem fengið hefur dvalarleyfi vegna náms og uppfyllt öll skilyrði þess geti starfað samhliða námi sínu óháð því hvort starfið teljist hluti af námi hans eður ei. Þá telur nefndin skilyrði dvalarleyfis fyrir framlengingu einnig nægilega skýr til að geta orðið grundvöllur framlengingar á tímabundnu atvinnuleyfi vegna náms. Leggur nefndin til breytingar í samræmi við þetta.

Nefndin ræddi sérstaklega stöðu ungmenna sem koma hingað til lands á grundvelli fjölskyldusameiningar fyrir 18 ára aldur. Við 18 ára aldur teljast þau ekki til nánustu aðstandenda og taka þá við almennar reglur um útgáfu dvalar- og atvinnuleyfis, þó með þeirri undanþágu að ef útlendingur stundar nám í framhaldsskóla við 18 ára aldur getur hann áfram fengið útgefin dvalar- og atvinnuleyfi á grundvelli náms. Telur nefndin sanngirnisrök hníga að því að útlendingur sem náð hefur 18 ára aldri skuli eiga rétt á atvinnuleyfi á grundvelli fjölskyldusameiningar stundi hann annaðhvort nám eða störf hér á landi þegar 18 ára aldri er náð. Er hér einkum litið til þess að tryggt sé að umrædd ungmenni haldi áfram að ávinna sér rétt til óbundins atvinnuleyfis, en tímabundið atvinnuleyfi vegna náms veitir ekki slíkan rétt. Leggur nefndin því til breytingu hvað þetta varðar og sambærileg breyting er lögð til á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um útlendinga.

Þá leggur nefndin til að önnur breyting verði gerð á d-lið 7. gr. til samræmis við tillögu um breytingu á ákvæði um dvalarleyfi fyrir aðstandendur. Þar er lagt til að í undantekningartilvikum verði heimilað að endurnýja dvalarleyfi útlendings samkvæmt ákvæðinu þrátt fyrir að forsendur leyfisins hafi brostið vegna slita á hjúskap, staðfestri samvist eða sambúð. Undantekningin á þó eingöngu við hafi útlendingur eða barns hans sætt ofbeldi í sambandinu. Það sjónarmið býr að baki að ekki skuli þvinga útlending áfram í hjúskap, staðfestri samvist

eða sambúð til að halda dvalarleyfi sínu ef viðkomandi einstaklingur eða börn hans sæta misnotkun eða ofbeldi af hálfu maka. Tekur nefndin undir með allsherjarnefnd hvað þetta varðar og telur eðlilegt að útlendingur sem fengið hefur undanþágu samkvæmt ákvæðinu fái jafnframt framlengingu tímabundins atvinnuleyfis á grundvelli fjölskyldusameiningar.

Nefndinni hefur verið bent á misræmi varðandi réttaráhrif kæru, þar sem útlendingur sem kærir synjun eða afturköllun dvalarleyfis getur dvalið á landinu meðan kæran er afgreidd en ef kært er vegna synjunar eða afturköllunar atvinnuleyfis þarf útlendingurinn að dvelja erlendis á meðan á afgreiðslunni stendur. Nefndin áréttar að ef kært er vegna beggja leyfanna samtímis kveður 15. gr. frumvarpsins skýrt á um að hafi Útlendingastofnun veitt leyfi til dvalar þurfi útlendingur ekki að dveljast erlendis meðan á afgreiðslu kæru stendur. Telur nefndin því ekki þörf á að skýra þetta frekar.

Nefndin telur mikilvægt að samræma framkvæmd þess hvernig ríkisstjórninni er veitt heimild til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar og aflétta þannig stjórnskipulegum fyrirvara af EES-gerðum sem kalla á lagabreytingar hér á landi.

Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. ágúst 2008. Miðað er við að lög um breytingu á lögum um útlendinga taki gildi sama dag.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Ásta R. Jóhannesdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Ögmundur Jónasson skrifa undir álit þetta með fyrirvara.

Alþingi, 26. maí 2008.

Guðbjartur Hannesson, form., frsm.	Ármann Kr. Ólafsson.	Árni Johnsen.
Jón Gunnarsson.	Pétur H. Blöndal.	Kristinn H. Gunnarsson.
Birkir J. Jónsson.	Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.	

1136. Breytingartillögur [338. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga og lögum nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, með síðari breytingum.

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

1. Við 7. gr.
   a. Við a-lið. 5. mgr. verði svohljóðandi:
      Óheimilt er að veita útlendingi sem haft hefur tímabundið atvinnuleyfi samkvæmt ákvæði þessu leyfi samkvæmt ákvæðinu að nýju fyrr en að lokinni tveggja ára sam-

felldri dvöl erlendis frá lokum gildistíma leyfisins. Þetta ákvæði á þó ekki við þegar útlendingur starfar hér á landi skemur en sex mánuði á hverjum tólf mánuðum eða þegar útlendingur skiptir um atvinnurekanda skv.16. gr.

b. Við b-lið.
   1. Í stað orðanna „eitt ár“ í 2. málsl. 2. mgr. komi: tvö ár.
   2. 3 mgr. falli brott.

c. Við d-lið.
   1. Við bætist ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:
      Heimilt er að veita tímabundið atvinnuleyfi vegna starfa útlendings sem náð hefur 18 ára aldri hafi hann dvalið hér á landi á grundvelli dvalarleyfis fyrir aðstandendur eða búsetuleyfis samkvæmt lögum um útlendinga fyrir 18 ára aldur, að uppfylltum skilyrðum 1. mgr. 7. gr. Við veitingu atvinnuleyfis samkvæmt ákvæði þessu er þó heimilt að víkja frá skilyrðum a-, b- og e-liða 1. mgr. 7. gr. Skilyrði er að áður hafi verið veitt dvalarleyfi samkvæmt ákvæðum laga um útlendinga um dvalarleyfi fyrir aðstandendur.
   2. Við bætist ný málsgrein, 4. mgr., svohljóðandi:
      Ef hjúskap, staðfestri samvist eða sambúð er slitið vegna þess að útlendingur eða barn hans hefur sætt misnotkun eða ofbeldi í sambandinu er heimilt að framlengja atvinnuleyfi samkvæmt ákvæði þessu. Skilyrði er að áður hafi verið endurnýjað dvalarleyfi skv. 6. mgr. 13. gr. laga um útlendinga, nr. 96/2002.

d. Við e-lið.
   1. 1. mgr. hljóði svo:
      Heimilt er að veita tímabundið atvinnuleyfi vegna starfa útlendings sem stundar nám hér á landi. Skilyrði fyrir veitingu atvinnuleyfis samkvæmt ákvæði þessu eru m.a. eftirfarandi:
      a. skilyrði c- og d-liða 1. mgr. 7. gr. séu uppfyllt og
      b. útlendingi hafi verið veitt dvalarleyfi vegna náms samkvæmt lögum um útlendinga.
   2. Orðin „ráðningartíma samkvæmt námssamningi eða“ í 2. mgr. falli brott.

2. Í stað orðanna „Lög þessi öðlast þegar gildi“ í 24. gr. komi: Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 2008.

1137. Nefndarálit [517. mál]

um frv. til l. um Veðurstofu Íslands.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið umsagnir frá Veðurstofu Íslands, Orkustofnun, Náttúrufræðistofnun, Umhverfisstofnun, ríkislögreglustjóra, Félagi íslenskra veðurfræðinga, Félagi íslenskra náttúrufræðinga og Rauða krossi Íslands. Allar þessar umsagnir voru mjög jákvæðar í garð frumvarpsins þótt smávægilegar athugasemdir hafi komið fram.

Frumvarpið er fram komið í tengslum við ákvörðun um sameiningu vatnamælinga Orkustofnunar og Veðurstofu Íslands í nýja stofnun sem mun heyra undir umhverfisráðuneytið

frá 1. janúar 2009 verði frumvarpið að lögum. Er það álit nefndarinnar að með sameiningu þessara stofnana sé hægt að samnýta þá þekkingu sem til er á hvorum stað til að styrkja mælingastarfsemi í landinu. Nefndin telur einnig að með þessu móti skapist tækifæri til eflingar á þeim sviðum sem hin nýja stofnun mun starfa á. Stefnt er að því að hlutverk stofnunarinnar nái yfir fleiri fagsvið og hún geti þar með annast verkefni sem minna hefur verið sinnt undanfarin ár. Frumvarpið gerir ráð fyrir að öll þau verkefni sem Veðurstofa Íslands og vatnamælingar Orkustofnunar hafa annast verði á meðal hlutverka hinnar nýju stofnunar.

Í 3. gr. er kveðið á um þau verkefni sem hin nýja stofnun, Veðurstofa Íslands, mun sinna. Aukið er hlutverk vöktunar á náttúruvá, sbr. 1. tölul., en Veðurstofa Íslands hefur þó fram að þessu einnig sinnt því hlutverki. Nýmæli er að finna í 9. tölul. þar sem kveðið er á um að eitt hlutverka Veðurstofu Íslands skuli vera að fylgjast með loftslagsbreytingum. Einnig má sjá í 3., 4. og 7. tölul. að verkefni vatnamælinga Orkustofnunar á sviði auðlindarannsókna falla nú undir hina nýju stofnun. Nefndin áréttar þann skilning sinn á 7. tölul. greinarinnar að hugtakið vatnsauðlindin taki ekki eingöngu til vatns til orkuframleiðslu heldur t.d. einnig til drykkjarvatns, grunnvatns og áveituvatns.

Fjallað er um fjármögnun og kostnaðargreiningu í 4. gr. og er þar gert ráð fyrir að tekjur stofnunarinnar verði tvíþættar. Í fyrsta lagi fái stofnunin framlög úr ríkissjóði og hafi heimild til að taka gjöld fyrir veitta þjónustu, sbr. 1. mgr. 4. gr. Í öðru lagi hafi stofnunin tekjur af sölu á þjónustu sem rekin er á viðskiptagrundvelli á samkeppnismarkaði en slík þjónusta skal taka mið af verðlagi á markaði. Lögð er sú skylda á Veðurstofuna að setja viðmiðunargjaldskrá um þessi verkefni og gefa hana út. Í umsögnum um frumvarpið kom fram tillaga um að Veðurstofunni yrði ekki skylt að birta slíka gjaldskrá. Nefndin telur slíkt aftur á móti vera eðlilega framkvæmd en ítrekar að slíkt felist til að mynda í birtingu hennar á vefsíðu stofnunarinnar og að um viðmiðunargjaldskrá sé að ræða. Leggur nefndin því ekki til breytingar á 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins.

Í 5. gr. er fjallað um afhendingu gagna. Þar kemur fram að sé gagna aflað fyrir opinbert fé skuli þau vera aðgengileg svo fremi sem það brjóti ekki gegn lögverndun þriðja aðila eða fari gegn reglum um gjaldtöku sem settar eru af erlendum eiganda gagnanna. Í umsögn Félags íslenskra veðurfræðinga kom fram ábending um að eigendur gagna væru ekki ávallt erlendir og lagði félagið til að þessu orðalagi yrði breytt. Tekur nefndin undir þau sjónarmið og leggur til breytingu á frumvarpinu því til samræmis.

Í 6. gr. er kveðið á um heimild ráðherra til að skipa fagráð, að tillögu forstjóra Veðurstofu Íslands, honum til ráðgjafar um starfsemi stofnunarinnar. Það sjónarmið kom fram í umsögnum að fagráð sem þessi gætu verið til bóta en óljóst væri hver skipan þeirra og hlutverk væri að öðru leyti. Í ákvæðinu felst mjög opin heimild til handa ráðherra til að skipa fagráð til ráðgjafar forstjóra. Aftur á móti er ekki fjallað um skipan ráðsins eða skipunartíma þess. Telur nefndin ekki þörf á lagaákvæði sem þessu og leggur til að það verði fellt brott úr frumvarpinu.

Í kostnaðarmati með frumvarpinu kemur fram að verði frumvarpið að lögum skapist réttur um átta starfsmanna til biðlauna og getur fjárhæð þessara réttinda verið um 60 millj. kr. Enn fremur kemur fram í kostnaðarmatinu sem og umsögn Veðurstofu Íslands að þótt þessi réttur sé fyrir hendi muni hann ekki verða nýttur til fulls. Fjárlagaskrifstofa fjármálaráðuneytisins telur af þeim sökum að hin nýja stofnun geti borið þennan kostnað. Aftur á móti hafnar Veðurstofa Íslands því og telur sig þurfa aukna fjárveitingu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 5. gr. Orðið „erlendum“ í 1. málsl. 1. mgr. falli brott.
2. 6. gr. falli brott.
3. Við ákvæði til bráðabirgða. Í stað „7. gr.“ í 2. tölul. komi: 6. gr.

Kolbrún Halldórsdóttir og Guðfinna S. Bjarnadóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 26. maí 2008.

Helgi Hjörvar, form., frsm.	Kjartan Ólafsson.	Illugi Gunnarsson.
Katrín Júlíusdóttir.	Höskuldur Þórhallsson.	Ólöf Nordal.

Árni Þór Sigurðsson.

1138. Nefndarálit [539. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 64/2006.

Frá viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Helgu Rut Eysteinsdóttur og Írisi Björk Hreinsdóttur frá Fjármálaeftirlitinu, Hrafn Magnússon frá Landssamtökum lífeyrissjóða, Evu Bryndísi Helgadóttur frá Lögmannafélagi Íslands, Tryggva Axelsson og Hjördísi Björk Hjaltadóttur frá Neytendastofu, Björn Friðfinnsson, formann peningaþvættisnefndar, Eyjólf Ármannsson og Högna Einarsson frá embætti ríkislögreglustjóra, Hrund Kristinsdóttur og Jónu Björk Guðnadóttur frá Samtökum fjármálafyrirtækja, Harald Inga Birgisson frá Viðskiptaráði og Ómar Þór Eyjólfsson frá viðskiptaráðuneyti.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka til að koma til móts við athugasemdir við íslensk lög og reglur af hálfu alþjóðlega framkvæmdahópsins Financial Action Task Force on Measures against Money Laundering, sem fóstraður er af OECD.

Lagt er til í frumvarpinu að Fjármálaeftirlitið hafi eftirlit með því að einstaklingar eða lögaðilar sem í atvinnuskyni stunda gjaldeyrisviðskipti eða yfirfærslu peninga og annarra verðmæta fari að ákvæðum laganna og reglugerða og reglna sem settar eru samkvæmt þeim. Lögð er til skráningarskylda hjá Fjármálaeftirlitinu fyrir starfrækslu gjaldeyrisskiptastöðva og peninga- og verðmætasendingarþjónustu. Jafnframt er í frumvarpinu skilgreint hvaða starfsemi það er sem fellur undir fyrrgreind hugtök, sbr. 2. gr. frumvarpsins.

Þá er lagt til að Neytendastofu verði bætt inn í lögin sem eftirlitsaðila og hafi eftirlit með því að þeir sem falla undir j-lið 1. mgr. 2. gr. gildandi laga fari að ákvæðum laganna og reglugerða og reglna settra samkvæmt þeim. Um er að ræða eftirlit með einstaklingum eða lögaðilum sem í atvinnuskyni selja hluti sem greitt er fyrir með reiðufé, hvort sem viðskiptin fara fram í einni greiðslu eða fleiri sem virðast tengjast hver annarri, að fjárhæð 15.000 evrur eða meira miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni. FATF gerði athugasemdir við það að þessir aðilar væru ekki nægilega upplýstir um skyldur sínar samkvæmt lögunum og nefndi sérstaklega að þessir aðilar væru ekki nægilega upplýstir um þá skyldu að láta athuga gaumgæfilega öll viðskipti sem grunur léki á að rekja mætti til peningaþvættis eða fjármögnunar hryðjuverka.

Í 1. málsl. 1. mgr. 9. gr. laganna er mælt fyrir um að óheimilt sé að framkvæma viðskipti eða stofna til viðskiptasambands við aðila hafi ekki reynst mögulegt að fullnægja skilyrðum 1. og 2. mgr. 5. gr. laganna um áreiðanleikakönnun. Á fundum nefndarinnar var nokkuð rætt um 6. gr. frumvarpsins þar sem lögð er til viðbót við þetta ákvæði þess efnis að hafi þegar verið stofnað til viðskiptasambands skuli binda enda á það, enda hafi ekki verið uppfyllt skilyrði 1. og 2. mgr. 5. gr. um áreiðanleikakönnun og þannig óheimilt að framkvæma viðskipti, sbr. 1. málsl. 1. mgr. 9. gr. laganna. Rétt er að taka fram að með þessari viðbót er ekki ætlunin að leggja auknar skyldur á fjármálafyrirtæki, t.d. í þá veru að þau þurfi að kanna viðskiptamannahóp sinn og ganga eftir því að viðskiptavinir mæti á vettvang og framvísi skilríkjum ásamt því að svara spurningum um tilgang viðskiptasambands o.fl. Enda er gert ráð fyrir því að þá aðeins skuli binda enda á viðskiptasamband að fyrirhugað sé að framkvæma viðskipti í því. Bent er á það sem fram kemur í athugasemdum við 6. gr. frumvarpsins en þar er vakin athygli á tengslum við nýja 4. mgr. 4. gr. samkvæmt frumvarpinu og athugasemdir við það ákvæði þess efnis að tilkynningarskyldur aðili skuli gera kröfu um að viðskiptamaður sem þegar er í viðskiptum sanni á sér deili hafi hann ekki þegar gert það.

Lagt er til að við lögin bætist ný grein þess efnis að um skilgreiningu á hugtakinu fjármögnun hryðjuverka verði ekki aðeins vísað til 100. gr. a heldur einnig til 100. gr. b og c sömu laga.

Lögð er til orðalagsbreyting á a-lið 9. gr. frumvarpsins þannig að orðalagið samrýmist því sem er í gildandi lögum.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. Við bætist nýr stafliður, b-liður, svohljóðandi: Í stað orðanna „skv. 100. gr. a“ í 2. tölul. kemur: skv. 100. gr. a – 100. gr. c.
2. Við 9. gr. Í stað orðanna „hann hefur verið tekinn í viðskipti“ í a-lið komi: samningssambandi hefur verið komið á.

Jón Bjarnason skrifar undir álit þetta með fyrirvara.

Jón Magnússon sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 23. maí 2008.

Ágúst Ólafur Ágústsson, form., frsm.	Guðfinna S. Bjarnadóttir.	Jón Bjarnason, með fyrirvara.
Birgir Ármannsson.	Árni Páll Árnason.	Birkir J. Jónsson.
Jón Gunnarsson.		Björk Guðjónsdóttir.

1139. Nefndarálit [372. mál]

um frv. til l. um frístundabyggð.

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Gylfa Kristinsson frá félags- og tryggingamálaráðuneyti, Runólf Gunnlaugsson og Jón Benediktsson frá Félagi sumarhúsaeigenda Dagverðarnesi, Svein Guðmundsson og Ásgeir Guðmundsson frá Landssambandi sumarhúsaeigenda, Örn Bergsson og Óðin Sigþórsson frá Landssamtökum landeigenda, Harald Benediktsson frá Bændasamtökum Íslands, Sigurð Guðjónsson frá Húseigendafélaginu, Stefán Thors frá Skipulagsstofnun, Helga Áss Grétarsson frá Lagastofnun Háskóla Íslands, Garðar Briem lögmann, Jón Björnsson frá Lífsvali, Arngrím Hermannsson, fulltrúa eigenda Dagverðarness, Sverri T. Hauksson, Ásgeir Ásgeirsson, Helga Lárusson, Ólaf Steingrímsson, Sigurveigu Alexandersdóttur og Guðmund Elíasson frá Hagsmunafélagi frístundahúsaeigenda Eyrarskógi og Hrísabrekku, Arnar Snæbjörnsson frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti og Ragnar Árna Sigurðsson. Jafnframt bárust nefndinni umsagnir frá Félagi sumarhúsaeigenda í Dagverðarnesi, Lagastofnun Háskóla Íslands, Landssambandi sumarhúsaeigenda, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Skorradalshreppi, Grímsnes- og Grafningshreppi, Byggðastofnun, Húseigendafélaginu, Hrunamannahreppi, Skipulagsstofnun, Bændasamtökum Íslands, K. Huldu Guðmundsdóttur og Jóni A. Guðmundssyni, Fitjum í Skorradal, Eyþingi, Sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, Umhverfisstofnun, Landssamtökum landeigenda á Íslandi, Félagi eldri borgara, laganefnd Lögmannafélags Íslands, Lífsvali og Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga. Þá bárust nefndinni ályktun og undirskriftarlistar frá Hagsmunafélagi frístundahúsaeigenda í Eyrarskógi og Hrísabrekku. Við lokafrágang leitaði nefndin einnig til Helga Áss Grétarssonar, Sveins Guðmundssonar, lögmanns Landssambands sumarhúsaeigenda, og lögmanns Bændasamtaka Íslands, Más Péturssonar.

Með frumvarpinu er lagt til að sett verði ný heildarlög um frístundahús og frístundabyggð sem ekki hafa áður sætt sérlöggjöf. Frumvarpið leggur til lágmarksreglur um samninga um

leigu lóða undir frístundahús sem eru tveir hektarar að stærð eða minni og reglur um réttarsamband leigusala og leigutaka slíkra lóða. Þannig er mætt ríkri þörf á lagasetningu á þessu sviði vegna nýrra jarða- og ábúðarlaga sem tóku gildi árið 2004, fjölgunar frístundahúsa á undanförnum árum, verðþróunar á lóðamarkaði fyrir frístundahús og byggingar veglegri sumarhúsa á síðustu árum sem í auknum mæli eru varanleg heilsárshús. Vilji leigusali ekki leigja lóðina áfram þegar leigutíma lýkur getur hann einhliða krafist þess að leigutaki fari af lóðinni með allt sitt. Þess eru dæmi að slíkt hafi gerst og hefur það valdið miklum vandkvæðum. Leigusali hefur því mun sterkari samningsstöðu en leigutaki við núverandi ástand og er markmiðið með frumvarpinu að tryggja leigutaka rétt til jafns við leigusala.

Annað markmið laganna er að taka á innbyrðis samskiptum eigenda húsa í frístundabyggð. Fjölgun frístundahúsa ásamt skipulagi sérstakra frístundabyggða gerir kröfu um almennar lagareglur um félög í frístundabyggð og skyldu umráðamanna lóða í slíkri byggð til að eiga aðild að slíku félagi á sama hátt og í fjölbýlishúsum.

Hörð gagnrýni á ákvæði frumvarpsins kom fram í nokkrum umsögnum og hjá sumum gesta. Réttur leigutaka til framlengingar leigu þótti of afdráttarlaus og jafnræði milli leigutaka og leigusala ekki nægjanlegt, m.a. þar sem réttur leigusalans til að leysa til sín lóðina væri of takmarkaður. Þar töldu sumir frumvarpið fara í bága við stjórnarskrá varðandi samningsfrelsi, bann við afturvirkni, vernd eignarréttar og félagafrelsið og ákvað nefndin að bregðast við þessari gagnrýni. Nefndin telur að leigutaki hafi réttmætar væntingar um framlengingu á langtímaleigusamningi og að landeigandi hefði mátt vænta skarpari kvaða á hina leigðu lóð. Leggur nefndin því til umfangsmiklar breytingar á frumvarpinu hvað varðar reglur um samskipti leigusala og leigutaka til að gæta meira jafnræðis milli samningsaðila. Breytingartillögum nefndarinnar er ætlað að taka mið af þeim ólíku sjónarmiðum sem hagsmunaaðilar hafa látið í ljós, sætta helstu ágreiningsefni aðila, virða rétt bæði leigutaka og leigusala sem og hafa samningsfrelsið í fyrirrúmi. Tillögur nefndarinnar eru því gerðar með það að markmiði að aðilar að samningi um leigu á lóð undir frístundahús geri sitt ýtrasta til að leita samninga og sátta við lok leigusamnings. Ef samningar nást ekki er báðum aðilum gefinn kostur á úrræðum.

Breyting á reglum um samskipti leigusala og leigutaka.

Nefndin leggur til eftirfarandi breytingu á frumvarpinu sem varðar samningslok tímabundins leigusamnings sem er að lágmarki til 20 ára. Uppsagnarfrestur ótímabundins leigusamnings verði tvö ár og skal eftir uppsögn líta á hann sem tímabundinn leigusamning samkvæmt frumvarpinu. Samningsfrelsið er haft í fyrirrúmi og aðilar geta ávallt samið um framlengingu leigusamnings, m.a. leigutíma, lok leigusamnings, kaup leigusala á mannvirkjum leigutaka eða kaup leigutaka á landi leigusala.

Tveimur árum fyrir lok leigusamnings skal leigusali senda leigutaka tilkynningu og hvetja hann til að hefja viðræður við sig um áframhaldandi leigu eða lok hennar. Ef engin tilkynning berst frá leigusala er skylda lögð á leigutaka að senda leigusala sambærilega tilkynningu 18 mánuðum fyrir lok hins tímabundna samnings. Ef hvorugur aðili sendir tilkynningu og samningar hafa ekki tekist þegar ár er eftir af leigutíma framlengist leigusamningur um eitt ár, tómlætisákvæði. Þegar 12 mánuðir eða færri eru eftir af samningstíma, hvort heldur er upprunalegum eða framlengdum, en þó meira en sex mánuðir, getur leigusali kynnt leigutaka ákvörðun um að leigusamningur framlengist um 20 ár eða að hann greiði leigutaka fyrir mannvirki og aðra aðstöðu. Skýtur hann jafnframt ákvörðun um fjárhæð leigu eða mat á verðmæti mannvirkja til úrskurðarnefndar. Ef leigutaki sættir sig ekki við ákvörðun leigusala

ber honum að fjarlægja mannvirki sín af lóðinni. Þegar sex mánuðir eða færri eru eftir af leigutíma og leigusali hefur ekki tekið framangreinda ákvörðun eða úrskurður fæst ekki hjá úrskurðarnefndinni vegna tómlætis leigusala getur leigutaki tekið ákvörðum um að leigusamningur framlengist um 20 ár og skotið mati á leigu til úrskurðarnefndar, ella fjarlægi hann mannvirki sín af lóðinni. Náist samningar á milli aðila geta þeir sameiginlega skotið ágreiningsatriði, t.d. um leigu, til úrskurðarnefndar. Ef leigutaki á að fjarlægja mannvirki sín af lóðinni gerir hann það á sinn kostnað og gefst honum til þess hæfilegur tími. Þó skal því lokið innan tveggja mánaða frá lokum leigusamnings.

Ef leigutaki ræðst í framkvæmdir á lóðinni sem eru umtalsverðar og ekki samkvæmt venju ber honum að leita samþykkis leigusala fyrir þeim ella komi þær ekki til mats á verðmæti mannvirkja við innlausn.

Gildissvið laganna.

Gildissvið laganna er afmarkað í 1. gr. frumvarpsins. Í 1. málsl. segir að lögin gildi um leigu á lóðum undir frístundahús sem eru tveir hektarar að stærð eða minni, 2. málsl. kveður svo á um að lögin gildi einnig um innbyrðis réttindi og skyldur umráðamanna lóða í frístundabyggð án stærðartakmarkana.

Misskilnings hefur gætt um að lögin skuli eingöngu gilda um leigu lóðar undir frístundahús þegar slík lóð er í frístundabyggð. Nefndin leggur því til breytingar á heiti frumvarpsins og 1. gr. þess, til áréttingar á þeim skilningi að lögin taki til leigu lóða innan sem utan frístundabyggða.

Stærð lóðar er samkvæmt frumvarpinu eina viðmiðið sem ákvarðar hvort lóðarleigusamningur fellur undir lögin. Nefndin telur ekki eðlilegt að leigusamningar til skemmri tíma en 20 ára falli undir lögin því leigutaki geti vart haft réttmætar væntingar um framlengingu lóðarleigusamnings þegar hann er gerður til styttri tíma. Leggur nefndin því til breytingar á 1. gr. um gildissvið, sem og 3. gr. sem kveður á um form og efni samnings um leigu á lóð undir frístundahús. Með þessum breytingum er tekinn af allur vafi um það að leigusala og leigutaka sé heimilt að gera lóðarleigusamning til styttri tíma en að slíkir samningar falli þá ekki undir lögin.

Í fyrsta lið VI. kafla almennra athugasemda við frumvarpið segir að útilokað sé að lagfæra réttarstöðu þeirra leigutaka sem nú hafa gilda leigusamninga nema lagasetning nái til samninga sem þegar eru í gildi og tekur nefndin undir það. Með því að breyta þó frá frumvarpinu og miða við samninga til 20 ára hið minnsta fækkar þeim samningum sem falla undir lögin.

Hvað varðar ótímabundna samninga telur nefndin eðlilegt að fella þá undir lögin. Þegar ótímabundnir samningar um leigu á lóð undir frístundahús eru gerðir má ganga út frá því að það vaki fyrir aðilum að losna undan því að framlengja samningana og að þeir séu því eðlislíkir samningum til 20 ára eða lengur. Nefndin leggur til að um slíka samninga gildi tveggja ára gagnkvæm uppsögn og að þeir falli eftir það að öðru leyti undir ákvæði frumvarpsins.

Leiga á lóð undir frístundahús.

Nefndin leggur til breytingar á II. kafla frumvarpsins, m.a. til að jafna stöðu leigutaka og leigusala. Við bætist nýjar greinar og ákvæði 10.–14. gr. taka umtalsverðum breytingum. Eftir breytinguna er kveðið á um uppsögn og tilkynningar um leigulok í 10. gr., samningsfrelsi, framlengingu samnings um eitt ár og tómlætisverkan í 11. gr., málskotsrétt aðila og kröfugerð í 12. gr., mat á ársleigu framlengds leigusamnings í 13. gr., réttaráhrif innlausnar,

innlausnarverð, lóðarbætur o.fl. í 14. gr., mat á kaupverði lóðar í 15. gr. og riftun leigusamnings í 16. gr.

Til að mæta breyttum reglum um framlengingu leigusamninga og innlausn leggur nefndin til að úrskurðarnefnd verði settar reglur og viðmið við ákvörðun leigu í 13. gr. og innlausnarverðs í 14. gr. Við ákvörðun leigu lóðar skal taka mið af kröfum aðila og hvað úrskurðarnefndin álítur vera markaðsverðmæti á hverjum tíma. Við mat á markaðsverðmæti leggur nefndin til að m.a. sé miðað við ársleigu svipaðra lóða, atriði á borð við legu, útsýni, gróðursæld og staðsetningu og hvert eldra leigugjald hafi verið og hverjar vísitölubreytingar hafi orðið á því. Við ákvörðun innlausnarverðs telur nefndin eðlilegt að mat á markaðsverðmæti mannvirkja miðist m.a. við nýlegt söluverðmæti svipaðra mannvirkja, ástand, gerð og skipulag mannvirkja og fasteignamat, brunabótamat og aðra leiðbeinandi þætti. Nefndin áréttar að ef leigutaki ræðst í framkvæmdir við mannvirki sem eru umtalsverðar að umfangi og ekki samkvæmt venju ber honum að leita samþykkis leigusala fyrir þeim ella komi þær ekki til mats á verðmæti mannvirkja við innlausn.

Þá er einnig gert ráð fyrir því að leigutaki geti krafist lóðarbóta vegna umbóta á lóð sem hann eða fyrirrennari hans hafa staðið fyrir, svo sem með trjá- eða garðrækt, vegalögn, vatnslögn og raflögn. Nefndin leggur áherslu á að bætur vegna lóðarbóta verði aðeins úrskurðaðar ef sýnt er fram á að umbæturnar hafi aukið verðgildi lóðarinnar verulega umfram það sem við mátti búast miðað við ástand hennar í upphafi. Til að gæta jafnræðis leggur nefndin til að leigusali geti krafist lækkunar á innlausnarverði mannvirkjanna hafi umhirðu leigutaka verið verulega ábótavant og ástand lóðar er ófullnægjandi. Lóðarframkvæmdir sem leigutaki ræðst í og eru umtalsverðar að umfangi og ekki samkvæmt venju koma ekki til útreiknings lóðarbóta nema leitað hafi verið samþykkis leigusala fyrir þeim.

Vegna þeirra breytinga sem nefndin leggur til telur hún rétt að ekki gildi sérreglur um riftun heldur almennar riftunarreglur, þ.e. til verði að koma veruleg vanefnd samningsaðila, og leggur því til breytingu þess efnis á 15. gr. frumvarpsins, sem verði 16. gr.

Töluvert var rætt um þá heimild leigutaka að framselja og framleigja leiguréttindi sín, þar eð aðilaskipti gætu þannig orðið að leigusamningi án þess að samþykkis leigusala væri leitað. Þar sem frumvarpið gerir ráð fyrir því að leigutaki geti haft lóðina á leigu til frambúðar og leigusali geti aðeins krafist þess að leigutaki leysi til sín lóðina hefur leigusali í raun litla stjórn á því hverjum hann selur eign sína. Þar eð breytingartillögur nefndarinnar stuðla að því að aðilar semji sín á milli um framlengingu leigu, innlausn eða kaup telur nefndin ekki frekari breytinga þörf hvað þetta varðar.

Rætt var um að leigusali gæti af sérstökum ástæðum haft hagsmuni af því að fá ekki nýja leigjendur að lóð sinni. Til að mæta þessu leggur nefndin til að í leigusamningi sé aðilum skylt að taka afstöðu til þess hvort leigusali öðlist forkaupsrétt við framsal leiguréttinda leigutaka og við framsal mannvirkja á lóð og komi því inn nýr töluliður í 2. mgr. 3. gr. þess efnis.

Nefndin taldi tvær skilgreiningar, „sambúðaraðili“ og „réttur til að framlengja leigusamning“, óþarfar og felldi þær niður en skerpti á skilgreiningunni „umráðamaður lóðar undir frístundahús“ þar sem hún þótti geta valdið misskilningi.

Frístundabyggð.

III. kafli frumvarpsins kveður á um réttindi og skyldur í frístundabyggð, m.a. skyldur umráðamanna í frístundabyggð til að hafa með sér félagsskap um sameiginlega hagsmuni. Nefndin telur nauðsynlegt að koma á félagsskyldu umráðamanna lóða í frístundabyggð þar

sem frístundahúsum hefur fjölgað mikið og náin tengsl eru á milli hagsmuna umráðamanna. Því þarf oft að taka ákvarðanir um sameiginleg hagsmunamál og útkljá deilur eða skera úr ágreiningi á milli nágranna. Að þessu leyti er hliðstæða við íbúa í fjöleignarhúsum. Til að skýra og afmarka félagsaðild nánar leggur nefndin til breytingar á 2. gr. hvað varðar skilgreiningar á frístundabyggð og umráðamannni lóðar undir frístundahús. Nefndin telur eðlilegt að menn stofni með sér félög um sameiginlega hagsmuni og því telur hún hóflegra að miða félagsskyldu við tíu lóðir í frístundabyggð en ekki sex eins og í frumvarpinu.

Nefndin leggur þó til breytingar á ákvæði frumvarpsins um félagsskylduna á þá leið að ekki þurfi að stofna félag hafi einn og sami aðili umráð yfir helmingi lóða í frístundabyggð. Með þessu er m.a. komið í veg fyrir að einn umráðamaður geti ráðið öllu innan félagsins. Einnig leggur nefndin til að undanþága verði veitt frá skyldunni að stofna félag í frístundabyggð ef engir eða afar takmarkaðir sameiginlegir hagsmunir eru í frístundabyggðinni, t.d. þegar lega lóða er svo bersýnilega dreifð innan byggðarinnar að engin þörf er á félagsskap.

Nefndin leggur til að þar sem sameiginlegir hagsmunir félaga í frístundabyggð og sveitarfélaga geta verið þó nokkrir sé eðlilegt og sanngjarnt að sveitarstjórn eða sveitarstjóri haldi samkvæmt beiðni sameiginlegan fund með fulltrúum félaga í frístundabyggðum í sveitarfélaginu einu sinni á ári.

Kærunefnd frístundabyggðarmála – úrskurðarnefnd frístundahúsamála.

Nefndin leggur til töluverðar breytingar á þeim ákvæðum sem varða kærunefnd frístundabyggðarmála, bæði hvað varðar inntak þeirra og niðurröðun. Ber þar fyrst að nefna nafnabreytingu þar sem lagt er til að nefndin beri heitið úrskurðarnefnd frístundahúsamála. Það heiti er því notað í áliti þessu. Nefndin bendir á að eðlilegt sé að við störf sín horfi úrskurðarnefndin til starfa annarra nefnda með sambærilegt hlutverk. Einnig telur nefndin að til að nýta þekkingu, mannauð og reynslu til hins ýtrasta verði við skipan úrskurðarnefndarinnar skoðað hvort hagstætt sé að skipa menn í hana sem einnig gegna störfum í sambærilegum nefndum.

Þá leggur nefndin til breytingar á skipan úrskurðarnefndar í frístundahúsamálum, en sú skipan hefur verið rædd talsvert innan nefndarinnar. Löng hefð er fyrir því að kærunefndir séu skipaðar hagsmunaaðilum en nefndin telur þó ekki heppilegt að fara þá leið þar sem til staðar geta verið hagsmunaaðilar sem ekki fá fulltrúa í nefndinni. Þetta mundi að auki draga úr vægi ákvarðana nefndarinnar. Tillögur nefndarinnar byggjast m.a. á ákvæðum nýlegra laga um opinber innkaup, nr. 84/2007, þar sem er að finna ítarleg ákvæði um kærunefnd útboðsmála. Nefndin áréttar að um hæfi nefndarmanna að öðru leyti en greinin segir til um fer eftir stjórnsýslulögum.

Með tilliti til þeirra atriða sem nefndin leggur til að úrskurðarnefnd frístundahúsamála hafi til hliðsjónar við ákvörðun leiguverðs framlengds samnings og ákvörðun innlausnarverðs, og eftir atvikum söluverðs lands, liggur fyrir að afla þarf ýmissa gagna og upplýsinga til að úrskurðarnefndin geti kveðið upp upplýsta og sanngjarna úrskurði. Tillögu að nýrri 26. gr., sem kveður á um meðferð kæru og gagnaöflun, byggir nefndin á lögum um opinber innkaup, nr. 84/2007.

Þá leggur nefndin til að 27. gr. kveði á um réttaráhrif sáttar og úrskurðar. Lagt er til að hvorugur aðilinn geti borið kröfur sínar um fjárhæðir samkvæmt breyttri 13. og 14. gr. undir dómstóla fyrr en úrlausn úrskurðarnefndar liggur fyrir. Er þessu á sama veg farið við framkvæmd eignarnámsbóta, sbr. 17. gr. laga um það efni, nr. 11/1973. Enn fremur er kveðið á um réttaráhrif úrskurða og samkvæmt ákvæðinu ber leigutaka að sinna viðhaldi lóðar,

mannvirkja og fylgifjár og skila því í ekki lakara ástandi en þegar leigusali krafðist innlausnar fyrir nefndinni.

Gildistaka.

Vegna hinna ríku hagsmuna sem ákvæði frumvarpsins taka til og að teknu tilliti til breytingartillagna nefndarinnar telur nefndin ekki ástæðu til að bíða með gildistöku laganna fram til 1. september nk. Á fundum nefndarinnar kom fram að flestir lóðarleigusamningar renna út á sumrin og því væri brýnt að gildistöku laganna yrði flýtt til 1. júlí nk. Nefndin leggur þó til breytingu þannig að ákvæði samninga standi óhögguð um leigutíma, framleigu og framsal leiguréttinda. Þannig er gildandi samningssambandi aðila ekki breytt umfram það sem eðlilegt og nauðsynlegt er.

Ákvæði til bráðabirgða.

Til að mæta þeim aðstæðum að samningur um leigusamning á lóð undir frístundahús renni út innan tveggja ára og því sé ekki hægt að bregðast við samkvæmt breyttri 10.–14. gr. frumvarpsins leggur nefndin til að sett verði inn bráðabirgðaákvæði sem veiti leigutaka rétt til að framlengja leigusamning um eitt ár frá samningslokum að telja en þó aldrei lengur en til 1. júlí 2010. Sú skylda er lögð á leigutaka að hann tilkynni leigusala um þessa fyrirætlun sína innan tveggja mánaða frá því að lögin taki gildi annars falli framlengingarréttur hans niður. Ef leigusamningur fellur niður á tímabilinu 1. júlí til 1. september 2008 getur leigutaki þó engu að síður öðlast framlengingarrétt ef hann sendir leigusala tilkynningu þess efnis fyrir 1. september 2008. Kemur þessi tilkynningarskylda í stað þeirrar sem kveðið er á um í tillögum nefndarinnar um breytingar á 10. gr. Hafa aðilar svigrúm til að semja um áframhaldandi leigu eða lok hennar en takist samningar ekki fara samskipti aðila að öðru leyti eftir breytingartillögum nefndarinnar við 12.–14. gr.

Auk framangreindra breytinga leggur nefndin til nokkrar minni háttar breytingar á frumvarpinu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem gerð er grein fyrir hér að framan og lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Árni Johnsen var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 22. maí 2008.

Guðbjartur Hannesson, form., frsm. | Ármann Kr. Ólafsson. | Ásta R. Jóhannesdóttir.

Ólöf Nordal. | Pétur H. Blöndal. | Birkir J. Jónsson.

Kristinn H. Gunnarsson. | Ögmundur Jónasson.

1140. Breytingartillögur [372. mál]

við frv. til l. um frístundabyggð.

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Ákvæði laga þessara eru ófrávíkjanleg nema annað sé tekið fram eða leiði af eðli máls.
   Ákvæði II. kafla laga þessara gilda um leigu á lóðum undir frístundahús enda sé hin leigða lóð tveir hektarar að stærð eða minni og leigusamningur er annaðhvort ótímabundinn eða til a.m.k. 20 ára.
   Lög þessi gilda um innbyrðis réttindi og skyldur umráðamanna lóða í frístundabyggð án tillits til stærðar lóðar, sbr. III. kafla.
2. Við 2. gr.
   a. Í stað orðanna „sex lóðir“ í 1. tölul. komi: 10 lóðir.
   b. 4. og 5. tölul. falli brott.
   c. 6. tölul., sem verði 4. tölul., orðist svo: *Umráðamaður lóðar undir frístundahús:* Nú er lóð ekki leigð út og er þá eigandi lóðar umráðamaður. Nú er lóð leigð út og er þá leigutaki umráðamaður. Nú hefur lóð verið framleigð til a.m.k. eins árs og er þá framleigutaki umráðamaður.
3. Við 3. gr.
   a. 2. málsl. 1. mgr. orðist svo: Óheimilt er að gera tímabundinn leigusamning um lóð undir frístundahús til skemmri tíma en 20 ára.
   b. 4. tölul. 2. mgr. orðist svo: fjárhæð leigu, þar á meðal ákvæði um verðtryggingu og endurskoðun leigufjárhæðar á leigutíma ef því er að skipta.
   c. Við 2. mgr. bætist nýr töluliður er verði 8. tölul., svohljóðandi: hvort leigusali öðlist forkaupsrétt við framsal leiguréttinda leigutaka og við framsal mannvirkja á lóð.
   d. Við 2. mgr. bætist nýr töluliður er verði 10. tölul., svohljóðandi: hvort senda megi orðsendingar í rafrænu formi og þá á hvaða netfang.
4. Við 4. gr. Við 2. mgr. bætist: sbr. 10. tölul. 3. gr.
5. Við 8. gr. Við 1. málsl. bætist: sbr. þó 2. tölul. lokamálsgreinar 30. gr.
6. Við 10. gr.
   a. Í stað 2. og 3. mgr. komi fjórar nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
      Tímabundnum leigusamningi lýkur á umsömdum degi án sérstakrar uppsagnar eða tilkynningar af hálfu aðila, sbr. þó 3. og 4. mgr.
      Nú er í gildi tímabundinn leigusamningur um lóð þar sem frístundahús stendur. Skal þá leigusali eigi síðar en tveimur árum fyrir lok leigusamnings senda leigutaka tilkynningu þar sem bent er á áætluð samningslok og efni 11.–14. gr. Leigusala er heimilt í tilkynningu þessari að hvetja leigutaka til að hefja viðræður við sig við fyrsta tækifæri um áframhald leigu eða lok hennar.
      Nú hefur leigusali ekki sent tilkynningu skv. 3. mgr. og skal þá leigutaki, eigi síðar en 18 mánuðum fyrir leigulok, senda leigusala tilkynningu sambærilegs efnis.
      Uppsögn, sbr. 1. mgr., og tilkynningar, sbr. 3. og 4. mgr., skulu vera skriflegar.
   b. Fyrirsögn greinarinnar verði: *Uppsögn samnings og tilkynningar um leigulok.*

7. Við 11. gr. Greinin orðist svo ásamt fyrirsögn:

Samningsfrelsi, framlenging samnings um eitt ár og tómlætisverkan.

Aðilar geta ávallt samið um áframhald leigu eða lok hennar.

Nú hafa samningar ekki náðst á milli aðila einu ári fyrir lok tímabundins leigusamnings og tilkynningar skv. 3. og 4. mgr. 10. gr. hafa ekki verið sendar innan þeirra fresta sem þar er getið og gildir leigusamningurinn þá í tvö ár frá því tímamarki, þ.e. samningurinn framlengist um eitt ár miðað við umsamin leigulok.

Nú er eitt ár eftir af framlengdum samningi, þ.e. komið er að því tímamarki sem upphaflega hafði verið samið um að yrðu leigulok, sbr. 2. mgr. Skal þá leigusali eiga málskotsrétt til úrskurðarnefndar fristundahúsamála. Um þann málskotsrétt gilda að öllu leyti ákvæði 1. mgr. 12. gr.

Nú er hálft ár eftir af framlengdum samningi, sbr. 2. mgr., og leigusali hefur glatað sínum málskotsrétti, sbr. 3. mgr. og 1. mgr. 12. gr. og getur leigutaki þá skotið máli til úrskurðarnefndar fristundahúsamála í samræmi við 8. mgr. 12. gr.

Framlengdur leigusamningur, sbr. 2. mgr., rennur út á tilsettum tíma enda hafi aðilar hvorki náð samningum né heldur skotið máli til úrskurðarnefndar fristundahúsamála. Er þá enginn leigusamningur í gildi og hafa báðir aðilar glatað málskotsrétti til úrskurðarnefndar fristundahúsamála.

8. Við bætist ný grein er verði 12. gr., og orðist svo ásamt fyrirsögn:

Málskotsréttur aðila og kröfugerð.

Eingöngu er hægt að skjóta máli samkvæmt þessari grein til úrskurðarnefndar fristundahúsamála að fristundahús standi á lóð tveimur árum áður en uppsögn ótímabundins samnings tekur gildi, sbr. 1. mgr. 10. gr., eða tveimur árum áður en tímabundinn samningur hefði fallið úr gildi skv. 2. mgr. 10. gr.

Leigusali getur skotið máli til úrskurðarnefndar fristundahúsamála allt frá því að eitt ár er eftir af leigusamningi. Hafi aðilar vanrækt tilkynningarskyldu skv. 3. eða 4. mgr. 10. gr. grundvallast málskotsheimild leigusala á 3. mgr. 11. gr. Málskotsréttur leigusala fellur niður hafi málskot hans ekki verið sent í síðasta lagi sex mánuðum fyrir lok leigusamnings.

Nú er málskotsréttur leigusala niður fallinn og getur þá leigutaki skotið máli til úrskurðarnefndar fristundahúsamála. Málskotsréttur leigutaka fellur niður hafi málskot hans ekki verið sent í síðasta lagi fyrir lok leigusamnings.

Hafi annar hvor aðilinn nýtt sér málskotsrétt sinn, sbr. 2. eða 3. mgr., framlengist leigusamningur sjálfkrafa um 20 ár frá lok samnings að telja. Það gildir þó ekki ef leigusali krefst innlausnar, sbr. 2. tölul. 5. mgr., eða ef leigutaki unir því að leigusamningur falli úr gildi og fjarlægir mannvirki sín af lóð á sinn kostnað, sbr. 6. mgr.

Nú hefur leigusali nýtt sér málskotsrétt sinn og getur hann þá fyrir úrskurðarnefnd fristundahúsamála haft uppi kröfu um:

1. hver skuli vera fjárhæð ársleigu í framlengdum leigusamningi, sbr. 13. gr.,
2. innlausn og hvert skuli vera innlausnarverð fyrir mannvirki leigutaka og eftir atvikum um fjárhæð greiðslu sérstakra bóta eða lækkun innlausnarverðs vegna ástands lóðar í samningslok, sbr. 14. gr.

Nú er krafa komin fram skv. 5. mgr og getur leigutaki þá lokið máli með því að tilkynna úrskurðarnefnd og leigusala að hann uni því að leigusamningur falli úr gildi í samræmi við 2. mgr. 10. gr. eða 5. mgr. 11. gr. og að hann fjarlægi á sinn kostnað mann-

virki á lóðinni innan tilhlýðilegs frests en þó aldrei síðar en tveimur mánuðum eftir lok samnings.

Hafi máli skv. 5. mgr. ekki verið lokið fyrir úrskurðarnefndinni með úrskurði eða sátt og rekja má það til athafna eða athafnaleysis leigusala framlengist eldri leigusamningur, óbreyttur, um 20 ár frá samningslokum að telja.

Nú hefur leigutaki nýtt sér málskotsrétt sinn og getur hann þá fyrir úrskurðarnefnd frístundahúsamála haft uppi kröfu um hver skuli vera fjárhæð ársleigu í framlengdum leigusamningi, sbr. 13. gr.

Hafi máli skv. 8. mgr. ekki verið lokið fyrir úrskurðarnefndinni með úrskurði eða sátt og rekja má það til athafna eða athafnaleysis leigutaka fellur leigusamningur úr gildi.

Hafi aðilar samnings hvenær sem er á leigutíma gert samning um áframhaldandi leigu, um kaup leigutaka á lóð eða um innlausn leigusala en ekki náð samningum um verð geta þeir sameiginlega skotið máli sínu til úrskurðarnefndar og haft uppi kröfur um fjárhæð leigu, innlausnarverð eða kaupverð, sbr. 13.–15. gr.

9. Við 12. gr. er verði 13. gr. Greinin orðist svo ásamt fyrirsögn:

Mat á ársleigu framlengds leigusamnings.

Nú hefur annar hvor aðili leigusamnings hafið mál fyrir úrskurðarnefnd frístundahúsamála um hver skuli vera ársleiga í framlengdum leigusamningi, sbr. 1. tölul. 5. mgr. eða 8. mgr. 12. gr., eða báðir aðilar, sbr. 10. mgr. 12. gr., og skal þá ákvörðun um ársleigu taka mið af kröfum aðila og hvað nefndin álítur vera markaðsverðmæti á hverjum tíma.

Við mat á markaðsverðmæti skal m.a. hafa til viðmiðunar:

1. hver sé ársleiga lóða sem eru svipaðar að stærð og búa yfir svipuðum eiginleikum á sömu jörð eða aðliggjandi jörðum; einnig má líta til ársleigu lóða sem eru svipaðar að stærð og búa yfir sams konar eiginleikum innan þess sveitarfélags sem lóðin er á eða þá eftir atvikum innan sveitarfélaga í nágrenninu,
2. legu, útsýni, gróðursæld, staðsetningu og önnur slík atriði sem áhrif geta haft á fjárhæð ársleigu lóðar,
3. hvert hið eldra leigugjald hafi verið og hvort það hafi fylgt breytingum á vísitölu neysluverðs eða vísitölu byggingaverðs.

Leigutími framlengds leigusamnings er 20 ár frá lokum eldri samnings.

Ákvæði eldri leigusamnings, sem ekki eru í andstöðu við ófrávíkjanleg ákvæði laga, halda gildi sínu um önnur atriði en nefnd eru í 2. og 3. mgr.

10. Við 13. gr. er verði 14. gr. Greinin orðist svo ásamt fyrirsögn:

Réttaráhrif innlausnar, innlausnarverð, lóðarbætur o.fl.

Í innlausn felst að leigusali eignast mannvirki leigutaka og eftir atvikum þær endurbætur sem orðið hafa á lóðinni á leigutímanum gegn greiðslu peninga. Úrskurðarnefnd ákveður nánari greiðsluskilmála innlausnar.

Þegar kveðið er á um innlausn með úrskurði skulu öll takmörkuð eignarréttindi jafnframt afnumin, nema annað sé sérstaklega ákveðið. Almennar reglur gilda um rétt handhafa takmarkaðra eignarréttinda til að þeir fái innlausnarverðið greitt í heild eða hluta.

Nú hefur leigusali skotið máli til úrskurðarnefndar frístundahúsamála í samræmi við 2. tölul. 5. mgr. 12. gr. eða báðir aðilar samnings í samræmi við 10. mgr. 12. gr. og gildir þá þessi grein um skilmála innlausnar.

Ákvörðun um innlausnarverð fyrir mannvirki skal taka mið af kröfum aðila og hvað nefndin álítur vera markaðsverðmæti á hverjum tíma. Við mat á markaðsverðmæti mannvirkja skal m.a. hafa til viðmiðunar:

1. nýlegt söluverð á mannvirkjum sem eru af svipaðri stærð og gerð og standa á lóðum á sömu jörð eða nálægum jörðum í sveitarfélaginu. Einnig má líta til nýlegra söluverða sambærilegra frístundahúsa og annarra mannvirkja á lóðum undir frístundahús innan sveitarfélaga í nágrenninu. Heimilt er að líta til sölu mannvirkja þar sem lóðarleiguréttindi eru til a.m.k. 20 ára og til sölu mannvirkja á eignarlóðum,
2. ástand, gerð og skipulag mannvirkja,
3. fasteignamat, brunabótamat og annað er til leiðbeiningar má verða.

Nú hefur í tíð eldri leigusamnings leigutaki eða fyrirrennari hans staðið fyrir umbótum á lóð, svo sem með trjá- og garðrækt. Getur leigutaki þá krafist þess að leigusali greiði sér bætur vegna þeirrar verðmætaaukningar sem orðið hefur á landinu. Svo að bætur verði úrskurðaðar til handa leigutaka verður að vera sýnt fram á að umbæturnar hafi aukið verðgildi lóðar verulega umfram það sem við mátti búast miðað við ástand hennar í upphafi eldri leigusamnings og að venjulegri umhirðu lóðar hefði verið sinnt allan leigutímann.

Hafi umhirðu leigutaka á lóð á leigutíma verið verulega ábótavant og ástand lóðar er ófullnægjandi þegar leigusamningur rennur út getur leigusali krafist lækkunar á innlausnarverði mannvirkja skv. 4. mgr.

11. Við bætist ný grein er verði 15. gr., og orðist svo ásamt fyrirsögn:

Mat á kaupverði lóðar.

Nú hafa aðilar leigusamnings hafið mál fyrir úrskurðarnefnd frístundahúsamála um hvert skuli vera kaupverð lóðar, sbr. 10. mgr. 12. gr., og skal þá ákvörðun um kaupverð taka mið af kröfum aðila og hvað nefndin álítur vera markaðsverðmæti á hverjum tíma.

Við mat á markaðsverðmæti skal m.a. hafa til viðmiðunar:

1. hvert sé kaupverð lóða sem eru svipaðar að stærð og búa yfir svipuðum eiginleikum á sömu jörð eða aðliggjandi jörðum; einnig má líta til kaupverðs lóða sem eru svipaðar að stærð og búa yfir sams konar eiginleikum innan þess sveitarfélags sem lóðin er á eða þá eftir atvikum innan sveitarfélaga í nágrenninu,
2. legu, útsýni, gróðursæld, staðsetningu og önnur slík atriði sem áhrif geta haft á fjárhæð kaupverðs lóðar.

Nú hefur í tíð eldri leigusamnings leigutaki eða fyrirrennari hans staðið fyrir umbótum á lóð, svo sem með trjá- og garðrækt og getur leigusali þá ekki krafist þess að umbæturnar leiði til hækkunar kaupverðs vegna þeirrar verðmætaaukningar sem orðið hefur á landinu.

Hafi umhirðu leigutaka á lóð á leigutíma verið verulega ábótavant og ástand lóðar er ófullnægjandi þegar leigusamningur rennur út getur leigutaki ekki krafist lækkunar á lóðarverði.

12. Við 14. gr. er verði 16. gr. Greinin orðist svo:

Almennar reglur gilda um riftun leigusamnings.

13. Við 15. gr. er verði 17. gr. 1. mgr. orðist svo:

Í frístundabyggð er umráðamönnum lóða undir frístundahús skylt að hafa með sér félagsskap um sameiginlega hagsmuni. Þó er ekki skylt að hafa slíkan félagsskap þegar:

1. umráðamenn lóða undir frístundahús eru fimm eða færri,
2. einn og sami aðilinn hefur umráð yfir helmingi lóða í frístundabyggðinni, eða
3. engir eða afar takmarkaðir sameiginlegir hagsmunir eru í frístundabyggðinni.

14. Við 17. gr. er verði 19. gr. Við bætist nýr töluliður, svohljóðandi: almennar samskipta- og umgengnisreglur innan frístundabyggðarinnar.
15. Við 20. gr. er verði 22. gr.
    a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sambúðaraðili í skilningi laga þessara er einstaklingur sem er í skráðri sambúð með leigutaka eða umráðamanni lóðar undir frístundahús, í frístundabyggð.
    b. 4. mgr. orðist svo:

    Nú hefur þeirrar tillögu verið getið í fundarboði að greidd skuli atkvæði um hvort ráðast eigi í framkvæmdir eða stofna til kostnaðar sem leiðir til útgjalda sem eru umfram venjulegan rekstrarkostnað félagsins. Skal sú tillaga talin samþykkt hljóti hún samþykki minnst ⅔ hluta greiddra atkvæða og minnst þriðjungur félagsmanna sækir fundinn.

16. Við 22. gr. er verði 24. gr. Greinin orðist svo ásamt fyrirsögn:

Samráð sveitarstjórna og félaga í frístundabyggð.

Nú sameinast a.m.k. helmingur félaga í frístundabyggð í sveitarfélagi um að óska eftir því við sveitarstjórn eða sveitarstjóra að haldinn sé fundur til að veita upplýsingar um sameiginleg hagsmunamál frístundabyggðanna og sveitarfélagsins. Skal þá sveitarstjórn, eða eftir atvikum sveitarstjóri, að öðru jöfnu bjóðast til að halda slíkan fund með fulltrúum allra félaga í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn, eða eftir atvikum sveitarstjóri, þarf ekki bjóðast til að halda slíkan fund oftar en einu sinni á hverju ári.

17. Við 23. gr. er verði 25. gr.
    a. Í stað 1. og 2. mgr. komi ein ný málsgrein, svohljóðandi:

    Í úrskurðarnefnd frístundahúsamála eiga sæti þrír menn sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Formaður nefndarinnar og varamaður hans skulu fullnægja skilyrðum laga til að gegna embætti héraðsdómara. Aðrir nefndarmenn skulu hafa reynslu og þekkingu á málefnum frístundabyggðar og frístundahúsa, m.a. á markaði með sölu frístundahúsa ásamt tilheyrandi lóðarleiguréttindum. Við skipan nefndarinnar getur ráðherra haft samráð við helstu samtök sem hafa hagsmuna að gæta við framkvæmd laganna.

    b. Í stað orðanna „kærunefndar frístundabyggðarmála“ og „kærunefndar“ í 3. og 4. mgr. komi: úrskurðarnefndar frístundahúsamála, og: úrskurðarnefndar.
    c. Fyrirsögn greinarinnar orðist svo: *Úrskurðarnefnd frístundahúsamála.*

18. Við 24. gr. er verði 26. gr. Greinin orðist svo ásamt fyrirsögn:

Meðferð kæru og gagnaöflun.

Nú hefur máli verið skotið með kæru til úrskurðarnefndar frístundahúsamála skv. 12. gr., sbr. 13.–15. gr. og skulu þar koma fram upplýsingar um kæranda, þann sem kæra beinist að (gagnaðila), landnúmer lóðar undir frístundahús sem deilt er um og fasteignanúmer mannvirkja á lóð. Í kæru skulu koma fram kröfur kæranda ásamt stuttri lýsingu málsatvika og málsástæðna sem og rökstuðningur. Með kæru skal ávallt fylgja afrit af eldri leigusamningi og ef því er að skipta uppsögn eða tilkynningum skv. 10. gr. Kröfugerð kæranda skal lúta að valdsviði nefndarinnar skv. 13.–15. gr.

Ef kæra fullnægir ekki skilyrðum 1. mgr. skal úrskurðarnefndin beina því til kæranda að bæta úr annmörkum innan hæfilegs frests. Verði kærandi ekki við því skal úrskurðar-

nefndin vísa máli frá. Máli skal vísað frá ef kæra berst utan tímafresta skv. 12. gr. Upplýsa skal gagnaðila um frávísun.

Nú er kæra tæk til efnismeðferðar og gefur nefndin þá gagnaðila kost á að tjá sig um efni kærunnar. Skal gefa honum hæfilegan frest í því skyni.

Þegar báðir aðilar hafa komið sínum sjónarmiðum að skal úrskurðarnefnd leita sátta með aðilum nema hún telji víst að sáttatilraun verði árangurslaus vegna atvika máls, afstöðu aðila eða annarra ástæðna.

Málflutningur skal vera skriflegur, en heimilt er nefndinni að gefa aðilum kost á að færa fram athugasemdir munnlega.

Nú skortir upplýsingar um atriði sem máli kunna að skipta og getur þá nefndin óskað eftir því við málsaðila að þeir afli gagna sem varpa ljósi á þessi atriði.

Þegar nauðsyn krefur framkvæmir úrskurðarnefnd frístundahúsamála vettvangsgöngu að tilkvöddum málsaðilum.

Þegar gagnaöflun er lokið skal úrskurðarnefnd kveða upp úrskurð um kæru eins fljótt og auðið er.

Afl atkvæða nefndarmanna ræður niðurstöðu máls. Minnihlutaatkvæði skal fylgja nefndaráliti ef því er að skipta. Formaður eða varaformaður stýrir störfum nefndarinnar. Þegar nefndarmenn eru ekki sammála um niðurstöðu ræður meiri hluti niðurstöðu máls. Ef nefndin þríklofnar í afstöðu sinni, eða niðurstaða getur eigi ráðist af atkvæðamagni, ræður atkvæði formanns.

19. Við 25. gr. er verði 27. gr. Greinin orðist svo ásamt fyrirsögn:

Um réttaráhrif sáttar og úrskurðar.

Náist sátt á milli aðila skal hún færð til bókar og skal þar greina fjárhæðir og aðra skilmála.

Hvorugur aðila getur borið kröfur sínar um fjárhæð ársleigu skv. 13. gr. eða fjárhæð innlausnarverðs eða bóta skv. 14. gr. undir dómstóla nema úrlausn úrskurðarnefndar frístundahúsamála um þessi atriði liggi fyrir.

Nú er felldur úrskurður um skilmála framlengds leigusamnings skv. 13. gr. Skal þá eldri leigusamningur falla úr gildi og hinn framlengdi leigusamningur taka við.

Nú er felldur úrskurður um skilmála innlausnar skv. 14. gr. Skal þá leigutaki skila lóðinni, ásamt öllum mannvirkjum og tilheyrandi fylgifé, að teknu tilliti til eðlilegrar notkunar og viðhalds, í ekki lakara ástandi en þegar honum var kunnugt eða mátti vera kunnugt um kæru leigusala skv. 2. tölul. 5. mgr. 12. gr., sbr. 14. gr.

Sátt skv. 1. mgr. og úrskurðir skv. 3. og 4. mgr. eru aðfararhæfir.

Nú vill kærandi eða gagnaðili ekki una úrskurði úrskurðarnefndar frístundahúsamála og getur hann þá höfðað mál til að ógilda hann fyrir dómstólum eða að honum verði breytt um efni fjárhæða. Mál skal höfðað innan sex mánaða frá því að aðilinn fékk eða mátti fá vitneskju um úrskurð úrskurðarnefndar.

20. Við 26. gr. er verði 28. gr. Greinin orðist svo ásamt fyrirsögn:

Álit úrskurðarnefndar um frístundahúsamál og málsmeðferð.

Nú greinir aðila á um framkvæmd ákvæða III. kafla og geta þeir þá borið ágreiningsefnið undir úrskurðarnefnd frístundahúsamála sem lætur í té rökstutt álit.

Erindi til úrskurðarnefndar skal vera skriflegt og í því skal skilmerkilega greina ágreiningsefnið, kröfu aðila og rökstuðning fyrir henni.

Úrskurðarnefnd skal gefa gagnaðila kost á að tjá sig og koma sjónarmiðum sínum og kröfum á framfæri. Skal gefa honum hæfilegan frest í því skyni. Heimilt er úrskurðar-

nefnd að kalla eftir öllum nauðsynlegum upplýsingum og gögnum og óska umsagnar frá öðrum sem málið snertir eða við kemur. Um málsmeðferð fer að öðru leyti samkvæmt stjórnsýslulögum.

21. Við 27. gr. er verði 29. gr. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

    Úrskurðarnefnd frístundahúsamála getur sett nánari reglur, sem ráðherra staðfestir, um erindi til úrskurðarnefndar, störf hennar, starfsskilyrði, sáttatilraunir, málsmeðferð fyrir nefndinni, framlagningu gagna, birtingu úrskurða o.fl.

22. Við 28. gr. er verði 30. gr.
    a. Í stað orðanna „1. september“ í 1. mgr. komi: 1. júlí.
    b. Lokamálsliður 3. mgr. orðist svo: Þó skulu ákvæði slíkra samninga vera óhögguð um:
        1. leigutíma, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða um samninga sem falla úr gildi fyrir 1. júlí 2010,
        2. að framleiga og framsal leiguréttinda á lóð undir frístundahús sé leigutaka óheimil án samþykkis leigusala.

23. Við ákvæði til bráðabirgða. Ákvæðið orðist svo:

    Nú fellur tímabundinn samningur um leigu á lóð undir frístundahús úr gildi innan tveggja ára frá gildistöku laga þessara og skal þá leigutaki lóðar, sem frístundahús stendur á, hafa rétt til að framlengja leigusamning um eitt ár frá samningslokum að telja en þó aldrei lengur en til 1. júlí 2010.

    Leigutaki skal tilkynna leigusala þessa fyrirætlan sína skriflega innan tveggja mánaða frá því að lög þessi taka gildi, en að öðrum kosti fellur réttur hans til að framlengja samning niður og leigutími og aðrir skilmálar leigusamnings halda gildi sínu.

    Nú fellur leigusamningur úr gildi á tímabilinu 1. júlí til 1. september 2008 án þess að leigutaki hafi tilkynnt leigusala að rétti til að framlengja leigusamning um eitt ár verði beitt og getur leigutaki þá eigi að síður öðlast slíkan rétt enda hafi hann sent leigusala tilkynningu um beitingu hans fyrir 1. september 2008.

    Hafi leigusamningur verið framlengdur í samræmi við 1.–3. mgr. ber hvorugum aðila skylda til að senda tilkynningu skv. 3. eða 4. mgr. 10. gr. laga þessara.

    Hafi samningar ekki náðst um áframhald leigu eða afnám hennar getur leigusali, sbr. 5. mgr. 12. gr., eða leigutaki, sbr. 8. mgr. 12. gr., skotið kæru til úrskurðarnefndar frístundahúsamála. Um brottfall málskotsréttar leigusala gildir ákvæði 3. málsl. 2. mgr. 12. gr. og um brottfall málskotsréttar leigutaka gildir ákvæði 2. málsl. 3. mgr. 12. gr.

24. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo: Frumvarp til laga um frístundabyggð og leigu lóða undir frístundahús.

1141. Nefndarálit [518. mál]

um frv. til l. um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Tómas H. Heiðar frá utanríkisráðuneyti, Pál Ásgeir Davíðsson lögfræðing og Benedikt Bogason frá réttarfarsnefnd. Umsagnir bárust um málið frá embætti ríkislögreglustjóra, ríkissaksóknara og réttarfarsnefnd.

Með frumvarpinu er lagt til að utanríkisráðherra verði veitt heimild til að framkvæma þvingunaraðgerðir sem ákveðnar eru á alþjóðavettvangi til að viðhalda friði og öryggi og/eða tryggja virðingu fyrir mannréttindum og mannfrelsi. Heimildin tekur annars vegar til ályktana öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna skv. 41. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna og hins vegar til þvingunaraðgerða sem beitt er af öðrum alþjóðastofnunum eða ríkjahópum á borð við Evrópusambandið eða Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu. Í því tilviki þarf ráðherra að hafa samráð við utanríkismálanefnd áður en ráðstafanirnar eru gerðar. Núgildandi lög nr. 5/1969, um framkvæmd fyrirmæla Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, taka ekki til annarra aðgerða en þeirra sem framkvæmdar eru af Sameinuðu þjóðunum.

Nefndin bendir á að ákvæði frumvarpsins eru í samræmi við þá skipan mála sem tíðkast í nágrannalöndum okkar og leitast er við að halda jafnvægi á milli skilvirkni úrræðanna og réttaröryggis borgaranna. Þar sem mál sem varða alþjóðlegar þvingunarráðstafanir eru venjulega unnin með hraði er mikilvægt að hægt sé að grípa til ráðstafana án þess að setja þurfi sérstök lög hverju sinni. Nefndin ítrekar í þessu sambandi mikilvægi þess að þær reglugerðir sem settar kunna að verða skv. 4. gr. frumvarpsins gangi ekki lengra en þörf krefur hverju sinni og verði felldar úr gildi um leið og unnt er, sbr. ákvæði 7. gr. frumvarpsins.

Á fundum sínum ræddi nefndin sérstaklega heimildir og skyldur utanríkisráðherra og ríkisstjórnar samkvæmt ákvæðum 2. og 3. gr. frumvarpsins. Nefndin gengur út frá því að ráðstafanir sem mælt er fyrir um í 2. gr. frumvarpsins séu ræddar af ríkisstjórn áður en til þeirra kemur í reynd. Nefndin leggur því til breytingu á greininni í þá veru. Þá gengur nefndin út frá því að ráðherra beri mál af þeim toga sem 3. gr. tekur til undir ríkisstjórn áður en ráðist er í nauðsynlegar ráðstafanir. Breytingarnar taka báðar mið af orðalagi 1. gr. núgildandi laga um framkvæmd fyrirmæla Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, nr. 5/1969, og eiga sér fordæmi í fleiri lögum. Nefndin ítrekar að orðið „ríkisstjórn“ er í þessu sambandi notað sem samheiti yfir ráðherra ríkisstjórnarinnar og hefur ekki merkinguna ráðherrafundur. Ákvæðin ber jafnframt að lesa í samhengi við 12. gr. frumvarpsins sem kveður á um að utanríkisráðherra fari með framkvæmd laganna. Þá leggur nefndin til að inn í 3. gr. bætist tilvísun til þingskapalaga til að undirstrika að átt er við samráð við utanríkismálanefnd skv. 24. gr. gildandi þingskapalaga, nr. 55/1991. Nefndin bendir einnig á að hvað varðar þátttöku í ályktunum ráðs Evrópusambandsins um alþjóðlegar þvingunaraðgerðir ber að hafa í huga að almennt hafa íslensk stjórnvöld einungis fáeina daga til að taka afstöðu. Samráð utanríkisráðherra við ríkisstjórn og utanríkismálanefnd getur í þessum tilvikum aðeins farið fram með einhvers konar flýtimeðferð. Því er nauðsynlegt að þróa verklagsreglur þar að lútandi. Í því sambandi telur nefndin koma til greina að utanríkisráðuneytið sendi viðkomandi ályktun með tölvupósti til viðkomandi ráðuneyta, í flestum tilvikum væntanlega forsætisráðuneytis, dóms- og kirkjumálaráðuneytis og viðskiptaráðuneytis, og að loknu því samráði til utanríkismálanefndar.

Nefndin bendir á að ákvæði 6. gr. frumvarpsins um heimild til að hefja rannsókn samkvæmt ákvæðum laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, á hendur aðila sem alþjóðlegar þvingunaraðgerðir beinast gegn þrátt fyrir að grunur liggi ekki fyrir um refsivert atferli víkur ekki til hliðar þeim lögfestu reglum sem gilda um þvingunarúrræði samkvæmt áðurgreindum lögum. Þannig verður úrræðum á borð við leit, símhlerun, farbann eða gæsluvarðhald ekki beitt nema fullnægt sé lögbundnum skilyrðum og að undangengnum dómsúrskurði. Nefndin ítrekar þann skilning sinn að ákvæðið komi ekki í veg fyrir að uppfylla þurfi lögbundin skilyrði til að ofangreindum úrræðum fáist beitt heldur taki það einungis til þess þegar almennt er grennslast fyrir um tiltekinn aðila sem þvingunaraðgerð beinist gegn. Á fundum nefndarinnar kom hins vegar fram að til þess að komast að því hvort einstaklingur lægi í raun undir grun um atferli sem færi í bága við alþjóðlegar þvingunarráðstafanir gæti þurft að nota þetta úrræði til að komast að því hvort svo væri þar sem rökstuddur grunur í skilningi laga um meðferð opinberra mála væri ekki fyrir hendi. Til að tryggja áherslu á markmið rannsóknarinnar leggur nefndin til breytingu á framsetningu 1. málsl. 6. gr.

Nefndin tók einnig til umfjöllunar og kynnti sér lista yfir aðila sem þvingunaraðgerðir beinist gegn. Þess þekkjast dæmi að menn hafi lent á slíkum listum fyrir litlar eða engar sakir og átt í erfiðleikum með að hreinsa nafn sitt í framhaldi af því. Nefndin leggur því áherslu á mikilvægi þess að ákvæði 9. gr. frumvarpsins um afskráningu af lista verði beitt sem skyldi eftir því sem tilefni gefst til.

Loks bendir nefndin á að í frumvarpinu er að finna vísan til laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991. Í allsherjarnefnd er nú til meðferðar frumvarp til laga um meðferð sakamála sem munu leysa eldri lög um meðferð opinberra mála af hólmi. Nefndin bendir á að nauðsynlegt verður að breyta þeirri tilvísun ef sakamálafrumvarpið verður að lögum. Eins er í frumvarpinu vísað til stjórnartíðindanúmera almennra hegningarlaga og stjórnsýslulaga og III. kafla almennra hegningarlaga. Nefndin telur heppilegra að stjórnartíðindanúmer og kaflanúmer laga séu ekki tilgreind í lagatexta þar sem þau kunna að taka breytingum í tímans rás og kalla þá á breytingar á öðrum lögum í framhaldi af því. Nefndin leggur því til að þessar tilvísanir falli brott.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem gerð er grein fyrir hér að framan og lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Ásta R. Jóhannesdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Steingrímur J. Sigfússon skrifar undir álitið með fyrirvara.

Alþingi, 26. maí 2008.

Bjarni Benediktsson, form., frsm.	Árni Páll Árnason.	Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.
Arnbjörg Sveinsdóttir.	Siv Friðleifsdóttir.	Björk Guðjónsdóttir.
Lúðvík Bergvinsson.		Kristinn H. Gunnarsson.

1142. Breytingartillögur [518. mál]

við frv. til l. um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða.

Frá utanríkismálanefnd.

1. Við 2. gr. Í stað orðanna „Utanríkisráðherra skal, að höfðu samráði við ríkisstjórn“ komi: Ríkisstjórnin skal.
2. Við 3. gr. Í stað orðanna „Að fengnu samþykki ríkisstjórnar og að höfðu samráði við utanríkismálanefnd Alþingis er ráðherra heimilt að“ komi: Ríkisstjórninni er heimilt að höfðu samráði við utanríkismálanefnd Alþingis, sbr. lög um þingsköp Alþingis, að taka þátt í og.
3. Við 6. gr. Fyrri málsliður orðist svo: Þrátt fyrir að grunur liggi ekki fyrir um refsivert athæfi er heimilt að hefja rannsókn samkvæmt ákvæðum laga um meðferð opinberra mála á aðila sem þvingunaraðgerð beinist gegn.
4. Við 9. gr. Orðin „nr. 37/1993“ í lokamálslið falli brott.
5. Við 10. gr.
   a. Orðin „nr. 19/1940“ í 4. mgr. falli brott.
   b. Í stað orðanna „skv. III. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940“ í 5. mgr. komi: samkvæmt almennum hegningarlögum.
6. Við 11. gr. Orðin „nr. 19/1940“ í 1. mgr. falli brott.

1143. Nefndarálit [534. mál]

um till. til þál. um framkvæmdaáætlun í barnaverndarmálum fram til næstu sveitarstjórnarkosninga árið 2010.

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Láru Björnsdóttur frá félags- og tryggingamálaráðuneytinu, Evu Dögg Þorsteinsdóttur frá Landssamtökum vistforeldra í sveitum, Eyrúnu B. Jónsdóttur frá Neyðarmóttöku vegna nauðgana og miðstöð áfallahjálpar á Landspítala og Ólaf Proppé frá Kennaraháskóla Íslands. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Landssamtökum vistforeldra í sveitum, Biskupsstofu, Fangelsismálastofnun ríkisins, Heilsugæslustöðinni á Grundarfirði, Rannsóknarsetri Háskóla Íslands í barna- og fjölskylduvernd, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Viðskiptaráði Íslands, Neyðarmóttöku vegna nauðgana og miðstöð áfallahjálpar á Landspítala, félagsmálanefnd sveitarfélagsins Árborgar, Heilbrigðisstofnun Suðurlands, fjölskyldunefnd Mosfellsbæjar, Kennaraháskóla Íslands, barnaverndarnefnd Reykjavíkurborgar, umboðsmanni barna, ríkislögreglustjóra, Brunamálastofnun og Bláskógabyggð.

Tillagan felur í sér samþykkt framkvæmdaáætlunar til tveggja ára í barnaverndarmálum til að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega og árangursríka aðstoð. Er þetta í fyrsta sinn sem lögð er fram heildstæð framkvæmdaáætlun í þessum málaflokki og er hún gerð með vísan í 5. gr. barnaverndar-

laga, nr. 80/2002, sem kveður á um að félagsmálaráðherra skuli leggja fyrir Alþingi framkvæmdaáætlun til fjögurra ára í senn að loknum sveitarstjórnarkosningum. Helstu atriði sem lögð er áhersla á með tillögunni eru aðgerðir til eflingar barnavernd á vegum félags- og tryggingamálaráðuneytisins og Barnaverndarstofu sem og að efla þjónustu og verklag. Til að ná þessu fram felur tillagan í sér ýmis verkefni varðandi rannsóknir, þróun, ný meðferðarúrræði, námskeið, árangursmat, erlent samstarf, skjalastjórnun og tölfræði. Nefndin vekur athygli á að framkvæmdaáætlunin er fyrst og fremst um aðgerðir ríkisvaldsins, þ.e. félags- og tryggingamálaráðuneytis og annara fagráðuneyta og Barnaverndarstofu, til að bæta framkvæmd og eftirlit með barnavernd.

Nefndin telur jákvætt að sett sé fram framkvæmdaáætlun í svo þýðingarmiklum málaflokki en telur þó nauðsynlegt að breyta formi og framsetningu framkvæmdaáætlana af þessu tagi. Fullt tilefni er til að setja markmið og afmarka þá flokka verkefna sem vinna skal að en álitamál hvort rétt sé að nefndin taki afstöðu til einstakra verkefna og aðferða sem nefnd eru í áætluninni. Nákvæm útfærsla einstakra verkefna eða val á aðferðum er ekki á færi nefndarinnar að samþykkja enda býr hún ekki yfir sérfræðiþekkingu hvað varðar sérstakar uppeldisaðferðir, fósturúrræði, foreldrafærninámskeið o.s.frv. Almennt bendir nefndin á nauðsyn þess að útiloka ekki önnur meðferðarúrræði en þau sem nefnd eru sérstaklega í áætluninni, þar sem henni hafa verið kynnt árangursrík dæmi annarra úrræða. Jafnframt er mikilvægt að nýjum aðferðum fylgi rannsóknir á árangri slíkra úrræða. Nefndin tekur undir ábendingar sem fram komu í nefndinni um að Barnaverndarstofa gæti þess að vera ekki bæði framkvæmdar- og eftirlitsaðili að verkefnum sem hún hefur á hendi.

Nefndinni barst fjöldi umsagna þar sem kom fram ánægja með áætlunina ásamt því að gerðar voru nokkrar athugasemdir við einstaka framkvæmdarhluta hennar. Þá var í nokkrum þeirra bent á knappan tímaramma einstakra verkefna. Nefndin vísar til þess sem segir að framan að hún hafi ekki sérfræðiþekkingu til að ákvarða um einstaka verkefnaþætti.

Nefndin fagnar því að efla skuli þjónustu Barnaverndarstofu þannig að hún verði markvissari og skilvirkari og að bæta eigi ráðgjöf, fræðslu, eftirlit og rekstur heimila og stofnana á vegum stofnunarinnar. Þá tekur nefndin undir mikilvægi þess að jafnræðis sé gætt gagnvart þeim sem nýta þjónustu ríkisins og að gætt skuli jafnræðis í þjónustu milli sveitarfélaga.

Nefndin telur áætlaða innleiðingu íslenskra gæðastaðla um vistun barna utan heimilis mikilvægt verkefni enda hafa dæmi sýnt að faglegar kröfur til vistunar- og meðferðarúrræða þurfa að vera nákvæmar og skýrar. Nefndin leggur áherslu á að eftirlit með þessum úrræðum sé með skýrum og gagnsæjum hætti. Hvað kynningu staðlanna varðar áréttar nefndin að ekki er nægilegt að kynna staðlana fyrir starfsfólki meðferðarheimila og barnaverndarnefnda. Einnig þurfi að kynna þá fyrir vistforeldrum þar sem þeir gegna mikilvægu hlutverki við vistun barna.

Nefndir tekur undir ábendingar sem fram komu um að finna þurfi meðferðarúrræði fyrir gerendur í kynferðisafbrotamálum. Skoða þarf einnig með hvaða hætti hagsmuna barna fíkla sé best gætt.

Þá telur nefndin að samræma þurfi vinnubrögð og starfshætti á öllum sviðum barnaverndar og tryggja eftirfylgni þegar fjölskyldur flytja sig milli sveitarfélaga. Voru nefndinni kynnt dæmi þar sem börn urðu illa úti þegar byrjað var frá grunni á meðferð þeirra við flutning þar sem vitneskja um þau úrræði sem þegar hafði verið beitt fluttist ekki með. Einnig virðist sem engin vitneskja flytjist milli sveitarfélaga ef fjölskylda flytur eftir að barnaverndarnefnd tekur mál hennar til skoðunar, t.d. vegna grunar um heimilisofbeldi. Leggur

nefndin áherslu á að gæta þurfi verndunar barna í slíkum tilvikum og setja verklagsreglur sem leysi þennan vanda að teknu tilliti til persónuverndarsjónarmiða.

Nefndin áréttar að samþykkt tillögunnar fylgir ekki fjárveiting. Taka þarf sjálfstæða ákvörðun um fjárveitingar við fjárlagagerð en viljayfirlýsing áætlunarinnar er skýr.

Með vísan til þess sem fyrr segir leggur nefndin ekki til breytingar varðandi efni áætlunarinnar. Þó leggur nefndin til að uppsetningu verði breytt og að tekin verði út ensk heiti sem hún telur óeðlilegt að hafa í sjálfri ályktuninni.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Ásta R. Jóhannesdóttir og Árni Johnsen voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Kristinn H. Gunnarsson skrifar undir álit þetta með fyrirvara.

Alþingi, 26. maí 2008.

Guðbjartur Hannesson, form., frsm.	Ármann Kr. Ólafsson.	Jón Gunnarsson.
Pétur H. Blöndal.	Birkir J. Jónsson	Kristinn H. Gunnarsson, með fyrirvara.

Ögmundur Jónasson.

1144. Breytingartillögur [534. mál]

við till. til þál. um framkvæmdaáætlun í barnaverndarmálum fram til næstu sveitarstjórnarkosninga árið 2010.

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

1. Við 3. kafla.
   a. Liður 3.2.1 orðist svo: Notkun viðurkenndra matslista.
   b. Orðin „Quality for children“ í lið 3.2.2 falli brott.
   c. Skammstöfunin „(SOF)“ í lið 3.2.4 falli brott.
   d. Orðin „(Child Death Review Team)“ í lið 3.2.6 falli brott.
   e. Liður 3.3.1 orðist svo: Fyrirhugað er að halda á Íslandi árið 2008 ráðstefnuna „Börn og vanræksla: Þarfir – skyldur – ábyrgð“ sem hluta af norrænu samstarfi um málefni barna.
   f. Liður 3.3.2 orðist svo: Norræn barnaverndarráðstefna í Kaupmannahöfn árið 2009.
   g. Númer liða falli brott.
2. Við 4. kafla.
   a. Orðin „(Multisystemic Therapy – MST)“ í lið 4.1.1 falli brott.
   b. Skammstöfunin „(MTFC/TFC)“ í lið 4.1.2 falli brott.
   c. Orðin „(t.d. Parent Management Training PMT)“ í lið 4.1.3 falli brott.
   d. Liður 4.2 orðist svo: *Sérhæft framhaldsnámskeið fyrir fósturforeldra.*
   e. Orðin „(Aggression Replacement Training – ART)“ í lið 4.3 falli brott.
   f. Númer liða falli brott.

1145. Nefndarálit [535. mál]

um till. til þál. um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda.

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingibjörgu Broddadóttur frá félags- og tryggingamálaráðuneyti, Einar Skúlason og Margréti Steinarsdóttur frá Alþjóðahúsi, Hallfríði Þórarinsdóttur og Sólveigu Georgsdóttur frá MIRRU, Miðstöð innflytjendarannsókna Reykjavíkurakademíunnar, og Elsu Arnardóttur frá Fjölmenningarhúsinu á Ísafirði. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Íbúðalánasjóði, Ríkisútvarpinu, Læknafélagi Íslands, MIRRU, Íslenskri málnefnd, Útlendingastofnun, Tryggingastofnun ríkisins, Lögregluskóla ríkisins, landlæknisembættinu, sóttvarnalækni, Hagstofu Íslands, Öryrkjabandalagi Íslands, Viðskiptaráði Íslands, Vinnueftirlitinu, ríkisskattsstjóra, Alþjóðahúsi, Samtökum iðnaðarins, Alþýðusambandi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Kennaraháskóla Íslands, ríkislögreglustjóra, Samtökum kvenna af erlendum uppruna á Íslandi, Greiningar og ráðgjafarstöð ríkisins, velferðarsviði Reykjavíkurborgar, Brunamálastofnun, Íþrótta- og ólympíusambandi Íslands, foreldrasamtökunum Heimili og skóli og Fjölmenningarsetrinu á Ísafirði. Einnig barst tilkynning frá innflytjendaráði félags- og tryggingamálaráðuneytisins.

Tillaga til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun um í málefnum innflytjenda hefur að markmiði að bæta móttöku erlends fólks sem flytur til landsins og auðvelda því að verða virkir þátttakendur í íslensku samfélagi, læra íslensku, læra um íslenska siði og menningu og jafnframt rækta eigin menningu. Áætlunin er margþætt og tiltekur verkefni og málaflokka sem heyra undir ýmis ráðuneyti og stofnanir sem ætlað er að ná fram nánar afmörkuðum markmiðum á sviðum innflytjendamála. Gert er ráð fyrir því að áætlunin verði endurskoðuð að tveimur árum liðnum og þá verði ný áætlun lögð fyrir Alþingi.

Nefndin telur jákvætt að sett sé fram framkvæmdaáætlun í svo þýðingarmiklum málaflokki en telur þó nauðsynlegt að gera athugasemdir við form og framsetningu áætlunarinnar. Sjálf þingsályktunartillagan er nær einungis upptalning á einstökum verkefnum, en nánari útfærslur eru í athugasemdum. Nefndin mælir með að við endurskoðun áætlunarinnar að tveimur árum liðnum verði sett í sjálfa þingsályktunartillöguna skýrari markmið og afmörkun verkefna sem vinna á að í stað þess að hafa eingöngu lista yfir verkefnin sem undir áætlunina heyra. Jafnframt tekur nefndin fram að ekki er á færi hennar að samþykkja nákvæma útfærslu einstakra verkefna þar sem hún býr ekki yfir sérfræðiþekkingu hvað þetta varðar.

Áætlunin fjallar eingöngu um verkefni ríkisins og stofnana þess, en rétt er að benda á að sveitarfélögin gegna veigamestu hlutverki í móttöku og þjónustu við innflytjendur. Mikilvægt er að jafnræðis sé gætt milli sveitarfélaga og að gott samstarf sé á milli ríkis og sveitarfélaga um málefni innflytjenda.

Þó svo að ýmsar stofnanir hafi þegar fengið fjármagn og hafið vinnu að nokkrum þeirra verkefna sem talin eru upp í tillögunni hefur borið á því að umsagnaraðilar bendi á að fjármagn vanti til einstakra verkefna. Nefndin áréttar hér að samþykkt áætlunar af þessu tagi fylgir ekki fjárveiting og er afgreiðsla áætlunarinnar því með hefðbundnum fyrirvara um afgreiðslu í fjárlögum.

Á fundum sínum og í umsögnum varð nefndin vör við að ýmsir aðilar hefðu áhyggjur af því að verið væri að stofna til verkefna sem nú þegar væru í framkvæmd og að ekki yrði nægilega nýttur sá mannauður og þekking í málefnum innflytjenda sem er til staðar. Nefndin

leggur ríka áherslu á að þekking þeirra aðila sem unnið hafa að málaflokknum verði nýtt. Í athugasemdum við tillöguna segir að stjórnvöld muni leitast við að hafa sem víðtækast samstarf við samfélag innflytjenda, félagasamtök, sjálfseignarstofnanir og atvinnulíf um framkvæmd þessarar áætlunar og nýta þannig sérþekkingu sem myndast hefur um málefni innflytjenda á margvíslegum vettvangi. Nefndin tekur undir þetta en leggur þó áherslu á að stjórnvöld hafi sveitarfélög einnig í huga varðandi þessa þætti. Engu að síður telur nefndin mikilvægt að ríkið hafi heildaryfirsýn og sjái til þess að viðeigandi þjónusta sé til staðar þótt hún sé falin ólíkum aðilum.

Nefndin tekur undir með mörgum umsagnaraðilum um mikilvægi samvinnu og samræmingar í allri vinnu ríkisvaldsins í málefnum innflytjenda, svo sem varðandi upplýsingar til innflytjenda um íslenskt samfélag, réttindi þeirra og skyldur. Þannig er litið á Fjölmenningarsetrið sem slíkan samræmingaraðila fyrir hönd ráðuneytisins en ekki framkvæmdaraðila ríkisins í öllum málum innflytjenda. Þá áréttar nefndin að gæta þurfi að því að sami aðili fari ekki með samninga, framkvæmd eða eftirlit einstakra verkefna í áætluninni.

Fjölmargir umsagnaraðilar ítreka mikilvægi íslenskukennslu og góðrar túlkaþjónustu og tekur nefndin undir að það, ásamt kennslu á íslenskri menningu og siðum, er grundvallaratriði í málefnum innflytjenda.

Að lokum bendir nefndin á að skýra þarf betur ábyrgð, hlutverkaskiptingu og kostnaðarskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga, fyrirtækja og einstaklinga varðandi þjónustu við innflytjendur og eftirlit með framkvæmd áætlunarinnar.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt óbreytt.**

Ásta R. Jóhannesdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 26. maí 2008.

Guðbjartur Hannesson, form., frsm.	Ármann Kr. Ólafsson.	Jón Gunnarsson.
Pétur H. Blöndal.	Birkir J. Jónsson.	Kristinn H. Gunnarsson.
Ögmundur Jónasson.		Árni Johnsen.

1146. Breytingartillögur [285. mál]

við frv. til l. um grunnskóla.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Við 23. gr. Greinin orðist svo:
   Grunnskólar skulu sjá nemendum fyrir málsverði á skólatíma í samræmi við opinber manneldismarkmið. Málverður samkvæmt þessari grein skal vera nemendum að kostnaðarlausu.

2. Við 24. gr. 4. mgr. orðist svo:
   Í öllu skólastarfi skal stuðla að virðingu fyrir mannréttindum og heilbrigðum lífsháttum og taka mið af persónugerð, þroska, hæfileikum, getu og áhugasviðum hvers og eins.
3. Við 33. gr.
   a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Lengd viðvera og tómstundastarf samkvæmt þessari grein skal vera nemendum að kostnaðarlausu.
   b. 2. mgr. falli brott.

1147. Tillaga til þingsályktunar [643. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Lögð fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 29. maí 2008 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 2. september.

1148. Svar [373. mál]

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Birkis J. Jónssonar um þróun kornræktar.

Fyrirspurnin hljóðar svo:
Hver hefur þróun kornræktar verið á Íslandi síðustu tíu árin?

Á síðustu tíu árum, eða á árunum 1998–2007, hefur orðið þreföldun á því landi sem lagt er undir kornrækt. Á árinu 1998 var þannig uppskorið af 1.200 ha en af 3.600 ha á árinu 2007 og var sú tala óbreytt síðustu þrjú árin, en aukningin var hröðust á árunum kringum síðustu aldamót. Nú í ár er aftur útlit fyrir aukningu, en búist er við að korni verði sáð í a.m.k. 4.500 ha. Hvað varðar hlutdeild íslenskra yrkja hefur hún vaxið úr nær engu í því sem næst 40% af ræktarlandinu. Heildarkornuppskeran var 4.680 tonn árið 1998 en í fyrra var hún 11.511 tonn. Uppskera á ha hefur á þessu árabili verið frá rúmum þremur tonnum á ha í rúm fjögur.

Hér á eftir er tafla sem sýnir nokkrar lykiltölur varðandi þróun í kornrækt á Íslandi umrætt árabil:

Tölur um kornrækt á Íslandi.

	Skorið ha	Þar af ísl. ha	Uppskera tonn
1998	1.200		4.680
1999	1.400	20	4.620
2000	1.500	250	6.300
2001	2.000	300	7.500
2002	2.400	700	7.500
2003	2.600	700	10.000
2004	2.900	700	10.760
2005	3.600	700	10.970
2006	3.600	1.150	11.435
2007	3.600	1.400	11.511
2008 (áætlun)	*4.500*	*1.700*	

1149. Svar [595. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Álfheiðar Ingadóttur um fellihýsi, tjaldvagna og húsvagna í umferð.

1. *Hversu mörg fellihýsi, tjaldvagnar og húsvagnar eru í umferð hér á landi?*

Miðað við 1. janúar 2008 var talan þessi:

Hjólhýsi	2.758
Tjaldvagnar	10.417
Fellihýsi	1.012
Húsbifreiðir	2.312
Samtals	**16.499**

2. *Hver hefur fjölgunin verið undanfarin fimm ár?*

Miðað við 1. janúar 2003 var talan þessi:

Hjólhýsi	723
Tjaldvagnar	7.855
Húsbifreiðir	976
Fellihýsi engin á skrá 2003	
Samtals	**9.554**

Aukning í prósentum frá árinu 2003 til ársins 2008:

Hjólhýsi	281%
Tjaldvagnar	33%
Húsbifreiðir	137%

3. *Hversu mörg fellihýsi, tjaldvagnar eða húsvagnar hafa tengst umferðarslysum, þ.m.t. banaslysum, undanfarin fimm ár?*

Banaslys	1
Slys með alvarlegum afleiðingum	2
Slys með litlum meiðslum	15
Óhöpp án meiðsla	117
Samtals	**135**

4. *Telur ráðherra þörf á að herða eftirlit með þessum farartækjum og gera þau skoðunarskyld?*

Eins og fram kemur í tölunum hér á undan hefur orðið mikil fjölgun hús- og tjaldvagna og fellihýsa í umferð hér á landi á undanförnum árum, svo og húsbifreiða. Jafnframt hefur stærð hjólhýsa og tjaldvagna í mörgum tilfellum aukist til muna. Enn fremur hefur orðið fjölgun á eftirvögnum minni en 750 kg að leyfðri heildarþyngd, einkum kerrum sem eru dregnar af fólksbifreiðum og notaðar til flutninga á farangri, byggingarefni og drasli sem flutt er á sorphauga.

Eins og staðan er núna eru slíkar kerrur undir 750 kg hvorki skráningar- né skoðunarskyldar. Hins vegar eru tengitæki, svo sem hjólhýsi, tjaldvagnar og fellihýsi, skráningarskyld en ekki skoðunarskyld.

Rannsóknarnefnd umferðarslysa hefur hvatt til þess að gera alla eftirvagna og tengitæki skráningar- og skoðunarskyld. Þar sem hjólhýsi, tjaldvagnar og fellihýsi eru ekki skoðunarskyld geta slík tæki verið í umferð án þess að vitað sé um ástand öryggisbúnaðar þeirra, svo sem tengi- og hjólabúnaðar og hemla. Brýnt er að koma þessum málum í viðunandi horf, en eins og tölur sýna hafa alvarleg umferðarslys og banaslys tengst eftirvögnum og tengitækjum. Í ráðuneytinu er nú unnið að mótun reglna um skráningu og skoðun eftirvagna og tengitækja bifreiða og verður í þeirri vinnu hugað að því að gera þau sem eru yfir 750 kg að þyngd skoðunarskyld.

Í þessari vinnu verður leitast við að koma á skilvirku kerfi á skoðun ökutækja og þá jafnframt eftirvagna og tengitækja til að tryggja öryggi vegfarenda í umferð, og að eftirliti með því að ökutæki og eftirvagnar og tengitæki séu færð til skoðunar verði þannig háttað að enginn geti skorast undan þeirri skyldu að mæta til skoðunar á réttum tíma.

Reglur um skoðun ökutækja eru enn fremur í athugun með tilliti til þess hversu oft skuli færa ökutæki til skoðunar. Hér á landi er gengið lengra hvað þetta varðar en í nágrannalöndunum. Í þessu sambandi hefur verið rætt um að skoða nýleg ökutæki sjaldnar eða fyrst eftir fjögur ár en síðan á tveggja ára fresti og leggja meiri áherslu á skoðun þeirra sem eldri eru og skoðun ýmissa atvinnuökutækja sem eru í stöðugri og mikilli notkun. Hið sama mundi þá gilda um skoðun á hjól- og fellihýsum, tjaldvögnum og kerrum yfir 750 kg.

Til upplýsingar þá voru 10.900 traktorar á landinu í árslok 2002 og alls 11.403 traktorar á landinu í lok árs 2007.

1150. Nefndarálit [532. mál]

um frv. til l. breyt. á l. um staðfesta samvist, nr. 87/1996, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kristján Val Ingólfsson og Steinunni A. Björnsdóttur frá Biskupsstofu, Guðrúnu Rögnvaldardóttur frá Félagi foreldra og aðstandenda samkynhneigðra, Pál Þórhallsson frá forsætisráðuneyti, Magnús Magnússon og Sigrúnu Óskarsdóttur frá Prestafélagi Íslands, Hrafnkel Stefánsson frá Samtökunum ´78 og Bjarna Jónsson frá Siðmennt.

Með frumvarpinu er lagt til að prestum og forstöðumönnum trúfélaga verði heimilt að staðfesta samvist samkynhneigðra. Gengið er út frá því að réttur þessara vígslumanna til að ákveða hvort þeir staðfesti samvist verði virtur en byggt er á því að þeir muni ekki synja um það af öðrum ástæðum en vegna trúarsannfæringar sinnar.

Við umfjöllun málsins í nefndinni var rætt um ákvæði 19. gr. hjúskaparlaga þar sem utanríkisráðuneyti er veitt heimild til að setja reglur um heimild starfsmanna íslenskra sendiráða til að framkvæma hjónavígslu. Fram komu athugasemdir frá umsagnaraðilum um að starfsmenn íslenskra sendiráða ættu einnig á grundvelli slíkra reglna að hafa heimild til að staðfesta samvist. Einnig var rætt um ákvæði 20. gr. hjúskaparlaga um heimild til að gera samning við erlent ríki um að vígslumenn þess geti framkvæmt hjónavígslu hér á landi þegar a.m.k. annað hjónaefna er ríkisborgari hlutaðeigandi ríkis.

Samkvæmt upplýsingum nefndarinnar hefur framangreindum ákvæðum aldrei verið beitt, þ.e. hvorki hafa verið settar reglur á grundvelli 19. gr. hjúskaparlaga né gerðir samningar á grundvelli 20. gr. laganna. Það er mat nefndarinnar að ástæðulaust sé að fella inn í lög um staðfesta samvist ákvæði sem eru þannig merkingarlaus í ljósi réttarstöðunnar í dag. Nefndin telur eðlilegra að framangreind ákvæði verði endurskoðuð eða jafnvel felld brott við heildarendurskoðun hjúskaparlaga.

Þá komu fram athugasemdir um að í frumvarpinu væri ekki gert ráð fyrir því að prestar eða forstöðumenn trúfélaga gætu leitað um sættir við slit staðfestrar samvistar eins og kveðið er á um í 4. mgr. 42. gr. hjúskaparlaga. Leggur nefndin til að við 2. mgr. 8. gr. laga um staðfesta samvist bætist ákvæði þess efnis að prestar og forstöðumenn trúfélaga geti leitað um sættir við slíkar aðstæður.

Nefndin telur að með frumvarpinu sé stigið mikilvægt skref til í þá átt að jafna stöðu samkynhneigðra og gagnkynhneigðra. Er með frumvarpinu fylgt eftir þeim stefnumiðum sem lágu til grundvallar lögum nr. 65/2006, um breytingu á lagaákvæðum er varða réttarstöðu samkynhneigðra. Telur nefndin eðlilegt að næsta skref í þessum efnum verði að endurskoða hjúskaparlög með það að markmiði að fella saman í einn lagabálk lagaákvæði um hjúskap og staðfesta samvist og að sú endurskoðun hefjist hið fyrsta.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Á eftir 1. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

Við 2. mgr. 8. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Einnig geta prestar og forstöðumenn skráðra trúfélaga leitað um sættir.

Atli Gíslason og Jón Magnússon skrifa undir álit þetta með fyrirvara.
Karl V. Matthíasson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 27. maí 2008.

Birgir Ármannsson, form., frsm.	Ágúst Ólafur Ágústsson.	Atli Gíslason, með fyrirvara.
Herdís Þórðardóttir.	Ellert B. Schram.	Siv Friðleifsdóttir.
Ólöf Nordal.		Jón Magnússon, með fyrirvara.

1151. Nefndarálit [337. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um útlendinga, nr. 96 15. maí 2002, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Margréti Steinarsdóttur frá Alþjóðahúsi, Jón Ólaf Valdimarsson frá Bandalagi íslenskra námsmanna, Hauk Guðmundsson og Rósu Dögg Flosadóttur frá dómsmálaráðuneyti, Ellisif Tinnu Víðisdóttur og Eyjólf Kristjánsson frá lögreglustjóranum á Suðurnesjum, Guðrúnu D. Guðmundsdóttur frá Mannréttindaskrifstofu Íslands, Særúnu Maríu Gunnarsdóttur frá Persónuvernd, Helgu G. Halldórsdóttur og Kristján Sturluson frá Rauða krossi Íslands, Smára Sigurðsson og Thelmu Þórðardóttur frá ríkislögreglustjóra, Hrönn Guðmundsdóttur og Sigrúnu Ingibjörgu Gísladóttur frá Stúdentaráði Háskóla Íslands og Ragnheiði Böðvarsdóttur frá Útlendingastofnun.

Frumvarpið felur í sér endurskoðun á allmörgum þáttum gildandi laga um útlendinga og má segja að um breytingar af ferns konar toga sé að ræða. Í fyrsta lagi er lagt til að ákvæði útlendingalaga og ákvæði laga um atvinnuréttindi útlendinga verði samræmd. Er m.a. lagt til að bætt verði við lögin ákvæðum um dvalarleyfisflokka en slíkt er nýmæli. Í frumvarpi félagsmálaráðherra er flokkum atvinnuleyfa fjölgað en rétt þykir að mælt sé fyrir um samsvarandi dvalarleyfisflokka í lögum um útlendinga. Í öðru lagi eru ákvæði tilskipunar Evrópusambandsins 38/2004/EB um rétt ríkisborgara ríkja Evrópusambandsins, og fjölskyldna þeirra, til frjálsrar farar og dvalar leidd í íslenskan rétt. Í þriðja lagi felur frumvarpið í sér tillögu um að mun nákvæmari reglur verði í sjálfum lögunum. M.ö.o. eru fjölmörg ákvæði reglugerðar um útlendinga tekin upp í frumvarpið en þó eru enn til staðar heimildir til að útfæra einstök atriði í stjórnvaldsfyrirmælum. Sem dæmi má nefna 2. gr. frumvarpsins þar sem gert er ráð fyrir því að ráðherra sé heimilt að setja frekari skilyrði fyrir veitingu dvalarleyfis og búsetuleyfis en fram koma í lögunum enda sýnir reynslan að óraunhæft er að útiloka að útfæra þurfi einstök atriði með þessum hætti. Í fjórða lagi eru lagðar til breytingar til að koma til móts við athugasemdir frá Eftirlitsstofnun EFTA (ESA).

Meiri hlutinn leggur til nokkrar breytingar á ákvæðum frumvarpsins.

Lögð er til viðbót við 4. gr. þess efnis að þegar stjórnvald telur sérstaka ástæðu til sé heimilt að óska eftir umsögn lögreglu til að afla upplýsinga um sakaferil gestgjafa í því skyni að meta hvort umsókn skuli synjað á grundvelli þessa ákvæðis. Til að tryggja framkvæmd ákvæðisins er nauðsynlegt að lögin hafi að geyma heimildir til vinnslu nauðsynlegra persónuupplýsinga. Gert er ráð fyrir að stjórnvöld sem hafa umsókn um vegabréfsáritun til afgreiðslu afli umsagnar frá lögreglu til að fá upplýsingar um sakaferil gestgjafa hér á landi. Með gestgjafa er fyrst og fremst átt við þann sem umsækjandi hefur tengsl við hér á landi svo sem vin, unnusta eða annan aðila sem hefur boðið umsækjanda til heimsóknar eða dvalar á heimili sínu hér á landi. Ekki er gert ráð fyrir að umsagnar verði aflað kerfisbundið í öllum málum heldur einskorðist upplýsingaöflun við þau tilvik þegar sérstök ástæða gefur tilefni til þess. Þannig er stuðlað að því að slík upplýsingaöflun takmarkist við færri tilvik en ella og að heimildinni verði markaður sanngjarn rammi sem taki mið af persónuverndarhagsmunum gestgjafa. Gert er ráð fyrir að einungis verði miðlað þeim upplýsingum um gestgjafa sem þýðingu hafa fyrir afgreiðslu umsóknar um vegabréfsáritun. Sem dæmi um upplýsingar sem hér hafa þýðingu eru upplýsingar um dæmda refsingu í ofbeldis- eða kynferðisbrotamálum, kærur til lögreglu fyrir heimilisofbeldi, nálgunarbann o.fl. Ljóst er að fleiri upplýsingar kunna því að hafa þýðingu en einungis upplýsingar um dæmda refsingu sem fram koma á sakavottorði. Þá getur Útlendingastofnun einnig búið yfir upplýsingum úr eigin tölvukerfi sem hafa þýðingu við afgreiðslu umsókna um vegabréfsáritun, t.d. þar sem gestgjafi hefur átt erlendan maka og hjúskap hefur verið slitið vegna ofbeldis í garð makans.

Lögð er til tæknileg breyting á orðalagi 2. mgr. 6. gr. Sömuleiðis eru lagðar til breytingar til að lagfæra tilvísanir í 4. mgr. 13. gr. frumvarpsins og 30. gr. laganna.

Lögð er til breyting á 7. gr. vegna sjónarmiða um persónuvernd. Lagt er til að ákvæðinu verði breytt á þann veg að tilgreint sé í hvaða tilgangi þær upplýsingar sem ákvæðið tekur til séu fengnar. Með orðalaginu „að bera kennsl á“ er átt við samanburð á lífkennum sem stjórnvöld hafa undir höndum, t.d. fingrafari manns sem ekki er vitað hver er og lífkennum rétthafa dvalarleyfis.

Lagt til að 2. málsl. 3. mgr. f-liðar 10. gr. falli brott en um skýringar á þeirri breytingu vísast til athugasemda síðar í áliti þessu um breytingu á 5. mgr. 11. gr.

Lagt er til að við g-lið bætist orðin „eða vegna sérstakra tengsla hans við landið“ til samræmis við 2. mgr. 11. gr. gildandi laga.

Í sumum umsögnum sem nefndinni bárust voru gerðar athugasemdir við ákvæði g-liðar 10. gr. frumvarpsins sem kveður á um dvalarleyfi af mannúðarástæðum. Með ákvæðinu er lagt til að 2. mgr. 11. gr. núgildandi útlendingalaga haldist að öllu verulegu leyti óbreytt. Athugasemdir umsagnaraðila hafa einkum lotið að því að ákvæðið í þessari mynd feli framkvæmdarvaldinu of vítt mat við beitingu ákvæðisins og hefur verið lagt til að ákvæðið geymi nákvæmari skilgreiningu á því hvers konar aðstæður og tilvik geti fallið undir ákvæðið. Í framkvæmd hefur mest reynt á núgildandi ákvæði í málum hælisleitenda sem hafa ekki talist uppfylla skilyrði flóttamannasamnings Sameinuðu þjóðanna um stöðu flóttamanna. Ákvæðinu hefur þó einnig verið beitt í fleiri tilvikum og má þar nefna aðstæður kvenna sem hafa sætt ofbeldi í hjúskap. Meiri hlutinn telur að ákvæði sem ætlað er að vera undanþáguákvæði og veita þeim dvalarleyfi hér á landi sem almennt uppfylla ekki skilyrði til þess vegna sérstakra einstaklingsbundinna aðstæðna eða aðstæðna í heimalandi geti ekki geymt tæmandi talningu á skilyrðum í lagatextanum sjálfu. Er hætt við því að þannig yrðu tilteknar aðstæður útlendings útilokaðar sem ella mundu falla undir almennara orðalag. Að þessu leyti er að

mati nefndarinnar illmögulegt að stýra framkvæmd í gegnum lagatexta þar sem um matskennda undanþáguheimild er að ræða. Því er nauðsynlegt að eftirláta stjórnvöldum áfram vítt svigrúm fyrir mat en gert er ráð fyrir að tekið verði tillit til einstaklingsbundinna aðstæðna eins og heilsufars, aldurs, félagslegrar stöðu svo og aðstæðna í heimalandi við endurkomu þangað o.s.frv. Er hér meðal annars um að ræða tilvik þar sem útlendingur, sem sótt hefur um hæli hér á landi, telst ekki flóttamaður í skilningi flóttamannasamningsins en hefur eigi að síður þörf fyrir vernd, sbr. tilmæli 2. mgr. 45. gr. gildandi laga. Þá er gert ráð fyrir að fórnarlömbum mansals kunni einnig að vera veitt dvalarleyfi samkvæmt ákvæðinu.

Lagðar eru til ferns konar breytingar á 11. gr. Er í fyrsta lagi lagt til að í 4. mgr. verði lögfest heimild fyrir Útlendingastofnun til að afla sakavottorðs aðstandanda umsækjanda svo unnt sé að kanna hvort hann hafi brotið gegn ákvæðum þeirra kafla almennra hegningarlaga sem getið er í ákvæðinu, þ.e. XXI.–XXIV. kafla. Þá er lögð til breyting á 5. mgr. 11. gr. en fram hafa komið athugasemdir varðandi stöðu ungmenna sem koma hingað til lands á grundvelli fjölskyldusameiningar fyrir 18 ára aldur. Við 18 ára aldur standa þau frammi fyrir því að þurfa að sýna fram á sjálfstæða framfærslu. Ungmennið telst ekki lengur barn í skilningi laga og rofnar þá framfærsluskylda foreldris eða forsjáraðila við það. Hins vegar geta sanngirnisrök hnigið í þá átt að heimila erlendu ungmenni sem dvelur hér á landi á grundvelli 13. gr. laganna að sýna fram á framfærslu með aðstoð foreldris með framlagningu launaseðla þess sem sýna að laun dugi fyrir framfærslu fjölskyldunnar eða með yfirlýsingu um ábyrgð á framfærslu ungmennisins. Telst því réttara að miða við að ungmenni sem hingað koma til fjölskyldusameiningar fái útgefin leyfi á þeim grunni áfram, eftir að 18 ára aldri er náð, en að þau fái almenn námsmanna- eða atvinnuþátttökuleyfi sem gætu breytt möguleika þeirra fyrir grundvelli búsetuleyfis. Er því lagt til að fellt verði úr frumvarpinu ákvæði f-liðar 10. gr. sem gerir ráð fyrir að unnt sé að gefa út námsmannaleyfi vegna menntaskólanáms. Þess í stað komi viðbót við 11. gr. frumvarpsins sem geri kleift að endurnýja dvalarleyfi þeirra vegna fjölskyldusameiningar, enda þótt þau teljist ekki til nánustu aðstandenda eftir að 18 ára aldursmarki er náð. Þessi breyting á frumvarpinu styðst einkum við það sjónarmið að með þessum hætti er tryggt að umrædd ungmenni haldi áfram að ávinna sér rétt til búsetuleyfis. Að öðrum kosti getur sú staða komið upp að t.d. yngsta barnið í systkinahópi sitji uppi án dvalarréttinda eftir að hafa dvalið hér árum saman, fyrst á grundvelli fjölskyldusameiningar en síðar á grundvelli náms sem er lokið. Rétt er að taka fram að miðað er við að gerð sé krafa um fullt nám, þó ekki verði gerðar jafn strangar kröfur varðandi námið og varðandi námsmenn almennt. Því mundi menntaskólanám vera fullnægjandi grundvöllur fyrir framlengingu. Þá er rétt að árétta að áskilnaður um að skilyrði leyfis séu enn uppfyllt felur í sér að endurnýjun leyfis samkvæmt þessari málsgrein kemur því aðeins til greina að foreldrar viðkomandi ungmennis dveljist enn á landinu. Í þriðja lagi er lagt til að við greinina bætist ný málsgrein þess efnis að í undantekningartilvikum verði heimilað að endurnýja dvalarleyfi útlendings samkvæmt ákvæðinu þrátt fyrir að forsendur leyfisins hafi brostið vegna slita á hjúskap, staðfestri samvist eða sambúð. Á það eingöngu við þegar sambandsslitin hafa orðið vegna þess að útlendingur eða barn hans hefur sætt ofbeldi í sambandinu. Útlendingurinn héldi þá dvalarleyfi sínu og fengi endurnýjun á dvalarleyfi fyrir aðstandanda þrátt fyrir að hann teldist strangt til tekið ekki lengur til aðstandanda. Það sjónarmið sem býr að baki þessu ákvæði er að ekki skuli þvinga útlending til að vera áfram í hjúskap, staðfestri samvist eða sambúð svo að hann haldi dvalarleyfi sínu ef viðkomandi einstaklingur eða börn hans sæta misnotkun eða ofbeldi af hálfu maka. Ekki hefur þýðingu hvor aðilinn hefur haft frumkvæði að sambúðarslitunum. Rétt er að leggja áherslu á að meginreglan er sú að breyttar forsendur

dvalarleyfis eiga ekki að skapa sjálfkrafa rétt til áframhaldandi dvalar hér á landi jafnvel þó að ofbeldi eða misnotkun hafi komið við sögu. Almennt yrði útlendingur að skoða hvort áframhaldandi dvöl á öðrum forsendum kæmi til álita en snúa ella aftur til heimalands. Hér er því lagt til að ákvæðið feli í sér heimild en ekki skyldu fyrir Útlendingastofnun til að veita dvalarleyfi áfram þegar sérstök ástæða er til. Þannig þarf að skoða hvert tilvik sérstaklega og framkvæma þarf heildarmat á aðstæðum í hverju tilviki. Við matið verður m.a. að taka tillit til atburða, alvarleika þeirra, kringumstæðna, hvort þeir séu hluti af hegðunarmynstri eða hvort um einstakan atburð hafi verið að ræða. Almenn óánægja í hjúskap eða sambúð, ágreiningur eða mismunandi hugmyndir um hlutverkaskiptingu á grundvelli menningarmunar er ekki nægilegt til að byggja á við beitingu ákvæðisins. Þá er gert ráð fyrir að skilyrði 1. mgr. 11. gr. laganna verði að vera uppfyllt, t.d. að útlendingur hafi áfram trygga framfærslu og húsnæði. Ekki er hægt að leggja strangar kröfur á útlendinginn um sönnunarbyrði um aðstæður og ástæður sambandsslita þó að reynt skuli að sýna fram á misnotkunina eða ofbeldið eftir fremsta megni eða leiða líkur að því að það hafi átt sér stað, en Útlendingastofnun á sönnunarmatið um þessi atriði. Auk framburðar viðkomandi hafa lögregluskýrslur, læknaskýrslur, yfirlýsing frá Kvennaathvarfi eða önnur vottorð þýðingu og ákærumeðferð vegna ofbeldisbrota er til þess fallin að mæla með útgáfu leyfis á grundvelli þessa ákvæðis. Þá skiptir einnig máli að hjúskapur, staðfest samvist eða sambúð hafi ekki varað í skamman tíma. Loks verður að meta tengsl útlendings við landið og hvort mjög íþyngjandi sé fyrir útlending eða það skapi honum mikil vandræði að snúa til baka til heimalands miðað við breytta félagslega stöðu. Er nauðsynlegt að hafa slíkan varnagla þar sem þekkt er t.d. að konur frá tilteknum löndum eru í verri stöðu en áður sem fráskildar og er jafnvel útskúfað úr samfélaginu. Þá er í fjórða lagi lögð til orðalagsbreyting í því skyni að ákvæðið endurspegli með skýrum hætti þá meginreglu að dvalarleyfi fyrir aðstandendur myndar grundvöll fyrir búsetuleyfi nema útlendingur sem hann leiðir rétt sinn af hafi ekki dvalarleyfi sem skapar slíkan grundvöll.

Lagt er til að breyting verði gerð á 12. gr. til að koma til móts við athugasemdir um að lögin hafi að geyma undanþágu frá skilyrði a-liðar 1. mgr. 11. gr. laganna um trygga framfærslu vegna tímabundinna aðstæðna. Er hér lagt til að heimilt sé við endurnýjun dvalarleyfis að taka tillit til þess hafi framfærsla verið ótrygg um skamma hríð og útlendingur því tímabundið þegið fjárhagsaðstoð eða atvinnuleysisbætur. Gert er ráð fyrir að ríkar sanngirnisástæður verði að mæla með því að vikið sé frá skilyrðinu. Hér er um að ræða undantekningu frá þeirri meginreglu laganna að það séu aðeins þeir útlendingar sem fengið hafa búsetuleyfi sem hér geta dvalist án tryggrar framfærslu. Undanþágan er þrengri en sambærileg regla c-liðar 1. mgr. 13. gr. frumvarpsins um búsetuleyfi.

Lögð er til breyting á 18. gr. frumvarpsins. Meiri hlutinn hefur kynnt sér þá framkvæmd sem verið hefur á 29. gr. laganna. Virðist nauðsynlegt að hnykkja á þeirri meginreglu að þeir útlendingar sem ekki liggur fyrir hverjir eru, eða sýna af sér hegðun sem bendir til þess að af þeim stafi hætta, eiga ekki rétt til að ganga lausir hér á landi. Telur meiri hlutinn rétt að umorða ákvæði 18. gr. frumvarpsins til að þessu sé slegið föstu með afgerandi hætti. Um leið verður þá ljósara en ella að mildari úrræði sem lögreglu standa til boða, svo sem að leggja fyrir útlending að tilkynna sig eða halda sig á ákveðnu svæði án þess að það sé hindrað með áþreifanlegum hætti að viðkomandi fari út fyrir það, ber að skoða sem heimildir til að víkja frá gæsluvarðhaldi. Útlendingur sem ekki vill una slíkum ráðstöfunum getur því einfaldlega neitað að hlíta þeim, en stendur þá frammi fyrir þeim möguleika að lögregla fái úrskurð dómara um gæsluvarðhald viðkomandi.

Lögð er til breyting á 25. gr. Talið er ákjósanlegra að kveðið verði nánar á um hver gefi út staðfestingu í reglugerð þar sem til greina komi að Þjóðskrá verði falið það hlutverk að gefa hana út.

Lagt er til að við frumvarpið bætist svokallað EES-innleiðingarákvæði og jafnframt heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 158/2007 frá 7. desember 2007 um breytingu á V. viðauka (Frelsi launþega til flutninga) og VIII. viðauka (Staðfesturéttur) við EES-samninginn frá 2. maí 1992. Það hefur tíðkast að utanríkisráðherra flytji sérstaka tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar. Slíkar tillögur hafa verið til meðferðar hjá utanríkismálanefnd þingsins sem verður þannig kleift að hafa yfirsýn yfir stöðu innleiðinga EES-gerða. Í framhaldinu hefur hlutaðeigandi ráðherra svo lagt fram frumvarp um efnið. Meiri hlutinn telur mikilvægt að samræma framkvæmd þess hvernig ríkisstjórninni er veitt heimild til að staðfesta ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar og aflétta þannig stjórnskipulegum fyrirvara af EES-gerðum sem kalla á lagabreytingar hér á landi.

Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. ágúst 2008. Miðað er við að lög um breyting á lögum um atvinnuréttindi útlendinga taki þá gildi sama dag.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Ellert B. Schram var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Birkir J. Jónsson skrifar undir álit þetta með fyrirvara.

Alþingi, 23. maí 2008.

Birgir Ármannsson, form., frsm.	Ágúst Ólafur Ágústsson.	Sigurður Kári Kristjánsson.
Birkir J. Jónsson, með fyrirvara.	Ólöf Nordal.	Karl V. Matthíasson.

Jón Magnússon

1152. Breytingartillögur [337. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um útlendinga, nr. 96 15. maí 2002, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar (BÁ, ÁÓÁ, SKK, BJJ, ÓN, KVM, JM).

1. Við 4. gr. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þegar stjórnvald telur sérstaka ástæðu til er heimilt að óska eftir umsögn lögreglu til að afla upplýsinga um sakaferil gestgjafa í því skyni að meta hvort umsóknar skuli synjað á grundvelli þessa ákvæðis.
2. Við 6. gr. 2. málsl. 2. mgr. orðist svo: Umsækjandi skal undirrita umsóknina eigin hendi þar sem m.a. komi fram að hann samþykki að gangast undir læknisskoðun innan tveggja vikna frá komu til landsins í samræmi við gildandi lög og fyrirmæli heilbrigðisyfirvalda.
3. Við 7. gr. 4. og 5. málsl. orðist svo: Í því skyni að unnt sé að bera kennsl á rétthafa dvalarleyfis og staðreyna að handhafi þess sé sá sem hann kveðst vera skal tekin stafræn

mynd af umsækjanda og prentuð á skírteinið. Í sama tilgangi er dómsmálaráðherra heimilt að ákveða að dvalarleyfisskírteini skuli innihalda örflögu með þeim upplýsingum sem skráðar eru á kortið auk fingrafara handhafa.

4. Við 10. gr.
   a. Síðari málsliður 3. mgr. f-liðar falli brott.
   b. Við 1. mgr. g-liðar bætist: eða vegna sérstakra tengsla hans við landið.
5. Við 11. gr.
   a. Við 4. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Útlendingastofnun er heimilt að afla sakavottorðs aðstandanda í því skyni að meta hvort umsóknar skuli synjað á grundvelli þessa ákvæðis.
   b. 5. mgr. orðist svo:

      Dvalarleyfi samkvæmt ákvæði þessu skal í fyrsta skipti eigi veitt til lengri tíma en eins árs. Dvalarleyfi aðstandanda útlendings, sem dvelst hér á landi á grundvelli dvalar- eða búsetuleyfis, getur þó aldrei gilt lengur en leyfi þess síðarnefnda. Heimilt er að endurnýja dvalarleyfi á grundvelli þessa ákvæðis samkvæmt umsókn ef skilyrði þess eru enn uppfyllt. Þá er heimilt að endurnýja dvalarleyfi útlendings sem dvalið hefur hér á landi á grundvelli ákvæðisins fram að 18 ára aldri en missir rétt til dvalar á grundvelli þess við 18 ára aldur, enda séu skilyrði 1. mgr. 11. gr. uppfyllt og hann stundar annaðhvort nám eða störf hér á landi.

   c. Við bætist ný málsgrein er verði 6. mgr., svohljóðandi:

      Ef hjúskap, staðfestri samvist eða sambúð er slitið vegna þess að útlendingur eða barn hans hefur sætt misnotkun eða ofbeldi í sambandinu er, þegar sérstaklega stendur á og ríkar sanngirnisástæður mæla með, jafnframt heimilt að endurnýja dvalarleyfi samkvæmt ákvæði þessu þrátt fyrir breyttar forsendur dvalar hér á landi að uppfylltum skilyrðum 1. mgr. 11. gr. Skal þá m.a. litið til lengdar hjúskapar, staðfestrar samvistar eða sambúðar og tengsla útlendings við landið.

   d. 7. mgr. orðist svo:

      Dvalarleyfi sem aðstandandi fær samkvæmt þessu ákvæði getur verið grundvöllur búsetuleyfis nema útlendingurinn sem hann leiðir rétt sinn af hafi dvalarleyfi sem skapar ekki slíkan grundvöll.
6. Við 12. gr. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ef sérstaklega stendur á er þó heimilt að víkja frá skilyrði um trygga framfærslu skv. a-lið 1. mgr. 11. gr. hafi framfærsla verið ótrygg um skamma hríð vegna atvinnuleysis, slyss eða veikinda og ríkar sanngirnisástæður mæla með því.
7. Við 13. gr. Í stað orðanna „2. mgr. 14. gr.“ í 4. mgr. komi: 2. og 3. mgr. 14. gr.
8. Við 18. gr. Greinin orðist svo:

   Ef útlendingur neitar að gefa upp hver hann er, rökstuddur grunur er um að útlendingur gefi rangar upplýsingar um hver hann er eða hann sýnir af sér hegðun sem gefur til kynna að af honum stafi hætta er heimilt að handtaka útlendinginn og úrskurða í gæsluvarðhald samkvæmt reglum laga um meðferð opinberra mála, eftir því sem við á. Einnig getur lögregla lagt fyrir hann að tilkynna sig eða halda sig á ákveðnu afmörkuðu svæði.
9. Á eftir 18. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

   Í stað orðanna „5. mgr. 6. gr.“ í 1. mgr. 30. gr. laganna kemur: 8. mgr. 6. gr.
10. Við 25. gr. Í stað orðanna „gefur Útlendingastofnun út staðfestingu“ í 4. mgr. komi: skal gefin út staðfesting.

11. Á eftir 32. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
    Með lögum þessum er m.a. innleidd tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/38/ EB um rétt ríkisborgara ríkja Evrópusambandsins og fjölskyldna þeirra til frjálsrar farar og dvalar eins og hún var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 158/2007 frá 7. desember 2007 um breytingu á V. viðauka (Frelsi launþega til flutninga) og VIII. viðauka (Staðfesturéttur) við EES-samninginn frá 2. maí 1992. Jafnframt er ríkisstjórninni heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd áðurgreinda ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar.
12. Við 33. gr. Í stað orðanna „1. júní 2008“ komi: 1. ágúst 2008.

1153. Nefndarálit [233. mál]

um frv. til 1. um meðferð sakamála.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Helga Magnús Gunnarsson og Daða Kristjánsson frá Ákærendafélagi Íslands, Hrefnu Friðriksdóttur frá Barnaverndarstofu, Eggert Óskarsson frá Dómarafélagi Íslands, Gunnar Narfa Gunnarsson og Rögnu Árnadóttur frá dómsmálaráðuneyti, Helga I. Jónsson fyrir hönd dómstólaráðs og Héraðsdóms Reykjavíkur, Svein Magnússon og Steinar Adolfsson frá Landssambandi lögreglumanna, Jóhannes Rúnar Jóhannsson frá Lögmannafélagi Íslands, Stefán Eiríksson frá Lögreglustjórafélagi Íslands, Aðalstein Jónasson og Þórð Sveinsson frá Persónuvernd, Benedikt Bogason, Eirík Tómasson og Markús Sigurbjörnsson frá réttarfarsnefnd, Boga Nilsson, fyrrverandi ríkissaksóknara, Harald Johannessen ríkislögreglustjóra og Sigríði B. Guðjónsdóttur frá embætti hans, Valtý Sigurðsson ríkissaksóknara og Sigríði J. Friðjónsdóttur frá embætti hans og Bryndísi Kristjánsdóttir skattrannsóknarstjóra.

Lög um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, öðluðust gildi l. júlí 1992 samtímis lögum nr. 92/1989 en með hinum síðarnefndu var lagður grundvöllur að gjörbreyttri dómstólaskipan og réttarfarsreglum með aðskilnaði dómsvalds og umboðsvalds hvarvetna á landinu. Í lögum um meðferð opinberra mála var skilið til fulls milli annars vegar ákæruvalds og lögreglu og hins vegar dómsvalds. Lögunum hefur verið breytt 18 sinnum og hefur um nokkurt skeið staðið til að fram fari heildarendurskoðun á ákvæðum þeirra.

Árið 2003 hófst vinna við endurskoðun laganna sem var unnin af réttarfarsnefnd í samráði við dómsmálaráðuneyti. Drög að frumvarpinu voru kynnt á málþingi hjá Lögfræðingafélagi Íslands í september 2006. Í framhaldinu voru drögin gerð aðgengileg á vef dómsmálaráðuneytis þannig að þeim sem áhuga hefðu gæfist kostur á að kynna sér efni þeirra og koma að athugasemdum og var svo farið í gegnum þær athugasemdir sem bárust. Frumvarp það sem hér liggur fyrir hefur því hlotið afar vandaðan undirbúning en efni slíkra laga er þó ávallt umdeilanlegt þar sem tvö andstæð sjónarmið togast á, annars vegar mannréttindi þeirra sem eru bornir sökum um refsiverða háttsemi og hins vegar réttaröryggi almennings og hagsmunir brotaþola.

Lagt er til nýtt heiti laganna í frumvarpinu þannig að þau heiti framvegis „lög um meðferð sakamála“ í stað heitisins „lög um meðferð opinberra mála“. Heitið „opinber mál“ vísar til

þeirra mála þar sem skorið er úr því hvort menn hafi gerst sekir um refsiverða háttsemi. Einnig vísar það til annarra mála sem ríki og sveitarfélög eiga aðild að og sömuleiðis er hugtakið „hið opinbera“ einatt notað sem heildarheiti ríkis og sveitarfélaga og stofnana þessara aðila. Til stuðnings þessari breytingu á heiti frumvarpsins má jafnframt geta breytingar á gildissviði þess skv. 1., sbr. 2. gr. frumvarpsins. M.ö.o. er gert ráð fyrir því að þau dómsmál ein fari eftir lögunum sem handhafar ákæruvalds höfða vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi. Þau mál sem höfðuð væru af hálfu hins opinbera af öðru tilefni skv. a–c-lið 2. gr. gildandi laga munu því framvegis sæta meðferð einkamála.

Með frumvarpinu er leitast við að laga reglur laga um meðferð opinberra mála að lögum um meðferð einkamála, þó vissulega gildi sumar þær reglur sem móta einkamálaréttarfar ekki um meðferð opinberra mála auk þess sem hlutverk dómara er frábrugðið. Í lögum um meðferð opinberra mála er á ýmsum stöðum vísað til laga um meðferð einkamála. Er með frumvarpinu leitast við að hér eftir verði mælt fyrir um meðferð sakamála á heildstæðan hátt í lögum um meðferð þeirra mála.

Af öðrum nýmælum sem mælt er fyrir um í frumvarpinu má nefna eftirfarandi atriði.

Í fyrsta lagi er leitast við að bæta úr skorti á lagareglum um aðgang almennings, þar á meðal fjölmiðla, að gögnum í vörslum stjórnvalda á því sviði sem hér um ræðir. Ekki er lagt til að leidd verði í lög ákvæði um almennan aðgang að gögnum hjá lögreglu og ákæruvaldi meðan mál er til meðferðar hjá þeim stjórnvöldum. Erfitt er að setja almennar reglur þess efnis á því stigi máls, m.a. svo rannsókn þess verði ekki stefnt í hættu eða gengið verði gegn viðurkenndum sjónarmiðum um persónuvernd. Í frumvarpinu er þó gert ráð fyrir því að hver sem er geti fengið aðgang að ákæru þremur sólarhringum eftir að hún hefur verið birt ákærða, nema sérstakir almanna- eða einkahagsmunir standi því í vegi. Ríkissaksóknara er í 3. mgr. 56. gr. frumvarpsins veitt heimild til að setja almennar reglur um skyldu lögreglu til að veita upplýsingar um rannsókn máls við þessar aðstæður. Þá er mælt fyrir um skyldu dómara til að láta hverjum sem er í té afrit af ákæru og greinargerð ákærða, nema sérstakir almanna- eða einkahagsmunir aftri því.

Í öðru lagi er í III. kafla frumvarpsins lagt til að sú grundvallarbreyting verði gerð á skipan ákæruvaldsins að því verði framvegis skipt í þrjú stjórnsýslustig í stað tveggja. Sett verði á stofn embætti héraðssaksóknara sem taki ákvörðun um saksókn á fyrsta stjórnsýslustigi í nánast öllum meiri háttar sakamálum. Hlutverk ríkissaksóknara sem æðsta handhafa ákæruvaldsins verði hér eftir að setja almennar reglur og hafa eftirlit með öðrum ákærendum, auk þess að taka áfram ákvarðanir um áfrýjun héraðsdóma í sakamálum. Samkvæmt þessu er gerð tillaga um að ákæruvald í veigameiri sakamálum verði flutt frá lögreglustjórum til héraðssaksóknara. Á hinn bóginn verði rannsókn og ákæruvald í minni háttar málum eftir sem áður í höndum lögreglustjóra.

Í þriðja lagi er í VIII. kafla kveðið á um skýrslutöku við rannsókn máls á heildstæðan hátt en gildandi lög hafa að geyma fremur fá og dreifð ákvæði um hvernig beri að haga henni.

Í fjórða lagi eru lagðar til nokkrar breytingar á reglum um svonefndar þvingunarráðstafanir og aðrar aðgerðir í þágu rannsóknar sakamáls sbr. IX.–XIV. kafla. Gert er ráð fyrir því að fyrirmælum um símahlerun og aðrar aðgerðir, sem hafa í för með sér hliðstæða skerðingu á friðhelgi einkalífs, verði skipað í sérkafla auk þess sem lögð er til breyting í verulegum atriðum á þessum reglum. Jafnframt hefur ákvæðum um ýmsar rannsóknaraðgerðir, sem ekki verða með góðu móti felldar undir hald á munum, leit, handtöku eða gæsluvarðhald og aðrar sambærilegar ráðstafanir, verið safnað saman í einn kafla, þ.e. XII. kafla frumvarpsins. Auk þess hefur fyrirmælum um fyrrgreindar þvingunarráðstafanir verið breytt verulega, ekki síst

með það fyrir augum, að fyrirmynd danskra og norskra réttarfarslaga, að gera það skýrara en nú er hvaða skilyrði verði að vera fyrir hendi til þess að til þeirra verði gripið. Sem dæmi má nefna að lagt er til að maður verði ekki látinn sæta einangrun í gæsluvarðhaldi gegn vilja sínum nema samkvæmt dómsúrskurði.

Í fimmta lagi eru lagðar til breytingar á reglum um sönnun og sönnunargögn, ekki síst til að laga þær að hliðstæðum reglum í lögum um meðferð einkamála eftir því sem við getur átt. Má sem dæmi benda á ákvæði um matsgerðir, skjöl og önnur sýnileg sönnunargögn.

Í sjötta lagi er með 144. gr. frumvarpsins lögð til sú formbreyting að ákvæði IV. kafla almennra hegningarlaga, sem snúa einkum að því hvernig skuli fara að þegar höfðun sakamáls er háð kröfu brotaþola, verði felld inn í lög um meðferð sakamála.

Í sjöunda lagi er lagt til að ákærða gefist kostur á að skila skriflegri greinargerð af sinni hálfu, á sama hátt og stefnda í einkamáli, sbr. 1. mgr. 165. gr. frumvarpsins. Markmiðið með þessu nýmæli er m.a. að jafna aðstöðu aðila að sakamáli, auk þess sem búast má við því að greinargerð ákærða verði til þess að skýra málatilbúnað hans og auðvelda þar með úrlausn máls. Er þetta helsta breytingin sem lögð er til á ákvæðum um almenna meðferð sakamáls fyrir dómi, sbr. XXV. kafla frumvarpsins þar sem annars er gert ráð fyrir því að málsmeðferð verði í meginatriðum lík því sem nú gerist.

Í áttunda lagi eru í XXIX. kafla frumvarpsins reglur um heimild til að endurupptaka mál fyrir héraðsdómi í tilvikum þar sem ákærði hefur ekki sótt þing og máli hefur verið lokið af þeim sökum en gildandi ákvæði eru fremur fábrotin. Jafnframt er í frumvarpinu lagt til að greint verði á milli endurupptöku óáfrýjaðs máls fyrir héraðsdómi og endurupptöku máls fyrir Hæstarétti, sbr. XXXII. og XXXIII. kafla, en kveðið er jöfnum höndum á um endurupptöku dæmdra mála í XXII. kafla gildandi laga.

Í níunda lagi er lagt er til að í einum kafla verði kveðið heildstætt á um réttarfarssektir, sbr. XXXV. kafla frumvarpsins, og eru ákvæðin mun ítarlegri en samsvarandi reglur gildandi laga.

Að lokum má geta þess að ákvæði gildandi laga um nálgunarbann, sem tekin voru upp í þau með lögum nr. 94/2000, hafa ekki verið tekin upp í frumvarpið. Lagt er til að þau verði færð í sérstök lög um nálgunarbann, en frumvarp til þeirra laga var lagt fram samhliða þessu frumvarpi (þskj. 334, 294. mál). Skýringin á þessu er sú að nálgunarbann er ekki ráðstöfun sem gripið er til í þágu rannsóknar eða meðferðar á sakamáli, heldur er bannið fyrirbyggjandi aðgerð sem er ekki síst ætlað að koma í veg fyrir að afbrot verði framið. Þykir því rétt að um þetta úrræði gildi sérlög. Eins og síðar verður greint frá í áliti þessu leggur nefndin m.a. til þá breytingu á frumvarpinu að lög um meðferð sakamála öðlist gildi 1. janúar 2009. Lög um meðferð opinberra mála halda því gildi sínu fram að þeim tíma, þ.m.t. XIII. kafli A sem fjallar um nálgunarbann. Nefndin hefur því svigrúm til að fara betur yfir efni frumvarps til laga um nálgunarbann m.a. með tilliti til þess hvort efni séu til efnislegra breytinga á því.

Nefndin leggur til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á frumvarpinu:

Nefndin leggur til að 16. gr. verði breytt þannig að séu dómar eða aðrar úrlausnir í sakamálum birtar opinberlega, svo sem á vefsíðum, verði afmáð þau atriði sem eðlilegt er að leynt fari með tilliti til almanna- og einkahagsmuna eða hefðu í för með sér hættu á sakarspjöllum, ef þau kæmu til vitundar almennings. Er breytingin lögð til svo skýrt sé að þær takmarkanir sem gilda um afhendingu endurrita dóma gildi einnig um opinbera birtingu, t.d. á vefsíðum, en nú eru jafnt dómar héraðsdóms sem Hæstaréttar aðgengilegir á vefnum. Enn fremur verði 17. gr. breytt í þá veru að dómstólaráð setji nánari reglur um birtingu dóma og annarra dómsúrlausna, t.d. á vefsíðum.

Lagt er til að gerðar verði nokkrar breytingar á III. kafla, þar sem fjallað er um ákæruvaldið, nánar tiltekið 18., 21., 22., 23. og 25. gr. Helsta breytingin er í því fólgin að héraðssaksóknari, sem gert er ráð fyrir að verði aðalhandhafi ákæruvalds í héraði, skuli aðeins vera einn, en honum til aðstoðar verði varahéraðssaksóknari, saksóknarar og aðrir starfsmenn, sbr. nánar breytingartillögu við 1. mgr. 22. gr. Þá verði kveðið skýrt á um það í 2. mgr. 22. gr. að héraðssaksóknari beri ábyrgð á ákvörðunum þeirra sem við embætti hans starfa. Þessi skipan, sem lögð er til, er í samræmi við núverandi starfsskipulag ákæruvaldsins og það skipulag sem yfirleitt tíðkast innan stjórnsýslunnar. Aðrar breytingar, sem lagðar eru til á þessum kafla, eru minni háttar og þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Gerð er tillaga um að skotið verði inn orðunum „eftir því sem þörf krefur“ í 1. málsl. 2. mgr. 27. gr. til þess að taka af öll tvímæli um það að eftir að sakborningur er orðinn sakhæfur, þ.e. við 15 ára aldur, komi lögráðamaður aðeins fram fyrir hans hönd í undantekningartilvikum við meðferð sakamáls, t.d. ef sakborningur er ófær um að taka ákvörðun, sem málið varðar, eða ber ekki skynbragð á þýðingu hennar vegna andlegrar vanheilsu sinnar.

Lagt er til að 3. mgr. 37. gr. verði breytt þannig að lögregla geti synjað verjanda um aðgang að einstökum skjölum og öðrum gögnum sakamáls meðan á rannsókn þess stendur ef samskipti við yfirvöld í öðrum löndum standa því í vegi. Samkvæmt gildandi lögum er aðgangur sakbornings að skjölum og öðrum gögnum á rannsóknarstigi almennt greiðari hér á landi en í mörgum nágrannalöndum okkar. Í þeim tilvikum hefur borið við að erlend yfirvöld hafi verið treg til að láta lögreglu og öðrum rannsóknaraðilum í té slík gögn af ótta við að greiðari aðgangur sakborninga hér á landi að þeim kunni að skaða þarlenda rannsóknarhagsmuni. Með þessari breytingu er leitast við að koma til móts við þetta sjónarmið, en ætlast er til að þetta ákvæði verði skýrt þröngt eins og önnur undantekningarákvæði þessarar málsgreinar.

Lögð er til breyting á 2. mgr. 41. gr. um skyldu til að tilnefna brotaþola réttargæslumann samkvæmt ósk hans. Miðar breytingin að því að styrkja enn frekar réttarstöðu þolenda heimilisofbeldis. Er lagt til að við upptalningu á þeim tilfellum sem skylt er að tilnefna réttargæslumann verði bætt þeim tilvikum er brot hefur verið framið af einhverjum sem er nákominn brotaþola. Rétt er að árétta skilyrði fyrir skyldu til að tilnefna réttargæslumann samkvæmt þessari grein, þ.e. að lögregla meti það svo að brotaþoli hafi þörf fyrir sérstaka aðstoð réttargæslumanns til að gæta hagsmuna sinna í málinu.

Gerðar eru tillögur um breytingar á 50. og 51. gr. sem fjalla um varnarþing í sakamálum. Markmiðið með breytingunum er að gera reglur um varnarþing enn sveigjanlegri en gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Þarfnast þær ekki frekari skýringa.

Það hefur sætt gagnrýni að skv. a-lið 30. tölul. 234. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að ákvæði stjórnsýslulaga taki ekki til meðferðar ákæruvalds í sakamálum. Fallist er á að þetta geti verið varhugavert með tilliti til réttaröryggis borgaranna, enda er lagt til að þessi töluliður verði felldur brott. Með tilkomu þeirrar grundvallarbreytingar á skipan ákæruvaldsins, sem boðuð er í frumvarpinu, þar sem ríkissaksóknara er m.a. ætlað það hlutverk að hafa á þriðja stjórnsýslustigi eftirlit með öðrum handhöfum ákæruvalds, er á hinn bóginn eðlilegt að takmarka rétt þeirra sem aðild eiga að málum á þessu sviði stjórnsýslunnar, annarra en sakborninga, til andmæla og til að krefjast rökstuðnings ákvarðana er lúta að rannsókn og saksókn, einkum ef um er að ræða minni háttar sakamál. Miða þær breytingar, sem lagðar eru til á 52. og 147. gr., að þessu og þarfnast þær að öðru leyti ekki skýringa.

Gerð er tillaga um að lágmarkshlé, sem skylt sé að gera á skýrslutöku hjá lögreglu eftir að hún hefur staðið yfir í fjórar klukkustundir, verði stytt úr tveimur klukkustundum í eina,

sbr. breytingartillögu við 2. mgr. 62. gr. Telja verður að hagsmunum skýrslugjafa sé nægilega gætt með svo löngu hléi, enda má skýrslutaka ekki standa yfir lengur en tólf klukkustundir á hverjum 24 stundum, eins og kveðið er á um í upphafi málsgreinarinnar.

Lagt er til að 3. málsl. 3. mgr. 63. gr. frumvarpsins verði færður í 3. mgr. 64. gr. þess, þar sem það getur, eðli máls samkvæmt, einungis átt við sakborning en ekki aðra þá sem skýrslu gefa hjá lögreglu.

Rétt þykir að skýra nánar ákvæði 89. gr. frumvarpsins um sérstakar aðferðir og aðgerðir lögreglu sem ekki er að öðru leyti kveðið sérstaklega á um í frumvarpinu. Lagt er til að taldar verði upp í dæmaskyni þær aðferðir og aðgerðir sem um ræðir. Telja verður að með þessu móti verði grundvöllur ákvæðisins traustari og þar sem ekki sé um tæmandi talningu að ræða sé ekki útilokað að ef upp komi ný tækni eða aðferðir þá kunni að vera unnt að notast við þær. Nefndin leggur jafnframt til að dómsmálaráðherra setji slíkar reglur að tillögu ríkissaksóknara. Rétt er að geta þess einnig að nefndin leggur jafnframt til breytingu á 228. gr. frumvarpsins í þá veru að maður eigi rétt til bóta vegna þeirra aðgerða sem XII. kafli frumvarpsins um ýmsar rannsóknaraðgerðir tekur til, svo sem rannsóknaraðgerða eftir reglum ríkissaksóknara skv. 89. gr. frumvarpsins, að því tilskildu að fyrir hendi séu þau skilyrði sem þeim rétti eru sett í 228. gr.

Óþarft er að herða frekar á því skilyrði núgildandi laga um meðferð opinberra mála fyrir gæsluvarðhaldi vegna almenningshagsmuna að sterkur grunur leiki á að sakborningur hafi framið afbrot. Þar af leiðandi er lagt til að orðið „sérstaklega“, sem skotið hefur verið á undan orðunum „sterkur grunur“ í 2. mgr. 95. gr. frumvarpsins, falli brott.

Samkvæmt 1. mgr. 97. gr. frumvarpsins má ekki úrskurða sakborning í lengra gæsluvarðhald en fjórar vikur í senn nema til komi nýr dómsúrskurður. Þetta er merkt nýmæli sem full ástæða er til að leiða í lög. Hins vegar hefur verið bent á að það eigi ekki alls kostar við í þeim tilvikum þegar héraðsdómur hefur verið kveðinn upp í sakamáli og mál bíður áfrýjunar til Hæstaréttar eða er þar til meðferðar, sbr. 3. mgr. 97. gr. Því er lagt til að gerð verði undantekning frá þessari reglu þegar svo stendur á, enda hefur sekt ákærða þá oftast nær verið talin sönnuð fyrir héraðsdómi.

Lagt er til að sakborningur þurfi ekki að sæta lengri einangrun í gæsluvarðhaldi en fjórar vikur í stað átta, svo sem gert er ráð fyrir í 2. mgr. 98. gr. frumvarpsins, nema hann sé sakaður um brot sem varðað getur að lögum 10 ára fangelsi.

Farbanni hefur iðulega verið beitt hér á landi í stað þess að grípa til jafnþungbærs úrræðis og gæsluvarðhalds, enda var til skamms tíma tiltölulega auðvelt að koma í veg fyrir að þeir sem sættu farbanni kæmust undan réttvísinni með því að flýja land. Með breyttum aðstæðum hefur hins vegar reynst erfiðara að framfylgja farbanni hin síðari ár. Því er lagt til að í 1. mgr. 100. gr. frumvarpsins verði tekin upp heimild til handa dómara til að gera það að skilyrði, að kröfu lögreglu eða ákæruvalds, að sakborningur sem sætir farbanni hafi á sér sérstakan búnað svo að unnt sé að fylgjast með ferðum hans og aftra því þannig að hann komist úr landi. Ákvæðið ætti einnig við ef lagt væri fyrir sakborning að halda sig á ákveðnum stað eða innan ákveðins svæðis hér innan lands.

Gerð er tillaga um að dómari geti, eins og nú er, gert vitni sekt með úrskurði ef það hefur ekki fullnægt vitnaskyldu, en í 2. mgr. 121. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að dómari geti einungis beitt dagsektum í þessu skyni. Er fallist á að vitneskja um fésekt geti frekar orðið til þess að vitni fullnægi skyldu sinni, t.d. með því að svara spurningum sem til þess er beint, en ef slíkt varðaði aðeins dagsektum.

Það ákvæði 2. málsl. 131. gr. frumvarpsins, að dómari skuli verða við kröfu aðila um yfirmat telji hann ástæðu til, er óþarft í ljósi þeirrar reglu 3. mgr. 110. gr. að telji dómari að atriði, sem aðili vill sanna, skipti ekki máli eða gagn sé tilgangslaust til sönnunar geti hann meinað aðila um sönnunarfærslu. Er því lagt til að ákvæðið verði fellt brott.

Samkvæmt b-lið 3. mgr. 146. gr. frumvarpsins er bryddað upp á því nýmæli að falla megi frá saksókn gegn sakborningi ef hann hefur komist að samkomulagi við brotaþola og efnt samkomulagið fyrir sitt leyti. Það er þó gert að skilyrði að slíkt samkomulag hafi komist á að undangenginni sáttamiðlun. Þótt sú aðferð við að ná sáttum milli hins brotlega og þess, sem hann hefur brotið gegn, hafi margt til síns ágætis verður ekki séð að þessi heimild til niðurfellingar saksóknar skuli einskorðuð við hana. Því er lagt til að orðin „að undangenginni sáttamiðlun“ falli brott.

Samkvæmt 1. mgr. 149. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að heimild lögreglustjóra til að gera manni sekt og ákveða honum viðurlög fyrir minni háttar brot, með samþykki hans, nái aðeins til þess að svipta mann ökurétti allt að einu ári. Ekki standa nein rök til þess að binda sviptingu ökuréttar við tímamörk sem þessi og er þar af leiðandi lagt til að þau falli brott.

Eitt af merkum nýmælum frumvarpsins er heimild til handa ákærða til að leggja fram skriflega greinargerð af sinni hálfu við meðferð máls í héraði. Í 1. mgr. 165. gr. er tekið svo til orða að gefa *megi* ákærða kost á að leggja fram slíka greinargerð, enda sé málið flókið eða umfangsmikið. Lagt er til að orðalagi ákvæðisins verði breytt á þann veg að gefa *skuli* ákærða kost á að leggja fram skriflega greinargerð. Með því móti fer ekki á milli mála að ákærði á ótvíræðan rétt á að leggja fram slíkt varnarskjal kjósi hann það. Jafnframt er lagt til að afnumin verði sú takmörkun sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu um að réttur til að leggja fram greinargerð takmarkist við flókin eða umfangsmikil mál.

Lögð er til sú breyting á 2. mgr. 166. gr. frumvarpsins að ákærða skuli gefinn kostur á að gera stuttar athugasemdir við reifun ákæranda á ákæru og þeim gögnum, sem hún er studd, við upphaf aðalmeðferðar máls. Þessi breyting er byggð á því sjónarmiði að aðilar sakamáls skuli njóta jafnræðis við meðferð máls fyrir dómi eftir því sem kostur er.

Gerðar eru tillögur um nokkrar breytingar á XXVI. kafla frumvarpsins sem fjallar einkum um einkaréttarkröfur sem hafa má uppi í sakamáli. Í fyrsta lagi er lagt til að 5. mgr. 173. gr. frumvarpsins verði breytt þannig að ákærandi geti ekki hafnað því að hafa uppi slíka kröfu í sakamáli, telji hann að skilyrði skorti til þess, heldur geti hann einungis veitt kröfuhafa skamman frest til að bæta úr ágöllum á kröfugerð hans. Verði kröfuhafinn ekki við ábendingum ákæranda sé engu síður skylt að setja kröfuna fram í ákæru eða eftir atvikum framhaldsákæru, en með því tæki kröfuhafinn áhættuna af því að kröfunni yrði vísað frá dómi, t.d. vegna vanreifunar, sem er eðlilegt, þar sem hann fer með forræði á kröfugerð í þessum þætti málsins eins og um einkamál væri að ræða. Í öðru lagi er lögð til sú breyting á 175. gr. að ákvörðun dómara um að víkja einkaréttarkröfu eða kröfu allsherjarréttar eðlis til meðferðar í sérstöku einkamáli, ef ekki eru skilyrði til þess að leysa úr henni í sakamáli, skuli tekin með einfaldri ákvörðun dómara, en ekki með formlegum úrskurði. Í samræmi við það verði slík ákvörðun ekki kæranleg til Hæstaréttar, sbr. breytingartillögu við u-lið 1. mgr. 192. gr. frumvarpsins. Loks er í þriðja lagi gerð tillaga um nýja málsgrein í 175. gr. þar sem kveðið verði á um það að sé skaðabótakrafa höfð uppi í sakamáli megi dómari láta við það sitja að dæma einvörðungu um bótaskyldu í því máli, en víkja kröfu um bótafjárhæð eftir atvikum til meðferðar í einkamáli.

Í 3. mgr. 185. gr. frumvarpsins segir að ákærandi skuli, að tilteknum skilyrðum uppfylltum, birta ákærða héraðsdóm hafi hann ekki verið viðstaddur uppkvaðningu hans. Þar kemur

hins vegar ekki fram hvernig það skuli gert. Er lagt til að úr þessu verði bætt þannig að kveðið verði á um að dómur skuli birtur með sama hætti og ákæra, sbr. 156. gr. frumvarpsins.

Eins og að framan greinir er gerð tillaga um að 2. mgr. 228. gr. frumvarpsins verði breytt á þann veg að maður eigi rétt til bóta vegna þeirra aðgerða sem XII. kafli frumvarpsins tekur til, svo sem rannsóknaraðgerða eftir reglum skv. 89. gr. frumvarpsins, að því tilskildu að fyrir hendi séu þau skilyrði sem þeim rétti eru sett í 228. gr.

Lagt er til að gildistöku laganna verði frestað til næstu áramóta svo að nægur tími gefist til að kynna efni þeirra og vinna að undirbúningi þeirra breytinga á skipan ákæruvalds sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Í því skyni er jafnframt gerð tillaga um sérstakt bráðabirgðaákvæði, er taki þegar gildi, þar sem gert er ráð fyrir að dómsmálaráðherra skipi í embætti héraðssaksóknara og annarra helstu samstarfsmanna hans áður en lögin koma til framkvæmda.

Líkt og fram kemur í upphafi álits þessa fékk allsherjarnefnd fjölda gesta á sinn fund og bárust nefndinni auk þess umsagnir um frumvarpið. Þau atriði sem mest voru rædd í nefndinni eru eftirfarandi:

Nokkuð var rætt um það sem í athugasemdum með frumvarpinu er talið hafa verið einn helsti vandinn í íslensku sakamálaréttarfari undanfarin ár og tengist meginreglunni um milliliðalausa sönnunarfærslu, sbr. 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Í reglunni felst m.a. að æðri dómstóll getur ekki sakfellt mann, sem sýknaður hefur verið í undirrétti, á grundvelli framburðar hans sjálfs eða vitna, nema dómendur hafi sjálfir hlýtt á framburðinn og sönnunarfærslan þannig verið milliliðalaus fyrir hinum æðra dómi. Hæstiréttur getur ákveðið að slík sönnunarfærsla fari fram fyrir réttinum en erfiðleikum er bundið að koma því við vegna hins mikla álags sem er á réttinum. Hæstiréttur hefur því ómerkt héraðsdóm og vísað máli aftur heim í hérað telji dómarar að mat héraðsdóms á sönnunargildi framburðar ákærða og vitna orki tvímælis. Talið er að ein leið til að ráða varanlega bót á þessum vanda geti verið sú að fjölga dómstigum í sakamálum þannig að þau verði þrjú. Þetta mundi auka kostnað við dómskerfið, gera það flóknara og hugsanlega hægvirkara. Að því leyti má segja að eftirsjá yrði að tveggja dómstiga kerfinu. Ekki er lagt til í frumvarpinu að þetta skref verði stigið að þessu sinni. Þó er sú breyting gerð með 3. mgr. 208. gr. frumvarpsins að bætt verði við fyrirmælum sem komi í veg fyrir að sömu dómarar, einn eða fleiri, fari með mál öðru sinni í héraði ef Hæstiréttur hefur ómerkt upphaflegan dóm sökum þess að líkur þyki fyrir að mat á sönnunargildi munnlegs framburðar kunni að vera rangt, svo að einhverju skipti um úrslit máls. Er jafnframt lagt til að sú regla gildi að héraðsdómur verði ávallt skipaður þremur dómurum við nýja meðferð máls ef því hefur lokið á þennan hátt fyrir Hæstarétti, en með þessu er hins vegar ekki útilokað að einn þeirra eða tveir séu sérfróðir meðdómsmenn. Nú er að störfum nefnd á vegum dómsmálaráðherra sem hefur það verkefni að fjalla um milliliðalausa sönnunarfærslu og hvort þörf sé á millidómstigi í sakamálum. Gert er ráð fyrir að nefndin skili áliti til ráðherra í júlímánuði. Nefndin telur millidómstigið áhugaverðan kost og vonast til að niðurstaða í því máli liggi fyrir sem fyrst.

Einnig var við umfjöllun málsins í nefndinni rætt um þann kafla frumvarpsins sem fjallar um ákæruvaldið en í frumvarpinu er líkt og áður greinir mælt fyrir um þá grundvallarbreytingu að ákæruvaldinu verði skipt í þrjú stjórnsýslustig í stað tveggja. Eins og að framan greinir leggur nefndin til breytingar á kaflanum sem ganga m.a. út á það að héraðssaksóknari verði einn. Með þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu og með breytingartillögum nefndarinnar er stefnt að því að ákæruvaldið verði sjálfstætt og öflugt. Á fundum nefndarinnar kom fram í máli nokkurra gesta að nægilegt fjármagn yrði að fylgja við stofnun hins nýja

embættis héraðssaksóknara og aðrar breytingar sem verða gerðar á skipan ákæruvaldsins. Nefndin tekur undir þetta og leggur mikla áherslu á að ákæruvaldið almennt verði styrkt, einnig embætti ríkissaksóknara og lögreglustjóra.

Talsvert var rætt um a-lið 1. mgr. 59. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um að á rannsóknarstigi skuli taka skýrslu af brotaþola fyrir dómi hafi hann ekki náð 15 ára aldri og rannsókn beinist að broti sem varðar XXII. kafla almennra hegningarlaga. Ekki er um efnisbreytingu frá gildandi lögum að ræða að aldursmarkinu undanskildu en í gildandi lögum er miðað við 18 ára aldur. Fram kom það sjónarmið frá ýmsum umsagnaraðilum að réttast væri að afnema það fyrirkomulag að skylt sé að taka skýrslu fyrir dómi í framangreindum tilvikum. Var m.a. nefnt að þetta fyrirkomulag væri of viðurhlutamikið og þungt í vöfum, einkum þar sem marga aðila þurfi að boða til skýrslutöku, svo og að um skort á milliliðalausri sönnunarfærslu sé að ræða enda dæmi oft annar dómari í málinu en stýrt hefur skýrslutöku.

Nefndin telur rétt að minnast ástæðna þeirra breytinga sem gerðar voru með lögum nr. 36/1999, um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála, sbr. 74. gr. a gildandi laga. Markmiðið var að koma í veg fyrir að barn þyrfti fyrst að gefa skýrslu hjá lögreglu en síðar fyrir dómi. Rétt er að árétta þann mun sem er á annars vegar lögregluskýrslu og hins vegar skýrslu sem tekin er fyrir dómi. Þegar skýrsla er tekin fyrir dómi hafa sakborningur og verjandi betra tækifæri til að fylgjast með skýrslutöku og spyrja eða láta spyrja þá sem gefa skýrslu. Auk þess má geta þess að dómari er sjálfstæður í störfum sínum en lögregla heyrir undir ákæruvaldið, annan aðila málsins. Þar sem réttaröryggis sakbornings er betur gætt þegar skýrslur eru teknar fyrir dómi hafa þær almennt ríkara sönnunargildi en lögregluskýrslur.

Ef horfið yrði frá því fyrirkomulagi sem nú er við lýði, og jafnframt er gert ráð fyrir í frumvarpinu, þá yrði hætt við að barn yrði að gefa fyrst skýrslu hjá lögreglu og síðar fyrir dómi. Nefndin telur ekki hyggilegt að breyta gildandi fyrirkomulagi í einu vetfangi til þess sem var áður en lög nr. 36/1999 tóku gildi. Nefndin vill hins vegar geta tveggja breytinga sem mælt er fyrir um í frumvarpinu og má líta á sem eins konar millileið. Annars vegar er í a-lið 1. mgr. 59. gr. frumvarpsins gert ráð fyrir, eins og að framan er getið, að aldursmarkið verði lækkað úr 18 árum í 15 ár. Því má gera ráð fyrir því að það verði í talsvert færri málum en ella að um skyldu til að gefa skýrslu fyrir dómi á rannsóknarstigi verði að ræða. Hins vegar má geta 60. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um óformlega skýrslutöku lögreglu af sjónarvottum og öðrum vitnum. Á grundvelli þessa ákvæðis, sbr. 2. mgr. þess, getur lögregla t.d. í samvinnu við barnaverndaryfirvöld rætt við barn og undirbúið það fyrir skýrslutöku fyrir dómi.

Með þessum tveimur framangreindum breytingum sem mælt er fyrir um í frumvarpinu má segja að farin sé millileið sem rétt er að skoða hvernig gengur í framkvæmd. Nefndin telur að til greina komi að skoða aðrar leiðir reynist þessar breytingar ekki skila þeim árangri sem að er stefnt. Kæmi þá t.d. til greina að kanna hvort unnt væri að auka vægi lögregluskýrslu með einhverju móti en verði slíkt raunin þarfnast sú útfærsla yfirlegu.

Þá var í nefndinni rætt um töku lífsýna úr öðrum en sakborningi en í síðari málslið 1. mgr. 77. gr. frumvarpsins er slíka heimild að finna samkvæmt þeim skilyrðum sem þar eru sett í því skyni að upplýsa sakamál. Ákvæði þetta er hugsað sem undantekningarákvæði sem unnt væri að grípa til í þeim tilvikum þegar til greina kæmi að einhver úr hópi manna hefði framið alvarlegt brot. Þá gætu þeir, sem um er að ræða, ekki endilega talist sakborningar í skilningi 1. mgr. 27. gr. frumvarpsins vegna þess að hver og einn þeirra væri þá ekki beinlínis grunaður um brotið. Engu síður gæti það orðið til þess að upplýsa brotið ef tekin væru lífsýni úr þessum mönnum og þau síðan borin saman við sýni sem fundist hefðu á brotaþola eða vett-

vangi brots. Sem dæmi um mál sem upplýstist með þessum hætti má nefna H 1991, 264, þar sem tekin voru lífsýni úr 61 manni við rannsókn á kynferðisbroti. Yfirleitt yrði þetta gert með samþykki þeirra sem hlut ættu að máli, en jafnframt er æskilegt að fyrir hendi sé heimild til að fara fram á dómsúrskurð þessa efnis, sbr. 2. mgr. 78. gr. frumvarpsins, ef ekki fengist samþykki fyrir töku lífsýna í tilvikum sem þessum.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Atli Gíslason skrifar undir álit þetta með fyrirvara.

Karl V. Matthíasson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 26. maí 2008.

Birgir Ármannsson, form., frsm.	Ágúst Ólafur Ágústsson.	Atli Gíslason, með fyrirvara.
Sigurður Kári Kristjánsson.	Ellert B. Schram.	Siv Friðleifsdóttir.
Ólöf Nordal.		Jón Magnússon.

1154. Breytingartillögur [233. mál]

við frv. til l. um meðferð sakamála.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 3. mgr. 16. gr. bætist nýr málsliður sem orðist svo: Hið sama á við ef dómar eða aðrar úrlausnir eru birtar opinberlega, svo sem á vefsíðum.
2. Við 17. gr. F-liður 2. mgr. orðist svo: birtingu dóma og annarra dómsúrlausna, til dæmis á vefsíðum dómstóla, aðgang að endurritum af dómum og úr þingbók, svo og að framlögðum skjölum, þ.m.t. brottnám upplýsinga úr þeim.
3. Við 18. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Ákærendur eru ríkissaksóknari, héraðssaksóknari og lögreglustjórar. Að auki, í umboði þeirra, vararíkissaksóknari, varahéraðssaksóknari, saksóknarar, aðstoðarsaksóknarar og saksóknarfulltrúar, svo og löglærðir aðstoðarlögreglustjórar.
4. Við 21. gr. Lokamálsliður 2. mgr. orðist svo: Ríkissaksóknari getur endranær tekið saksókn í sínar hendur, þar á meðal gefið út ákæru eða tekið við sókn máls fyrir dómi hvenær sem hann telur þess þörf.
5. 22. gr. orðist svo:
   Dómsmálaráðherra skipar héraðssaksóknara ótímabundið og er embættisskrifstofa hans í Reykjavík. Honum til aðstoðar eru varahéraðssaksóknari, sem ráðherra skipar ótímabundið, svo og saksóknarar sem ráðherra skipar til fimm ára í senn. Ráðherra ákveður fjölda saksóknara að höfðu samráði við ríkissaksóknara. Skulu héraðssaksóknari, varahéraðssaksóknari og saksóknarar fullnægja skilyrðum til skipunar í embætti

héraðsdómara. Héraðssaksóknari ræður annað starfslið við embætti sitt, þar á meðal aðstoðarsaksóknara og saksóknarfulltrúa sem lokið hafa embættis- eða meistaraprófi í lögfræði.

Héraðssaksóknari ber ábyrgð á ákvörðunum þeirra sem við embætti hans starfa. Hann skiptir verkum með varahéraðssaksóknara og saksóknurum og úthlutar þeim málum. Við embættið skal vera sérstök deild skatta- og efnahagsbrota og skal sá eða þeir saksóknarar sem þar starfa bera starfsheiti sem kennt er við málaflokkinn. Héraðssaksóknari getur skipt embættinu í fleiri deildir eftir málaflokkum eða umdæmum.

6. Við 23. gr. Síðari málsliður 3. mgr. orðist svo: Héraðssaksóknari getur endranær tekið saksókn í sínar hendur, þar á meðal gefið út ákæru eða tekið við sókn máls fyrir dómi hvenær sem hann telur þess þörf.
7. Við 25. gr.
   a. 1.–3. mgr. orðist svo:

      Í héraði flytur ríkissaksóknari, vararíkissaksóknari eða saksóknari þau mál sem ríkissaksóknari höfðar. Hann getur falið héraðssaksóknara eða lögreglustjóra flutning máls fyrir héraðsdómi og fer þá um mál eftir 2. eða 3. mgr. Þá getur ríkissaksóknari falið héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanni flutning máls í héraði og hefur hann þá sömu réttarstöðu og ákærandi.

      Í héraði flytur héraðssaksóknari, varahéraðssaksóknari, saksóknari, aðstoðarsaksóknari eða saksóknarfulltrúi þau mál sem héraðssaksóknari höfðar. Einnig má héraðssaksóknari fela lögreglustjóra, héraðsdómslögmanni eða hæstaréttarlögmanni að flytja mál í héraði á sama hátt og segir í 1. mgr.

      Í héraði annast lögreglustjórar flutning þeirra mála sem þeir höfða. Þeir geta falið aðstoðarlögreglustjóra, aðstoðarsaksóknurum eða saksóknarfulltrúum við embætti sín að flytja þessi mál. Lögreglustjórum er heimilt að fela öðrum lögreglustjórum að sækja þing í máli.
   b. Í stað orðsins „saksóknari“ í 3. málsl. 4. mgr. komi: ákærandi.
   c. Lokamálsliður 4. mgr. falli brott.
   d. Síðari málsliður 5. mgr. orðist svo: Þeim er heimilt að fela öðrum löglærðum starfsmönnum sínum flutning þessara mála, eftir því sem segir í 2. eða 3. mgr.
8. Við 27. gr. Við fyrri málslið 2. mgr. bætist: eftir því sem þörf krefur.
9. Við 37. gr. Á eftir orðunum „skjólstæðings hans“ í 3. mgr. komi: eða samskipti við yfirvöld í öðrum ríkjum.
10. Við 41. gr. 2. mgr. orðist svo:

    Skylt er lögreglu endranær eftir ósk brotaþola að tilnefna honum réttargæslumann ef rannsókn beinist að broti á XXIII. eða XXIV. kafla almennra hegningarlaga eða 251.–253. gr. laganna og ætla má að brotaþoli hafi orðið fyrir verulegu tjóni á líkama eða andlegu heilbrigði af völdum brotsins eða að brotið hafi verið gegn honum af einhverjum sem er honum nákominn. Það er skilyrði fyrir tilnefningu réttargæslumanns samkvæmt þessari málsgrein að brotaþoli hafi að mati lögreglu þörf fyrir sérstaka aðstoð réttargæslumanns til þess að gæta hagsmuna sinna í málinu.
11. Við 50. gr.
    a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður sem orðist svo: Mál á hendur manni sem ekki á heimilisvarnarþing hér á landi má höfða hvar sem er á landinu.

b. 3. mgr. orðist svo:
Höfða má mál fyrir héraðsdómi hvar sem er á landinu ef brot var framið hérlendis og vafi leikur á um mörk dómumdæma ellegar á íslensku skipi eða í loftfari utan umdæma, svo og ef brot var framið erlendis og mál um það sætir lögsögu íslenskra dómstóla.

12. Síðari málsliður 51. gr. orðist svo: Sé slíkt mál borið undir dóm af öðrum skal það gert fyrir héraðsdómi þar sem hann á sjálfur heimilisvarnarþing en sé það ekki fyrir hendi, þá fyrir héraðsdómi hvar sem er á landinu.
13. Við 52. gr.
a. Við 4. mgr. bætist nýr málsliður sem orðist svo: Ekki er skylt að gefa þeim sem hlut á að máli kost á að tjá sig áður en slík ákvörðun er tekin.
b. Við 6. mgr. bætist tveir nýir málsliðir sem orðist svo: Héraðssaksóknari getur jafnframt ákveðið að eigin frumkvæði að kæru skuli vísað frá eða að rannsókn skuli hætt, enda sé eitthvert skilyrða 4. mgr. fyrir hendi. Ekki er skylt að gefa þeim sem hlut á að máli kost á að tjá sig áður en slík ákvörðun er tekin, en tilkynna skal kæranda hana eftir því sem segir í 5. mgr.
c. Á eftir fyrri málslið 7. mgr. komi nýr málsliður sem orðist svo: Enn fremur getur sá sem á hagsmuna að gæta kært til ríkissaksóknara ákvörðun sem héraðssaksóknari hefur tekið að eigin frumkvæði skv. 6. mgr.
d. Við bætist ný málsgrein sem orðist svo:
Lögreglu og héraðssaksóknara er ekki skylt að rökstyðja ákvarðanir sínar skv. 4. og 6. mgr.

14. Við 62. gr. Í stað orðanna „tvær klukkustundir“ í 2. málsl. 2. mgr. komi: eina klukkustund.
15. Við 63. gr. Lokamálsliður 3. mgr. falli brott.
16. Við 64. gr. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður sem orðist svo: Ekki má gefa honum fyrirheit um ívilnanir eða friðindi ef hann ber á ákveðinn hátt, enda séu slík fyrirheit ólögleg eða ekki á valdi lögreglu að veita þau.
17. Við 89. gr. Fyrri málsliður orðist svo: Að tillögu ríkissaksóknara er dómsmálaráðherra heimilt að setja reglur um sérstakar aðferðir og aðgerðir lögreglu við rannsókn sakamála sem ekki er kveðið á um í lögum þessum, svo sem um notkun tálbeita, uppljóstrara og flugumanna, afhendingu undir eftirliti og skyggingu.
18. Við 95. gr. Orðið „sérstaklega“ í 2. mgr. falli brott.
19. Við 97. gr. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður sem orðist svo: Því má þó marka lengri tíma en fjórar vikur þegar svo stendur á sem í 3. mgr. segir.
20. Við 98. gr. Í stað orðsins „átta“ í 3. málsl. 2. mgr. komi: fjórar.
21. Við 100. gr. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður sem orðist svo: Sé þess krafist getur dómari sett það skilyrði fyrir ráðstöfun að sakborningur hafi á sér búnað svo að unnt sé að fylgjast með ferðum hans.
22. Við 121. gr. 2. mgr. orðist svo:
Ef vitni kemur fyrir dóm en fullnægir annars ekki vitnaskyldu sinni, þar á meðal fyrirmælum dómara skv. 5. mgr. 116. gr., getur dómari að kröfu aðila gert því sekt með úrskurði.
23. Við 131. gr. 2. málsl. falli brott.
24. Við 146. gr. Orðin „að undangenginni sáttamiðlun“ í b-lið 3. mgr. falli brott.
25. Við 147. gr.:

a. 1. mgr. orðist svo:

Nú er mál fellt niður skv. 145. gr. eða fallið er frá saksókn skv. 2.–4. mgr. 146. gr. og er þá ekki skylt að gefa þeim sem hlut á að máli kost á að tjá sig áður en sú ákvörðun er tekin. Hins vegar skal ákærandi sem ákvörðunina tók tilkynna hana sakborningi og ef því er að skipta brotaþola, enda liggi fyrir hver hann er. Ber að rökstyðja ákvörðunina með því að vísa til viðeigandi ákvæðis í 146. gr., en ekki er skylt að færa frekari rök fyrir henni.

b. Við síðari málslið 2. mgr. bætist: en ekki er skylt að rökstyðja þá afstöðu sérstaklega.

c. Á eftir fyrri málslið 3. mgr. komi nýr málsliður sem orðist svo: Enn fremur getur sá sem ekki vill una ákvörðun héraðssaksóknara skv. 1. mgr. kært hana til ríkissaksóknara.

26. Við 149. gr. 1. málsl. 1. mgr. orðist svo: Nú berst lögreglustjóra kæra um brot sem heyrir undir ákæruvald hans eða lögregla stendur mann að slíku broti og lögreglustjóri telur viðurlög við brotinu ekki fara fram úr sekt að tiltekinni fjárhæð samkvæmt reglugerð sem dómsmálaráðherra setur skv. 1. mgr. 151. gr., sviptingu réttinda eða upptöku eigna.

27. Við 165. gr. 1. málsl. 1. mgr. orðist svo: Ef máli verður ekki lokið samkvæmt því sem að framan greinir skal gefa ákærða kost á að leggja fram skriflega greinargerð af sinni hálfu innan hæfilegs frests.

28. Við 166. gr. 2. mgr. orðist svo:

Aðalmeðferð hefst með því að ákærandi gerir stuttlega grein fyrir ákæru og hvaða gögnum hún er studd, en síðan gefst ákærða kostur á að gera stuttar athugasemdir af sinni hálfu. Því næst skal tekin skýrsla af ákærða. Ef hann játar að hafa framið það brot sem hann er ákærður fyrir ákveður dómari í samráði við málflytjendur hvort og þá að hve miklu leyti þörf er frekari sönnunarfærslu. Síðan eru teknar skýrslur af vitnum og gengið á vettvang ef því er að skipta.

29. Við 173. gr. 5. mgr. orðist svo:

Þegar ákvörðun hefur verið tekin um saksókn skal ákærandi gæta að því hvort krafan sé réttilega úr garði gerð og henni fylgi nauðsynleg gögn, en hann getur veitt kröfuhafa skamman frest til að bæta úr slíkum annmörkum á henni. Ákærandi getur kröfunnar í ákæru eða eftir atvikum framhaldsákæru og lætur greinargerð um hana og önnur gögn fylgja ákærunni til héraðsdóms, sbr. 154. gr.

30. Við 175. gr.

a. Í stað orðanna „kveðið upp úrskurð um“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: ákveðið, og í stað orðanna „slíkur úrskurður verður upp kveðinn“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: slík ákvörðun er tekin.

b. Á eftir 1. mgr. komi ný málsgrein sem orðist svo:

Nú stendur svo á sem í 1. mgr. segir og um er að ræða kröfu um skaðabætur og má dómari þá ákveða að láta við það sitja að einvörðungu verði dæmt um bótaskyldu í sakamálinu. Samhliða getur hann ákveðið að víkja kröfu um bótafjárhæð til meðferðar fyrir dómi í sérstöku einkamáli skv. 1. mgr.

c. Í stað orðanna: „Kveði dómari upp úrskurð skv. 1. mgr.“ í 2. mgr., er verði 3. mgr., komi: Taki dómari ákvörðun um að víkja kröfu til meðferðar í einkamáli skv. 1. eða 2. mgr.

31. Við 185. gr. Á eftir 2. málsl. 3. mgr. komi nýr málsliður sem orðist svo: Fer þá um birtingu dóms eftir því sem segir í 156. gr.

32. Við 192. gr. Orðin „eða vikið til meðferðar í einkamáli“ í u-lið 1. mgr. falli brott.
33. Við 228. gr. Í stað„IX., X., XI., XIII. og XIV. kafla“ í 2. mgr. komi: IX.–XIV. kafla.
34. 232. gr. orðist svo:
    Lög þessi taka gildi 1. janúar 2009. Þó öðlast ákvæði til bráðabirgða VII þegar gildi.
35. Við 234. gr.:
    a. A-liður 30. tölul. falli brott.
    b. B-liður 30. tölul. orðist svo: Í stað orðanna „rannsóknar og saksóknar í opinberu máli“ í 1. málsl. 3. mgr. 15. gr. kemur: rannsóknar sakamáls og meðferðar þess að öðru leyti.
36. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðist svo:
    Þegar ákvæði þetta hefur tekið gildi, sbr. 232. gr., skal dómsmálaráðherra auglýsa laus til umsóknar embætti héraðssaksóknara, varahéraðssaksóknara og saksóknara við embætti héraðssaksóknara og skipa í þessi embætti. Jafnframt skal hafinn undirbúningur að því að embætti héraðssaksóknara taki til starfa.

1155. Nefndarálit [327. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, með síðari breytingum.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund sinn Kristínu Lindu Árnadóttur, forstjóra Umhverfisstofnunar, Glóeyju Finnsdóttur og Sigurbjörgu Sæmundsdóttur frá umhverfisráðuneyti, Guðjón Bragason og Björn Halldórsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sigurð Jónsson frá Samtökum verslunar og þjónustu, Bryndísi Skúladóttur frá Samtökum iðnaðarins, Jón H. Steingrímsson og Elías Ólafsson frá Efnamóttökunni og Pál Gunnar Pálsson og Evu Ómarsdóttur frá Samkeppniseftirlitinu.

Þá bárust nefndinni umsagnir frá Umhverfisstofnun, Úrvinnslusjóði, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum verslunar og þjónustu, Samtökum iðnaðarins, Félagi íslenskra stórkaupmanna, Samkeppniseftirlitinu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Reykjavíkurborg, Sorpmeðhöndlun Akranesbæjar, Sorpmeðhöndlun á Hrafnkelsstöðum, Sorpbrennslunni Funa, Sorpsamlagi Miðausturlands, Sorpu, Sorpurðun Vesturlands, Efnamóttökunni og Félagi heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa.

Frumvarpinu er ætlað að innleiða tilskipanir 2002/96/EB um raf- og rafeindabúnaðarúrgang og 2003/108/EB um breytingu á tilskipun 2002/96/EB. Stjórnskipulegum fyrirvara þessara tilskipana var aflétt með þingsályktun 6. desember 2006.

Frumvarpið felur í sér meginreglu um framleiðendaábyrgð þar sem lagðar eru skyldur á framleiðendur og innflytjendur að safna og meðhöndla raftækja- og rafeindatækjaúrgang á landinu öllu. Með þessu er ábyrgð framleiðenda og innflytjenda aukin með það að markmiði að minnka kostnað og umhverfisáhrif vegna meðhöndlunar úrgangs. Hugsunin að baki framleiðendaábyrgð er að framlengja ábyrgð framleiðenda á vöru sinni og ná þannig m.a. yfir umhverfiskostnað vegna förgunar vörunnar. Verði frumvarpið að lögum verða framleiðendur og innflytjendur jafnframt ábyrgir fyrir fjármögnun þessa. Þetta er breyting frá því kerfi sem nú er viðhaft þar sem þessi ábyrgð er hjá sveitarfélögum eða ríki og kostuð með almennri

skattlagningu eða gjaldtökuheimildum á heimili eða fyrirtæki. Aðildarríkin verða aftur á móti að setja lög sem tryggja að framleiðendur og innflytjendur setji upp kerfi til meðhöndlunar á raf- og rafeindatækjaúrgangi og standi straum af kostnaði þess. Með þessum breytingum eru framleiðendur hvattir til að hanna vöru þannig að auðvelt verði að endurnýta hana eða endurnota. Til þess að uppfylla þessa ábyrgð sína heimilar frumvarpið að þeir geti tekið sig saman og stofnað fyrirtæki sem tekur yfir þessa ábyrgð þeirra, svokallað skilakerfi, en jafnframt staðið einir. Í frumvarpinu má finna hvatningu til framleiðenda og innflytjenda til að koma á fót skilakerfi þar sem heimilt er að undanþiggja kerfið ábyrgðartryggingu hafi það ákveðinn fjölda framleiðenda og innflytjenda og sé með tiltekna markaðshlutdeild. Er skilakerfum heimilt á grundvelli frumvarpsins að skipta með sér landsvæðum til að stuðla að hagkvæmri söfnun úrgangsins. Umsjón með starfsemi skilakerfanna er í höndum nýrrar stýrinefndar sem samkvæmt frumvarpinu er stjórn Úrvinnslusjóðs, og er stofnun hennar og rekstur fjármagnaður af skilakerfum með gjaldtöku.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um málið. Þau atriði sem mesta umfjöllun fengu voru hversu langt framleiðendaábyrgðin skyldi ná, hlutverk og skipan stýrinefndar, stofnun skilakerfa og möguleg skörun ákvæða frumvarpsins við samkeppnislög, nr. 44/2005.

Í b-lið 2. gr. frumvarpsins er kveðið á um ábyrgð framleiðanda og innflytjanda á raf- og rafeindatækjaúrgangi. Kemur þar fram að þeir skuli fjármagna og tryggja meðhöndlun raf- og rafeindatækjaúrgangs að frátalinni söfnun til söfnunarstöðvar sveitarfélaga og geymslu þar. Í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga kemur fram það sjónarmið að framleiðendaábyrgð ætti að hefjast hjá neytendum en ekki en við flutning úrgangs frá sorpvinnslustöðvum sveitarfélaga. Að öðrum kosti má ætla að aukinn kostnaður leggist á sveitarfélögin verði frumvarpið að lögum enda felst í því að sveitarfélögum er þá skylt að bjóða upp á aðstöðu til flokkunar raftækjaúrgangs af mismunandi toga á söfnunarstöðvum þeirra. Enn fremur segir í umsögn Sorpu að þróun á vegum Evrópusambandsins sé í þá átt að færa framleiðendaábyrgðina nær neytandanum og beri framleiðendur þar af leiðandi þann kostnað sem samkvæmt frumvarpinu fellur á sveitarfélögin. Því sjónarmiði var einnig hreyft fyrir nefndinni að orðalagið „söfnunarstöðvar sveitarfélaganna“ fæli í sér ákveðna mismunun gagnvart einkareknum söfnunarstöðvum. Á móti þessu hafa komið fram sjónarmið neytenda um að óhagræði og óvissa skapist fyrir neytendur þurfi þeir að fara til mismunandi staða til að losa sig við mismunandi tegundir úrgangs. Tekur nefndin undir þau sjónarmið, sér í lagi þar sem sveitarfélög sjá almennt um sorpvinnslu. Nefndin telur að ganga skuli lengra við innleiðingu framleiðendaábyrgðar með þeim hætti að kostnaður af rekstri aðstöðu gámasvæða hjá söfnunarstöðvum sveitarfélaga falli á framleiðendur og innflytjendur. Telur nefndin að þannig sé komið til móts við þann kostnað sem fallið hefði á sveitarfélögin við rekstur aðstöðu söfnunargámanna. Aftur á móti áréttar nefndin að sveitarfélögum er skylt að bjóða þessa aðstöðu og koma henni upp sé hún ekki fyrir hendi. Með þessu móti nær framleiðendaábyrgðin jafnframt til geymslu úrgangs raf- og rafeindatækja frá heimilum á söfnunarstöðvum sveitarfélaga. Áréttar nefndin að sveitarfélögum skuli heimilt að innheimta gjald fyrir afnot skilakerfa af aðstöðu á söfnunarstöðvum sínum en ekki til að greiða kostnað við gerð slíkrar aðstöðu sé hún ekki fyrir hendi. Gjaldið skal ákveðið af ráðherra að fenginni tillögu stýrinefndar og umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Leggur nefndin til breytingar þessu til samræmis.

Mikil umræða fór fram innan nefndarinnar um skilakerfi sem frumvarpið kveður á um en framleiðendur og innflytjendur eiga að uppfylla skyldur sínar samkvæmt frumvarpinu með rekstri eigin skilakerfis eða með aðild að sameiginlegu skilakerfi, sbr. b-lið 2. gr. frumvarps-

ins. Hlutverk skilakerfa er að tryggja söfnun og móttöku á raf- og rafeindatækjaúrgangi frá söfnunarstöðvum sveitarfélaga á öllu landinu og tryggja að úrgangurinn sé meðhöndlaður af til þess bærum aðilum, sbr. 1. mgr. e-liðar 2. gr. frumvarpsins. Skulu skilakerfin fjármögnuð af framleiðendum og innflytjendum. Í fjölmörgum umsögnum var gerð athugasemd við þetta nýja kerfi. Komu fram sjónarmið um að einfaldara væri að nýta Úrvinnslusjóð og fella raf- og rafeindatækjaúrgang undir lög um úrvinnslugjald, nr. 162/2002. Það hefur aftur á móti komið skýrt fram hjá fulltrúum ráðuneytisins og Samtökum atvinnulífsins að ekki sé hægt að fara þá leið. Slíkt fari gegn meginhugsun tilskipunarinnar.

Frumvarpið gerir ráð fyrir afdráttarlausri ábyrgð framleiðenda og innflytjenda á raf- og rafeindatækjum allt frá framleiðslu til meðhöndlunar þeirra sem úrgangs. Mikill hluti þessarar ábyrgðar felst í skipulagningu, yfirumsjón og eftirfylgni skilakerfisins sem sinnt skal af stýrinefnd. Í frumvarpinu er farin sú leið að setja á stofn slíka stýrinefnd en stjórn Úrvinnslusjóðs skal annast hlutverk hennar. Því sjónarmiði var hreyft fyrir nefndinni að Evrópulöggjöf sé í auknum mæli að þróast í þá átt að auka framleiðendaábyrgð og því væri það fyrirkomulag sem Úrvinnslusjóður byggist á mögulega á undanhaldi. Er það álit nefndarinnar að því sé rétt að hafa sjálfstæða stýrinefnd sem skipuð er fulltrúum atvinnulífsins, ásamt einum fulltrúa án tilnefningar, enda leggur nefndin til að framleiðendaábyrgð verði aukin og að skilakerfi skuli greiða sveitarfélögum fyrir aðstöðu gámasvæða á söfnunarstöðvum þeirra. Er þetta í meira samræmi við tillögu nefndar sem skipuð var til að semja drög að frumvarpi þessu. Aftur á móti telur nefndin rétt að nýta þá þekkingu og reynslu sem er hjá Úrvinnslusjóði og veita stýrinefnd heimild til að semja um að hluti verkefna hennar skv. a–d-lið 2. mgr. f-liðar 2. gr. frumvarpsins verði falinn öðrum. Nefndin leggur til breytingar þessu til samræmis. Áréttar nefndin að þessari tillögu er ætlað að tryggja að sú þekking sem Úrvinnslusjóður býr yfir nýtist. Samhliða þessari tillögu verður jafnframt að gera ákveðnar breytingar á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, til að opna fyrir heimild Úrvinnslusjóðs til að gera slíka samninga. Leggur nefndin til að sú heimild einskorðist við verkefni sem falla undir lög um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, og því sé ekki um opna heimild að ræða til handa Úrvinnslusjóði. Nefndin telur einnig að jafnframt sé opnað á þann möguleika að sams konar framkvæmd geti verið viðhöfð verði þróunin sú að framleiðendaábyrgð verði tekin upp.

Eitt helsta umræðuefni innan nefndarinnar var ákvæði 4. mgr. e-liðar (18. gr.) 2. gr. þar sem kveðið er á um heimild skilakerfa til að skipta með sér landsvæðum með samningi með það að markmiði að stuðla að hagkvæmri söfnun raf- og rafeindaúrgangs. Skal stýrinefnd samþykkja slíkan samning eða synja. Nefndin óskaði sérstaklega eftir áliti Samkeppniseftirlitsins hvað þetta ákvæði varðar. Í áliti þess kom fram að lagaheimild sem þessi væri í ósamræmi við bannákvæði 10. gr. samkeppnislaga, nr. 44/2005. Varar Samkeppniseftirlitið við því að verði frumvarpið óbreytt að lögum og gámaþjónustufyrirtæki sem ráðandi eru á markaðnum taki að sér þessi verkefni geti það skapað hættu á frekari uppskiptingu markaða í tengslum við aðra starfsemi þessara fyrirtækja. Samkeppniseftirlitið bendir aftur á móti á fyrirmynd í dönskum lögum þar sem ekki er gefin bein heimild í lagatexta fyrir skilakerfi til að skipta með sér landsvæði heldur sé heimilað að tilraunir skuli gerðar til að tryggja að söfnun, móttaka og meðhöndlun raf- og rafeindaatækjaúrgangs fari fram með landfræðilega skynsamlegum hætti. Slíkt orðalag tryggir frekar að samkeppnissjónarmið séu höfð að leiðarljósi. Í dönsku lögunum er farin sú leið að veita ráðherra heimild til setningar reglugerðar til að kveða nánar á um söfnun, móttöku og meðhöndlun raf- og rafeindatækjaúrgangs í landfræðilegu tilliti. Telur nefndin að rétt sé að fara þá leið að tilraunir í þessa átt skuli vera í

höndum stýrinefndar sem hefur formann með sérstaka þekkingu á samkeppnismálum. Jafnframt skal nefndinni skylt að leita álits Samkeppniseftirlitsins við slíka vinnu. Leggur nefndin til breytingar í samræmi við þetta. Er það álit nefndarinnar að hér sé best tryggð skynsamleg söfnun úrgangs í sem bestu samræmi við samkeppnislög.

Nefndin leggur jafnframt til aðrar smávægilegar breytingar á frumvarpinu sem einkum varða lagatæknileg atriði.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Kolbrún Halldórsdóttir og Árni Þór Sigurðsson skrifa undir álit þetta með fyrirvara.

Kristinn H. Gunnarsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 26. maí 2008.

Helgi Hjörvar, form., frsm.	Kjartan Ólafsson.	Kolbrún Halldórsdóttir, með fyrirvara.
Illugi Gunnarsson.	Katrín Júlíusdóttir.	Höskuldur Þórhallsson.
Guðfinna S. Bjarnadóttir.	Herdís Þórðardóttir.	Árni Þór Sigurðsson, með fyrirvara.

1156. Breytingartillögur [327. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, með síðari breytingum.

Frá umhverfisnefnd.

1. Við 2. gr.
   a. 1. mgr. a-liðar orðist svo:
      Söfnunarstöðvar sveitarfélaga skulu hafa aðstöðu fyrir móttöku á raf- og rafeindatækjaúrgangi frá heimilum eins og nánar er kveðið á um í reglugerð. Ber þeim að taka við slíkum úrgangi frá heimilum gjaldfrjálst. Sveitarfélögum er heimilt að innheimta gjald fyrir afnot skilakerfa af slíkri aðstöðu í samræmi við gjaldskrá sem ráðherra setur að fenginni tillögu stýrinefndar og umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga.
   b. Orðin „og geymslu þar“ í 2. málsl. 1. mgr. b-liðar falli brott.
   c. Á eftir orðunum „innflytjenda á“ í 4. málsl. 1. mgr. b-liðar, komi: geymslu og.
   d. Við 1. mgr. e-liðar bætist nýr stafliður, er verði a-liður, svohljóðandi: kosta geymslu raf- og rafeindatækjaúrgangs frá heimilum á söfnunarstöðvum sveitarfélaga.
   e. Á eftir orðunum „Skilakerfi skal“ í 3. mgr. e-liðar komi: kosta geymslu.
   f. 4. mgr. e-liðar falli brott.
   g. Í stað „2. málsl. 5. mgr.“ í 6. mgr. e-liðar, er verði 5. mgr., komi: 2. málsl. 4. mgr.

h. 2. og 3. málsl. 1. mgr. f-liðar falli brott.
i. Við f-lið bætist tvær nýjar málsgreinar er verði 2. og 3. mgr., svohljóðandi:

Umhverfisráðherra skipar fimm manna stýrinefnd raf- og rafeindatækjaúrgangs. Skulu fjórir skipaðir samkvæmt tilnefningum frá Félagi íslenskra stórkaupmanna, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum iðnaðarins og Samtökum verslunar og þjónustu og einn án tilnefningar sem er formaður nefndarinnar og skal hafa sérþekkingu á samkeppnismálum.

Stýrinefnd getur leitað hagkvæmra leiða til þess að söfnun, móttaka og meðhöndlun raf- og rafeindatækjaúrgangs frá heimilum fari fram með landfræðilega skynsömum hætti. Ber henni að leita eftir áliti Samkeppniseftirlits.

j. G-liður 2. mgr. f-liðar, er verði 4. mgr., orðist svo: móta stefnu um starfsemi sína, svo sem helstu áherslur, verkefni og starfshætti, og leggja fyrir ráðherra til staðfestingar.
k. 4. mgr. f-liðar, er verði 6. mgr., orðist svo:

Stýrinefnd skal innheimta gjald af skilakerfum til að standa undir kostnaði við uppbyggingu og rekstur stýrinefndar sem hlýst af ákvæðum laga þessara, svo sem stofnkostnaði, rekstri skráningarkerfis, sbr. 20. gr., og kostnaði við störf stýrinefndar. Skal gjaldið vera í samræmi við markaðshlutdeild þeirra innflytjenda og framleiðenda sem aðild eiga að viðkomandi skilakerfi. Skilakerfi geta óskað eftir upplýsingum frá stýrinefnd um samsetningu gjalda. Gjöld mega ekki vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu.

l. 5. mgr. f-liðar falli brott.
m. Við g-lið bætist ný málsgrein er verði 2. mgr., svohljóðandi:

Stýrinefnd getur falið öðrum aðila að annast hlutverk stýrinefndar skv. a–d-lið 4. mgr. 19. gr. með samningi. Skulu ákvæði laganna um heimildir og skyldur stýrinefndarinnar einnig gilda um samningsaðilann, svo sem um þagnarskyldu, sbr. 3. mgr. 21. gr.

n. A-liður 1. mgr. i-liðar orðist svo: fjölda gámastæða sem til staðar skulu vera fyrir skilakerfi á söfnunarstöðvum sveitarfélaga, sbr. 14. gr.

2. Við 6. gr.
a. Í stað orðanna „1. júní 2008“ komi: 1. október 2008.
b. Í stað orðanna „1. nóvember 2008“ komi: 1. janúar 2009.

3. Við 7. gr. Greinin orðist svo:

Við 15. gr. laga nr. 162/2002, um úrvinnslugjald, bætist ný málsgrein er verði 5. mgr., svohljóðandi:

Úrvinnslusjóði er heimilt að gera samninga um að taka að sér verkefni sem falla undir lög um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003. Slíkir samningar skulu samþykktir af ráðherra.

1157. Fyrirspurn [644. mál]

til utanríkisráðherra um tilskipanir Evrópusambandsins.

Frá Atla Gíslasyni.

1. Hversu margar tilskipanir ESB bíða innleiðingar og upptöku í EES-samninginn?
2. Hvenær rann eða rennur út innleiðingarfrestur tilskipana skv. 1. tölul.?
3. Hver hafa viðbrögð Eftirlitsstofnunar EFTA verið varðandi þær tilskipanir sem dregist hefur að innleiða umfram setta fresti?
4. Í hvaða tilvikum hefur framkvæmdastjórn ESB gert athugasemdir við drátt á innleiðingu og þá hverjar?

Skriflegt svar óskast.

1158. Nefndarálit [442. mál]

um frv. til l. um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Helgu Hauksdóttur, Elínu Rósu Sigurðardóttur og Einar Gunnarsson frá utanríkisráðuneytinu, Sigurbjörgu Sigurgeirsdóttur stjórnsýsluráðgjafa, Sighvat Björgvinsson, framkvæmdastjóra Þróunarsamvinnustofnunar Íslands, Sigurð Helgason, stjórnarformann og Skúla Helgason, varaformann stjórnar Þróunarsamvinnustofnunar Íslands, Hjálmar Jónsson, Jón Skaptason og Sigfús Ólafsson, stjórnarmenn í Þróunarsamvinnustofnun Íslands, Ernu Guðmundsdóttur frá Bandalagi háskólamanna, Pétur Reimarsson frá Samtökum atvinnulífsins, Magnús Baldursson og Odd B. Björnsson frá Félagi ráðgjafarverkfræðinga, Bjarna Gíslason frá Hjálparstarfi kirkjunnar, Kristján Sturluson og Helgu Þórólfsdóttur frá Rauða krossi Íslands, Hilmar Þ. Hilmarsson frá Háskólanum á Akureyri og Stefán Þórarinsson frá Nýsi. Umsagnir bárust um málið frá Hjálparstarfi kirkjunnar, Sambandi íslenskra kristniboðsfélaga, Viðskiptaráði Íslands, Þróunarsamvinnustofnun Íslands, Rauða krossi Íslands, Háskólanum á Akureyri, Samtökum atvinnulífsins, Bandalagi háskólamanna, Félagi ráðgjafarverkfræðinga og Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Auk þess bárust nefndinni ýmis gögn frá utanríkisráðuneyti, m.a. varðandi framlög til þróunaraðstoðar og íslenska þróunarsamvinnu.

Með frumvarpinu er lagt til að sett verði heildarlöggjöf um opinbera þróunarsamvinnu Íslendinga, tvíhliða jafnt sem marghliða. Frumvarpinu er m.a. ætlað að leysa af hólmi núgildandi lög nr. 43 26. maí 1981, um Þróunarsamvinnustofnun Íslands, en þau lög hafa mun takmarkaðra gildissvið en frumvarpið gengur út frá. Í frumvarpinu er m.a. gert ráð fyrir því að Alþingi komi að málefnum þróunarsamvinnu, bæði hvað varðar stefnumörkun og í tengslum við skýrslugjöf utanríkisráðherra. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir því að stjórn Þróunarsam-

vinnustofnunar verði lögð niður, en þess í stað hafi utanríkisráðherra 15 manna samstarfsráð sér til ráðgjafar við stefnumarkandi ákvarðanatöku. Framlög til þróunarsamvinnu nema nú meira en þriðjungi útgjalda utanríkisþjónustunnar. Þá ákvað ríkisstjórnin árið 2004 að framlög til þróunarsamvinnu skyldu fara stigvaxandi þannig að þau næmu 0,35% af vergum þjóðartekjum árið 2009. Frumvarpið gengur út frá því að nauðsynlegt svigrúm sé til staðar til að beita þeim aðferðum sem tryggja að framlögum til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu sé vel og skynsamlega varið þannig að þróunarsamvinnan verði skilvirk og árangursrík.

Nefndin ræddi efnisatriði frumvarpsins ítarlega á fundum sínum. Meðal þeirra atriða sem helst komu til umfjöllunar var aðkoma Alþingis að málefnum tengdum þróunarsamvinnu, niðurlagning stjórnar Þróunarsamvinnustofnunar Íslands og skipan samstarfsráðs um alþjóðlega þróunarsamvinnu, tengsl friðargæslu við þróunarsamvinnu, tímabundnar ráðningar starfsmanna ríkisins til Þróunarsamvinnustofnunar og valdframsal til ráðherra með heimildum til setningar reglugerða.

Í 3. og 4. gr. frumvarpsins er tilgreint annars vegar að ráðherra leggi annað hvert ár fram tillögu til þingsályktunar á Alþingi um áætlun stjórnvalda um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands til fjögurra ára í senn og hins vegar að Alþingi kjósi fimm fulltrúa til setu í samstarfsráði um alþjóðlega þróunarsamvinnu. Auk þess er í 10. gr. gert ráð fyrir að ráðherra gefi Alþingi skýrslu um framkvæmd áætlunar stjórnvalda um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands annað hvert ár.

Nefndin ítrekar mikilvægi þverpólitísks samstarfs og samstöðu, sem og langtímastefnumörkunar á sviði þróunarsamvinnu. Því telur nefndin heppilegt að skilgreina aðkomu Alþingis að málefnum alþjóðlegrar þróunarsamvinnu með nokkuð öðrum hætti en frumvarpið gerir ráð fyrir og tryggja þannig nánar aðkomu fulltrúa þingflokkanna að stefnumarkandi umræðu og ákvörðunum ráðherra um alþjóðlega þróunarsamvinnu til lengri tíma. Nefndin ræddi sérstaklega þá breytingu að leggja niður stjórn Þróunarsamvinnustofnunar, en hún er kjörin hlutfallskosningu af Alþingi samkvæmt gildandi lögum. Nokkuð skiptar skoðanir voru um þetta atriði meðal umsagnaraðila og í nefndinni var því sjónarmiði hreyft að aðkoma stjórnar Þróunarsamvinnustofnunar að rekstri og stefnumörkun stofnunarinnar hafi gefið góða raun. Á hinn bóginn kom fram það sjónarmið að það gengi gegn anda frumvarpsins að takmarka aðkomu fulltrúa þingflokkanna við tvíhliða þróunaraðstoð og skynsamlegt væri að þeir hefðu heildaryfirsýn yfir málaflokkinn.

Með hliðsjón af ofangreindu leggur nefndin til breytingu á 2. gr. frumvarpsins þess efnis að á fót verði sett sérstök Þróunarsamvinnunefnd sem Alþingi kjósi sjö fulltrúa til setu í. Jafnframt falli brott ákvæði 4. gr. um að Alþingi kjósi fimm fulltrúa til setu í samstarfsráði um alþjóðlega þróunarsamvinnu, en fulltrúar þess í Þróunarsamvinnunefnd skulu eigi að síður eiga sæti í ráðinu sem verður þá skipað 17 fulltrúum í stað 15. Með skipan sjö þingkjörinna fulltrúa í Þróunarsamvinnunefnd er tryggt að fulltrúar löggjafans hafa eftir þetta aðkomu að allri þróunarsamvinnu, tvíhliða jafnt sem marghliða.

Nefndin leggur auk þess til að við 3. gr. bætist ákvæði þess efnis að drög að tillögu til þingsályktunar sem ráðherra leggur fyrir Alþingi verði lögð fyrir Þróunarsamvinnunefnd til umsagnar og umsögn hennar fylgi tillögunni til Alþingis. Með þessu er stuðlað að vandaðri undirbúningi umfjöllunar málsins á Alþingi. Í tillögunni felst að þingkjörnir fulltrúar fjalla um heildarstefnumörkun í þróunarsamvinnu með nokkuð öðrum hætti en samstarfsráðinu er ætlað að gera. Nefndin telur eðlilegt að vinnulag verði með þeim hætti að Þróunarsamvinnunefnd verði kölluð saman meðan á áætlunargerð ráðherra stendur þannig að afstaða nefndarmanna komi skýrt fram snemma í ferlinu. Jafnframt má búast við því að fulltrúar Þróunar-

samvinnunefndar verði kallaðir fyrir utanríkismálanefnd við umræður um þingsályktunartillöguna á tveggja ára fresti. Þá bendir nefndin á mikilvægi þess að fulltrúar í Þróunarsamvinnunefnd og samstarfsráði um alþjóðlega þróunarsamvinnu hafi tækifæri til að kynnast starfsemi sem Ísland á aðild að í þróunarmálum á erlendri grundu. Nefndin telur einnig eðlilegt að samstarfsráðið komi að lágmarki saman tvisvar á ári.

Þá leggur nefndin til þá orðalagsbreytingu á 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins að hlutverki samstarfsráðsins verði lýst þannig að það verði að sinna ráðgefandi hlutverki við stefnumarkandi ákvarðanatöku í stað þess að vera ráðgefandi stjórnsýslunefnd ráðherra.

Í athugasemdum við frumvarpið er gert ráð fyrir því að sérstakur stýrihópur verði starfandi innan utanríkisráðuneytisins undir stjórn ráðuneytisstjóra. Honum er ætlað að veita utanríkisráðherra þá heildarsýn á málefni þróunarsamvinnu sem frumvarpið stefnir að og móta tillögur til ráðherra sem hafa stefnumótandi áhrif á framkvæmd málaflokksins. Gert er ráð fyrir því að hópurinn samhæfi vinnuaðferðir og ákvarðanir og sinni innra aðhaldi og eftirliti með ákvörðunum og rekstri allrar þróunarsamvinnu opinberra aðila hér á landi.

Í 6. gr. frumvarpsins er að finna ákvæði þess efnis að um þátttöku íslenskra stjórnvalda í friðargæsluverkefnum fari samkvæmt ákvæðum laga um íslensku friðargæsluna og þátttöku hennar í alþjóðlegri friðargæslu. Nefndin telur þetta ákvæði hafa litla sjálfstæða þýðingu og leggur því til að það falli brott.

Til að taka af allan vafa leggur nefndin auk þess til breytingu á 7. gr. frumvarpsins þess efnis að áskilið verði að framkvæmdastjóri Þróunarsamvinnustofnunar skuli hafa lokið háskólaprófi í stað þess að hann skuli hafa háskólamenntun.

Nefndin bendir á að ákvæði 11. gr. frumvarpsins um reglugerðarheimildir felur í sér töluvert víðtækt reglusetningarframsal til ráðherra án tengingar við sérstök efnisákvæði. Nefndin telur reglugerðarheimildir í 4. og 7. gr. frumvarpsins um hlutverk samstarfsráðs um alþjóðlega þróunarsamvinnu og hlutverk Þróunarsamvinnustofnunar nægjanlegar að svo komnu máli og leggur til að ákvæði 11. gr. falli brott.

Nefndin ræddi ákvæði 8. gr. frumvarpsins um tímabundna ráðningu starfsmanna ríkisins við afmörkuð verkefni í þróunarsamvinnu erlendis sérstaklega á fundum sínum. Sú meginbreyting verður með samþykkt ákvæða frumvarpsins að þeir starfsmenn sem Þróunarsamvinnustofnun ræður til starfa hér á landi við verkefni erlendis munu falla undir lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, en svo hefur ekki verið til þessa. Þeir munu því borga skatta og skyldur af launum sínum hér á landi, vera í stéttarfélögum, greiða til íslenskra lífeyrissjóða og ávinna sér réttindi samkvæmt almennum reglum, auk þess sem þeir fá greiddar staðaruppbætur eftir sömu reglum og gilda um starfsmenn utanríkisþjónustunnar samkvæmt frumvarpi sem fjármálaráðherra hefur lagt fram (515. mál). Gengið er út frá því að Þróunarsamvinnustofnun reki áfram starfsstöðvar í samstarfslöndum og að ráðherra geti ákveðið að þær skuli reknar sem sendiráð, en þær eru nú sex talsins og hafa stöðu sendiráða. Vegna ójafnvægis í fjölda starfsmanna í höfuðstöðvum Þróunarsamvinnustofnunar hér á landi annars vegar og starfsmanna á skrifstofum stofnunarinnar í samstarfslöndunum hins vegar er erfitt að koma við flutningsskyldu eins og í utanríkisþjónustunni. Því er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að starfsmenn sem fara til starfa erlendis fái tímabundinn samning hverju sinni. Nefndin leggur áherslu á að um heimildarákvæði er að ræða og bendir á að starfsmannalögin sem slík eru ekki sniðin að starfsmönnum ríkisins sem eru við störf erlendis um lengri tíma. Slík sérákvæði er hins vegar að finna í lögum um utanríkisþjónustu Íslands, nr. 39/1971, og þeim hefur verið beitt um starfsmenn annarra ráðuneyta og ríkisstofnana sem hafa starfað erlendis um lengri tíma. Í þeim tilvikum þegar um er að ræða starfsmann

Þróunarsamvinnustofnunar, utanríkisráðuneytis eða annars opinbers aðila fær viðkomandi starfsmaður leyfi frá reglulegu starfi sínu eins og tíðkast hefur meðan starfi er sinnt erlendis fyrir Þróunarsamvinnustofnun. Tímabinding á störfum erlendis er þannig fyrst og fremst hugsuð til að ná sömu markmiðum og mætt er með flutningsskyldu starfsmanna utanríkisþjónustunnar. Regla starfsmannalaganna um að tímabundin ráðning megi mest vara í tvö ár gæti leitt til þess að óbreyttu að mjög erfitt yrði að fá starfsmenn til tímabundinna starfa í þróunarlöndum. Nefndin fellst á þau rök sem eru fyrir þessari sérreglu frumvarpsins.

Þá er í 2. mgr. 8. gr. frumvarpsins að finna heimild til tímabundinnar tilfærslu starfsmanna milli Þróunarsamvinnustofnunar og utanríkisráðuneytisins án þess að viðkomandi starf sé auglýst. Heimildir af slíku tagi eru nú þegar að nokkru leyti fyrir hendi bæði í starfsmannalögum og í lögum um Stjórnarráð Íslands. Regla frumvarpsins er sérregla sem gengur framar almennu reglunni samkvæmt starfsmannalögunum og reglum fjármálaráðherra þar sem samkvæmt henni má ráða starfsmann án auglýsingar til allt að tveggja ára í senn. Nefndin telur heppilegast að almenn lög gildi um starfsréttindi opinberra starfsmanna. Hins vegar verður í þessu sambandi jafnframt að horfa til séreðlis Þróunarsamvinnustofnunar og utanríkisþjónustunnar á sviði starfsmannamála og hinnar miklu skörunar þar á milli þar sem sveigjanleiki í starfsmannamálum og flutningsskylda starfsmanna skiptir miklu máli. Ákveðin rök eru því fyrir þessari sérreglu frumvarpsins sem nefndin fellst á.

Þá ræddi nefndin töluvert um aðkomu einkaaðila og félagasamtaka að þróunaraðstoð. Í því sambandi tekur nefndin fram að ákvæði 8. gr. frumvarpsins girða á engan hátt fyrir að Þróunarsamvinnustofnun geti gert samninga við einkaaðila og félagasamtök um aðkomu að þróunarverkefnum. Nefndin áréttar að um slíkt gilda almennar reglur og ekki nauðsynlegt að sérstök lagaákvæði verði sett til grundvallar slíkum samningum.

Loks ræddi nefndin um gildistökuákvæði frumvarpsins. Nefndin telur rétt að lögin öðlist þegar gildi, en leggur til að við frumvarpið bætist bráðabirgðaákvæði þess efnis að stjórn Þróunarsamvinnustofnunar starfi til 1. september 2008. Nefndin gengur út frá því að Alþingi muni kjósa fulltrúa til setu í Þróunarsamvinnunefnd strax og þing kemur saman í september og samstarfsráðið komi þá fyrst til starfa að því loknu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með þeim breytingum sem gerð er grein fyrir hér að framan og lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Ásta R. Jóhannesdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Steingrímur J. Sigfússon og Siv Friðleifsdóttir skrifa undir álitið með fyrirvara.

Alþingi, 26. maí 2008.

Bjarni Benediktsson, form., frsm.	Árni Páll Árnason.	Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.
Sigurður Kári Kristjánsson.	Siv Friðleifsdóttir, með fyrirvara.	Björk Guðjónsdóttir.
Lúðvík Bergvinsson.		Kristinn H. Gunnarsson.

1159. Breytingartillögur [442. mál]

við frv. til l. um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands.

Frá utanríkismálanefnd.

1. Við 2. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Alþingi kýs sjö fulltrúa til setu í Þróunarsamvinnunefnd. Hlutverk Þróunarsamvinnunefndar er að tryggja aðkomu fulltrúa þingflokka að stefnumarkandi umræðu og ákvörðunum ráðherra um alþjóðlega þróunarsamvinnu til lengri tíma, sbr. 3. og 4. gr.
2. Við 3. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Drög að tillögu til þingsályktunar skv. 1. mgr. skulu lögð fyrir Þróunarsamvinnunefnd til umsagnar og skal umsögn hennar fylgja tillögunni til Alþingis.
3. Við 4. gr.
   a. Í stað tölunnar „15“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: 17.
   b. 3. málsl. 1. mgr. orðist svo: Fulltrúar í Þróunarsamvinnunefnd skulu eiga sæti í ráðinu, en níu fulltrúar skulu skipaðir með eftirfarandi hætti.
   c. Í stað orðanna „Samstarfsráðið er ráðgefandi stjórnsýslunefnd ráðherra“ í 2. mgr. komi: Samstarfsráðið skal sinna ráðgefandi hlutverki.
   d. Í stað orðanna „að jafnaði“ í 3. mgr. komi: að lágmarki.
   e. 4. mgr. orðist svo:
      Ráðherra getur kveðið nánar á um hlutverk samstarfsráðsins í reglugerð.
4. 6. gr. falli brott.
5. Við 7. gr. Í stað orðanna „Framkvæmdastjóri skal hafa háskólamenntun“ í 2. málsl. 4. mgr. komi: Framkvæmdastjóri skal hafa lokið háskólaprófi.
6. 11. gr. falli brott.
7. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   Þrátt fyrir gildistökuákvæði skal stjórn Þróunarsamvinnustofnunar samkvæmt lögum nr. 43 26. maí 1981 halda umboði sínu og starfa til 1. september 2008.

1160. Nefndarálit [547. mál]

um frv. til. l. um uppbót á eftirlaun.

Frá efnahags- og skattanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Maríönnu Jónasdóttur, Harald Steinþórsson og Ingva Má Pálsson frá fjármálaráðuneyti, Ingvar Rögnvaldsson og Guðrúnu Jenný Jónsdóttur frá ríkisskattstjóra, Sigríði Lillý Baldursdóttur og Sigurð Grétarsson frá Tryggingastofnun ríkisins, Hrafn Magnússon frá Landssamtökum lífeyrissjóða, Guðríði Ólafsdóttur frá Öryrkjabandalagi Íslands, Helga Hjálmsson og Borgþór Kjærnested frá Landssambandi eldri borgara og Unnar Stefánsson frá Félagi eldri borgara. Þá hefur nefndinni borist umsögn frá Alþýðusambandi Íslands.

Í frumvarpinu er mælt fyrir um að þeim sem engan eða takmarkaðan rétt eiga til eftirlaunagreiðslna úr lífeyrissjóði skuli tryggður lágmarkslífeyrir, eftirlaunauppbót, að fjárhæð 25.000 kr., enda hafi þeir hvorki atvinnutekjur né fjármagnstekjur. Er það skilyrði að rétthafi hafi náð 67 ára aldri og að hann uppfylli viss skilyrði um búsetu hér á landi. Upphaf greiðslutímabils er miðað við lok álagningar opinberra gjalda ríkisskattstjóra. Eftirlaunauppbót greiðist úr ríkissjóði og er samkvæmt frumvarpinu meðhöndluð á sama hátt og greiðslur úr lífeyrissjóði í skattalegu tilliti og gagnvart almannatryggingum.

Nefndin bendir á að frumvarpinu er ætlað að rétta hag þeirra aldraðra sem verst eru staddir og lítið sem ekkert hafa greitt í lífeyrissjóð með tilheyrandi ávinnslu réttinda. Nefndin telur að hert eftirlit með því að fólk greiði í lífeyrissjóð, sem tekið var upp fyrir átta árum, leiði til þess að þeim einstaklingum sem þurfa á uppbót samkvæmt frumvarpinu að halda muni fækka en í dag er áætlað að rétthafar samkvæmt frumvarpinu séu um 5.000. Þar af fá einungis 680 fullar bætur sem bendir til að þeir hafi hvorki tekjur af fjármagni, atvinnu né rétti í lífeyrissjóði. Talið er að um sé að ræða eldri ekkjur sem aldrei voru á vinnumarkaði, sjálfstæða smærri atvinnurekendur sem greiddu fyrir starfsmenn sína til lífeyrissjóðs en ekki fyrir sig sjálfa, fatlaða sem aldrei voru á vinnumarkaði, og svo þá sem aldrei greiddu til lífeyrissjóðs þrátt fyrir lagaskyldu. Þá greiða nokkrir lífeyrissjóðir mjög lágan lífeyri af ýmsum ástæðum og má þar nefna Lífeyrissjóð bænda og Lífeyrissjóð leigubifreiðastjóra.

Fram kom í nefndinni að tekjur þess sem engan rétt á í lífeyrissjóði og engar tekjur hefur af atvinnu eða fjármagni og býr einn muni hækka um 12.584 kr. á mánuði fyrir skatt vegna skerðinga á tekjutryggingu og heimilisuppbót. Eftir skatt er um 8.089 kr. að ræða á mánuði. Verður þá enginn aldraður sem býr einn með lægri lífeyri og tekjur en 148.515 kr. á mánuði fyrir skatt. Hjón sem bæði eru á ellilífeyrisaldri og eiga hvorugt rétt í lífeyrissjóði og hafa engar tekjur, hvorki af atvinnu né af fjármagni, hækka hvort um sig um 15.415 kr. á mánuði fyrir skatt og 9.909 kr. eftir skatt og hafa því 19.818 kr. meira til ráðstöfunar á mánuði. Eftir samþykkt frumvarpsins verða engin hjón með lægri tekjur samanlagt en 252.970 kr. á mánuði fyrir skatt.

Í nefndinni kom fram að tvenn sjónarmið voru uppi um greiðslu þessarar uppbótar. Önnur var að nota samtímaupplýsingar um lífeyrisgreiðslur frá lífeyrissjóðum og gera svo upp eftir árið og krefja þá um endurgreiðslu sem hefðu tekjur af fjármagni eða atvinnu. Vegna þess að slíkt kerfi hefur ekki gefist vel var ákveðið að fara þá leið sem kemur fram í frumvarpinu, þ.e. að greiða uppbótina eftir á, og er þá um endanlega upphæð að ræða. Því fylgir þó sá galli að nokkur tími líður frá því að fólk fer á lífeyri og þar til uppbótin berst.

Rætt var í nefndinni hvernig fara ætti með það þegar sá sem öðlast hefur rétt til uppbótar á eftirlaun andast. Fram kom sá skilningur að eftirstandandi greiðslur á greiðslutímabili skuli falla niður við andlát og leggur nefndin til breytingartillögu þar að lútandi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 6. gr. Á eftir 3. mgr. komi ný málsgrein, er orðist svo:
Greiðslur uppbótar, sem falla í gjalddaga eftir að rétthafi andast, falla sjálfkrafa niður.

Alþingi, 27. maí 2008.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Ellert B. Schram.	Bjarni Benediktsson.
Lúðvík Bergvinsson.	Paul Nikolov.	Jón Bjarnason.
Guðbjartur Hannesson.	Höskuldur Þórhallsson.	Ólöf Nordal.

1161. Nefndarálit [613. mál]

um frv. til l. um sjúkratryggingar.

Frá meiri hluta heilbrigðisnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Vilborgu Hauksdóttur, Sigurbjörgu Sigurgeirsdóttur og Unu Björk Ómarsdóttur frá heilbrigðisráðuneytinu, Benedikt Jóhannesson, stjórnarformann sjúkratryggingastofnunar, Kristján Guðjónsson, Ragnar M. Gunnarsson, Hallveigu Thordarson og Hildi Sverrisdóttur frá Tryggingastofnun ríkisins, Sigurð Guðmundsson landlækni, Björn Zoëga, Nils Chr. Nilsen og Margréti I. Hallgrímsson frá Landspítala, Þorvald Ingvarsson frá Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, Svanhvíti Jakobsdóttur, Lúðvík Ólafsson og Þórunni Ólafsdóttur frá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Ingibjörgu S. Benediktsdóttur frá Tannlæknafélagi Íslands, Gísla Pál Pálsson og Tryggva Friðjónsson frá Samtökum fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu, Halldór Sævar Þorbergsson, Emil Thoroddsen og Lilju Þorgeirsdóttur frá Öryrkjabandalagi Íslands, Borgþór S. Kjærnested og Helga Hjálmarsson frá Landssambandi eldri borgara, Harald I. Birgisson frá Viðskiptaráði Íslands, Guðrúnu Björk Bjarnadóttur frá Samtökum atvinnulífsins, Gunnar Ármannsson og Birnu Jónsdóttur frá Læknafélagi Íslands, Héðin Jónsson og Auði Ólafsdóttir frá Félagi íslenskra sjúkraþjálfara, Elsu Friðfinnsdóttur frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Rúnar Vilhjálmsson frá Háskóla Íslands og Steingrím Ara Arason, formann samninganefndar heilbrigðisráðherra.

Umsagnir um málið bárust frá Fjölbrautaskólanum við Ármúla, Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Iðjuþjálfafélagi Íslands, Ljósmæðrafélagi Íslands, MND-félaginu, Landspítala, Félagi nýrnasjúkra, Félagi íslenskra sjúkraþjálfara, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Tryggingastofnun ríkisins, læknaráði Landspítala, Læknafélagi Íslands, landlækni, Alþýðusambandi Íslands, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum fjármálafyrirtækja, Sambandi íslenskra sveitar-

félaga, Samtökum fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu, Heilbrigðisstofnuninni á Hvammstanga, heilsugæslustöðinni í Borgarnesi, Sveitarfélaginu Hornafirði, Landssamtökum heilsugæslustöðva og heilbrigðisstofnana, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Félagi sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara, Háskólanum á Akureyri, tannlæknadeild Háskóla Íslands, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, hjúkrunarheimilinu Sóltúni, Landssamtökunum Þroskahjálp, Öryrkjabandalagi Íslands, Viðskiptaráði Íslands, umboðsmanni barna, Samkeppniseftirlitinu, Landssambandi eldri borgara, Krabbameinsfélagi Íslands, ráðgjafarmiðstöðinni Sjónarhóli, SÍBS og Hjartaheillum, heilsugæslustöðinni á Akureyri og Lífsvog. Einnig bárust minnisblöð og gögn frá heilbrigðisráðuneyti.

Með frumvarpinu er lagt til að sett verði ný heildarlög um sjúkratryggingar. Þá er einnig lagt til að komið verði á fót nýrri stofnun sem annist um framkvæmd sjúkratrygginga, kaup á vörum og þjónustu og samninga og endurgjald vegna heilbrigðisþjónustu í samræmi við stefnumörkun ráðherra á hverjum tíma. Stofnunin tekur við hlutverki Tryggingastofnunar ríkisins hvað snertir framkvæmd sjúkratrygginga, auk framkvæmdar sjúklingatryggingar samkvæmt lögum nr. 111/2000.

Frumvarpið kemur í kjölfar breyttrar verkaskiptingar innan stjórnarráðsins er tók gildi um síðustu áramót með breytingum á lögum um Stjórnarráð Íslands. Verkaskiptingin fól m.a. í sér að samhæfa og gera skilvirkara hlutverk ríkisins sem kaupanda heilbrigðisþjónustu gagnvart þeim sem hana veita og skipta verkefnum Tryggingastofnunar ríkisins upp og afmarka sjúkratryggingar betur innan heilbrigðisráðuneytis og færa lífeyristryggingar og félagslegar bætur til félagsmálaráðuneytis.

Frumvarpið er að meginstefnu annars vegar byggt á ákvæðum laga nr. 100/2007, um almannatryggingar, V. kafla um sjúkratryggingar, sem er að mestu efnislega óbreyttur, en á talsvert öðru og skýrara formi. Hins vegar byggist frumvarpið á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007, um samninga um heilbrigðisþjónustu. Hvað þessa þætti varðar er því fyrst og fremst um formbreytingar að ræða, en ekki miklar efnisbreytingar.

Þá er í frumvarpinu kveðið á um nýja stjórnsýslustofnun, eins og áður segir. Meiri hlutinn bendir á að stofnunin þarf að hafa breiða faglega þekkingu til að tryggja henni sterkt samningsumhverfi. Þannig þarf stofnunin að hafa á að skipa sérfræðiþekkingu sem tryggi að saman geti farið innan stofnunarinnar fagleg og fjárhagsleg hæfni til að meta sjálfstætt aðstæður við samningsgerð hverju sinni, mat á heilsufarslegum þörfum notenda almennt og þeim áhættum sem kunna að felast í tilteknum aðgerðum eða aðgerðaleysi aðila sérstaklega. Meiri hlutinn leggur áherslu á að gert er ráð fyrir að þjónusta nýrrar stofnunar og viðmót hennar gagnvart þeim sem á þjónustu þurfa að halda verði einföld og skilvirk en í 5. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að sjúkratryggingastofnunin og Tryggingastofnun ríkisins reki sameiginlega afgreiðslu, þjónustu og upplýsingagjöf fyrir sjúkratryggða. Utan Reykjavíkur getur sjúkratryggingastofnunin samið við aðra aðila sem veita almannaþjónustu um rekstur umboðsskrifstofu og fer um staðarval og fyrirkomulag eftir ákvörðun stofnunarinnar. Því er stefnt að því að þjónusta við sjúkratryggða batni í kjölfar gildistöku laganna.

Í III. kafla frumvarpsins er fjallað um sjúkratryggingar en í 17. og 22. gr. eru ákvæði um heilsugæslu og aðra sérhæfða heilbrigðisþjónustu. Í greinargerð með 17. gr. er tekið fram að sjúkratryggingar taki til allrar heilsugæslu, hvort sem hún er veitt á heilsugæslustöðvum eða af sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum, séu samningar fyrir hendi. Meiri hlutinn telur rétt að taka fram að með greininni eru heimildir til greiðsluþátttöku ríkisins í hjúkrun rýmkaðar frá gildandi lögum með því að þær eru ekki lengur bundnar við heimahjúkrun. Hér er ekki eingöngu átt við heimildir til greiðsluþátttöku í almennri hjúkrun utan heilsugæslu-

stöðva heldur einnig aðra sérhæfða hjúkrunarmeðferð utan sjúkrahúsa. Þá er í 22. gr. tekið fram að sjúkratryggingar taki til annarrar sérhæfðrar heilbrigðisþjónustu og nefnt sem dæmi aðstoð ljósmóður við fæðingar í heimahúsum og sérhæfð meðferð alvarlegra húðsjúkdóma. Telur meiri hlutinn rétt að taka fram að upptalning þessi er ekki tæmandi og að undir þetta fellur einnig sængurlega í heimahúsum, sálfræðileg meðferð og önnur þjónusta heilbrigðisstétta og starfsmanna sem samið hefur verið við samkvæmt ákvæðum þessum.

Í frumvarpinu eru ákvæði um að sjúkratryggingastofnun geti áskilið vottorð sérfræðinga, svo sem um nauðsyn þjálfunar eða hjálpartækis skv. m.a. 21. og 26. gr. Meiri hlutinn telur rétt að taka fram að þegar vísað er til sérfræðinga í frumvarpinu er ekki eingöngu átt við sérfræðinga innan sérgreina læknisfræðinnar heldur einnig sérfræðinga í viðkomandi greinum heilbrigðisstétta. Í því sambandi má nefna að þeir sérfræðingar sem vísað er til í 26. gr. varðandi nauðsyn hjálpartækis hafa ekki síst verið sjúkraþjálfarar. Því til áréttingar má benda á að í 19. gr. eru ákvæði um að sjúkratryggingar taki einnig til nauðsynlegra rannsókna og meðferðar hjá sérgreinalæknum. Hér er hugtakið sérgreinalæknir notað, en ekki hugtakið sérfræðingur eins og algengt er í daglegu máli um sérfræðinga í sérgreinum lækninga. Meiri hlutinn lítur þannig á að sérfræðingar í skilningi frumvarpsins séu einnig sérfræðingar á viðkomandi sviðum heilbrigðisþjónustu sem greiðsluþátttaka sjúkratrygginga tekur til samkvæmt samningum þar um.

Í frumvarpinu eru engar nýjar gjaldtökuheimildir frá því sem nú er samkvæmt lögum og reglugerðum. Hins vegar ræddi nefndin ýmis atriði er varða gjaldtökuheimildir sem kveðið er á um í 29. gr. frumvarpsins.

Í 18. gr. frumvarpsins er fjallað um að sjúkratryggingar taki til ókeypis vistar á sjúkrahúsum að ráði læknis. Í því sambandi ræddi nefndin sérstaklega um gjaldtöku á göngudeildum sjúkrahúsa vegna meðferðar og rannsókna, sbr. einnig gjaldtökuheimildir 2. tölul. 29. gr. sem kveður á um heimildir til gjaldtöku fyrir almenna og sérhæfða heilbrigðisþjónustu á göngudeild, dagdeild, slysadeild og bráðamóttöku sjúkrahúsa án innlagnar á sjúkrahús með vísan í 2. mgr. 18. gr. frumvarpsins. Meiri hlutinn leggur áherslu á að greiðsluþátttaka sjúklings annars vegar vegna rannsókna og annars undirbúnings vegna innlagnar á sjúkrahús og hins vegar vegna langvarandi meðferðar sem veitt er á göngudeild sjúkrahúsa án innlagnar verði skoðuð sérstaklega þar sem hún er mjög íþyngjandi fyrir sjúklinga og felur jafnvel í sér mismunun milli sjúklingahópa og meðferða. Meiri hlutinn telur mikilvægt að þessi atriði verði til skoðunar í nefnd heilbrigðisráðherra um endurskoðun á gjaldtöku í heilbrigðisþjónustu sem fyrirhugað er að skili niðurstöðum á haustdögum.

Á fundum nefndarinnar komu fram athugasemdir frá umboðsmanni barna um að með 1. mgr. 32. gr. frumvarpsins séu lagðar til breytingar á rétti til sjúkradagpeninga frá gildandi lögum með því að réttur til sjúkradagpeninga er bundinn við að umsækjandi hafi náð 18 ára aldri í stað 16 ára. Einstaklingar verða ekki lögráða fyrr en við 18 ára aldur samkvæmt lögræðislögum, nr. 71/1997, og framfærsluskylda foreldra samkvæmt barnalögum, nr. 76/2003, helst fram að þeim tíma. Fram kom að nokkur fjöldi ungmenna á aldrinum 16 til 18 ára er á vinnumarkaði, auk þess sem fjölmargir framhaldsskólanemar stunda vinnu samhliða námi, sumir sér til framfærslu. Meiri hlutinn telur að með breytingunni eigi ungmenni á aldrinum 16–18 ára ekki rétt á sjúkradagpeningum og geti því orðið bótalaus verði þau óvinnufær. Staða ungmenna á aldrinum 16–18 ára á vinnumarkaði verður því lakari en fullorðinna. Þá verður ekki framhjá því litið að börn verða sjálfstæðir skattaðilar við 16 ára aldur samkvæmt lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt. Meiri hlutinn telur að 18 ára aldur eigi að vera hið al-

menna viðmið í lögunum en í ljósi athugasemdanna leggur meiri hlutinn til að ráðherra geti í reglugerð kveðið á um undanþágu frá aldursskilyrði 1. mgr. fyrir 16 og 17 ára börn.

Í 3. mgr. 29. gr. er þeim heilbrigðisstofnunum sem fengið hafa heimild ráðherra til að veita ósjúkratryggðum einstaklingum heilbrigðisþjónustu á einkaréttarlegum grundvelli samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu heimilað að taka hærra gjald fyrir þjónustuna en nemur kostnaði af veitingu hennar. Hér er um sambærilegt ákvæði að ræða og er í gildandi lögum og lýtur að heimild til sölu heilbrigðisþjónustu úr landi í þeim skilningi að þjónustan sé veitt útlendingum sem ekki eru sjúkratryggðir hér á landi. Á þetta við um sérhæfðar skurðaðgerðir eða meðferðir þannig að það skerði ekki lögbundna þjónustu stofnunarinnar við sjúkratryggða einstaklinga.

Í 38. gr. frumvarpsins segir að séu samningar um heilbrigðisþjónustu ekki fyrir hendi sé í sérstökum tilfellum heimilt tímabundið að endurgreiða sjúkratryggðum útlagðan kostnað vegna heilbrigðisþjónustu á grundvelli gjaldskrár sem sjúkratryggingastofnunin gefur út. Þetta ákvæði er nýmæli sem meiri hlutinn vill sérstaklega fagna enda er einungis gert ráð fyrir að ávallt verði gripið til slíks úrræðis tímabundið og ákvæðið heimilar ekki að komið sé á varanlegu endurgreiðslukerfi án þess að fyrir liggi samningar milli sjúkratryggingastofnunarinnar og viðsemjenda. Ákvæðið verður því nýtt til að brúa millibilsástand þegar samningaviðræður standa yfir og ekki hafa verið gerðir fullnægjandi samningar um heilbrigðisþjónustu á afmörkuðu sviði. Meginreglan er því enn sem fyrr að samningur milli sjúkratryggingastofnunarinnar og veitenda þjónustu þarf að liggja fyrir ef til þess á að koma að ríkið greiði hlutdeild í kostnaði við heilbrigðisþjónustu.

Nefndin ræddi um IV. kafla frumvarpsins sem fjallar um samninga um heilbrigðisþjónustu. Í 39. gr. er kveðið á um nýmæli en þar er gert ráð fyrir að sjúkratryggingastofnunin geri samninga við heilbrigðisstofnanir, sveitarfélög, sjálfseignarstofnanir, fyrirtæki og einstaklinga um veitingu heilbrigðisþjónustu sem felur í sér að ekki er gert ráð fyrir að samið verði við fagfélög og stéttarfélög eins og tíðkast hefur.

Í 40. gr. frumvarpsins eru ákvæði um samninga í heilbrigðisþjónustu og í 2 mgr. er tekið fram að við samningsgerð skuli tryggja jafnræði í aðgengi sjúkratryggðra að þeirri þjónustu, m.a. hvað varðar efnahag og búsetu, enda er það í samræmi við markmið frumvarpsins eins og fram kemur í 1. gr.

Í 3. mgr. 40. gr. kemur fram að við val á viðsemjendum skuli hlutlæg og málefnaleg sjónarmið lögð til grundvallar mati á því við hvaða aðila skuli samið. Þar kemur jafnframt fram að við valið skuli tekið mið af stefnumörkun ráðherra samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu og öðrum lögum en einnig skal tekið mið af hæfni, gæðum, hagkvæmni, kostnaði, öryggi, viðhaldi nauðsynlegrar þekkingar og jafnræði.

Með þessum málefnalegu viðmiðunum sem lögð eru til grundvallar vali sjúkratryggingastofnunarinnar á samningsaðilum telur meiri hlutinn nauðsyn að höfð sé hliðsjón af markmiðum samkeppnislaga og að gætt sé jafnræðis með þeim sem sækjast eftir að gera samninga um tiltekna heilbrigðisþjónustu við heilbrigðisyfirvöld eða um greiðslu fyrir slíka þjónustu. Þannig telur meiri hlutinn að í samningum við sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn og aðra rekstraraðila annars vegar og hins vegar við stofnanir ríkisins verði jafnræðis og óhlutdrægni gætt þannig að rekstrar- og samkeppnisstaða aðila sé tryggð. Þannig ítrekar meiri hlutinn þá skoðun heilbrigðis- og trygginganefndar frá árinu 2001 þegar sambærileg heimild til ráðherra um að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að framfylgja stefnu um forgangsröðun, aukna hagkvæmni og aukin gæði í heilbrigðisþjónustu var fyrst sett í lög um heilbrigðisþjónustu, að hún kæmi ekki í veg fyrir beitingu samkeppnislaga í atvinnustarfsemi á

sviði heilbrigðisþjónustu. Þessi atriði ásamt þeim meginreglum sem felast í samkeppnislögum setja ákvörðunum ráðherra og sjúkratryggingastofnunarinnar í þessum málaflokki þann ramma sem nauðsynlegur er. Meiri hlutinn telur ljóst að þegar ráðherra eða sjúkratryggingastofnun forgangsraða verkefnum innan opinbera heilbrigðiskerfisins eða ákveður að fela opinberum aðilum að sinna ákveðinni þjónustu með vísan til þeirra sjónarmiða sem greind eru sem lögmæt viðmið í 40. gr. þá varðar það ekki samkeppnislög. Einkaaðilar geta þannig t.d. ekki með vísan til samkeppnislaga krafist að fá tiltekna þjónustu boðna út ef úthýsing á þjónustunni gerði sjúkratryggingastofnuninni ókleift að tryggja opinberum heilbrigðisstofnunum fullnægjandi magn verkefna til að tryggja fullnægjandi viðhald þekkingar og fjölbreytni í verkefnum út frá öryggis- og kennsluhlutverki stofnananna, jafnvel þótt þeir geti boðið lægra verð. Á hinn bóginn skulu ráðherra og sjúkratryggingastofnun fara að samkeppnislögum þegar ákveðið hefur verið að leita verðtilboða frá veitendum heilbrigðisþjónustu.

Í 3. mgr. 40. gr. kemur einnig fram það markmið að við samningsgerð um heilbrigðisþjónustu skuli þess gætt að raska ekki þeirri þjónustu sem veita ber samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu. Í því sambandi vill meiri hlutinn benda á að með þessu er reynt að girða fyrir það sem kallast „rjómafleyting“ í heilbrigðisþjónustu, þ.e. að aðilar utan hins opinbera kerfis geti ekki tínt út ábatasömustu þjónustuþættina, ef það þýðir að hið opinbera þjónustukerfi missi hæfni til að beita þjónustu á hagkvæman og öruggan hátt og þegar upp er staðið geti heildarkostnaður orðið meiri. Þannig má markmið um að halda kostnaði niðri ekki bitna á þáttum eins og að viðhalda hæfni, öryggi og gæðum í heildarskipulagi heilbrigðisþjónustu við landsmenn, m.a. í bráðaþjónustu.

Þá vill meiri hlutinn leggja áherslu á að þegar samningar eru gerðir um tiltekna þjónustu verði þess gætt að samningar verði gerðir við fleiri en einn aðila til að gæta samkeppnis- og öryggissjónarmiða svo að tryggja megi að þekking aðila sem veita sambærilega þjónustu viðhaldist og að þeir sem eru í samkeppni um að veita tiltekna þjónustu detti ekki af „markaðnum“ sem leiði til ástands sem líkja má við fákeppni innan viðkomandi sviðs. Jafnframt leggur meiri hlutinn áherslu á að í samningum um veitingu heilbrigðisþjónustu, hvort heldur um er að ræða opinbera aðila eða aðra, skuli semja um að viðkomandi taki að sér menntunar- og þjálfunarhlutverk, sé þess nokkur kostur, til að tryggja endurnýjun þekkingar innan viðkomandi sviðs.

Meiri hlutinn vekur athygli á 43. gr. frumvarpsins sem segir að um gjald sem sjúkratryggður greiði fyrir þjónustuna fari skv. 29. gr. og er veitendum þjónustu óheimilt að krefja hann um frekara gjald. Í samningi milli sjúkratryggingastofnunarinnar og viðsemjanda felist því heildarendurgjald fyrir þá þjónustu sem viðsemjandi stofnunarinnar tekur að sér að veita sjúkratryggðum. Veitanda þjónustunnar er þannig óheimilt að krefja sjúkratryggðan um annað eða hærra gjald en gert er ráð fyrir að hann greiði skv. 29. gr. frumvarpsins. Því er að mati meiri hlutans óleyfilegt að kaupa sig fram fyrir aðra þegar kemur að heilbrigðisþjónustu. Þeirri spurningu var velt upp í þessu samhengi við meðferð málsins innan nefndarinnar hvort sjúkratryggður einstaklingur ætti þess kost að afþakka kostnaðarþátttöku sjúkratryggingastofnunarinnar og komast þannig fram fyrir aðra sjúkratryggða einstaklinga í biðröð. Svo er ekki og verður ekki heldur í kjölfar þessarar löggjafar. Í núgildandi samningum milli Tryggingastofnunar ríkisins og lækna er ákvæði sem felur m.a. í sér að sjúkratryggðum einstaklingi er heimilt að óska skriflega eftir því að læknir taki hann til meðferðar án greiðsluþátttöku sjúkratrygginga. Skilyrði þess að þetta sé heimilt er að viðkomandi læknir geti boðið sjúklingi þjónustu innan almannatryggingakerfisins á sama tíma þannig að sjúklingur hafi raun-

verulegt val á greiðsluaðferð. Ákvæðið tekur til allra sjúkratryggðra einstaklinga og er bindandi fyrir lækna sem semja við Tryggingastofnun. Gert er ráð fyrir að sami háttur verði hafður á í samningum sjúkratryggingastofnunarinnar við veitendur heilbrigðisþjónustu. Þannig er algerlega girt fyrir að veitendur heilbrigðisþjónustu sem semja við sjúkratryggingastofnunina geti veitt sjúkratryggðum einstaklingi forgang á biðlista eða aðra ívilnun gegn því að hann borgi kostnað við aðgerð að fullu.

Í 45. gr. frumvarpsins er fjallað um gæði og eftirlit og er tekið fram að sjúkratryggingastofnunin skuli hafa náið samráð við landlækni um fyrirkomulag og framkvæmd eftirlits, enda er kveðið á um það í 45. gr. frumvarpsins hvernig því samstarfi skuli háttað. Ljóst er að hin nýja stofnun mun þurfa aðgang að samræmdum skráningargögnum frá samningsaðilum til þess að geta sinnt eftirlitinu. Þó að ekki liggi fyrir nákvæm greining á þörfum sjúkratryggingastofnunar á gögnum má teljast líklegt að þarfir þessara stofnana séu að talsverðum hluta sambærilegar og að þær geti nýtt sömu gagnalindir eða heilbrigðisskrár landlæknis eins og kveðið er á um í greininni. Meiri hlutinn leggur áherslu á að þegar þarfagreining sjúkratryggingastofnunar liggur fyrir geti landlæknir tekið tillit til þarfa stofnunarinnar í tilmælum sínum um lágmarksskráningu þótt þarfir stofnunarinnar um upplýsingar kunni að ganga lengra varðandi einstaka þætti. Jafnframt leggur meiri hlutinn áherslu á að í samningum við aðila verði gætt að faglegum kröfum, þ.m.t. um mönnun og samsetningu mannafla.

Meiri hlutinn leggur til að við 47. gr., sem fjallar um samninga á kaupum á vörum og þjónustu, bætist ný málsgrein sem felur í sér þann skilning nefndarinnar að sjúkratryggingastofnuninni beri að leita bestu mögulegra kjara, að teknu tilliti til gæða, á þeim vörum og þjónustu sem hún greiðir eða tekur þátt í að greiða samkvæmt lögum þessum en sambærileg grein er í gildandi lögum um almannatryggingar.

Fram komu fyrir nefndinni athugasemdir er tengjast réttindum þeirra sem njóta endurhæfingarlífeyris og að þeirra sé ekki gætt í frumvarpinu. Meiri hlutinn vill taka fram að í 7. gr. laga nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, segir að endurhæfingarlífeyrir skuli nema sömu fjárhæð og grunnlífeyrir örorkulífeyris ásamt tekjutryggingu, og um aðrar tengdar bætur fari eftir sömu reglum sem um elli- og örorkulífeyri. Tilvísun greinarinnar í „aðrar tengdar bætur“ hefur verið túlkuð svo að hér sé ekki aðeins átt við bætur greiddar í peningum svo sem heimilisuppbót, heldur einnig bætur sjúkratrygginga, t.d. þátttöku í kostnaði við tannlækningar og greiðslu lægra gjalds fyrir heilbrigðisþjónustu. Hingað til hafa ákvæði um þessi réttindi verið í tvennum lögum, þ.e. lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð, og verður ekki séð að það breyti túlkun þeirra þó að í stað ákvæða laga um almannatryggingar komi ákvæði laga um sjúkratryggingar. Meiri hlutinn leggur því áherslu á að þeir sem njóta endurhæfingarlífeyris halda sínum réttindum.

Á fundum nefndarinnar var rætt um mikilvægi þess að flýtt verði vinnu við rafræna sjúkraskrá enda er hún grundvallargagn við greiningu á þörfum í heilbrigðisþjónustu. Meiri hlutinn fagnar því að frumvarp um sjúkraskrá hefur nú verið lagt fyrir Alþingi og leggur áherslu á að nefndin fái það til umfjöllunar og afgreiðslu við fyrsta tækifæri.

Meiri hlutinn leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu en í 45. gr. frumvarpsins er fjallað um gæði og eftirlit sjúkratryggingastofnunar með starfsemi samningsaðila. Í 2. mgr. 45. gr. segir að stofnunin geti ákveðið að setja í samninga ákvæði sem ætlað er að stuðla að gæðum og árangri þjónustunnar, m.a. um gæðastjórnunarkerfi og vottun þeirra, faggildingu, árangursmælingar og upplýsinga- og skýrslugjöf. Meiri hlutinn leggur til breytingu á þessu

ákvæði sem felur í sér að kveðið verði skýrar á um þetta eftirlit, þ.e. að stofnunin skuli setja slík ákvæði í þessa samninga.

Meiri hlutinn leggur einnig til þá breytingu á 45. gr. að í stað þess að læknum sjúkratryggingastofnunar eða tannlæknum, þegar það á við, sé heimilt að leita upplýsinga hjá þeim sem notið hafa þjónustunnar vegna eftirlitshlutverks stofnunarinnar og skoða þann hluta sjúkraskrár sem nauðsynlegt er vegna eftirlits með samningum verði þessi heimild til handa læknum og öðrum heilbrigðisstarfsmönnum innan stofnunarinnar. Með því er t.d. átt við að sjúkraþjálfarar hafi eftirlit með sjúkraþjálfurum o.s.frv. Meiri hlutinn leggur auk þess til að við 2. málsl. 46. gr. bætist að framangreindum heilbrigðisstarfsmönnum sjúkratryggingastofnunar verði heimilt að skoða þann hluta sjúkraskrár sem nauðsynlegt er vegna eftirlits með samningum og reikningsgerð á hendur stofnuninni að auki.

Þá leggur meiri hlutinn til breytingu á 48. gr. sem fjallar um vanefndir og aðgerðir vegna vanefnda, þannig að í stað orðsins áminning í 2. tölul. greinarinnar komi orðið viðvörun. Loks leggur meiri hlutinn til lagfæringu á tilvísun í ákvæði IV til bráðabirgða en vísað er til 3. mgr. 43. gr. í stað 4. mgr. 43. gr.

Í athugasemdum við 20. gr. sem fjallar um nauðsynlegar tannlækningar aldraðra, öryrkja og barna yngri en 18 ára segir að með öryrkjum sé átt við þá sem metnir hafa verið til a.m.k. 50% örorku. Meiri hlutinn telur nauðsynlegt að leiðrétta þessa villu í greinargerð þar sem hér er átt við þá sem metnir hafa verið til a.m.k. 75% örorku.

Á fundum sínum ræddi nefndin um kostnaðargreiningu heilbrigðisþjónustunnar en fram kom að tilgangur frumvarpsins er m.a. að styrkja hlutverk ríkisins sem kaupanda heilbrigðisþjónustu og kostnaðargreina einstaka þætti heilbrigðisþjónustunnar ásamt því að taka upp blandaða fjármögnun á heilbrigðisstofnunum þar sem fjármagn fylgi sjúklingum. Þannig fái heilbrigðisstofnanir fjármagn í samræmi við þörf og fjölda verka. Meiri hlutinn telur að með því verði skapað svigrúm til fjölbreytilegri rekstrarforma í heilbrigðisþjónustu, m.a. með útboðum og þjónustusamningum.

Meiri hlutinn telur að með frumvarpinu sé unnt að stuðla að gæðum heilbrigðisþjónustunnar og hagkvæmum rekstri hennar ásamt því að ná hámarksgæðum eftir því sem frekast er unnt á hverjum tíma en jafnframt verði tryggt að allir hafi jafnan aðgang að henni, óháð efnahag.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Guðjón A. Kristjánsson áheyrnarfulltrúi í nefndinni er samþykkur áliti þessu með fyrirvara.

Alþingi, 27. maí 2008.

Ásta Möller, form., frsm.	Ágúst Ólafur Ágústsson.	Pétur H. Blöndal.
Árni Páll Árnason.	Ragnheiður Ríkharðsdóttir.	Ellert B. Schram.

1162. Breytingartillögur [613. mál]

við frv. til l. um sjúkratryggingar.

Frá meiri hluta heilbrigðisnefndar (ÁMöl, ÁÓÁ, PHB, ÁPÁ, RR, EBS).

1. Við 32. gr. Á eftir orðinu „hámarksgreiðslutímabils“ í 12. mgr. komi: undanþágu frá aldursskilyrði 1. mgr. fyrir 16 og 17 ára börn.
2. Við 45. gr.
   a. Í stað orðanna „getur ákveðið að“ í 2. mgr. komi: skal.
   b. Við 2. mgr. bætist: sbr. lög um landlækni.
   c. Í stað orðsins „tannlæknum“ í 4. mgr. komi: eftir atvikum hlutaðeigandi heilbrigðisstarfsmönnum.
3. Við 46. gr.
   a. Í stað orðsins „tannlæknum“ í 1. og 2. málsl. komi: hlutaðeigandi heilbrigðisstarfsmönnum.
   b. Við 2. málsl. bætist: og reikningsgerð á hendur stofnuninni.
4. Við 47. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Sjúkratryggingastofnuninni ber að leita bestu mögulegra kjara, að teknu tilliti til gæða, á þeim vörum og þjónustu sem hún greiðir eða tekur þátt í að greiða samkvæmt lögum þessum.
5. Við 48. gr. 2. tölul. orðist svo: Viðvörun.
6. Við ákvæði til bráðabirgða IV. Í stað „3. mgr.“ í síðari málslið komi: 4. mgr.

1163. Nefndarálit [464. mál]

um frv. til l. um breyt. á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta heilbrigðisnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hólmfríði Grímsdóttur, Ingolf J. Petersen og Einar Magnússon frá heilbrigðisráðuneyti, Rúnu Hauksdóttur frá lyfjagreiðslunefnd, Sigurð Guðmundsson landlækni, Rannveigu Gunnarsdóttur og Helgu Þórisdóttur frá Lyfjastofnun, Sigurð Jónsson og Þórberg Egilsson frá SVÞ – Samtökum verslunar og þjónustu, Harald Birgisson frá Viðskiptaráði, Jakob Fal Garðarsson og Davíð Ingason frá Frumtökum – samtökum framleiðenda frumlyfja, Andrés Magnússon og Guðnýju Rósu Þorvarðardóttur frá Félagi íslenskra stórkaupmanna, Magnús Steinþórsson og Bessa Gíslason frá Lyfjaveri, Önnu Birnu Almarsdóttur frá lyfjafræðideild HÍ, Nínu Björk Ásbjörnsdóttur, Ólaf Ólafsson og Sigríði Siemsen frá Lyfjafræðingafélagi Íslands, Ólaf Guðmund Adolfsson frá Apóteki Vesturlands, Tinnu Ásgeirsdóttur og Gunnar Ólaf Haraldsson frá Háskóla Íslands, Ásgeir Þór Árnason frá Hjartaheillum, Pál Gunnar Pálsson og Marín Ólafsdóttur frá Samkeppniseftirlitinu og Sigrúnu Jóhannesdóttur frá Persónuvernd.

Umsagnir bárust um málið frá landlæknisembættinu, Persónuvernd, Tryggingastofnun ríkisins, SVÞ – Samtökum verslunar og þjónustu, Landspítala, lyfjafræðideild Háskóla

Íslands, Viðskiptaráði Íslands, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Læknafélagi Íslands, Neytendasamtökunum, Frumtökum – samtökum framleiðenda frumlyfja, Lyfjastofnun, Félagi íslenskra stórkaupmanna, Lyfjafræðingafélagi Íslands, Lyfjaveri, Samkeppniseftirlitinu, Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, lyfjagreiðslunefnd, Alþýðusambandi Íslands og Öryrkjabandalagi Íslands. Auk þess bárust gögn frá heilbrigðisráðuneyti.

Með frumvarpinu eru lagðar til ýmsar ráðstafanir sem miða að því að efla samkeppni á lyfjamarkaði, auka þjónustu við neytendur og einfalda stjórnsýslu á sviði lyfjamála. Þannig verði leyfisveitingar á sviði lyfjamála fluttar frá heilbrigðisráðuneyti til Lyfjastofnunar. Bann við póstverslun með lyf verði fellt brott og heimiluð sala nikótín- og flúorlyfja utan lyfjabúða. Þá er lagt til að verð frá sama söluaðila á lyfseðilsskyldu lyfi verði það sama um allt land og að lyfjanefndir sjúkrahúsa gefi út bindandi lista um notkun á lyfjum á viðkomandi stofnun í þeim tilgangi að halda kostnaði í lágmarki. Loks gerir frumvarpið ráð fyrir að eftirlit og eftirfylgni með lyfjaávísunum og aukaverkunum lyfja verði styrkt með því að lengja varðveislutíma gagna í lyfjagagnagrunni landlæknis úr þremur árum í 30.

Í frumvarpinu er lagt til að flytja leyfisveitingar á sviði lyfjamála frá heilbrigðisráðuneyti til Lyfjastofnunar. Meiri hlutinn telur þessa breytingu til bóta og í anda breytinga um einföldun á stjórnsýslu sem unnið hefur verið að innan Stjórnarráðsins á síðustu missirum. Enda hefur meginþunginn af vinnu við útgáfu leyfanna verið í höndum Lyfjastofnunar og þar liggur mesta fagþekkingin á þessu sviði. Jafnframt verði málsmeðferð gerð markvissari og réttaröryggi verður betur tryggt með því að unnt verði að fá ákvörðun endurskoðaða á hærra stjórnsýslustigi, þ.e. hjá ráðherra.

Í 2. gr. frumvarpsins er lögð til sú breyting að heimila sölu nikótín- og flúorlyfja utan lyfjabúða. Tilgangur ákvæðisins er að auka aðgengi að þessum lyfjum og auka samkeppni í sölu þeirra, en búast má við að verð þeirra lækki í kjölfarið. Þessi lyf eru notuð í forvarnaskyni, annars vegar til að hjálpa reykingamönnum að hætta að reykja og hins vegar til tannverndar. Því er eðlilegt að þau séu jafnaðgengileg og tóbak og sælgæti í verslunum. Á fundum nefndarinnar kom fram að neysla nikótínlyfja er mun meiri hér á landi en t.d. annars staðar á Norðurlöndum. Jafnframt kom fram að nikótínlyf geta verið ávanabindandi og ákveðin hætta er á misnotkun. Til að minnka reykingar og taka þó tillit til þessa leggur meiri hlutinn til þá breytingu á frumvarpinu að einungis verði heimilað að selja minnstu pakkningar og minnsta styrkleika lyfjanna utan lyfjabúða til að draga úr hættu á misnotkun þeirra, en minnsti styrkleiki nikótínlyfja er nú 2 mg og minnstu pakkningar eru nú 12, 24 og 30 stykki. Um sölu á nikótíni og flúorlyfjum gildir að þeir einir mega selja þessi lyf sem eru orðnir 18 ára og ekki er heimilt að afhenda þau eða selja þeim sem er undir 18 ára aldri. Meiri hlutinn leggur því til eftirfarandi breytingu á 1. málsl. 2. gr.: „Þó er heimilt að selja utan lyfjabúða flúorlyf og minnstu pakkningar og minnsta styrkleika nikótínlyfja sem ekki eru lyfseðilsskyld.“

Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga hefur eftirlit með starfsemi almennra verslana og veitingastaða. Gert er ráð fyrir að Lyfjastofnun geri samkomulag við sveitarfélög um að heilbrigðiseftirlit á þeirra vegum taki að sér eftirlit með sölu nikótín- og flúorlyfja og færi það í gjaldskrá sveitarfélaganna. Lyfjastofnun missir því væntanlega eftirlitsgjöld vegna sölu þessara lyfja. Þess má geta að eftirlitsgjöld vegna nikótín- og flúorlyfja nema um 1 millj. kr. á ári svo um óverulegar upphæðir er að ræða.

Í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að bann við póstverslun með lyf verði fellt brott. Það felur annars vegar í sér að opnað er fyrir póstverslun innan lands og hins vegar er opnað fyrir

erlendan markað með lyf sem hafa markaðsleyfi hér á landi. Gert er ráð fyrir að póstverslunin verði bundin lyfsöluleyfum og sé í tengslum við starfandi lyfjabúð til þess að hún falli að þeirri umgjörð sem búin er lyfjaverslun í landinu og á Evrópska efnahagssvæðinu. Með þessu er þess vænst að samkeppni aukist á lyfjamarkaði sem muni leiða til lækkunar lyfjaverðs þar sem markaðsráðandi lyfjakeðjum og lyfjaheildsölum yrði veitt aðhald í samkeppni. Þá má telja að breytingin feli jafnframt í sér ný tækifæri fyrir lyfjaverslanir, t.d. á landsbyggðinni.

Þá telur meiri hlutinn nauðsynlegt að taka fram að með breytingunni er gert ráð fyrir greiðsluþátttöku almannatrygginga varðandi lyf sem keypt eru erlendis frá í gegnum póstverslun hafi þau markaðsleyfi hér á landi og uppfylli skilyrði laga og reglugerða, sbr. einnig varðandi undanþágulyf, þ.e. þau sem Lyfjastofnun hefur heimilað lækni að veita á eigin ábyrgð, sbr. 7. mgr. 7. gr. lyfjalaga.

Fyrir nefndinni komu fram þau sjónarmið að það væri álitamál hvort póstverslun með lyf erlendis frá muni hafa áhrif á lyfjaverslun í landinu og að hún gæti orðið til þess að útibúum lyfjaverslana á landsbyggðinni mundi fækka. Telur meiri hlutinn að sjónarmið um lægra lyfjaverð til neytenda vegi þyngra í því sambandi og einnig að breytingin gæti falið í sér tækifæri fyrir lyfjabúðir á landsbyggðinni sem ekki eru til staðar nú. Þá var bent á hættu á að fölsuðum lyfjum yrði dreift í gegnum póstverslun. Meiri hlutinn vill ítreka að mikill greinarmunur er gerður annars vegar á netverslun með lyf og póstverslun með lyf. Netverslun fer fram á netinu og er verslun með lausasölulyf og er ástæða að vara við slíkri verslun vegna hættu á fölsuðum lyfjum. Póstverslun fer hins vegar fram gegnum viðurkenndan lyfsöluleyfishafa. Meiri hlutinn telur nauðsynlegt að fyrir gildistöku laganna sem fyrirhuguð er 1. október 2008 að settar verði skýrar reglur um öryggi, gæðakröfur og eftirlit og að tæknileg útfærsla á því liggi fyrir í reglugerð. Meiri hlutinn leggur áherslu á að í þeim verði öryggi sjúklinga og gæði þeirra lyfja sem afhent eru með þeim hætti tryggð, sbr. ályktun frá Evrópuráðinu um póstverslun og leiðbeiningar fyrir dreifingu lyfja með pósti. Jafnframt leggur meiri hlutinn áherslu á að áhrif af póstverslun verði skoðuð og fylgst verði náið með þróuninni bæði hérlendis og erlendis.

Fyrir nefndinni var þeim sjónarmiðum hreyft að póstsendingar lyfja færu gegn 6. tölul. 1. mgr. 21. gr. lyfjalaga en þar kemur fram að sé lyfjaútibú til staðar í byggðarlagi þar sem ekki er starfrækt lyfjabúð skuli ekki veita leyfi til reksturs annars lyfjaútibús á lægra þjónustustigi. Meiri hlutinn telur nauðsynlegt að taka fram að hann telur að umrætt ákvæði eigi ekki að hafa nein áhrif á póstverslun sem slíka enda geti póstverslun ekki talist „lyfjaútibú á lægra þjónustustigi“.

Í 9. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að lyfjanefndir sjúkrahúsa gefi út bindandi lista um notkun á lyfjum á viðkomandi stofnun í þeim tilgangi að halda kostnaði í lágmarki en þetta er breyting frá gildandi lögum þar sem lyfjalistar hafa einungis verið ráðgefandi. Þess er vænst að breytingin feli í sér lækkun á lyfjaverði. Fyrir nefndinni var þeim sjónarmiðum hreyft að bindandi lyfjalistar geti hamlað samkeppni og hindrað að á markaðinn komist ný og virkari lyf. Leggur meiri hlutinn því áherslu á að þeir þurfa að vera í stöðugri endurskoðun.

Nefndin ræddi á fundum sínum mjög ítarlega ákvæði 10. gr. frumvarpsins þar sem lagt er til að verð lyfseðilsskyldra lyfja sama söluaðila skuli vera það sama um allt land. Markmiðið með greininni er að auka samkeppni og lækka lyfjaverð á Íslandi. Lyfjaverð á Íslandi er almennt hærra en í nágrannalöndum okkar og mjög takmarkað framboð er af samheitalyfjum sem eru að öllu jöfnu ódýrari en frumlyf. Með þessari breytingu á lyfjalögum er verið

að bregðast við ágöllum í núverandi rekstrarumhverfi lyfjamarkaðarins þar sem takmörkuð verðsamkeppni ríkir vegna fákeppni. Jafnframt er þess vænst að breytingin taki á þeim göllum núverandi smásöluálagningarkerfis sem hvetur til þess að halda innkaupsverði háu og til afgreiðslu dýrari lyfja og stærri lyfjapakkninga með þeim afleiðingum að ríkið og almenningur kaupi lyf hærra verði. Þannig stuðlar þetta að sóun lyfja.

Fram kom í nefndinni að afslættir lyfjabúða eins og þeir birtast sjúklingum í dag bjóðast ekki öllum. Þeir mismuna eftir búsetu og jafnvel eftir sjúkdómum, auk þess sem þeir eru flóknir og ógagnsæir. Núverandi ástand býður heim margvíslegri hættu á mismunun þar sem sumir sjúklingar sem lyfjaverslanir telja sér sérstakan akk í að laða að geta notið betri kjara en aðrir sjúklingar sem jafnvel eru lakar settir og eiga erfiðara með að greiða sinn hluta. Slíkt er óásættanlegt út frá því markmiði að jafnræðis sé gætt í veitingu heilbrigðisþjónustu. Fram kom fyrir nefndinni að með lækkandi lyfjaverði á síðustu missirum hafi afslættir til sjúklinga verið á undanhaldi. Í sumum tilvikum hafa afslættir, bæði á smásölustigi og heildsölustigi komið í veg fyrir samkeppni, verið notaðir til að ryðja samkeppnisaðila af markaði eða sem aðgangshindrun á markað sem stuðlar að frekari fákeppni.

Sú aðferð að lögbinda að verð frá sama söluaðila verði það sama á öllum sölustöðum þeirra hefur verið reynd í nágrannalöndum okkar með góðum árangri. Sambærileg breyting í Þýskalandi leiddi þannig til allt að 30% lækkunar á verði samheitalyfja. Samkeppni milli aðila fengist með því að verð lyfseðilsskyldra lyfja frá sama söluaðila yrði það sama um allt land á öllum sölustöðum þeirra, en verð væri hins vegar misjafnt milli mismunandi söluaðila. Það leiðir til aukinnar verðsamkeppni og verðlækkunar á lyfjum. Meiri hlutinn telur að greinin sé ekki nægilega skýrt orðuð og að unnt sé að misskilja hana og leggur því til breytingar til þess að auka skýrleikann. Þannig skulu söluaðilar, þ.e. lyfjaheildsalar, lyfjaframleiðendur og umboðsmenn þeirra eða smásöluaðilar, sem vilja selja lyfseðilsskyld lyf á lægra verði en hámarksverð segir til um, tilkynna lækkað verð til lyfjagreiðslunefndar sem birtir þau í næstu útgáfu lyfjaverðskrárinnar. Söluaðili skal selja lyfið á sama verði á öllum sölustöðum sínum.

Í umsögn Samkeppniseftirlitsins koma fram efasemdir um að sama verð á öllum sölustöðum sama söluaðila leiði til lækkunar á lyfjum og telur Samkeppniseftirlitið jafnvel að þetta geti styrkt markaðsráðandi stöðu lyfjakeðjanna, þar sem aukið gagnsæi í verðlagningu geti leitt til aukinnar samhæfingar í verðlagningu. Þá telur Samkeppniseftirlitið að samkeppnisstaða smærri aðila geti skerst þar sem þeir hafi minni möguleika á að taka þátt í verðsamkeppni og að mánaðarlegar verðákvarðanir leiði til minni sveigjanleika í samkeppni. Meiri hlutinn bendir á móti á að samkeppnisaðstæður á lyfjamarkaðnum eru í grundvallaratriðum ólíkar þeim sem gilda á flestum sviðum viðskipta. Má sem dæmi nefna að læknir ákveður lyf fyrir kaupanda en það er þriðji aðili eða almannatryggingar sem ber stærstan hluta af kostnaðinum. Þannig er ekki hægt að segja að um hefðbundið viðskiptasamband sé að ræða. Verðmyndun lyfja fer þannig ekki eftir hefðbundnum framboðs- og eftirspurnarlögmálum. Margs konar ríkisafskipti brengla verðmyndunina og framfylgja þarf lögum og reglugerðum til að tryggja neytendum örugg og gagnleg lyf. Þá bendir meiri hlutinn á reynslu annarra landa af þeirri aðferð sem frumvarpið leggur til. Með breytingunni er í reynd verið að freista þess að nýta stöðu ríkisins sem stærsta kaupanda lyfja til að þrýsta á um lægri lyfjakostnað með sama hætti og gert hefur verið í Danmörku og Svíþjóð.

Þá bendir meiri hlutinn á að krafan um sama verð frá sama söluaðila á lyfseðilsskyldum lyfjum leiði í raun til þess að fram fari mánaðarlegt verðútboð á lyfjum, en lækkun á lyfjaverði tiltekins lyfs frá hámarksverði sem lyfjagreiðslunefnd ákveður fer þannig fram að lyfjaheildsalar, lyfjaframleiðendur og umboðsmenn þeirra eða smásöluaðilar munu með nýju

fyrirkomulagi keppa í verði í lyfjaverðskrá með einfaldri tilkynningu til lyfjagreiðslunefndar sem birtir verð lyfja í lyfjaverðskrá sem er gefin út mánaðarlega.

Meiri hlutinn telur einnig mikilvægt að með þeirri leið sem farin er í frumvarpinu verður ekki möguleiki fyrir söluaðila í smásölu að koma samkeppnisaðila út af markaðnum með undirboðum án þess að þurfa að hafa sama verð á öðrum sölustöðum sínum. Það mun væntanlega hafa þær afleiðingar að smærri söluaðilar munu eiga meiri möguleika á að komast af á þessum fákeppnismarkaði sem smásölumarkaður lyfja er hér á landi. Þá hefur frumvarpið einnig þær afleiðingar að hvati myndast fyrir lyfjaverslanir að hafa verð sem lægst á lyfjaverðskrá í stað þess að hafa það sem hæst en slíkt skapaði svigrúm fyrir afslættina. Þannig geti smærri aðilar í raun keppt í verðum, ekki síst þar sem þeir njóta eftir breytinguna sömu kjara frá byrgjum og lyfjakeðjurnar, en eins og kom fram fyrir nefndinni hafa þær í núverandi umhverfi notið betri afsláttarkjara en smærri smásalar. Þá gefur póstverslun með lyf ný tækifæri á markaði, ekki síst þeim smærri.

Meiri hlutinn bendir á að miklar breytingar eru fyrirhugaðar á næstu missirum á reglum um lyfjamál, jafnt með þeim breytingum sem hér eru lagðar til á verðmyndun á lyfsölumarkaði og með breytingum á greiðsluþátttöku í lyfjum sem stefnt er á að verði hrint í framkvæmd um áramót. Við þessi tímamót er mikilvægt að vandað verði til rannsókna á lyfsölumarkaðnum og áhrifum breytinga á verðmyndun og kostnað hins opinbera og notenda lyfja af lyfjum. Því beinir meiri hlutinn þeim tilmælum til ráðuneytisins að það hlutist til um að fela sjálfstæðum rannsóknaraðilum að gera úttekt á áhrifum þessara breytinga.

Þá ræddi nefndin einnig um þá breytingu sem felst í 6. gr. frumvarpsins þar sem gert er ráð fyrir að eftirlit og eftirfylgni með lyfjaávísunum og aukaverkunum lyfja verði styrkt með því að lengja varðveislutíma gagna í lyfjagagnagrunni landlæknis úr þremur árum í þrjátíu. Fram kom í umsögn landlæknis að gögn í svipuðum gagnagrunnum á Norðurlöndum eru varðveitt í 30 ár og að elstu upplýsingar í gagnagrunninum hér eru að verða þriggja ára og því er að koma að því að eyða þurfi gögnunum. Þá kom einnig fram að markmiðið með breytingunni er að auka möguleika á því að unnt verði að heimila aðgang að upplýsingum úr lyfjagagnagrunninum í rannsóknarskyni en nokkur dæmi eru um að aukaverkanir eða áhrif lyfja hafa ekki verið staðfest fyrr en jafnvel mörgum árum eða áratugum eftir að byrjað er að nota lyf og því miklir hagsmunir fyrir lýðheilsu almennt að unnt sé að nálgast upplýsingar um hvað tengi þá sem orðið hafa fyrir aukaverkunum eða alvarlegum afleiðingum lyfjanotkunar. Meiri hlutinn leggur áherslu á að með frumvarpinu er ekki verið að gera breytingar á aðgangi að lyfjagagnagrunninum en samkvæmt lögum um skráningu og meðferð persónuupplýsinga teljast þær upplýsingar sem í gagnagrunninum eru, þ.e. um heilsuhagi manna, þ.m.t. lyfjanotkun, til viðkvæmra persónuupplýsinga. Meiri hlutinn telur því rétt að taka fram að komi það til álita að breyta reglum um aðgang þarfnist það sérstakrar skoðunar og ítarlegra röksemda.

Meiri hlutinn leggur einnig til breytingar á frumvarpinu sem varða orðalag og skýrleika. Þá leggur meiri hlutinn til að 3. málsl. 9. gr. frumvarpsins falli brott þar sem inntak hans er endurtekning á því sem áður hefur komið fram í 1. málsl.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til á sérstöku þingskjali.

Guðjón A. Kristjánsson er samþykkur áliti þessu með fyrirvara.
Valgerður Sverrisdóttir ritar undir álitið með fyrirvara.

Alþingi, 27. maí 2008.

Ásta Möller, form., frsm.	Ágúst Ólafur Ágústsson.	Árni Páll Árnason.
Valgerður Sverrisdóttir, með fyrirvara.	Ragnheiður Ríkharðsdóttir.	Ellert B. Schram.

1164. Breytingartillögur [464. mál]

við frv. til l. um breyt. á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta heilbrigðisnefndar (ÁMöl, ÁÓÁ, ÁPÁ, VS, RR, EBS).

1. Við 2. gr.
   a. 1. málsl. a-liðar orðist svo: Þó er heimilt að selja utan lyfjabúða flúorlyf og minnstu pakkningar og minnsta styrkleika nikótínlyfja sem ekki eru lyfseðilsskyld.
   b. D-liður orðist svo: 1. málsl. 6. mgr. orðast svo: Lyfjastofnun er heimilt að fela framkvæmdastjóra heilsugæslustöðvar rekstur lyfjabúðar ef engin lyfjabúð er starfrækt í heilsugæsluumdæminu.
2. 3. málsl. 9. gr. falli brott.
3. 10. gr. orðist svo:
   Við 42. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Söluaðilar, þ.e. lyfjaheildsalar, lyfjaframleiðendur og umboðsmenn þeirra eða smásöluaðilar, sem vilja selja lyfseðilsskyld lyf á lægra verði en hámarksverð segir til um, skulu tilkynna lækkað verð til lyfjagreiðslunefndar sem birtir það í næstu útgáfu lyfjaverðskrárinnar. Söluaðili skal selja lyfið á sama verði á öllum sölustöðum sínum.

1165. Skýrsla [645. mál]

iðnaðarráðherra um framvindu byggðaáætlunar fyrir árin 2006–2009.

(Lögð fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

Hér með leggur iðnaðarráðherra fram á Alþingi skýrslu um framvindu stefnumótandi áætlunar ríkisstjórnarinnar í byggðamálum fyrir árin 2006–2009 í samræmi við 1. mgr. 13. gr. laga nr. 106/1999, um Byggðastofnun, og 2. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 347/2000. Í skýrslunni er gerð grein fyrir meginþáttum byggðaáætlunarinnar og helstu aðgerðum sem stjórnvöld hafa staðið fyrir í því skyni að ná markmiðum hennar. Megintilgangur skýrslunnar er

að gera grein fyrir framkvæmd og framvindu þeirra 23 aðgerða sem skilgreindar eru í byggðaáætluninni. Skýrslan miðast við stöðu mála í maí 2008, en þá var gildistími áætlunarinnar ríflega hálfnaður.

Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar kveður á um að stefna skuli að því að landið verði eitt búsetu- og atvinnusvæði. Allir landsmenn hafi jafnan og greiðan aðgang að menntun, atvinnu og þjónustu og fái notið sambærilegra lífskjara. Áhersla verði á úrbætur í samgöngum og mikilvægi þess að allir hafi færni til að hagnýta upplýsinga- og fjarskiptatækni. Það eykur aðgengi að menntun og þjónustu hvarvetna á landinu og felur í sér tækifæri til nýsköpunar og atvinnuþátttöku óháð staðsetningu. Í stefnuyfirlýsingunni er bent á að íslenskt atvinnulíf muni í auknum mæli einkennast af þekkingarsköpun og útrás. Samstarf atvinnulífs og háskóla sé lykill að bættum árangri og nýsköpun í atvinnurekstri. Íslensk fyrirtæki eru í harðnandi samkeppni við erlend fyrirtæki á alþjóðlegum markaði og mun hugvit og tækniog verkþekking ráða úrslitum um velgengni íslenskra fyrirtækja.

Stefnumótandi byggðaáætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árin 2006–2009 byggir jafnframt á þessum megináherslum. Einn veigamesti þáttur í framkvæmd byggðaáætlunarinnar eru svokallaðir vaxtarsamningar sem iðnaðarráðuneytið hefur gert á átta landssvæðum utan höfuðborgarsvæðisins. Þeir eiga að stuðla að nýsköpun og atvinnuþróun og byggja á styrkleikum og sóknarfærum hvers svæðis. Til grundvallar er lögð greining heimamanna og áherslur þeirra á verkefni sem þeir telja líklegust til að skila varanlegum árangri í sköpun nýrra og vel launaðra starfa. Ábyrgð á framkvæmd samninganna hefur verið færð heim í hérað.

Í vaxtarsamningunum er áhersla m.a. lögð á uppbyggingu nýrra þekkingarstarfa. Ljóst er að hefðbundnar atvinnugreinar megna ekki lengur að mæta aðkallandi þörf fyrir ný og krefjandi störf á landsbyggðinni. Í vaxtarsamningunum er því lögð áhersla á náið samstarf á milli háskólakennslu og rannsókna, starfsemi opinberra rannsóknastofnana, opinberrar stuðningsþjónustu og atvinnulífsins – um nýsköpun og framþróun. Tilgangurinn er að ná sem mestum samlegðaráhrifum á milli starfsemi þessara aðila og hefur iðnaðarráðuneytið hvatt mjög til samstarfs ráðuneyta, stofnana, fyrirtækja o.fl. um þekkingarsetur á landsbyggðinni. Þar má ná umtalsverðum árangri í atvinnuþróuninni jafnvel þótt að starfsemin sé ekki mjög umfangsmikil. Gott dæmi um þetta er uppbygging þekkingarsetra m.a. á Ísafirði og á Höfn í Hornafirði.

Aðkoma iðnaðarráðuneytis að mótvægisaðgerðum vegna samdráttar í fiskveiðum og svæðisbundnum aðgerðum til að styrkja stöðu þeirra byggða sem búa við lítinn hagvöxt hefur einnig beinst að uppbyggingu þekkingarsetra og hvatningu til samstarfs á milli fyrirtækja sem geta stutt hvert annað.

Byggðaáætlunin hverfist fyrst og fremst um svæðisbundnar aðgerðir utan höfuðborgarsvæðisins. Þær eru engu að síður óaðskiljanlegur þáttur í eflingu samkeppnisstöðu Íslands og því mun landsbyggðin jafnt og höfuðborgarsvæðið njóta þeirrar eflingar vísinda- og nýsköpunar sem ríkisstjórnin hefur staðið fyrir. Sameining Iðntæknistofnunar Íslands og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins undir merkjum Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands var mikilvægur áfangi í að efla stuðningskerfi nýsköpunar og atvinnuþróunar í landinu öllu. Í þessari nýju stofnun endurspeglast nýjar áherslur iðnaðarráðuneytisins í rannsóknum og nýsköpun þar sem víðtæk innlend tengsl við alþjóðlegar stefnur og strauma og yfirfærsla þekkingar til landsins er höfð í hávegum. Með sterkri Nýsköpunarmiðstöð sem teygir anga sína víðs vegar um landið er lagður grunnur að því að opinber þjónusta við atvinnuþróun verði öllum landsmönnum til gagns.

Í byrjun árs 2008 bættust ferðamál við verkefni iðnaðarráðuneytisins. Þar með hafa allir málaflokkar ráðuneytisins styrkst og verulegra samlegðaráhrifa má vænta við hverskonar stefnumótun og framkvæmd. Ferðamálin tengjast augljóslega áherslum í byggðamálum og allir málaflokkar ráðuneytisins, þ.m.t. orkumál, byggja á nýsköpun og þróun. Iðnaðarráðuneytið hyggst koma á öflugu samstarfi á milli stofnana ráðuneytisins þannig að unnt verði að vinna að framgangi mála á skilvirkari og hagkvæmari hátt en ella væri.

Meginþættir byggðaáætlunar.

Alþingi samþykkti eftirfarandi ályktun á fundi sínum 3. júní 2006:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna að framkvæmd stefnumótandi byggðaáætlunar fyrir árin 2006–2009. Með byggðaáætluninni verði stefnt að því að bæta búsetuskilyrði á landsbyggðinni og efla samkeppnishæfni landsins. Eftirfarandi meginmarkmið verði lögð til grundvallar:

a. Að landshlutakjarnar verði efldir en jafnframt hugað sérstaklega að leiðum til þess að treysta búsetu í þeim byggðarlögum sem glímt hafa við viðvarandi fólksfækkun.
b. Að byggðarlög nái að laga sig að örri samfélagsþróun og hröðum breytingum á atvinnuháttum.
c. Að atvinnulíf, menntun, menning og félagslegt jafnræði verði styrkt á landsbyggðinni.

Sérstök áhersla verði lögð á gildi menntunar og menningar, aukna nýsköpunar- og atvinnuþróunarstarfsemi, bættar samgöngur og fjarskipti og styrkingu landshlutakjarnanna Akureyrar, Ísafjarðar og Mið-Austurlands og annarra mikilvægra atvinnu- og þjónustumiðstöðva á landsbyggðinni.

Á gildistíma byggðaáætlunar skulu stjórnvöld hafa þrjú meginatriði að leiðarljósi:

a. Að stórefla menntun á landsbyggðinni.
b. Að fjölga opinberum störfum á landsbyggðinni.
c. Að efla Byggðastofnun og gera henni kleift með framlögum í fjárlögum að sinna mikilvægum verkefnum á sviði byggðamála.

Helstu aðgerðir sem gripið verði til í því skyni að ná markmiðum áætlunarinnar verði eftirfarandi:

1. Bættar samgöngur: Unnið verði að samgöngubótum og þróun almenningssamgangna á landsbyggðinni samkvæmt samgönguáætlun sem taki mið af mikilvægi þeirra fyrir eflingu byggðar. Byggðastofnun skal í samvinnu við Vegagerðina leggja mat á slík verkefni.
2. Efling sveitarstjórnarstigsins: Hafið verði markvisst samstarf milli ríkis og sveitarfélaga um flutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga. Jafnframt verði unnið að sameiningu eða samvinnu sveitarfélaga á heildstæðum atvinnu- og þjónustusvæðum sem taki við slíkri starfsemi.
3. Bætt fjarskipti: Unnið verði áfram að því að tryggja fjarskipti og bæta gagnaflutningsmöguleika á landsbyggðinni í samræmi við fjarskiptaáætlun og stuðlað að því að jafnaður verði mismunur á kostnaði við flutningana.
4. Gerð og framkvæmd vaxtarsamninga: Unnið verði að gerð og framkvæmd svæðisbundinna vaxtarsamninga þar sem opinberir aðilar og einkaaðilar sameinast um aðgerðir til að efla samkeppnishæfni svæða og auka hagvöxt. Árangur af samningunum verði metinn reglulega.

5. Söfnun og úrvinnsla tölfræðilegra gagna um byggðaþróun: Árið 2006 verði skipulögð markviss söfnun og úrvinnsla tölfræðilegra gagna um byggðaþróun svo að reglubundin söfnun og úrvinnsla geti hafist hjá Byggðastofnun í upphafi árs 2007.
6. Undirbúningur að gerð landshlutaáætlana: Athugaðar verði niðurstöður verkefnis Norðurslóðaáætlunar Evrópusambandsins um gerð svæðisáætlana á norðlægum slóðum og kannaðir kostir þess að gera landshlutaáætlanir á þeim grunni sem saman mundu ná yfir Ísland allt.
7. Athugun á stöðu byggðarlaga sem glíma við viðvarandi fólksfækkun: Gerð verði athugun á stöðu byggðarlaga sem glímt hafa við viðvarandi fólksfækkun. Styrkleikar þeirra og veikleikar verði metnir og greindir möguleikar til eflingar byggðarlaganna.
8. Styrking atvinnuþróunar: Stoðkerfi atvinnuþróunar og nýsköpunar á landsbyggðinni verði samhæft og starfið gert markvissara. Nýsköpunarmiðstöðinni á Akureyri og atvinnuþróunarfélögum verði áfram tryggður öruggur starfsgrundvöllur.
9. Efling rannsókna, tækniþróunar og nýsköpunar: Árið 2006 verði gerð áætlun um víðtæka eflingu rannsókna, tækniþróunar og nýsköpunar á landsbyggðinni, m.a. á sviði orkumála, sjávarútvegs, ferðaþjónustu og landbúnaðar. Í áætluninni verði skilgreind áherslusvið og fyrirkomulag samstarfs mótað. Samstarfið verði rekið sem þróunarverkefni út gildistíma byggðaáætlunarinnar.
10. Uppbygging þekkingarsetra/háskólasetra: Áfram verði unnið að uppbyggingu þekkingarsetra/háskólasetra á landsbyggðinni.
11. Efling dreifmenntunar á öllum skólastigum: Kostir dreifmenntunar, þar sem aðferðum fjarkennslu og staðbundinnar kennslu er beitt saman, verði nýttir til að veita fjölbreytt námsframboð á öllum skólastigum með samstarfi skóla. M.a. verði stuðlað að samstarfi háskóla um fjarkennslu. Skilgreind verði ákveðin marksvið í starfsmenntun á landsbyggðinni og unnið að eflingu þeirra í samstarfi framhaldsskóla, fyrirtækja og móðurskóla í starfsmenntun.
12. Efling símenntunar: Framboð símenntunar á landsbyggðinni verði aukið í samstarfi símenntunarmiðstöðva og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Jafnframt verði stuðlað að samstarfi símenntunarmiðstöðva og framhaldsskóla um starfsmenntun fyrir fullorðna.
13. Efling menningarstarfsemi: Áfram verði unnið að gerð menningarsamninga við sveitarfélög. Stuðlað verði að auknu samstarfi safna á landsbyggðinni innbyrðis og við höfuðsöfn. Skoðaðir verði möguleikar þess að nýta nýja tækni, m.a. stafrænt sjónvarp, við gerð og miðlun menningar- og sjónvarpsefnis af landsbyggðinni. Unnið verði að eflingu íþrótta- og æskulýðsstarfs á landsbyggðinni.
14. Hagnýting upplýsingatækni: Unnið verði að því að gera afrakstur tilraunaverkefnisins um rafrænt samfélag aðgengilegan fyrir önnur byggðarlög á landsbyggðinni.
15. Bætt heilbrigðisþjónusta: Unnið verði að bættri heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni, m.a. með flutningi verkefna á sviði heilbrigðismála frá ríki til sveitarfélaga. Heilbrigðisnet, sem m.a. tengir saman heilbrigðisstofnanir og gerir fjarlækningar mögulegar, verði þróað áfram og tekið í fulla notkun.
16. Efling þjónustu við innflytjendur og aukin fjölmenning: Unnið verði markvisst að gagnkvæmri samfélagsaðlögun innflytjenda. Kannað verði að frumkvæði heimamanna í hverjum landshluta hvort kostur sé á að stofna þjónustumiðstöðvar fyrir innflytjendur.
17. Greining sóknarfæra hefðbundinna atvinnugreina – efling opinberrar þjónustu: Gerð verði úttekt á stöðu landbúnaðar, sjávarútvegs og iðnaðar á landsbyggðinni og greind helstu sóknarfæri og nýsköpunarmöguleikar þessara hefðbundnu atvinnugreina. Hugað

verði að því hvort efla megi opinbera þjónustu við þessar atvinnugreinar á landsbyggðinni, t.d. með flutningi tiltekinna verkefna.
18. Uppbygging ferðaþjónustu: Unnið verði að öflugri uppbyggingu ferðaþjónustu á landsbyggðinni. Áhersla verði lögð á sérkenni hvers landshluta og skipulagningu vaxtarsvæða. Þá verði unnið að því að bæta aðstöðu ferðamanna í þjóðgörðum og tryggja öruggt aðgengi þeirra.
19. Stuðningur við atvinnurekstur kvenna: Unnið verði að því að efla þátt kvenna í atvinnurekstri með ráðgjöf og námskeiðum. Hugað verði að leiðum til þess að gera stoðkerfi atvinnulífsins aðgengilegra fyrir konur.
20. Styrking skapandi greina: Unnið verði að eflingu skapandi greina í samræmi við ályktun Vísinda- og tækniráðs frá 2. júní 2005 með virkri þátttöku landsbyggðarinnar.
21. Efling umhverfisstarfs í sveitarfélögum: Umhverfisstarfsemi sveitarfélaga verði efld með áherslu á framkvæmd Staðardagskrár 21, einkum í fámennum sveitarfélögum á landsbyggðinni.
22. Þátttaka í Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins (NPP): Ísland verði áfram virkur þátttakandi í Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins.
23. Efling Norrænu Atlantsnefndarinnar (NORA): Ísland vinni áfram að því að útvíkka starfsemi NORA og beiti sér fyrir því að samstarfslöndin fjármagni starf nefndarinnar.

Iðnaðarráðherra skipi verkefnisstjórn til þess að hafa umsjón með framvindu byggðaáætlunarinnar.“

Framkvæmd og framvinda

Vinna er hafin við nær allar aðgerðir áætlunarinnar og framvinda er almennt eins og við var búist. Efling menntunar á landsbyggðinni, fjölgun opinberra starfa og efling þjónustu Byggðastofnunar eru sérstakar áherslur byggðaáætlunarinnar. Framkvæmd þeirra er komin á góðan skrið og verður áfram unnið að framgangi þeirra á síðari helmingi gildistíma áætlunarinnar.

Samstarfsverkefni iðnaðarráðuneytis og menntamálaráðuneytis um uppbyggingu Háskólaseturs Vestfjarða og um stofnun og rekstur Þekkingarnets Austurlands vega þyngst í eflingu menntunar á landsbyggðinni. Í báðum tilfellum er markmiðið að til verði landshlutabundin þekkingarsetur sem verði vettvangur nýsköpunar og þróunar í náinni samvinnu við atvinnulífið. Þar verði þungamiðja háskólakennslu og rannsókna, með aðkomu opinberra rannsókna og stuðningsþjónustu ásamt aðstöðu fyrir sprota- og nýsköpunarfyrirtæki.

Varðandi fjölgun opinberra starfa á landsbyggðinni þá hefur náðst umtalsverður árangur á því sviði á Vestfjörðum í kjölfar tillagna svo kallaðrar Vestfjarðanefndar sem skipuð var af forsætisráðherra á árinu 2007. Í ársbyrjun 2008 skipaði forsætisráðherra tvær sambærilegar nefndir sem eiga að vinna tillögur til eflingar atvinnulífs og fjölgunar starfa á Norðvesturlandi annars vegar og Norðaustur og Austurlandi hins vegar. Nefndirnar tvær skiluðu af sér tillögum til forsætisráðherra þann 19. maí sl.

Flutningur starfa á vegum fyrirtækja og stofnana, eins og t.d. Vinnumálastofnunar og Matís hf. hefur skilað góðum árangri. Þá hefur flutningur verkefna út á land á vegum dómsmálaráðuneytis einnig gengið vel. Loks má nefna að nýjar starfsstöðvar á vegum Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands hafa verið opnaðar á Ísafirði, Höfn og í Vestmannaeyjum.

Í ársbyrjun 2008 hófst samstarfsverkefni iðnaðarráðuneytis og fjármálaráðuneytis um störf óháð staðsetningu en stefnt er að því að fyrir mitt ár 2008 verði undirbúningsvinnu lokið og í kjölfar þess megi hrinda verkefninu í framkvæmd.

Lánastarfsemi Byggðastofnunar hefur verið efld og eiginfé stofnunarinn aukið um 1.200 m.kr. Þetta hefur leitt til aukinnar útlánagetu sem einkum hefur nýst sjávarútvegsfyrirtækjum sem orðið hafa fyrir aflasamdrætti.

Aðgerðir byggðaáætlunarinnar tengjast verksviði margra ráðuneyta og hefur iðnaðarráðuneytið haft náið samráð við önnur ráðuneyti um gerð áætlunarinnar og framkvæmd aðgerða hennar. Lýsing á stöðu hverrar framkvæmdar er því byggð á greinargerð viðkomandi ábyrgðaraðila, ráðuneytis eða stofnunar. Framsetning skýrslunnar er með hefðbundnu sniði þar sem m.a. kemur fram hver ber ábyrgða á framkvæmd, hverjir eru aðrir þátttakendur og hver sé áætlaður framkvæmdatími hverrar aðgerðar.

Staðan á framkvæmd aðgerða sem lagðar eru til í byggðaáætlun.

1. Bættar samgöngur.

„Aðgerð

Unnið verður að samgöngubótum og þróunar almenningssamgangna á landsbyggðinni samkvæmt samgönguáætlun sem taki mið af mikilvægi þeirra fyrir eflingu byggðar. Byggðastofnun skal í samvinnu við Vegagerðina leggja mat á slík verkefni.

Meginhugmynd

Góðar og öruggar samgöngur hafa afgerandi áhrif á búsetuskilyrði á landsbyggðinni. Bættar samgöngur innan landshluta hafa þegar stuðlað að stækkun markaðssvæða, aukinni fjölbreytni þjónustu og fjölgun atvinnutækifæra. Rannsóknir hafa sýnt að með því að bæta samgöngur innan Austurlands, Norðurlands og Vestfjarða sé unnt að skapa þéttbýliskjarna sem bjóði upp á svipaða kosti og höfuðborgarsvæðið. Greiðar samgöngur milli landshlutakjarnanna og höfuðborgarsvæðisins eru jafnframt mikilvægar. Almenningssamgöngur gætu þegar til lengri tíma er litið skipt verulegu máli fyrir þróun byggðar í landinu. Nefnd skipuð af samgönguráðherra hefur lagt fram tillögur um málefni almenningssamgangna milli þéttbýliskjarna til næstu framtíðar, þar sem er m.a. lagt til að eftir samruna sveitarfélaga verði unnið að því að sveitarfélög takist á hendur meiri ábyrgð á uppbyggingu og stjórnun almenningssamgangna á landi en talið er að þetta muni m.a. stuðla að bættu þjónustustigi á landsbyggðinni.

Ábyrgð á framkvæmd
Samgönguráðuneyti.

Aðrir þátttakendur
Samgönguráð, Alþingi vegna samgönguáætlunar, sveitarfélög.

Tímaáætlun
2006–2009.

Annað

Samkvæmt samgönguáætlun fyrir árin 2005–2008 skal á tímabilinu unnið að verkefnum sem falla undir þau fjögur stefnumið sem lagt var upp með í samgönguáætlun 2003–2014, þ.e. markmið um greiðari samgöngur, um hagkvæmni í uppbyggingu og rekstri samgangna, um umhverfislega sjálfbærar samgöngur og um öryggi í samgöngum. Meira fé er veitt í

þennan málaflokk á áætlunartímabilinu en nokkru sinni áður og þeir áfangar sem stefnt er að munu stórbæta samgöngur á landsbyggðinni en þar valda jarðgöng sennilega mestum straumhvörfum. Benda má á að ákvæði um eflingu almenningssamgangna er að finna í stefnumörkun stjórnvalda í loftslagsmálum.“

Stöðulýsing maí 2008.

Um framkvæmd þessa segir í svari samgönguráðuneytis:

Í aðgerðum er varða bættar samgöngur er eftirfarandi sérstaklega tiltekið: Unnið verði að samgöngubótum og þróun almenningssamgangna á landsbyggðinni samkvæmt samgönguáætlun sem taki mið af mikilvægi þeirra fyrir eflingu byggðar. Byggðastofnun skal í samvinnu við Vegagerðina leggja mat á slík verkefni.

Í byggðaáætluninni kemur fram að ein af helstu aðgerðunum samkvæmt henni sé að efla byggð með hliðsjón af þeim markmiðum sem fram koma hér að ofan og þá í samræmi við samgönguáætlun.

Í samgönguáætlun fyrir árin 2007–2010, sem gerð er samkvæmt lögum nr. 71/2002 og samþykkt var á Alþingi í mars á síðasta ári, eru sett markmið um greiðar samgöngur. Sérstaklega er tiltekið að skapa eigi skilyrði fyrir flesta landsmenn til að komast til og frá þjónustukjarna á ekki meira en einni klukkustund og til og frá höfuðborgarsvæðinu á innan við 3 klst. ferðatíma. Til að ná þessu markmiði hefur verið sett það undirmarkmið að tengja allar byggðir með meira en 100 íbúa við vegakerfið með bundnu slitlagi og viðunandi burðarþoli. Þá verði almenningssamgöngur skipulagðar þannig að þær nái til allra þéttbýlisstaða með um það bil 200 íbúum eða fleiri.

Í áætluninni koma einnig fram markmið hennar, er sérstaklega snerta jákvæða byggðaþróun. Undir það markmið falla m.a. framkvæmdir sem ekki geta talist arðsamar á hagkvæmnismælikvarða, en telja verður nauðsynlegar í því skyni að skapa sem jafnasta stöðu landsmanna. Með styttingu ferðatíma og tengingu byggðarlaga með yfir 100 íbúa við vegakerfið með bundnu slitlagi er stuðlað að jákvæðri byggðaþróun. Styrkt flug, sérleyfisakstur og ferjuflutningar til fámennra staða flokkast undir þann hluta aðgerða vegna markmiðs um jákvæða byggðaþróun.

Á árunum 2007 til 2010 er veitt til samgöngumála, þ.e. flugmála, siglingamála og vegamála, yfir 110 milljörðum króna. Að mati samgönguráðuneytisins er að mestu leyti um að ræða verkefni sem með einum eða öðrum hætti tengjast markmiðum, bæði byggðaáætlunar og samgönguáætlunar, um jákvæða byggðaþróun. Erfitt er þó að tína þar til einstakar framkvæmdir. Í því sambandi er rétt að benda á að framkvæmdir við Sundabraut á höfuðborgarsvæðinu, en til hennar er veitt fé þó framkvæmdir hafi ekki verið ákveðnar, tengjast mjög sterklega bæði byggðamarkmiðum og markmiðum um skemmri ferðatíma til og frá höfuðborgarsvæðinu. Einstakar framkvæmdir hafa mismunandi mikil áhrif á byggðir landsins.

Byggðastofnun hefur gert samkomulag við Vífil Karlsson við Háskólann á Bifröst um stuðning við verkefni sem hann er að vinna um tengsl samgöngubóta og búferlaflutninga. Því verkefni lýkur á árinu 2009.

2. Efling sveitarstjórnarstigsins.

„Aðgerð

Hafið verði markvisst samstarf milli ríkis og sveitarfélaga um flutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga. Jafnframt verði unnið að sameiningu eða samvinnu sveitarfélaga á heildstæðum atvinnu- og þjónustusvæðum sem taki við slíkri starfsemi.

Meginhugmynd

Stækkun sveitarfélaga og efling sveitarstjórnarstigsins er mikilvægur þáttur í að styrkja stöðu byggðarlaga hvar sem er á landinu. Sjálfsforræði og sjálfsmynd byggðarlaga treystist og eflist, stjórnsýsla þeirra verður markvissari, gæði þjónustu betur tryggð og staðbundið lýðræði eflist. Haustið 2003 hófst samstarfsverkefni félagsmálaráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga um eflingu sveitarstjórnarstigsins. Lagðar hafa verið fram tillögur til breytinga á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, m.a. um að sveitarfélög taki meiri ábyrgð á sviði atvinnuþróunar og byggðamála, samhliða breytingum á uppbyggingu stoðkerfis atvinnu- og byggðamála. Einnig hafa verið lagðar fram tillögur til breytinga á tekjustofnum sveitarfélaga, sem einkum miða að því að styðja við sveitarfélög sem standa höllum fæti fjárhagslega, og jafnframt er nýhafin vinna við endurskoðun reglna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Bæði ríki og sveitarfélög hafa litið svo á að sameining sveitarfélaga í öflugar stjórnsýslueiningar sé forsenda flutnings umfangsmikilla verkefna frá ríki til sveitarfélaga. Ljóst er að það markmið hefur ekki náðst sem að var stefnt með átaki um eflingu sveitarstjórnarstigsins, að ná fram grundvallarbreytingu á sveitarfélagaskipan í landinu og áfram verður töluverður fjöldi mjög fámennra sveitarfélaga. Ríki og sveitarfélög munu eiga viðræður um það hvort grundvöllur sé fyrir verkefnaflutningi í ljósi þessarar niðurstöðu.

Ábyrgð á framkvæmd

Félagsmálaráðuneyti. (nú samgönguráðuneyti)

Aðrir þátttakendur

Samband íslenskra sveitarfélaga og landshlutasamtök sveitarfélaga.

Tímaáætlun

2006–2009.

Annað

Efnahagur sveitarfélaga endurspeglar að jafnaði ágætlega efnahag viðkomandi samfélags. Séu tekjur samfélagsins litlar, kemur það fram í litlum skatttekjum sveitarfélagsins. Því má ljóst vera að styrkja þarf undirstöður atvinnulífs þeirra sveitarfélaga sem standa höllum fæti fjárhagslega. Annað eru einungis tímabundnar aðgerðir en jafnhliða er m.a. mögulegt að skoða hvort þörf sé á að jafna tekjustofna sveitarfélaga enn frekar en nú er gert með tilliti til ólíkra tekju- og hagræðingarmöguleika þeirra. Nauðsynlegt er að huga að því hvernig bregðast eigi við fækkun opinberra starfa samfara hagræðingu við sameiningu sveitarfélaga.“

Stöðulýsing maí 2008

Í upplýsingum frá félagsmálaráðuneyti kemur fram að ráðuneytið skipaði verkefnisstjórn og tvær undirnefndir, sameiningarnefnd og tekjustofnanefnd, um eflingu sveitarstjórnarstigsins. Sameiningarnefnd lagði til 17 sameiningartillögur í 66 sveitarfélögum og hefðu sveitarfélög þannig orðið 49. Kosið var um sameiningartillögur árið 2005 og voru þær víða felldar, en að lokinni þessarri aðgerð eru sveitarfélög 79, en höfðu verið 101.

Tekjustofnanefndin lagði fram tillögur að breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og að breytingum á tekjustofnun sveitarfélaga. Þær tillögur hafa verið til umfjöllunar síðan þá.

Hvað varðar flutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga hefur verið horft til málefna aldraðra og málefna fatlaðra. Vorið 2007 skipuðu félagsmálaráðherra og heilbrigðis- og tryggingaráðherra tvo starfshópa sem eru að vinna tillögur að framkvæmdinni, auk þess sem félagsmálaráðherra skipaði verkefnisstjórn vegna þessa verkefnis. Samkomulag ríkisstjórnarinnar um verkefnaflutning milli ráðuneyta og þá aðallega milli heilbrigðis- og félagsmálaráðuneytisins hefur haft áhrif á stöðu málsins. Áfangaskýrsla verkefnisstjórnarinnar kom út í desember 2007.

Að tillögu tekjustofnanefndar frá 17. mars 2005 var samþykkt að greiða 700 m.kr. aukaframlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árunum 2006–2008. Á grundvelli viljayfirlýsingar ríkisstjórnar Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 22. mars 2007 nemur þetta tímabundna aukaframlag 1.400 m.kr. á ári 2007 og 2008.

Greiðslur framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna þeirra sameininga er falla undir átak til eflingar sveitarstjórnarstigsins nema samtals 1.011 m.kr. á árunum 2004–2007. Á árinu 2004 komu 14,0 m.kr. til greiðslu, 118,0 m.kr. á árinu 2005, 387,0 m.kr. á árinu 2006 og 492,0 m.kr. á árinu 2007. Á árinu 2008 er áætlað að greiðslur Jöfnunarsjóðs til þeirra sveitarfélaga er sameinuðust á grundvelli átaks til eflingar sveitarstjórnarstigsins nemi allt að 700,0 m.kr.

Heildarframlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til sveitarfélaga á árinu 2006 námu samtals 14.346,6 m.kr. Þar af námu útgjaldajöfnunarframlög 3.682,4 m.kr. en þeim framlögum er ætlað að mæta mismunandi útgjaldaþörf sveitarfélaga á grundvelli stærðarhagkvæmni og tekna þeirra, að teknu tilliti til þeirra þátta sem áhrif hafa á útgjaldaþörf.

Á árinu 2007 námu heildarframlög úr Jöfnunarsjóði til sveitarfélaga 16.847,2 m.kr. Þar af runnu 4.400,0 m.kr. til útgjaldajöfnunarframlaga.

3. Bætt fjarskipti

„Aðgerð

Unnið verði áfram að því að tryggja fjarskipti og bæta gagnaflutningsmöguleika á landsbyggðinni í samræmi við fjarskiptaáætlun og stuðlað að því að jafnaður verði mismunur á kostnaði við flutningana.

Meginhugmynd.

Nútíminn gerir kröfu um aðgengi að góðum og öruggum fjarskiptum hvar og hvenær sem er. Góð fjarskipti eru þannig mikilvægur þáttur í rekstrarumhverfi fyrirtækja á landsbyggðinni, þau draga úr neikvæðum áhrifum fjarlægðar og geta þannig ráðið miklu um samkeppnishæfni fyrirtækjanna. Mishár kostnaður við gagnaflutninga skekkir verulega samkeppnisstöðu fyrirtækja og stofnana eftir staðsetningu þeirra. Greið og traust fjarskipti eru jafnframt forsenda þess að fólk geti notið þeirra lífsgæða sem nútíminn gerir kröfu um og eru mikilvæg fyrir öryggi borgaranna.

Ábyrgð á framkvæmd

Samgönguráðuneyti.

Aðrir þátttakendur

Fjarskiptasjóður, fjarskiptafyrirtæki.

Tímaáætlun
2006–2009.

Annað
Alþingi hefur samþykkt fjarskiptaáætlun fyrir árin 2005–2010. Í henni er gert ráð fyrir að allir landsmenn eigi að geta tengst háhraðaneti árið 2007 og aukið verði aðgengi að GSM-farsímaþjónustu á hringveginum, helstu stofnvegum, ferðamannastöðum og minni þéttbýlisstöðum árið 2006. Sama ár á háhraðafarþjónusta að standa til boða um allt land. Jafnframt kemur fram að langdrægt farsímakerfi sem þjóni landinu öllu og miðunum eigi að standa til boða eftir að rekstri NMT-kerfisins lýkur. Í fjarskiptaáætlun er einnig stefnt að því að allir landsmenn hafi aðgang að gagnvirku stafrænu sjónvarpi og gert er ráð fyrir að útvarpað verði stafrænt um gervihnött um allt land og næstu mið. Þá er eitt markmiða áætlunarinnar að stuðla að því að jafna verð á fjarskiptaþjónustu um land allt.“

Stöðulýsing maí 2008

Um framkvæmd þessa segir í svari samgönguráðuneytis: Eins og fram kemur í byggðaáætluninni fyrir árin 2006–2009 er unnið að því að tryggja fjarskipti og bæta gagnaflutningsmöguleika á landsbyggðinni í samræmi við fjarskiptaáætlun, en hún var samþykkt á Alþingi vorið 2005. Áætlunin er stefnumörkun stjórnvalda í fjarskiptamálum fyrir árin 2005–2010. Hún er sú fyrsta sem samþykkt hefur verið en samkvæmt lögum um fjarskipti, nr. 81/2003, skal samgönguráðherra leggja fram á Alþingi á þriggja ára fresti tillögu til þingsályktunar um fjarskiptaáætlun. Unnið er nú að endurskoðun stefnunnar.

Markmið fjarskiptaáætlunar er að leggja grunn að framþróun íslensks samfélags með því að bjóða bestu, ódýrustu og öruggustu rafrænu samskiptin með beitingu fjarskipta og upplýsingatækni. Þá er í áætluninni skilgreind nánar aðkoma og markmið stjórnvalda í fjarskiptamálum og mörkuð stefna fyrir næstu sex ár.

Tilgangur hinnar samræmdu stefnumótunar er að leitast við að auka samkeppnishæfni landsins og stuðla að framþróun atvinnulífs og ná fram hagkvæmri nýtingu fjármagns og samræmdri forgangsröðun verkefna. En jafnframt er lögð áhersla á aðgengi að fjarskiptum fyrir alla landsmenn og að aðgengi að þeim sé jafnað.

Fjarskiptaáætlun skiptist í 15 meginmarkmið og lýtur að 32 verkefnum sem mörg eða flest falla að markmiðum byggðaáætlunar.

Við sölu Landsímans voru 2.500 millj. kr. lagðar til þriggja stórra verkefna sem eiga fyrst og fremst að standa straum af þremur markmiðum fjarskiptaáætlunar, þ.e. að gera GSM farsímaþjónustu aðgengilega á þjóðvegi 1, helstu stofnvegum og ferðamannastöðum, að dreifing sjónvarps og útvarps Ríkisútvarpsins verði um gervihnött og að gera háhraðatengingar öllum landsmönnum aðgengilegar.

Uppbyggingu á fyrsta hluta GSM (I) farsímasambandsins, sem nær til hringvegarins og 5 fjallvega, er lokið. Síðari hlutinn GSM (II) tekur til stofnvega aðallega á Vestfjörðum og Norð-Austurlandi og tveggja þjóðgarða. Áætlunin gerir ráð fyrir að þeirri uppbyggingu verði lokið á árinu 2008. Útsendingar á dagskrám RÚV um gervihnött hófust á árinu 2006 og er þeim dreift með norræna gervihnettinum Thor.

Nú stendur yfir undirbúningur vegna útboðs á umfangsmesta verkefninu sem eru háhraðatengingar til allra landsmanna og er hann á lokastigi, en verkefnið nær til tenginga til um 1.300–1.400 staða á landsbyggðinni. Útboðsgögn vegna verkefnisins voru tilbúin í lok febrúar 2008. Framkvæmdatími ræðst af tilboðum en verður þó aldrei lengri en 22 mánuðir. Lokið

verður við ákveðin svæði, þ.e. Vestfirði og svæði á Norð-Austurlandi fyrr eða á innan við ári frá undirritun samnings.

Í öllum verkefnum á fjarskiptasviði, sem fjarskiptasjóður og samgönguráðuneyti koma að, er leitast við að tryggja hagstæðasta eða sambærilegt verð til neytenda á landsbyggðinni miðað við höfuðborgarsvæðið. Þá er unnið að því í samvinnu við utanríkisráðuneytið að koma ljósleiðurum NATO í borgaraleg not með því að opna fyrir aðgang fjarskiptafyrirtækja að þeim. Útboð hefur verið auglýst. Markmiðið er að stuðla að aukinni samkeppni í gagnaflutningum á innanlandsmarkaði. Talið er að aðgangur nýrra aðila að flutningsgetu út á land muni auka verulega samkeppni og hafa jákvæð áhrif á verð til neytenda (smásölu).

Þá hefur OgVodafone sett upp langdræga GSM senda sem hafa ásamt nýjum langdrægum sendum Símans stækkað mjög þau svæði sem njóta GSM símasambands. Í árslok 2008 mun hægt að nota GSM síma um langstærstan hluta landsins og víðast á grunnslóð.

4. Gerð og framkvæmd vaxtarsamninga.

„Aðgerð

Unnið verði að gerð og framkvæmd svæðisbundinna vaxtarsamninga, þar sem opinberir aðilar og einkaaðilar sameinast um aðgerðir til að efla samkeppnishæfni svæða og auka hagvöxt. Árangur af samningunum verði metinn reglulega.

Meginhugmynd

Með vaxtarsamningum skuldbinda opinberir aðilar og einkaaðilar sig til þess að vinna saman að uppbyggingu atvinnulífs á tilteknu svæði með það að markmiði að efla samkeppnishæfni og stuðla að auknum hagvexti. Vaxtarsamningar færa ábyrgð á framkvæmdum á sviði byggðamála til hagsmunaaðila í héraði. Byggt er á styrk hvers svæðis og unnið að því að þróa og styrkja vaxtargreinar og efla svæðisbundna þekkingu með uppbyggingu klasa og tengslaneta. Þegar hafa verið gerðir vaxtarsamningar um Eyjafjarðarsvæðið og Vestfirði og unnið er að gerð vaxtarsamnings fyrir Suðurland með áherslu á Vestmannaeyjar og samnings fyrir Austurland þar sem skal tekið tilliti til svæða á jaðri landshlutans, svo sem Hafnar í Hornafirði. Þá hefur verið ákveðið að ráðast í gerð vaxtarsamninga fyrir Norð-Vesturland og Vesturland.

Ábyrgð á framkvæmd

Byggðastofnun og Iðntæknistofnun (nú Nýsköpunarmiðstöð Íslands).

Aðrir þátttakendur

Iðnaðarráðuneyti, önnur ráðuneyti, atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög, Impra – nýsköpunarmiðstöð, skólastofnanir, Útflutningsráð Íslands, stéttarfélög, einkaaðilar o.fl.

Tímaáætlun

2006–2009.

Annað

Mikilvægt er að vaxtarsamningar séu vel kynntir og staða þeirra skýr. Vaxtarsamningar hafa verið gerðir með góðum árangri víða um heim. Vaxtarsamningur um Oulu-svæðið í Finnlandi hefur verið hafður til fyrirmyndar hér á landi, en þar náðist framúrskarandi árangur.“

Stöðulýsing maí 2008

Nú er unnið að atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefnum undir merkjum vaxtarsamninga fyrir sjö landssvæði. Í ársbyrjun 2008 var endurnýjaður samningur fyrir Eyjafjarðarsvæðið en hann var upphaflega gerður árið 2005. Á sama tíma voru einnig undirritaðir nýir vaxtarsamningar fyrir Norðurland vestra og Norðurland eystra og hluta Austurlands. Í ársbyrjun 2007 var undirritaður samningur fyrir Austurland og árið 2006 voru gerðir tveir vaxtarsamningar, annars vegar fyrir Vesturland og hins vegar fyrir Suðurland. Árið 2005 var gerður vaxtarsamningur fyrir Vestfirði.

Markmið samninganna er uppbygging atvinnulífs og efling samkeppnishæfni hvers svæðis en þeir byggja á styrkleikum og sérkennum hvers svæðis. Áfram er unnið að heildstæðri þróunaráætlun með áherslu á svæðisbundið klasasamstarf fyrirtækja um nýsköpun og framþróun.

Þeir samningar sem undirritaðir voru í upphafi árs 2008 hafa þá kosti umfram þá eldri að þeir eru einfaldari að formi og uppbyggingu og eiga þannig að geta orðið skilvirkara tæki í byggðaþróun viðkomandi svæðis. Í þeim er samið við einn fulltrúa heimamanna t. d. atvinnuþróunarfélag sem ber ábyrgð á framkvæmd samningsins. Verkefni sem unnin hafa verið á vegum vaxtarsamninganna hafa mörg borið góðan árangur.

Framlög iðnaðarráðuneytisins til þeirra vaxtarsamninga sem nú eru í gildi eru samtals 540 milljónir á gildistíma samninganna. Framlög iðnaðarráðuneytisins til samninganna í ár (2008) eru samtals 170 milljónir.

5. Söfnun og úrvinnsla tölfræðilegra gagna um byggðaþróun.

„Aðgerð

Á árinu 2006 verði skipulögð markviss söfnun og úrvinnsla tölfræðilegra gagna um byggðaþróun svo reglubundin söfnun og úrvinnsla geti hafist hjá Byggðastofnun í upphafi árs 2007.

Meginhugmynd

Mikilvægt er að tölfræðileg gögn um byggðaþróun séu ávallt tiltæk, enda eru slík gögn grundvallaratriði við stefnumótun og ákvörðunartöku. Mikið af þeim grunnupplýsingum sem þörf er á er þegar aflað hjá ýmsum opinberum aðilum en nokkuð hefur vantað upp á að gögnum sem snúa að byggðaþróun sé markvisst safnað, unnið úr þeim og þau birt með reglubundnum hætti. Upplýsingar um íbúaþróun, atvinnuþátttöku, tekjuþróun, afkomu atvinnugreina, nýsköpun og áhrif þessara þátta á hagkerfi og samfélag þurfa að vera aðgengilegar. Gögnin þurfa að vera samanburðarhæf við alþjóðlegar rannsóknir, bæði varðandi val grunnupplýsinga og framsetningu þeirra eftir úrvinnslu. Auk stöðugrar gagnaöflunar og miðlunar tölfræðilegra upplýsinga um byggðamál þarf að vera unnt að vinna sértækar greiningar með stuttum fyrirvara, t.d. þar sem búist er við breytingum, jafnt vegna nýrra sóknarfæra í atvinnulífi og aðsteðjandi vanda. Þannig er Byggðastofnun betur í stakk búin til að bregðast við nýjum aðstæðum og ráðleggja að eigin frumkvæði um viðbrögð ef á þarf að halda.

Ábyrgð á framkvæmd

Byggðastofnun.

Aðrir þátttakendur
Iðnaðarráðuneyti, Hagstofa Íslands, Ríkisskattstjóri, Rannís, Ferðamálaráð, Bændasamtökin, Fiskistofa, Samband íslenskra sveitarfélaga, rannsóknastofnanir, háskólar o.fl.

Tímaáætlun
2006–2009.

Annað
Samstarf þeirra sem safna tölfræðilegum upplýsingum er mikilvægt og til hagsbóta fyrir alla. Gæta þarf að því að ekki verði um tvíverknað að ræða við öflun grunnupplýsinga.“

Stöðulýsing maí 2008

Unnin hefur verið greining á tiltækum upplýsingum um byggðaþróun hér á landi og þær bornar saman við aðferðafræði og skilgreiningar nágrannaþjóðanna. Tilgangurinn er að til verði gögn um byggðaþróun á Íslandi sem eru samanburðarhæf við önnur lönd. Nú liggja fyrir skilgreiningar á þeim gögnum sem eru mikilvægar út frá byggðalegum forsendum.

Almennt er mikið til af gögnum aðallega sem Hagstofan hefur aflað, en einnig er talsvert af gögnum hjá öðrum. Gagnasnið eru misjöfn en vegna þess þarf að leggja töluverða vinnu í að aðlaga gögnin. Á Norðurlöndum er áhersla m.a. lögð á öflun gagna um frumkvöðlastarfsemi, nýsköpun og nýja tækni, menntun og starfshæfni, ferðamennsku og ástand jaðarsvæða. Áhugi er á því að unnt verði að afla gagna hér á landi um þessa mikilvægu þætti.

Afmörkun svæðisbundinna upplýsinga miðast oft við gömlu kjördæmin. Sú afmörkun er í mörgum tilvikum ásættanleg, en í öðrum tilvikum er nauðsynlegt að hafa upplýsingar fyrir betur afmörkuð svæði, t.d. stór vinnusvæði og stærri kaupstaði. Fyrir íslenskan gagnagrunn þarf m.a. að bæta aðgengi að tölulegum gögnum sem mismunandi stjórnvöld afla og samhæfa skilgreiningar og framsetningu tölulegra upplýsinga. Stefnt er að því að tölulegar upplýsingar um byggðaþróun verði aðgengilegar á heimasíðu Byggðastofnunar. Þar má nú þegar nálgast skýrslur um hagsvöxt svæða og upplýsingar um íbúaþróun einstakra sveitarfélaga miðað við núgildandi sveitarfélagaskipan.

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands og Byggðastofnun hafa unnið saman að uppfærslu útreikninga um „Hagvöxt svæða“ og bætt við útreikningum um þáttatekjur á mann. Miðað er við framleiðsluuppgjör og eru tölur greindar eftir atvinnugreinum. Atvinnugreinarnar eru landbúnaður, fiskveiðar, fiskvinnsla, annar iðnaður, byggingar, opinber þjónusta, önnur starfsemi. Meginniðurstöður eru að á tímabilinu 1998–2005 er hagvöxtur mestur á höfuðborgarsvæðinu og á Austurlandi, en minnstur og raunar neikvæður á Norðurlandi vestra og Vestfjörðum. Innan einstakra svæða geta hins vegar verið svæði með lítinn hagvöxt t.d. Norðausturhornið, suðurfirðir Austfjarða og austanvert Suðurland.

Upplýsingar sem Byggðastofnun mun afla um byggðaþróun verða byggðar á og samræmdar við sambærilegar evrópskar upplýsingar. Vegna þess var tekið upp samstarf við ESPON (European Spatial Planning Observation Network) í Luxemburg sem stýrir stórfelldu netsamstarfi um byggðarannsóknir í Evrópu og er rekin undir INTERREG III áætlun ESB. Öll lönd ESB eiga aðild að ESPON auk EFTA landanna, Sviss, Noregs og Liechtenstein.

Ávinningur Íslands af aðild að ESPON er að mati Byggðastofnunar þríþættur:

Með aðild að ESPON er þess vænst að íslenskum háskólum og stofnunum verði sköpuð betri staða til rannsókna á sviði byggðaþróunar, áætlanagerðar og nýsköpunar í samstarfi við

aðrar evrópskar rannsóknastofnanir á þessum sviðum. Þá er þess vænst að þetta starf muni leiða til vandaðri umræðu og ákvarðana á Íslandi um þróun byggða og samkeppnishæfni, að rannsóknaniðurstöður gefi færi til samanburðar á íslenskum og öðrum evrópskum svæðum og til samanburðar á opinberum aðgerðum og árangri af þeim. Þau rannsóknarverkefni sem unnið er að á grundvelli áætlunarinnar, og þær upplýsingar sem þar er safnað saman, hafa haft mikil áhrif á stefnumótun Evrópusambandsins á sviði byggðamála, sem og á stefnumótun einstakra ríkja.

6. Undirbúningur að gerð landshlutaáætlana.

„Aðgerð

Athugaðar verði niðurstöður Norðurslóðaáætlunar Evrópusambandsins um gerð svæðisáætlana á norðlægum slóðum og kannaðir kostir þess að gera landshlutaáætlanir á þeim grunni, sem saman mundu ná yfir Ísland allt.

Meginhugmynd

Mikilvægt er að víðtæk samstaða og samkennd ríki innan landshluta ef efla á samkeppnishæfni þeirra. Þannig skiptir máli að sveitarfélög innan landshluta beri sameiginlega ábyrgð á þróun hans alls en standi ekki í harðri samkeppni innbyrðis. Innan Evrópusambandsins er unnið skipulag fyrir stór landssvæði sem kallað er „Spatial Planning & Development“, þar sem mynduð er sameiginleg framtíðarsýn og stefnumótun svæða um sjálfbæra þróun efnahags, samfélags og náttúrufars. Íslendingar taka nú þátt í verkefni Norðurslóðaáætlunar Evrópusambandsins, um gerð svæðisáætlana á norðlægum slóðum (Spatial Planning in Northern Peripheral Regions). Markmiðið með verkefninu er að reyna og kanna þessa skipulagsaðferð við okkar aðstæður. Verkefnislok eru áætluð snemma árs 2008.

Ábyrgð á framkvæmd
Byggðastofnun.

Aðrir þátttakendur
Skipulagsstofnun, ráðuneyti, einkum umhverfisráðuneyti, sveitarfélög og atvinnuþróunarfélög.

Tímaáætlun
2008–2009.

Annað

Samhæfa þarf gerð landshlutaáætlana annarri opinberri áætlanagerð, svo sem samgönguáætlun, byggðaáætlun, fjarskiptaáætlun, ferðamálaáætlun o.s.frv.“

Stöðulýsing maí 2008

Árið 2006 var annað af þremur samstarfsárum Byggðastofnunar og Skipulagsstofnunar um samþætta áætlanagerð á norðlægum svæðum. Samþætt áætlanagerð hefur verið vaxandi innan ESB í kjölfar markmiða um samkeppnishæfni svæða og alþjóðlegra samþykkta og samninga sem hafa leitt af sér lög um umhverfismat áætlana. Augljóst hagræði er af því að meta saman umhverfisáhrif margra opinberra áætlana og af því að stilla saman opinberar áætlanir, þróunaráætlanir og landnotkunaráætlanir. Forsendur fyrir árangursríka áætlanagerð

af þessu tagi er víðtæk og virk þátttaka hagsmunaaðila og stór áætlanasvæði. Ljóst er að samkeppnishæfni svæða með sterka kjarna er meiri en þeirra sem hafa veika kjarna og áhersla er á styrkingu svæðakjarna og á gagnvirkt samband svæðakjarna við áhrifasvæði þeirra.

Tilgangur samstarfsverkefnisins var að kanna forsendur samþættrar áætlanagerðar á Íslandi. Á árinu 2006 var starfið einkum fólgið í flokkun og greiningu áætlana ríkis og sveitarfélaga á Austurlandi og ályktanir dregnar á árinu 2007 og þær lagðar inn í fjölþjóðlega verkefnisvinnu sem samstarfsverkefnið er hluti af. Þar eiga aðild sænskar, finnskar og skoskar stofnanir auk þeirra íslensku undir verkefnisheitinu „Spatial Planning in Northern Peripheral Regions“. Þetta verkefni er styrkt af NPP-áætlun Evrópusambandsins. Í þessu fjölþjóðlega samstarfi verður lýst góðum aðferðum og útfærslum og í aðdraganda þessa starfs var haldið alþjóðlegt málþing undir verkefnisheitinu í Reykjavík um mánaðamót október og nóvember 2006 með þátttöku frá þeim löndum sem aðild eiga að verkefninu og Þýskalandi, Póllandi og Kanada.

Upplýsingar um verkefnið er að finna á heimasíðu þess www.spatialnorth.eu og þar verður niðurstöðum verkefnisins komið á framfæri. Á árinu 2007 var gengist fyrir fundum um verkefnið, ályktanir þess og ábendingar, með ráðuneytum, ríkisstofnunum og sveitarfélögum. Verkefninu lauk formlega í árslok 2007 en lokafundur þess var alþjóðlegt málþing í Nairn í Skotlandi um miðjan nóvember 2007.

7. Athugun á stöðu byggðarlaga sem búa við viðvarandi fólksfækkun.

„Aðgerð

Gerð verði athugun á stöðu byggðarlaga sem glímt hafa við viðvarandi fólksfækkun. Styrkleikar þeirra og veikleikar verði metnir og greindir möguleikar til eflingar byggðarlaganna.

Meginhugmynd

Þótt víða hafi tekist að snúa vörn í sókn í byggðamálum hefur ýmsum byggðarlögum á landsbyggðinni reynst erfitt að glíma við fólksfækkun, sem sums staðar hefur verið viðvarandi um nokkurt skeið. Staðan hefur verið einna erfiðust hjá byggðarlögum sem liggja það fjarri þéttbýliskjörnum að ekki er hagkvæmt að sækja vinnu þangað og erfitt er um vik að njóta þeirrar þjónustu sem þar er í boði. Þrátt fyrir að efling landshlutakjarna styrki byggðina umhverfis, dugir hún ekki ein og sér fyrir þá sem fjærst búa. Því er mikilvægt að hugað verði sérstaklega að þessum byggðarlögum.

Ábyrgð á framkvæmd
Byggðastofnun.

Aðrir þátttakendur
Sveitarfélög, ráðuneyti o.fl., svo sem atvinnuþróunarfélög og Impra – nýsköpunarmiðstöð.

Tímaáætlun
2006–2007.“

Stöðulýsing maí 2008

Byggðastofnun ber ábyrgð á framkvæmd verksins, en vinnur það í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, Impru hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands, sveitarfélög og ráðuneyti og við Háskóla Íslands.

Atvinnuþróunarfélögin unnu stöðumat fyrir starfssvæði sín út frá völdum þáttum, s.s. atvinnu, þjónustu, menntun o.fl. Landfræðiskor Háskóla Íslands vann þjónustugreiningu svæðanna fyrir Byggðastofnun. Starfsmenn þróunarsviðs Byggðastofnunar heimsóttu þau sveitarfélög sem um féllu undir þá skilgreiningu sem miðað var við. Þar var um að ræða sveitarfélög þar sem íbúum hefur fækkað um að minnsta kosti 10% á tímabilinu 1996 til 2006. Rætt var við sveitarstjórnarmenn um stöðu byggðarlagsins og horfur. Vinna við verkefnið hófst á haustdögum 2006 og verða niðurstöður kynntar í júní næstkomandi.

8. Styrking atvinnuþróunar.

„Aðgerð

Stoðkerfi atvinnuþróunar og nýsköpunar á landsbyggðinni verði samhæft og starfið gert markvissara. Nýsköpunarmiðstöðinni á Akureyri og atvinnuþróunarfélögum verði áfram tryggður öruggur starfsgrundvöllur.

Meginhugmynd

Atvinnuþróunarfélögin eru hornsteinar svæðisbundinnar nýsköpunar atvinnulífsins, enda skiptir miklu að heimamenn gegni sem víðast forystuhlutverki í atvinnuþróun. Þeir hafa víðtæka þekkingu á umhverfi sínu og mesta möguleika til þess að stuðla að því að árangur starfsins varðveitist heima í héraði. Impra – nýsköpunarmiðstöð á Akureyri, sem stofnuð var 2002, er mikilvæg viðbót og bakhjarl við þá atvinnuþróunarstarfsemi sem Byggðastofnun og atvinnuþróunarfélög hafa staðið fyrir á landsbyggðinni. Tilgangur nýsköpunarmiðstöðvarinnar er að efla nýsköpun í atvinnulífi landsbyggðarinnar og hafa frumkvæði að þróun viðskiptahugmynda. Miðstöðin þjónar öllum atvinnugreinum og starfsemi hennar byggir á faglegri þekkingu um rekstur, markaðsmál og tækniþróun. Samstarf framangreindra aðila að atvinnuþróun er enn í mótun og mikilvægt er að það verði samhæft frekar til þess að sem bestur árangur náist.

Ábyrgð á framkvæmd
Iðnaðarráðuneyti.

Aðrir þátttakendur
Byggðastofnun, atvinnuþróunarfélög, Impra – nýsköpunarmiðstöð, Iðntæknistofnun (nú Nýsköðunarmiðstöð Íslands), Vísinda- og tækniráð.

Tímaáætlun
2006–2009.

Annað

Stuðningur við atvinnulífið er dreifður þótt nokkuð hafi áunnist í samhæfingu á síðustu misserum. Í lögum um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins, nr. 4/2003, er Nýsköpunarmiðstöð falið að eiga frumkvæði að samstarfi þeirra opinberu aðila sem mynda stoðkerfi nýsköpunar fyrir atvinnulífið.“

Stöðulýsing maí 2008

Endurskipulagning á stoðkerfi atvinnulífsins leiddi til stofnunar Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands sem tók til starfa 1. ágúst 2007. Þá runnu Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins og Iðntæknistofnun inn í þessa nýju stofnun. Hlutverk Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands er að styrkja samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs og auka lífsgæði. Í þessu felst meðal annars að miðla þekkingu og veita stuðningsþjónustu fyrir frumkvöðla og sprota- og nýsköpunarfyrirtæki og stunda tæknirannsóknir, þróun, greiningar, prófanir, mælingar og vottanir. Starfseminni má í meginatriðum skipta í tvennt, annars vegar Impru, sem er þjónusta við sprota- og nýsköpunarfyrirtæki og hins vegar rekstur Íslenskra tæknirannsókna sem sinna mun rannsóknar- og þróunarstarfsemi.

Nefnd um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum skilaði á árinu 2007 skýrslu með margvíslegum tillögum. Atvinnulíf og búseta á Vestfjörðum stendur nú á ákveðnum tímamótum. Stjórnvöld hafa ákveðið að verja á næstu fjórum árum allt að 13 milljörðum króna til framkvæmda við vegi, fjarskipti og snjóflóðavarnir. Tillögur nefndarinnar miða að því að blása ungu fólki, sem og öllum Vestfirðingum, í brjóst aukna bjartsýni á möguleikum svæðisins til búsetu og atvinnuuppbyggingar. Í þeim tilgangi þurfi að efla starfsemi opinberra stofnana m.a. á sviði menntunar, rannsókna og nýsköpunar sem í samvinnu við fyrirtækin á svæðinu geti snúið við atvinnuþróuninni til aukinnar verðmætasköpunar. Í kjölfar vinnu nefndarinnar samþykkti Alþingi fjárveitingar að upphæð samtals 278 milljónir sem gerir kleyft að ráða í 47,5 stöðugildi við ýmis verkefni á Vestfjörðum. Til viðbótar Vestfjarðanefndinni hafa tvær nefndir verið skipaðar undir forustu forsætisráðherra til að fjalla um leiðir til að styrkja atvinnulíf og samfélag á svæðum þar sem hagvöxtur er lítill. Annarri nefndinni er ætlað að fjalla um Norðurland vestra en hinni um fámenn byggðarlög á Norðurlandi eystra og Austurlandi sem eiga undir högg að sækja í atvinnulegu tilliti. Nefndunum er meðal annars ætlað að gera tillögur um mögulega styrkingu menntunar og rannsókna, uppbyggingu iðnaðar og þjónustu og flutning starfa frá höfuðborgarsvæðinu til umræddra svæða. Í hvorri nefnd eiga sæti fimm fulltrúar, þar af þrír fulltrúar stjórnvalda og tveir fulltrúar frá viðkomandi svæðum. Nefndirnar skiluðu skýrslum til forsætisráðherra þann 19. maí sl.

Impra á Nýsköpunarmiðstöð Íslands hefur opnað starfsstöðvar á þremur nýjum stöðum á landinu, þ.e. á Ísafirði, Höfn og í Vestmannaeyjum. Ætlunin er að auka framboð og aðgengi að ráðgjöf og fræðslu á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar á þessum stöðum. Starfsstöðvarnar auðvelda Impru að efla samskipti og stuðning við fyrirtæki um allt land og auka þannig tengslanet fyrirtækja á Íslandi. Verkefni verða einkum á sviði þróunar- og stuðningsverkefna auk almennrar handleiðslu og upplýsingagjafar til lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Fyrir rak Nýsköpunarmiðstöð Impru starfsstöð á Akureyri.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að veita alls 200 milljónum króna á árunum 2008 og 2009 til eflingar atvinnuþróunar og nýsköpunar á þeim svæðum sem verða fyrir aflasamdrætti vegna skerðingar þorskaflaheimilda. Þá hefur verið ákveðið að verja 180 m.kr. á sama tímabili til ferðaþjónustuverkefna. Styrkhæf svæði eru sveitarfélög þar sem hlutfall starfa í veiðum og vinnslu er 10% eða hærra. Styrkjum vegna ferðaþjónustuverkefna hefur þegar verið úthlutað og ákvörðun um úthlutun styrkja til eflingar atvinnuþróunar og nýsköpunar verður tekin í lok maí.

Í lögum um Byggðastofnun er kveðið á um að stofnunin skipuleggi og vinni að ráðgjöf við atvinnuvegi á landsbyggðinni í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og aðra. Stofnunin skal gera samninga við atvinnuþróunarfélög, stofnanir, sveitarfélög, sjálfstætt starfandi ráðgjafa eða aðra um að annast atvinnuráðgjöf á tilteknu sviði, atvinnugrein eða

landssvæði. Í því skyni hefur Byggðastofnun gert samninga við átta atvinnuþróunarfélög sem öll tengjast landshlutasamtökum sveitarfélaga þó rekstur þeirra og starfsemi sé mismunandi.

Alþingi ákveður á fjárlögum fjárveitingar til atvinnuþróunarfélaga. Byggðastofnun skiptir fjármagninu milli félaganna og greiðir það samkvæmt samningi við hvert félag, þar sem tilgreind eru þau verkefni, sem félagið tekur að sér. Meðal helstu verkefna má nefna atvinnu- og byggðaþróun, sem felur í sér mótun samræmdrar stefnu varðandi atvinnu- og byggðaþróun á starfssvæði félagsins í samvinnu við sveitarfélög, fulltrúa atvinnulífsins og aðra hagsmunaaðila. Á árinu 2008 eru opinber framlög til atvinnuþróunarfélaganna 146 m.kr.

Ljóst er að mörg atvinnuþróunarfélög hafa skilað góðum verkum á starfssvæðum sínum. Þau veita ráðgjöf um stofnun og rekstur fyrirtækja, um markaðssókn, vöruþróun, fjármögnun, kynningu, endurskipulagningu, erlend samskipti o.fl. Að jafnaði er áhersla lögð á nýstofnuð fyrirtæki, fyrirtæki í nýjum atvinnugreinum og fyrirtæki sem hafa afgerandi áhrif á atvinnulíf lítilla byggðarlaga. Félögin veita upplýsingar um mögulega fyrirgreiðslu og aðstoð annarra aðila og leita samstarfs við stofnanir í stoðkerfi atvinnulífs, fyrirtæki og aðra aðila sem vinna ráðgjafar- og leiðbeiningarstarf í atvinnumálum.

Atvinnuþróunarfélögin vinna í samstarfi við sveitarfélög, opinbera aðila og félagasamtök að eflingu búsetuþátta, sem m.a. snúa að samgöngum, verslun og þjónustu, húsnæðismálum, félagslegu umhverfi, menntunar- og menningarmálum. Í fjárveitingu til félaganna er einnig gert ráð fyrir verkefnastyrkjum, og geta atvinnuþróunarfélögin sótt um stuðning við sérstök verkefni á sviði atvinnu- og byggðaþróunar á starfssvæði sínu.

Byggðastofnun og Nýsköpunarmiðstöð Íslands eru ráðgefandi fyrir atvinnuþróunarfélögin, einkum í því skyni að ná markmiðum stjórnvalda í byggðamálum og fylgjast með starfi þeirra. Byggðastofnun á fulltrúa eða áheyrnarfulltrúa í stjórnum félaganna og aðstoðar þau við atvinnuþróun og nýsköpun, miðlar upplýsingum, aðstoðar við endurmenntun, samræmingu á starfsemi atvinnuþróunarfélaganna og eflingu samstarfs þeirra á milli. Hún myndar tengsl við aðrar stofnanir sem vinna að atvinnu- og byggðaþróun, skipuleggur samstarfsverkefni og aðstoðar við leit að samstarfsaðilum varðandi sérhæfð mál.

9. Efling rannsókna, tækniþróunar og nýsköpunar.

„Aðgerð

Árið 2006 verði gerð áætlun um víðtæka eflingu rannsókna, tækniþróunar og nýsköpunar á landsbyggðinni, m.a. á sviði orkumála, sjávarútvegs, ferðaþjónustu og landbúnaðar. Í áætluninni verði skilgreind áherslusvið og fyrirkomulag samstarfs mótað. Samstarfið verði rekið sem þróunarverkefni út gildistíma byggðaáætlunarinnar.

Meginhugmynd

Efling rannsókna, tækniþróunar og nýsköpunar sem byggist á sérkennum lands og þjóðar er líkleg til árangurs og verðmætasköpunar á landsbyggðinni. Nefna má líftækni á grunni sjávarútvegs og landbúnaðar, margvíslegar rannsóknir á sviði fiskeldis, veiðarfæra, matvæla og svæðisbundinna hafrannsókna, nýjungar við meiri og fjölbreyttari nýtingu skógarafurða en þekkst hefur hér á landi, skapandi sóknarfæri á sviði orkumála, m.a. við nýtingu minni vatnsfalla og lághitasvæða í eigu bænda, og þróun menningartengdrar ferðaþjónustu. Mikilvægt er að rannsóknir og tækniþróun á fræðasviðum sem sérstaklega eru til þess fallin að styrkja nýsköpun í atvinnulífi fái varanlega fótfestu.

Ábyrgð á framkvæmd
Iðnaðarráðuneyti.

Aðrir þátttakendur
Önnur ráðuneyti, Vísinda- og tækniráð, háskólar, rannsóknastofnanir, atvinnuþróunarfélög, Impra – nýsköpunarmiðstöð, Rannsóknamiðstöð Íslands, þekkingarsetur, fræðasetur, náttúrustofur o.fl.

Tímaáætlun
2006–2009.

Annað
Á síðustu árum hefur skilningur á mikilvægi rannsókna og þróunarstarfsemi í tengslum við starfsemi háskóla utan Reykjavíkur aukist. Efling þessara háskóla er ein af forsendum fyrir styrkingu byggðar og rannsóknir innan vébanda þeirra forsenda eflingar skólanna.“

Stöðulýsing maí 2008

Iðnaðarráðuneytið hefur unnið markvisst að því að koma á fót þekkingarsetrum á landsbyggðinni, sbr. aðgerð 10 hér á eftir og hafa mál þróast þannig að efling rannsókna og nýsköpunar á landsbyggðinni fellur nú saman við áherslur um starfsemi þekkingarsetra, enda er að því stefnt að þar verði þungamiðja rannsókna og þróunar utan höfuðborgarsvæðisins. Hugmyndafræðin um þekkingarsetur á landsbyggðinni hefur verið þróuð í samráði við Vísinda- og tækniráð og önnur ráðuneyti, einkum menntamálaráðuneyti.

Stuðningur við rannsóknir og þróun í auðlindalíftækni sem hófst undir merkjum fyrri byggðaáætlunar var fram haldið til ársloka 2007. Afrakstur þess hefur m.a. leitt til stofnunar tveggja sprotafyrirtækja. Einnig hefur rannsóknastarfsemi í líftækni við Háskólann á Akureyri vaxið fiskur um hrygg og reikna má með að verkefni þaðan eigi greiðari aðgang að opinberum rannsóknasjóðum en fyrr.

Mikilvægur þáttur í uppbyggingu rannsókna og þróunar á öllu landinu er efling samkeppnissjóðanna Tækniþróunarsjóðs og Rannsóknasjóðs. Ákveðið hefur verið að tvöfalda framlag Tækniþróunarsjóðs á árunum 2008–2011 úr 500 m.kr. í 1 milljarð króna. Hlutverk Tækniþróunarsjóðs er að styðja rannsóknir og tækniþróun sem stuðlar að aukinni samkeppnishæfni atvinnulífsins.

„Átak til atvinnusköpunar“ veitir styrki til smærri viðfangsefna og snjallra nýsköpunarhugmynda. Fimmtíu milljónir króna voru til ráðstöfunar árið 2007 en 75 milljónum króna verður úthlutað á árinu 2008. Stuðningur er fyrst og fremst veittur verkefnum sem leitt geta til nýsköpunar í atvinnulífinu og falla ekki undir verksvið annarra sem veita sambærilega fyrirgreiðslu. Lögð er áhersla á að „Átak til atvinnusköpunar“ sé kynnt á vettvangi atvinnuþróunarfélaganna í þeim tilgangi að það nýtist sem best þeim byggðarlögum sem orðið hafa fyrir áföllum vegna skertra aflaheimilda og byggðaröskunar.

10. Uppbygging þekkingarsetra/háskólasetra.

„Aðgerð

Áfram verði unnið að uppbyggingu þekkingarsetra/háskólasetra á landsbyggðinni.

Meginhugmynd

Vorið 2005 var Háskólasetur Vestfjarða ses. stofnað á Ísafirði, en tilgangur þess er að stuðla að fjölbreyttri uppbyggingu háskólamenntunar og rannsókna- og þekkingarstarfs á Vestfjörðum, vera samstarfsvettvangur fyrir aðila er vinna að verkefnum á sviði rannsókna, háskóla- og símenntunar, fjölþjóðlegra samstarfsverkefna, nýsköpunar og byggða- og atvinnuþróunar. Slíkt nábýli og tengsl menntunar, opinberra rannsókna og atvinnulífs nýtir betur mannauð og fjárfestingar og stuðlar að bættum árangri og traustari búsetuskilyrðum: auknu framboði háskólanáms, öflugra rannsókna- og þekkingarstarfi, aukinni nýsköpun og markvissari atvinnuþróun. Til þess að sem bestur árangur náist er mikilvægt að þekkingarsetur/háskólasetur byggist á sérkennum og styrk þess landshluta sem þau eru staðsett í. Menntamálaráðherra hefur skipað starfshóp til undirbúnings þekkingarseturs á Austurlandi, sem byggist á þessari hugmyndafræði. Þá hefur Þekkingarsetur Þingeyinga verið starfrækt á Húsavík í á þriðja ár, en það er háskólanáms- og rannsóknastofnun með Þingeyjarsýslur sem starfssvæði. Auk þess eru starfandi þekkingar- og fræðasetur víða um land.

Ábyrgð á framkvæmd

Menntamálaráðuneyti.

Aðrir þátttakendur

Önnur ráðuneyti, háskólar, háskóla- og þekkingarsetur, rannsóknastofnanir, Impra – nýsköpunarmiðstöð, fræðasetur, frumkvöðlasetur, ýmsir opinberir atvinnuráðgjafar, náttúrustofur o.fl.

Tímaáætlun

2006–2009.

Annað

Vísinda- og tækniráð lýsti í ályktun sinni 17. desember 2004 yfir stuðningi við hugmyndir um þekkingarsetur á landsbyggðinni. Í ályktun Vísinda- og tækniráðs frá 2. júní sl. er einnig fjallað um þekkingarsetur. Þar segir: „Vísinda- og tækniráð fagnar stofnun Háskólaseturs Vestfjarða ses. og þeirri breiðu samvinnu sem tekist hefur um starfsemi þess. Ráðið leggur áherslu á mikilvægi þessa þekkingarseturs sem gæti orðið fyrirmynd annars staðar á landinu með sameiginlegu átaki ráðuneyta og stofnana þeirra í félagi við heimamenn.“ Eðlilegt er að hugsa sér að þekkingarsetur/háskólasetur á landsbyggðinni hafi þegar fram í sækir öflugan bakhjarl í hliðstæðri starfsemi á höfuðborgarsvæðinu, en Vísinda- og tækniráð hefur lagt áherslu á þá möguleika til nýrrar sóknar sem felast í sameiningu opinberra rannsóknastofnana á höfuðborgarsvæðinu og nábýli þeirra við háskóla og þekkingarfyrirtæki.“

Stöðulýsing maí 2008

Orðið þekkingarsetur vísar til nábýlis og samstarfs háskólakennslu, rannsókna og rannsóknastofnana, þjónustu við nýsköpunarstarfsemi, frumkvöðla, atvinnuþróunarstarfsemi, starfsemi sprota- og nýsköpunarfyrirtækja og ekki síst við þekkingarfyrirtæki. Slíkt nábýli

og samstarf kallar fram samlegðaráhrif með betri nýtingu á mannauði og stuðlar að meiri árangri en unnt væri að ná ef starfsemin væri aðskilin. Nýsköpunarmiðstöð Íslands er að grunni til þekkingarsetur og stefnt er að því að í framtíðinni tengist hún við rannsóknastarfsemi háskóla og starfsemi þekkingarfyrirtækja. Starfsemi stofnunarinnar mun á sama hátt tengjast þekkingarsetrum úti á landi og mun hún stuðla að vexti og viðgangi þeirra. Gert er ráð fyrir að aðgerðir stjórnvalda er lúta að jöfnun lífsgæða verði í auknum mæli tengdar við vaxtarsamninga og starfsemi sem hafi tengsl við svæðisbundin þekkingarsetur þar sem rannsóknir eru stundaðar og aðgerðum stýrt. Mótun aðgerða og ábyrgð á framkvæmd þeirra verði þannig fyrst og fremst í höndum heimamanna. Einkum er horft til uppbyggingar þekkingarsetra á Ísafirði, Akureyri og á Egilsstöðum enda hefur styrking landshlutakjarna á þessum stöðum verið eitt af markmiðum byggðaáætlunar stjórnvalda. Háskólasetur Vestfjarða og þekkingarnet Austurlands mynda nú þegar kjarna vaxtar í þekkingarsetrum á þessum stöðum. Háskólinn á Akureyri og sú starfsemi sem fer fram í rannsókna- og nýsköpunarhúsinu og enn frekari vöxtur rannsókna og nýsköpunarstarfsemi í væntanlegum tæknigarði er sú umgjörð sem mun mynda kjarna starfseminnar á Norðurlandi.

Samningur menntamálaráðuneytisins og iðnaðarráðuneytisins annars vegar og Þekkingarnets Austurlands hins vegar var undirritaður 16. mars 2006 og gildir til ársloka 2010. Samkvæmt samningnum skal Þekkingarnetið m.a vera tengiliður íbúa Austurlands við háskóla- og rannsóknastofnanir innanlands sem utan með því að bjóða upp á góða aðstöðu fyrir fjarnám auk þess að vera vettvangur nýsköpunar og þróunar í náinni samvinnu við atvinnulífið. Greiðslur voru ákveðnar 36 m.kr. árið 2006 og eigi lægri með verðlagsuppbótum næstu árin þar á eftir. Auk þess er kveðið á um greiðslur vegna verkefna í sí- og endurmenntun og í því samhengi vísað til fjárframlaga til Fræðslunets Austurlands á fjárlögum.

Samningur er einnig á milli menntamálaráðuneytisins og iðnaðarráðuneytisins annars vegar og Háskólaseturs Vestfjarða hins vegar um starfsemi þekkingarseturs á Ísafirði. Samningurinn var undirritaður 4. febrúar 2006 og gildir til ársloka 2010. Samkvæmt honum skal Háskólasetrið m.a. vera tengiliður Vestfirðinga við háskóla- og rannsóknastofnanir innanlands sem utan með því að bjóða upp á góða aðstöðu fyrir fjarnám og greiða götu námsmanna á Vestfjörðum til fjarnáms og staðbundins náms eftir því sem aðstæður leyfa. Greiðslur voru ákveðnar 36 m.kr. árið 2006 og eigi lægri með verðlagsuppbótum næstu árin þar á eftir.

Þá er samningur á milli menntamálaráðuneytisins og Þekkingarseturs Þingeyinga. Hann var undirritaður 2. júní 2006 og gildir til ársloka 2010. Samkvæmt samningnum skal Þekkingarsetrið m.a. starfrækja háskólanámssetur með tilheyrandi búnaði og vinna með viðurkenndum háskólum að bættri þjónustu við háskólanema. Jafnframt skal setrið vera miðstöð rannsóknastarfs í Þingeyjarsýslum og treysta samstarf þeirra er stunda rannsóknir í héraðinu. Fjárveitingar skv. samningum skyldu vera 21,7 m.kr. árið 2006 og eigi lægri með verðlagsuppfærslum árin 2007, 2008, 2009, og 2010.

Menntamálaráðuneytið hefur einnig gert samning við Háskóla Íslands sem undirritaður var í janúar 2007. Þar er sérstök áhersla á eflingu fræðasetra háskólans á landsbyggðinni og meðal árangursmælikvarða er fjöldi starfa á vegum háskólans á landsbyggðinni. Stofnun fræðasetra Háskóla Íslands rekur núna rannsókna- og fræðasetur víðs vegar um landið. Stofnunin hefur vaxið undanfarin ár og nýlega tóku tvö ný setur til starfa í Bolungarvík og Húsavík. Setrin eru í dag sjö talsins. Í Stykkishólmi, í Bolungarvík, á Húsavík, á Höfn í Hornafirði, í Vestmannaeyjum, í Hveragerði og í Sandgerði. Auk þess er hafinn undirbúningur að stofnun rannsókna- og fræðaseturs á Egilsstöðum. Hefur Háskóli Íslands þar með stofnað

rannsókna- og fræðasetur alls staðar á landinu þar sem ekki eru fyrir háskólar. Landgræðslan og Háskóli Íslands hafa undirritað yfirlýsingu um að efla rannsóknir og samstarf þessara stofnana. Jafnframt rekur Háskóli Íslands svæðisbundin fræða- og rannsóknasetur um land allt. Setrin hafa hvert sitt áherslusvið sem tengist sérstökum aðstæðum á hverju svæði. Auk almennra fjárveitinga til Háskóla Íslands hafa setrin í Stykkishólmi, Húsavík og Höfn í Hornafirði fengið 6 m.kr. fjárveitingu hvert á fjárlögum undanfarin ár.

11. Efling dreifmenntunar á öllum skólastigum.

„Aðgerð

Kostir dreifmenntunar þar sem aðferðum fjarkennslu og staðbundinnar kennslu er beitt saman, verði nýttir til að veita fjölbreytt námsframboð á öllum skólastigum með samstarfi skóla. Meðal annars verði stuðlað að samstarfi háskóla um fjarkennslu. Skilgreind verði ákveðin marksvið í starfsmenntun á landsbyggðinni og unnið að eflingu þeirra í samstarfi framhaldsskóla, fyrirtækja og móðurskóla í starfsmenntun.

Meginhugmynd

Efling atvinnulífs og varanleg styrking búsetu byggist að verulegu leyti á því að fólki gefist sem lengst kostur á að stunda fjölbreytt nám í heimabyggð, hvort tveggja bók- og verknám. Aukið framboð náms á öllum skólastigum á landsbyggðinni stuðlar að því að fleiri sæki sér menntun, dregur að sér fólk og eykur líkur á því að það staldri við en flytjist ekki til höfuðborgarsvæðisins. Nám í heimabyggð stuðlar einnig að því að staðbundin þekking og menning varðveitist og verði uppspretta nýrra atvinnuhátta. Með dreifmenntun, þar sem aðferðum fjarkennslu og staðbundinnar kennslu er beitt saman, skapast möguleikar á að koma á samstarfi skóla um námsframboð, stuðla að auknum gæðum og auka námsmöguleika einstaklinga.

Ábyrgð á framkvæmd
Menntamálaráðuneyti.

Aðrir þátttakendur
Skólastofnanir, önnur ráðuneyti.

Tímaáætlun
2006–2009.

Annað

Varðandi starfsmenntun er mikilvægt að huga að samstarfi framhaldsskóla og símenntunarmiðstöðva (sbr. aðgerð 12). Með dreifmenntun gefst ekki aðeins kostur á að auka námsframboð á landsbyggðinni heldur veitir hún einnig tækifæri á að breiða út þekkingu fólks á landsbyggðinni.“

Stöðulýsing maí 2008

Allir opinberir framhaldsskólar og símenntunarmiðstöðvar eru tengd háhraðaneti með 100 Mb/s sambandi. Útibú þeirra tengjast með 2–10 Mb/s sambandi. FS-net er hraðvirkt gagnaflutninganet fyrir framhaldsskóla og símenntunarmiðstöðvar og var stofnað af menntamálaráðuneytinu árið 2003. Greiðslur hafa verið um 12 m.kr. á ári. Þessar upphæðir skiptast jafnt

á 9 símenntunarmiðstöðvar á landsbyggðinni. Þær eru; Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi, Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Farskólinn á Norðurlandi vestra, Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar, Fræðslumiðstöð Þingeyinga, Fræðslunet Austurlands, Fræðslunet Suðurlands, Viska – Fræðslu- og símenntunarmiðstöð í Vestmannaeyjum og Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum.

Unnið hefur verið að nýjum samningum um hraðvirkt gagnaflutningsnet. Flestir framhaldsskólar bjóða upp á fjarnám, sem nemar nýta í miklum mæli. Á fjárlögum ársins 2008 fengu 5 símenntunarmiðstöðvar á landsbyggðinni 3 m.kr. aukningu hver, vegna fjarkennslu á háskólastigi. Þessar stöðvar eru: Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi, Farskólinn á Norðurlandi vestra, Fræðslunet Suðurlands og Viska í Vestmannaeyjum. Þá annast háskóla- og þekkingarnet á Húsavík og Egilsstöðum fjarkennslu á háskólastigi og fá til þess fjárveitingar af fjárlögum. Eru því 7 miðstöðvar með fjárveitingu vegna náms á háskólastigi. (Símey á Akureyri og Fræðslumiðstöð Vestfjarða hafa ekki fengið slíkar aukafjárveitingar þar eð Háskólinn á Akureyri og Háskólasetur Vestfjarða fá greiðslur til að bjóða upp á fjarkennslu.) Menntamálaráðuneytið stóð fyrir útboði á FS-netinu og telst eigandi þess en aðilar að netinu eru nær allir framhaldsskólar og símenntunarmiðstöðvar í landinu. Tilgangur þess er að veita framhaldsskólum og símenntunarmiðstöðvum bestu mögulegu netþjónustu óháð staðsetningu þeirra. Jafnframt er netinu ætlað að vera vettvangur nýsköpunar og þróunar í kennsluháttum þar sem háhraðatenginga er krafist. Tengistaðir eru nú hátt í 70 talsins. Samningur við fyrri þjónustuaðila, Skýrr ehf, rann út um mitt ár 2007 og að undangengnu útboði var gengið til samninga við Vodafone um rekstur víðnets en Símann hf. um rekstur Internetgáttar. Með útboðinu náðist umtalsverð lækkun á kostnaði auk þess sem sveigjanleiki í stærð tenginga var aukinn.

Flestir framhaldsskólar á Íslandi bjóða fjarnám með einum eða öðrum hætti og nemendur um allt land nýta sér þennan möguleika í miklum mæli. Í ljós hefur komið að stöðug aukning hefur verið í framboði og þátttöku landsbyggðar í fjarnámi. Skráðir nemendur á framhaldsskólastigi í fjarnámi voru 4.268 samtals árið 2007. Rétt er að benda á að „skráðir nemendur“ eru ekki endanlegar tölur um fjölda nemenda. Hagstofan birtir endanlegar tölur um fjölda nemenda í töflum um „nemendur“ ekki „skráða nemendur“. Árið 2006 stunduðu 2.441 fjarnám en 2003 voru þeir 1.943. Um er að ræða 15% af heild. Hlutfallsleg aukning hefur ekki verið umtalsverð en það skýrist af mjög mikilli aukningu af þátttöku í háskólanámi í heild.

12. Efling símenntunar.

„Aðgerð

Framboð á símenntun á landsbyggðinni verði aukið í samstarfi símenntunarmiðstöðva og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Jafnframt verði stuðlað að samstarfi símenntunarmiðstöðva og framhaldsskóla um starfsmenntun fyrir fullorðna.

Meginhugmynd

Símenntun eflir og styrkir atvinnulíf og samfélag og stuðlar þannig að bættum búsetuskilyrðum. Símenntunarmiðstöðvar á landsbyggðinni færa menntunarmöguleika nær íbúum þar og stuðla að hækkun menntunarstigs. Hlutverk miðstöðvanna er m.a. að efla símenntun í atvinnulífinu, sjá til þess að allir íbúar eigi kost á námi við hæfi, ná til fólks með stutta skólagöngu og vera virk upplýsingaveita um námsmöguleika fullorðinna. Námsframboð símenntunarmiðstöðvanna tekur mið af stöðu menntunar og atvinnulífi á hverjum stað. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur í auknum mæli stutt við þróun námsframboðs í símenntun og viðurkenningu þess í tengslum við atvinnulíf.

Ábyrgð á framkvæmd
Menntamálaráðuneyti.

Aðrir þátttakendur
Skólastofnanir, símenntunarmiðstöðvar, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar, fyrirtæki o.fl.

Tímaáætlun
2006–2009.“

Stöðulýsing maí 2008

Símenntun á landsbyggðinni hefur verið stórefld. Níu símenntunarmiðstöðvar eru starfandi og námu greiðslur til þeirra 41,1 m.kr. árið 2006 og rúmlega 100 m.kr. árið 2007 og er reiknað með enn frekari hækkunum í tengslum við kjarasamninga.

Að auki eru grunnfjárveitingar 15 m.kr. til hverrar símenntunarmiðstöðvar skv. fjárlögum 2008.

13. Efling menningarstarfsemi.

„Aðgerð

Áfram verði unnið að gerð menningarsamninga við sveitarfélög. Stuðlað verði að auknu samstarfi safna á landsbyggðinni innbyrðis og við höfuðsöfn. Skoðaðir verði möguleikar þess að nýta nýja tækni, m.a. stafrænt sjónvarp, við gerð og miðlun menningar- og sjónvarpsefnis af landsbyggðinni. Unnið verði að eflingu íþrótta- og æskulýðsstarfs á landsbyggðinni.

Meginhugmynd

Öflug menningarstarfsemi, þar með talið íþrótta- og æskulýðsstarf, er mikilvæg forsenda þess að mannlíf dafni á landsbyggðinni. Góður árangur hefur náðst með gerð menningarsamninga við sveitarfélög á landsbyggðinni, en þannig hefur fengist samstaða um uppbyggingu menningarstarfsemi og menningartengdrar ferðaþjónustu á tilteknum landssvæðum. Gildi menningarhúsa á landsbyggðinni er jafnframt ótvírætt, en ríkisstjórnin ákvað í janúar 1999 að taka þátt í að reisa menningarhús á fimm stöðum á landsbyggðinni: á Ísafirði, í Skagafirði, á Akureyri, á Austurlandi og í Vestmannaeyjum. Þá er aukið samstarf safna á landsbyggðinni innbyrðis og við höfuðsöfn mikilvægt til að auka samlegð og bæta þjónustu. Mikilvægt er að nýta fjölbreyttar leiðir til þess að miðla menningararfi þjóðarinnar en þar getur upplýsingatækni leikið þýðingarmikið hlutverk. Þannig má jafnframt auka framboð fjölmiðlaefnis af landsbyggðinni.

Ábyrgð á framkvæmd
Menntamálaráðuneyti.

Aðrir þátttakendur
Samgönguráðuneyti, iðnaðarráðuneyti, önnur ráðuneyti, sveitarfélög, landshlutasamtök sveitarfélaga, menningarstofnanir, söfn, æskulýðs- og íþróttafélög.

Tímaáætlun
2006–2009.“

Stöðulýsing maí 2008

Átta menningarsamningar hafa verið gerðir á landsbyggðinni og menningarfulltrúar ráðnir til að annast framkvæmd þeirra. Í þessu hefur falist flutningur á ábyrgð og framkvæmd frá ríki til heimamanna og hefur störfum á sviði menningarmála og menningartengdrar ferðaþjónustu fjölgað. Landsbókasafn – Háskólabókasafn hefur í samvinnu við Amtsbókasafnið á Akureyri samið um að gera dagblöð síðustu aldar aðgengileg á vefnum. Íslendingar yrðu þannig með eitt af fyrstu þjóðarbókasöfnum í heiminum til að verða stafrænt þjóðbókasafn.

Minjavörður var ráðinn á Vestfjörðum árið 2007 og eru þá starfandi minjaverðir á Austurlandi, Norðurlandi eystra, Norðurlandi vestra og á Vesturlandi

Menningarhús rís nú á Akureyri og endurbótum á Miðgarði í Skagafirði lýkur senn, auk þess sem menningarhúsin á Ísafirði hafa verið endurbætt. Í undirbúningi er að sviðslistahús rísi á Egilsstöðum og í Vestmannaeyjum mun rísa safnahús.

14. Hagnýting upplýsingatækni.

„Aðgerð

Unnið verði að því að gera afrakstur tilraunaverkefnisins um rafrænt samfélag aðgengilegan fyrir önnur byggðarlög á landsbyggðinni.

Meginhugmynd

Ljóst er að þróun búsetu og atvinnulífs á landsbyggðinni ræðst m.a. af því hvernig til tekst við hagnýtingu upplýsingatækni. Á grunni byggðaáætlunar fyrir árin 2002–2005 voru tvö byggðarlög valin til að reka tilraunaverkefni um svokallað „rafrænt samfélag“. Þetta eru annars vegar sveitarfélögin Árborg, Hveragerði og Ölfus og hins vegar sveitarfélögin Aðaldælahreppur, Húsavíkurbær og Þingeyjarsveit. Markmiðið með tilraunaverkefninu, sem stendur fram á árið 2006, var að treysta stöðu upplýsingasamfélagsins á landsbyggðinni; að styrkja samfélagsgerð þar, m.a. með því að auka nýsköpun í atvinnulífi og bæta afkomu íbúanna, auka menntun og menningarstarfsemi, bæta heilsugæslu og félagslegar aðstæður og efla lýðræðið.

Ábyrgð á framkvæmd
Byggðastofnun.

Aðrir þátttakendur
Iðnaðarráðuneyti, samgönguráðuneyti, sveitarfélög og önnur ráðuneyti.

Tímaáætlun
2007–2009.

Annað

Unnið verður að hagnýtingu upplýsingatækni í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið 2004–2007.“

Stöðulýsing maí 2008

Rafrænu samfélagsverkefnunum „Sunnan 3“ og „Virkjum alla“ lauk á árinu 2007. Það var mat Byggðastofnunar að bæði tilraunaverkefnin hafi skilað umtalsverðum árangri. Ýmis vandkvæði reyndust þó á framkvæmd verkefnanna, einkum Virkjum alla. Ekki náðist að

ljúka öllum áformum verkefnanna samkvæmt upphaflegri verkáætlun en fyrir því voru ástæður sem aðilar höfðu að stærstum hluta ekki í hendi sér. Verkefnin voru metnaðarfull, flókin og viðamikil tilraunaverkefni á sviði hagnýtingar upplýsingatækni til eflingar viðkomandi samfélaga. Langstærsti hluti áforma verkefnanna náði fram að ganga og í báðum verkefnunum varð til mikil reynsla og þekking sem hæglega getur nýst öðrum sveitarfélögum. Besti mælikvarðinn á árangur verkefnanna er að önnur sveitarfélög bæði innanlands og utan hafa horft til þeirra sem góðra fyrirmynda og nokkur tekið upp að hluta kerfislausnir þeirra eins og t.d. Seltjarnarnesbær og Reykjavíkurborg.

Verkefnunum lauk síðla árs 2007 og hefur Byggðastofnun fjallað um með hvaða hætti væri mögulegt að koma að framkvæmd tillögunnar. Hugmyndir eru uppi um að kanna grundvöll þess að í samráði Byggðastofnunar, verkefnisstjórnar Sunnan 3, atvinnuþróunarfélaga, Samtaka sveitarfélaga og Upplýsingasamfélagsins verði haldin komandi haust ráðstefna á Selfossi um hagnýtingu upplýsingatækni með sérstaka áherslu á lítil og meðalstór sveitarfélög, fyrirtæki á landsbyggðinni og tækifæri almennings.

15. Bætt heilbrigðisþjónusta.

„Aðgerð

Unnið verði að bættri heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni, m.a. með flutningi verkefna á sviði heilbrigðismála frá ríki til sveitarfélaga. Heilbrigðisnet, sem m.a. tengir saman heilbrigðisstofnanir og gerir fjarlækningar mögulegar verði þróað áfram og tekið í fulla notkun.

Meginhugmynd

Greiður aðgangur að öflugri heilbrigðisþjónustu er mikilvægur þáttur í mati á búsetuskilyrðum. Nefnd skipuð af heilbrigðisráðherra kannar hvaða verkefni á sviði heilbrigðisþjónustu og þjónustu við aldraða sé mögulegt og æskilegt að flytja frá ríki til sveitarfélaga. Tilgangurinn með starfi nefndarinnar er m.a. að bæta þessa þjónustu á landsbyggðinni. Í inngangsorðum áfangaskýrslu nefndarinnar frá því í nóvember 2004 segir m.a.: „Staðbundnar aðstæður kalla vafalaust á mismunandi lausnir og útfærslu og mögulegt er að heilbrigðisþjónustan gæti orðið bæði sveigjanlegri og öflugri undir stjórn þeirra sem eru öllum hnútum kunnugir á sveitarstjórnarstiginu.“ Þá hefur verið unnið að heilbrigðisneti, sem getur bætt þjónustu við landsbyggðina verulega. Netið tengir m.a. saman heilbrigðisstofnanir og gerir fjarlækningar mögulegar. Uppbygging fjarlækninga gefur nýja möguleika á að nýta krafta sérhæfðs heilbrigðisstarfsfólks um land allt.

Ábyrgð á framkvæmd
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Aðrir þátttakendur
Sveitarstjórnir, heilbrigðisstofnanir og öldrunarstofnanir.

Tímaáætlun
2006–2009.

Annað

Í fjarlækningum er nútímafjarskiptatækni nýtt til þess að sérfræðingar á hátæknisjúkrahúsunum geti veitt sjúklingum og læknum læknisfræðilega ráðgjöf án þess að sjúklingar eða

sérfræðingar þurfi að leggjast í löng ferðalög. Unnið verður að heilbrigðisneti í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið 2004–2007.“

Stöðulýsing maí 2008

Heilbrigðisráðuneytið getur þess í umsögn sinni að umfangsmiklar breytingar hafa verið gerðar á heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni og minni sjúkrahús og heilsugæslustöðvar verið sameinaðar í svonefndar heilbrigðisstofnanir og eru í dag starfræktar 15 slíkar stofnanir alls. Jafnframt hafa verið framkvæmd tilraunaverkefni á tveimur stöðum, á Akureyri og í Austur-Skaftafellssýslu, sem snúið hafa að því að samhæfa rekstur heilsugæslu og öldrunarþjónustu á forræði sveitarfélaganna.

Nefnd sem starfaði og hafði það verkefni að gera tillögur um flutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga komst að þeirri niðurstöðu að nauðsynlegar forsendur fyrir flutningi væru viðameiri sameining sveitarfélaga og önnur efling sveitarstjórnarstigsins, skýr flutningur tekjustofna og sátt meðal fulltrúa samningsaðila og helstu aðila um meginatriði verkefnaflutningsins.

Heimsóknir sérfræðilækna til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva hafa aukist verulega. Ný álma við Sjúkrahúsið á Akureyri hefur gjörbreytt aðstöðunni á sjúkrahúsinu og ný endurhæfingardeild við Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupsstað hefur orðið lyftistöng fyrir allt endurhæfingarstarf á Austurlandi. Á Suðurlandi mun líka öll aðstaða breytast með tilkomu nýrrar aðalbyggingar fyrir Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Þá hefur verið gerður samningur við Byr um starfsendurhæfingu fyrir tiltekinn fjölda einstaklinga á Norðurlandi.

Árið 2008 var gert samkomulag milli Landspítala og fjögurra sjúkrahúsa á SV-horninu um tilfærslu verkefna frá Landspítala til viðkomandi stofnana. Markmiðið er að stuðla að betri nýtingu fagþekkingar á öllum stofnunum, að heilbrigðisþjónusta verði veitt í ríkari mæli í heimabyggð, að auka rafræn samskipti milli heilbrigðisstofnana og að efla með þessu sameiginlega þjónustu sem íbúum á svæðinu stendur til boða.

Unnið hefur verið að innleiðingu rafrænna samskipta í heilbrigðiskerfinu og hefur megináhersla verið á uppbyggingu rafrænnar sjúkraskrár og heilbrigðisnets. Útbreiddasta sjúkraskrárkerfið, sem nefnist SAGA, er nú notað á öllum heilsugæslustöðvum landsins, á stærstu sjúkrahúsunum og víðar. Samhliða uppbyggingu rafrænna sjúkraskráa hefur verið unnið að öðrum þáttum rafrænna samskipta, m.a. innleiðingu rafrænna lyfseðla og eru flestar heilsugæslustöðvar og apótek á landsbyggðinni nú tengd þessu kerfi.

Sameining stofnana á landsbyggðinni miðar öll að því að styrkja rekstur heilbrigðisþjónustunnar og gera hann árangursríkari. Aðgerðum stjórnvalda er einkum ætlað að tryggja fjárhagslega hagkvæmni í rekstri og gera heilbrigðisstofnunum í einstökum byggðakjörnum landsins mögulegt að sinna viðameiri og sérhæfðari verkefnum en þau hafa gert hingað til. Þetta þýðir bæði ákveðna hagræðingu og einhverja fjölgun starfsmanna á þessum stofnunum, sérstaklega aukningu á sérhæfðum starfsmönnum. Gera má ráð fyrir að skilyrði muni skapast til þess að landsbyggðastofnanir geti að einhverju leyti í krafti sérþekkingar þjónað fólki frá öllum landshornum auk íbúa á þeirra eigin upptökusvæði.

Þær kröfur sem gerðar eru til nútíma heilbrigðisþjónustu kalla nú á enn frekari aðgerðir til þess að tryggja íbúum landsbyggðarinnar sambærilega þjónustu og öðrum íbúum landsins. Þetta hefur verið undirstrikað í nýjum heilbrigðisþjónustulögum, þar sem landinu er skipt upp í heilbrigðisumdæmi þar sem ein stofnun gegnir meginhlutverki í hverju umdæmi. Jafnframt er talið að fjárhagsleg samlegðaráhrif af sameiningu heilbrigðisstofnana í ákveðnum landshlutum sé umtalsverð. Í ráðuneyti heilbrigðismála standa yfir athuganir á sameiningu

stofnana á nokkrum svæðum. Víða á þessum svæðum eru heilsugæslustöðvar mjög litlar stofnanir, einn til tveir læknar og innri styrkur ekki mikill, en við sameiningu af þessum toga yrðu til stærri og öflugri stofnanir.

Á vegum ráðuneytisins hefur undanfarin ár verið unnið að gerð mannaflaspár fyrir heilbrigðisþjónustuna. Fyrsta spáin var birt um áramótin 2006/2007 og er þess vænst að á næstu árum verði mögulegt að gera nákvæmari áætlanir og spár til lengri tíma um þróun starfsmannafjölda fyrir landið allt og einstaka hluta þess. Í spánni er gert ráð fyrir að fjölga þurfi hjúkrunarfræðingum og sjúkraliðum verulega á næstu árum og á það bæði við heilbrigðisþjónustuna á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi.

Launabókhald ríkisins býður jafnframt frá og með árinu 2007 upp á meiri möguleika á að vinna ítarleg yfirlit um fjölda ársverka og einstaklinga sem starfa innan heilbrigðisþjónustunnar eftir stofnunum og stéttarfélögum. Á næstu árum verður því auðveldara að fylgjast með þróun starfa á landsbyggðinni og sjá hvernig fjöldi þeirra breytist frá einum tíma til annars.

Félagsmálaráðuneytið hefur upplýst að það hafi nýlega gert samninga um þjónustu við fatlaða við Akureyrarkaupstað og Byggðasamlag Norðurlands vestra sem fela í sér fjölgun starfa á árunum 2007–2009 og er gert ráð fyrir 12–15 nýjum stöðugildum. Um leið verður farið í átak til að bæta þjónustu og fjölga búsetuúrræðum fyrir geðfatlað fólk og áætlar ráðuneytið að störfum á landsbyggðinni fjölgi um 20–25.

16. Efling þjónustu við innflytjendur og aukin fjölmenning.

„Aðgerð

Unnið verði markvisst að gagnkvæmri samfélagsaðlögun innflytjenda. Kannað verði að frumkvæði heimamanna í hverjum landshluta hvort kostur sé á að stofna þjónustumiðstöðvar fyrir innflytjendur.

Meginhugmynd

Erlendum ríkisborgurum hefur fjölgað umtalsvert á Íslandi á undanförnum árum, ekki síst á landsbyggðinni. Til að tryggja gagnkvæma aðlögun innfæddra og innflytjenda er nauðsynlegt að koma á skipulegu samstarfi milli þeirra sem geta sameiginlega tryggt að hún verði farsæl. Í því skyni hefur félagsmálaráðherra ákveðið að stofnað verði innflytjendaráð með þátttöku fulltrúa þeirra ráðuneyta sem mest koma að þessum málum auk fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga og innflytjenda. Reknar eru þrjár þjónustumiðstöðvar fyrir innflytjendur. Félagsmálaráðuneytið rekur Fjölmenningarsetur á Ísafirði sem gegnir veigamiklu hlutverki á landsvísu við aðlögun innflytjenda að íslensku samfélagi. Á meðal mikilvægra verkefna setursins er könnun um viðhorf og aðstæður innflytjenda utan EES-svæðisins, en þegar er búið að afla upplýsinga frá Vestfjörðum og Austurlandi og mun könnunin halda áfram á árinu 2006. Þá rekur Akureyrabær Alþjóðastofu sem veitir upplýsingar og ráðgjöf um málefni innflytjenda og Alþjóðahúsið í Reykjavík, sem er samstarfsverkefni nokkurra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, veitir innflytjendum margþættar upplýsingar og er vettvangur fjölmenningarlegra samskipta. Gera má ráð fyrir að stofnun fleiri þjónustumiðstöðva í öðrum landshlutum tryggi betur en nú er gert farsæla aðlögun innflytjenda að íslensku samfélagi.

Ábyrgð á framkvæmd

Félagsmálaráðuneyti.

Aðrir þátttakendur
Innflytjendaráð, iðnaðarráðuneyti, menntamálaráðuneyti, dómsmálaráðuneyti, Fjölmenningarsetur, Alþjóðahús, Alþjóðastofa, Samband íslenskra sveitarfélaga, landshlutasamtök sveitarfélaganna, aðilar vinnumarkaðarins, samtök innflytjenda, Rauði kross Íslands, skólar o.fl.

Tímaáætlun
2006–2009.

Annað
Erlendir ríkisborgarar voru u.þ.b. 5 þúsund á Íslandi árið 1996, en 10.636 árið 2004, sem er fjölgun úr 1,5% af heildarmannfjöldanum í 3,5%. Verkefni innflytjendaráðs verða margþætt, m.a. að sjá um gerð þjónustusamninga um ákveðin verkefni sem lúta að bættum hag innflytjenda, vinnsla og útgáfa upplýsingaefnis, miðlun upplýsinga og aðstoð og ráðgjöf við sveitarfélögin. Innflytjendaráði verður ætlað að kynna sveitarfélögunum markvisst þarfir og aðstæður innflytjenda auk þess að gera tillögur um hlutverk þeirra við aðlögun innflytjenda að íslensku samfélagi. Áhersla verður lögð á heildræna þjónustu við fjölskyldur og sveitarfélögin hvött til að tryggja að innflytjendum verð kynnt réttindi sín og skyldur í samfélaginu, sbr. niðurstöður í skýrslu nefndar um aðlögun innflytjenda að íslensku samfélagi.“

Stöðulýsing maí 2008

Félagsmálaráðuneytið hefur sett fjölmörg markmið sem eiga að tryggja að íbúar landsins njóti jafnra tækifæra. Íslenskukennsla hefur eflst verulega og er varið til hennar og samfélagsfræðslu fyrir fullorðna útlendinga 200 m.kr. á ári.

Sveitarfélög og landshlutasamtök sveitarfélaga hafa útbúið leiðarvísa, sums staðar koma verkalýðsfélög að málinu og á Akureyri og í Reykjavík eru Alþjóðahús.

Fjölmenningarsetur er starfrækt á Ísafirði og eru þar 3,3 stöðugildi. Á árinu 2007 barst því sérstakur liðsauki í nýjum störfum í tengslum við mótvægisaðgerðir ríkisstjórnarinnar. Helstu verkefni setursins eru miðlun upplýsinga til fólks sem ekki talar íslensku en upplýsingasími er starfræktur á fjórum erlendum tungumálum, textavarp er starfrækt á þremur tungumálum og veitt einstaklingsaðstoð og ráðgjöf. Í byrjun árs 2008 var ráðinn verkefnisstjóri þróunarverkefna sem mun fá vinnuaðstöðu á Austurlandi. Mun hann meðal annars hafa yfirsýn yfir þróunarverkefni sveitarfélaganna á þessum sviðum og halda til haga góðum vinnuaðferðum. Þróunarsjóður innflytjendamála var stofnaður í félagsmálaráðuneytinu árið 2007 og varið til hans 10 m.kr. til þróunar og rannsókna á þessu sviði. Sjóðnum bárust margar umsóknir sem bera vott um mikla þróun og ríkan vilja til að bæta aðbúnað innflytjenda hér á landi og efla þjónustu við þá.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar frá maí 2007 kom fram að ríkisstjórnin mun setja sér framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda. Félagsmálaráðherra hefur falið innflytjendaráði að leggja fram tillögur um framkvæmdaáætlunina og er stefnt að því að tillögur ársins liggi fyrir snemma árs 2008.

17. Greining sóknarfæra hefðbundinna atvinnugreina – efling opinberrar þjónustu.

„Aðgerð
Gerð verði úttekt á stöðu landbúnaðar, sjávarútvegs og iðnaðar á landsbyggðinni og greind helstu sóknarfæri og nýsköpunarmöguleikar þessara hefðbundnu atvinnugreina.

Hugað verði að því hvort efla megi opinbera þjónustu við þessar atvinnugreinar á landsbyggðinni, t.d. með flutningi tiltekinna verkefna.

Meginhugmynd
Aukin framleiðni í frumvinnslu innan hinna hefðbundnu atvinnugreina, sjávarútvegs, landbúnaðar og iðnaðar, hefur m.a. leitt til fækkunar starfa á landsbyggðinni. Flest bendir til þess að þróunin muni verða í þá átt að þörf fyrir starfskrafta í frumvinnslu muni enn dragast saman. Þessi þróun hefur komið nokkuð hart niður á landsbyggðinni, sem víða hefur byggt atvinnulíf sitt að stórum hluta á þessari starfsemi. Því má hins vegar ekki gleyma að breyttar aðstæður geta haft í för með sér tækifæri fyrir hinar hefðbundnu atvinnugreinar að sækja fram á nýjum sviðum. Mikilvægt er að meta hver staða hinna hefðbundnu atvinnugreina er á landsbyggðinni og leita leiða til viðbragða. Jafnframt er mikilvægt að opinber þjónusta við atvinnugreinarnar sé öflug þar sem þær eru helst stundaðar.

Ábyrgð á framkvæmd
Sjávarútvegsráðuneyti, landbúnaðarráðuneyti og iðnaðarráðuneyti.

Aðrir þátttakendur
Byggðastofnun o.fl.

Tímaáætlun
2006–2007.“

Stöðulýsing maí 2008

Úttektin hefur ekki verið unnin enn. Engu að síður hefur markvisst verið unnið að styrkingu hinna hefðbundnu atvinnuvega með ýmsum hætti og hefur sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti m.a. bent á eftirfarandi aðgerðir.

Landbúnaðarháskóli Íslands, Garðyrkjuskóli ríkisins og Rannsóknastofnun landbúnaðarins voru sameinaðar í eina stofnun með höfuðstöðvar á Hvanneyri. Sett var á fót ný stofnun, Landbúnaðarstofnun, með aðsetur á Selfossi. Stofnunin yfirtók starfsemi Yfirdýralæknis, aðfangaeftirlits, plöntueftirlits, embætti kjötformanns og embætti Veiðimálastjóra ásamt ýmsum verkefnum sem Bændasamtök Íslands höfðu sinnt.

Uppbygging hefur verið veruleg á Hvanneyri og á Hólum og starfa báðir skólarnir sem háskólar, auk þess sem skapast hefur fjöldi starfa.

Landshlutabundin skógræktarverkefni eru á ábyrgð sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins og ný lög um þau tryggja réttarstöðu skógarbænda. Ætla má að stunduð sé skipulögð skógrækt á 800 jörðum og að 50 séu á biðlista. Ætla má að innan fárra ára verði grisjun og viðarhögg hluti af atvinnulífi margra byggðarlaga.

Verkefnið lifandi landbúnaður er grasrótarhreyfing sem hefur það að markmiði að fræða og styðja konur í bændastétt og hvetja þær til að koma á framfæri hugmyndum sínum til eflingar atvinnu í sveitum.

Gerðir hafa verið nýir búvörusamningar sem fela í sér víðtækan stuðning við framleiðslu, nýsköpun og þróun í landbúnaði og þar með sveitum og hinum dreifðu byggðum landsins.

Mikil ásókn er í ríkisjarðir og því hefur verið lögð vinna í það hvaða ríkisjarðir skuli vera þjóðareign í framtíðinni og hvernig nýtingu þessara jarða skuli háttað.

18. Uppbygging ferðaþjónustu.

„Aðgerð

Unnið verði að öflugri uppbyggingu ferðaþjónustu á landsbyggðinni. Áhersla verði lögð á sérkenni hvers landshluta og skipulagningu vaxtarsvæða. Þá verði unnið að því að bæta aðstöðu ferðamanna í þjóðgörðum og tryggja öruggt aðgengi þeirra.

Meginhugmynd

Vöxtur ferðaþjónustu á Íslandi er ör og gildi atvinnugreinarinnar fyrir landsbyggðina ótvírætt. Á grundvelli byggðaáætlunar fyrir árin 2002–2005 hefur verið ráðist í sérstök verkefni til eflingar ferðaþjónustu á landsbyggðinni, m.a. uppbyggingu upplýsingamiðstöðva á lykilstöðum á landinu, menningartengda ferðaþjónustu og þátttöku í vottunarkerfum. Mikilvægt er að nýta sóknarfæri ferðaþjónustunnar og vinna áfram að markvissri uppbyggingu greinarinnar með það að markmiði að tryggja sjálfbæra þróun hennar, bæta arðsemi og auka samkeppnishæfni einstakra svæða. Jafnframt er mikilvægt að byggja upp aðstöðu á fjölsóttum ferðamannastöðum til þess að minnka álag á náttúru landsins.

Ábyrgð á framkvæmd

Samgönguráðuneyti (nú iðnaðarráðuneyti) og umhverfisráðuneyti.

Aðrir þátttakendur

Önnur ráðuneyti, fyrirtæki í ferðaþjónustu, upplýsingamiðstöðvar ferðamanna, Ferðamálaráð, Samtök ferðaþjónustunnar, Umhverfisstofnun, markaðsskrifstofur, sveitarfélög, atvinnuþróunarfélög o.fl.

Tímaáætlun

2006–2009.

Annað

Unnið verður að uppbyggingu ferðaþjónustu í samræmi við ferðamálaáætlun fyrir árin 2006–2015, en með henni er stefnt að eftirfarandi meginmarkmiðum: 1. Náttúra Íslands, sterk byggð, menning þjóðarinnar og fagmennska verði ráðandi þættir í þróun íslenskra ferðamála. 2. Tryggð verði samkeppnishæfni ferðaþjónustunnar sem stuðli að hámarksafrakstri í greininni. 3. Álagi vegna ferðaþjónustu verði jafnað á landið og íbúa þess og verði innan þolmarka í samræmi við niðurstöður rannsókna. 4. Ímynd Íslands sem ferðamannastaðar verði byggð upp og varin.“

Stöðulýsing maí 2008

Í byrjun febrúar 2008 ákvað iðnaðarráðherra að ráðstafa 100 milljónum til þriggja þróunarverkefna í ferðaþjónustu. Í fyrsta lagi þróun á menningartengdri ferðaþjónustu, í öðru lagi verkefnum til að auka gæði og vöruþróun og í þriðja lagi verkefnum sem snúa að matföngum úr héraði og áframhald verkefnisins „Beint frá býli“. Jafnframt hefur ráðherra ferðamála skipað nefnd sem ætlað er að skila tillögum vorið 2008 sem lúta að því með hvaða hætti opinberum fjárstuðningi við einstaka þætti ferðamála sé best skipað, á hvern hátt stjórnvöld geti tryggt samstarf og sem best nýtingu fjármuna í markaðsmálum ferðaþjónustunnar og almennri landkynningu.

Nefnd iðnaðarráðherra um ferðamál hefur verið skipuð og ferðamál flutt frá samgönguráðuneyti yfir í iðnaðarráðuneyti frá 1. janúar 2008.

Í janúar 2008 var auglýst eftir umsóknum um stuðning við verkefni til atvinnusköpunar í ferðaþjónustu á þeim svæðum sem orðið hafa fyrir samdrætti vegna skerðingar á aflaheimildum, en ríkisstjórnin ákvað að verja til þessara verkefna alls 160 m.kr. Þessum fjármunum hefur nú verið úthlutað eins og áður er fram komið.

Vatnajökulsþjóðgarður varð til með lögum nr. 60/2007. Þjóðgarðurinn verður stærsti þjóðgarður á Íslandi og jafnframt stærsti þjóðgarður í Evrópu. Landsvæðið tekur til átta sveitarfélaga og hafa sveitarfélögin lagt áherslu á beina aðkomu að stjórn og rekstri þjóðgarðsins. Markmiðið með stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs er verndun út frá náttúruverndarsjónarmiði en um leið að efla aðdráttarafl svæðisins og á þann hátt styrkja byggð og atvinnustarfsemi í nágrenni þjóðgarðsins. Gert er ráð fyrir að uppbygging þjóðgarðsins taki fimm ár og þegar hann verður að fullu uppbyggður verða samtals 12 heilsársstarfsmenn hjá þjóðgarðinum auk 20 landvarða í tímabundnum störfum yfir sumarið. Auk þess má benda á að við stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs mun væntanlega fjölga verulega störfum við ferðaþjónustu í nágrenni þjóðgarðsins. Áætlað hefur verið að áhrif stofnunar Vatnajökulsþjóðgarðs á ferðaþjónustu muni á árinu 2012 auka gjaldeyristekjur þjóðarinnar um 3–4 milljarða á ári og grófleg áætlun sýnir nálega 400–500 störf í landinu vegna tilurðar þjóðgarðsins, þar af um þriðjungur í nágrenni þjóðgarðsins.

Umhverfisráðuneyti hefur unnið að verkefni á vegum ríkisstjórnarinnar um að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum. Í fyrsta lagi er um að ræða rekstur tveggja nýrra gestastofa á Vestfjörðum, þ.e. Hornstrandastofu á Ísafirði og Látrabjargsstofu í Sauðlauksdal á vegum Umhverfisstofnunar. Reksturinn hefur í för með sér 2 ný heilsársstörf auk sumarstarfa landvarða. Í öðru lagi verða veittir fjármunir tímabundið til 5–7 ára í verkefni tengd lögbundnu hlutverki Náttúrufræðistofnunar Íslands til rannsókna, vöktunar og talningar á sjófuglum í samvinnu við Háskóla Íslands og Hafrannsóknarstofnun. Fjármagni verður einnig veitt til að gera ný gróðurkort af Vestfjörðum og til að fylgjast með langtímabreytingum á gróðri. Þetta verður gert í samvinnu við Náttúrustofu Vestfjarða. Nemur fjölgun starfa vegna þessara verkefna 2–3 stöðugildum. Í þriðja lagi verður Snjóflóðasetur Veðurstofunnar eflt og um er að ræða styrkingu sem nemur 2 stöðugildum og tímabundið er fjölgun um 3 stöðugildi vegna stórrar snjóflóðarannsóknar í samvinnu við Evrópusambandið sem stýrt verður frá Snjóflóðasetri Veðurstofunnar.

19. Stuðningur við atvinnurekstur kvenna.

„Aðgerð

Unnið verði að því að efla þátt kvenna í atvinnurekstri með ráðgjöf og námskeiðum. Hugað verði að leiðum til þess að gera stoðkerfi atvinnulífsins aðgengilegra fyrir konur.

Meginhugmynd

Breytingar í atvinnuháttum og atvinnulífi með fækkun starfa í frumvinnslugreinum hafa einkum komið niður á atvinnumöguleikum kvenna á landsbyggðinni. Þá hafa kannanir ítrekað sýnt að mjög hallar á konur í frumkvöðlastarfi og fyrirtækjarekstri. Ein af ástæðunum fyrir því hefur verið talin sú að konur eigi af ýmsum ástæðum ekki eins greiðan aðgang að stoðkerfi atvinnulífsins og karlar. Iðnaðarráðuneyti fól Byggðastofnun í apríl 2005 að vinna úttekt á því hvaða árangur hefði náðst undanfarin ár af verkefnum sem hafa haft það að markmiði að örva frumkvæði kvenna í atvinnurekstri. Markmiðið er að niðurstöðurnar geti

orðið grundvöllur að frekari aðgerðum til að efla þátt kvenna í atvinnurekstri. Mikilvægt er að aðgerðum til stuðnings atvinnureksturs kvenna á landsbyggðinni sé fylgt eftir heima fyrir svo árangur skili sér.

Ábyrgð á framkvæmd
Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti. (nú iðnaðarráðuneyti)

Aðrir þátttakendur
Byggðastofnun, félagsmálaráðuneyti, Jafnréttisstofa, atvinnuþróunarfélög, skólastofnanir, Iðntæknistofnun (nú Nýsköpunarmiðstöð Íslands), Impra – nýsköpunarmiðstöð o.fl.

Tímaáætlun
2006–2009.

Annað
Í GEM, alþjóðlegri rannsókn á frumkvöðlastarfsemi, kemur fram að árin 2002, 2003 og 2004 töldust íslenskir karlmenn tvöfalt líklegri til að stofna fyrirtæki en konur og tölur um nýskráningu fyrirtækja sýna að árin 2003 og 2004 stofnuðu karlar 80% nýrra fyrirtækja og konur 20%. Tölur fyrirtækjaskrár Hagstofunnar sýna einnig að konur reka aðeins um 20% fyrirtækja á Íslandi. Frá 1993 til 2003 hefur fyrirtækjum kvenna aðeins fjölgað um 5%. Það er mun minni fjölgun en í Bandaríkjunum, en þar fjölgaði fyrirtækjum í eigu kvenna um 16% frá 1992–1997, og annars staðar á Norðurlöndunum fjölgaði þeim um 9–14%. Niðurstöður fjölþjóðlegrar könnunar um stöðu kvenna í atvinnurekstri, sem Byggðastofnun, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti og Bændasamtök Íslands tóku þátt í og birtar voru í mars 2005, benda til þess að kraftar kvenna til nýsköpunar og eflingar atvinnulífsins nýtist ekki eins og þeir ættu og gætu gert ef þeir væru nýttir til jafns við krafta karla.“

Stöðulýsing maí 2008

Byggðastofnun hefur á undanförnum árum tekið þátt í ýmsum þróunarverkefnum innlendum og erlendum. Á síðasta ári var m.a. hafin vinna við að byggja upp tengslanet kvenna í atvinnurekstri í sjávarbyggðum á Íslandi, Noregi, Skotlandi og Færeyjum. Þróunarfélag Austurlands og Atvinnuþróunarfélag Suðurlands voru í forsvari fyrir verkefnið.

Vinnumálastofnun auglýsti í byrjun febrúar 2008 eftir atvinnuráðgjafa með aðsetur á Sauðárkróki. Meginhlutverk ráðgjafans verður að vinna að því að fjölga atvinnutækifærum fyrir konur og eflingu þeirra sem sjálfstæðra atvinnurekenda, ráðgjöf og handleiðsla og umsjón með styrkjum til atvinnumála kvenna á vegum félagsmálaráðuneytisins.

Í byrjun árs 2008 fól iðnaðarráðuneyti Byggðastofnun framkvæmd aðgerðar um stuðning við atvinnurekstur kvenna. Hafin er vinna við að móta frekari tillögur að aðgerðum en í megindráttum verður áfram lögð áhersla á að ná til kvenna sem hafa áhuga á að ráðast í eigin atvinnurekstur, efla tengslanet meðal kvenna í atvinnurekstri, auka menntun, ráðgjöf og handleiðslu og aðgengi að fjármagni.

Sjóður til eflingar atvinnumála kvenna hefur haft til ráðstöfunar 20–25 m.kr. á ári, auk þess sem ákveðið var að hann fengi viðbótarframlag að fjárhæð 15 m.kr. í ársbyrjun 2008 í tengslum við mótvægisaðgerðir ríkisstjórnarinnar.

20. Styrking skapandi greina.

„Aðgerð

Unnið verði að eflingu skapandi greina í takt við ályktun Vísinda- og tækniráðs frá 2. júní 2005 með virkri þátttöku landsbyggðarinnar.

Meginhugmynd

Vöxtur atvinnulífsins hefur verið hraður innan skapandi greina, þar sem háþróuð tæknikunnátta og sérhæfð vísindaþekking fléttast margvíslegri lista- og menningarstarfsemi. Til skapandi greina teljast m.a. listsköpun, hönnun, fjölmiðlun, tölvunarfræði, verkfræði, tæknifræði, húsagerðarlist, kennsla, útgáfur, sýningahald, stjórnun og starfsemi tengd listviðburðum. Að undanförnu hefur athygli beinst að efnahagslegu mikilvægi þessara greina og því hefur verið spáð að þær muni valda miklu um efnahagsþróun og atvinnu á komandi árum. Á þessu sviði hefur orðið mikil nýsköpun hér landi og frammistaða einstakra listamanna hefur skilað mikilvægri kynningu, efnahagslegum ávinningi, góðum fyrirmyndum og auknu sjálfstrausti. Í öflugri stöðu skapandi greina felast tækifæri til að bæta samkeppnisstöðu Íslands með virkri þátttöku landsbyggðarinnar, en þar er blómleg skapandi starfsemi og varðveitt mörg sérkenni þjóðarinnar sem títt eru uppsprettur framsækinnar sköpunar.

Ábyrgð á framkvæmd

Menntamálaráðuneyti og iðnaðarráðuneyti.

Aðrir þátttakendur

Vísinda- og tækniráð, samstarfsvettvangur um hönnun, Tónlistarsjóður, Kvikmyndamiðstöð Íslands, Iðntæknistofnun (nú Nýsköpunarmiðstöð Íslands), Impra – nýsköpunarmiðstöð o.m.fl.

Tímaáætlun

2006–2009.

Annað

Í ályktun Vísinda og tækniráðs frá 2. júní 2005 segir um skapandi greinar: „Er því beint til menntamálaráðherra og iðnaðarráðherra að ýta undir frumkvæði og framþróun á þessu sviði og minna á gildi samspils milli lista og nýsköpunar á grunni vísinda- og tækniþekkingar.“ “

Stöðulýsing maí 2008

Gerðir hafa verið átta menningarsamningar við landshlutasamtök sveitarfélaga vegna ferðamála. Framlög menntamálaráðuneytisins til þeirra námu 196 m.kr. árið 2007. Þátttaka sveitarfélaga er um 1/4–1/5 af verkefnafjármögnun.

Á tímabilinu frá maí 2005 og fram í janúar 2008 var starfrækt þróunarverkefnið „Hönnunarvettvangur“. Um var að ræða samstarfsverkefni iðnaðarráðuneytis, Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, (áður Iðntæknisstofnunar) Samtaka iðnaðarins, Útflutningsráðs, Reykjavíkurborgar og Form Ísland (samtaka hönnuða). Markmið samstarfsins var að auka samstarf hönnuða og atvinnulífs og efla verðmætasköpun og samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs. Á samningstímanum var einnig unnin viðskiptaáætlun og hugmyndavinna fyrir íslenska hönnunarmiðstöð.

Í mars 2008 undirrituðu iðnaðar- og menntamálaráðuneyti þjónustusamning til þriggja ára við félag í eigu fagfélaga hönnuða um rekstur hönnunarmiðstöðvar á Íslandi. Fagfélög hönnuða eru alls níu talsins og standa þau öll að félaginu sem mun reka hönnunarmiðstöðina. Meðal verkefna hönnunarmiðstöðvarinnar er kynning og efling á íslenskri hönnun. Hönnuðir af öllu landinu munu því geta notið góðs af starfsemi hönnunarmiðstöðvarinnar.

Lög um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi voru framlengd um fimm ár, eða til ársloka 2011, með lögum sem tóku gildi 31. desember 2006. Jafnframt var endurgreiðsluhlutfall laganna hækkað úr 12% í 14%. Markmið laganna er að stuðla að eflingu innlendrar menningar og kynningar á sögu landsins og náttúru. Tökur á kvikmyndum og sjónvarpsefni hafa á undanförnum árum farið fram víða um landið.

21. Efling umhverfisstarfs í sveitarfélögum.

„Aðgerð

Umhverfisstarfsemi sveitarfélaga verði efld með áherslu á framkvæmd Staðardagskrár 21, einkum í fámennum sveitarfélögum á landsbyggðinni.

Meginhugmynd

Sjálfbær þróun miðar að því að samþætta efnahagsleg, félagsleg og umhverfisleg sjónarmið. Með framkvæmd Staðardagskrár 21 geta sveitarfélög um land allt náð margvíslegum árangri. Helst ber að nefna beinan fjárhagslegan ávinning í bættum rekstri og stjórnun sveitarfélagsins þegar til lengri tíma er litið, samfélagslegan og menningarlegan ávinning, þar sem sveitarfélög móta sér stefnu til framtíðar, skapa sér sérstöðu og leggja áherslu á jákvæða þætti samfélagsins og skynsamlegri nýtingu náttúruauðlinda og verndun sérstæðra náttúrufyrirbæra.

Ábyrgð á framkvæmd

Umhverfisráðuneyti.

Aðrir þátttakendur

Önnur ráðuneyti, Samband íslenskra sveitarfélaga, sveitarfélög, verkefnið Staðardagskrá 21 o.fl.

Tímaáætlun

2006–2009.

Annað

Öflugt starf fer fram undir merkjum Staðardagskrár 21 í fjölmörgum sveitarfélögum, en þörf er á að styðja við framkvæmd hennar í smærri sveitarfélögunum, m.a. með ráðgjöf og þekkingarmiðlun.“

Stöðulýsing maí 2008

Umhverfisráðuneytið vinnur að því að efla og fjölga störfum á landsbyggðinni í tengslum við Staðardagskrá 21. Það felst m.a. í því að efla umhverfisstarf með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Þann 15. febrúar 2007 skrifaði umhverfisráðherra undir samkomulag um sérstakt átak í tengslum við byggðaáætlun til að styðja við innleiðingu Staðardagskrár 21 í fámennum sveitarfélögum á landsbyggðinni. Með fámennum sveitarfélögum er hér átt við sveitarfélög

með u.þ.b. 1.000 íbúa eða færri, sem á við rúmlega helming sveitarfélaga landsins. Samstarf umhverfisráðuneytis og iðnaðarráðuneytis um þetta verkefni hófst árið 2003 og er talið hafa skilað miklum árangri. Hafa umhverfisráðherra og iðnaðarráðherra ákveðið að styrkja verkefnið um 3,5 m.kr. á ári hvor um sig. Þannig renna samtals 7 m.kr. á ári til verkefnisins næstu þrjú árin. Á árinu 2007 hefur verið unnið með fimm sveitarfélögum að 1. útgáfu Staðardagskrár 21. Nokkur til viðbótar hafa fengið kynningu á verkefninu og auk þess hefur verið unnið að eftirfylgni með sveitarfélögum sem nú þegar hafa samþykkt 1. útgáfuna.

22. Þátttaka í Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins (NPP).

„Aðgerð

Ísland verði áfram virkur þátttakandi í Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins.

Meginhugmynd

Með aukinni alþjóðavæðingu verður erlent samstarf æ mikilvægara. Ísland hefur verið þátttakandi í Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins (Northern Periphery Programme) frá miðju ári 2002 en núgildandi áætlunartímabili lýkur árið 2006. Reynslan af þátttöku í áætluninni hefur verið góð, en meginmarkmið hennar er að stuðla að eflingu atvinnu- og efnahagslífs svæða og byggða með svipaðar aðstæður. Á grunni áætlunarinnar hafa verið rekin samstarfsverkefni einstaklinga, fyrirtækja og stofnana yfir landamæri. Gert er ráð fyrir að nýtt áætlunartímabil með auknu fjármagni hefjist árið 2007 og gildi til ársins 2010.

Ábyrgð á framkvæmd
Byggðastofnun.

Aðrir þátttakendur
Einstaklingar, fyrirtæki og stofnanir.

Tímaáætlun
2006–2009.“

Stöðulýsing maí 2008

Ísland var fullgildur aðili að mótun áherslna og kom beint að gerð nýrrar umsóknar til Evrópusambandsins um Norðurslóðaáætlun 2007–2013, sem samþykkt var í september 2007. Framlag Íslands til áætlunarinnar eru tæpar 40 milljónir (400.000€) á ári til ársins 2009 eða til jafnlengdar núgildandi Byggðaáætlunar.

Norðurslóðaáætlun 2007–2013 nær landfræðilega yfir mjög víðfemt svæði en þátttökulönd eru Evrópusambandslöndin, Skotland, Norður-Írland, Svíþjóð, Finnland og Írland auk Noregs, Íslands, Grænlands og Færeyja. Hin mismunandi svæði áætlunarinnar eru margbreytileg en hafa jafnframt ákveðin sameiginleg einkenni sem m.a. felast í veðurfarsaðstæðum norðurslóða, miklu dreifbýli, löngum vegalengdum o.fl. Fjölþjóðleg samvinna innan Norðurslóðaáætlunar gefur ákveðin tækifæri til að þróa og finna nýjar leiðir til bættra búsetuskilyrða í víðum skilningi.

Meginmarkmið áætlunarinnar er að stuðla að bættu atvinnu- og efnahagslífi auk eflingar búsetuþátta með fjölþjóða samstarfsverkefnum. Áherslur áætlunarinnar eru á nýsköpun, samkeppnishæfni, sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda og samfélagsþróun.

Eftir fyrsta umsóknarfrest 2007 voru samþykkt 12 ný aðalverkefni með heildarverkefniskostnað að fjárhæð 1.319 milljónir króna og þar af voru Íslendingar þátttakendur í 4 verkefnum. Jafnframt hafa 9 forverkefni verið samþykkt og eru Íslendingar þátttakendur í 4 þeirra.

23. Efling Norrænu Atlantsnefndarinnar (NORA).

„Aðgerð

Ísland vinni áfram að því að útvíkka starfsemi NORA og beiti sér fyrir því að samstarfslöndin fjármagni starf nefndarinnar.

Meginhugmynd

Norræna Atlantsnefndin, NORA, er ein af stofnunum Norrænu ráðherranefndarinnar. Nefndin er samstarfsvettvangur Íslands, Færeyja, Grænlands og Noregs og hefur að markmiði að styðja atvinnu- og byggðaþróun með styrkjum, myndun tengslaneta o.fl. Ísland hefur beitt sér á norrænum vettvangi fyrir eflingu NORA og útvíkkun á starfsemi nefndarinnar til fleiri byggðasvæða við Norður-Atlantshaf, austurströnd Kanada, Skotland og skosku eyjanna. Taka þarf á fjármögnun starfs nefndarinnar, en hún hefur misst hluta tekna sinna frá Lánasjóði Vestur-Norðurlanda.

Ábyrgð á framkvæmd
Byggðastofnun.

Aðrir þátttakendur
NORA, Norðurlandaskrifstofa forsætisráðuneytis.

Tímaáætlun
2006–2009.“

Stöðulýsing maí 2008

Norræna Atlantsnefndin (Nordisk Atlantsamarbejde – NORA) er samstarfsvettvangur Íslands, Færeyja, Grænlands og norður- og vesturhluta Noregs. NORA heyrir undir Norrænu ráðherranefndina og er hluti af norrænu samstarfi á sviði byggðamála og svæðasamstarfs. Aðalskrifstofa NORA er í Þórshöfn í Færeyjum en Byggðastofnun hefur umsjón með starfinu á Íslandi. Stærstur hluti tekna NORA kemur frá Norrænu ráðherranefndinni, en einnig koma framlög frá þátttökulöndunum.

NORA veitir styrki til verkefna sem stuðla að eflingu atvinnulífs og byggða með auknu samstarfi atvinnulífs, einstaklinga og stofnana á milli landanna, m.a. með áherslu á auðlindir sjávar, ferðamál, upplýsingatækni og eflingu fámennra byggðarlaga. Sóst er eftir samstarfi við lönd við Norður-Atlantshaf, s.s. Skotland, Hjaltlandseyjar, Orkneyjar og austurströnd Kanada.

Á árinu 2007 var tvívegis úthlutað verkefnastyrkjum. Í júní var úthlutað 35 m.kr. til 23ja verkefna og eru Íslendingar þátttakendur í 17 þeirra. Í desember var úthlutað um 37 m.kr. til 13 verkefna, en Íslendingar taka þátt í 9 þeirra. Íslensk þátttaka í verkefnum NORA er því mjög góð.

Verkefnisstjórn byggðaáætlunar.

Iðnaðarráðherra skipaði verkefnisstjórn til þess að hafa umsjón með framvindu byggðaáætlunarinnar. Verkefnisstjórnin kom saman til fyrsta fundar 4. október 2006 og hefur hún haldið samtals fjóra fundi.

1166. Breytingartillögur [546. mál]

við frv. til l. um opinbera háskóla og brtt. á þskj. 1089.

Frá minni hluta menntamálanefndar (KolH, HöskÞ).

1. Við 3. gr. Á eftir 3. málsl. 1. mgr. komi nýr málsliður, svohljóðandi: Háskóli miðlar fræðslu til almennings og veitir samfélaginu þjónustu í krafti þekkingar sinnar.
2. Við 4. gr.
   a. Í stað orðsins „skólar“ í a-lið 1. mgr. og orðsins „skóla“ í c-lið 1. mgr. og 2. mgr., komi: fræðasvið.
   b. Í stað orðsins „skólaráðs“ í c-lið 1. mgr. og sama orðs hvarvetna annars staðar í frumvarpinu komi, í viðeigandi beygingarfalli: stjórnar fræðasviðs.
3. Við 5. gr.
   a. 1. og 2. mgr. orðist svo:

      Stjórn háskóla er falin háskólaráði, rektor, forsetum skóla og stjórnum skóla. Háskólaráð markar heildarstefnu í málefnum háskóla á grundvelli stefnumótunar háskólafundar og mótar skipulag háskóla. Háskólaráð fer með almennt eftirlit með starfsemi háskólans í heild, einstakra fræðasviða og háskólastofnana og ber ábyrgð á því að háskóli starfi í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli. Háskólaráð setur reglur um skipulag stjórnsýslu háskóla.

      Háskólaráð fer með úrskurðarvald í málefnum háskólans, einstakra fræðasviða og stofnana sem honum tengjast og heyra undir háskólaráð eða fræðasvið. Háskólaráð setur háskóla reglur á grundvelli þessara laga.
   b. Orðið „aðrar“ í 1. málsl. 3. mgr. falli brott.
   c. Í stað orðsins „starfsliðs“ í 4. mgr. og sama orðs hvarvetna annars staðar í frumvarpinu komi, í viðeigandi beygingarfalli: starfsfólks.
   d. Í stað orðsins „skóla“ í 4. mgr. og síðari málslið 6. mgr. komi, í viðeigandi beygingarfalli: fræðasvið.
   e. Í stað orðanna „einn skóla“ í fyrri málslið 6. mgr. komi: eitt fræðasvið, og í stað orðsins „hans“ komi: þess.
4. Við brtt. á þskj. 1089. 4. tölul. orðist svo: 6. gr. orðist svo:

   Í háskólaráði, sem tilnefnt er til tveggja ára, eiga sæti:

   1. Rektor sem er sjálfkjörinn í ráðið og jafnframt formaður þess.
   2. Fulltrúar fræðasviða háskóla, einn frá hverju fræðasviði, kjörnir af akademískum starfsmönnum á viðkomandi fræðasviði úr hópi akademískra starfsmanna í fullu starfi sem skipaðir eru eða ráðnir ótímabundið. Fulltrúar fræðasviða geta aldrei verið fleiri en fimm.
   3. Tveir fulltrúar stúdenta valdir af heildarsamtökum stúdenta við háskólann.

4. Þrír utanaðkomandi fulltrúar sem tilnefndir eru af fráfarandi háskólaráði og skipaðir af menntamálaráðherra.

Hverjum fulltrúa skv. 2. og 3. tölul. 1. mgr. skal valinn varamaður. Þrír fulltrúar skv. 4. tölul. 1. mgr. og einn sameiginlegur varamaður fyrir þá skulu valdir sameiginlega af rektor og fulltrúum skv. 2. og 3. tölul. 1. mgr. þegar þeir hafa verið valdir til setu í ráðinu. Við val fulltrúa skv. 4. tölul. 1. mgr. skal leitast við að tryggja sem víðtækasta þekkingu og reynslu háskólanum til stuðnings. Fulltrúar skv. 4. tölul. 1. mgr. mega ekki vera starfsmenn eða nemendur háskólans. Þegar þeir fulltrúar, sem taldir eru í þessari málsgrein, hafa verið valdir telst háskólaráð fullskipað.

Háskólaráð setur nánari reglur um val á fulltrúum fræðasviða og nemenda í ráðið, kosningarétt og kjörgengi, vægi atkvæða, undirbúning og framkvæmd kosninga. Leita skal umsagnar háskólafundar og heildarsamtaka nemenda háskóla áður en slíkar reglur eru settar eða þeim breytt. Háskólaráðsfulltrúar kjósa úr sínum hópi varaformann ráðsins.

5. Við 7. gr.
   a. 2. málsl. 1. mgr. orðist svo: Æski eigi færri en helmingur fulltrúa í háskólaráði fundar er formanni skylt að boða til hans.
   b. 1. málsl. 2. mgr. orðist svo: Háskólaráð er ályktunarfært ef eigi færri en tveir þriðju hlutar atkvæðisbærra háskólaráðsfulltrúa sækja fund.
6. Við 8. gr.
   a. Í stað orðanna „háskólaráð marki sér“ komi: háskólafundur og háskólaráð marki.
   b. Á eftir 1. mgr. komi tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

      Þann einan má skipa í stöðu rektors sem hefur prófessorshæfi og öðlast hefur stjórnunarreynslu.

      Rektor verður ekki leystur frá störfum án þess að það sé borið undir háskólaráð og hljóti samþykki meirihluta þess.
   c. Í stað orðsins „skóla“ í 4. málsl. 2. mgr. komi: fræðasviða.
   d. Í stað orðanna „hvern skóla“ í fyrri málslið 3. mgr. komi: hvers fræðasviðs.
7. Við 9. gr.
   a. 2. málsl. 1. mgr. orðist svo: Háskólafundur mótar og setur fram sameiginlega stefnu háskólans að frumkvæði rektors.
   b. Í stað orðsins „skóla“ í 3. málsl. 1. mgr. og 3. mgr. komi: fræðasviða.
8. Við 10. gr.
   a. Í stað orðsins „skólum í 2. málsl. 1. mgr. og orðsins „skóla“ í lokamálslið 1. mgr. komi, í viðeigandi beygingarfalli: fræðasvið.
   b. Í stað orðsins „skólafundi“ í lokamálslið 1. mgr. og sama orðs hvarvetna annars staðar í frumvarpinu komi, í viðeigandi beygingarfalli: þingi fræðasviðs.
   c. Á eftir orðinu „stjórnsýslu“ í fyrri málslið 2. mgr. komi: og stoðþjónustu.
   d. Í stað orðanna „eins árs“ í síðari málslið 2. mgr. komi: tveggja ára.
   e. 3. mgr. orðist svo:

      Háskólaráð setur nánari reglur um fjölda fulltrúa sem sæti eiga á háskólafundi skv. 1. mgr. og um val þeirra og kjörtíma. Háskólafundur setur nánari reglur um skipan og fundarsköp háskólafundar og um kosningu og setu fulltrúa annarra stofnana og samtaka á háskólafundi, en þeirra sem taldir eru í 1. og 2. mgr. og um atkvæðisrétt þeirra.

9. Við 11. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo:
      Fræðasvið eru meginskipulagseiningar háskóla og deildir grunneiningar. Háskólaráð ákvarðar hlutverk og verkaskiptingu milli fræðasviða og kveður á um skipan þeirra í reglum. Hvert fræðasvið skiptist í deildir samkvæmt tillögu þess sem lögð er fyrir háskólaráð. Leita skal umsagnar háskólafundar áður en gerðar eru grundvallarbreytingar á skipan fræðasviða.
   b. Í stað orðanna „Skólar eru sjálfstæðir“ í 2. málsl. 2. mgr. komi: Fræðasvið eru sjálfstæð.
   c. Í stað orðsins „skóla“ í 3. mgr. komi: fræðasvið.
   d. Fyrirsögn greinarinnar orðist svo: *Fræðasvið og stofnanir*.
10. Við 12. gr.
   a. Í stað orðsins „skóla“ í 1. og 3. málsl. 1. mgr. komi, í viðeigandi beygingarfalli: fræðasvið.
   b. Í stað 2. málsl. 1. mgr. komi tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Rektor ræður forseta hvers fræðasviðs að undangenginni auglýsingu. Háskólaráð setur nánari reglur um undirbúning og fyrirkomulag ráðningar forseta fræðasviða.
   c. Á eftir 1. mgr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:
      Forseti fræðasviðs skal að jafnaði hafa prófessorshæfi og víðtæka reynslu af stjórnun og stefnumótun.
   d. 2. mgr. orðist svo:
      Í umboði háskólaráðs og rektors á forseti frumkvæði að útfærslu stefnu háskólans á vettvangi fræðasviðs og mótun stefnu fyrir fræðasviðið, auk þess sem forseti hefur eftirlit með starfi og stjórnsýslu fræðasviðsins og ræður til þess starfsfólk. Forseti er akademískur leiðtogi fræðasviðs, formaður stjórnar og fer með vald stjórnar á milli funda. Hann ber ábyrgð á fjármálum og rekstri fræðasviðsinss og þeirra stofnana sem undir það heyra, starfsmannamálum og almennum gæðakröfum fræðasviðs gagnvart rektor og háskólaráði, sbr. 5. gr. Rektor ákvarðar nánar um starfsskyldur forseta fræðasviðs. Formaður deildar skal hafa prófessors- eða dósentshæfi og reynslu af stjórnun. Háskólaráð setur reglur um val deildarformanna, hlutverk þeirra og um tímalengd formennsku.
   e. Fyrirsögn greinarinnar orðist svo: *Forsetar fræðasviða og deildarformenn.*
11. Við 13. gr.
   a. Á eftir orðunum „þar á meðal“ í 3. málsl. 1. mgr. komi: um fjárhagsleg málefni fræðasviða.
   b. Í stað orðsins „skóla“ tvívegis í 2. mgr. komi: fræðasviða.
   c. Í stað orðanna „skóla- og deildarfundi“ í 2. mgr. komi: þing fræðasviða og deildarfundi.
   d. Fyrirsögn greinarinnar orðist svo: *Stjórn fræðasviðs.*
12. Við 14. gr.
   a. Í stað orðsins „skóla“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: fræðasviðs; í stað orðsins „skólans“ í 2. málsl. 1. mgr. og orðsins „skóla“ í 1. málsl. 2. mgr. komi; fræðasviðsins; og í stað orðsins „hann í 2. málsl. 1. mgr. komi: það.
   b. Í stað orðanna „fundar skóla“ í 2. málsl. 1. mgr. og 2. málsl. 2. mgr. komi: þings fræðasviðs.
   c. Fyrirsögn greinarinnar orðist svo: *Þing fræðasviðs.*

13. Fyrirsögn IV. kafla orðist svo: **Fræðasvið og stofnanir.**
14. Við 16. gr. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Prófessorar og fastráðnir sérfræðingar við háskólastofnanir skulu hafa lokið doktorsprófi.
15. Við 17. gr.
    a. 1. málsl. 1. mgr. orðist svo: Forseti fræðasviðs veitir, í umboði rektors, tímabundin akademísk störf við fræðasviðið og stofnanir sem heyra undir fræðasviðið eða deild innan þess.
    b. Í stað orðsins „skóla“ í 2. málsl. 2. mgr. komi: fræðasviðs.
    c. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
    Háskólaráð setur nánari reglur um nýráðningar, auglýsingar um störf, umsóknir og meðferð þeirra, skipan og störf dómnefnda, framgang kennara, sérfræðinga og fræðimanna og tilflutning starfsmanna.
16. Fyrirsögn V. kafla orðist svo: **Starfsfólk háskóla.**
17. Við 18. gr. Í stað orðsins „skólans“ í síðari málslið 2. mgr. komi: fræðasviðsins; og í stað orðsins „skóla“ í 3. mgr. komi: fræðasviðs.
18. Við brtt. á þskj. 1089. 7. tölul. orðist svo: Við 19. gr.
    a. Í stað orðanna „forseti þeirrar deildar“ í 1. málsl. 3. mgr. komi: formaður þeirrar deildar.
    b. Í stað orðanna „forseti“ í 2. málsl. 3. mgr. komi: forseti fræðasviðsins.
19. Við 20. gr. Í stað orðsins „Skólar“ í 3. mgr. komi: Fræðasvið.
20. Við 21. gr.
    a. 2. málsl. 1. mgr. og 2. mgr. falli brott.
    b. Í stað orðanna „viðkomandi forseta“ í 2. málsl. 3. mgr. komi: formanns viðkomandi deildar.
21. 2. mgr. 23. gr. orðist svo:
    Háskólar hafa rétt til að veita doktorsnafnbót með vörn sérstakrar doktorsritgerðar, enda séu uppfyllt skilyrði 7. gr. laga um háskóla og reglna um doktorsnám í háskólum sem settar eru með stoð í þeim. Háskólaráð setur almennar reglur um vörn slíkra doktorsritgerða.
22. Við 24. gr. Í stað orðsins „skóla“ í síðari málslið 1. mgr. komi: háskóla.
23. Við 26. gr. Í stað orðsins „skóla“ í lokamálslið 1. mgr. komi: fræðasviði.
24. Við 28. gr. Í stað orðanna „Hver skóli“ í 2. mgr. komi: Hvert fræðasvið.
25. Við ákvæði til bráðabirgða:
    a. Í stað orðsins „skóla“ í síðari málslið 2. mgr. og lokamálslið 4. mgr. komi, í viðeigandi beygingarfalli: fræðasvið.
    b. 1. málsl. 4. mgr. orðist svo: Við gildistöku laga þessara skulu fræðasvið við Háskóla Íslands vera félagsvísindasvið, heilbrigðisvísindasvið, hugvísindasvið, menntavísindasvið, og verkfræði- og náttúruvísindasvið.
26. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
    Ráðherra skipar níu manna starfshóp sem fái það verkefni að fara yfir gjaldtökuheimildir háskólanna skv. 2. mgr. 24. gr. og framkvæmd þeirra. Hópurinn gangi úr skugga um að gjaldtaka sé í samræmi við kostnað skólanna við að veita viðkomandi þjónustu. Í starfshópnum skulu eiga sæti þrír fulltrúar Háskóla Íslands og þrír fulltrúar Háskólans á Akureyri. Einn fulltrúi hvors háskóla um sig skal koma úr hópi starfsmanna, einn úr hópi nemenda og sá þriðji skal vera rektor. Fulltrúar starfsmanna skulu tilnefndir af háskólafundi og fulltrúar nemenda af heildarsamtökum nemenda viðkomandi skóla. Ráð-

herra skipar þrjá fulltrúa án tilnefningar. Starfshópurinn skal skila skýrslu til ráðherra ekki síðar en í janúar 2009.

1167. Frumvarp til laga [432. mál]

um breytingu á nokkrum lögum á auðlinda- og orkusviði.

(Eftir 2. umr., 28. maí.)

I. KAFLI
Breyting á vatnalögum, nr. 20 31. mars 2006, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir 9. gr. laganna bætist við ný grein, 9. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Takmarkanir á varanlegu framsali opinberra aðila á eignarrétti á vatni.

Ríki, sveitarfélögum og fyrirtækjum, sem alfarið eru í eigu þeirra, er óheimilt að framselja beint eða óbeint og með varanlegum hætti eignarrétt að vatni sem hefur að geyma virkjanlegt afl umfram 10 MW.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að framselja réttindi til ríkis, sveitarfélags eða félags sem alfarið er í eigu ríkis og/eða sveitarfélaga og sérstaklega er stofnað til að fara með eignarhald þessara réttinda.

Ríki, sveitarfélögum og félögum í þeirra eigu, sbr. 2. mgr., er heimilt að veita tímabundið afnotarétt að réttindum skv. 1. mgr. til allt að 65 ára í senn. Handhafi tímabundins afnotaréttar skal eiga rétt á viðræðum um framlengingu réttarins þegar helmingur umsamins afnotatíma er liðinn.

Við ákvörðun um það hverjum skuli veittur afnotaréttur skal gæta jafnræðis. Þá skal gæta þess að ákvörðunin stuðli að hagkvæmri nýtingu auðlinda og fjárfestinga í mannvirkjum.

Forsætisráðherra skal semja um endurgjald (leigu) fyrir afnotarétt réttinda undir yfirráðum ríkisins skv. 3. mgr. Um ráðstöfun og endurgjald fyrir nýtingu réttinda í þjóðlendum fer samkvæmt ákvæðum laga þar að lútandi.

II. KAFLI
Breyting á raforkulögum, nr. 65 27. mars 2003, með síðari breytingum.

2. gr.

Í stað 3. og 4. málsl. 1. mgr. 7. gr. laganna koma fjórir nýir málsliðir, svohljóðandi: Starfræki vinnslufyrirtæki jarðvarmaorkuver sem bæði vinnur raforku og aðra orku, svo sem heitt vatn eða gufu, skal fyrirtækið í bókhaldi sínu halda reikningum vegna vinnslu raforku aðskildum frá reikningum vegna annarrar vinnslu. Sé hitaveita sem hefur einkaleyfi til starfsemi sinnar háð orkuöflun frá slíku jarðvarmaorkuveri ber því skylda til að afhenda hitaveitu varmaorku í samræmi við þarfir hennar til að sinna skyldum sínum og afkastagetu jarðvarmaorkuversins. Um bókhaldslegan aðskilnað og verðlagningu fyrir afhendingu á slíkri varmaorku fer skv. 41. gr. Rísi ágreiningur um verðlagninguna sker Orkustofnun úr.

3. gr.

Við 1. mgr. 8. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Flutningsfyrirtækið skal ávallt vera í meirihlutaeigu ríkis, sveitarfélaga og/eða fyrirtækja sem alfarið eru í eigu þessara aðila.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætast þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Dreifiveitu, þar sem fjöldi íbúa á dreifiveitusvæðum veitunnar er 10.000 eða fleiri, er óheimilt að stunda aðra starfsemi en þá sem henni er nauðsynleg til að geta rækt skyldur sínar samkvæmt sérleyfum og lögum þar að lútandi. Dreifiveitu er þó heimilt að stunda aðra starfsemi sem hefur sambærilega stöðu. Stjórn dreifiveitu skal vera sjálfstæð gagnvart öðrum fyrirtækjum sem stunda vinnslu, flutning eða sölu raforku eftir því sem nánar er ákveðið í samþykktum hennar.
b. Við greinina bætist ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:
   Dreifiveita skal ávallt vera í meirihlutaeigu ríkis, sveitarfélaga og/eða fyrirtækja sem eru alfarið í eigu þessara aðila.

5. gr.

2. mgr. 19. gr. laganna orðast svo:

Sölufyrirtæki sem heimilt er að stunda sérleyfisstarfsemi er óheimilt að niðurgreiða söluna með sérleyfisstarfseminni eða starfsemi sem hefur sambærilega stöðu. Fyrirtæki skulu í bókhaldi sínu halda reikningum vegna sölustarfsemi aðskildum frá annarri starfsemi. Um bókhaldslegan aðskilnað fer að öðru leyti skv. 41. gr.

III. KAFLI

Breyting á lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57 10. júní 1998, með síðari breytingum.

6. gr.

Á eftir 3. gr. laganna bætist við ný grein, 3. gr. a, svohljóðandi:

Ríki, sveitarfélögum og fyrirtækjum, sem alfarið eru í eigu þeirra, er óheimilt að framselja beint eða óbeint og með varanlegum hætti eignarrétt að jarðhita og grunnvatni umfram heimilis- og búsþarfir, sbr. 1. mgr. 10. gr. og 14. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að framselja réttindi til ríkis, sveitarfélags eða félags sem alfarið er í eigu ríkis og/eða sveitarfélaga og sérstaklega er stofnað til að fara með eignarhald þessara réttinda.

Ríki, sveitarfélögum og félögum í þeirra eigu, sbr. 2. mgr., er heimilt að veita tímabundið afnotarétt að réttindum skv. 1. mgr. til allt að 65 ára í senn. Handhafi tímabundins afnotaréttar skal eiga rétt á viðræðum um framlengingu réttarins þegar helmingur umsamins afnotatíma er liðinn.

Við ákvörðun um það hverjum skuli veittur afnotaréttur skal gæta jafnræðis. Þá skal gæta þess að ákvörðunin stuðli að hagkvæmri nýtingu auðlinda og fjárfestinga í mannvirkjum.

Forsætisráðherra skal semja um endurgjald (leigu) fyrir afnotarétt réttinda undir yfirráðum ríkisins skv. 3. mgr. Um ráðstöfun og endurgjald fyrir nýtingu réttinda í þjóðlendum fer samkvæmt ákvæðum laga þar að lútandi.

7. gr.

Við 1. mgr. 12. gr. laganna bætist: sbr. þó ákvæði 3. gr. a.

8. gr.

Við 1. mgr. 31. gr. laganna bætist: sbr. þó ákvæði 5. mgr. 3. gr. a.

IV. KAFLI

Breyting á orkulögum, nr. 58 29. apríl 1967, með síðari breytingum.

9. gr.

Við 30. gr. laganna bætast þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Hitaveitu sem dreifir heitu vatni eða gufu á grundvelli einkaleyfis er óheimilt að stunda aðra starfsemi en þá sem henni er nauðsynleg til að geta rækt skyldur sínar samkvæmt einkaleyfi eða öðrum sérleyfum og lögum þar að lútandi, sbr. þó 1. mgr. 14. gr. raforkulaga. Hitaveitu er þó heimilt að stunda aðra starfsemi sem hefur sambærilega stöðu. Stjórn hitaveitu skal vera sjálfstæð gagnvart öðrum fyrirtækjum sem stunda vinnslu, flutning eða sölu raforku eftir því sem nánar er ákveðið í samþykktum hennar.

10. gr.

Við 31. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Hitaveita sem starfar á grundvelli einkaleyfis skal ávallt vera í meirihlutaeigu ríkis, sveitarfélaga og/eða fyrirtækja sem eru alfarið í eigu þessara aðila.

V. KAFLI

Breyting á vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, með síðari breytingum.

11. gr.

Við 2. gr. laganna bætast fimm nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Ríki, sveitarfélögum og fyrirtækjum, sem alfarið eru í eigu þeirra, er óheimilt að framselja beint eða óbeint og með varanlegum hætti rétt til umráða og hagnýtingar því vatni sem hefur að geyma virkjanlegt afl umfram 10 MW.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er heimilt að framselja réttindi til ríkis, sveitarfélags eða félags sem alfarið er í eigu ríkis og/eða sveitarfélaga og sérstaklega er stofnað til að fara með eignarhald þessara réttinda.

Ríki, sveitarfélögum og félögum í þeirra eigu, sbr. 3. mgr., er heimilt að veita tímabundið afnotarétt að réttindum skv. 2. mgr. til allt að 65 ára í senn. Handhafi tímabundins afnotaréttar skal eiga rétt á viðræðum um framlengingu réttarins þegar helmingur umsamins afnotatíma er liðinn.

Við ákvörðun um það hverjum skuli veittur afnotaréttur skal gæta jafnræðis. Þá skal gæta þess að ákvörðunin stuðli að hagkvæmri nýtingu auðlindanna og fjárfestinga í mannvirkjum.

Forsætisráðherra skal semja um endurgjald (leigu) fyrir afnotarétt réttinda undir yfirráðum ríkisins skv. 4. mgr. Um ráðstöfun og endurgjald fyrir nýtingu réttinda í þjóðlendum fer samkvæmt ákvæðum laga þar að lútandi.

12. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 2. gr., a-liðar 4. gr., 5. gr. og 9. gr. koma til framkvæmda 1. júlí 2009.

13. gr.

Brottfall annarra laga.

Við gildistöku laga þessara falla brott eftirfarandi lög:

1. Lög nr. 98/1935, um virkjun Fljótaár.
2. Lög nr. 92/1947, um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins.
3. Lög nr. 34/1949, um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins.
4. Lög nr. 12/1951, um ný orkuver og nýja orkuveitu rafmagnsveitna ríkisins.
5. Lög nr. 65/1956, um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins.
6. Lög nr. 111/1970, um virkjun Lagarfoss.
7. Lög nr. 60/1981, um raforkuver.
8. Lög nr. 102/1985, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Kröfluvirkjun í Suður-Þingeyjarsýslu.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þrátt fyrir ákvæði 35. gr. raforkulaga, nr. 65/2003, er heimilt að framselja leyfi til fyrirtækja sem stofnuð eru fram til 1. júlí 2009 til að uppfylla ákvæði a-liðar 4. gr. og 9. gr.

II.

Iðnaðarráðherra skal beita sér fyrir endurskoðun á sérlögum um orkufyrirtæki, þar sem m.a. verði tekið til skoðunar hvort hægt sé að fella þau brott að hluta eða öllu leyti. Við þá vinnu skal m.a. haft samráð við fjármálaráðherra og eigendur þeirra orkufyrirtækja sem fjallað er um í sérlögum.

III.

Við gildistöku laga þessara skal forsætisráðherra skipa nefnd til að fjalla um fyrirkomulag varðandi leigu á vatns- og jarðhitaréttindum í eigu ríkisins. Nefndin skal í störfum sínum fjalla um leigugjald, leigutíma, endurnýjun leigusamninga og önnur atriði er lúta að réttindum og skyldum aðila. Þá skal nefndin meta hvaða aðgerða sé þörf til að tryggja í senn sjálfbæra og hagkvæma nýtingu auðlindanna. Í störfum sínum skal nefndin m.a. hafa til hliðsjónar reynslu annarra þjóða. Þá skal nefndin huga að því með hvaða hætti verði valið á milli þeirra sem áhuga hafa á að nýta auðlindirnar. Nefndin skal skila tillögum sínum fyrir 1. júní 2009.

1168. Frumvarp til laga [232. mál]

um breyting á lögum um meðferð einkamála, nr. 91 31. desember 1991 (Haagsamningar á sviði réttarfars).

(Eftir 2. umr., 28. maí.)

1. gr.

Við 2. mgr. 74. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Um þá gagnaöflun fer eftir lögum viðkomandi ríkis og þjóðréttarsamningi, ef slíkur samningur er í gildi við hlutaðeigandi ríki.

2. gr.

Við 2. mgr. 76. gr. laganna, sbr. 27. gr. laga nr. 133/1993, bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ef beiðni kemur frá öðru ríki skal haga gagnaöflun í samræmi við þjóðréttarsamning, ef slíkur samningur er í gildi við hlutaðeigandi ríki, enda fari það ekki í bága við ákvæði laga þessara.

3. gr.

90. gr. laganna orðast svo:

1. Nú á stefndi þekkt heimili eða aðsetur erlendis eða það liggur annars fyrir að hann eigi heimili í tilteknu öðru ríki og birting stefnu getur ekki farið fram hér á landi eftir öðrum ákvæðum þessa kafla og fer þá um birtingu eftir lögum þess ríkis og þjóðréttarsamningi, ef slíkur samningur hefur verið gerður við hlutaðeigandi ríki.

2. Stefna eða önnur tilkynning frá öðru ríki verður birt hér á landi eftir reglum þessa kafla og í samræmi við þjóðréttarsamning, ef slíkur samningur er í gildi við hlutaðeigandi ríki, enda fari það ekki í bága við ákvæði laga þessara.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 133. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „eða aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu“ í a-lið 1. mgr., sbr. 3. gr. laga nr. 72/2003, kemur: aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða aðildarríkis Haagsamnings um einkamálaréttarfar frá 1. mars 1954.
b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Nú hefur maður búsettur hér verið undanþeginn því að leggja fram málskostnaðartryggingu í ríki sem á aðild að Haagsamningnum um einkamálaréttarfar frá 1. mars 1954 og skal þá úrlausn erlends dómstóls um skyldu hans til að greiða málskostnað eða réttargjöld vera aðfararhæf hér á landi.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1169. Frumvarp til laga [531. mál]

um breytingar á ýmsum lögum vegna flutnings stjórnsýslu- og eftirlitsverkefna á sviði lax- og silungsveiði, fiskræktar o.fl. til Fiskistofu.

(Eftir 2. umr., 28. maí.)

I. KAFLI

Breytingar á lögum nr. 58/2006, um fiskrækt, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað orðsins „Matvælastofnunar“ í 1. mgr. 4. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum, að undanskildu ákvæði til bráðabirgða, kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Fiskistofa.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða við lögin:

a. Í stað orðanna „eldi vatnafiska“ í 1. málsl. kemur: fiskeldi.
b. Í stað orðsins „ellefu“ í 3. málsl. kemur: tólf.
c. Í stað orðanna „og sjávarútvegsráðuneyti“ í 3. málsl. kemur: Hafrannsóknastofnuninni og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.
d. Við bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sker atkvæði formanns úr ef ágreiningur verður í nefndinni.

II. KAFLI
Breytingar á lögum nr. 59/2006, um Veiðimálastofnun, með síðari breytingum.

3. gr.

Í stað „landbúnaðarráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

4. gr.

Við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Veiðimálastofnun er heimilt að eiga aðild að rannsóknar- og þróunarfyrirtækjum, sem eru hlutafélög eða önnur félög með takmarkaðri ábyrgð, er þróa hugmyndir og hagnýta rannsóknar- og þróunarverkefni sem stofnunin vinnur að hverju sinni.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða I við lögin:

a. Í stað orðanna „eldi vatnafiska“ í 1. málsl. kemur: fiskeldi.
b. Í stað orðsins „ellefu“ í 3. málsl. kemur: tólf.
c. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 3. og 4. málsl. kemur: sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.
d. Í stað orðanna „og sjávarútvegsráðuneyti“ í 3. málsl. kemur: Hafrannsóknastofnuninni og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.
e. Við bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sker atkvæði formanns úr ef ágreiningur verður í nefndinni.

III. KAFLI
Breytingar á lögum nr. 60/2006, um varnir gegn fisksjúkdómum, með síðari breytingum.

6. gr.

Í stað orðanna „laga um eldi vatnafiska og laga um eldi nytjastofna sjávar“ í 2. málsl. 2. gr. laganna kemur: og laga um fiskeldi.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða við lögin:

a. Í stað orðanna „eldi vatnafiska“ í 1. málsl. kemur: fiskeldi.
b. Í stað orðsins „ellefu“ í 3. málsl. kemur: tólf.
c. Í stað orðanna „og sjávarútvegsráðuneyti“ í 3. málsl. kemur: Hafrannsóknastofnuninni og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

d. Við bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sker atkvæði formanns úr ef ágreiningur verður í nefndinni.

IV. KAFLI
Breytingar á lögum nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Framkvæmd stjórnsýslu og eftirlits samkvæmt lögum þessum skal vera á sérstöku sviði Fiskistofu sem nefnist lax- og silungsveiðisvið. Fiskistofustjóri ræður sviðsstjóra til að stýra því sviði. Skal hann hafa háskólapróf sem nýtist honum í starfi og heyra undir fiskistofustjóra.

b. Í stað orðsins „Matvælastofnun“ í 3. mgr. og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Fiskistofa.

c. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Lax- og silungsveiðisvið.*

9. gr.

Við lögin bætist ný grein, 4. gr. a, og orðast svo ásamt fyrirsögn:

Veiðieftirlitsmenn.

Fiskistofa skipar eftirlitsmenn með veiði samkvæmt lögum þessum þar sem þurfa þykir enda æski þess veiðifélag eða veiðiréttarhafar, þar sem veiðifélag hefur ekki verið stofnað, og greiði kostnað af eftirlitinu. Á sama hátt skipar Fiskistofa eftirlitsmann með klaköflun þar sem þurfa þykir og greiðir viðkomandi klakleyfishafi kostnað sem af þessu leiðir.

Fiskistofu er heimilt að skipa eftirlitsmenn með því að bann við laxveiðum í sjó sé virt. Kostnaður við störf þeirra greiðist úr ríkissjóði.

Eftirlitsmenn skulu hafa nákvæmar gætur á því að veiði í umdæmi þeirra sé stunduð með löglegum hætti. Þeir safna skýrslum, m.a. skulu þeir gera skrár um veiðivélar, lagnir og drætti í umdæmum sínum og sjá um merkingu veiðarfæra. Nánari fyrirmæli um starfsemi eftirlitsmanna setur Fiskistofa í erindisbréfi.

Eftirlitsmenn skulu eiga frjálsa för um veiðivatn, meðfram því og um netlög í sjó eftir því sem þörf krefur. Þeir hafa vald til að taka upp ólögleg veiðitæki eða veiðitæki sem notuð eru á óleyfilegum tíma eða óleyfilegum stað.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:

Veiðimálastofnun safnar veiðiskýrslum í samræmdu formi sem stofnunin útbýr og leggur til í umboði Fiskistofu. Veiðiskýrslur teljast opinber gögn og almennar upplýsingar úr veiðiskýrslum skulu jafnframt vera aðgengilegar almenningi sem og öðrum rannsóknar- og ráðgjafaraðilum samkvæmt ákvörðun Fiskistofu.

b. 2. málsl. 3. mgr. fellur brott.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I við lögin:

a. Í stað orðanna „eldi vatnafiska“ í 1. málsl. kemur: fiskeldi.

b. Í stað orðsins „ellefu“ í 3. málsl. kemur: tólf.
c. Í stað orðanna „og sjávarútvegsráðuneyti“ í 3. málsl. kemur: Hafrannsóknastofnuninni og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.
d. Við bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sker atkvæði formanns úr ef ágreiningur verður í nefndinni.

V. KAFLI

Breytingar á lögum nr. 80/2005, um Matvælastofnun, með síðari breytingum.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Orðin „lögum nr. 33/2002, um eldi nytjastofna sjávar“ í a-lið falla brott.
b. J-liður fellur brott.

13. gr.

5. gr. laganna fellur brott.

VI. KAFLI

Breytingar á lögum nr. 36/1992, um Fiskistofu, með síðari breytingum.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „sjávarútvegsmála“ í 1. málsl. kemur: lax- og silungsveiði, fiskræktar, fiskeldis o.fl.
b. Í stað orðsins „sjávarútvegsráðherra“ í 2. málsl. kemur: sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Við bætist nýr málsliður sem verður 2. málsl., svohljóðandi: Einnig skal Fiskistofa annast stjórnsýslu og eftirlit samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði, lögum um fiskrækt o.fl.
b. Á eftir orðinu „sjávarútvegsmála“ í 2. málsl., er verður 3. málsl., kemur: lax- og silungsveiði, fiskræktar, fiskeldis o.fl.

16. gr.

Í stað orðsins „Sjávarútvegsráðherra“ í 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

VII. KAFLI

Gildistaka.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2008.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Við flutning á málefnum frá Matvælastofnun til Fiskistofu samkvæmt lögum þessum skulu starfsmönnum sem starfa við verkefni sem flutt eru frá Matvælastofnun samkvæmt lög-

um þessum boðin störf hjá Fiskistofu. Við ráðstöfun starfa samkvæmt þessu ákvæði þarf ekki að gæta 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum.

II.

Við gildistöku þessara laga skulu renna til Fiskistofu eignir sem runnu til Matvælastofnunar frá embætti veiðimálastjóra skv. 6. gr. laga nr. 80/2005, um Matvælastofnun, með síðari breytingum.

1170. Frumvarp til laga [554. mál]

um Fiskræktarsjóð.

(Eftir 2. umr., 28. maí.)

1. gr.

Fiskræktarsjóður.

Fiskræktarsjóður er sjálfstæður sjóður í eigu ríkisins og á forræði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra sem hefur það hlutverk að veita lán eða styrki til verkefna sem þjóna þeim markmiðum að efla fiskrækt, bæta veiðiaðstöðu, styðja við rannsóknir í ám og vötnum og auka verðmæti veiði úr þeim.

2. gr.

Stjórn Fiskræktarsjóðs.

Fiskræktarsjóður lýtur fimm manna stjórn sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Tveir nefndarmanna skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Landssambands veiðifélaga, einn samkvæmt tilnefningu Landssambands stangaveiðifélaga og einn samkvæmt tilnefningu Landssambands fiskeldisstöðva. Ráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar og skal atkvæði hans ráða úrslitum ef atkvæði falla jöfn. Nú tilnefnir einn framangreindra aðila eigi mann í stjórn sjóðsins og skipar þá ráðherra í nefndina án tilnefningar. Varamenn skal skipa með sama hætti.

3. gr.

Verkefni stjórnar.

Stjórn Fiskræktarsjóðs hefur yfirumsjón með starfsemi hans í samræmi við lög þessi og reglugerð. Verkefni stjórnar eru m.a. að:

a. skila ársreikningum og reglulegu yfirliti um starfsemi sjóðsins til ráðherra,
b. taka ákvarðanir um ávöxtun eigin fjár,
c. taka ákvarðanir um úthlutanir og útgjöld.

4. gr.

Ráðstöfunarfé Fiskræktarsjóðs.

Ráðstöfunarfé Fiskræktarsjóðs er:

a. innheimt gjald af veiðitekjum,

b. arður af eigin fé,
c. fjárveiting úr ríkissjóði,
d. annað.

5. gr.

Gjald af veiðitekjum.

Veiðiréttarhafar skulu greiða til Fiskræktarsjóðs 2% gjald af hreinum tekjum af veiði í ám og vötnum á hverju almanaksári.

Nú hefur veiðifélag tekjur af ráðstöfun á sameiginlegri veiði eða öðrum lögbundnum verkefnum sínum og skal þá félagið standa Fiskræktarsjóði skil á 2% gjaldi af arðgreiðslum á hverju almanaksári.

6. gr.

Álagning og innheimta gjalds af veiðitekjum.

Fiskistofa annast álagningu og innheimtu gjalds skv. 5. gr. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra er þó heimilt að fela innheimtumönnum ríkissjóðs eða öðrum aðilum innheimtu þess.

Fiskistofu er heimilt að fella niður álagningu gjalds skv. 5. gr. nemi tekjur veiðiréttarhafa skv. 1. mgr. þeirrar greinar eða heildararðgreiðslur veiðifélags til félagsmanna sinna skv. 2. mgr. greinarinnar lægri fjárhæð en 500 þús. kr. á gjaldárinu miðað við vísitölu neysluverðs frá 1. janúar 2008.

Veiðiréttarhafar og veiðifélög skulu að eigin frumkvæði senda Fiskistofu ársreikning veiðifélags eða framtal yfir tekjur af veiði, þ.m.t. leigutekjur, fyrir 1. maí ár hvert vegna næstliðins almanaksárs á eyðublaði sem Fiskistofa leggur til.

Ef Fiskistofa telur fram komin gögn eða upplýsingar ófullnægjandi, óglögg, tortryggileg eða ekki látin í té í umbeðnu formi eða hún telur frekari þörf á einhverju atriði skal hún skora skriflega á þann sem kann að verða krafinn um gjald skv. 5. gr. að bæta úr því innan ákveðins tíma og láta í té gögn sem á skortir. Ef ekki er bætt úr annmörkunum, svar berst ekki innan tiltekins tíma, þau gögn eru ekki send sem óskað er eftir eða fram komin gögn eða upplýsingar eru ófullnægjandi eða tortryggileg að mati Fiskistofu er henni heimilt að áætla álagningu gjalds skv. 5. gr. og skal álagningin vera svo rífleg að eigi sé hætt við að fjárhæðir séu áætlaðar lægri en þær eru í raun og veru. Við áætlun er Fiskistofu heimilt að líta til gagna sem aflað er frá öðrum stofnunum eða einkaaðilum og veita vísbendingar um veiðitekjur gjaldskylds aðila.

Hver sá sem tregðast við að láta Fiskistofu í té upplýsingar er varða gjaldskyldu skv. 5. gr. skal sæta dagsektum að ákvörðun Fiskistofu sem mega nema allt að 10.000 kr. á dag. Dagsektir má innheimta með fjárnámi.

Eigi síðar en 30. júní hvert ár skal Fiskistofa hafa lokið álagningu á gjaldendur skv. 5. gr. og skal þeim tilkynnt bréflega um hana.

Nú telur veiðiréttarhafi eða veiðifélag álagt gjald eða gjaldstofn eigi rétt ákveðinn og getur viðkomandi þá innan tveggja vikna frá því að hann fékk vitneskju um álagninguna kært hana til Fiskistofu sem þá skal innan tveggja vikna frá lokum gagnaöflunar kveða upp úrskurð um málið. Úrskurðum Fiskistofu um álagningu gjalds má skjóta til úrskurðar ráðherra.

Gjöld skv. 5. gr. vegna næstliðins almanaksárs falla í gjalddaga 1. ágúst ár hvert. Ef gjöldin eru ekki greidd innan 30 daga frá gjalddaga skal greiða dráttarvexti af þeim skv. III. kafla laga um vexti og verðtryggingu. Álagning gjalds eða úrskurður um gjaldtöku eru aðfarar-

hæfar ákvarðanir. Má Fiskistofa krefjast fullnustu með aðfarargerð þegar liðnir eru 30 dagar frá dagsetningu álagningar eða uppkvaðningu úrskurðar.

7. gr.

Eigið fé Fiskræktarsjóðs.

Eigið fé Fiskræktarsjóðs skal að lágmarki vera 270 millj. kr. Lágmarksfjárhæð þessi skal taka breytingum í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs frá 1. janúar 2008.

Eigið fé, sem ekki hefur verið ráðstafað með heimild í 8. gr., skal ávaxtað samkvæmt samningi við aðila sem hefur leyfi til fjárvörslu lögum samkvæmt, um vörslu og ávöxtun eigin fjár.

Nú nær eigið fé ekki lágmarksfjárhæð skv. 1. mgr. og skal þá ávaxta eigið fé skv. 2. mgr. þar til lágmarksfjárhæð skv. 1. mgr. er náð.

8. gr.

Úthlutanir úr Fiskræktarsjóði.

Fyrir 1. september hvert ár skal stjórn Fiskræktarsjóðs gefa út og láta birta lána- og úthlutunarreglur sem gilda skulu fyrir sjóðinn næsta almanaksár. Reglurnar skulu áður bornar undir ráðherra til samþykktar.

Heimilt er að veita lán og styrki úr Fiskræktarsjóði í samræmi við gildandi lána- og úthlutunarreglur.

Fiskræktarsjóði er heimilt að afla umsagnar Fiskistofu um umsóknir um lán eða styrki til framkvæmda er lúta að fiskrækt í ám og vötnum þyki þess þörf.

Fiskræktarsjóði er heimilt að skilyrða úthlutanir við að úthlutunarhafar geri grein fyrir framvindu verkefna og ráðstöfun fjár samkvæmt nánari reglum sjóðstjórnar.

Fiskræktarsjóði er heimilt að ákveða að greiða úthlutanir í áföngum eftir framvindu verkefna.

Um málsmeðferð við veitingu lána og styrkja gilda ákvæði stjórnsýslulaga.

9. gr.

Reglugerðarheimild. Kostnaður af rekstri.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga, þ.m.t. um málsmeðferð og ráðstöfun fjár úr Fiskræktarsjóði.

Allur kostnaður af starfsemi Fiskræktarsjóðs greiðist af honum.

10. gr.

Viðurlög.

Ef maður af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi skýrir rangt eða villandi frá upplýsingum, eða heldur leyndum upplýsingum, sem máli skipta við álagningu gjalds á veiðitekjur skv. 5. gr. varðar það fésektum eða allt að tveggja ára fangelsi.

Hafi fyrirsvarsmaður eða starfsmaður lögaðila gerst sekur um brot gegn 1. mgr. má auk refsingar sem hann sætir gera lögaðilanum sekt, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hafi notið hagnaðar af brotinu.

11. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2009. Um leið falla úr gildi eldri lög um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ráðherra skal þrátt fyrir 11. gr. skipa nýja stjórn Fiskræktarsjóðs eigi síðar en 1. janúar 2009. Ríkissjóður leggur Fiskræktarsjóði til 270 millj. kr. sem mynda eigið fé sjóðsins eigi síðar en 1. janúar 2009.

1171. Frumvarp til laga [530. mál]

um fiskeldi.

(Eftir 2. umr., 28. maí.)

I. KAFLI
Markmið, gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Skal í því skyni leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna.

Við framkvæmd laganna skal þess ávallt gætt að sem minnst röskun verði á vistkerfi villtra fiskstofna og að sjálfbærri nýtingu þeirra sé ekki stefnt í hættu.

2. gr.
Gildissvið.

Lög þessi taka til eldis vatnafiska og nytjastofna sjávar á íslensku forráðasvæði. Við framkvæmd þeirra skal gætt samræmis við framkvæmd laga um lax- og silungsveiði, laga um fiskrækt og laga um varnir gegn fisksjúkdómum.

3. gr.
Skilgreiningar.

Í lögum þessum, reglugerðum og reglum, settum á grundvelli þeirra, er merking hugtaka sem hér segir:

1. *Alifiskur:* Fiskur sem alinn er eða látinn ganga sjálfala í tjörnum eða ílátum.
2. *Eldisdýr:* Lifandi fiskur, krabbadýr eða lindýr frá eldisstöð, óháð þroskastigi, að meðtöldum dýrum sem lifa upprunalega villt en eru ætluð fyrir eldisstöð.
3. *Fiskeldi:* Geymsla, gæsla og fóðrun vatnafiska, annarra vatnadýra og nytjastofna sjávar, klak- og seiðaeldi, hvort sem er í söltu eða ósöltu vatni.
4. *Fiskeldisstöð:* Staður þar sem vatn, sjór, land eða mannvirki er nýtt í þágu fiskeldis.
5. *Fiskrækt:* Hvers konar aðgerðir sem ætla má að skapi eða auki fisk í veiðivatni eða sjó.

6. *Fiskræktarslepping:* Slepping samstofna smáseiða eða gönguseiða í því skyni að auka fiskigengd í veiðivatni eða sjó.
7. *Fiskstofn:* Hópur fiska sömu tegundar sem hrygnir á tilteknum stað og tíma en gerir það ekki í neinum mæli með öðrum hópum á öðrum stað eða tíma.
8. *Fiskur:* Fiskur í merkingu laga þessara tekur til allra tegunda lagardýra sem lifa í vatni og sjó, hvort sem er við náttúrulegar aðstæður eða í eldi.
9. *Geldstofn:* Fiskur sem ekki framleiðir frjóar kynfrumur.
10. *Göngusilungur:* Silungur er gengur úr sjó í ósalt vatn, svo sem sjóbirtingur (urriði) og sjóreyður (bleikja).
11. *Hafbeit:* Slepping gönguseiða til sjógöngu og föngun þeirra sem fullvaxta fiska á sleppistað þegar þeir ganga úr sjó í ferskt vatn, annaðhvort til slátrunar eða flutnings í annað veiðivatn til endurveiða.
12. *Heilsárseldi:* Hefðbundið eldi í sjókvíum frá 50 gramma göngustærð upp í markaðsstærð.
13. *Kvíaeldi:* Fiskeldi í netkvíum (netbúrum) í fersku vatni eða söltu.
14. *Kynbætur:* Markvisst val með tilliti til ákveðinna arfgengra eiginleika. Slíkir eiginleikar geta verið mikill vaxtarhraði eða síðbúinn kynþroski. Til undaneldis eru valdir fiskar sem sýna ákjósanlega eiginleika umfram aðra fiska í stofninum. Slíku vali er viðhaldið og það aukið með vali í hverri kynslóð.
15. *Lagardýr:* Öll dýr með kalt blóð sem lifa og geta afkvæmi í sjó eða fersku vatni.
16. *Netlög:* Vatnsbotn 115 metra út frá bakka landareignar að stöðuvatni, svo og sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjöruborði landareignar.
17. *Nytjastofnar:* Fiskar og sjávardýr, svo og sjávargróður, sem nytjuð eru eða kunna að verða nytjuð í íslenskri fiskveiðilandhelgi, íslensku landgrunni eða á landi með eldi.
18. *Sjávarfiskur:* Fiskur sem lifir allan sinn lífsferil í sjó.
19. *Sjókvíaeldi:* Eldi á fiski í netbúrum sem komið er fyrir í sjó eða söltu vatni.
20. *Sjór:* Salt vatn utan árósa.
21. *Skiptieldi:* Eldi á fiski í strandeldi upp í 250–1.000 grömm og framhaldseldi í sjókvíum upp í markaðsstærð.
22. *Strandeldi:* Eldi fiska til slátrunar í tönkum eða kerum á landi.
23. *Straumvatn:* Ósalt vatn, á eða ósasvæði sem í er greinilegur straumur, þá er enginn vöxtur er í, og um stórstraumsfjöru.
24. *Stöðuvatn:* Ósalt vatn sem eigi er í greinilegur straumur annar en sá sem stafar af sjávarföllum, vindi eða aðrennsli í leysingum.
25. *Vatn:* Ósalt vatn með föstu legi eða farvegi, straumvatn eða stöðuvatn.
26. *Vatnadýr:* Öll dýr með kalt blóð sem lifa að hluta eða allan sinn lífsferil í fersku vatni.
27. *Vatnafiskur:* Lax *(Salmo salar),* silungur (urriði *(Salmo trutta),* bleikja *(Salvelinus alpinus)* og regnbogasilungur *(Oncorhynchus mykiss)*), áll *(Anguilla anguilla)* eða annar vatnafiskur ef ræktaður verður.
28. *Vatnasilungur:* Silungur sem elur allan aldur sinn í ósöltu vatni, svo sem vatnaurriði, vatnableikja (reyður), lækjasilungur og murta.
29. *Veiðivatn:* Á eða stöðuvatn sem veiði er í eða mætti í vera ef fiskur væri ræktaður þar.
30. *Villtur fiskstofn:* Fiskstofn þar sem meiri hluti fisks er klakinn í náttúrulegu umhverfi, elst þar upp og er kominn undan villtum foreldrum.
31. *Örmerkingar:* Merkingar á fiski með málmflísum í trjónuna.

II. KAFLI
Stjórnsýsla.
4. gr.
Stjórnsýsla.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum, en framkvæmd stjórnsýslunnar er að öðru leyti í höndum Fiskistofu sem hefur eftirlit með því að ákvæðum laganna sé framfylgt.

Ráðherra skal í samræmi við fyrirmæli einstakra greina laga þessara setja nánari ákvæði um framkvæmd þeirra í reglugerð. Við setningu reglugerða skal ávallt leitað faglegrar umsagnar Fiskistofu, Matvælastofnunar, Veiðimálastofnunar og Hafrannsóknastofnunarinnar og leitað álits Sambands íslenskra sveitarfélaga, Landssambands fiskeldisstöðva og Landssambands veiðifélaga.

Allar fiskeldisstöðvar skulu hafa með sér samtök, Landssamband fiskeldisstöðva, sem gæta sameiginlegra hagsmuna fiskeldismanna.

5. gr.
Svæðaskipting fiskeldis.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skal, ef vistfræðileg eða hagræn rök mæla með því, ákveða samkvæmt lögum þessum skiptingu fiskeldissvæða meðfram ströndum landsins. Áður en ákvörðun um slíka svæðaskiptingu er tekin skal ráðherra afla umsagnar umhverfisráðuneytis, Fiskistofu, Matvælastofnunar, Landssambands fiskeldisstöðva, Landssambands veiðifélaga, Veiðimálastofnunar, Hafrannsóknastofnunarinnar og viðkomandi sveitarstjórnar.

6. gr.
Staðbundið bann við starfsemi.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra getur, að fenginni umsögn Fiskistofu, Matvælastofnunar, Veiðimálastofnunar, Hafrannsóknastofnunarinnar og viðkomandi sveitarstjórnar, takmarkað eða bannað fiskeldi eða ákveðnar eldisaðferðir í einstaka fjörðum, flóum eða á svæðum sem teljast sérlega viðkvæm gagnvart starfsemi þeirri sem fram fer samkvæmt lögum þessum.

Við ákvörðun ráðherra skv. 1. mgr. skal taka mið af því að markmið laga þessara er m.a. að vernda villta nytjastofna, hvort sem um er að ræða ferskvatnsfiska eða sjávarfiska, og hlífa þeim við fisksjúkdómum og öðrum neikvæðum vistfræðilegum áhrifum. Skal í því sambandi m.a. litið til staðsetningar eldisstöðva, stærðar þeirra, fjarlægðar frá veiðiám og veiðiverðmætis á viðkomandi svæði, þ.e. firði eða flóa. Jafnframt skal litið til þess hvort fiskeldissvæði séu á gönguleiðum lax og silungs og hvort straumar geti leitt sleppifisk í ár.

Um skaðabætur vegna tjóns, sem leiðir af banni eða takmörkun samkvæmt grein þessari, fer eftir því sem mælt er fyrir um í 18. gr.

III. KAFLI
Rekstrarleyfi til fiskeldis.
7. gr.
Rekstrarleyfi.

Til starfrækslu fiskeldisstöðva þarf rekstrarleyfi sem Fiskistofa veitir.

Áður en leyfi skv. 1. mgr. er veitt skal Fiskistofa afla umsagnar Matvælastofnunar. Einnig skal stofnunin leita umsagnar Veiðimálastofnunar, Hafrannsóknastofnunarinnar og viðkom-

andi sveitarstjórnar eftir því sem við á um hvort náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu starfssvæði fiskeldisstöðvar eða fyrirhugaðar eldistegundir, eldisstofnar eða eldisaðferðir gefi tilefni til hættu á neikvæðum vistfræði- eða erfðafræðiáhrifum sem leitt getur af leyfisskyldri starfsemi.

Sé um endurnýjun á rekstrarleyfi að ræða telst ekki nauðsynlegt að afla slíkra umsagna enda sé ekki um verulegar breytingar að ræða á eðli og umfangi reksturs.

8. gr.

Umsókn um rekstrarleyfi.

Umsókn um rekstrarleyfi til fiskeldis skal vera skrifleg. Þar skulu m.a. koma fram upplýsingar um eignaraðild að fiskeldisstöð, fagþekkingu umsækjenda rekstrarleyfis á viðkomandi sviði, stærð stöðvar, framleiðslumagn hennar, eldistegundir og eldisaðferðir, matsskyldu vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum og starfsleyfi samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Umsókn skulu fylgja skilríki um heimild til afnota lands, vatns og sjávar. Umsókn skulu einnig fylgja áætlun um fjármögnun mannvirkja og annars búnaðar, rekstraráætlun, leyfi til mannvirkjagerðar, leyfi til starfsemi samkvæmt ákvæðum annarra laga sem varða slíkan atvinnurekstur, svo og önnur gögn sem Fiskistofu eru nauðsynleg til að meta hvort skilyrði til útgáfu rekstrarleyfis séu fyrir hendi.

9. gr.

Málsmeðferð umsóknar.

Við meðferð umsóknar um rekstrarleyfi til fiskeldis skal Fiskistofa leggja mat á sjúkdómstengda og vistfræðilega þætti sem kunna að fylgja starfsemi fiskeldisstöðvar.

Veiti fyrirliggjandi gögn ekki nægilegar upplýsingar til þess að mat verði lagt á þá þætti sem um getur í 1. mgr. getur Fiskistofa lagt fyrir umsækjanda að láta í té frekari upplýsingar áður en rekstrarleyfi er veitt. Í því skyni getur stofnunin lagt fyrir hann að rannsaka á eigin kostnað hvort fyrirhuguð starfsemi fiskeldisstöðvar feli í sér aukna hættu á fisksjúkdómum eða hvort um neikvæð vistfræðileg áhrif geti orðið að ræða.

Rannsóknir umsækjanda skv. 2. mgr. geta m.a. falist í merkingum á fiski, samantekt á veðurfars- og haffræðilegum upplýsingum, samantekt um aðra hagsmuni í veiðimálum og fiskeldi á svæðinu, mati á stöðu fiskstofna í helstu ám á svæðinu og mati á göngu laxfiska í nágrenni fyrirhugaðrar eldisstöðvar. Ráðherra getur í reglugerð mælt nánar fyrir um þau atriði sem rannsókn lýtur að.

10. gr.

Efni og útgáfa rekstrarleyfis.

Telji Fiskistofa að umsókn um rekstrarleyfi fullnægi skilyrðum laga þessara skal stofnunin gefa út rekstrarleyfi til tíu ára í senn. Ef vistfræðileg rök mæla með því er heimilt að gefa út rekstrarleyfi til skemmri tíma.

Í rekstrarleyfi skulu vera ákvæði um stærð fiskeldisstöðvar og hvort um sé að ræða seiðaeldi, strandeldi, skiptieldi eða heilsárseldi. Þá skal í rekstrarleyfi kveðið á um leyfilegar tegundir í eldi, leyfilega eldisstofna, leyfilegt framleiðslumagn og skyldu rekstrarleyfishafa til að annast vöktun og rannsóknir á nánasta umhverfi sínu. Jafnframt skulu í rekstrarleyfi vera ákvæði um varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir að fiskur sleppi vegna eldis eða flutnings á fiski, og ákvæði um áætlun um aðgerðir til að endurheimta fisk sem sleppur.

Ráðherra er í reglugerð heimilt að mæla fyrir um nánari skilyrði sem setja má í rekstrarleyfi. Slík skilyrði geta m.a. falið í sér skyldu leyfishafa til að standa að rannsóknum sambærilegum þeim sem greinir í 2. og 3. mgr. 9. gr. og skyldu til vöktunar á nærliggjandi veiðivötnum, vöktunar á kynþroska og heilbrigði fiska í eldi o.fl.

Við útgáfu rekstrarleyfis skal þess ávallt gætt að fullnægt sé ákvæðum laga um mat á umhverfisáhrifum og laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

IV. KAFLI
Starfræksla fiskeldisstöðva.

11. gr.
Upphaf starfsemi.

Rekstrarleyfi samkvæmt lögum þessum tekur þá fyrst gildi þegar Fiskistofa hefur gert úttekt á fiskeldisstöð. Markmið úttektar er að staðreyna eftir föngum að rekstrarleyfishafi sé fær um að fullnægja skilyrðum laga þessara og skilmálum rekstrarleyfis.

Fiskeldisstöðvum er óheimilt að flytja eldisfisk eða seiði í fiskeldisstöð fyrr en rekstrarleyfi er fengið og úttekt hefur farið fram.

12. gr.
Friðunarsvæði í sjó.

Fiskistofu er heimilt, að fenginni umsögn Veiðimálastofnunar og Hafrannsóknastofnunarinnar, að ákveða friðunarsvæði í sjó framan við frárennsli fiskeldisstöðva með sömu skilyrðum og kveðið er á um í 5. mgr. 15. gr. og 16. gr. laga um lax- og silungsveiði.

Ef sannað þykir að veiðitakmarkanir skv. 1. mgr. hafi í för með sér tjón á fjárhagslegum hagsmunum eiganda sjávarjarðar skulu þeir bæta honum tjónið sem takmörkunin er til hagsbóta fyrir. Bætur skulu ákveðnar með mati skv. VII. kafla laga um lax- og silungsveiði.

13. gr.
Veiðar fisks sem sleppur.

Rekstrarleyfishafi samkvæmt lögum þessum, sem missir fisk úr fiskeldisstöð, skal án tafar tilkynna slíkan atburð til Fiskistofu.

Rekstrarleyfishafa er skylt að grípa til allra þeirra ráðstafana, sem nauðsynlegar eru og í hans valdi standa, til þess að varna því að slíkur atburður, sem greinir í 1. mgr., valdi vistfræðilegu tjóni. Er honum í því skyni m.a. skylt, þrátt fyrir friðun á villtum fiski á svæðinu og án tillits til réttar eigenda sjávarjarða í netlögum, að gera allt sem í hans valdi stendur til að veiddur verði slíkur fiskur á svæði innan 200 metra frá stöðinni. Skal hver eldisstöð eiga og viðhalda nauðsynlegum búnaði í því skyni. Ráðherra skal í reglugerð setja nánari fyrirmæli um hvernig að slíkum veiðum skal staðið.

Skylda til veiða skv. 2. mgr. takmarkast við þrjá sólarhringa frá því að ljóst er að fiskur hafi sloppið út, ef slíkur atburður gerist á göngutíma laxfiska, en veiðitíminn í slíkum tilvikum skal að öðru leyti háður ákvörðun Fiskistofu. Veiðar þær sem hér um ræðir skulu ávallt fara fram í samráði við fulltrúa Fiskistofu.

Ef rekstrarleyfishafi hefur ekki hafið aðgerðir skv. 2. mgr. innan tólf klukkustunda frá því að ljóst er að eldisfiskur slapp út getur Fiskistofa, ef þörf krefur, gefið út almenna heimild til veiða á svæðinu með sömu skilyrðum og fram koma í 2. mgr.

Allan kostnað Fiskistofu og annarra stjórnvalda vegna nauðsynlegra aðgerða samkvæmt þessari grein skal rekstrarleyfishafi greiða.

14. gr.
Eftirlit og skýrslugjöf.

Fiskistofa skal hafa eftirlit með fiskeldisstöðvum í samræmi við fyrirmæli laga þessara. Eftirlitið skal ná til rekstrar- og fiskeldisþátta í starfsemi stöðvanna og þess að skilyrði í rekstrarleyfi séu haldin. Eftirlit með heilbrigði fiska og heilnæmi eldisafurða skal hins vegar framkvæmt af Matvælastofnun í samræmi við lög þar að lútandi.

Til að Fiskistofa geti framkvæmt eftirlit skv. 1. mgr. skal rekstrarleyfishafi árlega gefa Fiskistofu skýrslu um starfsemi sína. Þar skulu m.a. koma fram upplýsingar um framleiðslumagn stöðvar, eldisrými, fóðurnotkun, birgðir af fiski, uppruna hans, sjúkdóma og önnur óhöpp í rekstri, svo og önnur þau atriði sem stofnuninni eru nauðsynleg til virks eftirlits samkvæmt lögum þessum. Þá skal færð dagbók um starfsemina í fiskeldisstöðvum samkvæmt reglugerð sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra setur. Fiskistofu skal ætíð vera heimill aðgangur að eldisstöð og dagbók hennar.

Ráðherra skal í reglugerð mæla nánar fyrir um eftirlitshlutverk Fiskistofu. Fiskistofu er heimilt að fela aðilum sem hlotið hafa faggildingu samkvæmt lögum um faggildingu o.fl. að annast framkvæmd eftirlitsins samkvæmt sérstökum samningi. Þeir skulu bundnir þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd eftirlitsins og leynt á að fara. Um þagnarskylduna gilda ákvæði 18. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, og skal brot á henni varða refsingu skv. 136. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Fyrir eftirlit Fiskistofu eða faggiltra eftirlitsaðila á hennar vegum skulu fiskeldisstöðvar greiða árlegt eftirlitsgjald sem miðast við raunkostnað við eftirlitið samkvæmt gjaldskrá sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra staðfestir. Eftirlitsgjald skal innheimt með einni greiðslu á ári eigi síðar en 1. nóvember ár hvert. Fiskistofa skal annast innheimtu eftirlitsgjaldsins. Ef eftirlitsgjald er ekki greitt á eindaga reiknast hæstu lögleyfðir dráttarvextir af fjárhæð þess frá gjalddaga til greiðsludags. Eftirlitsgjald má innheimta með fjárnámi.

V. KAFLI
Afturköllun rekstrarleyfis.

15. gr.
Forsendubrestur.

Ef fiskeldisstöð hefur ekki innan 24 mánaða frá útgáfu rekstrarleyfis hafið starfsemi í samræmi við rekstraráætlun, sem fylgdi umsókn í samræmi við ákvæði 8. gr., er Fiskistofu heimilt að fella rekstrarleyfi úr gildi. Sama gildir ef starfsemi fiskeldisstöðvar stöðvast í 24 mánuði.

Áður en gripið er til afturköllunar leyfis skv. 1. mgr. skal Fiskistofa ávallt veita rekstrarleyfishafa skriflega viðvörun og hæfilegan frest til úrbóta.

16. gr.
Afturköllun rekstrarleyfis.

Fiskistofa getur afturkallað rekstrarleyfi ef leyfishafi eða starfsmenn hans brjóta gegn ákvæðum laga þessara eða stjórnvaldsfyrirmælum sem sett eru á grundvelli þeirra. Einnig er heimilt að afturkalla leyfi ef leyfishafi eða starfsmenn hans brjóta gegn skilyrðum rekstrarleyfis eða skilyrðum þess er að öðru leyti ekki fullnægt. Þá er og heimilt að afturkalla rekstrarleyfi ef leyfishafi verður ófær um að stunda rekstur og þegar eldisfiskur sleppur ítrekað frá fiskeldisstöð.

Áður en gripið er til afturköllunar leyfis skv. 1. mgr. skal Fiskistofa ávallt veita rekstrarleyfishafa skriflega viðvörun og hæfilegan frest til úrbóta.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

17. gr.
Framsal.

Framsal, leiga og veðsetning á rekstrarleyfi til fiskeldis án skriflegs samþykkis Fiskistofu er óheimil. Slíku samþykki skal þinglýst í samræmi við ákvæði þinglýsingalaga.

18. gr.
Skaðabætur.

Ef rekstrarleyfishafi samkvæmt lögum þessum verður umfram aðra fyrir tjóni vegna þess að tekin er ákvörðun um bann eða takmörkun á starfsemi með heimild í 6. gr. laga þessara skal slíkt tjón bætt úr ríkissjóði. Um ákvörðun bóta fer samkvæmt almennum reglum.

Ef sannað þykir að missir eldisfisks úr fiskeldisstöð valdi tjóni á hagsmunum veiðiréttarhafa, sem verndar njóta samkvæmt lax- og silungsveiðilögum, skal viðkomandi rekstrarleyfishafi bæta tjónið á grundvelli mats skv. VII. kafla laga um lax- og silungsveiði. Hið sama á við um tjón annarra þeirra sem hafbeit, fiskeldi eða fiskrækt stunda.

Ef sannað þykir að starfsemi samkvæmt lögum þessum valdi tjóni í veiðivatni samkvæmt lax- og silungsveiðilögum í öðrum tilvikum en þeim sem greinir í 2. mgr. skal það tjón bætt eftir mati skv. VII. kafla þeirra laga, ef eigi semur.

19. gr.
Tilflutningur eldisfisks.

Kynbættan eldisfisk er eingöngu heimilt að nýta til fiskeldis og óheimilt er að sleppa honum í fiskrækt eða hafbeit. Þó getur Fiskistofa veitt rannsóknaraðila undanþágu til sleppitilrauna í óverulegum mæli, að fenginni umsögn Matvælastofnunar, Hafrannsóknastofnunarinnar eða Veiðimálastofnunar eða annarra fagaðila ef ástæða þykir til.

Flutningur eldistegunda, sem ekki eru tilgreindar í rekstrarleyfi, milli fiskeldisstöðva, svo og flutningur og sleppingar lifandi fisks og frjóvgaðra hrogna milli ótengdra vatnasvæða, er óheimill.

Að fenginni umsögn Matvælastofnunar getur Fiskistofa veitt rekstrarleyfishafa undanþágu til flutnings á eldistegundum, sem ekki eru tilgreindar í rekstrarleyfi, milli fiskeldisstöðva ef ástæður mæla ekki gegn slíku. Fiskistofa skal í þeim tilvikum einnig leita umsagnar Hafrannsóknastofnunarinnar eða Veiðimálastofnunar um hvort náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu starfssvæði fiskeldisstöðvar eða vatnasvæði eða sjávarsvæði gefa tilefni til neikvæðra vistfræðilegra áhrifa.

20. gr.
Eldisbúnaður.

Innflutningur á notuðum eldisbúnaði er óheimill. Til slíks búnaðar teljast eldiskvíar, eldisker, nætur, fóðrarar og fiskidælur. Þó er heimilt að flytja inn notuð vísindatæki og tæknibúnað, m.a. tæki til flutnings sem sannanlega er hægt að sótthreinsa að mati Matvælastofnunar. Einnig getur Matvælastofnun með sömu skilyrðum heimilað innflutning á öðrum eldisbúnaði enda þyki sannað að ekki berist smitefni með honum sem valda dýrasjúkdómum.

Sækja skal um leyfi fyrir innflutningi á notuðum vísindatækjum, tæknibúnaði og eldisbúnaði til Matvælastofnunar sem getur heimilað innflutning að fenginni jákvæðri umsögn fisksjúkdómanefndar. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skal í reglugerð setja nánari fyrirmæli um notkun flutningstækja og búnaðar sem notaður er í starfsemi rekstrarleyfishafa.

VII. KAFLI
Reglugerðarheimild, refsiákvæði o.fl.

21. gr.
Reglugerðarheimild o.fl.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara með reglugerð. Þar skal m.a. kveðið á um útgáfu rekstrarleyfa, merkingar á seiðum í kvíaeldi, fóðurnotkun, endurnýjun eldisbúnaðar, úttekt á fiskeldisstöðvum, eftirlit með starfsemi fiskeldisstöðva, flutning eldistegunda milli fiskeldisstöðva, flutning fisks og frjóvgaðra hrogna milli ótengdra vatnasvæða o.fl.

Fiskistofu er, eftir því sem þörf krefur, heimilt að setja svæðis- eða tímabundnar reglur á grundvelli slíkra reglugerða.

22. gr.
Um refsingar.

Það varðar stjórnarmenn og framkvæmdastjóra rekstrarleyfishafa sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, ef sakir eru miklar:

a. ef eldisfiskur sleppur úr fiskeldisstöð þar sem umbúnaði við fiskeldið hefur verið áfátt vegna athafna eða athafnaleysis þeirra sem framið hefur verið af ásetningi eða gáleysi,
b. ef þeir brjóta gegn ákvæðum 1. eða 2. mgr. 13. gr. laga þessara af ásetningi eða gáleysi,
c. ef fiskeldisstöðvar gefa ekki lögboðnar skýrslur um starfsemi sína eða veita eftirlitsmönnum rangar upplýsingar,
d. ef fiskeldisstöðvar gerast að öðru leyti brotlegar gagnvart lögum þessum.

VIII. KAFLI
Gildistökuákvæði.

23. gr.
Gildistaka o.fl.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2008. Jafnframt falla úr gildi frá sama tíma lög nr. 33/2002, um eldi nytjastofna sjávar, og lög nr. 57/2006, um eldi vatnafiska, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Frá gildistöku laga þessara og til loka ársins 2010 skal starfa samráðsnefnd um framkvæmd þeirra, laga um lax- og silungsveiði, laga um Veiðimálastofnun, laga um fiskrækt og laga um varnir gegn fisksjúkdómum. Hlutverk samráðsnefndar er að fylgjast með og stuðla að greiðri framkvæmd og virkum skoðanaskiptum þeirra er lögin varða helst. Nefndin skal skipuð af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og í henni sitja tólf fulltrúar tilnefndir af eftirtöldum aðilum: Landssambandi veiðifélaga, Landssambandi stangaveiðifélaga, Landssambandi fiskeldisstöðva, Félagi eigenda sjávarjarða, fisksjúkdómanefnd, Veiðimálastofnun, Matvælastofnun, Fiskistofu, umhverfisráðuneyti, Hafrannsóknastofnuninni og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Þá skipar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra einn nefndarmann

án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Sker atkvæði formanns úr ef ágreiningur verður í nefndinni.

1172. Frumvarp til laga [537. mál]

um breytingu á lögum nr. 121/1994, um neytendalán, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 28. maí.)

1. gr.

Á eftir 2. mgr. 3. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Fjármálafyrirtæki er ekki heimilt að innheimta kostnað vegna óheimils yfirdráttar af tékkareikningi ef slík gjaldtaka á ekki stoð í samningi. Kostnaður vegna óheimils yfirdráttar skal vera hóflegur og endurspegla kostnað vegna yfirdráttarins.

2. gr.

Við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Breytingar á gjaldtöku vegna lánssamninga samkvæmt lögum þessum skal tilkynna að lágmarki einni viku áður en þær taka gildi ef þær eru ekki til hagsbóta fyrir neytendur. Lánveitandi telst uppfylla skilyrði þessarar málsgreinar ef upplýsingar eru veittar með eftirfarandi hætti að vali neytanda:

a. á vefsíðu á vegum lánveitanda, enda hafi neytanda verið tilkynnt um veffang vefsetursins og hvar hægt sé að nálgast umræddar upplýsingar á því, eða
b. í netbanka á vegum lánveitanda, eða
c. með tölvupósti.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. málsl. þessarar málsgreinar getur neytandi óskað eftir því að upplýsingar samkvæmt þessari málsgrein verði veittar skriflega.

3. gr.

Á eftir 16. gr. laganna kemur ný grein, 16. gr. a, svohljóðandi:

Lánveitanda er óheimilt að krefjast greiðslu uppgreiðslugjalds af láni í íslenskum krónum með breytilegum vöxtum sem greitt er upp fyrir þann tíma sem umsaminn er, ef upphaflegur höfuðstóll lánsins er að jafnvirði 50 millj. kr. eða minna.

Lánveitandi getur ekki krafist uppgreiðslugjalds ef ástæða uppgreiðslu er gjaldfelling láns af hans hálfu.

Í þeim tilvikum sem heimilt er að semja um uppgreiðslugjald skal kveðið á um slíkt í lánssamningi. Tilgreina skal upplýsingar um hvernig uppgreiðslugjald er reiknað út og hvenær slíkur kostnaður fellur á.

Í þeim tilvikum sem heimilt er að semja um uppgreiðslugjald má fjárhæð gjaldsins að hámarki vera það tjón sem lánveitandi verður fyrir vegna uppgreiðslunnar fyrir þann tíma sem umsaminn er. Ef kveðið er á um heimild til endurskoðunar vaxta í lánssamningi með föstum vöxtum skal miða útreikning uppgreiðslugjalds við tímann fram að næsta endurskoðunardegi vaxta. Ráðherra skal setja nánari reglur um útreikning á tjóni vegna uppgreiðslu.

4. gr.

2. málsl. 2. mgr. 18. gr. laganna orðast svo: Neytandi skal gera kröfu um greiðslu tryggingarfjár innan tveggja ára frá afhendingu vöru eða þjónustu, eða innan fimm ára þegar um ræðir söluhlut sem ætlaður er verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti frá því að honum var veitt viðtaka.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1173. Þingsályktun [493. mál]

um fullgildingu Palermó-samnings gegn fjölþjóðlegri skipulagðri glæpastarfsemi.

(Afgreidd frá Alþingi 28. maí.)

Samhljóða þskj. 787.

1174. Þingsályktun [498. mál]

um staðfestingu bókunar um breytingu á samningi um takmörkun ábyrgðar á sjóréttarkröfum.

(Afgreidd frá Alþingi 28. maí.)

Samhljóða þskj. 792.

1175. Þingsályktun [499. mál]

um fullgildingu þriggja Haag-samninga á sviði réttarfars.

(Afgreidd frá Alþingi 28. maí.)

Samhljóða þskj. 793.

1176. Þingsályktun [557. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/2007, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 28. maí.)

Samhljóða þskj. 858.

1177. Þingsályktun [558. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2007, um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 28. maí.)

Samhljóða þskj. 859.

1178. Nefndarálit [546. mál]

um frv. til l. um opinbera háskóla.

Frá minni hluta menntamálanefndar.

Með frumvarpi þessu er verið að setja undir einn hatt lög um Háskóla Íslands, nr. 41/1999, lög um Háskólann á Akureyri, nr. 40/1999, og lög um listmenntun á háskólastigi, nr. 43/1995. Þá munu lög um Kennaraháskóla Íslands, nr. 137/1997, falla úr gildi við gildistöku laga nr. 37/2007, um sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands.

Fjölgun háskóla á síðustu árum og aukinn fjöldi háskóla sem rekinn er af öðrum en ríkinu hefur leitt af sér breytt lagaumhverfi sem innleitt hefur verið í áföngum á síðustu árum. Í ljósi þessara breytinga og í ljósi áforma um sameiningu Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands er það frumvarp sem hér er fjallað um lagt fram. Minni hlutinn gagnrýnir hversu seint málið komi fram og hefði kosið að það hefði fengið lengri umfjöllun bæði á Alþingi, en ekki síður í skólasamfélaginu. Þeir háskólar sem falla undir ákvæði frumvarpsins eru sameinaður Háskóli Íslands og Kennaraháskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri. Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri og Hólaskóli – Háskólinn á Hólum heyra enn sem komið er undir lög um búnaðarfræðslu, en ættu einnig að falla undir þetta frumvarp úr því búið er að færa málefni þeirra formlega undir menntamálaráðuneytið. Í umfjöllun nefndarinnar kom fram það mat menntamálaráðherra og menntamálaráðuneytisins að þeir skólar þurfi lengri aðlögunartíma áður en þeir geti fallið undir lög um opinbera háskóla. Ekki komu þó fram nægilegar röksemdir fyrir þessu sjónarmiði í starfi menntamálanefndar og er það mat minni hlutans að leita hefði átt leiða til að tryggja lagaumhverfi þeirra jafnhliða samþykkt þessa frumvarps.

Ástæða þess að ekki virtist vilji til þess í meiri hluta nefndarinnar kann að helgast af hugmyndum um að rekstrarformi landbúnaðarháskólanna verði breytt í náinni framtíð. Öllum tilraunum af því tagi mótmælir minni hlutinn. Þeir þættir sem hér eru nefndir hafa gert menntamálanefnd óþarflega erfitt um vik að taka afstöðu til breytingartillagna sem komu frá umsagnaraðilum.

Minni hlutinn styður breytingartillögu meiri hlutans um að Háskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri séu nafngreindir í 1. gr. frumvarpsins, ef slíkt væri ekki gert gæti skapast hætta á að þeirra biðu þau örlög að breytt yrði um rekstrarform á þeim og þeir einkavæddir að hluta eða öllu leyti.

Þegar frumvarpið kom fram kallaði það á talsverðar umræður í skólasamfélaginu. Mestar deilur vöktu atriði sem vörðuðu gjaldtöku í opinberum háskólum og um skipan háskólaráðs. Ágreiningur stjórnarflokkanna um gjaldtöku kom vel í ljós við meðferð málsins en ekki síður ágreiningur þeirra um kjarna stjórnsýslu í opinberum háskólum. Tillaga frumvarpsins um að gerbylta valdahlutföllum í háskólaráði kallaði á harðorðar yfirlýsingar frá Háskóla Íslands, Félagi prófessora við ríkisháskóla, stjórn Kennarafélags Kennaraháskóla Íslands og Stúdentaráði Háskóla Íslands. Þá er það mat minni hlutans að nauðsynlegt sé að stuðla að því að rektor verði kosinn lýðræðislegri kosningu hér eftir sem hingað til, slíkt festir í sessi sjálfstæði stofnunar og undirstrikar sjálfstjórn hennar, auk þess sem það þroskar lýðræðisvitund innan skólasamfélagsins, sem hlýtur að teljast afar dýrmætt.

Það er mat minni hlutans að með tillögu frumvarpsins sé vegið að akademísku frelsi og sjálfstæði opinberra háskóla með því að hverfa af braut jafningjastjórnunar sem hefur verið við lýði í opinberum háskólum hingað til. Þar virðist ráða för ásetningur menntamálaráðherra um að draga úr áhrifum háskólasamfélagsins á rekstur og stjórnun opinberra háskóla og auka vald fulltrúa hagsmunaaðila atvinnulífsins í málefnum þeirra. Í greinargerð með frumvarpinu eru ástæður þessarar tillögu reifaðar og ljóst að mestu máli virðist skipta að dregið verði úr vægi og áhrifum þeirra sem starfa innan háskólanna við æðstu stjórn þeirra. Það er mat minni hlutans að breytingartillögur meiri hlutans breyti ekki þeim grundvallarásetningi, þær dragi ekki úr hættunni á að valdahlutföll í háskólaráði verði með þeim hætti að það kalli á hagsmunaárekstra. Breytingartillögurnar gera, á sama hátt og frumvarpið, ráð fyrir að valdahlutföll ráðsins verði með þeim hætti að fulltrúar skipaðir af ráðherra geti haft áhrif umfram þá sem eru fulltrúar fræðasviðanna eða stúdenta, hins akademíska skólasamfélags. Slíkt býður heim hættu á valdaátökum og hagsmunaárekstrum sem geta orðið dýrkeypt. Minni hlutinn sættir sig ekki við sjónarmið meiri hlutans hvað þetta varðar og leggur til breytingu á skipan háskólaráðs. Sú tillaga er samhljóða tillögum sem Háskóli Íslands sendi nefndinni í umsögn sinni.

Minni hlutinn er andvígur því að skólagjöld verði tekin upp í opinberum háskólum og styður tillögu meiri hlutans um að 4. mgr. 24. gr. falli brott, en telur hana þó ekki nægja til að taka af öll tvímæli um að ekki sé verið að opna fyrir aukna gjaldtöku í skólunum, þ.m.t. skólagjöld. Nauðsynlegt er að tryggja með lagasetningu að ekki standi til að setja skólagjöld á í opinberum háskólum, misvísandi pólitískar yfirlýsingar frá þingmönnum stjórnarflokkanna auka enn á óöryggi skólanna hvað þetta varðar. Í því skyni setur minni hlutinn fram tillögu um að settur verði á fót starfshópur sem fái það verkefni að tryggja fjármögnun opinberra háskóla án skólagjalda og að gjaldtaka sú sem heimiluð er samkvæmt lögum verði ævinlega með þeim hætti að hún endurspegli raunkostnað þeirrar þjónustu sem henni er ætlað að standa undir.

Minni hlutinn telur vandkvæðum bundið að innleiða nýja merkingu í orðið „skóli“ eins og gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu og leggur til að fallið verði frá þeirri tilraun. Í því skyni er lagt til að orðið „fræðasvið“ komi í stað hins nýja „skóla-hugtaks“. Er sú tillaga í samræmi við sjónarmið Háskóla Íslands, eins og fram kemur í umsögn skólans til nefndarinnar.

Breytingartillögur minni hlutans eru lagðar fram á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 28. maí 2008.

Kolbrún Halldórsdóttir, frsm. Höskuldur Þórhallsson.

1179. Breytingartillögur [532. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um staðfesta samvist, nr. 87/1996, með síðari breytingum.

Frá Atla Gíslasyni.

1. Í stað 1. gr. komi 18 nýjar greinar er orðist svo:
   a. (1. gr.)
   Breyting á hjúskaparlögum, nr. 31/1993, með síðari breytingum.
   Í stað orðanna „karls og konu“ í 1. gr. laganna kemur: tveggja einstaklinga.
   b. (2. gr.)
   1. málsl. 7. gr. laganna orðast svo: Stofna má til hjúskapar þegar hjónaefni hafa náð 18 ára aldri.
   c. (3. gr.)
   Brottfall laga um staðfesta samvist, nr. 87/1996, með síðari breytingum.
   Lög um staðfesta samvist, nr. 87/1996, með síðari breytingum, falla brott.
   d. (4. gr.)
   Breyting á lögum um lögheimili, nr. 21/1990, með síðari breytingum.
   2. málsl. 3. mgr. 7. gr. laganna fellur brott.
   e. (5. gr.)
   Breyting á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997, með síðari breytingum.
   Orðin „staðfestri samvist, sbr. lög nr. 87/1996“ í 1. málsl. 7. mgr. 17. gr. laganna falla brott.
   f. (6. gr.)
   Breyting á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, með síðari breytingum.
   Orðin „staðfestri samvist“ í 1. málsl. 3. mgr. 16. gr. laganna falla brott.

g. (7. gr.)

Breyting á lögum um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, nr. 155/1998, með síðari breytingum.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. Orðin „staðfestri samvist“ í 1. málsl. 3. mgr. falla brott.
b. Í stað orðanna „stofnar til sambúðar sem jafna má til hjúskapar eða stofnar til staðfestrar samvistar“ kemur: eða stofnar til sambúðar sem jafna má til hjúskapar.

h. (8. gr.)

Breyting á lögum um Lífeyrissjóð bænda, nr. 12/1999, með síðari breytingum.

Í stað orðanna „hjúskap, óvígða sambúð eða staðfesta samvist“ og „hjúskap, óvígðri sambúð eða staðfestri samvist“ í 2. mgr. 11. gr. laganna kemur: hjúskap eða óvígða sambúð; og: hjúskap eða óvígðri sambúð.

i. (9. gr.)

Breyting á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum.

4. mgr. 62. gr. laganna fellur brott.

j. (10. gr.)

Orðin „og einstaklingar í staðfestri samvist“ í 1. mgr. 80. gr. laganna falla brott.

k. (11. gr.)

Breyting á lögum um erfðafjárskatt, nr. 14/2004, með síðari breytingum.

Orðin „einstaklingur í staðfestri samvist með arfleifanda“ í 3. mgr. 2. gr. laganna falla brott.

l. (12. gr.)

Breyting á lögum um ættleiðingar, nr. 130/1999, með síðari breytingum.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Orðin „einstaklingar í staðfestri samvist“ í 1. mgr. falla brott.
b. Orðin „staðfestri samvist eða“ í 2. og 3. mgr. falla brott.

m. (13. gr.)

Breyting á lögum um tæknifrjóvgun, nr. 55/1996, með síðari breytingum.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Orðin „staðfestri samvist“ í a-lið 1. mgr. falla brott.
b. Orðin „staðfestri samvist eða“ í e-lið 1. mgr. falla brott.

n. (14. gr.)

Orðin „staðfestri samvist eða“ í 5. gr. laganna falla brott.

o. (15. gr.)

Orðin „í staðfestri samvist“ í 3. málsl. 1. mgr. 6. gr. laganna falla brott.

p. (16. gr.)

Orðin „staðfestri samvist eða“ í 2. mgr. 9. gr. og 4. mgr. 10. gr. laganna falla brott.

q. (17. gr.)

Breyting á barnalögum, nr. 76/2003, með síðari breytingum.

Í stað orðanna „staðfestri samvist eða óvígðri sambúð“ í 2. málsl. 3. gr. laganna kemur: óvígðri sambúð með annarri konu.

r. (18. gr.)

Orðin „staðfestri samvist eða“ í 2. mgr. 23. gr. laganna falla brott.

2. Fyrirsögn frumvarpsins verði: Frumvarp til laga um breyting á ýmsum lagaákvæðum sem varða réttindi samkynhneigðra.

1180. Nefndarálit [107. mál]

um till. til þál. um að fordæma mannréttindabrot og hvetja bandarísk yfirvöld til að loka fangabúðunum í Guantanamo.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Nikulás Hannigan frá utanríkisráðuneytinu, Kristján Sturluson og Árna Múla Jónasson frá Rauða krossi Íslands, Jóhönnu K. Eyjólfsdóttur frá Íslandsdeild Amnesty International og Guðrúnu Guðmundsdóttur og Elínu Vigdísi Guðmundsdóttur frá Mannréttindaskrifstofu Íslands. Umsagnir bárust um málið frá Rauða krossi Íslands, Íslandsdeild Amnesty International og Mannréttindaskrifstofu Íslands.

Nefndin ítrekar mikilvægi þess að alþjóðleg mannúðar- og mannréttindalög séu ætíð virt af öllum ríkjum heims. Nefndin hefur skilning á mikilvægi baráttunnar gegn hryðjuverkum, en áréttar að sú barátta getur aldrei réttlætt mannréttindabrot.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt** með svofelldri

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi fordæmir ómannúðlega meðferð á föngum í búðum Bandaríkjamanna við Guantanamo-flóa á Kúbu, hvetur til þess að búðunum verði lokað og felur ríkisstjórninni að koma þeirri afstöðu á framfæri við bandarísk stjórnvöld.

Ragnheiður E. Árnadóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 28. maí 2008.

Bjarni Benediktsson, form., frsm.	Árni Páll Árnason.	Steingrímur J. Sigfússon.
Ásta R. Jóhannesdóttir.	Siv Friðleifsdóttir.	Guðfinna S. Bjarnadóttir.
Lúðvík Bergvinsson.	Kristinn H. Gunnarsson.	

1181. Frumvarp til laga [646. mál]

um breytingu á lögum um skattfrelsi norrænna verðlauna, nr. 126/1999.

Flm.: Guðfinna S. Bjarnadóttir, Sigurður Kári Kristjánsson, Einar Már Sigurðarson, Guðni Ágústsson, Jón Magnússon, Guðbjartur Hannesson, Ólöf Nordal, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Höskuldur Þórhallsson, Gunnar Svavarsson, Bjarni Benediktsson, Ragnheiður Elín Árnadóttir.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Orðið „norræn“ fellur brott.
b. Við bætast fimm nýir töluliðir, svohljóðandi:
   6. Verðlaun í stærðfræði (Fields Medal).
   7. Verðlaun í orkufræði (Global International Energy Prize).
   8. Verðlaun í alþjóðalögfræði (Hague Prize for International Law).
   9. Verðlaun í líffræði (International Prize for Biology).
   10. Verðlaun í raunvísindum (Bower Award for Achievement in Science).

2. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um skattfrelsi alþjóðlegra verðlauna.**

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og útsvars á árinu 2008 vegna tekna á árinu 2007.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu er lagt til að aukið verði nýjum verðlaunum við upptalningu laga, nr. 126/1999, um skattfrelsi norrænna verðlauna, og að heiti laganna verði breytt.

Að mati flutningsmanna er það ekki í takti við tíðarandann að heimila skattfrelsi einungis þegar norræn verðlaun eiga í hlut enda hefur það færst í vöxt samfara eflingu íslenskra háskóla og vísindastarfs að þeir sem búsettir eru hér á landi komist til æðstu metorða á alþjóðavettvangi. Röksemdir sem búa að baki lögum um skattfrelsi norrænna verðlauna ættu því með sanni að snúast um þann heiður sem verðlaunahafa áskotnast fremur en að taka mið af upprunalandi viðkomandi verðlauna.

Íslenskir háskólar hafa á undanförnum árum sett sér krefjandi markmið. Í alþjóðlegum samanburði skiptir miklu að þeir hafi á að skipa kennurum sem veitt hafa viðtöku verðlaunum sem þekkt eru á heimsvísu. Nóbelsverðlaunin eru sem kunnugt er þekktust vísindaverðlauna á sviði efnafræði, eðlisfræði, hagfræði og læknisfræði og njóta skattfrelsis hér á landi.

Að höfðu samráði við stjórnsýslu Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík leggja flutningsmenn til að bætt verði við upptalningu laga nr. 126/1999, um skattfrelsi norrænna verðlauna, nýjum verðlaunum sem teljast til hinna þekktustu á sviði stærðfræði, orkuverkfræði, alþjóðalögfræði og líffræði. Verðlaunin eru:

– Fields Medal, stundum nefnd nóbelsverðlaunin í stærðfræði.
– Global International Energy Prize, veitt fyrir rannsóknir í orkufræði.
– Hague Prize for International Law, veitt fyrir alþjóðalögfræði.

– International Prize for Biology, veitt fyrir líffræði.
– Bower Award for Achievement in Science: Veitt fyrir árangur í raunvísindum.

Á síðasta ári hlotnaðist dr. Þorsteini Sigfússyni prófessor sá heiður að taka við verðlaununum „Global International Energy Prize“ fyrir framlag sitt í þágu orkuvísinda. Voru verðlaunin veitt við formlega athöfn í Rússlandi. Verði frumvarp þetta samþykkt er það vilji flutningsmanna að verðlaun hans fái skattalega meðferð svo sem lagt er til í frumvarpinu.

Fyrir því eru fordæmi að Alþingi hafi með lagasetningu og við sérstakt tilefni heimilað skattundanþágu verðlaunafjár og er skemmst að minnast þess er Halldór Laxness vann til Nóbelsverðlaunanna. Var sú lagasetning tilkomin eftir að skáldið hlaut verðlaunin. Hið sama er að segja um Sonningverðlaunin sem voru veitt Halldóri Laxness árið 1969.

1182. Nefndarálit [492. mál]

um tll. til þál. um skáksetur helgað afrekum Bobbys Fischers og Friðriks Ólafssonar.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið umsagnir frá Ferðamálastofu, Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands og Skákfélaginu Hróknum sem allar voru jákvæðar.

Með tillögunni er lagt til að Alþingi feli menntamálaráðherra að skipa starfshóp til að útfæra hugmyndir um alþjóðlegt skáksetur í Reykjavík sem helgað yrði skákafrekum stórmeistaranna Friðriks Ólafssonar og Bobbys Fischers.

Skákíþróttin hefur lengi verið hluti af íslenskri menningu og eftir því tekið í hinum alþjóðlega skákheimi. Það er álit nefndarinnar að alþjóðlegt skáksetur sem þetta mundi veita skák og afrekum skákmanna hér á landi verðuga viðurkenningu og efla enn frekar stöðu skákíþróttarinnar. Auk þess telur nefndin aðskáksetur sem þetta falli vel að menningartengdri ferðaþjónustu og styrki ímynd lands og þjóðar.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Paul Nikolov skrifar undir álit þetta með fyrirvara og telur að fremur eigi að heiðra sögu Íslands í skákheiminum. Vegna pólitískra sjónarmiða geti hann jafnframt ekki að fullu fallist á tillöguna.

Katrín Júlíusdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Jón Magnússon sat fundi nefndarinnar og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 28. maí 2008.

Sigurður Kári Kristjánsson, form., frsm.	Einar Már Sigurðarson.	Paul Nikolov, með fyrirvara.
Herdís Þórðardóttir.	Guðbjartur Hannesson.	Höskuldur Þórhallsson.
Ragnheiður Ríkharðsdóttir.		Kolbrún Halldórsdóttir.

1183. Nefndarálit [337. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um útlendinga, nr. 96 15. maí 2002, með síðari breytingum.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Útlendingar gegna veigamiklu hlutverki í íslensku atvinnulífi sem hefur ríka þörf fyrir starfskrafta þeirra. Gegna þeir að mörgu leyti lykilhlutverki í fiskvinnslu, á sjúkrahúsum og í ýmsum þjónustustofnunum. Þá hafa útlendingar auðgað menningarlíf þjóðarinnar og skapað þá fjölbreytni sem öllum þjóðum er nauðsynleg. Útlendingar skipta miklu máli fyrir efnahag og menningu þjóðarinnar en eru ekki virtir að verðleikum í íslenskri löggjöf. Má jafnvel halda því fram að þeim sé í ýmsum tilvikum tekið sem óvelkomnum gestum og að þeim sé að hluta til búin dvalarskilyrði á Íslandi sem standast vart mannréttindi. Mikilvægt er því að löggjafarvaldið fylgist vel með þeim vandamálum sem útlendingar sem hingað flytjast glíma einkum við og að það bregðist jafnan við þeim með endurskoðun laga.

Í frumvarpi dómsmálaráðherra eru ýmsir þættir gildandi laga um útlendinga endurskoðaðir: atvinnuréttindi þeirra eru betur samræmd, m.a. með nýjum ákvæðum um dvalarleyfisflokka; teknar eru inn í íslenskan rétt ákvæði tilskipunar Evrópusambandsins 38/2004/EB um rétt ríkisborgara ríkja ESB og fjölskyldna þeirra til frjálsrar farar og dvalar; einnig er brugðist við ýmsum athugasemdum frá Eftirlitsstofnun EFTA (ESA). Ákvæði frumvarpsins eru að ýmsu leyti til bóta en ábótavant um ýmis atriði.

Ekki er langt síðan umræða um innflytjendamál hófst á Íslandi, enda þótt innflytjendum hafi fjölgað verulega undanfarin átta ára. Ísland hefur nú einstakt tækifæri til þess að læra af mistökum annarra þjóða og forðast að endurtaka þau. Þess vegna er afar mikilvægt að innflytjendastefna Íslands hjálpi þeim sem hingað koma til þess að samþættast okkar samfélagi, virði mannréttindi allra, þ.e. að sömu lög gildi fyrir alla óháð þjóðerni, og auðveldi góð samskipti milli innflytjenda og Íslendinga. Til þess að þessi markmið náist er nauðsynlegt að lögin endurspegli markmiðin, lögin séu skýr og tryggi að innflytjendum sé ekki mismunað í lögum. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa á fyrri þingum lagt fram frumvörp í þessa veru og einnig á þessu þingi (þskj. 272) sem uppfylla þessi skilyrði. Innflytjendastefna VG samræmist ríkjandi viðhorfum í okkar samfélagi og hvílir á sanngirni og réttlæti bæði gagnvart innflytjendum og Íslendingum. Það sama verður ekki sagt um frumvarp dómsmálaráðherra sem hér er til umræðu þó svo það hafi tekið þýðingarmiklum breytingum í anda tillagna VG. Að mörgu leyti er frumvarpið ekki í takt við tímann. Það mismunar fólki og tekur ekki tillit til allra þeirra athugasemda sem komið hafa fram undanfarin ár.

Fyrst og fremst er 4. gr. frumvarpsins gagnrýnisverð en þar segir m.a.: „Heimilt er að veita útlendingi vegabréfsáritun sem gildir á öllu Schengen-svæðinu“ ef „hann telst ekki ógn við allsherjarreglu, þjóðaröryggi eða alþjóðasamskipti ríkisins eða annars ríkis sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu.“ Við leggjum til að skilgreint verði hvað felst í þessari reglu og tiltekið verði hvaða aðili hafi ákvörðunarvald í slíkum tilvikum. Meðan þetta ákvæði hefur ekki verið skilgreint leggur minni hlutinn til að það verði fellt brott. Rétt er að benda á að flóttamannafulltrúi Sameinuðu þjóðanna (UNHCR) hefur einnig gert þá athugasemd að skilgreiningin sé óskýr. Einnig tekur minni hlutinn undir athugasemd frá Rauða krossi Íslands um að sá sem reyndi, samkvæmt þessu frumvarpi, að sækja um hæli á Íslandi sem flóttamaður „þyrfti annaðhvort að segja ósatt um tilgang ferðar sinnar eða leita annarra leiða til að komast til landsins til að sækja um hæli sem flóttamaður“.

Í 6. gr. segir m.a. að innflytjendur sem koma til landsins skuli „gangast undir læknisskoðun innan tveggja vikna frá komu til landsins í samræmi við gildandi lög og fyrirmæli heilbrigðisyfirvalda“, án skilgreiningar. Frumvarpið skýrir hvorki hvaða sjúkdóma eigi að koma í veg fyrir að berist til landsins né hver eigi að hafa ákvörðunarvald til að neita fólki dvalarleyfi á þeim forsendum.

Í 7. gr. er m.a. kveðið á um að dómsmálaráðherra sé „heimilt að ákveða að dvalarleyfisskírteini skuli innihalda örflögu með þeim upplýsingum sem skráðar eru á kortið auk fingrafara handhafa“. Ekkert segir þó um hvaða upplýsingar eigi að skrá og hvort takmarkanir séu á slíkri skráningu eða hver hafi leyfi til að skoða þær. Að svo stöddu leggur minni hlutinn til að ákvæðið falli brott.

Í 8. gr. segir m.a. að grunnskilyrði dvalarleyfis sé að fólk hafi „nægilegt eigið fé til framfærslu meðan á dvölinni stendur“. Minni hlutinn telur þetta orðalag alls ekki nógu skýrt. Einnig bendir minni hlutinn á að Alþjóðahúsið, Stúdentaráð HÍ, Mannréttindaskrifstofan og Rauði kross Íslands hafa gert tillögu um að atvinnuleysisbætur eða greiðsla í formi félagslegrar aðstoðar ríkis sé meðtalin við útreikning á „nægilegu fé til framfærslu“.

Minni hlutinn tekur líka undir þá athugasemd sem borist hefur frá flóttamannafulltrúa Sameinuðu þjóðanna að ákvæði 2. mgr. 11. gr. sé of þröngt. Ákvæðið er svohljóðandi: „Nánustu aðstandendur í skilningi 1. mgr. eru maki, sambúðarmaki og samvistarmaki, börn viðkomandi yngri en 18 ára á hans framfæri og í hans forsjá, ættmenni hans eða maka í beinan legg eldri en 66 ára og á þeirra framfæri.“ Minni hlutinn leggur til að orðin „eldri en 66 ára“ verði felld út. Í því sambandi bendir minni hlutinn á almennu mannréttindayfirlýsinguna frá 1948 og alþjóðasamninginn um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi frá 1966 þar sem segir: „Fjölskyldan er hin eðlilega grundvallarhópeining þjóðfélagsins og á rétt á vernd þjóðfélagsins og ríkisins“, sbr. einnig athugasemd flóttamannafulltrúa Sameinuðu þjóðanna.

Minni hlutinn leggur einnig til að hugtakið rökstuddur grunur, skv. 3. mgr. 11. gr. frumvarpsins, um málamyndahjónaband eða samvist verði betur skilgreint og að eftirfarandi ákvæði falli brott: „Ef annar makinn er 24 ára eða yngri skal ávallt kanna hvort málsatvik eru með þeim hætti sem um getur í 1. og 2. málsl.“ Í umsögnum Alþjóðahússins, Mannréttindaskrifstofu, prests innflytjenda og fleiri segir að aldursmark við 24 ár sé órökstutt. Engin rök séu fyrir slíkri reglu vegna þess að nú þegar er kveðið á um í lögum að ef rökstuddur grunur er um að stofnað hafi verið til málamyndahjúskapar til að afla dvalarleyfis telst dvalarleyfið vera ógilt. Reglan er því óþörf gagnvart þeim sem hún beinist að og óréttlát.

Ástæða er til þess að fagna sérstaklega tveimur breytingum sem meiri hluti nefndarinnar leggur til að gerðar verði á frumvarpinu. Annars vegar er mikil réttarbót fólgin í breytingum á 5. mgr. 11. gr. Þar er kveðið á um að ungmenni sem koma hingað til lands á grundvelli fjölskyldusameiningar fyrir 18 ára aldur þurfi ekki lengur að sýna fram á sjálfstæða framfærslu, heldur nægir þeim að sýna fram á framfærslu með aðstoð foreldris. Hins vegar er Útlendingastofnuninni veitt heimild í g-lið 10. gr. frumvarpsins (sem verði 12. gr. f í lögunum) til þess að endurnýja dvalarleyfi útlendings samkvæmt ákvæðinu þrátt fyrir að forsendur leyfisins hafi brostið vegna slita á hjúskap, staðfestri samvist eða sambúð. Eigi það eingöngu við þegar sambandsslitin hafa orðið vegna þess að útlendingur eða barn hans hefur sætt ofbeldi í sambandinu. Minni hlutinn tekur undir athugasemd flóttamannafulltrúa Sameinuðu þjóðanna að í frumvarpinu þurfi að skilgreina betur hvað felist í hugtakinu rík mannúðarsjónarmið, sem mæla með að veita dvalarleyfi á þeim grunni.

Sama gildir um h-lið 10. gr. frumvarpsins (sem verði 12 gr. g í lögunum) en þar leggur flóttamannafulltrúi Sameinuðu þjóðanna til að flóttamenn hafi rétt til vinnu á Íslandi á meðan þeir bíða eftir lausn mála sinna.

Hvað 13. gr. frumvarpsins varðar gerir minni hlutinn sömu athugasemd við c-lið 1. efnismgr. og við 4. gr. Einnig tekur minni hlutinn undir athugasemdir frá Alþjóðahúsinu og Mannréttindaskrifstofu um að reglan um að útlendingur skuli hafa haft tímabundið dvalarleyfi í fjögur ár áður en hann getur sótt um búsetuleyfi sé allt of ströng. Því leggur minni hlutinn til að í stað orðanna „síðustu fjögur árin“ haldist ákvæðið „síðustu þrjú árin“ áfram í lögum. Minni hlutinn telur líka að e-lið verði að skilgreina betur, t.d. hvers konar málum megi ekki vera ólokið í refsivörslukerfinu sem koma í veg fyrir veitingu búsetuleyfa.

Minni hlutinn leggur til að orðin „EES eða EFTA“ falli brott í 24. gr.

Minni hlutinn telur nauðsynlegt að tiltaka að útlendingi sem hefur misst dvalarrétt skv. 26. gr. frumvarpsins eða verið vísað brott skv. 28. gr. frumvarpsins sé heimil dvöl á landinu meðan dómstólar fjalla um málið. Hér er um mannréttindi að ræða, sérstaklega í ljósi þess að dæmi eru um að útlendingum hefur verið vísað úr landi á röngum forsendum. Einnig telur minni hlutinn að ákvæði 27. gr. séu óskýr og þarfnist frekari skilgreininga, sbr. einnig athugasemd minni hlutans við 4. gr. og c-lið 1. efnismgr. 13. gr.

Minni hlutinn tekur undir athugasemdir frá Mannréttindaskrifstofunni við 32. gr. um að þegar persónulegar upplýsingar eru samkeyrðar hjá Útlendingastofnun, Vinnumálastofnun, lögreglu, skattayfirvöldum og Þjóðskrá, sé það gert án þess að upplýsingar úr skrám einstakra stofnana séu sendar áfram til annarra stofnana.

Þá er lagt til að við frumvarpið bætist ákvæði um breytingar á annars vegar lögum um útlendinga og hins vegar lögum um atvinnuréttindi útlendinga. Tillagan um breytingu á lögum um útlendinga felur í sér að við þau bætist ákvæði um fórnarlambavernd. Ákvæðunum er sérstaklega ætlað að tryggja réttarstöðu fórnarlamba mansals sem koma til landsins nauðug og eru vistuð ólöglega og aðrir nýta sér í hagnaðarskyni. Skilgreint er í greininni hvað felst í slíkri vernd en það er að einstaklingur sem er fórnarlamb mansals og hefur verið vistaður ólöglega á Íslandi skuli njóta nafnleyndar, leyndar á dvalarstað og annarra nauðsynlegra öryggisráðstafana sem eru nauðsynlegar til að verja viðkomandi gegn ógnun frá þeim aðilum sem standa að mansalinu. Þá er enn fremur lagt til að viðkomandi aðila verði gefinn kostur á sérstöku tímabundnu dvalar- og atvinnuleyfi hér á landi, gegn því að hann aðstoði yfirvöld eftir því sem kostur er við að hafa uppi á þeim sem mansalið stunda og veiti lögreglu og dómstólum upplýsingar, svo sem með skýrslu og vitnisburði. Þá er lagt til að við lögin bætist ákvæði um að dómsmálaráðherra skuli skipa fimm manna nefnd um fórnarlambavernd sem er ætlað að vera sjálfstæð, hliðsett nefnd og þverfaglegur vettvangur sérfræðinga frá hinu opinbera og félagasamtökum sem hafa reynslu og þekkingu á málefninu. Verkefni nefndarinnar verði m.a. að kanna hvort grunur um mansal sé á rökum reistur, að taka ákvörðun um veitingu dvalar- og atvinnuleyfis til þeirra sem þiggja boð um að taka þátt í fórnarlambavernd að uppfylltum skilyrðum og loks að taka ákvörðun um endurnýjun dvalar- og atvinnuleyfis.

Breytingin sem lögð er til á lögum um atvinnuréttindi útlendinga felur í sér að við þau bætist ákvæði um að sá sem nýtur fórnarlambaverndar fái atvinnuleyfi í átján mánuði samkvæmt ákvörðun nefndar um fórnarlambavernd og mögulega framlengingu í jafnlangan tíma, eða um aðra átján mánuði. Einnig er lagt til að við bætist ákvæði um að Vinnumálastofnun gefi út atvinnuleyfi vegna fórnarlambaverndar samkvæmt ákvörðun nefndar um fórnarlambavernd. Um frekari umfjöllun um framangreind álitaefni um mansal og fórnarlambavernd vísast til þskj. 39 í máli 39 frá 133. löggjafarþingi.

Minni hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali sem Paul Nikolov er meðflutningsmaður að.

Alþingi, 27. maí 2008.

Atli Gíslason.

Með nefndaráliti minni hlutans voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Umsögn frá Alþjóðahúsi. (19. febrúar 2008.)
II. Umsögn frá Persónuvernd. (29. febrúar 2008.)
III. Umsögn frá Mannréttindaskrifstofu Íslands. (5. mars 2008.)
IV. Umsögn frá Rauða krossi Íslands. (25. febrúar 2008.)
V. Umsögn frá Stúdentaráði Háskóla Íslands. (25. febrúar 2008.)
VI. Umsögn frá Bandalagi íslenskra námsmanna (BÍSN). (25. febrúar 2008.)

1184. Breytingartillögur [337. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um útlendinga, nr. 96 15. maí 2002, með síðari breytingum.

Frá Atla Gíslasyni og Paul Nikolov.

1. Við 4. gr. G-liður 1. efnismgr. falli brott.
2. Við 6. gr. Við 3. málsl. 2. efnismgr. bætist: ef ástæða er til að ætla að innflytjandi beri með sér smitsjúkdóma.
3. Við 7. gr. 5. efnismálsl. falli brott.
4. Við 8. gr. 4. og 5. málsl. 2. efnismgr. falli brott.
5. Á eftir 8. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

Á eftir 11. gr. laganna koma tvær nýjar greinar ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi:

a. (11. gr. a.)

Fórnarlambavernd.

Í fórnarlambavernd felst að einstaklingur sem er fórnarlamb mansals og hefur verið vistaður ólöglega á Íslandi skuli njóta nafnleyndar, leyndar á dvalarstað og annarra nauðsynlegra öryggisráðstafana gegn ógnun frá þeim aðilum sem standa að mansalinu. Þá skal honum gefinn kostur á sérstöku tímabundnu dvalar- og atvinnuleyfi hér á landi gegn því að hann aðstoði yfirvöld eftir því sem kostur er við að hafa uppi á þeim sem stunda mansal og veiti lögreglu og dómstólum upplýsingar, svo sem með skýrslum og vitnisburði.

Þó að stjórnandi rannsóknar treysti fórnarlambi mansals ekki til að vitna eða telur að það geti ekki vitnað gegn hinum brotlegu, t.d. vegna andlegs eða líkamlegs ástands, skerðir það ekki réttinn til þeirrar aðstoðar sem lögin gera ráð fyrir.

Dvalar- og atvinnuleyfi skv. 1. mgr. er veitt til átján mánaða. Það er hægt að framlengja um jafnlangan tíma.

Heimilt er að afturkalla dvalar- og atvinnuleyfi samkvæmt þessari grein ef einstaklingur sem nýtur verndar sem fórnarlamb hefur á virkan hátt, viljugur og að eigin frumkvæði tekið aftur upp samband við þann sem grunaður er um mansal.

Þeir sem þiggja fórnarlambavernd eiga rétt á félagslegum stuðningi samkvæmt áætlun sem unnin er í hverju tilfelli þar sem m.a. er tilgreindur sá stuðningur sem veita skal og hversu lengi hann skuli vara. Þeim skal jafnframt standa til boða félagsleg, sálræn og lögfræðileg aðstoð, læknishjálp og þjónusta túlka, sem og starfsþjálfun og aðstoð við atvinnuleit. Þá skal þeim standa til boða aðstoð við að sækja um búsetuleyfi skv. 15. gr. og 15. gr. a þegar fórnarlambaverndinni lýkur.

Fórnarlamb mansals, sem gefinn er kostur á fórnarlambavernd, hefur 30 daga umþóttunartíma til að þiggja verndina. Á umþóttunartímanum skal fórnarlamb njóta aðstoðar skv. 5. mgr. og hafa bráðabirgðadvalarleyfi hér á landi.

Dómsmálaráðherra setur reglugerð um áætlun um félagslegan stuðning og önnur úrræði skv. 5. mgr.

b. (11. gr. b.)

Nefnd um fórnarlambavernd.

Dómsmálaráðherra skal skipa fimm manna nefnd um fórnarlambavernd vegna framkvæmdar laga þessara. Skal einn nefndarmaður tilnefndur af Útlendingastofnun, einn af Vinnumálastofnun og einn af ríkislögreglustjóra. Tveir nefndarmenn skulu skipaðir án tilnefningar og ber ráðherra að líta til reynslu og þekkingar frjálsra félagasamtaka sem starfa með fórnarlömbum mansals við þær tilnefningar. Ráðherra skipar formann úr hópi nefndarmanna. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn. Starfsmaður dómsmálaráðuneytis skal vera ritari og starfsmaður nefndarinnar og annast aðstoð við fórnarlömb mansals og þiggjendur fórnarlambaverndar.

Nefndin skal hafa eftirtalin verkefni:

a. að kanna hvort grunur um mansal er á rökum reistur,
b. að taka ákvörðun um veitingu dvalar- og atvinnuleyfis skv. 1. mgr. 11. gr. a til þeirra sem þiggja boð um fórnarlambavernd að uppfylltu skilyrði a-liðar,
c. að taka ákvörðun um endurnýjun dvalar- og atvinnuleyfis skv. 3. mgr. 11. gr. a.

Nefndin skal hafa aðgang að gögnum lögreglu sem eru henni nauðsynleg til þess að sinna verkefnum sínum.

Nefndarmenn og starfsmaður eru bundnir þagnarskyldu í störfum sínum og einnig eftir að störfum lýkur.

Ákvarðanir nefndarinnar eru kæranlegar til ráðherra.

Ráðherra kveður í reglugerð nánar á um starfssvið og starfshætti nefndarinnar.

Útlendingastofnun gefur út dvalarleyfi vegna fórnarlambaverndar samkvæmt ákvörðun nefndarinnar og Vinnumálastofnun gefur út atvinnuleyfi, svo sem kveðið er á um í lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002.

6. Við 11. gr.
   a. Orðin „eldri en 66 ára“ í 2. efnismgr. falli brott.
   b. Lokamálsliður 3. efnismgr. falli brott.
7. Við 12. gr. Á eftir 3. efnismgr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Heimilt er að veita hælisleitanda bráðabirgðaatvinnuleyfi þar til ákvörðun hefur verið tekin um hælisumsóknina.

8. Við 13. gr. Í stað orðanna „síðustu fjögur ár“ í 1. málsl. 1. mgr. og d-lið 1. mgr. komi: síðustu þrjú ár.
9. Á eftir 13. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Á eftir 15. gr. laganna kemur ný grein, 15. gr. a, svohljóðandi:
   Ef þeir sem hafa þegið fórnarlambavernd sækja um búsetuleyfi skal samvinna þeirra við yfirvöld metin þeim til tekna við úrlausn þess hvort ný leyfi fást veitt. Við slíka leyfisveitingu skal taka tillit til kringumstæðna þegar sakaferill er metinn. Þá skal félagsleg aðstoð sem einstaklingar þiggja vegna fórnarlambaverndar ekki hafa áhrif á rétt þeirra til búsetuleyfis.
10. Við 24. gr. Orðin „EES- eða EFTA-“ hvarvetna í greininni falli brott.
11. Við 26. gr. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Leiti útlendingur úrslausnar dómstóla um brottfall dvalarréttar er honum heimil dvöl í landinu á meðan málið er til meðferðar hjá dómstólum.
12. Við 28. gr. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Leiti útlendingur úrslausnar dómstóla um brottvísun er honum heimil dvöl í landinu á meðan málið er til meðferðar hjá dómstólum.
13. Við bætist ný grein, svohljóðandi:
   Við gildistöku laga þessa bætist ný málsgrein við 5. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002, svohljóðandi:
   Vinnumálastofnun gefur út atvinnuleyfi samkvæmt ákvörðun nefndar um fórnarlambavernd, sbr. lög um útlendinga.

1185. Svar [601. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um stuðning við frjáls félagasamtök.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur stuðningi forsætisráðuneytis við frjáls félagasamtök verið háttað árin 2002–2007? Óskað er eftir því að í svarinu komi fram til hvers konar verkefna styrkir hafa verið veittir, hversu háir styrkir og hverjir ábyrgðaraðilar verkefnanna hafa verið, sundurliðað eftir fjárlagaliðum og árum.

Umbeðnar upplýsingar koma fram í eftirfarandi lista.

Ár	Fjárlagaliður	Nafn	Fjárhæð
2002	01-101-101	Stígamót	100.000
	01-190-190	Arkitektafélag Íslands	100.000
	01-190-190	Leifur Eríksson málflutningsfélag	150.000
	01-190-190	Leikfélagið Hugleikur	150.000
	01-190-190	MS-félag Íslands	750.000
	01-190-190	Möguleikhúsið ehf.	300.000
	01-190-190	Njálssaga ehf.	1.000.000
	01-190-190	Nonnahús, minjasafn	250.000
	01-190-190	Samtökin '78, félag lesbía og homma	1.200.000
	01-190-190	Sjálfsbjörg höfuðborgarsvæðinu	140.000

Ár	Fjárlagaliður	Nafn	Fjárhæð
	Samtals ár 2002		**4.140.000**
2003	01-190-190	Arkitektafélag Íslands	100.000
	01-190-190	Gospel Invasion Group	50.000
	01-190-190	Drauga- og tröllaskoðunarfélag Evrópu	400.000
	01-190-190	Handverkstæðið Ásgarður	1.000.000
	01-190-190	Hvítasunnukirkjan Fíladelfía	300.000
	01-190-190	Íslandsdeild norr. stjórnsýslsam.	1.600.000
	01-190-190	Kalak, grænlensk-íslenska félagið	100.000
	01-190-190	Kvenfélagasamband Íslands	500.000
	01-190-190	Kvenréttindafélag Íslands	300.000
	01-190-190	Landssamband eldri borgara	350.000
	01-190-190	Leikfélagið Hugleikur	50.000
	01-190-190	Leiklistarsamband Íslands	500.000
	01-190-190	New Iceland youth choir Inc.	2.500.000
	01-190-190	Reykjavíkurakademían	100.000
	01-190-190	Samtökin ‘78, félag lesbía og homma	1.500.000
	01-190-190	SÁUM – samtök áhugafólks um menningarhús	500.000
	01-190-190	Sjálfsbjörg höfuðborgarsvæðinu	160.000
	01-190-190	Skák í norðri, félag	1.500.000
	01-190-190	Kór Félags eldri borgara Reykjavík	250.000
	01-190-190	Ægisdyr, áhugamannafélag	500.000
	Samtals árið 2003		**12.260.000**
2004	01-190-190	Fræðsla og forvarnir	500.000
	01-190-190	Hvítasunnukirkjan Fíladelfía, Reykjavík	250.000
	01-190-190	Kvennakórinn og Léttsveit Reykjavíkur	500.000
	01-190-190	Landssamband eldri borgara	1.500.000
	01-190-190	Landssamband Gideonfélaga á Íslandi	350.000
	01-190-190	Samtökin ‘78, félag lesbía og homma	1.500.000
	01-190-190	Skákfélagið Hrókurinn	500.000
	01-190-190	Vímulaus æska, foreldrasamtök	1.000.000
	01-190-190	Ættfræðifélagið	500.000
	01-190-190	Kvenréttindafélag Íslands	150.000
	01-190-190	Femínistafélag Íslands	50.000
	01-190-190	Heilsustofnun NLFÍ	50.000
	01-190-190	Interpride á Íslandi, félag	100.000
	01-190-190	Leikfélagið Hugleikur	100.000
	01-190-190	Lögrétta, félag laganema við HÍ	100.000
	01-190-190	Sjálfsbjörg höfuðborgarsvæðinu	150.000
	01-190-190	Glímuráð Reykjavíkur	200.000
	01-190-190	Skáksamband Íslands	1.300.000
	Samtals árið 2004		**8.800.000**

Ár	Fjárlagaliður	Nafn	Fjárhæð
2005	01-101-101	Norræna félagið	100.000
	01-101-101	Útgáfufélag Lögfræðingatals	50.000
	01-190-190	Félag stjórnmálafræðinema	100.000
	01-190-190	Fræðsla og forvarnir	500.000
	01-190-190	Hvítasunnukirkjan Fíladelfía, Reykjavík	250.000
	01-190-190	Landssamband Gideonfélaga á Íslandi	200.000
	01-190-190	Samtökin ‘78, félag lesbía og homma	1.500.000
	01-190-190	Skákfélagið Hrókurinn	4.000.000
	01-190-190	Skógræktarfélag Íslands	2.000.000
	01-190-190	SPES – alþjóðleg barnahjálp	1.500.000
	01-190-190	Vímulaus æska, foreldrasamtök	500.000
	01-190-190	Þríhnúkar ehf.	3.000.000
	01-190-190	ELSA-Ísland, félag evrópskra laganema	200.000
	01-190-190	Ferðafélag Íslands	500.000
	01-190-190	Kvennaráðgjöfin	200.000
	01-190-190	Samkór Selfoss	100.000
	01-190-190	Samtökin ‘78, félag lesbía og homma	50.000
	01-190-190	Sjálfsbjörg höfuðborgarsvæðinu	150.000
	01-190-190	Tourette-samtökin á Íslandi	200.000
	01-190-190	Ungmennafélag Íslands	100.000
	Samtals árið 2005		**15.200.000**
2006	01-190-190	Íslandsdeild norr. stjórnsýslsam.	250.000
	01-190-190	Blátt áfram, forvarnarverkefni	250.000
	01-190-190	Fræðsla og forvarnir	400.000
	01-190-190	Kvennaráðgjöfin	200.000
	01-190-190	Kvenréttindafélag Íslands	150.000
	01-190-190	Landssamband sumarhúsaeiganda	7.000.000
	01-190-190	Samtökin ‘78, félag lesbía og homma	1.700.000
	01-190-190	Skákfélagið Hrókurinn	3.000.000
	01-190-190	Vímulaus æska,foreldrasamtök	500.000
	01-190-190	Félag MND-sjúklinga	500.000
	01-190-190	Karlakór Reykjavíkur	300.000
	01-190-190	Kór Félags eldri borgara í Reykjavík	250.000
	01-190-190	Kvenfélagasamband Íslands	200.000
	01-190-190	Lögreglukór Reykjavíkur	300.000
	01-190-190	Sjálfsbjörg höfuðborgarsvæðinu	150.000
	Samtals árið 2006		**15.150.000**

Ár	Fjárlagaliður	Nafn	Fjárhæð
2007	01-190-190	ELSA-Ísland, félag evrópskra laganema	400.000
	01-190-190	Hið íslenska biblíufélag	2.000.000
	01-190-190	Reykjavíkurakademían ses.	1.000.000
	01-190-190	Samtökin ‘78, félag lesbía og homma	2.000.000
	01-190-190	Zontaklúbbur Akureyrar	500.000
	01-190-190	Bandalag kvenna í Reykjavík	100.000
	01-190-190	Blátt áfram, forvarnarverkefni	300.000
	01-190-190	Dropinn, styrktarfélag sykursjúkra barna	200.000
	01-190-190	Félag heyrnarlausra	150.000
	01-190-190	Fræðsla og forvarnir	300.000
	01-190-190	Karlakór Reykjavíkur	300.000
	01-190-190	Kirkjukór Húsavíkur	200.000
	01-190-190	Kvenfélagasamband Íslands	200.000
	01-190-190	Kvenréttindafélag Íslands	250.000
	01-190-190	Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur	300.000
	01-190-190	Sjálfsbjörg höfuðborgarsvæðinu	160.000
	01-190-190	Sönghópurinn Norðurljósin	300.000
	Samtals árið 2007		**8.660.000**

1186. Svar [600. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um stuðning við frjáls félagasamtök.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur stuðningi utanríkisráðuneytis við frjáls félagasamtök verið háttað árin 2002–2007? Óskað er eftir því að í svarinu komi fram til hvers konar verkefna styrkir hafa verið veittir, hversu háir styrkir og hverjir ábyrgðaraðilar verkefnanna hafa verið, sundurliðað eftir fjárlagaliðum og árum.

Eftirfarandi er listi yfir styrki sem veittir voru frjálsum félagasamtökum á tímabilinu 2002–2007. Ábyrgðarmanna styrkjanna er getið í tilvikum þar sem þær upplýsingar liggja fyrir.

Félagasamtök – ábyrgðarmaður	Lýsing verkefnis	Fjárhæð (kr.)	Fjár-lagaliður	Dags.
Leifur Eiríksson Málflutningsfélag – Atli Már Ingólfsson	Styrkur til ferðar á Philip C. Jessup Intern. Moot Court Competition	127.586	03-101	18.3.2002
Gamlir Fóstbræður	Styrkur	300.000	03-101	5.4.2002
Möguleikhúsið – Pétur Eggerz	Styrkur til þátttöku á Íslendinga-deginum í Gimli	200.000	0319-111	9.4.2002
Gimli Film Festival – Jim Ingebrigtsen	Styrkur til að halda hátíðina	184.110	03190	15.4.2002
Mannréttindaskrifstofa Íslands	Framlag	2.000.000	03-190-123	17.4.2002
AFS á Íslandi	Styrkur	250.000	03-101	26.4.2002

Félagasamtök – ábyrgðarmaður	Lýsing verkefnis	Fjárhæð (kr.)	Fjár-lagaliður	Dags.
Barnaheill – Petrína Ásgeirsdóttir	Styrkur	80.000	03-101	30.4.2002
Verkefnastjórnunarfélag Íslands – Ómar Imsland	Styrkur til að halda alþjóðlega ráðstefnu	50.000	03-101	6.5.2002
Karlakór Rangæinga	Styrkur	500.000	03-190-111	3.6.2002
Sunnukórinn – Kristín Karlsdóttir	Styrkur	200.000	03-190-111	11.6.2002
Sunnukórinn – Kristín Karlsdóttir	Styrkur til ferðalags um Kanada og Bandaríkin	200.000	0319-111	11.6.2002
Ferðamálasamtök Austurlands	Styrkur	150.000	03-101	5.7.2002
Gideonfélagið á Íslandi	Styrkur	100.000	03-101	16.7.2002
Icelandic Take Away Theatre – Neil Haigh	Styrkur til sýningar á Edinburgh International Fringe Festival	150.000	03-101	16.7.2002
Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna	Styrkur	7.500	03-101	23.7.2002
Blaðamannafélag Íslands – Þór Jónsson	Ferðastyrkur til námskeiðs	50.000	03-101	26.7.2002
Félag íslenskra flugumferðarstjóra – Loftur Jóhannsson	Styrkur til Norðurlandaþings	130.000	03-101	21.8.2002
Söngfélag FEB – Pétur H. Ólafsson	Söngferð til Finnlands og Rússlands	350.000	03-101	23.8.2002
Mannréttindaskrifstofa Íslands	Framlag	2.000.000	03-190-123	2.9.2002
Gay Pride – Heimir Már Pétursson	Styrkur	150.000	03-101	13.9.2002
Form Ísland	Styrkur	350.000	03-101	16.9.2002
Söngsveitin Fílharmonía	Styrkur	100.000	03-101	24.9.2002
Tindarnir 7	Styrkur	500.000	03-101	8.10.2002
Hollvinafélag Þýskalands	Styrkur	250.000	03-101	10.10.2002
Þjóðahátíð Austfirðinga – Guðmundur Bergkvist	Styrkur til kvikmyndagerðar um Þjóðahátíð	50.000	03-101	10.10.2002
Íslensk-japanska félagið	Styrkur	60.000	03-101	24.10.2002
Þjóðræknisfélag Íslendinga	Framlag	400.000	03-190-111	1.11.2002
Félag Sameinuðu þjóðanna – Tryggvi Jakobsson	Framlag	900.000	03-190-121	23.12.2002
ABC hjálparstarf – Guðrún M. Pálsdóttir	Styrkur	2.000.000	03-101	31.12.2002
Barnaheill – Petrína Ásgeirsdóttir	Styrkur	1.000.000	03-101	31.12.2002
UNIFEM á Íslandi – Sigríður M. Guðmundsdóttir	Styrkur	500.000	03-101	31.12.2002
Skáksamband Íslands	Framlag	100.000	03-101	13.1.2003
Líknarfélagið Forgjöf – Guðlaugur Stefán Pálmason	Styrkur til verkefnisins: Ég er húsið mitt	200.000	03-101	20.1.2003
Politica – Freyja Vilborg Þórarinsdóttir	Styrkur til námsferðar	120.000	03-101	27.1.2003
Skákfélagið Hrókurinn – Hrafn Jökulsson	Styrkur til alþjóðlegs móts	150.000	03-101	29.1.2003
Bandalag íslenskra námsmanna	Styrkur	10.000	03-101	10.2.2003
ABC hjálparstarf – Guðrún M. Pálsdóttir	Framlag	2.000.000	03-101	14.2.2003
Barnaheill – Petrína Ásgeirsdóttir	Framlag	1.000.000	03-101	14.2.2003
Samband íslenskra kristniboðsfélaga	Styrkur til starfsemi samtakanna	500.000	03-101	14.2.2003
UNIFEM á Íslandi – Sigríður M. Guðmundsdóttir	Styrkur til starfsemi félagsins	500.000	03-101	14.2.2003
Hjálparstarf kirkjunnar – Jónas Þ. Þórisson	Framlag	10.000	03-101	6.3.2003

Félagasamtök – ábyrgðarmaður	Lýsing verkefnis	Fjárhæð (kr.)	Fjár-lagaliður	Dags.
Gay Pride – Heimir Már Pétursson	Styrkur veittur til undirbúnings Hinsegin daga	100.000	03-101	7.3.2003
Stafnbúi, félag sjávarútvegsfræðinema	Styrkur	150.000	03-101	7.3.2003
Gimli Film Festival – Jim Ingebrigtsen	Styrkur til að halda kvikmyndahátíðina	159.660	03190-111	4.4.2003
Rauði kross Íslands – Kristján Sturluson	Styrkur	5.000.000	03-391-130	4.4.2003
Hestamannafélagið Hörður – Konráð Adolphsson	Styrkur til útgáfu á litlu hestahandbókinni	100.000	03-101	22.4.2003
Vímulaus æska – Elísa Wíum	Styrkur til starfseminnar	550.000	03-101	22.4.2003
Bjartsýnisfélagið Verðandi – Arnfríður Aðalsteinsdóttir	Ferð á Rural Forum Manitoba	25.000	03-101	23.4.2003
Gídeonfélagið á Íslandi – Geir Jón Þórisson	Styrkur til útgáfustarfsemi	200.000	03-101	29.4.2003
Rauði kross Íslands – Kristján Sturluson	Styrkur	40.000.000	03-391-130	2.5.2003
ABC hjálparstarf – Guðrún M. Pálsdóttir	Styrkur til kaupa á bifreið í Indlandi	800.000	03391-130	6.5.2003
ELSA Iceland – Berglind Guðmundsdóttir	Styrkur til starfsemi félagsins	50.000	03-101	12.5.2003
Leikhópurinn á senunni – Felix Bergsson	Styrkur til leiksýninga	200.000	03-101	12.5.2003
Danshópurinn Sporið – Sigurður Ármannsson	Styrkur til þátttöku í íslenskri menningar kynningu í Vín	200.000	03-101	15.5.2003
Hamrahlíðarkórinn – Árni H. Ingólfsson	Styrkur til ferðalags á alþjóðlegt kóramót	1.000.000	03-101	15.5.2003
Landssamband hestamannafélaga – Jón A. Sigurbjörnsson	Styrkur vegna heimsmeistaramóts í hestaíþróttum	50.000	03-101	15.5.2003
Karlakórinn Fóstbræður	Styrkur	700.000	03-101	21.5.2003
Karlakórinn Jökull	Styrkur	300.000	03-101	21.5.2003
Samtónn	Styrkur	1.500.000	03-101	21.5.2003
Barnaheill – Petrína Ásgeirsdóttir	Styrkur	7.000.000	03-391-130	30.5.2003
Hjálparstarf kirkjunnar – Jónas Þ. Þórisson	Styrkur	10.000.000	03-391-130	30.5.2003
Íslensk-ameríska félagið – Einar Benediktsson	Ferðastyrkur	120.000	03190-111	1.6.2003
Bridgedeild Sjálfsbjargar – Ólafur Oddsson	Styrkur til ferðar á Norðurlandamót	50.000	03-101	11.6.2003
Karlakór Akureyrar – Magnús Ólafsson	Styrkur til kórferðalags	150.000	03-101	11.6.2003
Upplýsing, félag bókasafns/upplfræðinema	Styrkur	50.000	03-101	13.6.2003
Skólahljómsveit Akraness – Trausti Gylfason	Styrkur til ferðalags	50.000	03-101	29.8.2003
Tourette samtökin	Styrkur	100.000	03-101	5.9.2003
Menningarmiðstöð Hornafjarðar – Gísli Sverrir Árnason	Styrkur veittur til starfseminnar	100.000	03-101	1.10.2003
Skálholtskórinn – Helga María Jónsdóttir	Styrkur til starfsemi kórsins	50.000	03-101	7.10.2003
SÁA	Styrkur	10.000	03-101	1.11.2003
Kvenréttindafélag Íslands – Halldóra Traustadóttir	Styrkur	100.000	03-101	11.11.2003
ABC hjálparstarf – Guðrún M. Pálsdóttir	Styrkur til kaupa á landi á Indlandi	2.500.000	03391-130	4.12.2003

Félagasamtök – ábyrgðarmaður	Lýsing verkefnis	Fjárhæð (kr.)	Fjár-lagaliður	Dags.
Umhyggja	Styrkur	5.000	03-101	23.12.2003
Hjálparstarf kirkjunnar – Jónas Þ. Þórisson	Styrkur	10.000	03-101	31.12.2003
Hvítasunnukirkjan – Jóhannes Hinriksson	Ferð íslenskra ungmenna til Afríku	200.000	03-101	9.1.2004
ABC hjálparstarf – Guðrún M. Pálsdóttir	Styrkur vegna barnaskóla	1.000.000	03-101	12.1.2004
Mannréttindaskrifstofa Íslands	Framlag	4.000.000	03-190-123	20.1.2004
ABC hjálparstarf – Guðrún M. Pálsdóttir	Styrkur til kaupa á landi	2.900.000	03-391-130	21.1.2004
Gideonfélagið á Íslandi	Styrkur	300.000	03-101	27.1.2004
Miðstöð Sameinuðu þjóðanna	Framlag	1.400.000	03-190-190	4.2.2004
Skákfélagið Hrókurinn – Hrafn Jökulsson	Styrkur	1.000.000	03-391-122	4.2.2004
IASTE – Sigríður Dóra Héðinsdóttir	Styrkur til starfsemi samtakanna	150.000	03-101	5.2.2004
Íslendingafélagið í Stavanger	Styrkur til starfsemi félagsins	90.000	03-101	18.2.2004
Árnesingakórinn – Ragnheiður Björnsdóttir	Styrkur til kórferðalags	150.000	03-101	16.3.2004
Ævintýraklúbburinn – Hulda	Styrkur til starfsemi klúbbsins	50.000	03-101	18.3.2004
Leifur Eiríksson Málflutningsfélag – Heiðar Á. Atlason	Styrkur til ferðar á Philip C. Jessup Intern. Moot Court Competition	100.000	03-101	25.3.2004
Sjálfsbjörg – Sigurður Einarsson	Styrkur til starfsemi BUSL	50.000	03-101	13.4.2004
Tímarit Lögréttu – Andri Gunnarsson	Styrkur til útgáfustarfsemi	50.000	03-101	13.4.2004
Jórukórinn – Ragnhildur Magnúsdóttir	Ferð á kórferðalag í Salzburg	50.000	03-101	29.4.2004
Þjóðræknisfélag Íslendinga	Framlag	500.000	03-190-111	7.5.2004
SÁA	Styrkur – álfur	10.000	03-101	11.5.2004
Félag Sameinuðu þjóðanna – Tryggvi Jakobsson	Framlag	900.000	03-190-121	24.5.2004
Lögreglukórinn – Guðbrandur Guðbrandsson	Styrkur veittur til Norræna lögreglukóramótsins 2004	150.000	03-101	24.5.2004
Varðberg – Sigfús I. Sigfússon	Styrkur til útgáfu	50.000	03-101	8.6.2004
Umhyggja	Styrkur vegna tímarits	5.000	03-101	4.8.2004
Barnaheill – Petrína Ásgeirsdóttir	Styrkur	500.000	03-391-130	16.8.2004
Skákfélagið Hrókurinn – Hrafn Jökulsson	Styrkur til verkefnisins: Skák án landamæra í Sarajevo og Moldóvu	2.170.800	03-391	1.9.2004
Gimli Film Festival – Jim Ingebrigtsen	Styrkur til að halda kvikmyndahátíðina	197.935	03190-111	7.10.2004
Háskólinn á Akureyri – Mike Karlsson	Styrkur til heimsóknar dr. Shirin Ebadi	300.000	03-101	12.10.2004
Rauði kross Íslands – Kristján Sturluson	Styrkur	7.000.000	03-391-130	14.10.2004
ICEMUN – Anna Pála Sverrisdóttir	Styrkur til að halda ICEMUN á Íslandi	300.000	03401-110	15.10.2004
Hjálparstarf kirkjunnar – Jónas Þ. Þórisson	Styrkur	500.000	03-391-130	22.10.2004
Rauði kross Íslands – Kristján Sturluson	Styrkur	1.000.000	03-391-130	22.10.2004
Rauði kross Íslands – Kristján Sturluson	Styrkur	2.000.000	03-391-130	22.10.2004
UNICEF á Íslandi	Styrkur	2.000.000	03-391-130	22.10.2004
Þjóðræknisfélag Íslendinga	Framlag	100.000	03-190-111	19.11.2004
ABC hjálparstarf – Guðrún M. Pálsdóttir	Framlag til rekstrar	1.200	03-101	3.12.2004

Félagasamtök – ábyrgðarmaður	Lýsing verkefnis	Fjárhæð (kr.)	Fjár-lagaliður	Dags.
Regnbogabörn	Stuðningur vegna blaðs	5.000	03-101	22.12.2004
Alþýðusamband Íslands	Styrkur	15.563	03-101	4.1.2005
Vesturfarasetrið – Wincie Jóhannsdóttir	Styrkur til Vetrarhátíðar	200.000	03190	25.1.2005
Samband íslenskra kristniboðsfélaga	Styrkur	35.000	03-101	10.2.2005
Félag Sameinuðu þjóðanna – Tryggvi Jakobsson	Framlag	900.000	03-190-121	11.2.2005
Miðstöð Sameinuðu þjóðanna	Styrkur	1.400.000	03-190-190	11.2.2005
Lögrétta, félag laganema við HR.	Styrkur	20.000	03-101	25.2.2005
Alþýðusamband Íslands	Styrkur	18.675	03-101	1.3.2005
Þjóðræknisfélag Íslendinga	Framlag	800.000	03-190-111	15.3.2005
Gimli Film Festival – Janis Johnson	Styrkur til að halda hátíðina	175.420	03-190-111	6.4.2005
Hjálparstarf kirkjunnar – Jónas Þ. Þórisson	Neyðaraðstoð á Srí Lanka	5.000.000	03-391-130	5.5.2005
Íþróttasamband fatlaðra	Styrkur	5.000	03-101	20.5.2005
SÍNE	Styrkur	15.000	03-101	27.5.2005
LAUF	Styrkur	5.000	03-101	9.6.2005
Hamrahlíðarkórinn – Árni H. Ingólfsson	Styrkur	300.000	03-190-111	10.6.2005
Barnaheill – Petrína Ásgeirsdóttir	Styrkur	4.000.000	03-391-130	7.7.2005
Þroskahjálp	Styrkur	10.000	03-101	13.8.2005
Hið íslenska bókmenntafélag – Jón H. Magnússon	Styrkur til færeysk-íslenskrar orðabókar	2.200.000	03-101	23.9.2005
Varðberg – Kolbrún Ólafsdóttir	Styrkur til að halda ráðstefnu	300.000	03401-141	23.9.2005
Kvæðamannafélagið Hlíðin – Jón Ólafsson	Styrkur til ferðar til Kanada	150.000	03190	17.10.2005
ICEMUN – Þorvarður Atli Þórsson	Styrkur til að halda ICEMUN á Íslandi	350.000	03401-110	18.10.2005
Rauði kross Íslands – Kristján Sturluson	Pakistan	9.054.000	03-391-130	26.10.2005
Landssamband lögreglumanna	Styrkur	15.000	03-101	2.11.2005
Rauði kross Íslands – Kristján Sturluson	Neyðaraðstoð	6.000.000	03-391-130	9.11.2005
ABC hjálparstarf – Guðrún M. Pálsdóttir	Framlag	11.200	03-101	15.11.2005
Íslenskt-kínverskt viðskiptaráð	Styrkur	100.000	03-190-190	17.11.2005
SÍNE	Styrkur	15.000	03-101	1.12.2005
ABC hjálparstarf – Guðrún M. Pálsdóttir	Styrkur	5.000.000	03-391-190	5.12.2005
Gimli Film Festival – Janis Johnson	Styrkur til að halda hátíðina	193.200	03190	15.2.2006
Leifur Eiríksson Málflutningsfélag – Heiðar Á. Atlason	Styrkur til ferðar á Philip C. Jessup Intern. Moot Court Competition	50.000	03-101	14.3.2006
UNIFEM á Íslandi – Sigríður M. Guðmundsdóttir	Styrkur til landsnefndar	3.000.000	03391-112	27.3.2006
Lögreglukórinn – Guðbrandur Guðbrandsson	Styrkur	250.000	03-101	19.4.2006
Rauði kross Íslands – Kristján Sturluson	Styrkur	15.000	03-101	15.5.2006
Íslensk-indverska viðskiptaráðið	Styrkur	100.000	03-101	16.5.2006
Barnaheill – Petrína Ásgeirsdóttir	Framlag vegna neyðaraðstoðar	3.144.590	03391-130	6.6.2006
Hjálparstarf kirkjunnar – Jónas Þ. Þórisson	Framlag vegna neyðaraðstoðar	1.023.820	03-391-130	6.6.2006

Félagasamtök – ábyrgðarmaður	Lýsing verkefnis	Fjárhæð (kr.)	Fjár-lagaliður	Dags.
Heimsýn	Styrkur	200.000	03-101	8.6.2006
Karlakór Reykjavíkur	Styrkur	250.000	03-101	12.6.2006
Ferðaklúbburinn Flækjufótur – Sigríður Kristinsdóttir	Styrkur vegna 5 daga ferðar um hálendið með fatlaða	80.000	03-101	14.6.2006
Rauði kross Íslands – Kristján Sturluson	Fjárstuðningur	6.200.000	03-391-130	10.7.2006
Prairie Ocean Centre of the Lake	Styrkur til tónleikanna „The Voice of the lake“	65.990	03190-111	13.7.2006
Rauði kross Íslands – Kristján Sturluson	Styrkur vegna alnæmis	6.029.600	03-391-130	15.7.2006
Hjálparstarf kirkjunnar – Jónas Þ. Þórisson	Líbanon	2.000.000	03-391-130	28.7.2006
Rauði kross Íslands – Kristján Sturluson	Líbanon	2.000.000	03-391-130	28.7.2006
Þroskahjálp	Styrkur	10.000	03-101	3.8.2006
Rauði kross Íslands – Kristján Sturluson	Viðbótarframlag	6.981.000	03-391-130	18.8.2006
Skákfélagið Hrókurinn – Hrafn Jökulsson	Styrkur vegna skákhátíðarinnar í Tasiilaq	400.000	03-101	4.9.2006
Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar	Styrkur	200.000	03-101	8.9.2006
Norræna félagið – Óðinn Albertsson	Þátttaka fél.samtaka í Baltic Sea NGO Network og Baltic Sea NGO forum	200.000	03-101	15.9.2006
Reykjavíkurakademían – Viðar Hreinsson	Styrkur til starfsemi Ímyndarhóps Reykjavíkurakademíunnar	300.000	03-101	15.9.2006
New Iceland Heritage Museum	Sókn og kynningarstarf safnsins	301.650	03190-111	5.10.2006
ICEMUN – Yngvi Eiríksson	Styrkur til að halda ICEMUN á Íslandi	350.000	03401-110	26.10.2006
Félag Sameinuðu þjóðanna – Tryggvi Jakobsson	Styrkur til almennrar starfsemi félagsins	400.000	03-391	2.11.2006
SÍNE	Styrkur	150.000	03-101	1.12.2006
Hjálparstarf kirkjunnar – Jónas Þ. Þórisson	Neyðaraðstoð	8.000.000	03-391-130	2.12.2006
ABC barnahjálp – Guðrún M. Pálsdóttir	Framlag	4.000.000	03-391-190	20.12.2006
Blátt áfram – Sigríður Björnsdóttir	Forvarnastarf vegna kynferðisofbeldis gegn börnum	150.000	03-101	21.12.2006
Fræðslumiðstöð í fíknivörnum – Árni Einarsson	Styrkur til starfsemi félagsins	250.000	03-101	21.12.2006
Íslenska málfræðifélagið – Haraldur Bernharðsson	Ráðstefna í minningu dr. Jörundar Hilmarssonar	50.000	03-101	21.12.2006
Kvenréttindafélag Íslands – Halldóra Traustadóttir	Þátttaka í ársfundi IAW	150.000	03-101	21.12.2006
Vímulaus æska – Elísa Wíum	Styrkur til starfsemi félagsins	250.000	03-101	21.12.2006
UNIFEM á Íslandi – Sigríður M. Guðmundsdóttir	Framlag	5.000.000	03-391-112	4.2.2007
Nonnahús – Brynhildur Pétursdóttir	Styrkur vegna afmælisárs Jóns Sveinssonar	400.000	03-101	7.2.2007
Rauði kross Íslands – Kristján Sturluson	Styrkur	10.600.000	03-391-130	12.2.2007
Gimli Film Festival – Kristine Sigurdsson	Styrkur til að halda kvikmyndahátíðina	200.795	03190-111	16.2.2007
Canada Iceland Art Festival – J. Timothy Samsom	Styrkur til starfsemi félagsins	1.138.800	03190-111	19.2.2007

Félagasamtök – ábyrgðarmaður	Lýsing verkefnis	Fjárhæð (kr.)	Fjár-lagaliður	Dags.
Samtök Norrænu félaganna – Carl Lieungman	Styrkur vegna norræns tungumálaátaks	49.106	03-300	19.2.2007
Samband ungra framsóknarmanna – Jakob Hrafnsson	Styrkur til starfsemi félagsins	90.000	03-101	23.2.2007
Þjóðræknisfélag Íslendinga	Styrkur	800.000	03-190-111	23.2.2007
Orator, félag laganema	Styrkur vegna árshátíðarrits	8.500	03-101	28.2.2007
Félag Sameinuðu þjóðanna – Tryggvi Jakobsson	Samstarfssamningur	3.100.000	03-391-119	12.3.2007
ABC barnahjálp – Guðrún M. Pálsdóttir	Styrkur til starfsemi félagsins	12.000.000	03391-130	13.3.2007
International Visitors Program	Styrkur vegna tónleikaferðar Víkings Ólafssonar og Karenar Ouzounian	346.500	03190-111	21.3.2007
Rauði kross Íslands – Kristján Sturluson	Styrkur vegna flóða	3.000.000	03-391-130	4.4.2007
Alnæmisbörn – María J. Gunnarsdóttir	Styrkur til starfsemi félagsins	1.000.000	03-391	10.4.2007
Kvenfélagasamband Íslands – Sigurlaug Viborg	Ferð á alheimsþing Associated Country women of the world	150.000	03-101	10.4.2007
Krabbameinsfélagið	Styrkur	5.000	03-101	15.4.2007
Félag Sameinuðu þjóðanna – Tryggvi Jakobsson	Framlag	900.000	03-190-121	17.4.2007
Kvenréttindafélag Íslands – Halldóra Traustadóttir	Styrkur til ráðstefnuhalds	50.000	03-101	17.4.2007
Miðstöð Sameinuðu þjóðanna	Framlag	1.400.000	03-391-121	17.4.2007
Skákfélagið Hrókurinn – Hrafn Jökulsson	Fjárstyrkur til ýmissa verkefna á vegum félagsins	500.000	03-101	18.4.2007
Barnaheill – Petrína Ásgeirsdóttir	Styrkur vegna verkefnis á vegum Save the Children í Kabúl í Afganistan	3.232.500	03-391	23.4.2007
Barnaheill – Petrína Ásgeirsdóttir	Framlag	3.113.500	03-391-130	24.4.2007
Hjálparstarf kirkjunnar – Jónas Þ. Þórisson	Styrkur til neyðaraðstoðar ACT vegna aðstæðna flóttamanna í N-Úganda	6.465.000	03391-130	24.4.2007
Fiskidagurinn mikli – Júlíus Júlíusson	Styrkur til starfseminnar	100.000	03-101	8.5.2007
Kirkjukór Húsavíkur – Lilja Skarphéðinsdóttir	Styrkur til söngferðalags á slóðir Vestur-Íslendinga	150.000	03-101	8.5.2007
Hjálparstarf kirkjunnar – Jónas Þ. Þórisson	Styrkur	6.440.000	03-391-130	14.5.2007
ABC barnahjálp – Guðrún M. Pálsdóttir	Framlag	12.000.000	03-391-130	17.5.2007
Kvennakór Reykjavíkur – Ragna Karlsdóttir	Styrkur til kórferðalags til Frakklands og Ítalíu	300.000	03-101	22.5.2007
UNIFEM á Íslandi – Sigríður M. Guðmundsdóttir	Styrkur	2.500.000	03-391-121	24.5.2007
Barnaheill – Petrína Ásgeirsdóttir	Styrkur til aðstoðar vegna flóða í Asíu	4.000.000	03-391	27.8.2007
Hjálparstarf kirkjunnar – Jónas Þ. Þórisson	Styrkur vegna starfsemi ACT í Palestínu	4.000.000	03391-130	27.8.2007
Rauði kross Íslands – Kristján Sturluson	Styrkur vegna verkefna í Írak	7.000.000	03-391	1.9.2007
Félag íslenskra flugumferðarstjóra – Lára Long	Styrkur vegna Norðurlandaþings flugumferðarstjóra	100.000	03-101	4.9.2007
Hjálparstarf kirkjunnar – Jónas Þ. Þórisson	Neyðaraðstoð	4.000.000	03-391-130	7.9.2007

Félagasamtök – ábyrgðarmaður	Lýsing verkefnis	Fjárhæð (kr.)	Fjár-lagaliður	Dags.
Kvenréttindafélag Íslands – Halldóra Traustadóttir	Styrkur til ferðar á aðalfund IAW í Nýju-Delhi	150.000	03-391	7.9.2007
Rauði kross Íslands – Kristján Sturluson	Styrkur vegna alnæmis	5.160.000	03-391-130	7.9.2007
Rauði kross Íslands – Kristján Sturluson	Styrkur í hjálpina	15.000	03-101	17.10.2007
Þroskahjálp	Framlag til Þroskahjálpar	10.000	03-101	26.10.2007
ICEMUN – Vera Knútsdóttir	Styrkur til að halda ICEMUN á Íslandi	400.000	03401-110	7.11.2007
Kvenréttindafélag Íslands – Halldóra Traustadóttir	Styrkur vegna fundar	50.000	03-101	13.11.2007
Rauði kross Íslands – Kristján Sturluson	Framlagsfé	15.000	03-101	14.11.2007
Vina- og menningarfélag Austurlanda – Jóhanna Kristjónsdóttir	Styrkur vegna skólaverkefnis	300.000	03-391-130	21.11.2007
BÍSN	Styrkur til blaðs	15.000	03-101	30.12.2007
Félag Sameinuðu þjóðanna – Tryggvi Jakobsson	Gerð tölvuleikjar	1.500.000	03-391-190	31.12.2007
Rauði kross Íslands – Kristján Sturluson	Neyðaraðstoð í Kenýa	7.000.000	03-391-130	31.12.2007

1187. Álit fjárlaganefndar [647. mál]

um skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga 2007 og ársáætlanir 2008.

Nefndin fékk ríkisendurskoðanda á sinn fund og fór yfir efni skýrslunnar.

Eftirlit með framkvæmd fjárlaga er á hendi nokkurra ólíkra aðila innan ríkiskerfisins. Ríkisendurskoðun sinnir þessu hlutverki skv. 1. gr. laga nr. 86/1997, um Ríkisendurskoðun, en þar segir m.a. að stofnunin skuli annast eftirlit með framkvæmd fjárlaga. Að auki hafa einstök ráðuneyti eftirlit með undirstofnunum sínum. Þá hefur fjármálaráðuneytið yfirumsjón með eftirliti framkvæmdarvaldsins. Þrátt fyrir alla þessa eftirlitsaðila er ljóst að framkvæmd fjárlaga er alls ekki viðunandi. Ástæður þess eru ýmsar eins og Ríkisendurskoðun hefur bent á í skýrslum sínum undanfarin ár. Má þar m.a. nefna skort á tímanlegum upplýsingum um rekstur fyrra árs, ósamræmi í fyrirmælum löggjafarvalds og framkvæmdarvalds um umfang verkefna, almennt agaleysi í rekstri margra stofnana og óvandaða áætlanagerð.

Liðin eru um tíu ár frá að því lög nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, voru samþykkt á Alþingi. Lögin fólu annars vegar í sér endurskoðun á eldri lögum um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga og lántökur ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja. Hins vegar var leitast við að setja skýrari reglur um framkvæmd fjárlaga og fjallar fjórði kafli laganna um það.

Í greinargerð með lögunum segir að lengi hafi verið rætt um hvar mörk heimilda framkvæmdarvaldsins til fjárráðstöfunar liggja og að engar heilsteyptar reglur gildi um þau mörk. Þá er vísað til 41. gr. stjórnarskrárinnar þar sem segir að ekkert gjald megi greiða úr ríkissjóði nema með heimild í fjárlögum eða fjáraukalögum. Í lögunum eru skýrðar þær aðstæður sem upp kunna að koma og réttlæta frávik frá fjárheimildum. Segja má að lögin mæli að þessu leyti nánar fyrir um hvernig framkvæma beri 41. gr. stjórnarskrárinnar.

Í 33. gr. fjárreiðulaganna er fjallað um ófyrirséða greiðsluskyldu og sagt: „Valdi ófyrirséð atvik því að greiða þarf úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum er fjármálaráðherra að höfðu

samráði við hlutaðeigandi ráðherra heimilt að inna greiðsluna af hendi enda þoli hún ekki bið. Fjármálaráðherra er skylt að gera fjárlaganefnd Alþingis grein fyrir slíkum ófyrirséðum greiðslum strax og ákvörðun hefur verið tekin um þær og leita heimilda til þeirra með frumvarpi til fjáraukalaga.“ Í greinargerð með frumvarpi sem varð að lögunum segir að ákvæðið sé sett vegna þess að ekki sé hægt, við samþykkt frumvarps til fjárlaga, að sjá fyrir öll atvik komandi árs sem geta haft áhrif á fjárhagsstöðu ríkissjóðs. Nefnt er sérstaklega dæmi um greiðslu bóta vegna bótaskyldu sem fellur á ríkið samkvæmt skaðabótareglum. Ómögulegt er að áætla slík gjöld í upphafi árs.

Lögin gera þó ráð fyrir að um leið og ljóst er að útgjöld verði meiri en heimildir eru til í fjárlögum skuli lagt fram frumvarp til fjáraukalaga. Það er almennt aðeins gert einu sinni á ári, samhliða afgreiðslu fjárlaga næsta árs. Ekkert í lögum mælir þó gegn því að samþykkja fleiri fjáraukalög innan fjárlagaársins og í reynd má segja að lögin mæli fyrir að það sé gert í hvert sinn sem ófyrirséð útgjöld falla til.

Í 37. gr. laganna er fjallað um yfirfærslu umframgjalda og ónýttra fjárheimilda. Í 2. mgr. segir: „Að fengnu samþykki hlutaðeiganda ráðherra og fjármálaráðherra er heimilt að geyma ónýttar fjárveitingar í lok reikningsárs. Með sama hætti er heimilt að draga skuldir frá fyrra ári frá fjárveitingum ársins.“ Í greinargerð segir að þetta fyrirkomulag þyki eðlilegt þar sem verkefni geta frestast af ýmsum ástæðum og eins geti kostnaður fallið til fyrr en ætlað var. Það hefur því verið almennur skilningur að standi ekki til að nýta fjárheimildir á nýju ári skuli þær felldar niður í lokafjárlögum.

Helstu ábendingar Ríkisendurskoðunar eru eftirfarandi:

1. Ríkisendurskoðun vísar í lög nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, en lögin skýra með hvaða hætti framkvæmdarvaldið skuli bregðast við komi til greiðsluskylda sem ómögulegt var að áætla í upphafi hvers árs og við hvaða aðstæður flutningur ónýttra heimilda eða skulda frá fyrra ári er eðlilegur. Ríkisendurskoðun telur að almennur skilningur hafi verið að ekki skuli flytja fjárheimildir milli ára nema ætlunin sé að nýta þær á nýju ári og sama eigi við um skuldir, þ.e. að heimilt sé að flytja þær á nýtt ár ef standi til að vinna á þeim að fullu.
2. Ríkisendurskoðun bendir á reglugerð nr. 1061/2004, um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana í A-hluta, en samkvæmt henni ber ráðuneytum að beita sér fyrir því að forstöðumenn stofnana grípi til nauðsynlegra aðgerða til að halda rekstri innan heimilda og meta þarf hvort áminna eigi forstöðumenn á grundvelli laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, ef útgjöld fara umfram 4% af fjárheimildum.
3. Ríkisendurskoðun bendir á ýmsa misbresti í framkvæmd fjárlaga, virðingarleysi fyrir bindandi fyrirmælum fjárlaga, almennt agaleysi í rekstri fjölmargra stofnana, og misræmi í ákvörðunum fjárveitinga- og framkvæmdarvaldsins. Ríkisendurskoðun hefur bent á nauðsyn þess að áætla rekstrarkostnað stofnana til lengri tíma en nú er gert og bendir á að OECD hafi tekið undir þetta sjónarmið í skýrslu um íslensk efnahagsmál.
4. Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri Fjársýslu ríkisins frá febrúar 2008 var fjórðungur fjárlagaliða með halla í árslok 2007, samtals að fjárhæð 5,8 milljarðar kr. að framlagsliðum slepptum sem er aukning um 2,4 milljarða kr. frá árinu áður. 70% allra fjárlagaliða áttu ónýttar fjárheimildir í árslok 2007 alls að fjárhæð 21,2 milljarðar kr. að framlagsliðum slepptum sem er aukning um 1,2 milljarða kr. frá árinu áður.
5. Af þeim þrettán stofnunum sem sérstaklega var fjallað um í skýrslu um framkvæmd fjárlaga 2006 voru 12 enn með halla umfram 4% viðmiðið í árslok 2007. Ríkisendurskoðun

bendir á að síendurtekin brot gegn fjárreiðulögum og reglugerð um framkvæmd fjárlaga og aðgerðaleysi ráðuneyta sýni að ábyrgðin er ekki að öllu leyti hjá forstöðumönnum stofnana.

6. Ríkisendurskoðun hvetur til að ónýttar fjárheimildir annarra fjárlagaliða umfram 4% viðmiðið sem ekki stendur til að nýta á árinu 2008 verði felldar niður í lokafjárlögum 2007.

Dreifing og umfang halla árið 2007.

	Fjöldi liða	Halli í árslok (millj. kr.)	Yfirfært frá fyrra ári (millj. kr.)
0–4%	51	–1.000	–1.032
4–10%	24	–1.367	–990
10–20%	13	–1.263	–561
20–30%	5	–290	–146
30–40%	6	–727	108
40–50%	4	–2.915	–337
50–100%	4	–1.524	–73
> 100%	13	–705	–374
Samtals	**120**	**–9.791**	**–3.404**
Að framlagsliðum slepptum	*102*	*–5.804*	*–3.440*

7. Skil ársáætlana hafa batnað verulega en 83% stofnana voru með samþykktar rekstraráætlanir í lok febrúar 2008. Ríkisendurskoðun telur óásættanlegt að ein af hverjum sex stofnunum starfi án rekstraráætlana a.m.k. fyrstu tvo mánuði ársins.

Dreifing og umfang afgangs árið 2007.

Frávik	Fjöldi liða	Afgangur í árslok (millj. kr.)	Yfirfært frá fyrra ári (millj. kr.)
0–4%	60	911	–95
4–10%	89	7.890	3.791
10–20%	62	3.086	1.399
20–30%	36	9.214	2.570
30–40%	15	1.808	1.554
40–50%	10	1.503	1.134
50–100%	38	9.284	7.443
> 100%	29	12.811	2.261
Samtals	**339**	**46.506**	**20.057**
Að framlagsliðum slepptum	*262*	*21.164*	*19.920*

Ábendingar Ríkisendurskoðunar ber að taka til enn frekari skoðunar og mikilvægt er að ráðuneyti og stofnanir kynni sér efni skýrslunnar og athugasemdir sem þar koma fram.

Einnig er mikilvægt að ítreka að það hlutverk sem fjárlaganefnd og Alþingi hafa gagnvart framkvæmd fjárlaga kallar á endurskoðun á bættu verklagi og upplýsingastreymi til þingsins. Að því er nú unnið og hefur fjárlaganefnd verið upplýst oftar en áður um stöðu einstakra fjárlagaliða. Mikilvægt er að þær upplýsingar berist fljótt og vel og þingið sé vel upplýst hverju sinni.

Jón Bjarnason, Bjarni Harðarson og Guðjón A. Kristjánsson skrifa undir álit þetta með fyrirvara.

Ásta Möller var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 28. maí 2008.

Gunnar Svavarsson, form., frsm.	Kristján Þór Júlíusson, varaform.	Guðbjartur Hannesson.
Jón Bjarnason, með fyrirvara.	Illugi Gunnarsson.	Bjarni Harðarson, með fyrirvara.
Steinunn Valdís Óskarsdóttir.	Guðjón A. Kristjánsson, með fyrirvara.	Ármann Kr. Ólafsson.

Björk Guðjónsdóttir.

1188. Frumvarp til laga [384. mál]

um breytingu á samkeppnislögum, nr. 44/2005, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 28. maí.)

1. gr.

7. og 11. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna falla brott.

2. gr.

17. gr. laganna orðast svo:

Samruni telst hafa átt sér stað þegar breyting verður á yfirráðum til frambúðar:

a. vegna samruna tveggja eða fleiri fyrirtækja eða hluta úr fyrirtækjum sem áður störfuðu sjálfstætt,
b. þegar fyrirtæki tekur yfir annað fyrirtæki,
c. vegna þess að einn eða fleiri aðilar, sem þegar hafa yfirráð yfir a.m.k. einu fyrirtæki, eða eitt eða fleiri fyrirtæki ná beinum eða óbeinum yfirráðum, í heild eða að hluta, yfir einu eða fleiri fyrirtækjum til viðbótar með því að kaupa verðbréf eða eignir, með samningi eða öðrum hætti,
d. með stofnun fyrirtækis um sameiginlegt verkefni sem gegnir til frambúðar allri starfsemi sjálfstæðrar efnahagseiningar.

Yfirráð skv. 1. mgr. skapast af rétti, með samningum eða með einhverjum öðrum hætti sem annaðhvort sérstaklega eða samanlagt, og með hliðsjón af staðreyndum eða lagalegum atriðum sem við eiga, gerir aðila kleift að hafa afgerandi áhrif á fyrirtæki, einkum með:

a. eignarhaldi eða rétti til að nota eignir fyrirtækis, allar eða að hluta,
b. rétti eða samningum sem veita afgerandi áhrif á samsetningu, atkvæðagreiðslu eða ákvarðanir stofnana fyrirtækis.

Yfirráð öðlast aðilar sem:
a. eru rétthafar eða eiga tilkall til réttar samkvæmt samningum þar að lútandi, eða
b. þrátt fyrir að vera ekki handhafar slíks réttar eða eiga ekki tilkall til réttar samkvæmt slíkum samningum hafa möguleika til að beita slíkum réttindum.

3. gr.

Á eftir 17. gr. laganna koma fimm nýjar greinar, 17. gr. a – 17. gr. e, svohljóðandi:

a. (17. gr. a.)

Tilkynna skal um samruna sem uppfyllir eftirfarandi skilyrði:
a. Sameiginleg heildarvelta viðkomandi fyrirtækja er 2 milljarðar kr. eða meira á Íslandi, og
b. að minnsta kosti tvö af þeim fyrirtækjum sem aðild eiga að samrunanum hafa a.m.k. 200 millj. kr. ársveltu á Íslandi hvert um sig.

Telja skal með veltu skv. 1. mgr. veltu móður- og dótturfélaga, fyrirtækja innan sömu fyrirtækjasamstæðu og fyrirtækja sem aðilar samrunans hafa bein eða óbein yfirráð yfir.

Tilkynna skal Samkeppniseftirlitinu um samruna áður en hann kemur til framkvæmda en eftir að samningur um hann er gerður, tilkynnt er opinberlega um yfirtökuboð eða yfirráða í fyrirtæki er aflað. Samruni sem fellur undir ákvæði laga þessara skal ekki koma til framkvæmda á meðan Samkeppniseftirlitið fjallar um hann.

Samkeppniseftirlitið getur samkvæmt beiðni veitt undanþágu frá því að samruni komi ekki til framkvæmda á meðan Samkeppniseftirlitið fjallar um hann, enda sé sýnt fram á að tafir á framkvæmd samrunans geti skaðað viðkomandi fyrirtæki eða viðskiptaaðila þess og að samkeppni sé stefnt í hættu. Beiðnin skal vera skrifleg og rökstudd. Undanþágu er heimilt að binda skilyrðum í þeim tilgangi að tryggja virka samkeppni.

Í tilkynningu um samruna skal veita upplýsingar um hann, þau fyrirtæki sem honum tengjast, um viðkomandi markaði og um önnur nauðsynleg atriði við athugun á samkeppnislegum áhrifum samrunans. Samkeppniseftirlitið setur reglur þar sem nánar eru tilgreindar þær upplýsingar sem fram verða að koma í tilkynningu.

Heimilt er að tilkynna samruna með styttri tilkynningu þegar eitt af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt:
a. Þeir markaðir þar sem áhrifa samrunans gætir eru ekki tengdir.
b. Tveir eða fleiri aðilar samrunans starfa á sama vöru- og landfræðilega markaði (láréttur samruni) og markaðshlutdeild þeirra samanlagt er minni en 20%.
c. Tveir eða fleiri aðilar samrunans starfa á vörumörkuðum sem eru á efra eða neðra sölustigi miðað við markað þar sem annar aðili samrunans starfar (lóðréttur samruni) og markaðshlutdeild hvers þeirra eða samanlögð markaðshlutdeild þeirra er minni en 30%.
d. Um er að ræða samruna í skilningi d-liðar 1. mgr. 17. gr. sem hefur takmörkuð áhrif hér á landi.
e. Aðili sem hafði yfirráð yfir fyrirtæki ásamt öðrum nær fullum yfirráðum yfir því.

Styttri tilkynningu skulu fylgja eftirfarandi upplýsingar:
a. Yfirlit yfir þau fyrirtæki sem samrunaaðilar hafa bein eða óbein yfirráð yfir.
b. Lýsing á þeim vöru- eða þjónustumörkuðum og landfræðilegu mörkuðum sem samruninn hefur áhrif á og rökstutt mat á markaðshlutdeild viðkomandi fyrirtækja á þeim mörkuðum.
c. Rökstutt mat á samkeppnislegum áhrifum samrunans.

d. Afrit af öllum samningum og öðrum gerningum sem liggja til grundvallar samrunanum ásamt afriti af ársreikningum þeirra fyrirtækja sem eru aðilar samrunans.

b. (17. gr. b.)

Ef um er að ræða samruna í skilningi a-liðar 1. mgr. 17. gr. eða öflun sameiginlegra yfirráða í skilningi c-liðar sömu málsgreinar skulu aðilar samrunans eða þeir sem ná sameiginlega yfirráðum, eftir því sem við á, ganga sameiginlega frá tilkynningu um samrunann.

Eignist fyrirtæki ráðandi hlut í öðru fyrirtæki skal fyrirtækið sem stóð að yfirtökunni ganga frá tilkynningu um samruna. Sé um yfirtökuboð í fyrirtæki að ræða skal bjóðandi ganga frá tilkynningu.

Telji Samkeppniseftirlitið verulegar líkur á að samruni, sem þegar hefur átt sér stað og uppfyllir ekki skilyrði a- og b-liðar 1. mgr. 17. gr. a, geti dregið umtalsvert úr virkri samkeppni er stofnuninni heimilt að krefja samrunaaðila um tilkynningu um samrunann ef sameiginleg heildarvelta viðkomandi fyrirtækja er meiri en einn milljarður króna á ári. Eftir að krafa hefur verið sett fram byrjar frestur skv. 17. gr. d að líða fyrsta virka dag eftir að Samkeppniseftirlitinu berst tilkynning sem uppfyllir skilyrði 17. gr. a og reglna sem settar eru samkvæmt ákvæðinu.

Ef aðilar samruna sem uppfyllir ekki skilyrði a- og b-liðar 1. mgr. 17. gr. a greina Samkeppniseftirlitinu frá því skriflega að samruninn hafi átt sér stað skal Samkeppniseftirlitið innan 15 virkra daga ákveða hvort beita skuli heimild skv. 3. mgr.

Um málsmeðferð og heimildir Samkeppniseftirlitsins til íhlutunar vegna samruna sem krafist er tilkynningar um fer að öðru leyti eftir ákvæðum 17. gr. a – 17. gr. e.

c. (17. gr. c.)

Telji Samkeppniseftirlitið að samruni hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða eins eða fleiri fyrirtækja verði til eða slík staða styrkist, eða verði til þess að samkeppni á markaði raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, getur stofnunin ógilt samruna. Jafnframt skal við mat á lögmæti samruna taka tillit til tækni- og efnahagsframfara að því tilskildu að þær séu neytendum til hagsbóta og hindri ekki samkeppni. Samkeppniseftirlitið getur einnig sett slíkum samruna skilyrði sem verður að uppfylla innan tilskilins tíma. Við mat á lögmæti samruna skal Samkeppniseftirlitið taka tillit til þess að hvaða marki alþjóðleg samkeppni hefur áhrif á samkeppnisstöðu hins sameinaða fyrirtækis. Enn fremur skal við mat á lögmæti samruna taka tillit til þess hvort markaður er opinn eða aðgangur að honum er hindraður.

d. (17. gr. d.)

Samkeppniseftirlitið skal innan 25 virkra daga tilkynna þeim aðila sem sent hefur stofnuninni samrunatilkynningu ef hún telur ástæðu til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samruna. Frestur þessi byrjar að líða fyrsta virka dag eftir að Samkeppniseftirlitinu barst tilkynning sem uppfyllir skilyrði 6. mgr. 17. gr. a og reglna sem settar eru samkvæmt ákvæðinu. Berist tilkynning frá Samkeppniseftirlitinu skv. 1. málsl. ekki innan tilskilins frests getur Samkeppniseftirlitið ekki ógilt samrunann. Ákvörðun um ógildingu samruna skal taka eigi síðar en 70 virkum dögum eftir að tilkynning skv. 1. málsl. hefur verið send þeim aðila sem tilkynnti um samruna. Ef nauðsynlegt er að afla frekari upplýsinga er Samkeppniseftirlitinu heimilt að framlengja þennan frest um allt að 20 virka daga.

Berist styttri samrunatilkynning getur Samkeppniseftirlitið innan 15 virkra daga frá móttöku hennar krafist lengri tilkynningar ef skilyrði 6. mgr. 17. gr. a eru ekki uppfyllt eða slíkt þykir nauðsynlegt til að meta samkeppnisleg áhrif samrunans. Í slíkum tilvikum byrjar frestur skv. 1. mgr. að líða þegar lengri tilkynning berst.

Taki Samkeppniseftirlitið ekki ákvörðun um ógildingu samruna eða setningu skilyrða fyrir samruna innan fresta samkvæmt þessari grein getur stofnunin hvorki ógilt samrunann né sett honum skilyrði.

e. (17. gr. e.)

Ákveði Samkeppniseftirlitið að hafna samruna getur stofnunin, samhliða ákvörðun á grundvelli 17. gr. c eða með sérstakri ákvörðun, mælt fyrir um að fyrirtæki eða eignir sem sameinaðar hafa verið verði aðskildar eða sameiginlegri stjórn hætt eða að gripið verði til annarra viðeigandi aðgerða til að skapa að nýju skilyrði fyrir virkri samkeppni.

Ef áfrýjunarnefnd samkeppnismála eða dómstóll ógildir ákvörðun um höfnun samruna eða um setningu skilyrða fyrir samruna vegna formgalla á málsmeðferð er Samkeppniseftirlitinu heimilt að taka samrunann til skoðunar að nýju. Ef breytingar hafa orðið á markaðsaðstæðum skulu tilkynnendur þegar í stað afhenda Samkeppniseftirlitinu nýja samrunatilkynningu. Hafi engar slíkar breytingar orðið skulu þeir gera Samkeppniseftirlitinu grein fyrir því án tafar. Samkeppniseftirlitið skal taka ákvörðun um höfnun samruna eða setningu skilyrða fyrir samruna í máli sem hefur verið endurupptekið eigi síðar en 30 virkum dögum eftir að endanleg niðurstaða liggur fyrir um ógildingu ákvörðunar stofnunarinnar.

Hafi Samkeppniseftirlitið komist að þeirri niðurstöðu að samruni hafi ekki raskað samkeppni eða heimilað samruna með setningu skilyrða getur Samkeppniseftirlitið afturkallað slíka ákvörðun ef:

a. ákvörðunin er byggð á röngum upplýsingum sem einhver samrunaaðila ber ábyrgð á eða þegar hún er fengin fram með blekkingum eða
b. hlutaðeigandi fyrirtæki brjóta gegn skilyrðum sem samruna hafa verið sett.

Ef ákvörðun er afturkölluð skv. 3. mgr. skal Samkeppniseftirlitið leggja að nýju mat á viðkomandi samruna og beita heimildum 17. gr. c ef þurfa þykir. Ákvæði laganna um málsmeðferð og tímafresti gilda ekki í slíku máli.

4. gr.

17. gr. a laganna verður 17. gr. f.

5. gr.

Á eftir orðunum „17. gr.“ í 17. gr. a og 29. gr. laganna kemur: og 17. gr. a – 17. gr. e.

6. gr.

Á eftir orðunum „17. gr.“ í 4. mgr. 26. gr. laganna kemur: eða 17. gr. a – 17. gr. e.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 37. gr. laganna:

a. Orðið „íhlutun“ í f-lið 1. mgr. fellur brott.
b. Í stað orðanna „1., 5. og 6. mgr. 17. gr.“ í f-lið 1. mgr. kemur: 4. mgr. 17. gr. a, 17. gr. c og 1. mgr. 17. gr. e.

c. G-liður 1. mgr. orðast svo: banni við að samruni komi til framkvæmda og tilkynningarskyldu skv. 17. gr. a, 3. mgr. 17. gr. b og 2. mgr. 17. gr. e.
d. Í stað orðanna „17. gr. a“ í h-lið 1. mgr. kemur: 17. gr. f.

8. gr.

Í stað orðanna „17. gr.“ í 1. mgr. 43. gr. laganna kemur: 17. gr. c.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1189. Frumvarp til innheimtulaga. [324. mál]

(Eftir 2. umr., 28. maí.)

I. KAFLI

Gildissvið o.fl.

1. gr.

Gildissvið.

Lög þessi gilda um frum- og milliinnheimtu gjaldfallinna peningakrafna fyrir aðra eða vegna eigin starfsemi. Þau gilda þó ekki um innheimtu opinberra aðila á sköttum og gjöldum og löginnheimtu.

Með fruminnheimtu er átt við innheimtuviðvörun skv. 7. gr. Með milliinnheimtu er átt við innheimtuaðgerðir sem hefjast eftir að skuldari hefur fengið innheimtuviðvörun skv. 7. gr. og áður en löginnheimta hefst. Með löginnheimtu er átt við innheimtumeðferð á grundvelli réttarfarslaga. Innheimtuaðili er einstaklingur eða lögaðili sem annast innheimtu.

2. gr.

Frávíkjanleg ákvæði.

Heimilt er með samningi milli kröfuhafa og skuldara í atvinnurekstri að víkja frá ákvæðum 7. gr. Heimilt er með samningi milli kröfuhafa og innheimtuaðila að víkja frá ákvæðum 9. gr. og 1. mgr. 10. gr. Önnur ákvæði laganna eru ófrávíkjanleg.

II. KAFLI

Skilyrði til að mega stunda innheimtu.

3. gr.

Skilyrði til að mega stunda innheimtu fyrir aðra.

Innheimtuaðilar mega því aðeins stunda innheimtu fyrir aðra:

a. að þeir hafi fengið innheimtuleyfi skv. 15. gr., sbr. 4. gr.;
b. að innheimtan sé stunduð frá fastri starfsstöð hér á landi nema annað leiði af alþjóðasamningum sem binda Ísland; og
c. að starfsábyrgðartrygging skv. 14. gr. sé í gildi.

Lögmenn mega þó stunda innheimtu án innheimtuleyfis, svo og opinberir aðilar, viðskiptabankar og sparisjóðir, aðrar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki.

4. gr.

Veiting innheimtuleyfis.

Innheimtuleyfi er veitt á grundvelli umsóknar frá einstaklingi sem:

a. er lögráða og hefur undanfarin fimm ár hvorki farið fram á eða verið í greiðslustöðvun né bú hans verið tekið til gjaldþrotaskipta;
b. hefur óflekkað mannorð svo sem áskilið er til kjörgengis við kosningar til Alþingis, sbr. 5. gr. laga nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis;
c. býr yfir nægilegri þekkingu eða starfsreynslu til að geta gegnt starfi sínu á tilhlýðilegan hátt;
d. hefur lögheimili hér á landi nema annað leiði af alþjóðasamningum sem binda Ísland;
e. er ekki í vanskilum með vörsluskatta.

Innheimtuleyfi er einnig veitt samkvæmt umsókn frá lögaðila enda fullnægi framkvæmdastjóri eða yfirmaður viðkomandi starfsemi skilyrðum 1. mgr. Lögaðilinn skal fullnægja skilyrðum a- og e-liðar 1. mgr.

5. gr.

Innheimta eigin peningakröfu.

Ef aðili kaupir kröfur í þeim tilgangi að innheimta þær sjálfur í atvinnuskyni þarf innheimtuleyfi samkvæmt lögum þessum.

III. KAFLI
Samband innheimtuaðila og skuldara.

6. gr.

Góðir innheimtuhættir.

Innheimta skal vera í samræmi við góða innheimtuhætti.

Það telst m.a. brjóta í bága við góða innheimtuhætti að beita óhæfilegum þrýstingi eða valda óþarfa tjóni eða óþægindum.

7. gr.

Innheimtuviðvörun.

Eftir gjalddaga kröfu skal kröfuhafi eða innheimtuaðili senda skuldara eina skriflega viðvörun þess efnis að vænta megi frekari innheimtuaðgerða verði krafa eigi greidd innan tíu daga frá sendingu viðvörunar. Veita má lengri frest til greiðslu.

Í viðvörun komi fram:

a. nöfn, kennitölur og heimilisföng skuldara, kröfuhafa eða umboðsmanns hans og innheimtuaðila;
b. lýsing á kröfu;
c. fjárhæð kröfu og skal sundurliða hver sé höfuðstóll og hverjar séu viðbótarkröfur, svo sem dráttarvextir og innheimtuþóknun;
d. greiðslustaður; og
e. að greiðslufall skuldara geti leitt til málshöfðunar eða annarra innheimtuaðgerða á grundvelli réttarfarslaga og aukins kostnaðar fyrir skuldara.

Þeir sem stunda innheimtu vegna eigin starfsemi og falla ekki undir 2. mgr. 3. gr. geta sent innheimtuviðvörun skv. 1.–2. mgr. fyrir gjalddaga enda komi eigi til greiðslu innheimtuþóknunar vegna viðvörunarinnar skv. c-lið sé krafa greidd í síðasta lagi tíu dögum eftir gjalddaga.

Krafa telst greidd ef greiðsla hefur borist áður en fresturinn er liðinn eða greiðslan er sannanlega sett í ábyrgðarpóst fyrir lok frestsins.

Ef hætta er á að möguleikum á fullnustu kröfu verði spillt eða aðrir mikilvægir hagsmunir eru í húfi má víkja frá ákvæðum þessarar greinar um sendingu viðvörunar.

Ef skuldari hefur sannanlega hreyft mótbárum gegn peningakröfu er heimilt að bera ágreining um réttmæti kröfunnar undir dómstóla án þess að fyrst sé gætt ákvæða þessarar greinar.

8. gr.

Umboð innheimtuaðila.

Greiðsla skuldara til innheimtuaðila eða samningur við innheimtuaðila um greiðslu, m.a. eftirgjöf að nokkru eða öllu leyti, hefur sama gildi fyrir skuldara og greitt hafi verið til kröfuhafa sjálfs eða samið við hann um greiðsluna. Samningar um greiðslu skulu vera skriflegir óski skuldari þess.

IV. KAFLI
Samband innheimtuaðila og kröfuhafa.

9. gr.

Upplýsingaskylda innheimtuaðila.

Innheimtuaðili skal eftir beiðni veita kröfuhafa upplýsingar um gang innheimtu. Ljúki innheimtu samkvæmt lögum þessum án eftirfarandi innheimtuaðgerða á grundvelli réttarfarslaga skal innheimtuaðili að beiðni kröfuhafa afhenda honum skriflegt uppgjör er sýni hvað skuldari hafi verið krafinn um, hve mikið hann hafi greitt og hvenær og hver sé krafa innheimtuaðila um þóknun fyrir vinnu og útlagðan kostnað.

10. gr.

Meðferð innheimtufjár.

Innheimtuaðili skal án ástæðulauss dráttar greiða kröfuhafa innheimt fé. Innheimtuaðila er heimilt að halda eftir fé sem nemur fjárhæð þóknunar til hans og útlagðs kostnaðar.

Innheimtuaðili, sem stundar innheimtu fyrir aðra, skal halda innheimtufénu aðskildu frá eigin fé. Skal féð án ástæðulauss dráttar lagt á vörslufjárreikning en opinberir aðilar, viðskiptabankar og sparisjóðir, aðrar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki, sem mega stunda innheimtu án innheimtuleyfis skv. 2. mgr. 3. gr., eru þó undanþegnir þessari skyldu. Sérákvæði um vörslufjárreikninga lögmanna haldast.

V. KAFLI
Greiðsla innheimtukostnaðar og hámarksfjárhæð hans.

11. gr.

Ábyrgð skuldara á greiðslu innheimtukostnaðar.

Ef skuldari hefur greitt innan greiðslufrests skv. 7. gr. verður hann aðeins krafinn um kostnað vegna innheimtuviðvörunar, sbr. 12. gr. Ef greiðsluseðill og innheimtuviðvörun hafa í slíku tilviki verið sameinuð skv. 3. mgr. 7. gr. verður hann þó eigi krafinn um kostnað vegna viðvörunarinnar. Ef brotið hefur verið gegn 7. gr., þannig að innheimtuviðvörunin þjóni ekki tilgangi sínum, verður skuldari aðeins krafinn um kostnað vegna viðvörunarinnar.

12. gr.

Hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar.

Viðskiptaráðherra getur ákveðið í reglugerð hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar, m.a. þóknunar, sem heimilt er að krefja skuldara um samkvæmt lögum þessum. Skal fjárhæðin taka mið af þeim kostnaði sem kröfuhafi verður fyrir vegna innheimtunnar og nauðsynlegur og hóflegur getur talist. Heimilt er að innheimta viðbót vegna umdeildra peningakrafna þar sem þörf hefur verið á sérfræðilegri ráðgjöf.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

13. gr.

Þagnarskylda.

Innheimtuaðili og starfsmenn hans eru bundnir þagnarskyldu um persónuhagi og rekstrareða viðskiptamál og um önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í innheimtustarfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

14. gr.

Starfsábyrgðartrygging.

Innheimtuaðili, sem stundar innheimtu á grundvelli leyfis skv. 4. gr., skal hafa starfsábyrgðartryggingu sem tryggir skuldara og kröfuhafa bætur ef þeir verða fyrir fjárhagstjóni sem leyfishafinn ber skaðabótaábyrgð á og rakið verður til gáleysis í störfum hans eða starfsmanna hans. Slíka tryggingu má setja með því að kaupa vátryggingu hjá vátryggingafélagi eða setja bankaábyrgð hjá banka eða sparisjóði sem hefur heimild til að starfa hér á landi. Trygging skal nema minnst 5.500.000 kr. vegna hvers einstaks tjónsatburðar. Heildarfjárhæð tryggingabóta innan hvers vátryggingarárs eða ábyrgðarárs skal nema minnst 16.500.000 kr. Falli vátrygging eða bankaábyrgð úr gildi skal hlutaðeigandi vátryggingafélag eða ábyrgðaraðili tilkynna það vátryggingar- eða ábyrgðartaka og viðkomandi eftirlitsaðila þegar í stað. Tryggingartíma telst ekki lokið fyrr en liðnar eru átta vikur frá því að vátryggingafélagið eða ábyrgðaraðilinn tilkynnti vátryggingar- eða ábyrgðartaka og eftirlitsaðila um tryggingarslit eða niðurfellingu ábyrgðar.

Ef leyfishafi hefur samhliða innheimtustarfsemi með höndum lögmannsstörf og hefur ábyrgðartryggingu telst hann hafa fullnægt tryggingarskyldu sinni samkvæmt lögum þessum.

15. gr.

Leyfisveiting og eftirlitsaðilar.

Fjármálaeftirlitið fer með leyfisveitingu samkvæmt lögum þessum, sbr. 1. mgr. 3. gr. og 4. og 5. gr., og annast almennt eftirlit með framkvæmd þeirra.

Gagnvart lögmönnum fer úrskurðarnefnd lögmanna með eftirlit samkvæmt lögum þessum og lögum um lögmenn.

Eftirlitsaðilar skv. 1. og 2. mgr. skulu samræma verklagsreglur sínar um eftirlit samkvæmt lögum þessum.

16. gr.

Eftirlit.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi þeirra aðila sem það hefur veitt innheimtuleyfi samkvæmt lögum þessum, sbr. 1. mgr. 3. gr. og 5. gr., svo og þeirra aðila sem taldir eru

upp í 2. mgr. 3. gr., sbr. 1. mgr. 1. gr., að lögmönnum undanskildum. Um eftirlit Fjármálaeftirlitsins gilda lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998.

Telji Fjármálaeftirlitið að starfsemi samkvæmt lögum þessum sé stunduð án tilskilinna leyfa getur það krafist sérhverra gagna og upplýsinga hjá viðkomandi aðila eða þriðja aðila að viðlögðum dagsektum.

Sé leyfisskyld starfsemi stunduð án þess að leyfi hafi verið veitt getur Fjármálaeftirlitið krafist þess að slíkri starfsemi verði hætt. Jafnframt er heimilt að birta opinberlega nöfn aðila sem taldir eru bjóða þjónustu án tilskilinna leyfa.

Þeir aðilar sem Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með skulu taka þátt í greiðslu rekstrarkostnaðar þess með greiðslu eftirlitsgjalds í samræmi við ákvæði laga þar um.

17. gr.

Svipting innheimtuleyfis.

Fjármálaeftirlitið getur svipt leyfishafa innheimtuleyfi skv. 4. gr., sbr. 1. mgr. 3. gr. og 5. gr., ef:

a. hann hefur brotið gegn skyldum sínum samkvæmt lögum; eða
b. skilyrði fyrir veitingu leyfis eru ekki lengur til staðar.

18. gr.

Stjórnvaldssektir.

Fjármálaeftirlitið getur lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem það hefur eftirlit með og brýtur gegn:

a. 3. gr. um skilyrði til að mega stunda innheimtu fyrir aðra;
b. 7. gr. um innheimtuviðvörun;
c. 3. mgr. 16. gr. telji eftirlitið að starfsemi samkvæmt lögum þessum sé stunduð án tilskilins leyfis;
d. sátt milli Fjármálaeftirlitsins og aðila, sbr. 19. gr.;
e. reglugerð viðskiptaráðherra skv. 12. gr. um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar.

Stjórnvaldssektum verður beitt óháð því hvort lögbrot eru framin af ásetningi eða gáleysi.

Stjórnvaldssektir sem lagðar eru á einstaklinga geta numið frá 10.000 til 20.000.000 kr. Sektir sem lagðar eru á lögaðila geta numið frá 50.000 til 50.000.000 kr. Við ákvörðun sekta skal m.a. taka tillit til alvarleika brots, hvað það hefur staðið lengi, samstarfsvilja hins brotlega aðila eða hvort um ítrekað brot er að ræða. Ákvarðanir um stjórnvaldssektir skulu teknar af stjórn Fjármálaeftirlitsins og eru þær aðfararhæfar. Sektirnar renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtu. Séu stjórnvaldssektir eigi greiddar innan mánaðar frá ákvörðun Fjármálaeftirlitsins skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektanna. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

Í máli sem beinist að einstaklingi og lokið getur með álagningu stjórnvaldssektar eða kæru til lögreglu hefur maður, sem rökstuddur grunur leikur á að hafi gerst sekur um lögbrot, rétt til að neita að svara spurningum eða afhenda gögn eða muni nema unnt sé að útiloka að það geti haft þýðingu fyrir ákvörðun um brot hans. Fjármálaeftirlitið skal leiðbeina hinum grunaða um þennan rétt.

Heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir samkvæmt lögum þessum fellur niður þegar fimm ár eru liðin frá því að háttsemi lauk. Frestur rofnar þegar Fjármálaeftirlitið tilkynnir aðila um upphaf rannsóknar á ætluðu broti. Rof frests hefur réttaráhrif gagnvart öllum sem staðið hafa að broti.

19. gr.
Sættir.

Hafi aðili gerst brotlegur við ákvæði laga þessara eða ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins á grundvelli þeirra er Fjármálaeftirlitinu heimilt að ljúka málinu með sátt með samþykki málsaðila enda sé ekki um að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við. Sátt er bindandi fyrir málsaðila þegar hann hefur samþykkt og staðfest efni hennar með undirskrift sinni.

20. gr.
Sektir eða fangelsi.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, liggi ekki þyngri refsing við broti samkvæmt öðrum lögum, að brjóta, eða eiga hlutdeild í því að brjóta, af ásetningi gegn ákvæðum 13. gr. um þagnarskyldu.

Þá varðar það sömu refsingu að gefa, eða eiga hlutdeild í því að gefa, af ásetningi vísvitandi rangar eða villandi upplýsingar um hagi fjármálafyrirtækis, er fellur undir lög þessi, eða annað er það varðar, opinberlega eða til Fjármálaeftirlitsins, annarra opinberra aðila eða viðsemjenda sinna.

Um mál út af broti samkvæmt þessari grein skal fara að hætti laga um meðferð opinberra mála.

21. gr.
Reglugerðarheimild.

Viðskiptaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Fjármálaeftirlitið getur sett reglur um framkvæmd eftirlits.

22. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2009. Þann dag fellur úr gildi 3. mgr. 24. gr. laga um lögmenn, nr. 77/1998, um leiðbeiningar um innheimtu peningakrafna áður en innheimta á grundvelli réttarfarslaga hefst.

1190. Frumvarp til laga [538. mál]

um breytingu á lögum er varða verðbréfaviðskipti.

(Eftir 2. umr., 28. maí.)

I. KAFLI
Lög nr. 108/2007, um verðbréfaviðskipti.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 120. gr. laganna:

a. 2. málsl. orðast svo: Upplýsingar teljast opinberar þegar útgefandi fjármálagerninga hefur birt almenningi á Evrópska efnahagssvæðinu þær, sbr. 122. og 127. gr.
b. 3. málsl. fellur brott.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 122. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Útgefanda fjármálagerninga, sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða verslað er með á markaðstorgi fjármálagerninga (MTF), ber að birta almenningi á Evrópska efnahagssvæðinu allar þær innherjaupplýsingar sem varða hann eins fljótt og auðið er og á jafnræðisgrundvelli.

b. 2. mgr. orðast svo:

Samhliða opinberri birtingu skv. 1. mgr. skal útgefandi senda upplýsingarnar til Fjármálaeftirlitsins. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að birta upplýsingar sem gerðar hafa verið opinberar á heimasíðu sinni. Fjármálaeftirlitið, eða aðili sem Fjármálaeftirlitið tilnefnir, skal varðveita upplýsingar sem gerðar hafa verið opinberar í miðlægu geymslukerfi, sbr. 136. gr.

3. gr.

1. mgr. 127. gr. laganna orðast svo:

Auk tilkynninga um viðskipti innherja skv. 126. gr. ber útgefanda þegar í stað að birta almenningi á Evrópska efnahagssvæðinu upplýsingar um viðskipti stjórnenda útgefanda með hluti í útgefandanum, og aðra fjármálagerninga tengda þeim, eins fljótt og auðið er og á jafnræðisgrundvelli, enda nemi markaðsvirði viðskiptanna a.m.k. 500.000 kr. eða samanlögð eignabreyting viðkomandi stjórnanda á hlutum í útgefandanum á næstliðnum fjórum vikum nemi a.m.k. 1.000.000 kr. Samhliða opinberri birtingu skal útgefandi senda upplýsingarnar til Fjármálaeftirlitsins. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að birta upplýsingar sem gerðar hafa verið opinberar á heimasíðu sinni. Fjármálaeftirlitið, eða aðili sem Fjármálaeftirlitið tilnefnir, skal varðveita upplýsingar sem gerðar hafa verið opinberar í miðlægu geymslukerfi, sbr. 136. gr.

4. gr.

Á eftir 130. gr. laganna kemur ný grein, 130. gr. a, svohljóðandi:

Tungumál.

Ef verðbréf útgefanda hafa einungis verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Íslandi skal útgefandi birta upplýsingar samkvæmt kafla þessum á íslensku eða öðru því tungumáli sem Fjármálaeftirlitið samþykkir.

Ef verðbréf útgefanda hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Íslandi og í einu eða fleiri aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins skal útgefandi birta upplýsingar samkvæmt kafla þessum á íslensku, eða öðru því tungumáli sem Fjármálaeftirlitið samþykkir, og annaðhvort á ensku eða öðru því tungumáli sem lögbær stjórnvöld gistiríkjanna samþykkja, að vali útgefanda.

Ef verðbréf útgefanda hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði í einu eða fleiri ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu en ekki á Íslandi skal útgefandi birta upplýsingar samkvæmt kafla þessum á ensku eða öðru því tungumáli sem lögbær stjórnvöld gistiríkjanna samþykkja, að vali útgefanda. Ef Fjármálaeftirlitið óskar eftir því skal útgefandi jafnframt birta upplýsingarnar á ensku eða öðru því tungumáli sem Fjármálaeftirlitið samþykkir, að vali útgefanda.

Ef verðbréf útgefanda eru tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði án samþykkis útgefanda hvíla skyldur 1.–3. mgr. ekki á útgefanda heldur þeim aðila sem óskað hefur eftir töku bréfanna til viðskipta án samþykkis útgefanda.

5. gr.

Við 131. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd opinberrar birtingar upplýsinga, sbr. 120., 122. og 127. gr.

6. gr.

Í stað orðanna „VII., VIII. og IX. kafla“ í 1.–3. mgr. 135. gr., 1. mgr. 136. gr. og 1. mgr. 137. gr. laganna kemur: VII., VIII., IX. og XIII. kafla.

II. KAFLI
Lög nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði.

7. gr.

1. tölul. 30. gr. laganna verður svohljóðandi: Verðbréfum og peningamarkaðsskjölum sem uppfylla eftirtalin skilyrði:

a. hafa verið skráð eða tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði samkvæmt skilgreiningu laga um kauphallir,
b. ganga kaupum og sölum á öðrum markaði innan Evrópska efnahagssvæðisins sem er opinn almenningi, starfar reglulega, lýtur opinberu eftirliti og er viðurkenndur með þeim hætti sem Fjármálaeftirlitið metur gildan, og/eða
c. hafa verið skráð eða tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins eða ganga kaupum og sölum á öðrum markaði í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins sem er opinn almenningi, starfar reglulega, lýtur opinberu eftirliti og er viðurkenndur með þeim hætti sem Fjármálaeftirlitið metur gildan.

Með peningamarkaðsskjölum er í lögum þessum átt við greiðsluhæf skjöl sem verslað er með á peningamarkaði og ætíð er hægt að meta til verðs.

III. KAFLI
Lög nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

8. gr.

Við 10. gr. laganna bætist nýr töluliður sem orðast svo: kauphallir.

IV. KAFLI
Lög nr. 110/2007, um kauphallir.

9. gr.

Við 1. mgr. 14. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Kauphöll er heimilt að hafa milligöngu um eignarskráningar í verðbréfamiðstöð.

10. gr.

Í stað orðsins „ársskýrslu“ í 3. mgr. 16. gr. laganna kemur: skýrslu stjórnar.

V. KAFLI

Lög nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 106. gr. laganna:

a. Í stað 1. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Samruni fjármálafyrirtækis við annað fyrirtæki er aðeins heimill að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins. Yfirfærsla einstaka rekstrarhluta fjármálafyrirtækis til annars fyrirtækis með öðrum hætti, svo sem sölu, er einnig háð samþykki Fjármálaeftirlitsins. Með rekstrarhluta er í ákvæði þessu átt við starfhæfa einingu innan fjármálafyrirtækis, t.d. útibú.

Samruni fjármálafyrirtækis við annað fyrirtæki er aðeins heimill ef ákvörðun þar að lútandi hefur hlotið samþykki hluthafafundar eða fundar stofnfjáreigenda í yfirtekna fyrirtækinu með minnst $^2/_3$ hlutum greiddra atkvæða og samþykki hluthafa eða stofnfjáreigenda í yfirtekna fyrirtækinu sem ráða yfir minnst $^2/_3$ hlutum þess hlutafjár eða stofnfjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundum eða fundum stofnfjáreigenda. Ef hið yfirtekna fyrirtæki er alfarið í eigu yfirtökufélags þarf ekki að koma til atkvæðagreiðslu skv. 1. málsl. þessarar málsgreinar í yfirtekna félaginu.

b. 2. mgr., er verður 3. mgr., orðast svo:

Samruni sparisjóðs við annað fyrirtæki er því aðeins heimill að sparisjóðnum hafi áður verið breytt í hlutafélag samkvæmt ákvæðum VIII. kafla, nema þegar um er að ræða samruna tveggja eða fleiri sparisjóða sem ekki hefur verið breytt í hlutafélag eða hlutafélög.

c. 5. mgr., er verður 6. mgr., orðast svo:

Fjármálaeftirlitið skal auglýsa samruna og yfirfærslu rekstrarhluta fjármálafyrirtækja í Lögbirtingablaði. Í auglýsingu skal tilgreina hvenær samruninn eða yfirfærslan tekur gildi, nöfn hlutaðeigandi fyrirtækja, frest til að gera athugasemdir við yfirfærslu innlánsreikninga, hugsanlegar breytingar á greiðslustöðum skuldaskjala og annað sem kunngera þarf viðskiptamönnum sérstaklega.

VI. KAFLI

Gildistaka.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1191. Frumvarp til laga [539. mál]

um breyting á lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 64/2006.

(Eftir 2. umr., 28. maí.)

1. gr.

Í stað orðanna „a–d-lið 1. mgr.“ í 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: a–e-lið 1. mgr.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. 1. tölul. orðast svo:
   1. *Peningaþvætti:* Þegar einstaklingur eða lögaðili tekur við eða aflar sér eða öðrum ávinnings með broti sem er refsivert samkvæmt almennum hegningarlögum eða öðrum lögum. Hér er einnig átt við það þegar einstaklingur eða lögaðili umbreytir slíkum ávinningi, flytur hann, sendir, geymir, aðstoðar við afhendingu hans, leynir honum eða upplýsingum um uppruna hans, eðli, staðsetningu, ráðstöfun eða flutningi ávinnings eða stuðlar á annan sambærilegan hátt að því að tryggja öðrum ávinning af slíkum refsiverðum brotum.
b. Í stað orðanna „skv. 100. gr. a“ í 2. tölul. kemur: skv. 100. gr. a – 100. gr. c.
c. Í stað orðanna „laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða“ í 2. málsl. a-liðar 4. tölul. kemur: laga um kauphallir.
d. Við greinina bætast tveir nýir töluliðir, 7. og 8. tölul., svohljóðandi:
   7. *Gjaldeyrisskiptastöð:* Starfsemi þar sem í atvinnuskyni fer fram kaup og sala innlends og erlends gjaldeyris.
   8. *Peninga- og verðmætasendingarþjónusta:* Starfsemi þar sem í atvinnuskyni er á einum stað tekið við reiðufé, tékkum eða annars konar verðmætum sem eru ígildi peninga og andvirði þess er á öðrum stað greitt til viðtakanda í reiðufé eða ígildi peninga með aðstoð hvers kyns skilaboða, millifærslu eða í gegnum greiðslukerfi sem hlutaðeigandi peninga- og verðmætasendingarþjónusta á aðild að og sérstök lög gilda ekki um. Yfirfærsla sem framkvæmd er af peninga- og verðmætasendingarþjónustu getur farið um hendur eins eða fleiri milligönguaðila áður en lokagreiðsla á sér stað til móttakanda.

3. gr.

Fyrirsögn 4. gr. laganna orðast svo: *Tilvik er áreiðanleikakönnun skal fara fram.*

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Í stað 1. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

   Áður en samningssambandi er komið á eða áður en viðskipti eiga sér stað skal tilkynningarskyldur aðili gera kröfu um að nýr viðskiptamaður sanni á sér deili með eftirfarandi hætti:
   a. Einstaklingar: Með framvísun gildra persónuskilríkja sem gefin eru út af stjórnvöldum eða eru viðurkennd af stjórnvöldum.

b. Lögaðilar: Með framlagningu vottorðs úr fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra eða sambærilegri opinberri skrá með heiti, heimilisfangi og kennitölu eða sambærilegum upplýsingum. Prókúruhafar og aðrir þeir sem hafa sérstaka heimild til að koma fram fyrir hönd viðskiptavinar gagnvart fjármálafyrirtæki, þar með taldir framkvæmdastjórar og stjórnarmenn, skulu sanna á sér deili. Jafnframt skulu aðilar sýna fram á að þeir séu réttilega að prókúru eða sérstakri heimild komnir.

Tilkynningarskyldir aðilar skulu afla upplýsinga um raunverulegan eiganda, sbr. 4. tölul. 3. gr. Í tilvikum þar sem ekki er ljóst af framlögðum gögnum hver endanlegur móttakandi fjár verður skal krefjast frekari upplýsinga um það atriði.

b. Á eftir 2. mgr., er verður 3. mgr., kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Tilkynningarskyldur aðili skal gera kröfu um að viðskiptamaður sem þegar er í viðskiptum sanni á sér deili skv. 1. mgr., hafi hann ekki þegar gert það.

c. Í stað orðanna „varðveita ljósrit“ í 4. mgr., er verður 6. mgr., kemur: varðveita afrit. Í sömu málsgrein og í stað orðanna „viðskiptum lýkur“ kemur: viðskiptasambandi lýkur eða einstök viðskipti hafa átt sér stað.

d. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Könnun á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn.*

5. gr.

Fyrirsögn 8. gr. laganna orðast svo: *Tímabundin frestun á að sannreyna áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn.*

6. gr.

Á eftir 1. málsl. 1. mgr. 9. gr. laganna kemur nýr málsliður er orðast svo: Hafi þegar verið stofnað til viðskiptasambands skal þá þegar binda enda á það.

7. gr.

Orðin „ef nauðsyn krefur“ í 1. mgr. 10. gr. laganna falla brott.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „viðkomandi og“ í a-lið kemur: staðreyna.

b. Á eftir orðunum „eftirlit gagnaðilans“ í b-lið kemur: og fullvissa sig.

c. Í stað orðanna „viti deili á viðskiptamanni“ í e-lið kemur: hafi fullnægt skilyrðum 1. og 2. mgr. 5. gr. um áreiðanleikakönnun.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Breytist staða viðskiptamanns eftir að samningssambandi hefur verið komið á þannig að hann teljist einstaklingur í áhættuhópi vegna stjórnmálalegra tengsla sinna á 1. mgr. jafnframt við. Skal þá þegar afla samþykkis frá yfirstjórn, sbr. b-lið 1. mgr., áður en viðskiptasambandi er haldið áfram.

b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Einstaklingar í áhættuhópi vegna stjórnmálalegra tengsla.*

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „þegar um er að ræða“ kemur: nýja tækni.
b. Orðin „ef þörf krefur“ falla brott.

11. gr.

15. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Viðskiptamenn sem lúta einfaldaðri könnun á áreiðanleika.

Þegar tilkynningarskyldur aðili hefur aflað fullnægjandi upplýsinga um að viðskiptamaður falli undir eftirfarandi er heimilt að beita einfaldaðri áreiðanleikakönnun:

a. Lögaðilar sem taldir eru upp í a- og b-lið 1. mgr. 2. gr. og samsvarandi lögaðilar sem hlotið hafa starfsleyfi á Evrópska efnahagssvæðinu. Sama gildir um eftirlitsskyld fjármálafyrirtæki frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins sem til eru gerðar kröfur sambærilegar við kröfur laga þessara.
b. Félög sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði samkvæmt skilgreiningu laga um kauphallir.
c. Íslensk stjórnvöld.

Við einfaldaða áreiðanleikakönnun gilda ekki ákvæði 5. og 6. gr. Ávallt skal þó skrá nafn einstaklings eða lögaðila, kennitölu og heimilisfang.

12. gr.

Á eftir 15. gr. laganna kemur ný grein, 15. gr. a, svohljóðandi:

Tilvik þar sem beita má einfaldaðri könnun á áreiðanleika viðskiptamanna.

Í eftirfarandi tilvikum er heimilt að beita einfaldaðri könnun á áreiðanleika viðskiptamanna, sbr. 2. mgr. 15. gr.:

1. Þegar staðfest er að greiðsla fyrir viðskipti verði færð til skuldar á viðskiptareikningi á nafni viðskiptamanns í starfandi fjármálafyrirtæki eða samsvarandi lögaðila sem hlotið hefur starfsleyfi á Evrópska efnahagssvæðinu, nema grunur leiki á að viðskiptin tengist peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka.
2. Við gerð líftryggingarsamnings hjá fjármálastofnun, sem hlotið hefur starfsleyfi á Evrópska efnahagssvæðinu, ef árlegt iðgjald viðskiptamanns frá Evrópska efnahagssvæðinu er lægra en 1.000 evrur, miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni, eða ef um er að ræða eingreiðslu iðgjalds sem er lægri en 2.500 evrur, miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni. Ef árlegt iðgjald er hækkað, þannig að það verði hærra en 1.000 evrur, miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni, skal krefjast framvísunar skilríkja, sbr. 5. gr.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „Tilkynningarskyldur aðili þarf ekki“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: áður en viðskipti hefjast.
b. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Áður en upplýsingar eru fengnar skal tilkynningarskyldur aðili leitast við að tryggja að þriðji aðili fullnægi kröfum sambærilegum við þær sem gerðar eru í lögum þessum og lúti eftirliti sambærilegu við eftirlit með íslenskum fjármálafyrirtækjum.

c. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Tilkynningarskyldur aðili skal tryggja að þriðji aðili uppfylli þessa skyldu sína og gera um það skriflegan samning þar sem kveðið er nánar á um framkvæmd upplýsingagjafarinnar.

14. gr.

Fyrirsögn IV. kafla laganna verður: **Einfölduð könnun á áreiðanleika viðskiptamanna.**

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „láta athuga gaumgæfilega öll viðskipti“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: og fyrirhuguð viðskipti.
b. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Kanna skal bakgrunn og tilgang slíkra viðskipta að því marki sem unnt er.
c. Á eftir orðinu „Samkvæmt“ í 2. mgr. kemur: skriflegri.
d. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ekki er þörf á dómsúrskurði vegna upplýsingagjafar samkvæmt ákvæði þessu.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 22. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „sjá til þess að mótaðar séu samræmdar starfsaðferðir er stuðli að framkvæmd laganna“ í 2. málsl. kemur: hefur skilyrðislausan aðgang að áreiðanleikakönnun viðskiptamanna, viðskiptum eða beiðnum um viðskipti ásamt öllum þeim gögnum er skipt geta máli vegna tilkynningar.
b. Við greinina bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ábyrgðarmaður skal sjá til þess að mótaðar séu samræmdar starfsaðferðir er stuðli að góðri framkvæmd laganna.

17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. laganna:

a. 2. málsl 1. mgr. orðast svo: Þar skal m.a. fjallað um áreiðanleikakönnun viðskiptamanna, tilkynningarskyldu, varðveislu gagna og viðskipti sem krefjast sérstakrar varúðar.
b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Tilkynningarskyldir aðilar skulu sjá til þess að starfsmenn hljóti sérstaka þjálfun í aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Þjálfunin skal fara fram við upphaf starfs og reglulega á starfstímanum, til að tryggja að starfsmenn þekki skyldur tilkynningarskyldra aðila samkvæmt lögum þessum, áreiðanleikakönnun viðskiptamanna og tilkynningarskyldu ásamt því sem þeir fái upplýsingar um þróun innan málaflokksins og nýjustu aðferðir við peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

18. gr.

Við 2. mgr. 24. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Séu lög og reglur sem beinast gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka strangari í hinu erlenda ríki, þar sem útibú eða dótturfélag er staðsett, skal þeim fylgt.

19. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 25. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „a–d-lið 1. mgr. 2. gr.“ kemur: a–e-lið 1. mgr. 2. gr.
b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Neytendastofa hefur eftirlit með því að þeir sem falla undir j-lið 1. mgr. 2. gr. fari að ákvæðum laga þessara, reglugerða og reglna settra samkvæmt þeim og setur nánari reglur um framkvæmd eftirlitsins.

c. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Fjármálaeftirlitið* og *Neytendastofa*.

20. gr.

Á eftir 25. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, 25. gr. a og 25. gr. b, svohljóðandi:

a. (25. gr. a.)

Skráning gjaldeyrisskiptastöðva og peninga- og verðmætasendingarþjónustu.

Einstaklingar og lögaðilar sem starfrækja gjaldeyrisskiptastöð eða peninga- og verðmætasendingarþjónustu eru skráningarskyldir hjá Fjármálaeftirlitinu.

Undanþegin skráningarskyldu eru fjármálafyrirtæki samkvæmt skilgreiningu laga um fjármálafyrirtæki, sbr. a-lið 1. mgr. 2. gr.

Fjármálaeftirlitið setur nánari reglur um framkvæmd og skilyrði skráningar og framkvæmd viðskipta.

b. (25. gr. b.)

Fjármálaeftirlitið skal neita um skráningu skv. 25. gr. a ef skráningarskyldir aðilar eða stjórnendur eða raunverulegir eigendur starfseminnar hafa á síðustu fimm árum verið úrskurðaðir gjaldþrota eða hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, lögum þessum, löggjöf um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot, opinber gjöld eða þeim sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi.

Fjármálaeftirlitið skal fella skráðan aðila af skrá skv. 25. gr. a ef um skráningarskylda aðila eða stjórnendur eða raunverulega eigendur starfseminnar háttar svo sem um getur í 1. mgr.

21. gr.

Fyrirsögn VI. kafla laganna verður: **Eftirlit, skráningarskylda o.fl.**

22. gr.

Á eftir 1. mgr. 27. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Vanræki aðili skráningarskyldu skv. 25. gr. a, haldi hann starfsemi sinni áfram þrátt fyrir að hafa verið felldur út af skrá Fjármálaeftirlitsins eða vanræki hann að veita upplýsingar eða láta í té aðstoð svo sem kveðið er á um í lögum þessum skal hann sæta sektum.

23. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1192. Frumvarp til laga [515. mál]

um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, og lögum nr. 86/2007, um skattlagningu kaupskipaútgerðar, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 28. maí.)

I. KAFLI
Breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. Við 2. mgr. 5. tölul. 1. mgr. bætist: með jafnri fjárhæð á þrjú ár frá og með því reikningsári þegar gengishagnaður fellur til.
b. 4. tölul. 2. mgr. orðast svo: Áfallinn gengishagnað á hverja úttekt af reikningi í innlánsstofnunum, sbr. 1. tölul., eða afborgun af kröfu í erlendum gjaldmiðli skal færa til tekna. Heimilt skal þó að miða við stöðu innlánsreiknings í upphafi og í lok árs og á innborgunar- eða úttektardegi innan ársins. Nánari reglur hér að lútandi getur fjármálaráðherra sett.

2. gr.

Við 2. tölul. A-liðar 1. mgr. 30. gr. laganna bætist: eða eru starfsmenn Þróunarsamvinnustofnunar Íslands.

3. gr.

Við 2. mgr. 4. tölul. 1. mgr. 49. gr. laganna bætist: með jafnri fjárhæð á þrjú ár frá og með því reikningsári sem gengistap fellur til.

4. gr.

Orðin „eða vangefið“ í 2. tölul. 1. mgr. 65. gr. laganna falla brott.

5. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „$^{10}/_{38}$“ í 4. málsl. 2. mgr. A-liðar 67. gr. laganna kemur: $^{10}/_{36}$.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 68. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðanna „2.415.492“ og „1.207.746“ í 4. mgr. A-liðar kemur: 3.600.000; og: 1.800.000.
b. Í stað hlutfallstalnanna „6%“ og „8%“ í 4. mgr. A-liðar kemur: 5%; og: 7%.
c. Í stað fjárhæðanna „5.273.425“ og „8.437.481“ í 4. mgr. B-liðar kemur: 7.119.124; og: 11.390.599.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 70. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „2., 3. og 7. tölul. 3. gr.“ í 1. málsl. 2. tölul. kemur: 2. og 3. tölul. 3. gr.
b. Við 2. tölul. 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Tekjuskattur aðila sem um ræðir í 7. tölul. 3. gr. skal nema 10% af tekjuskattsstofni þeirra.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 71. gr. laganna:

a. Í stað hlutfallstölunnar „18%“ í 1. mgr. kemur: 15%.
b. Í stað hlutfallstölunnar „26%“ í 2. mgr. kemur: 23,5%.

9. gr.

Við lögin bætast tvö ný ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

a. (I.)

Þrátt fyrir ákvæði 2. málsl. 1. mgr. A-liðar 67. gr. laganna skulu breytingar á persónuafslætti manna, sem um ræðir í 1. mgr. 66. gr., ákvarðaðar með eftirfarandi hætti:

1. Persónuafsláttur manna sem tekur gildi í upphafi ársins 2009 skal ákvarðaður þannig að við fjárhæð persónuafsláttar sem fundinn er samkvæmt ákvæðum 2. málsl. 1. mgr. A-liðar 67. gr. skal bætt 24.000 kr.
2. Persónuafsláttur manna sem tekur gildi í upphafi ársins 2010 skal ákvarðaður þannig að við fjárhæð persónuafsláttar sem fundinn er samkvæmt ákvæðum 2. málsl. 1. mgr. A-liðar 67. gr. skal bætt 24.000 kr.
3. Persónuafsláttur manna sem tekur gildi í upphafi ársins 2011 skal ákvarðaður þannig að við fjárhæð persónuafsláttar sem fundinn er samkvæmt ákvæðum 2. málsl. 1. mgr. A-liðar 67. gr. skal bætt 36.000 kr.

b. (II.)

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. A-liðar 68. gr. laganna skulu viðmiðunarfjárhæðir sem þar eru tilgreindar sem skerðingarmörk barnabóta vera 2.880.000 kr. og 1.440.000 kr. við álagningu barnabóta á árinu 2008 vegna tekna á árinu 2007.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, með síðari breytingum.

10. gr.

1. málsl. 2. mgr. 4. gr. laganna orðast svo: Ekki skal telja gengishagnað að frádregnu gengistapi af reikningi í innlánsstofnunum til stofns til staðgreiðslu.

III. KAFLI
Breyting á lögum nr. 86/2007, um skattlagningu kaupskipaútgerðar.

11. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „18%“ í 3. mgr. 6. gr. laganna kemur: 15%.

12. gr.

Ákvæði a-liðar 1. gr. og 3. gr. öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 2008 vegna tekna á árinu 2007.

Ákvæði 2. og 4. gr. öðlast þegar gildi.

Ákvæði a-liðar 6. gr. öðlast gildi 1. janúar 2009 og kemur til framkvæmda við álagningu og greiðslu barnabóta á árinu 2009 vegna tekna á árinu 2008.

Ákvæði b- og c-liðar 6. gr. öðlast gildi 1. janúar 2008 og koma til framkvæmda við álagningu barnabóta og vaxtabóta á árinu 2008 vegna tekna og eigna á árinu 2007.

Ákvæði b-liðar 1. gr., 5., 7. og 10. gr. öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 2009 vegna tekna á árinu 2008.

Ákvæði 8. og 11. gr. öðlast gildi 1. janúar 2008 og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 2009 hjá þeim lögaðilum sem hafa almanaksárið sem reikningsár og hjá þeim sem hafa upphaf reikningsárs 1. febrúar 2008 eða síðar á því ári.

Ákvæði til bráðabirgða í 9. gr. öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda eins og þar greinir.

1193. Frumvarp til laga [547. mál]

um uppbót á eftirlaun.

(Eftir 2. umr., 28. maí.)

I. KAFLI
Markmið og gildissvið.

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að tryggja einstaklingum sem eiga takmörkuð eða engin réttindi til eftirlauna frá lífeyrissjóðum tiltekna uppbót á eftirlaun sem greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.
Gildissvið.

Einstaklingur sem á takmarkaðan eða engan rétt til eftirlauna frá lífeyrissjóði getur öðlast rétt á greiðslum samkvæmt lögum þessum, enda uppfylli hann eftirfarandi skilyrði við lok viðmiðunarárs:

a. hafi náð 67 ára aldri,
b. sé búsettur á Íslandi og
c. hafi búið á Íslandi í 10 ár samtals frá 16 ára aldri.

Eigi einstaklingur réttindi í lífeyrissjóði getur hann einungis öðlast rétt til uppbótar samkvæmt lögum þessum hafi hann hafið töku þeirra eftirlauna sem hann á rétt til.

Með búsetu samkvæmt þessari grein er átt við lögheimili í skilningi lögheimilislaga.

3. gr.
Skilgreiningar.

Í lögum þessum merkir:

1. *Eftirlaun:* Ellilífeyrisgreiðslur úr lífeyrissjóðum samkvæmt lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, og sambærilegar ellilífeyrisgreiðslur erlendis frá.
2. *Lífeyrissjóður:* Aðili sem veitir viðtöku skyldubundnu iðgjaldi til greiðslu eftirlauna (ellilífeyris) til æviloka, sbr. lög nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Til lífeyrissjóða skal í þessu sambandi einnig telja erlenda aðila sem veita einstaklingum sambærileg réttindi.
3. *Uppbót á eftirlaun:* Fjárhæð sem greidd er út með reglubundnum hætti að lokinni álagningu opinberra gjalda fyrir viðmiðunarár.

4. *Viðmiðunarár:* Næstliðið tekjuár á undan álagningarári.
5. *Greiðslutímabil:* Tímabil sem greiðsla uppbótar skiptist niður á og hefst fyrsta almanaksmánuð að lokinni álagningu á álagningarári. Greiðslutímabil byrjar að jafnaði í ágúst ár hvert og lýkur í júlí árið eftir.

II. KAFLI
Eftirlaunauppbót.

4. gr.
Fjárhæð.

Uppbót á eftirlaun einstaklinga sem uppfylla skilyrði 2. gr. skal ákvarða þannig að frá því sem á vantar að eftirlaun þeirra úr lífeyrissjóðum nemi að meðaltali 25.000 kr. á mánuði, eða 300.000 kr. á ári miðað við heilt ár, skal draga eigin tekjur eins og nánar er kveðið á um í 5. gr. Þeir sem engan rétt eiga til eftirlauna hjá lífeyrissjóði skulu njóta sambærilegra réttinda.

5. gr.
Ákvörðun uppbótar á eftirlaun.

Ákvörðun um uppbót á eftirlaun skal miðast við tekjur viðmiðunarárs samkvæmt skattframtali.

Tekjur skv. A- og B-lið 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, að teknu tilliti til ákvæða 28. gr. sömu laga um hvað ekki telst til tekna, frádráttarliða skv. 1., 3., 4. og 5. tölul. A-liðar 1. mgr. 30. gr. og 31. gr. sömu laga og undantekninga eða takmarkana samkvæmt sérlögum, skulu koma til lækkunar þeirri fjárhæð sem kveðið er á um í 4. gr.

Jafnframt skal helmingur tekna skv. C-lið 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, að teknu tilliti til ákvæða 28. gr. sömu laga um hvað ekki telst til tekna og undantekninga eða takmarkana samkvæmt sérlögum, koma til lækkunar þeirri fjárhæð sem kveðið er á um í 4. gr. Þegar um hjón eða samskattað fólk er að ræða skal þó skipta sameiginlegum fjármagnstekjum skv. 3. mgr. 66. gr. laga nr. 90/2003 jafnt á milli þeirra þegar tekjuviðmiðun samkvæmt þessari málsgrein er fundin.

Ekki teljast til tekna, þrátt fyrir ákvæði 2. mgr., eftirlaun úr lífeyrissjóðum, bætur samkvæmt almannatryggingum eða fjárhagsaðstoð sveitarfélaga.

Nú hefur einstaklingur hafið töku eftirlauna á viðmiðunarári og skal þá eingöngu greiða uppbót vegna þeirra mánaða viðmiðunarársins sem viðkomandi fékk greidd eftirlaun. Við ákvörðun um viðmið skal, varðandi tekjur skv. 2. mgr., miða við þær tekjur sem til féllu eftir að viðkomandi hóf töku eftirlauna, en varðandi tekjur skv. 3. mgr. skal miða við meðalmánaðartekjur margfaldaðar með þeim fjölda mánaða sem viðkomandi fékk greidd eftirlaun á viðmiðunarárinu. Þegar um er að ræða einstakling sem engin réttindi á í lífeyrissjóðum skal með sama hætti miða við fyrsta dag þess mánaðar þegar viðkomandi nær 67 ára aldri.

6. gr.
Framkvæmd og greiðslutilhögun.

Uppbót á eftirlaun skal ákvörðuð við álagningu og skal hún teljast til skattskyldra tekna viðmiðunarárs. Við skattlagningu samkvæmt lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og ákvörðun um bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, skal farið með greiðslur samkvæmt lögum þessum sem ellilífeyrisgreiðslur úr lífeyrissjóði, sbr. lög nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Uppbót á eftirlaun sem ákvörðuð er skv. 5. gr. skal að jafnaði greiða með 12 jöfnum mánaðarlegum greiðslum fyrsta virkan dag hvers mánaðar. Þó skal greiða með færri greiðslum sé mánaðarleg fjárhæð lægri en 2.000 kr.

Fyrsta greiðsla hvers greiðslutímabils skal fara fram í mánuðinum eftir að álagning liggur fyrir.

Greiðslur uppbótar, sem falla í gjalddaga eftir að rétthafi andast, falla sjálfkrafa niður.

Fjársýsla ríkisins annast greiðslur uppbótar á eftirlaun.

7. gr.

Leiðrétting greiðslna.

Hafi breytingar orðið á tekjum einstaklings sem ákvörðun um uppbót á eftirlaun er byggð á skal uppbót endurákvörðuð af hálfu skattyfirvalda.

Hafi einstaklingur fengið hærri uppbót en hann átti rétt á skal honum gert að endurgreiða þá fjárhæð sem ofgreidd var að viðbættu 10% álagi. Álagið skal þó fellt niður ef viðkomandi færir rök fyrir því að honum verði eigi kennt um þá annmarka er leiddu til endurákvörðunar uppbótar. Greiðsla uppbótar kemur ekki til útborgunar sé fjárhæð hennar lægri en 500 kr. á ársgrundvelli.

Heimilt er að draga ofgreiðslu uppbótar frá uppbót sem einstaklingur öðlast rétt til síðar. Um innheimtu ofgreiðslu fer að öðru leyti skv. 111. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja kröfur um greiðslur samkvæmt lögum þessum og ekki má leggja á þær löghald eða gera í þeim fjárnám eða halda eftir til greiðslu opinberra gjalda.

Hafi rétthafi fengið lægri uppbót en honum bar samkvæmt ákvörðun skattyfirvalda skal greiða honum þá fjárhæð sem vangreidd var ásamt vöxtum fyrir það tímabil sem féð var ógreitt, enda verði viðkomandi eigi kennt um að vangreitt var. Skulu vextir þessir vera jafnháir vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður og birtir á hverjum tíma skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.

Sama á við þegar úrskurður ríkisskattstjóra leiðir til þess að einstaklingur á rétt á uppbót en hafi áður verið synjað um hana eða reiknuð lægri uppbót. Hafi uppbót verið vangreidd vegna skorts á upplýsingum sem rétthafa verður kennt um falla vextir niður.

III. KAFLI

Stjórnsýsla.

8. gr.

Framkvæmdaraðili.

Skattstjóri í hverju umdæmi fer með framkvæmd laga þessara.

9. gr.

Afgreiðsla skattstjóra.

Ákvörðun um uppbót eftirlauna skal byggjast á upplýsingum skattframtals og liggja fyrir við álagningu opinberra gjalda ár hvert og skal hún miðast við þann dag sem rétthafi hefur uppfyllt skilyrði laga þessara.

Lífeyrissjóðir skulu eigi síðar en 1. apríl ár hvert senda ríkisskattstjóra skrá, á því formi sem ríkisskattstjóri ákveður, yfir alla þá sjóðfélaga sem náð höfðu 67 ára aldri á næstliðnu tekjuári, ásamt upplýsingum um hvort greiðslur eftirlauna séu hafnar. Að öðru leyti skulu

lífeyrissjóðir veita skattyfirvöldum nauðsynlegar upplýsingar til ákvörðunar á fjárhæð uppbótar á eftirlaun.

Liggi ekki fyrir fullnægjandi upplýsingar að mati skattstjóra til að ákvarða uppbót á eftirlaun skal skattstjóri gera einstaklingi viðvart um hugsanlegan rétt hans til greiðslu uppbótar samkvæmt lögum þessum.

Um málsmeðferð fer að öðru leyti eftir 96. og 97. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, eftir því sem við á.

10. gr.
Kæruheimild.

Sé uppi ágreiningur um ákvörðun skattstjóra á uppbót til eftirlauna er hún kæranleg til skattstjóra innan 30 daga frá dagsetningu ákvörðunar.

Úrskurð skattstjóra má kæra til ríkisskattstjóra innan 30 daga frá dagsetningu úrskurðar. Úrskurður ríkisskattstjóra er lokaákvörðun á stjórnsýslustigi.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

11. gr.
Reglugerð.

Fjármálaráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd þessara laga með reglugerð.

12. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Greiðsla uppbótar samkvæmt lögum þessum skal fara fram í fyrsta skipti í ágúst 2008.

Ákvæði til bráðabirgða.

Lífeyrissjóðir skulu eigi síðar en 1. júlí 2008 senda ríkisskattstjóra þær upplýsingar sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 9. gr. að því er varðar tekjuárið 2007.

1194. Lög [232. mál]

um breyting á lögum um meðferð einkamála, nr. 91 31. desember 1991 (Haagsamningar á sviði réttarfars).

(Afgreidd frá Alþingi 28. maí.)

Samhljóða þskj. 1168.

1195. Lög [577. mál]

um breytingu á Norðurlandasamningi um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð.

(Afgreidd frá Alþingi 28. maí.)

Samhljóða þskj. 893.

1196. Lög [578. mál]

um breyting á lögum um ættleiðingar, nr. 130/1999, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 28. maí.)

Samhljóða þskj. 894.

1197. Lög [554. mál]

um Fiskræktarsjóð.

(Afgreidd frá Alþingi 28. maí.)

Samhljóða þskj. 1170.

1198. Lög [530. mál]

um fiskeldi.

(Afgreidd frá Alþingi 28. maí.)

Samhljóða þskj. 1171.

1199. Lög [476. mál]

um breytingu á lögum nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

(Afgreidd frá Alþingi 28. maí.)

Samhljóða þskj. 758.

1200. Lög [537. mál]

um breytingu á lögum nr. 121/1994, um neytendalán, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 28. maí.)

Samhljóða þskj. 1172.

1201. Lög [641. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Alþingi 28. maí.)

Samhljóða þskj. 1112.

1202. Nefndarálit [553. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998, með síðari breytingum, og lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, nr. 73/1990, með síðari breytingum.

Frá minni hluta iðnaðarnefndar.

Í frumvarpinu er lagt til að iðnaðarráðherra verði veitt heimild til að fela Orkustofnun leyfisveitingarvald til auðlindarannsókna og auðlindanýtingar á grundvelli tvennra laga, annars vegar laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, og hins vegar laga nr. 73/1990, um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins. Rökin eru tvíþætt: annars vegar að einfalda stjórnsýsluna og hins vegar að flýta umhverfismati, en orkufyrirtækin hafa kvartað undan því að það taki of langan tíma. Tveir fyrrverandi iðnaðarráðherrar, Jón Sigurðsson og Valgerður Sverrisdóttir, hafa á fyrri löggjafarþingum lagt fram svipuð frumvörp (sbr. 542. mál 133. löggjafarþings, og 374. mál 131. löggjafarþings). Málin

mættu mikilli andstöðu og urðu ekki útrædd. Ekki verður séð að frumvarpið sem hér er til umræðu takmarki leyfisveitingarvald Orkustofnunar með sama hætti og í fyrri frumvörpum sem nefnd eru hér að framan og er það miður. Þau frumvörp gerðu m.a. ráð fyrir að Orkustofnun bæri að afla umsagna frá tilgreindum aðilum.

Minni hlutinn bendir á að núgildandi lög eru um margt ófullkomin varðandi leyfisveitingar til rannsókna og nýtingar auðlinda og má um það vísa til skýrslu auðlindanefndar sem skipuð var samkvæmt bráðabirgðaákvæði laga nr. 5/2006, um breytingu á lögum nr. 57/1998. Skýrslan var gefin út í október 2006 og ber heitið Framtíðarsýn um verndun og nýtingu auðlinda í jörðu og vatnsafls.

Það er stefna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að rannsóknir á náttúruauðlindum lands og sjávar, rétt eins og verndun þeirra og áætlanir um nýtingu, eigi að vera á forræði umhverfisráðuneytis, en ekki hjá nýtingarráðuneytinu. Minni hlutinn gagnrýnir sérstaklega að opnað sé fyrir það að Orkustofnun, sem ekki ber pólitíska ábyrgð, geti haft frumkvæði að og veitt leyfi til rannsókna og nýtingar auðlinda án þess að um leið séu settar skýrar reglur um meðferð umsókna og úthlutun leyfa.

Á undanförnum árum hafa sprottið miklar deilur af úthlutun leyfa til rannsókna á viðkvæmum jarðhitasvæðum enda spilla fyrstu rannsóknir, sýnataka og tilraunaboranir ásýnd og náttúru slíkra svæða umtalsvert. Í ljósi þess að stefnumörkun um auðlindanýtingu er í verkahring stjórnvalda, þ.e. ríkisstjórnar á hverjum tíma, hlýtur úthlutun leyfa til rannsókna og nýtingar auðlinda að vera pólitísk ákvörðun, a.m.k. að hluta, og hlýtur þar af leiðandi að eiga heima á borði ráðherra sem fari með vald sitt samkvæmt stefnumörkun sem nauðsyn er að fái umfjöllun og samþykki Alþingis Íslendinga.

Í störfum iðnaðarnefndar náðist sá árangur að kærufrestur til ráðherra er samkvæmt tillögum meiri hlutans lengdur úr 30 dögum í 90 daga til samræmis við stjórnsýslulög. Almenningi er hins vegar ekki tryggð bein aðkoma að málum sem þessum þar sem ákvæði Árósasamningsins um aðgang almennings að upplýsingum, þátttöku í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum hafa enn ekki verið lögfest hér á landi nema að litlu leyti.

Miðað við yfirlýsta stefnu ríkisstjórnarinnar, um að ekki verði gefin út ný rannsóknaleyfi á óröskuðum svæðum meðan vinnu við 2. áfanga rammaáætlunar hefur ekki verið lokið, hlýtur að gefast svigrúm til að vanda betur til verka en hér er gert. Minni hlutinn telur að gera eigi hlé á stóriðjuframkvæmdum og stöðva útgáfu rannsókna- og nýtingarleyfa til raforkuvinnslu þar til heildarstefna um nýtingu vatnsafls og jarðvarma hefur verið útfærð og samþykkt á Alþingi. Af þessu tilefni bendir minni hlutinn á leiðara Morgunblaðsins 22. og 23. maí sl. um nýtingu auðlinda og eftirspurn og framboð á raforku. Þar er kallað eftir því að stjórnmálamenn taki í taumana og geri tilraun til að öðlast heildarsýn á stöðu okkar og hagsmuni í orkumálum í alþjóðlegu samhengi. Sú endurskoðun fari fram á grunni lýðræðislegra vinnubragða, m.a. með aðkomu stjórnarandstöðunnar. Undir þá hvatningu tekur minni hlutinn sem leggst gegn samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 26. maí 2008.

Álfheiður Ingadóttir.

1203. Framhaldsnefndarálit [432. mál]

um frv. til l. um breytingu á nokkrum lögum á auðlinda- og orkusviði.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar.

Málinu var vísað til nefndarinnar að lokinni 2. umræðu og hefur hún fjallað um það á ný og fengið á sinn fund Kristján Skarphéðinsson og Guðjón Axel Guðjónsson frá iðnaðarráðuneyti, Guðjón Bragason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Guðmund Inga Ásmundsson frá Landsneti.

Í frumvarpinu er lagt til að sett verði sú almenna regla að flutningsfyrirtækið, eins og önnur sérleyfisfyrirtæki (dreifiveitur, hitaveitur og vatnsveitur), skuli ávallt vera í meirihlutaeigu opinberra aðila. Þannig verði lögbundið að slík starfsemi sé undir yfirráðum opinberra aðila og um leið að gætt sé lagasamræmis.

Í tilefni af athugasemdum sem fram komu í 2. umræðu málsins tekur meiri hlutinn fram að ákvæði 4. gr. frumvarpsins eru almenn og fella ekki úr gildi ákvæði til bráðabirgða XII raforkulaga, nr. 65/2003, sem halda mun gildi sínu þar til Alþingi tekur ákvörðun um annað. Bráðabirgðaákvæðið felur í sér að eigendum hlutafjár í flutningsfyrirtækinu er einungis heimilt að framselja hlutafé sitt til annarra hlutafjáreigenda í fyrirtækinu en ekki til aðila utan þess.

Meiri hlutinn bendir jafnframt á að þær breytingar sem gerðar eru í 4. gr. frumvarpsins á 1. mgr. 8. gr. raforkulaga breyta ekki ákvæðum sérlaga um einstök orkufyrirtæki hvað heimildir þeirra til sölu eignarhluta í Landsneti varðar.

Niðurstaða meiri hlutans er því sú að umrædd breyting feli ekki í sér yfirlýsingu um sölu á minnihlutaeign í Landsneti. Hér er eingöngu um að ræða almenna breytingu á lagagrein í gildandi raforkulögum sem ætlað er að tryggja að lágmarki meirihlutaeign opinberra aðila í fyrirtækinu. Aðrar greinar standa ásamt bráðabirgðaákvæði þar sem kveðið er á um hvaða fyrirtæki eiga í Landsneti. Öll þau fyrirtæki sem eiga í Landsneti nú eru í 100% eigu opinberra aðila.

Meiri hlutinn leggur til að málið verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 28. maí 2008.

Katrín Júlíusdóttir, form., frsm.	Kristján Þór Júlíusson.	Einar Már Sigurðarson.
Guðni Ágústsson.	Ragnheiður E. Árnadóttir.	Björk Guðjónsdóttir.

1204. Nefndarálit [640. mál]

um frv. til l. um heimild ríkissjóðs Íslands til sérstakrar lántöku á árinu 2008.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Nefndin vísaði málinu til efnahags- og skattanefndar 27. maí 2008 þar sem óskað var eftir umsögn um frumvarpið. Formaður efnahags- og skattanefndar kynnti umsögn nefndarinnar sem fylgir með áliti þessu.

Meiri hluti fjárlaganefndar leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Ásta Möller var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Bjarni Harðarson og Guðjón A. Kristjánsson skrifa undir álit þetta með fyrirvara.

Alþingi, 28. maí 2008.

Gunnar Svavarsson, form., frsm.	Kristján Þór Júlíusson.	Steinunn Valdís Óskarsdóttir.
Guðbjartur Hannesson.	Ármann Kr. Ólafsson.	Illugi Gunnarsson.
Björk Guðjónsdóttir.	Bjarni Harðarson, með fyrirvara.	Guðjón A. Kristjánsson, með fyrirvara.

Fylgiskjal.

Umsögn

um frv. til l. um heimild ríkissjóðs Íslands til sérstakrar lántöku á árinu 2008.

Frá efnahags- og skattanefnd.

Hinn 27. maí 2008 barst nefndinni erindi frá varaformanni fjárlaganefndar þar sem óskað var eftir umsögn efnahags- og skattanefndar um frumvarp fjármálaráðherra til laga um heimild ríkissjóðs Íslands til sérstakrar lántöku á árinu 2008.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Baldur Guðlaugsson, Þórhall Arason og Bergþóru Bergsdóttur frá fjármálaráðuneyti og Ingimund Friðriksson frá Seðlabanka Íslands.

Í frumvarpinu er lagt til að ríkissjóði verði heimilað að taka lán fyrir allt að 500 milljörðum kr. á árinu 2008 eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Er annars vegar gert ráð fyrir að nýta megi heimildina til töku erlends láns í því augnamiði að styrkja gjaldeyrisforðann, hins vegar að nýta megi heimildina til aukinnar útgáfu ríkisskuldabréfa á innlendum markaði í þeim tilgangi að styrkja innlendan peninga- og gjaldeyrismarkað.

Gestir sem komu fyrir nefndina sögðu að upphæð lánsheimildarinnar skýrðist einkum af áformum ríkisstjórnarinnar um að styrkja gjaldeyrisforða Seðlabanka Íslands umfram það sem gert var 2006 þegar ríkissjóður tók erlent lán að fjárhæð 1 milljarður evra sem endurlánað var Seðlabankanum en við það tvöfaldaðist gjaldeyrisforði bankans. Einnig töldu gestir æskilegt að hafa svigrúm til frekari útgáfu innlendra ríkisskuldabréfa.

Sterk staða ríkissjóðs og gjaldeyrisskiptasamningar sem Seðlabanki Íslands hefur nýlega gert við seðlabanka í Danmörku, Noregi og Svíþjóð greiða fyrir erlendri lántöku. Gangi hún eftir mun lánsfjárhæðin verða endurlánuð Seðlabanka Íslands sem ávaxta mun féð erlendis á tryggan hátt þannig að féð sé ætíð laust til ráðstöfunar. Áhrifin ættu að koma fram í auknu trausti á íslenskt efnahagskerfi auk þess að styrkja lánshæfismat ríkissjóðs og innlendra fjármálastofnana.

Upplýst var í nefndinni að ef lántökuheimildin yrði alfarið nýtt til að styrkja gjaldeyrisforða Seðlabankans mundi hann ráða yfir nærri 900 milljarða kr. forða að meðtöldum framangreindum gjaldeyrisskiptasamningum.

Við umfjöllun nefndarinnar kom fram að unnið er að undirbúningi lántöku ríkissjóðs í formi skuldabréfaútgáfu á erlendum mörkuðum. Ekki liggur fyrir hvenær eða að hvaða marki heimildin verður nýtt innan lands eða erlendis en í fyrstu verður hún tæpast nýtt nema að hluta. Erfitt er að geta sér til um hvaða lánakjör ríkissjóði munu bjóðast enda háð aðstæðum á mörkuðum á hverjum tíma.

Nefndin leggur til að fjárlaganefnd samþykki frumvarpið óbreytt.

Alþingi, 27. maí 2008.

Pétur H. Blöndal, form.,
Ellert B. Schram,
Bjarni Benediktsson,
Lúðvík Bergvinsson,
Paul Nikolov,
Jón Bjarnason, með fyrirvara,
Guðbjartur Hannesson,
Höskuldur Þórhallsson,
Ólöf Nordal.

1205. Nefndarálit [620. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 55/1996, um tæknifrjóvgun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Áslaugu Einarsdóttur frá heilbrigðisráðuneyti, Ágúst Geir Ágústsson, formann nefnarinnar sem samdi frumvarpið, Guðmund Arason frá ART Medica og Sigurð Guðmundsson landlækni.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um tæknifrjóvgun auk afleiddra breytinga á barnalögum. Með frumvarpinu er m.a. lagt til að einhleypum konum verði heimilt með sömu skilyrðum og pörum að gangast undir tæknifrjóvgun hér á landi, að skilyrðum um hámarksaldur konu til að gangast undir slíka meðferð verði breytt þannig að heimilt verði meta í hverju einstöku tilviki hvort kona sé fær um að gangast undir slíka meðferð og loks að ráðherra fái heimild til að setja leiðbeinandi reglur um hámarksfjölda uppsettra fósturvísa og loks er lagt til að gerðar verði tilteknar breytingar á skilyrðum fyrir framkvæmd tæknifrjóvgunarmeðferðar.

Á fundum nefndarinnar voru ákvæði frumvarpsins um skilyrði tæknifrjóvgunar nokkuð rædd og þar á meðal breytingar á 3. gr. laganna þess efnis að ráðherra setji reglur um heimild eða skyldu til að leita til umsagnar félagsráðgjafa eða annarra fagaðila og eftir atvikum barnaverndarnefndar um félagslegar aðstæður þeirra sem fara í tæknifrjóvgun. Fram komu þau sjónarmið fyrir nefndinni að eðlilegt væri að gætt yrði jafnræðis með fagaðilum á viðkomandi sviði og fellst nefndin á þau sjónarmið.

Nefndin vekur athygli á að á fundum hennar hefur farið fram mikil umræða um tæknifrjóvgun sérstaklega í tengslum við frumvarp til laga um breytingar á lögum um tæknifrjóvgun, sem varð að lögum nr. 27/2008 og varðaði stofnfrumurannsóknir. Nefndin ræddi á þeim tíma sérstaklega hvort leggja ætti til breytingar á því frumvarpi m.a. varðandi möguleika einstæðra kvenna til að gangast undir tæknifrjóvgunaraðgerð o.fl. en fram kom að starfandi væri nefnd heilbrigðisráðherra sem ynni að endurskoðun laga um tæknifrjóvgun og ákvæði reglugerðar um tæknifrjóvgun. Nefndin lagði því áherslu á og taldi brýnt að vinnu þeirrar nefndar við endurskoðunina yrði hraðað og fagnar því sérstaklega þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu.

Nefndin leggur til lagatæknilega leiðréttingu á 10. gr. barnalaga.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svofelldri

BREYTINGU:

Við 2. mgr. 8. gr. bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Í stað orðanna „eða kjörmóðir skv. 2. mgr. 6. gr.“ í 1. málsl. 1. mgr. 10. gr. laganna, komi: eða foreldri ákvarðað skv. 2. mgr. 6. gr.

Guðjón A. Kristjánsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 28. maí 2008.

Ásta Möller, form., frsm.	Ágúst Ólafur Ágústsson.	Þuríður Backman.
Pétur H. Blöndal.	Árni Páll Árnason.	Valgerður Sverrisdóttir.
Ragnheiður Ríkharðsdóttir.	Ellert B. Schram.	Álfheiður Ingadóttir.

1206. Nefndarálit [613. mál]

um frv. til l. um sjúkratryggingar.

Frá 1. minni hluta heilbrigðisnefndar.

Með samþykkt 18. gr. laga nr. 160/2007 var tekin ákvörðun um að sett yrði á laggirnar ný stofnun, sjúkratryggingastofnun, sem nú er gert er ráð fyrir að taki til starfa 1. september nk. Þingmenn Framsóknarflokksins sátu hjá við afgreiðslu greinarinnar m.a. vegna þess að óljóst var á þeirri stundu hvert markmiðið yrði með hinni nýju stofnun, hver kostnaðurinn yrði samfara nýju fyrirkomulagi og því að skipta Tryggingastofnun ríkisins upp. Með samþykkt 18. gr. fékk heilbrigðisráðherra heimild til að skipa stofnuninni stjórn og auglýsa eftir forstjóra. Hvort tveggja gerði heilbrigðisráðherra áður en frumvarp til laga um sjúkratryggingar hafði verið lagt fram á Alþingi.

Öll málsmeðferð sem snýr að frumvarpi þessu um sjúkratryggingar er með endemum af hálfu heilbrigðisráðherra og formanns heilbrigðisnefndar. Frumvarpinu var dreift á Alþingi 37 dögum eftir að frestur hafði runnið út til framlagningar mála og því þurfti samþykki þingsins til að málið mætti koma á dagskrá. Til að flýta fyrir vinnslu við frumvarpið sendi formaður heilbrigðisnefndar það út til umsagnar í eigin nafni áður en mælt hafði verið fyrir því á Alþingi og málinu vísað til heilbrigðisnefndar. Þetta er ekki í samræmi við þingskapalög.

Frumvarpið sem hér um ræðir er að verulegu leyti sameinuð ákvæði úr lögum um almannatryggingar og lögum um heilbrigðisþjónustu. Því má segja að hér sé að verulegu leyti um formbreytingu en ekki efnisbreytingu að ræða. Breytingin hefur í för með sér breytt form á greiðslum ríkisins fyrir heilbrigðisþjónustu sem munu fara í gegnum sjúkratryggingar á grundvelli samninga sem stofnunin mun gera við allar heilbrigðisstofnanir á landinu. Þetta kallar stjórnarmeirihlutinn að ná fram fjölbreytilegri rekstrarformum sem geti fjölgað valkostum.

Ljóst er að hér er um grundvallarbreytingu á heilbrigðisþjónustu að ræða, enda er ákvæði í stjórnarsáttmála sem kveður á um að taka skuli upp blandaða fjármögnun á heilbrigðisstofnunum þar sem fjármagn fylgi sjúklingum. Þar kemur einnig fram að skapa verði svigrúm til fjölbreytilegra rekstrarforma í heilbrigðisþjónustu, m.a. með útboðum og þjónustusamningum.

Tekið skal fram að dæmi eru um að einkaaðilar annist rekstur heilbrigðisstofnana samkvæmt samningi við ríkið, en flest bendir til að í slíkum tilfellum sé reksturinn kostnaðarsamari en ella. Framsóknarflokkurinn hefur litið á slíkan rekstur sem undantekningu frá þeirri meginreglu að hið opinbera fjármagni heilbrigðisþjónustuna gegnum skatta og fjárlög og annist sjálft rekstur helstu rekstrareininga, svo sem sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva.

Nái frumvarpið fram að ganga má ætla að það leiði til einkavæðingar heilbrigðisþjónustunnar. Bresk rannsókn bendir til að ef efnt er til samkeppni um heilbrigðisþjónustu á markaði sem snýst um verð þjónustunnar, geti það aukið dánartíðni sjúklinga vegna aðgerða.

Allt bendir til að verði frumvarpið að lögum muni það leiða til aukins heildarkostnaðar við heilbrigðisþjónustuna almennt. Að auki má geta þess að kostnaður vegna breytinga á rekstri Tryggingastofnunar er metinn samtals a.m.k. 100 millj. kr. á þessu ári. Varanlegur aukinn rekstrarkostnaður Tryggingastofnunar í kjölfar breytinga sem lagðar eru til í frumvarpinu er metinn 120 millj. kr.

Augljóst er að sjúkratryggingum er ætlað gríðarlega víðtækt hlutverk með frumvarpinu. Svo virðist sem ráðherra sé óbundinn af faglegum sjónarmiðum við val á stjórnarmönnum fyrir stofnunina. Reglugerðarvald er í hávegum haft og því má segja að svigrúm ráðherra og stjórnar sjúkratrygginga í stefnu í heilbrigðismálum sé afar mikið án þess að sú stefna sé borin undir Alþingi.

Með tilliti til þeirra orða forsætisráðherra að með stjórnarsamstarfi við Samfylkinguna sé hægt að ná fram breytingum í heilbrigðismálum sem ekki væri mögulegt með öðrum stjórnmálaflokkum bendir allt til að með þessu frumvarpi um sjúkratryggingar séu uppi áform um grundvallarbreytingar.

Þingmenn Framsóknarflokksins vilja ekki bera ábyrgð á þeim breytingum og munu því sitja hjá við lokaafgreiðslu málsins.

Alþingi, 28. maí 2008.

Valgerður Sverrisdóttir.

1207. Nefndarálit [613. mál]

um frv. til l. um sjúkratryggingar.

Frá 2. minni hluta heilbrigðisnefndar.

Annar minni hluti átelur hve seint málið kom fram á þinginu og hve vanreifað það er þegar litið er til þess hve miklar grundvallarkerfisbreytingar er um að ræða. Frumvarpið greiðir götu markaðsvæðingar innan heilbrigðisþjónustunnar og gagnstætt því sem fullyrt er gætu þessar lagabreytingar orðið þjóðhagslega óhagkvæmar.

Annar minni hluti telur að málið verði að fá vandaða umfjöllun og leggur því til að frumvarpinu verði vísað aftur til nefndar.

Annar minni hluti áskilur sér rétt til að leggja fram breytingatillögur við frekari vinnslu málsins.

Alþingi, 27. maí 2008.

Álfheiður Ingadóttir, frsm. Þuríður Backman.

Með nefndarálitinu var fylgiskjal: Minnisblað eftir Rúnar Vilhjálmsson, prófessor, lagt fram á fundi í heilbrigðisnefnd 24. maí 2008.

1208. Breytingartillaga [613. mál]

við frv. til l. um sjúkratryggingar.

Frá Álfheiði Ingadóttur.

Á eftir 2. málsl. 2. tölul. 1. mgr. 29. gr. komi: Ekki er þó heimilt að taka gjald fyrir rannsóknir o.fl. sem eru nauðsynlegur undanfari innlagnar vegna aðgerðar.

1209. Nefndarálit [464. mál]

um frv. til l. um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

Frá minni hluta heilbrigðisnefndar.

Minni hluti heilbrigðisnefndar telur mikilvægt að lækka lyfjaverð í landinu. Þó nokkur árangur hefur þegar náðst í þeim efnum og væntingar eru um að með aðild Íslands að norrænum lyfjamarkaði megi ná enn frekari árangri. Í frumvarpi þessu til breytinga á lyfjalögum er fjallað um nokkra ólíka og óskylda þætti. Að mati minni hlutans skortir hér heildarsýn og stefnumörkun til lengri tíma, jafnvel tengingu við boðaðar breytingar sem ætlað er að hafa mikil áhrif á hlutdeild sjúklinga í lyfjakostnaði.

Sala nikótínlyfja.

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að heimiluð verði sala nikótínlyfja sem ekki eru lyfseðilsskyld í öðrum verslunum en lyfjabúðum. Nikótín er sterkt fíkniefni og er sala og dreifing þess í lyfjaformi því vandmeðfarin. Telja má að gott aðgengi sé að nikótínlyfjum hér á landi þar sem fjöldi lyfjaverslana miðað við íbúafjölda er mjög mikill. Reynslan sýnir að erfitt er að fylgja eftir ákvæðum laga um að þeir sem eru yngri en 18 ára megi hvorki kaupa né afgreiða tóbak. Þrátt fyrir að fáar formlegar kvartanir berist eftirlitsaðilum hafa kannanir sýnt að mjög auðvelt er fyrir þá sem yngri eru að kaupa tóbak. Hætt er við að ekki verði auðveldara að fylgja þessu ákvæði eftir þegar tyggigúmmí sem inniheldur nikótín verður komið í almenna sölu í verslunum. Minni hlutinn telur hætt við að það muni auka neyslu á nikótínlyfjum enn frekar en Íslendingar nota nú mest nikótínlyf þeirra þjóðum sem við berum okkur saman við. Nýlega er hafin markaðssókn á vegum framleiðenda og innflytjenda þessara lyfja með bragðbættu nikótíntyggjói sem líklegt er að höfði einkum til unglinga. Minni hlutinn telur að málið hafi ekki fengið nægilega skoðun og umfjöllun í nefndinni og minnir á að ábendingar um áhrif nikótínlyfja og neyslu þeirra hér á landi hafa einkum borist á síðari stigum í vinnu nefndarinnar. Mikilvægt er að tryggja fjölbreytt úrræði og aðstoð við þá sem vilja hætta reykingum, nikótínlyfin eru mikilvægur þáttur í slíkum stuðningi. Minni hlutinn styður ekki þessa breytingu við svo búið.

Póstverslun með lyf.

Í 3. gr. frumvarpsins er stigið óvenjustórt skref frá algeru banni við póstverslun með lyf til þess að ráðherra sé veitt galopin heimild til að ákveða hvort og hvernig slík póstverslun

skuli fara fram. Minni hlutinn telur eðlilegra að lögfesta ákvæði sem varða öryggi slíkrar póstverslunar, gæðakröfur og eftirlit. Í umsögnum og máli gesta sem fyrir nefndina komu var bent á að póstverslun með lyf gæti leitt til minni þjónustu og jafnvel lokunar lyfjabúða á fámennari stöðum úti á landi. Minni hlutinn telur því ákvæðið ekki nægjanlega vel unnið og getur ekki stutt það að svo komnu máli.

Lyfjagagnagrunnur.

Í 6. gr. frumvarpsins er lagt til að varðveislutími gagna í lyfjagagnagrunni landlæknis verði lengdur úr þremur árum í 30. Tilgangur þessarar breytingar er sagður m.a. að styrkja eftirlit landlæknis með lyfjaávísunum og aukaverkunum lyfja. Minni hlutinn styður breytinguna í trausti þess að málið komi aftur til skoðunar í tengslum við umfjöllun um rafræna sjúkraskrá. Við þá umfjöllun verður jafnframt að taka tillit til ábendinga Persónuverndar um kröfur sem gera þarf til aðgangsheimilda að gagnagrunnum sem hafa svo langan líftíma sem hér um ræðir en tillaga kom fram um að gera mætti ríkari kröfur um aðgangstakmarkanir á upplýsingar sem orðnar eru eldri en þriggja ára og ætlaðar eru til rannsókna á heilbrigðissviði.

Lyfjaverð.

Í 10. gr. frumvarpsins er lagt til að er þeir sem vilja selja lyfseðilsskyld lyf á lægra verði en hámarksverð segir til um skuli tilkynna lækkað verð til lyfjagreiðslunefndar sem birtir það í næstu útgáfu lyfjaskrárinnar. Söluaðili skal selja lyfið á sama verði á öllum sölustöðum sínum.

Íslenskur lyfjamarkaður einkennist af fákeppni sem bitnar harkalega á þeim sem síst skyldi, þ.e. sjúklingum sem hafa lítið val um hvaða lyf þeir kaupa eða hvort þeir yfirhöfuð verða að kaupa lyf. Minni hlutinn telur miður að stjórnvöld skuli ekki telja aðra leið færari til að lækka lyfjaverð á þessu stigi en að banna alla afslætti sem sjúklingar fá nú yfir borðið í apótekum. Einkum er þetta bagalegt fyrir örorku- og ellilífeyrisþega og þá hópa sjúklinga sem eru háðir tilteknum lyfjum ævilangt og hafa jafnvel fyrir atbeina hagsmunasamtaka sinna náð fram afsláttum í lyfjabúðum á tilteknum lyfjum. Eins hafa apótekin fram til þessa veitt slíkum sjúklingum einhvers konar magnafslátt. Minni hlutinn telur víst að mörgum muni bregða við þegar lyfjaverð hækkar 1. október nk. við gildistöku laganna og hefði talið rétt að vísa þessu ákvæði frumvarpsins til frekari vinnslu í nefnd þeirri sem nú hefur lyfjakostnað landsmanna til skoðunar og kennd er við Pétur H. Blöndal alþingismann. Minni hlutinn getur ekki stutt þessa breytingu.

Alþingi, 28. maí 2008.

Álfheiður Ingadóttir, frsm. Þuríður Backman.

1210. Breytingartillaga [233. mál]

við frv. til l. um meðferð sakamála.

Frá Atla Gíslasyni.

Á undan orðunum „ástæða er til að gruna“ í 2. mgr. 90. gr. komi: rökstudd.

1211. Nefndarálit [640. mál]

um frv. til l. um heimild ríkissjóðs Íslands til sérstakrar lántöku á árinu 2008.

Frá minni hluta fjárlaganefndar.

Frumvarpið sem hér um ræðir veitir fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, heimild til að taka á árinu 2008 allt að 500 milljarða kr. lán, eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Tilgangurinn er annars vegar að styrkja gjaldeyrisforða Seðlabanka Íslands og hins vegar að auka hugsanlega útgáfu ríkisskuldabréfa á innlendum markaði með það að markmiði að styrkja innlendan peninga- og gjaldeyrismarkað.

Það sem hér um ræðir er stærsta lántökuheimild Íslandssögunnar. Það ætti því að vera frumskylda þeirra sem að frumvarpinu standa að gera ítarlega grein fyrir ástæðum þess og tilurð, þróun og hugsanlegri framvindu, við hverju megi búast varðandi afkomu ríkissjóðs og hvers megi vænta í áframhaldandi aðgerðum stjórnvalda til að stuðla að efnahagslegum stöðugleika. Þetta hefur ríkisstjórnin ekki gert með tilhlýðilegum hætti.

Vandamálið sem íslenskt efnahagslíf stendur frammi fyrir er mikið. Viðskiptahallinn hefur farið upp í meira en fjórðung af landsframleiðslu; verðbólga er 12–13%, sú mesta í tæp 20 ár; raunvextir eru 12–13%, með þeim hæstu í heimi; skuldsetning heimilanna og þjóðarbúsins er lamandi. Gengisfall gagnvart gjaldmiðlum sem fólk hefur verið að taka lán í undanfarin ár er á milli 30–40% og greiðslubyrði ungs skuldsetts fólks hefur á örfáum mánuðum hækkað svo munar tugum þúsunda króna. Allt kemur þetta einkar hart niður á heimilunum í landinu.

Sú lántökuheimild sem hér er farið fram á er herkostnaðurinn af alvarlegum hagstjórnarmistökum síðastliðinna ára, hagstjórnarmistökum sem nú eru að koma þjóðarbúinu í koll. Þær miklu byrðar sem ríkissjóður ætlar nú að taka á sig er ein af mörgum birtingarmyndum og alvarlegum afleiðingum óábyrgrar stóriðju-, skattalækkana- og útrásarveisluhöldum undanfarinna ára.

Undanfarnar vikur, mánuði og ár hefur Vinstri hreyfingin – grænt framboð varað við því sem koma skyldi og ítrekað hvatt til beinskeyttra aðgerða í efnahagsmálum þjóðarinnar. Seðlabanki Íslands og innlend sem alþjóðleg ráðgjafarfyrirtæki vöruðu einnig sterklega við þróun mála. Árið 2005 lagði þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs fram tillögur, sem síðan hafa verið ítrekaðar með reglulegu millibili, um aðgerðir til að endurheimta efnahagslegan stöðugleika. Lítið var þá gert úr vandanum, en ef hlustað hefði verið á þau varnaðarorð væri veruleikinn öðruvísi í dag.

Það er áríðandi að viðurkenna þau alvarlegu mistök sem gerð hafa verið, læra af þeim og endurtaka þau aldrei aftur. Það sem hins vegar öllu máli skiptir nú er að verja heimilin í landinu. Koma verður í veg fyrir að fasteignamarkaðurinn hrynji, verja verður atvinnuöryggi og skapa stöðugleika fyrir almennt atvinnulíf. Nauðsynlegt er að ná jöfnuði í viðskiptum við útlönd og borga niður erlendar skuldir eins fljótt og mögulegt er. Tryggja verður að sá hugsunarháttur hérlendis að upphefja hvers kyns bruðl, þenslu, flottræfilshátt og græðgi – og senda svo reikninginn í hausinn á komandi kynslóðum – líði undir lok fyrir fullt og allt.

Það verður að vara sterklega við því ef þessi lántökuheimild er fyrst og fremst til þess hugsuð að styrkja gengi krónunnar, nota gengið til að ná verðbólgunni niður, og efna svo til nýrrar skuldasöfnunarveislu. Þá er verr af stað farið en heima setið. Það er og stórvarhugavert ef stjórnvöld ímynda sér að einungis með þessari lántökuheimild sé efnahagsmálum þjóðarinnar komið á réttan kjöl – jafnvel þótt um sé að ræða eitt rosalegasta inngrip sem komið hefur fram í hagsögu landsins í langan tíma.

Krefjast verður þess að stjórnvöld leggi nú þegar fram tillögur og sýni í verki hvernig þau hyggjast verja frekar heimilin í landinu, styðja við bakið á þeim sem nú mæta miklum erfiðleikum og tryggja efnahagslegan stöðugleika. Það er algjört skilyrði fyrir þessari lántökuheimild að frekari aðgerðir í efnahagsmálum þjóðarinnar fylgi í kjölfarið. Sterk og ábyrg hagstjórn og áframhaldandi aðgerðir verða að koma til.

Það er krafa Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að nú þegar verði unnið að setningu laga sem kveða á um uppskipti á bönkunum í viðskiptabanka annars vegar og fjárfestingarsjóði hins vegar, eins og þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs lögðu til strax árið 2002 (sjá fylgiskjal I). Ef ríkissjóður fær nú heimild til að taka að láni 500 milljarða kr. verður að gera þá skynsamlegu kröfu að bönkunum sé skipt upp í annars vegar þann hluta sem þjónar íslensku atvinnulífi og hins vegar þann hluta sem stendur í fjárhættuspili á erlendum mörkuðum.

Styrking gjaldeyrisforða Seðlabankans rímar við það sem þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa talað fyrir á undanförnum mánuðum, eins og lesa má í umfangsmiklum tillögum þeirra í efnahagsmálum. Líta verður svo á að áhrifin af frumvarpinu, komi það til framkvæmda, ættu að koma fram í auknu trausti á íslenskt efnahagskerfi auk þess að styrkja lánshæfismat ríkissjóðs og innlendra fjármálastofnana. Slíkt er einn liður í að verja heimilin í landinu, þar eð hrun fjármálakerfisins mundi hafa ófyrirsjáanlegar afleiðingar í för með sér fyrir þjóðarbúið allt.

Æðsta skylda stjórnvalda er að verja heimilin í landinu frá frekari skakkaföllum. Það verður ekki gert með þessari lántökuheimild einni saman; lífsnauðsynlegt er að frekari aðgerðir og ábyrg, sterk hagstjórn fylgi með. Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs lagði fram ítarlegar tillögur um aðgerðir til að tryggja efnahagslegan stöðugleika fyrr á þessu þingi og fylgja þær með sem fylgiskjal (sjá fylgiskjal II).

Þá vill minni hlutinn benda á 43. og 44. gr. fjárreiðulaga sem kveða á um hvenær leita skuli eftir heimildum til frekari fjárráðstafana af hálfu ríkissjóðs en fjárlög gera ráð fyrir (sjá fylgiskjal III). Það er mat minni hlutans að leita eigi nú þegar eftir heimildum fyrir umræddri lántöku ríkissjóðs í fjáraukalögum.

Alþingi, 28. maí 2008.

Jón Bjarnason,
frsm.

Með nefndarálitinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. (7. mál á 130. löggjafarþingi.) Sjá þskj. 7 í A-deild Alþt. 2003–2004, bls. 521–523.
II. Frumvarp til laga um ráðstafanir í efnahagsmálum. (486. mál á 135. löggjafarþingi.) Sjá þskj. 774 í A-deild Alþt. 2007–2008, bls. 4250–4268.
III. V. kafli laga um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, um frumvarp til fjáraukalaga.

1212. Þingsályktun [643. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Afgreidd frá Alþingi 29. maí.)

Samhljóða þskj. 1147.

1213. Breytingartillaga [285. mál]

við frv. til l. um grunnskóla.

Frá Steingrími J. Sigfússyni, Árna Þór Sigurðssyni og Álheiði Ingadóttur.

Við 1. mgr. 29. gr. bætist þrír nýir málsliðir, er verði 4.–6. málsl., svohljóðandi: Í námskrá og starfi grunnskóla skal enn fremur tekið mið af aukinni fjölbreytni hvað varðar menningarlegan og trúarlegan bakgrunn nemenda. Hvers kyns trúarleg innræting er óheimil. Fræðsla um trúarlega arfleifð íslenskrar menningar og um mismunandi trúarbrögð skal virða rétt manna til trúfrelsis og trúleysis, með það að markmiði að auka þekkingu, umburðarlyndi, skilning og virðingu milli ólíkra trúar- og menningarheima.

1214. Breytingartillaga [287. mál]

við frv. til l. um leikskóla.

Frá Steingrími J. Sigfússyni, Árna Þór Sigurðssyni og Álheiði Ingadóttur.

Við 1. mgr. 14. gr. bætist þrír nýir málsliðir, er verði 3.–5. málsl., svohljóðandi: Í námskrá og starfi leikskóla skal enn fremur tekið mið af aukinni fjölbreytni hvað varðar menningarlegan og trúarlegan bakgrunn nemenda. Hvers kyns trúarleg innræting er óheimil. Fræðsla um trúarlega arfleifð íslenskrar menningar og um mismunandi trúarbrögð skal virða rétt manna til trúfrelsis og trúleysis, með það að markmiði að auka þekkingu, umburðarlyndi, skilning og virðingu milli ólíkra trúar- og menningarheima.

1215. Framhaldsnefndarálit [432. mál]

um frv. til l. um breytingu á nokkrum lögum á auðlinda- og orkusviði.

Frá 2. minni hluta iðnaðarnefndar.

Að ósk undirritaðrar fór frumvarp til laga um breytingar á nokkrum lögum á auðlinda- og orkusviði aftur til nefndar milli 2. og 3. umræðu og komu gestir frá iðnaðarráðuneyti, Landsneti hf. og Sambandi íslenskra sveitarfélaga á fund nefndarinnar til að svara spurningum er varða 4. gr. frumvarpsins um Landsnet í kjölfar samhljóða samþykktar stjórnar sambandsins frá 23. maí sl.:

„Stjórnin leggur til þá breytingu á frumvarpi til laga um breytingu á nokkrum lögum á auðlinda- og orkusviði, 432. mál, að 4. gr. frumvarpsins, sem fjallar um breytingu á eignarhaldi á Landsneti hf., falli brott úr frumvarpinu. Landsnetið er vegakerfi orkunnar. Stjórnin telur afar brýnt að fyrirtækið verði áfram alfarið í opinberri eigu.“

Fram kom á fundinum að í upphaflegri umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga var aðeins bent á að með 4. gr. frumvarpsins væri opnað fyrir breytingu á eignarhaldi Landsnets. Hlyti sú breyting að verða umdeild. Einróma samþykkt ellefu manna stjórnar sambandsins gengur því lengra en sú umsögn. Þar er tekin skýr pólitísk afstaða til þess grundvallaratriðis hvort einkaaðilar geti orðið eigendur að Landsneti, sem er vegakerfi raforkunnar, og leggur stjórnin til að 4. gr. frumvarpsins, sem opnar á eignarhald einkaaðila að fyrirtækinu, falli brott.

Í svörum við spurningum nefndarmanna benti Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræðisviðs sambandsins, á að ef 4. gr. frumvarpsins verður samþykkt óbreytt skapast ósamræmi á milli 8. gr. raforkulaga og bráðabirgðaákvæðis XII við sömu lög. Niðurstaðan yrði tvö algerlega misvísandi ákvæði í raforkulögum, sem ekki gæti talist vera góð lagasetning. Einnig benti hann á að í bráðabirgðaákvæði XIII við lögin væri kveðið á um endurskoðun laganna fyrir árslok 2010. Því væri með öllu ótímabært að breyta 8. gr. laganna nú eins og lagt er til í 4. gr. frumvarpsins. Loks benti hann á að rök um að samræma þurfi lagaákvæði um eignarhald á orkufyrirtækjum ættu alls ekki við um Landsnet hf. þar sem fyrirtækið er ekki í samkeppn-

isrekstri. Landsnet væri vegakerfi raforkunnar í landinu og að mati stjórnar sambandsins ættu einkaaðilar ekki að eiga hlut í því.

Guðmundur Ingi Ásmundsson, staðgengill forstjóra Landsnets, sagði fyrirtækið ekki taka afstöðu til tillagana um breytt eignarhald. Það væri ákvörðun stjórnmálamanna. Í Bretlandi og Finnlandi væri flutningsfyrirtæki raforku rekið af almenningshlutafélögum og að þau hefðu, eins og ríkisfyrirtækin í Danmörku, Noregi og Svíþjóð, náð í fremstu röð óháð eignarhaldi.

Um túlkun iðnaðarráðuneytis vísast til álits meiri hluta iðnaðarnefndar. Undirrituð telur þau svör ófullnægjandi og ekki svara spurningunni um það hvort ákvæðið telst rétthærra, heimild til breytingar á eignarhaldi Landsnet sem 4. gr. hefur í för með sér eða áðurnefnt bráðabirgðaákvæði í raforkulögunum. Bráðabirgðaákvæði XII við raforkulögin var afrakstur vinnu svokallaðrar 19 manna nefndar sem sátt hefur náðst um. Vandséð er hvaða nauðsyn dregur ráðuneytið til þess að leggja nú áherslu á aðra niðurstöðu hvað varðar eignarhaldið á Landsneti rétt áður en endurskoðun laganna hefst.

Í nefndaráliti 2. minni hluta kom fram stuðningur við það markmið frumvarpsins að tryggja að auðlindir sem eru í eigu almennings verði það áfram en jafnframt miklar efasemdir um aðra þætti frumvarpsins. Þær efasemdir jukust enn við 2. umræðu og vinnu nefndarinnar sem einkenndist því miður af stöðugu undanhaldi gagnvart kröfunni um enn frekari markaðsvæðingu. Í stað þess að gera kröfu um að opinbert eignarhald væri ætíð $\frac{2}{3}$ hlutar í sérleyfisrekstri orkufyrirtækjanna er nú aðeins gerð krafa um einfaldan 51% meiri hluta og í stað þess að banna varanlegt framsal vatnsaflsvirkjana sem eru 7 MW eða minni, er nú fyrirhugað að draga mörkin við 10 MW. Það jafngildir því að Mjólkárvirkjun og Andakílsvirkjun séu settar á söluskrá.

Ákvæði frumvarpsins um að skipta upp öflugustu orkufyrirtækjum landsmanna og heimila einkaaðilum að kaupa bútana, ýmist allt að 49% eða að öllu leyti, stangast algerlega á við þann skilning 2. minni hluta að framleiðsla rafmagns og hitaveita fyrir almennan markað sé samfélagslegt verkefni sem ekki eigi að reka með með hagnaðarvon einstaklinga að leiðarljósi. Krafan um uppskiptingu gengur lengra en raforkutilskipun Evrópusambandsins og viðurkennt er að fyrirtækjalegur aðskilnaður og tvöföld yfirbygging mun kosta mikið fé. Ljóst er að sá reikningur mun enda á borðum almennra raforkukaupenda, heimila og fyrirtækja í landinu.

Engin rök hafa komið fram fyrir 4. gr. frumvarpsins sem opnar sem fyrr segir fyrir þann möguleika að einkaðilar megi kaupa 49% hlut í Landsneti. Landsnet er grunnnet raforkukerfisins. Fyrirtækið ber ábyrgð á öryggisþáttum í raforkuflutningi og kerfisstjórnun. Öll starfsemi þess byggist á sérleyfisrekstri og algeru banni við þátttöku í samkeppnisrekstri. Einkaaðilar eiga ekki erindi í þann rekstur að mati 2. minni hluta sem vísar einnig til þess að erlendis hefur slík tilhögun bæði leitt til minna afhendingaröryggis og hærra raforkuverðs.

Orðalag í 1., 8. og 13 . gr. frumvarpsins, eins og það var lagt fram, þar sem fjallað er um bann við framsali á „eignarrétti að vatni“ er umhugsunarefni í ljósi þess óleysta ágreinings sem staðið hefur um vatnalögin frá 2006. Gildandi vatnalög kveða skýrt á um að landeigendur hafi ekki eignarrétt á vatni heldur aðeins umráðarétt og hagnýtingarrétt. Ákvæði frumvarpsins virðast því ganga gegn þessu meginatriði gildandi vatnalaga sem stjórnarandstaðan á síðasta kjörtímabili stóð einhuga vörð um. Um þessar mundir er þetta ágreiningsefni til umfjöllunar í nefnd iðnaðarráðherra og er ekki gert ráð fyrir að nefndin skili af sér fyrr en næsta haust.

Við 3. umræðu málsins leggur undirrituð til breytingartillögu um að 4. gr. frumvarpsins, sem eftir 2. umræðu er orðin 3. gr., falli brott, sbr. 4. tölul. á þskj. 1099.

Alþingi, 28. maí 2008.

Álfheiður Ingadóttir.

1216. Svar [618. mál]

félags- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Pauls Nikolovs um aðgerðir gegn kynbundnum launamun.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hefur ríkisstjórnin í hyggju að verja fé til þess að útrýma kynbundnum launamun eins og norska ríkisstjórnin hefur nú boðað og beita svipuðum aðgerðum til þess? Ef ekki, hvernig hyggst ríkisstjórnin tryggja að á næstu árum verði þessum launamun útrýmt hérlendis?

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 23. maí 2007 er kveðið á um að gerð verði áætlun um að minnka óútskýrðan kynbundinn launamun hjá ríkinu og stefnt að því að hann minnki um helming fyrir lok kjörtímabilsins. Þá segir jafnframt að ríkisstjórnin vilji koma á samvinnu aðila vinnumarkaðarins og hins opinbera um að leita leiða til að eyða þessum launamun á almennum vinnumarkaði.

Í samræmi við framangreind markmið ríkisstjórnarinnar voru þegar á síðastliðnu ári skipaðir þrír vinnuhópar, tveir á vegum félags- og tryggingamálaráðuneytisins og einn á vegum fjármálaráðuneytisins, til þess að fylgja eftir ákvæðum stefnuyfirlýsingarinnar um að vinna markvisst gegn kynbundnum launamun.

Félags- og tryggingamálaráðherra skipaði Jón Sigurðsson, fyrrverandi ráðherra og fyrrverandi forstjóra Norræna Fjárfestingabankans, formann starfshóps sem fékk það verkefni að leita leiða til að eyða óútskýrðum launamun kynjanna á almennum vinnumarkaði sem og að jafna stöðu kvenna og karla í nefndum og við stjórnun stofnana og fyrirtækja. Starfshópurinn skal vinna tillögur og hrinda í framkvæmd þeim aðgerðum sem líklegastar þykja til árangurs. Í starfshópnum eiga sæti:

– Jón Sigurðsson, skipaður af félags- og tryggingamálaráðherra, formaður,
– Margrét Kristmannsdóttir, skipuð af félags- og tryggingamálaráðherra,
– Gunnar Björnsson, tilnefndur af fjármálaráðuneyti,
– Guðlaugur Stefánsson, tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins,
– Maríanna Traustadóttir, tilnefnd af Alþýðusambandi Íslands.

Félags- og tryggingamálaráðherra skipaði jafnframt Láru V. Júlíusdóttur hæstaréttarlögmann formann sjö manna ráðgjafarhóps sem hefur það hlutverk að vera ráðherra til ráðgjafar um framvindu aðgerða gegn kynbundnum launamun og að vinna eða láta vinna mat á raunverulegum árangri aðgerða.

Í ráðgjafarhópnum eiga sæti:

– Lára V. Júlíusdóttir, skipuð af félags- og tryggingamálaráðherra, formaður,
– Jón Gunnar Bernburg, tilnefndur af Háskóla Íslands,

– Lilja Mósesdóttir, tilnefnd af Háskólanum á Bifröst,
– Þorlákur Karlsson, tilnefndur af Háskólanum í Reykjavík,
– Kristín Ástgeirsdóttir, tilnefnd af Jafnréttisstofu,
– Hildur Jónsdóttir, tilnefnd af Jafnréttisráði,
– Þorbjörg I. Jónsdóttir, tilnefnd af Kvenréttindafélagi Íslands.

Fjármálaráðherra skipaði jafnframt hóp sem vinnur að verkefnum tengdum opinberum vinnumarkaði. Meginverkefni þess hóps er að setja fram áætlun um að minnka óútskýrðan launamun kynjanna á opinberum vinnumarkaði með það að markmiði að hann minnki um helming á kjörtímabilinu sem og að endurmeta kjör kvenna hjá hinu opinbera, einkum þeirra stétta þar sem konur eru í miklum meirihluta. Formaður starfshópsins er Ólöf Nordal alþingismaður og aðrir sem í honum eiga sæti eru:

– Halldóra Friðjónsdóttir, formaður BHM, tilnefnd af Bandalagi háskólamanna,
– Helga Jónsdóttir, framkvæmdastjóri BSRB, tilnefnd af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja,
– Dóróthea Jóhannsdóttir hagfræðingur, tilnefnd af launanefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga,
– Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður, tilnefnd af Félagi forstöðumanna ríkisstofnana,
– Steinunn Valdís Óskarsdóttir alþingismaður, tilnefnd af félags- og tryggingamálaráðuneytinu.

Formenn hópanna þriggja mynda jafnframt samráðsvettvang hópanna þriggja sem fulltrúi félags- og tryggingamálaráðherra kallar saman að ósk ráðherra. Samráðsvettvangurinn skal samhæfa starf hópanna þriggja og fara yfir tillögur þeirra.

Hóparnir þrír hafa unnið ötullega að verkefnum sínum undanfarna mánuði og forsætisráðherra, utanríkisráðherra, fjármálaráðherra og félags- og tryggingamálaráðherra hafa fundað með formönnum hópanna og metið með þeim stöðu mála. Fyrir liggur að hóparnir munu haustið 2008 skila ráðherrunum áfanganiðurstöðum og tillögum um verkáætlun sem unnið verður eftir út kjörtímabil ríkisstjórnarinnar. Þær niðurstöður og tillögur verða jafnframt kynntar á jafnréttisþingi sem haldið verður í haust skv. 10. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008. Hóparnir hafa þegar látið vinna ýmsa sérfræðivinnu en heildarkostnaður aðgerða liggur ekki fyrir á þessu stigi.

Auk framangreinds ber að geta þess að í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, sem samþykkt voru á Alþingi 6. mars síðastliðinn eru ákvæði sem varða launajafnrétti styrkt með það að markmiði að draga úr kynbundnum launamun. Þá er kveðið á um að félags- og tryggingamálaráðherra skuli sjá til þess að þróað verði sérstakt vottunarkerfi á framkvæmd stefnu um launajafnrétti og framkvæmd stefnu um jafnrétti við ráðningar og uppsagnir í samvinnu við samtök aðila vinnumarkaðarins. Verkefninu skal lokið fyrir 1. janúar 2010. Félags- og tryggingamálaráðuneytið hefur þegar átt samráðsfundi með aðilum vinnumarkaðarins um framangreint verkefni og ákveðið hefur verið í hvaða farvegi málið verður unnið á næstu missirum.

1217. Frumvarp til laga [648. mál]

um breytingu á lögum nr. 6/2002, um tóbaksvarnir, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. 3. mgr. orðast svo:

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um merkingar skv. 1. og 2. mgr., þar á meðal um viðvörunartexta og viðvörunarmyndir, stærð þeirra og letur og annað sem máli kann að skipta, í samræmi við gildandi tilskipun Evrópuþingsins og ráðs Evrópusambandsins um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi framleiðslu, kynningu og sölu á tóbaki og ákvarðana sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins tekur á grunvelli þeirrar tilskipunar.

b. 1. málsl. 4. mgr. fellur brott.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. Í stað 2. og 3. málsl. 1. mgr. koma þrír nýir málsliðir sem orðast svo: Þetta nær þó ekki til upplýsinga um tóbaksvöru sem miðlað er til þeirra sem selja tóbak í heildsölu eða smásölu enda sé þess gætt að upplýsingarnar séu ekki aðgengilegar neytendum eða öðrum. Sama á við um auglýsingar í ritum sem prentuð eru og gefin út utan Evrópska efnahagssvæðisins enda séu þau fyrst og fremst ætluð til dreifingar utan svæðisins og megintilgangur þeirra ekki að auglýsa tóbaksvörur. Þá er Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins heimilt, þrátt fyrir ákvæði 1. málsl., að gefa út og birta skrá yfir skaðleg efni í tóbaksvörum.

b. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður sem orðast svo: Bannað er jafnframt að flytja inn, framleiða og selja leikföng eða sælgæti sem er eftirlíking af sígarettum, vindlum eða reykjarpípum.

3. gr.

2. mgr. 8. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að gerðar verði breytingar á tóbaksvarnarlögum sem nauðsynlegar eru taldar til að mæta skuldbindingum okkar samkvæmt EES-samningnum meðal annars um tilkynningarskyldu samkvæmt tilskipun 98/34/EB og til að samræma löggjöf okkar öðrum tilskipunum Evrópuþingsins og ráðs Evrópusambandsins.

Um 1. gr.

Í fyrri staflið ákvæðisins er lagt til að ráðherra verði veitt heimild til að kveða á um upptöku varúðarmerkinga á tóbaksumbúðir í formi litmynda í samræmi við tilskipun Evrópu-

þingsins og ráðs Evrópusambandsins 2001/37/EB, um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi framleiðslu, kynningu og sölu á tóbaki, og ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins frá 5. september 2003 um notkun ljósmynda í lit eða annars konar skýringarmynda í viðvörunarmerkingum á tóbakspökkum. Lagabreyting þessi er liður í áætlun heilbrigðisyfirvalda hér á landi um að taka upp viðvörunarmerkingar á tóbaksumbúðir í formi litmynda í þeim tilgangi að hvetja fólk enn frekar til að láta af reykingum með því að koma á framfæri skýrum skilaboðum um skaðsemi þeirra. Innan Evrópusambandsins hefur Belgía þegar tekið upp viðvörunarmerkingar í formi litmynda og hafa fleiri lönd innan sambandsins hafið undirbúning að upptöku slíkra merkinga.

Í síðari staflið ákvæðisins er lagt til að 1. málsl. 4. mgr. 6. gr. laganna verði felldur brott en í ákvæðinu er mælt fyrir um að þeir sem framleiða, flytja inn eða selja tóbak megi ekki án samþykkis heilbrigðisráðherra gefa með orðum eða táknum sínar eigin upplýsingar á umbúðum vörunnar um heilsufarsleg áhrif af neyslu hennar. Samkvæmt tilskipun 98/34/EB var ákvæðið tilkynningarskylt til Eftirlitsstofnunar EFTA en þeirri skyldu var ekki sinnt á sínum tíma. Með frumvarpinu og tilkynningu þess til eftirlitsstofnunarinnar hefur þeirri skyldu nú verið fullnægt. Með lögum nr. 24/2003, um breytingu á lögum um tóbaksvarnir, var nýjum málslið bætt við framangreint ákvæði svohljóðandi: Óheimilt er með öllu að hafa á umbúðum tóbaks texta, heiti, vörumerki, myndir og myndræn eða annars konar tákn sem gefa í skyn að varan sé ekki eins skaðleg og annað tóbak. Var ákvæðið tekið upp í tóbaksvarnarlög til að gæta samræmis við fyrirmæli 7. gr. tilskipunar 2001/37/EB. Við nánari athugun og til að gæta betra samræmis við framangreint ákvæði tilskipunarinnar þykir nú rétt að fella fyrri málslið ákvæðisins niður enda er tilgangur hans sá sami og fram kemur í síðari málsliðnum, þ.e. að koma í veg fyrir að framleiðendur gefi með orðum eða með öðrum merkingum á tóbaksumbúðum í skyn að varan sé ekki eins skaðleg og annað tóbak. Á það m.a. við orð eins og „léttur“ (e. „light“, sbr. einnig „ultra-light“), „mildur“ (e. „mild“), „lítil tjara“ (e. „low-tar“) og önnur slík sem óheimil hafa verið talin á grundvelli þessa ákvæðis. Ákvæðið svo breytt hefur því ekki efnislegar breytingar í för með sér.

Um 2. gr.

Í fyrri staflið ákvæðisins er lagt til að orðalagi 2. og 3. málsl. 1. mgr. 7. gr. laganna verði breytt í þeim tilgangi að gæta betra samræmis við tilskipun Evrópuþingsins og ráðs Evrópusambandsins 2001/33/EB, um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna er varða auglýsingar á tóbaksvörum og til að skýra betur þær undanþágur sem leyfðar eru frá auglýsingabanni tóbaksvarnalaga.

Í síðari staflið ákvæðisins er lagt til að efnisákvæði 2. mgr. 8. gr. laganna verði tekinn upp sem nýr málsliður í 2. mgr. 7. gr. laganna. Í 7. gr. er kveðið á um bann við tóbaksauglýsingum en litið er á sölu leikfanga og sælgætis af þessu tagi sem óbeina tóbaksauglýsingu. Samkvæmt tilskipun 98/34/EB var ákvæðið tilkynningarskylt til Eftirlitsstofnunar EFTA en þeirri skyldu var ekki sinnt á sínum tíma. Með frumvarpinu og tilkynningu þess til eftirlitsstofnunarinnar hefur þeirri skyldu nú verið fullnægt.

Um 3. gr.

Í samræmi við þá breytingu sem lögð er til í b-lið 2. gr. frumvarpsins er í ákvæðinu lagt til að 2. mgr. 8. gr. laganna verði felld brott.

Um 4. gr.

Samkvæmt ákvæðinu öðlast lögin, ef samþykkt verða, þegar gildi.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 6/2002, um tóbaksvarnir, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lagt til að gerðar verði tilteknar breytingar á tóbaksvarnalögum sem nauðsynlegar eru taldar til að mæta skuldbindingum okkar samkvæmt EES-samningnum meðal annars um tilkynningarskyldu samkvæmt tilskipun 98/34/EC og til að samræma löggjöf okkar að öðrum tilskipunum Evrópuþingsins og ráðs Evrópusambandsins.

Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið leiði til aukins kostnaðar fyrir ríkissjóð verði það óbreytt að lögum.

1218. Skýrsla [649. mál]

samgönguráðherra um framkvæmd fjarskiptaáætlunar.

(Lögð fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

Inngangur

Nú eru liðin þrjú ár frá því að lögð voru drög að heildstæðri stefnumótun stjórnvalda í fjarskiptamálum. Sú stefnumótun tók til áranna 2005-2010 og var samþykkt með þingsályktun frá Alþingi.

Áætlunin var sú fyrsta sem samþykkt var í samræmi við breytingu sem gerð var á lögum nr. 81/2003 um fjarskipti. Í samræmi við breytinguna sem þá var gerð á lögunum skal samgönguráðherra leggja fram á Alþingi á þriggja ára fresti tillögu til þingsályktunar um fjarskiptaáætlun. Áætlunin er nú í endurskoðun og verður kynnt á haustþingi.

Með áætluninni er gert ráð fyrir að lagður verði grunnur að framþróun íslensks samfélags með því að bjóða góð, hagkvæm og örugg rafræn samskipti með beitingu fjarskipta- og upplýsingatækni. Við endurskoðun áætlunarinnar er gert ráð fyrir að mörkuð sé stefna til næstu sex ára. Þá er í áætluninni skilgreind nánari aðkoma og markmið stjórnvalda í fjarskiptamálum til næstu ára, auk þess sem gerð er grein fyrir ástandi og horfum í fjarskiptamálum í landinu í ljósi alþjóðlegrar þróunar. Markmið samræmdrar stefnumótunar er að auka samkeppnishæfni landsins og stuðla að framþróun atvinnulífs og ná fram hagkvæmri nýtingu fjármagns og samræmdri forgangsröðun verkefna. Þá er lögð áhersla á mikilvægi aðgengis að fjarskiptum og með hvaða hætti aðstaða landsmanna að þessu leyti verði jöfnuð.

Fjarskiptaáætlun skiptist í 15 meginmarkmið en að auki eru 32 markmið (verkefni) sem unnið er að og skiptast niður á 6 kafla áætlunarinnar:

I. Forskot.
II. Háhraðavæðing.
III. Farsamband.
IV. Stafrænt sjónvarp og hljóðvarp.
V. Öryggi og persónuvernd.
VI. Samkeppnishæfni.

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir þeirri vinnu sem átt hefur sér stað við framkvæmd á markmiðum fjarskiptaáætlunar frá ársbyrjun 2007 til maí 2008. Að gerð hennar komu verkefnisstjórn fjarskiptaáætlunar, starfsmenn fjarskiptasjóðs, samgönguráðuneytið og Póst- og fjarskiptastofnun. Þá var einnig aflað upplýsinga frá öðrum ráðuneytum vegna einstakra markmiða áætlunarinnar sem eru á ábyrgð þeirra.

Áhrifa fjarskiptaáætlunar er víða farið að gæta og sérstaklega á landsbyggðinni á dreifbýlum svæðum þar sem ekki hefur átt sér stað uppbygging á markaðsforsendum. Ljóst er að þau verkefni sem unnið hefur verið að hafa mikla þýðingu fyrir íbúa þeirra svæða og landsmenn alla sem um þau ferðast.

Umfangsmestu verkefnin hafa lotið að uppbyggingu stofnkerfa vegna GSM farsímaþjónustu, háhraðanettenginga og til að koma á gervihnattadreifingu á sjónvarps- og útvarpsdagskrá RUV. Öll þessi verkefni hafa farið í útboð á vegum fjarskiptasjóðs. Sum eru langt komin í framkvæmd og önnur á lokastigi útboðs. Útboðin hafa stuðlað að auknum áhuga og samkeppni í fjarskiptum á landsbyggðinni. Þá er ljóst að umgjörðin, sem sköpuð hefur verið um fjarskiptaáætlun, bæði varðandi mótun hennar og framkvæmd, er til þess fallin að ná megi betri árangri í uppbyggingu innviða og þjónustu með það að markmiði að Ísland verði í fremstu röð í á þessu sviði.

1. Framkvæmd fjarskiptaáætlunar

Verkefnisstjórn fjarskiptaáætlunar hefur yfirumsjón með framkvæmd fjarskiptaáætlunar fyrir hönd samgönguráðuneytisins. Verkefnisstjórnina skipa nú eftirfarandi:

- Gunnar Svavarsson, formaður.
- Lára Stefánsdóttir, varaformaður.
- Adolf H. Berndsen.
- Guðbjörg Sigurðardóttir.
- Jón Baldur Lorange.

Gunnar Svavarsson tók við formennsku af Friðrik Má Baldurssyni í mars 2008. Lára Stefánsdóttir og Jón Baldur Lorange voru skipuð í stjórnina í október 2007 í stað Hjálmars Árnasonar og Kristins Jónassonar.

Samhliða starfi sínu sem verkefnisstjórn um framkvæmd fjarskiptaáætlunar gegnir stjórnin starfi sem stjórn fjarskiptasjóðs en sá sjóður var stofnaður með lögum nr. 132/2005. Fjarskiptasjóður hefur það hlutverk að stuðla að uppbyggingu á sviði fjarskiptamála á grundvelli fjarskiptaáætlunar enda verði ekki að þeirri uppbyggingu staðið á markaðsforsendum.

Í upphafi gerði stjórn fjarskiptasjóðs samning við Póst- og fjarskiptastofnun um að stofnunin aðstoðaði m.a. við skipulag útboða og eftirlit með framkvæmd verkefna sjóðsins sem njóta styrkja. Sérstök deild, ráðgjafadeild, innan Póst- og fjarskiptastofnunar hafði það verkefni eitt að vinna að þessum verkefnum en deildin var aðgreind frá eftirlitsstarfsemi stofnunarinnar. Tveir starfsmenn, Ottó V. Winther og Geir Ragnarsson voru sérstaklega ráðnir til að sinna þessum störfum. Þessu fyrirkomulagi var breytt í mars 2008. Starfsmenn fyrrum ráðgjafadeildar og verkefni sjóðsins fluttust þá á skrifstofu fjarskipta og öryggismála hjá samgönguráðuneytinu.

Þá hafa lögfræðingur og skrifstofustjóri samgönguráðuneytisins í fjarskiptamálum starfað með verkefnisstjórn fjarskiptaáætlunar og stjórn fjarskiptasjóðs en varsla og umsýsla sjóðsins er í samgönguráðuneytinu.

Í fjarskiptaáætlun er einnig kveðið á um verkefni á ábyrgð annarra aðila en samgönguráðuneytis. Póst- og fjarskiptastofnun, sem stjórnsýslu- og eftirlitsstofnun, ber ábyrgð á framkvæmd margra verkefna í áætluninni. Þá bera menntamálaráðuneyti, fjármálaráðuneyti, dómsmálaráðuneyti og umhverfisráðuneyti ábyrgð á einstökum verkefnum. Vegna framkvæmdar þeirra verkefna hafa verið tilnefndir tengiliðir ráðuneytanna við verkefnisstjórnina og virkar stjórnin þá sem samráðs- og samstarfsvettvangur.

1.1 Staða einstaka markmiða

Í eftirfarandi töflu er stuttlega gerð grein fyrir stöðu markmiða fjarskiptaáætlunar. Flest markmiðin eru annað hvort í vinnslu eða þeim hefur verið náð að hluta eða öllu leyti. Önnur markmið eru annað hvort yfirmarkmið sem ráðast af framgangi undirmarkmiða eða einfaldlega markmið sem ekki hafa náð fram að ganga. Mikill árangur hefur náðst á s.l. tveimur árum frá því að fjarskiptaáætlun 2005 – 2010 var samþykkt á Alþingi.

Ítarlegri umfjöllun er að finna í meginmáli skýrslunnar.

Markmið fjarskiptaáætlunar - maí 2008			Staða			
	Markmið	Skýring	Á ekki við	Ekki hafið	Í vinnslu	Lokið
Kafli	**Tækifæri til að ná forskoti**					
3.1.1	Staða Íslands í samanburði við aðrar þjóðir	Yfirmarkmið allrar áætlunarinnar	X			
3.1.2	Skerpt á ímynd Íslands í samanburði við aðrar þjóðir	Yfirmarkmið allrar áætlunarinnar	X			
3.1.3	Bætt fjarskipti notuð í atvinnulífinu til að vega á móti jaðaráhrifum	Yfirmarkmið allrar áætlunarinnar	X			
	Háhraðanetvæðing					
3.2.1	Aðgangur landsmanna að háhraðanettengingu	Verkefnið var boðið út 27. febrúar 2008. Tilboð verða opnuð 31. júlí 2008			X	
3.2.2	Tenging menntastofnana við útlönd	Sambandið verður stækkað fyrri part sumars 2008			X	
3.2.2	Framhaldsskólar	Nýr samningur var gerður við Vodafone árið 2007				X
3.2.4	Grunnskólar	Í vinnslu. Lítið hefur miðað í þessu verkefni		X		
3.2.5	Stofnanir ríkisins	Í vinnslu. Lítið hefur miðað í þessu verkefni		X		
3.2.6	Löggjöf um höfundarrétt	Breytingar á lögum, þjónustusamningur			X	
	Farsamband					
3.1.1	Uppbygging GSM-dreifikerfisins á þjóðvegum og ferðamannastöðum	Uppbyggingu fyrri áfanga lýkur í júní 2008 og seinni áfanga fyrir árslok 2008			X	
3.2.2	Háhraðafarþjónusta	Tíðniheimildum úthlutað. Uppbygging hafin			X	
3.3.3	Arftaki NMT-kerfisins	Tíðniheimildum úthlutað. Uppbygging einnig hafin á langdrægu GSM			X	
	Stafrænt sjónvarp					
3.4.1	Stafrænt sjónvarp um háhraðanet	Háð uppbyggingu markaðaaðila.			X	
3.4.2	Stafræn dreifing á dagskrá RÚV um gervihnött	Samið var við Telenor í febrúar 2007. Útsendingar hófust í byrjun apríl 2007				X
3.4.3	UHF sjónvarpstíðnir	Tíðnir boðnar út árið 2005				X
3.4.4	Stafrænt gagnvirkt sjónvarp til 99.9% landsmanna	Háð uppbyggingu markaðsaðila			X	
3.4.5	Hliðrænt dreifikerfi fyrir sjónvarp lagt niður	Háð mörgum þáttum og uppbyggingu markaðaaðila.			X	
3.4.6	Aðgangur að lokuðum dreifikerfum	Settar hafa verið á reglur og kvaðir er lúta að þessu markmiði			X	
	Öryggi og persónuvernd					
3.5.1	Leiðbeiningar til neytenda	Margt gert á liðnu ári. Unnið er að langtímaáætlun			X	
3.5.2	Öryggisviðbrögð vegna óværu á Internetin	Beðið niðurstöðu skýrslu sem er í vinnslu			X	
3.5.3	Öryggisviðmið og lágmarksgæði fasta- og farsímaneta	Reglur gefnar út af Póst- og fjarskiptastofnun				X
3.5.4	Gæða og rekstraröryggi Internetþjónustuaðila	Reglur gefnar út af Póst- og fjarskiptastofnun				X
3.5.5	Tenging Íslands við útlönd	Nýr sæstrengur lagður árið 2008			X	
3.5.6	Vernd fjarskiptavirkja	Nýjar reglur settar. Frumvarp í skoðun			X	
3.5.7	Aðgerðaáætlun um varnir gegn ruslpósti	Reglur gefnar út af Póst- og fjarskiptastofnun				X
3.5.8	Upplýsingar um friðhelgi einkalífs í fjarskiptum	Upplýsingavefir á netinu. Unnið er að langtímaáætlun				X
	Samkeppnishæfni					
3.6.1	Samkeppni milli fjarskiptaneta	Útboð tíðniheimilda og markaðsgreiningar			X	
3.6.2	Aðgengi viðrðisaukandi þjónustu á fyrirliggjandi fjarskiptanetum	Nýjar markaðsgreiningar			X	
3.6.3	Gagnsæi kostnaðar aukið og gjaldmælingar skilgreindar	Póst- og fjarskiptastofnun birtir samanburð á verðlagningu á heimasíðu sinni				X
3.6.4	Verð fjarskiptatenginga til og frá landinu lækki	Verðskrá hefur lækkað. Frekari tækifæri framundan				X
3.6.5	Þarfir fatlaðra greindar	Málþing og skýrslur			X	
3.6.6	Breyting á gerð byggingarreglugerðar	Væntanlega tekið inn í næstu reglugerð			X	

2. Fjarskiptasjóður

2.1 Starfsemi

Eins og áður sagði var fjarskiptasjóður stofnaður með lögum fjarskiptasjóð nr. 132/2005. Hlutverk sjóðsins er að úthluta fjármagni til verkefna sem miða að uppbyggingu stofnkerfa fjarskipta, verkefna sem stuðla að öryggi og samkeppnishæfni þjóðfélagsins á sviði fjarskipta og annarra verkefna, enda sé kveðið á um þau í fjarskiptaáætlun og ætla má að ekki verði í þau ráðist á markaðsforsendum. Allar framkvæmdir vegna verkefna fjarskiptasjóðs eru boðnar út og er það hlutverk stjórnar að ákveða tilhögun og umfang útboða.

Með lögum um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf. nr. 133/2005 var samþykkt

að leggja sjóðnum til fjármagn að fjárhæð kr. 2.500 millj. kr. Fjárframlagið skiptist þannig milli ára að til sjóðsins voru lagðar 1.000 millj. kr. árið 2005, 500 millj. kr. árið 2007 og 500 millj. kr. árið 2008 og áætlaðar eru 500 millj. kr. árið 2009. Þeir fjármunir, sem þegar hefur verið samþykkt að leggja til fjarskiptasjóðs, eiga fyrst og fremst að standa straum af kostnaði vegna þriggja framkvæmdaverkefna innan fjarskiptaáætlunar þ.e.:

1. Að allir landsmenn, sem þess óska, hafi aðgang að háhraðanettengingum.
2. GSM-farsímaþjónusta verði aðgengileg á þjóðvegi 1, öðrum helstu stofnvegum og á helstu ferðamannastöðum.
3. Dreifing sjónvarpsdagskrár Ríkisútvarpsins, auk hljóðvarps Rásar 1 og Rásar 2, til sjómanna á miðum við landið og til strjálbýlli svæða verði stafræn um gervihnött.

2.2 Verkefni

2.2.1 Uppbygging GSM-farsímakerfis

Markmiðið er skv. fjarskiptaáætlun að GSM-farsímaþjónusta verði aðgengileg á þjóðvegi 1 og öðrum helstu stofnvegum og á helstu ferðamannastöðum. Þannig er ætlunin að auka öryggi vegfarenda og aðgengi að farsímaþjónustu á þjóðvegum landsins með því að stuðla að aukinni útbreiðslu GSM-farsímanetsins á þeim stöðum sem ekki er líklegt að verði þjónað á markaðslegum forsendum. GSM-farsímakerfið hefur ekki náð til alls landsins og skortir töluvert á að samband náist á þjóðvegakerfinu.

Þrátt fyrir að GSM-farsímakerfið hafi ekki verið hannað sem öryggiskerfi er ljóst að almenn eign slíkra farsíma er mikilvægur liður í öryggi borgaranna, auk þess sem farsíminn gegnir mikilvægu hlutverki í samskiptum í nútímaþjóðfélagi. Stjórn fjarskiptasjóðs tók ákvörðun um að skipta GSM-verkefninu í tvennt og við hafa tvö útboð.

GSM 1

Í fyrra útboðinu voru boðnir út vegkaflar á þjóðvegi 1, hringvegi, þar sem GSM-farsímaþjónustu nýtur ekki við í dag auk fjallvega á Fróðárheiði, Steingrímsfjarðarheiði, Þverárfjalli, Fagradal og Fjarðarheiði. Að auki var ákveðið að setja upp sendi í Flatey á Breiðafirði sem nær til um helmings leiðarinnar um Barðaströnd. Alls er um að ræða 500 km en lengsti kaflinn á hringveginum þar sem GSM-samband var ekki fyrir hendi var um Mývatnsöræfi en hann er um 80 km langur.

Ákveðið var að hafa lokað útboð að undangengnu forvali en sjóðurinn naut aðstoðar Ríkiskaupa við framkvæmd útboðsins. Fyrirhugað forval var kynnt á Evrópska efnahagssvæðinu um miðjan júní 2006. Forvalinu lauk á haustmánuðum 2006. Útboðsgögn voru afhent í október og skiluðu inn tilboðum sínum í desember. Þrjú tilboð bárust.

Og fjarskipti ehf	669 m.kr.	22 mánaða verktími
Síminn hf.	598 m.kr.	12 mánaða verktími
Síminn hf. (frávikstilboð)	535 m.kr.	12 mánaða verktími

Gengið var til samningaviðræðna við Símann hf. og var skrifað undir samning við fyrirtækið 12. janúar 2007. Samið var við Símann hf. á grundvelli frávikstilboðs og var endanleg samningsupphæð 565 milljónir króna. Stefnt var að því að ljúka verkefninu innan árs frá undirritun samnings. Alls eru 23 þjónustusvæði í fyrri áfanganum. Í lok maí 2008 er verkefninu að mestu lokið. Eingöngu á eftir að reisa tvo nýja sendistaði af heildarverkefninu. Vinna við báða staði er langt komin en uppsetning hefur m.a. tafist vegna erfiðleika með samninga við landeigendur, breytingu á staðsetningu sendistaða m.t.t. hagsmuna neyðarfjarskipta og veðurs sem hefur tafið fyrir lagningu rafmagns.

GSM 2

Síðari hluti áætlunar um endurbætur á GSM-farsímanetinu náði til annarra ódekkaðra stofnvega og helstu ferðamannastaða. Ákveðið var að hafa aftur lokað útboð að undangengnu forvali. Forvalið var kynnt á Evrópska efnahagssvæðinu í mars 2007 og áttu áhugasamir aðilar að skila tilkynningu um þátttöku til Ríkiskaupa. Forvalinu lauk um sumarið og fengu þeir aðilar, sem uppfylltu skilyrði forvalsins, afhent útboðsgögn og skiluðu inn tilboðum 16. október.

Þrjú tilboð bárust í síðari áfanga GSM-farsímaþjónustunnar. Tvö voru frá innlendum fyrirtækjum og eitt frá svissnesku. Tilboðin voru öll undir kostnaðaráætlun fjarskiptasjóðs sem var 732 milljónir króna. Þrjú tilboð bárust:

Síminn hf.	655 m.kr.	12 mánaða verktími.
Og fjarskipti ehf. (Vodafone)	487 m.kr.	22 mánaða verktími.
Amitelo AG	468 m.kr.	12 mánaða verktími.

Sá sem lægst bauð, svissneska fjarskiptafyrirtækið Amitelo, fullnægði ekki kröfum sem gerðar voru vegna verkefnisins og því var gengið til samninga við þann sem átti næst lægsta tilboðið. Ríkiskaup önnuðust framkvæmd útboðsins fyrir hönd fjarskiptasjóðs. Samið var við Vodafone í janúar 2008 um að fyrirtækið tæki að sér verkefnið.

Stefnt er að því að ljúka verkinu á 12 mánuðum, þrátt fyrir að umsaminn verktími sé 22 mánuðir. Gerð er krafa um að uppbyggingu á Vestfjörðum og á Norðausturlandi ljúki innan 12 mánaða. Samningsupphæðin er 400 milljónir króna. Endanleg samningsupphæð lækkaði frá því sem upphaflega stóð til vegna áforma Vodafone um uppbyggingu á markaðsforsendum á tilteknum svæðum. Alls eru 32 skilgreind þjónustusvæði í seinni áfanganum. GSM þjónustan verður bætt m.a. á Vestfjörðum, Norðausturlandi, í Fljótum, víða á Snæfellsnesi, á Bröttubrekku, Dölunum og Suðurstrandarvegi. Skilgreind ferðamannasvæði sem tekin verða sérstaklega eru þjóðgarðarnir við Snæfellsjökul og í Jökulsárgljúfrum.


Verkið er á áætlun og hefur Vodafone sett upp 8 senda fyrir lok maí 2008. Samkvæmt áætlun fyrirtækisins er gert ráð fyrir að öllu verkefninu verði lokið á árinu 2008.

2.2.2 Háhraðanettengingar um landið

Markmiðið er skv. fjarskiptaáætlun að allir landsmenn, sem þess óska, hafi aðgang að háhraðanettengingum. Verkefnið miðar að uppbygging á háhraðanettengingum á þeim stöðum þar sem markaðsaðilar eru ekki eða hafa ekki áætlanir um að bjóða upp á slíka þjónustu. Upplýsingatækni er leiðandi í hagvexti og atvinnuuppbyggingu í Evrópu og víða annars staðar, m.a. hér á landi. Áætlað er að stuðla að og hraða þróun upplýsingasamfélagsins svo að allir landsmenn, sem þess óska, geti tengst háhraðaneti og notið hagkvæmrar og öruggrar fjarskiptaþjónustu.

Vinnu við undirbúning útboðs var skipt í þrjá megin þætti:

- Greining á þeim stöðum þar sem háhraðanettengingar verða ekki í boði á markaðslegum forsendum eftir 1. júlí 2008. Áhersla var lögð á að greina stöðu háhraðanettenginga á landinu en nákvæm greining á henni hefur ekki verið gerð áður. Niðurstaða leiddi í ljós að um 1.230 staðir, þ.e. lögheimili með heilsársbúsetu eða byggingar með atvinnustarfsemi allt árið, verða án háhraðanetþjónustu eftir 1. júlí 2008 skv. gögnum frá fjarskiptafyrirtækjunum.
- Skilgreining á lágmarksgæðum og kröfum til þjónustunnar.
- Ákveða hæfiskröfur, valtöflu, forgangsröðun og útboðsleið.



Mynd 1: Staða GSM-verkefna fjarskiptasjóðs í lok maí 2008.

Undirbúningur útboðsins krafðist mikillar undirbúningsvinnu og samráðs við ýmsa hagsmunaaðila. Við afmörkun verkefnisins var leitað til markaðsaðila um núverandi og fyrirhuguð útbreiðslusvæða hráhraðanettenginga. Mikil vinna fór m.a. í það að safna og aðstoða aðila við að setja upplýsingarnar fram sem stafræn gögn (þekjur) í landupplýsingakerfi. Samanlagður jaðar allra markaðsaðila afmarkar útboðssvæði sjóðsins.

Uppfærðar og samræmdar upplýsingar um nákvæmt fyrirkomulag búsetu og atvinnustarfsemi í dreifbýli var hvergi að finna í aðdraganda útboðsins. Sjóðurinn leitaði því beint til sveitarstjórnarmanna, í hverju einasta sveitarfélagi á landinu, varðandi upplýsingar. Sú samvinna skilaði sér í mun nákvæmari gögnum en ef eingöngu hefði verið stuðst við opinberar upplýsingar á þeim tíma.

Hver einasti staður í útboðinu er hnitsettur. Hnitsetning allra lögheimila í dreifbýli landsins lá ekki fyrir þegar undirbúningur hófst. Sjóðurinn samdi við Fasteignamat ríkisins um aðgang að þeim hnitaupplýsingum sem til voru auk hnitsetningar á stöðum sem enn höfðu ekki verið hnitsettir.

Fullyrða má að ekki hefði verið hægt að standa eins vel að undirbúningi verkefnisins nema með góðri samvinnu ofangreindra aðila.

Háhraðanetsútboðið var auglýst í lok febrúar 2008 og verða tilboð opnuð 31. júlí 2008. Samið verður til ársins 2014. Um er að ræða opið útboð n.k. fegurðarsamkeppni með nokkuð ströngum lágmarksskilyrðum. Eingöngu er hægt að bjóða í allt landi, en ekki einstök svæði.

Útboðið er tæknilega óháð, þ.e. ekki er gerð krafa um ákveðna tækni umfram aðra.

2.2.3 Dreifing á dagskrá RÚV í um gervihnött

Markmiðið er skv. fjarskiptaáætlun að dreifing sjónvarpsdagskrár Ríkisútvarpsins, auk hljóðvarps Rásar 1 og Rásar 2, til sjómanna á miðum við landið og til strjálbýlli svæða, verði stafræn um gervihnött. Neytendum á afmörkuðum svæðum stendur þegar til boða stafrænt sjónvarp sem dreift er með ýmsum hætti með þræði eða þráðlaust. Þegar er hafinn undirbúningur að uppbyggingu UHF-dreifikerfa samkvæmt DVB-T staðli sem bjóða upp á stafrænt sjónvarp á landsvísu. Nauðsynlegt er að tryggja að sjófarendur og íbúar strjálbýlli svæða, sem ekki njóta fullnægjandi þjónustu, eigi möguleika á að ná sjónvarpsdagskrá RÚV, auk hljóðvarps Rásar 1 og Rásar 2 stafrænt í gegnum gervihnött. Markmiðið er að stafrænt sjónvarp nái til allra landsmanna.

Stjórn fjarskiptasjóðs leitaði eftir samstarfi við Ríkisútvarpið um þetta verkefni. Og eins og með önnur verkefni sjóðsins var óskað eftir aðstoð Ríkiskaupa við gerð tilboðsgagna.

Ákveðið að fara í afbrigði af útboði/samningskaupaferli til að tryggja að umbeðin þjónusta fengist af sem mestum gæðum fyrir sem hagstæðast verð. Gengið til samningaviðræðna við Telenor að afloknu útboði og var skrifað undir samning við fyrirtækið 1. febrúar 2007. Útsendingar hófust í byrjun apríl 2007 til m.a. almennings í hinum dreifðu byggðum og sjómanna. Samningstíminn er 3 ár og er áætlaður heildarkostnaður við verkefnið um 150 milljónir króna.

2.3 Fjármál

Fjarskiptasjóður fékk ekki framlag á fjárlögum 2007, en það framlag sem renna átti í sjóðinn skv. lögum um ráðstöfun á söluandvirði Símans, sem var 500 millj. kr. kom þess í stað með fjáraukalögum 2006. Yfirfærð fjárheimild sjóðsins frá fyrra ári var í upphafi árs 2007 1.526 millj. kr. Ríkissjóður greiddi sjóðnum 176,7 millj. kr. í vaxtatekur af inneign hans í ríkissjóði samkvæmt samningi en lækkaði jafnframt framlag sitt til hans með fjáraukalögum 2007 um 140 millj. kr. Til ráðstöfunar á árinu 2007 voru þannig 1.562,6 millj. kr. Kostnaður við starfsemi sjóðsins á árinu 2007 var 516,2 millj. kr. og óráðstafaðar fjárheimildir í árslok

þannig 1.046,4 millj. kr. Meginkostnaður, sem féll til á árinu, var vegna samnings við Símann hf. um uppbyggingu á fyrri hluta GSM verkefnisins. Í töflu 1 má sjá sundurliðun kostnaðar á árinu 2007.

Tafla 1 Sundurliðun kostnaðar fjarskiptasjóðs

	2007	**2006**
Laun stjórnar	3.135.804	3.179.869
Funda-, ferða- og aksturskostnaður	819.847	925.083
Kaup á sérfræðiþjónustu	31.207.864	14.171.319
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	2.403.195	
Samningur um fyrri áfanga GSM verkefnisins	410.552.716	
Samningur um útsendingar á dagskrám RÚV um gervihnött	30.657.830	
Kostnaður við starfsmenn sjóðsins hjá Póst- og fjarskiptastofnun	19.257.132	18.017.609
Fjármagnstekjuskattur	17.696.806	
Önnur gjöld	506.245	133.956
Samtals	**516.237.439**	**36.427.836**

3 Einstök markmið (verkefni) fjarskiptaáætlunar

3.1 Forskot

- Lögð verði áhersla á að þau tækifæri sem felast í góðum fjarskiptum, góðri menntun og tækniþróun verði nýtt til að skapa störf og auka hagsæld um land allt.

3.1.1 Staða Íslands í samanburði við aðrar þjóðir

- Íslensk fyrirtæki og stofnanir nái forskoti á aðrar þjóðir í að hagnýta fjarskiptatækni í þjónustu- og framleiðslugreinum.

Með þessu markmiði er lögð áhersla á mikilvægi þess að Ísland sé í fremstu röð í að hagnýta fjarskiptatækni enda eru mikil jákvæð efnahagsleg áhrif tengd því. Hér á eftir er gerð grein fyrir stöðu fjarskiptamála hér á landi í alþjóðlegu samhengi með því að bera saman helstu mælikvarða um árangur á því sviði. Stuðst er við sömu mælikvarða og í síðustu skýrslu um framkvæmd áætlunarinnar.

Eftirfarandi mælikvarðar eru hafðir til hliðsjónar:

- Framboð þjónustu og tækni.
- Aðgengi almennings á fjarskiptaþjónustu.
- Notkun almennings á fjarskiptaþjónustu.
- Verð á fjarskiptaþjónustu.

Sú fjarskiptaþjónusta sem er til skoðunar er eftirfarandi:

- Fastanet fyrir talsíma.
- Farsímaþjónusta.
- Háhraðatengingar.

Gengið er út frá því markmiði að Ísland hafi forskot á a.m.k 25 OECD lönd af 30 löndum hvað varðar aðgengi (e. coverage), útbreiðslu (e. penetration) og verð fjarskiptaþjónustu. Ef gögn um viðkomandi þætti eru ekki tiltæk fyrir OECD lönd þá er markmiðið að Ísland hafi forskot á a.m.k. 2 af 5 Norðurlöndum.

Í töflu 2 má sjá yfirlit um stöðu Íslands í samanburði við önnur lönd á árinu 2007 út frá ofangreindum markmiðum. Í samræmi við áætlunina er markmiðið að viðhalda því forskoti sem fyrir er og stuðla að úrbótum þar sem það er ekki fyrir hendi fyrir árið 2011.

Tafla 2 Staða Íslands í samanburði við önnur lönd 2007

Forskot	Fastanet talsíma	Farsímanet		Háhraðanet-tengingar
		Áskriftir	Kort	
Framboð	Já	Já	Já	Já
Aðgengi	Já	Já	Já	Nei*
Notkun	Nei*	Nei*	Nei*	Já
Verð	Já	Nei	Nei	Nei

Heimild: Póst- og fjarskiptastofnun, * Miðast við 2005.

Hér á eftir er gerð nánari grein fyrir þeirri tölfræði sem liggur til grundvallar þeirri niðurstöðu sem fram kemur í töflu 2.

Framboð þjónustu og tækni

Tafla 3 lýsir framboði á þjónustu og tækni á farsímamarkaði hér á landi í samanburði við önnur norræn lönd. Sjá má að öll Norðurlönd eru byrjuð með þriðju kynslóð farsíma en byrjað var að bjóða upp á þá þjónustu hér á landi á fjórða ársfjórðungi 2007. Þá er að auki NMT-farsímakerfi í notkun hér á landi eins og í Danmörku og Svíþjóð en fyrir liggur að það muni verða lagt niður hér á landi í árslok 2008. Einnig er stefnt að því að leggja niður NMT-kerfið í Danmörku og Svíþjóð á næstu árum.

Af þessu má ályktа að framboð farsímaþjónustu sé að hluta til meira í öðrum norrænum löndum þar sem útbreiðsla á þriðju kynslóðar farsímakerfi (UMTS-kerfi) hér á landi er ekki jafnmikil og hjá öðrum norrænum löndum. Óhætt er að ályktа að framboð talsímaþjónustu á fastaneti sé a.m.k. jafngott og gerist annars staðar á Norðurlöndum.

Tafla 3 Framboð þjónustu og tækni 2007

Lönd/ tækni	Ísland	Danmörk	Svíþjóð	Finnland	Noregur
NMT	Já	Já	Já	Nei	Nei
GSM 900/1800	Já	Já	Já	Já	Já
UMTS	Já	Já	Já	Já	Já

Heimild: Póst- og fjarskiptastofnun.

Aðgengi almennings á fjarskiptaþjónustu

Öll byggðarlög á Íslandi eiga kost á fastlínu- og farsímasambandi hér á landi. Farsímakerfi Símans nær til um 98% landsmanna og farsímakerfi Vodafone nær til um 83% landsmanna en 98% útbreiðslu er náð með reikisamningi við Símann. Bæði Síminn og Vodafone hafa tilkynnt um áform sín um mikla stækkun GSM þjónustusvæða á árinu 2008.

Notkun almennings á fjarskiptaþjónustu

Tafla 4 lýsir útbreiðslu á fastlínu- og farsímanotkun hér á landi í samanburði við önnur OECD-lönd. Niðurstaðan sýnir stöðu Íslands miðað við önnur OECD-lönd þar sem 1 er

mesta útbreiðsla, 2 sú næstmesta o.s.frv. Notkun fastlínu fer eftir fjölda rása á fastaneti á hverja 100 íbúa og hefur hún farið minnkandi hér á landi frá árinu 2000 eftir því sem notkun farsíma hefur aukist. Notkun farsíma í töflu 4 fer eftir útbreiðslu áskrifta og fyrirframgreiddra korta í hlutfalli af íbúafjölda en í lok árs 2006 var hlutfallið um 105% hér á landi.

Tafla 4 Notkun fastlínu- og farsíma

Útbreiðsla	Sæti innan OECD ár hvert					
Ár/þjónusta	2005	2004	2003	2002	2001	2000
Fastlína	6	...	6	7	7	7
Farsími	8	5	4	3	3	1

Heimild: OECD Communication Outlook 2007.
Skýringar: Aðildarlönd OECD eru 30 þjóðir. Niðurstaða sýnir í hvaða sæti Ísland er af 30 löndum OECD. Notkun á fastaneti miðast við fjölda rása á hverja 100 íbúa. Notkun farsíma miðast við hlutfall notenda (fyrirframgreidd kort og áskriftir) af íbúafjölda hvers lands.

Verð á fjarskiptaþjónustu

Niðurstöður fyrir farsíma og fastlínusíma um meðalnotkun má sjá í töflu 5.

Tafla 5 Verð á fjarskiptaþjónustu

Verðsamanburður	**Sæti innan OECD ár hvert**				
Ár/Þjónusta	2007	2006	2005	2004	2003
Heimilissími	1	3	1	1	1
Fyrirtækjasími	5	4	3	2	3
GSM – eftirágreitt	7	8	9	5	3
GSM – fyrirfram	10	9	5	3	2

Heimild: Teligen.
Skýring: Aðildarlönd OECD eru 30 þjóðir. Sæti 1 merkir að Ísland er með ódýrustu þjónustuna af mældum löndum OECD varðandi fjarskipti. Unnið upp úr verðskrám fjarskiptafyrirtækja í nóvember ár hvert.

Háhraðanettengingar

Hér á eftir er gerður samanburður á háhraðanettengnigum á Íslandi miðað við önnur lönd innan OECD (30 lönd). Hér er um að ræða skýrslu[1] sem unnin var af OECD og kom út í maí 2008. Byrjað er á því að bera saman framboð og notkun eftir tækni, því næst er samanburður á hlutfalli heimila með háhraðanettengingu. Þá er aðgengi og verð borið saman við önnur lönd.

Að lokum er gerður samanburður á hraða háhraðanettenginga til heimila og fyrirtækja á Íslandi miðað við önnur lönd innan OECD.

Framboð og notkun eftir tækni (e.penetration)

Tafla 6 sýnir fjölda háhraðanettenginga á Íslandi á hverja 100 íbúa eftir tækni í samanburði við Norðurlöndin lönd og meðaltal innan OECD.

1 http://www.oecd.org/document/54/0,3343,en_2649_33703_38690102_1_1_1_1,00.html

Tafla 6 Framboð og notkun á háhraðatengingum eftir tækni á hverja 100 íbúa í maí 2008

Tækni / Lönd	Ísland	Danmörk	Noregur	Svíþjóð	Finnland	OECD meðaltal
DSL	31,1	20,9	23,3	18,9	25,6	12,3
Kapal módem	0,0	9,9	5,5	5,9	4,0	5,7
Ljósleiðari / LAN	0,4	3,3	2,0	5,5	0,0	1,7
Önnur hárhraðaþjón.	0,7	0,8	0,4	0,1	1,1	0,3
Samtals (%)	**32,2**	**35,1**	**31,2**	**30,3**	**30,7**	**20,0**

Heimild: OECD

Sjá: http://www.oecd.org/dataoecd/21/35/39574709.xls

Hlutfall heimila með háhraðatengingu í árslok 2006 (e. usage)

Tafla 7 sýnir í hvaða sæti Ísland er hvað varðar hlutfall heimila með háhraðanettengingu.

Tafla 7 Hlutfall heimila með háhraðatengingu

Hlutfall heimila	Sæti innan OECD	Sæti innan Norðurlanda
Ár	2006	2006
Ísland	2	1

Heimild: OECD.

Skýring: Lægra sætisnúmer þýðir hærra hlutfall heimila með háhraðatengingu.

Sjá: http://www.oecd.org/dataoecd/20/59/39574039.xls

Aðgengi almennings að háhraðanettengingum -DSL (e. coverage).

Tafla 8 sýnir hvar Ísland stendur hvað varðar aðgengi almennings að DSL-háhraðaþjónustu.

Tafla 8 Aðgengi almennings að DSL-háhraðanettengingum

Aðgengi að háhraðanettengingum (DSL)	Sæti innan OECD	Sæti innan Norðurlanda
Ár	2005	2005
Ísland	14	4

Heimild: OECD Communication Outlook 2007.

Skýring: Aðgengi almennings að DSL-háhraðaþjónustu er mælt með mismunandi hætti innan OECD. Lægra sætisnúmer þýðir meira hlutfall heimila með aðgang að háhraðatengingu.

Sjá: http://www.oecd.org/dataoecd/22/1/39574951.xls

Verð fyrir háhraðatengingar (e. prices)

Í töflu 9 má sjá niðurstöður úr samanburði OECD á meðaltals verði á mánuði fyrir háhraðanettengingu í löndum OECD per auglýst Mb/s. Verð miðast við október 2007 og eru leiðrétt fyrir kaupmætti.

Tafla 9 Meðaltals verð fyrir háhraðatengingu per auglýst Mb/s í október 2007

Meðaltals verð fyrir háhraðatengingar	Sæti innan OECD	Sæti innan Norðurlanda
Ár	okt. 2007	okt. 2007
Ísland	7	1

Heimild: OECD.

Skýring: Lægra sætisnúmer þýðir hærri kostnaður.

Sjá: http://www.oecd.org/dataoecd/22/45/39575011.xls

Hraði fyrir niðurhal (e. speed).

Í töflu 10 má sjá niðurstöður úr samanburði OECD á meðaltalshraða fyrir niðurhal innan OECD.

Tafla 10 Meðaltals niðurhalshraði eftir löndum október 2007

Þjónusta og hraði	Sæti innan OECD	Sæti innan Norðurlanda
Ár	okt. 2007	okt. 2007
Ísland	26	5

Heimild: OECD.

Skýring: Lægra sætisnúmer þýðir minni hraði Mb/s.

Sjá : http://www.oecd.org/dataoecd/10/53/39575086.xls

Farsími og fastlínusími

Almennt er framboð þjónustu og tækni á farsímakerfum gott hér á landi. Farsímakerfi ná til um 98% landsmanna og á fjórða ársfjórðungi 2007 var byrjað að bjóða upp á 3G (UMTS) farsímaþjónustu. Þrátt fyrir að markmið um notkun farsíma náist ekki árið 2007 er fjöldi áskrifta og fyrirframgreiddra korta fleiri en íbúafjöldi en það getur m.a. stafað af því að viðskiptavinir séu með fyrirframgreidd kort hjá fleiri en einum þjónustuaðila. Skýringin liggur er að hluta til vegna erlendra ferðamanna en þau lönd sem eru með meiri notkun en hér á landi eru m.a. Bretland, Portúgal, Ítalía og Lúxemborg. Það er hins vegar áhyggjuefni hversu dýr farsímaþjónusta er hér á landi miðað við önnur lönd innan OECD.

Framboð og þjónusta á fastlínusíma er einnig gott hér á landi og er þjónustan sú ódýrasta innan OECD skv. ráðgjafarfyrirtækinu Teligen (www.teligen.com). Notkun hefur farið minnkandi frá árinu 2000 eftir því sem notkun farsíma hefur aukist.

Háhraðanettengingar

Framboð og notkun á háhraðanettengingum hefur batnað til muna hér á landi á undanförnum árum og er Ísland í öðru til þriðja sæti innan Norðurlanda en í því sjötta innan OECD. Aðgengi að DSL-tengingum er í fjórtánda sæti innan OECD miðað við árið 2005 en er í fjórða sæti af norrænu löndunum. Hlutfall heimila með háhraðanettengingu hér á landi er í öðru sæti innan OECD en er í því fyrsta innan Norðurlanda.

Við samanburð á háhraðanettengingum gagnvart öðrum löndum innan OECD kemur í ljós að þar sem helst er þörf á breytingum er að lækka verð fyrir þjónustuna og auka hraða á niðurhali. Einnig er þörf á að fjölga möguleikum sem notendur hafa við að velja mismunandi tegundir kerfa fyrir háhraðanettengingu t.d. ljósleiðara en háhraðanettengingar hér á landi eru langflestar yfir DSL fastlínukerfi.

Þrátt fyrir að þau fjögur markmið varðandi háhraðanettengingar náist ekki að fullu þá er staða á framboði, notkun og aðgengi á háhraðanettengingum almennt góð og að batna hér á landi.

3.1.2 Skerpt á ímynd Íslands þar sem fjarskipti eru til fyrirmyndar

- Skerpt verði á ímynd Íslands sem lands þar sem fjarskipti eru til fyrirmyndar og styrkt með því staða þess í samkeppni um erlendar fjárfestingar.

Nokkur markmið fjarskiptaáætlunar stuðla að þessu. Má þar nefna að allir landsmenn skuli eiga kost á háhraðanettengingu, langdræg stafræn farsímakerfi sem þjóni landinu öllu og miðunum verði byggð upp, allir landsmenn hafi aðgang að gagnvirku stafrænu sjónvarpi og öruggt samband fjarskipta við útlönd.

Eins og kemur fram í þeim köflum skýrslu þessarar þar sem fjallað er um viðkomandi markmið þá er ljóst að verulegur árangur hefur náðst hvað þessi atriði varðar. Á árinu 2007 var unnið að því að greina nákvæmlega hvar háhraðaþjónusta er ekki boðin á markaðsforsendum. Nú er fyrirliggjandi að útboði vegna háhraðanettenginga verði lokið á árinu 2008 þó að líklegt sé að framkvæmdatíminn nái fram á næsta ár. Því er ljóst að allir landsmenn sem þess óska munu geta nýtt sér slíka þjónustu. Fjarskiptatíðni fyrir langdrægt farsímakerfi á 450 MHz tíðnisviðinu var úthlutað 25. maí 2007 til NMI að undangegnu útboði. Stefnt er að því að nýtt kerfi muni taka við af NMT kerfinu eigi síðar en 1. janúar 2009, þó að nokkur óvissa sé um þær fyrirætlanir. Fyrirtækið Vodafone hefur tilkynnt opinberlega að það muni nýta núverandi tíðniheimild sína á 900 MHz tíðnisviðinu til að stækka dreifisvæði sitt verulega, m.a. með fjölda nýrra, langdrægra GSM senda þannig að um landsdekkandi kerfi verði að ræða. Ennfremur er líklegt að langdræg farsímakerfi á UMTS (3G) staðli á 900 MHz tíðnisviði muni ná til verulegs hluta landsins og e.t.v. miðanna við landið á næstu árum. Uppbyggingu starfræns dreifikerfis á UHF tíðnisviði lauk um mitt ár 2007. Nær það til yfir 98% heimila landsmanna með eina fléttu sem inniheldur 7 dagskrár. Jafnframt dreifir fyrirtækið tveimur fléttum á stórum hluta dreifisvæðis síns.

Þessar aðgerðir bæta aðgengi allra landsmanna að fjarskiptaþjónustu og vinna með markvissum hætti gegn jaðaráhrifum í búsetu og atvinnulífi.

Hvað varðar öruggt samband við umheiminn þá hefur verið gengið frá samningum um lagningu nýs sæstrengs til landsins. Nánar er gerð grein fyrir því í kafla 3.5.5.

3.1.3 Bætt fjarskipti notuð í atvinnulífinu til að vega á móti jaðaráhrifum

- Notuð verði bætt fjarskipti til að vega á móti jaðaráhrifum í atvinnulífi á landsbyggðinni og í alþjóðaviðskiptum.

Það eru einkum tvö markmið fjarskiptaáætlunar sem stuðla að þessu, þ.e. að allir landsmenn eigi kost á háhraðanettengingu og öruggt varasamband fjarskipta við útlönd.

3.2 Háhraðanetvæðing

- Allir landsmenn sem þess óska geti tengst háhraðaneti og notið hagkvæmrar og öruggrar fjarskiptaþjónustu.
- Menntastofnanir verði tengdar öflugu háhraðaneti.

3.2.1 Aðgangur landsmanna að háhraðanettengingu

- Allir landsmenn sem þess óska hafi aðgang að háhraðanettengingu.

Kveðið er á um það markmið að allir landsmenn sem þess óska hafi aðgang að háhraðanettengingu. Þetta er eitt af þeim verkefnum sem fjarskiptasjóður fékk fjármagn til að vinna að og gerð var nánari grein fyrir í kafla 2.

3.2.2 Tenging menntastofnana við útlönd

- Allar framhaldsskóla-, háskóla- og rannsóknastofnanir samnýti 2,5 Gb/s tengingu til útlanda árið 2006.

Rannsókna- og háskólanet Íslands, RH-net, tengir nú saman 16 háskóla- og rannsóknarstofnanir með allt að 1 Gbs-tengihraða. Eins og fram kemur í fjarskiptaáætlun krefst nútímarannsóknarstarfsemi öflugs tölvubúnaðar og reiknigetu til að ráða við sífellt umfangsmeiri og flóknari mæli- og rannsóknagögn sem safnað er í fjölþjóðlegum verkefnum. Til þess að íslenskir vísindamenn og námsmenn geti tekið þátt í dreifðri netvinnslu, sem nú er að ryðja sér til rúms í alþjóðlegu rannsóknar- og háskólaumhverfi, þurfa þeir að hafa aðgang að háhraðanettengingu til annarra landa sem að lágmarki er 2,5 G/bs. Brýnt er að þessari tengingu verði komið á en núverandi tenging um Cantat-3 er um 2x155 Mb/s tengingar sem eru alls ófullnægjandi fyrir keyrslu stórra rannsóknarverkefna.

Menntamálaráðuneyti og samgönguráðuneyti hafa í sameiningu skoðað mögulegan flutning á utanlandstengingu RH-nets yfir á Farice-1 strenginn. Viðræður hafa átt sér stað milli RH-nets og Farice hf. um tæknilegar og fjárhagslegar hliðar málsins. Helsta fyrirstaðan hefur verið hár kostnaður vegna þessarar miklu bandbreiddar sem er nálægt helmingur af núverandi notkun á Farice -1. Ekki tókst að ljúka þessu fyrir árslok 2007 en náðst hefur samkomulag við Farice um ásættanlegt verð og vonir standa til þess tengja megi RH-netið við Farice-1 fyrir sumarið 2008. Mikill fengur verður að þessari tengingu fyrir vísindasamfélagið á landinu.

3.2.3 Framhaldsskólar

- Allir framhaldsskólar verði tengdir öflugu háhraðaneti (lágmörk háð stærð skóla):
- Árið 2006 100 - 1.000 Mb/s.
- Árið 2007/2008 1 Gb/s.

FS-net er fjarskiptanet fyrir framhaldsskóla og símenntunarmiðstöðvar og var stofnað af menntamálaráðuneytinu árið 2003. Menntamálaráðuneytið stóð fyrir útboði á FS-netinu og telst eigandi þess en aðilar að netinu eru nær allir framhaldsskólar og símenntunarmiðstöðvar í landinu. Tilgangur þess er að veita framhaldsskólum og símenntunarmiðstöðvum bestu mögulegu netþjónustu óháð staðsetningu þeirra. Jafnframt er netinu ætlað að vera vettvangur nýsköpunar og þróunar í kennsluháttum þar sem háhraðatenginga er krafist. Tengistaðir eru nú hátt í 70 talsins. Samningur við fyrri þjónustuaðila, Skýrr, rann út um mitt ár 2007 og að undangengnu útboði var gengið til samninga við Vodafone um rekstur víðnets en Símann um rekstur Internetgáttar. Með útboðinu náðist umtalsverð lækkun á kostnaði auk þess sem sveigjanleiki í stærð tenginga var aukinn.

3.2.4 Grunnskólar

- Allir grunnskólar verði tengdir öflugu háhraðneti (lágmörk háð stærð skóla):
- Árið 2006 10 - 100 Mb/s.
- Árið 2007/2008 100 - 1.000 Mb/s.

Eins og fram kom í síðustu skýrslu var gerð var könnun á stöðu grunnskólanna árið 2002 sem var svo uppfærð árið 2004. Sú könnun leiddi í ljós að ástand tenginga grunnskóla var mjög misjafnt. Af 179 skólum höfðu 38 skólar góðar tengingar og í samræmi við markmið áætlunarinnar. Hins vegar voru 73 skólar með tengingar sem ekki geta talist háhraðatengingar. Þessi skólar voru flestir í dreifbýli og vonir standa til þess að þessir skólar muni m.a. njóta góðs af háhraðaútboði fjarskiptasjóðs. Verkefnastjórn fjarskiptaáætlunar telur mikilvægt að hugað verði að eflingu tenginga grunnskóla með markvissum hætti. Liður í því verður að gera nýja könnun á stöðunni eins og hún er í dag. Vonir standa til að samstarf grunnskóla aukist við FS-netið. Einstaka grunnskóli er tengdur FS-netinu með 2Mb/s sambandi en það er venjulegast vegna tengsla við símenntunarmiðstöð á hverjum stað.

3.2.5 Stofnanir ríkisins

- Allar helstu stofnanir ríkisins verði tengdar öflugu háhraðaneti (lágmörk háð stærð stofnana):
- Árið 2006 10 Mb/s.
- Árið 2007 100 - 1.000 Mb/s.
- Árið 2010 1 Gb/s.

Kveðið er á um að unnið skuli að því markmiði að allar helstu stofnanir ríkisins verði tengdar öflugu háhraðaneti og eru í því sambandi nefnd ákveðin lágmörk sem háð eru stærð stofnunar. Mikilvægt er að stofnanir séu meðvitaðar um markmið fjarskiptaáætlunar um tengingar en almennt er gengið út frá því að þær eigi sjálfar að afla sér tenginga í samræmi við þörf og viðmið fjarskiptaáætlunar.

Eins og fram kom í síðustu skýrslu var gerð tilraun til þess á árinu 2006 að fá stofnanir ríkisins til að taka þátt í sameiginlegu útboði á fjarskiptaþjónustu. Markmiðið var að reyna að fá betri þjónustu og tengingar á hagkvæmara verði sérstaklega fyrir stofnanir úti á landi. Þessi tilraun mistókst, þrátt fyrir að við greiningu hafi komið í ljós að margar stofnanir voru með tengingar sem hvorki fullnægðu þörfum þeirrar þjónustu sem þeim var ætlað að veita né kröfum viðskiptavina þeirra. Þátttakan varð dræm og að lokum stóð Vegagerðin ein að útboði. Í kjölfar útboðsins náði stofnunin öllum sínum markmiðum í betra verði, þjónustu og bandbreidd. Í kjölfarið hafa nokkrir aðilar farið útboðsleiðina og náð góðum árangri t.d. FS-netið.

Sífellt auknar kröfur um rafræna sítengda þjónustu kallar á meiri bandbreidd og hraða í samskiptum og ásamt aukinni samkeppni, sérstaklega úti á landi, aukast líkur á að góður árangur náist með útboðsaðferð. Verkefnastjórn fjarskiptaáætlunar leggur áherslu á að áfram verði haldið að hvetja stofnanir til að fara í sameiginlegt útboð á fjarskiptaþjónustu.

3.2.6 Löggjöf um höfundarétt

- Íslensk löggjöf um höfundarétt þróist í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar með tilliti til hagsmuna neytenda og rétthafa. Framboð efnis á háhraðanetum verði aukið.

Alþingi samþykkti á árinu 2006 breytingar á lögum um höfundarétt, sbr. lög 9/2006. Með lögunum er innleidd tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/29/EB frá 22. maí 2001, um samræmingu tiltekinna þátta höfundaréttar og skyldra réttinda í upplýsingasamfélaginu. Þessar lagabreytingar og innleiðing tilskipunar 2001/29/EB miða að því að styrkja réttindi höfunda, flytjenda og framleiðenda efnis. En lögvernd fyrir tækni og ráðstöfunum, sem ætlað er að verja efni höfunda gegn óheimilli notkun og dreifingu, er hins vegar mikilvæg forsenda þess að höfundar og útgefendur treysti sér yfirleitt til þess að bjóða fram efni með löglegum hætti á netinu.

Þá er kveðið á um það í 3. gr. þjónustusamnings menntamálaráðherra við Ríkisútvarpið ohf. að stefnt sé að því á samningstímanum að ná heildarsamkomulagi við rétthafa um víðtækari notkun á eldra safnaefni til að gera það aðgengilegra almenningi, þannig að RÚV verði heimilt að endurflytja og eftir atvikum veita almenningi aðgang að áður útsendu efni Ríkisútvarpsins. Nauðsynleg forsenda endurnýtingar eldra efnis er yfirfærsla þess af hliðrænu formi yfir á stafrænt form og skráning hljóð- og myndefnisins. Æskilegt er að veitt verði fjármagni af hálfu hins opinbera til að stuðla þannig að áframhaldandi aðgengi að íslenskum menningararfi sem felst í eldra útvarps- og hljóðvarpsefni hjá RÚV og einkareknum útvarpsstöðvum.

3.3 Farsamband

- Öryggi vegfarenda verði bætt með auknu aðgengi að farsímaþjónustu á þjóðvegum landsins og helstu ferðamannastöðum.
- Háhraðafarþjónusta verði byggð upp um allt land.
- Langdræg stafræn farsímakerfi til að þjóna landinu öllu og miðunum verði byggð upp.

3.3.1 Uppbygging GSM-dreifikerfis á þjóðvegum og ferðamannastöðum

- GSM-farsímaþjónusta verði aðgengileg á þjóðvegi 1 og öðrum helstu stofnvegum, á helstu ferðamannstöðum og minni þéttbýlisstöðum, sbr. samþjónustumarkmið fyrir árið 2006.

Í áætluninni er kveðið á um það markmið að GSM-farsímaþjónusta verði aðgengileg á þjóðvegi 1 og öðrum helstu stofnvegum, á helstu ferðamannastöðum og minni þéttbýlisstöðum. Þetta er eitt af þeim verkefnum sem fjarskiptasjóður fékk fjármagn til að vinna að og gerð er nánari grein fyrir í kafla 2.

3.3.2 Háhraðafarþjónusta

- Háhraðafarþjónusta standi til boða um allt land eigi síðar en 2006.

Í desember 2006 bauð Póst- og fjarskiptastofnun út tíðnir fyrir þriðju kynslóð farsíma í samræmi við lög um þriðju kynslóð farsíma, nr. 8/2005, í framhaldi af auknum áhuga markaðsaðila á að ráðast í uppbyggingu þriðju kynslóðar farsímakerfa. Áður hafði farið fram samráð við hagsmunaaðila í formi umræðuskjals með helstu útboðsskilmálum og bárust athugasemdir og ábendingar frá þremur fjarskiptafyrirtækjum.

Í útboðinu var tilgreint að gefnar yrðu út að hámarki 4 tíðniheimildir. Umsækjendur voru hins vegar aðeins þrír og uppfylltu þeir allir nauðsynleg skilyrði til þess að fá úthlutun og voru þrjár tíðniheimildir gefnar út 30. mars 2007 til Símans hf, Og fjarskipta ehf (Vodafone) og Nova ehf.

Meðal lágmarkskrafna, sem tilboðsgjafar urðu að uppfylla, var að þjónustan næði a.m.k. til 40% íbúa landsins innan 18 mánaða frá útgáfu tíðniheimildarinnar, þ.e. fyrir 1. október 2008. Tólf mánuðum síðar, þ.e. fyrir 1. október 2009, skal þjónustan ná til a.m.k. 30% íbúa í sérhverju kjördæmi landsins. Fyrir 1. apríl 2011 skal þjónustan svo ná til a.m.k. 60% íbúa í sérhverju kjördæmi. Allir bjóðendur skuldbundu sig til þess að veita þjónustu vel umfram lágmarksútbreiðslukröfur fyrir 1. október 2012, þ.e. umfram 60% íbúa utan höfuðborgarsvæðisins, og fengu þeir því fullan afslátt af tíðnigjöldum í samræmi við ákvæði laga nr. 8/2005, þannig að þeir greiddu hver um sig tíðnigjald sem rennur í ríkissjóð 40 millj. kr.

Fjarskiptafélögin þrjú hafa skuldbundið sig til eftirfarandi útbreiðslu í lok uppbyggingartímabilsins 1. október 2012 (hlutfall íbúa á svæðinu):

- Höfuðborgarsvæðið um 100%
- Suðurland og Reykjanes um 85%
- Önnur landssvæði um 75%

3.3.3 Arftaki NMT- kerfisins

- Langdræg stafræn farsímaþjónusta standi til boða um allt land og á miðum við landið eftir að rekstri NMT-kerfisins lýkur.

Þar sem nýtanlegt tíðnisvið sem lagt hefur verið undir NMT-kerfið (450 MHz) er takmarkað, ákvað Póst- og fjarskiptastofnun að allt tíðnisviðið, sem nýtt hefur til þeirra nota, yrði úthlutað einum aðila. Póst- og fjarskiptastofnun sendi út umræðuskjal með helstu útboðsskilmálum í lok janúar 2007 þar sem hagsmunaaðilum var gefinn kostur á að koma með athugasemdir og ábendingar. Útboðsgögn voru birt 7. mars 2007 og sendi aðeins einn aðili, Nordisk Mobil Ísland ehf. (NMÍ ehf), inn tilboð og var tíðniheimild til hans gefin út 25. maí 2007.

Gerð var krafa í útboðslýsingu um að útbreiðsla yrði a.m.k. jafnvíðtæk og núverandi NMT-þjónusta, bæði til sjós og lands. Jafnframt var gerð krafa um gagnaflutningshraða á öllu þjónustusvæðinu, sem væri a.m.k. sambærilegur við það sem gerist í GSM kerfum. Við mat á tilboðum skyldi taka sérstakt tillit til þess gagnaflutningshraða, sem boðinn væri.

NMÍ ehf bauð farsímakerfi með svokallaðri CDMA 2000 tækni, sem telst til þriðju kynslóðar farsíma með hliðstæða eiginleika og möguleika eins og þriðju kynslóðar farsímakerfi með W-CDMA/UMTS tækni, sem verið er að byggja upp hér á landi.

Símanum hefur verið gert að starfrækja NMT-farsímakerfið til ársloka 2008. Gert var ráð fyrir að nýja kerfið yrði tekið í notkun um mitt ár 2008 á hluta tíðnisviðsins. Í ársbyrjun 2009 var ráðgert að nýja kerfið hefði allt NMT-tíðnisviðið til ráðstöfunar og unnt yrði að veita fulla þjónustu. Líklegt er að einhver dráttur verði á þessum áformum.

Bæði Síminn og Vodafone hafa tilkynnt um áform um að stækka verulega þjónustusvæði GSM kerfa sinna, þannig að þau munu að verulegu leyti veita þjónustu á árinu 2008 á því svæði sem NMT kerfið þjónar nú.

3.4 Stafrænt sjónvarp og hljóðvarp

- Allir landsmenn hafi aðgengi að gagnvirku stafrænu sjónvarpi.
- Útvarpað verði um gervihnött fyrir landið allt og næstu mið.

3.4.1 Stafrænt sjónvarp um háhraðanet

- Stafrænt sjónvarp um háhraðanet verði boðið árið 2005.

Starfrænt sjónvarp um háhraðanet er aðgengilegt um ADSL net Símans, ljósleiðaranet Gagnaveitu Reykjavíkur og Breiðband Símans.

Ekki liggja fyrir opinberar upplýsingar um heildarfjölda þeirra sem nýta sér sjónvarp um háhraðanet. Þó er líklegt að á fimmta tug þúsunda heimila geti nýtt sér þessa þjónustu.

3.4.2 Stafræn dreifing á dagskrá RÚV í gegnum gervihnött

- Dreifing sjónvarpsdagskrár Ríkisútvarpsins, auk hljóðvarps Rásar 1 og Rásar 2, til sjómanna á miðum við landið og til strjálbýlli svæða verði stafræn um gervihnött.

Kveðið er á um það verkefni í áætluninni að dreifing sjónvarpsdagskrár Ríkisútvarpsins, auk hljóðvarps Rásar 1 og Rásar 2, til sjómanna á miðum við landið og til strjálbýlli svæða verði stafræn um gervihnött. Þetta er eitt af þeim þremur verkefnum sem fjarskiptasjóður hefur fengið fjármagn til að standa straum af og er gerð nánari grein fyrir verkefninu í kafla 2.

3.4.3 UHF sjónvarpstíðnir

- Boðnar verði út UHF-sjónvarpstíðnir fyrir stafrænt sjónvarp á árinu 2005.

Á fyrri hluta árs 2005 auglýsti Póst- og fjarskiptastofnun útboð á UHF-sjónvarpstíðnum. Umsóknir bárust frá tveimur aðilum, RÚV og 365 ljósvakamiðlum ehf. Báðir umsækjendur fengu úthlutað tíðnum 8. júlí 2005. Samkvæmt útboðsskilmálum skyldi dreifikerfið ná til a.m.k. 40 sveitarfélaga innan eins árs frá útgáfu tíðniheimildarinnar, þ.e. fyrir 8. júlí 2006, og innan tveggja ára, þ.e. fyrir 8. júlí 2007, skyldi útbreiðslan ná til a.m.k. 98% heimila í landinu.

Uppbyggingu dreifikerfis 365 ljósvakamiðla ehf., nú Og fjarskipti ehf (Vodafone), lauk á tilsettum tíma og er talið að það nái til um 98,6% landsmanna. Sjá má ítarlegar upplýsingar um útbreiðslu dreifikerfisins í frétt 17. október 2007 á heimasíðu Póst- og fjarskiptastofnunar, www.pfs.is. RÚV hefur hins vegar ekki enn hafið uppbyggingu á sínu dreifikerfi.

3.4.4 Stafrænt gagnvirkt sjónvarp nái til þvi sem næst allra landsmanna árið 2007

- Stafrænt gagnvirkt sjónvarp nái til því sem næst allra landsmanna árið 2007.

Með gagnvirku sjónvarpi er átt við að sjónvarpsnotendur geti sent upplýsingar með rafrænum hætti til sjónvarpsstöðvar og haft þannig áhrif á útsendingar frá sjónvarpsstöð. Dæmi um þetta er „sjónvarp eftir pöntun" (Video-on-Demand).

Sú fjarskiptaleið sem notuð er til að koma upplýsingum frá notanda til sjónvarpsstöðvar getur verið, en þarf ekki að vera, á sama dreifikerfi og hin eiginlega sjónvarpsdreifing. Þannig má t.d. nota farsímakerfi (GSM) eða fastlínukerfi til þess að senda upplýsingar til sjónvarpsstöðvar óháð því hvert sjónvarpsdreifikerfið er.

Með sjónvarpsdreifingu á kopar-heimtaugum, t.d. ADSL, liggur nokkuð beint við að nota sama dreifikerfi, þ.e. heimtaugarnar, fyrir sendingar frá notanda til sjónvarpsstöðvar.

Með stafrænu sjónvarpi á UHF sjónvarpstíðnum má segja að allar tæknilegar forsendur fyrir gagnvirkt sjónvarp séu fyrir hendi, þar sem sendingar frá notanda til sjónvarpsstöðvar má útfæra með margvíslegum hætti, sem nú þegar er fyrir hendi, t.d. með fastlínusíma, GSM eða aðra þráðlausa tækni.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um hve margir landsmenn eiga kost á gagnvirku sjónvarpi. Líklegt er að samkeppni á markaði verði helsti drifkrafturinn í þessu efni.

3.4.5 Hliðrænt dreifikerfi fyrir sjónvarp lagt niður

- Hliðrænt dreifikerfi fyrir sjónvarp verði lagt niður eigi síðar en árið 2010.

Yfirfærsla rekstraraðila sjónvarpsdreifineta frá hliðrænni tækni yfir á stafræna er í fullum gangi. Þar má nefna ADSL Símans, Digital Ísland, Val+, gervihnattarsjónvarp o.fl.

Til að tryggja að stafrænt merki Ríkisútvarpsins verði aðgengilegt öllum landsmönnum bæði á landi og á næstu miðum varð RÚV jafnframt aðgengilegt í gegnum gervihnött í apríl 2007.

Undirritaður var samningur á milli menntamálaráðuneytis og Ríkisútvarpsins ohf. um útvarpsþjónustu RÚV í almannaþágu 23. mars 2007, þar sem kveðið er á um að gerður skuli sérstakur samningur milli RÚV og menntamálaráðuneytis um útbreiðslu og þjónustu í stafrænu hljóðvarpi og sjónvarpi fyrir 31. desember 2007. Í samningnum skyldi eftirfarandi koma fram:

- Hvaða tækni RÚV hyggst nota til að ná til allra landsmanna.
- Hvaða tímaramma RÚV setur sér í útbreiðslu á stafrænu hljóðvarpi og sjónvarpi.
- Hvernig RÚV hyggst hvetja alla landsmenn til að skipta úr hliðrænni yfir í stafræna tækni áður en slökkt verður á hliðrænum hljóðvarps- og sjónvarpsútsendingum hér á landi.

- Hvort RÚV hyggst byggja upp eigið dreifikerfi, nota dreifikerfi annarra eða efna til samstarfs um dreifingu með öðrum hætti.
- Upplýsingar um fyrirhugaða þjónustu í grafísku þjónustuviðmóti í stafrænu sjónvarpi.
- Hvort og þá hvaða gagnvirka þjónustu RÚV hyggst veita í stafrænu sjónvarpi.
- Hvaða áform RÚV hefur í útsendingum á breiðtjaldi og háskerpu.

Skv. upplýsingum frá Póst- og fjarskiptastofnun frá febrúar 2008 hefur þessi samningur ekki verið gerður.

Og fjarskipti ehf. (Vodafone) hefur lokið við uppsetningu á stafrænu dreifikerfi á UHF tíðnisviði, sem nær nú til um 98,6% landsmanna. Fyrirtækið hefur nú þegar hætt hliðrænni dreifingu á fjölmörgum stöðum í dreifbýlinu, en mun fyrst um sinn reka áfram hliðrænt dreifikerfi á höfuðborgarsvæðinu og ýmsum þéttbýlli stöðum úti á landi. Ákvörðun þeirra um að hætta alveg við hliðræn dreifikerfi í þéttbýli virðist vera háð áformum RÚV í þessu sambandi.

3.4.6 Aðgangur að lokuðum dreifikerfum

- Stjórnvöld tryggi sjónvarpsstöðvum sem hafa skyldur við almenning aðgengi að lokuðum dreifikerfum.

Póst- og fjarskiptastofnun hefur gefið út reglur um skilyrt aðgangskerfi og notendabúnað fyrir stafrænt sjónvarp, nr. 570/2006. Í þessum reglum er kveðið á um aðgang útvarpsstöðva og annarra efnisveitenda að skilyrtum aðgangskerfum, án mismununar og á sanngjörnum kjörum. Ekki reyndi á reglurnar á árinu 2007.

Samkeppniseftirlitið setti kvaðir á Símann og Skjáinn annars vegar og Stöð 2 og Vodafone hins vegar þegar samruni varð á þessum markaði á sínum tíma. Kvaðirnar ganga m.a. út á það að hvor aðilinn um sig veiti hinum aðgang að dreifikerfi sínu með efni sitt og að hvor aðili um sig geti óskað eftir að fá efni hins aðilans til dreifingar.

3.5 Öryggi og persónuvernd

- Öryggi almennra fjarskiptaneta innanlands og við umheiminn verði tryggt með fullnægjandi varasamböndum.
- Öryggi netsins verði bætt svo að almenningur geti treyst á það í viðskiptum og daglegu lífi.

3.5.1 Leiðbeiningar til neytenda

- Leiðbeiningum og fræðsluefni um öryggismál, neytendavernd, persónuvernd og siðferðileg álitaefni verði miðlað til neytenda.

Í janúar 2006 var opnaður vefurinn www.netöryggi.is. Vefurinn veitir upplýsingum um einstaklinga og fyrirtækja um öryggi nettengdra tölva, m.a. um eldveggi, veiruvarnir og öryggisstillingar. Jafnframt eru veittar upplýsingar um örugga netnotkun einstaklinga. Þannig eru t.d. veitt ráð um val á lykilorðum, hvað beri að hafa í huga við viðskipti á netinu, blekkjandi tölvupóst, o.s.frv. Þá eru tenglar inn á aðra vefi sem fjalla um persónuvernd og siðferðileg álitaefni, m.a. SAFT-verkefnið og vef Persónuverndar. Vefurinn var endurgerður og opnaður í breyttu formi í byrjun mars 2007 á sýningunni Tækni og vit sem haldin var í Smáranum í Kópavogi.

Í nóvember 2007 var opnaður vefurinn www.netsvar.is í samstarfi Póst- og fjarskiptastofnunar, SAFT verkefnis Heimilis og skóla og Barnaheilla. Lögð hefur verið áhersla á að kynna vefinn m.a. með auglýsingum. www.netsvar.is er lifandi hjálparvefur fyrir almenning þar

sem fólki gefst kostur á að senda inn fyrirspurnir um hvaðeina sem tengist öruggri netnotkun og fá svör frá sérfræðingum. Hann tengist og vinnur með öðrum vefjum samstarfsaðilanna svo sem www.netöryggi.is, www.saft.is og www.barnaheill.is. Vefurinn er í daglegri umsjón starfsfólks SAFT verkefnisins en svör og annað efni kemur ýmist frá SAFT, stofnuninni eða Barnaheillum eftir því sem efni fyrirspurna gefur tilefni til.

Einnig er upplýsingum og fræðslu um fjarskiptamál miðlað til neytenda á vef PFS, www.pfs.is.

Unnið er að langtímaáætlun Póst- og fjarskiptastofnunar um net- og upplýsingaöryggi þar sem upplýsingar og fræðsla til neytenda og vitundarvakning meðal almennings um net- og upplýsingaöryggi er einn af meginþáttum áætlunarinnar.

3.5.2 Vinnuhópur til að herða viðbrögð við óværu á netinu

- Stofnaður verði vinnuhópur til að herða viðbrögð við óværu á netinu.

Samræmd viðbrögð við hættum á netinu eru í hverju landi fyrir sig og í alþjóðlegri samvinnu. Í flestum löndum eru mismargir öryggishópar (CERT/CSIRT) gegn öryggisatvikum sem þjóna mismunandi markhópum, t.d. háskólum eða hinu opinbera. Þessir hópar hafa náin tengsl, skiptast á upplýsingum og gefa út viðvaranir til sinna markhópa. Þeir samhæfa aðgerðir gegn hvers konar netvá. Yfirleitt taka þeir ekki beinan þátt í vörnum einstakra neta, t.d. stjórna íslensk fjarskiptafyrirtæki öryggi í sínum eigin netum. Reynsla annarra þjóða er að slíkir hópar krefjast mannafla og fjármagns. Póst- og fjarskiptastofnun hefur unnið að gerð skýrslu um þessi mál. Þegar skýrslan er fullkláruð og endanlegar kostnaðartölur liggja fyrir, má gera ráð fyrir að tekin verði ákvörðun um stofnun slíks hóps á Íslandi.

3.5.3 Öryggisviðmið og lágmarksgæðakröfur vegna virkni fastaneta og farsímaneta

- Skilgreind verði skýr öryggisviðmið og lágmarksgæðakröfur vegna virkni fastaneta og farsímaneta. Eftirfylgd verði tryggð.

Með breytingum á lögum um fjarskipti, nr. 81/2003 á vorþingi 2007 var Póst- og fjarskiptastofnun veitt heimild til að setja reglur sem auðvelda henni að ná ofangreindu markmiði. Í desember s.l gaf stofnunin út reglur um „Virkni almennra fjarskiptaneta“ sem taka formlega gildi 1. júlí 2008. Tilgangur reglnanna er að auka neytendavernd og treysta stoðir upplýsingasamfélagsins. Í þeim er kveðið á um þær ráðstafanir sem Póst- og fjarskiptastofnun telur nauðsynlegt að fjarskiptafyrirtækin geri til að tryggja órofinn og samfelldan rekstur almennra fjarskiptaneta. Samkvæmt reglunum skulu fyrirtækin gera ráðstafanir sem lúta að stjórnun upplýsingaöryggis og virkni fjarskiptakerfa. Hjá fjarskiptafyrirtækjunum þarf að liggja fyrir áætlun um órofinn rekstur, sem m.a. inniheldur neyðaráætlun þar sem fram kemur skilgreining á hámarkstíma rekstrarstöðvunar, og innra eftirlit sem m.a. á að tryggja virkni neyðaráætlunarinnar. Ennfremur eru ákvæði um vernd fjarskiptaneta, og kröfur um virkni fjarskiptanetanna, svo sem afkastagetu og rekstraröryggi fjarskiptakerfa. Að auki er fjallað um stjórn almennra fjarskiptaneta og stýringu þjónustugæða; stjórnun truflana og bilana, og tilkynningar um ósamfellda virkni. Að lokum eru ákvæði um öryggisatvik sem geta stofnað rekstraröryggi fjarskiptanetanna í hættu og skyldu fjarskiptafélaganna til að tilkynna slíkt.

3.5.4 Skilgreining krafna um gæði og rekstraröryggi til netþjónustuaðila

- Skilgreint verði hvaða kröfur um gæði og rekstraröryggi á að gera til netþjónustuaðila.

Með áðurnefndri breytingu á lögum um fjarskipti frá síðasta ári var stofnuninni ennfremur

veitt heimild til að setja reglur sem ná til ofangreinds markmiðs. Í desember s.l. gaf stofnunin út reglur um „Vernd, virkni og gæði IP fjarskiptaþjónustu“. Tilgangur reglnanna er að auka neytendavernd og treysta stoðir upplýsingasamfélagsins með því að gera auknar kröfur til IP fjarskiptaþjónustu. Með reglunum er kveðið á um ráðstafanir sem fjarskiptafyrirtækin verða að gera til að tryggja vernd, virkni og gæði þjónustunnar enda telji Póst- og fjarskiptastofnun þær nauðsynlegar. Samkvæmt þessum reglum skal viðhafa ýmsar ráðstafanir er lúta að þjónustunni, vernd viðskiptamannatenginga, viðskiptamannasamningum og stjórnun þeirra fjarskiptaneta sem þjónustan er veitt yfir, enda sé það undirstaða og forsenda góðrar netþjónustu.

3.5.5 Tengingar við útlönd

- Gert verði áhættumat um tengingu landsins við útlönd og tryggt að öryggismálum verði þannig háttað að tenging rofni ekki. Lágmarksþjónusta og viðbragðsáætlun verði skilgreindar ef bregðast þarf við bilun eða ógn, t.d. ef tenging um sæstreng rofnar.

Til landsins liggja nú 2 sæstrengir annars vegar Cantat-3 og hins vegar Farice-1. Sá síðarnefndi liggur á milli Íslands og Skotlands, með tengingu við Færeyjar, en rekstur hans hófst í janúar 2004. Cantat-3 var tekinn í notkun árið 1994 og liggur frá Kanada til Danmerkur, Englands og Þýskalands með greiningum til Færeyja og Íslands. Hann er nú elsti sæstrengurinn yfir Atlantshaf og þegar er búið að leggja a.m.k. tveim yngri strengjum. Cantat-3 strengurinn byggir á eldri tækni sem m.a. kemur í veg fyrir að uppfæra megi flutningsgetu hans frekar. Núverandi flutningsgeta strengsins er 5 Gb/s en til samanburðar er flutningsgeta Farice-1 720 Gb/s en aðeins um 10 Gb/s eru nú nýttar. Mikil óvissa ríkir um framtíð Cantat-3. Talið hefur verið að Cantat-3 geti dugað sem varaleið til ársins 2010. Þá hefur einnig verið horft til varasambanda í gegnum gervihnetti en eftir að tengingin gegnum Skyggni var tekin niður árið 2005 anna þau sambönd vart öðru en takmarkaðri talsímaumferð.

Þess ber að geta að í áætlunum Farice hf. hefur frá upphafi verið gert ráð fyrir lagningu nýs strengs, vinnuheiti Farice-2, enda er mikilvægt í starfsemi sem þessari að hafa hringtengingu til að tryggja öryggi og þjónustu. Á þetta hefur ítrekað reynt þar sem fjöldi bilana varð á strengnum á landleiðinni í Skotlandi sérstaklega í byrjun. Ráðin hefur verið bót á þessu með tvöföldun strengsins á hluta leiðarinnar um skosku hálöndin. Í þessum áætlunum var horft til áranna 2010 – 2012, þ.e. þegar aukin umferð um strenginn réttlætti aukna fjárfestingu. Málið var rætt innan Eignarhaldsfélagsins Farice ehf. en undirtektir annarra eigenda en ríkisins voru dræmar þar sem verðlag á gagnaflutningi var mun hærra en í Evrópu og töldu meðeigendur ríkisins ekki fjárhagslegar forsendur fyrir viðbótarstreng.

Þær bilanir sem urðu á Farice-1 í upphafi og takmörkuð flutningsgeta Cantat-3 beindu augum manna að veikleika tenginga landsins við umheiminn. Eins og fram kom í síðustu skýrslu þá var unnin skýrsla á árinu 2006 um mat á þjóðfélagslegum áhrifum þess að rof yrði á fjarskiptasamböndum Íslands við umheiminn og lagt mat á valkosti þá sem standa til boða til að auka öryggi útlandatenginga. Skýrslan var unnin af ráðgjafafyrirtækinu ParX fyrir Póst- og fjarskiptastofnun.[2] Þeir valmöguleikar, sem Íslendingum standa til boða, eru raktir í skýrslunni en þeim má skipta upp í tvo meginþætti, annars vegar út frá fjárhagslegri hagkvæmni og hins vegar út frá öryggissjónarmiðum. Meginniðurstaða skýrslunnar var að leggja þarf nýjan streng til landsins. Þau sjónarmið, sem þarf að vega og meta í þessu sambandi, voru þá helst þau er lúta að tímasetningu og fjárhags- og öryggissjónarmiðum.

2 Áhrif sambandsrofa í millilandafjarskiptum og tímasetning lagningar nýs sæstrengs. ParX – Viðskiptaráðgjöf IBM. Desember 2006.

Í kjölfar skýrslu ParX samþykkti ríkisstjórnin að fela samgönguráðherra að skipa sérstakan starfshóp til að gera tillögu um hvernig tryggja mætti varasamband fjarskipta við umheiminn í framtíðinni og eftir atvikum skila útfærðum tillögum um fjármögnun, eignarhald og framkvæmdatíma. Niðurstaða hópsins var að lagður yrði nýr sæstrengur frá Íslandi til Evrópu. Þá benti starfshópurinn á ýmis tækifæri sem felast í öruggu millilandasambandi. Veruleg vinna var lögð í leiðarvalskosti og landtökustaði bæði hér á landi, á Bretlandseyjum og á Írlandi. Skýrsla var unnin um leiðarval og samanburð á valkostum en sérstakur leiðarvalshópur vann að því máli. Í lokaskýrslu hópsins í apríl 2007 var bent á Landeyjarsand sem landtökustað á Íslandi en tveir landtökustaðir taldir nær jafngildir annarsvegar á Írlandi og hins vegar á vesturströnd Bretlands.

Af hálfu stjórnvalda var í upphafi lögð megin áhersla á nýjan streng til að sinna öryggisþörfum (uppitími) með hringtengingu við Farice-1. Á fyrst ársfjórðungi 2007 komst nokkur hreyfing á áhuga rekstraraðila netþjónabúa á að koma upp slíkri starfsemi hér á landi. Fjárfestingastofa vann skýrslu m.a. um samanburð á kostum þess að setja upp slíka starfsemi hér á landi.[3] Fulltrúar frá stórum aðilum á þessu sviði t.d. Yahoo, Microsoft o.fl., þ.m.t. Verne Holdings, óskuðu eftir fundum með íslenskum stjórnvöldum um málið og lýstu áhuga á að koma á fót slíkri starfsemi hér á landi. Forsenda þess væri þó fullnægjandi fjarskiptasamband við útlönd. Þá hafði fjöldi annarra aðila haft samband við fulltrúa annarra hagsmunaaðila hér á landi t.d. við Eignarhaldsfélagið Farice ehf. og orku- og fjarskiptafyrirtæki.

Ljóst er að á sama tíma og starfshópur ráðuneytisins skilaði af sér skýrslu um leiðarval og valkosti um landtökustaði var mikil gerjun í gangi um uppbyggingu netþjónabúa hérlendis. Netþjónabú þurfa mikla orku til kælingar vegna starfseminnar auk fjölda tæknimenntaðra starfsmanna og öflugra fjarskiptatenginga.

Þegar ráðuneytið hitti fulltrúa þessara aðila kom fljótlega í ljós að leiðarval var mikilvægur þáttur og jafnvel ákvörðunarástæða þeirra um hvort hefja ætti þessa starfsemi hér á landi. Bentu þeir m.a. á veikleika sem fælist í að leggja hinn nýja streng til Bretlandseyja eða um Írland með hringtengingu um London, hvað öryggi varðar (allar tengingar um eina byggingu í London Telehouse). Þá bentu fyrirtækin á að markaðssvæði þeirra væri í mið- norður- og austur Evrópu og að heppilegra væri að fá hringtengingu um Amsterdam, Frankfurt eða Kaupmannahöfn þannig að annar landtökustaður væri heppilegri (Holland, Þýskaland eða Danmörk).

Í kjölfar þessa hóf Eignarhaldsfélagið Farice ehf. sem falin hafði verið frekari framkvæmd verkefnisins, skoðun á öðrum valkostum fyrir landtöku á meginlandi Evrópu. Skoðaðir voru möguleikar á landtöku í Hollandi, Þýskalandi og Danmörku og þá horft til þarfa netþjónabúa um góða tengikosti til Stokkhólms, Amsterdam og Frankfurt. Niðurstaða þessarar skoðunar leiddi í ljós að fyrri tveir kostirnir, þ.e. Holland og Þýskaland kröfðust mun meiri fjárfestingar en lagning til Danmerkur sem væri því hentugasti kosturinn. Við það voru m.a hafðir í huga fjölmargir valkostir um tengingar frá landtökustað í Danmörku til Stokkhólms, Amsterdam og Frankfurt.

Þá er rétt að benda á að Landstjórnin á Grænlandi hóf síðari hluta árs 2006 og í ársbyrjun 2007 undirbúning á lagningu sæstrengs frá Grænlandi. Strengurinn á að liggja annars vegar til Kanada og hins vegar til Íslands. Ekki var ljóst í upphafi hvort Landsstjórnin veldi Ísland eða Færeyjar sem tengipunkt fyrir flutning til Evrópu. Á fyrsta ársfjórðungi 2007 tók Landstjórnin síðan ákvörðun í kjölfar samningaviðræðna við Farice hf. um að leggja streng til Íslands. Landtökustaðurinn á Íslandi var ákveðinn Landeyjarsandur þar sem strengurinn mun tengjast inn í fyrirhugaða nýja landtökustöð vegna Danice.

3 http://www.invest.is/resources/Files/invest.is/Extract%20DCR.pdf

Ljóst var að við lagningu Farice-1 voru ekki markaðslegar forsendur fyrir lagningu annars strengs og að ekki hefði orðið af lagningu hans nema með aðkomu íslenskra og færeyskra stjórnvalda. Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) komst að þeirri niðurstöðu að í þeirra aðkomu hafi falist ríkisaðstoð bæði vegna stofnframlagsins í hlutafé og vegna ríkisábyrgðar á lánum. Þessi aðkoma var þó talin réttlætanleg þegar litið var til aðstæðna, en um það er vísað að öðru leyti til niðurstöðu stofnunarinnar.

Þegar farið var að leita leiða við fjármögnun nýja strengsins voru aðrir aðilar en íslenska ríkið tregir til þátttöku. Þegar áhugi netþjónabúa kom í ljós breyttist afstaða annarra til þátttöku í verkefninu. Í drögum að viðskiptaáætlun sem unnin var fyrir Eignarhaldsfélagið Farice ehf. kom fram að eitt netþjónabú myndi nægja til að gera fjárfestingu í lagningu nýs sæstrengs arðsama og greiða aukinn kostnað vegna lengri og dýrari strengs sem leiddi af breyttu leiðarvali. Með þessu breyttust forsendur þátttöku í verkefninu en það þykir nú fýsilegur kostur út frá markaðslegum forsendum. Þegar þátttaka ríkisins er skoðuð í heild þá hefur það, mikla beina og óbeina hagsmuni af lagningu sæstrengsins m.a. í ljósi aukins öryggis millilandasambanda, án hækkunar gjalda til neytenda, nýsköpunar í atvinnulífinu, aukinnar samkeppni um orkukaup og arðs af fjárfestingunni í Farice.

Í ljósi þessa sem að framan er rakið varð ákveðin stefnubreyting hjá íslenskum stjórnvöldum þar sem aðrir þættir en þeir sem lúta beint að öryggi millilandasambanda (fjölgun sæstrengja) fengu aukið vægi. Helstu sjónarmið sem lögð voru til grundvallar varðandi ákvarðanatöku við lagningu strengsins voru eftirfarandi:

Nýr sæstrengur verði tilbúinn fyrir árslok 2008;

- Tæknilega öruggt kerfi með slitlausri millifærslu milli strengja við bilun.
- Farice-1 og nýr strengur verða reknir sem eitt kerfi með hringtengingu.
- Nýr sæstrengur uppfylli kröfur netþjónabúa um flutningsgetu og tæknilega þætti.
- Ákvörðu um leiðarval auki líkur á að laða megi að fyrirtæki í nýsköpun.
- Fjárfesting og ríkisábyrgð í Farice hf. verði tryggð með því að ljúka við hringtengingu.

Þessar breyttu áherslur voru kynntar sérstaklega í minnisblaði samgönguráðherra til ríkisstjórnar í september 2007 þar sem m.a. var leitað eftir heimild til að auka hlutafé ríkisins í Eignarhaldsfélaginu Farice ehf. um allt að 400 milljónir króna vegna verkefnisins.

Í kjölfarið var ákveðið í ljósi ofangreindra sjónarmiða að lagður yrði nýr sæstrengur til Danmerkur. Gert er ráð fyrir að nýr sæstrengur verði í upphafi með 100 Gb/s flutningsgetu en verði stækkanlegur í allt að 2.000 Gb/s. Flutningsgeta Farice-1 verður aukin í 100 Gb/s og flutningsgeta landleiða vegna Farice-1 einnig aukin í 100 Gb/s. Endastöðvar Farice-1 sem eru nú í Reykjavík og London verða tengdar á meginlandi Evrópu þannig að hringtenging náist. Samið hefur verið um botnrannsóknir og lagningu strengsins og áætlanir gera ráð fyrir að lagningu verði lokið í lok ársins 2008. Þegar liggur fyrir samningur milli Farice við fyrsta netþjónabúið um gagnaflutning um hinn nýja streng.

Þróun mála varð síðan sú að ákveðið var að hefja viðræður við orkufyrirtækin og aðra meðeigendur í Eignarhaldsfélaginu Farice ehf. um aukningu hlutafjár í félaginu og var gert hluthafasamkomulag milli aðila sem undirritað var í lok ársins 2007. Orkufyrirtækin eiga nú meirihluta í félaginu.

Kostnaður við lagningu nýs sæstrengs, Danice, er áætlaður samtals um 54,6 milljónir evra. með kostnaði við strandstöðvar en gert er ráð fyrir að strengurinn verði lagður í strandstöð í Danmörku. Stofnkostnaður við landtengingu á Íslandi er áætlaður 2,6 milljónir evra. Nauðsynlegar uppfærslur á Farice-1 og kostnaður við landtengingar á Íslandi og á Bretlandseyjum er áætlaður samtals um 14,0 milljónir evra.

3.5.6 Vernd fjarskiptavirkja

- Hlutverk almannavarna hvað varðar virkni fjarskiptaneta verði skilgreint og tryggt að vernd fjarskiptavirkja verði í samræmi við kröfur stjórnvalda.

Vísað er til fyrrgreindra reglna Póst- og fjarskiptastofnunar um „virkni almennra fjarskiptaneta“ sem fjallað er um í grein 3.5.3. Þá liggur fyrir frumvarp um breytingu á lögum um almannavarnir en eftir er að taka afstöðu til þess hvort, og hvernig hlutverk almannavarna verði skilgreint í ljósi þessa markmiðs.

3.5.7 Aðgerðaráætlun um varnir gegn ruslpósti

- Sett verði fram og framfylgt aðgerðaáætlun um hvernig megi verjast ruslpósti.

Vísað er til fyrrgreindra reglna Póst- og fjarskiptastofnun um „Vernd, virkni og gæði IP fjarskiptaþjónustu“ sem fjallað er um í grein 3.5.4. Með þeim skulu fjarskiptafyrirtækin hindra útsendan ruslpóst frá íslenskum netkerfum, meðtilteknum síunum í fjarskiptanetunum. Erfiðara er að slást við innkominn ruslpóst en í reglunum eru ákvæði um að fjarskiptafyrirtæki skulu bjóða viðskiptavinum þjónustu er verndar þá gegn slíku. Ennfremur er fjarskiptafyrirtækjum heimilt að sía út og eyða samstundis óumbeðnum fjöldasendum skeytum sem greinilega eru gölluð og í ósamræmi við staðla. Önnur skeyti sem síunarkerfi flokka út sem óumbeðin, skulu síunarkerfin taka til hliðar, láta viðskiptavin vita að hann eigi slík skeyti í geymslu, hafi hann óskað þess, og geyma í a.m.k. 6 klst. frá stöðvun áður en síunarkerfin eyða þeim. Fjarskiptafyrirtæki skulu jafnframt leiðbeina viðskiptavinum sínum um hvernig þeir geta varist óumbeðnum pósti og hvert þeir geti snúið sér með kvartanir vegna þeirra.

3.5.8 Upplýsa almenning um friðhelgi einkalífs í fjarskiptum og hættur þær sem fjarskipti kunna að hafa í för með sér

- Almenningur verði upplýstur um rétt sinn til friðhelgi einkalífs í fjarskiptum, þær hættur sem fjarskipti kunna að hafa í för með sér og viðbrögð við þeim.

Póst- og fjarskiptastofnun hefur staðið að gerð tveggja vefja sem ætlaðir eru almenningi og innihalda m.a. upplýsingar um friðhelgi einkalífs í fjarskiptum og hættur þær sem fjarskipti kunna að hafa í för með sér. Vefurinn netöryggi.is, sem haldið er úti af stofnuninni var opnaður var í byrjun árs 2006 og endurgerður í mars 2007. Vefurinn netsvar.is, sem er samstarfsverkefni PFS, SAFT verkefnisins hjá Heimili og skóla og Barnaheilla, var opnaður í nóvember 2007. Báðir þessir vefir innihalda fróðleik og upplýsingar um ýmsar hættur í netnotkun og hvernig einstaklingar geta aukið öryggi sitt í tölvu- og netnotkun. M.a. eru veitt ráð um notkun og val lykilorða, viðskipti á netinu, ruslpóst og blekkjandi tölvupóst og fleira sem lýtur að verndun friðhelgi einkalífs í fjarskiptum. Á vefnum netsvar.is getur almenningur sent inn fyrirspurnir um þessi mál sem svarað er af sérfræðingum stofnunarinnar, SAFT eða Barnaheilla. Þessi vefur er viðbót við, og vinnur með, öðrum vefjum sem þessir aðilar halda úti.

Unnið er að langtímaáætlun Póst- og fjarskiptastofnunar um net- og upplýsingaöryggi þar sem upplýsingar og fræðsla til neytenda og vitundarvakning meðal almennings um net- og upplýsingaöryggi er einn meginþáttur áætlunarinnar.

3.6 Samkeppnishæfni

- Unnið verði að því að bæta laga- og reglugerðarumhverfi og efla eftirlit á fjarskiptamarkaði til að auka samkeppni, gagnsæi og traust.
- Stuðlað verði að því að jafna verð á fjarskiptaþjónustu um land allt.
- Stuðlað verði að bættu aðgengi að hagkvæmum og öruggum fjarskiptakerfum um land allt.
- Stuðlað verði að því að fatlaðir geti nýtt sér fjarskipti í upplýsingasamfélaginu.

Við brottför varnarliðsins á árinu 2006 tóku Íslendingar við hlutverki þess sem ábyrgðaraðila vegna mannvirkja á eignalista NATO. Unnið hefur verið að því af hálfu utanríkisráðuneytis og fjármálaráðuneytis og koma ýmsum eignum í borgaraleg not og að tryggja rekstur og viðhald annarra. Í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar hefur verið ákveðið að bjóða út leigu á tveimur af þremur ljósleiðaraþráðum á eignaskrá bandalagsins. Markmiðið er að tryggja hagkvæman rekstur og viðhald ljósleiðaranna, og að auka samkeppni á leigulínumarkaði.

Með þessu er m.a stefnt að því að auka aðgengi almennings að hröðum og öruggum fjarskiptum, auka samkeppni á fjarskiptamarkaði og auka möguleika á uppbyggingu á upplýsingatækniþjónustu á landsbyggðinni, þar með talið uppbyggingu netþjónabúa og sambærilegrar þjónustu

Vonir standa til þess að útboðið sem þegar hefur verið auglýst muni örva verulega samkeppni á þessum markaði og hafa jákvæð áhrif á verðlagningu sérstaklega á landsbyggðinni.

3.6.1 Samkeppni milli fjarskiptaneta

- Stuðlað verði að samkeppni milli fjarskiptaneta þar sem það er hagkvæmt.

Samkvæmt 4. gr. laga um fjarskipti, nr. 81/2003, er öllum frjálst að starfrækja fjarskiptanet. Slíka starfsemi þarf að tilkynna til Póst- og fjarskiptastofnunar en ekki þarf sérstakt leyfi nema þegar óskað er eftir tíðniúthlutun fyrir þráðlaus fjarskiptanet. Stofnunin hefur að undanförnu staðið fyrir útboðum á tíðnisviðum fyrir þráðlaus fjarskiptanet. Árið 2007 voru gefnar út tíðniheimildir fyrir þrjú net af þriðju kynslóð farsíma, tvö GSM net, eitt net á 450 MHz tíðnisviði (arftaki NMT kerfisins). Allar þessar tíðniheimildir voru gefnar út að undangengnu útboði. Markmið útboðanna var að auka samkeppni á fjarskiptamarkaði og að efla þjónustu. Ennfremur hefur stofnunin lagt á kvaðir á grundvelli markaðsgreininga á farsímamarkaði, leigulínumarkaði, heimtaugamarkaði og breiðbandsmarkaði (bitastraumur). Í öllum tilfellum var Síminn eða Míla útnefnd með umtalsverðan markaðsstyrk og m.a. lagðar þær kvaðir á félögin að veita aðgang að viðkomandi netum á kostnaðartengdu verði. Auk þess var Vodafone útnefnt með umtalsverðan markaðsstyrk á farsímamarkaði (lúkningu). Er þetta gert til að auðvelda öðrum aðilum á markaði að stunda fjarskiptastarfsemi í samkeppni.

3.6.2 Tryggt verði að fyrirtæki geti auðveldlega veitt virðisaukandi þjónustu ofan á fyrirliggjandi net

- Tryggt verði að fyrirtæki geti auðveldlega veitt virðisaukandi þjónustu ofan á fyrirliggjandi net.

Í gildi eru ýmsar reglur um aðgang að fjarskiptanetum og aðstöðu sem þeim tengist. Í VII. kafla fjarskiptalaga, nr. 81/2003, er kveðið á um samtengingu fjarskiptaneta, aðgang að aðstöðu, aðgang að netum og þjónustu, reiki milli farsímaneta, aðgang að leigulínum og aðgang að heimtaugum. Auk þess eru ákvæði um jafnræði, gagnsæi, bókhaldslegan aðskilnað og verðlagningu aðgangs. Póst- og fjarskiptastofnun er falið að greina samkeppnisstöðu á mörkuðum fyrir mismunandi fjarskiptaþjónustu og taka ákvarðanir um aðgangsskyldur í framhaldi af því. Stofnunin hefur í lok maí 2008 birt drög að greiningum á 16 mörkuðum og kveðið á um aðgangsskyldur á 7 þeirra með bindandi ákvörðun. Stefnt er að því að ljúka ákvörðunum á 11 mörkuðum til viðbótar á árinu 2008. Kvaðir um aðgang, sem lagðar voru á í gildistíð eldri laga, gilda þar til nýjar ákvarðanir hafa verið teknar í kjölfar markaðsgreiningar.

Í dag eru í gildi kvaðir um aðgang að eftirfarandi þáttum:

- Samtenging farsímaneta (skv. markaðsgreiningu).
- Samtenging fastlínuneta (skv. eldri lögum).

- Leigulínur (skv. markaðsgreiningu).
- Heimtaugar (skv. markaðsgreiningu).
- Forval og fast forval (skv. eldri lögum).
- Reiki, símtöl í farsímanetum (MVNO o.fl.) og upphafi þeirra (skv. markaðsgreiningu).

Fyrir liggur að endurskoða ákvarðanir sem eru í gildi samkvæmt eldri lögum en auk þess þarf að taka ákvarðanir um aðgang að:

Bitastraum fyrir breiðbandsþjónustu (ákvörðun birt í apríl 2008).

Útvarpsdreifikerfi og -þjónustu (ákvörðun birt síðar á árinu 2008).

Auk ákvæða VII. kafla fjarskiptalaga hafa verið settar ýmsar reglur er snúa að nánari útfærslu aðgangs að netum og þjónustu:

- Reglur um viðmiðunartilboð um samtengingu, nr. 94/2002.
- Reglugerð um sundurgreindan aðgang að heimtaugum, nr. 199/2002.
- Reglur um númeraflutning, nr. 401/2001.
- Reglur um forval og fast forval í talsímanetum, nr. 280/2002.
- Reglur um skilyrt aðgangskerfi og notendabúnað fyrir stafrænt sjónvarp, nr. 570/2006.
- Reglugerð um bókhaldslega og fjárhagslega aðgreiningu í rekstri fjarskiptafyrirtækja, nr. 960/2001.

3.6.3 Gagnsæi í kostnaði við fjarskiptanotkun verði tryggt og skyldur þjónustuaðila vegna gjaldmælinga verði skilgreindar

- Gagnsæi í kostnaði við fjarskiptanotkun verði tryggt og skyldur þjónustuaðila vegna gjaldmælinga verði skilgreindar.

Í 37. gr. laga um fjarskipti, nr. 81/2003, er kveðið á um að fjarskiptafyrirtæki skuli birta viðskiptaskilmála og gjaldskrá fyrir alla þjónustu sína á aðgengilegan hátt. Þeim ber enn fremur skylda til þess að tilkynna Póst- og fjarskiptastofnun um allar breytingar á gjaldskrám og skilmálum. Stofnunin hefur eftirlit með því að gjaldskrár séu birtar og í samræmi við lög.

Í reglum um almenna heimild til að reka fjarskiptanet og fjarskiptaþjónustu, nr. 345/2005, er ákvæði um nákvæmni reikninga og að hægt sé að krefjast gæðavottunar og löggildingar mælitækja.

Póst- og fjarskiptastofnun safnar upplýsingum um verðlagningu á fjarskiptaþjónustu og tímamælingar símtala og birtir á heimasíðu sinni.

Með lögum nr. 78/2005 til breytinga á lögum um fjarskipti, nr. 81/2003, var lögfest skylda fjarskiptafyrirtækja til þess gera áskrifendum sýnilegt hvenær þeir greiða fyrir niðurhal frá útlöndum. Póst- og fjarskiptastofnun hefur gert könnun á því í samvinnu við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands hvaða fyrirtæki taka gjald fyrir niðurhal og með hvaða hætti áskrifendum er gert það ljóst. Niðurstöður könnunarinnar má nálgast á vef Póst- og fjarskiptastofnunar.

3.6.4 Verð á fjarskiptatengingum til og frá landinu lækki

- Verð á fjarskiptatengingum til og frá landinu lækki.

Vegna landfræðilegrar legu landsins þar sem tengingar með sæstrengjum eru kostnaðarsamar hefur verð á fjarskiptatengingum til og frá Íslandi verið mun hærra en í þeim löndum sem við berum okkur saman við. Mjög mikilvægt er að stuðla að því að jafna þennan mun og það forskot sem aðrar þjóðir hafa.

Í töflu 11 má sjá þróun verðs hjá Farice hf. á árabilinu 2004–2007. Samkvæmt töflunni hefur verð á fjarskiptatengingum til útlanda lækkað undanfarin ár. Þannig var verð á hverja bandvíddareiningu (STM1) 1.320.000 evrur á árinu 2004 en verður 500.000 evrur á árinu 2007.

Tafla 11 Þróun verðs hjá Farice hf.

Dags.	DS3 – 45 Mbit/s	STM1 – 155 Mbit/s	STM4 – 622 Mbit/s	STM16 – 2,5 Gbit/s
	_/ár	_/ár	_/ár	_/ár
1.1.2004	630.000	1.320.000	3.960.000	11.880.000
1.1.2005	573.000	1.200.000	3.600.000	10.800.000
1.1.2006	420.000	880.000	2.640.000	7.920.000
1.1.2007	239.000	500.000	1.500.000	4.500.000

Nú liggur fyrir að með nýjum sæstreng til Danmerkur mun öryggi millilandasambanda og um leið öryggi almennings á internettengingum aukast án þess að verð hækki. Ljóst er þó að vinna þarf enn meira að því marki að lækka tengigjöld til útlanda til hagsbóta fyrir íslenska neytendur og jafnframt að bæta samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja. Vonir standa til þess að með nýjum netþjónabúum og öðrum stórnotendum muni verð til almennings og minni fyrirtækja einnig lækka.

3.6.5 Sérþarfir fatlaðra í fjarskiptum í upplýsingasamfélaginu verði greindar og stuðlað að framboði þjónustu og búnaðar sem hentar þeim

- Sérþarfir fatlaðra í fjarskiptum í upplýsingasamfélaginu verði greindar og stuðlað að framboði þjónustu og búnaðar sem hentar þeim.

Póst- og fjarskiptastofnun og samgönguráðuneyti taka þátt í starfi norræns samstarfshóps um fjarskipti fyrir fatlaða NFTH (Nordisk Forum For Telekommunikation og Handikap). Á heimasíðu stofnunarinnar kemur fram að þar séu samræmdar aðgerðir til að veita fötluðum sem best aðgengi að upplýsingasamfélaginu. Hópurinn leggur fram tilmæli og leiðbeiningar til norrænu ríkisstjórnanna um sérlausnir fyrir fatlaða svo þeir megi njóta góðs aðgengis að fjarskiptum og upplýsingatækni. Þá er markmið þessa samstarfs að miðla upplýsingum til fatlaðra um nýjar tæknilausnir sem geta auðgað líf þeirra og möguleika til virkrar þátttöku í samfélaginu.

Norræni samstarfshópurinn um fjarskipti fyrir fatlaða NFTH hélt samráðsfund í Reykjavík dagana 24. - 25. september 2007. Póst- og fjarskiptastofnun var gestgjafi fundarins hér á landi. Í framhaldi af fundi hópsins stóð stofnunin fyrir opnu málþingi um fjarskipti fatlaðra. Á málþinginu bar hæst umræður um hvernig þriðju kynslóðar farsímar nýtast fötluðum og aðgengi fatlaðra að efni á Netinu.

Á heimasíðu Póst- og fjarskiptastofnunar eru birtar leiðbeiningar um ýmsar af þeim sérlausnum sem eru í boði fyrir fatlaða.[4]

Á árinu 2007 voru endurskoðaðar þær skyldur sem hvíla á fjarskiptafyrirtækjum varðandi alþjónustu en þar á meðal er þjónusta við fatlaða. Vinna við þá endurskoðun fór af stað í byrjun árs og lauk með útnefningu Símans, Mílu og Já upplýsingaveitu þann 6. desember 2007.

4 http://www.pfs.is/displayer.asp?cat_id=26&module_id=210&element_id=626

Þá hefur á vegum forsætis- og félagsmálaráðuneytisins verið unnin skýrsla um aðgengi allra að vefnum.[5] Þar eru lagðar fram tillögur um aðgerðir sem stuðla að því að fatlaðir og aðrir hópar sem gefa þarf sérstakan gaum í upplýsingasamfélaginu geti nýtt sér þjónustu á netinu. Sjá nánar: http://utvefur.is/adgengi þar sem fjallað er um tillögur skýrsluhöfunda og þær aðgerðir sem grípa á til á grundvelli þeirra.

Flokka má aðgengismál og sérþarfir fatlaðra í tengslum við fjarskipti í eftirfarandi flokka:

- Aðgengi að neyðarþjónustu 112 verði tryggð með fullnægjandi hætti.
- Aðgengi að almennri talsímaþjónustu fyrir heyrnarskerta verði bætt.
- Fullnægjandi aðgengi verði tryggt að almenningssímum fyrir fatlaða.
- Stuðlað verði að bættu aðgengi þjónustu farsímafyrirtækja.
- Jafnt aðgengi að upplýsingum um símanúmer.

Þegar að rætt er um jafnt aðgengi að neyðarþjónustu 112 er átt við að fatlaðir einstaklingar geti sent boð til Neyðarlínunnar á óhefðbundnu formi eins og t.d. með Internet skilaboðum, textaskilaboðum um farsíma (SMS) og/eða með myndskilaboðum.

Víða erlendis hefur verið komið á laggirnar ákveðnum samskiptamiðstöðvum fyrir heyrnarskerta, þar sem starfsmenn geta með myndsímabúnaði verið í samskiptum við viðkomandi einstaklinga með táknmáli. Viðkomandi starfsmaður móttekur skilaboðin í gegn um myndsímabúnað og kemur skilaboðum áleiðis til þriðja aðila með töluðu máli eftir óskum þess heyrnarskerta. Hér á landi hefur Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra gert prófanir með slíkan búnað.

3.6.6 Breyting gerð á byggingarreglugerð

- Breytt verði byggingarreglugerð þannig að húsbyggjanda verði skylt að sjá til þess að lögð séu ídráttarrör fyrir ljósleiðara að nýbyggingum og að öllum fjarskiptafyrirtækjum sé heimilt að leggja háhraðalagnir (t.d. ljósleiðara) um lögnina að uppfylltum skilyrðum.

Verkefnisstjórn fjarskiptaáætlunar fór þess á leit við umhverfisráðuneytið að það kannaði hvort breyta mætti byggingarreglugerð í samræmi við markmið áætlunarinnar.

Samkvæmt umhverfisráðuneytinu þá eru þessar kvaðir fyrirhugaðar í nýrri byggingarreglugerð sem sett verður með stoð í nýjum lögum um mannvirki sem eru til meðferðar hjá Alþingi.

5 Skýrsla um aðgengi allra að vefnum, janúar 2006, unnin fyrir forsætis- og félagsmálaráðuneyti.

1219. Skýrsla [650. mál]

samgönguráðherra um stöðu umferðaröryggismála fyrir árið 2007.

(Lögð fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. Inngangur

Á grundvelli laga um samgönguáætlun nr. 71/2002 var þingsályktun um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2007–2010 lögð fram af samgönguráðherra og samþykkt á Alþingi vorið 2007, en umferðaröryggisáætlun er hluti samgönguáætlunar.

Markmið stjórnvalda um aukið umferðaröryggi koma fram í umferðaröryggisáætlun, en stefnt er að því að árið 2016 verði fjöldi látinna í umferð á hverja 100.000 íbúa ekki meiri en það sem lægst gerist hjá öðrum þjóðum. Einnig að fjöldi látinna og alvarlegra slasaðra í umferð lækki að jafnaði um ekki minna en 5% á ári til ársins 2016.

Í umferðaröryggisáætlun samgönguáætlunar var jafnframt sett fram framkvæmdaáætlun um sérstakar aðgerðir sem eiga að leiða til fækkunar umferðarslysa og lækkunar kostnaðar samfélagsins af umferðarslysum.

Aðgerðir sem teknar voru til sérstakrar skoðunar skiptast í eftirtalda flokka:

– ökumaður og farartæki,
– fræðsla og áróður,
– öruggari vegir og umhverfi þeirra,
– samstarf og þróun.

2. Framkvæmd umferðaröryggisáætlunar

2.1 Umferðaröryggisráð.

Umferðaröryggisráð, sem ætlað er að vinna að framgangi umferðaröryggisáætlunar í samgönguáætlun, tók til starfa árið 2005. Í umferðaröryggisráði sitja Ragnhildur Hjaltadóttir, ráðuneytisstjóri í samgönguráðuneytinu, og er hún formaður ráðsins, Karl Ragnars, forstjóri Umferðarstofu, Jón Rögnvaldsson vegamálastjóri og Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri.

2.2 Samráðshópur umferðaröryggisáætlunar.

Samráðshópur um framkvæmd umferðaröryggisáætlunar var skipaður 2005. Hlutverk samráðshópsins er að gera starfs- og framkvæmdaáætlun á grundvelli umferðaröryggisáætlunar, samkvæmt ályktun Alþingis og fylgja henni eftir.

Samráðshópinn skipuðu árið 2007: Birna Hreiðarsdóttir lögfræðingur í samgönguráðuneytinu og formaður hópsins, Birgir Hákonarson, framkvæmdastjóri umferðaröryggissviðs Umferðarstofu, Auður Þóra Árnadóttir, forstöðumaður umferðardeildar hjá Vegagerðinni og Jónína Sigurðardóttir, aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá embætti ríkislögreglustjóra. Með samráðshópnum störfuðu Karl Alvarsson, skrifstofustjóri í samgönguráðuneytinu og Páll Winkel, þáverandi aðstoðarríkislögreglustjóri.

2.3. Aðgerðir og verkefni á árinu 2007 í samræmi við umferðaröryggisáætlun.
2.3.1 Fjárhagsáætlun.

Tafla 1. Tekjur. Áætlun um fjáröflun.

Verðlag fjárlaga 2007, millj. kr.	**2007**	**2008**	**2009**	**2010**
Frá vegaáætlun	261	364	333	325
Umferðaröryggisgjald	70	70	70	70
Sérstök fjárveiting til umferðaröryggismála	50	50	50	50
Til ráðstöfunar alls:	**381**	**484**	**453**	**445**

Tafla 2. Gjöld. Rekstur og stofnkostnaður.

Verðlagfjárlaga 2005, millj. kr.	**2007**	**2008**	**2009**	**2010**
Ökumaður og farartæki	86	116	95	95
Áróður og fræðsla	110	110	110	110
Svartblettir, merkingar o.fl	175	248	238	230
Samstarf og þróun	10	10	10	10
Samtals:	**381**	**484**	**453**	**445**

Á árinu 2007 var 368 milljónum króna varið til eftirtalinnna verkefna á sviði umferðaröryggismála:

		Rauntölur (Mkr)	Áætlun (Mkr)
2.3.2	Hraðakstur og bílbeltanotkun – eftirlit, áróður og fræðsla	182	107*
2.3.3	Leiðbeinandi hraðamerkingar á þjóðvegum	10	10
2.3.4	Eyðing svartbletta	86	120
2.3.5	Umhverfi vega	0,5	10
2.3.6	Ölvun/fíkniefni við akstur – eftirlit, áróður og fræðsla	28	39
2.3.7	Umferðaröryggi í öryggisstjórnun fyrirtækja	0	2
2.3.8	Umferðaröryggi í námskrá grunnskóla og leikskóla	13	25
2.3.9	Ýmis fræðslu og áróðursverkefni	19	16
2.3.10	Forvarnir erlendra ökumanna	4	7
2.3.11	Takmörkun á lausagöngu búfjár	21	35
2.3.12	Annað	4,5	10
Kostnaður alls		**368**	**381**

* Umframgjöldin skýrast af ónýttum fjárheimildum frá árinu 2006.

2.3.2 Hraðakstur og bílbeltanotkun – eftirlit, áróður og fræðsla.

Hraðakstur er algengasta orsök banaslysa í umferðinni. Stefnt er að því að fækka banaslysum sem rekja má til hraðaksturs eða til þess að bílbelti var ekki notað um að meðaltali 2,5 á ári og alvarlega slösuðum af sömu orsökum um 4,8 að meðaltali á ári.

Á grundvelli umferðaröryggisáætlunar var í upphafi ársins 2007 gerður samningur til tveggja ára á milli Umferðarstofu og ríkislögreglustjóra um aukið umferðareftirlit á þjóðveg-

um landsins auk umfangsmikilla búnaðarkaupa fyrir lögregluna. Samningurinn felur í sér kaup og ísetningu á tólf ratsjártækjum með myndavélum (Eyewitness-búnaði) í lögreglubíla á árinu 2007, sem notuð verða í eftirliti lögreglunnar gegn hraðakstri. Að auki felur samningurinn í sér að Umferðarstofa fjármagni á samningstímanum kaup á átta lögreglubifhjólum með ratsjártækjum með myndavélum auk kaupa og ísetningar á sex ratsjártækjum með myndavélum á eldri bifhjól lögreglunnar. Áður höfðu tólf ratsjártæki með myndavélum verið keypt í lögreglubíla á grundvelli eldri samnings sömu aðila. Samningurinn felur jafnframt í sér greiðslu vegna eftirlitsstunda lögreglumanna og aksturs lögreglubifreiða auk fjármögnunar tveggja stöðugilda við sýslumannsembættið á Stykkishólmi í tengslum við úrvinnslu gagna og meðferð sekta úr sjálfvirkum hraðaeftirlitsbúnaði, sbr. hér að neðan. Samtals gerir samningurinn ráð fyrir því að 178 milljónum króna sé varið í aðgerðir gegn hraðakstri á árunum 2007 og 2008.

Aðgerðir sem ætlað er að skili mestum árangri er allt að tvöföldun á umfangi eftirlits lögreglu, einkum á þekktum slysaköflum. Sérstakt umferðareftirlit fór fram á tímabilinu frá 15. maí til 31. september 2007. Alls tóku 8 lögreglustjóraembætti þátt í eftirlitinu auk embættis ríkislögreglustjóra. Eftirlit lögreglu var frá umdæmi höfuðborgarlögreglu, Suðurnesjum, Hvolsvelli, Selfossi, Borgarnesi, Blönduósi, Akureyri og Seyðisfirði. Megin áherslan var lögð á sýnilegt eftirlit í baráttunni gegn umferðarslysum á þjóðvegum landsins. Alls voru stöðvaðir 5.213 ökumenn. Voru kærur alls 3.647 og þar af kærur vegna hraðaksturs 3.224.


Í júlí 2007 hófust myndatökur með 2 DATK hraðamyndavélum Vegagerðarinnar í Hvalfjarðarsveit. Í september og október voru settir niður skynjarar fyrir 7 nýjar hraðamyndavélar, þ.e. tvær á Garðskagavegi, tvær á Sandgerðisvegi, tvær á Suðurfjarðavegi í Fáskrúðsfjarðargöngum og ein í Hvalfjarðargöngum. Jafnframt hafa myndavélakassar verið settir upp á öllum stöðunum. Lokið var við að ganga frá rafmagnstengingum og tengingum vegna gagnaflutnings vegna nýju vélanna á öllum stöðum nema einum, þ.e. í Hvalfjarðargöngum. Úrvinnsla myndanna og sektarmeðferð fer fram hjá sýslumannsembættinu í Stykkishólmi.

Samhliða auknu eftirliti lögreglu með hraðakstri kynnti Umferðarstofa nýja áróðursherferð sem bar heitið „Hraðinn drepur – í alvörunni“, sem er að stærstum hluta teiknuð hreyfimynd. Herferðinni er ætlað að vekja ökumenn til umhugsunar um ábyrgð sína í umferðinni þannig að þeir geri sér grein fyrir því að í raunveruleikanum er ekki hægt að hverfa frá misgjörðum sínum með því að ýta á „enter“ eða velja „replay“ til að byrja leikinn aftur, fullfrískur og fjörugur. Í umferðinni deyr fólk og slasast – í alvörunni. Umferðarstofa endursýndi einnig auglýsingaherferðina „Notaðu bílbelti“ frá árinu 2006 auk þess sem skilti voru sett upp víðs vegar við þjóðvegi sem minna á notkun bílbelta. Jafnframt hóf Umferðarstofa ásamt Ferðamálastofu sérstaka auglýsingaherferð þar sem allir voru hvattir til að ferðast um landið en jafnframt minntir á að landið væri fallegra á löglegum hraða.


Til að meta áhrif aðgerða er m.a. skoðuð þróun hraða út frá upplýsingum úr umferðargreinum Vegagerðarinnar, en ökuhraði á 10 stöðum á Hringveginum á tímabilinu júní til september 2007 hefur lækkað töluvert frá fyrri árum. Greina má svipaða tilhneigingu í tölum um vetrarumferð en þar sem ökuhraðinn á þeim árstíma tekur miklu meira mið af veðri og færð eru það ekki eins marktækar niðurstöður. Vegagerðin hefur mælt hraðann á sambærilegan hátt frá árinu 2004. Meðalhraðinn á þessum tíu stöðum fer úr 97,0 km/klst. árið 2004 í 94,1 km/klst. sumarið 2007. Hér er um að ræða hraða allra bifreiðar en óháð annarri umferð, þ.e.a.s. hægar raðir eða stöðvun vegna umferðarslyss mælist ekki með. Ef tekið er mið af þeim hraða sem 85 prósent ökumanna halda sig innan við, þ.e.a.s. 15 prósent aka hraðar, þá fer hraðinn úr 108,6 km/klst. árið 2004 í 104,2 km/klst. árið 2007. Ljóst er að hraði þeirra

sem aka hraðast minnkar mest og hefur hraðinn því jafnast. Í báðum tilvikum er um umtalsverða lækkun á ökuhraðanum að ræða, sbr. myndirnar hér fyrir neðan. Hafa ber þó í huga að þetta eru meðaltöl en eigi að síður góð vísbending um minnkandi ökuhraða.

Mynd 1. Þróun frjáls 85% hraða á Hringvegi



Mynd 2. Þróun frjáls meðalhraða á Hringvegi



Líklegasta skýringin á þessari lækkun hraða er sérlega öflugt eftirlit lögreglu síðastliðið sumar og tilkoma sjálfvirkra hraðamyndavéla en hvort tveggja er liður í umferðaröryggisáætlun stjórnvalda eins og hér hefur verið gerð grein fyrir. Hluta skýringarinnar má einnig rekja til hærri sekta vegna hraðaksturs og áhrifa lægri vikmarka vegna hraðakstursbrota á hegðun ökumanna en ný reglugerð um sektir og önnur viðurlög vegna brota á umferðarlögum og reglum settum samkvæmt þeim tók gildi 1. desember 2006.

Varðandi notkun öryggisbelta þá er erfitt að meta hvort árangur hafi átt sér stað á öllu landinu yfir árið í heild sinni þar sem skráningu lögreglunnar á öryggisbeltanotkun í umferðarslysum er mjög ábótavant. Af þeim 11 sem létust í bifreið voru fleiri án öryggisbelta en með þau, þ.e. 5 voru með beltin spennt en 6 voru án öryggisbelta. Til samanburðar má

nefna að í nýjustu viðhorfskönnun um akurshegðun ökumanna, sem Capacent gerði fyrir Umferðarstofu, kemur fram að yfir 90% aðspurðra sögðust aldrei hafa ekið án öryggisbelta utanbæjar síðustu 6 mánuði, sjá nánar í kafla 3.4. Því má draga þá ályktun að þau tæpu 10% sem aka án öryggisbelta utanbæjar eru í talsvert meiri hættu en þeir sem spenna öryggisbeltin. Af þeim 138 sem slösuðust alvarlega í bifreiðum eru aðeins 17 skráðir án öryggisbelta en hins vegar eru 42 skráðir „ekki vitað um öryggisbeltanotkun“. Þetta þýðir að 79 voru skráðir með öryggisbelti. Af þeim 17 sem eru skráðir án öryggisbelta voru 3 án öryggisbelta en loftpúði blés út. Sem fyrr eru allt of margir skráðir með óþekkta öryggisbeltanotkun og er brýnt að bæta skráningarferlið hjá lögreglunni varðandi þetta.

Umferðarstofa stóð í samvinnu við Slysavarnafélagið Landsbjörgu fyrir könnun á öryggisbeltanotkun ökumanna sumarið 2007. Könnunin var gerð tvisvar yfir sumartímann, þann 25. maí og þann 27. júlí. Þrettán einingar Slysavarnafélagsins Landsbjargar skráðu sig til þátttöku, ellefu skiluðu niðurstöðum og þar af voru níu einingar sem gerðu könnunina báða dagana eins og lagt var upp með. Í Hnífsdal og Skeiða- og Gnúpverjahreppi var könnunin aðeins framkvæmd í fyrra skiptið. Þeir staðir sem könnunin náði til eru eftirfarandi (skráð prósentutala er meðaltal beggja mælingadaganna þegar það á við):

Tafla 3. Könnun á notkun öryggisbelta á nokkrum þéttbýlisstöðum

Staður	Þéttbýli	Dreifbýli
Dalvík	80%	90%
Fáskrúðsfjörður	77%	83%
Hellissandur	52%	60%
Hnífsdalur	96%	90%
Húsavík	90%	80%
Kjalarnes	55%	95%
Patreksfjörður	70%	85%
Reykjahlíð	80%	85%
Reykjanesbær	70%	80%
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	64%	88%
Vestmannaeyjar	90%	93%

Það er áberandi hvað öryggisbeltanotkun er meiri í dreifbýli en þéttbýli, í sumum tilfellum var öryggisbeltanotkun í þéttbýli einungis rétt rúm 50% sem verður að teljast afar slæmt. Þessi mismunur er þó í samræmi við viðhorfsrannsókn um umferðarhegðun sem framkvæmd var á árinu, sjá nánar í kafla 3.4. Þeir sem gerðu umrædda könnun tóku sérstaklega fram að öryggisbeltanotkun hjá atvinnubílstjórum væri áberandi minni en hjá öðrum.

2.3.3 Leiðbeinandi hraðamerkingar á þjóðvegum.

Tilgangur leiðbeinandi hraðamerkinga á þjóðvegum er að upplýsa vegfarendur um öruggan ökuhraða við aðstæður sem miðast við auða og blauta vegi en gert er ráð fyrir að skiltin gagnist mest óreyndum ökumönnum. Vænst er að látnum fækki um að meðaltali 0,3 og alvarlega slösuðum um að meðaltali 0,9 á ári.

Á árinu 2006 var lokið við að setja upp skilti með leiðbeinandi ökuhraða á stofnvegi. Jafnframt voru nokkrir tengivegir merktir með þessum hætti. Á árinu 2007 tókst að merkja alla

tengivegi sem eftir voru nema Þorskafjarðarheiði. Verkefninu er að mestu lokið en halda þarf skiltum við.

Talið er að leiðbeinandi hraðamerkingar nýtist erlendum ferðamönnum sérstaklega vel þar sem þeir þekkja ekki eins vel til íslenskra akstursaðstæðna og íslenskir ríkisborgarar.

2.3.4 Eyðing svartbletta.

Á árinu 2007 var unnið að lagfæringum á um 40 hættulegum stöðum skv. fyrirliggjandi áætlun. Stefnt var að lagfæringum á fleiri stöðum en nokkrum verkefnum þurfti að fresta til næsta árs þar eð hönnun breytinga tók lengri tíma en áætlað var auk þess sem byrjað var á nokkrum verkefnum sem ekki tókst að ljúka á árinu. Á 19 stöðum voru vegrið sett upp eða lengd, á 13 stöðum hafa merkingar verið bættar, þar með talið uppsetning stefnuörva í beygjur, uppsetning aðvörunarljósa við einbreiðar brýr og uppsetning hraðaviðvörunarljósa við þéttbýli. Á 5 stöðum var unnið að lagfæringum á umhverfi vega og á þrennum vegamótum var unnið að lagfæringum. Á tveimur stöðum var unnið að hraðahindrandi aðgerðum, tvenn búfjárgöng voru byggð og á einum stað var lýsing bætt. Sums staðar hefur þurft að grípa til nokkurra aðgerða á sama stað.

Væntingar um árangur eru fækkun látinna um að meðaltali 0,5 á ári og fækkun alvarlegra slysa um að meðaltali 2,3 á ári.

2.3.5 Umhverfi vega og vegrið.

Um er að ræða nýtt verkefni sem sett var á laggirnar við endurskoðun umferðaröryggisáætlunarinnar í upphafi árs 2007. Unnið er að undirbúningi verkefnisins og hefur m.a. verið litið til aðferða norsku vegagerðarinnar. Tæplega helmingur þeirra sem létust eða slösuðust alvarlega í umferðarslysum á þjóðvegum í dreifbýli á tímabilinu 2002–2006 lentu í slysum sem urðu við útafakstur. Því er ljóst að miklu skiptir að umhverfi vega sé þannig að afleiðingar útafaksturs verði sem minnstar. Gera má ráð fyrir að alvarlega slösuðum og látnum fækki um a.m.k. 20% ef umhverfi vega verður bætt verulega. Verið er að skoða tæknilega hlið málsins m.a. þann möguleika að taka myndir af umhverfinu um leið og ekið er eftir vegunum og mæla fjarlægðir út í hindranir s.s. skurði og stórgrýti.

Í júlí var farið í vettvangsferð þar sem umhverfi Hringvegarins frá Reykjavík til Akureyrar var skoðað. Í september var farið í vettvangsferð í tengslum við lagfæringar slysastaða. Í þeirri ferð var umhverfi Hringvegar frá Vík að Breiðdalsvík skoðað. Skráð var m.a. hvar fláar eru of brattir, hvar skurðir eru of nálægt vegum og einnig var stórgrýti, innan öryggissvæðis, sem þarf að fjarlægja staðsett með GPS-hnitum. Jafnframt var skráð hvar þyrfti að setja vegrið eða lengja þau vegrið sem fyrir eru. Á mörgum stöðum þarf að lengja þurfi vegrið við brýr. Skýrsla um niðurstöður úttektarinnar er í vinnslu og mun koma út á árinu 2008. Jafnframt hefur ný útgáfa af vettvangsskráningarforriti Vegagerðarinnar verið í þróun, en stefnt er að því að skrá niðurstöður úttekta jafnóðum á fartölvu en það á að auðvelda skýrslugerð til muna.

2.3.6 Áningastaðir við þjóðvegi.

Ekki var unnið í þessu verkefni á árinu 2007. Vegagerðin hefur verið í samstarfi við aðila á sviði landflutninga um æskilega staðsetningu áningastaða fyrir þá ökumenn sem lúta reglum um aksturs- og hvíldartíma ökumanna.

2.3.7 Ölvun/fíknefni við akstur – eftirlit, áróður og fræðsla.

Á undanförnum árum má rekja að meðaltali 10% banaslysa í umferðinni til þess að ökumaður er undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna. Einnig má rekja 2,4% allra umferðarslysa til ölvunar- eða fíkniefnaaksturs. Á árinu 2007 mátti rekja þrjú banaslys í umferðinni til ölvunaraksturs. Væntanlegur árangur þessa verkefnis er að tala látinna lækki um 0,5 og alvarlega slasaðra um 2,7 að meðaltali á ári.

Í samningi Umferðarstofu og ríkislögreglustjóra sem áður er getið er kveðið á um kaup á ellefu öndunarsýnamælum á tveggja ára tímabili, en slík tæki auka mjög nákvæmni við mat á áfengismagni í blóði ökumanna. Þar með verður búið að fjármagna kaup á 17 öndunarsýnamælum fyrir hin ýmsu embætti lögreglunnar frá því að umferðaröryggisáætlun var sett inn í samgönguáætlun á miðju ári 2005. Jafnframt er í samningnum gert ráð fyrir sérstöku eftirliti með ölvunar- og fíkniefnaakstri. Á árinu 2007 fór sérstakt ölvunareftirlit fram á tímabilinu mars–apríl og nóvember–desember. Á fyrra tímabilinu voru 8.148 ökumenn stöðvaðir til að kanna ástand þeirra. Um 52% þeirra, sem voru stöðvaðir, voru teknir í öndunarpróf og í framhaldinu taldi lögreglan þörf á að senda 1% af heildarfjölda stöðvaðra í blóðprufu. Á síðara tímabilinu voru einungis tvö embætti, þ.e. Húsavík og Ísafjörður, sem tóku þátt í sérstöku ölvunareftirliti samkvæmt samningnum. Samtals stöðvuðu þau 1.323 ökumenn og voru 390 þeirra teknir í öndunarpróf. Blóðprufur voru teknar af 19 þeirra til frekari rannsókna.

Þessu til viðbótar voru skipulagðar herferðir af lögreglu höfuðborgarsvæðisins (LRH) í nánu samstarfi við Umferðarstofu í tengslum við áróðursherferð gegn ölvunarakstri. Herferðirnar fóru fram dagana 10.–11. mars, 14.–15. apríl og 19.–20. maí og fólust í því ákveðinn fjöldi bifreiða var stöðvaður til að kanna ástand ökumanna m.t.t. ölvunar- og fíkniefnaaksturs. Samtals voru 2.444 ökutæki stöðvuð, í 45% tilfella voru ökumenn einir í bílnum en samtals voru 2.096 farþegar. Alls urðu því 4.540 einstaklingar varir við þessar aðgerðir eða um 1,5% þjóðarinnar. Að meðaltali í öllum þremur mælingunum voru 1,11% ökumanna grunaðir um ölvun við akstur og að meðaltali voru 0,58% þeirra ökumanna sem stöðvaðir voru yfir 0,5‰ mörkum.

Tafla 4. Fjöldi kærðra í ölvunarakstursbrotum.

Ár:	Fjöldi:	Ár:	Fjöldi:
1999	1.959	2004	1.772
2000	2.482	2005	1.946
2001	2.081	2006	2.131
2002	1.859	2007	2.084*
2003	1.764		

Heimild: RLS. *Tölur fyrir árið 2007 eru bráðabirgðatölur

Árið 2006 var brotaflokknum „akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna“ bætt við málaskrárkerfi lögreglunnar (á grundvelli breytinga á umferðarlögum með lögum nr. 66/2006). Nýmælin í lögunum eru þau að lögreglunni er veitt sérstök heimild til að nota munnvatn eða svita ökumanna til sýnatöku/forprófunar til að kanna hvort viðkomandi hafi ekið undir áhrifum ávanaog/eða fíkniefna. Ef forprófið bendir til þess að grunur sé á rökum reistur er blóð tekið til frekari rannsóknar. Lögin öðluðust gildi 14. júní 2006 og hafa gert meðferð slíkra mála hjá lögreglu mun hraðari og skilvirkari.

Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna kemur fram í rannsóknum Rannsóknarnefndar umferðarslysa á banaslysum og a.m.k. einn þeirra ökumanna sem létust árið 2007 reyndist undir slíkum áhrifum.

Tafla 5. Fjöldi brota er varða akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna

Ár:	Fjöldi:
2005	0
2006	95
2007	696

(Heimild: Ríkislögreglustjórinn)

2.3.8 Umferðaröryggi í öryggisstjórnun fyrirtækja.

Verkefninu „Vel á vegi stödd í vinnunni“ var hleypt af stokkunum 7. mars 2005. Markmið þess er að auka umferðaröryggi á meðal atvinnubílstjóra. Ávinningur aðgerðanna er talinn vera fækkun látinna um 0,1 og fækkun alvarlega slasaðra um 0,6 að meðaltali á ári.

Verkefninu var fram haldið á árinu 2007 eins og hægt var, en frá upphafi hefur reynst erfitt að fá fyrirtækin til að taka þátt af krafti og af fullri alvöru. Engin ný fyrirtæki bættust við þau níu fyrirtæki sem höfðu skrifað undir samstarfssamning árið 2006, en þeirra á meðal eru stærstu flutningafyrirtæki landsins.

Erfitt hefur reynst að meta ávinninginn af verkefninu og af þeim sökum hefur verið ákveðið að frá og með 1. janúar 2008 taki Umferðarstofa verkefnið yfir og reyni að blása lífi í það.

2.3.9 Umferðaröryggi í námskrá grunnskóla og leikskóla.

Frá því að grunnskólinn fluttist til sveitarfélaga hefur umferðarfræðsla í grunnskólum landsins ekki verið í föstum skorðum. Í umferðaröryggisáætlun er fyrirhugað að efla þá fræðslu til muna með því að gera hana að föstum lið í námskrá leikskóla og grunnskóla og jafnvel að koma á samþættingu umferðarfræðslu inn í framhaldskóla.

Markmið verkefnisins er að:

1. koma umferðarfræðslu inn í skólanámskrár allra grunnskóla
2. halda námskeið í umferðarfræðslu fyrir grunnskólakennara í grunnskólum landsins þeim að kostnaðarlausu
3. efla námsefnisgerð í umferðarfræðslu og stuðla að þróun náms- og fræðsluvefs um umferðarmál.

Árið 2005 tók Grundaskóli á Akranesi að sér að vera móðurskóli í umferðarfræðslu með samningi við Umferðarstofu og er þar með ætlað að vera öðrum grunnskólum á Íslandi tilfyrirmyndar og ráðgjafar á þessu sviði.

Haustið 2006 var umferðarfræðslan útvíkkuð enn frekar með samningum við Brekkuskóla á Akureyri, Grunnskóla Reyðarfjarðar og Flóaskóla í Villingaholtshreppi, en hver þessara skóla mun sjá um að fylgja eftir markmiðum móðurskólaverkefnisins í sínum landfjórðungi. Í apríl 2007 bættist svo Grunnskóli Seltjarnarness við sem leiðtogaskóli á höfuðborgarsvæðinu.

Með hliðsjón af námskránni hefur verið unnið að gerð sérstaks náms- og fræðsluvefs í samvinnu við Námsgagnastofnun, sem var formlega opnaður í janúar 2006. Fræðsluvefinn er að finna á *www.umferd.is*. Vefurinn skiptist í krakkasíðu (1.–5. bekkur), unglingasíðu (6.–10. bekkur) og síðan er sérstök síða fyrir foreldra og kennara. Á nemendasvæðum er gert

ráð fyrir verkefnum sem nemendur geta unnið að bæði í sameiningu og sjálfstætt en undir leiðsögn kennara, svo sem vefrallý og vefleiðangrar sem flokkast undir upplýsinga- og tæknimennt og gagnvirk verkefni. Til að mynda hafa verið framleiddir sex nýir tölvuleikir frá árinu 2005. Megináhersla er lögð á samþættingu umferðarfræðslu við aðrar námsgreinar þar sem umferðin er hluti af daglegu lífi nemenda og snertir öll svið samfélagsins. Á svæði foreldra eru hugmyndir að vinnu með leiðina milli heimilis og skóla og listi yfir áhersluatriði í umferðarfræðslu heimilanna. Á kennarasvæði eru meðal annars tillögur að skólanámskrá í umferðarfræðslu og fjölbreytt verkefni sem tengja fræðsluna við aðrar námsgreinar. Gert er ráð fyrir að náms- og fræðsluvefurinn verði í sífelldri þróun og mæti þörfum grunnskólanna á hverjum tíma. Til að svo megi verða þarf að auka enn frekar námsefnisgerð fyrir vefinn, einkum fyrir eldri stig og ljúka við uppsetningu hans í samræmi við hugmyndir um að gera hann aðgengilegan öllum nemendum. Þar þarf m.a. að leita til hagsmunafélaga nemenda með sérþarfir og til Alþjóðahúss vegna nýrra Íslendinga.

Einn liður verkefnisins er að halda námskeið fyrir kennara sem sinna umferðarfræðslu í grunnskólum til að samræma fræðsluna og koma með hugmyndir að útfærslu og nýtingu námsefnis. Á landinu eru starfræktir 173 grunnskólar. Í árslok 2007 hafa fulltrúar 33 skóla tekið þátt í námskeiði í umferðarfræðslu í skólum í tengslum við verkefnið.

Umferðarstofa og Grundaskóli, sem fulltrúi samstarfsskóla í umferðarfræðslu, tóku þátt í samráðshópi á vegum Lýðheilsustöðvar við undirbúning og kynningu á verkefninu „Göngum í skólann“ sem stóð yfir í októbermánuði 2007.

Samgönguráðuneytið skipaði á árinu starfshóp um umferðarfræðslu í skólum til að móta tillögur um útfærslu og tilhögun umferðarfræðslu í skólum landsins í samráði við hagsmunaaðila. Stefnt er að því að starfshópurinn skili tillögum til samgönguráðherra haustið 2008. Upphaflega starfshópinn skipuðu:

Ásta Egilsdóttir	Tilnefnd af Grundaskóla
Tryggvi Jakobsson	Tilnefndur af Námsgagnastofnun
Guðni Olgeirsson	Tilnefndur af Menntamálaráðherra
Knútur Hafsteinsson	Tilnefndur af Ökukennarafélagi Íslands
Kristín Björg Þorsteinsdóttir	Tilnefnd af Umferðarstofu
Birna Hreiðarsdóttir	Skipuð af samgönguráðherra, og er jafnframt formaður starfshópsins.

Karin Erna Elmarsdóttir, starfsmaður Umferðarstofu, tók sæti Kristínar Bjargar Þorsteinsdóttur þann 12. febrúar 2008. Þann 11. september tók Þórdís Þórisdóttir sæti Ástu Egilsdóttur í starfshópnum sem fulltrúi Grundaskóla. 12. febrúar 2008 tók Sigurður Arnar Sigurðsson sæti Þórdísar í starfshópnum.

Til að skjóta frekari stoðum undir niðurstöður starfshópsins var að mati hans ekki hjá því komist að gera vísindalega rannsókn á núverandi umfangi og inntaki umferðarfræðslu í skólum og byggja þannig tillögur um framkvæmd umferðarfræðslu í skólum til framtíðar á þeim niðurstöðum ásamt tillögum starfshópsins. Í samræmi við tillögu starfshópsins var ákveðið að Umferðarstofa, fyrir hönd samgönguráðuneytisins, gerði samning við dr. Valdimar Briem, sálfræðing um framkvæmd þessa verkefnis. Á grundvelli rannsókna Valdimars er gert ráð fyrir því að starfshópurinn komi fram með tillögur um tilhögun slíkrar fræðslu á öllum skólastigum að 16 ára aldri. Jafnframt að fram komi tillögur að námsefni vegna umferðarfræðslu á mismunandi skólastigum. Gert er ráð fyrir því að niðurstöður verkefnisins verði kynntar í lok þess á fundi/málþingi sem haldið verður um umferðarfræðslu í skólum á árinu 2008.

Markmið þessa verkefnis er að fækka slysum á börnum um 10% og að fækkun látinna verði um 0,2 og fækkun alvarlega slasaðra verði um 1,0 að meðaltali á ári. Slysum á börnum fækkaði umtalsvert á árunum 2004–2006 eins og tafla 2 ber með sér, en á árinu 2007 virðist þróunin snúast til verri vegar. Flest eru þó lítið slösuð eog fjöldi látinna og alvarlegra slasaðra er lægri en meðaltal undanfarinna fimm ára.

Tafla 6. Slys á börnum 2002–2007

	Látin	**Alvarlega slösuð**	**Lítið slösuð**	**Alls látin og slösuð**
2002	5	25	142	172
2003	2	10	131	143
2004	3	9	107	119
2005	0	8	97	105
2006	1	13	92	106
2007	1	11	134	146
Meðaltal 2002–2006	**2,2**	**13**	**113,8**	**129**

2.3.10 Ýmis fræðslu- og áróðursverkefni.

Frá áramótum hefur Umferðarstofa gefið út 8 bæklinga, um ölvunarakstur, syfju og akstur, eldri ökumenn í umferðinni, hjólreiðar og hjálmanotkun, ökunám og ökupróf, bifhjól, öryggi barna í bílum og á leið í skólann.

Samið var við ProFilm um framleiðslu 24 stuttra fræðslumyndbanda um ýmis atriði er tengjast umferðinni, s.s. notkun stefnuljósa, akstur í hringtorgum, aðreinar og fráreinar, bil á milli bíla o.fl. Ríkisútvarpið, Stöð 2 og Skjár 1 hafa ákveðið að sýna þessar fræðslumyndir á milli dagskrárliða án endurgjalds.

2.3.11 Forvarnir erlendra ríkisborgara.

Umferðaróhöpp þar sem erlendir ökumenn eru orsakavaldar eru 5% allra umferðarslysa á landinu. Markmið aðgerða er að fækka slysum þar sem erlendir ferðamenn eru orsakavaldar um 10%, þ.e. fækkun látinna um 0,2 og fækkun alvarlega slasaðra um 1,2 að meðaltali á ári

Umferðarstofa lét framleiða myndband fyrir erlenda ferðamenn árið 2005 á fjórum tungumálum, ensku, frönsku, spænsku og þýsku, og er það að finna á sérstakri heimasíðu, *www.drive.is*. Í myndbandinu er farið yfir helstu hættur sem að erlendum ferðamönnum steðja á ferðum um þjóðvegi landsins. Efni myndbandsins var áfram notað á árinu 2006 og 2007, t.d. í fjölda greina í tímarit og bækur sem ætluð eru erlendum ferðamönnum til að benda á hættur á þjóðvegum landsins. Auk þess var hrundið af stað átaki í samvinnu við Alþjóðahús um að kynna fyrir erlendum ríkisborgurum, sem búsettir eru hér á landi, þau lög, reglur og viðurlög sem gilda hér á landi varðandi hraðakstur, ölvunarakstur og notkun öryggisbelta.

Vegagerðin, ásamt Sjóvá og bílaleigum, kynntu fyrir erlendum ferðamönnum sérílensk umferðarmerki, svo sem merki um einbreiðar brýr, blindhæðir og merki um að malbik endi. Kynningarefni á þremur tungumálum var komið fyrir á stýri bílaleigubíla.

Mikil fækkun varð á slysum á erlendum ríkisborgurum á árinu 2005 þegar aðgerðirnar hófust eða úr 112 árið 2004 í 65 árið 2005. Strax árið 2006 hefur árangurinn öllu leyti gengið tilbaka og gott betur og 2007 sker sig úr hvað varðar fjölda slasaðra, en taka verður tillit til þess að erlendum ríkisborgurum hefur fjölgað gríðarlega hér á landi á undanförnum árum.

Tafla 7. Slys á erlendum ríkisborgurum

	Látnir	Alvarlega slasaðir	Lítið slasaðir	Alls slasaðir og látnir
2002	4	13	90	107
2003	3	13	124	140
2004	4	13	95	112
2005	2	6	57	65
2006	5	9	119	133
2007	3	33	170	206
Meðaltal 2002–2006	**3,6**	**10,8**	**97**	**111,4**

2.3.12 Takmörkun á lausagöngu búfjár.

Samkvæmt umferðaröryggisáætlun er ætlunin að girða við rúmlega 300 km vega þar sem um 30% slysa og óhappa vegna lausagöngu búfjár verða. Væntanlegur ávinningur aðgerða er fækkun látinna um 0,1 á ári og fækkun alvarlega slasaðra um 0,7 að meðaltali á ári.

Á árinu 2007 girti Vegagerðin meðfram vegum á 20 vegarköflum í þeim tilgangi að fækka slysum af völdum búfjár. Ljóst er að Vegagerðin, sveitarfélög og eigendur búfjár verða að vinna saman að þessu markmiði um fækkun slysa svo að árangur verði sem mestur.

Talsverð fjölgun varð á slysum á fólki vegna áreksturs við dýr í umferðinni árið 2005 og 2006, sbr. töflu 8 hér að neðan, en það virðist draga úr þeim aftur árið 2007 og nálgast nú meðaltal undanfarinna fimm ára.

Tafla 8. Slys vegna áreksturs við dýr á vegi 2002–2007

	Látnir	Alvarlega slasaðir	Lítið slasaðir	Alls slasaðir og látnir
2002	0	1	12	13
2003	0	1	6	7
2004	0	1	7	8
2005	0	0	15	15
2006	2	1	17	20
2007	0	1	11	12
Meðaltal 2002–2006	**0,4**	**0,8**	**11,4**	**12,6**

3. Staða


3.1 Slysaskrá. Fjöldi látinna og slasaðra 2007.

Slysaskráning Umferðarstofu byggist á lögregluskýrslum, sem fengnar eru úr gagnagrunni ríkislögreglustjóra. Frá því í byrjun árs 1992 hefur Umferðarstofa (og áður Umferðaráð), skráð öll umferðarslys og umferðaróhöpp hér á landi sem lögreglan gerir skýrslu um. Þegar meiðsl verða á fólki í umferðarslysum er ávallt skylt að kalla til lögreglu. Vegfarandi telst ekki slasaður nema hann hafi með sannanlegum hætti verið fluttur á sjúkrahús, heilsugæslustöð eða undir læknishendur með sjúkrabifreið, lögreglubifreið, þyrlu eða hann komi til lögreglu og gefi skýrslu um að hann hafi leitað læknisaðstoðar vegna meiðsla og hlotið læknismeðferð samkvæmt því.

Rannsóknir á umferðarslysum sýna að hin opinbera skráning nær ekki til allra þeirra sem slasast hafa í umferðinni. Mismunandi er eftir vegfarendahópum hve margir slasaðir eru skráðir, en sérstaklega má gera ráð fyrir að slys á hjólreiðamönnum séu vanskráð. Umferðar-

slys eru stundum tilkynnt til lækna eða sjúkrastofnana, en ekki lögreglu. Skiptir þá miklu hve alvarleg meiðslin eru og má gera ráð fyrir að þeir sem slasast lítið tilkynni það síður til lögreglu. Það kemur fyrir að ökumenn vilja af ýmsum ástæðum ekki tilkynna slys til lögreglu. Ástæður þess má rekja til aksturs á stolinni bifreið, akstur undir áhrifum áfengis eða fíkniefna, akstur án ökuréttinda en einnig vanmat á eðli meiðsla. Þá má gera ráð fyrir að slys þar sem meiðsl eru lítil séu vanskráð í hinni opinberu skráningu. Staðreyndin er að sjúkrastofnanir og tryggingafélög skrá mun fleiri minni háttar meiðsl af völdum umferðarslysa en fram kemur í skráningu Umferðarstofu.

Á undanförnum áratug eða svo hefur náðst árangur í umferðaröryggismálum á Íslandi. Slysum með meiðslum hefur fækkað jafnt og þétt síðustu árin eða fram til ársins 2006. Síðastliðin tvö ár virðist sem slysum hafi farið fjölgandi aftur og er ljóst að snúa þarf þessari þróun við að nýju. Myndin hér að neðan sýnir þróun á fjölda látinna og alvarlega slasaðra í umferðinni á Íslandi undanfarin ár ásamt markmiðssetningu stjórvalda til ársins 2016.



Mynd 3. Fjöldi látinna og alvarlega slasaðra 1991–2007 og markmið umferðaröryggisáætlunar. (Heimild: Umferðarstofa).

Árið 2007 létust 15 manns í 15 banaslysum hér á landi og 195 slösuðust alvarlega. Þrátt fyrir að ekki hafi færri látist í umferðinni síðan 1996 þá hefur fjöldi alvarlega slasaðra aukist mjög mikið undanfarin 2 ár, sem gerir það að verkum að markmiðum umferðaröryggisáætlunar um samanlagðan fjölda látinna og alvarlega slasaðra er ekki að nást. Hér að neðan er að finna töflur og myndir yfir helstu lykilstærðir úr slysaskrá Umferðarstofu.

Tafla 9. Látnir og alvarlega slasaðir 1991 – 2007

Ár	Látnir	Alvarlega slasaðir	Látnir og alvarlega slasaðir
1991	27	230	257
1992	21	228	249
1993	17	246	263
1994	12	242	254
1995	24	239	263
1996	10	229	239
1997	15	203	218
1998	27	229	256
1999	21	222	243
2000	32	169	201
2001	24	158	182
2002	29	164	193
2003	23	145	168
2004	23	115	138
2005	19	129	148
2006	31	153	184
2007	15	195	210

Tafla 10. Fjöldi og hlutfall látinna eftir kyni

	2007		Meðaltal 2002-2006	
	Fjöldi látinna	*Hlutfall*	*Fjöldi látinna*	*Hlutfall*
Karl	13	86,67%	15,8	63,20%
Kona	2	13,33%	9,2	36,80%

Tafla 11. Fjöldi og hlutfall látinna eftir aldri

	2007		Meðaltal 2002-2006	
	Fjöldi látinna	*Hlutfall*	*Fjöldi látinna*	*Hlutfall*
0-14 ára	1	6,67%	2,2	8,80%
15-24 ára	2	13,33%	6,6	26,40%
25-34 ára	3	20,00%	2,6	10,40%
35-44 ára	4	26,67%	2,6	10,40%
45-54 ára	1	6,67%	3,2	12,80%
55-64 ára	1	6,67%	3,2	12,80%
65 ára og eldri	3	20,00%	4,6	18,40%


Tafla 12. Fjöldi og hlutfall látinna eftir ársfjórðungi

	2007		Meðaltal 2002-2006	
	Fjöldi látinna	*Hlutfall*	*Fjöldi látinna*	*Hlutfall*
janúar-mars	2	13,33%	5,8	23,20%
apríl-júní	0	0,00%	5,2	20,80%
júlí-september	7	46,67%	8,4	33,60%
október-desember	6	40,00%	5,6	22,40%

Tafla 13. Fjöldi og hlutfall látinna í dreifbýli/þéttbýli

	2007		Meðaltal 2002-2006	
	Fjöldi látinna	*Hlutfall*	*Fjöldi látinna*	*Hlutfall*
Dreifbýli	14	93,33%	19,2	76,80%
Þéttbýli	1	6,67%	5,8	23,20%

Mynd 4. Þróun fjölda látinna í umferðarslysum í dreifbýli sem hlutfall af heildarfjölda látinna



Eins og sjá má á mynd 4 létust mun fleiri í dreifbýli en þéttbýli árið 2007. Er þetta í takt við þróun síðustu áratugi og sjá má á myndinni að jafnt og þétt hefur hlutdeild banaslysa í dreifbýli verið að aukast.

.

Tafla 14. Flokkun látinna

	2007		Meðaltal 2002-2006	
	Fjöldi látinna	*Hlutfall*	*Fjöldi látinna*	*Hlutfall*
Ökumenn bifreiða	10	66,67%	12,2	48,80%
Farþegar bifreiða	1	6,67%	8,8	35,20%
Ökumenn bifhjóla	3	20,00%	1,2	4,80%
Fótgangandi	1	6,67%	2,4	9,60%
Annað	0	0,00%	0,4	1,60%

Tafla 15. Tegund banaslysa


	2007		Meðaltal 2002-2006	
	Fjöldi látinna	*Hlutfall*	*Fjöldi látinna*	*Hlutfall*
Árekstur	7	46,67%	9,4	37,60%
Útafakstur	7	46,67%	6,8	27,20%
Ekið á fótgangandi	1	6,67%	2,4	9,60%
Ekið á dýr eða knapa	0	0,00%	0,6	2,40%
Ekið í sjó, vatn eða á	0	0,00%	2,2	8,80%
Annað	0	0,00%	3,6	14,40%

Tafla 16. Fjöldi og hlutfall látinna eftir landsvæðum

	2007		Meðaltal 2002-2006	
	Fjöldi látinna	*Hlutfall*	*Fjöldi látinna*	*Hlutfall*
Höfuðborgarsvæðið	1	6,67%	5,2	20,80%
Suðurnes	2	13,33%	3,4	13,60%
Vesturland / Vestfirðir	2	13,33%	3,8	15,20%
Norðurland	3	20,00%	5,2	20,80%
Austurland	1	6,67%	3	12,00%
Suðurland	6	40,00%	4,4	17,60%

3.2 Samanburður við Norðurlönd.

Meðfylgjandi graf sýnir fjölda dauðsfalla í umferðinni á hverja 100.000 íbúa á Norðurlöndum. Þar sem gagnasafn á Íslandi er langminnst allra þessara þjóða þá kemur fjöldi látinna í meiri sveiflum en annars staðar þekkist, þ.e. í besta árferði stendur Ísland jafnfætis fremstu þjóðum á Norðurlöndum en í slæmu árferði snýst það við og Ísland stendur öðrum Norðurlandaþjóðum langt að baki. Af þeim sökum hefur m.a. verið ákveðið í umferðaröryggisáætlun að meta árangur út frá meðaltali undangenginna 5 ára, m.a. til að stækka gagnasafnið.



3.3 Bifreiðatölur.

Í árslok 2007 voru 293.299 ökutæki skráð í ökutækjaskrá. Á árinu 2007 voru 30.040 ökutæki nýskráð á Íslandi, þar af 25.851 ný ökutæki og 4.189 notuð ökutæki. Á árinu 2006 voru 29.042 ökutæki nýskráð. Í meðfylgjandi töflu sést hvernig skráning ökutækja skiptist á milli einstakra ökutækisflokka.

Tafla 14. Fjöldi nýskráninga nýrra ökutækja 2007. (Heimild: Umferðarstofa).

	Fólksbílar	Hópbílar	Sendibílar	Vörubílar	Bifhjól	Eftirvagnar	Annað	Samtals
Nýtt	15.944	48	2.775	549	1.851	2.290	2.394	25.851
Notað	2.580	46	291	384	544	261	83	4.189


Á árinu 2007 voru 104.070 eigendaskipti ökutækja færð í ökutækjaskrá samanborið við 98.723 eigendaskipti árið 2006.

124.253 ökutæki voru færð til aðalskoðunar á árinu 2007. 40,7% ökutækja fengu engar athugasemdir í aðalskoðun, 35,3% fengu lagfæringu, 23,9% ökutækja fengu endurskoðun og 0,1% þeirra fékk akstursbann.

3.4 Könnun á öryggi barna í bifreiðum.

Umferðarstofa, Slysavarnafélagið Landsbjörg og Sjóvá Forvarnahús stóðu fyrir árlegri könnun á öryggi barna í bílum í apríl 2007 með aðstoð nemenda á leikskólabraut í Kennaraháskóla Íslands við framkvæmd könnunarinnar. Könnunin var gerð við 58 leikskóla víða um land og tóku 1.944 manns þátt í henni. Á fyrstu árum þessara kannana voru niðurstöður vægast sagt óviðunandi. Ef þróunin er skoðuð undanfarin 12 ár kemur í ljós að ástandið hefur batnað en þó er það aldrei ásættanlegt að sumir noti ekki einfaldan og ódýran öryggisbúnað sem getur skilið á milli lífs og dauða barnanna okkar.

Tekið skal fram að í 71. gr. umferðarlaga segir m.a. *„Ökumaður skal sjá um að í stað öryggisbeltis eða ásamt öryggisbelti noti barn viðurkenndan barnabílstól, beltispúða eða annan sérstakan öryggis- og verndarbúnað ætlaðan börnum lægri en 150 sm á hæð“*. Enn fremur segir í 71. gr. *„Ökumaður skal sjá um að farþegi yngri en 15 ára noti öryggis- og verndarbúnað”*. Ökumaðurinn ber þannig fulla ábyrgð á að barnið noti verndarbúnað. Enn segir í sömu umferðarlagagrein: *„Barn yngra en þriggja ára má ekki vera farþegi í fólks-, sendi- eða vörubifreið nema hún sé með viðeigandi öryggis- og verndarbúnaði ætluðum börnum.“* Yngstu börnin mega því ekki vera farþegar í bifreiðum öðrum en hópbifreiðum án þess að vera með viðeigandi öryggis- og verndarbúnað.



Mynd 6. Öryggi barna í bílum 2007

Þegar skoðuð er þróun mála frá 1997 kemur í ljós að tilfellum þar sem enginn búnaður er notaður hefur fækkað mikið, nánar tiltekið úr u.þ.b 32% í 5% árið 2007, sama talan fyrir árið 2006 var 3%. Færri eru þó nú með óviðunandi búnað þ.e. með ekkert eða aðeins með öryggisbelti. Árið 2006 var sá hópur 15% en 14% árið 2007. Því reyndust 86% barna vera með viðurkenndan öryggisútbúnað í bíl á leið til leikskóla, sem er það hæsta sem mælst hefur frá því mælingar hófust.

Einnig kom fram að samband var milli beltanotkunar ökumannsins og þess hvort barnið var í verndarbúnaði. Börn þeirra ökumanna sem notuðu ekki bílbelti voru án verndarbúnaðar í um 16% tilfella en í 1,8% tilfella hjá þeim sem voru með belti. Þetta segir sína sögu um öryggisviðhorf þeirra fullorðnu.

Athygli vekur fjöldi að þeirra sem eru í bílstól er svipaður milli ára en bílpúðar með bakstuðningi eru nú algengari, 23,5% barnanna voru í slíkum búnaði nú en aðeins 10,6% þeirra fyrir fjórum árum.

Þeir staðir sem komu einna best út í þessari könnun voru Ólafsfjörður, Akureyri, Húsavík og Höfn í Hornafirði. Hafnarfjörður kom best út af sveitarfélögum höfuðborgarsvæðisins.

Börn undir 150 sm að hæð mega aldrei sitja í sæti með virkan öryggispúða fyrir framan sig, blásist púðinn upp getur það reynst börnum í framsæti lífshættulegt. Í könnuninni í apríl kom í ljós að 23 börn (19 árið 2006) sátu fyrir framan öryggispúða og þar af voru 7 algerlega laus.

3.5 Viðhorfsrannsókn á akstursheðun almennings.

Í október og nóvember framkvæmdi Capacent viðhorfsrannsókn á akstursheðun almennings fyrir Umferðarstofu, Vegagerðina og Ríkislögreglustjóra. Sambærileg könnun var framkvæmd árið 2005 og 2006. Úrtakið í könnuninni var 2000 manns á aldrinum 17–75 ára og var svarhlutfallið tæplega 55%. Í þessum kafla verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum könnunarinnar, en könnunina í heild sinni er að finna á heimasíðu Umferðarstofu.

97% svarenda höfðu bílpróf og rúmlega 15% voru með svokallað meirapróf, sem eru svipaðar niðurstöður og í könnuninni 2006. Tæpur þriðjungur er meira en klukkustund á dag í umferðinni sem ökumenn, annar þriðjungur ver klukkustund á dag í umferðinni og síðasti þriðjungurinn er minna en klukkustund á dag í umferðinni að meðaltali.

Syfja er vaxandi vandamál í umferðinni og kom í ljós í könnuninni að rúm 35% ökumanna hafa oft, stundum eða sjaldan orðið syfjaðir á meðan á akstri stóð. Jafnframt hafa 5,6% ökumanna dottað undir stýri á síðastliðnum 6 mánuðum. Er það talsvert betri niðurstaða en árið 2006 þegar 10,4% ökumanna töldu sig hafa dottað undir stýri.

Notkun GSM síma við akstur án handfrjáls búnaðar hefur vaxið á undanförnum árum sé tekið mið af niðurstöðu könnunarinnar. Á meðan 36% ökumanna svöruðu því til í könnuninni 2001 að þeir tali aldrei í síma við akstur án handfrjáls búnaðar þá hefur það hlutfall fallið niður í 29,2% árið 2007. Hins vegar tala færri oft án handfrjáls búnaðar við akstur árið 2007, eða 13,1%, í stað 28% árið 2001.

Þegar spurt var um ökuhraða við mismunandi leyfðan hámarkshraða þá kemur í ljós að tæp 65% aðspurðra aka á löglegum hraða þar sem hámarkshraði er 30 km/klst, 63% þar sem hámarkshraði er 60 km/klst og 68% þegar ekið er á vegum þar sem hámarkshraði er 90 km/klst. Er hér talsverð breyting frá fyrri árum til betri vegar en árið 2006 voru t.a.m. aðeins 48% sem óku á löglegum hraða, en 43% sögðust aka á 100–110 km/klst árið 2006 en það hlutfalli lækkar í 27% árið 2007. Þetta staðfestir þær athuganir úr umferðargreinum Vegagerðarinnar að ökuhraði hefur lækkað umtalsvert á milli áranna 2007 og fyrri ára, sbr. myndir

1 og 2 í kafla 2.3.2. Karlar aka almennt hraðar en konur auk þess sem yngra fólk virðist temja sér meiri hraða en þeir sem eldri eru. Jafnframt eru þeir sem aka meira líklegri til að aka hraðar.

Um notkun öryggisbelta kom í ljós að 74,7% notuðu alltaf öryggisbelti sem ökumenn innanbæjar og 94,1% utanbæjar, um 84% notuðu alltaf öryggisbelti sem farþegar í framsæti og 68% sem farþegar í aftursæti. Er þetta svipuð niðurstaða og árið 2006 en talsvert betri en árið 2005. Karlmenn eru líklegri til að aka án öryggisbelta en ekki er munur eftir aldri.

Þegar litið er til aksturs og áfengisneyslu þá kemur í ljós að 21% aðspurðra höfðu ekið einu sinni eða oftar eftir neyslu eins áfengs drykkjar á sl. 6 mánuðum, en um 30% höfðu ekið einu sinni eða oftar eftir að hafa drukkið meira en einn drykk. Þessi niðurstaða er töluvert lakari en árið 2006 þegar 21% höfðu ekið einu sinni eða oftar eftir að hafa drukkið meira en einn drykk og mun lakari en árið 2005 þegar hlutfallið var um 12%. Karlar eru mun líklegri til að aka eftir neyslu áfengis. Einstaklingar með meirapróf er ólíklegri en aðrir til að aka eftir neyslu áfengis. Einstaklingar með meiri menntun og hærri tekjur reyndust líklegri en aðrir til að hafa ekið eftir neyslu eins áfengs drykkjar. Það snýst hins við þegar spurt er um akstur eftir neyslu meiri en eins áfengs drykkjar. Þá eru einstaklingar með grunnskólamenntun og lægri tekjur líklegastir til að aka eftir neyslu meira en eins áfengs drykkjar.

3.6 Ökunám, ökukennsla og ökupróf.

3.6.1 Ökunám.

Þann 26. mars 2007 var reglugerð um ökuskírteini breytt í þá veru að gert var ráð fyrir að ökunemar sem hefja áttu ökunám frá og með ársbyrjun 2008 fengju sérhæfða kennslu í ökugerði. Þetta hafði verið kappsmál fagaðila í áratugi. Áður hafði samgönguráðuneytið fengið Ríkiskaup til að annast forval til að kanna hvort forsendur væru til staðar til rekstrar ökugerða án sérleyfis. Alls lýstu fjórir aðilar yfir áhuga á rekstri ökugerðis án þess að veitt yrði sérleyfi til rekstursins og sýndu fram á í viðskiptaáætlunum sínum að rekstrarforsendur væru til staðar fyrir þessa aðila að byggja upp og starfrækja ökugerði miðað við þær kröfur sem stjórnvöld gera til slíkrar starfsemi. Undir lok ársins var þó einsýnt að ekkert ökugerði yrði starfshæft um áramótin og því var gildistöku ákvæða um þjálfun í ökugerði sem hluta af ökunámi frestað til 1. júlí 2008.

Þann 27. apríl 2007 tóku gildi breytingar á umferðarlögum sem samþykktar höfðu verið á Alþingi 17. mars 2007. Stór hluti breytinganna tók mið af því að leggja áherslu á fylgni við umferðarlög og reglur, sérstaklega í upphafi ökuferils. Þessi atriði sérstaklega snerta nýliða:

- Gildistimí bráðabirgðaskírteinis var lengdur í þrjú ár.
- Við endurnýjun bráðabirgðaskírteinis þarf því aðeins farið í akstursmat að umsækjandi uppfylli skilyrði um punktaleysi síðustu 12 mánuði.
- Hafi sá sem hefur fengið bráðabirgðaskírteini í fyrsta sinn fengið fjóra punkta samkvæmt punktakerfi vegna umferðarlagabrota, skal lögreglustjóri þá banna honum að aka og afturkalla ökuréttindin sem bráðabirgðaskírteinið veitir. Slíku banni skal eingöngu beitt einu sinni á gildistíma bráðabirgðaskírteinis.
- Akstursbannið gildir þar til byrjandinn hefur sótt sérstakt námskeið og staðist ökupróf að nýju. Akstursbannið er þannig ekki skilyrt í tíma, heldur segir til um kröfur sem hinn brotlegi þarf að fullnægja, þátttaka á námskeiði og að standast ökupróf að nýju.
- Byrjandi sem sviptur hefur verið ökurétti þarf einnig að fara á sérstakt námskeið og endurtaka ökupróf að nýju. Skiptir engu hve löng eða stutt sviptingin er. Reglan um það

að eingöngu þurfi að endurtaka ökupróf þegar sviptingatími er lengri en 12 mánuðir á þannig ekki við um handhafa bráðabirgðaskírteinis lengur.
- Litið er svo á, að hluti af upphaflegu ökunámi hafi ekki náð eyrum þess brotlega, þ.e. skilað tilætluðum árangri og verði hann því að endurtaka hluta af því á ný.

Þrjú sérstök námskeið, samkvæmt námskrá sem samgönguráðherra hafði staðfest á árinu, voru haldin seinni hluta árs 2007 og sóttu 22 einstaklingar þau.

Samgönguráðuneytið, Umferðarstofa og Ökukennarafélag Íslands stóðu að málþingi um ökunám á Íslandi. Málþingið fór fram 8. maí og fluttu þar m.a. erindi fulltrúar norskra stjórnvalda og norska ökukennarafélagsins.

Nám til ökukennararéttinda, sem fer fram innan Kennaraháskóla Íslands samkvæmt samningi við Umferðarstofu, var auglýst í mars mánuði. Ákveðið var í lok umsóknarfrests að fresta upphafi væntanlegs náms til ársins 2008 í ljósi þess hve fáir sóttu um. Í júní mánuði útskrifaðist 21 nýr ökukennari til réttinda bifhjólakennslu á grundvelli nýrrar námskrár sem samgönguráðherra hafði staðfest fyrr á árinu. Nám þeirra fór fram að hluta hér á landi og að hluta í Danmörku 2.–9. júní. Þessi viðbót í raðir ökukennara sem sinna bifhjólakennslu kemur sér mjög vel í ljósi þess hve mikil aukning hefur orðið í fjölda þeirra sem bæta við sig bifhjólaréttindum í landinu síðustu árin.

Á árinu var áfram unnið að undirbúningi á töku skriflegra prófa í tölvu en breytingunni var ekki komið á m.a. vegna skoðanaskipta Umferðarstofu og Ökukennarafélags Íslands um framkvæmdina sem átti eftir að vinna úr.

Í umferðaröryggisáætlun er gert ráð fyrir því að fram fari úttekt á ökunámi og ökukennslu hér á landi. Stefnt er að því að í upphafi árs 2008 verði skipaður starfshópur sem fari ofan í saumana á þessum málaflokki með það að markmiði að mynda samhengi í ökunámi og ökukennslu frá síðustu bekkjum grunnskóla og á fyrsta ári framhaldsskóla með áherslu á síðferðilega þætti. Jafnframt að skoðað verði fyrirkomulag og kennsla ökukennara.

3.6.2 Ökukennsla.

Árið 2007 störfuðu rúmlega 30 ökuskólar á landinu. Tveir þessara skóla voru með sérstök námskeið vegna akstursbanns sbr. hér að framan.

3.6.3 Ökupróf.

5.710 einstaklingar luku prófi til almennra ökuréttinda á árinu. Hér er bæði um að ræða nýliða í umferð sem og einstaklinga sem þurftu að endurtaka ökupróf vegna sviptingar.

Tafla 15. Almenn ökuréttindi, fjöldi verklegra prófa sem staðin eru:

	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
Bifreið	4.665	4.872	4.642	4.448	4.253	4.214	4.266	4.847	4.996	5.710

Hlutfall nemenda sem stóðst ekki verklegt ökupróf til almennra ökuréttinda á árinu var rúmlega 8%. 10.512 skrifleg próf voru lögð fyrir til almennra ökuréttinda og var fallprósenta á þeim tæplega 45% í heild.

Á árinu 2007 virðist sem sókn í nám til aukinna ökuréttinda sé aftur komið í svipað horf og 2003 og sveiflu í aðsókn sem tengja mátti breytingum á náminu sem tóku gildi 2005, að jafnast út.

Tafla 16. Aukin ökuréttindi, fjöldi verklegra prófa sem staðin eru:

	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
Vörubifreið	477	439	535	603	567	579	997	768	486	531
Hópbifreið	343	379	400	404	412	368	678	579	216	241
Eftirv. C/D	289	302	313	381	417	424	661	659	393	444
Leigubifreið	369	389	474	451	476	378	685	526	259	272
C1/D1									24	37
D1									17	14
C1E/D1E									14	14

Hin mikla aukning í öflun bifhjólaréttinda sem verið hefur undanfarin ár heldur áfram. 1292 einstaklingar luku prófi til bifhjólaréttinda 2007. Svipuð aukning á sér stað í fjölda þeirra unglinga sem ljúka prófi til að aka léttu bifhjóli. Árið 1997 voru réttindi til að aka með stóra eftirvagna gerð að sérstökum réttindaflokki. Það er fyrst núna undanfarin tvö ár sem einstaklingar eru í auknum mæli að bæta við sig þessum réttindum.

Tafla 17. Fjöldi verklegra prófa sem staðin eru:

	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
Bifhjól	206	243	241	258	247	313	438	724	1064	1292
Létt bifhjól	83	77	59	70	65	51	54	56	92	107
Dráttarvél	3	6	4	5	8	13	4	9	2	7
Eftirvagn B	1	3	4	4	4	7	8	7	37	63

Spölur hf. býður öllum ökunemum sem eru í námi til almennra ökuréttinda eina ókeypis ferð fram og aftur um Hvalfjarðargöng. Þetta fyrirkomulag hefur verið við lýði síðan í ágúst 2000 og stuðlar með jákvæðum hætti að því að ökunemar fá að reyna akstur við fjölbreyttar aðstæður. Um leið og allir sem vilja öðlast reynslu í akstri um þetta sérstaka umferðarmannvirki og um leið í þjóðvegaakstri, fá nemar á höfuðborgarsvæðinu tækifæri til að kynnst akstri í dreifbýli og nemar með búsetu fjarri borginni tækifæri til að kynnast akstri í borgarumhverfi.

Tafla 18. Akstur ökunema um Hvalfjarðargöng

	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
janúar		157	79	65	72	71	96	91
febrúar		87	101	74	97	101	105	113
mars		106	86	101	121	89	99	160
apríl		107	71	79	101	104	72	143
maí		128	98	105	95	118	125	108
júní		102	107	104	79	120	111	102
júlí		139	152	109	132	108	125	136
ágúst	146	99	108	107	105	116	86	92
september	139	104	175	110	125	89	84	119
október	118	64	117	70	99	86	106	132
nóvember	121	65	111	93	82	90	85	118
desember	77	37	61	47	74	67	56	66
Samtals	601	1.195	1.266	1.064	1.182	1.159	1.150	1.380

4.0 Önnur verkefni að umferðaröryggismálum

4.1 Umferðarráð.

Í Umferðarráði sitja fulltrúar 22ja stofnana, félagasamtaka, ráðuneyta og annarra sem koma að umferðarmálefnum með einum eða öðrum hætti, auk formanns og varaformanns, sem skipaðir eru beint af ráðherra. Umferðarráð fær ýmis mál til umsagnar, m.a. frá Alþingi og samgönguráðuneytinu. Á árinu 2007 voru haldnir 6 fundir í Umferðarráði, og meðal dagskrárefna voru:

- Niðurstöður úr könnun á umferðarhegðun Íslendinga.
- Umferðaröryggisvika Sameinuðu þjóðanna.
- Kynning á verkefnum í umferðaröryggisáætlun.
- Reglugerð um ökuskírteini – ökugerði.
- Fundur með samgönguráðherra, þar sem ráðsmenn kynntu áherslur sínar í umferðaröryggismálum.
- Umferðarfræðsla í grunnskólum – verkefni Grundaskóla á Akranesi.
- Merkingar vegavinnusvæða.
- Ölvunarakstur. Rannsókn á vandamálinu.
- Eurorap, mat á öryggi þjóðvega.
- Raflýsing Þrengslavegar og Þorlákshafnarvegar.

Árið 2007 sendi Umferðarráð frá sér ályktanir um mikilvægi þess að fækka slysum á þjóðvegum í nágrenni Reykjavíkur og um mikilvægi umferðarfræðslu í leikskólum og grunnskólum.

4.2 Rannsóknarnefnd umferðarslysa.

Á árinu 2007 fékk Rannsóknarnefnd umferðarslysa 15 banaslys í umferðinni til rannsóknar og 22 alvarleg umferðarslys. Orsakagreindi nefndin þessi slys og kom ábendingum í öryggisátt á framfæri við viðeigandi aðila ef tilefni var til. Auk skýrslu um banaslys í umferðinni 2006 lauk RNU við tvær aðrar skýrslur. Nefndin ritaði skýrslu um veikindi og ökuhæfni og kom á framfæri við samgönguráðuneytið og embætti landlæknis. Þá ritaði nefndin skýrslu um eftirvagna- og tengitæki sem nefndin kom á framfæri við samgönguráðuneytið og Umferðarstofu. Niðurstöður, ábendingar og ályktanir nefndarinnar eru birtar á vefnum *http://www.rnu.is*.

4.3 Landflutningaráð.

Árið 2007 setti samgönguráðherra á fót landflutningaráð, en með stofnun þess er stefnt að því að skapa vettvang fyrir skoðanaskipti milli hagsmunaaðila varðandi málefni flutninga á landi, en helstu verkefni ráðsins verða:

- að vera stjórnvöldum og öðrum til ráðuneytis um landflutningamál
- að vera umsagnaraðili um breytingar á lögum og reglum og stefnumörkun stjórnvalda í málefnum landflutninga
- að vera umsagnaraðili um EES reglur
- annað sem ráðið ákveður að taka til umfjöllunar eða ráðherra felur því

Í landflutningaráði voru skipuð: Már Guðnason og Stefán Úlfarsson frá Alþýðusambandi Íslands og Fjóla Pétursdóttir til vara, Jón R. Pálsson, Signý Sigurðardóttir og Agnar Daníelsson frá Samtökum atvinnulífsins, Birgir Hákonarson frá Umferðarstofu, Björn Ólafsson frá Vegagerðinni, Birna Hreiðarsdóttir frá samgönguráðuneytinu er starfsmaður ráðsins, en formaður er Einar Már Sigurðarson, a1þingismaður.

4.4 Alþjóðleg umferðaröryggisvika.

Alþjóðleg umferðaröryggisvika undir yfirskriftinni Make Roads Safe var haldin dagana 23.–29. apríl 2007. Umferðarstofa og Umferðarráð stóðu að undirbúningi og framkvæmd umferðaröryggisvikunnar á Íslandi sem þótti takast í alla staði vel. Dagskrá vikunnar var fjölbreytt og miðaðist við að koma sem flestum þáttum umferðaröryggis á framfæri. Meðal annars var haldinn var fræðslufundur fyrir stjórnmálamenn í aðdraganda kosninga og mættu þar bæði fulltrúar flokka sem sæti eiga á Alþingi og fulltrúar sveitarstjórna. Sérfræðingar í umferðaröryggismálum fóru þar yfir ýmis atriði sem brýnt er að bæta úr á sviðinu. Gefið var út fylgiblað með Morgunblaðinu sem fjallaði um efni vikunnar og margt fleira sem tengist umferðarmenningu. Lögð var áhersla á að grunnskólar gæfu umferðaröryggismálum gaum á meðan umferðaröryggisvikan stóð yfir og leitast var við að beina leiðbeiningum til nemenda og foreldra þeirra.

Sýning um umferðaröryggi fjölskyldunnar var haldin í Forvarnahúsi Sjóvár þar sem sýndur var margvíslegur búnaður sem hefur það að markmiði að auka skilning fólks á mikilvægi umferðaröryggis. Haft var opið akstursæfingasvæði á Keflavíkurflugvelli og var það verkefni unnið í samstarfi við FÍB og Landssamband íslenskra akstursíþróttafélaga. Bifreið var sprengd í loft upp á svæðinu til að benda á hversu miklir kraftar geta losnað úr læðingi við harðan árekstur. Áhersla var lögð á mikilvægi umferðaröryggis hjólreiðamanna, m.a. efndu Sniglarnir til hópaksturs og sett var upp sérstakt æfingasvæði eða umferðarleikvöllur fyrir börn í Smáralind undir umsjón Frumherja.

4.5 Evrópumál.

Hér á eftir er fjallað um málefni sem voru efst á baugi hjá Evrópusambandinu 2007. Í mörgum tilfellum er um framhaldsumfjöllun frá síðustu skýrslu að ræða og má í þeim tilfellum finna frekari upplýsingar í skýrslu síðasta árs. Frekari upplýsingar um umferðaröryggismál á vettvangi ESB er að finna á vefslóðinni: *http://ec.europa.eu/transport/road safety/index_en.htm.*

4.5.1 Eftirfylgni refsinga vegna brota á umferðarlögum.

Unnið er að því að skoða mögulega reglusetningu eða aðgerðir til þess að framfylgja sektarviðurlögum vegna umferðarlagabrota yfir landamæri. Þetta er einkum hagsmunamál ríkja þar sem mikið er um erlenda ferðamenn í umferðinni. Við aukna sjálfvirkni við myndavélavæðingu fyrir hraðaeftirlit og stöðvunarbrot verður erfiðara að framfylgja refsingum þar sem ekki næst til þeirra sem eru gestkomandi í landinu. Því hefur raunin orðið að í sumum ríkjum er hlutfallslega mun algengara að ferðamenn brjóti umferðarlögin en þeir sem eiga þar ríkisfang. Formlegur frestur til þess að koma að athugasemdum rann út í apríl. Vænta má tillagna framkvæmdastjórnarinnar á fyrri hluta ársins 2008.

4.5.2 Grænbók um samgöngur í borgum.

Mikill áhugi er á grænbók um samgöngur í borgum sem kom út í september 2007 og bárust um 900 ábendingar á undirbúningsstigi hennar. Markmiðið er að opna almenna umræðu um lykilatriði samgangna í borgum svo sem hvernig megi stuðla að auknum hreyfanleika, vistvænni samgöngum í borgum, skilvirkari samgöngum og samgöngum sem eru aðgengilegar, verndaðar og öruggar fyrir alla borgara. Í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar segir að hún virði sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga í þessu máli en vilji leggja sitt að mörkum til að finna hagkvæmar lausnir við þeim vanda sem við blasir.

Í umfjöllun um tillögur bókarinnar er oftast komið inn á umferðarstíflur og mengun í borgum. Þá telja flestir að almenningssamgöngur skuli vera forgangsmál í borgum. Nálægðarreglan (subsidarity principle) er eðlilega metin nokkuð gildandi varðandi umsjón samgangna í borgum en sjónarmið eru uppi um að aðkoma Evrópusambandsins verði einkum að þróa sameiginlegar lausnir á umferðarvanda í borgum, stuðla að notkun nýrrar tækni, hafa frumkvæði að nýjum verkefnum á sviði rannsókna og miðlun upplýsinga um lausnir á umferðarvanda í borgum. Framkvæmdastjórnin miðar við að birta aðgerðaráætlun haustið 2008 er byggir á tillögum grænbókarinnar. Hægt er að nálgast efni grænbókarinnar á eftirfarandi slóð:*http://ec.europa.eu/transport/clean/green_paper_urban_transport/prepara tion_en.htm.*

4.5.3 Gjaldtaka í samgöngum.

Þegar tilskipun um gjaldtöku af vegum var til umfjöllunar í Evrópuþinginu í maí á sl. ári fól þingið framkvæmdastjórninni að útbúa líkan fyrir mat á ytri kostnaði við samgöngur. Í samþykkt þingsins segir að framkvæmdastjórnin skuli fara yfir ytri kostnað sem stafar m.a. af hávaða, umferðahnútum og heilsutapi og leggja fram í byrjun árs 2008 líkan sem nái utan um þessa þætti á heildstæðan og gagnsæjan hátt og nýta megi við gjaldtöku af samgöngum í framtíðinni. Einnig skuli leggja fram áætlun um að taka upp í skrefum hliðstæða gjaldtöku fyrir alla samgöngumáta.

Framkvæmdastjórnin brást við þessu með því að ráðast í gerð skýrslu um áhrif slíkrar gjaldtöku sem nú liggur frammi og rann umsagnarfresturinn út í árslok 2007. Eftirfarandi er slóð á umrædda skýrslu: *http://ec.europa.eu/transport/costs/handbook/index_en.htm.*

4.5.4 CARE gagnagrunnurinn.

Á árinu 2007 gerðist Ísland aðili að CARE gagnagrunninum sem er samevrópskur gagnagrunnur 27 aðildarlanda yfir umferðarslys á vegum í Evrópu. Á árinu 2008 munu upplýsingar frá Íslandi bætast í gagnagrunninn auk Rúmeníu og Búlgaríu. Grunnurinn er gagnagrunnur en ekki tölfræðigrunnur, þ.e. í grunninn fara slysagögnin sjálf en ekki aðeins talningar á slysum. Þetta leiðir af sér að notandi getur keyrt fyrirspurnir eftir eigin höfði á gagnagrunninn og fengið þannig samanburð milli þeirra landa sem eiga aðild að gagnagrunninum. Grunnurinn, hönnun hans og högun eru mjög lifandi og eru í raun í stöðugri þróun.

Umferðarstofa tekur þátt í samstarfi sérfræðinga í slysagögnum og slysatölfræði með fundarsetu tvisvar á ári ásamt sérfræðingum annarra Evrópulanda þar sem þessi mál eru rædd. Á næsta ári verður svo aðgengileg á netinu myndræn framsetning á slysagögnum, þ.e. Evrópukort þar sem hvert land fær lit eftir því hvernig staðan er í því landi. Þar getur notandinn einnig valið sjálfur hvaða tölfræði hann vill ná í úr grunninum.

4.6 Eurorap – vegrýni á Íslandi.


EuroRAP eru samtök 25 bifreiðaeigendafélaga í jafnmörgum löndum Evrópu, stofnuð árið 2000 að frumkvæði FIA, alþjóðasamtaka bifreiðaeigendafélaga. Auk FIA eru 14 opinberar stofnanir nokkurra Evrópulanda, t.d sænska Vegagerðin, stuðningsaðilar við EuroRAP. Þá eru Evrópusambandið, FIA Foundation, Toyota Motor Company og AA Trust í Bretlandi fjárhagslegir bakhjarlar. Hlutverk EuroRAP er að framkvæma gæðamat á vegum út frá slysasögu og mati á öryggi veganna samkvæmt stöðluðum aðferðum. EuroRAP er systurverkefni EuroNCAP, sem árekstrarprófar bíla og gefur stjörnur miðað við öryggi. Meginmarkmið beggja verkefnanna er að fækka verulega banaslysum og alvarlegum slysum í umferðinni.

Félag íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB) er aðili að EuroRAP og sér um framkvæmd þessarar úttektar á Íslandi, í samstarfi við Umferðarstofu og Vegagerðina.

EuroRAP verkefnið felst í því að vegir eru skoðaðir með tilliti til öryggisþátta í hönnun þeirra. Sérbúnum skoðunarbíl er ekið um vegina og tæknibúnaður í honum, ásamt sjónrænni skoðun, safnar gögnum um vegina og umhverfi þeirra með tilliti til slysahættu fyrir vegfarendur. Úr þessum gögnum er síðan unnið áhættumat og áhættukort fyrir ákveðna vegi og vegarkafla. Áhættumatið verður síðan leiðbeinandi fyrir ökumenn, fyrir veghaldara og vegagerðarfólk um hvað skal gera til að draga úr slysahættu á vegunum og hvernig nýir vegir verði best úr garði gerðir til að slysahætta verði sem minnst. Gefnar eru stjörnur fyrir hvern vegarkafla frá einni stjörnu til fjögurra. Markmiðið er að fá sem flestar stjörnur.

Verkefnið hófst með samningi FÍB og Umferðarstofu árið 2005, en Umferðarstofa fjármagnar útektirnar og FÍB annast framkvæmd þeirra. Í upphafi árs 2006 voru skoðaðir 175 km í forkönnun, með aðstoð frá Svíþjóð, þar sem skoðunarteymi frá verkfræðistofunni SWECO þjálfaði og prófaði tæki og gögn. Skýrsla eftir þá prófun var birt á miðju ári 2006.

Samtals hafa nú verið skoðaðir 2.450 km af íslenska vegakerfinu. Sú vinna var framkvæmd á árinu 2006 og lauk í september 2007. Niðurstöðurnar voru unnar í Svíþjóð og bárust þær í lok árs. Skýrsla er nú í vinnslu og verður birt fyrir vorið 2008. Í skýrslunni verða kort og töflur yfir þá vegi sem skoðaðir hafa verið. Bæði er heildarniðurstaða birt yfir landið, en einnig verða kort sem sýna hliðar vega, miðjuskiptingu og vegamót, ásamt öllum skráningum sem gerðar eru á vegunum. Töflurnar sýna einkunnargjöf allra veganna, ásamt stjörnugjöf.



Á þessari mynd sést heildarstjörnugjöf allra þeirra vega sem skoðaðir voru

Niðurstöðurnar sýna að margt þarf að gera til að bæta öryggi vega á Íslandi. Sérstaklega er áberandi hve mikið er um hátt fall er fram af vegunum í umhverfi vega hér á landi. Í því sambandi má nefna, að meira en 5 metra hátt fall er fram af vegum á 720 km af hliðum vega þar sem skoðun hefur farið fram. Einnig vekur athygli hve mikið er jafnframt um góða kafla, sem fá 4 stjörnur vegna öryggissvæða við vegi. Í samanburði við önnur Evrópulönd með svipaða vegi, kemur skógleysið okkur til góða, en erlendis er trjágróður aðalástæða er þess að einkunnargjöfin er lág á svæðum með miklu skóglendi í nánd við vegi.

Reynslan af EuroRAP verkefninu er talin góð og ætlunin er að halda þessu verkefni áfram. Á árinu 2008 er ætlunin að skoða a.m.k. 1000 km til viðbótar. Þar með verður Ísland fyrsta

Evrópulandið til að ljúka fyrstu yfirferð á vegakerfinu, sem ástæða er til að taka út. Þar er um að ræða nánast alla vegi sem eru með bundnu slitlagi og þar sem mesti umferðarþunginn er.

5.0 Þróun á sviði laga og reglna um umferðarmál á árinu 2007.

Í lok ársins 2007 skipaði samgönguráðherra nefnd um heildarendurskoðun umferðarlaga nr. 50/1987 í því skyni að koma til móts við þá þróun sem orðið hefur á sviði umferðarmála á liðnum árum og ný viðhorf í þeim efnum. Gert er ráð fyrir að nefndin ljúki störfum fyrir árslok 2008.

Í nefndinni sitja: Karl Ragnars, tilnefndur af Umferðarstofu, Jón Haukur Edwald, tilnefndur af Ökukennarafélagi Íslands, Kolbrún Sævarsdóttir, tilnefnd af embætti ríkissaksóknara, Gunnar Narfi Gunnarsson, tilnefndur af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, Ólafur Guðmundsson, tilnefndur af Félagi íslenskra bifreiðaeigenda og Signý Sigurðardóttir, tilnefnd af Samtökum verslunar og þjónustu. Formaður nefndarinnar er Róbert Ragnar Spanó, prófessur í lögum við Háskóla Íslands. Starfsmaður nefndarinnar er Birna Hreiðarsdóttir, lögfræðingur í samgönguráðuneytinu.

5.1 Breyting á umferðarlögum nr. 50/1987.

Hér á eftir er fjallað um þær breytingar sem átt hafa sér stað á núgildandi umferðarlögum á árinu 2007. Jafnframt er gerð grein fyrir drögum að nýrri reglugerð um akstur- og hvíldartíma og undirbúningi að innleiðingu nýrrar tilskipunar EB um ökuskírteini.

5.1.1 Með lögum nr. 24/2007, sem tóku gildi 29. mars 2007, var gerð breyting á ýmsum lögum, þar á meðal umferðarlögum nr. 50/1987. Þar er kveðið er á um í 48. gr. umferðarlaga að ríkislögreglustjórinn geti falið sýslumönnum og lögreglustjórum að annast útgáfu ökuskírteina. Á breytingin rót sína að rekja til þess að með nýrri skipan eru ekki allir sýslumenn jafnframt lögreglustjórar.

5.1.2 Með lögum nr. 69/2007, sem tóku gildi 27. apríl 2007, voru gerðar breytingar á umferðarlögunum. Þær voru:

Breyting á 2. gr.

Skilgreiningu á litlum vél- eða rafknúnum ökutækjum, sem hönnuð eru til aksturs á hraða frá 8 km og upp í 15 km á klst. er breytt þannig að í stað 15 km kemur 25 km.

Breyting á 51. gr.

Bráðabirgðaskírteini gildir framvegis í þrjú ár í stað tveggja. Handhafi þess á þó kost á að uppfylltum tilteknum skilyrðum að fá fullnaðarskírteini eftir eitt ár. Staðfesting ökukennara á því að byrjandi hafi farið í akstursmat kemur nú í stað umsagnar ökukennara um árangur þar sem hann áður, eftir atvikum annað hvort mælti með eða gegn því að byrjandi fengi fullnaðarskírteini. Breytingin var gerð í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hafði af akstursmati og í ljósi þess að akstursmat er kennslustund en ekki próf-raun.

Breyting á 53. gr.

Í 2. mgr. er sett hliðstætt ákvæði varðandi byrjanda sem sviptur er ökurétti og varðandi þann sem sviptur er ökurétti í lengri tíma en eitt ár, sbr. 2. mgr. 53. gr. Samkvæmt því þarf byrjandinn að sækja sérstakt námskeið og fara í próf áður en hann öðlast ökurétt að nýju.

Breyting á 64. gr. a.
Í reglugerð um skráningu ökutækja nr. 751/2003 er kveðið á um að rétturinn til einkamerkis gildi í 8 ár. Ákvæðið þótti ekki eiga næga lagastoð og var því samhljóða ákvæði bætt í 64. gr. a. Jafnframt var sett sú regla að sá sem er 65 ára eða eldri þurfi ekki að greiða fyrir endurnýjun á rétti til einkarmerkis.
Breyting á 72. gr.
Í ljósi umræða um öryggi ökumanna bifhjóla í umferðinni er í 72. gr. sett heimild fyrir ráðherra til að setja reglur um flokkun og notkun á viðurkenndum hlífðarbúnaði bifhjólamanna.
Breyting á 100. gr.
Kveðið er á um að við ákvörðun sekta fyrir of hraðan akstur skuli höfð hliðsjón af aukinni áhættu sem hraðabrot hefur í för með sér og hærri sektum beitt en ella þegar hraðinn fer yfir tiltekin mörk eða hraðabrot er framið við akstur stórra ökutækja og vagnlesta.
Breyting á 101. gr.
Kveðið er á um að þegar ekið er meira en tvöfalt hraðar en heimilt er skuli svipting ökuréttar eigi ákvörðuð skemur en í þrjá mánuði.
Ný 106. gr. a.
Reglur um akstursbann er nýmæli. Til þess kemur hafi byrjandi, ökumaður með bráðabirgðaskírteini í fyrsta sinn, fengið fjóra eða fleiri refsipunkta. Þegar akstursbanni er beitt verður byrjandinn í sömu stöðu og sá sem ekki hefur lokið ökunámi. Byrjandinn hefur misst ökuréttinn og verður að fara í sérstakt ökunám og taka ökupróf til þess að öðlast ökurétt að nýju.
Ný 107. gr. a.
Ákvæði um upptöku ökutækis er byggt á því að það aðhald, sem ökumönnum er veitt með því að beita refsingu og sviptingu ökuréttar vegna brota á umferðarlögum og reglum settum samkvæmt þeim, dugi ekki alls kostar gagnvart tilteknum hópi ökumanna, tiltölulega litlum hópi. Þar sýnist meira þurfa að koma til, einkum og sér í lagi með tilliti til þeirrar viðleitni að koma í veg fyrir ítrekuð brot. Ákvæðið lýtur að því að vélknúið ökutæki brotamanns verði gert upptækt, annars vegar með heimild þegar um er að ræða gróf eða ítrekuð brot á umferðarlögum en hins vegar að skylt sé að beita upptöku þegar um er að ræða tiltekin ítrekuð ölvunarakstursbrot.
Breyting á 114. gr.
Samkvæmt 114. gr. skal innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra staðfestir vegna þess kostnaðar sem leiðir af skráningu ökutækja o.fl. í því sambandi. Með breytingu á 114. gr. er kveðið á um hvaða kostnað sé að ræða.

5.1.3 Með lögum nr. 79/2007, sem tóku gildi 17. mars 2007, var gerð breyting á 28. gr. og 100. gr. umferðarlaga.
Breyting á 28. gr.
Kveðið er á um það í 1. mgr. 28. gr. að eigi megi stöðva ökutæki eða leggja því á merktu stæði fyrir bifreiðir fatlaðra (j-liður).
Breyting á 100. gr.
Refsa skal fyrir brot gegn j-lið 1. mgr. 28. gr.

5.2 Nýjar reglugerðir – Breytingar á eldri reglugerðum.

Á árinu var unnið að breytingum á ýmsum reglugerðum sem settar eru á grundvelli umferðarlaga, ýmist í tengslum við samningsskuldbindingar vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eða vegna þróunar á sviði umferðarmála. Ein ný reglugerð á grundvelli umferðarlaga var samþykkt á árinu, reglugerð um notkun öryggis- og verndarbúnaðar í ökutækjum nr. 348/2007.

5.2.1 Drög að nýrri reglugerð um aksturs- og hvíldartíma ökumanna.

Unnið hefur verið á vegum ráðuneytisins hjá Umferðarstofu að drögum að nýrri reglugerð um aksturs- og hvíldartíma ökumanna, ökurita og eftirlit, sem komi í stað reglugerða nr. 661/2006, 662/2006 og 777/2006. Drögin eru byggð á EB-reglunum, þ.á.m. reglugerð nr. 561/2006/EB, en efnið er staðfært, gert aðgengilegra og skýrara.

Þær breytingar í reglugerð nr. 561/2006/EB sem líklega hafa mest áhrif hér á landi eru þær breytingar (1) að ökumenn hópbifreiða fyrir 9 til 16 farþega eru ekki lengur undanþegnir ákvæðum reglugerðarinnar og (2) ökumaður hópbifreiðar má ekki lengur fresta vikulegri hvíld og verður þannig að taka hvíld eftir 6 daga akstur í stað 12 daga áður (svonefnd 12 daga regla).

Aðilar vinnumarkaðarins hafa farið þess á leit við ráðuneytið að það beiti sér fyrir því að Eftirlitsstofnun EFTA, ESA að veiti undanþágur frá reglum um aksturs- og hvíldartíma vegna séraðstæðna hér á landi. Er málið því í biðstöðu þar til afstaða ESA liggur fyrir.

5.2.2 Undirbúningur að innleiðingu nýrrar tilskipunar EB um ökuskírteini nr. 2006/126/EBE.

Aldursmörk tilskipunarinnar varðandi réttindi C og D hafa þegar verið sett í reglugerð nr. 501/1997 um ökuskírteini til innleiðingar og í samræmi við tilskipunina. Sama gildir um nýjan flokk A1 fyrir bifhjólaréttindi.

Í undirbúningi er að innleiða reglur tilskipunarinnar um stigskiptingu bifhjólaréttinda, þrjú stig í stað tveggja, um gildistíma ökuskírteina, ýmist 5 eða 10 ár, og um form ökuskírteina. Reglur tilskipunarinnar um gildistíma skulu taka gildi í ársbyrjun 2013. Árið 2033 skulu öll íslensk ökuskírteini vera í samæmi við það form sem mælt er fyrir um í tilskipuninni.

1220. Frumvarp til laga [613. mál]

um sjúkratryggingar.

(Eftir 2. umr., 29. maí.)

I. KAFLI
Markmið, gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að tryggja sjúkratryggðum aðstoð til verndar heilbrigði og jafnan aðgang að heilbrigðisþjónustu óháð efnahag, svo sem nánar er kveðið á um í lögum þessum og í samræmi við lög um heilbrigðisþjónustu, lög um réttindi sjúklinga og önnur lög eftir því sem við á.

Jafnframt er markmið laga þessara að stuðla að rekstrar- og þjóðhagslegri hagkvæmni heilbrigðisþjónustu og hámarksgæðum hennar eftir því sem frekast er unnt á hverjum tíma. Þá er markmið laga þessara að styrkja hlutverk ríkisins sem kaupanda heilbrigðisþjónustu og kostnaðargreina heilbrigðisþjónustuna.

2. gr.
Gildissvið og stefnumörkun.

Í lögum þessum er mælt fyrir um sjúkratryggingar almannatrygginga, samninga um heilbrigðisþjónustu og endurgjald ríkisins fyrir heilbrigðisþjónustu. Heilbrigðisráðherra markar stefnu innan ramma laga þessara, laga um heilbrigðisþjónustu og annarra laga. Ráðherra er heimilt að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að framfylgja þeirri stefnu, m.a. hvað varðar skipulag heilbrigðisþjónustu, forgangsröðun verkefna innan hennar, hagkvæmni, gæði og öryggi þjónustunnar og aðgengi að henni.

3. gr.
Skilgreiningar.

Í lögum þessum hafa eftirfarandi orð svofellda merkingu:

1. *Sjúkratryggður:* Sá sem á rétt á aðstoð og greiðslum samkvæmt lögum þessum.
2. *Bætur:* Bætur greiddar í peningum, svo sem dagpeningar, endurgreiðslur á útlögðum kostnaði, styrkir og aðrar greiðslur, og aðstoð til sjúkra og slasaðra sem veitt er á annan hátt samkvæmt lögum þessum.
3. *Heilbrigðisþjónusta:* Hvers kyns heilsugæsla, lækningar, hjúkrun, almenn og sérhæfð sjúkrahúsþjónusta, sjúkraflutningar, hjálpartækjaþjónusta og þjónusta heilbrigðisstarfsmanna innan og utan heilbrigðisstofnana sem veitt er í því skyni að efla heilbrigði, fyrirbyggja, greina eða meðhöndla sjúkdóma og endurhæfa sjúklinga.
4. *Heilbrigðisstarfsmaður:* Sá sem starfar við heilbrigðisþjónustu og hefur hlotið leyfi landlæknis til að nota starfsheiti löggiltrar heilbrigðisstéttar.
5. *Endurgjald:* Greiðslur til veitenda heilbrigðisþjónustu samkvæmt samningi.

Að öðru leyti gilda skilgreiningar laga um heilbrigðisþjónustu eftir því sem við á.

II. KAFLI
Stjórnsýsla.

4. gr.
Yfirstjórn.

Heilbrigðisráðherra fer með yfirstjórn sjúkratrygginga og samningsgerð um heilbrigðisþjónustu og aðra aðstoð samkvæmt lögum þessum, og yfirstjórn sjúkratryggingastofnunarinnar.

5. gr.
Sjúkratryggingastofnun.

Starfrækja skal sjúkratryggingastofnun. Aðalskrifstofur hennar eru í Reykjavík og skal við það miðað að sjúkratryggingastofnunin og Tryggingastofnun ríkisins reki sameiginlega afgreiðslu, þjónustu og upplýsingagjöf við notendur þjónustunnar. Utan Reykjavíkur getur sjúkratryggingastofnunin samið við aðra aðila sem veita almannaþjónustu um rekstur umboðsskrifstofu og fer um staðarval og fyrirkomulag eftir ákvörðun stofnunarinnar.

Sjúkratryggingastofnunin annast framkvæmd sjúkratrygginga og semur um og greiðir endurgjald fyrir heilbrigðisþjónustu samkvæmt lögum þessum í samræmi við stefnumörkun ráðherra á hverjum tíma.

Hlutverk sjúkratryggingastofnunarinnar er eftirfarandi:

1. Að annast framkvæmd sjúkratrygginga skv. III. kafla.
2. Að semja um heilbrigðisþjónustu skv. IV. kafla.
3. Að annast kaup á vörum og þjónustu sem henni ber að veita skv. III. kafla.
4. Að greiða endurgjald fyrir heilbrigðisþjónustu sem veita ber samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu eða samið hefur verið um, sbr. IV. kafla.
5. Að sinna öðrum verkefnum sem henni eru falin samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða ákvörðun ráðherra.

Sjúkratryggingastofnunin skal með reglubundnum hætti birta glöggar upplýsingar um alla starfsemi sína. Jafnframt skal stofnunin kynna almenningi rétt sinn samkvæmt lögum þessum með upplýsingastarfsemi.

6. gr.
Stjórn.

Ráðherra skipar fimm menn í stjórn sjúkratryggingastofnunarinnar og skal einn skipaður formaður stjórnar og annar varaformaður. Skipaðir skulu jafnmargir menn til vara. Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda og stýrir þeim og situr forstjóri fundi stjórnarinnar með málfrelsi og tillögurétti. Ráðherra setur stjórninni erindisbréf og ákveður þóknun til stjórnarmanna sem skal greidd af rekstrarfé stofnunarinnar.

Stjórn sjúkratryggingastofnunarinnar skal staðfesta skipulag stofnunarinnar, árlega starfsáætlun og fjárhagsáætlun og marka henni langtímastefnu. Skal stjórnin hafa eftirlit með starfsemi stofnunarinnar og að rekstur hennar sé innan ramma fjárlaga á hverjum tíma.

Formaður stjórnar sjúkratryggingastofnunarinnar skal reglulega gera ráðherra grein fyrir starfsemi hennar og gera honum viðvart ef starfsemi og þjónusta er ekki í samræmi við ákvæði laga og ef rekstur er ekki í samræmi við fjárlög.

7. gr.
Forstjóri.

Ráðherra skipar forstjóra sjúkratryggingastofnunarinnar til fimm ára í senn að fenginni tillögu stjórnar stofnunarinnar. Forstjóri skal hafa lokið námi á háskólastigi og búa yfir reynslu af rekstri og stjórnun sem nýtist honum í starfi. Forstjóri ræður aðra starfsmenn stofnunarinnar og annast daglegan rekstur hennar.

Ráðherra setur forstjóra erindisbréf þar sem tilgreind skulu helstu markmið í þjónustu og rekstri stofnunarinnar og verkefni hennar til lengri og skemmri tíma. Í erindisbréfi skal enn fremur kveðið á um samskipti forstjóra og stjórnar sjúkratryggingastofnunarinnar.

Forstjóri ber ábyrgð á því að sjúkratryggingastofnunin starfi í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og erindisbréf skv. 2. mgr. Forstjóri ber ábyrgð á starfsemi stofnunarinnar og á því að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma sé í samræmi við fjárlög og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt.

8. gr.
Starfshópar og sérfræðingar.

Sjúkratryggingastofnuninni er heimilt að skipa starfshópa og kalla til sérfræðinga til að aðstoða stofnunina, m.a. við gerð samninga, notkun gagnreyndrar þekkingar á sviði heilbrigðisþjónustu, árangursmat, gæðamat og eftirlit og við mat á því hvort unnt sé að veita læknismeðferð hér á landi, sbr. 23. gr.

III. KAFLI
Sjúkratryggingar.
A. Almenn ákvæði.

9. gr.
Sjúkratryggingar.

Sjúkratryggingar taka til heilbrigðisþjónustu og annarrar aðstoðar sem ákveðið hefur verið með lögum þessum, reglugerðum settum samkvæmt þeim eða samningum að veita á kostnað ríkisins eða með greiðsluþátttöku ríkisins. Jafnframt taka sjúkratryggingar til bóta samkvæmt lögum þessum sem greiddar eru í peningum. Sjúkratryggðir einstaklingar eiga rétt til aðstoðar svo sem nánar er mælt fyrir um í lögum þessum.

10. gr.
Sjúkratryggðir samkvæmt lögunum.

Sjúkratryggður er sá sem er búsettur á Íslandi og hefur verið það a.m.k. síðustu sex mánuðina áður en bóta er óskað úr sjúkratryggingum að uppfylltum öðrum skilyrðum laga þessara, nema annað leiði af milliríkjasamningum. Með búsetu er átt við lögheimili í skilningi lögheimilislaga.

Börn yngri en 18 ára sem búsett eru hér á landi eru sjúkratryggð með foreldrum sínum. Sama á við um stjúpbörn og fósturbörn.

Sjúkratrygging fellur niður þegar sjúkratryggður flytur búsetu sína frá Íslandi, sbr. þó 11., 12. og 15. gr., nema annað leiði af milliríkjasamningum. Þá geta milliríkjasamningar sem Ísland er aðili að haft í för með sér undanþágur og takmarkanir á beitingu ákvæða laga þessara.

Sjúkratryggingastofnunin ákvarðar hvort einstaklingur telst sjúkratryggður hér á landi samkvæmt lögunum.

Ráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd greinarinnar, m.a. um skráningu á réttindum sjúkratryggðra. Í reglugerðinni er heimilt að kveða á um undanþágur frá sex mánaða búsetuskilyrðinu.

11. gr.

Sjúkratrygging þrátt fyrir dvöl, nám eða atvinnu erlendis.

Sjúkratryggingastofnuninni er heimilt að ákveða samkvæmt umsókn að einstaklingur sem sjúkratryggður er samkvæmt lögunum sé áfram sjúkratryggður þótt hann uppfylli ekki skilyrði 10. gr., enda starfi hann erlendis fyrir aðila sem hefur aðsetur og starfsemi á Íslandi og tryggingagjald, sbr. lög um tryggingagjald, sé greitt hér á landi af launum hans. Sama gildir um maka hans og börn undir 18 ára aldri sem dveljast með honum.

Sjúkratryggingastofnuninni er heimilt að ákveða samkvæmt umsókn að einstaklingur sem sjúkratryggður er samkvæmt lögunum sé áfram sjúkratryggður þótt hann uppfylli ekki skilyrði 10. gr., enda dveljist hann erlendis við nám og sé ekki sjúkratryggður í almannatryggingum námslandsins. Sama gildir um maka hans sem var sjúkratryggður hér á landi við upphaf námsins og börn námsmannsins undir 18 ára aldri sem með honum dveljast.

Sjúkratryggingastofnuninni er heimilt að ákveða samkvæmt umsókn að einstaklingur sem sjúkratryggður er samkvæmt lögunum sé áfram sjúkratryggður í allt að eitt ár frá brottför af landinu þótt hann uppfylli hvorki skilyrði 1. mgr., 2. mgr. né 10. gr., enda leiði milliríkjasamningar ekki til annars. Skilyrði þessa er að hann hafi haft samfellda fasta búsetu hér á landi eigi skemur en fimm ár fyrir brottför og að það sé ekki tilgangur farar að leita læknismeðferðar.

Ráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd greinarinnar, m.a. um hvað telja skuli viðurkennt nám erlendis.

12. gr.

Starfsmenn íslenskra sendiráða, fastanefnda og ræðisskrifstofa.

Íslenskir ríkisborgarar sem gegna störfum erlendis á vegum ríkisins við sendiráð, fastanefnd eða ræðisskrifstofu og fá greidd laun úr ríkissjóði eru sjúkratryggðir samkvæmt lögum þessum.

Sama gildir um maka og börn er með þeim dveljast, enda öðlist þeir ekki sjálfstæð réttindi í viðkomandi landi.

Íslenskir ríkisborgarar sem ráðnir eru til starfa við sendiráð, fastanefnd eða ræðisskrifstofu eða í þjónustu sendierindreka án þess þó að vera sendir til starfa á vegum ríkisins eru ekki sjúkratryggðir samkvæmt lögum þessum nema annað leiði af milliríkjasamningum, sbr. þó 11. gr. Heimilt er að ákveða að þessir aðilar séu sjúkratryggðir ef um það er sótt, utanríkisráðuneytið mælir með því, að um sé að ræða starf sem teljist mikilvægt hagsmunum Íslands erlendis og að þeir geti ekki notið trygginga í gistiríkinu.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd greinarinnar.

13. gr.

Starfsmenn erlendra sendiráða, fastanefnda og ræðisskrifstofa.

Sendierindrekar erlendra ríkja á Íslandi eru ekki sjúkratryggðir samkvæmt lögum þessum.

Sama gildir um maka þeirra og börn sem ekki hafa íslenskt ríkisfang og dveljast hér á landi með þeim, enda öðlist þeir ekki sjálfstæð réttindi á grundvelli atvinnu hér á landi.

Einkaþjónustumenn sem eru erlendir ríkisborgarar, starfa eingöngu í þjónustu sendierindreka og hafa ekki fasta búsetu hér á landi eru ekki sjúkratryggðir samkvæmt lögum þessum, enda njóti þeir sjúkratrygginga í sendiríkinu.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd greinarinnar.

14. gr.

Starfsmenn alþjóðastofnana.

Íslenskir ríkisborgarar sem starfa erlendis hjá alþjóðastofnunum og eru launaðir af þeim eru ekki sjúkratryggðir samkvæmt lögum þessum. Heimilt er að ákveða samkvæmt umsókn að einstaklingur teljist sjúkratryggður þegar um er að ræða stofnun sem Ísland er aðili að og starfið telst þjóna hagsmunum Íslands erlendis. Skilyrði er að viðkomandi hafi verið sjúkratryggður samkvæmt lögum þessum við upphaf starfs og geti ekki notið sjúkratrygginga á vegum starfs síns eða vinnuveitanda.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd greinarinnar.

15. gr.

Friðargæsluliðar.

Íslenskir friðargæsluliðar sem starfa við friðargæslu erlendis á vegum utanríkisráðuneytisins og fá greidd laun úr ríkissjóði, sbr. lög um íslensku friðargæsluna og þátttöku hennar í alþjóðlegri friðargæslu, eru sjúkratryggðir samkvæmt lögum þessum.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd greinarinnar.

16. gr.

Flóttamenn.

Flóttamenn sem ríkisstjórnin hefur veitt hæli eru sjúkratryggðir samkvæmt lögum þessum frá komudegi, að því tilskildu að fyrir liggi staðfesting Útlendingastofnunar á því að viðkomandi hafi verið veitt réttarstaða flóttamanns samkvæmt lögum um útlendinga.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd greinarinnar.

B. Aðstoð.

17. gr.

Heilsugæsla.

Sjúkratryggingar taka til heilsugæslu samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, þ.e. almennra lækninga, hjúkrunar, heilsuverndar og forvarna, bráða- og slysamóttöku og annarrar heilbrigðisþjónustu sem veitt er á vegum heilsugæslustöðva sem reknar eru af ríkinu eða samkvæmt samningum skv. IV. kafla.

Þá taka sjúkratryggingar til almennrar læknishjálpar og hjúkrunar sem veitt er utan heilsugæslustöðva og samið hefur verið um skv. IV. kafla.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd greinarinnar.

18. gr.

Sjúkrahúsþjónusta.

Sjúkratryggingar taka til ókeypis vistar að ráði læknis í sjúkrahúsum sem rekin eru af ríkinu eða samkvæmt samningum skv. IV. kafla, þ.m.t. á fæðingarstofnunum, sbr. þó 23. gr. eða ákvæði sérlaga. Sjúkrahúsvist skal tryggð eins lengi og nauðsyn krefur ásamt læknishjálp og lyfjum og annarri þjónustu sem sjúkrahúsið veitir.

Enn fremur taka sjúkratryggingar til almennrar og sérhæfðrar þjónustu sem veitt er á göngudeildum, dagdeildum, slysadeildum og bráðamóttökum sjúkrahúsa án þess að um innlögn á sjúkrahús sé að ræða.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd greinarinnar.

19. gr.

Þjónusta sérgreinalækna.

Sjúkratryggingar taka til nauðsynlegra rannsókna og meðferðar hjá sérgreinalæknum sem samið hefur verið um skv. IV. kafla.

Ráðherra getur sett reglugerð um nánari framkvæmd greinarinnar þar sem m.a. er heimilt að kveða á um að greiðsluþátttaka sjúkratrygginga skuli háð því skilyrði að fyrir liggi tilvísun heilsugæslulæknis eða heimilislæknis.

20. gr.

Þjónusta tannlækna.

Sjúkratryggingar taka til nauðsynlegra tannlækninga aldraðra, öryrkja og barna yngri en 18 ára, annarra en tannréttinga, sem samið hefur verið um skv. IV. kafla. Þá taka sjúkratryggingar til nauðsynlegra tannlækninga og tannréttinga sem samið hefur verið um skv. IV. kafla vegna alvarlegra afleiðinga meðfæddra galla, slysa og sjúkdóma.

Ráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd greinarinnar þar sem m.a. er heimilt að kveða á um nánari skilyrði og takmörkun greiðsluþátttöku sjúkratrygginga vegna tannlækninga og tannréttinga. Í reglugerðinni er jafnframt heimilt að ákveða að sjúkratryggingar taki þátt í kostnaði við tannréttingar sem ekki falla undir 2. málsl. 1. mgr.

21. gr.

Þjónusta sjúkraþjálfara, iðjuþjálfa og talmeinafræðinga.

Sjúkratryggingar taka til nauðsynlegrar sjúkraþjálfunar, iðjuþjálfunar og talþjálfunar sem samið hefur verið um skv. IV. kafla. Sjúkratryggingastofnunin getur áskilið vottorð sérfræðings um nauðsyn þjálfunar.

Ráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd greinarinnar þar sem m.a. er heimilt að kveða á um nánari skilyrði og takmörkun greiðsluþátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við þjálfun.

22. gr.

Önnur sérhæfð heilbrigðisþjónusta.

Sjúkratryggingar taka til annarrar sérhæfðrar heilbrigðisþjónustu en kveðið er á um í 17.–21. gr. sem samið hefur verið um skv. IV. kafla í samræmi við stefnumörkun ráðherra, svo sem aðstoðar ljósmóður við fæðingar í heimahúsum og sérhæfðrar meðferðar alvarlegra húðsjúkdóma.

Ráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd greinarinnar þar sem m.a. er heimilt að kveða á um nánari skilyrði og takmörkun greiðsluþátttöku sjúkratrygginga vegna sérhæfðrar heilbrigðisþjónustu skv. 1. mgr.

23. gr.

Læknismeðferð erlendis.

Nú er sjúkratryggðum brýn nauðsyn á alþjóðlega viðurkenndri læknismeðferð erlendis, sbr. 44. gr., vegna þess að ekki er unnt að veita honum nauðsynlega aðstoð hér á landi og greiða þá sjúkratryggingar kostnað við meðferðina. Sama gildir um kostnað við dvöl, lyf og læknishjálp sem nauðsynleg er erlendis í tengslum við meðferðina. Jafnframt greiða sjúkratryggingar sjúkratryggðum ferðastyrk og fylgdarmanni hans þegar sérstaklega stendur á.

Í stað úrræðis sem getið er um í 1. mgr. og með sömu skilyrðum og þar greinir er sjúkratryggingastofnuninni heimilt að ákveða að sérgreinalæknar sem starfa erlendis veiti sjúklingi meðferð á sjúkrahúsi hér á landi.

Sjúkratryggingastofnunin ákvarðar hvort skilyrði eru fyrir hendi samkvæmt þessari grein og hvar sjúkratryggður skuli njóta meðferðar erlendis. Nú velur sjúkratryggður meðferð á öðrum og dýrari stað erlendis en stofnunin hefur ákveðið og greiða sjúkratryggingar þá aðeins þann kostnað sem greiða hefði átt á þeim stað sem hún ákvað. Afla skal greiðsluheimildar frá sjúkratryggingastofnuninni fyrir fram.

Ráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd greinarinnar og aðra læknismeðferð erlendis sem ekki fellur undir 33. gr., m.a. þegar milliríkjasamningar sem Ísland er aðili að eiga við.

24. gr.

Heilbrigðisþjónusta í hjúkrunarrýmum.

Sjúkratrygging tekur til heilbrigðisþjónustu sem veitt er í hjúkrunarrýmum sjúkrahúsa og hjúkrunarrýmum öldrunarstofnana og hjúkrunarheimila samkvæmt samningum, sbr. IV. kafla. Skilyrði er að mat á þörf sjúkratryggðs fyrir þjónustuna hafi farið fram samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd greinarinnar.

25. gr.

Lyf.

Sjúkratrygging tekur til nauðsynlegra lyfja sem hafa markaðsleyfi hér á landi og ákveðið hefur verið að sjúkratryggingar taki þátt í að greiða, sbr. lyfjalög.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd greinarinnar þar sem m.a. er heimilt að kveða á um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga í undantekningartilvikum við kaup á lyfjum sem ekki hafa markaðsleyfi hér á landi, sbr. lyfjalög.

26. gr.

Hjálpartæki.

Sjúkratryggingar taka þátt í kostnaði við öflun nauðsynlegra hjálpartækja sem eru til lengri notkunar en þriggja mánaða, með takmörkunum og samkvæmt nánari ákvæðum reglugerðar sem ráðherra setur. Í reglugerðinni skal m.a. kveðið á um hvaða hjálpartæki sjúkratryggingar taka þátt í að greiða og að hve miklu leyti.

Hjálpartæki er tæki sem ætlað er að draga úr fötlun, aðstoða fatlaða við að takast á við umhverfi sitt, auka eða viðhalda færni og sjálfsbjargargetu eða auðvelda umönnun. Hjálpartækið verður jafnframt að teljast nauðsynlegt og hentugt til að auðvelda athafnir daglegs lífs.

Afla skal greiðsluheimildar frá sjúkratryggingastofnuninni fyrir fram. Stofnunin getur áskilið vottorð sérfræðings um nauðsyn hjálpartækis.

27. gr.

Næringarefni og sérfæði.

Sjúkratryggingar taka þátt í kostnaði við kaup á lífsnauðsynlegum næringarefnum og sérfæði með takmörkunum og samkvæmt nánari ákvæðum reglugerðar sem ráðherra setur. Í reglugerðinni skal m.a. kveðið á um hvers konar næringarefni og sérfæði sjúkratryggingar taka þátt í að greiða og að hve miklu leyti.

Afla skal greiðsluheimildar frá sjúkratryggingastofnuninni fyrir fram. Stofnunin getur áskilið vottorð sérfræðings um nauðsyn næringarefnis eða sérfæðis.

28. gr.

Sjúkraflutningar.

Sjúkratryggingar taka til óhjákvæmilegs flutningskostnaðar sjúkratryggðs í sjúkrahús innan lands samkvæmt samningum skv. IV. kafla, enda sé flutningsþörf svo bráð og heilsu hins sjúkratryggða svo varið að hann verður ekki fluttur eftir venjulegum farþegaflutningsleiðum. Hið sama gildir um flutning sjúkratryggðs frá sjúkrahúsi til heimilis eða dvalarstaðar, enda verði hann ekki fluttur eftir venjulegum farþegaflutningsleiðum.

Sé fylgd nauðsynleg taka sjúkratryggingar þátt í kostnaði við fargjald fylgdarmanns, jafnvel þó að um áætlunarferð sé að ræða. Sé nauðsyn á fylgd heilbrigðisstarfsmanns skal greiða fargjald hans og þóknun. Ráðherra setur reglugerð um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga samkvæmt þessari málsgrein.

Flutningskostnaður milli sjúkrahúsa greiðist að fullu af því sjúkrahúsi sem sendir sjúkling nema um sé að ræða flutning milli sjúkrahúsa í sama sveitarfélagi og heilsu sjúklings sé þannig varið að hann geti notað venjulegar farþegaflutningsleiðir. Hið sama gildir um flutning milli sjúkrahúsa og hjúkrunarheimila.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd greinarinnar í reglugerð.

29. gr.

Gjaldtaka.

Fyrir eftirtalda heilbrigðisþjónustu og aðstoð sem sjúkratryggðir einstaklingar eiga rétt á á grundvelli laga eða samninga er heimilt að taka gjald samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur:

1. Heilsugæslu sem sinnt er á heilsugæslustöðvum og vitjanir heilsugæslulækna, sbr. 1. mgr. 17. gr. Gjaldið nær m.a. til kostnaðar við innritun og aðstöðu og kostnaðar vegna læknisþjónustu og þjónustu annarra heilbrigðisstarfsmanna. Jafnframt er heimilt að taka gjald vegna bólusetningar, rannsókna, krabbameinsleitar og foreldrafræðslu. Ekki er þó heimilt að taka gjald fyrir mæðra- og ungbarnavernd, heilsugæslu í skólum og hjúkrun í heimahúsum. Gjald fyrir þjónustu skal vera lægra hjá öldruðum, öryrkjum og börnum og gjald fyrir þjónustu utan dagvinnutíma má vera hærra en fyrir þjónustu á dagvinnutíma.
2. Almenna og sérhæfða heilbrigðisþjónustu á göngudeild, dagdeild, slysadeild og bráðamóttöku sjúkrahúsa sem veitt er án þess að um innlögn á sjúkrahús sé að ræða, sbr. 2. mgr. 18. gr. Gjaldið nær m.a. til kostnaðar við innritun og aðstöðu og kostnaðar vegna læknisþjónustu og þjónustu annarra heilbrigðisstarfsmanna. Ekki er þó heimilt að taka gjald fyrir mæðra- og ungbarnavernd. Gjald fyrir þjónustu skal vera lægra hjá öldruðum, öryrkjum og börnum. Gjald fyrir þjónustu sérfræðilækna getur verið hlutfallsgjald og má tiltaka hámark þess í reglugerð.

3. Þjónustu sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna og fyrirtækja þeirra, sbr. 2. mgr. 17. gr. og 19.–22. gr., sem samið hefur verið um samkvæmt ákvæðum IV. kafla. Ekki er þó heimilt að taka gjald fyrir hjúkrun í heimahúsum, mæðra- og ungbarnavernd og aðstoð ljósmóður við fæðingu í heimahúsum. Gjald fyrir þjónustu getur verið hlutfallsgjald og má tiltaka hámark þess í reglugerð. Gjaldið skal vera lægra hjá öldruðum, öryrkjum og börnum og gjald fyrir þjónustu skv. 2. mgr. 17. gr. utan dagvinnutíma má vera hærra en fyrir þjónustu á dagvinnutíma.
4. Rannsóknir, geisla- og myndgreiningar sem framkvæmdar eru á sjúkrahúsum eða hjá sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum eða fyrirtækjum þeirra og samið hefur verið um samkvæmt ákvæðum IV. kafla, sbr. 2. mgr. 18. gr. og 19. gr. Gjaldið getur verið hlutfallsgjald og má tiltaka hámark þess í reglugerð. Gjald fyrir þjónustuna skal vera lægra hjá öldruðum, öryrkjum og börnum.
5. Útgáfu læknisvottorða í heilsugæslu og á sjúkrahúsum.
6. Lyf, sbr. 25. gr. Ekki er þó heimilt að taka gjald fyrir lyf sem sjúkratryggðum er lífsnauðsynlegt að nota að staðaldri. Gjald fyrir lyf getur verið hlutfallsgjald og má tiltaka hámark þess í reglugerð. Sé heildarverð lyfs jafnt eða lægra en gjaldið sem greiða skal greiðir sjúkratryggður lyfið að fullu. Í reglugerð má tiltaka hámark eininga í lyfjaávísunum.
7. Sjúkraflutninga, sbr. 28. gr.

Þeir sem ekki eru sjúkratryggðir hér á landi samkvæmt lögum þessum skulu greiða gjald sem nemur kostnaði við veitta heilbrigðisþjónustu í samræmi við reglugerð sem ráðherra setur, nema í gildi sé samningur um þjónustuna við það ríki sem þeir koma frá.

Þeim heilbrigðisstofnunum sem fengið hafa heimild ráðherra til að veita ósjúkratryggðum einstaklingum heilbrigðisþjónustu á einkaréttarlegum grundvelli samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu er heimilt að taka hærra gjald fyrir þjónustuna en nemur kostnaði af veitingu hennar. Þetta á við nema annað leiði af samningum sem í gildi eru um þjónustuna við það ríki sem hinn ósjúkratryggði einstaklingur kemur frá.

Um gjaldtöku fyrir heilbrigðisþjónustu fer að öðru leyti eftir ákvæðum sérlaga eftir því sem við á.

C. Greiðslur í peningum.

30. gr.

Ferðakostnaður.

Sjúkratryggingar taka þátt í óhjákvæmilegum ferðakostnaði með takmörkunum og eftir ákvæðum reglugerðar sem ráðherra setur fyrir sjúkratryggða sem þarfnast ítrekaðrar meðferðar hjá lækni eða í sjúkrahúsi með eða án innlagnar.

Ráðherra er heimilt í reglugerð að ákveða frekari kostnaðarþátttöku sjúkratrygginga í ferðakostnaði en mælt er fyrir um í 1. mgr.

31. gr.

Dvalarkostnaður.

Sjúkratryggingar taka þátt í óhjákvæmilegum dvalarkostnaði annars foreldris við sjúkrahúsinnlögn barns yngra en 18 ára fjarri heimili, með takmörkunum og eftir ákvæðum reglugerðar sem ráðherra setur. Ef um er að ræða erfiða meðferð við lífshættulegum sjúkdómi má ákveða að greiðsluþátttaka nái til beggja foreldra barns undir 18 ára aldri.

32. gr.

Sjúkradagpeningar.

Sjúkratryggingar greiða sjúkradagpeninga ef sjúkratryggður sem orðinn er 18 ára og nýtur ekki ellilífeyris, örorkulífeyris eða örorkustyrks almannatrygginga verður algerlega óvinnufær, enda leggi hann niður vinnu og launatekjur falli niður sé um þær að ræða. Sjúkradagpeningar greiðast ekki fyrir sama tímabil og slysadagpeningar samkvæmt slysatryggingum almannatrygginga, né heldur fyrir sama tímabil og greiðslur samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof.

Sjúkratryggðir njóta sjúkradagpeninga frá og með 15. veikindadegi séu þeir óvinnufærir a.m.k. í 21 dag. Upphaf biðtímans miðast við þann dag sem óvinnufærni er staðfest af lækni. Sjúkradagpeningar eru ekki greiddir lengur en í 52 vikur samtals á hverjum 24 mánuðum.

Fullir dagpeningar skulu nema 1.040 kr. fyrir einstakling og 285 kr. fyrir hvert barn á framfæri innan 18 ára, þ.m.t. börn utan heimilis sem umsækjandi sannanlega greiðir meðlag með samkvæmt staðfestum samningi, dómsátt, úrskurði stjórnvalds eða dómi.

Fullra dagpeninga njóta þeir sem fella niður heils dags launaða vinnu. Hálfra dagpeninga njóta þeir sem fella niður launaða vinnu sem nemur minna en heils dags starfi en a.m.k. hálfs dags starfi. Sé felld niður launuð vinna sem nemur minna en hálfs dags starfi greiðast dagpeningar er nema ¾ misstra launatekna, allt að hálfum dagpeningum. Launuð vinna merkir í þessari grein alla vinnu að beinni tekjuöflun, jafnt atvinnurekanda sem launþega.

Dagpeningar vegna starfa við eigið heimili sem falla að fullu niður vegna veikinda skulu nema helmingi fullra dagpeninga. Auk þess er heimilt að greiða allt að hálfum dagpeningum til viðbótar vegna útgjalda við heimilishjálp. Umsækjandi sem nýtur dagpeninga vegna niðurfelldrar launavinnu fær ekki helming dagpeninga vegna niðurfalls heimilisstarfa en getur átt rétt á viðbót vegna útgjalda við heimilishjálp.

Námsmenn geta átt rétt til dagpeninga vegna forfalla frá námi að því leyti sem forföllin valda töfum á að námsáfangi náist.

Njóti umsækjandi ellilífeyris, örorkulífeyris eða örorkustyrks almannatrygginga sem nemur lægri fjárhæð en sjúkradagpeningar þeir sem hann hefði ella átt rétt á skal greiða dagpeninga sem nemur mismuninum.

Við ákvörðun dagpeninga skal að jafnaði við það miða hvernig störfum umsækjanda hefur verið háttað síðustu tvo mánuðina áður en hann varð óvinnufær.

Dagpeningar eru ekki greiddir þeim sem á í verkfalli nema hann hafi átt rétt til dagpeninga áður en verkfall hófst.

Dagpeningar eru ekki greiddir þeim sem situr í fangelsi.

Sjúkratryggingar greiða fulla sjúkradagpeninga, ásamt viðbót vegna barna ef við á, til móður sem fætt hefur í heimahúsi í 10 daga frá fæðingu.

Ráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd greinarinnar þar sem m.a. er heimilt að kveða á um framlengingu hámarksgreiðslutímabils, undanþágu frá aldursskilyrði 1. mgr. fyrir 16 og 17 ára börn, takmörkun á greiðslu dagpeninga sem nema minna en fullum dagpeningum, dagpeninga vegna starfa við eigið heimili og dagpeninga til námsmanna.

Bætur samkvæmt þessari grein skulu breytast árlega í samræmi við fjárlög hverju sinni. Ráðherra setur reglugerð um hækkun bóta.

33. gr.

Sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis.

Nú er sjúkratryggðum nauðsyn að leita sér lækninga þar sem hann er staddur erlendis og greiða þá sjúkratryggingar kostnað af því eins og um læknishjálp innan lands væri að ræða. Þetta nær þó ekki til þeirra sem samkvæmt milliríkjasamningum öðlast rétt til sjúkrahjálpar í öðru landi vegna dvalar þar að því er varðar þá aðstoð sem samningarnir fjalla um.

Nú er sjúkratryggðum nauðsyn að leita sér lækninga þar sem hann er staddur erlendis í aðildarríki EES-samningsins og skulu þá sjúkratryggingar greiða kostnað af því samkvæmt reglum EES-samningsins á sviði almannatrygginga.

Sjúkratryggingar skulu einnig greiða þann kostnað sem hlýst af því að sjúkratryggðum sé nauðsyn á að leita sér lækninga þegar hann er staddur í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Ráðherra setur reglugerð um framkvæmd greinarinnar, m.a. um að hvaða marki sjúkratryggingum er heimilt að endurgreiða sjúkratryggðum kostnað vegna veikinda eða slyss erlendis sem hann fengi ella ekki endurgreiddan frá sjúkratryggingum.

D. Umsóknir um bætur, málsmeðferð o.fl.

34. gr.

Umsóknir um bætur.

Sækja skal um allar bætur samkvæmt lögum þessum til sjúkratryggingastofnunarinnar. Þó getur stofnunin ákveðið að ekki þurfi að sækja um tilteknar bætur. Umsóknir um bætur skulu vera á því formi sem sjúkratryggingastofnunin ákveður.

Umsækjanda er skylt að veita sjúkratryggingastofnuninni allar nauðsynlegar upplýsingar til þess að unnt sé að taka ákvörðun um bótarétt, fjárhæð og greiðslu bóta og endurskoðun þeirra.

Sjúkratryggingastofnuninni er heimilt, að fengnu skriflegu samþykki umsækjanda, að afla nauðsynlegra upplýsinga um tekjur umsækjanda hjá skattyfirvöldum og greiðslur til umsækjanda hjá Tryggingastofnun ríkisins, Atvinnuleysistryggingasjóði, Vinnumálastofnun og hjá sambærilegum stofnunum erlendis þegar það á við með rafrænum hætti eða á annan hátt. Enn fremur er heimilt að afla upplýsinga um mat á örorku hjá Tryggingastofnun ríkisins. Telji umsækjandi upplýsingar frá þessum aðilum ekki réttar skal hann leggja fram gögn því til staðfestingar.

Umsækjanda er skylt að tilkynna sjúkratryggingastofnuninni um breytingar á tekjum eða öðrum aðstæðum sem geta haft áhrif á greiðslur. Ef gefnar eru rangar upplýsingar skal beita ákvæðum 37. gr.

Ef ekki reynist unnt að taka ákvörðun um bótarétt, fjárhæð og greiðslu bóta og endurskoðun þeirra vegna skorts á nauðsynlegum upplýsingum sem rekja má til umsækjanda er sjúkratryggingastofnuninni heimilt að fresta ákvörðun og greiðslu bóta þar til úr því er bætt. Stofnunin skal tafarlaust gera viðkomandi viðvart ef til frestunar kemur og skora á hann að veita nauðsynlegar upplýsingar.

35. gr.

Ákvarðanir um bætur.

Allar umsóknir skulu afgreiddar svo fljótt sem kostur er og skulu bætur reiknaðar frá þeim degi sem umsækjandinn hefur uppfyllt skilyrðin til bótanna.

Bætur skulu aldrei ákvarðaðar lengra aftur í tímann en tvö ár frá því að umsókn og/eða önnur gögn sem nauðsynleg eru til að unnt sé að taka ákvörðun um bótarétt og fjárhæð bóta berast stofnuninni. Þó skulu sjúkradagpeningar að jafnaði eigi ákvarðaðir lengra aftur í tímann en tvo mánuði, en sjúkratryggingastofnuninni er heimilt að lengja þetta tímabil í allt að sex mánuði í tilvikum þar sem bótaréttur er að öðru leyti ótvíræður.

Launþegar, sem milliríkjasamningar taka til, sem leggja niður launuð störf og fara af landi brott geta haldið rétti til sjúkradagpeninga að öðrum skilyrðum uppfylltum í allt að tvo mánuði eftir að störfum hér á landi lýkur. Skilyrði er að þeir hafi ekki hafið störf í öðru ríki sem Ísland hefur gert samning við.

Ákvarðaðar bætur falla niður ef þær eru ekki sóttar innan tólf mánaða, en ákvarða má bætur á ný ef rökstudd umsókn berst.

Grundvöll bótaréttar má endurskoða hvenær sem er og samræma bætur þeim breytingum sem orðið hafa.

36. gr.

Stjórnsýslukærur.

Rísi ágreiningur um grundvöll, skilyrði eða upphæð bóta samkvæmt þessum kafla er heimilt að kæra ákvörðun sjúkratryggingastofnunarinnar til úrskurðarnefndar almannatrygginga samkvæmt lögum um almannatryggingar.

Kæra til úrskurðarnefndar almannatrygginga skal vera skrifleg og skal hún borin fram innan þriggja mánaða frá því aðila máls var tilkynnt um ákvörðun. Á skrifstofum sjúkratryggingastofnunarinnar skulu liggja frammi eyðublöð í þessu skyni og veita starfsmenn stofnunarinnar nauðsynlega aðstoð við útfyllingu þeirra.

Sjúkratryggingastofnunin skal láta nefndinni í té öll gögn máls, svo og þær upplýsingar og skýringar er nefndin telur þörf á.

Sjúkratryggingastofnunin getur höfðað dómsmál til að fá hnekkt úrskurði úrskurðarnefndar almannatrygginga.

37. gr.

Ofgreiðslur og vangreiðslur bóta.

Hafi sjúkratryggingastofnunin ofgreitt bætur samkvæmt lögum þessum skal stofnunin draga ofgreiddar bætur frá bótum sem viðtakandi kann síðar að öðlast rétt til. Einnig á stofnunin endurkröfurétt á hendur viðtakanda samkvæmt almennum reglum. Ef ofgreiðsla stafar af sviksamlegu atferli viðtakanda skal hann greiða dráttarvexti á þá fjárhæð og reiknast þeir frá þeim tíma sem endurkröfuréttur stofnast.

Hafi sjúkratryggingastofnunin vangreitt bætur skal stofnunin greiða viðtakanda það sem upp á vantar.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd greinarinnar, m.a. um innheimtu á ofgreiddum bótum, undanþágur frá innheimtu ofgreiddra bóta og afskriftir krafna.

38. gr.

Samningar um heilbrigðisþjónustu ekki fyrir hendi.

Séu samningar um heilbrigðisþjónustu ekki fyrir hendi, sbr. IV. kafla, er í sérstökum tilfellum heimilt tímabundið að endurgreiða sjúkratryggðum útlagðan kostnað vegna heilbrigðisþjónustu á grundvelli gjaldskrár sem sjúkratryggingastofnunin gefur út.

Ráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd greinarinnar, m.a. um tímalengd heimildarinnar og skilyrði fyrir endurgreiðslu.

IV. KAFLI
Samningar um heilbrigðisþjónustu.

39. gr.
Samningsumboð.

Sjúkratryggingastofnunin annast samningsgerð um veitingu heilbrigðisþjónustu og aðstoðar samkvæmt lögum þessum, lögum um heilbrigðisþjónustu og öðrum lögum, og um endurgjald ríkisins vegna hennar.

Sjúkratryggingastofnunin gerir samninga við heilbrigðisstofnanir, sbr. lög um heilbrigðisþjónustu, sveitarfélög, sjálfseignarstofnanir, fyrirtæki og einstaklinga um veitingu heilbrigðisþjónustu og greiðir þeim endurgjald í samræmi við ákvæði samninganna.

40. gr.
Samningar um heilbrigðisþjónustu.

Samningar um heilbrigðisþjónustu skulu gerðir í samræmi við stefnumörkun skv. 2. gr., m.a. um skipulag heilbrigðisþjónustu, forgangsröðun verkefna innan hennar, hagkvæmni og gæði þjónustunnar og aðgengi að henni. Við samningsgerð skal hafa hagsmuni sjúkratryggðra að leiðarljósi. Forsenda samningsgerðar er að fyrir liggi staðfesting landlæknis á því hvort rekstur eða fyrirhugaður rekstur heilbrigðisþjónustu uppfylli faglegar kröfur og önnur skilyrði í heilbrigðislöggjöf, sbr. lög um heilbrigðisþjónustu og lög um landlækni.

Samningar skulu m.a. kveða á um magn, tegund og gæði þjónustu, hvar hún skuli veitt og af hverjum, ásamt endurgjaldi til veitanda og eftirliti með framkvæmd samnings. Í samningum skulu vera ákvæði um kröfur til veitenda þjónustu, m.a. um hæfni, þjónustusvæði og þjónustustig. Við samningsgerð skal tryggja aðgengi sjúkratryggðra að þeirri heilbrigðisþjónustu sem samið er um óháð efnahag. Jafnframt skal leitast við að tryggja þjónustu við sjúkratryggða hvar á landinu sem þeir eru búsettir og að veitendur þjónustu gæti þess að sjúkratryggðir njóti jafnræðis.

Val á viðsemjendum skal fara fram á hlutlægum og málefnalegum forsendum. Við valið skal m.a. taka mið af stefnumörkun skv. 2. gr., ákvæðum laga um heilbrigðisþjónustu, hæfni, gæðum, hagkvæmni, kostnaði, öryggi, viðhaldi nauðsynlegrar þekkingar og jafnræði. Sjúkratryggingastofnunin ákveður vægi einstakra þátta. Við samningsgerð um heilbrigðisþjónustu skal þess gætt að raska ekki þeirri þjónustu sem veita ber samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu.

Reynist framboð af tiltekinni heilbrigðisþjónustu meira en þörf er á eða unnt er að semja um með hliðsjón af fjárheimildum er heimilt á grundvelli hlutlægra og málefnalegra sjónarmiða, m.a. um hagkvæmni og gæði þjónustunnar, að takmarka samningsgerð við hluta þeirra aðila sem veitt geta þjónustuna.

Aðili sem hyggst hefja sjálfstæðan rekstur heilbrigðisþjónustu þar sem gert er ráð fyrir að ríkið greiði kostnað sjúklings að hluta eða öllu leyti skal hafa gert samning við sjúkratryggingastofnunina áður en hann hefur rekstur, nema fyrir liggi einhliða ákvörðun ráðherra um greiðsluþátttöku á grundvelli sérstakrar heimildar í öðrum lögum.

Ráðherra er heimilt að ákveða nánar í reglugerð forsendur fyrir samningsgerð um endurgjald ríkisins fyrir heilbrigðisþjónustu sem veitt er utan heilbrigðisstofnana sem ríkið rekur,

í samræmi við stefnumörkun skv. 2. gr., og að hún skuli takmarkast við gagnreynda meðferð á sviði heilbrigðisþjónustu.

41. gr.

Samningar um framkvæmdir eða rekstur.

Ráðherra getur falið sjúkratryggingastofnuninni að semja við sveitarfélög, eða aðra aðila en þá sem falinn er rekstur heilbrigðisþjónustu samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, um framkvæmdir og rekstur ákveðinna þátta þeirrar heilbrigðisþjónustu sem veita ber samkvæmt þeim lögum. Sjúkratryggingastofnunin gerir jafnframt verksamninga og samninga um rekstrarverkefni samkvæmt ákvæðum laga um fjárreiður ríkisins.

42. gr.

Útboðsheimild.

Sjúkratryggingastofnuninni er heimilt að bjóða út rekstur heilbrigðisþjónustu og kaup á heilbrigðisþjónustu samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu og lögum þessum.

43. gr.

Endurgjald fyrir heilbrigðisþjónustu.

Endurgjald fyrir heilbrigðisþjónustu samkvæmt þessum kafla getur verið í formi fastra greiðslna, greiðslna á hvern þjónustuþega, daggjalda, verkgreiðslna, greiðslna á grunni afkasta og árangurstengdra greiðslna. Enn fremur er unnt að taka mið af tveimur eða fleiri framangreindum greiðsluaðferðum.

Um gjald sem sjúkratryggður greiðir fyrir þjónustuna fer skv. 29. gr. og er veitendum þjónustu óheimilt að krefja hann um frekara gjald.

Heilbrigðisstofnanir og aðrir veitendur heilbrigðisþjónustu skulu kostnaðargreina þjónustu sína samkvæmt alþjóðlega viðurkenndum aðferðum. Við kostnaðargreiningu skal taka mið af öllum hagrænum kostnaði, þ.m.t. kostnaði vegna húsnæðis, fjármagns og afskrifta.

Ráðherra setur reglugerð um framkvæmd mats á hjúkrunarþyngd vegna endurgjalds fyrir heilbrigðisþjónustu sem veitt er í hjúkrunarrýmum.

44. gr.

Gagnreynd þekking á sviði heilbrigðisþjónustu.

Veitendur heilbrigðisþjónustu skulu að jafnaði byggja starfsemi sína á gagnreyndri þekkingu á sviði heilbrigðisþjónustu, fylgja faglegum fyrirmælum landlæknis og nýta eftir því sem við á faglegar leiðbeiningar hans, sbr. lög um landlækni.

Við ákvarðanir og samninga um nýjar aðferðir, þjónustu, lyf og vörur skal sjúkratryggingastofnunin byggja á niðurstöðu faglegs og hagræns mats í samræmi við viðurkenndar alþjóðlegar aðferðir.

45. gr.

Gæði og eftirlit.

Sjúkratryggingastofnunin skal hafa eftirlit með starfsemi samningsaðila sem miðar að því að tryggja að tegundir, magn, gæði, kostnaður og árangur þjónustu sé í samræmi við gerða samninga. Stofnunin skal hafa samráð við landlækni um fyrirkomulag og framkvæmd eftirlits.

Sjúkratryggingastofnunin skal setja í samninga ákvæði sem ætlað er að stuðla að gæðum og árangri þjónustunnar, m.a. um gæðastjórnunarkerfi og vottun þeirra, faggildingu, árangursmælingar og upplýsinga- og skýrslugjöf, sbr. lög um landlækni.

Sjúkratryggingastofnunin getur krafist þess að samningsaðilar nýti samræmd upplýsingakerfi, þ.m.t. samræmda skráningu biðlista, og skili upplýsingum um veitta þjónustu og starfsemi á samræmdu rafrænu formi til stofnunarinnar. Vegna framkvæmdar eftirlits er stofnuninni jafnframt heimill aðgangur að ópersónugreinanlegum upplýsingum úr heilbrigðisskrám sem landlæknir heldur samkvæmt lögum um landlækni, eftir því sem við á.

Læknum, eða eftir atvikum hlutaðeigandi heilbrigðisstarfsmönnum, sjúkratryggingastofnunarinnar er heimilt að leita upplýsinga hjá þeim sem notið hafa þjónustu, eftir því sem nauðsynlegt er vegna eftirlitshlutverks stofnunarinnar.

46. gr.

Upplýsingaskylda heilbrigðisstarfsmanna.

Þeim heilbrigðisstarfsmönnum sem ábyrgð bera á vörslu sjúkraskráa er skylt að veita læknum, eða eftir atvikum hlutaðeigandi heilbrigðisstarfsmönnum, sjúkratryggingastofnunarinnar þær upplýsingar og gögn sem stofnuninni eru nauðsynleg vegna eftirlitshlutverks hennar, sbr. einnig 45. gr. Þá er læknum sjúkratryggingastofnunarinnar, eða hlutaðeigandi heilbrigðisstarfsmönnum þegar það á við, heimilt að skoða þann hluta sjúkraskrár sem nauðsynlegt er vegna eftirlits með samningum og reikningsgerð á hendur stofnuninni. Skoðun skal fara fram á þeim stað þar sem sjúkraskrá er varðveitt.

47. gr.

Samningar um kaup á vörum og þjónustu.

Sjúkratryggingastofnuninni er heimilt á grundvelli laga um opinber innkaup að semja við stofnanir, fyrirtæki eða einstaklinga um vörur og almenna þjónustu sem henni ber að veita og falla ekki undir samninga um heilbrigðisþjónustu.

Sjúkratryggingastofnuninni ber að leita bestu mögulegra kjara, að teknu tilliti til gæða, á þeim vörum og þjónustu sem hún greiðir eða tekur þátt í að greiða samkvæmt lögum þessum.

48. gr.

Vanefndir og aðgerðir vegna vanefnda.

Í samningum skulu vera ákvæði um hvað teljist vanefndir og um vanefndaúrræði. Auk þess gilda almennar reglur um vanefndir og vanefndaúrræði. Sannist vanefndir skulu aðgerðir sjúkratryggingastofnunarinnar vegna þeirra byggjast á málefnalegum sjónarmiðum og geta m.a. falið í sér:

1. Fyrirmæli um breytta framkvæmd, t.d. þjónustu, skráningu eða gjaldtöku.
2. Viðvörun.
3. Takmarkanir á magni og tegundum þjónustu sem greitt er endurgjald fyrir.
4. Uppsögn samnings með eða án fyrirvara.
5. Kröfu um endurgreiðslu eða skaðabætur.
6. Tilkynningu til landlæknis eða Lyfjastofnunar, sbr. eftirlitshlutverk þeirra.
7. Kæru til lögreglu vegna meintra lögbrota.

49. gr.

Ágreiningur.

Í samningum skulu vera ákvæði um meðferð ágreinings. Ágreiningur um framkvæmd samninga og val á viðsemjendum sætir ekki endurskoðun ráðherra.

Fari fram útboð fer um ágreining samkvæmt lögum um opinber innkaup.

Ágreiningi um faglega hæfni veitenda heilbrigðisþjónustu, gæði þjónustu og gagnreynda meðferð á sviði heilbrigðisþjónustu skal vísað til landlæknis.

Kvörtunum frá almenningi og öðrum vegna þjónustu og hæfni samningsaðila skal vísað til landlæknis. Landlæknir skal upplýsa sjúkratryggingastofnunina um slíkar kvartanir á formi sem stofnanirnar koma sér saman um.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

50. gr.

Meðferð persónuupplýsinga.

Við meðferð persónuupplýsinga sem aflað er samkvæmt lögum þessum skal þess gætt að uppfyllt séu skilyrði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og jafnframt gætt ákvæða laga um réttindi sjúklinga eftir því sem við á.

51. gr.

Þagnarskylda.

Starfsfólki sjúkratryggingastofnunarinnar og umboðsskrifstofa er skylt að gæta þagmælsku um atriði er það fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanns eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi. Hið sama gildir um þá sem sinna verkefnum fyrir sjúkratryggingastofnunina en eru ekki starfsmenn hennar.

52. gr.

Upplýsingar um vistun.

Sjúkrahús, heilbrigðisstofnanir og stofnanir fyrir aldraða skulu senda sjúkratryggingastofnuninni upplýsingar um vistun, þ.e. innlagnir og útskriftir. Upplýsingarnar skulu sendar reglulega eftir því sem þörf krefur og eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði.

53. gr.

Milliríkjasamningar um sjúkratryggingar.

Þegar milliríkjasamningar sem Ísland er aðili að kveða á um gagnkvæm réttindi til sjúkratrygginga skulu þeir sem eiga að falla undir íslenska löggjöf samkvæmt ákvæðum samninganna öðlast réttindi samkvæmt lögum þessum.

Sjúkratryggingastofnunin greiðir kostnað samkvæmt milliríkjasamningum af aðstoð við þá sem njóta réttar samkvæmt samningunum og dveljast hér á landi um stundarsakir.

Ráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd greinarinnar, m.a. um heimild til að draga frá bótum samkvæmt lögum þessum bætur samkvæmt erlendri löggjöf fyrir sama tímabil og bætur eru greiddar fyrir hér á landi.

54. gr.

Kostnaður við sjúkratryggingar.

Kostnaður við sjúkratryggingar greiðist úr ríkissjóði, að því marki sem ákveðið er samkvæmt lögum þessum eða sérlögum og reglugerðum settum með stoð í þeim. Árleg heildarútgjöld sjúkratrygginga skulu vera í samræmi við ákvörðun Alþingis samkvæmt fjárlögum og fjáraukalögum hvers árs.

55. gr.

Reglugerðir.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara í reglugerð. M.a. er heimilt að ákveða frekari kostnaðarþátttöku sjúkratryggingastofnunarinnar í heilbrigðisþjónustu en mælt er fyrir um í III. kafla. Þá er ráðherra heimilt að birta sem reglugerðir almannatryggingareglur Evrópusambandsins með aðlögun vegna EES-samningsins og almannatryggingareglur stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

VI. KAFLI

Gildistaka.

56. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 2008.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. koma ákvæði IV. kafla að því er varðar samninga sem heilbrigðisráðuneytið hefur gert til framkvæmda eigi síðar en 1. júlí 2009. Enn fremur koma ákvæði IV. kafla til framkvæmda eigi síðar en 1. janúar 2010 að því er varðar samninga við heilbrigðisstofnanir í eigu ríkisins og samninga við sveitarfélög og aðra er reka hjúkrunarheimili.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. öðlast 12. tölul. 59. gr. þegar gildi.

VII. KAFLI

Breytingar á öðrum lögum.

57. gr.

Breyting á lögum nr. 100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

1. 1. gr. laganna orðast svo:
   Lög þessi taka til:
   1. Lífeyristrygginga almannatrygginga.
   2. Slysatrygginga almannatrygginga.

   Um sjúkratryggingar almannatrygginga fer samkvæmt lögum um sjúkratryggingar.
2. Orðið „sjúkratrygginga“ í 3. mgr. 18. gr. laganna fellur brott.
3. Eftirfarandi breytingar verða á 32. gr. laganna:
   a. Í stað orðanna „skv. 44. gr.“ í a-lið 1. tölul. 1. mgr. kemur: samkvæmt lögum um sjúkratryggingar.
   b. Við 1. málsl. b-liðar 1. tölul. 1. mgr. bætast orðin: sé hinn slasaði ekki sjúkratryggður samkvæmt lögum um sjúkratryggingar.
   c. 2. málsl. b-liðar 1. tölul. 1. mgr. fellur brott.
   d. Í stað orðanna „skv. 44. gr.“ í 2. mgr. kemur: samkvæmt lögum um sjúkratryggingar.
4. V. kafli laganna fellur brott.
5. 4. mgr. 48. gr. laganna fellur brott.

6. 2. málsl. 1. mgr. 52. gr. laganna fellur brott.
7. Eftirfarandi breytingar verða á 53. gr. laganna:
   a. Orðin „og sjúkradagpeningar“ í 1. málsl. 2. mgr. falla brott.
   b. 2. málsl. 2. mgr. fellur brott.
8. Við 3. mgr. 54. gr. laganna bætast orðin: samkvæmt lögum um sjúkratryggingar.
9. 3. málsl. 1. mgr. 56. gr. laganna fellur brott.
10. 2. mgr. 58. gr. laganna fellur brott.
11. Orðin „og 43.“ í 6. mgr. 67. gr. laganna falla brott.
12. Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða við lögin:
   a. 1. mgr. 9. tölul. orðast svo:
      Tryggingastofnun ríkisins annast reikningshald og daglega afgreiðslu slysatrygginga í umboði heilbrigðisráðherra þar til ný lög um slysatryggingar taka gildi.
   b. Orðin „og sjúkratrygginga“ í 2. mgr. 9. tölul. falla brott.

58. gr.

Breyting á lögum nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, með síðari breytingu.

1. Á eftir orðunum „frekari uppbætur“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: styrkir vegna kaupa á bifreið.
2. Í stað orðsins „sjúkra-“ í 1. málsl. 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: sjúkradagpeninga samkvæmt lögum um sjúkratryggingar.
3. Við 10. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:
   Heimilt er að greiða styrk til að afla bifreiðar sem nauðsynleg er vegna þess að líkamsstarfsemi er hömluð eða vantar líkamshluta. Ráðherra setur reglugerð um greiðslur samkvæmt ákvæði þessu, m.a. um sex mánaða búsetuskilyrði.
4. Á eftir orðinu „sjúkratryggðs“ í 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: samkvæmt lögum um sjúkratryggingar.

59. gr.

Breyting á lögum nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum.

1. Í stað orðanna „lög um almannatryggingar“ í 2. málsl. 1. gr. laganna kemur: lög um sjúkratryggingar.
2. Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:
   a. Við 1. mgr. bætist: og lög um sjúkratryggingar.
   b. Við 2. og 3. mgr. bætist: og lögum um sjúkratryggingar.
3. Á eftir orðunum „VII. kafla“ í 2. málsl. 8. gr. laganna kemur: og lögum um sjúkratryggingar.
4. 16. gr. laganna orðast svo:
   Í hjúkrunarrýmum umdæmissjúkrahúsa og hjúkrunar- og dvalarheimila skal veitt hjúkrunarþjónusta fyrir sjúkratryggða einstaklinga sem metnir hafa verið í þörf fyrir þjónustu í hjúkrunarrými. Engan má vista til langdvalar í hjúkrunarrými nema að undangengnu mati á þörf fyrir hjúkrunarrými.
   Ráðherra skipar þriggja manna nefndir til að meta þörf sjúkratryggðra einstaklinga fyrir hjúkrunarrými. Nefndirnar skulu skipaðar lækni með sérmenntun á sviði öldrunareða heimilislækninga, hjúkrunarfræðingi með þekkingu á öldrunarþjónustu og félagsráðgjafa með þekkingu á félagslegri þjónustu við aldraða sem tilnefndur er af félags- og

tryggingamálaráðherra. Skipa skal þrjá varamenn sem uppfylla sömu menntunarskilyrði og aðalmenn.

Ráðherra kveður nánar á um vistunarmat, fjölda nefnda og starfssvæði þeirra í reglugerð.

5. Á eftir orðunum „VII. kafla“ í 3. málsl. 1. mgr. 18. gr. laganna kemur: og lögum um sjúkratryggingar.
6. Eftirfarandi breytingar verða á 22. gr. laganna:
   a. Við 1. og 2. mgr. bætist: og lögum um sjúkratryggingar.
   b. Í stað orðanna „3. mgr. 34. gr.“ í 2. málsl. 3. mgr. kemur: ákvæðum laga um sjúkratryggingar.
7. Á eftir orðunum „VII. kafla“ í 7. mgr. 26. gr. laganna kemur: og lögum um sjúkratryggingar.
8. 2. málsl. 28. gr. laganna orðast svo: Sjúkratryggingastofnunin annast samningsgerð um heilbrigðisþjónustu samkvæmt lögum um sjúkratryggingar.
9. 29. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Samningar um heilbrigðisþjónustu, framkvæmdir og rekstur.

Um samninga um heilbrigðisþjónustu og greiðsluþátttöku vegna hennar, svo og samninga um framkvæmdir og rekstur, fer samkvæmt lögum um sjúkratryggingar.

10. 30. gr. laganna fellur brott.
11. 34. gr. laganna orðast svo:

Um gjaldtöku fyrir heilbrigðisþjónustu fer samkvæmt ákvæðum laga um sjúkratryggingar og ákvæðum sérlaga eftir því sem við á.

12. Ákvæði til bráðabirgða við lögin fellur brott og í stað þess kemur nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Meðan tímabundnir samningar, sbr. 28. gr., við sveitarfélög um rekstur heilbrigðisþjónustu gilda teljast hlutaðeigandi starfsmenn heilbrigðisstofnana sem reknar eru af ríkinu og eru í starfi þegar samningarnir taka gildi vera í þjónustu viðkomandi sveitarfélags. Í slíkum samningum er heilbrigðisráðherra heimilt að framselja viðkomandi sveitarfélagi allar þær valdheimildir sem forstjórar heilbrigðisstofnana fara með samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, svo fremi að starfsmönnum sé tilkynnt hver fari með það vald. Engin formbreyting verður á ráðningarstöðu starfsmanna, þeir eru áfram ríkisstarfsmenn og um laun þeirra og önnur starfskjör fer eftir sömu kjarasamningum og fyrr.

Nýir starfsmenn, sem ráðnir verða til verkefna er samningur aðila tekur til, skulu ráðnir sem starfsmenn viðkomandi sveitarfélags.

Heilbrigðisráðherra og fjármálaráðherra annars vegar og sveitarfélag hins vegar skulu semja um ábyrgðir sínar og greiðslur varðandi réttindi og kjör starfsmanna.

60. gr.

Breyting á lögum nr. 125/1999, um málefni aldraða, með síðari breytingum.

1. Í stað orðanna „skv. 15. gr.“ í 3. mgr. 14. gr. laganna kemur: samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu.
2. 2. mgr. 15. gr. laganna fellur brott.

61. gr.

Breyting á lögum nr. 111/2000, um sjúklingatryggingu, með síðari breytingum.

1. Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:
   a. Í stað orðsins „heilbrigðisráðherra“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: landlæknis.
   b. Í stað orðanna „35. gr. almannatryggingalaga“ í 2. mgr. kemur: 23. gr. laga um sjúkratryggingar.
2. Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:
   a. Í stað orðsins „heilbrigðisráðherra“ í d-lið kemur: landlæknis.
   b. Í stað orðanna „44. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar“ í d-lið kemur: laga um sjúkratryggingar.
   c. Í stað orðanna „Tryggingastofnun ríkisins“ í e-lið kemur: sjúkratryggingastofnunin.
3. Í stað orðanna „Tryggingastofnun ríkisins“ í 2. málsl. 11. gr. laganna kemur: sjúkratryggingastofnunina.
4. Í stað orðanna „Tryggingastofnunar ríkisins“ í 13. gr. laganna kemur: sjúkratryggingastofnunarinnar.
5. Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:
   a. Í stað orðanna „Tryggingastofnun ríkisins“ í 1. mgr. kemur: Sjúkratryggingastofnunin, sbr. lög um sjúkratryggingar.
   b. Í stað orðanna „Tryggingastofnun ríkisins“ í 2. mgr. kemur: sjúkratryggingastofnuninni.
   c. Í stað orðanna „Tryggingastofnunar ríkisins“ í fyrirsögn greinarinnar kemur: sjúkratryggingastofnunarinnar.
6. Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:
   a. Í stað orðanna „Tryggingastofnun ríkisins“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: Sjúkratryggingastofnunin.
   b. Í stað orðsins „heilbrigðisráðherra“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: landlæknis.
   c. Í stað orðanna „Tryggingastofnun ríkisins“ í 2. mgr. kemur: sjúkratryggingastofnunin.
   d. Í stað orðanna „Tryggingastofnun ríkisins“ í fyrirsögn greinarinnar kemur: sjúkratryggingastofnuninni.
7. Í stað orðanna „Tryggingastofnun ríkisins“ í 1. málsl. 16. gr. laganna kemur: Sjúkratryggingastofnunin.
8. Í stað orðanna „Tryggingastofnun ríkisins“ í 1. málsl. 17. gr. laganna kemur: Sjúkratryggingastofnunin.
9. Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna:
   a. Í stað orðanna „Tryggingastofnun ríkisins“ í 1. málsl. kemur: Sjúkratryggingastofnuninni.
   b. Í stað orðanna „Tryggingastofnunar ríkisins“ í fyrirsögn greinarinnar kemur: sjúkratryggingastofnunarinnar.
10. Ákvæði til bráðabirgða við lögin fellur brott.

62. gr.

Breyting á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

1. Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:
   a. Í stað orðanna „Tryggingastofnunar ríkisins“ tvívegis í 1. tölul. 11. mgr. kemur: sjúkratryggingastofnunarinnar.

b. Í stað orðanna „Tryggingastofnun ríkisins“ í 13. mgr. kemur: Sjúkratryggingastofnuninni.

2. Í stað orðanna „Tryggingastofnun ríkisins“ í 2. málsl. 2. mgr. 24. gr. laganna kemur: sjúkratryggingastofnuninni.
3. Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 25. gr. laganna:
   a. Í stað orðsins „Tryggingastofnun“ í 1. málsl. kemur: sjúkratryggingastofnunin.
   b. Í stað orðsins „Tryggingastofnun“ í 2. málsl. kemur: sjúkratryggingastofnuninni.
4. Eftirfarandi breytingar verða á 26. gr. laganna:
   a. Í stað orðsins „Tryggingastofnun“ í 1. mgr. og í 2. málsl. 2. mgr. kemur: sjúkratryggingastofnunin.
   b. Í stað orðsins „Tryggingastofnun“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: Sjúkratryggingastofnuninni.
5. Í stað orðanna „Tryggingastofnun ríkisins“ tvívegis í 3. mgr. 27. gr. laganna kemur: sjúkratryggingastofnunin.
6. Eftirfarandi breytingar verða á 43. gr. laganna:
   a. Í stað orðanna „Tryggingastofnunar ríkisins“ í 3. málsl. 1. mgr. kemur: sjúkratryggingastofnunarinnar.
   b. Í stað orðanna „36. gr. laga um almannatryggingar, nr. 117/1993“ í 2. tölul. 2. mgr. kemur: III. kafla laga um sjúkratryggingar.
   c. Í stað orðsins „almannatryggingar“ í 3. tölul. 2. mgr. kemur: sjúkratryggingar.
   d. Í stað orðsins „Tryggingastofnunar“ í 2. málsl. 4. tölul. 2. mgr. kemur: sjúkratryggingastofnunarinnar.
   e. Í stað orðsins „almannatrygginga“ í 1. málsl. 4. mgr. kemur: sjúkratrygginga.
7. Í stað orðsins „almannatrygginga“ í 1. mgr. 44. gr. laganna kemur: sjúkratrygginga.

63. gr.

Breyting á lögum nr. 74/1997, um réttindi sjúklinga, með síðari breytingum.

1. Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: landlæknis.
2. Eftirfarandi breytingar verða á 1. málsl. 4. gr. laganna:
   a. Í stað orðanna „Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið“ kemur: Heilbrigðisráðuneytið.
   b. Í stað orðsins „almannatryggingar“ kemur: sjúkratryggingar.

64. gr.

Breyting á lögum nr. 41/2007, um landlækni, með síðari breytingu.

1. Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:
   a. Á eftir orðinu „ráðherra“ í 2. málsl. 3. mgr. kemur: eða sjúkratryggingastofnunin.
   b. Á eftir orðinu „ráðherra“ í 5. mgr. kemur: og sjúkratryggingastofnuninni.
2. Eftirfarandi breytingar verða á 5. mgr. 8. gr. laganna:
   a. Á eftir orðinu „Lyfjastofnun“ í 4. málsl. kemur: sjúkratryggingastofnunin.
   b. 5. málsl. fellur brott.
3. Í stað orðanna „Tryggingastofnunar ríkisins“ í 21. gr. laganna kemur: sjúkratryggingastofnunarinnar.

65. gr.

Breyting á lögum nr. 18/1984, um Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, með síðari breytingum.

1. Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 1. málsl. 3. gr. laganna kemur: heilbrigðisráðherra.
2. Í stað orðsins „almannatryggingar“ tvívegis í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: sjúkratryggingar.
3. Í stað orðsins „almannatryggingar“ tvívegis í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: sjúkratryggingar.

66. gr.

Breyting á lögum nr. 42/2007, um Heyrnar- og talmeinastöð.

1. Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: heilbrigðisráðherra.
2. Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:
   a. Í stað orðsins „almannatryggingar“ í 1. málsl. 1. mgr. og í 4. mgr. kemur: sjúkratryggingar.
   b. Í stað orðanna „almannatryggingar, með síðari breytingum“ í 2. tölul. 1. mgr. kemur: sjúkratryggingar.

67. gr.

Breyting á sóttvarnalögum, nr. 19/1997, með síðari breytingum.

1. Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 2. málsl. 2. mgr. 9. gr. laganna kemur: heilbrigðisráðherra.
2. Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis“ í 1. málsl. 3. mgr. 14. gr. laganna kemur: heilbrigðisráðherra.
3. Í stað orðanna „almannatryggingar og lögum um heilbrigðisþjónustu“ í 2. málsl. 1. mgr. 17. gr. laganna kemur: sjúkratryggingar.

68. gr.

Breyting á lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar.

1. Á eftir orðunum „Tryggingastofnun ríkisins“ í 3. mgr. 9. gr. laganna kemur: sjúkratryggingastofnunin.
2. Í stað orðanna „slysa- eða sjúkradagpeninga samkvæmt lögum um almannatryggingar“ í 1. mgr. 51. gr. laganna kemur: slysadagpeninga samkvæmt lögum um almannatryggingar eða sjúkradagpeninga samkvæmt lögum um sjúkratryggingar.

69. gr.

Breyting á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum.

Orðin „sjúkradagpeninga og“ í 2. mgr. 33. gr. laganna falla brott.

70. gr.

Breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

Á eftir orðunum „svo og“ í 2. tölul. 9. gr. laganna kemur: sjúkradagpeningar samkvæmt lögum um sjúkratryggingar og.

71. gr.

Breyting á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingum.

Í stað orðanna „Tryggingastofnun ríkisins“ í b-lið 7. mgr. 102. gr. laganna kemur: sjúkratryggingastofnuninni, sbr. lög um sjúkratryggingar.

72. gr.

Breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

Í stað orðanna „Tryggingastofnun ríkisins“ í f- og l-lið 2. mgr. 5. gr. laganna kemur: sjúkratryggingastofnuninni.

73. gr.

Breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

Á eftir orðunum „bætur greiddar af Tryggingastofnun ríkisins“ í 4. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: sjúkradagpeninga samkvæmt lögum um sjúkratryggingar.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þeim starfsmönnum Tryggingastofnunar ríkisins sem hafa starfað hjá stofnuninni að verkefnum er falla undir lög þessi og/eða lög nr. 111/2000, um sjúklingatryggingu, og eru í starfi við gildistöku laganna skal boðið annað starf hjá sjúkratryggingastofnuninni með sömu ráðningarkjörum og áður giltu. Hið sama gildir um þá starfsmenn heilbrigðisráðuneytis, heilsugæslunnar og Landspítala sem sinnt hafa samningsgerð og öðrum verkefnum er munu falla undir verksvið sjúkratryggingastofnunarinnar samkvæmt lögum þessum. Ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, gilda ekki um störf sem ráðið er í samkvæmt þessu ákvæði.

II.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 56. gr. skal forstjóri sjúkratryggingastofnunarinnar, sbr. ákvæði til bráðabirgða með lögum nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu, hafa heimild til að undirbúa gildistöku laganna, þ.m.t. að bjóða starfsmönnum Tryggingastofnunar ríkisins, heilbrigðisráðuneytis, heilsugæslunnar og Landspítala starf hjá sjúkratryggingastofnuninni frá 1. september 2008, sbr. ákvæði til bráðabirgða I.

III.

Sjúkratryggingastofnunin tekur við eignum, réttindum og skyldum Tryggingastofnunar ríkisins að því er varðar framkvæmd sjúkratrygginga samkvæmt lögum nr. 100/2007, um almannatryggingar, og sjúklingatryggingar samkvæmt lögum nr. 111/2000, um sjúklingatryggingu.

IV.

Fram til 1. janúar 2010, sbr. 2. málsl. 2. mgr. 56. gr., skal ráðherra ákveða með reglugerð daggjöld vegna heilbrigðisþjónustu sem veitt er í hjúkrunarrýmum sjúkrahúsa og hjúkrunarrýmum öldrunarstofnana og hjúkrunarheimila. Daggjöld skulu ákveðin með hliðsjón af mati á hjúkrunarþyngd, sbr. 4. mgr. 43. gr.

1221. Frumvarp til laga [526. mál]

um endurskoðendur.

(Eftir 2. umr., 29. maí.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Skilgreiningar.

Í lögum þessum merkir:

1. *Endurskoðandi:* Sá sem hefur þekkingu til að gefa hlutlaust og áreiðanlegt álit á reikningsskilum og öðrum fjárhagsupplýsingum, hefur löggildingu til starfa við endurskoðun og fullnægir að öðru leyti skilyrðum laga þessara.
2. *Endurskoðun:* Óháð og kerfisbundin öflun gagna og mat á þeim í þeim tilgangi að láta í ljós rökstutt og faglegt álit endurskoðanda um áreiðanleika þeirra og framsetningu í samræmi við lög, settar reikningsskilareglur eða önnur skilyrði sem fram koma í álitsgerðinni.
3. *Endurskoðunarfyrirtæki:* Fyrirtæki sem fengið hefur skráningu til endurskoðunarstarfa samkvæmt ákvæðum laga þessara.
4. *Endurskoðunarnefnd:* Eins og hún er skilgreind í IX. kafla A laga nr. 3/2006, um ársreikninga.
5. *Samstarfsfyrirtæki endurskoðenda:* Endurskoðendur eða endurskoðunarfyrirtæki sem hafa með sér samstarf sem miðar að hagnaðar- eða kostnaðarskiptingu, sameiginlegu eignarhaldi, sameiginlegum yfirráðum eða stjórn, sameiginlegri stefnu í gæðastjórnun og gæðaaðferðum, sameiginlegri viðskiptastefnu, notar sameiginlegt vörumerki eða samnýtir umtalsverðan hluta faglegra úrræða.
6. *Alþjóðlegir endurskoðunarstaðlar:* Alþjóðlegir staðlar um endurskoðun (ISA) og tengdar yfirlýsingar og staðlar, að því marki sem þeir tengjast endurskoðun, sem framkvæmdastjórn ESB hefur samþykkt í samræmi við 26. gr. tilskipunar 2006/43/EB og teknir hafa verið upp í íslenskan rétt.
7. *Eining tengd almannahagsmunum:*
   a. Lögaðili sem er með skráð lögheimili á Íslandi og hefur verðbréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.
   b. Lífeyrissjóður sem hefur fullgilt starfsleyfi.
   c. Lánastofnun eins og hún er skilgreind í lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.
   d. Félag sem hefur starfsleyfi til að reka vátryggingastarfsemi hér á landi samkvæmt lögum nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi.

II. KAFLI
Réttindi endurskoðenda.

2. gr.

Ráðherra veitir réttindi með löggildingu til endurskoðunarstarfa. Til þess að öðlast löggildingu þarf viðkomandi að fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

1. eiga lögheimili hér á landi, eða vera ríkisborgari aðildarríkis að Evrópska efnahagssvæðinu, aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyja,
2. vera lögráða og hafa haft forræði á búi sínu síðastliðin þrjú ár,
3. hafa óflekkað mannorð, svo sem áskilið er til kjörgengis til Alþingis,
4. hafa lokið meistaranámi í endurskoðun og reikningsskilum sem viðurkennt er af endurskoðendaráði,
5. hafa staðist sérstakt próf, sbr. 5. gr.,
6. hafa starfað að lágmarki í þrjú ár undir handleiðslu endurskoðanda við endurskoðun ársreikninga og annarra reikningsskila hjá endurskoðunarfyrirtæki,
7. hafa starfsábyrgðartryggingu, sbr. 6. gr.

Óski endurskoðandi sem hefur réttindi til endurskoðunarstarfa í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum eftir löggildingu til endurskoðunarstarfa hér á landi skal hann standast sérstakt hæfnispróf í lögum og reglum um skatta- og félagarétt.

Ráðherra getur, að fengnum tillögum endurskoðendaráðs, veitt þeim einstaklingum löggildingu til endurskoðunarstarfa sem sanna að þeir hafi lokið námi og staðist próf erlendis, sem telst samsvara kröfum sem gerðar eru í 4., 5. og 6. tölul. 1. mgr. enda uppfylli þeir ákvæði 2., 3., og 7. tölul. sömu málsgreinar. Slíkir aðilar skulu standast sérstakt hæfnispróf í lögum og reglum um skatta- og félagarétt.

Endurskoðendaráð getur veitt einstaklingum sem lokið hafa öðru háskólanámi með endurskoðun sem kjörsvið undanþágu frá ákvæði 4. tölul. 1. mgr. enda telji endurskoðendaráð sýnt að umsækjandi hafi næga þekkingu á þeim málefnum sem varða endurskoðendur og störf þeirra.

Áður en löggilding er veitt skal umsækjandi vinna drengskaparheit um að hann muni af kostgæfni og samviskusemi í hvívetna rækja það starf sem löggildingin veitir honum rétt til að stunda og hlíta lögum og öðrum reglum sem starfið varða.

3. gr.

Endurskoðunarfyrirtæki.

Endurskoðendum er heimilt að stofna félag um rekstur endurskoðunarfyrirtækis í því formi sem þeir sjálfir kjósa, þar á meðal með takmarkaðri ábyrgð.

Meiri hluti atkvæðisréttar í endurskoðunarfyrirtæki skal vera í höndum endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækja sem hlotið hafa viðurkenningu á Evrópska efnahagssvæðinu eða í aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.

Í endurskoðunarfyrirtæki skal meiri hluti stjórnarmanna vera endurskoðendur eða fulltrúar endurskoðunarfyrirtækja. Ef stjórnarmenn eru tveir skal annar þeirra vera endurskoðandi eða fulltrúi endurskoðunarfyrirtækis.

Endurskoðunarfyrirtæki skal hafa formlegt gæðakerfi.

Endurskoðunarfyrirtæki skal tryggja að nöfn og heimilisföng eigenda fyrirtækisins séu aðgengileg almenningi.

Endurskoðunarfyrirtæki skal að uppfylltum ákvæðum þessarar greinar sækja um réttindi til endurskoðunarstarfa til fjármálaráðuneytisins. Jafnframt ber fyrirtækinu að tilkynna ráðuneytinu án tafar ef það uppfyllir ekki lengur eitthvert þessara ákvæða.

4. gr.

Ráðuneytið birtir opinbera skrá yfir endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki sem fengið hafa réttindi til endurskoðunarstarfa enda séu ákvæði 2. og 3. gr. uppfyllt.

Ráðuneytið setur nánari reglur um skráninguna og hvaða upplýsingar skulu koma þar fram.

Endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki skulu auðkennd með sérstöku númeri í opinberu skránni.

Endurskoðunarfyrirtæki sem hlýtur skráningu skv. 1. mgr. má ekki hafa verið tekið til gjaldþrotaskipta eða beðið verulegan álitshnekki svo draga megi í efa hæfi þess til að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru um endurskoðun í lögum þessum. Endurskoðunarfyrirtæki sem hlotið hefur skráningu skal án tafar tilkynna fjármálaráðuneytinu ef skilyrði þessarar málsgreinar eru ekki uppfyllt.

Endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki skv. 1. mgr. skulu, án ástæðulauss dráttar, tilkynna fjármálaráðuneytinu ef breytingar verða á þeim upplýsingum sem fram koma í skránni.

Öðrum en endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum skv. 1. mgr. er eigi heimilt að nota orðin endurskoðandi eða endurskoðun í starfs- eða firmaheiti sínu. Þá er óheimilt að vekja þá trú að aðili sé endurskoðandi ef hann er það ekki, sbr. 1. mgr., með notkun starfsheitis, firmanafns eða með öðrum misvísandi hætti. Ákvæði þetta nær þó ekki til starfsheitis innri endurskoðenda í fyrirtækjum enda séu störf þeirra hluti af innra stjórnendaeftirliti viðkomandi fyrirtækis.

Ráðherra skal auglýsa löggildingu endurskoðenda og skráningu endurskoðunarfyrirtækja í Lögbirtingablaði og tilkynna endurskoðendaráði og Félagi löggiltra endurskoðenda. Sama á við ef skráning fellur niður, sbr. 10. mgr.

Ráðherra gefur út löggildingarskírteini til handa endurskoðanda.

Fyrir löggildingu skal endurskoðandi greiða gjald í ríkissjóð samkvæmt lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs.

Hafi endurskoðandi lagt inn réttindi sín eða þau verið felld niður skal nafn hans fellt út af skrá, sbr. 1. mgr. Sama á við um endurskoðunarfyrirtæki sem uppfyllir ekki lengur skilyrði 4. mgr. þessarar greinar og/eða skilyrði 3. gr.

5. gr.

Próf og prófnefnd.

Endurskoðendaráð skv. 14. gr. skipar þriggja manna prófnefnd endurskoðenda sem heldur próf fyrir þá sem sækja um löggildingu til endurskoðunarstarfa. Prófnefndin skal skipuð til fjögurra ára í senn.

Próf til öflunar endurskoðendaréttinda skal ná til þeirra greina bóknáms og verkmenntunar sem helst varða endurskoðendur og störf þeirra.

Í reglugerð, sem ráðherra setur að fengnum tillögum endurskoðendaráðs, skal m.a. kveðið nánar á um skilyrði til próftöku, prófgreinar, framkvæmd prófa og lágmarksárangur til að standast þau.

Próf skulu að jafnaði haldin einu sinni ár hvert.

Kostnaður vegna prófa, þ.m.t. þóknun til prófnefndarmanna, greiðist með próftökugjaldi sem ráðherra ákveður að fengnum tillögum endurskoðendaráðs.

6. gr.

Starfsábyrgðartrygging.

Endurskoðanda er skylt að hafa í gildi starfsábyrgðartryggingu hjá vátryggingafélagi sem hefur starfsleyfi hér á landi vegna fjárhagstjóns sem leitt getur af ásetningi eða gáleysi í störfum hans eða starfsmanna hans samkvæmt lögum þessum. Tryggingarskyldan fellur niður ef endurskoðandi leggur inn réttindi sín, sbr. 1. mgr. 24. gr.

Ráðherra skal, að fengnum tillögum endurskoðendaráðs, ákveða lágmark á fjárhæð tryggingar skv. 1. mgr. og hámark eigin áhættu vátryggingartaka.

Endurskoðandi skal fyrir 15. janúar ár hvert senda Félagi löggiltra endurskoðenda staðfestingu um að hann hafi í gildi starfsábyrgðartryggingu.

7. gr.

Endurmenntun.

Endurskoðanda er skylt að sækja endurmenntun sem tryggir að hann viðhaldi reglulega fræðilegri þekkingu, faglegri hæfni og faglegum gildum.

Endurmenntunin skal að lágmarki svara til 20 klukkustunda á ári og samtals 120 klukkustunda á hverju þriggja ára tímabili. Endurmenntunartímabil endurskoðanda sem fær löggildingu í fyrsta sinn hefst 1. janúar árið eftir að löggilding er veitt.

Endurmenntun skv. 1. mgr. skal á hverju þriggja ára tímabili ná a.m.k. til eftirtalinna sviða og skal lágmark endurmenntunar á hverju sviði vera:

a. endurskoðun 30 klukkustundir,
b. reikningsskil og fjármál 20 klukkustundir,
c. skatta- og félagaréttur 15 klukkustundir,
d. siðareglur og fagleg gildi 10 klukkustundir.

Endurskoðandi skal halda skrá um endurmenntun sína og skulu a.m.k. 60 klukkustundir vera staðfestanlegar á hverju þriggja ára tímabili.

Ráðherra getur sett nánari ákvæði um endurmenntun endurskoðenda með reglugerð.

III. KAFLI

Starfsemi endurskoðenda.

8. gr.

Endurskoðendur skulu rækja störf sín af kostgæfni og samviskusemi í hvívetna og fylgja ákvæðum þeirra laga og reglna sem gilda um störf þeirra.

Endurskoðandi skal fylgja siðareglum sem settar hafa verið af Félagi löggiltra endurskoðenda.

Endurskoðandi er opinber sýslunarmaður við framkvæmd endurskoðunarstarfa.

9. gr.

Endurskoðandi skal rækja störf sín í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og alþjóðlega staðla um gæðaeftirlit sem teknir hafa verið upp í íslenskan rétt, sbr. 31. gr.

10. gr.

Endurskoðandi samstæðu ber ábyrgð á endurskoðun samstæðureikninga. Endurskoðandi samstæðunnar skal afla gagna og yfirfara vinnu annarra endurskoðenda sem komið hafa að endurskoðun annarra eininga innan samstæðunnar. Þá skal endurskoðandi samstæðu tryggja

aðgang eftirlitsaðila að vinnugögnum annarra endurskoðenda vegna endurskoðunar annarra eininga innan samstæðunnar.

Í þeim tilvikum þar sem endurskoðun tiltekinna eininga innan samstæðu fer fram í landi utan Evrópska efnahagssvæðisins skal endurskoðandi samstæðu varðveita afrit af vinnugögnum viðkomandi endurskoðenda eða tryggja með öðrum hætti aðgang eftirlitsaðila að þeim og afla sér gagna annarra endurskoðenda. Sé endurskoðanda meinaður aðgangur að vinnugögnum skulu vinnuskjöl skjalfesta þær hindranir og ástæður þeirra.

11. gr.

Áritun.

Við lok endurskoðunar skal endurskoðandi árita hið endurskoðaða viðfangsefni með áritun sem inniheldur upplýsingar um endurskoðunina og álit endurskoðandans. Hafi endurskoðunarfyrirtæki verið falin endurskoðun skal áritun undirrituð af a.m.k. þeim endurskoðanda sem ábyrgð bar á endurskoðuninni fyrir hönd endurskoðunarfyrirtækisins. Áritun skal vera í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla.

IV. KAFLI
Félag löggiltra endurskoðenda.

12. gr.

Endurskoðendur skulu hafa með sér fagfélag sem nefnist Félag löggiltra endurskoðenda. Er öllum endurskoðendum skylt að vera þar félagsmenn.

Hlutverk Félags löggiltra endurskoðenda er að stuðla að faglegri framþróun í endurskoðun og skyldum greinum.

Félag löggiltra endurskoðenda setur sér samþykktir. Það skal ekki hafa með höndum aðra starfsemi en þá sem sérstaklega er mælt fyrir um í lögum, sbr. þó 5. mgr.

Félag löggiltra endurskoðenda ber kostnað af þeim störfum sem því eru falin með lögum. Getur félagið lagt árgjald á félagsmenn til að standa straum af þeim kostnaði.

Félagi löggiltra endurskoðenda er heimilt að starfrækja í öðru skyni en að framan greinir sérstaka félagsdeild, eina eða fleiri. Skal fjárhagur slíkra félagsdeilda aðgreindur frá fjárhag félagsins.

13. gr.

Félag löggiltra endurskoðenda kemur fram fyrir hönd endurskoðenda gagnvart dómstólum og stjórnvöldum um þau málefni sem stétt þeirra varða. Auk þess skal félagið hafa með höndum eftirtalin verkefni í samráði við endurskoðendaráð:

1. Að setja siðareglur fyrir endurskoðendur að fenginni staðfestingu ráðherra á reglunum.
2. Að hlutast til um að reglulega séu haldin námskeið sem fullnægja kröfum um endurmenntun, sbr. 7. gr.
3. Að halda skrá yfir endurmenntun endurskoðenda.
4. Að annast gæðaeftirlit með störfum endurskoðenda.
5. Að halda skrá yfir gildandi starfsábyrgðartryggingu endurskoðenda.
6. Að halda skrá um þá starfsmenn sem eru í starfsþjálfun, sbr. 6. tölul. 1. mgr. 2. gr.

V. KAFLI
Endurskoðendaráð.

14. gr.

Ráðherra skipar fimm menn í endurskoðendaráð til fjögurra ára í senn og jafnmarga til vara og skulu þeir hafa þekkingu á sviðum sem tengjast endurskoðun.

Tveir nefndarmenn skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Félags löggiltra endurskoðenda, einn skal skipaður eftir tilnefningu Viðskiptaráðs Íslands og tveir nefndarmenn skulu skipaðir af ráðherra án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður ráðsins. Skal formaður fullnægja skilyrðum til að vera skipaður í embætti héraðsdómara. Eins skal farið að um skipun varamanna. Meiri hluti ráðsins skal skipaður öðrum en þeim sem hafa starfað við endurskoðun á síðustu þremur árum.

15. gr.

Hlutverk endurskoðendaráðs er að hafa eftirlit með því að endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki ræki störf sín í samræmi við ákvæði þessara laga, siðareglur Félags löggiltra endurskoðenda og aðrar reglur sem taka til starfa endurskoðenda.

Endurskoðendaráð skal sérstaklega fylgjast með:

1. að endurskoðandi uppfylli skilyrði til löggildingar,
2. að endurskoðandi uppfylli kröfur um endurmenntun,
3. að reglulegt gæðaeftirlit með störfum endurskoðenda og endurskoðunarfyrirtækja fari fram,
4. að til séu siðareglur og endurskoðunarstaðlar.

Endurskoðendaráð skal hafa samvinnu við lögbær yfirvöld í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, í aðildarríki Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum við eftirlit og rannsókn með störfum endurskoðenda.

16. gr.

Endurskoðendaráð getur tekið mál til meðferðar að eigin frumkvæði ef það hefur ástæðu til að ætla að endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki hafi brotið gegn lögum þessum, siðareglum Félags löggiltra endurskoðenda eða öðrum reglum sem taka til starfa endurskoðenda.

Hver sá sem telur á sér brotið af hálfu endurskoðanda með aðgerðum eða aðgerðaleysi hans getur skotið málinu til endurskoðendaráðs til úrskurðar. Mál skal lagt fyrir endurskoðendaráð með skriflegu erindi svo fljótt sem verða má en eigi síðar en fjórum árum eftir að brot var framið.

Endurskoðendaráð úrskurðar um kæru- og ágreiningsefni sem lúta að störfum endurskoðenda samkvæmt lögum þessum.

Endurskoðendaráði er heimilt ef sérstaklega stendur á að skylda málsaðila til að greiða gagnaðila sínum málskostnað vegna rekstrar máls fyrir ráðinu.

Endurskoðendaráð getur með rökstuddu áliti vísað máli til opinberrar rannsóknar.

17. gr.

Endurskoðendaráð skal veita endurskoðendum eða endurskoðunarfyrirtækjum hæfilegan frest til að bæta úr óverulegum annmörkum sem kunna að koma í ljós við eftirlit skv. 15. gr.

Nú telur endurskoðendaráð sýnt að endurskoðandi hafi í störfum sínum brotið gegn lögum þessum svo að ekki verði við unað og skal endurskoðendaráð í rökstuddu áliti veita viðkomandi aðila áminningu eða leggja til við ráðherra að réttindi endurskoðandans verði felld niður.

18. gr.

Endurskoðendaráð skal setja sér starfsreglur sem ráðherra samþykkir.

Ákvarðanir endurskoðendaráðs sæta ekki stjórnsýslukæru.

Endurskoðendaráð skal jafnan leita álits sérfróðra manna utan ráðsins um mál sem eru utan við sérfræðisvið þeirra manna er ráðið skipa.

Í hverju máli skal fullskipað endurskoðendaráð úrskurða.

Verði ekki samkomulag í ráðinu um afgreiðslu máls skal þess getið í umsögn, enda hefur sá eða þeir, er ágreining gera, rétt til að gera sérstaka grein fyrir atkvæði sínu.

Endurskoðendaráð lætur dómstólum, ákæruvaldi og stjórnvöldum í té umsagnir varðandi efni á sviði endurskoðunar.

Endurskoðendaráð skal árlega gera skýrslu um störf sín og skal hún opin almenningi. Birta skal opinberlega og rekja alla úrskurði ráðsins skv. 16. gr.

Sérhver endurskoðandi skal greiða í ríkissjóð árlegt gjald að fjárhæð 50.000 kr. til að standa straum af kostnaði við störf endurskoðendaráðs. Gjalddagi gjaldsins er 1. janúar og ef gjaldið er ekki greitt innan 30 daga frá gjalddaga skal greiða dráttarvexti af því skv. III. kafla laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, með síðari breytingum.

VI. KAFLI
Óhæði endurskoðenda.

19. gr.

Í endurskoðunarverkefnum skal endurskoðandi og endurskoðunarfyrirtæki vera óháð viðskiptavini sínum, bæði í reynd og ásýnd. Endurskoðandi skal eigi framkvæma endurskoðun ef einhver þau tengsl eru á milli endurskoðandans og viðskiptavinar hans sem eru til þess fallin að vekja efa um óhæði hans hjá vel upplýstum þriðja aðila, svo sem atvinnutengsl, bein eða óbein fjárhagsleg tengsl eða viðskiptatengsl önnur en leiðir af endurskoðuninni.

Endurskoðanda er óheimilt að taka þátt í ákvörðunum stjórnar eða stjórnenda þess aðila sem hann endurskoðar.

Við mat á óhæði skal endurskoðandi fylgja ákvæðum siðareglna sem Félag löggiltra endurskoðenda hefur sett, sbr. 1. tölul. 13. gr. Skjalfesta skal í vinnuskjölum við endurskoðunina allar alvarlegar ógnanir gagnvart óhæði og tilgreina viðeigandi verndarráðstafanir.

Endurskoðandi einingar tengdrar almannahagsmunum skal á hverju ári:

1. staðfesta skriflega við endurskoðunarnefnd viðkomandi einingar að hann sé óháður hinni endurskoðuðu einingu,
2. greina endurskoðunarnefndinni frá þeirri þjónustu sem einingunni er veitt auk endurskoðunar,
3. ræða við endurskoðunarnefndina um hugsanlega ógnun við óhæði sitt og þær verndarráðstafanir sem gerðar eru til að draga úr slíkri ógnun.

20. gr.

Starfstími endurskoðenda.

Ef ekki er annað áskilið í lögum eða í samþykktum fyrirtækis eða samið er um annað helst starf endurskoðanda samkvæmt lögum þessum þangað til annar endurskoðandi tekur við. Endurskoðandi getur þó látið af starfi áður en ráðningartíma hans lýkur en þá ber honum og eftir atvikum stjórn þess aðila sem í hlut á að tilkynna starfslok endurskoðandans og ástæður þeirra til endurskoðendaráðs. Ekki er hægt að segja upp samningi um endurskoðun vegna ágreinings um reikningsskilareglur eða endurskoðunaraðferðir.

Þegar skipt er um endurskoðanda skal endurskoðandinn sem tekur við snúa sér til fráfarandi endurskoðanda sem ber skylda til að upplýsa um ástæðurnar fyrir starfslokum sínum. Jafnframt skal fyrri endurskoðandinn veita hinum nýja endurskoðanda aðgang að öllum upplýsingum sem máli skipta um fyrirtækið sem endurskoðað er.

Endurskoðandi sem ber ábyrgð á endurskoðun einingar tengdrar almannahagsmunum skal taka sér hlé frá endurskoðun þeirrar einingar í a.m.k. tvö ár samfellt eigi síðar en sjö árum eftir að honum var falið verkið. Sama gildir um endurskoðendur þeirra dótturfélaga sem hafa verulega þýðingu innan samstæðunnar.

Endurskoðanda sem áritar endurskoðuð reikningsskil einingar tengdrar almannahagsmunum er ekki heimilt að taka við lykilstjórnunarstöðu hjá viðkomandi einingu fyrr en a.m.k. tvö ár eru liðin frá því að hann tók þátt í endurskoðun einingarinnar.

21. gr.

Þóknun.

Þóknun fyrir endurskoðun skal við það miðuð að hún geri endurskoðanda kleift að komast að rökstuddri niðurstöðu í samræmi við þær faglegu kröfur sem settar eru fram í lögum þessum og gilda almennt um störf endurskoðenda.

Greiðsla eða fjárhæð þóknunar fyrir endurskoðun má ekki með nokkrum hætti skilyrða eða tengja öðru en endurskoðuninni.

VII. KAFLI
Gæðaeftirlit.

22. gr.

Endurskoðunarfyrirtækjum og endurskoðendum sem þar starfa og sjálfstætt starfandi endurskoðendum er skylt að sæta gæðaeftirliti eigi sjaldnar en á sex ára fresti í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

Endurskoðendur eða endurskoðunarfyrirtæki sem annast endurskoðun eininga tengdra almannahagsmunum skulu þó sæta gæðaeftirliti eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti.

Endurskoðendaráð setur reglur um framkvæmd gæðaeftirlits og val gæðaeftirlitsmanna svo að tryggt sé að þeir séu óháðir þeim sem eftirlitið beinist að.

Endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki sem sætir gæðaeftirliti skal veita þeim sem sinnir gæðaeftirliti nauðsynlega aðstoð og aðgang að upplýsingum sem óskað er eftir við gæðaeftirlitið. Lagaákvæði um þagnarskyldu takmarka ekki skyldu til þess að veita upplýsingar og aðgang að gögnum.

Endurskoðendaráð skal árlega birta upplýsingar um heildarniðurstöðu gæðaeftirlitsins.

VIII. KAFLI
Brottfall endurskoðunarréttinda.

23. gr.

Sá sem hefur löggildingu til endurskoðunarstarfa og fullnægir ekki skilyrðum laga til þess að njóta hennar skal án tafar tilkynna það til endurskoðendaráðs.

24. gr.

Endurskoðandi getur lagt inn réttindi sín og falla þá niður réttindi og skyldur hans sem endurskoðanda nema annað leiði af lögum. Endurskoðandi getur ekki lagt inn réttindi sín ef mál hans er til meðferðar hjá endurskoðendaráði nema með heimild endurskoðendaráðs enda séu annmarkar óverulegir.

Hafi endurskoðandi lagt inn réttindi sín skal veita honum þau á ný eftir umsókn hans án endurgjalds ef hann fullnægir orðið öllum skilyrðum til að njóta þeirra og sanni að hann hafi uppfyllt endurmenntunarkröfur þriggja ára tímabils.

25. gr.

Réttindi endurskoðanda falla niður eftir ákvörðun ráðherra:

1. Ef endurskoðandi fullnægir ekki skilyrðum til löggildingar.
2. Að tillögu endurskoðendaráðs, sbr. 17. gr.

Hafi réttindi endurskoðanda verið felld niður skv. 1. mgr. getur einstaklingur óskað eftir endurnýjun þeirra, enda fullnægi hann öllum skilyrðum til löggildingar. Skal þá veita honum þau standist hann próf að nýju skv. 5. gr. Ráðherra getur, að fengnum tillögum endurskoðendaráðs, veitt undanþágur frá ákvæðinu.

Endurskoðendaráð getur lagt til við ráðherra að réttindi endurskoðunarfyrirtækis til endurskoðunarstarfa verði felld niður uppfylli það ekki ákvæði laga þessara.

26. gr.

Hafi réttindi endurskoðanda verið felld niður eða þau lögð inn skal löggildingarskírteini skv. 8. mgr. 4. gr. án tafar skilað til fjármálaráðuneytisins.

IX. KAFLI
Skaðabætur og refsingar.

27. gr.

Endurskoðandi ber ábyrgð á tjóni sem hann eða starfsmenn hans valda í störfum sínum, af ásetningi eða gáleysi. Um sakarmat og sönnun gilda reglur skaðabótaréttar.

28. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum til ríkissjóðs, niðurfellingu réttinda eða fangelsi allt að 2 árum, nema þyngri hegning liggi við samkvæmt öðrum lögum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi.

Heimilt er að gera upptækan með dómi beinan eða óbeinan hagnað sem hlotist hefur af broti gegn ákvæðum laga þessara er varða sektum eða fangelsi.

Tilraun til brots eða hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

X. KAFLI
Ýmis ákvæði.

29. gr.
Skýrsla um gagnsæi.

Endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki sem hafa með höndum endurskoðun eininga tengdra almannahagsmunum skulu árlega birta á vefsetri sínu skýrslu um gagnsæi. Skýrslan skal birt eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers reikningsárs.

Í skýrslu endurskoðunarfyrirtækis um gagnsæi skal a.m.k. eftirfarandi koma fram:

a. lýsing á félagsformi og eignarhaldi,
b. lýsing á lagalegu og skipulagslegu fyrirkomulagi samstarfsfyrirtækja endurskoðenda sem það kann að tilheyra,
c. lýsing á stjórnskipulagi þess,
d. lýsing á innra gæðaeftirlitskerfi og yfirlýsing frá stjórn um skilvirkni þess,
e. upplýsingar um hvenær síðasta gæðaeftirlit fór fram, sbr. 22. gr.,
f. skrá yfir einingar tengdar almannahagsmunum sem það hefur annast lögboðna endurskoðun fyrir á næstliðnu fjárhagsári,
g. upplýsingar um óhæðisreglur ásamt staðfestingu um að þeim hafi verið fylgt,
h. upplýsingar um endurmenntunarstefnu, sbr. 7. gr.,
i. upplýsingar um heildarveltu, sundurliðað eftir þóknun fyrir endurskoðun og aðra þjónustu á næstliðnu fjárhagsári,
j. upplýsingar um grundvöllinn fyrir starfskjörum eigenda.

Skýrslan um gagnsæi skal undirrituð af stjórn endurskoðunarfyrirtækis, sbr. 3. gr., eða af viðkomandi endurskoðanda ef hann er sjálfstætt starfandi.

Eftirlit með skýrslum um gagnsæi er í höndum endurskoðendaráðs.

30. gr.
Þagnarskylda.

Endurskoðendur, starfsmenn endurskoðenda, eftirlitsaðilar og hverjir þeir sem taka að sér verk í þágu endurskoðenda eða eftirlitsaðila eru bundnir þagnarskyldu um allt það er þeir kunna að komast að vegna starfa sinna og leynt skal fara samkvæmt lögum eða eðli máls, nema dómari úrskurði að skylt sé að veita upplýsingar fyrir dómi eða lögreglu eða skylda sé til að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er endurskoðendaráði heimilt að láta erlendum eftirlitsaðilum eða lögbærum yfirvöldum erlendis í té upplýsingar að því tilskildu að viðkomandi erlendir aðilar uppfylli kröfur um samsvarandi þagnarskyldu og séu undir eftirliti í sínu heimalandi. Með upplýsingar, sem eftirlitsaðili fær frá framangreindum erlendum aðilum og einkenndar eru sem trúnaðarmál eða eru það eðli máls samkvæmt, skal fara að hætti 1. mgr.

31. gr.

Ráðherra getur sett reglugerð um nánari framkvæmd þessara laga, þar á meðal um innleiðingu alþjóðlegra endurskoðunarstaðla sem samþykktir hafa verið af sameiginlegu EES-nefndinni.

XI. KAFLI
Gildistaka o.fl.

32. gr.
Innleiðing.

Lög þessi eru sett til þess að taka upp í innlendan rétt ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB frá 17. maí 2006 um lögboðna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikninga, um breytingu á tilskipun ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 84/253/EBE eins og hún var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 160/2006.

33. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2009. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 18/1997, um endurskoðendur, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Fyrsta endurmenntunartímabil skv. 7. gr. hefst 1. janúar 2010. Þrátt fyrir 33. gr. halda ákvæði 3. og 4. málsl. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 18/1997, um endurskoðendur, með síðari breytingum, gildi sínu fram að þeim tíma.

II.

Þar til alþjóðlegir endurskoðunarstaðlar hafa verið teknir upp í íslenskan rétt skal endurskoðun skv. 9. gr. fara eftir góðri endurskoðunarvenju. Með góðri endurskoðunarvenju er átt við að endurskoðað sé með viðurkenndum aðferðum í samræmi við leiðbeinandi reglur um endurskoðun (ISA) út gefnar af alþjóðasamtökum endurskoðenda (IFAC) sem Félag löggiltra endurskoðenda er aðili að.

III.

Þeir sem fyrir gildistöku þessara laga uppfylla skilyrði laga til að öðlast löggildingu til endurskoðunarstarfa eða hafa í gildi réttindi til að starfa sem slíkir skulu teljast uppfylla ákvæði 4. tölul. 1. mgr. 2. gr.

1222. Frumvarp til laga [527. mál]

um breyting á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 29. maí.)

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætist nýr töluliður er orðast svo:

14. *eining tengd almannahagsmunum:* eining samkvæmt skilgreiningu laga um endurskoðendur.

2. gr.

Á eftir IX. kafla laganna kemur nýr kafli, IX. kafli A, **Endurskoðunarnefnd**, með fjórum nýjum greinum, svohljóðandi:

a. (108. gr. a.)

Við einingu tengda almannahagsmunum skal starfa endurskoðunarnefnd.

Stjórn einingar ber ábyrgð á skipun endurskoðunarnefndar. Hún skal skipuð þremur mönnum hið minnsta eigi síðar en mánuði eftir aðalfund.

Nefndarmenn skulu vera óháðir endurskoðanda eða endurskoðendum einingarinnar og meiri hluti nefndarmanna skal jafnframt vera óháður einingunni. Framkvæmdastjóri viðkomandi einingar skal ekki eiga sæti í nefndinni. Nefndarmenn skulu hafa þekkingu og reynslu í samræmi við störf nefndarinnar og skal að minnsta kosti einn nefndarmanna hafa staðgóða þekkingu og reynslu á sviði reikningsskila eða endurskoðunar.

b. (108. gr. b.)

Endurskoðunarnefnd skal meðal annars hafa eftirfarandi hlutverk án tillits til ábyrgðar stjórnar, stjórnenda eða annarra á þessu sviði:

1. Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila.
2. Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits einingarinnar, innri endurskoðun, ef við á, og áhættustýringu.
3. Eftirlit með endurskoðun ársreiknings og samstæðureiknings einingarinnar.
4. Mat á óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis og eftirlit með öðrum störfum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis.
5. Setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki.

c. (108. gr. c.)

Í einingum tengdum almannahagsmunum skal tillaga stjórnar um tilnefningu endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis byggjast á tilmælum frá endurskoðunarnefndinni.

d. (108. gr. d.)

Endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki skal árlega gera endurskoðunarnefnd grein fyrir störfum sínum og óhæði og skila skriflegri skýrslu um mikilvæg atriði sem fram hafa komið við endurskoðunina. Í skýrslunni skal sérstaklega geta um veikleika í innra eftirliti í vinnuferli við gerð reikningsskila.

3. gr.

Innleiðing.

Lög þessi eru sett til þess að taka upp í innlendan rétt ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB frá 17. maí 2006 um lögboðna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikninga, um breytingu á tilskipun ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 84/253/EBE eins og hún var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 160/2006.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2009.

1223. Frumvarp til laga [529. mál]

um breyting á lögum nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 29. maí.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Fasteignaskrá Íslands fer með yfirstjórn fasteignaskráningar samkvæmt lögum þessum og rekstur gagna- og upplýsingakerfis er nefnist fasteignaskrá á tölvutæku formi.

Í fasteignaskrá skal skrá allar fasteignir í landinu. Kjarni fasteignaskrár eru upplýsingar um lönd og lóðir og hnitsett afmörkun þeirra, mannvirki við þau skeytt og réttindi þeim viðkomandi. Fasteignaskrá er grundvöllur þinglýsingabókar fasteigna, mats fasteigna og húsaskrár Þjóðskrár og þannig úr garði gerð að hún nýtist sem stoðgagn í landupplýsingakerfum. Saga breytinga á skráningu fasteignar skal varðveitt í fasteignaskrá.

2. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skipar þrjá menn í stjórn Fasteignaskrár Íslands. Skal einn tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einn af Samtökum fjármálafyrirtækja og einn skipaður án tilnefningar. Skal stjórnin skipuð til fjögurra ára.

Stjórn Fasteignaskrár Íslands mótar starf og innra skipulag stofnunarinnar og hefur eftirlit með starfsemi hennar. Stjórnin gerir tillögur að gjaldskrá stofnunarinnar sem síðan skal staðfest af ráðherra. Við ákvörðun gjaldskrár skal taka mið af kostnaði einstakra rekstrarþátta sem skulu aðgreindir í bókhaldi. Gjaldskrá skal endurskoðuð árlega.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „fasteignamatshluta“ í 1. mgr. kemur: matshluta.
b. 1. tölul. 1. mgr. orðast svo: Í stofnhluta eru heiti, auðkenni og hnitsett afmörkun fasteigna sem birt skal í fasteignaskrá á myndrænan hátt.
c. Í stað orðsins „fasteignamatshluta“ í 3. tölul. 1. mgr. kemur: matshluta.

4. gr.

11. gr. laganna orðast svo:

Þær upplýsingar sem sveitarfélög forskrá í stofnhluta fasteignaskrár taka gildi þegar Fasteignaskrá Íslands hefur staðfest þær eða eftir atvikum þinglýsingarstjóri.

Heimilt er Fasteignaskrá Íslands að fela sveitarfélögum að fullskrá upplýsingar í fasteignaskrá.

5. gr.

1. mgr. 12. gr. laganna orðast svo:

Allar fasteignir skulu bera fast auðkenni, fasteignanúmer, sem Fasteignaskrá Íslands úthlutar. Númerið er hlaupandi raðtala og felur ekki í sér aðrar upplýsingar.

6. gr.

14. gr. laganna orðast svo:

Umsókn um stofnun fasteignar í fasteignaskrá skal leggja fram í viðkomandi sveitarfélagi. Stofnun fasteignar getur verið grundvölluð á samruna fasteigna eða skiptingu fasteignar, svo sem fjöleignar eða fjöleignarhúss, sbr. 15. gr. Umsókn skal undirrituð af eiganda eða eigendum upprunafasteignar og þar skal eftirfarandi koma fram:

a. fasteignanúmer þeirra fasteigna sem ný fasteign er mynduð af, sé um samruna að ræða,
b. fasteignanúmer þeirrar fasteignar sem skipta skal, sé um slíkt að ræða,
c. afmörkun fasteignar á hnitsettum uppdrætti sem staðfestur hefur verið af skipulagsyfirvöldum, sé um skiptingu eða samruna lands að ræða,
d. auðkenni sameignarlands, sé um það að ræða.

Ef óskað er eftir að breyta fyrirliggjandi upplýsingum um fasteign skal eigandi sækja um breytingu á skráningarupplýsingum um fasteign í fasteignaskrá hjá viðkomandi sveitarfélagi.

7. gr.

1. og 2. mgr. 15. gr. laganna orðast svo:

Við myndun fasteignar í fjöleignarhúsi eða fjöleign skal skrá auðkenni hverrar fasteignar á grundvelli umsóknar um stofnun fasteignar í fasteignaskrá, sbr. 14. gr.

Fasteignir í fjöleign skulu skilgreindar með hlutfallstölu. Fasteignir í fjöleignarhúsum skulu afmarkaðar á grunnteikningum og skráningartöflu húss. Um skráningu fasteigna í fjöleignarhúsum fer samkvæmt lögum um fjöleignarhús.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:

a. Síðari málsliður 1. mgr. fellur brott.
b. 2. mgr. fellur brott.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. 1. mgr. fellur brott.
b. Í stað orðanna „með þinglýsingu stofnskjals“ í 2. mgr. kemur: í fasteignaskrá.

10. gr.

18. gr. laganna orðast svo:

Um þróun fasteignaskráningar og fasteignaskrár skal Fasteignaskrá Íslands hafa samráð við skráningarstjórnvöld og helstu hagsmunaaðila.

11. gr.

Fyrirsögn III. kafla laganna orðast svo: **Fasteignaskrá.**

12. gr.

Í stað orðanna „Fasteignamat ríkisins getur, hvenær sem það“ í 1. mgr. 21. gr. laganna kemur: Fasteignaskrá Íslands getur, hvenær sem hún.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 22. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Skráður eigandi fasteignar er sá sem hefur þinglýsta eignarheimild hverju sinni. Sé fasteign ekki skráð í þinglýsingarhluta fasteignaskrár er fyrrverandi eigandi ábyrgur fyrir tilkynningu til Fasteignaskrár um breytingar á eignaryfirráðum yfir skráðri eign sinni.

b. Í stað orðsins „Þinglýsingardómurum“ í 3. mgr. kemur: Þinglýsingarstjórum.

c. Í stað orðsins „fasteignamatsins“ í 4. mgr. kemur: stofnunarinnar.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 24. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist: sbr. 2. mgr. 9. gr.

b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Í gjaldskrá skal m.a. kveða á um:

a. gjald sveitarfélaga fyrir afnot af fasteignamati og kerfi til álagningar fasteignaskatta og fasteignagjalda; skal gjaldið nema tilteknu hlutfalli af heildarfasteignamati í sveitarfélagi 31. desember ár hvert,

b. gjald vátryggingafélaga fyrir afnot af brunabótamati og kerfi því viðkomandi; skal gjaldið nema tilteknu hlutfalli af brunabótamati allra húseigna sem eru tryggðar hjá vátryggingafélagi í lok hvers mánaðar,

c. gjald fyrir vélrænar fyrirspurnir úr þinglýsingabók,

d. gjald fyrir skráningu nýrrar fasteignar í fasteignaskrá.

15. gr.

1. og 2. mgr. 27. gr. laganna orðast svo:

Skráð matsverð fasteignar skal vera gangverð umreiknað til staðgreiðslu, miðað við heimila og mögulega nýtingu á hverjum tíma, sem ætla má að eignin hefði í kaupum og sölum í febrúarmánuði næst á undan matsgerð, enda taki hún gildi á tímabilinu 31. desember til loka febrúarmánaðar. Taki matsgerð gildi á tímabilinu 1. mars til 30. desember skal miða við febrúarmánuð þar næst á undan matsgerð, sbr. 32. gr. a.

Sé gangverð fasteignar ekki þekkt skal matsverð ákveðið eftir bestu fáanlegri vitneskju um gangverð sambærilegra fasteigna með hliðsjón af tekjum af þeim, kostnaði við gerð mannvirkja, aldri þeirra, legu eignar með tilliti til samgangna, nýtingarmöguleikum, hlunnindum, jarðvegsgerð, gróðurfari, náttúrufegurð og öðrum þeim atriðum sem kunna að hafa áhrif á gangverð eignarinnar.

16. gr.

3. mgr. 31. gr. laganna orðast svo:

Ákvæði 13., 14. og 18. gr. stjórnsýslulaga gilda ekki við meðferð mála samkvæmt þessari grein og 30. gr. laga þessara. Eiganda skal tilkynnt um nýtt eða breytt fasteignamat. Sætti eigandi sig ekki við ákvörðun fasteignamats getur hann gert skriflega og rökstudda kröfu um endurupptöku málsins innan eins mánaðar frá tilkynningu ákvörðunar.

17. gr.

Á eftir 32. gr. laganna kemur ný grein, 32. gr. a, svohljóðandi:

Fasteignaskrá Íslands skal endurmeta skráð matsverð allra fasteigna 31. maí ár hvert. Skal það verð talið fasteignamatsverð frá og með 31. desember þess árs til jafnlengdar næsta árs nema sérstök matsgerð komi til. Frestur eiganda til athugasemda skal vera mánuður frá tilkynningu ákvörðunar. Matsgerðir framkvæmdar á tímabilinu júní til desember skulu taka bæði til skráðs matsverðs og fyrirhugaðs matsverðs.

Fasteignaskrá Íslands ber eigi síðar en í júnímánuði ár hvert að gera hverju sveitarfélagi og hverjum eiganda grein fyrir niðurstöðum endurmats skv. 1. mgr. sem tekur gildi í viðkomandi sveitarfélagi næsta 31. desember.

18. gr.

Orðin „skv. 31. gr.“ og „samkvæmt þeirri grein“ í 1. mgr. 34. gr. laganna falla brott.

19. gr.

35. gr. laganna fellur brott.

20. gr.

Í stað orðanna „Fasteignamat ríkisins“ í 1. mgr. 7. gr., 8. gr., 3.–8. mgr. 19. gr., 2. mgr. 22. gr., 1. og 2. mgr. 29. gr., 1. mgr. 30. gr., 2. mgr. 31. gr. og 32. gr., orðanna „Fasteignamati ríkisins“ í 2. mgr. 5. gr., 2. mgr. 6. gr., 1. mgr. 16. gr., 1. og 5. mgr. 19. gr., 20. gr., 3. og 4. mgr. 22. gr., 23. gr., 24. gr., 2. og 3. mgr. 29. gr., 1. og 2. mgr. 30. gr. og 32. gr. og orðanna „Fasteignamats ríkisins“ í 2. mgr. 6. gr., 2. mgr. 19. gr. og 1. mgr. 31. gr. laganna kemur í viðeigandi beygingarfalli: Fasteignaskrá Íslands; og í stað orðanna „það telur“ í 32. gr. laganna kemur: hún telur.

21. gr.

Í stað orðanna „Landskrá fasteigna“ í 2. mgr. 3. gr., 1. mgr. 10. gr., 3. mgr. 16. gr., 2. og 4. mgr. 21. gr., 24. gr., 3. mgr. 30. gr., 4. mgr. 31. gr. og 2. mgr. 34. gr. og orðanna „Landskrár fasteigna“ í 2. og 3. mgr. 10. gr. og 25. gr. laganna kemur í viðeigandi beygingarfalli: fasteignaskrá.

22. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „0,007%“ í a-lið ákvæðis til bráðabirgða III við lögin kemur: 0,006%.

23. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2009 að undanskilinni 22. gr. sem öðlast gildi nú þegar.

24. gr.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. *Lög um bæjanöfn o.fl., nr. 35/1953:* Í stað orðanna „Fasteignamati ríkisins“ í 3. gr. laganna kemur: Fasteignaskrá Íslands.
2. *Lög um framkvæmd eignarnáms, nr. 11/1973, með síðari breytingum:* Í stað orðanna „fasteignamati ríkisins“ í 18. gr. laganna kemur: Fasteignaskrá Íslands.

3. *Lög um stimpilgjald, nr. 36/1978:* Í stað orðanna „Fasteignamat ríkisins“ í 1. mgr. 17. gr. laganna kemur: Fasteignaskrá Íslands.
4. *Þinglýsingalög, nr. 39/1978, með síðari breytingum:*
   a. Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 6. gr. laganna:
      i. Orðin „nema um stofnskjal sé að ræða“ í b-lið falla brott.
      ii. C-liður fellur brott.
      iii. Í stað orðsins „fastanúmers“ í d-lið kemur: fasteignanúmers.
      iv. Í stað orðanna „2. mgr. 20. gr.“ í e-lið kemur: fasteignaskrá.
   b. 2., 3. og 4. mgr. 20. gr. laganna falla brott.
   c. Í stað orðanna „þinglýsingar stofnskjals skv. 20. gr.“ í 2. mgr. 24. gr. laganna kemur: stofnunar fasteignar í fasteignaskrá skv. 14. gr. laga nr. 6/2001.
   d. Í stað orðanna „Landskrá fasteigna“ í 2. mgr. 8. gr., 1. mgr. 9. gr., 2. mgr. 13. gr., 2. mgr. 24. gr. laganna og 1.– 4. mgr. ákvæðis til bráðabirgða og orðanna „Landskrár fasteigna“ í 2. mgr. 8. gr. og 1. og 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða kemur í viðeigandi beygingarfalli: fasteignaskrá.
   e. Í stað orðanna „Fasteignamat ríkisins“ í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða við lögin kemur: Fasteignaskrá Íslands.
5. *Lög um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, með síðari breytingum:* 25. tölul. 1. mgr. 14. gr. laganna fellur brott.
6. *Lög um fjöleignarhús, nr. 26/1994, með síðari breytingum:* Í stað orðanna „Fasteignamats ríkisins“ í 2. mgr. 17. gr. og orðanna „Fasteignamati ríkisins“ í 4. mgr. 17. gr. laganna kemur í viðeigandi beygingarfalli: Fasteignaskrá Íslands.
7. *Lög um brunatryggingar, nr. 48/1994, með síðari breytingum:*
   a. Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:
      i. Í stað 2. og 3. málsl. 2. mgr. koma þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Ákvæði 13., 14. og 18. gr. stjórnsýslulaga gilda ekki við meðferð mála um ákvörðun brunabótamats. Eiganda skal send tilkynning um nýtt eða breytt brunabótamat. Sætti eigandi sig ekki við ákvörðun brunabótamats getur hann gert skriflega og rökstudda kröfu um endurupptöku málsins innan eins mánaðar frá tilkynningu ákvörðunar.
      ii. 3. og 4. málsl. 10. mgr. falla brott.
      iii. Í stað orðanna „Landskrá fasteigna“ í 1. og 10. mgr. kemur: fasteignaskrá.
   b. Í stað orðanna „Fasteignamat ríkisins“ í 1., 2., 4. og 7. mgr. 2. gr., orðanna „Fasteignamats ríkisins“ í 6. mgr. 2. gr. og 3. mgr. 3. gr. og orðanna „Fasteignamati ríkisins“ í 7. og 10. mgr. 2. gr. laganna kemur í viðeigandi beygingarfalli: Fasteignaskrá Íslands.
8. *Lög um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum:*
   a. Í stað orðanna „Landskrá fasteigna“ í 2. mgr. 2. gr., 1. mgr. 3. gr. og 1. og 4. mgr. 4. gr. laganna kemur: fasteignaskrá.
   b. Í stað orðanna „Fasteignamat ríkisins“ í 2. mgr. 2. gr. og 4. mgr. 4. gr. og orðanna „Fasteignamats ríkisins“ í 3. mgr. 4. gr. laganna kemur í viðeigandi beygingarfalli: Fasteignaskrá Íslands.
9. *Lög um grunnskóla, nr. 66/1995, með síðari breytingum:* Í stað orðanna „Fasteignamati ríkisins“ í 3. mgr. 21. gr. laganna kemur: Fasteignaskrá Íslands.
10. *Lög um Bjargráðasjóð, nr. 146/1995:* Í stað orðanna „Fasteignamat ríkisins“ í a-lið 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: Fasteignaskrá Íslands.

11. *Skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997, með síðari breytingum:*
    a. Orðin „sem skal þinglýsa“ í lokamálslið 1. mgr. 29. gr. laganna falla brott.
    b. Í stað orðanna „Fasteignamat ríkisins“ í 2. mgr. 29. gr. og 3. mgr. 35. gr. og orðanna „Fasteignamati ríkisins“ í 3. mgr. 35. gr. laganna kemur í viðeigandi beygingarfalli: Fasteignaskrá Íslands.
12. *Lög um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, nr. 78/2002, með síðari breytingum:*
    a. Í stað orðanna „Landskrá fasteigna“ í 1. mgr. 3. gr. og 8. gr. laganna kemur: fasteignaskrá.
    b. Í stað orðanna „Fasteignamati ríkisins“ í 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: Fasteignaskrá Íslands.
13. *Lög um erfðafjárskatt, nr. 14/2004:* Í stað orðanna „Fasteignamati ríkisins“ í b-lið 3. mgr. 4. gr. laganna kemur: Fasteignaskrá Íslands.
14. *Jarðalög, nr. 81/2004, með síðari breytingum:*
    a. Orðin „ásamt stofnskjali ef við á“ í 3. málsl. 1. mgr. 13. gr. laganna falla brott.
    b. Í stað orðanna „Landskrár fasteigna“ í 1.–3. mgr. 11. gr., 4. mgr. 26. gr. laganna og ákvæði til bráðabirgða III kemur: fasteignaskrár.
    c. Í stað orðanna „Fasteignamat ríkisins“ í 1. mgr. 11. gr. og orðanna „Fasteignamati ríkisins“ í 2. mgr. 11. gr. laganna kemur í viðeigandi beygingarfalli: Fasteignaskrá Íslands.

1224. Frumvarp til laga [338. mál]

um breytingu á lögum nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga, og lögum nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 29. maí.)

I. KAFLI
Breyting á lögum nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga, með síðari breytingum.

1. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Merking orða í lögum þessum er sem hér segir:

1. *Tímabundið atvinnuleyfi:* Leyfi veitt útlendingi til að starfa tímabundið á innlendum vinnumarkaði hjá tilteknum atvinnurekanda.
2. *Óbundið atvinnuleyfi:* Leyfi veitt útlendingi til að starfa ótímabundið á innlendum vinnumarkaði.
3. *Atvinnurekandi:* Einstaklingur eða fyrirtæki sem er með atvinnurekstur hér á landi án tillits til þess hvernig rekstrarformi og eignarhaldi er háttað.
4. *Búsetuleyfi:* Heimild veitt útlendingi til ótímabundinnar dvalar hér á landi samkvæmt lögum um útlendinga.

5. *Útlendingur:* Einstaklingur sem ekki hefur íslenskan ríkisborgararétt.
6. *Nánustu aðstandendur:* Einstaklingar sem teljast nánustu aðstandendur samkvæmt lögum um útlendinga.

3. gr.

3. mgr. 5. gr. laganna verður svohljóðandi:

Félagsmálaráðherra getur sett nánari reglur um veitingu atvinnuleyfa samkvæmt lögum þessum í samræmi við stefnu stjórnvalda.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. fellur brott.
b. Á eftir orðunum „um langan tíma eða skamman“ í 2. mgr. kemur: sbr. þó 4. og 5. mgr. 19. gr.
c. Í stað 3. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Útlendingi er óheimilt að starfa hér á landi við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi nema á grundvelli óbundins atvinnuleyfis.

Útlendingi er óheimilt að ráða sig til starfa hér á landi nema leyfi hafi verið veitt samkvæmt lögum þessum, sbr. þó 4. og 5. mgr. 19. gr.

5. gr.

7. gr. laganna, ásamt fyrirsögn, orðast svo:

Almenn skilyrði tímabundins atvinnuleyfis.

Heimilt er að veita tímabundið atvinnuleyfi skv. 8.–12. gr. og 16. gr. ef eftirfarandi skilyrðum er m.a. fullnægt:

a. Starfsfólk fáist hvorki á innlendum vinnumarkaði né innan Evrópska efnahagssvæðisins, EFTA-ríkja eða Færeyja eða aðrar sérstakar ástæður mæli með leyfisveitingu. Áður en leyfi er veitt ber atvinnurekanda að hafa leitað eftir starfsfólki með aðstoð Vinnumálastofnunar, nema slík leit verði fyrirsjáanlega árangurslaus að mati stofnunarinnar.
b. Fyrir liggi umsögn stéttarfélags eða landssambands launafólks í hlutaðeigandi starfsgrein. Umsögn skal liggja fyrir innan sjö daga frá móttöku afrits umsóknar um atvinnuleyfi og ráðningarsamnings. Þó er heimilt að víkja frá þessu skilyrði þegar ekki er til að dreifa heildarsamtökum eða landssambandi í hlutaðeigandi starfsgrein.
c. Fyrir liggi undirritaður ráðningarsamningur til tiltekins tíma eða vegna verkefnis milli atvinnurekanda og útlendings sem tryggi útlendingnum laun og önnur starfskjör til jafns við heimamenn í samræmi við gildandi lög og kjarasamninga þar um. Þegar um er að ræða störf sem falla utan gildissviðs kjarasamninga skal tryggja útlendingnum laun og önnur starfskjör til jafns við heimamenn.
d. Fyrir liggi að atvinnurekandi hafi sjúkratryggt útlending samkvæmt lögum um útlendinga.
e. Atvinnurekandi ábyrgist greiðslu á heimflutningi útlendings að starfstíma loknum, ef um er að ræða ráðningarslit sem starfsmaður á ekki sök á eða ef útlendingur verður óvinnufær um lengri tíma vegna veikinda eða slysa. Í ráðningarsamningi skal koma fram til hvaða lands heimflutningur nær.

Óheimilt er að veita atvinnuleyfi samkvæmt lögum þessum vegna starfa hjá starfsmannaleigum.

6. gr.

8. gr. laganna, ásamt fyrirsögn, orðast svo:

Tímabundið atvinnuleyfi vegna starfs sem krefst sérfræðiþekkingar.

Heimilt er að veita tímabundið atvinnuleyfi vegna tiltekins starfs hér á landi sem krefst sérfræðiþekkingar. Skilyrði fyrir veitingu atvinnuleyfis samkvæmt ákvæði þessu eru m.a. eftirfarandi:

a. skilyrði a–e-liða 1. mgr. 7. gr. séu uppfyllt,
b. útlendingur hafi gert ráðningarsamning við atvinnurekanda um að gegna tilteknu starfi sem krefst sérfræðiþekkingar enda sé ekki um að ræða tímabundið verkefni,
c. sérfræðiþekking útlendingsins sé nauðsynleg hlutaðeigandi fyrirtæki, og
d. sérfræðiþekking útlendingsins feli í sér háskóla-, iðn-, list- eða tæknimenntun sem viðurkennd er hér á landi. Vinnumálastofnun óskar staðfestingar á menntun útlendingsins með viðeigandi skilríkjum í samræmi við íslenskar reglur telji stofnunin slíkt nauðsynlegt.

Enn fremur er Vinnumálastofnun í undantekningartilvikum heimilt að veita tímabundið atvinnuleyfi samkvæmt ákvæði þessu ef viðkomandi útlendingur hefur yfir að ráða sérþekkingu sem jafna má við menntun skv. d-lið 1. mgr. Vinnumálastofnun óskar staðfestingar á sérþekkingu í samræmi við íslenskar reglur telji stofnunin slíkt nauðsynlegt. Að öðru leyti gildir ákvæði 1. mgr.

Þegar um er að ræða umsókn um atvinnuleyfi samkvæmt ákvæði þessu vegna starfs sem krefst háskólamenntunar er Vinnumálastofnun heimilt að víkja frá skilyrði a-liðar 1. mgr. 7. gr., sbr. a-lið 1. mgr.

Atvinnuleyfi samkvæmt ákvæði þessu sem veitt er í fyrsta skipti skal eigi veitt til lengri tíma en eins árs en þó aldrei til lengri tíma en sem nemur ráðningartímanum samkvæmt ráðningarsamningi. Heimilt er að framlengja það um allt að tvö ár í senn enda séu uppfyllt skilyrði 1. mgr. Við framlengingu þurfa skilyrði a-, d- og e-liðar 1. mgr. 7. gr., sbr. a-lið 1. mgr., ekki að vera uppfyllt. Enn fremur er það skilyrði framlengingar atvinnuleyfisins að atvinnurekandi hafi staðið skil á staðgreiðslu skatta sem og tryggingagjaldi lögum samkvæmt vegna starfa útlendingsins.

Dveljist útlendingur hér á landi á grundvelli dvalarleyfis samkvæmt lögum um útlendinga er heimilt að sækja um atvinnuleyfi samkvæmt ákvæði þessu þegar hann er staddur á landinu.

Atvinnuleyfi samkvæmt ákvæði þessu getur orðið grundvöllur óbundins atvinnuleyfis skv. 17. gr.

7. gr.

Á eftir 8. gr. laganna koma fimm nýjar greinar, 9.–13. gr., ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi, og breytast greinanúmer samkvæmt því:

a. (9. gr.)

Tímabundið atvinnuleyfi vegna skorts á vinnuafli.

Heimilt er að veita tímabundið atvinnuleyfi vegna tiltekins starfs hér á landi þegar starfsfólk fæst hvorki á innlendum vinnumarkaði né innan Evrópska efnahagssvæðisins, í EFTA-ríkjum eða í Færeyjum. Skilyrði fyrir veitingu atvinnuleyfis samkvæmt ákvæði þessu eru m.a. að skilyrði 1. mgr. 7. gr. séu uppfyllt.

Vinnumálastofnun er heimilt að víkja frá skilyrði a-liðar 1. mgr. 7. gr. þegar atvinnurekandi sendir starfsmann sinn tímabundið til starfa við starfsstöð sína hér á landi enda er um

að ræða starfsmann atvinnurekanda með ótímabundna ráðningu sem stjórnandi eða sérfræðingur, sbr. 8. gr. við starfsstöð hans erlendis. Vinnumálastofnun óskar eftir rökstuðningi atvinnurekanda varðandi nauðsyn þess að viðkomandi útlendingur komi til starfa við starfsstöð hans hér á landi telji stofnunin slíkt nauðsynlegt.

Atvinnuleyfi samkvæmt ákvæði þessu sem veitt er í fyrsta skipti skal eigi veitt til lengri tíma en eins árs en þó aldrei til lengri tíma en sem nemur ráðningartímanum samkvæmt ráðningarsamningi. Heimilt er að framlengja atvinnuleyfið í allt að eitt ár til viðbótar enda séu skilyrði 1. mgr. uppfyllt. Við framlengingu þarf skilyrði d-liðar 1. mgr. 7. gr. ekki að vera uppfyllt. Enn fremur er það skilyrði framlengingar atvinnuleyfisins að atvinnurekandi hafi staðið skil á staðgreiðslu skatta sem og tryggingagjaldi lögum samkvæmt vegna starfa útlendingsins.

Heimilt er að veita framlengingu til lengri tíma en skv. 3. mgr. þegar um er að ræða skýrt afmarkaða og tímabundna verkframkvæmd sem tekur lengri tíma en þar greinir. Er þá heimilt að framlengja tímabundið atvinnuleyfi vegna starfa útlendings við verkframkvæmdina þar til henni lýkur. Þegar sótt er um framlengingu á tímabundnu atvinnuleyfi vegna slíkra verkframkvæmda þarf að fylgja með áætlun um hvenær verkframkvæmdinni er ætlað að ljúka. Að öðru leyti eiga við skilyrði 3. mgr.

Óheimilt er að veita útlendingi sem haft hefur tímabundið atvinnuleyfi samkvæmt ákvæði þessu leyfi samkvæmt ákvæðinu að nýju fyrr en að lokinni tveggja ára samfelldri dvöl erlendis frá lokum gildistíma leyfisins. Þetta ákvæði á þó ekki við þegar útlendingur starfar hér á landi skemur en sex mánuði á hverjum tólf mánuðum eða þegar útlendingur skiptir um atvinnurekanda skv.16. gr.

Atvinnuleyfi samkvæmt ákvæði þessu getur ekki orðið grundvöllur óbundins atvinnuleyfis skv. 17. gr.

b. (10. gr.)

Tímabundið atvinnuleyfi fyrir íþróttafólk.

Heimilt er að veita tímabundið atvinnuleyfi vegna starfa íþróttafólks hjá íþróttafélagi innan Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands. Skilyrði fyrir veitingu atvinnuleyfis samkvæmt ákvæði þessu eru m.a. að skilyrði c–e-liða 1. mgr. 7. gr. séu uppfyllt.

Atvinnuleyfi samkvæmt ákvæði þessu sem veitt er í fyrsta skipti skal eigi veitt til lengri tíma en eins árs en þó aldrei til lengri tíma en sem nemur ráðningartímanum samkvæmt ráðningarsamningi. Heimilt er að framlengja atvinnuleyfið um allt að tvö ár í senn enda séu skilyrði 1. mgr. uppfyllt. Við framlengingu þarf skilyrði d-liðar 1. mgr. 7. gr. ekki að vera uppfyllt. Enn fremur er það skilyrði framlengingar atvinnuleyfisins að viðkomandi íþróttafélag hafi staðið skil á staðgreiðslu skatta sem og tryggingagjaldi lögum samkvæmt vegna starfa útlendingsins.

Atvinnuleyfi samkvæmt ákvæði þessu getur ekki orðið grundvöllur óbundins atvinnuleyfis skv. 17. gr.

c. (11. gr.)

Tímabundið atvinnuleyfi vegna sérstakra ástæðna.

Heimilt er að veita tímabundið atvinnuleyfi vegna tiltekins starfs hér á landi í undantekningartilvikum þegar eftirfarandi skilyrði eru m.a. uppfyllt:

a. útlendingi hafi áður verið veitt bráðabirgðadvalarleyfi, dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða samkvæmt lögum um útlendinga eða dvalarleyfi skv. 3. mgr. 11. gr. laga um útlendinga, og
b. skilyrði c- og d-liðar 1. mgr. 7. gr. séu uppfyllt.

Atvinnuleyfi samkvæmt ákvæði þessu sem veitt er í fyrsta skipti skal eigi veitt til lengri tíma en eins árs en þó aldrei til lengri tíma en sem nemur gildistíma dvalarleyfis eða ráðningartíma samkvæmt ráðningarsamningi sé ráðningartími skemmri en gildistími dvalarleyfis. Heimilt er að framlengja tímabundið atvinnuleyfi um allt að eitt ár í senn enda séu skilyrði 1. mgr. uppfyllt. Við framlengingu þurfa skilyrði d-liðar 1. mgr. 7. gr., sbr. b-lið 1. mgr., ekki að vera uppfyllt. Enn fremur er það skilyrði framlengingar atvinnuleyfisins að atvinnurekandi hafi staðið skil á staðgreiðslu skatta sem og tryggingagjaldi lögum samkvæmt vegna starfa útlendingsins.

Dveljist útlendingur hér á landi á grundvelli dvalarleyfis samkvæmt lögum um útlendinga er heimilt að sækja um atvinnuleyfi samkvæmt ákvæði þessu þegar hann er staddur á landinu. Atvinnuleyfi samkvæmt ákvæði þessu sem tengist dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða, sbr. a-lið 1. mgr., getur orðið grundvöllur óbundins atvinnuleyfis skv. 17. gr.

d. (12. gr.)

Tímabundið atvinnuleyfi á grundvelli fjölskyldusameiningar.

Heimilt er að veita tímabundið atvinnuleyfi vegna starfa nánustu aðstandenda útlendings sem hefur tímabundið atvinnuleyfi skv. 8. gr. laganna, tímabundið atvinnuleyfi sem tengist dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða skv. 11. gr. laganna eða óbundið atvinnuleyfi að uppfylltum skilyrðum 1. mgr. 7. gr. Við veitingu atvinnuleyfis samkvæmt ákvæði þessu er þó heimilt að víkja frá skilyrðum a-, b- og e-liðar 1. mgr. 7. gr. Skilyrði er að áður hafi verið veitt dvalarleyfi samkvæmt ákvæðum laga um útlendinga um dvalarleyfi fyrir aðstandendur.

Heimilt er að veita tímabundið atvinnuleyfi vegna starfa útlendings sem náð hefur 18 ára aldri hafi hann dvalið hér á landi á grundvelli dvalarleyfis fyrir aðstandendur eða búsetuleyfis samkvæmt lögum um útlendinga fyrir 18 ára aldur, að uppfylltum skilyrðum 1. mgr. 7. gr. Við veitingu atvinnuleyfis samkvæmt ákvæði þessu er þó heimilt að víkja frá skilyrðum a-, b- og e-liðar 1. mgr. 7. gr. Skilyrði er að áður hafi verið veitt dvalarleyfi samkvæmt ákvæðum laga um útlendinga um dvalarleyfi fyrir aðstandendur.

Atvinnuleyfi skv. 1. mgr. skal eigi veitt til lengri tíma en eins árs en þó aldrei til lengri tíma en sem nemur gildistíma dvalarleyfis nánasta aðstandanda eða ráðningartíma samkvæmt ráðningarsamningi sé ráðningartími skemmri en gildistími dvalarleyfis. Heimilt er að framlengja það um allt að eitt ár í senn með sömu takmörkunum og þegar leyfið er veitt í fyrsta skipti enda séu skilyrði 1. mgr. uppfyllt. Við framlengingu þarf skilyrði d-liðar 1. mgr. 7. gr. ekki að vera uppfyllt. Enn fremur er það skilyrði framlengingar atvinnuleyfisins að atvinnurekandi hafi staðið skil á staðgreiðslu skatta sem og tryggingagjaldi lögum samkvæmt vegna starfa hlutaðeigandi.

Ef hjúskap, staðfestri samvist eða sambúð er slitið vegna þess að útlendingur eða barn hans hefur sætt misnotkun eða ofbeldi í sambandinu er heimilt að framlengja atvinnuleyfi samkvæmt ákvæði þessu. Skilyrði er að áður hafi verið endurnýjað dvalarleyfi skv. 6. mgr. 13. gr. laga um útlendinga, nr. 96/2002.

Dveljist nánasti aðstandandi hér á landi á grundvelli dvalarleyfis fyrir aðstandendur samkvæmt lögum um útlendinga er heimilt að sækja um atvinnuleyfi samkvæmt ákvæði þessu þegar hann er staddur á landinu.

Atvinnuleyfi samkvæmt ákvæði þessu getur orðið grundvöllur óbundins atvinnuleyfis skv. 2. mgr. 17. gr. hafi útlendingi sem nánasti aðstandandi leiðir heimildir sínar af verið veitt óbundið atvinnuleyfi.

Börn sem dveljast hér á landi á grundvelli dvalarleyfis fyrir aðstandendur eða búsetuleyfis samkvæmt lögum um útlendinga er tímabundið heimilt að starfa hér á landi án atvinnuleyfa að átján ára aldri.

e. (13. gr.)

Tímabundið atvinnuleyfi vegna náms.

Heimilt er að veita tímabundið atvinnuleyfi vegna starfa útlendings sem stundar nám hér á landi. Skilyrði fyrir veitingu atvinnuleyfis samkvæmt ákvæði þessu eru m.a. eftirfarandi:

a. skilyrði c- og d-liðar 1. mgr. 7. gr. séu uppfyllt og
b. útlendingi hafi verið veitt dvalarleyfi vegna náms samkvæmt lögum um útlendinga.

Atvinnuleyfi sem veitt er samkvæmt ákvæði þessu skal að jafnaði ekki veitt til lengri tíma en sex mánaða í senn en þó aldrei til lengri tíma en sem nemur gildistíma dvalarleyfis vegna náms samkvæmt lögum um útlendinga. Heimilt er að framlengja það meðan á námstíma stendur og skilyrðum 1. mgr. er fullnægt. Enn fremur er það skilyrði framlengingar atvinnuleyfisins að atvinnurekandi hafi staðið skil á staðgreiðslu skatta sem og tryggingagjaldi lögum samkvæmt vegna starfa útlendingsins.

Þegar útlendingur hefur lokið námi við íslenskan skóla sem felur í sér háskóla-, iðn-, list- eða tæknimenntun er heimilt að veita atvinnuleyfi skv. 1. mgr. 8. gr. vegna tiltekins starfs er tengist menntun hans. Er þá heimilt að víkja frá skilyrðum d- og e-liðar 1. mgr. 7. gr., sbr. a-lið 1. mgr. 8. gr.

Dveljist útlendingur hér á landi á grundvelli dvalarleyfis samkvæmt lögum um útlendinga er heimilt að sækja um atvinnuleyfi samkvæmt ákvæði þessu þegar hann er staddur á landinu.

Atvinnuleyfi samkvæmt ákvæði þessu getur ekki orðið grundvöllur óbundins atvinnuleyfis skv. 17. gr.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna sem verður 15. gr.:

a. Í stað orðanna „c–f-liðar“ í 1. mgr. kemur: c–e-liðar.
b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Atvinnuleyfi samkvæmt ákvæði þessu getur ekki orðið grundvöllur óbundins atvinnuleyfis skv. 17. gr.
c. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Tímabundið atvinnuleyfi til sérhæfðra starfsmanna á grundvelli þjónustusamninga.*

9. gr.

11.–13. gr. laganna falla brott.

10. gr.

Á eftir 10. gr. laganna, sem verður 15. gr., koma sex nýjar greinar, 16.–21. gr., ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi, og breytast greinanúmer samkvæmt því:

a. (16. gr.)

Nýr atvinnurekandi.

Heimilt er að veita nýtt tímabundið atvinnuleyfi samkvæmt ákvæðum 8.–13. gr. eftir því sem við á vegna tiltekins starfs útlendings hjá öðrum atvinnurekanda en þeim er fyrra leyfið var skilyrt við. Útlendingi er óheimilt að hefja störf hjá hinum nýja atvinnurekanda áður en atvinnuleyfi hefur verið veitt, sbr. þó 4. mgr. 19. gr. Tímabundið atvinnuleyfi sem gefið er út samkvæmt ákvæði þessu skal aldrei hafa lengri gildistíma en fyrra leyfi og samanlagður starfstími á grundvelli tímabundinna atvinnuleyfa skv. 9. gr. skal aldrei vera lengri en tvö ár.

Yfirlýsing um ráðningarslit milli útlendings og fyrri atvinnurekanda skal fylgja með umsókn skv. 1. mgr. ásamt skriflegum ráðningarsamningi milli útlendings og hins nýja atvinnurekanda.

b. (17. gr.)

Óbundið atvinnuleyfi.

Heimilt er að veita útlendingi óbundið atvinnuleyfi þegar eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a. útlendingur hafi öðlast búsetuleyfi hér á landi samkvæmt lögum um útlendinga,
b. fyrir liggi skriflegur ráðningarsamningur milli útlendings og atvinnurekanda, og
c. útlendingi hafi áður verið veitt tímabundið atvinnuleyfi skv. 8. gr. eða tímabundið atvinnuleyfi sem tengist dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða skv. 11. gr.

Heimilt er að veita nánasta aðstandanda útlendings með óbundið atvinnuleyfi sem uppfyllir skilyrði a- og b-liðar 1. mgr. óbundið atvinnuleyfi.

Heimilt er að veita börnum sem hafa öðlast búsetuleyfi hér á landi samkvæmt lögum um útlendinga fyrir átján ára aldur óbundið atvinnuleyfi við átján ára aldur.

Óbundið atvinnuleyfi fellur niður þegar útlendingur hefur dvalist erlendis samfellt lengur en átján mánuði. Vinnumálastofnun tekur ákvörðun um að fella leyfi úr gildi. Vinnumálastofnun er þó heimilt að fenginni umsókn að veita undanþágu frá tímamörkum 1. málsl. þannig að útlendingur haldi óbundnu atvinnuleyfi þrátt fyrir lengri dvöl erlendis.

c. (18. gr.)

Tímabundin atvinnuleyfi á grundvelli samninga við önnur ríki.

Heimilt er að veita tímabundið atvinnuleyfi til maka, samvistarmaka eða sambúðarmaka erlends sendimanns og barna hans undir 21 árs aldri á grundvelli samnings íslenskra stjórnvalda þar að lútandi við önnur ríki enda hafi maki, samvistarmaki eða sambúðarmaki eða börn hans gilt dvalarleyfi á grundvelli þjóðréttarsamnings.

Heimilt er að veita útlendingum á aldrinum 18 til 26 ára tímabundin atvinnuleyfi hér á landi að hámarki til eins árs á grundvelli samninga íslenskra stjórnvalda við önnur ríki um störf ríkisborgara þeirra hér á landi í þeim tilgangi að kynna sér landið og menningu þess. Tímabundið atvinnuleyfi á grundvelli slíks samnings er ekki skilyrt við störf hjá tilteknum atvinnurekanda. Skilyrði er að útlendingnum hafi ekki áður verið veitt atvinnuleyfi á grundvelli slíks samnings hér á landi. Óheimilt er að framlengja slík atvinnuleyfi.

Félagsmálaráðherra er heimilt að setja nánari skilyrði fyrir atvinnuleyfum samkvæmt ákvæði þessu í reglugerð.

d. (19. gr.)

Meðferð umsóknar um atvinnuleyfi.

Atvinnurekandi sem óskar eftir að ráða útlending tímabundið til starfa skal sækja um tímabundið atvinnuleyfi til Vinnumálastofnunar fyrir hönd útlendingsins áður en útlendingurinn kemur til landsins í fyrsta skipti til starfa nema kveðið sé á um annað í lögum þessum. Hið sama á við þegar útlendingur hefur dvalist erlendis í a.m.k. sex mánuði frá þeim tíma er áður útgefið atvinnuleyfi féll úr gildi enda hafi honum ekki verið veitt leyfi Útlendingastofnunar til að dveljast hér á landi. Umsóknin skal vera skrifleg á þar til gerðum eyðublöðum og skulu atvinnurekandi og útlendingur undirrita hana. Umsókninni skulu fylgja öll þau gögn og vottorð sem Vinnumálastofnun gerir kröfu um til staðfestingar á að uppfyllt séu þau skilyrði sem lög og reglugerðir kveða á um, þar á meðal skriflegur ráðningarsamningur milli útlendings og atvinnurekanda sem báðir aðilar hafa undirritað.

Vinnumálastofnun er heimilt að taka til meðferðar umsókn um tímabundið atvinnuleyfi á grundvelli 8. gr. og 2. mgr. 9. gr. á undan öðrum umsóknum um atvinnuleyfi sem hafa borist stofnuninni enda liggi fyrir undirritaður ráðningarsamningur milli atvinnurekanda og útlendings.

Atvinnurekandi sem óskar eftir að framlengja ráðningu útlendings skal sækja um framlengingu tímabundins atvinnuleyfis fyrir hönd útlendingsins eigi síðar en fjórum vikum áður en fyrra leyfi fellur úr gildi. Umsóknin skal vera skrifleg á þar til gerðum eyðublöðum og skulu atvinnurekandi og útlendingur undirrita hana. Umsókninni skulu fylgja öll þau gögn og vottorð sem Vinnumálastofnun gerir kröfu um til staðfestingar á að uppfyllt séu þau skilyrði sem lög og reglugerðir kveða á um, þar á meðal skriflegur ráðningarsamningur milli útlendings og atvinnurekanda sem báðir aðilar hafa undirritað.

Útlendingi, sem hefur gilt dvalarleyfi á grundvelli laga um útlendinga, er heimilt að halda starfi sínu áfram á afgreiðslutíma umsóknar um framlengingu tímabundins atvinnuleyfis enda hafi umsóknin borist Vinnumálastofnun innan frestsins skv. 3. mgr. Hafi umsókn borist síðar tekur Vinnumálastofnun ákvörðun um heimild útlendingsins til að halda starfi sínu áfram á afgreiðslutíma umsóknar enda liggi fyrir ákvörðun Útlendingastofnunar um að útlendingi sé heimilt að dvelja hér á landi á þeim tíma. Hið sama gildir þegar nýr atvinnurekandi sækir um tímabundið atvinnuleyfi fyrir útlending skv. 16. gr. eftir því sem við getur átt.

Útlendingur skal sækja um óbundið atvinnuleyfi skv. 17. gr. eigi síðar en fjórum vikum áður en fyrra leyfi fellur úr gildi. Umsóknin skal vera skrifleg á þar til gerðum eyðublöðum og skulu fylgja henni öll þau gögn og vottorð sem Vinnumálastofnun gerir kröfu um til staðfestingar á að uppfyllt séu þau skilyrði sem lög og reglugerðir kveða á um, þar á meðal skriflegur ráðningarsamningur milli umsækjanda og atvinnurekanda sem báðir hafa undirritað. Hafi umsókn borist síðar tekur Vinnumálastofnun ákvörðun um heimildir útlendingsins til að halda starfi sínu áfram á afgreiðslutíma umsóknar enda liggi fyrir ákvörðun Útlendingastofnunar um að útlendingi sé heimilt að dveljast hér á landi á þeim tíma.

Heimilt er að synja um veitingu atvinnuleyfis vegna starfa hjá atvinnurekanda sem áður hefur gerst sekur um að hafa ráðið útlending til starfa án tilskilins atvinnuleyfis samkvæmt lögum þessum þrátt fyrir að skilyrði þeirra séu uppfyllt. Hið sama gildir um útlending sem hefur gerst sekur um að ráða sig til starfa án tilskilins atvinnuleyfis samkvæmt lögum þessum.

Þegar Vinnumálastofnun hefur tekið efnislega ákvörðun á grundvelli umsóknar um atvinnuleyfi samkvæmt lögum þessum skal stofnunin tilkynna um það til Útlendingastofnunar og aðila máls.

e. (20. gr.)

Útgáfa atvinnuleyfa.

Atvinnuleyfi er gefið út á nafn útlendingsins eftir að hann er kominn til landsins og er útlendingurinn handhafi leyfisins. Tímabundið atvinnuleyfi er skilyrt við starf hjá tilteknum atvinnurekanda, sbr. þó 2. mgr. 18. gr., og er útlendingi óheimilt að hefja störf hjá öðrum atvinnurekanda áður en nýtt leyfi hefur verið gefið út, sbr. þó 4. mgr. 19. gr. Í skilríkjum um tímabundið atvinnuleyfi skal m.a. koma fram nafn og kennitala útlendings, ríkisfang hans, nafn atvinnurekanda og gildistími leyfisins. Sömu upplýsingar skulu koma fram í skilríkjum um óbundið atvinnuleyfi en þar skal þó ekki tilgreina atvinnurekanda útlendings.

Útlendingur skal hafa skilríki skv. 1. mgr. ávallt meðferðis og sýna þau krefjist lögregla þess.

Félagsmálaráðherra getur sett nánari reglur í reglugerð um útgáfu atvinnuleyfa samkvæmt ákvæði þessu í samræmi við stefnu stjórnvalda hverju sinni, svo sem um samstarf Vinnumálastofnunar og Útlendingastofnunar, að fenginni umsögn dómsmálaráðherra.

f. (21. gr.)

Starfslok.

Atvinnurekandi skal tilkynna Vinnumálastofnun þegar útlendingur sem hefur tímabundið atvinnuleyfi samkvæmt lögum þessum lætur af störfum hjá honum áður en gildistími leyfisins er liðinn.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna sem verður 22. gr.:

a. A-liður orðast svo: Ríkisborgarar í aðildarríkjum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og samnings milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar og aðrir útlendingar sem falla undir reglur framangreindra samninga, með þeim takmörkunum sem þar greinir og nánar skal kveðið á um í reglugerð.
b. C-liður orðast svo: Erlendir makar eða samvistarmakar íslenskra ríkisborgara og börn þeirra að átján ára aldri sem eru í forsjá og á framfæri þeirra.
c. Við bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Útlendingar sem hafa fengið dvalarleyfi sem flóttamenn samkvæmt lögum um útlendinga.

12. gr.

16. gr. laganna, sem verður 24. gr., orðast svo:

Vinnumálastofnun er heimilt að afturkalla atvinnuleyfi ef útlendingur eða atvinnurekandi hefur við umsókn, gegn betri vitund, veitt rangar upplýsingar eða leynt atvikum sem hefðu getað haft verulega þýðingu við leyfisveitinguna. Enn fremur er Vinnumálastofnun heimilt að afturkalla atvinnuleyfi þegar skilyrðum fyrir veitingu atvinnuleyfis samkvæmt lögum þessum er ekki lengur fullnægt, svo sem þegar útlendingur hefur starfað hjá öðrum atvinnurekanda en atvinnuleyfi hans er skilyrt við, eða það leiðir að öðru leyti af almennum stjórnsýslureglum.

13. gr.

16. gr. a laganna, sem verður 25. gr., orðast svo:

Vinnumálastofnun og lögreglu er heimil vinnsla persónuupplýsinga, þar á meðal þeirra sem viðkvæmar geta talist, að því marki sem slík vinnsla telst nauðsynleg við framkvæmd laganna.

Að því marki sem nauðsynlegt er til að tryggja að útlendingar starfi löglega hér á landi er heimilt við vinnslu persónuupplýsinga að samkeyra upplýsingar Vinnumálastofnunar, Útlendingastofnunar, lögreglu, skattyfirvalda og þjóðskrár. Slíkar samkeyrslur skulu gerðar án þess að upplýsingar úr skrám einstakra stofnana séu sendar öðrum stofnunum umfram það sem nauðsynlegt er til skoðunar á fyrir fram skilgreindu athugunarefni. Að öðru leyti fer um meðferð persónuupplýsinga samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Fái Vinnumálastofnun upplýsingar sem gefa til kynna að brotið sé gegn íslenskum lögum og reglum er stofnuninni heimilt að afhenda hlutaðeigandi eftirlitsstjórnvaldi eða lögreglu, eftir atvikum, upplýsingarnar.

14. gr.

Á eftir 16. gr. a laganna, sem verður 25. gr., kemur ný grein, 26. gr., ásamt fyrirsögn, svohljóðandi, og breytast greinanúmer samkvæmt því:

Eftirlit Vinnumálastofnunar og lögreglu.

Lögregla og Vinnumálastofnun hafa eftirlit með framkvæmd laganna. Atvinnurekandi skal veita lögreglu og Vinnumálastofnun aðgang að skjölum eða öðrum gögnum sem nauðsynleg eru til að sýna fram á að ekki hafi verið brotið gegn lögunum. Útlendingur og atvinnurekandi skulu gefa allar aðrar nauðsynlegar upplýsingar í tengslum við eftirlitið.

Lögreglu skal veittur aðgangur að vinnustöðvum atvinnurekanda í þeim tilgangi að kanna hvort atvinnurekandi og útlendingur sem starfar hjá honum fari að lögum þessum. Lögreglan skal sýna skilríki um starf sitt.

Útlendingur skal að kröfu lögreglu sýna skilríki um að honum sé heimilt að starfa hér á landi og, ef þörf er á, veita upplýsingar svo að ljóst sé hver hann er, m.a. til að sýna fram á að hann sé undanþeginn kröfu um atvinnuleyfi samkvæmt lögum þessum þegar við á.

Lögreglu er heimilt að krefja aðra starfsmenn sem starfa eða hafa starfað einhvern tíma á síðustu þremur mánuðum hjá viðkomandi atvinnurekanda um nauðsynlegar upplýsingar í tengslum við eftirlitið.

15. gr.

24. gr. laganna, sem verður 34. gr., orðast svo:

Atvinnurekanda og útlendingi er sameiginlega heimilt að kæra ákvarðanir Vinnumálastofnunar um synjun eða afturköllun tímabundins atvinnuleyfis til félagsmálaráðuneytis og skulu þeir báðir undirrita stjórnsýslukæruna. Þeir geta þó veitt öðrum umboð sitt til að fara með málið fyrir sína hönd. Útlendingi er heimilt að kæra ákvarðanir stofnunarinnar um synjun eða afturköllun óbundins atvinnuleyfis.

Kærufrestur er fjórar vikur frá því að tilkynning barst um ákvörðun Vinnumálastofnunar. Kæra telst fram komin innan kærufrests ef bréf sem hefur hana að geyma hefur borist ráðuneytinu eða verið afhent póstþjónustu áður en fresturinn er liðinn.

Stjórnsýslukæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar Vinnumálastofnunar og skal útlendingur dveljast erlendis meðan á afgreiðslu kæru stendur enda hafi honum ekki verið veitt leyfi Útlendingastofnunar til að dveljast hér á landi.

Félagsmálaráðuneytið skal leitast við að kveða upp úrskurð innan tveggja mánaða frá því að ráðuneytinu berst mál til úrskurðar.

Að öðru leyti fer um málsmeðferð samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

16. gr.

Á eftir 25. gr. laganna, sem verður 35. gr., kemur ný grein, 36. gr., ásamt fyrirsögn, svohljóðandi, og breytast greinanúmer samkvæmt því:

Gildi milliríkjasamninga.

Við framkvæmd laga þessara skal hafa hliðsjón af efni milliríkjasamninga um atvinnuréttindi útlendinga sem Ísland er aðili að.

17. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Tímabundin atvinnuleyfi sem veitt hafa verið fyrir gildistöku laga þessara halda gildi sínu á gildistíma þeirra. Heimilt er að framlengja tímabundin atvinnuleyfi sem veitt voru fyrir gildistöku laganna að sömu skilyrðum uppfylltum og giltu um veitingu upphaflega leyfisins. Tímabundin atvinnuleyfi sem gátu verið grundvöllur óbundins atvinnuleyfis skv. 11. gr. laga nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga, fyrir gildistíð þessara laga, skulu áfram teljast grundvöllur óbundins atvinnuleyfis samkvæmt lögum þessum.

Óbundin atvinnuleyfi sem veitt hafa verið fyrir gildistöku laga þessara halda gildi sínu.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, með síðari breytingum.

18. gr.

Á eftir tilvísuninni „nr. 2434/92/EBE“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: og tilskipun 2004/38/EB.

19. gr.

Á eftir 1. gr. laganna kemur ný grein, 1. gr. a, svohljóðandi:

Aðstandandi ríkisborgara EES-ríkis eða EFTA-ríkis sem dvelur löglega hér á landi á rétt til að ráða sig til starfa eða að starfa sem sjálfstætt starfandi einstaklingur á íslenskum vinnumarkaði óháð þjóðerni.

Aðstandendur ríkisborgara EES-ríkis eða EFTA-ríkis skv. 1. mgr. eru:

a. maki, sambúðarmaki eða samvistarmaki,
b. niðji hans og/eða maka hans, ef niðjinn er yngri en 21 árs eða á þeirra framfæri,
c. ættmenni hans eða maka hans, í beinan legg, sem er á framfæri þeirra.

20. gr.

Í stað orðanna „10. og 11. gr. sömu reglugerðar“ í ákvæði til bráðabirgða I kemur: 1. gr. a laganna.

21. gr.

Í stað orðanna „10. og 11. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1612/68“ í ákvæði til bráðabirgða II kemur: 1. gr. a laganna.

22. gr.

Fylgiskjal með lögunum, sbr. 2. mgr. 1. gr. þeirra, orðast svo:

Ákvæði reglugerðar um frelsi launþega til flutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins nr. 1612/68/EBE, eins og henni er breytt með reglugerðum nr. 312/76/EBE og nr. 2434/92/EBE og tilskipun 2004/38/EB, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af V. viðauka, bókun 1 við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og öðrum ákvæðum hans.*

** Aðlögun reglugerðarinnar er með fyrirvara um framkvæmd EFTA-ríkjanna á einstökum þáttum hennar, sbr. t.d. d-lið 4. tölul. bókunar 1.*

I. HLUTI
Atvinna og fjölskyldur launþega.
I. BÁLKUR
Aðgangur að vinnumarkaði.

1. gr.

1. Sérhver ríkisborgari EES-ríkis skal, óháð búsetu, hafa rétt til að ráða sig til vinnu sem launþegi og rækja það starf á yfirráðasvæði annars EES-ríkis í samræmi við þau ákvæði í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum er taka til atvinnumála ríkisborgara aðildarríkisins.

2. Hann skal m.a. njóta þeirra réttinda að ráða sig til vinnu á yfirráðasvæði annars EES-ríkis með sama forgangsrétti og ríkisborgarar þess ríkis.

2. gr.

Sérhver ríkisborgari EES-ríkis og sérhver vinnuveitandi sem rekur starfsemi á yfirráðasvæði EES-ríkis geta skipst á umsóknum og tilboðum um atvinnu og geta komið sér saman um og framkvæmt ráðningarsamninga í samræmi við ákvæði gildandi laga eða stjórnsýslufyrirmæla án þess að það leiði til nokkurrar mismununar.

3. gr.

1. Samkvæmt þessari reglugerð skulu ákvæði í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum EES-ríkis ekki gilda í þeim tilvikum:

- þar sem þau takmarka umsóknir og framboð á atvinnu eða rétt erlendra ríkisborgara til að fá og stunda atvinnu eða setja þeim önnur skilyrði en þau sem gilda um þeirra eigin ríkisborgara eða
- þar sem meginmarkmið eða áhrif þeirra eru að halda ríkisborgurum annarra EES-ríkja frá atvinnu sem til boða stendur enda þótt það taki ekki til þjóðernis.

Þetta ákvæði á ekki við í þeim tilvikum þar sem tungumálakunnátta skiptir máli vegna eðlis starfsins sem um er að ræða.

2. Þetta skal einkum og sér í lagi ná til þeirra ákvæða eða venju EES-ríkis samkvæmt fyrstu undirgrein 1. mgr. sem:

a. mæla fyrir um sérstakar reglur um ráðningar erlendra ríkisborgara;
b. takmarka eða draga úr auglýsingum í blöðum eða öðrum fjölmiðlum á lausum störfum eða binda þau öðrum skilmálum en þeim sem gilda fyrir atvinnurekendur á yfirráðasvæði aðildarríkisins;

c. binda aðgang að vinnumarkaðinum við skráningu á ráðningarskrifstofum eða hindra ráðningu einstakra launþega þegar um er að ræða fólk sem ekki býr á yfirráðasvæði þess aðildarríkis sem í hlut á.

4. gr.

1. Ákvæði í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum EES-ríkis sem takmarka fjölda eða hundraðshluta erlendra ríkisborgara í fyrirtækjum, starfsgrein eða á tilteknu svæði eða á landsmælikvarða skulu ekki gilda um ríkisborgara annarra EES-ríkja.

2. Þegar ívilnun til fyrirtækja í EES-ríki er bundin við ákveðið lágmarkshlutfall innlendra launþega skal litið á ríkisborgara annarra EES-ríkja sem innlenda samkvæmt ákvæði í tilskipun ráðsins frá 15. október 1963.[1)]

[1)] *Stjtíð. EB nr. 159, 2. nóvember 1963, bls. 2661/63.*

5. gr.

Ríkisborgari aðildarríkis, sem sækir um atvinnu í öðru EES-ríki, skal njóta sömu aðstoðar þar og vinnumiðlun þess ríkis veitir innlendum ríkisborgurum sem eru í atvinnuleit.

6. gr.

1. Ráðning og skráning ríkisborgara eins EES-ríkis í stöðu í öðru EES-ríki skal ekki vera háð neinum skilyrðum er varða heilsufar, sérþekkingu eða annað það sem gerir honum lægra undir höfði í samanburði við innlenda ríkisborgara sem gegna sama starfi í hinu EES-ríkinu.

2. Engu að síður getur ríkisborgari, sem hefur undir höndum persónulegt starfstilboð frá vinnuveitanda í öðru EES-ríki en sínu eigin, þurft að fara í hæfnispróf hafi vinnuveitandinn sett það sem skilyrði með tilboðinu.

II. BÁLKUR
Atvinna og jafnræði við málsmeðferð.

7. gr.

1. Ekki er heimilt að láta launþega, sem er ríkisborgari annars EES-ríkis en þess sem hann starfar í, gjalda þjóðernis síns hvað viðvíkur ráðningar- og vinnuskilyrðum, einkum og sér í lagi hvað varðar launakjör, uppsögn úr starfi og, komi til atvinnumissis, endurskipun eða endurráðningu.

2. Hann skal njóta sömu félagslegra réttinda og skattaívilnana og innlendir launþegar.

3. Hann skal einnig í krafti sama réttar og með sömu skilyrðum hafa sama aðgang og innlendir launþegar að þjálfun í skólum er tengjast atvinnulífinu og endurmenntunarstöðvum.

4. Öll ákvæði í kjarasamningum eða ráðningarsamningum eða öðrum almennum reglugerðum sem varða aðgang að atvinnu og öll önnur starfsskilyrði eða uppsagnarákvæði eru ógild og að engu hafandi að svo miklu leyti sem þau mæla fyrir um eða heimila mismunun launþega sem eru ríkisborgarar annarra EES-ríkja.

8. gr.

Launþegi, sem er ríkisborgari EES-ríkis og starfar á yfirráðasvæði annars EES-ríkis, skal njóta jafnræðis við málsmeðferð hvað varðar aðild að stéttarfélögum og njóta þess réttar er hún veitir, að meðtöldum réttinum til að greiða atkvæði og til að gegna stjórnar- og stjórnunarstörfum fyrir stéttarfélagið;[1)] það má meina honum að eiga sæti í stjórn nefnda sem lúta ríkisrétti eða að gegna stöðu sem er bundin af ríkisrétti. Enn fremur á hann rétt á að taka sæti

í fulltrúaráði launþega við fyrirtæki. Ákvæði þessarar greinar skulu ekki hafa áhrif á lög eða reglugerðir í tilteknum EES-ríkjum sem veita launþegum sem koma frá öðrum EES-ríkjum meiri rétt.

[1)]*Rg. 312/76/EBE.*

9. gr.

1. Launþegi sem er ríkisborgari EES-ríkis og starfar á yfirráðasvæði annars EES-ríkis skal njóta allra sömu réttinda og ívilnana og innlendir launþegar hvað viðvíkur húsnæði; það á einnig við um eignarrétt á húsnæði sem hann þarf á að halda.

2. Slíkur launþegi getur, með sama rétti og innlendir ríkisborgarar, látið skrá sig hjá húsnæðismiðlun á því svæði þar sem hann starfar, fari slík skráning fram, og skal hann njóta viðeigandi ívilnana og forréttinda.

Hafi fjölskylda hans orðið eftir í landinu sem hann kom frá skal einnig tekið tillit til hennar í þessu sambandi eins og hún væri búsett á viðkomandi svæði, að því tilskildu að innlendir launþegar njóti svipaðra fríðinda.

III. BÁLKUR
Fjölskyldur launþega.

10. gr.[1)]

…

11. gr.[1)]

…

[1)] *Tilsk. 2004/38/EB.*

12. gr.

Börn ríkisborgara EES-ríkis, sem er eða hefur verið ráðinn til vinnu á yfirráðasvæði annars EES-ríkis, skulu eiga rétt á almennri skólagöngu í því ríki, námsvist og starfsþjálfunarnámskeiðum með sömu skilyrðum og ríkisborgarar þess ríkis, að því tilskildu að börnin búi þar.

EES-ríkin skulu leggja sig fram um að gera þessum börnum kleift að stunda námið við ákjósanlegustu skilyrði.

II. HLUTI
Atvinnuframboð og atvinnuumsóknir.
I. BÁLKUR
Samvinna á milli EFTA-ríkja og við fastanefnd EFTA.

13. gr.

1. EFTA-ríkin eða fastanefnd EFTA skulu stofna til eða í sameiningu gera hverjar þær kannanir á atvinnutækifærum eða atvinnuleysi sem þau telja nauðsynlegar til að tryggja frelsi launþega til flutninga innan EES. Aðalvinnumiðlanirnar í EFTA-ríkjunum skulu eiga náið samstarf sín á milli og við fastanefnd EFTA með það að markmiði að hafa samráð um ráðningu í lausar stöður og meðferð atvinnuumsókna innan EES og yfirlit um hverjir hljóta stöður.

2. Í þessu skyni skulu EFTA-ríkin tilnefna sérstakar þjónustuskrifstofur og ber þeim að skipuleggja þá starfsemi sem að ofan er getið og hafa samráð sín á milli og við fastanefnd

EFTA. EFTA-ríkjunum ber að tilkynna fastanefnd EFTA um allar breytingar sem verða á tilnefningu aðila til slíkrar þjónustu og skal fastanefnd EFTA birta nákvæmar upplýsingar um þær í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópubandalagsins.

14. gr.

1. EFTA-ríkin skulu senda fastanefnd EFTA og eftirlitsstofnun EFTA upplýsingar um vandamál sem upp kunna að koma í sambandi við frelsi til flutninga og atvinnumál launþega og nákvæmt yfirlit yfir stöðu og þróun atvinnulífs.[1)]

2. Fastanefnd EFTA skal, að teknu fyllsta tilliti til álits umsjónarnefndarinnar, ákvarða með hvaða hætti upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr., skuli settar fram.

3. Í samræmi við þær starfsaðferðir, sem fastanefnd EFTA ákveður að teknu fyllsta tilliti til álits umsjónarnefndarinnar,[1)] skal þjónustuskrifstofa hvers EFTA-ríkis senda til þjónustuskrifstofa hinna EFTA-ríkjanna og til fastanefndar EFTA upplýsingar um lífskjör og vinnuskilyrði og ástand vinnumarkaðar sem líklegar eru til að koma launþegum frá öðrum EFTA-ríkjum að gagni. Upplýsingarnar skal endurskoða reglulega. Þjónustuskrifstofurnar í hinum EFTA-ríkjunum skulu tryggja að slíkar upplýsingar séu vel kynntar, m.a. með því að dreifa þeim á meðal viðeigandi vinnumiðlana og koma þeim á framfæri með öllum tiltækum ráðum við þá launþega sem hlut eiga að máli.

[1)] *Rg. 2434/92/EBE.*

II. BÁLKUR
Ráðstöfun lausra starfa.

15. gr.[1)]

1. Þjónustuskrifstofa hvers EFTA-ríkis skal senda reglulega til þjónustuskrifstofa hinna EFTA-ríkjanna og til fastanefndar EFTA:

a. upplýsingar um laus störf sem ríkisborgarar hinna aðildarríkja EES geta hugsanlega gegnt;
b. upplýsingar um laus störf sem boðin eru fram í ríkjum utan EES;
c. upplýsingar um atvinnuumsóknir fólks sem hefur lýst sig reiðubúið til að starfa í öðru EES-ríki;
d. upplýsingar, sundurliðaðar eftir svæðum og greinum, um umsækjendur sem hafa í raun lýst sig reiðubúna til að taka atvinnutilboði í öðru landi.

Þjónustuskrifstofa hvers EFTA-ríkis skal senda slíkar upplýsingar áfram til viðkomandi vinnumiðlana og vinnumálaskrifstofa eins fljótt og kostur er.

2. Upplýsingum um lausar stöður og umsóknir, sem um getur í 1. mgr., skal dreift samkvæmt samræmdu heildarkerfi sem fastanefnd EFTA skal koma á fót, í samvinnu við umsjónarnefndina. Ef nauðsynlegt reynist getur fastanefnd EFTA aðlagað þetta kerfi í samvinnu við umsjónarnefndina.

[1)] *Rg. 2434/92/EBE.*

16. gr.[1)]

1. Þar til bærar vinnumiðlanir hinna EFTA-ríkjanna skulu láta tilkynningar berast um sérhvert laust starf í skilningi 15. gr. sem er tilkynnt til vinnumiðlana EES-ríkis og vinna úr þeim. Þessir aðilar skulu senda vinnumiðlunum fyrstnefnda EFTA-ríkisins upplýsingar um gildar umsóknir.

2. Viðkomandi vinnumiðlanir EFTA-ríkjanna skulu svara atvinnuumsóknunum sem um getur í c-lið 1. mgr. 15. gr. innan hæfilegs frests sem sé eigi lengri en einn mánuður.

3. Vinnumiðlanirnar skulu veita launþegum, sem eru ríkisborgarar annarra EES-ríkja, sömu forréttindi og gert er ráð fyrir samkvæmt viðeigandi ráðstöfunum að innlendir ríkisborgarar njóti miðað við launþega sem eru ríkisborgarar landa utan EES.

[1)] *Rg. 2434/92/EBE.*

17. gr.

1. Þjónustuskrifstofurnar skulu annast framkvæmd ákvæða 16. gr. Hins vegar, að svo miklu leyti sem höfuðstöðvarnar heimila og að svo miklu leyti sem skipulag vinnumiðlana í EFTA-ríki og úthlutunaraðferðir leyfa:

a. skulu svæðisbundnar vinnumiðlanir EFTA-ríkis:
   i. á grundvelli upplýsinganna[1)] sem getið er í 15. gr. og viðeigandi aðgerðir byggjast á, safna saman og ráðstafa lausum störfum og atvinnuumsóknum;
   ii. koma á beinum tengslum við ráðstöfun:
      – starfa sem boðin hafa verið tilteknum launþega;
      – einstakra atvinnuumsókna sem sendar hafa verið annaðhvort til sérstakra vinnumiðlana eða til vinnuveitanda sem rækir starfsemi á því svæði sem miðlunin nær til;
      – starfa til handa árstíðabundnu vinnuafli sem ráða verður eins skjótt og auðið er;
b. skulu vinnumiðlanir, sem ná til svæða sem liggja að landamærum tveggja eða fleiri EFTA-ríkja, skiptast reglulega á gögnum er varða laus störf og óafgreiddar atvinnuumsóknir á þeirra svæði og með sama hætti og gert er gagnvart öðrum vinnumiðlunum í löndum þeirra miðla og ráðstafa lausum störfum og atvinnuumsóknum;

   ef nauðsynlegt reynist skulu vinnumiðlanir, sem ná til svæða sem liggja að landamærum, einnig koma á samvinnu- og þjónustukerfi með það í huga að geta boðið:
   i. notendum eins miklar hagnýtar upplýsingar um hinar ýmsu hliðar flutningafrelsisins og hægt er og
   ii. stofnunum vinnumarkaðarins, félagsmálastofnunum (m.a. opinberum, einkareknum og þeim sem nýtast almenningi) og öllum stofnunum sem málið varðar, samþættar ráðstafanir er tengjast frelsi til flutninga;[1)]
c. skulu opinberar vinnumiðlanir, sem sérhæfa sig í tilteknum starfsgreinum eða láta sig varða sérstaka hópa fólks, eiga beina samvinnu hver við aðra.

2. EFTA-ríkin, sem hlut eiga að máli, skulu senda fastanefnd EFTA skrá, sem samráð er haft um, yfir þær stofnanir sem um getur í 1. mgr.; fastanefnd EFTA skal birta þessa skrá ásamt þeim breytingum sem kunna að verða á henni í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópubandalagsins.

[1)] *Rg. 2434/92/EBE.*

18. gr.

Ekki er skylt að taka upp þær ráðningaraðferðir sem framkvæmdaraðilar beita og kveðið er á um í samkomulagi sem tvö eða fleiri EES-ríki gera sín á milli.

III. BÁLKUR
Leiðir til að hafa eftirlit með jafnvægi á vinnumarkaðinum.

19. gr.

1. Á grundvelli skýrslu frá fastanefnd EFTA, sem unnin er úr upplýsingum frá EFTA-ríkjunum, skulu EFTA-ríkin og fastanefnd EFTA kanna sameiginlega minnst einu sinni á ári árangur aðgerða EES vegna lausra starfa og atvinnuumsókna.[1)]

2. EES-ríkin skulu ásamt fastanefnd EFTA kanna öll tiltæk ráð til að veita ríkisborgurum aðildarríkjanna forgang þegar ráðið er í lausar stöður til að leitast við að koma á jafnvægi milli framboðs og umsókna um störf innan EES. Þau skulu beita öllum tiltækum ráðum í þessu skyni.

3. Annað hvert ár skal fastanefnd EFTA leggja fram skýrslu um framkvæmd II. hluta þessarar reglugerðar þar sem gerð er grein fyrir þeim upplýsingum sem hafa borist og niðurstöðum athugana og rannsókna sem hafa farið fram með sérstakri áherslu á gagnlegar upplýsingar er varða þróun vinnumarkaðarins á Evrópska efnahagssvæðinu.[1)]

[1)] *Rg. 2434/92/EBE.*

20. gr.[1)]

…

[1)] *Rg. 2434/92/EBE.*

IV. BÁLKUR
Evrópska samráðsskrifstofan.[1)]

[1)] *Af hálfu EFTA-ríkjanna skal fastanefnd EFTA sinna þessu hlutverki innan EES.*

21. gr.

Evrópska skrifstofan, sem samræmir ráðstafanir vegna atvinnutækifæra og atvinnuumsókna og stofnuð var á vegum framkvæmdastjórnarinnar (í þessari reglugerð nefnd „evrópska samráðsskrifstofan“), skal almennt gegna því hlutverki að miðla upplýsingum um atvinnutækifæri innan bandalagsins. Hún skal einkum bera ábyrgð á öllum formsatriðum er varða þennan málaflokk sem samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar falla undir framkvæmdastjórnina og ekki síst aðstoða innlendar vinnumiðlanir. Henni ber að taka saman þær upplýsingar sem um getur í 14. og 15. gr. ásamt niðurstöðum kannana og rannsókna sem gerðar eru skv. 13. gr. í því skyni að varpa ljósi á gagnlegar staðreyndir um fyrirsjáanlega þróun á vinnumarkaði bandalagsins. Slíkum staðreyndum skal komið á framfæri við þjónustuskrifstofur aðildarríkjanna og við ráðgjafar- og umsjónarnefndirnar.

22. gr.

1. Evrópska samráðsskrifstofan skal einkum sjá um að:

a. samræma þær aðferðir sem þörf er á til að manna laus störf innan bandalagsins og hafa yfirlit yfir þá flutninga launþega sem af hljótast;
b. vinna að þessum markmiðum með því að stuðla að því í samvinnu við umsjónarnefndina að sambærilegar aðferðir séu notaðar bæði á stjórnunar- og framkvæmdastigi;
c. safna saman þegar sérstaka nauðsyn ber til í samvinnu við þjónustuskrifstofurnar upplýsingum um laus störf og atvinnuumsóknum svo að unnt sé að ráðstafa þeim hjá þjónustuskrifstofunum.

2. Henni ber að tilkynna þjónustuskrifstofunum um laus störf og atvinnuumsóknir sem sendar hafa verið beint til framkvæmdastjórnarinnar og fá upplýsingar um viðbrögð við þeim.

23. gr.

Framkvæmdastjórnin getur, í samvinnu við lögbært yfirvald í hverju aðildarríki fyrir sig og í samræmi við þá skilmála og þær aðferðir sem hún skal ákveða á grundvelli álitsgerðar umsjónarnefndarinnar, skipulagt heimsóknir og verkefni fyrir embættismenn annarra aðildarríkja og einnig framhaldsnámskeið fyrir sérmenntað starfsfólk.

III. HLUTI
Nefndir sem eiga að tryggja nána samvinnu milli aðildarríkjanna í málefnum er varða frjálsa flutninga launþega og atvinnumál þeirra.
I. BÁLKUR
Ráðgjafarnefndin.[1)]

[1)] *Fastanefnd EFTA getur komið á fót undirnefndum til að sinna þessum verkefnum.*

24. gr.

Ráðgjafarnefndin ber ábyrgð á að aðstoða framkvæmdastjórnina við að athuga vafamál sem upp kunna að koma við beitingu sáttmálans og í sambandi við ráðstafanir sem gerðar eru á grundvelli hans og varða frelsi launþega til flutninga og störf þeirra.

25. gr.

Ráðgjafarnefndin ber einkum ábyrgð á að:

a. rannsaka mál er varða frjálsa flutninga launþega og atvinnumál innan ramma innlendrar vinnumálastefnu með það að leiðarljósi að samræma vinnumálastefnu aðildarríkjanna á bandalagsgrundvelli og á þann hátt stuðla að aukinni efnahagslegri þróun og jafnvægi á vinnumarkaði;
b. gera almenna úttekt á þeim áhrifum sem framkvæmd þessarar reglugerðar og aðrar viðbótarráðstafanir hafa;
c. koma til framkvæmdastjórnarinnar rökstuddum tillögum um endurskoðun á þessari reglugerð;
d. láta í té, hvort heldur sem er að beiðni framkvæmdastjórnarinnar eða að eigin frumkvæði, rökstudda álitsgerð um almenn atriði eða meginreglur, einkum og sér í lagi hvað varðar upplýsingaskipti um þróun mála á vinnumarkaðinum, um flutninga launþega milli aðildarríkja, um áætlanir eða ráðstafanir til eflingar starfsleiðbeiningum eða starfsþjálfun sem er líkleg til að efla frelsi til flutninga og atvinnuskipta, jafnframt um alla þá aðstoð sem launþegar og fjölskyldur þeirra eiga kost á að meðtalinni félagslegri aðstoð og húsnæðisöflun launþega.

26. gr.

1. Ráðgjafarnefndin skal skipuð sex fulltrúum frá hverju aðildarríki, tveir eru ríkisstjórnarfulltrúar, tveir eru frá launþegasamtökum og tveir frá samtökum vinnuveitenda.

2. Hvert aðildarríki skal tilnefna einn varamann fyrir hvern hóp sem tilgreindur er í 1. mgr.

3. Starfstími fulltrúanna og varamanna þeirra skal vera tvö ár. Heimilt er að endurskipa þá. Er starfstíminn rennur út skulu bæði aðal- og varamenn sitja þar til aðrir hafa verið skipaðir í þeirra stað eða skipanir þeirra endurnýjaðar.

27. gr.

Ráðið skal skipa bæði aðal- og varamenn í ráðgjafarnefndina og kappkosta þegar fulltrúar launþegasamtakanna og samtaka vinnuveitenda eru valdir að þeir komi frá hinum ýmsu geirum efnahagslífsins. Ráðið skal láta birta til upplýsingar skrá yfir aðal- og varamenn í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins.

28. gr.

Fulltrúi úr framkvæmdastjórninni eða varamaður hans skal vera formaður ráðgjafarnefndarinnar. Formaðurinn hefur ekki atkvæðisrétt. Nefndin skal koma saman tvisvar á ári hið minnsta. Formaðurinn kallar hana saman, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni að minnsta kosti þriðjungs nefndarmanna. Framkvæmdastjórnin skal sjá nefndinni fyrir skrifstofuþjónustu.

29. gr.

Formaðurinn getur boðið einstaklingum eða fulltrúum aðila sem hafa víðtæka reynslu af atvinnu- eða flutningsmálum launþega að taka þátt í fundum sem áheyrnarfulltrúar eða sem sérfræðingar. Formaðurinn getur leitað ráða hjá sérfræðingum.

30. gr.

1. Álitsgerð nefndarinnar telst ekki gild nema að minnsta kosti tveir þriðju hlutar fulltrúanna séu viðstaddir.

2. Álitsgerðir skulu vera rökstuddar og þær teljast samþykktar þegar fyrir þeim er hreinn meiri hluti gildra atkvæða. Þeim skal fylgja skrifleg greinargerð með áliti minni hlutans fari hann fram á það.

31. gr.

Ráðgjafarnefndin skal setja sér starfsreglur samkvæmt reglum um málsmeðferð sem skulu taka gildi þegar ráðið að fengnu áliti framkvæmdastjórnarinnar hefur gefið samþykki sitt. Gildistaka breytinga, sem nefndin kann að gera á þessum starfsreglum, skal háð sömu málsmeðferð.

II. BÁLKUR
Umsjónarnefndin.[1)]

[1)] *Fastanefnd EFTA getur komið á fót undirnefndum til að sinna þessum verkefnum.*

32. gr.

Umsjónarnefndin ber ábyrgð á að aðstoða framkvæmdastjórnina við að undirbúa, stuðla að og fylgja eftir öllum formsatriðum og ráðstöfunum sem miða að því að koma þessari reglugerð ásamt viðbótarráðstöfunum í framkvæmd.

33. gr.

Umsjónarnefndin ber einkum ábyrgð á að:

a. koma á og bæta samvinnu milli þeirra yfirvalda sem hlut eiga að máli í aðildarríkjunum varðandi öll formsatriði í tengslum við frjálsa flutninga launþega og atvinnumál þeirra;
b. móta aðferðir við skipulag sameiginlegra aðgerða opinberra yfirvalda sem í hlut eiga;
c. auðvelda söfnun upplýsinga sem líklegar eru til að koma framkvæmdastjórninni að gagni og sem nota má í þeim könnunum og rannsóknum sem kveðið er á um í þessari reglugerð og hvetja stjórnsýsluaðila sem málið varðar til að skiptast á upplýsingum og miðla reynslu;
d. kanna formsatriði er varða samhæfingu viðmiðana sem aðildarríki nota til að meta stöðu vinnumarkaðarins.

34. gr.

1. Umsjónarnefndin skal skipuð fulltrúum ríkisstjórna aðildarríkjanna. Hver ríkisstjórn skal tilnefna í umsjónarnefndina einn af fulltrúum sínum í ráðgjafarnefndinni.

2. Sérhver ríkisstjórn skal tilnefna varamann úr hópi annarra fulltrúa – aðal- eða varamanna – í ráðgjafarnefndina.

35. gr.

Fulltrúi úr framkvæmdastjórninni eða varamaður hans skal vera formaður umsjónarnefndarinnar. Formaðurinn hefur ekki atkvæðisrétt. Formaðurinn og meðlimir nefndarinnar geta leitað ráða hjá sérfræðingum. Framkvæmdastjórnin skal sjá nefndinni fyrir skrifstofuþjónustu.

36. gr.

Tillögur og álitsgerðir umsjónarnefndarinnar skulu berast til framkvæmdastjórnarinnar og skal tilkynna það ráðgjafarnefndinni. Skrifleg greinargerð með álitsgerð einstakra nefndarmanna umsjónarnefndarinnar skal fylgja öllum tillögum og álitsgerðum fari þeir fram á það.

37. gr.

Umsjónarnefndin skal setja sér starfsreglur samkvæmt reglum um málsmeðferð sem skulu taka gildi þegar ráðið að fengnu áliti framkvæmdastjórnarinnar hefur gefið samþykki sitt. Gildistaka breytinga, sem nefndin kann að gera á þessum starfsreglum, skal háð sömu málsmeðferð.

IV. HLUTI
Bráðabirgða- og lokaákvæði.
I. BÁLKUR
Bráðabirgðaákvæði.

38. gr.

Þar til fastanefnd EFTA hefur komið á samræmda heildarkerfinu sem greint er frá í 2. mgr. 15. gr. skal samráðsskrifstofan koma með tillögur um leiðir sem líklegar eru til að koma að haldi við að semja og dreifa skýrslunum sem getið er í 1. mgr. 15. gr.

39. gr.

Reglur ráðgjafar- og umsjónarnefndarinnar um málsmeðferð, sem eru í gildi við gildistöku þessarar reglugerðar, eiga áfram við.

40. gr.

…

41. gr.

…

II. BÁLKUR
Lokaákvæði.

42. gr.

1. [1. mgr. gildir ekki.] Engu að síður skal þessi reglugerð ná til þeirra hópa launþega sem um getur í fyrstu undirgrein og til aðstandenda þeirra, að svo miklu leyti sem réttarstaða þeirra ræðst ekki af ofangreindum sáttmálum eða ráðstöfunum.

2. Reglugerð þessi skal ekki hafa áhrif á ráðstafanir sem gripið er til skv. 29. gr. EES-samningsins.

3. Reglugerð þessi skal ekki hafa áhrif á skuldbindingar EES-ríkjanna vegna:

– sérstakra sambanda eða komandi samninga við tiltekin lönd eða yfirráðasvæði utan Evrópu er byggjast á tengslum milli stofnana sem eru til staðar við gildistöku þessarar reglugerðar eða
– samninga sem eru í gildi við gildistöku þessarar reglugerðar við tiltekin lönd eða yfirráðasvæði utan Evrópu er byggjast á tengslum milli stofnana þeirra.

Launþegar frá slíkum löndum eða yfirráðasvæðum, sem í samræmi við þetta ákvæði stunda vinnu á yfirráðasvæði einhvers þessara EES-ríkja, geta ekki borið fyrir sig eða notið ákvæða þessarar reglugerðar á yfirráðasvæðum hinna EES-ríkjanna.

43. gr.

EFTA-ríkin skulu í upplýsingaskyni senda fastanefnd EFTA texta samkomulags, samninga eða samþykkta sem þau hafa gert sín á milli varðandi launþega á tímabilinu frá undirritun þeirra til gildistöku.

44. gr.

Framkvæmdastjórnin skal gera tilheyrandi ráðstafanir samkvæmt þessari reglugerð svo að hún komist til framkvæmdar. Hún skal í þessu skyni eiga náið samstarf við opinber stjórnvöld í aðildarríkjunum.

45. gr.

Framkvæmdastjórnin skal koma til ráðsins tillögum sem miða að því að afnema í samræmi við skilmála sáttmálans takmarkanir á aðgangi launþega sem eru ríkisborgarar aðildarríkjanna að vinnumarkaðinum í þeim tilvikum þar sem skortur á gagnkvæmri viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum eða öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi getur hindrað frelsi launþega til flutninga.

46. gr.

Stjórnsýsluútgjöld nefndanna, sem um getur í III. hluta, skulu talin með í þeim hluta fjárhagsáætlunar Evrópubandalagsins sem tilheyrir framkvæmdastjórninni.

47. gr.

Reglugerð þessi gildir fyrir yfirráðasvæði aðildarríkjanna og ríkisborgara þeirra, sbr. þó 2., 3., 10. og 11. gr.

48. gr.

…

VIÐAUKI[1)]

…

[1)] *Rg. 2434/92/EBE.*

III. KAFLI

Innleiðing og gildistaka.

23. gr.

Lög þessi eru sett m.a. til innleiðingar á tilskipun 2004/38/EB, um rétt ríkisborgara ríkja Evrópusambandsins og fjölskyldna þeirra til frjálsrar farar og dvalar innan svæðisins, sem vísað er til í V. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 158/2007.

24. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 2008.

1225. Þingsályktun [534. mál]

um framkvæmdaáætlun í barnaverndarmálum fram til næstu sveitarstjórnarkosninga árið 2010.

(Afgreidd frá Alþingi 29. maí.)

Alþingi ályktar, sbr. 3. mgr. 5. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002, að eftirfarandi framkvæmdaáætlun í barnaverndarmálum skuli gilda fyrir árið 2008 og fram til sveitarstjórnarkosninga árið 2010.

1. Inngangur.

Félags- og tryggingamálaráðherra og Barnaverndarstofa skulu vinna samkvæmt þeirri framkvæmdaáætlun sem hér er sett fram með það að markmiði að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega og árangursríka aðstoð. Í því augnamiði skal ráðuneytið og Barnaverndarstofa hafa eftirtalin fimm meginmarkmið að leiðarljósi:

1. Að efla barnaverndarstarf á vegum félags- og tryggingamálaráðuneytis.
2. Að efla barnaverndarstarf á vegum Barnaverndarstofu.

3. Að efla þjónustu Barnaverndarstofu.
4. Að bæta hæfni, getu og þekkingu starfsfólks Barnaverndarstofu og þeirra sem starfa á vegum stofnunarinnar.
5. Að hámarka nýtingu og virðisauka fjármuna sem lagðir eru til stofnunarinnar.

Áætlunin skiptist niður í eftirfarandi þætti:

2. Aðgerðir til eflingar barnaverndarstarfi á vegum félags- og tryggingamálaráðuneytisins.

Til að efla barnaverndarstarf á vegum félags- og tryggingamálaráðuneytisins skal unnið að því að tryggja nauðsynlegt fjármagn til málaflokksins, að unnið sé að þróun löggjafar á sviði barnaverndar og skal félags- og tryggingamálaráðuneytið vinna reglubundið í samstarfi við Barnaverndarstofu að þróun málaflokksins og að því að tryggja samráð og samvinnu við önnur ráðuneyti sem sinna málefnum barna.

3. Aðgerðir til eflingar barnaverndarstarfi á vegum Barnaverndarstofu.

Til að efla barnaverndarstarf skal Barnaverndarstofa vinna að því að greina úrlausnarefni á málefnasviðinu, fylgjast með þróun málaflokksins og leggja reglubundið fram tillögur til endurbóta við félags- og tryggingamálaráðuneytið og í kjölfarið taka þátt í framkvæmd þeirra.

Í tengslum við þetta skulu sett starfsmarkmið og skulu verkefni sem unnin eru á grundvelli þeirra m.a. vera eftirfarandi:

Rannsóknarverkefni.

Rannsókn á framburði barna sem koma í Barnahús vegna gruns um kynferðislegt ofbeldi.
Athugun á líkamlegu ofbeldi gegn börnum á Íslandi.
Athugun á samstarfi við 112 um móttöku tilkynninga.
Athugun á fjölda tilkynninga sem leiða til könnunar máls hjá barnaverndarnefndum.
Athugun á vímuefnaneyslu og greiningum barna á Stuðlum.
Rannsóknasetur í barna- og fjölskylduvernd.

Þróunarverkefni.

Notkun viðurkenndra matslista.
Gæðastaðlar um vistun barna utan heimilis.
Eftirlit með vistun barna utan heimilis.
Skilgreiningar- og flokkunarkerfi í barnavernd.
Úrræði vegna þungaðra kvenna sem stofna heilsu og lífi ófæddra barna í hættu.
Viðbragðsteymi vegna dauðsfalla barna.

Erlent samstarf.

Fyrirhugað er að halda á Íslandi árið 2008 ráðstefnuna „Börn og vanræksla: Þarfir – skyldur – ábyrgð“ sem hluta af norrænu samstarfi um málefni barna.
Norræn barnaverndarráðstefna í Kaupmannahöfn árið 2009.

Saga barnaverndarstarfs á Íslandi.

4. Efling þjónustu og verklags.

Stefnt skal að því að efla þjónustu Barnaverndarstofu þannig að hún verði markvissari, aðgengilegri og skjótari og ávallt í samræmi við þarfir barna og fjölskyldna þeirra á hverjum tíma. Þetta á við um ráðgjöf, fræðslu, eftirlit og rekstur heimila og stofnana á vegum stofnunarinnar. Tryggt skal að jafnræði ríki gagnvart þeim sem stofnunin hefur samskipti við.

Í tengslum við þetta skulu sett starfsmarkmið og skulu verkefni sem unnin eru á grundvelli þeirra m.a. vera eftirfarandi:

Ný meðferðarúrræði.
Fjölþáttameðferð.
Fjölþáttameðferðarfóstur.
Foreldrafærniþjálfun.
Meðferð fyrir unga gerendur í kynferðisbrotamálum.

Sérhæft framhaldsnámskeið fyrir fósturforeldra.

Reiðistjórnun.

Árangursmat.
Mat á árangri meðferðarheimila.
Mat á árangri Barnahúss.

Skjalastjórnun og tölfræði.
Handbók um skjalastjórnun og skráningu.
Endurbætur á tölfræði um barnavernd.

1226. Þingsályktun [535. mál]

um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda.

(Afgreidd frá Alþingi 29. maí.)

Samhljóða þskj. 836.

1227. Lög [387. mál]

um breytingu á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 29. maí.)

Samhljóða þskj. 974 með þessum breytingum:

8. gr. hljóðar svo:
Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „2. og 4. mgr. 8. gr.“ í 1. mgr. kemur: 2. og 5. mgr. 8. gr.

b. 3. málsl. 1. mgr. verður svohljóðandi: Þegar foreldri hefur töku fæðingarorlofs fyrir fæðingardag barns, sbr. 2. mgr. 8. gr., 11. gr. og 4. mgr. 17. gr., skal þó miða við þann dag er foreldrið hefur fæðingarorlof að því er það foreldri varðar.

c. 2. mgr. verður svohljóðandi:

Mánaðarleg greiðsla Fæðingarorlofssjóðs til starfsmanns, sbr. 2. mgr. 7. gr., í fæðingarorlofi skal nema 80% af meðaltali heildarlauna og skal miða við tólf mánaða samfellt tímabil sem lýkur sex mánuðum fyrir fæðingardag barns eða þann dag sem barn kemur inn á heimili við frumættleiðingu eða töku í varanlegt fóstur. Til launa teljast hvers konar laun og aðrar þóknanir samkvæmt lögum um tryggingagjald sem og greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði, greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði, sjúkra- og slysadagpeningar, greiðslur úr sjúkrasjóðum stéttarfélaga, bætur frá tryggingafélagi vegna tímabundins atvinnutjóns eða tekjutengdar greiðslur skv. III. kafla laga um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, sbr. a–e-liði 2. mgr. 13. gr. a. Þegar um er að ræða greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði, Atvinnuleysistryggingasjóði, sjúkrasjóði stéttarfélags, bætur frá tryggingafélagi vegna tímabundins atvinnutjóns eða tekjutengdar greiðslur skv. III. kafla laga um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna á viðmiðunartímabili skal taka mið af þeim viðmiðunartekjum sem þær greiðslur miðuðust við og skal aldrei taka mið af hærri fjárhæð en nemur þeim viðmiðunartekjum enda þótt foreldri hafi fengið mismuninn milli þessara greiðslna og viðmiðunartekna bættan samhliða greiðslunum. Einungis skal miða við meðaltal heildarlauna fyrir þá mánuði á viðmiðunartímabili sem foreldri hefur verið á innlendum vinnumarkaði, sbr. einnig 2. mgr. 13. gr. a. Aldrei skal þó miða við færri mánuði en fjóra við útreikning á meðaltali heildarlauna.

d. 5. mgr. verður svohljóðandi:

Mánaðarleg greiðsla Fæðingarorlofssjóðs til sjálfstætt starfandi einstaklings, sbr. 3. mgr. 7. gr., skal nema 80% af meðaltali reiknaðs endurgjalds sem greitt hefur verið tryggingagjald af og skal miða við tekjuárið á undan fæðingarári barns eða því ári er barn kemur inn á heimili við frumættleiðingu eða töku í varanlegt fóstur. Að öðru leyti gilda ákvæði 2.–4. mgr. eins og við getur átt.

e. Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ tvívegis í 7. mgr. kemur: félags- og tryggingamálaráðherra.

f. Á eftir 2. málsl. 9. mgr. bætist við nýr málsliður, svohljóðandi: Eingöngu skulu greiðslur frá vinnuveitanda sem ætlaðar eru fyrir það tímabil sem foreldri er í fæðingarorlofi koma til frádráttar greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði.

g. Í stað „9. mgr. 19. gr.“ í 10. mgr. kemur: 12. mgr. 19. gr.

h. Í stað orðanna „áætlaðan fæðingardag“ í 10. mgr. kemur: fæðingardag.

i. Í stað 11. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Þegar foreldri hefur starfað á innlendum vinnumarkaði a.m.k. síðasta mánuðinn á ávinnslutímabili skv. 1. mgr. skal Vinnumálastofnun, að því marki sem nauðsynlegt er, taka tillit til starfstímabila þess sem starfsmanns eða sjálfstætt starfandi einstaklings í öðru aðildarríki að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, Norðurlandasamningnum um almannatryggingar, stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða samningi milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar á ávinnslutímabilinu enda hafi störf foreldris veitt foreldrinu rétt samkvæmt lögum þess ríkis um fæðingarorlof. Skilyrði er að foreldri hafi hafið störf á innlendum vinnumarkaði innan tíu virkra daga frá því að það hætti störfum á vinnu-

markaði í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, í öðru Norðurlandaríki, í öðru EFTA-ríki eða í Færeyjum. Foreldri skal láta tilskilin vottorð um áunnin starfstímabil og tryggingatímabil í öðru ríki í samræmi við ákvæði samninganna fylgja með umsókn um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði skv. 15. gr.

Félags- og tryggingamálaráðherra er heimilt að kveða í reglugerð nánar á um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði, svo sem um mat á starfshlutfalli sjálfstætt starfandi einstaklinga, rétt þeirra sem gegna störfum á innlendum vinnumarkaði sem eru undanskilin greiðslu tryggingagjalds lögum samkvæmt, rétt þeirra sem hafa starfað í öðrum aðildarríkjum að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. einnig gerðir sem felldar hafa verið undir VI. viðauka samningsins, aðildarríkjum að Norðurlandasamningnum um almannatryggingar, stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða samningi milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar og hvaða greiðslna frá vinnuveitendum heimilt sé að taka tillit til við útreikninga skv. 9. mgr.

11. gr. hljóðar svo:

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. verður svohljóðandi: Vilji foreldri hefja fæðingarorlof fyrir áætlaðan fæðingardag, sbr. 2. mgr. 8. gr., ber því að tilkynna það Vinnumálastofnun þremur vikum fyrir fyrirhugaðan upphafsdag fæðingarorlofs.

b. 2. mgr. verður svohljóðandi:

Umsóknin skal vera skrifleg á þar til gerðu eyðublaði og skal fylgja henni afrit af tilkynningum um fæðingarorlof skv. 9. gr. sem foreldrar hafa fengið samþykktar hjá vinnuveitendum sínum þar sem fram kemur fyrirhugaður upphafsdagur, lengd og tilhögun fæðingarorlofs hvors foreldris fyrir sig. Þegar foreldri er sjálfstætt starfandi einstaklingur skal það tekið fram í umsókninni og tilgreint um fyrirhugaðan upphafsdag, lengd og tilhögun fæðingarorlofs. Umsóknin skal undirrituð af foreldrum, enda fari þeir báðir með forsjá barnsins. Skal forsjárlaust foreldri undirrita umsókn uppfylli það skilyrði 7. mgr. 8. gr. Gildir hið sama þótt annað foreldrið sé utan vinnumarkaðar eða í námi, sbr. 2. mgr. 1. gr., en skal þess getið í umsókn sé jafnframt sótt um fæðingarstyrk fyrir það foreldri skv. VI. kafla.

c. Í stað orðanna „vegna tekjuára“ í 3. mgr. kemur: vegna viðmiðunartímabila.

d. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður svohljóðandi: Samþykki umsækjanda þarf fyrir öflun gagnanna.

e. 5. mgr. verður svohljóðandi:

Þegar foreldri getur ekki tekið fæðingarorlof á þeim tíma er það tilkynnti Vinnumálastofnun um skv. 2. mgr. vegna ófyrirsjáanlegra ástæðna ber foreldri að tilkynna Vinnumálastofnun skriflega um breytinguna á þar til gerðu eyðublaði. Vinnuveitandi foreldris skal staðfesta samþykki sitt um breytingu á tilhögun fæðingarorlofs foreldris með undirritun sinni.

1228. Frumvarp til laga [579. mál]

um breytingu á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 29. maí.)

1. gr.

Við 67. gr. laganna bætast fjórar nýjar málsgreinar, 2.–5. mgr., svohljóðandi:

Leggja skal á gjald að fjárhæð 15.000 kr. sem eigandi (umráðamaður) ökutækis skal greiða við almenna skoðun og endurskoðun hafi ökutæki ekki verið fært til skoðunar og endurskoðunar á réttum tíma samkvæmt þeim reglum um skoðun ökutækja sem ráðherra setur með stoð í 1. mgr.

Heimilt er að lækka gjaldið um allt að 50% verði það greitt innan tiltekins frests eftir að það er lagt á. Einnig má hækka gjaldið um allt að 100% verði það ekki greitt við skoðun eða endurskoðun, sé þess krafist. Gjaldið getur að hámarki orðið 30.000 kr.

Gjaldið nýtur lögveðs í viðkomandi ökutæki með sama hætti og gjald skv. a–f-lið 1. mgr. 108. gr., sbr. 2. mgr. 109. gr., en fellur þó ekki niður við eigendaskipti. Um fullnustuaðgerðir vegna innheimtu gjaldsins fer eftir 3. og 4. mgr. 109. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari reglur um álagningu og innheimtu gjaldsins, þar á meðal um frest varðandi lækkun gjalds, sbr. 3. mgr., og hver skuli annast innheimtu þess sé það ekki greitt við skoðun. Ráðherra er heimilt að fela öðru stjórnvaldi innheimtu gjalds í vanskilum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 108. gr. laganna:

a. G-liður 1. mgr. fellur brott.
b. Skammstöfunin „o.fl.“ í fyrirsögn greinarinnar fellur brott.

3. gr.

Lokamálsliður 1. mgr. 109. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 2008.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði 2.–5. mgr. 67. gr. laganna gilda ekki um ökutæki sem færa skal til skoðunar fyrir 1. október 2008.

1229. Framhaldsnefndarálit [515. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 90/2003, um tekjuskatt, lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, og lögum nr. 86/2007, um skattlagningu kaupskipaútgerðar, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og skattanefnd.

Málinu var vísað til nefndarinnar að lokinni 2. umræðu og hefur hún fjallað um málið á ný og fengið á sinn fund Maríönnu Jónasdóttur og Ingibjörgu Helgu Helgadóttur, Jónu Björk Guðnadóttur, Braga Gunnarsson og Stefán H. Stefánsson frá Samtökum fjármálafyrirtækja.

Nefndin fjallaði um tvö atriði frumvarpsins eins og það er eftir 2. umræðu, annað varðar skattalega meðferð gengishagnaðar og gengistaps en hitt varðar skattalega meðferð gengishagnaðar af hlutdeildarskírteinum sem skráð eru í erlendum gjaldmiðli.

Eftir vandaða skoðun telur nefndin að um afturvirkni skattalaga kunni að vera að ræða og að eðlilegt sé að þær greinar frumvarpsins sem varða skattalega meðferð gengisbreytinga, sbr. a-lið 1. gr. og 3. gr., taki gildi 1. janúar 2009 og komi til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 2010. Með hliðsjón af hagsmunum atvinnulífsins sem gerð er grein fyrir í fyrra áliti nefndarinnar leggur hún jafnframt til að við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða sambærilegt við það sem sett var með lögum nr. 48/2006. Í ákvæðinu felst að heimilt verður að dreifa gengishagnaði rekstraráranna 2007 og 2008 jafnt á þrjú rekstrarár að greindum skilyrðum. Heimildin tekur ekki til fjármálafyrirtækja.

Í tilefni af ítarlegum athugasemdum Samtaka fjármálafyrirtækja tók nefndin á ný til vandaðrar skoðunar þá breytingu sem hún lagði til við 2. umræðu málsins og varðar skattalega meðferð gengishagnaðar af hlutdeildarskírteinum.

Við þá skoðun kom í ljós að skattframkvæmdin, eins og yfirskattanefnd hafði úrskurðað um í apríl sl., nær betur því markmiði að tryggja jafnræði milli sparnaðarforma á gjaldeyrisreikningum og hlutdeildarskírteinum í erlendri mynt þegar kemur að staðgreiðslu skatta. Því leggur nefndin til að fyrri breyting verði felld úr gildi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 29. maí 2008.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Ellert B. Schram.	Bjarni Benediktsson.
Gunnar Svavarsson.	Magnús Stefánsson.	Ragnheiður E. Árnadóttir.
Lúðvík Bergvinsson.	Paul Nikolov.	Jón Bjarnason.

1230. Breytingartillögur [515. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 90/2003, um tekjuskatt, lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, og lögum nr. 86/2007, um skattlagningu kaupskipaútgerðar, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og skattanefnd.

1. Við 1. gr. B-liður falli brott.
2. Við 9. gr.
   a. Í stað orðsins „álagningu“ í b-lið komi: ákvörðun.
   b. Við bætist nýr liður, svohljóðandi:

      c. (III.)

      Frá tekjuskattsstofni skv. 2. tölul. og b-lið 3. tölul. 61. gr. vegna rekstrarársins 2007 er heimilt að draga fjárhæð gengishagnaðar umfram gengistap af hvers konar eignum og skuldum í erlendum verðmæli, sbr. 5. tölul. 1. mgr. 8. gr. og 4. tölul. 1. mgr. 49. gr., sem nemur allt að þeirri fjárhæð sem tekjuskattur hefði reiknast af á árinu 2008 vegna rekstrarársins 2007 og dreifa þeirri fjárhæð jafnt á rekstrarárin 2007, 2008 og 2009 til skattlagningar á álagningarárunum 2008, 2009 og 2010. Frestun tekjufærslu samkvæmt þessari málsgrein kemur því aðeins til greina að yfirfæranlegt tap hafi verið jafnað að fullu og að eigi hafi verið nýttar hlutfallslega lægri fyrningar skv. 37. gr. og niðurfærslur skv. 3. og 4. tölul. 31. gr. á rekstrarárinu 2007 en rekstrarárið 2006.

      Frá tekjuskattsstofni skv. 2. tölul. og b-lið 3. tölul. 61. gr. vegna rekstrarársins 2008 er heimilt að draga fjárhæð gengishagnaðar umfram gengistap af hvers konar eignum og skuldum í erlendum verðmæli, sbr. 5. tölul. 1. mgr. 8. gr. og 4. tölul. 1. mgr. 49. gr., sem nemur allt að þeirri fjárhæð sem tekjuskattur hefði reiknast af á árinu 2009 vegna rekstrarársins 2008 og dreifa þeirri fjárhæð jafnt á rekstrarárin 2008, 2009 og 2010 til skattlagningar á álagningarárunum 2009, 2010 og 2011. Frestun tekjufærslu samkvæmt þessari málsgrein kemur því aðeins til greina að yfirfæranlegt tap hafi verið jafnað að fullu og að eigi hafi verið nýttar hlutfallslega lægri fyrningar skv. 37. gr. og niðurfærslur skv. 3. og 4. tölul. 31. gr. á rekstrarárinu 2008 en rekstrarárið 2007.

      Félag sem tekur þátt í samsköttun skv. 55. gr. getur því aðeins frestað tekjufærslu skv. 1. og 2. mgr. að samnýtanlegt rekstrartap samsköttunarfélaganna hafi verið jafnað.

      Heimild til frestunar tekjufærslu skv. 1. og 2. mgr. tekur ekki til fjármálafyrirtækja sem stunda starfsemi sem fellur undir 2. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.
3. Við 10. gr. Greinin falli brott.
4. Við 12. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo:

      Ákvæði 1. og 3. gr. öðlast gildi 1. janúar 2009 og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 2010.
   b. Í stað orðanna „b-liðar 1. gr., 5., 7. og 10. gr.“ í 5. mgr. komi: 5. og 7. gr.

c. Í stað orðanna „Ákvæði 8. og 11. gr. öðlast gildi 1. janúar 2008“ í 6. mgr. komi: Ákvæði 8. og 10. gr. öðlast þegar gildi.

5. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo: Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum, og lögum nr. 86/2007, um skattlagningu kaupskipaútgerðar.

1231. Breytingartillaga [520. mál]

við frv. til l. um Landeyjahöfn.

Frá Steinunni Valdísi Óskarsdóttur.

Við 2. mgr. 3. gr. bætist tveir nýir málsliðir svohljóðandi: Notendum hafnarinnar er heimilt að skjóta ákvörðunum Siglingastofnunar, öðrum en gjaldskrárákvörðunum, til samgönguráðherra. Um málsmeðferð fer samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

1232. Lög [432. mál]

um breytingu á nokkrum lögum á auðlinda- og orkusviði.

(Afgreidd frá Alþingi 29. maí.)

Samhljóða þskj. 1167.

1233. Lög [384. mál]

um breytingu á samkeppnislögum, nr. 44/2005, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 29. maí.)

Samhljóða þskj. 1188.

1234. Innheimtulög. [324. mál]

(Afgreidd frá Alþingi 29. maí.)

Samhljóða þskj. 1189.

1235. Lög [539. mál]

um breyting á lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 64/2006.

(Afgreidd frá Alþingi 29. maí.)

Samhljóða þskj. 1191.

1236. Lokafjárlög [500. mál]

fyrir árið 2006.

(Afgreidd frá Alþingi 29. maí.)

Samhljóða þskj. 794.

1237. Þingsályktun [519. mál]

um viðauka við fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2007–2010.

(Afgreidd frá Alþingi 29. maí.)

Samhljóða þskj. 820 með þessari breytingu:

Liður 4.1.4. hljóðar svo:

4.1.4 Almenningssamgöngur				
1. Ferjur og flóabátar	697	700		900
1. Áætlunarferjur	662	680	870	
2. Viðhald ferja	35	20	30	
2. Sérleyfi á landi	210	210		210
3. Áætlunarflug	280	280		280
Almenningssamgöngur samtals:	**908**	**1.187**	**1.190**	**1.390**

1238. Svar [632. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Valgerðar Sverrisdóttur um skráningu samheitalyfja.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Eru uppi áform um að tengja skráningu samheitalyfja á Íslandi við skráningu þeirra á Norðurlöndum?

Á fundi heilbrigðisráðherra Norðurlanda um lyfjamál sem haldinn var í tengslum við þing Norðurlandaráðs í Ósló 1. nóvember sl. flutti heilbrigðisráðherra tillögu um sameiginlegan markað lyfja og annarrar heilbrigðisþjónustu á Norðurlöndum og var tillagan samþykkt. Á fundinum greindi ráðherra frá hugmyndum sínum og lagði til að Norðurlöndin samþykktu að setja á stofn sérfræðinganefnd með fulltrúum frá hverju landi sem fengi það hlutverk að kanna möguleika á nánara samstarfi um markaðsleyfi fyrir lyf og opnun lyfjamarkaðs landanna. Markmið er meðal annars að freista þess að auka viðskipti með lyf landa á milli með sérstakri áherslu á að styrkja minnstu markaðssvæði EES. Í framhaldi af fundinum var settur á laggirnar starfshópur undir formennsku Íslands til að kanna forsendur fyrir sameiginlegum norrænum lyfjamarkaði.

Starfshópurinn kom saman í fyrsta skipti á Íslandi 8. janúar sl. og ræddi þá möguleika sem eru á opnun lyfjamarkaðarins og þá sérstaklega þá möguleika sem felast í samvinnu um útgáfu markaðsleyfa fyrir lyf. Jafnframt var ákveðið að setja af stað reynsluverkefni Íslands og Svíþjóðar um samvinnu við að veita markaðsleyfi fyrir lyf með gagnkvæmri viðurkenningu (Mutual Recognition and Decentralised Procedure) en þar er verið opna möguleika sem bundnar eru miklar vonir við. Þetta samstarf Íslands og Svíþjóðar gerir ráð fyrir því að íslensk stjórnvöld samþykki mat Svía á umsókninni. Samvinnan felst í því að þegar Svíþjóð er svokallað viðmiðunarland (Reference Member State) og heldur utan um umsóknina um markaðsleyfi fyrir lyf í fleiri löndum, þá er samtímis óskað eftir því við lyfjafyrirtækin að Íslandi verði bætt við í ferilinn. Nú þegar hafa verið til skoðunar 58 umsóknir með gagnkvæmri viðurkenningu þar sem Svíþjóð er viðmiðunarland. Ísland er með í 15 umsóknum, ekki með í fimm en beðið er eftir svörum um 38 umsóknir. Þá hafa Svíar enn fremur lækkað gjöld sín þegar lyf fer í svo nefndan endurtekinn feril, (repeat Mutual Recognition Procedure), í þeim tilvikum þar sem þeir eru viðmiðunarland og Ísland er eina þátttöku landið í umsóknarferlinum auk Svíþjóðar.

Svarið við fyrirspurninni er því já að hluta, því í þessu tilraunaverkefni með Svíum eru það að sjálfsögðu einnig samheitalyf sem bætt er í ferilinn þegar Svíþjóð er viðmiðunarland. Þá geta lyfjafyrirtækin haft frumkvæði að því að leita að samheitalyfjum á sænska markaðnum og óska eftir endurteknum ferli ef lyfið er skráð með gagnkvæmri viðurkenningu og Svíar eru viðmiðunarland.

Eins og áður segir eru bundnar vonir við að samstarf Íslands og Svíþjóðar og fyrsta skref í opnun norræna lyfjamarkaðarins leiði til víðtækra sameiginlegra skráninga samheitalyfja sem og annarra lyfja á Norðurlöndum og öðrum löndum EES.

1239. Svar [623. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Valgerðar Sverrisdóttur um vottað gæðakerfi í heilbrigðisþjónustu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hyggst ráðherra koma á vottuðu gæðakerfi í heilbrigðisþjónustu til að auka öryggi sjúklinga og draga úr hættu á læknamistökum?

Hér er um afar umfangsmikið mál að ræða en fyrirtæki í margvíslegum rekstri eru með vottuð gæðakerfi, enda er talið að það auki gæði og geri starfsemina gagnsærri, samfelldari og einsleitari. Heilbrigðisstofnanir eru flóknar og þar er mikil krafa um gæði og öryggi þjónustu sem brýnt er að tryggja. Allt sem getur stuðlað að því er til bóta og vottuð gæðakerfi eru einn þáttur í því. Hins vegar er ljóst að mikil vinna er fólgin í því að koma á fót vottuðum gæðakerfum, vinna sem krefst mikils tíma, fjármagns og mannafla. Því þarf að huga vel að forgangsröðun verkefna varðandi vottun í heilbrigðisþjónustu.

Við þá forgangsröðun þarf einkum að hafa í huga mikilvægi starfsemi sem lýtur að öryggi sjúklinga. Eitt slíkt verkefni er að rafræn skráningakerfi séu vottuð þannig að tryggja megi öryggi, gæði og samræmda skráningu. Nefna má sem dæmi mikilvægi þess að upplýsingar um lyfjaávísanir, ofnæmi, rannsóknarniðurstöður og sjúkdómsgreiningar séu skráðar með réttum og samræmdum hætti og tiltækar þeim sem sinna sjúklingum þegar á þarf að halda.

Samkvæmt 11. gr. laga um landlækni, nr. 41/2007, skal landlæknir gera áætlun um gæðaþróun innan heilbrigðisþjónustu. Heilbrigðisstofnanir og heilbrigðisstarfsmenn skulu við gerð gæðaáætlana taka mið af áætlun landlæknis um gæðaþróun. Þess ber að geta að árið 2007 gáfu landlæknisembættið og heilbrigðisráðuneytið út stefnumörkun heilbrigðisyfirvalda í gæðamálum til ársins 2010. Þar má finna 34 markmið sem öll lúta að því að auka gæði og öryggi þjónustunnar. Því þarf að vinna á mörgum sviðum samtímis til að tryggja gæðin og engin ein aðgerð er til sem dugar til þess.

Samkvæmt upplýsingum frá Landlæknisembættinu eru eftirfarandi aðilar með einhvers konar vottun eða faggildingu:

Landspítali – háskólasjúkrahús:

- Blóðbankinn – vottað gæðakerfi fyrir blóðsöfnunarhluta starfseminnar.
- Veirufræðideild – með viðurkenningu frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni.
- Starfsemi eldhúss – með faggildingu.
- Allar deildir upplýsingatæknisviðs eru með ISO-vottun 27001 (Upplýsingatækni – Öryggistækni – Stjórnkerfi upplýsingaöryggis – Kröfur).
- Sýklafræðideild – vottun í vinnslu í samstarfi við BSI.
- Enn fremur eru ýmsar stoðdeildir spítalans að huga að vottun, svo sem apótekið.

Sjúkrahúsið á Akureyri:

Ekki er nein starfsemi vottuð af utanaðkomandi aðila fyrir utan blóðbankaþjónustu. Verið er að vinna að uppsetningu gæðakerfis sem er byggt upp með þeim hætti að það geti fengið ISO 9001 vottun.

Rafræn sjúkraskrá.

Árið 2001 var gefin út kröfulýsing sem heilbrigðisráðuneytið setti fram fyrir rafræn sjúkraskrárkerfi. Almenna kröfulýsingin lýsir almennum kröfum um sjúkraskrárkerfi, eins

og hvernig uppbyggingu gagna skuli háttað í sjúkraskrám, gagnaöryggi og upplýsingaflæði. Samkvæmt kröfulýsingunni þurfa rafræn sjúkraskrárkerfi að styðja við lög og reglur um sjúkraskrá og standast kröfur landlæknis um lágmarksskráningu heilbrigðisupplýsinga. Þau þurfa einnig að styðja við staðlaða skráningu með gildandi flokkunarkerfum, þannig að hægt sé að viðhafa virkt eftirlit með gæðum, umfangi og árangri heilbrigðisþjónustunnar. Rafræn sjúkraskrárkerfi skulu einnig, þar sem þörf er á, halda við aðgátslistum og geta gert viðvaranir þegar nauðsyn krefur, t.d. um aukaverkanir og víxlverkanir lyfja. Kröfulýsingin hefur ekki öðlast lagalegt gildi.

Mikilvægi þess að kröfulýsing um rafræn sjúkraskrárkerfi komist í reglugerð er ljóst, en það er almennt viðurkennt að rafræn sjúkraskrá geti aukið öryggi og gæði innan heilbrigðisþjónustunnar og dregið úr hættu á mistökum með bættu aðgengi að upplýsingum, aukinni samfellu í þjónustu, innbyggðum gæðastöðlum og viðvörunum svo fátt eitt sé nefnt. Ráðherra hefur sem kunnugt er lagt fram frumvarp til laga um sjúkraskrár (635. mál) þar sem lagastoð fæst fyrir slíkri reglugerð.

Í 25. gr. frumvarpsins segir eftirfarandi:

„Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um færslu rafrænna sjúkraskráa, varðveislu þeirra, aðgang að þeim, aðgangsstýringu og aðgangstakmarkanir í samræmi við ákvæði laga þessara. Ráðherra skal jafnframt með reglugerð kveða á um tæknikröfur og staðla sem rafræn sjúkraskrárkerfi, þar á meðal sameiginleg sjúkraskrárkerfi, verða að uppfylla. Reglugerð ráðherra skal taka mið af rétti sjúklinga samkvæmt ákvæðum laga þessara við færslu sjúkraskráa og til að takmarka aðgang að sjúkraskrá sinni. Um öryggi persónuupplýsinga í rafrænu sjúkraskrárkerfi fer samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og reglum Persónuverndar um öryggi persónuupplýsinga.“

Í 7. kafla í athugasemdum við lagafrumvarpið segir eftirfarandi.

„Með rafrænni sjúkraskrá og rafrænum sjúkraskrárkerfum verða persónulegar upplýsingar sjúklings aðgengilegri þeim sem aðgang hafa að sjúkraskrám í rafrænu sjúkraskrárkerfi auk þess sem fjöldi þeirra sem möguleika eiga á aðgangi eykst. Hætta á misnotkun verður því umtalsvert meiri. Ýmsar annarlegar hvatir gætu freistað þeirra sem aðgang hafa að slíkum kerfum til að misnota aðstöðu sína. Nauðsynlegt er því að tryggja eins og framast er unnt að slík misnotkun eigi sér ekki stað en í því sambandi er mikilvægt að ábyrgð heilbrigðisstarfsmanna og annarra sem hafa aðgang að sjúkraskrám sé skýr sem og að réttur sjúklings til friðhelgi einkalífs og trúnaðar heilbrigðisupplýsinga sé ávallt virtur. Upplýsingakerfin þurfa að vera þannig hönnuð að auðvelt sé að veita heilbrigðisstarfsmönnum mismunandi aðgang að mismunandi upplýsingum og allt eftirlit með notendum auðvelt, þjónusta við kerfin þarf að tryggja varðveislu gagna og öryggi gegn utanaðkomandi árásum og allir stjórnendur þurfa að viðhafa skilvirkt eftirlit.

Íslenskur ISO-staðall um stjórnun upplýsingaöryggis, ÍST ISO/IEC 17799:2005 tók gildi árið 2006 [uppfærsla frá eldri staðli sem tók gildi árið 2001]. Staðallinn er alþjóðlegur og samkvæmt honum felst upplýsingaöryggi meðal annars í varðveislu á eftirfarandi:

– Trúnaði – upplýsingar eiga eingöngu að vera aðgengilegar þeim sem hafa til þess tilskilin leyfi og aðgangsheimild.
– Aðgengi – aðgangur þarf að vera tryggður hvar og hvenær sem þörf er á.
– Réttmæti – gæði upplýsinganna eru tryggð, réttar og nákvæmar upplýsingar, engu breytt eða eytt án tilskilinnar heimildar.
– Ábyrgð – rekjanleiki upplýsinga, þ.e. hver opnar sjúkraskrá, hvaða sjúkraskrá, hvar, hvenær og hvað?

Staðlar þurfa að vera þannig fram settir að þeir stuðli að þróun og nýrri þekkingu, en tryggi jafnframt öryggi upplýsinga og hindri misnotkun.“

Samninganefnd heilbrigðisráðherra.

Samninganefnd heilbrigðisráðherra hefur hingað til ekki gert kröfur um vottuð gæðakerfi í þeim samningum sem hún hefur gert um heilbrigðisþjónustu. Hins vegar hefur nefndin jafnan gert kröfur um ákveðin lágmarksgæði og um að farið sé að öllum opinberum reglum þar að lútandi. Dæmi um slíkt er meðfylgjandi lýsing um kröfur til verksala:

„Verksali skal uppfylla allar opinberar kröfur um faglega þjónustu, rekstur og eftirlit. Hann skal stunda góðan rannsóknastofurekstur í samræmi við alþjóðlega staðla. Hann skal halda skrár yfir öll efni, sem mæld eru á rannsóknastofunni og þær rannsóknaaðferðir, sem eru í notkun. Jafnframt ber honum að stunda innra gæðaeftirlit, sem gert sé með mælingum og tölfræðilegum útreikningum á eftirlitssýnum (kontrólsýnum). Þá ber honum að taka þátt í viðurkenndu ytra gæðamati og skal fjöldi mældra efna og tíðni mælinga vera í samræmi við það sem tíðkast hjá álíka stórum viðurkenndum erlendum rannsóknastofum. Verksali skal senda yfirlit um niðurstöður úr ytra gæðamati til eftirlitsnefndar skv. 9. gr. tvisvar á ári … Þegar verksali hefur lokið rannsókn sinni, skulu læknum sjúklinganna sendar niðurstöður rannsókna á viðurkenndan öruggan hátt eins og við á hverju sinni …“

Sjúkratryggingastofnun.

Í 45. gr. frumvarps til laga um sjúkratryggingar sem nú liggur fyrir Alþingi (613. mál) segir svo um gæði og eftirlit:

„Sjúkratryggingastofnunin skal hafa eftirlit með starfsemi samningsaðila sem miðar að því að tryggja að tegundir, magn, gæði, kostnaður og árangur þjónustu sé í samræmi við gerða samninga. Stofnunin skal hafa samráð við landlækni um fyrirkomulag og framkvæmd eftirlits.

Sjúkratryggingastofnunin getur ákveðið að setja í samninga ákvæði sem ætlað er að stuðla að gæðum og árangri þjónustunnar, m.a. um gæðastjórnunarkerfi og vottun þeirra, faggildingu, árangursmælingar og upplýsinga- og skýrslugjöf.“

Í athugasemdum við greinina segir m.a.:

„Afar mikilvægt er að stofnunin hafi öflugt eftirlit með því að tegundir, magn, gæði, kostnaður og árangur þjónustu sé í samræmi við gerða samninga, enda er slíkt ein forsenda þess að almenningur njóti heilbrigðisþjónustu af réttum gæðum. Samkvæmt lögum um landlækni er eitt af hlutverkum hans að hafa eftirlit með því að heilbrigðisþjónusta uppfylli faglegar lágmarkskröfur og ákvæði heilbrigðislöggjafar. Mikilvægt er að sjúkratryggingastofnunin og landlæknir samræmi eftirlit sitt til að koma í veg fyrir skörun og tvíverknað. Sjúkratryggingastofnunin getur í samningum sínum gert meiri kröfur en landlæknir, þar sem eftirlit hans beinist einungis að því að lágmarkskröfur séu uppfylltar, en mikilvægt er að stofnunin byggi á aðferðum landlæknis í þeim mæli sem unnt er.

Mikilvægt er að ytra eftirlit sjúkratryggingastofnunarinnar byggist fyrst og fremst á gæðastarfi og innra eftirliti veitenda. Því eru í 2. mgr. greinarinnar ákvæði um að stofnunin geti ákveðið að setja í samninga ákvæði sem ætlað er að stuðla að gæðum og árangri þjónustunnar, m.a. um gæðastjórnunarkerfi og vottun þeirra, faggildingu, árangursmælingar og upplýsinga- og skýrslugjöf.

[…]

Loks er í greininni kveðið á um heimild sjúkratryggingastofnunarinnar til aðgangs að ópersónugreinanlegum upplýsingum úr heilbrigðisskrám landlæknis, eftir því sem við getur átt. […] Upp-

lýsingar úr þeim skrám munu fyrst og fremst gagnast stofnuninni í þeim tilgangi að fá mynd af því hversu vel starfsemi viðsemjenda uppfyllir gæðastaðla og hvort farið sé að faglegum fyrirmælum og leiðbeiningum við framkvæmd þjónustunnar.“

Þau lagafrumvörp sem tilgreind hafa verið taka á þessu máli auk annarra laga og stefnumótunar á heilbrigðissviði sem fjalla um gæði heilbrigðisþjónustunnar. Á Íslandi er engin heil stofnun með vottað gæðakerfi fyrir alla starfsemi sína og vottuð gæðakerfi eru mismunandi. Blóðbankinn, sem hefur verið brautryðjandi á þessu sviði, er með vottað gæðakerfi fyrir blóðsöfnunarhluta starfseminnar og er ljóst að það hefur haft mikil áhrif á öryggi blóðgjafa og þar með velferð sjúklinga.

Ýmiss tækjabúnaður sem í notkun er og m.a. er samið um á vegum samninganefndar heilbrigðisráðherra þarf einnig að uppfylla gæðakröfur og einstakar deildir og svið stofnana hafa vottun eins og upplýsingatæknisvið Landspítala sem hefur ISO-vottun. Við röntgenmyndatökur á Íslandi er einnig stuðst við alþjóðlegan staðal um myndgæði, svokallaðan DICOM-staðal (Digital Imaging and Communications in Medicine). Jafnframt er unnið að faggildingu á nokkrum sviðum og hafa m.a. verið veittir gæðastyrkir til þess að efla það starf á umliðnum árum.

1240. Svar [589. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Jóns Gunnarssonar um hjúkrunarrými.

1. *Hve mörg hjúkrunarrými eru á hverja þúsund íbúa í þeim sveitarfélögum þar sem íbúar eru 4.000 eða fleiri og hvert er landsmeðaltalið?*

Fimmtán sveitarfélög ná þessari stærð og af þeim eru sex á höfuðborgarsvæðinu.

Í Reykjavík eru um 1.076 hjúkrunarrými og dreifast þau á 10 stofnanir. Framboð rýma á hverja 1.000 íbúa í Reykjavík er 9,1 rými en þess ber að geta að Seltjarnarnes og Mosfellsbær, sem hvorugt hefur hjúkrunarheimili, hafa m.a. notið þjónustu frá stofnunum í Reykjavík. Ef tillit er tekið til þessa eru 8,2 rými á hverja 1.000 íbúa í þessum þremur sveitarfélögum.

Í Kópavogi eru 2,9 rými á hverja 1.000 íbúa, í Garðabæ eru rýmin 9,1 og í Hafnarfirði eru þau 8,9. Fyrir höfuðborgarsvæðið allt eru 7,6 rými á hverja 1.000 íbúa.

Hjúkrunarrými í Reykjanesbæ eru 24, eða 1,8 rými á hverja 1.000 íbúa og það er lægsta hlutfallið í þessum sveitarfélögum, að frátöldum Mosfellsbæ og Seltjarnarnesi sem ekki hafa hjúkrunarrými eins og áður kom fram.

Á Akranesi eru 11,7 hjúkrunarrými á hverja 1.000 íbúa, á Ísafirði 7,8 rými og á Sauðárkróki 14,2 en það er hæsta hlutfall rýma hjá þessum sveitarfélögum.

Á Akureyri eru í boði 197 hjúkrunarrými en það þýðir að um 11,4 rými eru á hverja 1.000 íbúa. Á Fljótdalshéraði eru þau 4,4 og í Fjarðabyggð 7,8.

Í Sveitarfélaginu Árborg eru nú í boði 71 hjúkrunarrými og fjölgaði þeim um 10 á síðasta ári. Hjúkrunarrými á hverja 1.000 íbúa í Árborg eru 9,9 að tölu og í Vestmannaeyjum eru 11,6 rými á hverja 1.000 íbúa.

Í fyrrgreindum sveitarfélögum eru samtals 2.015 hjúkrunarrými sem eru rúm 78% af öllum hjúkrunarrýmum á landinu og eru 7,8 rými á hverja 1.000 íbúa.

Á landsvísu eru hjúkrunarrými 2.566 sem þýðir að hjúkrunarrými á hverja 1.000 íbúa eru 8,2 talsins.

2. *Hve margir á biðlista eftir hjúkrunarrýmum eru annars vegar í brýnni þörf og hins vegar í mjög brýnni þörf, skipt eftir kjördæmum og eftir sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu?*

Á höfuðborgarsvæðinu eru samtals 367 einstaklingar á biðlista eftir hjúkrunarrými. Af þeim eru 236 á biðlista í Reykjavík en 93 þeirra eru í brýnni þörf og 126 í mjög brýnni þörf.

Hjá öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu er skiptingin eftirfarandi:

Í Kópavogi eru 53 á biðlista, þar af eru 25 í brýnni þörf og í mjög brýnni þörf 26.

Í Hafnarfirði er 41 á biðlista, þar af eru 15 í brýnni þörf og í mjög brýnni þörf 25.

Í Garðabæ eru 15 á biðlista, þar af 8 í brýnni þörf og í mjög brýnni þörf 4.

Í Mosfellsbæ eru 7 á biðlista, þar af 2 í brýnni þörf og aðrir 2 í mjög brýnni þörf.

Á Seltjarnarnesi eru 9 á biðlista, þar af í brýnni þörf 7 og einn í mjög brýnni þörf.

Til viðbótar eru hjá Vistunarmatsnefnd höfuðborgarsvæðis 15 einstaklingar á biðlista, af þeim eru 4 í brýnni þörf en 10 í mjög brýnni þörf.

Í Suðurkjördæmi eru 91 einstaklingur á biðlista eftir hjúkrunarrými, þar af eru 28 í brýnni þörf og 55 í mjög brýnni þörf.

Í Norðvesturkjördæmi eru 34 einstaklingar á biðlista, þar af eru 16 í brýnni þörf og 16 í mjög brýnni þörf.

Í Norðausturkjördæmi eru 47 einstaklingar á biðlista, þar af eru 16 í brýnni þörf og 22 í mjög brýnni þörf.

Á landinu öllu eru 548 einstaklingar á biðlista eftir vistun á hjúkrunarheimili. Samkvæmt vistunarnefndum eru um 214 einstaklingar í brýnni þörf og þeir sem taldir eru í mjög brýnni þörf á landinu öllu eru um 288 talsins.

Einnig má benda á að í nýjustu skýrslu OECD um Ísland er bent á að hérlendis séu rými í langtímavistun á sjúkrahúsum og hjúkrunarheimilum 69 á hverja 1.000 íbúa 65 ára og eldri, sem er með því mesta sem gerist innan OECD. Einnig er þar fjallað um kostnaðarþróun innan hjúkrunarheimilavistunar og fleira.

1241. Svar [599. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Sivjar Friðleifsdóttur um útboðsheimild fyrir hjúkrunarheimili við Suðurlandsbraut.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver er ástæða þess að ekki var send beiðni til fjármálaráðherra um útboðsheimild fyrir hjúkrunarheimili við Suðurlandsbraut fyrr en í lok desember sl. enda þótt öll gögn málsins hafi verið tilbúin hálfu ári fyrr?

Útboðsgögn vegna þessa verks voru tilbúin og yfirfarin af Framkvæmdasýslu ríkisins í byrjun júní sl. Á þeim tíma, og mánuðina á undan, var mikil þensla á útboðsmarkaði og tilboð yfir kostnaðaráætlunum í flestum tilvikum og stundum langt yfir þeim eins og fram kemur af eftirfarandi töflu:

Verkefni	Opnun	Fjöldi tilboða	Þar af undir áætlun	Lægsta boð, millj. kr.	Hlutfall af áætlun
Heilsugæslustöð Raufarhöfn	17.4.2007	2	0	52,5	126%
Íþróttahús H.Í., utanhússframkvæmdir	22.5.2007	2	0	63,2	134%
Þjóðleikhúsið, utanhússframkvæmdir	23.5.2007	3	0	70,0	142%
Snjóflóðavarnir Ólafsvík, jarðvinna	11.7.2007	5	0	47,2	122%
Háskólinn Akureyri, kennslu- og fyrirlestrarými	25.9.2007	2	0	620,7	112%
Eirberg, utanhússframkvæmd, endurútboð	29.1.2008	4	0	42,0	112%
Sambýlishús Blesugróf 4	11.3.2008	11	0	138,1	110%
Þjóðmenningarhús	15.4.2008	3	2	8,2	59%
Sjávarútvegshús, endurbætur á 5. og 6. hæð	29.4.2008	10	6	90,8	84%

Í þeim verkum sem tilgreind eru í töflunni var gengið til samninga við verktaka, oft með breytingum á upphaflegum útboðsgögnum. Auk þess var öllum tilboðum hafnað í fjórum öðrum útboðum vegna þess að þau voru langt yfir kostnaðaráætlun.

Hjúkrunarheimilið er stór bygging, gólfflötur þess 7.687 fermetrar og rúmmál tæpir 29 þús. rúmmetrar. Talið var fullvíst að útboð þessa verks á sl. sumri hefði leitt til um 200 millj. kr. hærra tilboðs en kostnaðaráætlun gerði ráð fyrir. Til samanburðar má geta þess að fyrir þessa fjárhæð má fá um tíu rými í nýju fullbúnu hjúkrunarheimili. Í öðru lagi má geta þess að spár bentu til þess að þenslan á þessum markaði hjaðnaði þegar liði á árið. Auk þess er hagstæðasti tími til útboða á verkum af þessu tagi um eða upp úr áramótum, þá eru oft margir verktakar að afla sér verkefna fyrir komandi missiri og fyrsti hluti framkvæmda sem þessarar er steypuvinna og önnur útivinna sem best og ódýrast er að vinna að sumarlagi eftir því sem unnt er. Því var ákveðið að bíða með útboð hjúkrunarheimilisins við Suðurlandsbraut fram undir áramót.

Á síðari hluta síðasta árs var verið að kanna nýjar hugmyndir um öflun húsnæðis fyrir hjúkrunarheimili, og þá fyrst og fremst kosti og galla þess að taka slíkt húsnæði á leigu af sveitarfélögum, fasteignarekendum eða öðrum aðilum í stað þess að ríki og sveitarfélög byggðu eða keyptu húsnæðið fyrir stofnanirnar og ættu það að fullu. Þessar athuganir beindust framan af hausti einnig að hjúkrunarheimilinu við Suðurlandsbraut.

Að öllu þessu virtu þótti rétt og skynsamlegt að bjóða út í byrjun árs og er það mat ráðherra að það hafi verið skynsamleg ákvörðun, enda varð það raunin. Tilboð í þetta stóra verk voru opnuð hjá Framkvæmdasýslu ríkisins 29. apríl. Þar kom í ljós að átta tilboð af 14 voru undir kostnaðaráætlun og lægsta tilboðið var 91,4 af hundraði undir kostnaðaráætlun sem var upp á 1.710 millj. kr. Án þess að geta fullyrt hvaða tilboði verður tekið, því að þau á auðvitað eftir að skoða gaumgæfilega, þá sýnist ráðherra að um umtalsverðan sparnað gæti verið að ræða í þessu sambandi.

1242. Svar [631. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Valgerðar Sverrisdóttur um starfsemi kvennadeildar Landspítala.

1. *Hversu mörg atvik hafa verið skráð á kvennadeild Landspítala á síðustu þremur árum (meðganga, fæðingar)?*

Skráð atvik á kvennasviði síðastliðin þrjú ár eru:

árið 2005	55 atvik á öllu sviðinu
árið 2006	64 atvik
árið 2007	79 atvik

Aukin vitund um mikilvægi skráningar óvæntra atvika hefur leitt til bættrar skráningar. Gæðastjóri sviðsins hefur umsjón með framkvæmd skráninga og úrvinnslu þeirra. Í kjölfar margra slíkra atvika hafa verið gerðir verkferlar sem eiga að hindra að atvik eigi sér stað á sviðinu og tryggja að rétt verði brugðist við ef atvik á sér stað.

Algengustu atvik á fæðingarvæng sviðsins eru blæðing eftir fæðingu (yfir 1000 ml). Það hefur leitt til þess að gerður hefur verið verkferill sem er ætlað að hindra að slík blæðing eigi sér stað.

Yfirlit um fjölda og eðli atvika sem hafa átt sé stað í hverjum mánuði á Landspítalanum hafa undanfarin ár verið send landlækni.

2. *Hversu margar hafa heimsóknir á deildina verið á sama tíma?*

Göngudeildarkomur sem fela í sér móttöku kvenna, komur á fósturgreiningadeild, í mæðravernd, til brjóstaráðgjafar og önnur göngudeildarþjónusta voru:

árið 2005	15.278
árið 2006	20.956
árið 2007	24.896

Dagdeildarkomur sem eru komur kvenna í stuttar aðgerðir á kvenlækingadeild og komur á dagönn meðgöngudeildar voru:

árið 2005	7.187
árið 2006	7.176
árið 2007	6.769

Lega eftir sérgreinum. Dregið hefur úr legufjölda á kvenlækingavængnum en umsvif aukist á fæðingarvæng. Tölurnar eru settar saman hér:

árið 2005	6.633
árið 2006	5.199
árið 2007	5.070

3. *Hefur fjöldi starfsmanna verið í samræmi við fjölda heimsókna?*

Mönnun á deildum sviðsins hefur verið ágæt þessi ár en veikindi hafa haft áhrif á fæðingargangi. Teknar voru sérstaklega saman fjarvistir vegna veikinda fyrstu þrjá mánuði ársins þessi þrjú ár þar sem árið 2007 þótti skera sig úr í veikindaforföllum. Árið 2005 voru fjar-

vistardagar fyrstu þrjá mánuði ársins 3.979, árið 2006 voru þeir 4.595 en árið 2007 voru þeir komnir í 7.374.

4. Hver sinnir eftirlitshlutverki á deildinni?

Deildarstjórar og yfirlæknar á hverri deild fyrir sig bera ábyrgð á að atvik séu skráð og unnið úr skráningum. Gæðastjóri sviðsins er þeim til aðstoðar við tæknileg atriði atvikaskráningakerfisins svo sem flokkun á þeim eftir alvarleika. Landlæknisembættið ber svo ábyrgð á eftirliti með heilbrigðisþjónustunni. Embættið hefur óskað eftir að fá upplýsingar um atvikaskráningu tvisvar sinnum á ári.

1243. Svar [608. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Þuríðar Backman um afgreiðslu tóbaks.

1. Telur ráðherra að framfylgt sé banni við sölu og afhendingu á tóbaki til yngri en 18 ára og eins því að þeim einum sem náð hafa 18 ára aldri sé heimilt að selja tóbak?

Dæmi eru um að haft hafi verið samband við Lýðheilsustöð til að benda á að ungmennum sé selt tóbak í verslunum víðs vegar um landið. Sömuleiðis er kvartað yfir að í mörgum verslunum afgreiði unglingar tóbak. Svo virðist því vera að lögunum sé ekki fylgt eftir sem skyldi þótt einnig sé vitað að heilbrigðisnefndir geri athugasemdir við framkvæmd tóbakssölu.

2. Telur ráðherra að farið sé eftir ákvæðum laga um að bann þetta skuli auglýsa með áberandi hætti?

Í tilefni af Degi án tóbaks, 31. maí 2006 sendi Lýðheilsustöð öllum tóbakssöluleyfishöfum bréf þar sem þeir voru minntir á ábyrgðina sem tóbakssöluleyfinu fylgir. Þar var áréttað að sumarið sé sá árstími sem ungmenni byrja oftast að reykja og flestir sem reykja hafa byrjað fyrir 18 ára aldur.

Í bréfinu var áréttað mikilvægi þess að kynna lögin ávallt fyrir nýju starfsfólki og gæta þess að starfsmaður undir 18 ára aldri sé aldrei einn við afgreiðslu eða á búðarkassa þar sem selt er tóbak svo ekki sé ýtt undir þann möguleika að hann telji sig neyddan til að brjóta lögin.

Útbúnar voru sérstakar merkingar sem tóbaksöluleyfishafar gátu lagað að verslun sinni þar sem fram kom á skýran hátt hvernig lögin eru og að viðkomandi verslun fari eftir þeim.

Auk framangreinds var unnið sérstaklega með verslunarkeðjunum að því að útbúa merkingar þar sem fram kemur að viðkomandi verslanir sýni ábyrgð á þessu sviði.

Þessu átaki var mjög vel tekið af tóbakssöluleyfishöfum og þá sérstaklega verslunarkeðjunum.

Í tilefni af Degi án tóbaks í ár, 31. maí nk., hefur verið ákveðið að endurtaka þessa vinnu.

Eftirlitsaðili með að tóbakvarnarlögum sé fylgt að þessu leyti eru heilbrigðisnefndir á hverjum stað.

3. Er reglulega staðið að könnunum á þessu sviði? Ef svo er, hverjir gera þær?

Það hefur ekki verið staðið reglulega að könnunum á þessu sviði. Ein ástæða er sú er að erfitt er að framkvæma kannanir sem gerðar er þannig að einstaklingar undir lögaldri eru gerðir út af örkinni til að kaupa tóbak.

Þetta skapar vandamál jafnvel þó að augljóst sé að það sé gert með þeim ásetningi að láta reyna á hvort þeir gætu fengið afgreiðslu án þess að hafa aldur til. Hér má sem dæmi nefna að Reykjavíkurborg stóð fyrir könnun af þessu tagi fyrir nokkrum árum en lenti í ógöngum vegna þessa atriðis.

Hafnarfjarðarbær hefur í mörg ár staðið fyrir slíkum könnunum, en þær eru nú einungis framkvæmdar á þeim sölustöðum þar sem söluaðilar hafa samþykkt að þær fari fram. Niðurstöður úr síðustu könnun Hafnarfjarðarbæjar sem framkvæmd var nú nýlega bendir því miður til þess að töluvert sé um að börnum og unglingum sé selt tóbak.

4. Hvernig er tryggt að niðurstöðurnar berist Lýðheilsustöð?

Þar sem kannanir eru ekki gerðar reglulega vegna vandamála við framkvæmd þeirra berast Lýðheilsustöð færri niðurstöður en æskilegt væri. Ekki er tryggt að niðurstöður, séu þær fyrir hendi, berist Lýðheilsustöð.

5. Gerir Lýðheilsustöð sjálfstæðar kannanir á sölustöðum tóbaks með tilliti til sýnileika vörunnar, merkinga, aldurs starfsfólks sem afgreiðir tóbak og afgreiðslu tóbaks til yngri en 18 ára?

Eftirlit með að þessum lögum sé framfylgt er á hendi heilbrigðisnefnda á hverjum stað.

Lýðheilsustöð hefur haft til athugunar hvernig megi standa fyrir slíkum könnunum á landsvísu, en það þyrfti að gera þannig að ekki væri álitamál hvort þær væru gerðar með löglegum hætti.

Sýnileikabanninu hefur hins vegar verið vel framfylgt um allt land og fáar athugasemdir borist vegna þess. Bannið hefur vakið athygli víða og hefur Lýðheilsustöð veitt þó nokkrum erlendum aðilum upplýsingar vegna þess.

1244. Svar [616. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Álfheiðar Ingadóttur, Árna Þórs Sigurðssonar og Kolbrúnar Halldórsdóttur um kostnað við Kárahnjúkavirkjun.

Þar sem fyrirspurnin, að undanskildum 7. lið hennar, snýr annars vegar að Landsvirkjun sf. og hins vegar að Landsneti hf., sem eru sérstök félög í eigu ríkisins, óskaði fjármálaráðuneytið eftir að þessir aðilar veittu ráðuneytinu svör við þeim hlutum fyrirspurnarinnar.

1. Hver er heildarkostnaður við flutningsmannvirki Kárahnjúkavirkjunar frá stöðvarhússvegg að álveri Fjarðaáls í Reyðarfirði?

Í svari Landsnets hf. segir: Kostnaður flutningsmannvirkja vegna Kárahnjúkavirkjunar og tengingar við álver Fjarðaáls er 12,79 milljarðar.

2. *Hversu mikið er tap Landsvirkjunar og hvert er áætlað tap Alcoa Fjarðaáls vegna tafa sem urðu á gangsetningu Kárahnjúkavirkjunar? Óskað er upplýsinga um mismun á áætlaðri og raunverulegri/raunáætlaðri orkusölu Landsvirkjunar á árunum 2007 og 2008.*

Í svari Landsvirkjunar sf. segir: Upphaflegar áætlanir Landsvirkjunar gerðu ráð fyrir að tekjur af raforkusölu til Alcoa Fjarðaáls mundu nema 3.857 millj. kr. á árinu 2007 og 7.124 millj. kr. á árinu 2008. Eins og kunnugt er varð nokkur seinkun á afhendingu orku til Alcoa Fjarðaáls á síðasta ári sem hafði í för með sér að afhent magn varð minna en ráð var fyrir gert og tekjur ársins af sölunni námu 1.161 millj. kr. Áætlanir Landsvirkjunar gera ráð fyrir að tekjur af orkusölu til Alcoa Fjarðaáls muni nema 8.643 millj. kr. á yfirstandandi ári. Vert er að geta þess að í áætluninni er ekki gert ráð fyrir að álverið starfi á fullum afköstum allt árið. Samtals er munurinn um 1.177 millj. kr. þar sem tekjurnar áætlast lægri en upphaflega var gert ráð fyrir. Vegna þess hve álverð er hátt um þessar mundir má gera ráð fyrir að munurinn verði talsvert minni og hafa verður í huga að orkusölusamningurinn við Alcoa Fjarðaál er til 40 ára. Auk þess er gert ráð fyrir að Alcoa Fjarðaál kaupi 40 MW til viðbótar frá virkjuninni og eykur það enn tekjur af orkusölunni.

3. *Hefur verið samið um skaðabætur við Alcoa vegna þessara tafa?*

Í svari Landsvirkjunar sf. segir: Ekki hefur verið samið við Alcoa Fjarðaál sf. um skaðabætur vegna tafa við gangsetningu Kárahnjúkavirkjunar. Ekki stendur til að gera það enda hafa báðir aðilar lýst því yfir að þeir muni ekki gera neinar kröfur á hendur hinum vegna gangsetningartafa.

4. *Hver var kostnaður Landsvirkjunar við raforkuöflun/raforkukaup, sem og við flutning raforku til Reyðarfjarðar þann tíma sem gangsetning Kárahnjúkavirkjunar tafðist? Var framkvæmdum við aðrar línulagnir eða virkjanir flýtt vegna tafanna?*

Í svari Landsvirkjunar sf. segir: Seint á árinu 2006 var fyrirsjáanlegt að seinkun yrði á uppkeyrslu fyrstu vélar Kárahnjúkavirkjunar, sem upphaflega átti að koma í rekstur 1. apríl 2007. Við þessu var brugðist og ákveðið standa við þá dagsetningu og afhenda Alcoa Fjarðaáli 100 MW frá landsnetinu, sem framleitt var í öðrum virkjunum Landsvirkjunar. Gera varð nokkrar breytingar á einum rafala Fljótsdalsstöðvar af þessu tilefni, en þær kostuðu alls um 65 millj. kr.

Flutningskostnaður á uppkeyrslutímabili var greiddur eftir stóriðjugjaldskrá Landsnets og hefði verið sá sami og ef orkan hefði komið frá Kárahnjúkavirkjun. Ekki var því um að ræða viðbótarkostnað vegna raforkuflutnings.

Í svari Landsnets hf. segir: Engum línulögnum var flýtt vegna frestunar á gangsetningu Kárahnjúkavirkjunar. Viðhaldsáætlun flutningskerfisins var endurskoðuð og eftirlit fór fram á byggðalínunni á öðrum tímum en ráðgert var til að tryggja betur flutninga eftir byggðalínunni, en ekki hlaust af aukakostnaður vegna þessa.

5. *Hvaða kröfur hafa komið fram og hverjar hafa verið boðaðar frá Impregilo og öðrum verktökum og hver er fjárhæð hverrar um sig? Hefur verið samið um kröfurnar og ef svo er, hve stóran hlut hefur Landsvirkjun þurft að bera vegna hverrar kröfu fyrir sig?*

Í svari Landsvirkjunar sf. segir: Eðlilegt er að verktakar geri kröfur, þegar að þeirra mati, aðstæður eru ekki með þeim hætti sem lýst er í útboðsgögnum enda getur slíkt valdið þeim kostnaðarauka sem þeir bera ekki ábyrgð á. Meðal annars af þessum ástæðum er ávallt gert

ráð fyrir ófyrirséðum kostnaði við slíkar framkvæmdir, umfram þann kostnað sem áætlaður er út frá magntölum og einingaverðum. Í Kárahnjúkavirkjun var ófyrirséður kostnaður áætlaður 11–20%, mismunandi eftir verkþáttum og hönnunarstigi.

Stærstu og tæknilega erfiðustu verkþættirnir hafa tvímælalaust verið Kárahnjúkastífla og aðrennslisgöngin en þá verkþætti annaðist Impregilo. Í fylgiskjali II við skýrslu iðnaðarráðherra sem lögð var fram fyrir Alþingi í mars sl. er gerð grein fyrir nokkrum af helstu erfiðleikum sem upp komu við þá verksamninga.

Landsvirkjun hefur leitast við að semja við verktaka um aukaverk og/eða kröfur eftir því sem verkinu hefur miðað áfram. Gildir það fyrir alla verksamninga, stóra sem smáa. Þann 22. febrúar sl. náðist þannig samkomulag við Impregilo um allar útistandandi kröfur frá júlí 2006 til þess dags. Samkomulagið rúmast innan kostnaðaráætlunar fyrir Kárahnjúkavirkjun frá september 2007 en gerð var grein fyrir henni í fyrra svari iðnaðarráðherra (þskj. 751) til Alþingis. Í þeirri áætlun kemur fram að gert var ráð fyrir 4 milljörðum kr. í viðbótarkostnað vegna breytinga og uppgjörs á kröfum. Samið hefur verið við nánast alla aðra verktaka á svæðinu um kröfur og aukaverk til loka síðastliðins árs og má því telja að langstærstur hluti framkvæmdakostnaðar sé þegar greiddur eða kominn fram.

Landsvirkjun telur ekki gerlegt að birta lista yfir allar kröfur sem komið hafa frá verktökum við Kárahnjúkavirkjun. Það sem máli skiptir er hvort umsamdar kröfur og aukaverk rúmist innan þeirrar áætlunar sem gerð hefur verið fyrir verkið. Fram kom í fyrra svari til Alþingis hver áætlaður lokakostnaður við Kárahnjúkavirkjun er og hvernig honum ber saman við upphaflega kostnaðaráætlun. Einnig kom þar fram nýtt mat á arðsemi virkjunarinnar sem auðvitað skiptir Landsvirkjun meginmáli.

6. *Hver var munurinn á tilboði Impregilo sem samið var um og endanlegum greiðslum vegna tveggja stærstu verksamninganna, þ.e. byggingar Kárahnjúkastíflu og gangagerðar með heilborun, að teknu tilliti til krafna verktaka, uppgjörs á þeim, viðbótarverka vegna endurhönnunar og tafa?*

Í svari Landsvirkjunar sf. segir: Í fylgiskjali I við skýrslu iðnaðarráðherra frá janúar sl. er gerð grein fyrir grunnkostnaðaráætlun hinna ýmsu verksamninga sem og áætluðum lokakostnaði sömu verksamninga. Tölur voru uppfærðar til verðlags í september 2007. Eins og fram kemur í svari við 5. lið hér að framan hefur náðst samkomulag við Impregilo um útistandandi kröfur til 22. febrúar sl. Verkefni þess verktaka lýkur hins vegar ekki fyrr en í lok 2008. Ekkert bendir hins vegar nú til þess að áætlaður lokakostnaður sem fram kemur í ofangreindu fylgiskjali muni ekki standast.

7. *Hversu hárri fjárhæð nema skattakröfur Impregilo á hendur ríkinu? Hefur verið samið um greiðslu í samræmi við dóm Hæstaréttar þar um? Hver er áfallinn kostnaður ríkissjóðs vegna tafa á uppgjöri skattskuldarinnar við Impregilo?*

Impregilo S.p.A, útibú á Íslandi hefur höfðað mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur íslenska ríkinu til endurgreiðslu oftekinna skatta í framhaldi af dómi Hæstaréttar Íslands í málinu nr. 523/2006, Impregilo S.p.A. útibú á Íslandi gegn íslenska ríkinu, sem kveðinn var upp þann 20. september 2007. Í málinu er krafist endurgreiðslu oftekinna skatta að fjárhæð 1.230.708.381 kr. auk vaxta og málskostnaðar.

Ekki hefur verið samið um greiðslu í samræmi við dóm Hæstaréttar þar sem ágreiningur er uppi um endurgreiðslukröfuna. Sem áður segir er það mál nú til meðferðar hjá Héraðsdómi Reykjavíkur og hefur íslenska ríkið skilað inn greinargerð í málinu.

Ekki er litið svo á að um sé að ræða tafir á uppgjöri skattskuldar við Impregilo S.p.A, útibú á Íslandi. Sem áður segir er málið til meðferðar hjá Héraðsdómi Reykjavíkur þar sem ágreiningur er uppi um endurgreiðslukröfuna.

8. *Hvernig hafa áhrif verðlagsbreytinga verið reiknuð? Óskað er samantektar þar sem fram kemur við hvaða vísitölur er stuðst í útreikningi á áhrifum verðlagsbreytinga.*

Í svari Landsvirkjunar sf. segir: Eins og fram kemur í áðurnefndu svari iðnaðarráðherra til Alþingis liggja ýmsar vísitölur til grundvallar við útreikning á verðbótum hinna fjölmörgu verksamninga. Þyngst vegur íslenska byggingarvísitalan og því þótti réttast að uppfæra grunnkostnaðaráætlun miðað við byggingarvísitölu enda tekur hún mið af bæði innlendum og erlendum verðbreytingum sem og gengisbreytingum. Samkvæmt þessu var grunnkostnaðaráætlun framreiknuð til verðlags í september 2007. Niðurstaðan var 115,5 milljarðar kr. án vaxta og fjármagnskostnaðar.

Til hliðsjónar voru hönnunarráðgjafar beðnir að endurmeta grunnkostnaðaráætlun og reikna hana upp á nýtt með sömu magntölum og í upphafi en á verðlagi í september 2007. Niðurstaða ráðgjafa var 118,8 milljarðar kr. án vaxta og fjármagnskostnaðar eða nokkru hærri en framreiknuð tala Landsvirkjunar.

9. *Hver var áfallinn fjármagnskostnaður vegna byggingar Kárahnjúkavirkjunar og flutningskerfisins miðað við 6. mars 2008?*


Í svari Landsvirkjunar sf. segir: Í lok mars nam uppsafnaður fjármagnskostnaður alls 9,7 milljörðum kr.

Í svari Landsnets hf. segir: Áfallinn fjármagnskostnaður vegna flutningsmannvirkja er reiknaður fram að þeim tíma er flutningsvirkin voru tekin í rekstur, en það var í nóvember 2007. Eftir þann tíma er fjármagnskostnaður ekki reiknaður af flutningsvirkjunum.

10. *Hvernig dreifist áfallinn og áætlaður kostnaður á mánuði frá upphafi til loka framkvæmda miðað við gjalddaga reikninga annars vegar og miðað við framvindu verksins hins vegar?*

Í svari Landsvirkjunar sf. segir: Meðfylgjandi er línurit yfir kostnað og kostnaðardreifingu frá upphafi verks að meðtöldum fjármagnskostnaði. Tekið skal fram að kostnaður er greiddur í samræmi við framvindu verksins og samninga.

Í greinargerð með fyrirspurninni er fullyrt að upplýsingar í skýrslu iðnaðarráðherra (þskj. 751) gefi ekki rétta mynd af heildarkostnaði við byggingu Kárahnjúkavirkjunar. Landsvirkjun mótmælir þessari fullyrðingu og ítrekar að upplýsingar í áðurnefndri skýrslu sýna greinilega áætlaðan heildarkostnað fyrir Kárahnjúkavirkjun.



1245. Breytingartillögur [288. mál]

við frv. til l. um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Frá Sigurði Kára Kristjánssyni.

1. Við 9. gr. Í stað „24. gr.“ í 1. mgr. komi: 21. gr.
2. 11. gr. falli brott.
3. Við 12. gr. er verði 11. gr.
   a. Í stað „24. gr.“ í 1. mgr. komi: 21. gr.
   b. 2. mgr. falli brott.
   c. Í stað orðanna „4. mgr.“ í 3. mgr. er verði 2. mgr. komi: 3. mgr.
4. 14. gr. falli brott.
5. 15. gr. falli brott.
6. Við 16. gr. er verði 13. gr. Í stað orðanna „skv. 5. gr. eða hlotið undanþágu skv. 22. gr.“ í 1. mgr. komi: skv. 5. og 21. gr.

7. Við 18. gr. er verði 15. gr. Í stað „19. gr.“ komi: 16. gr.
8. Við 19. gr. er verði 16. gr. Í stað „16. gr.“ í 1. mgr. komi: 13. gr.
9. Við 20. gr. er verði 17. gr. Í stað „1. mgr. 9. gr.“komi: 2. mgr. 9. gr.
10. Við 21. gr. er verði 18. gr. Í stað „4. mgr. 12. gr.“ í 3. mgr. komi: 3. mgr. 11. gr.
11. Við 22. gr. er verði 19. gr. Í stað „16. gr.“ í 3. mgr. komi: 13. gr.
12. Við 26. gr. er verði 23. gr.
    a. Við bætist ný mgr. svohljóðandi:
        1. ágúst 2008 falla brott lög nr. 72/1996, um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla.
    b. Fyrirsögn greinarinnar verði: *Gildistaka o.fl.*
13. 27. gr. falli brott.
14. Við ákvæði til bráðabirgða. 2. mgr. falli brott.

1246. Breytingartillaga [286. mál]

við frv. til l. um framhaldsskóla.

Frá Sigurði Kára Kristjánssyni.

Við 34. gr. Orðin „að mati menntamálaráðuneytisins“ í 2. málsl. 1. mgr. falli brott.

1247. Framhaldsnefndarálit [547. mál]

um frv. til. l. um uppbót á eftirlaun.

Frá efnahags- og skattanefnd.

Málinu var vísað til nefndarinnar að lokinni 2. umræðu og hefur hún fjallað um málið á ný og fengið á sinn fund Maríönnu Jónasdóttur, Harald Steinþórsson og Ingva Má Pálsson.

Í tilefni af athugasemdum ríkisskattstjóra leggur nefndin til breytingar á 6. og 9. gr. frumvarpsins sem ætlað er að gera framkvæmdina skýrari.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 6. gr. 1. mgr. orðist svo:
    Uppbót á eftirlaun skal ákvörðuð við álagningu og skal tekjuskattur og útsvar reiknast sérstaklega af þeirri fjárhæð miðað við skatthlutfall viðmiðunarárs og að teknu tilliti til ónýtts persónuafsláttar. Við ákvörðun um bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, skal farið með greiðslur samkvæmt lögum þessum sem ellilífeyrisgreiðslur úr lífeyrissjóði, sbr. lög nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

2. Við 9. gr.
   a. Í stað orðsins „dag“ í 1. mgr. komi: mánuð.
   b. Orðin „eigi síðar en 1. apríl“ í 1. málsl. 2. mgr. falli brott.
   c. Í stað orðanna „næstliðnu tekjuári“ í 1. málsl. 2. mgr. komi: viðmiðunarári.

Alþingi, 29. maí 2008.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Ellert B. Schram.	Bjarni Benediktsson.
Gunnar Svavarsson.	Magnús Stefánsson.	Ragnheiður E. Árnadóttir.
Lúðvík Bergvinsson.	Paul Nikolov.	Jón Bjarnason.

1248. Breytingartillaga [546. mál]

við frv. til l. um opinbera háskóla.

Frá Sigurði Kára Kristjánssyni.

Við 11. gr. Í stað orðsins „reglugerð“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: reglum.

1249. Svar [629. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Atla Gíslasonar um tilraunaverkefni um rekstur Gaulverjaskóla.

1. *Hver er staða viðræðna um endurnýjun samkomulags ráðuneytisins við Samtök sunnlenskra sveitarfélaga / Skólaskrifstofu Suðurlands og Velferðarsjóð íslenskra barna um þriggja ára tilraunaverkefni um rekstur Gaulverjaskóla, sem er náms- og meðferðarúrræði fyrir börn og unglinga á Suðurlandi sem glíma við hegðunar- og tilfinningaraskanir, sbr. bréf Skólaskrifstofu Suðurlands, dags. 23. apríl 2008, um málið?*

Gaulverjaskóli í Flóa er úrræði fyrir börn á grunnskólaaldri með tilfinninga- og hegðunarvanda. Sveitarfélög á Suðurlandi, menntamálaráðuneytið, f.h. ríkisins, og Velferðarsjóður íslenskra barna standa að verkefninu. Samtök sunnlenskra sveitarfélaga og Skólaskrifstofa Suðurlands hafa heimild menntamálaráðuneytisins til að reka Gaulverjaskóla sem tilraunaverkefni til þriggja ára frá 2006 að telja, sbr. heimild í 53. gr. laga nr. 66/1995, um grunnskóla. Á meðan tilrauninni stendur veitir Skólaskrifstofa Suðurlands ráðuneytinu upplýsingar um skólahaldið og ráðuneytið mun í lok tilraunatímabils leggja mat á tilraunaverkefnið í samráði við Skólaskrifstofuna. Gaulverjaskóli var hugsaður sem tímabundið skólaúrræði fyrir þau börn á Suðurlandi sem ekki hefur gagnast skólavist í heimaskóla vegna

hegðunarerfiðleika og erfiðleika á tilfinningasviðinu og geðraskana. Gaulverjaskóli hefur enn fremur sinnt ráðgjafar- og fræðsluhlutverki fyrir aðra grunnskóla á Suðurlandi í þjálfunar- og meðferðarskyni.

Skólaskrifstofa Suðurlands hefur óskað eftir viðræðum við menntamálaráðuneytið um framhald tilraunaverkefnisins, sem lýkur í árslok 2008. Skólaskrifstofan telur nauðsynlegt að gera þegar ráðstafanir um framhaldið þótt formleg úttekt eða mat á verkefninu hafi ekki farið fram. Tilraunaverkefnið felur í sér meðferðar- og skólaúrræði, sem beitir meðferðarhugmyndafræðinni Aggression Replacement Training (ART). Sveitarfélögin hafa greitt skólahluta verkefnisins, sem metinn var 60% af kostnaði, og menntamálaráðuneytið meðferðarhluta verkefnisins, 40%. Verkefnið hefur þróast á þann hátt að meðferðin verður flutt út í heimaskóla nemenda frá og með hausti 2008. Meðferðarteymi starfar áfram að meðferðarhlutanum, sem frá og með hausti 2008 mun fara fram í heimaskólum nemenda um allt Suðurland.

Skólaskrifstofan telur brýnt að tryggja áframhaldandi fjármögnun til að verkefnið nái tilætluðum árangri og hefur óskað eftir fjármagni til framhalds verkefnisins til næstu þriggja ára, en til vara til eins árs þegar úttekt á því liggur fyrir. Um er að ræða kostnað vegna tveggja og hálfs stöðugildis sérfræðinga, eða u.þ.b. 12 millj. kr. á ári samkvæmt áætlunum Skólaskrifstofu Suðurlands. Menntamálaráðuneytinu hefur nýverið borist erindi Skólaskrifstofunnar um málið. Á þessu stigi liggur ekki fyrir hvernig ráðuneytið muni bregðast við erindinu, enda liggur ekki fyrir úttekt á tilraunaverkefninu eins og mælt er fyrir um í 2. mgr. 53. gr. Nauðsynlegt er að fyrir liggi niðurstöður úttektar á verkefninu áður en frekari ákvörðun um framhald þess verður tekin og um frekari fjárframlög af fjárlögum. Ráðuneytið mun fljótlega kalla fulltrúa frá Skólaskrifstofu Suðurlands til viðræðna um fyrirkomulag úttektarinnar og um ósk skrifstofunnar um framhald verkefnisins.

2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir endurnýjun samkomulagsins og þá hvernig?

Ráðuneytið mun láta fara fram úttekt á tilraunaverkefninu eins og ákveðið var þegar tilraunaheimildin var veitt 2008. Undirbúningur að úttekt er hafinn og er stefnt að því að hún hefjist í haust. Menntamálaráðuneytið mun hafa niðurstöður úttektarinnar til hliðsjónar við ákvörðun um framhald verkefnisins, þ.m.t. fjárhagslegan stuðning af fjárlögum.

Í ljósi þess að fyrir liggur að niðurstöður úttektar muni ekki liggja fyrir fyrr en í fyrsta lagi í árslok 2008 er menntamálaráðuneyti reiðubúið að framlengja tilraunaheimildina um eitt ár til bráðabirgða og jafnvel tryggja áframhaldandi fjárhagslegan stuðning við verkefnið árið 2009 með sama hætti og gert er á þessu ári. Ráðuneytið telur að í kjölfar úttektar þurfi menntamála- og heilbrigðisyfirvöld ásamt aðstandendum Gaulverjaskólaverkefnisins að hefja viðræður um hvort eða með hvaða hætti áframhaldandi stuðningur verði við þetta úrræði í fjárlögum en menntamálaráðuneyti telur að heilbrigðisyfirvöld verði að koma að slíkum viðræðum.

1250. Svar [603. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um útstreymi gróðurhúsalofttegunda.

1. *Hvert var heildarútstreymi gróðurhúsalofttegunda frá Íslandi 2006 og hve mikið hefur það aukist frá því árið 1990?*

Heildarútstreymi gróðurhúsalofttegunda frá Íslandi árið 2006 var 4.234 þús. tonn í CO_2-ígildum. Þar af eru 535,5 þús. tonn sem falla undir 14/CP.7 (íslenska ákvæðið). Heildarauknin frá 1990 eru 24,2%. Ef horft er fram hjá útstreymi sem fellur undir 14/CP.7 er aukningin 8,5%.

2. *Hvernig skiptist útstreymi gróðurhúsalofttegunda samkvæmt eftirfarandi sundurliðun: iðnaðarferlar, eldsneytisbrennsla í iðnaði, vegasamgöngur, fiskiskip, önnur eldsneytisbrennsla, landbúnaður og úrgangur, og hver hefur þróunin verið frá árinu 1990?*

Í töflu 1 eru birtar losunartölur fyrir öll ár frá 1990–2006 fyrir þá þætti sem spurt er um, auk undirflokka, svo sem PFC og eldsneytisbrennslu. Jafnframt vísast til meðfylgjandi grafa sem sýna losun gróðurhúsalofttegunda eftir greinum árin 1990–2006. Mynd 1 sýnir samanlagða heildarlosun eftir greinum. Á mynd 2 er losun einstakra greina aðgreind. Allar tölur eru í þús. tonna CO_2-ígildum. Jafnframt eru til glöggvunar sýnd skífurit sem sýna hlutfallslega losun einstakra greina fyrir árin 1990 (mynd 3) og 2006 (mynd 4).

3. *Hvernig skiptist útstreymið á þær lofttegundir sem eru inni í loftslagsbókhaldinu? Í svarinu óskast sundurliðað hversu stór hluti PAH-losunar kemur frá stóriðju.*

Í töflu 2 er sýnd skipting útstreymis eftir þeim gróðurhúsalofttegundum sem eru gefnar upp í losunarbókhaldinu, annars vegar rauntölur og hins vegar sýnt sem prósentur af heildarlosun. Á mynd 5 er að lokum sýnd þróun í losun PFC-efna frá álverum en þau eru eina uppspretta þeirra efna hér á landi.

4. *Hvernig skiptist losunin 2006 á þær heimildir sem Ísland hefur samkvæmt Kyoto-bókuninni, a) almennar heimildir, b) heimildir samkvæmt ákvæði 14*/CP7?

Kyoto-bókunin gildir einungis fyrir losun sem á sér stað á árunum 2008–2012 og losun ársins 2006 á hér ekki við. Ef árið 2006 hefði fallið hér undir mundi losun ársins skiptast samkvæmt eftirfarandi:

a. Almennar heimildir: 3698,8 þús. tonna CO_2-ígildi.
b. Heimildir samkvæmt 14/CP7: 535,5 þús. tonna CO_2-ígildi.

5. *Hvenær má gera ráð fyrir að tölur fyrir árið 2007 liggi fyrir?*

Tölum er skilað inn til loftslagssamnings í apríl ár hvert og er þá skilað inn tölum tvö ár aftur í tímann. Endanlegar tölur fyrir 2007 munu liggja fyrir í apríl 2009.

6. *Hverju spáir Umhverfisstofnun um útstreymi gróðurhúsalofttegunda á fyrsta skuldbindingartímabili Kyoto-bókunarinnar 2008–2012?*

Eldri spá um losun gróðurhúsalofttegunda var gerð árið 2006 og byggðist annars vegar á eldsneytisspá og hins vegar á mögulegum nýjum stóriðjuverkefnum á næstu árum. Spálíkan Umhverfisstofnunar frá þeim tíma gaf mismunandi niðurstöður eftir því hvaða forsendur


voru settar inn varðandi stóriðju. Almennt gaf líkanið þó vísbendingar um að losun Íslands mundi vera innan marka Kyoto-bókunarinnar. Umhverfisráðherra hefur óskað eftir því við Umhverfisstofnun að stofnunin geri endurskoðaða spá um losun gróðurhúsalofttegunda, m.a. í ljósi þess að losun frá samgöngum hefur væntanlega aukist meira en þáverandi eldsneytisspá gerði ráð fyrir. Einnig þarf að gera ráð fyrir þeim möguleikum á stóriðjuverkefnum sem liggja fyrir, m.a. byggt á umsóknum um losunarheimildir samkvæmt lögum um losun gróðurhúsalofttegunda. Niðurstöður þeirrar vinnu liggja ekki fyrir, en vonandi getur hún gefið skýrari mynd en spáin frá 2006 og svarað þeirri spurningu hvort auknar líkur séu á að Ísland fari yfir skuldbindingar sínar samkvæmt Kyoto-bókuninni en áður.


Tafla 1. Losun gróðurhúsalofttegunda 1990-2006


Losun gróðurhúsalofttegunda í CO_2-ígildum


Allar tölur eru í þúsundum tonna	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006
sjávarútvegur	**789**	**749**	**890**	**938**	**912**	**930**	**1035**	**1023**	**944**	**931**	**840**	**790**	**876**	**830**	**760**	**732**	**619**
fiskveiðar	662	683	747	778	767	780	837	818	789	773	728	646	713	677	647	633	555
fiskimjölsverksmiðjur	127	67	142	159	145	150	198	205	155	157	112	144	164	153	113	99	64
samgöngur	**608**	**620**	**630**	**631**	**634**	**615**	**605**	**624**	**627**	**657**	**659**	**670**	**674**	**770**	**823**	**834**	**979**
þ.a. vegasamgöngur	516	534	548	545	552	548	528	565	573	607	619	625	634	714	751	785	900
iðnaður og byggingastarfsemi	**1117**	**994**	**777**	**758**	**724**	**787**	**755**	**937**	**1108**	**1269**	**1283**	**1304**	**1249**	**1249**	**1281**	**1272**	**1685**
eldsneytisbrennsla	251	234	211	222	215	228	220	285	309	335	333	333	313	290	332	327	344
iðnaðarferlar	867	760	566	536	509	559	535	652	798	934	950	971	936	960	949	944	1341
þ.a. PFC losun frá álverum	420	348	155	75	45	59	25	82	180	173	127	92	73	60	39	26	333
landbúnaður	**573**	**559**	**534**	**539**	**546**	**524**	**539**	**538**	**542**	**547**	**530**	**526**	**503**	**486**	**476**	**479**	**512**
úrgangur	**184**	**187**	**192**	**193**	**195**	**198**	**200**	**200**	**197**	**197**	**200**	**204**	**196**	**200**	**193**	**189**	**207**
jarðhiti	**67**	**67**	**67**	**67**	**67**	**82**	**82**	**71**	**94**	**123**	**163**	**154**	**159**	**138**	**124**	**123**	**156**
annað	**71**	**72**	**68**	**70**	**62**	**64**	**67**	**51**	**66**	**65**	**58**	**71**	**69**	**42**	**88**	**79**	**75**
Samtals	**3409**	**3249**	**3157**	**3194**	**3139**	**3199**	**3283**	**3445**	**3578**	**3789**	**3733**	**3720**	**3726**	**3716**	**3745**	**3709**	**4234**
losun sem gæti fallið undir 14/CP.7*										**115**	**273**	**404**	**441**	**451**	**455**	**440**	**535**

* ákvæði 14/CP.7 við Kyoto-bókunina, heimilar Íslendingum að telja fram sérstaklega útstreymi sem fellur undir ákvæðið á fyrsta skuldbindingartímabili bókunarinnar (frá 2008 til 2012).


Losun gróðurhúsalofttegunda eftir greinum
4500
4000
3500
3000
2500
2000
1500
1000
500
0
sjávarútvegur
samgöngur
iðnaður og byggingastarfsemi
landbúnaður
úrgangur
jarðhiti
annað


Losun gróðurhúsalofttegunda eftir greinum
1800
1600
1400
1200
1000
800
600
400
200
0
sjávarútvegur
samgöngur
iðnaður og byggingastarfsemi
landbúnaður
úrgangur
jarðhiti
annað


Hlutfallsleg losun eftir greinum 1990
annað 2%
jarðhiti 2%
úrgangur 5%
sjávarútvegur 23%
landbúnaður 17%
samgöngur 18%
iðnaður og byggingastarfsemi 33%


Hlutfallsleg losun eftir greinum 2006
annað 2%
jarðhiti 4%
úrgangur 5%
sjávarútvegur 14%
landbúnaður 12%
samgöngur 23%
iðnaður og byggingastarfsemi 40%

1251. Frumvarp til laga [471. mál]

um stofnun opinbers hlutafélags um rekstur Keflavíkurflugvallar o.fl.

(Eftir 2. umr., 29. maí.)

1. gr.

Heimild til að stofna opinbert hlutafélag.

Samgönguráðherra er heimilt að stofna opinbert hlutafélag um rekstur Keflavíkurflugvallar og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Í því skyni er heimilt að leggja til félagsins eignir, réttindi, skuldir og skuldbindingar eftir því sem nánar greinir í lögum þessum. Ytri mörk flugvallarsvæðisins (svæði A), öryggissvæðisins á Keflavíkurflugvelli (svæði B) og þróunarsvæðis (svæði C) eru afmörkuð í uppdrætti sem er fylgiskjal með auglýsingu sem forsætisráðherra birtir á grundvelli 1. mgr. 1. gr. laga um ráðstafanir í kjölfar samnings við Bandaríkin um skil á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli.

Við stofnun félagsins skal allt hlutafé þess vera í eigu íslenska ríkisins og skal sala þess og ráðstöfun óheimil. Ákvæði laga um hlutafélög gilda um félagið ef ekki er kveðið á um annað í lögum þessum.

2. gr.

Forræði á hlutafé ríkisins.

Samgönguráðherra skal fara með hlut ríkisins í félaginu og framkvæmd laga þessara, sbr. þó 2. mgr. 5. gr. og 7. gr.

3. gr.

Stjórn félagsins.

Stjórn félagsins skal við stofnun þess skipuð fimm mönnum og jafnmörgum til vara. Þeir skulu kosnir á aðalfundi ár hvert.

4. gr.

Tilgangur félagsins.

Tilgangur félagsins er að annast rekstur, viðhald og uppbyggingu Keflavíkurflugvallar sem borgaralegs alþjóðaflugvallar auk hagnýtingar flugvallarsvæðisins í þágu öryggis- og varnartengdrar starfsemi og þjóðlegra skuldbindinga ríkisins. Enn fremur skal félagið annast rekstur, viðhald og uppbyggingu Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, þ.m.t. rekstur verslana með tollfrjálsar vörur á flugvallarsvæðinu, starfsemi sem er í beinum tengslum við flugrekstur, rekstur flugvalla og flugstöðvar og aðra starfsemi sem nauðsynlegt er að sé innan haftasvæðis flugverndar.

Félaginu skal vera heimilt að standa að stofnun annarra félaga og fyrirtækja og gerast eignaraðili að öðrum félögum og fyrirtækjum, þ.m.t. er þátttaka í félagi sem ætlað er að annast atvinnuuppbyggingu á nærsvæði flugvallarins. Félaginu skal vera heimilt að gera hvers konar samninga við aðra aðila til að ná tilgangi sínum á sem hagkvæmastan hátt. Tilgangi félagsins skal nánar lýst í samþykktum þess.

5. gr.

Samningar ríkisins við félagið.

Samgönguráðherra er heimilt að gera samninga við félagið um uppbyggingu og rekstur flugvallarsvæðis Keflavíkurflugvallar og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar til að tryggja að uppbygging, rekstur og þjónusta á þessum sviðum sé í samræmi við markmið stjórnvalda og stefnumótun í samgöngumálum á hverjum tíma.

Utanríkisráðherra er heimilt að gera samning við félagið um not þess af öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli og mannvirkjum í eigu Atlantshafsbandalagsins. Í samningnum er heimilt að kveða á um boðleiðir og framkvæmd samskipta við liðsafla Bandaríkjahers, Atlantshafsbandalagsins eða annarra ríkja sem kunna að hagnýta aðstöðuna á öryggissvæðinu í boði íslenskra stjórnvalda.

6. gr.

Þjóðréttarlegar skuldbindingar o.fl.

Samgönguráðherra er heimilt að fela félaginu að fara með réttindi íslenska ríkisins og annast skuldbindingar þess samkvæmt alþjóðlegum skuldbindingum og samningum við önnur ríki, enda samræmist slíkt tilgangi félagsins. Félaginu er skylt að fara að fyrirmælum hér að lútandi, sem og öðrum fyrirmælum er varða framkvæmd og efndir slíkra samninga og annarra þjóðréttarlegra skuldbindinga.

7. gr.

Öryggis- og varnarmál.

Félaginu ber í starfsemi sinni að virða og standa við þær þjóðréttarlegu skuldbindingar á sviði öryggis- og varnarmála sem íslensk stjórnvöld hafa undirgengist og kunna síðar að undirgangast og varða flugvallarsvæðið og Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Utanríkisráðherra er heimilt að beina fyrirmælum til félagsins er varða hagnýtingu flugvallarsvæðisins í þágu varnartengdrar starfsemi og framkvæmd og efndir alþjóðasamninga og þjóðréttarlegra skuldbindinga ríkisins á sviði öryggis- og varnarmála.

8. gr.

Skipulagsmál.

Samgönguráðherra skipar sex menn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar. Þrír skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu sveitarfélaganna Garðs, Reykjanesbæjar og Sandgerðis. Einn skal skipaður samkvæmt tilnefningu umhverfisráðherra og tveir án tilnefningar og skal annar þeirra gegna formennsku. Ef atkvæði falla jöfn í nefndinni ræður atkvæði formanns úrslitum.

Félagið kostar og annast gerð deili- og aðalskipulagstillagna fyrir flugvallarsvæðið og leggur fyrir nefndina til afgreiðslu. Samþykki nefndarinnar við deili- eða aðalskipulagstillögu fyrir flugvallarsvæðið telst fullnaðarafgreiðsla málsins á sveitarstjórnarstigi.

Samgönguráðherra setur nefndinni starfsreglur. Ákvæði skipulagslaga og reglugerða settra samkvæmt þeim eiga að öðru leyti við um störf nefndarinnar eftir því sem við getur átt.

Utanríkisráðherra fer með yfirstjórn skipulags- og mannvirkjamála á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli en er heimilt að gera þjónustusamning um framkvæmd slíkra verkefna. Utanríkisráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði um framkvæmd þessarar málsgreinar í reglugerð.

Heimilt er skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar vegna flugvallarsvæðis og utanríkisráðherra vegna öryggissvæðis að taka þátt í gerð svæðisskipulags ásamt nærliggjandi sveitarfélögum í samræmi við ákvæði skipulagslaga.

Við gerð svæðisskipulags á Suðurnesjum samkvæmt skipulagslögum eru hlutaðeigandi skipulagsyfirvöld bundin af samþykktu aðalskipulagi flugvallarsvæðisins.

Við framkvæmd 2. og 4. mgr. þessarar greinar skulu utanríkisráðherra og skipulagsnefnd skv. 1. mgr. hafa samráð sín á milli.

9. gr.

Lóðamál, innheimta gatnagerðargjalds o.fl.

Félagið annast úthlutun og innheimtir lóðarleigugjald á flugvallarsvæðinu í samræmi við lóðarleigusamning þess við fjármálaráðuneytið.

Félagið annast innheimtu gatnagerðargjalds af lóðum og/eða mannvirkjum á flugvallarsvæðinu og ráðstafar því til gatnagerðar þar í samræmi við ákvæði laga um gatnagerðargjald. Félagið skal setja sér samþykkt um gatnagerðargjald sem birt skal í B-deild Stjórnartíðinda. Í samþykktinni skal m.a. kveðið á um álagningu gjaldsins, undanþágur frá því og afslætti, gjalddaga og eindaga, greiðslufyrirkomulag og annað er varðar innheimtu þess.

Félagið skal fara með heimildir og skyldur sveitarfélags á flugvallarsvæðinu samkvæmt lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, X. kafla vatnalaga, nr. 15/1923 (holræsi), og 8. gr. a laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, og er félaginu heimilt að innheimta gjöld samkvæmt lögunum.

Ákvarðanir félagsins um álagningu gjalda skv. 2. og 3. mgr. sæta stjórnsýslukæru í samræmi við almennar reglur laga.

Félaginu er heimilt, að fengnu samþykki samgönguráðherra, að semja við sveitarfélag eða byggðasamlag um að hafa með höndum eitthvert þeirra verkefna sem tilgreind eru í 1., 2. eða 3. mgr.

10. gr.

Gjaldskrá.

Stjórn félagsins skal setja þjónustugjaldskrá fyrir félagið.

Félagið skal auglýsa gjaldskrár sínar og efnislegar breytingar á þeim á heimasíðu sinni. Jafnframt skal birta þar uppfærða útgáfu gjaldskráa og samþykkta um gjöld skv. 2. og 3. mgr. 9. gr.

11. gr.

Upphaf rekstrar félagsins.

Félagið skal hefja rekstur 1. janúar 2009.

12. gr.

Gildistaka og brottfall laga.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Með lögum þessum eru frá og með 1. janúar 2009 felld úr gildi lög um Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar, nr. 34/2006, og lög um stofnun hlutafélags um Flugstöð Leifs Eiríkssonar, nr. 76/2000, með síðari breytingum.

13. gr.

Brottfall og breyting lagaákvæða.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. Skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997, með síðari breytingum: 61. gr. laganna fellur brott.
2. Lög um loftferðir, nr. 60/1998, með síðari breytingum:
   a. 3. málsl. 1. mgr. 71. gr. a, sbr. 3. gr. laga nr. 34/2006, fellur brott.
   b. 2. málsl. 1. mgr. 71. gr. b, sbr. 3. gr. laga nr. 34/2006, fellur brott.
3. Lög um ráðstafanir í kjölfar samnings við Bandaríkin um skil á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli, nr. 176/2006: Á eftir orðinu „fylgiskjali“ í 1. mgr. 1. gr. komi orðin: sem forsætisráðherra birtir með auglýsingu.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Stofnun hlutafélags.

Á stofnfundi hlutafélags skv. 1. gr., sem haldinn skal fyrir 1. janúar 2009, skipar samgönguráðherra stjórn sem starfar fram að fyrsta aðalfundi, sbr. 3. gr. Á stofnfundi skal leggja fram til afgreiðslu drög að stofnyfirlýsingu og samþykktum fyrir félagið. Í stofnyfirlýsingunni skal mælt fyrir um þau atriði sem áskilið er að fram komi í stofnsamningi samkvæmt lögum um hlutafélög að öðru leyti en því sem getið er um í lögum þessum.

Samgönguráðherra er heimilt í samráði við fjármálaráðherra að leggja til hlutafélags skv. 1. gr. eignir, búnað, skuldir og skuldbindingar sem tilheyra rekstri Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar og Flugstöð Leifs Eiríkssonar ohf., þ.e. flugstöðina sjálfa ásamt öllu því sem henni fylgir, eignir, viðskiptavild, réttindi, skuldir og skuldbindingar. Fjármálaráðherra er heimilt að leggja til félagsins aðrar eignir ríkisins á flugvallarsvæðinu.

Meta skal eignir, búnað, réttindi, skuldir og skuldbindingar skv. 2. mgr. þessa ákvæðis og láta leggja mat á hvert stofnhlutafé opinbera hlutafélagsins skuli vera miðað við 1. janúar 2009. Ríkisendurskoðandi skal staðfesta mat á eignum og skuldum félagsins. Heimilt er að stofna félagið með hlutafé að fjárhæð 10 millj. kr. sem greiðist úr ríkissjóði. Þegar endanlegt mat eigna skv. 2. mgr. þessa ákvæðis liggur fyrir skal hlutafé aukið til samræmis á framhaldsstofnfundi og eignir lagðar til félagsins sem stofnhlutafé.

Eftir að lög um Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar, nr. 34/2006, og lög um stofnun hlutafélags um Flugstöð Leifs Eiríkssonar, nr. 76/2000, falla úr gildi, 1. janúar 2009, sbr. 2. mgr. 12. gr., yfirtekur hlutafélag skv. 1. gr. rekstur og starfsemi Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða III, og rekstur Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar ohf. Ákvæði XIV. kafla laga um hlutafélög gilda ekki um yfirtöku félagsins á Flugstöð Leifs Eiríkssonar ohf. Samhliða yfirtökunni telst Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar lögð niður og starfsemi Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar ohf. slitið, í skilningi 1. mgr. 127. gr. laga um hlutafélög, og réttindi þess og skyldur runnar í heild sinni til hins nýja hlutafélags skv. 1. gr. Stjórn hins nýja félags skal tilkynna hlutafélagaskrá um yfirtökuna í samræmi við ákvæði 128. gr. laga um hlutafélög. Yfirtakan veitir samningsaðilum, sem breytingin varðar, ekki heimild til uppsagnar fyrirliggjandi samningssambanda.

II.
Réttindi starfsmanna.

Þegar Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar og Flugstöð Leifs Eiríkssonar ohf. verða lagðar niður, frá og með 1. janúar 2009, fer um réttindi og skyldur starfsmanna Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar eftir lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, en auk þess gilda lög um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, eftir því sem við á.

Hlutafélag skv. 1. gr. skal bjóða starfsmönnum Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar ohf. störf, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða III.

Um biðlaunarétt, sem kann að hafa fylgt störfum einstakra starfsmanna Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar, gilda ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

III.
Réttindi starfsmanna flugleiðsöguþjónustu.

Við niðurlagningu á starfsemi Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar 1. janúar 2009 er samgönguráðherra heimilt að fela Flugstoðum ohf., sem fara með flugleiðsöguþjónustu og flugvallarrekstur skv. 1. gr. laga um stofnun hlutafélags um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstur Flugmálastjórnar Íslands, að fara með þá flugleiðsöguþjónustu sem var áður á hendi Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar. Hið opinbera hlutafélag skal bjóða störf þeim starfsmönnum sem störfuðu við flugleiðsöguþjónustu hjá Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar. Um réttindi þessara starfsmanna gilda að öðru leyti ákvæði 1. og 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða II, eftir því sem við getur átt.

IV.
Lóðamál og innheimta gjalda.

Þangað til hlutafélag skv. 1. gr. hefur rekstur annast Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar úthlutun lóða og innheimtu gjalda skv. 9. gr.

V.
Skipulags- og mannvirkjamál.

Þangað til hlutafélag skv. 1. gr. hefur rekstur gegnir Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar því hlutverki á sviði skipulagsmála sem félaginu er falið skv. 8. gr. Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar og síðar hlutafélag skv. 1. gr. annast stjórnsýslu byggingarmála (mannvirkjamála) á flugvallarsvæðinu samkvæmt skipulagslögum uns annað verður ákveðið með lögum.

1252. Frumvarp til laga [372. mál]

um frístundabyggð og leigu lóða undir frístundahús.

(Eftir 2. umr., 29. maí.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Gildissvið.

Ákvæði laga þessara eru ófrávíkjanleg nema annað sé tekið fram eða leiði af eðli máls.

Ákvæði II. kafla laga þessara gilda um leigu á lóðum undir frístundahús enda sé hin leigða lóð tveir hektarar að stærð eða minni og leigusamningur er annaðhvort ótímabundinn eða til a.m.k. 20 ára.

Lög þessi gilda um innbyrðis réttindi og skyldur umráðamanna lóða í frístundabyggð án tillits til stærðar lóðar, sbr. III. kafla.

2. gr.
Orðskýringar.

Í lögunum er merking eftirtalinna orða og orðasambanda þessi:

1. *Frístundabyggð:* Afmarkað svæði innan jarðar eða jarða þar sem eru a.m.k. 10 lóðir undir frístundahús.
2. *Frístundahús:* Hús utan þéttbýlis sem aðallega er nýtt til að fólk geti dvalist þar tímabundið til að eyða frítíma sínum og þar sem að öðru jöfnu er óheimilt að hafa skráð lögheimili. Mannvirki sem stendur á lóð fyrir frístundahús, svo sem geymsla, en er ekki samtengt frístundahúsi, er hluti hússins í skilningi laga þessara. Þó teljast eftirfarandi mannvirki ekki frístundahús í skilningi laga þessara: fjallaskálar, gangnamannaskálar, aðstöðuhús, neyðarskýli, kofar og önnur slík mannvirki utan þéttbýlis. Enn fremur teljast hús og önnur mannvirki, sem standa á landi sem fellur utan 3. tölul., ekki frístundahús í skilningi laga þessara.
3. *Lóð undir frístundahús:* Skiki lands utan þéttbýlis sem afmarkaður er í samningi eða skipulagi, sem á grundvelli sérgreindrar hagnýtingar, auðkenna eða landamerkja getur talist sjálfstæð eind og hefur a.m.k. að hluta til verið nýttur undir frístundahús eða heimilt er að reisa slíkt hús þar.
4. *Umráðamaður lóðar undir frístundahús:* Nú er lóð ekki leigð út og er þá eigandi lóðar umráðamaður. Nú er lóð leigð út og er þá leigutaki umráðamaður. Nú hefur lóð verið framleigð til a.m.k. eins árs og er þá framleigutaki umráðamaður.

II. KAFLI
Leiga á lóð undir frístundahús.

3. gr.
Form og efni samnings um leigu á lóð undir frístundahús.

Leigusamningur um lóð undir frístundahús skal vera skriflegur. Óheimilt er að gera tímabundinn leigusamning um lóð undir frístundahús til skemmri tíma en 20 ára.

Í leigusamningi skv. 1. mgr. skal m.a. koma fram:
1. nöfn, heimilisföng og kennitölur samningsaðila,
2. staðsetning og hnit hins leigða lands,
3. hvort samningur sé tímabundinn eða ótímabundinn,
4. fjárhæð leigu, þar á meðal ákvæði um verðtryggingu og endurskoðun leigufjárhæðar á leigutíma ef því er að skipta,
5. hvar og hvernig skuli greiða leiguna,
6. réttur leigutaka til að framlengja leigusamning,
7. hvort leigutaki njóti forkaupsréttar við sölu,
8. hvort leigusali öðlist forkaupsrétt við framsal leiguréttinda leigutaka og við framsal mannvirkja á lóð,
9. hvort leigutaki skuli setja tryggingu og með hvaða hætti og
10. hvort senda megi orðsendingar í rafrænu formi og þá á hvaða netfang.

Í samningnum skal enn fremur ákvarða hvort og að hve miklu leyti skal greiða kostnað vegna:
1. aðgangs að vatni,
2. aðgangs að rafmagni,
3. lagningar og viðhalds vega og
4. uppsetningar og viðhalds girðinga.

4. gr.

Orðsendingar.

Þurfi aðili leigusamnings vegna fyrirmæla þessa kafla að koma á framfæri við gagnaðila skriflegri orðsendingu, hverju nafni sem hún nefnist, skal hún send með sannanlegum og tryggilegum hætti og innan þeirra tímamarka eða fresta sem mælt er fyrir um ef því er að skipta. Sé þess gætt hefur orðsendingin þá þýðingu og þau réttaráhrif sem henni er ætlað að hafa, jafnvel þótt hún komi afbökuð, of seint eða alls ekki til viðtakanda.

Aðilar geta samið um að senda megi orðsendingar skv. 1. mgr. á rafrænu formi, sbr. 10. tölul. 2. mgr. 3. gr.

5. gr.

Ástand hins leigða.

Lóð undir frístundahús skal, þegar hún er afhent leigutaka, vera í því ástandi sem um var samið og almennt er talið fullnægjandi miðað við fyrirhugaða notkun hennar og staðsetningu.

Leigutaka ber að sjá til þess að landamerki lóðar séu greinileg nema um annað sé samið.

6. gr.

Viðhald og rekstur hins leigða. Greiðsla opinberra gjalda.

Leigutaka er skylt að fara vel með hið leigða og í samræmi við umsamin afnot þess. Sé ekki um annað samið skal leigutaki bera allan kostnað af viðhaldi og rekstri hins leigða. Leigutaka ber einnig að greiða opinber gjöld af hinu leigða nema um annað sé samið.

7. gr.

Greiðsla leigu.

Leigu fyrir afnot lóðar í eitt ár undir frístundahús skal greiða eigi síðar en 1. júlí ár hvert nema um annað sé samið.

8. gr.

Framleiga og framsal.

Framleiga og framsal leiguréttinda á lóð undir frístundahús er leigutaka heimil án samþykkis leigusala, sbr. þó 2. tölul. lokamálsgreinar 30. gr. Leigutaki skal tilkynna leigusala um framleigu lóðarleiguréttinda til lengri tíma en eins árs eða framsal lóðarleiguréttinda innan fjögurra vikna frá slíkum aðilaskiptum.

9. gr.

Veðsetning leigulóðarréttinda.

Leigutaka er heimilt, án samþykkis leigusala, að veðsetja leigurétt sinn að lóð undir frístundahús í heild ásamt mannvirkjum þeim sem á henni standa eða reist verða.

10. gr.

Uppsögn samnings og tilkynningar um leigulok.

Uppsögn ótímabundins leigusamnings er heimil báðum aðilum hans. Uppsagnarfrestur slíks samnings er eigi skemmri en tvö ár.

Tímabundnum leigusamningi lýkur á umsömdum degi án sérstakrar uppsagnar eða tilkynningar af hálfu aðila, sbr. þó 3. og 4. mgr.

Nú er í gildi tímabundinn leigusamningur um lóð þar sem frístundahús stendur. Skal þá leigusali eigi síðar en tveimur árum fyrir lok leigusamnings senda leigutaka tilkynningu þar sem bent er á áætluð samningslok og efni 11.–14. gr. Leigusala er heimilt í tilkynningu þessari að hvetja leigutaka til að hefja viðræður við sig við fyrsta tækifæri um áframhald leigu eða lok hennar.

Nú hefur leigusali ekki sent tilkynningu skv. 3. mgr. og skal þá leigutaki, eigi síðar en 18 mánuðum fyrir leigulok, senda leigusala tilkynningu sambærilegs efnis.

Uppsögn, sbr. 1. mgr., og tilkynningar, sbr. 3. og 4. mgr., skulu vera skriflegar.

11. gr.

Samningsfrelsi, framlenging samnings um eitt ár og tómlætisverkan.

Aðilar geta ávallt samið um áframhald leigu eða lok hennar.

Nú hafa samningar ekki náðst á milli aðila einu ári fyrir lok tímabundins leigusamnings og tilkynningar skv. 3. og 4. mgr. 10. gr. hafa ekki verið sendar innan þeirra fresta sem þar er getið og gildir leigusamningurinn þá í tvö ár frá því tímamarki, þ.e. samningurinn framlengist um eitt ár miðað við umsamin leigulok.

Nú er eitt ár eftir af framlengdum samningi, þ.e. komið er að því tímamarki sem upphaflega hafði verið samið um að yrðu leigulok, sbr. 2. mgr. Skal þá leigusali eiga málskotsrétt til úrskurðarnefndar frístundahúsamála. Um þann málskotsrétt gilda að öllu leyti ákvæði 1. mgr. 12. gr.

Nú er hálft ár eftir af framlengdum samningi, sbr. 2. mgr., og leigusali hefur glatað sínum málskotsrétti, sbr. 3. mgr. og 1. mgr. 12. gr., og getur leigutaki þá skotið máli til úrskurðarnefndar frístundahúsamála í samræmi við 8. mgr. 12. gr.

Framlengdur leigusamningur, sbr. 2. mgr., rennur út á tilsettum tíma enda hafi aðilar hvorki náð samningum né heldur skotið máli til úrskurðarnefndar frístundahúsamála. Er þá enginn leigusamningur í gildi og hafa báðir aðilar glatað málskotsrétti til úrskurðarnefndar frístundahúsamála.

12. gr.

Málskotsréttur aðila og kröfugerð.

Eingöngu er hægt að skjóta máli samkvæmt þessari grein til úrskurðarnefndar frístundahúsamála að frístundahús standi á lóð tveimur árum áður en uppsögn ótímabundins samnings tekur gildi, sbr. 1. mgr. 10. gr., eða tveimur árum áður en tímabundinn samningur hefði fallið úr gildi skv. 2. mgr. 10. gr.

Leigusali getur skotið máli til úrskurðarnefndar frístundahúsamála allt frá því að eitt ár er eftir af leigusamningi. Hafi aðilar vanrækt tilkynningarskyldu skv. 3. eða 4. mgr. 10. gr. grundvallast málskotsheimild leigusala á 3. mgr. 11. gr. Málskotsréttur leigusala fellur niður hafi málskot hans ekki verið sent í síðasta lagi sex mánuðum fyrir lok leigusamnings.

Nú er málskotsréttur leigusala niður fallinn og getur þá leigutaki skotið máli til úrskurðarnefndar frístundahúsamála. Málskotsréttur leigutaka fellur niður hafi málskot hans ekki verið sent í síðasta lagi fyrir lok leigusamnings.

Hafi annar hvor aðilinn nýtt sér málskotsrétt sinn, sbr. 2. eða 3. mgr., framlengist leigusamningur sjálfkrafa um 20 ár frá lokum samnings að telja. Það gildir þó ekki ef leigusali krefst innlausnar, sbr. 2. tölul. 5. mgr., eða ef leigutaki unir því að leigusamningur falli úr gildi og fjarlægir mannvirki sín af lóð á sinn kostnað, sbr. 6. mgr.

Nú hefur leigusali nýtt sér málskotsrétt sinn og getur hann þá fyrir úrskurðarnefnd frístundahúsamála haft uppi kröfu um:

1. hver skuli vera fjárhæð ársleigu í framlengdum leigusamningi, sbr. 13. gr.,
2. innlausn og hvert skuli vera innlausnarverð fyrir mannvirki leigutaka og eftir atvikum um fjárhæð greiðslu sérstakra bóta eða lækkun innlausnarverðs vegna ástands lóðar í samningslok, sbr. 14. gr.

Nú er krafa komin fram skv. 5. mgr og getur leigutaki þá lokið máli með því að tilkynna úrskurðarnefnd og leigusala að hann uni því að leigusamningur falli úr gildi í samræmi við 2. mgr. 10. gr. eða 5. mgr. 11. gr. og að hann fjarlægi á sinn kostnað mannvirki á lóðinni innan tilhlýðilegs frests en þó aldrei síðar en tveimur mánuðum eftir lok samnings.

Hafi máli skv. 5. mgr. ekki verið lokið fyrir úrskurðarnefndinni með úrskurði eða sátt og rekja má það til athafna eða athafnaleysis leigusala framlengist eldri leigusamningur, óbreyttur, um 20 ár frá samningslokum að telja.

Nú hefur leigutaki nýtt sér málskotsrétt sinn og getur hann þá fyrir úrskurðarnefnd frístundahúsamála haft uppi kröfu um hver skuli vera fjárhæð ársleigu í framlengdum leigusamningi, sbr. 13. gr.

Hafi máli skv. 8. mgr. ekki verið lokið fyrir úrskurðarnefndinni með úrskurði eða sátt og rekja má það til athafna eða athafnaleysis leigutaka fellur leigusamningur úr gildi.

Hafi aðilar samnings hvenær sem er á leigutíma gert samning um áframhaldandi leigu, um kaup leigutaka á lóð eða um innlausn leigusala en ekki náð samningum um verð geta þeir sameiginlega skotið máli sínu til úrskurðarnefndar og haft uppi kröfur um fjárhæð leigu, innlausnarverð eða kaupverð, sbr. 13.–15. gr.

13. gr.

Mat á ársleigu framlengds leigusamnings.

Nú hefur annar hvor aðili leigusamnings hafið mál fyrir úrskurðarnefnd frístundahúsamála um hver skuli vera ársleiga í framlengdum leigusamningi, sbr. 1. tölul. 5. mgr. eða 8. mgr. 12. gr., eða báðir aðilar, sbr. 10. mgr. 12. gr., og skal þá ákvörðun um ársleigu taka mið af kröfum aðila og hvað nefndin álítur vera markaðsverðmæti á hverjum tíma.

Við mat á markaðsverðmæti skal m.a. hafa til viðmiðunar:

1. hver sé ársleiga lóða sem eru svipaðar að stærð og búa yfir svipuðum eiginleikum á sömu jörð eða aðliggjandi jörðum; einnig má líta til ársleigu lóða sem eru svipaðar að stærð og búa yfir sams konar eiginleikum innan þess sveitarfélags sem lóðin er á eða þá eftir atvikum innan sveitarfélaga í nágrenninu,
2. legu, útsýni, gróðursæld, staðsetningu og önnur slík atriði sem áhrif geta haft á fjárhæð ársleigu lóðar,
3. hvert hið eldra leigugjald hafi verið og hvort það hafi fylgt breytingum á vísitölu neysluverðs eða vísitölu byggingaverðs.

Leigutími framlengds leigusamnings er 20 ár frá lokum eldri samnings.

Ákvæði eldri leigusamnings, sem ekki eru í andstöðu við ófrávíkjanleg ákvæði laga, halda gildi sínu um önnur atriði en nefnd eru í 2. og 3. mgr.

14. gr.

Réttaráhrif innlausnar, innlausnarverð, lóðarbætur o.fl.

Í innlausn felst að leigusali eignast mannvirki leigutaka og eftir atvikum þær endurbætur sem orðið hafa á lóðinni á leigutímanum gegn greiðslu peninga. Úrskurðarnefnd ákveður nánari greiðsluskilmála innlausnar.

Þegar kveðið er á um innlausn með úrskurði skulu öll takmörkuð eignarréttindi jafnframt afnumin, nema annað sé sérstaklega ákveðið. Almennar reglur gilda um rétt handhafa takmarkaðra eignarréttinda til að þeir fái innlausnarverðið greitt í heild eða hluta.

Nú hefur leigusali skotið máli til úrskurðarnefndar frístundahúsamála í samræmi við 2. tölul. 5. mgr. 12. gr. eða báðir aðilar samnings í samræmi við 10. mgr. 12. gr. og gildir þá þessi grein um skilmála innlausnar.

Ákvörðun um innlausnarverð fyrir mannvirki skal taka mið af kröfum aðila og hvað nefndin álítur vera markaðsverðmæti á hverjum tíma. Við mat á markaðsverðmæti mannvirkja skal m.a. hafa til viðmiðunar:

1. nýlegt söluverð á mannvirkjum sem eru af svipaðri stærð og gerð og standa á lóðum á sömu jörð eða nálægum jörðum í sveitarfélaginu; einnig má líta til nýlegra söluverða sambærilegra frístundahúsa og annarra mannvirkja á lóðum undir frístundahús innan sveitarfélaga í nágrenninu; heimilt er að líta til sölu mannvirkja þar sem lóðarleiguréttindi eru til a.m.k. 20 ára og til sölu mannvirkja á eignarlóðum,
2. ástand, gerð og skipulag mannvirkja,
3. fasteignamat, brunabótamat og annað er til leiðbeiningar má verða.

Nú hefur í tíð eldri leigusamnings leigutaki eða fyrirrennari hans staðið fyrir umbótum á lóð, svo sem með trjá- og garðrækt. Getur leigutaki þá krafist þess að leigusali greiði sér bætur vegna þeirrar verðmætaaukningar sem orðið hefur á landinu. Svo að bætur verði úrskurðaðar til handa leigutaka verður að vera sýnt fram á að umbæturnar hafi aukið verðgildi lóðar verulega umfram það sem við mátti búast miðað við ástand hennar í upphafi eldri leigusamnings og að venjulegri umhirðu lóðar hefði verið sinnt allan leigutímann.

Hafi umhirðu leigutaka á lóð á leigutíma verið verulega ábótavant og ástand lóðar er ófullnægjandi þegar leigusamningur rennur út getur leigusali krafist lækkunar á innlausnarverði mannvirkja skv. 4. mgr.

15. gr.

Mat á kaupverði lóðar.

Nú hafa aðilar leigusamnings hafið mál fyrir úrskurðarnefnd fristundahúsamála um hvert skuli vera kaupverð lóðar, sbr. 10. mgr. 12. gr., og skal þá ákvörðun um kaupverð taka mið af kröfum aðila og hvað nefndin álítur vera markaðsverðmæti á hverjum tíma.

Við mat á markaðsverðmæti skal m.a. hafa til viðmiðunar:

1. hvert sé kaupverð lóða sem eru svipaðar að stærð og búa yfir svipuðum eiginleikum á sömu jörð eða aðliggjandi jörðum; einnig má líta til kaupverðs lóða sem eru svipaðar að stærð og búa yfir sams konar eiginleikum innan þess sveitarfélags sem lóðin er á eða þá eftir atvikum innan sveitarfélaga í nágrenninu,
2. legu, útsýni, gróðursæld, staðsetningu og önnur slík atriði sem áhrif geta haft á fjárhæð kaupverðs lóðar.

Nú hefur í tíð eldri leigusamnings leigutaki eða fyrirrennari hans staðið fyrir umbótum á lóð, svo sem með trjá- og garðrækt, og getur leigusali þá ekki krafist þess að umbæturnar leiði til hækkunar kaupverðs vegna þeirrar verðmætaaukningar sem orðið hefur á landinu.

Hafi umhirðu leigutaka á lóð á leigutíma verið verulega ábótavant og ástand lóðar er ófullnægjandi þegar leigusamningur rennur út getur leigutaki ekki krafist lækkunar á lóðarverði.

16. gr.

Riftun leigusamnings.

Almennar reglur gilda um riftun leigusamnings.

III. KAFLI
Réttindi og skyldur í fristundabyggð.

17. gr.

Félag í fristundabyggð.

Í fristundabyggð er umráðamönnum lóða undir fristundahús skylt að hafa með sér félagsskap um sameiginlega hagsmuni. Þó er ekki skylt að hafa slíkan félagsskap þegar:

1. umráðamenn lóða undir fristundahús eru fimm eða færri,
2. einn og sami aðilinn hefur umráð yfir helmingi lóða í fristundabyggðinni eða
3. engir eða afar takmarkaðir sameiginlegir hagsmunir eru í fristundabyggðinni.

Félagssvæði ræðst af jarðarmörkum. Heimilt er að sérstakir sameiginlegir hagsmunir eða önnur landfræðileg mörk afmarki umdæmi félags þannig að fleiri en eitt félag geti starfað á sömu jörð eða félagssvæði nái til fleiri en einnar jarðar.

Nú er félag í fristundabyggð stofnað fyrir gildistöku laga þessara og skulu samþykktir þess halda gildi sínu að því leyti sem þær samrýmast lögum þessum.

18. gr.

Stofnfundur.

Einn eða fleiri umráðamenn lóða undir fristundahús geta boðað til stofnfundar félags í fristundabyggð. Stofnfund skal boða bréflega með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara.

Á stofnfundi skal setja félaginu samþykktir sem hafa a.m.k. að geyma ákvæði um:

1. nafn félags,
2. heimilisfang og varnarþing,
3. félagssvæði og skulu þar taldar upp allar lóðir í viðkomandi fristundabyggð,
4. verkefni félagsins,

5. skipun og starfssvið félagsstjórnar,
6. málsmeðferðarreglur, reikninga félags og skoðunarmenn þeirra,
7. skyldu til framlagningar endurskoðaðra reikninga,
8. árgjald vegna starfsemi félagsins.

Stjórn félags í frístundabyggð skal hlutast til um að samþykktum félagsins verði þinglýst á allar þær fasteignir sem taldar eru upp í samþykktum þess.

19. gr.

Hlutverk félags.

Sé ekki á annan veg samið er hlutverk félags í frístundabyggð m.a. að taka ákvarðanir um:

1. lagningu og viðhald akvega og göngustíga að og innan svæðis,
2. gerð og rekstur á sameiginlegum svæðum í frístundabyggðinni, svo sem leiksvæðum og bílastæðum,
3. gerð og rekstur á sameiginlegum aðveitum og fráveitum,
4. gerð og viðhald sameiginlegrar girðingar um svæðið,
5. uppsetningu og rekstur öryggiskerfa,
6. almennar samskipta- og umgengnisreglur innan frístundabyggðarinnar.

20. gr.

Um aðalfund.

Aðalfund skal halda árlega fyrir 1. september. Hafi félagsstjórn ekki boðað til fundar 1. október er þeim félagsmönnum sem vilja halda fund heimilt að boða hann.

Aðalfund skal boða bréflega með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Í fundarboði skal greina fundartíma, fundarstað og dagskrá. Þá skal geta þeirra mála sem ræða á og meginefnis tillagna þeirra sem leggja á fyrir fundinn.

Á aðalfundi skulu a.m.k. vera eftirtalin mál á dagskrá:

1. skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins,
2. endurskoðaðir reikningar lagðir fram til samþykktar og umræður um þá,
3. kosning formanns,
4. kosning annarra stjórnarmanna,
5. kosning varamanna,
6. kosning skoðunarmanna reikninga og varamanna þeirra,
7. framlagning rekstrar- og framkvæmdaáætlunar fyrir næsta ár,
8. ákvörðun um árgjald til félagsins,
9. mál sem tiltekin eru í fundarboði og
10. önnur mál.

21. gr.

Vægi atkvæða og skipting kostnaðar.

Á félagssvæði frístundabyggðar fylgir eitt atkvæði hverri lóð undir frístundahús og fer umráðamaður lóðar með atkvæðisréttinn.

Kostnaður skiptist að jöfnu og ræðst af fjölda lóða undir frístundahús á félagssvæðinu. Umráðamanni lóðar undir frístundahús er skylt að greiða sinn hluta kostnaðar sem hlýst af ákvörðun sem löglega hefur verið tekin.

Greiði félagsmaður ekki hlutdeild sína í sameiginlegum kostnaði og í félagssjóð eignast félagið lögveð í eign hans á félagssvæðinu til tryggingar kröfunni. Lögveðið nær einnig til vaxta og innheimtukostnaðar af kröfunni ef því er að skipta.

Lögveð stofnast þegar félag innir greiðslu af hendi eða á gjalddaga félagsgjalds ef um slík vanskil er að ræða.

Lögveð fellur niður ef því er ekki fylgt eftir með lögsókn eða því lýst við nauðungarsölu innan árs frá stofnun þess. Viðurkenning eiganda utan réttar nægir ekki til að rjúfa fyrningu.

22. gr.

Þátttaka í ákvörðunum og lögmæti þeirra.

Rétt til fundarsetu hafa félagsmenn, makar þeirra og sambúðaraðilar. Sambúðaraðili í skilningi laga þessara er einstaklingur sem er í skráðri sambúð með leigutaka eða umráðamanni lóðar undir frístundahús, í frístundabyggð.

Félagsmaður má veita sérhverjum lögráða manni umboð til að mæta á fundi og greiða atkvæði. Skal umboðsmaður leggja fram á fundinum skriflegt og dagsett umboð. Slíkt umboð má hvenær sem er afturkalla.

Afl atkvæða ræður úrslitum mála annarra en þeirra sem fjallað er um í 4. og 5. mgr.

Nú hefur þeirrar tillögu verið getið í fundarboði að greidd skuli atkvæði um hvort ráðast eigi í framkvæmdir eða stofna til kostnaðar sem leiðir til útgjalda sem eru umfram venjulegan rekstrarkostnað félagsins. Skal sú tillaga talin samþykkt hljóti hún samþykki minnst ⅔ hluta greiddra atkvæða og minnst þriðjungur félagsmanna sækir fundinn.

Ákvörðun um gerð samþykkta skv. 17. gr. eða breytingu á þeim verður því aðeins gild að hún hljóti samþykki minnst ⅔ hluta greiddra atkvæða og minnst helmingur félagsmanna sæki fundinn.

23. gr.

Félagsstjórn.

Stjórn fer með æðsta vald í málefnum félags í frístundabyggð á milli aðalfunda. Stjórn getur boðað til félagsfunda eins oft og þurfa þykir. Til funda skal boða bréflega með tveggja vikna fyrirvara nema annað leiði af samþykktum félags.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

24. gr.

Samráð sveitarstjórna og félaga í frístundabyggð.

Nú sameinast a.m.k. helmingur félaga í frístundabyggð í sveitarfélagi um að óska eftir því við sveitarstjórn eða sveitarstjóra að haldinn sé fundur til að veita upplýsingar um sameiginleg hagsmunamál frístundabyggðanna og sveitarfélagsins. Skal þá sveitarstjórn, eða eftir atvikum sveitarstjóri, að öðru jöfnu bjóðast til að halda slíkan fund með fulltrúum allra félaga í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn, eða eftir atvikum sveitarstjóri, þarf ekki að bjóðast til að halda slíkan fund oftar en einu sinni á hverju ári.

25. gr.

Úrskurðarnefnd frístundahúsamála.

Í úrskurðarnefnd frístundahúsamála eiga sæti þrír menn sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Formaður nefndarinnar og varamaður hans

skulu fullnægja skilyrðum laga til að gegna embætti héraðsdómara. Aðrir nefndarmenn skulu hafa reynslu og þekkingu á málefnum frístundabyggðar og frístundahúsa, m.a. á markaði með sölu frístundahúsa ásamt tilheyrandi lóðarleiguréttindum. Við skipan nefndarinnar getur ráðherra haft samráð við helstu samtök sem hafa hagsmuna að gæta við framkvæmd laganna.

Sá sem vísar ágreiningi til úrskurðarnefndar frístundahúsamála skal greiða 15.000 króna gjald til ríkissjóðs. Að öðru leyti skal kostnaður við störf úrskurðarnefndar greiðast úr ríkissjóði.

Álit og úrskurðir úrskurðarnefndar frístundahúsamála eru endanlegir á stjórnsýslustigi.

26. gr.

Meðferð kæru og gagnaöflun.

Nú hefur máli verið skotið með kæru til úrskurðarnefndar frístundahúsamála skv. 12. gr., sbr. 13.–15. gr., og skulu þar koma fram upplýsingar um kæranda, þann sem kæra beinist að (gagnaðila), landnúmer lóðar undir frístundahús sem deilt er um og fasteignanúmer mannvirkja á lóð. Í kæru skulu koma fram kröfur kæranda ásamt stuttri lýsingu málsatvika og málsástæðna sem og rökstuðningur. Með kæru skal ávallt fylgja afrit af eldri leigusamningi og ef því er að skipta uppsögn eða tilkynningum skv. 10. gr. Kröfugerð kæranda skal lúta að valdsviði nefndarinnar skv. 13.–15. gr.

Ef kæra fullnægir ekki skilyrðum 1. mgr. skal úrskurðarnefndin beina því til kæranda að bæta úr annmörkum innan hæfilegs frests. Verði kærandi ekki við því skal úrskurðarnefndin vísa máli frá. Máli skal vísað frá ef kæra berst utan tímafresta skv. 12. gr. Upplýsa skal gagnaðila um frávísun.

Nú er kæra tæk til efnismeðferðar og gefur nefndin þá gagnaðila kost á að tjá sig um efni kærunnar. Skal gefa honum hæfilegan frest í því skyni.

Þegar báðir aðilar hafa komið sínum sjónarmiðum að skal úrskurðarnefnd leita sátta með aðilum nema hún telji víst að sáttatilraun verði árangurslaus vegna atvika máls, afstöðu aðila eða annarra ástæðna.

Málflutningur skal vera skriflegur, en heimilt er nefndinni að gefa aðilum kost á að færa fram athugasemdir munnlega.

Nú skortir upplýsingar um atriði sem máli kunna að skipta og getur þá nefndin óskað eftir því við málsaðila að þeir afli gagna sem varpa ljósi á þessi atriði.

Þegar nauðsyn krefur framkvæmir úrskurðarnefnd frístundahúsamála vettvangsgöngu að tilkvöddum málsaðilum.

Þegar gagnaöflun er lokið skal úrskurðarnefnd kveða upp úrskurð um kæru eins fljótt og auðið er.

Afl atkvæða nefndarmanna ræður niðurstöðu máls. Minnihlutaatkvæði skal fylgja nefndaráliti ef því er að skipta. Formaður eða varaformaður stýrir störfum nefndarinnar. Þegar nefndarmenn eru ekki sammála um niðurstöðu ræður meiri hluti niðurstöðu máls. Ef nefndin þríklofnar í afstöðu sinni, eða niðurstaða getur eigi ráðist af atkvæðamagni, ræður atkvæði formanns.

27. gr.

Um réttaráhrif sáttar og úrskurðar.

Náist sátt á milli aðila skal hún færð til bókar og skal þar greina fjárhæðir og aðra skilmála.

Hvorugur aðila getur borið kröfur sínar um fjárhæð ársleigu skv. 13. gr. eða fjárhæð innlausnarverðs eða bóta skv. 14. gr. undir dómstóla nema úrlausn úrskurðarnefndar frístundahúsamála um þessi atriði liggi fyrir.

Nú er felldur úrskurður um skilmála framlengds leigusamnings skv. 13. gr. Skal þá eldri leigusamningur falla úr gildi og hinn framlengdi leigusamningur taka við.

Nú er felldur úrskurður um skilmála innlausnar skv. 14. gr. Skal þá leigutaki skila lóðinni, ásamt öllum mannvirkjum og tilheyrandi fylgifé, að teknu tilliti til eðlilegrar notkunar og viðhalds, í ekki lakara ástandi en þegar honum var kunnugt eða mátti vera kunnugt um kæru leigusala skv. 2. tölul. 5. mgr. 12. gr., sbr. 14. gr.

Sátt skv. 1. mgr. og úrskurðir skv. 3. og 4. mgr. eru aðfararhæfir.

Nú vill kærandi eða gagnaðili ekki una úrskurði úrskurðarnefndar frístundahúsamála og getur hann þá höfðað mál til að ógilda hann fyrir dómstólum eða að honum verði breytt um efni fjárhæða. Mál skal höfðað innan sex mánaða frá því að aðilinn fékk eða mátti fá vitneskju um úrskurð úrskurðarnefndar.

28. gr.

Álit úrskurðarnefndar um frístundahúsamál og málsmeðferð.

Nú greinir aðila á um framkvæmd ákvæða III. kafla og geta þeir þá borið ágreiningsefnið undir úrskurðarnefnd frístundahúsamála sem lætur í té rökstutt álit.

Erindi til úrskurðarnefndar skal vera skriflegt og í því skal skilmerkilega greina ágreiningsefnið, kröfu aðila og rökstuðning fyrir henni.

Úrskurðarnefnd skal gefa gagnaðila kost á að tjá sig og koma sjónarmiðum sínum og kröfum á framfæri. Skal gefa honum hæfilegan frest í því skyni. Heimilt er úrskurðarnefnd að kalla eftir öllum nauðsynlegum upplýsingum og gögnum og óska umsagnar frá öðrum sem málið snertir eða við kemur. Um málsmeðferð fer að öðru leyti samkvæmt stjórnsýslulögum.

29. gr.

Reglugerðarheimild.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði og fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

Úrskurðarnefnd frístundahúsamála getur sett nánari reglur, sem ráðherra staðfestir, um erindi til úrskurðarnefndar, störf hennar, starfsskilyrði, sáttatilraunir, málsmeðferð fyrir nefndinni, framlagningu gagna, birtingu úrskurða o.fl.

30. gr.

Gildistaka og lagaskil.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2008.

Lög þessi taka ekki til samninga um leigu á lóðum undir frístundahús sem fallið hafa úr gildi fyrir gildistöku laganna.

Lög þessi taka til samninga um leigu á lóð undir frístundahús sem eru í gildi við gildistöku laga þessara. Ákvæði slíkra samninga, sem brjóta í bága við lög þessi, eru ógild nema annað sé tekið fram eða leiði af eðli máls. Þó skulu ákvæði slíkra samninga vera óhögguð um:

1. leigutíma, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða um samninga sem falla úr gildi fyrir 1. júlí 2010,
2. að framleiga og framsal leiguréttinda á lóð undir frístundahús sé leigutaka óheimil án samþykkis leigusala.

Ákvæði til bráðabirgða.

Nú fellur tímabundinn samningur um leigu á lóð undir frístundahús úr gildi innan tveggja ára frá gildistöku laga þessara og skal þá leigutaki lóðar, sem frístundahús stendur á, hafa rétt til að framlengja leigusamning um eitt ár frá samningslokum að telja en þó aldrei lengur en til 1. júlí 2010.

Leigutaki skal tilkynna leigusala þessa fyrirætlan sína skriflega innan tveggja mánaða frá því að lög þessi taka gildi, en að öðrum kosti fellur réttur hans til að framlengja samning niður og leigutími og aðrir skilmálar leigusamnings halda gildi sínu.

Nú fellur leigusamningur úr gildi á tímabilinu 1. júlí til 1. september 2008 án þess að leigutaki hafi tilkynnt leigusala að rétti til að framlengja leigusamning um eitt ár verði beitt og getur leigutaki þá eigi að síður öðlast slíkan rétt enda hafi hann sent leigusala tilkynningu um beitingu hans fyrir 1. september 2008.

Hafi leigusamningur verið framlengdur í samræmi við 1.–3. mgr. ber hvorugum aðila skylda til að senda tilkynningu skv. 3. eða 4. mgr. 10. gr. laga þessara.

Hafi samningar ekki náðst um áframhald leigu eða afnám hennar getur leigusali, sbr. 5. mgr. 12. gr., eða leigutaki, sbr. 8. mgr. 12. gr., skotið kæru til úrskurðarnefndar frístundahúsamála. Um brottfall málskotsréttar leigusala gildir ákvæði 3. málsl. 2. mgr. 12. gr. og um brottfall málskotsréttar leigutaka gildir ákvæði 2. málsl. 3. mgr. 12. gr.

1253. Frumvarp til laga [545. mál]

um breyting á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna, nr. 21/1992, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 29. maí.)

1. gr.

13. gr. laganna orðast svo:

Rétt á námslánum samkvæmt lögum þessum eiga námsmenn sem eru íslenskir ríkisborgarar og uppfylla skilyrði laga þessara og reglna sem settar eru með stoð í þeim.

Sama gildir um námsmenn sem eru ríkisborgarar ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu og fjölskyldur þeirra, með þeim skilyrðum sem leiðir af rétti samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. ákvæði reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1612/68 um frelsi launþega til flutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins, með síðari breytingum, sbr. 1. gr. laga nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Ríkisborgarar ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu sem starfa ekki sem launþegar eða sjálfstæðir atvinnurekendur á Íslandi og fjölskyldur þeirra öðlast fyrst rétt til námslána eftir fimm ára samfellda búsetu á Íslandi, sbr. þó 4. mgr.

Við mat á því hvort skilyrði 3. mgr. um fimm ára samfellda búsetu á Íslandi sé uppfyllt skal litið fram hjá skammtímafjarvistum frá Íslandi sem til samans fara ekki yfir sex mánuði á ári eða fjarvistum í allt að tólf mánuði samfellt af mikilvægum ástæðum, t.d. vegna meðgöngu og fæðingar, alvarlegra sjúkdóma, náms eða starfsnáms eða starfsdvalar á Evrópska efnahagssvæðinu á vegum fyrirtækis sem hefur staðfestu hér á landi. Í kjölfar lengri en

tveggja ára samfelldrar fjarvistar frá Íslandi er unnt að ávinna sér rétt til námslána að nýju með fimm ára samfelldri búsetu hér á landi. Menntamálaráðherra getur sett reglur um námslánarétt eftirlaunaþega, öryrkja og annarra launþega eða sjálfstæðra atvinnurekenda sem ekki uppfylla skilyrði 3. mgr. um fimm ára samfellda búsetu á Íslandi.

Námsmenn eiga ekki rétt á námslánum samkvæmt lögum þessum njóti þeir sambærilegrar aðstoðar frá öðru ríki.

Menntamálaráðherra getur sett reglur um rétt íslenskra og erlendra ríkisborgara til námslána á Íslandi og erlendis, þar á meðal vegna þjóðréttarlegra skuldbindinga. Ákveða má að réttur til námslána, sem leiddur er af 1. og 2. mgr., taki mið af tengslum við íslenskt samfélag eða vinnumarkað.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1254. Frumvarp til laga [546. mál]

um opinbera háskóla.

(Eftir 2. umr., 29. maí.)

I. KAFLI

Gildissvið o.fl.

1. gr.

Gildissvið.

Lög þessi gilda um Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri sem reknir eru sem opinberir háskólar og lúta yfirstjórn menntamálaráðherra. Opinber háskóli er í lögum þessum nefndur háskóli.

Menntamálaráðherra birtir auglýsingu um háskóla sem starfa samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Sjálfstæð menntastofnun.

Háskóli er sjálfstæð menntastofnun sem heyrir undir menntamálaráðherra, sbr. 2. og 3. gr. laga um háskóla. Hann hefur sjálfdæmi um starfsemi sína að öðru leyti en kveðið er á um í lögum, reglum eða öðrum fyrirmælum sem gilda um háskólastarf.

3. gr.

Hlutverk.

Háskóli sinnir kennslu, rannsóknum, þekkingarleit og sköpun á sviði vísinda, fræða, tækniþróunar eða lista. Menntun, sem háskólar veita, tekur mið af þörfum samfélagsins og getur verið fræðilegs eðlis og starfsmiðuð. Háskóli er miðstöð þekkingar og hluti af alþjóðlegu mennta- og vísindasamfélagi. Háskóla er heimilt að veita endurmenntun í þeim fræðum sem stunduð eru innan hans.

Menntamálaráðherra er heimilt að fela einstökum háskólum að sinna kennslu eða rannsóknum á ákveðnum afmörkuðum sviðum, ótímabundið eða til ákveðins tíma.

II. KAFLI
Stjórnsýsla og stjórnskipulag.

4. gr.
Skipulagseiningar og rekstrarform.

Skipulagseiningar háskóla eru:

a. skólar og deildir, sbr. IV. kafla laga þessara,
b. háskólastofnanir sem heyra undir háskólaráð samkvæmt ákvörðun þess,
c. háskólastofnanir sem heyra undir skóla eða deildir samkvæmt ákvörðun skólaráðs,
d. háskólastofnanir sem starfa á grundvelli sérlaga.

Heimilt er í reglum, er háskólaráð setur, að nota önnur heiti fyrir skóla og deildir, sbr. a-lið 1. mgr., og að háskóli starfi á grundvelli annarra skipulagseininga.

5. gr.
Háskólaráð og stjórn háskóla.

Stjórn háskóla er falin háskólaráði og rektor. Háskólaráð markar heildarstefnu í kennslu og rannsóknum og mótar skipulag háskóla. Háskólaráð fer með almennt eftirlit með starfsemi háskólans í heild, einstakra skóla og háskólastofnana og ber ábyrgð á því að háskóli starfi í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli.

Háskólaráð fer með úrskurðarvald í málefnum háskólans, einstakra skóla og stofnana sem honum tengjast og heyra undir háskólaráð eða skóla.

Háskólaráð ber ábyrgð á framkvæmd samstarfssamninga sem háskóli gerir við fyrirtæki og aðrar stofnanir. Þá hefur háskólaráð yfirumsjón með fyrirtækjum, sjóðum og almennum eignum háskóla.

Háskólaráð setur reglur og viðmið um ráðningu starfsfólks skóla og háskólastofnana, sbr. b- og c-lið 1. mgr. 4. gr.

Háskólaráð getur framselt ákvörðunarvald sem rektor eða öðrum stjórnendum er fengið í einstökum málum eða málaflokkum til annarra stjórnenda enda sé það gert skriflega og tilkynnt sérstaklega.

Fái háskólaráð til meðferðar málefni er varðar sérstaklega einn skóla skal ráðið leita álits forseta hans áður en málefnið er leitt til lykta. Með sama hætti skal háskólaráð leita álits forstöðumanns háskólastofnunar sem ekki heyrir undir skóla.

6. gr.
Fulltrúar í háskólaráði.

Rektor á sæti í háskólaráði og er hann jafnframt formaður ráðsins.

Í háskólaráði háskóla með færri en 5.000 nemendur skulu auk rektors eiga sæti sex fulltrúar, tilnefndir til tveggja ára í senn:

1. Einn fulltrúi háskólasamfélagsins tilnefndur af háskólafundi.
2. Einn fulltrúi tilnefndur af heildarsamtökum nemenda við háskólann.
3. Tveir fulltrúar tilnefndir af menntamálaráðherra.
4. Tveir fulltrúar tilnefndir af þeim fulltrúum sem fyrir eru í háskólaráði.

Í háskólaráði háskóla með fleiri en 5.000 nemendur skulu auk rektors eiga sæti tíu fulltrúar, tilnefndir til tveggja ára í senn:

1. Tveir fulltrúar háskólasamfélagsins tilnefndir af háskólafundi.
2. Tveir fulltrúar tilnefndir af heildarsamtökum nemenda við háskólann.
3. Fjórir fulltrúar tilnefndir af menntamálaráðherra.

4. Tveir fulltrúar tilnefndir af þeim fulltrúum sem fyrir eru í háskólaráði.

Hverjum fulltrúa skv. 1., 2. og 3. tölul. 2. mgr. og 1., 2. og 3. tölul. 3. mgr. skal tilnefndur varamaður.

Tveir fulltrúar skv. 4. tölul. 2. mgr. og 4. tölul. 3. mgr. og einn sameiginlegur varamaður fyrir þá skulu tilnefndir sameiginlega af rektor og öðrum fulltrúum skv. 1., 2. og 3. tölul. 2. mgr. og 1., 2. og 3. tölul. 3. mgr. þegar þeir hafa verið tilnefndir í ráðið til næstu tveggja ára. Við tilnefningu fulltrúa skv. 3. og 4. tölul. 2. mgr. og 3. og 4. tölul. 3. mgr. skal leitast við að tryggja sem víðtækasta þekkingu og reynslu háskólanum til stuðnings og fulltrúarnir mega ekki vera starfsmenn eða nemendur háskólans. Þegar þeir fulltrúar sem taldir eru í þessari málsgrein hafa verið tilnefndir telst háskólaráð fullskipað.

Háskólaráð setur nánari reglur um val á fulltrúum háskólasamfélagsins og nemenda. Leita skal umsagnar háskólafundar og heildarsamtaka nemenda háskóla áður en slíkar reglur eru settar eða þeim breytt.

7. gr.

Fundir háskólaráðs.

Háskólaráð heldur fundi eftir þörfum. Æski þrír fulltrúar í háskólaráði fundar er formanni skylt að boða til hans.

Háskólaráð er ekki ályktunarfært nema fimm atkvæðisbærir háskólaráðsmenn sæki fund hið fæsta. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Ef atkvæði falla jöfn sker atkvæði formanns úr.

Rektor boðar fundi háskólaráðs. Háskólaráð setur reglur um undirbúning funda, fundarboð, fundarsköp, birtingu ákvarðana og annað er lýtur að starfsháttum ráðsins og ekki er ákveðið í lögum þessum.

8. gr.

Háskólarektor.

Menntamálaráðherra skipar háskólarektor til fimm ára samkvæmt tilnefningu háskólaráðs. Háskólaráð setur reglur um hvernig staðið skuli að tilnefningu rektors. Getur háskólaráð ákveðið hvort tilnefning þess fari fram að undangengnum kosningum eða auglýsingu embættisins.

Rektor er formaður háskólaráðs. Hann er yfirmaður stjórnsýslu háskólans og æðsti fulltrúi hans gagnvart mönnum og stofnunum innan háskólans og utan hans. Hann stýrir starfsemi háskólans og hefur frumkvæði að því að háskólaráð marki sér heildarstefnu í málefnum háskólans. Rektor ber ábyrgð á og hefur eftirlit með allri starfsemi háskólans, þ.m.t. ráðningar- og fjármálum einstakra skóla og stofnana. Hann ber ábyrgð á gerð starfs- og rekstraráætlana og að þær séu samþykktar af háskólaráði. Á milli funda háskólaráðs fer rektor með ákvörðunarvald í öllum málum háskólans.

Rektor ræður forseta fyrir hvern skóla, sbr. 12. gr., og setur honum erindisbréf. Háskólaráð getur heimilað að rektor ráði aðstoðarrektor, einn eða fleiri.

Rektor ræður starfsfólk sameiginlegrar stjórnsýslu háskóla og setur því erindisbréf eða starfslýsingar.

III. KAFLI
Háskólafundur.

9. gr.
Háskólafundur.

Háskólafundur er samráðsvettvangur háskólasamfélagsins þar sem fram fer umræða um þróun og eflingu háskólans. Háskólafundur fjallar um og tekur þátt í að móta sameiginlega vísinda- og menntastefnu háskólans að frumkvæði rektors. Háskólaráð getur leitað umsagnar háskólafundar um hvaðeina sem varðar starfsemi háskóla, einstakra skóla eða stofnana. Háskólaráð getur einnig falið háskólafundi umfjöllun um fagleg málefni og akademíska stefnumörkun.

Háskólafundur er ályktunarbær um þau málefni sem fundurinn telur að varði hag háskólasamfélagsins.

Ákvörðunum háskólaráðs, rektors, forseta skóla eða forstöðumanna háskólastofnana verður ekki skotið til háskólafundar.

10. gr.
Fulltrúar á háskólafundi.

Á háskólafundi eiga sæti rektor, forsetar og formenn deilda. Þar sitja jafnframt kennarar og sérfræðingar úr skólum og stofnunum háskóla, ásamt fulltrúum stofnana sem starfa samkvæmt sérlögum eða tengjast háskólanum sérstaklega. Fulltrúar skóla skulu kjörnir á skólafundi, sbr. 14. gr.

Á háskólafundi eiga einnig sæti til tveggja ára í senn tveir fulltrúar samtaka háskólakennara kjörnir í skriflegri kosningu úr hópi félagsmanna sem ekki gegna störfum forseta og tveir fulltrúar starfsmanna við stjórnsýslu háskólans kjörnir í skriflegri atkvæðagreiðslu. Auk þess á sæti á háskólafundi einn fulltrúi nemenda á móti hverjum fimm fulltrúum annarra aðila innan háskólans, og skulu þeir kjörnir í sérstökum kosningum til eins árs í senn.

Háskólaráð setur nánari reglur um fjölda fulltrúa sem sæti eiga á háskólafundi og um val þeirra. Í reglum skal jafnframt kveðið á um kosningu og setu fulltrúa annarra stofnana og samtaka á háskólafundi en þeirra sem taldir eru í 1. mgr. og um atkvæðisrétt þeirra.

Rektor boðar háskólafund og stýrir honum eða felur öðrum stjórn hans. Háskólafund skal halda að minnsta kosti einu sinni á hverju ári. Æski $\frac{2}{3}$ hlutar fulltrúa á háskólafundi fundar er rektor skylt að boða til hans.

IV. KAFLI
Skólar og stofnanir.

11. gr.
Skólar og stofnanir.

Skólar eru megineiningar háskóla og deildir grunneiningar. Háskólaráð ákvarðar hlutverk, mörk og verkaskiptingu milli skóla og kveður á um skipan þeirra í reglugerð. Hver skóli skiptist í deildir samkvæmt tillögu skólans sem lögð er fyrir háskólaráð. Leita skal umsagnar háskólafundar áður en gerðar eru grundvallarbreytingar á skólaskipaninni.

Innan skóla fer fram kennsla, rannsóknir og stjórnun. Skólar eru sjálfstæðir um fagleg og rekstrarleg málefni innan þeirra marka sem ákvörðuð eru af háskólaráði. Deildir bera faglega ábyrgð á háskólakennslu og rannsóknum.

Við skóla og deildir er heimilt að starfrækja sérstakar háskólastofnanir, sbr. c-lið 1. mgr. 4. gr., og rannsóknastofur sem settar eru á stofn samkvæmt ákvörðun skólaráðs og samkvæmt nánari reglum sem háskólaráð setur.

12. gr.

Forsetar skóla og deildarformenn.

Daglegri starfsemi skóla stýrir forseti. Rektor ræður forseta hvers skóla að undangenginni auglýsingu. Heimilt er rektor að kalla starfsmann háskóla til þess að vera forseti yfir skóla. Um tímalengd ráðningar fer samkvæmt reglum sem háskólaráð setur. Rektor setur forsetum erindisbréf.

Í umboði háskólaráðs og rektors á forseti frumkvæði að mótun stefnu fyrir skóla, hefur eftirlit með starfi og stjórnsýslu hans og ræður til hans starfsfólk. Forseti ber ábyrgð á fjármálum og almennum gæðakröfum skóla gagnvart rektor og háskólaráði, sbr. 5. gr. Forseti velur deildarformenn til tveggja ára í senn samkvæmt tilnefningu deildarfundar. Háskólaráð setur reglur um val deildarformanna.

13. gr.

Skólaráð.

Forseti og deildarformenn mynda skólaráð. Í skólaráði skal einnig sitja fulltrúi nemenda, einn eða fleiri, sem valinn er af nemendum samkvæmt reglum sem háskólaráð setur. Skólaráð fjallar um sameiginleg málefni skólans, þar á meðal ákvarðanir deilda um námsframboð.

Háskólaráð setur nánari reglur um starfsemi skóla, stjórn þeirra, skiptingu skóla í deildir, hlutverk deildarformanna og skóla- og deildarfundi.

14. gr.

Skólafundir.

Skólafundur, sem forseti stýrir í umboði rektors, er samráðsvettvangur þar sem fram fer umræða um innri málefni skóla. Háskólaráð getur leitað umsagnar fundar skóla um hvaðeina sem varðar starfsemi skólans og þeirra deilda sem starfræktar eru við hann.

Skólafundur er ályktunarbær um þau málefni sem fundurinn telur að varði hag skóla. Ályktanir fundar skóla skulu kynntar háskólaráði, rektor, forstöðumönnum háskólastofnana og öðrum þeim er þær kunna að varða.

Ákvörðunum háskólaráðs, rektors, forseta eða forstöðumanns háskólastofnunar verður ekki skotið til skólafundar. Sama gildir um húsfundi í háskólastofnun, sbr. b- og c-lið 1. mgr. 4. gr.

V. KAFLI

Starfsfólk háskóla.

15. gr.

Starfsheiti.

Starfsheiti kennara við háskóla skulu vera prófessor, dósent, lektor og aðjunkt. Háskólaráð getur sett nánari reglur um þessi og önnur starfsheiti sem það ákveður að nota.

Háskólakennarar hafa með höndum og bera ábyrgð á kennslu sem fram fer til viðurkenndrar prófgráðu.

Háskólakennarar og sérfræðingar hafa með höndum sjálfstæðar vísindarannsóknir.

Forstöðumenn stofnana hafa með höndum háskólakennslu og sjálfstæðar rannsóknir ef kveðið er á um það í reglum viðkomandi stofnunar.

Háskólaráð setur nánari reglur um starfsheiti og starfsskyldur þeirra sem ráðnir eru í akademísk störf samkvæmt ákvæðum þessa kafla, sem og um leyfi þeirra frá störfum.

16. gr.

Dómnefndir.

Háskóli skal setja á fót dómnefnd til þess að meta hæfi þeirra sem sækja um akademísk störf eða fá boð um slíkt starf. Þeir sem hljóta akademískt starf við háskóla eða háskólastofnun skulu hafa lokið meistaraprófi hið minnsta eða hafa jafngilda þekkingu og reynslu að mati dómnefndar. Þeir skulu jafnframt hafa sýnt þann árangur í starfi að þeir njóti viðurkenningar á viðkomandi sérsviði.

Skóla eða stofnun er heimilt að gera kröfu um að umsækjendur um akademískt starf hafi doktorspróf á viðkomandi sérsviði.

Um skipan, störf og niðurstöður dómnefndar fer skv. 18. gr. laga um háskóla og reglum sem háskólaráð setur að fenginni umsögn háskólafundar. Í þeim reglum skal tryggt að umsóknir hljóti faglega og óvilhalla meðferð. Heimilt er að taka upp fyrirkomulag fastra dómnefnda innan háskóla.

17. gr.

Veiting starfa.

Forseti veitir akademísk störf við skóla og stofnanir sem heyra undir skóla. Forstöðumaður veitir akademísk störf við stofnun sem heyrir undir háskólaráð. Veiting starfs skal ákveðin á grundvelli tillögu sem gerð er samkvæmt nánari reglum settum af háskólaráði en þær afmarka jafnframt umboð forseta. Þegar starf hefur verið veitt skal gerður um það ráðningarsamningur.

Akademískt starf, sem veitt er við háskóla, skal áður hafa verið auglýst laust til umsóknar. Rektor háskóla, samkvæmt tillögu skóla og með samþykki háskólaráðs, getur þó boðið vísindamanni að taka við slíku starfi án þess að það sé auglýst laust til umsóknar. Háskóla er jafnframt heimilt að víkja frá skyldu til auglýsinga þegar í hlut eiga störf sem byggjast á sérstökum tímabundnum styrkjum, störf sem tengjast sérstökum tímabundnum verkefnum, störf sem nemendur gegna við háskólann samhliða rannsóknartengdu framhaldsnámi og störf við háskólann sem tengjast tilteknu starfi utan hans á grundvelli samstarfssamnings.

Starf er ekki auglýst þegar um er að ræða framgang eða tilflutning milli starfsheita samkvæmt reglum settum af háskólaráði.

Ráðningarsamningur um akademískt starf getur verið ótímabundinn eða tímabundinn til allt að fimm ára. Þegar sérstaklega stendur á er heimilt að framlengja tímabundna ráðningu um allt að tvö ár fram yfir fimm ára markið.

VI. KAFLI
Nemendur.

18. gr.

Innritun.

Rektor, og forsetar í umboði hans, bera ábyrgð á innritun nemenda í háskóla.

Nemendur, sem hefja nám til fyrstu háskólagráðu í háskóla, skulu hafa lokið stúdentsprófi eða öðru jafngildu prófi. Háskóla er þó heimilt að innrita nemendur sem ekki hafa lokið

stúdentsprófi eða öðru jafngildu prófi ef þeir hafa öðlast reynslu eða ráða yfir þekkingu og færni sem svarar til krafna skólans um undirbúning fyrir nám á háskólastigi.

Háskólaráð setur, að fenginni tillögu skóla eftir því sem við á, nánari reglur um eftirfarandi atriði:

a. kröfur um undirbúning til viðbótar stúdentsprófi í einstökum námsleiðum í grunnnámi,
b. inntökuskilyrði í einstakar námsleiðir í framhaldsnámi,
c. inntöku- eða stöðupróf sem viðhöfð eru á einstökum námsleiðum,
d. mat á reynslu, þekkingu og færni nemenda sem ekki hafa lokið formlegu undirbúningsnámi á framhaldsskólastigi.

Reglur um takmörkun á fjölda nemenda sem teknir eru inn á einstakar námsleiðir skulu settar fyrir fram fyrir hvert háskólaár. Í slíkum reglum skal taka mið af skilyrðum háskóla til þess að veita kennslu á viðkomandi námsleið. Í reglum háskólaráðs er heimilt að takmarka fjölda nemenda inn á einstaka námsleiðir enda séu þá ekki fyrir hendi skilyrði til inntöku allra umsækjenda.

19. gr.

Réttindi og skyldur nemenda.

Háskólaráð setur, að fenginni umsögn heildarsamtaka nemenda innan háskólans, reglur um réttindi og skyldur nemenda, þ.m.t. um málskotsrétt þeirra innan háskólans.

Nemandi skal forðast að hafast nokkuð það að í námi sínu eða í framkomu sinni innan og utan skólans sem er honum til vanvirðu eða álitshnekkis eða varpað getur rýrð á nám hans eða skóla.

Gerist nemandi sekur um háttsemi skv. 2. mgr. eða sem er andstæð lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim skal forseti þess skóla þar sem hann er skráður til náms taka mál hans til meðferðar. Að teknu tilliti til alvarleika brots getur forseti veitt nemanda áminningu eða vikið honum úr skóla um tiltekinn tíma eða að fullu. Áður en ákvörðun um brottrekstur er tekin skal gefa nemanda kost á að tjá sig um málið. Nemanda er heimilt að skjóta ákvörðun forseta til áfrýjunarnefndar samkvæmt lögum um háskóla. Málskot frestar framkvæmd ákvörðunar forseta.

Rektor getur að hæfilegum tíma liðnum heimilað nemanda, sem vikið hefur verið að fullu úr skóla, að skrá sig aftur til náms í háskólanum ef aðstæður hafa breyst. Nemanda er heimilt að skjóta synjun rektors um skráningu til áfrýjunarnefndar.

VII. KAFLI
Kennsla, prófhald og prófgráður.

20. gr.

Kennsla, kennsluhættir.

Háskólaráð setur reglur um lengd háskólaárs og skiptingu þess í kennslumissiri. Fyrirlestrar, æfingar og námskeið í háskóladeildum eru fyrir skrásetta stúdenta en kennara er heimilt að veita öðrum kost á að sækja slíka kennslu nema forseti mæli öðruvísi fyrir.

Kennsla skal fara fram í námskeiðum sem metin eru í einingum, sbr. lög um háskóla. Háskólaráð skal setja almennar reglur um mat námskeiða til eininga.

Skólar skulu setja almennar reglur um kennslu og kennsluhætti sem háskólaráð staðfestir.

21. gr.
Próf og prófhald.

Háskólaráð skal setja reglur um prófhald, þ.m.t. viðurkenningu erlendra prófa, inntöku- og undirbúningspróf, einkunnir og annað er að prófum lýtur. Hver háskóli ræður tilhögun prófa að svo miklu leyti sem ekki eru sett bindandi ákvæði um það í reglum háskólaráðs.

Sameiginleg stjórnsýsla hvers skóla annast skipulag og framkvæmd prófa.

Nemandi á rétt á að fá útskýringar kennara á mati skriflegrar úrlausnar sinnar ef hann æskir þess innan 15 daga frá birtingu einkunnar. Vilji nemandi, sem ekki hefur staðist próf, þá eigi una mati kennarans getur hann snúið sér til viðkomandi forseta. Skal þá prófdómari skipaður í hverju tilviki. Einnig getur kennari eða meiri hluti nemenda, telji þeir til þess sérstaka ástæðu, óskað skipunar prófdómara í einstöku prófi.

Heimilt er í reglum háskólaráðs að kveða á um námsframvindu og hámarkstímalengd í námi.

Deild er heimilt að meta nám sem nemandi hefur stundað utan deildarinnar sem hluta af námi við deildina enda uppfylli námið sambærilegar gæða- og námskröfur og gerðar eru á grundvelli laga þessara og laga um háskóla.

22. gr.
Prófgráður.

Um prófgráður sem háskóla er heimilt að veita fer samkvæmt lögum um háskóla, sbr. þó 23. gr. laga þessara. Háskólaráði er heimilt að setja nánari reglur um prófgráður á grundvelli þeirra.

23. gr.
Doktorsnafnbót.

Háskólar hafa rétt til að veita doktorsnafnbót í heiðursskyni. Doktorsnafnbót í heiðursskyni verður ekki veitt nema samkvæmt tillögu skólaráðs og með samþykki háskólaráðs.

Háskólar hafa rétt til að veita doktorsnafnbót með vörn sérstakrar doktorsritgerðar og setur háskólaráð almennar reglur um vörn slíkra doktorsritgerða.

VIII. KAFLI
Fjárhagsmálefni.

24. gr.
Fjármögnun.

Hver háskóli hefur sjálfstæða fjárveitingu á fjárlögum. Ráðherra gerir tillögur um fjárframlög til hvers háskóla til að mæta útgjöldum til kennslu, rannsókna og annarra verkefna.

Háskóla er heimilt að afla sér tekna til viðbótar við framlög skv. 1. mgr. með:

a. skrásetningargjöldum sem nemendur greiða við skráningu í nám, allt að 45.000 kr. fyrir hvern nemanda á ársgrundvelli; álögð gjöld samkvæmt þessum lið skulu eigi skila háskóla hærri tekjum en sem nemur samanlögðum útgjöldum háskólans vegna nemendaskráningar og þjónustu við nemendur sem ekki telst til kostnaðar við kennslu og rannsóknastarfsemi,
b. gjöldum til að standa undir útgáfu staðfestra vottorða, gerð, fyrirlögn og yfirferð stöðu-, inntöku-, upptöku- og fjarprófa,
c. gjöldum fyrir þjónustu sem telst utan þeirrar þjónustu sem háskóla er skylt að veita,

d. gjöldum fyrir þjónustu sem háskóli veitir og grundvölluð er á samningi við menntamálaráðuneyti, sbr. d-lið 2. mgr. 21. gr. laga um háskóla,
e. gjöldum fyrir endurmenntun og fræðslu fyrir almenning.

Heimilt er að taka 15% hærra gjald af þeim sem fá leyfi til skrásetningar utan auglýstra skráningartímabila, sbr. a-lið 2. mgr.

Háskólaráð setur nánari reglur um gjaldtöku og ráðstöfun gjalda samkvæmt þessari grein. Í reglum háskólaráðs er heimilt að mæla fyrir um lækkun skrásetningargjalds til tekjulítilla stúdenta er búa við örorku eða fötlun, sbr. 2. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra. Heimilt er að miða slíkar reglur við tekjumörk og hvort lækkun sé í formi fastrar krónutölu eða hlutfalls af skrásetningargjaldi. Í reglum háskólaráðs er jafnframt heimilt að verja hluta skrásetningargjalds til félagssamtaka stúdenta.

25. gr.

Þjónustusamningar.

Háskólaráði er heimilt að semja við stúdenta, samtök þeirra og félög, hollvinasamtök, einstaklinga, samtök þeirra og fyrirtæki eða opinberar stofnanir um að taka að sér þjónustu fyrir hönd háskóla enda sé farið að ákvæðum 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins.

IX. KAFLI
Ýmis ákvæði.

26. gr.

Önnur viðfangsefni og starfsemi.

Háskóla er heimilt, með samþykki menntamálaráðherra, að eiga aðild að hlutafélögum, sjálfseignarstofnunum eða félögum með takmarkaða ábyrgð ef starfsemi þeirra samrýmist þeim markmiðum sem háskólanum eru sett og aðild þjónar hagsmunum hans. Háskólaráð fer með eignarhlut háskólans í slíkum fyrirtækjum en getur veitt skóla, stofnun eða öðrum aðila innan háskóla umboð til að fara með hlutinn.

Háskóla er heimilt að stofna og starfrækja sérstaka rannsóknar- og þróunarsjóði. Skal um þá sett skipulagsskrá sem menntamálaráðherra og háskólaráð staðfesta. Skipulagsskráin skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Háskóla er heimilt að semja við aðrar stofnanir og fyrirtæki, sem tengjast starfssviði skólans, um kennslu, rannsóknir og ráðningu kennara og annarra starfsmanna.

27. gr.

Ársfundur.

Háskóli skal árlega halda opinn ársfund þar sem fjárhagur skólans og meginatriði starfsáætlunar hans eru kynnt.

28. gr.

Birting reglna og kennsluskrár.

Reglur þær, sem háskólaráð setur samkvæmt lögum þessum, skulu birtar í B-deild Stjórnartíðinda.

Hver skóli semur og birtir eigin kennsluskrá. Árlega skal birt kennsluskrá fyrir háskólann í heild.

X. KAFLI
Gildistaka o.fl.
29. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 41/1999, um Háskóla Íslands, lög nr. 40/1999, um Háskólann á Akureyri, og lög nr. 43/1995, um listmenntun á háskólastigi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir 1. gr. laga þessara gilda þau um Kennaraháskóla Íslands til 1. júlí 2008, sbr. lög um sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands, nr. 37/2007.

Við gildistöku laga þessara heldur starfsfólk Háskólans á Akureyri og Háskóla Íslands, sem hefur verið skipað eða ráðið á grundvelli laga nr. 41/1999 og laga nr. 40/1999, störfum sínum og starfsréttindum.

Skipan háskólaráðs samkvæmt lögum þessum skal lokið fyrir 1. október 2008. Við slíka ráðstöfun fellur niður umboð háskólaráðs Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri.

Ákvæði reglna, sem háskólaráð Kennaraháskóla Íslands, Háskólans á Akureyri og Háskóla Íslands hafa sett á grundvelli gildandi laga um viðkomandi háskóla, gilda með áorðnum breytingum, að svo miklu leyti sem þau fara ekki gegn þessum lögum, þar til háskólaráð hefur sett nýjar reglur samkvæmt ákvæðum þessara laga.

Við gildistöku laga þessara skulu skólar við Háskóla Íslands vera félagsvísinda-, laga- og viðskiptasvið, heilbrigðisvísindasvið, hugvísindasvið, verkfræði- og raunvísindasvið og menntavísindasvið. Deildir við Háskólann á Akureyri eru félagsvísinda- og lagadeild, heilbrigðisvísindadeild, kennaradeild og viðskipta- og raunvísindadeild. Fyrir árslok 2008 skulu háskólar, sem lög þessi taka til, laga sig að ákvæðum laga þessara um skóla, sbr. 2. mgr. 4. gr.

Lög nr. 57/1999, um búnaðarfræðslu, skulu endurskoðuð fyrir árslok 2009.

1255. Lög [287. mál]

um leikskóla.

(Afgreidd frá Alþingi 29. maí.)

Samhljóða þskj. 1113.

1256. Lög [285. mál]

um grunnskóla.

(Afgreidd frá Alþingi 29. maí.)

Samhljóða þskj. 1114.

1257. Lög [286. mál]

um framhaldsskóla.

(Afgreidd frá Alþingi 29. maí.)

Samhljóða þskj. 1115 með þessari breytingu:

34. gr. hljóðar svo:

Á framhaldsskólastigi skal veita nemendum með fötlun, sbr. 2. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, og nemendum með tilfinningalega eða félagslega örðugleika kennslu og sérstakan stuðning í námi. Látin skal í té sérfræðileg aðstoð og viðeigandi aðbúnaður eftir því sem þörf krefur. Nemendur með fötlun skulu stunda nám við hlið annarra nemenda eftir því sem kostur er.

Ráðherra getur í samningi við framhaldsskóla heimilað rekstur sérstakra námsbrauta við framhaldsskóla fyrir nemendur með fötlun.

Nemendur með leshömlun skulu eiga aðgang að sérsniðnum námsgögnum eftir því sem við verður komið. Framhaldsskóli gerir grein fyrir því í skólanámskrá hvernig staðið er að skimun og greiningu leshömlunar, ásamt eftirfylgni og stuðningi við nemendur sem greindir eru með leshömlun.

Framhaldsskólar skulu leitast við að veita þeim nemendum sérstakan stuðning sem eiga við sértæka námsörðugleika að stríða eða veikindi.

Ráðherra getur sett reglugerð með nánari ákvæðum um réttindi, kennslu og nám í framhaldsskólum. Einnig skal í reglugerð kveðið á um rétt heyrnarskertra eða heyrnarlausra nemenda til sérstakrar kennslu í íslensku táknmáli.

1258. Lög [288. mál]

um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

(Afgreidd frá Alþingi 29. maí.)

I. KAFLI
Gildissvið.

1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi taka til menntunar og ráðningar kennara og skólastjórnenda við leik-, grunn- og framhaldsskóla og lögverndunar starfsheita og starfsréttinda þeirra.

2. gr.
Markmið.

Markmið laganna er að tryggja að þeir sem leggja stund á kennslu- og uppeldisstörf í leik-, grunn- og framhaldsskólum hafi menntun í samræmi við störf þeirra og ábyrgð.

II. KAFLI
Menntun kennara, starfsheiti, leyfisbréf.

3. gr.
Starfsheitið leikskólakennari.

Rétt til að nota starfsheitið leikskólakennari og starfa við leikskóla á vegum opinberra aðila eða aðra hliðstæða skóla hefur sá einn sem til þess hefur leyfi menntamálaráðherra.

Leyfi til þess að nota starfsheitið leikskólakennari má aðeins veita þeim sem lokið hefur:

1. meistaraprófi frá háskóla sem hlotið hefur viðurkenningu ráðherra á grundvelli laga um háskóla, nr. 63/2006, á fræðasviði sem ráðherra viðurkennir til kennslu á leikskólastigi; eða
2. öðru námi sem jafngildir meistaraprófi skv. 1. tölul. og ráðherra viðurkennir til kennslu á leikskólastigi.

4. gr.
Starfsheitið grunnskólakennari.

Rétt til að nota starfsheitið grunnskólakennari og starfa við grunnskóla á vegum opinberra aðila eða aðra hliðstæða skóla hefur sá einn sem til þess hefur leyfi menntamálaráðherra.

Leyfi til þess að nota starfsheitið grunnskólakennari má aðeins veita þeim sem lokið hefur:

1. meistaraprófi frá háskóla sem hlotið hefur viðurkenningu ráðherra á grundvelli laga um háskóla, nr. 63/2006, á fræðasviði sem ráðherra viðurkennir til kennslu á grunnskólastigi; eða
2. öðru námi sem jafngildir meistaraprófi skv. 1. tölul. og ráðherra viðurkennir til kennslu á grunnskólastigi; eða
3. meistararéttindum í iðngrein sem nýtist til kennslu á grunnskólastigi í skilgreindri námsgrein eða á skilgreindu námssviði, enda komi slík sérhæfing fram í leyfisbréfi, auk 60 eininga náms í kennslu- og uppeldisfræði; eða

4. fullgildu lokaprófi í listgrein, tæknigrein eða verkgrein sem nýtist til kennslu á grunnskólastigi í skilgreindri námsgrein eða á skilgreindu námssviði, enda komi slík sérhæfing fram í leyfisbréfi. Skal menntun a.m.k. vera 270–300 námseiningar, þar af að lágmarki 60 námseiningar í kennslu- og uppeldisfræði.

5. gr.

Starfsheitið framhaldsskólakennari.

Rétt til að nota starfsheitið framhaldsskólakennari og starfa við framhaldsskóla hefur sá einn sem til þess hefur leyfi menntamálaráðherra. Í leyfisbréfi skal tilgreina kennslugrein/ar eða sérsvið viðkomandi framhaldsskólakennara samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Leyfi til þess að nota starfsheitið framhaldsskólakennari má aðeins veita þeim sem lokið hefur:

1. meistaraprófi frá háskóla sem hlotið hefur viðurkenningu ráðherra á grundvelli laga nr. 63/2006, á fræðasviði sem ráðherra viðurkennir til kennslu á framhaldsskólastigi; eða
2. öðru námi sem jafngildir meistaraprófi skv. 1. tölul. og ráðherra viðurkennir til kennslu á framhaldsskólastigi; eða
3. meistararéttindum í iðngrein sem nýtist til kennslu á framhaldsskólastigi í skilgreindri námsgrein eða á skilgreindu námssviði, auk 60 eininga náms í kennslu- og uppeldisfræði; eða
4. fullgildu lokaprófi í listgrein, tæknigrein eða verkgrein sem nýtist til kennslu á framhaldsskólastigi í skilgreindri námsgrein eða á skilgreindu námssviði, enda komi slík sérhæfing fram í leyfisbréfi. Skal menntun a.m.k. vera 270–300 námseiningar, þar af að lágmarki 60 námseiningar í kennslu- og uppeldisfræði.

6. gr.

Réttindi sem aflað er í ríki innan EES eða í aðildarríki EFTA.

Menntamálaráðherra skal staðfesta leyfi til að nota starfsheitið leikskólakennari, grunnskólakennari eða framhaldsskólakennari samkvæmt umsókn ríkisborgara frá ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins ef viðkomandi leggur fram vottorð um viðurkennd kennsluréttindi í ríki innan svæðisins í samræmi við skilyrði tilskipunar 89/48/EBE, sbr. lög um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum, nr. 83/1993.

Samkvæmt umsókn frá ríkisborgara aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu skal ráðherra staðfesta leyfi til að nota starfsheitið leikskólakennari, grunnskólakennari eða framhaldsskólakennari með sömu skilyrðum og tilgreind eru í 1. mgr., enda leggi viðkomandi fram vottorð um viðurkennd kennsluréttindi í aðildarríki samtakanna.

7. gr.

Matsnefnd.

Leiki vafi á hvort umsækjandi um leyfi til þess að nota starfsheitið leikskólakennari, grunnskólakennari eða framhaldsskólakennari fullnægi þeim skilyrðum sem kveðið er á um í lögum þessum skal leita umsagnar matsnefndar sem menntamálaráðherra skipar til fjögurra ára í senn.

Matsnefnd skal skipuð fimm fulltrúum, einum fulltrúa tilnefndum af samstarfsnefnd um háskólastigið, tveimur fulltrúum tilnefndum af heildarsamtökum kennara, einum fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga og einum fulltrúa án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Jafnmarga varamenn skal skipa á sama hátt.

Nánar skal kveðið á um starfshætti nefndarinnar í reglugerð.

8. gr.

Um inntak menntunar leik-, grunn- og framhaldsskólakennara.

Menntamálaráðherra setur reglugerð þar sem inntak menntunar leik-, grunn- og framhaldsskólakennara er nánar skilgreint með tilliti til lágmarkskrafna um vægi kennslu- og uppeldisfræða og vægi faggreina.

Með námseiningum er í lögum þessum átt við ECTS-einingar eða staðlaðar námseiningar, sbr. lög nr. 63/2006, um háskóla.

III. KAFLI
Starfsréttindi og ráðningar í leikskólum.

9. gr.

Leikskólakennarar og ráðning þeirra.

Til þess að verða ráðinn kennari við leikskóla skal umsækjandi hafa öðlast leyfi til þess að nota starfsheitið leikskólakennari skv. 3. og 21. gr.

Að lágmarki ⅔ hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla skulu teljast til stöðugilda leikskólakennara.

Sveitarstjórn, eða sá sem sveitarstjórn felur umboð sitt, eða aðrir rekstraraðilar, ráða leikskólakennara og skólastjórnendur við leikskóla í samræmi við lög þessi, fyrirmæli laga um leikskóla og ákvæði sveitarstjórnarlaga.

10. gr.

Ráðning skólastjóra í leikskólum.

Til þess að verða ráðinn leikskólastjóri eða aðstoðarleikskólastjóri við leikskóla skal umsækjandi hafa starfsheitið leikskólakennari og viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynslu á leikskólastigi.

IV. KAFLI
Starfsréttindi og ráðningar í grunnskólum.

11. gr.

Ráðning grunnskólakennara og sérfræðinga.

Til þess að verða ráðinn kennari við grunnskóla skal umsækjandi hafa öðlast leyfi til þess að nota starfsheitið grunnskólakennari skv. 4. og 21. gr.

Skólastjórar ráða grunnskólakennara til tímabundinnar forfallakennslu eða afleysinga og aðra sérfræðinga, sbr. 3. mgr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að ráða sérfræðing tímabundið að hámarki eitt skólaár í senn til að kenna sérgrein sína, enda sé aðeins um að ræða kennslu sem nemur 240 mínútum eða minna á viku.

12. gr.

Ráðning skólastjóra í grunnskólum.

Til þess að verða ráðinn skólastjóri eða aðstoðarskólastjóri við grunnskóla skal umsækjandi hafa starfsheitið grunnskólakennari og viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynslu á grunnskólastigi.

V. KAFLI
Starfsréttindi og ráðningar í framhaldsskólum.

13. gr.
Starfsfólk framhaldsskóla og ráðning þess.

Til þess að verða ráðinn til kennslu í framhaldsskóla skal umsækjandi hafa öðlast leyfi til þess að nota starfsheitið framhaldsskólakennari skv. 5. og 21. gr. Miða skal við að framhaldsskólakennari kenni þær greinar eða á því sviði sem menntun hans nær til.

Skólameistari framhaldsskóla ræður starfsfólk framhaldsskóla í samræmi við ákvæði laga um framhaldsskóla og lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er skólameistara heimilt að ráða sérfræðing tímabundið að hámarki eitt skólaár í senn til að kenna sérgrein sína, enda sé aðeins um að ræða kennslu sem nemur 240 mínútum eða minna á viku.

14. gr.
Skólastjórnendur framhaldsskóla.

Við ráðningu í stjórnunarstörf við framhaldsskóla skal umsækjandi hafa starfsheitið framhaldsskólakennari og viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynslu á framhaldsskólastigi.

15. gr.
Auglýsingar og ráðningar.

Auglýsa skal öll laus kennslu- og stjórnunarstörf í framhaldsskóla í samræmi við reglur fjármálaráðherra um auglýsingar á lausum störfum. Í auglýsingu skal m.a. tilgreina kennslugreinar eða sérsvið. Ekki er skylt að auglýsa þau störf sem getið er um í 16. gr. Ráðningum skal lokið fyrir 31. maí eftir því sem við verður komið.

16. gr.
Sérstök tilvik.

Kennsla skal falin framhaldsskólakennurum sem þegar hafa ráðningu eftir því sem við verður komið. Heimilt er þó að ráða framhaldsskólakennara og aðra sérfræðinga, sbr. 3. mgr. 13. gr., án auglýsingar til tímabundinnar forfallakennslu eða afleysinga, svo sem vegna orlofs, veikinda, fæðingarorlofs eða námsleyfis, enda sé afleysingu ekki ætlað að standa lengur en 12 mánuði samfellt.

Þá er heimilt að ráða framhaldsskólakennara til kennslustarfa sem eiga að standa tvo mánuði eða skemur sem og til tímabundinna starfa í minna en ¼ hluta starfs.

Ráða skal til starfa skv. 1. og 2. mgr. með ráðningarsamningi með þriggja mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti sem er þó einn mánuður fyrstu þrjá mánuði í starfi, enda sé ráðningu ætlað að standa í a.m.k. þrjá mánuði.

VI. KAFLI
Undanþágur.

17. gr.
Undanþáguheimild fyrir leikskóla.

Sæki enginn leikskólakennari um auglýst leikskólakennarastarf, leikskólastjórastarf eða aðstoðarleikskólastjórastarf, sbr. 2. mgr. 9. gr., þrátt fyrir endurtekna auglýsingu er heimilt að lausráða í starfið til bráðabirgða, að hámarki til eins árs í senn, einstakling sem ekki er leikskólakennari. Hið sama gildir ef umsækjandi uppfyllir ekki þau almennu skilyrði sem

nauðsynleg teljast til þess að fá ráðningu í starf. Nú hefur starf starfsmanns verið auglýst í tvígang án þess að leikskólakennari hafi fengist og er þá heimilt að ráða hann í starfið samkvæmt nánari fyrirmælum sveitarstjórnarlaga og hlutaðeigandi kjarasamnings. Starfsmaður sem ráðinn er vegna framangreindra aðstæðna má ekki bera starfsheitið leikskólakennari og ekki má endurráða hann án undangenginnar auglýsingar.

18. gr.

Undanþágunefnd grunnskóla.

Menntamálaráðherra skipar undanþágunefnd grunnskóla til fjögurra ára í senn. Nefndin skal skipuð fjórum fulltrúum, einum fulltrúa tilnefndum af heildarsamtökum kennara, einum fulltrúa tilnefndum af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einum fulltrúa tilnefndum af samstarfsnefnd um háskólastigið og einum fulltrúa án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Jafnmarga varamenn skal skipa á sama hátt.

Óheimilt er að ráða aðra en þá sem uppfylla ákvæði laga þessara til kennslu við grunnskóla á vegum opinberra aðila eða hliðstæða skóla, sbr. lög um grunnskóla.

Nú sækir enginn grunnskólakennari um auglýst kennslustarf þrátt fyrir endurtekna auglýsingu og getur skólastjóri þá sótt um heimild til undanþágunefndar grunnskóla um að lausráða tiltekinn starfsmann til kennslustarfa til bráðabirgða, þó aldrei lengur en til eins árs í senn. Undanþágunefnd er heimilt að víkja frá kröfu um endurtekna auglýsingu þegar sótt er um undanþágu til að endurráða einstakling sem er í námi til kennsluréttinda. Slíkri umsókn skal fylgja staðfesting á að viðkomandi sé í námi og áætlun um námsframvindu. Skólastjóra er ekki skylt að leita til undanþágunefndar sé um að ræða kennslu sem nemur 240 mínútum á viku eða minna, sbr. 3. mgr. 11. gr.

Málsaðili getur skotið ákvörðun undanþágunefndar til ráðherra. Málskot frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar undanþágunefndar.

Ef hvorki skólastjóri né að minnsta kosti tveir skólanefndarmenn mæla með ráðningu grunnskólakennara í kennslustarf getur skólastjóri þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. leitað til undanþágunefndar og óskað eftir heimild nefndarinnar til að lausráða annan einstakling.

Nú fæst heimild frá undanþágunefnd til að lausráða einstakling skv. 3. eða 5. mgr. og skal hann þá ráðinn með sérstökum ráðningarsamningi til ákveðins tíma með þriggja mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti sem er þó einn mánuður á fyrstu þremur mánuðum í starfi. Slíkur starfsmaður má ekki bera starfsheitið grunnskólakennari og ekki má endurráða hann án undangenginnar auglýsingar.

Starfsreglur undanþágunefndar skal ákveða nánar í reglugerð.

19. gr.

Undanþágunefnd framhaldsskóla.

Menntamálaráðherra skipar undanþágunefnd framhaldsskóla til fjögurra ára í senn. Nefndin skal skipuð þremur fulltrúum, einum fulltrúa tilnefndum af heildarsamtökum kennara, einum fulltrúa tilnefndum af Félagi íslenskra framhaldsskóla og einum fulltrúa án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Jafnmarga varamenn skal skipa á sama hátt.

Óheimilt er að ráða aðra en þá sem uppfylla ákvæði laga þessara til kennslu við framhaldsskóla, sbr. lög um framhaldsskóla.

Nú sækir enginn sem fullnægir ákvæðum þessara laga um auglýst kennslustarf þrátt fyrir endurtekna auglýsingu og getur skólameistari þá sótt um heimild til undanþágunefndar framhaldsskóla um að lausráða tiltekinn starfsmann til kennslustarfa til bráðabirgða, þó aldrei

lengur en til eins árs. Undanþágunefnd er heimilt að víkja frá kröfu um endurtekna auglýsingu þegar sótt er um undanþágu til að endurráða einstakling sem er í námi til kennsluréttinda. Slíkri umsókn skal fylgja staðfesting á að viðkomandi sé í námi og áætlun um námsframvindu. Skólameistara er ekki skylt að leita til undanþágunefndar sé um að ræða kennslu sem nemur 240 mínútum á viku eða minna, sbr. 3. mgr. 13. gr.

Málsaðili getur skotið ákvörðun undanþágunefndar til ráðherra. Málskot frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar undanþágunefndar.

Ef hvorki skólameistari né að minnsta kosti tveir skólanefndarmenn mæla með ráðningu framhaldsskólakennara í kennslustarf getur skólameistari þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. leitað til undanþágunefndar og óskað eftir heimild nefndarinnar til að lausráða annan einstakling sem hefur sérmenntun í auglýstri kennslugrein.

Nú fæst heimild frá undanþágunefnd til að lausráða einstakling skv. 3. eða 5. mgr. og skal hann þá ráðinn með sérstökum ráðningarsamningi með þriggja mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti sem er þó einn mánuður á fyrstu þremur mánuðum í starfi. Slíkur starfsmaður má ekki bera starfsheitið framhaldsskólakennari og ekki má endurráða hann án undangenginnar auglýsingar.

Starfsreglur undanþágunefndar skal ákveða nánar í reglugerð.

VII. KAFLI
Almenn ákvæði.

20. gr.
Mat á umsóknum og forgangur til starfs.

Við ráðningu skólastjórnenda í leik-, grunn- og framhaldsskólum skal tekið tillit til menntunar, starfsferils, stjórnunarreynslu eða viðbótarmenntunar í stjórnun og umsagna um starfshæfni umsækjanda. Sæki fleiri en einn um sama starf og uppfylli tveir eða fleiri þær kröfur sem gerðar eru skal m.a. tekið tillit til menntunar, starfsreynslu og umsagna um starfshæfni umsækjenda þegar ákvörðun er tekin um ráðningu í starfið.

Grunnskólakennari sem hefur sérhæft sig til kennslu í tiltekinni námsgrein, á tilteknu námssviði eða aldursstigi, skal við ráðningu hafa forgang til kennslu miðað við það.

Einstaklingar sem hafa lokið bakkalárprófi á sviði uppeldis- og kennslufræða, og aðrir þeir sem hafa sambærilega menntun sem nýtist til starfa í leikskólum, skulu njóta forgangs umfram aðra við ráðningu í störf í leikskólum.

Einstaklingar sem hafa lokið bakkalárprófi á sviði uppeldis- og kennslufræða, og aðrir þeir sem hafa sambærilega menntun sem nýtist til starfa í grunnskólum, skulu njóta forgangs umfram aðra við ráðningu í störf í grunnskólum.

Einstaklingar með starfsréttindapróf eða háskólapróf og a.m.k. 120 námseiningar í auglýstri kennslugrein skulu njóta forgangs umfram aðra við ráðningu í störf í framhaldsskólum.

Þrátt fyrir ákvæði 3.–5. mgr. skulu þeir einstaklingar ekki njóta forgangs umfram þá sem hlotið hafa starfsheitið leikskólakennari, grunnskólakennari eða framhaldsskólakennari skv. 3.–5. gr.

21. gr.
Um gildissvið leyfisbréfa og útgáfu þeirra.

Menntamálaráðherra veitir kennurum leyfisbréf til notkunar á starfsheitum kennara skv. 3.–5. gr. Um gildissvið leyfisbréfa fer að öðru leyti eftir því sem hér segir:

1. Leyfisbréf grunnskólakennara sem sérhæft hefur sig í kennslu yngri barna veitir honum heimild til kennslu elstu aldursflokka í leikskólum.
2. Leyfisbréf leikskólakennara sem sérhæft hefur sig í kennslu eldri barna veitir honum heimild til kennslu í 1.–3. bekkjum grunnskóla.
3. Leyfisbréf framhaldsskólakennara veitir honum heimild til kennslu á sérsviði sínu í 8.–10. bekkjum grunnskóla.
4. Leyfisbréf grunnskólakennara sem lokið hefur a.m.k. 120 námseininga sérmenntun í kennslugrein veitir honum heimild til kennslu á sérsviði sínu í byrjunaráföngum framhaldsskóla.

Leikskólakennari sem lokið hefur a.m.k. 60 námseininga viðbótarmenntun í stjórnun eða sérkennslu á rétt á leyfisbréfi sem grunnskólakennari og starfa sem slíkur.

Grunnskólakennari sem lokið hefur a.m.k. 60 námseininga viðbótarmenntun í stjórnun eða sérkennslu á rétt á leyfisbréfi sem leikskólakennari og starfa sem slíkur.

Ráðherra er heimilt að fela háskólum, sem hlotið hafa viðurkenningu á grundvelli laga um háskóla og sinna menntun kennara eftir samningi við ráðuneytið, að annast útgáfu leyfisbréfa samkvæmt lögum þessum. Skal þá ráðherra veita hlutaðeigandi stofnunum sérstök fyrirmæli um hvernig útgáfu slíkra leyfisbréfa skuli nánar háttað.

Ráðherra er heimilt að setja nánari fyrirmæli um útgáfu leyfisbréfa í reglugerð.

22. gr.

Eldri réttindi.

Leikskólakennarar með bakkalárpróf á sviði uppeldis- og kennslufræða frá viðurkenndri kennaramenntunarstofnun, eða annað jafngilt nám sem lokið var með prófum sem tryggðu kennsluréttindi fyrir gildistöku laga þessara, skulu halda réttindum sínum.

Grunn- og framhaldsskólakennarar með leyfisbréf við gildistöku laga þessara halda fullum réttindum til jafns við þá sem öðlast starfsréttindi grunn- og framhaldsskólakennara samkvæmt lögum þessum.

23. gr.

Gildistaka o.fl.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2008. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 86/1998, um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra.

Ákvæði 3., 4. og 5. gr. taka til þeirra sem hefja nám eftir gildistöku laga þessara.

Fram til 1. júlí 2011 skulu þeir sem fá leyfisbréf til kennslu í leik-, grunn- og framhaldsskólum hafa lokið bakkalárprófi og tilskildu námi í uppeldis- og kennslufræðum.

1. ágúst 2008 falla brott lög nr. 72/1996, um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara skulu gefin út leyfisbréf til handa leik-, grunn- og framhaldsskólakennurum sem til þess eiga tilkall og ekki hafa þegar fengið slík bréf, enda óski þeir eftir því.

Starfsmenn sem ráðnir hafa verið án kennaramenntunar, sbr. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 78/1994, um leikskóla, skulu þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 9. gr. halda starfi sínu. Um réttarstöðu

þeirra að öðru leyti fer samkvæmt fyrirmælum í ráðningarsamningum og/eða kjarasamningum, sbr. 1. mgr. 57. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998.

1259. Frumvarp til laga [129. mál]

um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 29. maí.)

1. gr.

Við 3. gr. laganna bætast eftirfarandi orðskýringar í réttri stafrófsröð:

1. *Neyðarsamstarf raforkukerfisins:* Samvinnuvettvangur vinnslufyrirtækja, flutningsfyrirtækis, dreifiveitna, stórnotenda og opinberra aðila á Íslandi vegna vár sem steðjar að vinnslu, flutningi eða dreifingu raforku og/eða stórnotendum. Nánar er kveðið á um starfsemina í samstarfsgrunni neyðarsamstarfs raforkukerfisins.
2. *Neyðarstjórnun:* Skipulag sem lýsir stjórnun í vá.
3. *Vá:* Atburður sem ógnar almannahag, öryggi fólks, mannvirkja og starfsemi, og kallar á að neyðarstjórnun verði gerð virk. Atburðurinn getur valdið stórfelldum truflunum á raforkuflutningi, framleiðslu eða dreifingu raforku á tilteknu svæði.
4. *Viðbragðsáætlun:* Áætlun sem gerir grein fyrir aðgerðum og tengiliðum viðkomandi aðila í vá. Nánar er kveðið á um efni hennar í reglugerð.

2. gr.

Við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Vinnslufyrirtæki skulu hafa tiltækar viðbragðsáætlanir við vá.

3. gr.

5. tölul. 4. mgr. 9. gr. laganna orðast svo: Hafa tiltækar viðbragðsáætlanir og annast samræmingu neyðaraðgerða í flutningskerfinu, bregðast við í vá og ef einhver aðili að neyðarsamstarfi raforkukerfisins óskar þess og tryggja tengsl við yfirstjórn almannavarna.

4. gr.

5. mgr. 12. gr. laganna orðast svo:

Sama gjaldskrá skal vera fyrir innmötun virkjana á flutningskerfið. Þar sem virkjanir tengjast flutningskerfinu um dreifiveitu skal innmötunargjaldið renna til dreifiveitunnar. Greiða skal úttektargjald vegna framleiðslu slíkrar virkjunar til flutningsfyrirtækisins sem hér segir:

1. Vegna þeirrar orku sem framleidd er í virkjun sem er undir 1,42 MW skal ekki greiða úttektargjald til flutningsfyrirtækisins.
2. Vegna orku sem framleidd er í virkjunum á stærðarbilinu 1,42–3,1 MW skal ekki greiða úttektargjald við neðri stærðarmörkin en síðan skal gjaldið fara hlutfallslega hækkandi þar til það nemur 60% fulls úttektargjalds við efri mörkin.
3. Vegna orku frá virkjun sem er 3,1–7 MW skal greiða 60% fulls úttektargjalds.

5. gr.

Á eftir 4. mgr. 16. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Dreifiveitur skulu hafa tiltækar viðbragðsáætlanir við vá og taka þátt í neyðarsamstarfi raforkukerfisins þegar við á.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 31. gr. laganna:

a. Í stað „0,3 aurum“ í 1. tölul. 1. mgr. kemur: 0,2 aurum.
b. Í stað „0,7 aurum“ í 2. tölul. 1. mgr. kemur: 0,5 aurum.
c. 3. mgr. orðast svo:

Orkustofnun skal annast innheimtu gjalda þessara fyrir ríkissjóð. Gjalddagi skal vera 1. mars ár hvert vegna þess almanaksárs og byggjast á rauntölum vegna liðins árs. Aðför má gera til fullnustu kröfum um gjaldið án undangengins dóms, úrskurðar eða sáttar.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1260. Frumvarp til laga [553. mál]

um breytingu á lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998, með síðari breytingum, og lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, nr. 73/1990, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 29. maí.)

I. KAFLI

Breyting á lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 33. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, 1. og 2. mgr., svohljóðandi:

Iðnaðarráðherra getur falið Orkustofnun leyfisveitingarvald skv. 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 6. gr. að hluta eða öllu leyti. Fer Orkustofnun þá einnig með heimildir ráðherra skv. 1. mgr. 4. gr., 19. gr. og 20. gr.

Stjórnvaldsákvarðanir Orkustofnunar samkvæmt lögum þessum sæta kæru til iðnaðarráðherra. Kæra til ráðherra skal vera skrifleg. Um meðferð máls fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

II. KAFLI

Breyting á lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, nr. 73/1990, með síðari breytingum.

2. gr.

Á eftir 5. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi, og breytist greinatala samkvæmt því:

Iðnaðarráðherra getur falið Orkustofnun leyfisveitingarvald skv. 2. og 3. gr. að hluta eða öllu leyti.

Stjórnvaldsákvarðanir Orkustofnunar samkvæmt lögum þessum sæta kæru til iðnaðarráðherra. Kæra til ráðherra skal vera skrifleg. Um meðferð máls fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1261. Frumvarp til laga [190. mál]

um almannavarnir.

(Eftir 2. umr., 29. maí.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Markmið almannavarna.

Lög þessi taka til samhæfðra almannavarnaviðbragða til þess að takast á við afleiðingar neyðarástands sem kann að ógna lífi og heilsu almennings, umhverfi og/eða eignum.

Markmið almannavarna er að undirbúa, skipuleggja og framkvæma ráðstafanir sem miða að því að koma í veg fyrir og takmarka, eftir því sem unnt er, að almenningur verði fyrir líkams- eða heilsutjóni, eða umhverfi eða eignir verði fyrir tjóni, af völdum náttúruhamfara eða af mannavöldum, farsótta eða hernaðaraðgerða eða af öðrum ástæðum og veita líkn í nauð og aðstoð vegna tjóns sem hugsanlega kann að verða eða hefur orðið.

2. gr.

Umsjón almannavarna.

Ríkið fer með almannavarnir á landinu öllu, hvort heldur sem er á landi, í lofti eða á sjó. Sveitarfélög fara með almannavarnir í héraði, í samvinnu við ríkisvaldið, svo sem kveðið er á um í lögum þessum.

II. KAFLI

Stefnumörkun í almannavarna- og öryggismálum.

3. gr.

Hlutverk almannavarna- og öryggismálaráðs.

Stefna stjórnvalda í almannavarna- og öryggismálum skal mörkuð af almannavarna- og öryggismálaráði til þriggja ára í senn. Í almannavarna- og öryggismálastefnu stjórnvalda skal gera grein fyrir ástandi og horfum í almannavarna- og öryggismálum í landinu, fjalla um áhersluatriði varðandi skipulag almannavarna- og öryggismála, forvarnastarf, nauðsynlega samhæfingu á efni viðbragðsáætlana og starfsemi opinberra stofnana á því sviði, sbr. VI. kafla laga þessara, nauðsynlegar birgðir til þess að tryggja lífsafkomu þjóðarinnar á hættutímum, endurreisn eftir hamfarir og aðrar aðgerðir sem ráðið telur nauðsynlegar til þess að markmið laga þessara náist.

Umsýsla vegna almannavarna- og öryggismálaráðs og undirbúningur vegna funda þess er í höndum dómsmálaráðherra.

4. gr.

Skipan almannavarna- og öryggismálaráðs.

Í almannavarna- og öryggismálaráði eiga sæti forsætisráðherra, sem jafnframt er formaður þess, dómsmálaráðherra, samgönguráðherra, umhverfisráðherra, heilbrigðisráðherra, utanríkisráðherra og iðnaðarráðherra. Þar að auki er forsætisráðherra heimilt að kveðja allt að tvo ráðherra til setu í ráðinu í senn vegna sérstakra mála.

Einnig eiga sæti í almannavarna- og öryggismálaráði:

1. Ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytis.
2. Ráðuneytisstjóri dómsmálaráðuneytis, ríkislögreglustjóri og forstjóri Landhelgisgæslu Íslands.
3. Ráðuneytisstjóri samgönguráðuneytis, flugmálastjóri, forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar, siglingamálastjóri og vegamálastjóri.
4. Ráðuneytisstjóri umhverfisráðuneytis, veðurstofustjóri, brunamálastjóri og forstjóri Umhverfisstofnunar.
5. Ráðuneytisstjóri heilbrigðisráðuneytis, landlæknir, sóttvarnalæknir og forstjóri Geislavarna ríkisins.
6. Ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytis.
7. Ráðuneytisstjóri iðnaðarráðuneytis, orkumálastjóri og forstjóri Landsnets.
8. Fulltrúi Slysavarnafélagsins Landsbjargar.
9. Fulltrúi Rauða kross Íslands.
10. Fulltrúi samræmdrar neyðarsvörunar.

Að auki skipar forsætisráðherra tvo fulltrúa til setu í ráðinu samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga.

III. KAFLI

Skipulag almannavarna á landinu öllu.

5. gr.

Æðsta stjórn almannavarna.

Dómsmálaráðherra er æðsti yfirmaður almannavarna í landinu. Hann gefur út reglur um almannavarnastig að fenginni tillögu ríkislögreglustjóra og að höfðu samráði við almannavarna- og öryggismálaráð.

Ríkislögreglustjóri annast málefni almannavarna í umboði dómsmálaráðherra. Ríkislögreglustjóri tekur ákvörðun um almannavarnastig hverju sinni í samráði við viðkomandi lögreglustjóra ef unnt er og tilkynnir það dómsmálaráðherra. Heimilt er að lýsa yfir almannavarnaástandi þegar neyðarástand er líklegt, er yfirvofandi eða ríkir eða sambærilegar aðstæður eru fyrir hendi.

Við embætti ríkislögreglustjóra starfar í Reykjavík samhæfingar- og stjórnstöð undir sérstakri stjórn, sbr. V. kafla laga þessara.

6. gr.

Tímabundinn flutningur á stjórn almannavarna.

Dómsmálaráðherra er heimilt að færa stjórn almannavarnaaðgerða frá Reykjavík þegar yfirgnæfandi líkur eru á því að almannavörnum landsins verði ekki stjórnað þaðan.

7. gr.

Verkefni ríkislögreglustjóra á sviði almannavarna.

Ríkislögreglustjóri hefur umsjón með að ráðstafanir séu gerðar í samræmi við stefnu stjórnvalda í almannavarna- og öryggismálum.

Ríkislögreglustjóri hefur eftirlit með skipulagi almannavarna á landinu öllu og eftirlit með almannavörnum sveitarfélaga. Hann hefur eftirlit með gerð hættumats í samráði við almannavarnanefndir. Hann tekur þátt í undirbúningi og gerð viðbragðsáætlana ríkis og sveitarfélaga, sbr. VI. kafla laga þessara, og hefur eftirlit með endurskoðun þeirra og samhæfingu. Auk þessa hefur ríkislögreglustjóri eftirlit með gerð viðbragðsáætlana einkaaðila. Hann hefur með höndum eftirlit með samhæfingu viðbragðsaðila og annarra aðila, sbr. 8. gr., og með stjórn aðgerða bæði áður og eftir að hættu ber að garði.

Ríkislögreglustjóri skipuleggur forvarnir og almenningsfræðslu á sviði almannavarna, svo og fræðslu einkaaðila, stjórnvalda og almennings um skipulag almannavarnakerfisins eftir því sem þurfa þykir. Auk þess annast ríkislögreglustjóri þjálfun og fræðslu á sviði almannavarna.

Ríkislögreglustjóri tekur þátt í alþjóðlegu samstarfi stjórnvalda um almannavarnir.

8. gr.

Um samninga við þriðja aðila.

Ríkislögreglustjóra er heimilt að semja við sjálfseignarstofnanir, félagasamtök eða aðra aðila um að þeir skuli annast framkvæmd almannavarna á tilteknu sviði.

Samningur um framkvæmd aðila á almannavörnum samkvæmt þessari grein er háður samþykki dómsmálaráðherra.

IV. KAFLI
Skipulag almannavarna í héraði.

9. gr.

Almannavarnanefndir.

Í hverju sveitarfélagi starfar almannavarnanefnd sem sveitarstjórn skipar og ákveður sveitarstjórnin fjölda nefndarmanna. Almannavarnanefnd skal skipuð sýslumanni þess umdæmis sem sveitarfélagið er í, fulltrúum úr sveitarstjórn og þeim fulltrúum sveitarstjórna sem í starfi sínu sinna verkefnum í þágu öryggis hins almenna borgara. Á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum sitja lögreglustjórar viðkomandi umdæma í almannavarnanefndum en ekki sýslumenn.

Almannavarnanefnd kýs sér sjálf formann og varaformann. Sveitarstjórnir ráða starfsmenn almannavarnanefnda og greiða kostnað af störfum þeirra.

Sveitarstjórnum er heimilt að vinna saman að gerð viðbragðsáætlunar, semja um gagnkvæma aðstoð eða koma á fót sameiginlegri almannavarnanefnd. Sameining almannavarnanefnda eða samstarf þeirra er háð staðfestingu dómsmálaráðherra. Ráðherra ákveður hvaða sýslumaður skuli sitja í almannavarnanefnd ef fleiri en eitt sýslumannsumdæmi fellur undir nefndina. Ef ein almannavarnanefnd er í umdæmi lögreglustjóra skal hann sitja í nefndinni.

10. gr.

Hlutverk almannavarnanefnda.

Almannavarnanefndir móta stefnu og skipuleggja starf sitt að almannavörnum í héraði í samræmi við lög þessi.

Í umdæmum sínum vinna almannavarnanefndir að gerð hættumats og viðbragðsáætlana, í samvinnu við ríkislögreglustjóra, sbr. 16. gr.

Almannavarnanefndir skulu endurskoða hættumat og framkvæma prófanir á viðbragðsáætlunum í samvinnu við ríkislögreglustjóra.

11. gr.

Aðgerða- og vettvangsstjórn í héraði.

Stjórn aðgerða í héraði þegar almannavarnaástand ríkir er í höndum lögreglustjóra í viðkomandi lögregluumdæmi. Hann situr í aðgerðastjórn ásamt fulltrúa almannavarnanefndar, fulltrúa Slysavarnafélagsins Landsbjargar, fulltrúa Rauða kross Íslands, hlutaðeigandi viðbragðsaðila, sbr. viðbragðsáætlun, svo og öðrum hlutaðeigandi aðilum sem tengjast aðgerðum hverju sinni. Aðgerðastjórn starfar í samvinnu við samhæfingar- og stjórnstöð. Í stjórn aðgerða felst m.a. skipulag björgunar- og hjálparstarfa vegna hættu eða tjóns sem getur eða hefur skapast og að stýra neyðaraðgerðum í samvinnu við samhæfingar- og stjórnstöð, sbr. 12. gr.

Lögreglustjóri tilnefnir vettvangsstjóra er fari með stjórn og samhæfingu á vettvangi.

V. KAFLI
Samhæfingar- og stjórnstöð.

12. gr.

Hlutverk samhæfingar- og stjórnstöðvar.

Í samhæfingar- og stjórnstöð fer fram samhæfing og yfirstjórn almannavarnaaðgerða með hliðsjón af almannavarnastigi og viðeigandi viðbragðsáætlun. Þar getur einnig farið fram samhæfing hvers kyns aðgerða við leit og björgun á landi, sjó og í lofti eða viðbragða við hættuástandi þótt ekki hafi verið lýst yfir almannavarnaástandi, sbr. 13. gr.

Í almannavarnaástandi starfa í stjórnstöðinni fulltrúar viðbragðsaðila almannavarna og ber þeim skylda til að fara að fyrirmælum þess aðila sem stýrir samhæfingu aðgerða úr samhæfingar- og stjórnstöð samkvæmt viðbragðsáætlun. Nú er ágreiningur um hvaða fyrirmæli skuli gefin og sker þá ríkislögreglustjóri úr. Ákvörðun ríkislögreglustjóra samkvæmt þessu ákvæði verður ekki skotið til dómsmálaráðherra.

Samhæfingar- og stjórnstöð skal hafa aðgang að öruggu fjarskiptakerfi, sem er óháð og aðskilið frá almennum fjarskiptakerfum, vegna samskipta við viðbragðsaðila almannavarna.

Samhæfingar- og stjórnstöð lýtur ellefu manna stjórn sem dómsmálaráðherra skipar. Formaður stjórnar skal skipaður af ráðherra án tilnefningar. Ríkislögreglustjóri, Landhelgisgæsla Íslands, landlæknir, stjórn slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, stjórn samræmdrar neyðarsvörunar, Rauði kross Íslands, Flugstoðir og stjórn Slysavarnafélagsins Landsbjargar tilnefna hver sinn fulltrúa í stjórnina og skulu þeir valdir úr hópi þeirra sem taka virkan þátt í starfi samhæfingar- og stjórnstöðvarinnar. Auk þess tilnefna samgönguráðherra og stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga hvor sinn fulltrúa.

Stjórnin ræðir og tekur ákvarðanir um innra skipulag, rekstur og samstarf viðbragðsaðila. Stjórnin beitir sér fyrir ráðstöfunum til að tryggja snurðulausa framkvæmd viðbragðsáætlana. Samhæfing eða framkvæmd aðgerða er ekki á verksviði stjórnar.

Stjórnin getur ákveðið að viðbragðsaðilar almannavarna, sem ekki eiga fulltrúa í stjórn samhæfingar- og stjórnstöðvar, tilnefni fulltrúa í samhæfingar- og stjórnstöðvarráð sem er stjórninni til ráðuneytis við ákvarðanir hennar.

Ríkislögreglustjóri ræður umsjónarmann samhæfingar- og stjórnstöðvarinnar að fenginni tillögu stjórnar stjórnstöðvarinnar. Kostnaður af starfsemi samhæfingar- og stjórnstöðvar greiðist úr ríkissjóði.

13. gr.

Verkefni samhæfingar- og stjórnstöðvar.

Samhæfingar- og stjórnstöð skal virkjuð þegar nauðsyn krefst að mati þeirra sem koma að stjórn leitar, björgunar eða viðbragða við hættuástandi.

Almannavarnanefnd eða viðbragðsaðili almannavarna getur óskað eftir því að samhæfingar- og stjórnstöð annist stjórn aðgerða vegna tiltekinnar hættu. Ef ágreiningur er í almannavarnanefnd eða á milli viðbragðsaðila um það hvort leita skuli til samhæfingar- og stjórnstöðvar getur hvor aðili um sig óskað eftir því við ríkislögreglustjóra að samhæfingar- og stjórnstöð taki við stjórn aðgerða. Áður en ríkislögreglustjóri tekur ákvörðun í málinu skal hann kanna afstöðu viðkomandi lögreglustjóra til beiðninnar.

14. gr.

Tímabundin stofnun og rekstur þjónustumiðstöðvar.

Samhliða rekstri samhæfingar- og stjórnstöðvar er ríkislögreglustjóra heimilt, þegar hættu ber að garði eða hún er um garð gengin, að stofna tímabundið þjónustumiðstöð vegna tiltekinnar hættu eða hættuástands.

Verkefni þjónustumiðstöðvarinnar skulu m.a. felast í upplýsingagjöf til almennings og þjónustu við þá aðila sem hafa orðið fyrir tjóni og hin tiltekna hætta hefur haft önnur bein áhrif á. Auk þess skal þjónustumiðstöðin, í samvinnu við hlutaðeigandi almannavarnanefndir, annast samskipti við fjölmiðla vegna aðgerða sem gripið er til hverju sinni.

Ráðuneyti og sveitarfélög, þar með taldar undirstofnanir þeirra, skulu veita hinni tímabundnu þjónustumiðstöð lið við miðlun upplýsinga og þjónustu. Haft skal samráð við hlutaðeigandi sveitarstjórnir um starfsemi þjónustumiðstöðvar samkvæmt þessari grein.

VI. KAFLI
Gerð viðbragðsáætlana.

15. gr.

Skylda ríkisvalds til að gera viðbragðsáætlanir.

Einstök ráðuneyti og undirstofnanir þeirra skulu, í samvinnu við ríkislögreglustjóra, kanna áfallaþol þess hluta íslensks samfélags sem fellur undir starfssvið þeirra. Þá skulu einstök ráðuneyti og stofnanir á þeirra vegum, í samvinnu við ríkislögreglustjóra og í samræmi við lög sem um starfssviðið gilda, skipuleggja fyrirhuguð viðbrögð og aðgerðir samkvæmt viðbragðsáætlun þar sem m.a. er fjallað um eftirfarandi þætti:

1. Skipulagningu aðgerða.
2. Viðbúnað viðbragðsaðila, m.a. liðsafla, þjálfun liðsafla og útbúnað og stjórnsýsluviðbúnað.
3. Samgöngur og fjarskipti.
4. Framkvæmd ráðstafana á hættustundu.
5. Samhæfingu og stjórn aðgerða viðbragðsaðila og annarra aðila.
6. Áfallahjálp og aðstoð við þolendur.
7. Hagvarnir, birgðir og neyðarflutninga til og frá landi.

Ríkislögreglustjóri skal semja viðbragðsáætlanir varðandi þá hluta íslensks samfélags sem falla ekki undir starfssvið tiltekins ráðuneytis.

Viðbragðsáætlanir skulu undirritaðar og staðfestar af réttum yfirvöldum.

16. gr.

Skylda sveitarfélaga til að gera viðbragðsáætlanir.

Sveitarfélög og stofnanir á þeirra vegum skulu, í samvinnu við ríkislögreglustjóra, kanna áfallaþol í umdæmi sínu. Þá skulu almannavarnanefndir, í samvinnu við ríkislögreglustjóra, gera viðbragðsáætlun í samræmi við hættumat í umdæmi þeirra. Um efni viðbragðsáætlana fer skv. 15. gr.

Almannavarnanefndum er heimilt að hafa samvinnu um gerð viðbragðsáætlana. Hafi almannavarnanefndir verið sameinaðar skal gerð sameiginleg viðbragðsáætlun.

Ríkislögreglustjóri skal hafa yfirumsjón með samvinnu einstakra sveitarfélaga vegna sameiginlegrar hættu svo og þegar almannavarnanefndir tveggja eða fleiri sveitarfélaga gera viðbragðsáætlun.

17. gr.

Afhending viðbragðsáætlana, æfingar og endurskoðun.

Ráðuneyti, undirstofnanir þeirra og sveitarfélög skulu staðfesta viðbragðsáætlanir sínar og senda þær ríkislögreglustjóra.

Þegar viðbragðsáætlun hefur verið staðfest og afhent ríkislögreglustjóra skal hún æfð eftir því sem frekast er kostur. Ríkislögreglustjóri, almannavarnanefndir, viðbragðsaðilar almannavarna, stofnanir ríkis og sveitarfélaga og einkaaðilar sem hafa hlutverki að gegna í skipulagi almannavarna samkvæmt samningi skulu án endurgjalds taka þátt í æfingu viðbragðsáætlunar eftir því sem þurfa þykir. Ágreiningi um skyldu til að taka þátt í æfingu má skjóta til dómsmálaráðherra. Viðbragðsáætlanir skal endurskoða eins oft og nauðsyn krefst.

18. gr.

Upplýsinga- og aðgerðaskylda opinberra aðila og einkaaðila.

Opinberum aðilum og einkaaðilum ber skylda til að veita nauðsynlegar upplýsingar við gerð viðbragðsáætlana ríkis eða sveitarfélaga. Nú er ágreiningur um hvað teljist nauðsynlegar upplýsingar samkvæmt málsgrein þessari og er þá heimilt að leita dómsúrskurðar um málið.

Sérhver ráðherra getur, í samráði við ríkislögreglustjóra, ákveðið að opinberir aðilar eða einkaaðilar skuli veita aðstoð, liðsinni eða útfæra nánar einstaka þætti laga þessara.

Sérhver ráðherra getur, í samráði við ríkislögreglustjóra, ákveðið að opinberir aðilar eða einkaaðilar skuli grípa til fyrirbyggjandi ráðstafana varðandi sölu á vörum, veitingu þjónustu og framleiðslu í atvinnurekstri sínum ef þess gerist þörf til þess að markmið laga þessara náist.

Áður en ákvörðun er tekin á grundvelli 2. og 3. mgr. skal leitast við að semja um skyldur þeirra fyrirtækja eða stofnana sem ákvörðunin varðar og hversu mikil áhrif þær muni hafa á starfsemi þeirra.

Nú er heimild skv. 2. og 3. mgr. beitt og skal þá ríkið bæta það tjón sem af hlýst fyrir viðkomandi aðila samkvæmt almennum reglum.

VII. KAFLI
Borgaralegar skyldur á hættustundu.

19. gr.
Almenn borgaraleg skylda.

Það er borgaraleg skylda þeirra sem eru á aldrinum 18–65 ára að gegna á hættustundu, án endurgjalds, starfi í þágu almannavarna í umdæmi þar sem þeir dveljast samkvæmt fyrirmælum er lögreglustjóri gefur, að fengnum tillögum almannavarnanefndar eða ríkislögreglustjóra. Ákvörðun lögreglustjóra má skjóta til dómsmálaráðherra.

Kveðja má þá sem eru á aldrinum 16–18 ára eða eldri en 65 ára til starfs skv. 1. mgr., ef þeir óska þess sjálfir.

Þeim sem kvaddir hafa verið til starfs skv. 1. mgr. ber að koma til læknisskoðunar, ef nauðsynlegt þykir.

Enginn má á neinn hátt tálma því að maður gegni starfi sem hann hefur verið kvaddur til í þágu almannavarna.

20. gr.
Kvaðning til aðstoðar við almannavarnir.

Ef hætta vofir yfir getur lögreglustjóri eða sýslumaður kvatt hvern fulltíða mann, sem tiltækur er, til tafarlausrar aðstoðar við störf í þágu almannavarna. Ákvörðun um kvaðningu fulltíða manns til tafarlausrar aðstoðar við almannavarnir verður ekki skotið til æðra stjórnvalds.

Ríkislögreglustjóri hefur ákvörðunarvald um flutning þeirra manna sem kvaddir hafa verið til tafarlausrar aðstoðar í þágu almannavarna. Ef fjöldi manns eða hjálparlið er flutt á milli umdæma skal haft samráð við lögreglustjóra og almannavarnanefnd.

21. gr.
Skylda til að taka þátt í námskeiðum og æfingum.

Ríkislögreglustjóri boðar þá sem kvaddir hafa verið til starfa í þágu almannavarna skv. 19. gr. til námskeiða og æfinga. Ber öllum viðkomandi að fara að þeim fyrirmælum og öðrum starfsreglum. Óheimilt er að hverfa úr starfi án leyfis.

Á hættustundu má starfsmaður ekki fara úr lögsagnarumdæmi án samþykkis lögreglustjóra eða þess er hann tilnefnir.

Ef sá sem kvaddur hefur verið til starfa í þágu almannavarna verður fyrir meiðslum eða tjóni á námskeiði eða æfingu á hann rétt á bótum.

22. gr.
Reglur um starfsskyldu.

Dómsmálaráðherra er heimilt að setja reglur um starfsskyldu samkvæmt ákvæðum þessa kafla. Skal að því stefnt að starfskvöð komi sem réttlátast niður á borgarana. Ráðherra ákveður hámarkstíma fyrir skyldunám og æfingar í þágu almannavarna.

VIII. KAFLI
Valdheimildir á hættustundu.

23. gr.
Almenn fyrirmæli á hættustundu.

Á hættustundu er lögreglustjóra heimilt að ákveða að taka í sínar hendur umferðarstjórn, banna dvöl eða umferð á ákveðnum svæðum, svo sem með því að girða af eða hindra umferð um þau, þ.m.t. tilteknar fasteignir, taka í sínar vörslur hættulega muni, vísa á brott eða fjarlægja fólk.

Fyrirmælum þessum er öllum skylt að hlíta.

24. gr.
Flutningur fólks af hættusvæðum.

Ríkislögreglustjóri gefur fyrirmæli um brottflutning fólks af hættusvæði.

Nú eru fyrirmæli gefin skv. 1. mgr. og er þá öllum skylt að halda brott á þeirri stundu, á þann hátt og til þess móttökustaðar sem ákveðinn er. Engum er heimilt án sérstaks leyfis að fara af móttökustað.

25. gr.
Heimild til leigunáms.

Dómsmálaráðherra getur, þegar hættu ber að garði, ákveðið að taka leigunámi fasteignir eða lausafé í eigu einkaaðila, í þágu almannavarna, enda komi bætur fyrir eftir samkomulagi eða á grundvelli mats samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms. Stofnunum ríkis og sveitarfélaga er skylt á hættustundu að ljá til almannavarna fasteignir og lausafjármuni, eftir því sem við verður komið, án sérstaks endurgjalds.

Heimild skv. 1. mgr. felur enn fremur í sér að gera má hverjar þær breytingar á viðkomandi fasteignum eða lausafjármunum sem þörf er á til að þær komi að tilætluðum notum í þágu almannavarna.

26. gr.
Skyldur eigenda og umráðamanna húsnæðis.

Ríkislögreglustjóra er heimilt, ef brýna nauðsyn ber til, að gefa eiganda eða umráðamanni húsnæðis fyrirmæli um að taka við fólki sem flutt hefur verið af hættusvæði, veita því húsaskjól og annan viðurgjörning eftir því sem aðstæður krefjast.

Sveitarfélag sem flutt er frá greiðir kostnað vegna húsnæðis og fæðis, sem látið er í té samkvæmt þessari grein, en á kröfu um endurheimt á hendur þeim sem fyrirgreiðslunnar hafa notið.

27. gr.
Um fyrirmæli um sölu og dreifingu nauðsynja.

Ríkisstjórninni er heimilt, ef almannaheill krefur vegna hættu á náttúruhamförum, farsóttum, hernaðaraðgerðum, hryðjuverkum eða annarrar hættu, að gefa út fyrirmæli um sölu og dreifingu nauðsynja sem til eru í landinu eða taka eignarnámi matvæli, eldsneyti, varahluti, lyf og aðrar nauðsynjar sem hætta er á að gangi fljótt til þurrðar.

IX. KAFLI
Rannsóknarnefnd almannavarna.

28. gr.
Skyldur rannsóknarnefndar.

Rannsóknarnefnd almannavarna starfar sjálfstætt og óháð stjórnvöldum og öðrum rannsóknaraðilum, ákæruvaldi og dómstólum.

Rannsóknarnefnd almannavarna skal að loknu hættuástandi rannsaka þær viðbragðsáætlanir sem stuðst var við og viðbrögð viðbragðsaðila, þar á meðal vaktstöðvar samræmdrar neyðarsvörunar, samhæfingar- og stjórnstöðvar, lögreglu, slökkviliðs, landhelgisgæslu og almannavarnanefnda.

29. gr.
Skýrsla rannsóknarnefndar.

Nú er rannsókn skv. 2. mgr. 28. gr. lokið og semur þá rannsóknarnefnd almannavarna skýrslu til dómsmálaráðherra, ríkislögreglustjóra og allsherjarnefndar Alþingis um niðurstöður nefndarinnar, tillögur og annað sem nefndinni þykir máli skipta.

Skýrslan skal kynnt hlutaðeigandi almannavarnanefnd og sveitarstjórnum og birt opinberlega að virtum ákvæðum 31. gr. og ákvæðum upplýsingalaga.

Skýrslum rannsóknarnefndar almannavarna skal ekki beitt sem sönnunargögnum í opinberum málum.

30. gr.
Skipan rannsóknarnefndar almannavarna.

Alþingi kýs þrjá menn og þrjá varamenn hlutfallskosningu til fimm ára til setu í rannsóknarnefnd almannavarna. Nefndin kýs sér formann. Með nefndinni starfar maður sem skal fullnægja skilyrðum til að gegna embætti héraðsdómara.

Rannsóknarnefnd almannavarna skal virða þagnarskyldu um þau atvik sem henni eða starfsmönnum hennar verða kunn vegna starfa fyrir nefndina. Tekur þetta til hvers konar upplýsinga um einkahagi manna og annarra upplýsinga sem leynt eiga að fara vegna lögmætra einka- og almannahagsmuna. Þagnarskylda helst þótt látið sé af störfum í þágu nefndarinnar.

31. gr.
Heimildir rannsóknarnefndar.

Rannsóknarnefnd almannavarna skal hafa óhindraðan aðgang að gögnum viðbragðsaðila almannavarna og er þeim skylt að veita nefndinni hverjar þær upplýsingar sem hún óskar.

Rannsóknarnefndinni er óheimilt að veita aðgang að trúnaðargögnum sem nefndin aflar í tengslum við rannsókn einstakra mála. Til trúnaðargagna teljast m.a. álitsgerðir, sem aflað hefur verið í tengslum við rannsókn máls, og skýrslur vitna og annarra aðila.

Að öðru leyti en greinir í ákvæðum þessa kafla skal í starfi nefndarinnar fara eftir lögum um rannsóknarnefnd umferðarslysa eftir því sem við á.

X. KAFLI
Um skiptingu kostnaðar vegna almannavarna.

32. gr.
Skipting kostnaðar á milli ríkisvalds og sveitarfélaga o.fl.

Kostnaður vegna skyldna ríkisins skv. II., III., VI. og IX. kafla laga þessara greiðist úr ríkissjóði. Kostnaður vegna verkefna sveitarfélaganna skv. IV. og VI. kafla greiðist af hálfu sveitarfélaga.

Ef sveitarfélög hafa samstarf um skyldur sínar samkvæmt þessum lögum þá skal skipta kostnaði á milli þeirra samkvæmt íbúatölu.

XI. KAFLI
Refsiákvæði.

33. gr.

Hver sá sem uppvís er að því að gefa af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi ranga tilkynningu til samhæfingar- og stjórnstöðvar skv. V. kafla laga þessara eða viðbragðsaðila almannavarna eða misnota að öðru leyti þjónustu þessara aðila varðandi almannavarnir skal sæta refsingu skv. 120. gr. og 120. gr. a almennra hegningarlaga.

XII. KAFLI
Reglugerð og gildistaka.

34. gr.

Dómsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um flokkun almannavarnastiga almannavarna, inntak þeirra og viðbrögð, um frekara skipulag samhæfingar- og stjórnstöðvar og þjónustumiðstöðva skv. V. kafla að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, um öryggiskröfur neyðarfjarskiptakerfis samhæfingar- og stjórnstöðvarinnar að höfðu samráði við samgönguráðherra, um störf stjórnar samhæfingar- og stjórnstöðvar og samhæfingar- og stjórnstöðvarráðs, svo og hverjir skuli teljast viðbragðsaðilar almannavarna.

Þá setur dómsmálaráðherra, að fenginni tillögu ríkislögreglustjóra, reglugerð um efni og gerð viðbragðsáætlana skv. 15. og 16. gr. Ráðherra er og heimilt að kveða í reglugerð nánar á um samræmda gerð og samningu einstakra viðbragðsáætlana, fjölda æfinga og tengsl við almannavarnastig.

Dómsmálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi rannsóknarnefndar um almannavarnir, svo sem hver skuli kalla á rannsókn nefndarinnar, hafi hún ekki sjálf frumkvæði að rannsókn, og um vinnslu persónuupplýsinga hjá nefndinni að svo miklu leyti sem hún fellur ekki undir lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Forsætisráðherra setur reglugerð um starfshætti almannavarna- og öryggismálaráðs í samráði við dómsmálaráðherra.

35. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2008. Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 94 29. desember 1962, um almannavarnir, með síðari breytingum. Jafnframt breytast við gildistöku laganna eftirfarandi lagaákvæði:

1. Eftirfarandi breytingar verða á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49 23. maí 1997:
   a. 1. mgr. 5. gr. laganna orðast svo:

Almannavarnanefndir skulu annast gerð viðbragðsáætlana, svo og sjá um leiðbeiningar og almannafræðslu um hættu af ofanflóðum í samvinnu við ríkislögreglustjóra og Veðurstofu Íslands.

b. Orðið „almannavarnaráði“ í lokamálslið 1. mgr. 6. gr. laganna fellur brott.

2. Í stað orðsins „almannavarnaráð“ í 3. mgr. 2. gr. laga um björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn, nr. 43 24. mars 2003, kemur: almannavarna- og öryggismálaráð.
3. J-liður 1. mgr. 5. gr. lögreglulaga, nr. 90 13. júní 1996, orðast svo: að annast málefni almannavarna í umboði dómsmálaráðherra.
4. Orðin „að höfðu samráði við almannavarnaráð“ í 2. mgr. 72. gr. laga um fjarskipti, nr. 81 26. mars 2003, falla brott.

Reglugerðir og önnur stjórnvaldsfyrirmæli sem sett eru samkvæmt eldri lögum skulu halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þau fara ekki í bága við lög þessi. Þá skulu samningar sem gerðir voru í tíð eldri laga halda gildi sínu uns þeir verða endurskoðaðir af hálfu samningsaðila.

Ákvæði til bráðabirgða.

Reglur skv. 1. mgr. 5. gr. skal setja eigi síðar en í árslok 2009. Fram að þeim tíma skulu gilda reglur sem dómsmálaráðherra setur eftir tillögum ríkislögreglustjóra.

1262. Nefndarálit [622. mál]

um till. til þál. um staðfestingu samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2008.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að ríkisstjórnin staðfesti þrjá samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2008. Um er að ræða sameiginlega bókun um niðurstöður fiskveiðiviðræðna um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi á árinu 2008, samkomulag milli Íslands og Noregs um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Noregs norðan 62°N, fiskveiðilögsögu Jan Mayen og efnahagslögsögu Íslands á árinu 2008, og samkomulag milli Íslands og Rússneska sambandsríkisins um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands á árinu 2008.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 29. maí 2008.

Bjarni Benediktsson, form., frsm.	Árni Páll Árnason.	Ragnheiður E. Árnadóttir.
Ásta R. Jóhannesdóttir.	Siv Friðleifsdóttir.	Lúðvík Bergvinsson.
Kristinn H. Gunnarsson.	Ögmundur Jónasson.	Björk Guðjónsdóttir.

1263. Nefndarálit [621. mál]

um till. til þál. um staðfestingu samnings milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2008.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta samning milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2008. Samningurinn kveður á um allar heimildir aðila til veiða á uppsjávarfiski í lögsögu hvors annars á árinu 2008, gagnkvæma heimild skipa hvors aðila til veiða á kolmunna og norsk-íslenskri síld innan lögsögu hins á árinu 2008 auk þess sem hann kveður á um að hvor aðili skuli veita tveimur skipum sem skráð eru í landi hins aðilans leyfi til tilraunaveiða á túnfiski innan lögsögu sinnar á árinu 2008.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 29. maí 2008.

Bjarni Benediktsson, form., frsm.	Árni Páll Árnason.	Ragnheiður E. Árnadóttir.
Ásta R. Jóhannesdóttir.	Siv Friðleifsdóttir.	Lúðvík Bergvinsson.
Kristinn H. Gunnarsson.	Ögmundur Jónasson.	Björk Guðjónsdóttir.

1264. Lög [526. mál]

um endurskoðendur.

(Afgreidd frá Alþingi 29. maí.)

Samhljóða þskj. 1221.

1265. Lög [527. mál]

um breyting á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 29. maí.)

Samhljóða þskj. 1222.

1266. Lög [529. mál]

um breyting á lögum nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 29. maí.)

Samhljóða þskj. 1223.

1267. Lög [614. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 29. maí.)

Samhljóða þskj. 956.

1268. Lög [338. mál]

um breytingu á lögum nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga, og lögum nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 29. maí.)

Samhljóða þskj. 1224.

1269. Lög [521. mál]

um breyting á ýmsum lögum vegna breytts fyrirkomulags á skráningu og þinglýsingu skipa.

(Afgreidd frá Alþingi 29. maí.)

Samhljóða þskj. 822.

1270. Lög [579. mál]

um breytingu á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 29. maí.)

Samhljóða þskj. 1228.

1271. Lög [520. mál]

um Landeyjahöfn.

(Afgreidd frá Alþingi 29. maí.)

Samhljóða þskj. 821 með þessari breytingu:

3. gr. hljóðar svo:

Eignarhald og rekstur hafnarinnar.

Landeyjahöfn er að fullu í eigu íslenska ríkisins.

Siglingastofnun Íslands hefur umsjón með byggingu og rekstri Landeyjahafnar, ber ábyrgð á rekstri hennar og fer með verkefni hafnarstjórnar samkvæmt hafnalögum. Notendum hafnarinnar er heimilt að skjóta ákvörðunum Siglingastofnunar, öðrum en gjaldskrár-

ákvörðunum, til samgönguráðherra. Um málsmeðferð fer samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

Með rekstri hafnarinnar er átt við forræði yfir höfn og hafnarsvæði, þ.m.t. uppbygging hafnarinnar, viðhald og rekstur.

Eignum og tekjum Landeyjahafnar má aðeins verja í viðhald og rekstur hafnarinnar.

Siglingastofnun Íslands er heimilt að gera þjónustusamning um rekstur hafnarinnar og hefur eftirlit með framkvæmd hans. Um hann gilda reglur um þjónustusamninga ríkisins.

1272. Lög [640. mál]

um heimild ríkissjóðs Íslands til sérstakrar lántöku á árinu 2008.

(Afgreidd frá Alþingi 29. maí.)

Samhljóða þskj. 1111.

1273. Frumvarp til laga [464. mál]

um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 30. maí.)

1. gr.

Á eftir 10. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna kemur nýr töluliður sem orðast svo: Umfjöllun um umsóknir og útgáfa lyfsöluleyfa skv. VII. kafla, innflutnings- og heildsöluleyfa skv. XII. kafla og framleiðsluleyfa skv. XIII. kafla.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 20. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætast þrír nýir málsliðir sem orðast svo: Þó er heimilt að selja utan lyfjabúða flúorlyf og minnstu pakkningar og minnsta styrkleika nikótínlyfja sem ekki eru lyfseðilsskyld. Um sölu nikótín- og flúorlyfja fer skv. 1. og 7. mgr. 8. gr. laga um tóbaksvarnir og 2. mgr. 62. gr. reglugerðar um lyfsöluleyfi og lyfjabúðir. Um eftirlit, þvingunarúrræði og viðurlög fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.
b. Í stað orðsins „ráðherra“ í 1. mgr., 2. mgr., 1. og 3. málsl. 3. mgr., 5. mgr. og 6. mgr. kemur í viðeigandi beygingarfalli: Lyfjastofnun.
c. 4. mgr. orðast svo:
   Áður en starfsemi lyfjabúðar er hafin skal liggja fyrir að húsnæði, búnaður og starfslið fullnægi kröfum Lyfjastofnunar.
d. 1. málsl. 6. mgr. orðast svo: Lyfjastofnun er heimilt að fela framkvæmdastjóra heilsugæslustöðvar rekstur lyfjabúðar ef engin lyfjabúð er starfrækt í heilsugæsluumdæminu.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 21. gr. laganna:

a. 7. málsl. 1. mgr. fellur brott.
b. 8. málsl. 1. mgr. orðast svo: Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um skilyrði og framkvæmd póstverslunar með lyf og póstsendingar lyfja í reglugerð um lyfsöluleyfi og lyfjabúðir.
c. Í stað orðsins „ráðherra“ í 1. og 3. málsl. 2. mgr. kemur í viðeigandi beygingarfalli: Lyfjastofnun.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 22. gr. laganna:

a. Orðin „að fenginni umsögn Lyfjastofnunar“ í 2. tölul. 1. mgr. falla brott.
b. Í stað orðsins „Ráðherra“ í 2. mgr. kemur: Lyfjastofnun.

5. gr.

Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu“ í 1. málsl. 2. mgr. 24. gr. laganna kemur: Lyfjastofnun.

6. gr.

Í stað orðanna „þriggja ára“ í 2. málsl. 2. mgr. 27. gr. laganna kemur: þrjátíu ára.

7. gr.

Í stað orðsins „ráðherra“ í 1. málsl. 29. gr., 1. mgr. 32. gr., 2. og 3. málsl. 2. mgr. 33. gr. og 1. og 3. málsl. 1. mgr. 34. gr. laganna kemur í viðeigandi beygingarfalli: Lyfjastofnun.

8. gr.

Í stað orðanna „Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 3. málsl. 1. mgr. 31. gr. laganna og í stað orðsins „Ráðherra“ í 4. málsl. 1. mgr. og 1. málsl. 2. mgr. sömu greinar kemur: Lyfjastofnun.

9. gr.

40. gr. laganna orðast svo:

Lyfjanefnd heilbrigðisstofnunar skal gefa út lyfjalista með þeim lyfjum sem nota skal á viðkomandi stofnun. Í slíkri nefnd skal vera a.m.k. einn starfandi lækna stofnunarinnar og einn starfandi lyfjafræðingur í þjónustu stofnunarinnar. Þess skal gætt þegar völ er á fleiri en einu lyfi að velja til notkunar á heilbrigðisstofnunum þau lyf sem ódýrari eru að teknu tilliti til virkni, gæða og öryggis.

10. gr.

Við 42. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Söluaðilar, þ.e. lyfjaheildsalar, lyfjaframleiðendur og umboðsmenn þeirra eða smásöluaðilar, sem vilja selja lyfseðilsskyld lyf á lægra verði en hámarksverð segir til um, skulu tilkynna lækkað verð til lyfjagreiðslunefndar sem birtir það í næstu útgáfu lyfjaverðskrárinnar. Söluaðili skal selja lyfið á sama verði á öllum sölustöðum sínum.

11. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Lyfsöluleyfi, innflutnings- og heildsöluleyfi og framleiðsluleyfi sem heilbrigðisráðherra hefur gefið út samkvæmt lögum þessum fyrir 1. október 2008 halda gildi sínu þrátt fyrir ákvæði 20., 32. og 34. gr. laganna.

12. gr.

Lög þessi hafa verið tilkynnt í samræmi við ákvæði tilskipunar 98/34/EB sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra reglna.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 2008.

Ákvæði til bráðabirgða.

Um óafgreiddar umsóknir vegna lyfsöluleyfa, innflutnings- og heildsöluleyfa og framleiðsluleyfa sem borist hafa heilbrigðisráðuneytinu fyrir gildistöku laga þessara fer samkvæmt ákvæðum þeirra.

1274. Lög [538. mál]

um breytingu á lögum er varða verðbréfaviðskipti.

(Afgreidd frá Alþingi 30. maí.)

Samhljóða þskj. 1190.

1275. Lög [531. mál]

um breytingar á ýmsum lögum vegna flutnings stjórnsýslu- og eftirlitsverkefna á sviði lax- og silungsveiði, fiskræktar o.fl. til Fiskistofu.

(Afgreidd frá Alþingi 30. maí.)

Samhljóða þskj. 1169.

1276. Lög [548. mál]

um breyting á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 30. maí.)

Samhljóða þskj. 849.

1277. Lög [515. mál]

um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum, og lögum nr. 86/2007, um skattlagningu kaupskipaútgerðar.

(Afgreidd frá Alþingi 30. maí.)

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 2. mgr. 5. tölul. 1. mgr. 8. gr. laganna bætist: með jafnri fjárhæð á þrjú ár frá og með því reikningsári þegar gengishagnaður fellur til.

2. gr.

Við 2. tölul. A-liðar 1. mgr. 30. gr. laganna bætist: eða eru starfsmenn Þróunarsamvinnustofnunar Íslands.

3. gr.

Við 2. mgr. 4. tölul. 1. mgr. 49. gr. laganna bætist: með jafnri fjárhæð á þrjú ár frá og með því reikningsári sem gengistap fellur til.

4. gr.

Orðin „eða vangefið“ í 2. tölul. 1. mgr. 65. gr. laganna falla brott.

5. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „$^{10}/_{38}$“ í 4. málsl. 2. mgr. A-liðar 67. gr. laganna kemur: $^{10}/_{36}$.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 68. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðanna „2.415.492“ og „1.207.746“ í 4. mgr. A-liðar kemur: 3.600.000; og: 1.800.000.
b. Í stað hlutfallstalnanna „6%“ og „8%“ í 4. mgr. A-liðar kemur: 5%; og: 7%.
c. Í stað fjárhæðanna „5.273.425“ og „8.437.481“ í 4. mgr. B-liðar kemur: 7.119.124; og: 11.390.599.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 70. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „2., 3. og 7. tölul. 3. gr.“ í 1. málsl. 2. tölul. kemur: 2. og 3. tölul. 3. gr.
b. Við 2. tölul. 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Tekjuskattur aðila sem um ræðir í 7. tölul. 3. gr. skal nema 10% af tekjuskattsstofni þeirra.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 71. gr. laganna:

a. Í stað hlutfallstölunnar „18%“ í 1. mgr. kemur: 15%.
b. Í stað hlutfallstölunnar „26%“ í 2. mgr. kemur: 23,5%.

9. gr.

Við lögin bætast þrjú ný ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

a. (I.)

Þrátt fyrir ákvæði 2. málsl. 1. mgr. A-liðar 67. gr. laganna skulu breytingar á persónuafslætti manna, sem um ræðir í 1. mgr. 66. gr., ákvarðaðar með eftirfarandi hætti:

1. Persónuafsláttur manna sem tekur gildi í upphafi ársins 2009 skal ákvarðaður þannig að við fjárhæð persónuafsláttar sem fundinn er samkvæmt ákvæðum 2. málsl. 1. mgr. A-liðar 67. gr. skal bætt 24.000 kr.
2. Persónuafsláttur manna sem tekur gildi í upphafi ársins 2010 skal ákvarðaður þannig að við fjárhæð persónuafsláttar sem fundinn er samkvæmt ákvæðum 2. málsl. 1. mgr. A-liðar 67. gr. skal bætt 24.000 kr.
3. Persónuafsláttur manna sem tekur gildi í upphafi ársins 2011 skal ákvarðaður þannig að við fjárhæð persónuafsláttar sem fundinn er samkvæmt ákvæðum 2. málsl. 1. mgr. A-liðar 67. gr. skal bætt 36.000 kr.

b. (II.)

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. A-liðar 68. gr. laganna skulu viðmiðunarfjárhæðir sem þar eru tilgreindar sem skerðingarmörk barnabóta vera 2.880.000 kr. og 1.440.000 kr. við ákvörðun barnabóta á árinu 2008 vegna tekna á árinu 2007.

c. (III.)

Frá tekjuskattsstofni skv. 2. tölul. og b-lið 3. tölul. 61. gr. vegna rekstrarársins 2007 er heimilt að draga fjárhæð gengishagnaðar umfram gengistap af hvers konar eignum og skuldum í erlendum verðmæli, sbr. 5. tölul. 1. mgr. 8. gr. og 4. tölul. 1. mgr. 49. gr., sem nemur allt að þeirri fjárhæð sem tekjuskattur hefði reiknast af á árinu 2008 vegna rekstrarársins 2007 og dreifa þeirri fjárhæð jafnt á rekstrarárin 2007, 2008 og 2009 til skattlagningar á álagningarárunum 2008, 2009 og 2010. Frestun tekjufærslu samkvæmt þessari málsgrein kemur því aðeins til greina að yfirfæranlegt tap hafi verið jafnað að fullu og að eigi hafi verið nýttar hlutfallslega lægri fyrningar skv. 37. gr. og niðurfærslur skv. 3. og 4. tölul. 31. gr. á rekstrarárinu 2007 en rekstrarárið 2006.

Frá tekjuskattsstofni skv. 2. tölul. og b-lið 3. tölul. 61. gr. vegna rekstrarársins 2008 er heimilt að draga fjárhæð gengishagnaðar umfram gengistap af hvers konar eignum og skuldum í erlendum verðmæli, sbr. 5. tölul. 1. mgr. 8. gr. og 4. tölul. 1. mgr. 49. gr., sem nemur allt að þeirri fjárhæð sem tekjuskattur hefði reiknast af á árinu 2009 vegna rekstrarársins

2008 og dreifa þeirri fjárhæð jafnt á rekstrarárin 2008, 2009 og 2010 til skattlagningar á álagningarárunum 2009, 2010 og 2011. Frestun tekjufærslu samkvæmt þessari málsgrein kemur því aðeins til greina að yfirfæranlegt tap hafi verið jafnað að fullu og að eigi hafi verið nýttar hlutfallslega lægri fyrningar skv. 37. gr. og niðurfærslur skv. 3. og 4. tölul. 31. gr. á rekstrarárinu 2008 en rekstrarárið 2007.

Félag sem tekur þátt í samsköttun skv. 55. gr. getur því aðeins frestað tekjufærslu skv. 1. og 2. mgr. að samnýtanlegt rekstrartap samsköttunarfélaganna hafi verið jafnað.

Heimild til frestunar tekjufærslu skv. 1. og 2. mgr. tekur ekki til fjármálafyrirtækja sem stunda starfsemi sem fellur undir 2. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 86/2007, um skattlagningu kaupskipaútgerðar.

10. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „18%“ í 3. mgr. 6. gr. laganna kemur: 15%.

11. gr.

Ákvæði 1. og 3. gr. öðlast gildi 1. janúar 2009 og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 2010.

Ákvæði 2. og 4. gr. öðlast þegar gildi.

Ákvæði a-liðar 6. gr. öðlast gildi 1. janúar 2009 og kemur til framkvæmda við álagningu og greiðslu barnabóta á árinu 2009 vegna tekna á árinu 2008.

Ákvæði b- og c-liðar 6. gr. öðlast gildi 1. janúar 2008 og koma til framkvæmda við álagningu barnabóta og vaxtabóta á árinu 2008 vegna tekna og eigna á árinu 2007.

Ákvæði 5. og 7. gr. öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 2009 vegna tekna á árinu 2008.

Ákvæði 8. og 10. gr. öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 2009 hjá þeim lögaðilum sem hafa almanaksárið sem reikningsár og hjá þeim sem hafa upphaf reikningsárs 1. febrúar 2008 eða síðar á því ári.

Ákvæði til bráðabirgða í 9. gr. öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda eins og þar greinir.

1278. Lög [547. mál]

um uppbót á eftirlaun.

(Afgreidd frá Alþingi 30. maí.)

Samhljóða þskj. 1193 með þessum breytingum:

6. gr. hljóðar svo:

Framkvæmd og greiðslutilhögun.

Uppbót á eftirlaun skal ákvörðuð við álagningu og skal tekjuskattur og útsvar reiknast sérstaklega af þeirri fjárhæð miðað við skatthlutfall viðmiðunarárs og að teknu tilliti til ónýtts

persónuafsláttar. Við ákvörðun um bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, skal farið með greiðslur samkvæmt lögum þessum sem ellilífeyrisgreiðslur úr lífeyrissjóði, sbr. lög nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Uppbót á eftirlaun sem ákvörðuð er skv. 5. gr. skal að jafnaði greiða með 12 jöfnum mánaðarlegum greiðslum fyrsta virkan dag hvers mánaðar. Þó skal greiða með færri greiðslum sé mánaðarleg fjárhæð lægri en 2.000 kr.

Fyrsta greiðsla hvers greiðslutímabils skal fara fram í mánuðinum eftir að álagning liggur fyrir.

Greiðslur uppbótar, sem falla í gjalddaga eftir að rétthafi andast, falla sjálfkrafa niður.

Fjársýsla ríkisins annast greiðslur uppbótar á eftirlaun.

9. gr. hljóðar svo:

Afgreiðsla skattstjóra.

Ákvörðun um uppbót eftirlauna skal byggjast á upplýsingum skattframtals og liggja fyrir við álagningu opinberra gjalda ár hvert og skal hún miðast við þann mánuð sem rétthafi hefur uppfyllt skilyrði laga þessara.

Lífeyrissjóðir skulu ár hvert senda ríkisskattstjóra skrá, á því formi sem ríkisskattstjóri ákveður, yfir alla þá sjóðfélaga sem náð höfðu 67 ára aldri á viðmiðunarári, ásamt upplýsingum um hvort greiðslur eftirlauna séu hafnar. Að öðru leyti skulu lífeyrissjóðir veita skattyfirvöldum nauðsynlegar upplýsingar til ákvörðunar á fjárhæð uppbótar á eftirlaun.

Liggi ekki fyrir fullnægjandi upplýsingar að mati skattstjóra til að ákvarða uppbót á eftirlaun skal skattstjóri gera einstaklingi viðvart um hugsanlegan rétt hans til greiðslu uppbótar samkvæmt lögum þessum.

Um málsmeðferð fer að öðru leyti eftir 96. og 97. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, eftir því sem við á.

1279. Lög [471. mál]

um stofnun opinbers hlutafélags um rekstur Keflavíkurflugvallar o.fl.

(Afgreidd frá Alþingi 30. maí.)

Samhljóða þskj. 1251.

1280. Lög [372. mál]

um frístundabyggð og leigu lóða undir frístundahús.

(Afgreidd frá Alþingi 30. maí.)

Samhljóða þskj. 1252.

1281. Lög [545. mál]

um breyting á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna, nr. 21/1992, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 30. maí.)

Samhljóða þskj. 1253.

1282. Lög [546. mál]

um opinbera háskóla.

(Afgreidd frá Alþingi 30. maí.)

Samhljóða þskj. 1254 með þessari breytingu:

11. gr. hljóðar svo:

Skólar og stofnanir.

Skólar eru megineiningar háskóla og deildir grunneiningar. Háskólaráð ákvarðar hlutverk, mörk og verkaskiptingu milli skóla og kveður á um skipan þeirra í reglum. Hver skóli skiptist í deildir samkvæmt tillögu skólans sem lögð er fyrir háskólaráð. Leita skal umsagnar háskólafundar áður en gerðar eru grundvallarbreytingar á skólaskipaninni.

Innan skóla fer fram kennsla, rannsóknir og stjórnun. Skólar eru sjálfstæðir um fagleg og rekstrarleg málefni innan þeirra marka sem ákvörðuð eru af háskólaráði. Deildir bera faglega ábyrgð á háskólakennslu og rannsóknum.

Við skóla og deildir er heimilt að starfrækja sérstakar háskólastofnanir, sbr. c-lið 1. mgr. 4. gr., og rannsóknastofur sem settar eru á stofn samkvæmt ákvörðun skólaráðs og samkvæmt nánari reglum sem háskólaráð setur.

1283. Lög [129. mál]

um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 30. maí.)

Samhljóða þskj. 1259.

1284. Lög [553. mál]

um breytingu á lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998, með síðari breytingum, og lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, nr. 73/1990, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 30. maí.)

Samhljóða þskj. 1260.

1285. Lög [190. mál]

um almannavarnir.

(Afgreidd frá Alþingi 30. maí.)

Samhljóða þskj. 1261.

1286. Frumvarp til laga [337. mál]

um breyting á lögum um útlendinga, nr. 96 15. maí 2002, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 30. maí.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Með útlendingi er í lögum þessum átt við hvern þann einstakling sem ekki hefur íslenskan ríkisborgararétt.
b. Á eftir orðunum „í siglingum erlendis“ í 4. mgr. kemur: og íslensk loftför í flugferðum erlendis.

2. gr.

1. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Dómsmálaráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögunum. Hann getur sett nánari reglur um heimild útlendinga til að koma til landsins og dveljast hér á landi, þar á meðal um frekari skilyrði fyrir dvalar- og búsetuleyfi.

3. gr.

4. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Landamæraeftirlit.

Hver sá sem kemur til landsins skal þegar í stað gefa sig fram á landamærastöð eða við næsta lögregluyfirvald. Sama gildir um þann sem fer af landi brott og skal hann sæta brott-

farareftirliti. Undanskilin er för yfir innri landamæri Schengen-svæðisins, svo og aðrar ferðir sem eru í samræmi við reglur sem dómsmálaráðherra setur.

Koma til landsins og för úr landi skal fara fram á stöðum og afgreiðslutímum sem dómsmálaráðherra ákveður. Ákvæði tollalaga gilda um för yfir innri landamæri Schengen-svæðisins.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um för yfir landamæri, þar á meðal skilyrði fyrir komu til landsins, tilhögun eftirlits, skráningu upplýsinga og jafnframt um undantekningar frá ákvæðum 1. og 2. mgr. um för yfir innri landamæri Schengen-svæðisins. Hann setur einnig reglur um skyldu stjórnanda skips eða loftfars til að ganga úr skugga um að farþegar hafi gild ferðaskilríki.

4. gr.

Á eftir 4. mgr. 6. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Heimilt er að veita útlendingi vegabréfsáritun sem gildir á öllu Schengen-svæðinu ef eftirfarandi grundvallarskilyrðum er fullnægt:

a. hann hefur gilt vegabréf eða annað gilt kennivottorð sem viðurkennt er sem ferðaskilríki við komu til Íslands og annarra Schengen-ríkja og við brottför er gildir a.m.k. í þrjá mánuði fram yfir þann tíma sem vegabréfsáritunin sem sótt er um tekur til,
b. hann hefur heimild til að ferðast til baka til heimalandsins eða annars ríkis sem gildir a.m.k. þrjá mánuði fram yfir gildistíma áritunarinnar,
c. hann hefur nægileg fjárráð sér til framfærslu meðan á fyrirhugaðri dvöl stendur og til að greiða fyrir ferð til baka til heimalandsins eða annars lands þar sem honum hefur verið tryggður aðgangur, eða getur framfleytt sér á löglegan hátt,
d. hann getur sýnt fram á tilgang dvalar,
e. ekki liggur fyrir ástæða til frávísunar eða brottvísunar hans skv. 18. eða 20. gr.,
f. hann er ekki skráður í Schengen-upplýsingakerfið í því skyni að honum verði meinað að koma til landsins,
g. hann telst ekki ógn við allsherjarreglu, þjóðaröryggi eða alþjóðasamskipti ríkisins eða annars ríkis sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu,
h. hann hefur gilda sjúkrakostnaðar- og heimferðartryggingu.

Ef ástæður sem varða utanríkisstefnu eða almannaöryggi mæla gegn því skal vegabréfsáritun ekki veitt. Sama gildir ef ástæða er til að vefengja uppgefinn tilgang ferðar útlendings hingað til lands eða réttmæti upplýsinga sem hann hefur veitt, svo og þegar grunur leikur á að umsækjandi eða barn hans muni sæta misnotkun eða ofbeldi. Þegar stjórnvald telur sérstaka ástæðu til er heimilt að óska eftir umsögn lögreglu til að afla upplýsinga um sakaferil gestgjafa í því skyni að meta hvort umsóknar skuli synjað á grundvelli þessa ákvæðis.

Dómsmálaráðherra setur reglur um vegabréfsáritanir, þar á meðal um skilyrði fyrir að veita þær. Við mat á umsókn um vegabréfsáritun ber auk þjóðernis að taka tillit til félagslegrar stöðu og hættu á að útlendingur dvelji lengur á Schengen-svæðinu en honum er heimilt. Heimilt er að taka tillit til reynslu og framkvæmdar annarra Schengen-ríkja við mat á umsókn um vegabréfsáritun.

5. gr.

Í stað 2. mgr. 8. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Eftirtöldum útlendingum er heimilt að dveljast hér á landi án dvalarleyfis:

a. dönskum, finnskum, norskum og sænskum ríkisborgurum,

b. útlendingi sem öðlaðist íslenskan ríkisborgararétt við fæðingu en hefur misst hann eða afsalað sér honum,
c. útlendingi sem á íslenskan ríkisborgara að foreldri ef hann hefur haft fasta búsetu og dvalarleyfi hér á landi samfellt í tvö ár, enda hafi foreldrið haft íslenskan ríkisborgararétt ekki skemur en fimm ár,
d. útlendingi sem er lögráða og á íslenskan ríkisborgara að foreldri ef hann hefur haft fasta búsetu og dvalarleyfi hér á landi samfleytt í fimm ár,
e. útlendingi sem er í hjúskap eða staðfestri samvist með íslenskum ríkisborgara og hefur búið með honum hér á landi og haft dvalarleyfi samfellt í þrjú ár eftir stofnun hjúskapar eða staðfestingu samvistar,
f. útlendingi sem býr í skráðri sambúð með íslenskum ríkisborgara og hefur haft fasta búsetu og dvalarleyfi hér á landi samfellt í fimm ár frá skráningu sambúðarinnar, enda séu bæði ógift og hinn íslenski ríkisborgari hafi haft ríkisborgararétt ekki skemur en fimm ár.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um frekari undanþágur frá kröfu um dvalarleyfi.

Útlendingastofnun er heimilt að gefa út skírteini til staðfestingar á því að útlendingur þurfi ekki dvalarleyfi hér á landi.

6. gr.

10. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Umsókn um dvalarleyfi.

Útlendingur sem sækir um dvalarleyfi í fyrsta skipti skal sækja um leyfið áður en hann kemur til landsins og er honum óheimilt að koma til landsins fyrr en umsóknin hefur verið samþykkt. Frá þessu má víkja ef ríkar sanngirnisástæður mæla með því eða samkvæmt reglum sem dómsmálaráðherra setur.

Útlendingastofnun tekur ákvörðun um dvalarleyfi. Umsækjandi skal undirrita umsóknina eigin hendi þar sem m.a. komi fram að hann samþykki að gangast undir læknisskoðun innan tveggja vikna frá komu til landsins í samræmi við gildandi lög og fyrirmæli heilbrigðisyfirvalda. Umsókninni skal fylgja ljósmynd af umsækjanda og skal hann undirrita eigin hendi umsóknina þar sem m.a. komi fram að hann samþykki að gangast undir læknisskoðun innan tveggja vikna frá komu til landsins í samræmi við gildandi lög og fyrirmæli heilbrigðisyfirvalda. Umsókn um dvalarleyfi skulu einnig fylgja öll þau gögn og vottorð sem Útlendingastofnun gerir kröfu um til staðfestingar á að umsækjandi uppfylli skilyrði sem lög og reglugerðir kveða á um, svo sem sakavottorð, heilbrigðisvottorð og staðfesting á framfærslu og sjúkratryggingu. Dómsmálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari fyrirmæli um hvaða gögn og vottorð umsækjandi skuli leggja fram.

7. gr.

Á eftir 10. gr. laganna kemur ný grein, 10. gr. a, er orðast svo ásamt fyrirsögn:

Útgáfa dvalarleyfis.

Dvalarleyfi verður ekki gefið út fyrr en umsókn um dvalarleyfi hefur verið samþykkt, útlendingur er kominn til landsins, hefur gengist undir læknisskoðun samkvæmt vottorði heilbrigðisstofnunar og gengið frá skráningu heimilisfangs hér á landi. Útlendingastofnun gefur út skírteini til staðfestingar á veitingu dvalarleyfis. Skírteini er gefið út á nafn útlendingsins sem er handhafi dvalarleyfisins. Í því skyni að unnt sé að bera kennsl á rétthafa dvalarleyfis og staðreyna að handhafi þess sé sá sem hann kveðst vera skal tekin stafræn mynd af um-

sækjanda og prentuð á skírteinið. Í sama tilgangi er dómsmálaráðherra heimilt að ákveða að dvalarleyfisskírteini skuli innihalda örflögu með þeim upplýsingum sem skráðar eru á kortið auk fingrafara handhafa. Í skírteininu skal m.a. koma fram nafn útlendings, ríkisfang hans, nafn atvinnurekanda þegar það á við og gildistími dvalarleyfisins.

8. gr.

11. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Grunnskilyrði dvalarleyfis.

Heimilt er að veita útlendingi dvalarleyfi í samræmi við ákvæði 12. gr. – 12. gr. e eða 13. gr. samkvæmt umsókn uppfylli hann eftirtalin grunnskilyrði:

a. framfærsla hans, sjúkratrygging og húsnæði sé tryggt, samkvæmt nánari reglum sem dómsmálaráðherra setur,
b. hann uppfylli skilyrði fyrir dvalarleyfi sem fram koma í lögum þessum og reglum skv. 1. mgr. 3. gr.,
c. hann samþykki að gangast undir læknisskoðun innan tveggja vikna frá komu til landsins í samræmi við gildandi lög og fyrirmæli heilbrigðisyfirvalda,
d. ekki liggi fyrir atvik sem valdið geta því að honum verði meinuð landganga hér á landi eða dvöl samkvæmt öðrum ákvæðum laganna.

Framfærsla útlendings skv. a-lið 1. mgr. telst trygg ef hann fær launatekjur eða greiðslur af sjálfstæðri atvinnustarfsemi sem nægja til framfærslu hans, hann fær tryggar reglulegar greiðslur sem nægja til framfærslu hans, hefur nægilegt eigið fé til framfærslu meðan á dvölinni stendur eða fær námslán eða námsstyrk sem nægir til framfærslu hans. Eigið fé, námslán eða námsstyrkur viðkomandi þarf að vera í gjaldmiðli sem skráður er hjá Seðlabanka Íslands. Framfærsla getur stuðst við fleiri en einn lið og telst þá trygg ef útlendingurinn sýnir fram á að samanlögð fjárráð hans nægi til framfærslunnar. Atvinnuleysisbætur eða greiðslur í formi félagslegrar aðstoðar ríkis eða sveitarfélags teljast ekki til tryggrar framfærslu samkvæmt þessu ákvæði. Hið sama gildir um greiðslur úr almannatryggingum sem útlendingurinn öðlast rétt til á grundvelli búsetu hér á landi.

Þegar sérstaklega stendur á er heimilt að veita dvalarleyfi til útlendings sem til landsins kemur í lögmætum og sérstökum tilgangi að fullnægðum skilyrðum 1. og 2. mgr., þrátt fyrir að hann uppfylli ekki skilyrði fyrir dvalarleyfi skv. 12. gr. – 12. gr. e eða 13. gr. Slíkt dvalarleyfi skal eigi veitt til lengri tíma en eins árs í senn og getur ekki verið grundvöllur búsetuleyfis.

9. gr.

Í stað orðanna „2. mgr. 11. gr.“ í 2. mgr. 12. gr. laganna, sem verður 51. gr. a, kemur: 12. gr. f.

10. gr.

Á undan 13. gr. laganna koma átta nýjar greinar er orðast svo ásamt fyrirsögnum:

a. (12. gr.)

Dvalarleyfi vegna starfs sem krefst sérfræðiþekkingar.

Heimilt er að veita útlendingi dvalarleyfi vegna starfs hér á landi sem krefst sérfræðiþekkingar. Skilyrði fyrir veitingu dvalarleyfis samkvæmt ákvæði þessu eru m.a. eftirfarandi:

a. útlendingur fullnægir skilyrðum 1. og 2. mgr. 11. gr.,

b. atvinnuleyfi vegna starfs sem krefst sérfræðiþekkingar hefur verið veitt í samræmi við lög um atvinnuréttindi útlendinga.

Dvalarleyfi samkvæmt ákvæði þessu skal í fyrsta skipti eigi veitt til lengri tíma en eins árs en þó aldrei til lengri tíma en sem nemur gildistíma atvinnuleyfis. Heimilt er að endurnýja dvalarleyfið í allt að tvö ár í senn enda séu uppfyllt skilyrði 1. mgr.

Leyfi samkvæmt ákvæði þessu getur verið grundvöllur búsetuleyfis.

b. (12. gr. a.)

Dvalarleyfi vegna skorts á vinnuafli.

Heimilt er að veita útlendingi dvalarleyfi vegna atvinnuþátttöku á vinnumarkaði hér á landi í samræmi við 9. eða 15. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga. Skilyrði fyrir veitingu dvalarleyfis samkvæmt ákvæði þessu eru m.a. eftirfarandi:

a. útlendingur fullnægir skilyrðum 1. og 2. mgr. 11. gr.,
b. atvinnuleyfi á grundvelli 9. eða 15. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga hefur verið veitt.

Dvalarleyfi samkvæmt ákvæði þessu skal í fyrsta skipti eigi veitt til lengri tíma en eins árs en þó aldrei til lengri tíma en sem nemur gildistíma atvinnuleyfis. Heimilt er að endurnýja dvalarleyfið í allt að eitt ár til viðbótar.

Heimilt er að endurnýja leyfi til lengri tíma en skv. 2. mgr. þegar um er að ræða skýrt afmarkaða og tímabundna verkframkvæmd sem tekur lengri tíma en þar greinir. Er þá heimilt að veita dvalarleyfi til þess tíma þar til verkframkvæmd lýkur eða til þess tíma sem atvinnuleyfið gildir.

Óheimilt er að veita útlendingi sem haft hefur dvalarleyfi samkvæmt ákvæði þessu leyfi samkvæmt ákvæðinu að nýju fyrr en að lokinni tveggja ára samfelldri dvöl erlendis frá lokum gildistíma leyfisins. Ákvæði þetta á þó ekki við þegar útlendingur starfar hér á landi skemur en sex mánuði á hverjum tólf mánuðum.

Leyfi samkvæmt ákvæði þessu getur ekki verið grundvöllur búsetuleyfis.

c. (12. gr. b.)

Dvalarleyfi íþróttafólks.

Heimilt er að veita útlendingi dvalarleyfi vegna starfa hans sem íþróttamaður eða þjálfari hjá íþróttafélagi innan Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands. Skilyrði fyrir veitingu dvalarleyfis samkvæmt ákvæði þessu eru m.a. eftirfarandi:

a. útlendingur fullnægir skilyrðum 1. og 2. mgr. 11. gr.,
b. atvinnuleyfi fyrir íþróttafólk hefur verið veitt í samræmi við lög um atvinnuréttindi útlendinga.

Dvalarleyfi samkvæmt ákvæði þessu skal í fyrsta skipti eigi veitt til lengri tíma en eins árs en þó aldrei til lengri tíma en sem nemur gildistíma atvinnuleyfis. Heimilt er að endurnýja það um allt að tvö ár í senn enda séu uppfyllt skilyrði 1. mgr.

Leyfi samkvæmt ákvæði þessu getur ekki verið grundvöllur búsetuleyfis.

d. (12. gr. c.)

Samningar Íslands við önnur ríki um dvöl ríkisborgara þeirra hér á landi.

Heimilt er að veita ríkisborgurum tiltekinna ríkja á aldrinum 18 til 26 ára dvalarleyfi hér á landi að hámarki til eins árs á grundvelli samnings sem íslensk stjórnvöld hafa gert við annað ríki um dvöl ríkisborgara þess hér á landi í þeim tilgangi að kynna sér landið og menn-

ingu þess. Skilyrði fyrir veitingu dvalarleyfis samkvæmt ákvæði þessu er m.a. að skilyrði 1. og 2. mgr. 11. gr. séu uppfyllt og að útlendingnum hafi ekki áður verið veitt dvalarleyfi á grundvelli slíks samnings hér á landi.

Leyfi samkvæmt ákvæði þessu getur ekki verið grundvöllur búsetuleyfis.

e. (12. gr. d.)

Dvalarleyfi vegna vistráðningar.

Heimilt er að veita útlendingi dvalarleyfi vegna vistráðningar á heimili fjölskyldu hér á landi. Skilyrði fyrir veitingu dvalarleyfis samkvæmt ákvæði þessu eru m.a. eftirfarandi:

a. útlendingur fullnægir skilyrðum 1. og 2. mgr. 11. gr.,
b. útlendingur er ekki yngri en 18 ára eða eldri en 25 ára,
c. undirritaður samningur um vistráðningu milli aðila liggur fyrir þar sem fram kemur m.a. gildistími samnings, hlunnindi að því er varðar fæði og húsnæði, daglegur vinnutími, daglegur og vikulegur hvíldartími, réttur til að stunda nám og ákvæði um sjúkra- og slysatryggingar,
d. fæði og húsnæði útlendings er án endurgjalds,
e. hinn vistráðni hefur sérherbergi til afnota,
f. vistfjölskylda ábyrgist greiðslu á heimflutningi útlendings að starfstíma loknum, ef um er að ræða ráðningarslit eða ef útlendingur verður óvinnufær um lengri tíma vegna veikinda eða slysa, og
g. vistfjölskylda tryggir að hinn vistráðni fái nægjanlegan tíma til íslenskunáms og til að geta sinnt eigin áhugamálum.

Dvalarleyfi samkvæmt ákvæði þessu skal eigi veitt til lengri tíma en eins árs en þó aldrei til lengri tíma en sem nemur ráðningartímanum samkvæmt samningi um vistráðningu. Óheimilt er að endurnýja leyfi samkvæmt ákvæði þessu. Jafnframt er óheimilt að veita útlendingnum dvalarleyfi samkvæmt ákvæði 12. gr. – 12. gr. c fyrr en að lokinni tveggja ára samfelldri dvöl erlendis frá lokum gildistíma leyfisins.

Verði slit á vistráðningu áður en vistráðningartíma samkvæmt samningi aðila er lokið skulu bæði hinn vistráðni og vistfjölskyldan tilkynna það til þess aðila sem hafði milligöngu um ráðninguna og til Útlendingastofnunar. Hinum vistráðna er heimilt að flytjast til nýrrar vistfjölskyldu. Samanlagður dvalartími hjá vistfjölskyldum skal ekki vera lengri en eitt ár.

Útlendingi sem dvelur hér á landi samkvæmt ákvæði þessu er ekki heimilt að vinna almenn störf utan heimilisins á dvalartíma.

Leyfi samkvæmt ákvæði þessu getur ekki verið grundvöllur búsetuleyfis.

Útlendingastofnun skal gefa út nauðsynleg eyðublöð vegna samninga um vistráðningu. Einnig ákveður stofnunin lágmarksfjárhæð vasapeninga fyrir hinn vistráðna. Útlendingastofnun er heimilt að fela stofnun eða fyrirtæki alla milligöngu og eftirlit með vistráðningum. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um dvöl samkvæmt ákvæði þessu, þar á meðal um skilyrði sem útlendingur og viðkomandi fjölskylda þurfa að uppfylla vegna dvalarinnar og um kjör vistráðinna.

f. (12. gr. e.)

Dvalarleyfi vegna náms.

Heimilt er að veita útlendingi sem ætlar að stunda fullt nám hér á landi dvalarleyfi enda fullnægi hann þeim kröfum sem gerðar eru í viðkomandi námi um undirbúning, þar á meðal

tungumálakunnáttu. Skilyrði fyrir veitingu dvalarleyfis samkvæmt ákvæði þessu eru m.a. eftirfarandi:

a. útlendingur fullnægir skilyrðum 1. og 2. mgr. 11. gr., og
b. stundar fullt nám hér á landi samkvæmt vottorði frá hlutaðeigandi skóla.

Fullt nám telst vera 100% samfellt nám á háskólastigi, iðnnám eða það nám annað sem gerir sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og nám á háskólastigi. Einstök námskeið teljast ekki til náms.

Heimilt er að veita erlendum skiptinemum dvalarleyfi samkvæmt ákvæði þessu komi þeir til landsins á vegum viðurkenndra skiptinemasamtaka.

Dvalarleyfi samkvæmt ákvæði þessu skal að jafnaði ekki veitt til lengri tíma en sex mánaða í senn. Heimilt er að endurnýja dvalarleyfi samkvæmt ákvæði þessu á námstíma ef útlendingur fullnægir áfram skilyrðum 1. og 2. mgr. og getur sýnt fram á viðunandi námsárangur. Námsárangur telst viðunandi hafi útlendingur lokið a.m.k. 75% af fullu námi. Við fyrstu endurnýjun dvalarleyfis telst námsárangur viðunandi hafi útlendingur lokið a.m.k. 50% af fullu námi.

Leyfi samkvæmt ákvæði þessu getur ekki verið grundvöllur búsetuleyfis.

g. (12. gr. f.)

Dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða.

Heimilt er að veita útlendingi dvalarleyfi, þótt ekki sé fullnægt öllum skilyrðum 11. gr., ef rík mannúðarsjónarmið standa til þess eða vegna sérstakra tengsla hans við landið.

Dvalarleyfi samkvæmt ákvæði þessu skal eigi veitt til lengri tíma en eins árs. Heimilt er að endurnýja dvalarleyfi samkvæmt ákvæði þessu í allt að tvö ár í senn enda hafi forsendur fyrir veitingu leyfisins í upphafi ekki breyst.

Leyfi samkvæmt ákvæði þessu getur verið grundvöllur búsetuleyfis.

h. (12. gr. g.)

Bráðabirgðadvalarleyfi.

Heimilt er, að beiðni útlendings sem sótt hefur um hæli, að veita honum bráðabirgðadvalarleyfi þar til ákvörðun hefur verið tekin um hælisumsóknina. Einnig er heimilt, að beiðni útlendings sem hefur fengið endanlega synjun um hæli eða dvalarleyfi sem kemur ekki til framkvæmda að svo stöddu, að veita honum bráðabirgðadvalarleyfi þar til synjunin kemur til framkvæmda. Skilyrði fyrir veitingu dvalarleyfis samkvæmt ákvæði þessu eru m.a. eftirfarandi:

a. að tekin hafi verið hælisskýrsla af umsækjanda,
b. að ekki leiki vafi á því hver umsækjandi er,
c. að ekki liggi fyrir ástæður sem geta leitt til brottvísunar umsækjanda,
d. að ekki liggi fyrir beiðni um að annað ríki taki við honum á ný, sbr. e-lið 1. mgr. 46. gr.,
e. að útlendingur hafi veitt upplýsingar og atbeina sinn til að aðstoða við úrlausn máls.

Heimilt er að víkja frá skilyrðum 1. mgr. þegar sérstaklega stendur á.

Dvalarleyfi samkvæmt ákvæði þessu skal að jafnaði eigi veitt til lengri tíma en sex mánaða. Heimilt er að endurnýja dvalarleyfi samkvæmt ákvæði þessu í allt að eitt ár samkvæmt ákvörðun Útlendingastofnunar.

Ákvæði IV., V. og VII. kafla stjórnsýslulaga um andmælarétt, um birtingu ákvörðunar, rökstuðning o.fl. og um stjórnsýslukæru, og viðeigandi ákvæði V. kafla laga þessara, gilda

ekki um ákvörðun um bráðabirgðadvalarleyfi. Bráðabirgðadvalarleyfi hefur ekki önnur réttaráhrif en þau sem sérstaklega er getið í lögum eða reglugerð.

Leyfi samkvæmt ákvæði þessu getur ekki verið grundvöllur búsetuleyfis.

11. gr.

13. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Dvalarleyfi fyrir aðstandendur.

Nánustu aðstandendur íslensks ríkisborgara eða annars norræns ríkisborgara sem búsettur er hér á landi eða útlendings sem dvelst hér á landi á grundvelli dvalarleyfis skv. 12. gr., 12. gr. b og 12. gr. f eða á grundvelli búsetuleyfis geta samkvæmt umsókn fengið dvalarleyfi, enda liggi ekki fyrir atvik sem greinir í d-lið 1. mgr. 11. gr., auk þess sem framfærsla, sjúkratrygging og húsnæði skal vera tryggt, sbr. a-lið 1. mgr. 11. gr. Sama gildir um nánustu aðstandendur þeirra sem stunda doktorsnám hér á landi á grundvelli 12. gr. e.

Nánustu aðstandendur í skilningi 1. mgr. eru maki, sambúðarmaki og samvistarmaki, börn viðkomandi yngri en 18 ára á hans framfæri og í hans forsjá, ættmenni hans eða maka í beinan legg eldri en 66 ára og á þeirra framfæri.

Nú er rökstuddur grunur um að til hjúskapar, staðfestrar samvistar eða sambúðar hafi verið stofnað í þeim tilgangi einum að afla dvalarleyfis, og ekki er sýnt fram á annað með óyggjandi hætti, og veitir það þá ekki rétt til dvalarleyfis. Sama gildir ef rökstuddur grunur er um að ekki hafi verið stofnað til hjúskapar eða staðfestrar samvistar með vilja beggja hjóna eða ef stofnun hjúskapar eða staðfestrar samvistar brýtur í bága við allsherjarreglu og meginreglur íslenskra laga. Ef annar makinn er 24 ára eða yngri skal ávallt kanna hvort málsatvik eru með þeim hætti sem um getur í 1. og 2. málsl.

Dvalarleyfi samkvæmt ákvæði þessu verður ekki veitt ef nánasti aðstandandi umsækjanda hefur á síðustu fimm árum hlotið dóm eða verið látinn sæta öryggisráðstöfunum fyrir brot á ákvæðum XXI.–XXIV. kafla almennra hegningarlaga, nema synjun um dvalarleyfi mundi fela í sér ósanngjarna ráðstöfun gagnvart honum eða nánustu ættingjum hans. Útlendingastofnun er heimilt að afla sakavottorðs aðstandanda í því skyni að meta hvort umsóknar skuli synjað á grundvelli þessa ákvæðis.

Dvalarleyfi samkvæmt ákvæði þessu skal í fyrsta skipti eigi veitt til lengri tíma en eins árs. Dvalarleyfi aðstandanda útlendings, sem dvelst hér á landi á grundvelli dvalar- eða búsetuleyfis, getur þó aldrei gilt lengur en leyfi þess síðarnefnda. Heimilt er að endurnýja dvalarleyfi á grundvelli þessa ákvæðis samkvæmt umsókn ef skilyrði þess eru enn uppfyllt. Þá er heimilt að endurnýja dvalarleyfi útlendings sem dvalið hefur hér á landi á grundvelli ákvæðisins fram að 18 ára aldri en missir rétt til dvalar á grundvelli þess við 18 ára aldur, enda séu skilyrði 1. mgr. 11. gr. uppfyllt og hann stundar annaðhvort nám eða störf hér á landi.

Ef hjúskap, staðfestri samvist eða sambúð er slitið vegna þess að útlendingur eða barn hans hefur sætt misnotkun eða ofbeldi í sambandinu er, þegar sérstaklega stendur á og ríkar sanngirnisástæður mæla með, jafnframt heimilt að endurnýja dvalarleyfi samkvæmt ákvæði þessu þrátt fyrir breyttar forsendur dvalar hér á landi að uppfylltum skilyrðum 1. mgr. 11. gr. Skal þá m.a. litið til lengdar hjúskapar, staðfestrar samvistar eða sambúðar og tengsla útlendings við landið.

Dvalarleyfi sem aðstandandi fær samkvæmt þessu ákvæði getur verið grundvöllur búsetuleyfis nema útlendingurinn sem hann leiðir rétt sinn af hafi dvalarleyfi sem skapar ekki slíkan grundvöll.

12. gr.

14. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Endurnýjun dvalarleyfis.

Endurnýja má dvalarleyfi útlendings að fenginni umsókn ef skilyrðum leyfisins er áfram fullnægt. Ef sérstaklega stendur á er þó heimilt að víkja frá skilyrði um trygga framfærslu skv. a-lið 1. mgr. 11. gr. hafi framfærsla verið ótrygg um skamma hríð vegna atvinnuleysis, slyss eða veikinda og ríkar sanngirnisástæður mæla með því.

Útlendingur sem óskar eftir endurnýjun dvalarleyfis skal sækja um hana eigi síðar en fjórum vikum áður en dvalarleyfi fellur úr gildi. Sé sótt um endurnýjun innan tilskilins frests er útlendingi heimilt að dveljast hér á landi þar til ákvörðun hefur verið tekin um umsókn hans. Að öðrum kosti skal útlendingur hverfa úr landi áður en leyfi hans rennur út.

Útlendingastofnun getur í undantekningartilvikum heimilað útlendingi áframhaldandi dvöl þar til ákvörðun hefur verið tekin um umsókn um endurnýjun leyfis sem borist hefur eftir þann frest sem um getur í 2. mgr. ef afsakanlegt er að umsókn hafi ekki verið skilað fyrr eða ríkar sanngirnisástæður mæla með því.

Útlendingastofnun tekur ákvörðun um að fella dvalarleyfi niður þegar leyfishafi hefur dvalist erlendis samfellt lengur en þrjá mánuði. Þegar lögheimili útlendings hefur verið skráð erlendis í þrjá mánuði fellur dvalarleyfið sjálfkrafa niður. Þótt dvalarleyfi falli niður kemur það ekki í veg fyrir að útlendingur geti sótt um endurnýjun samkvæmt ákvæði þessu ef það er gert innan upphaflegs gildistíma dvalarleyfisins og sanngirnisástæður mæla með því.

13. gr.

15. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Búsetuleyfi.

Heimilt er að veita útlendingi búsetuleyfi hafi hann dvalið hér á landi samfellt síðustu fjögur ár samkvæmt dvalarleyfi sem getur verið grundvöllur búsetuleyfis. Skilyrði fyrir veitingu búsetuleyfis eru m.a. eftirfarandi:

a. Útlendingur hefur sótt námskeið í íslensku fyrir útlendinga.
b. Ekki liggja fyrir ástæður sem valdið geta því að honum verði vísað úr landi, sbr. 1. mgr. 20. gr.
c. Útlendingur sýnir fram á að framfærsla hans hafi verið trygg á dvalartíma hans og að hann hafi getað og geti framfleytt sér hérlendis með löglegum hætti. Útlendingastofnun er m.a. heimilt að afla skattframtala og gagna frá skattyfirvöldum því til staðfestingar. Greiðslur almannatrygginga, atvinnuleysisbætur eða greiðslur í formi félagslegrar aðstoðar ríkis eða sveitarfélags teljast ekki til tryggrar framfærslu samkvæmt þessu ákvæði. Heimilt er að víkja frá þessu skilyrði ef framfærsla hefur verið ótrygg um skamma hríð og ríkar sanngirnisástæður mæla með því.
d. Útlendingur hefur haft dvalarleyfi á sama grundvelli síðustu fjögur ár áður en umsókn um búsetuleyfi er lögð fram og skilyrði þess leyfis eru enn uppfyllt.
e. Útlendingur eigi ekki ólokið máli í refsivörslukerfinu þar sem hann er grunaður eða sakaður um refsiverða háttsemi.

Búsetuleyfi felur í sér rétt til ótímabundinnar dvalar hér á landi.

Heimilt er að veita barni sem fæðist eftir að forsjárforeldri kemur til landsins búsetuleyfi enda hafi foreldrið búsetuleyfi hér á landi.

Útlendingastofnun tekur ákvörðun um búsetuleyfi. Útlendingur sem óskar eftir búsetuleyfi skal sækja um leyfið til Útlendingastofnunar eigi síðar en fjórum vikum áður en dvalarleyfi

fellur úr gildi. Honum er heimilt að dveljast hér á landi þar til ákvörðun hefur verið tekin um umsókn hans, enda hafi umsóknin borist Útlendingastofnun innan tilskilins frests. Ákvæði 2. og 3. mgr. 14. gr. eiga við um umsóknir sem síðar berast.

Útlendingastofnun tekur ákvörðun um að fella búsetuleyfi niður þegar leyfishafi hefur dvalist erlendis samfellt lengur en 18 mánuði. Þegar lögheimili útlendings hefur verið skráð erlendis í 18 mánuði fellur búsetuleyfið sjálfkrafa niður. Að fenginni umsókn má heimila útlendingi lengri dvöl erlendis án þess að búsetuleyfið falli úr gildi.

Útlendingastofnun gefur út skírteini til staðfestingar á veitingu búsetuleyfis. Skírteini er gefið út á nafn útlendingsins sem er handhafi leyfisins. Ákvæði 10. gr. a eiga við um útgáfu skírteinis til staðfestingar á búsetuleyfi.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um búsetuleyfi, þar á meðal um lengri dvöl erlendis skv. 5. mgr. og um námskeið í íslensku fyrir útlendinga skv. 1. mgr. Þar skal kveðið á um lengd námskeiðs, lágmarkstímasókn og vottorð til staðfestingar á þátttöku. Einnig er heimilt að kveða þar á um undanþágu frá þátttöku í námskeiði fyrir útlendinga sem náð hafa viðhlítandi þekkingu í íslensku og um próf því til staðfestingar. Þá er í reglugerðinni heimilt að kveða á um gjald vegna þátttöku í námskeiði eða prófi.

14. gr.

Við 16. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Eftir afturköllun leyfis á grundvelli rangra upplýsinga eða þess að leynt var atvikum sem verulega þýðingu gátu haft við útgáfu leyfis skal réttarstaða útlendingsins samkvæmt lögum þessum vera sem hann hefði aldrei fengið útgefið leyfi.

15. gr.

Við 3. mgr. 20. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um endurkomubann.

16. gr.

Við 23. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Útlendingastofnun er heimilt að fengnu samþykki dómsmálaráðherra að veita umsóknum skv. 12. gr., 12. gr. a og 12. gr. e forgangsafgreiðslu.

Útlendingastofnun er heimilt að veita umsóknum skv. 12. gr. og 12. gr. a hraðafgreiðslu á grundvelli yfirlýsingar atvinnurekanda sem fengið hefur viðurkenningu Útlendingastofnunar. Atvinnurekandi skal lýsa því yfir að öll skilyrði dvalarleyfis séu uppfyllt og að hann muni skila inn fullnægjandi gögnum fyrir hönd útlendings. Dómsmálaráðherra getur sett reglur um beitingu þessarar heimildar, þar á meðal um þau skilyrði sem atvinnurekendur þurfa að uppfylla til að hljóta viðurkenningu.

17. gr.

1. mgr. 26. gr. laganna orðast svo:

Stjórnvöldum sem fara með málefni útlendinga er heimilt að láta erlendum stjórnvöldum í té upplýsingar um útlending vegna meðferðar á máli er varðar vegabréfsáritun, dvalarleyfi eða hæli að því marki sem nauðsynlegt er vegna samninga sem Ísland hefur gert um viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram á Íslandi eða í einhverju samningsríkjanna.

18. gr.

7. mgr. 29. gr. laganna orðast svo:

Ef útlendingur neitar að gefa upp hver hann er, rökstuddur grunur er um að útlendingur gefi rangar upplýsingar um hver hann er eða hann sýnir af sér hegðun sem gefur til kynna að af honum stafi hætta er heimilt að handtaka útlendinginn og úrskurða í gæsluvarðhald samkvæmt reglum laga um meðferð opinberra mála, eftir því sem við á. Einnig getur lögregla lagt fyrir hann að tilkynna sig eða halda sig á ákveðnu afmörkuðu svæði.

19. gr.

Í stað orðanna „5. mgr. 6. gr.“ í 1. mgr. 30. gr. laganna kemur: 8. mgr. 6. gr.

20. gr.

Í stað orðanna „3. mgr. 14. gr.“ í 1. og 2. mgr. 31. gr. laganna kemur: 2. mgr. 14. gr.

21. gr.

3. og 4. mgr. 33. gr. laganna orðast svo:

Til að tryggja að ákvörðun skv. 1. mgr. verði framkvæmd og í þeim tilvikum sem útlendingur sýnir af sér hegðun sem gefur til kynna að af honum stafi hætta getur lögregla lagt fyrir útlendinginn að:

a. tilkynna sig,
b. afhenda vegabréf eða annað kennivottorð, sbr. 5. gr., og
c. halda sig á ákveðnu afmörkuðu svæði.

Fyrirmæli sem greinir í 3. mgr. má því aðeins gefa að ástæða sé til að ætla að útlendingur muni koma sér undan framkvæmd ákvörðunar skv. 1. mgr. eða í þeim tilvikum sem útlendingur sýnir af sér hegðun sem gefur til kynna að af honum stafi hætta fyrir samfélagið. Við mat á því hvort ástæða sé til að ætla að útlendingur muni koma sér undan framkvæmd ákvörðunar skv. 1. mgr. má taka tillit til almennrar reynslu af undankomu. Fyrirmælin gilda ekki lengur en í fjórar vikur nema útlendingurinn samþykki það eða dómari ákveði samkvæmt reglum um meðferð opinberra mála.

22. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 34. gr. laganna:

a. Í stað orðanna ,,6. mgr. 29. gr.“ í 1. mgr. kemur: 7. mgr. 29. gr.
b. Í stað orðanna ,,2. mgr. 43. gr.“ í 2. mgr. kemur: 2. mgr. 42. gr.
c. Í stað orðanna „2. mgr. 11. gr.“ í 2. mgr. kemur: 12. gr. f.

23. gr.

35. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Koma og dvöl.

Útlendingur, sem fellur undir reglur EES-samningsins (EES-útlendingur) eða stofnsamnings EFTA (EFTA-útlendingur), má koma til landsins án sérstaks leyfis og dveljast eða starfa hér á landi í allt að þrjá mánuði frá komu hans til landsins, eða allt að sex mánuði ef hann er í atvinnuleit. Dvöl í öðru norrænu landi skal ekki draga frá dvalartímanum.

Útlendingur, sem hvorki er ríkisborgari EES- eða EFTA-ríkis né aðstandandi slíks borgara, má koma til landsins án sérstaks leyfis til að veita þjónustu í allt að 90 starfsdaga á

almanaksári sé hann sannanlega starfsmaður þjónustuveitanda á Evrópska efnahagssvæðinu eða í EFTA-ríki.

EES- eða EFTA-útlendingi, sem dvelst eða starfar hér á landi lengur en greinir í 1. mgr., ber að skrá sig og skal hann uppfylla skilyrði 36. gr.

24. gr.

36. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Réttur til dvalar.

EES- eða EFTA-útlendingur, þó ekki útlendingur sem greinir í 2. mgr. 35. gr., á rétt til dvalar hér á landi lengur en þrjá mánuði ef hann fullnægir eftirgreindum skilyrðum:

a. er launþegi sem fellur undir lög um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, sbr. 2. tölul. V. viðauka við EES-samninginn,
b. ætlar að stunda sjálfstæða atvinnustarfsemi hér á landi eða veita eða njóta hér þjónustu,
c. þiggur nægilegar fastar reglubundnar greiðslur eða á nægilegt eigið fé og fellur undir sjúkratryggingu sem ábyrgist alla áhættu meðan dvöl hans hér á landi varir, eða
d. er innritaður hjá viðurkenndri námsstofnun með það að meginmarkmiði að öðlast þar menntun eða starfsþjálfun, fellur undir sjúkratryggingu sem ábyrgist alla áhættu meðan dvöl hans hér á landi varir og getur sýnt fram á trygga framfærslu.

Krefja má EES- eða EFTA-útlending um að framvísa fullnægjandi ferðaskilríkjum og gögnum sem staðfesta að hann uppfylli skilyrði 1. mgr.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um rétt EES- og EFTA-útlendinga til dvalar hér á landi, þar á meðal um skráningu réttar til dvalar og um gögn skv. 2. mgr.

25. gr.

37. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Dvöl aðstandenda.

Aðstandandi EES- eða EFTA-útlendings sem dvelur löglega hér á landi á rétt til að dvelja með honum hérlendis.

Eftirgreindir teljast til aðstandenda útlendings sem fellur undir 1. mgr. 36. gr.:

a. maki, sambúðarmaki eða samvistarmaki,
b. niðji útlendings, sem dvelur hér á landi skv. 1. mgr. 36. gr., og/eða maka hans, ef niðjinn er yngri en 21 árs eða á framfæri viðkomandi,
c. ættmenni útlendings, sem dvelur hér á landi skv. 1. mgr. 36. gr., eða maka hans, í beinan legg og á framfæri viðkomandi.

Aðstandanda EES- eða EFTA-útlendings, sem hyggst dvelja með honum hér á landi lengur en greinir í 1. mgr. 35. gr. og er sjálfur EES- eða EFTA-útlendingur, ber að skrá sig hér á landi, sbr. 3. mgr. 35. gr.

Aðstandanda sem er ekki EES- eða EFTA-útlendingur ber að sækja um dvalarskírteini innan þriggja mánaða frá komu til landsins.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um dvöl aðstandenda EES- eða EFTA-útlendings, þar á meðal um skilyrði fyrir dvöl þeirra hér á landi.

26. gr.

39. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Réttur til ótímabundinnar dvalar.

EES- eða EFTA-útlendingur, sem dvalið hefur löglega hér á landi samfellt í fimm ár skv. 1. mgr. 36. gr., á rétt til ótímabundinnar dvalar hér á landi. Sama gildir um aðstandendur hans sem hafa dvalið löglega með honum hér á landi í fimm ár.

Dvöl erlendis í skemmri tíma en samtals sex mánuði á ári, dvöl erlendis vegna herþjónustu eða dvöl í eitt skipti að hámarki í eitt ár vegna meðgöngu, fæðingar, alvarlegs sjúkdóms, náms eða starfsþjálfunar telst ekki rof á samfelldri dvöl skv. 1. mgr.

Réttur til ótímabundinnar dvalar fellur niður ef samfelld dvöl erlendis varir lengur en tvö ár.

Samkvæmt umsókn og að uppfylltum skilyrðum skal gefin út staðfesting á rétti til ótímabundinnar dvalar.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um skilyrði fyrir ótímabundinni dvöl EES- eða EFTA-útlendings og aðstandenda hans hér á landi, svo og um undanþágur frá þeim.

27. gr.

40. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Brottfall dvalarréttar.

Réttur til dvalar samkvæmt ákvæðum þessa kafla fellur niður ef útlendingur hefur vísvitandi veitt rangar upplýsingar, ef um málamyndagerninga að hætti 3. mgr. 13. gr. er að ræða eða dvöl í öðrum tilgangi en þeim sem samræmist 1. mgr. 36. gr. Sama á við ef um aðra misnotkun er að ræða.

Réttur til dvalar hér á landi skv. a- eða b-lið 1. mgr. 36. gr. fellur ekki niður vegna tímabundinna veikinda, slyss eða þess að EES- eða EFTA-útlendingur er atvinnulaus gegn vilja sínum eftir að hafa starfað hér á landi í meira en eitt ár. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um takmarkanir á brottfalli dvalarréttar.

Útlendingastofnun tekur ákvörðun um hvort réttur til dvalar samkvæmt ákvæðum þessa kafla fellur niður.

28. gr.

41. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Frávísun.

Heimilt er að vísa EES- eða EFTA-útlendingi frá landi við komu til landsins eða allt að sjö sólarhringum eftir komu ef:

a. hann fullnægir ekki reglum sem settar eru um ferðaskilríki eða komu til landsins,
b. honum hefur verið vísað úr landi og endurkomubann er enn í gildi og honum hefur ekki verið veitt heimild til að koma til landsins,
c. um er að ræða háttsemi sem greinir í 1. mgr. 42. gr., eða
d. það er nauðsynlegt vegna öryggis ríkisins, krefjandi þjóðarhagsmuna eða almannaheillbrigðis.

Lögreglustjóri tekur ákvörðun um frávísun skv. a- og b-lið 1. mgr., en Útlendingastofnun skv. c- og d-lið. Nægilegt er að meðferð máls hefjist innan sjö sólarhringa frestsins.

Ef meðferð máls skv. 1. mgr. hefur ekki hafist innan sjö sólarhringa má vísa EES- eða EFTA-útlendingi frá landi með ákvörðun Útlendingastofnunar samkvæmt ákvæðum b-, c- og d-liðar innan þriggja mánaða frá komu til landsins.

29. gr.

42. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Brottvísun.

Heimilt er að vísa EES- eða EFTA-útlendingi, eða aðstandanda hans, úr landi ef það er nauðsynlegt með skírskotun til allsherjarreglu eða almannaöryggis.

Brottvísun skv. 1. mgr. má framkvæma ef útlendingurinn sýnir af sér eða ætla má að um sé að ræða persónubundna háttsemi sem felur í sér raunverulega og nægilega alvarlega ógn gagnvart grundvallarþjóðfélagssjónarmiðum. Ef útlendingurinn hefur verið dæmdur til refsingar eða sérstakar ráðstafanir ákvarðaðar má brottvísun af þessari ástæðu því aðeins fara fram að um sé að ræða háttsemi sem getur gefið til kynna að útlendingurinn muni fremja refsivert brot á ný.

Einnig er heimilt að vísa EES- eða EFTA-útlendingi úr landi ef hann fullnægir ekki skilyrðum um dvöl skv. 36.–38. gr.

Brottvísun felur í sér bann við komu til landsins síðar. Endurkomubannið gildir að jafnaði ekki skemur en tvö ár. Samkvæmt umsókn má fella endurkomubannið úr gildi ef nýjar aðstæður mæla með því. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um endurkomubann.

Útlendingastofnun tekur ákvörðun um brottvísun, svo og um heimild útlendings sem vísað hefur verið úr landi til endurkomu.

30. gr.

43. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Takmarkanir á heimild til brottvísunar.

Brottvísun skal ekki ákveða ef það með hliðsjón af málsatvikum og tengslum útlendingsins við landið mundi fela í sér ósanngjarna ráðstöfun gagnvart honum eða nánustu ættingjum hans. Við matið skal m.a. taka mið af lengd dvalar á Íslandi, aldri, heilsufari, fjölskyldu- og fjárhagsaðstæðum og tengslum viðkomandi við heimaland.

Ekki er heimilt að vísa brott EES- eða EFTA-útlendingi, eða aðstandanda hans, sem hefur varanlega búsetu hér á landi, sbr. 39. gr., nema alvarlegar ástæður er varða allsherjarreglu eða almannaöryggi krefjist þess.

Hafi EES- eða EFTA-útlendingur dvalið löglega hér á landi lengur en í tíu ár verða ástæður brottvísunar skv. 42. gr. að vera brýnar. Sama gildir um ólögráða EES- eða EFTA-útlending, nema annað verði talið nauðsynlegt vegna hagsmuna hans.

31. gr.

Í stað orðanna „2. mgr. 11. gr.“ í 2. mgr. 45. gr. laganna kemur: 12. gr. f.

32. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 46. gr. laganna:

a. E-liður 1. mgr. orðast svo: krefja má annað ríki, sem tekur þátt í samstarfi á grundvelli samninga sem Ísland hefur gert um viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram á Íslandi eða í einhverju samningsríkjanna, um að taka við.
b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Dómsmálaráðherra getur sett reglur um málsmeðferð samkvæmt þessum kafla.

33. gr.

1. mgr. 55. gr. laganna orðast svo:

Útlendingastofnun og lögreglu er heimil vinnsla persónuupplýsinga, þar á meðal þeirra sem viðkvæmar geta talist, að því marki sem slík vinnsla telst nauðsynleg við framkvæmd laganna. Að því marki sem nauðsynlegt er til að tryggja að útlendingar dvelji og starfi löglega hér á landi er heimilt við vinnslu persónuupplýsinga að samkeyra upplýsingar Útlendingastofnunar, Vinnumálastofnunar, lögreglu, skattyfirvalda og þjóðskrár. Slíkar samkeyrslur skulu gerðar án þess að upplýsingar úr skrám einstakra stofnana séu sendar öðrum þessara stofnana umfram það sem nauðsynlegt er til skoðunar á fyrir fram skilgreindu athugunarefni. Að öðru leyti fer um meðferð persónuupplýsinga samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

34. gr.

Með lögum þessum er m.a. innleidd tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/38/EB um rétt ríkisborgara ríkja Evrópusambandsins og fjölskyldna þeirra til frjálsrar farar og dvalar eins og hún var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 158/2007 frá 7. desember 2007 um breytingu á V. viðauka (Frelsi launþega til flutninga) og VIII. viðauka (Staðfesturéttur) við EES-samninginn frá 2. maí 1992. Jafnframt er ríkisstjórninni heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd áðurgreinda ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar.

35. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 2008.

Ákvæði til bráðabirgða.

Dvalarleyfi og búsetuleyfi sem veitt hafa verið fyrir gildistöku laga þessara halda gildi sínu. Þeir sem fengið hafa útgefið dvalarleyfi vegna atvinnuþátttöku án takmarkana fyrir gildistöku laganna geta óskað endurnýjunar á leyfum sínum skv. 12. gr. a laga um útlendinga þrátt fyrir að skilyrðið um skort á vinnuafli sé ekki uppfyllt enda fullnægi þeir öðrum skilyrðum ákvæðisins. Handhafi slíks leyfis getur sótt um búsetuleyfi skv. 15. gr. laganna og aðstandendur hans geta sótt um dvalarleyfi skv. 13. gr. þeirra þrátt fyrir ákvæði 5. mgr. 12. gr. a og 1. mgr. 13. gr. laganna.

1287. Frumvarp til laga [233. mál]

um meðferð sakamála.

(Eftir 2. umr., 30. maí.)

1. ÞÁTTUR
Almennar reglur um meðferð sakamála.
I. KAFLI
Gildissvið laganna og dómendur í héraði.

1. gr.

Þau mál öll, sem handhafar ákæruvalds höfða til refsingar lögum samkvæmt, skulu sæta meðferð eftir ákvæðum laga þessara nema öðruvísi sé fyrir mælt í lögum.

Sama á við um mál til þess að koma fram refsikenndum viðurlögum, svo sem öryggisgæslu og öðrum öryggisráðstöfunum, upptöku eigna, sviptingu réttinda og ómerkingu ummæla, ef ákæruvaldið á sókn sakar, þótt ekki sé krafist refsingar í málinu.

2. gr.

Einnig skulu sæta meðferð samkvæmt lögum þessum mál til úrlausnar kröfu um framsal sakamanns og fullnustu erlends refsidóms hér á landi og meðferð erinda frá erlendum dómstólum og yfirvöldum um aðgerðir hér á landi í tengslum við sakamál. Þar að auki þau mál sem sæta skulu meðferð sakamála samkvæmt öðrum lögum.

Einkaréttarkröfur má hafa uppi og dæma í sakamáli samkvæmt ákvæðum XXVI. kafla laga þessara. Sama gildir um kröfur allsherjarréttar eðlis, svo sem kröfur um skatta, brottnám ólögmæts ástands eða bann við ólögmætri starfsemi.

3. gr.

Í héraði eiga mál samkvæmt lögum þessum undir hina reglulegu héraðsdómstóla.

Einn dómari skipar dóm í hverju máli nema svo standi á sem í 3.–5. mgr. segir.

Ef deilt er um staðreyndir og dómari telur þurfa sérkunnáttu í dómi til að leysa úr getur hann kvatt til tvo meðdómsmenn sem hafa slíka sérkunnáttu.

Ef ákærði neitar sök og dómari telur sýnt að niðurstaða kunni að verulegu leyti að ráðast af mati á sönnunargildi munnlegs framburðar fyrir dómi getur dómstjóri ákveðið að þrír héraðsdómarar skipi dóm í málinu.

Ef mál er annars umfangsmikið eða sakarefni mjög mikilvægt frá almennu sjónarmiði getur dómstjóri ákveðið að þrír héraðsdómarar skipi dóm í málinu eða tveir héraðsdómarar með einum sérfróðum meðdómsmanni.

4. gr.

Þá eina má kveðja til setu í dómi sem sérfróða meðdómsmenn er hafa nægilegan þroska og andlegt og líkamlegt heilbrigði, eru íslenskir ríkisborgarar, lögráða og orðnir 25 ára, hafa forræði á búi sínu og hafa hvorki gerst sekir um refsivert athæfi sem má telja svívirðilegt að almenningsáliti né sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem dómarar verða almennt að njóta.

Hverjum þeim sem fullnægir skilyrðum 1. mgr. er skylt að verða við kvaðningu til starfa sem sérfróður meðdómsmaður. Þetta gildir þó ekki um hæstaréttardómara, starfsmenn Hæsta-

réttar, héraðsdómara og aðstoðarmenn þeirra, ráðherra, ráðuneytisstjóra, biskupa, presta og forstöðumenn í viðurkenndum trúfélögum, umboðsmann Alþingis, ríkissaksóknara, héraðssaksóknara, sýslumenn, tollstjóra og lögreglustjóra og löglærða starfsmenn þeirra né heldur lögmenn og fulltrúa þeirra.

5. gr.

Meðdómsmenn skulu taka sæti í dómi ekki síðar en við upphaf aðalmeðferðar máls. Dómari skal að öðru jöfnu greina aðilum frá því með fyrirvara hverja hann hyggist kveðja til setu í dómi sem sérfróða meðdómsmenn, þannig að aðilum gefist kostur á að gera athugasemdir ef þeir telja efni til.

Bókað skal um kvaðningu meðdómsmanna í máli þegar þeir taka fyrst sæti í dómi. Sé maður að gegna starfi sérfróðs meðdómsmanns í fyrsta sinn skal hann um leið undirrita bókun þar sem kemur fram drengskaparheit hans um að hann muni jafnan gegna slíkum störfum af samviskusemi og óhlutdrægni og fara í öllu að lögum.

Meðdómsmenn taka þátt í málsmeðferð og dómsuppsögu og hafa sömu réttindi og bera sömu skyldur og dómsformaður í því máli. Dómsformaður stýrir þó dómi, kveður einn upp úrskurði um annað en frávísun máls, gefur út kvaðningar og tilkynningar, heldur þing til uppkvaðningar dóms, annast gerð og staðfestingu dómsgerða og kemur fram út á við fyrir hönd dómsins.

Dómsformaður ákveður þóknun sérfróðra meðdómsmanna.

6. gr.

Dómari, þar á meðal meðdómsmaður, er vanhæfur til að fara með mál ef:

a. hann er sakborningur, brotaþoli eða fyrirsvarsmaður þeirra,
b. hann hefur gætt réttar sakbornings eða brotaþola í málinu,
c. hann hefur borið eða verið kvaddur til að bera vitni um atvik málsins af réttmætu tilefni eða verið mats- eða skoðunarmaður um sakarefnið,
d. hann er eða hefur verið maki sakbornings eða brotaþola, skyldur eða mægður þeim í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða tengdur þeim með sama hætti vegna ættleiðingar,
e. hann tengist eða hefur tengst fyrirsvarsmanni sakbornings eða brotaþola eða málflytjanda með þeim hætti sem segir í d-lið,
f. hann tengist eða hefur tengst vitni í málinu með sama hætti og segir í d-lið ellegar mats- eða skoðunarmanni,
g. fyrir hendi eru önnur atvik eða aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans með réttu í efa.

Dómari skal enn fremur víkja sæti í máli eftir útgáfu ákæru ef hann hefur fallist á kröfu um að ákærði sæti gæsluvarðhaldi skv. 2. mgr. 95. gr.

7. gr.

Dómari gætir að hæfi sínu til að fara með mál af sjálfsdáðum, en aðili getur einnig krafist að hann víki sæti. Dómsformaður gætir með sama hætti að hæfi sérfróðra meðdómsmanna.

Dómari eða dómsformaður, ef dómur er fjölskipaður, kveður upp úrskurð um kröfu aðila um að hann eða meðdómsmenn víki sæti, svo og ef hann eða þeir víkja sæti af sjálfsdáðum. Ef þrír héraðsdómarar skipa dóm kveða þeir þó allir upp slíkan úrskurð.

Þótt dómari hafi vikið sæti ber honum að gera ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að halda máli í réttu horfi þar til annar dómari tekur við því. Á þeim tíma getur hann einnig látið af hendi afrit af málskjölum og staðfest dómsgerðir.

II. KAFLI
Þinghöld, þingbækur o.fl.

8. gr.

Dómari stýrir þinghaldi og gætir þess að það sé háð eftir réttum reglum. Hann ákveður í hverri röð mál verða tekin fyrir. Enginn má taka til máls nema með leyfi dómara og getur hann, að undangenginni aðvörun, tekið orðið af manni sem heldur sig ekki við efni máls.

Þegar einn maður situr í dómi skal að jafnaði vera einn þingvottur. Hann skal fullnægja almennum vitnaskilyrðum og má ekki vera svo venslaður dómara, ákæranda, sakborningi, brotaþola, fyrirsvarsmanni eða málflytjanda sem segir í d-lið 1. mgr. 6. gr. Dómari ákveður þóknun þingvotts ef hann er ekki starfsmaður dómstólsins.

9. gr.

Dómþing skulu haldin á föstum þingstöðum. Rétt er þó að heyja dómþing á öðrum stað ef það þykir heppilegra, svo sem í fangelsi eða á sjúkrahúsi, ef taka þarf skýrslu af manni sem þar er staddur. Nú þarf að taka skýrslu af barni, yngra en 15 ára, og getur dómari þá ákveðið að það skuli gert í sérútbúnu húsnæði á öðrum stað ef það þykir æskilegra með tilliti til hagsmuna barnsins.

10. gr.

Þinghöld skulu háð í heyranda hljóði. Dómari getur þó ákveðið, að eigin frumkvæði eða eftir kröfu ákæranda, sakbornings eða brotaþola, að þinghald fari fram fyrir luktum dyrum, að öllu leyti eða að hluta, ef það er háð utan reglulegs þingstaðar, sakborningur er yngri en 18 ára eða hann telur það annars nauðsynlegt:

a. til hlífðar sakborningi, brotaþola, vandamanni þeirra, vitni eða öðrum sem málið varðar,
b. vegna nauðsynjar sakbornings, brotaþola, vitnis eða annars sem málið varðar á því að halda leyndum atriðum varðandi hagsmuni í viðskiptum eða samsvarandi aðstöðu,
c. vegna hagsmuna almennings eða öryggis ríkisins,
d. af velsæmisástæðum,
e. til að halda uppi þingfriði,
f. meðan á rannsókn máls stendur og hætta þykir á sakarspjöllum ef þing væri háð fyrir opnum dyrum,
g. meðan vitni gefur skýrslu án þess að það þurfi að skýra frá nafni sínu í heyranda hljóði, sbr. 8. mgr. 122. gr.

Við þingfestingu máls er dómara heimilt að ákveða í eitt skipti fyrir öll að þinghöld í málinu skuli vera lokuð, enda sé ákvörðunin færð til bókar þar sem greint skal frá því af hverri ástæðu það sé gert. Á sama hátt tekur dómari ákvörðun um lokun einstaks þinghalds. Sá sem sættir sig ekki við ákvörðun dómara getur krafist þess að hann kveði upp úrskurð um það hvort þinghöld eða einstakt þinghald skuli háð fyrir luktum dyrum.

Þótt þinghald sé háð í heyranda hljóði er dómara rétt að takmarka fjölda áheyrenda við þá sem rúmast á þingstað með góðu móti. Dómari getur einnig meinað þeim aðgang sem eru yngri en 15 ára eða þannig á sig komnir að návist þeirra samræmist ekki góðri reglu við þinghald eða hætta er á að nærvera þeirra valdi því að sakborningur eða vitni skýri ekki satt frá.

Dómara er rétt að vísa manni úr þinghaldi ef návist hans horfir til truflunar þingfriði eða framkoma hans er óviðeigandi í orði eða verki. Ef um sakborning er að ræða, fyrirsvarsmann hans, ákæranda, verjanda eða réttargæslumann skal dómari þó að jafnaði áminna hann og gefa honum kost á að bæta ráð sitt áður en af brottvísun verður. Ákvörðun dómara um að víkja manni úr þinghaldi má framfylgja með lögregluvaldi ef með þarf. Bókað skal um brottvikningu manns ef sakborningur, fyrirsvarsmaður hans eða málflytjandi á í hlut.

Nú telur dómari að nægilegt sé til þess að tryggja þá hagsmuni sem búa að baki 1. mgr. að leggja bann við opinberri frásögn af þinghaldi skv. 2. mgr. 11. gr. og skal hann þá grípa til þess úrræðis í stað þess að loka þinghaldi.

11. gr.

Óheimilt er að hljóðrita eða taka myndir í þinghaldi. Dómari getur veitt undanþágu frá þessu banni ef sérstaklega stendur á. Ef tekið hefur verið upp hljóð eða teknar myndir í þinghaldi án leyfis dómara er óheimilt að birta þær hljóðupptökur eða myndir.

Óheimilt er að skýra frá því sem gerist í lokuðu þinghaldi án leyfis dómara. Þótt þinghald sé háð í heyranda hljóði getur dómari bannað að skýrt verði frá því sem gerist þar ef ætla má að frásögn geti leitt til sakarspjalla eða valdið vandamönnum sakbornings, brotaþola eða öðrum sem ekki eru fyrir sökum hafðir þjáningum eða verulegum óþægindum. Ákvörðun um slíkt bann má vera tímabundin. Skal dómari skrá hana í þingbók og kynna hana viðstöddum.

Brot gegn 1. og 2. mgr. varðar sektum, sbr. 1. mgr. 223. gr. Enn fremur má dómari meina þeim sem brotið hefur gegn þeim ákvæðum um aðgang að þinghaldi, hvort sem er í sama máli eða öðrum málum.

12. gr.

Þingmálið er íslenska.

Nú gefur maður skýrslu fyrir dómi sem kann ekki íslensku nægilega vel og skal þá ákæruvaldið sjá um að kalla til löggiltan dómtúlk. Sé ekki kostur á löggiltum dómtúlki er dómara rétt að samþykkja að annar hæfur maður annist þýðingu, en sá skal þá undirrita heit í þingbók um að hann muni rækja starfann eftir bestu getu og ber honum að staðfesta þýðingu sína fyrir dómi ef hún er vefengd.

Skjali á erlendu tungumáli skal að jafnaði fylgja þýðing á íslensku að því leyti sem byggt er á efni þess í máli nema dómari telji sér fært að þýða það. Þýðing skjals skal að jafnaði gerð af löggiltum skjalaþýðanda. Sé ekki kostur á löggiltum skjalaþýðanda má leggja fram þýðingu annars hæfs manns, en honum ber að staðfesta hana fyrir dómi ef hún er vefengd.

Ef maður, sem á að gefa skýrslu fyrir dómi, er ekki fær um að eiga orðaskipti á mæltu máli skal ákæruvaldið sjá um að kalla til kunnáttumann til aðstoðar. Um heit slíks manns og staðfestingu fer eftir ákvæðum 2. mgr. Dómari getur þó ákveðið í stað þess að eftir atvikum verði spurningar lagðar fyrir hlutaðeiganda eða hann svari þeim skriflega fyrir dómi.

Þann einn má kveðja til sem dómtúlk, þýðanda eða kunnáttumann sem er orðinn 20 ára að aldri. Að auki má dómtúlkur eða kunnáttumaður ekki vera vanhæfur til að taka starfann að sér, sbr. 6. gr. Dómari ákveður þóknun til handa dómtúlki, þýðanda eða kunnáttumanni og greiðist þóknunin og annar kostnaður vegna starfa hans úr ríkissjóði.

13. gr.

Við hvern héraðsdómstól skulu vera þingbækur til afnota í sakamálum. Dómara er rétt að láta vélrita eða rita á tölvu það sem væri ella fært í slíka bók, en það sem er skráð með þeim

hætti skal þá varðveitt í prentuðu formi með áritun dómara um staðfestingu og síðan heft eða bundið saman sem þingbók.

Þegar dómþing er háð skal rita skýrslu í þingbók um það sem þar fer fram. Í þingbók skal jafnan skráð hvar og hvenær þinghald fer fram, nafn dómara sem fer með það mál sem fyrir er tekið, gögn sem lögð eru fram, hverjir taki þátt í þinghaldi og koma fyrir dóm og hvað hafi verið afráðið um rekstur máls, svo og ákvarðanir dómara og úrskurði sem hann kveður upp jafnharðan undir rekstri máls. Einnig er rétt að bóka um yfirlýsingar af hendi aðila sem hafa ekki komið fram skriflega. Ef önnur ákvæði þessara laga mæla ekki fyrir um að bókað verði um tiltekin atriði ákveður dómari hvað verði annars skráð í þingbók og undirritar það sem hefur verið bókað að loknu þinghaldi. Málflytjendur geta þó jafnan krafist þess að bókaðar verði stuttar athugasemdir þeirra. Ef dómari telur ástæðu til er honum rétt að kynna þeim sem mæta í þinghald efni bókunar í heild eða að hluta og gefa hlutaðeigendum kost á að undirrita hana. Þrátt fyrir það sem að framan segir skal ekki færa til bókar nafn og önnur persónueinkenni vitnis, sem gefur skýrslu fyrir dómi án þess að það þurfi að skýra frá nafni sínu í heyranda hljóði, sbr. 8. mgr. 122. gr., heldur skulu þær upplýsingar varðveittar með þeim hætti sem þar er kveðið á um.

Það sem kemur fram við munnlega sönnunarfærslu skal hljóðritað, tekið upp á myndband eða mynddisk ellegar ritað í þingbók eftir ákvörðun dómara. Dómari getur einnig ákveðið að taka upp eða skrá útdrátt sinn af framburði, en hlutaðeiganda skal þá gefinn kostur á að koma að athugasemdum um það sem er haft eftir honum og um framkvæmd skýrslutökunnar.

14. gr.

Við hvern héraðsdómstól skal haldin dómabók sem hefur að geyma dóma, svo og úrskurði sem fela í sér niðurstöðu máls, undirritaða af dómara.

15. gr.

Skjöl, sem eru lögð fram í dómi, skulu vera í frumriti séu þau tiltæk. Þau skulu merkt í áframhaldandi töluröð og vottuð um framlagningu. Sá sem leggur fram skjal skal láta í té þann fjölda eftirrita af því sem dómari mælir fyrir um og afhendir jafnframt öðrum aðilum máls eftirrit, svo og brotaþola ef mætt er af hans hálfu í málinu.

Framlögð skjöl skulu varðveitt í skjalasafni hlutaðeigandi dómstóls þar til þau verða afhent Þjóðskjalasafni.

Frumrit skjals verður ekki afhent öðrum en þeim sem á réttmætt tilkall til þess. Meðan máli er ólokið verður frumrit skjals þó ekki afhent nema brýn nauðsyn krefji og dómari telji að láta megi það af hendi gegn því að afrit komi í stað þess.

Hljóðritanir, myndbönd og mynddiska skv. 3. mgr. 13. gr. skal varðveita í minnst þrjú ár frá lokum dómsmáls.

16. gr.

Ákærði og brotaþoli eiga rétt á að fá afrit af málskjölum án endurgjalds um leið og mál hefur verið þingfest, sbr. þó 1. mgr. 47. gr. Eftir þingfestingu er dómara skylt gegn greiðslu gjalds að láta öðrum þeim, sem þess óskar, í té staðfest afrit af ákæru og greinargerð ákærða, ef hún hefur verið lögð fram, svo fljótt sem við verður komið. Þó skal synja um að láta í té afrit af þeim hlutum þessara skjala sem hafa að geyma upplýsingar um einka-, fjárhags- eða viðskiptahagsmuni einstaklinga ellegar lögpersóna sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari nema sá samþykki sem í hlut á. Enn fremur ef mikilvægir almannahagsmunir krefjast þess,

svo sem ef um er að ræða upplýsingar um öryggi ríkisins eða varnarmál ellegar samskipti þess við önnur ríki eða alþjóðastofnanir.

Aðilar máls og brotaþoli eiga rétt á að fá staðfest endurrit úr þingbók eða dómabók endurgjaldslaust.

Dómara er enn fremur skylt gegn greiðslu gjalds að láta öðrum þeim, sem þess óskar, í té staðfest endurrit úr dómabók og af úrskurðum og ákvörðunum sem færðar hafa verið í þingbók. Áður en þau endurrit eru afhent skal, ef sérstök ástæða er til, afmá úr þeim atriði sem eðlilegt er að leynt fari með tilliti til almanna- eða einkahagsmuna, þar á meðal atriði úr endurritum af úrskurðum og ákvörðunum ef það hefði í för með sér hættu á sakarspjöllum að þau kæmust til vitundar almennings. Hið sama á við ef dómar eða aðrar úrlausnir eru birtar opinberlega, svo sem á vefsíðum.

Meðan mál er rekið í héraði, unnt er að skjóta því til Hæstaréttar eða mál er rekið þar fyrir dómi er dómara skylt að láta aðilum máls endurgjaldslaust í té eftirgerð af hljóð- eða myndupptökum skv. 3. mgr. 13. gr. eða leyfa þeim að hlýða á slíkar upptökur, svo fljótt sem við verður komið eftir að þess er óskað. Eftir þann tíma má verða við ósk þess efnis ef sérstakar ástæður mæla með því. Dómara er skylt gegn greiðslu gjalds að láta brotaþola í té eftirgerð af hljóð- eða myndupptökum eða leyfa honum að hlýða á slíkar upptökur ef honum er þörf á því til þess að geta gætt hagsmuna sinna.

Dómara er heimilt að krefjast fyrirframgreiðslu áætlaðs gjalds skv. 1., 3. og 4. mgr.

Telji dómari óheimilt eða óskylt að verða við ósk um afrit eða eftirrit ellegar leyfi til að hlýða á upptöku kveður hann upp úrskurð um það ef þess er krafist.

17. gr.

Við hvern héraðsdómstól skal haldin skrá yfir þau mál sem koma þar til úrlausnar samkvæmt lögum þessum.

Dómstólaráð setur nánari reglur um:

a. málaskrár,
b. þingbækur, þar á meðal færslu þeirra á tölvu,
c. búnað til hljóðritunar og myndbandsupptöku í þinghöldum,
d. dómabækur,
e. varðveislu málskjala, hljóðritana, myndbanda og mynddiska,
f. birtingu dóma og annarra dómsúrlausna, til dæmis á vefsíðum dómstóla, aðgang að endurritum af dómum og úr þingbók, svo og að framlögðum skjölum, þ.m.t. brottnám upplýsinga úr þeim.

III. KAFLI
Ákæruvaldið.

18. gr.

Ákærendur eru ríkissaksóknari, héraðssaksóknari og lögreglustjórar. Að auki, í umboði þeirra, vararíkissaksóknari, varahéraðssaksóknari, saksóknarar, aðstoðarsaksóknarar og saksóknarfulltrúar, svo og löglærðir aðstoðarlögreglustjórar.

Hlutverk ákærenda er að tryggja, í samvinnu við lögreglu, að þeir sem afbrot fremja verði beittir lögmæltum viðurlögum. Þeir taka ekki við fyrirmælum frá öðrum stjórnvöldum um meðferð ákæruvalds nema sérstaklega sé kveðið á um það í lögum.

Ákærendur skulu vinna að því að hið sanna og rétta komi í ljós og gæta jafnt að þeim atriðum sem horfa til sýknu og sektar. Þeim ber jafnframt að hraða meðferð mála eftir því sem kostur er.

Ákærendum er skylt að gæta þagmælsku um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu eða vegna starfs síns og leynt eiga að fara vegna lögmæltra almanna- eða einkahagsmuna. Tekur þetta til upplýsinga um einkahagi manna sem eðlilegt er að leynt fari, upplýsinga sem varða starfshætti ákæruvalds og lögreglu og fyrirhugaðar aðgerðir í þágu rannsóknar, og annarra upplýsinga sem leynt skulu fara samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

19. gr.

Dómsmálaráðherra hefur eftirlit með framkvæmd ákæruvalds og getur krafist þess að ríkissaksóknari láti í té gögn og greinargerð um meðferð einstakra mála.

Þau sérákvæði í lögum skulu haldast þar sem kveðið er á um að mál skuli því aðeins höfða að dómsmálaráðherra mæli svo fyrir. Þegar svo stendur á leggur ráðherra samþykki sitt á ákæru og áfrýjun og getur að auki gefið ríkissaksóknara fyrirmæli um meðferð máls, þar á meðal um rannsókn þess.

20. gr.

Ríkissaksóknari er æðsti handhafi ákæruvalds og ber ábyrgð á ákvörðunum þeirra sem við embætti hans starfa. Skal hann skipaður ótímabundið í embætti af dómsmálaráðherra og fullnægja lagaskilyrðum til skipunar í dómaraembætti við Hæstarétt. Skal hann enn fremur njóta sömu lögkjara og hæstaréttardómarar, eftir því sem við verður komið.

Ríkissaksóknari hefur embættisskrifstofu í Reykjavík. Honum til aðstoðar eru vararíkissaksóknari, sem ráðherra skipar ótímabundið, svo og saksóknarar sem ráðherra skipar til fimm ára í senn. Skal vararíkissaksóknari fullnægja sömu lagaskilyrðum og ríkissaksóknari, en saksóknarar skilyrðum til skipunar í embætti héraðsdómara. Ríkissaksóknari ræður annað starfslið við embætti sitt, þar á meðal saksóknarfulltrúa sem lokið hafa embættis- eða meistaraprófi í lögfræði.

21. gr.

Ríkissaksóknari gefur út almennar reglur og fyrirmæli um meðferð ákæruvalds. Hann hefur jafnframt eftirlit með framkvæmd ákæruvalds hjá öðrum ákærendum.

Ríkissaksóknari höfðar sakamál ef brot varðar X. kafla almennra hegningarlaga, svo og þau mál önnur þar sem dómsmálaráðherra tekur ákvörðun um saksókn, sbr. 2. mgr. 19. gr. Ef sú háttsemi sem um ræðir felur í sér annað eða önnur brot fer ríkissaksóknari með ákæruvald vegna þeirra. Ríkissaksóknari getur endranær tekið saksókn í sínar hendur, þar á meðal gefið út ákæru eða tekið við sókn máls fyrir dómi hvenær sem hann telur þess þörf.

Ríkissaksóknari getur gefið öðrum ákærendum fyrirmæli um einstök mál sem þeim er skylt að hlíta. Hann getur kveðið á um rannsókn máls, mælt fyrir um framkvæmd hennar og fylgst með henni.

Ríkissaksóknari tekur ákvörðun um áfrýjun héraðsdóms til Hæstaréttar, svo og um kæru til Hæstaréttar í málum sem hann hefur höfðað.

22. gr.

Dómsmálaráðherra skipar héraðssaksóknara ótímabundið og er embættisskrifstofa hans í Reykjavík. Honum til aðstoðar eru varahéraðssaksóknari, sem ráðherra skipar ótímabundið, svo og saksóknarar sem ráðherra skipar til fimm ára í senn. Ráðherra ákveður fjölda saksóknara að höfðu samráði við ríkissaksóknara. Skulu héraðssaksóknari, varahéraðssaksóknari og saksóknarar fullnægja skilyrðum til skipunar í embætti héraðsdómara. Héraðssaksóknari ræður annað starfslið við embætti sitt, þar á meðal aðstoðarsaksóknara og saksóknarfulltrúa sem lokið hafa embættis- eða meistaraprófi í lögfræði.

Héraðssaksóknari ber ábyrgð á ákvörðunum þeirra sem við embætti hans starfa. Hann skiptir verkum með varahéraðssaksóknara og saksóknurum og úthlutar þeim málum. Við embættið skal vera sérstök deild skatta- og efnahagsbrota og skal sá eða þeir saksóknarar sem þar starfa bera starfsheiti sem kennt er við málaflokkinn. Héraðssaksóknari getur skipt embættinu í fleiri deildir eftir málaflokkum eða umdæmum.

23. gr.

Héraðssaksóknari höfðar sakamál ef um er að ræða eftirgreind brot á almennum hegningarlögum:

a. brot á ákvæðum XI. kafla laganna, öðrum en 99. og 101. gr.,
b. brot á ákvæðum XII.–XVI. kafla laganna,
c. brot á ákvæðum XVII. kafla laganna, öðrum en 155.–158. gr.,
d. brot á ákvæðum XVIII.–XXII. kafla laganna,
e. brot á ákvæðum XXIII. kafla laganna, öðrum en 215. og 219. gr., ef brot tengist broti á umferðarlögum, og 217. gr. og 1. mgr. 218. gr.,
f. brot á ákvæðum XXIV. og XXV. kafla laganna, öðrum en 231., 232. og 233. gr.,
g. brot á ákvæðum XXVI. kafla laganna, öðrum en 244., 245. og 246. gr.

Héraðssaksóknari höfðar enn fremur mál ef um er að ræða meiri háttar brot á lögum um skatta, samkeppnislögum og öðrum lögum eftir því sem nánar er kveðið á um í almennum reglum sem ríkissaksóknari setur.

Ef háttsemi felur í sér annað eða önnur brot en þau sem héraðssaksóknari fer með skv. 1. og 2. mgr. tekur hann ákvörðun um það hvort hann höfðar mál sjálfur eða hvort lögreglustjóri gerir það. Héraðssaksóknari getur endranær tekið saksókn í sínar hendur, þar á meðal gefið út ákæru eða tekið við sókn máls fyrir dómi hvenær sem hann telur þess þörf.

Að svo miklu leyti sem það fer ekki í bága við fyrirmæli ríkissaksóknara skv. 3. mgr. 21. gr. getur héraðssaksóknari gefið lögreglustjórum fyrirmæli um einstök mál sem þeim er skylt að hlíta. Með sama skilorði getur hann kveðið á um rannsókn máls, mælt fyrir um framkvæmd hennar og fylgst með henni.

Nú hefur héraðssaksóknari ákveðið að falla frá saksókn skv. 2.–4. mgr. 146. gr. og ber honum þá að tilkynna ríkissaksóknara það. Ef ríkissaksóknari telur að ekki hafi verið efni til að falla frá saksókn getur hann, innan tveggja mánaða frá því að sú ákvörðun var tekin, lagt fyrir héraðssaksóknara að höfða mál.

Héraðssaksóknari tekur ákvörðun um kæru til Hæstaréttar í málum sem hann hefur höfðað.

24. gr.

Lögreglustjórar höfða önnur sakamál en þau sem ríkissaksóknari eða héraðssaksóknari höfðar skv. 2. mgr. 21. gr. og 1. og 2. mgr. 23. gr., sbr. þó 3. mgr. þeirrar greinar.

Lögreglustjóri getur borið undir héraðssaksóknara álitaefni varðandi saksókn eða málsmeðferð að öðru leyti, svo sem ef hann telur að mál eigi að höfða í öðru umdæmi, hann telur sig vanhæfan eða mál er vandasamt úrlausnar.

Nú hefur lögreglustjóri ákveðið að falla frá saksókn skv. 2.–4. mgr. 146. gr. og ber honum þá að tilkynna héraðssaksóknara það. Ef héraðssaksóknari telur að ekki hafi verið efni til að falla frá saksókn getur hann, innan tveggja mánaða frá því að sú ákvörðun var tekin, ákveðið að höfða mál sjálfur eða lagt fyrir lögreglustjóra að gera það.

Lögreglustjóri sem stýrt hefur rannsókn brots höfðar sakamál vegna þess nema ríkissaksóknari eða héraðssaksóknari höfði mál eða annað leiði af reglum um varnarþing skv. VI. kafla. Í því tilviki tekur héraðssaksóknari ákvörðun um hvaða lögreglustjóri skuli höfða mál eða hvort hann geri það sjálfur.

Lögreglustjórar taka ákvörðun um kæru til Hæstaréttar í málum sem þeir hafa til rannsóknar eða þeir hafa höfðað skv. 1. mgr.

25. gr.

Í héraði flytur ríkissaksóknari, vararíkissaksóknari eða saksóknari þau mál sem ríkissaksóknari höfðar. Hann getur falið héraðssaksóknara eða lögreglustjóra flutning máls fyrir héraðsdómi og fer þá um mál eftir 2. eða 3. mgr. Þá getur ríkissaksóknari falið héraðsdómseða hæstaréttarlögmanni flutning máls í héraði og hefur hann þá sömu réttarstöðu og ákærandi.

Í héraði flytur héraðssaksóknari, varahéraðssaksóknari, saksóknari, aðstoðarsaksóknari eða saksóknarfulltrúi þau mál sem héraðssaksóknari höfðar. Einnig má héraðssaksóknari fela lögreglustjóra, héraðsdómslögmanni eða hæstaréttarlögmanni að flytja mál í héraði á sama hátt og segir í 1. mgr.

Í héraði annast lögreglustjórar flutning þeirra mála sem þeir höfða. Þeir geta falið aðstoðarlögreglustjóra, aðstoðarsaksóknurum eða saksóknarfulltrúum við embætti sín að flytja þessi mál. Lögreglustjórum er heimilt að fela öðrum lögreglustjórum að sækja þing í máli.

Ríkissaksóknari sækir mál fyrir Hæstarétti, sbr. þó 5. mgr. Hann getur falið vararíkissaksóknara, héraðssaksóknara, saksóknara eða hæstaréttarlögmanni að flytja þau mál. Sé hæstaréttarlögmanni falið að flytja mál fyrir Hæstarétti hefur hann sömu skyldur og ákærandi.

Héraðssaksóknari og lögreglustjórar flytja þau kærumál fyrir Hæstarétti sem þeir fara með skv. 6. mgr. 23. gr. og 5. mgr. 24. gr. Þeim er heimilt að fela öðrum löglærðum starfsmönnum sínum flutning þessara mála, eftir því sem segir í 2. eða 3. mgr.

26. gr.

Ef ríkissaksóknari væri vanhæfur til að fara með mál sem dómari skv. 6. gr. skal hann víkja sæti. Setur dómsmálaráðherra þá annan löghæfan mann til að fara með það mál.

Ef héraðssaksóknari væri vanhæfur til að fara með mál sem dómari skv. 6. gr. skal hann víkja sæti. Felur ríkissaksóknari þá öðrum löghæfum manni að fara með það mál.

Ef lögreglustjóri væri vanhæfur til að fara með mál sem dómari skv. 6. gr. skal héraðssaksóknari taka sjálfur ákvörðun um saksókn í því eða fela öðrum lögreglustjóra að gera það.

Nú er maður á sama hátt og áður greinir vanhæfur til meðferðar einstaks máls og má hann þá ekki flytja það sem ákærandi. Skal ríkissaksóknari eða eftir atvikum héraðssaksóknari þá sjálfur annast flutning þess eða fela öðrum löghæfum manni að gera það.

Nú hefur ákæra verið gefin út og skal dómari þá, annaðhvort að eigin frumkvæði eða samkvæmt kröfu aðila, vísa máli frá dómi ef hann telur að ákærandi hafi verið vanhæfur til að höfða málið eða lögreglustjóri vanhæfur til að rannsaka það. Ef maður er vanhæfur til að fara með mál fyrir dómi sem ákærandi skal dómari á sama hátt vísa því frá dómi.

IV. KAFLI
Sakborningur og verjandi.

27. gr.

Sakborningur er sá maður sem borinn er sökum eða grunaður um refsiverða háttsemi. Enn fremur sá lögaðili sem er sakaður eða grunaður um að bera ábyrgð á slíkri háttsemi.

Ef sakborningur er ólögráða kemur lögráðamaður fram sem fyrirsvarsmaður hans eftir því sem þörf krefur. Lögráðamaður tekur ákvarðanir fyrir hönd hins ólögráða sem hann er ekki talinn bera skynbragð á eða fær um að taka.

Ef sakborningur er lögaðili koma stjórnendur fram sem fyrirsvarsmenn hans, einir eða fleiri í sameiningu, eftir því sem leiðir af almennum reglum. Verði því við komið skal sá maður ekki fara með fyrirsvar sem sakaður er um sams konar brot og lögaðilinn.

Fyrirsvarsmenn skv. 2. og 3. mgr. hafa sömu réttarstöðu og væru þeir sjálfir bornir sökum eða grunaðir um refsiverða háttsemi.

28. gr.

Sakborningur á rétt á að fá upplýsingar um sakarefni áður en skýrsla er tekin af honum út af því eða við handtöku ef til hennar kemur.

Sakborningur sem handtekinn hefur verið í þágu rannsóknar máls á rétt á að hafa samband við lögmann þegar eftir handtöku, sömuleiðis nánustu vandamenn sína nema sérstök ástæða sé til að ætla að það muni torvelda rannsókn málsins. Í því tilviki skal lögregla, svo fljótt sem kostur er, tilkynna nánustu vandamönnum sakbornings að hann hafi verið handtekinn og hvar hann sé vistaður. Dómsmálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um hvenær synja má handteknum manni um að hafa samband við nánustu vandamenn sína.

29. gr.

Sakborningi er heimilt að halda sjálfur uppi vörnum í máli kjósi hann það og sé hann hæfur til þess að mati dómara eða lögreglu. Í því tilviki skal veita sakborningi, sem er ólöglærður, leiðbeiningar um formhlið máls eftir því sem nauðsyn ber til.

30. gr.

Skylt er lögreglu að verða við ósk sakbornings um að tilnefna honum verjanda ef hann hefur verið handtekinn í þágu rannsóknar máls.

Heimilt er lögreglu endranær eftir ósk sakbornings að tilnefna honum verjanda við rannsókn máls áður en til málshöfðunar kemur ef ástæða er til þess með tilliti til eðlis brots og aðstæðna að öðru leyti. Þá getur lögregla tilnefnt sakborningi verjanda þótt hann hafi ekki óskað þess ef hann er ekki bær til að gæta hagsmuna sinna sem skyldi við rannsókn máls. Bera má þá ákvörðun undir dómara.

Tilnefning verjanda skv. 1. mgr. fellur sjálfkrafa úr gildi þegar sakborningur er látinn laus eða leiddur fyrir dómara skv. 94. gr. Að öðrum kosti fellur tilnefning úr gildi með úrskurði dómara, sbr. 3. málsl. 2. mgr., þegar mál er höfðað ellegar rannsókn er hætt eða mál fellt niður með öðrum hætti.

31. gr.

Skylt er dómara að verða við ósk sakbornings um skipun verjanda ef þess hefur verið krafist að hann sæti gæsluvarðhaldi eða öðrum ráðstöfunum skv. XIV. kafla laga þessara ellegar ef mál hefur verið höfðað gegn honum.

Enn fremur er skylt að skipa ákærða verjanda ef í málinu fer fram aðalmeðferð samkvæmt ákvæðum XXV. kafla nema ákærði hafi sjálfur valið sér verjanda skv. 32. gr. og vilji ekki fá hann skipaðan sem slíkan eða óski eftir að flytja mál sitt sjálfur skv. 29. gr.

Heimilt er dómara að skipa sakborningi verjanda þótt hann hafi ekki óskað þess ef hann er að mati dómara ekki fær um að gæta hagsmuna sinna sem skyldi við meðferð máls fyrir dómi.

Ef lögregla neitar eða lætur hjá líða að tilnefna sakborningi verjanda skv. 30. gr. getur hann leitað atbeina dómara og óskað eftir því að honum verði skipaður verjandi.

Skipun verjanda fellur sjálfkrafa úr gildi þegar héraðsdómur er kveðinn upp ellegar rannsókn er hætt eða mál fellt niður með öðrum hætti.

Nú er héraðsdómi áfrýjað og fer þá um skipun verjanda fyrir Hæstarétti skv. 5. mgr. 201. gr.

32. gr.

Sakborningi er á öllum stigum opinbers máls heimilt að ráða á sinn kostnað lögmann til að gæta hagsmuna sinna.

Lögmaður sem sakborningur hefur ráðið sér án atbeina dómara eða lögreglu hefur sömu réttindi og skyldur og verjandi eftir því sem við á. Meðan á rannsókn máls stendur má þó takmarka rétt hans til að ræða við sakborning, vera viðstaddur skýrslutöku, kynna sér gögn og fylgjast með framvindu rannsóknar ef hætta er á að hún torveldist við það.

33. gr.

Dómara eða lögreglu ber, þegar skylt er eða heimilt að skipa eða tilnefna sakborningi verjanda, að vekja athygli hans á þeim rétti.

Verjandi skal skipaður eða tilnefndur úr hópi lögmanna.

Áður en verjandi er skipaður eða tilnefndur skal gefa sakborningi kost á að benda á lögmann til að fara með þann starfa. Við skipun eða tilnefningu verjanda skal að jafnaði fara eftir ósk sakbornings, sbr. þó 4. og 5. mgr. Enn fremur getur dómari eða lögregla neitað að skipa eða tilnefna þann verjanda sem óskað er eftir ef uggvænt þykir að hann muni hindra rannsókn málsins á ólögmætan hátt.

Ekki má skipa eða tilnefna þann verjanda sem gegnt hefur starfi matsmanns eða kann að verða kvaddur til að gefa skýrslu sem vitni í máli ellegar er að öðru leyti svo viðriðinn mál eða aðila að hætta sé á að hann geti ekki gætt hagsmuna sakbornings sem skyldi.

Nú eru fleiri en einn maður hafðir fyrir sökum í sama máli og er þá heimilt að skipa eða tilnefna sama mann verjanda beggja eða allra ef telja má að hagsmunir þeirra rekist ekki á.

34. gr.

Nú óskar sakborningur eftir því að skipun eða tilnefning verjanda verði afturkölluð og nýr verjandi skipaður eða tilnefndur og skal þá verða við slíkri ósk nema hætta sé á að málið tefjist af þeim sökum.

Ef ætla má að verjandi muni hindra eða hafi hindrað rannsókn máls með ólögmætum hætti eða hafi brotið gegn starfsskyldum sínum á annan hátt getur ákærandi eða lögregla leitað

atbeina dómara og krafist þess að hann verði leystur frá störfum og annar skipaður í hans stað. Verjandinn getur krafist þess að dómari úrskurði um þá kröfu.

35. gr.

Hlutverk verjanda er að draga fram í málinu allt sem verða má skjólstæðingi hans til sýknu eða hagsbóta og gæta réttar hans í hvívetna.

Verjandi skal sjálfur sinna starfsskyldum sínum, þar á meðal annast flutning máls. Honum er þó heimilt að láta fulltrúa sinn eða annan lögmann vera viðstaddan skýrslutöku og rannsóknarathafnir, svo og sækja einstök þinghöld fyrir sína hönd meðan á rannsókn máls eða meðferð stendur.

Þagnarskylda hvílir á verjanda um það sem skjólstæðingur hans kann að hafa trúað honum fyrir um afstöðu sína til brots þess sem um er að tefla, svo og um önnur þau atriði sem hann hefur komist að í starfa sínum og ekki eru almenningi þegar kunn.

36. gr.

Verjanda er heimilt að tala einslega við skjólstæðing sinn um hvað eina sem málið varðar.

Meðan á rannsókn stendur er verjanda ætíð heimilt að vera viðstaddur þegar tekin er skýrsla af skjólstæðingi hans. Verjanda er og heimilt að vera viðstaddur skýrslutöku af öðrum sakborningum og vitnum í máli skjólstæðings síns ef það þykir hættulaust vegna rannsóknar málsins.

Eftir að ákæra hefur verið gefin út á verjandi rétt á því að vera viðstaddur öll þinghöld í máli og ber dómara að tilkynna honum um þau. Verjandi á jafnframt rétt á að vera viðstaddur þinghöld meðan á rannsókn stendur nema hætta sé á að rannsóknin torveldist við það, sbr. 1. mgr. 104. gr.

37. gr.

Verjandi skal jafnskjótt og unnt er fá afrit af öllum skjölum máls sem varða skjólstæðing hans, svo og aðstöðu til að kynna sér önnur gögn í málinu. Lögregla getur þó neitað að veita verjanda aðgang að einstökum skjölum eða öðrum gögnum í allt að þrjár vikur frá því að þau urðu til eða komust í vörslur hennar ef hún telur að það geti skaðað rannsókn málsins. Af sömu ástæðu er lögreglu heimilt að neita verjanda um afrit af einstökum skjölum meðan á rannsókn máls stendur. Bera má synjun undir dómara.

Nú hefur lögregla krafist skýrslutöku fyrir dómi skv. b-lið 1. mgr. 59. gr. og getur þá dómari framlengt frest skv. 1. mgr. í allt að fimm vikur svo að unnt verði að ljúka skýrslutöku innan hans.

Enn fremur getur lögregla synjað verjanda um aðgang að einstökum skjölum og öðrum gögnum meðan á rannsókn máls stendur ef öryggi ríkisins eða almennings er í húfi ellegar brýnir einkahagsmunir annarra en skjólstæðings hans eða samskipti við yfirvöld í öðrum ríkjum standa því í vegi. Bera má þá synjun undir dómara.

Þegar verjandi hefur fengið aðgang að gögnum máls er honum heimilt að láta skjólstæðingi sínum í té eintak af þeim eða kynna honum þau með öðrum hætti.

Lögregla skal gefa verjanda færi á að fylgjast með framvindu rannsóknar að svo miklu leyti sem kostur er. Skal hún taka til greina ábendingar hans um tilteknar rannsóknaraðgerðir nema hún telji þær óheimilar eða þýðingarlausar.

38. gr.

Þóknun skipaðs verjanda skal ákveðin í dómi eða úrskurði ef máli lýkur þannig nema hann hafi afsalað sér þóknun. Ef máli lýkur ekki með þeim hætti ákveður dómari þóknun með bókun í þingbók eða skriflega á annan hátt.

Dómari ákveður þóknun í einu lagi ef sá sem tilnefndur hefur verið verjandi sakbornings er síðar skipaður til að gegna því starfi. Að öðrum kosti skal lögreglustjóri eða löglærður starfsmaður hans ákveða þóknun tilnefnds verjanda. Heimilt er að greiða verjanda hluta áætlaðrar þóknunar áður en rannsókn máls lýkur.

Þóknun skipaðs eða tilnefnds verjanda greiðist úr ríkissjóði og telst til sakarkostnaðar skv. 216. gr.

V. KAFLI
Brotaþoli og réttargæslumaður.

39. gr.

Brotaþoli er sá maður sem kveðst hafa orðið fyrir misgerð af völdum afbrots. Enn fremur sá maður sem telur sig hafa orðið fyrir fjárhagslegu tjóni af refsiverðri háttsemi, enda hafi hún beinst að honum sjálfum, eða lögaðili sem sagður er hafa beðið slíkt tjón.

Ef brotaþoli er ólögráða kemur lögráðamaður fram sem fyrirsvarsmaður hans. Lögráðamaður tekur ákvarðanir fyrir hönd hins ólögráða sem hann er ekki talinn bera skynbragð á eða vera fær um að taka.

Ef brotaþoli er lögaðili koma stjórnendur fram sem fyrirsvarsmenn hans, einir eða fleiri í sameiningu, eftir því sem leiðir af almennum reglum.

Fyrirsvarsmenn skv. 2. og 3. mgr. hafa sömu réttarstöðu og hefðu þeir sjálfir talið sig hafa beðið tjón af refsiverðri háttsemi.

Brotaþoli er ekki aðili að sakamáli. Ef hann hefur uppi einkaréttarkröfu skv. XXVI. kafla nýtur hann þó, að því er þann þátt málsins varðar, sömu réttarstöðu og aðili að einkamáli, eftir því sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum.

40. gr.

Lögreglu er skylt, eftir því sem við á, að leiðbeina brotaþola um réttindi hans lögum samkvæmt.

Nú liggur fyrir hver brotaþoli er og skal þá tilkynna honum ef rannsókn máls er hætt eða það fellt niður með öðrum hætti án tillits til þess hvort hann hefur kært brotið. Ber að rökstyðja ákvörðunina ef brotaþoli krefst þess. Jafnframt skal lögregla benda brotaþola á að hann geti borið ákvörðun hennar um að hætta rannsókn undir héraðssaksóknara skv. 5. mgr. 52. gr.

Ef ákæra er gefin út skal ákærandi tilkynna brotaþola eða réttargæslumanni hans það þegar hún hefur verið birt nema hann hafi áður fengið vitneskju um ákæruna. Jafnframt ber ákæranda að tilkynna brotaþola um niðurstöðu dóms, ef því er að skipta, eða afdrif máls að öðru leyti, enda hafi hagsmuna hans ekki verið gætt fyrir dómi.

41. gr.

Skylt er lögreglu að tilnefna réttargæslumann ef rannsókn máls beinist að broti á XXII. kafla almennra hegningarlaga og brotaþoli óskar þess. Þó skal ávallt tilnefna réttargæslumann ef brotaþoli hefur ekki náð 18 ára aldri þegar rannsókn hefst.

Skylt er lögreglu endranær eftir ósk brotaþola að tilnefna honum réttargæslumann ef rannsókn beinist að broti á XXIII. eða XXIV. kafla almennra hegningarlaga eða 251.–253. gr. laganna og ætla má að brotaþoli hafi orðið fyrir verulegu tjóni á líkama eða andlegu heilbrigði af völdum brotsins eða að brotið hafi verið gegn honum af einhverjum sem er honum nákominn. Það er skilyrði fyrir tilnefningu réttargæslumanns samkvæmt þessari málsgrein að brotaþoli hafi að mati lögreglu þörf fyrir sérstaka aðstoð réttargæslumanns til þess að gæta hagsmuna sinna í málinu.

Heimilt er lögreglu að tilnefna brotaþola réttargæslumann þótt hann hafi ekki óskað þess ef skilyrðum 2. mgr. er fullnægt og hann er ekki fær um að gæta hagsmuna sinna sem skyldi við rannsókn máls.

Þegar skilyrði eru til þess að tilnefna réttargæslumann skv. 1.–3. mgr. skal það gert jafnskjótt og tilefni gefst. Tilnefning fellur sjálfkrafa úr gildi við skipun réttargæslumanns skv. 1. mgr. 42. gr., en ella skal lögregla taka ákvörðun um það hverju sinni.

42. gr.

Þegar mál hefur verið höfðað og skilyrði eru til þess að tilnefna réttargæslumann skv. 1.–3. mgr. 41. gr. skipar dómari brotaþola réttargæslumann.

Ef lögregla neitar eða lætur hjá líða að tilnefna brotaþola réttargæslumann skv. 41. gr. getur hann leitað atbeina dómara og óskað eftir því að sér verði skipaður réttargæslumaður.

43. gr.

Brotaþola er heimilt að ráða á sinn kostnað lögmann til að gæta hagsmuna sinna.

Lögmaður sem brotaþoli hefur ráðið sér án atbeina dómara eða lögreglu hefur sömu réttindi og skyldur og réttargæslumaður eftir því sem við á. Meðan á rannsókn máls stendur má þó takmarka rétt hans til að vera viðstaddur skýrslutöku af brotaþola og kynna sér gögn ef hætta er á að rannsókn torveldist við það.

44. gr.

Ákvæði 33. og 34. gr. gilda um tilnefningu, skipun og hæfi réttargæslumanns, svo og afturköllun á tilnefningu og skipun hans, eftir því sem við á.

45. gr.

Hlutverk réttargæslumanns er að gæta hagsmuna skjólstæðings síns og veita honum aðstoð í málinu, þar á meðal við að setja fram einkaréttarkröfur skv. XXVI. kafla.

Réttargæslumaður skal sjálfur sinna starfsskyldum sínum, þar á meðal tjá sig munnlega fyrir dómi. Honum er þó heimilt að láta fulltrúa sinn eða annan lögmann vera viðstaddan skýrslutöku af skjólstæðingi sínum og sækja einstök þinghöld fyrir sína hönd.

Þagnarskylda hvílir á réttargæslumanni um það sem brotaþoli trúir honum fyrir og um önnur þau atriði sem hann hefur komist að í starfa sínum og ekki eru þegar kunn.

46. gr.

Meðan á rannsókn stendur er réttargæslumanni ætíð heimilt að vera viðstaddur þegar skýrsla er tekin af skjólstæðingi hans.

Eftir að ákæra hefur verið gefin út á réttargæslumaður rétt á því að vera viðstaddur öll þinghöld í máli. Ber dómara að tilkynna honum hvenær þing verður háð.

Réttargæslumaður má ekki beina spurningum til þeirra sem gefa skýrslu hjá lögreglu eða fyrir dómi. Þó getur hann beint þeim tilmælum til lögreglu eða dómara að skjólstæðingur hans verði spurður um tiltekin atriði, svo og ákærði og vitni um afmörkuð atriði sem varða sérstaklega einkaréttarkröfur brotaþola.

Réttargæslumanni er einungis heimilt að tjá sig munnlega fyrir dómi um einkaréttarkröfur skjólstæðings síns, en ekki um kröfur ákæruvalds að öðru leyti. Þó má hann tjá sig um réttarfarsatriði ef þau snúa sérstaklega að skjólstæðingnum.

47. gr.

Meðan á rannsókn stendur á réttargæslumaður einungis rétt á að fá aðgang að þeim gögnum sem varða þátt skjólstæðings hans í málinu og honum eru nauðsynleg til að gæta hagsmuna skjólstæðingsins. Þó er óheimilt að afhenda réttargæslumanni afrit af skjölum eða veita honum aðgang að gögnum ef verjanda hefur verið synjað um það. Við þingfestingu máls á réttargæslumaður rétt á að fá aðgang að öllum gögnum sem varða þátt skjólstæðings hans nema dómari telji að það kunni að torvelda að mál upplýsist. Í því tilviki skal hann þó í síðasta lagi fá aðgang að gögnunum áður en málið er flutt.

Þegar réttargæslumaður hefur fengið aðgang að gögnum máls er honum heimilt að láta skjólstæðingi sínum í té eintak af þeim eða kynna honum þau með öðrum hætti.

Brotaþoli sem ekki nýtur aðstoðar réttargæslumanns á rétt til aðgangs að gögnum máls skv. 1. mgr.

48. gr.

Þóknun skipaðs réttargæslumanns skal ákveðin í dómi eða úrskurði, ef máli lýkur þannig, nema hann hafi afsalað sér þóknun. Ef máli lýkur ekki með dómi ákveður dómari þóknun með bókun í þingbók eða skriflega með öðrum hætti.

Dómari ákveður þóknun í einu lagi ef sá sem tilnefndur hefur verið réttargæslumaður brotaþola er síðar skipaður til að gegna því starfi. Að öðrum kosti skal lögreglustjóri eða löglærður starfsmaður hans ákveða þóknun tilnefnds réttargæslumanns.

Þóknun réttargæslumanns greiðist úr ríkissjóði og telst til sakarkostnaðar skv. 216. gr.

VI. KAFLI
Varnarþing.

49. gr.

Kröfu um rannsóknaraðgerð sem atbeina dómara þarf til skal að öðru jöfnu beint til héraðsdóms í umdæmi þess lögreglustjóra sem stýrir rannsókn brots. Ef ríkislögreglustjóri fer með rannsókn skal kröfu að öðru jöfnu beint til héraðsdóms í Reykjavík.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má beina kröfu um rannsóknaraðgerð til héraðsdóms í öðru umdæmi ef það horfir til flýtis eða hagræðis. Ef taka þarf skýrslu fyrir dómi af sakborningi eða vitni meðan á rannsókn máls stendur má jafnframt gera það í umdæmi þar sem skýrslugjafi á heimili eða er staddur eða þar sem fyrirsjáanlegt er að mál um sakarefnið kunni að verða höfðað.

Þegar ágreiningur skv. 2. mgr. 102. gr. er borinn undir dómara skal það gert fyrir héraðsdómi í umdæmi þess lögreglustjóra sem stýrir rannsókn brots, sbr. 1. mgr.

50. gr.

Mál sem sætir almennri meðferð fyrir dómi skv. XXV. kafla má höfða í þinghá þar sem ákærði á heimilisvarnarþing. Ef fleiri en einn eru sóttir til saka í sama máli má höfða það á heimilisvarnarþingi annars eða einhvers þeirra. Mál á hendur manni sem ekki á heimilisvarnarþing hér á landi má höfða hvar sem er á landinu.

Ef mál varðar eitt brot má höfða málið í þinghá þar sem brotið var framið. Þá má höfða mál um fleiri brot en eitt í þinghá þar sem eitthvert þeirra var framið hafi þau öll verið framin í umdæmi sama héraðsdómstóls.

Höfða má mál fyrir héraðsdómi hvar sem er á landinu ef brot var framið hérlendis og vafi leikur á um mörk dómumdæma ellegar á íslensku skipi eða í loftfari utan umdæma, svo og ef brot var framið erlendis og mál um það sætir lögsögu íslenskra dómstóla.

Ef ákærði eða verjandi hans sækir þing við þingfestingu máls sem höfðað er í annarri þinghá en að framan greinir verður því ekki vísað frá dómi nema hann krefjist þess.

51. gr.

Ef ríkissaksóknari, héraðssaksóknari eða lögreglustjóri ber undir dóm mál sem sætir afbrigðilegri meðferð skv. XXVII. kafla skal það gert fyrir héraðsdómi í því umdæmi þar sem hann hefur starfsstöð eða sá sem málið varðar á heimilisvarnarþing. Sé slíkt mál borið undir dóm af öðrum skal það gert fyrir héraðsdómi þar sem hann á sjálfur heimilisvarnarþing en sé það ekki fyrir hendi, þá fyrir héraðsdómi hvar sem er á landinu.

2. ÞÁTTUR
Rannsókn.
VII. KAFLI
Almennar reglur um rannsókn.

52. gr.

Rannsókn sakamála er í höndum lögreglu nema öðruvísi sé fyrir mælt í lögum.

Lögregla skal hvenær sem þess er þörf hefja rannsókn út af vitneskju eða grun um að refsivert brot hafi verið framið hvort sem henni hefur borist kæra eða ekki. Enn fremur skal lögregla rannsaka mannslát, mannshvörf, eldsvoða, slys og aðrar ófarir, þótt ekki liggi fyrir grunur um refsiverða háttsemi. Ríkissaksóknari eða héraðssaksóknari geta hvor um sig gefið lögreglu fyrirmæli um að hefja rannsókn, sbr. 3. mgr. 21. gr. og 4. mgr. 23. gr. Um verkaskiptingu ríkislögreglustjóra og lögreglu í einstökum umdæmum fer eftir lögum og reglum, settum samkvæmt þeim.

Kæru vegna refsiverðs brots eða beiðni um rannsókn skal beint til lögreglu eða ákæranda. Nú er háttsemi ekki refsiverð nema brotaþoli krefjist þess að sakamál skuli höfðað og skal þá ekki byrja rannsókn nema samkvæmt kröfu hans. Um kröfuna gilda annars ákvæði 144. gr. eftir því sem við á.

Lögregla vísar frá kæru um brot ef ekki þykja efni til að hefja rannsókn út af henni. Sé rannsókn hafin getur lögregla einnig hætt henni ef ekki þykir grundvöllur til að halda henni áfram, svo sem ef í ljós kemur að kæra hefur ekki verið á rökum reist eða brot er smávægilegt og fyrirsjáanlegt er að rannsóknin muni hafa í för með sér óeðlilega mikla fyrirhöfn og kostnað. Ekki er skylt að gefa þeim sem hlut á að máli kost á að tjá sig áður en slík ákvörðun er tekin.

Nú er kæru vísað frá eða rannsókn hætt skv. 4. mgr. og er lögreglu þá skylt að tilkynna það kæranda hafi hann hagsmuna að gæta. Skal honum jafnframt bent á að hann geti kært ákvörðunina til héraðssaksóknara skv. 6. mgr.

Sá sem á hagsmuna að gæta getur kært ákvörðun lögreglu skv. 4. mgr. innan eins mánaðar frá því að honum er tilkynnt um hana eða hann fékk vitneskju um hana með öðrum hætti. Ber héraðssaksóknara að taka afstöðu til kærunnar innan eins mánaðar frá því að hún berst honum. Héraðssaksóknari getur jafnframt ákveðið að eigin frumkvæði að kæru skuli vísað frá eða að rannsókn skuli hætt, enda sé eitthvert skilyrða 4. mgr. fyrir hendi. Ekki er skylt að gefa þeim sem hlut á að máli kost á að tjá sig áður en slík ákvörðun er tekin, en tilkynna skal kæranda hana eftir því sem segir í 5. mgr.

Nú lýtur kæra að broti sem varðað getur að lögum sex ára fangelsi og getur sá sem kært hefur ákvörðun lögreglustjóra til héraðssaksóknara skotið úrskurði hans til ríkissaksóknara. Enn fremur getur sá sem á hagsmuna að gæta kært til ríkissaksóknara ákvörðun sem héraðssaksóknari hefur tekið að eigin frumkvæði skv. 6. mgr. Skal kærufrestur og frestur til að taka afstöðu til kærunnar vera sá sami og skv. 6. mgr.

Lögreglu og héraðssaksóknara er ekki skylt að rökstyðja ákvarðanir sínar skv. 4. og 6. mgr.

53. gr.

Markmið rannsóknar er að afla allra nauðsynlegra gagna til þess að ákæranda sé fært að ákveða að henni lokinni hvort sækja skuli mann til sakar, svo og að afla gagna til undirbúnings málsmeðferð fyrir dómi.

Þeir sem rannsaka sakamál skulu vinna að því að hið sanna og rétta komi í ljós og gæta jafnt að þeim atriðum sem horfa til sýknu og sektar. Þeim ber jafnframt að hraða meðferð mála eftir því sem kostur er.

Þeir sem rannsaka sakamál skulu gæta þess að mönnum verði ekki gert meira tjón, óhagræði eða miski en óhjákvæmilegt er eftir því sem á stendur. Ekki mega þeir beita sakborning eða aðra harðræði umfram það sem lög heimila og nauðsynlegt er til að vinna bug á mótþróa þeirra gegn lögmætum aðgerðum né á annan hátt að beita þá ólögmætri þvingun í orði eða verki, svo sem með hótunum.

54. gr.

Rannsaka skal og afla allra tiltækra gagna um verknað þann sem um er að ræða, svo sem stað og stund og öll nánari atvik, sem ætla má að skipt geti máli, leita þess sem grunaður er um brot, finna sjónarvotta og aðra sem ætla má að borið geti vitni, svo og að hafa uppi á munum sem hald skal leggja á og öðrum sýnilegum sönnunargögnum. Þá skal rannsaka vettvang ef við á og yfirleitt öll ummerki sem kunna að vera eftir brot.

Rannsaka skal þau atriði sem varða sakborning sjálfan, þar á meðal eftir því sem ástæða er til aldur hans, persónulegar aðstæður, svo sem fjölskyldu- og heimilishagi, menntun, störf og efnahag, hegðun hans og fyrri brot, og þroska hans og heilbrigðisástand, andlegt og líkamlegt.

Rannsaka skal hugarfar sakbornings og hvatir hans til brots, hvort hann hefur framið brot af ásetningi eða eftir atvikum af gáleysi og ef um tilraun er að ræða hvort hann hefur horfið af sjálfsdáðum frá henni. Ef fleiri en einn eru um brot skal eftir föngum rannsaka þátt hvors eða hvers þeirra um sig.

55. gr.

Skylt er mönnum, ef þeir eru kvaddir til þess, að veita lögreglu lið í þágu rannsóknar, að því tilskildu að þeir geti það án hættu fyrir líf og heilsu sína, vandamanna sinna eða annarra sem þeir eiga að annast. Svo er mönnum með sama skilorði skylt að láta í té aðstöðu eða muni sem þeir ráða yfir í þarfir rannsóknar, svo sem hús og flutningatæki. Undanþegnir skyldu samkvæmt þessari málsgrein eru nánustu vandamenn sakbornings sem greindir eru í 117. gr. laga þessara.

Greiða skal fyrir vinnu og annað það sem látið er í té skv. 1. mgr. og fer um það sem annan sakarkostnað.

56. gr.

Lögregla tekur saman skýrslu um rannsókn sína í hverju máli um sig þar sem getið skal einstakra rannsóknaraðgerða og niðurstöðu þeirra. Eftir því sem við á skal þar meðal annars koma fram það sem sakborningur og vitni bera við skýrslutöku, sbr. 64. og 65. gr., athugun lögreglu sjálfrar og niðurstaða skoðunar og rannsóknar sérfróðra manna.

Ef ætla má að lífi, heilbrigði eða frelsi lögreglumanns sem gerir skýrslu eða sinnir rannsóknaraðgerð ellegar náinna vandamanna hans, sbr. 1. eða 2. mgr. 117. gr., yrði stefnt í hættu ef gert væri uppskátt hver hann er getur sá sem rannsókn stýrir ákveðið að gefa lögreglumanninum þar tilbúið heiti eða auðkenni. Skal þá um leið skjalfest hvaða lögreglumaður á hlut að máli, en aðrir skulu ekki hafa aðgang að upplýsingum um það en sá sem rannsókn stýrir og ákærandi, svo og dómari ef upplýsingarnar eru síðar lagðar fyrir dóm.

Ríkissaksóknara er heimilt að setja reglur um skyldu lögreglu til að veita upplýsingar um rannsókn máls, ef eftir þeim er leitað, þar sem meðal annars sé kveðið á um hvaða atriði eigi að upplýsa þegar verið er að rannsaka tilteknar tegundir mála og á hvaða stigi rannsóknar það verði gert.

57. gr.

Nú telur lögregla að rannsókn sé lokið og gögn komin fram sem geti leitt til saksóknar og sendir hún ákæranda þá rannsóknargögnin nema lögreglustjóri megi sjálfur höfða mál skv. 1. og 4. mgr. 24. gr. Með rannsóknargögnum sendir lögregla skýrslu um rannsóknina skv. 1. mgr. 56. gr.

Ákærandi getur mælt fyrir um frekari rannsóknaraðgerðir af hálfu lögreglu ef hann telur þess þörf, sbr. 3. mgr. 21. gr. og 4. mgr. 23. gr.

Nú hefur rannsókn á hendur sakborningi verið hætt vegna þess að sakargögn hafa ekki þótt nægileg til ákæru og á þá ekki að taka rannsókn upp á ný gegn honum nema ný sakargögn séu fram komin eða líklegt sé að þau komi fram. Ef rannsókn gegn sakborningi hefur verið hætt skal lögregla tilkynna honum það og á hann rétt á að fá það staðfest skriflega.

VIII. KAFLI
Skýrslutaka við rannsókn.

58. gr.

Lögregla tekur skýrslu af sakborningi og vitnum meðan mál er til rannsóknar eftir því sem nánar er fyrir mælt í þessum kafla, sbr. þó 59. gr.

Að kröfu lögreglu er hverjum þeim, sem spurður er, skylt að skýra frá nafni sínu, kennitölu og heimili.

59. gr.

Meðan á rannsókn stendur fer skýrslutaka fram fyrir dómi í eftirgreindum tilvikum:

a. af brotaþola ef rannsókn beinist að broti á XXII. kafla almennra hegningarlaga og hann hefur ekki náð 15 ára aldri þegar rannsókn máls hefst,
b. af sakborningi, brotaþola eða öðrum vitnum ef lögregla telur það nauðsynlegt til þess að upplýsa mál áður en verjandi fær aðgang að einstökum skjölum eða öðrum gögnum þess,
c. af brotaþola eða öðrum vitnum ef þau neita að mæta til skýrslutöku hjá lögreglu eða neita að svara spurningum hennar, ætla má að þau komist ekki fyrir dóm við meðferð málsins eða það er talið æskilegt með tilliti til hagsmuna þeirra, svo sem ef um börn er að ræða.

Um skýrslutöku fyrir dómi skv. 1. mgr. gilda ákvæði XV. kafla.

60. gr.

Ef lögregla kemur á vettvang brots og ræðir þar við sjónarvotta eða önnur vitni getur hún skráð skýrslu um frásögn þeirra án þess að þau staðfesti hana sérstaklega.

Á öðrum stigum rannsóknar getur lögregla með samtali við vitni aflað frásagnar þess um atriði sem tengjast ætluðu broti og gert skýrslu um efni hennar á sama hátt og skv. 1. mgr.

Ákvæði 63.–65. gr. gilda um skýrslutöku skv. 1. og 2. mgr. eftir því sem við á.

61. gr.

Ef sakborningur hefur ekki verið handtekinn skal lögregla kveðja hann til skýrslutöku og er honum skylt að sinna þeirri kvaðningu. Ef taka á skýrslu af sakborningi yngri en 18 ára vegna ætlaðs brots gegn almennum hegningarlögum eða brots gegn öðrum lögum, sem varðað getur þyngri refsingu en tveggja ára fangelsi, skal tilkynna það barnaverndarnefnd sem getur sent fulltrúa sinn til að vera við skýrslutökuna.

Ef lögregla telur þörf á að taka frekari skýrslu af vitni, þar á meðal brotaþola, en kveðið er á um í 60. gr. skal hún boða vitnið til skýrslutöku. Vitni getur skorast undan að verða við þeirri boðun.

Ef verjandi og réttargæslumaður eiga rétt á því að vera viðstaddir skýrslutöku samkvæmt þessari grein skulu þeir jafnframt boðaðir til hennar.

62. gr.

Skýrslutaka af sakborningi og vitnum skv. 61. gr. fer fram fyrir luktum dyrum. Sé þess kostur skal hún fara fram á lögreglustöð eða í öðru sérútbúnu húsnæði.

Skýrslutaka af manni má ekki standa yfir lengur en í samtals tólf klukkustundir á hverjum 24 klukkustundum. Nú hefur skýrslutaka staðið yfir í fjórar klukkustundir, þó með stuttum hléum sé, og er þá skylt að ósk skýrslugjafa að gera lengra hlé á henni í minnst eina klukkustund áður en henni er fram haldið. Séð skal til þess að skýrslugjafi fái að öðru leyti nægilega hvíld og næringu.

Spyrja skal hvern mann án nærveru annarra, hvort sem er sakbornings eða vitna, uns ástæða kann að vera til að samprófa þá sem skýrslu gefa. Samprófun fer þannig fram að tekin skal í senn skýrsla af tveimur eða fleiri mönnum og spurningum þar beint til þeirra um tiltekin atriði sem þeim hefur ekki borið saman um.

Auk þess lögreglumanns sem stýrir skýrslutöku skal við hana vera einn greinargóður og trúverðugur vottur, sé þess kostur.

63. gr.

Sá sem gefur skýrslu skv. 61. gr. skal fyrst spurður um nafn, kennitölu og heimili.

Skýrslugjafi á rétt á því að fá vitneskju um það, þegar mál er orðið svo skýrt að þess sé kostur, hvort hann er spurður vegna gruns á hendur honum um refsivert brot eða hvort hann er kvaddur til vitnisburðar.

Spurningar lögreglu skulu vera skýrar og ótvíræðar. Ekki má rugla skýrslugjafa með ósannindum eða á annan hátt eða beita hann neins konar ólögmætri þvingun í orði eða verki.

Ef verjandi er viðstaddur skýrslutöku getur hann beint þeim tilmælum til þess sem skýrslu tekur að skýrslugjafi verði spurður um tiltekin atriði. Á sama hátt getur réttargæslumaður, sem viðstaddur er skýrslutöku, mælst til þess að skjólstæðingur hans verði spurður um tiltekin atriði. Sé ekki farið að slíkum tilmælum eða sjái verjandi eða réttargæslumaður að öðru leyti ástæðu til getur hann krafist þess að fá bókaða stuttorða athugasemd um framkvæmd skýrslutöku í lok hennar.

Nú kann skýrslugjafi íslensku ekki nægilega vel og skal þá lögregla kalla til löggiltan dómtúlk eða annan hæfan mann til að annast þýðingu þess sem fram fer. Ef skýrslugjafi er ekki fær um að eiga orðaskipti á mæltu máli skal lögregla á sama hátt sjá um að kalla til kunnáttumann til aðstoðar. Lögregla ákveður þóknun til handa túlki eða kunnáttumanni og greiðist hún og annar kostnaður vegna starfa þeirra úr ríkissjóði. Um störf þeirra og hæfi gilda að öðru leyti ákvæði 12. gr. eftir því sem við á.

64. gr.

Ef sakborningur hefur ekki fengið upplýsingar um sakarefni skal honum gerð grein fyrir því við upphaf skýrslutöku, sbr. 1. mgr. 28. gr.

Sakborningi er óskylt að svara spurningum varðandi refsiverða hegðun sem honum er gefin að sök. Ber þeim sem skýrslu tekur að benda sakborningi ótvírætt á þennan rétt hans.

Ef sakborningur kýs að gefa skýrslu um sakarefnið skal brýnt fyrir honum að segja satt og rétt frá og draga ekkert undan sem máli kann að skipta. Ekki má gefa honum fyrirheit um ívilnanir eða fríðindi ef hann ber á ákveðinn hátt, enda séu slík fyrirheit ólögleg eða ekki á valdi lögreglu að veita þau.

Sakborningur má ekki ráðfæra sig við verjanda sinn um hvernig hann eigi að svara einstökum spurningum. Þó er sakborningi heimilt að ráðgast við verjanda um réttarstöðu sína í einrúmi, enda trufli það ekki skýrslutöku að mati þess sem skýrslu tekur. Nú greinir hann og verjanda á og skal skýrslutökunni samt eigi að síður fram haldið en rétt á verjandi á að gera í stuttu máli grein fyrir afstöðu sinni með bókun.

65. gr.

Ef vitni, þar á meðal brotaþoli, gefur skýrslu skv. 61. gr. er því skylt að svara spurningum og skýra satt og rétt frá að viðlagðri refsiábyrgð, sbr. þó 2. mgr. Ber þeim sem skýrslu tekur að brýna fyrir vitninu þessa skyldu þess.

Vitni er heimilt að neita eða eftir atvikum óheimilt að svara einstökum spurningum ef þær ástæður sem greindar eru í 117.–119. gr. eiga við. Skal vekja athygli vitnisins á þessum undanþágum frá skyldu til vitnisburðar ef tilefni er til.

Vitni getur farið fram á að nafn þess, kennitala og heimili sem og aðrar upplýsingar, sem gætu bent til þess hvert það er, komi ekki fram í lögregluskýrslu, ef það telur hættu á að lífi, heilbrigði eða frelsi þess sjálfs ellegar náinna vandamanna þess, sbr. 1. eða 2. mgr. 117. gr., yrði stefnt í hættu ef gert væri uppskátt hvert það er. Í því tilviki skulu upplýsingar þessar

varðveittar þannig að tryggt sé að aðrir fái ekki aðgang að þeim en sá sem rannsókn stýrir og ákærandi, svo og dómari ef skýrslan er síðar lögð fyrir dóm. Skal vekja athygli vitnisins á þessum rétti þess ef tilefni er til.

66. gr.

Þegar tekin er skýrsla af sakborningi eða vitni skv. 61.–65. gr. skal skráð á þar til gert eyðublað hvar skýrslutakan fer fram, hver tekur skýrsluna, hver gefur hana og hverjir aðrir eru viðstaddir. Skal þar jafnframt skráð hvenær skýrslutaka hefst og hvenær henni lýkur, hvernig henni er háttað, sbr. 2. mgr., og hvaða gögn eru lögð fyrir eða sýnd skýrslugjafa. Enn fremur athugasemdir hans, ef einhverjar eru, og athugasemdir verjanda eða réttargæslumanns, sbr. 4. mgr. 63. gr.

Það sem kemur að öðru leyti fram við skýrslutöku skal hljóðritað, tekið upp á myndband eða mynddisk, ef því verður við komið, en annars ritað af þeim sem skýrslu tekur eftir nánari ákvörðun hans. Skal ákvörðunin tilkynnt skýrslugjafa og öðrum sem viðstaddir eru skýrslutöku. Ef framburður er ekki hljóðritaður eða tekinn upp á annan hátt skal leitast við að skrá orðrétt eftir skýrslugjafa. Í lok skýrslutöku skal gefa skýrslugjafa tækifæri til að lesa það sem skráð hefur verið eftir honum. Vilji hann leiðrétta það sem þar kemur fram eða skýra það frekar ber að gefa honum kost á því, eftir atvikum með því að skrá niður athugasemdir hans, sbr. 1. mgr.

Að lokinni skýrslutöku ritar sá sem skýrslu tekur, skýrslugjafi og aðrir sem viðstaddir eru nöfn sín undir eyðublað skv. 1. mgr. Ef framburður skýrslugjafa hefur verið skráður ritar hann jafnframt nafn sitt undir þá skýrslu. Eyðublaðið ásamt framburði skýrslugjafa á að fylgja rannsóknarskýrslu lögreglu skv. 56. gr.

Nú hefur vitni gefið skýrslu hjá lögreglu án þess að nafn þess og önnur persónueinkenni komi þar fram, sbr. 3. mgr. 65. gr., og á þá ekki að greina þær upplýsingar á eyðublaði skv. 1. mgr. og þær eiga ekki heldur að koma fram á gögnum skv. 2. mgr., auk þess sem vitnið þarf ekki að rita nafn sitt skv. 3. mgr.

67. gr.

Dómsmálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um málaskrá lögreglu, um skýrslur sem teknar eru og varðveislu skriflegra skýrslna, hljóðritana, myndbanda og mynddiska með framburði skýrslugjafa.

IX. KAFLI
Hald á munum.

68. gr.

Leggja skal hald á muni, þar á meðal skjöl, ef ætla má að þeir ellegar hlutir eða upplýsingar sem þeir hafa að geyma hafi sönnunargildi í sakamáli, að þeirra hafi verið aflað á refsiverðan hátt eða að þeir kunni að verða gerðir upptækir. Óheimilt er að leggja hald á muni ef þeir hafa að geyma upplýsingar um það sem sakborningi og verjanda hans hefur farið á milli, svo og upplýsingar sem 2. mgr. 119. gr. tekur til.

Nú er þess kostur að tryggja sönnun í því skyni sem í 1. mgr. segir án þess að leggja þurfi hald á mun og skal þá þess í stað beina því til eiganda eða vörsluhafa munarins að veita aðgang að honum eða láta í té upplýsingar, sem hann hefur að geyma, svo sem með því að afhenda afrit af skjali eða annars konar upplýsingum.

69. gr.

Lögreglu er heimilt að leggja hald á muni án dómsúrskurðar, sbr. þó 2. mgr.

Nú eru munir í eigu eða vörslum annars manns en sakbornings og ekki er hætta á að þeir fari forgörðum eða þeim verði skotið undan og skal þá haldlagning ákveðin með úrskurði dómara nema fyrir liggi ótvírætt samþykki eiganda eða vörsluhafa.

Nú vill eigandi eða vörsluhafi munar, sem hald er lagt á, ekki hlíta þeirri ákvörðun og getur hann þá borið ágreiningsefnið undir dómara. Krafa um að aflétta haldi frestar því þó ekki.

70. gr.

Hald má leggja á bréf eða aðrar sendingar, sem eru í vörslum póst- eða flutningafyrirtækis, svo og á símskeyti, símbréf, tölvubréf eða aðrar sendingar, sem eru í vörslum fjarskiptafyrirtækis, enda sé það gert vegna rannsóknar út af broti sem varðað getur fangelsisrefsingu að lögum. Ef sendandi og viðtakandi hafa ekki verið staddir við haldlagningu skal hún tilkynnt þeim svo fljótt sem verða má, þó þannig að það skaði ekki frekari rannsókn málsins. Rannsókn á efni bréfa, skeyta eða sendinga, sem hald er lagt á samkvæmt þessari málsgrein, má einungis fara fram samkvæmt úrskurði dómara.

Hald verður ekki lagt á prentað mál til undirbúnings upptöku samkvæmt ákvæðum laga um prentrétt án undangengins dómsúrskurðar.

71. gr.

Skrá skal þá muni sem hald er lagt á og varðveita þá með tryggum hætti. Eftir kröfu eiganda eða þess sem lætur muni af hendi skal láta honum í té afrit af skránni.

72. gr.

Aflétta skal haldi þegar þess er ekki lengur þörf og í síðasta lagi þegar máli er endanlega lokið nema um sé að ræða:

a. muni sem gerðir hafa verið upptækir með dómi,
b. muni sem aflað hefur verið með refsiverðum hætti og afhentir hafa verið þeim sem tilkall eiga til þeirra,
c. muni sem lagðir hafa verið fram sem sönnunargögn í máli nema sá sem afhendingar krefst þurfi á gagni að halda til að ná rétti sínum eða afstýra réttindamissi.

Þegar haldi verður aflétt skv. 1. mgr. skal lögregla hlutast til um að skila munum til þess sem rétt á til þeirra.

X. KAFLI
Leit og líkamsrannsókn.

73. gr.

Í þágu rannsóknar er heimilt án dómsúrskurðar að loka húsum eða geymslustöðum, einstökum herbergjum eða hirslum, afgirða ákveðna staði eða svæði og varna mönnum för um þá eða þau, gefa út bann við því að farið sé með muni af ákveðnum stöðum eða svæðum og grípa til sambærilegra ráðstafana til þess að ekki verði hróflað við vettvangi brots og öðrum ummerkjum sem komið geta að notum við rannsóknina.

74. gr.

Heimilt er að leita í húsum sakbornings, geymslustöðum, hirslum, skipum, loftförum, bifreiðum eða öðrum farartækjum hans í því skyni að handtaka hann, rannsaka andlag brots og önnur ummerki eða hafa uppi á munum sem hald skal leggja á.

Leita má í húsum, geymslustöðum, hirslum eða farartækjum annars manns en sakbornings þegar brot hefur verið framið þar eða sakborningur handtekinn þar. Einnig ef rökstuddur grunur leikur á að sakborningur haldi sig þar eða þar sé að finna muni sem hald skal leggja á.

Skilyrði fyrir húsleit er að rökstuddur grunur leiki á að framið hafi verið brot sem sætt getur ákæru og að sakborningur hafi verið þar að verki, enda séu augljósir rannsóknarhagsmunir í húfi. Það er enn fremur skilyrði fyrir húsleit skv. 2. mgr. að rannsókn beinist að broti sem varðað getur fangelsisrefsingu að lögum.

75. gr.

Leit skv. 74. gr. skal ákveðin með úrskurði dómara nema fyrir liggi ótvírætt samþykki eiganda eða umráðamanns, sbr. þó 2. og 3. mgr.

Leit er þó heimil án dómsúrskurðar ef brýn hætta er á að bið eftir úrskurði valdi sakarspjöllum. Enn fremur ef leitað er að manni sem handtaka skal og honum er veitt eftirför eða hætta er á að hann komi sér undan ef beðið er úrskurðar.

Leit er heimil án dómsúrskurðar á víðavangi og í húsakynnum eða farartækjum, sem eru opin almenningi eða hver og einn getur átölulaust gengið um, þótt ekki sé fullnægt skilyrðum 74. gr.

Nú vill sá sem hagsmuna á að gæta ekki hlíta ákvörðun lögreglu um húsleit skv. 2. eða 3. mgr. og skal honum þá bent á að hann geti borið ágreiningsefnið undir dómara. Það frestar þó ekki húsleitinni.

76. gr.

Leita má á sakborningi ef nauðsynlegt þykir til að taka af honum muni sem hald skal leggja á, enda leiki rökstuddur grunur á að hann hafi framið brot sem varðað getur fangelsisrefsingu samkvæmt almennum hegningarlögum eða tveggja ára fangelsi samkvæmt öðrum lögum. Enn fremur má með sama skilorði leita á öðrum en sakborningi, enda leiki rökstuddur grunur á að hann hafi á sér muni sem hald skal leggja á.

Nú er talið að sakborningur feli innvortis muni eða efni sem hald skal leggja á og er þá heimilt að framkvæma leit, enda leiki rökstuddur grunur á að hann hafi framið brot sem varðað getur sex ára fangelsi að lögum. Enn fremur verður að liggja fyrir álit læknis um að óhætt sé að grípa til leitar samkvæmt þessari málsgrein með tilliti til heilsu sakborningsins.

Taka má fingraför af sakborningi og ljósmyndir af honum í þágu rannsóknar, svo og taka úr honum öndunarsýni í sama skyni. Samanburðarfingraför má taka af öllum þeim sem vegna umgengni sinnar um vettvang brots gætu átt þar fingraför. Sú heimild gildir jafnt þótt refsingu verði ekki við komið að lögum.

77. gr.

Heimilt er að taka blóð- og þvagsýni og önnur lífsýni úr sakborningi og rannsaka þau, svo og að framkvæma á honum aðra þá líkamsrannsókn í þágu rannsóknar sem gerð verður honum að meinalausu, enda leiki rökstuddur grunur á að hann hafi framið brot sem varðað getur fangelsisrefsingu að lögum. Enn fremur má taka lífsýni úr öðrum en sakborningi og rannsaka þau, enda varði brot að lögum tveggja ára fangelsi og fyrir liggi álit læknis um að óhætt sé

að grípa til slíkrar rannsóknar með tilliti til heilsu þess sem í hlut á.

Ef vafi leikur á hvort sakborningur sé sakhæfur eða refsing geti borið árangur vegna andlegs ástands hans er rétt að láta hann sæta sérstakri geðrannsókn til þess að leiða þessi atriði í ljós. Skilyrði fyrir geðrannsókn er að rökstuddur grunur leiki á að sakborningur hafi framið brot sem varðað getur fangelsisrefsingu að lögum.

78. gr.

Líkamsleit skv. 1. eða 2. mgr. 76. gr. skal ákveðin með úrskurði dómara nema fyrir liggi ótvírætt samþykki þess sem í hlut á. Þó er líkamsleit skv. 1. mgr. 76. gr. heimil án dómsúrskurðar ef brýn hætta er á að bið eftir úrskurði valdi sakarspjöllum.

Líkamsrannsókn eða geðrannsókn skv. 77. gr. skal ákveðin með úrskurði dómara nema fyrir liggi ótvírætt samþykki þess sem í hlut á.

79. gr.

Lögregla stýrir húsleit og framkvæmir líkamsleit samkvæmt ákvæðum þessa kafla. Líkamsleit skal gerð af lögreglumanni sem er sama kyns og sá sem leitað er á. Leit skv. 2. mgr. 76. gr. og læknisrannsókn, þar með talin geðrannsókn, skal framkvæmd af lækni eða öðrum sem hefur til þess tilskilda menntun.

Eiganda eða umráðamanni húsakynna eða farartækis, þar sem leit fer fram, skal kynnt heimild til húsleitar og veittur kostur á að vera viðstaddur hana ef unnt er. Sé hann fjarri skulu til kvaddir heimilismenn hans eða starfsmenn sem þar eru staddir. Hverjum þeim sem hindrar eða truflar leitina má víkja brott af leitarstað. Ef enginn er viðstaddur húsleit af hálfu eiganda eða umráðamanns skal lögregla tilkynna honum um leitina án ástæðulauss dráttar.

Við leit og líkamsrannsókn skal gæta þeirrar varfærni og hlífðar sem samræmist markmiði hennar. Ekki skal gera húsleit að næturþeli nema brýnir rannsóknarhagsmunir séu í húfi.

XI. KAFLI
Símahlustun og önnur sambærileg úrræði.

80. gr.

Með þeim skilyrðum sem greind eru í 1. mgr. 83. gr. og 1. mgr. 84. gr. er heimilt í þágu rannsóknar að leggja fyrir fjarskiptafyrirtæki að veita upplýsingar um símtöl eða önnur fjarskipti við tiltekinn síma, tölvu eða annars konar fjarskiptatæki.

81. gr.

Með þeim skilyrðum sem greind eru í 83. gr. og 1. mgr. 84. gr. er heimilt í þágu rannsóknar að leggja fyrir fjarskiptafyrirtæki að leyfa að hlustað sé á eða tekin séu upp símtöl eða önnur fjarskipti við tiltekinn síma, tölvu eða annars konar fjarskiptatæki ellegar við síma, tölvu eða annars konar fjarskiptatæki í eigu eða umráðum tilgreinds manns. Með sömu skilyrðum er heimilt að leyfa lögreglu að fylgjast með eða taka upp fjarskipti með þar til gerðum búnaði.

82. gr.

Með þeim skilyrðum sem greind eru í 83. gr. og 1. mgr. 84. gr. er heimilt í þágu rannsóknar:

a. að taka upp samtöl eða nema annars konar hljóð eða merki með því að nota til þess sérstaka hljóðupptökutækni eða sambærilega tækni án þess að þeir sem í hlut eiga viti af því,
b. að taka myndir af fólki, hvort sem er ljósmyndir eða kvikmyndir án þess að þeir sem í hlut eiga viti af því,
c. að koma fyrir búnaði á eða inni í bifreið eða öðru farartæki, í varningi eða á manni til að veita honum eftirför eða í öðrum lögmætum tilgangi, t.d. í veski, fatnaði eða handtösku hans.

Heimilt er að taka upp hljóð, taka myndir af fólki og fylgjast með því í þágu rannsóknar á almannafæri eða á stöðum sem almenningur á aðgang að án þess að skilyrðum 83. gr. og 1. mgr. 84. gr. sé fullnægt.

83. gr.

Skilyrði fyrir aðgerðum skv. 80.–82. gr. er að ástæða sé til að ætla að upplýsingar, sem skipt geta miklu fyrir rannsókn máls, fáist með þeim hætti.

Auk þess sem segir í 1. mgr. verða þau skilyrði að vera fyrir hendi svo að gripið verði til aðgerða skv. 81. gr. og 1. mgr. 82. gr. að rannsókn beinist að broti sem varðað getur að lögum átta ára fangelsi ellegar að ríkir almannahagsmunir eða einkahagsmunir krefjist þess.

84. gr.

Til þeirra aðgerða sem taldar eru upp í 80.–82. gr. þarf úrskurð dómara. Þó ber að veita upplýsingar skv. 80. gr. án dómsúrskurðar ef fyrir liggur ótvírætt samþykki umráðamanns og eiginlegs notanda síma, tölvu eða annars konar fjarskiptatækis.

Í úrskurði skal m.a. taka fram hvaða síma eða annað fjarskiptatæki er um að ræða eða hver eigandi eða umráðamaður fjarskiptatækis er, sbr. 80. og 81. gr., ellegar hvar og hvaða aðferð skuli viðhöfð til að taka upp hljóð, taka myndir, fylgjast með fólki eða koma fyrir eftirfarar-búnaði, sbr. 82. gr.

Í úrskurði skal heimild til aðgerðar markaður ákveðinn tími sem ekki má vera lengri en fjórar vikur hverju sinni.

Starfsmönnum fjarskiptafyrirtækja er skylt að veita lögreglu aðstoð við framkvæmd þeirra aðgerða sem taldar eru upp í 80. og 81. gr. eftir því sem þörf krefur.

85. gr.

Upptökum af símtölum, hljóðupptökum, myndum eða öðrum upplýsingum, sem aflað er á þann hátt er greinir í 80.–82. gr., skal eyða jafnskjótt og þeirra er ekki lengur þörf, enda hafi þær ekki verið lagðar fyrir dóm. Sama gildir um afrit eða endurrit af þessum upplýsingum. Ef framangreind gögn hafa að geyma samtöl eða önnur samskipti sakbornings við verjanda sinn, svo og upplýsingar sem 2. mgr. 119. gr. tekur til, skal eyða þeim þegar í stað.

Þegar aðgerð skv. 80.–82. gr. er lokið skal lögreglustjóri sjá um að þeim sem aðgerð beindist að, svo og eiganda eða umráðamanni fjarskiptatækis, húsnæðis eða farartækis, sé tilkynnt um aðgerðina svo fljótt sem verða má, þó þannig að það skaði ekki frekari rannsókn málsins. Skal héraðssaksóknari fylgjast sérstaklega með því að lögreglustjórar sinni þessari skyldu sinni.

XII. KAFLI
Ýmsar rannsóknaraðgerðir.

86. gr.

Í þágu rannsóknar leitar lögregla til sérfróðra manna þegar þörf er á sérfræðilegri skoðun eða rannsókn til að upplýsa mál, svo sem læknisskoðun, efnafræðilegri rannsókn, rithandarrannsókn eða bókhaldsrannsókn. Ef ástæða er til getur lögregla eða ákærandi farið fram á að dómkvaddur verði matsmaður skv. 128. gr.

Þóknun fyrir rannsókn eða skoðun skv. 1. mgr. skal ákveðin af lögreglustjóra eða löglærðum starfsmanni hans.

87. gr.

Réttarlæknisfræðileg líkskoðun skal fara fram þegar lögregla telur það nauðsynlegt í þágu rannsóknar. Einnig skal framkvæma réttarkrufningu, ef nauðsyn þykir, og skal leita úrskurðar dómara um krufningu nema nánasti venslamaður eða nánustu venslamenn hins látna samþykki að hún fari fram.

88. gr.

Til tryggingar greiðslu sektar, sakarkostnaðar og upptöku ávinnings, sem aflað hefur verið með broti, getur lögregla krafist kyrrsetningar hjá sakborningi ef hætta þykir á að eignum verði ella skotið undan eða þær glatist eða rýrni að mun.

Um framkvæmd og gildi kyrrsetningar samkvæmt þessari grein fer sem um kyrrsetningu fjármuna almennt, með þeim undantekningum að tryggingu þarf ekki að setja, mál þarf ekki að höfða til staðfestingar kyrrsetningu og gjöld skal ekki greiða fyrir ráðstafanirnar.

Kyrrsetning samkvæmt þessari grein fellur niður ef ákæruði hefur verið sýknaður með endanlegum dómi af greiðslu sektar og sakarkostnaðar eða upptaka ávinnings hefur ekki verið dæmd. Sama á við ef saksókn hefur verið felld niður eða rannsókn leiðir ekki til saksóknar. Sakborningur á þá heimtingu á að felldar verði úr gildi þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið til tryggingar kyrrsetningunni. Kyrrsetning fellur á sama hátt niður ef sakborningur innir af hendi þær greiðslur sem kyrrsetning á að tryggja.

89. gr.

Að tillögu ríkissaksóknara er dómsmálaráðherra heimilt að setja reglur um sérstakar aðferðir og aðgerðir lögreglu við rannsókn sakamála sem ekki er kveðið á um í lögum þessum, svo sem um notkun tálbeita, uppljóstrara og flugumanna, afhendingu undir eftirliti og skyggingu. Í reglunum skal m.a. koma fram hvaða skilyrði þurfa að vera fyrir hendi til þess að gripið verði til tiltekinnar aðferðar eða aðgerðar, hverjir séu bærir til að taka ákvörðun um hana og hvernig staðið skuli að framkvæmd hennar.

XIII. KAFLI
Handtaka.

90. gr.

Lögreglu er rétt að handtaka mann ef rökstuddur grunur leikur á að hann hafi framið brot sem sætt getur ákæru, enda sé handtaka nauðsynleg til að koma í veg fyrir áframhaldandi brot, til að tryggja návist hans eða öryggi hans eða annarra ellegar til að koma í veg fyrir að hann spilli sönnunargögnum.

Nú verður uppþot eða fjölmennar óeirðir brjótast út sem hafa haft eða gætu haft í för með sér líkamsmeiðingar eða stórfelld eignaspjöll og ekki verður með vissu bent á hinn seka eða hina seku og er þá lögreglu heimilt að handtaka hvern þann sem nærstaddur er og ástæða er til að gruna um refsiverða háttsemi.

Auk þess sem kveðið er á um í öðrum lögum er lögreglu enn fremur heimilt að handtaka mann:

a. ef hann neitar að segja til nafns og deili á sér að öðru leyti, enda sé það nauðsynlegt í þágu rannsóknar,
b. ef hann hefur verið kvaddur til að gefa skýrslu hjá lögreglu sem sakborningur en ekki sinnt kvaðningu,
c. ef hann hefur ekki að forfallalausu sinnt fyrirkalli eða mætt til að gefa skýrslu í sakamáli,
d. ef hann hefur leyfislaust horfið úr gæsluvarðhaldi eða rofið bann skv. 1. mgr. 100. gr.

91. gr.

Hver sá sem stendur mann að broti sem sætt getur ákæru og varðað getur fangelsi hefur heimild til að handtaka hann. Í því tilviki skal koma hinum handtekna í hendur lögreglu tafarlaust ásamt upplýsingum um ástæðu handtökunnar og hvenær hún fór fram.

92. gr.

Dómari getur fyrirskipað handtöku eftir kröfu héraðssaksóknara eða lögreglu ef skilyrði 1. eða 3. mgr. 90. gr. eru fyrir hendi. Slík handtökuskipun skal vera skrifleg og tilgreina deili á þeim sem handtaka skal og ástæður handtöku.

Handtökuskipun dómara má birta opinberlega og skora á hvern sem er að framkvæma hana ef ókunnugt er um dvalarstað þess sem handtaka skal og brot getur varðað fangelsi.

93. gr.

Við handtöku skal upplýsa þann sem handtekinn er um ástæður hennar.

Við handtöku skal forðast að valda hinum handtekna tjóni eða baka honum meiri óþægindi en nauðsyn ber til. Þess ber jafnframt að gæta eftir föngum að hann geti ekki unnið tjón á sjálfum sér eða öðrum.

Leita má á handteknum manni og taka af honum muni sem hann hefur á sér. Skila skal munum aftur þegar handtöku lýkur nema hald hafi verið lagt á þá skv. 1. mgr. 68. gr.

Dómsmálaráðherra setur í reglugerð ákvæði um vistun á handteknum mönnum, þar á meðal hvaða atriði skuli skrá sem hana varða.

94. gr.

Mann sem handtekinn hefur verið skal leiða fyrir dóm innan 24 klukkustunda frá því að hann var sviptur frelsi, enda sé hann ekki látinn laus ellegar færður aftur í gæslu sem hann á að sæta. Ef veður, ófærð eða aðrar þvílíkar ástæður koma í veg fyrir að handtekinn maður verði leiddur fyrir dóm samkvæmt framansögðu skal það gert jafnskjótt og kostur er. Sama á við ef ekki er unnt að taka skýrslu af handteknum manni fljótlega eftir að hann hefur verið sviptur frelsi vegna þess að hann er undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna. Þó má aldrei draga lengur en í 30 klukkustundir að leiða hann fyrir dómara af þeirri ástæðu.

XIV. KAFLI
Gæsluvarðhald og aðrar sambærilegar ráðstafanir.

95. gr.

Sakborningur verður því aðeins úrskurðaður í gæsluvarðhald að fram sé kominn rökstuddur grunur um að hann hafi gerst sekur um háttsemi sem fangelsisrefsing er lögð við, enda hafi hann náð 15 ára aldri. Auk þess verður að vera fyrir hendi eitthvert eftirtalinna skilyrða:

a. að ætla megi að sakborningur muni torvelda rannsókn málsins, svo sem með því að afmá merki eftir brot, skjóta undan munum ellegar hafa áhrif á samseka eða vitni,
b. að ætla megi að hann muni reyna að komast úr landi eða leynast ellegar koma sér með öðrum hætti undan málsókn eða fullnustu refsingar,
c. að ætla megi að hann muni halda áfram brotum meðan máli hans er ekki lokið eða rökstuddur grunur leiki á að hann hafi rofið í verulegum atriðum skilyrði sem honum hafa verið sett í skilorðsbundnum dómi,
d. að telja megi gæsluvarðhald nauðsynlegt til að verja aðra fyrir árásum sakbornings ellegar hann sjálfan fyrir árásum eða áhrifum annarra manna.

Einnig má úrskurða sakborning í gæsluvarðhald þótt skilyrði a–d-liðar 1. mgr. séu ekki fyrir hendi ef sterkur grunur leikur á að hann hafi framið afbrot sem að lögum getur varðað 10 ára fangelsi, enda sé brotið þess eðlis að ætla megi varðhald nauðsynlegt með tilliti til almannahagsmuna.

Ekki er heimilt að úrskurða sakborning í gæsluvarðhald ef sýnt þykir að brot, sem hann er sakaður um, muni aðeins hafa í för með sér sektir eða skilorðsbundna fangelsisrefsingu miðað við aðstæður. Enn fremur skal eftir föngum gæta þess að sakborningur verði ekki látinn sæta gæsluvarðhaldi lengur en sýnt þykir að fangelsisrefsing verði dæmd.

Ekki er heimilt að úrskurða sakborning til að sæta gæsluvarðhaldi lengur en í tólf vikur nema mál hafi verið höfðað gegn honum eða brýnir rannsóknarhagsmunir krefjist þess, sbr. a-lið 1. mgr.

Ekki má úrskurða sakborning yngri en 18 ára í gæsluvarðhald nema telja megi víst að önnur úrræði sem vísað er til í 1. mgr. 100. gr. eða mælt er fyrir um í barnaverndarlögum geti ekki komið í stað þess.

96. gr.

Alþingismann má ekki úrskurða í gæsluvarðhald meðan Alþingi er að störfum án samþykkis þingsins nema hann sé staðinn að glæp.

97. gr.

Gæsluvarðhald skal ákveðið með úrskurði dómara, þar sem því skal markaður ákveðinn tími sem má ekki vera lengri en fjórar vikur í senn, enda setji ákvæði 4. mgr. 95. gr. því ekki enn þrengri tímamörk. Gæsluvarðhald verður ekki framlengt nema til komi nýr dómsúrskurður. Því má þó marka lengri tíma en fjórar vikur þegar svo stendur á sem í 3. mgr. segir.

Gæsluvarðhald skal ekki vara lengur en þörf krefur. Skal sá sem krafist hefur gæsluvarðhalds láta sakborning lausan jafnskjótt og ástæður til gæslu eru ekki lengur fyrir hendi.

Gæsluvarðhaldi lýkur þegar héraðsdómur hefur verið kveðinn upp í málinu. Eftir kröfu ákæranda getur dómari þó úrskurðað að gæsluvarðhald skuli haldast meðan á áfrýjunarfresti skv. 199. gr. stendur, svo og meðan mál er til meðferðar fyrir Hæstarétti uns dómur er þar upp kveðinn.

98. gr.

Dómari skal að jafnaði leggja úrskurð á kröfu um gæsluvarðhald svo fljótt sem verða má. Ávallt er skylt að kveða upp úrskurð innan 24 klukkustunda frá þeim tíma að sakborningur, sem handtekinn hefur verið, kom fyrir dóm, sbr. 94. gr.

Nú er þess krafist að sakborningur skuli sæta einangrun í gæsluvarðhaldi skv. b-lið 1. mgr. 99. gr. og á dómari þá að taka afstöðu til þeirrar kröfu í úrskurði. Ekki má úrskurða sakborning til að sæta einangrun nema hún sé nauðsynleg af þeim ástæðum sem greindar eru í a- eða d-lið 1. mgr. 95. gr. Hún má ekki standa samfleytt lengur en í fjórar vikur nema sá sem henni sætir sé sakaður um brot sem varðað getur að lögum 10 ára fangelsi. Enn fremur tekur dómari í úrskurði afstöðu til kröfu um hver tilhögun gæsluvarðhaldsvistar skuli vera að öðru leyti, sbr. 3. mgr. 99. gr.

99. gr.

Gæsluvarðhaldsfangar skulu sæta þeirri meðferð sem nauðsynleg er til þess að gæslan komi að gagni og góð regla haldist í henni en varast skal að beita þá hörku eða harðýðgi. Um gæsluna gilda annars þessar reglur:

a. gæsluföngum er heimilt að útvega sér sjálfir og taka við fæði og öðrum persónulegum nauðsynjum, þar á meðal fatnaði,
b. gæslufangar skulu aðeins látnir vera í einrúmi samkvæmt úrskurði dómara en þó skulu þeir ekki gegn vilja sínum hafðir með öðrum föngum,
c. gæslufangar eiga rétt á heimsóknum. Þó getur sá sem rannsókn stýrir bannað heimsóknir ef nauðsyn ber til í þágu hennar en skylt er að verða við óskum gæslufanga um að hafa samband við verjanda og ræða við hann einslega, sbr. 1. mgr. 36. gr., og rétt að verða við óskum hans um að hafa samband við lækni eða prest, ef þess er kostur,
d. gæslufangar mega nota síma eða önnur fjarskiptatæki og senda og taka við bréfum og öðrum skjölum. Þó getur sá sem rannsókn stýrir bannað notkun síma eða annarra fjarskiptatækja og látið athuga efni bréfa eða annarra skjala og kyrrsett þau ef nauðsyn ber til í þágu hennar en gera skal sendanda viðvart um kyrrsetningu, ef því er að skipta,
e. gæslufangar mega lesa dagblöð og bækur, svo og fylgjast með hljóðvarpi og sjónvarpi. Þó getur sá sem rannsókn stýrir takmarkað aðgang gæslufanga að fjölmiðlum ef nauðsyn ber til í þágu rannsóknar,
f. gæsluföngum er, eftir því sem unnt er, heimilt að útvega sér vinnu meðan á gæsluvarðhaldi stendur.

Þrátt fyrir ákvæði d-liðar 1. mgr. má gæsluvarðhaldsfangi taka við og senda bréf til dómstóla, dómsmálaráðherra, umboðsmanns Alþingis og verjanda síns án þess að efni þeirra sé athugað.

Að kröfu sakbornings, sem sætir gæsluvarðhaldi, má ákveða í dómsúrskurði að óheimilt sé að skerða réttindi þau sem honum eru áskilin sem gæsluvarðhaldsfanga í c–e-liðum 1. mgr.

Dómsmálaráðherra skal setja nánari reglur um tilhögun gæsluvarðhaldsvistar í reglugerð, þar á meðal um nánari framkvæmd þeirra atriða sem í 1. og 2. mgr. getur.

Gæsluvarðhaldsfanga er heimilt að bera atriði sem varða gæsluvarðhaldsvist undir dómara skv. 102. gr.

100. gr.

Nú eru skilyrði gæsluvarðhalds skv. 1. eða 2. mgr. 95. gr. fyrir hendi og getur dómari þá, í stað þess að úrskurða sakborning í gæsluvarðhald, mælt fyrir um vistun hans á sjúkrahúsi eða viðeigandi stofnun, bannað honum brottför af landinu ellegar lagt fyrir hann að halda sig á ákveðnum stað eða innan ákveðins svæðis. Sé þess krafist getur dómari sett það skilyrði fyrir ráðstöfun að sakborningur hafi á sér búnað svo að unnt sé að fylgjast með ferðum hans.

Dómari skal mæla fyrir um ráðstöfun skv. 1. mgr. í úrskurði og skal hún ekki vara lengur en þörf krefur. Ber þeim sem krafist hefur gæsluvarðhalds eða ráðstöfunar að aflétta henni jafnskjótt og hennar er ekki lengur þörf. Ráðstöfun lýkur í síðasta lagi þegar héraðsdómur hefur verið kveðinn upp í málinu. Eftir kröfu ákæranda getur dómari þó úrskurðað að hún skuli haldast meðan á áfrýjunarfresti skv. 199. gr. stendur, svo og meðan mál er til meðferðar fyrir Hæstarétti uns dómur er þar upp kveðinn.

Lögregla getur lagt fyrir sakborning sem sætir farbanni eða annarri ráðstöfun skv. 1. mgr. að tilkynna henni um verustað sinn eða gefa sig fram við hana á ákveðnum tímum. Lögregla getur enn fremur lagt fyrir sakborning sem sætir farbanni að afhenda henni vegabréf sitt til varðveislu.

Sakborningi er heimilt að bera atriði sem varða framkvæmd farbanns og annarra ráðstafana skv. 1. mgr. undir dómara skv. 102. gr.

101. gr.

Nú eru skilyrði gæsluvarðhalds skv. b-lið 1. mgr. 95. gr. fyrir hendi og getur dómari þá ákveðið að sakborningur haldi frelsi sínu gegn því að hann setji tryggingu. Skal trygging vera í formi reiðufjár, verðbréfa eða ábyrgðar, eftir nánari ákvörðun dómara.

Dómari skal mæla fyrir um tryggingu í úrskurði þar sem kveða skal á um fjárhæð hennar. Ákærandi eða lögregla annast vörslur verðmæta, sem sett eru að tryggingu, og gerir nauðsynlegar ráðstafanir til verndar henni.

Tryggingarfé skal vera fyrirgert til ríkissjóðs ef sakborningur rýfur skilyrði þau sem trygging er sett fyrir. Að öðrum kosti fellur tryggingin í síðasta lagi niður þegar máli er endanlega lokið eða, ef ákæruði hefur verið sakfelldur og dæmdur í óskilorðsbundið fangelsi, þegar afplánun er hafin. Sama á við ef sakaður maður verður allt að einu settur í gæsluvarðhald.

XV. KAFLI
Meðferð rannsóknarmála fyrir dómi.

102. gr.

Eftir ákvæðum þessa kafla má leggja fyrir héraðsdóm kröfu um aðgerð á rannsóknarstigi sem atbeina dómara þarf til eftir öðrum ákvæðum laga þessara, þar á meðal kröfu um að skýrsla verði tekin af sakborningi, brotaþola eða öðru vitni fyrir dómi skv. 59. gr.

Auk þess sem í 1. mgr. segir má leggja fyrir héraðsdóm ágreining um lögmæti rannsóknarathafna lögreglu eða ákæranda. Enn fremur ágreining um réttindi sakbornings, verjanda hans eða lögmanns, þar á meðal kröfu þeirra um tilteknar rannsóknaraðgerðir, ellegar réttindi brotaþola, réttargæslumanns hans eða lögmanns.

103. gr.

Þegar lögreglustjóri eða ákærandi telur þörf á atbeina dómara til aðgerðar skv. 1. mgr. 102. gr. leggur hann skriflega og rökstudda kröfu um hana fyrir héraðsdóm. Eftir því sem við á skal koma þar skýrlega fram hver krafan er, að hverjum hún beinist og á hvaða grunni hún

er reist. Kröfunni skulu fylgja þau gögn sem hún styðst við. Þess skal jafnframt getið hvort sá sem hana gerir krefjist þess að hún sæti meðferð fyrir dómi án þess að sakborningur eða annar sá sem hún beinist að verði kvaddur á dómþing, sbr. 1. mgr. 104. gr.

Þegar lögreglustjóri, ákærandi, sakborningur, verjandi eða lögmaður hans ellegar annar sá sem hagsmuna hefur að gæta ber undir héraðsdóm ágreiningsatriði í tengslum við rannsókn máls skv. 2. mgr. 102. gr. skal það gert á sama hátt og áður greinir með skriflegri og rökstuddri kröfu. Geri lögreglustjóri eða ákærandi slíka kröfu eiga gögn um ágreiningsefnið að fylgja henni en ella skal dómari krefja lögreglu eða ákæranda sem hlut á að máli um slík gögn.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. er þeim sem beinir kröfu til héraðsdóms heimilt að breyta henni munnlega á dómþingi, enda hafi tilefni ekki gefist til þess fyrr og fyrirliggjandi gögn og upplýsingar nægi annars að mati dómara til þess að afstöðu megi taka til kröfunnar í breyttri mynd.

104. gr.

Nú er krafa gerð um rannsóknaraðgerð sem 1. mgr. 102. gr. tekur til og þess er þar beiðst að hún hljóti meðferð fyrir dómi án þess að sakborningur eða annar sá sem hún beinist að verði kvaddur á dómþing og skal þá dómari taka ákvörðun um hvort orðið skuli við þeirri beiðni. Það skal að jafnaði ekki gert nema dómari telji það nægilega rökstutt að vitneskja um aðgerðina fyrir fram hjá sakborningi eða þeim sem hún á að beinast að geti spillt fyrir rannsókn. Fallist dómari á að taka kröfuna fyrir á dómþingi án þess að kveðja þangað sakborning eða þann sem hún beinist að tilkynnir hann þeim sem kröfuna gerir um stað og stund til þinghalds sem háð skal svo fljótt sem verða má.

Verði ekki farið með kröfu skv. 102. gr. á þann hátt sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar ákveður dómari stað og stund til þinghalds og tilkynnir það þeim sem kröfuna gerði, svo og eftir atvikum lögreglustjóra eða ákæranda, sakborningi eða verjanda ellegar þeim öðrum sem kröfu er beint að, nema dómari telji slíka annmarka á kröfunni að vísa beri henni þegar frá dómi með úrskurði. Ef tilkynning um þinghald er skrifleg skal henni að jafnaði fylgja afrit af kröfu sem þar á að taka fyrir. Heimilt er dómara að fela lögreglu eða ákæranda að koma á framfæri tilkynningu um þinghald.

Ef sá sem kröfu gerir mætir ekki í þinghaldi skal fella málið niður en úrskurða má sakborningi eða öðrum sem sótt hefur þinghaldið ómaksbætur úr hendi hans.

105. gr.

Þegar krafa er tekin fyrir á dómþingi gefur dómari þeim sem hana hefur gert kost á að gera fyrst grein fyrir henni munnlega. Ef sakborningur eða sá sem kröfu er beint að hefur verið kvaddur fyrir dóm og sótt er þing af hans hálfu skulu honum kynnt fram komin gögn með þeim takmörkunum sem kann að leiða af 1. mgr. 37. gr. og síðan gefinn kostur á að tjá sig um kröfuna. Frestur skal að jafnaði ekki veittur í máli til annars þinghalds nema sá sem kröfu gerir samþykki það eða dómari fallist á að það horfi honum ekki til réttarspjalla.

Sé þess krafist í þinghaldi skv. 1. mgr. að kröfu verði vísað frá dómi skal dómari taka afstöðu til þess eftir að hafa hlýtt á röksemdir aðila. Telji hann að ekki séu efni til að vísa kröfunni frá dómi færir hann ákvörðun sína um það í þingbók en ella tekur hann kröfuna til greina með úrskurði.

106. gr.

Nú lýtur krafa sem til meðferðar er fyrir dómi að því að tekin verði skýrsla af sakborningi eða vitni og gætir dómari þá að því hvort fullnægt sé til þess ákvæðum 59. gr. Ef taka á skýrslu af sakborningi skal hann færður fyrir dóm af lögreglu hafi hann verið handtekinn eða sæti hann gæsluvarðhaldi, en ella gilda ákvæði 1. og 2. mgr. 120. gr. um boðun skýrslugjafa og eftir atvikum kvaðningu hans á dómþing, svo og 121. gr. um viðbrögð við því ef hann mætir ekki eða vitni fullnægir annars ekki vitnaskyldu sinni.

Við meðferð kröfu um gæsluvarðhald eða aðrar ráðstafanir skv. XIV. kafla er sakborningi skylt að mæta fyrir dóm og gefa þar skýrslu ef lögregla eða ákærandi telur þess þörf.

Eftir því sem ástæða er til getur aðili annars krafist þess að munnlegar skýrslur verði teknar fyrir dómi við meðferð máls samkvæmt þessum kafla. Dómari tekur afstöðu til slíkrar kröfu að gættu ákvæði 3. mgr. 110. gr.

Um skýrslutöku af sakborningi og vitnum fyrir dómi skal farið eftir ákvæðum XVII. og XVIII. kafla. Eftir því sem kostur er skal skýrsla skv. 1. mgr. tekin upp á myndband eða mynddisk.

107. gr.

Ef krafa skv. 102. gr. lýtur að öðru en því að skýrsla verði tekin munnlega á dómþingi tekur dómari afstöðu til hennar eftir að hafa hlýtt á röksemdir aðila fyrir henni. Skal það gert með úrskurði ef um málefni er að tefla sem lokið skal á þann hátt eftir öðrum ákvæðum laga þessara eða ágreiningur er um atriði sem kæra má úrlausn um til Hæstaréttar. Að öðrum kosti lýkur dómari málinu með ákvörðun eða annarri ráðstöfun sem færð skal í þingbók.

3. ÞÁTTUR
Sönnun og sönnunargögn.

XVI. KAFLI
Almennar reglur um sönnun.

108. gr.

Sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik, sem telja má honum í óhag, hvílir á ákæruvaldinu.

109. gr.

Dómari metur hverju sinni hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefengd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert það atriði sem varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti, þar á meðal hvaða sönnunargildi skýrslur ákærða hafi, vitnisburður, mats- og skoðunargerðir, skjöl og önnur sýnileg sönnunargögn.

Dómari metur það enn fremur ef þörf krefur hvert sönnunargildi þær staðhæfingar hafa sem varða ekki beinlínis það atriði sem sanna skal en ályktanir má leiða af um það.

Ekki þarf að sanna það sem er alkunnugt á þeim stað og tíma sem dómur eða úrskurður gengur.

110. gr.

Ákærandi aflar sönnunargagna en ákærði getur einnig aflað sönnunargagna telji hann ástæðu til þess.

Eftir því sem dómari telur nauðsynlegt til að upplýsa mál eða skýra það er honum rétt að beina því til ákæranda að afla gagna um tiltekin atriði þess.

Ef dómari telur bersýnilegt að atriði, sem aðili vill sanna, skipti ekki máli eða að gagn sé tilgangslaust til sönnunar getur hann meinað aðila um sönnunarfærslu.

111. gr.

Dómur skal reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi.

Dómara er heimilt að taka til greina sem sönnunargögn skýrslur sem ákærði, brotaþoli eða önnur vitni hafa gefið fyrir dómi áður en mál var höfðað skv. 59. og 106. gr. Þó skulu skýrslugjafar koma á ný fyrir dóm við málsmeðferð ef þess er kostur og annar hvor málsaðili krefst eða dómari telur annars ástæðu til. Ef um er að ræða brot á XXII. kafla almennra hegningarlaga og brotaþoli hefur ekki náð 15 ára aldri skal hann þó ekki koma fyrir dóm að nýju nema dómari telji sérstaka ástæðu til.

Nú hefur vitni ekki komið fyrir dóm og þess er ekki kostur við meðferð máls, en skýrsla hefur verið gefin hjá lögreglu eða öðrum stjórnvöldum meðan málið var til rannsóknar, og metur dómari þá hvort slík skýrsla hafi sönnunargildi og hvert það sé.

112. gr.

Öflun sönnunargagna skal að jafnaði fara fram fyrir þeim dómara sem fer með málið og kveður upp dóm í því. Ef þessu verður ekki komið við nema með verulegum kostnaði eða óhagræði getur dómari ákveðið að gagnaöflun megi fara fram fyrir öðrum dómi samkvæmt ákvæðum XXI. kafla, enda leiði það ekki til óþarfra tafa á rekstri máls.

Nú er skýrsla tekin fyrir dómi af sakborningi, brotaþola eða vitni áður en mál er höfðað skv. 1. mgr. 59. gr. og skal það gert, ef því verður við komið, fyrir þeim dómara sem mun síðar fara með málið og kveða upp dóm í því ef til þess kemur, eftir atvikum sem dómsformaður.

XVII. KAFLI
Skýrslugjöf ákærða fyrir dómi.

113. gr.

Ákærða er jafnan rétt og skylt að koma fyrir dóm til skýrslugjafar eftir að mál hefur verið höfðað gegn honum. Sakborningi er enn fremur rétt og skylt að koma fyrir dóm til skýrslugjafar meðan á rannsókn stendur ef tilefni gefst, sbr. b-lið 1. mgr. 59. og 2. mgr. 106. gr.

Ákærða er óskylt að svara spurningum varðandi refsiverða hegðun sem honum er gefin að sök. Hann getur ýmist neitað að gefa skýrslu um sakarefnið eða neitað að svara einstökum spurningum þar að lútandi.

Nú mætir ákærði ekki til skýrslutöku án þess að um lögmæt forföll sé að ræða og getur þá ákærandi lagt fyrir lögreglu að sækja hann eða færa hann síðar fyrir dóm með valdi ef þörf krefur. Lögreglu er skylt að verða við slíkum fyrirmælum ákæranda.

Sem ákærði eftir ákvæðum þessa kafla skoðast fyrirsvarsmaður sem kemur fram fyrir hans hönd.

114. gr.

Þegar ákærði kemur fyrir dóm lætur dómari hann fyrst gera grein fyrir nafni sínu, kennitölu og heimili. Síðan gerir dómari honum grein fyrir því að honum sé óskylt að svara spurningum varðandi refsiverða hegðun sem honum er gefin að sök, sbr. 2. mgr. 113. gr., en kjósi hann að gera það beri honum að skýra satt og rétt frá. Að svo búnu býður dómari ákærða að

tjá sig sjálfstætt um málsatvik og gefur síðan ákæranda og svo verjanda kost á að leggja spurningar fyrir ákærða.

Á meðan ákæruði gefur skýrslu skulu vitni í sama máli ekki hlýða á framburðinn. Dómari getur enn fremur ákveðið að það sama gildi um aðra ákærðu ef ástæða þykir til.

Þegar ákæruði gefur skýrslu fer að öðru leyti um framkvæmd skýrslugjafar eftir ákvæðum 2. og 3. mgr. 122. gr. eftir því sem við getur átt.

115. gr.

Dómari metur sönnunargildi framburðar ákærða, þar á meðal trúverðugleika hans, við úrlausn máls. Í því sambandi skal meðal annars hugað að ástandi og hegðun ákærða við skýrslugjöf og stöðugleika í frásögn hans.

XVIII. KAFLI
Vitni.

116. gr.

Hverjum manni, sem er orðinn 15 ára, lýtur íslenskri lögsögu og er ekki ákæruði eða fyrirsvarsmaður hans, er skylt að koma fyrir dóm sem vitni til að svara munnlega spurningum sem er beint til hans um málsatvik. Þeim sem veitt hefur ákæruvaldi eða lögreglu sérfræðilega aðstoð eða ráðgjöf áður en mál er höfðað er enn fremur skylt að koma fyrir dóm sem vitni til að svara munnlega spurningum sem beint er til hans um sérfræðileg atriði.

Dómari metur með hliðsjón af atvikum hverju sinni hvort yngri manni en getur í 1. mgr. verði gert skylt að gefa skýrslu sem vitni. Sama hátt hefur dómari á um menn sem eru andlega vanheilir.

Ef vitni kemst ekki á þingstað vegna veikinda eða svipaðra ástæðna má dómari ákveða að það gefi skýrslu á öðrum stað þar sem þess er kostur.

Nú er vitni statt fjarri þingstað eða það hefði annars sérstakt óhagræði af því að koma fyrir dóm og getur þá dómari ákveðið að skýrsla verði tekin af því á dómþingi gegnum síma eða annað fjarskiptatæki, enda verði skýrslutöku hagað þannig að allir sem eru staddir á dómþingi heyri orðaskipti við vitnið. Þessari heimild verður þó ekki beitt ef ætla má að úrslit máls geti ráðist af framburði vitnisins.

Dómari getur lagt fyrir vitni í kvaðningu skv. 2. mgr. 120. gr. að hafa með sér gögn til sýningar fyrir dómi eða að athuga bækur sínar, skjöl og aðra muni og gera útdrátt úr tilteknum atriðum í þeim til skýringar á málsatvikum. Þetta á þó ekki við ef gögnin eða munirnir hafa að geyma upplýsingar sem 2. mgr. 119. gr. tekur til.

117. gr.

Eftirtaldir geta skorast undan því að gefa vitnaskýrslu að öllu leyti eða einhverju:

a. sá sem er eða hefur verið maki ákærða,
b. skyldmenni ákærða í beinan legg, systkin hans og þeir sem tengjast honum þannig vegna ættleiðingar,
c. stjúpforeldri ákærða og stjúpbarn,
d. tengdaforeldri ákærða og tengdabarn.

Dómari getur leyst aðra sem eru eða hafa verið nákomnir ákærða undan vitnaskyldu ef honum virðist samband þeirra mjög náið, svo sem ef um er að ræða fósturforeldri eða fósturbarn, sambúðarkonu eða sambúðarmann, unnustu eða unnusta.

Verjanda er óheimilt að bera vitni í máli skjólstæðings síns án leyfis hans.

Embættis- og sýslunarmönnum er óskylt að koma fyrir dóm til að vitna um atvik sem hafa gerst í embætti þeirra eða sýslan og má leiða nægilega í ljós með vottorði úr embættisbók eða öðru opinberu skjali.

118. gr.

Vitni er rétt að skorast undan því að svara spurningu ef ætla má að í svari þess geti falist játning eða bending um að það hafi framið refsiverðan verknað eða atriði sem valdi því siðferðislegum hnekki eða tilfinnanlegu fjárhagstjóni. Það sama á við ef ætla má að svar hefði sömu afleiðingar fyrir einhvern þann sem tengist vitni með þeim hætti sem segir í 1. eða 2. mgr. 117. gr.

Dómari getur undanþegið vitni frá því að upplýsa um leyndarmál varðandi viðskipti þess, uppgötvanir eða önnur slík verk ef hann telur hagsmuni vitnis af leyndinni verulega ríkari en hagsmuni af vættinu.

119. gr.

Án leyfis hlutaðeigandi ráðherra er vitni óheimilt að svara spurningum um leynilegar ráðagerðir, ályktanir eða samninga handhafa ríkisvalds um málefni sem varða öryggi, réttindi eða heill ríkisins eða skipta mjög miklu fyrir viðskipti eða fjárhag þjóðarinnar.

Vitni er óheimilt án leyfis þess sem í hlut á að svara spurningum um:

a. hver sé höfundur eða heimildarmaður að riti, grein, frásögn eða tilkynningu sem hefur birst án þess að hann væri nafngreindur, ef vitnið ber ábyrgð að lögum á efni prentaðs rits eða öðru efni sem birtist opinberlega eða það hefur öðlast vitneskju um höfund eða heimildarmann í starfi hjá ábyrgðarmanni,
b. einkahagi manns sem því hefur verið trúað fyrir í starfi sem endurskoðandi, félagsráðgjafi, lögmaður, læknir, prestur, forstöðumaður trúfélags eða sálfræðingur ellegar í öðru starfi sem viðlíka trúnaðarskylda fylgir,
c. atriði sem það hefur komist að í opinberu starfi og á að fara leynt,
d. leyndarmál um viðskipti, uppgötvanir eða önnur slík verk sem það hefur komist að í starfi.

Nú telur dómari að vitnisburður geti ráðið úrslitum um niðurstöðu máls og getur hann þá þrátt fyrir fyrirmæli 1. og 2. mgr. ákveðið að vitni skuli svara spurningum um tiltekin atriði, enda séu ríkari hagsmunir af því að spurningunum verði svarað en trúnaði haldið. Þetta á þó ekki við um það sem ákærði hefur trúað verjanda sínum, presti eða forstöðumanni trúfélags fyrir um málsatvik.

Ef dómari telur óvíst hvort skilyrðum 3. mgr. sé fullnægt getur hann lagt fyrir vitni að tjá sér fyrst í trúnaði hvers efnis svar þess yrði.

120. gr.

Ákærandi annast boðun vitnis á dómþing. Þó getur verjandi boðað vitni á dómþing kjósi hann það. Nú er vitni yngra en 18 ára og skal það þá boðað fyrir milligöngu lögráðamanns.

Ef ástæða er til boðar dómari vitni á dómþing með skriflegri kvaðningu sem hann gefur út að eigin frumkvæði eða ósk annars hvors aðila. Í kvaðningu skal greint nafn og heimili vitnis, tilefni boðunar í aðalatriðum, nafn dómstóls, hvar og hvenær vitnaleiðslan fer fram og hverjar afleiðingar það geti haft að vitni mæti ekki eða sinni ekki skyldu sinni að öðru leyti. Ákærandi skal sjá um að kvaðning sé birt og skal það gert með sama hætti og birting ákæru skv. 156. gr.

Ef vitni er statt á dómþingi er því skylt að bera þegar vætti þótt það hafi ekki verið boðað í því skyni.

121. gr.

Nú kemur vitni ekki fyrir dóm samkvæmt löglega birtri kvaðningu án þess að um lögmæt forföll sé að ræða og getur þá ákærandi lagt fyrir lögreglu að sækja vitnið eða færa það síðar fyrir dóm. Lögreglu er skylt að verða við slíkum fyrirmælum ákæranda.

Ef vitni kemur fyrir dóm en fullnægir annars ekki vitnaskyldu sinni, þar á meðal fyrirmælum dómara skv. 5. mgr. 116. gr., getur dómari að kröfu aðila gert því sekt með úrskurði.

Ef vitni kemur fyrir dóm en getur ekki fullnægt vitnaskyldu sinni vegna ástands síns, svo sem vegna ölvunar eða geðshræringar, getur dómari gert nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að það geti leyst skyldu sína af hendi síðar.

122. gr.

Þegar vitni kemur fyrir dóm lætur dómari það fyrst gera grein fyrir nafni sínu, kennitölu og heimili, en prófar svo eftir þörfum hvort því sé rétt eða skylt að bera vætti. Síðan brýnir dómari alvarlega fyrir vitni skyldu þess til að skýra satt og rétt frá og draga ekkert undan, og leiðir athygli þess að þeirri refsi- og siðferðisábyrgð sem er samfara vísvitandi eða gáleysislega röngum framburði, svo og að þess kunni að verða krafist að það staðfesti framburð sinn með eiði eða drengskaparheiti.

Að svo búnu verða spurningar lagðar fyrir vitni. Dómara er rétt að láta ákæranda og verjanda um að spyrja vitnið og skal ákærandi að jafnaði leggja spurningar fyrir það fyrst, en síðan verjandi. Skal jafnframt gefa réttargæslumanni kost á að koma á framfæri við dómara spurningum sem hann óskar eftir að verði lagðar fyrir vitnið, sbr. 3. mgr. 46. gr. Dómara er rétt að umorða, laga og skýra spurningar áður en vitnið svarar og koma í veg fyrir að spurningar séu lagðar fyrir vitnið sem eru óákveðnar, tvíræðar, veiðandi, óþarflega móðgandi eða særandi, lagaðar til að villa um fyrir vitni eða sýnilega tilgangslausar. Dómari getur svipt þann sem brýtur gegn þessu rétti til að leggja spurningar fyrir vitni og tekið skýrslutöku í sínar hendur. Dómara er og rétt að krefja vitnið frekari skýringa á svari þannig að efni þess komi skýrt fram, svo og að leggja spurningar sjálfstætt fyrir vitnið eða að ósk ákærða ef því er að skipta.

Nú hefur vitni áður gefið skýrslu hjá lögreglu, þar á meðal skv. 1. eða 2. mgr. 60. gr., eða fyrir dómi í málinu og kynnir dómari þá slíka skýrslu og önnur sýnileg sönnunargögn ekki fyrir vitninu fyrr en honum þykir þess þörf til skýringar eða leiðréttingar skýrslu þess. Sama á við um skýrslu sem vitnið kann að hafa gefið hjá öðrum stjórnvöldum en lögreglu meðan málið var til rannsóknar.

Hvert vitni skal að jafnaði prófa sér án þess að önnur vitni hlýði á. Að kröfu aðila getur dómari þó ákveðið að vitnið verði samprófað við ákærða eða annað vitni.

Nú er dómþing háð fyrir opnum dyrum og spurningu til vitnis er þannig háttað að svar við henni varðar einkahagi þess eða annarra og getur þá dómari látið vitnið svara skriflega. Skal þá bókað um svarið og aðilum og vitninu gefinn kostur á að ganga úr skugga um að bókun sé rétt án þess að hún sé lesin upp.

Dómari leiðbeinir vitni um atriði sem lúta að skyldu og heimild þess til vitnisburðar. Ef vitnið telur sér óskylt að gefa skýrslu eða svara einstökum spurningum eða heldur fram heimildarskorti ber því að leiða líkur að staðreyndum sem á veltur í þeim efnum. Dómari getur leyft vitninu að leiða aðra fyrir dóm til skýrslugjafar í því skyni.

Við skýrslugjöf vitnis leitar dómari eftir þörfum vitneskju um atriði sem varða mat á trúverðugleika þess. Í þeim efnum skal dómari jafnan leitast við að ganga úr skugga um hvort skýrsla vitnisins sé reist á skynjun þess sjálfs eða sögusögn annarra. Þá skal dómari gera sér far um að leiða í ljós hvort horf vitnisins til máls, ákærða og eftir atvikum brotaþola sé með einhverjum þeim hætti að það geti haft áhrif á sönnunargildi framburðar þess.

Dómari getur samkvæmt kröfu ákæranda, ákærða eða vitnis ákveðið að vitni sem kemur fyrir dóm geri ekki í heyranda hljóði grein fyrir nafni sínu, kennitölu og heimili, sbr. 1. mgr., eða segi á sér deili að öðru leyti ef dómari telur að lífi, heilbrigði eða frelsi vitnisins ellegar náinna vandamanna þess, sbr. 1. eða 2. mgr. 117. gr., yrði stefnt í hættu ef það væri gert uppskátt hvert það er. Þó skal dómari ekki fallast á kröfu um nafnleynd vitnis nema brýna nauðsyn beri til og ekki sé ástæða til að telja að hún geti spillt fyrir vörn ákærða svo að máli skipti. Í því tilviki skal dómara greint skriflega og í trúnaði frá nafni vitnis og öðrum atriðum, sem leynt skulu fara, en gögn með þeim upplýsingum skulu síðan varðveitt þannig að tryggt sé að aðrir fái ekki aðgang að þeim. Sé máli skotið til Hæstaréttar skulu þessar upplýsingar á sama hátt fylgja því.

123. gr.

Dómari getur samkvæmt kröfu ákæranda eða vitnis ákveðið að ákærða verði vikið úr þinghaldi meðan það gefur skýrslu ef dómari telur að nærvera ákærða geti orðið vitninu sérstaklega til íþyngingar og haft áhrif á framburð þess.

Nú er skýrsla tekin af vitni yngra en 15 ára og getur þá dómari kvatt til kunnáttumann sér til aðstoðar við skýrslutöku. Ákærandi, ákærði og verjandi hans eiga ekki rétt á að vera viðstaddir í dómsal eða annars staðar þar sem dómþing er háð ef dómari telur að nærvera þeirra geti orðið vitninu sérstaklega til íþyngingar og haft áhrif á framburð þess. Á sama hátt getur dómari ákveðið að ákærði og málflytjendur skuli víkja úr þinghaldi ef skýrsla er tekin af vitni án þess að það þurfi að skýra frá nafni sínu í heyranda hljóði, sbr. 8. mgr. 122. gr.

Ef ákærða er óheimilt að vera viðstaddur skýrslutöku skv. 1. mgr. eða ákærða og málflytjendum skv. 2. mgr. skal dómari sjá til þess að þeir geti fylgst með skýrslutöku um leið og hún fer fram. Jafnframt er honum rétt að leggja fyrir vitnið þær spurningar sem þeir óska. Dómstólaráð setur nánari reglur um tilhögun skýrslutöku samkvæmt þessari grein.

124. gr.

Eftir kröfu aðila skal dómari láta vitni staðfesta framburð sinn með eiði eða drengskaparheiti þegar það hefur lokið skýrslugjöf. Vitni verður þó ekki látið staðfesta framburð sinn ef:

a. það hefur ekki náð 15 ára aldri,
b. það á við svo mikla andlega vanheilsu að stríða að það beri ekki skyn á eða er ófært um að meta helgi eða þýðingu staðfestingar,
c. það er undir ákæru fyrir rangan framburð eða hefur verið sakfellt fyrir slíkt brot,
d. það færist undan staðfestingu og ákvæði 117. gr. og 1. mgr. 118. gr. eiga við,
e. dómari telur það svo tengt aðila eða hafa slíka hagsmuni af málsúrslitum að staðfesting sé óviðeigandi.

Áður en vitni staðfestir framburð sinn brýnir dómari fyrir því helgi og þýðingu staðfestingar, bæði fyrir úrslit máls og vitnið sjálft lagalega og siðferðislega.

Ef vitni lýsir því yfir að gefnu tilefni frá dómara að það samrýmist afstöðu þess í trúarefnum að vinna eið og að það trúi á guð fer staðfesting þannig fram að vitnið lyftir upp hægri

hendi og hefur þessi orð eftir dómara: Ég sver það og vitna til guðs míns að ég hef sagt það sem ég veit sannast og réttast og ekkert dregið undan.

Ef ekki eru skilyrði til eiðvinningar skv. 3. mgr. vinnur vitni heit og fer staðfesting þannig fram að vitnið lyftir upp hægri hendi og hefur þessi orð eftir dómara: Ég lýsi því yfir og legg við drengskap minn og heiður að ég hef sagt það sem ég veit sannast og réttast og ekkert dregið undan.

Eiður og heitvinning hafa sömu þýðingu að lögum.

125. gr.

Ef ákærandi boðar vitni á dómþing eða það er kvatt þangað er honum skylt, sé þess óskað, að sjá því fyrir fram fyrir fé til greiðslu kostnaðar af ferð og dvöl á þingstað.

Ef vitni krefst þess að fullnægðum skyldum sínum ákveður dómari því greiðslu vegna útlagðs kostnaðar af rækslu vitnaskyldu og þóknun fyrir atvinnumissi sem má telja skipta það máli miðað við efnahag þess og aðstæður. Ákærandi skal sjá um að vitni sé greiddur kostnaður og þóknun um sinn og skal inna greiðslu af hendi svo fljótt sem verða má.

126. gr.

Dómari metur sönnunargildi vitnisburðar við úrlausn máls. Í því sambandi skal meðal annars hugað að afstöðu vitnis til ákærða og eftir atvikum brotaþola, hagsmunum þess af málsúrslitum, þroska þess, áreiðanleika skynjunar þess á atvikum, minni, ástandi og hegðun þess við skýrslugjöf, öryggi þess og skýrleika í svörum og samræmi í frásögn.

XIX. KAFLI
Matsgerðir.

127. gr.

Skoðunar- og matsgerðir, lýsingar á hlutum og aðrar rannsóknargerðir í því sambandi kallast hér einu nafni matsgerðir eða mat og athafnir sem lúta að þeim að meta.

Dómari leggur sjálfur mat á atriði sem krefjast almennrar þekkingar og menntunar eða lagaþekkingar.

Ef opinber starfsmaður er skipaður í eitt skipti fyrir öll til að meta tiltekin atriði getur aðili snúið sér beint til hans ef honum er skylt að framkvæma matið eða hann er fús til þess án dómkvaðningar, enda sé það í verkahring hans.

128. gr.

Ef ekki verður farið svo að sem segir í 2. eða 3. mgr. 127. gr. kveður dómari einn eða tvo matsmenn, ef honum þykir þörf á, til að framkvæma mat eftir skriflegri beiðni aðila. Í beiðni skal koma skýrlega fram hvað eigi að meta, hvar það er sem meta á og hvað aðili hyggst sanna með mati. Ákærandi eða ákærði geta hvor um sig beiðst mats eftir að mál hefur verið höfðað. Enn fremur getur lögregla eða ákærandi beiðst mats á rannsóknarstigi.

Aðilar skulu kvaddir á dómþing þar sem matsbeiðni er tekin fyrir og skal dómari greina þeim frá því hvern hann hafi í hyggju að kveðja til matsstarfa.

Þann einn má dómkveðja til að framkvæma mat sem er orðinn 20 ára að aldri, er að öllu leyti óaðfinnanlegt vitni um það atriði sem á að meta og hefur nauðsynlega kunnáttu til að leysa starfann af hendi eða annars þá kunnáttu sem bestrar er kostur. Maður getur ekki skorast undan að verða við kvaðningu ef honum væri skylt og heimilt að bera vitni um matsatriði og breytir engu þótt nauðsyn beri til að hann fari í aðra þinghá en þar sem hann á heimili til

að rækja starfann. Dómara er þó rétt að taka rökstudda undanfærslu til greina, enda sé þá kostur jafnhæfs manns til starfans.

Dómari getur dómkvatt matsmann sem er búsettur utan lögsagnarumdæmis hans.

Dómkvaðning skal bókuð í þingbók. Í henni skal greina skýrt hvað skuli metið, hvenær mati skuli lokið og hverjum eigi að gefa kost á að gæta hagsmuna sinna við framkvæmd þess. Dómari getur að eigin frumkvæði bætt atriðum við matsbeiðni og skulu þau jafnframt færð til bókar. Enn fremur skal tekið fram að matsmanni beri að vinna verk sitt af bestu vitund og semja rökstudda matsgerð sem hann megi vera viðbúinn að þurfa að gefa skýrslu um fyrir dómi, sbr. þó 2. mgr. 130. gr.

Ef matsmaður deyr, forfallast, reynist óhæfur til starfans eða vanrækir það kveður dómari annan í hans stað að kröfu matsbeiðanda.

129. gr.

Matsbeiðandi tilkynnir matsmanni um dómkvaðningu og lætur honum í té endurrit af bókun um hana.

Matsmaður tilkynnir aðilum svo fljótt sem verða má og með sannanlegum hætti hvar og hvenær verði metið. Dómara ber að veita matsmanni leiðbeiningar eftir föngum um matsatriði. Matsmanni er rétt að afla sér gagna til afnota við matið en aðilum, sem eru viðstaddir, skal þá gefinn kostur á að tjá sig um þau eftir þörfum. Ef vitnaleiðsla reynist nauðsynleg til skýringar á matsatriði er dómara rétt að láta hana þegar fara fram.

Þeim sem hefur umráð þess sem matsgerð lýtur að er skylt að veita matsmanni aðgang að því nema hann megi skorast undan vitnaskyldu um matsatriði eða sé óheimilt að bera vitni um það.

Matsmaður framkvæmir starf sitt þótt aðilar mæti ekki þegar metið er nema upplýsingar vanti sem þeir hefðu mátt veita.

130. gr.

Matsmaður skal semja skriflega og rökstudda matsgerð þar sem þau sjónarmið eru greind sem álit hans er reist á, sbr. þó 2. mgr. Matsgerð skal fengin dómara í hendur nema farið hafi verið fram á mat á rannsóknarstigi, en þá skal hún afhent matsbeiðanda. Matsmanni er þó rétt að krefjast áður greiðslu skv. 3. mgr.

Dómari getur ákveðið að matsmaður, sem dómkvaddur er eftir að mál hefur verið höfðað, þurfi ekki að semja skriflega matsgerð skv. 1. mgr. heldur skuli hann mæta fyrir dóm áður en aðalmeðferð fer fram og gefa þar skýrslu um niðurstöðu matsins, sbr. 2. mgr. 132. gr.

Matsmaður á rétt á hæfilegri þóknun fyrir störf sín samkvæmt reikningi og endurgreiðslu útlagðs kostnaðar úr hendi ákæruvaldsins. Ef annar hvor aðili telur að fjárhæð sú sem matsmaður fer fram á sé ósanngjörn getur hann krafist úrskurðar dómara um hana. Matsmanni er rétt að krefjast greiðslu fyrir fram vegna ferðakostnaðar samkvæmt ákvörðun dómara.

131. gr.

Aðili getur krafist yfirmats þar sem tekin verði til endurmats þau atriði sem hafa áður verið metin. Yfirmatsmenn skulu vera fleiri en matsmenn voru en að öðru leyti gilda ákvæði 128.–130. gr. um yfirmat.

132. gr.

Matsmanni sem skilað hefur skriflegri matsgerð ber að koma fyrir dóm til að gefa skýrslu til skýringar og staðfestingar á matsgerð og um atriði sem tengjast henni ef aðili krefst þess eða dómari telur annars ástæðu til. Ef matsmaður hefur ekki skilað slíkri matsgerð er honum skylt að koma fyrir dóm og skýra frá niðurstöðu mats, svo og að svara spurningum um atriði sem tengjast því.

Ákvæðum XVIII. kafla verður beitt um skýrslugjöf matsmanns eftir því sem þau geta átt við.

133. gr.

Dómari leysir úr ágreiningi sem lýtur að dómkvaðningu og hæfi matsmanns með úrskurði. Dómari getur enn fremur úrskurðað um atriði sem varða framkvæmd matsgerðar, svo sem hvort það hafi verið metið sem skyldi meta samkvæmt dómkvaðningu eða hvort matsgerð sé nægilega rökstudd, ef til álita kemur að endurskoða hana eða framkvæma endurmat.

Dómari leggur mat á önnur atriði varðandi matsgerð, þar á meðal sönnunargildi hennar, þegar leyst er að öðru leyti úr máli.

XX. KAFLI
Skjöl og önnur sýnileg sönnunargögn.

134. gr.

Aðilar leggja fram þau skjöl og önnur sýnileg sönnunargögn sem þeir vilja að tekið verði tillit til við úrlausn máls.

Ákærandi leggur fram þau skjöl og önnur sýnileg sönnunargögn sem aflað hefur verið við rannsókn og sönnunargildi hafa að hans mati, þar á meðal þau sem hafa að geyma framburð ákærða og vitna fyrir dómi og hjá lögreglu. Þó er einungis heimilt að leggja fram skýrslur sem vitni hafa gefið hjá lögreglu eða eftir atvikum öðrum stjórnvöldum ef ætlunin er að leiða þau fyrir dóm eða ekki er kostur á að fá þau fyrir dóm til að gefa skýrslu. Ef ástæða er til skal ákærandi enn fremur leggja fram lista með nöfnum þeirra sem hafa gefið skýrslu hjá lögreglu eða öðrum stjórnvöldum.

Að öðru leyti en því sem greinir í 2. mgr. má ekki leggja fram skjöl eða annars konar gögn ef þau hafa að geyma framburð ákærða eða annarra sem skylt er að koma fyrir dóm sem vitni.

Óheimilt er að leggja fram skjöl eða annars konar gögn ef þau hafa að geyma upplýsingar um það sem sakborningi og verjanda hans hefur farið á milli, svo og upplýsingar sem 2. mgr. 119. gr. tekur til.

135. gr.

Nú er skjal eða annað sýnilegt sönnunargagn í vörslum manns sem ekki er aðili að máli og getur þá ákærandi eða ákærði krafist þess að fá það afhent til framlagningar, enda megi ætla að það hafi sönnunargildi í málinu og vörslumanni sé skylt og heimilt að bera vitni um efni þess. Verði maður ekki við áskorun um að afhenda skjal eða annars konar gagn skal ákærandi leggja hald á það samkvæmt úrskurði dómara.

Vörslumaður getur krafist þess að dómari aflétti haldi skv. 1. mgr. með úrskurði. Að öðrum kosti skal aflétta því þegar þess er ekki lengur þörf og í síðasta lagi þegar máli er endanlega lokið nema þær ástæður eigi við sem greindar eru í a- eða b-lið 1. mgr. 72. gr.

136. gr.

Nú hefur skjal sem hald verður lagt á skv. 1. mgr. 135. gr. að geyma atriði sem hlutaðeiganda væri óskylt eða óheimilt að bera vitni um og getur þá dómari ákveðið að skjalið verði lagt fyrir hann í trúnaði og gegn þagnarskyldu og annaðhvort að hann taki afrit af því úr skjalinu sem er skylt og heimilt að láta uppi eða geri skýrslu um þau atriði.

Ef eigandi eða vörslumaður skjals sem hald verður lagt á skv. 1. mgr. 135. gr. gerir sennilegt að það baki sér tjón eða óhagræði að það verði gert getur dómari ákveðið að láta við það sitja að skjalið verði afhent fyrir dómi til afritunar. Það sama á við ef skjal er verðmætt fyrir hlutaðeiganda eða sérstök hætta er á því að það glatist eða spillist ef það er látið af hendi.

Frumrit skjala, sem ákvæði 1. og 2. mgr. taka til, skulu afhent hlutaðeiganda um leið og afnotum er lokið.

Ákvæði 1.–3. mgr. gilda um önnur sýnileg sönnunargögn eftir því sem átt getur við.

137. gr.

Dómari metur sönnunargildi skjala og annarra sýnilegra sönnunargagna með hliðsjón af atvikum hverju sinni.

XXI. KAFLI
Öflun sönnunargagna fyrir öðrum dómi.

138. gr.

Nú óskar aðili að leiða vitni, fá matsmann kvaddan ellegar afla skjala eða annarra sýnilegra sönnunargagna fyrir öðrum dómi en þar sem mál er rekið og leggur hann þá skriflega beiðni um það fyrir dómara í málinu. Í beiðni skal greint frá ástæðum fyrir henni, hvar sé óskað að gagnaöflun fari fram, hver gögn þurfi að senda hlutaðeigandi dómi, hverjum eigi að gera aðvart um þinghald þar og um hverja gagnaöflun sé nánar að tefla. Ef óskað er að leiða vitni skal þannig greint frá nafni þess, kennitölu og heimili, svo og þeim atriðum nákvæmlega sem vætti á að varða. Sé óskað dómkvaðningar matsmanns skal beiðni um hana að jafnaði fylgja.

Beiðni skv. 1. mgr. skal tekin fyrir í þinghaldi í málinu. Ef dómari telur skilyrðum 1. mgr. 112. gr. fullnægt til að verða við beiðni bókar hann ákvörðun sína um það í þingbók. Úrskurður skal kveðinn upp ef krafist er.

139. gr.

Ef gagnaöflun á að fara fram fyrir öðrum dómi hér á landi sendir dómari í málinu hlutaðeigandi dómi skriflegt erindi ásamt beiðni aðila, frumritum eða afritum nauðsynlegra gagna og endurritum úr þingbók.

Nú á gagnaöflun að fara fram fyrir dómi í öðru ríki og aflar þá dómari í málinu þýðingar á þeim gögnum sem um ræðir í 1. mgr. Dómari sendir skriflegt erindi sitt og önnur gögn ásamt þýðingum til hlutaðeigandi dóms, eftir atvikum fyrir milligöngu stjórnvalda.

140. gr.

Þegar gagnaöflun eftir fyrirmælum þessa kafla fer fram fyrir dómi hér á landi skal farið eftir ákvæðum II. og XVIII.–XX. kafla eftir því sem átt getur við. Dómari, sem gagnaöflun fer fram fyrir, tekur ákvarðanir og úrskurðar um atriði varðandi framkvæmd hennar.

Ef sérstakt tilefni verður til þess meðan á gagnaöflun stendur fyrir öðrum dómi getur aðili óskað eftir því að frekari gagna verði aflað þar en var beiðst í byrjun. Ákveður hlutaðeigandi dómari hvort orðið verði við slíkri ósk.

141. gr.

Eftir því sem átt getur við skal ákvæðum 140. gr. beitt þegar sönnunargagna er aflað í héraði í tengslum við rekstur máls fyrir Hæstarétti.

Þá skal ákvæðum 140. gr. einnig beitt eftir því sem getur átt við þegar gagna er aflað fyrir héraðsdómi hér á landi í tengslum við rekstur máls erlendis.

4. ÞÁTTUR
Saksókn og meðferð máls fyrir héraðsdómi.

XXII. KAFLI
Almennar reglur um saksókn.

142. gr.

Sérhver refsiverð háttsemi skal sæta ákæru nema annað sé sérstaklega ákveðið í lögum.

143. gr.

Ef maður er saksóttur fyrir fleiri en eitt brot skal það gert í einu máli eftir því sem við verður komið.

Ef fleiri menn en einn eru sóttir til saka fyrir þátttöku í sama verknaði skal það gert í einu máli nema annað þyki hagkvæmara.

144. gr.

Nú er það gert að skilyrði fyrir því að sakamál sé höfðað að krafa sé um það gerð og skal það þá því aðeins gert að brotaþoli eða einhver brotaþola krefjist þess. Sé brotaþoli látinn hafa maki, börn, aðrir niðjar, foreldrar eða systkini hins látna rétt til að krefjast málshöfðunar í hans stað. Ef nánustu vandamenn brotaþola eru samkvæmt framansögðu fleiri en einn og ekki á eitt sáttir um hvort mál skuli höfðað ákveður ákærandi hvort það skuli gert.

Ekki á að taka til greina kröfu um málshöfðun skv. 1. mgr. ef sá sem hana gerir vill undanskilja einhvern af þeim sem sekur kann að vera um hina refsiverðu háttsemi. Kröfu um málshöfðun má afturkalla allt þar til dómur er kveðinn upp í málinu í héraði. Sá sem hefur afturkallað kröfu getur ekki borið hana fram að nýju nema það sé gert innan þeirra tímamarka sem greind eru í 3. mgr. og ákærandi geti á það fallist.

Heimild til þess að bera fram kröfu um málshöfðun skv. 1. mgr. fellur niður sé krafa ekki gerð innan sex mánaða frá því að sá sem heimildina hefur fékk vitneskju um þann sem sekur kann að vera um hina refsiverðu háttsemi. Nú andast brotaþoli áður en fresturinn er liðinn og getur þá sá sem kemur í hans stað ávallt borið fram kröfu innan þriggja mánaða frá andlátinu. Nú kunna fleiri að vera sekir og frestur til þess að krefjast málshöfðunar á hendur einhverjum þeirra er liðinn og skal þá því aðeins taka til greina kröfu um málshöfðun á hendur hinum að ákærandi geti á það fallist.

145. gr.

Þegar ákærandi hefur fengið gögn máls í hendur og gengið úr skugga um að rannsókn sé lokið athugar hann hvort sækja skuli sakborning til sakar eða ekki. Ef hann telur það sem

fram er komið ekki nægilegt eða líklegt til sakfellis lætur hann við svo búið standa en ella höfðar hann mál á hendur sakborningi skv. 152. gr., sbr. þó 146. gr.

146. gr.

Málsókn fellur niður ef sakborningur gengst undir eða honum eru ákveðin viðurlög skv. XXIII. kafla, sbr. þó 3. mgr. 148. gr. og 4. mgr. 149. gr.

Falla má frá saksókn með því að fresta ákæru skilorðsbundið samkvæmt almennum hegningarlögum.

Enn fremur má falla frá saksókn þegar svo stendur á sem hér segir:

a. ef brot er smávægilegt eða fyrirsjáanlegt er að umfang málsins verði í verulegu ósamræmi við þá refsingu sem vænta má,
b. ef sakborningur og brotaþoli hafa komist að samkomulagi og sakborningur hefur efnt það fyrir sitt leyti,
c. ef sakborningur virðist vera ósakhæfur og ekki er nauðsynlegt að gera kröfu um að hann verði beittur öryggisráðstöfunum,
d. ef brot hefur valdið sakborningi sjálfum óvenjulega miklum þjáningum eða aðrar sérstakar ástæður mæla með því að fallið sé frá saksókn, enda verði að telja að almannahagsmunir krefjist ekki málshöfðunar.

Nú kemur til greina að sækja mann til sakar í einu máli út af fleiri brotum og er þá heimilt að falla frá saksókn vegna þeirra brota sem ætla má að skipti engu eða óverulegu máli við ákvörðun viðurlaga. Enn fremur má falla frá saksókn ef maður, sem búið er að dæma fyrir brot, verður uppvís að því að hafa framið annað eða önnur brot áður en hann var dæmdur, enda megi ætla að ekki verði um frekari refsingu að ræða þótt sakfellt yrði fyrir þau brot.

Í málum þar sem lögreglustjóri fer með ákæruvald getur hann fallið frá saksókn. Nú telur hann ástæðu til að falla frá saksókn skv. 2.–4. mgr. en vafa leika á heimild til þess og skal hann þá senda héraðssaksóknara málið til ákvörðunar.

147. gr.

Nú er mál fellt niður skv. 145. gr. eða fallið er frá saksókn skv. 2.–4. mgr. 146. gr. og er þá ekki skylt að gefa þeim sem hlut á að máli kost á að tjá sig áður en sú ákvörðun er tekin. Hins vegar skal ákærandi sem ákvörðunina tók tilkynna hana sakborningi og ef því er að skipta brotaþola, enda liggi fyrir hver hann er. Ber að rökstyðja ákvörðunina með því að vísa til viðeigandi ákvæðis í 146. gr., en ekki er skylt að færa frekari rök fyrir henni.

Sá sem ekki vill una ákvörðun lögreglustjóra skv. 1. mgr. getur kært hana til héraðssaksóknara innan eins mánaðar frá því að honum var tilkynnt um hana. Skal héraðssaksóknari taka afstöðu til kærunnar innan tveggja mánaða frá því að ákvörðun var tekin en ekki er skylt að rökstyðja þá afstöðu sérstaklega.

Nú lýtur ákvörðun héraðssaksóknara skv. 2. mgr. að broti sem varðað getur að lögum sex ára fangelsi og getur sá sem ekki vill una henni kært hana til ríkissaksóknara. Enn fremur getur sá sem ekki vill una ákvörðun héraðssaksóknara skv. 1. mgr. kært hana til ríkissaksóknara. Skal kærufrestur og frestur til að taka afstöðu til kærunnar vera sá sami og skv. 2. mgr.

Héraðssaksóknari getur fellt ákvörðun lögreglustjóra skv. 1. mgr. úr gildi að eigin frumkvæði ef hann telur hana andstæða lögum eða fjarstæða að öðru leyti, enda sé það gert innan tveggja mánaða frá því að hún var tekin. Ríkissaksóknari getur með sama skilorði fellt úr

gildi þá ákvörðun héraðssaksóknara eða lögreglustjóra að fella mál niður eða falla frá saksókn.

XXIII. KAFLI
Lok máls án ákæru.

148. gr.

Nú stendur lögregla mann að broti sem heyrir undir ákæruvald lögreglustjóra, hann gengst skýlaust við brotinu og lögregla telur að hæfileg viðurlög við því séu einvörðungu sekt sem fari ekki fram úr tiltekinni fjárhæð samkvæmt reglugerð sem dómsmálaráðherra setur skv. 1. mgr. 151. gr. Getur þá lögregla ákveðið viðurlög við broti samkvæmt henni. Lögregla gerir sakborningi ljós þau viðurlög sem við broti liggja og afleiðingar þess að sekt sé ekki greidd með því að afhenda honum skýrslu þar sem fram kemur stutt lýsing á broti, hvar og hvenær það er framið, þau refsiákvæði sem það varðar við, hvaða sekt og vararefsing liggur við broti og að unnt sé að krefjast fjárnáms ef sekt greiðist ekki eða honum kunni að vera gert að afplána vararefsingu. Ef því er að skipta skal jafnframt kynna sakborningi og tiltaka í skýrslunni hversu mörgum punktum brotið varði samkvæmt reglugerð um ökuferilsskrá og punktakerfi vegna umferðarlagabrota. Sakborningur undirritar skýrsluna og fær afhent afrit hennar. Lögregla getur boðið sakborningi að ljúka þegar máli með greiðslu sektar á vettvangi. Geri sakborningur það ekki skal honum settur tiltekinn frestur í skýrslunni til að greiða hana.

Nú er sekt sem ákveðin er skv. 1. mgr. ekki greidd og má þá í stað saksóknar vegna brotsins fullnægja sektinni með fjárnámi eftir því sem segir í 2. mgr. 151. gr.

Nú telur lögreglustjóri eða héraðssaksóknari að saklaus maður hafi verið látinn gangast undir viðurlög samkvæmt þessari grein eða að málalok hafi verið fjarstæð að öðru leyti og getur hann þá innan mánaðar frá því að honum barst vitneskja um þau fellt gerðina úr gildi, enda sé þá ekki liðið ár frá málalokum.

149. gr.

Nú berst lögreglustjóra kæra um brot sem heyrir undir ákæruvald hans eða lögregla stendur mann að slíku broti og lögreglustjóri telur viðurlög við brotinu ekki fara fram úr sekt að tiltekinni fjárhæð samkvæmt reglugerð sem dómsmálaráðherra setur skv. 1. mgr. 151. gr., sviptingu réttinda eða upptöku eigna. Getur lögreglustjóri þá bréflega, innan mánaðar frá því að honum barst kæran, gefið sakborningi kost á að ljúka málinu með því að gangast undir hæfileg viðurlög ásamt greiðslu sakarkostnaðar. Gangist sakborningur undir ákvörðun viðurlaga hafa þau málalok sama gildi um ítrekunaráhrif og dómur, ef því er að skipta. Hafni sakborningur þessum málalokum eða sinni ekki boði lögreglustjóra skal tekin ákvörðun um saksókn eftir almennum reglum.

Nú hefur sakborningur gengist skriflega undir ákvörðun sektar og sakarkostnaðar skv. 1. mgr. en ekki greitt og má þá í stað saksóknar vegna brotsins fullnægja ákvörðuninni með fjárnámi eftir því sem segir í 2. mgr. 151. gr.

Ríkissaksóknari lætur lögreglustjórum í té skrá yfir brot sem heimild skv. 1. mgr. nær til, ásamt leiðbeiningum um sektarfjárhæð og önnur viðurlög fyrir hverja tegund brots. Ber að láta ríkissaksóknara í té skýrslur um málalok skv. 1. mgr. eftir þeim reglum sem hann ákveður.

Nú telur héraðssaksóknari að saklaus maður hafi verið látinn gangast undir viðurlög samkvæmt þessari grein eða að málalok hafi verið fjarstæð að öðru leyti og getur hann þá innan

mánaðar frá því að honum barst vitneskja um þau fellt gerðina úr gildi, enda sé þá ekki liðið ár frá málalokum.

150. gr.

Nú eru skilyrði til að ljúka máli samkvæmt því sem segir í 1. mgr. 149. gr. og lögreglustjóri telur að hæfileg viðurlög við brotinu séu einvörðungu sekt sem fari ekki fram úr að tiltekinni fjárhæð samkvæmt reglugerð sem dómsmálaráðherra setur skv. 1. mgr. 151. gr. Getur þá lögreglustjóri gefið sakborningi kost á að ljúka málinu með greiðslu tiltekinnar sektar, en í sektarboði skal koma fram stutt lýsing á broti, hvar og hvenær það var framið og þau refsiákvæði sem það varðar við. Einnig skal koma fram í sektarboði hverjar geta orðið afleiðingar þess að því er ekki sinnt.

Hafni sakborningur sektarboði skv. 1. mgr. skal tekin ákvörðun um saksókn eftir almennum reglum.

Sinni sakborningur ekki sektarboði skv. 1. mgr. innan 30 daga eftir að það hefur verið birt skv. 156. gr. getur lögreglustjóri sent málið héraðsdómara til ákvörðunar sektar og vararefsingar. Dómari tekur ákvörðun um viðurlög með áritun á sektarboð lögreglustjóra. Slík áritun hefur sömu áhrif og dómur. Ekki er þörf á að kveðja sakborning fyrir dóm áður en máli verður lokið á þennan hátt.

Telji dómari hæfileg viðurlög við broti fara fram úr því sem greinir í 1. mgr. eða fyrirliggjandi gögn ekki nægileg til að sýnt sé fram á sök sakbornings hafnar hann málalokum skv. 3. mgr. með áritun sektarboðs. Er dómari ekki bundinn af slíkri ákvörðun ef til málshöfðunar kemur vegna brotsins.

Nú hefur máli verið lokið með ákvörðun viðurlaga skv. 3. mgr. og getur sakborningur þá krafist þess að málið verði tekið upp á ný, enda færi hann fram varnir sem gætu hafa haft áhrif á úrslit þess. Kröfu um endurupptöku skal beint til þess dómstóls þar sem máli var lokið innan fjögurra vikna frá því að sakborningi varð kunnugt um sektarákvörðun. Dómari ákveður með úrskurði hvort krafa verður tekin til greina. Fallist dómari á kröfuna fellur ákvörðun um viðurlög skv. 3. mgr. úr gildi og sætir málið upp frá því meðferð samkvæmt almennum reglum, þó án þess að ákæra hafi verið gefin út. Eftir því sem við getur átt fer að öðru leyti um kröfu um endurupptöku samkvæmt þessari málsgrein og meðferð máls, sé krafan tekin til greina, eftir ákvæðum XXIX. kafla.

Nú telur héraðssaksóknari að sakborningur hafi verið látinn sæta fjarstæðum málalokum og getur hann þá krafist endurupptöku málsins fyrir hlutaðeigandi dómstóli. Um meðferð þeirrar kröfu og málsins upp frá því fer eftir 5. mgr.

151. gr.

Dómsmálaráðherra ákveður í reglugerð sem hann setur að fenginni tillögu ríkissaksóknara þau viðurlög, þar á meðal hámark sektar, sem lögregla getur ákveðið vegna brota skv. 1. mgr. 148. gr. Enn fremur það hámark sektar sem lögreglustjóri getur ákveðið vegna brota skv. 1. mgr. 149. gr. og það hámark sektar sem miðað skal við í 1. mgr. 150. gr. Ráðherra getur einnig sett nánari reglur um meðferð mála skv. 148.–150. gr.

Lögreglustjóri getur krafist fullnustu sektar sem lögregla hefur ákveðið skv. 1. mgr. 148. gr. og ákvörðunar skv. 1. mgr. 149. gr. með aðför. Um aðförina skulu gilda reglur um aðför eftir sátt sem komist hefur á fyrir yfirvaldi.

XXIV. KAFLI
Ákæra, fyrirkall og birting.

152. gr.

Ákærandi höfðar sakamál með útgáfu ákæru. Í henni skal greina svo glöggt sem verða má:

a. þann dómstól sem málið er höfðað fyrir,
b. nafn ákærða, kennitölu eða fæðingardag og heimili eða dvalarstað,
c. hver sú háttsemi er sem ákært er út af, hvar og hvenær brotið er talið framið, heiti þess að lögum og aðra skilgreiningu og loks heimfærslu þess til laga og stjórnvaldsfyrirmæla, ef því er að skipta,
d. röksemdir sem málsóknin er byggð á, ef þörf krefur, svo sem ef mál er flókið eða umfangsmikið, en röksemdafærslan skal þá vera gagnorð og svo skýr að ekki fari á milli mála hverjar sakargiftir eru,
e. kröfur um refsingu og önnur viðurlög, svo sem sviptingu réttinda og upptöku eigna, svo og kröfu um greiðslu sakarkostnaðar,
f. einkaréttarkröfur og kröfur allsherjarréttar eðlis skv. XXVI. kafla.

Þegar ákæra hefur verið gefin út á hendur manni nefnist hann ákærði.

153. gr.

Ákærandi getur breytt eða aukið við ákæru með útgáfu framhaldsákæru til að leiðrétta augljósar villur eða ef upplýsingar, sem ekki lágu fyrir þegar ákæra var gefin út, gefa tilefni til. Framhaldsákæru skal gefa út svo fljótt sem verða má eftir að þörfin á henni er kunn, en þó í síðasta lagi tveimur vikum fyrir aðalmeðferð máls skv. 166. gr., nema ákærði samþykki að það sé gert síðar.

Ákærandi getur allt fram til þess að dómur er upp kveðinn afturkallað ákæru sem hann hefur gefið út eða fallið frá einstökum ákæruatriðum.

Nú hefur máli verið vísað frá dómi eða það verið fellt niður og verður þá nýtt mál um sama sakarefni ekki höfðað síðar en þremur mánuðum frá því að málinu var endanlega lokið á þann hátt. Skal fresturinn reiknast frá því að málinu var vísað frá dómi eða það var fellt niður í fyrsta sinn, eftir atvikum fyrir Hæstarétti.

154. gr.

Ákæra skal send héraðsdómi ásamt þeim sýnilegu sönnunargögnum sem ákæruvaldið hyggst leggja fram í málinu. Ákæru á að fylgja skrá yfir gögnin og skulu þau vera í nægilega mörgum eintökum. Jafnframt á að fylgja tilkynning um það hver fari með málið fyrir ákæruvaldið, hvaða vitni það óskar eftir að verði leidd í málinu og hvaða sönnunargagna það telji nauðsynlegt að afla að öðru leyti. Tekið skal fram hvort halda beri upplýsingum um nafn og önnur persónueinkenni einstakra vitna og lögreglumanna leyndum fyrir öðrum en dómara málsins, sbr. 2. mgr. 56. gr. og 3. mgr. 65. gr.

155. gr.

Eftir að héraðsdómi hefur borist ákæra ákveður dómari stað og stund þinghalds þar sem málið verður þingfest. Skal þingfesting fara fram svo fljótt sem verða má. Samhliða gefur dómari út fyrirkall á hendur ákærða sem greini stað og stund þingfestingar ásamt áskorun til hans um að sækja þing. Jafnframt skal greina þann fyrirvara sem birta skal ákæru ásamt fyrirkalli fyrir ákærða áður en mál verður þingfest og má sá fyrirvari ekki vera skemmri en þrír sólarhringar. Telji dómari skilyrði til að mál verði dæmt að ákærða fjarstöddum, sbr. 1. mgr.

161. gr., skal þess skilmerkilega getið í fyrirkalli að fjarvist ákærða kunni að verða metin til jafns við játningu hans og að dómur kunni að ganga um málið þótt hann sæki ekki þing. Ella skal þess getið í fyrirkalli að lögregla megi færa ákærða fyrir dóm, með valdi ef með þarf, sinni hann því ekki.

Ef dómari telur að gallar séu á málatilbúnaði sem varðað geta frávísun skal hann benda ákæranda á þá. Hins vegar má hann ekki synja um útgáfu fyrirkalls af þeim sökum, enda er hann óbundinn af slíku áliti sínu við úrlausn máls.

Þegar dómari hefur gefið út fyrirkall skv. 1. mgr. sendir hann það ásamt ákæru til ákæranda sem hlutast til um birtingu skv. 156. gr.

156. gr.

Ákæra ásamt fyrirkalli, hér eftir nefnd í einu lagi ákæra, skal birt fyrir ákærða sjálfum, sé þess kostur, en annars fyrir lögmanni hans eða öðrum lögráða manni sem fengið hefur skriflegt umboð frá honum til að taka við birtingu ellegar fyrir heimilismanni eða öðrum sem dvelur eða hittist fyrir á skráðu lögheimili hans. Þeim sem birt er fyrir er skylt að segja á sér deili.

Ákæra skal birt af einum lögreglumanni, fangaverði eða öðrum starfsmanni Fangelsismálastofnunar ellegar stefnuvotti nema hún sé birt á dómþingi af dómara. Skal sá sem birtingu annast votta hana með áritun á ákæru eða sérstöku vottorði. Þeim sem ákæra er birt skal afhent afrit af henni. Sé hún birt fyrir öðrum en ákærða sjálfum ber þeim, að viðlagðri sekt, að koma afriti ákæru í hendur hans, en sé þess ekki kostur þá í hendur þess sem telja má líklegastan til að koma afriti til skila í tæka tíð. Skal sá sem birtingu annast benda þeim sem birt er fyrir á þessa skyldu.

Ef óvíst er um dvalarstað ákærða má birta ákæru í Lögbirtingablaði með hæfilegum fyrirvara áður en mál verður þingfest og má sá fyrirvari ekki vera skemmri en einn mánuður.

Við birtingu ákæru skal ákærði spurður hvort hann óski eftir verjanda og þá hverjum ef því er að skipta. Skal afstöðu ákærða getið í vottorði um birtinguna. Ákærði getur þó frestað að taka ákvörðun um verjanda þar til mál er þingfest.

Ákærandi skal endursenda dómara ákæru ásamt birtingarvottorði að birtingu lokinni. Að þremur sólarhringum liðnum frá birtingu ákæru er ákæranda skylt að láta þeim sem þess óskar í té afrit af henni með þeim takmörkunum sem greindar eru í 1. mgr. 16. gr.

157. gr.

Hafi ákærði óskað eftir skipun verjanda við birtingu ákæru skal dómari taka ákvörðun um skipunina. Dómari sendir verjanda jafnskjótt afrit af gögnum máls og tilkynnir honum hvenær það verði þingfest.

XXV. KAFLI
Almenn meðferð máls fyrir dómi.

158. gr.

Mál er þingfest þegar ákæra og önnur málsgögn af hálfu ákæruvaldsins eru lögð fram á dómþingi. Þingfesta má mál þótt fyrirkall hafi ekki verið gefið út ef ákærði sækir þing.

Nú er skylt eða heimilt að skipa ákærða verjanda og það hefur ekki verið gert fyrir þingfestingu máls og skal það þá gert við þingfestingu eða svo fljótt sem verða má. Ef skilyrði eru til þess að skipa brotaþola réttargæslumann skal það gert við þingfestingu eða ef það er ekki unnt, svo sem vegna þess að ekki hefur náðst til brotaþola, svo fljótt sem verða má.

159. gr.

Við þingfestingu athugar dómari hvort gallar séu á máli sem geta varðað frávísun þess án kröfu. Þá þegar eða hvenær sem er eftir það getur dómari vísað máli frá dómi með úrskurði þótt engin krafa hafi komið fram um það ef hann telur svo bersýnilega annmarka á því sem ekki verði bætt úr undir rekstri þess að dómur verði ekki kveðinn upp um efni þess. Ef því er að skipta getur dómari kveðið á um frávísun máls að hluta og leyst úr efni þess að öðru leyti í dómi. Áður en máli verður vísað frá dómi skal ákæranda þó gefinn kostur á að tjá sig um málefnið munnlega, svo og ákærða hafi hann sótt þing í málinu.

Nú kemur fram krafa um frávísun máls að öllu leyti eða hluta við þingfestingu eða síðar undir rekstri þess og skal dómari þá á sama hátt gefa ákæranda og ákærða kost á að tjá sig um kröfuna. Dómari tekur afstöðu til kröfu um frávísun málsins með úrskurði áður en fjallað verður frekar um efni þess.

Nú hrindir dómari frávísunarkröfu og er hann þá ekki bundinn af þeim úrskurði ef nýjar upplýsingar koma fram síðar undir rekstri máls um þau atriði sem úrskurðað var um.

Nú fellir Hæstiréttur úr gildi úrskurð um frávísun máls að einhverju leyti eða öllu og skal þá héraðsdómari taka málið upp á ný eins og það stóð þegar hann tók það til úrskurðar.

160. gr.

Nú sækir ákærandi ekki þing við þingfestingu máls eða á síðari stigum þess og verður þá ekkert aðhafst í því frekar á því stigi. Skal þá dómari ákveða nýtt þinghald og tilkynna ákæranda um það, en verði heldur ekki sótt þing af hans hálfu í það sinn ber að fella málið niður.

161. gr.

Nú kemur ákærði ekki fyrir dóm við þingfestingu máls þótt honum hafi verið löglega birt ákæra og þess getið í fyrirkalli að mál kunni að vera dæmt að honum fjarstöddum, sbr. 1. mgr. 155. gr., og má þá leggja dóm á málið ef ekki er kunnugt um að ákærði hafi lögmæt forföll og svo stendur á:

a. að brot þykir ekki varða þyngri viðurlögum en sekt, upptöku eigna og sviptingu réttinda og dómari telur framlögð gögn nægileg til sakfellingar eða
b. að ákærði hefur komið fyrir dóm við rannsókn máls, játað skýlaust þá háttsemi sem honum er gefin að sök og dómari telur ekki ástæðu til að draga í efa að játningin sé sannleikanum samkvæm, enda verði ekki dæmd þyngri refsing en sex mánaða fangelsi.

Slíkum dómi getur ákærði ekki áfrýjað, en þess í stað getur hann leitað eftir endurupptöku skv. XXIX. kafla.

162. gr.

Nú kemur ákærði ekki fyrir dóm við þingfestingu máls og því verður ekki lokið samkvæmt því sem í 1. mgr. 161. gr. segir og ákveður dómari þá nýtt þinghald. Skal ákærandi leggja fyrir lögreglu að færa ákærða fyrir dóm nema kunnugt sé um að hann hafi haft lögmæt forföll, en í því tilviki skal lögregla boða hann til nýs þinghalds og eftir atvikum færa hann fyrir dóm með valdi, sbr. c-lið 3. mgr. 90. gr.

163. gr.

Við þingfestingu máls skal ákærði spurður hvort hann játi efni ákæru rétt og honum kynnt efni framlagðra skjala ef hann er viðstaddur. Ella skal það gert í þinghaldi þegar ákærði kemur fyrst fyrir dóm eftir þingfestingu.

Nú sækir ákærði þing og játar þá háttsemi sem honum er gefin að sök og má þá ákærandi gefa honum kost á að ljúka máli með því að gangast undir sekt sem greiðist innan tiltekins tíma að viðlagðri vararefsingu, ásamt sakarkostnaði. Fallist ákærði á slík málalok og dómari telur viðurlög hæfileg getur hann lokið máli með ákvörðun sinni um þau viðurlög. Með sama hætti má og leysa úr kröfum á hendur ákærða um sviptingu ökuréttar og upptöku eigna.

Nú telur héraðssaksóknari að saklaus maður hafi fallist á viðurlög skv. 2. mgr. eða að ákærði hafi verið látinn undirgangast fjarstæð málalok að öðru leyti og getur hann þá kært málið til Hæstaréttar til ónýtingar á ákvörðuninni.

164. gr.

Nú verður máli ekki lokið skv. 2. mgr. 163. gr., ákærði játar skýlaust alla þá háttsemi sem honum er gefin að sök og dómari telur ekki ástæðu til að draga í efa að játningin sé sannleikanum samkvæm. Tekur dómari þá málið þegar til dóms nema annar hvor aðila krefjist þess að fram fari aðalmeðferð í því skv. 166. gr.

Verði máli lokið skv. 1. mgr. þarf ekki að færa fram önnur sönnunargögn en þegar hafa verið lögð fram. Aðili getur þó óskað eftir að leggja fram sýnileg sönnunargögn. Skal aðilum gefinn kostur á að tjá sig í stuttu máli um lagaatriði máls og ákvörðun viðurlaga.

165. gr.

Ef máli verður ekki lokið samkvæmt því sem að framan greinir skal gefa ákærða kost á að leggja fram skriflega greinargerð af sinni hálfu innan hæfilegs frests. Í greinargerð skulu greindar kröfur og röksemdir ákærða, svo og þau gögn sem hann leggur fram og þau vitni sem hann óskar eftir að verði leidd í málinu. Leggi ákærði ekki fram greinargerð skal hann láta uppi hvort hann hyggst leggja fram sönnunargögn og leiða vitni í málinu og þá hver þau séu.

Dómari getur frestað máli til að aðilar geti aflað frekari sönnunargagna ef þeir óska eftir því eða hann telur þess þörf.

Dómari ákveður hvort mál verði munnlega flutt eða skriflega. Dómari skal ekki ákveða skriflegan flutning máls nema aðilar óski þess og hann telji hættu á að málið skýrist ekki nægilega með munnlegum málflutningi.

Þegar aðilar hafa lýst því yfir að öflun sýnilegra sönnunargagna sé lokið ákveður dómari þing til aðalmeðferðar máls með hæfilegum fyrirvara. Ef tilefni gefst skal hann jafnframt taka ákvörðun um það hvort aðalmeðferð fari fram fyrir luktum dyrum, hvort vitni skuli gefa skýrslu án þess að það þurfi að skýra frá nafni sínu í heyranda hljóði og hvort ákærði og málflytjendur skuli víkja úr þinghaldi meðan vitni gefur skýrslu. Dómara er rétt að inna aðila eftir því hve langan tíma þeir þurfi fyrir málflutningsræður við aðalmeðferð og ákveður dómari síðan lengd hennar í ljósi þess.

Heimilt er að taka skýrslu af ákærða eða vitnum áður en aðalmeðferð hefst, enda verði sá sem skýrslu á að gefa fyrirsjáanlega fjarverandi vegna lögmætra forfalla.

166. gr.

Við aðalmeðferð máls fara að jafnaði fram í einni lotu skýrslutökur og munnlegur flutningur máls. Ákærði á rétt á að vera við aðalmeðferð máls. Dómari getur þó ákveðið að hann víki af þingi meðan skýrsla er tekin af öðrum sem eru ákærðir í málinu eða meðan vitni gefur skýrslu, sbr. 123. gr.

Aðalmeðferð hefst með því að ákærandi gerir stuttlega grein fyrir ákæru og hvaða gögnum hún er studd, en síðan gefst ákærða kostur á að gera stuttar athugasemdir af sinni hálfu. Því næst skal tekin skýrsla af ákærða. Ef hann játar að hafa framið það brot sem hann er ákærður fyrir ákveður dómari í samráði við málflytjendur hvort og þá að hve miklu leyti þörf er frekari sönnunarfærslu. Síðan eru teknar skýrslur af vitnum og gengið á vettvang ef því er að skipta.

Að loknum skýrslutökum fer fram munnlegur flutningur máls. Ákærandi talar fyrst, því næst sá sem fer með kröfu skv. XXVI. kafla ef því er að skipta og síðan ákærði. Að því loknu geta þeir í sömu röð fært fram andsvör af sinni hálfu. Flytji verjandi málið fyrir ákærða er honum sjálfum heimilt að taka stuttlega til máls í lok aðalmeðferðar. Dómari stýrir málflutningi og gætir þess að ræðumaður haldi sig við efnið og að málflutningur sé glöggur og fari ekki út fyrir þau mörk sem sæmandi er í þinghaldi. Dómari getur takmarkað málfrelsi eða stöðvað málflutning þess sem lagar sig ekki að áminningum hans eða fer að mun fram úr þeim tíma sem hefur verið áætlað að málflutningur hans muni taka. Að loknum málflutningi er málið tekið til dóms.

167. gr.

Nú er mál skriflega flutt og skal þá taka skýrslur af ákærða og vitnum áður en málflutningur hefst. Síðan skal gefa ákæranda kost á að skila sókn til viðbótar ákæru. Að því búnu gefst ákærða kostur á að skila vörn til viðbótar greinargerð ef því er að skipta. Skriflegum andsvörum má skila einu sinni af hálfu hvors aðila. Að loknum málflutningi er málið tekið til dóms.

168. gr.

Nú telur dómari eftir dómtöku máls nauðsynlegt að fram komi frekari gögn ellegar að spyrja þurfi ákærða eða vitni nánar. Skal hann þá kveðja aðila fyrir dóm og eftir atvikum leggja spurningar fyrir þá og beina því til ákæranda að afla frekari gagna eða leiða tiltekin vitni fyrir dóm. Fresta má málinu eftir þörfum, en að því búnu gefur dómari aðilum kost á að gera athugasemdir til viðbótar fyrri málflutningi sínum og tekur málið til dóms á ný.

169. gr.

Nú hafa fleiri mál verið höfðuð gegn ákærða fyrir sama dómstóli og getur dómari þá ákveðið, ef hann telur það hagkvæmt, að sameina mál þessi og reka þau og dæma sem eitt mál.

Nú hefur mál verið höfðað í einu lagi gegn fleiri en einum og getur dómari þá eftir ósk aðila eða af sjálfsdáðum ákveðið að skilja málið í sundur og dæma sérstaklega mál eins eða fleiri ákærðu ef það þykir hentugra og horfa til flýtis og sparnaðar.

170. gr.

Mál verður fellt niður ef:

a. ákærði fellur frá meðan á málsmeðferð stendur, nema ákveða megi sekt eða upptöku eigna úr dánarbúi hans,
b. ákærandi afturkallar ákæru áður en dómur gengur,
c. ákærandi sækir ekki þing eftir því sem fyrir er mælt í 160. gr.,
d. saksókn er háð kröfu brotaþola og hann fellur frá henni áður en héraðsdómur er kveðinn upp, nema ákærandi telji rétt að halda málinu áfram vegna almannahagsmuna.

Mál skal fella niður með bókun í þingbók nema ágreiningur rísi um hvort það verði gert, sem dómari tekur þá afstöðu til með úrskurði. Kveðið skal á um sakarkostnað í bókuninni og hefur sú ákvörðun sama gildi og dómur um það efni.

171. gr.

Hraða skal meðferð máls eftir föngum.

Ekki skiptir máli hvenær yfirlýsingar, mótmæli og sönnunargögn koma fram undir rekstri máls.

XXVI. KAFLI
Einkaréttarkröfur o.fl.

172. gr.

Brotaþoli og hver sá annar sem telur sig hafa öðlast kröfu að einkarétti á hendur sakborningi vegna refsiverðrar háttsemi hans getur leitað dóms um hana í sakamáli eftir því sem nánar er ákveðið í þessum kafla.

Ef háttsemi sakbornings er auk refsiábyrgðar talin hafa leitt af sér kröfu allsherjarréttar eðlis getur það stjórnvald sem hlut á að máli leitað dóms um hana á sama hátt og í 1. mgr. greinir.

Sá sem neytir heimildar skv. 1. eða 2. mgr., hér eftir nefndur kröfuhafi, verður ekki aðili að sakamáli nema að því leyti einu sem varðar kröfu hans.

173. gr.

Kröfu skv. 1. eða 2. mgr. 172. gr. skal komið á framfæri við lögreglu meðan á rannsókn máls stendur eða við ákæranda áður en ákæra er gefin út. Heimilt er og að koma kröfu á framfæri við ákæranda eftir útgáfu ákæru ef fullnægt er skilyrðum 1. mgr. 153. gr. til útgáfu framhaldsákæru í máli eða ákærði samþykki, enda sé að öðru leyti fullnægt skilyrðum þess að hafa megi slíka kröfu uppi í málinu.

Kröfuhafi skal láta af hendi við lögreglu eða ákæranda skriflega greinargerð um kröfu sína þar sem getið skal eftirfarandi atriða:

a. nafns kröfuhafa, heimilis og kennitölu, svo og sömu atriða varðandi fyrirsvarsmann hans ef því er að skipta,
b. nafns réttargæslumanns eða annars lögmanns kröfuhafa í málinu ef hann gætir ekki hagsmuna sinna sjálfur eða fyrirsvarsmaður hans,
c. dómkrafna kröfuhafa, sem skulu úr garði gerðar á sama hátt og í stefnu í einkamáli,
d. skýringa á aðild kröfuhafa að kröfunni ef um annan er að ræða en brotaþola,
e. málsástæðna sem krafa er reist á,
f. tilvísunar til helstu lagaákvæða eða réttarreglna sem málatilbúnaður er studdur við.

Með greinargerð skv. 2. mgr. skulu fylgja þau gögn sem varða málatilbúnað kröfuhafa og ekki liggja þegar fyrir í sakamálinu.

Ef kröfu er komið á framfæri við lögreglu áður en rannsókn máls er lokið skal hún kynnt sakborningi og leitað afstöðu hans til hennar sé þess kostur. Berist krafa síðar getur ákærandi falið lögreglu að fara með hana á sama veg.

Þegar ákvörðun hefur verið tekin um saksókn skal ákærandi gæta að því hvort krafan sé réttilega úr garði gerð og henni fylgi nauðsynleg gögn, en hann getur veitt kröfuhafa skamman frest til að bæta úr slíkum annmörkum á henni. Ákærandi getur kröfunnar í ákæru eða eftir

atvikum framhaldsákæru og lætur greinargerð um hana og önnur gögn fylgja ákærunni til héraðsdóms, sbr. 154. gr.

174. gr.

Ef krafa skv. 1. eða 2. mgr. 172. gr. er höfð uppi í sakamáli skal dómari láta afrit af greinargerð um hana fylgja ákæru ásamt fyrirkalli til birtingar fyrir ákærða. Þegar birt hefur verið skal dómari tilkynna kröfuhafa um stað og stund þegar málið verður þingfest.

Við þingfestingu máls skal leggja fram greinargerð um kröfuna ásamt meðfylgjandi gögnum. Nú sækir kröfuhafi ekki þing við þingfestingu eða þegar málið er tekið fyrir á síðari stigum og skal þá krafan felld niður nema hann hafi lögmæt forföll eða ákærandi hafi tekið að sér að mæta fyrir hans hönd í þinghaldinu.

Undir rekstri máls skal dómari gæta að því af sjálfsdáðum á sama hátt og í einkamáli hvort einhverjir þeir annmarkar séu á kröfu sem valdið gætu því að vísa beri henni frá dómi. Telji hann svo vera eða krefjist ákærði þess að kröfunni verði vísað frá dómi skal aðilum málsins gefinn kostur á að tjá sig um það á dómþingi ásamt kröfuhafa. Ef dómari vísar kröfunni frá dómi eða hafnar kröfu ákærða um frávísun skal hann gera það með úrskurði.

Kröfuhafi hefur einn forræði á kröfunni á sama hátt og ef hann hefði hana uppi í einkamáli. Honum er heimilt á öllum stigum máls að falla frá henni en dómari getur þá gert honum eftir kröfu ákærða að greiða ómaksþóknun vegna kostnaðar sem sérstaklega hefur fylgt því að halda uppi vörnum gegn kröfunni. Kröfuhafi og ákærði geta gert dómsátt um kröfuna eftir sömu reglum og gilda um slíka sátt í einkamáli án tillits til þess hvort hún hafi verið höfð uppi á þann hátt sem greinir í 173. gr.

Verði kröfu ekki vísað frá dómi, sé ekki fallið frá henni eða hún felld niður ellegar gerð sátt um hana skal dómari tilkynna kröfuhafa á sannanlegan hátt um þinghöld í málinu.

175. gr.

Nú viðurkennir ákærði ekki kröfu sem gerð er á hendur honum skv. 1. eða 2. mgr. 172. gr. og dómari telur að meðferð hennar geti leitt til teljandi tafa eða óhagræðis við rekstur máls og getur hann þá á öllum stigum þess fram til munnlegs málflutnings ákveðið að skilja hana frá öðrum þáttum málsins og víkja henni til meðferðar fyrir dómi í sérstöku einkamáli. Áður en slík ákvörðun er tekin skal þó dómari gefa aðilum og kröfuhafa kost á að tjá sig um það atriði.

Nú stendur svo á sem í 1. mgr. segir og um er að ræða kröfu um skaðabætur og má dómari þá ákveða að láta við það sitja að einvörðungu verði dæmt um bótaskyldu í sakamálinu. Samhliða getur hann ákveðið að víkja kröfu um bótafjárhæð til meðferðar fyrir dómi í sérstöku einkamáli skv. 1. mgr.

Taki dómari ákvörðun um að víkja kröfu til meðferðar í einkamáli skv. 1. eða 2. mgr. skal krafan tekin til meðferðar fyrir sama dómstóli eins og einkamál hefði verið þingfest um hana. Hafi ákærði ekki lagt fram greinargerð í sakamálinu skv. 1. mgr. 165. gr. skal hann í fyrsta þinghaldi í einkamálinu fá frest til að taka þar til varna. Að öðru leyti verður málið rekið upp frá því eftir almennum reglum um meðferð einkamála.

176. gr.

Nú er kröfu skv. 1. eða 2. mgr. 172. gr. ekki vísað frá dómi, frá henni fallið, hún felld niður, sátt gerð um hana eða henni vikið til meðferðar í einkamáli og á þá kröfuhafi rétt á að láta málið til sín taka að því er hana varðar, þar á meðal að leggja fram gögn til stuðnings henni.

Kröfuhafa er og heimilt að beina því til dómara að tilteknar spurningar verði við munnlega sönnunarfærslu lagðar fyrir ákærða, vitni eða kröfuhafa sjálfan um atriði sem sérstaklega varða kröfuna, svo og að flytja málið munnlega um hana eina.

Nú er sakamál fellt niður, því vísað frá dómi eða ákærði sýknaður með dómi án þess að það hafi verið vegna þess að hann sé talinn ósakhæfur og skal þá dómari vísa kröfu skv. 1. eða 2. mgr. 172. gr. af sjálfsdáðum frá dómi. Skal það gert í dómi eða að öðrum kosti með úrskurði, þar á meðal ef málið er fellt niður.

Ef leyst er úr kröfu að efni til skal afstaða tekin til hennar á sama hátt og gert yrði í einkamáli. Dæma má ákærða til greiðslu málskostnaðar vegna kröfunnar, enda hafi þess verið krafist, nema um sé að ræða kröfu brotaþola sem hefur fengið sér skipaðan réttargæslumann.

XXVII. KAFLI
Afbrigðileg meðferð máls fyrir dómi.

177. gr.

Að því leyti sem mál koma til úrlausnar fyrir héraðsdómi samkvæmt þessum lögum, án þess að handhafi ákæruvalds hafi höfðað mál eftir því sem mælt er fyrir um í 1. gr. eða farið sé með þau eftir XV. kafla, skulu þau rekin samkvæmt ákvæðum þessa kafla, þar á meðal þau mál sem getið er sérstaklega í 1. mgr. 2. gr.

178. gr.

Mál skv. 177. gr. skal lagt fyrir héraðsdóm með skriflegri kröfu, þar sem greina skal frá eftirfarandi:

a. nafni þess sem leggur málið fyrir dóm ásamt heimili, svo og kennitölu ef ekki er um stjórnvald að ræða,
b. hver fari með málið af hálfu hans,
c. hvert málefnið eða erindið sé ásamt nafni, heimilisfangi og eftir atvikum kennitölu þess sem krafan beinist að,
d. hvers sé krafist í málinu,
e. hver atvik séu að baki kröfunni,
f. á hvaða rökum og réttarreglum krafan sé reist.

Kröfunni skulu fylgja nauðsynleg gögn. Henni skal beint til viðeigandi héraðsdóms, sbr. 51. gr.

Þegar dómara hefur borist krafa skal hann kanna hvort lagaheimild standi til að taka hana til meðferðar. Telji hann svo ekki vera skal hann þegar í stað vísa málinu frá dómi með úrskurði, en ella ákveður hann stað og stund til þinghalds til að þingfesta málið. Dómari tilkynnir þessa ákvörðun þeim sem kröfuna gerði og telst hann upp frá því sóknaraðili máls. Skal ákvörðunin jafnframt tilkynnt varnaraðila með sannanlegum hætti sé um hann að ræða nema krafa sé gerð um aðgerð við rannsókn sakamáls og vitneskja varnaraðila um hana gæti spillt fyrir rannsókn, sbr. 1. mgr. 104. gr.

179. gr.

Ef sóknaraðili mætir ekki á dómþingi þegar þingfesta á mál verður það ekki gert. Ella verður málið þingfest með því að gögn þess eru lögð þar fram.

Standi enginn til varnaraðildar í máli, hafi varnaraðili ekki verið kvaddur á dómþing eða hann sækir ekki þing samkvæmt kvaðningu skal gefa sóknaraðila kost á að gera munnlega

grein fyrir málinu og leggja fram frekari gögn. Jafnframt má veita honum frest til að afla frekari gagna. Að lokinni gagnaöflun skal krafa sóknaraðila tekin til úrlausnar.

Ef varnaraðili sækir þing við þingfestingu máls skulu honum fengin afrit af skjölum þess. Má veita honum frest til að kynna sér málsgögn og undirbúa málsvörn, en að öðru jöfnu skal síðan fara fram munnleg sókn og vörn í málinu. Að því búnu leysir dómari úr kröfu sóknaraðila með úrskurði.

Meðferð mála samkvæmt þessum kafla fer að öðru leyti eftir ákvæðum laga þessara um almenna meðferð mála eftir því sem við getur átt.

XXVIII. KAFLI
Dómsúrlausnir héraðsdóms.

180. gr.

Hvorki má dæma ákærða fyrir aðra hegðun en þá sem í ákæru greinir né heldur dæma aðrar kröfur á hendur honum. Þó má sakfella ákærða þótt aukaatriði brots, svo sem staður og stund þess, séu ekki skýrt eða rétt greind, enda telji dómari að vörn hafi ekki verið áfátt þess vegna. Dómari getur gefið aðilum færi á að tjá sig um atriði að þessu leyti, ef þurfa þykir. Með sömu skilyrðum er dómara og rétt að dæma eftir öðrum refsiákvæðum en fram koma í ákæru, þó aldrei aðrar kröfur en þar greinir.

Að öðru leyti er dómari óbundinn af kröfum aðila og yfirlýsingum nema þær varði kröfu skv. XXVI. kafla.

181. gr.

Að því leyti sem önnur ákvæði laga þessara mæla ekki á annan veg og ágreiningur er ekki uppi tekur dómari afstöðu til atriða sem varða rekstur máls með ákvörðun sem verður eftir atvikum skráð í þingbók. Slík atriði má einnig leiða til lykta með ákvörðun þótt ágreiningur sé um þau ef ágreiningsefnið sætir ekki kæru til Hæstaréttar.

Dómari leysir úr öðrum atriðum sem ráða þarf til lykta fyrir dómtöku máls með úrskurði. Úrskurð skal kveða upp þegar í stað í þinghaldi ef unnt er en að öðrum kosti svo fljótt sem verða má.

Úrskurður skal vera skriflegur og skráður í þingbók eða dómabók. Dómari skal færa rök fyrir niðurstöðu sinni í úrskurði án þess að greina frekar en þörf er á samhengis vegna frá atvikum máls eða rökstuðningi aðila. Niðurstaðan skal síðan dregin saman í úrskurðarorðum.

Feli úrskurður í sér lokaniðurstöðu máls, sem rekið er eftir ákvæðum XXV. eða XXVII. kafla, skulu forsendur fylgja úrskurðarorðum með sama hætti og ef um dóm væri að ræða. Ef máli er vísað frá dómi án kröfu eða það er fellt niður má dómari þó láta við það sitja að greina í forsendum úrskurðar frá þingfestingardegi máls, ákæru, ákærða, kröfum hans og rökstuðningi fyrir niðurstöðu.

Dómari getur breytt ákvörðun sinni um atriði varðandi rekstur máls, svo og úrskurði sem felur ekki í sér lokaniðurstöðu þess.

182. gr.

Þegar máli lýkur með viðurlagaákvörðun dómara skv. 2. mgr. 163. gr. skal hún færð í þingbók og skýrlega tekið þar fram að með henni sé málinu lokið með því að ákærði sæti nánar tiltekinni refsingu og eftir atvikum öðrum refsikenndum viðurlögum. Skal einnig tekið fram hvernig fari um sakarkostnað.

Viðurlagaákvörðun hefur sömu áhrif og dómur, þar á meðal um ítrekunaráhrif ef því er að skipta.

183. gr.

Nú verður mál ekki fellt niður, því vísað frá dómi eða lokið með viðurlagaákvörðun skv. 182. gr. og skal þá saminn skriflegur dómur þar sem forsendur fylgja dómsorðum.

Í dómi skal greina dómstól og nafn dómara eða nöfn ef fleiri en einn dæma málið, svo og stað og stund dómsuppkvaðningar. Síðan skal greina svo stutt og glöggt sem verða má:

a. nafn, kennitölu eða fæðingardag og heimili ákærða,
b. hver hafi gefið út ákæru og hvenær og hvert meginefni hennar sé,
c. hvers krafist sé í málinu,
d. hver málsatvik séu í aðalatriðum,
e. við hvaða sönnunargögn og rök hvert ákæruatriði sé stutt og hvaða andsvör ákærði færi við þeim ef því er að skipta,
f. röksemdir dómara fyrir því hvað teljist sannað í málinu og með hverjum hætti,
g. röksemdir dómara fyrir niðurstöðu um önnur atriði máls, þar á meðal um viðurlög,
h. sakarkostnað.

Í dómsorðum skulu niðurstöður máls dregnar saman.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. má í máli sem farið er með skv. 164. gr. láta nægja að skírskota í dómi til ákæru í stað þess að lýsa málsatvikum og geta þess jafnframt að málið sé dæmt samkvæmt skýlausri játningu ákærða. Það sama má gera í öðrum tilvikum þar sem ekki er deilt um verknaðarlýsingu í ákæru. Í máli sem farið er með skv. 161. gr. má á sama hátt í dómi skírskota til ákæru og taka fram að ákærði hafi ekki sótt þing þótt þess hafi verið getið í fyrirkalli að málið kynni að verða dæmt að honum fjarstöddum.

Samkvæmt kröfu ákæruvaldsins getur dómari ákveðið í dómi að ákvörðun um missi réttinda komi þegar til framkvæmda og án tillits til áfrýjunar ef það telst nauðsynlegt til verndar lífi, heilsu eða eignum einstakra manna eða almennings, óviðurkvæmilegt má telja að dómfelldi haldi réttindum að gengnum dómi eða lög bjóða að áfrýjun fresti ekki áhrifum réttindamissis. Á sama hátt má ákveða í dómi að áfrýjun fresti ekki dómsákvæðum skv. 62., 63., 65. eða 67. gr. almennra hegningarlaga. Ákæruvaldið getur gert kröfu um dómsákvæði sem þessi allt fram að dómtöku máls.

184. gr.

Dómur skal kveðinn upp svo fljótt sem unnt er. Hafi dómur ekki verið kveðinn upp í máli sem var munnlega flutt innan fjögurra vikna frá því að það var dómtekið skal það flutt að nýju nema dómari og aðilar telji það óþarft.

Ef dómur er fjölskipaður og mál munnlega flutt skulu allir dómendur hafa hlýtt á flutning þess. Geti þeir ekki allir lokið dómi á mál skal nefna dómara í stað þess sem hefur misst við og endurtaka munnlegan flutning máls. Dómendur ræða um niðurstöðu máls fyrir luktum dyrum og ræður afl atkvæða úrslitum um hvert atriði. Nú verður dómari í minni hluta um eitthvert atriði og skal hann þá allt að einu taka þátt í ályktun um önnur atriði, en ágreiningsatriðis skal þá getið í dómi. Formaður dóms stýrir atkvæðagreiðslu og sér um samningu dóms.

185. gr.

Dómari tilkynnir aðilum hvar og hvenær dómur verði kveðinn upp nema farið hafi verið með mál skv. 161. gr. Við uppkvaðningu skal lesa upp dómsorð á dómþingi. Eins skal farið að við uppkvaðningu úrskurðar sem felur í sér lokaniðurstöðu máls.

Endurrit af dómi eða úrskurði skal að öðru jöfnu vera til reiðu við uppkvaðningu hans.

Ef ákærði sækir þing við uppkvaðningu dóms telst dómurinn birtur fyrir honum, enda standi honum þegar til boða endurrit dómsins. Nú verður dómur ekki birtur á þann hátt á dómþingi og ákærða eru þar gerð önnur eða þyngri viðurlög en sekt eða upptaka eigna sem svarar til áfrýjunarfjárhæðar í einkamáli og skal þá ákærandi birta honum dóm. Fer þá um birtingu dóms eftir því sem segir í 156. gr. Ella þarf ekki að birta dóm þótt ekki sé sótt þing af hálfu ákærða við uppkvaðningu hans.

Ekki má fullnægja ákvæði í dómi um refsingu og önnur viðurlög fyrr en afráðið er hvort honum verði áfrýjað, sbr. þó 5. mgr. 183. gr. Með sama skilorði frestar áfrýjun fullnustu dóms um refsingu og önnur viðurlög.

186. gr.

Dómur er bindandi um úrslit sakarefnis fyrir ákærða, ákæruvaldið og aðra um þau atriði sem þar eru dæmd að efni til.

Krafa sem dæmd hefur verið að efni til verður ekki borin aftur undir sama eða hliðsettan dómstól framar en í lögum þessum segir. Nýju máli um slíka kröfu skal vísað frá dómi.

Dómur er bindandi fyrir dómara þegar hann hefur verið kveðinn upp. Dómara er þó heimilt að leiðrétta ritvillur, reikningsskekkjur, nafnskekkjur og aðrar bersýnilegar villur í dómi, enda láti hann aðilum sem hafa fengið endurrit af dómi í té nýtt endurrit án tafar.

Dómur hefur fullt sönnunargildi um þau málsatvik sem í honum greinir þar til það gagnstæða er sannað.

5. ÞÁTTUR
Endurupptaka og málskot.
XXIX. KAFLI
Endurupptaka útivistarmáls í héraði.

187. gr.

Nú hefur ákærði ekki sótt þing við þingfestingu máls fyrir héraðsdómi og því hefur verið lokið með dómi samkvæmt því sem segir í 161. gr. Getur hann þá innan fjögurra vikna frá því að dómur var birtur fyrir honum eða dómur var kveðinn upp ef birtingar var ekki þörf skv. 3. mgr. 185. gr. krafist þess að málið verði tekið upp á ný fyrir héraðsdómi, enda berist beiðni hans um endurupptöku innan þess frests.

Ákærði getur ekki beiðst endurupptöku ef dómi hefur þegar verið áfrýjað til Hæstaréttar af ákæruvaldsins hálfu að því er hann varðar.

Þegar frestur skv. 1. mgr. er liðinn verður mál ekki tekið upp á ný nema með ákvörðun Hæstaréttar skv. XXXII. kafla.

188. gr.

Skriflegri beiðni ákærða um endurupptöku skal beint til þess dómstóls þar sem útivistardómur gekk. Í henni skal skýrlega greint frá því hvaða mál hún varðar, hverra breytinga ákærði krefjist á fyrri málsúrslitum og á hvaða sönnunargögnum, rökum og réttarreglum sú krafa sé byggð.

Ef beiðni er ófullnægjandi, hún berst röngum dómstóli eða dómari telur að skilyrðum 187. gr. sé ekki fullnægt synjar hann þegar í stað um endurupptöku, en úrskurður skal kveðinn upp um synjunina ef krafist er. Að öðrum kosti boðar dómari ákæranda og ákærða fyrir dóm til að taka beiðnina fyrir.

Sæki ákærði ekki þing þegar beiðni hans er tekin fyrir telst hún fallin niður.

Haldi ákærandi uppi andmælum gegn beiðni um endurupptöku skal leyst úr þeim með úrskurði áður en lengra er haldið. Að öðrum kosti tekur dómari málið upp á ný með bókun í þingbók.

189. gr.

Nú hefur mál verið endurupptekið og falla þá niður réttaráhrif dóms þar til því er lokið á ný í héraði. Frá þessu getur dómari þó vikið samkvæmt kröfu ákæranda, enda standi svo á sem um ræðir í 5. mgr. 183. gr.

Upphaflegum dómi í málinu verður ekki áfrýjað til Hæstaréttar eftir að það er endurupptekið nema endurupptöku ljúki með því að dómurinn standi óhaggaður skv. 2. mgr. 190. gr. og ákæruvaldið áfrýi.

190. gr.

Þegar endurupptaka er ráðin verður farið með mál eftir almennum reglum laga þessara frá því stigi þegar það var upphaflega þingfest.

Hverfi ákærði frá kröfu um endurupptöku eða falli þingsókn niður af hans hálfu á ný án þess að hann hafi lagt fram greinargerð skv. 1. mgr. 165. gr. lýkur henni með bókun dómara í þingbók um að upphaflegur dómur standi óhaggaður nema ákærandi krefjist þess að málið sæti frekari meðferð.

Mál verður ekki endurupptekið öðru sinni eftir ákvæðum þessa kafla.

191. gr.

Nú hefur mál verið endurupptekið án þess að því hafi verið lokið samkvæmt því sem segir í 2. mgr. 190. gr. eða að það hafi verið fellt niður. Skal þá dómari ákveða ákærða viðurlög skv. 182. gr. eða leggja á það dóm á nýjan leik nema því verði vísað frá dómi með úrskurði. Fellur þá fyrri dómur sjálfkrafa úr gildi.

Þegar máli lýkur samkvæmt því sem segir í 1. mgr. skal dómari kveða í einu lagi á um sakarkostnað vegna málsins í heild.

Áfrýja má dómi til Hæstaréttar eftir endurupptöku máls samkvæmt almennum reglum laga þessara.

XXX. KAFLI
Kæra.

192. gr.

Úrskurðir héraðsdómara um eftirfarandi sæta kæru til Hæstaréttar, sbr. þó 2. mgr.:

a. hvort hann víki sæti í máli,
b. hvort loka eigi þinghaldi eða leggja bann við opinberri frásögn af því sem þar fer fram,
c. synjun um að láta af hendi afrit af gögnum eða veita leyfi til að hlýða á upptöku úr þinghaldi,
d. atriði varðandi réttindi sakbornings, verjanda hans eða lögmanns við rannsókn máls,
e. atriði varðandi réttindi brotaþola eða réttargæslumanns hans við rannsókn máls,

f. atriði varðandi skýrslutöku af sakborningi, brotaþola eða öðrum vitnum við rannsókn máls,
g. heimild til að leggja hald á muni eða hvort því verði aflétt,
h. heimild til leitar og annarra aðgerða skv. X. kafla, svo og framkvæmd þeirra aðgerða,
i. heimild til aðgerða skv. XI. kafla,
j. heimild til réttarkrufningar,
k. kyrrsetningu á eignum,
l. gæsluvarðhald og aðrar ráðstafanir skv. XIV. kafla, þar á meðal tilhögun gæsluvarðhaldsvistar,
m. synjun um að fara með rannsóknarmál án þess sakborningur eða annar sá sem það varðar verði kvaddur fyrir dóm,
n. atriði varðandi skýrslugjöf ákærða eða vitnis fyrir dómi,
o. atriði varðandi matsgerðir,
p. heimild til að leggja fram sönnunargagn, skyldu til að láta það af hendi til framlagningar í máli eða hald til að fylgja þeirri skyldu eftir,
q. synjun um heimild til að afla sönnunargagna fyrir öðrum dómi,
r. synjun um endurupptöku máls sem lokið hefur verið með áritun sektarboðs,
s. að frestur skuli veittur,
t. að máli sé vísað frá dómi,
u. að kröfu skv. XXVI. kafla sé vísað frá dómi,
v. hvort mál verði fellt niður,
w. málefni sem sæta meðferð skv. XXVII. kafla,
x. synjun um endurupptöku dæmds máls,
y. réttarfarssekt.

Eftir að aðalmeðferð máls er hafin verður úrskurði héraðsdómara ekki skotið til æðra dóms nema úrskurður sé um:

a. frávísun máls, niðurfellingu þess eða frestun,
b. þvingunarráðstafanir skv. IX., X., XI., XII. og XIV. kafla,
c. hvort vitni eða matsmaður verði leiddur fyrir dóm, spurning verði lögð fyrir hann eða honum gert að svara henni,
d. atriði sem varða annars hagsmuni manns sem ekki á aðild að málinu.

Úrskurður héraðsdómara verður ekki kærður ef athöfn sem þar er kveðið á um hefur þegar farið fram eða ástand sem leitt hefur af úrskurðinum er þegar um garð gengið.

Nú hefur úrskurður verið kærður og svo fer sem í 3. mgr. segir eftir þann tíma en áður en dómur er felldur í kærumálinu og skal þá vísa því frá Hæstarétti.

193. gr.

Héraðsdómari leiðbeinir þeim sem ekki nýtur aðstoðar lögmanns um rétt til að kæra úrskurð og um kærufrest.

Nú vill maður kæra úrskurð og skal hann þá lýsa því yfir innan þriggja sólarhringa frá því að hann fékk vitneskju um úrskurðinn. Sé kæru lýst yfir á dómþingi má kærandi láta við það sitja að bókað verði um hana í þingbók, þar á meðal í hvaða skyni kært er. Að öðrum kosti skal hann afhenda héraðsdómara skriflega kæru þar sem greint skal frá því hvaða úrskurður sé kærður, kröfu um breytingu á honum og ástæður sem kæra er reist á. Skriflegri kæru skulu fylgja ný gögn sem kærandi hyggst bera fyrir sig, enda sé í kæru getið hvað sanna eigi með þeim.

Sé ekki kært innan þess frests sem settur er í 2. mgr. getur sá sem kæra vill leitað eftir leyfi Hæstaréttar til þess, en afhenda skal hann héraðsdómara skriflega kæru áður en það verður gert. Um þá leyfisbeiðni og meðferð hennar fer samkvæmt því sem segir í 200. gr.

Kæra úrskurðar um aðgerðir skv. IX., X., XI., XII. og XIV. kafla frestar ekki framkvæmdum í máli. Þegar öðruvísi stendur á frestar kæra framkvæmdum við rannsókn eða málsmeðferð nema héraðsdómari fallist á kröfu um annað.

194. gr.

Ef héraðsdómari telur annmarka vera á kæru getur hann gefið kæranda skamman frest til að bæta úr henni. Að öðrum kosti sendir héraðsdómari kæruna til Hæstaréttar svo fljótt sem verða má ásamt endurritum úr þingbók og öðrum gögnum málsins sem varða kæruefnið nema hann telji rétt að fella sjálfur úrskurð sinn úr gildi. Gögnin sendir héraðsdómari í fjórriti ásamt athugasemdum sínum ef hann vill.

Nú hefur kæru ekki verið lýst yfir í þinghaldi að viðstöddum gagnaðila kæranda og skal héraðsdómari þá tilkynna gagnaðilanum tafarlaust um hana, enda hafi ekki verið farið með málið án þess að honum væri kunngert um það. Hafi héraðsdómari ekki þegar sent Hæstarétti kærumálið getur hann um leið gefið gagnaðilanum kost á að afhenda sér skriflega greinargerð sem geymi kröfur hans og röksemdir. Heimilt er að láta skrifleg gögn fylgja þeirri greinargerð, enda sé þess getið þar hvað sanna eigi með þeim. Hafi greinargerð ekki verið afhent héraðsdómara áður en hann sendir Hæstarétti málsgögnin skal henni beint til réttarins.

Aðilar kærumáls geta hvor eða hver fyrir sitt leyti sent Hæstarétti greinargerð með því efni sem greinir í 2. mgr. ásamt nýjum gögnum innan sólarhrings eftir að málið hefur borist réttinum. Aðili skal samhliða því senda gagnaðila sínum afrit af greinargerðinni, enda hafi ekki verið farið með málið fyrir héraðsdómi án þess að honum væri kunngert það.

195. gr.

Að liðnum fresti skv. 3. mgr. 194. gr. eða þegar greinargerðir hafa borist Hæstarétti getur hann lagt dóm á kærumál. Tekið skal tillit til greinargerða eða gagna sem berast eftir að fresturinn er liðinn svo framarlega sem málinu er þá ekki lokið.

Hæstiréttur leggur dóm á kærumál á grundvelli skriflegra gagna en getur þó ákveðið að það verði munnlega flutt. Dómur skal kveðinn upp svo fljótt sem kostur er.

Hæstiréttur skal tilkynna héraðsdómara og aðilum kærumáls sem hafa látið það til sín taka fyrir réttinum um úrslit þess.

Að öðru leyti en að framan greinir verður reglum um áfrýjunarmál beitt um kærumál eftir því sem átt getur við.

XXXI. KAFLI
Áfrýjun.

196. gr.

Með þeim takmörkunum sem leiðir af öðrum ákvæðum laga þessara er heimilt að áfrýja héraðsdómi til Hæstaréttar til þess að fá:

a. endurskoðun á ákvörðun viðurlaga,
b. endurskoðun á niðurstöðum sem byggðar eru á skýringu eða beitingu réttarreglna,
c. endurskoðun á niðurstöðum sem byggðar eru á mati á sönnunargildi annarra gagna en munnlegs framburðar fyrir héraðsdómi,
d. ómerkingu á dómi og heimvísun máls,

e. frávísun máls frá héraðsdómi.

Við áfrýjun dóms er jafnframt heimilt að leita endurskoðunar á úrskurðum sem kveðnir hafa verið upp og ákvörðunum sem teknar hafa verið undir rekstri máls í héraði.

Nú er héraðsdómi áfrýjað í einhverjum þeim tilgangi sem um ræðir í 1. mgr. og er þá um leið heimilt að leita endurskoðunar á niðurstöðum hans um kröfu skv. XXVI. kafla, enda hafi verið leyst úr henni að efni til og ákærði eða kröfuhafi hafi krafist endurskoðunar fyrir sitt leyti. Verði héraðsdómi ekki áfrýjað samkvæmt framansögðu er ákærða og kröfuhafa hvorum um sig heimilt að áfrýja sérstaklega úrlausn dómsins um kröfuna að efni til en um það málskot fer eftir reglum um áfrýjun dóms í einkamáli.

197. gr.

Ríkissaksóknari getur áfrýjað héraðsdómi ef hann telur ákærða hafa ranglega verið sýknaðan eða refsingu eða önnur viðurlög ákveðin að mun of væg, sbr. þó 1. mgr. 198. gr. Hann getur einnig áfrýjað dómi ákærða til hagsbóta.

Ákærði sem sakfelldur hefur verið í héraði getur áfrýjað héraðsdómi, sbr. þó 1. mgr. 198. gr. Nú er ákærði látinn og getur þá maki hans, börn, aðrir niðjar, foreldrar eða systkini áfrýjað dómi fyrir hans hönd.

198. gr.

Áfellisdómi verður aðeins áfrýjað ef ákærði hefur verið dæmdur í fangelsi ellegar til að greiða sekt eða sæta upptöku eigna sem nær áfrýjunarfjárhæð í einkamáli. Ríkissaksóknara er ávallt heimilt að áfrýja dómi um sýknu ákærða.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má áfrýja héraðsdómi með leyfi Hæstaréttar sem veita má ef úrslit málsins hafa verulegt almennt gildi eða varða mikilvæga hagsmuni ellegar ekki er útilokað samkvæmt fyrirliggjandi gögnum að dómi kunni að verða breytt svo að einhverju nemi.

199. gr.

Ef ákærði er staddur við uppkvaðningu héraðsdóms skal dómari kynna honum rétt hans til áfrýjunar og frest til að lýsa henni yfir. Þegar annars er þörf á að birta dóm skv. 3. mgr. 185. gr. skal sá sem birtir kynna ákærða þetta. Skal getið að þessa hafi verið gætt með bókun í þingbók eða í birtingarvottorði.

Ákærði skal lýsa yfir áfrýjun héraðsdóms í bréflegri tilkynningu sem berast verður ríkissaksóknara innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins, hafi birtingar verið þörf skv. 3. mgr. 185. gr., en ella innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu hans. Í tilkynningunni skal tekið nákvæmlega fram í hverju skyni áfrýjað sé og hverjar dómkröfur ákærða séu, þar á meðal varðandi kröfur skv. XXVI. kafla ef því er að skipta, svo og hvern hann vill fá skipaðan sem verjanda fyrir Hæstarétti eða hvort hann óskar eftir að flytja mál sitt sjálfur. Ríkissaksóknara er skylt að veita ákærða leiðbeiningar um gerð tilkynningar ef eftir því er leitað en jafnframt ber honum að benda á hvernig bæta megi úr annmörkum á efni hennar ef um þá er að ræða. Þegar tilkynning hefur borist frá ákærða innan framangreinds frests telst héraðsdómi áfrýjað af hans hálfu.

Nú hyggst ríkissaksóknari áfrýja héraðsdómi og skal hann þá gefa út áfrýjunarstefnu innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins.

Hvort sem ákærði eða ríkissaksóknari áfrýjar héraðsdómi getur gagnaðili, þar á meðal kröfuhafi ef krafa skv. XXVI. kafla hefur verið dæmd að efni til, ávallt gert kröfu fyrir

Hæstarétti um breytingar á niðurstöðum dómsins án þess að áfrýja fyrir sitt leyti, enda komi sú krafa fram í greinargerð hans skv. 203. gr.

Hafi hvorki ákærði né ríkissaksóknari áfrýjað innan þeirra fresta sem mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr. skal litið svo á að héraðsdómi sé unað af beggja hálfu. Þrátt fyrir það getur Hæstiréttur orðið við umsókn um leyfi til að áfrýja héraðsdómi sem berst næstu þrjá mánuði eftir lok áfrýjunarfrests, enda sé fullnægt skilyrðum 2. mgr. 198. gr. og dráttur á áfrýjun nægilega réttlættur. Beiðni um slíkt áfrýjunarleyfi frestar ekki fullnustu héraðsdóms um refsingu og önnur viðurlög.

200. gr.

Nú vill ákærði leita leyfis Hæstaréttar til að áfrýja héraðsdómi og skal hann þá senda ríkissaksóknara tilkynningu skv. 2. mgr. 199. gr. ásamt skriflegri umsókn um leyfið þar sem rökstutt skal ítarlega hvernig ákærði telur að skilyrðum fyrir áfrýjunarleyfi sé fullnægt. Leiti ákærði áfrýjunarleyfis skv. 2. mgr. 198. gr. verður umsókn hans ásamt tilkynningu um áfrýjun að berast ríkissaksóknara innan áfrýjunarfrests sem þar með telst rofinn.

Leiti ríkissaksóknari áfrýjunarleyfis skal hann beina til Hæstaréttar skriflegri umsókn um það. Skal hún vera sama efnis og um ræðir í 1. mgr. Sé leitað áfrýjunarleyfis skv. 2. mgr. 198. gr. verður umsóknin að berast réttinum innan áfrýjunarfrests sem þar með telst rofinn.

Hæstiréttur gefur öðrum málsaðilum kost á að tjá sig um umsókn um áfrýjunarleyfi. Þegar meðferð umsóknar er lokið tilkynnir rétturinn aðilunum skriflega um niðurstöðuna. Sé leyfið veitt verður ekki krafist rökstuðnings fyrir þeirri ákvörðun en sé umsókn hafnað skal greint frá ástæðum þess í tilkynningu til aðilanna.

201. gr.

Ríkissaksóknari er sóknaraðili máls fyrir Hæstarétti, hvort sem hann hefur sjálfur áfrýjað héraðsdómi eða ákærði.

Þegar áfrýjun er ráðin gefur ríkissaksóknari út áfrýjunarstefnu þar sem skal greina:

a. heiti og númer sem málið bar fyrir héraðsdómi, fyrir hverjum héraðsdómstóli var leyst úr því og hvenær dómur var kveðinn upp,
b. nafn ákærða, kennitölu eða fæðingardag og heimili, svo og hver komi fram fyrir hans hönd við áfrýjun skv. 2. mgr. 197. gr. ef því er að skipta,
c. hver áfrýi héraðsdómi og nákvæmlega í hverju skyni það sé gert,
d. ef því er að skipta hvert sé nafn, kennitala og heimili þess sem haft hefur uppi kröfu skv. XXVI. kafla sem dæmd hefur verið að efni til fyrir héraðsdómi,
e. að málið verði tekið til meðferðar fyrir Hæstarétti í samræmi við tilkynningar sem aðilunum verði á síðari stigum sendar þaðan.

Hafi ríkissaksóknari áfrýjað héraðsdómi skal hann svo fljótt sem verða má fá áfrýjunarstefnu birta fyrir ákærða. Skal ákærða um leið gefinn kostur á að bera fram ósk um verjanda eða greina ella frá ósk sinni um að fá að flytja mál sitt sjálfur.

Hafi krafa skv. XXVI. kafla verið dæmd að efni til í héraði skal ríkissaksóknari láta birta áfrýjunarstefnu fyrir þeim sem með kröfuna fer. Sé um brotaþola að ræða skal honum um leið gefinn kostur á að bera fram ósk um réttargæslumann þá þegar eða með tilkynningu til Hæstaréttar.

Að því búnu sem að framan greinir sendir ríkissaksóknari Hæstarétti áfrýjunarstefnuna með sönnun fyrir birtingu hennar ásamt endurriti af héraðsdómi og tilkynningu ákærða um áfrýjun ef því er að skipta. Hæstiréttur skipar ákærða verjanda nema hann hafi óskað eftir að

flytja mál sitt sjálfur, enda sé hann hæfur til þess að mati réttarins. Ef því er að skipta skipar Hæstiréttur enn fremur brotaþola réttargæslumann ef skilyrði eru til þess. Að því búnu tilkynnir Hæstiréttur eftir því sem við á ríkissaksóknara, ákærða, verjanda, brotaþola eða réttargæslumanni að málið hafi borist réttinum og hvaða auðkenni það hefur hlotið, svo og að tilkynnt verði frekar á síðara stigi um fresti hvers um sig til að leggja fram greinargerð í málinu af sinni hálfu.

202. gr.

Þegar áfrýjun er ráðin skal héraðsdómstóllinn, þar sem leyst var úr máli, verða við beiðni ríkissaksóknara um að afhenda honum dómsgerðir.

Þegar ríkissaksóknara hafa borist dómsgerðir skv. 1. mgr. og verjandi hefur verið skipaður skal ríkissaksóknari í samráði við verjanda búa til málsgögn en til þeirra teljast afrit þeirra málskjala og endurrita sem aðilarnir telja þörf á við úrlausn málsins eins og áfrýjun er háttað. Hæstarétti skulu síðan afhent málsgögn í þeim fjölda eintaka sem hann telur þörf á, svo og dómsgerðir.

Hæstiréttur setur nánari reglur um frágang málsgagna og dómsgerða.

203. gr.

Þegar málsgögn hafa verið afhent skal Hæstiréttur veita þeim aðila sem áfrýjað hefur tiltekinn frest til að skila skriflegri greinargerð og gögnum sem hann kann enn að telja vanta og hann hyggst byggja mál sitt á fyrir Hæstarétti. Þegar greinargerð og gögn hafa borist skal gagnaðila veittur frestur til að skila greinargerð og gögnum af sinni hálfu. Ef því er að skipta skal að lokum veita kröfuhafa skv. XXVI. kafla frest til að skila greinargerð og gögnum. Þegar greinargerð er skilað til Hæstaréttar skal sá sem það gerir senda öðrum þeim sem að framan er getið afrit af henni, svo og af gögnum sem fylgja henni.

Í greinargerð málsaðila skal koma fram:

a. hvers krafist sé fyrir Hæstarétti,
b. hvort hann felli sig við lýsingu málsatvika í héraðsdómi og röksemdir fyrir niðurstöðu en ef svo er ekki skal getið á stuttan og gagnorðan hátt í hverjum atriðum hann sé ósammála og hvernig hann rökstyðji í meginatriðum kröfur um breytingar á niðurstöðum héraðsdóms,
c. athugasemdir við málatilbúnað gagnaðila ef þeirra er þörf,
d. hvort hann hyggist enn leggja ný gögn fram fyrir Hæstarétti á síðara stigi og hver þau séu þá í meginatriðum.

Málsaðilum er heimilt að leggja frekari gögn fyrir Hæstarétt en þau skulu þá afhent réttinum og kynnt gagnaðila ekki síðar en einni viku fyrir flutning máls. Frá þessu getur Hæstiréttur vikið ef sérstaklega stendur á, enda séu aðilar á það sáttir að ný gögn komi fram með skemmri fyrirvara. Ríkissaksóknara er þó jafnan heimilt að leggja fram nýtt sakavottorð ákærða við upphaf málflutnings.

204. gr.

Hæstiréttur getur kveðið upp dóm um frávísun máls frá réttinum vegna galla á málatilbúnaði þar fyrir dómi án þess að málflutningur fari áður fram. Á sama hátt getur Hæstiréttur ómerkt héraðsdóm ef verulegir gallar hafa verið á meðferð máls í héraði og vísað því frá héraðsdómi ef undirbúningi undir málshöfðun hefur verið áfátt í meginatriðum.

Nú er málatilbúnaði áfátt, án þess að nauðsynlegt þyki þó að vísa máli frá eða ómerkja héraðsdóm, og getur þá Hæstiréttur beint því til aðila að afla gagna um tiltekin atriði eða grípa til annarra aðgerða til að ráða bót á því sem áfátt er.

Áður en málflutningur fer fram getur Hæstiréttur tekið mál fyrir á dómþingi eftir þörfum til að ráða til lykta atriðum varðandi rekstur þess. Skulu aðilar kvaddir fyrir dóm með hæfilegum fyrirvara í þessu skyni.

205. gr.

Mál skal að jafnaði flutt munnlega fyrir Hæstarétti. Rétturinn getur þó ákveðið að mál verði skriflega flutt ef sérstakar ástæður mæla með því. Hann getur einnig ákveðið að mál verði dómtekið án sérstaks málflutnings ef samhljóða óskir koma fram um það frá aðilum eða dómi er aðeins áfrýjað um ákvörðun viðurlaga.

Nú er ákveðinn munnlegur flutningur í máli og skulu þá aðilar tilkynna Hæstarétti að fram komnum greinargerðum þeirra beggja eða allra hve langan tíma þeir áætli hvor eða hver fyrir sitt leyti að þurfi til að flytja málflutningsræðu. Hæstiréttur ákveður hvenær munnlegur málflutningur fer fram og tilkynnir það aðilum með hæfilegum fyrirvara. Um leið skal aðilum tilkynnt hve langan tíma þeir fái til að flytja málflutningsræður ef ekki er fallist á óskir þeirra í þeim efnum. Hæstiréttur getur við sama tækifæri beint til aðila að þeir afhendi hvor eða hver um sig með tilteknum fyrirvara stutt yfirlit um atvik máls í tímaröð, helstu röksemdir sínar og tilvísanir í fræðirit og dóma sem þeir hyggjast styðjast við í málflutningi.

Hæstiréttur getur ákveðið að munnleg sönnunarfærsla fari þar fram í þeim mæli sem hann telur þörf, enda þyki honum í ljósi atvika ástæða til að ætla að sú sönnunarfærsla geti haft áhrif á úrslit máls.

206. gr.

Áður en munnlegur málflutningur hefst á dómþingi skal gerð grein fyrir dómsorðum héraðsdóms og áfrýjunarstefnu að því leyti sem forseti telur þess þörf til skýringar á málflutningi. Verður svo flutt frumræða af hálfu ákæruvalds, síðan ef því er að skipta af hálfu þess sem gerir kröfu skv. XXVI. kafla og loks af hálfu ákærða nema forseti hafi ákveðið aðra röð og aðilum verið tilkynnt það með hæfilegum fyrirvara fyrir málflutning. Eftir frumræður eiga aðilar kost á að færa fram stutt andsvör í sömu röð. Flytji verjandi málið af hálfu ákærða getur forseti heimilað ákærða sjálfum að koma að stuttum athugasemdum að loknum andsvörum verjanda.

Í málflutningi skal gera grein fyrir þeim atriðum í niðurstöðum héraðsdóms sem leitað er breytinga á, kröfum í þeim efnum og röksemdum fyrir þeim. Skal forðast málalengingar og málflutningi beint að þeim atriðum einum ásamt nauðsynlegri frásögn af öðru sem þarf samhengis vegna.

Forseti stýrir þinghaldi. Hann getur krafist að málflytjendur haldi sér við efnið og láti vera að fjalla um þá þætti máls sem ekki eru til endurskoðunar eða ástæðulaust er af öðrum sökum að gera frekari grein fyrir. Forseti getur stöðvað málflutning ef ræður verða langar úr hófi fram eða sett honum tímatakmörk og við þau bundið enda á málflutning.

Að loknum málflutningi tekur Hæstiréttur málið til dóms.

207. gr.

Að því leyti sem taka þarf afstöðu til atriða varðandi rekstur máls fyrir Hæstarétti ræður hann þeim til lykta með ákvörðun, hvort sem ágreiningur er um þau milli aðila eða ekki, enda

leiði ákvörðunin ekki til loka máls fyrir dóminum. Ákvörðun skal ekki rökstudd sérstaklega en um efni hennar skal getið í þingbók eftir þörfum.

Úr öðrum atriðum máls leysir Hæstiréttur með dómi. Ef máli er vísað frá Hæstarétti má láta við það sitja að geta um ástæður þess í dómi, svo og um sakarkostnað. Sama gildir ef héraðsdómurinn er ómerktur og máli vísað heim eða því er vísað frá héraðsdómi.

Sé kveðið á um önnur málalok í dómi en getur í 2. mgr. skal greina þar frá kröfum aðila eftir því sem þörf er á svo að niðurstaða verði skýr. Að því leyti sem greinargerð um málsatvik er ábótavant í héraðsdómi skal bætt úr því í dómi Hæstaréttar. Ef og að því leyti sem niðurstöðu héraðsdóms er breytt skal það rökstutt í dómi Hæstaréttar. Fallist Hæstiréttur á niðurstöðu héraðsdóms en ekki á röksemdir fyrir henni greinir hann frá rökum sínum eftir því sem þörf þykir.

Um dóma Hæstaréttar gilda að öðru leyti ákvæði 183. gr. eftir því sem getur átt við.

208. gr.

Refsing og önnur viðurlög á hendur ákærða verða ekki þyngd með dómi Hæstaréttar nema þess hafi verið krafist af hálfu ákæruvalds. Ákvæðum héraðsdóms um kröfu skv. XXVI. kafla verður heldur ekki breytt nema þess hafi verið krafist af þeim sem breyting er til hagsbóta, hvort sem það er ákærði eða kröfuhafi. Að öðru leyti getur Hæstiréttur ávallt breytt dómi til hagsbóta ákærða þótt hann hafi ekki gert kröfu um það.

Hæstiréttur getur ekki endurmetið niðurstöðu héraðsdómara um sönnunargildi munnlegs framburðar nema hlutaðeigandi vitni eða ákærði hafi gefið skýrslu þar fyrir dómi.

Nú telur Hæstiréttur líkur á að niðurstaða héraðsdómara um sönnunargildi munnlegs framburðar fyrir dómi kunni að vera röng svo að einhverju skipti um úrslit máls og vitni eða ákærði sem eiga í hlut hafa ekki gefið munnlega skýrslu fyrir Hæstarétti. Getur þá rétturinn fellt úr gildi héraðsdóm og meðferð málsins í héraði í þeim mæli að munnleg sönnunarfærsla geti farið þar fram eftir þörfum og leyst verði úr máli á ný. Sé héraðsdómur ómerktur samkvæmt þessu skulu þrír dómarar skipa dóm í málinu við nýja meðferð þess í héraði og mega þeir ekki vera hinir sömu og áður fóru með það.

209. gr.

Dóm skal kveða upp svo fljótt sem unnt er eftir að mál er dómtekið og aldrei síðar en þegar fjórar vikur eru liðnar frá því. Verði því ekki komið við og hafi mál verið munnlega flutt skal endurtaka málflutning að því leyti sem Hæstarétti þykir nauðsynlegt.

Strax eftir dómtöku máls skulu dómarar ræða með sér fyrir luktum dyrum röksemdir og niðurstöðu dóms. Fyrir málflutning felur forseti einum dómara að vera frummælandi á þeim fundi en forseti stýrir þar ráðagerðum, ber fram spurningar, stuðlar að því að álit hvers dómara komi þar sem skýrast fram og telur atkvæði þeirra. Afl atkvæða ræður úrslitum. Að lokinni umræðu felur forseti frummælandanum að semja atkvæði að dómi. Greinist dómarar í meiri og minni hluta semur frummælandinn atkvæði fyrir þann hluta sem hann heyrir til en hinir dómararnir ákveða hver semji atkvæði þeirra. Dómari sem greiðir atkvæði með ómerkingu héraðsdóms eða frávísun máls og verður í minni hluta verður einnig að greiða atkvæði um efni máls. Dómarar ganga í sameiningu frá dómi, með eða án sératkvæða.

Við uppkvaðningu dóms skal lesa upp dómsorð í heyranda hljóði á dómþingi eftir því sem þörf þykir. Ef sératkvæði er í dómi skal þess einnig getið.

210. gr.

Eftir því sem átt getur við fer að öðru leyti um meðferð og úrlausn sakamála fyrir Hæstarétti eftir ákvæðum þessara laga um meðferð máls í héraði.

XXXII. KAFLI
Endurupptaka óáfrýjaðs máls.

211. gr.

Nú hefur héraðsdómur gengið í sakamáli sem ekki hefur verið áfrýjað og áfrýjunarfrestur er liðinn og getur þá Hæstiréttur orðið við beiðni manns, sem telur sig ranglega sakfelldan eða sakfelldan fyrir mun meira brot en það sem hann hefur framið, um að málið verði endurupptekið í héraði ef einhverju eftirtalinna skilyrða er fullnægt:

a. fram eru komin ný gögn sem ætla má að hefðu verulega miklu skipt fyrir niðurstöðu málsins ef þau hefðu komið fram áður en dómur gekk,
b. ætla má að lögregla, ákærandi, dómari eða aðrir hafi haft í frammi refsiverða háttsemi í því skyni að fá fram þau málalok sem orðin eru, svo sem ef vitni eða aðrir hafa vísvitandi borið ranglega fyrir dómi eða fölsuð skjöl verið lögð fram og það hefur valdið rangri niðurstöðu málsins,
c. verulegar líkur eru leiddar að því að sönnunargögn sem færð voru fram í máli hafi verið rangt metin svo að áhrif hafi haft á niðurstöðu þess,
d. verulegir gallar hafa verið á meðferð máls þannig að áhrif hafi haft á niðurstöðu þess.

Ef einhver sá sem vinnur að rannsókn eða meðferð sakamála fær vitneskju eða rökstuddan grun um atriði sem í 1. mgr. getur ber honum að veita dómfellda vitneskju um það.

Hæstiréttur getur orðið við beiðni ríkissaksóknara um að mál verði tekið upp á ný í héraði ef dómur hefur gengið þar, honum hefur ekki verið áfrýjað, áfrýjunarfrestur er liðinn og ákærði hefur verið sýknaður eða sakfelldur fyrir mun minna brot en hann var borinn sökum um ef:

a. ákærði hefur eftir að dómur gekk játað að hafa framið það brot sem hann var sakaður um eða önnur gögn hafa komið fram sem geta gefið ótvíræðar vísbendingar um sök hans, eða
b. svo stendur á sem um ræðir í b-lið 1. mgr.

Ríkissaksóknari getur beiðst endurupptöku máls til hagsbóta fyrir dómfellda ef hann telur atvik vera með einhverjum þeim hætti sem greinir í 1. mgr.

212. gr.

Beiðni um endurupptöku skal vera skrifleg og henni beint til Hæstaréttar. Í henni skal ítarlega rökstutt hvernig skilyrðum til endurupptöku teljist fullnægt. Gögn því til stuðnings skulu fylgja beiðninni.

Ef dómfelldi leitar endurupptöku og hann er sviptur frelsi er yfirmanni fangelsis skylt að koma beiðni hans á framfæri.

Ef beiðni um endurupptöku er bersýnilega ekki á rökum reist hafnar Hæstiréttur henni þegar í stað.

213. gr.

Verði ekki farið með beiðni um endurupptöku samkvæmt því sem í 3. mgr. 212. gr. segir skulu hún og gögnin, sem henni fylgdu, send til gagnaðila og hann krafinn um skriflega greinargerð um viðhorf sín til hennar innan tiltekins frests. Hafi dómfelldi borið fram beiðn-

ina og staðið sjálfur að henni getur þó Hæstiréttur fyrst skipað honum verjanda og gefið honum kost á að gera beiðni á nýjan leik. Skylt er endranær að skipa dómfellda eða ákærða verjanda vegna beiðni um endurupptöku ef hann óskar eftir því.

Hæstiréttur getur ákveðið að beiðni um endurupptöku fresti réttaráhrifum dóms meðan á meðferð hennar stendur.

Við meðferð beiðni um endurupptöku getur Hæstiréttur beint því til ríkissaksóknara að hann hlutist til um rannsókn á nánar tilgreindum atriðum eða að aflað verði sönnunargagna fyrir héraðsdómi. Dómfelldi eða ákærði getur jafnframt krafist þess að gagna verði aflað fyrir dómi. Um slíka gagnaöflun fer skv. XXI. kafla eftir því sem átt getur við.

Hæstiréttur getur gefið aðilum kost á að tjá sig munnlega um beiðni um endurupptöku á dómþingi.

Ef í ljós er leitt að beiðni um endurupptöku hafi gengið of skammt getur sá sem hana bar fram breytt henni því til samræmis.

214. gr.

Hæstiréttur tekur ákvörðun um hvort mál verði endurupptekið. Sé beiðni tekin til greina skal fyrri dómur í málinu falla úr gildi, annaðhvort að öllu leyti eða að hluta, nema Hæstiréttur ákveði að réttaráhrif hans haldist þar til nýr dómur hefur verið kveðinn upp. Í ákvörðun skal í meginatriðum greint frá ástæðum sem niðurstaða hennar er reist á.

Hafi endurupptaka verið heimiluð skal málið sæta meðferð á ný fyrir héraðsdómi eftir almennum reglum laga þessara í samræmi við ákvörðun Hæstaréttar skv. 1. mgr. Um áfrýjun á nýjum dómi gilda ákvæði XXXI. kafla.

Nú hefur mál verið endurupptekið eftir beiðni dómfellda og má þá hlutur hans aldrei verða lakari en hann var eftir hinum upphaflega dómi.

Kostnaður af beiðni dómfellda um endurupptöku og af nýrri meðferð málsins ef á hana er fallist skal greiddur úr ríkissjóði nema dómfelldi hafi komið henni til leiðar með gögnum sem hann mátti vita að væru ósönn. Að öðru leyti fer um sakarkostnað eftir almennum reglum.

XXXIII. KAFLI
Endurupptaka máls sem hefur verið dæmt í Hæstarétti.

215. gr.

Hæstiréttur getur leyft samkvæmt beiðni að mál, sem þar hefur verið dæmt, verði tekið þar til meðferðar og dómsuppsögu á ný ef fullnægt er þeim skilyrðum sem greinir í 211. gr.

Um beiðni um endurupptöku máls fyrir Hæstarétti og meðferð hennar gilda ákvæði 212. og 213. gr. eftir því sem átt getur við. Hæstiréttur getur ákveðið að varadómarar, einn eða fleiri, verði kvaddir til að taka ákvörðun um hvort mál skuli tekið þar upp á ný þótt ekki sé fullnægt almennum skilyrðum til að kveðja varadómara til starfa.

Hæstiréttur tekur ákvörðun um hvort mál verði endurupptekið. Sé beiðni tekin til greina skal fyrri dómur í málinu falla úr gildi nema Hæstiréttur ákveði að réttaráhrif hans haldist þar til nýr dómur hefur verið kveðinn upp, en að öðru leyti þarf ekki að færa fram ástæður sem ákvörðun um endurupptöku er reist á. Sé beiðni hafnað skal í meginatriðum greint í ákvörðun frá ástæðum sem sú niðurstaða er reist á.

Nú hefur endurupptaka máls verið heimiluð, annaðhvort að öllu leyti eða að hluta, og skal þá upp frá því fara með það að því marki, sem heimildin nær, eftir almennum reglum XXXI. kafla eins og áfrýjunarstefna hefði verið gefin út á þeim tíma þegar endurupptaka var ráðin.

Að því leyti sem endurupptaka máls hefur verið heimiluð skal nýr dómur ganga í því fyrir Hæstarétti án tillits til þess hvort niðurstöðu sé breytt frá fyrra dómi.

Ákvæði 3. og 4. mgr. 214. gr. gilda um mál sem endurupptekið er fyrir Hæstarétti.

6. ÞÁTTUR
Sakarkostnaður og réttarfarssektir.

XXXIV. KAFLI
Sakarkostnaður.

216. gr.

Til sakarkostnaðar teljast óhjákvæmileg útgjöld vegna rannsóknar sakamáls og meðferðar þess, þar á meðal:

a. þóknun verjanda og réttargæslumanns, svo og annar kostnaður vegna varnar sakbornings og réttargæslu fyrir brotaþola,
b. kostnaður og þóknun vitna,
c. kostnaður við sérfræðilegar álitsgerðir, matsgerðir og afnot af aðstöðu eða munum annarra manna,
d. kostnaður af birtingu ákæru, kvaðninga og annarra tilkynninga.

Þóknun dómtúlks, þýðanda eða kunnáttumanns skv. 12. gr. telst ekki til sakarkostnaðar. Af sakamáli greiðast heldur engin dómsmálagjöld.

217. gr.

Í dómi, viðurlagaákvörðun eða úrskurði, ef máli lýkur á þann veg, skal kveða á um hvort ríkissjóður eða ákærði skuli bera sakarkostnað. Sé ákærða gert að greiða sakarkostnað, hvort sem er að öllu leyti eða að hluta, skal tiltaka þá heildarfjárhæð sem honum ber að greiða. Sé ríkissjóði gert að greiða sakarkostnað skal fjárhæðin ekki tilgreind. Í báðum tilvikum skal þóknun verjanda og réttargæslumanns þó ávallt greind sérstaklega með tiltekinni fjárhæð.

Ákærandi skal taka saman yfirlit um þau útgjöld sem hlotist hafa af málinu fram að þingfestingu þess og teljast til sakarkostnaðar. Skal það yfirlit lagt fram í málinu þegar það er þingfest. Ef sakarkostnaður fellur til eftir þingfestingu skal ákærandi leggja fram yfirlit um þau viðbótarútgjöld áður en málinu lýkur, þó í síðasta lagi við upphaf aðalmeðferðar. Ef til álita kemur að vísa máli frá dómi eða ljúka því með öðrum hætti án dóms getur dómari beint því til ákæranda að leggja fram yfirlit um slík viðbótarútgjöld telji hann ástæðu til.

218. gr.

Nú er ákærði sakfelldur fyrir það brot eða þau brot sem honum eru gefin að sök og skal honum þá gert að greiða sakarkostnað. Ef ákærði er sakfelldur fyrir sum brotin en sýknaður af öðrum getur dómari gert honum að greiða ákveðið hlutfall sakarkostnaðar en ákveðið að kostnaðurinn greiðist að öðru leyti úr ríkissjóði. Þó skal aldrei gera ákærða að greiða kostnað sem lögregla, ákæruvald, verjandi eða réttargæslumaður hafa valdið vegna vanrækslu eða skeytingarleysis.

Nú er ákærði sýknaður af kröfu um refsingu og önnur viðurlög eða mál gegn honum fellur niður af hvaða ástæðu sem er og verður honum þá ekki gert að greiða sakarkostnað nema hann hafi orðið valdur að kostnaðinum með vísvitandi og ólögmætu framferði við rannsókn máls eða meðferð þess.

219. gr.

Nú er höfðað mál gegn tveimur eða fleiri mönnum saman og þeir sakfelldir og skal þá hvorum eða hverjum þeirra gert að greiða einum sér þóknun verjanda síns ef hann hefur fengið skipaðan annan verjanda en hinn eða hinir. Þá menn sem saman eru um verjanda skal dæma óskipt til að greiða þóknun hans.

Nú hafa báðir ákærðu eða allir tekið þátt í broti með vitund og vilja hvors eða hvers annars og eru sakfelldir í sama máli. Skal þá venjulega gera þeim óskipt að greiða annan sakarkostnað en þóknun verjanda. Ef sammæli einhverra þeirra eða allra um brot hefur ekki verið slíkt skiptir dómari sakarkostnaði hlutfallslega milli þeirra.

Nú eru tveir eða fleiri menn hafðir fyrir sökum og annar eða sumir þeirra sýknaðir, en hinn eða hinir sakfelldir, og skal þá ríkissjóður bera þann hluta kostnaðar sem telja má að aðeins komi við hinum sýknaða eða sýknuðu nema telja megi hinn sakfellda eða hina sakfelldu beinlínis hafa valdið honum. Ef ekki liggur nákvæmlega fyrir hve háa fjárhæð ríkissjóður skuli bera af þessum sökum metur dómari í hvaða hlutfalli eða hlutföllum hinn sakfelldi eða hinir sakfelldu skuli bera sakarkostnað á móti ríkissjóði.

220. gr.

Nú áfrýjar ákæruvaldi héraðsdómi og hann er sýknaður með öllu eða að hluta með dómi Hæstaréttar eða viðurlög eru þar milduð. Skal þá kostnaður af áfrýjun felldur á ríkissjóð eða honum skipt samkvæmt því sem segir í 1. mgr. 218. gr.

Nú áfrýjar ríkissaksóknari héraðsdómi og viðurlög eru ekki þyngd svo að neinu nemi með dómi Hæstaréttar. Skal þá kostnaður af áfrýjun felldur á ríkissjóð.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur fyrir Hæstarétti nema máli sé þá lokið með dómi.

Eftir því sem við á fer að öðru leyti um sakarkostnað fyrir Hæstarétti samkvæmt því sem mælt er fyrir í 216.–219. gr.

221. gr.

Lagt skal út fyrir sakarkostnaði úr ríkissjóði. Sakarkostnaður sem sakfelldum manni er gert að greiða samkvæmt dómi, úrskurði eða viðurlagaákvörðun skal innheimtur hjá honum, eftir atvikum með fjárnámi og nauðungarsölu. Skal hann bera kostnað af þeim aðgerðum, svo og aðgerðum vegna fullnustu refsingar og annarra viðurlaga á hendur honum, til viðbótar sakarkostnaði.

Nú liggur nægilega ljóst fyrir að sakfelldur maður hefur hvorki eignir né tekjur til að standa straum af sakarkostnaði sem honum hefur verið gert að greiða og ber þá að falla frá kröfu á hendur honum um greiðslu kostnaðarins.

XXXV. KAFLI
Réttarfarssektir.

222. gr.

Dómari ákveður sektir samkvæmt reglum þessa kafla af sjálfsdáðum og renna þær í ríkissjóð. Þó má höfða sjálfstætt mál vegna brota sem varða sektum samkvæmt þessum kafla.

Ef refsing liggur að auki eftir öðrum lögum við broti sem ákvæði þessa kafla taka til má hafa kröfu um hana uppi í öðru máli án tillits til ákvörðunar um réttarfarssekt.

223. gr.

Ákveða má sekt á hendur ákæranda, verjanda eða réttargæslumanni fyrir:

a. að valda af ásetningi óþörfum drætti á máli,
b. að brjóta gegn banni skv. 1. eða 2. mgr. 11. gr.,
c. að viðhafa ósæmileg ummæli, skrifleg eða munnleg, fyrir dómi um dómara eða aðra menn,
d. að misbjóða virðingu dóms á annan hátt með framferði sínu í þinghaldi.

Ákærða eða öðrum þeim sem gefur skýrslu fyrir dómi má ákveða sekt fyrir brot gegn b-, c- eða d-lið 1. mgr.

Ákveða má sekt á hendur öðrum en þeim sem ákvæði 1. og 2. mgr. taka til fyrir að brjóta gegn banni skv. 1. eða 2. mgr. 11. gr., að hlýða ekki fyrirskipunum dómara sem miða að því að halda uppi reglu á dómþingi eða að koma þar annars hneykslanlega eða ósæmilega fram.

Nú telur dómari að brotið hafi verið gegn 1.–3. mgr. en brot er smávægilegt að hans dómi. Getur hann þá ákveðið að víta þann brotlega í stað þess að gera honum sekt.

Fyrir Hæstarétti má ákveða sekt á hendur ákæranda eða verjanda ellegar þeim báðum í senn fyrir tilefnislaust málskot. Enn fremur má gera ákæranda, verjanda eða réttargæslumanni sekt fyrir vítaverða vanrækslu eða önnur glöp við meðferð máls í héraði eða við undirbúning eða meðferð máls fyrir Hæstarétti. Ákvæði 1.–4. mgr. taka til meðferðar máls fyrir Hæstarétti eftir því sem við getur átt.

224. gr.

Nú gengur dómur í máli og skal þá sekt á hendur ákæranda, ákærða, verjanda eða réttargæslumanni ákveðin þar. Ef máli lýkur með öðrum hætti skulu sektir á hendur þeim ákveðnar í úrskurði.

Sektir á hendur öðrum en þeim sem greindir eru í 1. mgr. skulu ákveðnar í úrskurði jafnskjótt og brot er framið.

7. ÞÁTTUR
Ýmis ákvæði.

XXXVI. KAFLI
Sakaskrá o.fl.

225. gr.

Ríkissaksóknari skal halda sakaskrá fyrir allt landið þar sem skráð eru úrslit sakamála.

Ríkissaksóknari skal setja nánari reglur um gerð og varðveislu sakaskrár, þar á meðal hvað skuli skráð í henni um mál sem lýkur án saksóknar, svo og um sakavottorð.

226. gr.

Lögreglu er heimilt að skrá og varðveita upplýsingar um brotaferil einstakra manna og atriði sem varða einkahagi þeirra. Skal dómsmálaráðherra setja fyrirmæli í reglugerð um þetta, þar á meðal um að upplýsingum um brotaferil einstakra manna og aðra einkahagi þeirra skuli eytt þegar þeirra er ekki lengur þörf við rannsókn sakamála.

227. gr.

Ákærandi skal leggja sakavottorð ákærða fram í sakamáli við þingfestingu máls nema hann telji óþarft að líta til sakaferils hans við úrlausn málsins.

Hver og einn á rétt á að fá afhent sakavottorð eða upplýsingar um eigin sakaferil úr sakaskrá. Aðrir eiga því aðeins rétt á að fá aðgang að slíkum upplýsingum að sá sem hlut á að máli hafi veitt ótvíræett samþykki sitt til þess.

XXXVII. KAFLI
Bætur vegna sakamáls.

228. gr.

Maður sem borinn hefur verið sökum í sakamáli á rétt til bóta skv. 2. mgr. ef mál hans hefur verið fellt niður eða hann verið sýknaður með endanlegum dómi án þess að það hafi verið gert vegna þess að hann var talinn ósakhæfur.

Dæma skal bætur vegna aðgerða skv. IX.–XIV. kafla laga þessara ef skilyrði 1. mgr. eru fyrir hendi. Þó má fella niður bætur eða lækka þær ef sakborningur hefur valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisir kröfu sína á.

Nú hefur maður ekki verið borinn sökum í sakamáli og á hann þó engu síður rétt til bóta ef hann hefur beðið tjón af þeim aðgerðum sem taldar eru upp í 2. mgr. Þó má fella niður bætur eða lækka þær ef hann hefur valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisir kröfu sína á.

Maður sem hlotið hefur saklaus dóm í sakamáli, þolað refsingu eða refsikennd viðurlög á rétt til bóta. Þó má lækka bætur ef hann hefur átt sök á því að hann var ranglega dæmdur.

Bæta skal fjártjón og miska samkvæmt þessari grein ef því er að skipta.

229. gr.

Sömu reglur gilda um aðilaskipti að bótakröfu skv. 228. gr. og um kröfu um bætur fyrir líkamstjón samkvæmt skaðabótalögum.

230. gr.

Sækja skal bótakröfu skv. 228. gr. í einkamáli á hendur ríkinu en veita skal stefnanda, enda sé um einstakling að ræða, gjafsókn í héraði. Að öðru leyti fer um málsókn eftir almennum reglum.

Nú hefur ríkið verið dæmt til greiðslu bóta og á það þá endurkröfu um þær á hendur löggreglumanni, ákæranda eða öðrum ef telja má þá hafa með ásetningi eða stórkostlegu gáleysi valdið þeim aðgerðum sem krafa var reist á eða framkvæmt þær með sama hætti.

Nú er rannsókn eða meðferð sakamáls tekin upp á ný og það kemur í ljós að manni hafi ranglega verið greiddar bætur skv. 228. gr. Ber honum þá að endurgreiða bæturnar.

231. gr.

Maður sem hefur orðið fyrir þeim aðgerðum sem taldar eru í 228. gr. getur í stað bóta krafist vottorðs ríkissaksóknara um að í ljós hafi komið að hann hafi verið órétti beittur. Telji ríkissaksóknari að maður eigi rétt á slíku vottorði ber að láta honum það í té.

XXXVIII. KAFLI
Gildistaka, brottfall laga o.fl.

232. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 2009. Þó öðlast ákvæði til bráðabirgða VII þegar gildi.

233. gr.

Við gildistöku laga þessara falla brott eftirfarandi lög og ákvæði einstakra laga:

1. Lög um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991, með áorðnum breytingum.
2. Í 1. málsl. 11. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849, sbr. lög nr. 116/1990, orðin „og fer um mál út af þeim samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála“.
3. Í 7. gr. laga um landamerki o.fl., nr. 41 28. nóvember 1919, sbr. lög nr. 116/1990, orðin „og fer um mál vegna þeirra að hætti opinberra mála“.
4. Í 2. gr. laga um heimild handa ríkisstjórninni til að banna flutning til landsins á varningi, sem stjórnin telur stafa sýkingarhættu af, nr. 8 18. maí 1920, sbr. lög nr. 116/1990, orðin „og sæta mál út af því meðferð opinberra mála“.
5. Í 33. gr. laga um skipströnd og vogrek, nr. 42 15. júní 1926, sbr. lög nr. 10/1983, orðin „og fer um mál út af brotunum að hætti opinberra mála“.
6. Í 32. gr. hjúalaga, nr. 22 7. maí 1928, sbr. lög nr. 116/1990, orðin „og fer um mál vegna þess að hætti opinberra mála“.
7. 3. mgr. 6. gr. laga um ráðstafanir til öryggis við siglingar, nr. 56 23. júní 1932, sbr. lög nr. 75/1982.
8. Í 5. gr. laga um ostrurækt, nr. 21 12. júní 1939, sbr. lög nr. 116/1990, orðin „og fer um mál út af þeim samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála“.
9. 2. mgr. 3. gr. laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna að veita upplýsingar um ferðir skipa, nr. 9 12. febrúar 1940, sbr. lög nr. 116/1990.
10. 2. málsl. 40. gr. laga um ófriðartryggingar, nr. 2 21. janúar 1944, sbr. lög nr. 10/1983.
11. Í 4. gr. laga um kirkju- og manntalsbækur (sálnaregistur), nr. 3 12. janúar 1945, orðin „og skulu mál út af brotum sæta meðferð opinberra mála“.
12. Í 9. gr. laga um fyrirhleðslu Héraðsvatna norður af Vindheimabrekkum, nr. 113 31. desember 1945, orðin „og skulu mál út af brotum sæta meðferð opinberra mála“.
13. Í 27. gr. laga um innlenda endurtryggingu, stríðsslysatryggingu skipshafna o.fl., nr. 43 9. maí 1947, sbr. lög nr. 10/1983, orðin „og skal farið með mál út af brotum á lögunum að hætti opinberra mála“.
14. 2. málsl. 17. gr. laga um tilkynningu aðsetursskipta, nr. 73 25. nóvember 1952, sbr. lög nr. 10/1983.
15. Í 37. gr. laga um skógrækt, nr. 3 6. mars 1955, sbr. lög nr. 10/1983, orðin „og fer um mál út af þeim brotum að hætti opinberra mála“.
16. 67. gr. lyfsölulaga, nr. 30 29. apríl 1963.
17. 2. málsl. 43. gr. laga um landgræðslu, nr. 17 24. apríl 1965.
18. 83. gr. orkulaga, nr. 58 29. apríl 1967, sbr. lög nr. 53/1985.
19. 11. gr. laga um getraunir, nr. 59 29. maí 1972.
20. 3. málsl. 3. gr. laga um róðrartíma fiskibáta, nr. 47 25. apríl 1973.
21. 2. mgr. 10. gr. hjúkrunarlaga, nr. 8 13. mars 1974.
22. 3. mgr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni, nr. 65 21. maí 1974.
23. 3. málsl. 4. gr. laga um samræmda vinnslu sjávarafla og veiðar, sem háðar eru sérstökum leyfum, nr. 12. 25. apríl 1975.
24. 2. málsl. 6. gr. laga um sálfræðinga, nr. 40 23. maí 1976, sbr. lög nr. 41/2007.
25. 2. mgr. 11. gr. laga um sjúkraþjálfun, nr. 58 31. maí 1976.
26. 2. mgr. 11. gr. laga um iðjuþjálfun, nr. 75 31. desember 1977.
27. 8. gr. laga um þroskaþjálfa, nr. 18 28. apríl 1978.
28. 4. mgr. 37. gr. laga um stimpilgjald, nr. 36 10. maí 1978.

29. 66. gr. laga um stjórn efnahagsmála o.fl., nr. 13 10. apríl 1979.
30. 6. mgr. 2. gr. laga um framkvæmd samnings um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi, nr. 48 30. maí 1979.
31. 3. mgr. 99. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46 28. maí 1980.
32. 9. gr. laga um lífeindafræðinga, nr. 99 29. desember 1980, sbr. lög nr. 35/2005.
33. 5. gr. laga um rétt manna til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga, nr. 27 25. maí 1981.
34. 6. mgr. 3. gr. laga um aðild Íslands að samningi um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðaustur-Atlantshafi, nr. 68 29. maí 1981.
35. 2. málsl. 6. gr. laga um þjóðsöng Íslendinga, nr. 7 8. mars 1983.
36. 3. mgr. 9. gr. laga um sjóntækjafræðinga, nr. 17 24. apríl 1984, sbr. lög nr. 41/2007.
37. 9. gr. ljósmæðralaga, nr. 67 28. maí 1984.
38. 2. málsl. 4. gr. laga um bókasafnsfræðinga, nr. 97 28. maí 1984.
39. 2. mgr. 22. gr. laga um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, nr. 112 31. desember 1984.
40. 2. mgr. 14. gr. laga um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, nr. 113 31. desember 1984.
41. Í 70. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6 21. mars 1986, orðin „og skal fara með mál út af þeim að hætti opinberra mála“.
42. 2. málsl. 18. gr. laga um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, nr. 24 7. maí 1986, sbr. lög nr. 79/1994.
43. 2. mgr. 18. gr. laga um Rannsóknadeild fisksjúkdóma, nr. 50 6. maí 1986.
44. 18. gr. laga um lögskráningu sjómanna, nr. 43 30. mars 1987.
45. 2. mgr. 3. gr. laga um útflutningsleyfi o.fl., nr. 4 11. janúar 1988.
46. 25. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52 18. maí 1988.
47. 31. gr. læknalaga, nr. 53 19. maí 1988.
48. 2. mgr. 5. gr. laga um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, nr. 52 29. maí 1989.
49. 2. málsl. 1. mgr. 12. gr. laga um Hagþjónustu landbúnaðarins, nr. 63 29. maí 1989.
50. 2. málsl. 1. mgr. 8. gr. laga um flokkun og mat á gærum og ull, nr. 57 16. maí 1990.
51. 9. gr. laga um félagsráðgjöf, nr. 95 28. september 1990.
52. Í 2. málsl. 11. gr. laga um tryggingagjald, nr. 113 28. desember 1990, orðið „opinberrar“.
53. 2. mgr. 14. gr. laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, nr. 34 25. mars 1991, sbr. lög nr. 46/1996.
54. 2. mgr. 7. gr. laga um vinnslu afla um borð í skipum, nr. 54 16. maí 1992, sbr. lög nr. 58/1996 og 154/2002.
55. 7. gr. laga um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi, nr. 61 1. júní 1992.
56. 3. mgr. 4. gr. laga um innflutning, nr. 88 17. nóvember 1992.
57. 2. mgr. 30. gr. laga um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, nr. 25 7. apríl 1993.
58. 22. gr. laga um dýravernd, nr. 15 16. mars 1994.
59. 2. mgr. 9. gr. laga um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, nr. 22 29. mars 1994.
60. 22. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64 19. maí 1994, sbr. lög nr. 94/2004.

61. 2. málsl. 9. gr. laga um merkingar og upplýsingaskyldu varðandi orkunotkun heimilistækja o.fl., nr. 72 11. maí 1994.
62. 2. mgr. 7. gr. laga um lífræna landbúnaðarframleiðslu, nr. 162 31. desember 1994, sbr. lög nr. 150/2001.
63. 3. mgr. 9. gr. laga um vernd Breiðafjarðar, nr. 54 8. mars 1995.
64. 1. mgr. 29. gr. laga um erfðabreyttar lífverur, nr. 18 2. apríl 1996.
65. 25. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar, nr. 57 3. júní 1996.
66. 2. málsl. 17. gr. laga um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, nr. 146 27. desember 1996.
67. 3. mgr. 16. gr. laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, nr. 151 27. desember 1996.
68. 2. mgr. 60. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73 28. maí 1997.
69. 3. mgr. 19. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 79 26. maí 1997.
70. 2. mgr. 21. gr. laga um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, nr. 96 27. maí 1997.
71. 2. mgr. 34. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7 12. mars 1998.
72. 3. mgr. 15. gr. laga um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 22 8. apríl 1998.
73. 33. gr. laga um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, nr. 55 10. júní 1998.
74. 2. málsl. 19. gr. laga um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, nr. 66 15. júní 1998.
75. 2. mgr. 76. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44 22. mars 1999.
76. 2. málsl. 7. gr. laga um orkunýtnikröfur, nr. 51 17. maí 2000.
77. 2. mgr. 2. gr. laga um starfsréttindi tannsmiða, nr. 109 25. maí 2000.
78. 2. mgr. 13. gr. laga um lækningatæki, nr. 16 30. apríl 2001.
79. Í 1. mgr. 16. gr. laga um fólksflutninga og farmflutninga á landi, nr. 73 31. maí 2001, sbr. lög nr. 51/2005, orðin „og skal fara með slík mál að hætti opinberra mála“.
80. Í 1. mgr. 11. gr. laga um leigubifreiðar, nr. 134 21. desember 2001, orðin „og skal farið með mál út af slíkum brotum að hætti opinberra mála“.
81. 2. mgr. 13. gr. girðingarlaga, nr. 135 21. desember 2001.
82. 21. gr. laga um tóbaksvarnir, nr. 6 31. janúar 2002.
83. 2. málsl. 22. gr. laga um geislavarnir, nr. 44 18. apríl 2002.
84. 2. málsl. 8. gr. laga um útflutning hrossa, nr. 55 2. maí 2002.
85. 3. málsl. 18. gr. laga um búfjárhald o.fl., nr. 103 15. maí 2002.
86. 3. mgr. 22. gr. laga um aðild starfsmanna að Evrópufélögum, nr. 27 27. apríl 2004.
87. 2. málsl. 9. gr. laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum, nr. 47 1. júní 2004.
88. 2. málsl. 49. gr. ábúðarlaga, nr. 80 9. júní 2004.
89. 2. málsl. 56. gr. jarðalaga, nr. 81 9. júní 2004.
90. 2. mgr. 9. gr. laga um græðara, nr. 34 11. maí 2005.
91. Í 4. gr. laga um gæðamat á æðardúni, nr. 52 18. maí 2005, orðin „og sæta meðferð opinberra mála“.
92. 2. mgr. 26. gr. laga um skipan ferðamála, nr. 73 24. maí 2005.
93. 1. málsl. 9. gr. laga um uppboðsmarkaði sjávarafla, nr. 79 24. maí 2005.
94. 3. mgr. 13. gr. laga um starfsmannaleigur, nr. 139 20. desember 2005.
95. 2. mgr. 60. gr. laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 54 14. júní 2006.
96. 2. málsl. 2. mgr. 19. gr. laga um vinnumarkaðsaðgerðir, nr. 55. 14. júní 2006.
97. 1. málsl. 6. mgr. 5. gr. laga um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum, nr. 62 13. júní 2006.

98. 27. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116 10. ágúst 2006.
99. 3. mgr. 10. gr. laga um upplýsingar og samráð í fyrirtækjum, nr. 151 15. desember 2006.
100. 2. málsl. 5. mgr. 3. gr. laga um skipan nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn, nr. 26 23. mars 2007.
101. Í 13. gr. laga um íslenska alþjóðlega skipaskrá, nr. 38 27. mars 2007, orðin „og skal farið með þau að hætti opinberra mála“.
102. 3. mgr. 27. gr. laga um aðild starfsmanna að evrópskum samvinnufélögum, nr. 44 27. mars 2007.
103. 3. mgr. 18. gr. laga um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra, nr. 45 27. mars 2007.
104. 2. mgr. 59. gr. vegalaga, nr. 80 29. mars 2007.

234. gr.

Við gildistöku laga þessara breytast eftirfarandi ákvæði laga sem hér segir:

1. Almenn hegningarlög, nr. 19 12. febrúar 1940, með áorðnum breytingum:
   a. 24. gr. fellur brott.
   b. Í 1. mgr. 25. gr. falla brott orðin „opinbera“, „eða það á því aðeins að fylgja málinu fram, að krafa sé um það gerð“ og „eða borið fram kröfuna“.
   c. Í 3. mgr. 25. gr. falla brott orðin „eða bera fram kröfu um opinbera málshöfðun“.
   d. 1. og 3. mgr. 26. gr. falla brott.
   e. 2. mgr. 26. gr. verður svohljóðandi:
      Hafi fleiri en einum manni verið misboðið með sama verknaði getur hver um sig sótt hinn seka til refsingar í einkamáli, enda beri ákæruvaldinu ekki að höfða mál út af brotinu.
   f. 27. gr. fellur brott.
   g. 3. mgr. 28. gr. fellur brott.
   h. 1. mgr. 29. gr. verður svohljóðandi:
      Heimild til þess að höfða einkamál til refsingar fellur niður sé mál ekki höfðað áður en 6 mánuðir eru liðnir frá því að sá, sem heimildina hefur, fékk vitneskju um hinn seka. Nú andast sá, sem misgert var við, áður en frestur er liðinn, og getur þá sá, sem í stað hans kemur, ávallt höfðað einkamál á næstu 3 mánuðum eftir andlátið, þótt frestur væri annars liðinn.
   i. Í 2. málsl. 2. mgr. 29. gr. falla brott orðin „kröfu gera um málssókn eða“.
   j. Heiti IV. kafla verður: **Einkarefsimál.**
   k. 2. málsl. 2. mgr. og 2. málsl. 3. mgr. 59. gr. falla brott.
   l. Við 59. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
      Mál samkvæmt þessari grein sæta meðferð eftir lögum um meðferð sakamála.
   m. 6. málsl. 62. gr. verður svohljóðandi: Mál samkvæmt þessari grein sæta meðferð eftir lögum um meðferð sakamála.
   n. 3. mgr. 66. gr. verður svohljóðandi:
      Mál samkvæmt þessari grein sæta meðferð eftir lögum um meðferð sakamála.
   o. Í stað orðanna „opinberu máli“ í 1. mgr. og 1. málsl. 2. mgr. 68. gr. kemur: sakamáli.
   p. Í stað orðanna „opinbert mál“ í 1. málsl. 6. mgr. 68. gr. kemur: sakamál.
   q. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 1. málsl. 1. mgr. og 1. málsl. 2. mgr. 68. gr. a kemur: sakamála. Í stað orðanna „opinberu máli“ í 1. málsl. 2. mgr. sömu greinar kemur: sakamáli.

r. 2. málsl. 1. mgr. og 2. málsl. 2. mgr. 68. gr. a falla brott.
s. Í stað orðanna „opinbers máls“ í 1. málsl. 4. mgr. 82. gr. kemur: sakamáls.
t. Í stað orðanna „opinbert mál“ í 1. málsl. 5. mgr. 82. gr. kemur: sakamál.
u. 4. málsl. 5. mgr. 82. gr. fellur brott.
v. 3. málsl. 2. mgr. 83. gr. b verður svohljóðandi: Mál samkvæmt þessari málsgrein sætir meðferð eftir lögum um meðferð sakamála.
w. Í stað orðanna „opinberri meðferð“ í 97. og 105. gr. kemur: meðferð sakamála.
x. Í stað orðanna „opinberu máli“ í 3. mgr. 162. gr. kemur: sakamáli.
y. 2. mgr. 217. gr. verður svohljóðandi:
Ákæruvaldið höfðar mál út af broti skv. 1. mgr. og skal það ekki gert nema almenningshagsmunir krefjist þess.
z. Í 1. mgr. 232. gr. falla brott orðin „samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála“.
aa. Í stað orðsins „ákæru“ í 1. málsl. 242. gr. kemur: saksókn. Í 1. tölul. og a-, b- og c-lið 2. tölul. sömu greinar fellur brott orðið „opinberri“.

2. Lög um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið, nr. 34 17. júní 1944, sbr. lög nr. 67/1998:
a. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 8. gr. kemur: sakamála.
b. 3. mgr. 14. gr. fellur brott.
3. Lög um prentrétt, nr. 57 10. apríl 1956:
a. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 1. málsl. 1. mgr. 29. gr., sbr. lög 92/1991, kemur: sakamála.
b. 1. mgr. 31. gr. fellur brott.
4. Í stað orðanna „lögum um meðferð opinberra mála“ í 2. mgr. 5. gr. laga um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, nr. 7 14. mars 1962, með áorðnum breytingum, og sömu orða hvarvetna annars staðar í lögunum kemur í viðeigandi beygingarfalli: lög um meðferð sakamála.
5. Í stað orðanna „opinberu máli“ í 24. gr., 1. málsl. 25. gr. og 1. tölul. 2. mgr. 26. gr. erfðalaga, nr. 8 14. mars 1962, kemur: sakamáli.
6. Lög um landsdóm, nr. 3 19. febrúar 1963, með áorðnum breytingum:
a. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 1. mgr. 23. gr. og 4. málsl. 24. gr. kemur: sakamála.
b. 29. gr. fellur brott.
c. Í stað orðsins „refsimálum“ í 31. gr. kemur: sakamálum.
d. 2. málsl. 4. mgr. 32. gr. fellur brott.
e. Í stað orðsins „einkamála“ í 51. gr. kemur: sakamála.
7. Lög um fullnustu refsidóma, sem kveðnir hafa verið upp í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, o.fl., nr. 69 12. desember 1963:
a. Í 2. mgr. 1. gr. fellur brott orðið „opinberum“.
b. Í stað orðanna „110. gr. laga um meðferð opinberra mála“ í 4. gr. a, sbr. lög nr. 15/2000, kemur: 100. gr. laga um meðferð sakamála.
c. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 1. mgr. 22 gr. kemur: sakamála.
8. 15. gr. laga um verslun með áfengi og tóbak, nr. 63 28. maí 1969, sbr. lög nr. 95/1995, verður svohljóðandi:
Brot gegn lögunum varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

9. 6. gr. laga um bann við losun hættulegra efna í sjó, nr. 20 21. apríl 1972, verður svohljóðandi:
   Brot gegn lögum þessum varða sektum.
10. 59. gr. höfundalaga, nr. 73 29. maí 1972, sbr. lög nr. 78/1984:
    a. Í 1. og 3. mgr. fellur brott orðið „opinberri“.
    b. Í stað orðanna „opinberrar ákæru“ í 2. mgr. kemur: þess að ákæra verði gefin út.
11. Lög um norræna vitnaskyldu, nr. 82 31. maí 1976:
    a. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 2. mgr. 1. gr. og 1. mgr. 5. gr. kemur: sakamála.
    b. Í stað orðanna „opinberum málum“ í 1. málsl. 2. mgr. 5. gr. kemur: sakamálum.
12. Í stað orðanna „opinberu máli“ í 1. málsl. 14. gr. laga um lyfjafræðinga, nr. 35 11. maí 1978, sbr. lög nr. 41/2007, kemur: sakamáli.
13. Lög um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum, nr. 13 17. apríl 1984, með áorðnum breytingum:
    a. Í stað orðanna „lögum um meðferð opinberra mála“ í 2. mgr. 8. gr. og sömu orða hvarvetna annars staðar í lögunum kemur í viðeigandi beygingarfalli: lög um meðferð sakamála.
    b. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 3. mgr. 13. gr. kemur: sakamála.
    c. Í stað orðanna „opinbers máls“ í 23. gr. b kemur: sakamáls.
14. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 2. mgr. 226. gr. siglingalaga, nr. 34 19. júní 1985, kemur: sakamála.
15. 74. gr. sjómannalaga, nr. 35 19. júní 1985, sbr. lög 53/1990:
    a. Í stað orðanna „opinberri málssókn“ í 1. mgr. kemur: saksókn.
    b. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 3. mgr. kemur: sakamála.
16. 1. mgr. 13. laga um Verðlagsráð sjávarútvegsins, nr. 43 4. júní 1985, sbr. lög nr. 84/1991, verður svohljóðandi:
    Brot gegn lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.
17. Í stað orðanna „opinberum málum“ í 3. mgr. 2. gr. laga um ríkislögmann, nr. 51 24. júní 1985, kemur: sakamálum.
18. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 1. málsl. 1. mgr. 18. gr. laga um skráningu skipa, nr. 115 31. desember 1985, kemur: sakamála.
19. Í stað orðanna „opinberu máli“ í 2. málsl. 16. gr. laga um lögskráningu sjómanna, nr. 43 30. mars 1987, sbr. lög nr. 92/1991, kemur: sakamáli.
20. Lög um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45 30. mars 1987, með áorðnum breytingum:
    a. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 1. málsl. 4. mgr. 25. gr. kemur: sakamála.
    b. Í stað orðanna „opinberrar rannsóknar“ í 2. málsl. 4. mgr. 25. gr. kemur: rannsóknar lögreglu.
    c. Í 1. málsl. 1. mgr. 31. gr. fellur brott orðið „opinberrar“.
    d. Í stað orðanna „opinberrar meðferðar“ í 1. málsl. 2. mgr. 31. gr. kemur: rannsóknar lögreglu.
    e. Í stað orðanna „opinberrar rannsóknar“ í 4. mgr. 31. gr. kemur: rannsóknar lögreglu.
    f. 5. mgr. 31. gr. verður svohljóðandi:
       Greiðslukröfu má hafa uppi og dæma í sakamáli vegna brota á lögunum.
    g. Í fyrirsögn á undan 31. gr. fellur brott orðið „opinber“.

21. Umferðarlög, nr. 50 30. mars 1987, með áorðnum breytingum:
    a. Í stað orðanna „opinberu máli“ í 1. málsl. 2. mgr. 97. gr. og 105. gr. kemur: sakamáli.
    b. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 2. málsl. 1. mgr. 103. gr., 2. málsl. 3. mgr. 106. gr. a og 1. málsl. 2. mgr. 107. gr. kemur: sakamála.
22. Lög um virðisaukaskatt, nr. 50 24. maí 1988, með áorðnum breytingum:
    a. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 1. málsl. 5. mgr. 38. gr. kemur: sakamála.
    b. Í stað orðanna „opinberrar rannsóknar“ í 2. málsl. 5. mgr. 38. gr. og 4. mgr. 41. gr. kemur: rannsóknar lögreglu.
    c. Í 1. málsl. 1. mgr. 41. gr. fellur brott orðið „opinberrar“.
    d. Í stað orðanna „opinberrar meðferðar“ í 1. málsl. 2. mgr. 41. gr. kemur: rannsóknar lögreglu.
    e. 5. mgr. 41. gr. verður svohljóðandi:
       Skattakröfu má hafa uppi og dæma í sakamáli vegna brota á lögunum.
23. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 3. málsl. 1. mgr. 29. gr., 5. málsl. 3. mgr. 30. gr. og 3. málsl. 2. mgr. 31. gr. laga um aðför, nr. 90 1. júní 1989, kemur: sakamála.
24. Í stað orðanna „opinbert mál“ í 1. málsl. 1. mgr. 4. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20 23. mars 1991, kemur: sakamál.
25. Lög um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21 26. mars 1991:
    a. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 1. málsl. 3. mgr. 83. gr. kemur: sakamála.
    b. Í stað orðanna „opinbert mál“ í 1. málsl. 1. mgr. 116. gr. kemur: sakamál.
26. Í stað orðanna „opinberu máli“ í 2. málsl. 82. gr. laga um samvinnufélög, nr. 22 27. mars 1991, sbr. lög nr. 144/1994, kemur: sakamáli.
27. Lög um meðferð einkamála, nr. 91 31. desember 1991:
    a. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 2. mgr. 24. gr. kemur: sakamála.
    b. Í stað orðanna „opinbert mál“ og „opinbers máls“ í 1. málsl. 3. mgr. 102. gr. kemur: sakamál, og: sakamáls. Í sama málslið fellur brott orðið „opinber“.
28. 1. mgr. 22. gr. laga um yfirskattanefnd, nr. 30 27. maí 1992:
    a. Í stað orðanna „opinberrar rannsóknar“ í 1. málsl. kemur: rannsóknar lögreglu.
    b. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 2. málsl. kemur: sakamála.
29. Í 2. málsl. 11. gr. laga um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, nr. 37 27. maí 1992, fellur brott orðið „opinber“. Í stað orðanna „opinbers máls“ í sama málslið kemur: sakamáls.
30. Í stað orðanna „rannsóknar og saksóknar í opinberu máli“ í 1. málsl. 3. mgr. 15. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37 30. apríl 1993, kemur: rannsóknar sakamáls og meðferðar þess að öðru leyti.
31. Í stað orðanna „opinberu máli“ í 2. mgr. 18. gr. skaðabótalaga, nr. 50 19. maí 1993, kemur: sakamáli.
32. Lög um alþjóðlega samvinnu um fullnustu refsidóma, nr. 56 19. maí 1993, sbr. lög nr. 15/2000:
    a. Í stað orðanna „2. mgr. 115. gr. laga um meðferð opinberra mála“ í 1. mgr. 16. gr. kemur: 149. gr. laga um meðferð sakamála.
    b. Í stað orðanna „110. gr. laga um meðferð opinberra mála“ í 1. málsl. 3. mgr. og 4. mgr. 17. gr. og 2. málsl. 3. mgr. og 2. málsl. 4. mgr. 25. gr. kemur: 100. gr. laga um meðferð sakamála.

c. Í stað orðanna „X. kafla laga um meðferð opinberra mála“ í 3. málsl. 18. gr. kemur: 88. gr. laga um meðferð sakamála.
d. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 1. mgr. 28. gr. kemur: sakamála.

33. 1. mgr. 82. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99 8. september 1993, sbr. lög nr. 101/2002, verður svohljóðandi:
Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.
34. Í stað orðanna „opinberu máli“ í 1. málsl. 6. mgr. 18. gr. laga um dýravernd, nr. 15 16. mars 1994, kemur: sakamáli.
35. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 1. málsl. 3. mgr. 1. gr. laga um öflun álits EFTA-dómstólsins um skýringu samnings um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 21 21. febrúar 1994, kemur: sakamála.
36. Í stað orðanna „laga um meðferð opinberra mála“ í 2. mgr. 4. gr. laga um réttaraðstoð við alþjóðadómstólinn sem fjallar um stríðsglæpi í fyrrum Júgóslavíu, nr. 49 9. maí 1994, og sömu orða hvarvetna annars staðar í lögunum kemur í viðeigandi beygingarfalli: lög um meðferð sakamála.
37. Lög um vátryggingastarfsemi, nr. 60 11. maí 1994, sbr. lög nr. 69/2001 og 55/2007:
a. Í stað orðanna „opinberri rannsókn“ í 10. tölul. 2. mgr. og 7. tölul. 4. mgr. 39. gr. kemur: rannsókn lögreglu.
b. 1. mgr. 99. gr. f verður svohljóðandi:
Brot gegn lögum þessum sæta aðeins rannsókn lögreglu að undangenginni kæru Fjármálaeftirlitsins.
c. Í stað orðanna „opinberrar rannsóknar“ í 4. málsl. 2. mgr. 99. gr. f kemur: rannsóknar lögreglu.

38. Lyfjalög, nr. 93 20. maí 1994, með áorðnum breytingum:
a. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 3. málsl. 2. mgr. 18. gr. kemur: sakamála.
b. 1. mgr. 48. gr. fellur brott.

39. Í stað orðanna „opinberu máli“ í 2. málsl. 131. gr. laga um einkahlutafélög, nr. 138 28. desember 1994, kemur: sakamáli.
40. 41. gr. laga um bókhald, nr. 145 29. desember 1994, sbr. lög nr. 37/1995 og 48/2005:
a. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: sakamála.
b. Í stað orðanna „opinberrar rannsóknar“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: rannsóknar-lögreglu.
c. Í 1. málsl. 2. mgr. fellur brott orðið „opinberrar“.

41. Í stað orðanna „opinberu máli“ í 2. málsl. 157. gr. laga um hlutafélög, nr. 2 30. janúar 1995, kemur: sakamáli.
42. Í stað orðanna „eða saksókn í opinberu máli“ í 1. mgr. 2. gr. upplýsingalaga, nr. 50 24. maí 1996, kemur: sakamáls eða saksókn.
43. Í stað orðanna „að hætti opinberra mála“ í 2. málsl. 1. mgr. 27. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70 11. júní 1996, kemur: lögreglu.
44. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 1. mgr. 8. gr. laga um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla, nr. 72 11. júní 1996, kemur: sakamála.
45. Lögreglulög, nr. 90 13. júní 1996, með áorðnum breytingum:
a. Í stað orðanna „opinberra mála“ í c-lið 2. mgr. 1. gr. kemur: sakamála.

b. Við 8. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

7. Lögreglustjórar og aðrir þeir sem fara með lögregluvald mega ekki rannsaka brot ef þeir eru vanhæfir til þess samkvæmt stjórnsýslulögum, sbr. þó 5. mgr. 5. gr. Starfsmenn þess lögreglustjóra, sem vanhæfur er, geta þó rannsakað mál undir stjórn annars lögreglustjóra nema þeir séu sjálfir vanhæfir til að fara með málið samkvæmt stjórnsýslulögum.

c. Við 1. mgr. 16. gr. bætast þrír nýir stafliðir, svohljóðandi:
   c. ef hann á að afplána refsingu,
   d. ef hann hefur leyfislaust vikið úr fangelsi,
   e. ef rökstuddur grunur leikur á að hann hafi rofið í verulegum atriðum skilyrði sem honum hafa verið sett í skilorðsbundnum dóm, reynslulausn eða náðun.

d. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 3. mgr. 17. gr. kemur: sakamála.

46. Lög um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, nr. 94 14. júní 1996, sbr. lög nr. 134/2005:
   a. Í stað orðanna „opinberrar rannsóknar“ í 2. málsl. 4. mgr. 15. gr. og 2. málsl. 4. mgr. 20. gr. kemur: rannsóknar lögreglu.
   b. Í 1. málsl. 1. mgr. 20. gr. fellur brott orðið „opinberrar“.
   c. Í stað orðanna „opinberrar meðferðar“ í 1. málsl. 2. mgr. 20. gr. kemur: rannsóknar lögreglu.
   d. Í stað orðanna „Rannsóknarlögregla ríkisins“ í 1. málsl. 4. mgr. 20. gr. kemur: Ríkislögreglustjóri. Í stað orðanna „opinberra mála“ í sama málslið kemur: sakamála.
   e. 5. mgr. 20. gr. verður svohljóðandi:

Greiðslukröfu má hafa uppi og dæma í sakamáli vegna brota á lögunum.

47. Sóttvarnalög, nr. 19 17. apríl 1997:
   a. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 3. málsl. 2. mgr. 15. gr. kemur: sakamála.
   b. 1. mgr. 19. gr. fellur brott.

48. Í stað orðanna „opinberu máli“ í 2. málsl. 45. gr. laga um vörumerki, nr. 45 22. maí 1997, kemur: sakamáli.

49. 5. mgr. 8. gr. laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49 23. maí 1997, verður svohljóðandi:

Nú fer fram rannsókn á ætlaðri refsiverðri háttsemi í tengslum við ofanflóð og er slík rannsókn óháð rannsókn samkvæmt þessari grein.

50. Lögræðislög, nr. 71 28. maí 1997:
   a. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 1. málsl. 3. mgr. 10. gr. og 2. málsl. 1. mgr. 31. gr. kemur: sakamála.
   b. Í stað orðanna „opinberu máli“ í 3. mgr. 78. gr. kemur: sakamáli.

51. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 2. málsl. 5. mgr. 7. gr. laga um umboðsmann Alþingis, nr. 85 27. maí 1997, kemur: sakamála.

52. 34. gr. f laga um rafræna eignarskráningu verðbréfa, nr. 131 23. desember 1997, sbr. lög nr. 55/2007:
   a. 1. mgr. verður svohljóðandi:

Brot gegn lögum þessum sæta aðeins rannsókn lögreglu að undangenginni kæru Fjármálaeftirlitsins.

   b. Í stað orðanna „opinberrar rannsóknar“ í 4. málsl. 2. mgr. kemur: rannsóknar lögreglu.

53. 4. gr. laga um kjaramál fiskimanna, nr. 10 27. mars 1998, verður svohljóðandi:
    Brot gegn 3. gr. laganna varðar sektum ef ekki liggja við þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum.
54. 29. gr. laga um dómstóla, nr. 15 25. mars 1998:
    a. Í stað orðanna „opinber rannsókn“ og „opinbert mál“ í 3. málsl. 1. mgr. kemur: rannsókn lögreglu, og: sakamál.
    b. Í 3. málsl. 3. mgr. fellur brott orðið „opinberri“. Í stað orðanna „opinberu máli“ í sama málslið kemur: sakamáli.
55. 24. gr. laga um verslunaratvinnu, nr. 28 8. apríl 1998, sbr. lög nr. 94/2002:
    a. 1. mgr. fellur brott.
    b. Í stað orðanna „opinberu máli“ í 2. málsl. 4. mgr. kemur: sakamáli.
56. Lög um loftferðir, nr. 60 10. júní 1998, með áorðnum breytingum:
    a. Í stað orðanna „opinberu máli“ í 3. mgr. 141. gr. kemur: sakamáli.
    b. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 3. málsl. 1. mgr. 143. gr. kemur: sakamála.
    c. 4. málsl. 1. mgr. 143. gr. fellur brott.
57. Lög um lögmenn, nr. 77 15. júní 1998:
    a. Í stað orðanna „opinber mál“ í 2. mgr. 2. gr. og 2. málsl. 3. mgr. 9. gr. kemur: sakamál.
    b. Í stað orðanna „opinberu máli“ í 1. mgr. 20. gr. kemur: sakamáli.
58. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 1. og 2. málsl. 4. mgr. 9. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87 16. júní 1998, sbr. lög nr. 67/2006, kemur: sakamála.
59. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 1. mgr. 5. gr. laga um vegabréf, nr. 136 22. desember 1998, kemur: sakamála.
60. Lög um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi, nr. 16 14. apríl 2000:
    a. Í stað orðanna „opinberu máli“ í d-lið 1. mgr. 6. gr. og 8. gr. kemur: sakamáli.
    b. Í stað orðanna „opinbers máls“ í a-lið 7. gr. kemur: sakamáls.
61. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 1. mgr. 119. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 24 16. maí 2000, kemur: sakamála.
62. Útvarpslög, nr. 53 17. maí 2000, sbr. lög nr. 57/2007:
    a. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 5. málsl. 5. mgr. 6. gr. kemur: sakamála.
    b. Í stað orðanna „opinbera málssókn“ í 2. málsl. 2. mgr. 27. gr. kemur: saksókn. Í sama málslið falla brott orðin „opinber“ og „opinberri“.
63. Lög um rannsókn sjóslysa, nr. 68 20. maí 2000:
    a. 4. mgr. 1. gr. verður svohljóðandi:
        Nú fer fram rannsókn á ætlaðri refsiverðri háttsemi í tengslum við sjóslys og er slík rannsókn óháð rannsókn samkvæmt lögum þessum.
    b. Í stað orðanna „opinberum málum“ í 1. málsl. 1. mgr. 12. gr. kemur: sakamálum.
64. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 1. málsl. 1. mgr. 27. gr. laga um brunavarnir, nr. 75 23. maí 2000, kemur: sakamála.
65. 37. gr. laga um skráningu og mat fasteigna, nr. 6 6. febrúar 2001, verður svohljóðandi:
    Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.
66. Lög um framkvæmd Rómarsamþykktar um Alþjóðlega sakamáladómstólinn, nr. 43 19. maí 2001:
    a. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 2. málsl. 2. mgr. 3. gr., 2. málsl. 1. mgr. 4. gr. og 2. mgr. 5. gr. kemur: sakamála.

b. Í stað orðanna „VII. kafla laga um meðferð opinberra mála“ í 2. mgr. 6. gr. kemur: V. kafla laga um meðferð sakamála.

67. 3. mgr. 37. gr. laga um hönnun, nr. 46 19. maí 2001:
   a. Í 2. málsl. fellur brott orðið „opinberri“.
   b. 3. málsl. fellur brott.
68. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 3. mgr. 16. gr. laga um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, nr. 76 31. maí 2001, kemur: sakamála.
69. Í stað orðanna „opinberu dómsmáli“ í 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. laga um flutning menningarverðmæta úr landi og um skil menningarverðmæta til annarra landa, nr. 105 31. maí 2001, kemur: sakamáli.
70. Barnaverndarlög, nr. 80 10. maí 2002:
   a. Í stað orðanna „opinberum málum“ og „opinberra mála“ í 2. mgr. 18. gr. kemur: sakamálum, og: sakamála.
   b. Í 3. málsl. 37. gr. falla brott orðin „um meðferð opinberra mála“.
71. Lög um útlendinga, nr. 96 15. maí 2002:
   a. Í stað orðanna „opinbers máls“ í 1. málsl. 27. gr. kemur: sakamáls.
   b. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 3. málsl. 2. mgr., 1. málsl. 3. mgr. og 2. málsl. 7. mgr. 29. gr. og 3. málsl. 4. mgr. og 1. málsl. 5. mgr. 33. gr. kemur: sakamála.
   c. Í stað orðanna „VI. kafla laga um meðferð opinberra mála“ í 3. mgr. 34. gr. kemur: IV. kafla laga um meðferð sakamála.
72. Lög um fjármálafyrirtæki, nr. 161 20. desember 2002, sbr. lög nr. 55/2007:
   a. Í 10. tölul. 1. mgr. 41. gr. og 7. tölul. 1. mgr. 42. gr. fellur brott orðið „opinberri“.
   b. 1. mgr. 112. gr. d verður svohljóðandi:
      Brot gegn lögum þessum sæta aðeins rannsókn lögreglu að undangenginni kæru Fjármálaeftirlitsins.
   c. Í stað orðanna „opinberrar rannsóknar“ í 4. málsl. 2. mgr. 112. gr. d kemur: rannsóknar lögreglu.
73. 70. gr. d laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, nr. 30 20. mars 2003, sbr. lög nr. 55/2007:
   a. 1. mgr. verður svohljóðandi:
      Brot gegn lögum þessum sæta aðeins rannsókn lögreglu að undangenginni kæru Fjármálaeftirlitsins.
   b. Í stað orðanna „opinberrar rannsóknar“ í 4. málsl. 2. mgr. kemur: rannsóknar lögreglu.
74. Lög um eftirlit með skipum, nr. 47 20. mars 2003:
   a. 1. mgr. 26. gr. fellur brott.
   b. Í stað orðanna „höfðar opinbert mál út af brotum“ í 2. mgr. 26. gr. kemur: gefur út ákæru vegna brota.
   c. Í 29. gr. falla niður orðin „og lúta meðferð opinberra mála“.
75. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 2. málsl. 3. mgr. 25. gr. raforkulaga, nr. 65 27. mars 2003, kemur: sakamála.
76. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 2. málsl. 7. mgr. 5. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun, nr. 69 24. mars 2003, kemur: sakamála.
77. Lög um fjarskipti, nr. 81 26. mars 2003, sbr. lög nr. 78/2005 og 74/2006:
   a. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 1. málsl. 3. mgr. 42. gr. og 3. málsl. 7. mgr. 47. gr. kemur: sakamála.

b. Í stað orðanna „opinbers máls“ í 2. málsl. 7. mgr. 47. gr. kemur: sakamáls.
c. Í stað orðanna „6. mgr.“ í 11. mgr. 47. gr. kemur: 10. mgr.
d. Við 47. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Í þágu rannsóknar máls er lögreglu heimilt að leggja fyrir fjarskiptafyrirtæki að varðveita þegar í stað tölvugögn, þar með talin gögn um tölvusamskipti. Fyrirmæli lögreglu geta eingöngu tekið til gagna sem þegar eru fyrir hendi. Í fyrirmælunum á að koma fram hvaða gögn eigi að varðveita og hve lengi, en sá tími má þó ekki vera lengri en 90 dagar.

78. Í stað orðanna „opinberrar rannsóknar“ í 3. mgr. 26. gr. laga um Ábyrgðarsjóð launa, nr. 88 26. mars 2003, kemur: rannsóknar lögreglu.
79. Lög um tekjuskatt, nr. 90 7. maí 2003, með áorðnum breytingum:
a. Í stað orðanna „opinberrar rannsóknar“ í 2. málsl. 4. mgr. 94. gr. og 4. mgr. 110. gr. kemur: rannsóknar lögreglu.
b. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 7. mgr. 103. gr. kemur: sakamála.
c. Í 1. málsl. 1. mgr. 110. gr. fellur brott orðið „opinberrar“.
d. Í stað orðanna „opinberrar meðferðar“ í 1. málsl. 2. mgr. 110. gr. kemur: rannsóknar lögreglu.
e. 5. mgr. 110. gr. verður svohljóðandi:
Skattakröfu má hafa uppi og dæma í sakamáli vegna brota á lögunum.
f. Í fyrirsögn 110. gr. fellur brott orðið „opinber“.
80. Í stað orðanna „opinberrar rannsóknar“ í 2. málsl. 2. mgr. 12. gr. laga um erfðafjárskatt, nr. 14 26. mars 2004, kemur: rannsóknar lögreglu.
81. Lög um rannsókn flugslysa, nr. 35 7. maí 2004:
a. Í stað orðanna „lögum nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála“ í 2. mgr. 2. gr. kemur: lögum um meðferð sakamála.
b. Í stað orðanna „opinberum málum“ í 1. mgr. 20. gr. kemur: sakamálum.
c. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 1. málsl. 2. mgr. 20. gr. kemur: sakamála.
82. 20. gr. laga um olíugjald og kílómetragjald, nr. 87 9. júní 2004, sbr. lög nr. 169/2006:
a. Í 1. málsl. 1. mgr. fellur brott orðið „opinberrar“.
b. Í stað orðanna „opinberrar rannsóknar“ í 2. mgr. kemur: rannsóknar lögreglu.
c. Í stað orðanna „opinberu máli“ í 5. mgr. kemur: sakamáli.
83. Lög um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa, nr. 99 9. júní 2004:
a. Í stað orðanna „XI. kafla laga um meðferð opinberra mála“ í 3. málsl. 5. mgr. 21. gr. kemur: X. kafla laga um meðferð sakamála.
b. 2. málsl. 28. gr. fellur brott.
84. Lög um rannsóknarnefnd umferðarslysa, nr. 24 21. mars 2005:
a. Í stað orðanna „opinberra mála, nr. 19/1991“ í 2. mgr. 2. gr. kemur: sakamála.
b. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 4. mgr. 9. gr. kemur: sakamála.
c. Í stað orðanna „opinbers máls“ í 1. málsl. 5. mgr. 12. gr. kemur: sakamáls.
d. Í stað orðanna „opinberum málum“ í 14. gr. kemur: sakamálum.
85. 62. gr. f laga um miðlun vátrygginga, nr. 32 11. maí 2005, sbr. lög nr. 55/2007:
a. 1. mgr. verður svohljóðandi:
Brot gegn lögum þessum sæta aðeins rannsókn lögreglu að undangenginni kæru Fjármálaeftirlitsins.
b. Í stað orðanna „opinberrar rannsóknar“ í 4. málsl. 2. mgr. kemur: rannsóknar lögreglu.

86. Samkeppnislög, nr. 44 19. maí 2005, sbr. lög nr. 52/2007:
    a. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 2. mgr. 20. gr. kemur: sakamála.
    b. 1. mgr. 42. gr. verður svohljóðandi:
    Brot gegn lögum þessum sæta aðeins rannsókn lögreglu að undangenginni kæru Samkeppniseftirlitsins.
    c. Í 1. málsl. 1. mgr. 42. gr. a fellur brott orðið „opinbera“.
    d. Í stað orðanna „opinberu máli“ í 2. mgr. 42. gr. a kemur: sakamáli.
87. Lög um fullnustu refsinga, nr. 49 17. maí 2005:
    a. Í stað orðanna „1. mgr. 105. gr. laga um meðferð opinberra mála“ í 2. málsl. 2. mgr. 65. gr. kemur: XV. kafla laga um meðferð sakamála.
    b. Í stað orðanna „XVII. kafla laga um meðferð opinberra mála“ í 3. málsl. 2. mgr. 65. gr. kemur: XXX. kafla laga um meðferð sakamála.
    c. Í 1. málsl. 2. mgr. 69. gr. fellur brott orðið „opinber“.
    d. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 1. málsl. 2. mgr. 77. gr. kemur: sakamála.
88. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 2. mgr. 20. gr. a laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, nr. 57 20. maí 2005, sbr. lög nr. 57/2007, kemur: sakamála.
89. Tollalög, nr. 88 18. maí 2005:
    a. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 4. tölul. 42. gr., 1. mgr. 163. gr., fyrirsögn 163. gr. og 4. mgr. 183. gr. kemur: sakamála.
    b. Í stað orðanna „opinberu máli“ í 161. gr. kemur: sakamáli.
    c. 1. mgr. 185. gr. fellur brott.
    d. Í 1. málsl. 2. mgr. 185. gr. fellur brott orðið „þó“.
    e. Í stað orðanna „19. og 115. gr. laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála“ í 6. mgr. 185. gr. kemur: laga um meðferð sakamála.
90. 126. gr. laga um ársreikninga, nr. 3 17. janúar 2006:
    a. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: sakamála.
    b. Í stað orðanna „opinberrar rannsóknar“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: rannsóknar lögreglu.
    c. Í 1. málsl. 2. mgr. fellur brott orðið „opinberrar“.
91. Í stað orðanna „opinberu máli“ í 3. mgr. 4. gr. laga um upplýsingarétt um umhverfismál, nr. 23 12. apríl 2006, kemur: sakamáli.
92. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 2. mgr. 6. gr. laga um Landhelgisgæslu Íslands, nr. 52 14. júní 2006, kemur: sakamála.
93. Í stað orðanna „opinberra mála“ í 4. mgr. 11. gr. laga um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa, nr. 30 23. mars 2007, kemur: sakamála.
94. Lög um verðbréfaviðskipti, nr. 108 26. júní 2007:
    a. 3. málsl. 3. mgr. 133. gr. verður svohljóðandi: Um skilyrði slíkrar kröfu fer eftir 1. mgr. 83. gr. laga um meðferð sakamála og um meðferð hennar fer eftir XV. kafla sömu laga.
    b. Í stað orðanna „85. gr. laga um meðferð opinberra mála“ í 2. málsl. 8. mgr. 133. gr. kemur: 88. gr. laga um meðferð sakamála.
    c. 1. mgr. 148. gr. verður svohljóðandi:
    Brot gegn lögum þessum sæta aðeins rannsókn lögreglu að undangenginni kæru Fjármálaeftirlitsins.

d. Í stað orðanna „opinberrar rannsóknar“ í 4. málsl. 2. mgr. 148. gr. kemur: rannsóknar lögreglu.

95. 39. gr. laga um kauphallir, nr. 110 26. júní 2007:
   a. 1. mgr. verður svohljóðandi:
      Brot gegn lögum þessum sæta aðeins rannsókn lögreglu að undangenginni kæru Fjármálaeftirlitsins.
   b. Í stað orðanna „opinberrar rannsóknar“ í 4. málsl. 2. mgr. kemur: rannsóknar lögreglu.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Mál sem höfðað hefur verið fyrir gildistöku laga þessara á grundvelli heimilda í 1. eða 2. gr. eldri laga, sem ekki eiga sér samsvörun í 1. eða 2. gr. laga þessara, skulu þrátt fyrir það rekin áfram fyrir dómi en eftir því sem átt getur við skal farið með þau og úr þeim leyst eftir fyrirmælum þessara laga.

Nú hefur fyrir gildistöku laga þessara verið lagt fyrir héraðsdómara mál sem eftir þann tíma ætti að sæta meðferð eftir XXVII. kafla og skal þá farið svo með það eftir því sem átt getur við.

Mál sem réttilega hefur verið höfðað fyrir gildistöku laga þessara skal rekið áfram fyrir sama dómstóli þótt fara ætti með það á öðru varnarþingi eftir reglum VI. kafla.

II.

Önnur mál en þau sem um ræðir í 1. og 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I og höfðuð hafa verið fyrir gildistöku laga þessara skulu eftir því sem átt getur við rekin áfram fyrir dómi eftir reglum þeirra að öðru leyti en því sem hér segir:

a. Héraðssaksóknari skal taka við sókn máls sem höfðað hefur verið af lögreglustjóra, þar með talið ríkislögreglustjóra, fyrir gildistöku laga þessara ef ekki er lengur heimild fyrir ákæruvaldi lögreglustjórans í ákvæðum III. kafla.
b. Hafi mál verið úthlutað einum dómara til meðferðar eftir fyrirmælum eldri laga skal sú skipan standa þrátt fyrir ákvæði 3. gr.
c. Ákærða skal ekki gefinn kostur á að leggja fram greinargerð skv. 165. gr. ef tími til aðalmeðferðar máls hefur þegar verið ákveðinn fyrir gildistöku laga þessara.
d. Leyst skal úr einkaréttarkröfu, sem réttilega hefur verið höfð uppi samkvæmt eldri lögum, þótt hún fullnægi ekki skilyrðum XXVI. kafla.

III.

Hafi verið krafist atbeina dómara til rannsóknaraðgerðar fyrir gildistöku laga þessara en því máli hefur ekki verið lokið skal eftir því sem átt getur við farið með kröfu um hana eftir ákvæðum XV. kafla upp frá því.

IV.

Lögregluransókn sem stendur yfir við gildistöku laga þessara skal upp frá því fara eftir ákvæðum þeirra en ekki haggar það gildi þess sem þegar hefur verið gert.

Eftir gildistöku laga þessara má framkvæma rannsóknaraðgerð eftir reglum 2. þáttar þótt úrskurður dómara eða ákvörðun hans um heimild til hennar hafi verið kveðinn upp eða tekin eftir eldri lögum.

Úrskurður um að maður sæti gæsluvarðhaldi, sem kveðinn var upp fyrir gildistöku laga þessara, skal standa óraskaður svo lengi sem ákveðið var að gæsluvarðhald stæði. Frá því að lög þessi öðlast gildi verður maður þó ekki látinn sæta einangrun í gæsluvarðhaldi nema til þess standi heimild í 98. gr.

V.

Ákvæðum XXIX. kafla verður beitt um endurupptöku máls sem lokið hefur verið á grundvelli 126. gr. eldri laga fyrir gildistöku laga þessara.

Fyrirmæli eldri laga um kæruheimildir til Hæstaréttar gilda um úrskurði og ákvarðanir héraðsdómara sem kveðnir hafa verið upp eða teknar hafa verið fyrir gildistöku laga þessara. Að öðru leyti gilda ákvæði laga þessara um meðferð kærumála.

Nú hefur dómur verið kveðinn upp í héraði fyrir gildistöku laga þessara og skal þá áfrýjunarfrestur fara eftir ákvæðum eldri laga. Verði slíkum dómi síðan áfrýjað eða hafi héraðsdómi verið áfrýjað fyrir gildistöku laga þessara skal ákvæðum þeirra beitt um meðferð málsins frá þeim tíma eftir því sem átt getur við.

Reglur XXXII. og XXXIII. kafla gilda um endurupptöku máls þótt það hafi verið dæmt fyrir gildistöku laga þessara.

VI.

Ákvæði 16. gr. um aðgang að gögnum taka aðeins til mála sem ólokið er við gildistöku laga þessara. Um gögn mála sem lokið hefur verið fyrir þann tíma skal beitt reglum eldri laga.

Fyrirmæli XXXVII. kafla gilda um skaðabætur vegna atvika sem gerast eftir gildistöku laga þessara. Reglum eldri laga skal beitt um bætur fyrir það sem gerst hefur fyrir þann tíma.

VII.

Þegar ákvæði þetta hefur tekið gildi, sbr. 232. gr., skal dómsmálaráðherra auglýsa laus til umsóknar embætti héraðssaksóknara, varahéraðssaksóknara og saksóknara við embætti héraðssaksóknara og skipa í þessi embætti. Jafnframt skal hafinn undirbúningur að því að embætti héraðssaksóknara taki til starfa.

1288. Frumvarp til laga [532. mál]

um breytingu á lögum um staðfesta samvist, nr. 87/1996, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 30. maí.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „framkvæma staðfestingu á“ í 1. mgr. kemur: staðfesta.
b. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Prestum og forstöðumönnum skráðra trúfélaga er hafa vígsluheimild skv. 17. gr. hjúskaparlaga, nr. 31/1993, er heimilt að staðfesta samvist.
c. Í stað orðanna „framkvæmd staðfestingar“ í 2. mgr. kemur: staðfestingu samvistar.

2. gr.

Við 2. mgr. 8. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Einnig geta prestar og forstöðumenn skráðra trúfélaga leitað um sættir.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 27. júní 2008.

1289. Frumvarp til laga [431. mál]

um efni og efnablöndur.

(Eftir 2. umr., 30. maí.)

1. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er annars vegar að tryggja að meðferð á efnum og efnablöndum valdi ekki tjóni á heilsu manna og dýra eða á umhverfi og hins vegar að tryggja frjálst flæði á efnavörum á markaði. Í því skyni skal byggja á þeirri grundvallarreglu að framleiðendur, innflytjendur og eftirnotendur efna og efnablandna skuli ganga úr skugga um að þau efni sem þeir framleiða, flytja inn eða nota valdi ekki tjóni á heilsu manna eða umhverfi.

2. gr.

Gildissvið.

Lög þessi gilda um efni, hvort sem þau eru hrein, í efnablöndum eða í hlutum. Lögin taka þó ekki til lyfja, sbr. lyfjalög, nr. 93/1994, matvæla, sbr. lög um matvæli, nr. 93/1995, tóbaks, sbr. lög um tóbaksvarnir, nr. 6/2002, vímuefna, sbr. lög um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, snyrtivara, sbr. lög um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52/1988, úrgangs, sbr. lög um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, né til geislavirkra efna, sbr. lög um geislavarnir, nr. 44/2002. Lög þessi taka enn fremur ekki til lækningatækja, sbr. lög um lækningatæki, nr. 16/2001.

3. gr.

Orðskýringar.

Í lögum þessum er merking eftirtalinna orða og orðasambanda sem hér segir:

1. Birgir: Framleiðandi, innflytjandi, eftirnotandi eða dreifandi sem setur efni, hvort sem það er hreint, í efnablöndu eða í hlutum, á markað.
2. *Dreifandi:* Einstaklingur eða lögaðili með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu, þ.m.t. smásali, sem einungis geymir og setur á markað efni, hreint eða í efnablöndu.
3. *Efnablanda:* Blanda eða lausn tveggja eða fleiri efna.
4. *Efnastofnun Evrópu:* Efnastofnun Evrópu í Helsinki sem sett var á fót með reglugerð Evrópusambandsins nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006.
5. *Efni:* Frumefni og sambönd þeirra, bæði náttúruleg og manngerð, þ.m.t. aukefni sem eru nauðsynleg til að viðhalda stöðugleika efnisins, og óhreinindi sem verða til í vinnslu,

en þó ekki leysiefni sem skilja má frá án þess að það hafi áhrif á stöðugleika efnisins eða breyti samsetningu þess.

6. *Efni í hlut:* Efni sem sett eru á markað í hlut og ætlast er til að losni úr hlutnum við venjubundna notkun. Dæmi um slíkt er blek í prenthylkjum eða pennum.
7. *Eftirnotandi:* Einstaklingur eða lögaðili með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu, annar en framleiðandi eða innflytjandi, sem notar efni, hreint eða í efnablöndu, í iðnaði eða við faglega starfsemi. Dreifandi eða neytandi telst ekki eftirnotandi í þessum skilningi. Sá sem flytur aftur inn efni sem hefur verið skráð hjá Efnastofnun Evrópu og flutt út af Evrópska efnahagssvæðinu telst vera eftirnotandi.
8. *Framleiðandi:* Einstaklingur eða lögaðili með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu sem framleiðir efni innan svæðisins.
9. *Innflutningur:* Flutningur efnis, efnablöndu eða efna í hlutum inn á Evrópska efnahagssvæðið frá ríkjum utan svæðisins.
10. *Innflytjandi:* Einstaklingur eða lögaðili með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu sem er ábyrgur fyrir innflutningi inn á svæðið. Aðili sem flytur inn efni sem þegar hafa verið skráð hjá Efnastofnun Evrópu telst dreifandi en ekki innflytjandi í skilningi laga þessara.
11. *Markaðsleyfi:* Leyfi framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins til markaðssetningar efna sem háð eru sérstökum takmörkunum samkvæmt reglum sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu.
12. *Markaðssetning:* Það að sjá þriðja aðila fyrir vöru sem fellur undir lög þessi eða bjóða hana fram, hvort heldur er gegn greiðslu eða án endurgjalds. Innflutningur telst markaðssetning í skilningi laga þessara.
13. *Öryggisblöð:* Upplýsingablöð um eiginleika efna eða efnablandna ásamt upplýsingum um meðhöndlun og meðferð þeirra.
14. *Öryggismat:* Mat á hættueiginleikum efnis í framleiðslu og við þá notkun sem efnið er ætlað til, að teknu tilliti til eðlilegrar varúðar við framleiðslu og notkun.
15. *Öryggisskýrsla:* Skýrsla þar sem niðurstöður öryggismats eru teknar saman.

4. gr.

Takmarkanir.

Ef heilsu manna og dýra eða umhverfi stafar hætta af má takmarka heimildir til framleiðslu, markaðssetningar og notkunar tiltekinna efna, hvort sem þau eru hrein, í efnablöndum eða í hlutum, binda þær við tiltekin notkunarsvið, kveða á um upplýsingaskyldu um notkunina, kveða á um skyldubundnar merkingar, krefjast þess að efni sem talið er hafa óæskileg áhrif á heilsu manna og dýra eða er talið skaða umhverfið sé skipt út fyrir annað hættuminna efni, krefjast prófunar af hálfu faggiltra prófunaraðila, leyfisbinda markaðssetningu eða notkun eða banna alla notkun.

Ráðherra skal í reglugerð kveða á um takmarkanir skv. 1. mgr. í samræmi við kröfur á Evrópska efnahagssvæðinu.

Ráðherra er heimilt, ef réttmæt ástæða er til að ætla að þörf sé á tafarlausum aðgerðum til að vernda heilsu manna eða umhverfið, að grípa til aðgerða, svo sem banns við markaðssetningu eða annarra takmarkana til verndar þessum hagsmunum. Þetta gildir þó að viðkomandi efni, efnablanda eða efni í hlut sem aðgerðir skv. 1. málsl. beinast að uppfylli kröfur laga þessara eða reglugerða sem settar hafa verið á grundvelli þeirra.

5. gr.

Skráningarskylda.

Framleiðandi eða innflytjandi efnis, hvort sem það er hreint, í efnablöndu eða í hlutum, sem framleiðir eða flytur inn efni til markaðssetningar á Evrópska efnahagssvæðinu í meira magni en einu tonni á ári, skal skrá efnið hjá Efnastofnun Evrópu. Framleiðanda og innflytjanda er skylt að hlíta þeim takmörkunum sem skráningunni kunna að fylgja.

Ráðherra setur í reglugerð frekari ákvæði um fyrirkomulag skráningar, tilkynningar, mat á efnum, skyldu til gerðar og endurmats öryggisskýrslu og öryggismats og prófanir sem skal framkvæma í tengslum við skráninguna. Enn fremur er ráðherra heimilt í reglugerð að setja ákvæði sem nauðsynleg eru vegna aðildar Íslands að Efnastofnun Evrópu, þ.m.t. um gjaldtöku.

Um virk efni í varnar- og sæfiefnum fer samkvæmt lögum um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52/1988.

6. gr.

Markaðsleyfi.

Framleiðandi eða innflytjandi efnis sem háð er markaðsleyfi skal sækja um slíkt leyfi til Efnastofnunar Evrópu. Sama gildir um eftirnotanda ef notkun hans á efninu er ekki innan heimils notkunarsviðs samkvæmt markaðsleyfi sem gefið hefur verið út til handa innflytjanda eða framleiðanda efnisins.

Umhverfisstofnun staðfestir útgefið markaðsleyfi.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um hvaða efni skuli háð markaðsleyfi, um leyfisumsókn, efni leyfis, veitingu þess og staðfestingu Umhverfisstofnunar.

7. gr.

Öryggisblöð og öryggisskýrslur.

Birgjar skulu láta öryggisblað fylgja við afhendingu efnis til eftirnotanda eða dreifanda, hvort sem það er hreint eða í efnablöndu, ef það fellur undir einn eða fleiri af eftirtöldum liðum:

a. Efnið er hættulegt eða eitrað, sbr. lög nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni.
b. Efnið er þrávirkt, safnast fyrir í lífverum eða er eitrað samkvæmt nánari viðmiðunum sem settar eru í reglugerð.
c. Efnið er háð markaðsleyfi skv. 6. gr.

Upplýsingar úr öryggisskýrslum um örugga notkun skulu, þegar við á, fylgja í viðauka við öryggisblað.

Birgjar annarra efna en þeirra sem falla undir 1. mgr. skulu við afhendingu láta fylgja skráningarnúmer efnis og upplýsingar um notkunartakmarkanir ef um þær er að ræða.

Eftirnotendur skulu nota efni og efnablöndur í samræmi við ákvæði öryggisblaða og öryggisskýrslna sem þeim fylgja.

Eftirnotendur skulu tilkynna dreifanda, innflytjanda eða framleiðanda ef notkun þeirra er utan skráðs notkunarsviðs viðkomandi efnis samkvæmt öryggisskýrslu. Ef um er að ræða notkun efna sem skylt er að gera öryggisskýrslu um, utan skráðs notkunarsviðs, er eftirnotanda skylt að gera öryggisskýrslu vegna notkunar sem ekki er tilgreind á öryggisblaði, sé notkunin meiri en sem nemur einu tonni á ári.

Nánari ákvæði um skyldu til gerðar og endurmats öryggisblaða og um undanþágur þar frá, um efni þeirra og um skyldur birgja og eftirnotenda að öðru leyti skulu sett í reglugerð.

8. gr.

Markaðssetning, framleiðsla og notkun.

Heimilt er að setja á markað efni, hvort sem það er hreint, í efnablöndu eða í hlutum, sem skráð hefur verið hjá Efnastofnun Evrópu með þeim notkunartakmörkunum sem af þeirri skráningu kann að leiða eða markaðsleyfi kveður á um.

Óheimilt er að framleiða, flytja inn, markaðssetja eða nota efni, hvort sem það er hreint, í efnablöndu eða í hlutum, sem ekki hefur verið skráð eða eftir atvikum leyft samkvæmt ákvæðum þessara laga. Enn fremur er óheimilt að framleiða, flytja inn, markaðssetja eða nota efni, hvort sem það er hreint, í efnablöndu eða í hlutum, á þann hátt að í bága fari við þær takmarkanir sem settar eru á grundvelli laga þessara og reglugerða sem settar eru með stoð í þeim, sbr. 4.–7. gr.

9. gr.

Eftirlit og framkvæmd.

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum. Umhverfisstofnun hefur eftirlit með framkvæmd laganna og er ráðherra til ráðgjafar.

Umhverfisstofnun skal upplýsa almenning um hættu tengda efnum og efnanotkun þegar þörf er á til verndar heilsu almennings eða umhverfi. Umhverfisstofnun skal setja á fót rafrænt þjónustuborð þar sem framleiðendum, innflytjendum, birgjum, eftirnotendum og öðrum eru veittar upplýsingar og ráðgjöf um skyldur sínar samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með framleiðslu, innflutningi og markaðssetningu efna, efnablandna og hluta sem falla undir lög þessi. Samhliða eftirliti með starfsleyfisskyldri starfsemi samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og lögum nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, skulu heilbrigðisnefndir sveitarfélaga hafa eftirlit með framkvæmd laga þessara hjá hlutaðeigandi starfsemi í samræmi við fyrirmæli Umhverfisstofnunar. Í þeim tilvikum skal beiting úrræða skv. 10. gr. vera í höndum heilbrigðisnefndar.

Umhverfisstofnun getur haft samstarf við tollyfirvöld um framkvæmd eftirlits samkvæmt lögum þessum við innflutning. Tollyfirvöld skulu veita Umhverfisstofnun upplýsingar um innflutning efna, efnablandna og vara sem falla undir lög þessi sé þess óskað.

Umhverfisstofnun getur með samningi falið öðrum stjórnvöldum eða faggiltum skoðunarstofum, sbr. lög nr. 24/2006, um faggildingu o.fl., einstaka þætti eftirlits samkvæmt lögum þessum. Taka stjórnvaldsákvarðana samkvæmt lögum þessum skal þó ávallt vera í höndum Umhverfisstofnunar, sbr. þó 3. mgr. Skylda má þá sem eftirlit beinist að til að semja um framkvæmd eftirlits við faggiltar skoðunarstofur.

10. gr.

Heimildir eftirlitsaðila.

Eftirlitsaðilum skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þar á meðal til töku sýna og myndatöku, að öllum þeim stöðum sem lög þessi ná til. Eftirlitsaðilar geta krafist þess að birgir veiti eins fljótt og verða má þær upplýsingar um innihald efna, efnablandna og efna í hlutum sem honum er skylt að hafa.

Umhverfisstofnun, eða eftir atvikum heilbrigðisnefnd, sbr. 3. mgr. 9. gr., skal stöðva markaðssetningu vöru sem ekki uppfyllir skilyrði laga þessara eða reglugerða settra samkvæmt þeim og leggja hald á slíka vöru. Enn fremur er heimilt að krefjast þess að birgir fargi

viðkomandi efni, efnablöndu eða hlut með öruggum hætti eða afturkalli vöruna eða geymi þar til bætt hefur verið úr ágöllum eða hættu afstýrt með viðunandi hætti.

Til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögum þessum getur Umhverfisstofnun, eða eftir atvikum heilbrigðisnefnd, sbr. 3. mgr. 9. gr., veitt viðkomandi aðila áminningu. Jafnframt skal veita hæfilegan frest til úrbóta ef þeirra er þörf. Ef tilmælum er ekki sinnt innan tiltekins frests getur Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefnd ákveðið þeim sem eftirlit beinist að dagsektir þar til úr er bætt. Dagsektir sem Umhverfisstofnun ákveður renna í ríkissjóð en dagsektir sem heilbrigðisnefnd ákveður renna til rekstraraðila heilbrigðiseftirlits. Dagsektir skulu að hámarki nema 500.000 kr. á dag. Kostnað við verkið sem og dagsektir má innheimta með fjárnámi.

11. gr.

Gjaldtaka.

Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefnd er heimilt að taka gjald fyrir eftirlit samkvæmt lögum þessum hjá starfsemi sem háð er starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og lögum nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs. Eftirlit sem tekið er gjald fyrir skal framkvæmt samhliða eftirliti Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefndar með starfseminni samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og lögum um meðhöndlun úrgangs. Upphæð gjaldsins skal byggð á rekstraráætlun þar sem þau atriði eru rökstudd sem ákvörðun gjalds fyrir viðkomandi eftirlit byggist á og má gjaldið ekki vera hærra en sá kostnaður.

12. gr.

Viðurlög.

Fyrir brot gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim skal refsa með sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Nú er brot ítrekað eða stórfellt og getur refsing þá orðið fangelsi allt að tveimur árum. Tilraun eða hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

Sektir má ákvarða lögaðila þó að sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann. Einnig má, með sama skilorði, gera lögaðila sekt ef fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðrir einstaklingar sem í þágu hans starfa gerast sekir um brot.

Efni, efnablöndur eða hluti sem flutt eru til landsins, markaðssett eða framleidd þannig að fari í bága við lög þessi má gera upptæk með dómi og einnig ágóða af slíkri ólöglegri starfsemi. Andvirði hins upptæka rennur í ríkissjóð.

13. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 25 frá 14. mars 2008 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn frá 2. maí 1992 og fella inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (REACH), stofnun Efnastofnunar Evrópu, breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB.

14. gr.

Lög þessi taka þegar gildi. Ákvæði 5. gr. taka þó ekki gildi fyrr en 1. júní 2008.

Ákvæði til bráðabirgða.

Bann skv. 2. mgr. 8. gr. gildir ekki um efni sem forskráð eru hjá Efnastofnun Evrópu á tímabilinu 1. júní 2008 til 1. desember 2008, á meðan skráning efnisins er til meðferðar hjá stofnuninni. Bannið gildir ekki heldur um vörur sem afhentar voru frá framleiðanda og settar á markað á EES-svæðinu fyrir gildistöku laga þessara.

1290. Frumvarp til laga [517. mál]

um Veðurstofu Íslands.

(Eftir 2. umr., 30. maí.)

1. gr.

Yfirstjórn.

Starfrækja skal Veðurstofu Íslands undir yfirstjórn umhverfisráðherra.

2. gr.

Forstjóri.

Við Veðurstofu Íslands skal starfa forstjóri skipaður af ráðherra til fimm ára í senn. Forstjóri skal hafa háskólamenntun sem nýtist í starfi.

Forstjóri ber ábyrgð á stjórn, rekstri og starfsskipulagi Veðurstofu Íslands gagnvart ráðherra og gerir rekstraráætlanir fyrir hana. Forstjóri ræður annað starfsfólk stofnunarinnar.

3. gr.

Verkefni.

Verkefni Veðurstofu Íslands skulu vera sem hér segir:

1. að annast vöktun vegna náttúruvár og gefa út viðvaranir og spár um yfirvofandi hættu af völdum veðurs og veðurtengdra þátta, jarðskjálfta, eldgosa, hlaupa, vatnsflóða og ofanflóða;
2. að sjá um rekstur veðurfræðilegra grunnkerfa og annast veðurþjónustu, sbr. lög um veðurþjónustu;
3. að annast almennar kerfisbundnar vatnamælingar í ám, stöðuvötnum, lónum, strandlónum, strandsjó og grunnvatni, þ.m.t. mælingar á rennsli, vatnshæð, vatnshita, aurburði og öðrum eðlis- og efnafræðilegum eiginleikum vatns;
4. að annast mælingar á snjóalögum og jöklabúskap og kortlagningu á ísalögum fallvatna og stöðuvatna;
5. að annast mælingar á hvers kyns jarðhræringum, jarðspennu, kvikuhreyfingum og hægum jarðskorpuhreyfingum, auk þess að safna upplýsingum um eldgos og öskufall;
6. að gera athuganir og mælingar á mengun í lofti, úrkomu og vatni;
7. að annast langtímarannsóknir á vatnsauðlindinni, eðli hennar og skilyrðum til nýtingar samkvæmt samningi við viðeigandi stjórnvöld;

8. að annast skráningu, varðveislu og miðlun gagna á starfssviði stofnunarinnar;
9. að kortleggja veðurfar landsins og fylgjast með loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra á þá þætti náttúrunnar sem stofnunin á að vakta;
10. að kortleggja stöðuvötn og vatnsfarvegi landsins og gera vatnafars- og flóðakort;
11. að kortleggja jarðskjálftavirkni landsins og fylgjast með breytingum á jarðskjálftavirkni;
12. að sinna verkefnum á sviði ofanflóðavarna, sbr. lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum;
13. að vinna hættumat vegna náttúruhamfara að beiðni almannavarnayfirvalda eða annarra stjórnvalda;
14. að vinna að rannsóknum á starfssviðum stofnunarinnar er hafi það að höfuðmarkmiði að auka þekkingu á ýmsum eðlisþáttum lofts, láðs og lagar, auka þekkingu á vatnafari, veðurfari og jarðskjálftavirkni landsins, bæta þjónustuna og auka hæfni stofnunarinnar til að láta í té upplýsingar í þágu atvinnulífs, öryggismála, sjálfbærrar nýtingar auðlinda og annarra þarfa landsmanna;
15. að annast samskipti við Alþjóðaveðurfræðistofnunina og önnur milliríkjasamskipti innan verkahrings stofnunarinnar;
16. að vera ráðuneytinu og öðrum stjórnvöldum til ráðgjafar um málefni á verksviði stofnunarinnar;
17. önnur verkefni sem ráðherra felur stofnuninni sérstaklega.

4. gr.

Fjármögnun og kostnaðargreining.

Kostnaður við starfrækslu Veðurstofu Íslands greiðist af fjárveitingum úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum. Veðurstofan aflar sér enn fremur tekna með sölu á þjónustu á verksviði stofnunarinnar, sbr. 3. gr., og með þjónustugjöldum fyrir afgreiðslu gagna, svo sem ljósritun eða aðra afritun, fjölföldun, úrvinnslu og dreifingu. Gjaldtaka skal taka mið af kostnaði og byggjast á kostnaðargreiningu, sbr. 3. mgr. Ráðherra setur, að fengnum tillögum Veðurstofunnar, gjaldskrá fyrir veitta þjónustu og afgreiðslu gagna samkvæmt þessari málsgrein og skal hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Þann hluta starfsemi Veðurstofu Íslands sem rekinn er á viðskiptagrundvelli á samkeppnismarkaði skal skilja fjárhagslega frá öðrum þáttum rekstrarins og skal endurgjald vegna hans taka mið af markaðsverði. Veðurstofan skal setja viðmiðunargjaldskrá um þessi verkefni og gefa hana út. Sala á þjónustu samkvæmt þessari málsgrein skal byggjast á samningum.

Veðurstofa Íslands skal greina kostnað allra verkefna, hvort sem fjármögnun byggist á sértekjum eða framlögum úr ríkissjóði. Kostnaðargreining tekur til alls kostnaðar, þ.m.t. kostnaðar vegna yfirstjórnar, sameiginlegrar þjónustu, húsnæðis, afskrifta og þróunar.

5. gr.

Afhending gagna.

Gögn sem Veðurstofa Íslands aflar fyrir opinbert fé af fjárlögum skulu vera aðgengileg öllum án gjaldtöku enda brjóti afhending þeirra ekki gegn lögvernduðum rétti þriðja aðila eða fari gegn reglum um gjaldtöku sem settar eru af eiganda gagna. Þó er heimilt að innheimta afgreiðslukostnað, sbr. 1. mgr. 4. gr.

Heimilt er að semja svo um að gögn sem aflað er á grunni samninga skv. 2. mgr. 4. gr. verði ekki gerð opinber eða afhent þriðja aðila nema í samráði við kaupanda þjónustunnar.

6. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2009. Frá sama tíma tekur til starfa ný stofnun, Veðurstofa Íslands. Við gildistöku laga þessara er lögð niður stofnun með sama nafni sem starfrækt hefur verið samkvæmt lögum nr. 30/1985, um Veðurstofu Íslands. Einnig er lögð niður starfsemi vatnamælinga Orkustofnunar, sbr. 3. gr. laga nr. 87/2003, um Orkustofnun.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 30/1985, um Veðurstofu Íslands.

7. gr.

Breytingar á öðrum lögum.

1. 3. gr. laga nr. 87/2003, um Orkustofnun, fellur brott.
2. Í stað orðsins „veðurstofustjóri“ í 4. mgr. 6. gr. laga nr. 94/1962, um almannavarnir, kemur: forstjóri Veðurstofu Íslands.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Starfsmönnum vatnamælinga Orkustofnunar og Veðurstofu Íslands sem eru í starfi við gildistöku laga þessara skal boðið starf hjá hinni nýju stofnun með sömu ráðningarkjörum og áður giltu. Ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, gilda ekki um störf sem ráðið er í samkvæmt þessum tölulið.
2. Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. skal forstjóri Veðurstofu Íslands skipaður frá 1. ágúst 2008 og skal hann frá þeim tíma vinna að undirbúningi gildistöku laga þessara í samráði við umhverfisráðherra.
3. Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 4. gr. hefur Veðurstofa Íslands frest til 1. júní 2011 til að kostnaðargreina að fullu alla starfsemi stofnunarinnar.

1291. Frumvarp til laga [327. mál]

um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 30. maí.)

1. gr.

Við 3. gr. laganna bætast eftirfarandi skilgreiningar í viðeigandi stafrófsröð, svohljóðandi:

1. *Framleiðandi og innflytjandi:* aðili sem, óháð þeirri sölutækni sem er notuð,
   i. framleiðir og selur raf- og rafeindatæki undir eigin vörumerki,
   ii. endurselur raf- og rafeindatæki, undir eigin vörumerki, sem aðrir birgjar framleiða; endursöluaðilinn telst þó ekki vera framleiðandi ef vörumerki framleiðandans er á tækjabúnaðinum eins og kveðið er á um í i. lið, eða
   iii. flytur raf- og rafeindatæki inn eða út úr landinu í atvinnuskyni.

2. *Raf- og rafeindatæki:* búnaður sem þarf rafstraum eða rafsegulsvið til að geta starfað á réttan hátt og búnaður til að framleiða, flytja og mæla slíkan rafstraum og rafsegulsvið, sbr. viðauka I.
3. *Raf- og rafeindatækjaúrgangur:* raf- eða rafeindatæki sem er úrgangur, þ.m.t. allir íhlutir, undireiningar og aukahlutir sem eru hluti af búnaðinum.
4. *Raf- og rafeindatækjaúrgangur frá heimilum:* raf- og rafeindatækjaúrgangur sem kemur frá heimilum, einnig raf- og rafeindatækjaúrgangur frá verslun, iðnaði, stofnunum og annars staðar frá sem er að eðli og umfangi svipaður þeim sem kemur frá heimilum.
5. *Skilakerfi:* fyrirtæki eða aðili sem tekur að sér ábyrgð framleiðanda og innflytjanda á raf- og rafeindatækjaúrgangi.

2. gr.

Á eftir II. kafla laganna kemur nýr kafli, III. kafli, **Raf- og rafeindatækjaúrgangur,** með níu nýjum greinum, svohljóðandi, og breytast númer annarra greina og kafla samkvæmt því:

a. (14. gr.)

Skyldur sveitarfélaga varðandi raf- og rafeindatækjaúrgang.

Söfnunarstöðvar sveitarfélaga skulu hafa aðstöðu fyrir móttöku á raf- og rafeindatækjaúrgangi frá heimilum eins og nánar er kveðið á um í reglugerð. Ber þeim að taka við slíkum úrgangi frá heimilum gjaldfrjálst. Sveitarfélögum er heimilt að innheimta gjald fyrir afnot skilakerfa af slíkri aðstöðu í samræmi við gjaldskrá sem ráðherra setur að fenginni tillögu stýrinefndar og umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Söfnunarstöðvum sveitarfélaga ber einnig að taka við öðrum raf- og rafeindatækjaúrgangi en frá heimilum og er heimilt að taka gjald til að standa undir kostnaði við móttöku og geymslu hans.

Sveitarfélögin skulu veita leiðbeiningar um hvernig beri að flokka og skila raf- og rafeindatækjaúrgangi til söfnunarstöðva sveitarfélaga.

b. (15. gr.)

Ábyrgð framleiðanda og innflytjanda á raf- og rafeindatækjaúrgangi.

Framleiðandi og innflytjandi skulu bera ábyrgð á þeim raf- og rafeindatækjum sem framleidd eru hér á landi eða flutt inn og falla undir viðauka I. Í ábyrgð framleiðanda og innflytjanda felst að þeir skulu fjármagna og tryggja meðhöndlun raf- og rafeindatækjaúrgangs að frátalinni söfnun til söfnunarstöðvar sveitarfélaga. Skulu framleiðendur og innflytjendur uppfylla skyldur sínar með rekstri eigin skilakerfis eða með aðild að sameiginlegu skilakerfi fleiri framleiðenda og innflytjenda. Ábyrgð framleiðenda og innflytjenda á geymslu og söfnun frá söfnunarstöð sveitarfélaga nær til landsins alls án tillits til hvar varan er seld og skal allur raf- og rafeindatækjaúrgangur sem fellur undir lög þessi fara til meðhöndlunar. Seljandi raf- og rafeindatækja sem falla undir lög þessi og seld eru í tollfrjálsri verslun hér á landi og ætluð til innlendra nota ber ábyrgð framleiðanda og innflytjanda samkvæmt lögum þessum.

Umhverfisráðherra getur, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar, kveðið á um í reglugerð að framleiðanda og innflytjanda annarra raf- og rafeindatækja en raf- og rafeindatækja fyrir heimili sé heimilt að gera samkomulag um að kaupandi raf- og rafeindatækis yfirtaki ábyrgð skv. 1. mgr. Tilkynna ber stýrinefnd raf- og rafeindatækjaúrgangs um gerð slíkra samninga. Umhverfisstofnun skal leita umsagnar stýrinefndar og skilakerfa við gerð tillagna að reglugerð.

c. (16. gr.)

Upplýsingaskylda framleiðenda og innflytjenda.

Framleiðandi og innflytjandi skulu í upplýsingum sem ætlaðar eru til dreifingar til kaupanda upplýsa um hvar sé heimilt að skila raf- og rafeindatækjaúrgangi, að hægt sé að skila raf- og rafeindatækjaúrgangi frá heimilum án greiðslu og að ábyrgst sé að hann verði meðhöndlaður í samræmi við gildandi reglur.

d. (17. gr.)

Upplýsingar til þeirra er meðhöndla úrgang.

Framleiðendur og innflytjendur skulu veita upplýsingar um rétta meðhöndlun raf- og rafeindatækjaúrgangs til þeirra sem hafa starfsleyfi til að meðhöndla raf- og rafeindatækjaúrgang. Slíkar upplýsingar skulu veittar eigi síðar en ári frá því að raf- og rafeindatæki var markaðssett.

e. (18. gr.)

Skilakerfi.

Hlutverk skilakerfis er að:

a. kosta geymslu raf- og rafeindatækjaúrgangs frá heimilum á söfnunarstöðvum sveitarfélaga,
b. tryggja söfnun og móttöku á raf- og rafeindatækjaúrgangi frá söfnunarstöðvum sveitarfélaga og í samráði við sveitarfélögin, alls staðar á landinu,
c. tryggja að raf- og rafeindatækjaúrgangur sé meðhöndlaður af atvinnurekstri sem hefur gilt starfsleyfi.

Skilakerfi skal hafa nægt fjármagn frá framleiðendum og innflytjendum til að tryggja að það geti staðið undir skuldbindingum fyrir hönd viðskiptavina sinna.

Skilakerfi skal kosta geymslu, safna og taka á móti og koma til meðhöndlunar því heildarmagni raf- og rafeindatækjaúrgangs sem jafngildir markaðshlutdeild þeirra framleiðenda og innflytjenda sem samning hafa við skilakerfið hvort sem um er að ræða sameiginlegt skilakerfi eða skilakerfi sem er fjármagnað af einum framleiðanda eða innflytjanda.

Skilakerfi ber að leggja fram tryggingu um fjárhagslega ábyrgð vegna starfsemi sinnar. Umhverfisráðherra setur að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar reglugerð um upphæð og form hinnar fjárhagslegu ábyrgðar. Heimilt er í reglugerðinni að undanþiggja skilakerfi, sem hefur innan sinna vébanda ákveðinn fjölda framleiðenda og innflytjenda og eru með tiltekna lágmarksmarkaðshlutdeild, tryggingu um fjárhagslega ábyrgð. Umhverfisstofnun skal leita umsagnar stýrinefndar og skilakerfa, svo og annarra hagsmunaaðila, við gerð tillagna að reglugerð.

Áður en skilakerfi hefur starfsemi skal það afla leyfis Umhverfisstofnunar. Með umsókn um leyfi til rekstrar skilakerfis ber að fylgja trygging um fjárhagslega ábyrgð, sbr. þó 2. málsl. 4. mgr., ásamt umsögn stýrinefndar. Umsóknargjald er 100.000 kr. og skal það standa undir kostnaði við yfirferð umsóknar og útgáfu leyfis.

Skilakerfi ber að leggja fram upplýsingar til stýrinefndar um að það uppfylli kröfur samkvæmt ákvæðum greinar þessarar.

f. (19. gr.)

Stýrinefnd raf- og rafeindatækjaúrgangs.

Sérstök stýrinefnd raf- og rafeindatækjaúrgangs skal hafa umsjón með starfsemi skilakerfa.

Umhverfisráðherra skipar fimm manna stýrinefnd raf- og rafeindatækjaúrgangs. Skulu fjórir skipaðir samkvæmt tilnefningum frá Félagi íslenskra stórkaupmanna, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum iðnaðarins og Samtökum verslunar og þjónustu og einn án tilnefningar sem er formaður nefndarinnar og skal hafa sérþekkingu á samkeppnismálum.

Stýrinefnd getur leitað hagkvæmra leiða til þess að söfnun, móttaka og meðhöndlun raf- og rafeindatækjaúrgangs frá heimilum fari fram með landfræðilega skynsömum hætti. Ber henni að leita eftir áliti Samkeppniseftirlits.

Hlutverk stýrinefndar er að:

a. halda skrá yfir framleiðendur og innflytjendur raf- og rafeindatækja og hafa eftirlit með því að þeir séu skráðir í skráningarkerfið,
b. reka skráningarkerfi framleiðenda og innflytjenda,
c. safna upplýsingum frá skilakerfum um magn raf- og rafeindatækjaúrgangs og ráðstöfun hans og vinnslu þeirra upplýsinga og skila þeim til Umhverfisstofnunar,
d. reikna hlutfall þess raf- og rafeindatækjaúrgangs sem einstökum skilakerfum ber að safna eftir flokkun sem fram kemur í viðauka I í samræmi við markaðshlutdeild,
e. meta hvort skilakerfi uppfylli skyldur sínar,
f. meta hvort skilakerfi geti staðið undir fjárhagslegum skuldbindingum sínum,
g. móta stefnu um starfsemi sína, svo sem helstu áherslur, verkefni og starfshætti, og leggja fyrir ráðherra til staðfestingar.

Telji stýrinefnd að skilakerfi uppfylli ekki skyldur sínar ber henni að tilkynna það til Umhverfisstofnunar. Stofnuninni er þá heimilt að beita skilakerfi þvingunarúrræðum samkvæmt lögum þessum og ef brot eru alvarleg að svipta skilakerfi leyfi til að starfa.

Stýrinefnd skal innheimta gjald af skilakerfum til að standa undir kostnaði við uppbyggingu og rekstur stýrinefndar sem hlýst af ákvæðum laga þessara, svo sem stofnkostnaði, rekstri skráningarkerfis, sbr. 20. gr., og kostnaði við störf stýrinefndar. Skal gjaldið vera í samræmi við markaðshlutdeild þeirra innflytjenda og framleiðenda sem aðild eiga að viðkomandi skilakerfi. Skilakerfi geta óskað eftir upplýsingum frá stýrinefnd um samsetningu gjalda. Gjöld mega ekki vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu.

g. (20. gr.)

Skráningarkerfi framleiðenda og innflytjenda.

Framleiðanda og innflytjanda raf- og rafeindatækja ber að skrá sig hjá skráningarkerfi framleiðenda og innflytjenda a.m.k. 15 dögum áður en vara sem fellur undir viðauka I er markaðssett hér á landi.

Stýrinefnd getur falið öðrum aðila að annast hlutverk stýrinefndar skv. a–d-lið 4. mgr. 19. gr. með samningi. Skulu ákvæði laganna um heimildir og skyldur stýrinefndarinnar einnig gilda um samningsaðilann, svo sem um þagnarskyldu, sbr. 3. mgr. 21. gr.

Umhverfisráðherra skal að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar setja reglugerð um skráningarkerfi framleiðenda og innflytjenda. Í henni skal fjallað um skyldu framleiðanda og innflytjanda raf- og rafeindatækja til að skrá sig og skila upplýsingum um innflutning eða framleiðslu á raf- og rafeindatækjum til stýrinefndar og á hvaða hátt það skuli gert. Um-

hverfisstofnun skal leita umsagnar stýrinefndar og skilakerfa, svo og annarra hagsmunaaðila, við gerð tillagna að reglugerð.

h. (21. gr.)

Eftirlit með framleiðendum og innflytjendum.

Telji stýrinefnd að framleiðandi eða innflytjandi hafi ekki skráð sig í skráningarkerfi framleiðenda og innflytjenda og að hann framleiði eða flytji inn raf- eða rafeindatæki sem falla undir viðauka I skal stýrinefnd tilkynna það til Umhverfisstofnunar. Stofnunin skal að fenginni tilkynningu stýrinefndar gefa hugsanlegum framleiðanda og innflytjanda kost á að tjá sig um hvort hann framleiði eða flytji inn raf- eða rafeindatæki sem falla undir viðauka I. Umhverfisstofnun sker úr um hvaða raf- og rafeindatæki falla undir lög þessi. Umhverfisstofnun skal taka ákvörðun um hvort leggja skuli fyrir viðkomandi framleiðanda eða innflytjanda að skrá sig í samræmi við lög þessi. Ef aðili verður ekki við tilmælum Umhverfisstofnunar um skráningu er stofnuninni heimilt að beita þvingunarúrræðum samkvæmt lögum þessum.

Stýrinefnd er heimilt að óska eftir upplýsingum frá toll- og skattyfirvöldum um heildarmagn, magn í einstökum flokkum, sbr. viðauka I, og magn frá einstökum framleiðendum og innflytjendum vegna framleiðslu og innflutnings á raf- og rafeindatækjum sem falla undir lögin. Ákvæði 188. gr. tollalaga, nr. 88/2005, og 117. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum, skulu ekki vera því til fyrirstöðu að starfsmenn toll- og skattyfirvalda veiti stýrinefnd upplýsingar samkvæmt þessari grein.

Stýrinefnd er bundin þagnarskyldu um atriði er varða framleiðslu- og verslunarleynd. Sama gildir um atriði sem þeir fá vitneskju um og leynt skulu fara samkvæmt lögum og eðli máls.

i. (22. gr.)

Reglugerðir um raf- og rafeindatæki.

Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar sem leita skal umsagnar um tillögurnar hjá stýrinefnd, skilakerfum og Sambandi íslenskra sveitarfélaga, að setja reglugerð um eftirtalin atriði:

a. fjölda gámastæða sem til staðar skulu vera fyrir skilakerfi á söfnunarstöðvum sveitarfélaga, sbr. 14. gr.,
b. bann við sölu á raf- og rafeindatækjum sem ekki er unnt eða erfitt er að endurnota eða endurnýta,
c. takmörkun eða bann á sölu á raf- og rafeindatækjum til annarra landa á Evrópska efnahagssvæðinu og utan þess, svo og reglur um söluna,
d. lágmarkskröfur um meðhöndlun raf- og rafeindatækjaúrgangs,
e. nánari ákvæði um skyldu framleiðenda, innflytjenda, sveitarfélaga og seljenda til að upplýsa kaupendur raf- og rafeindatækja, sbr. ákvæði 16., 17. og 18. gr.,
f. skyldu framleiðanda og innflytjanda til að merkja raf- og rafeindatæki sem falla undir viðauka I,
g. skyldur innflytjanda sem selur raf- og rafeindatæki í atvinnuskyni í póstverslun, netverslun eða á sambærilegan hátt beint til heimila hér á landi,
h. þau markmið sem framleiðanda og innflytjanda ber að ná árlega um söfnun, endurnýtingu og endurnotkun og hlutverk Umhverfisstofnunar til að hafa eftirlit með því að þau markmið náist,

i. ítarlegri skrá yfir þau raf- og rafeindatæki sem falla undir yfirflokka í viðauka I,
j. nánari útfærslu á hvenær og hvernig skilakerfi sækja raf- og rafeindatækjaúrgang frá söfnunarstöðvum sveitarfélaga,
k. nánari útfærslu á skyldu stýrinefndar til að safna upplýsingum frá skilakerfum um magn raf- og rafeindatækjaúrgangs og ráðstöfun hans, vinnslu þeirra upplýsinga og skil á þeim til Umhverfisstofnunar.

3. gr.

Við 23. gr. laganna, er verður 32. gr., bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Rísi ágreiningur milli stýrinefndar, skilakerfa eða sveitarfélaga vegna söfnunarstöðva sveitarfélaga um framkvæmd laga þessara skal vísa málinu til úrskurðar ráðherra.

4. gr.

Við lögin bætist viðauki sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

VIÐAUKI I

Flokkar raf- og rafeindatækja.

Raf- og rafeindatæki sem hönnuð eru til notkunar við rafspennu sem fer ekki yfir 1.000 volt þegar um er að ræða riðstraum og ekki yfir 1.500 volt þegar um er að ræða jafnstraum:

1. Stór heimilistæki.
2. Lítil heimilistæki.
3. Upplýsingatækni- og fjarskiptabúnaður.
4. Neytendabúnaður.
5. Ljósabúnaður.
6. Raf- og rafeindatæki (að frátöldum stórum, föstum tækjum til iðnaðar).
7. Leikföng og tómstunda-, íþrótta- og útivistarbúnaður.
8. Lækningatæki (að frátöldum ígræðsluvörum og vörum sem bera smit).
9. Vöktunar- og eftirlitstæki.
10. Sjálfsalar.

5. gr.

Innleiðing á tilskipunum.

Lög þessi eru sett til innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/96/EB frá 27. janúar 2002 um raf- og rafeindabúnaðarúrgang og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/108/EB frá 8. desember 2003 um breytingu á tilskipun 2002/96/EB um raf- og rafeindabúnaðarúrgang, sem vísað er til í 1. undirmgr. í lið 32fa í XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2004 og með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 134/2004.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Framleiðendur og innflytjendur raf- og rafeindatækja skulu skrá sig hjá skráningarkerfi framleiðenda og innflytjenda fyrir 1. október 2008 og eiga aðild að skilakerfi frá sama tíma. Ábyrgð framleiðenda og innflytjenda á raf- og rafeindatækjum og úrvinnslu þess úrgangs sem af þeim hlýst samkvæmt lögum þessum tekur gildi 1. janúar 2009.

7. gr.

Breyting á lögum um úrvinnslugjald.

Við 15. gr. laga nr. 162/2002, um úrvinnslugjald, bætist ný málsgrein er verður 5. mgr., svohljóðandi:

Úrvinnslusjóði er heimilt að gera samninga um að taka að sér verkefni sem falla undir lög um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003. Slíkir samningar skulu samþykktir af ráðherra.

1292. Frumvarp til laga [620. mál]

um breytingu á lögum nr. 55/1996, um tæknifrjóvgun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 30. maí.)

1. gr

Í stað orðsins „pörum“ í 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: þeim.

2. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Tæknifrjóvgun má því aðeins framkvæma að:

a. fyrir liggi skriflegt og vottað samþykki konunnar. Sé konan gift, í sambúð eða staðfestri samvist þarf skriflegt og vottað samþykki hins aðilans jafnframt að liggja fyrir,
b. ætla megi að barninu sem til verður við aðgerðina verði tryggð þroskavænleg uppeldisskilyrði,
c. konan sé á eðlilegum barneignaaldri og hafi líkamlega burði og fullnægjandi heilsufar til að takast á við það álag sem fylgir meðferð, meðgöngu og fæðingu barns. Tekið skal mið af því að ekki megi búast við skaðlegum áhrifum meðgöngu eða fæðingar á móður eða barn með hliðsjón af almennum læknisfræðilegum og fæðingarfræðilegum viðmiðum,
d. andleg heilsa og félagslegar aðstæður parsins eða konunnar séu góðar.

Áður en tæknifrjóvgun fer fram og samþykki skv. a-lið 1. mgr. er gefið skal veita upplýsingar um meðferðina og þau læknisfræðilegu, félagslegu og lögfræðilegu áhrif sem hún kann að hafa.

Tæknifrjóvgun má aðeins framkvæma að uppfylltum skilyrðum 1. mgr. Læknir leggur mat á það hvort skilyrðin séu uppfyllt áður en hann ákveður hvort tæknifrjóvgun fari fram. Synjun læknis um framkvæmd tæknifrjóvgunar má skjóta til landlæknis. Ákvörðun landlæknis er kæranleg til ráðuneytisins. Um meðferð kærumála hjá landlækni og ráðuneyti fer samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd ákvæðis þessa, m.a. um heimild eða skyldu til að leita umsagnar félagsráðgjafa eða annarra fagaðila og eftir atvikum barnaverndarnefndar um félagslegar aðstæður parsins eða konunnar.

3. gr.

5. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Tæknifrjóvgunarmeðferð.

Tæknifrjóvgun má framkvæma með tæknisæðingu eða glasafrjóvgun.

Eingöngu er heimilt að nota gjafakynfrumur við tæknifrjóvgun ef frjósemi er skert, um er að ræða alvarlegan erfðasjúkdóm eða aðrar læknisfræðilegar ástæður mæla með notkun gjafakynfrumna. Sé um að ræða einhleypa konu eða konu í staðfestri samvist eða óvígðri sambúð með annarri konu er þó ætíð heimilt að nota gjafasæði.

Gjöf fósturvísa er óheimil.

Staðgöngumæðrun er óheimil.

4. gr.

6. gr. laganna ásamt fyrirsögn fellur brott.

5. gr.

Á eftir orðunum „óvígðri sambúð“ í 2. mgr. 9. gr. laganna kemur: eða einhleyp kona.

6. gr.

Við 15. gr. laganna bætast tveir nýir stafliðir sem orðast svo:

h. hámarksfjölda fósturvísa sem að jafnaði skuli heimilt að setja upp við tæknifrjóvgunarmeðferð,
i. hámarksaldur kynfrumugjafa.

7. gr.

Á eftir 15. gr. laganna kemur ný grein sem orðast svo:

Landlæknir hefur eftirlit með því að tæknifrjóvgunarmeðferðir sem framkvæmdar eru hér á landi séu í samræmi við ákvæði laga þessara og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra. Um eftirlit og eftirlitsúrræði landlæknis fer samkvæmt lögum um landlækni.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á barnalögum, nr. 76/2003:

1. Í stað orðanna „sbr. þó 2. mgr. 6. gr.“ í 1. gr. laganna kemur: sbr. þó 2. mgr. 3. gr. og 2. mgr. 6. gr.
2. Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:
   Barn einhleyprar konu sem getið er við tæknifrjóvgun verður ekki feðrað.
3. Í stað orðanna „eða kjörmóðir skv. 2. mgr. 6. gr.“ í 1. málsl. 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: eða foreldri ákvarðað skv. 2. mgr. 6. gr.

1293. Frumvarp til laga [518. mál]

um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða.

(Eftir 2. umr., 30. maí.)

1. gr.
Markmið.

Tilgangur laga þessara er að mæla fyrir um framkvæmd þvingunaraðgerða sem ákveðnar eru af öryggisráði Sameinuðu þjóðanna á grundvelli 41. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna, af alþjóðastofnunum eða af ríkjahópum til að viðhalda friði og öryggi og/eða til að tryggja virðingu fyrir mannréttindum og mannfrelsi.

2. gr.
Þvingunaraðgerðir öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.

Ríkisstjórnin skal gera þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til þess að framkvæma ályktanir sem öryggisráð Sameinuðu þjóðanna samþykkir skv. 41. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna og Íslandi er skylt að hlíta vegna aðildar sinnar að þeim. Kynna skal slíkar ráðstafanir með reglulegum hætti fyrir utanríkismálanefnd Alþingis.

3. gr.
Þvingunaraðgerðir alþjóðastofnana eða ríkjahópa.

Ríkisstjórninni er heimilt að höfðu samráði við utanríkismálanefnd Alþingis, sbr. lög um þingsköp Alþingis, að taka þátt í og gera þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til þess að framkvæma ályktanir alþjóðastofnana eða ríkjahópa um þvingunaraðgerðir sem eru samþykktar til að viðhalda friði og öryggi og/eða til að tryggja virðingu fyrir mannréttindum og mannfrelsi.

4. gr.
Framkvæmd þvingunaraðgerða.

Heimilt er að innleiða fyrirmæli ályktunar um þvingunaraðgerðir skv. 2. og 3. gr. með reglugerð. Í þeim tilgangi getur reglugerð mælt fyrir um:

a. bann við viðskiptum og fjárfestingum,
b. bann við inn- og útflutningi, þ.m.t. á vopnum,
c. frystingu á fjármunum og öðrum eignum,
d. bann við samskiptum, þar á meðal fjarskiptum og menningarsamskiptum,
e. bann við ferðum einstaklinga og farartækja,
f. bann við að veita þjónustu og þjálfun,
g. bann við að veita efnahagsaðstoð og tæknilega aðstoð,
h. bann við starfsemi og þátttöku í atvinnulífi, og
i. aðrar hliðstæðar aðgerðir sem ákveðnar eru til að viðhalda friði og öryggi og/eða til að tryggja virðingu fyrir mannréttindum og mannfrelsi.

Í reglugerð skal taka fram um hvaða ályktun sé að ræða, þær þvingunaraðgerðir sem koma eiga til framkvæmda og gegn hverjum þær beinast.

Nú eru gefnir út listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerðar og er þá heimilt að birta erlendan frumtexta listanna í B-deild Stjórnartíðinda, enda sé það nauðsynlegt til að tryggja virkni þvingunaraðgerðarinnar.

Utanríkisráðuneytið skal halda skrár um þvingunaraðgerðir sem eru í gildi hér á landi og gegn hverjum þær beinast.

5. gr.

Réttindi og skyldur sem fara í bága við þvingunaraðgerðir.

Óheimilt er að efna samninga, eða fullnægja öðrum réttindum og skyldum, sem fara í bága við þessi lög og reglugerðir settar með stoð í þeim. Þetta á við hvort sem þessi réttindi og skyldur stofnuðust fyrir eða eftir gildistöku viðkomandi reglugerðar nema annað sé tekið fram í henni.

Vanefnd á réttindum og skyldum skv. 1. mgr. skal ekki leiða af sér skaðabótaskyldu.

6. gr.

Úrræði gegn aðila sem þvingunaraðgerð beinist gegn.

Þrátt fyrir að grunur liggi ekki fyrir um refsivert athæfi er heimilt að hefja rannsókn samkvæmt ákvæðum laga um meðferð opinberra mála á aðila sem þvingunaraðgerð beinist gegn. Markmið rannsóknar er að afla allra nauðsynlegra gagna sem lúta að viðfangi þvingunaraðgerðarinnar, t.d. vopnum, fjármunum og öðrum eignum.

7. gr.

Brottfall ályktunar.

Sé ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, alþjóðastofnunar eða ríkjahóps um þvingunaraðgerðir afturkölluð, fallin úr gildi eða eigi hún ekki lengur við skal ráðherra svo fljótt sem verða má fella úr gildi reglugerð sem kemur ályktuninni til framkvæmda.

8. gr.

Undanþágur frá þvingunaraðgerð.

Ráðherra getur veitt undanþágu frá þvingunaraðgerð sem framkvæmd er með heimild í þessum lögum þegar gildar ástæður eru fyrir hendi. Heimilt er að setja skilyrði fyrir undanþágu til þess að tryggja að með henni sé ekki grafið undan eða komist fram hjá markmiði þvingunaraðgerðarinnar.

9. gr.

Afskráning af lista.

Íslenskir ríkisborgarar, einstaklingar búsettir á Íslandi og lögaðilar sem eru skráðir eða stofnaðir samkvæmt íslenskum lögum, sem telja sig ranglega tilgreinda á lista yfir aðila sem þvingunaraðgerð beinist gegn, geta borið upp við ráðherra rökstutt og skriflegt erindi um að vera fjarlægðir af listanum. Ráðherra skal leiðbeina viðkomandi um þau úrræði sem eru fyrir hendi. Þá getur ráðherra ákveðið að leggja fram beiðni hjá þar til bærum aðilum um að viðkomandi verði fjarlægður af listanum. Við slíka ákvörðun skal ráðherra gæta ákvæða stjórnsýslulaga.

10. gr.
Viðurlög.

Sá sem brýtur gegn boði eða banni sem mælt er fyrir um í reglugerð skv. 1. mgr. 4. gr. skal sæta sektum eða fangelsi allt að fjórum árum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Sé brotið stórfellt varðar það sektum eða fangelsi allt að sex árum.

Hafi brot sem vísað er til í 1. mgr. verið framið af stórfelldu gáleysi varðar það sektum eða fangelsi allt að einu ári.

Þegar brot er framið í starfsemi lögaðila og í þágu hans má gera honum sekt án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á fyrirsvarsmann eða starfsmann lögaðilans. Hafi fyrirsvarsmaður eða starfsmaður gerst sekur um brot má samhliða ákvörðun um refsingu þeirra gera lögaðilanum sekt ef brotið var í þágu hans.

Gera má upptæka hluti, samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga, sem hafa verið notaðir við brot, hafa orðið til við brot eða með öðrum hætti tengjast framningu brots. Þá má gera upptækan ávinning af broti eða fjárhæð sem svarar til hans í heild eða að hluta.

Tilraun og hlutdeild í brotum á reglugerðum settum samkvæmt lögum þessum er refsiverð samkvæmt almennum hegningarlögum.

Hafi ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, alþjóðastofnunar eða ríkjahóps um þvingunaraðgerðir verið afturkölluð eða sé hún fallin úr gildi þegar brot er framið verður refsingu ekki beitt samkvæmt þessum lögum.

11. gr.
Gildissvið.

Lög þessi taka til íslenskra ríkisborgara og útlendinga samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga um refsilögsögu, en gera að auki íslenskum ríkisborgurum refsiábyrgð fyrir verknað sem þeir fremja erlendis þrátt fyrir að verknaðurinn sé ekki refsiverður samkvæmt lögum þess ríkis þar sem brotið var framið.

Lögin gilda gagnvart lögaðilum sem eru skráðir eða stofnaðir samkvæmt íslenskum lögum hvar sem þeir starfa eða eru staðsettir. Nú er lögaðili skráður eða stofnaður erlendis og taka þá lögin til starfsemi hans að því leyti sem hún á sér í stað innan íslenskrar lögsögu.

12. gr.
Nánari reglur.

Utanríkisráðherra fer með framkvæmd laga þessara og er heimilt að setja nánari reglur þar að lútandi.

13. gr.
Gildistaka.

Lög þessi taka þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög um framkvæmd fyrirmæla Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, nr. 5/1969.

1294. Þingsályktun [107. mál]

um að fordæma mannréttindabrot og hvetja bandarísk yfirvöld til að loka fangabúðunum í Guantanamo.

(Afgreidd frá Alþingi 30. maí.)

Alþingi fordæmir ómannúðlega meðferð á föngum í búðum Bandaríkjamanna við Guantanamo-flóa á Kúbu, hvetur til þess að búðunum verði lokað og felur ríkisstjórninni að koma þeirri afstöðu á framfæri við bandarísk stjórnvöld.

1295. Þingsályktun [492. mál]

um skáksetur helgað afrekum Bobbys Fischers og Friðriks Ólafssonar.

(Afgreidd frá Alþingi 30. maí.)

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa starfshóp til að útfæra hugmyndir um alþjóðlegt skáksetur í Reykjavík sem helgað yrði skákafrekum stórmeistaranna Friðriks Ólafssonar annars vegar og Bobbys Fischers hins vegar.

1296. Þingsályktun [621. mál]

um staðfestingu samnings milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2008.

(Afgreidd frá Alþingi 30. maí.)

Samhljóða þskj. 995.

1297. Þingsályktun [622. mál]

um staðfestingu samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2008.

(Afgreidd frá Alþingi 30. maí.)

Samhljóða þskj. 996.

1298. Lög [464. mál]

um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 30. maí.)

Samhljóða þskj. 1273.

1299. Lög [337. mál]

um breyting á lögum um útlendinga, nr. 96 15. maí 2002, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 30. maí.)

Samhljóða þskj. 1286.

1300. Lög [233. mál]

um meðferð sakamála.

(Afgreidd frá Alþingi 30. maí.)

Samhljóða þskj. 1287.

1301. Lög [532. mál]

um breytingu á lögum um staðfesta samvist, nr. 87/1996, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 30. maí.)

Samhljóða þskj. 1288.

1302. Lög [431. mál]

um efni og efnablöndur.

(Afgreidd frá Alþingi 30. maí.)

Samhljóða þskj. 1289.

1303. Lög [477. mál]

um breytingu á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 30. maí.)

Samhljóða þskj. 759.

1304. Lög [517. mál]

um Veðurstofu Íslands.

(Afgreidd frá Alþingi 30. maí.)

Samhljóða þskj. 1290.

1305. Lög [327. mál]

um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 30. maí.)

Samhljóða þskj. 1291.

1306. Lög [620. mál]

um breytingu á lögum nr. 55/1996, um tæknifrjóvgun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 30. maí.)

Samhljóða þskj. 1292.

1307. Lög [518. mál]

um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða.

(Afgreidd frá Alþingi 30. maí.)

Samhljóða þskj. 1293.

1308. Skýrsla [574. mál]

dómsmálaráðherra um framgöngu lögreglu gagnvart mótmælendum Kárahnjúkavirkjunar og stóriðjuframkvæmda 2005, 2006 og 2007, samkvæmt beiðni.

(Lögð fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

I
Inngangur

Með beiðni sem lögð var fram á Alþingi í apríl 2008 (þskj. 888 – 574. mál) var óskað skýrslu frá dómsmálaráðherra um framgöngu lögreglu gagnvart mótmælendum Kárahnjúkavirkjunar og stóriðjuframkvæmda árin 2005, 2006 og 2007.

Beiðnin var frá alþingismönnunum Kolbrúnu Halldórsdóttur, Álfheiði Ingadóttur, Árna Þór Sigurðssyni, Ingibjörgu Ingu Guðmundsdóttur, Paul Nikolov, Steingrími J. Sigfússyni, Þuríði Backman, Ögmundi Jónassyni og Ölmu Lísu Jóhannsdóttur.

Óskað var eftir því að í skýrslunni kæmu fram upplýsingar um aðgerðir lögreglu gagnvart mótmælendum Kárahnjúkavirkjunar og álvers í Reyðarfirði sem hér segir:

1. Upplýsingar um aðgerðir lögreglu gagnvart mótmælendum sem dvöldu á virkjunarsvæðinu við Kárahnjúka og í námunda við það og álverslóðina í Reyðarfirði á tímabilinu júlí – ágúst 2005, júlí – ágúst 2006 og apríl – september 2007. Þá er einnig óskað upplýsinga um aðgerðir lögreglu gagnvart mótmælendum á Snorrabraut 14. júlí 2007 og við álver Alcan í Straumsvík 24. júlí 2007.
2. Getið verði um öll tilfelli þar sem lögregla hafði afskipti af mótmælendum, fjölda lögreglumanna í hverju tilviki, tilefni afskiptanna, framkvæmd og lyktir aðgerðanna. Handtökur verði tilgreindar og tímabundnar frelsissviptingar, vegabréfasviptingar, leit

í húsum eða á öðrum dvalarstöðum mótmælenda og tilraunir til að koma í veg fyrir að mat væri komið í tjaldbúðir. Einnig verði tilgreindar upplýsingar um söfnun lögreglu á persónuupplýsingum, myndatökur og fleiri athafnir er varðað geta ferðafrelsi og friðhelgi einkalífs manna, t.d. spurningar um skoðanir viðkomandi.

3. Tilgreindar verði heimildir fyrir því inngripi sem lögregla þarf lögum samkvæmt heimildir dómstóla til að framkvæma, sbr. húsleitarheimildir og hleranir á símum og tölvupósti.
4. Upplýsingar um hvernig háttað var eftirliti lögreglu með mótmælendum sem dvöldu á virkjunarsvæðinu við Kárahnjúka og í námunda við það, utan beinna aðgerða. Einnig upplýsingar um eftirlit utan virkjunarsvæðis og álverslóðar. Greint verði frá því hversu víðtækt eftirlitið var í tíma og rúmi, jafnframt hvort símar mótmælenda voru hleraðir á einhverju tímabili og/eða tölvupóstur.
5. Þá verði tilgreindar upplýsingar um eftirlit og meðhöndlun ætlaðra mótmælenda frá útlöndum við komu til landsins sumarið 2006 og 2007.

Dómsmálaráðuneytið fól Arnari Guðmundssyni, lögfræðingi og skólastjóra Lögregluskóla ríkisins, að safna upplýsingum og vinna drög að skýrslu fyrir ráðuneytið. Með honum unnu þrír deildarstjórar skólans að upplýsingaöflun og úrvinnslu gagna.

II
Um Lögreglukerfið, öflun upplýsinga og úrvinnslu gagna.

Skýrslan byggist að stærstum hluta á umfangsmikilli gagnavinnslu úr skráningarkerfi lögreglunnar.

Eitt af hlutverkum ríkislögreglustjóra, samkvæmt 5. gr. lögreglulaga, er að halda málaskrá um kærur sem berast lögreglu um afbrot með öllum nauðsynlegum upplýsingum sem mál varða, dagbók lögreglu með upplýsingum um erindi til lögreglu og úrlausn þeirra, skrá yfir handtekna menn og aðrar skrár sem nauðsynlegar eru í þágu löggæsluhagsmuna til að afstýra yfirvofandi hættu eða sporna við afbrotum.

Dómsmálaráðherra skal, samkvæmt lagagreininni, setja nánari reglur um þessar skrár. Þær er að finna í reglugerð um meðferð persónuupplýsinga hjá lögreglu, númer 322/2001 sem er sett samkvæmt 3. mgr. 19. gr. laga um meðferð opinberra mála, i-lið 1. mgr. 5. gr. lögreglulaga og 3. mgr. 45. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Í 2. gr. reglugerðarinnar er nákvæmlega talið upp hvaða skrár ríkislögreglustjóri skal halda og til þess að sinna því hlutverki er notaður sérstakur gagnagrunnur sem kallast Lögreglukerfið (LÖKE). Það kerfi sameinar í raun fimm eldri kerfi sem lögreglan notaði áður, dagbók, skýrslugerð og málaskrá, brotamannaskrá og handtökukerfi og því til viðbótar hefur málaskrá ákæruvaldsins verið felld inn. Í Lögreglukerfið á að skrá inn öll tilvik líkt og áður, en þau fá ólíkan feril eftir því hvort um er að ræða brot eða verkefni.

Ríkislögreglustjórinn veitti þeim starfsmönnum skólans sem unnu að upplýsingaöflun nauðsynlegan aðgang að LÖKE og var farið yfir allar skráðar bókanir sem vörðuðu afskipti af eða samskipti við mótmælendur á umræddum stöðum á umræddum tímabilum.

Einnig var aflað gagna frá Fjölmiðlavaktinni ehf. varðandi umfjöllun dagblaða og ljósvakamiðla um allar fréttir og frásagnir á því tímabili sem til skoðunar var; til glöggvunar var öll slík umfjöllun samlesin með skráðum upplýsingum í LÖKE.

Þó svo að vinna við skýrslu byggist fyrst og fremst á skráðum upplýsingum í LÖKE var jafnframt talið nauðsynlegt að leita eftir upplýsingum hjá opinberum aðilum, fyrst og fremst þeim lögregluliðum sem unnu að og/eða lögðu til mannskap í verkefni. Þrátt fyrir að mest

mæddi á embættum lögreglustjóranna á Seyðisfirði og Eskifirði og reyndar á höfuðborgarsvæðinu einnig þá kom fjöldi lögreglumanna frá öðrum lögregluliðum, fyrir milligöngu ríkislögreglustjóra, til aðstoðar að verkefnum sem tengdust mótmælendum Kárahnjúkavirkjunar og stóriðjuframkvæmda á árunum 2005, 2006 og 2007.

Lögreglustjórunum á Seyðisfirði, Eskifirði, höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum voru rituð bréf auk þess sem leitað var til ríkislögreglustjórans. Þeim var öllum kynnt nákvæmlega hvað fælist í beiðni um skýrslu dómsmálaráðherra, sem Alþingi hafði fallist á, og var óskað upplýsinga sem kæmu að gagni við vinnslu skýrslunnar.

Í bréfi til forstjóra Útlendingastofnunar var óskað eftir að svarað yrði hvort stofnunin hafi komið að einhverjum þeim aðgerðum sem kunna að falla undir eftirlit og meðhöndlun ætlaðra erlendra mótmælenda og var sérstaklega vísað í lokalið beiðninnar í því sambandi.

Við úrvinnslu og öflun upplýsinga var samkvæmt því sem að framan greinir farið yfir öll skráð afskipti lögreglu af mótmælendum á tilgreindum tímabilum. Þær upplýsingar sem fengust við úrvinnsluna eru settar fram í tölfræðilegu yfirlit í tímaröð þar sem leitast er við að svara því sem um var spurt í beiðni um skýrslu, um fjölda lögreglumanna sem komu að málum, fjölda frelsissviptinga og handtökur, hvort um vegabréfasviptingar meintra mótmælenda hafi verið að ræða auk þess sem í hverju tilfelli er einnig getið um tilefni afskipta, hverjar aðgerðir lögreglu voru og lyktir þess og loks um lok hvers máls fyrir sig.

III
Svör sem bárust við fyrirspurnum.

Frá lögreglustjóranum á Seyðisfirði.

- Hjá embættinu var lögð áhersla á að starfsmenn bættu þekkingu sína á lögum og úrlausnum dóma í tengslum við aðgerðir í málum sem varða mannréttindi.
- Leitast var við að gera mótmælendum sem minnstan baga og láta friðsamleg mótmæli óátalin, en grípa eingöngu til aðgerða í tilefni af lögbrotum.
- Starfsmenn lögðu sig fram um að eiga friðsamleg samskipti við þá sem hugðust mótmæla á hálendinu sumrin 2005–2006 og voru meðal annars haldnir fundir með forsvarsmönnum mótmælenda og þeir aðstoðaðir á ýmsa vegu.
- Ríkislögreglustjórinn hafði milligöngu um að lögreglan á Seyðisfirði fengi aðstoð frá lögreglumönnum sem sérstaklega voru þjálfaðir í mannfjöldastjórnun. Þeir voru oft kallaðir „óeirðasveit“ og kom aðstoðin frá ríkislögreglustjóranum, lögreglunni í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Keflavík, Keflavíkurflugvelli, Selfossi, Akureyri og Eskifirði.
- Þessir lögreglumenn voru ekki allir í einu á svæðinu en alls voru 32 til aðstoðar í júlí – ágúst 2005, 15 úr sérsveit og 17 aðrir; 25 lögreglumenn voru til aðstoðar í júlí – ágúst 2006.
- Ljóst var hver stjórnaði lögreglumönnum þeim sem komu til aðstoðar hverju sinni en hlutverk þeirra var að halda uppi löggæslu í kringum virkjanaframkvæmdir við Hálslón, Hraunaveitur á Eyjabökkum og stöðvarhúsið í Fljótsdal; þeim var skipt upp á dagvaktir og næturvaktir og gistu á ýmsum stöðum, svo sem í vinnubúðum Landsvirkjunar í Fljótsdal, í gamla bænum á Bessastöðum og vinnubúðum Landsvirkjunar við Hálslón.
- Þegar um eiginlegar aðgerðir lögreglu var að ræða, sem leiddu til þess að mál hafi verið stofnuð, á að liggja fyrir í öllum tilvikum hvaða lögreglumenn (sbr. fjöldi) hafa unnið að málunum.

- Í þeim tilvikum sem andstæðingar framkvæmda voru handteknir fór fram rannsókn á málum þeirra sem endaði með ákærumeðferð og dómum þegar það átti við. Engar kærur bárust á hendur lögreglu vegna þessara mála.
- Embættinu er ekki kunnugt um meint þvingunarúrræði umfram það sem bókað er um handtökur í tilefni af lögbrotum.
- Varðandi eftirlit af hálfu lögreglu á Seyðisfirði, utan beinna aðgerða, var aflað upplýsinga eftir því sem unnt reyndist á vefsíðunni www.savingiceland.org. Þess utan reyndi embættið að fylgjast með og vera í stakk búið að vita við hverju mætti búast af andstæðingum virkjunarframkvæmda.
- Um sumarið 2006 var fengin upptökuvél sem notuð var við löggæsluna og eru dæmi um að upptökur hafi verið notaðar sem sönnunargögn um lögregluaðgerðir við meðferð sakamála í dómi.
- Ekki var, í tengslum við mótmælin, um neinar símhleranir að ræða og heldur ekki skoðun á tölvupósti.
- Engar húsleitir fóru fram í híbýlum mótmælenda né heldur í bifreiðum þeirra.
- Á handteknu fólki var leitað að hættulegum munum og munum sem ætla mátti að væru sönnunargögn í viðkomandi máli. Slíkir munir voru haldlagðir af lögreglu ef þeir fundust.
- Embætti sýslumannsins á Seyðisfirði fer með landamæraeftirlit og annast tollafgreiðslu bílferjunnar Norrænu og starfsmenn embættisins annast tollafgreiðslu á Egilsstaðaflugvelli.
- Til að afla upplýsinga um umfang væntanlegra mótmælaaðgerða sem boðaðar höfðu verið af samtökunum Saving Iceland á virkjanasvæði Kárahnjúkavirkjunar var, vorið 2006, sérstaklega fylgst með því hvort hugsanlegir mótmælendur kæmu með Norrænu. Var það vegna þess að árið áður höfðu mótmæli ekki einungis verið friðsamleg en einnig snúist um að valda truflunum á atvinnustarfsemi sem einnig hafði í för með sér hættu fyrir viðkomandi sjálfa og starfsmenn á vinnusvæðunum. Þegar ferðamenn sem komu til landsins með Norrænu voru stöðvaðir var það við úrtaksleit. Í einhverjum tilfellum voru viðkomandi aðilar spurðir hvort þeir væru komnir til að mótmæla en yfirleitt þurfti ekki að spyrja þá, því bæði var um það að ræða að þessir aðilar höfðu verið við mótmæli á svæðinu árið á undan (2005) eða þá að þeir lágu ekki á þeim skoðunum sínum að þeir væru á móti framkvæmdunum og ætluðu að mótmæla þeim.
- Pólitískar skoðanir ferðamanna eru embættinu óviðkomandi en rétt þótti að afla fyrrnefndra upplýsinga til að embættið gæti gert sér grein fyrir væntanlegu umfangi mótmælanna.
- Þess eru dæmi að við leit í farangri ferðamanna hafi komið í ljós sams konar búnaður og notaður hafði verið við að trufla atvinnustarfsemi árið áður (2005), svo sem tangir, sagir, ýmis verkfæri, naglasett, lásar (hjólalásar), festingar, úðabrúsi og sigbúnaður. Dæmi eru um að haldlagðir hafi verið hjólalásar, festingar og úðabrúsi sem viðkomandi gerðu ekki athugasemdir við.

Frá lögreglustjóranum á Eskifirði.

- Skipulag og viðbragðsáætlanir lögreglunnar á Eskifirði vegna mótmæla sem tengdust vinnusvæði í Reyðarfirði þar sem byggja átti álver voru tvenns konar. Í fyrsta lagi til að tryggja öryggi þeirra, sem að mótmælum stóðu og þeirra sjálfra gagnvart íbúum á svæðinu, en upplýsingar höfðu borist lögreglu um að íbúar ætluðu að láta sverfa til stáls

gagnvart mótmælendum. Í öðru lagi að tryggja með sem bestum hætti öryggi lögreglumanna og annarra ef til kæmi sókn inn á afmarkað byggingasvæði álversins.
- Upp komu fimm mál á árunum 2005–2006 þar sem lögreglan í umdæminu hafði afskipti af meintum mótmælendum. Lögreglustjóri gerði grein fyrir þeim málum sem voru í samræmi við bókanir í LÖKE.
- Engar húsleitir eða fjarskiptahleranir vegna hugsanlegra mótmæla áttu sér stað, hvorki meðan lögregla hafði afskipti af mótmælendum eða í aðdraganda afskipta.
- Vegabréf voru aðeins fengin frá handhöfum þeirra til skoðunar og staðfestingar á réttmæti þeirra, auk þess sem þau voru ljósrituð.
- Myndatökur af einstaklingum fóru eingöngu fram í þeim tilgangi að varpa ljósi á það hvar hver og einn hafði komið sér fyrir á byggingarsvæði álversins.
- Fimm sinnum voru sendir 3–5 lögreglumenn til aðstoðar lögreglunni á Seyðisfirði vegna mála sem komu upp í umdæmi lögreglu þar á árunum 2005–2006.

Frá lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins.
- Lögreglumenn sem fóru til aðstoðar lögreglu á Seyðisfirði sumrin 2005 og 2006, vegna mótmæla við Kárahnjúka, voru allir sérþjálfaðir í mannfjöldastjórnun (óeirðasveit).
- Eftir að mótmælum lauk við Kárahnjúka sumarið 2006 hafði lögreglan spurnir af fyrirhuguðum mótmælum í Reykjavík og var einnig óttast að skemmdir yrðu unnar á álverum á suðvesturhorni landsins. Lögreglumenn fylgdust í þrjá sólarhringa með ferðum þeirra sem mest höfðu haft sig í frammi; þeir sem eftirlit beindist gegn urðu varir við lögregluna og mótmæltu aðgerðum hennar. Ekki voru framkvæmdar símhleranir og/eða skoðun á tölvupósti vegna þessa eftirlits.
- Gerð var grein fyrir göngu mótmælenda, 60–70 manns, þann 14. júlí 2007, sem truflaði umferð um Bústaðaveg og síðan Snorrabraut í Reykjavík sem síðar þann dag leiddi til óspekta við lögreglustöðina við Hverfisgötu; fjórir menn voru handteknir en alls 38 lögreglumenn komu að aðgerðum.
- Gerð var einnig grein fyrir aðgerðum gegn mótmælendum við álver Alcan í Straumsvík þann 24. júlí 2007 sem voru þar í óleyfi og hlýddu ekki fyrirmælum lögreglu; alls 13 voru handteknir og 18 lögreglumenn komu að málinu.
- Vegna þessara tveggja lögregluaðgerða tók lögreglan ljósmyndir af mótmælendum og einnig voru myndaðir allir þeir sem voru handteknir. Þótti það nauðsynlegt til að tengja þá á óyggjandi hátt við atburði og staði þar sem hluti hópsins voru útlendingar, óþekktir af lögreglu.
- Átta lögreglumenn voru þann 18. júlí 2007 sendir til að aðstoða lögreglu í Borgarnesi vegna mótmælenda sem hlekkjuðu sig við vinnutæki og innkeyrsluhlið Norðuráls við Grundartanga.
- Sumarið 2007 fylgdist einn lögreglumaður í bifreið með ferðum fólks sem tilheyrði samtökunum Saving Iceland en það hafði komið sér upp búðum í Mosfellsdal með samþykki sveitarstjórnar.

Frá lögreglustjóranum á Suðurnesjum.
- 6. maí 2005 gaf aðstoðarlögreglustjóri um það fyrirmæli til starfsmanna að þeir skyldu vera sérstaklega á varðbergi gagnvart flugi frá Bretlandi því talið væri að þaðan kæmu hugsanlega einstaklingar sem tengdust fyrirhuguðum mótmælum vegna Kárahnjúkavirkjunar.

- 13. ágúst 2005 barst embættinu símbréf frá ríkislögreglustjóranum ásamt afriti af símbréfi Útlendingastofnunar, dags. 11. maí, sem er listi með nöfnum 21 erlends ríkisborgara, sem birta þurfti bréf á stofnuninni. Fimm einstaklingum á listanum var birt ofangreint þann 18. maí 2005.
- Varðandi þetta atriði er vísað í upplýsingar sem bárust frá Útlendingastofnun.

Frá ríkislögreglustjóranum.

- Á tilgreindu tímabili, árin 2005 og 2006, var það hlutverk ríkislögreglustjóra að mæla fyrir um fyrirkomulag á auknum viðbúnaði á Austurlandi vegna framkominnar beiðni lögreglustjórans á Seyðisfirði um liðsstyrk.
- Árið 2005 voru sendir til aðstoðar lögreglumenn frá sérsveit ríkislögreglustjóra og lögregluliðunum á Suðvesturlandi.
- Árið 2006 voru eingöngu sendir lögreglumenn frá lögregluliðunum á Suðvesturlandi en ekki sérsveit, utan eins tilfellis þar sem mótmælendur höfðu klifrað upp í krana á vinnusvæði álversins í Reyðarfirði.
- Utanaðkomandi liðsstyrkur á Austurlandi taldi að jafnaði 15 til 18 lögreglumenn og komið var á sólarhringsvakt á svæðinu.
- Að jafnaði var um að ræða lögreglumenn úr mannfjöldastjórnunarhópum lögreglu sem komu frá lögregluliðunum í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Keflavík og á Keflavíkurflugvelli og Selfossi.
- Við aðgerðir sem fyrirspurnin beinist að fóru einstakir lögreglustjórar með stjórn aðgerða hver í sínu umdæmi og lögreglumenn sem sendir voru til aðstoðar frá öðrum umdæmum eða sérsveit ríkislögreglustjóra færðust því undir stjórn viðkomandi lögreglustjóra.
- Um misvísandi upplýsingar milli þess sem fram kemur í málaskrárkerfi lögreglu og fjölmiðlum benti ríkislögreglustjóri á að hafa yrði í huga að fréttaflutningur var oft og tíðum mjög misvísandi og stundum beinlínis rangur.
- Ríkislögreglustjóra er ekki kunnugt um að fram hafi farið kerfisbundin söfnun á persónuupplýsingum né að símar eða tölvupóstur hafi verið hleraður í nokkru tilfelli.

Frá Útlendingastofnun.

- Á grundvelli gagna sem bárust Útlendingastofnun frá lögreglunni ákvað stofnunin að kanna hvort fyrir hendi væru skilyrði til ákvörðunar um brottvísun 21 erlends ríkisborgara vegna mótmæla þeirra við Kárahnjúka.
- Þann 11. ágúst 2005 óskaði Útlendingastofnun eftir því við embætti ríkislögreglustjóra að finna þessa einstaklinga og afhenda hverjum og einum þeirra bréf. Í bréfinu kom fram að Útlendingastofnun væri að kanna hvort tilefni væri til þess að viðkomandi fengi, á grundvelli framgöngu sinnar hér á landi, brottvísun frá landinu og endurkomubann til þess.
- Þann 15. nóvember 2005 sendi Útlendingastofnun embætti ríkislögreglustjórans bréf þar sem kom fram að ákvörðun hefði verið tekin um að beita ekki brottvísun, málinu væri þar með lokið af hálfu stofnunarinnar og því ekki þörf á lögreglan hefði frekari afskipti af þessum einstaklingum. Lögmanni einstaklinganna var einnig kynnt þessi niðurstaða.

IV
Um heimildir lögreglu og réttindi fólks.

Eins og tekið er fram í greinargerð með beiðni um skýrslu er markmiðið ,,að kanna hvort lögregluaðgerðir gegn mótmælendum (Kárahnjúkavirkjunar, álvers í Reyðarfirði og annarrar stóriðjuuppbyggingar á tímabilinu júlí – ágúst 2005, júlí – ágúst 2006 og apríl – september 2007) hafi staðist ákvæði stjórnarskrár og laga um hugsana- og skoðanafrelsi, tjáningarfrelsi, persónufrelsi og friðhelgi einkalífs“.

Lögreglan þarf ávallt að vera viðbúin til að geta sinnt hlutverki sínu og skyldum en um það og heimildir lögreglunnar er mælt í lögreglulögum nr. 90, 1996 auk þess sem lög um meðferð opinberra mála nr. 19, 1991 mæla fyrir um meðferð sakamála sem lögregla rannsakar en það er almennt talin vera þjóðfélagsleg nauðsyn að afbrot sem framin eru séu upplýst og að þeir sem fremja þau verði beittir lögmæltum viðurlögum.

Stjórnvöldum (lögreglu) ber að tryggja reglu í samfélaginu og geta þau þegar við á gripið til ráðstafana gagnvart borgurunum ef það er nauðsynlegt með tilliti til réttaröryggis allra og til að framfylgja lögum og reglum en í því sambandi ber og að horfa til lögvarinna réttinda þeirra sem aðgerðir beinast að. Samkvæmt stjórnarskrá lýðveldisins eru það mikilvæg mannréttindi borgaranna að fá að njóta frelsis og öryggis, að hafa rétt til lögmætra athafna, að fá að lifa í friði, hafa ferðafrelsi eftir atvikum og þurfa ekki að þola óþarfa og ólögmæta nauðung eða valdbeitingu, auk skoðana- og tjáningarfrelsis og réttar til að safnast saman.

Lögum samkvæmt er það skilgreint hlutverk lögreglu að halda uppi lögum og reglu í landinu, tryggja almannaöryggi og allsherjarreglu, stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgara og ríkisins, vinna að uppljóstran brota, stöðva ólögmæta háttsemi, greiða götu borgara og aðstoða þegar hætta steðjar að, veita yfirvöldum vernd eða aðstoð við framkvæmd starfa sinna og starfa í samvinnu við önnur stjórnvöld.

Lögreglu eru settar reglur sem varða samskipti við borgarana og þá sem hingað koma og dvelja. Reglurnar eru almennar reglur um framkvæmd lögreglustarfa sem byggja á því sem meginreglu að þegar lögregla framkvæmir skyldustörf sín og hefur afskipti af fólki, eða gefur fyrirmæli sem hlýða ber, skuli það að jafnaði vera án valdbeitingar en jafnframt er viðurkennt að þær aðstæður geti skapast að valdbeitingar sé þörf. Með þessu er lögregluvaldið lögfest en það vald hafa almennt ekki aðrir en lögreglan. Sjónarmiðin sem liggja að baki lagareglunum um rétta framkvæmd lögreglustarfa felast bæði í valdheimildum lögreglunnar og því að einnig er lögfest grundvallarregla sem byggir á meðalhófi. Í meðferð lögregluvalds skal því ávallt vera eðlilegt samræmi milli þess óhagræðis sem stafar af úrræði því sem lögregla beitir og þýðingar þess og því skal lögregla ekki ganga lengra hverju sinni en nauðsynlegt er.

Til að halda uppi almannafriði og allsherjarreglu eða koma í veg fyrir yfirvofandi röskun eða að gæta öryggis einstaklinga eða almennings eða afstýra brotum eða stöðva þau er lögreglu heimilt að hafa afskipti, svo sem með umferðarstjórn, banna dvöl á ákveðnum svæðum, girða af eða hindra umferð, taka hættulega muni í sína vörslu, vísa á brott eða fjarlægja fólk, fyrirskipa stöðvun eða breytingu á aðgerðum eða starfsemi, fara inn á svæði í einkaeign og fyrirskipa brottflutning fólks af þeim. Samkvæmt greinargerð með frumvarpi til lögreglulaga er framangreind upptalning leiðbeinandi en ekki tæmandi um þær aðgerðir sem lögregla kann að þurfa að grípa til.

Ef maður óhlýðnast þeim fyrirmælum sem lögreglan gefur er til þess ætlast að lögreglan grípi til nauðsynlegra ráðstafana til að koma í veg fyrir að óhlýðni valdi tjóni eða stofni almenningi í hættu, jafnvel þó það verði á kostnað þess sem óhlýðnast. Í samræmi við þetta er

lögreglu heimilt að krefjast þess að maður segi til nafns síns, kennitölu og heimilisfangs og sýni skilríki því til sönnunar.

Á almannafæri getur lögreglan gefið almenn fyrirmæli til að halda uppi lögum og reglu sem borgurum er skylt að hlýða auk þess sem bannað er að tálma lögreglu við störf sín. Refsing getur legið við því ef fyrirmælum er ekki hlítt eða brotið er gegn banni.

Handtaka er þvingunarráðstöfun og er hún fólgin í því að maður er sviptur frelsi í tiltölulega skamman tíma. Handtaka er því tímabundin frelsissvipting manns og með henni er persónufrelsi hans skert. Í þeim tilgangi að halda uppi lögum og reglu, eða ef maður hefur hér ekki landvistarleyfi, hefur lögreglan heimild til að handtaka hann og færa á stað þar sem lögreglan hefur aðstöðu. Einnig má lögreglan handtaka mann ef rökstuddur grunur er um að hann hafi framið brot sem sætt getur ákæru og handtaka er talin nauðsynlegt í þágu rannsóknar málsins. Auk þess er lögreglu heimilt að handtaka hvern þann mann sem er nærstaddur þegar uppþot á sér stað, sem veldur líkamsmeiðingum eða stórfelldum eignaspjöllum eða hættu á slíku. Þegar lögreglan handtekur mann skal hún ávallt gera honum grein fyrir ástæðum handtökunnar og má ekki hafa hann í haldi lengur en nauðsyn ber til.

Til að lögreglan geti gegnt því hlutverki sínu að halda uppi lögum og reglu hefur einnig verið lögfest sérstök þröng heimild fyrir lögreglu í lögreglulögum til leitar á manni að utanaðkomandi hlutum sem hann kann að bera á sér ef hann er fjarlægður af svæði eða ef hann er handtekinn óháð því hvort heldur þörf er á að vista hann í fangageymslu eða ekki. Einnig hefur lögreglan sértæka heimild til leitar á manni að utanaðkomandi hlutum sem hann kann að hafa í sér innvortis ef hann er handtekinn í þágu rannsóknar máls.

Húsleit er lögregluaðgerð sem er framkvæmd í þágu rannsóknar sakamáls, jafnan samkvæmt úrskurði dómara eða samþykki þess sem í hlut á. Markmið húsleitar er jafnan að hafa upp á munum sem hald skal leggja á, að handtaka mann sem grunaður er um að hafa framið brot eða til að rannsaka ummerki brots.

Stjórnvöldum eru settar þröngar skorður í lögum um meðferð opinberra mála við heimild til símhlustunar. Skal það einungis gert með úrskurði dómara eða samþykki umráðamanns eða eiginlegs notanda síma enda telst slík aðgerð veruleg skerðing á friðhelgi einkalífs.

V
Umbeðnar upplýsingar og tölfræði um skráð mál í Lögreglukerfið, sem beiðni um skýrslu tekur til.

Eins áður var getið var safnað upplýsingum um afskipti lögreglu af mótmælendum með því að fara yfir öll skráð tilvik sem færð hafa verið í LÖKE. Niðurstöður eru birtar í eftirfarandi yfirlitum. Annars vegar er samantekt í töflu þar sem skráðar eru upplýsingar eftir málanúmerum og hins vegar er yfirlit þar sem nánar er gerð grein fyrir stöðu hvers máls fyrir sig og niðurstöðu í dómsmálum þar sem við á.

Samantekt um skráðar upplýsingar.

Málsnúmer	Dagsetning	Fjöldi lögreglumanna	Frelsissviptingar	Handtökur	Vegabréfasvipting
026-2005-000694	19.07.2005	11	13	0	0
Tilefni afskipta	Mótmælendur inni á vinnusvæði Kárahnjúkastíflu, hlekkjaðir við bifreiðar				
Aðgerðir lögreglu	Rætt við fólkið sem ákvað að hætta aðgerðum og losa sig frá bifreiðunum, flutt á lögreglustöðina á Kárahnjúkum				
Lyktir máls	Þegar rætt hafði verið við fólkið var það flutt að tjaldbúðum þess				
Lok máls	Enginn ákærður, engar kröfur um bætur, rannsókn hætt				

Málsnúmer	Dagsetning	Fjöldi lögreglumanna	Frelsissviptingar	Handtökur	Vegabréfasvipting
026-2005-000712	26.07.2005	12	1	3	0
Tilefni afskipta	30 - 40 mótmælendur á svæði 5 við Kárahnjúka, við Fremri-Kárahnjúk, hlekkjaðir við vinnuvélar				
Aðgerðir lögreglu	Fólki vísað burtu af svæðinu, þrír handteknir fyrir að hindra lögreglu við störf, rætt við einn vegna skemmda, fundin fíkniefni				
Lyktir máls	Handteknir fluttir á lögreglustöðina á Egilsstöðum, sleppt að loknum skýrslutökum				
Lok máls	Enginn ákærður, engar kröfur um bætur, rannsókn hætt				

Málsnúmer	Dagsetning	Fjöldi lögreglumanna	Frelsissviptingar	Handtökur	Vegabréfasvipting
026-2005-000729	01.08.2005	20	0	7	0
Tilefni afskipta	Mótmælendur á framkvæmdasvæði við stíflu við Hafrahvammagljúfur				
Aðgerðir lögreglu	Sjö handteknir í bifreið á leið frá svæðinu, fluttir á lögreglustöðina á Egilsstöðum				
Lyktir máls	Handteknir látnir lausir að loknum skýrslutökum				
Lok máls	Enginn ákærður, engar kröfur um bætur, rannsókn hætt				

Málsnúmer	Dagsetning	Fjöldi lögreglumanna	Frelsissviptingar	Handtökur	Vegabréfasvipting
028-2005-001457	04.08.2005	17	0	13	0
Tilefni afskipta	Mótmælendur inni á lokuðu og afgirtu vinnusvæði Bectel í Reyðarfirði, þrír þeirra klifruðu upp í byggingarkrana				
Aðgerðir lögreglu	13 handteknir, 10 inni á vinnusvæðinu og þeir þrír sem fóru upp í byggingarkrana				
Lyktir máls	Handteknir látnir lausir að loknum skýrslutökum, fluttir með hópferðabifreið í tjaldbúðir að Vaði í Skriðdal				
Lok máls	Þrír voru ákærðir í málinu en fallið var frá ákæru á hendur einum þeirra við þingfestingu málsins, dómur S-111/2006				

Málsnúmer	Dagsetning	Fjöldi lögreglumanna	Frelsissviptingar	Handtökur	Vegabréfasvipting
026-2006-002208	31.07.2006	9	0	1	0
Tilefni afskipta	Ósætti mótmælenda með viðveru lögreglu, einn þeirra lemur á vélarhlíf bílaleigubifreiðar sem lögreglumenn voru í				
Aðgerðir lögreglu	Einn handtekinn, handjárnaður og fluttur í fangaklefa				
Lyktir máls	Maðurinn látinn laus að lokinni skýrslutöku				
Lok máls	Maðurinn ákærður en sýknaður í héraðsdómi, dómur númer S-92/2007				

Málsnúmer	Dagsetning	Fjöldi lögreglumanna	Frelsissviptingar	Handtökur	Vegabréfasvipting
026-2006-002237	**02.08.2006**	**4**	**0**	**4**	**0**
Tilefni afskipta	**Mótmælendur hlupu inn á vinnusvæði Impregilo þrátt fyrir skipanir lögreglumanna um að stöðva**				
Aðgerðir lögreglu	**Þrír karlmenn hlýddu skipunum lögreglu en ekki fjórar konur, þær eltar uppi og handteknar, sýndu mikinn mótþróa við handtöku**				
Lyktir máls	**Látnar lausar að loknum skýrslutökum**				
Lok máls	**Enginn ákærður, rannsókn hætt**				

Málsnúmer	Dagsetning	Fjöldi lögreglumanna	Frelsissviptingar	Handtökur	Vegabréfasvipting
026-2006-002252	**04.08.2006**	**6**	**0**	**17**	**0**
Tilefni afskipta	**17 mótmælendur fara inn á lokað vinnusvæði Suðurverks við Desjarárdalsstíflu, sumir hlekkja sig við vinnuvélar**				
Aðgerðir lögreglu	**Öllum gefin skipun um að fara af svæðinu, enginn hlýddi og því voru allir 17 handteknir og fluttir á lögreglustöðina á Egilsstöðum**				
Lyktir máls	**16 látnir lausir að loknum viðræðum, einum haldið þar til hann gat framvísað vegabréfi sínu**				
Lok máls	**Dómur S-113/2006**				

Málsnúmer	Dagsetning	Fjöldi lögreglumanna	Frelsissviptingar	Handtökur	Vegabréfasvipting
026-2006-002290	**07.08.2006**	**9**	**0**	**5**	**0**
Tilefni afskipta	**Mótmælendur hlekkjaðir við vinnuvél við Desjarárstíflu**				
Aðgerðir lögreglu	**Mótmælendur losaðir frá vinnuvélinni, handteknir, fluttir á lögreglustöðina á Egilsstöðum og settir þar í fangaklefa**				
Lyktir máls	**Allir látnir lausir á sama tíma, ekki er að sjá að teknar hafi verið framburðarskýrslur af þeim fyrr en síðar**				
Lok máls	**Dómur S-113/2006**				

Málsnúmer	Dagsetning	Fjöldi lögreglumanna	Frelsissviptingar	Handtökur	Vegabréfasvipting
026-2006-002291	**07.08.2006**	**9**	**0**	**9**	**0**
Tilefni afskipta	**Nía mótmælendur mynda mannska keðju á vegi fyrir framan upptökulón Kárahnjúkastíflu**				
Aðgerðir lögreglu	**Mótmælendur losaðir í sundur, handteknir, fluttir á lögreglustöðina á Egilsstöðum og settir þar í fangaklefa**				
Lyktir máls	**Allir látnir lausir á sama tíma, framburðarskýrslur teknar síðar**				
Lok máls	**Dómur S-113/2006**				

Málsnúmer	Dagsetning	Fjöldi lögreglumanna	Frelsissviptingar	Handtökur	Vegabréfasvipting
026-2006-002296	**08.08.2006**	**17**	**0**	**1**	**0**
Tilefni afskipta	**Lögregla aðstoðar Landsvirkjun við að vísa 13 mótmælendum af landi sínu við Lindur þar sem voru tjaldbúðir**				
Aðgerðir lögreglu	**Vel gekk að rýma búðirnar, fjóra þurfi að fjarlægja og einn var handtekinn fyrir mótþróa og gera ekki grein fyrir sér**				
Lyktir máls	**Allir fluttir með hópferðabifreið til Egilsstaða, sá handtekni látinn laus er hann gerði grein fyrir sér**				
Lok máls	**Engir eftirmálar, rannsókn hætt**				

Málsnúmer	Dagsetning	Fjöldi lögreglumanna	Frelsissviptingar	Handtökur	Vegabréfasvipting
028-2006-002080	**14.08.2006**	**3**	**0**	**1**	**0**
Tilefni afskipta	**Mótmælandi klippti gat á girðingu umhverfis álverið á Reyðarfirði, fór inn á vinnusvæði og inn í álverið**				
Aðgerðir lögreglu	**Mótmælandinn handtekinn, hald lagt á töng og vasahníf sem hann var með**				
Lyktir máls	**Látinn laus skömmu síðar, boðaður í skýrslutöku daginn eftir**				
Lok máls	**Dómur S-181/2006**				

Málsnúmer	Dagsetning	Fjöldi lögreglumanna	Frelsissviptingar	Handtökur	Vegabréfasvipting
028-2006-002082	14.08.2006	5	0	0	0
Tilefni afskipta	Mótmælendur fara inn á skrifstofur Hönnunar hf. á Reyðarfirði og tálma starfsfólki för úr húsinu				
Aðgerðir lögreglu	Stóð yfir í stutta stund, mótmælendur farnir þegar lögreglan kom á vettvang				
Lyktir máls	Starfsfólk Hönnunar hf. tók ljósmyndir af mótmælendum, þeir þekktust og voru boðaðir í skýrslutöku				
Lok máls	Dómur S-110/2006				

Málsnúmer	Dagsetning	Fjöldi lögreglumanna	Frelsissviptingar	Handtökur	Vegabréfasvipting
028-2006-002100	16.08.2006	14	0	15	0
Tilefni afskipta	Mótmælendur fara inn á vinnusvæði álversins á Reyðarfirði, sumir hlaupa um svæðið og aðrir klifra upp í byggingar				
Aðgerðir lögreglu	14 mótmælendur handteknir smátt og smátt, einn handtekinn síðar, utan vinnusvæðisins				
Lyktir máls	Allir vistaðir í fangaklefa, framburðarskýrslur teknar sama dag en flestum sleppt morguninn eftir				
Lok máls	Dómur S-112/2006				

Málsnúmer	Dagsetning	Fjöldi lögreglumanna	Frelsissviptingar	Handtökur	Vegabréfasvipting
007-2007-053866	14.07.2007	38	0	4	3
Tilefni afskipta	Ganga mótmælenda á Bústaðaveg og Snorrabraut, hópur þeirra safnast saman við lögreglustöðina á Hverfisgötu				
Aðgerðir lögreglu	Fyrirmæli gefin um að fara af akbrautinni, akstur bifreiðar með kerru með hljómflutningstækjum stöðvaður				
Lyktir máls	Hópur sem safnaðist saman við lögreglustöðina leystist upp, handteknir látnir lausir að loknum skýrslutökum				
Lok máls	Málið er til afgreiðslu hjá lögfræðisviði embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu				

Málsnúmer	Dagsetning	Fjöldi lögreglumanna	Frelsissviptingar	Handtökur	Vegabréfasvipting
007-2007-057090	14.07.2007	3	0	1	1
Tilefni afskipta	Grunur um skemmdir á lögreglubifreið				
Aðgerðir lögreglu	Grunaður handtekinn utan við lögreglustöðina við Hverfisgötu				
Lyktir máls	Látinn laus að lokinni skýrslutöku				
Lok máls	Málið er til afgreiðslu hjá lögfræðisviði embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu				

Málsnúmer	Dagsetning	Fjöldi lögreglumanna	Frelsissviptingar	Handtökur	Vegabréfasvipting
013-2007-003709	19.07.2007	10	0	0	0
Tilefni afskipta	10 mótmælendur á vinnusvæði við álverið á Grundartanga, fimm lágu á veginum, fimm hlekkjaðir við byggingakrana				
Aðgerðir lögreglu	Opnað hjáleið sem gerði mótmælin áhrifalaus				
Lyktir máls	Samkomulag náðist eftir 3 klukkustundir um að mótmælendur létu af aðgerðum sínum				
Lok máls	Rannsókn hætt 15. janúar 2008				

Málsnúmer	Dagsetning	Fjöldi lögreglumanna	Frelsissviptingar	Handtökur	Vegabréfasvipting
007-2007-056662	24.07.2007	18	0	13	10
Tilefni afskipta	Mótmælendur inni á lokuðu vinnusvæði Alcan í Straumsvík				
Aðgerðir lögreglu	Fólki vísað út af svæðinu og þeir sem ekki hlýddu eða höfðu hlekkjað sig fasta voru handteknir				
Lyktir máls	Eftir að allir voru farnir af vinnusvæðinu lauk aðgerðum lögreglu á vettvangi, handteknir látnir lausir að loknum skýrslutökum				
Lok máls	Málið er til afgreiðslu hjá lögfræðisviði embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu				

Málsnúmer	Dagsetning	Fjöldi lögreglumanna	Frelsissviptingar	Handtökur	Vegabréfasvipting
026-2007-001545	**24.04.2007**	**4**	**0**	**1**	**0**
Tilefni afskipta	**Við komu með Norrænu var erlendur maður (mótmælandi) handtekinn til að birta honum dóm í máli frá árinu áður**				
Aðgerðir lögreglu	**Maðurinn handtekinn og fluttur til Egilsstaða**				
Lyktir máls	**Látinn laus eftir að búið var að birta honum dóminn**				
Lok máls	**Verkefni lokið**				

Málsnúmer	Dagsetning	Fjöldi lögreglumanna	Frelsissviptingar	Handtökur	Vegabréfasvipting
033-2007-006770	**26.07.2007**	**10**	**0**	**9**	**0**
Tilefni afskipta	**Mótmælendur loka vegi að Hellisheiðarvirkjun með því að hlekkja sig við bifreiðar, einn þeirra klifrar upp í byggingarkrana**				
Aðgerðir lögreglu	**Klippt á keðjur og mótmælendur losaðir, níu mótmælendur handteknir**				
Lyktir máls	**Fólkið flutt á Selfoss eða til Reykjavíkur, allir látnir lausir að loknum skýrslutökum**				
Lok máls	**Mál höfðað gegn öllum, S-1/2008, þingfest 26. apríl 2008**				

Samtölur	Fjöldi mála	Fjöldi lögreglumanna	Frelsissviptingar	Handtökur	Vegabréfasvipting
	19	**219**	**14**	**104**	**14**

Staða einstakra mála og eftir atvikum niðurstöður í dómsmálum.

Mál númer 026-2005-000694
- Enginn ákærður, engar kröfur um bætur, rannsókn hætt.

Mál númer 026-2005-000712
- Enginn ákærður, engar kröfur um bætur, rannsókn hætt.

Mál númer 026-2005-000729
- Enginn ákærður, engar kröfur um bætur, rannsókn hætt.

Mál númer 028-2005-001457
Dómur númer S-111/2006
- Mál þetta, sem dómtekið var að aflokinni aðalmeðferð 27. október sl., er höfðað með ákæru lögreglustjórans á Eskifirði, útgefinni 15. ágúst 2006, á hendur Natalíu Roseanne De Santos, Keith Malcom og Andrew James Jamison, öllum breskum ríkisborgurum „fyrir brot á lögreglulögum, með því að hafa fimmtudaginn 4. ágúst 2005 ekki hlítt fyrirmælum lögreglu um að yfirgefa vinnusvæði Bectels á álverslóð í Reyðarfirði, þar sem þau höfðu farið inn á í óleyfi, en Natalía og Keith höfðu klifrað upp í kranabómu í um 20 metra hæð og njörvað sig þar föst.
- Telst þetta varða við 19. gr., sbr. 41. gr. lögreglulaga nr. 90, 1996.
- Þess er krafist að ákærðu verði dæmd til refsingar og til upptöku á klifurbúnaði, sem lögregla lagði hald á, sbr. 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.“
- Með bréfi lögreglustjórans á Eskifirði dags. 21. ágúst sl., sem lagt var fram við aðalmeðferð málsins, var af hálfu ákæruvalds fallið frá kröfum á hendur ákærða Andrew James Jamison.

Dómsorð

- Ákærðu, Natalía Roseanne De Santos og Keith Malcom, greiði hvort um sig sekt að fjárhæð 200.000 krónur til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins, en sæti ella fangelsi í 14 daga.
- Upptækur er klifurbúnaður.

Mál númer 026-2006-002208
Dómur númer S-92/2007

- Mál þetta, sem dómtekið var að aflokinni aðalmeðferð 21. apríl sl., er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, útgefinni 5. júní 2007, á hendur X, nú til heimilis að [heimilisfang] „fyrir eignaspjöll, með því að hafa, mánudaginn 31. júlí 2006, á vegi F909 við Snæfellsskála á Fljótsdalshéraði, lamið nokkur hnefahögg í vélarhlíf bifreiðarinnar YD-613 með þeim afleiðingum að hún dældaðist.
- Telst þetta varða við 1. mgr. 157. gr., almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.
- Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.“

Dómsorð

- Ákærði, X, er sýkn af kröfum ákæruvalds.

Mál númer 026-2006-002237

- Enginn ákærður, rannsókn hætt.

Mál númer 026-2006-02252, 026-2006-002290 og 026-2006-002291
Dómur númer S-113/2006

- Mál þetta, sem dómtekið var að aflokinni aðalmeðferð 29. nóvember sl., er höfðað með ákæru lögreglustjórans á Seyðisfirði, útgefinni 16. ágúst 2006, á hendur:

I.

- Ruth Natasha Chiat, breskum ríkisborgara, Andrew James Jamison, breskum ríkisborgara, Tryggva Guðmundssyni, Hagaseli 15, Reykjavík, Katie Hastings, breskum ríkisborgara, Stephan Michael Silbermann, þýskum ríkisborgara, Steinunni Gunnlaugsdóttur, Laugarnesvegi 45, Reykjavík, Hauki Hilmarssyni, Hvammabraut 10, Hafnarfirði, Yuhki -Javier Menendez Ohta, spænskum ríkisborgara, fyrir eftirgreind brot framin föstudaginn 4. ágúst við Desjarárstíflu á lokuðu vinnusvæði Suðurverks:
- 1. – Fyrir brot gegn almennum hegningarlögum, með því að hafa ruðst heimildarlaust inn á lokað vinnusvæði og synjað að fara þaðan þegar lögreglan skoraði á þau að gera það.
- Telst þetta varða við 231. gr. laga nr. 19, 1940, sbr. 123. gr. laga nr. 82, 1998.
- 2. – Brot á hegningarlögum, með því að hafa neitað að hlýða fyrirmælum lögreglu um að yfirgefa lokað vinnusvæði umrætt sinn.
- Telst þetta varða við 19. gr. lögreglulaga nr. 90, 1996, sbr. 41. gr. sömu laga.

II.

- Hauki Hilmarssyni, Hvammabraut 10, Hafnarfirði, Stephan Michael Silberman, þýskum ríkisborgara, James Richard Wright, breskum ríkisborgara, fyrir eftirgreind brot framin

mánudaginn 7. ágúst 2006 á Fljótsdalsheiði, við Desjarárstíflu á lokuðu vinnusvæði Suðurverks:

- 1. – Fyrir brot gegn almennum hegningarlögum, með því að hafa, ruðst heimildarlaust 17 inn á lokað vinnusvæði og synjað að fara þaðan þegar lögreglan skoraði á þau að gera það.
- Telst þetta varða við 231. gr. laga nr. 19, 1940, sbr. 123. gr. laga nr. 82, 1998.
- 2. – Brot á lögreglulögum, með því að hafa neitað að hlýða fyrirmælum lögreglu um að yfirgefa lokað vinnusvæði umrætt sinn.
- Telst þetta varða við 19. gr. lögreglulaga nr. 90, 1996, sbr. 41. gr. sömu laga.

III.

- Steinunni Gunnlaugsdóttur, Laugarnesvegi 45, Reykjavík, Bethia Miriam Evans, breskum ríkisborgara, A, breskum ríkisborgara, Rebecca Josephine Donaghy, breskum ríkisborgara, Jacqueline Caroline Honour, breskum ríkisborgara, Natalia Roseanne De Santos, breskum ríkisborgara og Liam Crowther, breskum ríkisborgara fyrir eftirgreind brot mánudaginn 7. ágúst á Fljótsdalsheiði við Kárahnjúkastíflu á lokuðu vinnusvæði Impregilo, nánar tiltekið við aðalinntak:
- 1. – Fyrir brot gegn almennum hegningarlögum með því að hafa, ruðst heimildarlaust inn á lokað vinnusvæði og synjað að fara þaðan þegar lögreglan skoraði á þau að gera það.
- Telst þetta varða við 231. gr. laga nr. 19, 1940, sbr. 123. gr. laga nr. 82, 1998.
- 2. – Brot á lögreglulögum, með því að hafa neitað að hlýða fyrirmælum lögreglu um að yfirgefa lokað vinnusvæði umrætt sinn.
- Telst þetta varða við 19. gr. lögreglulaga nr. 90, 1996, sbr. 41. gr. sömu laga.
- Þess er krafist að ákærðu verði dæmd til refsingar.
- Við þingfestingu málsins var af hálfu ákæruvalds fallið frá kröfum á hendur ákærða Hauki Hilmarssyni að því er varðar II. kafla ákærunnar.
- Í þinghaldi 5. september 2006 var af hálfu ákæruvalds fallið frá kröfum á hendur ákærðu Andrew James Jamison, Katie Hastings og Michael Silbermann.

Dómsorð

- Ákærða, A, er sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.
- Ákærðu, Ruth Natasha Chiat, Tryggvi Guðmundsson, Steinunn Gunnlaugsdóttir, Haukur Hilmarsson, Yuhki-Javier Menendez Ohta, James Richard Wright, Bethia Miriam Evans, Rebecca Josephine Donaghy, Jacqueline Caroline Honour, Natalía Roseanne De Santos og Liam Crowther, greiði hvert um sig sekt að fjárhæð 50.000 krónur til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins en sæti ella fangelsi í 4 daga.

Mál númer 026-2006-002296

- Enginn ákærður, rannsókn hætt.

Mál númer 028-2006-002080
Dómur númer S-181/2006

- Mál þetta, sem dómtekið var 11. desember 2006, er höfðað með ákæru lögreglustjórans á Eskifirði, útgefinni 9. nóvember 2006, á hendur Guðmundi Má H. Beck, Kollaleiru, Reyðarfirði „fyrir brot gegn almennum hegningarlögum, með því að hafa að morgni

mánudagsins 14. ágúst 2006, ruðst í heimildarleysi inn á afmarkað vinnusvæði Bectels á álverslóð í Reyðarfirði með því að klippa í sundur þrjá víra í girðingu sem afmarkar lóðina, og þegar inn var komið synjað að fara þaðan. Með þessari háttsemi stöðvaði ákærði vinnu á svæðinu í um tvær klukkustundir.
- Telst þetta varða við 231. gr. og 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 132. gr. laga nr. 82, 1998 og lög nr. 30, 1998.
- Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til upptöku á töng, sem lögregla lagði hald á, skv. 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.
- Af hálfu Alcoa Fjarðaáls sf. er þess krafist að ákærða verði gert að greiða bætur að fjárhæð 11.319.035 kr. með vöxtum samkvæmt 8. gr. vaxtalaga nr. 38, 2001 frá 14. ágúst 2006, en síðan með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. vaxtalaga.

Dómsorð
- Ákærði, Guðmundur Már H. Beck, greiði 70.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins, en sæti ella fangelsi í 6 daga.
- Upptæk er töng, sem lögregla lagði hald á í greint sinn.
- Bótakröfu Alcoa Fjarðaáls sf. er vísað frá dómi

Mál númer 028-2006-002082
Dómur númer S-110/2006
- Mál þetta, sem dómtekið var að aflokinni aðalmeðferð 27. október sl., er höfðað með ákæru lögreglustjórans á Eskifirði, útgefinni 16. ágúst 2006, á hendur Bethiu Miriam Evans, Frances Jegarajasegaram, Rebeccu Josephine Donaghy, Liam Crowter, Natalíu Roseanne De Santos, Keith Malcom, Jaqueline Caroline Honour, Daniel Joseph Nemenyi, öllum breskum ríkisborgurum, "fyrir eftirgreind brot framin þriðjudaginn 15. ágúst 2006 á verkfræðistofu Hönnunar hf. að Hafnargötu 2, Reyðarfirði:
- 1. – Húsbrot með því að ryðjast í heimildarleysi inn á skrifstofu verkfræðistofunnar og synja að fara þaðan er starfsmenn fyrirtækisins skoruðu á ákærðu að gera það.
- Telst þetta varða við 231. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 82, 1998.
- 2. – Frelsissviptingu með því að halda starfsmönnum fyrirtækisins nauðugum á skrifstofunni í um 20 mínútur með því að setja tvo tréhæla undir útidyrahurð og stóla og aðra tiltæka muni fyrir dyrnar og hindrað þannig að starfsmennirnir kæmust út og jafnframt varnað þeim útgöngu um bakdyr skrifstofunnar.
- Telst þetta varða við 1. mgr. 226. gr. almennra hegningarlaga.
- Þess er krafist að ákærðu verði dæmd til refsingar."

Dómsorð
- Ákærðu, Frances Jegarajasegaram, Rebecca Josephine Donaghy, Liam Crowther, Keith Malcom, Jacqueline Caroline Honour og Daniel Joseph Nemenyi sæti fangelsi í 60 daga, en fullnustu refsingarinnar er frestað og skal hún falla niður að liðnum 3 árum frá uppkvaðningu dómsins haldi ákærðu almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.
- Ákærðu, Bethia Miriam Evans og Natalía Roseanne De Santos sæti fangelsi í 30 daga, en fullnustu refsingarinnar er frestað og skal hún falla niður að liðnum 3 árum frá uppkvaðningu dómsins haldi ákærðu almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Mál númer 028-2006-002100
Dómur númer S-112/2006

- Mál þetta, sem dómtekið var að aflokinni aðalmeðferð 27. október sl., er höfðað með ákæru lögreglustjórans á Eskifirði, útgefinni 16. ágúst 2006, á hendur Keith Malcom, Liam Crowther, Bethiu Miriam Evans, Frances Jegarajasegaram, Jaqueline Caroline Honour, Ruth Natasha Chiat, Rebeccu Josephine Donaghy, Miriam Margaret Rose, Natalíu Roseanne De Santos, James Richard Wright, Daniel Joseph Nemenyi, öllum breskum ríkisborgurum og Alberto Fernandes Suares og Yuhki-Javier Menendez Ohta, spænskum ríkisborgurum og Hauki Hilmarssyni.
- 1. – Fyrir brot gegn almennum hegningarlögum, með því að hafa miðvikudaginn 16. ágúst 2006 ruðst í heimildarleysi inn á afmarkað vinnusvæði Bectels á álverslóð í Reyðarfirði og ákærðu Haukur Hilmarsson, Yuhki-Javier Menendez Ohta og Albert Fernandes Suares, þegar inn var komið, klifrað upp í kranabómur og njörvað sig þar fasta. Með þessari háttsemi stöðvuðu ákærðu vinnu á svæðinu í um átta klukkustundir.
- Telst þetta varða við 231. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 132. gr. laga nr. 82, 1998.
- 2. – Fyrir brot gegn lögreglulögum, með því að hafa í umrætt sinn ekki hlítt fyrirmælum lögreglu um að hverfa af vinnusvæðinu.
- Telst þetta varða við 19. gr., sbr. 41. gr. lögreglulaga nr. 90, 1996.
- Þess er krafist að ákærðu verði dæmd til refsingar og til upptöku á klifurbúnaði, lásum og hólkum, sem lögregla lagði hald á, skv. 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Dómsorð

- Ákærðu, Daniel Joseph Nemenyi og Bethia Miriam Evans, eru sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.
- Ákærðu, Haukur Hilmarsson, Alberto Fernandez Suares og Yuhki-Javier Menendez Ohta greiði hver um sig 200.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins, en sæti ella fangelsi í 14 daga.
- Ákærðu, Keith Malcom, Frances Jegarajasegaram, Jacqueline Caroline Honour, Ruth Natashe Chiat, Rebecca Josephine Danaghy, Miriam Margaret Rose, Natalía Roseanne De Santos og James Richard Wright greiði hvert um sig 100.000 krónur í sekt til ríkissjóðs frá uppkvaðningu dómsins, en sæti ella fangelsi í 8 daga.
- Ákærði, Liam Crowther, greiði 50.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins, en sæti ella fangelsi í 4 daga.
- Upptækur er klifurbúnaður, svo og lásar og hólkar.

Mál númer 007-2007-053866

- Málið er til afgreiðslu hjá lögfræðisviði embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Mál númer 007-2007-057090

- Málið er til afgreiðslu hjá lögfræðisviði embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Mál númer 013-2007-003709
- Enginn ákærður, rannsókn hætt.

Mál númer 007-2007-056662
- Málið er til afgreiðslu hjá lögfræðisviði embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Mál númer 026-2007-001545
- Verkefni lokið.

Mál númer 033-2007-006770
- Mál höfðað gegn öllum, S-1/2008, þingfest 26. apríl 2008.

VI
Helstu niðurstöður.

Helstu niðurstöður samkvæmt því sem að framan hefur verið greint frá og með tilliti til viðbótarupplýsinga um persónur, eru eftirfarandi:
- Samskipti lögreglu við meinta mótmælendur Kárahnjúkavirkjunar og stóriðjuframkvæmda árin 2005, 2006 og 2007, þar sem beitt var einhvers konar þvingunarúrræðum af hálfu lögreglu, leiddi til þess að alls voru skráð 19 mál í Lögreglukerfið.
- Að þessum málum komu alls 219 lögreglumenn, sumir lögreglumenn komu að fleiri en einu af þessum málum.
- Alls höfðu 83 einstaklingar réttarstöðu sakborninga í málunum.
- Af sakborningum eru 14 eða 16,9% Íslendingar en 69 eða 83,1% með erlent ríkisfang.
- 47 sakborningar komu við sögu í einu máli; 21 kom við sögu í tveimur málum; 8 komu við sögu í þremur málum; 3 komu við sögu í fjórum málum; 2 komu við sögu í fimm málum og 2 komu við sögu í sex málum.
- Alls voru 104 sakborningar handteknir í málunum og auk þess voru 14 sviptir frelsi án þess að vera skráðir í Lögreglukerfið sem handteknir; oft var um sömu einstaklinga að ræða.
- 14 sakborningar voru sviptir vegabréfi í þágu rannsóknar máls.
- Við leit í tjaldi eins mótmælanda, leit sem umráðamaður tjaldsins heimilaði, fundust fíkniefni. Ekki er um það að ræða að í öðrum tilvikum hafi verið framkvæmdar leitir í húsum eða öðrum dvalarstöðum mótmælenda.
- Samkvæmt skráðum gögnum og upplýsingum frá lögreglustjórum var engin tilraun gerð af hálfu lögreglu til að koma í veg fyrir að mat væri komið í tjaldbúðir mótmælenda.
- Samkvæmt skráðum gögnum og upplýsingum frá lögreglustjórum var ekki um neinar hleranir á símum eða skoðun á tölvupósti að ræða.
- Í einstaka tilfellum tók lögregla myndir á vettvangi og dæmi eru um að teknar hafi verið myndir af sakborningum. Slík gögn fylgdu málum til að hægt væri að tengja sakborninga á óyggjandi hátt við atburði og staði.
- Erlendir ríkisborgarar voru látnir framvísa vegabréfum sínum sem jafnan voru ljósrituð.
- Erlendir ríkisborgarar, sem lögregla tók framburðarskýrslu af, voru í flestum tilfellum spurðir um ástæðu veru sinnar hér á landi, hvernig og hvenær þeir hefðu komið til landsins og hvenær brottför þeirra af landinu væri fyrirhuguð. Í algjörum undantekningartilfellum var þessum spurningum lögreglu svarað.

- 43 sakborningar voru ákærðir í alls 6 sakamálum sem höfðuð hafa verið, sumir þeirra voru ákærðir í fleiri málum en einu.
- Í þeim málum sem lokið hefur með dómi var oftast ákært fyrir brot gegn almennum hegningarlögum og lögreglulögum með því að farið var heimildarlaust inn á lokuð vinnusvæði og fyrirmælum um að fara þaðan ekki hlítt, í einu máli var ákært fyrir húsbrot og að meina starfsmönnum verkfræðistofu að fara þaðan út og einnig voru dæmi þess að ákært væri vegna skemmdarverka.
- 3 ákærðu hafa verið sýknaðir, 34 þeirra hafa verið sakfelldir.
- Oftast hefur dæmd refsing verið sekt á bilinu 50.000–200.000 kr.
- 6 ákærðu voru dæmdir í 60 daga skilorðsbundið fangelsi og 2 ákærðu voru dæmdir í 30 daga skilorðsbundið fangelsi.
- Í nokkrum málum voru klifurbúnaður, tæki og tól gerð upptæk.
- Tvö mál eru til afgreiðslu hjá lögfræðisviði embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, í þeim málum eru alls fimm sakborningar.
- Beðið er dóms í einu sakamáli, það var þingfest þann 26. apríl 2008, níu einstaklingar eru ákærðir í málinu.
- Í Lögreglukerfið er skráð 21 mál eða verkefni sem lýkur án þess að þvingunarúrræðum sé beitt, oft er um eftirlit lögreglu að ræða þar sem hún aðhefst ekki annað en fylgjast með mótmælum. Einnig er um að ræða bókanir þar sem lögreglumenn frá einu embætti koma til aðstoðar lögreglumönnum frá öðru embætti.
- Að hverju þessara mála komu frá einum og að 18 lögreglumönnum.
- Samkvæmt því sem hér að framan greinir eru því samtals skráð í Lögreglukerfið 40 mál eða verkefni sem á einhvern hátt tengjast mótmælum gegn Kárahnjúkavirkjun og stóriðjuframkvæmdum árin 2005, 2006 og 2007.

1309. Svar [484. mál]

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um stuðning við frjáls félagasamtök.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur stuðningi sjávarútvegsráðuneytis og landbúnaðarráðuneytis við frjáls félagasamtök verið háttað árin 2002–2007? Óskað er eftir því að í svarinu komi fram til hvers konar verkefna styrkir hafa verið veittir, hversu háir styrkir og hverjir ábyrgðaraðilar verkefnanna hafa verið, sundurliðað eftir fjárlagaliðum og árum.

Hér á eftir fara tvær töflur, annars vegar yfir alla styrki sem sjávarútvegsráðuneytið veitti ýmiss konar félagasamtökum á árunum 2002–2007 að frátöldum styrkjum til einstaklinga, fyrirtækja og opinberra stofnana, og hins vegar tafla yfir sambærilegar styrkveitingar landbúnaðarráðuneytisins.

Tafla 1. Styrkveitingar sjávarútvegsráðuneytis.

(Fjárlagaliður 05-190 nema annað sé tekið fram.)

Umsækjandi	Ábyrgðarmaður	Verkefni	Styrkur
2007			
Klúbbur matreiðslumeistara	Bjarki Hilmarsson	Bocus d'or	1.000.000
Karlakór Dalvíkur	Guðm. Óli Gunnarsson	Tónleikar – Sjómennska frá landnámi	150.000
Ópera Skagafjarðar	Alexandra Chernyshova	Uppsetning á La Traviata	100.000
Framfarafélag Snæfellsbæjar	Ester Gunnarsdóttir	Gagnagrunnur um útgerðarsögu Ólafsvíkur	100.000
Sjávarþorpið Suðureyri	Elías Guðmundsson	Markaðssetning á vistvænu sjávarþorpi	200.000
Arnfirðingafélagið í Reykjavík	Helgi Hjálmtýsson	Fjölskylduhátíðin Bíldudalsgrænar 2007	100.000
Bandalag kvenna í Reykjavík	Ingveldur Ingólfsdóttir	90 ára afmæli bandalagsins	100.000
Félag áhugamanna um bátasmíði	Eggert Björnsson	Smíði á bát með breiðfirsku lagi	50.000
Kómedíuleikhúsið	Elfar Logi Hannesson	Leiksýning	250.000
Saltfiskfélag Katalóníu	Astrid Helgadóttir	Þátttaka í matvælasýningunni Forum Vic	EUR 2.000
Spákonuarfur menningarfélag	Lárus Ægir Guðmundsson	Undirbúningur að stofnun safns um Skagaströnd	500.000
Matvæla- og næringarfræðafélag Íslands	Hólmfríður Þorgeirsdóttir	Matvæladagurinn 2007	200.000
Skjaldborg	Geir Gestsson	Hátíð um heimildamyndir	350.000
Sjómannadagsráð	Guðmundur Hallvarðsson	Hátíð hafsins	300.000
Fiskidagurinn mikli	Júlíus G. Júlíusson	Fiskidagurinn mikli	200.000
*IWMC World Conservation Trust	Eugene Lapointe	Kynningarstarf	
Nefnd um minningarreit í kirkjugarði Eskifjarðar um drukknaða sjómenn	Ragnar Valgeir Jónsson	Minningarreitur um drukknaða sjómenn	100.000
Félagið Matur úr héraði – Local Food	Friðrik V. Karlsson	Matvælasýningin MATUR-INN á Akureyri	100.000
2006			
Víðfari BEST á Íslandi	Andri Kristjánsson	Námskeið um Orkusamfélagið Ísland	200.000
Íslenska vitafélagið	Sigurbjörg Árnadóttir	Ráðstefna um strandmenningu	200.000
Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar	Soffía Gísladóttir	Námsefni fyrir fiskvinnslufólk	150.000
Hópur áhugamanna um minnisvarða um drukknaða sjómenn í Þorlákshöfn	Barbara Guðnadóttir	Minnisvarði um drukknaða sjómenn í Þorlákshöfn	200.000
Lionsklúbbur Skagastrandar	Geir Gestsson	Hringsjá í Spákonufellshöfða	300.000
Fiskidagurinn mikli 2006	Júlíus G. Júlíusson	Fiskidagurinn mikli	200.000
Samtök ferðaþjónustunnar	Erna Hauksdóttir	Norræna nemakeppnin	250.000
Alþjóðasamtök strandveiðimanna	Arthur Bogason	Ársfundur samtakanna	250.000
Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða	Aðalsteinn Óskarsson	Perlan Vestfirðir	500.000
Atvinnuþróunarfél. Norðurl. vestra	Baldur Valgeirsson	Wildlife Watching Seminar	150.000
Matvæla- og næringarfræðafélag Íslands	Anna Sigríður Ólafsdóttir	Matvæladagurinn 2006	100.000
Sjávarþorpið Suðureyri	Elías Guðmundsson	Markaðssetning á vistvænu sjávarþorpi	200.000
Karlakórinn Heimir	Jón Sigurðsson	Tónleikaferð	150.000
Samtökin Landsbyggðin lifi	Stefán Á. Jónsson	Aðalfundur samtakanna	100.000
Kvenréttindafélag Íslands	Margrét Kr. Gunnarsdóttir	Ráðst. í tilefni 100 ára afmælis KFÍ	150.000
High North Alliance	Jón Gunnarsson	Kynning á málstað Íslands í sjávarútvegi	NOK 100.000
2005			
Unglingadeildir hestamannafélaga á höfuðborgarsvæðinu	Vigdís Elna Cates	Sýningin Æskan og hesturinn	100.000
Menningarfélagið Beinlaus biti	Björn Valur Gíslason	Þátttaka í tónlistarhátíð í Frakklandi	150.000
Alþjóðasamtök strandveiðimanna	Arthur Bogason	Aðstoð vegna flóðanna í Asíu	250.000
Leifur Eiríksson málfundafélag	Heiðar Ásberg Atlason	Málflutningskeppni í USA	70.000
Kvenréttindafélag íslands	Ragnhildur G. Guðmundsd.	Ráðstefna um jafnréttismál	50.000
Slysavarnafélagið Landsbjörg	Jón Gunnarsson	Ferð til slysavarnaskóla Færeyja	200.000
Fiskidagurinn mikli	Júlíus G. Júlíusson	Fiskidagurinn mikli á Dalvík	320.000
Sjómannadagsráð	Guðmundur Hallvarðsson	Hátíð hafsins	300.000
Grafarvogsprestakall	Vigfús Þór Árnason	Kostnaður við sýningu á sjómannadag	100.000

Umsækjandi	Ábyrgðarmaður	Verkefni	Styrkur
Matvæla- og næringafræðafél. Ísl.	Guðrún Adolfsdóttir	Matvæladagurinn	100.000
Lionsklúbbur Patreksfjarðar	Geir Gestsson	Tækjakaup	200.000
Íslenska vitafélagið	Sigurbjörg Árnadóttir	Ráðstefna um strandmenningu	120.000
IWMC World Conservation Trust	Eugene Lapointe	Stuðningur við starf um sjálfbæra þróun	USD 12.000
2004			
Félag áhugamanna um minjasafn	Örlygur Kristfinnsson	Kaup á síldarkvóta til Síldarm.safns	100.000
Menningarfélagið beinlaus biti	Björn Valur Gíslason	Útgáfa geisladisks	50.000
Unglingadeildir hestamannafélaga á höfuðborgarsvæðinu	Vigdís Elma Cates	Æskulýðsdagurinn Æskan og hesturinn	150.000
Áhugah. um örugga Reykjanesbr.	Steinþór Jónsson	Viðvörunarstandur	100.000
Kvenréttindafélag Íslands	Ragnhildur G. Guðm.d.	Ráðstefna um launamun kynjanna	50.000
Karlakórinn Heimir	Páll Dagbjartsson	Sýning á Sauðárkróki	150.000
Matvæla- og næringarfræðafélag Íslands	Hrólfur Sigurðsson	Matvæladagurinn 2004	150.000
Sjómannadagsráð	Guðmundur Hallvarðsson	Styrkur vegna Hátíðar hafsins	150.000
*IWMC	Eugene Lapointe	Verkefni um sjálfbæra þróun	1.000.000
2003			
High North Alliance	Rune Frövik	Kynning á málstað Ísl. í sjávarútvegi	1.000.000
Örverufræðifélag Íslands	Sigríður Elefsen	Ráðstefnan Örverur og þorskur	20.000
Barþjónaklúbbur Íslands	Margrét Gunnarsdóttir	Norðurlandafundur alþjóðasamtaka barþjóna	150.000
Kvenréttindafélag Íslands	Þorbjörg Inga Jónsdóttir	Ráðstefnuhald	50.000
Merkisnefnd	Valgerður Sigurðardóttir	Minnismerki í Hafnarfirði	150.000
Matvæla- og næringarfræðafélag Íslands	Svava Engilbertsdóttir	Matvæladagurinn 2003	100.000
Sjómannadagsráð	Guðmundur Hallvarðsson	Hátíð hafsins	150.000
IWMC	Eugene Lapointe	Verkefni um sjálfbæra þróun	1.000.000
Félag hrefnuveiðimanna	Guðmundur Haraldsson	Undirbúningur hvalveiða	8.000.000
2002			
Blái herinn	Tómas J. Knútsson	Hreinsun hafna	150.000
*High North Alliance	Rune Frövik	Áframh. rekstrarfé vegna 2002	1.000.000
Matvæla- og næringarfr.félag Ísl.	Gústaf Helgi Hjálmarsson	Styrkur vegna Matvæladags 2002	100.000
Klúbbur matreiðslumeistara	Gissur Guðmundsson	Þátttaka í matreiðslukeppni	1.500.000

** Fjárlagaliður 05-217*

Tafla 2. Styrkveitingar landbúnaðarráðuneytis.

(Fjárlagaliður 04-101.)

Umsækjandi	Ábyrgðarmaður	Verkefni	Styrkur
2007			
Æskan og hesturinn	Gunnar Pétur Róbertsson	Sýning barna í hestaíþróttum	250.000
Bókaútgáfan Salka	Hildur Hermóðsdóttir	Kynning á Delicious Iceland erlendis	75.000
Nykur, þjóðfræðifélag	Hallgr. Sveinn Sævarsson	Rannsóknir á torfbæjarlífi	30.000
Blátt áfram	Sigríður Björnsdóttir	Forvarnaverkefni gegn kynferðisofbeldi	30.000
Skotta ehf.	Árni Gunnarsson	Kvikmynd um Laufskálarétt	150.000
Hestamannafélagið Hringur	Einar E. Einarsson	Íslandsmót í hestaíþróttum	30.000
Selasetur Íslands	Hrafnh. Ýr Víglundsdóttir	Sýning um selaveiðar í Húnaflóa	30.000
Hestamannafélagið Léttir	Kristmundur Stefánsson	Stjörnurölt 2007	30.000
Petzi record sf.	Víðir Björnsson	Tónleikaferð til Danmerkur	30.000
Hestamannafélagið Freyfaxi	Þórir Örn Grétarsson	Ístölt Austurlands 2007	10.000
Reykjavík films ehf.	Björn Br. Björnsson	Dreifing myndbands um Njálssögu	50.000
Snorrastofa í Reykholti	Bergur Þorgeirsson	Seljarannsóknir í Borgarfirði	50.000
Karlakór Keflavíkur	Guðjón Sigbjörnsson	Tónleikahald	100.000
Félag MND-sjúklinga	Guðjón Sigurðsson	Verkefnið Dollar á mann	50.000
Nemendafélag Garðyrkjuskólans	Guðjón Rafnsson	Þjóðhátíð Garðyrkjunnar 2007	50.000
Sundhestar	Jakob S. Þórarinsson	Þýðing bókar um sundþjálfun	100.000

Umsækjandi	Ábyrgðarmaður	Verkefni	Styrkur
Reykjatangi	Karl B. Örvarsson	Kennsluefni í grunnsk. um ísl. landbúnað	25.000
Landsbyggðarvinir	Fríða Vala Ásbjörnsdóttir	Um tengingu landsbyggðar og borgar	70.000
Jórukórinn	Halla Baldursdóttir	Kórferð erlendis	30.000
2006			
Congress Reykjavík	Margrét E. Jónsdóttir	Norræn handprjónaráðstefna	250.000
Hestamannafélagið Hornfirðingur	Kjartan Hreinsson	Rekstur hestamannafélagsins	240.000
Eignarhaldsfélagið Katla	Þórir N. Kjartansson	Rannsóknir á Kötluvikri til ræktunar	300.000
Þingborg svf.	Hildur Hákonardóttir	Enurbætur á húsnæði Þingborgar	150.000
Hænir, félag stúdenta LBHÍ	Bragi Bergsson	Styrkur til námsferðar erlendis	50.000
Bókaútgáfan Hólar	Hjalti Sveinsson	Styrkur vegna bókaútgáfu	200.000
Landssamband Gideonfélaga	Sigurður Þ. Gústafsson	Dreifing Nýja testamentisins	100.000
Skákfélagið Hrókurinn	Hrafn Jökulsson	Kynning á skákíþróttinni	50.000
Heillasjóður Fagurhóls	Guðjón Jónsson	Uppgræðsla við Fagurhólsmýri	150.000
Íþróttafélagið Nes	Björg Hafsteinsdóttir	Íþróttafélag fatlaðra	150.000
Landsbyggðarvinir	Fríða Vala Ásbjörnsdóttir	Efling sambands landsbyggðar og borgar	75.000
Kvenfélagasamband Íslands	Helga Guðmundsdóttir	Tímaritið Húsfreyjan útgáfa	50.000
Töfragarðurinn	Torfi Áskelsson	Uppbygging Töfragarðsins	100.000
Sniglarnir	Baldvin Jónsson	Átak í umferðarmálum	75.000
Dýralæknafélag Íslands	Þorvaldur H. Þórðarson	Ráðstefnuhald í tilefni 70 ára afmælis	100.000
Landsbyggðin lifi	Stefán Á. Jónsson	Útgáfa ársrits samtakanna	50.000
Æskan og hesturinn	Gunnar Pétur Róbertsson	Æskulýðsdagar barna	200.000
Íþróttasamband fatlaðra	Anna Karólína Vilhjálmsdóttir	Námskeið í reiðþjálfun fatlaðra	100.000
Karlakór Hreppamanna	Sigurjón Sigurðsson	Tónleikaferð til Ungverjalands	50.000
Kór félags eldri borgara	Arnar Sigurðsson	Tónleikahald í Bretlandi	25.000
Lögreglukór Reykjavíkur	Benedikt Lund	Tónleikaferð til Eistlands	25.000
Tónlistarskóli Árnessýslu	Jóhann Stefánsson	Tónleikaferð til Króatíu	25.000
Skotta ehf.	Árni Gunnarsson	Kvikmynd um kvæðið Fáka eftir Einar B.	100.000
Badmintonsamband Íslands	Ása Pálsdóttir	Badmintonmót	25.000
Lúðrasveit tónlistarsk. í Keflavík	Karen Sturlaugsson	Tónlistarhátíð í Gautaborg	25.000
Taflfélag Vestmannaeyja	Magnús Matthíasson	Evrópumót í Búlgaríu	25.000
2005			
Veiðimenn ehf.	Jakob Hrafnsson	Uppbygging á vef	150.000
Glæðir ehf.	Birgir Þórisson	Uppb. bleikjueldis við Teygingarlæk	200.000
Töfragarðurinn	Torfi Áskelsson	Uppbygging skemmtigarðs	300.000
Badmintonsamband Íslands	Ása Pálsdóttir	Heimsmeistaramót á Kýpur	150.000
Nútíð sf.	Björn Ingi Stefánsson	Uppbygging á vindmyllum	150.000
Ferðamálafélag A-Skaftafellssýslu	Sigurlaug Gissurardóttir	Uppb. á vef „Í ríki Vatnajökuls“	50.000
Frúin ehf., Ólafsvík	Ingólfur Ingvarsson	Ferðamannablaðið Reykjavík lifir	130.000
Ferðamálanefnd Flóahrepps	Björgvin Njáll Ingólfsson	Fjölskyldu- og menningarhátíð í Flóanum	100.000
Íslandsferðir ehf	Guðmundur G. Haraldsson	Styrkur vegna ráðstefnu Lipidforum	150.000
Karlakór Selfoss	Valdimar Bragason	Afmælishátíð 40 ár	100.000
Kling og Bang Gallery	Nína Magnúsdóttir	Listasýning í Pompedeou París	150.000
Barna og unglingakór Selfoss	Brynja Ingadóttir	Tónleikaferð til Danmerkur	25.000
Landssamb. vistforeldra í sveitum	Jóhannes H. Ríkharðsson	Styrkur fulltrúa á Búnaðarþingi	75.000
Ungmennafélag Skeiðmanna	Jón Eiríksson	Örnefni á Skeiðum	100.000
2004			
Fræðslunet Suðurlands	Jón Hjartarson	Vísindavika fræðslunets	150.000
Kvenfélagið Iðja	Sólrún K. Þórðardóttir	Uppbygging Miðfjarðarréttar	75.000
Dýralæknatal	Brynjólfur Sandholt	Útgáfa dýralæknatals	250.000
Þingborg ullarvinnsla	Hildur Hákonardóttir	Endurbætur á húsnæði Þingborgar	200.000
Sauðfjársæðisstöð Suðurlands	Sveinn Sigurmundsson	Endurbætur á húsnæði stöðvarinnar	250.000
Nautgriparæktarfélag Hrunamanna	Jón Viðar Finsson	Útgáfa sögurits	150.000
Þerluskinn	Inga Ragna Holdö	Styrkur til fatahönnunar	200.000
Hestamannafélagið Léttir	Kristmundur Stefánsson	Stjörnurölt 2004	60.000

Umsækjandi	Ábyrgðarmaður	Verkefni	Styrkur
Skákfélagið Hrókurinn	Hrafn Jökulsson	Styrkur til barnastarfs Hróksins	200.000
Beisik	Egill Vignisson	Leikur að elda lambakjöt	200.000
Júdósambandið	Bjarni Skúlason	Styrkur til Ólympíufarar	200.000
Kvenfélagasamband Íslands	Kristín Guðmundsdóttir	Styrkur á ráðstefnu dreifbýliskvenna	130.000
Biblíuskólinn	Jóhannes Hinriksson	Styrkur til trúboðsstarfa	75.000
Æskan og Hesturinn	Gunnar Pétur Róbertsson	Æskulýðsstarf barna í hestaíþróttum	100.000
Jórukórinn	Ragnhildur Magnúsdóttir	Tónleikaferð til Austurríkis	100.000
Kvenréttindafélag Íslands	Ragnhildur G. Guðmundsdóttir	Ráðstefna um atvinnumöguleika kvenna	50.000
Seylan ehf.	Hjálmtýr Heiðar	Kvikmyndin „Gamla brýnið“	150.000
Hleinar ehf.	Vera Roth	Samstarfsverk. Íslands og Mongóliu	120.000
Afréttir Flóa og Skeiðamanna	Páll Lýðsson	Styrkur til uppbyggingar	120.000
Atvinnuþróunarfélag Norðvesturlands	Guðrún M. H. Kloes	Styrkur til starfsemi félagsins	35.000
Sumarhátíð Blönduósi	Einar Skúlason	Styrkur til hátíðarhalda	100.000
Hrossaræktarsamband Suðurlands	Jón Vilmundarson	Stóðhestastöðin Gunnarsholti	200.000
Vistforeldrar	Jóhannes H. Ríkharðsson	Styrkur til fulltrúa á Búnaðarþingi	100.000
2003			
Tindra – fjölmiðlafélag	Eggert Skúlason	Styrkur til myndbandsgerðar	50.000
Landsbyggðin lifi	Stefán Á. Jónsson	Styrkur til eflingar samtakanna	100.000
Skákfélagið Hrókurinn	Hrafn Jökulsson	Kynning á skák í grunnskólum	200.000
Félag stjórnmálafræðinema	Freyja Vilborg Þórarinsdóttir	Styrkur á ráðstefnu erlendis	65.000
Matvæla- og næringarfélagið	Björn S. Gunnarsson	Styrkur til að halda Matvæladag	200.000
Badmintonsamband Íslands	Ása Pálsdóttir	Íþróttamót á Írlandi	50.000
Hestamannafélagið Léttir	Kristmundur Stefánsson	Stjörnurölt 2003	75.000
Félag trérennismiða	Karl Helgi Gíslason	Styrkur vegna námskeiða	150.000
Æskan og hesturinn	Gunnar Pétur Róbertsson	Æskulýðsstarf barna	100.000
Kiwanisklúbburinn Setberg	Guðjón Smári	Dýrin í sveitum Íslands	350.000
Dropi í hafi	Ægir Ólafsson	Ræktun gullfiska	60.000
Kolkuós	Valgeir Þorvaldsson	Rannsóknir á ættfræði hesta	300.000
Taflfélag Garðabæjar	Páll Sigurðsson	Styrkur til mótshalds	50.000
Leifur Eiríksson	Heiðar Ásberg Atlason	Málflutningskeppni í Bandaríkjunum	100.000
Fræðslunet Suðurlands	Jón Hjartarson	Uppbygging fræðsluvefs	75.000
Götusmiðjan	Marsibil Sæmundsdóttir	Gróðursetning skjólbelta	125.000
Karlakór Rangæinga	Ómar Halldórsson	Tónleikaferð til Færeyja	200.000
Byggðasafn A-Skaftafellssýslu	Björn G. Arnarson	Uppbygging á dráttarvélum	100.000
Landssamband smábátaeigenda	Arthur Bogason	Styrkur á ráðstefnu erlendis	200.000
2002			
Skáksamband Íslands	Guðmundur G. Þórarinsson	Alþjóðlegt skákmót	100.000
Drauga- og tröllaskoðunarfélagið	Eyvindur Erlendsson	Kvikmynd um þjóðtrú Íslendinga	100.000
Kornræktarfélag Skagafjarðar	Gunnar Sigurðsson	Kornræktarráðstefna í Skagafirði	150.000
Kvenfélagasamband Íslands	Rannveig Anna Jónsdóttir	Fjölskylduráðstefna á Selfossi	150.000
Kirkjubæjarstofa	Elín Erlendsdóttir	Styrkur til uppbyggingar	150.000
Karlakór Rangæinga	Ómar Halldórsson	Tónleikahald	350.000
Götusmiðjan	Ísólfur Þ. Líndal	Hestaverkefni	125.000
Byggðasafnið Skógum	Sverrir Magnússon	Samgöngusafn	200.000
Lifandi landbúnaður	Anna Margrét Stefánsdóttir	Uppbygging samtaka dreifbýliskvenna	250.000

1310. Svar [605. mál]

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Jóns Gunnarssonar um vísindaveiðar á hrefnu.

1. *Liggja fyrir einhverjar vísbendingar um fæðuvistfræði hrefnu úr vísindaveiðum sem voru stundaðar á árunum 2003–2007?*

Eins og kunnugt er hófst sýnataka vegna rannsóknanna haustið 2003 og lauk haustið 2007. Alls voru veiddar 200 hrefnur vegna rannsóknanna. Meginhvatinn að þessu rannsóknarverkefni voru rannsóknir um miðjan tíunda áratug síðustu aldar sem birtust í tveim vísindagreinum (Journal of Northwest Atlantic Fishery Science) árið 1997. Þar var heildarát hvalastofna hér við land áætlað um 6 milljónir tonna á ári og þar af æti hrefnan um þriðjung. Mjög takmarkaðar upplýsingar lágu hins vegar fyrir um fæðusamsetningu hrefnunnar hér við land, en frumtilraunir með einföld fjölstofnalíkön bentu til að stærð hvalastofna, ekki síst hrefnustofnsins, gæti haft veruleg áhrif á afrakstursgetu þorsks og loðnu til lengri tíma litið. Í þessum tilraunum voru bornir saman hvalastofnar í 70% og 100% af hámarksstærð til að líkja eftir ástandi með og án hvalveiða. Einnig var m.a. gengið út frá að þáttur þorsks í fæðu hrefnunnar væri 3%. Þótt þessar niðurstöður bentu ótvírætt til þess að hrefnan væri mikilvægur þáttur í lífríki sjávar við Ísland og að stærð hrefnustofnsins gæti skipt verulegu máli varðandi nýtingu annarra auðlinda var mikil óvissa fólgin í niðurstöðunum, enda fyrirliggjandi gögn mjög takmörkuð.

Fæðusamsetning hrefnunnar hér við land var einn stærsti óvissuþátturinn og þótti því brýnt að afla frekari vitneskju um þann þátt.

Meginmarkmið hrefnurannsóknanna sem hófust 2003 er að afla grunnþekkingar á fæðuvistfræði hrefnu hér við land. Fjölmörg önnur markmið, er varða m.a. lífssögulega þætti, heilsufar, sníkjudýr og stofnerfðafræði, voru einnig sett fyrir rannsóknirnar. Sýnatöku vegna rannsóknanna lauk sl. haust og tegundagreining magainnihalds er langt komin. Aðrir þættir fæðuvistfræðirannsóknanna, svo sem aldursgreining fiska í fæðunni, hlutföll ísótópa og fitusýrugreiningar, eru styttra á veg komnir.

Frumniðurstöður tegundagreininga magainnihalds hafa verið kynntar m.a. NAMMCO, Alþjóðahvalveiðiráðinu, LÍÚ og Líffræðifélagi Íslands. Samkvæmt þeim virðist hlutfall þorsks, ýsu og annarra þorskfiska mun hærra en ætla mátti samkvæmt þeim takmörkuðu gögnum sem fyrir lágu áður og voru grundvöllur ofangreindra útreikninga.

Athyglisvert er einnig að uppistaðan í þeim bolfisk (þorsk og ýsu) sem þegar hefur verið aldursgreindur er á aldursbilinu 4–8 ára. Hins vegar er hlutfall átu og loðnu talsvert lægra en samkvæmt eldri rannsóknum. Mikill breytileiki er í fæðunni eftir svæðum við landið og einnig eru vísbendingar um að fæðusamsetning hafi breyst eftir því sem leið á söfnunartímabilið (minnkað vægi sandsílis, en aukning í ýsu og síld síðustu tvö árin). Ekki er tímabært að setja fram tölur um heildarafrán hrefnunnar á einstökum fæðutegundum fyrr en að lokinni fullnaðarvinnslu sýna og að teknu tilliti til svæðisbreytileika o.fl. í fjölstofnalíkani. Þó er ljóst að þorskur, ýsa og annar bolfiskur virðist vera mun hærra hlutfall á matseðli hrefnunnar en áður var talið, a.m.k. á umræddu árabili.

2. *Hvenær er áætlað að endanlegar niðurstöður rannsókna á fæðuvistfræði hrefnunnar liggi fyrir?*

Eins og áður segir lauk sýnatöku vegna rannsóknanna haustið 2007. Grófflokkun fæðutegunda er að mestu lokið og er stefnt að því að ljúka vinnu við aldursgreiningar fiskbráðar á þessu ári. Greiningu á hlutföllum ísótópa og fitusýra til samanburðar við niðurstöður byggðar á greiningu magainnihalds mun einnig ljúka á árinu. Í árslok 2008 munu því liggja fyrir nákvæmari niðurstöður um fæðusamsetningu hrefnunnar hér við land á umræddu tímabili. Lokahnykkur verkefnisins felst í því að setja þessar niðurstöður í fjölstofnalíkan svo að unnt verði að gera sér betur grein fyrir vistfræðilegu hlutverki hrefnunnar og hugsanlegum áhrifum á fiskstofna. Vinna við líkanagerðina mun hefjast á haustmánuðum og liggur ekki fyrir hvenær niðurstöður birtast, enda um flókið verkefni að ræða þar sem m.a. þarf að taka tillit til breyttra aðstæðna á Íslandsmiðum undanfarin missiri.

1311. Svar [637. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Jóns Bjarnasonar um lokun póstafgreiðslna og fækkun póstburðardaga.

1. *Hefur orðið stefnubreyting af hálfu stjórnvalda hvað varðar póstdreifingu og starfrækslu póstafgreiðslna, einkum í dreifbýli?*

Engin stefnubreyting hefur orðið af hálfu stjórnvalda varðandi póstdreifingu og starfrækslu póstafgreiðslna í dreifbýli. Um þá starfsemi fer samkvæmt póstlögum frá árinu 2002, reglugerð um alþjónustu og framkvæmd póstþjónustu, nr. 364/2003, reglum um staðsetningu, fyrirkomulag og öryggismál á afgreiðslustöðum fyrir póstþjónustu, nr. 504/2003, og ákvæðum í rekstrarleyfi Íslandspósts hf. sem gildir til 1. janúar 2011.

2. *Hvernig hyggst ráðherra bregðast við kæru Vesturbyggðar og Reykhólahrepps vegna áforma Íslandspósts um fækkun vikulegra póstburðardaga?*

Íslandspóstur er opinbert hlutafélag sem starfar á grundvelli laga um hlutafélög, nr. 2/1995, samþykkta Íslandspósts frá 1. mars 2007 og starfsreglna stjórnar Íslandspósts frá 30. mars 2007. Stjórnun félagsins er í höndum stjórnar og forstjóra og ber þeim aðilum m.a. að fara eftir lögum og reglugerðum um póstþjónustu. Þar er kveðið á um að Póst- og fjarskiptastofnun hafi m.a. með höndum það verkefni að setja ákvæði um skyldu rekstrarleyfishafa í póstþjónustu, setja reglur um staðsetningu og fyrirkomulag afgreiðslustaða og hafa eftirlit með framkvæmd póstþjónustunnar.

Ráðherra hefur ekki aðkomu að kæru Vesturbyggðar og Reykhólahrepps. Lögum samkvæmt fer Póst- og fjarskiptastofnun og eftir atvikum úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála með mál af þessu tagi. Ákvarðanir Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 5 og 6/2008 um fækkun dreifingardaga til hluta af íbúum þessara sveitarfélaga voru staðfestar af hálfu nefndarinnar 11. ágúst 2008.

3. *Er ráðherra kunnugt um að Íslandspóstur áformi að fækka póstburðardögum víðar og ef svo er, þá hvar?*

Ráðherra er kunnugt um að stjórn Íslandspósts tekur reglulega til athugunar einstaka þætti í rekstri fyrirtækisins og er þá m.a. horft til þess hvar sækja beri fram í rekstri þess og hvar draga megi saman. Ráðherra er ekki kunnugt um aðrar tillögur stjórnenda Íslandspósts um breytingar á póstburðardögum en nú hafa þegar komið fram og verið hafa til umfjöllunar hjá Póst- og fjarskiptastofnun, en Íslandspósti er ekki heimilt lögum samkvæmt að gera þar breytingar á án samþykkis stofnunarinnar.

Með breytingum í búsetuþróun, endurbótum samgöngumannvirkja og tækniframförum á sviði fjarskipta má gera ráð fyrir breyttu fyrirkomulagi póstdreifingar. Í tillögum þeim sem Íslandspóstur hefur gert á undanförnum árum um breytingar á póstburðardögum hafa þær meðal annars verið rökstuddar með kröfum um hagkvæmni í rekstri, óvenjuháum kostnaði á dreifingarleið vegna fækkunar íbúa, nálægð við næsta pósthús, minnkandi póstmagni á dreifingarleið, samræmi milli snjómokstursreglna og auknum kröfum um takmörkun á mengandi starfsemi.

4. *Hve mörgum póstafgreiðslum hefur verið lokað sl. tvö ár, hvar voru þær og hvaða póstafgreiðslum áformar Íslandspóstur að loka á næstu mánuðum og missirum?*

Síðastliðin tvö ár hefur átta afgreiðslustöðum Íslandspósts verið lokað en í stað þess hefur í flestum tilvikum þjónusta landpósta á viðkomandi svæðum verið aukin. Þessar lokanir hafa verið á Bakkafirði, Stokkseyri, Eyrarbakka, Stað í Hrútafirði og Flúðum, í 105 Reykjavík, 113 Reykjavík og á Keflavíkurflugvelli. Fyrir liggur nýlegt samþykki Póst- og fjarskiptastofnunar á lokun fjögurra afgreiðslna til viðbótar, þ.e. í Króksfjarðarnesi, að Laugum í Reykjadal, í Varmahlíð og í Reykholti í Borgarfirði. Aðrar tillögur um lokun póstafgreiðslna liggja ekki fyrir á þessari stundu.

Ráðherra er kunnugt um að hjá Íslandspósti er til athugunar að efla landpóstaþjónustu og loka póstafgreiðslum þess í stað í Mjóafirði, Flatey og Hrísey, auk þess sem til skoðunar er að flytja starfsemi póstafgreiðslunnar á Hellissandi í húsnæði póstafgreiðslunnar í Ólafsvík en um þessar mundir standa yfir endurbætur á því húsnæði.

5. *Hvernig hyggst ráðherra bregðast við áformum um lokun póstafgreiðslna, t.d. í Varmahlíð og víðar?*

Ráðherra hefur borist bréf frá Sveitarfélaginu Skagafjörður, dags. 5. ágúst 2008, varðandi Varmahlíð. Samkvæmt því verður afgreiðsla Íslandspósts opin í húsnæði Kaupfélags Skagfirðinga til loka nóvembers á þessu ári. Erindið hefur verið sent Póst- og fjarskiptastofnun til upplýsinga. Að öðru leyti vísast til svara við öðrum liðum fyrirspurnarinnar.

1312. Frumvarp til laga [651. mál]

um breytingu á lögum um Viðlagatryggingu Íslands, nr. 55/1992, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

10. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Eigin áhætta vátryggðs.

Eigin áhætta vátryggðs skal vera 5% af hverju tjóni, þó eigi lægri fjárhæð en hér segir:

1. Vegna lausafjár, sem vátryggt er skv. 1. mgr. 5. gr., 20.000 kr.
2. Vegna húseigna, sem vátryggðar eru skv. 1. mgr. 5. gr., 85.000 kr.
3. Vegna mannvirkja, sem vátryggð eru skv. 2. mgr. 5. gr., 850.000 kr.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að ákvarða hækkun á ofangreindum lágmarksfjárhæðum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði laganna taka til tjóna sem verða frá 25. maí 2008.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fyrir Alþingi skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar. Um athugasemdir vísast að öðru leyti til fylgiskjals I.

Fylgiskjal I.

BRÁÐABIRGÐALÖG
um breytingu ákvæða laga um Viðlagatryggingu Íslands um eigin áhættu vátryggðs.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt:

Viðskiptaráðherra hefur tjáð mér að ákvæði laga um Viðlagatryggingu Íslands, nr. 55/1992, kveði á um óeðlilega hátt lágmark eigin áhættu tjónþola á tjónum á innbúi vegna náttúruhamfara sem Viðlagatrygging Íslands bætir. Samkvæmt 10. gr. laganna skal eigin áhætta vátryggðs af hverju tjóni á innbúi vera 5%, þó eigi lægri en 40.000 kr. og skal fjárhæðin umreiknast til samræmis við gildandi vísitölu byggingarkostnaðar á hverjum tíma. Umreiknuð fjárhæð miðað við 1. apríl 2008 er 85.000 kr. og 90.800 kr. miðað við 1. júní 2008.

Í jarðskjálftanum sem átti upptök sín á Suðurlandi 29. maí sl. varð mikið tjón á innbúum þúsunda heimila á Suðurlandi. Leiðir hækkun sú er orðið hefur á vísitölu byggingarkostnaðar til þess að eigin áhætta á tjónum á innbúi þykir óeðlilega há. Telur ríkisstjórnin nauðsynlegt að bregðast við þessu nú þegar áður en uppgjörum vegna tjónanna lýkur. Þykir eðlilegt að breytingin miðist við 25. maí sl. og nái þannig til tjóns er varð í jarðskjálftunum 29. maí sl.

Til að tryggja að tjónþolar fái sanngjarnari bætur fyrir tjón sitt beri brýna nauðsyn til að nú þegar verði gerð breyting á gildandi lögum.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

10. gr. laga um Viðlagatryggingu Íslands, nr. 55/1992 orðast svo:

Eigin áhætta vátryggðs.

Eigin áhætta vátryggðs skal vera 5% af hverju tjóni, þó eigi lægri fjárhæð en hér segir:

1. Vegna lausafjár, sem vátryggt er skv. 1. mgr. 5. gr., 20.000 kr.
2. Vegna húseigna, sem tilgreindar eru í 1. tölul. og vátryggðar eru skv. 1. mgr. 5. gr., 85.000 kr.
3. Vegna mannvirkja, sem vátryggð eru skv. 2. mgr. 5. gr., 850.000 kr.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að ákvarða hækkun á ofangreindum lágmarksfjárhæðum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði laganna taka til tjóna sem verða frá 25. maí 2008.

Gjört á Bessastöðum, 7. júní 2008.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Björgvin G. Sigurðsson.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Viðlagatryggingu Íslands, nr. 55/1992, með síðari breytingum.

Markmið frumvarpsins er að staðfesta bráðabirgðalög frá 25. maí 2008 um breytingu á lögum um Viðlagatryggingu Íslands, nr. 55/1992, um lækkun eigin áhættu tjónþola vegna náttúruhamfara en bráðabirgðalögin voru sett í framhaldi af jarðskjálftunum á Suðurlandi þann 29. maí 2008.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

1313. Tillaga til þingsályktunar [652. mál]

um andstöðu við eldflaugavarnakerfi í Austur-Evrópu.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Katrín Jakobsdóttir, Árni Þór Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggjast eindregið gegn áformum Bandaríkjanna og eftir atvikum NATO um að koma upp eldflaugavarnakerfi í Austur-Evrópu. Skal þessari afstöðu komið skýrt til skila á vettvangi NATO og annars staðar þar sem við á í alþjóðasamstarfi. Jafnframt ályktar Alþingi að Ísland beiti sér fyrir því með virkum hætti að gildandi samningar um afvopnun eða takmörkun vígbúnaðar verði virtir. Eru þar einkum mikilvægir ABM-samningurinn um takmörkun gagneldflauga og gegn vígbúnaði í geimnum, samningurinn um takmörkun hefðbundins vígbúnaðar í Evrópu og NPT-samningurinn um bann við frekari útbreiðslu kjarnorkuvopna, sér í lagi 6. gr. samningsins sem kveður á um kjarnorkuafvopnun.

Greinargerð.

Áform bandarískra hermálayfirvalda um að koma upp eldflaugavarnakerfi – stjörnustríðsáætlunin svokallaða – eru ekki ný af nálinni. Óvinsældir áætlunarinnar eru hins vegar svo miklar að hún hefur ekki gengið undir sama nafni lengur en tíu ár í senn: Þegar Ronald Reagan setti hana fram árið 1983 kallaðist hún Strategic Defense Initiative, þegar Bill Clinton settist í forsetastólinn breyttist nafnið í Ballistic Missile Organization en í forsetatíð George W. Bush hefur hún heitið Missile Defense Agency. Nokkru fyrir síðustu nafnbreytingu ákváðu Bandaríkjamenn einhliða að segja upp ABM-samningnum um takmörkun gagneldflauga, einum mikilvægasta afvopnunarsamningi í sögunni, til að geta byggt eldflaugavarnakerfið upp óáreittir.

Eldflaugavarnakerfinu er ætlað að bregðast við árás (skamm-, meðal- eða langdrægra) eldflauga, annars vegar með ratsjárbúnaði til þess að staðsetja flaugarnar og stefnu þeirra og hins vegar vígtólum til þess að granda þeim áður en þær hæfa skotmark sitt. Á heimasíðu Missile Defense Agency er að finna margvíslegar hugmyndir að slíkum vopnum: gagneldflaugar frá landi eða herskipum, flugvélar með leysigeislabyssur eða jafnvel leysigeislabyssur svífandi á braut yfir lofthjúpi jarðar. Vopnaframleiðendur hafa beitt sér ötullega fyrir því að Bandaríkin og NATO hrindi áformum um slíkt eldflaugavarnakerfi í framkvæmd enda er þeim mikill fjárhagslegur akkur í því að fá að vinna að smíði þessara reyfarakenndu vopna á næstu árum og áratugum. Ljóst er að það mun kosta gríðarlega fjármuni að byggja upp slíkt kerfi enda þótt enn sé allt á huldu um hvort þau áform séu á annað borð framkvæmanleg.

Það má heita óumdeilt að uppsetning og tilvist eldflaugavarnakerfis af þessu tagi er ekki til þess fallið að stuðla að afvopnun og friðsamlegri sambúð þjóða. Þvert á móti eru eldflaugavarnir líklegar til að stuðla að frekari vígbúnaði almennt, en einkum þó í þeim löndum sem þær beinast sérstaklega gegn, sbr. vígbúnaðarkapphlaupið á seinni hluta 20. aldarinnar. Ef árásaraðili hefur í hyggju að hæfa skotmark sitt mun hann umfram allt leggja áherslu á að framleiða sem flestar eldflaugar og yfirgnæfa þannig viðbragðsgetu slíks eldflaugavarnakerfis. Virtir sérfræðingar á sviði vígbúnaðarmála hafa einnig bent á að ef ríki eða uppreisnar- eða hryðjuverkahópar ætli sér að koma kjarnorkusprengjum eða öðrum gereyðingarvopnum að skotmarki í fjarlægu landi sé mun líklegra að til þess verði notaðar aðrar flutningaleiðir en háloftin með eldflaugum. Eins og ávallt hefur vígvæðing í einu ríki í för með

sér að nágrannaríki þess vígvæðast að sama skapi. Raunar er fyrirsjáanleg vígvæðing í framhaldinu af eldflaugavarnakerfi Bandaríkjanna og NATO þegar hafin, því Rússar hafa svarað þessum fyrirætlunum með því að segja upp samningnum um takmörkun hefðbundins vígbúnaðar í Evrópu og jafnvel gefið í skyn að þeir muni aftur reyna að staðsetja kjarnorkuvopn á Kúbu. Hætta er á því að sú afvopnunarstefna á sviði kjarnorkuvígbúnaðar, sem átt hefur að heita við lýði frá lokum kalda stríðsins, heyri þar með brátt sögunni til.

Eins og gefur að skilja hefur andstaðan við þessar hugmyndir verið mikil, ekki síst í þeim löndum sem eiga eftir að hýsa kerfið og verða þar af leiðandi að skotmarki ef til styrjaldar kæmi. Þótt meiri hluti heimamanna í Póllandi, þar sem Bandaríkjamenn vilja reisa eldflaugaherstöð, hafi lengi verið mótfallinn áætlununum skrifuðu stjórnvöld þar í landi nýlega undir samkomulag um að eldflaugavarnakerfið yrði hýst þar, með þeim skilyrðum að í Póllandi yrði einnig komið fyrir svokölluðum Patriot-eldflaugum. Í Tékklandi, þar sem áætlað er að koma fyrir ratsjárstöðvum, mældist andstaða heimamanna tæplega 70% í skoðanakönnun í júní á þessu ári. Ríkisstjórn Tékklands hefur fyrir sitt leyti samþykkt frumsamkomulag við Bandaríkin um málið en virðist ólíkleg til þess að leggja það til samþykktar fyrir þingið, þar sem hún hefur ekki meirihlutastuðning, fyrir kosningar 2010.

Á vettvangi NATO var sérstaklega tekið undir mikilvægi eldflaugavarnakerfisins fyrir Evrópu og lagt til að það yrði útvíkkað og að NATO tæki meiri þátt í uppbyggingu þess. Hér er lagt til að íslensk stjórnvöld beiti sér fyrir því að hætt verði við uppbyggingu kerfisins. Andstaða af þessu tagi er ekki óþekkt í ríkisstjórnum annarra landa. Í stjórnarsáttmála norsku ríkisstjórnarinnar segir: „Regjeringen vil at Norge skal arbeide for å skrinlegge dagens planer for rakettforsvar, og ta initiativ til et økt fokus på tidlig varsling og forebygging av konflikter.“ (Soria Moria-erklæringen, 2. kafli.) Í samræmi við sáttmálann hafa Norðmenn svo beitt sér á vettvangi NATO fyrir því að hætt verði við uppbyggingu eldflaugavarnakerfisins í Póllandi og Tékklandi en ekki notið við það stuðnings frá Íslandi svo vitað sé.

Hér er jafnframt lagt til að Ísland stuðli að því að ýmsir alþjóðlegir afvopnunarsáttmálar verði virtir á alþjóðavettvangi. Eldflaugavarnakerfið brýtur gegn eða grefur undan öllum þessum samningum. Það á ekki síst við um afvopnunarákvæði NPT-samningsins um bann við frekari útbreiðslu kjarnorkuvopna, þar sem samningsaðilar skuldbinda sig í 6. gr. „til þess að halda áfram í góðri trú samningum um raunhæfar ráðstafanir varðandi stöðvun kjarnorkuvopnakapphlaupsins innan skamms tíma og eyðingu kjarnavopna og um samning um almenna og algjöra afvopnun undir ströngu og raunhæfu, alþjóðlegu eftirliti.“ Ísland er að sjálfsögðu aðili að samningnum eins og næstum öll önnur ríki heims.

1314. Fyrirspurn [653. mál]

til iðnaðarráðherra um aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri í smáum og meðalstórum fyrirtækjum.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hvernig er nú um stundir unnið að framkvæmdaáætlun um aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri í smáum og meðalstórum fyrirtækjum, sbr. ályktun Alþingis 16. mars 2004 (33. mál 130. löggjafarþings)?

2. Hverju sætir að framkvæmdaáætlunin hefur ekki enn verið lögð fyrir Alþingi, sbr. niðurlag ályktunarinnar, og hvenær er þess að vænta?
3. Hvers vegna hefur Alþingi ekki heldur verið gerð grein fyrir stöðu mála með framvinduskýrslu eins og einnig er kveðið á um í ályktuninni?

1315. Fyrirspurn [654. mál]

til heilbrigðisráðherra um MS-sjúklinga og lyfið Tysabri.

Frá Valgerði Sverrisdóttur.

Hefur ráðherra í hyggju að gefa fleiri MS-sjúklingum en þeim sem þegar hafa fengið lyfið Tysabri færi á notkun lyfsins? Ef svo er, hvenær mega sjúklingarnir eiga von á að fá lyfið?

1316. Fyrirspurn [655. mál]

til fjármálaráðherra um skuld ríkisins við verktakafyrirtækið Impregilo.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hver er heildarupphæð skuldar ríkisins við verktakafyrirtækið Impregilo orðin í dag að meðtöldum dráttarvöxtum, sbr. dóm Hæstaréttar 20. september 2007?
2. Hverju sætir að skuldin hefur ekki verið gerð upp eða a.m.k. borgað inn á hana til að draga úr kostnaði vegna dráttarvaxta?
3. Hverjar voru ástæður þess að fjármálaráðuneytið tók uppgjör málsins úr höndum ríkisskattstjóra?

1317. Fyrirspurn [656. mál]

til viðskiptaráðherra um beinar aðgerðir til að jafna flutningskostnað.

Frá Jóni Bjarnasyni.

1. Hvenær hyggst ríkisstjórnin uppfylla loforð um aðgerðir til að jafna flutningskostnað á landsbyggðinni sem koma áttu til framkvæmda nú í ár?
2. Hvernig hefur fé sem ætlað var af fjárlögum til þessara jöfnunaraðgerða verið ráðstafað?

Skriflegt svar óskast.

1318. Fyrirspurn [657. mál]

til forsætisráðherra um örorkumats- og starfsendurhæfingarnefnd.

Frá Birki J. Jónssyni.

Hvenær má vænta þess að örorkumats- og starfsendurhæfingarnefnd ljúki störfum?

1319. Fyrirspurn [658. mál]

til menntamálaráðherra um námslán námsmanna erlendis.

Frá Birki J. Jónssyni.

Hvernig hyggst ráðherra koma til móts við námsmenn erlendis sem hafa orðið fyrir verulegri skerðingu námslána vegna veikingar íslensku krónunnar?

1320. Fyrirspurn [659. mál]

til samgönguráðherra um jarðgöng og vegagerð á sunnanverðum Vestfjörðum.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

Hvenær verður gerð jarðganga milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar boðin út? Verður gerð nýs vegar um Dynjandisheiði boðin út samhliða?

1321. Nefndarálit [523. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 81/2003, um fjarskipti, með síðari breytingum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Karl Alvarsson og Maríu Rún Bjarnadóttur frá samgönguráðuneytinu, Gest G. Gestsson frá Vodafone, Auði Ingu Ingvarsdóttur og Hallmund Albertsson frá Símanum hf. – Skipti og Harald I. Birgisson frá Viðskiptaráði Íslands. Jafnframt bárust nefndinni umsagnir frá Ríkisútvarpinu, Skipti hf. (Síminn hf. og Míla ehf.), Viðskiptaráði Íslands, ríkislögreglustjóra, Og fjarskiptum ehf. og Alþýðusambandi Íslands.

Frumvarpinu er ætlað að innleiða ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 717/2007, um reiki á almennum farsímanetum innan bandalagsins, og um breytingar á

tilskipun 2002/21/EB sem kveður m.a. á um hámarksverð í heild- og smásölu fyrir símtöl í reiki í farsímanetum. Frumvarpinu er einnig ætlað að efla neytendavernd og styrkja heimildir Póst- og fjarskiptastofnunar til að leggja smásölukvaðir á fjarskiptafyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk. Þá eru felld niður sérstök ákvæði um heimild Póst- og fjarskiptastofnunar til að kveða á um skyldu fjarskiptafyrirtækja til að veita innanlandsreiki í farsímanetum en önnur almenn ákvæði fjarskiptalaga sem kveða á um aðgang að netum og þjónustu í VII. kafla eru talin nægja.

Á fundum sínum ræddi nefndin m.a. nýja heimild Póst- og fjarskiptastofnunar til að leggja smásölukvaðir á fyrirtæki telji hún að heildsölukvaðir muni ekki skila tilætluðum árangri. Stofnunin hefur til þessa eingöngu haft heimild til að leggja á heildsölukvaðir til að efla virka samkeppni og tryggja hagsmuni notenda. Nefndin varð vör við nokkra gagnrýni á þessa nýju heimild stofnunarinnar þar sem bent var á að eðlilegt væri að einungis yrði gripið til smásölukvaða þegar og ef heildsölukvaðir dygðu ekki. Nefndin áréttar að einungis verði gripið til smásölukvaða, skv. 2. gr. frumvarpsins, ef stofnunin telur að heildsölukvaðir skili ekki tilætluðum árangri. Nefndin telur því ekki þörf á breytingu hvað þetta varðar.

Nefndin fjallaði einnig um neytendavernd þá sem frumvarpinu er ætlað að styrkja. Í 3. gr. frumvarpsins er kveðið á um hámarksverð í heild- og smásölu fyrir reikisímtöl í farsímanetum. Er greininni ásamt öðrum frumvarpsákvæðum m.a. ætlað að ná fram því markmiði reglugerðar nr. 717/2007 að notendur farsímaneta innan Evrópska efnahagssvæðisins borgi hóflegt verð fyrir reikiþjónustu innan EES þegar þeir hringja eða svara símtölum í farsímaþjónustu. Umsagnaraðilar gagnrýndu ákvæðið þar sem ekki er gert ráð fyrir að hægt sé að gefa reikiverð upp í öðrum gjaldmiðli en íslenskum krónum. Reikiverð er ákveðið til eins árs og lækkun á gengi íslensku krónunnar getur því haft áhrif á framlegð af reikisímtölum. 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins kveður á um að samgönguráðherra setji reglugerð um reiki þar sem m.a. skal kveða á um hámarksverð fyrir reikisímtöl. Listinn sem gefinn er upp í ákvæðinu er ekki tæmandi og því eðlilegt að í reglugerðinni séu einnig reglur varðandi önnur atriði tengd reikiverði.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Árni Johnsen var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. sept. 2008.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, form., frsm.	Ármann Kr. Ólafsson.	Árni Þór Sigurðsson.
Guðjón A. Kristjánsson.	Guðni Ágústsson.	Herdís Þórðardóttir.
Karl V. Matthíasson.		Ólöf Nordal.

1322. Nefndarálit [522. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Póst- og fjarskiptastofnun, nr. 69/2003.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Karl Alvarsson og Maríu Rún Bjarnadóttur frá samgönguráðuneytinu, Gest G. Gestsson frá Vodafone, Auði Ingu Ingvarsdóttur og Hallmund Albertsson frá Símanum hf. – Skipti og Harald I. Birgisson frá Viðskiptaráði Íslands.

Nefndinni bárust umsagnir um málið frá Persónuvernd, Ríkisútvarpinu, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Póst- og fjarskiptastofnun, Samtökum atvinnulífsins, Skipti hf. (Síminn hf. og Míla ehf.), Viðskiptaráði Íslands, Og fjarskiptum ehf. (Vodafone) og ríkislögreglustjóra.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar sem varða m.a. endurskoðun á ákvörðunum Póst- og fjarskiptastofnunar. Þá er lagt til að Póst- og fjarskiptastofnun geti skotið úrskurðum úrskurðarnefndar um fjarskipta- og póstmál til dómstóla. Loks er lagt til að ráðherra skipi í nefndina án sérstakrar tilnefningar Hæstaréttar. Þá er einnig lagt til að tekið skuli upp gjald vegna málskots lögaðila til úrskurðarnefndar og lagðar til breytingar á málsmeðferðartíma og málshöfðunarfrestum. Loks er lögð til breyting er varðar eftirlitsúrræði Póst- og fjarskiptastofnunar gagnvart öðrum en fjarskiptafyrirtækjum og póstrekendum.

Nefndin ræddi á fundum sínum fjölmörg atriði, m.a. skipun nefndarinnar, skipunartíma nefndarinnar, málskotsgjaldið og heimild úrskurðarnefndarinnar til að skjóta málum til dómstóla. Nefndin telur að meiri festa og aukin sérþekking og samræmi fáist í úrskurðum nefndarinnar ef hún er skipuð til lengri tíma eins og gert er ráð fyrir í gildandi lögum og fellst því ekki á þá breytingu sem lögð er til í frumvarpinu um að stytta skipunartímann.

Nefndin ræddi einnig um styttingu áfrýjunartímans úr sex mánuðum í þrjá. Telur nefndin að þar sem oft sé um að ræða mjög flókin álitaefni í þessum málum vegi það þyngra en sá ávinningur að fá niðurstöðu fyrr. Þá telur nefndin það enn fremur samræmast þeirri breytingu frumvarpsins um að úrskurðir nefndarinnar skuli liggja fyrir innan tólf vikna í stað átta eins og í gildandi lögum. Leggur nefndin því til að tillaga frumvarpsins um styttingu áfrýjunartímans verði felld brott.

Þá ræddi nefndin þá tillögu frumvarpsins að Póst- og fjarskiptastofnun geti skotið úrskurðum úrskurðarnefndar um fjarskipta- og póstmál til dómstóla en á fundum nefndarinnar kom fram að stofnunin gæti haft mikla hagsmuni af því að fá úrskurði nefndarinnar endurskoðaða eins og aðrir aðilar kærumála. Nefndin fellst á þau sjónarmið en telur hins vegar mikilvægt að þessi heimild verði einungis notuð í undantekningartilfellum og þá með samþykki ráðherra og leggur til breytingu í þá veru.

Nefndin ræddi einnig á fundum sínum gjaldtökuheimildina sem lögð er til í frumvarpinu en þar er kveðið á um að taka skuli gjald vegna málskots fjarskiptafyrirtækja og póstrekenda til úrskurðarnefndar. Telur nefndin rétt að taka fram að ekki er tekið gjald vegna málskots einstaklinga til úrskurðarnefndarinnar. Nefndin telur þó nauðsynlegt að gera nokkrar breytingar á ákvæðinu þar sem hún telur að hvorki séu forsendur fyrir því eða réttlætanlegt að mismuna fyrirtækjum við gjaldtökuna eftir veltu þeirra. Telur nefndin eðlilegra að úrskurðarnefndin líti til þess við ákvörðun málskostnaðar að tapist mál í grundvallaratriðum skal sá málsaðili sem tapar greiða málskostnað.

Loks leggur nefndin til smávægilegar breytingar á reglugerðarákvæði frumvarpsins til að afmarka frekar heimildir ráðherra til að setja reglugerð um starfsemi nefndarinnar, m.a. um að afmarkað verði í reglugerðinni umfang sérfræðikostnaðar og um skiptingu kostnaðar vegna málareksturs fyrir nefndinni.

Þá leggur nefndin til að samgönguráðherra skuli skipa úrskurðarnefnd eigi síðar en 1. janúar 2009.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt með breytingum** sem lagðar eru til á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 3. sept. 2008.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, form., frsm.	Ólöf Nordal.	Herdís Þórðardóttir.
Karl V. Matthíasson.	Árni Þór Sigurðsson, með fyrirvara.	Guðni Ágústsson.
Ármann Kr. Ólafsson.		Guðjón A. Kristjánsson.

1323. Breytingartillögur [522. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um Póst- og fjarskiptastofnun, nr. 69/2003.

Frá samgöngunefnd.

1. 2. gr. orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:
   a. Orðin „allir eftir tilnefningu Hæstaréttar“ í 3. málsl. 1. mgr. falla brott.
   b. Í stað orðsins „átta“ í 2. mgr. kemur: tólf.
   c. 3.–5. mgr. orðast svo:

      Nú vill aðili ekki una úrskurði nefndarinnar og getur hann þá borið úrskurðinn undir dómstóla, en slíkt mál skal höfða innan sex mánaða frá því að viðkomandi fékk vitneskju um úrskurð nefndarinnar. Póst- og fjarskiptastofnun getur í undantekningartilfellum borið úrskurð nefndarinnar undir dómstóla enda liggi fyrir samþykki ráðherra. Málshöfðun frestar ekki gildistöku úrskurða nefndarinnar.

      Aðili getur borið ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar undir dómstóla án þess að mál sé fyrst borið undir úrskurðarnefnd. Slíkt mál skal höfðað innan þriggja mánaða frá því að viðkomandi fékk vitneskju um ákvörðun stofnunarinnar. Málshöfðun frestar ekki réttaráhrifum ákvarðana stofnunarinnar. Málskot til dómstóla hindrar að úrskurðarnefnd sé heimilt að taka kæru til málsmeðferðar.

      Taka skal gjald vegna málskots fjarskiptafyrirtækja og póstrekenda til úrskurðarnefndar og málsmeðferðar fyrir nefndinni. Gjaldið skal taka mið af kostnaði vegna þóknunar nefndarmanna, reksturs málsins fyrir nefndinni, starfsaðstöðu, sérfræði-

aðstoð og gagnaöflun. Tapist mál í grundvallaratriðum skal sá málsaðili sem tapar að jafnaði greiða málskostnað. Nefndin kveður á um fjárhæð og skiptingu gjalds í úrskurðarorðum sínum. Ekki er heimilt að gera notendum fjarskipta- og póstþjónustu eða Póst- og fjarskiptastofnun að greiða gjald samkvæmt ákvæði þessu. Gjöld samkvæmt þessari grein eru aðfararhæf.

d. Við greinina bætast tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Þóknun úrskurðarnefndar vegna málskots notenda fjarskipta- og póstþjónustu og málsmeðferðar fyrir nefndinni skal ákveðin af ráðherra og greiðist úr ríkissjóði. Úrskurðarnefnd getur að fengnu samþykki samgönguráðherra ráðið nefndinni starfslið, kallað sérfróða menn sér til aðstoðar eða falið sjálfstætt starfandi aðila að sjá um skrifstofuhald fyrir nefndina.

Um starfshætti úrskurðarnefndarinnar, starfslið, sérfræðiaðstoð og umfang hennar, skrifstofuhald, starfsstöð, málsmeðferð, birtingu og aðfararhæfi, frestun réttaráhrifa, útgáfu úrskurða nefndarinnar, málskotsgjöld og kostnað lögaðila, skiptingu kostnaðar og aðra þætti er lúta að starfsumhverfi nefndarinnar skal mælt fyrir í reglugerð sem ráðherra setur.

2. Í stað „1. júlí 2008“ í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða komi: 1. janúar 2009.

1324. Frumvarp til laga [660. mál]

um breytingu á vopnalögum, nr. 16 25. mars 1998, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Í stað 2. málsl. 3. mgr. 13. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Kostnaður vegna námskeiða og prófa greiðist með gjaldi sem ráðherra ákveður að fengnum tillögum ríkislögreglustjóra. Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um námskeið þessi og próf, þ.m.t. námskeiðs- og prófagjöld.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpinu er lagt til að lögfest verði heimild til handa ráðherra til að ákveða fjárhæð gjalds sem þeir skulu greiða sem sækja námskeið og taka próf í meðferð og notkun skotvopna og að nánari útfærsla þess verði í reglugerð.

Samkvæmt 3. mgr. 13. gr. vopnalaga skulu umsækjendur um skotvopnaleyfi sækja námskeið í meðferð og notkun skotvopna. Skal ráðherra setja í reglugerð ákvæði um slík námskeið og próf. Í 2. mgr. 27. gr. reglugerðar um skotvopn, skotfæri o.fl., nr. 787/1998, er gert ráð fyrir að ríkislögreglustjóri annist framkvæmd skotvopnanámskeiða og prófa og setji reglur um framkvæmd námskeiða og gerð kennsluefnis. Þá er ríkislögreglustjóra heimilt að fela öðrum framkvæmd námskeiðanna skv. 3. mgr. 27. gr. reglugerðarinnar. Ríkislögreglustjóri hefur um árabil falið Umhverfisstofnun að annast framkvæmd skotvopnanámskeiða

samkvæmt sérstöku samkomulagi. Samhliða skotvopnanámskeiðum heldur Umhverfisstofnun svonefnd veiðikortanámskeið sem halda ber samkvæmt lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994. Gjald fyrir skotvopnanámskeið hefur verið um 20.000 kr. fyrir hvern þátttakanda og miðast gjaldið við það að standa straum af útlögðum kostnaði. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að nánari útfærsla námskeiðs- og prófagjalda verði í reglugerð. Í gildandi lögum er heimild fyrir ráðherra til að setja í reglugerð ákvæði um námskeiðin og prófin. Nefndin vill árétta að sú heimild tekur einnig til þess að gera nánari grein fyrir námskeiðs- og prófagjöldum.

1325. Frumvarp til laga [661. mál]

um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

Flm.: Ögmundur Jónasson, Jón Bjarnason.

1. gr.

Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Fjármálafyrirtæki getur einungis fengið eina tegund starfsleyfis skv. 1. mgr.

2. gr.

1. málsl. 2. mgr. 21. gr. laganna orðast svo: Auk þjónustu skv. 20. gr. er viðskiptabönkum, sparisjóðum og lánafyrirtækjum heimilt að stunda hliðarstarfsemi, enda sé hún í eðlilegu framhaldi af fjármálaþjónustu fyrirtækisins í þágu viðskiptaaðila sinna og samrýmist reglum sem viðskiptaráðherra setur þar um að fengnum tillögum Fjármálaeftirlitsins.

3. gr.

22. gr. laganna orðast svo:

Viðskiptabönkum og sparisjóðum er því aðeins heimilt að stunda aðra starfsemi en þá sem um getur í þessum kafla að hún sé tímabundin og í þeim tilgangi að ljúka viðskiptum.

Lánafyrirtækjum er því aðeins heimilt að stunda aðra starfsemi en þá sem um getur í þessum kafla að hún sé tímabundin og í þeim tilgangi að ljúka viðskiptum eða til að endurskipuleggja starfsemi viðskiptaaðila. Tilkynning hér að lútandi skal send Fjármálaeftirlitinu.

Viðskiptabönkum, sparisjóðum og lánafyrirtækjum er heimilt að yfirtaka eignir til að tryggja fullnustu kröfu. Eignirnar skulu seldar jafnskjótt og hagkvæmt er.

Ef viðskiptabankar, sparisjóðir eða lánafyrirtæki stunda aðra starfsemi en þá sem um getur í þessum kafla, sbr. 1. og 2. mgr., eða yfirtaka eignir, sbr. 3. mgr., er þeim skylt að tryggja að aðkoma þeirra að viðkomandi rekstri eða eignaumsýslu skekki ekki samkeppni á viðkomandi sviði.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þetta frumvarp var áður lagt fram á 130. löggjafarþingi en náði þá ekki fram að ganga og er því endurflutt. Svo hafa mál reyndar skipast í íslensku fjármálalífi að nú er brýnna en nokkru sinni að lögfesta þær breytingar á lagaumhverfi íslenskra fjármálafyrirtækja sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir.

Með frumvarpinu er lagt til að þrengri skorður verði settar svokallaðri hliðarstarfsemi viðskiptabanka, sparisjóða og lánafyrirtækja, sbr. 21. gr. laganna.

Veigamesta breyting frumvarpsins felst þó í því að takmarka starfsheimildir viðskiptabanka og sparisjóða með þeim hætti að þeim verði óheimilt að kaupa verðbréf eða hlutabréf í fyrirtækjum í því skyni að endurskipuleggja starfsemi viðskiptaaðila, sameina hana annarri starfsemi, skrá viðkomandi verðbréf og selja þau almenningi. Slík starfsemi hefur verið flokkuð sem fjárfestingarbankastarfsemi og gerir frumvarpið ráð fyrir því að einungis lánafyrirtækjum eins og þau eru skilgreind í lögunum verði heimil slík starfsemi. Með þessu er framkallaður skýr aðskilnaður milli viðskiptabanka- og fjárfestingarbankastarfsemi. Þá er í frumvarpinu lögð sú skylda á herðar fjármálafyrirtækja sem stunda tímabundið aðra starfsemi skv. 22. gr. að tryggja að aðkoma þeirra skekki ekki samkeppni á viðkomandi sviði. Í þessu felst t.d. að banka yrði með öllu óheimilt að fjármagna taprekstur fyrirtækis á samkeppnismarkaði og gera því kleift að keppa með ósanngjörnum hætti við samkeppnisaðila með undirboðum eða öðrum slíkum aðferðum í skjóli hins öfluga fjármálalega bakhjarls.

Þótt ekki sé beinlínis gert ráð fyrir því í lögunum að fyrirtæki hafi fleiri en eitt starfsleyfi er að því er virðist heldur ekkert sem bannar það. Af þeim sökum er lagt til í 1. gr. frumvarpsins að kveðið verði skýrt á um það í lögunum að fjármálafyrirtæki geti einungis starfað á grundvelli einnar tegundar af starfsleyfi á hverjum tíma. Þetta er nauðsynlegt til að koma í veg fyrir að sama fjármálafyrirtækið fái starfsleyfi bæði sem viðskiptabanki og lánafyrirtæki og haldi þar með óbreyttum starfsheimildum.

Íslenskir viðskiptabankar hafa gerst mjög umsvifamiklir fjárfestar í atvinnufyrirtækjum og á fjármálamarkaði bæði hér á landi og víðs vegar um heim. Margt er óljóst um hve traustar þessar fjárfestingar eru. Hitt er deginum ljósara að komist bankarnir í þrot sem fjárfestingarsjóðir er sá hluti starfsemi þeirra sem snýr að almennum lánaviðskiptum við einstaklinga og fyrirtæki jafnframt hruninn. Við slíkar aðstæður hefur samfélagið þurft að hlaupa undir bagga (sbr. bankakreppur í Kanada, á Norðurlöndum og víðar á tíunda áratug síðustu aldar) og má þegar heyra slíkar óskir úr heimi fjármálanna varðandi íslensku bankana. Ótækt er að brask á fjármálamörkuðum sé á ábyrgð skattgreiðenda þótt hitt sé víst að hrun viðskiptabanka komi öllu samfélaginu í koll. Af þessum sökum er meðal annars nauðsynlegt að aðgreina með skýrum og afgerandi hætti fjárfestingarstarfsemi og almenn lánaviðskipti.

Á undanförnum missirum hefur komið í ljós að sá lagarammi og þær takmarkanir sem fjármálafyrirtækjum eru settar duga engan veginn til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra. Raddir eru uppi um að svokallaðir „kínamúrar“ innan fjármálafyrirtækja haldi ekki og þar með efasemdir um að hagsmunum allra viðskiptavina sé gert jafnhátt undir höfði. Það er hverju fjármálafyrirtæki afar mikilvægt að forðast hvers konar hagsmunaárekstra. Í þessu sambandi er til að mynda augljóst að fjármálafyrirtæki getur enn síður en ella þjónað tveimur samkeppnisfyrirtækjum með trúverðugum hætti ef bankinn er stór eigandi í öðru þeirra. Svipað má segja um þær aðstæður sem koma upp ef fjármálafyrirtæki er annars vegar viðskiptabanki fyrirtækis en hins vegar að versla með eignarhluti í sama fyrirtæki fyrir eigin reikning. Á undanförnum missirum hafa fjármálafyrirtæki gerst umsvifamikil í kaupum og sölu á fyrirtækjum og beinir gerendur í ýmiss konar sviptingum þar sem tekist er á um hagnaðarvonir,

völd og áhrif í viðskiptalífinu. Það er skoðun flutningsmanna að þessi mál séu komin úr böndunum og að óhjákvæmilegt sé að setja umsvifum fjármálafyrirtækjanna ákveðnari skorður í þessum efnum en núgildandi lög gera ráð fyrir og eins og þau hafa verið túlkuð og framkvæmd. Við kringumstæður sem þessar er það skylda löggjafans að skerast í leikinn til að vernda hagsmuni almennra viðskiptavina bankanna og til að takmarka líkur á því að hagsmunaárekstrar verði.

1326. Frumvarp til laga [662. mál]

um breytingu á lögum nr. 97/2008, um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðisnefnd.

1. gr.

Við 13. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þó skal ákvæði 10. gr., hvað varðar smásöluaðila, taka gildi 1. janúar 2009.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpinu er lagt til að frestað verði að hluta gildistöku 10. gr laga nr. 97/2008, um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum, til 1. janúar 2009 og þá eingöngu hvað varðar smásölu lyfja. Þær breytingar er snúa að afslætti af lyfjum í smásölu haldist þannig í hendur við nýtt greiðsluþátttökukerfi lyfja sem fyrirhugað er að komi til framkvæmda á sama tíma.

1327. Framhaldsnefndarálit [613. mál]

um frv. til l. um sjúkratryggingar.

Frá meiri hluta heilbrigðisnefndar.

Málinu var vísað til nefndarinnar að lokinni 2. umræðu og hefur hún fjallað um málið á ný og fengið á sinn fund Vilborgu Hauksdóttur og Unu Björk Ómarsdóttur frá heilbrigðisráðuneyti, Sigríði Lillý Baldursdóttur og Kristján Guðjónsson frá Tryggingastofnun ríkisins, Benedikt Jóhannesson frá sjúkratryggingastofnun, Stefán Úlfarsson frá ASÍ, Helgu Jónsdóttur og Kristínu Á. Guðmundsdóttur frá BSRB, Friðrik Sigurðsson og Gerði Árnadóttur frá Þroskahjálp, Lilju Þorgeirsdóttur frá Öryrkjabandalagi Íslands, Helga Hróðmarsson frá Sambandi íslenskra berklasjúklinga, Helgu Þórisdóttur frá Lyfjastofnun, Elísabetu Gísladóttur frá umboðsmanni barna, Pál Gunnar Pálsson og Guðmund Sigurðsson frá Samkeppniseftir-

litinu, Auði Ólafsdóttur og Mundínu Kristjánsdóttur frá Félagi íslenskra sjúkraþjálfara, Birnu Jónsdóttur og Gunnar Ármannsson frá Læknafélagi Íslands, Sigurjón Benediktsson, Sigurð Benediktsson og Ingibjörgu S. Benediktsdóttur frá Tannlæknafélagi Íslands, Guðlaugu Einarsdóttur, Báru Hildi Jóhannsdóttur og Ástráð Haraldsson frá Ljósmæðrafélagi Íslands, Kristínu Þóru Harðardóttur frá Reykjavíkurborg og Guðjón Bragason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Nefndinni bárust umsagnir um málið frá Sunnuhlíð – hjúkrunarheimili, Matvæla- og næringarfræðafélagi Íslands, Félagi sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara, Háskólanum á Akureyri, Tryggingastofnun ríkisins, Akureyrarbæ, Lyfjastofnun, Tannlæknafélagi Íslands, Droplaugarstöðum – hjúkrunarheimili, Persónuvernd, Háskóla Íslands – hjúkrunarfræðideild, Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, Alþýðusambandi Íslands, Félagi eldri borgara og Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, mannauðsskrifstofu Reykjavíkurborgar, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Landssambandi eldri borgara.

Á fundum sínum ræddi nefndin um það ákvæði frumvarpsins þar sem Tryggingastofnun ríkisins er falið að annast reikningshald og daglega afgreiðslu slysatrygginga í umboði heilbrigðisráðherra þar til ný lög um slysatryggingar taka gildi, sbr. ákvæði a-liðar 12. tölul. 57. gr., en fram kom að vinna við gerð frumvarps til laga um slysatryggingar hefur dregist og mun taka lengri tíma en áætlað var. Þá kom einnig fram að slysatryggingar væru eðlislíkar sjúkratryggingum og hafa verið á sama sviði innan Tryggingastofnunar ríkisins sem samkvæmt frumvarpinu færist til sjúkratryggingastofnunar. Telur meiri hlutinn því við nánari athugun heppilegt að leggja til breytingar á frumvarpinu í þá veru að slysatryggingar færist einnig undir sjúkratryggingastofnunina enda einungis tæknileg útfærsla sem felur ekki í sér neinar efnislegar breytingar á réttindum eða hagsmunum einstaklinga.

Meiri hlutinn leggur einnig til smávægilega efnislega breytingu á 57. gr. frumvarpsins sem varðar lög um almannatryggingar og samræmist þeirri breytingu sem meiri hluti nefndarinnar lagði til við 2. umræðu frumvarpsins sl. vor. Meiri hlutinn leggur til að í stað þess að þeim heilbrigðisstarfsmönnum sem ábyrgð bera á vörslu sjúkraskráa sé skylt að veita læknum, eða eftir atvikum tannlæknum, Tryggingastofnunar ríkisins, eða eftir atvikum sjúkratryggingastofnunarinnar, þær upplýsingar sem stofnununum eru nauðsynlegar til ákvörðunar um greiðslu bóta, endurgreiðslu reikninga og vegna eftirlitshlutverks stofnananna, sem og að skoða þann hluta sjúkraskrár sem reikningsgerð á hendur stofnununum er byggð á, verði skylt að veita læknum og hlutaðeigandi heilbrigðisstarfsmönnum þær upplýsingar sem stofnununum eru nauðsynlegar.

Í nefndaráliti meiri hluta heilbrigðisnefndar við 2. umræðu um frumvarpið var lögð áhersla á mikilvægi þess að stofnunin hefði virkt eftirlit með gæðum og árangri starfsemi þeirra sem veita heilbrigðisþjónustu samkvæmt samningum við sjúkratryggingastofnunina. Í því skyni lagði meiri hlutinn til breytingu á frumvarpinu þar sem skerpt var á þessu hlutverki hinnar nýju stofnunar með því að í stað þess að stofnunin geti ákveðið að setja í samninga ákvæði sem ætlað er að stuðla að gæðum og árangri þjónustunnar, m.a. um gæðastjórnunarkerfi og vottun þeirra, faggildingu, árangursmælingar og upplýsinga- og skýrslugjöf, sé kveðið skýrar á um þetta eftirlit, þ.e. að stofnunin skuli setja slík ákvæði í þessa samninga. Í ferð heilbrigðisnefndar til Stokkhólms, sem farin var seinni hluta ágústmánaðar til að kynnast framkvæmd sjúkratrygginga í Svíþjóð, varð nefndinni enn frekar ljóst mikilvægi þessa þáttar í starfsemi stofnunarinnar. Því vill meiri hlutinn styrkja þennan þátt í starfsemi hinnar nýju stofnunar enn frekar og leggur til breytingu á 5. gr. frumvarpsins um hlutverk stofnunarinnar. Leggur meiri hlutinn til að nýjum tölulið verði skotið inn í 3. mgr. 5. gr. frumvarpsins

á eftir 4. tölul., svohljóðandi: 5. Að hafa eftirlit með gæðum og árangri starfsemi þeirra sem veita heilbrigðisþjónustu samkvæmt samningum, sbr. IV. kafla. Þannig verði skilgreint hlutverk stofnunarinnar skv. 5. gr. frumvarpsins ekki aðeins bundið við að annast framkvæmd sjúkratrygginga og sjá um samninga um kaup og endurgjald fyrir heilbrigðisþjónustu, auk annarra verkefna sem stofnuninni er falið, heldur verði einnig skilgreint hlutverk stofnunarinnar að setja gæða- og árangursviðmið um þá þjónustu sem keypt er og hafa eftirlit með þeim viðmiðum í starfsemi þeirra sem veita heilbrigðisþjónustu samkvæmt samningum við sjúkratryggingastofnunina. Þess má geta að þegar er gert ráð fyrir að um 5–7 manns verði ráðnir til slíkra starfa hjá hinni nýju stofnun samkvæmt þeim áætlunum um mannafla sem nú liggja fyrir.

Í nefndinni var nokkuð rætt um reglugerðarheimild til handa ráðherra, sem er að finna í 55. gr. frumvarpsins. Skilningur meiri hluta nefndarinnar er sá að sú reglugerðarheimild veiti ráðherra einungis sjálfstæða heimild í þeim tilvikum þegar til stendur að auka greiðsluþátttöku sjúkratryggingastofnunarinnar frá því sem gert er ráð fyrir í öðrum ákvæðum frumvarpsins, en ekki til að draga úr þeirri greiðsluþátttöku sem þar er kveðið á um. Þá er ráðherra veitt heimild til að birta í formi íslenskrar reglugerðar breytingar sem gerðar eru á almannatryggingareglum Evrópusambandsins og Íslandi ber að leiða í lög í ljósi EES-samningsins. Þessi heimild er fyrst og fremst hugsuð til að auka réttaröryggi íslenskra borgara og tryggja að heildarákvæði um réttindi í almannatryggingum liggi fyrir í formi íslenskrar reglugerðar. Ákvæðið veitir hins vegar ráðherra að sjálfsögðu ekki sjálfstæða heimild til að setja í reglugerð breytingar sem stafa frá Evrópusambandinu og ekki rúmast innan annarra efnisákvæða laganna.

Nefndin ræddi á fundum sínum nánar um markmið og gildissvið samkeppnislaga gagnvart heilbrigðislögum en í áliti meiri hlutans sl. vor var áréttaður sá skilningur að þegar ráðherra og sjúkratryggingastofnunin forgangsraða verkefnum innan opinberu heilbrigðisþjónustunnar eða ákveða að fela opinberum aðilum að sinna ákveðinni þjónustu með vísan til þeirra sjónarmiða sem greind eru sem lögmæt viðmið í 40. gr. þá varðar það ekki við samkeppnislög. Þar var m.a. tekið dæmi um að einkaaðilar gætu ekki með vísan til samkeppnislaga krafist að fá tiltekna þjónustu boðna út ef úthýsing á þjónustunni gerir sjúkratryggingastofnuninni ókleift að tryggja opinberum heilbrigðisstofnunum fullnægjandi fjölda verkefna til að tryggja fullnægjandi viðhald þekkingar og fjölbreytni út frá öryggis- og kennsluhlutverki stofnananna, jafnvel þótt þeir geti boðið lægra verð. Í áliti meiri hlutans sl. vor var á hinn bóginn einnig áréttað mikilvægi þess að við val sjúkratryggingastofnunarinnar á viðsemjendum, þegar ákveðið hefur verið að leita verðtilboða frá veitendum heilbrigðisþjónustu, verði höfð hliðsjón af markmiðum samkeppnislaga þannig að gætt sé jafnræðis og byggt á hlutlægum og málefnalegum sjónarmiðum við val á viðsemjendum. Í því tilliti var í nefndaráliti meiri hlutans vísað sérstaklega í 3. mgr. 40. gr. frumvarpsins. Meiri hlutinn telur í því sambandi mikilvægt að leggja áherslu á þann almenna skilning að þessi sjónarmið takmarkist ekki við þessa tilteknu málsgrein heldur að þau eigi við 40. gr. sem og frumvarpið í heild sinni þar sem við á.

Fyrir nefndinni voru rædd þau ákvæði 12. tölul. 59. gr. um nýtt ákvæði til bráðabirgða er varða stöðu og rétt starfsmanna þegar verkefni flytjast til sveitarfélaga vegna tímabundinna samninga ríkisins um rekstur heilbrigðisþjónustu samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007, sbr. 28. gr. Þau sjónarmið komu fram hjá Reykjavíkurborg og Sambandi íslenskra sveitarfélaga að í slíkum tilvikum gilda lög um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, nr. 72/2002, og að í ákvæðinu gæti falist skerðing á stjórnunarrétti

sveitarfélagsins sem vinnuveitanda og gæti jafnvel gengið þvert á ákvæði laga um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla, nr. 96/2000, þar sem kjör starfsmanna í sambærilegum störfum réðust þá af mismunandi kjarasamningum, annars vegar ríkis og hins vegar viðkomandi sveitarfélags. Meiri hlutinn telur hins vegar að þetta ákvæði skapi aukinn rétt starfsmanna til viðbótar við þann rétt sem þeim er tryggður í lögum um aðilaskipti að fyrirtækjum og leggur áherslu á að hugsanlegar breytingar á þessu ákvæði skuli unnar í samráði við hagsmunaaðila.

Loks leggur meiri hlutinn til að b-liður 2. tölul. 64. gr. falli brott vegna breytinga sem orðið hafa á lögum um landlækni þannig að 5. málsl. 5. mgr. 6. gr. þeirra laga standi óbreyttur.

Þá leggur meiri hlutinn til breytingar á gildistökuákvæðum frumvarpsins svo að lögin öðlist gildi 1. október 2008.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Guðjón A. Kristjánsson sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu með fyrirvara.

Alþingi, 4. sept. 2008.

Ásta Möller, form., frsm.	Ágúst Ólafur Ágústsson.	Pétur H. Blöndal.
Árni Páll Árnason.	Ragnheiður Ríkharðsdóttir.	Ellert B. Schram.

1328. Breytingartillögur [613. mál]

við frv. til l. um sjúkratryggingar.

Frá meiri hluta heilbrigðisnefndar (ÁMöl, ÁÓÁ, PHB, ÁPÁ, RR, EBS).

1. Við 5. gr. Á eftir 4. tölul. 3. mgr. komi nýr töluliður, svohljóðandi: Að hafa eftirlit með gæðum og árangri starfsemi þeirra sem veita heilbrigðisþjónustu samkvæmt samningum, sbr. IV. kafla.
2. Við 56. gr. Í stað orðanna „1. september 2008“ í 1. mgr. komi: 1. október 2008.
3. Við 57. gr.
   a. Á eftir 1. tölul. komi fjórir nýir töluliðir sem verði 2.–5. tölul., svohljóðandi:
      2. Við 2. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sjúkratryggingastofnunin, sbr. lög um sjúkratryggingar, annast framkvæmd slysatrygginga samkvæmt lögum þessum.
      3. Á eftir orðunum „Tryggingastofnun ríkisins“ í 2. mgr. 8. gr., 3. mgr. 9. gr. og 1. málsl. 3. mgr. 12. gr. laganna kemur: eða eftir atvikum sjúkratryggingastofnunin.
      4. Á eftir orðunum „Tryggingastofnun ríkisins“ í 1. málsl. 1. mgr. og 2. mgr. 13. gr. laganna kemur: eða eftir atvikum sjúkratryggingastofnuninni.
      5. Á eftir orðunum „Tryggingastofnun ríkisins“ í 1. málsl. 1. mgr., 1. málsl. 2. mgr. og 3. mgr. 14. gr. laganna kemur: eða eftir atvikum sjúkratryggingastofnuninni.

b. Á eftir 2. tölul., sem verði 6. tölul., komi nýr töluliður, 7. tölul., svohljóðandi: Í stað orðsins „Tryggingastofnunin“ í 1. málsl. og lokamálslið 1. mgr. 28. gr. laganna og orðsins „Tryggingastofnunarinnar“ í 1. og 2. málsl. sömu málsgreinar kemur: sjúkratryggingastofnunin; og: sjúkratryggingastofnunarinnar.
c. Á eftir 3. tölul., sem verði 8. tölul., komi þrír nýir töluliðir sem verði 9.–11. tölul., svohljóðandi:
   9. Í stað orðanna „Tryggingastofnun ríkisins“ í 2. mgr. 33. gr. laganna kemur: Sjúkratryggingastofnuninni.
   10. Í stað orðsins „Tryggingastofnuninni“ í 1. málsl. 5. mgr. 34. gr. laganna kemur: sjúkratryggingastofnuninni.
   11. Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:
      a. Í stað orðanna „Tryggingastofnun ríkisins“ í 2. mgr. kemur: Sjúkratryggingastofnunin.
      b. Í stað orðsins „Tryggingastofnunar“ í 2. málsl. 3. mgr. og orðanna „Tryggingastofnunar ríkisins“ í lokamálslið sömu málsgreinar kemur: sjúkratryggingastofnunarinnar.
d. 4. og 5. tölul. verði 12. og 13. tölul.
e. 6. tölul., sem verði 14. tölul., orðist svo: Eftirfarandi breytingar verða á 52. gr. laganna:
   a. Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr.:
      1. Á eftir orðunum „Tryggingastofnun ríkisins“ í 1. málsl. kemur: og sjúkratryggingastofnuninni.
      2. 2. málsl. fellur brott.
      3. Á eftir orðunum „Tryggingastofnunar ríkisins“ í lokamálslið kemur: eða eftir atvikum sjúkratryggingastofnunarinnar.
      4. Í stað orðanna „heimasíðu stofnunarinnar“ í lokamálslið kemur: heimasíðum stofnananna.
   b. Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr.:
      1. Á eftir orðinu „Tryggingastofnun“ í 1., 3., 4. og 7. málsl. kemur: eða eftir atvikum sjúkratryggingastofnuninni.
      2. Á eftir 3. málsl. kemur nýr málsliður sem orðast svo: Enn fremur er Tryggingastofnun og sjúkratryggingastofnuninni heimilt að skiptast á upplýsingum um mat á örorku og öðrum nauðsynlegum upplýsingum.
   c. Á eftir orðinu „Tryggingastofnun“ í 1. og 2. málsl. 3. mgr. kemur: eða eftir atvikum sjúkratryggingastofnuninni; og: eða eftir atvikum sjúkratryggingastofnunin.
   d. Á eftir orðunum „umboðsmenn hennar“ í 1. málsl. 4. mgr. og orðunum „umboða hennar“ í 2. málsl. sömu málsgreinar kemur: eða eftir atvikum starfsfólk sjúkratryggingastofnunarinnar; og: eða eftir atvikum starfsfólki sjúkratryggingastofnunarinnar.
   e. Eftirfarandi breytingar verða á 5. mgr.:
      1. Í stað orðsins „tannlæknum“ í 1. málsl. kemur: hlutaðeigandi heilbrigðisstarfsmönnum.
      2. Á eftir orðunum „Tryggingastofnunar ríkisins“ í 1. málsl. kemur: eða eftir atvikum sjúkratryggingastofnunarinnar.
      3. Á eftir orðinu „Tryggingastofnunar“ í 2. málsl. kemur: eða eftir atvikum sjúkratryggingastofnunarinnar.

4. Í stað orðsins „tannlæknum“ í 2. málsl. kemur: hlutaðeigandi heilbrigðisstarfsmönnum.

f. 7. og 8. tölul. verði 15. og 16. tölul.

g. Á eftir 8. tölul., sem verði 16. tölul., komi nýr töluliður, 17. tölul., svohljóðandi: Eftirfarandi breytingar verða á 55. gr. laganna:
   a. Á eftir orðunum „umboð hennar“ í 1. málsl. 1. mgr. og orðinu „Tryggingastofnun“ í 2. málsl. sömu málsgreinar kemur: eða eftir atvikum sjúkratryggingastofnunin.
   b. Á eftir orðunum „Tryggingastofnun ríkisins“ í 1. og 3. málsl. 4. mgr. kemur: eða eftir atvikum sjúkratryggingastofnunin; og: eða eftir atvikum sjúkratryggingastofnuninni.

h. 9. tölul. verði 18. tölul. og orðist svo: Eftirfarandi breytingar verða á 56. gr. laganna:
   a. 3. málsl. 1. mgr. fellur brott.
   b. Á eftir orðinu „Tryggingastofnunin“ í 2. mgr. kemur: eða eftir atvikum sjúkratryggingastofnunin.

i. Á eftir 10. tölul., sem verði 19. tölul., komi nýr töluliður, 20. tölul., svohljóðandi: Í stað orðanna „Tryggingastofnunar ríkisins“ í lokamálslið 2. mgr. 59. gr. laganna kemur: sjúkratryggingastofnunarinnar.

j. 11. tölul., sem verði 21. tölul., orðist svo: Eftirfarandi breytingar verða á 67. gr. laganna:
   a. Í stað orðanna „Tryggingastofnun ríkisins“ í 1. mgr. kemur: sjúkratryggingastofnuninni.
   b. Í stað orðsins „Tryggingastofnun“ í 2. mgr. kemur: Sjúkratryggingastofnunin.
   c. Í stað orðsins „Tryggingastofnun“ í 2. málsl. 4. mgr. kemur: sjúkratryggingastofnuninni.
   d. Í stað orðsins „Tryggingastofnunar“ í 5. mgr. kemur: sjúkratryggingastofnunarinnar.
   e. Orðin „og 43.“ í 6. mgr. falla brott og í stað orðsins „Tryggingastofnunar“ í sömu málsgrein kemur: sjúkratryggingastofnunarinnar.

k. 12. tölul. verði 22. tölul. og orðist svo: 9. tölul. ákvæðis til bráðabirgða við lögin fellur brott.

4. Við 64. gr. B-liður 2. tölul. falli brott.
5. Við ákvæði til bráðabirgða I. Á eftir orðunum „lög þessi“ í 1. málsl. komi: IV. kafla laga nr. 100/2007, um almannatryggingar.
6. Við ákvæði til bráðabirgða II. Í stað orðanna „1. september 2008“ komi: 1. október 2008.
7. Við ákvæði til bráðabirgða III. Á eftir orðunum „framkvæmd sjúkratrygginga“ komi: og slysatrygginga.

1329. Fyrirspurn [663. mál]

til félags- og tryggingamálaráðherra um viðmiðun lífeyrisgreiðslna.

Frá Birki J. Jónssyni.

1. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að lífeyrisgreiðslur verði á ný miðaðar við tekjutryggingu dagvinnulauna?
2. Hefur ráðherra rætt við Alþýðusamband Íslands og hagsmunasamtök aldraða og öryrkja um breyttar viðmiðanir?

1330. Framhaldsnefndarálit [613. mál]

um frv. til l. um sjúkratryggingar.

Frá 1. minni hluta heilbrigðisnefndar.

Meginefni þessa frumvarps eru ný lög um sjúkratryggingar og byggjast þau á yfirlýstri stefnu ríkisstjórnarinnar um að styrkja hlutverk ríkisins sem kaupanda heilbrigðisþjónustu, fjölga útboðum og rekstrarformum og koma á fyrirkomulagi kaups og sölu í heilbrigðisþjónustu. Þessu fylgir að kostnaðargreina skuli einstaka þætti heilbrigðisþjónustu – eins og reyndar nú þegar er gert innan félagslegu heilbrigðisþjónustunnar – og taka upp blandaða fjármögnun í heilbrigðiskerfinu. Í grunninn byggist frumvarpið á þeirri stefnu ríkisstjórnarinnar að fram fari samningar og viðskipti á milli kaupenda og seljenda heilbrigðisþjónustu.

Fyrsti minni hluti heilbrigðisnefndar telur að með samþykkt frumvarpsins verði gerðar grundvallarbreytingar á heilbrigðisþjónustu landsmanna. Með því að skilgreina ríkið sem kaupanda heilbrigðisþjónustu og veitendur þjónustunnar sem seljendur er verið að innleiða markaðssjónarmið í alla heilbrigðisþjónustu landsmanna. Ákvæði um að kostnaðargreina skuli alla þjónustu styrkir markaðsvæðingu enda eiga samkeppnislög að gilda nema við ákveðnar aðstæður.

Frumvarpið mælir með því að taka upp blandaða fjármögnun byggða á kostnaðarmati og útboðum. Fyrsti minni hluti setur sig ekki upp á móti kostnaðarmati og kostnaðargreiningu þar sem slíkt er nothæft og til gagns, en varar eindregið við þeirri kerfisbreytingu í átt til markaðsvæðingar sem hér fylgir með í kaupunum. Með því að búa til innkaupastofnun er um leið búið til tæki til að auðvelda einkavæðingu og kollvarpa til frambúðar því félagslega heilbrigðiskerfi sem Íslendingar hafa notið um árabil.

Fyrsti minni hluti telur að ekki eigi með nokkru móti að setja heilbrigðisþjónustu undir lögmál markaðskerfis þar sem hagnaðar- og viðskiptasjónarmið eru grundvöllur starfseminnar. Félagsleg heilbrigðisþjónusta, kostuð af opinberu fé, þar sem allir njóta jafns aðgangs óháð efnahagslegri og félagslegri stöðu, hefur reynst Íslendingum vel. Vissulega er margt sem þarf að breyta, bæta og efla innan íslenskrar heilbrigðisþjónustu, en sú vegferð til einkavæðingar sem þetta frumvarp boðar er ekki rétta leiðin, eins og reynslan bæði hér heima og erlendis sýnir.

Afgreiðsla frumvarpsins kallar því á víðtæka umræðu í samfélaginu og mun vandaðri málabúnað en einkennt hefur aðdraganda þessa frumvarps.

Aðdragandi frumvarpsins.

Að hluta byggist frumvarp þetta á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007. Þótt stuðningur væri við ýmsa aðra þætti þeirrar löggjafar, kom fram eindregin gagnrýni frá þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs á þann hluta frumvarpsins sem sneri að markaðsvæðingu heilbrigðisþjónustunnar og skýr fyrirvari var gerður sérstaklega að því er varðar útboðsheimildir. Atkvæði voru hins vegar greidd með frumvarpinu við lokaafgreiðslu í trausti þess að heimild til útboða mundi ekki nýtt til þess að brjóta niður þá félagslegu heilbrigðisþjónustu sem hér hefur tíðkast.

Í desember sl. gerðist það næst að heilbrigðisráðherra fléttaði inn í bandormslöggjöf ákvæði sem veitti honum lagastoð til að skipa stjórn nýrrar sjúkratryggingastofnunar og ráða til hennar forstjóra. Þessu var mótmælt harðlega og bent á að áður en stjórn væri skipuð væri eðlilegt að setja lög um verkefni slíkrar stofnunar. Með lögum nr. 160/2007 var hins vegar ákveðið að setja sjúkratryggingastofnun á fót. Heilbrigðisráðherra skipaði stofnuninni stjórn í upphafi árs og hefur auglýst eftir forstjóra hennar.

Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs greiddu atkvæði gegn því að sjúkratryggingastofnun yrði sett á fót með slíkum hraða og bentu sem fyrr segir á að hér væri byrjað á öfugum enda, réttara væri að skilgreina verkefnin fyrst og meta hvort nauðsynlegt væri að setja á stofn nýja ríkisstofnun eða hvort Tryggingastofnun ríkisins gæti áfram annast greiðslu sjúkratrygginga í blandaðri fjármögnun. Þá bentu þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs á hinn mikla kostnaðarauka sem þessu yrði samfara, m.a. tvöfalda yfirbyggingu í stað einnar. Þessar athugasemdir voru ekki teknar til greina en fullyrt að nægt tóm gæfist til vandaðrar og ítarlegrar umræðu þegar frumvarp um stofnunina liti dagsins ljós.

Frumvarpið sem hér er til afgreiðslu kom loks fram löngu eftir að liðinn var sá frestur sem veittur var til að leggja fram ný mál sl. vor. Það var keyrt í gegnum tvær umræður á innan við hálfum mánuði. Í þessu samhengi sætti formaður heilbrigðisnefndar mikilli gagnrýni fyrir að hafa tekið fram fyrir hendur þingsins og sent frumvarpið út til umsagnar áður en það var tekið til fyrstu umræðu og vísað til nefndar, enda var hér um fullkomlega óeðlileg vinnubrögð að ræða. Umsagnaraðilum gafst mjög knappur tími til að fjalla um svo viðamikið mál og lögðu þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs áherslu á að afgreiðslu þess yrði frestað og sumarið nýtt til að vinna málið betur.

Enda þótt 16 umsagnir hafi borist eftir að þingi var frestað sl. vor var heilbrigðisnefnd ekki boðuð til fundar í allt sumar. Telur 1. minni hluti það ámælisvert og ekki í samræmi við markmið þingskapa um septemberþing, sem hefur því hlutverki að gegna að vera framhaldsþing og gefa færi á innihaldsríkri vinnu og umfjöllun yfir sumarmánuðina.

Það er til enn frekara vitnis um hraða við afgreiðslu málsins að nú er verið að bæta inn í frumvarpið ákvæðum um slysatryggingar sem sjúkratryggingastofnun verður falið að sjá um, en heilbrigðisráðuneytið hafði boðað sérstakt frumvarp um slysatryggingar sem ekki er komið fram.

Rannsóknarvinnu ábótavant – þörf á samanburði.

Í greinargerð með frumvarpinu er vísað til þess að tekið sé mið af reynslu Svía og Breta sem hafi fetað sig út á svipaðar brautir á undanförnum árum. Fyrsti minni hluti hefur ítrekað farið fram á að málefnaleg og gagnrýnin umfjöllun um samsvarandi löggjöf í Svíþjóð og

Bretlandi fari fram. Ekki hefur verið orðið við þessum óskum að undanskilinni ferð heilbrigðisnefndar til Stokkhólms rétt fyrir þingbyrjun nú í haust.

Þótt ýmislegt fróðlegt hafi komið í ljós getur ein stutt kynnisferð þingmanna, sem aukinheldur er skipulögð af verktakafyrirtæki í þjónustu heilbrigðisráðherra, augljóslega ekki gefið færi á rækilegri yfirferð yfir reynslu Svía í þessum efnum. Með ítarlegri umfjöllun um afleiðingar kerfisbreytinga í Svíþjóð og í Bretlandi er að sjálfsögðu átt við ítarlegar rannsóknir fræðimanna og faglegar umræður og telur 1. minni hluti að hér hefði mátt standa mun betur að verki.

Rannsóknir sem 1. minni hluti hefur kynnt sér sýna m.a. að afleiðingar markaðsvæðingar í heilbrigðisþjónustunni eru varasamar. Þróunin bæði í Svíþjóð og Bretlandi sýnir að markaðsvæðing leiðir oftar en ekki til meiri kostnaðar og verri þjónustu við sjúklinga og aðra sem þurfa á heilbrigðisþjónustu að halda. Reynslan af einkavæðingu heilbrigðisþjónustu hér á landi sýnir einnig að hún hefur reynst dýrari kostur fyrir skattgreiðendur auk þess sem hún hefur vakið upp spurningar um óeðlileg hagsmunatengsl og einkavinavæðingu.

Faglegrar úttektar er þörf.

Áður en svo miklar breytingar eru gerðar á grunnþjónustu landsmanna þurfa að mati 1. minni hluta að liggja fyrir faglegar og marktækar úttektir á afleiðingum slíkra breytinga hérlendis. Ekkert slíkt liggur fyrir.

Í þessu samhengi er ástæða er til að minna á að þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs lagði fram á Alþingi sem sitt fyrsta mál sl. haust (þskj. 3, 3. mál) tillögu þess efnis að „gerð verði ítarleg rannsókn á áhrifum og afleiðingum markaðsvæðingar samfélagsþjónustunnar. Könnuð verði reynslan af markaðs- og einkavæðingu viðfangsefna ríkis og sveitarfélaga hér á landi og einnig verði dregnar saman og hafðar til hliðsjónar helstu niðurstöður rannsókna á slíkum breytingum erlendis.“

Í greinargerð segir m.a.:

„Víða um heim hafa markaðs- og einkavæðingaröflin knúið fram umfangsmiklar breytingar á almannaþjónustu og gjörbreytt grundvallarstoðum almennrar velferðar. Stofnanir sem sinna grunnþjónustu á borð við orkuveitur og vatnsveitur hafa verið einkavæddar og seldar, og skólum og heilbrigðisstofnunum hefur verið gert að starfa á markaðsvísu.

Í sumum tilvikum hefur verið þverpólitísk samstaða um breytingar í þessa veru, en oftar en ekki hafa þær leitt til djúpstæðs ágreinings og harðvítugra deilna.

Frá því í byrjun tíunda áratugar síðustu aldar hefur þessarar einkavæðingarstefnu gætt í æ meira mæli á Íslandi. Stofnunum og fyrirtækjum hefur verið breytt í hlutafélög og mörg þeirra seld í kjölfarið. Þessari stefnu vex nú mjög ásmegin og á döfinni eru enn víðtækari markaðsvæðingaráform.

Þeir stjórnmálaflokkar sem nú mynda ríkisstjórn á Íslandi hafa báðir verið hallir undir hugmyndir af þessum toga, þótt undir ólíku yfirskini sé. Þeir hafa þannig m.a. talað fyrir einkarekstri innan heilbrigðisþjónustunnar og annar stjórnarflokkurinn hefur mælt með einkavæðingu raforkugeirans.

Flestir geta verið sammála um að markaðsvæðing samfélagsþjónustunnar hefur í för með sér gjörbreyttan veruleika íslenska velferðarsamfélagsins. Markaðsvæðingin hefur áhrif á eðli, gæði og gagnsæi þjónustunnar, hún hefur áhrif á tilkostnað og aðgengi íbúa að þjónustunni og einnig snertir hún þá sem þjónustuna veita, þ.e. starfsfólk. Þá má ekki gleyma því að markaðsvæðingin snertir grunngildi í samfélaginu, gildi er lúta að því hvort samhjálp og

samstaða sé æskileg eða ekki, og hvort réttindi einstaklings séu meiri en nemur greiðslugetu viðkomandi hverju sinni.

Áður en lengra er haldið á þessari braut markaðsvæðingar er áríðandi að gera ítarlega rannsókn á afleiðingum og birtingarmyndum þessarar stefnu hérlendis, og bera þróunina saman við það sem gerst hefur annars staðar.“

Í greinargerð segir enn fremur um nauðsynlegt inntak slíkrar rannsóknar og efnistök:

„Við rannsókn sem þessa þarf augljóslega að leita svara við fjölda spurninga. Brýnt er að sem flest sjónarhorn komi fram á orsökum og afleiðingum þeirra breytinga sem markaðsvæðing grunnþjónustunnar hefur í för með sér.

Hugtakið markaðsvæðing skal skilgreina vítt og koma því hér til skoðunar einkavæðing opinberra fyrirtækja og/eða einstakra verkefna þeirra, einkaframkvæmdir svokallaðar sem geta verið á fjölbreytilegu formi, samflot opinberra aðila og einkaaðila í hlutafélögum, úthýsing verkefna til einkafyrirtækja og bein þátttaka almennings í kostnaði vegna samfélagsþjónustu.

Kanna skal afleiðingar þessarar markaðsvæðingar út frá víðu samfélagslegu og efnahagslegu samhengi, út frá hagsmunum hópa sem einstaklinga, notenda þjónustunnar jafnt sem veitenda hennar. Kanna þarf hvort sett markmið almannaþjónustu eru nægjanlega ítarleg og skýr. Meta þarf og bera saman hvort þessum markmiðum er betur náð með yfirfærslu verkefna frá hinu opinbera til markaðarins ellegar með fyrirliggjandi eða bættri þjónustu og sjálfstæðari einingum hins opinbera. Kanna skal hvernig ákvarðanir eru teknar um markaðsvæðingu, hvaða forsendur og hagsmunir liggja þar að baki, hvernig því heildarferli er háttað og hverjir hafa aðstöðu til að móta það ferli. Kannað verði hvernig eftirfylgni með markaðsvæðingu er háttað og lagt verði mat á hvort upplýsingagjöf og gagnsæi er fullnægjandi. Lagðar verði fram tillögur til úrbóta.

Dæmi um lýsandi spurningar sem að þessu lúta eru m.a.:

- **Hvernig hafa breytingarnar reynst almenningi?** Hefur þjónustan batnað eða hefur hún orðið verri fyrir íbúana? Hefur aukin mismunun fylgt einkarekstri og markaðsvæðingu eða hefur jöfnu og gagnsæju aðgengi fleygt fram? Hvaða samfélagshópar hafa bætt stöðu sína með markaðsvæðingu og hvaða hópar hafa komið verr út úr breytingunum?
- **Hvernig hafa breytingarnar reynst þeim sem greiða fyrir þjónustuna?** Hefur þjónustan orðið dýrari eða ódýrari fyrir einstaka greiðendur og samfélagið í heild sinni? Fæst betri þjónusta fyrir minna fjármagn eða er þessu öfugt farið?
- **Hvernig hafa breytingarnar reynst þeim sem veita þjónustuna?** Hefur markaðs- og einkavæðing almennt bætt eða rýrt kjör starfsfólks? Hvaða áhrif hafa breytingarnar haft á atvinnuöryggi og vinnuaðstæður fólks og hvernig hefur einstökum hópum starfsfólks farnast?
- **Hvaða valkostir koma til skoðunar þegar bæta á almannaþjónustu?** Hvaða aðferðafræði er beitt við samanburð á kostnaði? Hvernig eru kostir og gallar opinberrar þjónustu annars vegar og þjónustu einkaaðila metnir? Getur verið að hugmyndafræðilegar ástæður valdi því að sífellt hallar á hinn opinbera rekstur þegar ákvarðanir um einkavæðingu eða einkaframkvæmd eru teknar? Er til staðar gegnsætt og réttlátt matsferli þar sem allir veigamiklir þættir eru teknir til skoðunar við afdrifarík áform er lúta að markaðsvæðingu?“

Það hefði verið eðlilegt að mati 1. minni hluta að gera ítarlega úttekt á reynslunni sem fengin er nú þegar í þessum efnum á Íslandi áður en ráðist er í þær gagngeru breytingar á heilbrigðisþjónustunni sem felast í frumvarpinu og stefna aðeins til einnar áttar – til markaðs-

væðingar. Því miður hefur þetta mál ekki enn komist á dagskrá þingsins á yfirstandandi þingi og er það lýsandi fyrir áhuga ríkisstjórnarflokkanna á umræðu um þessi mikilvægu mál.

Reynslan erlendis frá.

Við undirbúning þessa frumvarps hefur pólitísk sýn ráðið ferð fremur en yfirveguð athugun á reynslu Svía og Breta af viðlíka kerfisbreytingum.

Vaxandi efasemdir eru uppi um kerfisbreytingar í Svíþjóð í átt til markaðsvæðingar. Varað var við þeim frá upphafi og í fylgiskjali hér á eftir er birtur fyrirlestur sem einn fremsti sérfræðingur Svía og handhafi norrænu Lýðheilsuverðlaunanna, Göran Dahlgren, flutti hér á landi fyrir nokkru. Göran Dahlgren segir að markaðsvæðing heilbrigðisþjónustunnar leiði til félagslegrar mismununar en leggur jafnframt áherslu á það sé goðsögn sem eigi sér ekki stoð í veruleikanum að einkavædd heilbrigðisþjónusta spari útgjöld og sé hagkvæmari en almannarekin þjónusta. Um þetta segir Dahlgren m.a. (sjá fylgiskjal II):

„Málsvarar markaðsvæðingar þjónustu halda því einnig fram að slíkar umbreytingar auki framleiðni þjónustunnar og verði til þess að menn fái annaðhvort „meiri þjónustu fyrir peningana“ eða að menn fái „sömu þjónustu fyrir minni kostnað“. Í sumum löndum er búið að endurtaka þessa fullyrðingu svo oft og af svo mikilli sannfæringu að í augum margra ákvörðunaraðila er um staðreyndir að ræða sem ekki þurfi að rökstyðja frekar. Þessar fullyrðingar byggja þó á veikum grundvelli sé tekið mið af staðreyndum. Í könnun sem gerð var af ESB „Scientific Evaluation of the Effects of the Introduction of Market Forces into Health Systems“ og var gefin út árið 2000 á vegum European Health Management Association segir m.a.: „Það eru engar haldbærar vísbendingar um að markaðurinn auki sjálfkrafa framleiðni.“

Jafnframt er bent á að framleiðni hafi aukist verulega í heilbrigðisþjónustunni – einkum sjúkrahúsþjónustunni – en að sú aukning hafi m.a. orðið vegna betri læknismeðferðar og vegna skurðaðgerða á dagdeildum, sem hafi komið í stað kostnaðarsamra innlagna, auk mismunandi aðgerða til að tryggja aðhlynningu innan ákveðinna tímamarka.“

Í ætt við breska löggjöf frá árinu 1991.

Bretar hafa einnig langa og marktæka reynslu af markaðsvæðingu heilbrigðiskerfisins. Afleiðingarnar þar eru vægast sagt slæmar. Í fylgiskjali með þessu áliti er birtur fyrirlestur sem einn fremsti sérfræðingur Breta, Allyson M. Pollock, prófessor við Edinborgarháskóla sem jafnframt veitir forstöðu rannsóknarstofnun á þessu sviði, flutti hér á landi í vor. Í erindi sínu vísaði þessi breski fræðimaður í frumvarpið sem hér er til umfjöllunar og sagði að það minnti mjög á lög sem sett voru í Bretlandi í byrjun tíunda áratugar síðustu aldar, en upphafsmanneskja þeirra var Margaret Thatcher (sjá fylgiskjal I):

„Einkavæðingarferlið hefði ekki getað átt sér stað í Bretlandi án löggjafarinnar frá 1991. Hún gegndi lykilhlutverki með því að innleiða þær kerfisbreytingar að koma á innri markaði, aðgreina veitendur og kaupendur og verðleggja veitta þjónustu. Í kjölfarið fylgdi fjöldi nýrra reglugerða og verkferla til að hrinda einkavæðingunni í framkvæmd. Verkferlarnir byggðu ekki einungis á meginlöggjöfinni heldur einnig á reglugerðum sem voru samdar af embættismönnum. Sjúkratryggingafrumvarp íslenskra stjórnvalda nú er af sama toga og opnar leiðir fyrir ógrynni stefnumarkandi reglugerða á forræði ráðherra.“

Pollock bendir á að engin efnisleg rök, rannsóknaniðurstöður, sönnunargögn eða lærdómur af þeirri reynslu sem fyrir liggur mæli með því að innleiða þá markaðsvæðingu á heilbrigðisþjónustu sem gert er með þessu frumvarpi. Pollock segir jafnframt að ekkert hafi komið fram sem styðji þær fullyrðingar að ekki skipti máli hver veiti heilbrigðisþjónustu svo

lengi sem hið opinbera borgar. Þvert á móti bendi allt til þess að markaðurinn sé ekki fær um að veita félagslega heilbrigðisþjónustu og innleiði á heildina litið frekar sundurleitari og óhagkvæmari kerfi.

Pollock staðhæfir að samkvæmt rannsóknum og fenginni reynslu hafi það sýnt sig að sanngjarnasta, framsæknasta og hagkvæmasta leiðin til að standa straum af útgjöldum til heilbrigðismála sé í gegnum almennt tekjuskattskerfi. Það er slíkt félagslegt heilbrigðiskerfi sem við Íslendingar búum við í dag og nú er verið að grafa undan.

Með frumvarpinu er stjórnvöldum gert kleift að færa ómælda fjármuni frá núverandi veitendum þjónustu til veitenda í arðsemisrekstri. Slíkt muni ekki spara íslenskum skattborgurum fjárútlát heldur er þvert á móti mun líklegra að það kosti meiri peninga og minna fáist fyrir þá.

Reynsla Íslendinga af einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu.

Þótt tillaga Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs um rannsókn á markaðsvæðingu almannaþjónustu hérlendis hafi ekki enn fengist rædd á Alþingi hafa Íslendingar nú þegar nokkra reynslu af auknum kostnaði við einkavæðingu, eins og eftirfarandi dæmi bera með sér:

Sóltún: Fyrsti stóri samningur ríkisins við einkaaðila í heilbrigðisþjónustu var undirritaður að undangengnu útboði í apríl 2000. Gerður var 25 ára samningur við Öldung hf. (stofnendur: Íslenskir aðalverktakar og Securitas) um 11,8 ma.kr. verðtryggða greiðslu fyrir að leggja til og reka hjúkrunarheimili fyrir 92 einstaklinga og skyldi það hugsað sem „næsta stig við sjúkrahús og ætlað veikustu öldruðu sjúklingunum“.

Skýrsla Ríkisendurskoðunar frá 2001 sýnir að daggjöld voru þá 14% hærri til Sóltúns en til hjúkrunarheimila sem rekin voru sem sjálfseignarstofnanir án arðsemiskröfu. Talsmaður einnar slíkrar stofnunar benti á þann 6. apríl 2006 að Sóltún fengi frá ríkinu 20.000 kr. á dag pr. sjúkling á meðan Hrafnista/DAS fengi 13.000 kr. Engu að síður var Sóltún sama ár rekið með 141 millj. kr. halla samkvæmt skýrslu Ríkisendurskoðunar (frá ágúst 2007).

Í maí 2008 komst í hámæli að þetta sama ár, 2006, hafði Sóltún krafið heilbrigðisráðuneytið um viðbótargreiðslur sem námu 108 millj. kr. vegna áranna 2003–2005, og einnig gert kröfu um 23 millj. kr. viðbótarframlag fyrir árið 2006. Heilbrigðisráðuneytið hefur krafist rannsóknar á því hvort þjónustuþyngdin hafi verið ofmetin á þessum árum.

Um langa hríð var Sóltúni flaggað sem dæmi um hve miklu betur tækist til í einkarekstri en í opinberum rekstri. Athuganir Ríkisendurskoðunar hafa hins vegar leitt í ljós að Sóltúnssamningurinn hefur reynst skattgreiðendum dýrari en samningar við önnur samsvarandi heimili. Hlutafélagið sem stendur að rekstri öldrunarheimilisins Sóltúns fékk með öðrum orðum (og fær) meira í sinn hlut af opinberu skattfé en ríkisstofnanir og sjálfseignarstofnanir sem ekki eru reknar í ágóðaskyni. Hin síðarnefndu, sagði Ríkisendurskoðun, „eiga að jafnaði ekki að sýna hagnað af starfsemi sinni. Að sjálfsögðu á slíkt ekki við um hlutafélög og aðra sambærilega einkaaðila á borð við Öldung hf. Forsvarsmenn félagsins hljóta að gera eðlilegar kröfur um hagnað af starfsemi fyrirtækisins.“

Heilsuverndarstöðin ehf. hóf haustið 2007 starfsemi við Barónsstíg þar sem Heilsuverndarstöðin í Reykjavík var áður til húsa. Í sölu hússins fólst eignatilfærsla frá hinu opinbera til einkageirans og í kjölfarið hefur rekstur og fjármögnun ýmissa verkefna verið færð til Heilsuverndastöðvarinnar ehf. Má þar m.a. telja eftirfarandi: sjúkraskráning og heilsufarsskoðanir fyrir ýmis fyrirtæki, þar á meðal opinber fyrirtæki, lækna- og hjúkrunarmóttaka fyrir ósjúkratryggða innflytjendur, legu- og dagdeild fyrir aldraða, geðvernd barna og ung-

linga, læknamóttaka fyrir erlenda ferðamenn, greining og eftirlit með hjartasjúkdómum og meðferð þeirra, auk „velferðarþjónustu“ við félaga í Vexti Kaupþings.

Í fréttum hefur komið fram að Heilsuverndarstöðin ehf. gat ekki staðið við nýlegan samning sinn við Velferðarráð Reykjavíkurborgar um rekstur athvarfs fyrir heimilislausa (þ.e. fyrrv. skjólstæðinga Byrgisins) og hefur Reykjavíkurborg nú rift samningnum. Á sínum tíma var það gagnrýnt harðlega að tilboði Heilsuverndarstöðvarinnar ehf. var tekið í kjölfar útboðs þrátt fyrir að það væri töluvert hærra en t.d. tilboð SÁÁ sem hafa áratuga langa reynslu af þjónustu við áfengis- og vímuefnasjúklinga. Í fréttum hefur einnig komið fram að Heilsuverndarstöðin ehf. stóð ekki í skilum nú síðsumars með launatengd gjöld starfsmanna sinna.

Heilsugæslustöð í Salahverfi í Kópavogi hefur frá árinu 2004 verið rekin af Salus ehf. (þ.e. Nýsir ehf. í samvinnu við lækna) í samræmi við útboðssamning við heilbrigðisráðuneytið frá maí 2003. Talsmenn einkavæðingar í heilbrigðisþjónustu segja stöðina hafa náð mikilli hagræðingu og eytt biðlistum og hvetja til þess að fleiri heilsugæslustöðvar verði reknar með sama hætti: „Fjármögnun stöðvarinnar byggist á því að fjármagn fylgir sjúklingi ... og greiðslu fyrir þjónustu, en ekki á föstum fjárlögum eins og hjá öðrum heilsugæslustöðvum.“ (Ásta Möller: „Samkeppni um gæði“, Morgunblaðið, 3.11.2006). Guðmundur Einarsson, forstjóri Heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu, taldi árangurinn þó einkum skýrast af lágum meðalaldri í Salahverfi og því að engin háskólakennsla, sem taki mikinn tíma, hafi farið fram í stöðinni á því tímabili þegar samanburður við aðrar stöðvar var gerður.

Öldrunardeild á Landakoti: Rekstur einnar af sex öldrunardeildum Landakotsspítala, með 18 hjúkrunarrúm, var boðinn út í mars 2008 í þeim yfirlýsta tilgangi að ná aukinni hagkvæmni í rekstri. Tvö tilboð bárust og voru bæði hærri en rekstur deildarinnar hafði kostað ríkissjóð til þess tíma. Þvert á öll hagkvæmnissjónarmið var öðru tilboðinu, við dvalar- og hjúkrunarheimilið Grund, tekið. Með samningaviðræðum tókst að lækka tilboðsupphæðina úr 21.000 kr. á sjúkrarými á dag niður í 19.700 kr. en sú upphæð er þó hærri en þær 18.260 kr. sem hvert sjúkrarúm kostaði fyrir útboð.

Útboð á heimahjúkrun fatlaðra: 21. júlí 2008 var „þjónusta við persónulega umhirðu“ tólf mikið fatlaðra einstaklinga í Reykjavík boðin út til sex mánaða. Samtök mænuskaddaðra mótmæltu þeirri mannfyrirlitningu sem þau töldu fólgna í útboðinu enda hefði ekki verið haft neitt samráð við þá sem ættu að nota þjónustuna, eins og samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fólks með fötlun kveður þó á um. Athygli vakti einnig hversu skammur fyrirvarinn var þar eð verkefnið átti að hefjast 1. ágúst sama ár og gaf það tilefni til þess að ætla að fyrir fram hefði verið búið að ákveða við hvern yrði samið. Eftir nokkra fjölmiðlaumfjöllun var útboðinu frestað.

Hvað er einkavæðing?

Fylgismenn frumvarpsins bregðast ókvæða við þegar bent er á þær dyr sem frumvarpið opnar á einkavæðingu heilbrigðisþjónustunnar. Fyrsta minni hluta hefur verið legið á hálsi fyrir að nota orðið *einkavæðing* um það sem stjórnarliðar vilja frekar kalla *einkarekstur* og segja að eigi ekkert skylt við einkavæðingu. Þá hafa menn einnig deilt um fleiri hugtök eins og *markaðsvæðingu* og *viðskiptavæðingu heilbrigðiskerfisins*.

Þessar deilur eru ekki til komnar að ástæðulausu. Það hentar stjórnvöldum einfaldlega betur að halda því fram að stjórnarflokkarnir séu eiginlega ekki að einkavæða heilbrigðisþjónustuna. Einkavæðing bankanna og Símans hefur ekki gott orð á sér í íslensku samfélagi í dag. Menn vita að þar var fyrst og síðast um einkavinavæðingu að ræða. Slíkt er ekki endilega til vinsælda fallið og er enn viðkvæmara þegar kemur að rótgróinni grunnþjónustu

íslenska velferðarkerfisins á borð við heilbrigðisþjónustu og menntun. Í þeim málaflokkum er hugtakið „einkavæðing“ sérlega óþægilegt fyrir Samfylkinguna, og því hentar best að leiða umræðuna frá því sem raunverulega á sér stað.

Í þessari orðræðu hefur oft verið vísað til þess að Íslendingar búi nú þegar við heilmikinn einkarekstur í heilbrigðisþjónustunni. Þar er vitnað til sjálfstætt starfandi sérfræðinga og sjálfseignarstofnana, samtaka, félaga sjúklinga og aðstandenda, þ.e. félaga án arðsemiskröfu (svokallaðra „non-profit“ félaga), eins og DAS/Hrafnistu, SÍBS/Reykjalundar o.s.frv. Fyrsti minni hluti hefur ítrekað bent á að það er langur vegur milli þess konar rekstrarforms annars vegar, þar sem allur ágóði sem til kann að verða fer aftur til baka inn í reksturinn til að bæta þjónustuna, og hins vegar einkarekstrar sem miðar að því að fá arð út úr rekstri heilbrigðiseða öldrunarstofnana. Á þessu er grundvallarmunur.

Í þessu samhengi er vert að benda sérstaklega á umsögn Rúnars Vilhjálmssonar, prófessors við Háskóla Íslands, en hann hefur ítrekað bent á skilgreiningu fræðimanna á hugtakinu einkavæðing. Í umsögn Rúnars segir m.a.:

„Einkavæðing heilbrigðisþjónustu er yfirhugtak sem felur í sér eitt eða fleira af eftirfarandi:

a. Eignatilfærsla (sala eða afhending opinberra stofnana, opinberra fyrirtækja eða annarra opinberra eigna til einkaaðila).
b. Tilfærsla á rekstri (frá hinu opinbera til einkaaðila, sbr. einkaframkvæmd).
c. Tilfærsla á fjármögnun (þar sem einkafjármögnun kemur að hluta eða öllu leyti í stað opinberrar fjármögnunar áður).

Rekstrartilfærsla (svo sem einkaframkvæmd) í heilbrigðisþjónustu er sem sagt órjúfanlegur hluti einkavæðingar og jafnframt stórt heilsupólitískt málefni, en ekki bara eitthvert tæknilegt eða praktískt mál, eins og sumir stjórnmálamenn hafa haldið fram. Ástæðan er m.a. sú að aukinn einkarekstur heilbrigðisþjónustu dregur sjálfkrafa úr rekstrarlegri ábyrgð hins opinbera (rekstrarleg ábyrgð hins opinbera er mest þegar hið opinbera annast sjálft rekstur þjónustunnar), auk þess sem einkareknar einingar (í hagnaðarrekstri) hafa tilhneigingu til að vera kostnaðarsamari (sjá síðar), og þjappa sér saman í þéttbýli (einkum efnalega betur stæðu þéttbýli) umfram opinbert reknar einingar. Þá getur reynst erfiðara að koma við heildstæðri og samfelldri heilbrigðisþjónustu gegnum einkareknar einingar vegna þess m.a. að þær beinast einkum að hinum ábatasamari þáttum heilbrigðisþjónustunnar og eru gjarnan í samkeppni um sjúklinga hver við aðra og við opinberar rekstrareiningar. Niðurstaðan getur orðið brotakennd og ósamfelld þjónusta“.

Einnig segir í umsögninni:

„Fyrirliggjandi frumvarp til laga um sjúkratryggingar felur m.a. í sér að koma upp sjúkratryggingastofnun til að semja um eða bjóða út heilbrigðisþjónustu á markaði gagnvart stofnunum og smærri aðilum. Þar með eru stjórntæki til einkavæðingar heilbrigðisþjónustu stórlega efld að því er varðar lið 2b.“

Í áðurnefndri ferð heilbrigðisnefndar til Stokkhólms kom fram að menn þar á bæ eru ekki feimnir við að nota skilgreininguna „einkavæðing“ um úthýsingu verkefna. Þótt ýmsum stjórnmálamönnum á Íslandi henti betur að nota önnur orð og hugtök, þá er það viðurkenndur hluti af einkavæðingarferli að láta rekstur í hendur einkaaðila í arðsemisrekstri, enda þótt þjónustan sé áfram greidd úr sameiginlegum sjóðum.

Hættan á hagsmunatengslum.

Í umræðu um frumvarpið sl. vor var bent á hagsmunatengsl á milli þingmanna og einkafyrirtækja í heilbrigðisþjónustu. Um þetta var fjallað á nýafstaðinni flokksráðstefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í Reykholti. Voru fjölmiðlar hvattir til þess að kanna þessi mál. Þetta undirstrikar nauðsyn þess að fjárhags- og hagsmunatengsl þingmanna og ráðamanna séu jafnan opinber og öllum ljós.

Í samþykkt flokksráðsfundar Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs segir:

„Flokksráð Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs varar eindregið við markaðsvæðingu velferðarþjónustunnar sem nú er unnið leynt og ljóst að. Frumvarp heilbrigðisráðherra um sjúkratrygginga- og innkaupastofnun í heilbrigðiskerfinu er liður í þessum áformum og verður að skoðast í því ljósi. Fráleitt er að samþykkja grundvallarbreytingar á velferðarkerfi landsmanna án þess að afleiðingarnar fái áður lýðræðislega umræðu. Þess vegna ætelur flokksráðsfundurinn ríkisstjórnina fyrir að reyna að þröngva þessum lagabreytingum í gegnum þingið með offorsi. Einkavæðing velferðarþjónustunnar kemur notendum hennar illa, leiðir til mismununar og er íþyngjandi fyrir ríki og sveitarfélög sem eiga að greiða fyrir þjónustuna. Augljóst er að því meira fjármagn sem fer í arðgreiðslur til fjárfesta á þessu sviði, þeim mun minna verður til þess að bæta þjónustuna eins og þörf krefur. Fráleitt er að líta á þarfir þeirra sem þurfa að sækja til velferðarþjónustunnar, hvort sem það eru sjúklingar, aldraðir eða fatlaðir, sem hverja aðra vöru á markaði. Flokksráðsfundurinn hafnar með öllu áframhaldandi einkavæðingu á grunnþjónustu samfélagsins og krefst lýðræðislegrar umræðu um afleiðingar þess áður en ráðist er í frekari breytingar. Rannsaka þarf reynsluna af markaðs- og einkavæðingu þar sem ráðist hefur verið í slíkar breytingar og meta samfélagsáhrif hennar. Þá hvetur Vinstrihreyfingin-grænt framboð fjölmiðla til að grannskoða ábendingar sem fram hafa komið um óeðlileg hagsmunatengsl á milli þeirra sem eru í pólitískri aðstöðu til að stýra velferðarkerfinu inná braut markaðsvæðingar annars vegar og fyrirtækja á markaði hins vegar.“

Í þessu samhengi öllu telur 1. minni hluti sérstaklega varhugavert að gefa ráðherra svo opnar valdheimildir sem frumvarpið gerir. Samkvæmt 2. gr. frumvarpsins skal ráðherra auk þess að framkvæma stefnu í heilbrigðisþjónustu einnig marka stefnuna sjálfa. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir því að ráðherra geti sett yfir 30 reglugerðir m.a. um skipulag heilbrigðisþjónustu, forgangsröðun verkefna innan hennar, hagkvæmni, gæði og öryggi þjónustunnar og aðgengi að henni. Eru þessar valdheimildir til viðbótar við víðtækar heimildir ráðherra sem fyrir eru í lögum um heilbrigðisþjónustu. Slíkt er opinn tékki upp á frekari skref til einkavæðingar og ólýðræðislegrar framvindu í þessum mikilvæga málaflokki og vekur auk þess spurningar um gildi heilbrigðisáætlunar sem Alþingi hefur samþykkt.

Hærri gjöld, meiri misskipting.

Það er stefna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að heilsugæsluþjónustan skuli vera gjaldfrjáls og greiðsluþátttaka sjúklinga í heilbrigðisþjónustu takmörkuð verulega frá því sem nú er. Enn fremur að greiða skuli til heilbrigðisþjónustunnar með samábyrgum hætti í gegnum tekjuskattskerfið. Skipting fjármuna heilbrigðisþjónustunnar á að ráðast af þörfinni fyrir þjónustu, ekki af greiðslugetu, en líta má á þjónustugjöld sem tvöfalda skattlagningu á þá sem mest þurfa á þjónustunni að halda.


Fyrsti minni hluti bendir á að greiðsluþátttaka sjúklinga hefur farið vaxandi með hverju árinu eins og meðfylgjandi mynd sýnir auk þess sem stöðugt er verið að fjölga þeim þáttum í heilbrigðisþjónustunni sem heimilt er að taka greiðslu fyrir. Þessi þróun hefur leitt til tölu-

verðs misræmis þannig að tiltekin þjónusta er gjaldskyld en önnur gjaldfrjáls án þess þó að ástæða þessa sé ljós. Heilbrigðisþjónustan hefur þar til hin síðari ár verið að mestu fjármögnuð með skatttekjum en þjónustugjöld og greiðsluþátttaka sjúklinga í æ fleiri þáttum heilbrigðisþjónustunnar hefur vaxið hratt. Er nú svo komið að efnalítið fólk nýtir sér ekki þjónustu sem það telur sig þurfa á að halda vegna kostnaðar. Á þetta m.a. við um tannlækningar og er kostnaður við þær farinn að koma niður á tannheilsu þjóðarinnar.

Fyrr á tíð var litið á það sem meginmarkmið að halda allri gjaldtöku í lágmarki. Í byrjun tíunda áratugarins varð nokkur breyting á þessu viðhorfi og má nefna sem dæmi að gjald sem ákveðið var að taka upp á heilsugæslustöðvum var réttlætt með þeim orðum að það væri líklegt til að auka „kostnaðarvitund“ bæði sjúklinga og starfsmanna. Þegar ríkisstjórnin kynnti áform um að innleiða „einkaframkvæmd“ undir lok tíunda áratugar var því lýst yfir að jafnframt yrði stefnt að aukinni beinni kostnaðarþátttöku notenda. Þessi málflutningur hefur nokkuð breyst á síðustu árum og er nú iðulega staðhæft að heilbrigðisþjónustuna eigi að fjármagna með almennum sköttum. Verkin tala hins vegar öðru máli. Bein kostnaðarþátttaka sjúklinga hefur vaxið hröðum skrefum.

Sem fyrr segir hefur Vinstri hreyfingin – grænt framboð jafnan lagt áherslu á að heilbrigðiskerfið sé gjaldfrítt og bent á að gjaldtaka í heilbrigðisþjónustu leiði til félagslegrar mismununar. Þegar þrengir að lágtekjufólki í ofanálag, eins og því miður blasir nú við, segir þessi gjaldtaka sérstaklega til sín. Ekki hafa verið gerðar nýlegar rannsóknir á samspili lágra tekna og aðgengi að velferðarþjónustunni en þegar leið á tíunda áratuginn fór það ekkert á milli mála að aukin misskipting var farin að valda alvarlegri félagslegri mismunun. Í skýrslu sem landlæknisembættið gaf út í apríl 1997 undir heitinu *Heilbrigðisþjónustan, árangur og skipulag í nútíð og framtíð*, segir m.a.: „Gjalda ber varhug við frekari hækkun gjalda eða verulegum þjónustugjöldum, því að í óbirtri rannsókn landlæknisembættisins kemur í ljós að meðal barnafólks, sem hefur lægstar ráðstöfunartekjur á mánuði, er allstór hópur sem hefur frestað eða hætt við að leita læknismeðferðar og taka út lyf vegna fjárskorts.“ Í skýrslunni kemur fram að það er einkum á sviði tannlækninga sem fólk veigrar sér við að leita lækninga. „Hér hefur orðið grundvallarbreyting á, því að fyrri rannsóknir benda ekki til misræmis í aðgengi fólks eftir stéttum og efnum.“

Bein útgjöld einstaklinga vegna heilbrigðisþjónustu.
Heimildir: Hagstofa Íslands (2006) og Þjóðhagsstofnun (2002).



43. gr. frumvarpsins kveður á um að heilbrigðisstofnunum sé skylt að kostnaðargreina þjónustu sína samkvæmt alþjóðlega viðurkenndum aðferðum (DRG-greining). Þrátt fyrir að 1. minni hluti geri ekki athugasemdir við þær alþjóðlega viðurkenndu aðferðir sem vísað er til, þá telur hann ákvæðið óraunhæft þar sem það geri ráð fyrir að allar stofnanir framkvæmi dýra kostnaðargreiningu, óháð stærð og raunverulegri þörf. Auk þess á slík kostnaðargreining ekki við m.a. í heilsugæslu og við endurhæfingu.

Starfssvið sjúkratryggingastofnunar er að mati 1. minni hluta afar víðtækt og því telur hann nauðsynlegt að styrkja stöðu heilbrigðisstofnana til samningsgerðar, sérstaklega minni stofnana og stofnana á landsbyggðinni. Samstarf og samræður milli þessara aðila um hlutverk, þróun og rekstrarstöðu viðkomandi heilbrigðisstofnana verður að vera virkt ef takast á að komast út úr þeim rekstrarerfiðleikum sem einkennt hafa heilbrigðisþjónustuna mörg undanfarin ár.

Heilbrigðisþjónustan á Íslandi tekur stöðugum framförum. Tækni fleygir fram og er nú unnt að ráða bót á meinum sem vísindin réðu ekki við fyrir fáeinum árum. Eðli málsins samkvæmt er jafnan þörf fyrir meira fjármagn til þessarar þjónustu og því ekki undarlegt að togstreita verði á milli þjónustuaðila og fjárveitingarvalds. Á undanförnum árum hefur fjárveitingarvaldið hins vegar verið alltof aðhaldssamt og er engu líkara en það hafi verið yfirveguð stefna að halda opinberum heilbrigðisstofnunum í fjársvelti. Þrengingar heilbrigðisstofnana hafa síðan valdið því að þær gefa frá sér verkefni og vísa þeim út á markaðinn. Þannig leiðir sveltistefnan til einkavæðingar. Hlálegt er þegar stjórnvöld hafa neitað að verða við eðlilegum kröfum um fjárframlög og tala síðan um „hallarekstur“ þegar sömu stofnanir lenda í þroti.

Fjársveltistefna hefur bitnað harkalega á stórum stofnunum jafnt sem smáum. Þannig hefur Landspítalinn átt í verulegum erfiðleikum enda þótt hann hafi skilað verulegum árangri hvað varðar aukna framleiðni og nýtingu fjármagns á undanförnum árum. Nýlegt dæmi um fjárhagsþrengingar smærri stofnana er m.a. Heilbrigðisstofnun Austurlands.

Kjör og réttindi starfsmanna – burðarás velferðarkerfisins.

Ákvarðanir um markaðsvæðingu almannaþjónustunnar snerta stéttarfélög í almannaþjónustu með beinum og margvíslegum hætti. Það er eðlilegt að leitað sé beint til þeirra við undirbúning og framkvæmd stórra breytinga, enda hljóta stéttarfélög að telja sig hafa mikilvægu hlutverki að gegna í framþróun hágæðaþjónustu. Meta þarf hættuna á versnandi starfsskilyrðum í opinberri almannaþjónustu, t.d. að störf verði sundurslitin og íhlaupastörfum fjölgi, launamisrétti aukist sem og misskipting.

Einkavæðing og einkaframkvæmdir geta haft áhrif á ráðningarsamband og starfsaðstæður launafólks, á kjarasamninga sem segja til um laun, kjör og réttindi, atvinnustig og möguleika starfsfólks á að veita sem allra besta almannaþjónustu.

Öllum hlýtur að vera ljóst að tafarlaust þarf að grípa til aðgerða til að styrkja stöðu og bæta rekstrarumhverfi almannaþjónustunnar. Þar er ekki eftir neinum rannsóknum að bíða, enda blasir veruleikinn við. Þegar er erfitt að manna ýmsar stofnanir velferðarkerfisins og atgervisflótti einkennir ýmis þau lykilstörf samfélagsins er lúta að almennri vellíðan ungra sem aldinna. Stjórnvöld verða að horfast í augu við ábyrgð sína hvað varðar kjaramál starfsfólksins sem velferðarþjónustan hvílir á, enda eru kjör og vinnuaðstæður starfsfólks og sú þjónusta sem það veitir óaðskiljanlegir þættir. Það er úrslitaatriði að mati Vinstri hreyfingarinnar – grænt framboðs að kjör þeirra umönnunarstétta sem halda uppi velferðarkerfinu verði leiðrétt. Eins og dæmin sanna gerist slíkt ekki með einkavæðingu.

Breytingartillögur 1. minni hluta.

IV. kafli frumvarpsins fjallar um samninga um heilbrigðisþjónustu og ítrekar 1. minni hluti að hugmyndafræðin um kaup og sölu á sviði heilbrigðismála er varhugaverð. Ekki er eðlilegt að setja heilbrigði manna undir skilmála um arðsemi þar sem ríkari áhersla er lögð á hagkvæmni og hagnað en réttindi og velferð einstaklingsins sem í hlut á.

Þá varar 1. minni hluti alvarlega við þeim ásetningi stjórnvalda sem er að finna í 39. gr. frumvarpsins þar sem lagt er til að ekki megi gera samninga við stéttarfélög eða fagfélög á sviði heilbrigðisþjónustu eins og tíðkast hefur um árabil. Bent hefur verið á í umsögn um frumvarpið að hér virðist „verið að gera atlögu að félögum heilbrigðisstétta og berja niður samstöðu þeirra og gera að engu uppbyggingu félagsstarfs og fagmennsku innan þeirra.“

Í samræmi við fyrirvara við lög nr. 160/2007 leggur 1. minni hluti til að 42. gr. frumvarpsins verði felld brott og þannig afnumin útboðsheimild sjúkratryggingastofnunar. Með heimild til útboða er heilbrigðisþjónustunni varpað á markaðstorgið þar sem samkeppnissjónarmið og undirboð eru mikilvægari en gæði og samþætting heilbrigðisþjónustunnar. Það er mat 1. minni hluta að núverandi stjórnvöld muni nýta útboðsheimildina í vaxandi mæli til að flýta fyrir einkavæðingu heilbrigðisþjónustunnar í samræmi við yfirlýsta stefnu.

Fyrsti minni hluti áréttar að ámælisvert verði að teljast að engar kröfur skuli gerðar um reynslu eða hæfi stjórnarmanna sjúkratryggingastofnunar og að ekki sé gerð krafa um að forstjóri stofnunarinnar búi yfir fagþekkingu á sviði heilbrigðisvísinda. Leggur 1. minni hluti til að ráðherra beri að hafa slík sjónarmið í huga við skipun forstjóra.

Fyrsti minni hluti gerir breytingartillögu við 20. gr. frumvarpsins um tannlækningar og tannréttingar þar sem orðið *nauðsynlegra* er tekið út úr frumvarpinu þar sem takmörkun á nauðsynlegum tannlækningum mun verða tiltekin sérstaklega í reglugerð ráðherra. Þá leggur 1. minni hluti einnig til að aldurstakmark greinarinnar verði hækkað úr 18 árum í 20 ár. Er það í samræmi við frumvarp þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs á þskj. 60 á þessu þingi.

Gerð er tillaga um viðbætur við 28. gr. frumvarpsins þar sem tryggt er að sjúkratryggingar greiði fargjald beggja foreldra veiks barns sem flutt er sjúkraflutningi á sjúkrahús. Er þetta gert til þess að tryggja að báðir foreldrar geti fylgt börnum sínum á sjúkrahús en frumvarpið gerir aðeins ráð fyrir einum fylgdarmanni með sjúklingi sem er óbreytt frá núgildandi lögum. Samsvarandi tillaga er gerð varðandi 31. gr. frumvarpsins um dvalarkostnað og einnig að í þeim tilfellum sem um fötlun er að ræða verði 18 ára aldurstakmark ekki látið ráða.

Þá gerir 1. minni hluti tillögu til breytinga á bæði 2. og 3. tölul. 1. mgr. 29. gr. Er markmið breytinganna annars vegar að tryggja að sjúkratryggðir greiði ekki beint úr buddunni fyrir rannsóknir sem eru undanfari aðgerðar eða meðferðar. Slík gjaldtaka hefur færst í vöxt með aukinni hagræðingar- og sértekjukröfu og ljóst að endurskoða þarf alla gjaldtöku á göngudeildum með tilliti til þessa og þess hve mikil aukning hefur orðið á starfsemi þeirra.

Hins vegar er samkvæmt ábendingu Ljósmæðrafélags Íslands lögð til breyting á 3. tölul. um að ekki verði heimilt að taka gjald fyrir aðstoð ljósmóður við fæðingu *og sængurlegu* í heimahúsum. Enn fremur að ekki verði heimilt að taka greiðslu fyrir tannlækningar barna og unglinga og ellilífeyrisþega og vísar 1. minni hluti þar til frumvarps til laga um almannatryggingar á yfirstandandi löggjafarþingi, þskj. 60, 60. mál, sem þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa endurflutt nær óbreytt á nokkrum þingum.

Þá vill 1. minni hluti vekja athygli á efnislegri þýðingu 12. tölul. 59. gr. en hún er sú að starfsmenn heilbrigðisþjónustu sem flyst frá ríkinu með samningum skv. IV. kafla laganna teljast áfram vera ríkisstarfsmenn þrátt fyrir að vinnuframlag þeirra sé innt af hendi fyrir sveitarfélag. Slíkir starfsmenn taka laun samkvæmt kjarasamningum ríkisins og lúta í öllu ákvæðum slíkra kjarasamninga og lögum um réttindi og skyldu starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, en ekki kjarasamningum sem sveitarfélag hefur gert. Í framhaldsnefndaráliti meiri hlutans er því haldið fram að þetta ákvæði veiti starfsmönnum ríkisins sem flytjast til sveitarfélaga betri réttindi en þeir ella hefðu samkvæmt kjarasamningum við sveitarfélag. Fyrsti minni hluti bendir á að engin rök eru færð fyrir þeirri fullyrðingu. Hann tekur því heilshugar undir áhyggjur Sambands íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborgar um þessar tilfæringar. Í umsögnum þeirra kemur fram að ákvæði 12. tölul. 59. gr. leiði til þess að hjá sveitarfélögum starfi tvenns konar starfsmenn, annars vegar þeir sem heyra í öllu undir raunverulegan vinnuveitanda, þ.e. sveitarfélag, og hins vegar eldri „yfirfluttir starfsmenn“ sem heyra undir ríkið. Þannig hefur sveitarfélag starfsmenn sem sinna jafnvel sama starfi en lúta ólíkum reglum og kjörum og slíkt sé afar óeðlilegt.

Fyrsti minni hluti bendir á að með aukinni einkavæðingu opinberrar þjónustu þarf að skilgreina stöðu og réttindi starfsmanna þeirra fyrirtækja sem verða einkavæðingu að bráð sem og rétt almennings til upplýsinga um hvernig með eignir þeirra er farið.

Loks telur 1. minni hluti að gildistaka frumvarpsins, sem skal vera 1. október nk., sé vanhugsuð, enda liggur fyrir að ýmsar breytingar á heilbrigðiskerfinu eru í farvatninu. Má þá nefna frumvarp um slysatryggingar og um greiðsluþátttöku sjúklinga í heilbrigðisþjónustunni. Hefði því verið eðlilegra að fresta gildistöku frumvarpsins til 1. janúar 2009.

Eins og hér að framan hefur verið ítarlega rökstutt er 1. minni hluti heilbrigðisnefndar andvígur grundvallarbreytingu í átt til aukinnar markaðsvæðingar og einkavæðingar heilbrigðiskerfisins. Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hefur reynt til hins ýtrasta að fá almenna og opna umræðu um grundvallaratriði málsins en átt erfitt um vik í þeim efnum því að aðstandendur frumvarpsins reyna stöðugt að dulbúa pólitíkina sem að baki liggur sem tæknileg atriði. Fyrsti minni hluti hefur reynt allt sem í hans valdi stendur til að fá fram breytingar á málinu en engin samstaða hefur verið í boði af hálfu meiri hlutans um slíkt. Fyrsti minni hluti flytur breytingartillögur sem gerð hefur verið grein fyrir hér að framan. Án grundvallarbreytinga á frumvarpinu sjá þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sig knúna til að greiða atkvæði gegn málinu og helgast það fyrst og fremst af andstöðu okkar við þá hugmyndafræði markaðsvæðingar og einkareksturs í ágóðaskyni sem hér á að fara að ryðja braut inn í sjálfan kjarna heilbrigðisþjónustunnar á Íslandi.

Alþingi, 9. sept. 2008.

Þuríður Backman, frsm. Álfheiður Ingadóttir.

Með nefndarálitinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Heilbrigðisþjónustan – á vegferð til einkavæðingar. Allyson M. Pollock, erindi haldið á vegum BSRB 29. maí 2008. (BSRB, 2008.)
II. Opinber eða einkarekin heilbrigðisþjónusta? Könnun byggð á fenginni reynslu.Göran Dahlgren, erindi haldið á vegum BSRB 5. maí 2004. (BSRB, 2005.)
III. Minnisblað, lagt fram á fundi í heilbrigðisnefnd 24. maí 2008. Rúnar Vilhjálmsson, prófessor.

1331. Breytingartillögur [613. mál]

við frv. til l. um sjúkratryggingar.

Frá 1. minni hluta heilbrigðisnefndar (ÞBack, ÁI).

1. Við 7. gr. Á eftir orðunum „á háskólastigi“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: á sviði heilbrigðisvísinda.
2. Við 20. gr. Í stað orðanna „Sjúkratryggingar taka til nauðsynlegra tannlækninga aldraðra, öryrkja og barna yngri en 18 ára“ í fyrri málslið 1. mgr. komi: Sjúkratryggingar taka til tannlækninga aldraðra, öryrkja og barna og ungmenna yngri en 20 ára.
3. Við 22. gr. Á eftir orðinu „fæðingar“ í 1. mgr. komi: og sængurlegu.
4. Við 28. gr. Á eftir 2. málsl. 2. mgr. komi nýr málsliður, svohljóðandi: Ef um barn yngra en 18 ára er að ræða taka sjúkratryggingar þátt í kostnaði við fargjald beggja foreldra.
5. Við 29. gr.
   a. Á eftir 2. málsl. 2. tölul. 1. mgr. komi nýr málsliður, svohljóðandi: Ekki er þó heimilt að taka gjald fyrir rannsóknir o.fl. sem er nauðsynlegur undanfari innlagnar vegna aðgerðar, sbr. 1. mgr. 18. gr.

b. Á eftir orðunum „við fæðingu“ í 2. málsl. 3. tölul. 1. mgr. komi: og sængurlegu.
c. Á eftir 2. málsl. 3. tölul. 1. mgr. komi nýr málsliður, svohljóðandi: Ekki er heldur heimilt að taka gjald fyrir almennar tannlækningar barna og ungmenna 20 ára og yngri né heldur fyrir almennar tannlækningar elli- og örorkulífeyrisþega sem njóta tekjutryggingar.
d. Við 3. tölul. 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ekki er heimilt að taka gjald fyrir þjónustu túlka sem veitt er í tengslum við heilbrigðisþjónustu.

6. Við 31. gr.
a. Í stað orðanna „annars foreldris“ í fyrri málslið komi: beggja foreldra.
b. Síðari málsliður orðist svo: Aldurstakmark skv. 1. málsl. gildir ekki ef um er að ræða barn sem haldið er verulegri fötlun.
7. Við 39. gr. Á eftir orðinu „sjálfseignarstofnanir“ í 2. mgr. komi: fag- og stéttarfélög.
8. Við 42. gr. Greinin falli brott.
9. Við 45. gr. Á eftir 2. mgr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:
Sjúkratryggingastofnunin skal koma á fót virkum samráðsvettvangi þar sem fram fer samráð milli sjúkratryggingastofnunarinnar og þeirra aðila sem annast heilbrigðisþjónustu á grundvelli samninga samkvæmt þessum kafla. Slíkur samráðsvettvangur skal vera á ábyrgð beggja samningsaðila og skal þar ræða um viðkomandi samning, breytingar á samningi eða framkvæmd hans.

1332. Framhaldsnefndarálit [613. mál]

um frv. til l. um sjúkratryggingar.

Frá 2. minni hluta heilbrigðisnefndar.

Nú þegar komið er að afgreiðslu frumvarps til laga um sjúkratryggingar vill 2. minni hluti heilbrigðisnefndar ítreka það sem fram kom við 2. umræðu málsins á sl. vori að þingmenn Framsóknarflokksins vilja ekki bera ábyrgð á þeim grundvallarbreytingum sem gerðar eru á heilbrigðisþjónustunni með samþykkt frumvarpsins og munu því sitja hjá við lokaafgreiðslu málsins.

Engu að síður er lögð áhersla á að það fyrirkomulag sem tekið er upp getur verið vel nothæft við ákveðnar aðstæður og ekki ólíkt þeim hugmyndum sem voru komnar fram í stjórnartíð fyrrverandi ríkisstjórnar.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar segir m.a. að skapað verði svigrúm til fjölbreytilegra rekstrarforma í heilbrigðisþjónustu, m.a. með útboðum og þjónustusamningum. Með því frumvarpi sem hér er til lokaafgreiðslu telja stjórnarflokkarnir sig ná fram þessum markmiðum sínum. Sú fyrirmynd sem einkum hefur verið notuð við vinnu stjórnarflokkanna er sótt til Svíþjóðar og fór heilbrigðisnefnd til Stokkhólms á haustdögum til að fá upplýsingar um það fyrirkomulag sem héraðsyfirvöld í Stokkhólmi hafa viðhaft frá árinu 1992 og byggist á umræddu samskiptaformi ríkisins sem kaupanda og stundum seljanda heilbrigðisþjónustu, kostnaðargreiningu þjónustunnar og blandaðri fjármögnun. Í Svíþjóð er heilbrigðisþjónusta á hendi héraðanna og hafa 7 af 20 héruðum innleitt fyrirkomulag það sem hér um ræðir.

Einnig kom fram að um helmingur heilsugæslunnar í Stokkhólmi er nú rekinn af einkaaðilum og fer það hlutfall vaxandi.

Annar minni hluti gerir sér grein fyrir að sá vilji stjórnarflokkanna að færa heilbrigðisþjónustuna inn í rekstrarform einkarekstrar og einkavæðingar verður ekki stöðvaður. Sú lagabreyting sem hér um ræðir er tæki til að koma þeirri breytingu til framkvæmda. Mjög misvísandi upplýsingar hafa borist um það hvort í breytingunum felst sparnaður fyrir ríkissjóð og óljóst er hvernig breytingarnar munu koma við rekstur heilbrigðisþjónustu í dreifbýli þar sem víða er ekki hægt að krefjast afkasta stofnana á við stofnanir í fjölmenni. Áform um að allar heilbrigðisstofnanir verði skilgreindar sem seljendur þjónustu samkvæmt hinu nýja fyrirkomulagi kunna að grafa undan stofnunum úti á landi. Einnig skal á það bent að Tryggingastofnun telur að aukið fjármagn þurfi bæði til rekstrar Tryggingastofnunar og einnig sjúkratrygginga.

Annar minni hluti leggur áherslu á að ríkisstjórnin þurfi að hafa að leiðarljósi nokkur þeirra atriða sem fram komu í svörum viðmælenda heilbrigðisnefndar í umræddri ferð til Stokkhólms. Fram kom að ríkið sem kaupandi þjónustu ætti fremur að nálgast hlutverk sitt á grundvelli samvinnu við veitendur þjónustunnar í stað þess að ýta undir takmarkalausa samkeppni þeirra á milli. Einnig kom fram að ekki væri um raunverulega markaðsvæðingu að ræða þegar kaupandi og seljandi eru sami aðilinn. Þá var lögð áhersla á að langan tíma þurfi til undirbúnings þeim skipulagsbreytingum sem frumvarpið mælir fyrir um og að verulega þurfi að vanda til þeirra.

Annar minni hluti leggur áherslu á að við framkvæmd sjúkratrygginga þurfi að gæta þess að viðhalda háu menntunarstigi innan heilbrigðiskerfisins og að útvistun verkefna hjá einkaaðilum komi ekki niður á stofnunum sem mesta ábyrgð bera í þeim efnum. Þá er enn einu sinni minnt á mikilvægi rafrænnar sjúkraskrár innan heilbrigðiskerfisins.

Þingmenn Framsóknarflokksins leggja áherslu á jafnan aðgang að heilbrigðisþjónustu án tillits til efnahags. Ísland hefur á síðustu árum getað státað af öflugri heilbrigðisþjónustu. Mikilvægt er að áfram verði lagt til grundvallar að heilbrigðisþjónusta getur aldrei orðið í formi hefðbundinna viðskipta þar sem hagnaðarvon ræður för.

Alþingi, 9. sept. 2008.

Valgerður Sverrisdóttir.

1333. Frumvarp til laga [442. mál]

um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands.

(Eftir 2. umr., 9. sept.)

1. gr.

Almennt ákvæði.

Með lögum þessum er mælt fyrir um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands.

Við framkvæmd alþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslands skal tekið mið af stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna og öðrum alþjóðlegum samþykktum um þróunarsamvinnu sem íslensk stjórnvöld hafa skuldbundið sig til að uppfylla.

Meginmarkmið með alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands eru að styðja viðleitni stjórnvalda í þróunarlöndum til að útrýma fátækt og hungri, stuðla að efnahags- og félagslegri þróun, þ.m.t. mannréttindum, menntun, bættu heilbrigði, jafnrétti kynjanna, sjálfbærri þróun og sjálfbærri nýtingu auðlinda. Það heyrir einnig til markmiða þessara að tryggja öryggi á alþjóðavettvangi, m.a. með því að stuðla að friði og gæta hans, vinna að uppbyggingu og gæslu friðar og veita mannúðar- og neyðaraðstoð þar sem hennar er þörf.

2. gr.

Yfirstjórn alþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslands.

Utanríkisráðherra fer með yfirstjórn alþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslands.

Framlög til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu skulu greidd úr ríkissjóði eftir því sem ákveðið er í fjárlögum hvers árs.

Alþingi kýs sjö fulltrúa til setu í Þróunarsamvinnunefnd. Hlutverk Þróunarsamvinnunefndar er að tryggja aðkomu fulltrúa þingflokka að stefnumarkandi umræðu og ákvörðunum ráðherra um alþjóðlega þróunarsamvinnu til lengri tíma, sbr. 3. og 4. gr.

3. gr.

Áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu.

Ráðherra leggur annað hvert ár fram tillögu til þingsályktunar á Alþingi um áætlun stjórnvalda um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands til fjögurra ára í senn.

Í áætluninni skal greint frá framlögum til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu og hvernig þau skiptast á grundvelli stefnumiða Íslands í þróunarsamvinnu til lengri og skemmri tíma litið. Þá skal áætlunin fela í sér heildstætt yfirlit yfir það hvernig ráðherra hyggst ná settum markmiðum hennar.

Í áætluninni skal m.a. tiltaka fyrirhugað hlutfall framlaga til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu af vergum þjóðartekjum.

Drög að tillögu til þingsályktunar skv. 1. mgr. skulu lögð fyrir Þróunarsamvinnunefnd til umsagnar og skal umsögn hennar fylgja tillögunni til Alþingis.

4. gr.

Samstarfsráð um alþjóðlega þróunarsamvinnu.

Ráðherra skipar 17 fulltrúa í samstarfsráð um þróunarsamvinnu til fjögurra ára í senn og jafnmarga til vara. Formaður samstarfsráðsins er skipaður án tilnefningar. Fulltrúar í

Þróunarsamvinnunefnd skulu eiga sæti í ráðinu, en níu fulltrúar skulu skipaðir með eftirfarandi hætti:

a. fimm í samráði við samstarfshóp íslenskra mannúðarsamtaka í alþjóðlegu hjálparstarfi og þróunarsamvinnu,
b. tveir í samráði við samstarfsnefnd háskólastigsins,
c. tveir í samráði við aðila vinnumarkaðarins.

Samstarfsráðið skal sinna ráðgefandi hlutverki við stefnumarkandi ákvarðanatöku, m.a. um áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu, sbr. 3. gr., framlög til þróunarsamvinnu og skiptingu þeirra milli marghliða og tvíhliða samvinnu, forgangsröðun í þróunarsamvinnu, þ.m.t. um þátttöku Íslands í starfi fjölþjóðastofnana, og um val á samstarfslöndum.

Samstarfsráðið kemur saman til fundar að lágmarki tvisvar ár hvert.

Ráðherra getur kveðið nánar á um hlutverk samstarfsráðsins í reglugerð.

5. gr.

Marghliða þróunarsamvinna.

Utanríkisráðuneytið annast marghliða þróunarsamvinnu Íslands, í samstarfi við alþjóðlegar stofnanir og innlend og alþjóðleg félagasamtök eftir því sem við á, samkvæmt áætlun stjórnvalda um alþjóðlega þróunarsamvinnu, sbr. 3. gr.

6. gr.

Þróunarsamvinnustofnun Íslands.

Þróunarsamvinnustofnun Íslands er sérstök stofnun sem lýtur yfirstjórn utanríkisráðuneytisins.

Þróunarsamvinnustofnun annast tvíhliða þróunarsamvinnu Íslands í umboði ráðherra í samræmi við áætlun stjórnvalda um alþjóðlega þróunarsamvinnu, sbr. 3. gr., og samkvæmt nánari ákvörðun utanríkisráðuneytisins.

Ráðherra er heimilt að ákveða að umdæmisskrifstofur Þróunarsamvinnustofnunar skuli reka sem sendiráð og fela umdæmisstjórum stofnunarinnar að gegna tímabundið starfi forstöðumanna þeirra auk umdæmisstjórastarfsins samkvæmt lögum nr. 39/1971, um utanríkisþjónustu Íslands, enda taki þeir við beinum fyrirmælum utanríkisráðuneytisins og viðkomandi sendiherra varðandi hefðbundin störf utanríkisþjónustunnar, eftir því sem við á.

Ráðherra skipar framkvæmdastjóra Þróunarsamvinnustofnunar og setur honum erindisbréf. Framkvæmdastjóri skal hafa lokið háskólaprófi og búa yfir þekkingu á verksviði stofnunarinnar. Hann skal taka þátt í starfi utanríkisráðuneytisins um alþjóðlega þróunarsamvinnu eftir því sem ráðherra ákveður. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á daglegri framkvæmd og rekstri stofnunarinnar. Hann ræður annað starfsfólk stofnunarinnar.

Ráðherra setur í reglugerð nánari reglur um hlutverk Þróunarsamvinnustofnunar Íslands og tengsl hennar við utanríkisráðuneytið, sem og um það hlutverk sem umdæmisskrifstofur stofnunarinnar gegna við framkvæmd þróunarsamvinnu, meðferð utanríkismála og gæslu hagsmuna Íslands.

7. gr.

Starfsmenn ríkisins við alþjóðlega þróunarsamvinnu.

Þróunarsamvinnustofnun Íslands er heimilt að ráða starfsmenn til tímabundinna starfa við afmörkuð verkefni í þróunarsamvinnu erlendis, þó ekki lengur en fimm ár í senn. Þróunarsamvinnustofnun getur sagt upp slíkum ráðningarsamningi með þriggja mánaða uppsagnar-

fresti ef verkefninu er hætt, því lýkur fyrr en ætlað var eða starfsmaðurinn getur ekki sinnt starfi sínu vegna aðstæðna í gistiríkinu.

Utanríkisráðuneytinu er heimilt, að höfðu samráði við Þróunarsamvinnustofnun Íslands, að ráða starfsmann Þróunarsamvinnustofnunar tímabundið í starf hjá ráðuneytinu, þó ekki lengur en fimm ár í senn. Telst viðkomandi vera starfsmaður ráðuneytisins og í launalausu leyfi frá Þróunarsamvinnustofnun á meðan hann gegnir starfinu. Við slíka ráðningu er heimilt að víkja frá ákvæðum 7. gr. laga nr. 70/1996. Með sama hætti má veita embættismanni eða fastráðnum starfsmanni ráðuneytisins tímabundið starf hjá Þróunarsamvinnustofnun.

Útsendir starfsmenn ríkisins í þróunarsamvinnu erlendis skulu í störfum sínum hafa í heiðri þær þjóðréttarlegu reglur sem Ísland er skuldbundið af og réttaráhrif hafa gagnvart einstaklingum. Þeim er skylt að gæta þagmælsku um atriði er þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt samningum, lögum, fyrirmælum yfirmanna eða eðli máls. Þagnarskyldan helst eftir að látið er af starfi. Þeir mega ekki taka þátt í stjórnmálastarfi eða mótmælum í því landi þar sem þeir starfa.

8. gr.

Framkvæmd, eftirlit og úttektir.

Við framkvæmd þróunarsamvinnu skal fylgja viðurkenndum aðferðum, reglum og leiðbeiningum alþjóðasamfélagsins, m.a. þróunarsamvinnunefndar Efnahags- og framfarastofnunarinnar, og þeim kröfum um meðferð og vörslu fjármuna á sviði þróunarsamvinnu sem Ríkisendurskoðun gerir. Framkvæmd áætlunar um alþjóðlega þróunarsamvinnu, sbr. 3. gr., skal háð reglulegu eftirliti og úttektum óháðra aðila.

9. gr.

Skýrslur utanríkisráðherra og upplýsingagjöf til Alþingis.

Utanríkisráðherra gefur Alþingi skýrslu annað hvert ár um framkvæmd áætlunar stjórnvalda um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands, samtímis því sem hann leggur fram tillögu til þingsályktunar skv. 3. gr.

Auk þess sem greinir í 1. mgr. upplýsir ráðherra utanríkismálanefnd og fjárlaganefnd reglulega um framkvæmd alþjóðlegrar þróunarsamvinnu.

10. gr.

Gildistaka og lagaskil.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 43 26. maí 1981, um Þróunarsamvinnustofnun Íslands.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þeir starfsmenn Þróunarsamvinnustofnunar Íslands sem þegar eru að störfum erlendis skulu eiga rétt á að halda núverandi starfskjörum skv. 7. gr. laga nr. 43/1981 þar til starfstíma þeirra erlendis samkvæmt núgildandi ráðningarsamningum lýkur.

II.

Þrátt fyrir gildistökuákvæði skal stjórn Þróunarsamvinnustofnunar samkvæmt lögum nr. 43 26. maí 1981 halda umboði sínu og starfa til 1. september 2008.

1334. Nefndarálit [294. mál]

um frv. til l. um nálgunarbann.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Rögnu Árnadóttur og Gunnar Narfa Gunnarsson frá dómsmálaráðuneyti, Markús Sigurbjörnsson og Benedikt Bogason frá réttarfarsnefnd, Stefán Eiríksson, lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins, Valtý Sigurðsson ríkissaksóknara og Ragnheiði Harðardóttur frá embætti ríkissaksóknara, Símon Sigvaldason og Helga I. Jónsson frá dómstólaráði, Eyrúnu Jónsdóttur og Helgu Leifsdóttur frá Neyðarmóttöku vegna nauðgana, Evu Bryndísi Helgadóttur frá Lögmannafélagi Íslands, Helga Magnús Gunnarsson og Boga Nilsson frá Ákærendafélagi Íslands og Guðrúnu D. Guðmundsdóttur frá Mannréttindaskrifstofu Íslands. Umsagnir bárust um málið frá ríkissaksóknara, Landssambandi lögreglumanna, Ákærendafélagi Íslands, umboðsmanni barna, Mannréttindaskrifstofu Íslands, dómstólaráði, Lögmannafélagi Íslands og Neyðarmóttöku vegna nauðgana.

Frumvarp þetta var flutt samhliða frumvarpi til laga um meðferð sakamála, sem varð að lögum nr. 88/2008. Lögin öðlast gildi 1. janúar 2009. Réttarreglur um nálgunarbann er nú að finna í lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, en við undirbúning frumvarpanna var ákveðið að ekki væri rétt að skipa þar ákvæðum um nálgunarbann með þeim þvingunarúrræðum sem lög um meðferð sakamála gera ráð fyrir, bannið hefði ekki það einkenni sem þeim úrræðum væri sameiginlegt, þ.e. að tengjast rannsókn eða meðferð sakamáls í tilefni af tilteknu broti. Því væri rétt að koma reglum um úrræðið fyrir í sérstökum lögum. Í frumvarpinu er þó gerð sú breyting frá gildandi reglum að lýst er nánar hvaða aðdragandi getur verið að því að lögregla geri kröfu til dómara um nálgunarbann og hvaða úrræði sá hefur sem ekki fær því framgengt að lögreglan krefjist nálgunarbanns, þ.m.t. heimild til að kæra höfnun á nálgunarbanni.

Nefndin ræddi málið ítarlega á fundum sínum. Helstu atriði sem bar á góma í umræðum nefndarinnar voru hvaða aðili ætti að hafa heimild til að úrskurða mann í nálgunarbann og hvort skilyrði fyrir beitingu nálgunarbanns væru fullnægjandi samkvæmt núgildandi lögum og frumvarpinu eins og það liggur fyrir. Nefndin fjallaði um málið á fundum sínum á vorþingi en ákvað þá að afgreiða það ekki samhliða sakamálafrumvarpinu til að fara nánar yfir þau álitamál sem upp komu.

Nefndarmenn ræddu það hvort rétt væri að heimild til að úrskurða mann í nálgunarbann væri á hendi lögreglu eða handhafa ákæruvalds frekar en dómara eins og nú er. Ýmsir umsagnaraðilar í málinu beittu sér töluvert fyrir því að slík heimild yrði færð yfir til lögreglu, en úrskurður hennar yrði síðan ávallt borinn undir dómstóla. Þau rök voru einkum færð fram fyrir breytingunni að hún gæti orðið til þess að stytta málsmeðferð og tryggja virkari framkvæmd úrræðisins. Efasemdir komu fram frá öðrum gestum um að sú breyting mundi skila tilætluðum árangri eða jafnvel hafa þær afleiðingar að málsmeðferð mundi þyngjast eða lengjast. Að vandlega athuguðu máli telur meiri hlutinn ekki rétt að fara þá leið að svo búnu og álítur að fyrst þurfi að fara fram ítarleg skoðun á kostum þess og göllum að ráðast í flutning á forræði í nálgunarbannsmálum frá dómstólum til lögreglu. Meiri hlutinn bendir í því sambandi á að slík skoðun þurfi m.a. að fela í sér samanburð við nágrannalönd Íslands, einkum Noreg og Svíþjóð, og yfirlit yfir framkvæmd nálgunarbannsúrræðisins hér á landi til þessa, bæði framkvæmd lögreglu og dómaframkvæmd. Meiri hlutinn bendir jafnframt á að

huga þurfi að því hvernig andmælaréttur og aðrar málsmeðferðarreglur stjórnsýslulaga komi til með að spila inn í slíka yfirfærslu úrskurðarheimildarinnar.

Nefndin ræddi einnig hvort ástæða væri til að breyta þeim efnisskilyrðum sem nú eru fyrir beitingu nálgunarbanns og frumvarpið gerir einnig ráð fyrir. Í þessu sambandi kynnti nefndin sér m.a. dóm Hæstaréttar í máli nr. 423/2008 frá 7. ágúst 2008 þar sem ekki var fallist á að skilyrði væru fyrir hendi til að manni yrði gert að sæta nálgunarbanni skv. 110. gr. a laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála. Meiri hlutinn leggur áherslu á að úrræðið verði virkara en verið hefur til þessa og leggur í því skyni fram breytingartillögur þess efnis að teknir verði upp í frumvarpið mælikvarðar um þau atriði sem dómara beri að líta til við mat á því hvort skilyrði sé uppfyllt til nálgunarbanns. Meiri hlutinn leggur til að nægilegt verði að ástæða sé til staðar til að óttast afbrot eða að friði verði raskað, en ekki „rökstudd ástæða“ eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Þá leggur meiri hlutinn til að sá frestur sem lögreglu er ætlaður til að taka afstöðu til beiðni um nálgunarbann verði styttur úr tveimur vikum, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, í þrjá daga. Í núgildandi lögum eru engir tímafrestir og því er þessi breyting til töluverðra bóta að mati meiri hlutans. Loks gerir meiri hlutinn það að tillögu sinni að við 3. gr. frumvarpsins bætist ný málsgrein þess efnis að við mat á því hvort skilyrðum fyrir nálgunarbanni sé fullnægt skuli m.a. litið til framferðis þess, sem krafist er að sæti því, á fyrri stigum. Jafnframt skuli fara fram hagsmunamat þannig að horft verði til hagsmuna þess sem njóta ætti verndar af nálgunarbanni með tilliti til þeirra takmarkana sem bannið legði á athafnafrelsi þess sem krafist er að sæti því.

Loks leggur meiri hlutinn til breytingu á gildistökuákvæði frumvarpsins þess efnis að lögin taki gildi 1. janúar 2009, á sama tíma og ný lög um meðferð sakamála.

Í tengslum við meðferð málsins ræddi nefndin einnig nokkuð svokallaða „austurríska leið“ sem felst í því að heimilt er að vísa manni af heimili sínu að uppfylltum tilteknum skilyrðum og hvort til álita kæmi að taka svipað fyrirkomulag upp hér á landi. Í því sambandi tekur meiri hlutinn fram að hér er um að ræða annað úrræði en nálgunarbann og umræða um það mál er mun skemmra á veg komin en nálgunarbannsumræðan. Meiri hlutinn beinir því hins vegar til dómsmálaráðuneytis að reynslan af því fyrirkomulagi í nágrannalöndunum verði könnuð og metið hvernig þetta úrræði falli að íslensku réttarfari. Meiri hlutinn óskar eftir því að afrakstur þessarar vinnu verði kynntur henni þegar niðurstöður liggja fyrir.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með þeim breytingum sem hér er gerð er grein fyrir og lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Samúel Örn Erlingsson skrifar undir álit þetta með fyrirvara.

Alþingi, 9. sept. 2008.

Birgir Ármannsson, form., frsm.	Ágúst Ólafur Ágústsson.	Jón Gunnarsson.
Ellert B. Schram.	Samúel Örn Erlingsson, með fyrirvara.	Ólöf Nordal.
Karl V. Matthíasson.		Jón Magnússon.

1335. Breytingartillögur [294. mál]

við frv. til l. um nálgunarbann.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar (BÁ, ÁÓÁ, JónG, EBS, SÖE, ÓN, KVM, JM).

1. Við 1. gr. Orðið „rökstudd“ falli brott.
2. Við 2. gr. Í stað orðanna „tveggja vikna“ í 3. málsl. 1. mgr. komi: þriggja sólarhringa.
3. Við 3. gr. Á eftir 1. mgr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:
   Við mat á því hvort fullnægt sé skilyrðum fyrir nálgunarbanni skal meðal annars litið til framferðis þess, sem krafist er að sæti því, á fyrri stigum. Jafnframt skal horft til hagsmuna þess sem njóta ætti verndar af nálgunarbanni með tilliti til þeirra takmarkana sem bannið legði á athafnafrelsi þess sem krafist er að sæti því.
4. 5. gr. orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2009.

1336. Frumvarp til laga [522. mál]

um breytingu á lögum um Póst- og fjarskiptastofnun, nr. 69/2003.

(Eftir 2. umr., 9. sept.)

1. gr.

Við 1. mgr. 5. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Í tengslum við eftirlit og athuganir mála samkvæmt ákvæðum laga um fjarskipti og laga um póstþjónustu sem ekki snúa að fjarskiptafyrirtækjum eða póstrekendum er einstaklingum og lögaðilum skylt að láta Póst- og fjarskiptastofnun í té allar upplýsingar og gögn sem hún telur nauðsynleg.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. Orðin „allir eftir tilnefningu Hæstaréttar“ í 3. málsl. 1. mgr. falla brott.
b. Í stað orðsins „átta“ í 2. mgr. kemur: tólf.
c. 3.–5. mgr. orðast svo:
   Nú vill aðili ekki una úrskurði nefndarinnar og getur hann þá borið úrskurðinn undir dómstóla, en slíkt mál skal höfða innan sex mánaða frá því að viðkomandi fékk vitneskju um úrskurð nefndarinnar. Póst- og fjarskiptastofnun getur í undantekningartilfellum borið úrskurð nefndarinnar undir dómstóla enda liggi fyrir samþykki ráðherra. Málshöfðun frestar ekki gildistöku úrskurða nefndarinnar.

   Aðili getur borið ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar undir dómstóla án þess að mál sé fyrst borið undir úrskurðarnefnd. Slíkt mál skal höfðað innan þriggja mánaða frá því að viðkomandi fékk vitneskju um ákvörðun stofnunarinnar. Málshöfðun frestar ekki réttaráhrifum ákvarðana stofnunarinnar. Málskot til dómstóla hindrar að úrskurðarnefnd sé heimilt að taka kæru til málsmeðferðar.

Taka skal gjald vegna málskots fjarskiptafyrirtækja og póstrekenda til úrskurðarnefndar og málsmeðferðar fyrir nefndinni. Gjaldið skal taka mið af kostnaði vegna þóknunar nefndarmanna, reksturs málsins fyrir nefndinni, starfsaðstöðu, sérfræðiaðstoðar og gagnaöflunar. Tapist mál í grundvallaratriðum skal sá málsaðili sem tapar að jafnaði greiða málskostnað. Nefndin kveður á um fjárhæð og skiptingu gjalds í úrskurðarorðum sínum. Ekki er heimilt að gera notendum fjarskipta- og póstþjónustu eða Póst- og fjarskiptastofnun að greiða gjald samkvæmt ákvæði þessu. Gjöld samkvæmt þessari grein eru aðfararhæf.

d. Við greinina bætast tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Þóknun úrskurðarnefndar vegna málskots notenda fjarskipta- og póstþjónustu og málsmeðferðar fyrir nefndinni skal ákveðin af ráðherra og greiðist úr ríkissjóði. Úrskurðarnefnd getur að fengnu samþykki samgönguráðherra ráðið nefndinni starfslið, kallað sérfróða menn sér til aðstoðar eða falið sjálfstætt starfandi aðila að sjá um skrifstofuhald fyrir nefndina.

Um starfshætti úrskurðarnefndarinnar, starfslið, sérfræðiaðstoð og umfang hennar, skrifstofuhald, starfsstöð, málsmeðferð, birtingu og aðfararhæfi, frestun réttaráhrifa, útgáfu úrskurða nefndarinnar, málskotsgjöld og kostnað lögaðila, skiptingu kostnaðar og aðra þætti er lúta að starfsumhverfi nefndarinnar skal mælt fyrir í reglugerð sem ráðherra setur.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Samgönguráðherra skal skipa úrskurðarnefnd í samræmi við ákvæði 2. gr. laga þessara án ástæðulauss dráttar og eigi síðar en 1. janúar 2009.

Úrskurðarnefnd sem er að störfum fyrir gildistöku laga þessara skal ljúka meðferð þeirra kærumála sem borist hafa nefndinni fyrir gildistöku laganna, enda hafi málsmeðferð vegna þeirra hafist hjá nefndinni. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að bera undir dómstóla úrskurði kærunefndar samkvæmt ákvæði þessu sem falla eftir gildistöku laga þessara.

1337. Breytingartillaga [442. mál]

við frv. til l. um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands.

Frá Bjarna Benediktssyni.

Í stað dagsetningarinnar 1. september 2008 í ákvæði til bráðabirgða II komi: 1. nóvember 2008.

Greinargerð.

Breytingartillagan miðar að því að sá tími sem stjórn Þróunarsamvinnustofnunar heldur umboði sínu og starfar eftir að lög um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands hafa tekið gildi verði framlengdur til 1. nóvember 2008. Utanríkismálanefnd gerði ráð fyrir því að frumvarp-

ið yrði að lögum á vorþingi, en þar sem afgreiðsla þess dróst fram á haustþing þarf að taka tillit til þess í ákvæði til bráðabirgða II. Breytingin gerir ráð fyrir að kosið verði í Þróunarsamvinnunefnd í október, eftir að þing kemur saman á ný, og því er hæfilegt að miða dagsetninguna við 1. nóvember 2008.

1338. Svar [644. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Atla Gíslasonar um tilskipanir Evrópusambandsins.

Tekið er fram í fyrirspurninni að einungis sé átt við tilskipanir Evrópusambandsins og er í svarinu tekið mið af því.

Um leið og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar liggur fyrir ber ríkjum skylda til að innleiða samþykktar tilskipanir, nema í þeim tilvikum þegar sérstakur innleiðingarfrestur er tilgreindur í ákvörðuninni sjálfri eða í tilskipuninni. Töflur í svari þessu gefa upplýsingar um tímamörk innleiðingar og aðgerðir þær sem Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur gripið til.

1. *Hversu margar tilskipanir ESB bíða innleiðingar og upptöku í EES-samninginn?*

Samkvæmt upplýsingum frá ESA bíða nú 40 tilskipanir innleiðingar af Íslands hálfu og hefur ESA því hafið afskipti af þeim. Þar að auki hafa fimm tilskipanir verið teknar upp í EES-samninginn með stjórnskipulegum fyrirvara en þar til honum hefur verið aflétt ber ríkjunum ekki skylda til innleiðingar.

Samkvæmt upplýsingum frá EFTA bíða nú u.þ.b. 30 gerðir (þar á meðal tilskipanir) upptöku í EES-samninginn á næsta fundi sameiginlegu EES-nefndarinnar. Að auki eru fjölmargar tilskipanir í vinnslu innan vinnunefnda EFTA.

2. *Hvenær rann eða rennur út innleiðingarfrestur tilskipana skv. 1. tölul.?*

Vísað er til töflu A varðandi tilskipanir sem komnar eru fram yfir tilsetta dagsetningu innleiðingar og töflu B varðandi tilskipanir sem teknar hafa verið upp í samninginn með stjórnskipulegum fyrirvara. Þær síðarnefndu bíða meðferðar Alþingis og innleiðingar í framhaldinu.

3. *Hver hafa viðbrögð Eftirlitsstofnunar EFTA verið varðandi þær tilskipanir sem dregist hefur að innleiða umfram setta fresti?*

Viðbrögð ESA fylgja fastmótuðu ferli eftir að innleiðingarfrestur er liðinn. Það ferli er þríþætt:

i. **Formleg tilkynning (letter of formal notice):** ESA óskar eftir skýringum frá EES/EFTA-ríki þegar um 6 mánuðir eru liðnir fram yfir frest til innleiðingar. Borist hafa formlegar tilkynningar vegna 20 tilskipana sem bíða innleiðingar.
ii. **Rökstutt álit (reasoned opinion):** Ef svör við formlegri tilkynningu berast ekki eða þykja ekki fullnægjandi sendir ESA álit til viðkomandi ríkis, þar sem rökstutt er að töf á innleiðingu viðkomandi tilskipunar sé brot á EES-samningnum. Gefinn er frestur, yfirleitt tveir mánuðir, til að bregðast við. Borist hafa rökstudd álit vegna sex tilskipana sem bíða innleiðingar.

iii. **Vísun til EFTA-dómstólsins (court referral):** Ef ríki fer ekki eftir fyrrgreindum tilmælum getur ESA ákveðið að skjóta málinu til EFTA-dómstólsins. Málsmeðferð tekur yfirleitt um eitt ár. Einni tilskipun sem bíður innleiðingar hefur verið vísað til dómstólsins.

4. Í hvaða tilvikum hefur framkvæmdastjórn ESB gert athugasemdir við drátt á innleiðingu og þá hverjar?

Meginreglan er sú að framkvæmdastjórn ESB gerir ekki formlegar athugasemdir við drátt á innleiðingu tilskipana af hálfu EES/EFTA-ríkjanna. Samkvæmt tveggja stoða kerfi EES-samningsins er slíkt í höndum ESA. Þó hefur í nokkrum tilvikum verið spurst fyrir um mál eða gerðar óformlegar athugasemdir við drátt á innleiðingu á fundum sameiginlegu EES-nefndarinnar. Framkvæmdastjórnin hefur einnig á stundum spurst fyrir um og gert athugasemdir við að langur tími líði frá því að ákvörðun er tekin í sameiginlegu EES-nefndinni og þar til sjórnskipulegum fyrirvara er aflétt svo ákvörðun megi ganga í gildi en samningurinn gerir ráð fyrir að slíkt sé gert innan sex mánaða. Slíkar athugasemdir og fyrirspurnir byggjast á ákvæðum EES-samningsins sem mæla fyrir um heimildir sem grípa má til í þeim tilvikum að ákvörðun gengur ekki í gildi og felast í því, að undangengnu ákveðnu ferli, að unnt er að stöðva framkvæmd EES-samningsins á þeim sviðum sem um er að ræða.

Tafla A. Tilskipanir sem ekki hafa verið innleiddar og viðbrögð ESA.
(Innleiðingarfrestur 22. júlí eða fyrr.)

Máls-númer	Númer tilskipunar	Heiti	Innleiðingar-frestur	Formleg tilkynning	Rökstutt álit	Vísun til EFTA-dómstóls
59086	2003/55	Common rules for the internal market in natural gas (Second Directive)	1.6.2007			
61276	2004/8	Promotion of cogeneration based on usefull heat (Combined Heat and Power Directive)	1.10.2007			
63331	2004/101	ETS – Linking Directive	29.12.2007			
56406	2003/108	Waste electrical and electronic equipment – amendment	1.2.2006	19.12.2006	20.6.2007	
62057	2006/77	Maximum levels for organochlorine compounds in animal feed	28.4.2008			
60157	2005/68	Reinsurance (Directive 2005/68)	10.12.2007	16.7.2008		
62077	2006/15	Occupational exposure limit values – Commission Directive 2006/15/EC	1.9.2007	20.12.2007	11.6.2008	
62313	2006/128	Criteria of purity concerning sweeteners for use in foodstuffs	15.2.2008	21.5.2008		
62314	2006/129	Criteria on food additives other than colours and sweeteners	15.2.2008	21.5.2008		
64659	2007/54	Cosmetic products – TA	26.4.2008			
64658	2007/53	Cosmetic products – TA	19.6.2008			
64044	2007/27	Maximum levels of etoxazole, indixacarb, etc.	2.2.2008	16.4.2008		
64062	2007/42	Materials and articles made of regenerated cellulose film in contact with foodstuffs	2.2.2008	16.4.2008		
63754	2007/28	Maximum residue levels	8.12.2007	16.4.2008		
64370	2007/55	Maximum residue levels	19.3.2008	2.7.2008		
64371	2007/56	Maximum residue levels	15.3.2008	2.7.2008		
64372	2007/57	Maximum residue levels	19.3.2008	2.7.2008		
64048	2007/26	Dir 2007/26/EC amending Directive 2004/6/EC	2.2.2008	27.6.2008		
64060	2007/19	Plastic materials and articles intended to come into contact with food	1.4.2008	27.6.2008		

Máls-númer	Númer tilskipunar	Heiti	Innleiðingar-frestur	Formleg tilkynning	Rökstutt álit	Vísun til EFTA-dómstóls
64825	2006/141	Include clothianidin and pethoxamid as active substances	7.6.2008			
64826	2007/62	Maximum residue levels for bifenazate, pethoxamid, pyrimethanil and rimsulfuron	7.6.2008			
64827	2007/73	Maximum residue levels	15.6.2008			
63338	2006/82	Infant formulae and follow-on formulae; dietary foods for special medical purposes – accession Bulgaria and Romania	26.10.2007			
63354	2006/107	Foodstuffs – accession of Bulgaria and Romania	26.10.2007			
62059	2006/42	Machinery	29.6.2008			
59595	2004/26	Directive amending Directive 97/68 relating to measures against emission of pollutants from internal combustion engines in non-road mobile machinery	11.3.2006	14.3.2007	4.7.2007	20.2.2008
62082	2005/88	Noise emission in the environment by equipment for use outdoors	28.4.2007	20.12.2007		
62637	2006/17	Technical Requirements for Donation, Procurement and Testing of Human Tissues and Cells	7.7.2007	30.1.2008	16.7.2008	
62640	2006/86	Traceability , Notification of Adverse Reactions and Techn. Req. for coding etc. of Human Tissues and Cells	7.7.2007	30.1.2008	16.7.2008	
64038	2007/37	Approval of motor vehicles and their trailers	2.2.2008	11.6.2008		
64039	2007/34	Permissible sound level and the exhaust system of motor vehicles	6.7.2008			
64040	2007/35	Installation of lighting and light-signalling devices on motor vehicles	10.7.2008			
62622	2007/4	Methods for Quantative Analysis of Binary Textile Fibre Mixtures	2.2.2008	11.6.2008		
61287	2006/22	Social legislation relating to road transport	1.5.2008			
Tilskipanir innleiddar að hluta.						
60798	2005/56	Cross-border mergers of limited liability companies	15.12.2007			
58683	2004/109	Directive 2004/109/EC – on the harmonisation of transparency requirements	1.6.2007			
56064	2002/87	Financial Conglomerates Directive (2002/87)	1.8.2005			
57622	2004/39	Markets in financial instruments – Directive 2004/39/EC	1.8.2007			
55850	2002/96	Waste electrical and electronic equipment (WEEE) – Basic Act	1.2.2006	19.12.2006	20.6.2007	
63328	2003/87	ETS – Scheme for greenhouse gas emission allowance trading	29.12.2007			

Tafla B. Tilskipanir teknar upp í EES-samninginn með stjórnskipulegum fyrirvara.

Númer ákv.	Tilskipun	Upptaka	Frestur til afléttingar fyrirvara	Viðauki/Bókun
102/2007	32/2005	28.9.2007	28.3.2008	Annex 04 Energy
135/2007	33/2002	26.10.2007	26.4.2008	Annex 01 Veterinary and Phytosanitary Matters
137/2007	41/2004	26.10.2007	26.4.2008	Annex 01 Veterinary and Phytosanitary Matters
141/2007	66/2006	26.10.2007	26.4.2008	Annex 02 Technical Regulations, Standards, Testing and Certification
46/2008	61/2007	25.4.2008	25.10.2008	Annex 02 Technical Regulations, Standards, Testing and Certification

1339. Svar [624. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Valgerðar Sverrisdóttur um framlag áliðnaðarins til þjóðarbúsins.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvert er framlag áliðnaðarins til þjóðarbúsins, sundurliðað m.a. eftir fjölda starfa, tekjum ríkissjóðs og hlutfalli af útflutningstekjum?

1. Fjöldi starfa.

Eftirfarandi upplýsingar fengust frá álfélögunum um fjölda fastra starfsmanna í maí 2008, áætlaðan fjölda starfsmanna í sumarafleysingum og mat félaganna á fjölda starfa sem eru afleidd af starfsemi álveranna.

Álfélög	Fastir starfsmenn	Sumarafleysingar	Áætluð afleidd störf
ÍSAL í Straumsvík	540	130	1.350
Norðurál á Grundartanga	477	140	750
Fjarðaál í Reyðarfirði	450	130	1.000
Samtals	**1.467**	**400**	**3.100**

Nýsir hf. ráðgjafarþjónusta mat fjölda afleiddra starfa í skýrslu árið 2002 um samfélagsleg og efnahagsleg áhrif álvers í Fjarðabyggð þannig að óbein og afleidd störf á Mið-Austurlandi gætu orðið 295 og annars staðar í landinu 680, samtals 975.

2. Tekjur ríkissjóðs.

Upplýsingar um heildartekjur ríkissjóðs af áliðnaði liggja ekki fyrir. Ríkissjóður fær skatttekjur af launum hvers starfsmanns í áliðnaði en hluti af þeim fer sem útsvar til viðkomandi sveitarfélaga. Álfyrirtækin eru skattlögð samkvæmt íslenskum lögum og nam álagning tekjuskatts 2007 tæplega 1.500 millj. kr.

Samkvæmt nýjasta þjóðhagsreikningsuppgjöri (2006) var vinnsluvirði launa í stóriðju 6.439 millj. kr. Sundurliðun á launagreiðslum liggur ekki fyrir.

Verðmæti útflutningsafurða í stóriðju 2006 var 62.908 millj. kr. Langstærstur hluti þess, eða 57.101 millj. kr., myndaðist í áliðnaði.

Samkvæmt upplýsingum álfyrirtækjanna fer að jafnaði um þriðjungur af heildartekjum þeirra til að mæta innlendum kostnaði. Innlendur kostnaður er einkum raforkukaup, launakostnaður, skattar til ríkis og sveitarfélaga og kaup á innlendum vörum og þjónustu. Miðað við þessar upplýsingar má áætla að árið 2006 hafi um 19 milljarðar kr. farið til greiðslu á innlendum kostnaði. Efnahagsskrifstofa fjármálaráðuneytisins áætlaði í vorskýrslu um þjóðarbúskapinn 2008 að útflutningstekjur af áliðnaði á þessu ári verði 166,2 milljarðar kr. Frá janúar til júní 2008 var flutt út ál fyrir 73,5 milljarða kr., þannig að líklegt er að sú spá rætist. Ástæða fyrir svo mikilli tekjuaukningu er m.a. gríðarleg framleiðsluaukning á áli með stækkun Norðuráls og tilkomu Fjarðaáls. Auk þess hefur heimsmarkaðsverð á áli hækkað mikið að undanförnu og er því spáð að meðalverð 2008 verði nærri 2.800 bandaríkjadölum á tonn.

Með svipuðum forsendum og áður má gera ráð fyrir að um 55 milljarðar kr. fari til greiðslu á kostnaði hérlendis 2008. Þar á meðal eru gjöld til ríkis og sveitarfélaga.

3. Hlutfall af útflutningstekjum.

Árið 2007 námu útflutningstekjur vegna álframleiðslu 17,8% af heildarútflutningstekjum fyrir vörur og þjónustu. Árið 2008 er áætlað að útflutningur áls aukist um 70% að magni til og að hlutfall útflutningstekna af álframleiðslu nemi rúmlega 30% af heildarútflutningstekjum. Árið 2009, þegar heilsársframleiðslugeta Fjarðaáls verður fullnýtt, er spáð að hlutfallið verði komið yfir 30%.

Sé litið til vöruútflutnings eingöngu sést vaxandi þáttur álframleiðslunnar betur. Taflan sýnir álframleiðslu á Íslandi og tekjur af útflutningi áls í samanburði við heildartekjur af vöruútflutningi annars vegar og útflutningi vöru og þjónustu hins vegar árin 2002–2007 í milljörðum kr., svo og áætlanir fyrir 2008.

Ár	**2002**	**2003**	**2004**	**2005**	**2006**	**2007**	**2008**
Álframleiðsla (1000 tonn)	282,6	286,1	278,1	283,7	303,4	446,4	760,0
Útflutningur vöru	204,3	182,6	202,4	194,4	242,7	305,1	372,4
Útflutningur vöru og þjónustu	305,9	288,1	316,3	322,6	369,2	451,7	551,1
Ál í % af vöruútflutningi	18,9	18,8	18,1	18,5	23,5	26,3	44,6
Ál í % af vörum og þjónustu	12,6	11,9	11,5	11,2	15,5	17,8	30,2

1340. Nefndarálit [544. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 66/1985, um Þjóðskjalasafn Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund sinn Svanhildi Bogadóttur borgarskjalavörð, Þórhall Vilhjálmsson, Eirík Þorláksson og Jón Vilberg Guðjónsson frá menntamálaráðuneytinu, Jóhönnu Gunnlaugsdóttur og Kristínu Ólafsdóttur frá Upplýsingu – Félagi bókasafns- og upplýsingafræða, Hrafn Sveinbjarnarson frá Héraðsskjalasafni Kópavogsbæjar, Ólaf Ásgeirsson þjóðskjalavörð og Eirík G. Guðmundsson, sviðsstjóra útgáfu- og upplýsingasviðs Þjóðskjalasafns.

Umsagnir bárust nefndinni frá Borgarskjalasafni Reykjavíkur, Héraðsskjalasafni Kópavogsbæjar, Héraðsskjalasafni Árnesinga, Bókasafni Álftaness, Sagnfræðingafélagi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Þjóðskjalasafni Íslands, Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni og Upplýsingu – Félagi bókasafns- og upplýsingafræða. Einnig barst athugasemd frá Margréti R. Gísladóttur, bókasafns- og upplýsingafræðingi, og frá menntamálaráðuneytinu.

Á miðjum síðasta áratug mörkuðu stjórnvöld framsækna stefnu um málefni upplýsingasamfélagsins og nýtingu upplýsingatækni. Af hálfu stjórnvalda var efnt til víðtæks samráðs um stefnumótun á þessu sviði. Meðal markmiða var að endurskoða löggjöf, reglur og vinnubrögð stjórnsýslunnar með tilliti til upplýsingatækni í því skyni að örva tæknilegar framfarir og gera upplýsingar aðgengilegri almenningi án tillits til efnahags og búsetu.

Afrakstur þess var m.a. lög nr. 51/2003 þar sem nýjum kafla var bætt við stjórnsýslulög, nr. 37/1993, þ.e. IX. kafla, um rafræna meðferð stjórnsýslumála. Í almennum athugasemdum við frumvarp það er varð að lögum nr. 51/2003 var m.a. bent á að í kjölfar þeirrar lagasetn-

ingar þyrfti mögulega að breyta lögum um Þjóðskjalasafn Íslands, nr. 66/1985. Meðal þeirra atriða sem talið var að huga þyrfti að voru skilgreiningar 3. gr. á skjölum og ákvæði 6. gr. um hvenær bæri að skila skjölum til safnsins. Jafnframt var ljóst að í lögin vantaði skýrari heimild en nú væri fyrir hendi í 2. tölul. 4. gr. til að safnið gæti sett reglur um rafræn gagna- og skjalasöfn opinberra aðila sem bæri að afhenda safninu skjöl sín til varðveislu skv. 5. gr.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að ýmis tilraunaverkefni, m.a. í samstarfi við ríkisskattstjóra og menntamálaráðuneytið, hafi verið unnin um skil á rafrænum gögnum til langtímavörslu og að þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu byggist m.a. á reynslunni af þeim verkefnum.

Við varðveislu rafrænna skjala og gagnasafna verður beitt aðferðum og tækni sem mótast hefur í framkvæmd hjá ríkisskjalasafni Danmerkur, Statens Arkiver.

Nefndin ræddi einstök ákvæði frumvarpsins ítarlega á fundum sínum. Þau atriði sem helst voru til skoðunar voru tímamark skilaskyldu á rafrænum gögnum, hvenær veita ætti aðgang að gögnum og gildistaka laganna sem og skilgreining hugtaka.

Nefndin varð vör við að ákveðins misskilnings gætti varðandi hugtakanotkun þar sem fram kom í umsögn að ekki væri rétt að nota hugtakið „gögn“. Nefndin áréttar að hugtakið „gögn“ sé notað í íslenskum lögum sem hluti orðsins „gagnasöfn“ og það hafi víðari tilvísun en orðið „skjal“ samkvæmt íslenskri orðabók og nái m.a. til rafrænna gagna.

Í 2. gr. frumvarpsins er kveðið á um skyldu Þjóðskjalasafnsins til þess að gefa út reglur m.a. um rafræna gagna- og skjalasöfnun opinberra aðila. Nefndin telur heppilegra orðalag að „setja reglur“ þar sem hlutverk Þjóðskjalasafns Íslands sé m.a. að taka ákvarðanir og móta stefnu um varðveislu og grisjun skjala.

Að mati nefndarinnar er rétt að nota orðalagið skjala- og gagnasöfn í b-lið, þar sem hugtakið gagnasöfn er viðurkennt og það er víða að finna í íslenskum lögum til nánari afmörkunar á rafrænum upplýsingasöfnum, sbr. lög nr. 163/2007, um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð. Nefndin telur með hliðsjón af þessu að nauðsynlegt sé að fram komi með skýrum hætti í lögunum að varðveita eigi gagnasöfn með sama hætti og skjöl.

Í 3. gr. frumvarpsins kemur fram að skjöl á rafrænu formi skuli afhent að jafnaði eigi síðar en þegar þau hafa náð fimm ára aldri. Nefndin áréttar að ekki sé verið að skylda stofnanir til að afhenda rafræn skjöl áður en þau hafi náð fimm ára aldri, heldur sé með hliðsjón af örri tækniþróun og úreldingu rafrænna tölvukerfa verið að veita skilaskyldum aðilum möguleika á því að afhenda nýleg rafræn gögn. Í samræmi við umfjöllun nefndarinnar um hugtökin skjöl og gögn telur nefndin rétt að 3. gr. frumvarpsins nái einnig til annarra gagna. Nefndin leggur til breytingu þess efnis.

Í 5. gr. frumvarpsins kemur fram að aðgangur að rafrænum skjala- og gagnasöfnun sé fyrst veittur í safninu 20 árum eftir afhendingu þeirra. Nefndin áréttar að það tímamark miðast við afhendingu gagnanna til safnsins.

Nefndin hefur orðið vör við gagnrýni á þann tímafrest sem Þjóðskjalasafninu er gefinn til að veita aðgang að skjala- og gagnasöfnum. M.a. hefur verið rætt um að um tvíverknað væri að ræða þar sem gögnin væru þegar vistuð hjá stofnunum og Þjóðskjalasafnið tæki við gögnum þegar þau hefðu náð fimm ára aldri. Nefndin áréttar að til þess að gæta öryggis gagna sé eðlilegt að eiga af þeim afrit og óeðlilegt sé að taka við gögnum þegar þau eru orðin 20 ára gömul þar sem mikill hluti þeirra væri þá orðinn ólæsilegur og óvinnandi. Mismunur á afhendingartíma rafrænna gagna og þess tímamarks þegar Þjóðskjalasafn veitir aðgang að þeim helgast af því að safnið veitir ekki aðgang að nýlegum skjölum heldur viðkomandi stjórnvald.

Í 6. gr. frumvarpsins er lagt til að mikilvægustu skjöl safnsins skuli einnig vera til í rafrænu afriti. Nefndin áréttar að sú venja skjalasafna að nota míkrófilmur til öryggisafritunar sé örugg og dugi í áratugi. Hins vegar sé vandséð hvernig hægt sé að afrita gagnagrunna á míkrófilmur.

Í 7. gr. frumvarpsins kemur fram að lögin öðlist þegar gildi. Nefndin áréttar að mikilvægt sé að lögin öðlist strax gildi þar sem áhrifa laganna mun ekki gæta þegar við gildistöku þeirra, því þau feli m.a. í sér heimildir til handa Þjóðskjalasafni til að gefa út reglur um afhendingu skjala- og gagnasafna og móta stefnu um varðveislu og grisjun skjala. Þess megi vænta að sú vinna sem fram undan sé á þessum sviðum verði unnin í góðu samstarfi við héraðsskjalasöfn, skilaskylda aðila, fagfólk og aðra þá sem lögin gilda um. Breytingarnar muni þar af leiðandi koma fram smám saman á næstu missirum eftir gildistöku laganna, fremur en allar í einu. Fram undan sé því vinnuferli á þessu sviði sem ekki er ástæða til að tefja með því að fresta gildistöku laganna.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. Í stað orðanna „gefa út“ í b-lið komi: setja.
2. Við 3. gr. Á eftir orðunum „Þó skulu skjöl“ komi: og önnur gögn.

Jón Magnússon sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu.

Höskuldur Þórhallsson og Kolbrún Halldórsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. sept. 2008.

Sigurður Kári Kristjánsson, form., frsm.	Einar Már Sigurðarson.	Katrín Jakobsdóttir.
Illugi Gunnarsson.	Guðbjartur Hannesson.	Ragnheiður Ríkharðsdóttir.

Katrín Júlíusdóttir.

1341. Nefndarálit [651. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Viðlagatryggingu Íslands, nr. 55/1992 með síðari breytingum.

Frá viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Áslaugu Árnadóttur og Þóru M. Hjaltested frá viðskiptaráðuneytinu, Ragnhildi Helgadóttur frá Háskólanum í Reykjavík, Ásgeir Ásgeirsson og Torfa Áskelsson frá Viðlagatryggingu Íslands, Thelmu Þórðardóttur og Víði Reynisson frá almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, Helgu Jónsdóttur frá Samtökum fjármálafyrirtækja og Ólaf Örn Haraldsson frá þjónustumiðstöð almannavarna á Selfossi.

Frumvarp þetta er lagt fram í samræmi við 28. gr. stjórnarskrár Íslands í þeim tilgangi að staðfesta bráðabirgðalög frá 7. júní 2008 sem breyttu lögum um Viðlagatryggingu Íslands, nr. 55/1992, en breytingin fól í sér lækkun eigin áhættu tjónþola. Aðdragandi að setningu bráðabirgðalaganna eru jarðskjálftarnir sem áttu sér stað á Suðurlandi 29. maí sl.

Lög um Viðlagatryggingu Íslands gerðu ráð fyrir að eigin áhætta vátryggðs vegna tjóna á lausafé væru 40.000 kr. og að hámark sjálfsábyrgðar breyttist í takt við byggingarvísitölu. Sökum verulegrar hækkunar á byggingarvísitölu á síðustu árum var eigin áhætta orðin 90.800 kr. miðað við vísitöluna 1. júní 2008 en sjálfsábyrgð í hefðbundinni innbústryggingu vátryggingafélaganna var 10–20.000 kr. Árið 2000 nam þessi eigin áhætta 51.600 kr. Af þeirri ástæðu og til þess að tryggja tjónþolum sanngjarnar bætur þótti brýn nauðsyn til setningar bráðabirgðalaga.

Samkvæmt bráðabirgðalögunum er reglum um eigin áhættu vátryggðs breytt til lækkunar og gert ráð fyrir því að eigin áhætta vátryggðs verði áfram 5% af hverju tjóni en hins vegar að lágmarksfjárhæð sé 20.000 kr. fyrir brunatryggt lausafé. Hvað varðar húseignir skal eigin áhætta vera að lágmarki 85.000 kr. og vegna mannvirkja sem eru vátryggð skv. 2. mgr. 5. gr. laganna skal eigin áhætta vera að lágmarki 850.000 kr. Þá er tekið fram í frumvarpinu að ráðherra sé heimilt með reglugerð að ákvarða hækkun á lágmarksfjárhæðunum og því verði afnumin sú tenging sem var við byggingarvísitölu.

Við meðferð málsins kom í ljós að 28. ágúst sl. höfðu 3.875 tjónstilkynningar borist og skiptust þær þannig: 2.080 voru vegna íbúðarhúsnæðis, 2.220 vegna tjóns á innbúi,175 vegna atvinnuhúsnæðis, 160 vegna tjóns á lausafé og 180 vegna sumarhúsa. Alls höfðu 976 eignir verið skoðaðar og 830 milljónir kr. verið greiddar til að bæta innbústjón en 822 milljónir kr. til að bæta 314 fasteignatjón. Uppgjöri vegna 202 fasteignatjóna er rétt ólokið.

Þá liggur fyrir að viðskiptaráðuneytið hefur skipað starfshóp sem vinnur að heildarendurskoðun laganna um Viðlagatryggingu Íslands.

Nefndin ræddi á fundum sínum efnisatriði bráðabirgðalaganna og gerir ekki athugasemdir við þá lækkun sem orðið hefur á eigin áhættu tjónþola samkvæmt lögunum um Viðlagatryggingu Íslands.

Enn fremur ræddi nefndin á fundum sínum um skilyrði setningar bráðabirgðalaga eins og þau koma fram í 28. gr. stjórnarskrárinnar og hvort umrædd bráðabirgðalög hafi uppfyllt þau skilyrði. Í greininni segir að bráðabirgðalög verði aðeins sett ef Alþingi er ekki að störfum og brýna nauðsyn ber til lagasetningarinnar en auk þess mega bráðabirgðalög ekki brjóta í bága við stjórnarskrá.

Nefndin telur að breytinguna á 2. mgr. 10. gr. laga um Viðlagatryggingu Íslands, sbr. 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins, sem felur í sér að ráðherra verði heimilt að ákvarða með reglugerð hækkun á lágmarksfjárhæð eigin áhættu, hafi verið óþarfi að setja í bráðabirgðalög, sérstaklega þar sem endurskoðun laganna stendur fyrir dyrum. Því leggur nefndin til að ákvæði 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins falli brott og 2. mgr. 10. gr. laga um Viðlagatryggingu Íslands gildi aftur, þ.e. að lágmarksfjárhæðir eigin ábyrgðar umreiknist til samræmis við gildandi vísitölu byggingarkostnaðar á hverjum tíma.

Þá fjallaði nefndin um afturvirkni bráðabirgðalaganna, þau taka til tjóna sem orðið hafa frá 25. maí á þessu ári en voru sett 7. júní sl. Gerir nefndin ekki athugasemdir við þetta atriði, m.a. þar sem gætt hafi verið málefnalegra sjónarmiða.

Þá ræddi nefndin einnig um tjónstilvik sem falla ekki undir lög um Viðlagatryggingu Íslands og möguleika til þess að víkka út hlutverk hennar. Sömuleiðis ræddi nefndin hvort bæta þyrfti eftirlit með greiðslum úr sjóðum Viðlagatryggingar. Nefndin telur að slík atriði

eigi að koma til skoðunar þegar lögin verða endurskoðuð í heild sinni eins og stendur til að gera.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

2. mgr. 1. gr. falli brott.

Birkir J. Jónsson, Árni Páll Árnason, Birgir Ármannsson og Guðfinna S. Bjarnadóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Jón Magnússon sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 9. sept. 2008.

Ágúst Ólafur Ágústsson, form., frsm. | Björk Guðjónsdóttir. | Jón Gunnarsson.

Höskuldur Þórhallsson. | Jón Bjarnason.

1342. Skýrsla [664. mál]

Þórunnar Sveinbjarnardóttur umhverfisráðherra um umhverfismál.

(Lögð fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

Inngangur.

Þessi skýrsla, sem umhverfisráðherra kynnir og flytur á Alþingi, er hin fyrsta sinnar tegundar. Vægi umhverfismála hefur aukist mikið á liðnum árum og þau tengjast æ meir flestum sviðum samfélagsins. Með skýrslunni vill umhverfisráðherra upplýsa Alþingi um það starf sem unnið er í umhverfisráðuneytinu og efla umræðu um stöðu mála og stefnumótun í málaflokknum. Í þessari fyrstu skýrslu er farið í stuttu máli yfir sögu málaflokksins í stjórnsýslunni og stefnu ríkisstjórnarinnar í umhverfismálum en meginefni skýrslunnar er umfjöllun um nokkur mál sem eru ofarlega á baugi í starfi umhverfisráðuneytisins. Ekki er rúm til að rekja öll þau verkefni sem unnið er að á sviði umhverfismála í yfirlitsskýrslu af þessu tagi en vonandi gefur hún þó nokkra mynd af þeim mörgu brýnu málum sem unnið er að á því sviði og auðveldar mönnum að öðlast heildarsýn yfir hin margbrotnu verkefni sem falla undir umhverfisráðuneytið.

I. Yfirlit.

1.1 Stefna stjórnvalda í umhverfismálum.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks einsetur ríkisstjórnin sér að Ísland verði í fararbroddi þjóða heims í umhverfismálum og láti til sín taka í alþjóðlegri baráttu gegn mengun og sóun náttúruauðlinda. Sérstök áhersla er lögð á að ná víðtækri sátt meðal landsmanna um verndun verðmætra náttúrusvæða. Til að gera slíka sátt mögulega

telur ríkisstjórnin mikilvægt að ljúka rannsóknum á verndargildi svæðanna og gildi annarrar nýtingar, ekki síst gildi háhitasvæða. Stefnt er að því að ljúka vinnu við rammaáætlun fyrir lok árs 2009 og leggja niðurstöðuna fyrir Alþingi til formlegrar afgreiðslu. Segir í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að þar til sú niðurstaða er fengin verði ekki farið inn á óröskuð svæði án samþykkis Alþingis nema rannsóknar- eða nýtingarleyfi liggi fyrir. Nokkur svæði eru alfarið undanskilin nýtingu og er jarðrask þar óheimilt þar til staðfestar niðurstöður rammaáætlunar liggja fyrir. Slík svæði eru Askja, Brennisteinsfjöll, Hveravellir, Kerlingarfjöll, Kverkfjöll og Torfajökull. Stefna ríkisstjórnarinnar er að vatnasvið Jökulsár á Fjöllum verði bætt við Vatnajökulsþjóðgarð og tryggt að ekki verði snert við Langasjó í virkjanaskyni. Þá er það stefna ríkisstjórnarinnar að tryggja stækkun friðlandsins í Þjórsárverum þannig að það nái yfir hið sérstaka votlendi Veranna.

Í október 2007 gaf umhverfisráðherra út stefnurit sitt, *Áherslur umhverfisráðherra,* sem birtir sýn ráðherra á helstu verkefni í ráðuneyti umhverfismála á kjörtímabilinu 2007 til 2011. Þar er sjónum sérstaklega beint að fjórum mikilvægum málaflokkum: loftslagsbreytingum, sjálfbærri þróun og neytendum, náttúruvernd og auðlindum og lýðræði og fræðslu. Í hverjum málaflokki eru tilgreindar ákveðnar aðgerðir sem ráðherra hyggst beita sér fyrir á kjörtímabilinu.

Í ritinu segir að brýnasta úrlausnarefni mannkyns á okkar dögum sé að draga úr loftslagsbreytingum af mannavöldum og að þar eigi Ísland að vera í fararbroddi. Nýtt hnattrænt samkomulag um loftslagsmál muni gera kröfu um minni losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi. Því sé mikilvægt að allir, bæði stjórnvöld, fyrirtæki og almenningur búi sig undir þá kröfu á ábyrgan hátt og leggi sitt af mörkum. Minnt er á stefnumörkun íslenskra stjórnvalda sem gerir ráð fyrir að nettólosun gróðurhúsalofttegunda minnki um 50–75% til ársins 2050 miðað við losun árið 1990.

Bent er á að við framleiðslu á nauðsynja- og munaðarvörum sé oft og tíðum gengið á auðlindir jarðar, og að slík framleiðsla geti valdið mengun og náttúruspjöllum. Því sé nauðsynlegt að auðvelda neytendum að velja leiðir sem stuðla að sjálfbærri nýtingu og lágmarki sóun verðmæta. Meðal leiða, sem nefndar eru að því takmarki, eru aukið framboð á umhverfismerktum vörum og þjónustu, aðgerðir til að draga úr sorpi, að bæta flokkun úrgangs og auka endurnýtingu hans, og að lögfesta umhverfisábyrgð þar sem mengunarvaldur er gerður ábyrgur fyrir umhverfistjóni.

Hvað náttúruvernd og auðlindir varðar er ítrekuð nauðsyn þess að skapa sátt um vernd og nýtingu náttúrusvæða og auðlinda. Á undanförnum árum hafi Íslendingar deilt harkalega um vernd og nýtingu náttúru landsins og að nú sé tímabært að rétta hlut náttúru- og umhverfisverndar sem farið hafi halloka gagnvart hagsmunum stóriðju. Lögð er áhersla á að sérstæð náttúra sé auðlind sem geti skapað þjóðinni mun meiri varanleg verðmæti en önnur landnýting ef rétt sé á haldið. Þannig sé náttúruvernd ein tegund landnýtingar sem þurfi að fá aukið vægi.

Virkt lýðræði og almenningsfræðsla eru nauðsynlegar undirstöður öflugrar umhverfisverndar. Réttur almennings til að nálgast upplýsingar hefur verið bættur en enn vantar talsvert á að nýttir séu kostir virkrar þátttöku almennings og félagasamtaka við undirbúning ákvarðana í umhverfismálum. Á kjörtímabilinu hyggst umhverfisráðherra m.a. leggja áherslu á að fullgilda Árósasamninginn, efla samstarf við sveitarfélög og félagasamtök á sviði náttúru- og umhverfisverndar og auka almenningsfræðslu og framboð kennsluefnis um umhverfismál fyrir grunn- og framhaldsskóla.

1.2 Umhverfismál í sögulegu samhengi.

Þó að Íslendingar hafi að mörgu leyti verið eftirbátar flestra vestrænna ríkja varðandi þróun umhverfismála innan stjórnsýslunnar má líta svo á að málaflokkurinn eigi sér engu að síður að minnsta kosti einnar aldar sögu. Skipulögð barátta landsmanna við jarðvegseyðingu og uppblástur hófst fyrir réttri öld og fyrstu skrefin í skógrækt um sama leyti. Almenn náttúruverndarlöggjöf var sett árið 1956, en áður höfðu verið sett lög og reglur um friðun tiltekinna dýrategunda og stjórn veiða og nytja. Náttúruvernd hefur ætíð verið gildur þáttur í umhverfismálum á Íslandi enda er náttúra landsins sérstök að mörgu leyti á alþjóðlega vísu og sterk í þjóðarvitundinni.

Fyrir Íslendinga hafa umhverfis- og auðlindamál frá upphafi verið mjög samofin, bæði til lands og sjávar. Hefting sandfoks var í upphafi 20. aldar lífsspursmál fyrir stór landbúnaðarhéruð. Þegar leið á öldina urðu hafrannsóknir og vísindaleg nýting helstu nytjastofna okkar þjóðinni einnig lífsnauðsyn. Ljóst var að „lífbeltin tvö – landið og hafið," sem Dr. Kristján Eldjárn kallaði svo, varð að umgangast með varfærni á grundvelli vísindalegrar þekkingar.

Segja má að fyrstu reglur um mengunarvarnir hafi verið settar með ákvæðum um vatnsvernd og „óhreinkun vatns" í Vatnalögum árið 1923. Heildstæð mengunarvarnalög voru þó ekki sett fyrr en með Lögum um Hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sem öðluðust gildi árið 1982.

Um þessar mundir er nær öll löggjöf Íslands um mengunarvarnir byggð á reglugerðum og tilskipunum Evrópusambandsins. Enginn vafi leikur á því að evrópsk löggjöf hefur átt stóran þátt í að flýta mjög fyrir framförum hérlendis í ýmsum þáttum umhverfismála, ekki síst varðandi fráveitur og ábyrga meðferð úrgangs. Almennt séð er mengun minna vandamál á Íslandi en í flestum öðrum þróuðum ríkjum á norðurhveli en þó er sums staðar staðbundinn vandi, svo sem mengun af völdum svifryks og öðrum efnum frá umferð í Reykjavík og á Akureyri.

Fullyrða má að straumhvörf hafi orðið í alþjóðlegri umhverfisumræðu með útgáfu Brundtland-skýrslunnar, *Sameiginleg framtíð okkar,* og Ríó-ráðstefnunni um umhverfi og þróun í kjölfar hennar árið 1992. Þar var hugsunin í Brundtland-skýrslunni um sjálfbæra þróun lögð til grundvallar í yfirlýsingu um meginreglur umhverfismála og viðamikilli framkvæmdaáætlun. Þar var einnig skrifað undir tvo af veigamestu alþjóðasamningum á sviði umhverfismála annars vegar um verndun loftslagsins og hins vegar um verndun líffræðilegrar fjölbreytni. Stofnun umhverfisráðuneytisins bar að þegar unnið var að undirbúningi Ríó-ráðstefnunnar og allt frá byrjun hefur ævinlega verið unnið undir merkjum sjálfbærrar þróunar í starfi ráðuneytisins. Í því felst að reynt er að samþætta efnahagslega og samfélagslega velferð og vernda náttúruna um leið enda er velferð til framtíðar byggð á sjálfbærri nýtingu náttúrugæða. Starf í anda sjálfbærrar þróunar krefst þess að við búum yfir góðri þekkingu á náttúrunni og afleiðingum sem framkvæmdir hafa á hana. Vísindaleg þekking á náttúru Íslands er nokkuð á eftir því sem gerist í flestum nágrannaríkjum okkar og sömuleiðis fagleg vinna við að meta gildi náttúrunnar, hagrænt sem huglægt. Unnið er að því að bæta þar úr m.a. með Rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða en ljóst er að styrkja þarf umhverfisvernd og þekkingargrunn okkar á náttúru Íslands til lands og sjávar til að tryggja sjálfbæra nýtingu náttúrugæða.

1.3 Þróun málaflokksins innan Stjórnarráðsins 1990–2008.

Umhverfisráðuneytið er yngsta ráðuneytið í Stjórnarráðinu, stofnað árið 1990, sbr. 1. grein laga nr. 3/1990, sem breyttu lögum nr. 73/1969 um Stjórnarráð Íslands. Þeir málaflokkar, sem færðust til ráðuneytisins við stofnun þess, voru áður á ábyrgð fimm ráðuneyta, þ.e.

heilbrigðis- og tryggingaráðuneytis, iðnaðarráðuneytis, landbúnaðarráðuneytis, menntamálaráðuneytis og samgönguráðuneytis. Þær stofnanir, sem færðust undir umhverfisráðuneytið með stofnun þess, voru:

- Landmælingar Íslands,
- Náttúrufræðistofnun Íslands,
- Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn,
- Náttúruverndarráð,
- Veðurstofa Íslands og
- Embætti veiðistjóra.

Enn fremur var kveðið á um að ráðuneytið færi með yfirstjórn Hollustuverndar ríkisins að því er varðar mengunarvarnir og yfirstjórn Siglingamálastofnunar ríkisins hvað varðar mengun sjávar.

Frá og með 1. janúar 1991 fluttust skipulagsmál og embætti skipulagsstjóra til ráðuneytisins frá félagsmálaráðuneyti.

Með lögum nr. 54/1994 var gerð sú breyting að umhverfisráðuneytið tók við yfirstjórn allra þeirra málaflokka sem lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og Hollustuvernd ríkisins fjölluðu um. Þar á meðal voru mál varðandi matvæli, eiturefni og hættuleg efni. Sérstök lög voru sett um matvæli, sbr. lög um matvæli nr. 93/1995. Með ákvæðum laga nr. 70/1995 var mengunardeild Siglingamálastofnunar færð til Hollustuverndar ríkisins og varð sérstakt svið, mengunarvarnir sjávar, innan stofnunarinnar. Með breytingum á lögum um snjóflóðavarnir árið 1995 voru málaflokkurinn og Ofanflóðasjóður fluttir til umhverfisráðuneytis frá félagsmálaráðuneyti og Veðurstofa Íslands tók yfir ýmis sérfræðileg málefni málaflokksins. Með gildistöku nýrra náttúruverndarlaga árið 1997 var Náttúruverndarráð lagt niður í þáverandi mynd og stjórnsýsluhlutverk þess lagt undir nýja stofnun, Náttúruvernd ríkisins.

Með gildistöku byggingar- og skipulagslaga árið 1998 var skipulagsstjórn lögð niður og nafni Skipulags ríkisins breytt í Skipulagsstofnun. Samhliða þessu var Brunamálastofnun færð undir umhverfisráðuneyti frá félagsmálaráðuneyti. Stofnun Vilhjálms Stefánssonar sem ætlað var að sinna sérstaklega málefnum norðurslóða var sett á fót á Akureyri árið 1997.

Umhverfisstofnun tók til starfa þann 1. janúar 2003 og tók þá við verkefnum Hollustuverndar ríkisins, Náttúruverndar ríkisins og Veiðistjóraembættis. Stofnunin starfar samkvæmt lögum nr. 90/2002 um Umhverfisstofnun. Hlutverk Umhverfisstofnunar er að stuðla að velferð almennings með því að beita sér fyrir heilnæmu umhverfi, öruggum neysluvörum og verndun og sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda.

Úrvinnslusjóður tók til starfa þann 1. janúar 2003 og starfar hann skv. lögum nr. 162/2002 um úrvinnslugjald með síðari breytingum. Tilgangur með stofnun úrvinnslusjóðs var að auka endurvinnslu og endurnýtingu úrgangs jafnframt því að draga úr myndun úrgangs.

Um síðustu áramót fluttust Skógrækt ríkisins, Landgræðsla ríkisins og Vatnamælingar Orkustofnunar til umhverfisráðuneytisins í samræmi við breytingar sem gerðar voru á verkefnaskiptingu innan Stjórnarráðsins með breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands nr. 167/2007. Frá sama tíma fluttist matvælasvið Umhverfisstofnunar til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins.

Með þessum breytingum jukust umsvif ráðuneytisins umtalsvert. Þannig fjölgaði stofnunum ráðuneytisins um þrjár. Þær voru níu en verða tólf þar til um næstu áramót þegar Veðurstofa Íslands og Vatnamælingar Orkustofnunar sameinast í nýrri stofnun. Við þessar breytingar fjölgaði starfsmönnum á vegum ráðuneytisins úr um 300 í 470 og fjárhagsleg umsvif jukust um 20%.

Sjö náttúrustofur eru nú starfandi og tóku viðkomandi sveitarfélög við rekstri þeirra af ríkinu 1. janúar 2003. Hluti af rekstri náttúrustofa er eftir sem áður fjármagnaður með framlagi á fjárlögum samkvæmt sérstökum samningum ráðuneytisins og viðkomandi sveitarfélaga. Náttúrustofurnar eru:

- Náttúrustofa Austurlands í Neskaupstað (1995)
- Náttúrustofa Suðurlands í Vestmannaeyjum (1996)
- Náttúrustofa Vestfjarða í Bolungarvík (1997)
- Náttúrustofa Vesturlands í Stykkishólmi (1999)
- Náttúrustofa Norðurlands vestra á Sauðárkróki (2000)
- Náttúrustofa Reykjaness í Sandgerði (2000)
- Náttúrustofa Norðausturlands á Húsavík (2004)

Samkvæmt lögum nr. 60/1992 um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur er umhverfisráðherra heimilt að leyfa rekstur allt að átta náttúrustofa á vegum sveitarfélaga og liggur fyrir vilji ráðuneytisins að sú áttunda verði rekin á vegum sveitarfélaganna Hornafjarðar og Skaftárhrepps. Er upphaf þeirrar starfsemi háð samþykki Alþingis vegna fjárveitinga.

1.4 Þátttaka Íslands í alþjóðlegu samstarfi um umhverfisvernd.

Mörg alvarlegustu og flóknustu umhverfisvandamál mannkynsins eru alþjóðlegs eðlis og verða ekki leyst nema með víðtæku og markvissu alþjóðlegu samstarfi.

Á síðari árum hafa hnattræn umhverfismál fengið æ meira vægi í umhverfismálum hér sem annars staðar. Þar hefur sums staðar náðst ágætur árangur, svo sem í baráttunni gegn eyðingu ósonlagsins undir merkjum Montreal-bókunarinnar. Íslendingar hafa að mörgu leyti staðið sig vel í að draga úr notkun og losun ósoneyðandi efna og þrávirkra lífrænna efna sem berast langar leiðir og geta m.a. valdið usla í lífríki hafsins, ekki síst á norðurslóðum. Baráttan gegn loftslagsbreytingum af mannavöldum er tvímælalaust það viðfangsefni sem nú ber hæst í þessum efnum enda geta loftslagsbreytingar gjörbreytt öllu náttúrufari og lífsskilyrðum á jörðinni á komandi áratugum ef ekki tekst að spyrna við fótum. Íslendingar nýta endurnýjanlegar orkulindir í mun meira mæli en flestar ef ekki allar þjóðir heims en margvíslegir möguleikar eru þó á að minnka losun gróðurhúsalofttegunda og binda kolefni úr andrúmslofti. Þar er ekki einungis um vanda að ræða, heldur líka tækifæri, svo sem varðandi útflutning á íslenskri tækni og hugviti á sviði endurnýjanlegrar orku og fleiri sviðum.

Vernd og sjálfbær nýting lífríkisins er að hluta til fjölþjóðlegt viðfangsefni, ekki síst varðandi fartegundir. Bernar-samningurinn kveður á um vernd evrópskra tegunda villtra plantna og dýra og lífsvæða þeirra. Ramsar-samningurinn fjallar um vernd votlendis, sem hefur alþjóðlegt verndargildi, einkum fyrir farfugla. Samningurinn um líffræðilega fjölbreytni er rammi utan um alþjóðlegt starf við að vernda lífríkið og stuðla að sjálfbærri nýtingu þess. Ríkisstjórnin hefur nýlega samþykkt stefnumörkun með nánari útfærslu á samningnum.

Sú alþjóðlega samvinna sem án efa hefur mest bein áhrif á Íslandi er aðildin að EES-samningnum og hinu Evrópska efnahagssvæði. Löggjöf Evrópusambandsins á sviði umhverfisverndar er ekki einungis stefnumótandi heldur lagalega bindandi fyrir Ísland. Af mikilvægum umhverfismálum ESB, sem koma senn til framkvæmdar hér á landi, má t.d. nefna tilskipun um verslun með losunarheimildir og rammalöggjöf um vatnsvernd. Bæði þessi mál munu hafa mjög víðtæk áhrif hér á landi fyrir fjölmarga hagsmunaaðila og þjóðfélagið í heild.

Á nokkrum afmörkuðum sviðum hefur Ísland reynt að hafa nokkur áhrif og ber þar hæst aðgerðir gegn mengun hafsins og takmarkanir á notkun þrávirkra lífrænna efna. Þannig átti Ísland stóran þátt í gerð alþjóðlegrar framkvæmdaáætlunar um varnir gegn mengun sjávar frá landi í Washington 1995 og Stokkhólms-samningsins um þrávirk lífræn efni. Fulltrúar Íslands hafa unnið að þessum málum á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, Norðurskautsráðsins og fleiri stofnana. Einnig hefur Ísland ásamt öðrum Norðurlöndum beitt sér ötullega gegn losun geislavirks úrgangs í hafið og sú vinna hefur borið töluverðan árangur þótt ítrekað hafi verið lýst yfir áhyggjum vegna áframhaldandi starfsemi kjarnorkuendurvinnslustöðvarinnar í Sellafield, ekki síst vegna óhappa sem þar hafa orðið. Alþjóðlegt starf á sviði umhverfismála hefur vaxið gríðarlega á undanförnum árum og hafa þarf skýra forgangsröðun til að sinna því sem mestu máli skiptir fyrir Ísland.

II. Verkefni á sviði umhverfismála.

2.1 Náttúruvernd.

Náttúruvernd er sá þáttur umhverfismála sem hefur fengið mesta umfjöllun í íslensku þjóðfélagi á undanförnum árum. Ástæðan er vafalaust margþætt en veigamestu þættirnir eru annars vegar aukin vitund um sérstöðu og verðmæti íslenskrar náttúru og hins vegar stórar framkvæmdir sem m.a. hafa haft mikil sjónræn áhrif á náttúruna. Það er eðlilegt að stórar framkvæmdir á borð við Kárahnjúkavirkjun séu umdeildar en mikilvægt að ákvarðanataka í tengslum við þær sé vel grunduð og byggist á bestu fáanlegum upplýsingum. Þar hefur mörgum þótt náttúruverndarsjónarmið eiga undir högg að sækja. Í því sambandi skiptir máli að grunnrannsóknir og kortlagning á náttúru Íslands eru ekki jafn vel á veg komin og í flestum nágrannaríkjum okkar og einnig skortir viðmið um verndargildi sem hægt er að styðjast við. Ríkisstjórnin vill bæta úr þessu og þess vegna hefur m.a. verið ráðist í gerð Rammaáætlunar um verndun og nýtingu náttúrusvæða. Í því skyni hefur verið skipuð verkefnisstjórn sem á að ljúka störfum og skila skýrslu til umhverfisráðherra og iðnaðarráðherra með heildarmati á virkjunarkostum seinni hluta árs 2009.

Fyrsta heildstæða náttúruverndaráætlunin var samþykkt sem þingsályktun frá Alþingi, fyrir tímabilið 2004–2008 og er því um það bil að renna skeið sitt á enda. Í Náttúruverndaráætlun 2004–2008 var m.a. gert ráð fyrir stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs (sem fjallað er um hér að neðan) og að unnið verði að friðlýsingu 14 svæða sem flest voru valin með tilliti til verndargildis þeirra fyrir fugla. Vinna við friðlýsingu hefur gengið hægar en vonast var til, m.a. vegna þess að um flókin og margþætt mál er að ræða, þar sem semja þarf við landeigendur um friðlýsingu og ganga frá verndaráætlun. Nú hefur einungis eitt svæði af fjórtán verið friðlýst en vinna við tvö er á lokastigi og nokkur önnur eru langt komin. Fara þarf vandlega yfir framkvæmd fyrstu náttúruverndaráætlunar, ástæður þess að friðlýsingar eru ekki lengra á veg komnar og leiðir til að bæta framkvæmd áætlunarinnar á nýju tímabili. Náttúruvernd er víðtækari í eðli sínu en sem nemur svæðisbundinni friðlýsingu og er rétt að skoða áherslur í því samhengi og hvaða leiðir séu bestar til að ná markmiðum náttúruverndar. Endurskoða þarf náttúruverndarlög m.a. til að treysta verndarákvæði laganna og almannarétt. Þá er hafin vinna við heildarendurskoðun dýraverndarlaga, nr. 15/1994. Markmiðið með endurskoðuninni er meðal annars að stjórnsýsla og eftirfylgni mála á sviði dýraverndar verði skilvirk og sem einföldust í framkvæmd. Þá skal meta hvort þörf sé á að auka vernd dýra.

Náttúruverndarmál munu áfram brenna á Íslendingum á komandi árum og verða áberandi í umræðunni. Á Íslandi eru einu víðernin sem enn fyrirfinnast í vestanverðri Evrópu þar sem ummerki mannsins eru lítt eða ekki sjáanleg, að undanskildum svæðum í norðanverðri Skandinavíu. Náttúra landsins er mjög sérstæð og á fáum stöðum í heiminum er hægt að sjá landmótunaröfl elds, vatns og ísa að verki á jafn aðgengilegan hátt. Náttúruvernd er mikilvæg í ljósi mikils og vaxandi straums ferðamanna sem hingað koma einkum til að skoða náttúru landsins. Nauðsynlegt er að skoða vel hugmyndir um fjármögnun náttúruverndar í því samhengi, einkum á stöðum þar sem álag er sem mest. Gildi náttúruverndar felst þó ekki síður í því að náttúra landsins er samofin sjálfsmynd þjóðarinnar og ímynd hennar út á við og því er mikilvægt að afdrifaríkar ákvarðanir, sem hafa mikil áhrif á ásýnd landsins og lífríki um langa framtíð, verði teknar að vel grunduðu máli.

2.1.1 Vatnajökulsþjóðgarður.

Vatnajökulsþjóðgarður var formlega stofnaður hinn 7. júní sl. en með stofnun hans réðust Íslendingar í stærsta náttúruverndarverkefni þjóðarinnar frá upphafi. Vatnajökulsþjóðgarður nær við stofnun yfir 12% landsins og er ætlað að tryggja Íslendingum og gestum þeirra til framtíðar ógrynni möguleika til að njóta náttúrunnar og stunda náttúrurannsóknir af ýmsu tagi. Stofnun þjóðgarðsins er einnig eitt stærsta atvinnusköpunar- og byggðaþróunarverkefni sem stjórnvöld hafa tekist á hendur í þessum hluta landsins. Þá tryggir stjórnkerfi garðsins vel þátttöku heimamanna og hagsmunaaðila í stjórn og rekstri hans. Þannig boðar Vatnajökulsþjóðgarður með ýmsum hætti nýja tíma í náttúruvernd á Íslandi, nýjar aðferðir og nýja hugmyndafræði.

Landsvæði þjóðgarðsins er einstakt frá náttúrverndarsjónarmiði, hvort sem litið er til Íslands eða á heimsvísu. Vatnajökull og nærsvæði hans mynda náttúrufarslega heild sem á sér fáar ef nokkrar hliðstæður í veröldinni. Sérkennin eru slík að vernd þeirra sem heildar gæti uppfyllt strangar kröfur heimsminjaskrár Sameinuðu þjóðanna. Hér er um að ræða síkvikt samspil jökla og eldvirkni, jökulhlaupa, eldgosa og jarðhita. Jarðfræðileg fjölbreytni er gríðarleg og innan væntanlegra þjóðarðsmarka er að finna afar fágæt víðerni.

Væntingar standa til þess að þjóðgarðurinn stækki enn talsvert og markmiðið er að öll helstu áhrifasvæði Vatnajökuls, m.t.t. landmótunar á hálendinu, verði í framtíðinni hluti þjóðgarðsins. Vonast er til þess að strax á næsta ári bætist ný áhrifa- og jaðarsvæði jökulsins við þjóðgarðinn. Verið er að ræða við eignar- og nýtingarrétthafa lands um svæði eins og fjalllendið við Hoffellsjökul, Langasjó og landsvæðið milli Langasjávar og Laka, hluta Ódáðahrauns, Trölladyngju og Öskju og Lónsöræfi svo að nokkuð sé nefnt.

Fyrir stofnun þjóðgarðsins liggja einnig nauðsynleg og hagnýt rök. Aukinn ágangur ferðamanna á undanförnum árum krefst sterkari innviða, aukinnar þjónustu og meiri fræðslu. Þörfin er þegar gríðarleg eins og allir vita sem ferðast hafa um þessi svæði. Nú þegar er hafin uppbygging á metnaðarfullu þjónustuneti innan garðsins. Endurbótum á gestastofu þjóðgarðsins í Skaftafelli er lokið og að mestu leyti framkvæmdum við nýja gestastofu þjóðgarðsins í Jökulsárglúfrum. Er heildarstofnkostnaður við uppbyggingu þjónustunetsins áætlaður um 1.150 mkr og árlegur rekstrarkostnaður þjóðgarðsins við lok uppbyggingar er talinn verða um 325 mkr.

Hafinn er undirbúningur að byggingu fyrstu nýju gestastofu þjóðgarðsins af fjórum sem rísa munu á næstu fjórum árum. Fyrsta stofan rís að Skriðuklaustri og er gert ráð fyrir að byggingaframkvæmdir hefjist þar á þessu ári. Hinar þrjár verða til húsa við Höfn, Kirkjubæjarklaustur og Mývatn. Í sumar var landvörslu sinnt af hálfu þjóðgarðsins á níu stöðum

auk Skaftafells og Jökulsárgljúfra þ.e. í Herðubreiðarlindum og Öskju, Hvannalindum, Kverkfjöllum, við Snæfell, í Lóni og á Lónsöræfum, við Lakagíga, frá Hrauneyjum og í Nýjadal á Sprengisandi. Alls störfuðu um fimmtíu starfsmenn í þjóðgarðinum, þar af þrír þjóðgarðsverðir, sjö sérfræðingar og fjörutíu landverðir. Til stendur að ráða í vetur þjóðgarðsvörð sem staðsettur verður á Kirkjubæjarklaustri en þá munu þjóðgarðsverðir starfa á öllum fjórum rekstrarsvæðum Vatnajökulsþjóðgarðs.

Undirbúningur stofnunar Vina Vatnajökuls, hollvinasamtaka Vatnajökulsþjóðgarðs, er nú á lokastigi. Gert er ráð fyrir að samtökin verði stofnuð á haustdögum. Vinir Vatnajökuls verða frjáls félagasamtök einstaklinga og fyrirtækja. Tilgangur samtakanna er að afla fjár til að styrkja rannsóknir, kynningar- og fræðslustarf um Vatnajökulsþjóðgarð og stuðla þannig að því að sem flestir geti notið þeirra náttúrufyrirbæra og þeirrar sögu sem þjóðgarðurinn hefur að geyma.

2.1.2 Stefnumörkun um líffræðilega fjölbreytni.

Ríkisstjórnin samþykkti tillögu nefndar um stefnumörkun um líffræðilega fjölbreytni í ágúst 2008. Nefndin var undir formennsku umhverfisráðuneytisins en auk þess áttu sæti í nefndinni fulltrúar frá iðnaðarráðuneytinu, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu og utanríkisráðuneytinu. Nefndin fékk það verkefni að vinna stefnumörkun um framkvæmd Samnings Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni á Íslandi og byggist hún á ákvæðum samningsins og geymir tillögur um framkvæmd þeirra varðandi vernd og sjálfbæra nýtingu lífríkisins og skiptingu hagnaðar af nýtingu erfðalinda. Ýmis ákvæði samningsins hafa verið sett í lög eða verið höfð til hliðsjónar við gerð stefnumótandi áætlana á ýmsum sviðum en með heildstæðri stefnumörkun um framkvæmd samningsins á Íslandi er vonast til að hún verði markvissari og öflugri. Almenningi, félögum og stofnunum var boðið að senda inn athugasemdir og bárust fjölmargar slíkar og var tekið tillit til þeirra í lokalotu vinnunnar.

Meginmarkmið stefnumörkunarinnar er að vernda íslenskt lífríki, endurheimta það sem hefur glatast og tryggja sjálfbæra nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni. Sett eru fram tíu markmið undir þessu yfirmarkmiði en þau lúta m.a. að bættum grunnrannsóknum og skráningu lífvera og samfélaga þeirra á sjó og landi, vöktun lífríkisins, vernd líffræðilegrar fjölbreytni, aðgerðir gegn ágengum framandi tegundum, endurheimt vistkerfa sem spillst hafa, vernd búfjárstofna og plöntuyrkja svo og fræðslu. Einnig eru ákvæði um þróun vísa um stöðu og þróun líffræðilegrar fjölbreytni sem munu gagnast við mat á árangri. Stefnumörkunin verður endurskoðuð á fimm ára fresti.

2.1.3 Akstur utan vega.

Umferð ferðamanna, íslenskra sem erlendra, á hálendinu og öðrum svæðum utan alfaraleiða er veruleg og vaxandi. Flestir sækjast eftir útivist og náttúruskoðun í óbyggðum og langflestir sýna aðgát og virðingu við náttúruna. Akstur utan vega er bannaður á Íslandi og er það brýnt verkefni í náttúruvernd að berjast gegn honum enda er gróðurfar á Íslandi víða viðkvæmt fyrir raski og gróðurskemmdir eftir farartæki geta verið merkjanlegar árum og jafnvel áratugum saman. Þrátt fyrir ákvæði laga og fræðslu og áróður er utanvegaakstur þó vandamál á Íslandi, eins og nýleg dæmi sanna. Ýmislegt er gert til að reyna að koma í veg fyrir akstur utan vega. Umhverfisstofnun hefur uppfært bækling um utanvegaakstur og sent helstu ökuskólum, bílaleigum og ferjunni Norrænu. Auk þess hefur upplýsingablað verið sett í alla bílaleigubíla landsins.

Starfshópur á vegum umhverfisráðuneytisins vinnur nú að gerð tillagna um hvaða vegir og slóðar í óbyggðum skuli teljast til vega, með það fyrir augum að taka af allan vafa um það efni og loka slóðum sem ekki falla undir þá skilgreiningu. Þetta verk er unnið í samvinnu við sveitarstjórnir, hagsmunaaðila og áhugasamtök.

2.2 Vöktun og verndun ferskvatns.

Vatnatilskipun ESB frá árinu 2000 er viðamikil gerð, sem setur lagaramma um vernd yfirborðsvatns, grunnvatns og strandsjávar, með það að markmiði að bæta vatnsgæði og ástand vistkerfa. Tilskipunin kveður m.a. á um að draga skuli úr eða stöðva losun hættulegra efna og stuðla að aðgerðum gegn flóðum til þess að bæta ástand vatns og sjávar.

Mikil vinna hefur verið lögð í að fara yfir efni tilskipunarinnar og undirbúa lögleiðingu hennar hér á landi undir stjórn starfshóps á vegum umhverfisráðuneytis og iðnaðarráðuneytis, með þátttöku hlutaðeigandi stofnana svo sem Umhverfisstofnunar, Orkustofnunar, Hafrannsóknarstofnunar og Veiðimálastofnunar. Til að innleiða tilskipunina hér á landi þarf að setja lög um stjórn vatnsmála. Auk þess þarf að breyta ýmsum reglugerðum sem heyra undir umhverfisráðuneytið. Gerðin var tekin upp í EES-samninginn í september 2007 og hana þarf að innleiða í íslenskan rétt fyrir árslok 2009.

Með innleiðingu vatnatilskipunarinnar þarf að bæta og samræma stjórnsýslu vatnamála sem nú er á höndum umhverfisráðuneytisins og iðnaðarráðuneytisins og nokkurra stofnana og annarra stjórnvalda. Einnig þarf að bæta vöktun á ástandi og gæðum vatns og byggja upp góða gagnaveitu. Endanlegar tillögur að frumvarpi til laga um vatnamál verða mótaðar á komandi misserum í samráði við hagsmunaaðila.

Almennt er ólíku saman að jafna varðandi hreinleika vatns hér á landi og í þéttbýlum Evrópulöndum þar sem grunnvatn og strandsjór eru víða menguð af köfnunarefni, fosfór og fleiri mengunarvöldum. Vöktun á gæðum vatns hefur því verið mun minni hér á landi en í löndum ESB og stjórnsýslan hefur að sumu leyti tekið mið af öðrum sjónarmiðum, svo sem möguleikum til að nýta fallvötn. Innleiðing vatnatilskipunarinnar verður löguð að þessum aðstæðum en hins vegar fylgja margvíslegir kostir því að færa skipan mála nær því sem tíðkast í öðrum Evrópulöndum og efla vöktun vatns. Gnótt hreins vatns er ein af auðlindum Íslands og mikilvægt er fyrir Íslendinga að tryggja gæði nytjavatns og heilbrigði vistkerfa í ám og vötnum og geta sýnt fram á þau gæði með reglulegum mælingum og vöktun.

2.3 Vernd umhverfis hafsins.

Ísland hefur lengi verið í fararbroddi ríkja sem berjast gegn mengun hafsins. Sú viðleitni hefur þegar haft töluverð áhrif á þennan málaflokk alþjóðlega. Vernd hafsins gegn mengun er verkefni allra ríkja þar sem mengunarefni dreifast víða og oft í órafjarlægð frá uppsprettum. Alþjóðasamningar sem Ísland átti frumkvæði að eru nú staðreynd. Stokkhólmssamningurinn um takmörkun á losun þrávirkra lífrænna efna hefur tekið gildi og eiga aðildarríki hans nú að vinna markvisst að því að draga úr losun hættulegustu efnanna af þessu tagi. Þau hafa ekki síst verið áhyggjuefni á norðurslóðum því að efnin safnast upp í fituvefjum dýra efst í fæðukeðjunni, svo sem í sjávarspendýrum og geta haft slæm áhrif á heilsu manna. Með alþjóðlegri framkvæmdaáætlun gegn mengun hafs frá landi, sem er í umsjá Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNEP) er nú unnið markvisst að því að draga úr þeirri 80% af mengun hafsins sem kemur frá starfsemi á landi. Í samræmi við samþykktir OSPAR-samningsins um vernd NA-Atlantshafsins hefur m.a. verið dregið úr losun geislavirkra efna í hafið.

Reglubundnar mælingar í hafinu við Ísland og í sjávardýrum, frá því að umhverfisráðuneytið var stofnað, gefa til kynna að styrkur flestra þekktra mengunarefna standi í stað eða fari hægt minnkandi. Enn fremur að styrkur mengunarefna sé lágur og langt undir þeim mörkum sem skilgreind eru sem mögulega heilsuspillandi. Á þessu eru þó örfáar undantekningar, svo sem varðandi styrk kadmíns á sumum stöðum en þar er talið að um náttúrulegar ástæður sé að ræða en ekki mengun af manna völdum. Hin jákvæða þróun er ánægjuleg en um leið hvatning til að halda áfram á þeirri braut að draga úr mengun hafsins þar sem hagsmunir Íslands á því sviði eru meiri en flestra annarra ríkja.

Ein er sú tegund ógna varðandi mengun sjávar sem hefur farið vaxandi á undanförnum árum en það er hætta á stórum olíuslysum. Mengunarslys, sem orðið hafa á liðnum árum vegna skipsskaða, svo sem strands Wilson Muuga og Víkartinds, hafa verið minniháttar og valdið litlu tjóni á náttúrunni. Fram til þessa hefur umferð stórra olíuflutningaskipa hér við land ekki verið mikil. Ýmislegt bendir nú til þess að á því gæti orðið töluverð breyting á næstu árum. Olíuvinnsla Rússa á norðurslóðum er þegar hafin og flutningar olíu milli norðurhluta Rússlands og Bandaríkjanna einnig. Minnkandi hafís á norðurslóðum vegna loftslagsbreytinga mun að öllum líkindum auka athafnir og siglingar á hafsvæðinu umhverfis landið í nánustu framtíð og auka hættu á alvarlegum mengunarslysum. Viðbragðsáætlanir hér á landi vegna mengunarslysa hafa hingað til miðast aðallega við að óhöpp yrðu hér við land vegna siglinga til og frá Íslandi tengdum flutningum á olíu hingað með allt að 30.000 tonn í einu, þ.e. mun minni skipa en fara fram hjá landinu á alþjóðlegri siglingaleið.

Ýmislegt hefur verið gert til að mæta þessari þróun, svo sem að efla eftirlit með siglingum meðfram Íslandsströndum. Það þarf þó að skoða frekari leiðir til að efla viðbúnað og draga úr líkum á alvarlegum olíumengunaróhöppum við Ísland. Meðal annars þyrfti að vinna vákort af öllu hafsvæðinu og ströndum landsins, en slík kort eru grundvallaratriði til að viðbrögð við óhöppum verði markviss og árangursrík. Slíkt kort er nú einungis til fyrir SV-hluta Íslands, en unnið er að tillögu um gerð vákorts í samvinnu við Norðmenn og e.t.v. fleiri sem næði m.a. yfir norður- og austurströnd Íslands. Einnig er verið að skoða möguleika á að koma á alþjóðlegum reglum um siglingaleiðir stórra olíuskipa eða efnaflutningaskipa á hafsvæðinu í kringum Ísland með það fyrir augum að færa þær fjær ströndum landsins, en það er flókið og tímafrekt verkefni að ná samkomulagi um slíkt innan Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO).

Í alþjóðlegri umræðu um vernd og nýtingu hafsins er æ meiri áhersla lögð á vernd lífríkisins og búsvæða á hafsbotni, hvort sem er í samningum á borð við OSPAR eða t.d. á vettvangi Allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna eða innan Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO). Meðal annars er mikið rætt um að setja verndarsvæði í hafinu, bæði innan lögsögu ríkja og á alþjóðlegu hafsvæði utan lögsögu en þar hafa menn vaxandi áhyggjur af rányrkju á fiskistofnum og eyðileggingu á búsvæðum, svo sem á kóröllum við neðansjávarfjöll. Þessar umræður tengjast beint og óbeint umræðu um fiskveiðar og stjórnun þeirra og því er mikilvægt fyrir Ísland að hlusta grannt á þessa umræðu, móta stefnu hér innan lands og á alþjóðavettvangi og koma henni á framfæri með öflugum hætti. Góður grunnur að stefnu liggur þegar fyrir með sameiginlegri stefnumörkun umhverfisráðuneytisins, sjávarútvegsráðuneytisins og utanríkisráðuneytisins um málefni hafsins og reglulegu samráði þessara ráðuneyta á grunni hennar.

Þekking á vistkerfi hafsins og áhrifum mannlegra athafna á það er um margt brotakennd og miklu síðri en varðandi ástand mála á landi. Umhverfisráðuneytið hefur hvatt til þess að reynt verði að efla slíkt starf á alþjóðavettvangi og raða þekkingarbrotum saman þannig að

sem heillegust mynd fáist, með tilvísun í störf Vísindanefndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar en nefndin hefur auðveldað stjórnvöldum að gera sér grein fyrir eðli vandans í því sambandi og hvaða leiðir eru færar til að takast á við hann. Er nú að því unnið á vegum Sameinuðu þjóðanna að taka saman heildstætt yfirlit yfir mat á ástandi hafsvæða og skoða með hvaða hætti megi bæta slíkt mat í framtíðinni.

2.4 Loftslagsmál.

Umræðan um loftslagsmál hefur verið í brennidepli á alþjóðavísu sem aldrei fyrr á síðustu misserum. Fjórða úttekt Vísindanefndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (IPCC), sem kom út 2007, kveður mun afdráttarlausar á um það en áður að loftslagsbreytingar af mannavöldum eigi sér nú þegar stað og að hlýnun lofthjúpsins muni halda áfram á þessari öld samfara áframhaldandi og aukinni losun gróðurhúsalofttegunda (ghl). Verulegar breytingar á náttúrufari og lífsskilyrðum eru óhjákvæmilegar skv. IPCC og afleiðingarnar fyrir lífríkið og mannkynið geta orðið mjög alvarlegar og illviðráðanlegar ef ekki tekst að koma böndum á losun gróðurhúsalofttegunda, m.a. vegna hækkunar sjávarborðs, þurrka, dauða kóralrifja og tilfærslu lífbelta og mögulegra ræktunarsvæða. Í ljósi niðurstaðna IPCC samþykktu ríki heims á fundi á Balí í desember 2007 að hefja nýjar viðræður um að efla framkvæmd loftslagssamningsins, í þeim tilgangi að ná nýju alþjóðlegu samkomulagi í Kaupmannahöfn í árslok 2009.

Loftslagsbreytingar eru hnattrænn vandi, sem ekki verður leystur nema með alþjóðlegri samvinnu, þar sem hvert ríki axlar ábyrgð eftir því sem efni og aðstæður leyfa. Hér á eftir verður tæpt á helstu atriðum í hinum alþjóðlegu samningaviðræðum og í framkvæmd loftslagsmála á Íslandi.

a) Þátttaka Íslands í alþjóðlegu samstarfi.

Loftslagssamningur Sameinuðu þjóðanna er hornsteinn alþjóðlegrar samvinnu í loftslagsmálum. Ísland er aðili að honum og Kýótó-bókuninni við hann sem setur tölulegar skuldbindingar um takmörkun á losun gróðurhúsalofttegunda á um 40 ríki, sem teljast vera þróuð og eiga þar af leiðandi að gegna forystu í viðleitninni við að minnka losun. Fyrsta skuldbindingartímabil Kýótó-bókunarinnar er 2008-2012 og hófst það því um síðustu áramót. Umhverfisráðuneytið hefur haft umsjón með framkvæmd þessara samninga og stýrt viðræðum á grundvelli þeirra í náinni samvinnu við önnur ráðuneyti, m.a. í gegnum reglulega fundi samráðsnefndar sjö ráðuneyta um loftslagsmál.

Viðræður um framtíð tölulegra skuldbindinga Kýótó hófust árið 2006 en Ísland og önnur ríki sem bera skuldbindingar skv. Kýótó, hafa tekið skýrt fram að þau telji að fleiri þurfi að axla byrðar eftir árið 2012. Það á við bæði um Bandaríkin, sem nú standa ein þróaðra ríkja utan Kýótó og um Kína og önnur stór og ört vaxandi þróunarríki þar sem bæði losun ghl og efnahagslegir burðir til að taka á þeirri losun hafa vaxið mjög á síðustu árum.

Það urðu því nokkur tímamót þegar samkomulag náðist á Balí í lok árs 2007 um að hefja nýjar víðtækar samningaviðræður um gerð nýs framtíðarsamkomulags þar sem öll ríki koma að borðinu. Samningaviðræðurnar fara nú fram á tveimur brautum – undir loftslagssamningnum annars vegar en Kýótó-bókuninni hins vegar – en stefnt er að því að þeim ljúki með einu heildarsamkomulagi í Kaupmannahöfn árið 2009.

Meiri þungi er nú að færast í samningaviðræðurnar en þær eru með þeim flóknari og umfangsmeiri sem um getur í sögunni. Hluti þeirra er tæknilegs eðlis – svo sem um reglur um bindingu kolefnis úr andrúmsloftinu og svokallaða loftslagsvæna þróunaraðstoð – en að

stærstum hluta eru viðræðurnar mjög pólitískar og snúast um hvort og hvernig ríki eins og Bandaríkin og stór og ört vaxandi þróunarríki á borð við Kína og Indland axla byrðar í baráttunni gegn loftslagsbreytingum og að gerðir þeirra séu á einhvern hátt sambærilegar við þær skuldbindingar sem flest þróuð ríki hafa tekið á sig með Kýótó-bókuninni. Einnig er stefnt að því að setja áþreifanlegt hnattrænt markmið um að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda sem skortir í loftslagssamninginn. Ísland er í hópi þeirra ríkja sem vilja reyna að tryggja að losun verði ekki meiri en svo að hlýnun lofthjúps jarðar verði ekki meiri en 2°C frá því sem var fyrir iðnbyltingu.

Staða Íslands í þessum viðræðum er um margt flókin. Ísland býr við óvenjulegar aðstæður þar sem nær öll orkuframleiðsla á sér stað með endurnýjanlegum orkugjöfum en á hinn bóginn er losun frá samgöngum nær hvergi meiri á mann. Möguleikar á bindingu kolefnis úr andrúmslofti í gróðri og jarðvegi eru óvíða jafn góðir og á Íslandi.

Ísland hefur lagt fram tillögu í viðræðunum um að endurheimt votlendis verði viðurkennd sem leið til að minnka nettólosun ghl á sama hátt og landgræðsla og skógrækt, í samræmi við loftslagsstefnu Íslands frá 2007. Tillaga Íslands hefur hlotið góðar undirtektir margra annarra ríkja, en framtíð hennar ræðst m.a. af því hvernig landnotkun í heild sinni er tekin inn í framtíðarsamkomulag. Sum ríki vilja auka þátt landnotkunar í því kolefnishagkerfi sem sett hefur verið á fót með Kýótó-bókuninni þar sem þar séu miklir ónýttir möguleikar til hagkvæmra aðgerða til að draga úr nettólosun gróðurhúsalofttegunda. Önnur vilja fara hægar í sakirnar vegna þess að loftslagsbókhald fyrir landnýtingu er mun flóknara en fyrir t.d. orkuvinnslu eða iðnað og því meiri hætta á skekkjum. Ísland bauð til alþjóðlegs fundar sérfræðinga um bindingu kolefnis með skógrækt og landgræðslu í Reykjavík í maí 2008. Þar voru samningamönnum á þessu sviði loftslagsviðræðnanna m.a. kynntar aðstæður hér á landi og sjónarmið Íslendinga.

Eitt af því sem rætt hefur verið um í samningaviðræðunum er svokölluð geiranálgun en í henni felst m.a. að reynt er að finna loftslagsvænstu tækni og framleiðsluaðferðir í einstökum iðngreinum og samfélagsgeirum og stuðla að útbreiðslu þeirra hnattrænt óháð því hvort ríki bera tölulegar skuldbindingar skv. Kýótó-bókuninni eða ekki. Meðal annars hefur verið rætt um að beita geiranálgun til að setja upp fjölþjóðleg verkefni til að draga úr losun frá alþjóðasiglingum og -flugi, framleiðsluiðnaði og vegna nýtingar skóga. Ísland hefur, ásamt Evrópusambandinu og fleirum, hvatt til þess að skoða slíka nálgun og útfæra á grunni hennar raunhæf verkefni til að hraða dreifingu loftslagsvænnar tækni og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Ísland vinnur nú að því að innleiða tilskipun Evrópusambandsins um viðskiptakerfi ESB um losunarheimildir. Tilskipunin hefur takmörkuð áhrif hér á landi til að byrja með en losun gróðurhúsalofttegunda frá flugstarfsemi mun falla undir tilskipunina eftir nokkur ár og ef nýjar tillögur framkvæmdastjórnar ESB ná fram að ganga mun áliðnaður og framleiðsla járnblendis einnig falla undir hana eftir árið 2012. Skoða verður áhrif þátttöku Íslands í hinu evrópska kerfi á stöðu landsins í væntanlegu alþjóðlegu kerfi á nýju skuldbindingartímabili eftir árið 2012.

Afleiðingar loftslagsbreytinga bitna harðast á fátækustu ríkjunum, ekki síst þeim sem búa við óstöðugt náttúrufar og verða hart úti vegna þurrka, flóða og ofsaveðurs. Til að efla getu þjóða til að takast á við þennan vanda er mikilvægt að bæta menntun og stöðu kvenna sem almennt séð er mikilvægur þáttur í þróunarsamvinnu. Umhverfisráðherra hefur verið í forsvari í samstarfi kvenráðherra á sviði loftslagsmála og vakið athygli á mikilvægi þess að styrkja stöðu kvenna og áhrif á ákvörðunartöku á vettvangi loftslagssamningsins.

b) Framkvæmd innanlands.

Loftslagssamningur Sameinuðu þjóðanna kallar á reglubundna skýrslugjöf og ýmsa framkvæmd innanlands. Haldið er bókhald yfir losun gróðurhúsalofttegunda og bindingu kolefnis úr andrúmslofti. Umhverfisstofnun heldur utan um bókhaldið fyrir Íslands hönd og er því skilað árlega til skrifstofu loftslagssamningsins. Árið 2007 fór fram viðamikil úttekt á vegum loftslagssamningsins á bókhaldi Íslands og í kjölfarið var Íslandi úthlutað losunareiningum sem ríkið hefur til ráðstöfunar á tímabilinu 2008–2012. Ísland fær samtals úthlutað rúmlega 18,5 milljónum losunareininga á þessu tímabili og eru þær lagðar inn á rafrænt skráningarkerfi sem Umhverfisstofnun hýsir og er eins konar banki fyrir losunareiningar og möguleg viðskipti með þær. Raunlosun á tímabilinu jafngildir síðan úttekt á losunareiningum.

Samkvæmt lögum um losun gróðurhúsalofttegunda frá árinu 2007 ber tiltekinni starfsemi sem losar meira en 30.000 tonn af gróðurhúsalofttegundum að afla sér heimilda, annaðhvort með úthlutun af heimildum Íslands eða með kaupum á heimildum erlendis frá. Enginn virkur markaður með losunarheimildir er enn fyrir hendi á Íslandi þótt grunnur hafi verið lagður að honum með setningu laganna og skráningarkerfinu.

Skýrsla Vísindanefndar um loftslagsbreytingar kom út í ágúst 2008 og er hún langviðamesta úttekt sem gerð hefur verið á áhrifum loftslagsbreytinga á Íslandi, bæði þeim sem þegar virðast eiga sér stað og þeim sem líklegt má telja að verði á komandi áratugum. Samkvæmt niðurstöðum nefndarinnar eru breytingar á náttúrufari vegna hlýnunar þegar merkjanlegar hér á landi. Nefndin leggur einnig fram tillögur um hvernig megi efla rannsóknir og vöktun á loftslagsbreytingum og búa sig undir að aðlagast breytingum sem óhjákvæmilega munu verða.

Nefnd, sem falið var að kanna möguleika Íslands á að minnka nettólosun, skilar niðurstöðum í haust og mun sú vinna nýtast vel þegar að því kemur að meta mögulegar skuldbindingar Íslands í nýjum samningi eftir 2012. Nefndin á að meta bæði tæknilega möguleika og kostnað við mismunandi leiðir og í kjölfar vinnu hennar verður hafist handa við gerð aðgerðaáætlunar til að draga úr nettólosun ghl.

Nú liggja fyrir tillögur nefndar um gjöld á eldsneyti og bíla en tillögurnar miða að því að draga úr losun ghl frá vegasamgöngum með því að ýta undir notkun vistvænna bíla og eldsneytis. Þar eru miklir möguleikar í framtíðinni að nýta rafmagn, vetni, metangas og fleiri loftslagsvæna orkubera í stað jarðefnaeldsneytis. Miklir möguleikar eru á bindingu kolefnis með skógrækt, landgræðslu og endurheimt votlendis og merkilegt tilraunaverkefni fer nú fram á Hellisheiði með niðurdælingu CO_2 úr jarðhitagufu, sem fellur út og binst í steindum í bergi neðanjarðar til framtíðar.

2.5 Sorphirða og endurvinnsla úrgangs.

Stefna stjórnvalda er að dregið verði með skipulögðum hætti úr myndun úrgangs eins mikið og unnt er. Þeim úrgangi, sem myndast, verði komið í endurnotkun og endurnýtingu og að sú förgun úrgangs, sem nauðsynleg er, verði með skipulögðum hætti þannig að hann nái jafnvægi við umhverfi sitt á sem skemmstum tíma.

Í *Áherslum umhverfisráðherra* frá 2007 er lögð áhersla á að neytendum sé auðveldað að stjórna neyslu sinni í samræmi við sjónarmið sjálfbærrar þróunar og þar með að lágmarka myndun úrgangs. Ráðuneytið vill að leitað verði allra leiða að því markmiði í samvinnu við sveitarfélög og aðra hagsmunaaðila. Í *Áherslunum* eru sérstaklega tiltekin tvö atriði varðandi meðferð úrgangs. Annars vegar mikilvægi þess að draga úr sorpi frá heimilum og fyrirtækjum, bæta flokkun úrgangs og auka endurnýtingu hans og hins vegar að auka ábyrgð þeirra

sem dreifa fjölpósti á kostnaði við söfnun og förgun hans en fjölpóstur hefur aukist að umfangi um um 76% frá árinu 2003.

Í byrjun þessa árs skipaði ráðuneytið nefnd til að gera tillögur um aðgerðir til að draga úr úrgangi og auka endurvinnslu á dagblöðum, tímaritum og öðrum óumbeðnum prentpappír. Í skipunarbréfi er tiltekið að mikilvægt sé að auka ábyrgð þeirra sem framleiða og flytja inn blöð, tímarit, bækur og auglýsingabæklinga þannig að þeir beri kostnað vegna meðhöndlunar úrgangs sem verður til vegna þessarar framleiðslu. Unnið hefur verið ötullega í nefndinni og stefnt að því að skila tillögum til ráðuneytisins nú í haust.

Stefnt er að því að draga úr urðun lífræns úrgangs. Sett hafa verið töluleg markmið um að draga úr magni lífræns úrgangs frá heimilum og atvinnurekstri til urðunar. Minnka á magn lífræns úrgangs þannig að 1. janúar 2009 verði hann 75% af magninu sem var 1995. Hinn 1. júlí 2013 á magnið að vera komið niður í 50% og 1. júlí 2020 niður í 35% miðað við 1995. Allt bendir til þess að markmiðið fyrir árið 2009 náist en vinna þarf mjög markvisst til að ná 50% samdráttarmarkmiðinu fyrir árið 2013. Tiltölulega auðvelt er að draga úr magni pappírs í úrgangsstraumnum og því eðlilegt að á það verði lögð megináhersla.

Rafeindaúrgangur fer vaxandi og á liðnu þingi voru samþykktar breytingar á lögum um meðhöndlun úrgangs sem ætlað er að draga úr myndun raftækja- og rafeindatækjaúrgangs og auka endurnýtingu. Markmið lagabreytinganna er m.a. að safna fjórum kg af raftækja- og rafeindatækjaúrgangi á hvern íbúa á ári og að taka spilliefni úr tækjum og meðhöndla þau sérstaklega.

Mikilvægt er að leikreglur séu skýrar á sviði úrgangsmála og þeir sem valda úrganginum greiði fyrir ábyrga meðferð hans. Því er lögð áhersla á að auka ábyrgð og kostnaðarþátttöku framleiðenda í tengslum við meðhöndlun úrgangs. Jafnframt þarf gjaldtaka á íbúa að vera með þeim hætti að það stuðli að því að draga úr magni úrgangs og auka flokkun hans.

2.6 Bætt skráning og meðferð efna.

Á liðnu þingi voru sett lög nr. 45/2008 um efni og efnablöndur og strax í kjölfarið gaf umhverfisráðherra út reglugerð um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni. Lögin og reglugerðin voru sett til að innleiða REACH, reglugerð Evrópusambandsins um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (**R**egistration, **E**valuation, **A**uthorisation and **R**estriction of **CH**emicals, **REACH**). Innleiðing REACH hér á landi leysir af hólmi í áföngum u.þ.b. 20 gildandi reglugerðir er varða framleiðslu, markaðssetningu, notkun og takmarkanir á efnum og efnablöndum.

Innleiðing á REACH hér á landi hefur í för með sér nýjar skyldur fyrir íslensk fyrirtæki. Ein sú mikilvægasta er að fyrirtækjum ber að skrá hjá Efnastofnun Evrópu öll efni sem framleidd eru eða flutt inn frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins í meira magni en sem nemur einu tonni á ári. Með skráningu skulu fylgja ítarlegar upplýsingar um efnið og áhrif þess á heilsu manna og umhverfi.

Meðal annarra ákvæða má nefna tilkynningaskyldu vegna hættulegra efna í hlutum ef magn þeirra fer yfir 0,1% af þyngd hlutarins, og reglur um miðlun upplýsinga um notkun og meðferð efna til birgja og notenda efna í atvinnuskyni. Þessi nýju ákvæði hafa víðtæk áhrif hér á landi og fyrirtæki, sem framleiða, flytja inn, dreifa eða nota efni, þurfa að laga sig að þessum nýju reglum. Hinum nýju lögum er ætlað að tryggja að meðferð á efnum og efnablöndum valdi ekki tjóni á heilsu eða umhverfi og að sjá til þess að ný efni séu skráð og möguleg skaðsemi þeirra metin áður en þau koma á markað.

2.7 Viðbúnaður við náttúruvá.

Allt frá því að umhverfisráðuneytið tók yfir málefni ofanflóðavarna 1. janúar 1996 í kjölfar snjóflóðanna miklu á Súðavík og Flateyri 1995 hefur verið unnið markvisst að því að tryggja ásættanlegt öryggi íbúa í þeim sveitarfélögum sem búa við hættu af völdum ofanflóða. Fram hefur farið formlegt hættumat á flestum þeim þéttbýlisstöðum sem búa við ofanflóðahættu og sett hafa verið öryggisviðmið sem sveitarfélög þurfa að fylgja til að hljóta stuðning við varanlegar varnarframkvæmdir úr Ofanflóðasjóði. Framkvæmdum í sveitarfélögunum miðar vel áfram en tímabundin töf á framkvæmdum vegna annarra stórra framkvæmda á árunum 2004–2006 hefur seinkað nokkuð upphaflegum áætlunum um að ljúka framkvæmdum árið 2010. Nú eru horfur á að hægt verði að ljúka viðunandi varnarframkvæmdum á árunum 2014–2015 í þeim sveitarfélögum sem búa við ofanflóðahættu. Þar til þeim lýkur er öryggi íbúa gagnvart ofanflóðum tryggt með virkri vöktun og hús eru rýmd ef og þegar slíkar aðstæður skapast.

Á undanförnum árum hefur komið í ljós að nokkur íbúðarhús í dreifbýli búa við ofanflóðahættu sem ástæða er til að kortleggja en ekki var í lögum um varnir gegn skriðuföllum og snjóflóðum á sínum tíma gert ráð fyrir að vinna hættumat fyrir byggð í dreifbýli eins og þéttbýli.

Samþykktar hafa verið breytingar á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum. Markmið breytinganna er að heimila ráðherra að ákveða að gerð verði úttekt á hættu á ofanflóðum í dreifbýli þar sem ofanflóð hafa fallið á byggð eða nærri henni eða hætta er talin á slíku. Með byggð í þessu tilviki er ekki átt við frístundabyggð. Heimildin nær til þyrpinga þegar byggðra frístundabyggða og frístundahúsa þar sem fólk hefur skráð lögheimili. Enn fremur nær heimildin til samkomuhúsa, svo sem skóla, félagsheimila og þess háttar bygginga. Um er að ræða sömu skilyrði og sett eru fyrir hættumati í þéttbýli. Hér er um mikilvæga upplýsingaöflun að ræða fyrir viðkomandi sveitarfélög vegna almannahættu sem skapast getur við óvenjuleg veðurskilyrði.

Veðurstofa Íslands, sem samkvæmt lögum annast gerð hættumats í þéttbýli og úttektar á hættu í dreifbýli, hefur áætlað að í dreifbýli séu um 400 staðir sem ástæða kann að vera til að gera úttekt á varðandi ofanflóðahættu. Gert er ráð fyrir að slíkar úttektir verði einfaldari í sniðum en hættumat í þéttbýli. Kostnaður við úttektir í dreifbýli verður greiddur af Ofanflóðasjóði á sama hátt og kostnaður við hættumat í þéttbýli.

Nú er verið að skoða mat á flóðahættu á Íslandi, m.a. út frá efni tilskipunar ESB þess efnis, þar sem m.a. er kveðið á um að slíkt mat skuli sett fram á hættumatskortum. Efni tilskipunarinnar fellur undir svið fjölda aðila og af þeim sökum hefur verið kallað eftir áliti þeirra á framangreindum þáttum en ljóst er að um verulegan kostnað er að ræða í þessu samhengi við uppsetningu og rekstur viðvörunarkerfis og vegna kortlagningar.

2.8 Vistvæn opinber innkaup.

Á grundvelli laga um opinber innkaup hefur ríksstjórnin lagt aukna árherslu á vistvæn opinber innkaup undanfarin ár. Það er í samræmi við þróun annars staðar á Norðurlöndum en Evrópusambandið hefur einnig gefið út tilmæli til aðildarþjóðanna um að þær setji sér aðgerðaráætlun um vistvæn opinber innkaup. Ríkið kaupir vörur og þjónustu fyrir um 100 milljarða króna á ári og því ljóst að opinber innkaup geta haft mikil áhrif á þróun markaða. Með því að setja skýrar kröfur um umhverfissjónarmið í opinberum innkaupum gefst tækifæri til að hvetja til nýsköpunar og virkrar samkeppni um vistvænar vörur og þjónustu á markaði. Um leið er stuðlað að því að draga verulega úr umhverfisáhrifum innkaupa og

neyslu í opinberri starfsemi og samfélaginu öllu. Slík stefna er einnig líkleg til að hafa áhrif á einkaneyslu.

Umhverfisráðuneytið og fjármálaráðuneytið hafa að undanförnu unnið saman að því að innleiða enn frekar umhverfissjónarmið í opinber innkaup og setja viðmið um framkvæmd slíkrar stefnu. Hefur stýrihópur um vistvæn innkaup unnið að aðgerðaráætlun um slík innkaup á Íslandi. Þar hefur verið lögð rík áhersla á samstarf ríkis og sveitarfélaga og hefur stýrihópurinn verið skipaður fulltrúum frá umhverfisráðuneyti, Ríkiskaupum, Reykjavíkurborg og Hafnarfjarðarbæ. Í starfi stýrihópsins hefur komið fram skýr þörf og vilji til að efla aðgerðir sem auðvelda opinberum aðilum að framfylgja stefnu um umhverfissjónarmið við opinber innkaup.

Stefna um vistvæn innkaup ríkisins sem byggist á undirbúningsstarfi stýrihópsins liggur nú fyrir í drögum. Stefnan um vistvæn innkaup verður sérgreind stefna sem heyrir undir innkaupastefnu ríkisins 2008–2011 og nær til ráðuneyta, ríkisstofnana og ríkisaðila. Stefnan um vistvæn innkaup ríkisins er jafnframt aðgerðaráætlun Íslands um vistvæn opinber innkaup. Í stefnunni er nánari útfærsla á ákvæðum innkaupastefnu ríkisins og mælir hún fyrir um hvernig taka eigi tillit til umhverfissjónarmiða við innkaup ríkisins. Með henni eru gefin skýr skilaboð um vilja ríkisins til að sýna í verki aukna ábyrgð í umhverfismálum en um leið auka samkeppnishæfni íslensks atvinnulíf með því að setja fram áherslur sem eiga eftir að verða ráðandi á markaði.

2.9 Upplýsingagjöf og fræðsla til almennings og neytenda um umhverfismál.

Öflug og traust almenningsfræðsla er nauðsynleg undirstaða umhverfisverndar. Unnið hefur verið að fjölbreyttum verkefnum á sviði fræðslu um umhverfismál það sem af er þessa kjörtímabils og þar er að finna ýmis nýmæli.

Í vor gáfu umhverfisráðuneytið og Landvernd út fræðsluritið *Skref fyrir skref* í endurbættri og uppfærðri útgáfu. Ritinu er ætlað að vekja fólk til umhugsunar um umhverfismál og veita gagnleg ráð um það hvernig almenningur getur fetað sig í átt til vistvænni lífsstíls en nú tíðkast. Ritinu hefur verið dreift víða, m.a. á bókasöfn og í skóla. Þá efndu umhverfisráðuneytið, Úrvinnslusjóður og SORPA til sýningarinnar *Vistvænn lífsstíll* dagana 25. og 26. apríl. Þar sýndu 25 fyrirtæki, stofnanir og félög vistvænar vörur og kynntu þjónustu. Markmiðið með sýningunni var að skapa vettvang þar sem almenningur fengi tækifæri til að kynna sér það sem í boði er á þessum markaði. Umhverfisfræðsluráð vinnur nú fyrir umhverfisráðherra að tillögum að átaki til að auka vægi umhverfismerkinga á íslenskum markaði og Umhverfisstofnun hyggst efla starfsemi Svansins hér á landi en Svanurinn er opinbert umhverfismerki Norðurlandanna.

Unnið hefur verið að því að auka verulega fræðslu til almennings um loftslagsmál. Umhverfisráðuneytið gaf út fræðslubækling um loftslagsbreytingar fyrr á þessu ári. Þar er sagt frá orsökum og afleiðingum loftslagsbreytinga. Þá er einnig greint frá aðgerðum sem grípa verður til svo koma megi í veg fyrir eða búa fólk undir hamfarir sem kunna að verða af völdum loftslagsbreytinga. Bæklingnum hefur verið dreift víða, þar á meðal í grunn- og framhaldsskóla. Umhverfisráðuneytið hefur framleitt kynningarmyndband um skýrslu vísindanefndar um áhrif loftslagsbreytinga hér á landi en skýrslan var kynnt á blaðamannafundi í byrjun ágúst. Námsgagnastofnun mun kynna kennurum myndbandið og þeim býðst að nýta það við kennslu. Þá hefur umhverfisráðuneytið hafið samstarf við Námsgagnastofnun um framleiðslu á kennslumyndbandi og kennslubæklingi um loftslagsbreytingar. Því starfi á að ljúka í vetur og á að vera hægt að hefja notkun kennsluefnisins haustið 2009. Umhverfisráðu-

neytið, Samtök atvinnulífsins, Landvernd og Náttúruverndarsamtök Íslands efndu til upplýsingafunda um loftslagsmál fyrir alþingismenn og fréttamenn síðastliðið haust.

Ríkisstjórnin hefur nýlega samþykkt að styrkja verkefni Landverndar í vistaksturskennslu. Kennslan mun fara fram með fimm akstursherma. Stefnt er að því að kenna um 10.000 ökumönnum slíkan akstur á 12 mánuðum. Þá hefur Umhverfisráðuneytið unnið að því að hvetja ökumenn til að forðast akstur utan vega. Meðal annars hafa auglýsingar birst í tímaritum fyrir aksturíþróttafólk og ráðuneytið og Umhverfisstofnun hafa gefið úr fræðslubækling fyrir ferðamenn um afleiðingar aksturs utan vega og viðurlög við honum. Slíkum upplýsingum hefur einnig verið komið í alla bílaleigubíla hér á landi.

Umhverfisráðuneytið og Stofnun Sæmundar fróða um sjálfbæra þróun efna reglulega til opinna funda um ýmis umhverfismál sem efst eru á baugi hverju sinni, og hafa fundirnir verið vel sóttir.

Einnig efna Umhverfisráðuneytið, Landvernd og Náttúruskóli Reykjavíkur árlega til verkefnasamkeppni í grunnskólum um umhverfismál. Tilgangur keppninnar er að hvetja ungt fólk til góðra verka í umhverfisvernd, vekja athygli á sýn ungs fólks á umhverfismál og kalla fram hugmyndir nemenda um hvernig leysa má umhverfisvandamál.

Umhverfisþing, hið 5. sinnar tegundar, var haldið í október 2007. Þar voru m.a. kynnt drög að stefnu stjórnvalda um líffræðilega fjölbreytni og stofnunum, fyrirtækjum, félagasamtökum og einstaklingum boðið að senda umhverfisráðuneytinu athugasemdir við þau. Einnig voru flutt fjölmörg erindi um gildi náttúruverndar og hvernig vernd og nýting náttúruauðlinda geta farið saman. Líflegar umræður voru í málstofum á þinginu, annars vegar um náttúruvernd á 21. öldinni og hins vegar um náttúru og byggð. Fyrirlesarar komu víðs vegar að og fjölluðu um umhverfisstarf um land allt. Um 350 manns sóttu þingið sem var hið fjölmennasta til þessa en aðsóknin endurspeglar aukinn áhuga á umhverfis- og náttúruverndarmálum.

III. Breytingar á verksviði umhverfisráðuneytisins.

3.1 Sameining starfsemi Veðurstofu Íslands og Vatnamælinga Orkustofnunar.

Í lögum nr. 167/2007 um flutning verkefna innan Stjórnarráðsins var m.a. kveðið á um að sett verði á laggirnar ný stofnun um verkefni Veðurstofu Íslands og Vatnamælinga, sem taki til starfa innan stjórnsýslu umhverfisráðuneytisins eigi síðar en 1. janúar 2009. Frumvarp til laga um hlutverk og verkefni hinnar nýju stofnunar var samþykkt á Alþingi vorið 2008 og mun hún því hefja starfsemi hinn 1. janúar 2009.

Hin nýja stofnun verður stærst að umfangi þeirra fagstofnana sem heyra undir umhverfisráðuneytið með u.þ.b. 130 starfsmenn. Fagsvið hinnar nýju stofnunar verða hliðstæð því sem gerist t.d hjá systurstofnun Veðurstofunnar í Svíþjóð og hjá Alþjóða Veðurfræðistofnuninni. Verkefni Veðurstofunnar varðandi snjóflóð og jarðskjálfta munu þó áfram marka okkur nokkra sérstöðu miðað við starfsemi systurstofnana.

Markmið með sameiningu voru bæði fagleg og rekstrarleg. Helstu kostir og ávinningur sem vonast er til að ná með sameiningunni eru eftirfarandi:

- Bætt þjónusta og styrkari samvinna á öllum sviðum sem lúta að vöktun náttúru og viðbrögðum við náttúruvá, þ.m.t. jarðskorpuhreyfingum, veðurfari og vatnafari.
- Breiðari og meiri fagleg hæfni og auknir möguleikar til að sinna ýmsum verkefnum varðandi náttúru Íslands sem fram til þessa hafa legið utangarðs.
- Styrkari umsjón vatnsauðlinda samkvæmt alþjóðasamningum og í alþjóðasamstarfi sem Ísland hefur gerst aðili að og jafnframt bættar forsendur til að framfylgja Evrópsku

vatnatilskipuninni sem tekin hefur verið upp hér á landi og nær til alls fersks vatns og strandsjávar.
- Efling rannsókna á loftslags-/veðurfarsbreytingum og styrkari faglega ráðgjöf fyrir stjórnvöld á því sviði.
- Tryggari varsla gagna um vatnafar, veðurfar og jarðskorpuhreyfingar og bætt aðgengi almennings og fyrirtækja að þeim gagnagrunnum.
- Hagræðing, svo sem í rekstri mælingakerfa, gagnagrunna og ýmiskonar upplýsingakerfa, auk almennrar hagræðingar í sameiginlegri þjónustu og stjórnun.

Frá upphafi þessa verkefnis var markmiðið að ná sem mestri faglegri samþættingu og stefnt var að því að óþarfa múrum og skilrúmum yrði vikið til hliðar ef þurfa þætti. Unnin var svokölluð þarfagreining á verkefnum og verksviði Veðurstofu og Vatnamælinga og í framhaldi af því vann síðan starfshópur undir forystu ráðuneytisstjóra umhverfisráðuneytisins að því að skilgreina á hlutverk og verksvið hinnar sameinuðu stofnunar ásamt undirbúningi að gerð lagafrumvarps.

Ljóst er að ný og vaxandi verkefni blasa við hinni nýju stofnun. Ber þar einna hæst loftslagsmálin og allar þær fjölmörgu hliðargreinar sem tengjast þeim mikla málaflokki. Einnig kallar Vatnatilskipun Evrópusambandsins á mjög margþættar rannsóknir og greiningu á vatnafari landsins. Síðast en ekki síst verður hin nýja stofnun mun betur í stakk búin til að sinna hinu afar mikilvæga hlutverki Veðurstofu Íslands varðandi allsherjar vöktun og viðvaranir varðandi hvers konar náttúruvá og stuðning við almannavarnir í landinu.

3.2 Landgræðsla og skógrækt færast til umhverfisráðuneytisins.

Umhverfisráðuneytið tók við Skógrækt ríkisins og Landgræðslu ríkisins í ársbyrjun 2008 og þeim málaflokkum sem undir þessar stofnanir falla. Þetta er í samræmi við stjórnarsáttmálann og má segja að það hafi verið eðlilegt skref að færa landgræðslu og skógrækt til umhverfisráðuneytisins frá landbúnaðarráðuneytinu í ljósi breyttra áherslna í þjóðfélaginu varðandi þessa málaflokka. Skipulegt opinbert starf að skógrækt og landgræðslu á sér aldarlanga sögu á Íslandi og snerist lengst af um að stöðva landeyðingu á afréttum og beitilöndum og endurheimta landgæði til landbúnaðarframleiðslu. Nú liggja fjölþættari sjónarmið að baki landgræðslu og skógrækt og má þar m.a. nefna að vernd gróðurs og birkiskóga er mikilvægur þáttur náttúruverndar. Samningurinn um líffræðilega fjölbreytni hvetur til endurheimtar skaddaðra vistkerfa, skógar eru eftirsóttir til útivistar og binding kolefnis með skógrækt og landgræðslu er mikilvægur hlekkur í að mæta skuldbindingum Íslands samkvæmt loftslagssamningi Sameinuðu þjóðanna og Kýótó-bókuninni. Fyrir liggja tillögur nefndar umhverfisráðherra um vernd og endurheimt birkiskóga, sem fylgja þarf eftir. Framlög til rannsókna í tengslum við kolefnisbindingu hafa verið aukin hjá stofnunum tveimur. Einnig er stefnt að því að auka framlög til verkefnisins *Bændur græða landið*.

Lög um skógrækt og landgræðslu eru komin nokkuð til ára sinna og umhverfisráðuneytið hyggst vinna að endurskoðun þeirra og nýrri stefnumótun í þessum málaflokkum á komandi misserum. Grunnstefnan í þessum málum verður óbreytt, þ.e. að vinna að því að stöðva jarðvegs- og gróðureyðingu og endurheimta landkosti. Aðferðarfræði við uppgræðslu hefur hins vegar tekið breytingum í áranna rás og mun gera áfram og hún þarf að taka tillit til aðstæðna á hverjum stað og sjónarmiða nytja og náttúruverndar. Umhverfisráðuneytið hefur í því skyni m.a. sett á fót fagráð í skógrækt og landgræðslu en þar eiga sæti fulltrúar ýmissa stofnana og félagasamtaka, auk sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, sem mun fara með lands-

hlutaskógrækt sem einkum er ætluð til framleiðslu skógarafurða. Ráðuneytið hyggst móta stefnu í þessum málum í víðtækri samvinnu og sem bestri sátt.

IV. Niðurlag: Á leið til sjálfbærrar þróunar.

Umhverfismál eru ekki lengur jaðarmál í stefnumörkun stjórnvalda og almennri umræðu. Flest verkefni á vegum umhverfisráðuneytisins, bæði þau sem eru talin í þessari skýrslu og önnur, tengjast efnahag og atvinnulífi, heilsu og lífsgæðum og stefnu Íslands í samskiptum við önnur ríki. Enn fremur hafa umhverfisþættir fengið aukið vægi í atvinnu- og efnahagsmálum og verksviðum flestra ráðuneyta. Þetta krefst samhæfingar í stefnumótun innan Stjórnarráðsins og uppbyggingu öflugs þekkingargrunns um náttúru og umhverfi sem auðveldar faglega umræðu og ákvarðanatöku.

Áður fyrr var oft litið á náttúruvernd annars vegar og efnahags- og samfélagsþróun hins vegar sem andstæða póla. Í hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar er gert ráð fyrir að þróun samfélagsins og vernd náttúrugæða verði að haldast í hendur. Segja má að ríki heims hafi orðið ásátt um að starfa eftir þeirri hugmyndafræði frá og með Ríó-ráðstefnunni 1992 og byggjast alþjóðasamningar á sviði umhverfismála og auðlindanýtingar á þessari hugsun. Hér á landi hefur verið í gildi stefnumótun stjórnvalda um sjálfbæra þróun, *Velferð til framtíðar*, frá árinu 2002, þar sem sett eru 17 meginmarkmið á sviði umhverfisverndar og auðlindanýtingar, fjallað um helstu leiðir til að ná þeim markmiðum og reynt að birta reglulega vísa um hvernig miði í átt að settu marki. Stefnumörkun af þessu tagi kemur ekki í stað pólitískrar stefnumótunar ríkisstjórnar og ráðherra hverju sinni heldur er hún viðleitni til að skilgreina markmið sem víðtæk sátt á að geta ríkt um, eins og hreint umhverfi og sjálfbæra auðlindanýtingu og vera grunnur að reglulegri umræðu um þau markmið og leiðir að þeim. Stefnumörkun um sjálfbæra þróun verður til umfjöllunar á VI. Umhverfisþingi sem haldið verður í október 2009 þar sem tækifæri gefst til að ræða um áherslur og forgangsmál í umhverfismálum í víðtækasta skilningi þess orðs.

Þótt almenn sátt ríki um að vinna á grunni sjálfbærrar þróunar fer því auðvitað fjarri að það hugtak rúmi ekki skiptar skoðanir um hvernig standa skuli að uppbyggingu samfélagsins og vernd umhverfisins. Á síðustu árum hefur oft verið deilt harkalega um ýmsar framkvæmdir í íslensku samfélagi og áhrif þeirra á náttúru og umhverfi. Það mun seint ríkja fullkomin sátt um slíkar einstakar framkvæmdir en það er hægt að treysta faglegan grunn fyrir ákvarðanatöku svo að hægt sé að meta heildaráhrif ákvarðana á hina þrjá þætti sjálfbærrar þróunar: Umhverfisvernd, efnahag og félagslega velferð. Þannig byggist starf Loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna á grunni vísindanefndar sem hefur það hlutverk að taka saman bestu vísindalega þekkingu um orsakir og afleiðingar loftslagsbreytinga af mannavöldum og möguleika til að bregðast við á skilvirkan og hagkvæman hátt. Ísland hefur lagt til á alþjóðavettvangi að svipuð vinna fari fram varðandi umhverfi hafsins, þar sem þekking á vistkerfinu og áhrifum mengunar og nýtingar er um margt brotakennd og ófullkomin.

Í þessari skýrslu hefur verið bent á að efla beri rannsóknir og vöktun á íslenskri náttúru og ljúka grunnkortlagningu hennar til að skapa betri grunn að ákvarðanatöku sem getur haft afleiðingar til langrar framtíðar. Rétt er einnig að ítreka mikilvægi Rammaáætlunar um nýtingu og vernd náttúrusvæða, þar sem reynt er að meta virkjunarkosti á faglegan hátt út frá verndargildi náttúrunnar og öðrum þáttum. Mat á umhverfisáhrifum er mikilvægt tæki til að draga fram allar nauðsynlegar upplýsingar um áhrif framkvæmda og áætlana, ekki síst þegar um stór áform er að ræða.

Á Íslandi hefur verið mikil og hröð uppbygging á mörgum sviðum á undanförnum árum, m.a. á sviði orkunýtingar og þungaiðnaðar sem hefur haft mikil áhrif á umhverfi og samfélag. Núverandi efnahagslægð er að hluta til afleiðing af ofþenslu á liðnum árum, auk samdráttar á alþjóðlegum fjármálamörkuðum og hækkana á olíu og matvöru og fleiri þáttum. Raddir heyrast um að við slíkt ástand þurfi að slaka á kröfum um umhverfisvernd og góða grundun ákvarðana um framkvæmdir. Þvert á móti má færa fyrir því rök að aldrei hafi verið eins nauðsynlegt að meta gaumgæfilega allar líklegar afleiðingar stórra ákvarðana eins og nú. Ísland býr yfir miklum og fjölbreyttum möguleikum til þess að byggja áfram upp blómlegt samfélag án þess að fórna sérstæðum náttúruperlum og víðernum sem vart er lengur að finna í öðrum ríkjum í vestanverðri Evrópu. Íslendingum er í lófa lagið að vinna að uppbyggingu atvinnulífs og velferðarþjónustu samhliða því að efla náttúruvernd, endurheimta gróður og jarðveg, vernda fiskistofna og standa við alþjóðlegar skuldbindingar í loftslagsmálum. Íslendingar munu halda áfram að nýta orkulindir sínar og annan náttúruauð en það þarf að gera af virðingu fyrir náttúrunni og fyrirhyggju en ekki nauðhyggju. Ísland trónir nú efst á lista yfir þau ríki þar sem mest velsæld ríkir, samkvæmt mælingu Þróunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna. Ef við höfum ekki efni á að meta áhrif framkvæmda og stórra ákvarðana vel og gera umhverfisvernd hátt undir höfði er varla mikil von til þess að aðrir geti leyft sér að reyna að vinna af heilum hug að sjálfbærri þróun. Umræðan um umhverfismál verður áfram fyrirferðamikil á Alþingi og í samfélaginu og vonandi verður árleg skýrsla umhverfisráðherra til að styrkja hana og varpa ljósi á það fjölbreytta starf sem unnið er í umhverfisráðuneytinu og víðar.

1343. Framhaldsnefndarálit [523. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 81/2003, um fjarskipti, með síðari breytingum.

Frá samgöngunefnd.

Málinu var vísað til nefndarinnar að lokinni 2. umræðu og fékk nefndin á sinn fund Karl Alvarsson, Ólaf Pál Vignisson og Maríu Rún Bjarnadóttur frá samgönguráðuneytinu vegna umfjöllunar um NMT- og GSM-kerfi landsins við 2. umræðu um málið. Leyfi til reksturs NMT-kerfisins mun falla niður nk. áramót m.a. vegna úrelts tæknibúnaðar en á fundi nefndarinnar kom fram að ráðuneytið telur að uppbygging langdrægs GSM-kerfis muni ná sambærilegri útbreiðslu og NMT-kerfið innan skamms. Með tilliti til þeirra upplýsinga telur nefndin ekki forsendur til að leggja til breytingar á frumvarpinu í þá veru að framlengja leyfi til reksturs NMT-kerfisins en telur nauðsynlegt að fylgjast mjög náið með framkvæmd og uppbyggingu GSM-kerfisins. Nefndin leggur áherslu á að brugðist verði við komi fram vankantar við niðurlagningu kerfisins, sérstaklega varðandi öryggisþáttinn.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Alþingi, 10. sept. 2008.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, form., frsm.	Ólöf Nordal.	Árni Þór Sigurðsson.
Jón Gunnarsson.	Björk Guðjónsdóttir.	Guðjón A. Kristjánsson.

1344. Lög [613. mál]

um sjúkratryggingar.

(Afgreidd frá Alþingi 10. sept.)

Samhljóða þskj. 1220 með þessum breytingum:

5. gr. hljóðar svo:

Sjúkratryggingastofnun.

Starfrækja skal sjúkratryggingastofnun. Aðalskrifstofur hennar eru í Reykjavík og skal við það miðað að sjúkratryggingastofnunin og Tryggingastofnun ríkisins reki sameiginlega afgreiðslu, þjónustu og upplýsingagjöf við notendur þjónustunnar. Utan Reykjavíkur getur sjúkratryggingastofnunin samið við aðra aðila sem veita almannaþjónustu um rekstur umboðsskrifstofu og fer um staðarval og fyrirkomulag eftir ákvörðun stofnunarinnar.

Sjúkratryggingastofnunin annast framkvæmd sjúkratrygginga og semur um og greiðir endurgjald fyrir heilbrigðisþjónustu samkvæmt lögum þessum í samræmi við stefnumörkun ráðherra á hverjum tíma.

Hlutverk sjúkratryggingastofnunarinnar er eftirfarandi:

1. Að annast framkvæmd sjúkratrygginga skv. III. kafla.
2. Að semja um heilbrigðisþjónustu skv. IV. kafla.
3. Að annast kaup á vörum og þjónustu sem henni ber að veita skv. III. kafla.
4. Að greiða endurgjald fyrir heilbrigðisþjónustu sem veita ber samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu eða samið hefur verið um, sbr. IV. kafla.
5. Að hafa eftirlit með gæðum og árangri starfsemi þeirra sem veita heilbrigðisþjónustu samkvæmt samningum, sbr. IV. kafla.
6. Að sinna öðrum verkefnum sem henni eru falin samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða ákvörðun ráðherra.

Sjúkratryggingastofnunin skal með reglubundnum hætti birta glöggar upplýsingar um alla starfsemi sína. Jafnframt skal stofnunin kynna almenningi rétt sinn samkvæmt lögum þessum með upplýsingastarfsemi.

56. gr. hljóðar svo:

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 2008.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. koma ákvæði IV. kafla að því er varðar samninga sem heilbrigðisráðuneytið hefur gert til framkvæmda eigi síðar en 1. júlí 2009. Enn fremur koma ákvæði IV. kafla til framkvæmda eigi síðar en 1. janúar 2010 að því er varðar samninga við heilbrigðisstofnanir í eigu ríkisins og samninga við sveitarfélög og aðra er reka hjúkrunarheimili.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. öðlast 12. tölul. 59. gr. þegar gildi.

57. gr. hljóðar svo:

Breyting á lögum nr. 100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

1. 1. gr. laganna orðast svo:
   Lög þessi taka til:
   1. Lífeyristrygginga almannatrygginga.
   2. Slysatrygginga almannatrygginga.

   Um sjúkratryggingar almannatrygginga fer samkvæmt lögum um sjúkratryggingar.
2. Við 2. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sjúkratryggingastofnunin, sbr. lög um sjúkratryggingar, annast framkvæmd slysatrygginga samkvæmt lögum þessum.
3. Á eftir orðunum „Tryggingastofnun ríkisins“ í 2. mgr. 8. gr., 3. mgr. 9. gr. og 1. málsl. 3. mgr. 12. gr. laganna kemur: eða eftir atvikum sjúkratryggingastofnunin.
4. Á eftir orðunum „Tryggingastofnun ríkisins“ í 1. málsl. 1. mgr. og 2. mgr. 13. gr. laganna kemur: eða eftir atvikum sjúkratryggingastofnuninni.
5. Á eftir orðunum „Tryggingastofnun ríkisins“ í 1. málsl. 1. mgr., 1. málsl. 2. mgr. og 3. mgr. 14. gr. laganna kemur: eða eftir atvikum sjúkratryggingastofnuninni.
6. Orðið „sjúkratrygginga“ í 3. mgr. 18. gr. laganna fellur brott.
7. Í stað orðsins „Tryggingastofnunin“ í 1. málsl. og lokamálslið 1. mgr. 28. gr. laganna og orðsins „Tryggingastofnunarinnar“ í 1. og 2. málsl. sömu málsgreinar kemur: sjúkratryggingastofnunin; og: sjúkratryggingastofnunarinnar.
8. Eftirfarandi breytingar verða á 32. gr. laganna:
   a. Í stað orðanna „skv. 44. gr.“ í a-lið 1. tölul. 1. mgr. kemur: samkvæmt lögum um sjúkratryggingar.
   b. Við 1. málsl. b-liðar 1. tölul. 1. mgr. bætast orðin: sé hinn slasaði ekki sjúkratryggður samkvæmt lögum um sjúkratryggingar.
   c. 2. málsl. b-liðar 1. tölul. 1. mgr. fellur brott.
   d. Í stað orðanna „skv. 44. gr.“ í 2. mgr. kemur: samkvæmt lögum um sjúkratryggingar.
9. Í stað orðanna „Tryggingastofnun ríkisins“ í 2. mgr. 33. gr. laganna kemur: Sjúkratryggingastofnuninni.
10. Í stað orðsins „Tryggingastofnuninni“ í 1. málsl. 5. mgr. 34. gr. laganna kemur: sjúkratryggingastofnuninni.
11. Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:
    a. Í stað orðanna „Tryggingastofnun ríkisins“ í 2. mgr. kemur: Sjúkratryggingastofnunin.
    b. Í stað orðsins „Tryggingastofnunar“ í 2. málsl. 3. mgr. og orðanna „Tryggingastofnunar ríkisins“ í lokamálslið sömu málsgreinar kemur: sjúkratryggingastofnunarinnar.
12. V. kafli laganna fellur brott.
13. 4. mgr. 48. gr. laganna fellur brott.

14. Eftirfarandi breytingar verða á 52. gr. laganna:
    a. Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr.:
        1. Á eftir orðunum „Tryggingastofnun ríkisins“ í 1. málsl. kemur: og sjúkratryggingastofnuninni.
        2. 2. málsl. fellur brott.
        3. Á eftir orðunum „Tryggingastofnunar ríkisins“ í lokamálslið kemur: eða eftir atvikum sjúkratryggingastofnunarinnar.
        4. Í stað orðanna „heimasíðu stofnunarinnar“ í lokamálslið kemur: heimasíðum stofnananna.
    b. Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr.:
        1. Á eftir orðinu „Tryggingastofnun“ í 1., 3., 4. og 7. málsl. kemur: eða eftir atvikum sjúkratryggingastofnuninni.
        2. Á eftir 3. málsl. kemur nýr málsliður sem orðast svo: Enn fremur er Tryggingastofnun og sjúkratryggingastofnuninni heimilt að skiptast á upplýsingum um mat á örorku og öðrum nauðsynlegum upplýsingum.
    c. Á eftir orðinu „Tryggingastofnun“ í 1. og 2. málsl. 3. mgr. kemur: eða eftir atvikum sjúkratryggingastofnuninni; og: eða eftir atvikum sjúkratryggingastofnunin.
    d. Á eftir orðunum „umboðsmenn hennar“ í 1. málsl. 4. mgr. og orðunum „umboða hennar“ í 2. málsl. sömu málsgreinar kemur: eða eftir atvikum starfsfólk sjúkratryggingastofnunarinnar; og: eða eftir atvikum starfsfólki sjúkratryggingastofnunarinnar.
    e. Eftirfarandi breytingar verða á 5. mgr.:
        1. Í stað orðsins „tannlæknum“ í 1. málsl. kemur: hlutaðeigandi heilbrigðisstarfsmönnum.
        2. Á eftir orðunum „Tryggingastofnunar ríkisins“ í 1. málsl. kemur: eða eftir atvikum sjúkratryggingastofnunarinnar.
        3. Á eftir orðinu „Tryggingastofnunar“ í 2. málsl. kemur: eða eftir atvikum sjúkratryggingastofnunarinnar.
        4. Í stað orðsins „tannlæknum“ í 2. málsl. kemur: hlutaðeigandi heilbrigðisstarfsmönnum.
15. Eftirfarandi breytingar verða á 53. gr. laganna:
    a. Orðin „og sjúkradagpeningar“ í 1. málsl. 2. mgr. falla brott.
    b. 2. málsl. 2. mgr. fellur brott.
16. Við 3. mgr. 54. gr. laganna bætast orðin: samkvæmt lögum um sjúkratryggingar.
17. Eftirfarandi breytingar verða á 55. gr. laganna:
    a. Á eftir orðunum „umboð hennar“ í 1. málsl. 1. mgr. og orðinu „Tryggingastofnun“ í 2. málsl. sömu málsgreinar kemur: eða eftir atvikum sjúkratryggingastofnunin.
    b. Á eftir orðunum „Tryggingastofnun ríkisins“ í 1. og 3. málsl. 4. mgr. kemur: eða eftir atvikum sjúkratryggingastofnunin; og: eða eftir atvikum sjúkratryggingastofnuninni.
18. Eftirfarandi breytingar verða á 56. gr. laganna:
    a. 3. málsl. 1. mgr. fellur brott.
    b. Á eftir orðinu „Tryggingastofnunin“ í 2. mgr. kemur: eða eftir atvikum sjúkratryggingastofnunin.
19. 2. mgr. 58. gr. laganna fellur brott.
20. Í stað orðanna „Tryggingastofnunar ríkisins“ í lokamálslið 2. mgr. 59. gr. laganna kemur: sjúkratryggingastofnunarinnar.

21. Eftirfarandi breytingar verða á 67. gr. laganna:
    a. Í stað orðanna „Tryggingastofnun ríkisins“ í 1. mgr. kemur: sjúkratryggingastofnuninni.
    b. Í stað orðsins „Tryggingastofnun“ í 2. mgr. kemur: Sjúkratryggingastofnunin.
    c. Í stað orðsins „Tryggingastofnun“ í 2. málsl. 4. mgr. kemur: sjúkratryggingastofnuninni.
    d. Í stað orðsins „Tryggingastofnunar“ í 5. mgr. kemur: sjúkratryggingastofnunarinnar.
    e. Orðin „og 43.“ í 6. mgr. falla brott og í stað orðsins „Tryggingastofnunar“ í sömu málsgrein kemur: sjúkratryggingastofnunarinnar.
22. 9. tölul. ákvæðis til bráðabirgða við lögin fellur brott.

64. gr. hljóðar svo:

Breyting á lögum nr. 41/2007, um landlækni, með síðari breytingu.

1. Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:
    a. Á eftir orðinu „ráðherra“ í 2. málsl. 3. mgr. kemur: eða sjúkratryggingastofnunin.
    b. Á eftir orðinu „ráðherra“ í 5. mgr. kemur: og sjúkratryggingastofnuninni.
2. Á eftir orðinu „Lyfjastofnun“ í 4. málsl. 5. mgr. 8. gr. laganna kemur: sjúkratryggingastofnunin.
3. Í stað orðanna „Tryggingastofnunar ríkisins“ í 21. gr. laganna kemur: sjúkratryggingastofnunarinnar.

Ákvæði til bráðabirgða I hljóðar svo:

Þeim starfsmönnum Tryggingastofnunar ríkisins sem hafa starfað hjá stofnuninni að verkefnum er falla undir lög þessi, IV. kafla laga nr. 100/2007, um almannatryggingar, og/eða lög nr. 111/2000, um sjúklingatryggingu, og eru í starfi við gildistöku laganna skal boðið annað starf hjá sjúkratryggingastofnuninni með sömu ráðningarkjörum og áður giltu. Hið sama gildir um þá starfsmenn heilbrigðisráðuneytis, heilsugæslunnar og Landspítala sem sinnt hafa samningsgerð og öðrum verkefnum er munu falla undir verksvið sjúkratryggingastofnunarinnar samkvæmt lögum þessum. Ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, gilda ekki um störf sem ráðið er í samkvæmt þessu ákvæði.

Ákvæði til bráðabirgða II hljóðar svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 56. gr. skal forstjóri sjúkratryggingastofnunarinnar, sbr. ákvæði til bráðabirgða með lögum nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu, hafa heimild til að undirbúa gildistöku laganna, þ.m.t. að bjóða starfsmönnum Tryggingastofnunar ríkisins, heilbrigðisráðuneytis, heilsugæslunnar og Landspítala starf hjá sjúkratryggingastofnuninni frá 1. október 2008, sbr. ákvæði til bráðabirgða I.

Ákvæði til bráðabirgða III hljóðar svo:

Sjúkratryggingastofnunin tekur við eignum, réttindum og skyldum Tryggingastofnunar ríkisins að því er varðar framkvæmd sjúkratrygginga og slysatrygginga samkvæmt lögum nr. 100/2007, um almannatryggingar, og sjúklingatryggingar samkvæmt lögum nr. 111/2000, um sjúklingatryggingu.

1345. Tillaga til þingsályktunar [665. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Lögð fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 12. september 2008 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til septemberloka.

1346. Nefndarálit [294. mál]

um frv. til l. um nálgunarbann.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Minni hluti allsherjarnefndar telur mikilvægt að tryggja réttarstöðu þeirra sem sæta ofsóknum í samfélaginu. Lagaákvæði um nálgunarbann hafa því miður ekki uppfyllt þær væntingar sem gerðar voru til þeirra, þau hafa reynst veik og ekki gegnt því hlutverki sem þeim var ætlað. Því er óhjákvæmilegt að breyta þeim í grundvallaratriðum svo hægt sé að beita þeim á markvissan og skilvirkan hátt. Breytingartillögum meiri hlutans er ætlað að tryggja það að ákveðnu marki og leggst minni hlutinn ekki gegn þeim. Það er hins vegar mat minni hlutans að nálgunarbann sé lagaúrræði sem nýtist í ákveðnum tegundum mála, en ekki endilega sem úrræði fyrir fórnarlömb heimilisofbeldis. Því sé nauðsynlegt að samhliða lagfæringum á lagaákvæðum um nálgunarbann verði hugað að réttarstöðu fórnarlamba heimilisofbeldis. Slíkt verður best gert með því að leiða í lög ákvæði um brottvísun af heimili og heimsóknarbann, sem þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa lagt til síðan á 131. löggjafarþingi, nú síðast á 133. löggjafarþingi, sjá þskj. 71 – 71. mál. Þar er um að ræða hina svonefndu „austurrísku leið“. Með úrræðunum sem þar eru lögð til og úrræðunum í frumvarpi til laga um nálgunarbann eru ákveðin líkindi, sem gera það að verkum að vel fer á því að vista þau í einum og sömu lögunum. Því leggur minni hlutinn til talsverðar breytingar á frumvarpinu, m.a. á heiti þeirra, þ.e. að þau nefnist lög um nálgunarbann, brottvísun af heimili og heimsóknarbann.

Minni hlutinn telur að með góðum vilja hefði verið hægt að nýta tíma nefndarinnar í sumar til að gera nauðsynlegar athuganir á þróun löggjafar um nálgunarbann í nágrannalöndum okkar ásamt því að kanna reynsluna af austurrísku leiðinni í þeim löndum þar sem hún hefur verið innleidd. Hefðu slíkar athuganir getað leitt til þess nefndin hefði lagt til að gerðar hefðu verið nauðsynlegar breytingar á því óviðunandi lagaumhverfi sem fórnarlömb heimilisofbeldis hafa þurft að búa við allt of lengi og lagt til að austurríska leiðin yrði tekin upp hér á landi. Telur minni hlutinn þá leið best til þess fallna að tryggja réttaröryggi fórnarlamba heimilisofbeldis og með því yrði baráttan gegn heimilisofbeldi markviss og skilvirk.

Í nefndaráliti meiri hlutans koma fram efasemdir um að tímabært sé að færa heimildina til beitingar nálgunarbanns frá dómstólum til lögreglu og er því lýst sem áliti meiri hlutans að áður en af slíkri breytingu verði þurfi að skoða möguleg áhrif þess. Það er hins vegar óljóst hvert meiri hlutinn beinir því áliti sínu. Minni hluti nefndarinnar telur reynslu ná-

grannalandanna sýna að úrræðið sé betur komið í höndum lögreglu sem er á vettvangi og hefði viljað að kapp hefði verið lagt á að sýna fram á það svo að hægt hefði verið að innleiða nauðsynlegar lagabreytingar í þessari atrennu.

Íslenska ríkisstjórnin hefur skuldbundið sig eins og ríkistjórnir annars staðar á Norðurlöndum til að vinna markvisst gegn kynbundnu ofbeldi. Til þess verður að horfast í augu við þann napra veruleika að konur og börn eru beitt ofbeldi í samfélagi okkar og ofbeldið á sér oft stað inni á heimilum fórnarlambanna. Í Noregi, Svíþjóð og Danmörku hafa verið leidd í lög ákvæði sem taka mið af austurrísku leiðinni og hefur framkvæmd þeirra gefið góða raun.

Minni hlutinn leggur einnig áherslu á að breytingar þær sem hér eru lagðar til eru í samræmi við tilmæli alþjóðlegra eftirlitsstofnana á sviði mannréttinda og breytingartillögurnar eru til þess fallnar að auka réttarvernd kvenna og barna. Vekur minni hlutinn sérstaka athygli á tilmæli þings Evrópuráðsins sem leggur til að tekin sé upp í lög heimild til brottflutnings ofbeldismanns af heimili, þ.e. austurríska leiðin. Austurríska aðferðin felur í sér úrræði til verndar þeim sem verða fyrir ofbeldi á heimilum með því að lögregla hefur við tilteknar kringumstæður heimild til að fjarlægja ofbeldismenn af heimili sínu og banna þeim heimsóknir þangað og í nánasta umhverfi í tiltekinn tíma. Með því að fara þessa leið yrði stigið mjög mikilvægt skref í baráttunni gegn heimilisofbeldi. Þannig þyrftu þeir sem beittir eru ofbeldi á heimilum ekki lengur að flýja heimili sitt heldur yrði þeim sem brýtur af sér gert að yfirgefa heimilið samkvæmt ákvörðun lögreglu.

Minni hlutinn telur að ákvæði af þessu tagi brjóti ekki gegn ákvæðum mannréttindasamninga sem Ísland á aðild að og ætlað er að vernda friðhelgi heimilis og fjölskyldu því að samningarnir kveða á um að heimilt sé að takmarka friðhelgi heimilis og einkalífs til verndar réttindum annarra. Sama á við um 71. gr. stjórnarskrár en það færi gegn tilgangi þessara samninga að túlka friðhelgi einkalífsins þannig að í skjóli hennar sé heimilt að brjóta gegn frelsi og mannhelgi kvenna og barna.

Með breytingartillögum minni hlutans er komið til móts við ítrekuð tilmæli nefnda Sameinuðu þjóðanna, sem m.a. fylgja eftir samningnum um afnám allrar mismununar gagnvart konum, um að íslensk stjórnvöld tryggi úrræði sem gagnist fórnarlömbum heimilisofbeldis og komi á virkum lagafyrirmælum um nálgunarbann.

Mannréttindaskrifstofa Íslands, lögmenn og starfsfólk Neyðarmóttöku vegna nauðgana á Landspítala hafa sent allsherjarnefnd umsagnir vegna frumvarps þessa þar sem hvatt er til þess að Ísland fari að dæmi Austurríkis og margra annarra Evrópuríkja og innleiði austurrísku leiðina. Umsagnir þessara aðila eru fylgiskjöl með nefndaráliti þessu.

Minni hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 9. sept. 2008.

Alma Lísa Jóhannsdóttir.

Með nefndarálitinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Umsögn frá neyðarmótttöku vegna nauðgana. (5. mars 2008.)
II. Umsögn frá Mannréttindaskrifstofu Íslands. (19. febrúar 2008.)

1347. Svar [607. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Þuríðar Backman um tóbaksvarnir.

1. *Hver er ástæða þess að tóbaksvarnaráð var ekki fullskipað og án formanns um nokkurra mánaða skeið?*

Stýrihópur sem hafði það verkefni að endurskoða lög um Lýðheilsustöð var við störf þegar að því kom að endurskipa formann tóbaksvarnaráðs. Búist var við tillögum frá stýrihópnum og á meðan var talið rétt að bíða með að skipa í ráðið að nýju. Þegar ljóst var að dragast mundi að skila tillögum frá hópnum var ákveðið að skipa að nýju í ráðið.

2. *Eru uppi hugmyndir um að breyta starfi sérfræðiráðs Lýðheilsustöðvar í tóbaksvörnum eða starfi annarra sérfræðiráða stöðvarinnar? Ef svo er, hvers eðlis eru þau áform?*

Stýrihópurinn sem hefur það verkefni að endurskoða lög um Lýðheilsustöð hefur ekki lokið störfum.


3. *Hvenær má vænta að reglur ESB um merkingar á tóbaksvörum verði teknar upp?*

Reglur ESB um viðvörunarmerkingar á tóbaksvörum hafa þegar verið teknar upp og eru nú áberandi á tóbaksvörum. Reglur um myndmerkingar á tóbaksvörum eru heimilar samkvæmt reglum ESB en ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvenær þær verði teknar upp. Belgía er eina landið sem hefur tekið upp myndmerkingar innan ESB.

4. *Hvernig er háttað tóbaksvörnum í grunn- og framhaldsskólum og hver ber ábyrgð á að fræðsla á þessu sviði fari þar fram?*

Forvarnir á sviði tóbaksvarna takmarkast nú ekki lengur eingöngu við fræðslu í skólum. Á undanförnum árum hefur heildræn nálgun þar sem unnið er með marga áhættuþætti samtímis aukist. Þannig hefur Lýðheilsustöð í auknum mæli lagt áherslu á að draga úr tóbaksneyslu barna og unglinga með því að vinna með helstu áhættuþætti í umhverfi þeirra. Þessi stefna hefur gefið mjög góða raun og hefur dregið mjög úr reykingum í efstu bekkjum grunnskólans eins og sjá má á eftirfarandi mynd.

Mynd 1. Breytingar á hlutfalli íslenskra nemenda í 10. bekk sem reykja daglega.



Tóbaksfræðsla í grunnskólum og framhaldsskólum

Samkvæmt lögum um tóbaksvarnir, nr. 6/2002, skal menntamálaráðuneytið í samráði við heilbrigðisráðuneytið og tóbaksvarnanefnd (tóbaksvarnaráð) sjá til þess að fram fari reglubundin fræðsla í því skyni að draga úr tóbaksneyslu. Sérstök áhersla er á að slík fræðsla fari fram í grunnskólum landsins og þeim skólum sem mennta fólk til starfa að uppeldis-, fræðslu- og heilbrigðismálum. Einnig skal fræðsla um áhrif tóbaksneyslu og leiðir til að draga úr henni veitt á heilsugæslustöðvum og sjúkrahúsum.

Lífsleikni er ný námsgrein í íslenskum grunnskólum og er henni meðal annars ætlað að auðvelda skólum að verða við áðurgreindum kröfum á heildstæðan hátt. Einnig að koma til móts við kröfur um aukið uppeldishlutverk skóla. Samkvæmt viðmiðunarstundaskrá skal vera að lágmarki ein kennslustund í greininni á viku frá og með 4. bekk til loka grunnskóla. Þar fyrir utan er það val stjórnenda skóla hvort þeir nýta sér þann möguleika að bæta við kennslustundum í lífsleikni.

Eitt af áfangamarkmiðum 7. bekkjar í lífsleikni er að nemendur geri sér grein fyrir áhættu samfara tóbaks- og áfengisneyslu.

Aðgerðir Lýðheilsustöðvar í tóbaksvörnum í grunn- og framhaldskólum

Eins og áður hefur komið fram vinnur Lýðheilsustöð með sannreyndum aðferðum þar sem áherslan er á heildræna nálgun með ólíkum aðferðum til að efla heilsu og fyrirbyggja áhættuhegðun. Þessi nálgun útilokar þó ekki beinar aðgerðir og verkefni tengd tóbaksvörnum.

Hér á eftir eru talin þau verkefni sem snúa að tóbaksvörnum beint eða óbeint:

- **Reyklaus bekkur** er verkefni sem styrkt er af Evrópusambandinu og hefur náð mjög góðri útbreiðslu í grunnskólanum. Um 70% 7. og 8. bekkja hafa tekið þátt í verkefninu á undanförnum árum.
- **6H heilsunnar** er samstarfsverkefni Miðstöðvar heilsuverndar barna (MHB) og Lýðheilsustöðvar. Markmið verkefnisins er að útbúa kennslugögn fyrir starfsfólk skólaheilsugæslunnar til að nota við heilbrigðisfræðslu 6–16 ára skólabarna. Fræðslan er liður í heildrænni og samræmdri heilsueflingu grunnskólabarna.

  Sex hugtök sem byrja öll á H mynda umgjörð 6H heilsunnar. Þetta eru hugtökin: Hollusta, hreyfing, hamingja, hugrekki (tóbak, áfengi …), hvíld, og hreinlæti. Sjöunda hugtakið, sem er kynheilbrigði, hefur síðan skírskotun til tölustafsins 6.

  Að lokum eru slysavarnir, neytendaheilsa og umhverfisheilsa efnisflokkar sem ganga þvert á hina sjö efnisflokkana. Börnin sjá þá fljótt ákveðna heildarmynd þeirra þátta sem hafa áhrif á heilbrigðan lífsstíl.

  Í hugrekkispakkanum fyrir 7. og 8. bekk eru teknir fyrir þeir þættir hjá nemendum sem vitað er að hafa áhrif á líkurnar á notkun tóbaks og áfengis ásamt skaðsemi sem fylgir neyslu þessara efna.
- **Quit and win** („Frítt til Evrópu fyrir reyklausa“) Verkefnið miðar að því að hvetja 15–20 ára fólk til að byrja ekki að nota tóbak og þau sem hafa ánetjast eru hvött til að hætta tóbaksnotkun. Unga fólkið fær tækifæri til að tjá sig um málefnið með örsögum.
- **Vertu reyklaus frjáls** fyrir 8., 9. og 10. bekk er árangursprófað kennsluefni ætlað kennurum, t.d. til að nota í lífsleiknitímum. Námsefnið hefur verið gert aðgengilegt á heimasíðu Lýðheilsustöðvar.

  Fræðsla um skaðsemi tóbaks í formi fyrirlestrar er á heimasíðu Lýðheilsustöðvar með glósum fyrir kennara og hjúkrunarfræðinga.

Reyklaus.is er gagnvirk heimasíða þar sem nemendur og aðrir geta fengið aðstoð við að hætta að reykja.

Lýðheilsustöð er í nánu samstarfi við Reyksímann og styrkir rekstur hans með árlegum framlögum.

Lýðheilsustöð gefur reglulega út bæklinga og veggspjöld um skaðsemi tóbaks sem sérstaklega eru ætluð nemendum, bæði grunn- og framhaldskólans.

- **„Ekki segja sísss“** er gagnvirkur leikur sem snýr að munntóbaki og skaðsemi þess, m.a. fyrir grunn- og framhaldsskólanemendur. Nemendur taka þátt í léttum leik og skrifa örsögur um hvers vegna þau noti ekki munntóbak og þeirra sýn. Þátttakan fór fram úr öllum vonum.
- **Framhaldskólaverkefni (HOFF).** Þar sem sérstök ástæða er til að efla forvarnir- og heilsueflingu í framhaldsskólum undirrituðu menntamálaráðuneyti, heilbrigðisráðuneyti, Lýðheilsustöð, Samband íslenskra framhaldsskólanema (SÍF) og Félag íslenskra framhaldsskólanema (HÍF) viljayfirlýsingu í nóvember 2007. Markmiðið með verkefninu er að efla samvinnu í heilsueflingu og forvörnum í framhaldsskólum. Helstu áherslur verkefnisins eru geðrækt, hreyfing og næring. Eins verður markvisst unnið að því að styðja skólana í að draga úr neyslu áfengis, tóbaks og ólöglegra vímuefna á meðal nemenda og starfsmanna.

5. *Eru reglulega gerðar kannanir á notkun fínkorna tóbaks hér á landi? Ef svo er, hver hefur þróunin verið frá árinu 2000 hjá öllum aldurshópum?*

Niðurstöður kannana eru tiltækar fyrir nemendur í 10. bekk, nemendur í framhaldsskóla auk könnunar meðal fullorðinna Íslendinga í símakönnun Capacent Gallup fyrir Lýðheilsustöð frá árinu 2007 þar sem spurt var um notkun munn- og neftóbaks.

Í þeim könnunum sem gerðar hafa verið hérlendis á notkun munn- og neftóbaks hefur ekki verið spurt sérstaklega um það hversu fínkorna nef- eða munntóbakið er. Spurt hefur verið um notkun munntóbaks annars vegar og neftóbaks hins vegar.

Það er tilfinning þeirra sem hafa sinnt forvarnastarfi tóbaksvarna hjá Lýðheilsustöð að munntóbaksnotkun hafi aukist meðal ungra karlmanna. Aukin sala á neftóbaki ÁTVR bendir til þess að neyslan sé að aukast ef gert er ráð fyrir að neftóbak sé notað sem munntóbak meðal þessa hóps þegar ekki er nægt framboð á ólöglegu munntóbaki.

Ólöglegur innflutningur munntóbaks (snus) kemur einkum frá Svíþjóð þar sem það er framleitt og er neysla þess u.þ.b. helmingi meiri meðal ungra sænskra karlmanna en meðal ungra íslenskra karlmanna. (Sjá tölur hér að neðan um munntóbaksnotkun 18–34 ára karlmanna.)

Á síðasta ári var hrundið af stað verkefni á vegum Lýðheilsustöðvar til að vekja athygli á slæmum hliðum munntóbaksneyslu. Þar koma þessar tölur m.a. fram.
(Sjá: http://www.lydheilsustod.is/munntobak.)

Nemendur í 10. bekk grunnskóla.

Reglulega eru gerðar rannsóknir á áfengis-, vímuefna- og tóbaksnotkun meðal nemenda í efri bekkjum grunnskóla landsins. Samevrópska ESPAD-könnunin var lögð fyrir meðal nemenda í 10. bekk grunnskóla á Íslandi árin 1995, 1999, 2003 og 2007.

Tafla 1. Hlutfall pilta og stúlkna sem notað hafa munntóbak um ævina.

	Hversu oft notað munntóbak um ævina	Piltar	Stúlkur
2003	Aldrei	69,3	91,3
	1–2 sinnum	9,6	4,7
	3 sinnum eða oftar	21,1	4,0
2007		**Piltar**	**Stúlkur**
	Aldrei	74,7	90,4
	1–2 sinnum	7,7	7,0
	3 sinnum eða oftar	17,6	2,6

Tafla 2. Hlutfall pilta og stúlkna sem notað hafa neftóbak um ævina.

	Hversu oft notað neftóbak um ævina	Piltar	Stúlkur
2003	Aldrei	48,6	77,3
	1–2 sinnum	13,4	10,9
	3 sinnum eða oftar	37,9	11,8
2007		**Piltar**	**Stúlkur**
	Aldrei	60,4	75,9
	1–2 sinnum	10,2	9,6
	3 sinnum eða oftar	29,4	14,6

Nemendur í framhaldsskóla.

Fyrirtækið Rannsóknir og greining ehf. hefur einnig staðið fyrir rannsóknum í framhaldsskólum síðustu ár. Niðurstöður má finna í skýrslum.
(Sjá: http://www.rannsoknir.is/Framhsk-2004-vimuefnaneysla.pdf.)

Tafla 3. Hlutfall pilta og stúkna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hversu oft þau hafa notað munntóbak um ævina.

	2000			2004		
	Strákar	**Stelpur**	**Allir**	**Strákar**	**Stelpur**	**Allir**
Aldrei	31,0%	55,4%	44,0%	37,5%	58,9%	48,5%
1-2 sinnum	9,0%	15,4%	12,4%	9,8%	15,6%	12,8%
3-5 sinnum	8,6%	10,7%	9,7%	7,2%	9,6%	8,5%
6 sinnum eða oftar	51,5%	18,5%	33,8%	45,5%	16,0%	30,3%

Tafla 4. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000 og 2004 eftir því hversu oft þau hafa notað neftóbak um ævina.

	2000			2004		
	Strákar	**Stelpur**	**Allir**	**Strákar**	**Stelpur**	**Allir**
Aldrei	55,9%	84,6%	71,3%	55,1%	81,6%	68,7%
1-2 sinnum	13,9%	11,0%	12,3%	12,5%	11,8%	12,2%
3-5 sinnum	6,4%	2,5%	4,3%	6,7%	3,4%	5,0%
6 sinnum eða oftar	23,8%	2,0	12,0	25,6%	3,1%	14,1%

Beðið er eftir niðurstöðum frá Rannsóknum og greiningu um tíðni munn- og neftóbaks meðal nemenda í framhaldsskólum á Íslandi haustið 2007.

Íslendingar 18–75 ára.

Ekki eru gerðar reglulegar kannanir á munn- og neftóbaksnotkun fullorðinna Íslendinga utan framhaldsskóla. Árið 2007 var hins vegar spurt um notkun á munn- og neftóbaki í símakönnun CAPACENT Gallup fyrir Lýðheilsustöð. Úrtak var of lítið fyrir nákvæma aldursgreiningu.

Tafla 6. Munntóbaksnotkun 18–75 ára Íslendinga árið 2007 samkvæmt símakönnun CAPACENT Gallup.

Munntóbaksnotkun	Karlar	Konur
Fullorðnir (18–75 ára) árið 2007	3,1% nota daglega	0,3% nota daglega
	3,4% annað slagið	0,3% annað slagið
	6,5% samtals	0,6% samtals
Ungir fullorðnir (18–34 ára) árið 2007	7,2% nota daglega	0,8% nota daglega
	8,7% annað slagið	0,8% annað slagið
	15,9% samtals	1,6% samtals

Neftóbaksnotkun er fátíðari en munntóbaksnotkun. Í 795 manna úrtaki kváðust 36 nota neftóbak (þar af ein kona). Stærð úrtaks gefur ekki tilefni til að greina notkun neftóbaks eftir aldri.

Tafla 7. Neftóbaksnotkun 18–75 ára Íslendinga árið 2007 samkvæmt símakönnun CAPACENT Gallup.

Notar þú neftóbak daglega eða sjaldnar?	**Karlar**	**Konur**	**Samtals**
Nota ekki neftóbak	90,9%	99,8%	95,5%
Nota neftóbak annað slagið (sjaldnar en daglega)	6,5%	0,2%	3,3%
Nota neftóbak daglega	2,6%		1,3%

6. Hverjar hafa sérmerktar tekjur til tóbaksvarna af innflutningi á tóbaki verið undanfarin fimm ár og hvernig hefur þeim verið varið?

Lýðheilsustöð skal fá 0,9% af brúttósölu tóbaks til ráðstöfunar til tóbaksvarnastarfs og skal fénu ráðstafað í samráði við ráðherra, að fengnum tillögum tóbaksvarnaráðs. Tóbaksvarnaráð skal gera tillögur til Lýðheilsustöðvar um ráðstöfun þess fjár sem stöðin fær til tóbaksvarnastarfs skv. 4. mgr. 9. gr. laga um Lýðheilsustöð, nr. 18/2003, og má gera ráð fyrir að hluta af því fé sé varið til fræðslu í skólum.

Tekjur.

Ár	Brúttósala tóbaks m.kr.	Af brúttósölu 0,9% m.kr.	Fjárlög, lögbundið framlag m.kr.	Fjáraukalög m.kr.	Fjárlög + fjáraukalög m.kr.	Mismunur af lögbundnu m.kr.
		0,0				
2003/2	3.479,1	31,3	28,0	11,8	39,8	**8,5**
2004	7.032,8	63,3	61,1		61,1	**-2,2**
2005	7.523,7	67,7	61,1	1,9	63,0	**-4,7**
2006	7.833,3	70,5	61,1	12,1	73,2	**2,7**
2007	8.214,4	73,9	65,0		65,0	**-8,9**
Alls	**34.083,30**	**306,7**	**276,3**	**25,8**	**302,1**	**-4,6**

Ráðstöfun.

a. Verkefni í tóbaksvörnum.

b. Rekstur Lýðheilsustöðvar.

			a.	**b**	
	Staða tóbaksvarna í byrjun	Fjárheimildir til tóbaksvarna	Verkefni í tóbaks-vörnum alls	Rekstur LHS (hlutdeild í sameiginlegum rekstri)	Staða tóbaks-varna í lok
Ár	**m.kr.**	**m.kr**	**m.kr.**	**m.kr.**	**m.kr.**
2003/2	-26,6	13,2	16,8	4,9	-3,6
2004		61,1	52,1	9,8	9,0
2005		63,0	52,2	14,3	10,8
2006		73,2	57,1	12,5	16,1
2007		65,0	75,2	11,0	-10,2
		275,5	**253,4**		**22,1**

1348. Svar [630. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Valgerðar Sverrisdóttur um námsstöður í heimilislækningum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hyggst ráðherra fjölga námsstöðum í heimilislækningum til að bregðast við því að á næstu árum munu meira en 60 heimilislæknar hætta störfum sökum aldurs?

Árið 1995 voru settar á laggirnar tvær námsstöður í heimilislækningum með fjárhagslegum stuðningi heilbrigðisráðuneytisins, en einnig komu að þessum þætti læknadeild Háskóla Íslands og Læknafélag Íslands, en báðir þessir aðilar án fjárveitinga. Þessar námsstöður voru ætlaðar til þriggja ára.

Fljótlega varð ljóst að mikill áhugi var fyrir þessum námsstöðum og hefur þeim því verið fjölgað hægt og bítandi undanfarin ár.

Er nú svo komið að á hverjum tíma geta um tíu einstaklingar verið formlega í þessum stöðum. Nokkuð mismunandi hefur verið hvort viðkomandi námslæknir hefur nýtt ráðninguna til þriggja ára eða skemur. Hefur það m.a. ráðist af því að viðkomandi hefur ekki þurft allan þennan tíma til sérfræðiviðurkenningar eða haldið úr landi til að ljúka námi erlendis.

Í þessu sambandi er rétt að minna á að samkvæmt núgildandi reglugerð um veitingu læknaleyfa og sérfræðileyfa er kveðið svo á um að sérnám í heimilislækningum sé fimm ára nám. Engar formlegar kröfur eru um það að viðkomandi sé í þessum auglýstu stöðum, heldur eru þær eingöngu til stuðnings. Það hefur því viðgengist til fjölda ára að læknar hafa sótt sér sérnám í heimilislækningum án þess að hafa fengið þessar auglýstu stöður. Ýmist hefur það farið fram hérlendis að hluta eða erlendis. Auk þess hafa margir sótt námið að öllu leyti til nágrannalandanna.

Ljóst er að þessar námsstöður hvetja lækna til að sækja sérnám í heimilislækningum og hefur ráðherra því fullan hug á að styðja við það. Ráðherra er líka vel kunnugt að þeir sem hafa verið í þessum námsstöðum hafa notið mjög öflugrar og skipulagðrar tilsagnar og handleiðslu af hálfu kennara heimilislæknadeildar Háskóla Íslands. Í því sambandi má geta þess að vorið 2008 voru átta af þessum stöðum auglýstar lausar til umsóknar. Umsækjendur voru um 16 talsins. Þeir sem hlutu stöðurnar hafa nú hafið störf í námsstöðunum víða um land. Ljóst er því að stöður þessar og sérgreinin sem slík er áfram eftirsótt. Ráðherra mun því fylgjast vel með þróun þessara mála og taka afstöðu til þess hvort þessum námsstöðum verður fjölgað eða ekki á síðari stigum.

1349. Svar [633. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Ögmundar Jónassonar um komugjöld aldraðra og öryrkja.

1. *Hvernig hafa komugjöld í heilsugæslunni og til sérfræðinga hækkað hlutfallslega hjá öldruðum og öryrkjum frá því að núverandi ríkisstjórn tók við völdum?*

Ákveðið var með reglugerð nr. 1265/2007, sem tók gildi um síðustu áramót að fella niður komugjöld barna á heilsugæslustöðvum og á sjúkrahúsum.

Komugjöld fullorðinna á heilsugæslustöðvar hafa verið óbreytt frá árinu 2005, en hækkuðu nú um 300 krónur, úr 700 í 1.000 krónur fyrir komu til heilsugæslulæknis á dagvinnutíma. Engin breyting var gerð á því fyrirkomulagi að elli- og örorkulífeyrisþegar greiða hálft gjald fyrir komu á heilsugæslustöð.

Komugjöld elli- og örorkulífeyrisþega tóku því eftirfarandi breytingum (þegar ekki er um afsláttarkort að ræða):

Komugjald í heilsugæslu	**2007**	**2008**	**Hækkun**	**%**
Á dagvinnutíma	350	500	150	42,9
Utan dagvinnutíma	800	1.100	300	37,5

Komur til sérfræðilækna	**2007**	**2008**	**Hækkun**	**%**
Að fullu fyrstu	900	1.100	200	22,2

Sé kostnaður umfram nefnt lágmark greiðir sjúklingur 1/3 af 40% af umsömdu eða ákveðnu heildarverði, og hefur það hlutfall ekki breyst.

Dæmi um komugjöld:	**2007**	**2008**	**Hækkun**	**%**
Augnlæknir I[1]	3.662	4.068	406	11,1
Augnlæknir II[2]	1.845	2.105	260	14,1
Gigtarlæknir[3]	1.642	1.884	242	14,7
Skurðlæknir og svæfingalæknir, æðahnútaaðgerð	18.000	21.000		
Vegna útgáfu afsláttarkorts, endurgreitt	-8.383	-10.626		
Greitt í raun	9.617	10.374	757	7,87

[1] Viðtal og skoðun, refractionsmæling, fluorecein angiografil, alls 92 einingar.
[2] Viðtal og skoðun, refractionsmæling, smásjárskoðun á augnbotni, alls 34 einingar.
[3] Viðtal og skoðun, inndæling í sinafestur, 27,5 einingar.

Gegn framvísun afsláttarskírteinis eru komugjöld elli- og örorkulífeyrisþega eftirfarandi:

Komugjald í heilsugæslu	**2007**	**2008**	**Hækkun**	**%**
Á dagvinnutíma	230	350	120	52,2
Utan dagvinnutíma	500	600	100	20,0

Komur til sérfræðilækna	**2007**	**2008**	**Hækkun**	**%**
Að fullu fyrstu	450	550	100	22,2

Gjaldið er 1/9 af fullu gjaldi sjúkratryggðs, sem er 3.100 kr., og til viðbótar 40% af umsömdu eða ákveðnu heildarverði. Lágmarksgjald er þó 550 kr. Hlutfallið (1/9) er óbreytt frá því sem verið hefur.

Dæmi um komugjöld (sama þjónusta og að ofan):	**2007**	**2008**	**Hækkun**	**%**
Augnlæknir I	1.141	1.245	104	9,1
Augnlæknir II	535	590	55	10,3
Gigtarlæknir	467	550	83	17,8

2. Á hvern hátt hafa hámarksgreiðslur til þessara hópa breyst hlutfallslega?

Hámarksgreiðsla í einni komu til sérfræðilæknis hefur breyst með eftirfarandi hætti:

	2007	**2008**	**Hækkun**	**%**
Hámark í einni komu	18.000	21.000	3.000	16,7
Réttur til afsláttarskírteinis	4.500	5.200	700	15,6

Þar sem réttur til afsláttarskírteinis myndast jafnan við lægri fjárhæð en nemur hámarki í hverri komu, reynir yfirleitt ekki á það hámark.

Til samanburðar fylgja hér á eftir upplýsingar um komugjöld annars staðar á Norðurlöndunum.

Yfirlit um sjúklingagjöld á annars staðar á Norðurlöndum.

Reglur á Norðurlöndunum eru nokkuð mismunandi og fróðlegt að skoða þær í þessu samhengi. Töflunum hér á eftir er ætlað að gefa nokkurt yfirlit yfir sjúklingagjöld m.a. með tilliti til þeirra hópa sem um er rætt í fyrirspurninni. Í Svíþjóð heilbrigðisþjónustan að mestu rekin af millistjórnsýslustiginu, landsþingssvæðunum, en þau eru 21. Það er á þeirra valdi að ákveða gjöldin á hverju svæði, en kostnaðarþök gilda fyrir landið allt.

Almennt yfirlit yfir Norðurlönd.[1]

	Danmörk	**Finnland**	**Noregur**	**Svíþjóð**
Almennt gjald við komu til heilsugæslu/ heimilislæknis	Án endurgjalds hjá heimilis-læknum tengdum opinbera heil-brigðiskerfinu og hjá sérgreina-læknum gegn tilvísun.	Með greiðslu á 22 evrum (2.792 ISK) á ári fær sjúklingur endurgjaldslausan aðgang að heilsu-gæslustöðvum og sérfræðiþjónustu hins opinbera, en greiðir annars 11 evrur (1.396 ISK) í hvert skipti, 15 evrur (1.903 ISK) utan dagvinnutíma.	Komugjald hjá sjálfstætt starfandi heimilislæknum 125 NOK (1.950 ISK), en 150 NOK (2.340 ISK) hafi læknirinn sérfræðiviður-kenningu sem heimilislæknir.	Gjöld eru mismun-andi eftir hinum 21 landsþingssvæðum, lægst 100 SEK (1.330 ISK), hæst 200 SEK (2.660 ISK).
Sérgreinalæknar	Án endurgjalds hjá sérgreina-læknum gegn tilvísun.	Sama gildir um komur til sérfræði-þjónustu á vegum ríkisins. Sjúkra-tryggingakerfið endurgreiðir 60% komugjaldi til sjálfstætt starfandi sérfræðinga sam-kvæmt opinberum taxta, sem er í reynd u.þ.b. 30% af rauntaxta.	Komugald til sérgreinalækna er 265 NOK (4.134 ISK).	Almennt gjald til sérgreinalækna er yfirleitt á bilinu 200 – 300 SEK (2.660 – 3.990 ISK) án tilvísunar, en frá 0 upp í 300 með tilvísun.
Kostnaðarþök	Stuðningur við eftirlaunafólk í heilbrigðisvanda samkvæmt sér-stökum reglum.	Ef sjúklingur verður fyrir kostnaði vegna lyfja o.fl. umfram 627,47 evrur (79.626 ISK) á almanaksári geta sjúkratryggingar greitt það sem fram yfir fer að fullu.	Kostnaðarþak vegna þjónustu lækna, sálfræðinga, heilsugæslu, mikilvæg lyf o.fl. er NOK 1615 (25.194 ISK). Þegar því þaki er náð er þjónustan endurgjaldslaus það sem eftir er ársins.	Hafi sjúklingur greitt 900 SEK (11.970 ISK) á 12 mánaða tímabili fær hann endurgjalds-lausan aðgang að heislugæslu og sérfæðiþjónustu ríkisins það sem eftir er af þeim því tímabili. Hafi kostn-aður við lyf o.fl. náð 1800 SEK (23.940 ISK) á 12 mánaða tímabili fær han lyf án endurgjalds eftir það.
Aflsáttur til aldraðra		Ekki sérstakir afslættir til aldraðra eða öryrkja.	Ekki sérstakir afslættir til aldraðra eða öryrkja.	Á þremur lands-þingssvæðum af 21 eru sérstakir af-slættir til aldraðra.

[1] Í útreikningi á gjöldum yfir í íslenskar krónur er miðað við gengi 11. september: Sænsk króna (SEK) = 13,3 ísl. krónur, norsk króna (NOK) = 15,6 ísl. krónur, dönsk króna (DKK) = 17,0 ísl. krónur, evra = 126,9 ísl. krónur.

Sjúklingagjöld í Svíþjóð.

	Heilsugæsla - heimilislæknar				Sérgreinalæknar almennt				Sérgreinalæknar afsláttargjald aldraðra			
Landsþings-svæði	Alm. gjald		Afslgj. aldraðra		Alm. gjald		Gegn tilvísun		Alm. gjald		Gegn tilvísun	
	SEK	ISK	SEK	ISK	SEK	ISK	SEK	ISK	SEK	ISK	SEK	ISK
Stockholm***	140	1.862			260	3.458	120	1.596	140	1.862	0	0
Uppsala	140	1.862			230	3.059	80	1064				
Sörmland	100	1.330			200	2.660	100	1330				
Östergötland	100	1.330			250	3.325	150	1995				
Jönköping	150	1.995			300	3.990	150	1995				
Kronoberg	150	1.995			300	3.990	150	1.995				
Kalmar*	150	1.995	70	931	250	3.325	100	1.330				
Blekinge	120	1.596			250	3.325	80	1064				
Skåne	150	1.995			300	3.990	150	1995				
Halland	130	1.729			260	3.458	80	1064				
Västra Götland	120	1.596			300	3.990	80	1064				
Värmland	150	1.995			250	3.325	100	1330				
Örebro	120	1.596			250	3.325	130	1729				
Västmanland	120	1.596			300	3.990	300	3990				
Dalarna**	100	1.330	50	665	200	2.660	100	1.330	100	1.330	50	665
Gävleborg	150	1.995			300	3.990	150	1995				
Västnorrland	150	1.995			300	3.990	150	1995				
Jämtland	140	1.862			200	2.660	100	1330				
Västerbotten	100	1.330			300	3.990	300	3990				
Norrbotten	150	1.995			250	3.325	0	0				
Gotland	200	2.660			300	3.990	0	0				

* Í Kalmar er afsláttargjald háð því tilvísun sé frá heimahjúkrun.

** Í Dalarna er afsláttargjald fyrir 65 ára og eldri.

*** Í Stokkhólmi er afsláttur til aldraðra vegna sérgreinalækna.

1350. Lög [442. mál]

um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands.

(Afgreidd frá Alþingi 11. sept.)

Samhljóða þskj. 1333 með þessari breytingu:

Ákvæði til bráðabirgða II hljóðar svo:

Þrátt fyrir gildistökuákvæði skal stjórn Þróunarsamvinnustofnunar samkvæmt lögum nr. 43 26. maí 1981 halda umboði sínu og starfa til 1. nóvember 2008.

1351. Lög [523. mál]

um breytingu á lögum nr. 81/2003, um fjarskipti, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 11. sept.)

Samhljóða þskj. 824.

1352. Lög [522. mál]

um breytingu á lögum um Póst- og fjarskiptastofnun, nr. 69/2003.

(Afgreidd frá Alþingi 11. sept.)

Samhljóða þskj. 1336.

1353. Frumvarp til laga [651. mál]

um breytingu á lögum um Viðlagatryggingu Íslands, nr. 55/1992, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 11. sept.)

1. gr.

10. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Eigin áhætta vátryggðs.

Eigin áhætta vátryggðs skal vera 5% af hverju tjóni, þó eigi lægri fjárhæð en hér segir:

1. Vegna lausafjár, sem vátryggt er skv. 1. mgr. 5. gr., 20.000 kr.
2. Vegna húseigna, sem vátryggðar eru skv. 1. mgr. 5. gr., 85.000 kr.
3. Vegna mannvirkja, sem vátryggð eru skv. 2. mgr. 5. gr., 850.000 kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði laganna taka til tjóna sem verða frá 25. maí 2008.

1354. Frumvarp til laga [294. mál]

um nálgunarbann.

(Eftir 2. umr., 11. sept.)

1. gr.

Heimilt er að leggja bann við því að maður komi á tiltekinn stað eða svæði, veiti eftirför, heimsæki eða setji sig með öðru móti í samband við annan mann ef ástæða er til að ætla að hann muni fremja afbrot eða raska á annan hátt friði þess manns sem í hlut á.

2. gr.

Lögregla gerir kröfu um nálgunarbann. Heimilt er þeim sem telur fullnægt skilyrðum 1. gr. fyrir nálgunarbanni sér til verndar að beina rökstuddri beiðni til lögreglu um að þess verði krafist. Lögreglu ber að taka afstöðu til slíkrar beiðni svo fljótt sem verða má og ekki síðar en innan þriggja sólarhringa frá því að hún berst. Hafni lögregla að krefjast nálgunarbanns skal þeim sem þess hefur beiðst tilkynnt um það og getur hann kært þá ákvörðun eftir sömu reglum og gilda um kæru ákvörðunar lögreglu um að fella niður rannsókn sakamáls.

Eftir að dómara hefur borist krafa um nálgunarbann ákveður hann þinghald til að taka kröfuna fyrir og gefur út kvaðningu á hendur þeim sem krafan beinist að. Í kvaðningu skal greina stað og stund þinghalds ásamt áskorun til viðtakanda um að sækja þing.

Heimilt er að handtaka þann sem krafan beinist að ef hann sækir ekki þing að forfallalausu. Skal tekið fram í kvaðningu til viðtakanda að lögregla megi færa hann fyrir dóm með valdi ef með þarf.

Skylt er dómara að verða við ósk manns um að skipa honum verjanda ef þess er krafist að hann sæti nálgunarbanni.

3. gr.

Þegar krafa um nálgunarbann er tekin fyrir kynnir dómari hana þeim sem hún beinist að. Skal honum gefinn kostur á að tjá sig um kröfuna. Heimilt er í því skyni að veita frest sem ekki skal vera lengri en tveir sólarhringar. Að svo búnu leggur dómari úrskurð á kröfuna.

Við mat á því hvort fullnægt sé skilyrðum fyrir nálgunarbanni skal meðal annars litið til framferðis þess sem krafist er að sæti því á fyrri stigum. Jafnframt skal horft til hagsmuna þess sem njóta ætti verndar af nálgunarbanni með tilliti til þeirra takmarkana sem bannið legði á athafnafrelsi þess sem krafist er að sæti því.

Nálgunarbanni skal markaður ákveðinn tími, þó ekki lengur en eitt ár. Nálgunarbann verður ekki framlengt nema til komi nýr dómsúrskurður.

Dómari ákveður sakarkostnað í úrskurði sínum.

Kæra má til æðri dóms úrskurð um kröfu um nálgunarbann. Um þá kæru gilda sömu reglur og um kæru úrskurðar héraðsdómara samkvæmt lögum um meðferð sakamála.

4. gr.

Nú er sá sem sætir nálgunarbanni ekki viðstaddur þegar úrskurður er kveðinn upp og skal þá úrskurður birtur honum á sama hátt og dómur í sakamáli.

Þegar ástæður þær sem lágu til grundvallar nálgunarbanni eru ekki lengur fyrir hendi getur lögregla fellt bannið úr gildi. Ákvörðun lögreglu um að fella úr gildi bann verður ekki borin undir dómara, en heimilt er að kæra hana á sama hátt og mælt er fyrir um í 1. mgr. 2. gr.

Lögregla skal tilkynna þeim sem njóta á verndar með nálgunarbanni um að krafa verði lögð fyrir dóm, um lyktir máls og lok nálgunarbanns.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2009.

1355. Frumvarp til laga [544. mál]

um breytingu á lögum nr. 66/1985, um Þjóðskjalasafn Íslands.

(Eftir 2. umr., 11. sept.)

1. gr.

2. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Þegar talað er um skjöl og skráðar heimildir í lögum þessum er átt við hvers konar gögn, jafnt rituð sem í öðru formi, er hafa að geyma upplýsingar og hafa orðið til, borist eða verið viðhaldið við starfsemi á vegum stofnunar eða einstaklings.

2. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Orðin „gefa út leiðbeiningar um skjalavörslu og tölvuskráningu og ákveða ónýtingu skjala sem ekki er talin ástæða til að varðveita til frambúðar“ í 2. tölul. falla brott.
b. Á eftir 2. tölul. koma tveir nýir töluliðir og breytist röð annarra liða samkvæmt því:
   3. setja reglur um myndun, frágang og afhendingu skjala- og gagnasafna (sbr. 3. gr.) afhendingarskyldra aðila,
   4. ákveða ónýtingu skjala sem ekki er talin ástæða til að varðveita til frambúðar og móta stefnu um varðveislu og grisjun skjala.

3. gr.

Á eftir 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Þó skulu skjöl og önnur gögn á rafrænu formi afhent að jafnaði eigi síðar en þegar þau hafa náð fimm ára aldri.

4. gr.

Í stað orðsins „ljósrit“ í 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: afrit.

5. gr.

Á eftir 1. málsl. 9. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Aðgangur að rafrænum skjala- og gagnasöfnum er þó fyrst veittur í Þjóðskjalasafni Íslands tuttugu árum eftir afhendingu þeirra til safnsins, enda hafi þau verið aðgengileg hjá umræddu stjórnvaldi til þess tíma.

6. gr.

Á eftir orðinu „filmum“ í 10. gr. laganna koma orðin: eða í rafrænu afriti.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1356. Svar [656. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Jóns Bjarnasonar um beinar aðgerðir til að jafna flutningskostnað.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvenær hyggst ríkisstjórnin uppfylla loforð um aðgerðir til að jafna flutningskostnað á landsbyggðinni sem koma áttu til framkvæmda nú í ár?*
2. *Hvernig hefur fé sem ætlað var af fjárlögum til þessara jöfnunaraðgerða verið ráðstafað?*

Fyrirspurnin varðar fjárveitingu, sem samþykkt var í fjárlögum fyrir árið 2008, um 150 millj. kr. til jöfnunar kostnaðar við völuflutninga. Í frumvarpi til fjárlaganna var gert ráð fyrir jöfnun kostnaðar við völuflutninga til Vestfjarða. Skyldi tímabundin fjárveiting renna til flutningsfyrirtækja en ekki beint til einstakra viðskiptavina og vera viðbótarafsláttur við þau kjör sem fyrirtækin kynnu að njóta þá þegar. Í meðförum þingsins tók frumvarpið breytingum þannig að fjárheimildinni var ætlað að nýtast til jöfnunar á flutningskostnaði á landinu öllu.

Þessir fjármunir voru hugsaðir sem mótvægi við fyrirhugaða niðurlagningu flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara.

Úthlutun fjárins hefur ekki farið fram. Tengist það því að á vegum stjórnvalda hefur farið fram heildstætt mat á flutningsjöfnun. Hinn 31. desember 2007 skipaði ráðherra starfshóp undir forustu Kristjáns Þórs Júlíussonar alþingismanns og með aðkomu nokkurra ráðuneyta til að meta þau áhrif sem yrðu þegar flutningsjöfnunarsjóður olíuvara yrði lagður af, eins og stjórnvöld höfðu ráðgert, og með hvaða hætti skyldi mæta þeim áhrifum og jafna flutningskostnað almennt.

Meiri hluti starfshópsins taldi að með því að leggja niður flutningsjöfnunarsjóð olíuvara væri raunveruleg hætta á því að nokkur hluti íbúa landsbyggðarinnar mundi búa við hærra eldsneytisverð en áður. Sér í lagi ætti þetta við um staði þar sem samkeppni væri lítil eða engin. Lagði meiri hluti hópsins því til að flutningsjöfnunarsjóður olíuvara starfaði áfram en lögin um starfsemi sjóðsins yrðu endurskoðuð, m.a. með það í huga að afmarka á annan hátt þau landsvæði sem jöfnunin tekur til.

Starfshópurinn taldi engum vafa undirorpið að hár flutningskostnaður væri samkeppnishamlandi fyrir framleiðslufyrirtæki víða á landsbyggðinni. Var m.a. álit meiri hluta hópsins að mögulegt væri að taka upp flutningsjöfnunarkerfi hér svipað því sem gildir í Noregi. Eftir var þó að skilgreina hvaða atvinnustarfsemi ætti að falla þar undir, svo og að skilgreina við hvaða fjarlægðir og fjárhæðir ætti að miða flutningsstyrki. Enn fremur var það sjónarmið eins fulltrúa í starfshópnum að leggja ætti flutningsjöfnunarsjóð olíuvara niður án þess að grípa

til sérstakra aðgerða varðandi jöfnun á flutningi vara. Slíkt almennt styrkjakerfi yrði litið á sem ríkisstyrki er tilkynna þyrfti til Eftirlitsstofnunar EFTA og fá samþykki hennar fyrir nýju kerfi.

Þá lagði starfshópurinn til að lagt yrði mat á sjóflutningaþörf um landið og áhrif á vegakerfið í heild og að endurskoðaðar yrðu reglur ÁTVR um að hafa eingöngu eina móttökustöð fyrir áfengi. Starfshópurinn taldi einnig að huga þyrfti að reglum um tollhafnir þar sem þær gætu mismunað fyrirtækjum á landsbyggðinni.

Þar sem ekki er búið að vinna úr tillögum starfshópsins og tillögur um nýtt kerfi til flutningsjöfnunar liggja ekki fyrir hefur ráðherra ákveðið að leggja ekki til að flutningsjöfnunarsjóður olíuvara verði lagður niður. Þannig er nú gert ráð fyrir sjóðnum í drögum að frumvarpi til fjárlaga árið 2009 en ætla má að tekjur hans og útgjöld til jöfnunar verði um 450 millj. kr. Þess vegna hefur verið ákveðið að fella niður umræddar 150 millj. kr. til jöfnunar kostnaðar við vöruflutninga.

1357. Þingsályktun [665. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Afgreidd frá Alþingi 12. sept.)

Samhljóða þskj. 1345.

1358. Lög [651. mál]

um breytingu á lögum um Viðlagatryggingu Íslands, nr. 55/1992, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 12. sept.)

Samhljóða þskj. 1353.

1359. Lög [294. mál]

um nálgunarbann.

(Afgreidd frá Alþingi 12. sept.)

Samhljóða þskj. 1354.

1360. Lög [544. mál]

um breytingu á lögum nr. 66/1985, um Þjóðskjalasafn Íslands.

(Afgreidd frá Alþingi 12. sept.)

Samhljóða þskj. 1355.

1361. Lög [660. mál]

um breytingu á vopnalögum, nr. 16 25. mars 1998, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 12. sept.)

Samhljóða þskj. 1324.

1362. Lög [662. mál]

um breytingu á lögum nr. 97/2008, um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 12. sept.)

Samhljóða þskj. 1326.